Alþingi 1996

ÞINGSETNINGARFUNDUR

þriðjudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1996, þriðjudaginn 1. október, var hundrað tuttugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og níunda aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og sjötta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sváfnir Sveinbjarnarson steig í stólinn og lagði út af Mark. 2:14–28.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.
2. Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.
3. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.
4. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
5. Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.
6. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.
7. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
8. Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.
9. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
10. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
11. Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.
12. Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
13. Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv.
14. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
15. Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.
16. Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.
17. Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.
18. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.
20. Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.
21. Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.
22. Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.
23. Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.
24. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
25. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
26. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.
27. Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
28. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
29. Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl.
30. Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.
31. Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.
32. Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
35. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.
36. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.
37. Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.
39. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.
40. Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.
41. Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.
42. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
43. Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
44. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Pétur H. Blöndal, 16. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.
48. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
49. Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn.
50. Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.
51. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.
52. Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.
53. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
54. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
55. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
56. Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.
57. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.
58. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
59. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
60. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
61. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
62. Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.
63. Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

[14:14]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 17. september 1996 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 1996.

Um leið og ég birti þetta er öllum sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 17. september 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman þriðjudaginn 1. október 1996."

Samkvæmt því bréfi sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir að Alþingi Íslendinga er sett.

Það eru 1066 ár frá því að Alþingi var stofnað á Þingvöllum en þingið sem nú tekur til starfa er 121. löggjafarþing frá því að Alþingi var endurreist.

Alþingi skipar veglegan sess í sögu þjóðarinnar. Engin önnur stofnun vísar jafnskýrt til uppruna Íslendinga og örlaga landsmanna á liðnum öldum. Eftir endurreisn var Alþingi vettvangur sigra í baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði, lýðréttindum og alhliða framförum. Hér var staðfestur árangur í langri og oft erfiðri sókn fólksins í landinu til aukins réttar og bættra kjara.

Þingmennirnir, sem fyrst komu saman í sal Lærða skólans en síðan hér við Austurvöll, höfðu orðin ein að vopni. Þeir studdust við söguleg rök og fornan rétt, vísuðu til þjóðlegrar menningar og arfleifðar, en byggðu málflutning sinn á alþjóðlegum frelsishugmyndum samtímans. Á þennan hátt unnu þeir hvern sigurinn af öðrum með orðsins brandi einum saman.

Flestar aðrar þjóðir hafa orðið að færa mannfórnir til að öðlast fullveldi og festa í sessi lýðræðisskipan og þingræði. Þúsundir hafa látið lífið, þolað fangelsun eða refsingar í þágu þessara hugsjóna. Enn á okkar dögum eru þjóðir og samfélög víða um heim að öðlast á dýrkeyptan hátt þau lýðréttindi sem við Íslendingar teljum sjálfsögð og eðlileg, jafnvel svo hversdagsleg að varla taki því að minnast á þau við hátíðleg tækifæri.

Lýðræðið kann á stundum að þykja litlaust og starfsvettvangur þingsins viðburðasnauður en væri hvort tveggja á brott numið yrðum við fórnarlömb umskipta sem mundu kollsteypa flestu því sem okkur finnst eðlilegt og sjálfsagt í mannlegu félagi.

Þegar Ásgeir Ásgeirsson kom hér í þingsalinn í fyrsta sinn sem forseti lýðveldisins vék hann nokkuð að stöðu Alþingis og sagði:

„Á Alþingi heyr þjóðin sitt hagsmuna- og hugsjónastríð. Kosningar og flokkaskipting er sú borgun sem vér greiðum fyrir afnám hnefaréttarins. Þarfirnar segja til sín um land allt og í öllum stéttum. Flokkar semja sér stefnuskrár og bræða þær saman í stjórnarsamvinnu. Svo kemur veruleikinn máski og takmarkar getuna. Það hendir jafnvel þingmenn, án þess að sé um að sakast, og ríkisstjórnir að þurfa stundum að gera fleira en gott þykir og annað en vonir stóðu til. En hvað sem því líður, þá er allt þetta framför og hámenning borið saman við það þegar höfðingjar kölluðu menn frá vinnu um hábjargræðistímann og fóru um héruð fylktu liði, drepandi, eyðandi og étandi upp búfé bænda á Sturlungaöld."

Ásgeir Ásgeirsson forseti sagði einnig við þingsetninguna 1952, hina fyrstu að loknum forsetakosningum, að hann væri þakklátur fyrir að hafa átt sæti á Alþingi um langt skeið og bætti svo við:

„Það er ekki einungis vegna þess að þar er gott að fylgjast vel með því hvað gerist í löggjöf og þjóðmálum, heldur einnig hinu hvernig það gerist. Ég segi það umbúðalaust að þingmenn eru heiðarlegir menn og áhugasamir um að láta gott af sér leiða. Á Alþingi þróast engin spilling sem ekki gætir eins á öðrum sviðum mannlegs samstarfs. Flokkar lúta að vísu að sumu leyti öðrum lögmálum en einstaklingar, hver út af fyrir sig, en bæði flokkar og einstakir þingmenn hafa sinn metnað sem getur verið hvort tveggja, heilbrigður og óhóflegur. Það mætti miklu góðu koma til leiðar ef ofmetnaður truflaði aldrei almenningsheill. Lýðræðinu er hætta búin þegar harðstjórn og einræði ná tökum á flokkum. Þeirra er ekki síst skyldan að vera demókratískir ef þjóðfélagið á að vera það í heild."

Það er hollt að hugleiða þessa áminningu Ásgeirs Ásgeirssonar. Hún hefur haldið gildi sínu í rösk fjörutíu ár.

Allir hafa fyrirrennarar mínir flutt hér við upphaf þings hvatningarorð og hugleiðingar um brýn viðfangsefni á hverri tíð. Það er fróðlegt og lærdómsríkt að skoða málflutning forsetanna fjögurra í þessum sal. Þær ræður veita margvíslegar vísbendingar um samband forseta við þing og þjóð.

Þegar ég feta nú í þeirra fótspor og kem hér til þings með nýja ábyrgð á herðum vil ég þakka alþingsmönnum öllum samstarf og vináttu á liðnum árum og láta í ljósi ósk um farsæl samskipti við Alþingi og ríkisstjórn.

Íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu áratugum. Þær breytingar hafa haft margvísleg áhrif á stöðu og viðfangsefni Alþings. Að vissu leyti heyr þingið nú varnarbaráttu til að tryggja að það vald sem því ber samkvæmt lýðræðisgrundvelli íslenskrar stjórnskipunar flytjist í reynd ekki smátt og smátt til sérfræðistofnana framkvæmdarvaldsins eða til starfsliðs og stjórnenda hagsmunasamtaka.

Þessi þróun er ekki einstök fyrir samfélag okkar. Við þennan vanda er glímt í þjóðþingum allra þróaðra lýðræðisríkja og brugðist við með mismunandi hætti. Tvennt ber þó hæst í vörn þjóðþinganna.

Í fyrsta lagi að nýta sér tækni sjónvarps, útvarps og alnets til að gera umræður og þingskjöl jafnóðum aðgengileg alþjóð. Beinar útsendingar frá umræðum í löggjafarstofnun og jafnvel endurtekningar um kvöld og helgar þegar fólk hefur tóm til að hlýða á málflutning kjörinna fulltrúa sinna eru víða í þróuðum lýðræðisríkjum talin mikilvæg aðferð til að styrkja lýðræðislega stöðu þingsins.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að minnast þess að við endurreisn Alþingis árið 1845 var helsta krafa frelsissinna að þinghaldið yrði allt í heyranda hljóði. Hannes Stephensen, prófastur og alþingsmaður, benti konungsfulltrúa á mikilvægi þessarar kröfu „enda væru opnar dyr það sem allir hér á landi mundu óska eftir, með því Alþing hið forna hefði og verið haldið í heyranda hljóði; héldi hann og þetta einkar afdrifamikið fyrir vinsældir þingsins og þess gagnsemi", eins og segir í Tíðindum frá Alþingi Íslendinga 1845.

Kandidat, Jón Sigurðsson eins og hann var þá nefndur í þingtíðindum, kvaðst hafa meðferðis bænarskrá umr þetta efni og lét í ljósi að þetta mundi vera skýlaus vilji allrar þjóðarinnar eins og einnig er greint frá í þingtíðindum.

Forustumönnum sjálfstæðisbaráttunnar var á fyrsta fundi hins endurreista Alþingis ljóst að forsenda fyrir áhrifum þingsins og gagnsemi var að landsmenn allir ættu rétt á að fylgjast með störfum þingsins. Nú hefur ný tækni gert okkur kleift að veita öllum þennan rétt hvar sem menn búa á landinu og í krafti alnetsins einnig þeim sem dveljast um langa eða skamma hríð fjarri fósturjörðinni.

Í öðru lagi hafa þjóðþing víða stigið skref í þá átt að styrkja starfsnefndir þingsins og efla getu þeirra til að vega og meta kröfur og álit ólíkra hagsmunaafla. Að nokkru hefur hér á landi á síðustu árum verið haldið inn á þessar brautir og er það vel. En vissulega kæmi til greina að veita þjóðinni allri einnig áheyrnarrétt að umræðum um mikilvægustu efnisþætti á vettvangi nefnda þingsins líkt og gert er víða í erlendum þjóðþingum. Slík skipan væri vissulega í samræmi við þau sjónarmið Jóns Sigurðssonar og samherja hans á Alþingi að þingið yrði háð í heyranda hljóði enda væru það „forn réttindi er Íslendingar hefðu áður notið" eins og Jón forseti komst að orði í umræðunum 1845.

Vandi þjóðþinga á okkar tímum felst í þeirri þversögn að annars vegar styrkist krafan um aukið lýðræði og opnari stjórnunarhætti og hins vegar hafa samtök sérhagsmuna

eflst að skipulagi og sérfræði ásamt því að embættisstofnanir framkvæmdarvaldsins verða sífellt öflugri bakhjarl ríkisstjórna sem löngum vilja beita þingin agavaldi.

Í þessari þraut er engin lausn án erfiðleika eða togstreitu. Hollt er að minnast þess að grundvöllur lýðræðis og lýðveldis í stjórnskipan okkar Íslendinga er að valdið er hjá fólkinu, þjóðinni sjálfri. Ekki aðeins á kjördag á nokkurra ára fresti, heldur ávallt og ævinlega.

Það er í samræmi við þennan lýðræðislega grundvöll stjórnskipunarinnar að þjóðin velur sjálf forseta lýðveldins. Umboð hans er frá fólkinu í landinu. Við embættistökuna 1. ágúst síðastliðinn sagði ég að starf forseta Íslands fælist fyrst og fremst í þjónustu við þjóðina. Einungis dómgreind, lífsreynsla og lifandi tengsl við fólkið í landinu gætu vísað forseta rétta leið í starfi.

Þessa leiðsögn árétta ég nú en minni jafnframt á að þótt kjördæmi og stjórnmálaflokkar eigi hlut að skipan Alþingis er þjóðin sjálf herra okkar allra. Almannahagur er sú viðmiðun sem mestu máli skiptir.

Kristján Eldjárn, þriðji forseti Íslands, orðaði þessa skyldu Alþingis svo í ræðu við þingsetningu árið 1970:

„Ábyrgð Alþingis er því mikil, bæði einstakra þingmanna og þingsins í heild. Þeim öflum sem að verki eru í þjóðfélaginu, félagslegum hreyfingum þess, þörfum og kröfum og úrlausnarefnum hvers konar og á öllum sviðum má líkja við fjölþætt og flókið kerfi stórra og smárra vatna, sem koma langt og víða að en hníga þó öll að lokum að einum miklum farvegi. Alþingi er slíkur farvegur, farvegur landsmálanna. Í þeim farvegi hljóta að verða straumköst, en traustur farvegur á að hemja þau öfl sem innan hans byltast og skila öllu að ósi farsællega án þess að bresta. Sú er ætíð ósk og von þjóðarinnar í hvert sinn sem Alþingi kemur saman."

Þessi orð Kristjáns Eldjárns við þingsetninguna 1970 geri ég nú að mínum.

Á komandi vetri bíða þingsins mörg erfið úrlausnarefni. Mikilvægt er að varðveita þann stöðugleika í verðlagsmálum sem haldist hefur í rúman hálfan áratug. Einnig þarf jafnt og þétt að ná jafnvægi í viðskiptum okkar við umheiminn, draga úr erlendum skuldum og styrkja hér innan lands í senn rekstrargrundvöll ríkissjóðs og fjárhagsstöðu heimilanna.

Þessi viðfangsefni kunna á næstunni að reyna á þolrif þings og þjóðar vegna ólíkra viðhorfa til þess hvernig best er að nýta þann ávinning sem er í vændum og að hluta er ávöxtur þeirra fórna sem almenningur hefur fært á undanförum árum.

Erfiðleikar hafa löngum fært Íslendinga saman en með betri tíð hefur á stundum losnað um samfylgdina. Nú ríður á að þing og þjóð beri gæfu til að finna leiðir sem í senn styrkja efnahagslífið og bæta lífskjör heimilanna.

Ég óska Alþingi alls velfarnaðar í vandasömum störfum og bið alþingismenn að rísa úr sætum og minnast fósturjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Ég vil nú biðja þann þingmann sem lengsta þingsetu hefur að baki, hv. þm. Ragnar Arnalds, að ganga til forsetastóls og taka við stjórn fundarins uns forseti Alþingis hefur verið kosinn.

[14:29]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Ég býð háttvirta alþingismenn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá von að störf þessa þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það á komandi þingi sem endranær.

Þingmennskuafsal Ólafs Ragnars Grímssonar.

[14:31]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Hinn 10. júlí sl. barst forseta Alþingis bréf frá Ólafi Ragnari Grímssyni þar sem hann tilkynnir í samræmi við úrslit forsetakosninga 29. júní 1996 og ákvæði stjórnarskrár að hann biðjist lausnar sem alþingismaður Reykjaneskjördæmis. Við sæti Ólafs Ragnars Grímssonar tekur 1. varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjaneskjördæmi, Sigríður Jóhannesdóttir kennari, og verður 8. þingmaður Reyknesinga. Hún hafði áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður. Ég býð hana velkomna til þingstarfa.

Varamaður tekur þingsæti.

[14:33]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Borist hafa tvö önnur bréf. Hið fyrra er svohljóðandi:

„30. september 1996.

Þar sem Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn., er erlendis og getur því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Reykn., Unnur Stefánsdóttir leikskólakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans og forföllum 1. varaþingmanns flokksins í Reykjaneskjördæmi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Valgerður Sverrisdóttir,
formaður þingflokks Framsfl."

Síðara bréfið er frá 1. varaþingmanni Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, svohljóðandi:

„Reykjanesbæ, 27. september 1996.

Undirrituð hefur verið beðin um að taka sæti á Alþingi Íslendinga við upphaf þings haustið 1996. Ég biðst velvirðingar á því að vegna anna get ég því miður ekki tekið sæti á Alþingi Íslendinga í byrjun október 1996.

Virðingarfyllst,
Drífa Sigfúsdóttir, varaþingmaður."

Kjörbréf Unnar Stefánsdóttur hefur verið samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi og unnið drengskaparheit. Ég býð hana velkomna til þingstarfa.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[14:35]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Ég óska því eftir tilnefningum.

Forseta hefur borist tilnefning um 1. þm. Reykn., Ólaf G. Einarsson. Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Ólafur G. Einarsson er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri er það ætlan forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu. Kerfið hefur verið stillt þannig að jafna má við leynilega atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjunum munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um minni tölvunnar. Þeir sem kjósa Ólaf G. Einarsson ýti á já-hnappinn. Þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar á töflum og á tækjum við sæti þingmanna þegar atkvæði hefur verið greitt hvernig sem það hefur fallið.

Þessi tilhögun er reyndar sú sama og viðhöfð var sl. haust en hún var á ný borin undir formenn þingflokka og voru ekki gerðar athugasemdir við að hafa þennan háttinn á aftur. Ég bið hv. alþingismenn að gera nú þegar viðvart ef einhverjir þeirra una ekki við þessa tilhögun. Komi fram mótmæli frá einhverjum hv. þingmanni fer fram skrifleg kosning.

Þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við þennan hátt á kosningunni hefst nú atkvæðagreiðslan.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Ólafur G. Einarsson,** 1. þm. Reykn. hlaut 57 atkvæði, þrír þingmenn greiddu ekki atkvæði.

[14:37]

Aldursforseti (Ragnar Arnalds):

Samkvæmt þessu er Ólafur G. Einarsson 1. þm. Reykn. rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég bið hann að taka við fundarstjórn um leið og ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í störfum.

[14:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. alþingismenn. Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Ragnari Arnalds, árnaðaróskir í minn garð. Enn fremur þakka ég hv. alþingisþingmönnum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt mér með því að endurkjósa mig forseta Alþingis. Ég vænti þess að eiga gott samstarf við alla alþingismenn á því þingi sem nú fer í hönd eins og á síðasta þingi.

Þessi þingsetningarfundur markar þau tímamót að þetta er í fyrsta skipti sem nýkjörinn forseti lýðveldisins, herra Ólafur Ragnar Grímsson, setur þingið. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá ósk að Alþingi megi eiga gott samstarf við nýkjörinn forseta Íslands um leið og ég ítreka þakkir alþingismanna til fráfarandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrir sérstaklega vel unnin og farsæl störf í þágu þjóðarinnar.

Ég hef frá því ég tók fyrst við embætti forseta Alþingis lagt á það áherslu að það væri meðal mikilvægustu verkefna forustu þingsins að koma húsnæðismálum þess í viðunandi horf. Einn þáttur í þessum efnum eru endurbætur þær sem nú er að ljúka á húsum í eigu Alþingis við Kirkjustræti. Þess er vænst að hægt verði að taka húsnæðið í notkun fyrir lok þessa mánaðar. Þessi hús munu sóma sér vel sem skrifstofur fyrir alþingismenn og starfsfólk Alþingis og bæta nokkuð þá bágu aðstöðu sem margir þingmenn og starfsmenn búa við. Vil ég láta í ljós sérstaka ánægju með hversu vel hefur tekist til við endurgerð húsanna.

Húsin við Kirkjustræti leysa hins vegar ekki nema að takmörkuðu leyti úr þeim húsnæðisvanda sem þingið býr við. Vandinn er ekki síst fólginn í því að Alþingi starfar nú í átta húsum og stafar af því margvíslegt óhagræði. Á vegum forsætisnefndar hefur því um skeið verið unnið að athugun á því hvernig nýta megi Alþingisreitinn til nýbygginga fyrir þingið. Ég vænti þess að niðurstaða fáist í því máli.

Í ávarpi mínu við þingfrestun í vor nefndi ég að brýnt væri að bæta húsnæðisaðstöðu nefndanna. Fyrirhugað er að þeir þingmenn er nú hafa skrifstofur í Þórshamri flytji í annað húsnæði þingsins og eru þeir flutningar í tengslum við ýmsar tilfærslur er verða við það að Kirkjustrætishúsin verða tekin í notkun. Við þessa flutninga skapast möguleikar á að bæta nokkuð starfsaðstöðu nefndanna í Þórshamri sem og þjónustu við þær.

Að venju hefur forsætisnefnd samþykkt starfsáætlun fyrir það þing sem nú er að hefjast og verður henni útbýtt til þingmanna á morgun. Ég vil vekja athygli á þremur atriðum í starfsáætluninni. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þinghléi vikuna 21.–25. október líkt og á síðasta þingi til að gera þingmönnum kleift að halda fundi í kjördæmum sínum. Í öðru lagi er það nýmæli að þingfundir falla niður í eina viku í lok nóvember og eina viku fyrri hluta aprílmánaðar og verður þessi tími notaður til nefndastarfa einvörðungu. Þetta er í samræmi við það sem ég boðaði í ávarpi mínu við þingfrestunina í vor að nauðsynlegt væri að tryggja nefndunum rýmri tíma til starfa þegar drægi að lokum þingstarfa fyrir jól og að vori. Í sama ávarpi nefndi ég einnig að heppilegt væri að koma þeirri skipan á að nefndastörfum ljúki a.m.k. tveimur vikum fyrir þingfrestun að vori. Slíkt gæfi þinginu rýmri tíma til að fjalla um og afgreiða mál sem nefndir skila áliti um. Í starfsáætlunni er því miðað við að reglulegu nefndastarfi ljúki 30. apríl en þingfrestun verði 16. maí. Ég legg á það áherslu að þess verði gætt að þingfrestun í vor verði samkvæmt starfsáætlun.

Þær breytingar sem ég hef hér nefnt á starfsháttum nefndanna eru hins vegar aðeins angi af stærra máli sem er heildarendurskoðun á starfsháttum þingsins og þar með endurskoðun á þingsköpum. Ég vil ítreka vilja minn til að beita mér fyrir endurskoðun og breytingum á þingskapalögum sem ætla má að samstaða geti tekist um meðal þingflokka. Ég tel þýðingarmikið að við höldum áfram á þeirri braut sem mörkuð var með stjórnarskrár- og þingskapalagabreytingunum 1991, að koma starfsháttum þingsins í nútímalegra horf. Ég hef áður úr þessum stól sagt að við getum ekki vikið okkur undan þeirri skyldu að taka á fjölmörgum atriðum í okkar starfsháttum sem eru úr takt við tímann og eru í reynd dæmi um úrelt vinnubrögð. Ég tel t.d. að það fyrirkomulag er gildir um útvarp og sjónvarp frá Alþingi sé ekki til þess fallið að glæða áhuga almennings á störfum þingsins. Ég heiti því á samstarf þingmanna um þetta efni í þeirri von að okkur takist að ljúka heildarendurskoðun á starfsháttum Alþingis fyrir lok þessa kjörtímabils.

Númtímalegir starfshættir á Alþingi eru þó ekki bara spurning um orðalag þingskapa. Fjölmargt hefur verið gert á undanförnum árum til að bæta starfshætti þingsins og má þar m.a. nefna aukna og bætta þjónustu við nefndir þingsins. Í þessu sambandi vil ég einnig láta í ljós sérstaka ánægju með það góða starf sem unnið hefur verið af hálfu skrifstofu þingsins með því að byggja upp gagnabanka um Alþingi og

störf þess. Þessi gagnabanki nýtist ekki aðeins alþingimönnum heldur er aðgengilegur almenningi á heimasíðu Alþingis á tölvunetinu. Það er því sérstakt fagnaðarefni að heimasíða Alþingis fékk nýlega viðurkenningu Samtaka tölvu- og fjarskiptanotenda sem besta íslenska upplýsingasíðan á tölvunetinu. Það ágæta starf sem unnið hefur verið með heimasíðu Alþingis er dæmi um þau nútímalegu vinnubrögð sem þinginu ber að setja í öndvegi.

Aukin alþjóðleg samskipti þingmanna eru einn sá þáttur sem sett hefur sterkan svip á störf þingmanna um allan heim. Alþingi tekur reglulega þátt í starfi níu alþjóðlegra þingmannasamtaka. Með hliðsjón af auknu mikilvægi alþjóðastarfs þingmanna ákvað forsætisnefnd nýlega að endurskipuleggja þjónustu skrifstofu þingsins við alþjóðastarf þingmanna og koma á fót sérstöku alþjóðasviði innan skrifstofunnar. Þess er vænst að þetta tryggi betri þjónustu við þingmenn. Jafnframt ákvað forsætisnefnd að taka skipulagsmál skrifstofunnar að öðru leyti til endurskoðunar og samþykkti fyrir nokkru nýtt skipurit fyrir skrifstofuna. Þannig hefur deildum verið fækkað og þær sameinaðar í stærri einingar. Þær breytingar miða að því að gera störf skrifstofunnar skilvirkari og markvissari. Sérstakur upplýsingabæklingur um skrifstofuna verður afhentur þingmönnum síðar í mánuðinum þegar breytingar þessar eru að fullu frágengnar.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að skýra frá því að í morgun var afhjúpaður skjöldur í Alþingisgarðinum í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því að framkvæmdum við hann lauk. Alþingisgarðurinn er elsti varðveitti skrúðgarðurinn á Íslandi. Skjöldur þessi er settur upp að frumkvæði Félags íslenskra landslagsarkitekta og vil ég þakka félaginu fyrir þessa ræktarsemi við Alþingisgarðinn.

Ég endurtek þakkir mínar til þingheims fyrir að trúa mér fyrir þessu embætti. Það er ásetningur minn að eiga gott samstarf við alþingismenn.

Fundi frestað kl. 14:47.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

miðvikudaginn 2. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
2. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbr.- og trygginganefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
3. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Afleiðingar langs vinnutíma hér á landi, 5. mál, beiðni MF o.fl. um skýrslu, þskj. 5.

Almannatryggingar, 9. mál, frv. MF, þskj. 9.

Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, 19. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 19.

Félagsleg aðstoð, 10. mál, frv. MF, þskj. 10.

Fjárlög 1997, 1. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 1.

Flutningur ríkisstofnana, 17. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 17.

Fæðingarorlof feðra, 12. mál, þáltill. ÖJ og SJS, þskj. 12.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 7. mál, frv. MF o.fl., þskj. 7.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 16. mál, frv. HG o.fl., þskj. 16.

Stjórnarskipunarlög, 18. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 18.

Stytting vinnutíma án lækkunar launa, 4. mál, þáltill. MF o.fl., þskj. 4.

Veiðileyfagjald, 3. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 3.

Þjóðhagsáætlun 1997, 2. mál, skýrsla forsrh., þskj. 2.

Þróun launa og lífskjara, 20. mál, beiðni RA o.fl. um skýrslu, þskj. 20.

Tilkynning um formennsku í þingflokki.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur tilkynning um að þingflokkur Samtaka um kvennalista hafi falið Kristínu Halldórsdóttur að gegna embætti þingflokksformanns næsta ár. Kristín Ástgeirsdóttir verður varaþingflokksformaður.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tilkynning um stofnun þingflokks jafnaðarmanna.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins til að tilkynna Alþingi formlega um stofnun nýs þingflokks.

Þann 23. september ritaði ég bréf til forseta Alþingis og kynnti honum stofnun nýs þingflokks Alþfl. og Þjóðvaka, þingflokks jafnaðarmanna, að formaður þingflokks hafi verið kjörin Rannveig Guðmundsdóttir og Svanfríður Jónasdóttir varaformaður. Á fyrsta fundi hins nýja þingflokks var samþykkt ályktun þar sem kastljósi var beint að þeim málaflokkum sem jafnaðarmenn sameinast um. Þar ber hæst baráttu fyrir réttmætum kröfum almennings í landinu um jöfnun lífskjara, bættan aðbúnað barnafjölskyldna, réttláta skiptingu arðs af auðlindum þjóðarinnar, jöfnun kosningaréttar, afnám einokunar og annarra forréttinda hinna fáu á kostnað almennings, aukna fjárfestingu til framtíðar í menntun og rannsóknir, gæslu þjóðarhagsmuna með virkri þátttöku í samstarfi lýðræðisþjóða Evrópu og Ameríku.

Þingflokkur jafnaðarmanna hefur lagt fram sína málaskrá með yfirliti yfir þau þingmál sem flutt verða á Alþingi á næstu vikum og þar birtast áherslur hans. Í bréfinu til forseta Alþingis lagði þingflokkurinn áherslu á gott samstarf við forseta Alþingis, forsætisnefnd og aðra þingflokka. Þann góða samstarfsvilja árétta ég hér.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. þingskapa skal fara fram kosning sex varaforseta. Það er tillaga forseta að að þessu sinni verði einungis kosnir fjórir varaforsetar. Því mun forseti leita afbrigða frá þingsköpum um að kosning 5. og 6. varaforseta fari ekki fram að svo stöddu. Verður þeirra afbrigða nú leitað með atkvæðagreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Afbrigði samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, USt, VS, VE, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁRÁ, DO, GHall, HBl, RA, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:36]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er orðið ljóst að þingflokkur Kvennalistans mun standa einn utan forsætisnefndar Alþingis nú í vetur. Sú staða er ekki æskileg að okkar mati þótt hún sé reyndar í samræmi við þingstyrk. Við sóttum það nokkuð fast að þessu sinni að gert yrði heiðursmannasamkomulag um aðild Kvennalistans að forsætisnefnd og nutum við það stuðnings þingflokks jafnaðarmanna og þingflokks Alþb. og óháðra. Þingflokkar meiri hlutans féllust ekki á þessa málaleitan og því mun þingflokkur Kvennalistans standa einn þingflokka utan forsætisnefndar eins og áður segir. Með tilliti til þessa munu þingkonur Kvennalistans ekki greiða atkvæði með afbrigði.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi samkvæmt samþykktum afbrigðum. Lýsti forseti yfir því að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
2. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
3. varaforseti: Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
4. varaforseti: Guðmunur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.

[13:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundastörfin og önnur verkefni forsætisnefndar.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.

Sólveig Pétursdóttir (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni R. Árnason (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Vilhjálmur Egilsson (A),
Jón Baldvin Hannibalsson (B),
Valgerður Sverrisdóttir (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A).

3. Félagsmálanefnd.

Einar K. Guðfinnsson (A),
Rannveig Guðmundsdóttir (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Kristján Pálsson (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Magnús Stefánsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

4. Fjárlaganefnd.

Sturla Böðvarsson (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Jón Kristjánsson (A),
Árni Johnsen (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Bryndís Hlöðversdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A).

5. Heilbrigðis- og trygginganefnd.

Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðni Ágústsson (A),

Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A).

6. Iðnaðarnefnd.
Guðjón Guðmundsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Svavar Gestsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Hjálmar Árnason (A),
Jóhanna Sigurðardóttir (B),
Árni R. Árnason (A).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Guðni Ágústsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ágúst Einarsson (B),
Guðjón Guðmundsson (A).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Sigríður Jóhannesdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Árni Johnsen (A).

9. Samgöngunefnd.
Einar K. Guðfinnsson (A),
Guðmundur Árni Stefánsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Egill Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Árni Johnsen (A),
Magnús Stefánsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Árni R. Árnason (A),
Sighvatur Björgvinsson (B),
Stefán Guðmundsson (A),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Hjálmar Árnason (A),
Lúðvík Bergvinsson (B),
Vilhjálmur Egilsson (A).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Gísli S. Einarsson (B),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ísólfur Gylfi Pálmason (A),
Kristín Halldórsdóttir (B),
Kristján Pálsson (A).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Össur Skarphéðinsson (B),
Siv Friðleifsdóttir (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Árni R. Árnason (A),
Gunnlaugur M. Sigmundsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B),
Tómas Ingi Olrich (A).

Varamenn:
Árni M. Mathiesen (A),
Svanfríður Jónasdóttir (B),
Hjálmar Árnason (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ólafur Örn Haraldsson (A),
Guðný Guðbjörnsdóttir (B),
Hjálmar Jónsson (A).

[13:48]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að eins og venja er mun forseti láta undirbúa töflu með fundatíma fastanefnda og er það ætlun forseta að henni verði dreift í hólf þingmanna á morgun, fimmtudag. Reglulegir nefndafundir hefjast svo í næstu viku með formanns- og varaformannskjöri í nefndunum. Það er ósk forseta að allar nefndir ljúki kjöri embættismanna í næstu viku.

Sætaskipun.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
2. sæti hlaut Svavar Gestsson.
3. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
4. sæti hlaut Gísli S. Einarsson.
5. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir.
6. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
7. sæti hlaut Stefán Guðmundsson.
8. sæti hlaut Bryndís Hlöðversdóttir.
9. sæti hlaut Össur Skarphéðinsson.
10. sæti hlaut Gunnlaugur M. Sigmundsson.
11. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
12. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
13. sæti hlaut Jón Baldvin Hannibalsson.
14. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
15. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson.
16. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir.
17. sæti hlaut Ágúst Einarsson.
18. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir.
19. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson.

20. sæti hlaut Hjálmar Árnason.
21. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich.
22. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson.
23. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
24. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir.
25. sæti hlaut Egill Jónsson.
26. sæti hlaut Jón Kristjánsson.
27. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
28. sæti hlaut Árni Johnsen.
29. sæti hlaut Sighvatur Björgvinsson.
30. sæti hlaut Guðmundur Árni Stefánsson.
31. sæti hlaut Árni R. Árnason.
32. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson.
33. sæti hlaut Kristín Halldórsdóttir.
34. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
35. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
36. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
37. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
38. sæti hlaut Jóhanna Sigurðardóttir.
39. sæti hlaut Kristján Pálsson.
40. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
41. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson.
42. sæti hlaut Geir H. Haarde.
43. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir.
44. sæti hlaut Sigríður Jóhannesdóttir.
45. sæti hlaut Ragnar Arnalds.
46. sæti hlaut Guðný Guðbjörnsdóttir.
47. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
48. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir.
49. sæti hlaut Svanfríður Jónasdóttir.
50. sæti hlaut Hjálmar Jónsson.
51. sæti hlaut Ólafur Örn Haraldsson.
52. sæti hlaut Ísólfur Gylfi Pálmason.
53. sæti hlaut Árni M. Mathiesen.

Fundi slitið kl. 14:01.

---

2. FUNDUR

miðvikudaginn 2. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).

[20:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Umræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða.

Dregið var um röð stjórnarandstöðuflokkanna innbyrðis og verður röð þingflokkanna þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþb. og óháðir, Samtök um kvennalista, Framsfl. og þingflokkur jafnaðarmanna. Ræðumenn verða fyrir Sjálfstfl.: Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð og Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn., og Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv., í þeirri síðari. Fyrir Alþb. og óháða tala í fyrri umferð Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., og Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv., en í þeirri síðari Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., og Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., í þeirri síðari. Ræðumenn Framsfl. verða Finnur Ingólfsson iðn.- og viðskrh., Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn., og Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl., í fyrri umferð, en Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Af hálfu þingflokks jafnaðarmanna tala Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn., og Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., í fyrri umferð, en Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari.

Hefst nú umræðan og tekur fyrstur til máls hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarsáttmálar og stefnuyfirlýsingar ríkisstjórna eru athyglisverð plögg þótt menn greini oftast mjög á um innihald þeirra. Sáttmálarnir geyma jafnan loforð eða a.m.k. fögur fyrirheit þeirra sem eru að leggja af stað saman í ferð. En þeir eru ekki síður tæki stjórnmálaflokka til að kanna við stjórnarmyndanir, hvort þeir geti sameinast um nokkur meginverkefni næstu árin þrátt fyrir þann stjórnmálalega ágreining sem milli flokkanna er. Og þeir eru einnig notaðir til að kortleggja þau sker sem slíkt samstarf gæti helst steytt á. Mjög langir stjórnarsáttmálar, fullir af smáatriðum og þar sem reynt er að setja undir alla hugsanlega leka, gætu því bent til þess að verulegrar tortryggni gætti um samstarf á milli flokka í upphafi. Því þætti best að hafa sem flest svið niðurnegld í skrifuðum texta. Reyndar sýnist mér að stundum sé nokkur fylgni á milli langra stjórnarsáttmála og lélegs samstarfs flokka á milli. Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar er stuttur og gagnorður en gefur þó ágæta leiðsögn um mikilvægustu viðfangsefni í íslensku efnahags- og þjóðlífi. Og ég tel einnig að upphaf núverandi ríkisstjórnar hafi verið gott og geti leitt til góðrar og farsællar tíðar. Það er mála sannast að síðasta þing, fyrsta heila þing núverandi ríkisstjórnar, var eitt hið athafnasamasta um langt skeið. Umræður voru vissulega langar og stundum strangar eins og vill verða í upphafi kjörtímabils þegar stjórn og stjórnarandstaða, samsett með nýjum hætti, láta reyna með sér. En hitt er þýðingarmeira að fjöldi stórmála var leiddur til lykta og mörg mál sem áður höfðu lengi þvælst fyrir þingmönnum fengu nú afgreiðslu.

Það sést glöggt, þegar litið er til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, að störf hennar hingað til og stefnan sem fram undan er verða í góðu samræmi við hann. Fylgt hefur verið fast fram þeim fyrirheitum um efnahagsmál, atvinnuaukningu og bætt lífskjör sem vikið er að í stjórnarsáttmálanum. Þar verður verkum þó seint lokið og þeirra mun því einnig sjá stað á þessu þingi, ekki síst í tengslum við fjárlagagerð. Fjmrh. hefur nú lagt fram fjárlagafrv. sem gerir ríkisstjórninni að reka ríkissjóð með nokkrum afgangi og nú þykir

ljóst að fjárlagahallinn á því ári sem senn er að ljúka verður mun minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þá er settur innan sviga sá bókhaldshalli sem skráður verður vegna innlausnar spariskírteina fyrr á árinu. Eins og kunnugt er mun sú innlausn ein spara ríkissjóði milljarða króna á næstu árum. Á síðasta þingi var vinnulöggjöfin endurskoðuð og er það von ríkisstjórnarinnar að þegar fram í sækir muni sú lagasetning teljast mjög til bóta þótt nokkuð hafi verið um hana deilt. Flutningi grunnskóla til sveitarfélaga hefur verið lokið áfallalaust. Margir óttuðust að þar væru of mörg ljón í vegi til þess að það stóra mál mætti ná fram að ganga. Flutningur grunnskólans er mesta verkefnatilfærsla á milli ríkis og sveitarfélaga sem orðið hefur og þá um leið stærsta skref til valddreifingar sem stigið hefur verið. Endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins sem sérstaklega er fjallað um í stjórnarsáttmála er vel á veg komin. Annað atriði sem þar er nefnt hefur einnig breyst úr orðum í veruleika. Settar hafa verið reglur um aðgang borgaranna að upplýsingum hjá stjórnvöldum og jafnframt verið mótuð heildarstefna um upplýsingatækni og upplýsingaþjóðfélagið.

Vinna við að búa í haginn fyrir erlenda fjárfestingu í landinu hefur borið góðan ávöxt eftir langvarandi kyrrstöðu í þeim efnum. Er það fagnaðarmál fyrir þjóðina og reyndar eru ýmis merki um það nú að þar verði frekari ákvarðanir teknar á næstu mánuðum og missirum.

Ég hef, herra forseti, aðeins vikið að fáeinum atriðum sem stjórnarsáttmálinn lagði okkur í hendur að huga sérstaklega að í upphafi kjörtímabilsins. Þar hefur mörgu verið þokað í rétta átt. En það er ekki síður ánægjulegt að samstarfið á milli stjórnarflokkanna um framkvæmd þessara verkefna hefur verið afar traust og sú samheldni hefur tryggt öruggan framgang málanna.

Það var forgangsatriði ríkisstjórnarinnar að fjárlög skyldu nú lögð fram hallalaus. Þó skyldi forðast að það yrði með þeim hætti sem hér hefur gerst stundum á árum fyrr, þegar að útgjöld ríkisins voru vanmetin stórlega og tekjurnar ofmetnar og með þeim hætti fengin hagfelld niðurstaða. Óþarfi er að rifja þau tilvik upp sérstaklega nema tilefni gefist til. Öðruvísi er í pottinn búið nú og því hafa orðið mikil kaflaskil í íslenskri efnahagsstjórn við framlagningu þessa fjárlagafrv. Til þess að ná markmiðum þess hefur verið óhjákvæmilegt að sýna aðhald í ríkisrekstrinum á fjölmörgum sviðum. Það hefur vissulega verið gert. En á hinn bóginn munu útgjöld til ýmissa málaflokka þó halda áfram að aukast og er slíkt óhjákvæmilegt þótt viðspyrna sé sýnd. Hinn umfangsmikli heilbrigðismálaflokkur lýtur einmitt þessum lögmálum, en útgjöld til hans aukast jafnt og þétt þótt þeir sem leggja eyrun við pólitískum áróðri gætu haldið annað. Meðalaldur landsmanna eykst og sífellt koma til ný dýr lyf og tækjabúnaður sem nútímalæknisþjónusta getur ekki verið án eigi hún ekki að verða lakari hér en þar sem hún gerist best. Áfram er tryggt að íslensk heilbrigðisþjónusta verður í fremstu röð meðal þjóða. Slíkri stöðu er hægt að halda þótt þess sé gætt að útgjaldaþensla þessa málaflokks keyri ekki þjóðfélagið á hliðina. Sömu sögu er að segja um mál er lúta forræði menntmrn. Það er enginn ágreiningur um það hér á hinu háa Alþingi að tryggja æsku landsins sem best tækifæri til menntunar, enda er hún helsta forsenda framfara og velmegunar þjóðarinnar. En á hinn bóginn er einnig líklegt að allir þeir stjórnmálaflokkar og samtök sem hér eiga fulltrúa, vilji í lengstu lög forðast að safna ríkisskuldum nú þegar hagur er tekinn að vænkast, skuldum sem ungviði landsins er ætlað að greiða þegar það kemst á fullorðinsár. Því var ljóst að það þurfti að koma til kasta menntmrn. sem og annarra ráðuneyta sem fara með viðkvæma málaflokka, þegar að niðurskurði kæmi, ef framangreindum markmiðum fjárlaganna skyldi ná. Við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna var aukið fjármagn veitt til þess skólastigs. Háskólastigið var ekki talið aflögufært, en á hinn bóginn mætti gera ráðstafanir til sparnaðar á framhaldsskólastigi. Vonandi verður tekið málefnalega á því vandasama verki, jafnt hér á Alþingi sem og hjá þeim aðilum öðrum sem að málinu koma. Nú er unnið að endurskoðun á námskrám grunn- og framhaldsskóla sem er stórverkefni og liggur mikið við að það takist vel. Á þeim nýja grunni á að treysta inntak og gæði íslenskrar menntunar. Heilbrigðismál og menntamál eru útgjaldafrekir liðir í ríkisrekstrinum enda er almennur vilji til þess í þjóðfélaginu að skattgreiðendur leggi mikið á sig til þess að halda þar uppi háu þjónustustigi. Auðvitað má hið sama segja um fjölmarga aðra þætti ríkisrekstursins. Áskoranir um aukin útgjöld berast úr öllum áttum og hverjum og einum þykir sín krafa hin eina og sanna réttlætiskrafa. Engin ástæða er til að gera lítið úr þess háttar óskum eða hafa þær í flimtingum. En það heyrast einnig aðrar raddir sem kannski eru ekki settar fram með jafnmiklum þunga og jafnmiklum hávaða. Það er nefnilega einnig vaxandi krafa frá öllum almenningi að ráðdeildar sé gætt og skuldum ekki safnað og sú krafa hlýtur einnig að ná eyrum okkar þingmanna, enda hefur þjóðin ekki ráð á að fram hjá henni sé litið.

Herra forseti. Það hefur mikill árangur náðst í íslenskum þjóðarbúskap á undanförnum árum. Hagvöxtur hefur verið mikill, verðbólga mjög í hófi, atvinnuleysi fer minnkandi og lífskjör batna. Samkvæmt þessum mælikvarða er Ísland í hópi þeirra aðildarþjóða OECD sem bestum árangri hafa náð að undanförnu.

Í þjóðhagsáætlun er vikið að þeim fjórum atriðum sem einkum geti skýrt þessa jákvæðu þróun. Í fyrsta lagi er bent á þær víðtæku umbætur sem gerðar hafa verið í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum árum og þar nefnt til sögunnar efling markaðsbúskapar, opinn fjármagnsmarkaður og aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Í öðru lagi hafi tekist að tryggja stöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúskapnum og í þriðja lagi hafi vaxið skilningur á að laga þurfi rekstur þjóðfélagsins að þeim skilyrðum sem það býr við á hverjum tíma. Og í fjórða lagi hafi ytri skilyrði lagst á sveif með innlendum skilyrðum. Íslendingar hafi með öðrum orðum búið hagkerfi sitt undir batnandi hag.

Það er enginn bilbugur á ríkisstjórninni að halda áfram á sömu braut og á kjörtímabilinu verður komið í verk áformum um að breyta eignarformi ríkisfyrirtækja og auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að eignast í þeim hlut. Ríkið hefur hvorki ástæðu né þörf á að standa í rekstri í beinni samkeppni við einstaklinga og fyrirtæki þeirra. Á síðustu árum hefur í fyrsta sinn verið gengið skipulega til slíkra verka. Á þeim tíma voru seldir hlutir ríkissjóðs í fyrirtækjum fyrir rúmar 2.000 millj. króna. Sérstök framkvæmdanefnd annast stefnumótun á sviði einkavæðingar og sitja í henni auk mín, utanrrh., fjmrh. og viðskrh. Hefur ríkisstjórnin samþykkt tillögur nefndarinnar um nýjar reglur um framkvæmd einkavæðingar. Nýlega voru hlutabréf ríkissjóðs í Jarðborunum hf. seld fyrir 160 millj. króna, en í fjárlögum yfirstandandi árs var gert ráð fyrir að heildartekjur af sölu eigna yrðu 100 millj. króna. Sala á hlutabréfum í Sementsverksmiðjunni hf., Áburðarverksmiðjunni hf., Skýrr hf. og

Bifreiðaskoðun Íslands hf. er nú í undirbúningi. Þá er unnið að því að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag sem gert er ráð fyrir að taki til starfa um nk. áramót. Samkeppni á sviði símaþjónustu verður gefin frjáls í flestum ríkjum Evrópu hinn 1. jan. 1998 og má gera ráð fyrir mikilli breytingu á samkeppnisumhverfi símafyrirtækja frá og með þeim tíma. Símafyrirtæki í Evrópu eru í óða önn að undirbúa sig fyrir umskiptin. Þeim hefur flestum verið breytt í hlutafélög og hafa myndað með sér þrjú meginbandalög ásamt öflugum bandarískum símafyrirtækjum. Norski, danski og finnski síminn tilheyra einu slíku bandalagi og sænski síminn öðru. Það er yfirlýst stefna allra þessara fyrirtækja að hasla sér völl utan heimalanda sinna. Norrænu fyrirtækin skilgreina Norðurlöndin öll sem hluta af sínum heimamarkaði. Það er því afar mikilvægt að gera Pósti og síma kleift að mæta þeirri samkeppni sem fram undan er, en það verður aðeins gert með því að breyta fyrirtækinu í öflugt hlutafélag sem getur brugðist við nýjum aðstæðum með skjótum og skilvirkum hætti. En jafnframt verður að gæta þess að ný fyrirtæki á þessu sviði hér á landi fái svigrúm og olnbogarými og að þau búi við eðlileg og sanngjörn samkeppnisskilyrði. Íslenskt atvinnulíf verður ávallt að eiga völ á eins fullkomnum og hagkvæmum fjarskiptum og best gerist í öðrum löndum og eiga aðgang að fullkomnustu tækni á hverjum tíma. Á þessu veltur framtíð okkar í hinni tölvuvæddu upplýsingaveröld.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a. að áhersla verði lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Hvort tveggja er nú í undirbúningi. Að því er varðar fjárfestingarlánasjóðina er markmiðið að tryggja atvinnulífinu aðgang að langtímafjármagni á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt, og að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Skilyrði er að fyrirtæki í hvaða atvinnugrein sem er eigi jafnan aðgang að slíku fjármagni hvort sem er til fjárfestingar eða nýsköpunar.

Sjóðakerfið hefur um langt skeið verið hólfað niður eftir atvinnugreinum og það hefur staðið starfsemi í nýjum greinum fyrir þrifum. Þessu verður því að breyta. Nauðsynlegt er að eiga samráð um þær breytingar við fulltrúa þeirra atvinnugreina sem helst tengjast núverandi sjóðakerfi. Það má hins vegar ekki koma í veg fyrir það að nýtt kerfi verði öllum opið. Nýtt sjóðakerfi þarf að skoða í nánu samhengi við bankakerfið, en ríkisbönkunum verður breytt í hlutafélög með löggjöf á þessu þingi. Samspil banka og sjóða er margslungið og verður að leita þar hagkvæmustu lausna og líta um leið til annarrar samkeppni á lánamarkaði. Í fyrirhugaðri uppstokkun sjóðakerfisins er æskilegt að taka strax verulegt skref í þá átt að draga úr umsvifum ríkisins í lánakerfinu og minnka þannig hlut þess í atvinnulífinu.

Herra forseti. Í áætlunum ríkisins er nú byggt á því að hagvöxtur verði um 2,5% á komandi ári og áþekkur á næstu árum þar á eftir. Er þetta mun minni hagvöxtur en verður á þessu ári. Þá er því spáð að verðbólgan verði um 2%. Segja má að vel muni til takast fyrir þjóðina ef þetta gengur eftir. En hafa verður í huga að langflestir kjarasamningar eru lausir um næstkomandi áramót. Engum blöðum er um það að fletta að atbeini aðila á vinnumarkaði á góðan hlut í þeim umskiptum til hins betra sem orðið hafa á Íslandi. Gera verður ráð fyrir að verkalýðsforingjar og forráðamenn atvinnulífsins muni við næstu kjarasamninga ganga fram í senn af sanngirni og ábyrgð. Því verður ekki trúað fyrr en fullreynt er að nokkur forustumaður á vinnumarkaði vilji á ný innleiða óöld óðaverðbólgu í landinu. Þá yrðu þeir þeim verstir sem þeir eiga að vinna best. Árangri þjóðarinnar yrði í einu vetfangi kippt í burtu og hún kæmist aftur á byrjunarreit í efnahagsmálum og samkeppnisstaða hennar út á við mundi stórskaðast. Sú kaupmáttaraukning sem orðið hefur á undanförnum árum þurrkaðist fljótlega út. Hitt er jafnljóst og má einnig undirstrika að kaupmáttur verður að halda áfram að aukast, jafnt en örugglega. Það er einnig mikilvægt að hluta þeirrar kaupmáttaraukningar verði varið til að auka sparnað í landinu, hvort sem er með grynnkun á skuldum einstaklinga, heimila og fyrirtækja eða öðrum beinum sparnaði. Kaupmáttur launþega hefur vaxið verulega á allra síðustu árum eftir langvarandi stöðnun og hrap kaupmáttar á árunum þar á undan. Þessi þróun verður að halda áfram svo íslenskir launþegar geti kinnroðalaust borið sín laun saman við það besta sem annars staðar gerist. Þessari þróun má því ekki spilla.

Herra forseti. Það er áhyggjuefni að viðskiptajöfnuður hefur orðið okkur óhagstæðari upp á síðkastið. Að baki þessari þróun liggur mikil aukning á innflutningi. Hefur almennur innflutningur, að skipum og flugvélum frátöldum, aukist um 11% að magni til á fyrri hluta ársins ef miðað er við sama tímabil á hinu fyrra ári. Innflutningur á bifreiðum og fjárfestingarvörum hefur aukist að raungildi um 20–30% á umræddu tímabili. Á öðrum sviðum hefur einnig orðið veruleg aukning. Þannig hefur innflutningur á neysluvörum, öðrum en bifreiðum, aukist um 7% að magni til og á rekstrarvörum um rúm 6%. Sem betur fer hefur útflutningurinn einnig aukist á sama tímabili en þó ekki í sama mæli. Því er líklegt að á þessu ári myndist aftur halli á viðskiptum við útlönd eftir þriggja ára samfelldan afgang. Þjóðin hefur verið að borga niður erlendar skuldir sínar í verulegum mæli og hefur það verið eitt mesta fagnaðarefni íslenskra efnahagsmála þótt lítið beri á slíkum árangri í opinberri umræðu. Viðskiptaafgangur síðustu ára hefur gert kleift að grynnka á erlendum skuldum og hafa hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins lækkað úr 54,1% af landsframleiðslu árið 1993 í 49,7% á síðasta ári. Þrátt fyrir nokkurn viðskiptahalla á þessu ári mun hlutfall hreinna erlendra skulda halda áfram að lækka og stefnir í að verða 47% af landsframleiðslu en hins vegar má gera ráð fyrir að skuldahlutfallið verði óbreytt á milli ársins í ár og næsta árs. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa því lækkað umtalsvert á sl. þremur árum. Mikilvægt er að ná tökum á viðskiptajöfnuðinum á nýjan leik þannig að erlendar skuldir okkar geti haldið áfram að lækka og að vaxtagreiðslur til erlendra aðila minnki ár frá ári. Ríkisstjórnin hefur sett hallalausan rekstur ríkisbúsins sem meginmarkmið á næstu árum eins og fyrr sagði. Þegar það markmið hefur náðst og fest vel í sessi er hægt að setja sér ný markmið. Ríkisstjórnin hefur leitast við að lækka jaðarskatta og þar er enn mikið verk fyrir höndum. Ef við náum að standa vörð um trausta stöðu ríkisfjármála ættum við að geta lækkað skattbyrði þjóðarinnar á næstu árum. Á ég þá bæði við jaðarskatta og almenna skatta. Þar verður auðvitað að fara að með gát, því forsendan verður að vera að ríkissjóður sé framvegis rekinn hallalaus. Það hlýtur að vera auðvelt að ná þjóðarsamstöðu um efnahagslegar forsendur sem byggja á því að ríkið safni ekki skuldum, að kaupmáttur fólks geti aukist jafnt og þétt og að skattar á almenning geti lækkað.

Fyrir nokkru gerðu sumir fjölmiðlar sér mikinn mat úr fólksflótta frá Íslandi og vöktu athygli á að samanburður lífskjara við næstu nágranna væri okkur mjög óhagfelldur.

Á það hefur áður verið bent að ekki er þar allt sem sýnist. Hitt er jafnrétt og hefði átt að vera öllum augljóst að sjö ára samdráttarskeið á Íslandi hlaut að koma niður á lífskjörum þjóðarinnar og möguleikum hennar til nýsköpunar í atvinnulífi. Forsætisráðherra Svíþjóðar, sem hér var á dögunum, vakti athygli á því að hin norrænu ríki hefðu flest lent í svo miklum efnahagslegum ógöngum, að ýmsir töldu að velferðarríkinu norræna yrði vart bjargað. Danir urðu fyrstir til að ganga í gegnum hremmingarnar og taka sér tak og síðan hafa norrænu þjóðirnar hver af annarri gert það einnig. Það átak sem dönsk stjórnvöld gerðu undir forustu Schlüters, þáverandi forsætisráðherra Danmerkur, hefur á síðustu árum borið mikinn ávöxt og danska þjóðin uppskorið með bættum hag og öruggari efnahagsforsendum. Við höfum verið í þessum verkum hér og erum nú senn komin yfir það versta. Það er ekki fyrr en árangur þessara verka hefur að fullu skilað sér til okkar að sanngjarnt er að gera fyrrgreindan samanburð við önnur lönd.

Árið 1994 fluttu 760 fleiri einstaklingar frá Íslandi en til þess, og árið 1995 1.418 einstaklingar. Slík þróun hefur áður orðið þegar að kreppir í íslenskum þjóðarbúskap. En sem betur fer er þessi þróun nú að breytast, eftir því sem tölur sýna. Brottfluttir eru 134 færri á fyrstu átta mánuðum en var á sama tíma fyrir ári á meðan aðfluttum hefur fjölgað um 428. Enn eru þó brottfluttir 230 fleiri en aðfluttir, en á sama tíma fyrir ári var sú tala 800 manns. Þá er þess að geta að í júlí og ágúst á þessu ári fluttu 100 fleiri til landsins en frá því, en sömu mánuði í fyrra var þessu algjörlega öfugt farið þegar 400 fleiri fluttu frá landinu en til þess. Þessi umsnúningur er ánægjulegur og vísbending um að við séum vissulega á réttri leið og árangur erfiðrar baráttu sé að skila sér.

Herra forseti. Samskipti Íslendinga við nágranna sína hafa að jafnaði verið góð. Þar hefur þó borið nokkurn skugga á síðustu ár. Eins og kunnugt er hafa Íslendingar að undanförnu sætt ámæli vegna úthafsveiða sinna og þeir jafnvel verið sakaðir þar um ránskap og óbilgirni. Hitt er þó staðreynd sem ekki er hægt að líta fram hjá að hvarvetna þar sem íslensk skip hafa stundað úthafsveiðar hafa íslensk stjórnvöld lýst sig reiðubúin til að takmarka þær veiðar með alþjóðlegum samningum bæri til þess nauðsyn. Á nýlegum aðalfundi Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar var fjallað um úthafsveiðar á svonefndu Flæmingjagrunni. Hefur nokkuð verið hnjóðað í Íslendinga í framhaldi af þeim fundi. Þar sýndi þó Ísland þá ábyrgðartilfinningu að vilja setja kvóta á þær veiðar sem skipt yrði á milli ríkjanna en hin ríkin vildu viðhalda svonefndri sóknarstýringu. Tillaga Íslendinga um kvótakerfi er algjörlega í samræmi við viðtekna venju við alþjóðlega fiskveiðistjórnun en sóknarstýringin er á hinn bóginn undantekningin. Þá er það að athuga að í raun er ekki ágreiningur um að kvóti verndar fiskstofna betur en sóknarstýring getur nokkru sinni gert. Þegar fullreynt var á þessum aðalfundi NAFO að tillaga okkar næðist ekki fram var því lýst yfir að Ísland mundi setja einhliða kvóta og draga verulega úr veiðum, enda virtust vísindaleg rök styðja slíka niðurstöðu. Það var einnig ein af okkar röksemdum á NAFO fundinum að kvótastýring leiddi til mun hagkvæmari veiða en sóknarstýring. Það kann að vera að spurningin um hagkvæmni skýri áhugaleysi hinna þjóðanna á okkar tillögu. Þar skilur á milli okkar og langflestra annarra þjóða að þær geta stundað óhagkvæmar fiskveiðar í skjóli opinberra styrkja. Það er enginn vafi á að stór þáttur í ofveiði í heiminum er sú mikla opinbera aðstoð sem sjávarútvegi er víðast hvar veitt. Án þeirra ríkisafskipta mætti ætla að sókn í marga fiskstofna mundi minnka verulega. Slíkar veiðar yrðu einfaldlega ekki arðbærar. Íslendingar verða að geta stundað veiðar á úthafinu og til þess eigum við fullan rétt. Við eigum á hinn bóginn ekki þess kost að reka sjávarútveginn með opinberum styrkjum. Það er því úrslitaatriði fyrir okkur að vekja athygli á því að við erum öðrum þjóðum háðari því að fiskstofnum í úthafinu sé haldið við og að veiðum sé stjórnað með hagkvæmum hætti. Þess vegna höfum við ábyrga stefnu í úthafsveiðum og munum hafa slíka stefnu áfram. Ásakanir í okkar garð um rányrkju og óábyrga stefnu í fiskveiðum eru ekki á rökum reistar og sumir þeirra sem henda ónotum í okkur hafa engin efni til þess.

Herra forseti. Nýlega hefur borið góða gesti að garði. Fyrst forsætisráðherra hins nýfrjálsa Lettlands og síðan sænska forsætisráðherrann. Ég átti kost á að ræða við þá báða mjög ítarlega um öryggismál. Einkum var þá rætt um öryggi Eystrasaltsríkjanna þriggja og stækkun Atlantshafsbandalagsins. Íslensk stjórnvöld styðja eindregið fyrirætlanir um stækkun bandalagsins og líta svo á að hér sé um að ræða einstakt sögulegt tækifæri til að festa í sessi lýðræði og stöðugleika í Mið- og Austur-Evrópu. Því tækifæri megi ekki glata. Hitt er hins vegar öllum augljóst að stærri ríkin í bandalaginu munu taka á sig þyngstar byrðar og mestar skuldbindingar vegna stækkunar þess og hljóta þar með auðvitað að ráða mestu um hvernig og hversu hratt bandalagið stækkar. Engu að síður er fyllsta ástæða til þess að Ísland skipi sér í hóp þeirra bandalagsríkja sem vilja fara hratt fram. Rússland hefur enn sem komið er lagst gegn þessari stækkun. Ekki síst hafa talsmenn Rússlands verið afdráttarlausir þegar kemur að hlut Eystrasaltsríkjanna. Rússar geta þó aldrei haft neitunarvald í málinu. Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag í eðli sínu og það getur ekki leitt til öryggisleysis fyrir stórveldi á borð við Rússland þótt hin þrjú smáu baltnesku ríki verði aðilar að því. Það má ekki skipta Evrópu upp á ný með þeim hætti sem áður hefur verið gert. Slíkt tilheyrir liðinni tíð og er angi af úreltum þankagangi. Evrópa hefur öryggishagsmuna að gæta en hitt skiptir meira máli að í húfi er réttur frjálsra ríkja til að ákveða sjálf í hvaða alþjóðasamtök þau vilja ganga. Atlantshafsbandalagið er reiðubúið til sérstaks samráðs og samninga við Rússa, til þess m.a. að fylgja eftir þeim sjónarmiðum að Rússlandi geti ekki stafað ógn af því að Mið- og Austur-Evrópuríki bætist í hóp þeirra lýðræðisríkja er mynda Atlantshafsbandalagið. Ákvörðun bandalagsins um stækkun liggur fyrir. Gert er ráð fyrir því að á leiðtogafundi þess á næsta ári verði fyrstu ríkjunum boðið til aðildarviðræðna. Afar þýðingarmikið er að gæta þess sérstaklega að þau ríki, sem ekki verða valin í fyrstu atrennu, lendi ekki á nýju gráu svæði í öryggismálum. Nú er útlit fyrir að Eystrasaltsríkin, sem við Íslendingar höfum tengst sérstökum vináttuböndum, verði ekki tekin inn í Atlantshafsbandalagið í fyrstu lotu. Því þarf að ganga þannig frá málum að ótvírætt sé að þau verði tekin inn síðar og búa þannig um hnútana í millitíðinni að þessi ríki verði tengd með sýnilegum og traustum böndum við Atlantshafsbandalagið og önnur samtök í álfunni.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessa þings sem nú er nýhafið bíða mörg og margvísleg verkefni. Þær ákvarðanir sem hér verða teknar munu hafa mikil áhrif á hag einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja á næstu árum og áratugum. Þýðingarmikið er að löggjafarvaldið vinni með vandlegum hætti að lagasetningu til að forðast mistök og að lagasetningin

verði ekki í raun íþyngjandi fyrir almenning þótt að öðru hafi verið stefnt eins og stundum gerist. Ríkisstjórnin þarf fyrir sitt leyti að gæta þess að lagafrumvörp berist þingheimi í tíma svo þingmenn og nefndir þeirra fái sæmilegt ráðrúm til þess að fjalla um mál ítarlega og kalla til hagsmunaaðila og sérfræðinga. Heitir ríkisstjórnin því að leggja sig fram í þessum efnum og óskar eftir góðri samvinnu við forystu þingsins og þingflokka í því sambandi.

Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist þó ég víki hér í lokin örlítið frá þeim reglum sem um stefnuræðu gilda. Það er eldgos í jökli og enn er ekki vitað hvort af því muni verða tjón á mannvirkjum og landgæðum. Því miður bendir flest til á þessari stundu að meira sé í húfi en fyrr var talið. Takist illa til í þessum hamförum gæti fjárhagstjón orðið mikið. Þessi atburður undirstrikar reynsluna af hörmungunum fyrir vestan, í Súðavík og á Flateyri, hve land okkar er harðbýlt og óútreiknanlegt. Við gerum okkar plön og áætlanir en náttúra landsins getur hvenær sem er sett breitt strik í alla þá útreikninga. Þeir sem best þekkja til fylgjast náið með og hafa víðtækt umboð til að bregðast við þeim atburðum sem nú hafa orðið eftir því sem þurfa þykir. Á þessari stundu gerum við ekkert betra en að vona það besta.

Góðir Íslendingar. Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Boðskapurinn sem forsrh. flutti áðan var fallegur. Nú ætlast hann áreiðanlega til að þið sem heima eruð og hafið hlustað dragið ykkur rólega til hryggjar eða skiptið um rás í vissu um að mál ykkar séu í góðum höndum. Góðærið er gengið í garð. Við vitum hins vegar öll að ástandið í þjóðfélaginu er ekki jafngott og hæstv. forsrh. er að reyna að telja okkur trú um. Það sem var merkilegast við ræðu hans áðan var það sem hann sagði ekki. Tókuð þið t.d. eftir því að ráðherrann minntist ekki einu orði á málefni aldraðra og öryrkja eða annarra sem eiga undir högg að sækja? Ekkert um þjónustugjöld eða aðra feluskatta. Ekkert um úrlausnir í húsnæðismálum. Ekkert um skuldastöðu heimilanna annað en það að nú skuli nota góðærið margumtalaða til að greiða skuldirnar niður. Ekkert um jafnréttismál. Ekki orð um stefnuna í heilbrigðismálum. Er ráðherrann búinn að gleyma því að heilbrigðiskerfið var í upplausn fyrir skömmu og er það að vissu leyti enn? Flestar stéttir sem starfa í heilbrigðismálum hafa á undanförnum árum í tíð ríkisstjórna Davíðs Oddssonar staðið í harkalegri kjarabaráttu, líklega af eintómri frekju.

Álagið á starfsfólk heilbrigðiskerfisins hefur aukist gríðarlega vegna handahófskenndra aðgerða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar undanfarin ár. Íslandsmet hafa verið sett í lokunum deilda. Nánast vikulega berast fréttir af erfiðleikum sjúkrastofnana og starfsfólks sem þar vinnur. Öll þessi vandræði virðast hafa farið fram hjá hæstv. forsrh. sem lokar augunum og boðar hallalaus fjárlög sjötta árið í röð þótt sá boðskapur hafi aldrei gengið eftir.

Hann minntist ekki orði á það aðstöðuleysi og þá erfiðleika sem foreldrar þeirra barna, sem þurfa að dveljast lengi á sjúkrahúsum, eiga við að etja. Líklega hefur gleymst að sýna honum öll þau mörgu erindi sem heilbrrn. hafa borist frá þessu fólki. Líklega hefur hæstv. forsrh. ekki séð viðtal sem birtist í DV við móður frá Ísafirði þar sem hún lýsir aðstæðum sínum vegna langrar sjúkrahúsvistar níu ára dóttur sinnar hér í Reykjavík. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér en vil aðeins benda hæstv. forsrh. á að það er stundum nauðsynlegt að gleyma meðaltölunum og hugsa til einstaklinganna þegar ákvarðanir eru teknar.

Það var merkilegt að heyra hæstv. forsrh. segja áðan að tryggja ætti ásku landsins góð tækifæri til menntunar. En það ratast oft málglöðum satt á munn, svo ég noti nú ekki önnur orð. Hann var að vísu fljótur að draga í land eins og þið heyrðuð. Það verður að skera niður í menntakerfinu að hans mati til að koma í veg fyrir að æskan beri of þungar skuldabyrðar á fullorðinsárunum. Með öðrum orðum, ríkisstjórnin skerðir menntakerfið æskunnar vegna.

Þegar Danir tókust á við sinn efnahagsvanda og skáru niður í ríkisrekstri juku þeir framlög til menntamála. Þeir gerðu sér grein fyrir að menntun er grundvöllur hagsældar og hagvaxtar. Danir eru ekki einir um þetta. Flestar þjóðir í sömu sporum hafa valið þá leið í efnahagsþrengingum að auka framlög til menntamála. Jafnvel sænsku íhaldsöflin völdu þessa leið. En hún er ekki valin hér. Hér fara menn aðrar leiðir.

Forsrh. sagði áðan að ekki væri neinn sparnað að hafa af háskólanum lengur enda búið að ganga harkalega að íslenska háskólanum á undanförnum árum. Hins vegar mætti reyta eitthvað af framhaldsskólunum. Þar væri áreiðanlega hægt að spara. Líklega sækir hann þessa visku sína til menntmrh. sem hefur sagt að framhaldsskólinn hafi hingað til sloppið undan niðurskurðarhnífnum. Hvorugur nefnir þó að nemendur hafa verið látnir taka aukinn þátt í rekstri þessara skóla. Forsrh. minntist heldur ekki á Lánasjóð ísl. námsmanna. Hvergi á Norðurlöndum búa námsmenn við jafnslök kjör og hér. Markmiðin með rekstri lánasjóðsins eru þrjú. Sjóðurinn á að vera jöfnunarsjóður og stuðla að jafnrétti til náms. Hann á að vera framfærslusjóður sem gerir ungu fólki kleift að nota framtíðartekjur til neyslu á námstíma og hann á að vera fjárfestingarsjóður sem gerir þjóðinni kleift að fjárfesta í menntun og tryggja með því velferð hennar. En nú er svo komið að lánasjóðurinn í núverandi mynd veldur ekki þessu hlutverki. Þegar honum var breytt árið 1992 urðu miklar umræður um málið á Alþingi. Þeir sem harðast börðust við hlið okkar alþýðubandalagsmanna og þingmanna Kvennalistans gegn breytingum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar voru framsóknarmenn. Ég man ekki betur en að þeir hafi heitið því ef flokkur þeirra fengi afl til þá mundu þeir breyta lögunum hið snarasta. Það er fróðlegt að rifja þetta upp nú eftir að umbeðið afl er illu heilli fengið.

Í umræðunum um lánasjóðin 1992 sagði Finnur Ingólfsson, núv. hæstv. bankamálaráðherra, með leyfi forseta:

„Hér eru alvarlegir hlutir að gerast og í raun og veru eru hér sorglegir hlutir að gerast. Hver hefði trúað því að árið 1992 gæti þetta gerst? Það er verið að færa aðstoð við námsmenn áratugi aftur í tímann. Jafnrétti til náms er aflagt. Það er hætt að taka tillit til aðstæðna meðan á námi stendur. Menntun er aftur að verða forréttindi hinna ríku. Lánasjóður ísl. námsmanna er í raun og veru lagður niður."

Og hæstv. ráðherra bankamála sagði:

„Námsmönnum er vísað á bankakerfið, á okurvextina, kerfi sem á að fara að einkavæða eða gefa kolkrabbanum. Það er kolkrabbinn í þessu þjóðfélagi sem á að fara að ákveða hverjir það eru sem eiga að mennta sig. Hér er í raun og veru verið að kveða upp dauðadóm yfir mörgu ungmenninu í þessu landi hvað menntun snertir."

Þetta sagði hæstv. bankamálaráðherra núv., þáv. óbreyttur þingmaður Framsfl. Tímans vegna læt ég þessi ummæli

nægja en margir þingmenn Framsfl. tóku þátt í umræðunni og töluðu einum rómi. Spá þeirra hefur ræst. Barnafólkið í námi hefur fækkað um 34%, einstæðum foreldum um 42% og það hefur svo sannarlega tekist að fæla það fólk frá námi sem helst þarf á sjóðnum að halda, ungt fjölskyldufólk. Á annað ár hafa framsóknarmenn haft tækifæri til að breyta en áhuginn virðist ekki mikill hjá þessum flokki sem hafði einu sinni fólk í fyrirrúmi. Þeir hafa allir gengið í lið með forsrh. sem vill draga úr framlögum til menntamála svo að æskan þurfi ekki að bera þungar byrðar í framtíðinni. Þeir leggjast allir á eitt að hafa vit fyrir æskunni. Menntun borgar sig illa því skuldirnar koma þá bara seinna.

En ætlar ríkisstjórnin, sem að mestu er samansett af miðaldra karlmönnum, virkilega að leiða æskuna inn í framtíðina án samráðs við hana? Það lítur út fyrir það. Næstkomandi laugardag stendur menntmrh. fyrir menntaþingi í Háskólabíói undir yfirskriftinni: Til móts við nýja tíma. Þar er svo sannarlega staðfest að hin miðaldra ríkisstjórn telur sig einfæra um að leiða æskuna til móts við nýja tíma. Við höfum heyrt í fréttum að ekki hafi verið leitað til stúdenta og annarra námsmanna til að taka þátt í umræðunni um menntamál. Þeim hefur jafnvel verið meinað að halda eiginn fund um sama efni í sama húsi. Samtök námsmanna, sem saman telja um 30.000 einstaklinga, ætla að halda eigið málþing í tjaldi fyrir utan til að mótmæla því að þeim sé úthýst á menntaþingi menntmrh. Með þessu eru námsmenn jafnframt að mótmæla því að ráðherrann sjái ekki ástæðu til að láta ræða Lánasjóð ísl. námsmanna og þá stöðu sem hann hefur verið settur í. Þeir skilja eðlilega ekki hvers vegna ráðherrann vill ræða framtíðina, ræða nýjan tíma án þátttöku þeirra sem eru framtíðin.

Virðulegi forseti. Hagvöxtur hefur verið mikill, verðbólgan í hófi. Atvinnuleysið fer minnkandi og lífskjörin batna. Við höfum búið hagkerfið undir batnandi hag, sagði hæstv. forsrh. hér áðan. Þessi undirbúningur hefur þó ekki verið betri en svo að örlítill bati virðist ætla að ógna öllu efnahagslífi. Nú er varað við einhverri óskilgreindri þenslu og vextir hækkaðir. Ráðherrann gleymdi reyndar að nefna þessa vaxtahækkun.

Einn af forustumönnum launafólks sagði að meginástæðan fyrir vaxtahækkuninni sé líklega sú að stjórnvöld telji nauðsynlegt að auka greiðslubyrði heimilanna í landinu til að koma í veg fyrir kaupæði, að hafa vit fyrir blessuðu fólkinu sem veit ekki aura sinna tal í öllu góðærinu.

Það má vera að góðærið sé gengið í garð hjá einhverjum hluta þjóðarinnar en þeir eru ansi margir sem hafa ekki fengið það í garðinn sinn. Við ykkur sem eruð á lægstu töxtunum er sagt að ef þið verðið hógvær og farið ekki fram á mikla kauphækkun verður hægt að lækka vextina aftur seinna. Þið heyrðuð hvað hæstv. forsrh. sagði áðan. Á honum er ekki annað að skilja en að það eina sem ógni góðærinu sé hættan á að launafólk krefjist réttlátrar hlutdeildar í því. Að fólkið sem nú fer að semja um kaup sitt og kjör setji fram kröfur.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins lækkuðu á síðasta ári og það er gott. Skuldir heimilanna við lánakerfi jukust hins vegar um 8,8% á síðasta ári og eru nú 314,7 milljarðar kr. Auðvitað standa eignir að hluta að bak þessara skulda en tölurnar eru ógnvekjandi og þetta er með því versta sem gerist innan OECD-landanna og hér á landi vaxa skuldirnar stöðugt ólíkt því sem gerist annars staðar.

Hæstv. forsrh. sá enga ástæðu til að nefna þessar tölur hérna áðan enda eru þær meinsemd í hinni fögru mynd sem hann reyndi að draga upp af ástandinu í þjóðfélaginu.

Margt fólk og þar á meðal stór hluti unga fólksins í landinu hefur lent í vandræðum vegna hárra jaðarskatta, vegna stöðunnar í húsnæðismálum og mjög margar fjölskyldur hafa þurft að stofna til skulda vegna þess að tekjur þeirra hafa ekki dugað fyrir nauðþurftum. Ansi margir á Íslandi búa við hreina fátækt og erfiðleika sem við tökum eftir þegar um aðrar þjóðir er að ræða. Það virðist hins vegar vera erfiðara að viðurkenna að hér búi einnig fátækt fólk.

Atvinnuleysi hefur minnkað, sagði ráðherrann. Samt er það nú svo að í ágúst sl. voru 5.325 einstaklingar án atvinnu eða aðeins 555 færri en á sama tíma fyrir ári síðan sem ég tel ekki ásættanlegan árangur í öllu þessu umtalaða góðæri. Við skulum líka minnast þess að í þessum tölum er ekki tekið tillit til þeirra 90 sem nú eru að missa vinnuna á Sauðárkróki og Hvammstanga.

Góðir áheyrendur. Er góðærið komið til ykkar? Svari hver fyrir sig. Sum ykkar hafa e.t.v. beðið eftir því að svörin birtust í nýju frumvarpi til fjárlaga eða í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar og að nú skyldi bæta kjör þeirra sem minnst hafa og borið hafa þungann af aðgerðum undanfarinna ára. Svarið er komið frá ríkisstjórninni. Forsætisráðherrann sagði efnislega hér áðan að ef kröfur verða gerðar um réttlátari skiptingu þjóðarauðsins þá yrði góðærinu stefnt í voða.

Í skýrslu sem þingflokkur Alþb. og óháðra óskaði eftir sl. vor, um samanburð á launum og lífskjörum hér og í Danmörku, kom fram að við stöndum langt að baki þessari frændþjóð okkar. Það er alveg ljóst að verulegt átak þarf að gera til að bæta hér kjör og stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu. Við teljum að þetta eigi að vera forgangsverkefni og ætlum að leggja okkar af mörkum til að svo megi verða. Við höfum nú þegar lagt fram á Alþingi 20 þingmál sem öll miða að því að bæta lífskjörin og stöðu fjölskyldunnar. Við viljum ekki sjá kalt og samviskulaust þjóðfélag samkeppninnar sem ríkisstjórnin boðar. Við viljum draga aðeins úr kröfum um peningalega arðsemi en horfa þess í stað til þeirrar arðsemi sem erfitt er að meta til fjár, mannauðsins og fjölskyldunnar sem hlýtur að vera hornsteinn þjóðfélagsins. Við viljum þjóðfélag þar sem þegnarnir bera ábyrgð og láta sér annt um afkomu hvers annars. Og svo ég noti nú orð hæstv. ráðherra, reyndar hafði hann þau um aðra aðila, að þessi ríkisstjórn er þeim verst sem hún á að vera best.

[21:18]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Í efnahagslífinu eru ýmis jákvæð teikn á lofti og hafa reyndar verið um langt skeið. Efnahagur þjóðarinnar hefur farið batnandi sökum góðra skilyrða jafnt innan lands sem utan. Við höfum búið við metafla og hagstætt útflutningsverð. Atvinnuleysi er á niðurleið. Afkoma fyrirtækja hefur þegar á heildina er litið verið betri en í langan tíma, víða bullandi hagnaður. Meira að segja veðrið hefur verið gott í sumar. Af öllum þessum ástæðum hafa menn almennt verið nokkuð brattir og bjartsýnir.

Forsætisráðherrann hæstv. skýrði okkur frá því fyrr í kvöld af hverju hann teldi þetta góðæri stafa. Í fyrsta lagi væri þetta ríkisstjórninni að þakka. Í öðru lagi væri þetta vegna aðgerða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Í þriðja lagi væri þetta vegna þess hve góðan skilning þjóðin hafi á aðgerðum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Og í fjórða en síðasta lagi væri þetta vegna þess að ytri skilyrði hafi lagst á

sveif með innlendum skilyrðum, sem á mannamáli þýðir að það fór að fiskast betur, markaðsverð á afurðum þjóðarinnar batnaði og eftirspurn eftir þeim jókst.

Nú hefur sjálfumgleði aldrei þótt sérstaklega aðdáunarverð á Íslandi. Ég er þó þeirrar skoðunar að það sé almennt til góðs að menn séu glaðir og ánægðir og það á vissulega líka við um ráðherra í ríkisstjórnum. Hins vegar gerir maður þær kröfur til ríkisstjórna að þær gleðjist og lýsi ánægju sinni á réttum forsendum. Og vitanlega er staðreyndin sú að góðæri Íslendinga er ekki vegna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar heldur þrátt fyrir þá ríkisstjórn eða ríkisstjórnir því þær eru nú orðnar tvær, fyrst í samstarfi við Alþfl., Jafnaðarmannaflokk Íslands, og nú með Framsfl.

Þegar litið er yfir ferilinn frá vordögum 1991, hvort sem er í skattkerfinu þar sem verulegar breytingar hafa verið gerðar, nánast allar á kostnað launafólks, eða hvort litið er á húsnæðiskerfið þar sem nú bjóðast sífellt færri úrræði með þyngri greiðslubyrði, eða á heilbrigðisþjónustuna þar sem álögur hafa verið stórauknar, eða hvort skyggnst er um í skólakerfinu þar sem skólagjöld hafa verið innleidd samfara *niðurskurði og stórversnandi lánasjóði, eða hvort litið er* á þróun almannatrygginga þar sem orðið hafa stöðugar og stórfelldar árásir á lífeyrisþega og öryrkja, hvar sem litið er þá er hið sama upp á teningnum. Frá vorinu 1991 hefur verið stöðug og viðstöðulaus kostnaðarverðbólga fyrir launamanninn, barnafólkið, námsfólk, sjúklinga og öryrkja.

Einhverjir kynnu að vilja orða það svo að það sem af er þessum áratug hafi ríkt sannkölluð óöld hjá öllum þeim hópum sem þurfa á samhjálp og velferðarþjónustu að halda. Þarna hefur ekki verið og er ekki enn góðæri heldur óöld.

Hæstv. forseti. Er það að undra að hún skuli vekja óhug í þjóðfélaginu vitneskjan um að ráðherrar ríkisstjórninnar og sá meiri hluti sem þeir styðjast við hér á Alþingi Íslendinga, skuli nú að nýju vera að koma saman til haustverkanna með ný fjárlög í farteskinu, ný frumvörp, nýtt frumkvæði í þágu stóreignafólks og samkvæmt því sem við höfum heyrt í stefnuræðu hæstv. forsrh., nýja atlögu að velferðarþjónustunni í landinu? Með öðrum orðum nýtt frumkvæði, nýja árás gegn launafólki á Íslandi.

Er hér tekið of djúpt í árinni? Nei. Hann sagði það beint út og tæpitungulaust, forsætisráðherrann, áðan í stefnuræðu sinni að hann teldi að upphaf þessarar ríkisstjórnar hefði verið gott og mundi leiða til góðrar og farsællar tíðar.

Upphafið var gott segir oddviti ríkisstjórnar sem keyrði lagafrumvörp í gegnum þingið sem sett hafa allan vinnumarkaðinn hér á landi í stórkostlegt uppnám. Upphafið var gott, er mat oddvita ríkisstjórnar sem lét það verða sín fyrstu verk að hefja atlögu gegn launafólki, atlögu gegn lífeyrisþegum og atlögu gegn öryrkjum. Og hvað skyldu þeir annars vera margir sem í alvöru, svona innst inni, þykir þetta vera gott upphaf hjá einni ríkisstjórn? Og þá er ég ekki að tala um þá sem eiga beinna hagsmuna að gæta því vitanlega er það rétt hjá hæstv. forsrh. að góð tíð og farsæl bíður þeirra stóreignamanna sem nú munu fá afslátt af arði og gróða samkvæmt svokölluðum fjármagnstekjulögum sem þröngvað var í gegnum þingið sl. vor. Og vissulega er það einnig rétt hjá forsætisráðherranum að stjórnarstefnan hefur leitt til góðrar og farsællar tíðar ekki síst fyrir þá sem versla, hagnast og braska með fiskveiðikvóta. Og það hefur leitt til góðrar og farsællar tíðar hjá forréttindahluta þjóðarinnar að hafa við völdin ríkisstjórn sem hefur einkavinavætt fyrir mörg hundruð milljónir króna og hælir sér af því. En fyrir hinn almenna launamann hefur þetta ekki verið góður tími og fyrir barnafólkið, námsfólkið, húsnæðislausa, hefur þetta ekki verið góður tími. Og það er ósvífni af verstu sort þegar forsætisráðherra þjóðarinnar, hæstvirtur, leyfir sér að hafa í hótunum við fulltrúa láglaunafólks í landinu eins og hæstv. forsrh. gerði í stefnuræðu áðan þegar hann talaði gegn talsmönnum launafólks sem á undanförnum dögum hafa verið að leggja áherslu á nauðsyn þess að stórhækka taxtavinnukaup hjá láglaunafólki á Íslandi.

Ég trúi því ekki, sagði forsætisráðherrann, að nokkur forustumaður á vinnumarkaði vilji innleiða óöld óðaverðbólgu í landinu. Er hæstv. forsrh. að beina orðum sínum til formanns Hlífar? Er hæstv. forsrh. að beina orðum sínum til formanns Verkakvennafélagsins Framsóknar, Dagsbrúnar eða Verkamannasambandsins? En í öllum þessum samtökum hefur verið rætt um nauðsyn umtalsverðra launahækkana til þess að fólk geti mætt skertum tekjum og auknum tilkostnaði, til að geta risið undir þeim klyfjum sem ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa lagt þeim á herðar og síðan hafið baráttu fyrir mannsæmandi lífi. „Ég trúi því ekki að menn ætli að innleiða óöld", segir hæstv. forsrh. þegar íslenskt verkafólk vill standa í fæturna. En þegar Seðlabankinn, stjórntæki stjórnvalda, hefur um það forgöngu með handafli að hækka vexti, að auka hraðann á vaxtahjólinu og þar með verðbólguhjólinu, þá er þagað þunnu hljóði í Stjórnarráðinu. Og þó hvert einasta mannsbarn í landinu viti að auk leigubrasksins með kvóta þá er það hávaxtastefnan sem hefur valdið meiri skaða fyrir fiskiðnað og annan atvinnurekstur á Íslandi á síðustu árum en nokkur annar þáttur í okkar efnahagslífi.

Ég vara við þessari þróun og heiti á alla landsmenn að koma vitinu fyrir þessa ríkisstjórn. Því miður eru sterk teikn á lofti um að hún hafi ekkert lært. Við völdum vaxtaleiðina, sagði Davíð Oddsson vorið 1991, og enn er ríkisstjórn hans við sama heygarðshornið. Nú hótar hún að skera niður til menntamála þvert ofan í öll loforð og hæstv. forsætisráðherra sagði í stefnuræðu sinni áðan að framhaldsskólinn yrði skotmarkið að þessu sinni. Auglýsti hann eftir málefnalegri umræðu um það efni. Og væntanlega á einnig að ræða málefnalega um áframhaldandi sölu á eignum ríkisins sem hæstv. forsrh. kvaðst mundu beita sér fyrir og tók sérstaklega fram að reynt yrði að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að eignast hlut. Við spyrjum hvort það sé samkvæmt SR-módelinu, þar sem stóreignamenn á Íslandi fengu gefins, *upp í hendurnar, mörg hundruð milljónir króna af almannafé.* Eða á e.t.v. að fara einhverja aðra leið? Eru einhverjar nýjar hugmyndir uppi hjá Verslunarráðinu að þessu sinni?

Á þessum forsendum öllum leyfir hæstv. forsrh. þjóðarinnar að auglýsa hér í stefnuræðu eftir þjóðarsátt, eftir þjóðarsamstöðu. Á þessum forsendum verður vitaskuld aldrei nein þjóðarsátt, nein þjóðarsamstaða. Hins vegar munum við innan þingflokks Alþb. og óháðra leggja okkar af mörkum til að snúa óheillaþróun síðustu ára við og það gerum við með tillögusmíð og lagafrumvörpum, sumum hverjum sem við höfum þegar lagt fram, þar sem gert er ráð fyrir því að bæta og jafna lífskjörin í landinu, koma í veg fyrir söun og brask hvort sem það er með kvóta eða arð, láta almennt launafólk, skólafólk, sjúklinga, öryrkja og lífeyrisþega fá aftur það sem af þeim var tekið. Nota hagvöxtinn og milljarðahagnað þjóðarbúsins til þess að allir þegnar þjóðfélagsins fái notið hans en ekki fáeinir útvaldir. Við teflum fram fjölskylduvænni jöfnunarstefnu. Um hana gæti skapast sátt í þjóðfélaginu. Um hana verður að skapast sátt í þjóðfélaginu.

[21:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Þessa stundina erum við Íslendingar minntir óþyrmilega á að við búum í landi mikilla andstæðna. Eftir eitthvert besta sumar í manna minnum skelfur landið, gosmökk leggur upp um jökulsprungur með ösku og eimyrju og von er á hlaupi sunnan jökla. Þeir árar sem öldum saman ollu landsmönnum búsifjum og hörmungum gretta sig framan í okkur en sá er munurinn að við erum þess megnug að verjast betur en fyrri kynslóðir og njótum ríkulega þeirra kosta sem landið býður upp á þó ekki sé þeim jafnt skipt.

Ríkisstjórnin heldur því fram að sumar ríki í íslenskum þjóðmálum en rétt eins og náttúruöflin hafa lengi kraumað undir jöklum er ekki allt sem sýnist í okkar samfélagi. Undir yfirborði hagvaxtar, aukins innflutnings og gróða stórfyrirtækjanna bullar og sýður vegna lágra launa, launamisréttis og niðurskurðar í heilbrigðis- og menntamálum. Skemmst er að minnast þeirrar aðfarar að réttindum stéttarfélaganna í landinu sem ríkisstjórnin stóð fyrir sl. vor sem á eftir að hafa mikil áhrif á komandi kjarasamninga. Hundruð Íslendinga hafa flutt af landi brott á undanförnum árum í leit að betri lífskjörum, þótt nú hafi dregið úr, sem minnir okkur á að við erum orðin hluti af stórum vinnumarkaði sem freistar og býður betur en sá íslenski. Þá eru afleiðingar mikilla þjóðfélagsbreytinga að koma æ betur í ljós í vanrækslu barna, ofbeldi af ýmsu tagi og félagslegum erfiðleikum sem samfélagið virðist eiga afar erfitt með að horfast í augu við. Líf og aðstæður fjölskyldnanna, staða barna og bættur hagur kvenna hefur ekki verið ofarlega á dagskrá þeirra íslensku ráðamanna sem skynja stjórnmál í líki talna, súlna og línurita í heimi þar sem allt virðist útreiknanlegt og lítt er spurt hvað að baki býr. Við súpum nú seyðið af stefnuleysi, skilningsleysi og þröngsýni þeirra ráðamanna sem áratugum saman hafa ekki horfst í augu við breyttan heim, kröfur um jafnrétti, jöfnuð og eðlileg tengsl vinnu og fjölskyldulífs. Það er þörf breyttrar stefnu þar sem horft er á heildarmyndina, stefnu sem hugsar fyrst um fólk svo um fjármuni.

Herra forseti. Ef ég ætti að svara því hver eru meginviðfangsefni íslenskra stjórnmála á þessari stundu yrði svar mitt öðruvísi og allt annað en það sem er að finna í þeirri sléttu og felldu ræðu sem liggur til grundvallar þessari umræðu hér í kvöld. Hæstv. forsrh. sneiðir hjá því að ræða þau stóru mál sem snúa að fólkinu í landinu, lífskjörum þess og framtíð þjóðarinnar.

Rétt eins og aðrar þjóðir stöndum við frammi fyrir stórum spurningum um það í hvaða átt við ætlum að þróa samfélag okkar. Hvernig ætlum við að standa við gefin loforð um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun? Hvernig ætlum við að standa undir velferðarkerfi sem kalla mun á stóraukin framlög á næstu árum og áratugum? Hvernig ætlum við að efla menntun í landinu þannig að við getum gengið til móts við nýja öld upplýsingabyltingarinnar? Hvernig ætlum við að taka á þeim félagslegu vandamálum sem við okkur blasa, og skapa þúsundum kvenna og karla ný störf? Hvernig ætlum við að bæta stöðu kvenna þannig að þær hafi möguleika til jafns við karla til sjálfstæðis og frelsis? Hvar og hvernig ætlum við að skipa okkur í röð þjóðanna í heimi sem verður æ alþjóðlegri? Það er ekkert svar að segja að málin séu ekki á dagskrá. Íslendingar verða að vinna sína heimavinnu hvort sem um er að ræða menntun sem horfir til framtíðar, heilbrigðiskerfi sem á að þjóna sívaxandi fjölda aldraðra, atvinnu í sátt við umhverfi og fjölskyldulíf eða afstöðu Íslendinga til Evrópusambandsins. Við verðum að spyrja, vega, meta, komast að niðurstöðu og móta stefnu, en því miður er stefnuleysið alls ráðandi á flestum sviðum.

Herra forseti. Fram undan eru kjarasamningar nánast allra stéttarfélaga í landinu. Það er ljóst að það fólk sem lagt hefur mikið á sig í þágu stöðugleikans margfræga vill nú uppskera nokkuð að launum. Væntingar eru miklar og heimilin eru mörg hver að eyða um efni fram eins og sívaxandi skuldir þeirra bera með sér. Nú er gullið tækifæri til að nýta efnahagsbatann, til að stokka upp launakerfi ríkisins, hætta feluleiknum, gera launakerfið gagnsætt og skýrt, fella niður sporslurnar til karlanna, draga úr launamisrétti kynjanna og auka jöfnuð. Nú reynir á fögur orð og jafnréttisáform hæstv. fjmrh. sem hefur launamisréttið innan fjmrn. alveg á hreinu. Nú er tækifæri til að bæta launakjör þeirra stóru hópa kvenna sem bera svo skammarlega lítið úr býtum en vinna ábyrgðarmikil störf í framleiðslu, við umönnun og uppfræðslu. Nú er tækifæri til að setja fé til hliðar í sjóð sem hafi það að markmiði að uppræta launamun kynjanna sem nefnd Sameinuðu þjóðanna hefur bent á sem ljótan blett á íslensku samfélagi sem bitni ekki síst á aðstæðum barna. Jafnframt er nú tækifæri til að jafna kjör landsmanna allra og taka á því stórfellda vandamáli að mörgum finnst þeim ekki bera skylda til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, svíkja undan skatti og láta aðra um að bera byrðarnar.

Nú er líka tækifæri til að horfast í augu við afleiðingar margra ára niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu og þörf þess fyrir aukið fjármagn jafnframt því að skilgreina betur þörf fyrir þjónustu og hvar skuli veita hana. Ef efnahagsbatinn á að koma einhverjum til góða eru það þeir sem höllum fæti standa, sjúkir, fatlaðir og aldraðir en þeir hópar hafa svo sannarlega fengið að finna fyrir hárbeittum niðurskurðarhníf ríkisstjórnarinnar. Í mínum huga skiptir það minna málið hvort hallinn á ríkissjóði fer upp í núllið einu árinu fyrr eða síðar þótt mikilvægt sé, en að öryggi og góð þjónusta við aldraða og sjúka sé tryggð.

Herra forseti. Fjárlagafrv. fyrir árið 1997 var lagt á borð þingmanna í dag. Í því er að finna mikinn og sársaukafullan niðurskurð m.a. til framhaldsskólanna í landinu. Hæstv. forsrh. nefnir í ræðu sinni að framlög til grunnskólanna séu aukin vegna flutnings þeirra til sveitarfélaganna og hann kemst svo kurteislega að orði að segja háskólastigið ekki aflögufært.

Það vita allir sem til þekkja að háskólastigið, sérstaklega Háskóli Íslands, er sársveltur svo að til vansa horfir. Þar verða menn enn og aftur að skera niður kennslu og þjónustu. Hvernig dettur ríkisstjórninni í hug að framhaldsskólarnir, sem einnig hafa sætt töluverðum niðurskurði undanfarin ár, séu aflögufærir? Hvers konar áherslur eru þetta? Nemendum fjölgar ár frá ári og þeir verða að fá sína lögbundnu kennslu til þess að ljúka stúdentsprófi. Það er nýbúið að samþykkja framhaldsskólalög með sterkum áherslum á starfsmenntun sem kallar á miklar fjárveitingar og svo bara skera menn niður. Ég stóð í þeirri meiningu að það væri öllum ljóst að eitt meginverkefni okkar samfélags sé að bæta menntun í landinu og búa okkur þannig betur undir framtíðina, en það er greinilegt að á ríkisstjórnarheimilinu vita menn ekki hvað þeir gjöra.

Herra forseti. Það er mikið rætt um samvinnu og jafnvel sameiningu svokallaðra félagshyggjuafla án þess þó að þeirri umræðu hafi verið gefið inntak eða markmið skilgreind. Marga fýsir að sjá breytingar á flokkakerfinu, breytingar

sem þjóni breyttu samfélagi. Við kvennalistakonur höfum hvorki skilgreint okkur til hægri né vinstri í íslenskum stjórnmálum og eigum það erindi umfram önnur að bæta stöðu kvenna eða með öðrum orðum að sinna kvenfrelsisbaráttunni sem á sér meira en 100 ára sögu á Íslandi. Svokölluð félagshyggjuöfl hafa hingað til ekki sinnt jafnréttisbaráttu kvenna með þeim hætti að viðunandi sé fremur en aðrir stjórnmálaflokkar af gamla skólanum hvað sem síðar verður. Við kvennalistakonur hljótum þó ávallt að vega og meta þær leiðir sem við teljum vænlegar til árangurs. Eins og sakir standa stendur vilji okkar til þess að efla Kvennalistann og herða baráttuna. Til þess að það takist þarf stuðning og vakningu því ef einhvern tíma er tækifæri til að breyta, þá er það nú þegar betur árar.

Fram undan eru kjarasamningar. Þá er einnig fram undan 20 ára afmæli jafnréttislaganna og jafnréttisþing. Kvenréttindafélag Íslands verður 90 ára á næsta ári og það sama ár verður þess minnst að þá verða 90 ár liðin frá því að konur í Reykjavík og Hafnarfirði fengu rétt til að kjósa til bæjarstjórnar. Allt er þetta áminning og brýning til nýrrar sóknar.

Íslenskar konur eiga sér merka sögu. Nú er það okkar að bæta nýjum köflum við hana, köflum sem greina frá ávinningum í átt til betra mannlífs, réttlætis og aukins jöfnuðar. — Góðar stundir.

[21:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. hefur lesið þjóðinni og þinginu pistilinn og væntanlega sett punkt á eftir. Ekki verður sú ályktun dregin af boðskapnum að hinn almenni launþegi, sem er búinn að bíða lengi eftir langþráðum efnahagsbata, eigi að fá eitthvað í sinn skerf eða konan, sem enn situr uppi með 10–20% lægri laun en karlinn við hliðina á henni, launamun sem eingöngu má skýra með kynferði. Ekki er orð um það að ríkisstjórnin ætli að vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis þrátt fyrir fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Þó að hæstv. ráðherra segi störf ríkisstjórnarinnar og stefnu vera *í góðu samræmi við stjórnarsáttmálann stutta, þá* virðist hafa orðið róttæk stefnubreyting á nokkrum eftirtektarverðum sviðum. Þar ber hæst það ákvæði stjórnarsáttmálans að stefnt verði að því að fest verði í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Öfugt við þá stefnu hefur verið tilkynnt að frv. til laga um samningsveð verði endurflutt nú í haust með hinu umdeilda ákvæði um að veðsetja megi aflaheimildir. Margir túlka slíkt ákvæði sem viðurkenningu á því að kvóti sé í einkaeign en ekki sameign þjóðarinnar. Þetta eru að mínu mati langalvarlegustu skilaboðin frá stjórninni nú í haust. Þau koma hins vegar ekki skýrt fram í stefnuræðunni sjálfri. Hvers vegna ekki, hæstv. forsrh.? Þjóðin verður að fara að átta sig á því *að ef kvótinn verður skilgreindur sem einkaeign er verið að* leggja til mestu eignatilfærslu sem um getur í sögu þjóðarinnar, frá almenningi til útgerðarmanna. Þetta er mál allra, líka okkar í þéttbýlinu, líka okkar kvenna og barnanna okkar, ekki einungis sjómanna, sjávarplássa og sægreifa. Með því að festa hið lögbundna sameignarákvæði í sessi og leigja kvótann, jafnvel að óbreyttu kvótakerfi og undir núverandi gangvirði, mætti stórhækka persónuafslátt eða leggja niður tekjuskatt. Þó að a.m.k. tveir þingflokkar séu fylgjandi þessu dugar það ekki til ef Framsfl. ætlar að leggjast á sveif með sægreifunum og Sjálfstfl. Ef þetta mál er ekki nógu mikilvægt til að það steyti á skerjum stjórnarsamstarfsins hef ég ekki trú á að nokkurt mál muni gera það.

Hitt atriðið sem greinilega sýnir stefnubreytingu er það að í stað þess að efla framhaldsskólana ekki síst starfsnám og verkmenntun, á að skera niður framlög til framhaldsskóla, eins og hér hefur margoft komið fram í kvöld, og það um heilar 200 millj. Við setningu nýrra laga um framhaldsskóla sl. vor benti ég á að frv. virtist hafa þann megintilgang að tryggja það að menntmrh. hafi meiri hluta í öllum skólanefndum framhaldsskóla þar sem þær umbætur sem boðaðar voru t.d. á verknámi mætti gera með því að veita meira fjármagn til framhaldsskólans án lagabreytinga. Nú kemur í ljós að spá mín var rétt. Hæstv. ráðherra hefur fengið sín völd og notar þau til að leggja niður skóla og draga úr námsframboði, en ekki til að efla verkmenntun.

Í síðustu viku sat ég þrjár ráðstefnur sem sýndu að mikið skortir á að þessi ríkisstjórn hafi framtíðarsýn og átti sig á því að 21. öldin er að bresta á. Á ráðstefnu um bætta samkeppnisstöðu Íslands var minnt á að þrátt fyrir gott efnahagsástand á Íslandi lifum við í grundvallaratriðum á einni náttúruauðlind líkt og t.d. Kúveit. Bent var á að við höfum ýmsa möguleika til að efla vöruþróun, iðnað og viðskipti, ekki síst þann að hafa næstflest alnetstengi á mann í OECD-löndunum. En nauðsynlegt væri þá að leggja aukið fé í menntun fólks og nýsköpun. Það sem meira er sjávarútvegsstefnan er æ *meir farin að líkjast rányrkju og hvað ættum við að gera ef* auðlindin þrýtur.

Á ráðstefnu um sjávarútveginn og Evrópusambandið vöktu athygli mína fullyrðingar útgerðarmanna um að íslenskur sjávarútvegur væri ekki ríkisstyrktur og órökstudd nauðsyn þess að spyrða saman leyfi til úthafsveiða og veiðar innan lögsögunnar. Á meðan útgerðarmenn fá andvirði milljarða í kvóta, sem er sameign þjóðarinnar, á silfurfati sem þeir geta síðan verslað með að vild og fjármagnað úthafsveiðarnar með er það hrein blekking að halda því fram að sjávarútvegurinn sé ekki ríkisstyrktur.

Á jafnréttisráðstefnu norrænna háskólastjórnenda fyrir nokkrum dögum kom fram að sænska ríkisstjórnin hefur sett *sér það markmið að fjölga konum í toppstöðum þjóðfélagsins* almennt. Meðal annars stendur til að fjölga kvenprófessorum upp í 40%. Kvenprófessorar eru nú á bilinu 6–12% á Norðurlöndum og lægst er hlutfallið á Íslandi. Í Svíþjóð hafa 18 stöður verið eyrnamerktar í þessum tilgangi í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi um leið og almennt er verið að skera verulega niður í sænska velferðarkerfinu. Í sænsku ríkisstjórninni eru margar konur og það skilar sér í djarfri stefnumótun í jafnréttismálum. Svíar komu sér t.d. upp skýrum farvegi fyrir kynferðislega áreitni í háskólum árið 1992 á meðan Noregur og Finnland gerðu það 1995 og 1996, enda voru Svíar fyrstir til að taka kynferðislega áreitni inn í sín jafnréttislög. Hér fékkst ekki einu sinni rædd þáltill. um kynferðislega áreitni *á síðasta þingi á því herrans ári árið* 1996.

Þá hafa Svíar komið upp markvissu kerfi hollvina eða svokallaðra „mentora" fyrir konur og karla sem eru að koma til starfa í háskólum eða í atvinnulífinu til að tryggja að upplýsingar úr hinu óformlega valdakerfi strákanna komist til þeirra á sem markvissastan hátt. Hvílíkur munur væri að hafa ríkisstjórn sem þorir í jafnréttismálum. Hvenær kemur sá tími hjá ríkisstjórn Íslands?

Þó að konur sæki fast fram á ýmsum sviðum þjóðfélagsins eru ótrúlegustu leiðir notaðar til að draga úr völdum þeirra og mikilvægi. Þekktar aðferðir eru að kalla konu í

valdastöðu gælunafni án starfstitils, stelpuna, daðrarann, þá erfiðu, valdasjúku eða puntudúkkuna í samhengi sem alls ekki á við. Um þetta þurfa konur að fræðast til að geta tekið svona mál sem og grófari áreitni markvissum tökum. Það er reynsla kvenna hvort sem er í stjórnmálum, háskólum eða atvinnufyrirtækjum um víða veröld að þrátt fyrir fögur jafnréttismarkmið er mismununin enn til staðar, en oft á mun duldari og ógeðfelldari hátt en áður þegar konur eru orðnar raunverulegir keppinautar um virðingu og völd. Ég vil nota tækifærið nú og skora á konur á sem flestum vinnustöðum til að taka sameiginlega og markvisst á svona málum. Við kvennalistakonur munum vekja athygli á og flytja tillögur um ýmis kvenfrelsis- og jafnréttismál á þessu þingi og vonumst eftir góðu samstarfi við alla sem raunverulegan áhuga hafa á jafnréttismálum innan þings sem utan.

Herra forseti. Athyglisverðast á áðurnefndri ráðstefnu um samkeppnisstöðu Íslands var hins vegar það að ekkert pláss var fyrir starfsfólkið og fjölskyldur þess í umræðunni um samkeppnisstöðu Íslands þar sem allt gekk út á þurrar hagtölur um skilvirkni. Ef Ísland væri land þar sem gott er að ala upp börn, ef umhverfið væri manneskjulegt og fjölskyldunni liði vel, þá væri landið samkeppnishæfara um gott vinnuafl en ella. Í tímaritinu Business Week var nú í september greint frá umfangsmikilli könnun á því hvað bandarísk stórfyrirtæki bjóða upp á til að auðvelda fólki að sameina fjölskyldulíf og vinnu við fyrirtæki. Þetta er atriði sem ræður úrslitum um það hvert besta starfsfólkið leitar. Íslenskir atvinnurekendur, ríkið þar með talið, verða að hverfa af braut láglaunastefnu og yfirvinnuþrælkunar ef þeir ætla að vera samkeppnisfærir um vinnuafl og koma í veg fyrir landflótta. Bætt fæðingarorlof fyrir mæður og feður, sveigjanlegur vinnutími, aðgangur að heilsurækt, vetrarfrí, fjölskyldumiðar í leikhús og menningarviðburði, sumarhús, bætt þjónusta við aldraða, sjúka og fatlaða, fyrsta flokks skólar og dagvistir, góður lánasjóður fyrir námsmenn, allt eru þetta dæmi um atriði sem hið opinbera og fyrirtækin geta lagt af mörkum til að starfsfólki og fjölskyldum þeirra líði betur. Vaxandi ofbeldi og fíkniefnaneysla hér á landi eru hættulegar viðvaranir sem ráðamenn, atvinnurekendur og foreldrar verða að taka alvarlega. Það er ekki nóg að tala árvisst á Alþingi um þessi mál. Aðgerða er þörf sem ná til kjarna hins daglega lífs hjá sérhverri fjölskyldu. Huga þarf jafnt að þörfum allra í fjölskyldunni, ekki síst barnanna. Þar er styttri vinnutími foreldra þeirra, vinna fyrir alla og lífvænleg laun lykilatriði auk fyrsta flokks menntakerfis.

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Við kvennalistakonur munum á komandi þingi leggja áherslu á skynsamlega nýtingu auðlinda í sameign þjóðarinnar og réttláta skiptingu arðsins af þeim, á eflda menntun, nýsköpun og rannsóknir, bættan aðbúnað barnafjölskyldna, bætt kjör launafólks, jöfnun kosningarréttar og síðast en ekki síst bætta stöðu kvenna eða jafnstöðu kvenna og karla. Við vonumst eftir góðu samstarfi við alla þá sem vilja vinna að framgangi þessara mála. Konur eru að sækja á víða í þjóðfélaginu og það er lýðræðisleg lágmarkskrafa að Alþingi sé ekki einungis í takt við heldur styðji beinlínis þá þróun. — Góðar stundir.

[21:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ágætu tilheyrendur. Kyrrstaðan í íslensku efnahags- og atvinnulífi hefur verið rofin. Svartsýni hefur vikið fyrir bjartsýni, athafnaþrá og vongleði hefur verið aftur kveikt í hjörtum okkar eftir að bölmóður hafði náð tökum á þjóðarsálinni. Ótrúleg umskipti hafa orðið í íslenskum þjóðarbúskap á undanförnum missirum. Verðbólga er svipuð og í samkeppnislöndunum, afkoma fyrirtækja hefur batnað, kaupmáttur launa eykst hröðum skrefum, störfum fjölgar stórlega, atvinnuleysi minnkar, erlendar skuldir hafa lækkað og ríkisstjórnin mun skila hallalausum fjárlögum á næsta ári. Fyrir einstaklinga í alvarlegum og langvarandi greiðsluerfiðleikum hefur verið sett á fót ráðgjafarmiðstöð fjármála heimilanna og lög um réttaraðstoð við fólk í greiðsluerfiðleikum hafa verið sett.

Nú kunna einhverjir að spyrja: Er þetta ekki glansmynd stjórnmálamanns sem búinn er að gleyma öllum kosningaloforðunum? Ég segi nei, staðreyndirnar tala nefnilega sínu máli. Stjórnarandstaða hefur mikilvægu hlutverki að gegna á Alþingi hverju sinni. Hún hefur mikilvægu hlutverki að gegna við það að fylgja því eftir að ríkisstjórn á hverjum tíma standi við það sem hún lofaði. Það kom mér þess vegna mjög á óvart nú í þessari umræðu hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem hafa talað að það hefur ekki verið minnst á eitt einasta kosningaloforð sem Framsfl. gaf í kosningunum 1995. Getur það verið að menn í stjórnarandstöðunni séu komnir með minnimáttarkennd yfir framkvæmdinni? Því verð ég, hv. þm., að rifja hér upp fáein atriði úr stefnuyfirlýsingu frá síðustu kosningabaráttu.

Við sögðumst vilja skapa 12 þúsund ný störf til aldamóta. Það stefnir ekki í að þau verði 12 þúsund heldur að þau verði 14 þúsund ef menn halda áfram á sömu braut. Við vildum stefna að hallalausum fjárlögum í lok kjörtímabilsins. Ríkisstjórnin á sínu öðru starfsári leggur núna fram fjárlagafrv. án halla með tekjuafgangi, með öðrum orðum erum við hætt að skuldsetja komandi kynslóðir. Við sögðum að kaupmáttur þyrfti að aukast í kjölfar kaupmáttarhrunsins. Árin 1995 og 1996 mun kaupmáttur aukast um 9% sem er tvöfalt meiri aukning heldur en í OECD-löndunum að meðaltali. Við vildum auka hagvöxt um 3% á ári. Hann verður ekki 3% á þessu ári, hann verður 5,5% sem er mesti hagvöxtur í nokkru landi allt í kringum okkur. Við vildum stefna að því að setja þúsund milljónir króna í sérstakt framlag til menntamála á kjörtímabilinu. Það verða ekki þúsund milljónir, það verða tvö þúsund milljónir þegar við flytjum núna grunnskólann yfir til sveitarfélaganna. Við vildum stefna að því og sögðum: Það þarf að auka erlenda fjárfestingu með samningnum um stækkun álversins í Straumsvík. Þá tíföldum við erlenda fjárfestingu í landinu. Við sögðumst vilja vinna að breytingum á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Að því er núna unnið.

Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur þannig með traustri efnahagsstjórn lagt grunninn að auknum sóknarfærum íslenskra fyrirtækja og heimila. En þrátt fyrir þetta erum við Íslendingar í alþjóðlegum samanburði ekki nema um miðjan hóp ríkustu þjóða veraldar, en batinn í efnahagslífinu gefur svigrúm til að stuðla að nauðsynlegum búháttarbreytingum í íslensku atvinnulífi. Á þetta einkum við á fjármagnsmarkaði og í orkumálum. Á fjármagnsmarkaði eru aðstæður gerbreyttar frá því sem var þegar núverandi skipan komst á. Þá var íslenskur fjármagnsmarkaður veikburða. Þetta hefur gerbreyst. Því er nú skipulag ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóðanna í endurskoðun með það að markmiði að stuðla að aukinni hagkvæmni, greiðari aðgangi að fjármagni og lægri vöxtum. Það er brýnt að standa undir áhættufjármögnun til raunverulegrar nýsköpunar í því skyni

að stuðla að framfarasókn í íslensku efnahags- og atvinnulífi og fjölga arðbærum störfum. Frumvörp um formbreytingu ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóða mun því verða lagt fyrir það Alþingi sem nú er að hefja störf.

Allt skipulag orkumálanna er nú til heildarendurskoðunar með það að meginmarkmiði að auka hagkvæmni á orkusviðinu, auka samkeppni, en jafnframt stuðla að jöfnun orkuverðs, að tryggja gæði þjónustu og afhendingaröryggi og auka sjálfstæði orkufyrirtækja.

Herra forseti. Við stöndum nú í dagrenningu nýrra tíma sem munu geta fært okkur aukna hagsæld og bætt mannlíf, ekki síst vegna stórstígra framfara í upplýsinga- og fjarskiptatækni. Því hefur nú á vegum ríkisstjórnarinnar verið mótuð heildstæð stefna um upplýsingasamfélag framtíðarinnar, samfélag þar sem greiður aðgangur að upplýsingum mun breyta atvinnuháttum okkar og samskiptum manna á milli. Þessi nýja samfélagsmynd er nefnd upplýsingasamfélagið. Hugbúnaðariðnaðurinn er hluti upplýsingaiðnaðarins. Gengi hans hér á landi má fyrst og fremst þakka dugmiklum og skapandi einstaklingum sem með þekkingu sinni og eljusemi hafa náð ótrúlegum árangri.

Nátengdur upplýsingaiðnaðinum er afþreyingariðnaðurinn sem er orðinn ein stærsta atvinnugrein heims og í hvað örustum vexti. Íslenskir tónlistar- og kvikmyndagerðarmenn eiga því einnig mikla möguleika á þessu sviði og þannig er um fleiri. Það er m.a. þetta fólk og fyrirtæki þess sem draga munu vagninn inn í velferðarsamfélag komandi ára.

Herra forseti. Þeir eru ekki spámannlega vaxnir í dag, þeir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem nefndu ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., ríkisstjórn stöðnunar og kyrrstöðu. Áralöng kyrrstaða í íslensku efnahags- og atvinnulífi hefur verið rofin. Fyrsta heila þing ríkisstjórnarinnar er eitt hið athafnasamasta um langt skeið. Komið hefur verið á sveigjanlegri og lýðræðislegri samskiptareglum á vinnumarkaði. Unnið er að skipulagsumbótum í menntakerfi og heilbrigðismálum. Allar þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar ber að sama brunni, að byggja hér upp fyrirmyndarþjóðfélag sem býr vel að þegnum sínum. Þannig getum við orðið í fremstu röð meðal þeirra þjóða sem við viljum helst bera okkur saman við, hvort sem litið er til menntunar, atvinnu eða velferðar og félagslegra aðstæðna. Árangurinn sem þegar er orðinn af styrkri stjórnun ríkisstjórnarinnar ber því glöggt vitni að slíkt er ekki draumsýn ein heldur raunhæfur möguleiki. Að honum stefnum við öruggum skrefum og getum þannig gengið með reisn móti nýrri öld.

[21:57]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Síðustu missiri hafa heilbrigðismál verið mjög til umræðu. Til heilbrigðis- og tryggingamála er árlega varið 40% af útgjöldum ríkisins. Framlög til málaflokksins hækka úr 50 milljörðum í ár í 52 milljarða á næsta ári. Framlögin hafa farið hækkandi, m.a. vegna þess að ellilífeyrisþegum fjölgar, meðalaldur hefur hækkað, lyf og tækjakostur verður dýrari.

Miðað við umræður um heilbrigðismál að undanförnu mætti ætla að við byggjum við lélegt heilbrigðiskerfi. Það er alls ekki svo. Við búum við eitt besta heilbrigðiskerfi í heimi. Við höfum hins vegar þurft að hagræða ýmsu innan kerfisins eins og flestar vestrænar þjóðir, m.a. til þess að tryggja að þeir sem mest þurfa á þjónustunni að halda fái hana.

Á síðustu missirum hafa margir jákvæðir hlutir í heilbrigðismálum landsmanna náð fram og fleiri eru í farvatninu. Vil ég nefna nokkur dæmi. Lögð hefur verið fram stefna um frekari uppbyggingu heilsugæslunnar. Gera á úttekt á hagkvæmni þess að auka samvinnu eða sameina sjúkrahús á suðvesturhorninu. Efla á forvarnir m.a. með stórhækkuðum framlögum í forvarnasjóð. Í haust munu aðgerðir á hjartveikum börnum færast heim. Barna- og unglingageðdeild hefur verið efld og barnageðlæknir ráðinn á Sjúkrahús Akureyrar. Aðstaða á kvensjúkdómadeild og gjörgæslu Landspítalans hefur verið bætt. Ný öldrunarmatsdeild hefur tekið til starfa á Landspítalanum. Ný hjartadeild og barnadeild hafa nýverið verið teknar í notkun á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hafinn er undirbúningur að því að beinmergsflutningar verði framkvæmdir hér á landi. Svona mætti lengi telja. Mörg jákvæð spor eru tekin í heilbrigðismálum, bæði stefnumótun og framkvæmdum.

Umræðan um heilbrigðis- og tryggingamál hefur hins vegar því miður oft og tíðum verið í upphrópunarstíl þar sem heilbrigðiskerfið er sagt slæmt, ekkert sé vel gert og einungis sé um skerðingar að ræða. Slíkar upphrópanir eru ósannar. Hæstv. heilbrrh. hefur einmitt boðað að í fjárlagafrv. verði ekki ný þjónustugjöld né skerðingar í lífeyristryggingum.

Í gær afhentu fulltrúar stjórnmálahreyfinga ungs fólks formönnum flokkanna kröfu um nýja kosningalöggjöf. Rökin eru m.a. þau að kosningalög séu hornsteinn lýðræðis í hverju landi og því þurfi að jafna atkvæðisréttinn. Allir flokkar hafa á stefnuskrá sinni að leiðrétta misjafnt vægi atkvæða. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að eitt af meginmarkmiðum hennar sé að endurskoða kosningalöggjöfina m.a. til þess að tryggja jafnara vægi atkvæða. Nú er liðið á annað ár ríkisstjórnarsamstarfsins og því er brýnt að hefjast strax handa við að undibúa nýja lagasetningu.

Margar leiðir eru færar en tvær eru bestar að mínu mati. Í fyrsta lagi að gera landið að einu kjördæmi. Þekkt dæmi um slíkar kosningar eru forsetakosningarnar. Þar hafa allir jafnan atkvæðisrétt óháð búsetu. Ef landið er eitt kjördæmi ættu þingmenn einnig auðveldara með að hefja sig yfir kjördæmapotið svokallaða. Þeir gætu frekar tekið ákvarðanir með hagsmuni allrar þjóðarinnar að leiðarljósi en ekki þröngra sérhagsmuna kjördæma sinna. Önnur leið sem vert er að skoða er sú sem Halldór Ásgrímsson, hæstv. utanrrh. og form. Framsfl., hefur nefnt. Í henni felst að um helmingur þingmanna yrði kjörinn af landslista en hinn úr kjördæmunum.

Annað mál sem brýnt er að skoða eru jafnréttismál. Alþfl. stýrði þeim málaflokki um langan tíma án nokkurs sérstaks árangurs. Launamunur kynjanna er þar ofarlega á dagskrá. Nýleg rannsókn Félagsvísindastofnunar háskólans sýnir svart á hvítu að þegar bornir eru saman sambærilegir einstaklingar og tekið hefur verið tillit til þátta eins og starfsstéttar, menntunar, starfsaldurs, fjölda yfirvinnutíma og hvort starfað sé hjá einkafyrirtæki eða opinberum aðilum hafa konur samt sem áður 11% lægri laun en karlar. Þennan launamun er einungis hægt að skýra með kynferði. Í lögum segir að konur og karlar skuli fá jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Hér skal undirstrikað að ekki er einungis verið að fjalla um sömu laun fyrir sömu vinnu heldur sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. En hvaða störf eru jafnverðmæt og sambærileg? Það liggur ekki í augum uppi.

Erlendis og hjá mörgum sveitarfélögum hér á landi hefur

svokallað starfsmat verið notað til að meta störf til að geta borið þau saman og athuga hvort þau séu jafnverðmæt. Í stuttu máli má segja að starfsmat sé aðferð til að meta innihald starfa eftir starfslýsingu þar sem hæfni, ábyrgð, áreynsla og vinnuskilyrði eru lögð til grundvallar.

Um þessar mundir er verið að vinna að því að hrinda af stað tilraunaverkefni um starfsmat á nokkrum vinnustöðum. Það er því alrangt sem hér hefur komið fram að ekki sé verið að vinna neitt í því að leiðrétta launamun kynjanna. Annað mál sem er mikilvægt fyrir jafnréttið í þjóðfélaginu eru fjölskyldumálin. Nú í upphafi þings mun hæstv. félmrh. einmitt leggja fram tillögu til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.

Herra forseti. Eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar er að ná jafnvægi í ríkisfjármálum m.a. til þess að verja velferðarkerfið til framtíðar. Íslenska þjóðin getur ekki leyft sér til lengdar að safna skuldum. Tölurnar tala sínu máli. Í ár er íslenska ríkið að borga 13 milljarða í vexti vegna skulda. Á næsta ári er áætlað að vextir ríkissjóðs verði 13,5 milljarðar. Sú upphæð er hærri en varið er til allra framhaldsskóla og háskólastigsins í landinu. Þróun ríkisfjármála þarf að snúa við. Annars köllum við stórhækkaðar skuldir yfir komandi kynslóðir. Þetta markmið verðum við að hafa að leiðarljósi þó það væri að sjálfsögðu mun þægilegra og áreynsluminna fyrir þá sem eru kosnir til að leiða þjóðina að halda áfram á braut skuldasöfnunar. — Góðar stundir.

[22:04]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við lifum á tímum mikilla breytinga. Miklar tækniframfarir sem auðvelda og auka samskipti milli manna og þjóða gera það að verkum að heimurinn minnkar stöðugt. Þessi þróun skapar aukna möguleika á viðskiptum þjóða í milli og hin hraðfara þróun í samskiptatækni færir okkur Íslendinga nær hringiðu heimsviðskiptanna, hvort sem litið er til austurs eða vesturs. Þessir breytingatímar eiga þó ekki eingöngu við samskipti og viðskipti okkar við aðrar þjóðir heldur verður þeirra einnig vart meðal okkar sjálfra.

Það eru greinileg batamerki í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar. Sumir halda því fram að hér ríki góðæri og bent er á að ýmis þenslumerki séu komin fram í efnahagskerfi okkar eftir nokkurra ára efnahagsþrengingar og erfitt atvinnuástand. Það eru að sjálfsögðu góð tíðindi að hagur okkar batnar en við þessar aðstæður er mikilvægara en í annan tíma að fara með gát og gæta þess að góðæri í efnahagslegu tilliti nýtist þjóðinni sem best og beita þarf ráðstöfunum til þess að byggja okkur upp til framtíðar. Það gerum við m.a. með því að reka ríkissjóð án halla, greiða niður skuldir og minnka þar með greiðslubyrði og vaxtakostnað í komandi framtíð eins og hæstv. ríkisstjórn vinnur nú markvisst að. Við getum ekki leyft okkur við þessar aðstæður að skuldbinda afkomendur okkar til þess að greiða niður skuldir sem við stofnuðum til með áframhaldandi hallarekstri ríkissjóðs.

Það sem skiptir okkar þjóð hvað mestu er hver afkoman er í sjávarútvegi hverju sinni og hvernig tekst til við að draga verðmæti úr sjónum. Þetta eru gömul sannindi og ný. Íslenska þjóðin á afkomu sína hvað mest undir fiskveiðum og fiskvinnslu. Á síðasta fiskveiðiári færði fiskiskipafloti okkar meiri afla að landi en nokkru sinni fyrr. Flotinn hefur að undanförnu sótt æ meira á fjarlæg fiskimið utan fiskveiðilögsögu okkar og borið þaðan björg í bú. Einnig hefur loðnu- og síldarafli aukist verulega og menn líta björtum augum til nánustu framtíðar á því sviði. Þetta er ánægjuefni. Hins vegar er það staðreynd að hin hefðbundna bolfiskvinnsla á nú verulega undir högg að sækja og hafa nokkur fiskvinnslufyrirtæki neyðst til þess að hætta vinnslu vegna lélegrar afkomu í greininni.

Þetta sýnir okkur enn á ný hve miklar sveiflur eru í sjávarútvegi og hve fólk býr við mismunandi aðstæður eftir því hvar á landinu það er við sjávarsíðuna. Við núverandi aðstæður er ljóst að þeir aðilar og þau landsvæði, sem hafa ekki aðgang að og geta ekki hagnýtt sér þá uppsveiflu sem er í veiðum og vinnslu á uppsjávartegundum, sitja eftir og munu eiga erfitt með að halda atvinnustarfsemi gangandi. Hér er um verulegt áhyggjuefni að ræða sem stjórnvöld hljóta að veita athygli og bregðast við. Hins vegar starfa flest þau sjávarútvegsfyrirtæki sem eru nú rekin með afgangi við veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski og stunda veiðar á fjarlægum miðum utan fiskveiðilögsögunnar.

Mörg undanfarin ár hefur mikið verið rætt og ritað um þá löggjöf um fiskveiðistjórn sem við búum við og eðlilega sýnist sitt hverjum um það. Þessi löggjöf er ekki gallalaus frekar en mörg önnur mannanna verk en í tímans rás hafa verið gerðar ýmsar breytingar á löggjöfinni í þeim tilgangi að sníða af henni þá vankanta sem löggjafarvaldið hefur verið sammála um að gera. Hvað sem öðru líður er ljóst að þau fiskverndarsjónarmið, sem lögð hafa verið til grundvallar fiskveiðistjórninni, hafa átt fullan rétt á sér. Nú er þjóðin að upplifa þá ánægjulegu staðreynd að þorskstofninn er að rétta við og allt útlit er fyrir að heimilt verði að veiða mun meira af þorski á allra næstu árum en verið hefur. Þetta gefur tilefni til bjartsýni, ekki síst á landsvæðum þar sem bolfiskveiðar og vinnsla eru undirstöðuatvinnugreinarnar. Það gefur einnig tilefni til bjartsýni á framtíð sjávarútvegsins að þrátt fyrir miklar þrengingar undanfarin ár hefur sjávarútvegurinn í heild sýnt ótrúlega aðlögunarhæfni og þannig tekist að vinna sig út úr erfiðleikum með hagræðingu og miklum tækniframförum. Það mátti sjá glögg dæmi um framfarir á þessum sviðum á sjávarútvegssýningu sem haldin var fyrir stuttu og vakti mikla athygli bæði hér á landi sem víða erlendis. Á þessu má sjá að við Íslendingar stöndum flestum öðrum þjóðum framar á þessum sviðum og það gefur möguleika á auknum viðskiptum við aðrar þjóðir.

Herra forseti. Um þessar mundir erum við að upplifa það að fjárfesting og framkvæmdir eru að aukast í þjóðfélaginu. Þetta er á sinn hátt mikið ánægjuefni eftir nokkurra ára stöðnun. Vert er að vekja athygli á því að mest af þessum fjárfestingum og framkvæmdum eru og munu eiga sér stað á suðvesturhorni landsins og tengjast m.a. uppbyggingu stóriðjuvera og auknum umsvifum á ýmsum sviðum. Ljóst er að þetta getur valdið hættu á enn meiri byggðaröskun en verið hefur. Einstök landsvæði eiga verulega undir högg að sækja vegna einhæfs atvinnulífs, samdráttar og breytinga í undirstöðuatvinnuvegunum sjávarútvegi og landbúnaði og vegna búsetuaðstæðna sem fólk metur því miður lakari víða úti á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni. Þau auknu umsvif, sem eru að verða á þessu svæði, munu án efa draga fólk frá landsbyggðinni.

Það er gífurlega mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þessu og leitum leiða til þess að bregðast við í tíma. Það er ekki síður mikilvægt að heimamenn og sveitarstjórnir á hverju svæði bregðist við og leiti leiða til þess að standast samkeppnina um fólkið og atvinnutækifærin. Víða um land eru miklir möguleikar fyrir hendi og víða eru myndarleg-

ar byggðir og öflugt atvinnulíf. Með framsýni, samstöðu og jákvæðu hugarfari geta aðilar víða úti á landsbyggðinni staðist samkeppnina við suðvesturhornið um fólkið og atvinnustarfsemina. Fjölmörg dæmi sanna það. Það er hins vegar jafnljóst að neikvæð umræða um einstök landsvæði af hálfu stjórnvalda, embættismanna sem heimamanna sjálfra, getur hæglega lamað mannlífið og atvinnufyrirtækin þannig að byggðirnar fjara smám saman út. Það ber að varast.

Eitt mesta hagsmunamál byggðar úti um land eru bættar samgöngur. Víða um landið er knýjandi þörf fyrir bætt vegasamband ekki síst til þess að efla einstaka atvinnu- og þjónustusvæði þannig að þau geti staðið betur að vígi í harðnandi samkeppni um fólk og atvinnutæki. Þegar aðhaldi er beitt í ríkisútgjöldum eins og nú er með það að markmiði að reka ríkissjóð án halla og minnka skuldir og vaxtakostnað fer ekki hjá því að það komi við samgöngumál eins og aðra málaflokka. Bættur hagur ríkissjóðs gefur væntingar um að á næstu árum verði unnt að veita aukið fjármagn til samgöngumála.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það er ástæða til þess að hvetja þjóðina til að vera bjartsýn og jákvæð. Landið okkar er gjöfult og fagurt og þjóðin er vel menntuð og býr yfir ýmsum hæfileikum sem gefur okkur möguleika á áframhaldandi framförum og bættum hag. — Ég þakka þeim er hlýddu. Góðar stundir.

[22:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Í dag hef ég tilkynnt Alþingi formlega um stofnun nýs þingflokks Alþfl. og Þjóðvaka, þingflokk jafnaðarmanna. Stofnun þessa nýja þingflokks þarf engum að koma á óvart. Það hefur verið samhljómur í málflutningi okkar á Alþingi og stefnumörkun flokkanna byggir á sama sterka grunni, jafnaðarstefnunni. Þeir sem fylgst hafa með störfum Alþingis hafa tekið eftir málefnalegri samstöðu okkar. Sameining þingflokkanna er því rökrétt ákvörðun sem markar framtíðina. Með sameiningunni birtist vilji til að laða til samstarfs þá sem aðhyllast jafnaðarstefnuna og vilja vinna að nýsköpun íslenskra stjórnmála.

Við heitum á alla jafnaðarmenn að snúa bökum saman í baráttunni fyrir aðkallandi umbótamálum. Við höfum farið nýjar leiðir í kynningu á þingmálum jafnaðarmanna. Með því viljum við gefa þjóðinni mynd af fyrir hvað við stöndum. Við jafnaðarmenn erum virkt og öflugt stjórnmálaafl á Alþingi Íslendinga. Við höfum lagt fram málaskrá. Þar birtist breiddin í stefnu okkar. Áherslan er á líf og starf fjölskyldunnar. Mál okkar jafnaðarmanna miða öll að því að móta réttlátt þjóðfélag. Skattlagning á Íslandi særir réttlætiskennd fólks. Tekjur almenns launamanns eru skattlagðar í bak og fyrir meðan fyrirtækin í landinu lifa í austurlenskri skattaparadís. Meðan sameiginlegar auðlindir skila landsmönnum engu skattalega fá fyrirtækin að valsa um endurgjaldslaust og framselja auðlind okkar með gróða. Stefna jafnaðarmanna er að styrkja og efla velferðarkerfið þar sem virkar aðgerðir skapa raunverulegt jafnrétti kynjanna og jafnrétti þeirra sem vegna fötlunar eða annars standa höllum fæti.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt við hlustir undir stefnuræðu forsrh. og spurning vaknar um hvar sé pólitík ríkisstjórnarinnar. Pólitík er að taka afstöðu, pólitík er að koma með stefnumarkandi aðgerðir, pólitík er að koma með beinar aðgerðir til úrbóta í hagsmunamálum fjölskyldnanna, pólitík er að skapa framtíðarsýn og vekja með þjóðinni kraft og þor. Það var pólitík að takast á um Evrópska efnahagssvæðið og það var pólitík að hvetja til umræðu um hvað gæti falist í því fyrir okkur að leita eftir aðild að Evrópusambandinu.

Í fyrravor fékk þjóðin nýja ríkisstjórn. Þá var okkur fluttur bjartur boðskapur um vor í íslensku atvinnulífi. Í stjórnarsáttmála voru stefnumið fá og báru svip Sjálfstfl. í nýafstaðinni kosningabaráttu þar sem erfitt var að finna önnur markmið en að halda völdum. Lítið bar á mun fyrirferðarmeiri kosningaloforðum Framsfl. sem eru nú senn að falla í gleymskunnar dá eins og þeim var e.t.v. alltaf ætlað.

Hæstv. viðskrh. Framsfl. hefur ekki skapað störfin, það gerir hagvöxtur sem náðist með erfiðum aðgerðum á samdráttartímum við hatramma gagnrýni Framsfl. Ég rifja þetta upp vegna þess að nú er ríkisstjórnin ekki lengur ný. Hún er reyndar þegar búin að sitja meira en þriðjung hefðbundins kjörtímabils.

Fólk hefur sannarlega fundið fyrir þessari ríkisstjórn. Það hefur tekið eftir harðneskjulegum aðgerðum eins og nýrri vinnulöggjöf þar sem stjórnarskrá launafólks var breytt án samráðs, atvinnurekendum og ríkisstjórn í vil og þegar stefnulausum niðurskurði viðkvæmra málaflokka er hrint í framkvæmd. Ríkisstjórnin er fumkennd og kraftlaus. Það kennir doða hjá þjóðinni, menn eru vissir um að það þýði ekki að andmæla neinu. Það sé fremur vonlítið að áhrifamiklar jákvæðar breytingar verði af völdum stjórnvalda. Finna ekki áhrif hagvaxtar og nýsköpunar á eigin umhverfi. Það kraumar undir í ládeyðunni sem liggur yfir í þjóðfélaginu. Það er eins og fólk finni sig vanmáttugt til breytinga og ástandið sem áhrifaleysið ofan frá skapar er e.t.v. ekki pólitískur doði. Má vera að það sé innibyrgð reiði. Verkalýðshreyfingunni er haldið í böndum sem óvíst er að hún brjóti af sér en gerist það má búast við að blásið verði til átaka.

Afleiðing nokkurra ára atvinnuleysis hefur kallað fram áður óþekkta tilfinningu í okkar samfélagi, ótta við að kalla eftir rétti sínum á vinnustað, ótta við að vera ekki til friðs af því að yfir vofir: Þú ert einskis virði sem starfsmaður, margir eru tilbúnir að taka við þínu starfi. Hvað er það þá sem er að gerast? Er verið að eyðileggja undirstöðu samfélagsins og öryggistilfinningu þjóðarinnar? Ég leita svara í stefnuræðu forsrh. en finn engin svör. Hvað er þar að finna? T.d. það að Framsfl. hefur nú öðlast skilning á opnum fjármagnsmarkaði, eflingu markaðsbúskapar og ávinningnum af aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu og það er vel. Flestir aðrir gera sér grein fyrir hver er forsenda hagvaxtarins sem fleytir ríkisstjórninni svo áreynslulaust fram eftir kjörtímabilinu.

Stefnuræðan er líka boðskapur um efnahagslegan stöðugleika og að nú megi menn ekki vonast eftir að góðærið finni farveg í launaumslag alþýðunnar. Við í þingflokki jafnaðarmanna styðjum markmið um að tryggja stöðugleika og jafnvægi í þjóðarbúskapnum en þó þannig að þeir sem náðu niður vöxtum og verðbólgu með þjóðarsátt hljóti nú sanngjarnan arð af bættum hag fyrirtækja og atvinnulífs.

Jafnaðarmenn þekkja að það þarf að sýna aðgæslu í ríkisbúskapnum. Við vitum líka að mörg verkefni, sem áður þótti sjálfsagt að væru á hendi ríkisins, eiga ekki endilega heima þar í dag. Endurskipulagning á því hvað eru samfélagsleg verkefni verður að eiga sér stað því beinn niðurskurður er kominn langt yfir þolmörk. Þessi mál vilja jafnaðarmenn skoða með opnum huga. Jafnaðarmenn greinir hins vegar á við ríkisstjórnina um forgangsröðun útgjalda. Okkur greinir á við ríkisstjórnina um skattlagningu þar sem ein regla gildir um tekjur af vöxtum og arði en önnur um skatt af

tekjum fyrir vinnu. Samhengislaus tekjutenging á mörgum ólíkum sviðum hittir sömu barnafjölskylduna fyrir og rústar fjárhagsáætlun heimilisins. Breytingar á síðasta þingi sem beindust að eftirlaunaþegum hafa víða haft skaðvænleg áhrif.

Nú er góðæri gengið í garð og tækifæri til uppbyggingar. Ríkisstjórnin hefur fengið sín tækifæri. Þessi ríkisstjórn mun hins vegar ekki breyta gjafapólitík sinni hvað varðar auðlindir okkar. Hún mun ekki leggja grunninn að réttlátara skattkerfi.

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við jafnaðarmenn munum leggja góðum málum lið eins og við gerðum á liðnum vetri. Við jafnaðarmenn munum standa vörð um lífsgildi fjölskyldunnar í störfum okkar á Alþingi Íslendinga. — Ég þakka þeim er hlýddu.

[22:20]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stefnuræða forsrh. var innihaldslítil. Ræðan var ekkert annað en þokkalegur heimastíll embættismanna um stöðu þjóðarbúsins. Þessi stjórn breytir engu sem skiptir máli enda er lítill munur á framsóknarhyggjunni í báðum flokkum.

Herra forseti. Hvar eru úrbætur í landbúnaði til hagsbóta fyrir neytendur? Hvar er veiðileyfagjald sem tekur á mesta óréttlæti nútímans? Hvar eru umbætur í atkvæðarétti? Hvar er sóknin í utanríkismálum? Hvar eru loforðin um eflingu menntunar? Hvar er virðingin gagnvart þeim sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda? Hvergi, herra forseti, eru úrbætur í þessum málaflokkum. En það kemur ekki á óvart. Þessir flokkar gæta þess að ekki sé raskað ró valdastéttanna. Ríkisstjórnin montar sig af góðri stöðu í efnahagslífinu. Hagvöxtur núna er m.a. vegna skuldasöfnunar heimilanna. Staða ríkissjóðs er ekki betri í ár vegna góðs reksturs heldur vegna aukinna umsvifa. Samt sem áður er margt í lagi, afli góður, stóriðjuframkvæmdir verulegar og erlendar skuldir lækka. Það er gott og ég fagna því.

En stjórnmál snúast um stefnu framtíðarinnar sem endurspeglast m.a. í fjárlögum. Við jafnaðarmenn viljum ekki stefnu stjórnvalda þar sem enn er ráðist handahófskennt á velferðar- og menntamál. Þar birtist forgangsröð stjórnarflokkanna. Þeir eyða yfir sex milljörðum í ónýtt landbúnaðarkerfi, neita að fallast á veiðileyfagjald í sjávarútvegi og skapa óöryggi m.a. hjá öryrkjum og starfsfólki í heilbrigðisþjónustu. Jafnaðarmenn hafna þessari stefnu. Hún er andstæð lífssýn okkar um frelsi, jafnrétti og bræðralag. Við lítum á fólk sem viðræðuaðila með sjálfsvirðingu.

Ég fordæmi ummæli forsrh. áðan þegar hann krafðist þess að verkalýðsforingjar gengju fram af sanngirni og ábyrgð við næstu kjarasamninga. Hvar var sanngirni og ábyrgð hæstv. forsrh. þegar hann og ríkisstjórn hans knúðu fram einhliða breytingar á vinnulöggjöf á þinginu í vor þrátt fyrir hatramma andstöðu verkalýðshreyfingarinnar? Sú sanngirni og ábyrgð var ekki til. En að koma hér hálfu ári seinna og heimta sanngirni og ábyrgð af þeim sem sparkað var í í vor lýsir aðeins fyrirlitningu á skoðunum annarra. Þessi ríkisstjórn er ekki fyrir launafólk. Hún gætir hagsmuna vinnuveitenda en ekki allra vinnuveitenda. Hún passar vel upp á stórfyrirtækin sem starfa í fákeppni og eru að hluta til í vernduðu umhverfi, stórfyrirtækin sem stjórna VSÍ og eiga það sameiginlegt að vilja sem minnsta samkeppni þegar á reynir.

Hver man ekki eftir því þegar Irving Oil vildi koma hér inn á markaðinn? Þá gátu olíufélögin fyrst farið að hreyfa sig í verði og þjónustu en allt gleymdist þegar Irving hvarf aftur af vettvangi. Sama er að gerast í bílatryggingunum núna. Þar eru fákeppnisaðilar til varnar sem hafa ekki hreyft sig í mörg ár. Við sjáum þá alls staðar. Í skipaflutningum, í flugrekstri, olíusölu, að hluta til í verslun, í tryggingum, alls staðar í stórrekstrinum. Þar vilja þessir herrar sem minnst ónæði af utanaðkomandi samkeppni. Flestir eiga þeir sem stjórna stórfyrirtækjum það sameiginlegt að vera frammámenn í Sjálfstfl. og Framsfl. Minni fyrirtækin mega keppa sín í milli, en þau fá ekki að hafa áhrif t.d. innan Vinnuveitendasambandsins. Nei, þar ráða stóru fákeppnisaðilarnir.

Herra forseti. Þetta er efnahagslegt vandamál. Framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því lægsta sem um getur í Evrópu. Skattar fyrirtækja eru einnig með þeim lægstu. Hér eru lægstu launin greidd og allægstu taxtalaunin. Það er eitthvað að. En svo mætir ríkisstjórnin með forsrh. og segir að enn um sinn verði að takmarka kjarabætur því að annars sé stöðugleikinn í hættu. Hvernig væri að íslensk stórfyrirtæki færu að standa sig eins og gert er í útlöndum?

Við höfum slegið skjaldborg um Ísland í formi lágra launa. Lífskjörum er haldið uppi með löngum vinnudegi. Íslenskur launamaður vinnur nokkrar vikur lengur á hverju ári en kollegi hans í útlöndum til að ná sömu launum. Við bætum ekki samkeppnisstöðu Íslands nema stíga út úr þessu verndaða umhverfi sjálfstæðis- og framsóknarmanna.

Veiðileyfagjald, fyrsta þingmál jafnaðarmanna, gæti leitt til þess að hægt væri að fella niður allan tekjuskatt einstaklinga. Ég hvet hlustendur til að fylgjast með því hverjir leggjast gegn því. Jafnaðarmenn vilja m.a. nýta markaðinn sem tæki til að ná fram bættum lífskjörum. Við viljum markaðshagkerfi í atvinnulífinu en samhjálp og sjálfsvirðingu í velferðar- og heilbrigðismálum og jafnrétti í menntun. Stjórnarliðar vilja innleiða markaðskerfið á spítölunum og í skólanum þar sem fjármagnið ræður þá vitaskuld afgreiðslu og þjónustu eins og eðli þess er í fyrirtækjaumhverfinu. Jafnaðarmenn vilja ekki að heilbrigði og menntun sé keypt með auðlegð. Við viljum ekki frelsi frumskógarins á þessa þætti þjóðlífsins og við munum berjast gegn þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar. Það lýsir stjórnarflokkunum vel að vilja verndað umhverfi fyrir fyrirtæki sín, stórfyrirtækin, en hleypa forréttindum fyrir þá efnaðri inn í þætti sem hingað til hafa verið jafnir aðgöngu fyrir alla þegna samfélagsins. Þessi sérhyggja Sjálfstfl. og Framsóknar má ekki ná fram að ganga. Þetta hefur ekkert með betri rekstur og hagkvæmni að gera. Við jafnaðarmenn kunnum vel að reka bæði fyrirtæki og opinberar stofnanir en við viljum umgangast samborgara okkar af þeirri samkennd sem hugsjónin um bræðralag lýsir.

Jafnaðarstefnan er ekki einungis lífssýn. Hún er hegðun og viðhorf gagnvart öðru fólki í daglegu lífi. Hugtökin jafnrétti, frelsi og bræðralag eru ekki einungis í fullu gildi heldur svara þau verkefnum framtíðarinnar. Frelsi til athafna, til lýðræðislegra stjórnarhátta og raunverulegt kvenfrelsi er jafnmikilvægt og jafnrétti í heimi vaxandi markaðshyggju. Bræðralagið er gagnvart umheiminum í enn ríkara mæli en áður, í heimi þar sem fólki er misþyrmt og pínt, rúið rétti og virðingu. Við jafnaðarmenn lítum ekki þannig á að við höfum einungis skyldur gagnvart landsmönnum okkar heldur ekki síst gagnvart umhverfinu og nágrönnum um heim allan.

Herra forseti. Það eru engin landamæri í hugsjónum jafnaðarstefnunnar, engin. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:29]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frá vordögum 1994 hefur hæstv. forsrh. verið fremstur í flokki þeirra sem fullyrt hafa að erfiðleikar okkar væru á enda og nú gengju menn til móts við góðærið. Þó hefur honum sjálfum verið ljóst að aukinn hagvöxtur á m.a. rætur sínar að rekja til aukins úthafsveiðiafla sem gæti dregist stórlega saman þegar á næsta ári. Samt hefur hann fullvissað landsmenn um að nú sé bjart fram undan.

Sjálfum má honum líka vera ljóst að umskipti til hins betra gátu fyrst og fremst orðið fyrir tilverknað árangursríkra aðgerða í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og þeirrar ríkisstjórnar hans sjálfs sem Alþfl. átti aðild að samanber upptalningu sjálfs hans á viðamiklum kerfisbreytingum, svo sem eflingu markaðsbúskapar, opnun fjármagnsmarkaðar og aðildar að EES og að núverandi ríkisstjórn hefur engu við það bætt.

Erfiðleikar fiskvinnslunnar svo sem á Vestfjörðum þar sem veiðiheimildirnar eru horfnar eða á förum hafa engum skugga getað varpað á glansmynd forsrh. Hafi einhver einn maður öðrum fremur vakið væntingar í brjóstum þjóðarinnar þá er það þessi maður. Þegar launafólk hyggst heimta sinn hlut í góðæri forsrh. kveður við annan tón. Þá ræðir þessi maður um fólk sem vill innleiða nýja óöld í landinu. Nú talar hann um óöld en ekki góðæri. Er þá góðæri forsrh. gengið um garð eða átti það aldrei að skila umtalsverðum kauphækkunum til fólksins í landinu? Ef ekki, hvers vegna var þá forsrh. að vekja allar þessar væntingar? Er hann þá einn af þeim sem „eru þeim verstir sem þeir eiga að vinna best", svo notuð séu hans eigin orð?

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. sagði hann það helstan kost á stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar hvað hann segir fátt. Stefnuræða hans er í samræmi við það. Hún segir fátt. Skrá um þingmál ríkisstjórnarinnar sem er fylgiskjal með stefnuræðu forsrh. er miklu athyglisverðari lesning en stefnuræðan sjálf þó ekkert sé þar annað að finna en heiti frv. sem ráðherrar hyggjast flytja. Sem dæmi um slík mál má nefna frv. til laga um þjóðlendur og um ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna en það er þjóðþrifamál sem jafnaðarmenn hafa haft mikinn áhuga á og lagt fram mörg þingmál um á liðnum árum. Af sama toga eru t.d. frv. um breytingu á orkulögum og frv. til laga um eignarrétt og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Hér boðar ríkisstjórnin flutning þýðingarmikillar lagasetningar sem mikil átök hafa staðið um árum saman og forsrh. hefur ekkert um efnisatriði málsins að segja í stefnuræðu sinni. Þannig þegir forsrh. jafnvel um athyglisverðustu mál ríkisstjórnarinnar en eyðir tíma sínum í að tala um sölu hlutabréfa í hinum og þessum ríkisfyrirtækjum, skipan símamála í Noregi, Finnlandi, Dannmörku og Svíþjóð og vonda menn í verkalýðshreyfingu. Svona gera menn ekki, hæstv. forsrh. Stefnuræðu átt þú að flytja um það sem markverðast telst á verkefnalista ríkisstjórnar þinnar en stefnuræða er ekki til að segja fréttir af hlutabréfaviðskiptum eða símamálum í Skandinavíu.

Herra forseti. Í þingsetningarræðu sinni lagði forseti Íslands áherslu á mikilvægi þjóðþingsins. Hann varaði við að vald það sem Alþingi er fengið flytjist til framkvæmdarvalds og hagsmunasamtaka og vitnaði m.a. í orð Ásgeirs heitins Ásgeirssonar, sem sagði að miklu góðu mætti til leiðar koma ef ofmetnaður truflaði aldrei almenningsheill og að lýðræðinu sé hætta búin þegar einræðið nær tökum á flokkunum. „Almannahagur er sú viðmiðun sem mestu máli skiptir", sagði forseti Íslands.

Einn af mikilvægustu þáttum í stefnu jafnaðarmanna er að tryggja eign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins, eðlilegan afrakstur þjóðarinnar af þeirri eign sinni ásamt skynsamlegri nýtingarstefnu, frjálsan umgengnisrétt almennings að eigin landi og umhverfisvernd. Þjóðareign á fiskimiðunum, veiðileyfagjald, þjóðareign á náttúruauðlindum í jörðu, eðlilegt afgjald til þjóðarinnar fyrir nýtingu þessara auðlinda og íslenskt land fyrir Íslendinga alla eru vörður á þessari leið sem við jafnaðarmenn höfum hlaðið.

Nú þegar hæstv. ríkisstjórn setur loksins örfá þingmál af þessum toga á dagskrá munum við ganga heils hugar til samstarfs um úrlausnir á Alþingi vegna þess að „almannahagur er sú viðmiðun sem mestu máli skiptir" og þá að sjálfsögðu í trausti þess að tekið verði tillit til sjónarmiða okkar sem erum frumherjar í málinu.

Á málaskrá hæstv. ríkisstjórnar eru einnig fleiri athyglisverð mál sem við bjóðumst til að vinna í samvinnu við stjórnarþingmenn að lausn á vegna þess að líklegt er að þau falli að sjónarmiðum okkar. Jafnframt munum við leggja fram eigin þingmál samkvæmt áður boðaðri málaskrá sem lúta í senn að málefnum fjölskyldunnar og afkomu hennar, atriðum í auðlinda- og landnýtingarstefnu okkar, bættri menntun ásamt eflingu vísinda og rannsókna sem eru undirstaða framfara og ekki síst opnara og frjálsara þjóðfélagi bæði inn á við og út á við með frjálsari viðskiptum, opnun markaða, ásamt því að Íslendingar einangri sig ekki frá þeirri þróun sem nú á sér stað á mikilvægasta markaðs- og samskiptasvæði okkar Íslendinga. Við munum jafnframt veita ríkisstjórninni öflugt aðhald og ástunda réttmæta en sanngjarna gagnrýni eins og okkur ber að gera sem forustuafli í stjórnarandstöðunni.

Þýðingarmesta hlutverk stjórnmálamanna er ekki að bregðast við aðstæðum frá degi til dags. Þannig verðum við háðir viðburðunum í stað þess að reyna að hafa áhrif á hverjir þeir verða. Mikilvægasta hlutverk okkar er að gefa fólki framtíðarsýn, opna nýjar dyr og hleypa inn lífsandalofti, vekja umræður og veita leiðsögn. Mikið vantar á að það sé gert í stefnuræðu forsrh. Þar ríkir hið kyrra loft. En það er ofmetnaður að hyggjast geta ráðið umræðuefnum á Alþingi Íslendinga með þeim hætti að telja sig geta ákveðið að ekkert sé á dagskrá nema það eitt sem tilheyrir líðandi stund. Í vaxandi mæli hefur skapandi stjórnmálaumræða færst út úr Alþingi á annan vettvang. Við jafnaðarmenn teljum að þessu verði að breyta. Enginn á að geta ráðið því að þögnin ríki hér í þingsölum um það sem máli skiptir, sem er framtíð þessarar þjóðar, hvernig hún vill nýta auðlindir sínar til hagsbóta fyrir heildina og hvar hún vill skipa sér í raðir fjölskyldu hinna frjálsu þjóða. — Þökk sé þeim sem hlýddu.

[22:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þingsetning er í senn hátíðleg og virðuleg athöfn. Þá komum við saman að loknu þingfundahléi, eftirvænting liggur í lofti og tilhlökkun að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem bíða. Stefnuræða forsrh. og umræður um hana er fyrsti tónninn sem sleginn er á hverju þingi og gefur til kynna áherslur í hljómkviðu vetrarins.

Það voru vonbrigði að ekki tókst að þessu sinni að gera breytingar á tilhögun umræðna hér í kvöld og gera þær

styttri, markvissari og líflegri og þar með áheyrilegri fyrir almenning.

Nú horfir betur í þjóðarbúskapnum eftir samdráttarskeið undanfarinna ára. Okkur hefur tekist að mæta þeim þrengingum af skynsemi og fyrirhyggju. Fyrirtæki hafa hagrætt og nýtt betur efni sín, almenningur sýnt skilning, þolinmæði og fórnarlund. Stjórnvöld hafa lagt kapp á að búa atvinnulífi landsins bætt skilyrði t.d. með skattalækkunum og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur þegar reynst heilla- og framfaraskref fyrir þjóðina. Verðbólgudraugurinn er niður kveðinn, erlend skuldasöfnun stöðvuð, kaupmáttur eykst. Jafnframt þessu höfum við staðið vörð um það velferðarkerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi í tímans rás þrátt fyrir oft og tíðum mjög ósanngjarna, ósanna og hatramma umræðu um annað, eins og við höfum raunar orðið vitni að hér í kvöld í málflutningi sumra stjórnarandstæðinga.

Atvinnuleysi fer nú minnkandi og var í ágúst sl. 3,8%. Spáð er 4% á árinu öllu samanborið við 5% árið 1995.

Sköpuð hafa verið skilyrði til fjölgunar starfa og aukins atvinnuöryggis. Á þessu ári er áætlað að nýjum störfum fjölgi um 3.000 og hagvöxtur fer fram úr björtustu vonum. Helsta markmið ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum er hallalaus fjárlög.

Aukinn stöðugleiki í efnahagslífinu gerir kleift að vinna að langtímastefnumótun sem lengi hefur verið þörf fyrir hér á landi. Ungu fólki finnst það réttlætismál að því sé gert ljóst hversu mikið skattbyrði þess eykst miðað við umframeyðslu samtímans. Slíkt rímar einnig vel við áform ríkisstjórnarinnar um langtímaáætlanir í ríkisfjármálum. Ungt sjálfstæðisfólk hefur nýverið vakið athygli á staðreyndum um þessi mál með eftirtektarverðum hætti.

Sú sem hér talar hefur margoft úr þessum ræðustól rætt mikilvægi menntunar og rannsókna í síbreytilegum heimi. Það skiptir sköpum í alþjóðlegri samkeppni að rækta þennan þátt í þjóðlífinu til að standast öðrum þjóðum snúning. Við keppum svo sannarlega við þá sem standa í fremstu röð. Þá dugar ekki næstbesti kosturinn heldur eingöngu sá besti. Ríkar skyldur eru lagðar á herðar okkar að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til menntunarinnar og eru í raun fjárfesting í framtíðinni.

Á síðasta kjörtímabili var mótuð ný menntastefna. Ný grunnskólalöggjöf var sett ásamt nýjum lögum um leikskóla og á síðasta þingi voru samþykkt ný framhaldsskólalög þar sem stóraukin áhersla er á starfsmenntun. Allt er þetta afrakstur mikillar vinnu sem hófst á síðasta kjörtímabili. Mikið verk er fram undan við að laga skólakerfið að nýjum lögum til að markmið þeirra nái fram að ganga.

Hinn 1. ágúst sl. fluttist grunnskólinn til sveitarfélaga. Það eru mikil tímamót í íslenskri skólasögu og stærsta skref í valddreifingu sem stigið hefur verið hér á landi. Tilflutningurinn gekk nánast snurðulaust fyrir sig sem er að þakka því að allir málsaðilar lögðu sig fram um að svo mætti verða. Það er bjargföst sannfæring mín að tilflutningurinn reynist í framtíðinni lyftistöng fyrir allt skólastarf í landinu og umbætur í skólamálum verði hraðari og metnaðarfyllri í höndum sveitarfélaga en ríkis.

Það er fullljóst að aðhald af hendi íbúa sveitarfélaga verður öflugra þar sem fólk er æ meðvitaðra um mikilvægi skólastarfsins.

Nú stendur yfir endurskoðun aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla. Það er mjög viðamikið og mikilvægt verkefni. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki fyrir næsta skólaár. Nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi kemur að þessari endurskoðun og verður skipuð á næstu dögum.

Herra forseti. Jónas Hallgrímsson segir í kvæði sínu Alþingi hið nýja 1840:

Bera bý
bagga skoplítinn
hvert að húsi heim.

Síðar segir skáldið:

Svo skal hinu unga
alþingi skipað
sem að sjálfir þeir
sér munu kjósa.

Á þessu þingi verður fjallað um mörg og mikilvæg verkefni sem skipta sköpum um hag einstaklinga og þjóðar. Við sem skipum sveit alþingismanna mótum með umræðum og vinnulagi svip þingsins. Við skipum okkur í flokka eftir hugsjónum og lífsskoðun en greinir hins vegar á um ýmis markmið og leiðir að þeim.

Þegar grannt er skoðað reynast ágreiningsefnin þó oftast færri en fleiri. Ég vænti þess að stjórn og stjórnarandstaða eigi góða samvinnu á þessu þingi, svipur þingsins verði ákveðinn, traustur og frískur og okkur auðnist að bera bagga skoplítinn hvert að húsi heim.

Öll stefnum við að betra og fegurra mannlífi í þessu dýra landi. — Góðar stundir.

[22:44]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar hafa náð miklum árangri í efnahagsmálum á síðustu árum og skapað þannig nauðsynlegan stöðugleika fyrir atvinnulífið og heimilin í landinu. Þannig er nú útlit fyrir, í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins, að verðbólga verði undir 5% fimm ár í röð. Ríkisstjórnin hefur einsett sér að halda áfram á sömu braut og stefnir að hallalausum fjárlögum því reynslan hefur kennt okkur að halli á ríkisrekstri skerðir lífskjör.

Vissulega hefur fólk þurft að leggja á sig ýmsar byrðar til að ná þessum árangri en Íslendingar skilja mætavel þörf slíkra aðgerða. Þótt ágreiningur geti verið um forgangsröðun og ýmislegt megi betur fara í okkar þjóðfélagi hlýtur að vera ljóst að til aðgerða þarf að grípa til þess að við getum áfram búið við það velferðarþjóðfélag sem við öll viljum. Við verðum að hætta að eyða um efni fram.

Því kemur nokkuð á óvart að heyra stjórnarandstöðuna spyrja um góðærið alveg eins og það sé eitthvert fyrirbæri sem við setjumst bara niður og bíðum eftir – svona rétt eins og vori að liðnum vetri.

Nei, stjórnvöld þurfa að skapa aðstæður fyrir góðæri og líta til framtíðar. Það er líka spurt um lífsafkomu fjölskyldunnar. Það má spyrja á móti: Hvernig liti hún út ef ríkissjóður yrði laus við vaxtagreiðslur upp á 12–13 milljarða á ári? Þá yrði hægt að lækka tekjuskatt einstaklinga eða virðisaukaskatt um heil 7 prósentustig.

Nú þegar fer meira fé í vaxtagreiðslur en rekstur allra skóla á landinu. Tölurnar tala sínu máli og fram hjá þeim verður ekki litið. Rétt er að ítreka þessa staðreynd þegar litið er til málflutnings stjórnarandstöðunnar í kvöld.

Ríkisstjórnin vinnur nú að lækkun jaðarskatta en þeir hafa á þessu ári lækkað um 4% á fjögurra manna fjölskyldu. Þar er þó enn mikið verk fyrir höndum.

Nýlega var ákveðið að leyfa meiri veiði á þorski á nýbyrjuðu fiskveiðiári en áður var heimilað. Ugglaust má rekja það

til aðgerða á undangengnum árum en þau hafa fyrir vikið reynst mörgum erfið og hefur það reynt á þolrif þeirra sem atvinnu hafa af sjósókn og útgerð.

Nú berast þær fréttir að mörg útgerðarfyrirtæki séu rekin með hagnaði en verulegur taprekstur sé enn á landfrystingu og fylgja því óumflýjanlega erfiðleikar á atvinnumarkaði í landi. Þessar fréttir leiða hugann að því hve nauðsynlegt er að Íslendingar styrki grundvöll lífsviðurværis síns með fjölbreyttari atvinnutækifærum. Við verðum að hefja nýja sókn inn á svið nútímatækni og vísinda með nútímavinnubrögðum til að tryggja meiri fjölbreytni í atvinnumálum Íslands.

Íslenska menntakerfið hefur alið af sér fjölda vel menntaðra manna og kvenna, sem eru fyllilega í stakk búin til að takast á við mörg og flókin verkefni, sem geta skilað okkur fram á veg. Við eigum að vinna að því af alefli að hér fái þrifist ný atvinnutækifæri til hagsbóta fyrir fólkið í landinu. Við eigum að nýta óbeislaða orku til sóknar fyrir bættum þjóðarhag og til aukinnar velmegunar.

En við eigum einnig að líta yfir sviðið með víðsýnum augum. Þannig eigum við Íslendingar að líta á það sem okkar heimamarkað hvar sem okkur auðnast að afla okkur nýs markaðar á hvaða sviði sem er. Einu gildir hvort það er á sviði vísinda, tækni eða beinna viðskipta. Nú þegar höfum við nokkur slík dæmi sem vissulega lofa góðu.

Virðulegi forseti. Þó horfur í efnahagsmálum séu nú bjartari en oft áður er brýnt að sýna áfram fulla gát og fyrirhyggju. Hallalaus fjárlög eru nauðsyn þess að hægt sé að greiða niður skuldir þjóðarbúsins og jafnframt að treysta undirstöður þess velferðarkerfis sem við búum við. Að mörgu þarf að hyggja en í þessu sambandi vil ég minna á stöðu eldri borgara, fólksins sem hefur skapað grundvöll þess þjóðfélags sem við búum í. Á undanförnum árum hefur verið unnið markvisst að bættri réttarstöðu einstaklingsins samfara örum félagslegum breytingum. Engu að síður vekja tíð ofbeldisverk óhug almennings og það er alveg ljóst í mínum huga að á þeim málum þarf að taka. Vonir standa til að nýlegar lagabreytingar muni gera baráttuna gegn þessum afbrotum markvissari.

Enn fremur stefnir ríkisstjórnin að markvissu átaki í baráttu gegn ávana- og fíkniefnum og að því verki verður unnið á þessu þingi.

Það er því ljóst að verkefni eru mörg fram undan og ég er þess fullviss að ríkisstjórnin og Alþingi munu í sameiningu vinna áfram að því að skapa okkur Íslendingum betra þjóðfélag svo við getum litið bjartsýn til framtíðar. — Ég þakka áheyrnina.

[22:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Forsrh. hefur nú flutt stefnuræðu sína og eins og heyra mátti valdi hann sem þema í ræðu sinni árangur og góðæri. Það var ekki amaleg myndin sem hann dró upp af íslensku þjóðfélagi. Á löngum köflum í ræðu sinni hljómaði ráðherrann eins og sá frægi gumari Þórólfur smjör. En Þórólfur þessi lýsti kostum landsins þannig að hann kvað smjör drjúpa af hverju strái. Reyndist frásögnin ótrúverðug í meira lagi, gert var mun meira úr kostunum en efni stóðu til og þagað yfir ókostunum.

Í stefnuræðu ríkisstjórnarinnar var fáum orðum vikið að kjörum landsmanna, að skuldum heimilanna og misskiptingu teknanna. Þess var ekki getið að hvort tveggja hefur farið vaxandi í ráðherratíð forsrh.

Ekki var vikið að vaxandi fíkniefnaneyslu og ofbeldi í íslensku þjóðfélagi, einkum hér á höfuðborgarsvæðinu, sem ógnar öryggi borgaranna og vekur ugg foreldra um hag barna sinna. Ekki var minnst á ástandið í fiskvinnslunni, einni stærstu grein iðnaðar á Íslandi, þar sem þúsundir óttast um atvinnu sína og hundruð manna og kvenna hafa þegar fengið uppsagnarbréfið. Engu orði var vikið að stöðu landsbyggðarinnar sem stendur höllum fæti sem aldrei fyrr og þó sýnu verst á norðvesturhluta landsins. Ræða sem sniðgengur öll þessi mál sem ég hef nefnt getur ekki talist alvöru stefnuræða. Hún er í besta falli ræða í stíl Þórólfs smjörs. Satt best að segja var stefnuræðan óþægilega laus við að snerta veruleika hins íslenska launamanns.

Víkjum að byggðamálunum. Það er engum blöðum um það að fletta að undanfarinn áratug hefur mjög hallað undan fæti á landsbyggðinni. Öll fjölgun landsmanna frá 1985, alls 26.000 manns, hefur safnast á höfuðborgarsvæðið. Landsbyggðin hefur ekki náð að halda því sem nemur sínum hlut í fólksfjölguninni eða um 12.000 manns heldur hefur orðið bein fólksfækkun á þessu tímabili. Þessi þróun hefur ekki orðið af sjálfu sér og enn síður eru einhver náttúrulögmál að verki. Þróunin er niðurstaða af mannanna verkum. Svo er einnig nú í öllum meginatriðum að teknu tilliti til breytinga á atvinnuháttum og tækniframförum. Slíkar breytingar munu verða áfram og ekkert við þær að athuga. En síðasta áratug hefur annað gerst en ætla mátti að hefði orðið og annað en þurfti að verða. Nánast hvar sem er á landinu fækkar fólki og það flykkist til höfuðborgarsvæðisins. Engar almennar efnahagslegar forsendur eru fyrir því að allar leiðir liggi á sama svæðið. Þetta er þróun sem enginn hagnast á þegar upp er staðið.

Reisa þarf mannvirki á höfuðborgarsvæðinu fyrir milljarða kr., skóla, götur, lagnakerfi og íbúðarhúsnæði fyrir fólkið sem flytur frá landsbyggðinni en þar standa sams konar mannvirki tilbúin að þjóna þörfum sama fólks. Fullyrða má að undanfarinn áratug hefur verið varið tugum milljarða kr. í opinbera fjárfestingu umfram það sem hefði þurft ef jafnvægi hefði ríkt í byggðaþróun. Þessi kostnaður er tekinn út í lakari lífskjörum þjóðarinnar bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Eins og ég gat um áðan er byggðaþróunin ekkert náttúrulögmál og hún á sér ýmsar skýringar og margar þeirra eru vegna þess sem stjórnvöld ákveða. Stefna stjórnvalda leikur lykilhlutverkið í byggðaþróun hvort heldur er í atvinnumálum eða uppbyggingu opinberrar þjónustu. Það skiptir öllu hvernig fiskveiðum er stjórnað eða búið að fiskvinnslunni svo dæmi séu nefnd.

Til að skýra betur hversu afgerandi áhrif stjórnvöld hafa vil ég gera grein fyrir þróuninni á norðvesturhluta landsins en þar á ég við Vesturl., Vestf. og Norðurl. v. Og svo skulum við bera hana saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu. Á árunum 1990–1994 fækkaði ársverkum á Norðvesturlandi um 16% eða um 2.200 störf. Er opinber þjónusta ekki meðtalin í þessum tölum sem eru frá Byggðastofnun. Á sama tíma fækkaði ársverkum á höfuðborgarsvæðinu um 2.000 eða 4%. Samdrátturinn varð fjórum sinnum meiri en á höfuðborgarsvæðinu. Hvað skyldu stjórnvöld undir forustu byggðamálaráðherrans Davíðs Oddssonar hafa gert til að jafna áhrifin af samdrættinum milli landsvæða? Við skulum skoða hvernig þróunin varð í obinbera geiranum á sama tíma á sömu svæðum. Á Norðvesturlandi fjölgaði opinberum störfum um 200 á þessu árabili. Það hefur ekki mikið að segja

upp í samdrátt upp á 2.200 störf í öðrum atvinnugreinum. En á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði störfum í opinberri þjónustu um 2.350 á þessum fjórum árum sem er meira en nemur samdrættinum í öðrum atvinnugreinum. Niðurstaðan er sú að á norðvestursvæðinu fækkaði störfum um 10% á sama tíma og þeim fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu. Í kjölfarið gat ekki öðruvísi farið en að fólki fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu og fækkaði á Norðvesturlandi.

Miðað við tölur Hagstofu Íslands frá desember sl. hafði fækkað á Norðvesturlandi um 1.400 manns í stað þess að fjölgaði um 1.600 manns ef svæðið hefði haldið hlut sínum í íbúafjölda landsins. Á aðeins fimm árum tapaði Norðvesturlandið 3.000 manns. Það verður seint kallað góðæri.

Þessi niðurstaða er ekki tilviljun heldur afleiðing markvissrar stefnu, stefnu sem forsrh. vill ekki ræða og minntist ekki á í ræðu sinni. Það er krafa til stjórnvalda að þau hætti að beita ríkinu landsbyggðinni í óhag. Uppbygging opinberrar þjónustu og dreifing hennar á að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi um land allt. Það er líka krafa til stjórnvalda að þau láti til sín taka ástandið í atvinnumálum. Er það virkilega svo að Framsfl. hafi skrifað upp á að fiskvinnslan í landinu eigi að lognast út af? Er það virkilega svo að Framsfl. hafi skrifað upp á að bátaútgerð eigi að geispa golunni? Er það framtíðarsýn Framsfl. að fólkið í sjávarplássunum eigi að eigra um göturnar atvinnulaust og því bannað að sækja sjóinn af því að frystitogarinn er í Smugunni og kvótinn leigður burt? Eru þetta skilaboð Framsfl. til fólksins á Þingeyri og Sauðárkróki?

Herra forseti. Það er hverri þjóð nauðsynlegt að eiga myndarlega höfuðborg og það er hverri höfuðborg nauðsynlegt að eiga öflugar byggðir um land allt að bakhjarli. Jafnvægið þarna á milli hefur raskast og fólk streymir einvörðungu í aðra áttina. Afleiðingarnar geta orðið hörmulegar ef ekki verður brugðist við strax. Mannhafið eitt getur aldrei verið þjóð. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[22:59]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þingmenn hafa haft nokkrar áhyggjur af að þessar árvissu umræður um stefnuræðu forsrh. vektu takmarkaðan áhuga landsmanna. Þessar áhyggjur höfðu náð því marki að ætlunin var að breyta nokkuð til. Freista þess að létta umræðuna, gera hana áheyrilegri, jafnvel myndrænni. Samkomulag náðist hins vegar ekki um útfærsluna í þetta sinn svo nú er boðið upp á fasta liði eins og venjulega.

Ég hef satt að segja velt því fyrir mér hvort við höfum ekki verið á villigötum í þessu efni, þ.e. að telja það fyrst og fremst forminu að kenna að stefnuræðan og umræðan um hana virðast ekki vera í neinu dálæti hjá þjóðinni. Að minni hyggju er verið að skella skuldinni um of á umbúðirnar í stað þess að huga að innihaldinu sem ætti að skipta mestu.

Stefnuræða forsrh. er í rauninni fyrirsjáanleg hverju sinni og henni þarf að breyta ef hún á að vekja áhuga landsmanna. Það er mergurinn málsins. Þetta er einfaldlega 30 mínútna ræða um samtímaástand í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar með stöku innskotum af öðru tagi sem sjaldnast marka nein tímamót. Þannig hefur þessi ræða verið og þannig er hún núna. Sömu áherslurnar með ögn breytilegum formerkjum hvað varðar fjármál ríkisins, hagvöxt, verðbólgu, viðskiptajöfnuð, erlendar skuldir og ástand atvinnumála og svo að sjálfsögðu ómissandi viðvörun til almenns launafólks sem er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni. Ef útlitið er dökkt í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, þá er höfðað til ábyrgðar launafólks til að leggja sitt af mörkum til að bæta það. Og þegar batinn er fenginn, þá er skorað á það að stilla launakröfum í hóf svo að jafnvægið fari ekki úr skorðum. Það eru auðvitað skilaboðin nú. Launafólk á áfram að bera þyngstu byrðarnar. Þannig er allt á kunnuglegum nótum nú sem endranær og fyrirsjáanlegt nánast frá a til ö. En þessi uppskrift á stefnuræðu er ekki bundin í lög og margir mundu fagna því að fá meira krydd í hana, jafnvel alveg nýja uppskrift, fá stefnuræðu sem birtir landsmönnum einhverja framtíðarsýn eða gæfi a.m.k. betri hugmynd um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í nánustu framtíð.

Nú vitum við að af ýmsu er að taka í því efni. Það sjáum við m.a. af fylgiskjali með stefnuræðu forsrh. sem hins vegar áheyrendur okkar fá ekki að sjá eða heyra. Þar birtist listi yfir þau þingmál sem unnið er að í ráðuneytum og ráðherrar hyggjast flytja á þessu þingi. Þar er margra mála vant. En þar kennir líka ýmissa grasa sem fróðlegt verður að kynnast nánar. Efnahagsmál taka þar vissulega mikið rými en langt frá því allt sem betur fer.

Nú má alls ekki skilja orð mín svo að efnahagsmál eigi ekki að vera til umfjöllunar. Það er öðru nær. Ástand og þróun þeirra mála skiptir vitanlega miklu fyrir þjóðfélagið og velferð okkar allra. En þeim er gefið of mikið vægi. Það heyri ég hjá mörgum. Það er svo margt annað sem stendur hjarta fólksins nær og sem það vill heyra um, svo sem skipulag heilbrigðisþjónustu, aðbúnað barna, framboð menntunar, verndun náttúru landsins, mannréttindi í sem víðustum skilningi þess orðs, aðgerðir gegn ofbeldi og gegn vímuefnavandanum sem fer vaxandi og veldur ólýsanlegum þjáningum fjölda fólks. Um þetta m.a. vill fólk á að heyra. Hefur ríkisstjórnin einhverja stefnu í þessum málum? Hefur hún einhver úrræði? Þau er ekki að finna í stefnuræðunni.

Eitt atriði í málaskrá ríkisstjórnarinnar vakti reyndar sérstaka athygli mína og það er frv. til vopnalaga sem hæstv. dómsmrh. boðar. Ekki vil ég þó flokka það undir æskilegan þátt í þeirri framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar sem ég lýsti eftir áðan en forvitnilegan engu að síður. Það bíður síns tíma að heyra hvort hér er um að ræða framhald þeirrar hugmyndar sem menntmrh. hreyfði fyrir rúmu ári, að Íslendingar ættu að stofna 500–1.000 manna hersveit landinu til varnar.

Herra forseti. Í málaskránni er fleira forvitnilegt og öllu merkilegra að finna. T.d. er þar boðað frv. frá forsrn. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignalanda, afrétta og þjóðlendna sem fróðlegt hefði verið að heyra meira um. Hér er um að ræða mikilvægt mál sem margir bíða eftir og er nauðsynlegur liður í þeirri stefnumörkun sem óhjákvæmileg er í verndun og nýtingu lands okkar. Umræða um það mál er á fleygiferð í þjóðfélaginu, enda mikið hagsmunamál. Einn mikilvægasti þáttur þess er hvernig við ætlum að umgangast þá auðlind sem felst í ósnortnum víðernum landsins, en um það efni hefur Kvennalistinn flutt þingmál sem verður vonandi til umfjöllunar og vonandi samþykkt á þessu þingi. Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í einstæðri náttúru og því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn þá lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem flestar aðrar þjóðir hafa alls ekki og geta aldrei öðlast. Hér á landi er enn hægt að taka frá stórar víðáttur, náttúrulegar heildir og varðveita þær þannig að komandi kynslóðir geti leitað sér þangað lífsfyllingar og þekkingar. Hér er um mikla hagsmuni að tefla á sviði náttúrufarsrannsókna og á sviði

ferðaþjónustu og hér er um að ræða breytt verðmætamat frá fyrri tíð. Þessi viðhorf stangast auðvitað á við stórbrotnar hugmyndir um virkjanir vatnsafls sem hafa óhjákvæmilega í för með sér landfórnir undir vatnslón og línustæði, en það er ætlan sumra að vatnsafl þurfi fyrir alla muni að fjötra og virkja. Aðrir líta þessi verðmæti öðrum augum. Margir horfa með vaxandi áhyggjum á framgöngu iðnrh. sem sparar ekki sporin í ferðum og fundahöldum heima og heiman til að gylla aðstæður til stóriðju hér á landi. Mig undrar raunar að hann skyldi ekki eyða nema eins og einni setningu í þessi mál í ræðu sinni áðan. Það verður ekki annað séð en niðurstaðan kunni að verða heil þrjú álver á suðvesturhorninu, eins og það er nú skynsamlegt að safna öllum eggjunum saman í eina álkörfu.

Jafnframt virðist kominn aukinn skriður á umræður um útflutning raforku um sæstreng sem mundi hafa í för með sér gífurlegar virkjunarframkvæmdir og því næst flutning ónýttrar orku úr landi í stað þess að nýta hana við verðmætasköpun hér heima. Þetta eru háskalegar hugmyndir. Margir eru hreinlega farnir að hugsa í skelfingu: „Hæstv. iðnrh. Ekki meir, ekki meir!" Og það vekur athygli að sérfróðir Íslendingar búsettir erlendis hafa séð ástæðu til að vara við þessum stórtæku hugmyndum, enda komnir með nýja sýn á þessi mál vegna kynna sinna af aðstæðum bæði í Evrópu og Ameríku. Í stað þessara hugmynda eigum við að kanna möguleika á smærri virkjunum, m.a. til framleiðslu á vetni sem er að öllum líkindum eldsneyti framtíðarinnar. En með notkun vetnis væri hægt að draga verulega úr mengun í heiminum þar sem vetnið er nánast mengunarfrítt. Ef vetni væri t.d. notað í stað olíu til að knýja skipaflota okkar Íslendinga legðum við þar með umtalsvert af mörkum í því efni að draga úr mengun andrúmsloftsins og hættunni á gróðurhúsaáhrifum. Við höfum mikla möguleika á að taka frumkvæði í þessu máli og við eigum að gera það.

Margir hefðu kosið að heyra forsrh. lýsa viðhorfum og framtíðarsýn í þessum efnum í þeirri stefnuræðu sem hann flutti áðan þar sem það er tvímælalaust eitt af okkar mestu hagsmunamálum nú hvernig þessi mál öll skipast. Þeir eru líka margir sem hefðu viljað heyra það í stefnuræðu forsrh. að ríkisstjórnin hefði ákveðið að aðhafast eitthvað raunhæft í baráttunni gegn notkun vímuefna og öllum þeim stórfelldu vandamálum sem henni fylgja. Fjöldi fólks líður miklar þjáningar af þeim sökum, fjölskyldur sundrast, ungmenni láta lífið fyrir eigin hendi og gróft ofbeldi fer vaxandi. Forsætisráðherra Danmerkur sá ástæðu til að fjalla um þessi mál við setningu danska þingsins í gærdag og lýsa yfir stríði á hendur eiturlyfjasölum í landinu. Forsætisráðherra Íslands sér ekki ástæðu til þess og það var lítið að græða á orðum þingmanns Sjálfstfl., Sólveigar Pétursdóttur, um það efni hér áðan. Hversu lengi ætla íslensk stjórnvöld að bíða áður en gripið verður til markvissra aðgerða? Þingmenn hafa ítrekað rætt vandann, nefndir hafa skilað skýrslum og það er til mýgrútur af tillögum. Vafalaust er það kostnaðurinn sem þvælist fyrir framkvæmd þeirra. En hvernig væri að glugga í skúffur ráðherranna sem alltaf virðast luma á aurum ef leysa þarf einhvern furðulegan vanda sem jafnvel kemur ekki ríkisstjórninni hætishót við eins og samskiptavandamál í einni kirkjusókn. Það verður þjóðinni dýrt spaug þegar ríkisstjórnin uppgötvar að það er fjöldi Íslendinga prestslaus í Ástralíu.

Að lokum, herra forseti og áheyrendur góðir. Þingkonur Kvennalistans sem töluðu fyrr í umræðunni ræddu kvenfrelsis- og jafnréttismál sem eru eins og allir vita grunntónninn í stefnu Kvennalistans. Að slíkum málum vék forsrh. ekki í stefnuræðu sinni, ekki nú frekar en endranær. Málaskrá ríkisstjórnarinnar bendir heldur ekki til þess að nein hugarfarsbreyting hafi orðið í þeim efnum á stjórnarheimilinu. Hlutverk og vaktstaða Kvennalistans er jafnbrýn og mikilvæg sem fyrr.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[23:09]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Það er sagt að þeir eigi það eitt sameiginlegt, bjartsýnis- og svartsýnismaðurinn að báðir hafi æðioft rangt fyrir sér, spár þeirra og draumar rætist ekki. En á milli þeirra er himinn og haf og öll þekkjum við áhrif þessara tveggja manna á umhverfi sitt, það er ólíkt. Svart/hvít umræða og bölmóður hefur lamað ríki og álfur. Bölmóður sundrar fjölskyldum og skaðar heilu byggðarlögin sé horft til lengri tíma. Því hljóma orð skáldsins sterkt í hinni svart/hvítu umræðu:

Og því geng ég fár og fölur
með framandi jörð við il.
Það vex eitt blóm fyrir vestan
og veit ekki að ég er til.

Nú blasir það við á öðru ári í samstarfi núverandi stjórnarflokka að atvinnulífið er í sókn, umræðan er að snúast við. Kröflu og Blöndu þarf að stækka. Flugstöðin er of lítil. Loðdýrarækt in og fiskeldið sækja fram á ný. Allar hrakspárnar um offjárfestingu í ferðaþjónustu áttu ekki við rök að styðjast. Vandamál samtímans eru aðeins verkefni sem þarf að vinna, verkefni þar sem Alþingi og ríkisstjórn, aðilar vinnumarkaðarins og fólkið í landinu, hver og einn, verður að gera sitt besta.

Hér höfum við hlustað á merkilegar umræður í kvöld og tal stjórnarandstöðunnar. Ég tek eftir því að hv. þm. Ögmundur Jónasson vill í einu og öllu fara eftir hagsmunasamtökum hvað sum mál varðar. Hann ræddi ítarlega um fjármagnstekjuskattinn og gagnrýndi hann hart. En ég minnist þess að þegar hann var lögleiddur á síðasta vetri, þá var farið eftir tillögum verkalýðshreyfingarinnar í þeim efnum. (**ÖJ:** Þetta er rangt. Það er ósatt.) Í meginatriðum var það gert, hv. þm. (**ÖJ:** Það er ósatt.) þannig að það er nú svona að menn vilja ekki í einu og öllu þegar allt kemur til alls hlusta á heildarsamtökin.

Hver var boðskapur stjórnarandstöðunnar í kvöld? Mér er skapi næst eftir að hafa hlustað á stjórnarandstöðuna að auglýsa eftir henni. Hún fór úr þinginu í vor með mikið af tillögum en hún kemur dauð til umræðunnar í haust. Hún hefur svona sitthvað á hornum sér, að ræða forsrh. hafi verið slöpp, í hana vanti eitt og annað. En hvar eru tillögur stjórnarandstöðunnar? Hvað hafa þeir lagt til í kvöld til þess að leysa þau verkefni sem eru fram undan? Því miður er það nú svo, góðir Íslendingar, að það hefur einkennt A-flokkana og vinstri menn á Íslandi að vilja lifa á þeirri list að eyða krónunni sem náunginn er með í vasanum, rétta næsta manni hana í biðröðinni. Alþb. er krónískur stjórnarandstöðuflokkur sem fellir dóma og forðast andstöðu, forðast ríkisstjórnarsængina eins og piparmey karlmann. Og það er nú svo að þegar kosningar hafa farið fram, þá stöndum við frammi fyrir því að þeir eru á ný orðnir óháðir. Eru þetta ekki svik við kosningaloforð og þjóðina?

Um Alþfl. er fátt að segja. Hann vinnur það nú helst til afreka að sameina sjálfan sig. Þeir sem týndust eru komnir

heim. Jóhanna er komin heim með slitna skó af haglendum Íslands eftir mikla trúboðsferð. Nú verður gaman á þeim bæ þegar á ný verður tekist á um hægri og vinstri það verður tja tja, ja, ja og enginn veit hvert á að fara.

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að það ber að segja stríð á hendur fíkniefnasölum. Þeir eru ein versta vá sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir um þessar mundir. Um það verkefni verða Íslendingar að sameinast. Alþingi og ríkisstjórn, heimilin og allir viti bornir menn verða að taka á því stóra verkefni.

Hæstv. forseti. Ég dreg ekki úr því að fram undan eru mörg þung verkefni sem vandasamt er að leysa. Ég nefni kjarasamninga. Leiðarljósið þar er: Varðveitum stöðugleikann og í fyrsta áfanga eiga þeir sem verst eru settir að fá úrlausn. Formaður Framsfl., Halldór Ásgrímsson, hefur sett fram þá skoðun að finna þurfi siðferðilegan grunn sem kjarasamningar framtíðarinnar gætu byggt á og settar væru fram leikreglur sem tryggðu aukið réttlæti í launamálum. Hér reynir á ríkisstjórnina en jafnþunga ábyrgð bera aðilar vinnumarkaðarins. Verkföll og verðbólga væru slys sem bitnaði bæði á launþegum og atvinnulífi. Hvað yrði um skuldug fyrirtæki og heimili í slíkum hremmingum? Ég spyr. Hvað yrði um stöðugleikann? Hvað yrði um þau áform að minnka byrðar á komandi kynslóðum? Hvað yrði um mikilvægasta áformið, hallalaus fjárlög og lækkaða vexti í framtíðinni?

Að mörgu ber að hyggja um þessar mundir og eitt atriðið er eignaskiptingin í landinu. Við framsóknarmenn höfum mestar áhyggjur af skuldsetningu heimilanna og stöðu yngri kynslóðarinnar. Þar er nú unnið að margvíslegum lausnum á vegum hæstv. félmrh. Landvinnsla á fiski er rekin með halla og hér er mikið atvinnuspursmál á landsbyggðinni í uppnámi. Frystiskip og styrkir Evrópusambandsins banka fast á dyr. Gætum okkar. Verjum vinnuna heima.

Við verðum einnig að spyrna við fótum og koma í veg fyrir að eignir landsmanna og auðlindir til sjávar falli fáum í skaut. Alræði markaðarins og þeirra ríku má aldrei hirða afraksturinn úr höndum fjöldans, þá er friðurinn úti. Alþingi má t.d. aldrei fallast á að takmarkaður afnotaréttur á kvóta verði lögum samkvæmt veðsettur handhöfum afnotaréttarins. Óveidda fiska í sjónum má aldrei veðsetja samtímanum.

Mikil umræða fer fram um velferðarmál og skilgreina verður samhjálpina þannig að þeir sem þurfa aðstoð fái hana. Þetta er vandasamt verkefni. Þeir sem betur eru settir verða að missa, hinir að njóta. Hin aldraða kynslóð hefur borið íslenskt þjóðfélag fram til sigurs á þessari öld með vinnu og framsýni. Aldraðir eru misvel settir. Þar sem annars staðar er hlutverk ríkisins að aðstoða þá efnaminni.

Eftir að lífeyrissjóðirnir styrktu stöðu sína verða þeir að endurskoða hlutverk sitt og koma meira inn í greiðslur eftirlauna. Smánargreiðslurnar skera í augu, hjá sjóðakerfi sem í eignum á 300 milljarða. Greiðslur úr lífeyrissjóði á ekki að skatta í annað sinn.

Hæstv. forseti. Bændur og landbúnaðurinn í heild hefur gengið í gegnum sársaukafullan samdrátt og niðurskurð á síðustu árum. Nú ríkir nokkur friður um landbúnaðinn og segja má að meðal bænda sé vaxandi bjartsýni, að fram undan séu heldur bjartari tímar. Bændur eiga stóran þátt í því að verðbólgan náðist niður. Þeir hafa fórnað hluta af kaupi sínu til að lækka matarverð. Hagstofa Íslands upplýsir að á fimm ára tímabili hafa hækkanir á landbúnaðarvörum verið langt undir almennum verðhækkunum og í raun hafa landbúnaðarafurðir stórlega lækkað í verði sé miðað við vísitölu neysluverðs. Á sama tíma hafa opinber framlög til stuðnings landbúnaði lækkað um 40% og skiptir nú lækkunin milljörðum og er stærsti sparnaðurinn í fjárlögum. Nú ber nokkuð nýrra við þegar menn á borð við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Jónas Kristjánsson ritstjóra eru þagnaðir og virða þessar staðreyndir. Það er helst hagfræðingastóðið hjá ASÍ og VSÍ sem gerist óbilgjarnt. Krefjast þeir að íslenskir bændur verði sviptir hluta af GATT-vernd og sæti lakari aðlögun en keppinautar í nágrannalöndum. Hér ríður á að kjörnir forustumenn vinnandi fólks átti sig á staðreyndum og slái skjaldborg utan um landbúnaðinn og vinnuna sem hann gefur. Bændur hafa fórnað og eru að ganga í gegnum erfitt tímabil. Landbúnaðurinn er hluti af keðju eða heild í landinu. Bændur voru hagstjórnartæki í áratugi í kjaradeilum. Það má ekki gerast á nýjan leik.

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þrátt fyrir deilur og erfiðleika er lífið dásamleg guðs gjöf. Nú ríður á því að ábyrgir aðilar taki höndum saman um að leysa verkefni líðandi stundar í sátt við alla aðila. — Góða nótt.

[23:20]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hvers vegna lærum við ekki af reynslunni? Hvers vegna fjárfestum við ekki í framtíðinni? Ýmislegt af því sem framkvæmt hefur verið á undanförnum árum og nýjasta skýrsla Ríkisendurskoðunar um Byggðastofnun ber t.d. vitni um á lítið skylt við fjárfestingar í framtíðinni. Það er nefnilega beint samband á milli lífskjara og þess hvernig fjárfest er og þá ekki síður á milli lífskjara og þess hvernig þjóðir hlúa að menntun. Þeir peningar sem settir eru í menntun eru fjárfesting til framtíðar. Einkum er framhaldsskólastigið talið mikilvægt ef efla þarf atvinnulífið. Eigi að síður leitaði ríkisstjórnin logandi ljósi að möguleikum til niðurskurðar í menntamálum og virðist ætla að halda sig áfram við fortíðarbyggðastefnuna því að það á að spara alveg sérstaklega í framhaldsskólum, einkum hinna dreifðu byggða. Þær upphæðir sem þar geta skilið á milli feigs og ófeigs eru ámóta og sú sem nú hefur verið ákveðið að verja til hins nýja prestakalls í Lúxemborg og Belgíu, prestakalls sem enginn hefur óskað eftir. Ef það er stefna, herra forseti, er hún alveg ótrúlega taktlaus. Á sama tíma og við fáum upplýsingar um það hvernig gagnslitlum milljörðum hefur verið varið í hefðbundnar atvinnugreinar á að skera það sem sannarlega horfir til framtíðar. Það er hins vegar ekki á málaskrá ríkisstjórnarinnar að breyta lögum um Byggðastofnun.

Það er hik í útflutningi okkar á iðnaðarvörum öðrum en sjávarafurðum. Vöxturinn hefur því miður ekki haldið áfram og ýmsir telja að það sé beinlínis afleiðing þess að við höfum ekki gætt nægjanlega að menntunar- og rannsóknarþættinum, að skólakerfið sé ekki nógu gott, ekki síst framhaldsskólastigið. Ný framhaldsskólalög voru að vísu samþykkt á síðasta þingi, en það er afleit pólitík að hefja framkvæmdina með niðurskurði. Við verðum að horfa til framtíðar því að það er okkur keppikefli að blómlegur iðnaður og fjölbreytt atvinnulíf fái að þróast. Annars mun Ísland ekki halda sínu í samkeppninni um unga fólkið. Það er nefnilega rétt sem forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, hefur bent á að kynslóðin sem nú er að vaxa úr grasi á Íslandi, sú kynslóð sem er úthýst af menntmrh. og mun halda sitt menntaþing í tjaldi, mun líta á allan heiminn sem sitt atvinnusvæði. Þess vegna verðum við að taka á menntamálunum með öðrum

hætti. Niðurskurður þar er ekki bara að skjóta sig í aðra löppina heldur báðar og hver er þá framtíðarsýnin?

Ef dregið verður úr úthafsveiðum sem hafa verið undirstaða hagvaxtar undanfarinna ára, eins og stjórnvöld áforma og ef við náum ekki lengra í bili með annan iðnað til að auka hér fjölbreytni atvinnulífsins og bæta lífskjörin, hvernig sjá menn þá næstu framtíð fyrir sér? Við þekkjum stóriðjuhugmyndirnar. En erum við ekki að færast á byrjunarreit ef það er framtíðarsýnin að sjávarafurðir og stóriðja verði nánast okkar eini útflutningur áfram?

Forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir 1.500 kr. hækkun lægstu launa. Það er líka hluti af framtíðarsýninni. Og ef framtíðarsýnin er svona þegar gyllingin er þurrkuð af, hvað á þá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar við þegar sett eru fram áform um að efla samkeppni? Á það við um landbúnaðinn? Nú eru bændur sjálfir að reyna að brjótast undan stirðnuðu kerfi og það væri verðugt verkefni að fylgja því eftir. Ekki er það á dagskrá. Það þyrftu líka að vera fleiri viðskiptaliðamót í sjávarútveginum því að eins og staðan er nú er það nánast afráðið þegar fiskveiðiheimildum er úthlutað, hverjir á endanum selja afurðirnar og hvert. Það er lítill hvati, hvað þá samkeppni í slíku kerfi. Á samkeppnin þá að nást með ríkari rétti neytenda, með virkara aðhaldi samkeppnislaga gagnvart fákeppni og einokun? Um það eru heldur engin merki í stefnuræðu eða málaskrá ríkisstjórnarinnar.

Er það ekki líka öfugþróun hvernig ríkisstjórnin, nú í líki samgrh., beitir Pósti og síma inn á þjónustumarkað Internetsins þar sem risinn er líklegur til að mylja undir sig fyrirtækin sem hafa á undanförnum árum þróað þar neytendamarkaðinn? Fyrirtæki sem sérhæfa sig í upplýsingatækni og hugbúnaði þurfa svo sannarlega að vera hluti af okkar framtíð og fá að þróast við eðlilegar markaðsaðstæður. Þó að Póstur og sími eigi boðleiðina er ekki þar með sagt að hann þurfi að eiga fyrirtækin sem nýta hana. Það dettur vonandi engum í hug að það sé nauðsynlegt fyrir Vegagerð ríkisins að eiga sérleyfin á vegum landsins þó að vegirnir séu í hennar umsjá? Nei, herra forseti. Þess sjást því miður fá merki að ríkisstjórnin styðji samkeppni þar sem hún á við eða hrófli við sérhagsmunum hinna fáu. Þar eru framsóknarmennirnir komnir heim engu síður en sjálfstæðismennirnir. Þvert á móti er full ástæða til að óttast að fyrst og fremst eigi að innleiða samkeppni í skólastofunum og í sjúkrastofunum þar sem lögmál eins og umhyggja foreldra fyrir börnum sínum eða umhyggja aðstandenda fyrir sjúkum ráða ákvörðunum og eitthvað sem kallast markaðslögmál er út í hött. Slík öfugþróun má aldrei verða. Við þurfum annað gildismat, aðra lífssýn þar sem almannahagur er settur í öndvegi og fjölbreytt menntun skapar okkur betri lífskjör.

Herra forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna mun tefla hugmyndum jafnaðarstefnunnar fram gegn gagnslitlum úrræðum ríkisstjórnarinnar og veita henni þannig verðugt aðhald.

Góðir áheyrendur. Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

[23:27]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 29. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 29.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 28. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 28.

Helgidagafriður, 31. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 31.

Innheimta vanskilaskulda, 8. mál, beiðni SJóh o.fl. um skýrslu, þskj. 8.

Jarðhitaréttindi, 14. mál, frv. HG o.fl., þskj. 14.

Lánsfjárlög 1997, 24. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 24.

Málefni Neyðarlínunnar hf., 23. mál, beiðni LB o.fl. um skýrslu, þskj. 23.

Meðferð opinberra mála, 30. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 30.

Orka fallvatna, 15. mál, frv. HG o.fl., þskj. 15.

Samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku, 22. mál, beiðni RG o.fl. um skýrslu, þskj. 22.

Staða og þróun bolfiskfrystingar í landi, 13. mál, beiðni HG o.fl. um skýrslu, þskj. 13.

Tekjuskattur og eignarskattur, 11. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 11.

Þingsköp Alþingis, 21. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 21.

Fundi slitið kl. 23:29.

---

3. FUNDUR

mánudaginn 7. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Afleiðingar langs vinnutíma hér á landi, beiðni um skýrslu, 5. mál, þskj. 5. *Hvort leyfð skuli.*
3. Innheimta vanskilaskulda, beiðni um skýrslu, 8. mál, þskj. 8. *Hvort leyfð skuli.*
4. Staða og þróun bolfiskfrystingar í landi, beiðni um skýrslu, 13. mál, þskj. 13. *Hvort leyfð skuli.*
5. Þróun launa og lífskjara, beiðni um skýrslu, 20. mál, þskj. 20. *Hvort leyfð skuli.*
6. Samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku, beiðni um skýrslu, 22. mál, þskj. 22. *Hvort leyfð skuli.*
7. Málefni Neyðarlínunnar hf., beiðni um skýrslu, 23. mál, þskj. 23. *Hvort leyfð skuli.*

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Austurl., Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.“

Þuríður Backman hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Á fundi efh.- og viðskn. í dag var Vilhjálmur Egilsson kjörinn formaður nefndarinnar og Ágúst Einarsson varaformaður.

Á fundi iðnn. í dag var Stefán Guðmundsson kjörinn formaður nefndarinnar og Guðjón Guðmundsson varaformaður.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, 40. mál, þáltill. GGuðbj o.fl., þskj. 40.

Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, 33. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 33.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, 32. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 32.

Forvarnasjóður, 36. mál, fsp. MF, þskj. 36.

Fræðsla fyrir dómara á sviði jafnréttismála og mannréttinda, 37. mál, fsp. BH, þskj. 37.

Mat á umhverfisáhrifum, 25. mál, frv. TIO, þskj. 25.

Orkukostnaður, 39. mál, fsp. EKG, þskj. 39.

Skerðing bóta almannatrygginga, 38. mál, fsp. SvG, þskj. 38.

Sveitarstjórnarlög, 34. mál, frv. HG, þskj. 34.

Tekjuskattur og eignarskattur, 26. mál, frv. TIO og StB, þskj. 26.

Varðveisla ósnortinna víðerna, 27. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 27.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, 6. mál, frv. ÖJ o.fl., þskj. 6.

Tilkynning um dagskrá.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Utandagskrárumræða fer fram í dag að loknum fyrirspurnum til ráðherra og atkvæðagreiðslum um skýrslur. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir. Efni umræðunnar er lífskjörin og undirbúningur kjarasamninga. Forsrh. Davíð Oddsson verður til andsvara.

Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa. Það hefur orðið samkomulag við þingflokksformenn um tilhögun umræðunnar. Gert er ráð fyrir að henni ljúki um kl. sex. Málshefjandi og ráðherra hafa allt að tólf mínútur í fyrra sinn en fimm mínútur við lok umræðunnar. Fyrstu ræðumenn annarra flokka hafa allt að átta mínútur en aðrir þingmenn og ráðherrar allt að fimm mínútur.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

[15:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill minna á reglur um ræðutíma. Fyrirspyrjandi og ráðherra hafa tvær mínútur í fyrsta sinn og eina mínútu í annað og þriðja sinn.

Forseta hafa þegar borist mun fleiri fyrirspurnir en tíminn leyfir að svarað verði. Mat forseta verður að ráða hverjar verða teknar fyrir. Ef hv. þm. og ráðherrar nota sér ræðutímann að fullu verða vart teknar fyrir fleiri en fimm eða í hæsta lagi sex fyrirspurnir. Ef menn tala ekki þrisvar er kannski hægt að komast aðeins lengra.

Byggðastofnun.

[15:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Fyrir nokkru kom út skýrsla Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun. Þar kom fram hörð gagnrýni á ýmsa þætti starfseminnar en ekki er hægt að ræða almennt um efni skýrslunnar undir þessum dagskrárlið. Það bíður betri tíma. Í skýrslunni er hins vegar vikið að stjórnskipulagi stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun telur að forsrh. eigi að fara með yfirstjórn og að stofnunin og stjórn hennar beri ábyrgð gagnvart honum. Þetta getur kallað á breytingar á skipunarhætti stjórnar sem er kosin af Alþingi.

Í fjölmiðlum hefur hæstv. forsrh. tekið undir þessi sjónarmið og m.a. bent á að hann flytji Alþingi skýrslu um byggðamál en í salnum sitji stjórnarmenn sem hafi öllu ráðið.

Ég spyr hæstv. forsrh.: Mun hann leggja fram frv. á þessu þingi um breytingar á skipunarhætti stjórnar Byggðastofnunar, t.d. að hún sé ekki kosin af Alþingi eða aðrar breytingar á stjórnskipulagi stofnunarinnar í ljósi skýrslu Ríkisendurskoðunar og ummæla hans í fjölmiðlum?

[15:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér þótti skýrsla Ríkisendurskoðunar um margt góð. Segja má að sumt hafi verið nokkuð ákveðnar aðfinnslur. Það sem ég gæti fundið að á móti væri helst að ekki hefðu verið gerð nægilega glögg skil milli þess sem tíðkast hefði og þess sem tíðkast nú. En ég tel eins og hv. þm. að skýrslan geti verið góður grundvöllur til að ræða mál þessarar stofnunar.

Það er rétt að Ríkisendurskoðun bendir á að skynsamlegt geti verið að breyta um forræði gagnvart þessari stofnun og skilja meira á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvaldsins og auka þannig eftirlitshlutverk löggjafarvaldsins gagnvart þætti framkvæmdarvaldsins. Ég hef sagt fyrir mitt leyti að ég taki undir þessi sjónarmið. En ég get ekki lýst því yfir hér og nú að tillaga um breytingar á slíku í þá átt verði flutt á þessu þingi. Til þess yrði að vera þokkaleg samstaða milli manna um það. Ég tel eðlilegt að menn ræði þessar hugmyndir, ræði skýrsluna og í framhaldi af slíkum umræðum verði tekin ákvörðun um hvort lagabreyting yrði gerð. Ég hef hvorki náð að tala um þau mál við núverandi stjórnarmenn í stjórn Byggðastofnunar né heldur ráðherra í ríkisstjórn eða forustumenn þingflokka. Það væri því ekki tímabær yfirlýsing af

minni hálfu að lýsa því yfir að slíkt frv. yrði flutt.

[15:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Ég skil svar hans þannig að hann kjósi að ræða málin í víðara samhengi þó síðar verði á þinginu sem var einmitt það sem ég talaði um.

Mér finnst hins vegar miður að hann skuli ekki geta fylgt eftir þeim ummælum sínum í fjölmiðlum þar sem hann tók mjög skýrt undir álit Ríkisendurskoðunar að breyta þyrfti stjórnskipulagi stofnunarinnar — að hann mundi þá fylgja því eftir með frv. sem menn gætu rætt um. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að málið getur verið viðkvæmt innan stjórnarliðsins.

Með fyrirspurn minni er ég ekki að lýsa áliti mínu á þeirri endurskoðun sem hugsanlega þarf að fara fram á stjórnskipulagi Byggðastofnunar. En ég vek athygli á þeirri afdráttarlausu yfirlýsingu Ríkisendurskoðunar og undirtektum forsrh. um þetta efni. Að því leyti er svar forsrh. mér nokkur vonbrigði. Hann var ekki reiðubúinn til að kveða þannig að orði að við mundum sjá frv. í vetur sem tæki á þessum þáttum. Við því er ekkert að gera. Alla vega er yfirlýsing ráðherra markverð að málin í heild verði rædd þó síðar verði.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til Helms-Burton laga.

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Ég vil spyrja um afstöðu íslenskra stjórnvalda til svonefndra Helms-Burton laga sem sett voru á Bandaríkjaþingi sl. vetur og um ákvarðanir Clintons Bandaríkjaforseta um beitingu þeirra lagaákvæða.

Lögin eru eins og kunnugt er um margs konar hertar viðskiptaþvinganir gegn Kúbu. Í þessum dæmalausu lögum er m.a. mælt fyrir um þá stefnu bandarískra stjórnvalda að halda beri Kúbu utan samtaka Ameríkuríkja, að halda beri Kúbu utan alþjóðlegra fjármálastofnana og síðast en ekki síst er þar heimilað að lögsækja aðila fyrir bandarískum dómstólum vegna viðskipta við Kúbu þó frá öðrum löndum séu en Bandaríkjunum.

Í júlí sl., nánar tiltekið 16. júlí, ákvað Clinton Bandaríkjaforseti að opna fyrir slíka lögsókn á hendur fyrirtækjum sem eiga viðskipti við Kúbu sem teljast utan ramma þess sem bandarísk stjórnarstefna mælir fyrir um. Þessi dæmalausa lagasetning mælist af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum illa fyrir og bæði nágrannaríki Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada sem og flest Evrópuríki tóku þessu að sjálfsögðu illa. Lítið hefur heyrst um afstöðu íslenskra stjórnvalda og ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. hver hún sé. Hafa íslensk stjórnvöld mótmælt þessari lagasetningu? Hafa þau beitt sér á alþjóðavettvangi gegn henni? Hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í málinu almennt?

[15:16]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Á síðasta allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna greiddi Ísland atkvæði með þeim ríkjum sem vildu afnema viðskiptabann á Kúbu. Áður hafði Ísland venjulega setið hjá við þessa atkvæðagreiðslu og við höfum því ekki stutt sjónarmið Bandaríkjamanna í þessu sambandi. Við höfum haft miklar efasemdir um stefnu Bandaríkjanna í sambandi við málefni Kúbu en það má hins vegar segja að þessi lög hafi ekki beinlínis snert samskipti okkar við Kúbu vegna þess að þau eru afar lítil. Þetta mál hefur því ekki komið upp eins og það hefur gert gagnvart öðrum ríkjum. En almennt get ég sagt að ég tel þessa afstöðu Bandaríkjamanna óskynsamlega. Það er nauðsynlegt að breyta um stefnu gagnvart Kúbu jafnframt því sem það verður að hjálpa lýðræðisþróuninni þar á sama hátt og þarf að gera í Austur-Evrópu. Ég er þeirrar skoðunar að viðskiptabann gagnvart Kúbu muni ekki leysa þau samskiptamál og sé í þessu tilviki orðið úrelt baráttutæki.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör og ágæt orð og fagna því að hann er Bandaríkjamönnum ekki jafnfylgispakur í þessu máli og í sumum öðrum tilvikum. Ég held að ástæða sé til að undirstrika það að hér er grundvallarmál á ferð og það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvort að einstök íslensk fyrirtæki hafa beinlínis orðið fyrir barðinu á þessari stefnu bandarískra stjórnvalda eða ekki. Málið snýr líka að Íslandi sem sjálfstæðu ríki því að í nefndum lögum eru m.a. ákvæði sem heimila refsiaðgerðir gegn ríkjum, ekki aðeins fyrirtækjum eða einstaklingum, heldur einnig gegn ríkjum sem til að mynda aðstoða Kúbumenn á viðskiptasviðinu o.s.frv. Þessi lagasetning sem og stefna bandarískra stjórnvalda er hvernig sem á það er litið dæmalaus og í raun og veru fáheyrð í samskiptum ríkja, slíkur hroki og yfirgangur kemur fram í þessu tilviki. Ég hvet því hæstv. utanrrh. til þess að vera ákveðið í hópi þeirra manna sem mótmæla lagasetningunni kröftuglega og vinna að því að hún verði felld úr gildi.

Ársskýrslur LÍN.

[15:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Það kom fram á menntaþingi eða tjaldþingi námsmanna á laugardaginn að Lánasjóður íslenskra námsmanna hafi ekki gefið út ársskýrslu síðan núverandi framkvæmdastjóri tók við störfum. Um er að ræða opinberan sjóð sem veltir miklu fjármagni, sjóð sem stöðugar pólitískar deilur standa um. Því spyr ég hæstv. menntmrh. hvort honum finnist eðlilegt í upplýsingaþjóðfélagi nútímans að slíkur sjóður gefi ekki út ársskýrslu og hvort hann hyggist beita sér fyrir því að upplýsingar um starfsemi lánasjóðsins í tíð þessa framkvæmdastjóra liggi fyrir í formi ársskýrslu eða á annan aðgengilegan hátt.

[15:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að skýrslur um Lánasjóð íslenskra námsmanna séu gefnar út, að ársskýrslur og reikningar hans liggi ljósir fyrir og mun kanna hvað veldur því að slíkar skýrslur hafa ekki verið gefnar út.

[15:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið. Ég vil í þessu sambandi minna á að nú standa til breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna og það hlýtur að vera grundvallaratriði bæði fyrir stjórnarandstöðuþingmenn og aðra að upplýsingar um fjárhagsstöðu og þær breytingar sem átt hafa sér stað hjá sjóðnum liggi skýrt fyrir. Á þessu hefur verið misbrestur.

Ég vona svo sannarlega að þessi gögn verði tiltæk sem allra fyrst hvort sem er fyrir námsmenn, þingmenn eða almenning í landinu.

Vaktþjónusta lækna og sjúkraflutningar í Hafnarfirði og nágrenni.

[15:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja máls á tveimur atriðum er lúta að heilbrigðisþjónustu fyrir Hafnarfjörð og nágrenni, þ.e. Bessastaðahrepp og Garðabæ. Nú eru sakir þær, virðulegi forseti, að ekki er um það að ræða lengur að neinn læknir sinni næturvakt, þ.e. frá 12 á miðnætti til 8 að morgni dags í Hafnarfirði fyrir þetta upptökusvæði sem ég nefndi áðan. Ástæðum kann ég ekki gjörla að skýra frá og spyr um, en það er vitaskuld algerlega óviðunandi með öllu að 25 þúsund manna byggðarlag eigi ekki aðgang að lækni að næturþeli því ekki sækir þetta fólk þjónustuna til næturvaktarinnar í Reykjavík. Hún sinnir því ekki. Þarna þarf að gera bragarbót á. Ég óska eftir skýrum svörum ráðherra fyrir ástæðum þessa og til hvaða ráða hann ætlar að grípa til þess að bregðast við þessu ástandi.

Í annan stað vil ég spyrja hæstv. ráðherra um ástæður þess að ráðuneytið hefur sagt upp samningi við Hafnarfjarðarbæ um þjónustu sjúkraflutninga sem hafa verið í prýðilegu lagi og til hagsbóta að ég hygg bæði fyrir ríkissjóð annars vegar og bæjarfélagið hins vegar. Nú hefur þessum samningi verið sagt upp með þeim skýringum að áform séu uppi um að bjóða út sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu öllu. Ég spyr um hugmyndir þar að lútandi, með öðrum orðum: Hverjir eiga að fá að bjóða í þessa þjónustu? Eru það allir? Hvað á upptökusvæðið að vera stórt? Hver eru meginmarkmiðin og hvernig á að tryggja að þessi þjónusta verði eigi lakari en verið hefur til þessa?

[15:23]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þingmanns Guðmundar Árna Stefánssonar er því til að svara að verið er að endurskoða allt vaktsvæðið á Reykjavíkursvæðinu með tilliti til bæði sjúkraflutninga og læknavakta. Það eru læknavaktir í Hafnarfirði, t.d á St. Jósefsspítala og við höfum sérstaklega samið við St. Jósefsspítala um vaktir í bænum. Það er líka vakt á Sólvangi en neyðarbíllinn hjá Slökkviliði Reykjavíkur hefur þjónað Hafnfirðingum núna undanfarna mánuði.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér var nú ekki svarað nema að hluta og að litlu leyti. Í fyrsta lagi er ég ekki að spyrja um neyðarþjónustu. Mér er kunnugt um fyrirkomulag hennar. Ég er að tala um almenna næturþjónustu fyrir sjúka í Hafnarfirði. Hvert eiga þeir að snúa sér? Það liggur ekki ljóst fyrir. Mér er vitaskuld kunnugt um að læknar eru að störfum á St. Jósefsspítala og Sólvangi en þeir sinna ekki óskum sjúklinga um almenn viðvik að næturþeli. Það er misskilningur hæstv. ráðherra.

Í annan stað fékk ég engin svör, því er verr og miður, um framtíðarsýn og fyrirkomulag hæstv. ráðherra á sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu öllu og þar með því svæði sem nefndi sérstaklega áðan og þá einkanlega markmiðssetninguna með því. Er verið að spara peninga, er verið að bæta þjónustu eða hvað er hér á ferð yfirleitt? Meginatriðið er að á meðan endurskoðun á sér stað er auðvitað algerlega óviðunandi að óvissa ríki um það hver eigi að sinna þjónustu við sjúka á þessu svæði og ég vænti þess að ráðherra taki málið föstum tökum og geri þá bragarbót sem nauðsynleg er nú þegar.

Arnarholt.

[15:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. varðandi lokun á vistunarrými fyrir geðsjúka í Arnarholti sem greint hefur verið frá í fjölmiðlum. Á undanförnum árum hafa mörg samtök í þjóðfélaginu þar á meðal Geðhjálp, samtök launafólks og stjórnmálamenn á Alþingi mótmælt niðurskurði í heilbrigðisþjónustunni sem bitnað hefur illa á geðsjúkum. Í því sambandi hefur verið vakin athygli á tvennu: Í fyrsta lagi hefur því verið mótmælt þegar geðsjúkum hefur verið úthýst af sjúkrastofnunum vegna tímabundinna samdráttaraðgerða og sumarlokana. Og í öðru lagi hefur verið bent á hve alvarlegt það er að skapa fólki óöryggi með því stöðugt að vera að hringla með opnun og þó einkum lokun á sjúkradeildum. Í þessu tilviki er verið að tala um heimili fólks og allir sem að þessum málum koma hafa sérstaklega bent á hve viðkvæmt það fólk sem á við geðræn vandamál að stríða er fyrir öllu raski, en það á einmitt við um þá sem dvelja í Arnarholti. Ég tel nauðsynlegt að ráðherrann skýri hvað framtíðin ber í skauti sér fyrir íbúa í Arnarholti. Í umræðunni um fjárlögin verður að sjálfsögðu farið nánar út í að spyrja ráðherrann um framtíð þessa málaflokks almennt. Ég tel nauðsynlegt að ráðherrann skýri hver afstaða ríkisstjórnarinnar er gagnvart vistmönnum. Það er nauðsynlegt einnig gagnvart starfsfólki og þjóðfélaginu öllu. Það á heimtingu á svörum.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sjúkrahús Reykjavíkur rekur Arnarholt. Með samkomulagi sem gert var og borgarstjóri, fjmrh. og heilbrrh. skrifuðu undir 28. ágúst, fékk Sjúkrahús Reykjavíkur 230 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að reksturinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur yrði óbreyttur þetta ár. Nú kemur það hins vegar fram í fréttum í gær að verið er að boða lokun deilda og þar á meðal einnar deildar í Arnarholti. Ég bað hjúkrunarforstjórann að senda mér minnispunkta um þetta ákveðna málefni. Í þeim kemur fram að um 12 rúma deild er að ræða og að þessi deild sé í mjög lélegu húsnæði og að það sé ákveðið að flytja þá sjúklinga sem þar eru á aðrar deildir á Arnarholti og inn í Fossvog því þar séu laus pláss. Þetta á að gerast á nokkuð löngum tíma, ekki nokkrum dögum heldur á nokkuð löngum tíma og það á að undirbúa sjúklingana vel undir flutninginn.

Svo ég víki aftur að því samkomulagi sem ég ræddi um í upphafi um aukafjárveitingu sem Sjúkrahús Reykjvíkur fékk þá er alveg greinilegt að við höfum ekki verið að vinna með réttar tölur. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur ekki lagt fram réttar reiknitölur þegar við unnum þetta samkomulag sem skrifað var undir og ég mun innan tíðar kalla á minn fund fulltrúa borgarinnar í þessum samningaviðræðum.

[15:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæst. forseti. Þetta er dæmigert fyrir umræðu um þennan málaflokk núna um alllangt skeið. „Við höfum ekki verið að vinna með réttar tölur" og þess vegna er því lýst yfir í fjölmiðlum og lýst yfir þjóðfélagið allt að það eigi að loka geðdeild fram til áramóta, að það eigi að svipta fólkið sem þar býr heimili sínu vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki verið að vinna með réttar tölur. Ég vil vekja athygli hæstv. heilbrrh. á því að þótt það kunni að vera rétt að Sjúkrahús Reykjavíkur sé ábyrgt fyrir rekstrinum í Arnarholti þá er ríkisstjórn Íslands ábyrg fjárhagslega gagnvart Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Og ég vil að lokum ítreka mikilvægi þess að hlúð sé að þessum málaflokki, hann sé efldur. Ég ítreka enn fremur að í Arnarholti dveljast alvarlega sjúkir einstaklingar sem öðrum fremur þurfa á öryggi að halda. Það er ríkisstjórnarinnar og heilbrigðisyfirvalda að sjá þeim fyrir því öryggi.

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ítreka að þegar samkomulagið var gert milli heilbrrn., fjmrn. og borgarinnar var það um óbreyttan rekstur á þessu ári og sérstaklega skyldi hlíft geðsjúkum, endurhæfingarsjúklingum og öldruðum. Aftur á móti hafa nú verið gerðar tillögur um að loka einni deild og ég endurtek að samkvæmt upplýsingum er þetta mjög illa farin deild og þess vegna þurfi að losa hana. Það er ekki verið að útskrifa neina sjúklinga heldur flytja þá í annað öryggi.

Hvalveiðar.

[15:31]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Á skrá um þingmál ríkisstjórnarinnar kemur fram að fyrirhugað er að leggja fram þáltill. um hvalveiðar. Af því tilefni spyr ég hæstv. sjútvrh. hvort aðild eða öllu heldur aðildarleysi Íslands að Alþjóðahvalveiðiráðinu hafi verið endurskoðað við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja aftur hvalveiðar og þá jafnframt hvort menn hafi farið yfir stöðu NAMMCO nú þegar ljóst virðist að Norðmenn muni fylgja málum sínum eftir innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Norðmenn virðast telja að staða þeirra eftir að þeir hófu hrefnuveiðar væri mun verri ef þeir væru ekki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og hafa m.a. bent á það sem merki um breytingar á afstöðu þar að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju verandi innan samtakanna.

Mér er sagt, herra forseti, að frá áttunda áratugnum liggi fyrir samþykkt um að löndin innan Alþjóðahvalveiðiráðsins megi ekki kaupa hvalkjöt af löndum utan ráðsins þannig að Japan mætti ekki af þeim ástæðum einum kaupa af okkur hvalafurðir þó svo við hæfum hvalveiðar. Þeir kaupa reyndar ekki af Norðmönnum heldur af ótta við Bandaríkjamenn að því er virðist.

Í máli formanns utanrmn. Alþingis kom fram við utandagskrárumræðu, sem efnt var til í vor um hvalveiðar, að við ættum eftir að greiða úr stöðu okkar gagnvart Alþjóðahvalveiðiráðinu og væri ekki víst að ákvörðun um að ganga úr því hafi verið okkur til framdráttar. Þessi staða hlýtur að hafa verið skoðuð í tengslum við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að hefja hvalveiðar að nýju og því spyr ég: Hafa verið skoðaðir möguleikar á því að við gengjum inn aftur nú þegar við höfum nokkra reynslu af því að vera fyrir utan og lítum til reynslu Norðmanna?

[15:33]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst er þess að geta að ákvörðun um að hefja hvalveiðar hefur ekki verið tekin. Hins vegar hefur verið sett á fót nefnd sem vinnur nú að því að undirbúa þáltill. sem kemur væntanlega til umfjöllunar í þinginu í vetur og í framhaldi af því verður trúlega unnt að taka ákvarðanir í þessu efni.

Varðandi afstöðuna til Alþjóðahvalveiðiráðsins þá er staða okkar talsvert önnur en Norðmanna. Eins og kunnugt er ákvað Alþingi Íslendinga að mótmæla ekki ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um núllkvóta á sínum tíma. Hins vegar tóku Norðmenn þá ákvörðun að mótmæla þeirri samþykkt og eru þess vegna óbundnir af henni. Þetta var ein af ástæðunum fyrir því að við töldum nauðsynlegt að losa okkur undan þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem við komum okkur sjálfir í með þeirri afstöðu sem Alþingi tók á sínum tíma. Hitt er svo alltaf sjálfstætt athugunarefni þegar kemur að ákvörðunum í þessu hvort við styrkjum betur stöðu okkar með því að ganga í hvalveiðiráðið að nýju með mótmælum gagnvart samþykktinni frá sínum tíma. Það er sjálfstætt athugunarefni sem kemur eðlilega til skoðunar í þeirri vinnu sem fer nú fram.

[15:35]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég heyri að ég hef ályktað um of af málaskrá ríkisstjórnarinnar þegar ég taldi að lagt yrði til að hvalveiðar yrðu hafnar vegna þess tilöguflutnings sem þar er boðaður því að í máli ráðherrans kemur fram að einungis hefur verið tekin ákvörðun um að skipa nefnd til undirbúnings. En eigi að síður ítreka ég það sem kom fram í máli mínu að það verði eitt af því sem nefndin skoðar hvort málum okkar væri e.t.v. betur komið innan Alþjóðahvalveiðiráðsins ef við komumst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að hefja hvalveiðar að nýju *lítandi til reynslu Norðmanna og í leiðinni reyndum* við að skoða hvernig við getum hagað þeirri aðild okkar eða gengið inn í Alþjóðahvalveiðiráðið með einhverjum fyrirvörum vegna þess hvernig við stóðum að málum á sínum tíma, þ.e. mótmælum ekki banninu.

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Rétt er að ítreka það að Alþingi tók þá ákvörðun á sínum tíma að mótmæla ekki núllkvóta Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þess vegna er eðlilegt að Alþingi sjálft taki ákvörðun um að breyta þeirri stefnu. Við höfum litið svo á að ríkisstjórnin ætti ekki að taka ákvörðun á grundvelli gildandi laga um hvalveiðar fyrr en Alþingi hefði sjálft tekið ákvörðun um breytta afstöðu í þessu efni. Það er einmitt verkefni þeirrar nefndar sem ég gat um að undirbúa það mál fyrir þingið. Þannig getur ríkisstjórnin ekki tekið ákvörðun fyrr en Alþingi hefur sjálft breytt stefnunni í þessum málum.

Stefnumörkun í ferðaþjónustu.

[15:37]

Unnur Stefánsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. samgrh. sem er á þessa leið: Hvað líður stefnumörkun í ferðaþjónustu

og hvenær hyggst ráðherra leggja fram á Alþingi þingsályktun eða frumvarp um stefnumörkun í ferðaþjónustu?

Árið 1987 lagði sú sem hér stendur fram þáltill. á Alþingi um stefnumörkun í ferðaþjónustu sem er næststærsta atvinnugreinin hér á landi. Þáv. samgrh., Steingrímur J. Sigfússon, kom málinu áfram og setti af stað vinnuhóp sem starfaði í eitt og hálft ár og síðan lagði hann fram þáltill. á Alþingi um stefnumörkun í ferðaþjónustu. Fjallað var um tillöguna en hún fékk ekki framgang og við þinglok 1991 hafði ekki tekist að ljúka málinu. Síðan eru liðin fimm ár og því spyr ég hæstv. samgrh. hvað málinu líður. Alls eru því níu ár, ekki níu mánuðir, sem tillagan hefur verið í meðgöngu og ég spyr því ráðherra aftur: Hyggst ráðherra leggja fram ályktun eða frv. um þetta mál á Alþingi nú?

[15:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skal ekki um það segja hvort meðgöngutíminn er níu ár eða kannski 90 ár. Hitt er ljóst að hverjum og einum þingmanni er frjálst að leggja fram till. til þál. um stefnumörkun í ferðamálum þannig að það er ekki einungis ráðherra sem hefur heimild til þess heldur allir þingmenn. Ef mönnum finnst eitthvað vanta upp á þær sakir finnst mér sjálfsagt að þeir nýti sér þann rétt.

Í vor lauk nefnd við vinnu að tillögum um opinbera stefnu í ferðamálum og eins og fram hefur komið hef ég í hyggju að leggja fram till. til þál. um þau efni. Nú hafa tekist samningar við Hagvang um að vinna úr einstökum þáttum þeirrar skýrslu sem lá fyrir í vor og geri ég mér vonir um að starfsáætlun geti legið fyrir í þessum mánuði og verkinu fari að skila áleiðis eftir því sem líður á árið, veturinn og næsta ár. En stefnumörkun verður ekki gerð í eitt skipti fyrir öll og hlýtur ávallt að vera í mótun.

[15:40]

Unnur Stefánsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf. Ég heyri að hann ætlar ekki að láta líða níu eða 90 ár þangað til stefnumörkun í þessu mikilvæga máli verður lögð fram.

[15:41]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ýmislegt hefur verið gert í ferðamálum þó ekki hafi verið sett fram stefnumörkun í ferðamálum í þingsályktunarformi á Alþingi og vísast auðvitað til verka ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

Framkvæmd samkomulags við heilsugæslulækna.

[15:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í sumar var gert samkomulag við heilsugæslulækna um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og breytingar á verkaskiptingu, m.a. með svokölluðu valfrjálsu stýrikerfi. Sérfræðingar í öðrum greinum en heimilislækningum hafa lýst andstöðu við fyrirhugaðar breytingar. Læknafélagið hefur m.a. samþykkt ályktun sem þetta varðar og því er ljóst að ekki er komin niðurstaða í langvinnar deilur innan heilsugæslunnar. Því spyr ég hæstv. heilbrrh.: Hvað líður útfærslu á samkomulaginu við heilsugæslulækna frá því í sumar? Hvernig hafa sérfræðingar komið að því máli, eða með öðrum orðum hvar er málið statt?

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Gert var samkomulag við heilsugæslulækna fyrir tveim mánuðum í 21 lið. Einn liðurinn var valfrjálst stýrikerfi og um það atriði snýst nú áhugi manna. Læknafélagið mun koma að útfærslu þessa stýrikerfis og mun hefja vinnu með heilbrrn.

[15:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek fram að áhugi minn á þessu efni snýst ekki síst um það að vel verði staðið að uppbyggingu heilsugæslu á Reykjavíkursvæðinu eða höfuðborgarsvæðinu sem við vitum að stendur ekki eins vel að vígi og aðrir hlutar landsins. Hins vegar er mikið áhyggjuefni hversu miklar deilur hafa verið innan læknastéttarinnar um þessi efni og ljóst að þó að samkomulag hafi náðst við heilsugæslulæknana er ekki þar með sagt að málið væri leyst. Því fýsti mig að vita hvað væri að gerast í málinu nú þegar og eftir að verkfall heilsugæslulækna leystist. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Ég skildi það þannig að málið væri í vinnslu en getur hæstv. ráðherra upplýst okkur eitthvað nánar um það hvenær von er á niðurstöðu.

[15:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Læknafélagið samþykkti á fundi fyrir tæplega hálfum mánuði að koma að þessu máli. Viðræður eru því nýhafnar. Ég get ekki nákvæmlega sagt hvenær þeim lýkur en ráðgert var að vinnunni ljúki í mars.

[15:45]

Útbýting þingskjals:

Þjóðsöngur Íslendinga, 35. mál, þáltill. USt o.fl., þskj. 35.

Afleiðingar langs vinnutíma hér á landi.

Beiðni MF o.fl. um skýrslu, 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

Beiðni leyfð til félmrh. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRJ, BBj, BH, DO, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÞBack*) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GHall, GMS, HBl, JóhS, JBH, KPál, LMR, ÓÖH, RA, RG, SighB, SP, StG, SJS, StB, USt, VE, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Innheimta vanskilaskulda.

Beiðni SJóh o.fl. um skýrslu, 8. mál. — Þskj. 8.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]

Beiðni leyfð til dómsmrh. með 34 shlj. atkv.

Staða og þróun bolfiskfrystingar í landi.

Beiðni HG o.fl. um skýrslu, 13. mál. — Þskj. 13.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:47]
Beiðni leyfð til sjútvrh. með 36 shlj. atkv.

Þróun launa og lífskjara.

Beiðni RA o.fl. um skýrslu, 20. mál. — Þskj. 20.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Beiðni leyfð til forsrh. með 36 shlj. atkv.

Samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku.

Beiðni RG o.fl. um skýrslu, 22. mál. — Þskj. 22.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Beiðni leyfð til forsrh. með 37 shlj. atkv.

Málefni Neyðarlínunnar hf.

Beiðni LB o.fl. um skýrslu, 23. mál. — Þskj. 23.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Beiðni leyfð til dómsmrh. með 38 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.
Lífskjör og undirbúningur kjarasamninga.

[15:49]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur beðið um umræðu utan dagskrár um alvarlega stöðu margra fjölskyldna í þjóðfélaginu í aðdraganda kjarasamninga. Í raun má segja að umræðan sé í beinu framhaldi af þeirri skýrslu sem þingflokkurinn bað um á síðasta þingi þar sem gerður var samanburður á launum og lífskjörum hér og í Danmörku og þeirri umræðu sem sú skýrsla fékk á síðasta starfsdegi þingsins í vor. En skýrslan sýnir svo að ekki verður um villst að kjör fólks í Danmörku eru mun betri en hér. Það er alvarleg staðreynd sem við komumst ekki hjá því að ræða frekar og skoða í hverju þessi mikli munur liggur.

Launagreiðslur fyrir hverja vinnustund eru mun hærri þar en hér. Þó er heildarhlutfall launa af landsframleiðslu ekki lægra hér en gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við og landsframleiðsla er hér ívið hærri en að meðaltali í OECD-löndunum. En mikil landsframleiðsla og hátt hlutfall launa af landsframleiðslu þýðir í okkar tilviki ekki há vinnulaun á almennum vinnumarkaði.

Ef notaður er annar mælikvarði, þ.e. landsframleiðsla á vinnustund, kemur í ljós að þar erum við aftarlega á merinni samanborið við önnur lönd. Reyndar setur sænska vinnuveitendasambandið okkur á bekk með Spánverjum hvað varðar tímakaup t.d. í iðnaði. Þar erum við í 17. sæti, rétt fyrir ofan Portúgala og Grikki og það geta varla talist þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við hvað varðar laun og lífskjör. Þá má benda á að samkvæmt niðurstöðum kjararannsóknarnefndar eru 25% ASÍ-landverkafólks með undir 95 þús. kr. í heildarmánaðarlaun eða um það bil 80 þús. kr. í útborguð laun. Þá er meðtalin gífurleg yfirvinna, mun meiri en gerist meðal nágrannaþjóðanna. Ef hins vegar litið er til launa sem fást fyrir í dagvinnuna eina hjá þessum sama hópi, kemur í ljós að 62% hafa undir 80 þús. kr. í útborguð laun. Þegar horft er á laun opinberra starfsmanna er útkoman mjög svipuð. Ég efast um að nokkur hér inni treysti sér til þess að lifa af þessum launum. Það má reikna með að af þessum 80 þús. kr. mánaðarlaunum þurfi að greiða frá 25% og upp í 50% í húsnæðiskostnað og minnst önnur 20% í annan fastan kostnað. Þá er heldur lítið eftir fyrir mat og öðrum nauðsynjum fram til næstu mánaðamóta.

Ef fyrirvinnan er ein er útilokað fyrir fjölskyldu af hvaða stærð sem er að draga fram lífið á þessum launum. Stór hópur fólks, allt of stór hópur fólks, býr við allt of langan vinnudag, léleg laun og sífellt versnandi skuldastöðu heimilanna sem oft leiðir til upplausnar fjölskyldu. Þessu fólki hefur um langan tíma verið gert að bera þyngstu byrðarnar í þjóðfélaginu og þær eru alltaf að þyngjast þrátt fyrir fögur fyrirheit.

Það að semja um launagreiðslur fyrir unna vinnustund er að sjálfsögðu í höndum stéttarfélaga en ýmislegt annað, t.d. það sem varðar tryggingakerfið, heilbrigðiskerfið og menntakerfið, velferðarkerfið almennt, er í okkar höndum sem hér störfum. Þættir sem varða forsendur kjarasamninga eru ákvarðaðir á Alþingi en eru sífellt að breytast sem gerir rauhæfa kjarasamninga mjög erfiða.

Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur lagt fram rúmlega 20 þingmál er varða stöðu fjölskyldunnar. Við leggjum sérstaka áherslu á tillögur til úrbóta í málefnum þeirra sem nú búa við lökust kjörin, þeirra sem eru á lægstu kauptöxtunum og einnig og ekki síður þeirra sem nú greiða háa jaðarskatta. Þar er í mörgum tilvikum um að ræða ungt fólk með börn, ýmist í námi eða að koma sér upp húsnæði, fólk sem vinnur myrkranna á milli til að reyna að standa við skuldbindingar sínar en er þá refsað með háum jaðarsköttum þannig að ráðstöfunartekjurnar eru í raun ekki mikið hærri en þeirra sem vinna mun minna en eru á sömu töxtum. Í tillögum okkar er tekið á allt of löngum vinnutíma og því hefur reyndar margoft verið lýst yfir að óhóflega langur vinnutími ásamt bágri fjárhagsstöðu getur haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir fjölskylduna, sérstaklega er hætta á að slík aðstaða bitni illa á börnum innan fjölskyldunnar, jafnvel þannig að þau bíði af því varanlegan skaða. Samtökin Barnaheill hafa tekið þetta sérstaklega fyrir á ráðstefnum sínum og fundum og sent okkur þingmönnum gögn þar um og tillögur um það hvernig styrkja megi stöðu barna í samfélaginu.

Við höfum farið fram á að gerð verði ítarleg úttekt á afleiðingum þess langa vinnudags sem nú tíðkast. Við flytjum margar aðrar tillögur sem hafa bein áhrif á kjör fjölskyldna. Allt eru þetta mál sem Alþingi ber að afgreiða. Þetta lýtur að okkar störfum, okkar ákvarðanatöku. Það varðar t.d. kjör fjölskyldna í landinu að hér ríki jafnrétti til náms og það er

okkar verkefni að tryggja það. Sú staðreynd að í dag eru um 58 þús. einstaklingar á vinnumarkaðnum með grunnskólamenntun eða minna kollvarpar þeirri ímynd að við séum vel menntuð þjóð. Við höfum lagt fram frv. þar sem lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna er breytt. Stjórnvöld virðast sjá ofsjónum yfir lánveitingum til þeirra sem stunda nám. Ómanneskjulegar kröfur eru gerðar til ungs fjölskyldufólks í námi og þung endurgreiðslubyrði þegar námsmaður hefur lokið námi og fer að stunda aðra betur launaða vinnu, gerir námsmanni illmögulegt að koma sér upp húsnæði eða sjá sér og sínum farborða. Ef marka má viðhorf stjórnvalda af verkum þeirra, má segja að það að stunda nám sé illa launuð og lítilsvirt vinna, líklega minni háttar starf, svo notuð séu orð sem finna mátti í einu frumvarpa ríkisstjórnarinnar sl. vetur. Þá eru þau byrjunarlaun sem mörgum stéttum eru boðin að afloknu löngu námi frámunalega lág, t.d. byrjunarlaun kennara, sem vissulega sýnir ákveðið viðhorf stjórnvalda til menntunar.

Þegar skýrslan um samanburð á launum og lífskjörum hér og í Danmörku kom út sagði forsrh. að segja mætti að lífskjör hér væru bara nokkuð góð. Þetta er að vissu leyti rétt. Meðaltöl skýrslunnar segja að lífskjör séu nokkuð bærileg hér á landi. En við vitum betur. Við vitum að bókhaldsleg meðaltöl geta komið vel út ef launamunur er mikill þannig að á meðan stór hópur launþega býr við svívirðilega lág laun, þá býr annar hópur að sama skapi við gífurlega há laun. Meðaltal þessara tveggja stærða getur þýtt nokkuð góð laun. En staðreyndirnar tala sínu máli. Hér búa mjög margar fjölskyldur við hreina fátækt. Hér er fólk sem ekki hefur efni á þeirri læknisþjónustu sem það í raun þyrfti á að halda. Hér býr ungt fólk sem veigrar sér við að ná í lækni heim til veikra barna vegna þess að það á ekki fyrir þjónustunni. Hér eru börn með langvarandi erfiða sjúkdóma og aðstandendur þeirra fá ekki þá þjónustu sem börnin eiga lögumsamkvæmt að fá. Hér er fólk sem ekki hefur efni á að senda börn sín til mennta og ungt fólk sem ekki hefur efni á að mennta sig. Hér er fólk sem getur ekki látið aldraða foreldra sína njóta þeirrar umönnunar eða lífsgæða sem þeir ættu rétt á eftir að hafa skilað löngum vinnudegi. Hér er fólk sem ekki á þak yfir höfuðið eða hefur aðgang að húsnæði sem samræmist fjárhagsstöðu þess. Hér er stór hópur fólks sem hefur misst allt sitt. Hér er fólk sem engar stofnanir eða heimili í þessu velferðarþjóðfélagi sinna. Það sefur úti og í yfirgefnum byggingum. Hér er félagslegt húsnæðiskerfi sem átti að sinna sérstaklega þeim sem búa við lökust kjörin en gerir það ekki lengur. Stór hópur fólks nær ekki því tekjulágmarki sem þarf til að kaupa húsnæði í félagslega kerfinu og verður þess í stað að fara í dýrt leiguhúsnæði sem það ræður engan veginn við. Vandamálin eru óteljandi og hér er ekki um að ræða lítinn afmarkaðan hóp þjóðfélagsþegna. Hópurinn er stór.

Það búa margir við ótrúlega léleg kjör hér á landi. Það er okkur sem hér störfum til skammar að halda á málum með þessum hætti. Í ekki stærra samfélagi en okkar ættu svona vandamál ekki að vera til. Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur eins og áður sagði lagt fram margar tillögur til úrbóta fyrir launafólk í landinu. Við neitum því að það ástand sem hér hefur skapast á undanförnum árum sé komið til að vera, en við vitum að lítil von er til breytinga á meðan þessi ríkisstjórn situr, ríkisstjórn sem vísvitandi hefur verið að breyta þjóðfélaginu í þessa veru. En við beinum þeirri spurningu engu að síður til ríkisstjórnarinnar hvort og þá hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar af hálfu hennar til þess að jafna lífskjör í landinu og til þess að tryggja að hér verði lífskjör launafólks sambærileg á við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Og eru fyrirhugaðar sérstakar ráðstafanir til að bæta kjör þeirra verst settu, t.d. lífeyrisþega?

Virðulegi forseti. Í tilefni þess að ég tala hér í fyrsta skipti á grænu ljósi vil ég nefna að það minnir mig óneitanlega á loforð flokks sem nú situr í ríkisstjórn, þar sem menn höfðu einu sinni fólk í fyrirrúmi en hafa gleymt því öllu.

(**Forseti** (Ólafur G. Einarsson)**:** Grænt ljós hefur lengi verið í þinginu en ekki svona hátt stillt kannski.)

[15:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er stundum spurt um góðærið og ég tók eftir því þegar stefnuræða forsrh. var til umræðu að allmargir hv. þm. sögðu að við stjórnarliðar héldum því fram að nokkuð hefði lagast í efnahagsmálum og gjarnan mætti tala um góðæri, en það góðæri hefði hvergi komið fram nema hjá ríkisstjórninni sjálfri.

Hvað er nú góðæri? Þegar menn eru að tala um góðæri þá geta menn verið að tala um hagfelldan hag til sjávar og sveita. En í okkar skilningi væntanlega, því við erum að tala um efnahagslegt góðæri, erum við að tala um hagvöxt. Við erum að tala um að það hafi snúist til betri vegar með sameiginlegar tekjur þjóðarinnar frá því sem áður var. Og sú er staðreyndin og ekki er um það deilt að allverulegur hagvöxtur hefur orðið á þessu ári einkum og nokkur á því síðasta og verður vonandi á næstu árum, ekki jafnmikill og í ár, en áfram töluverður.

Þegar menn velta fyrir sér hvort góðærið sem þessi hagvöxtur sýnir hafi skilað sér sem fullyrt var að hefði ekki gerst, þá sýna tölurnar ótvírætt að það hefur gerst. Enginn vafi er á því að kaupmáttur launa hefur aukist. Hann hefur aukist á árunum 1995–1996 um 9% og sú aukning er helmingi meiri kaupmáttaraukning en varð að meðaltali í ríkjum OECD fyrst menn eru með samanburð og eru að rifja upp samanburðinn við Danmörku, sem er topplandið sem menn geta náð í, og gera þess vegna, kannski eðlilega, samanburð við það land. Þá ætti þessi samanburður að gleðja, auðvitað er Danmörk með í meðaltali OECD, að á milli þessara tveggja ára hefur kaupmáttaraukning orðið helmingi meiri á Íslandi en að meðaltali í löndum OECD, löndum sem við berum okkur saman við. Svarið við því hvort góðærið hafi skilað sér eða ekki er auðvitað að það hefur gerst. Það þýðir ekki að sérhver íslenskur launamaður hafi fengið til baka það sem sjö ára stöðnun þar á undan í íslensku efnahagslífi hafði leitt af sér. Enda þótt bjartara hafi verið í hálft til eitt ár í íslensku efnahagslífi lagar það ekki sjö ára stöðnun og menn eiga ekki á þinginu að tala þannig að búast megi við því og tala um svik og brigsl í því sambandi. Almenningur í landinu veit miklu betur en svo.

Við skulum skoða sviðið eftir að tekist hefur að halda hagvexti jöfnum og þéttum í nokkur ár, hvort það sem þegar er orðið hafi ekki skilað sér eins og þetta hefur skilað sér. Það nægir ekki til þess að bæta það sem miður hafði farið forðum tíð. Það er rétt að menn átti sig á því.

Menn segja einnig: Hefur góðærið skilað sér að öðru leyti? Við þingmenn höfum hver um annan þveran talað um eitt mesta böl sem menn hafa búið við, atvinnuleysið. Hefur góðærið ekki skilað sér á þann veg að atvinnuleysið fer minnkandi? Er ekki góðærið þar með að skila sér hvað það varðar? Atvinnuleysið er hér með því minnsta sem gerist

í Evrópu, auðvitað of mikið enn þá en hefur þó minnkað verulega. Það er ávöxtur af bættum hag og bættri stöðu sem við hljótum öll að meta og viðurkenna að hefur skilað sér, er að byrja að skila sér.

Menn vekja athygli á hag fyrirtækjanna og segja: Fyrirtækin birta tölur sem sýna mikinn og blómlegan hag en fólkið hefur ekki fengið aðgang að þessum bætta hag. Það var mjög lítið bætt staða á milli ársins 1995 og 1994. Staða fyrirtækjanna var mjög svipuð, batnaði örlítið. Hins vegar sýna tölur á fyrri helmingi þessa árs að hagur fyrirtækjanna hefur batnað og má búast við því að hagnaður aukist um 1,5%. Það er ekki há tala. En það er á fyrri helmingi þessa árs og samhliða þessum bata fyrirtækjanna hefur kaupmáttur verið að skila sér út til fólksins í landinu og það verður að halda áfram. Það gerist ekki með því að menn rjúki af stað með fornum hætti og hækki laun um 50 eða 100% eins og sumir hafa stungið upp á, væntanlega ekki í fullri alvöru en þó hafa þeir látið það í ljós á þann hátt að menn gætu ímyndað sér að það væri full alvara. Það eru hlutir sem aldrei geta gengið og allir vita, það er saga sem við þekkjum. Við sjáum hins vegar núna að það skiptir nokkuð í tvö horn með talsmenn launþegahreyfingarinnar. Annars vegar er stór hópur áhrifamikilla launþegaforustumanna sem tala um aukinn kaupmátt. Svo er hópur sem hefur verið að tala um 50 og 100% kauphækkanir í tölum talið. Það er ekki nokkrum manni til gagns, ekki efnahagslífinu til gagns og ekki félögum í launþegahreyfingunni til gagns. Kaupmáttaraukningin hins vegar er til gagns. Hin gamla saga er kunn þegar laun hækkuðu um sjö þúsund prósent á löngu árabili og kaupmáttur mældist hafa hækkað um 1%. En hvað skyldi hafa tapast þar á milli hjá fólki í allri þeirri óðaverðbólgu sem þá gekk yfir? Ég hef beðið starfsmenn þingsins að dreifa plöggum sem sýna mjög glöggt hvernig þessar tölur hafa þróast.

Ég er þeirrar skoðunar að búast megi við því ef vel er á málum haldið að kaupmáttur í landinu geti haldið áfram að aukast jafnt og þétt á næstu árum og það er afar mikilvægt.

Við getum hins vegar viðurkennt að viðskiptakjör okkar út á við hafa rýrnað örlítið og munu rýrna á þessu ári. Á hinn bóginn er von til þess miðað við almenna þekkingu, þó með miklum fyrirvörum, að þau muni ekki rýrna á næsta ári, standa í stað eftir því sem væntingar standa til.

Þó að staðan hafi batnað á árinu er misskipt hag atvinnulífsins. Sjávarútvegurinn sem heild stóð vel árið 1995. Þetta ár verður miklu lakara. Staða sjávarútvegsins sem heildar verður algerlega í járnum á þessu ári og ákveðinn þáttur í sjávarútveginum stendur afar illa eins og menn þekkja og hefur þegar verið kynnt. Bolfiskvinnsla er nú rekin með 8,5% tapi en frá 1995 hafa þó laun á þeim vettvangi hækkað um 7,5% þannig að menn hafa verið að teygja sig og reyna að vera í takt við aðra hvað þetta varðar.

Við gerum oft samanburð og við heyrðum fréttir frá Noregi. Þar höfðu orðið mestu kauphækkanir vegna kjarasamninga sem orðið höfðu um langt árabil og var mikið fréttaefni, 4–5% kauphækkun hafði orðið og valdið miklum áhyggjum í Noregi, þessi mikla kauphækkunarskriða sem nú varð. *Norska þingið er að afgreiða fjárlög með 400 milljarða* kr. afgangi, þremur og hálfum fjárlögum íslenska ríkisins í afgang. Þeir fara engu að síður að með varúð í kaupgjaldsmálum og þeir reyndar eru að skera niður í þjónustu við aldraða og sjúka sem vart mundi verða gert hér á landi ef slíkur afgangur væri eins og þar er á tölum svo að við nefnum nú þennan samanburð. Ég bind vonir við það að forustumenn í atvinnulífi beggja vegna borðsins muni hér eftir sem á undanförnum árum eiga stóran hlut í því að tryggja að kaupmáttur vaxi og þeir muni ekki leggjast í ómerkilega baráttu sem er skjólstæðingum þeirra ekki til góðs.

Hv. 5. þm. Suðurl. minnti á kjör fólks í Danmörku og skýrsluna um það. Ég vek athygli á því að þeim samanburði lauk 1993 og þá vorum við á botni langrar efnahagslægðar og sjö ára stöðnunar. Síðan hefur miðað vel hjá okkur. Ég býst við því að skýrslan í dag yrði okkur hagfelldari nú þegar en hin fyrri. Danir tóku sér mikið efnahagslegt tak fyrir 8–10 árum, gengu í gegnum mikla erfiðleika, miklar skipulagsbreytingar og það hefur verið að skila sér með þeim hætti að við viljum helst bera okkur saman við þá eftir þær miklu efnahagslegu breytingar og var þá mjög að þeim fundið á þeim tíma þegar þær aðgerðir voru allar gerðar.

Að öðru leyti komu fram mjög frómar óskir frá hv. þm. Ég heyrði reyndar engar lausnir um það hvernig ætti að tryggja það að laun manna í landinu hækkuðu, a.m.k. ekki aðferðir sem væru betri eða dygðu betur en þær sem núv. ríkisstjórn stendur fyrir. Hv. þingmaður sagði að vísu efnislega að þess væri ekki að vænta að lífskjör fólks mundu hækka meðan þessi ríkisstjórn sæti. Ég vek athygli á því að þegar sú ríkisstjórn sat sem þessi þingmaður studdi varð mesta kaupmáttarhrun sem menn hafa lengi séð og sést á öllum línuritum. Og hv. þm. studdi þá ríkisstjórn ótrauð eftir því sem ég best veit í öllum þeim darraðardansi. Þótt kaupmáttur launanna *félli jafnt og þétt mánuð frá mánuði var ekki talað* eins og nú er talað.

En hv. þm. gerði líka að umtalsefni launamuninn í landinu sem alltaf er að aukast. Þetta eru fullyrðingar sem fá kannski ekki staðist þó menn taki sér þær oft í munn án þess að geta rökstutt þær. Fyrst menn eru að ræða samanburð í launum vildi ég biðja hv. þm. að nefna mér dæmi um það að einhvers staðar í víðri veröld sé launamunur minni og meira jafnræði í launum en hér í landinu. Getur hv. þm. fundið eitthvert land þar sem meira launajafnræði er til staðar en í því landi sem við erum að setja lög sem sitjum í þessum sal?

Ég hef oft heyrt nefnd lægstu laun síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum og er drjúgur tími síðan. Menn hafa nefnt lægstu laun og sagt: Getið þið lifað af þessum launum? Þetta þykir afar snjallt í öllum umræðum af þessu tagi enda búið að nota þetta í 35 ár og svo er alltaf einhver tala nefnd, aldrei sama talan því þetta breytist allt saman. Auðvitað eru rökin þau að það er alltaf afar erfitt og hvarvetna að lifa af lægstu launum og verður væntanlega ætíð. Það breytir því ekki að við erum væntanlega öll sammála um það að vinna að því að framhald geti orðið á þeirri kaupmáttaraukningu sem orðið hefur og það gera menn með því að fylgja fram stefnu ríkisstjórnarinnar, m.a. með því að skila hallalausum fjárlögum, gefa atvinnulífinu svigrúm til þess að eflast og styrkjast og það er það sem ríkisstjórnin mun auðvitað gera.

[16:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. 5. þm. Suðurl., umræðuna. *Málefnið sem hér er rætt er staða fjölskyldunnar* sem hefur verið lýst þannig af hæstv. forsrh. að hún eigi sér bjartari tíma fram undan. Þetta hefur verið sagt í meira en heilt ár. Ég hef oftar en einu sinni tekið undir að aðgerðir ríkisstjórnar á síðasta tímabili séu grunnurinn að þeim bjartari tímum sem ættu að vera farnir að skila sér í betri afkomu

þess fólks sem minnst ber úr býtum, nefnilega fólksins með lægstu launin, verkafólks, aldraðra og öryrkja. Hjá því fólki örlar ekki á góðærinu. Aldraðir hafa verið að ganga á eignir sínar ef einhverjar voru og heimilin að auka skuldirnar. Aldraðir hafa sætt skerðingum og auknum framfærslukostnaði auk þess að þeir sem hafa sparað með mikilli ráðdeild á liðnum árum sæta því nú að greiða fyrstir landsmanna skatta af þeim fjármunum sem þeir hafa lagt í varasjóð til framfærslu. Þetta eru þær aðgerðir sem fyrst koma fram á öldruðum og öryrkjum við framkvæmd fjármagnstekjuskatt ríkisstjórnar hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, og hæstv. utanrrh., Halldórs Ásgrímssonar. Þessir aðilar eiga að greiða skatt á ný af þeim tekjum sem þeir áður voru búnir að greiða skatta af. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í grein úr Morgunblaðinu 26. september sl., þar sem Margrét Thoroddsen segir eftirfarandi:

„Lögin um fjármagnsskatt ganga ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1997 en það óheyrða gerist að Alþingi ákveður að vextir skuli skerða tekjutryggingu frá 1. sept. 1996. Þetta er enn ein aðförin að eldri borgurum, sem njóta tryggingabóta. 1. jan. 1997 verða því vaxtatekjur eldri borgara tvískattaðar þar sem þær skerða einnig tekjutryggingu, svo þeim einum er ætlað að greiða tvöfaldan fjármagnstekjuskatt."

Helst má kalla þetta illa meðferð. Ég tel að það sé það sem er verið að gera. Það er ill meðferð, illa er farið með fólk sem á erfitt með að verjast, fólk sem í miklum mæli veitti ríkisstjórninni stuðning sinn. Þeir eru þeim nú verstir sem þeir ættu að vera bestir. Ég vitna enn, með leyfi forseta, í umrædda grein þar sem segir:

„Reglugerð um skerta uppbót vegna lyfjakostnaðar og mikillar umönnunar sá dagsins ljós í maí sl. Nú skyldu þessar bætur falla niður hjá þeim, sem höfðu meira en 75 þús. kr. í tekjur á mánuði (að meðtöldum tryggingabótum) eða höfðu nurlað saman 2,5 millj. í sparifé. Nú er það svo að þótt þessir einstaklingar hafi 75 þús. kr. í tekjur fá þeir ekki útborgaðar nema um 68 þús. kr. því tæp 7 þús. eru dregin frá í staðgreiðslu. Margt af þessu fólki hefur gífurlegan lækna- og lyfjakostnað. Manni fyndist ekki ofrausn, fyrst á annað borð var nauðsynlegt að ná inn nokkrum krónum hjá þessum aldurshópi að miðað væri við nettótekjur."

Svo mörg voru þau orð. Ég tel að hér sé um að ræða dæmigerðar afleiðingar kyrrstöðu og sérhagsmunastefnu. Raunverulega er verið að hampa þeim sem gefa best í kosningasjóðina. Ég hlýt að harma þau mistök sem þjóðin hefur gert að gefa þessum öflum vald og styrk til yfirráða.

Kvótakerfið margumrædda á stóran þátt í því hvernig komið er fyrir Íslendingum. Byggð er að leggjast af á stórum svæðum. Á Íslandi er lénsveldið aftur að líta dagsins ljós. Í hvaða formi, spyr einhver. Svarið er: Sameining stóru aðilanna, t.d. í sjávarútvegi, leiðir af sér kvóta á færri hendur. Afli unninn á sjó leiðir af sér fækkun fólks í sjávarbyggðunum. Hús og íbúðir standa auðar í miklum mæli. Á Vestfjörðum hefur fólk gengið svo langt að fara úr húsnæði sínu og sent banka eða sparisjóði lyklana af híbýlum sínum. Í Grímsey er áhrifanna farið að gæta alvarlega. Þrjár fjölskyldur, alls 17 manns, eru að fara þaðan. Það mun hafa víðtæk áhrif í því byggðarlagi. Stöðug fólksfækkun á Vestfjörðum, Vesturlandi, Austfjörðum og Norðurlandi vestra er af sama meiði. Fækkað hefur um tæplega 2.000 manns í þessum landshlutum á sl. tíu árum. Aðilar sem hafa t.d. haft vinnu við endurskoðun eða minni háttar þjónustu hjá smærri fyrirtækjum, sem eru að sameinast, missa vinnuna. Flest slík störf ganga til stóraðila á Reykjavíkursvæðinu. Hagræðing getur haft svona afleiðingar, það er í mörgum tilvikum staðreynd. Afleiðing millifærslna, leigu og sölu kvóta í sjávarútvegi milli aðila sem hafa aðgang að auðlind hafsins er að koma í ljós. Hún birtist í þeim dæmum sem ég hef verið að nefna. Það er atvinnuhrun almennings, uppboðshrinu húseigna og fækkun fólks á landsbyggðinni eins og ég gat um fyrr í máli mínu. Herra forseti. Það sem ég hef sagt er hryggileg staðreynd um leið og boðað hefur verið vor góðæris í ræðum forustumanna stjórnarflokkanna.

Herra forseti. Ég hef stutt einstök mál sitjandi ríkisstjórnar en mér finnst hún vera makráðug og værukær. Ríkisstjórnin hefði átt að vera búin að grípa inn í málefni þeirra lægst launuðu. Ríkisstjórnin hefði átt að styðja þá lakast settu með framlagningu frv. um lágmarkslaun og tryggja jafnframt að launaskrið næði ekki upp til þeirra sem vel eru settir. Þetta hefur ekki verið gert. Því lýsi ég því hér yfir að ég mun leggja fram frv. um lágmarkslaun á næstu dögum. Ég segi þá jafnframt að ég er ekki að etja kappi við aðila vinnumarkaðarins. Ef þeir semja um mannsæmandi lágmarkslaun mun frv. verða dregið af borðum Alþingis.

Til sérstakrar áherslu vil ég geta þess að lög um lágmarkslaun njóta víðtæks stuðnings í Bandaríkjunum, Frakklandi og víðar. Þau voru sett af illri nauðsyn. Sams konar ástand blasir við á Íslandi og var við lagasetninguna í nefndum löndum, þ.e. þeir ríkustu voru farnir að taka of mikið til sín en almenningur lifði við sultarmörk.

Að lokum vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í málefnum fjölskyldunnar, þeirra sem lakast eru settir og geta ekki lifað af lágmarkslaunatöxtum? Á sama tíma og hagvöxtur er 5,5%, sem stafar af skuldaaukningu fjölskyldnanna er þetta að gerast.

Síðan vil ég minna á það varðandi atvinnuleysið að 555 fleiri eru í vinnu núna en á sama tíma fyrir ári.

[16:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það mál sem er til umræðu er sífellt viðfangsefni stjórnmálanna. Við erum að tala um velferð á Íslandi og það er rétt hjá hv. framsögumanni sem hóf umræðuna að það er margt að í þjóðfélagi okkar. En okkur greinir e.t.v. á um það hvernig við getum farið að því að lagfæra það sem er að og hvað við gerum best í því sambandi.

Í athyglisverðri grein sem forstöðumaður Félagsvísindastofnunar háskólans skrifaði í Morgunblaðið sl. sunnudag komst hann að þeirri niðurstöðu, og hér er um vísindastofnun að ræða, með leyfi forseta:

„Þegar á heildina er litið benda niðurstöðurnar til þess, að lífsgæðin á Íslandi séu áþekk því sem best þekkist á Vesturlöndum. Það eru hins vegar ekki rök fyrir því að slá slöku við í lífsgæðakapphlaupinu og framfaraleitinni enda er af nógu að taka fyrir þá sem vilja bæta velferð þjóðarinnar. Fátækt hrjáir þrátt fyrir allt hluta þjóðarinnar og svo virðist sem hún hafi aukist á síðustu árum."

Núv. ríkisstjórn hefur litið svo á að velferð Íslendinga verði best varðveitt með því að varðveita stöðugleikann. Við höfum trú á því að við munum best geta ráðist gegn atvinnuleysinu með því að viðhalda stöðugleikanum. Þessi árangur er sem betur fer að koma í ljós. Atvinnuleysi hefur minnkað verulega að undanförnu og við sjáum fram á það að mjög mörg störf verða sköpuð í þjóðfélaginu á næstu árum ef við getum haldið áfram með sama hætti. Við hljótum að gleðjast yfir þessum árangri.

Það er alveg rétt að mörg fyrirtæki eru með ágætan hagnað. En skyldi það vera andstætt hagsmunum launþega að fyrirtæki hafi góða afkomu? Er það ekki einmitt til þess líklegt að það geti orðið til þess að viðkomandi fyrirtæki geti bætt hag launþeganna? Menn tala í þessum umræðum t.d. um sjávarútveginn og segja að kvótakerfið í sjávarútveginum sé uppruni alls ills í þeim efnum. Ég minni á umræður fyrir nokkrum árum þegar enginn hafði trú á að íslenskur sjávarútvegur gæti greitt 100 milljarða skuldir. Hér í þingsölum var talað um það utan dagskrár dag eftir dag eftir dag hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera til að forða heildargjaldþroti sjávarútvegsins. (**Gripið fram í:** Út af hverju hefur orðið fækkun á Vestfjörðum?) Umræðan er sem betur fer nokkuð öðruvísi í dag. Það eru víða vandamál í sjávarútvegi og þau eru sennilega alvarlegust á Vestfjörðum, það ber að viðurkenna. En það er þó farið að tala um hagnað í sjávarútveginum sem vandamál á Alþingi. Það er ánægjulegt og skemmtilegt að fást við slík vandamál. Ef öll vandamál væru þess eðlis að hagnaður í sjávarútvegi væri orðinn vandamál og menn reyna að finna einhverjar leiðir til skattlagningar í því sambandi er það skemmtileg umræða. Alþfl. hefur skemmt sér við það í mörg ár og á sjálfsagt eftir að hafa það nokkuð gott mörg ár fram í tímann. Ég tel hins vegar að hagnaður í sjávarútvegi sé ekki orðinn viðvarandi vandamál.

Það er talað um að við framsóknarmenn höfum gleymt því að við viljum hafa fólk í fyrirrúmi. Það er langur vegur frá því. En það er misjafnt hvernig fólk lítur á það hvað er að hafa fólk í fyrirrúmi. Ef við lítum t.d. á íslenska velferðarkerfið og hvernig við verjum það eru þar þrír möguleikar. Fyrsti möguleikinn er sá að hækka skattana. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að ef við notum skattana til að leysa þau mál sem þar eru uppi á borðinu á næstu árum, fjölgun ellilífeyrisþega o.s.frv., þá þurfum við að hækka staðgreiðsluskattinn úr 42% í tæplega 50% eða hækka virðisaukaskattinn úr 24,5% í um 31–32%. Er einhver Íslendingur eða einhver stjórnmálaflokkur sem telur það vera leið sem hægt er að fara til að verja velferðarkerfið? Það væri gaman að vita hvort á Alþingi er einhver sem mælir með því að svo verði gert. Annar möguleiki er að halda áfram að safna skuldum. Þá er bara haldið áfram að reka ríkissjóð með halla og segja: Komandi kynslóðir geta borgað þetta. Er einhver sem vill það? Þriðja leiðin er, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að forgangsraða og hafa verulegt aðhald í velferðarkerfinu og verja það með þeim hætti. Þá leið er verið að fara og það er eina leiðin. Það er ekkert annað hægt að gera að mínu mati nema einhver vilji fara skattahækkunarleiðina.

Því er haldið fram að núv. ríkisstjórn sé ekki að skapa neitt svigrúm í sambandi við komandi kjarasamninga. Hér hefur áður komið fram hjá hæstv. forsrh. að kaupmáttur hefur aukist verulega. En það er rétt að ekki er nóg að kaupmátturinn aukist því að margir hafa það lélegar aðstæður að það þarf að reyna að skapa svigrúm, m.a. í gegnum skattbreytingar til að verja hlut þeirra. Það hefur verið lagður á fjármagnstekjuskattur og þeim skatti hefur ekki verið ráðstafað. Gert er ráð fyrir því að honum verði ráðstafað í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins til að breyta öðrum sköttum. Það er líka gert ráð fyrir að gerðar verði breytingar á skattlagninu að því er varðar hlutafé. Það er gert ráð fyrir að það sem kemur út úr því verði ekki notað til að koma á móti ríkisútgjöldum heldur varið til skattalækkana. Í upphafi ferils ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var ákveðið að setja upp sérstaka nefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar til að fjalla um þetta mál. Sú nefnd hefur verið að störfum. Þetta var nokkur nýlunda. Hins vegar þótti rétt að hefja undirbúning kjarasamninganna strax í upphafi stjórnarsamstarfsins og sú nefnd hefur verið að störfum.

Það sem mönnum gengur til í þessu öllu saman er að sjálfsögðu að treysta grundvöll heimilanna og bæta kjör almennings í landinu. Það verður ekki fyrst og fremst gert með tilskipunum, það verður gert með því að hafa hið efnahagslega umhverfi í lagi, varðveita stöðugleikann, tryggja umhverfi þar sem við sjáum hagvöxt og meiri verðmætasköpun. Þetta er það sem á sér stað í dag. Það er grundvöllurinn fyrir því að hafa eitthvað til skiptanna til að geta lagfært ýmislegt sem hefur farið úrskeiðis. Þær aðstæður eru sem betur fer fyrir hendi. Ég vænti þess að hv. þm. stjórnarandstöðunnar sjái líka þessa möguleika og þær aðstæður sem þarna eru að skapast.

[16:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég lít svo á að þær umræður sem hér eru hafnar séu til þess að vekja athygli á því að fram undan eru kjarasamningar og að það er margt sem þarf að athuga í því samhengi. Eins og hér hefur komið fram eru lífskjör á Íslandi að sjálfsögðu með því besta sem þekkist. Við getum sagt það sama um ríki eins og Frakkland, Þýskaland, Kanada og jafnvel Bandaríkin en innan þeirra ríkja er afar mismunandi ástand og víða mikið misrétti. Það sama á við um íslenskt samfélag. Það viðurkenna allir og það sér hver maður að við erum að rétta úr kútnum. Efnahagslíf okkar er sem betur fer að rétta úr kútnum. Þá kemur að spurningunni: Hvernig notum við efnahagsbatann? Hverjir eiga að njóta hans? Eigum við ekki að nota hann til að taka á þeim meinsemdum sem blasa við okkur og forgangsraða eins og hv. utanrrh. benti hér á í ræðu sinni? Ég get ekki látið hjá líða að benda á að þeir kjarasamningar sem fram undan eru verða auðvitað gerðir í skugga þeirra breytinga sem gerðar voru á vinnulöggjöfinni sl. vor. Eflaust eiga þær breytingar eftir að spila eitthvað inn í það sem út úr samningunum kemur. Ég held að okkur öllum sé ljóst að það er töluverð óánægja á íslenskum vinnumarkaði. Það eru miklar væntingar sem liggja í loftinu, kannski helst til miklar. Eins og fram hefur komið í tölum, m.a. frá Þjóðhagsstofnun, eru margir þegar farnir að eyða batanum. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 koma fram uggvænlegar tölur um skuldir heimilanna og þetta verðum við að skoða í samhengi þegar við horfum til þess hvað á að koma út úr næstu kjarasamningum og hvers er að vænta. Að mínum dómi eru þar vissar meinsemdir sem fyrst og fremst þarf að taka á og ég vildi sjá koma út úr kjarasamningunum. Það er nú ekki síst að taka á því óþolandi launamisrétti kynjanna sem við kvennalistakonur og ýmsar aðrar konur þreytumst ekki á að nefna og viljum gera okkar til að fá úr bætt. Margsinnis hefur verið sýnt fram á launamisrétti í könnunum og þegar árar betur er einmitt tækifæri til að taka á slíkum málum með uppstokkun á launakerfinu og ýmsum aðgerðum sem hægt er að grípa til. Ég bendi m.a. á tillögu okkar kvennalistakvenna sem dreift var á þingi í dag þannig að ekki skortir tillögurnar um það hvernig eigi að framkvæma þetta.

Einnig þarf að taka á almennu launamisrétti, vaxandi launamun og ekki síst þeim lágu launum sem eru að verða sífellt meira áhyggjuefni, ekki síst hve grunnlaun fólks eru lág, jafnvel hjá mjög vel menntuðum stéttum. Ég minni t.d. á samningana sem gerðir voru við heimilislækna þar sem

menn gerðu sér grein fyrir því hvernig það á eftir að koma niður á þeim á efri árum hversu lág grunnlaunin eru. Fleiri og fleiri eru að gera sér ljóst að á þessu þarf að taka og spurningin er: Hverju munar það og hvað kostar það, upp á framtíðina, að reikna allar sporslurnar og yfirvinnuna inn í grunnlaunin þannig að grunnlaun hækki og fólk standi þá betur að vígi? Það kostar auðvitað peninga síðar meir, það er alveg ljóst.

Annað sem ég hef miklar áhyggjur af og kom töluvert við sögu í umræðunum um stefnuræðu forsrh. er flutningur fólks úr landi. Þó að greinilega hafi dregið úr honum er hann samt sem áður til staðar. Við þurfum að gera okkur grein fyrir hvaða fólk það er sem flytur úr landi og hvernig fólk skilar sér heim, sem hefur verið t.d. í námi erlendis. Ég held að þetta sé alvarlegra mál en við höfum viljað gera okkur grein fyrir og viðurkenna.

Við getum velt þeirri spurningu fyrir okkur: Hvernig á ríkið eða ríkisvaldið að koma inn í væntanlega kjarasamninga og hvernig er æskilegt að það komi þar inn? Þar nefni ég aftur launamál ríkisins og launamisréttið sem viðgengst í ríkiskerfinu. En það eru líka til aðferðir til að jafna kjörin, m.a. í gegnum skatta þó ég sé ekki að mæla með því að atvinnurekendur sendi reikninginn enn einu sinni til ríkisvaldsins og ætlist til að launabætur séu borgaðar með almennum sköttum. Við hljótum að spyrja okkur: Hvað getur atvinnulífið borið miklar launahækkanir? Við vitum að svarið er mjög mismunandi. Það er afar mismunandi hvað fyrirtækin geta hækkað laun og ég vildi sjá meira frelsi í kjarasamningum en hér hefur viðgengist þar sem launum hefur miskunnarlaust verið haldið niðri með þeim afleiðingum að neðanjarðarlaunaskrið verður.

Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að athyglisverð grein birtist í Morgunblaðinu í gær. Þar er m.a. að finna þær staðreyndir sem við þekkjum öll, að sérkenni íslensks vinnumarkaðar eru annars vegar lág grunnlaun og hins vegar langur vinnutími. Langur vinnutími og stytting vinnutímans eru einmitt atriði sem hægt er að taka á og beita til þess að bæta lífskjörin. Ég vil t.d. minna á að í síðustu kjarasamningum sömdu kennarar um styttingu kennsluskyldu og hver tími sem fellur af þeirri skyldu og vinnuskyldu almennings skilar sér í betra lífi, minna álagi en auðvitað getur fólk líka bætt við sig meiri yfirvinnu eða yfirvinnan tekur fyrr við. Allt eru þetta atriði sem hægt er að taka á.

Ég vil líka vekja athygli á upplýsingum sem komu fram um helgina á menntaþingi þar sem menn vöktu athygli á því hversu margt fólk á íslenskum vinnumarkaði hefur litla menntun, aðeins grunnskólapróf. Alþýðusamband Íslands hefur bent á nauðsyn þess að mennta vinnuaflið og gera þurfi átak í þeim málum. ASÍ hefur reyndar mótað stefnu í þeim efnum og ég vil svo sannarlega taka undir að ein leiðin til þess að bæta lífskjörin er einmitt að mennta vinnuaflið og þar með að auka framleiðni og bæta ástand á vinnumarkaði. Niðurstaða mín er því sú, hæstv. forseti, og á ég þá eftir að nefna ýmis mál sem snerta kjarasamningana sem fram undan eru, að við eigum fyrst og fremst að beina sjónum okkar að þeim meinsemdum sem einkenna íslenskan vinnumarkað. Við verðum að horfast í augu við að við erum orðin hluti af stórum vinnumarkaði og ef við tökum okkur ekki á kemur það okkur og framtíð íslenskrar þjóðar í koll.

[16:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum áratugum hef ég, bæði meðal nokkurra kunningja minna og þó sérstaklega sem kennari við grunnskóla, kynnst fátækt sem ég hafði haldið að ekki væri lengur til í okkar þjóðfélagi nema þá hjá sérstöku ógæfufólki sem hefði lent á skjön við þjóðfélagið vegna óreglu og ætti af þeim ástæðum erfitt uppdráttar. En ég hef kynnst fjölskyldum þar sem báðir foreldrarnir leggjast á eitt og vinna allt það sem býðst. Börnin líða vegna þess hve mikið er ætlast til að þau bjargi sér sjálf og hafi ofan af fyrir sér í fjarveru foreldra og samt ná endar ekki saman og í fyllingu tímans þarf fólk að sjá á bak húsnæði sem það hefur lagt hart að sér við að eignast. Ég hef kennt börnum sem ævinlega hafa verið út undan þegar skólinn stendur fyrir einhverju sem þarf að borga, t.d. leikhúsferðum, og fyrir tveim árum voru svo mörg börn sem sitja þurftu heima í þeirri einu leikhúsferð sem skipulögð var árlega á vegum skólans að við kennararnir ákváðum að leggja leikhúsferðir niður.

Ég hef lent í því að þurfa að hafa afskipti af málum þegar börn lágu veik heima og foreldrar höfðu ekki ráð á að kalla á lækni og þegar læknishjálp loks barst og ávísa varð sýklalyfi voru ekki til peningar á heimilinu til að leysa lyfið út. Í þessum tilvikum var um að ræða reglusamt láglaunafólk sem gerði allt sem það gat, en vinnan var stopul, húsnæðiskostnaður hafði vaxið fólki yfir höfuð og skammtímalán höfðu verið tekin til að rétta dæmið af. Þetta er sá veruleiki sem hefur blasað við á nýliðnum árum og þessu fólki hefur verið sagt að herða sultarólina. Þetta væru tímabundnar þrengingar. Brátt kæmi betri tíð með blóm í haga. Nú er það komið, góðærið. En hvert fór það? Ekki til þeirra sem lægst hafa launin, svo mikið er víst. Þau 25% íslenskra launþega sem hafa undir 95 þús. kr. á mánuði í heildarlaun voru skyndilega sögð hafa ógnað stöðugleikanum margrómaða og vextir voru með tilskipunum frá Seðlabanka hækkaðir með handafli áður en verkalýðsfélög höfðu svo mikið sem mótað kröfugerð sína. Hæstv. forsrh. varaði sérstaklega við launakröfum þessa láglaunahóps í stefnuræðu sinni hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum.

Ég þekki sjálf margt fólk, aðallega þó kvenfólk, sem hefur innan við 60 þús. kr. á mánuði í útborguð laun fyrir fullan vinnudag og þarf af þeim launum að sjá sér farborða. Að draga fram lífið á þvílíkum launum er afrek. Hver dagur er harðsótt og hatrömm glíma. Fólk sem er í þessari aðstöðu verður að neita sér um alla skapaða hluti, útgjöld sem ýmsir telja ekki umtalsverð, svo sem bíómiðar, stílabækur fyrir börnin, að ég tali nú ekki um læknishjálp og lyf. Slík útgjöld ríða fjárhag fólks í þessari aðstöðu á slig.

Ég hef sagt það fyrr og segi það enn að þessi meðferð á fólki er smánarblettur á þjóðinni. Samt finnst mér eins og áhugi stjórnvalda á að spyrna við fótum og hækka t.d. lægstu laun og skattleysismörk og leggja í staðinn skatta á þá sem eitthvað er af að hafa eða koma á sérstökum láglaunabótum sé ekki mikill. Stundum finnst mér eins og stjórnmálamenn trúi því ekki að það sé í raun og veru fjöldi fólks sem má sæta því hlutskipti að draga fram lífið á launum sem hvorki er hægt að lifa af eða deyja. Það eru því miður ekki allir sem eiga þess kost að vinna eftirvinnu hversu mikið sem þeir þurfa þess við. Ég er ekki í vafa um að ef sú spurning væri lögð fyrir hv. alþingismenn hvort þeir ættu að gæta bróður síns, þá mundu þeir allir svara henni játandi. Þess vegna finnst mér að við eigum öll að ganga til þess verks að jafna hér lífskjör og útrýma í eitt skipti fyrir öll þeirri nýju fátækt sem hefur herjað á hluta þjóðarinnar á undanförnum árum.

Alþb. hefur þegar bent á nokkrar leiðir til þess og við erum tilbúin að taka undir þær tillögur sem koma frá öðrum flokkum og ganga í þessa átt. Mestu skiptir að við sameinumst um að leysa vandann. Í kosningabaráttunni vorið 1994 vöfðust lausnirnar ekki fyrir neinum. Þá var enginn stjórnmálaflokkur svo aumur að hann ætti ekki ráð til þess að leysa vanda láglaunafólks í landinu. Meira að segja ríkisstjórnarflokkarnir höfðu ráð undir rifi hverju, sérstaklega þó annar þeirra. Hvar eru þau úrræði nú?

[16:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. málshefjanda að við framsóknarmenn séum búnir að gleyma kjörorði okkar um „fólk í fyrirrúmi" og við höfum reynt að vinna í þeim anda sem í kjörorðinu felst. Það hefur ýmislegt verið fært til betri vegar á fjölmörgum sviðum á tíma núv. ríkisstjórnar.

Í húsnæðismálum t.d. hefur lánshlutfall þeirra sem kaupa sína fyrstu íbúð verið hækkað úr 65 í 70%. Þetta minnkaði stórlega ásókn í félagslega kerfið. Lánstími húsbréfa hefur verið gerður sveigjanlegur þannig að nú eiga lántakendur fleiri kosta völ við endurgreiðslu. Lögfest var heimild til skuldbreytinga eða frestun greiðslna á lánum Byggingarsjóðs ríkisins og fasteignaveðbréfum húsbréfadeildar. Gefin var út reglugerð í framhaldi af því og nú er heimilt að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til allt að 15 ára til þess að leysa úr tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá lánþegum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar og lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins. Einnig er heimilt að fresta greiðslum í allt að þrjú ár hjá lánþegum og leggjast þær greiðslur við höfuðstól. Veitt hefur verið heimild til að breyta vaxtakjörum á hlutaverðtryggðum lánum úr 9,75% í 6%. Lán til endurbóta á eldra húsnæði voru bundin því að endurbæturnar kostuðu meira en 1 millj. og 80 þús. Þessu hefur verið breytt og nú er heimilt að lána út á endurbætur sem kosta 770 þúsund eða meira.

Reynt hefur verið að endurskoða félagslega kerfið og sú endurskoðun stendur yfir. Í fyrravor var lagað til fyrir sveitarfélög sem eiga í miklum vanda með félagslegar íbúðir sem þau hafa orðið að innleysa vegna kaupskyldunnar.

Skuldir heimilanna eru náttúrlega mikið áhyggjuefni og þó ýmislegt hafi verið gert á þeim vettvangi er vandinn geigvænlegur og vaxandi. Við síðustu vaxtahækkun hækkuðu skuldir heimilanna um 260 millj. Þær eru að talsverðum hluta tengdar húsnæðismálum en þó ekki nærri því alfarið. Lagaúrræði hafa verið sköpuð til að hjálpa mönnum að komast í skil við Innheimtustofnun sveitarfélaga og skattskuldir, aðrar en vörsluskattar, eru orðnar umsemjanlegar.

Komið hefur verið á fót Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þetta var merkilegt verkefni og hefur orðið mörgum að gagni. Það er að vísu augljóst að ekki er unnt að bjarga öllum. Lög hafa verið sett um réttaraðstoð við einstaklinga til að leita nauðasamninga og heimilt er að verja allt að 250 þús. úr ríkissjóði til lögfræðiaðstoðar til hvers einstaklings við gerð nauðasamninga.

Ráðgjafarstofan hefur nú starfað í nokkra mánuði. Mikilvæg vitneskja hefur fengist og væntanleg er áfangaskýrsla frá Ráðgjafarstofunni. Hún er í vinnslu. Það liggur ljóst fyrir að vandinn er mjög mikill. Sem dæmi get ég nefnt að rúmir 300 þeir fyrstu sem leituðu aðstoðar Ráðgjafarstofu skulduðu samtals tvo milljarða og það er ekki bundið við láglaunafólk. Það sem kemur manni eiginlega mest á óvart er að það er ekki fyrst og fremst láglaunafólkið sem er illa sett varðandi skuldirnar. Meðaltekjur þeirra sem voru í þessu úrtaki, sem voru eitthvað á fjórða hundrað manns, voru 146 þúsund á mánuði. Aldurshópurinn sem er fæddur á áratugnum 1940–1950 sker sig úr, hvað hann er verst settur, þ.e. fólk sem hefur verið að safna skuldum á talsvert langri ævi og farið í gegnum skuldbreytingu eftir skuldbreytingu. Hún er ekki lækning því miður, ekki vænleg lausn nema í fáum tilfellum. Greiðsluerfiðleikalán Húsnæðisstofnunar voru náttúrlega hreinustu ólán og skaðvænleg fyrir þá sem tóku þar sem menn skrifuðu sig fyrir 4 milljörðum en fengu bara 3. Einn rauk út um gluggann í afföll. Og fjórðungur þeirra sem hafa fengið leiðbeiningar á Ráðgjafarstofu býr í félagslegum eignaríbúðum.

Herra forseti. Tími minn er búinn en ég mun kveðja mér hljóðs síðar í umræðunni.

[16:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég mun beina sjónum að einum af þeim hópum sem ekki hafa fengið náð fyrir augum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það eru lífeyrisþegar. Þeir hafa átt mjög erfiða tíma undanfarna mánuði og því miður hrjáir fátækt marga þeirra. Þessi hópur hefur mátt þola hverja kjaraskerðinguna af annarri vegna aðgerða þessarar ríkisstjórnar frá því að hún tók við valdataumunum. Þar er ekki góðærinu fyrir að fara. Sérstaklega hafa þeir sem eru sjúkir, umönnunarþurfi eða með lyfja- og lækniskostnað verið aflögufærir að mati stjórnarherranna og greiðslur til þeirra hafa lækkað umtalsvert. Af þessu umönnunarþurfi og sjúka fólki með veruleg útgjöld vegna heilsuleysis þótti ástæða til þess að taka uppbótina ef það hafði tekur yfir 68 þús. kr. eftir skatt og síðan að skerða framfærsluna um þúsundir króna mánaðarlega auk þess sem margir þeirra missa ákveðin hlunnindi sem eru niðurfelling afnotagjalda Ríkisútvarpsins. Þeir eru höfðingjar sem forgangsraða á stjórnarheimilinu eða hitt þó heldur.

Margir í þessum hópi hafa nú tekjur undir framfærslumörkum og eru í reynd háðir ölmusu frá sínum nánustu til að endar nái saman því að margir þeirra eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð frá félagsþjónustu sveitarfélaganna samkvæmt þeim reglum sem þar gilda. Þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu hafa hækkað á árinu svo ekki hafa útgjöld sjúklinganna minnkað þó svo ástæða þætti til að lækka greiðslu til þeirra.

Það er vissulega mjög erfitt hjá mörgum lífeyrisþeganum þessa dagana og ég minni á að hluti lífeyrisþega býr enn við tvísköttun á eftirlaun sín eftir lagabreytingu ríkisstjórnarinnar sl. vetur og skerðing bóta gagnvart fjármagnstekjum hófst nú 1. september þó svo aðrir landsmenn fari ekki að greiða fjármagnstekjuskatt fyrr en um áramót. Jaðarskattarnir á þennan hóp eru einnig þeir hæstu í samfélaginu og eru þeir jafnvel meiri en hjá millitekjufjölskyldunum sem ekki virðast heldur hljóta náð fyrir augum íhalds og Framsóknar. Lífeyrisþegarnir og fólkið með meðaltekjurnar er fast í neti jaðarskattanna og getur ekki aukið tekjur sínar þó svo það auki vinnu sína til muna. Jaðarskattarnir éta allt upp jafnóðum. Almennt er tekjutengingin á lífeyrisgreiðslum orðin slík að hún er milli 80 og 100% á ákveðnu tekjubili þannig að hver viðbótarkróna nánast er tekin til baka í ríkiskassann. Og vegna þess að ég hef það á tilfinningunni að þingmenn og almenningur geri sér ekki grein fyrir því í hvaða blindgötu þetta fólk er ætla ég að nefna raunverulegt dæmi.

Hjón á miðjum aldri með ung börn lentu í því fyrir rúmum tveimur árum að það uppgötvaðist mjög alvarlegur sjúkdómur hjá fjölskylduföðurnum. Hann var dæmdur 75% öryrki og þegar hann fékk bæturnar á síðasta ári skertust þær vegna tekna eiginkonu hans árið áður vegna tekjutengingar örorkubótanna, sem er nokkurs konar jaðarskattur, en hluta þess árs, ársins á undan, höfðu þau bæði unnið fulla vinnu fyrir heimilinu. Síðasta ár var þeim mjög erfitt fjárhagslega þar sem örorkubæturnar slöguðu alls ekki upp í helming tekna eiginmannsins árið áður. Hann var orðinn alls óvinnufær og gat ekkert lagt til heimilisins nema skertar örorkubæturnar, 25 þúsund kr. á mánuði. Þetta gerði það að verkum að eiginkonan tók að sér mikla yfirvinnu auk þess að sinna sínum veika manni og heimilinu til að ná endum saman. Og hvaða afleiðingar hafði það á afkomu þeirra? Jú, nú í sumarlok kom tilkynning um að þar sem tekjur þeirra hjóna höfðu verið meiri en gert var ráð fyrir, þá skerðast örorkubætur eiginmannsins enn meir og verða undir 10 þús. kr. á mánuði næsta árið. Fjárhagsafkoma heimilisins er hrunin. Fáar eða engar leiðir eru fram undan til að ná endum saman. Eiginkonan treystir sér ekki til að auka við sig vinnuna enda mundi sólarhringurinn ekki duga til. Auk þess mundi það skerða bætur eiginmannsins enn meir. Þessi fjölskylda og margar í líkum sporum eiga enga leið út úr þessum vítahring. Fársjúku fólki er ekki gefinn kostur á að takast á við veikindi sín með reisn. Það er brotið niður með ómannúðlegum jaðarsköttum og tekjutengingum sem reka það út í að grípa til örþrifaráða. Ef þessi sjúki öryrki hefði verið atvinnulaus en ekki óvinnufær lífeyrisþegi, hefði hann haldið sínum 50 þús. kr. atvinnuleysisbótum óháð tekjum maka. En af því að hann er á örorkubótum en ekki atvinnuleysisbótum, af því að hann er sjúkur en ekki atvinnulaus, er ástæða til þess að hrifsa af honum stuðninginn frá samfélaginu. Ég þekki til nokkurra dæma þess að fjölskyldur í þessari stöðu hafa brotnað upp og endað með skilnaði aðeins vegna þess að það er eina leiðin til þess að komast af fjárhagslega. Þessar fjölskyldur eru lentar í ómannúðlegustu fátækragildru hins íslenska jaðarskattasamfélags. Ef bæta á lífskjörin þá eru verkefni víða brýn, en ég held að þetta sé einn ljótasti bletturinn á samfélagi okkar, fátæktargildra tekjutengingar og það á ári hallalausra fjárlaga. Lífskjör þessa fólks verður að bæta og það er komið undir vilja ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

[16:53]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér fara fram mjög athyglisverðar umræður. Allt er að lagast í ríki Davíðs Oddssonar jafnt og þétt kom fram í máli hæstv. forsrh. og það er gott og það er rétt að hér er talsverður uppgangur í þjóðfélaginu þegar vitnað er til meðaltalanna. Ég held að flestir geri sér grein fyrir því engu að síður að það er ekki vegna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, heldur þrátt fyrir þá ríkisstjórn.

Við megum ekki horfa fram hjá því að þegar við tölum um kaupmátt og þróun kaupmáttar, þá getum við ekki lagt alla þegna þjóðfélagsins eða alla þjóðfélagshópa að jöfnu. Hjá sumum hefur orðið kjarnarýrnun. Hjá öðrum hefur orðið umtalsverð kjarabót. Það hefur orðið umtalsverð kjarabót hjá þeim sem eignuðust SR-mjöl t.d., fengu SR-mjöl að gjöf á sínum tíma. Það hefur orðið umtalsverð kjarabót hjá þeim. Það hefur orðið umtalsverð kjarabót hjá þeim sem stunda brask með kvóta, mikil kjarabót, gósentíð. Það hefur orðið mikil kjarabót hjá þeim sem hafa notið góðs af vaxtaokri síðustu ára og hafa fengið í ofanálag skattafslátt af arði frá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. sem spurði áðan hvort hér væri virkilega nokkur þingmaður sem vildi hækka skatta til þess að verja hag sjúklinga og öryrkja, heilbrigðiskerfisins og velferðarþjónustunnar. Og hann er hér. Ég vil hækka skatta á því liði sem er í fyrirrúmi Halldórs Ásgrímssonar, formanns Framsfl., sem hefur beitt sér fyrir skattívilnunum til ríkasta hluta samfélagsins en níðist á þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Ég held að það sé afar varhugavert þegar menn eru að leggja að jöfnu breytingar á sköttum til hækkunar eða lækkunar. Spurningin er þessi: Á hverjum bitnar skattahækkunin ef því er að skipta og hverjir njóta góðs af skattalækkun ef um það er að ræða? Og við skulum ekki gleyma því að á síðustu missirum og síðustu árum, allar götur frá árinu 1991, frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar kom til valda, fyrst í samstarfi við Alþfl., Jafnaðarmannaflokk Íslands og nú síðar við Framsfl., þá hefur stöðugt verið vegið að launafólki og sértaklega þeim sem eiga í erfiðleikum í þjóðfélaginu; sjúklingum, þeim sem búa við barnaómegð, þeim sem eru í húsnæðisleit, þeim sem búa við tímabundna erfiðleika á æviskeiðinu. Það eru þessir hópar sem hafa þurft að þola kjararýrnun, ekki kaupmáttaraukningu, á síðustu árum.

Það sem vakti sérstaklega athygli mína í umræðunum áðan voru ummæli formanns Framsfl. sem sagði að ríkisstjórnin hefði hafið undirbúning kjarasamninga þegar eftir að hún tók við valdataumum í landinu, þegar hún skipaði nefnd til að fara í saumana á skattamálum. Til að gera hvað? Til að láta launafólk semja um kosningaloforð ríkisstjórnarinnar? Var það það sem vakti fyrir ríkisstjórninni og er það það sem skýrir einkunnagjöf hæstv. forsrh. gagnvart launafólki í landinu, einkunnagjöf sem er á þá lund að segja að þeir sem tala um kaupmáttaraukningu viti hvað þeir eru að tala um? En hinir sem voga sér að tala um kauphækkanir — og er þá væntanlega skírskotað til talsmanna Dagsbrúnar, Hlífar og Verkamannasambandsins sem allir hafa talað um þörf á umtalsverðum kauphækkunum láglaunafólki til handa. Hver var sú einkunn sem þetta fólk fékk? Ómerkileg barátta. Þetta fólk stendur í ómerkilegri kjarabaráttu.

Hér hefur verið hafin, hæstv. forseti, mjög mikilvæg umræða. Þeirri umræðu lýkur ekki í dag og ekki á næstu dögum, ekki á næstu vikum, en henni mun ljúka og vonandi á annan veg en ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur lagt upp með.

[16:59]

Unnur Stefánsdóttir:

Hæstv. forseti. „Launþegar ættu frekar að berjast fyrir aukinni framleiðni en hækkun launa", sagði forstöðumaður þróunarsviðs fyrirtækis í höfuðborginni á menntaþingi á laugardaginn. Barátta launþega hefur ávallt verið erfið og baráttuaðferðir mismunandi. Svo lengi sem ég man eftir hefur verið rætt um að nú þurfi að hækka lægstu launin. Í mínum huga er þetta rétt og flestir geta líklega tekið undir það eins og fram hefur komið hér í dag. En hvað gerist í samningum? Ef lægstu launin hækka þá hækka laun annarra á eftir og áfram verður launamunurinn sá sami. Lífskjörin eru hér til umræðu og eru þau mjög misjöfn svo ekki sé meira sagt. Sumir hafa lítið til að sjá sér og sínum farborða, aðrir hafa meira og enn aðrir hafa mikið til ráðstöfunar. Í þjóðfélögum hins vestræna heims hefur það verið meginstefna að allir þegnar njóti vissrar lágmarksframfærslu. Það

hefur oft verið gagnrýnt hvað laun hér á Íslandi eru lág, svo lág að þau dugi í sumum tilfellum engan veginn til framfærslu fjölskyldunnar. Þetta er blettur sem við ættum að vera búin að þvo af okkur fyrir löngu. Það er ekki góð líðan hjá því fólki sem veit aldrei hvort kaupið muni duga fyrir allra nauðsynlegustu útgjöldum mánaðarins. Að ég tali nú ekki um þegar svo er komið að fólk hefur ekki tök á að hjálpa börnum sínum til náms eins og er á sumum stöðum úti á landi, einkum til sveita. Hins vegar er staðreynd að margir sem hafa miðlungslaun segja að þau dugi engan veginn fyrir nauðþurftum. Þarna erum við komin að einu atriði sem mig langar að ræða nánar. Mat fólks á því hvað eru nauðþurftir er breytilegt. Það sem sumir telja nauðsynlegt og ekki hægt að vera án telja aðrir algeran óþarfa. Þarna kemur uppeldi og umhverfi inn sem mjög sterkur áhrifaþáttur og þarna er kynslóðabilið mjög áberandi. Ungmenni sem alast upp á heimilum í dag með ýmiss konar tækniþjónustu telja sig verða að hafa sömu þjónustu þegar þau fara að búa en gæta oft ekki að því að þessa tækni, íbúð, bíl og húsbúnað hafa foreldrar þeirra eignast á löngum tíma. Verðmætamatið er allt annað. Eitt af því sem við ættum e.t.v. að fara að meta upp á nýtt er þetta: Hverjar eru nauðþurftir í raun og veru? Er það bíllinn? Örbylgjuofninn? Græjurnar? Eða er það eitthvað annað? Hverjar eru nauðþurftir nútímasamfélags? Og í framhaldi af því má spyrja: Er vísitala reiknuð út frá réttum forsendum?

Um áramótin eru kjarasamningar lausir hjá mörgum stéttarfélögum í landinu og eðlilega ætla allir að semja um hærri laun. Þjóðarbúið stendur óvenjuvel eins og fram kom í stefnuræðu forsrh. í síðustu viku og hér hefur komið fram í dag. Kaupmáttaraukning á síðasta ári var 5% og er talin vera 4% á þessu ári og talið er að kaupmáttur fölskyldna aukist að meðaltali um 15–16% frá árunum 1995 til aldamóta. Þess vegna verður mjög erfitt fyrir stéttarfélögin að sætta sig við það að launin hækki ekki umtalsvert eins og allir eru núna að láta sig dreyma um. Skuldastaða heimilanna er mjög slæm um þessar mundir eins og hér hefur komið fram í dag. Of margir hafa farið út í allt of miklar fjárfestingar miðað við getu. Ýmsar ástæður eru fyrir skuldasöfnuninni svo sem minnkandi vinna eða jafnvel atvinnuleysi og veikindi. Hjá mörgum er þó ekki neinu um að kenna öðru en andvaraleysi í fjármálum og það er að verða eitt mesta vandamál í íslensku þjóðfélagi.

Mig langar að leggja áherslu á tvennt varðandi þá kjarasamninga sem fram undan eru: Í fyrsta lagi að skattleysismörk verði hækkuð. Með slíkri aðgerð gæti ríkið lagt sitt á vogarskálarnar til þess að komast hjá harðvítugum kjaradeilum og launþegar fengju ótvíræðar kjarabætur, meira þeir sem minna bera úr býtum. Margir launþegar sem hafa lág laun hafa nefnt það í mín eyru að þeir telji þetta raunhæfustu leiðina. Í öðru lagi ætti að skoða framleiðni eða afköst. Í mörgum starfsgreinum er auðvelt að mæla framleiðni en önnur störf eru þannig að erfitt er að mæla árangur þeirra svo sem kennslustörf. Gæðamat er víða orðið þekkt og með þeim hætti er auðvelt að meta það sem gert er. Það er skoðun mín að flestir gætu hugsað sér að vera þátttakendur í vinnu á sínum vinnustað með það sameiginlega markmið að auka framleiðni ef niðurstaðan er launahækkun.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið tíma mínum en vil leggja áherslu á þetta tvennt sem ég nefndi hér fyrr og eins og ávallt þegar margir eiga í hlut eru mismunandi skoðanir og ég reikna með að svo sé einnig um þessi atriði en bein hækkun launa er ekki það sem mundi færa launþegum mestar kjarabætur heldur hækkun skattleysismarka og áframhaldandi stöðugleiki í efnahagslífinu.

[17:05]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna þessari utandagskrárumræðu. Öllum er ljóst að þó að efnahagsbatinn hafi ekki varað lengi eftir sjö ára stöðnun þá skilar hann sér illa og seint til þeirra sem verst eru settir, þ.e. til sjúkra, aldraðra og barnmargra fjölskyldna m.a. vegna jaðarskatta, lágra grunnlauna og óhóflega langs vinnutíma. Við þessa upptalningu má bæta hinum almenna íslenska íbúðarkaupanda, atvinnulausum og börnum þessa lands sem njóta ekki menntakerfis eða foreldra sinna í sama mæli og börn í nágrannalöndunum.

Hæstv. forsrh. benti á það í umræðunni áðan að Norðmenn leggi nú fram fjárlög með gífurlegum greiðsluafgangi. Í því sambandi vil ég benda á eitt: Norðmenn lifa að stórum hluta á einni meginauðlind eins og við Íslendingar þó að hlutur olíunnar í efnahagskerfi Norðmanna sé ekki eins stór og hlutur sjávarafla í efnahagskerfi okkar. Heldur hæstv. forsrh. að staðan hjá Norðmönnum væri svona góð ef að þeir afhentu auðlindina á silfurfati til nokkurra olíugreifa? Hefur hann hugleitt að við gætum verið í allt annarri stöðu ef svo væri ekki gert hér? Hæstv. utanrrh. hneykslaðist áðan á því að gróði í sjávarútvegi væri orðinn vandamál. Er hægt annað en að hneykslast á því að gróðinn af helstu auðlind landsmanna, auðlindinni sem þjóðin á, fer til örfárra útgerða sem nota hann annars vegar til offjárfestingar með skammtímasjónarmið í huga og hins vegar til kvótabrasks sem m.a. dregur verulega úr tekjum sjómanna og skatttekjum ríkisins? Ég vil í þessu sambandi geta þess að á mjög merkilegum fundi í Keflavík núna á laugardaginn var því haldið fram að núverandi fiskveiðistjórnunarstefnu verði síðar minnst sem svartasta tímabili í atvinnusögu þjóðarinnar. Nei, til að efnahagsbatinn skili sér á réttlátan hátt þarf að jafna launakjörin í landinu, stytta vinnutímann, útrýma launamisrétti kynjanna, styrkja stöðu þeirra sem verst eru settir. Síðan verður að efla menntun í landinu til þess að börnin og unga kynslóðin fái notið þess sem að framtíðin ber í skauti sér. Hér eru uppgangstímar og þá er vonlaus stefna að draga úr útgjöldum til menntamála. Síðast en ekki síst þarf að tryggja að tekjur af aðalauðlind þjóðarinnar skili sér til þjóðarinnar í heild á sem réttlátastan hátt. Það verður ekki reyndin í tíð þessarar ríkisstjórnar, að óbreyttri stefnu í sjávarútvegs-, kjara-, mennta- og velferðarmálum.

[17:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á umræðuna. Við, stjórn og stjórnarandstæðingar, höfum verið að reyna að nálgast í umræðu um lífskjör og innbyrðis skiptingu á hagsældinni í landinu en það tekst ekki. Hvar skilur þá á milli í umræðunni? Fulltrúar ríkisstjórnarinnar tala í meðaltölum eða heildarsamanburði. Áherslan er á samanburð Ísland/OECD, Ísland/nágrannalönd, Ísland/Danmörk. Við þingmenn erum að tala um lífskjaradreifingu milli stétta á Íslandi. Við ræddum skýrslu í vor. Samanburður náði til skýrslu þar sem reynt var að gera samanburð á lífskjörum á Íslandi og í Danmörku. Samanburðurinn sem þá var gerður náði til tíma þar sem kaupmáttur í Danmörku óx á árunum 1991–1994 um 6,7% meðan kaupmáttur minnkaði á sama tíma hér á landi um 6%. Þessi staðreynd er rammi skýrslunnar sem við vorum að fjalla um í vor og höfðum mjög

lítinn tíma til í lok þings. Þetta er til umhugsunar fyrir þá sem biðja menn að bíða rólegir eftir bættum kjörum eftir að aukinn hagvöxtur er nú orðinn 3–5% og er staðreynd sem stjórnarflokkarnir hafa haldið mjög á lofti á síðustu vikum. Menn gera sér kannski ekki grein fyrir því hver sá munur er að ræða lífskjarasamanburð í samdrætti annars vegar og miklum hagvexti hins vegar. Það má líka geta þess að kaupmátturinn var lakari hér á landi árið 1994 en 1990 vegna stórfelldra efnahagserfiðleika. Þetta er munurinn þá og nú. Skýrslan sem við ræddum í vor sýndi mun hærra matarverð en í Danmörku. Það var bent á, og ég rifjaði upp núna, að við hefðum getað notað GATT til að lækka matarverð. Var það gert? Nei, það var ekki gert. Vegna ummæla sem féllu hér áðan tek ég fram að það var ekki Alþfl. eða jafnaðarmenn sem stóðu í vegi fyrir því að það væri gert. Það er erfitt að átta sig á því hvernig ólík atriði sem komu ekki fram í skýrslunni hafa áhrif á efnahagslega stöðu fjölskyldna. Þess vegna hefur þingflokkur jafnaðarmanna beðið um viðbótarskýrslu þar sem ítarlegri samanburður er gerður á milli Íslands og Danmerkur og skýrslan fyllri enda bar hún þess mjög merki í vor að hafa verið óklárað eða réttara sagt ekki fullunnin.

Beiðni okkar er að gerður verði ítarlegri samanburður á verði matvara hér og í Danmörku, samningsbundnum réttindum, kostnaðarþáttum svo sem í heilsugæslu og víðar, skiptingu þjóðartekna til nokkurra ára og innbyrðis skiptingu milli einstakra hópa launafólks í þessum tveimur löndum og einnig að kannað verði hver ástæðan er fyrir því að danskir vinnuveitendur geta greitt hærri laun en íslenskir vinnuveitendur. Aðalvandi okkar er sá að það er ekki unnt að fá samanburð á ráðstöfunartekjum sambærilegra fjölskyldna hér og í Danmörku og ég ætla að geta um hvers vegna. Í skýrslunni í vor kom það fram að danskar upphæðir eru umreiknaðar með svokölluðu PPP. Það er verðlagssamanburður sem OECD gerir á milli aðildarlanda en til er önnur tala sem er einnig frá OECD en byggist á verðlagssamanburði milli Norðurlandanna innbyrðis. Hefði verið rökrétt að ganga út frá því að síðari talan væri eðlilegri af því þar er gengið út frá samanburði milli skyldra þjóða með svipuð lífskjör og neyslumynstur sem ætti að vera marktækari en samanburður milli óskyldari þjóða. Þjóðhagsstofnun notaði ávallt lægri töluna og ég get nefnt sem dæmi að í vor var oft vitnað í setningu á bls. 14 í skýrslunni þar sem segir að þegar upp er staðið hafi danska fjölskyldan 15% meira til ráðstöfunar en sú íslenska. Ef samanburður milli Norðurlandanna hefði verið notaður í þessari skýrslu hefði talan ekki verið 15%, hún hefði verið 23,7%. Þetta eru líka staðreyndir um samanburðinn sem gerður var. En stærsti galli skýrslunnar er að mínu mati sá að hún gerir engan beinan samanburð á ráðstöfunartekjum sambærilegra fjölskyldna í löndunum. Ég vitnaði til setningarinnar á bls. 14. Í öðrum töflum er að finna beinan samanburð fyrir einstaklinga af ýmsum stéttum en hver yrði myndin? Ef við giftum saman tvo kennara, látum þau eiga tvö börn, bæði á barnaheimili, og skulda íbúð og bíl eða verkamann og afgreiðslustúlku, kennara og hjúkrunarfræðing o.s.frv. Það hafa verið gerðar tilraunir til slíks samanburðar á grundvelli upplýsinga sem fram koma í skýrslunni sem ég hef vísað til og út kemur þetta, virðulegi forseti: Dönsku kennarahjónin hafa 63% meira til ráðstöfunar en þau íslensku. Dagvinnulaun þeirra íslensku þyrftu að hækka um 103,8% til að þau hefðu það jafngott og þau dönsku. Danski verkamaðurinn og afgreiðslustúlkan hafa 53,6% meira út úr dagvinnunni, yfirvinna minnkar minnkar minn inn í 32,4%. Og dagvinnulaun íslensku hjónanna þyrftu að hækka um 110,5% til að þau standi jafnfætis þeim dönsku. Virðulegi forseti. Þetta er ef eðlilegt gengi OECD á milli Norðurlandanna er notað. Því miður er þetta rétt, virðulegi forsrh., og við þurfum að ræða nánar um þessi mál á komandi hausti.

[17:15]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Þekktur stjórnmálamaður sagði einhverju sinni: Ég á mér draum. Og ég á mér reyndar einnig draum. Ég á mér þann draum að við getum skapað atvinnu fyrir alla, ég á mér þann draum að fullkomið jafnrétti skapist til náms. Ég á mér þann draum að fólk geti lifað af launum sínum, ég á mér einnig þann draum að kaupmáttur launa aukist enn um sinn og ég á mér þann draum að við getum bætt aðbúnað aldraðra, fatlaðra og sjúkra. Ég á mér einnig þann draum að vinnutími verði fjölskylduvænni og ég á mér einnig þann draum að allir borgi þá skatta sem þeim ber.

Auðvitað eru þetta allt saman göfug og góð markmið og að þeim ber að stefna. Vandamálið er bara það að flestir þessara þátta kosta peninga og tekjur ríkisins eru takmarkaðar. Hvað eigum við að gera til að auka tekjur ríkisins? Jú, við getum hækkað skatta eins og komið hefur fram í umræðunni. Við getum haldið áfram að safna skuldum eins og gert var um langan tíma og við getum reynt einnig að forgangsraða þeim verkefnum sem við erum hér að ræða um.

Hvar vilja stjórnarandstæðingarnir skera niður? Hvað viljum við láta á móti okkur í velferðarkerfi okkar? Auðvitað er nauðsynlegt að ræða þessi mál enda er þetta eitt af aðalviðfangsefnum þeirra sem starfa í pólitík. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og reyndar flestir þeir sem eru í stjórnarandstöðunni drógu fram býsna dökka mynd af samfélagi okkar á Íslandi. Það er sjálfsagt að vekja athygli á þessari dökku mynd. En staðreyndin er einnig sú að fjöldi fólks á Íslandi hefur það þokkalega gott. En við þurfum að leggja mjög mikið á okkur í vinnu m.a. vegna þeirra krafna sem við gerum til lífsins. Þar kemur til húsnæði, ýmiss konar þægindi, ferðalög og ýmislegt fleira sem mjög margir á Íslandi geta látið eftir sér, sem betur fer.

Verðmætamat okkar alþingismanna er oft dálítið sérstakt. Við eyddum býsna löngum tíma á síðasta þingi m.a. til þess að ræða innritunargjöld í Háskóla Íslands og við deildum og pexuðum næstum því heilan dag um það hvort innritunargjöldin ættu að vera 4 eða 5 þúsund kr. hærri eða lægri. Við ræddum ekkert um það að okkar ágæta, unga fólk bregður sér til útlanda mjög gjarnan þegar það hefur lokið framhaldsskólanámi, t.d. lokið stúdentsprófi. Auðvitað vinnur unga fólkið með ýmsum hætti til þess að safna sér fyrir þessum ferðum. Það þekki ég vel því að ég hef verið kennari eins og sumir þeir sem hafa haldið ræður hér í dag. Þetta sama unga fólk fer jafnvel um verslunarmannahelgina vítt og breitt um landið og eyðir miklu hærri upphæðum en þegar við erum að ræða um þessi innritunargjöld. En auðvitað eru þetta kannski smáatriði sem ég er að draga fram í þessu sambandi nákvæmlega eins og ýmis önnur dæmi sem hafa verið rædd hér í dag.

Vonandi berum við gæfu til þess að bæta kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Ég er tilbúinn að leggja mitt lóð á vogarskálina í þeim efnum. Ég vona að draumur minn um betra samfélag rætist sem ég vék að í upphafi en ég veit að við fjármögnum ekki velferðarkerfið okkar með

áframhaldandi lántöku. Þá mun illa fara í þessu samfélagi.

[17:20]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Sú umræða sem er hafin að frumkvæði þingflokks Alþb. og óháðra mun fara fram í allan vetur. Þessi mál, lífskjörin, fjölskyldan og kjarabaráttan verða aðalumræðuefnið í allan vetur. Það er af þeim ástæðum sem þingflokkurinn og þingmenn okkar hafa lagt fram þau mál sem kynnt hafa verið og kynnt verða næstu daga og gætu kannski orðið til þess að auðvelda þá kjarabaráttu sem fram undan er. Mál sem snerta vinnutímann, mál sem snerta þjónustugjöldin á heilsugæslustöðvunum, mál sem snerta jaðarskattana, mál sem snerta húsnæðiskerfið svo nokkur dæmi séu nefnd um mál sem verður að taka á í tengslum við þá kjarabaráttu og kjarasamninga sem fram undan eru að ógleymdum skuldum heimilanna sem eru stórfelldur og vaxandi vandi eins og hæstv. félmrh. viðurkenndi hér áðan.

Auðvitað er það verkalýðshreyfingarinnar að móta kröfurnar um kaupið í einstökum atriðum en það er Alþingi sem útbýr hinn pólitíska ramma og auðvitað er það þannig að kjarabaráttan er þegar upp er staðið pólitísk líka. Þess vegna skiptir máli hvað við gerum í þessari stofnun og hvernig ríkisstjórnin tekur á þeim málum sem snerta kjör hins almenna manns í landinu.

Hins vegar verð ég að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég óttast dálítið um það hvernig samskiptum ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar verður hagað á komandi vetri. Ég óttast það vegna þess að mér fannst að formenn stjórnarflokkanna, sem töluðu áðan, væru bólgnir af sjálfsánægju, þeir voru svo sannfærðir um að allt væri gott og fullkomið hjá þeim í efnahagsmálum og atvinnumálum að ekkert þyrfti annað að gera í kjaramálum en það eins og hæstv. forsrh. sagði að tryggja að ríkisstjórnin verði áfram til, þ.e. fylgt verði áfram þeirri stefnu sem hún hefur komið sér upp.

Kveðjur af þessu tagi til verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi í upphafi kjarabaráttu kunna ekki góðri lukku að stýra og það er greinilegt að hæstv. ráðherrar neita að horfast í augu við þann veruleika að þó að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi hreyfst að undanförnu hefur hann í raun og veru *hreyfst minna en nemur breytingum á landsframleiðslu og* þjóðartekjum á síðustu árum. Ef við lítum yfir árin frá 1990 til þeirrar spár sem liggur fyrir fyrir árið 1997 hefur verg landsframleiðsla aukist um 13%, vergar þjóðartekjur á sama hátt um 11,7%. Þetta kemur fram í þjóðhagsáætlun, 13% og 11,7%. Á sama tíma liggur það fyrir og kemur fram í sama skjali að ráðstöfunartekjur á mann hafa aukist um 2,8% og ef við skoðum þetta á mælikvarða launavísitölunnar einnar er um að ræða hækkun upp á 6,1%. Þess vegna alveg greinilegt að ef við horfum yfir þetta tímabil frá 1990 og til dagsins í dag og þess sem spáð er á næsta ári þá eru launin langt á eftir öðrum þjóðhagsstærðum og þess vegna er það greinilegt að verkalýðshreyfingin og einstök verkalýðsfélög sem hafa verið að tjá sig að undanförnu hafa rétt fyrir sér þegar þau segja: Það verður að hækka kaupið til þess að kaupið haldi í við annað í þjóðfélaginu og helst gott betur. Það er það sem menn eru að gera kröfur um. Hverju mæta menn þá? Þá mæta menn þessari taumlausu sjálfsánægju formanna stjórnarflokkanna sem birtist hér áðan.

Það var vissulega fagnaðarefni að það kom fram í máli hæstv. félmrh. að hann gerir sér grein fyrir því eftir langa viðtalstíma í félmrn. að skuldir heimilanna eru að sliga þúsundir fjölskyldna. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að ef það á að komast í gegnum kjarabaráttuna og kjarasamningana núna í vetur verða ráðherrarnir að hrista af sér sjálfsánægjuna sem einkenndi þá hér áðan.

[17:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég held að menn þurfi í sjálfu sér ekkert að hrista af sér sjálfsánægju. Það er vitað mál að það er ýmislegt að í samfélagi okkar en við megum samt ekki láta svartsýnina ná algerlega tökum á okkur. Það er nú svo undarlegt að í nýrri könnun sem birtist í gær í Morgunblaðinu kemur í ljós að lífeyrisþegar, konur og verkafólk, eru ánægðastir af þeim hópum sem eru í samfélagi okkar. Ég verð að segja það eins og er að það kemur mér nokkuð á óvart. Það er ekki í neinu samræmi við þá umræðu sem fer hér fram og ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að þessir hópar þjóðfélagsþegna eru hvað ánægðastir í landi okkar eða miklu óánægðari með kjör sín í öllum öðrum löndum. Auðvitað metur fólkið lífið og tilveruna ekki eingöngu út frá efnislegum kjörum. En mér finnst að þetta sé í algjöru ósamræmi við þá umræðu sem fer fram á Alþingi því að umræðan í Alþingi segir að konur séu óánægðari í landi okkar en alls staðar annars staðar. Það kemur fram í þessari könnun að það sé í Frakklandi þannig að mér finnst rétt að menn tali um þetta eins og það er.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að hann vildi hækka skatta. En af hverju hefur Alþb. ekki flutt frv. um það að hækka skattana vegna þess að þeir hafa sagt að þeir hafi lagt fram þau þingmál sem þeir ætla að berjast mest fyrir? Hvað hafa þeir lagt fram hér? Þeir hafa lagt fram frv. um lækkun skatta, þ.e. lækkun jaðarskatta. (**ÖJ:** Ég gagnrýndi ykkar skatta.) Hvað höfum við gert? Við höfum lagt skatt á fjármagnstekjur í andstöðu við hv. þm. en sem betur fer í góðu samstarfi við megnið af verkalýðshreyfingunni. Hann vildi ekki leggja skatt á fjármagnstekjur og barðist mjög gegn því. (*Gripið fram í.*) *Þú hefur möguleika á að tala hátt úr* ræðustól á eftir, hv. þm. Við höfum líka sagt að það þurfi að endurskoða þau skatthlunnindi sem hlutabréfaeigendur hafa í dag til þess að skapa m.a. svigrúm til þess að framkvæma einhverja svipaða skattalækkun og Alþb. er að leggja til. Það verður að vera eitthvert samræmi í málflutningnum, hv. þm., og ég hef ekki séð neina tillögu um það frá Alþb. að hækka skatta á fyrirtækjum eða hækka skatta á hærri tekjum. Þvert á móti er Alþb. að leggja til að lækka skatta á þeim sem hafa hærri tekjur eða þeim tengingum sem eru þar, ég er sammála því. En það er ekki nóg að vera á móti öllum stefnum hv. þm., það er ekki nóg að vera á móti öllum stefnum. (Gripið fram í.) Menn verða að hafa einhverja stefnu sjálfir.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að gefa hv. ræðumönnum og hæstv. ráðherrum möguleika á að ljúka máli sínu.)

[17:28]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að taka undir með hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni sem hann sagði hér áðan að við Íslendingar höfum það að meðaltali gott. En það gerum við reyndar líka þegar við stöndum með annan fótinn í sjóðandi vatni og hinn í ísköldu þannig að það að við höfum það að meðaltali gott segir kannski ekki svo mikið um það hvernig ákveðnum þjóðfélagshópum líður og það er kannski það sem þessi umræða snýst um fyrst og fremst. Ég held að það sé ágætt eins og sumir hafa gert í umræðunni að draga pínulítið

fram stöðu einstakra hópa í staðinn fyrir að tala alltaf í meðaltölum vegna þess að það segir manni ekki alla söguna.

Skilaboð ríkisstjórnarinnar, sem við höfum séð, bæði í umræðunni og ekki síður í framlögðu fjárlagafrv. eru meira og minna í meðaltölum. Það er mjög fróðlegt að skoða það hvernig þetta er allt saman lagt fram hjá hæstv. ríkisstjórn, ekki aðeins skilaboðin til fjölskyldnanna heldur líka skilaboðin eða boðskapurinn til launafólks í tilefni af komandi kjarasamningum. Það má segja að hæstv. ríkisstjórn láti ekki hjá líða að minna verulega á komandi kjarasamninga í nýframlögðu fjárlagafrv. því þó það sé sjaldnast nefnt berum orðum þar er það svo að sérstaklega hinn svokallaði ráðherrakafli er í raun og veru sannkallaður óður til verkalýðshreyfingarinnar. Þar er reyndar enginn baráttuóður á ferð og enn síður er þar hægt að greina vott af þakklæti til launafólks fyrir þær fórnir sem það hefur fært í þágu efnahagslegs stöðugleika á liðnum árum. Ég held að full ástæða sé til að minna á það úr þessum ræðustól að það er fyrst og fremst launafólk með samstöðu verkalýðshreyfingarinnar sem gerði það mögulegt að þessi efnahagslegi stöðugleiki myndaðist. Það er alveg ástæða til þess að minna á að það er á engan hátt aðeins ríkisstjórn Davíðs Oddssonar að þakka heldur kannski, eins og bent var á í umræðunni áðan, þrátt fyrir að þessi ríkisstjórn hafi setið hér við stjórnvölinn. Því það er engu líkara þegar maður les þann boðskap sem kemur fram í fjárlagafrv. en að það þurfi virkilega að halda launafólki og samtökum þess niðri. Það er sá boðskapur sem mörgum líkar illa að sjá, ekki síst með tilliti til fortíðarinnar og þeirrar ábyrgðar sem verkalýðshreyfingin og launafólk hefur sýnt í því skyni að ná fram efnahagslegum stöðugleika. Fjárlagafrv. hins vegar og boðskapur ríkisstjórnarinnar í umræðunni er í raun og veru linnulaus hræðsluáróður. Ef þið krefjist bættra kjara þá fer allt úr böndunum, og í sjálfu fjárlagafrv. er t.d. sagt berum orðum, ef ég má vitna í það, með leyfi forseta:

„Mikilvægt er að nýta efnahagsbatann skynsamlega og forðast kollsteypur. Í komandi kjarasamningum þarf að taka mið af þeim efnahagslega ramma sem markast af aukningu þjóðartekna. Þannig má koma í veg fyrir að verðbólgan fari aftur á skrið því að hún leikur þá verst sem minnst mega sín."

Ég get ekki skilið annað en hér sé um hreinan og kláran hræðsluáróður að ræða meira og minna í boðskap ríkisstjórnarinnar á undanförnum vikum. Þó að allir séu sammála um að það þurfi að gæta viss aðhalds í ríkisrekstri þá eru, eins og fram hefur komið í umræðunni, menn ekki sammála um hvernig það er gert. Og ég vil minna á það sem hv. málshefjandi sagði í upphafi, að Alþb. og óháðir hafa lagt fram fjölda tillagna í þeim efnum sem liggja fyrir þinginu og sem sjá má líka á liðnum árum í tillöguflutningi okkar.

Herra forseti. Þessi hæstv. ríkisstjórn virðist ekki hafa áttað sig á því að það verður ekki endalaust gengið á launafólk og á fjölskyldur þessa lands. Þrátt fyrir göfugt markmið um efnahagslegan árangur í ríkisfjármálum þá er það svo að fólk gerir fyrr eða síðar kröfur til þess að fá eitthvað af þessum efnahagsbata sem alltaf er verið að tala um. Og það er ekkert að undra, herra forseti, að láglaunafólk sem nú hefur uppi hærri kaupkröfur en ríkisstjórnin hefur gefið, ég vil segja leyfi til eða grænt ljós á, telji sinn tíma nú vera kominn eftir áralanga þolinmæði og þrautseigju í nafni þess að styrkja efnahagslega stöðu ríkisins sem hæstv. ríkisstjórn hælir sér núna af fram og aftur. Það er hins vegar því miður ekki háleit markmið að sjá í þágu fjölskyldunnar, hvorki í þessu fjárlagafrv. né í stefnu ríkisstjórnarinnar að öðru leyti nema fjölskyldustefna hæstv. félmrh. verði lögð fram og rædd fljótlega. Það vona ég sannarlega því að a.m.k. er þar hægt að binda vonir við það að ríkisstjórnin sé á einhvern hátt að gæta hagsmuna fjölskyldunnar.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Hæstv. forsrh. sagði í umræðunni áðan að það væri afar snjallt eins og hann orðaði það, í umræðu af þessu tagi að spyrja hvort fólk treysti sér til að lifa af lægstu launanum. Það er rétt hjá hæstv. ráðherranum að það er afar snjallt að spyrja svona. Ég heyrði hins vegar hæstv. forsrh. ekki svara þessari spurningu og ég vil í lokin til upplýsingar segja honum og þeim sem hér eiga eftir að tala að lægstu laun innan Verkamannasambands Íslands eru rúmar 49 þús. kr. og það var ekki minnst á þau í máli hv. málshefjanda.

[17:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þáltill. um fjölskyldustefnu verður lögð fram alveg á næstu dögum. Ég vænti þess að það gerist á morgun eða hinn daginn. Komandi kjarasamningar verða náttúrlega ekki leystir hér í þingsalnum en bætt vinnulöggjöf á að geta greitt fyrir lausn kjarasamninga. Það hefur skapast nokkurt svigrúm til kaupmáttaraukningar. Gömlu lögin reyndust illa. Þau hafa beinlínis stuðlað að auknum launamun, ekki læknað hann. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við reynum að ræða þetta æsingalaust. Ég held að það sé mjög eftirsóknarvert að reyna að breyta launauppbyggingunni í landinu, þ.e. að hækka lægstu grunnlaunin en minnka áhersluna á yfirvinnuna og stytta vinnutíma án þess að framleiðni eða afköst minnki. Reynslan hefur nú kennt mörgum þjóðum að langur vinnutími er ekki mælikvarði á mikil afköst. Þar af leiðandi held ég að það þurfi að huga líka að þessu atriði ekki síður en prósentuhækkunum.

Sem betur fer er atvinnuleysið að minnka. Spá vinnumálaskrifstofu félmrn. fyrir septembermánuð hljóðar upp á líklegt 3,2% atvinnuleysi í september. Nú liggja tölur ekki fyrir svo að ég verð að hafa á þessu nokkurn fyrirvara. Það er þó allt of mikið skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og reyndar eru sums staðar uggvænlegar horfur vegna erfiðleika í bolfiskvinnslunni sem geta leitt til aukins atvinnuleysis og vandræða. Þrátt fyrir það að hér sé enn nokkurt skráð atvinnuleysi þá vantar okkur orðið fólk í störum stíl. Það vantar fólk í Reykjavík tugum saman í heimililshjálp og félmrn. mun standa að námskeiði í samstarfi við Sókn og Reykjavíkurborg beinlínis til þess að kynna starfið að heimilishjálpinni. (Gripið fram í.) Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Þórunni Sveinbjarnardóttur þá er þau fast að 80 þúsundum með að sjálfsögðu fullum vinnudegi.

Það vantar víðar fólk. Það vantar stórlega fólk í fiskvinnslu. Á föstudaginn var t.d. varð ég að láta afgreiða 70 atvinnuleyfi handa Pólverjum til þess beinlínis að fiskvinnsla strandaði ekki á nokkrum stöðum hér á landi. Ég hafði reyndar vakið athygli á því með auglýsingu að störf væru laus en fólkið virtist ekki vilja taka þessi störf. Við höfum beitt okkur fyrir námskeiðum fyrir atvinnulausa byrjendur í fiskvinnslu og það hefur gefið góða raun. Tveir þriðju af þeim sem sóttu fyrsta námskeiðið réðu sig í fiskvinnslu upp úr því og ég vonast eftir að áframhald verði á þessu. Ég vænti þess að menn gangi að komandi kjarasamningum með stillingu. Við skulum láta aðila vinnumarkaðarins um að ræðast við. Við leysum þetta ekki eins og ég sagði í þingsalnum. Ég vænti

þess að þrátt fyrir allt, þrátt fyrir stór orð og heitingar sem menn hafa haft uppi einstöku sinnum í hita leiksins, þá eigi þessir kjarasamningar að geta farið þannig fram að þeir hafi í för með sér eðlilegar kjarabætur án þess að setja hér allt á annan endann því að það er engum greiði gerður með því.

[17:38]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Heldur var lítið um svör hjá hæstv. forsrh. við þeim spurningum sem ég beindi til hans í upphafi máls míns. Ég spurði að því hvort ríkisstjórnin ætlaði að grípa til einhverra sérstakra ráðstafana til þess að jafna kjör í landinu og jafna þau á við það sem gerist hjá þeim þjóðum sem við erum gjarnan að bera okkur saman við og hvort það yrði gripið til einhverra sértakra ráðstafana vegna þeirra sem búa við lökust kjör í landinu eins og t.d. lífeyrisþega. Það kom ekki fram í stefnuræðu forsrh. Það kemur ekki fram í frv. til fjárlaga. Ég óskaði eftir því að forsrh. gerði okkur grein fyrir því hvort ríkisstjórnin ætlaði að koma með tillögur til úrbóta.

Ég er sammála því sem hæstv. félmrh. sagði. Það á að ræða þetta æsingalaust. Eini maðurinn sem hefur verulega æst sig í ræðustól er hæstv. utanrrh. og það er auðvitað gott að okkur tókst að hræra aðeins upp í þeim hv. framsóknarmönnum því að ekki mun af veita, önnur eins lognmolla og ríkir þar á bæ.

Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sagðist eiga sér draum, m.a. um að hægt væri að fella niður skráningargjöld í háskólanum eða skólagjöldin í framhaldsskólanum. Það var innifalið í draumnum og framtíðarsýn þingmannsins en þó því aðeins að þessir nemar hættu að fara í bíó, til útlanda eða á skrall um verslunarmannahelgina. Það gleymdist að geta þess í auglýsingum Framsfl. fyrir síðustu kosningar þegar menn voru spurðir: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?" Og ungt fólk var látið lýsa því yfir hvert það stefndi, nemar í háskólanum. Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. að geta þess hvernig meðaltalið segir að að meðaltali við höfum það fjári gott. Ef við tökum á sama hátt hæð þingmanna í þingsalnum þá er hv. þm. að meðaltali 1.80 á hæð. Það sýnir fáránleika þessara samlíkinga að taka meðaltöl með þessum hætti.

Hæstv. forsrh. nefndi það áðan að það hefði verið gert um árabil, að tala um lægstu launin og hvort við gætum og treystum okkur til að lifa af lægstu launanum. Ég nefndi 80 þús. kr. mánaðarlaun. Verkamannafélagið Hlíf sem hæstv. forsrh. nefndi áðan að færi fram á — ég býst við að það hafi verið átt við það félag þegar var talað um 50–100% launahækkun — hefur farið fram á 43,7% launahækkun á tveimur árum. Hvað þýðir það? Hvað þýða þessar prósentutölur? Þær eru háar. En þær þýða að eftir tvö ár verður núverandi kauptaxti fyrir almenn verkamannastörf, sem er 49.538 kr., kominn upp í 71.138 og að tíu ára kauptaxti fiskvinnslufólks sem nú er 56.972 á mánuði verður orðinn 78.572 á mánuði. Þetta eru öll ósköpin. Og ef þetta er það sem efnahagsstjórn, þessi góða efnahagsstjórn núv. ríkisstjórnar þolir ekki þá er hún ekki beysin. Reyndar finnst mér það koma fram í riti frá Seðlabanka Íslands að þeir segi að efnahagsstjórn núv. ríkisstjórnar sé í raun og veru ekki nein. Þessi árangur sem alltaf er verið að guma af er ekkert annað en það að 10 milljarða tekjuaukning næst á teimur árum en útgjöldin aukast, umsvifin aukast. Og í fjárlagafrv. er engin stefnubreyting, ekki nokkur. Það er ekki hæstv. ríkisstjórn að þakka að hér hefur aukist hagvöxtur. Hún er heppin að ytri aðstæður eru hagstæðar. En verk ríkisstjórnarinnar hafa engu skilað.

[17:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður eins og sagt hefur verið þó að þær hafi stundum farið út um víðan völl eins og gerist og gengur og ekki er víst að umræðurnar muni verða til þess fallnar að hjálpa upp á að leiða kjarasamninga til lykta, enda sjálfsagt ekki til þess stofnað á þessu augnabliki. Allmargir þingmenn hv. stjórnarandstöðu hafa sagt að ríkisstjórnin þurfi að átta sig á því að það þurfi að hækka kaup. Ríkisstjórnin hefur áttað sig á því. Ríkisstjórnin telur það brýnt. Hún hefur sagt að kaupmáttur eigi að aukast. Ég hef staðið í þessum ræðustól fyrr, fyrir nokkrum árum og sagt að það mætti ekki hækka kaup, tekjur þjóðarinnar væru að dragast saman og við yrðum að átta okkur á hvernig við ætlum að axla þær byrðar. Við erum ekki að tala þannig nú. Það þarf enginn að brýna okkur í því, þvert á móti. Við erum að segja: Það þarf að hækka kaup. Það þarf að auka kaupmátt. En það verður ekki gert með neinum fölskum hætti eða einhverjum fornum formúlum sem allir vita að hafa brugðist. Sumar lýsingar hv. stjórnarandstöðuþingmanna eru náttúrlega ekki í neinum takt við raunveruleikann og það er ekki hægt að mæla hér fyrir málum sem ganga þvert á það sem almenningur þekkir. Almenningur sér auðvitað í gegnum það.

Það var sagt að ég hefði ekki svarað spurningum um hvort við þingmenn gætum lifað af þessum lægstu launum. Ég segi, þannig hefur oft verið spurt. Ég hef reyndar tekið þátt í því að lifa af lægstu launum með minni fjölskyldu undir forsjá móður minnar. Ég hef aldrei áttað mig á því hvernig hún fór að því. Ég hef aldrei skilið af hverju hún kvartaði aldrei. Þetta gekk og sennilega hafa lægstu launin þá verið lægri en þau eru nú. Það gekk að vísu með miklum þrengingum og menn leyfðu sér ekkert, það er alveg rétt. En það gekk. Og þannig verður það ætíð. Það verður ætíð erfitt að lifa af þeim launum sem lægst eru í þessu landi sem öðrum. Þeir sem eru í þeirri stöðu munu þurfa að velta fyrir sér hverri krónu. Það mun aldrei breytast. Það sem lægst er á hverjum tíma verður ætíð erfitt því það verður alltaf samanburður hjá því fólki við hina sem meira hafa. Þannig verður það alltaf. Þannig var það líka þá í þann tíð sem ég var að nefna. Það þýðir ekkert að koma hér og láta gagnvart almenningi eins og hv. stjórnarandstæðingar séu eitthvað betra fólk en við hin. Eru stjórnarandstæðingar að gefa til kynna að við viljum launþegum illt? Haldið þið að launþegar trúi því? Að við séum komnir til þingsins til að starfa frá morgni til kvölds til þess að hafa af fólki hlutina? Að gera því illt? Það þýðir ekki að tala þannig. Menn vita að það er ekki svo. Það er heldur ekki þannig að atbeini hv. stjórnarandstæðinga, þegar þeir hafa haft afl og vald til, hafi reynst betri til að auka mönnum laun og kaupmátt. Það hefur ekki reynst svo. Hversu digurbarkalega sem menn hafa talað eru staðreyndirnar aðrar. Þá hafa menn sem nú hafa sig í frammi sætt sig við mikla launaminnkun landsmanna eins og ég benti á í upphafi og ekki sagt orð við því.

Komið hefur fram hjá okkur talsmönnum ríkisstjórnarinnar, og við höfum allir talað æsingalaust eins og tilefni er til, að vilji stendur til þess að kaupmáttur landsmanna aukist. Það er kominn tími til og skilyrði eru að skapast til þess. En við þekkjum líka af gamalli sögu að ef við ætlum að

ganga sameiginlega hraðar fram en tilefni gefst til göngum við fram af okkur. Þá hverfur þessi ábati. Við eyðileggjum hann fyrir okkur sjálfum. Það vil ég ekki gera. Ég trúi ekki að hv. málshefjandi vilji það heldur.

Fundi slitið kl. 17:47.

---

4. FUNDUR

þriðjudaginn 8. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá stjórn Verslunarráðs Íslands.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Fjáraukalög 1996, 48. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 48.
Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 44. mál, frv. SvanJ o.fl., þskj. 44.
Launajafnrétti, 45. mál, fsp. SvanJ, þskj. 45.
Málefni Hollustuverndar ríkisins, 42. mál, fsp. HG, þskj. 42.
Starfsmannastefna, 46. mál, fsp. SvanJ, þskj. 46.
Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, 47. mál, fsp. USt, þskj. 47.
Umboðsmaður jafnréttismála, 41. mál, frv. HG o.fl., þskj. 41.
Verðtrygging lána og skuldir heimilanna, 43. mál, fsp. JóhS, þskj. 43.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Borist hafa bréf þar sem tilkynnt er:
1. Á fundi félmn. var Kristín Ástgeirsdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður.
2. Á fundi sjútvn. var Steingrímur J. Sigfússon kjörinn formaður nefndarinnar og Árni R. Árnason varaformaður.
3. Á fundi allshn. var Sólveig Pétursdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Valgerður Sverrisdóttir varaformaður.
4. Á fundi umhvn. var Ólafur Örn Haraldsson kjörinn formaður nefndarinnar og Gísli S. Einarsson varaformaður.

Fjárlög 1997, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Borist hefur bréf sem hljóðar svo:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska þess fyrir hönd þingflokks Samtaka um kvennalista að umræðutími við 1. umr. um frv. til fjárlaga verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Kristín Halldórsdóttir."

Fallist hefur verið á þessa beiðni. Verður ræðutími þar af leiðandi tvöfaldur.

[13:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Þetta er annað frv. núv. ríkisstjórnar og hið sjötta sem ég legg fram á hinu háa Alþingi. Í ræðu minni mun ég fyrst fara nokkrum orðum um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eins og hún birtist í þessu fjárlagafrv. Síðan nefni ég nokkrar ástæður fyrir því af hverju það er mikilvægt að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Þá mun ég fara yfir helstu áhersluatriði fjárlagafrv. og gera grein fyrir þeim árangri sem náðst hefur í ríkisfjármálum að undanförnu. Loks langar mig að vekja athygli á nokkrum atriðum er varða framtíðarhorfur okkar, hvert stefnir, hvaða markmið eru brýnust og hvaða leiðir þarf að fara til að ná þessum markmiðum.

Íslenskt efnahagslíf hefur nú rétt úr kútnum eftir langvinnt erfiðleikatímabil. Síðustu tvö ár var hagvöxtur hér á landi svipaður og í helstu samkeppnislöndum og á árinu 1996 eru horfur á að hagvöxtur verði meiri hér en í nokkru öðru OECD-ríki, að Írlandi undanskildu. Á næsta ári er útlit fyrir að hagvöxtur verði svipaður og í nálægum löndum. Hér hefur því ótvírætt þokast í rétta átt eins og forsrh. benti réttilega á í utandagskrárumræðum í gær.

Nokkuð skyggir á að aukinn hagvöxt má í ríkari mæli rekja til aukinna þjóðarútgjalda en innlendrar verðmætasköpunar. Mestu munar um neysluútgjöld heimilanna en þau hafa hækkað mun meira en nemur auknum kaupmætti ráðstöfunartekna. Skýringin liggur í umtalsverðri útlánaaukningu bankakerfisins til einstaklinga og þar með meiri skuldsetningu heimilanna. Þetta ásamt aukinni fjárfestingu hefur leitt til þess að afgangur á viðskiptajöfnuði í samfellt þrjú ár hefur nú snúist í halla. Þá hefur einnig gætt tilhneigingar til aukinnar verðbólgu á þessu ári þótt hún sé enn á svipuðu stigi og í nágrannalöndunum. Ég tel afar mikilvægt að sporna við þeirri þróun. Nýlegar aðgerðir Seðlabankans miða að því að auka aðhald í peningamálum og draga þannig úr þenslu í efnahagslífinu. Jafnframt er mikilvægt og í reynd eitt brýnasta verkefni stjórnvalda að treysta stöðu ríkisfjármála og varðveita þann stöðugleika sem náðst hefur í verðlags- og gengismálum á undanförnum árum. Aðeins þannig er unnt að treysta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs enn frekar en orðið er og skapa skilyrði til varanlegs hagvaxtar og bættra lífskjara. Þetta er nú sem fyrr kjarninn í efnahagsstefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

Nú kunna einhverjir að spyrja hvers vegna jafnvægi í ríkisfjármálunum sé svona mikilvægt. Ég vil því fara nokkrum orðum um mikilvægi þessa markmiðs.

Ýmis veigamikil rök eru fyrir því að traust staða ríkisfjármála eigi að vera forgangsverkefni íslenskra stjórnvalda. Reyndar eru þau rök ekki bundin við íslenskar aðstæður því að um þau er almenn samstaða á alþjóðavettvangi. Þannig hafa helstu skilaboð alþjóðaefnahagsstofnana til stjórnvalda um alllangt skeið verið að nauðsynlegt sé að nýta uppsveifluna í efnahagslífinu til að treysta stöðu ríkisfjármála og renna með því styrkari stoðum undir efnahagsbatann.

Ég vil í þessu samhengi vísa til nýlegra umræðna og samþykkta á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en hann var haldinn í síðustu viku. Á fundinum var lögð sérstök áhersla á nauðsyn aðhaldssamrar stefnu í ríkisfjármálum til að treysta stöðugleika í efnahagsmálum og efla atvinnulífið. Þær áherslur komu ekki einungis fram í formlegum samþykktum ársfundarins heldur einnig í ræðum ráðherra og annarra fulltrúa stjórnvalda á fundinum. Ástæðan fyrir samstöðu ráðamanna, hvar í flokki sem þeir standa, er einfaldlega sú að menn eru almennt sammála um að þessi stefna sé forsenda fyrir aukinni velferð og bættum lífskjörum almennings.

Slík viðhorf eiga einnig við hér á landi. Á sama hátt og leitað var til ríkissjóðs þegar erfiðleikar steðjuðu að atvinnulífinu er nú afar brýnt að nýta efnahagsbatann til að skila ríkissjóði með afgangi. Það er öruggasta leiðin til að tryggja áframhaldandi stöðugleika í efnahagsmálum, efla hagvöxt og bæta lífskjör heimilanna. Af þessu leiðir að ekki eru rök fyrir því að slaka á aðhaldi í ríkisfjármálum að svo stöddu. Þvert á móti má færa gild efnahagsleg rök fyrir hinu gagnstæða, þ.e. að auka aðhald enn frekar. Íslensk hagsaga geymir of mörg dæmi um lausatök í hagstjórn þegar vel árar. Afleiðingin hefur ávallt verið þensla, verðbólga, gengisfellingar og versnandi lífskjör almennings. Ég hygg að flestir séu sammála um að falla ekki í þá gryfju á nýjan leik.

Jafnvægi í ríkisfjármálum er enn mikilvægara fyrir þá sök að viðskiptaafgangur hefur snúist í halla. Í því felst að við eyðum meiru en við öflum. Afgangur á ríkissjóði vegur á móti þeirri umframeyðslu og stuðlar því að stöðugleika í efnahagslífinu. Enn fremur er rétt að hafa í huga að samfelldur hallarekstur ríkissjóðs undanfarin tólf ár hefur leitt til verulegrar skuldasöfnunar en hún er í reynd ávísun á skattahækkanir eða frekari niðurskurð útgjalda í framtíðinni.

Ég tel afar mikilvægt að snúa þróuninni við og fara að greiða niður þær skuldir sem hafa hlaðist upp mörg undanfarin ár. Jafnframt er rétt að hafa í huga að þótt skuldastaða ríkisins sé lægri í hlutfalli við landsframleiðslu hér á landi en víða annars staðar vega erlendar skuldir mun meira hér á landi. Í þessu felst ákveðin hætta, ekki síst fyrir okkar fámenna þjóðfélag.

Ég vil einnig benda á að hallalaus fjárlög eru ekki lokaáfangi í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum því að utan fjárlaga standa ýmsar skuldbindingar sem ríkissjóður hefur tekið á sig, einkum í lífeyrismálum, en einnig í áföllnum en ógreiddum vaxtagjöldum. Næsta verkefni í ríkisfjármálum er að jafna þessi met þannig að rekstur ríkissjóðs standi undir öllum gjöldum og skuldbindingum sem á honum hvíla. Til að ná þeim markmiðum þarf ríkissjóður að skila umtalsverðum afgangi á næstu árum. Þetta má líka orða á þann veg að með þessu fjárlagafrumvarpi sé stefnt að jafnvægi í ríkisbúskapnum miðað við svokallaðan greiðslugrunn en það er hin hefðbundna uppgjörsaðferð fjárlaga. Því næst þurfi að ná jafnvægi á rekstrargrunni en það er sú aðferð sem birtist í ríkisreikningi þar sem auk greiðsluhreyfinga á fjárlagagrunni er tekið tillit til þeirra skuldbindinga sem falla á ríkissjóð á hverju ári án þess að þær hafi áhrif á greiðslur viðkomandi árs. Þriðji áfanginn er síðan að skila nægilega miklum afgangi á rekstri ríkissjóðs til að unnt verði að greiða niður þær skuldir og skuldbindingar sem safnast hafa upp á undanförnum árum og áratugum. Ég vil í því samhengi nefna að ég mun á næstunni leggja fram á Alþingi frv. um fjárreiður ríkisins. Í því eru lagðar til róttækar breytingar á uppgjöri ríkisins en þær miða meðal annars að því að varpa ljósi á öll umsvif ríkisins með gleggri hætti en nú er gert, þar á meðal allar skuldbindingar. Það frv. var reyndar lagt fram á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Aukin vaxtabyrði er óhjákvæmileg afleiðing þráláts hallareksturs og skuldasöfnunar. Tölurnar tala sínu máli. Frá árinu 1985 nemur samanlagður halli ríkissjóðs rúmlega 100 milljörðum króna eða 8–9 milljörðum króna að jafnaði á ári. Hallareksturinn hefur verið fjármagnaður með lánum bæði innlendum og erlendum. Af því leiðir að vaxtagreiðslur ríkissjóðs hafa smám saman verið að aukast og nema nú 13–14 milljörðum króna á ári hverju. Vaxtagjöld ríkissjóðs eru þar með orðin næststærsti einstaki útgjaldaliður fjárlaganna. Sem dæmi má nefna að vaxtagjöldin nema hærri fjárhæð en fer úr ríkissjóði til skólahalds í landinu og svipaðri fjárhæð og fer í rekstur sjúkrahúsanna á Akureyri og í Reykjavík.

Loks er mikilvægt að nýta þann meðbyr sem er í efnahagslífinu til að treysta stöðu ríkissjóðs varanlega. Með því er búið í haginn fyrir framtíðina í tvennum skilningi. Annars vegar með því að greiða niður skuldir ríkisins og koma í veg fyrir skattahækkanir á næstu árum. Hins vegar er ekki síður mikilvægt að treysta stöðu ríkisfjármála meðan uppsveiflan varir og skapa svigrúm til að mæta áföllum eða andbyr í efnahagsmálum síðar. Sagan kennir okkur að óvarlegt sé að gera ráð fyrir að góðæri haldist um aldur og ævi og hyggilegra sé að hafa vaðið fyrir neðan sig.

Herra forseti. Fjárlagafrumvarpið endurspeglar megináherslur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir afgangi á fjárlögum ársins 1997 eftir samfelldan hallarekstur allt frá árinu 1985. Þetta markmið er í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Fyrsta skrefið í átt til jafnvægis var stigið með afgreiðslu fjárlaga ársins 1996. Þar var stefnt að því að helminga rekstrarhalla ríkissjóðs frá fyrra ári og benda síðustu áætlanir til þess að það gangi eftir og reyndar gott betur. Ég tel ástæðu til að benda á að undanfarin ár hafa afkomuáætlanir fjárlaga staðist betur en áður. Þegar horft er til síðustu þriggja ára, þ.e. frá og með árinu 1994, sýnir afkoma ríkissjóðs betri niðurstöðu en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum eða sem nemur 2 milljörðum króna samanlagt á þessu tímabili. Til samanburðar má nefna að á árunum þremur 1989, 1990 og 1991 varð halli ríkissjóðs 20 milljörðum, ég endurtek 20 milljörðum meiri samanlagt en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta segir ákveðna sögu um hve afkomuáætlun fjárlaga er orðin áreiðanlegri en áður var.

Gangi áform þessa fjárlagafrumvarps eftir mun ríkissjóður í fyrsta skipti í hálfan annan áratug greiða niður skuldir sínar eða um 2,3 milljarða króna. Jafnframt lækka skuldir ríkissjóðs í hlutfalli við landsframleiðslu annað árið í röð. Þessi lækkun endurspeglast í lækkun heildarskulda hins opinbera, þ.e. þegar sveitarfélög eru meðtalin, úr 55,5% af landsframleiðslu 1996 í rúmlega 53% á árinu 1997.

Til þess að ná markmiði fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1997 þarf að beita verulegu aðhaldi á útgjaldahlið. Gert er ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1997 verði

124,3 milljarðar króna. Þótt þessi fjárhæð sé heldur hærri en fjárlagatalan fyrir árið 1996 reiknað á sambærilegum grunni, þ.e. á föstu verðlagi og að teknu tilliti til flutnings grunnskólans til sveitafélaga, felst í þessum áformum um það bil 2,5% lækkun útgjalda að raungildi frá áætlaðri útkomu 1996. Lækkunin kemur einkum fram í útgjöldum til rekstrar, viðhalds og fjárfestingar en jafnframt tekst að halda tilfærsluútgjöldum nær óbreyttum milli ára.

Helstu breytingar á gjaldahlið auk flutnings grunnskólans til sveitarfélaga eru áform um breyttar áherslur í rekstri fjölmargra ríkisstofnana. Stórstígar framfarir í samgöngum og fjarskiptum gefa færi á að stækka þjónustusvæði einstakra ríkisstofnana og þannig um leið fækka stofnunum. Jafnframt verða stofnanirnar færari um að sinna hlutverki sínu. Þessar breytingar munu einnig skila sér í lægri útgjöldum, einkum þegar frá líður, en að vissu marki þegar á árinu 1997.

Tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins markast af þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að auka ekki skattbyrði. Heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 eru áætlaðar 125,4 milljarðar króna. Samhliða fjárlagagerðinni hefur verið unnið að ýmsum umbótum í skattamálum. Unnið er að heildarendurskoðun á tekjuskatti einstaklinga og ýmsum bótagreiðslum, meðal annars með það fyrir augum að draga úr svonefndum jaðaráhrifum. Ýmis atriði í álagningu skatta á fyrirtæki eru einnig til skoðunar. Ríkisstjórnin hefur þannig ákveðið að álagning tryggingagjalds á fyrirtæki verði samræmd milli atvinnugreina í áföngum og hugmyndin er að fyrsti áfangi komi til framkvæmda á næsta ári. Enn fremur er unnið að frekari breytingum á vörugjöldum í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar fyrr á þessu ári. Um næstu áramót kemur einnig til framkvæmda skattlagning vaxtatekna og samræmd skattlagning fjármagnstekna, en lög þessa efnis voru samþykkt á Alþingi síðastliðið vor. Fleiri atriði eru til skoðunar þótt þau verði ekki tíunduð hér.

Batnandi afkoma þjóðarbúsins nú er um margt frábrugðin fyrri uppsveiflum í íslensku efnahagslífi þar sem hún verður ekki rakin sérstaklega til sjávarútvegs. Allt frá miðjum síðasta áratug hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Lykilorðið í þessari þróun er aukið frelsi í viðskiptum, jafnt með vörur, þjónustu og fjármagn. Á flestum sviðum hefur hömlum verið aflétt og höftum, boðum og bönnum verið ýtt út af borðinu. Auk þess hefur af hálfu stjórnvalda verið gripið til ýmissa aðgerða til að laga rekstrarskilyrði atvinnulífsins að því sem gerist í helstu samkeppnislöndum okkar. Þessi þróun hefur skapað nýjar forsendur fyrir atvinnulífið í landinu. Auknu frelsi fylgir vaxandi samkeppni inn á við sem út á við. Fyrirtækin hafa því þurft að taka sér tak, hagræða og endurskipuleggja reksturinn. Þessar breytingar, ásamt auknum stöðugleika í efnahagslífinu, meðal annars vegna hófsamra kjarasamninga, hafa lagt grunninn að öflugra atvinnulífi.

Árangur þessara aðgerða er nú smám saman að koma í ljós. Tekist hefur að koma verðbólgu niður á svipað stig og í samkeppnislöndunum. Jafnframt hefur gengi íslensku krónunnar verið stöðugt. Síðustu þrjú ár hefur verið afgangur á viðskiptajöfnuði eftir þrálátan og nær samfelldan hallarekstur áratugum saman. Þannig tókst að stöðva erlenda skuldasöfnun þjóðarbúsins. Þá hafa vextir lækkað verulega frá því sem áður var en það stuðlar að aukinni fjárfestingu fyrirtækja og léttir vaxtabyrði heimila. Í kjölfarið hefur hagvöxtur tekið við sér og störfum á vinnumarkaði fer nú aftur fjölgandi. Atvinnuleysi hefur því minnkað og kaupmáttur heimilanna hefur aukist á nýjan leik. Allt eru þetta jákvæðir þættir í efnahagslífinu sem mikilvægt er að treysta betur, ekki síst með hliðsjón af horfum um viðskiptahalla á ný á þessu og næsta ári.

Margt hefur áunnist í ríkisfjármálum undanfarin ár. Þannig má nefna að á árinu 1996 eru í fyrsta sinn síðan 1984 horfur á að afkoma ríkissjóðs, að frátöldum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, verði jákvæð. Þessi mælikvarði á afkomu ríkissjóðs er notaður til að sýna hvernig meginstraumarnir í ríkisfjármálum eru að þróast. Þetta er umtalsverður árangur og sýnir að verulega hefur þokast í rétta átt í ríkisfjármálum að undanförnu. Aðhald í ríkisrekstri hefur verið eflt, meðal annars með markvissari fjárlagagerð. Þá hefur verið unnið að ýmsum skipulagsbreytingum til að nýta sem best þá fjármuni sem varið er til heilbrigðis- og menntamála. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga ásamt sérstöku viðbótarframlagi úr ríkissjóði og ný lög um framhaldsskólann mun í senn styrkja almenna grunnmenntun á næstu árum og það fyrrnefnda efla sveitarfélögin til að fást við ný verkefni. Enn fremur hefur verið unnið að nýskipan í ríkisrekstri með auknum útboðum, sameiningu stofnana og þjónustusamningum. Mörg ríkisfyrirtæki hafa verið seld og öðrum breytt í hlutafélög með sölu síðar í huga. Skattkerfið hefur verið endurskoðað með það fyrir augum að skapa atvinnulífinu hér á landi sambærileg rekstrarskilyrði og í öðrum löndum. Auk þess hefur skatteftirlit verið hert. Öll þessi atriði horfa til framfara og renna styrkari stoðum undir ríkisfjármálin. Það stuðlar aftur að öflugra atvinnulífi og betri meðferð á almannafé.

Árangur efnahagsstefnunnar hefur ekki einungis skilað sér í traustari stöðu atvinnulífsins og bættum kjörum almennings heldur einnig í hagstæðari lánskjörum erlendis. Fyrr á þessu ári ákváðu tvö af virtustu fjármálafyrirtækjum heims, Standard & Poor's og Moody's, sem sérhæfa sig í að meta lánshæfi einstakra ríkja, að hækka lánshæfiseinkunn Íslands. Þessi ákvörðun var rökstudd með tilvísun til þess mikla árangurs í efnahagsmálum sem traust og ábyrg hagstjórn hér á landi undanfarin ár hefur skilað. Þessi árangur hefur þegar leitt til betri lánskjara ríkissjóðs erlendis og mælist einnig á alþjóðlegan mælikvarða með því að Ísland er meðal fjögurra Evrópuríkja sem nú í dag uppfylla öll fjögur skilyrði um þátttöku í myntbandalagi Evrópu, en þau lúta að verðbólgu, vöxtum, afkomu og skuldastöðu hins opinbera. (**Gripið fram í:** ... að sækja um?) Það getur komið að því síðar en það er ekki á dagskrá nú eins og ég veit að hv. þm. kannast við.

Ég vil í þessu samhengi stuttlega rifja upp þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum fjármagnsmarkaði að undanförnu, meðal annars fyrir atbeina stjórnvalda. Á þeim fimm árum sem liðin eru frá því að ég tók ákvörðun um að láta bjóða verðbréf ríkissjóðs út á innlendum markaði án nokkurra skilyrða hefur margt áunnist. Vextir breytast nú í takt við markaðsaðstæður hverju sinni í stað þess sem áður var þegar vöxtum var stýrt með handafli. Þróunin síðustu mánuði sýnir þetta glöggt. Framan af árinu fóru vextir lækkandi þrátt fyrir aukin útlán til heimila og fyrirtækja. Þetta má einkum rekja til lægri vaxta á verðbréfum ríkisins. Að auki hefur verulega dregið úr lántökum hins opinbera, bæði ríkisins, opinberra fyrirtækja og sveitarfélaga. Allt eru þetta merki um að íslenskur verðbréfamarkaður sé að styrkjast og verða ráðandi um vaxtamyndun

Ábyrgð peningamálayfirvalda hefur smám saman verið

að vaxa. Skýrasta dæmið er nýleg ákvörðun Seðlabankans um að hækka vexti í viðskiptum hans við bankana og aðgerðir til að þrengja að lausafjárstöðu þeirra. Ég tel þessar aðgerðir afar eðlilegar því að þenslumerkin eru til staðar eins og ég hef áður vikið að. Með þessu er bankinn að gefa til kynna að frekara aðhald sé nauðsynlegt.

Virðulegi forseti. Með þessu fjárlagafrumvarpi er stigið mikilvægt skref í átt til jafnvægis í ríkisfjármálum. Afar mikilvægt er að fylgja áformum frv. um aðhald og sparnað í útgjöldum fast eftir. Þannig er unnt að tryggja að sá tekjuauki sem efnahagsbatinn skilar komi fram í afgangi á fjárlögum á næsta ári. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til undanfarin ár, meðal annars ýmsum skipulagsbreytingum í heilbrigðis- og menntamálum, nýskipan í ríkisrekstri, markvissari fjárlagagerð og aukinni ábyrgð stjórnenda og aðgerðum sem eru í undirbúningi, verður staða ríkisfjármála treyst enn frekar.

Í greinargerð með frv. er vikið að ýmsum helstu verkefnum og áhersluatriðum í ríkisfjármálum á næstu missirum. Ég mun stikla á örfáum þessara atriða í örstuttu máli.

Áfram verður aðhald í ríkisútgjöldunum. Í því sambandi er rétt að benda á að á næsta ári verður rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, sýslumannsembætta og skattstofa tekinn til skoðunar.

Í öðru lagi er nú unnið að tekjuskattslagabreytingum með það að augnamiði að lækka jaðarskatta. Ég vil taka það fram að reyndar hafa verið stigin ákveðin skref í þessa átt með ákvörðun um skattfrelsi lífeyrisiðgjalda launþega og breytingum á útreikningi barnabóta til tekjulægri fjölskyldna. Þá má einnig nefna að álagning fjármagnstekjuskatts mun skila auknum tekjum á árinu 1998 og það gefur einnig færi á lækkun annarra skatta.

Samkeppnisstaða atvinnulífsins hefur verið styrkt og að því þarf að vinna áfram. Í því sambandi vil ég nefna til sögunnar að fjmrn. hefur látið útbúa skýrslu sem unnin var af aðilum utan ráðuneytisins og jafnframt var nýlega haldin ráðstefna á vegum viðskrn. og fjmrn. þar sem fengnir voru erlendir og innlendir sérfræðingar til þess að fjalla sérstaklega um þessi mál og segja frá því hvað er helst að gerast annars staðar í þessum mikilvægu málum. Niðurstaðan er sú að besta aðferðin til þess að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins hér sé að auka samkeppni sem allra víðast, líka á þeim sviðum þar sem ríkið sinnir nánast öllum störfum.

Við munum halda áfram að vinna að umbótum í ríkisrekstri. Þar verða m.a. stofnanir sameinaðar, boðin út starfsemi áfram og ríkisfyrirtæki seld þar sem það á við. Enn sem fyrr mun verða lögð á það áhersla að það gerist með þeim hætti að samkeppni sé tryggð jafnframt. Meginreglan verður auðvitað sú að þau verkefni sem hægt er að fela öðrum en ríkinu verði þeim falið þótt ríkið beri auðvitað ábyrgð á rekstrinum eftir sem áður. Þá verður því verkefni haldið áfram að marka stefnu í ríkisfjármálum til nokkurra ára í senn.

Lífeyrismálin eru í endurskoðun eins og getið er um í greinargerð frv. og haldið verður áfram að vinna að starfsmannastefnunni en lögunum um starfsmenn ríkisins var breytt á síðasta þingi. Enn á eftir að gera nokkrar breytingar á því frv. eins og boðað var á síðasta þingi og mun það frv. sjá dagsins ljós og verða lagt fram á Alþingi síðar í þessum mánuði. Þar að auki vil ég geta þess eins og ég sagði ítrekað við lok síðasta þings að ætlunin er að starfsmenn ríkisins fái aukna möguleika á að hækka í launum eftir hæfni og ábyrgð og sveigjanleiki í vinnutíma verði aukinn og mun verða tekið upp samráð við forustumenn starfsmannafélaga ríkisins þegar um þessi mál verður fjallað. Ég á von á því að það verði á næstunni enda er ekki hugmyndin að taka þennan hátt upp fyrr en að loknum kjarasamningum á næsta ári.

Þá vil ég minnast á það að unnið verður áfram að sölu ríkisfyrirtækja. Þegar spurt er um hvaða fyrirtæki það séu má benda á að á næsta ári er stefnt að sölu hlutabréfa í Skýrr hf., Áburðarverksmiðjunni hf. og Sementsverksmiðjunni hf. Ég vil benda á að á næsta ári verður Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa lögð niður og verkefni hennar að mestu flutt til verðbréfafyrirtækjanna og þá hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að breyta rekstrarformi bæði ríkisviðskiptabankanna og fjárfestingarlánasjóðanna.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að eyða löngum tíma í stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára. Um það má einnig lesa í greinargerð með frv. en auðvitað er ljóst að nú er nauðsynlegt þegar verðbólgan byrgir okkur ekki lengur sýn að við horfum lengra fram á tímann en við erum vön og undirbúum framtíðina með öðrum hætti en gert hefur verið. Þótt við náum jafnvægi í ríkisfjármálunum nú og jafnvel þótt við skilum afgangi á næstu árum mun hægt ganga að lækka skuldastöðu ríkisins. Þannig er gert ráð fyrir því í langtímaáætluninni að fram til aldamóta lækki heildarskuldir ríkisins úr 48% af landsframleiðslu í 40%. Þannig mun þetta ganga ef áætlanir um hagvöxt og útgjöld og tekjur ríkisins standast.

Virðulegi forseti. Hér að framan hef ég einkum fjallað um megináherslur fjárlagafrv. og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, m.a. í ljósi þess árangurs sem náðst hefur að undanförnu. Þótt margt hafi áunnist í ríkisfjármálum á undanförnum árum er mikilvægara að horfa til framtíðar en fortíðar. Ég tel ástæðu til að staldra hér aðeins við og ræða sérstaklega um velferðarkerfið og þann vanda sem að því steðjar. Mér finnst eins og margir telji að aðgerðir ríkisstjórnar til að stemma stigu við gríðarlegri útgjaldaaukningu til velferðarmála beri vott um mannvonsku af verstu gerð og jafnvel einsdæmi sé horft til þess sem gerist hjá öðrum þjóðum. Þetta er auðvitað alrangt. Þvert á móti eru þessi mál í brennidepli efnahagsumræðunnar hjá flestum ef ekki öllum nágrannaríkjum okkar.

Eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna hér á landi sem og í flestum nágrannaríkjunum er að verja velferðarþjóðfélagið. Staðreyndin er einfaldlega sú að stjórnvöld, jafnt hér á landi sem annars staðar, t.d. í velferðarþjóðfélaginu Svíþjóð, telja sig knúin til róttækra aðgerða til þess að verja velferðarkerfið. Eðlilega hafa margar þessara aðgerða fallið í grýttan jarðveg. Fólki finnst að verið sé að kippa stoðum undan þeirri þjónustu sem það telur sig eiga að fá. Auðvitað hafa sérhagsmunir einnig mótað afstöðu margra, sérstaklega þeirra sem telja sig eiga rétt á tiltekinni opinberri þjónustu og kæra sig jafnvel kollótta um hver borgar brúsann. Þótt flestir geri sér grein fyrir vanda velferðarþjóðfélagsins er óhætt að fullyrða að skilningur á nauðsyn aðgerða og eðli þeirra sé öllu takmarkaðri. Um leið og stjórnvöld setja fram hugmyndir um aðhalds- og sparnaðaraðgerðir koma margvíslegir hagsmunahópar fram á sjónarsviðið og benda á aðrar leiðir til að ekki verði snert við málaflokkum sem þeim eru kærir. Þetta er út af fyrir sig skiljanleg afstaða. Stjórnvöld þurfa hins vegar að skoða málin í víðara samhengi, ekki frá sjónarhóli eins tiltekins hagsmunahóps heldur með hagsmuni þjóðarinnar allrar að leiðarljósi. Hér þarf í mörgum tilvikum að breyta hugarfari viðkomandi aðila. Stjórnvöld geta ekki

og mega ekki láta undan öllum óskum og kröfum um ný og aukin útgjöld til ákveðinna hópa heldur líta lengra fram í tímann og meta áhrif tiltekinna aðgerða með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar í heild.

Menn kunna að spyrja: Er einhver ástæða til þess að grípa til róttækra aðhaldsaðgerða til varnar velferðarkerfinu? Þessu svara ég hiklaust játandi. Undanfarin ár hafa orðið miklar breytingar sem hafa valdið því að útgjöld til velferðarmála hafa vaxið ört. Í fyrsta lagi hafa orðið verulegar framfarir í kjölfar nýrrar þekkingar og tækninýjungar. Þessar breytingar koma m.a. fram í sífellt betri lyfjum sem ráða bót á margvíslegum sjúkdómum öflugar en áður. Jafnframt hefur ör tækniþróun í læknavísindum stuðlað að betri læknaþjónustu. Í kjölfarið hefur læknisaðgerðum fjölgað.

Í öðru lagi hefur aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar breyst þannig að aldraðir eru nú hlutfallslega fleiri en áður. Samhliða hefur þörfin fyrir hjúkrun og aðhlynningu aukist. Þessar breyttu aðstæður skýra að verulegu leyti aukin útgjöld til velferðarmála að undanförnu og kalla um leið á viðbrögð stjórnvalda og ný vinnubrögð því að flestir viðurkenna að varanleg lausn felst ekki í auknum fjárveitingum, aukinni skuldsetningu eða skattheimtu. Til að verja velferðarkerfið og auðvelda nýjungar verðum við að laga okkur að hinum fjárhagslegu takmörkunum og tryggja réttindi og velferð almennings með skýrum leikreglum og ákveðinni verkaskiptingu. Umfram allt þarf að ýta undir ráðdeild og sparnað sem fólk getur notið á ævikvöldi sínu.

Þótt útgjöld til velferðarmála hafi aukist mikið á undanförnum árum, jafnt hér á landi sem annars staðar, stöndum við um margt betur en aðrar þjóðir. Hér má t.d. nefna að íslenska þjóðin er tiltölulega ung í samanburði við margar aðrar þjóðir. Þannig er hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri af fólki á vinnufærum aldri mun lægra en annars staðar eða um 15%. Samsvarandi hlutfall hjá flestum öðrum Evrópuþjóðum er 20–25%. Til viðbótar þessu er atvinnuþátttaka karla og kvenna hér á landi með því mesta sem þekkist. Hins vegar er ljóst að miklar breytingar eru fram undan. Hlutfall aldraðra mun hækka mjög ört á sama tíma og þannig dregur úr atvinnuþátttöku. Margt bendir því til þess að vinnandi Íslendingum á bak við hvern lífeyrisþega muni fækka úr sjö í innan við þrjá á næstu 30 árum. Þessi þróun mun að öllu óbreyttu kalla á stóraukin útgjöld til velferðarmála á sama tíma og þeim fækkar hlutfallslega sem þurfa að standa undir þessum auknu útgjöldum.

Það er fróðlegt í þessu samhengi að skoða ummæli Göran Persson, sænska forsætisráðherrans, í blaðaviðtali þegar hann var hér í opinberri heimsókn fyrir skömmu. Þar fjallar hann einmitt um vandamál velferðarríkisins í Svíþjóð og telur að með aðhaldsaðgerðum sænsku ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum hafi tekist að koma í veg fyrir stórslys eins og hann orðar það. Jafnframt bendir hann á að ekki sé hægt að byggja velferðarþjóðfélag á lántökum. Orðrétt segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Velferð verður að byggjast á framleiðslu fyrirtækja og getu landsmanna til að greiða skatta, ekki á viðskiptavild í bönkum.“ Og síðar segir hann: „Við verðum alltaf að spyrja hvort kerfið sé uppbyggt þannig að það hvetji fólk til að vinna, hvort það stuðli að réttlátri tekjudreifingu, hvort það standist bæði hallæri og góðæri, hvernig jafnvægið er milli eigin framlags manna og þess sem kemur úr opinberum sjóðum.“

Einnig er fróðlegt að líta til umræðna á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í síðustu viku. Í ræðu sinni lagði framkvæmdastjóri samtakanna, Michel Camdessus, áherslu á nauðsyn þess að aðildarríki samtakanna gripu til aðgerða í því skyni að skapa svigrúm til að mæta vaxandi útgjaldaþörf til velferðarmála og menntamála. Þetta yrði aðeins gert með því að gera velferðarþjónustuna markvissari og tryggja þannig þeim einstaklingum örugga þjónustu sem mest eru þurfandi. Stjórnvöld þyrftu að huga vandlega að breytingum á grundvallarskipulagi jafnt velferðarkerfisins sem menntamála, ekki láta nægja að taka á einstökum þáttum í einangrun.

Ég get tekið heils hugar undir þessi sjónarmið, enda eru stjórnvöld víða um heim sammála um að róttækra aðgerða sé þörf, hvar í flokki sem þau standa, eins og sést best af því að stjórnvöld í Þýskalandi, Frakklandi, Danmörku og Finnlandi, til að nefna nokkur nálæg lönd, hafa þegar eða eru í þann veginn að grípa til aðgerða á þessu sviði. Það eru hins vegar engar töfralausnir til. Stjórnvöld verða einfaldlega að taka á vandanum. Það dugar ekki að stinga höfðinu í sandinn og láta sem engin vandamál séu á ferðinni. Ég tel afar mikilvægt að víðtækur skilningur ríki á nauðsyn aðgerða á þessu sviði. Þótt stjórnvöld beri vitaskuld ein ábyrgð á sjálfum aðgerðunum verður að vera um þær almenn samstaða til þess að þær skili árangri. Það er verkefni okkar stjórnmálamanna að tryggja þessa samstöðu.

Þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa gripið til miða að því að treysta velferðarkerfið. Það gengur einfaldlega ekki upp að láta sem ekkert sé og halda áfram að byggja upp velferðarkerfi og þjónustustig sem fær ekki staðist nema í nokkur ár. Með því erum við einungis að velta vandanum yfir á komandi kynslóðir. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar miða að því að mæta þessum aðsteðjandi vanda. Með auknu aðhaldi og ráðdeild er leitast við að fyrirbyggja stórkostlegan niðurskurð og samdrátt í þjónustu við aldraða í framtíðinni. Jafnframt er mikilvægt að auðvelda þeirri kynslóð sem nú er á vinnumarkaði að spara og leggja til hliðar, meðal annars í lífeyrissjóðakerfinu, svo að hún geti staðið undir stærri hluta velferðarkerfis framtíðarinnar en ella.

Það er einnig ástæða til að undirstrika að þrátt fyrir margvíslegar aðhaldsaðgerðir á undanförnum árum hafa útgjöld ríkisins til velferðarmála ekki minnkað eins og glöggt má sjá af samanlögðum framlögum ríkisins til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Þetta sýnir í raun umfang vandans. Ef ekkert væri að gert færu útgjöldin vaxandi ár frá ári. Stjórnvöld standa þannig frammi fyrir því að meta hvort réttlætanlegt sé að halda að sér höndum og hækka skatta til að mæta aukinni útgjaldaþörf eða grípa til aðhaldsaðgerða. Hér er því fárra góðra kosta völ. Ríkisstjórnin hefur valið þá leið að taka á vandanum. Ekki láta fljóta að feigðarósi. Það má gagnrýna þá afstöðu. En þá verður að benda á aðrar leiðir. Hvernig vilja menn bregðast við? Vilja þeir hækka skatta? Vilja þeir spara annars staðar? Og þá hvar?

Mín skoðun er sú að þjóðin verði að vinna að tveimur verkefnum samtímis til að tryggja sem best afkomu og velferð heimilanna á næstu árum. Annars vegar þarf að sjá til þess að fólk á vinnufærum aldri geti aflað meiri tekna til að standa undir kostnaði við að annast framfærslu barna, afla húsnæðis, greiða námslán og spara án þess að því finnist að skattalögin refsi því með of háum jaðarsköttum. Hins vegar þarf að tengja saman lífeyrissjóða- og lífeyristryggingakerfið þannig að þeim, sem eru ekki lengur á vinnualdri eða eru ófærir um að stunda atvinnu, sé tryggður nægilegur

lífeyrir. Um þessi verkefni þarf að takast sátt — sátt milli kynslóða — til að undirbúa þær óumflýjanlegu breytingar sem verða á aldurssamsetningu þjóðarinnar á næstu árum og áratugum án þess að stofna í hættu samhjálparhugmyndum velferðarþjóðfélagsins.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni gert grein fyrir markmiðum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og mikilvægi þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Einnig hef ég lagt áherslu á nauðsyn þess að hverfa frá þrálátum hallarekstri og skuldsetningu komandi kynslóða. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar miðar að því að styrkja undirstöður atvinnulífsins enn frekar á næstu árum til að tryggja næga atvinnu og standa straum af sameiginlegum kostnaði velferðarþjóðfélagsins. Traust staða ríkisfjármála og jafnvægi í utanríkisviðskiptum gegna hér lykilhlutverki.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr er staðreyndin einfaldlega sú að með hallarekstri mörg undanfarin ár hefur ríkissjóður safnað miklum skuldum. Þótt það kunni að vera réttlætanlegt um skamma hríð og við sérstakar aðstæður er alveg ljóst að hvorugt á við núna þegar hagvöxtur er með mesta móti. Þess vegna mæla öll rök með því að efnahagsbatinn sé nýttur til þess að treysta stöðu ríkissjóðs þannig að tekjur hrökkvi í fyrsta lagi fyrir öllum útgjöldum og í öðru lagi sé unnt að grynnka á skuldum ríkissjóðs og þar með lækka vaxtagreiðslur í framtíðinni. Það er ekki réttlætanlegt að ætlast til þess að næstu kynslóðir borgi fyrir áframhaldandi skuldasöfnun þegar betur árar.

Á undanförnum árum hefur náðst víðtækt samkomulag í þjóðfélaginu um kjarasamninga sem hafa í senn stuðlað að auknum stöðugleika í efnahagslífinu og jafnframt tryggt kaupmátt launafólk betur en ella hefði orðið. Erfiðleikar í íslensku efnahagslífi í lok síðasta áratugar og upphafi þess níunda leiddu til samdráttar í tekjum þjóðarbúsins og atvinnuleysis og skertu því óhjákvæmilega lífskjör fólks um sinn. Með samstilltu átaki launafólks, vinnuveitenda og stjórnvalda tókst hins vegar að koma í veg fyrir alvarlega kollsteypu í efnahagslífinu. Af hálfu stjórnvalda var meðal annars gripið til skattalækkana og aukinna útgjalda til framkvæmda. Ég tel að þróunin á síðustu missirum þar sem verulega hefur rofað til í efnahagsmálum staðfesti að sú þjóðarsátt sem ríkt hefur á sviði kjaramála undanfarin ár hafi verið farsæl. Þannig eru að spretta upp öflug fyrirtæki í ýmsum nýjum greinum atvinnulífsins. Jafnframt eru framkvæmdir hafnar við stóriðju á ný eftir nær tveggja áratuga hlé. Þessi þróun hefur þegar skilað sér í auknum þjóðartekjum og nýjum störfum. Í kjölfarið hefur dregið úr atvinnuleysi og kaupmáttur launa hefur aukist. Ég tel afar mikilvægt að áfram verði haldið á þessari braut og svigrúm vegna batnandi árferðis í efnahagsmálum verði skynsamlega nýtt til þess að koma í veg fyrir kollsteypur.

Það kann að vera hollt að líta til þess sem er að gerast meðal annarra þjóða í þessu efni. Oft er mikið rætt um Danmörku. Hvað er að gerast þar? Efnahagslíf þar í landi er almennt talið standa vel, jafnvel með því besta sem gerist í Evrópu. Engu að síður er yfirlýst markmið stjórnvalda að halda launahækkunum í skefjum þannig að þær verði minni en hjá helstu samkeppnislöndum þeirra. Af hverju er þetta talið nauðsynlegt? Jú, vegna þess að ella versnar samkeppnisstaða atvinnulífsins og þar með dregur úr atvinnu og atvinnuleysi eykst. Ég vil einnig vísa í afar athyglisvert samkomulag sem var nýlega gert milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í Írlandi. Þar er kveðið á um þriggja ára kjarasamninga með launahækkunum sem miða að því að styrkja samkeppnisstöðu írsks atvinnulífs. Auk þess er gert ráð fyrir að stjórnvöld beiti sér fyrir margvíslegum aðgerðum til þess að treysta stöðu atvinnulífs og launafólks um leið og lögð er áhersla á trausta stöðu ríkisfjármála. Þessi tvö dæmi, frá Danmörku og Írlandi, sýna svo ekki verður um villst hve mikilvægt er talið að fara varlega í sakirnar og forðast að stofna stöðugleikanum í hættu.

Nú má enginn skilja mig þannig að ég sé að tala gegn launahækkunum í næstu kjarasamningum. Öðru nær. Sem betur fer eru fyrirtækin nú almennt betur í stakk búin en oft áður til að hækka laun án þess að verðbólgan fari úr böndunum. Þróunin undanfarin tvö ár ber þessu glöggt vitni en á þeim tíma hefur kaupmáttur heimilanna aukist um 8–9%. Þá er verið að tala um ráðstöfunartekjur þegar búið er að taka tillit til skatta. Okkur ber hins vegar að gæta þess eins og nágrannar okkar og keppinautar í öðrum löndum gera að í komandi kjarasamningum verði tekið mið af þeim efnahagslega ramma sem markast af aukningu þjóðartekna. Þannig má koma í veg fyrir að verðbólgan fari aftur á skrið en hún leikur þá verst sem minnst mega sín. Mestu máli skiptir að þjóðartekjur haldi áfram að vaxa og stuðli þannig að fjölgun nýrra starfa. Reynslan ætti að kenna okkur að sígandi lukka er best.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[14:21]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. skaut sér fram hjá því að ræða ýmis áform og aðgerðir ríkisstjórnarinnar í ræðu sinni um fjárlagafrv. þegar hann talaði um velferðarkerfið. Ég má því til með, þó að ég komi hér í stólinn beint á eftir, að nota andsvarsformið til að fá svar við eftirfarandi spurningu: Er hæstv. ráðherra sammála þeirri fullyrðingu að vaxtatekjur skerði tekjutryggingu margra eldri borgara frá og með 1. sept. sl. og þar af leiðandi verði að hluta um að ræða tvísköttun vaxtatekna eldri borgara? Getur verið að þetta sé á sama tíma og verið er að ræða um að treysta velferðarkerfið?

[14:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spurði spurninga sem var svarað þegar fjárlög yfirstandandi árs voru til umræðu, í desember í fyrra. Þá var samþykkt á hinu háa Alþingi að fara þá leið sem hv. þm. benti á en frestað þar til 1. sept. vegna þess að þá lágu fyrir skattframtöl sem gáfu upplýsingar um tekjur fólks á sl. ári.

Hugmyndin er sú og er auðvitað einföld þegar á hana er horft að tekjur, hverju nafni sem þær nefnast, skerði með sama hætti eða svipuðum tryggingar frá Tryggingastofnuninni þannig að ekki sé gerður verulegur munur á því hvort fólk fær tekjur af hlutabréfum, skuldabréfum eða fjármagni sem það á í bönkum og hinu að fólk hafi tekjur af vinnu við venjuleg störf í atvinnulífinu eins og að grafa skurð eða vinna í Sementsverksmiðju ríkisins, svo ég taki tvö dæmi. Þessi aðgerð fjallar fyrst og fremst um það. Ég hélt satt að segja að menn áttuðu sig á því að það væri ekki eðlilegt að sumar tekjur, tekjur þeirra sem jafnvel hafa getað safnað verulegum fjármunum eða eignast verulega fjármuni í bönkum eða í hlutabréfum eða skuldabréfum, ættu að hafa önnur og minni áhrif en tekjur sem fólk hefur með öðrum hætti. Um þetta hélt ég að væri gott samkomulag. Satt að

segja sögðu ýmsir stjórnarandstæðingar í fyrra að þeir teldu þetta vera eðlilegt ef á síðasta þingi yrðu samþykkt lög um fjármagnstekjuskatt. Þau lög hafa nú verið samþykkt og taka gildi um næstu áramót.

[14:24]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fjármagnstekjuskattslögin voru þvinguð í gegn með meiri hluta ríkisstjórnarinnar. Þau voru sett í gegn gegn vilja stjórnarandstöðunnar sem var öll á móti. (Gripið fram í.) (**Fjmrh.**: Þetta er rangt.)

Ég spyr því enn: Er það ekki rétt að þetta eru einu þjóðfélagsþegnarnir, lífeyrisþegar sem hafa vaxtatekjur, sem þurfa að greiða skatt, skerðingu á lífeyrisgreiðslum eða tvísköttun á tímabilinu frá 1. sept. til 1. jan.? Ég veit ekki um annan þjóðfélagshóp sem þarf að greiða skatta af þessum tekjum. Ég ítreka þessa spurningu og vonast eftir svari. Þetta er eini hópurinn sem þarf að greiða þessa skatta.

[14:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ítreka það að hér er ekki um skatta að ræða. Hér er um það að ræða að tekjur, þessar tekjur eins og aðrar tekjur, skerði tryggingabætur sem koma úr ríkissjóði. Það er ekki skattur. Það stendur sem ég sagði fyrr að menn verða að átta sig á því að áður var gerður munur á því hvaðan tekjurnar komu. Svo kemur hv. þm. og ber sér á brjóst, nýkominn úr sumarfríi, og segir: „Stjórnarandstaðan var á móti fjármagnstekjuskattinum." Ég ætla að minna hv. þm. á það að fulltrúi Alþfl. sat í nefnd sem komst að samhljóða niðurstöðu og var sammála um að leggja fjármagnstekjuskattinn á. Svona geta menn gleymt jafnvel á einu sumri.

[14:26]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég byrja á að taka undir með hv. þm. Gísla S. Einarssyni um þá réttmætu gagnrýni að lífeyrisþegar séu látnir bera byrðar af fjármagnstekjuskatti öðrum fremur. Ég vil taka undir þá réttmætu gagnrýni sem hann kom með og þá ábendingu að stjórnarandstaðan þegar á heildina er litið var mjög andvíg þessari skattlagningu.

En það var fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. leggja að jöfnu í ræðu sinni niðurskurð til velferðarmála á Íslandi annars vegar og í Svíþjóð hins vegar. Staðreyndin er að sjálfsögðu sú að hér er ekki um sambærilegar stærðir að ræða, ekki sambærilegar efnahagsstærðir, ekki sambærilegar þjóðhagsstærðir, og félagslega eru áhrifin engan veginn sambærileg. Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um — og ég tel að það sé mjög mikilvægt að það komi fram strax í upphafi umræðunnar — er hvort ég hafi heyrt það rétt að ekki verði gengið frá reglum sem skuli gilda um viðbótarlaun í launakerfi hjá starfsmönnum ríkisins fyrr en að loknum kjarasamningum. Ég minni hæstv. fjmrh. á að þessar reglur hafa hingað til gengið undir ákveðnu vinnuheiti. Það vinnuheiti er kjarasamningar. Það er undarlegt ef það á ekki að ganga frá kjarasamningum fyrr en að loknum kjarasamningum. Ég held að það sé nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. skýri mál sitt betur.

Að lokum, hæstv. forseti. Það var fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. Íslands tala um nauðsyn þess að stofna til þjóðarsáttar á Íslandi. Hann vitnaði til Danmerkur og Írlands um hversu vel hefði tekist til þar. Hér talaði einn af oddvitum ríkisstjórnar sem keyrði hvert lagafrv. á fætur öðru í gegnum þingið gegn vilja verkalýðshreyfingarinnar. Í því fjárlagafrv. sem hér hefur verið lagt fram er opnað á frekari valdstjórn. Hér segir t.d., með leyfi forseta, á bls. 227 í fjárlagafrv. að fjmrh. er gefin heimild til að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana. Honum er heimilt að leggja niður starfsemi ríkisstofnana. Er ekki nauðsynlegt við upphaf umræðunnar að fá nánari skýringar á því hvað hér er átt við? Hvers konar valdstjórn er hér verið að opna á, hæstv. forseti?

[14:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar vitnað var til Svíþjóðar var það gert vegna þess að verið var að benda á nauðsyn þess að við borguðum velferðarkerfið með fjármunum sem við höfum tiltæka í dag en tækjum þá ekki að láni. Það eiga þessar þjóðir sammerkt að hafa þurft á undanförnum árum að reka ríkissjóð með halla sem þýðir að m.a. velferðarkerfið er rekið fyrir lánsfé. Slíkt gengur ekki upp.

Þá spurði hv. þm. hvort það væri virkilega meiningin að geyma svokölluð viðbótarlaun þar til eftir kjarasamninga. Hugmynd mín er sú að það eigi að gera. Ég tel að það sé skynsamlegt.

Ég ítreka það sem ég hef sagt fyrr í ræðunni og sagði í fyrra að ég tel einnig eðlilegt að um þessi mál verði haft samráð við forustumenn starfsmanna ríkisins. Ég ítreka það hér og nú og það sé meira virði að gera það heldur en að flýta þessu ákvæði, enda minni ég hv. þm. á að hann og margir aðrir þingmenn voru mikið á móti þessu ákvæði þannig að ég trúi því ekki að hv. þm. sé að koma hingað upp og biðja mig um að flýta því sem hann var mest á móti.

Í þriðja lagi er það rétt að við sjálfstæðismenn höfum og reyndar ríkisstjórnin öll stutt þjóðarsátt. Meira að segja þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu í upphafi árs 1990 tók hann ábyrgt á málum og sagði: „Við styðjum þjóðarsátt. Við styðjum sátt milli launþega, vinnuveitenda og ríkisins til að ná verðbólgunni niður." Það gerðum við í stjórnarandstöðu og þetta gerðu flestir. Það var hins vegar áberandi hverjir sátu eftir. Einn þeirra var hv. þm. Ögmundur Jónasson og samtök hans, BSRB.

[14:31]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hæstv. fjmrh. þurfi að skýra nánar hvað hann á við. Hvenær var það sem BSRB og sá sem hér stendur stóðu eftir þegar boðað var til eða reynt að stuðla að þjóðarsátt í landinu? Ég vil minna hæstv. ráðherra á að ríkisstjórnin hefur meinað stórum hluta launamarkaðarins að koma að tillögusmíð þegar öðrum samtökum eða hluta vinnumarkaðarins hefur verið opnuð slík leið. Ég vil t.d. benda á í því efni varðandi fjármagnstekjuskattinn að þar áttu fulltrúar opinberra starfsmanna enga fulltrúa og komu þar hvergi að máli þannig að ég held að hæstv. ráðherra þurfi að skýra nánar hvað hann á við.

En varðandi viðbótarlaunin, þá er það rétt að ég var andvígur þeim og á meðal annarra margra þingmanna andvígur þessu ákvæði laganna, en ég tel mjög mikilvægt að frá þessum málum verði gengið hið allra fyrsta. Ítrekað höfum við í sumar, fulltrúar launafólks, farið fram á það við ríkisstjórnina, farið fram á það við fjmrh. að hann geri grein fyrir því hvaða hugmyndir hann hefur í þessum efnum. Ef hann er tilbúinn að semja um þessi efni þá er nauðsynlegt að upplýsingar þar að lútandi komi fram hér og nú.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að fjármagnstekjuskattsfrv. var undirbúið af öðrum aðilum en BSRB. Það er hárrétt. Að því máli komu hins vegar fulltrúar bæði VSÍ og ASÍ.

Varðandi viðbótarlaunin þá er það líka ætlan mín að unnið verði að því sem allra fyrst. En ég hygg að það sé raunsætt að álíta að það verði ekki hægt að koma því kerfi á fyrr en eftir að kjarasamningum lýkur og þá geri ég auðvitað ráð fyrir því að þeim kjarasamningum ljúki sem allra fyrst eða um eða upp úr áramótum. Dragist það hins vegar fram eftir ári, sem auðvitað gæti gerst og hefur oft gerst áður, þá lítur málið auðvitað öðruvísi við. (**ÖJ:** En verður um þetta samið?) Það verður ekki um þetta samið. Þetta eru lög og heimildin er hjá ráðherra og einstökum aðilum eins og fram hefur komið og við höfum margoft rifist um, gerðum í allan fyrravetur. En það verður haft samráð við forustumenn starfsmanna ríkisins (**ÖJ:** Svona svipað og með fjármagnstekjuskattinn?) og þess freistað að ná niðurstöðu sem menn eru almennt sáttir við.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn þá var ekki bara haft samráð við aðila vinnumarkaðarins heldur bókstaflega sömdu þeir ásamt öðrum frv. sem lá fyrir og var samþykkt á síðasta (**ÖJ:** Það er rangt.) þingi.

[14:34]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræðan sem hér var flutt vekur kannski mesta athygli fyrir það sem ekki var í henni sagt. T.d. minntist hæstv. fjmrh. ekki einu orði á niðurskurðinn til menntamála og það sem þar er að gerast. Hins vegar var nokkuð athyglisvert að hlusta á hugleiðingar hans um framtíðina og framtíð velferðarkerfisins þótt ekki væri ég sammála öllu því sem þar kom fram. En það er heldur óvenjulegt að menn séu aðeins að líta til framtíðar úr þessum ræðustól.

Það er tvennt sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðherra um. Það er annars vegar setning sem er að finna í ræðu hans og er reyndar að finna einnig óbreytta í sjálfu fjárlagafrv. á bls. 232, þar sem sagt er að uppi séu „áform um breyttar áherslur í rekstri fjölmargra ríkisstofnana með hliðsjón af stórstígum framförum í samgöngum og fjarskiptum og samkeppni við einkaaðila. Líkt og á einkamarkaði munu þjónustusvæði stækka og stofnanir verða færari til að sinna hlutverki sínu þótt þeim fækki." Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir þetta? Hvaða áform eru uppi um fækkun ríkisstofnana og breytt hlutverk sem ráðast m.a. af samgöngum og fjarskiptum?

Í öðru lagi langar mig að vekja athygli á því að í mínu pósthólfi í dag var að finna stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins, skýrslu frá Ríkisendurskoðun og þar er m.a. bent á hina slæmu stöðu Byggingarsjóðs verkamanna. Þar segir m.a. með leyfi forseta:

„Sé tekið mið af stöðunni í lok síðasta árs og jafnframt að útlánum sjóðsins yrði hætt nema að því er varðar endursöluíbúðir stefnir í að eigið fé hans verði upp urið skömmu eftir aldamót miðað við 5% vexti á lántökum. Séu eignir og skuldir núvirtar benda útreikningar til að nú vanti um 4–5 milljarða kr. í sjóðinn."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hvers vegna er ekkert á þessu tekið núna? Ætla menn virkilega að stefna Byggingarsjóði verkamanna áfram í algert óefni?

[14:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi menntamálin fyrst skal það tekið fram að við teljum okkur vera að efla menntun í landinu og menningu á næsta ári með fjárlögunum. Í fyrsta lagi lætur ríkið sveitarfélögunum í té heimanmund með grunnskólanum sem nemur 300–400 millj. kr. Þá leggur ríkið fram 265 millj. kr. árlega næstu fimm árin til skólaframkvæmda til að tryggja einsetningu grunnskólans. Ég minni á ný lög um framhaldsskólann sem koma að fullu til framkvæmda árið 2000. Það er aukið námsframboð á háskólastiginu. Um er að ræða fjarnám, leikskólakennaranám, nám í matvælafræði við Háskólann á Akureyri. Loks fara 260 millj. kr. til aukins framlags vegna vísindasamstarfs á vegum Evrópubandalagsins sem er stórkostleg hækkun og gefur mikla möguleika.

Þegar minnst er á stofnanir á bls. 232, þá er hér átt við stofnanir eins og skólastofnanir, sýslumenn, sjúkrahús og skattstofur svo ég nefni dæmi. Hugmyndin er sú að reyna að fækka stofnunum. Það þýðir ekki endilega að þjónustan hverfi á stöðunum heldur að stofnununum fækki þótt vinnustöðvarnar séu kannski jafnmargar og áður.

Um Byggingarsjóð verkamanna skal það tekið fram að á sínum tíma töldum við okkur hafa náð utan um hann. Ég man eftir því þegar ég kom í fjmrn. 1991, að þá voru þau mál í miklum ólestri. Það sem ákveðið var að gera var að hafa fullt samræmi á milli útlána og þess sem ríkissjóður lagði fram á hverjum tíma. Nú hefur það hins vegar gerst að byggingarsjóðnum hefur vegnað illa af margvíslegum ástæðum, m.a. þeim að það hefur reynst erfitt að koma íbúðum út og það eru stórkostlegar skuldir sem hafa safnast hjá sveitarfélögunum við sjóðinn. Það er hugmynd félmrh. að taka sérstaklega á þessu máli og ég hygg reyndar að sú stjórnsýsluendurskoðun sem nú liggur fyrir verði ágætur grundvöllur til þess að gera breytingar að þessu leyti og mörgu öðru leyti hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

[14:39]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi Byggingarsjóð verkamanna, þá var bent mjög sterklega á það við afgreiðslu fjárlaga í fyrra að þarna væri vandi sem þyrfti að taka á og hann er enn til staðar. Ég vil taka undir að það er mjög nauðsynlegt að taka á þessu máli. Þarna stefnir í óefni.

Varðandi fækkun stofnana, þá hefur hæstv. ráðherra hér með upplýst hvað þarna er átt við sem er ekki annað en það sem reyndar er nefnt í sjálfu fjárlagafrv. Ég vil þó rifja upp að það hefur gengið afar þunglega á undanförnum árum að ná fram slíkum breytingum og vil ég heita ráðherra stuðningi mínum hvað ýmislegt varðar í þeim efnum því að það er alveg greinilegt að við Íslendingar þurfum að taka á okkar yfirbyggingu þó það þurfi auðvitað að vega og meta hvar á að skera niður.

Ég hef ekki tíma til þess að fara út í menntamálin en ég vil þó minna á að í fjárlagafrv. er að finna mjög sársaukafullan niðurskurð hjá framhaldsskólanum. Ég held að það kunni ekki góðri lukku að stýra að taka einn þátt út úr og skera á einum stað en auka á öðrum. Þarna þarf að ríkja samræmi og niðurskurðurinn í framhaldsskólunum kemur að sjálfsögðu niður á háskólamenntun síðar meir.

[14:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði um menntamálin að í frv. er ekki einungis verið að tala

um niðurskurð heldur er einnig um að ræða verulegan útgjaldaauka til viss hluta skólakerfisins og ég held að að öllu samanlögðu sé nokkuð vel haldið á menntamálunum í þessu frv.

Þá vil ég í lokin einungis þakka hv. þm. fyrir það að lýsa yfir stuðningi við þau markmið frv. að reyna að draga nokkuð úr yfirbyggingunni þannig að meiri fjármunir verði til annarra þarfa sem við þurfum auðvitað að sinna líka. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir hennar stuðning.

[14:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég geta þess að ég hef ekki fengið neitt lengra sumarfrí en hæstv. ráðherra. En við höfum nú hlýtt á boðskap hans. Hann boðar fjárlagafrv. með tekjuafgangi fyrir árið 1997. Því ber að sjálfsögðu að fagna. Það hefur ekki gerst fyrr í hans tíð. Ef til vill má vonast til þess að hann komi til þeirra sem þurfa betri kjör. En þegar farið er ofan í kjölinn á frv. kemur ýmislegt í ljós sem skyggir á þá áætlun sem frv. gerir ráð fyrir.

Sá árangur sem gert er ráð fyrir að ná er m.a. 1,5 milljarðar í tekjuafgang. Eðlilegt er og rétt að menn lýsi ánægju sinni með þetta atriði. En þegar málin eru skoðuð betur hljóta að renna á menn tvær grímur þegar stilla má upp tekjuafgangi nákvæmlega á móti tekjuskerðingum til ellilífeyrisþega og öryrkja upp á 120 millj., skerðingu í Framkvæmdasjóð fatlaðra upp á 255 millj. og samdrætti í húsnæðiskerfinu upp á einn milljarð. Þetta er sama upphæð og hæstv. ráðherra ætlar að vera með í tekjuafgang.

Aldraðir bótaþegar verða að þola meiri kjaraskerðingu en nokkrir aðrir þjóðfélagsþegnar í formi skerðingar á bótum, með aukinni kostnaðarþátttöku við lyfjakaup og einnig með skerðingum sem komu til framkvæmda 1. sept. og til viðbótar fá þeir sem einhverja aura hafa lagt til hliðar á sig fjármagnstekjuskatt um næstu áramót. Mér finnst lítið til reikningskúnsta fjmrh. og hans meistara koma þegar þessu ljósi er varpað á gerðir þeirra.

Það er skuggalegt að það má lesa með berum orðum í framlögðu frv. að hagvaxtaraukninguna má rekja til aukinna þjóðarútgjalda, mestmegnis til skuldasöfnunar heimilanna. Skýra má 5,5% hagvöxt að nokkru leyti með því að í trú á góðærið hafa margir fengið sér far á 1. klassa á hringekju verðlagsþróunar í von um betri tíð í samræmi við góðærisumræðu á liðnu ári. Skuldaaukning heimilanna er um 11,5% frá júní 1995 til júní 1996. Hugsanlegt er að skuldaaukning heimilanna verði nálægt 20% á árinu 1996 ef það er notað í heild sinni sem viðmiðun. Þetta tel ég vera alvarlegt mál.

Ég veit ekki hvort það er eftirsóknarvert þegar þetta er skoðað að Ísland sé í hópi OECD-ríkja þar sem hagvöxtur er mestur. Staða okkar er þannig að skuldir ríkisins eru nálægt því að vera helmingur þjóðarframleiðslunnar. Það er stefnt að lækkun þessa hlutfalls og ber að fagna því ef það gengur eftir. Menn vonast eftir eða setja sér það mark að útgjaldaaukning verði aðeins um 2,5%. Þótt ekki séu markmiðin háleit má samt fagna þessum áformum.

Hagvöxtur á árinu 1996 er áætlaður 5,5% sem er hátt hlutfall og á árinu 1997 er gert ráð fyrir 2,5% hagvexti. En það vekur áhyggjur að hagvöxtur er áætlaður að hluta vegna enn aukinnar skuldaaukningar heimilanna þar sem búast má við æ fleiri gjaldþrotum og hörmungum í fjölskyldunum í kjölfar skuldsetninganna. Með öðrum orðum, hvernig í ósköpunum ætlar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., að reka Ísland hf. ef hún ræður ekki við að stjórna í góðærinu og vorinu sem hefur verið boðað í sífellu síðasta ár? Fyrirmælin má lesa beint og á milli línanna í fjárlagafrv. 1997 um að launahækkanir verði ekki meiri en 3,5%.

Herra forseti. Ég tel að menn verði að stjórna af hógværð í þessu tilliti. Láglaunastéttirnar verða að fá umtalsverðar kjarabætur og það verður að koma í veg fyrir að launaskrið fari upp um allan launastigann. Það getur e.t.v. verið að unnt sé að ræða um tiltölulega lága prósentutöluhækkun ef nógu mikið fer til þeirra lakast settu og nógu lítið til þeirra með hæstu launin.

Herra forseti. Flutningur grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga er málefni sem er ástæða til að geta um sem eðlilegan gjörning í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég hef þá skoðun að rétt sé að flytja verkefni til sveitarfélaganna í eins miklum mæli og mögulegt er eftir góðan undirbúning. Eðlilegur tekjuflutningur þarf að fylgja með og athuga þarf gaumgæfilega tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þegar tilflutningur verkefna á sér stað. Ég lýsi yfir áhyggjum af fækkun kennslustunda, sem er um 3% að meðaltali, til nemenda. Vel má vera að menn geti hagrætt þannig að kennslumagn skili sér til nemenda þrátt fyrir þessa fækkun kennslustunda en ég tel að ástæða sé til að skoða það mjög vel hvernig til tekst eftir þetta fyrsta ár.

Ég hefði gjarnan viljað sjá í frv. einhverjar áherslur sem hvetja til sameiningar sveitarfélaga. Þjónusta af hálfu sveitarfélaga er mjög mismunandi þó öllum beri þeim skylda til að veita hana. Nauðsynlegt er til að efla sveitarstjórnarstigið, jafna tekjur með sameiningu samliggjandi sveitarfélaga sem eru með mismunandi tekjur og ófullkomið þjónustustig.

Alvarlegasta atriðið í þessu fjárlagafrv. er að ekki er tekið á því hvernig stöðugri aukningu kostnaðar í heilbrigðisþjónustunni skuli mætt, svo sem af lyfjum. Stefna hæstv. ríkisstjórnar í heilbrigðismálum er heldur ekki ljós. Á þessu ári, 1996, er reiknað með 2,7 milljarða halla á ríkissjóði. Þar af er hallinn af heilbrigðismálum um það bil 1.400 millj. kr. Aukin fjárþörf vegna sjúkratrygginga er um 900 millj. kr. sem skýrist að verulegu leyti af tilflutningi kostnaðar frá sjúkrahúsunum til Tryggingastofnunar ríkisins. Samkomulagið um verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur í för með sér viðbótarfjárveitingu sem nemur 430 millj. kr. til þeirra. Þrátt fyrir þetta samkomulag kemur í ljós að grípa á til harðari aðgerða en nokkru sinni fyrr og má í því sambandi vitna til tilflutnings vistmanna á Arnarholti. Í dag og á morgun er boðað til harkalegra lokunaraðgerða á deildum Sjúkrahúss Reykjavíkur um lengri og skemmri tíma á komandi mánuðum og árum. Hverjar verða svo afleiðingarnar? Afleiðingarnar verða lengri sjúkrabiðlistar, meiri lyfjakostnaður, aukin útgjöld Tryggingastofnunar og heildarniðurstaðan er þjóðhagslega óhagkvæm. Ég tel að sterkar líkur séu á því að umtalsverða upphæð vanti til heilbrigðismála, a.m.k. einn milljarð, ef mæta á þeirri knýjandi nauðsyn sem er til staðar í málaflokknum og í uppsöfnuðum vanda.

Það er e.t.v. unnt að finna stjórnunarlegan árangur í frv. í efnahagsmálum. Auknar tekjur eru grunnurinn að framlagningu frv. án halla. Aðgerðir til að tryggja stöðugleika voru unnar í samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili. Sitjandi ríkisstjórn nýtur þeirra verka. Í því liggur árangurinn. Auknar tekjur ríkisins eru vegna ytri aðstæðna ásamt aukinni skattheimtu í formi þjónustugjalda, hagstæðum skilyrðum í sjónum og mikilli sókn á úthafsveiðisvæðin.

Herra forseti. Ég nefndi lyfjakostnað fyrr í máli mínu. Þjóðin, sem eldist hratt, hefur þurft meira af lyfjum ár frá

ári. Samt ætla menn að lækka lyfjakostnað um 400 millj. kr. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að framkvæma það? Dettur nokkrum svar í hug? Meiningin er að gera það með útboðum, aukinni samkeppni í lyfjainnflutningi og sölu lyfja með samningum. Hefði einhverjum dottið í hug að Framsfl. ætti eftir að nota þessa möguleika, flokkurinn sem barðist gegn auknu frelsi og samkeppni í lyfjasölu og lyfjainnflutningi? Hann ætlar núna að ná inn 400 millj. á þessum grundvelli. Þetta er kannski undir leiðsögn hæstv. fjmrh. En útfærslan er ekki sjáanlega í frv. Þau eru orðuð í frv. einhvern veginn á þessa leið, með leyfi forseta:

„Stefnt er að því að settar verði nýjar reglur um verðlagningu lyfja með greiðsluþátttöku tryggginga."

Svo mörg eru þau orð, herra forseti. Enga nánari útfærslu er að finna í frv. nema að fyrirhugað er að ráðast í gæða- og kostnaðarkynningu fyrir lækna sem vísa á lyf og gefa út nýja lyfjalista sem greiðsla almannatrygginga miðast við. Hverju á það svo að skila? Ég spyr.

Til viðbótar við þetta eru áform um að lækka tannlæknakostnað um 80 millj. með hertu eftirliti eins og stendur orðrétt. Með öðrum orðum, enn á að takmarka kostnaðarþátttöku ríkisins við tannviðgerðir og í þessu felst að mínu mati einnig ásökun á tannlækna um misnotkun.

Ein alvarlegasta breytingin í efnahagslífinu frá fyrra ári er aukinn viðskiptahalli vegna aukinnar neyslu. Spá um að jafnvægi náist ekki fyrr en um aldamót gefur tilefni til að brýna stjórnvöld til að gá vel að sér. Í fjárlagafrv. er að finna ýmislegt forvitnilegt sem er sett fram en ekki er mikið um skýringar við þau orð. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. með leyfi forseta: Hvað er átt við í kaflanum um samkeppnisstöðu atvinnulífs á bls. 235 í frv. með orðunum: „Einnig eigi að opna fyrir erlendar fjárfestingar og auka sem mest frelsi í viðskiptum, ekki síst innflutning." Hvers konar innflutning er um að ræða? Eru það landbúnaðarafurðir sem átt er við?

Einnig spyr ég: Hvar á að opna fyrir erlendar fjárfestingar? Er það t.d. í sjávarútvegi? Ef svo er þá ber að fagna því. En ég spyr um þetta. Hvað er átt við með orðunum, með leyfi forseta: „Reynt verði eftir megni að skapa markaðsaðstæður í ríkisrekstri, t.d. með þróun innri markaðar og þjónustugjöldum." Fróðlegt væri að fá svar við því hvað þetta ber með sér.

Því ber að fagna að menn telja sig vera að stjórna á þeim grundvelli að jafnvægi verði náð í ríkisfjármálum með stöðugleika. Þingflokkur jafnaðarmanna vill ekki kollsteypur. Þingflokkur jafnaðarmanna vill nýta efnahagsbatann skynsamlega. Þingflokkur jafnaðarmanna mun vinna gegn því að verðbólgan fari aftur á skrið. Það eru betri aðstæður en á undanförnum átta árum til að ná árangri í meðferð ríkisfjármála. En það virðist vera sem svo að vandinn ætli að vaxa ríkisstjórninni yfir höfuð og eru ýmis þenslueinkenni sjáanleg eins og ég hef áður nefnt í ræðu minni. Af því höfum við áhyggjur í þingflokki jafnaðarmanna.

Herra forseti. Ríkisstjórnin verður að hafa áhrif um að mæta kröfum þeirra sem lökust hafa kjörin og bæta þau verulega. Ríkisstjórnin verður í samráði við aðila vinnumarkaðarins að setja hömlur á að launaskrið berist upp allan launastigann. Ég lýsi því yfir að ég mun styðja slíkar aðferðir ef menn hafa í sér döngun til alvörustjórnunar á þessu sviði. Ég fullyrði að þörf er á að setja hömlur á launaskrið til að koma í veg fyrir verðbólgu en fyrst þarf að lyfta lægstu launum verulega og gefa einstaklingunum, hvernig svo sem þeir eru settir, möguleika á að lifa af lágmarkslaunum eða lágmarksbótum sem nægja til nauðþurfta, þ.e. fyrir fæði, fyrir húsnæði, fyrir fatnaði og fyrir öryggisbúnaði, svo sem síma, útvarpi og sjónvarpi. Lágmarkslaun duga ekki fyrir þessum liðum.

Herra forseti. Þessi umræða um frv. til fjárlaga er sett upp þannig að stjórnarliðar hafa verið með í undirbúningi og umræðum um frumvarpssmíðina eins og eðlilegt er og hafa fjallað meira og minna um einstaka liði frv. á undanförnum vikum. Stjórnarandstaðan hefur haft frv. undir höndum eina helgi og er því ólíku saman að jafna hvað menn hafa góðan tíma til undirbúnings fyrir umræðuna. Ég tel mjög athugandi að frv. sé til skoðunar í a.m.k. 10 daga fyrir 1. umr. þannig að tími gefist til þess fyrir fjárln. að fara nákvæmlega yfir grundvallaratriði og breytingar á milli ára. Slík vinnubrögð gætu flýtt meðferð frv. á Alþingi. Frv. fer til frekari umfjöllunar fjárln. að lokinni 1. umr. Ástæða er að sjálfsögðu til að ræða einstaka liði frekar en við sjáum til þegar fram líður hvernig á þeim málum verður tekið.

Ég má til með, herra forseti, að fagna því að horfur í atvinnumálum eru betri en búist var við. Þó má lítið út af bera í þeim málum. Ég minni á að núna þegar kvótaárið er nýhafið er verið að segja upp fiskvinnslufólki, t.d. í kjördæmi hæstv. félmrh., svo að tugum skiptir en á sama tíma var verið að veita atvinnuleyfi fyrir 70 útlendinga í gær. Það er staðreynd að það eru 555 mönnum færra á atvinnuleysisskrá núna en á sama tíma fyrir ári.

Ef ég man rétt er reiknað með að eðlileg fjölgun á vinnumarkaði sé um það bil 1.500 manns á ári. Alvarlegustu atriðin varðandi atvinnuleysið hér á landi er langtímaatvinnuleysi. Fjöldi atvinnulausra hefur ekki verið í vinnu árum saman. Það er, herra forseti, mjög alvarlegt. Það er mjög alvarlegt.

Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir svipuðum sjávarafla og á árinu 1997. Vitaskuld er reiknað með aukningu á þorskafla af heimamiðum. En hverjar, hæstv. ráðherra, eru áætlanir um afla af Flæmska hattinum, af Reykjaneshrygg og úr Smugunni? Þessum spurningum beini ég til hæstv. fjmrh. og ég reikna með að hann svari nú þegar á eftir.

Í spá sem gerð var 1996 var gerð grein fyrir tekjum af sjávarafla af þessum umræddu veiðisvæðum. Hversu mikill afli er í tekjugrunni ríkissjóðs af þessum svæðum?

Herra forseti. Því ber að fagna eins og kom áðan fram í ræðu hæstv. fjmrh. að frv. um fjárreiður ríkisins verður lagt fram á næstu dögum. Stjórnarandstaðan var á síðasta þingi reiðubúin að greiða fyrir umræddu frv. eins og það var þá. En af einhverjum ástæðum sáu stjórnarflokkarnir einhver rök fyrir því að draga þetta mál til baka. Ég tel að það verði að gera enn meiri breytingar til batnaðar í meðferð ríkisfjármála. Ég vona að frv. beri það með sér að það fái góða afgreiðslu á okkar virðulega Alþingi.

Ástæða er til að rekja frekar ýmislegt af því sem er sett fram í þessu frv. Með leyfi forseta, vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvað átt er við í lið 1.4 á bls. 233 þegar sagt er:

„Lykilorðið í þessari þróun er aukið frelsi í viðskiptum, jafnt með vörur, þjónustu og fjármagn. Á flestum sviðum hefur hömlum verið aflétt og höftum, boðum og bönnum verið ýtt úr af borðinu."

Hver eru helstu bönnin sem eftir standa og koma í veg fyrir betri afkomu ríkissjóðs? Ég vil gjarnan fá að heyra svör við þeirri spurningu sem ég tel ákaflega mikilvæga.

Á bls. 235 segir, með leyfi forseta:

„Mikilvægasta verkefnið er að lækka „jaðarskattana", bæði sjálft tekjuskattshlutfallið og „jaðaráhrif" ýmissa bótagreiðslna."

Hver eru áformin, hvernig ætla menn að ná þessu fram? Eru tillögur þar að lútandi tilbúnar? Ég spyr einnig um þetta.

Gaman er að velta fyrir sér orðalagi á þessu frv. Kannski rétt að geta um það að sagt er að reynslan ætti að kenna okkur að sígandi lukka sé best. Fer það sem sígur ekki niður? Það sem stígur fer upp. Það er spurning hvernig á að orða þetta. Þetta er svolítið kátlegt orðalag.

Það má líka velta fyrir sér ýmsu öðru í orðalagi þessa ágæta frv. Hér stendur m.a.:

„Síðast en ekki síst hefur vöxtur í lántökum ríkisins dregist verulega saman."

Vöxtur í lántökum ríkisins hefur dregist verulega saman. Skondið orðalag. Hvað er átt við með þessu? Þær jukust um 4,4% á helmingi þessa árs samanborið við 8,4% á sama tíma í fyrra. Það er ýmislegt í þessu frv. sem skilst kannski en er kátlegt.

Herra forseti. Ég vonast eftir svari nú þegar ég lýk máli mínu við þeim spurningum sem ég hef beint til hæstv. fjmrh. Ég er sannarlega ósáttur við að ráðherra sá sér ekki fært að vera við allan tímann meðan ég átti við hann orðastað. Spurningum mínum var fyrst og fremst beint til hans.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi gefst ekki tækifæri til þess í stuttu andsvari að svara öllum þeim spurningum sem fram komu en það verður að sjálfsögðu gert í síðari ræðu minni í dag.

Ég vil fyrst segja að þegar minnst er á Framkvæmdasjóð aldraðra er minna sem gengur til rekstrar úr þeim sjóði á næsta ári en í ár. Þegar litið er til orðsins „innflutnings" á bls. 235 stendur það auðvitað eins og nokkurs konar hortittur einn og sér. Þetta skýrði ég í framsöguræðu minni. Það sem fyrst og fremst er átt við er frelsi í viðskiptum, bæði innan lands og á milli landa. Innflutningur gæti þess vegna átt við landbúnað eins og aðrar vöru ef í það er farið til að gleðja hjarta hv. fyrirspyrjanda. Þegar skapa á markaðsaðstæður, innri markað — innri markaður ætti nú að vera alþýðuflokksmönnum kær, það er sama hugtak og notað er í Evrópusambandinu — er átt við að menn greiði með einhverjum hætti fyrir viðskipti sem eiga sér stað á milli stofnana með þjónustugjöldum þannig að það komi fram hver raunverulegur kostnaður er.

Varðandi það hvað sé inni í grundvelli tekna og gjalda í þjóðhagsáætlun er að finna upplýsingar um það, sem ég hef ekki tíma til að fara í, en ég get bætt við vegna spurningarinnar um viðskiptamálin að það má benda á bls. 233 þar sem rætt er um árangur efnahagsstefnunnar.

Varðandi aflabrögð er það ekki fjmrn. sem metur hvaða afli er í pokanum heldur er það Þjóðhagsstofnun. Við byggjum auðvitað á þjóðhagsspám Þjóðhagsstofnunar eins og við höfum gert á undanförnum árum. Upplýsingar um það er að finna í þjóðhagsyfirliti.

[15:08]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir að koma upp og svara örlitlu af þeim spurningum sem ég setti fram. Ég get lýst því yfir að mér heyrist að við séum nokkuð sammála um hvað orðið frelsi merkir. Ég tel að það sé grundvallaratriði að hér ríki frelsi í viðskiptum. Það kom fram í orðum hæstv. ráðherra að svo er. Það er fátt um svör við þeim alvarlegri spurningum sem lúta að kjörum almennings. Það eru almenn svör sem koma í því efni og kannski ekki hægt að ætlast til að þau verði fleiri á þessari stundu. En fjárlagafrv. ber með sér að það er stefna hæstv. ríkisstjórnar að launahækkanir skuli ekki verða meiri en 3,5%.

[15:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja að það er misskilningur af hálfu hv. þm. að það sé ákveðið í fjárlagafrv. að launahækkun verði ekki nema 3,5%. Eins og mjög glögglega kemur fram í þjóðhagsáætlun Þjóðhagsstofnunar er það tilbúin tala. Hún er fundin út með þeim einfalda hætti að aflað er upplýsinga hjá alþjóðastofnunum og erlendum ríkisstjórnum um það hvernig kaupgjald og verðlag þróast í þeim löndum. Síðan er sett niður sú tala sem gerir viðskiptalega og samkeppnislega stöðu Íslands jafna á næsta ári og hún er í ár. Það er talan 3,5%. Þetta er ekki flóknara en það. Í þessari tölu felst engin yfirlýsing um það hvað eigi að greiða í laun á næsta ári umfram það sem gerist á yfirstandandi ári.

Vegna þess að hv. þm. sagði að ég hefði ekki svarað spurningunni um skuldastöðu heimilanna eða um heilbrigðismálin og það sem varðaði almenning þá er það rangt. Ég fjallaði í ræðu minni fyrr í dag mjög ítarlega um þessi mál. Ég hef auðvitað áhyggjur af því eins og hv. þm. — ég heyrði að hann sagði að við værum sammála um margt — hversu miklar skuldir hafa hlaðist upp hjá heimilunum. Það eru ýmsar ástæður fyrir því. En um leið og það er sagt þá megum við ekki heldur gleyma hinu að í lífeyrissjóðunum eru að hlaðast upp miklar eignir sem þetta sama fólk á. Yfir því ber að gleðjast.

Varðandi það hvort vanti 1 milljarð í heilbrigðismálin þá efast ég um að það sé rétt. Ég tel að ef við lítum sameiginlega á félagsmálin og heilbrigðismálin hafi ekki verið sá niðurskurður sem menn tala oft um í þessum málaflokkum, sem betur fer.

Loks varðandi aflahorfur þá byggir Þjóðhagsstofnun ef ég man rétt á svipuðum aflabrögðum á næsta ári og í ár.

[15:11]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fór eins og ég átti von á að það yrði viðurkennt að það væri um ákveðna vöruflokka að ræða sérstaklega í innflutningi og var getið um hér áðan.

En varðandi vöntun í heilbrigðiskerfinu sný ég ekki til baka með það að það liggur fyrir 400 millj. kr. gat sem þarf að bæta frá 1996. Það liggur fyrir að einhvers staðar á bilinu 500–600 millj. er vöntunin í heilbrigðiskerfinu þar að auki. Þannig að ég hef hvergi séð nein rök fyrir því að þessi tala sem ég set fram sé röng. Ég tel að þetta sé rétt tala upp á 1 milljarð sem vantar inn í heilbrigðiskerfið. Ef hægt er að sýna mér fram á að það sé rangt þá fagna ég því. Ég fagna því ef það er lægri tala en þetta.

[15:12]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og gefur að skilja mun ekki gefast svigrúm til þess hér við 1. umr. að fara djúpt ofan í einstaka þætti frv. enda stutt síðan það var lagt fram. Ég mun hins vegar taka á nokkrum atriðum en fara frekar í einstaka þætti síðar í umræðum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. er fullyrt að framfarasókn þjóðarinnar sé að hefjast. Undirstöður velferðar verði styrktar, áhersla verði nú lögð á samheldni þjóðarinnar, aukna samvinnu vinnuveitenda og launþega, aukna samvinnu dreifbýlis og þéttbýlis. Þar er því líka lofað að vegur menntunar og rannsókna verði aukinn enda séu það forsendur nýsköpunar í atvinnulífi. Við munum að ríkisstjórnin ætlaði að sjá til þess að landsmenn geti gengið bjartsýnir og með reisn yfir í 21. öldina.

Meginmarkmiðin í stefnu ríkisstjórnarinnar eru svo talin upp í 23 punktum í stefnuyfirlýsingunni. Sum þeirra hafa reyndar verið efnd en önnur ekki. Þannig hefur hæstv. ríkisstjórn t.d. efnt það loforð að endurskoða vinnulöggjöfina, sællar minningar, að breyta lánstíma húsnæðislána og tekið hefur verið upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um endurskoðun á skattkerfinu með það í huga að lækka jaðarskatta þótt tímaáætlanir virðist ekki ætla að standast í þeim efnum og árangur þar með ófyrirséður. En það er líka fjölmargt sem hefur ekki verið efnt í loforðaflaumi ríkisstjórnarinnar og ýmislegt sem beinlínis hefur verið unnið gegn. Þar get ég nefnt sem dæmi ný lög um almannatryggingar, það að endurskoða kosningalöggjöfina með það í huga að hún verði einfaldari og tryggi jafnara vægi atkvæða milli kjördæma, að ekki sé minnst á hina metnaðarfullu áætlun um að vinna í samstarfi við þjóðkirkjuna og aðra kristna söfnuði að því að efla jákvæð áhrif trúarlífs með þjóðinni. Það hefur lítið farið fyrir því.

Það fór líklega ekki fram hjá neinum að á þingsetningardaginn afhentu fulltrúar ungliðahreyfinga stjórnmálaflokkanna formönnum flokkanna erindi þar sem krafist var endurskoðunar á kosningalöggjöfinni með jöfnun atkvæðisréttar í huga. Það væri áhugavert að vita hvort ríkisstjórnin hefur lagt drög að þessari vinnu og þá hvernig meiningin sé að haga undirbúninginum.

Það gefur að skilja að það er mikilvægt að haft sé víðtækt samráð um slíka breytingu og þá á ég ekki aðeins við á meðal stjórnmálaflokka heldur einnig sé haft samráð t.d. við óháð félagasamtök og aðra sem vilja stuðla að virkara og betra lýðræði.

En áfram með stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og það sem ekki hefur verið efnt. Þar er stærsti bletturinn líklega stefna stjórnarinnar í menntamálum. Í stefnuyfirlýsingunni gefur að líta göfug fyrirheit um að tryggja öllum jafnt tækifæri til náms án tillits til efnahags og búsetu. Þar segir, með leyfi forseta, að ríkisstjórnin stefni að því „að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til búsetu og efnahags. Þörfum einstaklinga fyrir endurmenntun og fullorðinsfræðslu verður sinnt."

Síðar segir:

„Framhaldsskólar verða efldir, ekki síst starfsnám og verkmenntun. Unnið verður áfram að uppbyggingu og þróun Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og listnáms á háskólstigi. Öflugt rannsókna- og þróunarstarf er forsenda framfarasóknar í íslensku atvinnulífi. Nýta verður sem best fjármagn sem varið er í því skyni og tryggja að bæði nýjar og hefðbundnar atvinnugreinar eigi jafnan aðgang að rannsóknafé. Lög og reglur um Lánasjóð íslenskra námsmanna verða endurskoðuð."

En hvað hefur ríkisstjórnin svo gert til að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags og búsetu? Hvað hefur hún gert til að efla framhaldsskólana eða til að efla rannsókna- og þróunarstarf?

Jú, hún hefur lagt síauknar fjárhagslegar byrðar á nemendur í skólunum. Væntanlega í því skyni að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags. Hún hefur lagt á álögur í formi innritunargjalda og efnisgjalda. Nú á að bæta enn við gjaldið vegna endurtekningar prófa í framhaldsskólum. Samkvæmt frv. er þetta gert, ég vitna beint í það eins og þetta er orðað í frv.: „Er þetta gert í þeirri von að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og auðveldi skipulagningu á kennslu fremur en til útgjalda nemenda".

Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo að þetta gjald muni leiða til útgjaldaaukningar fyrir nemendur enda virðist ekki gert ráð fyrir öðru en að nemendur greiði þetta gjald sjálfir. Það er ótrúleg trú sem ríkisstjórnin hefur á mætti peningastjórnunarinnar í þessum efnum. Gjaldið á að leiða til markvissari innritunar en ekki útgjaldaaukningar nemenda. Líklega hefur ekki verið gerð könnun á því hvers vegna nemendur þurfa að endurtaka próf. Það er að mínu mati ólíklegt að slík gjaldtaka mundi leiða til þess að nemendur mundu síður innritast í skólana. Auk þess sem hver maður sér að hún bitnar verst á þeim sem þurfa á aðstoð að halda til að komast í gegnum námið. Það er undarlegt markmið í sjálfu sér að stefna að því að fólk innriti sig síður í skóla ef ríkisstjórnin á annað borð vill auka veg menntunar. Svona vinnubrögð eru fráleitt til þess fallin að gefa sem flestum tækifæri til að mennta sig og enn á ný sýnir ríkisstjórnin að hún vill veg almennrar menntunar í landinu, ég ítreka almennrar menntunar í landinu, ekki mikinn. Niðurskurður til framhaldsskólanna ber þess merki enda lýsti hæstv. forsrh. því í stefnuræðu sinni um daginn að nú væri komið að framhaldsskólunum, þar væri eitthvað að hafa í niðurskurði og auknum álögum.

Framlög til sérkennslu lækka um 6,1 millj. kr. en skýringin í frv. er sögð vera tilfærsla framlaga á tiltekna skóla. Því miður hefur mér ekki gefist ráðrúm til að skoða þetta frekar og fá útskýringar á þessu enda skammur tími frá því að frv. var lagt fram. Ég lýsi hér með eftir skýringum á þessu atriði ef viðstaddir hæstv. ráðherrar gætu útskýrt nánar í hverju þetta felst.

Þá væri enn fremur áhugavert að vita hvar endurskoðun á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna stendur en eftir því sem best er vitað hefur nefnd starfað að þeim málum ansi lengi eða á annað ár. Mér er sagt að nefndin hafi ekki komið saman í þrjá mánuði og skýringin sem helst er gefin í þeim efnum er sú að Sjálfstfl. hafi ekki lagt fram svör sín við tillögum framsóknarmanna í nefndinni um endurgreiðslubyrðina og um samtímagreiðslurnar sem er mál málanna í endurskoðun laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Eftir því sem ég best veit lögðu framsóknarmenn fram sínar tillögur í þeim efnum í vor.

Það er eðlilegt að nefndin hafi lítið að tala um ef ekki eru þessi grundvallaratriði um endurskoðunina. Ég vil því óska eftir að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir hugmyndum sínum um framhald nefndarstarfsins. Er lítið svo á að nefndin hafi lokið starfi sínu? Er hún búin eða er meiningin að hún verði látin ljúka störfum með einhverri alvöruendurskoðun á þessum lögum? Getum við átt þess von að það verði einhverjar breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og þá fyrst og fremst hvort breytinga sé að vænta varðandi endurgreiðslubyrðina og samtímagreiðslurnar? Telur ráðherrann það þjóna markmiðum um jafna möguleika allra til náms, án tillits til búsetu og efnahags sem lagt var upp með í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að endurgreiðslubyrðin

sé sú sem hún er í dag eða um 10–13% af ráðstöfunartekjum meðalnámsmanns með meðallán eftir þeim upplýsingum sem ég hef? Að þeir sem eru með námslán á bakinu þurfi að hafa 30% hærri tekjur til að geta staðið undir húsnæðiskaupum af sambærilegri íbúð eins og samtök námsmanna og reyndar Húsnæðisstofnun hefur bent á? Er það kannski skoðun hæstv. menntmrh. að námsmenn eigi að sníða sér stakk eftir vexti eins og hann sagði um háskólann í sumar og frægt er orðið? En á meðan ráðherrann og Sjálfstfl. gerir upp við sig stefnuna í þessum málum bíða námsmenn í óvissu um framtíð sjóðsins og þar með um sína eigin framtíð.

Ég vil víkja aðeins að málefnum Þjóðarbókhlöðunnar. Hún er opin milli kl. 8.15 og 19.00 virka daga aðra en föstudaga en þá er henni lokað kl. 17.00. Á laugardögum er opið milli kl. 10.00 og 17.00. Hún er hins vegar lokuð á sunnudögum. Námsmenn nota gjarnan helgar og kvöld til að lesa og fletta upp í heimildarritum, enda veitir ekkert af að nýta tímann, utan hins hefðbundna vinnutíma, til að ná þokkalegum árangri einkum ef um krefjandi nám er að ræða eins og yfirleitt er, alla vega varðandi háskólanám. Er gert ráð fyrir því að mögulegt sé að hafa Þjóðarbókhlöðuna opna á þeim tíma sem námsmenn þurfa á að halda, þ.e. um kvöldin og um helgar, eða er kannski reiknað með því að stúdentar haldi áfram dósasöfnun til að standa undir opnunartíma stofnunarinnar? Eftir því sem mér sýnist í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir auknum sértekjum vegna gjaldtöku fyrir ákveðna þætti í þjónustu safnsins svo sem heimlán, ljósritun og tölvunotkun og nú þegar hefur kostnaðinum verið vísað á nemendur. Það verður að segjast eins og er að einkar hjákátlegt er að ekki skuli vera unnt að hafa þetta stolt þjóðarinnar og þetta mikla þarfaþing, sem Þjóðarbókhlaðan er, opið á þeim tímum sem þörfin er mest.

Þá er það háskólinn. Í fjárlagafrv. er viðurkennt og er það í sjálfu sér stefnubreyting af hálfu ríkisstjórnarinnar að fjárveitingar þurfi að stýrast af fjölda námsmanna við skólann og ég vil fagna því og taka fram að ég tel þá stefnubreytingu sem hefur orðið varðandi háskólann jákvæða. Framlögin til Háskóla Íslands virðast dekka það nauðsynlegasta sem á vantaði þannig að ekki þurfi að skera niður til kennslu og námskeiða. Það er mjög ánægjulegt og rétt að fagna því að hæstv. menntmrh. skuli hafa snúið af þeirri braut að telja það einkamál Háskóla Íslands að hann geti ekki haldið sér innan þess ramma sem honum er settur eins og skilja mátti af máli hans í sumar þegar fjárhagsvandi Háskóla Íslands var ræddur.

Ég vil víkja aðeins að húsnæðismálum. Í fjárlagafrv. segir að ríkisstjórnin hafi markað þá stefnu að sveitarfélögin taki alfarið að sér fjármögnun húsaleigubótakerfisins gegn því að ríkið taki yfir önnur verkefni sem ríki og sveitarfélög hafa kostað sameiginlega hingað til. Því miður býr fólk við mjög misjafnan kost að þessu leyti eftir því hvar á landinu það býr og efast ég stórlega um að þessi leið sé hin rétta. Hún virðist aðeins auka á mismuninn milli byggðarlaga og er því alls ekki í takt við það sem ríkisstjórnin lofaði í upphafi stjórnarsamstarfsins — að stuðla að aukinni samheldni þjóðarinnar og samvinnu milli þéttbýlis og dreifbýlis. Nýverið samþykkti borgarráð Reykjavíkur fyrir sitt leyti að greiðslum vegna húsaleigubóta yrði haldið óbreyttum frá því sem nú er vegna ársins 1997. Jafnframt var lögð áhersla á það á fundi borgarráðs að stjórnvöld framlengi gildistíma húsaleigubótanna um eitt ár þannig að framtíð bótanna sé tryggð á meðan lögin verða endurskoðuð frá grunni. Þá segir um þetta í fréttatilkynningu frá borgarráði í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar telur óásættanlegt að ríkisstjórnin hafi áform um að sveitarfélögin taki yfir húsaleigubótakerfið án þess að fyrir liggi útreikningur á kostnaði hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, af húsnæðiskerfinu í landinu. Útreikningurinn sé alger forsenda þess að hægt sé að ná samkomulagi um að leggja núverandi kerfi niður og semja um nauðsynlega tekjustofna til sveitarfélaga komi til yfirtöku."

Eftir því sem ég hef komist næst hefur þetta samkomulag ekki verið gert að efni til en ég vil biðja hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir á hvaða stigum sú vinna er. Liggur eitthvað fyrir í þeim efnum og hver er ætlun ríkisstjórnarinnar?

Skuldabyrði heimilanna í landinu eykst samkvæmt þeim upplýsingum sem í fjárlagafrv. eru gefnar og hafa verið staðfestar annars staðar frá. Ríkisstjórnin virðist helst kenna þar um óhóflegri eyðslu. Mjög víða í ráðherrakaflanum er vitnað í það að þjóðin sé að eyða um efni fram og sé mjög slæmt og svona megi ekki gera. En er þetta svo einfalt að íslenska þjóðin sé óforbetranleg í fjármálum? Að hún kunni ekki að fara með peninga? Getur ekki verið að nú sé einfaldlega nóg komið? Að ekki verði lengur gengið á almennt launafólk sem hefur hert sultarólina of mikið á undanförnum árum í nafni stöðugleika? Þjóðin hefur nefnilega sýnt mikla ábyrgð á undanförnum árum. Hún hefur haldið aftur af kaupkröfum og verkalýðshreyfingin hefur unnið í þeim anda. En þessi ríkisstjórn ætlaði að laga skuldastöðu heimilanna og eitt af úrræðunum, sem hæstv. ríkisstjórn taldi vera í þá veru að lagfæra greiðslustöðu heimilanna, var að setja lög um fjárhagslega aðstoð vegna nauðasamninga. Þetta var harðlega gagnrýnt af stjórnarandstöðunni í fyrra sem raunhæft úrræði og ekki síst á þeirri forsendu að þarna væri aðeins gert ráð fyrir því að aðstoða fólk við að greiða skiptakostnað, þ.e. að fjármagnið rynni beint til lögmanna en ekki til fólksins sjálfs sem þyrfti á aðstoðinni að halda.

Skipuð hefur verið nefnd til að meta umsóknir um réttaraðstoðina og fjárveiting vegna þessa er samkvæmt fjárlagafrv. áætluð um 10 millj. kr. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann viti hversu margar umsóknir hafa borist á grundvelli þessa úrræðis. Getur hann staðfest af eða á hvort þarna hafi verið um úrræði að ræða sem virkilega eru til hagsbóta fyrir fólk sem á í greiðsluerfiðleikum? Sækir fólk virkilega í þetta úrræði? Ég leyfi mér að halda, alla vega þangað til afsannað hefur verið, að ekki hafi margar umsóknir borist því ég tel þetta úrræði ekki raunhæfan kost í þeim vanda sem fólk á við varðandi greiðslustöðu heimilanna.

Fjármagnstekjutenging lífeyristrygginga er annað umdeilt atriði sem hæstv. ríkisstjórn hefur afrekað að koma í gegn. Samkvæmt frv. skila þessar aðgerðir 140 millj. kr. viðbótarsparnaði við það sem áætlað var eða um 80 millj. en alls gerir þetta um 220 millj. kr. sem hæstv. ríkisstjórn hefur nú haft af lífeyrisþegum og bótaþegum eftir því sem ég kemst næst samkvæmt frv. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá fjmrn. og frv. virðist staðfesta, er meiningin að hækka lífeyristryggingarnar um 2% vegna verðlagsbreytinga en eins og kunnugt er var ákveðið í fyrra að afnema tengingu við almennar launahækkanir á ýmsum bótagreiðslum og fór víst ekki fram hjá neinum í umræðunni um fjárlögin síðustu.

Nú sýnist manni að gert sé ráð fyrir 3,5% svigrúmi til launahækkana en eins og hæstv. fjmrh. benti á er ekki tekin ákvörðun um það í fjárlagafrv. og ég held að enginn hafi

haldið því fram að ákvörðun væri tekin um það hversu launahækkanir ættu að vera miklar í fjárlagafrv. en þetta er það svigrúm sem ríkisstjórnin telur að rúmist innan eðlilegra marka öðruvísi en hér verði um einhverja kollsteypu að ræða eftir því sem manni skilst. Eftir þessu sýnist mér að skerðingin fyrir bótaþegana sé nú þegar áætluð 1,5%, eftir því sem ég best fæ séð og ég vil enn og aftur biðja hæstv. fjmrh. að leiðrétta ef þetta er einhver misskilningur en mér sýnist þetta vera svona eftir því sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er af ýmsu fleiru að taka í frv. sem ekki verður komið við nú enda gefst tækifæri til þess síðar. Ég vil aðeins í lokin gera efnahagsstefnu hæstv. ríkisstjórnar að umtalsefni eða öllu heldur mat hæstv. ríkisstjórnar á efnahagsstefnunni og hvernig til hafi tekist. Sjálfumgleðin er þar alls ráðandi og menn hreykja sér mikið af efnahagsbatanum. Það er líka mjög mikilvægt að reyna að tryggja afkomu ríkissjóðs. Sennilega eru allir sammála um það en menn greinir kannski á um leiðir að því marki. Stundum talar ríkisstjórnin eins og hún sé boðberi nútímalegra vinnubragða og horfi til framtíðar á meðan stjórnarandstaðan hugsi aðeins um að eyða og hafi engin úrræði til að skapa efnahagslegar forsendur fyrir velferðarþjóðfélagið. Þessu hefur verið mótmælt en ríkisstjórnin heldur áfram og nú síðast í utandagskrárumræðunum um lífskjörin og fjölskylduna sem Alþb. og óháðir stóðu fyrir í gær.

Ég vil af þessu tilefni benda á að í nýútkominni skýrslu sem Útflutningsráð hefur gefið út í tilefni af væntanlegu málþingi er vitnað aðeins í stefnuskrá eins stjórnmálaflokks og það er Alþb. Það er ekki vitnað í stefnuskrá hins nútímalega, hins nýnútímalega öllu heldur, Sjálfstfl. eða Framsfl. en báðir telja sig boðbera nútímalegra vinnubragða og hinna réttu lausna í málefnum ríkisins.

Ritið sem ég er að vitna til ber yfirskriftina „Útflutningur — hvað er fémætt í framtíðinni?“ og er ætlað sem umræðugrundvöllur að málþingi sem Útflutningsráð stendur fyrir á næstunni. Þar er vitnað í fjölda rita um hagstjórn en aðeins eina pólitíska stefnuskrá sem er útflutningsleið Alþb. og reyndar er vitnað í hana á fleiri stöðum en einum. Þar er vitnað til þess vanda sem stjórnvöld standa frammi fyrir af því að viðskiptajöfnuður er nú aftur orðinn óhagstæður og velt er vöngum yfir hlutverki stjórnmála í því skyni að auka útflutning. Í ritinu er bent á mikilvægi heildarstefnu varðandi útflutning og að minnkun viðskiptahalla og breyting hans í jákvæðan viðskiptajöfnuð með auknum útflutningi sé meðal brýnustu verkefna í hagstjórn Íslendinga á næstu árum. Á þann hátt má skapa tekjuafgang í viðskiptum við útlönd sem nota mætti til að greiða niður erlendar skuldir. Lögð er áhersla á mikilvægi menntunar til að auka samkeppnishæfi þjóðarinnar í samanburði við aðrar þjóðir og ítrekað að niðurskurður ríkisútgjalda veiki ekki þær undirstöður sem nauðsynlegar eru til útflutningsaukningar framtíðarinnar eins og menntun og nýsköpun. Í þessu riti segir einnig, með leyfi forseta:

„Flatur niðurskurður hefur tíðkast af hálfu ríkisins á undanförnum árum í samdrætti ríkisumsvifa. Engri forgangsröðun hefur verið beitt og ekkert hugsað um hvar skera megi niður og hvar ekki. Dæmi um þetta er niðurskurðurinn í skólakerfinu þar sem flati niðurskurðurinn bitnar mest á verknámi þar sem í raun þyrfti að auka fjárframlög því að verknámið er hlutfallslega dýrara en annað nám.“

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem kemur fram í þessum ágæta umræðugrundvelli sem Útflutningsráð hefur gefið út og reyndar er margan fróðleiksmolann að finna í bókinni, ekki aðeins úr útflutningsleið Alþb. heldur er þar sótt víðar fanga. Það er nefnilega rétt að ítreka að það eru vaxtarbroddar víða í íslensku atvinnulífi og vil ég þar taka eitt dæmi. Árið 1990 var útflutningur á íslenskum hugbúnaði nánast enginn. Síðan eða á síðustu sex árum tæpum hefur hann vaxið hröðum skrefum og var nú árið 1996 tæpur milljarður kr. Með sama áframhaldi gæti verið um einhvern mesta vaxtarbrodd til framtíðar í íslensku atvinnulífi að ræða. Í hugbúnaði er enginn kvóti. Þar er efniskostnaður óverulegur og verðmætasköpun mikil ef vel tekst til. Lykillinn er hins vegar menntun og aftur menntun og þar hefur ríkisstjórnin stórlega brugðist íslensku þjóðinni. Framtíð hennar verður ekki tryggð án þess að menntun sé verulega þungur áhersluþáttur í samfélagslegum verkefnum.

Að lokum, herra forseti. Í frv. til fjárlaga hefur margoft verið varað við kollsteypu í tengslum við komandi kjarasamninga og ég vil reyndar taka dýpra í árinni en að tala um viðvaranir. Mér finnst nánast stundum vera um að ræða hótanir til láglaunafólks um að fari verðbólgan á skrið verði þeir verst úti sem minnst mega sín og þessi orð ítrekaði hæstv. fjmrh. í ræðu sinni en þetta kemur líka fram í efnahagskafla frv. Áætlað er að 3,5% launahækkun rúmist innan þeirra marka sem ríkisstjórnin telur möguleg án þess að um kollsteypu verði að ræða en það gefur líka auga leið að það verður að leiðrétta lægstu launin. Það hlýtur hver heilvita maður að sjá. Hæstv. fjmrh. er væntanlega sammála því að 49 þús. kr. laun eru ekki til þess að lifa af og 3,5% hækkun á slík laun eru smáaurar.

Nú er þetta er vissulega viðfangsefni aðila vinnumarkaðarins. Það er viðfangsefni samtaka launafólks að setja fram kaupkröfur í þessum efnum og þætti mér fróðlegt að heyra hvort hæstv. ríkisstjórn sjái fyrir endann á þessari stöðu láglaunafólks. Telja menn svigrúmið geta skapast á næstu árum eða næstu áratugum? Með öðrum orðum, hvenær getur fólk farið að krefjast mannsæmandi launa á Íslandi?

[15:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar um nefndastarf við endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna þá er sú nefnd enn þá að störfum og ég á von á því að hún skili af sér innan tíðar. Menn hafa skipst þar á skoðunum og verið er að leita leiða til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem hæst hefur borið og þá sérstaklega kröfur varðandi endurgreiðslu lána.

Framlagið til Þjóðarbókhlöðunnar hækkar á milli ára um 15,6 millj. kr. eins og kemur fram í fjárlagafrv. þannig að tekið er á málefnum hennar og stuðlað að því að hún geti bætt starfsemi sína. Um það hvenær hún verður opin eða hvort þessir fjármunir dugi til þess að gerbreyta þeim tíma sem hún er opin ætla ég ekki að fullyrða enda er það stjórnenda hennar að taka ákvarðanir um það en fjárframlög til Þjóðarbókhlöðu eða Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns eru aukin um 15,6 millj. kr.

Ekki er um lækkun að ræða á framlögum til sérkennslu heldur tilfærslu á fjármunum af almennum lið yfir á einstaka skóla eins og Menntaskólann við Hamrahlíð, Kennaraháskóla Íslands og Menntaskólann í Kópavogi en þessar fjárveitingar ráðast að sjálfsögðu af þeim nemendum sem stunda nám í skólunum og þurfa á sérkennslu að halda. Ég vek einnig athygli hv. þm. á því að það flyst fé til Iðnskólans og Borgarholtsskóla vegna niðurlagningar á framhaldsdeild

í Réttarholtsskóla þannig að verið er að ráðstafa þessum fjármunum á annan hátt en gert hefur verið og það er það sem er þarna um að ræða en ekki lægri fjárveiting.

Um endurinnritunina og það sem stendur um hana í greinargerð frv. vil ég segja að það á við rök að styðjast því að hér er um endurinnritun að ræða og spurningin er um það hvaða nemendur haldast í námi og hvernig þeir nýta námstíma sinn. Það er ekki um að ræða að þeir þurfi að borga þetta gjald nema þeir hafi farið út úr skólanum eða séu að endurtaka áfanga eða próf. Þess vegna má reikna með því vonandi að heimild til að innheimta þetta gjald verði einnig til þess að menn taki tillit til þess að nýta tímann betur og ekki þurfi að grípa til endurinnheimtunar. Á því byggist þessi röksemdafærsla sem fram kemur í greinargerð með frv.

[15:38]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og skýrðist ýmslegt í svari hans. Ég vildi þó sérstaklega gera athugasemd við það sem snýr að Þjóðarbókhlöðunni. Rétta framlagið hækkar og mér var fullkunnugt um það en eftir því sem mér sýnist á skýringum í fjárlagafrv. hækkar það fyrst og fremst vegna meiri rekstrarkostnaðar við húsið en áætlað var. Spurning mín sneri að því, þ.e. felst að einhverju leyti í þessu að það standi til að húsið geti verið opið á kvöldin og um helgar eða er þessi rekstrarkostnaður, sem þarna var gert ráð fyrir, vegna einhverra annarra hluta? Ég get ekki séð að gert sé ráð fyrir lengri afgreiðslutíma og það var fyrst og fremst það sem ég hafði áhuga á að vita. En mér sýnast vera aðrar skýringar í frv. um þetta.

Hæstv. menntmrh. segir að nefndin um endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sé enn að störfum. Ég hafði heyrt að hún hefði ekki komið saman í þrjá mánuði. Ég ítreka spurningu mína um það hvort það sé rétt eða er eitthvað að gerast í þessum málum sem bendir til þess að það geti komið niðurstaða á næstunni? Ég veit að námsmenn eru margir orðnir mjög langeygir eftir niðurstöðu í þessu mjög svo viðamikla máli.

[15:39]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kom því ekki að í fyrra andsvari mínu að ég tel að það sé rangt með farið þegar sagt er að fjárlagafrv. endurspegli andúð á menntun. Auðvitað má betur gera. Ég tek undir það með hv. þm. að menntun á að vera forgangsmál við ráðstöfun á opinberum fjármunum. En fjárlagafrv. almennt endurspeglar alls ekki neina andúð á menntun og hvað sem líður umræðum um framhaldsskólana þá kemur fram að á milli ára hækka þó framlögin um 37 millj. kr. En nemendafjöldinn veldur því að um raunhækkun kann ekki að vera en það er alls staðar á öllum sviðum reynt að auka framlög og útgjöld til menntamála.

Það kemur fram í greinargerð með frv. að varðandi Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafnið er m.a. um rekstrarkostnað húsnæðis að ræða sem tekið er tillit til en það kemur einnig fram að samkvæmt lögum um safnið er gert ráð fyrir að hluti af fjárveitingum til Háskóla Íslands renni árlega til safnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi þess við skólann. Það er þetta samkomulag sem ég tel að sé mjög brýnt að knýja fram að verði gert og það á m.a. að taka til þess hvernig safnið er opið. Það eru einkum óskir háskólastúdenta sem valda því að menn eru að tala um að safnið eigi að vera opið á öðrum tímum en þjóðarbókasöfn almennt og það er sá vandi sem menn standa frammi fyrir og eru að þreifa sig áfram í rekstri þessa safns, hvernig er hægt að sameina Landsbókasafn annars vegar og háskólabókasafn og það veiti þá alhliða þjónustu bæði almenningi og stúdentum sem þarf að vera. Ég tel að samkomulag milli háskólans og safnsins sé mjög brýnt til þess m.a. að skýra þetta og koma til móts við óskir í því efni.

[15:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að reyna að nýta tímann. Í fyrsta lagi vegna húsaleigubótakerfisins teljum við að komið sé nokkuð gott samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands sveitarfélaga um það að fresta því máli um eitt ár. Það þarf að endurskoða lögin í haust samkvæmt gildandi lögum en eftir ár munu sveitarfélögin taka yfir húsaleigubótakerfið en ríkið taka yfir verkefni á móti. Þetta var m.a. rætt 27. sept. á fundi formanns og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga, fjmrh. og félmrh.

Í öðru lagi var minnst á kaupmátt, einkaneyslu og eyðslu heimilanna. Hér er einungis um það að ræða sem má sjá í opinberum gögnum. Kaupmáttur hefur aukist um 8–9% á yfirstandandi ári og síðasta ári samtals. Sem dæmi má nefna að tvö ár, árin 1989 og 1990 þegar flokkur hv. þm. var við stjórn, held ég að kaupmátturinn hafi rýrnað um 12% svo ég hafi samanburð á milli ára. Einkaneyslan hefur hins vegar aukist um 12% á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkaði um 8–9 og það er það sem er áhyggjuefnið.

Spurningunni um fjárhagslega aðstoð og rekstraraðstöðuna get ég því miður ekki svarað en skal reyna að afla upplýsinga. Þetta er auðvitað nýtt fyrirkomulag, tók gildi á miðju ári.

Varðandi lífeyristryggingar og laun skal tekið fram að launatalan er alger áætlunartala. Þetta er mál sem er að þróast og við erum að skoða og það verður líklega ekki fyrr en í desember sem við getum tekið endanlega ákvörðun um það sem stendur í fjárlagafrv. Það er rangt að tala um flatan niðurskurð einfaldlega vegna þess að sífellt er verið að forgangsraða. Á Landspítalanum er t.d. núna verið að bæta við glasafrjóvgun. Það er verið að bæta við barnaskurðlækningum svo ég nefni dæmi um mál þar sem menn eru að forgangsraða, taka inn ný verkefni. Svo tala menn alltaf um flatan niðurskurð.

Loks, virðulegi forseti, um það hvenær almenningur, láglaunafólkið megi búast við launahækkunum. Búast má við launahækkunum þegar ríkisstjórn og stjórnmálamenn hafa skapað skilyrði fyrir atvinnulífið með þeim hætti að það geti skilað þeim launum sem við sækjumst eftir. Að því miðast öll starfsemi ríkisstjórnarinnar.

[15:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er gott að heyra að samkomulag sé í höfn um húsaleigubæturnar um að fresta málinu í eitt ár og ég vona svo sannarlega að það takist að tryggja framtíð þessa úrræðis áður en farið er út í að breyta lögunum.

Hvað varðar kaupmáttinn geri ég mér fyllilega grein fyrir því að þarna er um að ræða opinberar tölur og engar sérstakar fullyrðingar frá ríkisstjórnarinnar hálfu. En það er nú einu sinni svo að stór hluti þjóðarinnar hefur það skítt og býður eftir stórlega auknum kaupmætti. Sama þótt hann hafi aukist samkvæmt opinberum upplýsingum á undanförnum mánuðum eða árum þá vantar fólk peninga. Þá er ég að tala

fyrst og fremst um þá lægst launuðu. Við vitum það. Ég held að það mæli enginn á móti því.

Varðandi lífeyristryggingar og laun þá sé ég það sem hæstv. ráðherra bendir hér á að þarna er um áætlun að ræða, þessi 3,5%. En er þá ekki samkvæmt því um áætlaða skerðingu að ræða hvað varðar bótaþegana upp á 1,5% miðað við það sem þeir hefðu fengið ef þeir hefðu fylgt almennri launaþróun? Er það ekki rétt skilið hjá mér? Það er þetta fyrst og fremst sem ég vildi fá svar við.

Að lokum. Þetta skapar skilyrði fyrir atvinnulífið. Það er vissulega rétt. Það þarf að skapa skilyrði fyrir atvinnulífið til þess að hægt sé að hækka launin. En nú virðist sem ýmislegt hafi verið gert til þess að skapa skilyrði fyrir atvinnulífið og ég þarf ekki að fara að rifja það upp. Það er ýmislegt í formi skattalagabreytinga og annars sem hefur verið gert til þess að skapa skilyrði fyrir atvinnulífið og nú eru fyrirtæki farin að sýna hagnað. En enn er stigið ofan á launafólkið með einhverjar verulegar hækkanir og sú lína kemur frá ríkisstjórninni eða frá stjórnvöldum. Hún kemur að því leyti til að á meðan stjórnvöld segja: Það er svigrúm fyrir x% launahækkun, þá munu kjarasamningaviðræður mótast að miklu leyti út frá þessari yfirlýsingu. Og þó að það sé ekki hæstv. ríkisstjórn alfarið sem ráði því hvernig þessi tala er fengin, þá hefur þessi tala að sjálfsögðu heilmikið að segja í komandi kjarasamningum. En spurningin var bara sú: Hvenær telur hæstv. ráðherra að skilyrðin hafi skapast fyrir atvinnulífið?

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Varðandi kaupmátt láglaunafólksins held ég að af þessu tilefni sé kannski athyglisverðast að beina sjónum sínum að því hvað er að gerast í verkalýðshreyfingunni. Ég er sannfærður um það að á meðan samflot átti sér stað var það besta tryggingin fyrir því að þeir sem voru með lægstu launin fengju meira en hinir. Þetta gerðist í samningum að undanförnu með svokölluðum eingreiðslum og ég óttast það nú að þeir sem betur mega sín, hafa sterkari aðstöðu, muni nú nota tækifærið til þess að vinna það upp sem þeir telja að þeir hafi tapað og það muni því miður geta gerst á kostnað þeirra verst settu nema fullt samráð sé verkalýðsmegin eins og atvinnurekendamegin.

Þetta svar á kannski einnig við um bótaþegana vegna þess að á undanförnum árum hefur það varðað bótaþegana miklu hvernig samið var um eingreiðslur fyrir þá sem lægst höfðu launin. Við verðum að bíða og sjá, a.m.k. fram í desember, hverju fram vindur og taka þá endanlega á þessum málum, en í frv. er þetta núllstillt, þ.e. það er stillt á verðbólguna, bótagreiðslurnar eru stilltar þannig að kaupmátturinn er sá sami á næsta ári og þessu ári á liðunum um bætur.

Varðandi skatta skal ég vera stuttorður. Eins og ég hef margoft sagt tel ég að aðalmálið á næstunni í skattalagabreytingunum sé að koma til móts við þarfir láglauna- og millilaunafólks sem er að berjast við það að ala upp börn, koma sér upp húsnæði, greiða námsskuldir og þarf að auki að leggja til hliðar til þess að eiga eitthvað þegar að ævikvöldi kemur. Það verður best gert eð því að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins.

Af því að ég á þrjár sekúndur eftir skal ég svara spurningu sem áður kom fram um nauðasamningana: Umsóknir sem hafa borist munu vera átta. Sex eru óafgreiddar, ein er afgreidd jákvætt og ein neikvætt.

[15:48]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nokkuð víst, og ég get eiginlega fullyrt það, að ekki eru allir sammála hæstv. fjmrh. í því að samflot sé besta leiðin fyrir láglaunafólk. Ég dreg einfaldlega þá ályktun af þeim kröfum sem fulltrúar láglaunafólks, láglaunahópanna, hafa lagt fram á undanförnum vikum. Þvert á móti hafa einmitt láglaunahóparnir frekar ýtt á að draga sig út úr samflotinu vegna þess að þeir vilja meina að það hafi ekki skilað láglaunafólkinu. En það væri hægt að hafa langar umræður um þetta eitt og sér.

Varðandi bótaþegana sagði hæstv. fjmrh. að þeir væru núllstilltir miðað við verðbólgu þannig að kaupmáttaraukningin væri í raun og veru óbreytt. Það staðfestir það sem ég hélt að skerðingin er 1,5% miðað við það sem áætlað er að almenn launaþróun verði. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt að fá annað út úr þessu reikningsdæmi, hæstv. fjmrh., en að hér sé um að ræða skerðingu upp á 1,5% sem verður síðan meiri ef launin hækka um meira en 3,5% að meðaltali, þannig að þarna sé um að ræða alla vega 1,5% af skerðingu fyrir bótaþegana.

[15:50]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig ánægjuefni að hér skuli vera lagt fram frv. sem gerir ráð fyrir hallalausum fjárlögum á næsta ári og raunar ekki aðeins hallalausum heldur með rúmlega 1 milljarðs afgangi. Það er nýlunda og mikil viðbrigði frá undanförnum áratug eða rúmlega það þar sem við höfum verið að fást við hallatölur upp á marga milljarða á ári hverju. Ég hef ekki síður en hæstv. fjmrh. og margir fleiri alltaf horft með sárum söknuði eftir þeim gríðarlegu fjármunum sem farið hafa til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, en þessi upphæð er nú áætluð um 13,5 milljarðar á næsta ári samanborið við 13,8 milljarða á þessu ári. Í þeirri upphæð vega þungt afborganir lána vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem mikil átök stóðu um fyrir nokkrum árum og hefur orðið okkur þungur baggi. Á næsta ári þarf að greiða tæplega 1,5 milljarða af lánum vegna byggingar þessarar flugstöðvar sem ofan í kaupið þarfnast stækkunar og breytinga sem áætlað er að kosti rúmlega hálfan milljarð á næsta ári og 800 millj. þegar upp er staðið. Sem sagt: 2 milljarðar þar á næsta ári. Mér er engin launung á því að ég hefði heldur viljað sjá þá fjármuni renna til annarra verka.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar er vissulega um margt glæsilegt hús, falleg bygging, en hún er fyrst og fremst minnisvarði um óráðsíu og eyðslu um efni fram eins og margsinnis var sýnt fram á á sínum tíma. En sú gjörð verður ekki aftur tekin og enn um sinn má þjóðin súpa seyðið af þeirri glæframennsku, ef svo má orða, sem dugði okkur einu sinni ekki til þess að fá nógu stórt hús. Tæpum áratug eftir byggingu þess þarf að ráðast í umfangsmiklar breytingar og stækkun svo það fái gegnt hlutverki sínu svo viðunandi sé. Það er svo merkilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur fullan skilning á þeirri þörf nokkrum mánuðum eftir að farið var að tala um hana, þar sem aftur á móti ekki hefur komist inn hjá henni að við Sjúkrahúsið á Egilsstöðum vantar sárlega skýli fyrir sjúkrabifreiðar, skýli sem beðið hefur verið um árum saman og er áætlað að kosti um 7 millj. kr. En ríkisstjórnin hefur ekki haft jafnmikinn skilning á þeirri þörf og því sem blasir við í málefnum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ég nefni þetta svona til samanburðar og sem dæmi um skilning og skilningsleysi um forgangsröðun og um mat á nauðsyn framkvæmda. Ég

nefni Flugstöð Leifs Eiríkssonar vegna þess að hæstv. ráðherrar hafa ákaft höfðað til ábyrgðar almennings og látið að því liggja að hún sé töluverð á skuldasöfnun undangenginna ára. Staðreyndin er auðvitað sú að persónulegur metnaður og minnisvarðastefna á kostnað almennings á þar drjúgan hlut að máli. En það breytir ekki því að allir hljóta að vera sammála um nauðsyn þess og mikilvægi að reka ríkissjóð án halla og helst með afgangi svo unnt sé að lækka skuldabyrði ríkissjóðs.

Það er hins vegar álitamál hversu raunhæfar þær forsendur eru sem lagðar eru til grundvallar niðurstöðutölunum í þessu frv. og þá með hliðsjón af niðurstöðum þessa árs þar sem t.d. hagvöxtur á árinu sem er að líða er talinn verða um 5,5% en í spá fyrir árið 1997 er hann áætlaður 2,5%. Ég held að það sé varlega áætlað og að auknar fjárfestingar á þessu ári muni skila sér í meiri hagvexti á næstu árum heldur en hér er gert ráð fyrir. En það er eðli slíkrar spámennsku að fara varlega og það er út af fyrir sig ágætt.

Á móti þeirri trú minni að það verði væntanlega meiri hagvöxtur en hér er spáð kemur líka að spá um launaþróun er heldur ekki líkleg til að standast svo að hugsanlega vegur þetta hvort á móti öðru. En spá um 3,5% launahækkanir getur varla staðist. Kjarasamningar eru lausir hjá meiri hluta alls launafólks um næstu áramót og það er mikil skammsýni að halda að það muni ekki fylgja fast eftir kröfum um verulegar kauphækkanir eftir að hafa borið meginþunga þeirra byrða sem nauðsynlegar þóttu til þess að skapa og koma á stöðugleika og festu í efnahags- og atvinnulífi landsmanna. Víst hafa kjörin verið að batna, svona að meðaltali a.m.k., en fyrr mátti líka vera. Það hefur sorfið verulega að fólki á meðallaunum og þar undir og hagur þessa fólks hefur ekki batnað svo um muni. Menn mega ekki gleyma að ýmis kostnaður hefur komið til á síðustu árum sem hefur komið mjög illa við lágtekjufólk og fólk með meðaltekjur og slíkur kostnaður er ekkert inni í myndinni þegar verið er að tala um ráðstöfunartekjur. Þar er ekki tekið tillit til aukins kostnaðar vegna skólagöngu, lyfja- og lækniskostnaðar, sem hefur verið að falla til að undanförnu, svo og þjónustugjalda af ýmsu tagi. Slík gjöld eru alveg fyrir utan þetta en hafa svo sannarlega aukið vægi í útgjöldum heimila og einstaklinga. Ríkisstjórnin heldur áfram á þeirri braut og mætti nefna ýmis dæmi um það í frv. Ég nefni eitt þó að það hafi verið til umræðu áðan hjá síðasta ræðumanni, hv. 12. þm. Reykv. Það er vísað til þess á bls. 292 í frv. að brottfall úr framhaldsskólum eða endurtekning prófa sé talin óeðlilega mikil. Það er ætlunin að taka 1.500 kr. gjald af nemendum sem endurtaka próf og sagt að þetta sé gert í þeirri von að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og auðveldi skipulagningu kennslu fremur en til útgjalda nemenda, eins og hæstv. menntmrh. ítrekaði áðan. Það er sagt að með hliðsjón af því að endurinnritun er jafnan meiri í áfangaskólum en bekkjaskólum sé áætlunin miðuð við 2.500 kr. á nemanda í áfangaskólum en 1.000 kr. í bekkjaskólum. Víða leynist matarholan og spurning hvort hér er ekki alveg eins verið að setja fótinn fyrir nemendur sem eiga erfitt með nám af einhverjum orsökum eins og það að tryggja markvissa innritun, eins og það er orðað. Um þetta þarf reyndar sérstaka lagaheimild og þar með sérstaka umfjöllun sem tæpast verður á lágu nótunum. Og vegna svars hæstv. menntmrh. við fyrirspurn hv. 12. þm. Reykv. minni ég á að tekjur vegna endurinnritunar eru áætlaðar 32 millj. kr. svo það er augljóslega reiknað með þó nokkrum tilfellum þar sem nemendur þurfa að draga upp veskið. Aukaútgjöld af þessu tagi eru ekki með í dæminu þegar reiknaðar eru út ráðstöfunartekjur sem sagðar eru sívaxandi um þessar mundir.

Það er deginum ljósara að launafólk hlýtur að sækja sinn rétt af fullum þunga og allir viðurkenna í raun að slíkar kröfur eru réttmætar. En auðsjáanlega vildu stjórnvöld ríkisfjármála helst vera laus við þetta suð, það sýna ýmsar athugasemdir í greinargerð með frv. til fjárlaga og ýmis orð hafa verið látin falla sem bera þess vitni, athugasemdir eins og að „mikilvægt sé að nýta efnahagsbatann skynsamlega og forðast kollsteypur" sem væntanlega lesist: forðast launahækkanir. Það er talað um að „leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir að verðbólgan fari aftur á skrið" sem aftur lesist væntanlega: sem minnstar launahækkanir, og fleira í þessum dúr. Enn og aftur er hinn almenni launamaður kallaður til ábyrgðar.

Tengt þessu er atvinnustigið í landinu en af þeim vettvangi eru bæði sæmilegar fréttir og vondar fréttir. Skráð atvinnuleysi hefur minnkað á þessu ári með auknum umsvifum og þar með fjölgun starfa og spáð er þróun í sömu átt á næsta ári. Vondu fréttirnar eru hins vegar þær hversu hægt gengur að draga úr atvinnuleysi meðal kvenna. Það eru að vísu ekki nýjar fréttir fyrir okkur kvennalistakonur a.m.k. sem höfum ár eftir ár reynt að knýja á um einhverjar alvöruaðgerðir til að taka á þessum vanda. Það er staðreynd að atvinnuleysið hefur komið miklu verr niður á konum en körlum. Það er hreinlega alþjóðlegt fyrirbæri, þó að hér sé ekki gengið svo langt að senda konur heim og skipa þeim að hylja andlit sitt og hætta að mennta sig eins og gerist í sumum löndunum nú um stundir, enda vita menn þótt því sé ekki haldið hátt á lofti að stóraukin atvinnuþátttaka kvenna hefur haldið uppi auknum hagvexti síðustu ára þrátt fyrir allt. En konur verða fremur en karlar fyrir barðinu á atvinnuleysi. Atvinnuleysi kvenna mældist t.d. 6,3% að meðaltali fyrstu sjö mánuði þessa árs, en hins vegar 3,7% meðal karla. Þetta stafar m.a. af því að nýir atvinnukostir hafa dregið að sér vinnuafl karla miklu fremur en kvenna og stjórnvöld virðast bara harla sátt við það eða a.m.k. koma ekki auga á nein úrræði. Auðvitað gætu þau, ef þau vildu, t.d. lagt áherslu á að laða að fjárfesta í ferðaþjónustu og þar með verið bæði umhverfisvænni og kvenhollari en þau eru með áherslum sínum á stóriðju. Engin teikn eru þó á lofti um áherslubreytingar í þessum efnum og forsendur af þessu tagi virðast fjarri hugarheimi hæstvirtra ráðherra.

Í greinargerðinni koma fram miklar áhyggjur af aukinni einkaneyslu og enn og aftur finnst manni að verið sé að senda almenningi svolítið tóninn, fólk kunni ekki fótum sínum forráð, það safni skuldum og eyði um efni fram og einhvern veginn finnst mér liggja í orðanna hljóðan að þetta fólk hafi ekkert með hærra kaup að gera. Það eyði því bara og sói og auki viðskiptahallann með allri þessari einkaneyslu. Reyndar er í greinargerðinni fallist á þá augljósu staðreynd að þessi aukna einkaneysla stafar að talsverðum hluta af því að fólk hefur hreinlega haldið að sér höndum í þrengingum síðustu ára og þess vegna hafi hlaðist upp allnokkur endurnýjunarþörf eins og ég held að það sé orðað hér einhvers staðar, t.d. í sambandi við bíla og heimilistæki.

Það má heldur ekki gleyma því að þessi neysluaukning skilar auknum tekjum í ríkissjóð og er reyndar meginorsök fyrir betri útkomu ríkissjóðs á þessu ári og auðveldar áætlanir um jöfnuð á næsta ári eða jafnvel afgang. Þannig eru alltaf margar hliðar á sama teningnum og fátt er svo með

öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Mér finnst satt að segja óþarflega mikil áhersla á þetta atriði og eins og verið sé að segja fólki að það eigi ekki að fá hærri laun því að það eru tæplega ráð til að hamla gegn einkaneyslu ef hún er svona hættuleg önnur en þau að halda niðri launum og hafa hæfilegt atvinnuleysi eins og stundum er sagt. Innflutningshöft eru varla inni í myndinni. Þau tilheyra liðinni tíð. Nú er hins vegar keppikeflið „að auka sem mest frelsi í viðskiptum, ekki síst innflutning" eins og segir, með leyfi forseta, á bls. 235 í greinargerðinni og gengur það nú svolítið þvert á allar yfirlýsingarnar um hinn vonda viðskiptahalla.

Í þeim punktum sem tíundaðir eru á bls. 234–236 um helstu áhersluatriði í ríkisfjármálum er sitthvað fleira að finna sem þarfnast nánari skýringa og verður okkur vonandi ljósara eftir umfjöllun í hv. fjárln. Eitt áhersluatriðið er það að stefnt er að betri og markvissari þjónustu með færri en öflugri stofnunum og ætlunin er að taka sérstaklega til skoðunar rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, sýslumannsembætta og skattstofa og klykkt út með því að með breytingunum eigi að nýta þá möguleika á hagræðingu sem ný tækni og bættar samgöngur gefa.

Nú má vel vera að sumt af þessu sé öldungis þaulhugsað og undirbúið en ég leyfi mér þó að efast um það. Reyndar veit ég að svo er ekki og að í fæstum tilvikum er t.d. um nokkurt samráð að ræða við heimamenn, hvað þá að nokkrar áætlanir séu til um skipan mála eða hverju sú skipan eigi að skila, fjárhagslega, stjórnunarlega eða faglega. Við getum tekið sem dæmi Húsavíkurskólann á Hallormsstað, skóla sem á sér langa og merka sögu og kostar ríkissjóð satt að segja sáralítið, þar sem nemendur greiða allan efniskostnað. Það er auðvelt að fletta því upp, mig minnir að það sé í kringum 6 eða 7 millj. kr. sem áætlað er að leggja til skólans á næsta ári, en þyrfti að vera um 10 millj. kr. ef ætlunin væri að reka hann allt árið. Ég efa stórlega að tillögusmiðir hafi grænan grun um hvað fram fer í þessum skóla en áreiðanlega getur hv. formaður fjárln. og reyndar fleiri hv. fjárlaganefndarmenn upplýst hæstv. menntmrh. um það. Hann lýsir hins vegar þeim vilja sínum að hætta starfsemi skólans í núverandi mynd og afhenda hann Menntaskólanum á Egilsstöðum. Sá skóli hefur að vísu ekki nokkurn áhuga á því að fá enn eitt húsið fjarri höfuðstöðvum en hann situr nú uppi með húsakynni Eiðaskóla og svikin loforð um nægilegt fé til að endurnýja það húsnæði og koma því í nothæft form. Skólahúsið á Hallormsstað þarfnast einnig sárlega viðhalds og forráðamenn þar vissu ekki annað en til þeirra hluta væri ætlað söluandvirði skólastýrubústaðar sem var um 6,3 millj. kr. Ekki bólar á efndum þess og þannig er því miður oft í samskiptum ríkis og stofnana að ríkið stendur ekki við sitt ef það mögulega kemst hjá því og viðkomandi stofnun veslast upp hægt og bítandi þangað til hægt er að halda því fram að hún sé ekki á vetur setjandi.

Þetta dæmi um Húsavíkurskólann á Hallormsstað þarf aðvitað að skoða betur og sama er að segja um aðra skóla sem lenda undir niðurskurðarhnífnum, Húsavíkurskólann í Reykjavík, Framhaldsskólann á Húsavík, Framhaldsskólann á Laugum, Framhaldsskólann á Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu og fleiri. Hæstv. menntmrh. gengur hér fram eins og læknir sem gefur lyf við einhverri meinsemd án þess að hirða um hliðarverkanir og kannski verður heilsan hreint ekkert betri að meðferð lokinni, heldur bara öðruvísi. Mér er t.d. fullkunnugt um að forsvarsmenn Laugaskóla hafa lagt fram mótaðar tillögur um breytingar á rekstri skólans og kennslutilhögun sem mundi breyta miklu um framtíð og rekstur skólans. Hæstv. menntmrh. sér hins vegar ekkert annað en sameiningu við Framhaldsskólann á Húsavík þótt fáir aðrir sjái hagkvæmni þess, heldur miklu fremur kostina við að hafa þessa skóla hvorn með sínu móti. Þarna á Laugum eru mikil húsakynni og mjög góðar aðstæður til að reka góðan heimavistarskóla, að ekki sé minnst á mikilvægi hans fyrir byggðina á staðnum. Sama er að segja um Framhaldsskólann á Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu. Fjárln. var á ferð um þetta svæði í ágúst sl. og þótt heimamenn þar töluðu um vegaframkvæmdir og hafnarframkvæmdir líkt og alls staðar er til umræðu þá fór ekkert á milli mála hvert var áhersluatriði númer eitt, tvö og þrjú. Það var að framhaldsskólinn þeirra væri styrktur og efldur vegna þess að ekkert skipti meira máli en það að hlúa að æskunni í heimabyggð og bjóða upp á menntunarkosti þar eftir því sem unnt væri. Við hljótum því að kalla eftir eitthvað haldbærari rökum en af því bara í þessum efnum.

Það er full ástæða til þess að skyggnast nánar á bak við ýmsa fleiri punkta í þessum kafla greinargerðarinnar, svo sem í sambandi við nýskipan í ríkisrekstrinum og áherslu á skilvirkari þjónustu ríkisins sem aðallega virðist eiga að felast í því að skapa markaðsaðstæður í ríkisrekstri eins og það er orðað. Það er t.d. ætlunin að einkavæða eftirlitsmælingar og beinar þjónusturannsóknir og þá er kannski eins gott að gæta vel að því að ekki verði vegið að grunnrannsóknum sem alltaf hljóta að verða á hendi ríkisins. Ég held að ég skilji þá við þennan markmiðskafla og snúi mér að öðrum þáttum.

Það er orðið ljóst, eins og reyndar fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna fullyrtu við afgreiðslu fjárlaga ársins í ár, að bæði tekju- og gjaldahlið fjárlaga voru stórlega vanmetnar. Heildartekjurnar á yfirstandandi ári verða væntanlega um 5 milljörðum kr. meiri en áætlað var en útgjöldin nær 4 milljörðum kr. hærri. Tekjurnar eru meiri vegna aukinnar veltu í þjóðfélaginu, meiri veltu en gert var ráð fyrir. En aukning útgjalda frá áætlun fjárlaga stafar að langstærstum hluta af því að útgjöld sjúkrahúsa og sjúkratrygginga vegna lyfja, læknisþjónustu og fleira munu fara nær 1,5 milljörðum umfram fjárlög. Með öðrum orðum hefur ekki náðst sá sparnaður sem stefnt var að og var í reynd fullkomlega óraunhæfur. Þetta er nákvæmlega sama sagan og mörg undanfarin ár. Það eru sett markmið um niðurskurð og sparnað svo hundruðum milljóna skiptir en niðurstaðan er sú sama. Við munum auðvitað hvernig þessi mál gengu fyrir sig við afgreiðslu fjárlaganna í lok síðasta árs þegar menn höfðu ekki tillögur um leiðir fyrr en á, ekki bara á elleftu stundu heldur á tólftu stundu. Svona vinnubrögð eru auðvitað ótæk, en þau munu virðast eiga að halda áfram í sama dúr.

Á bls. 273 er gefið svokallað heildaryfirlit útgjalda og skýrt í örstuttu máli hver séu veigamestu einkenni gjaldahliðar frv. Þar segir m.a.: „Í þriðja lagi tekst að halda tilfærsluútgjöldum óbreyttum milli ára, en útgjöld til almannatrygginga á árinu 1996 verða nálægt einum milljarði kr. umfram fjárlög en á næsta ári er stefnt að því að ná þeim slaka að mestu til baka." Hvernig menn ætla að fara að því er mér gjörsamlega óskiljanlegt.

Á kaflanum um tryggingamál sem hefst á bls. 322 er þó ekki mikið að græða. Það er enn einu sinni rætt um lækkun lyfjakostnaðar, m.a. með gæða- og kostnaðarkynningu fyrir lækna og það á að spara á óútskýrðan hátt kostnað vegna rannsókna og röntgengreiningar. Fleira er tínt til en vantar

kjöt á beinin og að fenginni reynslu hef ég ekki trú á að það sé allt saman til fullmótað. Ekki hef ég þó á móti sparnaði á þessum sviðum, síður en svo, að því tilskildu að ekki sé enn og aftur seilst í vasa neytandans sem því miður gæti svo sannanlega orðið raunin.

Fremst í þessum kafla um tryggingamálin er rétt að vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki um 2% eins og reyndar kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns en eins og menn muna ákvað meiri hluti Alþingis að afnema tengingu bóta við launaþróun og hér sjáum við afleiðingarnar af því, afleiðingar sem margir óttuðust og bentu á á sínum tíma. Hér er gert ráð fyrir 2% hækkun bóta um leið og reiknað er með að launin hækki þó að meðaltali um 3,5%. Ég hef þegar spurt út í þetta atriði og svarið var að hækkun bóta væri miðuð við verðlagsþróun sem þýðir einfaldlega að kjör bótaþega eiga yfirleitt ekki að batna heldur standa í stað og nákvæmlega þetta óttuðust menn sem afleiðingar af fyrrnefndri aftengingu. Nú eru þessar bætur ákveðnar í fjárlögum án tillits til launaþróunar og niðurstaðan er versnandi hagur bótaþega. Ég ætla ekki að hafa neitt fleiri orð um þetta en vísa aðeins til orðaskipta hæstv. ráðherra og hv. síðasta ræðumanns hér áðan.

Ég tek líka eftir því í töflu á bls. 323 að framlag vegna fæðingarorlofs er áætlað óbreytt frá þessu ári og leiðir það þá hugann að þeirri endurskoðun sem sagt hefur verið að standi yfir á lögum um fæðingarorlof. Ég hélt m.a. að sú endurskoðun væri unnin með það fyrir augum m.a. að auka hlut karla, gera körlum kleift fremur en áður að taka fæðingarorlof og eiga þannig réttmætan hlut í umönnun ungra barna sinna. Hvernig það mætti gerast án aukins fjármagns er erfitt að skilja nema ætlunin sé að skerða hlut kvenna og það er einmitt það sem margir óttast. Af þessu tilefni óska ég eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi stöðu þessa máls og hvaða áhrif hann telur að það hafi á framlag ríkisins til greiðslna í fæðingarorlofi.

Herra forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég er sammála því markmiði að ríkissjóð beri að reka án halla og helst með afgangi og það ætti að vera hægt þó við höfum enga olíu eins og frændur okkar í Noregi sem njóta rekstrarafgangs á fjárlögum sínum sem nemur fjórföldum fjárlögum íslenska ríkisins. En við getum ekki „treyst" til lengdar á aukna veltu og tekjur af eyðslusköttum sem grunn undir jafnvægi milli tekna og útgjalda eða til þess að fá afgang til þess að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af skuldum vegna eyðslu fyrri ára. Það er ekki nógu góður grunnur. Við verðum að styrkja stoðir tekjuöflunarkerfis ríkisins og efla það m.a. með auðlindagjaldi og hugsanlega umhverfisgjöldum sem verður þó að tengja úrbótum í umhverfismálum, aðgerðum gegn mengun og fleira í þeim efnum. Við þurfum einnig að forgangsraða betur á útgjaldahlið fjárlaga.

Menntamál, heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta á að hafa algeran forgang. Sömuleiðis vil ég nefna löggæslu og baráttu gegn ofbeldi og glæpum. Menningarmál hljóta alltaf að þurfa verulegan stuðning ríkisvalds. Umhverfismál skipta höfuðmáli fyrir framtíð lands og þjóðar, ekki síst til uppbyggingar atvinnulífs í framtíðinni. Þar er margt ógert sem ekki er hægt að vísa til einkaaðila. Hins vegar eiga atvinnuvegirnir sjálfir að standa undir þeirri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. (**Gripið fram í:** Líka landbúnaðurinn?) Líka landbúnaðurinn. Við hljótum í fullri alvöru að ræða það hvort ekki beri að skilja að ríki og kirkju þó að það hefði vafalaust ekki í för með sér umsvifalausan sparnað fyrir ríkissjóð. Og það þarf að beita miklu virkara aðhaldi í yfirstjórnum ráðuneytanna en það hefur löngum gengið heldur illa. (**Gripið fram í:** Sameina ráðuneyti.) Sameina ráðuneyti og gera ákveðnar breytingar í stjórnskipan landsins. Það er auðvitað spurning hvort ekki þarf að taka tékkheftið af hæstv. ráðherrum sem eiga á næsta ári að fá að ráðstafa að vild 84 millj. kr., mismunandi eftir ráðuneytum. Auðvitað er því fé oft varið til gagnlegra og þarfra verkefna en við höfum ýmis dæmi um hið gagnstæða og nægir að minna á samtök nokkurra ráðherra um lausn á flóknum vanda nýlega sem varða mannleg samskipti í einni kirkjusókn.

Ég veit raunar að menn eru að reyna að taka á ýmsu því sem ég hef nefnt, m.a. að draga úr kostnaði vegna þjónustu við atvinnuvegina. Mér virðist reyndar sú viðleitni að draga úr kostnaði við hin ýmsu verkefni einkennast fyrst og fremst af nokkuð einstrengingslegri trú annars vegar á hagkvæmni sameiningar eða samreksturs stofnana sem hv. 14. þm. Reykv. styður með ráðum og dáð eftir því sem ég heyrði áðan og hins vegar trú á samkeppni eins og kemur fram í hugmyndum um útboð á rannsóknum í orkugeiranum og margt fleira mætti nefna. En um leið og reynt er að spyrna við fótum á ýmsum sviðum er það umhugsunarefni að margvíslegur kostnaður vegna erlendra samskipta vex og vex og mér virðist menn láta það yfir sig ganga nánast viðnámslaust.

Það fjölgar sífellt í starfsliði á erlendri grundu. Húsnæði er keypt og byggt fyrir tugi milljóna. Ferðalög vegna fundahalda aukast mikið ár frá ári og sífellt eykst kostnaður hér á landi vegna þessara auknu samskipta. Menn hafa ekki undan að þýða samninga og reglugerðir og kosta til þess stórfé og sífellt þarf að koma til móts við kröfur erlendis frá í hinum og þessum atriðum sem eru bundin samningum og reglugerðum. Skýrasta dæmið um slíkan kostnað vegna erlendra samskipta eru gríðarlegar upphæðir sem það kostar ríkissjóð að huga að aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Kostnaður vegna þessa er áætlaður hvorki meira né minna en 55 millj. kr. á næsta ári og við erum ekki einu sinni komin með aðild að þessu samstarfi heldur aðeins áheyrnaraðild. Sú aðild verður vafalaust staðreynd og að henni er stefnt en þá vantar inn í þessa tölu, þ.e. 55 millj. kr., sem ætlað er til þessa starfs á næsta ári, þá vantar enn þá inn í þá tölu þær breytingar sem gera þarf á Flugstöð Leifs Eiríkssonar beinlínis vegna Schengen-samstarfs og þær breytingar eru sannarlega fyrirhugaðar samanber áformin um stækkun og breytingar upp á 523 millj. kr. á þessu ár og meira síðar eða samtals um 800 millj. kr. að því er ætlað er. Sá kostnaður er auðvitað alls ekki allur vegna Schengen en þar er um verulega upphæð að ræða. Nú er ég ekkert að tala gegn þessu samstarfi þó að ég sé ekkert sannfærð um brýna nauðsyn þess að taka þátt í því. Ég bendi aðeins á þetta dæmi sem nokkuð lýsandi fyrir þau miklu útgjöld sem það kostar okkur að vera fullgildir aðilar í samfélagi þjóðanna og ég vil benda á og leggja áherslu á að í þessu efni eigum við að fara með gát og vita a.m.k. svona nokkurn veginn til hvaða kostnaðar er verið að stofna hverju sinni.

[16:25]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vék að endurinnritunargjöldunum og ég vil upplýsa það að ekki er stefnt að því að þau verði hærri en 1.500 kr. en þar sem er talað um tekjur allt að 32 millj. kr. er líka litið til þeirrar hagræðingar sem menn

vona að þessi ráðstöfun hafi í för með sér, ekki einungis að þetta verði innheimt heldur að þetta leiði til hagræðingar í skólakerfinu og markvissrar innritunar og markvissara starfs sem er vissulega þörf á á framhaldsskólastiginu eins og þeir vita sem best þekkja til þar.

Varðandi Hússtjórnarskólann á Hallormsstað vil ég láta þess getið að það er alls ekki frumleg hugmynd að sameina hann skólanum á Egilsstöðum. Sú hugmynd hefur komið fram fyrir löngu og hefur lengi verið á döfinni að velta því fyrir sér hvernig það væri best gert. Við höfum sett okkur þau markmið með fjárlagafrv. að miða við skóla sem eru með færri nemendur en 80 ef við teljum að þeir væru betur komnir sem hluti af stærri heild og þar á meðal Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað. Varðandi byggingarframkvæmdir og byggingarmál hans er ljóst að ráðist verður í að nýta sér það söluandvirði þeirrar húseignar sem var seld til þess að gera skólahúsið betra, til þess að bæta það og bæta við það. Að því verki verður unnið á næsta ári ef allt gengur eftir eins og byggingarnefnd hefur lagt upp með þannig að það kemur mér á óvart ef Egilsstaðaskóli er andvígur því að taka þetta verkefni að sér. Varðandi fjárhagsmál hans og sameiningu Eiðaskóla tel ég að frá því hafi verið gengið með viðunandi hætti. Þessi atriði vildi ég láta koma fram vegna ræðu hv. þm. og þeirra atriða sem hann nefndi í máli sínu.

[16:27]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir viðbrögð hans. Hann sagði að ekki væri stefnt að því að endurinnritunargjöldin næmu hærri upphæð en 1.500 kr. á nemanda en það hlýtur þá að vera eitthvað rangt skráð í greinargerð með fjárlagafrv. því að efst á bls. 293 er þessi setning: „Með hliðsjón af því að endurinnritun er jafnan meiri í áfangaskólum en bekkjarskólum er áætlun miðuð við 2.500 kr. á nemanda í áfangaskólum en 1.000 í bekkjarskólum.“ Ég hef kannski eitthvað misskilið þessa setningu.

Um upplýsingar hans um breytingar á stöðu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað vil ég aðeins segja að hann telur að skólar með færri nemendur en 80 séu betur komnir sem hluti af stærri heild. Það getur verið álitamál og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort með því sé hann að líta til faglegra þátta eða fjárhagslegra. Ég er ekki sannfærð um að það hafi sparnað í för með sér, t.d. með því að leggja Hússtjórnarskólann á Hallormsstað undir Egilsstaðaskóla. Við verðum líka að taka með í reikninginn að slík sameining hefur í för með sér ferðakostnað og fleira sem vegur kannski býsna þungt á móti þeim sparnaði sem hugsanlega fæst í stjórnunarkostnaði. Ég hef aðrar upplýsingar en hæstv. ráðherra um afstöðu Egilsstaðaskóla en ég skal ekkert fullyrða um hvorar eru réttar.

[16:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerðinni sem hv. þm. vitnar til stendur: „Ætlunin er að taka 1.500 króna gjald af nemendum sem endurtaka próf“. Það hámark er sett eins og stendur. Hins vegar þegar áætlun er gerð og menn velta fyrir sér hvað þetta kann að gefa í hagræðingu og tekjur er miðað við þann kostnað sem þarna er getið. En ekki er stefnt að hærri gjaldtöku í þessu skyni en 1.500 krónum en hitt eru síðan forsendur sem menn gefa sér þegar þeir reikna út hugsanlegar tekjur af þessu m.a. af því að áfangakerfið er dýrara en bekkjakerfið. Það eru þær forsendur sem hv. þm. var að lesa en gjaldið verður ekki hærra en 1.500 krónur.

Um stöðu hússtjórnarskólans og þessara minni skóla er það í senn faglegt mat og einnig stjórnsýslulegt mat sem stjórnar því að menn ræða um sameiningu þessara skóla. Ég hef hvergi lagt til að Laugaskóli verði sameinaður skólanum á Húsavík. Ég hef hins vegar hvatt til að skólarnir á Norðurlandi taki upp meira samstarf og hef haldið fund með skólameisturunum og mun einnig ræða frekar við þá því ég tel, og þeir eru að mínu mati sammála mér um það, að aukið samstarf skólanna bæði á Norðurlandi og einnig á Austurlandi muni styrkja stöðu framhaldsskólanna. Ég tala nú ekki um gildi þess ef það leiðir til hagræðingar og betri nýtingar á opinberum fjármunum. Það sem hv. þm. gerði einnig að umtalsefni varðandi Laugaskóla er að gildistala þess skóla er færð til samræmis við ýmsa aðra skóla úti á landsbyggðinni og unnt er að færa fyrir því rök að innan þeirra marka ætti skólinn að geta veitt þá menntun sem forsvaranleg er miðað við að hann starfar á framhaldsskólastigi.

[16:32]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins í sambandi við orð hæstv. ráðherra um Laugaskóla og framhaldsskólann á Húsavík. Hann kvaðst ekki hafa lagt neins staðar til að Laugaskóli sameinaðist framhaldsskólanum á Húsavík og það má rétt vera en aðgerðir í þessum efnum geta vissulega leitt til að skólahald skerðist svo mjög að það gefi stjórnvöldum tilefni til að fullyrða og ganga út frá því að slíkur skóli sé ekki á vetur setjandi þegar búið er að þrengja svo að honum í framlögum að hann geti ekki starfað sjálfstætt lengur.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að hv. þm. skyldi lýsa yfir stuðningi við meginmarkmið frv. að reka ríkissjóð með einhverjum tekjuafgangi eins og nú stendur á í okkar þjóðfélagi.

Í öðru lagi er ég ósammála hv. þm. þegar hann ræðir um Flugstöð Leifs Eiríkssonar — að hún sé þungur baggi. Ég held að allir sem þekkja þetta mál og ég hélt nú satt að segja að hv. þm. sem er fyrrv. formaður Ferðamálaráðs hefði hugleitt það öðruvísi en virtist koma fram í hans orðum. Það er auðvitað nauðsynlegt að greiða þessa byggingu því hún hefur í sjálfu sér fært okkur tekjur sem hefðu ella ekki komið. En við höfum hins vegar svikist um það árum og áratugum saman að greiða þessa byggingu, tekið fjármunina sem hafa orðið til og sett þá í annað, þar á meðal í flugvelli og ýmsa starfsemi annars staðar á landinu. Nú er svo komið að við getum ekki lengur horft fram hjá þessu. Þetta þarf að borga og þess vegna er ekkert óeðlilegt að á því sé tekið enda heyrði ég að hv. þm. skildi það mætavel. Það var aðallega gjörðin að byggja stöðina á sínum tíma sem virtist fara fyrir brjóstið á henni.

Það gefst ekki tækifæri til þess nú að ræða um atvinnuleysi og atvinnuþátttöku kvenna. Það hefði verið gaman af því að gera það við betra tækifæri. Ég vil einungis nota þennan tíma andsvarsins til að segja frá því að nefnd sú sem starfar að fæðingarorlofsmálum hefur ekki enn lokið störfum sínum. Dögg Pálsdóttir, formaður nefndarinnar, hefur sagt mér að hún vinni nú að upplýsingasöfnun. Ég veit að eitt af því sem nefndin hefur sérstaklega rætt er einmitt feðraorlof en á meðan lögum hefur ekki verið breytt þá er ekki ástæða til að taka kostnað við slíkt upp í fjárlagafrumvarp.

[16:35]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir viðbrögð hans við ræðu minni. Ég held að hann hafi eitthvað misskilið mig í sambandi við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Ég var út af fyrir sig ekki að gagnrýna að húsið hefði verið byggt heldur var ég að ýja að því áliti mínu, sem margsinnis kom fram á sínum tíma, að ég taldi mjög mikla sóun í sambandi við þá bygginga. Það var ekki gætt fyllsta hagræðis og sparnaðar í þeim efnum. Þessi bygging hefur fært okkur tekjur, sagði hæstv. ráðherra. Það hefði að sjálfsögðu hvaða flugstöðvarbygging sem var gert þó hún hefði verið ódýrari og ég sé ekki að þetta komi að miklu leyti við mínu starfi sem fyrrv. form. Ferðamálaráðs því ekki koma ferðamenn hingað til Íslands til þess eins að horfa á þessa fallegu flugstöð.

Ég varð fyrir vonbrigðum með að fá ekki nánari upplýsingar um hvernig staðan er varðandi endurskoðun á lögum um fæðingarorlof en ég skil vel að ekki skuli vera hægt að gera ráð fyrir auknum framlögum til þess máls fyrr en búið er að ganga frá nefndaráliti og gera tillögur um hvernig þessu verði varið. Ég hefði auðvitað vonast til að þau mál hefði borið á góma í ríkisstjórninni þannig að við fengjum einhverjar upplýsingar um það núna.

[16:37]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þau þáttaskil hafa orðið að fjárlög eru lögð fram með rúmlega 1 milljarðs tekjuafgangi eftir að gert hafði verið ráð fyrir hallarekstri um árabil. Síðast var hagnaður á ríkissjóði árið 1983 og halli síðasta áratugar er orðinn yfir 100 milljarðar kr. Þetta hefur leitt til þess að vaxtabyrðin er orðin annar stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs á eftir heilbrigðis- og tryggingamálum eins og oft hefur verið rakið í þessari umræðu. Hins vegar er þetta staðreynd sem farin er að verða það augljós, eftir umræður síðustu ára, að allir sjá að þetta getur ekki gengið til lengdar, enda heyri ég á yfirlýsingum talsmanna stjórnarandstöðunnar í umræðum um málið að samstaða er um markmið fjárlaga, að skila hallalausum fjárlögum. Ég vil hins vegar undirstrika að ekki er sopið kálið þó í ausuna sé komið og hlutverk Alþingis og fjárln. í umboði þingsins er að fara yfir frv., ígrunda forsendur þess og útfæra einstök atriði eins og nefndinni er ætlað að gera. Ég mun því kjósa við 1. umr. málsins að hafa nokkur almenn orð um ríkisfjármálin en ég fæ tækifæri til að ræða um einstök verkefni við 2. umr. málsins þegar fjárln. hefur lokið vinnu sinni, þ.e. að fjalla um frumvarpið fyrir 2. umr., en það starf hennar er þegar hafið eins og hefð er fyrir.

Ég gat þess að bærileg samstaða er um hallalaus fjárlög. Hins vegar heyrist oft í umræðum um þessi mál að forgangsröðunin sé ekki rétt, ríkisstjórnarflokkarnir séu með niðurskurði að brjóta niður velferðarkerfið o.s.frv. Ég hef fylgst nokkuð náið með því, á fimm ára starfsferli mínum í fjárlaganefnd, hvað viðmælendur nefndarinnar telja forgangsverkefni þ.e. það verkefni sem þeir eru að tala fyrir hverju sinni í sínum heimsóknum. Þessi afstaða er auðvitað skiljanleg. Sú starfsemi sem ríkisvaldið leggur fjárveitingar til eru yfirleitt nauðsynleg verkefni og það er skiljanlegt að ábyrgðarmenn þeirra verkefna haldi þeim fram af kappi. Hins vegar eru velferðarmál af ýmsu tagi langsamlega stærsti hlutinn af útgjöldum ríkissjóðs. Velferðarmál eru í raun forgangsverkefni í ríkisfjármálum og svo hefur verið um margra ára bil. Heilbrigðis- og tryggingamál, félagsmál og menntamál kalla á útgjöld upp á 76,1 milljarð kr. af 125,4 milljarða kr. útgjöldum þessa fjárlagafrv. Vaxtakostnaðurinn til viðbótar nemur 13,5 milljörðum kr. Það er alveg ljóst að markmiðinu um hallalaus fjárlög verður ekki náð nema með aðhaldi í þessum þáttum en það aðhald mun, ef vel tekst til, leiða til að undirstöður velferðarkerfisins verða treystar með minnkandi skuldasöfnun og minnkandi vaxtabyrði. Hið vandasama í þessum efnum er að veikja ekki það öryggisnet sem við viljum að þjóðfélagið búi þeim sem minnst mega sín.

Með fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að halda aftur af útgjaldaaukningunni en frv. er fráleitt niðurskurðarfrumvarp í þessum efnum. Hv. 12. þm. Reykn. kom áðan inn á þessa forgangsröð og hv. þm. nefndi hvað hann vildi hafa í forgangi. Það voru menntamál, félagsmál, heilbrigðismál, menningarmál og umhverfismál ef ég hef náð þessu öllu niður, en síðan að þetta yrði á kostnað þjónustu við atvinnuvegina. Þetta er málefnaleg umræða eins og þingmannsins er von og vísa. Ég vil taka fram í þessu sambandi að þetta gengur ekki upp. Verulega hefur verið dregið úr þjónustu við atvinnuvegina á síðustu árum m.a. með útgjöldum til landbúnaðarins. Það er sá málaflokkur sem hefur lækkað mest á undanförnum árum. Verið er að vinna í anda þeirrar stefnumörkunar að atvinnuvegirnir sjái sem mest um sig en hins vegar hefur ekki verið hjá því komist að verja fé m.a. til að mynda nýja varnarlínu í landbúnaði.

Oft heyrist sú skoðun að einhver ákveðin starfsemi ríkissjóðs sé það mikilvæg að hún eigi að hafa algjöran forgang og nægilegar fjárveitingar, eins og það er orðað. Ég get ekki tekið undir þá skoðun að einhver þjónusta eða starfsemi hins opinbera sé þess eðlis að hún þurfi ekki neitt aðhald eða skoðun á því hvort hún sé veitt með hagkvæmum hætti eða ekki. Ég hygg einmitt að endurmat á starfsemi hins opinbera geti oft og tíðum orðið til að efla viðkomandi starfsemi og tryggja hana í sessi.

Það er nú einu sinni svo á tímum hraðfara breytinga eins og nú að starfsaðferðir og skipulag sem einu sinni þótti gott og gilt úreldist. Þannig er það með ríkisstofnanir alveg eins og þá starfsemi sem rekin er af einkaaðilum. Endurmat getur falist í því að skilgreina markmið með þjónustunni upp á nýtt og leggja mat á hvernig skal ná þeim markmiðum með sem mestri hagkvæmni.

Auðvitað er sú starfsemi sem kostuð er af ríkissjóði, ekki síst í heilbrigðis- og tryggingamálum og málefnum fatlaðra, einstaklega viðkvæm fyrir umræðum um breytingar og endurmat á starfseminni. Það breytir ekki þörfinni í þessu efni. Það er auðvitað langt í frá að allar skipulagsbreytingar á þessum vettvangi séu gerðar af illum hug til þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta.

Starf fjárln. hefur á undanförnum árum beinst mjög að stórum málaflokkum á borð við heilbrigðis- og menntamál og það verður engin breyting á því núna. Svo mun vissulega verða nú. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum í framhaldsskólakerfinu. Í fjárln. munum við auðvitað fara vel yfir faglegar forsendur þessara fyrirætlana með fulltrúum menntmrn. Því hefur verið haldið fram að sameining yfirstjórnar og aukin samvinna þessara skólastofnana leiði til öflugri skóla. Við munum að sjálfsögðu fara vel yfir þau rök sem menntmrn. færir fram með tillögum sínum um framhaldsskólana því þeir hafa verið hér sérstaklega til umræðu og málefni einstakra skóla.

Heilbrigðismálin og sjúkrahúsin hafa tekið mikinn tíma okkar fjárlaganefndarmanna. Ég hef lesið það í blöðum frá

ábyrgum aðilum í heilbrigðiskerfinu að það sé svo mikið af landsbyggðarmönnum í fjárln. að þeir leggi það sérstaklega fyrir sig að skera niður sjúkrahúsþjónustu í höfuðborginni. Það er auðvitað víðs fjarri að svo sé. Auðvitað hefði ég ekki tekið þetta alvarlega nema vegna þess að þetta kom frá ábyrgum aðilum í læknastétt sem héldu þessu fram í blaðagreinum. Það hefur verið svo undanfarin ár að fjárframlög til sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu hafa aukist meira en fjárframlög til sjúkrahúsa úti á landi. Hins vegar á ekki að vera í slíkum samanburði. Það eru vissulega skýringar á því að ýmis hátækni sem er á þessu svæði í sjúkrahúsum er dýr. Það er stöðugt viðfangsefni og afar erfitt viðfangsefni að halda utan um útgjaldaaukninguna í þeirri miklu starfsemi sem er á þessu sviði hér. En auðvitað leggur fjárln. sem heild sig í það verkefni af bestu samvisku að fara yfir þessi mál og gera sér grein fyrir forsendum eins og hægt er.

Ríkisvaldið er stór atvinnurekandi á höfuðborgarsvæðinu og það er einnig stór atvinnurekandi víða um landsbyggðina. Það verður þó breyting á þessu að nokkru með mikilli tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga sem tekur gildi á næsta ári að fullu og tók gildi um mitt ár nú með flutningi grunnskólans. Þar gerist fjöldi ríkisstarfsmanna starfsmenn sveitarfélaga. Það verður mjög fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa máls. Auk þess verður mjög fróðlegt að fylgjast með afdrifum verkefna sem hafa verið falin tilraunasveitarfélögum, m.a. á Höfn í Hornafirði og á Akureyri, svo dæmi séu nefnd. Framvindan í þessum málum getur vísað leiðina til frekari tilfærslu verkefna.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé jákvæð þróun að flytja fleiri þætti opinberrar þjónustu til sveitarfélaganna. En til þess verða sveitarfélögin vissulega að eflast og stækka enda er nokkur þróun í þeim efnum nú og umræða um sameiningu sveitarfélaga er mjög mikil á landsbyggðinni um þessar mundir. Ég er þó þeirrar skoðunar að það eigi ekki að rasa um ráð fram í þessum verkefnaflutningi. Þetta er þróun sem komin er í ákveðin farveg en henni á þó að fylgja eftir. Með því að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga á sér stað valddreifing í þjóðfélaginu sem ég tel vera af hinu góða, þ.e. að forræðið í þessum málum færist nær fólkinu.

Ég vil aðeins víkja að tekjuhliðinni áður en lengra er haldið. Því er ekki að neita að tekjuaukning vegna aukinna umsvifa í þjóðfélaginu og þeirrar staðreyndar að hjól atvinnulífsins eru farin að snúast hraðar, ef svo má segja, léttir róðurinn við að ná markmiðum fjárlaga. Það er spáð hagvexti og það er spáð auknum umsvifum á næsta ári. En það veldur vissulega áhyggjum hve þáttur einkaneyslu er stór í aukningunni. Það hefur verið reynt að láta að því liggja að við stjórnarliðar höldum því fram að þessi aukning á einkaneyslu sé láglaunafólki að kenna. Því fer auðvitað víðs fjarri. Það hefur enginn haldið því fram að láglaunafólk í þjóðfélaginu beri ábyrgð á þessari aukningu. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Hins vegar er það svo að ekki eru allir í þjóðfélaginu lágt launaðir. Það er staðreynd að þeir sem eru hærra launaðir lifa stundum um efni fram. Aukning í neyslu er mjög fljót að taka við sér. Mér er t.d. sagt hjá hinni nýju Ráðgjafarþjónustu heimilanna að ekki sé ætíð samband á milli lágra launa og greiðsluerfiðleika fólks. Fólk með hærri laun geti ekki síður lent í greiðsluerfiðleikum. Ég er ekki að gera lítið úr erfiðleikum láglaunafólks, langt því frá. Hins vegar er alrangt að við stjórnarliðar höfum haldið því fram að láglaunafólk beri ábyrgð á aukinni einkaneyslu í þjóðfélaginu og að það lifi um efni fram.

Auðvitað má spyrja sem svo hvort við þessar aðstæður sé ekki lag til að auka enn þá við á tekjuhliðinni og auka skatta. Svar mitt við því er nei. Ég held að jaðarskattar í þjóðfélaginu séu orðnir það háir að þeir séu farnir að íþyngja mörgum, t.d. þeim sem eru að byrja búskap eða koma sér upp þaki yfir höfuðið og leggja á sig meiri vinnu þess vegna. Það geti beinlínis latt fólk við tekjuöflun. Það hefur verið hafin vinna á vegum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna til að kanna þessi mál og skapa svigrúm til lækkunar í þessum efnum eða snúa til baka á þessu sviði. Ég tel það jákvætt.

Ég tel ekki fært að auka tekjurnar til að auka útgjöld, ekki við þær aðstæður sem nú eru, en ég tel að nú eigi að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Ef það tekst ekki nú við þessar aðstæður er algerlega borin von að það takist. Hins vegar er einn þáttur á tekjuhliðinni sem mér er hugleikinn og það er að ná inn þeim sköttum sem ríkið á rétt á. Það er ljóst að að herða þarf róðurinn í þessum efnum.

Það er nokkuð um tvöfalt siðferði í þessum málum. Menn gagnrýna harðlega og oft með réttu aðhald og niðurskurð til ýmissa mála ríkissjóðs en mér finnst oft vera dálítil linka í umfjöllun fjölmiðla, t.d. um hvernig skattar skila sér þegar skattskráin kemur fram. Umfjöllunin er nánast um það hvað fólk hefur í tekjur frekar en hvernig bæði fólk og fyrirtæki skila sköttum sínum.

Ég vil sérstaklega nefna virðisaukaskattinn í þessu efni. Þó fjáraukalagafrv. komi ekki til umræðu hér fyrr en síðar var það lagt fram í dag. Þar kemur enn fram staðfesting á því að tekjur af virðisaukaskatti hækka minna en almenn velta í þjóðfélaginu. Gerð er grein fyrir þessu í fjáraukalagafrv. en áætlaðar tekjur 1996 hækka um 14,3% en tekjur af virðisaukaskatti hækka aðeins um 0,4% eða um 180 millj. kr. Vantar þarna stórlega upp á að þetta fylgi veltuaukningunni í þjóðfélaginu. Þetta er umhugsunarefni og það þarf að fara vel yfir þær ástæður sem liggja þarna að baki.

Hlutverk ríkisvaldsins er eitt mesta ágreiningsefni í stjórnmálaumræðu samtíðarinnar og hefur svo ávallt verið. Stefna flokks míns hefur ávallt verið sú að ríkið skuli tryggja grundvallarstarfsemi í samfélaginu en það eigi ekki að fást við starfsemi í samkeppni við einkaaðila. Það sé einnig réttlætanlegt að ríkið semji við einkaaðila um að sinna verkefnum með þjónustusamningum sem og að reka starfsemi eigin stofnana með aðferðum samningsstjórnunar svo dæmi sé tekið. Slíkar ráðstafanir verða þó að byggja á rækilegri úttekt á þeirri starfsemi sem á sér stað, umfangi hennar og markmiðum með henni. Þjónustusamningar eða útboðsstarfsemi sem byggja ekki á skýrum grunni að þessu leyti eru verri en engir. Ríkið vill oft verða í almennri umræðu ópersónulegt afl sem fáir hafa samúð með. Því stjórna þeir aðilar sem í almennu tali eru nefndir „þeir". Að „þeir" hafi gert þetta og „þeir" hafi gert hitt. Ríkissjóður er þó hvorki stærri né minni en skattgreiðendur gera hann, hann er það sem skattgreiðendur láta af mörkum.

Verkefnaflutningar til sveitarfélaga, þjónustusamningar, samningsstjórnun og að fela einkaaðilum að annast starfsemi ríkisins sem er samkeppnisstarfsemi, eru tæki til þess að draga markalínur um einstaka starfsþætti ríkisvaldsins. Skýrar markalínur og markmið fyrir opinbera starfsemi eru einnig mikið hagsmunamál fyrir launafólk sem hjá ríkinu vinnur sem og fyrir fjárveitingavaldið. Með því að línur eru skýrar vita ríkisstarfsmenn fremur hvar þeir standa. Fjárlög hverju sinni eru áætlun um útgjöld ársins. Það er nauðsynlegt að þau séu gagnsæ og skýr og sýni umfang opinberrar

starfsemi og að aukaútgjöld séu aðeins vegna atvika eða útgjaldatilefna sem voru ófyrirséð þegar fjárlög eru samþykkt. Það hefur verið þróun til batnaðar í þessum efnum en það má auðvitað betur gera.

Hér hefur verið til meðferðar og var í fyrra frv. um fjárreiður ríkissjóðs sem er ætlað að bæta skipulag þessarar starfsemi og marka hreinni línur milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds í þessum efnum. Það er ætlunin að leggja þetta frv. á ný fyrir nú í vetur eða nú á næstunni og vonandi verður það afgreitt á þessu þingi. Það er mikil nauðsyn á því að samskipti ríkisstjórnar og Alþingis séu í föstum og ákveðnum skorðum og ákveðnar reglur gildi. Það er t.d. nauðsyn á því að fjárln. séu kynnt þau áform sem eru um aukaútgjöld, að henni séu kynnt þau tilefni sem upp koma á vegum framkvæmdarvaldsins þannig að hún standi ekki frammi fyrir gerðum hlut, að hún fái upplýsingar um þær forsendur sem að baki liggja ákvörðun ríkisstjórnar. Þetta er auðvitað hægt að ræða nánar þegar þetta frv. kemur fyrir og eins varðandi umræður um fjáraukalög sem verða hér innan tíðar. Í fjárlagafrv. eru hin svokölluðu heimildarákvæði. Ætlað er 200 millj. kr. til að standa straum af þeim, 6. greininni, en ég lýsi þeirri skoðun minni að það er æskilegt að spara frekar þessi opnu ákvæði heldur en að fjölga þeim.

Ég vil nefna að það er nauðsyn á því að kanna ýmsa þætti opinberrar starfsemi til þess að fyrir ýmssi grundvallarstarfsemi sé séð og það sé frekar reynt að spara í yfirstjórninni og einfalda hana ef það mætti verða til þess að halda aftur af útgjöldum og efla þá ýmsa grundvallarþjónustu sem ekki er hægt að vera án. Á þessum forsendum hefur nefnd á vegum stjórnarflokkanna m.a. verið að fjalla um sýslumannsembættin í landinu með tilliti til þess hvort breyttar aðstæður í þjóðfélaginu gera það að verkum að það megi fækka þeim embættum. En það er að mínu dómi skilyrði að þjónustan sé veitt, þessi grundvallarþjónusta sem embættin veita á þeim stöðum þar sem þau eru og að ávinningurinn af sparnaði sem af þessu hlýst sé notaður til þess t.d. að efla þá grundvallarstarfsemi sem löggæslan í landinu er. Þessi nefnd hefur ekki lokið störfum enn þá og það er ekki gert ráð fyrir sparnaði eða breytingum vegna þeirra starfa í þessu fjárlagafrv. en ég vildi eigi að síður nefna þetta því þetta er dæmi um verkefni sem þarf að vinna að og athuganir sem þurfa að vera í gangi um sparnað í yfirstjórn í opinberum rekstri.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja það eitt að mesta hættan í efnahagsmálunum nú er fólgin í því að verðbólgan fari af stað á ný. Það yrði mjög slæmt, ef svo má að orði komast og er þá ekki sterkt að orði kveðið, fyrir efnahag fólksins í landinu ef að svo skyldi fara. Ríkisvaldið verður að leggja sitt af mörkum til þess að svo verði ekki og það tæki sem ríkisvaldið hefur í höndunum til þess er að sýna aðhald í opinberum útgjöldum. Ég tel að í þessu fjárlagafrv. sé það reynt án þess að neinar kollsteypur séu teknar og markmið þess sé að koma í veg fyrir að verðbólgan í landinu rjúki upp á ný. Það yrði slæmt fyrir láglaunafólkið í landinu. Það yrði slæmt fyrir þá sem skulda og þurfa að greiða af sínum skuldum og það yrði ekki síður slæmt fyrir fyrirtækin í landinu sem þurfa að standa í alþjóðlegri samkeppni, m.a. við nágrannalöndin sem hafa verðbólgustig um og innan við 2%. Efnahagskerfi okkar er orðið hluti af efnahagskerfi vestrænna ríkja og aðhald í ríkisfjármálum er eitt af þeim tækjum sem við þurfum og getum beitt til þess að vera samkeppnisfærir á þeim vettvangi. Ég tel að við höfum tækifæri til þess nú að ná árangri í þessum efnum og mun því ljúka máli mínu við 1. umr. málsins.

[17:10]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst athyglisvert við þessa ræðu hv. form. fjárln. sem gekk til kosninga undir kjörorðinu: Fólk í fyrirrúmi, skyldi nánast ekki hafa nein orð um þann niðurskurð sem er í frv. til velferðarkerfis fólksins. Hv. þm. hafði þó hér áður fyrr mikið um það mál að segja þegar hann var í stjórnarandstöðu, þegar boðaður var einhvers staðar niðurskurður. Þó var efnahagsástandið þá verra en nú er og ríkissjóður verr staddur. Ég spyr hvort hv. þm. hafi ekkert að segja um það að verið er að eyðileggja hér Framkvæmdasjóð fatlaðra og lögbundin framlög sem hann á að hafa og eru um 420 milljónir eru skorin niður um 165 milljónir. Það er verið að stefna Byggingarsjóði verkamanna í gjaldþrot með miklum niðurskurði á þessu og næsta ári til sjóðsins. Það er verið að þrengja að atvinnulausum. Og ég spyr: Er verið að rýra kjör þeirra með því að það er boðað að herða eigi útlánareglur um 128 milljónir og ný viðfangsefni sett á sjóðinn sem ríkissjóður hefur fjármagnað sérstaklega áður eins og starfsmenntun og atvinnumál kvenna? Og ég spyr hann um sjúkrahúsin. Hefur hv. þm. ekkert um það að segja að það stefnir í sama uppnám þar á næsta ári eins og þessu? Hæstv. heilbrrh. virðist lítið hafa um það að segja vegna þess að hún virðist hafa verið í ársleyfi á tunglinu þegar hún núna er að kalla til forustumenn Ríkisspítala og spyrja þá hverju sæti þessi niðurskurður sem nú er á sjúkrahúsunum. Og hvað með niðurskurðinn til menntamála sem boðaður er og aukin þjónustugjöld, að ekki sé talað um það að ekki er boðuð ein einasta aukin króna til átaks í fíkniefnamálum, en þó eru boðaðar ýmsar tillögur sem eigi að hrinda því í framkvæmd.

[17:12]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. nefndi nokkur atriði og taldi mig ekki hafa mikið um þau að segja. Ég tók það fram í upphafi ræðu minnar að ég mundi hafa almenn orð um þetta frv. nú en mundi koma að málum nánar við 2. umr. Ég get eigi að síður sagt nokkuð um þau atriði sem hún nefndi. Ég tel að það sé alveg víðs fjarri að verið sé að eyðileggja Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er verið að setja hluta af framlögum til hans í rekstur og allt framlagið sem er reiknað til hans í fjárlögunum fer í framkvæmdir en hinu er deilt út á verkefni sem stjórn framkvæmdasjóðsins útlhlutaði til áður. Það er því alveg víðs fjarri að svo sé. Það er ekki reiknað með því að taka upp þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu og varðandi sjúkrahúsin, m.a. hér í Reykjavík, þá er nýlega búið að ganga frá samningi um aðgerðir þar á milli fjmrn., heilbrrn. og Reykjavíkurborgar. Það er reiknað með því að sjúkrahúsin í Reykjavík fái um 400 milljónir á aukafjárlögum. Það er reiknað með því að vinna áfram að þessum málum á næsta ári þannig að það er víðs fjarri að fullyrðingar hv. þm. um að mínir flokksmenn og ég þar á meðal séu ekki að hugsa um fólk í þessu fjárlagafrv. Við erum að reyna að stýra málum á þann veg að þetta kerfi verði ekki brotið niður í framtíðinni með skuldasöfnun og vaxtagreiðslum. Hv. þm. kannast við öll þessi mál síðan hann var ráðherra þannig að þetta er ekkert ný barátta.

[17:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. kom sér hjá því að tala um að framlög til átaks gegn ávana- og fíkni-

efnum eru óbreytt þó boðaðar séu úrbætur í því efni þannig að þær eru marklausar miðað við fjárlögin. Hann kom sér líka hjá því að tala um aukin þjónustugjöld í menntamálum og hvernig er verið að rífa niður menntakerfið. Og varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra þá stend ég við það að verið sé að eyðileggja hann vegna þess að forsenda fyrir því að fjármagn var tekið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til reksturs var að hann hefði óbreytt framlag af erfðafjárskatti. Og varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn þá var heldur ekki rætt um hann en þar virðist sem verið sé að þrengja að kjörum atvinnulausra. Og það þarf auðvitað nánari skýringa við sem hv. þm. nefnir þegar hann vill halda því fram að ekki sé verið að stefna sjúkrahúsrekstrinum í uppnám aftur á næsta ári, vegna þess það eru boðuð óbreytt framlög til stóru sjúkrahúsanna frá fjárlögum þessa árs þó að að þeir hafi fengið viðbótarfjármagn til þess að bjarga sér á þessu ári. En ég fullyrði að það nægir hvergi til þess að rekstri stóru sjúkrahúsanna sé ekki stefnt í uppnám.

[17:16]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að koma inn á þau mál sem mér gafst ekki tími til að svara í fyrra svari mínu við andsvari hv. þm. Það er náttúrlega víðs fjarri að verið sé að rífa niður menntakerfið í landinu. Það er verið að auka framlög til grunnskólans með heimanmundi til sveitarfélaganna. Það er verið að hækka framlög til háskólanna og það er verið að leita leiða til skipulagsbreytinga í framhaldsskólakerfinu þó að þar eigi að sýna aðhald. Það er mikil ófugmæli að verið sé að rífa niður menntakerfið í landinu með þessu.

Hvað varðar fíkniefnamálin, þau alvarlegu mál, þá á hv. þm. auðvitað að muna, því að þingmaðurinn er mikill áhugamaður um þennan málaflokk sem eðlilegt er, að á síðasta ári voru lagðir fjármunir í svokallaðan forvarnasjóð sem stóreykur fjármagn til þessa málaflokks og gert er ráð fyrir að svo verði einnig á þessu ári.

Hvað varðar Atvinnuleysistryggingasjóð þá er atvinnuleysi sem betur fer að minnka og það á að vera svigrúm (Gripið fram í.) til þess að sjóðurinn geti tekið á sig verkefni án þess að þrengt sé að þeim atvinnulausu. Það hefur ekki verið ætlun stjórnarflokkanna að gera það. Hins vegar hafa þeir stýrt málum þannig að atvinnuleysi er að minnka í þjóðfélaginu og það fer hratt minnkandi. Eftirspurn eftir starfskröftum er mikil nú. Þannig að allur þessi málatilbúnaður er á ótraustum grunni byggður svo ekki sé meira sagt.

[17:19]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Fyrir síðustu alþingiskosningar sögðum við sjálfstæðismenn að það blasti við betri tíð í okkar þjóðlífi. Eftir erfiðar aðgerðir á undanförnum árum bæði í efnahags- og ríkisfjármálum, undir forustu hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, getum við vissulega sagt enn þá að það blasi við betri tíð, og því ber auðvitað að fagna, og þess sjást merki í því fjárlagafrv. sem við erum að fjalla um við 1. umr.

Í stjórnarsamstarfi við Alþfl. og síðan Framsfl. hefur Sjálfstfl. lagt ríka áherslu á aðhald í ríkisfjármálum og úrbætur í ríkisrekstrinum. Sú stefna hefur með öðrum orðum leitt til þess að hagvöxtur hefur aukist, dregið hefur úr atvinnuleysi, vextir hafa lækkað og verðbólga er svipuð því sem lægst þekkist meðal viðskiptaþjóða okkar. Eins og segir í frv. til fjárlaga sem hér er til umræðu, í kaflanum sem oft er kallaður ráðherrakafli:

„Íslenskt efnahagslíf hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum árum. Í stað glundroða hefur komið stöðugleiki."

Fjárlagafrv. endurspeglar megináherslur í þeirri efnahagsstefnu sem stjórnarflokkarnir fylgja. Mikilvægasta atriði þeirrar stefnu er að afgangur verði á fjárlögum árið 1997 eftir samfelldan hallarekstur allt frá árinu 1985. Með því eru kjör almennings best tryggð, með því að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum og með því að reka ríkissjóð með afgangi. Til þess að ná markmiði um hallalaus fjárlög þarf að beita aðhaldi áfram og umfram annað að halda endurskipulagningu í ríkiskerfinu áfram sem leiði til betri og bættari hátta hjá stofnunum og þeim ríkisfyrirtækjum sem kostur er á.

Stjórnmálamenn þurfa vissulega sterk bein til að snúa frá hallarekstri ríkissjóðs til þess að ná tekjuafgangi en að mínu mati þurfa stjórnmálamenn enn sterkari bein til að standa gegn því að ríkissjóður sé rekinn hallalaus og helst með tekjuafgangi.

Með auknum tekjum ríkissjóðs er vissulega freistandi að auka framkvæmdir eða draga úr kröfum um hagræðingu og skipulagsbreytingar sem leiðir til lægri útgjalda. En stefnan hefur verið mörkuð og fjárlagafrv., eins og það liggur hér frammi, gerir ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með afgangi á næsta ári. Engu að síður þarf Alþingi að taka fjárlagafrv. til rækilegrar skoðunar og skoða alla þætti þess svo tryggt verði að samstaða náist um þær aðgerðir og ákvarðanir sem fjárlagafrv. felur í sér.

Það er hlutverk fjárln. að fara yfir frv. og kalla til fundar nefndarinnar þá fjölmörgu sem fara með stjórn stofnana ríkisins og meta áhrif frv. og þeirrar lagasetningar sem því fylgir.

Virðulegi forseti. Ég mun í þessari umræðu fara yfir nokkra þætti sem fram koma í frv. og ég tel að þurfi að skoða sérstaklega og er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir við meðferð fjárlagafrv. í hv. fjárln.

Það kemur fram í fjárlagafrv. að fyrirhugaðar eru breytingar og endurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Auk þess kemur fram að lögð er áhersla á að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Þar má nefna að í undirbúningi er að endurskoða og gera breytingar á tekjuskattskerfinu og bótakerfinu með það að markmiði að draga úr þungum jaðarskattsáhrifum. Þetta er afar mikilvægt atriði sem lögð verður áhersla á og þarf að skoða áhrifin af og líta yfir þá möguleika sem eru til þess að bæta úr án þess að skerða um of tekjur ríkissjóðs.

Í annan stað er nefnt að gert sé ráð fyrir breytingum á tryggingagjaldinu, að samræma tryggingagjaldið. Ég tel að þarna þurfi að fara varlega, það þurfi að skoða allar hliðar þess og reyna að tryggja að með breytingum á tryggingagjaldinu verði sjávarútvegi ekki íþyngt um of þó ég geri mér fyllilega grein fyrir því að uppi eru kröfur frá ESA um að þarna fari fram samræming á tryggingagjaldinu þannig að ekki sé gert upp á milli atvinnugreina. En ég tel að skoða þurfi þennan þátt mjög vandlega áður en gengið er til þess að jafna tryggingagjaldið eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Gjaldahlið frv. er auðvitað fyrirferðarmesta viðfangsefnið þegar kemur til kasta þingsins og starfa í fjárln. Heildarútgjöld samkvæmt fjárlagafrv. eru 124,3 milljarðar kr. og er mjög athyglisvert að á föstu verðlagi er gert ráð fyrir því að útgjöld lækki um 2,5% á milli áranna 1996 og 1997.

Þegar hagvöxtur er jafnmikill, svo ánægjulegt sem það nú er og á ekki að þurfa að vera vandamál, er ekki óeðlilegt að litið sé til þess að það geti verið nauðsynlegt að draga

úr fjárfestingu ríkisins og þess vegna er það að frv. gerir ráð fyrir því að reynt verði að halda aftur af fjárfestingum á vegum ríkisins vegna þess að vitað er að framkvæmdir bæði við Hvalfjarðargöng og álver, sömuleiðis margvísleg fjárfesting atvinnulífsins í sjávarútvegi og annarri atvinnustarfsemi, er töluverð og verður á næsta ári. Þess vegna er talið eðlilegt og frv. gerir ráð fyrir því að haft sé hóf á fjárfestingu á vegum ríkisins. Engu að síður þarf að gera sér grein fyrir því við afgreiðslu fjárlaga hvort sú fjárfesting dreifist óeðlilega í landinu. Hvort þær miklu fjárfestingar sem eru vegna stóriðjuframkvæmda og vegaframkvæmda hér á suðvesturhorninu geti leitt til þess að aðrir landshlutar verði svo hart úti að ekki sé viðunandi. Á þetta þarf að líta að sjálfsögðu og bregðast við. Það er okkar hlutverk hér í þinginu að yfirfara og yfirvega þessa þætti og bregðast þá við með þeim hætti sem við teljum nauðsynlegt.

Eins og fram hefur komið í umræðunni og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir og lesa má í frv. er gert ráð fyrir margvíslegum skipulagsbreytingum hjá ríkisstofnunum. Að undanförnu hefur verið á vegum ríkisstjórnarinnar unnið að tillögugerð um skipulagsbreytingar í ýmsum þáttum ríkisrekstrarins. Þar hafa verið nefnd sjúkrahús, framhaldsskólar, skattstofur, rannsóknastofnanir, löggæsla og sýslumenn, svo enn og aftur sé farið með þessa þulu. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að líta til stofnana ríkisins með það í huga að endurskipuleggja starfsemi þeirra og starfssvæði og að það sé ekkert óeðlilegt þó að auðvitað þurfi að gæta sanngirni og gæta þess að raska ekki um of fyrirvaralítið starfsemi slíkra stofnana en þar starfar fólk sem þarf að taka tillit til. Auk þess þarf við slíka endurskipulagningu að gæta þess að það gerist ekki að verkefnin færist til milli landshluta og í því sé breytingin aðallega fólgin. Þessa þarf að gæta og við hér í þinginu þurfum að fara mjög vandlega yfir það og mun það verða gert í hv. fjárlaganefnd.

Eins og fram kemur í fjárlagafrv. hefur ársverkum hjá ríkinu fjölgað um 600 á milli áranna 1995 og 1996. Það er gert ráð fyrir að ársverkum fjölgi, reyndar minna, eða um 0,5% á milli áranna 1996 og 1997. Með margvíslegri löggjöf er gert ráð fyrir að stofnanir séu settar á laggirnar og vegna samstarfs og samninga við aðrar þjóðir þurfum við að leggja til mannafla til að sinna því sem ríkinu er gert að sinna. Þess vegna er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að ársverkum fjölgi. Hins vegar er nauðsynlegt að gæta hófs og sjá til þess að það fjölgi ekki um of. Það má t.d. vekja athygli á því að það hefur nánast verið hálfgert náttúrulögmál að á vegum umhvrn. fjölgi starfsmönnum. Það má kannski segja að það sé ekki óeðlilegt með svo ungt ráðuneyti að þar sé sú þróun. Ég held að þar sé býsna vel haldið á málum. Það má hins vegar ekki verða náttúrulögmál að einstök ráðuneyti eða einstakar stofnanir geti fyrirhafnarlítið sýnt fram á nauðsyn þess að fjölga starfsmönnum.

Gott dæmi kannski um þennan vöxt er það að með svokölluðu Schengen-samkomulagi gerumst við áheyrnaraðilar að því samstarfi. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu kostar það býsna mikið, áheyrnaraðildin ein kostar ríkissjóð 55 millj. kr. Það er vonandi að af því starfi verði árangur fyrir okkur. Ég er út af fyrir sig ekkert að efast um það.

Eitt ætla ég að nefna í þessari umræðu. Það er tilfærsla grunnskólans til sveitarfélaganna. Sú aðgerð hefur heppnast býsna vel. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir því að ríkissjóður leggi til 265 millj. kr. til jöfnunarsjóðs og að jöfnunarsjóður leggi til sérstakar 135 millj. kr. til viðbótar vegna stofnkostnaðar, þ.e. að vegna einsetningar skólans og vegna tilfærslunnar sé gert ráð fyrir því að sveitarfélög með fleiri en 2.000 íbúa geti fengið sem stofnframlag við byggingu grunnskóla allt að 20% svokallaðs norm-kostnaðar.

Þegar frv. um færslu grunnskólans var til umræðu hér í þinginu vakti ég athygli á því að þarna er um nýmæli að ræða, þ.e. að ríkissjóður skuli leggja stærstu sveitarfélögunum í landinu til fjármuni vegna uppbyggingar grunnskólans. Þetta var liður í því samkomulagi sem gert var við sveitarfélögin. En ég tel að það sé óhjákvæmilegt að félmrh., um leið og þetta er gert, skoði breytingar á reglugerðum um jöfnunarsjóð þannig að alveg eins og komið er til móts við sveitarfélögin sem eru með fleiri en 2.000 íbúa, að þá verði jafnframt komið til móts við sveitarfélögin sem eru með 800–2.000 íbúa vegna þess að mér sýnist að ekki sé síðri þörf á viðbótarstuðningi við þau sveitarfélög en við stóru sveitarfélögin. Þetta vil ég nefna hér, virðulegi forseti, vegna þess að þetta er mjög brýnt mál. Sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn hafa mikinn metnað til þess að byggja grunnskólann vel upp og þess vegna þurfa þeir mjög víða að leggja verulega fjármuni til uppbyggingar grunnskólabygginganna en hafa e.t.v. ekki þá fjármuni til þess að standa að því sem þarf og ég veit það reyndar. Þess vegna nefni ég þetta og tel að hæstv. félmrh. þurfi að taka málið til sérstakrar skoðunar um leið og í framhaldi af því að fjárlög verða afgreidd.

Annað er varðar fræðslumálin sem ég vildi nefna við þessa fyrstu umræðu um fjárlög að ég deili nokkrum áhyggjum með öðrum hv. þm. sem hafa nefnt það að þegar við höfum sett nýja löggjöf um framhaldsskólana þá þurfum við auðvitað að gæta þess að byggja framhaldsskólann upp. Hæstv. menntmrh. hefur gert grein fyrir því í andsvörum hvernig staðið verður að skipulagsbreytingum. Uppi eru hugmyndir um skipulagsbreytingar innan framhaldsskólans til að ná fram tilteknum sparnaði. Það er allt gott um það að segja. En ég tel að við afgreiðslu frv. í fjárln. þurfi að líta til þess hvort það sé ásættanleg niðurstaða sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir hvað varðar fjárveitingar til framhaldsskólans og huga að því hvort þar þurfi að gera breytingar. Ég er ekki að leggja það til en ég tel að við þurfum að ganga til þessa verks alveg fullviss um það hvaða afleiðingar þessi sparnaður hefur.

Samkvæmt fjárlagafrv. er gert er ráð fyrir að í stofnkostnað framhaldsskólans fari 675 millj. kr. til bygginga. Þar af eru bundnir samningar upp á 447 millj. kr. auk þess sem 50 millj. kr. eru ætlaðar til skólamannvirkja á Laugarvatni. Það leiðir til þess að einungis eru 177 millj. kr. til nýframkvæmda.

Gert er ráð fyrir viðhaldsframkvæmdum í framhaldsskólanum upp á 184 millj. kr. En það kemur fram í greinargerðinni með fjárlagafrv. að það er mat menntmrn. að 2 milljarða kr. þurfi til þess að sinna bráðnauðsynlegu viðhaldi við skólamannvirki.

Þetta vakti sérstaka athygli mína. Ég tel að áður eða jafnframt því sem teknar verða ákvarðanir um nýbyggingar þurfi að gera mjög rækilega úttekt og áætlun um það hvernig við ætlum að tryggja að hægt verði að reka þau skólamannvirki sem þegar hafa verið byggð með því viðhaldi sem þau hafa fengið. Það er alveg ljóst að mjög margar byggingar eru illa farnar og viðhaldi þeirra hefur verið ábótavant eins og kemur fram í þessari tölu sem ég nefndi. Ég tel að það sé alveg

nauðsynlegt að skoða mjög rækilega hvernig staðið verður að viðhaldsverkum í framhaldsskólanum.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að framlög til Byggðastofnunar eru ætluð á næsta ári 190 millj. en eru á þessu ári 218 millj. kr. Jafnframt kemur fram í fjárlagafrv. og í fjáraukalagafrv. sem var dreift í dag að gert er ráð fyrir því á fjáraukalögum að leggja 140 millj. kr. til Byggðastofnunar til sérstakra verkefna til að styrkja atvinnulífið á sunnanverðum Vestfjörðum og til þess að styrkja þau svæði sem harðast verða úti vegna samdráttar í sauðfjárframleiðslunni. Ég vil vekja athygli á þessari tillögu úr fjáraukalagafrv. fyrir árið í ár. Það er nauðsynlegt að skoða tillöguna um framlög til Byggðastofnunar á næsta ári í ljósi þessarar aðgerðar. Þannig að þó þar sé um nokkra lækkun hjá Byggðastofnun að ræða þá held ég að það þurfi að gera sér grein fyrir þessari aðgerð.

Talandi um nauðsyn þess að styrkja þau svæði sem hafa orðið hart úti vegna samdráttar í sauðfjárframleiðslu þá held ég að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvaða leiðir eru færastar til að styrkja eða efla atvinnulífið í sveitunum og í kringum landbúnaðinn. Það er auðvitað út af fyrir sig ekki auðvelt viðfangsefni. En ég tel að það hvernig bændaskólarnir bæði á Hólum og á Hvanneyri hafa verið byggðir upp á síðustu árum eigi og geti verið leið til þess að styrkja atvinnulífið í sveitunum vegna þess að á vegum þessara skóla hefur bæði verið staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum og ýmiss konar námskeiðum til að auðvelda fólki sem stundar landbúnaðarstörf að taka upp nýbreytni eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði í gegnum það sem skólarnir bjóða upp á.

Ég vil nefna þetta hér, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel að það þurfi að standa vörð um þessar skólastofnanir sem lið í því að bregðast við erfiðum aðstæðum í sveitunum.

Ég hefði getað sagt margt um heilbrigðismálin í þessu fjárlagafrv. en ég tel að ekki sé ástæða til að hafa mörg orð um þau við 1. umr. Það verður viðfangsefni okkar í hv. fjárln. að fara ofan í þau mál. Það hefur verið unnið mjög eindregið að því að reyna að finna lausn á rekstrarvanda stóru sjúkrastofnananna. Það verður að koma í ljós hver niðurstaða verður af þeim samningum sem hafa verið gerðir þar, hver reynslan verður af þeim út þetta ár. Þess vegna ætla ég ekki að fara nánar ofan í heilbrigðismálin við þessa umræðu enda gefst nægt tækifæri til þess í fjárln. og síðan við 2. og 3. umr.

Varðandi samgöngumálin vil ég vekja athygli á því sem kemur fram í fjárlagafrv. á bls. 342, vegna þess að stundum hefur heyrst að menn hefðu áhyggjur af því að dregið yrði úr framlögum til vegamála. Auðvitað er ég talsmaður þess að reynt verði að leggja eins mikla fjármuni til uppbyggingar vegakerfisins og nokkur kostur er. En það þarf að haga þeim framlögum í samræmi við stöðu ríkisfjármálanna í heild. Ég tel að sú upphæð sem er ætluð til vegamála, tæpir sjö milljarðar, sé ásættanleg þó að auðvitað væri hægt að eyða meiri peningum, það fer ekkert á milli mála. En ég vil vekja athygli á því að á árunum 1988–1997, eins og fram kemur í töflu á bls. 342 í fjárlagafrv., hafa verið settir fjármunir til vegagerðar umfram lögbundnar tekjur upp á 1,5 milljarða.

Þegar við erum að fjalla um fjárfestingar á vegum ríkisins verðum við að líta yfir lengri tíma en eitt ár. Við megum ekki festast í þessu eilífa viðfangsefni okkar, fjárlagaárinu. Við verðum að líta í það minnsta yfir kjörtímabil. Í þessari töflu kemur þetta fram og ég vil vekja sérstaka athygli á því.

Hins vegar er gert er ráð fyrir að lagðar verði 567 millj. til hafnamála. Ég held að við þingmenn þurfum að gera okkur grein fyrir að mjög hröð þróun er í uppbyggingu skipastólsins. Stærri skip hafa verið að koma og útgerðarhættir eru að breytast að ýmsu leyti. Við þurfum e.t.v. að standa fyrir meiri hafnarframkvæmdum en við höfum gert ráð fyrir. Ég er ekki að segja að þessir fjármunir dugi ekki á næsta ári en ég vil vekja athygli á þessu. Ég tel að vinna þurfi mjög ákveðið að því að gera áætlun í hafnamálum til lengri tíma og að Alþingi samþykki hafnaáætlun en það hefur aldrei verið gert. Tillögur að hafnaáætlun hafa verið lagðar fram en engin hefur verið samþykkt. Þessu vildi ég koma á framfæri og nefna við 1. umr.

Einn er sá liður í fjárlagafrv. sem ég vil vekja athygli á en það eru framlög til Orkusjóðs. Gert er ráð fyrir að til Orkusjóðs gangi 30 millj. kr. og ég vil fagna því sem segir í grg. með frv. að Orkusjóði sé falið nýtt verkefni sem er að standa fyrir orkusparnaðaraðgerðum vegna húshitunar. Ég tel að þarna sé mjög mikilvægt verk að vinna og við hæfi að fela Orkusjóði þetta verkefni og ég vænti þess að þær aðgerðir hefjist sem fyrst á næsta ári og geti borið einhvern árangur.

Umræður um fjárlagafrv. eru ekki alltaf mjög miklar um B-hluta stofnanir. Ég ætla samt að gera undantekningu hvað það varðar og nefna eina ágæta stofnun sem er í B-hluta en það eru Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins hafa mikla sérstöðu meðal orkufyrirtækjanna. Rafmagnsveiturnar eru í eigu ríkisins að öllu leyti. Þær sjá um orkudreifingu í mesta dreifbýlinu þar sem kostnaðurinn við orkudreifinguna er hvað mestur og verðið á orkunni til notenda frá Rafmagnsveitunum er hæst meðal orkufyrirtækjanna, að mér sýnist af gögnum sem ég hef undir höndum. Samkvæmt B-hlutanum í fjárlagafrv. er engu að síður gert ráð fyrir að ekki verði halli á rekstri Rafmagnsveitnanna. Afkoman bendir til þess að ekki verði hægt að lækka orkuverð nema einhverjar aðrar aðgerðir komi þar til.

Ég vil, virðulegi forseti, vekja athygli á þessu um leið og ég vík út frá þeirri venju minni að nefna ekki fyrirtæki í B-hlutanum.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir nokkra þætti fjárlagafrv. fyrir árið 1997 en ég mun fá tækifæri til að fara nánar yfir það í umfjöllun fjárln. Ég vil að lokum leggja áherslu á markmið okkar sjálfstæðismanna, að leiða þessa ríkisstjórn út kjörtímabilið. Þennan tíma þurfum við að nýta til að halda áfram því mikilvæga umbótastarfi sem ríkisstjórnin stendur fyrir. Ég vænti þess að afgreiðsla fjárlaga fyrir næsta ár verði mikilvægur liður í því umbótaverki.

[17:50]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 57.

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna, 54. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 54.

Umferðarlög, 55. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 55.

[17:50]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í ræðu hæstv. fjmrh. áðan vitnaði hann í blaðaviðtal við sænskan fyrrv. starfsbróður, núv. forsætisráðherra Svía, Göran Persson og þau orð sem hann hafði eftir þessum fyrrum starfsbróður sínum með mikilli velþóknun hljóðuðu svo, með leyfi forseta:

„Velferð verður að byggjast á framleiðslu fyrirtækja og getu landsmanna til að greiða skatta, ekki á viðskiptavild í

bönkum. Við verðum alltaf að spyrja hvort kerfið sé uppbyggt þannig að það hvetji fólk til vinnu, hvort það stuðli að réttlátri tekjudreifingu, hvort það standist bæði hallæri og góðæri, hvernig jafnvægið er milli eigin framlags manna og þess sem kemur úr opinberum sjóðum."

Mér heyrðist hæstv. fjmrh. gera þessi orð að sínum og vitnaði í þau með nokkurri velþóknun og ég get tekið undir það með honum. Hér er nefnilega hreyft spurningum sem varða umræðuefnið í dag, sem er efnahagsstefna ríkisstjórnar og það hvernig fjárlagafrv. er úr garði gert til að bera þá efnahagsstefnu fram. 1. umr. um fjárlög á að vera um *efnahagsstefnuna en ekki um einstaka stofnanir eða einstaka* fjárveitingar til einstakra verkefna. Það er allt haustið til þess að ræða þau mál í nefnd og síðar.

Úr því hæstv. fjmrh. vitnar með slíkri velþóknun í þessi orð hlýtur hann að hafa spurt sjálfan sig meðan vinnan stóð yfir að setja fjárlagafrv. saman, við gerbreytt efnahagsskilyrði eftir að góðærið var gengið í garð, spurninga eins og þessara: Er hann að leggja til að fram sé haldið með skattkerfi sem hvetur fólk til vinnu? Er skattkerfið okkar vinnuhvetjandi? Eða er það kannski orðið svo gallað að það hafi færst úr lagi á samdráttarskeiðinu, hvort sem það var af illri nauðsyn eða ekki, að það sé orðið stórlega vinnuletjandi? Er það ekki mjög alvarlegt mál ef svo er? Var ekki öll umræðan fyrir síðustu kosningar sú, að allir stjórnmálaflokkar lofuðu að draga úr jaðaráhrifum annars vegar tekjuskattskerfisins og hins vegar bótagreiðslna og það væri forgangsmál að breyta því? Mig minnir það. Hvernig stendur á því að hæstv. fjmrh., sem bráðum hefur setið á stól fjmrh. lengst flestra manna og haft nægan tíma til að móta stefnu, leggur enn úr vör með nýtt fjárlagafrv. fyrir árið 1997 við gerbreyttar efnahagslegar forsendur? Hann er enn með þetta kosningaloforð á smíðaborðinu. Það er enn verið að segja að unnið sé að þessu. Hefði ekki verið æskilegt að hæstv. fjmrh. hefði boðað ákveðið og kynnt, um leið og hann lagði þetta fram, að á vandamálinu yrði tekið? Það er knýjandi nauðsyn vegna breyttra ytri aðstæðna og við vitum að samdráttarskeið hefur snúist í góðæri. Það er aukin eftirspurn í þjóðfélaginu. Stórkostlegar framkvæmdir og fjárfestingar eru fram undan og mun reyna á að þessi gildra launþega sem þeir eru læstir inni í, jaðaráhrif tekjuskattskerfisins, kemur í veg fyrir að þeir geti í raun og veru — til að orða þetta réttilega, þeir eru lattir en ekki hvattir til að leggja fram aukið vinnuframlag.

Hæstv. fjmrh. hlýtur að hafa spurt sig að því hvort fjárlagafrv. og stuðningsfrv. þess stuðli að réttlátri tekjudreifingu. Sérstaklega hlýtur það að hafa verið honum ofarlega í huga þegar þess er gætt að fram undan eru kjarasamningar, líka við gerbreyttar aðstæður. Á undanförnum þrengingaárum hefur kaupmáttur launa dregist mjög saman. Stuðst var við þau rök að hart væri í ári. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur drógust saman. Nú hefur það snúist gersamlega við. Við erum með mestan hagvöxt innan OECD-ríkja, fyrir utan eitt, á þessu ári og hagvaxtarhorfur tiltölulega vænlegar og jafnvel meira en það ef fjárfestingaráform í orkuvinnslu, orkusölu og stóriðju upp á 40 milljarða ganga eftir.

Verkalýðshreyfingin er að undirbúa kröfugerð. Örlög fjárlagafrv. og efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar munu að verulegu leyti ráðast af því hvernig tekst til um samkomulag stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar um skiptikjörin, þ.e. um hina réttlátu tekjudreifingu. Hvað er það sem hæstv. fjmrh. leggur til að sé gert til að koma til móts við launþega í góðærinu og stuðla að réttlátari tekjudreifingu?

Þriðja atriðið sem Göran Persson nefndi sem mælikvarða á það hvort efnahagsstefnan væri haldbær eða ekki var það: Stenst hún í hallæri og góðæri? Hæstv. fjmrh. fór miklum viðurkenningarorðum í ræðu sinni um þann árangur sem hefði náðst í tíð fyrri ríkisstjórna á samdráttarskeiðum og öfugt við hæstv. forsrh., sem yfirleitt getur ekki tekið sér í munn ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar frá 1988–1991 óðruvísi en að hallmæla henni eða gera lítið úr verkum hennar, tek ég það svo að hæstv. fjmrh. sé í þeim texta að viðurkenna þá staðreynd að það var í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem þjóðarsáttarsamningar tókust og það var í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem tókst að koma verðbólgu á Íslandi niður í eins stafs tölu frá því sem hún hafði verið ein aðalmeinsemd í efnahagslífi okkar áratugum saman. Hæstv. ráðherra komst að orði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Batnandi afkoma þjóðarbúsins nú er um margt frábrugðin fyrri uppsveiflum í íslensku efnahagslífi, þar sem hún verður ekki rakin sérstaklega til sjávarútvegs."

Í þessari tilvitnun verður náttúrlega sannleiksgildið að rúmast í orðinu „sérstaklega" því að að sjálfsögðu er góðærið núna að verulegu leyti borið uppi af uppsveiflu í sjávarútvegi en ég tek undir það að vísu að það er ekki einhlít skýring. Samt sem áður er það hluti af skýringunni og að vissu leyti nokkur hætta á að þetta geti endað í dæmigerðri, hefðbundinni uppsveiflu sem alltaf hefur endað í kollsteypu hingað til í efnahagssögu okkar á lýðveldistímanum. Svo ég vitni áfram í orð hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Allt frá miðjum síðasta áratug hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum miklar skipulagsbreytingar. Lykilatriðið í þessari þróun er aukið frelsi í viðskiptum jafnt með vörur, þjónustu og fjármagn. Á flestum sviðum hefur hömlum verið aflétt og höftum, boðum og bönnum verið ýtt út af borðinu. Auk þess hefur af hálfu stjórnvalda verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að laga rekstrarskilyrði atvinnulífsins að því sem best gerist í helstu samkeppnislöndum. Auknu frelsi fylgir vaxandi samkeppni inn á við og út á við. Fyrirtækin hafa því þurft að taka sér tak, hagræða og endurskipuleggja rekstur. Þessar breytingar ásamt stöðugleika í efnahagslífinu hafa lagt grunninn að öflugara atvinnulífi. Árangur aðgerðanna er nú smám saman að koma í ljós."

Þetta er góður vitnisburður þegar við lítum til baka að þrátt fyrir allt hafi tekist óvenjulega vel með hagstjórn á Íslandi á lengsta krepputímabili okkar á lýðveldistímanum, þ.e. eftir stríð, frá haustmánuðum 1987 og fram til þessa dags eða fram á þetta ár. Það má að sjálfsögðu mörgu bæta við lýsinguna á þeim aðgerðum en ég er sammála hæstv. fjmrh. um að tekið hafi verið á vandanum með þeim hætti að árangur náðist, traustur árangur sem má byggja á til framtíðar öfugt við það sem áður hefur gerst á svipuðum samdráttarskeiðum fyrr. Og hvað var það sem skiptir máli? Það voru algerlega ný vinnubrögð og ný hugsun í samskiptum stjórnvalda og verkalýðshreyfingar með þjóðarsáttasamningunum, það er rétt. Það var lagður grundvöllur þá að því að kippa verðbólgunni niður og reyna heldur að byggja upp kaupmátt smám saman á grundvelli samkeppnishæfs atvinnulífs.

Það var mikið gert til þess að bæta skilyrði fyrirtækjanna sem Göran Persson nefndi til sögunnar og fjmrh. vitnaði til. Við byggjum ekki velferðarríki og velferðarþjónustu nema því aðeins að við byggjum á framleiðslu fyrirtækja og þau fyrirtæki verða að vera samkeppnishæf. Hvernig var það gert? Það var t.d. gert með því að standa þannig að gengisskráningu að raungengi væri hagstætt, að fyrirtæki í

útflutningsgreinum og samkeppnisgreinum væru samkeppnisfær. Það var gert með því að lækka stórlega skatta á fyrirtækjum. Það var gert með því að leggja af aðstöðugjaldið á sínum tíma sem var skattur af því tagi að hann tók ekki tillit til afkomu heldur veltu. Það var gert með því að lækka tekjuskatta fyrirtækja. Þetta var mjög óvinsæl ráðstöfun á sínum tíma en hún var gerð til þess að byggja upp traust atvinnulíf á samdráttarskeiðum.

Það er komið á daginn að þessi efnahagsstefna hefur skilað árangri því að um leið og úr rættist fóru fyrirtækin að skila umtalsverðum hagnaði og niðurstöðutölur frá aðalfundum fyrirtækjanna núna á undanförnum missirum sýna að það hafa orðið stórkostleg umskipti til hins betra í afkomu fyrirtækja. Þau voru knúin til þess að mörgu leyti að laga sig að því á erfiðleikatímabilinu að geta ekki byggt framtíð sína eingöngu á því að stóri bróðir, ríkisvaldið, sem hafði ekkert aflögu kæmi þeim til hjálpar. Það hefur orðið mikil hagræðing, það hefur orðið mikil endurskipulagning o.s.frv.

Og það er annað. EES-samningurinn, eins og mun koma á daginn þegar menn líta á það mál úr nokkurri sögulegri fjarlægð, skipti sköpum um að stuðla að aðlögun íslensks þjóðfélags frá verðbólgusamfélagi yfir í nokkurn veginn normalt samkeppnishæft þjóðfélag. Hann var ekki bara samningur um bætt viðskiptakjör og bættan markaðsaðgang fyrir sjávarútveginn. Hann var í raun miklu víðtækari samningur. Hann varðar ekki bara vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, fjármagnsviðskipti heldur einnig vinnumarkað, samkeppnisreglur. Í kjölfar hans hafa orðið þvílíkar breytingar á íslenskri löggjöf, þar með talið hin merka löggjöf um samkeppnismál og Samkeppnisstofnun sem af því leiddi, þannig að hann hefur haft víðtæk áhrif í þá átt að draga úr einokun og fákeppni í íslensku þjóðfélagi, að gefa íslensku atvinnulífi kost á að starfa á grundvelli samræmdra samkeppnisreglna. Samningurinn er dínamískur, síbreytilegur og hann hefur þessi áhrif enn. Hann hefur þessi áhrif líka á félagsmálasviðinu og mun gera í vaxandi mæli.

Á sama tíma var það einkum að frumkvæði ráðherra Alþfl. í þessum ríkisstjórnum og þá ekki síst þeirra sem sátu í viðskrn. að vinna að grundvallarbreytingum í þá átt að stuðla að auknu frelsi og aukinni samkeppni í viðskiptum. Það var gert með endurskipulagningu að hluta til á íslensku bankakerfi með uppbyggingu á nýjum fjármagnsmörkuðum og í samræmi við þessa stefnu og athyglisvert að það er ekki í fyrsta sinn sem það gerist að það er að frumkvæði Alþfl., Jafnaðarmannaflokksins, sem slíkar breytingar eru gerðar á atvinnulífinu. Því miður náðu þær breytingar, svo róttækar sem þær voru, ekki nægilega langt vegna þess að enn í dag er það svo að íslenskt efnahagslíf og íslenskt þjóðfélag ber í allt of ríkum mæli einkenni þess að vera hneppt í viðjar einokunar, fákeppni, forréttinda hinna fáu, ekki hvað síst og þar á meðal ríkisforsjár og ríkisstuðnings í atvinnulífinu, ekki síst að því er varðar ýmsar grundvallarstærðir atvinnulífsins. Það á að sjálfsögðu við landbúnaðarkerfið. Það á því miður í vaxandi mæli við um grundvallarstærðir, höfuðauðsuppsprettu og aðalatvinnuvegar þjóðarinnar í sjávarútvegi sem lýtur í allt of miklum mæli skömmtunarvaldsstjórn ríkisins. Það á við í orkubúskap okkar, það á við að verulegu leyti í ríkisbanka- og sjóðakerfi, að við búum við ónóga samkeppni, of mikla ríkisforsjá, of mikla einokun og erum að því leyti með annars konar þjóðfélagsgerð en samkeppnisþjóðir okkar. Það er athyglisvert að ekki hefur náðst nægur árangur í að breyta þessu. Það tókst ekki þrátt fyrir góðan vilja okkar jafnaðarmanna í seinustu ríkisstjórn, einfaldlega vegna þess að ofurvald sérhagsmuna sem eru tengdir þessum atvinnuvegahagsmunum eru svo ríkir í Sjálfstfl. og þeir eru náttúrlega líka mjög ríkir í samstarfsflokki þeirra nú enda er komið á daginn að það hefur lítið sem ekki miðað í breytingaátt í núverandi stjórnarsamstarfi.

Ég nefni þessi grundvallaratriði vegna þess að hæstv. fjmrh. vakti sjálfur máls á því að mælikvarðinn á það hvort stefnt er í rétta átt er einmitt þessi. Er verið að búa til skattumhverfi sem hvetur fólk til vinnu, til þess að leggja sig fram um verðmætasköpun og tekjuöflun? Svarið við því er nei. Því miður er svo komið að það eru höfuðeinkenni og helsti galli á íslenska skattkerfinu að það er orðið vinnuletjandi, það hefur nánast þær afleiðingar að fólki eru bjargir bannaðar, einkum lág- og millitekjufólki, einkum barnafjölskyldum sem eru skuldugar og hafa hátt útgjaldastig. Þeim er ekki gert greiðlegt að vinna sig út úr skuldum beinlínis vegna þess hvernig þær eru meðhöndlaðar í jaðaráhrifum skattkerfisins.

Tekjudreifingin í þjóðfélaginu er ekki nægilega réttlát og það eru staðreyndir að hlutur fjármagnsins hefur verið að aukast, hlutur launþega í landinu hefur verið að minnka og launamismunurinn hefur verið að vaxa. Þau jaðaráhrif sem nefnd hafa verið til sögunnar stuðla beinlínis að því vegna þess að sá hluti vinnuaflsins, sem á mesta möguleika á vinnumarkaðinum gagnvart vinnuveitendum sínum, getur beinlínis gert kröfu um það að aukið vinnuframlag verði þeim einnig bætt, þ.e. hærri skatta sem leiða af auknu vinnuframlagi séu bætt í launum og fyrirtækin ganga að því og greiða raunverulega hærri skatta í formi hærri launa, taka á sig þann kostnað ef um er að ræða eftirsótt fólk á vinnumarkaði. Jafnvel þetta atriði stuðlar að auknum launamun á sama tíma og lífskjarasamanburðurinn hefur leitt í ljós á sl. vetri með allri þeirri umræðu sem þá varð að taxtalaun og dagvinnulaun Íslendinga eru orðin með þeim hætti að þau hrökkva ekki til framfærslu fjölskyldu og að láglaunafólkið á Íslandi er orðið dæmt til þess í þessu kerfi, í þessu launakerfi og þessu skattkerfi að reyna að ná endum saman með vinnutíma sem er allt að þremur mánuðum lengri á ári en gerist meðal grannþjóða okkar þannig að tekjudreifingin á Íslandi er ekki réttlát. Hún stefnir ekki í rétta átt og í þessu fjárlagafrv. sakna ég þess að hæstv. fjmrh. er ekki að leggja fram tillögur og úrræði eða boða stefnu sem tekur á þessum málum. Það finnst mér satt að segja glæfralegt vegna þess að úr því að það er ekki gert einmitt nú þegar við stöndum frammi fyrir allsherjarkjarasamningum við gerbreytt skilyrði eftir samdráttarskeiðið og í nýju góðæri er það fyrsta skilyrðið til þess að stjórnvöld geti náð árangri að þau leggi fram efnahagsstefnu, fjárlagafrv., skattafrv. sem eru þess eðlis að þau sannfæri ekki bara forustumenn launþega heldur launþega í landinu um að hugur fylgi máli, að það sé alvara í því af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að gera hvort tveggja, að breyta skattkerfinu í þá átt að það verði vinnuhvetjandi en ekki letjandi, að vinna gegn órétttlátri tekjudreifingu, að stuðla að réttlátari tekjudreifingu og að sýna fram á að þessi efnahagsstefna verði haldbær, ekki aðeins eins og hún reyndist vera í hallærinu, heldur að hún þoli líka góðærið.

Jafnvel um þann punkt hvort hún þolir góðærið eru miklar efasemdir uppi í þjóðfélaginu. Ég vildi gjarnan að ég gæti staðið í þessum ræðustól og óskað hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hann hafi með þessu frv. valdið kaflaskiptum í stjórn ríkisfjármála vegna þess að hann hefur í fyrsta sinn

í áratug lagt fram frv. um rúmlegan milljarð í tekjuafgang. Satt að segja var fyrir löngu kominn tími til að það gerðist og reyndar minni ég á að við seinustu fjárlagaafgreiðslu lögðum við jafnaðarmenn fram tillögur um það að við ættum að gera það þá þegar. En því miður er þetta sennilega of gott til þess að vera satt, einfaldlega vegna þess að þetta hvílir á of veikum forsendum.

Hvað er það sem skýrir tekjuafganginn? Jú það er að aukin umsvif, aukin velta, aukin einkaneysla, aukinn innflutningur, aukinn halli á viðskiptum við útlönd þar sem umsnúningurinn er mjög mikill, á annan tug milljarða á skömmum tíma, skapar ríkissjóði tekjur sem gerir hæstv. fjmrh. kleift að segja: Hér er einn milljarður og rúmlega það í tekjuafgang en það er tekjuafgangur sem beinlínis er innheimtur af þenslunni. Jafnframt er meginmarkmið hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar að draga úr þessari þenslu. Takist honum að draga úr þenslunni er þessi tekjuafgangur fyrir bí. Í því er þversögnin fólgin vegna þess að þenslan skilar tekjuafganginum.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan í þessum merka kafla um árangur efnahagsstefnunnar að efnahagsstefnan hefði stuðlað að lækkun vaxta. Það var svo á tímabili en því miður ekki lengur vegna þess að það var einfaldlega mat Seðlabankans að þensluáhrifin væru orðin það mikil að gripið var til vaxtahækkunar og vaxtamunurinn hér á landi á skammtímalánum er orðinn 3% í samanburði við viðskiptalönd sem er gríðarlegur munur. Skilaboðin frá Seðlabankanum voru þau að þessi vaxtahækkun væri nauðsynleg m.a. vegna þeirrar óvissu sem ríkti um það hvort ríkisfjármálastefnan héldi og vonir manna um lækkun vaxta eru því bundnar að fjárfestar og aðrir hafi trú á forsendum þessa fjárlagafrv. Ég er því miður hræddur um að trú manna á því að hér séu einhver kaflaskipti sé svo veik að vonin um vaxtalækkun í kjölfar fjárlagafrv. vegna aukins aðhalds í ríkisfjármálum sé hvorki hér né þar. Ég lýsi þess vegna vonbrigðum mínum með það og ég tel að fjárlagafrv. sé raunverulega á svo veikum forsendum annars vegar á þessu leyti og svo hins vegar að því leyti að það vanmetur innbyggðan útgjaldaauka í ýmsum kerfum, sannanlega í heilbrigðiskerfinu. Ég held því að þetta sé fremur sýnd veiði en gefin og þykir miður.

Ég ætla ekki að halda því fram að ekki hafi náðst talsverður árangur að mörgu leyti í stjórn ríkisfjármála á undanförnum árum og þar á meðal í tíð hæstv. fjmrh. Það væri fjarstæða að halda því fram. Á löngum tíma hefur margt gerst sem horfir til bóta. Ég tek eftir því að stuttbuxnadeildin hjá fhaldinu sem nú er tekin við slagorði hæstv. fjmrh. sem hann hefur skilið eftir, þ.e. „Báknið burt", er öðru hverju að stríða hæstv. fjmrh., kalla hann í Kringluna með heilan kassa af gerviseðlum til þess að minna hann á uppsafnaðan hallarekstur ríkissjóðs úr fjármálaráðherratíð hans, þ.e. þessa 100 milljarða eða svo ef við lítum áratug til baka. Ég geri svo sem ekki mikið með þessa stríðni. Ég geri ráð fyrir því að ef hæstv. fjmrh. væri svona 30 árum yngri en hann er hefði hann gert þetta sjálfur. Að minnsta kosti var hann holdgervingur á sínum tíma slagorðsins um báknið burt en situr nú yfir þessu bákni og hefur setið í fimm ár með þessum árangri. Hallarekstur, ekki bara á hans tíð heldur á ártugnum, 100 milljarðar og vaxtagreiðslur, vaxtaskattur til útlendinga er næsthæsti útgjaldaliður fjárlaga.

Það verður samt sem áður að segjast eins og er að það voru uppi háværar kröfur á samdráttartímanum um það að ríkisfjármálum yrði beitt til þess að reyna að stuðla að því að halda uppi atvinnu og það er í samræmi við ágætar sósíaldemókratískar hagfræðikenningar, sem ég hef enn í heiðri þótt frjálshyggjuhagfræðingar geri það ekki, að það sé réttlætanlegt á samdráttarskeiði að sætta sig við hallarekstur og lántökur til þess að fleyta sér yfir erfiðleika. Það er að vísu sá galli á að við höfum fallið í þá freistni að leita mest á erlenda markaði, m.a. vegna þess að það hafa einfaldlega verið til skamms tíma betri kjör á erlendum lánum. Það þýðir að þegar að góðærinu kemur, þegar kemur að endurgreiðslunni, rennur vaxtaskattur í kistu lánardrottna okkar í útlöndum en hann er ekki greiddur til lánardrottna innan lands og á því er auðvitað reginmunur. Þótt árangur í ríkisfjármálum á Íslandi á krepputímanum hafi að sumu leyti í alþjóðlegum samanburði verið býsna góður, þá er þetta mesti veikleikinn, að við erum dæmd til þess á næstu árum að greiða af góðærinu kúfinn í skatt til útlendinga, vaxtaskattinn, en ef við hefðum getað fjármagnað þennan hallarekstur innan lands, þá hefði hann a.m.k. haldið áfram í okkar hagkerfi og á því er auðvitað mikill munur.

Herra forseti. Ég spurði áðan og spyr með Persson: Er sú stefna sem hér er verið að boða líkleg til þess að verða haldbær í góðæri? Sérstaklega vegna þess að nú er það meginverkefni hæstv. fjmrh. að byggja upp traust almennings í landinu, og launþegahreyfingarinnar sérstaklega, á því að svo sé. Kjarasamningarnir fara fram með eftirfarandi sem forsendur: Launþegar eru búnir að ganga í gegnum langt erfiðleika- og þrengingaskeið. Það hefur reynst vera svo eins og hagfræðingar mundu orða það, að sveigjanleikinn í launakerfinu íslenska hefur verið mikill vegna þess að kaupmáttarfallið varð strax mjög mikið með samdrætti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Nú er góðæri á öðru ári og verið að setja Evrópumet í hagvexti og vel má vera að sá hagvöxtur haldi áfram ef hinar miklu fjárfestingar upp á 38–40 milljarða verða að veruleika. Hættan á þenslunni er mikil eins og sést á því hversu snögg umskiptin eru yfir í gríðarlegan viðskiptahalla eftir þriggja ára jákvæðan viðskiptajöfnuð, en sínum augum lítur hver á silfrið. Batnandi afkoma fyrirtækjanna, allt sem búið er að gera fyrir fyrirtækin í bættum rekstrarskilyrðum, samkeppnishæfni, lækkun skatta o.s.frv. og síðan hins vegar sú staðreynd sem eftir stendur af umræðu sl. árs að því er varðar kjör launþega á Íslandi, að þeir eru orðnir hluti af láglaunahagkerfi þar sem framfærslan byggir raunverulega á vinnuþrældómi og þeir eru læstir inn í það kerfi með óréttlátu skattkerfi. Hér er komin ríkisstjórn sem er enn með gömlu klisjuna um að framhaldið byggist á því að þessir hinir sömu aðilar ástundi sjálfsgagnrýni, spenni beltin, stilli kröfum sínum í hóf o.s.frv. þar sem aftur á móti menn segja: Það er kominn tími til að taka á þessum vandamálum, ekki með neinum kollsteypum eða tillögum sem fela í sér stökkbreytingar, en það er kominn tími til í góðærinu að fá að sjá það af hálfu stjórnvalda hvernig þau ætla að tryggja að góðærið haldi, fari ekki yfir í óðaverðbólgu. Og hvernig ætla þau að tryggja það að nú þegar meira er til skiptanna þá verði það gert sem gera þarf til þess að stuðla að réttlátari tekjuskiptingu? Ef menn ekki gera það þá er næsta víst að launþegahreyfingin á Íslandi eigi ekki aðra útgönguleið en beita afli samtaka sinna til þess að taka það sem henni er neitað um af ósanngirni þegar þannig er á málum haldið.

Það var ekki traustvekjandi hjá núv. hæstv. ríkisstjórn hvernig hún stóð að málum varðandi fjármagnstekjuskattinn. Fjármagnstekjuskattur var réttlætismál og fjármagns-

tekjuskattur átti líka að vera til þess að stuðla að aukinni tekjujöfnun og auknu réttlæti í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Útfærsla ríkisstjórnarinnar gekk þvert á þessar grundvallarreglur. Ég veit alveg hvert svar hæstv. fjmrh. er. Það er hið sama og hann nefndi hér áðan: Ja, ég gerði ekkert í þessu, þetta var skrifað af fyrrv. forseta ASÍ, Ásmundi Stefánssyni, með stuðningi verkalýðsforustunnar. Mér var bara rétt þetta sisvona.

Staðreyndin er hins vegar sú og það er best að segja hverja sögu eins og hún er: Sennilega er það rétt að verkalýðsforustan á Íslandi var véluð og blekkt í þessu máli. Á sínum tíma féllst hún nefnilega á þessa útfærslu með 10% flatan skatt, en hún var þá ekki meðvituð um það að hún ætti að kaupa það því verði að það yrði massíf lækkun á sköttum á arði og söluhagnaði þessara 10% ríkustu aðila þjóðfélagsins sem eiga helminginn af öllum sparnaði í þjóðfélaginu. Niðurstaðan er sú hin sama hvernig sem þetta var tilkomið. Þetta er ekki gott útspil í aðdraganda nýrra kjarasamninga í góðæri þar sem menn spyrja: Er verið að stíga skref fram á við í átt til aukins réttlætis í tekjuskiptingu?

Það er ekki traustvekjandi heldur að hæstv. fjmrh. skuli ekki nú — hann hefur haft nógan tíma til þess að undirbúa það — koma fram með frv. þar sem hann sýnir fram á það hvernig hann ætlar að leysa lág- og millitekjuhópana, skuldugu barnafjölskyldurnar út úr vítahring jaðarskattaáhrifanna sem letur þá frá vinnu og kemur í veg fyrir að þessar fjölskyldur geti með auknu vinnuframlagi sótt sér aukinn hlut í góðærinu. Það er ekki traustvekjandi að ekkert skuli vera gert á þessum sviðum í framhaldi af öllum þeim umræðum sem urðu um skýrslu forsrh. um tekjusamanburðinn milli Íslands og annarra Norðurlanda.

Herra forseti. Ég vék að því hvað gert var á samdráttartímanum til þess að létta undir með fyrirtækjunum. Þá var brugðist við. Skattar lækkaðir mjög verulega, gengið skráð þannig að samkeppnishæfni þeirra var stórbætt. Það hefur skilað árangri. En þá spyr ég: Var ekki kominn tími til, hæstv. fjmrh., þegar umskiptin eru orðin og árangurinn liggur nú fyrir, að líta svolítið betur á það hvað skattgreiðendur á Íslandi eru að gera í þágu atvinnulífs sem á að standa á eigin fótum, sem á að vera samkeppnisfært, sem skilar nú umtalsverðum hagnaði? Hefði ekki mátt líta svolítið á þær umtalsverðu fjárhæðir sem lagt er til að halda áfram í fjárlagafrv. til þess að létta undir með fyrirtækjunum í landinu? Hvað er ég að tala um? Ég er ekki bara að tala um þá staðeynd að við erum enn að verja 6 milljörðum kr. til þess að halda uppi ekki bara landbúnaðinum á Íslandi heldur stoðdeildarkerfinu í kringum landbúnaðinn sem er ekkert annað en byrði á þeirri atvinnugrein, en engu að síður byrði á skattgreiðendum. Var ekki kominn tími til þess í ljósi batnandi afkomu útgerðarinnar í landinu, stórbatnandi afkomu sem m.a. byggist á því að hún fær skammtað af ríkissjóði réttinn til þess að hirða fiskveiðiarðinn af auðlindanýtingunni, var ekki kominn tími til að draga svolítið úr þeim milljörðum kr. sem skattgreiðendur borga fyrir þær þjónustustofnanir sem eru að þjónusta sjávarútveginn? Hefði ekki mátt taka eitthvað af þessum fjárhæðum til þess með sýnilegum og ábyrgum hætti að sannfæra launþega á Íslandi um að það væri verið að nota fjárlagafrv., fjárlagatækið til að stuðla að þessum markmiðum sem Göran Persson er að lýsa og hæstv. fjmrh. tók undir með, ekki aðeins að kerfið skuli vera vinnuhvetjandi heldur stuðla að réttlátari tekjudreifingu og sýna fram á það að kerfið sé haldbært í góðæri ekkert síður en hallæri? Vegna þess að aðgerðum af slíku tagi hefði vissulega verið vel tekið af hálfu launþega. Þær hefðu verið sýnilegt tákn um vilja til þess, alveg eins og að létt var undir fyrirtækjunum í hallærinu, að gera eitthvað til þess að viðurkenna rétt þeirra sem verst hafa farið út úr þrengingaskeiðinu um að nú sé kominn tími til af hálfu ríkisvaldsins í gegnum skattkerfið og í gegnum tilfærslurnar að létta undir með þeim. Ef þetta hefði verið gert eða öllu heldur af því að það er ekki búið að afgreiða þetta frv., ef hv. Alþingi ber gæfu til að halda þannig á málum að slíkir hlutir verði gerðir, þá er allt annað fyrir fulltrúa ríkisvaldsins að setjast að samningaborði með fulltrúum launþega en að óbreyttu.

Það er alltaf svo við umræður um fjárlög að ríkisstjórn, stjórnarmeirihluti segir: Það þarf stundum að gera ýmislegt fleira en gott þykir. Ytri kringumstæður hafa neytt okkur til þess að draga saman seglin, draga úr útgjöldum, beita aðhaldssemi, sparnaði. Stjórnarandstaðan stendur síðan upp og leikur sína rullu um að það sé verið að rífa niður velferðarkerfið og rífa niður menntakerfið eða eitthvað svona. Orðaleppar án merkingar og innihalds. Þannig hefur umræðan löngum verið hér fram og aftur, því miður. Staðreyndirnar eru auðvitað þær að umræðan snýst ekki um þetta. Það er ekki verið að rífa niður velferðarkerfið á Íslandi út af fyrir sig. Það hefur ekki verið að gera það á undanförnum árum. Tölurnar tala sínu máli um það að við verjum í stórum dráttum gríðarlegum fjárhæðum í velferðarkerfið. Og ég nota ekki þau orð að það sé verið að rífa niður menntakerfið, jafnvel núna, þótt ég sé ósammála mörgum af þeim tillögum sem hér er verið að flytja á því sviði. Umræðan á ekki að vera á þessum nótum.

Ef menn spyrja: Hvað er það sem ég er svona óánægður með að því er varðar þetta fjárlagafrv. og þá stefnu sem það boðar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar? Þá segi ég: Þetta frv. er þess eðlis að það stuðlar ekki að réttlátari tekjuskiptingu. Það þýðir að þetta frv. er ekki líklegt til þess að greiða fyrir samkomulagi um réttláta skiptingu þjóðartekna í kjarasamningum. Þetta frv. er þess vegna líklegt að óbreyttu til þess að auka hættuna á því að við verðum fórnarlömb ofþenslu og töpum þeim árangri sem byggður var upp með erfiðismunum á samdráttarárunum. Og þetta frv. er þannig úr garði gert að ég hef ekki trú á því að það standist góðærið eins og við þó náðum allgóðum árangri í hallærinu. Það er vegna þess að látið er undir höfuð leggjast að taka á nauðsynlegum kerfisbreytingum. Þetta frv. er með öðrum orðum metnaðarlítið og felur í sér allt of litlar breytingar í ljósi þess hve mikil umskipti og breytingar hafa átt sér stað í okkar þjóðfélagi. Það er ekki lengur hægt að bera því við að hæstv. fjmrh. hafi ekki haft nægan tíma til þess. Menn verða að umbera hann fram á næsta ár, þar næsta ár, áform hans séu góð. Hann vilji út af fyrir sig hugleiða margar þessar breytingar eftir því sem fram líða stundir. Hann hefur bara haft nógan tíma. Staðreyndin er nefnilega sú að það er innbyggt í núverandi stjórnarflokka að ítök þess fámenna en fjárhagslega gríðarlega öfluga hóps, sem í vaxandi mæli er búinn að tryggja sér undirstöðuítök í öllum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar — þessir hagsmunahópar, þessir tiltölulega fámennu sérhagsmunahópar sem hafa makað krókinn að undanförnu og hætta er á að geri það enn fremur í góðærinu hafa svo sterk ítök í þessum flokkum að það er ekki pólitískur vilji til fyrir því að gera þær breytingar sem þarf að gera til þess að stuðla að þjóðarsátt um réttlæti í tekjuskiptingunni.

Það er nákvæmlega þetta sem menn eiga við þegar þeir

vísa til þeirrar sögulegu reynslu að það versta sem getur hent Íslendinga sé það þegar þessir tveir flokkar ná saman í ríkisstjórn. Það er rangt sem hefur verið haldið fram að eftir hrun SÍS-veldisins sé þetta nú með allt öðrum hætti. Það er heldur ekki rétt að það hafi orðið slíkar breytingar, aðallega að frumkvæði okkar jafnaðarmanna, að nú sé orðið svo mikið frelsi og samkeppni í þjóðfélaginu að þetta sé hættulaust, eins og t.d. forsrh. hefur reynt að tína til sjálfum sér til málsbóta áður en hann gengur á landsfund Sjálfstfl. til að verja þessa framsóknarstjórn.

Því miður vantar hugmyndir, það vantar kjark og það vantar pólitíska vilja í þetta fjárlagafrv. til þess að gera þær breytingar sem gera þarf til þess að stuðla að réttlæti í tekjuskiptingu, til þess að gera kerfisbreytingar varðandi undirstöðuatvinnuvegina, til þess að draga úr einokun, fákeppni og forréttindum hinna fáu, til þess að stuðla að aukinni samkeppni sem er að sjálfsögðu sú leið sem við eigum að fara í framtíðinni ef við ætlum að halda til jafns við aðrar þjóðir. Þetta er í höfuðatriðum mín gagnrýni á fjárlagafrv. og það má kannski segja að lokum að ég hef lúmskan grun um að hæstv. fjmrh. sé mér að mörgu leyti sammála. Ég minni t.d. á að hann hefur oftar en einu sinni reynt að beita sér fyrir því að viðurkennd yrði sú grundvallarregla, kostunarreglan svokallaða, að fyrirtækin í landinu, atvinnuvegirnir, leggi fram og kosti þá þjónustu sem almannavaldið, skattgreiðendur, lætur þeim í té, a.m.k. við eðlilegar kringumstæður þegar vel árar. Það mundi þýða t.d. að því er varðar sjávarútveginn að hann kostaði sjálfur í formi veiðileyfagjalds eða með öðrum hætti að mínu mati 2,5 milljarða kr. Hæstv. fjmrh. hefur engan stuðning í flokki sínum fyrir þessu af því að sérhagsmunavaldið hefur þar öll tögl og hagldir, því miður.

[18:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. flutti hér ágæta og skörulega ræðu eins og fyrrv. fjmrh. sæmir og ég get tekið undir það sem hann sagði, um margt var ég sammála honum, þó ekki allt. Sumt verður að geymast til síðari tíma. En það eru tvö atriði sem ég vil nefna í andsvari. Annars vegar er hin réttláta tekjuskipting og skattbreytingar, hitt atriðið snýr að þenslu sem bjargar fjárlagahallanum og býr til afgang.

Varðandi tekjuskiptinguna og skattbreytingar þá stendur það í stjórnarsáttmálanum — og það er vinna í gangi sem verður skilað nú um áramótin og hún gengur út á það að koma í veg fyrir verstu jaðaráhrifin í skattkerfinu. Og af hverju eru þessi áhrif svona mikil? Það er vegna þess að við höfum á undanförnum árum og áratugum verið að setja tekjutengingar inn í skattkerfið yfirleitt alltaf í nafni félagslegs réttlætis. Nú er þetta félagslega réttlæti orðið að gildru sem við verðum að losa okkur út úr og ég er sammála hv. þm. um það.

Það stendur hins vegar eftir sem áður gagnstætt því sem mátti skilja á hv. þm. að tekjudreifingin hér þegar allt er meðtalið er allt öðruvísi og miklu jafnari en við sjáum alls staðar annars staðar. Hann getur ekki nefnt mér eitt einasta land þar sem tekjudreifingin er jafnari en hér.

Í öðru lagi um þensluna og hverju hún bjargar. Leyfið mér að rifja aðeins upp. Ég ætla að nefna tvö ártöl, árin 1988 og 1989. Ég vel þau með vilja. Í fjárlögum 1988 var gert ráð fyrir afgangi, það er ekki lengra síðan. Hver var hallinn? 7 milljarðar. Árið 1989: Afgangur 1.200 millj. Hallinn 6 milljarðar. Árið 1988 var viðskiptahallinn meiri en í ár og gert er ráð fyrir á næsta ári. Samt sem áður tókst ekki betur til.

Ég rifja þessi dæmi upp vegna þess að hér talaði maður sem þá var fjmrh. en segir nú að það vanti hugmyndir, kjark og pólitískan vilja. Ég staðhæfi: Árangurinn nú verður meiri en þá.

[18:33]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín svör eru mjög stutt. Það er alveg óþarfi að hafa mörg orð um kosningaloforðin frá því fyrir kosningarnar 1995, þar sem allir lýstu því yfir að það væri forgangsmál að draga úr þessum jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins. Það var snemma árs árið 1995. Ég endurtek: Hæstv. fjmrh., hæstv. ríkisstjórn hefur haft nægan tíma, aðstöðuna og valdið til þess að gera það. Þeir hafa ekki gert það. Þeir segja enn: Við erum að vinna að því. Í aðdraganda kjarasamninga hefðu niðurstöður þeirrar vinnu átt að liggja fyrir núna að mínu mati.

Hæstv. fjmrh. rifjaði upp sögulegar staðreyndir frá 1988 og 1989. Og hverju lýsa þessar staðreyndir? Þær lýsa því að þau umskipti sem verða í hagkerfinu í heild eru algerlega ráðandi fyrir örlög fjárlagafrumvarpa fjármálaráðherra, hver sem hann er hverju sinni. Menn geta lagt af stað með góð áform, en þegar umskiptin verða eins og þau urðu frá hausti 1987 fram á árið 1988, sem menn voru mjög seinir að átta sig á, þá enduðu þau í þessum tölum. Það sem ég er að segja er það að umskiptin sem við nú erum í, frá samdrætti til góðæris, eru gríðarlega mikil og það getur þess vegna einmitt í ljósi þessarar reynslu farið eins, hæstv. fjmrh., nema menn læri af reynslunni.

[18:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að undirbúningur breytingar á tekjuskattskerfinu er í mjög eðlilegum farvegi og að því máli koma aðilar vinnumarkaðarins. Alveg eins og hv. þm. nefndi er mjög mikilvægt að þeir séu með í þessari vinnu og ég efast ekki um eitt andartak að jafnaðarmenn munu með okkur stuðla að því að vel fari, bæði í þessu tiltekna máli og eins þegar kemur að því að kjarasamningar verði gerðir rétt eins og sjálfstæðismenn gerðu þegar þeir voru utan stjórnar 1990 og studdu þjóðarsáttina. Það er mikilvægt að stuðningur og skilningur sé út fyrir stjórnarsamstarf á hverjum tíma. En ég minni á að að þessu er unnið og það er þegar búið að taka fyrstu skrefin, þau voru tekin í ár og reyndar í fyrra þegar lækkaðir voru tekjuskattar vegna iðgjalda til tryggingarnna.

En varðandi það sem hv. þm. sagði síðan um fyrri árin, þá er það allt saman satt og rétt, við deilum ekki um það. Og ég tek undir það með honum, og ég er sammála honum í því eins og kannski svo fjölmörgu öðru sem hann hafði að segja í dag, að það skiptir máli að læra af reynslunni og það á ég kannski betur með að gera en flestir aðrir vegna þess að ég hef haft langan tíma til þess að átta mig á því um hvað þessi fjármál snúast.

[18:37]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er laukrétt að hæstv. fjmrh. hefur haft langan tíma til að læra og sem gamall skólameistari, þá kemur það upp í hugann að menn eiga að ljúka stúdentsprófi á fjórum árum að meðaltali, hraðferð þrjú ár. Fimm ár er eiginlega fyrir þá sem eru dálítið tregir. Sannleikurinn er sá að það er haft fyrir satt með Breta að það að vera stillt upp

fyrir aftökusveit hjálpar mönnum mjög til þess að einbeita huganum. Kosningar eru aftökusveitir pólitíkusa. Kosningaloforðin voru gefin 1995. Nú er kannski helst til langt í kosningar. Það mundi hjálpa mönnum til þess að einbeita sér betur.

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta voru um margt mjög fróðleg skoðanaskipti sem hér fóru fram um grundvallarforsendur fjárlagafrv. Ég held að það sé að mörgu leyti áhugavert og þarft að menn ræði við 1. umr. málsins um þetta á þeim forsendum en það bíði síðari umræðna að fjalla kannski um einstök atriði í smáatriðum. Hér er verið að ræða grundvöll hinnar opinberu efnahagsstefnu á komandi ári og þetta mál er auðvitað nátengt afkomu og horfum í þjóðarbúskapnum, stefnu í efnahags- og peningamálum o.s.frv. Ég ætla að ræða lítillega um tekjuhlið frv. og gera það út frá þeim forsendum sem upp eru lagðar í sjálfu frv. en vitna minna í forsætisráðherra Svíþjóðar sem af einhverjum ástæðum hefur orðið einn aðalræðumaðurinn hér í dag. Í hann er vitnað fram og til baka bæði af hæstv. fjmrh. sem gerir þá sænska sósíaldemókrata að spámönnum sínum í þessum efnum og að sjálfsögðu stóð ekki á formanni Alþfl. að taka undir þetta og vitna hér dögum oftar í Göran Persson.

Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni en ekki Göran Persson, að þegar farið er yfir tekjuforsendur fjárlagafrv. og þeirrar stefnu sem þar birtist, þá veldur það auðvitað vonbrigðum að sjá að hér eru ekki tímamót á ferðinni í neinum skilningi þess orðs öfugt við það sem reynt hefur verið að halda fram. Því hefur verið slegið upp sem miklum tíðindum og miklum tímamótum að nú væri lagt fram frv. sem gerði ráð fyrir tekjuafgangi ríkissjóðs í fyrsta sinn um langa hríð og þá er eðlilegt að menn spyrji: Í hverju felast þá þau miklu tímamót? Hvar koma þau fram í efni frv.? Hvar koma þau fram í tekjuforsendum? Hvar koma þau fram í þeirri skattastefnu sem frv. byggir á?

Staðreyndin er sú að þar er ekki um neinar breytingar að ræða af einu eða neinu tagi. Frv. boðar ekki neinar breytingar sem tíðindum sæta hvað varðar tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári og skýringin á tekjuafganginum er ósköp einfaldlega sú að veltuaukning, eyðsluaukning í þjóðfélaginu á þessu ári er framreiknuð sem forsenda tekna á næsta ári, án fyrirvara, og útkoman verður sú að á pappírnum kemur út afgangur upp á 1 milljarð kr. Á pappírnum því það er sýnd veiði en ekki gefin.

Auðvitað vekur margt athygli líka um það hvernig þessar tekjur dreifast og hverjir eiga þá að bera þær byrðar. Það er t.d. mjög merkilegt að fyrirtækin, þrátt fyrir þá afkomu sem þau hafa verið að sýna á síðustu missirum, skuli samkvæmt forsendum frv. eiga að leggja minna af mörkum, heldur minna en á síðasta ári eða í besta falli svipaða upphæð, að þau skuli á þessu mikla veltuári, árinu 1995, ætla að reynast samkvæmt áætlun skila heldur minna en fjárlög ársins sjálfs gera ráð fyrir. Þar skakkar líklega hundruðum milljóna sem nemur því hvað tekjuskattur fyrirtækja eða lögaðila verður lægri á árinu heldur en fjárlög gera ráð fyrir á sama tíma og tekjuskattur einstaklinga vex um 3 milljarða og er stærstur hlutinn af tekjuauka upp á 5 milljarða sem þarna eru á ferðinni.

Ég óttast það því miður, herra forseti, að þessar forsendur séu ekki eins traustar og hæstv. fjmrh. og margir fleiri vilja vera láta. Ef það er til að mynda skoðað hvernig stærstu tekjupóstarnir eru framreiknaðir eða lagðir til grundvallar áætlaðri álagningu á árinu 1997 kemur í ljós að gert er ráð fyrir því að virðisaukaskattur skili 3 milljörðum meira á árinu 1997 en hann gerir á þessu ári eða aukist um 6,9% sem er talsvert umfram áætlaðan hagvöxt eða vöxt í efnahagslífinu almennt, langt umfram áætlaðan vöxt landsframleiðslu eða þjóðartekna á næsta ári. Og hver ætti þá að verða skýringin á því til þess að þetta standist? Hún getur þá ekki orðið önnur en sú, að fjmrn. reikni með því að eyðsla eða velta muni enn aukast, virðisaukaskattsskyld velta í þjóðfélaginu muni enn aukast á næsta ári og það verulega og það umfram vöxt efnahagslífsins. Ég vara við þessum forsendum. (Gripið fram í.) Ég óska þá eftir því að hæstv. fjmrh. útskýri hvernig hann ætlar að ná þessum viðbótartekjum út úr virðisaukaskattinum á næsta ári. Endurgreiðslur eru að vísu eitthvað að lækka vegna breytinga sem gerðar voru á síðasta ári og klúðruðust reyndar að hluta til eins og t.d. varðandi lækkun á endurgreiðslu á viðhaldi íbúðarhúsnæðis, en eftir stendur að ég held að það sé óvarlegt að gefa sér t.d. að einkaneyslan verði sú sama á næsta ári og sú tímabundna veltuaukning á þessum mánuðum sem nú hafa verið að líða gefa tilefni til, en það er það sem fjárlagafrv. í raun og veru byggir á. Ég leyfi mér að efast um það að efnahagur heimilanna í landinu standi undir því til langframa að þessi aukna neysla haldist. Ég held að það séu allt aðrar aðstæður en oft áður hafa verið og kemur þar auðvitað fyrst til að skuldastaða heimilanna sé allt önnur og miklu verri en hún hefur nokkurn tíma áður verið þegar við höfum verið að ræða um sambærilega hluti.

Það mátti öllum vera ljóst að þegar loksins eitthvað rofaði til í okkar efnahagsbúskap og menn fengju a.m.k. vonir um að heldur bjartara væri fram undan þá mundi tiltekin eyðsluhrina ganga yfir í þjóðfélaginu. Það liggur algerlega í hlutarins eðli. Þar var um að ræða uppsafnaða þörf fjárfestinga og endurnýjunar af ýmsu tagi, t.d. á heimilisbifreiðum, sem menn hafa ekki getað ráðist í mörg undanfarin ár. Og svo verða menn gapandi hissa á að bílainnflutningur taki eitthvert stökk upp á við við þessar aðstæður. Það lá í hlutarins eðli að mínu mati að slíkt mundi gerast. Reyndar þarf talsvert til að halda í horfinu hvað varðar t.d. meðalaldur á þeim tækjum. Ég er þess vegna ekki jafnsannfærður um það og höfundar fjárlagafrv. að tekjuliðir eins og virðisaukaskattur, bifreiðagjöld og jafnvel tekjuskattur einstaklinga muni gefa þá aukningu á næsta ári sem hér er reiknað með og eru forsendur þess að á pappírnum er skilað afgangi upp á 1 milljarð króna. Því miður liggur mér við að segja, því það væri betur að svo væri.

Það er líka ástæða til að minna á að þessi veltuaukning birtist í einum mjög neikvæðum þætti sem er viðskiptahalli. Hún er að mestu leyti tekin að láni erlendis og hún er líka tekin að láni frá heimilunum vegna þess að skuldaaukning heimilanna heldur áfram á þessum mánuðum samkvæmt tölum úr bankakerfinu og nemur reyndar rúmlega vextinum á viðskiptahallanum eða versnandi viðskiptajöfnuði, þ.e. þeim hluta sem skýra má með aukinni neyslu heimilanna þegar frá eru dregnar fjárfestingar. Hvort tveggja eru þetta mjög neikvæð teikn sem ástæða er til að taka fullt mark á. Þau eru samt framreiknuð í forsendum fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Með öðrum orðum, hæstv. ríkisstjórn byggir sína efnahagsstefnu á því að áframhaldandi viðskiptahalli verði og þá væntanlega líka skuldasöfnun heimilanna til að fjármagna hann af þeirra hlut.

Það er líka athyglisvert hvernig tekjuskatturinn dreifist á einstaklingana og lögaðilana eins og ég kom að áðan. Samkvæmt áætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili tæpum 25 milljörðum kr., 24,9 í stað 21,8, sem fjárlög gera ráð fyrir eða rúmlega 3 milljörðum að auki. Tekjuskattur fyrirtækja eða lögaðila skili hins vegar einungis 4,4 milljörðum í staðinn fyrir 4,6 eða heldur lægri tölu en fjárlög gera ráð fyrir. Hvort tveggja er tínt til sem skýring í forsendum fjárlagafrv. eða greinargerð að fyrirtækin hafi nýtt sér uppsöfnuð eða geymd töp og hafi nýtt sér þær heimildir til flýtifyrninga sem eru í skattalögum. Og maður hlýtur að spyrja sig að því: Er samt sem áður ætlun hæstv. ríkisstjórnar að hafa þau göt opin áfram eins og á þessu ári þannig að við horfum upp á að fyrirtækin jafnvel lækki framlag sitt til ríkissjóðs, greiði minni tekjuskatt af hagnaði sínum í góðærinu á sama tíma og skattbyrðin þyngist til mikilla muna hjá einstaklingum?

Það dapurlegasta, herra forseti, að mínu mati er þó það sem var gert að nokkru umtalsefni áðan og er spurningin um umbætur í skattkerfinu sem snúa að svonefndum jaðarsköttum eða jaðaráhrifum. Það er eitt af þessum tískumálum sem mikið er búið að tala um en lítið hefur verið gert í. Það er alveg rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að þetta stóð upp úr hverjum manni fyrir síðustu alþingiskosningar að grípa yrði til einhverra ráðstafana, þetta gengi ekki svona o.s.frv. En hæstv. fjmrh. leggur fram fjárlagafrv. sem gerir ekki ráð fyrir neinum úrbótum í þessu efnum á næsta ári. Það verður a.m.k. ekki séð að það komi fram í tekjuáhrifum ríkissjóðs að stemma eigi stigu við jaðaráhrifum sem að sjálfsögðu hlyti með einum eða öðrum hætti að koma fram t.d. í meiri bótagreiðslum vegna þess að dregið væri úr jaðaráhrifum. Nú ættu að vera aðstæður til þess ef marka má góðærið og batann, sem hæstv. ríkisstjórn í öðru orðinu gerir mikið úr, að taka þá skref í þessum efnum. Staðreyndin er sú að brýnna verður með hverju árinu sem líður að taka á vandamálinu vegna þess að það er að koma inn enn ein ný tekjutengingin af mjög miklum þunga einmitt á þessum árum. Hún kemur til með að gera stöðu þessa hóps sem á í hlut enn verri en nokkru sinni fyrr en það eru stórhertar tekjutengdar endurgreiðslur námslána. Fyrri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vann það afrek að gera breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna 1992 þar sem settar voru inn alveg fáheyrðar tekjutengdar endurgreiðslukröfur ofan á öll jaðaráhrifin sem fyrir voru. Það er hollt fyrir formann Alþfl. að minnast þess, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að hann sat í þeirri ríkisstjórn. (**JBH:** Ég man það vel.) Já, og man þetta vel. Og hvernig kemur þetta saman við allt talið um að jaðaráhrifin séu að verða svo brjálæðisleg að á þeim verði að taka? Menn hefðu betur séð það fyrir 1992. Við því var varað þá að eitt af því sem gerði endurgreiðslukröfurnar fráleitar væru viðbótarjaðaráhrifin sem þær kæmu til með að hafa ofan á tekjutengdar barnabætur, vaxtabætur eða húsaleigubætur o.s.frv. (**JBH:** Lofað var að endurskoða í ljósi reynslunnar innan tveggja ára.) Lofað var að endurskoða í ljósi reynslunnar innan tveggja ára. Það er réttlætingin sem hér er fram færð.

Við skulum aðeins fara yfir það hvernig þetta kemur út fyrir það unga fólk sem nú er að ljúka námi og er að hefja endurgreiðslur. Fyrstu hóparnir eru að hefja endurgreiðslur á grundvelli kerfisins frá 1992 og gera það í vaxandi mæli á komandi missirum. Það liggur í hlutarins eðli, ekki satt? Síðan er liðin nokkurn veginn ein háskólanámstíð. Tekjutengdi hlutinn nemur 5% af — hverju? Af bráttótekjum og hækkar eftir fimm ár í 7%. Og hvað þýða 5% eða 7% af bráttótekjum? Það þýðir í fyrra tilvikinu 9–10% af ráðstöfunartekjum og í seinna tilvikinu 11–12% þannig að sá hópur með þessari viðbótartekjutengdu byrði er settur í þá stöðu að eiga að taka upp undir eins og hálfs mánaðar ráðstöfunartekjur í greiðslu bara á þessum þætti. Þannig getur það komið út. Þetta er hrein geðveiki. Fyrir geta auðveldlega verið 60–65% jaðaráhrif hjá þessum hópum áður en kemur að námslaninu. Ef við segjum að í hlut eigi þriggja barna fjölskylda, tveggja til þriggja barna fjölskylda sem liggur á þessu tekjubili þar sem jaðaráhrif gagnvart tekjutengdum barnabótaauka verða virk. Um er að ræða fjölskyldu sem hefur fest kaup á húsnæði og er með fullar vaxtabætur sem skerðast um 6% af tekjum og síðan barnabætur vegna fyrsta barns um 6%, annars barns 5%, þriðja barns 4%. Og leggi menn þetta saman og bæti svo við þessum brjálæðislegu endurgreiðslum námslánanna fá þeir út að slíkar fjölskyldur halda eftir í besta falli fimmtu hverri krónu á tekjubilinu u.þ.b. 120–200 þús. á mánuði í fjölskyldutekjur. Hvers konar staða er það fyrir fólk að reyna að vinna sig út úr erfiðleikunum?

Staðreyndin er sú að um þetta hafa menn talað og talað en ekkert gert. Ég kalla það ekki ráðstafanir sem voru gerðar í fyrra þó að prósenturnar gagnvart barnabótaaukanum væru lækkaðar úr 7% í 6% og 6% í 5%. Þau áhrif eru nánast hverfandi. Á þessu eru til ósköp einfaldar tæknilegar lausnir og þarf ekkert að þvæla þessu máli í endurskoðunarnefndum ár eftir ár. Það er yfirklór, hæstv. fjmrh., vegna þess að það tæki færustu embættismenn ráðherrans ekki nema tvo tíma að semja snyrtilegar tillögur um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt sem gerðu það að verkum að auðvelt yrði að útfæra tæknilega einfaldar ráðstafanir til að setja þak á þennan jaðarskatt. Fyrir þinginu liggur frv. flutt af mér og öðrum þingmönnum Alþb. og óháðra um einmitt slíka aðgerð — að sett verði inn í tekjuskattslögin ákvæði um þak á jaðarskatt eða jaðaráhrif. Þar eru margar leiðir færar og lengi má velta fyrir sér hver er besta tæknilega útfærslan í slíkum efnum. Ég nenni ekki í þá þrætu. Hún er ástæðulaus vegna þess að ekki er ástæða til að ætla að það vefjist fyrir mönnum að finna útfærslu sem sæmileg sátt getur verið um. Það sem hér er lagt til er mjög einfalt, að sem bráðabirgðaaðgerð, þangað til heildarendurskoðun á tekjuáhrifum og tekjuskattskerfinu er lokið, verði haft bráðabirgðaákvæði í lögum um tekju- og eignarskatt sem feli í sér að samanlögð áhrif, þ.e. að útreikningi tekjutengdra þátta og bótaliða verði þannig háttað að samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða fari ekki yfir 55%. Punktur. Og það er mjög einfalt mál. Þetta má t.d. gera með því að forgangsraða bótaliðunum til að ákveða hverjir séu skertir eða í hvaða röð þangað til komið er að þessum mörkum. (**Gripið fram í:** Þetta er of hátt.) Svo geta menn sagt að þetta sé of hátt. Þetta er þó stórkostleg framför fyrir fjölskyldu sem situr uppi með kannski 80% jaðaráhrif. Til þess að vera ekki með óraunhæfan tillöguflutning eða eitthvað sem væri slegið af vegna þess að það væri óraunsæi eða of dýrt var valin sú leið að taka tiltölulega hógvært skref. Það er rétt að 55% skattbyrði er mjög há og það skattalega hagræði sem barnafólki og húsbyggjendum var ætlað í upphafi hefur að mestu leyti drukknað í slíku kerfi. Það er það sem gerist. Með þessum hætti væri a.m.k. verulega komið til móts við þetta fólk. Hér er lagt til að skerðingin gangi í þeirri röð að hún hefjist á vaxtabótum eða húsaleigubótum og barnabótaaukinn sé skertur síðast þangað til að mörkunum

er komið og þar verði numið staðar. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé auðvelt að gera jafnvel í staðgreiðslunni. Telji menn einhver framkvæmdaleg vandkvæði á að hafa þetta innan staðgreiðslukerfisins er auðveldasti hlutur í heimi að koma við eftiráuppgjöri. Því getur enginn mótmælt að eftiráuppgjör er mjög einfalt í framkvæmd. Ég skal ekki þræta fyrir að einhverjir erfiðleikar kunni að koma upp þegar þetta er sett inn í sjálfa staðgreiðsluna. Þó er að því að hyggja að útreikningur tekjutengdu þáttanna, þ.e. bótanna, barnabótaaukans og vaxtabótanna er ekki um hver mánaðamót heldur nokkrum sinnum á ári og þar af leiðandi er einfaldara mál að koma þessu við í tengslum við þá afgreiðslu heldur en vera þyrfti ef um mánaðarleg staðgreiðsluskil væri að ræða. Ég hafna því að baksa þurfi með þetta mál í einhverri nefnd í felum úti í bæ ár eftir ár og síðan komi hæstv. fjmrh. og segi í öðru orðinu: Þetta er alveg skelfilegt ástand með jaðarskattana. Þetta er vinnuletjandi kerfi, þetta er ómögulegt og hver maður á fætur öðrum kemur hér upp og tekur undir með honum en svo er ekkert gert og menn skjóta sér á bak við að einhver nefnd sé að dunda í málinu úti í bæ. Þetta er ekki frambærilegt. Ef menn meina að þetta sé óréttlátt kerfi og því verði að breyta þá skulu menn gera það eða sýna mér fram á að það sé ekki hægt ella.

Ég minni, herra forseti, aftur á það frv. sem liggur fyrir um þetta mál og leyfi mér að vekja á því athygli þó að það sé ekki hér á dagskrá.

Ég minni líka á að þetta mál er ekki nýtt. Það er rangt að athygli hafi verið vakin á þessu í fyrsta skipti eða það hafi komist upp á yfirborðið í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Strax snemma á síðasta kjörtímabili gerði ég jaðarskattamál ítrekað að umtalsefni. Ég varaði við því á hvaða braut menn væru að fara með sívaxandi tekjutengingu bótaliðanna þegar vaxtabætur voru teknar upp og meiri hluti barnabótanna var færður yfir í hinn tekjutengda barnabótaauka. Og það er líka rangt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að menn séu fyrst og fremst í þessum tekjutengingarógöngum vegna þess að þeir hafi ætlað að ná fram einhverju félagslegu réttlæti. Það er bara rangt, hæstv. fjmrh. Aðalástæðan er sú að tekjutengingin hefur verið sparnaðaraðgerð af hálfu ríkisstjórna sem hafa verið að skera niður og þá hefur tekjutengingin verið notuð sem aðferð til þess að draga úr útgjöldum til barnafjölskyldna með því að færa sífellt stærri og stærri hluta yfir í hinn tekjutengda hluta barnabótaaukans og hafa minna og minna eftir í grunnbarnabætur. Og með því gerist það að það skattalaga hagræði sem barnafjölskyldur í landinu áttu að breyttu breytanda að hafa umfram hinar, hverfur. Það drukknar í þessari tekjutengingu. Verður því þó ekki á móti mælt að framfærslubyrði barnafjölskyldna án tillits til tekna er meiri heldur en hinna sem ekki eiga börn og það var ætlunin að hafa skattkerfið þannig að það endurspeglaði þennan veruleika. En þessi útfærsla er að drekkja því og sama má auðvitað segja um vaxtabæturnar og aðra slíka þætti.

Aðalögöngurnar eru þó auðvitað þær að á stuttu árabili lenda menn í því að margir tekjutengdir þættir verða virkir samtímis og leggjast hver ofan á annan. Menn eru með tekjutengdan barnabótaauka, menn taka upp tekjutengdar vaxtabætur og menn herða tekjutengdar endurgreiðslur námslána. Mörkin eru svipuð, þ.e. tekjutengingin verður virk á svipuðu tekjubili í öllum tilvikum. Þar með myndast sá fáránlegi skattstigi sem er á Íslandi að prósentan er langhæst á miðlungslaunum eða undir miðlungslaunum en lækkar síðan þegar menn hækka í launum. Auðvitað er þetta hrein geðveiki. Það ætti hvergi að sjást á byggðu bóli að tekjuskattsstigi sé þannig. Það þyrfti helst að vera hægt að bregða upp glærum af þessu, herra forseti. Þetta er þannig viðfangsefni að menn þurfa helst að sjá þetta á mynd.

(**Forseti** (ÓE): Já. Það hefði verið gott.)

En tekjuskattsstiginn íslenski er sem sagt svona og fer svo aftur lækkandi með hækkandi tekjum ef við lítum á þetta svona og sýnum hæstv. fjmrh. Hann kannski hefur séð þessa mynd áður. (**Fjmrh.:** Já, já.) Já. Og er þetta einhver glóra að tekjuskattsbyrði manna skuli lækka, herra forseti, þegar komið er upp í einhver tiltekin laun? Það léttist á mönnum skattbyrðin eftir því sem launin hækka. Ég hef hvergi nema á Íslandi séð svona útfærslu á einu kerfi. (Gripið fram í.) Hugsanlega hefur þetta einhvern tíma verið í Argentínu, já, á tíma herforingjastjórnarinnar þar. Það er hugsanlegt að þeir hafi haft þetta eitthvað svipað því að herforingjarnir hafa þá haft það góð laun að þeir hafa viljað gera betur við sjálfa sig en aðra.

Auðvitað væri hægt að hugsa sér, til þess að vega upp á móti slíkri tekjutengingu sem getur átt fullan rétt á sér innan hóflegra marka, að menn væru með fjölþrepa tekjuskattsálagningu þannig að hátekjuþrep tækju við ofan við þau mörk þar sem tekjutengingin hverfur út og að hann sé a.m.k. jafnhár á hæstu laun en ekki lægri heldur en á miðlungslaun eða þar fyrir neðan eins og þetta er í dag. Þá yrði tekjuskattsstiginn eins og hann á auðvitað að vera. Þetta sjá auðvitað og skilja allir menn og það þarf ekki að fjölyrða um það hvílík þvæla þetta ástand er eins og það er í dag.

Ég vona, herra forseti, að nú megi treysta því í ljósi góðra orða hæstv. fjmrh. hér að fjárlagafrv. verði ekki afgreitt, að álagning tekjuskatts fyrir næsta ár, árið sem fer í hönd, verði ekki afgreidd öðruvísi en tekið verði á þessu jaðarskattsmáli. Það er algerlega sjálfstætt útfærsluatriði hvort við viljum gera það þannig að það verði ríkissjóði að kostnaðarlausu eða ekki og ég er til í þann leiðangur að við skoðum þá hvers konar tekjuöflun og hvers konar álagningu við útfærum á móti þeim tekjum sem ríkissjóður kann að missa í gegnum lægri jaðaráhrif á lágtekju- og miðlungstekjuhópana. Það er ósköp einfaldlega útfærsluatriði. Það er spurning um pólitíska ákvörðun hvort við viljum þá breyta tekjuskattsálagningunni í heild sinni með hærri prósentu eða með hærra hátekjuþrepi eða með einhverjum öðrum slíkum ráðstöfunum til þess að útkoma ríkissjóðs verði nettó og þessum galskap sem þarna á sér stað á tilteknu tekjubili gagnvart tilteknum hópum linni. Við getum ekki horfst í augu við þetta lengur eins og þetta er. Ég minni enn og aftur á að það sem gerir það nú enn brýnna en fyrr að taka á þessu máli, en það er unga fólkið sem er að koma úr námi og að hefja endurgreiðslur námslána með þeirri hroðalegu endurgreiðslubyrði og tekjutengingu sem þar er á ferðinni. Það dæmi gengur ósköp einfaldlega ekki upp. Ég skora á þá hér sem hafa efasemdir að verða sér úti um frænda eða kunningja sem er í þessum sporum, er að ljúka námi — flestir eiga slíka geri ég ráð fyrir — er að hefja endurgreiðslur á námslánum, er með börn á framfæri, er nýlega búinn að reyna að koma sér upp húsnæði og er á einhverjum svona miðlungstekjum sem opinber starfsmaður. Fari menn í gegnum slíkt dæmi og sýni fram á að það geti yfir höfuð gengið upp. Niðurstaðan mun verða sú að það gerir það ekki. Og það mun síst af öllu verða Lánasjóði ísl. námsmanna til góðs að hafa þetta ástand svona óbreytt því að það mun ósköp einfaldlega skila sér í

stórauknum vanskilum á komandi árum ef svo heldur sem horfir.

Síðan, herra forseti, ætlaði ég að ræða lítillega annan efnisþátt þessa máls og hverfa þá frá tekjuhliðinni og spurningunni um álagningu skatta yfir að menntamálunum. Og ég fagna því sérstaklega að hæstv. menntmrh. er í salnum. Það má segja kannski um menntunina svipað og jaðarskattana að hún er mál sem er mikið talað um. Það er mikið talað um gildi menntunar. Þær eru ófáar og fallegar sunnudagsræðurnar sem haldnar eru um það hversu mikilvægt sé fyrir þjóðina og framfarasókn hennar í bráð og lengd að efla menntun. Í því liggi framtíðin og besta fjárfestingin og guð má vita hvað. Og síðast á menntaþinginu sínu var hæstv. menntmrh. að tala um þetta.

En hvað gerist svo hér? Hér kemur fjárlagafrv. þar sem eitt skólastig er alveg sérstaklega tekið fyrir, að vísu með þeim sérkennilegu rökum sem hæstv. forsrh. viðhafði að það væri vegna þess að það væri ekkert meira af hinum að hafa. Hæstv. forsrh. var svo penn að hann útskýrði þetta einfaldlega svona að það væri ekkert meira af háskólanum að hafa og þess vegna yrði að ráðast á framhaldsskólann. Ég vil fá hæstv. menntmrh. hér til að útskýra fyrir okkur hvar, inn í þetta samhengi um gildi menntunarinnar, um bestu fjárfestinguna, um framtíðina, niðurskurðurinn á framhaldsskólunum kemur í öllu góðærinu. Þetta er þannig að framhaldsskólastigið sem slíkt í heild sinni fær nánast óbreytta krónutölu í fjárlagafrv. Það er sagt í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Heildarframlag til framhaldsskóla er áætlað 5.258 millj. kr., sem er hækkun um 37 millj. kr. frá fjárlögum líðandi árs." En í töflu á sömu blaðsíðu er að vísu sagt að í fjárlögunum séu þetta 5.257 millj. en í frv. 5.258 og er þarna eitthvert misræmi á ferð sem hæstv. fjmrh. kann vafalaust að skýra. Annars vegar er gert ráð fyrir hækkun upp á tæpa milljón, hins vegar hækkun upp á 37. Þeir snillingarnir í fjárln. eiga líka eftir að fara yfir á hvorum staðnum prentvillan er, enda ekki stórt mál því að það skiptir satt best að segja litlu hvort þarna er á ferðinni aukning upp á 0,1% eða 0,7%. Það breytir ekki miklu þegar það er haft í huga að fjárlögin eru almennt reiknuð upp með um 2,5% hækkun eða eitthvað í nágrenni við það og það vantar þá hér gagnvart framhaldsskólunum. Hjá þeim er skert sem því nemur sem reiknað er með að verðlagið hækki í landinu á næsta ári, ekki satt, úr því að þeir eru með sömu krónutölu. En skerðingin felst líka í raun og veru að mestu í því að nemendum á að fjölga um 2,4%. Það er að vísu einhvers staðar sagt að 19 millj. eða eitthvað svoleiðis séu ætlaðar í það. En það þarf ekki flókinn útreikning til að sýna að það dugar væntanlega skammt á móti fjölgun nemenda upp á eitthvað af þessari stærðargráðu.

Það þarf líka að hafa það í huga að framhaldsskólinn hefur verið að breytast á síðustu árum, t.d. hvað varðar skólasókn, hvað varðar þann fjölda úr hverjum árgangi sem fer í framhaldsskóla eða er í framhaldsskóla. Hæstv. menntmrh. hefur gefið út mikla tölfræðihandbók. Hann hefur yfirtekið að hluta verkefni Hagstofunnar og gefið út tölfræðihandbók um menntun og menningu. Þar kemur m.a. fram í töflu að hlutfallsleg skólasókn árganga á framhaldsskólastigi á árunum 1978–1994 hefur vaxið upp undir 20% t.d. fyrir nemendur á 16 ára aldri, úr 70 og upp í upp undir 90%. Þetta þýðir heilmikla breytingu á þeim veruleika sem menn standa frammi fyrir í framhaldsskólastarfinu. Með öðrum orðum að langstærstur hluti, yfirgnæfandi hluti ungmenna á þessum aldri er að reyna að ljúka framhaldsskólanámi, þar með taldir þeir sem kannski eiga erfiðast um vik og þurfa á meiri stuðningi að halda. Þetta gerir verkefni framhaldsskólanna erfiðara og meira krefjandi. Er verið að koma til móts við það í þessum áherslum sem hæstv. menntmrh. leggur? Það held ég ekki.

Svo um nokkur einstök atriði í þessu sambandi. Fyrst um þá rausn eða reisn sem er yfir því hjá hæstv. menntmrh. að ætla að slá af húsnstjórnarskólana, húsnstjórnarfræðsluna í landinu. Ætli hv. þm. Jón Kristjánsson sé ekki hreykinn af því að verða í hópi þeirra manna sem greiða með því atkvæði að einn sögufrægasti húsnstjórnarskóli landsins á Hallormsstað þar sem margir góðir menn hafa fengið uppeldi sitt verði sleginn af? Eða húsnstjórnarskólinn hér í Reykjavík? Og hefði ég þó haldið að það mundi ekki ríða baggamun þó að þessir skólar fengju að halda áfram, þetta nafn fengi að vera til, þetta merka skólastig sem margt gott og mikilvægt mætti um segja. Þó verð ég að segja, herra forseti, að mér finnst taka alveg gjörsamlega steininn úr í þessum efnum hvað varðar útkomu eða áherslur hæstv. menntmrh. eða ríkisstjórnarinnar í málefnum framhaldsskólanna þegar kemur að þremur litlum framhaldsskólum á landsbyggðinni. Að hæstv. ráðherra skuli leggja áherslu á að níðast alveg sérstaklega á þremur litlum framhaldsskólum á landsbyggðinni. Það skil ég ekki. Það finnst mér ómerkilegt. Og að það skuli vera gert án þess að nokkur rökstuðningur af einu eða neinu tagi sé færður fram í greinargerð frv. um það mál er hneyksli því að ef menn sjá ástæðu til þess að skera niður framlög til starfsemi um t.d. 20%, bara sisvona upp úr þurru eins og hér er gert eða lagt til, þá skulda menn a.m.k. einhverjar skýringar á því. Það er mikill vaðall í greinargerðinni um framhaldsskólastigið upp á hátt á þriðju blaðsíðu sem sjálfsagt hefur verið samið í menntmrn. og faxað þaðan niður í fjmrn. Nema þeir séu nettengdir. Það kann að vera. (**Fjmrh.:** Upp í fjmrn.) Eða upp í fjmrn. Fyrirgefðu, hæstv. fjmrh. Auðvitað er það upp á við. Þeir eru vel tölvuvæddir eins og kunnugt er í menntmrn. og hafa kannski bara sent þetta á línu. En örugglega hafa þeir lesið yfir textann eða ég geri ráð fyrir því að hann sé ekki í mótsögn við vilja hæstv. menntmrh., þ.e. skýringarnar á fjárveitingu til framhaldsskólastigsins. En svo merkilega vill til að um þessar þrjár stofnanir sem sérstaklega er níðst á þarna er ekki eitt einasta orð. Er þetta þó þannig að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu sem fékk þó 30 millj. á þessu ári á að fá 24. Þar er skorið niður um rúm 20% ef ég hef reiknað rétt. Framhaldsskólinn að Laugum í Reykjadal er með á fjárlögum 33,7 en á að fá 27,6 samkvæmt frv., skorið niður um 18% og framhaldsskólinn á Húsavík sem er ungur skóli í uppbyggingu og var með 52 millj. á þessu ári, á að fá 44,3. Þar er skorið niður um 15%. Hver eru rökin? Hver er stefnan, hæstv. menntmrh., í málefnum þessara skóla eða framhaldsnáms á landsbyggðinni og í hinum dreifðu byggðum almennt? Ég tel það hneyksli ef hæstv. menntmrh. á að komast upp með það að leggja svona hluti til öðruvísi en fyrir því séu færð rök og það sé sett í samhengi við einhverja stefnu eða einhverjar ákvarðanir sem þarna eru á ferðinni. Niðurskurður af þessu tagi þar sem sérstaklega er níðst á einstökum aðilum innan sviðs eins og framhaldsskólastigið er, gengur ekki upp á þennan hátt. Og öll ósköpin sem á að hafa upp úr krafsinu með því að hamast á þessum þremur litlu framhaldsskólum í dreifbýlishéruðum í landinu, hvað er það? Það er eins og þrjár drossíur handa utanrrn. Það er allt og sumt því innan við 20 millj. kr. eða svo eiga þarna að sparast. Er það akkúrat þarna sem mest nauðsynin er að ná

út peningum af þessari stærðargráðu?

Ég vona, herra forseti, að við fáum á því skýringar frá hæstv. menntmrh., eða þá þess vegna frá hæstv. fjmrh., hvernig þetta falli inn í skólastefnu og menntastefnu ríkisstjórnarinnar, hver sé þá stefna hennar t.d. varðandi framhaldsnám á landsbyggðinni almennt. Er það skoðun hæstv. menntmrh. að fólkið sem býr í dreifbýlinu þurfi ekki á framhaldsnámi að halda? Er bara sóun að halda uppi kennslu á framhaldsskólastigi yfirleitt nema hér í Reykjavík og kannski á fáeinum vel völdum stórum stöðum annars staðar í landinu? Búa þarna einhverjir annars flokks þegnar sem eiga ekki rétt á þjónustu af þessu tagi? Nú er spölur í næsta framhaldsskóla frá Höfn í Hornafirði úr Austur-Skaftafellssýslu. Ekki fara menn heiman að og heim á degi hverjum til framhaldsnáms ef það verður rústað niður á því svæði. Sama má að sjálfsögðu segja um Þingeyjarsýslur þó að út af fyrir sig mætti færa fram rök fyrir því að þar mætti skipulag framhaldsnáms vera markvissara þar sem starfa tveir sjálfstæðir framhaldsskólar á afmörkuðu svæði. Þá er það allt annað mál. Það er til þess að taka á því með öðrum hætti en þessum að koma svona fram við menn. Ég mótmæli, herra forseti, þessari framkomu við starfsfólkið í þessum skólum. Ég mótmæli þessari aðför að framhaldsnámi og þessum byggðarlögum og ég mótmæli síðast en ekki síst þessari framkomu við nemendur sem horfast þarna í augu við það, hafandi þegar innritað sig í nám í þessum skólum, að það verði kannski að skera niður kennslumagn um nokkurn veginn sama hlutfall og fjárveitingarnar sem hér eiga í hlut. Hvers konar framkoma er það t.d. við nemendur sem þegar hafa innritað sig og hafið nám á þessum stöðum að ætla að koma aftan að þeim með þessum hætti? Það er löðurmannlegt. Ég trú því ekki að þessi niðurskurður nái fram að ganga og treysti því algerlega að þessu verði breytt í meðförum þingsins enda væri allt annað meiri háttar hneyksli, herra forseti.

Tíma mínum er senn lokið enda hafði ég í sjálfu sér fyrst og fremst hugsað mér að ræða þessi tvö meginmál, herra forseti. Hæstv. samgrh. er ekki hér til staðar en það hefði út af fyrir sig verið því miður tilefni til að fara enn einu sinni yfir þá dapurlegu útkomu sem sá málaflokkur fær og er að verða regla en ekki undantekning. Því miður er á ferðinni verulegur niðurskurður framlaga til mikilvægustu þátta samgöngumála eins og vegamála og flugmála en það gefst tóm og tækifæri til að ræða betur síðar, herra forseti, bæði þegar þau mál sérstaklega verða á dagskrá og eins við síðari umræður um fjárlagafrv.

[19:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einkum tvennt sem mig langar til þess að veita andsvar við. Það er í fyrsta lagi tekjur af virðisaukaskatti og ef tími gefst til nokkur orð um jaðaráhrif tekjuskattskerfisins.

Á bls. 265 og 266 í greinargerð þess frv. sem hér er til umræðu er rætt um virðisaukaskattinn. Ef menn lesa þennan texta og skoða töflur á bls. 266 kemur í ljós að virðisaukaskatturinn hefur á yfirstandandi ári ekki skilað þeim tekjum sem menn héldu. Menn hafa leitað skýringa og skýringarnar eru nefndar efst á bls. 266 en þær virðast liggja í því að fjárfestingar hafi orðið meiri en gert var ráð fyrir í frv. yfirstandandi árs. Það hefur leitt til þess þegar fjárfestingar verða meiri að frádrátturinn í virðisaukaskattinum verður meiri og tekjurnar urðu minni á yfirstandandi ári en efni standa til. Við teljum að hér sé um töf að ræða sem ætti að skila sér á næsta ári í auknum mæli vegna þess að þá ættu fjárfestingarnar að skila meiru af sér og ef ekki verður sami vöxtur í fjárfestingum á næsta ári eins og yfirstandandi ári ættu virðisaukaskattstekjurnar að vaxa meira en aðrar tekjur almennt á næsta ári. Þetta er skýringin, engin önnur. Þetta kemur mjög glögglega fram í frv. og vonandi skilur hv. þm. þetta því að ég veit að hann er glöggur mjög.

Spáð er að vöxtur einkaneyslunnar á næsta ári verði 3,5%. Það kemur fram. Það eru forsendur sem þetta byggir á þannig að það byggir ekki á einhverri gífurlegri einkaneyslu umfram það sem þar kemur fram.

Varðandi jaðaráhrifin minni ég á að þrátt fyrir það að ekki sé hægt að lesa út úr frv. einhverjar breytingar á skattalögunum er hægt að gera slíkar breytingar og þær að taka gildi þótt niðurstöður teknanna séu þær sömu og koma fram í frv.

[19:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru út af fyrir sig alveg réttmætar ábendingar hjá hæstv. fjmrh. Þetta kemur fram í greinargerð frv. og það var í sjálfu sér ekki það sem ég var aðallega að vara við að menn tækju mark á því að þarna virtist vera um þessa töf að ræða. Ég held út af fyrir sig að það séu alveg eðlilegar skýringar að það hafa verið miklar fjárfestingar og það hefur myndast mikill innskattsstofn til frádráttar, sérstaklega hjá fyrirtækjum. En eftir sem áður er gert ráð fyrir að bæði umsvifin eða veltan, bæði að þessu leyti og eins gagnvart einkaneyslunni verði þessi sem ég var að gera sérstaklega að umtalsefni. Til að mynda er gert ráð fyrir að einkaneyslan aukist um 3,5% ofan á þá aukningu sem er í ár. Það er sérstaklega sú forsenda sem ég vara við. Ég er ekki búinn að sjá það nema menn geri hér þeim mun betri kjarasamninga og fái umtalsverðar kauphækkanir að það reynist þegar á hólminn er komið forsendur fyrir langvarandi aukningu eða einkaneyslustigi af því tagi sem við erum þar að tala um sem endurspeglaðist þá til að mynda í auknum bílainnflutningi og öðru slíku. Það verður reynslan auðvitað að leiða í ljós en ég tel a.m.k. ef maður ber saman t.d. skuldastöðu heimilanna nú við það sem var á síðasta uppsveiflutíma, 1986–1987 eða fram á árið 1988 sem oft er tekið til samanburðar, þá sé að einu leytinu til mjög ólíku saman að jafna og það er þessi mikla skuldaaukning heimilanna sem er bitur veruleiki sem við verðum að horfast í augu við.

[19:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við séum nokkuð sammála um þessa hluti, ég og hv. þm. Ég hefði átt að bæta því við vegna þess að hv. þm. minntist á það í máli sínu að flýtifyrning hefði haft þýðingu í þessum efnum. Það er rétt en það var tímabundin aðgerð og henni er lokið. Nú er það ekki flýtifyrning sem hvetur fyrirtækin til fjárfestinga. Þetta var aðgerð sem á ættir að rekja til kjarasamninga sem gerðir voru í ágætri samstjórnartíð okkar hv. 9. þm. Reykv. og þeirri aðgerð er lokið þannig að það skýrir þetta enn frekar.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um jaðaráhrifin en ég bendi á að eftir að fjármagnstekjuskatturinn hefur verið lagður á skapast svigrúm til þess að gera breytingar í tekjuskattsmálum, þar á meðal vegna þess t.d. að skattafsláttur vegna hlutafjárkaupa er ekki jafnbrýnn og áður þegar skattur af arði hefur verið lækkaður niður í 10% og ég tek það fram að ríkisstjórnin hefur ekki endanlega tekið af skarið um það hvernig hún vill dreifa þeim tekjum sem koma bæði

af því og eins af fjármagnstekjuskattinum en mér finnst vera eðlilegt að nefna þar til sögunnar bæði tekjuskattinn og eignarskattinn. Þá mætti í leiðinni hugsa sér breikkun eignarskattsstofnins og lækkun á fyrningum. Þetta þarf auðvitað að ræða og ég held að það sé ekkert óeðlilegt og óvanalegt við það að þær umræður eigi sér stað um svipað leyti og verið er að gera kjarasamninga í landinu og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

[19:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta hafi verið mjög merkileg skilaboð sem var verið að læða út til okkar að um þetta væri upplagt að semja. Auðvitað er það ein ágæt aðferð sem oft hefur verið notuð til þess að ná fram réttlætismálum að verkalýðshreyfingin hefur sett kröfur um slíkt á oddinn og ekki skal standa á mér að leggja í það vinnu ásamt með öðrum sem kæmi þá til kasta Alþingis að lögfesta slíkt (**Gripið fram í:** Hvað með fjármagnstekjuskattinn?) og breyta fjármagnstekjuskattinum í leiðinni. Ég tel að þetta mál liggi einfaldlega svo ljóst fyrir að skyldi nú fara svo að þetta yrði ekki kröfugerð og ekki umsamið eða laust við það borð beri Alþingi að taka á því og okkur sé ekkert að vanbúnaði að gera það.

Ég vil gjarnan mega taka hæstv. fjmrh. á orðinu og taka undir með honum. Það er að sjálfsögðu rétt að þó að fjárlög séu afgreidd með tilteknum tekjuforsendum breytir það ekki því að Alþingi hefur löggjafarvaldið og getur gripið inn í og breytt álagningu tekjuskatts eða útreikningi eða greiðslum bóta og slíkt er hægt að gera hvort sem er við áramót eða jafnvel síðar. Náist ekki önnur betri niðurstaða fyrir þessi áramót skora ég á hæstv. fjmrh. að láta skoða það að setja einhverjar skorður á jaðaráhrifin með eftiráuppgjöri til bráðabirgða á meðan önnur og varanlegri lausn er útfærð. Það er auðveld og einföld leið tæknilega og mönnum er þar a.m.k. ekkert að vanbúnaði.

Ég tek svo undir það með hæstv. fjmrh. að það eru hlutir sem varða skattlagningu fyrirtækjanna sem þarf auðvitað að skoða. Það getur ekki verið svo að við teljum það eðlilega þróun að skattgreiðslur fyrirtækjanna lækki í bullandi góðæri eins og nú er að gerast, að tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja séu lækkandi núna við þessar aðstæður, að vísu að einhverju leyti af tímabundnum ástæðum vegna flýtifyrninga en ég held að reglurnar um töpin séu kannski stærri orsakavaldur, gömul töp sem fyrirtækin geta geymt sér í fimm ár og búa sér jafnvel til hagnað, búa til hagnað með ýmsum aðferðum sem ég ætla ekki að fara út í að ræða hér til þess að nýta töpin og fá svo afskriftir á móti á komandi árum. Þetta er ómögulegt kerfi, hæstv. fjmrh., og við verðum að breyta því.

[19:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður í dag fjallað um húsnstjórnarskólana. Það er rangt að það sé verið að slá þá af. Það er verið að gera þá að hluta af öðrum skólum og er það ekki nýjung að menn hugsi um þá leið til þess að styrkja starfsemi þeirra skóla eða það starf sem innan þeirra er.

Varðandi þá þrjá litlu framhaldsskóla sem hv. þm. gerði að umtalsefni vil ég geta þess að hér er um að ræða tilfærslu á vegum ráðuneytisins innan þeirra gildistalna sem ráðuneytið notar vegna útreiknings á kostnaði við skólahald. Þessir skólar voru í flokki með Iðnskólanum í Reykjavík og Iðnskólanum í Hafnarfirði, sem eru dýrustu skólarnir og fá mest fé á nemanda, en þeir eru vegna þess hvernig námi er háttað í þessum skólum færðir í flokk með Menntaskólanum á Laugarvatni, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Námið í þessum skólum er innan við 10% verknám þannig að það eru fyrir því fullgild rök að mati ráðuneytisins að breyta gildistölunni og laga hana að því starfi sem er unnið innan skólanna.

Varðandi kostnað við framhaldsskólann og þær tölur sem nefndar eru vil ég nefna hér tölur, samanburð framlaga til framhaldsskóla árið 1996–1997 á verðlagi fjárlaga 1996. Á árinu 1996 er varið 226.900 kr. á nemanda í framhaldsskóla. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að varið verði 220.600 kr. og ef það er á verðlagi hvors árs um sig var það í fyrra 226.900 en í ár 227.900 á nemanda sem rennur á hvern nemanda í framhaldsskólum.

[19:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona nú að hæstv. ráðherra sinni skyldum sínum með þeim hætti að hann flytji okkur hér ræðu og fari þar yfir þau atriði sem ég spurði um og innti eftir og komu eðlilega ekki fram í stuttu svari hans eins og um samhengi þessara ákvarðana við stefnuna í málefnum framhaldsskólans og þá sérstaklega náms á framhaldsskólastigi í hinum dreifðu byggðum. Og að bera það fram sem svar að hér sé um að ræða tilfærslu innan ramma gildistalna sem ráðuneytið notar, punktur. Hvers konar svar er það? Halda menn að menn séu einhverju nær á Höfn, á Laugum eða annars staðar? Heldur ráðherra að mönnum sé einhver huggun í því að vita að 20% niðurskurður skýrist af tilfærslu innan ramma gildistalna sem ráðuneytið notar? Þetta er ekki frambærilegt, herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að koma þannig fram við menn að segja bara við þá: Heyrðu, því miður vinur, þið voruð færðir þarna til innan ramma gildistalna sem ráðuneytið notar og það þýðir 20% niðurskurð á ykkur. Punktur, sisvona. (Gripið fram í.) Það er mönnum lítil huggun, það er mönnum í fyrsta lagi lítil huggun þó gefin sé slík skýring. Í öðru lagi að líta á aðstæður þessa skóla. Eru þær á einhvern hátt svo sérstakar að það sé einmitt ekki sanngjarnt að henda þeim inn í ramma þessara gildistalna sem ráðuneytið notar? Og í þriðja lagi er algjört lágmark, það eru lágmarksmannasiðir að að breytingum af þessu tagi sé aðdragandi, að menn fái eitt, tvö, þrjú ár til þess að mæta slíkum breytingum og þær gerist í áföngum ef þær sýnast réttlátar og sanngjarnar á annað borð sem ég er ekki hér með að skrifa upp á nema síður sé. Þetta er því ekki framgangsmáti sem hægt er að una við og skýringar hæstv. ráðherra eru harla rýrar í roðinu. Ég skora á hæstv. ráðherra að gera betur.

[19:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar svokölluðu gildistölur eru grundvallartölur sem menn hafa komið sér saman um sem starfa í skólunum og ráðuneytinu um það hvernig á að haga fjárveitingum til skólanna þannig að það er ekkert léttvægt og ekki unnt að draga það í efa að þær séu byggðar á haldgóðum forsendum. Spurningin er hins vegar þessi: Er það nám sem er boðið í þessum skólum þess eðlis að þeir eigi að vera í sama flokki og t.d. Iðnskólinn í Reykjavík og Iðnskólinn í Hafnarfirði eða með þeim skólum sem ég taldi, þ.e. Menntaskólanum á Laugarvatni, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands? Það eru fagleg sjónarmið sem þarna koma til álita og eins og náminu

er háttað í þessum skólum, þá er hægt að færa fyrir því haldgóð rök að þeir geti veitt kennslu innan þessa fjárhagsramma. Ég viðurkenni að stökkið er stórt og menn geta dottið niður ef þeir leggja of mikið undir þegar þeir taka slíkt stökk. En það er vel hægt að mínu mati að starfrækja skólana innan þessa ramma og það er ástæðulaust með öllu að gera lítið úr þessum gildistölum. Þær verða lagðar til grundvallar. Það eru m.a. svipuð sjónarmið sem Háskóli Íslands vill að lögð séu til grundvallar þegar nám er metið í þeim skóla. Þetta eru viðurkenndar reiknireglur þegar menn eru að veita fé til skóla. Það er sjálfsagt að alþingismenn kynni sér hvað þarna býr að baki en samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum ber menntmrh. að gefa út reglugerð sem byggir á slíku reiknilíkani og slíkum útreikningum. Það þarf að meta hvern einasta skóla og hvernig hann kemur út miðað við slíkt líkan. Þetta eru starfsreglur. Ef hv. þm. hefur ekki vitað það þá verð ég að upplýsa hann um það. En fyrir þessu eru alveg fullgild rök og það þarf ekki að draga í efa að menn hafi velt þessu fyrir sér.

[19:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki sannfærður þó að mér sé sagt að þessar gildistölur séu grundvallartölur. Það er bara ekki skýring sem dugar mér langt. Og að þetta snúist einfaldlega um að það verði að ákveða bara vélrænt hvort þessir skólar fylgi Iðnskólanum eða Menntaskólanum á Laugarvatni. (Gripið fram í.) Ég spyr um aðstæður þessara skóla, hæstv. menntmrh. Hverjar eru þær? Þarf ekki að líta til þess að hér er verið að halda uppi framhaldsnámi í dreifðum byggðum, í tveimur tilvikum af þremur í heimavistarskólum með tiltölulega fáa nemendur og kannski að einhverju leyti verið að reyna að kenna þar sérhæft nám einmitt vegna þess að skólarnir eru fámennir og þeir geta ekki boðið upp á mjög dreift námsframboð. Mér finnst þetta vélrænn hugsunarháttur sem hér er á ferðinni og mér er alveg nákvæmlega sama þó þetta séu einhverjar gildistölur sem lengi er búið að liggja yfir uppi í ráðuneyti. Ég bara skrifa ekki upp á hann. Ég tel að það þurfi að skoða þarna aðstæður í hverju tilviki og að það þurfi að vera markmið á ferðinni um það. Vilja menn eða vilja menn ekki að til staðar sé framhaldsnám á slíkum svæðum og svara þeirri spurningu.

Ef hæstv. menntmrh. er tekinn á orðinu og þá er hann að reyna að segja okkur að í raun og veru hafi þessir skólar haft 20% of mikið miðað við eðli þess náms sem þar fer fram. Hvers konar rekstur hefur þetta þá verið undanfarin ár? Er verið að segja að þarna hafi verið sóun sem sé hægt bara að kippa út sisvona? Þetta gerist ekki svona, hæstv. menntmrh., að ekki með ... (**Menntmrh.:** Þetta gerist svona.) Það á að gerast svona, sem sagt. Þetta er stjórnunarstíllinn sem hæstv. menntmrh. vill innleiða í menntakerfinu, þessi vélræni hugsunarháttur gildistalnanna. Innan ramma gildistalna hins heilaga ráðuneytis suður í Reykjavík skulu menn sitja og standa í þeim framhaldsskólum sem fá að halda lífi úti á landsbyggðinni. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast enn meir eftir því sem þessi orðaskipti lengjast við hæstv. menntmrh. Og geðleysi þeirra stjórnarþingmanna sem ætla að skrifa upp á þetta má mikið vera. (**Gripið fram í:** Hvar er Blöndal?) Heyr. Heyr.

[19:35]

Útbýting þingskjala:

Færsla aflaheimilda, 53. mál, fsp. GuðjG, þskj. 53.

Kosningar til Alþingis, 50. mál, frv. SvG, þskj. 50.

Lögræðislög, 49. mál, frv. JóhS og GGuðbj, þskj. 49.

Skerðing bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna, 52. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 52.

Skerðing uppbótar vegna umönnunar- og lyfjakostnaðar til lífeyrisþega, 51. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 51.

[Fundarhlé. — 19:36]

[20:31]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrv. 1997 markar söguleg kaflaskil. Það eru söguleg kaflaskil vegna þess að fjárlögum er nú skilað hallalausum. Það eru ekki söguleg kaflaskil vegna þess að slíkt hafi ekki gerst áður, heldur af þeirri ástæðu að þessi árangur er ekki tilviljanakenndur heldur byggir hann á styrkri og traustri fjármálastjórn ríkisstjórnarinnar þó svo sannarlega skuli viðurkennt að gott árferði hjálpi þar verulega til. Við getum þess vegna vænst þess að þessi árangur í ríkisfjármálum sé ekki árangur eins árs heldur sé hér fyrsta ár af mörgum sem munu leiða af sér svipaða niðurstöðu, hallalaus fjárlög og þar með svigrúm til margra þeirra verka sem við viljum helst og best vinna í íslensku þjóðfélagi. Með aðhaldi í ríkisrekstri hefur þetta markmið náðst auk þess sem margvíslegri hagræðingu hefur verið beitt í ríkiskerfinu og stöðugleika haldið í peningamálum á hverju sem hefur gengið. Slíkt mun ekki aðeins skila sér hjá íslenskum atvinnuvegum, heldur mun það einnig skila sér í aukinni sókn og vilja erlendra aðila til þess að koma hingað með fjárfestingu. Og um leið og við fögnum því, þá hljótum við líka að fagna því að íslenskir aðilar, íslenskt athafnalíf, íslensk fyrirtæki munu standa betur og eru tilbúnari til þess að eiga í samkeppni við erlenda aðila eða taka þátt í samstarfi við þá með góðum árangri fyrir land og þjóð.

Það er augljóst mál og þýðir ekki annað en viðurkenna það að þessi árangur hefur að sjálfsögðu ekki náðst án þess að færa fórnir. Þau eru fjölmörg málin sem við hefðum gjarnan viljað leysa en ekki er hægt að verða við að svo stöddu, ef því markmiði átti að ná að skila hallalausum fjárlögum. En traust efnahagslíf íslensku þjóðarinnar er að sjálfsögðu forsenda þess að við náum slíkum árangri þegar lengra er litið. Traustur fjárhagur mun án efa koma í veg fyrir skuldasöfnun og veðsetningu komandi kynslóða og traustur fjárhagur mun sömuleiðis verða til þess að við getum viðhaldið því velferðarkerfi sem við viljum. Það er afdráttarlaus afstaða mín að ég vil ekki taka þátt í því á uppgangstímum að skila tapi á ríkissjóði. Með slíku framhaldi verður ekki aðeins um gjaldþrota efnahagsstefnu og háska fyrir sjálfstæði þjóðarinnar að ræða, heldur yrði það velferðarkerfi gjaldþrota sem við öll viljum svo gjarnan verja og við gætum ekki orðið við öllum þeim góðu óskum sem fram eru settar og náð markmiðum okkar á því sviði. Það er grundvallaratriði í afstöðu minni til fjárlagagerðar á þessu kjörtímabili sem ég sit að hægt verði þegar fram í sækir að skila árangri í ríkisfjármálunum til lausnar á mörgum góðum viðfangsefnum.

En jafnvel á aðhaldstímum hljótum við að spyrja grundvallarspurninga. Við hljótum að spyrja grundvallarspurninga um þau atriði sem við ekki viljum raska og hvar við viljum ekki skera niður, jafnvel þó svo við viljum beita aðhaldi. Ég vil nefna tvennt sem mér er í huga.

Annars vegar eru það þeir sem allra verst eru settir og minnst mega sín í okkar samfélagi. Það er svo sannarlega til

fólk á Íslandi sem er sjúkt og fátækt og á mjög erfitt með að bjarga sér. Þetta fólk á sömuleiðis mjög erfitt með að bera hönd fyrir höfuð sér. Því á að hlífa. Við höfum efni á að hlífa þessu fólki. Við eigum að taka fé annars staðar en hjá því og ekki þrengja kost þess.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er menntun. Þegar við horfum til heimila okkar, okkar sjálfra og barnanna okkar finnum við að menntunin er eitt það atriði sem við viljum síst taka frá þeim. Allt viljum við fremur láta frá okkur heldur en að skerða rétt barna okkar til náms. Ég hef verið talsmaður þess að stilla niðurskurði í menntamálum í hóf og raunar hefðum við mátt hugsa það að skera þar ekki niður, heldur leita fanga annars staðar í ríkisfjármálunum.

Ég ætla ekki að flytja hér neina hátíðarræðu eða sunnudagsræðu, en minna þó á það sem öllum er ljóst að menntunin er grundvallaratriði í framtíð okkar. Hún er lykilatriði í sjálfstæðisbaráttu landsmanna, sjálfstæðisbaráttunni síðari þar sem tekist verður ekki aðeins á um efnahagslegt sjálfstæði, sjálfsákvörðunarrétt eða annað sem tekist var á um í sjálfstæðisbaráttunni fyrri. Hún snýst um fólk. Ef við höfum ekki vel menntað fólk og tækifæri fyrir það í landinu okkar þá munum við glata þessu fólki og það mun þess vegna leiða til mikils ófarnaðar. Þessari sjálfstæðisbaráttu lýkur seint eða aldrei vegna þess að við þurfum og höfum ákveðið að standa í nánum samskiptum og samkeppni við aðrar þjóðir. Þess vegna verðum við að taka þátt í því af fullri getu og glata ekki fólkinu okkar um leið og við metum hvað er okkur mikils virði, hverju við viljum halda og hverju við viljum deila með öðrum þjóðum. Við þekkjum öll svar gömlu ævintýranna hvað þessi mál snertir. Þegar ungir menn fóru að heiman og vildu leita gæfunnar eða jafnvel Búkollu sjálfrar, merkasta grips í kotinu, þá spurðu þeir: Hvar á ég að leita? Þá var sagt við þá: Það verður þú að segja þér sjálfur. En það var eitt sem ekkert kot neitaði sonum sínum um og það var nesti og nýir skór. Við skulum ekki svipta okkar unga fólk nesti og nýjum skóm og senda það þannig út í þann fjölþjóðlega heim sem það á í vændum. Við skulum búa því hinar bestu aðstæður í menntamálunum. En ungt fólk á að sjálfsögðu að axla sína ábyrgð í þeim efnum. Það er ekki hægt að setja stöðugt kröfur til þjóðfélagsins og óska eftir því að þar fáist allt, heldur verður ungt fólk að leggja sitt af mörkum á móti og taka þar með ábyrgð á lífi sínu, hamingju og menntun.

Svo sannarlega hefur náðst góður árangur í ríkisfjármálunum og það má segja að með honum höfum við komist upp á brekkubrúnina. En hver sá sem stendur á brekkubrún kemst að því að bekkan er að baki en fjallið er fram undan. Og hvert er það fjall sem við höfum nú fram undan þegar brekkan er að baki? Fjallið er að sjálfsögðu það að standa við þau fyrirheit sem menn vænta í velferðarmálum og menntamálum. Stuðningur við aðhald í ríkisfjármálum og árangur í efnahagslegum ávinningi hlýtur að mótast af þeirri grundvallarafstöðu að við getum orðið við þeim sjálfsögðu kröfum sem uppi eru í þjóðfélagi okkar í velferðar- og menntamálum.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, varaformanns fjárln., að þau eru mörg verkefnin sem við viljum skoða. Ég vil eins og hann beina örfáum orðum til fjárln. og óska eftir því að hún skoði þau efni í vinnu sinni. Þar vil ég nefna menntamálin eins og hv. þm. gerði og þær aðhaldsaðgerðir sem nú koma fram í framhaldsskólunum og bitna mjög á skólum á landsbyggðinni. Hér er gengið nokkuð ákveðið að skólunum og vil ég að það sé skoðað mjög rækilega hvort ekki megi ná árangri með aðhaldi í menntamálum öðruvísi en með þeim tillögum sem þar hafa komið fram.

Ég hef bent á að hugsanlega mættu einhverjar opinberar framkvæmdir hvort sem það væri þá í menntamálum eða annars staðar en læt fjárln. bíða eftir að skoða þau efni eftir mínum ábendingum eða annarra sem væru tilbúnir til slíks starfs.

Í ágætri ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar gat hann um jafnvægi milli landshlutanna og benti á að mikil þensla er á suðvesturhorninu og framkvæmdir af ýmsu tagi sem gætu gert það að verkum að aðrir landshlutar sætu við lakara borð í þeim efnum. Ég vil á sama hátt einnig benda á að hér í Reykjavík eru margvísleg verkefni sem ekki eru síður umhugsunarefni. Sérstaklega vil ég af þessari ástæðu benda á úrbætur í málefnum fatlaðra sem svo sannarlega hafa orðið að bíða um alllangt skeið í Reykjavík. Fram til 1980 hagaði svo til að þjónusta í málefnum fatlaðra var fyrst og fremst veitt svo að gagni væri á Akureyri, í Reykjavík og á Sólheimum í Grímsnesi. En frá 1980 hefur uppbyggingin verið mjög öflug víða úti um land enda var kominn tími til. Án þess að ég vilji nefna einstök verkefni vil ég vekja athygli fjárln. á því að verulega þarf úr að bæta á höfuðborgarsvæðinu og að í fjárlagafrv. nú er ætlað að um 25% af fjárframlögum ríkisins komi til Reykjavíkur. Það eru 372 millj. og til Styrktarfélags vangefinna 218 millj., samtals 590 millj. af 2 milljörðum og 314 millj. þannig að um 25% af fjárframlögum ríkisins fara til Reykjavíkur. Þó vitum við að þar eru 40% landsmanna.

Meginatriðið er þó ekki það að bítast um milli landshluta eða málaflokka. Meginatriðið er að við erum að ná sögulegum árangri með eflingu á traustum fjárhag ríkisins, hallalausum fjárlögum, hagkvæmum rekstri og fyrirhyggju. Stuðningur við þessar aðgerðir tengist þeirri von að árangurinn skili sér á margvíslegan hátt í góðum verkum á sviði velferðar- og menntamála jafnhliða því sem við treystum atvinnulíf okkar til lengri framtíðar.

[20:46]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Góður árangur efnahagsstefnunnar kemur betur og betur í ljós. Við umræðuna hefur komið fram að stefnan hefur skilað traustari stöðu atvinnulífsins í landinu og almennt bættum kjörum. Dæmið var reiknað rétt og sameiginlegt átak landsmanna að reka verðbólguna af höndum sér og treysta stöðugleika í verðlags- og gengismálum hefur gjörbreytt stöðunni til hins betra. Fyrirtækin hafa náð sér allvel á strik. Þau hafa bætt skuldastöðu sína, þ.e. greiða niður skuldir og sama gildir á þessu ári um sveitarfélögin. Staða þeirra fer yfirleitt einnig batnandi með minnkandi skuldum og um leið nokkuð auknu svigrúmi til fjárfestinga. Kaupmáttur hefur vaxið. Hann hefur aukist um tæp 10% á þessu og síðasta ári. Þó að staða heimilanna hafi ekki lagast að sama skapi er ástæðan sú að einkaneyslan vex langt umfram kaupmáttaraukninguna og er það vissulega áhyggjuefni. Við tölum í þessu sambandi um hag heimila, hag heimila sem grunneininga þjóðfélagsins og sem þarf að styrkja og hlúa að. Neyslan hefur aukist hratt og neyslugjöldin vaxa hröðum skrefum. Afleiðingin er sú að jákvæður viðskiptajöfnuður undanfarinna þriggja ára hefur snúist í halla á seinni hluta þessa árs. Erlendar skuldir þjóðarbúsins fara því aftur vaxandi. Fólki er að sjálfsögðu heimilt að ráðstafa fjármunum sínum eins og það kýs en í þessu fer þó saman, og það ber að hafa hugfast, hagur heimila og hagur þjóðarheimilisins. Skynsemi þarf að ráða í fjárreiðum á báðum sviðum. Við

verðum að hugsa um þjóðarhag af ábyrgð eins og væri um okkar beinu hagsmuni að ræða. Eftir langvarandi aðhald eygir fólk batnandi tíð og bjartari tíma en varlega þarf að fara eigi það ekki að verða villuljós. Ef skuldir heimila vaxa að einhverju ráði er afar hætt við því að kaupmáttaraukningin fari öll í vexti og allur almenningur standi í þeim sporum að efnahagsbatinn skili sér ekki vegna skuldabyrða. Menn verða sérstaklega að huga að þessu.

Herra forseti. Vert er að undirstrika að árangur undanfarinna ára í efnahagsstjórn hefur skilað sér í bættum lánakjörum erlendis. Í fjárlagafrv. kemur fram, og einnig í ræðu hæstv. fjmrh., að tvö af virtustu fjármálafyrirtækjum heims, sem meta lánshæfi þjóða, ákváðu á árinu að hækka lánshæfieinkunn Íslands. Þau rökstyðja ákvörðun sína með því að traust og ábyrg hagstjórn hafi tekið við á Íslandi. Þetta er gífurlega mikilvægt atriði og skilar sér til allra. Ríkissjóður nýtur betri lánskjara. Mörg af lánunum sem tekin hafa verið á undanförnum áratugum eru með breytilega vexti og þeir hafa sem sagt lækkað upp á síðkastið. Verðbótaþáttur skuldanna fer mjög lækkandi. Þetta er einmitt árangurinn sem ekki sést í fljótu bragði af þeirri styrku efnahagsstjórn sem hefur tekið við. Byrðin af erlendu lánunum léttist þar sem efnahagsstjórnin er traust og trúverðug í augum umheimsins. Því má segja að styrk efnahagsstjórn færi okkur tvöfaldan ávinning, aukinn kaupmátt og betri kjör á lánum okkar erlendis. Til marks um stórbætta efnahagsstöðu Íslands í samningaviðræðunum um nýtt álver er reiknað með því að fyrirtæki, sem nú er sérstaklega í umræðunni, komi inn á almennum forsendum um starfsskilyrði að verulegu leyti, einnig hvað varðar skattalega meðferð. Talsverð breyting hefur orðið á þessu frá fyrri tíma.

Herra forseti. Þótt gott sé að horfa stundarkorn á það sem áunnist hefur og hugsa til þess að þjóðarhagur fari batnandi er margt ógert. Fram undan er að endurskoða og lækka jaðarskattana, tekjutenginguna og allt það sem hefur virkað sem hemill á dugnað og einstaklingsframtak. Margt fólk er í þeirri stöðu að geta ekki bætt við sig vinnu sem skili því einhverju í aðra hönd. Tekjutengingin og jaðarskattar hafa vinnuletjandi áhrif. Það svarar ekki kostnaði að leggja á sig aukna vinnu og er það nýtt á Íslandi og þarf að hverfa út aftur. Allt of margir eru í þessari stöðu.

Jaðaráhrif tekjuskattskerfisins eru alvarlegur galli á skattalögunum og þola ekki mikla bið eftir leiðréttingu. Ég tek undir með þeim sem hafa látið orð falla um málið og hvet til skjótra lagfæringa á skattkerfinu. Við erum sammála um það, flest eða öll, að afkoma þjóðarbúsins fer batnandi vegna sameiginlegs átaks fólksins í landinu. Gerður hefur verið traustur grunnur, jarðvegur sem hagvöxtur sprettur upp af. Yfir því hljóta allir að geta glaðst enda þarf sífellt meira fé til velferðarkerfisins. Aldursskiptingin breytist, aldurinn hækkar hlutfallslega og velferðarkerfið tekur meira til sín. Það er líka staðreynd að velferðarkerfið fær meira til ráðstöfunar ár frá ári þótt annað sé stundum látið í veðri vaka. Flestar vestrænar þjóðir hafa átt í meiri erfiðleikum en við Íslendingar með að verja sín velferðarkerfi. Flest löndin hafa orðið að lækka framlög til heilbrigðiskerfisins hlutfallslega og til velferðarmála yfirleitt. Hitt vegur einnig þungt að aldursskiptingin hjá þeim er óhagstæðari mörgum hverjum með tilliti til fólks á vinnumarkaði. Við höfum hins vegar haldið í horfinu og vel það, hækkað framlögin en höfum reynt að sporna gegn útþenslu kerfisins.

Herra forseti. Fram undan er mikil vinna í meðferð fjárlaganefndar á frv. Þjóðin mun vonandi fylgjast með framgangi frumvarpsins og það er vel. Jafnframt þarf í sífellu að endurmeta velferðarkerfið, skoða það í kjölinn og grunninn og gerð þjóðfélagsins, hvernig við byggjum það upp, hvernig við viljum byggja það upp og hvert við viljum að það stefni. Þar eru margar brennandi spurningar sem ekki mega vera langt undan í starfi þjóðþingsins. Spurningar um uppbyggingu atvinnuveganna, endurnýjun þeirra í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og þjónustu. Jafnframt þarf að huga að þeim spurningum meðan verið er að vinna við frumvörpin. Hvernig er hægt að njóta t.d. þekkingar og reynslu eftirlaunaþega lengur en nú er í stað þess að starfsævin styttist og fólki finnist það vera afgangs þegar það eldist, ekki lengur þörf fyrir reynsluna, þekkinguna, kraftana. Og hvernig er hægt að styrkja ungt fólk til virkari þátttöku en þróunin er þ.e. að störfin sem ungu fólki yfirleitt bjóðast eru minni háttar en áður voru. Minnkandi ábyrgð sem ungt fólk fær að axla í störfum sínum og það er vissulega atriði sem þarf að hyggja að. Virk þátttaka, vitund um það að allir eru jafnmikilvægir og þörf er fyrir krafta allra, sameinaðan vilja og kraft landsmanna til að bæta þjóðfélag okkar á öllum sviðum. Þetta þurfum við að hafa hugfast.

Herra forseti. Ég flyt þessi orð almennt við upphaf umræðu um fjárlagafrv. Ég vil taka undir orð hv. þingmanna um mikilvægi menntunar, að vel þurfi að skoða þróun framhaldsskólanna og hvort þær fjárhæðir sem til þeirra er varið dugi. Ég hef áhyggjur af því að menn hafa ýmist talað um dreifbýlið eða þéttbýlið. Menntun þarf að vera hvarvetna þannig að fólk sitji við sama borð eða eigi þess kost að komast að sama borði. Í því efni dettur mér í hug að nauðsynlegt sé að hækka framlag til jöfnunar á námskostnaði ekki síst ef framhaldsskólum fækkar eða að lengra verði á milli þeirra. Ég hef einnig áhyggjur af húsnæðisþörf sumra skólanna og mér er ofarlega í huga heimavistarhúsnæði fyrir Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki þar sem vandræðaástand hefur skapast. Um tillögur á fjáraukalögum sem gerðar eru um framlag til Byggðastofnunar er ekkert nema gott eitt að segja. Þau framlög eru nauðsynleg, að mínum dómi. Í framhaldinu þarf að spyrja hvað frekar sé hægt að gera og hvaða stuðningi beita til að treysta atvinnulífið í hinum dreifðari byggðum landsins og einhvern tímann í náinni framtíð verður þing og þjóð að taka skýrar stefnumarkandi ákvarðanir um hvernig byggðin eigi eða skuli þróast í landinu og hver sé vilji þjóðarinnar í því efni. Beinir styrkir til framleiðslu búvara verða sjálfsagt ekki í framtíðinni grundvöllur byggðastefnu enda tel ég það óeðlilegt og svo er einnig um aðrar undirstöðuatvinnugreinar. Því þarf ný tök á byggðamálum í náinni framtíð.

Herra forseti. Ég vona að frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 verði afgreitt í fyllingu tímans sem ásættanleg niðurstaða.

[20:58]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns óska eftir að hæstv. fjmrh. sé viðstaddur umræðuna. Ef forsetinn mundi vilja gera ráðstafanir til þess yrði ég mjög þakklátur. Herra forseti, ég skil það svo að fjmrh. sé á leiðinni.

(**Forseti** (RA): Já. Það ber að skilja svo að kallað hefur verið eftir honum.)

Herra forseti. Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn og vissi ég að hann væri ekki langt undan þar sem hans fyrsta og stærsta mál er til umræðu. Ég vil í upphafi máls míns geta

nokkurra atriða í tengslum við fjárlagafrv. sem ég tel vera af hinu góða. Ég tel það sem sagt er um lækkun erlendra skulda, bæði í fjárlagafrv. og það sem hefur komið fram, vera mjög ánægjulegan hlut. Ég hef lengi litið á lækkun erlendra skulda sem eitt mikilvægasta efnahagslegt markmið okkar og fjárlagafrv. hjálpar til við það markmið eins og reyndar fjölmargir aðrir þættir í þjóðlífinu. Ég hef sömuleiðis ástæðu til að ætla að fjárlagafrv. byggi á góðri áætlanagerð, betri áætlanagerð en oft áður. Það gera að vísu þær aðstæður í þjóðfélaginu því við búum við mun minni verðbólgu en á árum áður. Mér sýnist á ýmsu varðandi fjárlagafrv. að vinnubrögðin við gerð þess hafi farið batnandi undanfarin ár og eftirlit með ráðuneytum og stofnunum sé að mörgu leyti vel á veg komið miðað við það sem fyrr þekktist. Fjármálaráðuneytið er miðað við ráðuneyti almennt vel mannað að mati flestra sem hafa kynnst stjórnsýslunni.

Ég tel sömuleiðis jákvætt að þeirri stefnu er haldið áfram í þessu fjárlagafrv. að skuldfæra lífeyrisskuldbindingar B-hluta stofnana. Þetta er nokkuð sem var byrjað á 1993 og var rétt stefna. Henni er hér haldið áfram og ég teldi mjög æskilegt ef fjmrh. gæti upplýst í umræðunni meira um fyrirhugaðar breytingar á lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna en þess máls er getið í málaskrá ríkisstjórnarinnar, ef hann gæti dregið nú við 1. umr. fjárlagafrv. einhverjar útlínur í því máli því að þetta er eitt það mikilvægasta sem menn koma til með að glíma við hér á haustdögum. Er hér á ferðinni mikilvæg kerfisbreyting eða er um að ræða lagfæringu á gömlu slitnu kerfi? Ég veit það ekki en ég teldi brýnt að fjmrh. upplýsti um það efni.

Annað atriði sem ég vil telja þessu frv. til tekna tengist atvinnuástandi. Við skulum horfast í augu við það að atvinnuástand hér er að mörgu leyti betra en er í nágrannalöndunum og við höfum ekki búið við þau vandræði sem við þekkjum frá næstu löndum. Þó svo að atvinnuleysi sé vitaskuld ekki viðunandi þá eigum við samt að horfast í augu við að okkar vandi varðandi þann þátt er minni en flestra annarra. Hins vegar blasir við okkur viðbótarvandi sem við höfum ekki getað tekið á enn þá sem er svokallað langtímaatvinnuleysi og vantar nú úrræði í þeim efnum eins og margt annað í þetta fjárlagafrv. En það gefst betra tækifæri til að ræða það mál.

Þá tel ég tvö önnur atriði vera jákvæð við frv. og þá umgjörð sem það mótar. Það eru í fyrsta lagi stóriðjumál, þær framkvæmdir og þau umsvif sem tengjast stóriðjumálum, bæði virkjanamál og nýir verksmiðjusamningar. Vitaskuld eigum við að líta á þetta með jákvæðum huga og fagna því að þarna séu umsvif í þjóðarbúinu sem koma okkur öllum til tekna. Síðasta atriðið sem ég vil nefna varðandi fjárlagafrv. og ég tel jákvætt er að það er bæði stefna frv. og hæstv. fjmrh. ef ég hef skilið hann rétt, að ekki standi til að næstu kjarasamningar verði gerðir á kostnað ríkisins. Ég vildi mjög gjarnan að fjmrh. gæti farið um það nokkrum orðum hvort að þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér á fjárlagafrv. sem hann leggur hér fram því að menn hafa margoft upplifað það við kjarasamningsgerð að á lokastigi er snúið upp á handlegginn á fjmrh., oftast af hans meðráðherrum — forsrh. hefur nú verið hvað drýgstur við þá iðju — og síðan hefur þetta kallað á nokkurra milljarða útgjöld úr ríkissjóði til að loka kjarasamningum eins og heitir. En ég skil það svo að það sé ekki fyrirhugað að gera það í þetta sinn. Ég fagna því ef menn standa við þá stefnumörkun en ég vildi mjög gjarnan heyra hvort að þessi skilningur minn sé réttur á þessu efni.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt við svona umræðu, og þess vegna byrja ég mína ræðu á því, að telja upp nokkra þá þætti í fjárlagafrv. sem tengjast því sem við stjórnarandstæðingar eigum að líta með jákvæðum huga á. Við eigum kannski ekki alltaf að draga fram það neikvæða, í sjálfu sér er af nógu að taka við við þetta fjárlagafrv. Ég vil benda í fyrsta lagi á það þegar verið er að tala um opinber umsvif að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórarflokkarnir tala eins og Ísland sé að sökkva í opinber umsvif. Þetta er fráleitt. Ef opinber umsvif eru borin saman við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Skattbyrði hérlendis er um 31% af landsframleiðslu en meðaltalið í OECD er 39% þannig að opinber umsvif hér eru mun minni sem sést líka á því að útgjöld hins opinbera hér eru talin vera um 40% af landsframleiðslu en eru um 60% á Norðurlöndunum. Vitaskuld er ekki hægt að alhæfa út frá þessum tölum en þær segja okkur þó það að opinber umsýsla hér á landi er miklum mun minni en í nágrannaríkjunum og menn eiga þá líka að tala út frá aðstæðum hér á landi en ekki út frá stöðunni í nágrannalöndunum sem eiga mjög mörg við önnur verri vandamál að glíma. Þess má geta sem kemur skýrt fram í þessu frv., og þar er engin lausn á ferðinni, að búist er við að 15 milljarða halli verði á viðskiptajöfnuði á næsta ári. Það eru engin úrræði í fjárlagafrv. um hvernig eigi að bregðast við þessu. Þetta er líklega alvarlegasta efnahagsvandamál sem við eigum við að etja nú um þessar stundir vegna þess að þetta eykur ekki einungis skuldir okkar erlendis og hefur alvarlegar efnahagslegar afleiðingar hér á fjármálamarkaði heldur er þetta mjög hættulegt í þeirri gengisstefnu sem menn hafa almennt verið sammála um að reyna að viðhafa hin síðari ár, þ.e. að verjast gengisbreytingum eða gengisfalli krónunnar til að mæta kostnaðarhækkunum innan lands eða halla á viðskiptum við útlönd. Ég hef verulegar áhyggjur af þessum þætti efnahagsmála og hef ekki komið auga á nein úrræði hjá hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórn til að bregðast við þessu máli. Það er sömuleiðis ámælisvert að mínu mati þegar fjmrh. og aðrir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar einblína á jöfnuð í ríkisfjármálum eins og það sé trúaratriði. Þetta er orðið trúaratriði hjá þeim. Þetta er þráhyggja að mínu mati vegna þess að þó svo að ríkisfjármálin skipti miklu máli efnahagslega þá skiptir miklum mun meira máli í hvað skatttekjunum er varið og hvort verið sé að verja því skynsamlega sem tekið er inn á vegum hins opinbera en það eru um 125 milljarðar. Það skiptir miklu meira máli en hvort einn milljarður sé í afgang eða tvo milljarða vanti. Efnahagslega skiptir það miklu meira máli. Hæstv. fjmrh. hefur gert jöfnuðinn og þennan eina milljarð sem hann leggur fjárlögin upp með í tekjuafgang, og ég ætla ekkert að gera lítið úr, að aðalatriði í efnahagsstjórninni. Þetta er rangt. Þetta er ekki rétt. Það er ekki rétt með farið að jöfnuður í ríkisfjármálum skipti svona miklu máli efnahagslega vegna þess að útgjaldaliðirnir hafa miklu meiri áhrif á hagstjórnina en hvort menn séu akkúrat á núlli í ríkisbókhaldinu eða ekki.

Svo ég rifji það aðeins upp, herra forseti, þá eru það ekkert mörg tæki sem stjórnvöld hafa til að hafa áhrif á efnahagsstjórn til skamms tíma. Á sviði peningamála sem Seðlabanki hefur nú mest umsjón með eru möguleikar á að hafa áhrif á vexti eða gengi sem eru sín hliðin hvor á sömu myntinni. Við sáum einmitt aðgerðir í því efni hjá Seðlabankanum nú um daginn, alveg réttmætar aðgerðir að mínu mati sem var gripið til við vissar aðstæður. Hitt tækið sem við höfum eru ríkisfjármálin og það er það frv. sem við erum að ræða um hér, þ.e. hvort útgjöld og tekjur standist

á hjá ríkinu eða hvort það sé tekjuafgangur eða mikill halli á útgjöldum ríkisins. Halli á útgjöldum ríkisins er vandamál sem flest nágrannalönd okkar hafa átt við að etja og hefur verið viðvarandi vandamál hér á landi. Hins vegar vil ég benda á í sambandi við ríkisfjármálin að það eru tvær hliðar á því máli. Annars vegar er sú leið sem ríkisstjórnin hefur farið, þ.e. að lækka útgjöldin, að einblína á útgjöldin. En það er önnur hlið á rekstrarreikningi ríkisins og það eru tekjurnar. Þar hafa menn ekki gefið gaum að uppstokkun í skattkerfinu og í tekjuöflun ríkisins og er þar hægt að benda á marga þætti varðandi skattamálin sem ég ætla að koma að síðar. En ríkisstjórnin hefur ekki orðað neitt um að gera endurskoðun á tekjum ríkisins, jafnvel að auka tekjur ríkisins. Það er hægt að nefna ýmsa þætti sem þar væri hægt að færa til betri vegar vegna þess að jöfnuður í ríkisrekstri getur alveg eins orðið með því að auka tekjur eins og með því að lækka útgjöld og ekki hvað síst hjá þeim þjóðum sem hafa mjög lítil opinber umsvif eins og á við um Ísland. Menn verða að skoða ríkisfjármálin í alþjóðlegu samhengi en ekki út frá þessu sama þrönga sjónarhorni og ríkisstjórnin.

Ég hef áhyggjur af því að hin gamaldags og miðstýrða starfsmannastefna og umgjörð um starfsmannamál ríkisins sem var afgreidd á síðasta þingi í óþökk ekki bara stjórnarandstöðunnar heldur allra stéttarfélaganna á vinnumarkaðinum, að þessi starfsmannastefna eða nýi rammi um starfsmenn ríkisins eigi eftir að koma ríkisvaldinu í koll á næstu árum. Þetta var vond löggjöf eins og við bentum á sem þar var afgreidd og ég held að fjmrh. sé nú kannski að komast að því smátt og smátt að það hefði verið betur hlustað á eitthvað af þeim varnaðarorðum sem við höfðum um þetta efni.

Þetta frv. er eins og fyrri frv. hæstv. fjmrh. Það eru engar kerfisbreytingar í stóru ráðuneytunum, engar. Það er alveg augljóst þegar þeirri stefnu er ýtt á flot að skera niður útgjöld, þá staðnæmast menn vitaskuld við tvö stærstu ráðuneytin, það er að segja heilbr.- og trmrn. og menntmrn. Það eru engar kerfisbreytingar á ferðinni í þessum ráðuneytum. Það er engin forgangsröðun í umfjöllun um þessi mál í fjárlagafrv. Þar ræður ríkjum hugsunarlaus eða hugsunarlítill sparnaður. Það er farið í útgjaldaliði síðasta árs og skoðað hvort ekki er hægt að skera niður um 5% eða nokkur prósent. Það er ekki settur upp sá forgangslisti sem vitaskuld er nauðsynlegur ef menn ætla að mæta ríkisfjármálum á þennan hátt, til að mynda að ákveða hvaða þjónustu á ekki að veita og hvaða þjónustu á að styrkja af hálfu ríkisins. Þessi ríkisstjórn gengur út frá því að það eigi að veita sömu þjónustu og að reyna að gera það á ódýrari hátt. Það er í sjálfu sér ekki slæmt markmið ef það væri ekki búið að reyna það hér í mjög mörg ár, að viðhalda sömu þjónustu en á ódýrari hátt. Ég fullyrði það, herra forseti, að það er búið að hagræða til að mynda innan heilbrigðiskerfisins og innan menntakerfisins þannig að ekki verður betur gert. Og þegar ég segi betur gert þá er vitaskuld hægt að finna einstaka þætti, svo er alltaf. En aðalmálið er að við erum farin að spara á þessum sviðum meira til skamms tíma sem kemur niður á okkur ef við lítum aðeins lengra fram á veginn. Það er ámælisvert, herra forseti, að ekki skuli þá vera tekist á við kerfisbreytingar í þessum liðum og forgagnsraðað öðruvísi.

Heilbrigðismálin hafa mjög verið til umræðu. Það hefur verið bent á það bæði í umræðunni í dag og í umræðunni í fyrra að þetta fjárlagafrv. eins og reyndar það síðasta, er gert þannig úr garði að til þurfa að koma aukafjárveitingar til heilbrigðismála á næsta ári. Það liggur nokkuð í augum uppi. Ég fullyrði að heilbrigðiskerfi okkar er gott og það er ódýrt og það er verið að ná sambærilegum árangri við það sem gerist annars staðar hvað varðar heilsugæslu og öryggi sjúklinga. En nú getum við spurt okkur: Erum við að bruðla í þessu kerfi? Hvernig er alþjóðlegi samanburðurinn, hæstv. ráðherra? Það er þannig að við erum að eyða til heilbrigðimála rétt rúmum 8% af landsframleiðslunni. Af 24 OECD-ríkjum erum við í 13. sæti. Þannig að við erum ekkert að eyða og eyða og eyða í heilbrigðiskerfinu eins og vitleysingar. Við erum ekkert að því. Sama er í menntamálunum. Útgjöld til menntamála eru u.þ.b. 5% af landsframleiðslu og þar erum við í 12. sæti af 17 OECD-ríkjum. Þessar tölur koma beint út nýrri tölfræðibók menntmrn. sem var dreift hér fyrir nokkrum dögum. Það er greinilegt að þarna erum við heldur ekkert að eyða og spenna eins og vitleysingjar miðað við aðrar þjóðir því það er réttur mælikvarði að taka landsframleiðsluna, verðmætasköpunina og skoða opinber útgjöld í hlutfalli af henni. Þetta sýnir okkur að það eru engin efnahagsleg rök fyrir þráhyggju ríkisstjórnarinnar um að skera og skera og ráðast á ríkisreksturinn vegna þess að okkar umsvif og útgjöld eru mun minni en flestra annarra þjóða.

Þessi setning, þar sem segir: „Fjárfesting í menntun borgar sig þegar til lengri tíma er litið" eru orðin tóm. Menntmrh. hefur viðhaft þessi orð um nokkra hríð. Þau endurspeglast hins vegar ekki í fjárlagfrv. því vitaskuld kemur menntastefna stjórnvalda fyrst og fremst fram í fjárlagafrv. Hún kemur ekki fram á einhverjum glansþingum sem haldin eru í Háskólabíói eða hvar sem þau eru haldin. Hún kemur fram í fjárlögum. Þar birtist menntastefna ríkisstjórnarinnar og það er alveg ljóst hver hún er. Þar er áframhaldandi stöðnun á ferðinni. Ekkert er gert með þá sókn sem menn töluðu um, reyndar allir flokkar, fyrir síðustu kosningar. Mér finnst þetta mjög miður. Stundum er talið að hæstv. núv. menntmrh. sé líklega sá ráðherra ríkisstjórnarinnar sem er mest ofmetinn. Ég hef haldið það um nokkra hríð því hann talar þannig um menntamál að menn geta verið honum býsna sammála en þegar á reynir hefur hann ekkert gert í málaflokknum frá því hann tók við störfum, ekki nokkurn skapaðan hlut. Því menntastefnan endurspeglast bara í einu og það er sóknin á fjárlögum í þennan málaflokk. Sú sókn hefur ekki verið fyrir hendi, því miður.

Við getum sömuleiðis sagt, þegar við tölum um fjárlagafrv., að ekki sé tekið á neinum kerfisbreytingum. Það er ekki breyttur stafkrókur í landbúnaðarmálunum. Það er enn þá verið að setja um sex milljarða í slakt og ónýtt landbúnaðarkerfi. Þetta eru ekki bara fullyrðingar stjórnarandstæðings um landbúnaðarmál, ég gæti nú talað lengi um þau, heldur get ég bent á tvær staðreyndir í málinu. Matarverð hér á landi er með því hæsta sem gerist í Evrópu og stuðningur við landbúnað hér á landi er einn sá almesti í Evrópu. Samkvæmt síðustu tölum var aðeins eitt ríki, Sviss, sem fékk meiri stuðning við landbúnaðarmál, en okkar stuðningur er u.þ.b. 50% meiri en stuðningur Evrópusambandsins við landbúnaðarmál. Þá sjá menn út í hvers konar fen Íslendingar eru komnir. Þarna örlar ekki á nokkurri einustu uppstokkun, hæstv. fjmrh. Þessir hlutir eru látnir algjörlega afskiptir meðan reynt er að spara enn frekar í þeim tveimur stóru málaflokkum sem ég nefndi áður.

Vegamál eru einn sá málaflokkur, sem ég vil gera að umtalsefni og í fara 7 milljarðar á fjárlögum. Við erum öll það gömul, herra forseti, sem hér sitjum að við getum létti-

lega hugsað 20–30 ár til baka. Við sjáum hvílíkt stórvirki hefur verið unnið í vegamálum hér á landi á þessum tíma. Þetta mikla átak var að mörgu leyti nauðsynlegt En að við skulum enn þá halda áfram að verja til vegamála þetta háum upphæðum á hverju einasta ári. Mér skilst að það sé eina málefnið sem rætt sé um í þingflokki Sjálfstfl. þegar rædd eru fjárlög, þá sé bara talað um vegamál. Það sé eini málaflokkurinn sem þingmenn Sjálfstfl. skiptast á skoðunum um og ekki hafi farið sögur frá þingflokki sjálfstæðismanna um aðra pólitíska umræðu en þá hvort ekki sé hægt að auka fjárveitingar til vegamála. Það heyrist ekki sú rödd sem ég er að tala um — að vara við þessum miklu útgjöldum. Sá maður sem léti slíkt heyrast yrði gerður útlægur um leið úr þeim þingflokki.

Þetta er viðkvæmt mál. Þetta er líka viðkvæmt mál innan míns þingflokks. Vegavinalobbíið eða vegagerðarvinirnir á Alþingi eru sterkasti hagsmunahópurinn. Það er svo merkilegt að þó að hér séu fimm þingflokkar, og það eru sagðir vera bændahagsmunir, iðnaðarhagsmunir, sjávarútvegshagsmunir, menntamálahagsmunir og eitthvað þess háttar, þá er einn málaflokkur sem á sér flesta formælendur á hinu háa Alþingi og það eru vegagerðarvinirnir. Þetta fer í gegnum alla flokka. Í mínum þingflokki eru menn sem eru mér mjög ósammála að vekja máls á þessu.

Ég tel að þessar upphæðir verði að skoða í samhengi. 7 milljarðar til vegamála — við erum að eyða í alla framhaldsskólana 5,3 milljörðum, í allar rannsóknir og alla háskóla fara 3,5 milljarðar. Þetta eru mjög háar tölur. Ég held að við höfum gert stórvirki í vegamálunum á síðustu tveimur áratugum. Ég spyr mig: Er ekki orðið mál að linni? Alltaf er sagt að þetta séu fjárfestingar sem borgi sig. Ég efast um það. Ég hef ekki séð, hæstv. fjmrh., þá útreikninga þegar hver etur upp eftir öðrum hvort sem það er í þingsölum eða annars staðar: Ja, þessi vegarspotti er nú þjóðhagslega hagkvæmur. Þær litlu arðsemisáætlanir sem ég hef séð frá Vegagerðinni benda ekki til að þar séu útreikningar eins og best verður á kosið. En látum það vera. Ég segi fyrir mig, herra forseti, að ég vildi gjarnan eyða 1 milljarði minna í vegamál og 1 milljarði meira í menntamál. Ég mundi gjarnan vilja eyða 1 milljarði minna í vegamál og 1 milljarði meira í heilbrigðismál. Þetta kalla ég forgangsröðun. Það getur vel verið að það sé dauðasök í íslenskri pólitík að tala svona. Það eiga allir að vilja meiri og meiri vegi. En við megum ekki hugsa svona þegar við erum að tala um þá þætti sem skipta máli til framtíðar og þegar við höfum gert stórátak í þessum efnum. Þetta er nákvæmlega sá málaflokkur sem við getum eytt endalaust í. Við getum eytt endalaust í vegi vegna þess að alltaf er hægt að betrumbæta þá. Það er annar málaflokkur sem við getum líka eytt fé í endalaust og allir vita hver er. Það eru hafnir. Það er endalaust hægt að bæta við fjárveitingar í hafnir. Ekki höfum við verið að auka flutninga til og frá landinu eða flytja afla til og frá landinu en við höfum aukið mjög fjárveitingar til hafna undanfarin ár. Ég held að það sé þó betra að setja í hafnarmannvirki, því við erum kannski komin skemur áleiðis með þau heldur en ýmsar vegaframkvæmdir. Ég held að við séum mjög aftarlega á merinni hvað varðar flugvallaframkvæmdir. Þar höfum við ekki verið með þessa tuttugu ára framkvæmdagleði eins og verið hefur í sambandi við vegamál. Þetta kalla ég forgangsröðun, herra forseti. Ég er kannski að snerta hér á heilögu efni en mér er farið að blöskra svo þær upphæðir sem settar eru í þennan málaflokk á sama tíma og við erum að spara um of í hinum stærri málefnum.

Einnig má benda á, herra forseti, varðandi skattamálin að við erum með tiltölulega lága skatta hérlendis miðað við önnur lönd. Áhyggjuefnið í skattkerfinu er fyrst og fremst millitekjufólkið sem við höfum e.t.v. gleymt í skattaumræðunni hin síðari ár. Eitt hugtak í þessari umræðu er notað rangt, þegar jafnvel hæstv. fjmrh. og fleiri eta hver upp eftir öðrum og tala um jaðarskatta. Jaðarskattar eru skattar sem menn borga af viðbótartekjum sínum. Menn rugla þessu hugtaki við það þegar tekjur aukast þá gliðnar vitaskuld það öryggiskerfi sem við höfum byggt upp í þjóðfélaginu. Öryggiskerfið er byggt upp á þann hátt að ef fólk hefur lágar tekjur fær það bætur. Þessar bætur geta t.d. verið barnabætur eða aðrar bætur. Þessar bætur minnka vitaskuld þegar tekjurnar aukast. Þá megum við ekki segja að þetta sé skattlagning, þarna séu jaðarskattarnir allt í einu farnir að virka. Það er rangt. Við getum talað um þetta, eins og stundum hefur verið gert, sem jaðaráhrif. Það er alla vega betra hugtak heldur en jaðarskattar. En þegar öryggisnetið gliðnar eðlilega með hækkandi tekjum eigum við ekki að segja að við séum að skattleggja fólkið í landinu. Það er rangt. Við eigum ekki að nota það orðalag í sambandi við skatta því við erum með nógu háa jaðarskatta samt sem áður, t.d. viðbótarskattinn, 42% upp í 47%. Það er nokkuð há skattprósenta sérstaklega vegna þess að hún kemur nokkuð hart á millitekjufólk sem við þurfum að huga betur að.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. tveggja spurninga um þetta efni. Hann upplýsti að nefnd væri að vinna að tillögum um endurbætur á skattkerfinu og að það mundi hugsanlega koma fram frv. í vetur um það efni. Í nefndinni eru væntanlega embættismenn og fulltrúar stjórnarflokkanna og hagsmunaaðila. Ég veit ekki til að stjórnarandstaðan komi nokkuð að þessari endurskoðun á skattamálum. Ég bendi honum á það fræga fordæmi að stjórnarandstaðan var höfð með í ráðum þegar fjármagnstekjuskatturinn var undirbúinn. Hún átti alla vega aðild að nefndinni. Ég vildi mjög gjarnan fá að vita, án þess að ég ætli að blanda þeirri frægu nefnd inn í þetta mál, af hverju stjórnarandstaðan er ekki kölluð til í sambandi við þetta efni. Af hverju eru aðilar vinnumarkaðarins kallaðir til í hvert einasta skipti þegar kemur að skattamálum? Satt best að segja er ég búinn að fá alveg nóg af áhrifum aðila vinnumarkaðarins á löggjöf á Íslandi. Það á við um skattamál eins og aðra þætti. Ég held að menn ættu aðeins að fara að hugsa betur um leikreglurnar í þjóðfélaginu um hagsmunagæslu, hagsmunavörslu og hagsmunaárekstra. Það er e.t.v ekki hægt að fara mikið út í það við þessa umræðu.

Annað sem hæstv. fjmrh. lét hafa eftir sér í viðtali við blaðið Tíund, sem er starfsmannablað embættis ríkisskattstjóra, að ég held. Þar ræddi hann um þá möguleika að breikka skattstofn og lækka prósentur. Þetta var ekki útfært í hans huga. Þetta er hugmyndafræði sem ég hef hugsað mikið um og margir fleiri. Þetta er reyndar ekki alveg ný hugmynd. En ég vildi gjarnan heyra hvort þarna sé eitthvað á ferðinni hjá hæstv. ráðherra sem vert er að varpa fram í umræðuna eða eru þetta, eins og oft vill verða, hugleiðingar um hvað betur mætti fara í framtíðinni? Spurning mín er sú hvort þarna sé að vænta einhverra breytinga á hinu háa Alþingi.

Ég bendi á varðandi ríkissjóðshallann að menn verða líka að huga að tekjunum. Ef við tökum samanburð við landsframleiðslu þá skila fyrirtæki á Íslandi einna minnstum sköttum til samfélagsins af öllum ríkjum í Evrópu. Þetta er staðreynd. Fyrirtæki á Íslandi búa í skattaparadís. Og ekki

ætla ég að hafa á móti því þegar menn notuðu það sem aðferð til að leysa úr ákveðnum vandamálum þ.e. að færa til skattbyrðina í þjóðfélaginu til að örva atvinnu og styrkja fyrirtæki. Sú stefna átti rétt á sér á þeim tíma. En ég spyr hæstv. fjmrh.: Ætlar hann að láta fyrirtæki á Íslandi búa í miklu hagfelldara skattumhverfi heldur en í nágrannalöndunum? Hvers konar stefna er það? Við erum á sama tíma að skirrast við að leggja nauðsynlegt fjármagn í t.d. menntakerfi eða í heilsugæslu, allt hlutir sem koma til með að kosta okkur mikið í framtíðinni ef við gætum ekki að því að hafa eðlileg framlög til þeirra þátta. Hæstv. fjmrh. þekkir það afskaplega vel því hann flutti ræðu á ráðstefnu um samkeppnisstöðu og flutti þar ræðuna sem hann á eftir að flytja á landsfundi Sjálfstfl. Hann var að æfa sig og flutti hana ágætlega. En það sem kom fram, reyndar ekki í ræðu hæstv. ráðherra, heldur í alþjóðlegum samanburði varðandi samkeppnisstöðu Íslands, að þar erum við í 18. sæti af 24 OECD-ríkjum. Við erum alls staðar í þessum samanburði næstum því neðstir í bekknum. Þetta er yfirleitt þannig að samanburðurinn er nokkurn veginn eins og fjöldi í bekkjardeild, svona 20–24 ríki tekin saman, þ.e. eiginlega öll Evrópuríkin. Við erum venjulega í 15.–20. sæti.

Í málaflokknum um framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi, sem er mjög mikilvægur og hefur ekki breyst nokkurn skapaðan hlut í tíð núv. menntmrh., erum við í 17. sæti af 20 af OECD-ríkjum. Það vita allir sem nenna að hugsa um efnahagsmál og ríkisfjármál að framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi er eitt það mikilvægasta sem til er í hagstjórn hverrar einustu ríkisstjórnar. Flestar ríkisstjórnir reyna að hugsa aðeins fram yfir eitt eða tvö ár. Við erum um árabil búin að vera einna aftast á merinni varðandi þennan þátt. Auðvitað kemur þetta fram í lakari lífskjörum og veikari stöðu, bæði fyrirtækja og einstaklinga um þessar mundir.

Það sem er e.t.v. versti samanburðurinn á alþjóðlegum mælikvarða, af því að ég vil skoða Ísland á alþjóðlegum mælikvarða, er framleiðnin, þ.e. hverju við erum að ná út úr framleiðsluþáttunum. Þetta snýr að fyrirtækjum á Íslandi. Þar erum við í 21. sæti af 24 OECD-ríkjum. Ég held að það séu Grikkland og Tyrkland sem eru fyrir neðan okkur. Framleiðni er ekkert annað en það sem fyrirtæki er að ná út úr framleiðsluþáttunum, það geta verið fjárfestingar, það getur verið vinnuafl, það getur verið hráefni, það er hvað sem við getum nefnt, en það er framleiðnin sem stendur undir launakjörum í hvaða landi sem er. Og þetta er ástæðan fyrir því að launakjör hér á landi eru með því lægsta sem þekkist í Evrópu, a.m.k. hvað viðvíkur taxtalaunum. Þetta veit hæstv. fjmrh. Hann veit það að fyrirtæki á Íslandi eru með einna lægstu framleiðni, eru lélegust í bekknum af öllum fyrirtækjum í Evrópu. Og þá spyrjum við okkur: Hvar er sóknin til að breyta þessu? Því ég er alveg viss um að hæstv. fjmrh. tekur undir með mér að launahækkanir og kaupmáttaraukning og lífskjaraaukning verður að byggjast á framleiðniaukningu. Hún kemur ekki hér einhvern veginn ofan af himnum. Það þarf að skapa verðmætin. Það þarf að skapa þannig aðstæður að þessi verðmæti verða til. Það örlar ekki á einu einasta atriði í þessu fjárlagafrv. sem tekur á þessum þætti. Ekki neitt. Þessi atriði gera það að verkum að um þetta frv. má segja að það er ekkert hugsað til langs tíma. Frv. er kannski nákvæmlega það sem það er, frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Það er ekkert hugsað fyrir 1998 eða 1999. Það örlar ekki á neinum breytingum sem mundu horfa til framfara fyrir komandi ár og reyndar ýmislegt í því sem ætti ekki að vera fyrir árið 1997.

Það má nefna marga þætti sem við tökum ekki á sem eru nauðsynlegir, þar sem við þurfum beinlínis að auka útgjöld til að bæta lífskjörin í framtíðinni, verðum að gera það. Ég hef nefnt menntamálin, það eru hlutir í heilbrigðismálunum sem við verðum að taka á vegna þess að annars vaxa þau okkur yfir höfuð. Það eru vissar kerfisbreytingar sem við þurfum að gera þar, en menntamálin eru mjög mikilvæg vegna þess að þau er líka í alþjóðlegum samanburði. Þau eru einmitt sá málaflokkur sem allar þjóðir leggja hvað mesta áherslu á og við gerum ekkert í þessum málaflokki, ekki neitt, nema einhver orð sem í reynd eru einskis virði. Orð eru ódýr, mjög ódýr. Og svo er ekki neitt í þessum þætti sem ég nefndi áðan: framleiðni, hvaða aðgerðir koma fram í þessu fjárlagafrv. sem mundu auka framleiðni hér til framtíðar og þannig standa undir bættum lífskjörum. Það er ekki neitt um slíka þætti þannig að sýn þessarar ríkisstjórnar, herra forseti, er ekki til langs tíma. Það eru engar kerfisbreytingar í þessu frv. Þetta frv. er íhaldssamt. Þetta er gamaldags frv. Þetta er ósköp hefðbundið frv. Áætlunargerðin er þó að mörgu leyti betri og skýrari en oft áður, en það er engin sókn, herra forseti, í þessu frv. til nýrrar aldar. Þetta frv. er í stíl við ríkisstjórnarstefnuna, það er íhaldssöm framsóknarhyggja.

[21:34]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 11. þm. Reykn. flutti hér um margt ágæta ræðu og vil ég leyfa mér að nefna tvennt sem kom fram í henni og vekja athygli hv. þm. á.

Í fyrsta lagi talaði hann um rannsóknir. Ég er alveg sammála honum um að eitt það allra mikilvægasta í uppbyggingu þjóðfélagsins og framtíðarhugsuninni sem á auðvitað að koma fram og kemur fram í fjárlagafrv. eru rannsóknir. En það er nú þannig að við höfum hér merka stofnun sem heitir Háskóli Íslands og hlýtur að vera sá aðili í íslensku þjóðfélagi sem þarna á að hafa forustu. Ég vildi spyrja hv. þm. af því að ég veit að hann þekkir nokkuð vel til á þeim bæ: Telur hann að stefnumörkunin og forustan sem háskólinn hefur haft á sviði rannsókna sé viðunandi? Og telur hann að þeim fjármunum sem háskólinn hefur yfir að ráða til rannsókna sé varið með viðunandi hætti? Ég hef haldið því fram, reyndar ekki í þessum stól, að Háskóli Íslands sé með allra verst reknu stofnunum sem íslenska ríkið ber ábyrgð á og væri ágætt að fá umsögn rekstrarhagfræðingsins um það.

Í annan stað nefndi þessi ágæti hv. þm. nýja línu sem lögð er frá hinum nýja þingflokki jafnaðarmanna, þ.e. gagnvart vegamálum, og ég vildi fá tækifæri til þess að ræða þau mál kannski síðar við hv. þm. en það var mjög athyglisvert og umhugsunarvert það sem hann sagði um að við legðum of mikið til vegamála. Um það væri mjög skemmtilegt að taka smáumræðu við hinn nýja þingflokk jafnaðarmanna.

[21:36]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. um Háskóla Íslands og rannsóknir, þá komu mér ummæli hans mjög á óvart þegar hann segir að hann meti að Háskóli Íslands sé ein af verst reknu stofnunum sem ríkið hafi í umsýslu sinni. Ég ætla ekkert að gera lítið úr skoðunum hv. þm. Ég þekki þetta nokkuð af eigin raun, ég hef kennt við háskólann, ég hef verið deildarforseti við eina af deildum háskólans og öll sú reynsla sem ég hef af Háskóla Íslands bendir til hins

gagnstæða. Auðvitað getur þar eins og annars staðar verið farið betur með fé, en ég fullyrði að Háskóli Íslands er mjög vel í stakk búinn til þess að stunda rannsóknir, gerir það mjög myndarlega eftir því sem hann hefur fjárráð til. Þetta er eitt af því sem er mjög gagnrýnisvert og ég hef gagnrýnt og fleiri að þegar skorið er niður til háskólamenntunar eins og hefur verið gert miðað við þann nemendafjölda sem sífellt hefur aukist, þá kemur það niður á rannsóknum við Háskóla Íslands.

Nú er það svo að rannsóknir eru, herra forseti, yfirleitt alls staðar stundaðar í tengslum við háskóla. Við erum að vísu með 14 skóla hér á landi sem eru á háskólastigi en við erum einungis með einn háskóla, og það er Háskóli Íslands, sem er svokallaður rannsóknarháskóli, þ.e. þar eru stundaðar rannsóknir og líka kennsla í fræðum eftir fyrsta háskólapróf. Ég veit að hv. þm. þekkir þetta, þetta skapar Háskóla Íslands þá sérstöðu í okkar menntakerfi sem við verðum að hlúa að og getum ekki gert öðruvísi en með fjármunum. Og ég fullyrði það að niðurskurður eða vöntun á fjárframlögum til Háskóla Íslands á undanförnum árum hafa kostað það að við höfum verið að missa mjög góða vísindamenn til útlanda til starfa. Þetta hefur komið bæði niður á kennslu og rannsóknum. Því koma mér þessi ummæli hv. þm. mjög á óvart. Ég fullyrði það og vonast til að geta skýrt það betur fyrir honum að afstaða hans er ekki byggð á rökum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta þarf að ræða í betra tómi en Háskóli Íslands er fyllilega fær um að stunda rannsóknir eins og vel á að vera.

Hvað varðar vegamálin tók ég það skýrt fram að það mundu vafalítið vera öðruvísi skoðanir um þetta mál í öllum þingflokkum, þar á meðal mínum þingflokki. Ég var að lýsa mínum persónulegu skoðunum varðandi vegamál. Það var enginn misskilningur varðandi það efni. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur ekki fjallað um vegamál neitt sérstaklega, en ég veit að mjög margir þingmenn í þeim flokki eru jafnmiklir vegavinir og hv. þm. Sturla Böðvarsson en ég hvet hann samt til þess að hugsa um þetta sem ég nefndi.

[21:39]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti alveg von á því að hv. þm. legðist í vörn fyrir Háskóla Íslands og við gætum vafalaust tekið nokkrar umræður um það. Það er skiljanlegt að hann vilji ekki viðurkenna það þó hann sé að gagnrýna að rannsóknir séu of litlar á vegum íslenska ríkisins, að rannsóknir séu ekki stundaðar nægjanlega og við leggjum ekki nægilega mikla fjármuni til þeirra, en segi samt sem áður að allt sé gott í háskólanum þar sem rannsóknirnar eiga helst að vera stundaðar og forustan á að vera fyrir rannsóknastarfseminni. Þetta eru hin venjulegu viðbrögð manna sem vilja verja sitt. Það er bara þannig.

Ég vil hins vegar biðja hv. þm. um það að skoða nú rækilega, fara í huganum um deildir háskólans og velta fyrir sér með hvaða hætti rannsóknirnar eru stundaðar þar, hvernig þær eru skipulagðar og hvernig framlag einstakra prófessora til rannsókna nýtist. Ég veit að við getum ekki hér í andsvörum lokið þessari umræðu, en ég hef miklar efasemdir um stjórnun Háskóla Íslands. Ég tel að þar þurfi að verða á bragarbót og tel að það sé afar mikilvægt fyrir okkur vegna þess að Háskóli Íslands er geysilega mikilvæg stofnun og við verðum að treysta að þar sé vel að verki staðið. Það varðar mjög miklu fyrir okkar litla þjóðfélag. Því miður get ég ekki rætt þetta nánar í andsvörum, en vonandi gefst tækifæri til þess, e.t.v. við 2. umr. fjárlaga.

[21:41]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi sagt að allt mætti betur fara, þar á meðal rannsóknir við Háskóla Íslands. Vitaskuld getur verið að eitthvað megi betur fara í einstökum deildum og hjá einstökum prófessorum. Það er alls staðar þannig í lífinu. En ég tala út frá minni reynslu og minni þekkingu, eftir að hafa starfað í háskólanum og þekki þannig nokkuð vel bæði til fjárveitinga, skipulags háskóla hér á landi og erlendis, og ég fullyrði að það er mjög vel að þessum hlutum staðið við Háskóla Íslands. Það sem frekar háir þar eru fjárveitingar. Hins vegar tek ég gagnrýni hv. þm. Sturlu Böðvarssonar mjög alvarlega og ég held að Háskóli Íslands hafi það verk að vinna að upplýsa þjóðina og þingmenn um hvað hann er að vinna að, að hvaða rannsóknum, með hvaða hætti því að ég tek undir það sem hv. þm. sagði að við þurfum að vera vissir um að þarna sé vel að verki staðið. Ég á ekkert annað markmið en það sé vel að verki staðið að rannsóknum við Háskóla Íslands. Mín trú og mín reynsla segir mér að svo sé, en ég þarf að geta sýnt skilmerkilega fram á það til að aðrir trúi því, kannski ekki ég úr þessum stól heldur þá Háskóli Íslands á öðrum vettvangi.

Af því að ég veit að hv. þm. hefur mikinn áhuga á rannsóknum og fjárframlögum og endurskipulagningu á því vil ég geta þess að hv. þm. lagði fram á síðasta þingi frv., sem sennilega ekki margir tóku eftir og ég man ekki hvort mælt var fyrir, en það var um ákveðnar endurbætur á skattalöggjöf til að örva rannsóknir og þróunarstarfsemi í íslensku atvinnulífi. Ég var að skoða þetta frv. um daginn og ég vildi óska eftir því að hv. þm. mundi endurflytja það mál vegna þess að þar er tekið á ákveðnum merkum þætti í sambandi við rannsóknir. Þannig tek ég ábendingum hv. þm. alvarlega vegna þess að ég veit að honum er umhugað um að vel sé staðið að rannsóknum og þróunarstarfsemi, en samt sem áður, tölurnar sem ég nefndi tala sínu máli og þar vorum við í þessu 17. sæti af 21 og það er áhyggjuefni sem við kannski getum orðið sammála um að reyna að leysa.

[21:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun koma að nokkrum atriðum í síðari ræðu minni seinna í kvöld, einkum þeim sem lúta að fyrirspurnum hv. þm. til mín, en ég vil gera örfáar athugasemdir.

Í fyrsta lagi sagði hv. þm., sem er jafnframt eða var prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, að það nálgaðist að vera trúaratriði að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum, og það skipti miklu meira máli hvernig fjármununum væri varið. Þá skipti ekki máli hvort hallinn væri einhver eða afgangurinn einhver. Þetta er rangt. Það sem skiptir langsamlega mestu máli, og þess vegna er samstaða um það um allan heim, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, í Evrópubandalaginu og hvar sem við komum þar sem umræða fer fram um þessi mál, að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum því ef það næst ekki og sérstaklega við skilyrði eins og eru hér, þá fer sífellt stærri hluti kökunnar sem er til skiptanna í að greiða niður vexti — einhvern tíma skuldir — og minna til þess að ráðstafa þannig að sífellt verður minna og minna til ráðstöfunar. Þess vegna eru þetta ekki nein trúarbrögð. Þetta er bara einfaldur sannleikur sem ég hélt að hv. þm. vissi og skildi og það kom mér satt að segja á óvart að heyra hann flytja svona ræður.

Það er ekki í fyrsta skipti sem hann gerir það því að þessu hefur hann haldið fram áður.

Hann hamrar síðan eins og sumir á því að það sé flatur niðurskurður og gamaldags og engin forgangsröðun en sannleikurinn er sá að víða í frv. er bent á nýja þjónustu sem verið er að bjóða upp á, bæði í heilbrigðiskerfinu og í menntamálunum. Svo spyr hann hvort við séum við að eyða eins og vitleysingar í heilbrigðiskerfinu og svarar: Nei, því að við eyðum álíka miklu að meðaltali og í nágrannalöndunum. Sannleikurinn er sá að við eyðum mjög miklu opinberu fé til heilbrigðismála, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess hve þjóðin er ung. Þetta hefur verið kannað og verið sagt frá því þegar við leiðréttum töluna miðað við það hve fáir eru aldraðir hér á landi að við eyðum mjög háu hlutfalli af opinberu fé en ég skal taka undir það að sem betur fer er því vel varið.

[21:46]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort við eigum að hefja kennslustund í ríkisfjármálum. Við getum kannski gert það. Ég reyndi að draga fram í ræðu minni að aðalatriðið varðandi ríkisfjármál er í hvað við eyðum fjármununum því að það er það sem endurspeglast inn í hagkerfið, hvort það leiðir til vaxtar í hagkerfinu eða hvort það leiðir til samdráttar eða óráðsíu í því sem við höfum úr að spila. Þetta er aðalatriðið í öllum ríkisfjármálunum og þetta er það sem hæstv. fjmrh. glímir við á hverjum einasta degi. Hann veltir fyrir sér í hvaða málaflokka hann ætlar að eyða þessum 125 milljörðum. Þetta er aðalatriði í ríkisfjármálum. Vitaskuld er æskilegt að jöfnuður sé í ríkisfjármálum. Hæstv. fjmrh. þarf ekki að kenna mér neitt um hin neikvæðu áhrif í hagkerfinu af að búa við halla í ríkisrekstri.

Í fjárlagafrv. er ekki tekið á neinni kerfisuppstokkun. Ef hæstv. fjmrh. heldur að eitthvert gagn sé í því fyrir hagkerfið að eyða í landbúnaðarmál mörgum milljörðum meira en allar nágrannaþjóðirnar í rangt kerfi og slæma uppbyggingu og að það hafi ekki neikvæð áhrif á hagkerfi okkar þá fer hann villur vegar. Menn eiga að velta fyrir sér með hvaða hætti þessum fjármunum sé varið. Það er ekki aðalatriðið og hæstv. fjmrh. veit að það skiptir ekki efnahagslega höfuðmáli hvort það er plús einn eða mínus tveir. Hins vegar er jákvæður rekstur í ríkisfjármálum mjög sterk skilaboð til annarra aðila í hagkerfinu ef það er stutt með aðgerðum í peningamálum eins og hefur verið gert að hluta til hjá núv. ríkisstjórn. Að því leyti til eru ríkisfjármálin í jafnvægi mjög mikilvægt markmið í efnahagsstjórn. En að líta á þetta út frá því sjónarmiði sem ríkisstjórnin gerir og einblína bara á jöfnuð, jöfnuð, jöfnuð án þess að skoða samsetningu útgjalda og tekna er ekki góð efnahagsstjórn.

[21:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka að í öllum rekstri hlýtur að skipta mestu máli að safna ekki upp skuldum þannig að menn þurfi síðar meir við verri skilyrði að greiða bæði niður skuldirnar og borga jafnframt sífellt fjármagnskostnaðinn af þessum skuldum. Mér finnst hv. þm. hafa gert of lítið úr þessu með því að kalla þetta trúaratriði. Ekki er nokkur einasti vafi á því að þetta er mikilvægasta atriðið. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að auðvitað skiptir máli hvernig fjármununum er varið. Á því hefur verið tekið á undanförnum árum. Vegna þess að hv. þm. nefndi landbúnaðarmálin sérstaklega er kannski ástæða til þess að láta það koma fram að Íslendingar hafa á undanförnum fjórum til fimm árum tekið þannig á landbúnaðarmálunum að aðrar þjóðir hafa ekki gert eins. Samdráttur útgjalda til landbúnaðarmála hefur verið um 40% á undanförnum árum og það er allgóður biti og áfram verður haldið. Fulltrúar landbúnaðarins og bændur hafa að sjálfsögðu tekið fullan þátt í þessu þannig að það er verið að taka á svokölluðum strúktúrvandamálum í íslensku þjóðfélagi. Það er ekki gert með byltingu. Það er gert hægt og rólega til þess að við þurfum ekki að fara í gegnum kollsteypur.

Við höfum tekið á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í stað þess að safna þar upp óreiðuskuldum var tekið á því máli og svona má lengi telja. Við eigum auðvitað mörg verkefni eftir. Á þessum málum hefur hins vegar verið tekið. En stærsta strúktúrvandamálið í opinberum rekstri var auðvitað sjálfur hallinn á ríkissjóði, það hljótum við þó að vera sammála um. Það var stærsti vandinn og við erum að reyna að ráða bót á þeim vanda í frv. og vonandi tekst okkur að halda því áfram.

Ég held að að öðru leyti séum við kannski nokkuð sammála. Eins og ég sagði áðan mun ég koma að öðrum þáttum sem voru mjög mikilvægir í ræðu hv. þm. og mun geyma mér það þar til í síðari ræðu.

[21:51]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt. Ég bendi á að ég hóf mína ræðu á því að fagna lækkun erlendra skulda. Ég lít mjög alvarlegum augum á það að safna skuldum erlendis en menn gera það líka með öðrum hætti en í gegnum ríkissjóð. Ég bendi á að sennilega hefur eitt erfiðasta vandamál í hagkerfi okkar ekki verið ríkissjóðshallinn heldur rangar fjárfestingar sem hafa m.a. endurspeglast á árum áður vegna þess að við bjuggum ekki við raunvaxtakerfið. Við höfum nýlega skýrslu þar sem greinilega komu fram rangar fjárfestingar. Þessar fjárfestingar, sem hafa kannski ekki skilað allar arði í íslenskt þjóðarbú, eru flestar fjármagnaðar með erlendum lánum. Við þurfum að átta okkur á því, hæstv. ráðherra, að það er ekki bara ríkissjóður sem skiptir máli í hagkerfinu, það eru fjölmargir aðrir þættir sem hafa áhrif á erlenda skuldastöðu okkar og ekki hvað síst fjárfestingar opinberra og einkaaðila sem hafa að mörgu leyti mörg undanfarin ár því miður ekki verið í réttum farvegi. Þetta kostar jafnmikla vexti í útlöndum og þegar ríkissjóður er ekki rekinn með afgangi en ég endurtek það að það er samsetning útgjalda og tekna sem skiptir máli en vitaskuld er jöfnuður í ríkissjóði mjög mikilvægt markmið ásamt öðrum í hagstjórn.

[21:53]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Þær umræður sem ég hef hlýtt hér á hafa verið merkilegar fyrir margra hluta sakir. Mér fannst sérstaklega skemmtilegt að hlusta á hv. þm. Sturlu Böðvarsson og Ágúst Einarsson takast á um vegamál og minnti mig á lengsta orð sem ég lærði í skóla sem var vegavinnuviðhaldsverkfærageymsluskúr.

Mig langar að taka til máls um fjárlagafrv. og í umfjöllun minni ætla ég ekki að fara í einstaka liði heldur fara almennum orðum um þá stefnu sem birtist í frv. Ég tek fram að ég er ekki í fjárln. en hef samt áhuga á því að taka til máls í örfáum orum.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að eitt af meginmarkmiðum hennar er að minnka halla ríkissjóðs, m.a. til þess að verja velferðarkerfið til framtíðar. Þetta markmið er afar mikilvægt. Fjárlög næsta árs sýna að tekist hefur að

snúa ríkisfjármálum til betri vegar. Tekjur umfram gjöld eru samkvæmt fjárlagafrv. 1 milljarður og er hér í fyrsta sinn síðan 1985 afgangur á fjárlögum. Þetta er að sjálfsögðu afar jákvætt. Íslenska þjóðin getur ekki leyft sér til lengar að safna skuldum. Tölurnar tala þar sínu máli. Í ár er íslenska ríkið að borga um 13 milljarða í vexti vegna skulda og næsta ár er áætlað samkvæmt fjárlagafrv., sem við erum að fjalla um, að vaxtagreiðslur verði 13,5 milljarðar. En þessi upphæð er hærri en sú upphæð sem varið er til alls skólahalds í landinu.

Fyrir nokkru reiknaði Þjóðhagsstofnun út ýmsar hagfræðistærðir vegna áætlunar ríkissjóðs í ríkisfjármálum. Fyrirsjáanlegt er að mæta þarf auknum gjöldum m.a. vegna fjölgunar ellilífeyrisþega, aukinnar ásóknar í skólakerfið, dýrari lyfja og tækjakostnaðar í heilbrigðiskerfinu og ef ekki væri beitt neinum aðhaldsaðgerðum vegna framangreindrar þenslu yrði að stórhækka skatta til þess að mæta þessum útgjaldaauka. Reiknað hefur verið út að það þyrfti að hækka tekjuskatta ef ekkert yrði að gert úr 42% í 50% en slíkar skattahækkanir eru að sjálfsögðu ekki á dagskrá ríkisstjórnarinnar. Framsfl. sagði mjög skýrt við síðustu kosningar að ekki bæri að hækka skatta. Það ætti frekar að stefna að lækkun skatta, sérstaklega á seinni hluta kjörtímabilsins, ef tækist að halda uppi sæmilegum hagvexti á kjörtímabilinu. Staðan er núna þannig að verði þeim aðhaldsaðgerðum beitt sem ríkisstjórnin hefur ákveðið þannig að ríkissjóður fari að skila afgangi, muni skuldir ríkissjóðs lækka úr 48% af landsframleiðslu í 40% um aldamótin. Komandi kynslóðir þurfa þannig ekki að óttast miklar skattahækkanir ef þessari þróun verður við haldið og þetta er að sjálfsögðu afar jákvætt fyrir ungt fólk.

Sem betur fer er vaxandi skilningur á þessu sjónarmiði gagnvart skuldasöfnun og sá skilningur er ekki síst hjá ungu fólki sem gerir sér grein fyrir vandanum. Þetta sjónarmið verða ábyrgir ríkisstjórnarflokkar að hafa að leiðarljósi þó að það væri að vísu mun þægilegra og áreynsluminna að leiða þjóðina áfram á braut skuldasöfnunar. Slík þægileg og áreynslulaus leið er alls ekki ásættanleg. Það að vilja geta allt fyrir alla gengur ekki. Slík undanlátssemi yrði að lokum til þess að ekkert yrði eftir handa neinum. Ef þannig yrði á málum haldið mundi velferðarkerfið að sjálfsögðu sligast undan verðbólgu og háum vöxtum og það má sjá fyrir sér að í versta falli gæti sjálfstæði þjóðarinnar verið í hættu ef við mundum safna gífurlegum erlendum skuldum. Lántökur fyrri ára eru núna að birtast okkur í formi aðhalds í ríkisfjármálum og það má segja að þessar gífurlegu vaxtagreiðslur sem við erum núna að inna af hendi séu timburmenn þess tíma.

Í bæklingi um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og ber heitið „Frá hallarekstri til tekjuafgangs" og var nýlega dreift í hús er ein tala sem mér þykir ansi óhugguleg en hún staðfestir hvað vaxtagreiðslurnar hafa verið magnaðar sem þjóðin hefur verið að greiða. Í bæklingnum kemur fram að á tímabilinu frá 1985–1996 eða á um 10 árum hafa vaxtagreiðslur ríkissjóðs numið um 110 milljörðum. Þetta er óhugnanleg tala. Með aðhaldi í ríkisfjármálum eins og birtist í fjárlagafrv. er stuðlað að því að viðhalda stöðugleikanum svokallaða, þ.e. að halda niðri vöxtum og lágri verðbólgu, og það er að sjálfsögðu fjölskyldunum og heimilunum mjög mikilvægt í landinu. Maður spyr sig eftir að hafa hlustað á umræður: Vill einhver innleiða óstöðugleikatímabil í efnahagslífinu? Varla. Stöðugt efnahagsástand þar sem vextir eru lágir og verðbólga lítil gerir fyrirtækjum líka kleift að blómstra og minnka þannig atvinnuleysið. Atvinnuleysi hefur einmitt minnkað. Það er núna um 4% og á árinu 1996, á þessu ári, er gert ráð fyrir því að 3.000 ný störf skapist og þau 12.000 störf sem Framsfl. stefndi að að yrðu til fyrir aldamótin munu skila sér og sennilega gott betur.

Hæstv. félmrh. lýsti því einmitt í gær að hafa þurft að veita um 70 atvinnuleyfi fyrir Pólverja vegna þess að það vantar fólk til starfa í fiskvinnslu. Það er svo sem gott og gilt. Að minnsta kosti er mjög jákvætt að atvinnuleysið minnkar því að atvinnuleysið er mikið þjóðfélagsböl sem á sér margar dökkar hliðar, sérstaklega fyrir líf þeirra fjölskyldna sem í því lenda til lengri tíma litið.

En hvað með kaupmáttinn? Hann var ræddur talsvert í gær. Meðal annars vegna stöðugleika í efnahagsmálum hefur kaupmáttur verið að aukast. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun aukast um 8–9% á árunum 1995–1996 samkvæmt spám og það er tvöfalt meiri kaupmáttaraukning en búist er við að jafnaði í Evrópulöndum OECD á þessum umræddu tveimur árum. Það er einnig mjög athyglisvert að samkvæmt spám Þjóðhagsstofnunar mun kaupmáttur aukast um 15–16% frá árinu 1995 til aldamóta. Það er að sjálfsögðu mjög jákvætt að sjá fram á svona mikinn kaupmáttarauka. Jaðarskattaáhrif hafa einnig minnkað að undanförnu og nefnd er að skoða frekari lækkun jaðarskatta, en það kom einmitt fram í umræðunum áðan. Það er einnig hugsanlegt að fjármagnstekjuskatturinn svokallaði sem m.a. var komið á í samstarfi við verkalýðshreyfinguna, við fulltrúa ASÍ sem skilaði ekki sérliti heldur samþykkti þá leið sem farin var, að sá tekjuauki sem kemur inn í gegnum fjármagnstekjuskattinn verði notaður í skattalækkanir að einhverju leyti. Þrátt fyrir allt svartsýnistalið sem við hér inni höfum mátt heyra frá sumum stjórnarandstæðingum í kvöld, þá eru staðreyndirnar þær að lífskjör á Íslandi eru almennt mjög góð. Auðvitað er alltaf hægt að benda á fólk sem hefur það ekki nógu gott og það er að sjálfsögðu okkar hlutverk að bæta úr því. En almennt eru þó lífskjör góð á Íslandi.

Í mjög athyglisverðri grein eftir Stefán Ólafsson, prófessor og forstöðumann Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem birtist í Morgunblaðinu sl. sunnudag, 6. október, er lýst niðurstöðum lífskjarakannana á Íslandi og annars staðar. Í niðurstöðum greinarinnar segir Stefán Ólafsson, með leyfi forseta:

„Þegar á heildina er litið benda niðurstöðurnar til þess, að lífsgæðin á Íslandi séu áþekk því sem best þekkist á Vesturlöndum. Það eru hins vegar ekki rök fyrir því að slá slöku við í lífsgæðakapphlaupinu og framfaraleitinni, enda er af nógu að taka fyrir þá sem vilja bæta velferð þjóðarinnar."

Í greininni er einnig lýst hvað ólíkir einstaklingar skilgreina lífsgæðin ólíkt. Varpað er fram afar athyglisverðum spurningum sem við Íslendingar spyrjum okkur allt of sjaldan. Spurningarnir eru t.d. þessar: Hvort skiptir meira fyrir lífsgæðin að búa í góðu húsnæði eða hafa miklar frístundir? Hvort skiptir meira máli fyrir lífsgæðin að hafa meiri kaupmátt til einkaneyslu eða lifa lengur? Hvort skiptir meira máli fyrir lífsgæðin að hafa hærra kaup eða minna atvinnuleysi? Hvort skiptir meira máli fyrir lífsgæðin að hafa hærra menntastig þjóðarinnar eða minni launamun milli þjóðfélagshópa? Hérna eru afar athyglisverðar spurningar bornar fram sem við hugsum trúlega allt of lítið um að svara. Þessar spurningar eru því mjög áleitnar.

En ein er sú spurning sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa spurt sjálfa sig að og svarað. Sú spurning er svona: Hvort

er skynsamlegra fyrir þjóðfélagið að viðhalda stöðugleika í efnahagsmálum eða ekki? Svarið liggur að sjálfsögðu í því fjárlagafrv. sem við erum að fjalla um.

Sú stefna sem birtist í framlögðu fjárlagafrv. og er svarið við þessari spurningu er að sjálfsögðu að það er skynsamlegra að viðhalda stöðugleikanum.

[22:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstaðan hefur sýnt fram á það í dag að það er ekki mjög merkilegur boðskapur sem þetta fjárlagafrv. flytur okkur. Að minnsta kosti flytur þetta fjárlagafrv. okkur ekki neinn nýjan boðskap og örugglega ekki neinn fagnaðarboðskap fyrir heimilin í landinu. Það er vissulega jákvætt og undir það hafa allir tekið sem talað hafa hér í dag að það er jákvætt að hafa tekjuafgang. Það er jákvætt að hagvöxtur sé áætlaður 2,5% á næsta ári þó það sé minna en á þessu ári og það er auðvitað jákvætt að verðbólga sé hófleg og útlit fyrir að erlendar skuldir þjóðarbúsins lækki á næsta ári.

En við getum líka spurt okkur þá hvernig þessi tekjuafgangur er fenginn. Hann skýrist að verulegu leyti af auknum umsvifum í þjóðfélaginu og meiri tekjum ríkissjóðs. Spurning er hvort þessi tekjuauki, þessi tekjuafgangur sem fjárlagafrv. sýnir standi ekki á mjög veikum grunni. Ég hygg að það hafi verið sýnt fram á það í dag með ýmsum hætti að tekjuhlið fjárlagafrv. standi á mjög veikum grunni. Það hefur verið bent á að það er mjög mikil fjárvöntun og það kemur reyndar fram í þessu fjárlagafrv. að því er varðar sjúkrahúsin á næsta ári og því hefur enginn stjórnarliða neitað í þessum ræðustól. Því var haldið fram í dag að vöntunin á fjármagni til sjúkrahúsanna á næsta ári væri einn milljarður. Þó að hæstv. fjmrh. tæki ekki undir það að hann væri svo hár, þá neitaði hann alls ekki að um mikinn tekjuskort væri að ræða á sjúkrahúsunum á næstu árum. Þannig skildi ég hans orð. Þetta er aðeins eitt dæmi.

Það er líka alveg ljóst að ekki verður hjá því komist að taka á stöðu Byggingarsjóðs verkamanna eins og ég mun koma að síðar í mínu máli. En hann er enn skorin niður við trog að því er varðar ríkisframlög og hefur verið sýnt fram á í stjórnsýslulegri endurskoðun Ríkisendurskoðunar að með því áframhaldi stefnir sjóðurinn beint í gjaldþrot. Þetta eru einungis tvö dæmi um það á hve veikum grunni þessi tekjuafgangur raunverulega stendur

En hvernig er þessi ávinningur í þjóðarbúskapnum fenginn sem stjórnarliðar hafa rætt um í dag? Ég held að við þekkjum það öll hér inni og þurfi ekki að hafa um það mörg orð. Við þekkjum að það er fyrst og fremst launafólkið sem hefur borið hitann og þungann af því að hér hefur ríkt tiltölulega góður stöðugleiki á liðnum árum. Launafólk hefur þurft að bera þetta með miklum skattatilfærslum frá fyrirtækjum til launafólks. Niðurstaðan er eins og hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á áðan að fyrirtækin hér á landi búa við mjög lága skatta miðað aðrar þjóðir innan OECD og reyndar má segja að fyrirtækin búi við skattaparadís.

Við þekkjum það líka að þessi ávinningur hefur náðst með verulegum niðurskurði á velferðarkerfi fólksins. Það hefur líka verið sýnt fram á það að umsvifin í velferðarkerfinu eru ekki mikil hér samanborið við annars staðar. Og þessi ávinningur hefur náðst með lágum launum. Það er auðvitað það alvarlegasta sem kannski er ekki mikið tekið á eða rætt um í fjárlagafrv. Það eru lægstu launin, sultarkjörin, sem eiga stóran þátt í því að fyrirtækin sýna hagnað hér og er það sú framtíðarsýn sem við viljum sjá að við séum fyrst og fremst samkeppnisfær við aðrar þjóðir vegna lágra launa sem við bjóðum okkar fólki. Og það hefur líka verið sýnt fram á að fyrirtækin hér á landi sýna minnstu framleiðslu eða minnstu framleiðni eða með því minnsta hjá OECD-þjóðunum. Samt er það svo að Ísland er sett á bekk með sjö ríkustu þjóðum heims. Hvernig kemur þetta niður varðandi tekjuskiptinguna í heild í þjóðfélaginu? Stöndum við frammi fyrir því og höfum gert á mörgum umliðnum árum án þess að taka á því? Þar berum við auðvitað öll ábyrgð sem höfum átt sæti í ríkisstjórn, að tekjuskiptingin, bilið milli ríkra og fátækra, hefur farið vaxandi í þjóðfélaginu og fátækt og stéttarskipting er staðreynd sem ekki verður fram hjá litið. Þess vegna er það sorglegt að núna þegar við erum að sigla inn í góðæri — ríkisstjórnin tók við því búi að þetta er annað árið í röð sem við búum við bata í efnahagsmálum þó að launafólkið virðist ekki sjá það í sinni buddu — þá er það sorglegt við þetta frumvarp, eins og reyndar hefur komið fram í dag og verður aldrei of oft sagt, að það er engin ný hugsun í því, engar kerfisbreytingar, engin uppstokkun, engin ný sýn í atvinnumálum, engar breytingar boðaðar í sjávarútvegi og engin uppstokkun í landbúnaði. Það væri fróðlegt að fá við þessa umræðu afstöðu fjmrh. til veiðileyfagjalds sem hefur verið sýnt fram á að geti skilað a.m.k. til lengri tíma litið umtalsverðu fjármagni inn í ríkissjóð. Það hefur verið sýnt fram á að til lengri tíma litið gæti það átt verulegan þátt í því að við gætum lækkað verulega skatta á fólki þannig að það er fyllsta ástæða til þess að heyra afstöðu hæstv. fjmrh. til þess máls.

Ég sagði áðan að ein meginástæða þess að ríkissjóður skilar tekjuafgangi er að það er enn einu sinni og það líka í efnahagsbata, verið að þrengja að heimilunum í landinu og velferðarkerfinu. Mér finnst alveg ótrúlegt hvað þessi ríkisstjórn er ósvífin í því að ganga alltaf lengra og lengra í því efni að ráðast á velferðarkerfið. Mér fannst keyra úr hófi við síðustu fjárlagagerð hvernig ríkisstjórnin sveifst einskis og hafði alveg sérstakan markhóp að ráðast á sem voru aldraðir og öryrkjar. Hann var langur listinn sem við fórum yfir við fjárlagagerðina í fyrra yfir það hvernig ráðist var að kjörum aldraðra og öryrkja, enda er stór hluti aldraðra og öryrkja mjög illa staddur hópur í þjóðfélagi. Mig minnir að það hafi verið í 12 eða 13 þáttum, bæði í heilbrigðismálunum og félagsmálunum sem ráðist var sérstaklega á þennan markhóp. Ég veit ekki hvað hann hefur sérstaklega gert ríkisstjórninni, þessi markhópur aldraðra og öryrkja. Og það var ekki stoppað þar vegna þess að enn er haldið áfram við fjárlagagerðina nú.

Ég ætla að víkja að örfáum atriðum sem snerta velferðarkerfið. Ég hefði síðan, virðulegi forseti, aðeins viljað fara inn á vaxtamálin í lokin. En ég vil nefna örfá atriði sem varða velferðarkerfið og er full ástæða til þess að hafa áhyggjur af og benda fjárln. á að skoða sérstaklega til þess að reyna að fá ríkisstjórnina af villu síns vegar um hvernig hún heldur þar á málum.

Það hefur verið sýnt fram á það í stjórnsýslulegri endurskoðun að það er fyrst og fremst um það að ræða hvert Byggingarsjóður verkamanna stefnir nú vegna niðurskurðar í ríkisframlögum. Í skýrslunni sem við höfum fengið hefur komið fram að á tímabilinu 1986–1995 námu ríkisframlög samtals um 6,6 milljörðum kr. á núgildandi verðlagi. Á þessu ári, yfirstandandi ári, er áætlað að framlögin nemi 400 millj. kr. og hafa þau þá lækkað um rúm 60% að raungildi frá

því sem þau voru hæst á árinu 1992. Það er því ljóst að fjárframlögin, skerðingin á ríkisframlaginu á verulegan þátt í þessu.

Það er líka sýnt fram á í þessari skýrslu að eigið fé sjóðsins hafi haldist nokkuð stöðugt að raungildi og þar er tafla, súlurit sem sýnir að eigið fé hafi haldist stöðugt að raungildi alveg frá árinu 1989 þegar var farið að taka af festu á málefnum þessa sjóðs og fram til ársins 1994. Þá byrjar eigið fé að minnka og mjög verulega árið 1995. Það er sýnt að það mun enn minnka á þessu og næsta ári vegna þess að Ríkisendurskoðun miðar við 400 millj. kr. framlög þegar hún segir að sjóðurinn stefni á gjaldþrot um aldamótin eða eftir aldamótin og að fjárvöntunin sé 4 milljarðar kr. En fjárvöntunin er enn meiri og það hlýtur að stefna fyrr í gjaldþrot ef miðað er við 300 millj. kr. ríkisframlag á næsta ári.

Ég beini orðum mínum sérstaklega til hæstv. fjmrh. af því að ég hef ekkert orðið vör við að hæstv. félmrh. hafi sérstaklega áhyggjur af því að verið sé að kippa stoðunum undan Byggingarsjóði verkamanna. En meðan ég sat með hæstv. fjmrh. í ríkisstjórn, hafði hæstv. fjmrh. áhyggjur af því og við tókum sameiginlega á þessu máli. Það var lögð í það mikil vinna að fara í ýmsar skipulagsbreytingar á framkvæmdinni í félagslega kerfinu, t.d. það að taka niður mjög rekstrarkostnað stofnunarinnar. Það var farið út í það að minnka fjárveitingar, þ.e. leyfileg hámarksstærð félagslegra íbúða var minnkuð. Hún var 170 fermetrar árið 1996 en var minnkuð 1989 niður í 130 fermetra og leyfilegur byggingarkostnaður var lækkaður um 5% og svona gæti ég haldið áfram. Það var farið út í það að opna fyrir og hvetja til þess að frekar yrðu keyptar inn eldri íbúðir í kerfið o.s.frv. Þetta skilaði allt nokkrum árangri. Þegar ég var félmrh. og hæstv. fjmrh. sat þá líka í stól fjmrh. lágu til grundvallar sameiginlegir útreikningar frá Seðlabanka, félmrn. og fjmrn. hvað þyrfti í ríkisframlag til að sjóðunum yrði ekki stefnt í hættu. Þegar ég skildi við í ráðuneytinu, lá fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins var mjög traust miðað við þetta ríkisframlag sem var á árinu 1994 955 millj. Það hafði þá lækkað um sennilega 100 millj. frá því sem útreikningarnir gáfu til kynna, en þá hafði líka félagslegum íbúðum fækkað um 100. Það er eins og Framsfl. megi ekki koma nálægt þessum byggingarsjóðum vegna þess að þegar þeir hættu með félmrn. árið 1987, þá lá fyrir skýrsla frá Ríkisendurskoðun sem sagði að Byggingarsjóður ríkisins stefndi ekki í 4 miljarða kr. mínus þá, heldur var um að ræða tugi milljarða greiðsluþrot sem sjóðurinn stefndi í á mjög skömmum tíma. Nú þegar breytt var um kúrs 1987 varðandi Byggingarsjóð ríkisins, þá sýnir þessi skýrsla að Byggingarsjóður ríkisins stendur mjög traustum fótum og það gerir húsbréfadeildin líka. En um leið og Byggingarsjóður verkamanna kemst í hendurnar á framsóknarmönnum aftur þá endurtekur sig sama sagan og við fáum skýrslu frá Ríkisendurskoðun um að sjóðurinn stefni í gjaldþrot. Ég held það verði ekki hjá því komist að taka á þessu máli og ég er sannfærð um að hæstv. fjmrh. hefur fullan hug á því. En ég óttast þó að hæstv. fjmrh. vilji frekar gera það með hækun vaxta eða helst að stoppa útlán fremur en setja nauðsynleg ríkisframlög inn í þennan sjóð.

Ég held að þessi mál hljóti að verða til umræðu við fjárlagagerðina vegna þess að á þeim verður að taka. Jafnvel þó dregið hafi verið úr útlánum eins og félmrh. stendur að, þá er ekki nægilega dregið úr þeim miðað við það að tryggja fjárhagsstöðu sjóðsins ef menn vilja horfa á það á annað borð, miðað við hve mikið er skorið niður í ríkisframlaginu. Það er því ljóst að þessi skýrsla sem við höfum fengið sýnir okkur ljóslega að verið er að grafa alvarlega undan félagslega íbúðakerfinu.

Framkvæmdasjóð fatlaðra bar aðeins á góma í dag og þar er allt á sömu bókina lært vegna þess að í það virðist stefnt að verið sé að eyðileggja Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þegar sjóðurinn tók við ákveðnum hluta af rekstrarkostnaði í þessum málaflokki þá var það raunverulega samkomulag í síðustu ríkisstjórn og það var sett inn í fjárlögin þá að við það væri miðað að ef þessi sjóður ætti að einhverju leyti að fjármagna rekstur, þá yrði tryggt að hann fengi óskertar tekjur af erfðafjárskatti sem nú eru 420 milljónir. Nú eru einungis 165 milljónir settar inn í sjóðinn þannig að um 255 milljónir renna í ríkissjóð. Ég held að þetta sé mjög alvarleg staða vegna þess að þó að ekki sé verið að skera niður reksturinn núna þá fer framkvæmdageta sjóðsins mjög minnkandi og það mun koma fram í stöðnun í uppbyggingu á málefnum fatlaðra núna á næstu árum og í lengingu biðlista.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þá er verulega minna fjármagn látið til hans á næsta ári en á þessu. Að hluta til skýrist það af heldur minni áætlun um atvinnuleysi eða 0,2% sem eru um 130 millj. kr. En það eru líka boðaðar hertar úthlutunarreglur og undir hatti upp á 128 millj. kr. Nú væri fróðlegt að fá að vita hvað hér er á ferðinni. Hvað á að gera með þessum hertu úthlutunarreglum? Á að þrengja að kjörum atvinnulausra eða hvernig er hugmyndin að ná inn þessu fjármagni?

Það sem líka er ástæða til þess að hafa áhyggjur af eru tveir fastir liðir sem ég hélt að væri nokkurn veginn sátt um í þingsölum. Það er annars vegar starfsmenntun í atvinnulífinu. Um hana var sett löggjöf fyrir nokkrum árum og hefur verið veitt einum 50 eða 60 millj. kr. til sem hefur haft mikið gildi fyrir starfsmenntun í landinu, ekki síst fyrir ófaglærða. Nú er ekkert fjármagn lagt í starfsmenntun í atvinnulífinu heldur er þessi liður settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð og hann virðist eiga í framtíðinni að fjármagna þennan mikilvæga þátt fyrir launafólk og sérstaklega ófaglærða fólkið. Ég er ekki svo viss um að starfsmenntun í atvinnulífunu sé trygg með slíkri kerfisbreytingu og hljótum við að ræða það eitthvað þó síðar verði. Sama gildir um atvinnumál kvenna. Það eru ekki miklir peningar sem hafa farið í atvinnumál kvenna. Þetta hafa þó verið um 20 milljónir kr. Og ég veit að þeir sem hafa kynnt sér hvernig það fjármagn hefur nýst vita að það hefur sýnt sig að það hefur skilað sér mjög vel til atvinnuuppbyggingar sem konur hafa farið út í þó hér sé ekki um ákaflega mikla fjármuni að ræða. Mér finnst það vera ótryggt í fjárlögunum þó þetta sé sett undir Atvinnuleysistryggingasjóð og kannski undir hælinn lagt hvað miklu fé verður veitt í þennan málaflokk. Í heild tel ég, fyrir utan minna atvinnuleysi upp á 130 milljónir, að þá sé niðurskurðurinn raunverulega um 200 millj. kr. sem hlýtur þá að eiga að nást með hertum úthlutunarreglum.

Það hefur mjög mikið verið rætt hér um menntamálin í dag og það er kannski hinn alvarlegi boðskapur í fjárlagafrv. að það er stöðnun í menntamálum. Framtíðarfjárfesting þjóðarinnar er fólgin í því að við höfum skilning á menntamálunum og veitum til þess nauðsynlegt fjármagn. Þær þjóðir sem við berum okkur saman við — ef við tölum t.d. um Norðurlandaþjóðirnar — veita 6–7% af sinni landsframleiðslu til menntamála meðan við veitum um 4% og erum þar neðst af OECD-ríkjum á bekk með Grikklandi og Tyrklandi. Sam-

keppnisfærni okkar hlýtur að byggjast á því að við höldum í við aðra varðandi menntun og uppbyggingu þar. En þar ríkir algjör stöðnun eins og fram kemur í þessu fjárlagafrv. Það er verið að boða aukna gjaldtöku líka í framhaldsskólanum, þrengingar á lánasjóðnum og raunverulega er alger stöðnun. Mér finnst það svolítið grátlegt að á sama tíma og þetta gerist þá hefur hæstv. menntmrh. geð í sér að halda einhverja glansráðstefnu um framtíðarfjárfestingu þjóðarinnar. „Hún byggir á menntun", segir hæstv. fjmrh. en það kemur hvergi fram í fjárlögunum. Og meira að segja nemendum, sem höfðu auðvitað sitt til málanna að leggja í menntamálum, var úthýst á þessari ráðstefnu.

Um heilbrigðismálin hefur mikið verið rætt í dag og kannski er litlu við það að bæta en þó væri fróðlegt að vita hvort hæstv. heilbrrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að hæstv. heilbrrh. er í húsinu, já.)

Þá væri kannski ágætt að hæstv. heilbrrh. kæmi í salinn. Lokaorð mín snúa að hæstv. fjmrh. líka. Ég er nú rétt að ljúka minni ræðu þannig að það væri gott að setja hann að minnsta kosti í viðbragðsstöðu. (**Gripið fram í:** Hann er á leiðinni.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Og fjmrh. líka, já.)

Ég ætla á meðan ég bíð eftir þessum hæstv. ráðherrum að víkja að því fjármagni sem fer í áfengis- og fíkniefnamál sem við ræddum mjög mikið á síðasta þingi. Allir, frá öllum flokkum, voru sammála um það hér að það þyrfti að gera verulegt átak í því efni, gegn þessum mesta bölvaldi þjóðarinnar. Menn voru með ýmsar tillögur á borðum og hæstv. dómsmrh. hefur haft nefnd í vinnu hjá sér sem hefur sett fram ýmsar gagnlegar tillögur og er boðað að þær verði lagðar hér fram á þessu haustþingi. En þær kosta líka verulegt fjármagn og það er óbreytt framlag undir dómsmrn. í ávana- og fíkniefnamál, einungis 2,9 milljónir. Ég gat ekki séð hærri tölu. Í dag þegar ég spurði hv. form. fjárln. um þennan lið þá vísaði hann í forvarnasjóðinn. Mér finnst það hálfbillegt af hv. form. fjárln., vegna þess hvernig þessi forvarnasjóður var settur á. Hann var settur á þegar við vorum að afnema einkarétt Áfengisverslunarinnar af áfengissölu. Þá kom þessi forvarnasjóður upp. Hann var ekki sérstaklega stofnaður vegna þeirra tillagna sem nú liggja á borðinu og eiga að koma hérna inn í þingið til þess að taka á þeim málum. En þetta verður auðvitað að skoða sérstaklega.

Nú sný ég mér að hæstv. heilbrrh. sem hefur sagt að ekki séu boðuð nein ný þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu. Það stendur í greinargerð fjárlagafrv. að gerðar séu meiri kröfur til öflunar sértekna í þessu frv. Þar sé ég pósta eins og hækkun dómsgjalda sem ég fæ sennilega engin svör við vegna þess að hæstv. dómsmrh. heiðrar okkur ekki með nærveru sinni. En það væri fróðlegt að vita hvort verið er að hækka varðandi dómsgjöldin. Er það varðandi nauðungarsölurnar eða þau miklu gjöld sem ríkið leggur á þá sem skulda? Það er á þriðja milljarð króna sem ríkið skattleggur skuldug heimili í landinu. Það er engin viðleitni sýnd í því að ríkið losi nú aðeins tak þessarar skattaklóar sinnar af heimilunum í landinu varðandi þessar gjaldtökur sem birtast fólki er fær gluggaumslögin inn um bréfalúguna í formi þinglýsinga og stimpilgjalda og nauðungarsölugjalda ýmiss konar. Ég spyr hæstv. fjmrh. fyrst dómsmrh. er ekki hér: Hvað felst í þessari hækkun dómsgjalda? Er ekki nóg komið af þeim álögum sem settar eru á skulduga einstaklinga með stimpilgjöldum, þinglýsingargjöldum og alls lags gjöldum sem nema á milli 2 og 3 milljörðum króna? Er engin ástæða til þess að minnka þessa skattlagningu, losa þessa skattakló fjmrh. af skuldugum heimilum í landinu? Er verið að boða nýjar álögur varðandi þessi dómsgjöld? Ég spyr um það.

Í lokin sný ég mér að hæstv. heilbrrh. og spyr: Er heilbrrh. sáttur við það fjármagn sem er á fjárlögum til sjúkrahúsrekstrarins á næsta ári? Og telur hún að sjúkrahúsin — þá er ég að tala um stærstu sjúkrahúsin á landinu — geti haldið óbreyttri þjónustu miðað við það framlag sem þau fengu á fjárlögum á síðasta ári og miðað við það viðbótarframlag sem kom núna um mitt ár? Því hefur verið haldið fram í ræðustól hér í dag að það vantaði hundruð milljóna og meira að segja nefnd talan einn milljarður á næsta ári, til þess að sjúkrahúsin geti haldið áfram að veita óbreytta þjónustu. Ég spyr ráðherrann um það. Og ráðherrann hlýtur að hafa farið ofan í þessi mál. Ég viðurkenni að það vakti nokkra furðu mína að ráðherrann skyldi þurfa að kalla forstöðumenn þessara sjúkrahúsa á sinn fund í dag til þess að biðja þá um að skýra niðurskurð sem að forstöðumenn spítalanna hafa verið píndir út í. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri kunnugt um þennan niðurskurð. Mín spurning er því þessi: Mun fjármagnið sem er hér á fjárlögum til sjúkrahúsrekstrarins duga á næsta ári? Eða vill hæstv. heilbrrh. fá liðstyrk stjórnarandstöðunnar við það að reyna að fá, núna við fjárlagaafgreiðsluna, meira fjármagn inn í sjúkrahúsreksturinn svo að hægt sé að reka þau eðlilega? Það er búið að skera það mikið að þarna verður ekki lengra gengið. Ég held að allir viðurkenni það sem hafa skoðað þessi mál.

Það er verið að tala um 650 millj. kr. sparnað í sjúkratryggingum og að megninu af sparnaðinum eigi að ná í lyfjum. Það er verið að tala um endurskoðun á greiðsluhluta almannatrygginga. Það eru boðaðar einhverjar nýjar reglur. Ég spyr ráðherrann og það er sanngjarnt að ætlast til að ráðherrann svari þessu: Er nokkuð verið að boða hér hækkun á greiðsluhluta sjúklinganna í lyfjum? Það á að ná 400 millj. kr. af sparnaðinum með því að endurskoða reglur um greiðsluhluta almannatrygginga. Er nokkuð verið að boða hér hækkun á greiðsluhluta sjúklinga í lyfjum?

Síðan eru það tannréttingar. Þar er verið að tala um að heimildir til endurgreiðslu á kostnaði verði endurskoðaðar. Er verið að íþyngja heimilunum sem þurfa að fara með börn sín í tannréttingar? Á að íþyngja þeim meira en gert hefur verið í því efni? Ráðherrann hlýtur að vita hvað er á bak við þá setningu í fjárlögum að það eigi að endurskoða endurgreiðsluheimildina vegna tannréttinga.

Síðan er talað um að gjaldskrá vegna blóðmeina- og meinefnarannsókna sjúkrahúsa og einkarekinna rannsóknastofa verði endurskoðuð. Hvað þýðir þetta? Eru þetta aukin þjónustugjöld eða þýðir þetta eitthvað annað? Þetta hlýtur að hafa einhverja merkingu, hæstv. ráðherra. Ráðherrann skuldar þingheimi að upplýsa um þau atriði sem hér er spurt um. Ráðherrann hefur sagt: Það felast ekki nein þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu. Ég spyr hér um ákveðin atriði sem ég vil fá svör við. Er t.d. verið að auka greiðslur fólks vegna röntgenþjónustu sem mér fannst kannski geta falist í þessu?

Herra forseti. Það sem er náttúrlega að sliga heimilin í landinu og út af fyrir sig atvinnureksturinn líka eru háir vextir. Ég verð að segja það að þegar maður skoðar vextina hér á landi í samanburði við víða annars staðar þá er mjög erfitt að átta sig á því af hverju vaxtastigið er svona hátt hér á landi. Vegna þess að það munar engu smáu á milli Íslands og annarra landa. Ég er hér með töflu frá Seðlabankanum og hún

miðast við vextina eins og þeir eru nú í október í einum tólf löndum. Hvernig eru þeir t.d. á þriggja mánaða ríkisvíxlum? Þá eru þeir, miðað við 2,2% verðbólgu hér á landi, 7,11% á þriggja mánaða ríkisvíxlum. Í löndunum sem við berum okkur saman við eru vextirnir þetta 3, 4 eða 5%. Svo ég taki t.d. Svíþjóð þar sem verðbólgustigið er það sama, 2,2%, en vextirnir á ríkisvíxlunum 4,77%. Hér eru þeir 7,11%. Þannig mætti rekja óteljandi dæmi. Við erum með langhæstu vextina af þessum 12 löndum sem eru hér á blaði og munar þar miklu. Það er sama þó við tökum 12 mánaða ríkisvíxla, þeir eru langhæstir á Íslandi, 7,85% á meðan Danmörk er með svipaða verðbólgu og við en vextirnir þar eru 3,85% eða helmingi lægri. Ef við lítum á fimm ára ríkisskuldabréf þá er alveg það sama upp á teningnum. Núna í október eru vextirnir 8,89% miðað við 2,2% verðbólgu og í Svíþjóð og Noregi, þar sem líka er miðað við 2,2% verðbólgu, eru þeir liðlega 6%. Ef við tökum raunávöxtun á verðtryggðum ríkisskuldabréfum þá er heldur minni munur. Þar eru Ísland, Bretland og Svíþjóð tekin. Ísland er að því er varðar tíu ára bréf með 5,60%, Bretland 3,57% og Svíþjóð 5%.

Það er því alveg sama hvar maður ber niður að því er varðar lántökurnar að vextirnir eru langt, langt fyrir ofan það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Maður trúir því varla í því umhverfi sem við erum í að enn var verið að hækka vextina núna nýlega. Það er þetta og verðtryggingin á fjárskuldbindingunum sem er að sliga heimilin í landinu. Enda hef ég lagt hér fram fyrirspurn til viðskrh. og bíð eftir að hann svari því hvort ríkisstjórnin hafi engin áform um að hraða því að aflétta verðtryggingunni eða afnema hana alveg frá því sem var ákveðið hér fyrir að mig minnir einu ári síðan. Það eru þessi mál sem þarf að taka á sem eru að sliga heimilin í landinu.

Það er náttúrlega eitthvað mikið að hér varðandi verðtrygginguna þegar það var upplýst t.d. í sumar að hækkun á kartöflum ein og sér jók skuldir heimilanna um 500 millj. á ári. Það er alltaf verið að tala um skuldaaukningu heimilanna en 500 millj. af henni var vegna hækkunar á kartöflum. Þannig að þetta er mál sem þarf að fara ofan í miklu betur en gert er. Það er svo himinhár og hrópandi mismunur á vöxtum hér á landi og annars staðar að á því verður að taka. Það verður líka að fara að kafa ofan í þessa verðtryggingu, að hafa hér verðtryggingu á lánum áfram miðað við það að við höfum gengið í gegnum stöðugleika. Ef ríkisstjórnin hefur einhverja trú á því að þessi stöðugleiki haldi áfram þá hlýtur hún að skoða það alvarlega að fara út í að afnema verðtryggingu, a.m.k. hraðar heldur en hún hefur áætlað.

[22:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hér nokkurra spurninga. Hún spurði um forvarnasjóð sem áætlað er 55 millj. kr. á næsta ári en áætlaðar voru 50 millj. kr. á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin er nú um þessar mundir að ljúka við að vinna að sameiginlegu forvarnaátaki varðandi fíkniefni.

Hv. þm. spyr einnig um þjónustugjöld. Það er rétt sem kom fram í hennar máli að það eru ekki boðuð ný þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu. Hún spyr um tannréttingar og tannlækna sem er áætlað að spara um 80 millj. kr. á næsta ári. Sparnaðurinn felst fyrst og fremst í því að á yfirstandandi ári hefur verið að greiða gamla reikninga, suma tveggja og upp í þriggja ára gamla. Þeir reikningar berast okkur ekki á næsta ári, við erum að hreinsa upp gamlar skuldir. Síðan er áætlað að samræma gjaldtöku í tannréttingum. Það er mikill mismunur á gjaldtöku innan þessa sviðs.

Hv. þm. spyr einnig um sjúkrahúsrekstur og spyr um sjúkrahúsin hér á Reykjavíkursvæðinu og tók sérstaklega fyrir þá umræðu sem undanfarna daga hefur staðið yfir um Sjúkrahús Reykjavíkur. Eins og menn muna er aðeins rúmur mánuður síðan Sjúkrahús Reykjavíkur fékk aukafjárveitingu upp á 230 millj. kr. til rekstursins og yfir 100 millj. kr. til nýframkvæmda. Þessi aukafjárveiting átti að duga til að halda óbreyttum rekstri þetta ár og undirbúa samhæfingu sjúkrahúsanna sem mun hefjast á næsta ári. Ef við náum þeirri samhæfingu sem boðuð er í frv. þá náum við verulegri hagræðingu allt upp í 340 millj. kr.

Ég á eftir að svara hv. þm. varðandi lyfin. Við tökum sérstaklega á innflutningi lyfja og erum um þessar mundir að semja við apótekara varðandi afslátt til Tryggingastofnunar á lyfjakostnaði.

[22:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Heldur fannst mér nú svörin óljós. Ef ráðherrann kemur ekki hér upp og mótmælir því þá lít ég svo á að það eigi ekki að fara út í að hækka greiðsluhluta sjúklinga í lyfjum. Það eigi ekki að fara út í neinn aukinn kostnað fyrir heimilin varðandi tannréttingar. Ráðherrann talar um að samræma gjaldtöku en að ekki sé verið að auka tannréttingakostnað hjá einstaka heimilum í landinu. Það sé ekki verið að fara út í þjónustugjöld að því er varðar gjaldskrá fyrir blóðmeina- og meinefnarannsókna o.s.frv. Þetta lít ég á að liggi fyrir ef ráðherra mótmælir því ekki.

Varðandi sjúkrahúsin þá kemur mér það mjög á óvart, herra forseti, ef heilbrrh. er ánægður með þær upphæðir sem fram koma á fjárlögum vegna þess að ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, og hæstv. mun þá sjá það síðar við afgreiðslu fjárlaga ef henni er það ekki ljóst núna, að það vantar hundruð milljóna á næsta ári inn í sjúkrahúsreksturinn miðað við að við þurfum ekki að skera niður enn frekar þjónustu frá því sem er. Ég lít svo á að ráðherrann sé þá sáttur við þau framlög sem eiga að fara til sjúkrahúsrekstursins á næsta ári og það furðar mig mjög.

[22:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér fannst hv. 13. þm. Reykv. halda nokkuð undarlega ræðu. Hún byrjaði skynsamlega og viðurkenndi í upphafi að það væri jákvætt að reka ríkissjóð hallalaust en síðan venti hv. þm. heldur fokkunni. Hefði hv. þm. ráðið gjaldahlið þessa fjárlagafrv. þá er ég hræddur um að það væri ekki frv. í jafnvægi. Það var bókstaflega sama hvar hún drap niður það var hvergi eytt nógu miklu.

Ég lít ekki á að þessi fjárlög séu nein niðurskurðarfjárlög og það voru fjárlögin í fyrra ekki heldur. En þetta eru aðhaldssöm fjárlög.

Félmrn. er með svipaðar fjárhæðir og á fjárlögum þessa árs. Þetta á ekki við um einn geirann, þ.e. það á ekki við um málefni fatlaðra. Til málefna fatlaðra fara á næsta ári á milli 90 og 100 millj. kr. meira heldur en á árinu sem er að líða. Það er sannarlega ekki af okkar hálfu ráðist á öryrkja eða fatlaða. Þar er ekki um neinar skerðingar að ræða. Talan á Framkvæmdasjóði fatlaðra er lægri heldur en á fjárlögum ársins í ár. Það er rétt athugað hjá hv. þm. en hlutirnir eru bara nefndir sínum réttu nöfnum. Þessar 165

millj. fara allar til framkvæmda. Rekstrarþátturinn er tekinn út sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur verið látinn bera. Varðandi erfðafjárskattinn — þó einu sinni hafi ekki veitt af öllum erfðafjárskattinum í Framkvæmdasjóð fatlaðra þá þarf það ekki að vera svo um aldur og ævi og erfðafjárskatturinn gefur meira ár frá ári. Það er alls ekki um það að ræða að það sé einhver stöðnun í málefnum fatlaðra.

Varðandi Byggingarsjóð verkamanna, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, er auðvitað deginum ljósara að áður en langt um líður þarf að grípa til einhverra ráðstafana gagnvart Byggingarsjóði verkamanna. Hv. þm. lét eftir sig stórgallað húsnæðiskerfi, þó sérstaklega félagslega kerfið. Það var auðvitað sýnt strax í hennar ráðherratíð að Byggingarsjóður verkamanna mundi lenda í erfiðleikum þegar húsaleigubæturnar voru greiddar á kostnað Byggingarsjóðs verkamanna. Hv. þm. var í ráðherratíð sinni búinn að gera félagslega kerfið að vandræðakerfi, ekki kerfi fyrir tekjulítið fólk. Það er orðið óvinsælt, því miður. Ég tel að við þurfum að sinna félagslegum húsnæðismálum miklu betur en hefur verið gert á undanförnum árum og hef í huga að beita mér fyrir breytingum á því þannig að það nýtist þeim sem það á að hjálpa. Það er stórminnkuð ásókn núna í félagslega kerfið. Það er nú einn þátturinn í því að til þess er varið minna fé í ár heldur en hefur verið stundum áður. Þegar lán til kaupa á fyrstu íbúð voru hækkuð úr 65% í 70% þá stórminnkaði ásóknin í félagslega kerfið. Í ár var úthlutað 230 íbúðum, ef ég man rétt, í félagslega kerfinu en nú í september var einungis byrjað á eitthvað í kringum 100 íbúðum. Mér finnst að staða Byggingarsjóðs verkamanna sé ekki verulegt áhyggjuefni. Ég sé annað betra ráð heldur en að hækka vextina og ég sé annað betra ráð heldur en að fara að leggja honum fé á fjárlögum. Mér finnst afar einfalt að sameina bara byggingarsjóðina og ég vil vinna að því. Byggingarsjóður ríkisins er með mjög sterka efnahagsstöðu og þolir það vel að taka upp félagsskap við við Byggingarsjóð verkamanna.

Um Atvinnuleysistryggingasjóð er þess fyrst að geta að atvinnuleysi fer minnkandi sem betur fer. Þegar ég kom í félagsmálaráðuneytið var atvinnuleysið 7%, en nú hljóðar spáin upp á að það muni vera 3,2% í september, endanlegar tölur liggja ekki fyrir enn þá, því miður, og gera ekki fyrr en um miðjan mánuð. En (**Gripið fram í:** Voru það skattarnir sem ...) það er von til þess að atvinnuleysið verði ekki nema 3,2% enda verður maður áþreifanlega var við það því það vantar alls staðar vinnuafl. Líka hér í Reykjvík vantar vinnuafl í stórum stíl og þess vegna voru veitt 70 atvinnuleyfi til pólsks verkafólks á föstudaginn var af því að Íslendingar fengust ekki til starfa. Það er rétt að í þessu fjárlagafrumvarpi er lægri upphæð til Atvinnuleysistryggingasjóðs en var í fjárlögum ársins í ár en það skýrist í fyrsta lagi af minnkandi atvinnuleysi og við ættum að vera glöð yfir því. Síðan er í undirbúningi að setja lög um vinnumiðlun sem algjör samstaða er um milli aðila vinnumarkaðarins og það frv. á að hafa það í för með sér að greiðara gangi útvega fólki vinnu. Þar er hugsunin sú að hjálpa fólkinu til að finna vinnuna þar sem hana er að hafa.

Það er líka áformað að endurskoða lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð og það er ekki til að þrengja hann að einhverju marki. Það er líka rétt að geta þess að í fjárlögum 1996 var létt 250 millj. af Atvinnuleysistryggingasjóði vegna eftirlauna aldraðra. Starfsmenntun í atvinnulífinu á að vera tryggð á næsta ári þó að hún sé færð með þessum hætti í frv. og ekkert síður heldur en á þessu ári. Og atvinnumálaframlag til kvenna er að sjálfsögðu tryggt og á vísum stað en það eru sömu upphæðir og voru í fjárlögum ársins í ár.

Það er samkomulag um það að húsaleigubætur verði með óbreyttu sniði á næsta ári en það er orðið samkomulag við forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga um að sveitarfélögin taki alfarið við húsaleigubótunum 1. janúar 1998. Við þurfum að nota tímann og endurbæta lögin um húsaleigubætur áður en sveitarfélögin taka við þeim. (Gripið fram í.) Það er atriði sem ekki er að fullu frágengið við sveitarfélögin. Ég lít svo á að sveitarfélögin eigi eðli málsins samkvæmt að hafa mikið að segja um það hvernig þessi endurskoðun fer fram og hún er hafin. Það er líka eitt atriði sem er þar til skoðunar, hvort ekki eigi að greiða húsaleigubætur út á leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaga. Mér finnst sjálfum að húsaleigubæturnar hafi sannað gildi sitt og þess vegna vil ég alls ekki leggja þær niður. 65% af þeim sem taka við húsaleigubótum eru undir skattleysismörkum. Ég held að við eigum að standa vörð um þær en þær eru betur komnar alfarið hjá sveitarfélögunum. Það er ekki gott samvinnuverkefni. Við munum að sjálfsögðu taka við verkefnum eða kostnaði frá sveitarfélögunum eða láta fjármuni með húsaleigubótunum þannig að sveitarfélögin bíði ekki fjárhagslegan hnekki af því að taka við húsaleigubótum.

Það er rétt að geta þess líka að það er orðið samkomulag við formann og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stefna að því að sveitarfélögin taki alfarið við málefnum fatlaðra 1. janúar 1999. Lögin um málefni fatlaðra munum við endurskoða á þinginu í vetur. Málefni fatlaðra eru reyndar nú komin í reynslusveitarfélagaverkefninu til tveggja sveitarfélaga og það gefur mjög góða raun. Ég held að þessum málaflokki sé vel fyrir komið hjá sveitarfélögunum og vænti þess að þeir sem þjónustunnar eiga að njóta fái betri þjónustu fyrir ekki meira fé heldur en ef það væri á vegum ríkisins.

Hv. þm. gerði að umtalsefni vímuefnavandann og ég er alveg sammála hv. þm. um það að þar er um mikinn vanda að ræða. Hvað varðar minn málaflokk þá er rétt að geta þess að nýlega var opnuð meðferðarstöðin Stuðlar í Grafarvogi og sú stöð er tekin til starfa. Það er mjög mikilvæg stofnun og ég held að það sé mikið framfaraspor í þessu efni. Það hefur verið ákveðið að opna, væntanlega á Norðurlandi eystra, meðferðarheimili fyrir unga fíkniefnaneytendur á næsta ári. Það er hugsanlegt að við verðum að verja meira fé til fíkniefnamála. Það er seinni tíma verkefni en mér finnst að það geti legið í loftinu að við verðum að leysa það með einhverjum öðrum hætti. En ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Ég hef áhuga fyrir samvinnu við sveitarfélög um að taka verulega fast á þessum fíkniefnavanda. Ég veit að Reykjavíkurborg hefur það líka, einkanlega með tilliti til grunnskóla. Það er ægilegt ef fíkniefnaneysla er orðin að verulegu vandamáli í grunnskólum borgarinnar eða í grunnskólum skulum við segja og ég tel að það dugi engin vettlingatök og það geti vel átt rétt á sér að gera einhverjar sértækar ráðstafanir í því efni.

Herra forseti. Ég hefði auðvitað getað gert við fjárlagagerðina tilögur um eitt og annað til hækkunar. Það er alltaf hægt að hugsa sér að gera meira og gera betur en ég held að þetta dugi prýðilega og félmrn. og undirstofnanir þess eigi að geta komist prýðilega af með það sem skrifað er í fjárlögin og get lýst því yfir vegna orða sem hér féllu hjá hv. 13. þm. Reykjavíkur að ég er prýðilega ánægður með hlut félmrn. í þessu fjárlagafrumvarpi og ég legg mjög ríka áherslu á að

það verði afgreitt þannig að ekki verði halli á ríkissjóði á næsta ári.

[22:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það breyti litlu varðandi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna hverju hæstv. ráðherra heldur hér fram. Ég held að tölurnar tali sínu máli í þessari skýrslu sem við höfum fengið. Ríkisframlagið hefur verið frá 1991–1995 um og yfir 1.000 millj. en síðan segir í skýrslunni að það hafi orðið stökkbreyting þegar ráðherrann tekur við og þá fer það úr 955 niður í 400 og síðan enn aftur á næsta ári niður í 300. Það er því ekki nema $^1/_3$ af því sem það var þegar hæstv. ráðherra tók við og ráðherrann hlýtur að sjá hvaða afleiðingar það hefur. Hann leggur mikið upp úr hallalausum fjárlögum en hann er greinilega að setja skuldir þessa sjóðs yfir á framtíðina og hefur engar áhyggjur af því. Varðandi það að umsóknum í félagslega kerfinu hafi fækkað, þá eru til á því alveg ákveðnar skýringar. Það er verið að reyna að hræða fólk leynt og ljóst frá þessu kerfi. Það er verið að tala um að íbúðirnar standi auðar, þær eru þó ekki nema 200 af 10.000 og kannski upp undir helmingurinn af þeim á Vestfjörðum og á því eru skýringar sem ekki vinnst tími til að rekja hér. Hver er greiðslubyrðin í húsbréfakerfinu, þó að lánin séu um 70%, sem ráðherrann telur að komi í staðinn? Útborgun þar eru um 2 milljónir af íbúð sem kostar 6,7 milljónir en ekki nema 670 þús. hjá Byggingarsjóði verkamanna og greiðslubyrðin miklu minni af þeim lánum sem sjóðurinn veitir. Þannig að það er bara barnalegt að halda því fram að þetta sé ekki kostur fyrir láglaunafólk og furðulegt að ráðherrann sé að halda öðru fram.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð þá nefndi ráðherrann ekki hvað væri verið að gera með því að herða úthlutunarreglurnar. Er verið að rýra eitthvað kjör atvinnulausra? Og ég spyr ráðherrann, að gefnu tilefni frá síðasta þingi, hvað hefur hann skoðað á þessu sumri varðandi það að rýmka reglur fyrir bændur, trillukarla og vörubílstjóra?

[22:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú þetta með ríkisframlagið til Byggingarsjóðs verkamanna. Ekki fann ég upp á því að taka 400 millj. af fjárveitingum Byggingarsjóðs verkamanna til þess að færa yfir í húsaleigubætur. Það var ekki gert í minni ráðherratíð. (**JóhS:** Það var ekki gert, það eru 100 milljónir.) Það voru (Gripið fram í.) 400 milljónir sem heimilaðar voru úr fjárveitingu til Byggingarsjóðs verkamanna og ánafnað í húsaleigubætur. Eyddust ekki nema 200 af þeim og þeirri tölu hefur verið haldið. Varðandi það að hræða fólkið þá er það ekki ég sem fann upp á því. Þetta kerfi hefur bara gefist viðskiptavinum illa. (**Gripið fram í:** Nú?) Fjórðungur gesta á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna býr í félagslegum eignaríbúðum. Það er athyglisvert að fjórðungur þeirra sem þangað hafa leitað er fólk sem er í félagslegum eignaríbúðum. Íbúðirnar urðu í mörgum tilfellum allt of dýrar og kemur niður á því að of dýrt er að búa í þeim jafnvel þó að vextirnir séu ekki háir.

Það er ekki verið að rýra kjör hinna atvinnulausu. Ég tel að ekki sé eðlilegt að gera það vegna þess að sú fjárhæð er í sjálfu sér ekki há sem greidd er. Hins vegar vænti ég þess að innan fárra daga geti ég lagt fram frv. um breytingar á Atvinnuleysistryggingasjóði.

Hvað varðar bændur og einyrkja þá er nefnd að störfum sem ég vona að skili innan fárra daga áliti og væntanlega á þá lund að stofna sérstakan sjóð fyrir einyrkja.

[23:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á að þetta svar sem hæstv. ráðherra gaf um bændur og vörubílstjórana var nákvæmlega sama svar og hann gaf fyrir rúmu ári þegar hann var spurður að þessu — að nefnd væri að störfum. Ég held að þetta sé ekki svo flókið mál. Þetta var ekki svo flókið þegar hæstv. ráðherra sem óbreyttur þingmaður var að kalla eftir leiðréttingum fyrir þessa hópa um atvinnuleysistryggingar. Þá var þetta ekki flókið mál. En nú er þetta búið að vefjast fyrir ráðherranum í meira en ár.

Mér finnst gaman að heyra að ráðherrann og hans flokkur, sem barðist hvað mest á móti húsbréfakerfinu á sínum tíma, telur það nú mjög gott og það sé orðið svo gott að meira að segja sé hægt að vísa öllu fólkinu í félagslega íbúðakerfinu yfir á húsbréfakerfið. Þetta er fagnaðarefni og mikil meðmæli með húsbréfakerfinu eins og skýrsla sýnir, sem við höfum farið í gegnum, að stendur mjög traustum fótum. Ég yrði mjög hrædd við það ef ráðherrann ætlar að reyna að laga fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs verkamanna með því að steypa saman Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna. Vegna þess að þegar Framsfl. kom nálægt Byggingarsjóði ríkisins á einu ári, 1986–1987, stefndi hann honum hraðfara í gjaldþrot svo tugum milljarða skipti. Ef hann ætlar núna að hrófla eitthvað við þessum sjóði, sem stendur mjög traustum fótum samkvæmt þessari skýrslu, og blanda fjárhagserfiðleikunum sem hann hefur búið til í Byggingarsjóði verkamanna, með svo skertum fjárlögum eins og hér eru lögð fram, þá væri ég hrædd um að hann stefndi honum einnig beinustu leið í gjaldþrot.

Í tengslum við Atvinnuleysistryggingasjóðinn verður grannt fylgst með því hvort verið sé að rýra kjör atvinnulausra í úthlutunarreglunum og ég tel nauðsynlegt að það liggi fyrir áður en fjárlögin verða afgreidd.

[23:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get fullyrt að áður en fjárlög verða afgreidd verði líka búið að afgreiða breytingar á lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Það er alveg rétt varðandi einyrkjana að lengri tíma hefur tekið en ég vonaðist eftir í vor að koma þessu fram og vona að það takist á haustþinginu. Auðvitað hefur húsbréfakerfið sína kosti. Það er greitt í viðskiptum og það hefur sína kosti.

Varðandi þráhyggju hv. þm. í garð fyrrv. félmrh. Alexanders Stefánssonar, þá ætla ég ekki að fara að skattyrðast við hana um verk hans sem félmrh. Ég tel að hann hafi verið ágætur félmrh. og sinnt sínu starfi vel. En ef ég gæfi mig út í orðaskipti við hv. þm. um það efni mundum við sjálfsagt þurfa að jagast hér í alla nótt.

Byggingarsjóður verkamanna fór ekki allur á hliðina bara við að ég kæmi í ráðuneytið. Það var búið að skekkja hann ansi mikið áður en ég kom þangað.

[23:06]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Lagt hefur verið fram frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Þetta er fjárlagafrv. með hallalausum ríkisrekstri og er það vel. Vonandi standast allar forsendur frv. þannig að þetta verði útkoman þegar upp er staðið en því miður hef

ég grun um að ýmislegt geti raskað þeim forsendum eins og komið hefur fram í máli manna í dag.

Afborganir lána vega allt of þungt í ríkisrekstrinum og alvarlegt er að skila til afkomenda okkar og framtíðar miklum ríkisskuldum og að greiða svo háar afborganir lána eins og við gerum í dag. Við getum talað um ábyrgðarleysi eða allt að því siðleysi að velta vandanum áfram til komandi kynslóða hvað varðar ríkishalla til margra ára. Mikilvægt er að sýna aðhald í ríkisrekstri en það er ekki sama hvernig að aðhaldinu og niðurskurðinum er staðið.

Eftir samdráttarskeið sem hefur verið undanfarin ár er mikilvægt að fara varlega í að draga saman í þjónustunni við þá sem minna mega sín. Atvinnuleysi og skuldasöfnun heimila hafa sett spor á marga fjölskylduna. Velferðarkerfið þarf að verja eða það þjónustustig sem það hefur verið á á undanförnum árum. Í máli hæstv. fjmrh. kom fram að fólk gengi að því sem vísu að það ætti rétt á ákveðinni þjónustu. Þegar ákveðinni þjónustu hefur verið komið á eða byggð upp hlýtur að teljast eðlilegt að fólk gangi að þeirri þjónustu vísri og eigi rétt á þeirri þjónustu. Því ber að fara ákaflega varlega í að koma á mjög sérhæfðri þjónustu sem þjónar fáum einstaklingum og er dýr, bæði með því að koma henni á og í rekstri. Þegar einu sinni er búið að koma á þeirri þjónustu er mjög erfitt að draga í land og draga til baka.

Við breytingar eða niðurskurð á þjónustunni þarf að meta hvort sparnaður leiði af aðgerðinni þegar á heildina er litið. Lokanir deilda á sjúkrahúsunum í lengri eða skemmri tíma hafa velt kostnaði yfir á Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélögin og ekki síst yfir á heimilin. Heildarlyfjakostnaður hefur lítið sem ekkert lækkað, jafnvel staðið í stað. Töluverð vinna hefur verið lögð í að ná kostnaðinum niður en þegar upp er staðið hefur hann frekar aukist.

Á sama tíma og fólki er bent á, einstaklingum sem taka inn lyfin, læknum sem vísa á lyfin, lyfsölu sem selja lyfin að velja ódýrustu lyfin, er orðið frjálsræði í lyfjasölu og framboð á lyfjamarkaðnum er orðið miklu meira en áður og frekar verið að ýta lyfjum að einstaklingum en að draga í land.

Ég styð þær sparnaðarleiðir að draga úr vægi sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu svo dæmi sé tekið og þess í stað að byggja upp sterkara net heilsugæslu í landinu og félagslegrar þjónustu sveitarfélaganna. Við niðurskurð verður að taka tillit til byggðasjónarmiða ef þingmenn hafa áhuga á að halda byggð sem víðast í landinu. Niðurskurður einstakra embætta vegur misþungt eftir eðli embættanna og stöðu byggðanna eða svæðanna sem embættin hafa þjónað. Nefna má sem dæmi stöður yfirdýralækna. Þær eru mikilvægar í dreifbýlinu og sveitarfélögum um nær allt land. Ef stöður yfirdýralæknaembættanna verða lagðar niður á grundvelli samkeppnisaðstöðu við sjálfstætt starfandi dýralækna er eins víst að mörg héruð verða nú eða í framtíðinni án starfandi dýralækna þar sem rekstrargrundvöllur fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna er helst í nálægð þéttbýlisstaðanna og munar þá mest um þjónustu við gæludýrahald bæjarbúa. Fækkun stöðugilda ríkisfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu hefði ekki sömu áhrif og niðurskurður einstakra embætta úti á landi. Má þar nefna stöður yfirdýralækna, sýslumannsembætta og löggæslu.

Niðurskurður til framhaldsskólanna er einnig byggðapólitísk ákvörðun. Fólksfækkun hefur verið viðvarandi í flestum fjórðungum, þ.e. fyrir utan höfuðborgarsvæðið og fækkunin hefur á sumum svæðum orðið svo mikil að mætti tala um byggðaröskun. Íbúar þessara svæða, svo og sveitarstjórnarmenn, hafa einna helst litið til nýsköpunar í atvinnulífinu og til eflingar menntun í fjórðungunum til að snúa þróuninni við og því hefur niðurskurður framlaga til framhaldsskólanna mun víðtækari áhrif en á skólarekstrinn einn og sér. Niðurskurðurinn hefur áhrif á lífskraft íbúanna, á metnað þeirra, áhrif og von til bjartari framtíðar og öryggi til menntunar barnanna og til mannlegrar viðurkenningar þ.e. að eiga rétt á ákveðinni þjónustu og vera metinn að verðleikum, vera ekki annars flokks þjóðfélagsþegn.

Sem dæmi um framhaldsskóla má nefna Menntaskólann á Egilsstöðum sem tók við rekstri Alþýðuskólans á Eiðum fyrir ári. Eftir þetta eina ár hafa komið í ljós ýmis vandkvæði í rekstrinum, erfiðleikar vegna skorts á raunverulegu rekstrarfé og eins vegna þess að ekki hefur fyllilega verið staðið við greiðslur til viðhalds annars skólans, þ.e. Alþýðuskólans á Eiðum. Þetta óöryggi sem hefur skapast við skólahaldið vegna þessara aðgerða, sem vonandi fara vel og efla skólann þegar til lengri tíma er litið, hefur dregið úr skólahaldinu nokkurn mátt. Síðustu boðanir í fjárlagafrv. hafa komið mönnum á óvart, þ.e. þær aðgerðir að draga úr fjárframlögum til Húsavíkurskólans á Hallormsstað og síðan í framhaldinu að fella þann skóla undir menntaskólann miðað við stöðu skólans í dag, valda mönnum áhyggjum sem eðlilegt er. Húsavíkurskólinn á Hallormstað hefur verið að eflast og vaxa. Mikil aðsókn er að þeim skóla og hann hefur verið stolt okkar á Héraði og veitt góða þjónustu og við höfum öll áhuga í mínu byggðarlagi á að hlúð verði að þeim skóla hvort sem hann verður áfram starfandi sem sjálfstæður skóli eða færður undir menntaskólann eins og til stendur. En forsendan er sú að nægilegt rekstrarfé fáist til skólahaldsins. Samrekstur menntaskólans, eins og hann hefur verið, með þessum tveimur fjarlægu skólum er erfiður með tilliti til heimavistar og fjarlægðar. Þess vegna er erfitt að nota einhverja staðla eða grunnstaðla eins og hér hefur verið bent á. Það þarf að líta á sérstöðu þessa skóla og annarra skóla sem til stendur að breyta starfseminni hjá. Skólahald menntaskólans er einn af þeim grunnum sem við byggjum á þ.e. að geta menntað okkar unga fólk upp menntaskólastigið og að það eigi þarna öruggan aðgang að skólunum. Það er ekki nóg að nægilegt framboð sé af húsnæði, góðum kennurum og skólastofum sem að vísu vantar, heldur þarf orðstír skólans að vera slíkur og metnaður, bæði frá skólanum og frá menntmrn. í garð þessa skóla að unga fólkið vilji sækja í heimabyggð en ekki fara í burtu.

Grunnskólinn er nú alfarið rekinn af sveitarfélögunum og þetta er eitt stærsta verkefni sem flutt hefur verið frá ríki til sveitarfélaganna. Það á eftir að koma í ljós á þessu fyrsta starfsári hvernig rekstrargrundvöllurinn er, en ég tel mikilvægt að skoða af fullri ábyrgð þær niðurstöður sem liggja fyrir eftir þennan fyrsta vetur, hvernig reksturinn er, hvort nægilegu fé hefur verið varið til skólanna, þannig að þeir standi undir þeim kröfum sem gerðar eru í grunnskólalögunum í dag og sérstaklega þá rekstrargrundvöll minnstu skólanna og þeirra sem reknir eru af sveitarfélögum með íbúafjölda frá 1–2 þús. Í sveitarfélögum af þeirri stærðargráðu, með íbúafjölda frá 1–2 þús. eru tekjur oft litlar, en kröfurnar orðnar jafnmiklar og þetta væri sveitarfélag með 5–15 þús. íbúa.

Flutningur ríkisfyrirtækja frá höfuðborginni út á land er viðkvæm aðgerð og það þarf að standa vel að þeim flutningum. Því verður að setja almennar reglur um flutning

ríkisstofnana svo að friður sé um flutninginn og að öryggi starfsmannanna sé tryggt. Það er hægara að fela sveitarfélögunum eða fyrirtækjum úti á landsbyggðinni einstök verkefni heldur en að fara út í að flytja ríkisfyrirtækin og það er hægt að gera miklu meira af því heldur en hefur verið gert fram að þessu. Með því að flytja ákveðið verkefni eru fyrirtæki styrkt bæði með verkefnum og ekki síður með aukinni þekkingu sem við þurfum sérstaklega á að halda til þess að vera svo samkeppnisfær í að fá til okkar ný atvinnutækifæri.

Heildarniðurskurður í vegaframkvæmdum kemur til með að bitna harkalega á framkvæmdum úti á landi því að þeim stórframkvæmdum sem nú eru í gangi í vegamálum hér á höfuðborgarsvæðinu er ekki nærri lokið og miðað við þann niðurskurð sem boðaður er til vegamála er ljóst að aðrar nýframkvæmdir verða skornar niður. Það má flokka mig með þeim þingmönnum sem eru í vegavinafélaginu því að það er ekki bara á Vestfjörðum sem vegir eru lélegir eins og hefur verið lýst yfir af æðstu embættum að heldur þarf hreinlega að klára að byggja upp hringveginn. Það er af því sparnaður og það er af því byggðaröryggi, og er hægt að nefna mörg dæmi því til sönnunar, en vilji menn endilega hafa einhverjar hagkvæmnistölur þá er mjög auðvelt að reikna það út líka. Meira að segja hvað varðar þann fiskflutning sem fer um þjóðvegi landsins er hægt að reikna hvað bundið slitlag mundi lækka kostnað við hvert kíló á fiski í þessum flutningum fram og til baka. Svo væri það annað mál að ræða um fiskflutninga á þjóðvegum landsins.

En það eru aðrar stórframkvæmdir en vegaframkvæmdir áætlaðar á höfuðborgarsvæðinu sem eru það stórar í sniðum og fjárfrekar að þær munu hafa áhrif á byggð í landinu. Það er gefið mál að fólk mun líta til þeirra atvinnutækifæra sem hér bjóðast og hefur það enn frekar áhrif á byggðarþróun. Einhverjar markvissar aðgerðir verða að koma frá ríkisvaldinu til þess að sporna þar á móti. En hvar á að fá fjármagn til að halda uppi sama þjónustustigi eða komast hjá niðurskurði í mikilvægum málaflokkum? Ein leið, hæstv. fjmrh., væri að taka á skattsvikum, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum. Aðrar leiðir ætla ég ekki að nefna til viðbótar. Það hefur verið bent á nokkrar í dag, en ég held að ástæða sé til að ítreka þessa leið enn og aftur.

[23:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var einu sinni talað um sjálfshól í þessu samfélagi sem einleik á glansmynd. Hér hefur verið flutt þetta gamalkunna tónverk á glansmynd af talsmönnum ríkisstjórnarinnar og það er sérstaklega athyglisvert að hlusta á t.d. ræður þingmanna Framsfl. sem eru ekki búnir að sitja í ríkisstjórn nema eitthvað á annað ár, held ég, og þeir hafa þegar byrjað að þakka sér fyrir nýju starfstækifærin sem hafa orðið til á þessum tíma og þakka sér fyrir þann mikla árangur í ríkisfjármálum sem þeir telja að þeir hafi náð. Ég veit satt að segja ekki, herra forseti, hverju svona málflutningur á að þjóna. Á hann að þjóna því að reyna að berja kjarkinn í hina vansælu liðssveit Framsfl. sem innst inni sér eftir því að hafa myndað þessa stjórn með Sjálfstfl. eins og gert var vorið 1995, þegar fyrir lá að það var unnt að mynda stjórn félagshyggjuflokkanna? Af hverju er það sem ágætir og greindir og prýðilegir þingmenn Framsfl. tala eins og það hafi algerlega skipt um á öllum sviðum um leið og þeir komu upp í Stjórnarráð? Þetta eru sömu menn, eins og hæstv. iðnrh., sem fyrir einu og hálfu ári fluttu vægt til orða tekið, með leyfi forseta, dómadagspredikanir um að allt væri að fara þangað sem er eiginlega óímunnberanlegt samkvæmt þingsköpum. Núna hefur allt lagast. Atvinnutækifærum fjölgar stöðugt þannig að Framsfl. óttast það mest að þau verði of mörg miðað við kosningaloforðin. Það er helsti höfuðverkur Framsfl. um þessar mundir. Jafnvægið í ríkisfjármálum, það er allt Framsfl. að þakka ef tekst að ná því. Og ég endurtek, hæstv. forseti: Hvað veldur því að framsóknarmenn reyna að telja sér og öðrum trú um það að þetta sé í raun allt þeirra verk sem er jákvætt en allt sem kann að vera neikvætt er verk einhverra annarra?

Mér fannst t.d. hv. þm. Siv Friðleifsdóttir alveg ótrúlega vel prógrammeruð, ef ég má nota það orð, með leyfi forseta, fyrr í kvöld þar sem hún hældist um á hæl og hnakka yfir því hvað framsóknarmönnum hefði tekist margt og mikið í þessari ríkisstjórn. Staðreyndin er hins vegar sú, hæstv. forseti, að framsóknarmenn hafa verið í þessari ríkisstjórn eins og þægir embættismenn í vinnu hjá Sjálfstfl. Eins og þægir embættismenn, flatneskjan uppmáluð á flestum sviðum nema þegar kemur að hæstv. félmrh., sem af og til bregður fyrir sig skemmtilegum hlutum og snertur af því heyrist stundum í hæstv. heilbrrh. Að öðru leyti er þetta svipurinn hjá Framsfl., þetta er eins og embættismannastjórn, sá hluti ríkisstjórnarinnar sem er í Framsfl. Þeir sem stjórna eru hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.

Förum aðeins yfir hvað það er sem menn eru að hæla sér af. Það er í fyrsta lagi að búið sé að ná þessum mikla árangri í ríkisfjármálum, hallalaust fjárlagafrv. er lagt fram og það er talað um það sem einhvern gríðarlegan árangur og ávinning ríkisstjórnarinnar. Þetta er fölsun. Það hefur ekkert verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar sem stuðlar að þessum hallalausu fjárlögum. Ekki neitt, bókstaflega ekki neitt. Eins og fram kom heyrði ég nýlega í sjónvarpsviðtali við hv. 5. þm. Vestf. að hér er að mörgu leyti um að ræða hluti sem koma annars staðar að.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1996 segir svo á bls. 26, með leyfi forseta:

„Á tekjuhlið er nú gert ráð fyrir allt að 3–3,5 milljörðum kr. meiri tekjum en í fjárlögum ársins sem skýrist að mestu af betri efnahagshorfum en reiknað hafði verið með.“ Og síðan segir, með leyfi forseta, á sömu síðu: „Á fjárlögum A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1996, sem er á greiðslugrunni, var gert ráð fyrir 4 milljarða kr. tekjuhalla, eða ríflega helmingi minni tekjuhalla en árið 1995.“

Veruleikinn er með öðrum orðum sá, og það er vottað af Þjóðhagsstofnun, að því er fyrst og fremst um að þakka að það eru almennt séð betri efnahagshorfur í þjóðfélaginu en menn höfðu gert ráð fyrir áður. Og þessar almennu efnahagshorfur eru ekki ríkisstjórninni að þakka eins og ég get reyndar rakið og mun rekja aðeins nánar í ræðunni. Það er því nauðsynlegt fyrir talsmenn stjórnarflokkanna að gera sér grein fyrir því að þeir eru að blekkja sjálfa sig a.m.k. með því að halda fram málflutningi af því tagi sem þeir hafa gert hér í kvöld og í dag, einkum sumir talsmenn Framsfl. Þar er það átakanlegast að hlusta á ræðuhöld af þessu tagi.

Hvar eru nýju störfin sem verið er að tala um? Það er verið að tala um 1.500 manns sem bætist við. Hvar er þessi hópur? Hann er að sjálfsögðu út um allt þjóðfélagið. En þar er m.a. um það að ræða að menn gera ráð fyrir því t.d. þegar horft er á ný störf fram til aldamóta að við bætist um 7% á ári í tekjur af erlendum ferðamönnum á næstu árum. Þetta er í þjóðhagsáætlun. Það er gert ráð fyrir því að útflutningurinn á ári aukist almennt um 3,5% og talsverður hluti af því er

ál þegar kemur fram undir aldamótin. Og það er gert ráð fyrir því þegar kemur fram undir aldamótin að talsverður hluti af batanum sem menn eru að horfa á fram í tímann sé vegna aðeins batnandi viðskiptakjara á nýjan leik. Það kemur líka í ljós hvar batinn er á þessum tíma sem menn eru núna að horfa í á milli áranna 1995 og 1996. Hvar er hann? Hann er í sjávarútveginum. Þar eru menn að tala um bata í heildartekjum upp á um það bil 7%, 7% í sjálfum sjávarútveginum á milli áranna 1995 og 1996. Og það er verið að tala um það að útflutningsverð á áli hafi hækkað um 16,5% og muni halda áfram að hækka til ársins 1997 um 16,5%. Er það ríkisstjórninni að þakka? Er það Framsfl. að þakka að verð á áli hækkar? Með leyfi forseta, allt þetta tal og þessi einfeldningslega uppsetning er ekki við hæfi af jafnmætum mönnum og mörgum þeim þingmönnum, aðallega Framsfl., sem hafa borið þetta fyrir sig.

Veruleikinn er sem sagt þessi: Það eru utanaðkomandi aðstæður, m.a. í sjávarútveginum, í ferðamannaiðnaðinum og í álinu m.a. sem hafa gert það að verkum að hér eru menn að tala um fleiri atvinnutækifæri. Það hefur ekkert með það að gera að þessir þægu fimm embættismenn Framsfl. hafa verið í vinnu uppi í Stjórnarráði hjá íhaldinu núna í eitt og hálft ár. Það kemur málinu ekkert við.

Hv. þm. Ágúst Einarsson sagði að þessi bati hefði náðst þrátt fyrir ríkisstjórnina. Það getur vel verið að það sé rétt og ég væri út af fyrir sig til í að fara aðeins yfir það. En það er alla vega alveg ljóst að hún hefur ekkert til að hælast af í þessu efni. Ekki neitt. Og þess vegna taldi ég nauðsynlegt núna í lok umræðunnar að greina það aðeins hvað hér er á ferðinni. Það hefur ekkert gerst af hálfu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Það eru ytri aðstæður sem leiða það af sér að störfum fjölgar og fjárlagafrv. er í jafnvægi. En hvort fjárlögin verða í jafnvægi ætla ég svo að tala um á eftir. Það dreg ég stórlega í efa eins og þetta dæmi er sett upp.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997, sem hefur verið lögð fram með fjárlagafrv. og stefnuræðu forsrh., er prýðilega farið yfir þessa hluti, m.a. fjármunamyndunina á árunum 1995, 1996 og 1997. Það er ekki síst hún sem er að aukast dálítið. Milli áranna 1995 og 1996 eykst fjármunamyndunin um u.þ.b. 20 milljarða kr. Það er þó nokkuð, hún fer úr u.þ.b. 70 í 90. Hvar er þetta? Það er í fyrsta lagi í fiskveiðum, úr 2,1 milljarði í 5,4 milljarða kr. Í öðru lagi er það vinnsla sjávarafurða úr 3,2 milljörðum í 4 milljarða kr. Síðan er það ál í 7 milljarða kr. á árinu 1996 og 7 milljarða kr. á árinu 1997. Síðan eru hækkanir á rafvirkjunum og rafveitum sem eru afleiðing af ákvörðunum sem hafa verið teknar á iðnaðarsviðinu og ég mun koma að á eftir. Þá er nokkur hækkun á verslunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði, um u.þ.b. 700 millj. og svo er veruleg hækkun á liðnum tölvur og skrifstofubúnaður, hækkun upp á u.þ.b. 1 milljarð kr. Svo er hækkun á samgönguliðnum sem skýrist ekki síst af þeim framkvæmdum sem þar eru og hafa verið í gangi.

Allir sjá, hæstv. forseti, að ekkert af þessu er þannig að núverandi ríkisstjórn hafi ráðið úrslitum um það. Ekki neitt, bókstaflega ekki neitt. Það er alveg sama hvernig menn lesa þessa hluti, það er ekkert þeim að þakka. Hér er um að ræða veruleika, staðreyndir sem eru þjóðinni að þakka, m.a. því hvernig hún hefur tekið á sínum efnahagsvandamálum á undanförnum árum. (**SJS:** Það er að vísu eitt starf í Lúxemborg sem er ríkisstjórninni að þakka.) Það er á árinu 1997.

Ég ætla aðeins að víkja að álinu, sem er það sem menn ætla aðallega að hæla sér af, það er álið, ég sé það á öllu, það er stækkunin í Straumsvík. Menn eru að gera sér vonir um það að geta stækkað Grundartangaverksmiðjuna kannski. Það lítur aðeins lakar út með það en búist var við, en það gæti farið að hreyfast. Og menn eru líka að tala um að byggja verksmiðju fyrir fyrirtækið Columbia Ventures Corporation ef samningar takast þar. Um það veit enginn neitt í dag. En er þetta Framsfl. alveg sérstaklega að þakka — eða kenna ef menn vilja horfa þannig á það, að þetta er að koma? Hver er veruleikinn í þessum málum?

Veruleikinn að því er varðar stækkun Ísals er fyrst og fremst sá að menn virkjuðu Blöndu í ótíma og lágu með magn af ónothæfri raforku í stórum stíl sem ekkert fékkst fyrir og gátu þess vegna notað til að beita fyrir eigendur Ísals í þessu sambandi. Hver er veruleikinn í sambandi við stækkunina á Grundartanga eða Columbia Ventures Corporation? Af hverju geta hugsanlega náðst samningar þar? Er það Framsfl. að þakka? Hefur Framsfl. eitthvað sérstaklega með það að gera að það er til Nesjavallavirkjun? Ég veit satt að segja ekki betur en Framsfl. hafi verið þverari í því máli heldur en flestir aðrir stjórnmálaflokkar og er þá langt gengið og þá man ég meira að segja eftir mínum flokki. Þannig er uppsetning mála af þessu tagi eins og menn gera hér auðvitað algerlega út í hött. Hún er barnaskapur, hún er vitleysa og hún afvegaleiðir stjórnmálaumræðuna því að stjórnmálaumræðan á að snúast um alvörustaðreyndir.

Síðan kemur það upp, hæstv. forseti, að þessi árangur í ríkisfjármálum sé svona vegna þess að menn hafi náð því að spara svo mikið. Og eins og menn vita höfum við alþýðubandalagsmenn verið þeirrar skoðunar að það væri sjálfstætt efnahagslegt keppikefli að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Við sýndum það m.a. þann tíma sem við fórum með þessi mál, t.d. þegar hv. þm. Ragnars Arnalds var fjmrh. Við höfum lagt mjög mikla áherslu á það að tryggja jafnvægi í ríkisfjármálum. Við teljum það pólitískt mikilvægt, efnahagslegt keppikefli. En við teljum að það eigi ekki að ná því með því að skrúfa beddana undan gömlu fólki og henda því út á götu. Okkur er með öðrum orðum ekki sama hvernig það er gert, en við teljum mikilvægt að freista þess eins og kostur er. Ég held að það sé ómögulegt að neita því að í þau skipti þegar við höfum verið í ríkisstjórnum höfum við haldið þannig á málum með ábyrgum hætti í okkar málflutningi, en ábyrgðin getur ekki bara verið gagnvart því að sýna jöfnuð í tölum. Ábyrgðin er líka gagnvart gamla fólkinu sem verið er að henda út úr Arnarholti þessa dagana svo ég nefni dæmi.

Tökum einn þáttinn sem búið er að fjargviðast hér um í hverri einustu fjárlagaumræðu í sex ár, það eru lyfin. Ég hef ekki tölu á öllum þeim reglugerðum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gaf út í sambandi við lækkun á lyfjakostnaði. Það mátti heita eiginlega bara nokkurn veginn regluleg útgáfa. Einu sinni í viku eða svo mátti heita víst að kæmi reglugerð frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að lækka lyfin. Það vill svo til að um síðustu helgi var ég fenginn til þess að tala um lyfjamál á fundi lyfjafræðinga austur í Hveragerði og þá fór ég að fara yfir þessa hluti og mig eiginlega rak alveg í rogastans. Því það kemur á daginn, hæstv. forseti, að lyfjakostnaðurinn hefur haldið áfram að hækka mjög verulega. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir því að lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins verði 3.600 millj. kr. en yrðu að óbreyttu — hvað? 4.000 millj. kr. Og það er algjörlega opin ávísun og í raun algjörlega óljóst hvernig menn ætla að ná niður þessum mun úr 4.000 í 3.600 millj. kr.

Nú er ég ekki að segja það hér, hæstv. forseti, að þetta sé létt verk. Ég er ekki að því. Þannig háttar til, og birtar hafa verið um það rannsóknir, að gera megi ráð fyrir því miðað við reynslu undanfarinna ára að lyfjakostnaður hækki á hverju ári vegna nýrra lyfja og vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, um 13%, segir lyfjasérfræðingur heilbrrn. En í sumum löndum, t.d. í Danmörku, eru menn stundum að tala um að þessi tala sé varla undir 15% þannig að ef við værum komin í það að vera með lyfjakostnaðinn upp á 4.000 milljónir, þá værum við að tala um að þessi hækkun, bara þessi sjálfvirka hækkun, væri á ári upp á hálfan milljarð, sem er gríðarlega há og erfið tala.

Hæstv. fyrrv. heilbrrh. kaus þá leið að fara fyrirskipanaleiðina í þessu efni og hann fór illa að heilbrigðisstéttunum. Hann gerði það. Ég get ekki neitað því að mér fannst hann gera það og ég held að það sé almennt mat manna þó að menn séu fljótir að gleyma, sem betur fer fyrir hann, og ég held ég hafi jafnvel séð þess getið í einu blað að menn sakni hans og þá er nú langt gengið, en svona er nú lífið. Það er kannski það eina sem stjórnmálamenn geta stundum huggað sig við að þjóðin sé gleymin. En veruleikinn er sá að það hefur ekki tekist að ná þessu niður. Á árinu 1990, ef ég man rétt, voru útgjöld til lyfjamála 2.600 millj. kr. Segjum að síðan hafi orðið u.þ.b. 20% verðlagshækkanir og miðað við það ættu útgjöldin að vera núna í kringum 3.100 millj. kr. Veruleikinn er sá að á næsta ári yrðu þau að óbreyttu 4.000 millj. kr. eða 28% hærri en þetta og það segir þó ekki alla söguna, því miður, hæstv. forseti, vegna þess að það er búið að hækka stórkostlega lyfjakostnaðarhlutdeild almennings. Og ef við tökum lyfjakostnaðarhlutdeild almennings með inn í þetta dæmi, þá er raunkostnaður á lyfjum, hækkunin frá 1990–1997 sennilega í kringum 55%. Það er hrikaleg tala. Hún er bæði kostnaðaraukning Tryggingastofnunar ríkisins og hún er líka hækkunin á hluta sjúklinganna, en hlutur þeirra hækkaði á síðasta kjörtímabili úr 18% í 32% og bara það eitt og sér gerir um það bil 800 millj. kr. eða tæplega 80% hækkun. Hér er því um hrikalegan hlut að ræða. Og þá segi ég við hæstv. fjmrh.: Ég dreg það í efa að þið náið þessum 400 millj. sem þarna er verið að tala um. Vegna þess að ég sé ekki að hlutirnir séu settir niður með skýrum hætti. Ég er ekki að hvetja til þess að sá reglugerðakækur sem tíðkaðist í síðustu ríkisstjórn verði tekinn upp aftur, þessi vikulegi reglugerðakækur, heldur er ég að hvetja til þess að farið verði öðruvísi í málin.

Það er sem sagt ljóst að u.þ.b. 200 millj. af þessari hækkun eru væntanlega vegna nýrra lyfja miðað við þær formúlur sem notaðar eru. 200 eru væntanlega vegna þess að þjóðin er að eldast og viðbótin er vegna þess að um er að ræða raunverðhækkun á lyfjum sem hefur gengið yfir um langt árabil. Það er alveg ljóst að þessi innbyggða hækkun á lyfjaverði er ekki í skattgreiðsluvilja landsmanna. Það er ekki innbyggð hækkun í skattagleði þjóðarinnar. Við getum verið misjafnrar skoðunar á því. Ég er sjálfsagt skattaglaðari en hæstv. fjmrh. en í það heila tekið lendum við með þessa hluti á ákveðnum stað og það er greinilegt að skattavijinn eykst ekki í takt við lyfjakostnaðinn. Það er alveg greinilegt, hvað sem öðru líður. Þess vegna er flókið að taka á þessum málum en á þeim verður að taka. En menn mega ekki grípa til annarra ráðstafana í heilbrigðismálum, og þá kem ég að núv. hæstv. heilbrrh., sem hækka lyfjareikninginn og það eru lokanirnar. Það liggur fyrir að lokanirnar, aðallega á hjúkrunardeildunum og hjá gamla fólkinu, hafa hækkað lyfjareikninginn. Það sem ég er að hvetja til í sambandi við lyfin og önnur heilbrigðismál er að menn horfi á þetta í samhengi.

Við þingmenn Alþb. og óháðra flytjum t.d. tillögu um það að lækka og fella niður heilsugæslugjöldin sem slík. Ég er ekki viss um að það þýði í raun mikinn kostnaðarauka vegna þess að ég geri ráð fyrir því að á sama tíma mundu sérfræðingaútgjöldin minnka. Þarna styðjumst við við reynslu sem fékkst í ríkisstjórninni þegar Guðmundur Bjarnason, hæstv. ráðherra, var heilbrrh. að þá gafst þessi aðferð nokkuð vel. Við viljum að horft sé á þetta allt í heild og þá held ég að það komi árangur og sparnaður líka, m.a. í lyfjamálunum.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara að ræða það í einstökum atriðum hvernig við gætum hugsanlega tekið á eða mætt vandamálum eins og þeim gríðarlegu breytingum sem eru að verða á lyfjunum að mörgu leyti. Lyfjameðferð með lyfinu interferon kostar ægilegar fjárhæðir. Hver á að taka ákvörðun um að stoppa þær fjárhæðir? Hver á að taka ákvörðun um að lækka þær fjárhæðir? Í okkar heilbrigðislögum stendur að allir landsmenn eigi rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Í raun og veru standa mál þannig að ekki einu sinni heilbrrh. gæti neitað því að lyfið interferon yrði notað á sjúklinga ef læknar viðkomandi teldu það óhjákvæmilegt þannig að þarna stöndum við frammi fyrir gríðarlega flóknum hlutum. Eins er það með mörg nýju lyfin eins og menn þekkja sem hafa kynnst aðeins rekstri sjúkrahúsanna, t.d. Ríkisspítalanna. Þar hefur það komið fyrir aftur og aftur og þrátt fyrir mjög stranga áætlanagerð að menn hafa lent í því að komið hafa inn ný lyf sem hafa hleypt upp rekstrarreikningi Ríkisspítalanna — á einu ári man ég eftir fyrir fáeinum árum upp á einar 20 millj. kr., það var lyf sem hentaði sérstaklega vel við meðferð á nýburum. Þannig mætti lengi telja. Málið er því flókið og ég er ekki að gera lítið úr því heldur er ég að segja að ég tel að þessi 400 millj. kr. ásetningur í fjárlagafrv. sé skot út í loftið, það sé ekkert á bak við það og þess vegna sé ekki hægt að tala um að þar sé um að ræða öruggar tölur.

Annað sem ég ætla að nefna, hæstv. forseti, sem ég tel að sé ekki stórt en sýni ótrúlegt óraunsæi í sambandi við áform um tekjuöflun og það eru tillögurnar um sértekjur í framhaldsskólum. Hafa hv. þm. flett upp í greinargerð fjárlagafrv. á bls. 293? Samkvæmt því sem þar kemur fram á að taka inn í sértekjur í framhaldsskólum 304,2 millj. kr., hækka það um 36,8 millj. kr. Það er ansi mikil hækkun hjá þessum hópi sem er í framhaldsskólunum og hún er tilfinnanleg. Við þekkjum dæmi þess og þeir sem þekkja forustumenn framhaldsskóla vita að stundum er mjög erfitt fyrir fjölskyldurnar að borga þessa peninga. En það kemur í ljós á bls. 293 að ríkisstjórnin ætlar að ná sér í 30 millj. kr. með því að leggja 1.500 kr. á hvert endurtekningarpróf. Hún ætlar að taka 2.500 kr. fyrir hvert endurtekningarprófið í áfangakerfinu og 1.000 kr. í bekkjakerfinu. Ef menn kynntu sér hvernig hlutum er hagað í áfangakerfinu, þá finna menn það fljótlega út að þetta er algerlega óframkvæmanlegt, fyrir utan það náttúrlega að vera að gera nemendur almennt að skattstofni, þá er þessi leið vitlaus. Það er því algjörlega útilokað að þessir peningar náist inn sem eru að vísu ekki há upphæð en þeir eru dæmi um að það vantar í dæmið hjá hæstv. ráðherra fjármála.

Þriðja dæmið sem ég nefni svo að síðustu, hæstv. forseti, er sjúkrahúsin í Reykjavík. Allt þetta ár, 1996, hefur heilbrrh. staðið í stríði við fjmrn. um það að fjmrn. viðurkenndi staðreyndir í sambandi við rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík. Og það var ekki fyrr en komið var fram í ágústmánuð að

fjmrn. lét undan og samþykkti 500 millj. kr. og það hefur enginn upplýst mig um það enn þá af hverju fjmrn. sá allt í einu ljósið í ágúst en ekki miklu fyrr vegna þess að þessi upphæð lá fyrir allt árið 1996. Nú er greinilega stefnt inn í árið 1997 með nákvæmlega sama vanda á sjúkrahúsunum í Reykjavík. Það er augljóst. Og ég spái því að þegar kemur fram á árið 1997 muni hæstv. heilbrrh. reyna að fá fjmrh. til að sjá ljósið í þessu máli og ég vona að henni takist það fyrr en á árinu 1996. Raunin er sú að sú aðstaða sem stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur var sett í í þessu máli var algjörlega hrakleg.

Með þessum tveimur dæmum, hæstv. forseti, annars vegar um lyfin og hins vegar um Sjúkrahús Reykjavíkur tel ég mig hafa sýnt fram á það og fleiri dæmi gæti ég tínt til en þau eru minni, að í heilbrrn. vanti sennilega í kringum 1.000 millj. kr. Ég hef einnig aðeins skoðað menntmrn. og að því er varðar þessa tegund af gjaldtöku, þá er um að ræða óraunsæjar forsendur sem ég nefndi áðan, en það er lítil upphæð. Mér sýnist að í grófum dráttum geti menn ímyndað sér að gjaldamegin sé um að ræða gat sem er a.m.k. talsvert á annan milljarð kr. Þess vegna er ekki allt sem sýnist. Þess vegna er glansmyndin ekki sú sem hæstv. fjmrh. hefur reynt að draga upp, sem hann hefur kennt þingmönnum Framsfl. og einum og einum þingmanni Sjálfstfl. að trúa á. Það kemur í ljós að það er engin innstæða fyrir þessum predikunum hæstv. fjmrh.

Svo bætist eitt við: Það eru kjarasamningar í haust. Það er óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að þeir kjarasamningar verða ekki leiddir til lykta án þess að Alþingi og ríkisstjórn komi þar til skjalanna. Við alþýðubandalagsmenn höfum bent á margar leiðir í þeim frumvörpum um lífskjör og málefni fjölskyldunnar sem við höfum lagt fram að undanförnu. Þarna er um að ræða stórverkefni sem eru þess eðlis að þegar þetta er tekið, annars vegar kjarasamningarnir og hins vegar götin í áætlanagerðinni í heilbrrn., svo ég nefni ekki fleira, og mér sýnist augljóst að hér sé um að ræða glansmynd sem ekki skili því sem hún þarf að skila til þjóðarinnar.

Framtíðin er björt, segja þeir framsóknarmenn. Þeir eru búnir að sitja í ríkisstjórn í 18 mánuði og þeir eru búnir að breyta þessu öllu. Þeir eru búnir að fjölga mikið atvinnutækifærum, framsóknarmennirnir. Þeir eru búnir að ná mikið niður hallanum á ríkissjóði, framsóknarmenn. (Gripið fram í.) Hæstv. félmrh. er búinn stórminnka atvinnuleysið og hann sagði reyndar hér áðan: „Þegar ég tók við var atvinnuleysið 7%, núna er það 3,5%." Það var því útilokað annað en að skilja það þannig að hann þakkaði sér það a.m.k. sjálfur að hann væri búinn að kýla niður atvinnuleysið. Og væri nú betur sá kraftaverkamaður staddur hér vegna þess að svoleiðis eru hlutirnir nefnilega ekki að atvinnuleysið sé farið, því að jafnframt því sem menn horfast í augu við þann veruleika að atvinnuástandið sé kannski að batna, þá horfast menn líka í augu við þann veruleika, og verða að sjá hann eins og hann er, að gert er ráð fyrir því að 5.000 manns verði atvinnulausir á hverju einasta ári til aldamóta. Það er með öðrum orðum talað um að það vanti 25 þúsund ársverk til aldamóta, 25 þúsund ársverk til þess að hver einasti vinnufær maður í landinu hafi eitthvað fyrir sig að leggja. Það er hrikaleg framtíðarsýn. Það hefur engin ríkisstjórn áður birt þjóðinni þá framtíðarsýn að hún eigi að búa sig undir það að vera með slíkt atvinnuleysi um margra ára skeið. Og það bætist við, hæstv. forseti, að í þjóðhagsáætluninni fyrir árið 1997 kemur fram að verulegur hluti af þessu atvinnuleysi, eða u.þ.b. einn þriðji, er hjá fólki sem er atvinnulaust í sex mánuði eða lengur. Það er langtímaatvinnuleysi eins og það er kallað á tæknimáli sem fólk notar stundum um þessi mál. Það er ljótur hlutur og það er spurning hvort það gæti kannski augnablik truflað þennan undarlega einleik á glansmynd sem hæstv. fjmrh. hefur kennt stjórnarliðinu að syngja í þessum umræðum, en verður vonandi fljótlega lát á áður en þeir ganga á vegginn.

[23:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það líður væntanlega senn að lokum þessarar umræðu sem hefur staðið lengi dags, enda er komið fast að miðnætti. Mig langar til þess að ræða um örfá atriði sem hafa komið fram í umræðunum og ég tel ástæðu til að minnast á. Ég hef þó reynt eins og endranær í umræðum um fjárlög eftir að þingsköpum var breytt að svara nokkrum atriðum jafnóðum og tel það til bóta fyrir umræðuna að það sé gert til þess að meiri samfella myndist í rökræðunum, viðræðum okkar hér á hinu háa Alþingi en að ekki komi öll svör í lokin.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir ræddi um atvinnuleysi kvenna og ég held að það sé vissulega þess virði að leiða aðeins hugann að því máli og reyndar atvinnuleysinu almennt. Auðvitað gefst ekki tækifæri til þess í þessari umræðu að tæma þetta umræðuefni, en það er full ástæða til að benda á að líklega hefur atvinnuþátttaka kvenna aldrei verið meiri hér á landi en einmitt nú. Hins vegar hefur atvinnuleysi verið mikið, einfaldlega vegna þess að konur í atvinnuleit, eins og það heitir, því að aðrir eru ekki á atvinnuleysisskrá eða eiga a.m.k. ekki að vera á atvinnuleysisskrá, eru miklu fleiri en áður. Það er með öðrum orðum meiri vilji til þess en nokkurn tíma áður að fara út á vinnumarkaðinn og auka enn atvinnuþátttöku kvenna. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur og þetta þarf að kanna og satt best að segja hefur nokkuð verið kannað hvaða konur eru á atvinnuleysisskrá og hvað veldur því að þær eru miklu fleiri á skránni en karlmenn. Hér gefst ekki tækifæri til að fara ofan í það mál, en ég hygg að það sé fullt efni til þess og að skoða þetta með hliðsjón af öðrum bótakerfum samfélagsins. Það mál hefur verið skoðað nokkuð, um þetta hefur verið rætt og ritað. Ég minnist þess að nýlega var skrifað um þetta í blaðið Vísbendingu og þar á meðal af framkvæmdastjóra Hjúkrunarfræðingafélags Íslands, Vigdísi Jónsdóttur, sem skrifaði ágæta grein um kenningar um þau efni hvers vegna launamunur væri á milli kynjanna og vék þá að þessu máli á þann hátt sem ástæða er til að benda á.

Í fjmrn. höfum við einnig tekið saman upplýsingar um atvinnuþátttöku og atvinnuleysi kvenna og ég er tilbúinn til þess hvenær sem er að ræða það frekar þegar tilefni gefst til því að mín skoðun er sú að þegar til lengri tíma verður litið muni sú aukna menntun sem konur sækja í nú skila sér í jafnari launum, jafnvel þótt enn um sinn virðist það koma fram og kemur fram mjög rækilega að konur með meiri menntun hafi lægri laun heldur en karlar með minni menntun. Um þetta hefur mikið verið rætt, ekki einungis hér á landi heldur í blöðum sem gefin eru út ytra, þar á meðal nýlega í breska blaðinu The Economist sem gerði verulega úttekt á þessu máli og ég held að það sé fyllilega ástæða til að halda því til skila og ræða það á hinu háa Alþingi á næstunni. Því að þetta er mikilvægt mál, hvernig við stillum saman

bótakerfi hér á landi, ekki einungis atvinnuleysisbótakerfi heldur einnig fæðingarorlof og fleira sem skiptir konur og karla að sjálfsögðu máli og ætla ég ekki frekar að ræða það hér, en nefndi þetta aðeins vegna þess að hv. þm. gerði það að umtalsefni að atvinnuleysi kvenna væri enn talsvert og talsvert meira en atvinnuleysi karla. Mín skoðun er sú og það er ekki sagt með neinni sérstakri meiningu heldur einungis til þess að benda á það sem ég hygg að sé staðreynd að það sé mjög erfitt að draga verulega úr atvinnuleysi kvenna frá því sem nú er miðað við það kerfi sem við búum við. Þá á ég við það að taka verður tillit til þess að stór hópur kvenna sem er á atvinnuleysisskrá eru konur sem eru ekki í fullum störfum og taka ekki fullar atvinnuleysisbætur.

Hv. þm. ræddi um ferðalög sem kostuð væru af opinberum aðilum og það ber vissulega að taka undir að þau eru dýr og hafa færst í aukana, ekki síst vegna aukinna samskipta Íslands við önnur ríki, m.a. vegna Evrópska efnahagssvæðisins, en einnig vegna þess að Íslendingar telja að þeir þurfi á frekari og greiðari samskiptum á að halda kannski vegna þess að þeir hafa ákveðið að standa a.m.k. enn um sinn utan Evrópubandalagsins. Það sem kannski vekur athygli og fæstir tala um hér er að þessi kostnaður hefur líklega langmest aukist á hinu háa Alþingi. Ég er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér en bendi á það því að það virðist enginn úr hópnum hafa sérstakan áhuga á því að vekja athygli á þeirri miklu aukningu sem hefur orðið á utanlandsferðum alþingismanna.

Þá ræddi hv. þm. um Schengen-samstarfið og eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort við verðum aðilar að þessu samstarfi í framtíðinni, en við höfum ákveðið að taka þátt í undirbúningsstarfseminni og af þeirri háu upphæð sem hún nefndi að við þyrftum að kosta til á næsta ári eru 20 millj. sem ganga beint til stofnkostnaðar sem er kostnaður sem ekki kemur fyrir nema einu sinni og varðar upplýsinga- og tölvukerfi vegna þess arna. Að öðru leyti er það síðan stór kostnaðarliður að okkur er skylt að greiða hærra kostnaðarhlutfall í þessu undirbúningsstarfi en við erum vön í samstarfi við aðrar þjóðir eins og t.d. Norðurlandaþjóðirnar. En við vonumst til þess að áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir verði það tekið með í reikninginn að við erum margfalt smærri heldur en framlag okkar til sameiginlega verkefnisins er þessa stundina.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem er reyndar ekki lengur viðstaddur í kvöld, sagði að víða vantaði samkeppni í íslenskt efnahagslíf og í því sambandi benti hann á landbúnaðarkerfið, sjávarútveginn og fleiri þætti. Ég ætla ekki að ræða það sérstaklega en ég kemst ekki hjá því vegna þessa að benda á að einmitt um þessar mundir er að ljúka starfi nefndar sem starfar á vegum iðnaðarráðuneytisins um orkubúskapinn þar sem má gera ráð fyrir hugmyndum sem eru verulega frábrugnar því kerfi sem við þekkjum í dag og þar sem lagt verður upp úr meiri samkeppni. Til þess að gleðja hv. þm., sem er mikill áhugamaður um frjáls viðskipti og samkeppni, hygg ég að hugmyndir í þessum mikilvæga búskap, orkubúskapnum, verði til umræðu á næstu vikum.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, eins og reyndar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, ræddi nokkuð um vexti og þann vaxtamun sem hefur orðið hér á landi og í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Það er rétt að til skamms tíma voru vextir hér nokkru lægri en t.d. í Svíþjóð. Skýringarnar eru auðvitað þær að í Svíþjóð voru meiri erfiðleikar í efnahagslífinu en komu fram hér á landi sem urðu þess valdandi að vextir á tímabili í Svíþjóð voru þeir allra hæstu í Evrópu.

Mér finnst ástæða til að nefna það í umræðunni við hverju við getum búist á næstu missirum í þessum efnum. Nú er það svo að efnahagslíf á Íslandi er í allt annarri stöðu en efnahagslíf nágrannaþjóðanna. Mismunurinn er fólginn í því að hér á landi er ekki sparnaður, hér á landi er viðskiptahalli. Þess vegna er miklu auðveldara að ná tökum á ríkisfjármálunum en nokkurn tíma í nágrannalöndum okkar eins og ég gat rækilega um í upphafsræðu minni hafi það farið fram hjá einhverjum í salnum.

Annars staðar horfir þetta allt öðruvísi við. Ef við lítum til Evrópubandalagsins er það þannig í flestum ríkjum bandalagsins að um verulegan sparnað almennings er að ræða en ekki eyðslu, ekki einkaneyslu eins og hér er um að ræða, sparnað og viðskiptaafgang vegna þess að þessar þjóðir óttast að ný kreppa muni ríða yfir. Þeir eru ekki vanir því, það er ekki hluti af þeirra menningu ef svo má að orði komast, að gera út á gróðann fyrir fram eins og Íslendingar eru þekktir fyrir. En hvaða þýðingu hefur þetta fyrir vextina? Jú, það má búast við að ríkisstjórnir innan Evrópubandalagsins muni á næstu missirum fara fram á það með einum eða öðrum hætti við seðlabanka þessara þjóða að lækka vextina verulega til að framkalla eftirspurn og þannig freista þess að ná niður ríkissjóðshallanum til þess að þeir geti staðist þær kröfur sem þeir hafa sjálfir sett sér í Maastricht-samkomulaginu. Ef þetta gerist með þessum hætti, sem er auðvitað ekki alveg öruggt, getum við búist við að vextir í nágrannalöndum okkar verði talsvert lægri en hér á landi á næstu missirum. Það þýðir ekki að vextir muni hækka hér, þeir gætu lækkað en vaxtamunurinn, munurinn á vöxtum sem hér er boðið upp á, bæði innláns- og útlánsvöxtum að sjálfsögðu og vextir sem bjóðast annars staðar, það verður ákveðinn munur vegna þess að það er ólík staða í efnahagslífi okkar annars vegar og þeirra hins vegar. Þetta er athyglisvert og við þurfum að hafa auga á þessu og við þurfum einnig að fylgjast með því sem er algjör nýjung að eftir að lánshæfismatsfyrirtækin gáfu okkur betri einkunn en áður hefur athygli erlendra fjárfesta beinst að Íslandi, þ.e. þeirra fjárfesta sem eru að kaupa skuldabréf vegna þess að vextir eru hærri hér en annars staðar. Ef viðskipti verða frjáls með slík bréf leitar slíkt viðskiptafrelsi í ákveðið jafnvægi þegar fram líða stundir.

Af hverju er ég að flytja þessa ræðu hér og nú? Það er vegna þess að þetta er eitt af því sem hefur breyst hér á landi. Við búum með öðrum orðum ekki lengur einir, höfum ekki lokuð landamæri lengur, heldur höfum við opnað fyrir fjármagnsflutninga til og frá landinu og getum ekki lengur brugðið fyrir okkur þeim tækjum sem við gátum gert fyrir nokkrum árum. Við verðum að nota ný tæki sem eru þá fyrst og fremst peningamálalegs eðlis og svo fjármálalegs eðlis, þ.e. að ná hallanum á ríkissjóði, skila tekjuafgangi til að hamla gegn hættulegum áhrifum viðskiptahallans og umframeyðslunnar. (Gripið fram í.)

Hv. þm. Ágúst Einarsson flutti ræðu og ég vil þakka honum fyrir fyrri hluta ræðu hans. Þar kom hann sem er mjög sjaldgæft af stjórnarandstöðuþingmönnum að mörgum atriðum sem eru jákvæð í frv. og nefndi þau og þar á meðal hve nauðsynlegt það er að greiða niður erlendar skuldir. Erlendar skuldir ríkissjóðs eru hættulega miklar að mínu áliti. Þegar viðskiptahalli verður erum við í raun að auka skuldir þjóðarinnar sem við höfum þó verið að greiða niður á undanförnum tveimur til þremur árum. Enn á ný undirstrikar

þetta það verkefni okkar sem við erum einmitt að fást við í ríkisfjármálunum, þ.e. að skila ríkissjóði með afgangi.

Hv. þm. spurði síðan um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Ég vil segja frá því hér að það er starfandi nefnd á vegum fjmrn. undir forustu Steingríms Ara Arasonar að þessum málum. Ég á von á því að síðar í mánuðinum skili nefndin niðurstöðu sinni. Auðvitað er það ekki öldungis víst en ég á von á því þannig að ríkisstjórnin geti fjallað um tillögurnar. Vonandi gerist það í framhaldi af því að frv. verður flutt á Alþingi. Í nefndinni eiga sæti fjórir fulltrúar opinberra starfsmanna. Þetta eru vissulega mál sem snerta kjör þeirra mjög mikið. Þess verður að gæta að sæmileg eða góð samstaða náist um niðurstöðuna.

Ég get ekki hér og nú farið að lýsa einstökum atriðum í tillögunum sem þarna er verið að vinna að en get þó sagt að tillögurnar munu væntanlega byggjast á því að nýir starfsmenn ríkisins búi við annað kerfi en þeir sem nú eru starfsmenn. Það gæti þó verið opið þannig að eldri starfsmenn gætu eignast aðild að nýja kerfinu. Aðalatriðið er að í nýja kerfinu eru réttindin jafngild því sem er í núgildandi kerfi og ríkið mundi leggja inn í sjóðinn greiðslur sem ætlað er að standi undir skuldbindingum sjóðsins fram í tímann en það er mjög erfitt núna af ástæðum sem ég ætla ekki að fara frekar út í. Þetta þýðir ekki síst að væntanlega yrði greitt af öllum launum en ríkið yrði þá að greiða meira en 6% inn í sjóðinn til að samtímagreiðslur stæðu undir skuldbindingum.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þetta. Þetta eru tillögur sem auðvitað geta breyst. En af því að hv. þm. spurðist fyrir um þetta tel ég það skyldu mína í framhaldi af því að leggja fram hallalaust frv. að ráðast á þann halla sem er reikningshalli ríkissjóðs og kemur fram í því að við erum að safna upp skuldbindingum í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og við erum að safna skuldum sem eru vegna þess að vextir falla á okkur sem þarf ekki að greiða í ár en safnast upp og þarf að greiða í framtíðinni og koma ekki fram á greiðslugrunni fjárlagafrv. en ýta enn undir það að okkur sé brýn nauðsyn á því að loka ríkissjóði með tekjuafgangi.

Hv. þm. ræddi síðan um vegamál og ég ætla ekki að þreyta menn á þeirri umræðu. Hún var þó að mínu mati merkileg. Það er ekki oft sem þessi sjónarmið heyrast í Alþingi og fáir eru svo kjarkaðir að þeir þori að taka upp í sig eins og hv. þm. Ég vil þó nefna af þessu tilefni og þá væntanlega til að styðja nokkuð sjónarmið hv. þm. og af því að hann minntist á ráðstefnu sem haldin var á vegum fjmrn. og viðskrn. eða iðnrn., að einmitt þar var rætt um hve hættulegt getur verið að beina hagfræðilega í macro-hagfræði, ef ég má orða það þannig, sjónum að fjárfestingum eins og þær séu allar jafngildar til að skapa framtíðarstörf. Það er nefnilega ekki þannig. Sumar fjárfestingar eru lakari en aðrar. Það er það sem ég vildi sagt hafa og styður kannski þá kenningu sem hv. þm. var með hér. Í staðinn vilja ýmsir hagfræðingar stokka upp hugtakið fjárfesting þegar það er notað í þessum tilgangi og bæta við hugtakið fjárfestingar sem óáþreifanlegum fjárfestingum sem eru til í þjóðfélaginu en eru ekki merktar sem fjárfestingar. Dæmi um þetta er t d. hugbúnaður í tölvur sem öll fyrirtæki í landinu og ríkið þar með taka inn sem venjulegan rekstur en er í raun og veru óáþreifanleg fjárfesting því með því að vinna með þennan hugbúnað erum við að byggja upp mikla fjárfestingu í því fólki sem vinnur við þetta. Til viðbótar erum við að búa til rannsókna- og þróunarverkefni fyrir hugbúnaðariðnaðinn. Íslendingar ákváðu að leggja ekki skatta á vélbúnað vegna tölva. Það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem Íslendingar hafa náð betri tökum en flestallar ef ekki allar þjóðir í heiminum á tölvutækninni. Í þessu felst auður sem mælist ekki þegar verið er að mæla fjárfestingarhlutfall frá einum tíma til annars. Þetta þurfum við að hafa í huga því okkur er svo gjarnt að taka fjárfestinguna úr micro-hagfræðinni innan úr fyrirtækjunum þar sem spurningin er skattalegs eðlis um það hvort það eigi að gjaldfæra hlutinn á einu ári eða mörgum árum og segja: Þessi fjárfesting sem er kölluð fjárfesting í bókhaldi fyrirtækjanna hlýtur að skila sér í störfum í framtíðinni. (**Gripið fram í:** Sama gildir um menntun.) Þetta er ekki þannig vegna þess að í sumum tilvikum er t.d. verið að leggja í steinsteypu sem nýtist ekkert en annars staðar er verið að leggja í óáþreifanlega fjárfestingu sem nýtist margfalt betur. Og af því að hv. þm. kallaði fram í „menntun“ þá er það vissulega svo. Íslendingar eiga stundum dálítið erfitt með að hugsa abstrakt og það má vel vera að þessi hugsun sé dálítið framandi. En hún er ekkert ný hún er ekkert original. Um þetta hefur oft verið rætt. En það kann vel að vera að við eigum einmitt nú þegar við erum að ræða þessa hluti og stöndum á nokkrum tímamótum í ríkisfjármálum að taka málin upp og ræða þetta með ferskum hætti. Þess vegna held ég að ræða hv. þm. hafi átt hér erindi í kvöld þótt ég búist við því að nánast allir þingmenn aðrir og ekki síst hans flokksmenn hafi litið hann heldur óhýru auga fyrir að nefna þetta atriði í sinni ræðu.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi um veiðileyfagjaldið. Ég held að ég geymi mér það þar til síðar að ræða það frekar en bendi á að gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. og sagt frá því, að samræmt verði tryggingagjald sem þýðir auðvitað að þeim mismun sem verið hefur á atvinnugreinum hingað til verður eytt og sjávarútvegurinn hefur verið í lægra þrepinu þannig að þetta ætti a.m.k. að gleðja hjörtu þeirra sem eru harðastir í því að skattleggja sjávarútveginn meira en hann er skattlagður.

Um Byggingarsjóð verkamanna ætla ég að vera fáorður. Hv. þm. er ekki viðstaddur. En ég bendi á að á bls. 30 í stjórnsýsluendurskoðunarskýrslunni um Húsnæðisstofnun ríkisins er fjallað um það mál sem hún gerði að umtalsefni og þar er svarað þeim spurningum sem hún bar upp og þau ræddu hér, hæstv. núv. félmrh. og hún. Hún spurðist fyrir um hækkun dómsmálagjalda. Ég get upplýst hana um að ætlunin er að þau hækki í takt við verðlagshækkanir frá því að þau voru hækkuð síðast og þær aukatekjur sem munu fást inn af því fara til þess að standa undir auknum kostnaði við starfsemi sem fellur undir dómsmrn.

Hv. þm. Þuríður Backman flutti tölu sem átti fullt erindi að sjálfsögðu. En hún ræddi um eitt atriði sem voru skattsvik. Það voru hennar lokaorð að það þyrfti að taka á skattsvikum. Ég er henni að sjálfsögðu sammála um það. Ég vil þó og kemst ekki hjá því að benda á að hér á landi hefur ekki í annan tíma verið tekið jafnfast á skattsvikum en einmitt nú, bæði með eftirliti sem við köllum svo sem fer fram á vegum skattstofanna þar sem velt er við framtölum þeirra sem telja fram, en einnig með rannsóknum sem við köllum þegar skattrannsóknarstjóri leitar uppi þá sem ekki eru í skattkerfinu en ættu að vera í skattkerfinu, þ.e. að þeim sem koma ekki fram í okkar skattkerfi en eru í neðanjarðarhagkerfinu. Að þessu tvennu hefur verið unnið undanfarin ár meira og betur en nokkurn tíma fyrr.

Hv. þm. Svavar Gestsson, síðasti ræðumaður, ræddi um sjúkrahúsin í Reykjavík og sagði að við værum að skilja

eftir sama vandamálið og í fyrra. Það er rangt. Af hverju er það rangt? Það er rangt vegna þess að í samningum á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins er gengið út frá því að Sjúkrahús Reykjavíkur starfi á næsta ári við þau skilyrði sem koma fram í fjárlagafrv., að því gefnu að sjálfsögðu að það gangi eftir sem þar er og þeim var fyllilega ljóst að hverju var gengið þegar samningurinn var gerður. Landspítalinn eða Ríkisspítalarnir fylgdust einnig með þessu starfi og verða að búa við það sama þannig að í raun og veru er staða málsins nú sú að við höfum núna í upphafi þings gert samkomulag um það hvernig þessir hlutir eiga að vera, en höfum því miður stundum áður vaðið dálítið út í óvissuna. Ég rifja það upp fyrir hv. þm. að sl. vor stóð ég í þessum ræðustól og sagði að við værum tilbúnir til að leggja sjúkrahúsunum í Reykjavík meiri fjármuni þá þegar, ef fyrir lægju tillögur um varanlegan sparnað í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík. Nú liggja þær tillögur fyrir og það er ætlun allra, þar á meðal Reykjavíkurborgar, að fara að þeim tillögum og vinna eftir þeirri áætlun sem liggur fyrir.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig til þess að minnast á það sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni þar sem hann sagði að við værum að bregða upp glansmynd. Það kann vel að vera. Ég býst við að sú mynd sem birtist af ríkisfjármálunum sé meiri glansmynd heldur en oftast áður. En það hefur mjög glöggt komið fram í þessum umræðum í dag að það sem veldur því að okkur tekst að loka ríkissjóði hallalausum er viðskiptahallinn og það er dyggð og nauðsyn þegar þannig stendur á að skila ríkissjóði með afgangi. Í raun og veru — og þar getur hann ekki sannfært mig né ég hann — þá skiptir það kannski ekki endanlega mestu máli hvort ástæðan fyrir batanum séu ytri aðstæður eingöngu eða hvort það eru t.d. aðgerðir, bæði gamlar og nýjar, vegna þess að við tókum á fiskveiðimálunum, vegna þess að við tókum á skattamálunum, vegna þess að við lögðum okkur fram um að hafa efnahagslegan stöðugleika o.s.frv. o.s.frv. Sjálfsagt er það blanda af hvoru tveggja og allra síst ætla ég að gera lítið úr ytri aðstæðum. Aðalatriði málsins er að við verðum þegar það stefnir samkvæmt spádómum Þjóðhagsstofnunar í tæplega 15 milljarða viðskiptahalla á næsta ári sem verður skattlagður og mun kannski skila ríkissjóði 3–4 milljörðum, þá ber okkur auðvitað að nota þá fjármuni til að reyna að skila afgangi. Það hljóta allir menn að sjá. Stundum áður hefur það ekki tekist. Á árinu 1991 þegar ég tók við í fjmrn. höfðu verið slík lausatök það árið á ríkisfjármálunum að viðskiptahallinn stefndi á yfir 20 milljarða á verðlagi ársins í ár og ríkissjóðshallinn á sama tíma var um það bil 15 milljarðar þegar búið var að reikna hann upp til verðlags ársins í ár. Það var óstjórn, lausatök, m.a. vegna þess að þáv. hæstv. ráðherra stóð í því alveg fram að kosningum að hafa opið lánsfjárlagafrv. sem var eins og aukafjárlög þannig að öll mál voru í tómri tjöru og vitleysu. Okkur hefur þó tekist að ná tökum á þessum málum þannig að nú þegar viðskiptahallinn er þó umtalsvert minni en á árinu 1991, þá stefnir í að afgangur sé á ríkissjóði og það gerist þrátt fyrir það að vaxtagreiðslur ríkissjóðs séu talsvert hærri en þær voru 1991. (**KHG:** Er forsetinn erlendis?) Af því að hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, kallar fram í hvort forsetinn sé erlendis og á þá væntanlega við forseta lýðveldisins, þá held ég að svo sé ekki. Mér skilst að hann hafi komið heim í dag. En það er ekki verið að ræða um forseta lýðveldisins hér. Það er verið að ræða um fjármálaráðherratíð þess sem nú gegnir því starfi og hefur ekki með það starf að gera. Það hverfur engin saga við það að menn verði forsetar lýðveldisins. Þeir voru til fyrir þann tíma og ég er ekki að gagnrýna hann. Ég tel að hann hafi reynt af öllum mætti á þeim tíma, árið 1991, að standa af sér allar freistingar. En það hafa verið ýmsir samstarfsaðilar hans, bæði í hans eigin flokki og öðrum flokkum sem hafa legið í honum og reynt að fá fjármuni út úr lánsfjárlögum, fjármuni sem hefðu átt að vera í ... (**Gripið fram í:** Það hefur verið í Framsfl.) Ég veit ekki í hvorum Framsfl. það var, í Alþb. eða gamla, góða Framsfl. (**Gripið fram í:** Eða Alþfl.) eða Alþfl. En þetta ástand þarf ég ekki að rifja upp fyrir sumum hv. þm. sem muna þennan tíma mjög vel.

Ég ætla ekki að hætta mér frekar inn á þessar brautir, heldur einungis segja að það getur vel verið, virðulegi forseti, að því sé haldið fram að þetta sé eingöngu ytri aðstæðum að þakka. Vissulega höfum við bent á það í þessum umræðum að þetta sé líka hagstjórn stjórnvalda að þakka. Það er sama hverju er haldið fram. Það er ein niðurstaða. Niðurstaðan er sú, ef frá er talinn hugsanlega einn maður sem ég held þó að styðji þetta, að í umræðunni í dag hafa yfirgnæfandi langflestir tekið undir það meginmarkmið sem við höfum lagt áherslu á og það er að við þessi skilyrði í íslensku efnahagslífi er bráðnauðsynlegt að skila ríkissjóði með tekjuafgangi á næsta ári. Ég þakka fyrir.

[00:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst það nú við hæfi að hæstv. fjmrh. þakkaði fyrir í lokin. Hann var búinn að tala sig upp í þvílíkan trúarhita að það munaði engu að hann segði amen um leið og hann sté úr stólnum. Þó held ég að nauðsynlegt sé að rifja það upp að í ræðu minni fyrr í kvöld voru það þrjú atriði sem ég nefndi að menn þyrftu að hafa í huga fremur en að bregða upp glansmynd. Það er í fyrsta lagi að það væru augljós atriði í fjárlagafrv. sem ekki er víst að stæðust. Þar nefndi ég t.d. lyfin sem gert er ráð fyrir að skera niður um 400–500 millj. kr. Ég nefndi líka Sjúkrahús Reykjavíkur og hann mótmælti því, hæstv. ráðherra. En ég tel að atburðir þessara daga varðandi Arnarholt og Landakot séu m.a. að staðfesta að samningurinn frá í sumar heldur illa.

Í öðru lagi lagði ég á það áherslu í mínu máli að ytri aðstæður skiptu miklu máli. Hæstv. ráðherra tekur undir það að þær skipti miklu máli. Af hverju dró ég það sérstaklega fram? Ég dró það sérstaklega fram vegna þess að mér fannst að sumir talsmenn stjórnarflokkanna gerðu allt of lítið úr þeim vanda sem blasir við í hinu ytra umhverfi og væru að þakka sér þann veruleika sem í þjóðhagsáætluninni er talinn að þakka þessum almennu ytri aðstæðum eins og ég vitnaði í fyrr í kvöld.

Í þriðja lagi benti ég á að kjarasamningarnir eru eftir og það er alveg augljóst mál að kjarasamningunum verður ekki lokið miðað við stöðu þeirra mála nú öðruvísi en að ríkissjóður komi þar allmyndarlega til skjalanna.

Svo að lokum. Það er greinilegt, hæstv. forseti, að eftir þessa löngu umræðu hafa dregist upp á himininn spurningarmerki eftir spurningarmerki varðandi meðferð þessara mála af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og það er mjög mikilvægt að það liggi fyrir a.m.k. til samanburðar við hliðina á glansmyndinni.

[00:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta andsvar hv. þm. Hann var að árétta ákveðna hluti sem komu fram í fyrri ræðu hans. En það gefur mér hins vegar

tilefni til þess að koma að atriði sem ég hefði átt að koma að áðan og það er um kjarasamningana, því að hv. þm. Ágúst Einarsson spurðist fyrir um þá. Og þeir eru þar á öndverðum meiði, heyrðist mér, annars vegar hv. þm. Ágúst Einarsson og hins vegar Svavar Gestsson. Ágúst Einarsson segir að hann telji að það megi ekki undir nokkrum kringumstæðum láta kjarasamningana verða þannig að þeir kosti ríkissjóð fjármuni. Við eigum að hverfa frá því núna.

Hv. þm. Svavar Gestsson telur hins vegar að það sé ekki hægt að leysa kjarasamningana nema með aðild ríkisstjórnarinnar. Það sem ég vil að komi fram um þetta efni er þetta: Það er ekki okkar hugmynd að kjarasamningarnir verði leystir með beinni aðild ríkissjóðs. Meira að segja hefur Vinnuveitendasamband Íslands sent okkur bréf og skorað á okkur að skila ríkissjóði með afgangi og þeir munu ekki ætla að gera kröfur. Við vitum hins vegar að aðilar á vinnumarkaði eiga aðild að nefnd um tekjuskattinn. Ég veit ekki enn þá hvað mun koma út úr því starfi. En hugsanlega, eins og fram hefur komið í umræðunni í dag, gætu slíkar niðurstöður tengst kjarasamningum. Vandinn er hins vegar sá að það er mjög erfitt að tengja slíkar aðgerðir kjarasamningum ef ekki er um samflot að ræða á milli verkalýðsfélaganna og verkalýðssambandanna. Á þessari stundu er því ekkert hægt að segja um það hvort og hvernig aðild ríkisstjórnarinnar verður að komandi kjarasamningum.

[00:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér held ég að nauðsynlegt sé að rifja það upp að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir útgjöldum í tengslum við kjarasamningana. Það er nefnt aftur og aftur í greinargerðinni að ákvarðanir um tilhögun eingreiðslnanna verði ákveðnar síðar þannig að það er augljóst að í aðra röndina gera menn ráð fyrir því að þurfa að leggja út einhverja fjármuni í tengslum við kjarasamningana. Ég skildi hv. þm. Ágúst Einarsson ekki þannig að hann væri að mótmæla því að ríkisstjórnin kæmi nálægt því að greiða fyrir samningum um kaup og kjör. Spurningin í þessu dæmi snýr þannig gagnvart almenningi: Þjóðin hefur beðið eftir því í mörg ár að fá batann í sinn garð. Hún telur sig ekki hafa fengið hann. Hún telur að batanum sé mjög misskipt. Og spurningin fyrir ríkisstjórnina og hæstv. fjmrh. er þessi: Hversu miklu verður hann látinn skila af því sem þjóðin fórnaði m.a. í gegnum þjóðarsáttina á sínum tíma til að ná þessum bata? Það er hún sem borgaði batann en ekki hann.

Ég tel síðan, hæstv. forseti, nauðsynlegt að láta það koma fram og þess vegna bað ég um orðið í andsvari fyrr í kvöld, að það er mjög merkilegt að hæstv. fjmrh. skuli nefna þessa orkumálanefnd hæstv. iðnrh. til sannindamerkis um að hér séu að ganga í garð einhverjar stórfelldar kerfisbreytingar á Íslandi. Staðreyndin er sú að iðnrh. skipaði 20 manna orkunefnd. Hún reyndi að skila áliti í gær. Það var bullandi ágreiningur í þessari nefnd þegar hún reyndi að skila álitinu frá sér. Og það er augljóst mál að jafnvel þó að reynt yrði að breyta hlutum eins og nefndin leggur til, m.a. með því að einkavæða Landsvirkjun svo ég nefni dæmi, þá á það mjög langt í land á hv. Alþingi, ekki bara gagnvart stjórnarandstöðunni heldur trúi ég því að í stjórnarflokkunum og hjá einstökum þingmönnum sé enn þá sá lífsandi að einn og einn maður muni láta í sér heyra áður en Landsvirkjun verður sett á almennan markað á eftir Búnaðarbankanum.

[00:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt. Ég minni hv. þm. á að þegar samdráttur var í íslensku efnahagslífi fyrir nokkrum árum síðan lagði ríkissjóður út verulega fjármuni, bæði til fjárfestinga en einnig voru skattar lækkaðir á þeim tíma vegna atbeina ríkisins að kjarasamningum m.a. Þetta varð til þess að kreppan, samdrátturinn, lenti ekki á almenningi með sama þunga og ella hefði orðið. Nú þegar betur árar hlýtur ríkissjóður, sem stóð undir auknum útgjöldum og lægri sköttum á þeim tíma, að þurfa að fá til baka með einhverjum hætti það sem hann hefur lagt út og það veldur því að sjálfsögðu að... (Gripið fram í.) Tekjuskatturinn, hv. þm., hækkaði fyrst og fremst í tíð ríkisstjórnar sem var áður en ég kom inn í fjmrn. Það sem hins vegar skiptir máli fyrir launafólkið í landinu, bæði fyrir opinbera starfsmenn og launafólk innan ASÍ, er að framleiðni atvinnulífsins vaxi. Og það er fyrst og fremst hlutverk ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að mínu mati að sjá til þess að skapa þau skilyrði sem atvinnulífið geti blómstrað í þannig að það geti skilað hærri launum og betri lífskjörum til þjóðarinnar.

[00:33]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hæstv. fjmrh. á það að vextir eru hér miklu hærri en í nágrannalöndunum. Það er ekki einungis vegna lítils sparnaðar heldur miklu frekar vegna steinrunnins bankakerfis og fákeppni í íslensku atvinnulífi sem er eitt mesta vandamál sem við eigum að glíma við, það er fákeppni stórfyrirtækjanna. Það hefur ekki komið nógu skýrt fram í umræðunni.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir upplýsingar hans um lífeyrismálin. Það verður áhugavert þegar niðurstaða liggur fyrir um það efni og sömuleiðis þegar hann talar um að leggja betra mat á fjárfestingar. Ég held að það sé nauðsynlegt. Hann svaraði engu um jaðarskattanefndina, af hverju stjórnarandstaðan var ekki kölluð þar til. Ég legg áherslu á það að vinnuveitendur á almennum markaði eiga að greiða sjálfir fyrir kjarabætur launafólks. Ríkið á ekki að gera það fyrir þá í þetta sinn eins og oft áður. Vitaskuld er ríkið síðan aðili að kjarasamningum við sína starfsmenn.

Þó að það sé ýmislegt jákvætt í fjárlögunum þá er fleira neikvætt eins og ég fór yfir í minni ræðu. Mér finnst slæmt að fjárlögin skuli ekki vera sett upp til lengri tíma, tveggja til fjögurra ára. Þetta er allt hægt með nútímaáætlanagerð og endurbótum í ríkisrekstri. Það er ekkert tekið á þeim málum. Þessi fjárlög eru skammtímafjárlög. Það er ekki jákvæð framtíðarsýn í þessum fjárlögum. Það er kannski meginatriðið eða meginágreiningur okkar stjórnarandstæðinga við þetta fjárlagafrv. hvað það raunverulega leysir lítið af vandamálum framtíðarinnar. Þó að ýmislegt sé jákvætt í fjárlögunum þá vantar því miður gjörsamlega í þau þá meginþætti sem eiga að horfa til framtíðar.

[00:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um jaðarskattana. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að mér láðist að svara því áðan. Hann hafði beint þessari fyrirspurn til mín. Ástæðan fyrir því að stjórnarandstaðan er ekki í þessari nefnd er sú að það var ákveðið strax eftir að núv. stjórn var mynduð, og kemur það fram í stjórnarsáttmála hennar, að hún hygðist setja á stofn nefnd til þess að fara í þessi mál, jaðarskattsmál, og bjóða aðild aðilum vinnumarkaðarins. Það er sú regla sem oftast

viðgengst að það er meiri hluti á hverjum tíma sem skipar nefndir úr sínum röðum og ber ábyrgð á starfinu.

Ástæðan fyrir því að sú undantekning var gerð í fjármagnstekjuskattinum að allir flokkar kæmu að málinu var óskaplega einföld. Það var gert vegna þess að það var ljóst þegar nefndin fór af stað að nefndarstarfið mundi taka lengri tíma en fram að kosningum og inn á nýtt kjörtímabil og enginn gat vitað hverjir yrðu í stjórn eftir kosningar. (**SvG:** A.m.k. ekki hver yrði fjmrh.) Ja, marga grunaði nú hver yrði þar, en það var auðvitað ekki alveg öruggt. Það voru raunar aðrir á biðilsbuxunum, ég skal viðurkenna það eins og reyndar kom fram í ræðu hv. framsíkallanda hér áðan. Þetta var meginástæðan og meira að segja var leitað að formanni nefndarinnar með það í huga að það væri maður sem flestir gætu orðið sammála um að leiddi þetta starf. Þetta er ástæðan þannig að í raun og veru hefði spurningin átt að vera: Af hverju komu allir að fjármagnstekjuskattinum í upphafi? Reyndar hljóp nú helmingurinn frá því starfi í lokin, en það er svo önnur saga.

Við getum hins vegar verið sammála um það, ég og hv. þm., að það væri æskilegt að fjárlög væru til tveggja ára, en þessi fjárlög eru til eins árs, 1997, og ég vona a.m.k. að við getum verið sammála um það.

[00:37]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áhyggjur af þessari nefnd um jaðarskatta, ekki vegna þess að stjórnarandstaðan sé ekki þar með. Það er kannski miður vegna þess að stjórnarandstaðan gæti lagt eitthvað til mála, en það skiptir ekki öllu máli. Stjórnarandstaðan hefur tekið þetta mál upp á sína arma. Ég bendi á frv. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur þegar lagt fram. Þingflokkur jafnaðarmanna er að vinna í þessum málaflokki líka. *Þetta er brýnt mál. Ég hef hins vegar* áhyggjur af því þegar aðilar vinnumarkaðarins setjast niður með stjórnvöldum á hverjum tíma rétt fyrir kjarasamninga og eru að fjalla um þessi mál. Við höfum séð það gerast aftur og aftur að það er gerð sameiginleg atlaga verkalýðshreyfingarinnar á almennum markaði og vinnuveitenda að ríkissjóði til að kosta kjarasamninga. Ég legg áherslu á að þessi leið verði ekki farin. Ég er vinur ríkissjóðs, ég hef sagt það oft, þó að ég sé ekki ánægður með þetta fjárlagafrv. en mér er annt um að fjárreiður og fjármál ríkisins séu í góðu lagi. Ég tel að þetta frv. í sjálfu sér geri ekki neitt sérstakt í þeim efnum og ég vil grípa á lofti það sem fjmrh. sagði í lokin um framleiðniaukningu til að standa undir lífskjörum framtíðarinnar. Það var það sama og ég sagði í minni ræðu. En því miður er þetta fjárlagafrv. ekki því marki brennt að stuðlað sé að því. Til þess vantar áherslur í þætti sem við höfum farið vel yfir, m.a. á sviði menntamála. Það er eitt af því sem líka vantar algjörlega inn í þetta frv., þ.e. framtíðarsýnina, hvernig eigi að bæta framleiðni og þar með lífskjör framtíðarinnar.

[00:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að hv. stjórnarandstæðingar og flokkar þeirra skuli leggja fram frumvörp og tillögur um jaðarskattinn og hvernig megi draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins. Ég tel það vera gagnlegt framlag í umræðuna og tel að nefndin eigi auðvitað að líta á þær tillögur eins og aðrar sem upp hafa komið í þessu máli.

Í öðru lagi, og það skulu vera mín lokaorð, þakka ég hv. þm. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf í lokin þess efnis að hann væri einn af vinum ríkissjóðs. Ríkissjóður þarf á slíkum samstarfsmönnum að halda.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:40.

---

5. FUNDUR

miðvikudaginn 9. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 29. mál, þskj. 29. — 1. umr.
4. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 30. mál, þskj. 30. — 1. umr.
5. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 31. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svofellt bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþingmaður Framsfl. í Norðurl. v., Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri, Skagaströnd, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþingmanns flokksins í Norðurl. v.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.“

Þá hefur borist svofellt bréf:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Páls Péturssonar, 1. þm. Norðurl. v., á Alþingi sem 1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurl. v.

Virðingarfyllst,
Elín R. Líndal.“

Kjörbréf Magnúsar B. Jónssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og

ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Magnús B. Jónsson, 1. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Magnús B. Jónsson hefur undirritað drengskaparheit og er boðinn velkominn til starfa.

[13:33]

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, 56. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 56.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa bréf frá nokkrum þingnefndum. Það er fyrst svohljóðandi bréf:

„Á fundi samgöngunefndar í dag var Einar K. Guðfinnsson kjörinn formaður nefndarinnar og Magnús Stefánsson varaformaður."

„Á fundi utanríkismálanefndar í dag var Geir H. Haarde kjörinn formaður nefndarinnar og Margrét Frímannsdóttir varaformaður."

„Á fundi landbúnaðarnefndar í dag var Guðni Ágústsson kjörinn formaður nefndarinnar og Egill Jónsson varaformaður."

Fjárlög 1997, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28.

[13:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt og er nú lagt fram að nýju.

Frv. er borið fram sökum þess að síðustu ár hefur komið í ljós við framkvæmd núgildandi laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986, með síðari breytingum, að þörf er á endurskoðun ýmissa ákvæða þeirra auk þess sem nauðsynlegt þykir að lögfesta reglur um starfsemi þeirra sem fást við sölu fyrirtækja. Var því ákveðið að semja frv. það sem hér er lagt fram.

Frv. felur í sér tvær meginbreytingar frá núgildandi lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að lögin taki einnig til sölu á fyrirtækjum, þ.e. að til sölu fyrirtækja þurfi sams konar löggildingu og nú þarf til sölu fasteigna og skipa.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði um 2% hámarkssöluþóknun falli niður en í stað þess komi ákvæði um að hverju sinni skuli gerður sérstakur samningur um söluþóknun milli fasteignasala og seljanda.

Að því er varðar þá breytingu að láta lögin jafnframt taka til sölu fyrirtækja er ljóst að í slíkum viðskiptum getur verið um verulega hagsmuni að ræða. Er því mikilvægt að aðili sem hefur opinbera starfsviðurkenningu annist slík viðskipti og geri yfirlit yfir þau atriði sem máli geta skipt við sölu fyrirtækisins og beri ábyrgð á að þannig sé að samningsgerð staðið að hagsmunir beggja séu tryggðir.

Til þessa hafa engin lagaákvæði tekið til þeirra aðila sem haft hafa milligöngu um sölu fyrirtækja og hefur vantað ákvæði sem gerir þá ábyrga fyrir réttum viðskiptaháttum. Er ákvæði þessu ætlað að bæta þar úr.

Um þá tillögu í 14. gr. frv. að fella niður ákvæði um 2% hámarkssöluþóknun og setja í þess stað ákvæði um að hverju sinni skuli gera sérstakan samning um söluþóknun, má geta þess að eftir gildistöku samkeppnislaga, nr. 8/1993, kom fram hjá Félagi fasteignasala sú skoðun að þetta ákvæði samrýmdist ekki markmiðum þeirra laga og því yrði að fella það úr gildi.

Ráðuneytið hefur átt nokkur bréfaskipti við Samkeppnisstofnun um þetta atriði og fylgja þau bréf með sem fylgiskjöl með frv.

Þess má geta að í bréfi Samkeppnisstofnunar frá 14. febrúar sl. segir að Samkeppnisstofnun líti svo á að með tillögu þessari sé komið til móts við þær ábendingar sem stofnunin hefur sett fram um þessi atriði.

Auk framangreindra meginbreytinga er í frv. að finna ýmsar aðrar tillögur að efnisbreytingum og nokkur nýmæli.

Meðal þeirra helstu er ákvæði um skyldu fasteignasala til að hafa ábyrgðartryggingu sem tryggi viðskiptamanni hans bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fasteignasalinn ber ábyrgð á. Er miðað við að ekki skipti máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis. Sambærileg ákvæði um tryggingar er nú að finna í reglugerð nr. 520 frá 1987 eins og henni var breytt með reglugerð nr. 161 frá 1994. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir að fasteignasali skuli leggja fram ábyrgðartryggingu til greiðslu skaðabótaskylds tjóns og að vátryggingafélagi sé heimilt að gera endurkröfu sé tjóni valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Framangreind reglugerð byggist á ákvæði 2. gr. núgildandi laga um að sá sem óskar löggildingar skuli leggja fram tryggingu samkvæmt reglum sem ráðuneytið ákveður.

Þá er í frv. lagt til að ef þeir sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna annast sjálfir sölu þeirra skuli þau skjöl sem tengjast sölunni vera unnin af fasteignasölum eða vera staðfest af þeim og verði ekki þinglýst ella. Að baki þessari tillögu búa fyrst og fremst sjónarmið um neytendavernd. Ljóst er að í slíkum tilvikum getur aðstaða þeirra sem að viðskiptunum standa verið ærið ójöfn þar sem seljandinn þekkir eignina til hlítar og hefur eftir atvikum mikla reynslu af sölu eigna en kaupandinn er e.t.v. að eiga slík viðskipti í fyrsta sinn. Því þykir rétt að aðili sem hefur opinbera starfsviðurkenningu og ber ábyrgð sem opinber sýslunarmaður, annist alla skjalagerð eða tryggi með áritun sinni að hún sé þannig úr garði gerð að hagsmunir beggja aðila séu tryggðir og réttarstaða hvors um sig sé glögg.

Þá er lagt til að fasteignasala sé heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi en því þar sem hann hefur starfsstöð

sína. Samkvæmt núgildandi lögum getur fasteignasali aðeins haft eina starfsstöð. Breytingartillagan byggist á því að víða um land er skortur á þjónustu fasteignasala þó þar sé ekki grundvöllur fyrir starfsemi sjálfstæðrar fasteignasölu. Í framkvæmd mundi þetta ákvæði þýða að í útibúinu ynni starfsmaður við daglega afgreiðslu en fasteignasalinn hefði þar viðtalstíma auk þess sem hann annaðist alla skjalagerð og bæri ábyrgð á öllum viðskiptum.

Í frv. er lagt til að hert verði á ákvæðum um eftirlit með fasteignasölustarfsemi og ráðherra fái ótvíræða heimild til að stöðva starfsemi sem gengur í berhögg við ákvæði laganna. Í núgildandi lögum hafa ekki reynst vera nægilega skýrar heimildir til að stöðva slíka starfsemi án tafar, t.d. þegar fram hefur komið að fasteignasali hefur ekki lengur fullnægjandi tryggingar, og er með ákvæði þessu ætlað að bæta úr því.

Auk framangreinds er í frv. lagt til að meðal þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir löggildingu til fasteignasölu skuli vera það skilyrði að viðkomandi hafi haft forræði á búi sínu undanfarin tvö ár. Samsvarandi ákvæði gildir nú um lögmenn.

Að lokum má geta þess að einnig eru lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar á textanum til þess að gera hann skýrari og markvissari auk þess sem þar er að finna ýmsar minni háttar efnisbreytingar til lagfæringar núgildandi lögum.

Herra forseti. Ég hef þá í öllum aðalatriðum gert grein fyrir efni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í greinargerð með frv. sem hæstv. dómsmrh. hefur mælt hér fyrir er sagt að breytingarnar sem gerðar eru varði flestar öryggi viðskiptamanna og því ber vissulega að fagna. Mikilvægi þess verður aldrei nægjanlega undirstrikað því að í slíkum viðskiptum er oftast um að ræða aleigu fólks. Hagsmunir heimilanna í landinu eru því í húfi og nauðsynlegt að vel sé gengið frá slíkum viðskiptum. Því er mikilvægt í slíkum lögum að réttindi og skyldur kaupenda og seljenda séu skýr og ljós og ekki síst að skyldur og ábyrgð fasteignasalanna séu einnig mjög skýrar í slíkum lögum.

Ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að fara yfir nokkur atriði í þessu frv., bæði sem snerta þau nýmæli sem fram eru borin og eins eru nokkur ákvæði eldri laga sem ég óska að fá skoðanir ráðherrans á. Ef ég fer í 1. gr. frv. þá styðst ég að nokkru í máli mínu við umsagnir sem komu fram við þetta frv. á síðasta þingi sem ég sé að ekki hefur verið tekið tillit til núna þegar málið er endurflutt.

Félag löggiltra fasteignasala gerir athugasemd við 1. gr. sem ég tel réttmætt að sé skoðuð. Það snertir 4. mgr. 1. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Þeim sem hafa atvinnu af byggingu fasteigna er heimilt að annast sjálfir sölu þeirra. Skjöl, sem tengjast sölunni, skulu þó unnin af fasteignasölum eða vera staðfest með sérstakri áritun þeirra."

Það er þetta sem gerð er athugasemd við að „vera staðfest með sérstakri áritun þeirra". Rökin sem Félag fasteignasala teflir fram eru þau að setning eins og þessi geti gefið tilefni til að álykta að það sé bara formsatriði að fá uppáskrift hjá löggiltum fasteignasala og að þetta ákvæði hvetji til þess í framkvæmd að byggingaraðili eða félagasamtök leiti frekar eftir leppun löggiltra fasteignasala. Þetta er a.m.k. atriði eða ábending sem ég tel ástæðu til að skoða.

Varðandi 3. gr. frv. er talað um að ráðherra skipi prófnefnd sem mér skilst að í eigi sæti þrír menn og ég vil óska eftir því að fá fram hjá ráðherra hverjir skipi þessa nefnd, hvort þessi nefnd sé að meiri hluta til skipuð fasteignasölum.

Ég held að 5. gr. frv. sé mjög mikilvæg þegar við erum að fjalla um hvernig við tryggjum best réttindi fasteignakaupenda og fasteignaseljenda, en þar er fjallað um ábyrgðartryggingu fasteignasalanna. Í núgildandi lögum eru afar ófullkomin ákvæði um þetta og ákvæðin eru að mestu leyti sett fram í reglugerð, bæði varðandi tryggingarfjárhæðir og um eigin áhættu.

Ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh.: Hve oft hefur reynt á það að þurft hafi að beita þessum ábyrgðartryggingum hjá fasteignasölum og hafa þær þá reynst fullnægjandi? Þá er ég að tala um fjárhæðirnar sem þar liggja að baki. Hver er reynslan af þessu núgildandi ákvæði?

Ég spyr líka um tryggingarfjárhæðirnar sem hér eru nefndar. Í 5. gr. er nefnt að tryggingin skuli nema minnst 5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10 millj. Í fyrsta lagi spyr ég: Er ekki eðlilegt að hafa ákvæði þarna inni um að þetta hækki í samræmi við vísitölu sem ég get ekki séð að sé í þessu?

Síðan veltir maður fyrir sér hvort þetta séu nægjanlega háar fjárhæðir. Hvað er ef tjón eins fasteignasala er ekki 10 milljónir á tryggingatímabilinu heldur 20 milljónir? Hver ber þá skaðann af því? Eins ef litið er til núverandi reglugerðar um tryggingarfjárhæðir þá er talað um að ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks sé um 3,6 milljónir en þó aldrei hærri en 10 milljónir eða rúmar 10 milljónir sem hér eru nefndar. Þá er verið að tala um hvert einstakt tjónstilvik. En mér finnst að hér sé verið að minnka tryggingarfjárhæðirnar vegna þess að það er einungis talað um 5 milljónir hérna en ekki að í hverju einstöku tilviki geti þetta farið upp í 10 milljónir. Ég vildi því fá skýringu á hvað liggur hér að baki.

Fasteignasalar hafa sagt um það ákvæði sem fram kemur í 5. gr.: „Ekki skiptir máli hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysi", að það að hafa orðið „ásetning" inni standist ekki skilgreiningar um vátryggingar og skilst mér að um þetta hafi verið deilt milli vátryggingareftirlitsins og fasteignasala. Fyrir liggur bréf um að vátryggingafélögin hafa lýst sig reiðubúin til þess að breyta þessum fyrirliggjandi drögum á skilmálum á þann veg að vátryggingarverndin taki líka til stórkostlegs gáleysis. En það er ekki ljóst af þessum gögnum sem er að finna í allshn. hver hefur orðið niðurstaðan í því. Ég tek það fram að ég styð eindregið það sem fram kemur í frumvarpsgreininni að þetta taki bæði til ásetnings og gáleysis og vil fá það skýrt fram hvort að það standist ekki örugglega vátryggingarskilmála.

Það er líka ástæða til að spyrja um hversu vítt þessi vátryggingarfjárhæð nær. Ég get nefnt dæmi og það er kannski hliðstætt dæmi og kom fram í sjónvarpinu í gær á Stöð 2. Þar var verið að greina frá skaða sem kaupendur fasteignar lentu í þar sem skaði þeirra var metinn á um 2 milljónir og þeim voru dæmdar þessar skaðabætur í Hæstarétti en hafa ekki enn fengið þær greiddar vegna þess að tryggingaraðilar deila um hvort gáleysi fasteignasalans hafi verið stórfellt eða minni háttar. Það sýnir sig því að það þarf að búa kannski miklu betur um hnútana en hér hefur verið gert og líka að það sé tryggt til hvaða atvika þessi tryggingarfjárhæð nær. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ákveðið er í samningi milli

seljanda og kaupanda að seljandinn skuli aflétta áhvílandi veðskuldum að hluta eða að öllu leyti, ætti fasteignasali sem milligöngumaður að vera með uppreiknaðar eftirstöðvar allra áhvílandi veðskulda og miða greiðslur kaupanda við það tímamark sem seljandi á að aflétta viðkomandi skuldum. En á þessu er nokkur misbrestur. Það ætti að vera í verkahring fasteignasala að fylgjast með því að kaupandi greiði ekki fyrr en seljandi hefur aflétt veðskuldum að viðlagðri ábyrgð. Ég hygg að hér sé um að ræða sambærilegt tilvik og fram kom á Stöð 2 í gær. Ef þetta er gert, að fasteignasalinn hefur þessa milligöngu um greiðslu áhvílandi veðskulda, þ.e. að hann ráðstafar kaupverðinu að hluta til greiðslu skuldanna til að tryggja að skuldum verði aflétt, er staðan oft þannig að það fara milljónir um hendur fasteignasalans. Það eru peningar sem hann fær frá kaupanda sem hann á að nota til þess að aflétta þessum skuldum. Og spurningin er: Ef um eitthvert misferli er að ræða, að fasteignasalinn notar ekki þessa fjármuni sem hann fær frá kaupandanum til þess aflétta þessum skuldum, nær þá fasteignatryggingin til þessarar fjármunaumsýslu? Mín spurning lýtur því að því hversu víðtæk hún er og hvort um nægjanlegar fjárhæðir sé að ræða sem hér koma fram.

Í 7. gr. stendur: „Fasteignasali skal tilkynna ráðherra hvar starfsstöð hans er. Hann getur aðeins haft eina starfsstöð en er þó heimilt að reka útibú í öðru sveitarfélagi ...“ Hæstv. ráðherra fór nokkrum orðum um þetta en ég spyr hvort þetta ákvæði bjóði upp á misnotkun og hvort verið sé að endurvekja möguleikana á leppum í fasteignasölu sem voru nokkuð algengir á árum áður. Ég spyr t.d.: Getur maður í einhverju plássi úti á landi farið að stunda fasteignaviðskipti í sinni heimabyggð og opnað þar t.d. útibú án nokkurra réttinda með samkomulagi við fasteignasala í Reykjavík? Það hafa komið fram athugasemdir við það að þetta gæti opnað slíka möguleika. Ég er ekki að halda því fram en ég spyr ráðherra hvort slík hætta sé hér á ferðum.

Síðan er 12. gr. sem er mjög mikilvæg grein og felur það í sér að fasteignasala sé skylt að útbúa söluyfirlit yfir eignina. Hér er þetta almennt ákvæði um að hann eigi að búa til söluyfirlit. Síðan er kveðið á um það að ráðherra eigi að segja reglugerð um hvað eigi að felast í þessu söluyfirliti, en í núgildandi lögum er mjög nákvæm upptalning hvað á að vera í slíku söluyfirliti. Mér finnst að minnsta kosti réttara að hafa slíkt í lögum heldur en í reglugerð þannig að það sé öllum, kaupendum og seljendum, aðgengilegt í lögum hvað á að vera í söluyfirlitinu vegna þess að það er mjög mikilvægt. T.d. held ég að það sé mjög mikill misbrestur á því hjá fasteignasölum að lýsing á ástandi eignar komi fram í söluyfirlitum, gallar ef einhverjir eru eða ef eignin kallar á meiri háttar viðhald sem kannski er ekki sýnilegt við skoðun á eigninni. Ég flutti þáltill. 1980 um fasteignasala og þeirra skyldur og þar var einmitt kveðið á um að þetta yrði að vera mjög afdráttarlaust. Það er alveg ljóst að þessu er ábótavant hjá fasteignasölunum og því spyr ég: Er hugmynd ráðherrans að setja það óbreytt sem er í núgildandi lögum inn í reglugerð eða er ráðherrann með hugmyndir um að setja meiri kvaðir og skyldur á fasteignasalana í þessu sambandi?

Í lokin er það 14. gr. sem er nýmæli og ég viðurkenni að ég hef töluverðar áhyggjur af. Þær felast í því að hér er verið að aflétta því baki sem er á þóknuninni sem fasteignasalar geta tekið sér, þessum 2%. Þeir mega ekki fara upp fyrir 2% nú, en samkvæmt frv. er verið að gefa þetta frjálst. Ég sé alveg á frv. og fylgigögnum með því að dómsmrh. og embættismenn og ráðherrar hafa töluvert skoðað þetta atriði en það er vísað til þess að þetta þurfi að gera vegna þess að ákvæðið núna stangast á við samkeppnislög. Ráðuneytið hefur leitað til Samkeppnisstofnunar um álit hennar á þessu og þar kemur fram eftirfarandi svo ég grípi niður í álit Samkeppnisstofnunar:

„Hvað varðar fyrirspurn ráðuneytisins í síðara bréfi þess virðist sem fasteignasalar taki sér þóknun vegna annarra kostnaðarliða en þeirra er tengjast sölunni beinlínis og að því er virðist umfram það sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 14. gr. laga um fasteigna- og skipasölu. Nægir þar að nefna svokallað skoðunargjald ...“ Þeir hafa því greinilega tekið sér þóknanir, t.d. skoðunargjald sem er innheimt eins og hér segir „án tillits til hvort sala fari fram“, eða ekki og samkvæmt lögum er slíkt ekki heimilt. Og Samkeppnisstofnun segir: „Hámarksþóknunin veitir því ekki jafnríka neytendavernd og ætla mætti við fyrstu sýn „gegn óheftri þóknanatöku fasteigna- og skipasala“, svo notað sé orðalag ráðuneytisins.“

Og síðan kem ég að spurningu minni til ráðherra. Í bréfi Samkeppnisstofnunar segir í lokin:

„Að síðustu skal á ný vakin athygli á því að verði ákvæðið um 2% hámarksþóknun fasteigna- og skipasala fellt úr lögum gilda fullum fetum ákvæði samkeppnislaga, sem m.a. banna verðsamráð fyrirtækja á sama sölustigi og útgáfu leiðbeinandi gjaldskrár.“

Það er einmitt þetta sem ég hef áhyggjur af þegar þetta opnast þannig að fasteignasalar munu á einn eða annan hátt hafa verðsamráð sín á milli. Auðvitað er ekki hægt að slá neinu föstu um það. Það getur vel verið að þetta verði til þess að auka samkeppnina og lækka þóknunina en áhættan er vissulega fyrir hendi. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig verður þessu eftirliti háttað varðandi verðsamráðið? Það er mín skoðun að þóknanir sem fasteignasalarnir taka sér nú séu mjög miklar. Við getum tekið 7 millj. kr. eign. Þá fær fasteignasalinn 2% af því sem er 140 þús. kr. og er nú dágóð upphæð fyrir þann sem er að kaupa sér íbúð. Svo borgar kaupandinn allan auglýsingakostnað og síðan skoðunargjald þannig að mig óar nú svolítið við því ef þetta ákvæði leiðir til þess að fasteignasalar fara að taka sér hærri þóknun. En ég veit að ráðherra hlýtur að hafa svör við þessu vegna þess að það er augljóst af þeim gögnum sem hér fylgja að málið hefur verið vandlega skoðað í ráðuneytinu en það er spurning hvernig hægt er að haga eftirliti þannig að ekki verði um verðsamráð að ræða milli fasteignasalanna. Ég hef lagt nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og tel að það muni flýta fyrir framgangi málsins í nefnd hafi ráðherrann svör við þessum spurningum.

[13:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil gjarnan koma inn á eitt atriði í frv. sem mér finnst stinga í stúf og það er að engum sé heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fyrirtækjum sem stunda virðisaukaskattskylda starfsemi nema hann hafi til þess löggildingu ráðherra. Nú er það þannig að hlutabréf eru seld á markaði og ef selt er meira en 90% af hlutabréfum í einu fyrirtæki þá er skylda þeirra hluthafa sem eftir standa, þ.e. 10% eða minna en 10%, að selja kaupandanum eða þeim sem á 90% á svipuðu verði þannig að 90% sala á hlutabréfum eða meira er í reynd sama og sala á hlutafélaginu öllu. Ég vil bara benda á þetta og vísa því til nefndarinnar sem um það

mun fjalla að skoða hvort þarna sé í rauninni verið að taka út heimild til að selja hlutabréf.

Svo vil ég nefna að það þak sem hefur verið á þóknunum hér á landi, 2%, er það allægsta sem þekkist í nágrannalöndunum — þetta er víða 3,4% og allt upp í 7% af verði fasteignar — og hefur gert það að verkum að greinin á ákaflega erfitt uppdráttar, þ.e. fasteignasala. Það er mikið um að fyrirtæki fari á hausinn og verði mjög skammlíf en það kemur aftur niður á þjónustunni við viðskiptavinina, þ.e. þá sem eru að kaupa og selja eignir. Það er því viðbúið að þessi þóknun hækki eitthvað við það að þetta verður gefið frjálst en í staðinn fái menn betri þjónustu.

[13:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla að víkja að athugasemdum og spurningum sem komu fram í ræðu hv. 13. þm. Reykv. Fyrstu spurningar hv. þm. lutu að 4. mgr. 1. gr. frv., þar sem fjallað er um sérstaka áritun, og þingmaðurinn velti því fyrir sér hvort þarna væri um að ræða formsatriði sem hugsanlega gæti leitt til misnotkunar. Ákvæðið er sett inn í þeim tilgangi að styrkja þessa framkvæmd og draga úr því að misnotkun eigi sér stað. Það er tilgangur þessara ákvæða og ég vænti þess að verði frv. að lögum þá muni þau hafa áhrif í þá veru.

Hv. þm. spurði hverjir skipa prófnefndina sem frv. gerir ráð fyrir. Í frv. er ekki gert ráð fyrir að það sé skilgreint sérstaklega heldur velur ráðherra þrjá menn til að sitja í nefndinni. En engar sérstakar reglur eru um hverjir það eru eða úr hvaða röðum þeir koma sem í nefndinni skulu sitja.

Hv. þm. fjallaði um það ákvæði frv. sem lýtur að tryggingum og tryggingarfjárhæðum. Við samningu þessa frv. var tekið mið af sambærilegum ákvæðum sem eru í núgildandi lögum um lögmenn. Þær tryggingarfjárhæðir sem eru nefndar taka mið af þeim ákvæðum. Mat manna hefur verið að hér væri um að ræða eðlilegar tryggingarupphæðir sem eiga að ná til flestra þeirra tilvika sem upp geta komið og veita nægjanlega vernd. Auðvitað getur það verið matsatriði hverjar þessar tryggingar eiga að vera og hversu háar fjárhæðir gera á kröfur um. En við verðum líka að hafa í huga að því hærri sem tryggingarnar eru því meiri er kostnaðurinn við sölu fasteignanna. Hann kemur auðvitað niður á neytendum líka þannig að það er mjög mikilvægt að finna tryggingarfjárhæðir sem teljast vera eðlilegar. Sama má segja um ákvæði varðandi ásetning og gáleysi. Þar er einnig tekið mið af ákvæðum í lögum um lögmenn.

Ég lít ekki svo á að heimildarákvæðið um að stofna útibú feli á nokkurn hátt í sér opnun á að misnota ákvæði laganna sem eiga að tryggja hagsmuni neytendanna. Þvert á móti er verið að opna fyrir að neytendur eigi greiðari aðgang að slíkri þjónustu í heimabyggð sinni og ábyrgð fasteignasala sem í hlut á er með öllu óbreytt þó að hann setji upp útibú.

Hvað varðar spurningu hv. þm. um hvaða atriði það eru sem sett verða inn í reglugerð um söluyfirlitið þá hafa ekki verið teknar endanlegar ákvarðanir þar um og verða ekki teknar fyrr en reglugerðin verður gefin út. Ég hef reiknað með að þar verði um að ræða svipuð eða sambærileg skilyrði og gilda í dag.

Hv. þm. vék að því ákvæði sem felur í sér eina af meginbreytingunum frá núgildandi löggjöf, þ.e. að niður fellur ákvæðið um hámarkssöluþóknun. Hér er verið að koma til móts við samkeppnislögin og ákvæði þeirra. Samkeppnisyfirvöld hafa litið svo á að í þessari starfsemi sé fyrir hendi nægjanleg samkeppni og hún eigi að tryggja hagsmuni neytenda betur en ákvæði gildandi laga.

Hvað varðar eftirlit með verðsamráði þá liggur í augum uppi að eftir breytinguna fellur það undir valdsvið Samkeppnisstofnunar að hafa eftirlit með þessum þáttum. Eftir það gilda ákvæði samkeppnislaga að öðru leyti en því sem kveðið er á um í lögunum, að aðilum er skylt að gera samning fyrir fram sín á milli áður en fasteignin er tekin til sölu. Eftirlit með verðsamráði er því á höndum Samkeppnisstofnunar þegar frv. er orðið að lögum.

Varðandi það atriði sem fram kom hjá hv. 16. þm. Reykv. felur frv. ekki í sér breytingar á gildandi lögum varðandi sölu hlutabréfa.

Ég held, herra forseti, að ég hafi vikið að flestum þeim álitaefnum sem hafa komið upp í umræðunni.

[14:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann fór yfir allar þær spurningar sem ég lagði fyrir hann. Flestar voru þær skýrar en þó ekki um ákveðin atriði sem ég vil ítreka frekar. Áður en ég fer í þau atriði vil ég spyrja varðandi 12. gr., þ.e. um söluyfirlitið og hvað stendur í því. Ég færði rök fyrir að misbrestur væri þar á af hálfu fasteignasalanna. Ráðherrann gerði ráð fyrir í svörum sínum að öll atriðin í núgildandi lögum komi fram í reglugerð. Ég á sæti í hv. allshn. sem mun fjalla um málið. Ég mun ganga mjög eftir því að ráðherrann leggi a.m.k. drög að reglugerðinni fyrir nefndina áður en nefndin afgreiðir málið frá sér og spyr ráðherra hvort hann geti orðið við því.

Mér fannst svörin alls ekki vera nægilega skýr varðandi 5. gr. Hæstv. ráðherra talar þannig um fjárhæðirnar að miðað sé við það sem gildi í ábyrgðartryggingu hjá lögmönnum. Ég tel þetta alls ekki sambærilegt. Við erum að tala um fasteignasala sem fjalla um eignir fólks, aleigu fólks, mikil verðmæti sem eru í húfi fyrir heimilin. Það verður að vera vel og tryggilega frá því gengið að vátryggingarfjárhæðir standi undir hugsanlegum skaðabótum. Ég ítreka aftur dæmið sem kom fram á Stöð 2 í gær. Það er ljóst varðandi það dæmi að peningum sem fasteignasali fékk í hendurnar var varið til að greiða niður skuldir sem voru óviðkomandi kaupanda. Þessi hjón hafa skaðast mjög mikið. Þau þurftu að fara úr sínu húsnæði vegna þessa. Þau hafa í sex ár verið á leigumarkaði og borgað 3 millj. kr. í leigu. Þau eiga samkvæmt dómi Hæstaréttar að fá 2 millj. í skaðabætur en þau hafa enn ekki fengið þær vegna þess að ágreiningur er milli tryggingaraðila hvort um gáleysi hafi verið að ræða eða ekki. Þetta er einmitt það sem ég spurði um. Þegar fasteignasalar eru milligöngumenn með fjármuni fólks í höndum og falin sú ábyrgð að ráðstafa þeim á tiltekinn hátt og þeir gera það ekki þá er mjög mikilvægt og ekki hægt að komast hjá að svara því hvort ábyrgðin nái til slíkra tilvika, hvað það er sem bótafjárhæðin á að ná yfir.

Það má vera að ráðherra hafi ekki svör við því hér og nú. Ég hef skilning á því. En það verður kallað mjög ákveðið eftir því í störfum nefndarinnar að fá þetta fram. Einnig ef þessar fjárhæðir duga ekki því mér sýnist að dregið hafi úr þessum vátryggingarfjárhæðum frá því sem nú er. Ef fasteignasala verður á í messunni og hann er skaðabótaskyldur fyrir hærri fjárhæð en kemur fram í lögunum, hver er þá staða kaupenda sem hafa kannski misst mikla fjármuni vegna gáleysis eða ásetnings fasteignasalans? Þetta þarf að vera ljóst. Við erum að tala um atriði sem eru svo mikilvæg fyrir þá sem standa

í fasteignaviðskiptum að þetta verður að vera skýrt. Ég vildi árétta, virðulegi forseti, að þetta verður örugglega skoðað í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar.

Skoðun mín á 2% þóknuninni er sú að mér finnst þetta há þóknun sem tekin er af seljendum fasteigna. Það eru háar fjárhæðir vegna þess að það er ýmis annar kostnaður sem fasteignasalarnir taka sér. Hv. 16. þm. Reykv. var alveg sannfærður um að ef þakinu yrði aflétt mundi þóknunin hækka. Hann taldi að við værum með mjög lága þóknun. Ég hygg að ráðuneytið hafi eitthvað velt fyrir sér afleiðingunum af þessu ákvæði. Ég spyr um mat ráðherrans á því. Telur hann líkur á að þetta leiði til verulegra hækkana á þóknunum fasteignasala? Menn verða að gera sér það ljóst vegna þess að mikill kostnaður fylgir því að kaupa eða selja íbúð. Það er ekki á hann bætandi. Við verðum að vona að nái þetta ákvæði fram, þá fylgist Samkeppnisstofnun mjög grannt með því strax í upphafi hvort verðsamráð verði haft milli fasteignasala.

Ég vil ítreka þessar spurningar, hvort ráðherrann hafi skýrari svör við þeim en fram komu í máli hans, og sérstaklega varðandi 5. gr. Ég tel 5. gr. eina mikilvægustu grein frv. og nauðsynlegt að tryggilega sé frá henni gengið. Eins hvort ráðherrann treystir sér til að gefa nefndinni drög að reglugerð um hvað á að vera í söluyfirliti. Misbrestur er á að fasteignasalar skýri nægilega frá í söluyfirliti ef eitthvað er að fasteignum, galli eða meiri háttar viðgerðir, sem ekki er sýnilegt við skoðun, svo ég nefni bara eitt dæmi. Mér finnst mikilvægt að nefndin sem fær þetta til úrlausnar hafi möguleika á að skoða hvað sett verður í slíka reglugerð.

[14:13]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Varðandi spurningu um það til hvaða atriða bótagreiðslur samkvæmt 5. gr. frv. geta tekið, þá leiðir það af greininni sjálfri að þær bætur taka til allra atvika sem fasteignasalinn ber skaðabótaábyrgð á. Það kemur fram í frumvarpsgreininni sjálfri. Það verður svo auðvitað að meta í hverju einstöku tilviki hver skaðabótaábyrgð fasteignasalans er.

Hv. þm. spurði um það hvort vænta megi að söluþóknun hækki eða lækki. Ég held að engin leið sé að segja fyrir um það. Ráðuneytið styðst við mat Samkeppnisstofnunar sem telur að það sé frekar til styrktar neytendum að aflétta hámarkinu. Það er megintilgangur samkeppnislaganna. Ég get ekki á þessari stundu haft neinar skoðanir á því. Markaðurinn hlýtur að segja til sín þegar á þetta reynir. Samkeppnislögin byggja á því. Það ætti hv. þm. að vita vegna þess að flokkur hans er einn aðalhvatamaður að samkeppnislöggjöfinni og því að markaðslögmálin tryggi hagsmuni neytenda. Markaðurinn sjálfur verður að leiða það í ljós, um það er ekki hægt að segja fyrir fram.

[14:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi 5. gr. sem mér hefur orðið tíðrætt um þá er náttúrlega ljóst af svörum ráðherrans að nefndin verður að fara mjög vel ofan í það hvað felst í þessari skaðabótaábyrgð og eins varðandi fjárhæðirnar. Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir. Ég tel að dæmin sanni að það þurfi að fara mjög ítarlega ofan í þennan þátt málsins.

Hæstv. ráðherra nefndi ekki hvort hann væri tilbúinn til þess sem ég fór fram á við hann, að kynna nefndinni drög að reglugerð um hvað mundi vera í söluyfirliti, svo ég ítreka þá spurningu. Ég held að við þurfum að gera miklu meira af því þegar við erum raunverulega að framselja vald til framkvæmdarvaldsins með heimild til reglugerðarsetningar þar sem lagaákvæðin eru mjög opin, að gera meiri kröfur til þess að framkvæmdarvaldið láti fylgja með frumvörpunum drög að reglugerð sem á að setja samkvæmt þeim lögum í þeim tilvikum þar sem það er hægt og ég tel að það hljóti að vera hægt í þessu tilviki.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðherra að reynslan verður að leiða í ljós hvaða afleiðingar það hefur að aflétta þessu þaki. En ég ítreka enn að ég óttast mjög að þetta muni hafa í för með sér að þóknun til fasteignasala muni hækka og kannski verulega.

[14:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi reglugerð sem hv. þm. spyr um þá er það svo að reglugerðarheimildin fæst fyrst þegar Alþingi hefur samþykkt lögin og gefið heimild til að setja reglugerðina og eðli máls samkvæmt verða reglugerðir ekki settar fyrr. Þær verða líka að taka mið af og byggjast á lögunum sjálfum. Lögin kunna að taka breytingum í meðförum þingsins þannig að það er mjög óvanalegt að reglugerðir séu samdar og því síður settar áður en lög eru samþykkt frá þinginu. Þar að auki er verið að opna heimildir til að setja ákveðna þætti í reglugerð vegna þess að talið er eðlilegt að sú sveigja sé fyrir hendi vegna þess að tímarnir breytast og nauðsyn þarf að vera á því að gera breytingar um tiltekin atriði með skjótum hætti án þess að þau mál fari fyrir þingið. Það er því ekki þar með sagt að reglugerð sem sett er í upphafi standi til eilífðarnóns. Þess vegna er það svo að reglugerðirnar koma þegar Alþingi hefur samþykkt lögin með heimildum til að setja reglugerðirnar.

[14:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta nú hreinlega óþarfa kennslustund hjá framkvæmdarvaldinu fyrir löggjafarvaldið. Auðvitað vitum við að reglugerðir byggjast á að hafa stoð í lögum. (**Gripið fram í:** Það er betra.) Þær eiga a.m.k. að hafa hana þó þær fari stundum út fyrir hana. Það sem ég er hreinlega að fara fram á er að miða við frv. eins og það liggur fyrir til að sjá hvernig slík reglugerð mundi líta út, að dómsmrh. muni beita sér fyrir því að samin verði drög að reglugerðum ef hann fengi þetta frv. nú samþykkt óbreytt eins og hann leggur til. Auðvitað veit ég að þegar Alþingi er búið að samþykkja frv. og lögin hafa tekið breytingum að þá munu reglugerðardrögin taka breytingum í samræmi við það. Ég tel hreinlega að hæstv. ráðherra sé að reyna að koma sér hjá því að sýna nefndinni reglugerðardrög sem hún kallar eftir. Ég tel það alvarlegt, ekki bara í þessu eina máli, heldur almennt varðandi reglugerðarsetningu. Það hefur komið fyrir að það hafi verið kallað eftir reglugerðum í nefndum sem ekki hefur verið orðið við af framkvæmdarvaldinu. Ég tel beinlínis ástæðu til þess, og það er nú hreinlega í frv. sem liggur fyrir þinginu, að þingnefndir hafi eftirlitsskyldu varðandi t.d. reglugerðir og að þingnefndir geti kallað eftir því við framkvæmdarvaldið og ráðherra og að áður en reglugerðin er sett fái hún a.m.k. skoðun hjá nefndinni. Mér finnst það alvarlegt að ráðherrann sé að koma sér hjá því að nefndin fái þessi drög að reglugerð og svo sannarlega mun verða kallað eftir þeim í nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 29. mál (barnaklám). — Þskj. 29.

[14:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem stefnir að því að varsla barnakláms verði gerð refsiverð. Ég mælti fyrir þessu frv. í marsmánuði sl. en það var ekki afgreitt á því þingi. Frv. er nú lagt fram á nýjan leik en með nokkrum breytingum frá því sem áður var.

Það er nýjung í íslenskri refsilöggjöf að gera vörslu á efni með barnaklámi refsiverða, en slík lagasetning er í samræmi við alþjóðlega þróun á þessum vettvangi í viðleitni til að sporna sérstaklega gegn þessum óhugnanlega þætti klámiðnaðar í heiminum. Núgildandi íslenskt refsiákvæði um klám er í 210. gr. hegningarlaganna. Þar er fyrst og fremst lögð refsing við birtingu kláms á prenti og framleiðslu, innflutningi og sölu á klámefni, en nær hins vegar ekki til þess verknaðar eins að hafa myndefni með barnaklámi í vörslu sinni. Í 1. gr. frv. er þannig lagt til að ný málsgrein bætist við 210. gr. sem kveður á um refsingu fyrir slíkt athæfi.

Við framleiðslu efnis sem felur í sér barnaklám, svo sem við gerð myndbanda eða ljósmynda, er algengt að framin séu alvarleg kynferðisleg brot gegn þeim börnum sem taka þátt í myndatökunni. Hins vegar getur reynst erfitt að ná til þeirra sem framleiða slíkt efni sem dreift er á alþjóðlega vísu. Þannig er oft erfitt að rekja uppruna efnisins, til dæmis að finna þá einstaklinga sem tóku myndirnar eða áttu hlutdeild að því, svo og börnin sem myndirnar eru teknar af, og geta ýmis sönnunarvandamál komið upp í því sambandi. Eins getur framleiðsla farið fram á mörgum stigum svo sem að einn einstaklingur taki myndir en að þær séu framkallaðar og dreift í öðrum löndum. Markmið þess að gera vörslu á barnaklámi refsiverða er fyrst og fremst að ef ríki heims fallast almennt á að setja slíkt ákvæði í refsilöggjöf sína verði eftirspurn eftir slíku efni takmarkaðri og þar með dragi jafnframt úr kynferðislegri misnotkun barna í tengslum við framleiðslu þess.

Sambærilegum refsiákvæðum hefur þegar verið bætt inn í löggjöf Danmerkur og Noregs og er í undirbúningi í Svíþjóð, auk þess sem önnur ríki víða um heim hafa gert vörslu barnakláms refsiverða eða íhuga lagasetningu í þá átt. Þessi þróun er í samræmi við alþjóðlega samvinnu um úrræði til að uppræta barnaklám, en hvort heldur er á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins eða Norðurlandaráðs hefur verið skorað á aðildarríki að gera vörslu á barnaklámi refsiverða í innanlandslöggjöf sinni.

Eins og lagt er til 1. gr. frv. er stefnt að því að hver sá sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skuli sæta sektum. Með þessu er ekki endilega gengið út frá að verið sé að fremja kynferðisbrot á barni og er nægilegt að kynferðislegt eða klámfengið yfirbragð sé á myndefninu til þess að það falli undir ákvæðið. Hins vegar falla eðlilegar nektarmyndir af barni utan gildissviðs ákvæðisins. Hefur skilgreining hér verið víkkuð frá því sem lagt var til í fyrra frv. um sama efni þar sem gert var að skilyrði að myndefni sýndi að kynferðisbrot væri framið á barni. Spannst nokkur umræða þegar það frv. var lagt fram sl. vor um að óeðlilegt væri að binda refsinæmi verknaðar við vörslur á svokölluðu grófu barnaklámi. En eins og ég nefndi og lýsti hér fyrr hefur skilgreining á myndefni sem refsivert er að hafa í vörslu sinni, verið rýmkuð. Síðari málsliður 1. gr. frv. um að sömu refsingu varði að hafa í vörslu sinni, ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á grófan klámfenginn hátt, er til fyllingar fyrri málsliðnum. Hér er í reynd um að ræða atriði sem talin eru í dæmaskyni, en myndu væntanlega falla undir almennu regluna í fyrri málsliðnum þar sem rætt er um efni sem sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.

Skilyrði refsiábyrgðar samkvæmt 1. gr. frv. er að maður hafi efni með barnaklámi í vörslu sinni. Með vörslu á efni er ekki gert að skilyrði að maður eigi efnið, heldur er nægilegt að hann hafi það á leigu, að láni eða í geymslu. Hins vegar er hægt að beita öðrum ákvæðum 210. gr. með þyngri refsimörkum, eða allt að sex mánuðum, gagnvart þeim einstaklingi sem hefur til dæmis leigt honum myndina eða dreifir slíku klámefni á annan hátt.

Herra forseti. Ég hef þá vikið að meginefnisatriðum þessa frv. Með því að gera vörslu barnakláms refsisverða er gefin skýr yfirlýsing um fulla þátttöku okkar í alþjóðlegri samvinnu til þess uppræta þessa viðurstyggilegu starfsemi sem því miður viðgengst enn víða um heim, jafnvel í nágrannalöndum okkar eins og hefur sannast á undanförnum vikum og leiðir af sér ómældar þjáningar fyrir fórnarlömb sín. Það er von mín að samstaða gerti náðst um frv. til að þessu markmiði verði náð.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér kemur á óvart sá aðdragandi sem er að gildistöku þessara laga sem á að vera 1. júlí 1997. Rökin sem notuð eru, eru að þeir sem hafa barnaklám í vörslu sinni gefist hæfilegur frestur til að eyða því efni sem fellur undir ákvæði frv. Ég spyr ráðherrann hvort hann óttist ekki að með svona löngum fresti sé ekki líka verið að gefa þeim sem framleiða þetta efni svigrúm, með svona löngum aðdraganda að þessari gildistöku. Ég held að þetta geti virkað í báðar áttir.

Herra forseti. Ég segi það líka að þessi viðmiðun um hvað eru börn finnst mér óeðlileg og hefði talið miklu eðlilegra að miða við ákvæðið eins og það er í lögunum um vernd barna og ungmenna. Og ég vil gjarnan fá svör ráðherra við því að hvort miðað verði við sjálfræðisaldurinn eða skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna sem telja að einstaklingur teljist barn þar til hann er 18 ára. Nú eru uppi hugmyndir um að breyta sjálfræðisaldrinum. Væri ekki eðlilegra að miða við hann? Ég spyr um þetta tvennt.

[14:27]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að það getur verið talsvert álitaefni hvaða viðmiðanir eiga að gilda í þessu efni, þ.e. til hvaða aldurs lögin eiga að ná. Mér þykir fullkomlega eðlilegt að í meðferð þingsins verði það nánar rætt því hér getur verið um álitaefni að ræða.

Varðandi gildistökuna þá er það sjónarmið sett hér fram að það sé eðlilegt að gefa mönnum tíma til að losa sig við slíkt efni ef þeir hafa það undir höndum sem er refsilaust nú en verið er að gera refsivert með þessu frv. Það getur svo auðvitað farið eftir því hversu hratt málið afgreiðist í þinginu hvort tilefni er til þess að flýta gildistökunni frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Það er atriði sem mjög eðlilegt er að ræða í

hv. nefnd. En ég held að það sjónarmið sem þarna er sett fram eigi við rök að styðjast og sé líka viðurkennt almennt þegar sett eru ný ákvæði af þessu tagi í refsilöggjöfina.

[14:29]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka að mér finnst þetta mjög óeðlilegur tími, að þeim sem eru með þetta barnaklám í vörslu sinni séu gefnir a.m.k. sex mánuðir ef ekki átta til að losa sig við það. Ég er sannfærð um að þingið mun afgreiða þetta mál mjög fljótt og vel þannig að það er ástæða til að skoða þetta gildistökuákvæði. Ég óttast og ég heyrði ráðherrann ekki sýna nein viðbrögð við því að við séum að gefa framleiðendum þessa efnis svigrúm til að birgja sig upp af barnaklámefni áður en þessi lög taka gildi. Hefur ráðherrann engar áhyggjur af því?

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. er flutt til þess að vega að þeim sem eru að framleiða þetta efni, til þess að koma í veg fyrir að þeir hafi markað fyrir framleiðslu sína. Ég vona að hv. þm. hafi skilið að það er markmiðið og takmarkið með frv.

[14:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir þær óskir sem hæstv. dómsmrh. flytur hér að þinginu megi auðnast að samþykkja þetta frv. og gera það að lögum sem allra fyrst. Ég þakka honum líka fyrir að flytja þetta mál aftur í talsvert breyttu formi vegna þess að inntak efnisins er nokkuð breytt þar sem skilgreiningar sem fram koma í grg. með frv. eru talsvert aðrar núna í ár en þær voru með hinu fyrra frv. og allar til bóta. Eitt vil ég þó segja í upphafi, herra forseti. Mér finnst enn og aftur að hæstv. dómsmrh. sé hér að beita plástraaðferðinni sem svo hefur verið kölluð í þessum sölum, þ.e. það er verið að lappa upp á hegningarlög sem eru úrelt að stofni til. Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir benti á það í fyrra að þessum lögum hefði verið breytt um það bil 30 sinnum. Þau eru að stofni til síðan 1940 og byggð á dönskum hegningarlagabálki og auðvitað er kominn tími til að stokka þessi lög upp á nýtt.

Og fyrst við erum að ræða það sem kalla má enn einn plástur á þessi lög þá nefni ég það sérstaklega að þegar menn lesa t.d. grg. á bls. 2 þar sem ágætlega er farið yfir gildandi rétt í þessum efnum og verið að ræða þann bálk laganna sem fjallar um kynferðisbrot, þá rekst maður á alls konar hortitti og göt í lögunum. Það kemur t.d. fram að ef um er að ræða framleiðslu á klámmyndum af börnum þá getur það fallið undir 209. gr. ef um er að ræða samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 14 ára og það varðar mikilli fangelsisvist. Sömuleiðis er tekið sérstaklega fram ef um er að ræða annað heldur en slíkan verknað sem þarna er nefndur og mundi falla þá undir kynferðislega áreitni fyrir barn á sama aldri, þá getur það líka valdið refsiábyrgð, fangelsisvist til allt að fjögurra ára. En það kemur hins vegar fram að börn sem eru á aldrinum 14–16 ára njóta ekki sambærilegrar verndar. Ef þau eru tæld til samræðis eða kynferðismaka þá er gerandinn búinn að baka sér refsiábyrgð en sá sem hins vegar beitir börn líkamlegu eða andlegu ofbeldi við kynferðisverknað án þess að beinlínis sé um mök að ræða, hann sleppur. Það er ekkert í þessum lögum sem til þessa hefur gert að verkum að slíkt baki mönnum refsiábyrgð. Við bætist síðan það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bendir réttilega á að það er sennilega miklu réttara að hafa sjálfræðisaldurinn þarna inni. Ég tel að það sé engum blöðum um það að fletta. Að minnsta kosti held ég að það verði að vera samræmi í þessum lögum. Er ekki í lögum um vernd barna og ungmenna talað um 16 ár? Það er lágmark. Ég tek þetta sem dæmi um að þarna er líka gat sem hefur verið til staðar mjög lengi og hefði væntanlega þurft enn einn plásturinn úr þessari ágætu plástraverksmiðju sem dómsmrh. hæstv. veitir forstöðu. Ég vil samt sem áður ítreka að ég fagna frv. og tel að þær breytingar sem hér hafa verið gerðar hafi allar verið til bóta.

Menn minnast þess að í fyrra voru skilgreiningarnar mjög furðulegar svo ekki sé meira sagt. Það kom t.d. fram að einungis var refsivert að hafa undir höndum gróft barnaklám og því mátti draga þá ályktun að það væri í lagi að hafa vægt barnaklám undir höndum og það mundi ekki vera líklegt til þess að baka börnum einhvers staðar í heiminum sárindi. Þetta var meira að segja rökstutt með því að það gæti leitt til þess að svokallaðir kynferðislega misþroska menn, sem er hugtak sem er fundið upp í þessari plástraverksmiðju, gætu með því að notfæra slík gögn mögulega ekki fallið í þá freistni að koma fram hneigðum sínum við lifandi veru, við börnin sjálf. Nú þetta er í burtu. Þó eimir enn, herra forseti, eftir af þessum annarlega hugsunarhætti. Það er tekið skýrt fram í grg. á bls. 1 að þeim ágætu mönnum sem semja þetta frv. er ekki fyllilega ljóst, og þeir hafa áhyggjur af því, hvaða áhrif bann af þessu tagi gæti haft eða rannsókn á slíkum brotum gæti haft varðandi uppihald grunnreglna um friðhelgi einkalífs. Ég verð að segja að þetta er röksemdafærsla sem er ekki bjóðandi. Það er ekki hægt að tala um grunnreglur og hvort það sé mögulega verið að ganga á grunnreglur um friðhelgi einkalífs þegar við erum að fjalla um efni eins og barnaklám sem við vitum auðvitað að nærist á því að einhvers staðar úti í heimi og kannski í löndum miklu nær okkur og kannski nær en okkur grunar, er verið að misnota börn til þess að framleiða klámefni.

Herra forseti. Ég vil þess vegna varpa fram spurningu til hæstv. dómsmrh sem varðar einmitt skilgreiningar hæstv. ráðherrans í fyrra. Þá var skýrt tekið fram í grg. að undir þau gögn sem fjallað er um í 1. gr. féllu ekki teikningar af börnum við kynferðisathafnir né heldur myndir sem framleiddar væru í tölvum þar sem að sannanlega væru engar lifandi fyrirmyndir. Við vitum að tölvutækninni hefur fleygt svo fram að hægt er að búa til myndir af hverju sem verkast vill án þess að beinlínis sé um fyrirmyndir að ræða. Ég tek eftir því þegar ég les frv. í gegn að þessi skilgreining er úti. Er þá ekki alveg ljóst, herra forseti, að það sem hæstv. dómsmrh. á við með því að fella þetta brott er að refsivert sé að hafa slík gögn í vörslu sinni, ef frv. verður að lögum?

Svo er annað sem mér finnst merkilegt þegar ég les þetta. Ég veit að hæstv. dómsmrh. fylgist mjög vel með tækninni. Ég veit það vegna þess að ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá frá honum tölvupóst, að vísu á mjög „dubious" formi og sem ég hef þurft fjölda tæknivæddra fyrirtækja til að þýða. Það má vera að það sé þess vegna sem mér finnst sem að hæstv. dómsmrh. sé ekki alveg í takt við tímann þegar hann segir og er að ræða um skilgreininguna á því hvað það er að hafa eitthvað í vörslu sinni. Á bls. 5 segir, með leyfi forseta:

„Þegar horft er á sjónvarpssendingar (t.d. sem sendar eru gegnum gervihnött) eða myndir sem sóttar eru í gagnabanka en skoðaðar á eigin tölvuskermi teljast myndirnar ekki í

vörslu þess sem á þær horfir.“ Ég skil held ég hugsanagang hæstv. dómsmrh. Hann er að reyna að ganga ekki um of á tjáningarfrelsi og tjáskiptafrelsi manna með þessari skilgreiningu. Og hann gerir sér grein fyrir því að það hefur verið mikil umræða um hvað eigi að leyfa og hvað eigi ekki að leyfa á Internetinu. Það eru væntanlega slíkir gagnabankar sem hann er að velta fyrir sér. En við vitum hins vegar að það er einmitt á Internetinu sem þessir gagnabankar eru fyrir hendi, þar sem menn geta farið og sótt sér slíkt efni á tölvuskjá. Og ef þeir eiga tölvuskjáinn er efnið þá ekki í þeirra vörslu? Þegar ég segi að hæstv. dómsmrh. hafi e.t.v. ekki fylgst nægilega vel með tækninni, þá á ég við að það er líka mögulegt með einni hreyfingu á takkaborðinu að festa í minni tölvunnar þessa upplýsingalind og kalla hana fram með hreyfingu eins fingurs. Ég velti því þá fyrir mér, ef slíkt er t.d. gert, erum við þá ekki að framkvæma verknað sem felst í því að sýna eitthvað sem er í okkar vörslu? Ég held það. Ég skil hins vegar að þarna er um að ræða mál sem mundi hafa gríðarlegt fordæmisgildi. En ég held samt sem áður að þessi röksemdafærsla á bak við skilgreiningu hæstv. dómsmrh. standist ekki. Ég vildi gjarnan, af því ég veit að hæstv. dómsmrh. er ekki bara vel máli farinn heldur óvanalega rökfastur af sjálfstæðismanni að vera, fá skilgreiningu hans og hugsun á bak við þetta. Hvers vegna er það svo að hann heldur því fram að efni sem við sækjum í gagnalind og höfum nánast í minni tölvunnar okkar sé ekki í vörslu okkar?

Herra forseti. Ég hygg að erlendis séu menn farnir að setja í lög að það sé saknæmt ef ríkisborgarar tiltekins lands fara til annars lands og fremja þar verknað sem felur í sér misbeitingu gagnvart barni eða ungmenni. Það er hægt að refsa slíkum mönnum og sækja þá til saka þegar til heimalandsins kemur. Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að þetta verði fest í lög á Íslandi. Mun hæstv. dómsmrh. beita sér fyrir því? Ég spyr vegna þess ef hann gerir það ekki þá mun þingflokkur jafnaðarmanna gera það.

[14:39]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég má til með að gera athugasemd við eitt sem kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og það er þetta með vörslurnar. Ég held að það sé mjög varasamt að gera kröfu um að allt sem birtist á tölvuskjánum okkar eða sjónvarpsskjánum og er á einhvern hátt varhugavert og kannski á mörkum velsæmis, sé gert refsivert. Ég vil lýsa því strax yfir að ég mótmæli þessari kröfu hv. þm. Ég get nefnt sem dæmi að ég var að gerast áskrifandi að fjölvarpi um daginn. Þar hef ég aðgang að alls kyns sjónvarpsefni, alls konar afþreyingarefni sem kannski margt er svona á mörkum velsæmis. Ég vel úr hvað ég vil horfa á og hvað ekki. En ég er hrædd um að við gætum lent í miklum vandræðum ef við ætlum að gera slíkt efni refsivert og meta það sem svo að það væri að hafa efni í sinni vörslu ef það væri komið á skjáinn hjá manni í tölvunni eða í sjónvarpinu. Þess vegna hafa t.d. Þjóðverjar, sem hafa tekið svolítið á þessum málum með barnaklámið á Internetinu, farið þá leið að loka á stöðvar, loka á þá sem framleiða á slóðir sem eru með svona efni, framleiða svona efni og koma svona efni á framfæri. En ég held að sé mjög varhugavert að það sé gert refsivert að, ég vil segja, saklaus tölvunotandi sem fær svona efni flæðandi yfir skjáinn hjá sér, sé með þetta efni á skjánum hjá sér og meta það sem vörslu.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn saklausi tölvunotandi sem fær skyndilega svona efni flæðandi yfir skjáinn sinn er ekki til. (**BH:** Ertu á Internetinu?) Já. Hann er ekki til. Notandinn leitar uppi svona efni með sérstökum leitarvélum. Við þurfum að hugsa þetta efni algjörlega til enda. Ég bað hæstv. dómsmrh. um rökin fyrir þessu og nú kom hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir og reyndi að færa rök fyrir þessu en ég fann ekki rökin. Hún setti fram skoðanir sem byggðust á tilfinningum en ekki rökum. Gott og vel. Það er út af fyrir sig ein aðferð til að komast að niðurstöðu. En þegar ég segi að við þurfum að hugsa þetta til enda þá er hugsunarferill minn þessi: Ef við getum í gegnum tölvuna okkar komist í gagnabanka og skoðað myndir með grófu barnaklámi þá þýðir það bara eitt, að einhvers staðar úti í heimi, yfirleitt í þriðja heiminum, eru börn, sem hafa þolað verulegar misgerðir sem þau munu e.t.v. aldrei bíða bætur, sem gera það að verkum að þetta efni verður til. Þetta þurfum við að vega og meta. Á aðra vogarskálina fer þetta lóð, þ.e. vernd þessara barna sem hafa væntanlega engin slík lög og engan dómsmrh. til þess að vernda sig í sínu heimalandi eins og við höfum. Á hina vogarskálina fer hins vegar þetta viðhorf sem hv. þm. nefndi. Viðhorf hennar er virðingarvert en ég er á þessu stigi umræðunnar ósammála því.

[14:43]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson séum í grundvallaratriðum sammála um mikilvægi þess að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi af þessu tagi. Og ég held að hæstv. dómsmrh. sé reyndar líka nokkurn veginn á sömu skoðun og við í þeim efnum. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði að ég byggði mál mitt á tilfinningum en ekki rökum. Ég væni hann þvert á móti um að byggja sínar skoðanir á tilfinningum en ekki rökum vegna þess að mér fannst röksemdafærslan ekki vera mjög sterk hjá hv. þm. Ég byggi mína röksemdafærslu á því hvað felst í hugtakinu „vörslur“ Þau ákvæði í hegningarlögunum, sem byggja á hugtakinu „vörslur“ — sem ef ég man rétt ég eyddi þó nokkrum klukkutímum í að lesa um á sínum tíma í lögfræðinni — eru nokkuð flókin, þ.e. hvað felst í því hugtaki. Ef við förum að fella undir það hugtak efni sem er á tölvuskjánum eða á sjónvarpsskjá þá erum við um leið að takmarka að því er ég tel of mikið tjáningarfrelsið og skoðanafrelsið. Eins og hv. þm. bendir á þarf maður að leita þetta efni uppi. En hversu langt ætlar hv. þm. að ganga? Ætlar hann að gá hvort ég hafi notað leitarvélina á efnið eða ætlar hann að láta refsa mér fyrir það eitt að þetta sé inni á slóð á netinu hjá mér án þess að ég hafi nokkurn tímann notað leitarvélina? Þetta er kannski ekki eins einfalt og það lítur út fyrir að vera en ég er sammála hv. þm. í því að það þarf að taka heildstætt á efninu og styð að það sé gert með tilliti til þeirra möguleika sem tæknin býður upp á.

[14:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ásakað hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur um að vera tilfinngavera. Nú vil ég ganga enn lengra og ásaka hana um að vera vitsmunavera. Þess vegna geri ég þá kröfu að hún skilji einföld rök þegar þau eru færð fram. Mín röksemdafærsla var nauðaeinföld. Hún var einfaldlega þessi: Sá sem kallar fram slíkt efni á tölvuskjánum er um leið að skapa markað fyrir framleiðslu á grófu barnaklámi.

(Gripið fram í.) Hann er um leið að plægja jarðveginn fyrir misbeitingu, valdníðslu á saklausum (**BH:** En ef hann kallar það ekki fram?) börnum einhvers staðar í þriðja heiminum. Það er röksemdafærsla sem byggist á tilfinningum. (**Dómsmrh.:** En ef hann kallar það ekki fram?) (**BH:** Ef hann kallar það ekki fram?)

[14:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir með þeim sem talaði á undan, hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni, að ég fagna þeim breytingum sem hafa orðið á frv. frá því það var lagt fram í fyrra. Þá kom fram hörð gagnrýni á frv. og hversu skammt það gekk á þeim tíma í þá veru að vernda börn gegn ofbeldi af því tagi sem lýst er í frv. Þar var einungis miðað við það sem er kallað gróft barnaklám og eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson benti á var ýmislegt í grg. sem var engan veginn viðunandi að hafa og hefur nú verið eytt út að mestu leyti.

Ég minni á það sem ég talaði um, einnig á síðasta þingi þegar frv. var lagt fram, að ég tel algerlega óviðunandi að hafa röksemdir í grg. af því tagi sem því miður enn eru inni, um rannsókn á slíkum brotum og þær röksemdir að það geti gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs. Við eigum ekki að nota reglur um friðhelgi einkalífs í því skyni að takmarka svona sjálfsagða rannsókn eins og gæti átt sér stað þegar rökstuddur grunur liggur fyrir. Við skulum muna að yfirleitt er ekki farið af stað með rannsókn svona mála, frekar en annarra mála um meint brot á hegningarlögum, nema rökstuddur grunur liggi fyrir. Og liggi fyrir rökstuddur grunur um að slíkt afbrot sé framið inni á heimili eða annars staðar, þar sem reglur um friðhelgi einkalífs gilda yfirleitt, þá eiga þær reglur bara að víkja. Það er svo einfalt mál.

Ég vil líka minna á að rannsókn á meintum afbrotum innan heimilis almennt er frávik frá reglum um friðhelgi einkalífs. Reglunum er ekki ætlað að stuðla að því að fólki sé frekar stætt á að fremja afbrot innan heimilisins en utan. Þá erum við komin nálægt því sem hefur verið lengi inni í umræðunni, þ.e. rannsóknir á meintu heimilisofbeldi. Þar hefur nákvæmlega sömu rökum verið beitt og það hefur orsakað að því miður hefur ekki verið tekið á heimilisofbeldi sem skyldi fyrir dómstólum og það er mjög slæmt mál.

Ég minni einnig á að nýlega lauk rannsókn á heimilisofbeldi í dómsmrn. sem var hafin í kjölfar beiðni tveggja þingmanna um árið, þeirra Svavars Gestssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem nú er borgarstjóri. Ég hef reyndar ekki séð niðurstöðurnar en það hefur kvisast út að þarna komi fram ljótur blettur, ljótur veruleiki í íslensku þjóðfélagi sem ég á von á að hæstv. dómsmrh. kynni fljótlega. Mér finnst mikilvægt að dregið sé inn í umræðuna að þarna er verið að tala um nákvæmlega sömu rökin og hafa gert það að verkum að ekki hefur verið hægt að rannsaka þessi brot fyrir dómstólum. Það gengur ekki að verið sé að nota þessi rök í frv. til laga um svona ljótan glæp eins og barnaklám er og meðferð barnakláms á árinu 1996.

Friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsið hefur verið það helsta sem hefur verið notað sem röksemdir gegn því að svona ákvæði séu sett í lög. Tekið er fram í frv. á bls. 4 að í Svíþjóð hafi verið komist að þeirri niðurstöðu árið 1993 að ekki eigi að setja refsiákvæði um vörslu á efni með barnaklámi og sú niðurstaða sé rökstudd með því að slíkt refsiákvæði sé undantekning frá stjórnarskrárbundnum ákvæðum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi og að þegar séu nægileg refsiákvæði til að beita gegn barnaklámi. Ég þekki reyndar ekki önnur refsiákvæði í sænskum lögum sem fyrir hendi eru en ég veit það eitt að þessi ákvörðun árið 1993 var mjög mikið gagnrýnd og er enn mjög mikið gagnrýnd í Svíþjóð, einkum af þeim sem hafa unnið með börn sem hafa orðið fyrir slíku ofbeldi. Þó að Svíþjóð sé land sem að mörgu leyti hefur gengið hvað lengst í að vernda börn fyrir ýmsum slæmum hlutum er þetta ekki til fyrirmyndar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði athugasemd við gildistökuna. Ég er ekki viss um að eðlilegt sé að lagaákvæðið eigi að taka gildi fyrr og vísa ég þá almennt til breytinga á almennum hegningarlögum. Þar er um refsiákvæði að ræða og það er a.m.k. almennt sjónarmið varðandi setningu refsiákvæða að þau þurfi að setja með þokkalegum fyrirvara þannig að fólk átti sig á hvað sé saknæmt afbrot og hvað ekki hverju sinni. Ég er þó á engan hátt að taka undir þau sjónarmið, sem eru orðuð í grg. með gildistökugreininni, að tilgangur þess að láta lögin ekki öðlast gildi þegar í stað sé sá að þeim sem hafa efni með barnaklámi í vörslu sinni gefist hæfilegur frestur til að eyða því efni. Ég er með allt aðra hluti í huga sem röksemdir og mér finnst vera nægileg röksemd að almennt eigi hegningarlög að taka gildi með einhverjum fyrirvara og einhver fyrirvari eigi að vera á slíkum breytingum.

Einnig var minnst á hugtakið „barn" og hvað væri miðað við í þeim efnum. Mjög mikilvægt er að einhver almenn skilgreining sé til sem miða skal við og samræmi sé í gegnum hegningarlögin varðandi það hugtak.

Ég vil líka ítreka það sem ég tók fram í umræðunum í vor að mjög aðkallandi er að gera heildarendurskoðun á hegningarlögunum. Ef ég man rétt tók hæstv. dómsmrh. nokkuð vel í þá athugasemd mína á vorþinginu eða tók a.m.k. undir að bráðum væri kominn tími á að gera það. Hegningarlögin eru frá 1940. Þau eru í raun og veru að stofni til frá 1869, ef ég man rétt, samkvæmt gömlu hegningarlögunum dönsku þá og er löngu kominn tími til að fara yfir þau með heildarendurskoðun í huga, m.a. með tilliti til þeirra ákvæða sem hér er verið að taka á og með tilliti til þess að gerður sé greinarmunur á 14–16 ára og þeim sem eru undir 14 ára sem manni þykir kannski ekki eðlilegt í dag.

Ég tel þegar upp er staðið að mjög jákvæðar breytingar hafi orðið á frv. og ég geri í raun eina alvarlega athugasemd um röksemdirnar í grg. um friðhelgi einkalífs. Ég hvet til þess að í hv. allshn. verði það tekið til endurskoðunar hvort við eigum að að setja slíkt lögskýringartæki inn í lög á þessu herrans ári.

[14:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Í kjölfar Stokkhólmsráðstefnunnar um barnaklám og kynferðislega misnotkun á börnum í lok ágúst sl. beindist athygli fjölmiðla að stjfrv. um barnaklám sem lagt var fram á síðasta þingi, nefnilega frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum frá 1940. Frv. tók þá til tveggja óskyldra efnisatriða en er nú endurflutt þannig að atriðið um barnaklám kemur fram í sérfrv. sem ég tel bóta.

Frv. fékk mikla umræðu á síðasta þingi eins og hér hefur komið fram. Það var einkum tvennt sem fór fyrir brjóstið á bæði mér og öðrum sem tóku til máls, þ.e. textinn þótti ekki taka á öðru en grófasta barnaklámi og verulegar athugasemdir voru gerðar við greinargerð. Frv. hefur greinilega breyst til bóta að mínu mati en þó má velta fyrir sér hvort nægilega

langt sé gengið og hvort nógu skýrt er gengið til verks. Orðalagið sem var á frv. í fyrra hljómaði þannig að „hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í holdlegu samræði eða öðrum kynferðismökum skal sæta sektum". Núna er orðalagið þannig að „hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt skal sæta sektum".

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan má rekja aðdraganda frv. til ársins 1992 þegar mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna gerði aðgerðaáætlun um sölu á börnum, barnavændi og barnaklámi og skoraði á aðildarríkin að gera vörslu á barnaklámi refsiverða. Danir og Norðmenn hafa þegar samþykkt slík lög en Svíar komust að þeirri niðurstöðu árið 1993 að ekki eigi að setja refsiákvæði um vörslu og efni á barnaklámi. Sú niðurstaða var rökstudd með því að slíkt refsiákvæði sé undantekning frá stjórnarskrárbundnum ákvæðum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi og þegar séu næg refsiákvæði til að beita gegn barnaklámi. Sænska þingið ákvað síðan í júní 1994 að gera vörslu á barnaklámi refsiverða frá og með ársbyrjun 1999 þar sem breyta þurfti stjórnarskránni áður en ákvæðið tekur gildi. Jafnframt var lögfest að frá ársbyrjun 1995 væri heimilt að gera slíkt efni upptækt án þess að sá sem það hefði undir höndum sætti refsingu. Ég geri þetta að sérstöku umtalsefni því ég vil eiga orðastað við hæstv. ráðherra út af þessu máli.

Þegar frv. var lagt fram á síðasta þingi fagnaði ég ásamt fleirum sem einnig hafa talað í dag, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Við fögnuðum því að frv. var lagt fram en fannst það ekki ganga nægilega langt þar sem það næði aðeins til grófs barnakláms og einnig gagnrýndum við grg. Ég tek undir það sem komið hefur fram að grg. hefur verið breytt til bóta að mínu mati, þ.e. að mjög umdeild setning sem þar var að finna er nú horfin út. En ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, að sú setning sem enn er inni, þ.e.: „á móti framangreindum rökum kemur að mjög óljóst er hvaða áhrif slíkt bann kemur til með að hafa í reynd og að rannsókn á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs", er mjög umdeilanleg sem röksemd. En ég fagna því að setningin sem hljóðaði svo, og ég mun vitna í reglugerðina frá því á síðasta þingi, hún er farin út, en hún er svona:

„Þá hefur því verið haldið fram að í einstaka tilvikum geti efni með barnaklámi sem kynferðislega misþroska menn hafa í vörslu sinni hugsanlega að einhverju leyti komið í veg fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum."

Það kom ekki skýrt fram í svari dómsmrh. á síðasta þingi hvort einhverjar rannsóknir lægju að baki fullyrðingu af þessu tagi og samkvæmt upplýsingum frá dómsmrn. í sumar, sem ég leitaði eftir, var fylgt frumvarpstexta frá Norðurlöndunum án þess að kanna hvaða staðreyndir lægju að baki. Með öðrum orðum ekki var kannað í ráðuneytinu hvort til eru rannsóknir sem styðja þá staðhæfingu að klámmyndir af börnum þjóni þeim tilgangi að koma í veg fyrir kynferðisafbrot gagnvart börnum. Þetta eru að mínu mati mjög vond vinnubrögð. Ég kannast sjálf ekki við slíkar rannsóknir þó að ég hafi kynnt mér ýmislegt af þessum toga. Ég þekki hins vegar kenningar af svipuðum toga varðandi ofbeldisefni í kvikmyndum, nefnilega að þó að ofbeldisefni hafi almennt vond áhrif á fólk fái sumir útrás fyrir eigin ofbeldishneigð með því að horfa á slíkt efni. Það skal tekið fram að ég þekki ekki rannsóknir sem ýta stoðum undir þessa tilgátu og ég held að það verði að gera greinarmun á kenningum og staðreyndum. Það er sem sagt lágmarkskrafa í greinargerðum af þessu tagi að fá að vita hvað liggur að baki svona staðhæfingum.

Því var ranglega haldið fram í sumar að frv. hafi verið samþykkt á síðasta þingi og út af því er mikill misskilningur í fjölmiðlum sem ber að sjálfsögðu að harma. En hið rétta er að frv. kom aðeins til 1. umr. og var síðan sent til allshn. sem sendi það út til umsagnar. Mér þykir ljóst að umræðan í fyrra innan og utan Alþingis hafi væntanlega haft þau áhrif að frv. kemur nú fram í mun skárra formi en fyrr. Samt sem áður er ljóst að hérna er um mjög viðkvæma löggjöf að ræða og það var ljóst af því orðalagi sem var á frv. í fyrra að það gat ekki gengið. Það varð að lækka þröskuldinn til þess að það mætti ná yfir meira en allra grófasta klám en það verður þó að gera það þannig að skilgreiningar séu skýrar og grá svæði geri löggjöfina ekki gagnslausa. Þá velti ég fyrir mér hvort nokkur hætta sé á slíku með því orðalagi sem er notað í frv. nú, þ.e. hvernig hugtökin „kynferðislega" og „klámfenginn" eru skilgreind í greinargerðinni.

Efst á bls. 2 í greinargerðinni kemur fram að með hugtökunum „kynferðislegur" og „klámfenginn" er í ákvæðinu átt við kynferðislega lýsingu (ásýnd) sem virkar stuðandi eða er á annan hátt til þess fallin að vera lítillækkandi eða niðrandi, þar með taldar kynferðislegar lýsingar með notkun barna, dýra, ofbeldis, þvingunar og kvalalosta.

Mér er satt að segja ekki alveg ljóst hvort þessi skilgreining nær yfir hvers kyns barnaklám eins og er reyndar haldið fram í greinargerðinni. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji svo vera og hvort hann telji þessa skilgreiningu vera nægilega skýra til þess að löggjöfin verði ekki gagnslaus. Einnig vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji einhverja hættu á að orðalagið á frv. núna geti brotið í bága við gildandi lög um prentfrelsi samanber áhyggjuefni Svía.

Þá vil ég taka undir með þeim sem hafa gert athugasemdir við gildistökuákvæði frv. Það er nú ráðgert 1. júlí 1997 og ég hefði fyrir minn smekk kosið að þarna væri mun styttri frestur þó að það fari auðvitað eftir því hvenær frv. verður lögtekið. En eins og komið hefur fram í umræðunni eru börn og barnaklám mjög viðkvæmt og erfitt viðfangsefni og því miður eru mörkin ekki alltaf skýr. Mér er t.d. minnisstæð myndasýning sem ég sá árið 1992 á alþjóðlegri kvennaráðstefnu um bernsku stúlkna. Um var að ræða sýningu á listaverkum, auglýsingamyndum og einkamyndum sem sýndu litlar stúlkur sem kynverur á skýran hátt án þess að þær gætu talist klám samkvæmt því frv. sem lagt var fyrir í fyrra, það er alveg augljóst mál.

Enginn vill banna listaverk en auglýsingakvikmyndir eða ljósmyndir, sem gefa þau skilaboð til fullorðinna að börn séu tilkippileg í kynlíf eða lokkandi í kynferðislegu tilliti, eiga ekki erindi í siðuðu samfélagi. Því er ég fylgjandi því að varsla efnis með hvers kyns barnaklámi verði gerð refsiverð og vona að þetta frv. nái þeim tilgangi.

Herra forseti. Ég vil í lok máls míns koma stuttlega að áðurnefndri ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi 27.–31. ágúst sl. að frumkvæði Barnasamtaka Sameinuðu þjóðanna, UNICEF. Sú ráðstefna var stórmerkileg en þar mættu fulltrúar yfir 100 ríkisstjórna og fjölda mannréttindasamtaka til að ræða kynferðislega misnotkun á börnum í hagnaðarskyni, m.a. svokallaðan kynlífstúrisma. Það er að mínu mati til

skammar að íslensk stjórnvöld eða Alþingi áttu ekki fulltrúa á ráðstefnunni en fulltrúi Barnaheilla var eini íslenski fulltrúinn á þinginu. Ef hæstv. dómsmrh. á skýringu á því væri mjög gott að heyra hana nú við þessa umræðu.

Barnaklám og útbreiðsla þess er hræðileg starfsemi sem verður að stöðva og þar mun alnetið væntanlega verða erfiðast viðfangs eins og komið hefur fram í umræðunni um alnetið. Fróðlegt verður að fylgjast með hvort þær aðgerðir sem ákveðnar voru á áðurnefndri ráðstefnu og komið hafa til umræðu í íslenskum dagblöðum, m.a. í DV 7. sept. og í Morgunblaðinu í ágúst og í september, hafa áhrif og mikilvægt er að Alþingi fylgist mjög vel með þeim málum. Atburðirnir í Belgíu í sumar eru öllum í fersku minni og sýna glöggt að börn, klám og kynlíf tengjast skipulegri glæpastarfsemi sem er óhugnanlegri en orð fá lýst. Því ber að stöðva og fyrirbyggja kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum með öllum tiltækum ráðum og ég lít svo á að það frv. sem hér er til umræðu geti haft fyrirbyggjandi áhrif að þessu leyti.

Að lokum ítreka ég þá skoðun mína sem kom einnig fram á síðasta þingi að það sé löngu tímabært að endurskoða hegningarlögin í heild sinni og að setja spurningarmerki við það sem kom einnig fram hér áðan að einkalíf fjölskyldunnar beri að vernda svo mikið að ekki sé hægt að takast á við mál sem tengjast kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum eða á heimilum almennt.

[15:08]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að það frv. sem hér er til umræðu er komið fram á nýjan leik og þakka hæstv. ráðherra fyrir það að bregðast skjótt við. Því miður náðist ekki að afgreiða frv. af þessu tagi á síðasta þingi og var það eingöngu vegna tímaskorts í hv. allshn.

Þetta mál hefur áður komið til umfjöllunar á hv. Alþingi og ég vil aðeins rekja það í örstuttu máli. Það var á 117. þingi sem ég leyfði mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. sem hljóðaði svona, með leyfi forseta:

„Eru uppi áform um af hálfu ráðherrans að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lýsir refsivert það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?“

Í þeirri umræðu sagði ég m.a., með leyfi forseta:

„Í fljótu bragði virðist e.t.v. sem slík lagasetning mundi ganga of nálægt athafnafrelsi einstaklinganna og friðhelgi heimilis og einkalífs. Að mínu mati er barnaklám hins vegar alvarlegur glæpur og fullkomlega réttlætanlegt að uppræta efni sem inniheldur slíkt með þeim ráðum sem löggjafinn telur nauðsynleg.

Mér er ekki kunnugt um að nokkurs staðar í íslenskum lögum sé að finna ákvæði sem snerta barnaklám sérstaklega. Í 210. gr. almennra hegningarlaga er að finna almennt refsiákvæði varðandi þetta efni en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Það varðar enn fremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Það efni sem hér um ræðir og kallast barnaklám eru einkum tímarit, stuttar kvikmyndir, spil, ljósmyndir og myndbönd. Einnig mætti nefna tölvuefni, en í Svíþjóð hefur komið fram að það geti orðið erfitt að ná til þeirra sem fá þetta efni beint í gegnum dreifingaraðila á tölvuskjám.““

Á 118. þingi tók ég þetta mál upp á nýjan leik og þá kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að ráðuneytið mundi hefja þá þegar vinnu við að láta semja frv. sem gerir það refsivert að hafa undir höndum efni sem innihéldi barnaklám. Eins og hefur komið fram í umræðunni hefur alls staðar á Norðurlöndum verið tekið á þessum málum, að vísu með mismunandi miklum hraða. Ég veit að það er verið að vinna að lagasetningu í Finnlandi og Svíar þurfa vegna breytingar á stjórnarskránni að fresta því að lög um þetta efni geti tekið gildi.

Í umræðunni hefur verið gagnrýnt nokkuð að í greinargerð kemur fram að rannsóknir á brotum sem hér um ræðir geti gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífsins. Ég get alveg verið sammála því en ég vil þó taka fram í því sambandi að í íslensku stjórnarskránni eru ákvæði sem þetta mál varða. Ég nefni 66. gr. en þar er kveðið á um friðhelgi heimilisins og 67. gr. um friðhelgi einkaréttar en í báðum greinunum er svo mælt að réttindi þessi megi takmarka með lögum. Einnig má nefna 72. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um tjáningarfrelsi sem tengist þessu einnig. Þar segir m.a. að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða. Vegna þessa atriðis spyr ég hæstv. ráðherra hvort þetta hafi sérstaklega verið skoðað í ráðuneytinu í tengslum við gerð þessa frv. Nú er ég svo sannarlega ekki að mæla gegn þessu frv. en við hljótum öll að verða að bera ákveðna virðingu fyrir stjórnarskránni og gæta þess að setja ekki lög á hv. Alþingi sem standast ekki ákvæði hennar. Þess vegna væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra greindi okkur örlítið frá þeim athugunum sem ég efast ekki um að hafi verið farið í af hálfu ráðuneytisins hvað þetta mál varðar.

Ég vil þó segja í þessu sambandi út af orðum hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að auðvitað breytum við ekki greinargerð í hv. allshn. Það er einungis lagatextinn sem er þar tekinn til hugsanlegra breytinga.

Ég vil líka koma inn á það atriði í frv. sem snertir aldursmörkin en þar kemur fram í 1. gr. að miðað sé við 16 ára aldur og þar sé haft til hliðsjónar að lög um vernd barna og ungmenna miðist við 16 ára aldur. Nú er það svo eins og kemur fram í greinargerðinni að Íslendingar hafa fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og þar kemur fram í 1. gr., með leyfi forseta:

„Í samningi þessum merkir barn hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri nema hann nái fyrr lögræðisaldri samkvæmt lögum þeim sem hann lýtur.“

Lögræðisaldurinn er 18 ár þannig að ég óttast það að með því að samþykkja frv. í þeim búningi sem það er gætum við verið að ganga á skjön við þann samning sem við höfum undirritað og ég vil endilega að það verði athugað í nefnd og kannski getur hæstv. ráðherra frætt okkur um skoðun sína á þessu máli.

Ég tek líka undir það sem hér hefur komið fram um almennu hegningarlögin almennt að þar er mjög mismunandi hvort börn teljast til 18 ára aldurs eða til 16 ára aldurs. Segja má að það sé svona sitt á hvað eftir greinum þannig að það

hlýtur að vera full ástæða til þess að gera heildarendurskoðun á almennum hegningarlögum.

Í sambandi við ráðstefnu sem haldin var í Stokkhólmi í ágústmánuði sem fjallaði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er mér kunnugt um að þau ríki sem tóku þátt skuldbundu sig til þess að láta vinna áætlun um það fyrir árið 2000 hvernig þau hygðust vinna gegn hvers konar barnaklámi og hvers konar kynferðislegri misnotkun á börnum. Mér er satt að segja ekki kunnugt um það hvort Ísland tók þátt í ráðstefnunni. Sennilega hefur það ekki verið en það útilokar þó ekki að við vinnum að þessum málum í líkingu við það sem þarna hefur verið samþykkt.

Mér er líka kunugt um að þessi mál hafa verið til umfjöllunar á Evrópuráðsþingi og aðrir hér inni þekkja þau mál betur en mér er sagt að þar hafi m.a. verið til umfjöllunar hvernig væri hægt að fræða fólk þannig að til þess komi ekki að börn séu misnotuð kynferðislega.

Um gildistökuákvæðið hef ég ekkert sérstakt að segja en mér finnst sjálfsagt að nefnd athugi það hvort ástæða sé til þess að lögin taki fyrr gildi en ég held að nokkrir mánuðir skipti ekki sköpum til eða frá. Aðalatriðið er að við erum komin með frv. sem er í öllum aðalatriðum gott og ég er sannfærð um að hv. Alþingi mun vilja gera það að lögum mjög fljótt.

[15:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Eins og aðrir ræðumenn fagna ég framlagningu þessa frv. og sérstaklega þeim breytingum sem það hefur tekið frá síðasta þingi. Þær breytingar voru nauðsynlegar ella hefðum við í löggjöf lögfest vægari ákvæði að þessu leyti en til að mynda sumar hinar Norðurlandaþjóðirnar og það hefði tæpast verið við hæfi miðað við alvöru málsins. Einnig er tímabært miðað við þær skuldbindingar og ályktanir sem Íslendingar hafa átt aðild að á undanförnum árum, bæði á evrópskum og norrænum vettvangi, að við komum því í verk ef svo má að orði komast að búa eðlilega um þetta í löggjöf okkar.

Ég læt þá skoðun mína koma fram að þetta sé að sjálfsögðu einungis lítill hluti af því sem gera þarf og gera ber á næstu árum til þess að sporna við hvers kyns misnotkun barna sem þessum efnum tengjast.

Ef aðeins er litið yfir það hvernig staðan er annars staðar á Norðurlöndunum er það svo að þrjár Norðurlandaþjóðanna hafa þegar ákveðið að það skuli vera refsivert athæfi að hafa efni sem tengist barnaklámi undir höndum. Staðan í Svíþjóð er hins vegar dálítið sérstök vegna stjórnskipulegrar stöðu málsins þar og ég tel mig hafa um það upplýsingar að í Finnlandi sé sömuleiðis í undirbúningi að lögfesta sambærileg ákvæði og jafnvel á þessum vetri.

Ég vil láta það koma fram að á vettvangi Norðurlandaráðs hefur þetta mál verið tekið upp, bæði fyrr og nú. Menn kannast við norræna samþykkt eða tilmæli Norðurlandaráðs frá 1994 þar sem því var m.a. beint til norrænu ráðherranefndarinnar að gerðar yrðu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að varsla á efni með barnaklámi yrði gerð refsiverð á Norðurlöndunum. Síðan hefur svonefnd Norðurlandanefnd í Norðurlandaráði, svo merkilegt sem það nú er, sem nú starfar samkvæmt nýju skipulagi ráðsins, tekið þetta mál áframhaldandi til meðferðar og á fundi í Ósló fyrir nokkrum vikum var morgunfundur, eða „hearing" eins og það er kallað, þar sem fengnir voru til viðtals við nefndina nokkrir helstu sérfræðingar í þessum efnum á Norðurlöndum og einn er frá alþjóðlegum aðilum sem starfa í baráttunni gegn barnaklámi. Fór þar fremst í flokki Lisbet Palme, ekkja Olofs heitins Palme sem er sérstakur sendiherra, ef svo má að orði komast, á vegum Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði. Einnig komu sérfræðingar frá Interpol, alþjóðalögreglunni, og fleiri aðilum. Satt best að segja er það svo að þar komu fram harla hrikalegar upplýsingar, að mörgu leyti auðvitað þær sömu og lagðar voru fyrir á ráðstefnunni í Stokkhólmi, og það er ljóst að þetta mál að það teygir anga sína víða. Jafnvel eru svæði þar sem um stórkostlega aukningu á framleiðslu barnaklámefnis er að ræða eins og í austanverðri Evrópu. Í kjölfar þess upplausnarástands sem þar hefur skapast hefur þar að því er virðist skapast gróðrarstía fyrir framleiðslu af þessu tagi þar sem jafnvel munaðarlaus börn eru fórnarlömb. Einnig er aukning í ferðamennsku sem tengist klámiðnaðinum, bæði á þeim slóðum og eins í Asíu eins og menn þekkja og það er jafnvel talað um að barnasala, beinlínis mansal á börnum í þágu þessarar starfsemi, fari vaxandi á mörgum svæðum í heiminum, til að mynda frá smáríkjunum við rætur Himalajafjalla.

Ég hvet því til þess að tekið verði á málinu, raunar í víðtækasta skilningi, og að við lítum svo á að hér sé aðeins um að ræða einn þátt af mörgum sem sinna þarf í þessum efnum. Þótt það sé að sjálfsögðu framfaraskref og löngu tímabært að taka alveg af skarið um að varsla efnis af þessu tagi sé refsiverð held ég að í raun og veru mundi engin önnur skilgreining halda eða skipta neinu umtalsverðu máli en sú að láta sjálfa vörsluna án tillits til þess hver er framleiðandinn, hvernig hún er komin í hendur viðkomandi og án tillits til þess hvort það sannist að efnið sem slíkt sýni kynferðisafbrot vera refsiverða. Ella mundu menn fljótt reka sig á það að ákvæðin yrðu haldlítil og það er akkúrat ástæða þess að sú leið hefur verið valin í þeim í löndum kringum okkur, þar sem menn vilja taka fast á þessu skelfilega vandamáli, að hafa þetta svona. Ég hygg að norska löggjöfin sé sú sem gengur lengst og er þarna afdráttarlausust og ég vil gjarnan sjá að við Íslendingar skipum okkur í flokk með þeim.

[15:23]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem upp af því tilefni að ég var á þingi Evrópuráðsins fyrir einum 10 dögum þar sem um þetta efni var fjallað. Af því tilefni vil ég fyrst og fremst þakka ráðherra fyrir framlagningu þessa frv. sem gengur lengra en mörg önnur lög í Evrópulöndum. Þetta mál kom til í Evrópuráðinu vegna þeirra hryllilegu atburða sem átt hafa sér stað ekki bara í Belgíu heldur í Englandi og annarra atburða sem hafa verið að koma upp á yfirborðið á undanförnum árum því eins og ég vil halda fram eru þessi mál að koma upp á yfirborðið. Þetta er ekki eitthvað nýtt. Þetta eru hlutir sem hafa gerst um langa hríð og fólk er nú fyrst farið að sjá hvað þessi misnotkun barna er víðtæk.

Í haust var lögð fram beiðni um að þingið fjallaði um misnotkun á börnum og talað um að það væri kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum, það væru meiðsli eða nauðganir á börnum, það væri kynferðisleg misnotkun barna, það væri vændi og barnaklám. Í kjölfar þessa kom fram beiðni um það að þingið legði fram meðmæli í greinargerð um þessa þætti og minnst var á margnefnda ráðstefnu í Stokkhólmi og hvers konar þætti skyldi skoða. Þar var rætt sérstaklega um að fjölskyldumál yrði ávallt að skoða sérstaklega og það

mætti ekki loka ummælum um fjölskyldumál í umræðunni því að innan fjölskyldunnar væru oft flest afbrotin framin.

Síðan var talað um aldurinn, hvaða aldur ætti að vera settur við refsingu á svona afbrotum og talað var um 20 ár. Þá var rætt um hvað væri lágmarksaldur, þ.e. hvað teldist til barna og þar var áfram rætt um 15 ár en á móti var það ákvæði fellt niður. Ástæða þess var sú að þarna var fjöldi þingmanna sem taldi að í ákveðnum löndum væri samband þessara aldurshópa 20 ára og kannski 15 ára það þróað af menningarlegum ástæðum að ekki bæri að refsa fólki á þessu aldursbili.

Áfram var rætt um þessi mál frekar í heild sinni og mönnum var ljóst að barnaklám og misnotkun barna er engan veginn bundið við það sem upp á yfirborðið hefur komið þó að tilefni þessarar umræðu og svona umræða sé oft það að mál komast í fjölmiðla. Ég vil gjarnan vísa í herra Kallas sem er formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins en ég er honum hjartanlega sammála þar sem hann sagði að þessi mál og það sem upp hefði komið á undanförnum árum væri einungis toppurinn á ísjakanum og það væri öruggt mál að barnaklám væri hluti af skipulegri glæpastarfsemi. Þess vegna væri nauðsynlegt að þjóðþing væru nægilega vakandi til þess að vinna að stefnu sem gæti stöðvað svona hræðilega hegðan. Ástandið væri orðið þannig að þjóðfélög í dag væru full ótta vegna barna sinna og nú væri svo komið á sumum svæðum að börnum væri hreinlega ekki hleypt út vegna hættu á því að þeim yrði stolið og þau yrðu misnotuð eða jafnvel drepin. Þarna var talið upp á þinginu að taka yrði inn í myndina ekki bara eina tegund manngerðar, heldur væru þarna ekki bara skipulagðir glæpir, þarna væru sadistar og alls konar öfuguggar sem ynnu að þessum málum og þessir glæpamenn sem stæðu að skipulögðum glæpum fylgdust með þessum afbrigðilegu karakterum og notuðu þá til að sinna sínum viðskiptum. Það sem ef til vill er hættulegast í Evrópu og öðrum heimsálfum er að mikið er um barnaflutning, þ.e. börnum er stolið og síðan eru þau flutt um langan veg þar sem þau eru misnotuð, annaðhvort sett í barnavændi eða notuð í klámiðnaði.

Ég tel bráðnauðsynlegt að við þróun okkar löggjafar í þessum efnum fylgjum við þeim stöðlum og reglum sem Evrópuráðið og aðrar alþjóðlegar mannréttindastofnanir setja til að við getum tekið þátt í þeirri samvinnu sem vonandi á að fara fram. Nú er verið að vinna að skýrslu um þessi mál og mér skilst að henni eigi að vera lokið fyrir janúarlok á næsta ári. Það er því mikilvægt fyrir okkur að fylgjast með því hvernig skýrslan þróast og hvað við getum gert meira til að bæta okkar löggjöf sem ég þó tel vera harla góða miðað við það sem vísað var til í umræðu um þessi mál í Strassborg.

Mig langar aðeins að fara inn á þá umræðu sem fór fram áðan. Ég er ekki viss um að ég hafi skilið hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur þegar hún talaði um að vernda heimilislíf svo mikið að ekki sé hægt að takast á við kynferðislega misnotkun á börnum almennt. Ég er ekki viss um að ég hafi skilið þetta rétt. En ég tel að það megi ekki vernda heimilislífið það mikið að ekki sé hægt að ganga inn á heimili þar sem börn eru misnotuð. Ég býst frekar við að ég hafi misskilið þetta heldur en að ég geti túlkað þetta svona.

Hvað snertir vörslu ljósmynda, kvikmynda eða sambærilegra hluta og þau ummæli sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafði um þau mál, þ.e. orðalagið í 1. gr. frv. um það að hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfengin hátt skuli sæta sektum, þá tel ég að ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegir hlutir sem eru í vörslu fólks geti vel átt við tölvur, útprentanir úr tölvum og annað slíkt, jafnvel það að nýta sér sjónvarpsrásir með slíku efni.

Að öðru leyti vil ég hvetja allshn. til að afgreiða þetta frv. fljótt og vel, gera nauðsynlegar breytingar sem hún telur þurfa á frv. sem ég að flestu leyti tel mikið til fyrirmyndar. En ég tel að það sé ákaflega mikilvægt, jafnvel þó við séum fámenn þjóð í litlu landi, að taka þátt í samstarfi þeirra þjóða sem ætla sér að taka á þessum málum því enginn veit hver verður næstur.

[15:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, vil ég útskýra það sem ég varaði við. Eins og komið hefur fram í umræðunni eru einkum tvenns konar rök notuð gegn ákvæðum af þessu tagi. Það eru annars vegar rök um friðhelgi einkalífsins og hins vegar rök um að þetta hefti prentfrelsi eða tjáningarfrelsi. Þar sem í grg. er enn þá skírskotun til friðhelgis einkalífsins, þ.e. þessi setning, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Á móti framangreindum rökum kemur að ekki er fyllilega ljóst hvaða áhrif slíkt bann kemur til með að hafa í reynd og að rannsókn á slíkum brotum getur gengið nærri grunnreglum um friðhelgi einkalífs."

Ég vil vara við því, þó að friðhelgi einkalífsins sé stjórnarskrárbundin eins og kom fram hér áðan, þá verður að vera tryggt að undir kringumstæðum sem þessum og þegar almennt heimilisofbeldi er annars vegar, þá verði mögulegt að rannsaka meint brot.

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vík fyrst að þeim ummælum sem hafa komið fram hjá nokkrum hv. þm. um nauðsyn þess að endurskoða hegningarlögin. Á þetta var reyndar einnig minnst í umræðum um breytingar á hegningarlögum á liðnu vori. Ég lýsti þá þeirri skoðun minni að það væri kominn tími til að gera heildarendurskoðun á hegningarlögunum. Ég get endurtekið það hér og bætt því við að nú er í athugun í ráðuneytinu að koma á fastanefnd um refsiréttarmálefni líkt og verið hefur um nokkra hríð um réttarfarsmálefni. Hitt er svo annað mál að við getum aldrei staðið þannig að breytingum á hegningarlögum að þær megi ekki fara fram nema heildarendurskoðun á lögunum eigi sér stað. Hegningarlögin eru mikill lagabálkur og taka yfir stórt svið réttarkerfisins og það er nauðsynlegt að laga löggjöfina að breyttum aðstæðum og nýjum viðhorfum án þess að heildarendurskoðun fari fram. Það á til að mynda við um frv. sem við vorum að ræða um í dag. Það er alveg útilokað að láta það bíða eftir heildarendurskoðun á löggjöfinni sem getur tekið tvö eða þrjú ár a.m.k. Ég er heldur ekki að gera þingmönnum upp þær skoðanir að þeir vilji fresta þessu máli á þann veg þó þeir leggi áherslu á þessa heildarendurskoðun, en legg á það áherslu að aldrei verður hjá því vikist varðandi löggjöf eins og þessa að gera á henni takmarkaðar breytingar í tímans rás. En það er byrjað á þennan hátt að huga að því hvernig staðið verður að endurskoðun laganna og stöðugri skoðun á þróun refsiréttarins og nauðsynlegri aðlögun löggjafarinnar á þessu sviði með stofnun fastanefndar á sviði refsiréttar.

Ég ætla þá að víkja að örfáum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni. Það hefur verði gert að talsverðu umræðuefni hvort ákvæði þessara laga ættu að ná til þess að

gera það refsivert að hafa tölvu í fórum sínum þar sem hægt er að komast að klámfengnu efni eins og á Internetinu. Ég hef skilið hv. 15. þm. Reykv. á þann veg að hann telji nauðsynlegt að gera þá breytingu á frv. að það að hafa tölvu í vörslu sinni þar sem mögulegt er að ná slíku efni verði refsivert. Svo að það sé ... (Gripið fram í.) Ég hef skilið hv. þm. á þennan veg. Ég held að það hafi ekki verið hægt að skilja ummæli hans öðruvísi. Nú kallar hann fram í og segir að það sé útúrsnúningur. Því fagna ég vegna þess að ég tel að skoðun af þessu tagi fái ekki með neinu móti staðist. Menn sjá það sjálfir. Ég held að það þjóni litlum tilgangi þegar við horfum á markmið frv., til að mynda að gera öllum þingmönnum skylt að skila tölvum sínum áður en þessi lög taka gildi. En fyrst hv. 15. þm. Reykv. hefur tekið þessi ummæli til baka þá ætla ég ekki að gera þau að frekara umræðuefni en skil þá heldur ekki hvers vegna svo mikið var haft við í umræðunni varðandi þessa skilgreiningu.

Hér hefur verið nokkuð vikið að mörkum stjórnarskrárbundinnar verndar einkalífs og prentfrelsis og jafnframt gerðar athugasemdir við setningu í frv. þar sem segir að á móti þeim rökum sem mæla fyrir efnisákvæðum frv. komi önnur sjónarmið. Menn verða að lesa athugasemdirnar í heild sinni. Rökin fyrir efnisatriðunum eru rakin. Síðan segir í nýrri málsgrein hvaða rök komi þar á móti. Það eru rökin sem ekki hefur verið tekið tillit til. Mér þykir harla kynlegt ef ekki má leggja fram athugasemdir með frv. þar sem gerð er grein fyrir mótrökum í máli. Menn hafa ekki mikla trú á réttmæti skoðana sinna ef ekki má gera grein fyrir mótrökunum. En það leiðir af sjálfu sér að hér hefur ekki verið fallist á mótrökin, heldur er frv. byggt á þeim rökum sem mæla með efni þess. Þess vegna furðaði ég mig á þeim ummælum sem hafa verið látin falla að þessu leyti af því að ekki er fallist á mótrökin.

En auðvitað er það svo að við erum að fjalla um efni sem getur komið inn á eða a.m.k. nærri stjórnarskrárákvæðunum. Það er alveg rétt, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. benti á, að það er mjög mikilvægt við lagasetningu eins og þessa að skoða þau efni. Við komumst ekki hjá því og það hefur verið gert í ráðuneytinu við gerð frv. Það er niðurstaða mín að frv. standist stjórnarskrána, að það brjóti ekki gegn prentfrelsisákvæðunum eða ákvæðum um vernd einkalífs. Ég hefði ekki lagt frv. fram ef ég hefði haft efasemdir um að það stæðist stjórnarskrána. Þá hefði ég, til þess að ná þessum markmiðum, lagt til að byrjað yrði á því að breyta stjórnarskránni til þess að unnt væri að ná þeim markmiðum sem við teljum nauðsynleg. Ég tel að við þurfum ekki að gera slíkar breytingar og við getum náð þeim svona og að það brjóti ekki í bága við þau ákvæði sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

Ég vil að lokum ítreka þakklæti mitt til þeirra hv. þm. sem hér hafa talað og fyrir góðan stuðning við efni frv. og vænti þess að það fái vandaða meðferð en um leið skjótan framgang í þinginu.

[15:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra sem hann svaraði ekki og ég vil gjarnan ítreka. Hún var um þátttökuleysi Íslands á áðurnefndri ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi. Er honum kunnugt um hvers vegna Íslendingar tóku ekki þátt í ráðstefnunni?

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kann ekki svör við því hvers vegna íslensk stjórnvöld áttu ekki aðild að þessari ráðstefnu. Ég kannast ekki við að dómsmrn. hafi fengið boð um að senda fulltrúa á ráðstefnuna. Ég get þess vegna ekki svarað spurningu hv. þm.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mjög mikið. Mér þótti það hins vegar mjög miður að hæstv. dómsmrh. skyldi taka þessa umræðu niður á stig aulafyndninnar og reyna að gera mér upp skoðanir sem ég fór aldrei með.

Það er þannig að frv., herra forseti, lýtur að því að gera það óheimilt samkvæmt lögum að hafa í vörslu sinni barnaklám. Ég einfaldlega tel að það sé í andstöðu við hefðbundinn málskilning manna að líta svo á að þegar sóttar eru t.d. myndir í gagnabanka og þær eru skoðaðar og hafðar á eigin tölvuskermi, þá séu þær ekki í vörslu þess sem er að skoða þær. Ég tel einfaldlega að það sé í andstöðu við þann skilning sem a.m.k. ég legg í þetta orð. Ég held líka að það sé nauðsynlegt að við hugsum málið alveg til enda. Ef mönnum er boðið upp á slíkt þá er um leið verið að efla jarðveg fyrir framleiðslu á barnaklámi og þá er um leið verið að ýta undir það að einvers staðar úti í heimi sé litlum börnum misboðið. Það er einfaldlega það sem við þurfum líka að taka inn í þessa mynd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 30. mál (réttarstaða handtekinna manna o.fl.). — Þskj. 30.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem ég mælti fyrir í marsmánuði sl. en það var ekki afgreitt á því þingi. Það er lagt fram á nýjan leik, óbreytt. Þríþættar breytingar eru ráðgerðar á lögunum. Þær miða m.a. að bættri réttarstöðu sakborninga og gæsluvarðhaldsfanga og að færa íslenska löggjöf til samræmis við alþjóðlegar samningsskuldbindingar um mannréttindi.

Í fyrsta lagi er í 1. gr. frv. gerð tillaga um nýja málsgrein við 13. gr. laganna um að þóknun til handa dómtúlki eða þýðanda sem aðstoðar sakborning, vitni eða aðra við skýrslugjöf fyrir dómi, skuli ákveðin af dómara og greiðast úr ríkissjóði. Einnig er lagt til í a-lið 3. gr. frv. að við 5. mgr. 69. gr. laganna bætist ákvæði um að lögreglustjóri eða löglærður starfsmaður hans ákveði þóknun túlks eða þýðanda sem aðstoðar sakborning við yfirheyrslu hjá lögreglu. Núgildandi lög gera þegar ráð fyrir að aðstoð túlks sé veitt við þessar aðstæður og að kostnaður vegna starfa þeirra teljist ekki til sakarkostnaðar, heldur verði greiddur af ríkissjóði. Er skipanin í samræmi við 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 14. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Hins vegar hefur skort í lögin um meðferð opinberra mála nánari reglur um hvernig þóknun túlka og þýðenda er ákveðin. Markmið viðbótarákvæðis við 13. gr. laganna svo og við 5. mgr. 69. gr. laganna er að bæta

úr því. Auk þess sem þar er skýrlega kveðið á um að kostnaður vegna slíkra starfa greiðist úr ríkissjóði eru ráðgerðar skýrari reglur um ákvörðun þóknunar til þessara aðila. Þykir eðlilegast að sömu reglur gildi og þegar þóknun er ákveðin fyrir störf réttargæslumanna sakborninga í opinberu máli og stefna framangreindar tillögur frv. að því markmiði.

Samhliða tillögum um að setja skýrari reglur um ákvörðun þóknunar til dómtúlka og skjalaþýðenda er ráðgert í 6. gr. frv. að 5. gr. laga nr. 32/1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur, verði felld niður. Í umræddu ákvæði er kveðið á um að Stjórnarráðið semji og setji verðskrá yfir verk dómtúlka og skjalaþýðenda. Í ljósi almennra samkeppnissjónarmiða þykir ekki eðlilegt að opinber aðili setji ákveðna gjaldskrá fyrir þau störf og hefur Samkeppnisstofnun m.a. lýst því áliti sínu að framangreint lagaákvæði stríði gegn samkeppnislögum.

Annar meginþáttur frv. varðar heimildir dómsmrh. til að setja nánari reglur um rétt handtekins manns til að hafa samband við vandamenn sína, um framkvæmd yfirheyrslna hjá lögreglu og um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum. Tillögur um lagabreytingar í þessu skyni koma fram í 2. gr., b-lið 3. gr. og 4. gr. frv. Helsta hvatann að brtt. má rekja til skýrslu sem Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sendi ríkisstjórn Íslands í mars á síðasta ári. Skýrslan var gerð í framhaldi af heimsókn nefndarinnar hingað til lands sumarið 1993, þar sem hún kannaði aðstæður í nokkrum fangelsum og lögreglustöðvum hér á landi. Í skýrslunni lagði nefndin meðal annars til að skýrari reglur yrðu settar um tilkynningarrétt handtekins manns til aðstandenda sinna og vernd þess réttar, svo og skilgreiningu á aðstæðum þar sem heimilt yrði að meina manni að njóta slíks réttar. Einnig lagði nefndin til að til viðbótar reglum laganna um meðferð opinberra mála um yfirheyrslur væri rétt að semja sérstakar siðareglur til handa íslenskri lögreglu með nánari útfærslu á meginreglum laganna. Loks lagði nefndin til að ítarlegri reglur yrðu settar um samræmda skráningu á vistun manna í fangageymslum lögreglu. Nánari lýsingu á athugasemdum nefndarinnar um efnið má finna í fylgiskjali I með frv.

Þriðji og síðasti þáttur frv. lýtur að heimild gæsluvarðhaldsfanga til að senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað. Brtt. má einnig rekja til athugasemda nefndarinnar um varnir gegn pyndingum. Í 5. gr. er gerð tillaga um að ný málsgrein bætist við 108. gr. laganna um meðferð opinberra mála þess efnis að gæsluvarðhaldsfangar megi taka við og senda bréf til dómstóla, dómsmrh., umboðsmanns Alþingis og verjanda síns án þess að efni þeirra sé athugað. Hingað til hefur réttur gæsluvarðhaldsfanga ekki verið fortakslaus þar sem 1. mgr. 108. gr. kveður á um að sá sem stýrir rannsókn geti látið athuga efni bréfa eða annarra skjala frá gæsluvarðhaldsfanga og kyrrsett þau ef nauðsyn ber til í þágu rannsóknar. Þannig hafa trúnaðarsamskipti við ákveðin stjórnsýslu- og dómsmálayfirvöld ekki verið undanþegin í þessu tilliti. Er markmið 5. gr. að setja skýra reglu þess efnis. Að öðru leyti er ráðgert að dómsmrh. verði heimilt að setja í reglugerð ákvæði um að gæsluvarðhaldsfangar megi senda öðrum opinberum aðilum eða einstaklingum bréf án athugunar á efni þeirra. Í slíka reglugerð yrðu væntanlega m.a. settar reglur um trúnaðarsamskipti gæsluvarðhaldsfanga við alþjóðlegar stofnanir um mannréttindavernd, svo sem mannréttindanefnd Evrópu.

Herra forseti. Ég hef í meginatriðum gert grein fyrir efni og markmiðum frv. Ég legg til að því verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Helgidagafriður, 1. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 31.

[15:52]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um helgidagafrið. Ég mælti fyrir frv. í marsmánuði sl. en það var ekki afgreitt á því þingi. Frv. er því lagt fram að nýju, óbreytt.

Núgildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar eru sem kunnugt er frá árinu 1926 og eru um margt orðin úrelt. Miðast þau í efni sínu við annað þjóðfélagsástand en við búum við í dag. Í tveimur álitum umboðsmanns Alþingis árið 1995 var vikið að ákvæðum laganna. Í áliti sínu frá 25. apríl 1995 beindi umboðsmaður því til dóms- og kirkjumrn. að það hygði að hvort ástæða væri til breytinga á nefndum lögum. Í sama áliti vakti umboðsmaður athygli á nauðsyn þess að tryggja samræmi í framkvæmd laganna. Í álitinu er m.a. komist að þeirri niðurstöðu að lögin standi ekki í vegi almennrar veitingastarfsemi á páskadegi. Með hliðsjón af því skipaði ég sumarið 1995 nefnd sem falið var að endurskoða lögin. Nefndarmenn voru Lára Margrét Ragnarsdóttir alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Valgerður Sverrisdóttir alþingismaður og séra Hjálmar Jónsson alþingismaður. Nefndin skilaði tillögum sínum í formi lagafrv. 29. jan. sl. Drög að lagafrv. lágu fyrir í október 1995 og voru lögð fyrir 26. kirkjuþing sem ályktaði um frumvarpsdrögin. Var frv. breytt nokkuð til samræmis við tillögur kirkjuþings.

Í frv. eru að ýmsu leyti skýrari og rýmri reglur en nú gilda um starfsemi sem er heimil á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þess er hins vegar að geta að reglur frv. eru með þeim hætti að eftir sem áður mun reyna á túlkun varðandi ýmsa starfsemi. Verður það áfram hlutverk dóms- og kirkjumrn. og einstakra lögreglustjóra að leysa úr slíkum málum sem upp kunna að koma.

Í 1. gr. frv. kemur fram að um helgidagafrið sé mælt í því skyni að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í frv. Með þessu er sett það markmið sem einnig er ítrekað í grg. með athugasemdum með frv. að almenningur hafi frið á tilteknum helgidögum en jafnframt sé tryggt að innan tiltekinna marka verði unnt að bjóða upp á þjónustu og afþreyingu þá daga sem hér um ræðir. Í því skyni er í 5. gr. frv. mælt fyrir um undanþágur frá ákvæðum laganna.

Í 2. gr. frv. eru taldir upp þeir helgidagar sem lagt er til að verði lögfestir helgidagar þjóðkirkjunnar. Um er að ræða sömu daga og taldir eru vera helgidagar samkvæmt gildandi lögum en þar eru þeir hins vegar ekki tilgreindir sérstaklega. Hins vegar er lagt til nýmæli um að helgi föstudagsins langa og jóladags nái til kl. 6 að morgni næsta dags en það er gert í því skyni að styrkja helgi þeirra daga frá því sem nú er, svo sem nánar er skýrt í athugasemdum með frv.

Í 4. gr. frv. er að finna almennt ákvæði um starfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar. Kemur fram það nýmæli að lagt er til að á sunnudögum, öðrum degi jóla, nýársdegi, skírdegi, öðrum degi páska, uppstigningardegi og öðrum degi hvítasunnu verði öll almenn starfsemi í þjóðfélaginu heimil án sérstakra takmarkana. Hvað varðar jóladag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag er lagt til að skemmtanir og einkasamkvæmi á opinberum veitingastöðum verði almennt bannaðar, svo og verslana- og viðskiptastarfsemi. Hið sama gildir um aðfangadag jóla eftir kl. 18.00.

Í 5. gr. frv. er að finna undanþágur frá ákvæðum 4. gr. Er þar að finna ákvæði um þá starfsemi sem heimilt er að stunda þrátt fyrir ákvæði 4. gr. Lögð er til nokkur rýmkun á undanþágum frá því sem er samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að ýmis verslunar- og þjónustustarfsemi verði heimil á þeim dögum sem bann 4. gr. nær til. Er þar um nokkra breytingu að ræða frá því sem er samkvæmt gildandi lögum en lagt er til að undanþágan nái m.a. til söluturna og myndbandaleiga. Er undanþágan sérstaklega skýrð í athugasemdum með frv.

Í öðru lagi er lagt til að íþrótta- og útivistarstarfsemi verði heimil á greindum dögum án takmarkana. Þykir ekki ástæða til að takmarka slíka starfsemi á þeim dögum.

Í þriðja lagi er lagt til að ýmis menningarstarfsemi verði undanþegin banni því er greinir í 4. gr. Nefnd sú sem samdi frv. setti í upphafi það markmið að á helgidögum þjóðkirkjunnar ætti fremur að stuðla að fram fari menningarstarfsemi en annað. Er lagt til að slík starfsemi verði heimil eftir kl. 15 á greindum dögum.

Í fjórða lagi er í 5. gr. að finna ákvæði sem er nýmæli. Lagt er til að heimilt verði að dansleikir sem hefjast að kvöldi laugardags fyrir páska og hvítasunnu standi til kl. 3 aðfaranótt páskadags og hvítasunnudags. Er rýmkunin ráðgerð með tilliti til þess að í auknum mæli er um að ræða skipulagðar skemmtanir þessa daga vítt og breitt um landið, gjarnan í tengslum við íþrótta- og útivistarstarfsemi.

Samkvæmt 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði fyrir lögreglustjóra að veita undanþágur frá ákvæðum 5. gr. að því er varðar tímasetningar og bann við einkasamkvæmum á opinberum veitingastöðum sem fram kemur í 4. gr. Undanþáguákvæðið er bundið við 5. gr. en nær hins vegar ekki til 4. gr. að öðru leyti en hvað varðar einkasamkvæmi. Í því felst að lögreglustjóra verði ekki heimilt að veita undanþágur frá skemmtunum sem annars eru bannaðar skv. 4. gr. Þótti rétt að setja þetta fram til að festa framkvæmdina í sessi þannig að hún yrði sem líkust milli einstakra umdæma.

Nokkur umræða hefur farið fram um veitinga- og gististarfsemi á helgidögum þjóðkirkjunnar, einkum um stórhátíðir. Þess ber að geta að almenn veitingastarfsemi er heimil alla þá daga er greinir í frv. Hefur svo verið um langa hríð. Standa gildandi lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar því ekki í vegi fyrir að almenn veitingastarfsemi fari fram á þessum dögum og eru ekki lagðar til neinar breytingar þar á eða frekari takmarkanir.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir meginefni frv. og legg til að því verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:58]

Útbýting þingskjala:

Afleiðingar afnáms línutvöföldunar, 59. mál, fsp. KPál, þskj. 59.

Fjárstyrkir til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela, 60. mál, fsp. LB, þskj. 60.

Jöfnun atkvæðisréttar, 58. mál, fsp. ÓÖH, þskj. 58.

Umferðarlög, 61. mál, frv. LMR o.fl., þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, frh. 1. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 29. mál (barnaklám). — Þskj. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 30. mál (réttarstaða handtekinna manna o.fl.). — Þskj. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:04.

---

6. FUNDUR

fimmtudaginn 10. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Veiðileyfagjald, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.
2. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — 1. umr.
3. Umferðarlög, stjfrv., 55. mál, þskj. 55. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 9. okt.:

„Á fundi heilbr.- og trn. í dag var Össur Skarphéðinsson kjörinn formaður nefndarinnar og Siv Friðleifsdóttir varaformaður."

Og bréf dags. 8. okt.:

„Á fundi menntmn. í dag var Sigríður A. Þórðardóttir kjörinn formaður nefndarinnar og Hjálmar Árnason varaformaður."

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Gert er ráð fyrir að síðar í dag, væntanlega um kl. hálffjögur, verði utandagskrárumræða. Málshefjandi er Jón Kristjánsson. Efni umræðunnar er vinnsla síldar til manneldis og til andsvara verður sjútvrh. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Að öðru leyti vill forseti taka fram um fundarhaldið í dag að gert er ráð fyrir að umræða um 1. dagskrármálið, Veiðileyfagjald, sem hefst nú, standi til kl. 11.30 eða 12.00. Verði henni ekki lokið þá verður henni frestað og tekið til við umræðu um 2. dagskrármálið, Fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Gert er ráð fyrir hálftíma fundarhléi að venju um eittleytið.

Veiðileyfagjald, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[10:33]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Allir þingmenn þingflokks jafnaðarmanna flytja þáltill. um veiðileyfagjald. Í tillögugreininni segir m.a.:

Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind.

Forsætisráðherra skipi nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta efni. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum og helstu samtökum útgerða, sjómanna, fiskvinnslu og annarra aðila atvinnulífsins.

Nefndin kanni hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa á ýmis atriði. Nefndin leiti ráðgjafar og kanni leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku.

Nefndin á að skila áliti fyrir marslok 1997 og verði frumvarp um veiðileyfagjald lagt fyrir Alþingi á vorþingi 1997.

Þetta eru meginatriðin í sjálfri þáltill. Hún er að vísu aðeins lengri en greinargerðin sem fylgir tillögunni spannar yfir rök málsins, bæði með og á móti.

Grundvöllur veiðileyfagjalds er sú staðreynd að fiskstofnarnir kringum landið eru eign allrar þjóðarinnar. Því er óeðlilegt að arður af þeim renni eingöngu til fámenns hóps sem fær afnotarétt af þessari sameiginlegu eign. Veiðileyfagjald mun staðfesta þjóðareign á fiskimiðum og slík skipan stuðlar einnig að skynsamlegri framþróun í efnahagsmálum. Það ber að hafa í huga að nýir aðilar í útgerð greiða nú þegar fyrir veiðiheimildir. Þeir greiða hins vegar ekkert til ríkisvaldsins eða almennings, heldur til annarra útgerðarmanna sem fá þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári.

Það særir og hefur sært réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og að þeir sem fengu úthlutað veiðiheimildum upphaflega geti hagnast verulega á þeim með því selja þær eða leigja. Þeir hafa ekkert greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald. Það er einnig forsenda fyrir því að sátt náist um framsal veiðiheimilda í núverandi kvótakerfi að lagt sé á veiðileyfagjald.

Þegar illa hefur gengið í fiskiðnaði hefur gengið verið lækkað með afleiðingum sem eru okkur vel kunnar. Þetta á ekki lengur við þegar efnahagsstefnan er sú að halda gengi sem stöðugustu, verðbólgu sem lægstri og freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs. Veiðileyfagjald í sjávarútvegi er því eðlilegt og rökrétt framhald þjóðarsáttar um jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.

Fiskveiðiarðinum sem myndast í kerfinu væri m.a. hægt að verja til þess þegar fram líða stundir að lækka tekjuskatt einstaklinga, en hann er nú um 17 milljarðar, tæpir 16 milljarðar reyndar samkvæmt nýjasta fjárlagafrv. Það væri hægt að gera þrátt fyrir að skilinn væri eftir verulegur hluti væntanlegs fiskveiðiarðs innan útgerðarinnar.

Umræðan um fiskveiðistjórnun hefur tvær hliðar, þ.e. fiskveiðistjórnunarkerfið sjálft, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark. Hins vegar er umræðan um veiðileyfagjald sem tengist réttlæti eða hagkvæmni. Þessu er því miður oft blandað saman í opinberum umræðum og í þáltill. er aðeins fjallað um veiðileyfagjald en ekki fyrirkomulag um stýringu veiðanna, enda getur álagning veiðileyfagjalds verið óháð stýrikerfinu, m.a. núverandi kvótakerfi.

Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðum og fiskstofnum er ótvíræður og bundinn í lögum þótt útgerð fái tímabundinn afnotarétt til að draga þann fisk úr sjó. Þannig eru hugtökin „veiðileyfagjald", „auðlindagjald", „veiðigjald" eða „leiga fyrir veiðileyfi" samheiti yfir það að taka gjald við úthlutun veiðiheimilda. Þegar ríkið skammtar þegnunum takmörkuð gæði eins og veiðiheimildir eru, þá verða þau fémæti ef þau ganga kaupum og sölum og eru verðlögð á markaði og það er einmitt það sem hefur gerst.

Skilvirkt stýrikerfi við fiskveiðar leiðir til þess að svokallaður fiskveiðiarður, þ.e. tekjur umfram kostnað, við veiðar myndast. Í sjávarútvegi skiptir gengisskráning vitaskuld verulegu máli við myndun tekna, þar sem nær allur okkar afli er seldur á erlendum mörkuðum. Markmið fiskveiðistjórnunar er að hámarka afrakstur af auðlindinni til lengri tíma, þ.e. að hámarka þennan fiskveiðiarð. Höfuðatriði við fiskveiðar er að fiskveiðistjórnunarkerfið sé hagkvæmt og feli í sér að þessi arður myndist og að honum sé ekki sóað með röngu skipulagi. Verslun með veiðiheimildir í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er umfangsmikil. Stór hluti þessarar verslunar felst í skiptum á veiðiheimildum milli skipa

í sömu útgerð eða skipti á veiðiheimildum milli óskyldra aðila. Umtalsverð viðskipti eru einnig með kvóta sem er leigður eða seldur gegn greiðslu. Hækkandi verð á kvóta auk góðrar afkomu í flestum greinum útgerðar sýnir glöggt að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi hefur aukið fiskveiðiarð. Veiðiheimildir ganga kaupum og sölum á tiltölulega háu verði sem er sönnun fyrir því að innan sjávarútvegsins er til fé til að greiða fyrir aflaheimildir. Almenningi í landinu blöskrar hins vegar það óréttlæti sem blasir við í núverandi kerfi þegar einstakir útgerðarmenn geta hagnast um margar milljónir á sölu eða leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð fyrir þann rétt að vera handhafi heimildanna.

Í þáltill. er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að undirbúa löggjöf um veiðileyfagjald. Flutningsmenn telja eðlilegt með tilliti til mikilvægis málsins að forsrh. skipi nefndina, en hann fer með meginþætti efnahagsmála af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er hins vegar fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis, t.d. vatnsaflið, ef sambærileg skilyrði skapast og eru í sjávarútvegi þar sem er úthlutað heimildum til nýtingar af hálfu ríkisvaldsins.

Einnig er fullkomlega eðlilegt ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum, t.d. sjónvarpsrásum, sem nýlegt dæmi er um, að ríkisvaldið taki gjald við slíka úthlutun. Í þáltill. er beinlínis gert ráð fyrir því að nefndinni verði einnig falið að kanna leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku.

Rök fyrir veiðileyfagjaldi í sjávarútvegi eru ýmiss konar. Í fyrsta lagi réttlætissjónarmið eins og fyrr hefur verið drepið á. Í öðru lagi er nefnt sem röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að annars safnast mikill fiskveiðiarður innan útgerðar, en undanfarna áratugi hefur gengið verið tiltölulega hátt skráð og þetta vandamál þannig leyst, ef svo má að orði komast, sem hefur þá leitt til ódýrari innflutnings. Þetta er ástæðan fyrir því að sjávarútvegurinn hefur í reynd alltaf greitt eins konar auðlindagjald eða veiðileyfagjald. Þannig hefur á undanförnum áratugum afrakstri af sjávarútvegi verið beint inn í hagkerfið öllum til hagsbóta. Þegar illa hefur gengið í fiskiðnaði hefur gengið verið lækkað með þeim afleiðingum sem allir þekkja.

Þetta á hins vegar ekki við þegar efnahagsstefnan er í meginatriðum sú að halda verðbólgu sem lægstri, stöðugleika í gengi og ekki hvað síst freista þess að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs. Veiðileyfagjald er því rökrétt framhald af stöðugleika í efnahagsmálum. Einnig hefur því verið haldið fram að með veiðileyfagjaldi sé hægt að draga úr óhagkvæmri sókn vegna kostnaðarauka af gjaldinu fyrir útgerðina. Það er hins vegar mikið álitaefni. Í fjórða lagi sem rök fyrir veiðileyfagjaldi gæti veiðileyfagjald verið leið til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi og hægt er að hugsa sér útfærslu þannig að markaðurinn ákveði upphæð veiðileyfagjaldsins.

Því hefur einnig verið haldið fram sem rökum gegn veiðileyfagjaldi að veiðileyfagjald sé skattlagning á eina atvinnugrein sérstaklega. Ef lagt er á veiðileyfagjald til að standa undir sérhæfðum kostnaði við sjávarútveg, svo sem hafrannsóknir og eftirlit, þá er ekki um að ræða skattheimtu samkvæmt alþjóðlegri skilgreiningu, heldur eins konar þjónustugjöld. Væri hins vegar veiðileyfagjald lagt á og kæmi í stað annarra skatta, þá er þar um að ræða skatttekjur til ríkisins, enda er þá um að ræða stórfellda endurskipulagningu á skattkerfi ríkisins.

Beinn kostnaður hins opinbera við sjávarútveg er um það bil 2–3 milljarðar og ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn gæti numið 15–30 milljörðum árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð og núverandi fiskveiðiarður er talinn vera innan við 5 milljarðar. En til að þessar stóru tölur nái fram að ganga verða fiskstofnar að hafa náð hagkvæmustu stærð og aflinn að vera veiddur á sem hagkvæmastan hátt og það er enn langt í það. Hins vegar eru íslenskir fiskstofnar fyllilega sambærilegir við náttúruauðlindir í öðrum löndum og það er ekki óalgengt að vel innan við helmingur af verðmæti náttúruauðlinda sé hreinn hagnaður. Hægt er að nefna dæmi um tekjur norska ríkisins af olíuframleiðslu sem eru nálægt 600 milljörðum á ári sem er tæpur helmingur árlegs framleiðsluverðmætis. Aflaverðmæti á Íslandsmiðum upp úr sjó eru tæpir 60 milljarðar á síðasta fiskveiðiári og útflutningsverðmæti tæpir 90 milljarðar. Það vantar hins vegar mikið á að fiskstofnar okkar séu í kjörstöðu og er þorskurinn skýrasta dæmið um það. Hagkvæmustu fiskstofnar og hagkvæmasta sókn leiða til þess að tekjur aukast og kostnaður lækkar, þannig að þær tölur, um 15–30 milljarðar, eru síður en svo út í hött.

Þótt veiðileyfagjald verði strax lagt á, þá skilar það litlu fyrst um sinn, en mundi aukast við aukinn fiskveiðiarð eftir því sem fiskstofnar eflast og meiri hagkvæmni verður náð. Það er hins vegar raunhæfur möguleiki að veiðileyfagjald komi að mestu í stað tekjuskatts einstaklinga á einhverju árabili, en tekjuskattur einstaklinga er nú tæpir 16 milljarðar eins og fyrr var getið.

Jafnaðarmenn hafa lagt til að veiðileyfagjald verði fyrst notað til þess að greiða kostnað hins opinbera við sjávarútveg. Það eru mikil efnahagssóknarfæri fólgin í veiðileyfagjaldi og veiðileyfagjald er ekki íþyngjandi aðgerð fyrir sjávarútveginn vegna þess að það getur verið skynsamlegt og er skynsamlegt að haga gengisstefnunni þannig að annar útflutningsiðnaður styrkist við hlið sjávarútvegs. Talsmenn veiðileyfagjalds hafa ekki talað um að stór hluti fiskveiðiarðsins verði tekinn út úr greininni, a.m.k. ekki fyrst um sinn. Ef veiðileyfagjald kemur inn sem skattur í framtíðinni fyrir aðra skatta, þá er það hagkvæmur skattur í skilningi hagfræðinnar miðað við marga aðra skatta.

Ef veiðileyfagjald er ekki tekið upp, sem einn valkostur í þessari umræðu, mun það skapa mikla þenslu innan sjávarútvegs við gott stjórnkerfi og vaxandi fiskveiðiarð. Þá verður aftur farin hin gamalkunna leið að draga fiskveiðiarðinn út úr sjávarútveginum með gengisstefnunni þannig að önnur fyrirtæki búi áfram við slæmt rekstrarumhverfi.

Þessi atburðarás hjá þjóðum sem eiga auðuga auðlind til gjaldeyrissköpunar en ná ekki að nýta það sóknarfæri til að örva hagvöxt og bæta lífskjör með skynsamlegri gengisstefnu hefur verið kölluð hollenska veikin. Það byggir m.a. á því að flestar þjóðir hafa nýtt einmitt útflutning til hagvaxtar á undanförnum árum, nokkuð sem við Íslendingar höfum ekki gert í sama mæli.

Þau rök heyrast einnig gegn veiðileyfagjaldi að fái ríkið umráð yfir nýjum tekjustofni verði skatturinn fljótlega hækkaður auk þess sem ríkið á að fara illa með fé. Þessu er ekki hægt að svara með öðru en því að mikilvægt er að tryggilega sé gengið frá löggjöf um þetta efni.

Einnig er nefnt að veiðileyfagjald sé sérstakur skattur á landsbyggðina. Veiðileyfagjald er einnig almenn gjaldtaka fyrir úthlutaðar aflaheimildir, óháð því hvar fyrirtækin eru staðsett. Þvert á móti er hægt að halda því fram að núverandi

kerfi sé sérstakur skattur á þá staði sem ráða yfir litlum kvóta og verða að greiða verulegar fjárhæðir til handhafa veiðiheimilda sem hafa fengið þær ókeypis. Þessir staðir eru margir hverjir á landsbyggðinni. En einnig má benda á að landsbyggðin þarf ekki hvað síst á því halda að annar og fjölbreyttari atvinnuvegur nái að byggjast upp, svo sem ýmiss konar þjónustuiðnaður við sjávarútveginn. Þannig að þegar til lengdar lætur er það ekki hvað síst í þágu landsbyggðarinnar að það skapist meiri fjölbreytni í atvinnulífi sem veiðileyfagjald getur haft í för með sér.

Það er hægt að leggja á veiðileyfagjald á ýmsan hátt. Það er hægt að dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna þannig að útgerðarmenn yrðu að kaupa þær á markaði. Þessi aðferð hefur verið notuð víða við almannavæðingu eða einkavæðingu.

Í öðru lagi er hægt að leggja á árlegt gjald við hvert úthlutað þorskígildi. Þetta er líklega einfaldasta leiðin og gjaldið gæti runnið til hafrannsókna og uppbyggingar, m.a. á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi.

Í þriðja lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði.

Í fjórða lagi væri hægt að láta útgerðina greiða gjald í eitt skipti fyrir veiðiheimildir.

Í fimmta lagi væri hægt að skattleggja útvegsfyrirtæki sérstaklega í tekjuskattskerfinu.

Í sjötta lagi væri hægt að láta gjaldtöku fyrir veiðiheimildir einungis ná til viðbótarkvóta eftir því sem fiskstofnar eflast, en þessi aðferð gæti nýst vel til sveiflujöfnunar. Flutningsmenn telja að leiðir 2 og 6 hér að framan eða það að taka veiðileyfagjald fyrir hluta aflans séu heppilegastar sem fyrsta skref, miðað við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Hér hefur verið dregið fram í stuttu máli að fiskveiðiarðurinn mun aukast hérlendis miðað við að fiskveiðistjórnunarkerfið haldi áfram að skila hagkvæmni við veiðar og að vinnsla og sala afurða byggist á hagkvæmum lögmálum markaðskerfisins. Stöðugt hækkandi kvótaverð staðfestir þessa þróun. Skynsamlegt er að í byrjun sé um tiltölulega lágar greiðslur að ræða sem gætu hækkað eftir því sem sjávarútvegurinn hefur burði til að greiða. Ef genginu væri jafnframt beitt til að auðvelda sjávarútveginum greiðslu gjaldsins mundi annar útflutningsiðnaður styrkjast. Þá er hér komin samræmd efnahagsstefna sem skilar auknum hagvexti á næstu árum, eflir sjávarútveginn og er fylgt fram í samræmi við réttlætiskennd þjóðarinnar, eigenda fiskimiðanna. Veiðileyfagjald er eitt brýnasta réttlætis- og efnahagsmál þessa áratugar.

Herra forseti. Ég geri að tillögu minni að þáltill. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[10:49]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. kom m.a. fram eftirfarandi sem ég vildi mjög gjarnan fá frekari skýringar við:

„Eitt helsta vandkvæði við umræðu um veiðileyfagjald er að flestir forsvarsmenn sjávarútvegsins og ýmsir stjórnmálamenn átta sig ekki á að álagning veiðileyfagjalds styrkir sjávarútveg til lengri tíma, ekki síst ímynd hans.

Þannig skapast svigrúm til að haga gengisskráningunni þannig að aðrar atvinnugreinar verði öflugar við hlið sjávarútvegs.

Þannig helst fiskveiðiarðurinn að hluta til innan sjávarútvegsins.

Þannig yfirtekur sjávarútvegurinn ýmis þjónustuverkefni ríkisvaldsins með kostnaðarþátttöku. Ef veiðileyfagjald er ekki tekið upp mun skapast mikil þensla innan sjávarútvegs við gott stjórnkerfi og vaxandi fiskveiðiarð, m.a. í formi hærri launa sjómanna vegna hlutaskiptakerfisins. Þetta ójafnvægi í efnahagsmálum mun leiða til þess að þrýstingur á raungengið eykst og það hækkar sem svarar til gengishækkunar eða minni gengislækkunar en nauðsynlegt er við mikla verðbólgu eins og við þekkjum vel."

Ég vildi gjarnan fá þetta frekar útfært af hálfu 1. flm.

[10:51]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson las upp úr greinargerðinni og nokkra þætti úr framsögu minni og óskaði eftir aðeins nánari skýringu við þá. Það er skoðun okkar flutningsmanna að til lengri tíma styrki þessi aðgerð íslenskan sjávarútveg. Þegar hér er rætt um að veiðileyfagjald styrki ekki hvað síst ímynd hans, þá er með því m.a. átt við þessi réttlætissjónarmið sem við höfum dregið mjög skýrt fram. Það er orðin er mikil ósátt um og hefur verið mikil ósátt um í íslensku þjóðfélagi, að veiðiheimildum skuli vera úthlutað án gjaldtöku þannig að menn geti hagnast á sölu og leigu veiðiheimilda án þess að greiða nokkuð til eigandans. Þetta er að skaða íslenskan sjávarútveg að okkar mati.

Við bendum á að það er hægt að beita þeirri aðferð, sem er lýst nánar einnig í greinargerðinni, að leggja á veiðileyfagjald, láta gengið á einhvern hátt síga til að mæta þeim kostnaðarauka sem sjávarútvegurinn verður fyrir sem hefur þær afleiðingar að annar útflutnings- og samkeppnisiðnaður styrkist við hlið sjávarútvegsins þannig að raunverulega þarf þetta ekki að leiða til útgjaldaauka fyrir sjávarútveginn.

Við erum alltaf að tala um það í þessari umræðu að það er að skapast mikill arður í íslenskum sjávarútvegi. Veiðistofnarnir og fiskimiðin eru geysilega verðmæt. Við höfum verið að stýra þessu með markvissum hætti sl. 15 ár. Og eitt skýrasta dæmið eru einmitt þau öru viðskipti og það háa kvótaverð sem er í gangi í sjávarútveginum. Það segir okkur að fiskveiðiarðurinn mun á einhvern hátt koma fram í kerfinu. Hann getur komið fram í háu kvótaverði, hann getur líka komið fram í hærri launum þeirra sem taka þátt í sjávarútvegi, hvort sem það eru sjómenn eða aðrir. Það hefur hins vegar áhrif á launaþróun annars staðar í þjóðfélaginu og knýr í þann farveg sem við þekkjum mætavel. Það er þessi atburðarás sem við erum að koma í veg fyrir með veiðileyfagjaldinu að verði hér alls ráðandi með gömlum úrræðum.

[10:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að hér er stuttur tími til andsvara, en ég hefði gjarnan vilja heyra frekari skýringar á því hvar þingmaðurinn kemur inn á að það skapast svigrúm til að haga gengisskráningunni þannig að aðrar atvinnugreinar verði öflugar við hlið sjávarútvegs. Það má ætla að þingmaðurinn og þeir sem að þáltill. standa séu sammála um að það eigi sífellt að vera að rokka með íslenskt gengi upp og niður eftir því hvernig árar hjá útveginum.

Það var líka athyglisvert að heyra það að hér talar maður sem mikla þekkingu og reynslu hefur í sjávarútvegi. Hann segir að það sé mjög mikill arður að skapast í sjávarútveginum. Það er dálítið í andstöðu við það sem forsvarsmenn

bæði fiskvinnslu og fiskveiða eru að segja þjóðinni í dag og vissulega er þetta athyglisvert.

Það er hins vegar líka athyglisvert að það má ætla, eins og kemur fram í þáltill., að eitthvað hafi þessir menn athugasemdir við það kerfi sem myndast hefur og þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið á milli útgerðarmanna og sjómanna og þeim finnist of í lagt að sjómenn skuli vera á hlutaskiptakerfinu og þess vegna þurfi eitthvað að hafa fingurna í því.

Virðulegi forseti. Mér finnst málið allt með þeim hætti að þetta muni vissulega þurfa þó nokkurrar umræðu við því að margt í þessu sé þess eðlis að ekki sé þetta sannleikanum samkvæmt og hér sé einhver skýjaborg upp byggð sem ekki eigi sér neina stoð.

[10:55]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. þm. að hér sé verið að draga upp einhverja skýjaborg varðandi skipulag efnahagsmála og sjávarútvegs með þessari aðferðafræði. Svo er ekki. Við höfum bent á og hv. þm. furðar sig á þessum arði sem er í sjávarútvegi. Hann er umtalsverður og flestar greinar útgerðar eru núna reknar með hagnaði. Vissulega er tap á botnfiskvinnslunni. Það vita menn. En við bendum einmitt á dæmi hvernig þessi fiskveiðiarður er að myndast. Það er kvótaverð sem er alveg skýrt dæmi um það. Það er ekkert í þáltill. sem fettir fingur út í kjarasamninga eða hlutaskiptakerfið. Hins vegar er verið að benda á það að ef fiskveiðiarðurinn heldur áfram að myndast í kerfinu, og vonandi gerir hann það, þá getur hann mjög auðveldlega og mjög líklega haft áhrif bæði á hækkandi kvótaverð og þá líka tekjuskiptinguna innan sjávarútvegsins, til að mynda hærri laun sjómanna eða fiskvinnslufólks ef þetta er inni í þessu lokaða hagkerfi. Þessi arður var dreginn út úr sjávarútveginum með gengisskráningunni á undanförnum áratugum nákvæmlega eins og við þekkjum. Við erum að tala um að fylgja ekki þeirri efnahagsstefnu lengur. Þess vegna er í greinargerðinni lýst ákveðnum dæmum sem Þjóðhagsstofnun reiknaði út 1992. Þessi aðferðafræði, sem stundum hefur verið kölluð þríliða Þorkels, kennd við Þorkel Helgason, sem er sennilega ekki alveg rétt með farið vegna þess að þetta eru eldri hugmyndir, þ.e. reyna að lækka gengið á þann hátt til að stilla efnahagsstefnuna þannig af að samkeppnisiðnaður og annar útflutningsiðnaður geti byggst upp við hlið sjávarútvegs. Eitt af okkar aðalvandamálum í íslensku hagkerfi er það að okkur hefur ekki tekist að byggja upp annan útflutnings- og samkeppnisiðnað við hlið sjávarútvegsins. Sjávarútvegurinn er langsterkasta atvinnugrein landsmanna, (Gripið fram í.) eðlilega er hann það, en það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur í framtíðinni að það komi aðrir þættir þar til. Út á það gengur veiðileyfagjaldið.

[10:57]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt sem er mjög athyglisvert í þessari tillögu og er frábrugðið því sem var í málflutningi þingmannsins frá síðasta vetri og það er að nú snýr hann meginröksemdunum við. Þá voru rökin þau að það þyrfti að leggja á veiðileyfagjald til þess að tryggja að fiskimiðin væru sameign þjóðarinnar. Núna segir hann í greinargerð, með leyfi forseta: „Gundvöllur veiðileyfagjalds er sú staðeynd að fiskstofnarnir kringum landið eru eign allrar þjóðarinnar" eða með öðrum orðum að eignarrétturinn er ótvíræður sem gefur honum tilefni til að leggja þessa tillögu fram.

Ég vil þakka honum fyrir þessa framför í málflutningi og hlakka til að sjá hvernig tillagan lítur út á næsta ári þegar hann verður enn búinn að læra meira af okkur hinum sem teljum okkur skynsamari í þessum efnum.

En ég vildi fá að beina nokkrum fyrirspurnum til þingmannsins og vildi gjarnan að hann svaraði þeim núna áður en umræðan fer í gang og þær eru eftirfarandi:

Í ljósi fullyrðingar hans um að fiskveiðiarðurinn sem hann hyggst taka út úr sjávarútveginum eða út úr útgerðinni eru 15–30 milljarðar af atvinnugrein sem hefur 60 milljarða í tekjur, þá spyr ég hv. þm.:

1. Hvernig verður útgerðarmunstrið í þessu framtíðarríki? Hvernig verður sókninni hagað? Hvernig verður vinnslunni hagað? Hefur verið reiknað inn í kostnaðinn til að draga frá arðinum kostnað við breytingarnar á þjóðfélaginu sem hljótast af þessari framtíðarsýn þingmannsins?

2. Hvað telur þingmaðurinn að fella þurfi gengið mikið til þess að atvinnugrein sem hefur 60 milljarða í tekjur geti greitt 30 milljarða í skatt?

[11:00]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrstu athugasemd þá hefur í sjálfu sér ekkert breyst í málflutningi okkar. Mig langar bara að vitna hér beint í greinargerðina þar sem segir: „Eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðum og fiskstofnum er ótvírætt bundinn í lögum þótt útgerðir fái tímabundinn afnotarétt til að draga þann fisk úr sjó." Og það segir hér líka og kom fram í framsögu minni að veiðileyfagjald mundi staðfesta þjóðareign á fiskimiðum og stuðla að skynsamlegri framþróun í efnahagsmálum. Ég held að við höfum alveg sömu röksemd og við höfðum í fyrra. En það er nú kannski ekki það sem skiptir máli.

Hann spurði fyrst um 15–30 milljarðana. Ég hef verið að reyna að draga það mjög skýrt fram að þetta næst fram þegar fiskstofnarnir eru komnir í sína kjörstöðu og sóknin er komin í sína kjörstöðu. Við höfum hvorugt núna. Margir af okkar fiskstofnum eru ofveiddir og væri hægt að nýta betur, þ.e. við yrðum að byggja þá betur upp. Þorskstofninn er skýrasta dæmið um það, grálúðustofninn og nokkrir fleiri sem hægt er að nefna. Það er ein af forsendunum fyrir því að við komumst upp í þetta hámark sem verið er að tala um.

Hitt er líka að þá verðum við enn að hagræða og betrumbæta í okkar sókn. Það er alveg augljóst og kemur skýrt fram í málflutningi mínum. Þetta er það sem fiskveiðimiðin íslensku geta gefið af sér í hreinan arð og það styðst ekki bara við einhverja óskhyggju. Þetta er það sem aðrar þjóðir hafa getað sýnt fram á með nýtingu sinna auðlinda. Íslensk fiskimið eru ótrúlega auðug ef við kunnum að fara vel með þau, þ.e. bæði að byggja upp stofna og haga sókn skynsamlega. Og ég tel að í báðum tilfellum séum við á réttri leið og höfum náð miklum árangri á síðasta áratug varðandi þann þátt þannig að þessi fiskveiðiarður mun myndast smátt og smátt í kerfinu eins og ég nefndi. Þetta þýðir bæði að tekjurnar munu hækka, það verða ekki bara 60 milljarðar sem koma upp úr sjó, það verður meira. Kostnaðurinn mun lækka við þetta og mismunurinn er þessi fiskveiðiarður sem við erum að tala um.

Hvað mun breytast? Þýðir þetta gjörbreytingu þegar þessi fiskveiðiarður myndast og er tekinn út úr kerfinu á okkar munstri hér á landi? Ég held ekki. Ég held að eins og með alla hagræðingu í atvinnugrein gerist þetta smátt og smátt og leiði bara til hagsbóta fyrir þegnana í landinu. Þetta hefur

sína þróun og tekur sinn tíma. Ég sé ekkert í þessu sem kallar á neinar kerfisbreytingar í búsetu eða eitthvað þess háttar ef það er það sem þingmaðurinn á við.

[11:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að við erum sammála um það að deilur um hugsanlegan vafa á eignarhaldi auðlindarinnar blandast ekki inn í þetta mál. Þessi tillaga er ekki borin fram með þeim rökum að að það þurfi að festa í sessi það eignarhald þannig að við getum tekið það mál út úr umræðunni. Það er mikil framför þegar menn þurfa ekki lengur að flækja umræðuna með deiluefni sem ekki er deiluefni þegar grannt er skoðað.

Það var eins og mig grunaði að hv. þm. gat ekki svarað því og ekki dregið upp neinar meginlínur til að skýra hvernig ætti að fara að því að ná fram þessum mikla arði eða hvaða breytingar í meginatriðum yrðu í sóknarmunstri og vinnslumunstri til að ná þessu fram. Hann gat heldur ekki svarað því hversu mikla gengisfellingu þyrfti til þess að sjávarútvegurinn gæti borið þann skatt sem hann segist stefna að, 15–30 milljarða kr. á ári.

Ég vil rifja það upp að þessa dagana er verið að reyna að snúa vörn í sókn í stærsta sjávarútvegsplássi á Vestfjörðum. Vegna þess að menn sjá fram á stöðugt undanhald og erfiðari tíma að óbreyttu þá reyna menn að verja sig með því að færa fyrirtækin saman og búa til stærri heildir. Skilaboð þingflokks jafnaðarmanna til þeirra sem eru að verja byggðina á Vestfjörðum eru þessi: Þetta nýja fyrirtæki sem þið eruð að stofna á Ísafirði á að borga 400–800 millj. kr. í skatt á ári í ríkissjóð. Það á að gera það til að styrkja stöðu fyrirtækisins. Ég óska þingmönnum til hamingju með þessi skilaboð.

[11:04]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér láðist fyrr, og hafði reyndar ekki meiri tíma, að svara spurningunni um gengisfellinguna, hvað þurfi mikla gengisfellingu í sambandi við þessa veiðileyfagjaldsumræðu. Ég held að hún þurfi í sjálfu sér ekkert að verða mjög mikil. Við höfum ekki að vera að tala um að taka mikið í fyrsta umgangi út úr þessum fiskveiðiarði enda er hann ekkert sérstakur, hann er nokkrir milljarðar. Við höfum nefnt, lagt beinlínis til 500–700 milljónir, og höfum þá nefnt þessa 2–3 milljarða. Það þarf ekkert stórar breytingar í gengi varðandi þann þátt í sambandi við sjávarútveginn. Menn geta rætt um gengisstefnuna út frá öðrum forsendum, sem er áhyggjuefni, en það er viðskiptahalli en ég sé ekki að það þurfi að stíga nein stór skref varðandi þann þátt.

Varðandi ummæli hv. þm. um skilaboð til vestfiskra byggða og hins nýja fyrirtækis á Ísafirði þá er þetta fráleitur málflutningur sem þingmaðurinn er með. Þessi tillaga mun styrkja þegar fram líða stundir landsbyggðina og líka vestfirskar byggðir. Ég nefndi sérstaklega í ræðu minni mikilvægi þess að það byggðist upp annað atvinnulíf, fjölbreyttara atvinnulíf við hlið sjávarútvegs. Ég held að landsbyggðin, og e.t.v. Ísafjörður, þurfi líka verulega á því að halda. Ég óska Ísfirðingum til hamingju með þetta nýja fyrirtæki og ég held að þeir séu á réttri braut með þetta. En að koma hér, herra forseti, upp í ræðustól og væna okkur þingmenn jafnaðarmanna um að við séum með þáltill. með atlögu að vestfirskum fyrirtækjum og vestfirskum sjávarútvegi er mjög lágkúrulegur málflutningur og sýnir eiginlega vörn þessara manna, sem geta ekki hugsað sig inn í þessa nýju hugmyndafræði, hvað þessi vörn er nú afskaplega takmörkuð og ég mundi ráðleggja hv. þm. að hugsa sig betur um áður en hann kemur með svona málflutning inn í þessa umræðu hér á hinu háa Alþingi.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni endurflutningur á þáltill. sem þingflokkur Þjóðvaka flutti í fyrra eða einhverjir hv. þm. á hans vegum. Þetta er með öðrum orðum eins konar erfðagóss sem hinn nýi þingflokkur jafnaðarmanna hefur fengið frá Þjóðvaka sáluga og allt gott um það að segja. Tillagan er í raun og veru fyrst og fremst fyrirsögn. Fyrirsögnin er veiðileyfagjald. Í einhverri mynd á einhverju formi á að leggja á veiðileyfagjald sbr. 1. mgr. tillögunnar en að öðru leyti er málið sett í nefnd. Forsrh. á skipa nefnd sem á að fá það verkefni að kanna nánast alla skapaða hluti í sambandi við þetta mál, þ.e. áhrifin á sjávarútveginn, byggð í landinu, efnahagslíf, markaði, hagi lands og þjóðar í bráð og lengd. En nefndin á að gera meira, hún líka að kanna hvernig eigi að gera þetta, samanber greinargerð með tillögunni, því þar er boðið upp á sjö mismunandi valkosti við að koma þessu í framkvæmd. Þannig er hér í reynd um óútfyllta ávísun að ræða, það er ekkert búið að skrifa nema fyrirsögnina „veiðileyfagjald". Menn gefa sér tvennt, forsenduna og niðurstöðuna, því það er ákveðið fyrir fram að nefndin skuli komast að þeirri niðurstöðu að leggja skuli fram frv. um veiðileyfagjald. En hvaða áhrif það hefur og hvernig það skuli gert, það er sett í nefnd. Varðandi valkostina sem boðið er upp á þá er athyglisvert að fara yfir hversu galopið það er að mati flutningsmanna hvernig þetta gæti gerst. Með leyfi forseta, er sagt á bls. 9 í grg. með tillögunni:

Í fyrsta lagi er hægt að dreifa veiðiheimildum milli allra landsmanna.

Í öðru lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. — Það er talin einfaldasta leiðin. Með öðrum orðum að leggja skatt ofan á óbreytt núgildandi fiskveiðistjórnkerfi.

Í þriðja lagi gæti ríkisvaldið selt veiðiheimildir á opinberu uppboði.

Í fjórða lagi er hægt að láta útgerðina greiða gjald í eitt skipti fyrir veiðiheimildir.

Í fimmta lagi er hægt að skattleggja útvegsfyrirtæki sérstaklega í tekjuskattskerfinu.

Í sjötta lagi er hægt að láta gjaldtöku fyrir veiðiheimildir aðeins ná til viðbótarkvóta.

Í sjöunda lagi er hægt að blanda saman einhverjum þessara aðferða. — Þá verða valkostirnir ekki sjö heldur sex hrópmerktir, er það ekki, vegna þess að hægt er að búa til endalausa kokteila af þessum mismunandi valkostum.

Þetta er sem sagt uppboð á mismunandi aðferðum við að leggja á gjald. Þetta var um tillöguna og það sem í henni felst.

Herra forseti. Það er mörgu leyti réttmæt sú mikla gagnrýni sem er á ýmsa þætti núverandi stjórnkerfis fiskveiða. Sérstaklega eru það að mínu mati leiguviðskiptin með veiðiréttinn, leigubraskið, eða kvótabraskið sem svo er kallað, sem fer fyrir brjóstið á mönnum. Alþb. hefur afdráttarlaust mótað þá stefnu að fyrir þetta leigubrask beri að taka. Það beri að taka út úr kerfinu heimildir til að leigja eða fénýta réttinn ár eftir ár án þess að menn nýti hann sjálfir. En Alþb. hefur einnig mótað þá afstöðu að veiðileyfagjald ofan

á núverandi óbreytt kvótakerfi með öllum þessum annmörkum leysi engan vanda. Auðvitað ekki. Eitt mesta ruglið í umræðunni að mínu mati er akkúrat það, að það breyti einhverju, leysi einhvern vanda að leggja þennan skatt ofan á kerfið eins og það er í dag. Vegna þess að það mun fyrst og fremst koma niður á þeim sem síst skyldi. Gjaldið mun hafa tilhneigingu til að leita út í leiguverðið. Það mun hafa tilhneigingu til að leita út í kjör sjómanna og fiskverkafólks, hafa áhrif á stöðu þeirra byggðarlaga sem eru báglega sett í þessum efnum o.s.frv. Með öðrum orðum: Við teljum að það væri að fara úr öskunni í eldinn. Það þurfi að gera grundvallarbreytingar á kerfinu, koma í veg fyrir þessi leiguviðskipti og þar með að uppræta meinsemdina. Ráðast að rótum vandans en ekki beita hliðarráðstöfunum eða deyfilyfjum eins og veiðileyfagjald ofan á óbreytt stjórnkerfi fiskveiða væri í reynd.

Nokkur orð er óhjákvæmilegt að hafa, herra forseti, um talnameðferð í þessu sambandi. Að vísu hefur flutningsmaður dregið verulega í land í sínum málflutningi frá því sem hann gerði í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins daginn sem þingflokkur jafnaðarmanna boðaði fyrir fram framlagningu þingmála, áður en að þing tók til starfa. Því þá var beinlínis gefið í skyn að möguleikar væru með því að taka upp veiðileyfafjald að leggja af allan tekjuskatt einstaklinga upp á 17 milljarða kr. (**Gripið fram í:** Það segir það á bls. 7.) Og svipaðar talnaæfingar eru í greinargerð tillögunnar. Fréttamaður spurði hve upphæðin gæti orðið há og þá svaraði hv. þm. Ágúst Einarsson í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 30. sept. sl.: „Ja, það er hægt að nefna sem dæmi að eignarskattur einstaklinga er nú 17 milljarðar og ef fiskveiðiarðurinn gæti numið kannski 30 milljörðum eða 20–30 milljörðum þá sjáum við að það er hægt að láta veiðileyfagjaldið koma í staðinn fyrir tekjuskatt einstaklinga en samt skilja eftir verulegan arð innan sjávarútvegsins.“ Það eiga allir að græða, einstaklingarnir losna við að borga skatt upp á 17 milljarða og sjávarútvegurinn græðir. Og þá segi ég, herra forseti, það er búið að finna upp gullgerðarvélina, loksins er búið að finna upp gullgerðarvélina, vonum seinna.

Herra forseti. Þetta er ábyrgðarlaus meðferð á tölum. Það er einnig ábyrgðarlaust að líkja sjávarútveginum og fiskveiðum við olíuiðnað og segja að þetta séu sambærilegar auðlindir eins og hv. þm. hefur t.d. gert í blaðagrein. Olíuiðnaðurinn út um allan heim er myljandi gróðavegur og hefur verið það frá upphafi og auðvitað sérstaklega eftir olíukreppuna. En hvernig er efnahagsleg staða sjávarútvegs og fiskveiða í öðrum löndum? Nánast án undantekninga eru fiskveiðar ríkisstyrktar og sjávarútvegur ríkisstyrktur og það erum við að keppa við þannig að hér er ólíku saman að jafna. Nýting þessarar auðlindar er ekki sambærileg við mokstur á kolum á þurru landi eða því að dæla upp olíu sem er mikil eftirspurn eftir og iðnaðarþjóðfélögin borga hátt verð fyrir eins og kunnugt er. Það er því ekki skynsamlegt að fara fram með málflutning af þessu tagi og ég tel að þingflokkur jafnaðarmanna veiki stórkostlega málflutning sinn í þessum efnum með því að gera sig sekan um þvílíkt ábyrgðarleysi. En auðvitað hljómar þetta vel í eyrum fólks. Mér verður hugsað til þess að sagt var vestur í Bandaríkjunum einu sinni: „Read my lips, no more taxes.“ Þetta er málflutningur af því tagi.

Það þarf ekki að skoða lengi, herra forseti, veltuafkomutölur í sjávarútveginum, í veiðunum t.d., til að sjá að þessi talnameðferð er út í hött. Verðmæti landaðs afla af heimamiðum árið 1995 voru 47 milljarðar kr. Hvernig ætti að taka fjármuni af þessari stærðargráðu út úr því? Fjármunamyndun í útgerð er fáeinir milljarðar þegar best lætur. Á að taka hana burt á einu bretti með gjaldi af þessu tagi? Hvernig á þá að byggja greinina upp? Hvernig á að fjárfesta inn í framtíðina? Hér verða menn að gæta sín að blanda ekki saman tvennu, annars vegar þessum grundvallarhugmyndum sem menn ræða um það hvort einhver gjaldtaka fyrir afnot af auðlindum almennt, og þá að sjálfsögðu af öllum sambærilega settum greinum, eigi að koma til og hinu hvað er raunhæft miðað við aðstæður í greininni í dag. Því miður er afkoma ýmissa greina sjávarútvegsins ekkert allt of góð. Efnahagslegar röksemdir í þessu máli hafa snúist við, útflutningsiðnaðurinn stendur að breyttu breytanda betur nú en sjávarútvegurinn, betur en fiskveiðarnar og sérstaklega þó fiskvinnslan eins og menn vita ef þeir skoða t.d. tölur. Þannig að í reynd mætti alveg eins snúa þessu við og heimfæra það á gamlar röksemdir á grundvelli efnahagslegra sjónarmiða upp á það að ef eitthvað væri þá þyrfti nú fiskvinnslan auðlindagjald á iðnaðinn til þess að geta dafnað.

Herra forseti. Tíminn leyfir því miður ekki lengri umræður um þetta. Ég hefði gjarnan viljað blanda mér aðeins í eignarréttarhlið málsins en geri það kannski við betra tækifæri.

[11:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í inngangi að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og er til umræðu er tekið skýrt fram að hér er verið að tala um veiðileyfagjald, það er ekki verið að tala um fiskveiðistjórnunarkerfi. En af því að hv. þm. gat þess að flokkur hans, Alþb., væri á móti leigubraskinu, vilji ekki leigja, bara selja, er eiginlega nauðsynlegt að benda á að ef menn vilja ekki leigja, bara selja, þá er auðvitað hægt að gera það líka innan ársins. Því má segja að svo lengi sem einn flokkur styður aflamarkskerfi þannig að selja má þá hlutdeild sem mönnum hefur verið úthlutuð í auðlindinni, þá geta menn braskað því það er enginn vandi að selja innan ársins, selja og kaupa. Þetta er því ekki lausn, a.m.k. ekki frambærileg lausn. Og af því að hér er verið að tala um að það að leggja ofan á gildandi kerfi sé ekki til bóta, þá er ekki verið að tala um það í þessari tillögu. Það er ekki verið að tala um að leggja veiðaleyfagjald ofan á óbreytt kerfi. Hins vegar hafa hagfræðingar ítrekað bent á það að kvótakerfi með veiðileyfagjaldi sé ekki bara heppilegra, ekki bara réttlátara og ekki bara sveigjanlegra, heldur að öllu leyti mun betra fyrirkomulag en kvótakerfi án veiðileyfagjalds, þannig að ef Alþingi tekur þá ákvörðun að viðhalda því kerfi sem nú er, þá er það þó heppilegra og réttlátara með veiðileyfagjaldi. En ég vil undirstrika að í þessari tillögu er ekki verið að taka afstöðu til þeirrar aðferðar sem ákvörðuð er við veiðarnar. Við búum hins vegar við þá staðeynd að Alþingi hefur ákveðið tiltekna fiskveiðistjórnun.

[11:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur að það væri ekki grundvallarbreyting á núverandi stjórnkerfi fiskveiða ef afnuminn yrði rétturinn til að leigja veiðiheimildir og eingöngu leyfð varanleg viðskipti, ég tala nú ekki um ef þau varanlegu viðskipti færu fram á rofnum markaði þannig að samband kaupenda og seljenda væri rofið. Þar af leiðandi gætu menn ekki selt frá sér veiðiheimildir þar sem þeir hefðu

enga tryggingu fyrir því að þeir gætu keypt þær aftur eða aðrar slíkar. Markaðurinn réði því, framboð og eftirspurn, hvort þær yrðu til sölu á síðari tíma. Um þetta getum við rætt betur, ég og hv. þm.

Svo er sagt að ekki sé verið að tala um að leggja auðlindagjaldið eða veiðileyfagjaldið ofan á óbreytt stjórnkerfi fiskveiða. Um hvað er þá verið að tala í tillögunni? Það er út af fyrir sig rétt. Það er kannski ekki frekar verið að tala um það heldur en hina sex eða sjö valkostina, en staðeyndin er sú að í valkosti tvö segir:

„Í öðru lagi er hægt að leggja árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Kvóta yrði úthlutað til langs tíma, eins og nú er, ...“ Hér er verið að bjóða upp á það sem einn valkostinn, að vísu af mörgum, að leggja gjaldið ofan á nákvæmlega óbreytt stjórnkerfi fiskveiða — ef ég get lesið þetta rétt. Og ég endurtek: Það leysir engan þann vanda sem mest er talað um og er á milli tannanna á fólki og með réttu af mörgu um það ástand sem nú ríkir vegna leiguviðskiptanna. Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að það sem langhelst er hægt að kalla ranglæti í núverandi kerfi og er erfitt að verja siðferðilega út frá sameignarákvæðum 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé sjálfstæður réttur manna til að fénýta veiðiréttinn ár eftir ár án þess að nýta hann sjálfir. Það finnst mér erfitt að forsvara að skuli viðgangast í kerfinu, en það með hvaða hætti reglur yrðu settar um varanlegt afsal þessa afnotaréttar eða hreyfingu hans milli manna er allt annar hlutur, bæði efnislega en líka siðferðilega.

[11:19]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi þáltill. gengur út á það að Alþingi taki stefnumarkandi ákvörðun, þá ákvörðun að lagt verði á veiðileyfagjald í íslenskum sjávarútvegi. Sú ákvörðun er númer eitt rökstudd með því að það sé réttlátt þegar ríkið er að úthluta takmörkuðum gæðum að þeir sem þeirra njóta greiði fyrir. Þetta er grundvöllur þessa tillöguflutnings.

Þingmaðurinn las sjálfur upp úr greinargerðinni orð sem drógu til baka það sem hann hélt fram fyrr, nefnilega það að tillagan blessaði með einhverjum hætti núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Það er mikill misskilningur, enda er það tekið fram þar sem fjallað er um þá nefndarskipan sem lögð er til, vegna þess að hér er verið að tala um stórt efnahagslegt mál og margir þurfa að koma að ákvörðunum, þar er það m.a. tínt til að eitt af því sem þurfi að skoða, eitt af því sem auðvitað komi til álita sé fiskveiðistjórnunarkerfið, eðlilega. Og ég fer ekki ofan af því, vegna þess að hv. þm. vék einnig að því, að varanleg viðskipti með kvóta, það að leyfa að selja það sem manni er úthlutað ókeypis úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar hefur ekkert meira siðferðisgildi en það að leigja það. Það er einfaldlega ranglátt, og um það er þjóðin sammála, að menn hafi leyfi til þess að leigja eða selja það sem aðrir eiga.

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þá tilfinningu að ef við héldum áfram að ræða þetta mál í eins og sjö daga, þá mundum við enn vera þannig stödd að við værum að velta því fyrir okkur um hvað þessi tillaga er. Þegar ég kem hér upp og les upp úr greinargerð með tillögunni einn af þeim valkostum sem boðið er upp á kemur hv. þm. og segir: Tillagan er alls ekki um þetta. Það er út af fyrir sig alveg rétt, enda hóf ég mál mitt á því að segja: Þetta er till. til þál. um fyrirsögn á máli eins og oftast er borið upp án atkvæðagreiðslu. Heiti frv. skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu, segir forseti oft, af því að menn telja að ekki þurfi að deila um það. Þetta er tillaga um fyrirsögnina veiðileyfagjald. Það er rétt sem hv. þm. sagði, að menn gefa sér forsenduna og niðurstöðuna fyrir fram, að það skuli leggja á en ekki hvernig og ekki hvaða áhrif það hefur. Það á eftir að kanna. Það fer í nefnd.

En það er auðvitað freistandi úr því að hv. þm. hefur þessa umræðu með þessum hætti að spyrja þá á móti, ég var svo hógvær að gera það ekki: Hver er þá stefna þingflokks jafnaðarmanna? Er hún valkostur eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, sjö eða einhver blanda af þessu öllu saman?

[11:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eftir því sem ég skil þá þáltill. sem hér er flutt, þá líta flutningsmenn þannig á að arðurinn í íslenskum sjávarútvegi sé orðinn svo mikill og verði það mikill að það sé ekki lengur réttlætanlegt og því verði að skila honum í mun meira mæli í sameiginlega sjóði. Það er gefið í skyn í þessari tillögu að hægt sé að leggja niður tekjuskatt og þannig hefur málflutningurinn verið. Nú vil ég benda á að tekjuskattur einstaklinga er ekki 17 milljarðar. Hlutur ríkisins á næsta ári samkvæmt fjárlögum er talinn vera tæpir 16, en heildartekjuskatturinn, staðgreiðslan til sveitarfélaganna, það sem hver og einn einstaklingur greiðir, er rúmlega 52 milljarðar eða 52,5 milljarðar. Er það sanngjarnt í slíkri umræðu sem þessari að gefa svona í skyn? Ég held að heildarútflutningsverðmæti sjávarútvegsins séu rétt tæpir 100 milljarðar eða 97 milljarðar. Er verið að gefa það í skyn að hægt sé að skattleggja þessa grein fyrir öllum tekjuskatti landsmanna honum til hagsbóta? Ég er ekki að segja að hv. þm. Ágúst Einarsson sé þessarar skoðunar, en þegar maður les tillöguna, þá getur sá sem ekki veit betur skilið hana þannig og auðvitað veit það hver einasti maður að þetta getur ekki staðist.

Ég vil í þessu sambandi rifja aðeins upp fortíðina og umræðu sem hefur verið á hv. Alþingi. Á árunum 1980–1990 stóðu þingmenn hér upp skipti eftir skipti og spurðu: Hvað á að gera til að bjarga þessari gjaldþrota atvinnugrein? Það liggur ljóst fyrir að sjávarútvegurinn getur ekki borgað skuldir sínar sem voru á þessum árum allt að 100 milljarðar. Og þá var fullyrt hér á þingi að þetta væri allt komið í hina mestu vitleysu og það væri þjóðarógæfa hvernig málum væri komið. Bankarnir sögðu: Við viljum ekki hafa sjávarútveginn í viðskiptum. Landsbankinn hélt því fram að það væri sérstök byrði á honum að hafa sjávarútvegsfyrirtæki í viðskiptum. Það vildi enginn eiga í sjávarútvegsfyrirtækjum og umræðan var þannig að þetta væri hin mesta byrði á þjóðfélaginu.

Það hefur ýmislegt breyst, sem betur fer. Nú vilja allir lána sjávarútvegsfyrirtækjum, menn vilja eiga hlutabréf í þeim og þau eru orðin allvinsæl og þykja hin bestu fyrirtæki. En hvernig er ástandið í kringum okkur? Hvernig er t.d. ástandið í Færeyjum? Hvað er að gerast þar? Er mjög bjart yfir sjávarútveginum þar? Er mjög bjart yfir sjávarútveginum í Norður-Noregi? Gæti verið að ástæðan hafi verið sú að á þessum svæðum var ekki gripið til þeirra ráðstafana sem við gripum til, að fara út í það að stýra sjávarútveginum með öðrum hætti?

Ég minni líka á það að á þessum árum var mikill þrýstingur á að auka veiðiheimildir, veiða meira og meira og taka ekki nægilegt tillit til fiskifræðilegrar ráðgjafar og það var oft látið undan í þeim efnum. Nú er farið að stýra þessu betur, taka meira tillit til fiskifræðinga og byggja upp stofninn. Þetta hefur verið forgangsverkefni í okkar efnahagslífi,

þ.e. að greiða niður skuldir sjávarútvegsins, sem voru orðnar hrikalega miklar, og byggja upp fiskstofnana. Og þarna er verið að skila verulegum árangri. En það er mikið verk fyrir höndum. Það er ekki allur sjávarútvegur kominn á traustar fætur og við höfum ekki byggt fiskstofnana nægilega upp.

Nú vilja flutningsmenn skattleggja þessa grein og segja að það sé rétt að fara hægt í sakirnar til að byrja með, þetta sé í sjálfu sér ekki svo mikið sem þarna sé til skiptanna, en samt sé rétt að leggja þetta á, viðurkenna þó að búið sé að leggja vísi að veiðileyfagjaldi á, það sé lagt á þróunargjald. Það er rétt að sjávarútvegurinn er skattlagður fyrir hlutum sem hann var ekki skattlagður áður. Hann greiðir meira af þeirri þjónustu sem hann fær. Það er verið að tala um að samræma tryggingagjald í landinu sem mun leggjast þyngra á sjávarútveginn og við skulum vona að hann geti þolað það. Menn hafa verið að fikra sig hægt og hægt áfram að reyna að leggja meira á þessa atvinnugrein sem er lagt á aðrar atvinnugreinar.

Svo koma menn hér og segja: Ja, hann mun nú ekkert verða vel staddur því að við ætlum að breyta genginu og þá skapast hér gósentíð fyrir iðnað. Iðnaðarfyrirtækin munu flykkjast til Vestfjarða, þar verða reistar margar prjónastofur og alls konar fyrirtæki og það kemur á móti þessum skatti sem við ætlum að leggja á þessi byggðarlög. Við getum alveg tryggt Vestfirðingum það að þangað munu flykkjast iðnfyrirtæki. Er þetta nú svona? Geta menn tryggt það að með því að breyta genginu verði engar kröfur um hærra kaupgjald og annað slíkt? Geta menn sagt sem svo að verðbólguáhrifin verði engin og stöðugleikinn verði áfram? Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki þessa hagfræði. En það getur verið vegna þess að mín hagfræðikunnátta sé svona takmörkuð. Ég held að ef genginu yrði breytt þá færi verðlag af stað. Og það er alveg ljóst að sjávarútvegurinn byggi við mun verri kost ef lagt yrði á hann veiðileyfagjald og síðan yrði hann skattlagður.

Ég spyr: Er raungengi sérstaklega óhagstætt iðnaðinum í dag? Er eitthvert vandamál þarna á ferðinni? Hafa menn gleymt því að við erum hér með verðjöfnunarsjóð? Það er ekki minnst á það einu orði. Það er hagstjórnartæki sem hægt er að setja af stað hvenær sem er. Ég hefði haldið að það *væri skynsamlegra þegar hagnaðurinn í sjávarútveginum er* orðinn sérstakt vandamál, sem verður mjög skemmtilegt að eiga við og ég vil vona að verði, að byrja a.m.k. á því að leggja í verðjöfnunarsjóð og leggja fyrir til seinni tíma því að við vitum að það munu alltaf koma sveiflur í sjávarútvegi. Ef við ætlum að búa við stöðugleika í framtíðinni þá er skynsamlegt að leggja í verðjöfnunarsjóð. En hér er í sjálfu sér ekkert verið að tala um neinn stöðugleika. Það er bara verið að tala um skattlagningu og það sem verra er, og ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þó að ég sé ekki alveg sammála honum að öllu leyti, að sú nálgun sem hér er leysir ekki það vandamál sem hér er verið að ræða um, þ.e. sölu veiðiheimilda. Þar er vitnað til réttlætiskenndar fólks og látið í það skína að verði skatturinn lagður á leysist það viðfangsefni sem er vissulega vandamál og ber að ræða um. Það er látið í það skína. Þetta er algjörlega rangt. Hv. 1. flm. veit að þetta kemur þessu máli ekkert við. Það kemur ekkert við flutningi veiðiheimilda á milli aðila. Það mun engan vanda leysa í því sambandi.

[11:31]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef samúð með því sjónarmiði hæstv. utanrrh. að vekja athygli á þeim umskiptum sem orðið hafa í afkomu í sjávarútvegi. Ég man eins og hann vel umræðuna um skuldsetningu sjávarútvegsins og það vonleysi sem ríkti þegar menn litu þar til framtíðar. Ég skil þess vegna mætavel þá sem hafa verið talsmenn núverandi kvótakerfis, þ.e. aflahlutdeildarkerfis með framsali, og vil ég nú nota tækifærið og vekja athygli manna á því að það hafa orðið umskipti. Með öðrum orðum, rök þeirra um að kvótakerfi með framsali, sem var erfitt pólitískt mál, hafi þrátt fyrir allt skilað umtalsverðum árangri og náð að hluta til þeim markmiðum að auka mjög hagkvæmni í greininni. Hvernig? Með því að ríkisvaldið tók þá ákvörðun að skammta aðganginn að auðlindinni og með því að úthluta þeim hópi útgerðarmanna sem höfðu áður fest sig þar í sessi veiðiheimildunum ókeypis.

Ég tek undir þau rök vegna þess að það eru staðreyndir að þessi aðferð hefur að hluta til aukið hagkvæmni og arðsemi í sjávarútveginum og verði henni haldið til streitu mun hún gera það í stórum stíl til viðbótar. Með öðrum orðum, arðsemi í sjávarútvegi mun fara vaxandi.

Ef þetta er svo, þá er spurningin þessi og ég beini henni til hæstv. utanrrh.: Er hann þeirrar skoðunar að það sé af einhverjum ástæðum, siðferðilegum, réttlætislegum eða hagfræðilegum, rangt að tekið verði gjald fyrir afnotaréttinn að þessari auðlind, sem ríkisvaldið úthlutar tiltölulega fáum aðilum, og það verði í fyrstu notað til þess að standa undir kostnaði þjóðarbúsins við sjávarútveginn eða það renni með einum eða öðrum hætti í þágu almannahags?

[11:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að allur almenningur í landinu og allir Íslendingar njóti mjög góðs af þeim umskiptum sem hafa orðið í íslenskum sjávarútvegi í hærri launum, hærri tekjum og ýmsar þjónustustofnanir njóta mjög góðs af þannig að þau umskipti hafa vissulega komið öllum til góða. Ég tel að sjávarútvegurinn eigi að borga eðlilega skatta. Hann gerði það ekki áður fyrr að öllu leyti. Hann borgaði minna en ýmsir aðrir og gerir það enn, t.d. í formi tryggingagjalds. Ég tel eðlilegt að við nýtum þennan bata til að samræma. Ég er hins vegar enn þeirrar skoðunar að skuldir sjávarútvegsins séu það miklar að þarna verðum við að ná meiri árangri. Ég er líka þeirrar skoðunar að við höfum ekki náð þeim árangri sem við þurfum að ná í sambandi við uppbyggingu fiskstofnanna og þess vegna sé ekki kominn sá tími að hagnaður í sjávarútvegi sé orðinn eitthvert sérstakt vandamál. Ég tel að arðurinn af auðlindinni sé ekki eins mikill og hér er verið að láta í skína.

Ég hef hins vegar ekkert útilokað það að sá dagur muni koma að sjávarútvegurinn greiði meira til samfélagsins. Það verður að vera viðfangsefni á hverjum tíma. En að taka slíka ákvörðun í dag tel ég ótímabært.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ný réttindi eins og nýr síldarstofn geti kallað á nýjar aðferðir í úthlutunum og nýjar nálganir og ekki er rétt að útiloka neitt í þeim efnum. En ég tel rangt að gefa það í skyn, sem ég vona að sé ekki vísvitandi, að arðurinn af sjávarútveginum sé orðinn svo stórkostlegur að það sé hægt að leggja niður tekjuskattinn. Þetta er ósæmilegur málflutningur og ég veit að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson getur tekið undir það.

[11:35]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðastnefnda er um það að segja þegar menn eru að taka dæmi af hámarksarði í sjáv-

arútvegi miðað við endurreisn fiskstofna og hagstæðustu skilyrði að það er einfaldlega niðurstaða vísindamanna sem um það hafa fjallað. Flutningsmenn tillögunnar eru ekki að gefa neitt í skyn. Þeir eru bara að leggja á borðið staðreyndir um það hvernig vísindamenn hafa metið þetta. En ég vek athygli þingheims á svörum hæstv. utanrrh. vegna þess að spurningin var um það hvort grundvallarágreiningur væri um að réttmætt væri að þjóðin fengi hlutdeild í þessum arði ef hann er fyrir hendi. Svar hæstv. utanrrh. var að hann vildi alls ekki útiloka að sá dagur kæmi. Hann taldi það bara ekki tímabært. Með öðrum orðum, við erum ekki lengur að ræða um einhvern grundvallarágreining, það er ekki verið að vísa á bug þeim rökum og þeim sjónarmiðum, þeirri hugmyndafræði sem hér er verið að boða. Það er verið að segja: Það er ekki tímabært að svo stöddu, það gæti komið seinna.

Hæstv. ráðherra sagði: Ég tel að það væri æskilegt að allir nytu góðs af. Já, við teljum það. En sannleikurinn er sá að veiðileyfagjald er þegar tekið í þessu þjóðfélagi. Hver sá sem vill fá að öðlast réttindi, veiðiheimildir, í núverandi kerfi verður að borga fyrir þann rétt. Menn verða að kaupa sig inn í kerfið. Hvað þýðir það, hæstv. ráðherra og hæstv. ráðherrar, gagnvart samkeppnisskilyrðum? Það þýðir að þeir sem þurfa að kaupa sig inn í kerfið og borga hinum sem fengu ókeypis sitja ekki við sama borð, þeir búa við allt önnur og óhagstæðari skilyrði. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson ætti að hugsa til þess þegar hann hugsar til heimabyggðar minnar, Vestfjarða, þar sem sjávarútvegurinn býr við miklu verri skilyrði að það eru skilaboð stjórnvalda til sameinaða fyrirtækisins á Vestfjörðum að ætli þeir sér að rétta hlut sinn verða þeir að kaupa það dýru verði og borga þeim sem fyrir hafa heimildirnar og búa þannig við og sætta sig við ranglátari og óréttlátari samkeppnisskilyrði.

[11:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki frambærilegur málflutningur, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Þegar kvótakerfið var tekið upp fengu þeir úthlutað þeim rétti sem höfðu þann rétt á þeim tíma, þar á meðal Vestfirðingar. Átti að taka þann rétt af þeim áður en kvótakerfið var búið til? Þeir höfðu hefðarrétt í þessu sambandi, höfðu stundað þessar veiðar og það var grundvallaratriði að þeir sem höfðu stundað veiðarnar, útvegsmenn og sjómenn, héldu áfram að hafa þennan rétt vegna þess að réttur til veiða hefur alltaf fylgt hverju einasta fiskiskipi á Íslandi. Fiskiskip sem hefur engan rétt er einskis virði. Það sem veldur nokkrum ágreiningi er að það var skilið þarna á milli. Það var skilið á milli og veiðiréttinum varð framseljanlegur. En það er enginn vafi á því að það að veiðiréttinum var gerður framseljanlegur er grundvöllurinn fyrir þeirri miklu hagræðingu sem hefur átt sér stað í greininni. Ef það hefði ekki verið gert væri sjávarútvegurinn ekki í þeirri stöðu sem hann er í dag. Það er hins vegar rétt að ýmsir aðilar í sjávarútveginum hafa haft nokkurn hagnað af. Það er eðli allra hagkerfa að einhver hafi hagnað og einhver græði nema menn vilji taka upp sósíalískt kerfi og reka þetta allt saman í einni allsherjarbæjarútgerð.

Ég get út af fyrir sig ekki séð neina aðra lausn ef menn vilja tryggja algert jafnræði og réttlæti í málinu en að taka upp þá hugmyndafræði sem hv. þm. aðhylltist einu sinni í þessum efnum og vona ég að hann fari ekki að predika hana á nýjaleik á fullorðinsaldri.

[11:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Það er kannski eðlilegt að spurt sé: Um hvað er tillagan eiginlega? Formlega er til umræðu þáltill. um veiðileyfagjald, um að forsrh. skipi nefnd til þess að semja löggjöf um það efni. Með veiðileyfagjaldi er átt við gjaldtöku í tengslum við úthlutun veiðiheimilda af sameiginlegri auðlind.

Í greinargerð segir að grundvöllur veiðileyfagjalds sé sú staðreynd að fiskstofnarnir í kringum landið eru sameign þjóðarinnar allrar. Kvennalistinn telur það grundvallaratriði númer eitt, tvö og þrjú í sambandi við sjávarútveginn að ávallt verði tryggt að auðlindin er sameign þjóðarinnar og hún verði nýtt á sjálfbæran hátt. Því liggur beint við að lýsa yfir stuðningi við tillöguna svo framarlega sem þessi sjónarmið eru tryggð.

Vandinn er hins vegar sá að þó að það sé rökfræðilega mögulegt að aðskilja umræðu um fiskveiðistjórnun, t.d. spurningar um aflamark eða sóknarmark, framsal og kvótabrask annars vegar og hins vegar umræðu um hagstjórn og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu eins og flutningsmenn gera í greinargerð, er ekki hægt að tryggja sameign þjóðarinnar í kerfi sem fyrr eða síðar mun ræna auðlindinni frá þjóðinni. Því hef ég mjög margt við tillöguna að athuga eða þá röksemdafærslu sem fram kemur í greinargerðinni. Núverandi aflamarkskerfi með framseljanlegum veiðiheimildum byggir á þeirri hagfræðikenningu sem nefnd er í greinargerðinni, nefnilega að einkaréttur einstaklinga á framleiðslutækjunum sem og góð og varanleg afnot einkaaðila af náttúruauðlindunum tryggi góðan afrakstur en jafnframt að það tryggi ekki almenna hagsæld. Ég held að þetta sé augljós staðreynd og þess vegna erum við með þessi tvö sjónarmið og þau stangast hreinlega á og þetta er mergurinn málsins. Aflamarkskerfinu var komið á 1984. Hagræn markmið þess hafa náðst að hluta þó að enn sé of mikil offjárfesting í sjávarútvegi en þá er alveg augljóst mál að vistfræðilegu markmiðin hafa ekki náðst, samanber tölur um brottkast og hrun þroskstofnsins og síðast en ekki síst hafa áhrif kvótakerfisins valdið félagslegri byltingu sem mun aldrei nást sátt um og ég ætla að nefna hér örfá atriði. Það er í fyrsta lagi misskipting aflaheimilda, hvernig kvótinn er að færast á æ færri hendur. Þar eru ný félagsleg tengsl að myndast, svokallað lénskerfi á milli sægreifa og leiguliða, það eru breytt valdahlutföll, það sjávarútvegsútgerðaraðallinn sem ræður öllu, en sjómenn og annað fólk úti í byggðum landsins ræður engu, það er siðferðileg upplausn samanber brottkast, kvótabrask og þar sem verulega er gengið á hlut sjómanna, bæði launaliða og samviskulega því að þetta kerfi kallar á lögbrot. Kerfið hefur kallað á byggðavanda. Síðast en ekki síst er það eignarhaldið þar sem einu er haldið fram samkvæmt lögum en reyndin er önnur því að samkvæmt lögum frá 1990 þegar alþjóð var ljóst í hvað stefndi var lögfest að auðlindin væri þjóðareign en áfram byggir kerfið á einkaeignarkvóta með framseljanlegum heimildum. Það er því ákveðin þverstæða innbyggð í þetta kerfi sem æ fleiri viðurkenna að gengur ekki upp. Kerfið byggir á því sjónarmiði að einkavæðing á fiskimiðum leiddi til betri umgengni eins og ef um væri að ræða bændur gagnvart eigin landi. Reyndin sýnir að fiskstofnarnir lúta öðrum lögmálum en fast land og því tryggir kerfið alls ekki sjálfbæra notkun á auðlindinni því sjómenn hafa mjög takmarkaða stjórn á því sem gert er.

Nú takast stjórnarflokkarnir á um það hvort lögfesta beri heimildir til að veðsetja kvóta sem að mínu mati yrði enn einn sigurinn fyrir einkaeignarsinna. Það gæti því vel farið svo að málamyndaveiðileyfagjald eins og í raun er lagt til í þessari tillögu gæti styrkt þá kröfu að löfesta beri heimild til veðsetningar á aflaheimildum þar sem viðkomandi hafi greitt fyrir þær. Því set ég spurningarmerki við að sú hugmynd að veiðileyfagjald sem rædd er í grg. muni í raun verða til þess að tryggja sameignarákvæðið í sessi. Hún gæti styrkt séreignarsinna og þá er verr farið en heima setið. Ég segi málamyndaveiðileyfagjald og vil rökstyðja nánar að mér er til efs að meginhugsunin í grg. sé að tryggja sameignarákvæðið í sessi.

Nokkur atriði þaðan: Á meðan sjómenn hafa tvívegis farið í langt verkfall á síðustu tveimur árum, m.a. vegna kvótabrasks og hafa með því étið upp hluta fiskveiðiarðsins vegna óánægju með kaup sitt og kjör þá lýsir heill þingflokkur jafnaðarmanna yfir áhyggjum sínum í grg. af því að ef veiðileyfagjaldi verði ekki komið á muni laun sjómanna hækka.

Í öðru lagi. Kerfinu er hrósað fyrir aukinn fiskveiðiarð en samtímis er lagt til að í byrjun verði gjaldið mjög lágt og notað til að standa straum af kostnaði við sjávarútveginn. Er það viðunandi arður af helstu auðlindinni fyrir þjóðina. Samtímis er gefið í skyn eða sýnd sú gulrót að e.t.v. megi síðar þyngja gjaldið og að þjóðin sleppi þá t.d. við tekjuskatt á móti. Hvenær mun það gerast meðan við höfum hinn árlega grátkór fiskvinnslu og útgerðar?

Í þriðja lagi. Varðandi aðferð við að leggja á veiðileyfagjaldið finnst flutningsmönnum þingflokks jafnaðarmanna að vel komi til greina að leggja aðeins gjald á viðbótarkvóta eftir því sem fiskstofnar eflast. Sú útfærsla sem hér er lögð til er því aðeins málamyndaviðurkenning á sameignarákvæðinu sem ætti að vera útgerðarlénsherrunum mjög að skapi. Það er hætta á að þetta verði málamyndadúsa sem rói almenning sem finnst nokkru réttlæti vera náð og jafnframt samvisku útgerðarmanna sem eru að sölsa sameign þjóðarinnar undir sig og vita að sátt mun aldrei ríkja um þá aðgerð. Hvers vegna á ekki bara að einkavæða auðlindina eins og að er stefnt í þessu kerfi og að því er virðist er stefna ríkisstjórnarinnar? Ég segi: Í fyrsta lagi vegna réttlætissjónarmiða. Auðlindin er sameign þjóðarinnar samkvæmt lögum. Þjóðin stóð saman við að eignast hana, samanber þorskastríðin. Íslenskir frumbyggjar hafa stundað sjómennsku í gegnum tíðina og þeim mun verða dæmd þessi auðlind á sama hátt og frumbyggjum í norður Noregi, Nýja-Sjálandi og víðar ef á reynir.

Í öðru lagi eru forsendur þessa kerfis, þ.e. aflamarkskerfis með framsalsheimild í meira lagi hæpnar. Það gengur ekki upp eins og áður hefur komið fram. Núna eru greiddar fyrir kvótann verulegar upphæðir en eigandi auðlindarinnar fær ekki að njóta þeirra peninga. Núna skipta 78% af úthlutuðum aflaheimildum um eigendur. Það þarf því að fara aðrar leiðir sem tryggja sameignarákvæðið svo sem sjálfbæra nýtingu og ábyrga eigendur með því að færa vald neðar, til sjómanna eða byggða. Þetta kerfi þarf að mótast á lýðræðislegri (Forseti hringir.) hátt, ekki þannig að lögmál fjármagnsins ráði öllu.

Herra forseti. Ég á eftir örstutt af máli mínu.

Forseti (ÓE)**:** Tíminn er nú búinn.)

Ég vonast til að fá að komast að hér síðar. Niðurstaða mín er sú að ein leið til að tryggja þetta er veiðileyfagjald en það þarf að útfærast öðruvísi en hér er lagt til. Ég vona að þessi tillaga fái þinglega og góða umræðu því allt er gott sem verður til þess að kerfið sem nú ríkir verði stokkað upp.

[11:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Það var tvennt í ræðu hv. þm. sem mér fannst athyglisvert og er sammála. Það fyrra er hin hárrétta ábending að flutningsmenn málsins lýsa miklum áhyggjum yfir því að sjómenn kunni að bæta kjör sín á komandi árum. (**JBH:** Útúrsnúningur.) Það síðara sem ég er líka sammála er að stjórnkerfi fiskveiða á auðvitað að breytast þannig að ákvörðunarvaldið færist neðar, nær þeim sem nota auðlindina, þar á meðal til byggðanna.

En það var tvennt sem kom fram í máli ræðumanns sem ég vildi fá frekari skýringar á. Það fyrra var fullyrðing ræðumannsins um að þrátt fyrir ákvæði laga um að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar þá væri reyndin önnur. Þetta er mjög alvarleg fullyrðing. Það er verið að fullyrða að lögin séu ónýt. Það þýðir að verið er að fullyrða að ef Alþingi breytir lögunum þá séum við bótaskyld, eða Alþingi og þjóðin séu bótaskyld þeim sem réttindin eru tekin af. Þetta er mjög alvarleg fullyrðing. Ég segi fyrir mitt leyti að mér er ekki kunnugt um nokkurn dóm sem gengið hefur sem styður þessa fullyrðingu ræðumanns. Og ég spyr hann: Hvað hefur hann fyrir sér með þessari fullyrðingu?

Það síðara sem kom fram í máli ræðumanns og mér finnst ástæða til að fá frekari upplýsingar um var sú þversögn sem ræðumaður sagði að væri því að annars vegar væri ákveðið að auðlindin væri sameign þjóðarinnar og hins vegar væri réttinum til að nytja auðlindina úthlutað til einstaklinga. Ég spyr ræðumann: Hvernig viltu hafa það öðruvísi? Hvernig eigum við að hafa hlutina öðruvísi en svona? Eigum við að taka upp þá spurningu sem hæstv. utanrrh. varpaði fram: Eru menn að boða ríkisútgerð? Er Íslands-Grandi rhf. í uppsiglingu?

[11:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Fyrri spurningin var hvernig stæði á því að þó að sameignarákvæðið væri lögbundið þá væri reyndin önnur. Kerfið sem notað er heitir á ensku individual transferable quotas, sem sagt þetta er til einstaklinga og þetta eru framseljanlegar heimildir og það stefnir allt í það eins og það er og ég hugsa að hafi verið upphaflegt markmið, að einstaklingarnir eigi þetta. Það er eiginlega innbyggt í kerfið og hagfræðingar segja það og það kemur fram meira að segja í tillögunni. Hins vegar höfum við lög frá 1990 um sameignarákvæði og þjóðin byggir afkomu sína 80% á auðlindinni. Og núna sýnir þessi umræða um veðsetningu á aflaheimildum vandamálið í hnotskurn. Það hafa verið blaðaskrif í sumar. Gylfi Þ. Gíslason og fleiri takast á. Er þetta einkaeign eða sameign? Við vitum það vel. Spurningin er hvort sjónarmiðið verður ofan á alveg á næstunni.

Hitt atriðið var þversögnin á milli sameignarákvæðisins og þess að þessu sé úthlutað til einstaklinga. Þetta er í raun og veru angi af sömu spurningunni. Þarna er um takmörkuð gæði að ræða og þeim er úthlutað og viðkomandi er leyfilegt að koma þeim í verð. Eins og allir vita eru til aðilar sem árlega fá úthlutað kvóta og bara selja hann og græða peninga. Það þyrfti að skylda aðila sem fá þennan kvóta til að nýta hann eða skila honum aftur. Fyrirkomulagið er miðað við einhverja sögulega staðreynd frá 1984. Þetta er alveg komið

úr tengslum við þá sem núna eru að byggja upp og vinna í þessu landi, þannig að þetta er algjör þversögn.

[11:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir var áðan í raun og veru að segja að þeir sem fái úthlutað kvóta eigi að nota hann. Ég er alveg hjartanlegta sammála þessu. Menn eru að nota kerfið til að stjórna veiðum og veita mönnum réttindi til að veiða og þá eiga menn að veiða en ekki að versla. Það er einmitt kjarninn í afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna. Menn eiga að veiða en menn eiga ekki versla.

Ég vil segja vegna fyrra atriðisins sem ég spurði um ... (**JBH:** Sem þeir mega selja ...) Nei, við leggjum til að framsal á leigukvóta verði bannað. (**JBH:** Já, en ...) Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson leggur til að menn megi bæði leigja og selja það sem þeir eiga ekki. (**JBH:** Nei.) Hann verður að rökstyðja það sjónarmið sitt í ræðutíma sínum en ekki þegar ég er að veita andsvar við ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur.

Það eru dómstólar sem skera úr um gildi laga. Hv. þm. gat ekki nefnt dæmi um nokkurn þann dóm sem gengið hefur sem hnekkir sameignarákvæði laganna og ég veit heldur ekki um slíkan dóm. Ég vara við því að þingmenn sem sitja hér setji fram þá túlkun að þetta ákvæði laganna sérstaklega haldi ekki lengur. Með því eru þeir öðrum fremur að grafa undan gildi laganna og vísa til dómstóla þeirri túlkun sem þeir segjast vera á móti. Ég vara því alveg sérstaklega við þessum málflutningi nema menn hafi haldföst rök byggð á niðurstöðum dómstóla.

[11:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þingmönnum sé kunnugt um þá tvo dóma sem hafa fallið vegna veðsetningar á kvóta. Það ríkir réttaróvissa í landinu núna um þessi mál. Það er að segja annar dómurinn segir að það sé heimilt og að þetta sé allt að því eignarréttur og hinn segir að það standist ekki vegna sameignarákvæðisins. Þetta er einmitt stóra spurningin núna og væntanlega fer málið fljótlega til Hæstaréttar og úr þessu verður skorið. Í mínum huga er engin spurning um að þetta er sameign þjóðarinnar ef það er það sem spurt er um. (**KHG:** Akkúrat. Já.) En auðvitað er það dómstóla að skera úr. Ég er að segja að ákveðin mótsögn er innbyggð í kerfið og við verðum bara að sjá hvað dómstólar gera við þá mótsögn. En ég er þeirrar skoðunar eðlilega að sameignarákvæðið eigi að vera ofan á.

[11:56]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Eftir nokkrar klukkustundir mun fjöldi fólks streyma á landsfund Sjálfstfl. Ef að líkum lætur verður þetta hátíðleg stund og þar verða haldnar innblásnar ræður í anda sjálfstæðisstefnunnar. Ef ég man þetta nokkurn veginn rétt þá er sjálfstæðisstefnan fyrst og fremst um það að minna menn á grunngildi um athafnafrelsi, um frelsi einstaklingsins til athafna, um markaðskerfi fremur en ríkisforsjá, um samkeppni á markaði frekar en skömmtunarkerfi úr hendi stjórnmálamanna og um það að allir skuli sitja við sama borð, að allir skuli búa við sömu leikreglur, ef samkeppnisreglur gilda þá skuli þær sömu gilda fyrir alla. Þetta er ræðan um sjálfstæðisstefnuna. Þess vegna á ég von á því, ég hlýt að trúa því, að einhverjir af þessum mikla fjölda komi til með að beina spurningum til forustumanna Sjálfstfl. um það hvers vegna svona hægt miði að standa við fyrirheit sjálfstæðisstefnunnar. Hvers vegna það sé einkenni á íslensku þjóðfélagi, á grundvallaratvinnuvegum, að þeir eru hnepptir í viðjar ríkisforsjár og skömmtunarkerfa. Það á við um landbúnað. Það á við um sjávarútveg. Það á við um orkubúskapinn og það á við að stórum hluta til um ríkisfjármálakerfið okkar. Þrátt fyrir allt þá eru sterk hagsmunaöfl í Sjálfstfl. fyrst og fremst sem standa vörð um þetta kerfi og koma í veg fyrir breytingar á því. Þess vegna spái ég því líka að þegar seinni tíma menn fara að kynna sér og leita skýringa á umræðunum um auðlindastefnu, auðlindanýtingu og spurningunum um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt undir lok 20. aldar, þá munu þeir spyrja: Um hvað var ágreiningurinn? Var hann um það að einhverjir vildu sérstaklega boða sósíalisma, bæjarútgerðir eða ríkisrekinn Granda? Hverjir voru það sem einkanlega stóðu að slíkum sjónarmiðum? Var ágreiningurinn vegna þess að t.d. ágætur stjórnmálamaður, nýbúinn að skrifa bók um sjávarútveginn — til hamingju með það, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon — sem leitaðist eftir að verða formaður í Alþb. sem einu sinni var kennt við verkalýðshreyfingu og sósíalisma, hafi virkilega lagt blessun sína yfir kerfi, skömmtunarkerfi sem byggir á því að úthluta nýtingarréttinum á sameiginlegri auðlind í hendurnar á tiltölulega fámennum hópi manna fyrir ekki neitt, sem leiðir til þess að þeir mega samt sem áður leigja, selja, arfleiða og veðsetja þessi skömmtuðu fémæti án þess að greiða nokkurn skapaðan hlut fyrir nýtingarréttinn? Eftir stendur sú spurning, hv. þm., að í tillögum þeim sem settar eru fram af þingmannsins hálfu, er boðað að það eigi að banna með lögum leigu innan árs. Það vekur upp spurningar um það hvort hægt sé að framfylgja þeim lögum alveg eins og það vekur upp spurningar um það að það er bannað að láta sjómenn taka þátt í að kaupa kvóta en það er gert. Lögin halda ekki. Spurningin um það hvort þessi tillaga heldur. Eftir stendur að sala á markaði er sala á verðmætum sem þeir sem eiga að selja hafa ekkert greitt fyrir.

Grundvallarsjónarmiðið er því ákaflega einfalt og þess vegna beindi ég þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Ætla menn að réttlæta það að ríkið taki að sér að skammta aðganginn að meginauðlind þjóðarinnar og búa þannig til gríðarleg fémæti vegna framsalsins sem eiga eftir að verða meiri og meiri og meiri? Og eiga þessir sömu aðilar sem fá þessu úthlutað að hafa rétt til að versla með þessi verðmæti, selja þau, leigja þau, arfleiða þau, veðsetja þau, án þess að almenningur í landinu fái nokkuð í sinn hlut af þeim arði? Um þetta er spurningin í grundvallaratriðum. Allt hitt eru útfærsluatriði.

Það sem sagt hefur verið hér um óheiðarlegan málflutning, t.d. í sambandi við matið á því hvernig arðurinn geti orðið mestur, kjörarðurinn við hagstæðustu skilyrði og samanburðurinn við tekjuskatt, ef menn eru að segja að við séum að beita hér blekkingum eða reyna að véla fólk til fylgis við okkar hugmyndir með slíku þá er það bara rangt. Þetta eru útúrsnúningar. Við höfum tekið þessi dæmi af því að þau liggja fyrir eftir fræðilega umfjöllun.

En það er eitt grundvallaratriði í þessu máli og það er að jafnvel þótt menn séu fylgjandi aflamarkskerfi með framsali og jafnvel þótt menn segi: Þetta kerfi er að skila árangri að því er varðar hagkvæmni og aukna arðsemi. — Þeir sem þetta segja verða hins vegar að svara því hvort það sé nóg.

Getum við búið við þetta kerfi óbreytt af því að það er réttlætt með arðsemissjónarmiðum? Mitt svar við því er nei. Mitt svar við því er einfaldlega þetta: Þetta kerfi mun aldrei

standa til frambúðar vegna þess að það misbýður réttlætiskennd þjóðarinnar. Það verður aldrei um það sátt og það er lágmarksskilyrði, burt séð frá öllum umræðum um fiskveiðistjórnun, að þeir, sem fá þessi fémæti í sinn hlut fyrir atbeina skömmtunarkerfis ríkisins, greiði afnotagjald fyrir þennan rétt. Það er alveg lágmarkskrafa.

Gagnrýni á það síðan er af því tagi að menn segja: Leggst þetta gjald ofan á kvótaverðið núna? Það getur enginn svarað þeirri spurningu skynsamlega eða með fullnægjandi hætti öðruvísi en svona: Eftir því sem arðurinn úr þessu kerfi vex munu afleiðingar þess fyrst og fremst verða þær að þeir sem njóta arðsins og selja það sem þeir ekki eiga munu halda áfram að bjóða upp þessa kvóta. Kvótaverðið mun hækka og hækka og arðurinn felst í því. Það hefur hins vegar gríðarlega alvarlegar afleiðingar fyrir fiskvinnsluna í landinu, fyrir verðmyndunina á hráefninu og er reyndar þegar farið að stuðla að hallarekstrinum í landvinnslunni og vinna á móti fullvinnslustefnunni sem margir vilja nú boða.

Mun það að þessir aðilar skili hluta af arðinum til almennings í formi veiðileyfagjalds draga úr hækkun kvótaverðs eða ekki? Ég tel að það séu hagfræðileg rök fyrir því að það muni ekki ýta undir frekari hækkun á kvóta, frekar draga úr því.

Er hér verið að leggja nýjan skatt á atvinnugrein sem þolir það ekki? Nei, það er ekki verið að því. Einfaldlega vegna þess að þessi skattur er þegar greiddur. Hann er greiddur þeim sem selja þessi verðmæti og hann eykur þess vegna á mismununina í greininni og kemur í veg fyrir eðlileg, ásættanleg samkeppnisskilyrði í greininni.

Er þetta skattur á landsbyggðina? Nei. Og ég held að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ætti að fara varlega áður en hann fer áfram með þau skilaboð heim vestur á firði vegna þess að þar er sá landshluti sem verst hefur farið út úr þessu kvótakerfi, sannarlega, af mörgum ástæðum sem ég nenni ekki að rekja hér og hef ekki tíma til, en situr nú við það að hann býr ekki við sömu samkeppnisskilyrði vegna þess að ef hann ætlar að ná sér á strik aftur og njóta nálægðar við auðlindina þá verða þeir að kaupa veiðiheimildirnar af þeim sem nú njóta arðsins af því að hafa fengið heimildirnar fyrir ekki neitt.

Því miður er tíma mínum lokið. Ég hlakka til að fá framhaldsumræðu um þetta mál. Þetta er stærsta mál á dagskrá íslenskra þjóðmála það sem eftir er af þessari öld.

Umræðu frestað.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

[12:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Gildandi lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eru fábrotin. Þau voru sett árið 1976. Í raun fela þau ekki í sér nein efnisákvæði um það hvernig stjórna skuli veiðunum utan lögsögu Íslands. Í þeim er fyrst og fremst fólgið framsal til ráðherra á valdi til þess að ákveða eins og þurfa þykir hvernig slíkum veiðum skuli stjórnað, m.a. með hliðsjón af ákvæðum alþjóðasamninga og veiðistjórnarreglum innan íslenskrar landhelgi.

Það er ljóst að nútímaviðhorf um lagasetningu er á allt annan veg en var þegar þessi löggjöf var sett á sínum tíma. Jafnframt hafa orðið mjög miklar breytingar á mörgum sviðum. Í fyrsta lagi hafa fiskveiðistjórnunarreglur innan íslensku lögsögunnar tekið miklum breytingum. Í öðru lagi sækjum við í stórum stíl á mið utan landhelginnar sem við gerðum í mjög takmörkuðum mæli þegar lögin voru sett. Í þriðja lagi hefur orðið mikil framþróun í hafrétti á þeim tíma sem liðinn er frá því að lögin voru sett. Af öllum þessum ástæðum var orðið mjög brýnt að undirbúa og koma fram frumvarpi til laga um nýja löggjöf varðandi fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Það er einnig ljóst að með hliðsjón af öllum aðstæðum er mikilvægt að fyrir liggi með einhverjum fyrirvara þær reglur sem gilda eiga áður en veiðiheimildum er skipt á milli skipa. Fyrir þá sök er mjög brýnt að Alþingi geti fjallað um og afgreitt svo fljótt sem verða má nýja löggjöf um þetta efni, en frumvarp sem var að mestu samhljóða því sem hér liggur fyrir náði því miður ekki fram að ganga í heild á lokadögum þingsins í vor.

Ég skipaði haustið 1993 nefnd til að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í nefndinni áttu sæti þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum auk nokkurra helstu forustumanna hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Geir H. Haarde alþingismaður var skipaður formaður nefndarinnar. Snemma í starfi nefndarinnar ákvað hún að bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna áður en samið yrði nýtt lagafrumvarp um veiðar utan lögsögu. Var nefndin mjög mikilvægur samráðs- og umræðuvettvangur varðandi þau mál sem tengjast úthafsveiðum og efst hafa verið á baugi hverju sinni. Úthafsveiðiráðstefnunni lauk í ágústmánuði 1995 og lagði nefndin eftir það áherslu á að ljúka frumvarpsgerðinni. Skilaði hún drögum að frv. til ráðherra í byrjun maímánaðar sl. Í skilabréfi sínu með frv. tekur formaður nefndarinnar fram að í henni hafi ekki náðst samkomulag um öll atriði málsins og hafi einstakir nefndarmenn fyrirvara, ýmist um frv. í heild eða um einstakar greinar þess. Jafnframt kemur það fram í skilabréfi formannsins að það sé mat hans að frv. endurspegli þær skoðanir sem mestan stuðning hafa í nefndinni.

Á síðasta vorþingi var flutt frumvarp samhljóða þeim drögum er fylgdu skilabréfi nefndarinnar. Ekki tókst að ljúka afgreiðslu málsins í heild og varð samkomulag um að samþykkja á vorþinginu aðeins ákvæði um veiðieftirlit utan íslenskrar lögsögu. Voru þau birt sem lög nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands. Með frv. þessu er málið endurflutt í heild. Frumvarpið byggir sem fyrr að meginstefnu til á drögum er fylgdu skilabréfi nefndarinnar. Á þeim drögum hafa þó verið gerðar nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi til samræmis við tillögur meiri hluta sjávarútvegsnefndar á sl. vori á þingskjali 1079 frá því þingi. Í öðru lagi er bætt við ákvæði í 4. gr. varðandi stjórn veiða í því tilviki er Ísland andmælir niðurstöðu alþjóðlegrar fiskveiðistofnunar. Loks eru gerðar smávægilegar breytingar varðandi innheimtu veiðieftirlitsgjalds.

Eins og fram hefur komið var ákveðið að láta mótun endanlegra tillagna bíða niðurstöðu úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Þeirri ráðstefnu lauk með undirskrift úthafsveiðisamningsins 4. des. sl. Úthafsveiðisamningurinn er ákvæðum hafréttarsáttmálans frá 1982 til fyllingar enda hafa þau ákvæði ekki verið talin nægjanlega ítarleg til þess að byggja megi á þeim við úrlausn sífjölgandi álitaefna og deilumála er tengjast veiðum á úthafinu. Þótt úthafsveiðisamningurinn hafi ekki tekið gildi má fullyrða að áhrifa hans

sé þegar farið að gæta og vísast um það m.a. til tveggja mikilvægra samninga um tvo íslenska deilistofna á fyrri hluta þessa árs.

Um veiðar íslenskra skipa á úthafinu gilda nú lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1976. Eins og ég hef áður nefnt eru þau mjög almennt orðuð og það sem einkum einkennir þau er hversu víðtækt vald er framselt til ráðherra til stjórnunar veiða utan lögsögunnar. Er fullljóst að þau eru alls ekki viðhlítandi grundvöllur til að byggja stjórn úthafsveiða á eftir að þær eru orðnar jafnveigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga og raun ber vitni. Er eðlilegt að löggjafinn setji meginreglur um stjórn þessara veiða eins og ráð er fyrir gert með því frv. sem hér liggur fyrir. Ætlunin er að frv. þetta taki til veiða allra íslenskra skipa utan lögsögu Íslands. Jafnframt er ljóst að frv. hefur áhrif á veiðar innan íslensku lögsögunnar, bæði vegna þess að íslenskir deilistofnar fyrirfinnast bæði innan lögsögumarka og utan og einnig vegna þess að með hagfelldu skipulagi á veiðum fiskiskipaflotans á fjarlægum miðum getur skapast meira svigrúm fyrir þá sem veiða innan lögsögunnar.

Með frv. er valin sú leið að leggja ekki hömlur á veiðar íslenskra skipa á úthafinu á meðan slíkar veiðar ógna ekki lifandi auðlindum hafsins, brjóta ekki í bága við alþjóðlegar samningsskuldbindingar Íslands eða stofna ekki hagsmunum Íslands í hættu hvað varðar stofna sem fyrirfinnast bæði í íslenskri lögsögu og utan hennar, t.d. í lögsögu nágrannaríkja. Því er þess ekki krafist við útgerðir skipa að aflað sé sérstakra leyfa til veiða á úthafinu nema í þeim undantekningartilvikum sem ég hef nefnt. Um þetta eru ákvæði í 4. gr. frv.

Annað mikilvægt atriði í 4. gr. eru niðurlagsákvæði 2. mgr. hennar þar sem sérstaklega kemur fram að í þeim tilfellum þar sem veiðarnar eru leyfisbundnar megi einungis veita skipum leyfi að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands til þess að stunda veiðar í efnahagslögsögunni. Þetta ákvæði er mikilvægt til þess að taka af allan vafa um að erlendar útgerðir geti ekki skráð skip sín hér á landi með það fyrir augum að veiða úr íslenskum kvótum á úthafinu hvort sem það er úr karfakvóta Íslands á Reykjaneshrygg eða kvóta Íslands í norsk-íslenska síldarstofninum. Með þessu ákvæði er ætlunin að koma í veg fyrir það sem nefnt hefur verið kvótahopp erlendis. M.a. vegna þessa atriðis er mikilvægt að löggjöf þessi verði samþykkt sem allra fyrst.

Í lokamálsgrein 4. gr. er loks ákvæði er veitir ótvíræða heimild fyrir íslensk stjórnvöld að ákveða einhliða stjórnunarreglur fyrir íslensk skip ef Íslendingar vilja ekki sætta sig við samþykktir fiskveiðistofnana og beita rétti til að mótmæla þeim.

Hvað varðar íslenska deilistofna, þ.e. stofna sem bæði veiðast innan íslensku lögsögunnar og á úthafinu eða bæði innan íslensku lögsögunnar í lögsögum nágrannaríkjanna eru ákvæði í 5. gr. Þar sem þessir stofnar tengjast svo mjög íslensku lögsögunni er eðlilegast talið að um stjórn veiða úr þeim gildi sem mest sömu reglur og almennt gilda um stjórn fiskveiða í hafinu umhverfis Ísland. Því er valin sú leið að láta gildandi lög um stjórn fiskveiða ná til þessara veiða svo sem frekast er kostur. Frá þessari meginreglu í 5. gr. frv. eru gerð frávik sem rétt er að gera grein fyrir.

Ljóst er að á undanförnum árum hefur náðst að tryggja gífurlega hagsmuni hvað varðar veiðar úr íslenskum deilistofnum sem koma til viðbótar þeim takmörkuðu aflaheimildum sem íslenski fiskveiðiflotinn hefur mátt deila með sér á undanförnum árum. Til þess að bæta stöðu fiskveiðiflotans í heild með tilkomu þessara auknu heimilda er í frv. gert ráð fyrir að ráðherra sé veitt takmörkuð heimild til að veita öðrum en þeim sem beinlínis geta aflað sér veiðireynslu úr viðkomandi stofnum hlutdeild í þessari aukningu þótt með óbeinum hætti verði. Hins vegar hlýtur ráðherra við beitingu slíkrar heimildar að þurfa að fara varlega með vald sitt til þess að ekki sé eyðilagður hvati útgerðarmanna til að sækja sér aflareynslu úr viðkomandi stofnum. Þrátt fyrir þessar heimildir er engu að síður ljóst að úthlutun veiðiheimilda fer fyrst og fremst fram á grundvelli veiðireynslu í þeim tilvikum sem hún er fyrir hendi. Hvað telst veiðireynsla í þessu sambandi er skilgreint nánar í 2. mgr. 5. gr. frv.

Í 6. gr. frv. er svo fjallað um stjórn veiða úr stofnum sem veiðast á fjarlægum miðum, þ.e. eru ekki íslenskir deilistofnar. Er í frv. gert ráð fyrir að málum sé skipað með líkum hætti og hvað varðar stjórn veiða úr íslenskum deilistofnum. Í þessu tilviki er þó ekki gert ráð fyrir að gildandi lög um stjórn fiskveiða nái til veiðanna svo sem er í fyrra tilvikinu. Er því ekki sjálfgefið að á fjarlægum hafsvæðum gildi almenn ákvæði laga varðandi framsal veiðiheimilda. Er ráðherra ætlað að ákveða hverju sinni hvort slíkt framsal verði leyft. Þá eru heimildir ráðherra til miðla heimildum til annarra en þeirra sem veiðireynslu hafa í viðkomandi stofnum hér takmarkaðri. Ástæða þess er sú að veiðar á fjarlægum miðum eru áhættusamar og hætt er við að dragi úr hvata útgerða til að sækja þau mið uppskeri þeir ekki veiðiheimildir í samræmi við þá veiðireynslu. En kröfur Íslands til veiðiheimilda á fjarlægum miðum hljóta fyrst og fremst að byggja á slíkri veiðireynslu.

Í 8. gr. frv. eru ákvæði um eftirlit með íslenskum skipum utan íslensku lögsögunnar. Er það nær samhljóða 1. gr. laga nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands, sem samþykkt voru á síðasta vori. Þetta eru mjög mikilvæg ákvæði en þar sem í þeim felst ekki tillaga til breytinga á gildandi lögum sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum þar um.

Það er mikilvægt að efnisreglum þessa frv. verði komið í lög sem fyrst svo ljóst megi verða við hvaða reglur verður stuðst þegar úthluta þarf veiðiheimildum á næstunni. Það má öllum ljóst vera hversu örðugt það er að setja efnisreglur í sama mund og ákvarðanir eru teknar um að skipta veiðiheimildum niður á skip. Þá koma upp hagsmunaárekstrar og tilhneiging til að sníða reglur að hagsmunum einstakra aðila sem á síðustu stundu eru að hefja þátttöku í viðkomandi veiðum. Þess vegna er mjög brýnt að lagareglur liggi fyrir með eins góðum fyrirvara og mögulegt er. Fyrir þá sök var það miður að frumvarp um þetta efni varð ekki útrætt í heild á síðastliðnu vori. Er því mjög brýnt að frumvarp þetta fái skjóta meðferð í þinginu og verði afgreitt sem lög frá Alþingi hið allra fyrsta. Hin rækilega umfjöllun sem nær samhljóða frumvarp fékk í þingnefnd og umræðum hér á Alþingi sl. vor ætti að geta gert það mögulegt.

Ég vil að lokum, herra forseti, endurtaka þakkir mínar til nefndarinnar sem vann að undirbúningi frv. fyrir gott starf og það framlag sem hún hefur lagt til þeirrar mikilvægu þróunar í íslenskum sjávarútvegi sem við fjöllum hér um.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[12:18]

Útbýting þingskjals:
Höfundalög, 62. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 62.

[12:18]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og hæstv. sjútvrh. gat um í ræðu sinni voru allmiklar umræður um þetta mál á síðasta þingi. Þá flutti ég m.a. nokkuð langa ræðu um afstöðu mína til málsins sem nú er flutt næsta lítið breytt. Það þarf ekki að lengja umræður hér með því að endurtaka það sem þá var sagt.

Ég vil þó aðeins minnast á nokkur atriði í sambandi við umhverfi þessa máls. Í fyrsta lagi það að hæstv. ráðherra hefur sagt, og það oft, að ástæðan fyrir því að frv. þetta sé flutt sé að úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna kalli á slíka lagasetningu. Þetta var ekki rétt fyrir ári síðan og þetta er heldur ekki rétt í dag því það frv. til laga sem hér er flutt er miklu víðtækara en úthafsveiðisáttmálinn gerir ráð fyrir. Raunar var hann túlkaður af hæstv. ráðherra og starfsmönnum hans í fyrra frv. til hins ýtrasta í þá veru að veita ráðherra heimildir til stjórnunar á fiskveiðum. Meira að segja þar sem í sáttmálanum sagði að ráðherra gæti gripið til tiltekinna ráðstafana ef sáttmálinn væri kominn í gildi, það var flutt yfir í frumvarpstextann þannig að ráðherra væri skylt að grípa til þeirra stjórnunarráðstafana sem þar var fjallað um og er það eitt dæmið af mörgum um oftúlkun sjútvrn. á efni úthafsveiðisáttmálans.

En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra í tilefni af því að hann endurflytur nú mál sitt, hversu margar þjóðir það eru sem nú hafa staðfest úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna. Getur hann getið sér til um hvenær sá sáttmáli gæti hugsanlega öðlast gildi sem alþjóðalög?

Í öðru lagi lætur hæstv. ráðherra í það skína að þetta frv. sé niðurstaða af farsælu starfi sérstakrar nefndar sem hann skipaði á sínum tíma til þess að skoða fiskveiði utan lögsögu Íslands. Það er ekki heldur rétt vegna þess að í þeirri nefnd var ágreiningur um nærfellt öll efnisatriði málsins. Meira að segja eins og kom fram í greinargerð frá þingflokki Alþfl., sem hv. þáv. þingflokksformaður, Rannveig Guðmundsdóttir, lagði fram á fundum nefndarinnar, þá var af hálfu Alþfl. ekki bara ágreiningur um einstök efnisatriði í þeim drögum sem þar voru til umræðu heldur var þingflokkur Alþfl. einnig þeirrar skoðunar að það þyrfti ekki að setja að svo stöddu neina nýja löggjöf um fiskveiðar utan lögsögu Íslands heldur væri nægilegt að styðjast við þau lög sem þá voru og enn eru í gildi, a.m.k. þar til ljóst væri að úthafsveiðisáttmálinn öðlaðist gildi sem alþjóðalög og ljóst væri hvernig a.m.k. helstu nágrannaþjóðir okkar Íslendinga og helstu fiskveiðiþjóðir heims ætluðu sér að standa að framkvæmd hans. Það hefur ekkert breyst í þessu efni.

Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni nýjungar í frv. þar á meðal nýjungar sem er að finna í síðustu málsgrein 4. gr. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því sem þar kemur fram. Þar segir m.a.:

„Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn, ... Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum ... Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum."

Hvað þýðir nú þetta allt saman? Þetta er hægt að orða einfaldlega svo í einni setningu: Sjútvrh. skal stjórna öllum veiðum íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelginnar. Með orðalaginu eins og það er sett fram í síðasta málslið 4. gr. eru hæstv. ráðherra bókstaflega gefnar heimildir til þess að gera í því tilviki sem þar um ræðir það sem honum dettur í hug. Hann getur ekki aðeins bundið þær veiðar sem þar um ræðir sérstökum leyfum eins og tekið er þar fram heldur megi *einnig binda leyfin eins og þar er sagt, með leyfi forseta,* „nauðsynlegum skilyrðum". Það er að sjálfsögðu sjútvrh. sem á að meta það í öllum tilvikum hvað hann telji vera nauðsynleg skilyrði og hvernig hann telji að sérstök leyfi eigi að veita. Þetta er eitt mesta miðstýringarfrv. sem ég hef séð og hef ég nú séð þau mörg með miklum miðstýringartilhneigingum hjá þessari frjálslyndu ríkisstjórn.

Við skulum gera okkur grein fyrir að hér er ekkert smámál á ferð sem hægt er að afgreiða á einni eða tveimur vikum því að þær fiskveiðar sem hér er verið að ræða um í frv., úthafsveiðarnar, hafa beinlínis skapað þann efnahagsbata sem menn hafa hrósað sér af og rætt um að væri forsenda fyrir því að Íslendingar gætu litið bjartari augum fram á veginn en þeir hafa getað gert um árabil. Meginhlutinn af þeirri efnahaglegu sókn sem orðið hefur í íslenskum þjóðarbúskap stafar einmitt af veiðum úthafsveiðiflotans sem á örfáum árum hefur slitið barnsskónum og stendur nú undir afkomu u.þ.b. 15.000 Íslendinga ef reiknað er með bæði fjölskyldum þeirra sjómanna sem stunda fiskveiðar um borð í þessum skipum, sem eru orðin 50 talsins, það eru 50 fiskiskip sem stunda úthafsveiðar frá Íslandi, og ef litið er til fjölskyldna þeirra fiskverkunarmanna í landi sem vinna við aflann sem þessi skip skila. Þetta er því ekki lengur neinn smáútvegur *sem við erum að tala um hér. Hér er um að ræða volduga* úthafsútgerð sem stendur undir afkomu 15.000 Íslendinga og skilar mörgum þeirra mjög góðri afkomu og ber öðrum fremur að færa þakkirnar fyrir þann efnahagsbata sem orðið hefur á Íslandi á umliðnum þremur árum eða svo. Þarna er verið að leggja til að hæstv. sjútvrh. verði fengi það vald, sem hann að vísu ekki hefur í dag, að geta meira og minna sett fótinn fyrir veiðar þessa flota. Hver er sú nauð sem rekur til þess að það verði gert þegar úthafsveiðisáttmálinn ekki krefst þess, þegar aðstæður ekki krefjast þess, þegar almenna reglan er sú að fiskveiðar séu frjálsar í úthafinu og þegar íslenski sjútvrh. hefur þar að auki í sínum höndum alla möguleika til að stjórna veiðum íslenskra fiskiskipa á hafsvæðum sem Ísland er aðili að fiskveiðistjórnun á í samvinnu við önnur ríki?

Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið rætt um veiðarnar sem stundaðar hafa verið á Flæmska hattinum og látið að því liggja að þar stunduðu Íslendingar stórfellda rányrkju sem yrði að stöðva. Ég vil vekja athygli á því í því sambandi að það hafa ákaflega litlar rannsóknir farið fram á afkastagetu rækjustofnsins á þessu hafsvæði. Hafrannsóknastofnun hefur ekki stundað þar umtalsverðar rannsóknir og Kanadamenn hafa ekki gert það heldur enda eru þeirra skip lítið að veiðum á þessum slóðum. *Það er aðeins einn fiskifræðingur sem* hefur stundað umtalsverðar rannsóknir á Flæmska hattinum, það er Jón Kristjánsson, sem var þar um nokkuð langa hríð á því ári sem nú er að líða. Hann ritaði í sumar grein í Morgunblaðið um niðurstöður rannsókna sinna. Þar kemst hann að raun um það og fullyrðir og færir að því rök að það séu engin merki þess að þar eigi sér stað ofveiði eða að ástandið sé neitt í líkingu við það sem hefur verið látið í veðri vaka. Mér er mætavel kunnugt um að Hafrannsóknastofnun hefur ekki yfir betri upplýsingum að ráða um veiðiþolið á þessum slóðum en svo að hún óskaði sérstaklega eftir því við

Jón Kristjánsson að hann léti henni í té þau gögn sem hann byggði sínar rannsóknir á. Mér er hins vegar ekki kunnugt um hvort hann hefur gert það eða ekki. En hans niðurstaða er sú, þess íslenska fiskifræðings sem mest hefur unnið að rannsóknum á þessum slóðum, að það sé ekkert sem bendi til þess að þar sé um ofveiði að ræða eins og fullyrt hefur verið.

Meðal annars hefur verið bent á að þarna sé um að ræða gífurlega stórt hafsvæði eða 25.000 ferkílómetra svæði. Þar er verið að veiða á ferkílómetra um 2 tonn eins og veiðin hefur verið að undanförnu. Til samanburðar má geta þess að veiðin á ferkílómetra í Arnarfirðinum t.d. er um 10 tonn. Og bara til að vekja fólk til umhugsunar um fullyrðingar, sem kannski eru hæpnar, þá vil ég minna á að árið 1986 gaf Hafrannsóknastofnun út þá yfirlýsingu að ekki væri ráðlegt að gera ráð fyrir því að Íslandsmið gætu skilað í árlegri veiði meira en um 10.000 tonnum af rækju. En á sl. árum hafa verið veidd á þessu sama svæði samkvæmt tillögum þessarar sömu stofnunar 60.000–70.000 tonn, þ.e. sex til sjö sinnum meira en hún taldi að hægt væri með góðu móti að veiða á þessu hafsvæði árið 1986. Þessi veiði er stunduð samkvæmt ráðleggingum stofnunarinnar og stofnunin telur að rækjustofninn á Íslandsmiðum sé í mjög góðu ástandi. Þannig sjá menn hversu víðs fjarri veruleikanum spár geta verið sem ekki eru reistar á nægilega traustum grundvelli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara frekar út í efnisatriði frv., ég gerði það mjög rækilega á síðasta þingi og frv. er flutt hér lítið breytt. Ég ítreka þá spurningu sem ég beindi til hæstv. sjútvrh. en ég tel mjög vafasamt að hægt verði að afgreiða þetta stóra mál á einum eða tveimur fundum í sjútvn.

[12:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þörf sé fyrir lagasetningu í þá átt sem lögð er til í frv. Í ljósi allra þeirra breytinga sem orðið hafa í þróun úthafsréttarins og hafréttarins á síðustu árum, á umsvifum þessarar starfsemi af Íslendinga hálfu og margra fleiri þátta, liggur í hlutarins eðli að afar einföld og í raun fátækleg rammaljöggjöf frá 1976 endurspeglar ekki á nokkurn hátt þann veruleika sem við búum við í dag enda varla til slíks ætlast — af löggjöf sem sett var við allt aðrar aðstæður á allt öðrum tíma. Hins vegar er ekki þar með sagt að einfalt mál sé að ganga frá ákvæðum um þetta í löggjöf eða setja lagaramma. Horfa þarf til margra þátta, ekki bara til þróunar hafréttarins og úthafsveiðisamningsins nýja og núverandi aðstæðna á grundvelli þeirrar sóknar sem er út fyrir efnahagslögsöguna í dag. Það þarf líka að horfa til framtíðarinnar og að löggjöfin sé framsækin, feli í sér hvatningu til að um áframhaldandi sókn verði að ræða og nýtingu á þeim ónýttu möguleikum sem þar sannanlega leynast.

Segja má að slæmt hafi verið á sínum tíma þegar hin mikla útrás íslenskra útgerðarmanna út fyrir efnahagslögsöguna hófst. Fyrst með sókn á Reykjaneshrygginn um 1990 og síðan á árinu 1993 þegar farið var til veiða í Smuguna og á Flæmska hattinn. Það var bagalegt hvort tveggja í senn að íslensk stjórnvöld voru afar vanbúin að taka á þróuninni, tekin í bólinu ef svo má að orði komast, enda kom sú útrás tiltölulega óvænt eftir langt kyrrstöðutímabil hvað varðar veiðar utan heimamiða. Hins vegar var íslensk löggjöf í raun og veru alls ekki undir það búin að taka á þeim nýju aðstæðum og nýjum veiðiréttindum sem þar með tóku að myndast (**JBH:** Það var í fínu lagi.) eða lagður var grunnur að. Ég tel ekki, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að það sé í fínu lagi að hafa nánast enga löggjöf um þetta eða eina galopna reglugerðarheimild til handa ráðherra. Ég hefði frekar viljað sjá að þá þegar hefðu legið fyrir tilteknar útlínur, tiltekinn lagarammi. Framsækinn lagarammi sem hefði falið í sér hvatningu fyrir þá sókn út fyrir efnahagslögsöguna, á hvern hátt hún yrði tengd inn í fiskveiðistjórnkerfi á heimamiðum, hvernig réttindi mynduðust á einum stað eða öðrum, hvort þar yrði um tengingu að ræða eða ekki o.s.frv. Allt eru þetta flókin álitamál, sem við erum með til umfjöllunar í frv. og úthafsveiðinefndin á sínum tíma fjallaði um, sem verða að sjálfsögðu viðkvæmari og vandasamari þegar unnt er að reikna hagsmunina beint inn í hvert einasta dæmi sem sett er upp. Og jafnvel svo að hægt er að velta því fyrir sér hvernig einstök skip, einstaka útgerðir komi út ef reglurnar eru hafðar svona eða hinsegin. Auðvitað hefði verið farsælla ef sett hefði verið rammalöggjöf sem legið hefði fyrir. Menn hefðu vitað að hverju þeir gengju, hvernig farið verður með veiðiréttinn sem kann að myndast á grundvelli aflareynslu á úthafinu o.s.frv.

Herra forseti. Ég tel í sjálfu sér mjög jákvætt að samkomulag tókst á sínum tíma á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um svonefndan úthafsveiðisamning. Það samkomulag var undirritað 4. ágúst 1995, merkisdagur í sögu þjóðarinnar, m.a. varð ræðumaður fertugur þann dag, og síðan var samningurinn formlega staðfestur fjórum mánuðum seinna í New York. Úthafsveiðisamningurinn er að stofni til viðbót við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hann fyllir í götin, þar sem þróun hafréttarins var ekki komin lengra þegar gengið var frá honum á sínum tíma. Segja má að með úthafsveiðisamningnum sé lokið því mikla ferli sem hófst, sem í sjálfu sér hefur lengi staðið yfir, á eftirstríðsárunum þegar umræður og undirbúningur fór af stað um þróun hafréttarins sem leiddi síðar til viðræðnanna um hafréttarsamninginn. Þetta eru heilmikil og býsna merk tímamót að um það skuli nú hafa tekist alheimssáttmáli um meðferð mála á þessu stóra gati sem úthöfin voru utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. (Gripið fram í.) Það eru heilmikil tíðindi, hv. þm. Ég er þeirrar skoðunar að úthafsveiðisamningurinn sé staðreynd sem við eigum að ganga út frá og byggja okkar réttarsókn á og reyna að nýta okkur hann eins og kostur er, þó að hann sé okkur Íslendingum ekki hagstæður í öllu tilliti. Við eigum að leggja okkar af mörkum til að túlkun hans og beiting á komandi árum verði sú að fiskveiðiþjóðunum verði það hagstætt og vísa ég þá til þeirra þjóða sem byggja afkomu sína á fiskveiðum og eiga allt sitt undir þeim, strandríkjunum og fiskveiðihagkerfunum. Ég vona að við gætum haft einhver áhrif ef við tækjum myndarlega á þeim málum og yrðum í hópi fyrstu ríkja til að fullgilda samninginn og beittum okkur síðan í framhaldinu hvað varðar framkvæmd hans. En samningurinn er, eins og hv. þingmenn sjálfsagt þekkja, að verulegu leyti rammi utan um meðferð þessara mála sem aðildarríkin eiga síðan eftir að koma sér saman um og fylla inn í, þar á meðal ákvæði um lausn deilumála og annað slík.

Herra forseti. Ekki þarf að fjölyrða um hversu miklu máli úthafsveiðarnar hafa skipt fyrir okkur Íslendinga á síðustu árum. Þær eru að verulegu leyti undirstaðan að efnahagsbatanum sem þjóðin hefur nú notið eða er að njóta og þarf ekki að fara með margar tölur í því sambandi til að sýna fram á hversu gífurlega miklu máli þessi verðmætasköpun skiptir. Segja má að verðmæti frá úthafsveiðunum hefjist

á árinu 1989. Það séu fyrstu umtalsverðu verðmætin sem berist okkur vegna veiða utan efnahagslögsögunnar. Hlutfall úthafsafla af heildaraflaverðmæti flotans vex stórum á árinu 1993 þegar sóknin hefst bæði í Smuguna í Barentshafi og á Flæmska hattinn og komu 4,3% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans frá úthafsveiðum. Á árinu 1994 jókst hlutfallið enn í 10%, á árinu 1995 í 11,4% og líklegt má telja að hlutdeild úthafsveiðanna í aflaverðmæti íslenska flotans verði 14%–15% á yfirstandandi ári. Það segir meira en mörg orð hversu gífurlega miklu máli þessi veiði skiptir. Flotinn er með öðrum orðum á góðri leið með að afla sér eins og hálfs til tveggja mánaða verkefna utan landhelginnar. Vel kann að vera að þetta verði með hæstu tölum sem við sjáum á næstu árum. Ekki er ólíklegt að eitthvað dragi úr veiðinni eða verðmætunum á næsta ári en þó vil ég segja að á móti koma ýmsir aðrir möguleikar sem menn hafa lítið snúið sér að að nýta, enn sem komið er. Það er til að mynda líklegt þegar Bretar gerast aðilar að hafréttarsáttmálanum, sem vonandi verður og fullgilda fyrir sitt leyti, breytist afstaða þeirra til deilumálanna varðandi fiskveiðiréttindin á Hatton-Rockallsvæðinu. Miklir möguleikar eru á dýpra vatni en menn hafa áður látið sig dreyma um að nýta, suður eftir öllu Atlantshafi, suður til Kanaríeyja. Ýmsar tegundir, eins og túnfiskur og fleiri, eru veiddar af þjóðum í kringum okkur án þess að við höfum verið þar aðilar að. Ég legg áherslu á að frv. á ekki bara að snúa að því sem orðið er heldur líka að framtíðinni og þeim möguleikum sem þar felast. Ég tel að í frv. séu nokkur mikilvæg grundvallaratriði sem eru tvímælalaust mikilvæg og nauðsynlegt að löggjöf af þessu tagi endurspegli. Ég tel til að mynda að 2. gr. frv. sé afar mikilvæg. Þar eru fest í sessi eða útfærð þau ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að úthlutun veiðiheimilda skuli ekki mynda eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila. Það skal gilda um veiðirétt sem íslenskir aðilar, skip á íslenskum fána, fá á úthafinu.

Upphaf 4. gr. er líka mikilvægt vegna þess að staðfest er sú grundvallarregla hafréttarsáttmálans að veiðar séu frjálsar nema þær séu takmarkaðar sérstaklega. Henni er snúið þannig. Í uppköstum voru menn að velta fyrir sér frumvörpum þar sem þetta var akkúrat öfugt. Menn þyrftu í raun og veru leyfi til að veiða á úthafinu en hér er þessu snúið eins og það á að snúa, að regla þjóðréttarins um frelsi úthafanna er virk í þessari löggjöf og setja þarf sérstaklega inn ákvæði til takmörkunar ella gildir frelsið.

Upphaf 4. gr. er, með leyfi forseta, svohljóðandi:

„Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim."

Ég tel að niðurlagsákvæði 5. og 6. gr. um svokallaða frumherjareglu séu mjög mikilvæg. Ég hef áður talað um nauðsyn þess að lögin hafi í sér fólgna hvatningu fyrir menn til að leita nýrra möguleika. Það er að mínu mati best gert með því að frumherjaregla eða frumherjaréttur sé virtur og menn njóti þess í einhverjum mæli ef þeir leggja í þann kostnað, taka áhættuna sem því er oftast samfara að reyna nýja möguleika, leita að nýjum miðum, glíma við nýtingu nýrra stofna o.s.frv. Að þessu leyti held ég að lögin séu til bóta þó endalaust megi deila um vægi einstakra þátta, hvernig hlutföll eigi að vera o.s.frv.

Það sem valdið hefur mér einna mestum vandræðum í sambandi við frv. er, herra forseti, hinn flókni eftirlitskafli sem er í 8. gr. Eiginlega er ekki hægt að segja að þessi smíð, sem teygir sig yfir heila blaðsíðu og rúmlega það, sé sérstaklega til fyrirmyndar. Vandinn er sá að með einhverjum hætti verður að koma þessu fyrir í löggjöf. Sjálfsagt verður aldrei undan því vikist að einhver kostnaður verði óhjákvæmilega samfara því, þó ekki sé nema að uppfylla beinar samningsbundnar skyldur okkar og þann kostnað verður væntanlega atvinnugreinin að bera eins og nú háttar til. Ég vísa til nál. meiri hluta sjútvn. á síðasta vori þegar málið var afgreitt frá nefndinni, þá hafði ég fyrirvara á um þennan efnisþátt málsins sérstaklega.

Að öðru leyti, herra forseti, hef ég ekki miklu við að bæta sem áður hefur ekki komið fram um mín sjónarmið bæði við umræður um málið í fyrra og í nál. sem skilað var á liðnu vori um afgreiðslu málsins sem ég var aðili að.

[12:43]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég tók þátt í umfjöllun um málið síðasta vor og hef í sjálfu sér ekki miklu við þá umfjöllun að bæta en vil gjarnan nýta tækifærið til að ítreka nokkur atriði. Ég tilheyrði þeim minni hluta sjútvn. ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem taldi ekki rétt að afgreiða frv. á þeim tíma, heldur lagði til að meiri tími yrði notaður til að vanda betur til verksins. Fyrir þessari niðurstöðu okkar voru færð rök í nál. sem við lögum fram við umfjöllun málsins sem ég vísa til og vil taka fram, herra forseti, að ég hef ekki skipt um skoðun hvað þetta varðar.

Frv. hefur tekið örlitlum breytingum frá því það var lagt fram á síðasta þingi. Flestar breytingarnar eru til komnar vegna brtt. sem komu eftir umfjöllun hv. sjútvn. Ég var á þeirri skoðun þá að ef nefndin hefði haft rýmri tíma hefði mátt gera mun fleiri umbætur. Ég á reyndar von á að nefndin taki frv. til rækilegrar skoðunar en ég held að við eigum að flýta okkur hægt í þessum efnum. Mér finnst líka óþægilegt að sjá að í frv. er búið að bæta nýju ákvæði um sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum að Ísland hefur nýtt sér rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn. Mér finnst óþægilegt að sjá að áður en við erum í rauninni búin að samþykkja löggjöf erum við farin að bæta inn í hana ákvæðum sem taka til sértækra þátta í þeirri veiði sem við þegar tökum þátt í. Þarna er ákvæði sem er sérsniðið að afstöðu okkar innan NAFO vegna veiðanna á Flæmska hattinum. Ég veit ekki hvort okkur tekst með löggjöf að elta uppi öll hugsanleg atvik eða allar þær hugsanlegu aðstæður sem við kunnum að lenda í en mér finnst það sýna galla á lagasmíð að við skulum strax vera farin að taka inn ákvæði sem beinast að sértækum aðstæðum eins og þessum.

Herra forseti. Mér finnst til bóta að þáltill. ríkisstjórnar um samþykkt úthafsveiðisáttmálans var að þessu sinni dreift á borð þingmanna um svipað leyti og frv. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Ég er reyndar á þeirri skoðun að umfjöllunin hefði átt að vera í þeirri röð að við byrjuðum á því að láta reyna á stjórnmálalegan vilja Alþingis varðandi úthafsveiðisáttmálann, að við fjölluðum um hann í þinginu og það þarf að gera mjög ítarlega með tilliti til hagsmuna okkar áður en við förum að samþykkja löggjöf sem snýr síðan að okkur og hagsmunum okkar sérstaklega. Það er ekki útilokað að afgreiðsla úthafsveiðisáttmálans frá hv. Alþingi geti orðið á undan löggjöf um úthafsveiðar og auðvitað væri það hinn rétti framgangsmáti. Ég held að menn hljóti að vera

mér sammála um að eðlilegra sé að láta reyna á vilja Alþingis varðandi úthafsveiðisáttmálann áður en við samþykkjum löggjöf sem byggir á þeim sáttmála meira og minna þannig að ég vil halda því til haga, herra forseti, að menn skoði að hafa þá röð á hlutunum hér.

Það er hins vegar rétt sem fram kom í máli ráðherrans að það er gott að til séu efnisreglur um veiðarnar, að ljóst sé eftir hvaða reglum við erum að skipa þessum málum. Það er í rauninni það eina sem getur tryggt réttaröryggi þeirra sem ætla að taka þátt. Mér er minnisstætt frá sl. vori þegar skyndilega urðu til síldarsamningar, þvert ofan í þá sem búist hafði verið við, þurfti með skömmum fyrirvara að búa til reglur um það hvernig staðið yrði að síldveiðunum og síðan þurfti að breyta þeim reglum á meðan á veiðunum stóð. Það var mjög óheppilegt og nauðsynlegt að slíkt þurfi ekki að koma fyrir að við getum staðið þannig að málum að mönnum finnist ekki að verið sé að brjóta á rétti þeirra.

Varðandi beinlínis frv., sem hér er til 1. umr. í dag og þær athugasemdir sem ég vil færa fram við umræðuna og ítreka að eru ekki annað en svipaðar eða sömu athugasemdir að hluta og ég gerði í vor, þá er fyrst til að taka að ég vil og tel rétt að þegar við skoðum mál af þessu tagi, þegar við erum að fjalla um frv. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þá lítum við til þess hverjir eru hagsmunir Íslands. Er endilega víst að það séu hagsmunir Íslands að við setjum þessa löggjöf nú eða fyrir áramót eins og ég veit að er ósk hæstv. ráðherra? Er víst að það séu hagsmunir Íslands að við kvótasetjum veiðarnar á Flæmska hattinum á meðan aðrir eru þar á sóknarmarki? Er víst að það undirstriki veiðireynslu okkar og auki? Er endilega víst að það sanni að við séum ekki sjóræningjar á úthafinu? Og þurfum við yfir höfuð að sanna það fyrir einhverjum? Eru einhverjir aðrir en við sjálf, Íslendingar, sem lítum svo á? Hinar þjóðirnar horfa auðvitað stórum augum á það og sjá ofsjónum yfir því hvað íslenski flotinn er afkastamikill. En eru menn endilega sjóræningjar þó að þeir séu duglegir við veiðarnar? Að mínu mati verðum við að setja spurningarmerki við þessa hluti og við verðum að setja spurningarmerki við það hvort við eigum einhliða að svipta okkur möguleikum til frekari veiðireynslu.

Þrátt fyrir hið svokallaða íslenska ákvæði í úthafsveiðisáttmálanum sem er reyndar ekki búið að fjalla um og samþykkja hér og ekki frágengin á alþjóðavísu þar af leiðandi, þrátt fyrir íslenska ákvæðið sem gerir ráð fyrir því að ríki sérstaklega háð sjávarútvegi fái að njóta þegar kemur að samningum þá er það svo að sögulegur réttur og veiðireynsla er það sem allt snýst um. Okkur kann að þykja það rangt, við kunnum að vera á móti því, en við þurfum samt að taka tillit til þess. Þess vegna vil ég, herra forseti, að það verði skoðað mjög gaumgæfilega af hálfu hv. nefndar hvort það séu raunverulegir hagsmunir Íslendinga að setja löggjöf um þetta efni hér og nú eins og óskað er eftir.

Það hefur komið fram og er þá viðbótarrökstuðningur í nútíðinni fyrir því að við þurfum ekki einhliða að skerða möguleika okkar til frekari sóknar og kom fram hjá hv. seinasta ræðumanni að þau aflaverðmæti sem við fáum af úthafsveiðunum gætu á þessu ári numið frá 14–15%. Þetta er ekkert smáræði og ég geri ráð fyrir því ef verið væri að tala um tekjuskerðingar af því tagi sem við gætum séð fyrir okkur hér, ef talað væri um að taka atvinnuna frá jafnmörgum og sjómönnum í þessu tilfelli, þá væru hugsanlega fleiri í salnum sem hefðu áhuga á því að taka þátt í umræðunni. Ef við værum að tala um atvinnu þeirra sem hafa starfa sinn af landbúnaði, sem hafa starfa sinn af hefðbundinni fiskvinnslu, sem hafa starfa sinn af einhverri þeirri atvinnugrein sem hefur unnið sér gegnum áratugi svokallaðan þegnrétt, þá geri ég ráð fyrir að umræðan væri önnur. En það er samt svo að hundruð sjómanna hafa atvinnu af þessum veiðum, þær skila miklu í þjóðarbúið og hundruð landverkafólks á Íslandi hafa líka atvinnu af þessum veiðum vegna þess að sú rækja sem er veidd á Flæmingjagrunni kemur til frekari vinnslu á Íslandi að stærstum hluta til. Sama á við um þann bolfisk sem er veiddur í Barentshafi og sama á við um allan þann fisk sem við Íslendingar sækjum í úthafið eða eru hluti af þeim deilistofnum sem eru í landhelgi okkar að hluta. Allt eru þetta mikil verðmæti sem með einum eða öðrum hætti skapa atvinnu innan lands. Málið er því ekki léttvægt og krefst þess að það sé skoðað af mikilli nákvæmni með tilliti til þessara hagsmuna einnig.

Það var annað atriði, herra forseti, sem vakti athygli mína í vor og ég sé að er enn inni í frv. Mig langar að gera það að umtalsefni, ekki síst vegna þess að einmitt í morgun ræddum þáltill. um veiðileyfagjald. Við ræddum um það réttlæti sem hlyti að felast í því að þeir sem fá aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar greiddu fyrir þann aðgang. Undir það var ekki tekið af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þó að greina mætti ákveðna opnun í máli hæstv. utanrrh. Þess vegna er svolítið sérkennilegt, herra forseti, það leggst einhvern veginn þannig, að nákvæmlega þeir sem voru á móti veiðileyfagjaldi í morgun eru með því eftir hádegi og þeir eru með því, þeir styðja það þegar um er að ræða veiðileyfagjald á úthafsútgerðir. Ef frv. verður að lögum á það að vera þannig að ráðherra geti ákveðið að skip sem fá leyfi til veiða á úthafinu, því allar verða þessar veiðar leyfisbundnar, þurfi að greiða fyrir að fá að stunda þessar veiðar en reyndar í þorskígildum. Gott og vel. Þá mundi maður kannski ályktа: Jú, það er kannski sanngjarnt að þessar útgerðir greiði veiðileyfagjald, greiði t.d. gjald fyrir þá þjónustu sem þau njóta af hálfu íslenska ríkisins sem felst þá í samningagerð fyrir þeirra hönd, þeirri þjóðréttarlegu stöðu að geta í nafni Íslands tekið þátt í veiðum o.s.frv. Nei, það er ekki fyrirhugað í þessu frv., það á ekki að vera þannig. Þeir sem fá leyfi til að veiða í úthafinu eiga að greiða veiðileyfagjald til klúbbsins sem hefur fengið úthlutað ókeypis aflaheimildum innan lögsögu. Það eru þeir sem eiga að njóta. Það er svo merkilegt að mönnum skuli detta þetta í hug að ég held að ráðherrann verði að útskýra fyrir okkur hver eru rökin þarna að baki. Eins og ég sagði, rökin á bak við það að skip greiði fyrir veiðiheimildir, greiði fyrir aðgang að miðum eru mér alveg ljós. En í fyrsta lagi ég fæ ekki skilið af hverju þessi floti er valinn sérstaklega til að byrja að láta greiða veiðileyfagjald. Í öðru lagi skil ég ekki af hverju hann er látinn greiða þessum hópi þetta gjald. Af hverju á að úthluta þessum þorskígildum sem verða tekin af úthafsveiðiflotanum fyrir leyfið ókeypis til þeirra sem hafa fengið úthlutað veiðileyfum innan lögsögu?

Mér finnst líka merkilegt að gjaldmiðillinn skuli vera þorskígildi. Af hverju er ekki gjaldmiðillinn peningar? Ég hélt að vöruskiptaverslun væri lokið á Íslandi og það fyrir nokkru. Af hverjum notum við ekki krónur? Það er alveg ljóst að þegar búið verður að úthluta þeim sem hafa veiðiheimildir, fá þær úthlutaðar ókeypis innan lögsögu, þegar þeir eru búnir að fá þessu úthlutað, hvað gera þeir við þessar veiðiheimildir? Taka þeir sig til og fara að veiða þessi 500 kg af karfa sem þeir fengu þarna eða 200 kg af síld eða þrjú tonn af loðnu eða eigum við að segja 4,5 tonn af rækju?

Auðvitað ekki. Þeir selja veiðiheimildirnar umsvifalaust og að þessu sinni fyrir krónur því þegar þarna er komið, þá má nota peninga.

Ég held, herra forseti, að við verðum að fá svör við þessari hugmyndafræði vegna þess að hún er fullkomlega óskiljanleg. Það er fullkomlega óskiljanlegt að menn sem eru á móti veiðileyfagjaldi, sem er byggt á þeim réttlætisrökum að eðlilegt sé að greitt sé fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind, menn sem eru á móti því fyrir hádegi geti síðan eftir hádegi verið sammála því það eigi að leggja á veiðileyfagjald en þá eigi bara að gera það á þessar útgerðir sem eru í áhættusömustu og dýrustu útgerðinni og gjaldið eigi að greiðast svokölluðum kvótahöfum innan lögsögu. Þetta gengur ekki upp og ráðherrann hlýtur að útskýra þetta, það hljóta að vera einhver rök. Kannski fáum við að skilja en kannski verður eins og stundum áður að menn skilja ekki. En að minnsta kosti óska ég eftir því að ráðherrann geri tilraun til að útskýra hugmyndafræðina sem er þarna að baki.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál hér og nú. Við eigum eftir að sjá hvaða breytingum það kann að taka í hv. nefnd og þá mun umræðan væntanlega að halda áfram.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Félagslegar íbúðir, 64. mál, fsp. JóhS, þskj. 64.

Íbúðir í félagslega kerfinu og á almennum markaði, 63. mál, fsp. JóhS, þskj. 63.

Jarðeignir ríkisins, 66. mál, fsp. EKG, þskj. 66.

Skiparatsjár, 65. mál, fsp. EKG, þskj. 65.

[13:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Eftir alla þá umræðu sem átti sér stað liðið vor um það frv. sem nú er komið aftur á dagskrá, þá hef ég ekki í hyggju að endurtaka hér og nú þær fjölmörgu röksemdir sem ég setti þá fram gegn því frv. en það virðist nú vera afturgengið næstum því í óbreyttu ástandi því miður. Ég sat í úthafsveiðinefndinni svokölluðu á síðasta þingi og segja má að í stuttu máli byggist andstaða mín við þetta frv. í grundvallaratriðum á sömu forsendum og andstaða mín við núverandi kerfi um stjórn fiskveiða innan lögsögunnar. Ég vil þó áður en lengra er haldið ítreka nokkur grundvallaratriði varðandi afstöðu okkar kvennalistakvenna til þessa máls.

Í stefnuskrá Kvennalistans segir að Íslendingar eigi að hafa forustu um að settar verði reglur um veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum og að samningum verði náð milli þeirra þjóða sem nýta sameiginlega þau svæði. Það þótti því mjög eðlilegt að taka þátt í starfi úthafsveiðinefndar sem samdi þetta frv. Nefndarstarfið var um margt fróðlegt og gagnlegur samráðsvettvangur þingflokka og hagsmunaaðila um úthafsveiðimál og samningaviðræður við erlend ríki um þau efni. Það varð þó fljótlega ljóst að ekki næðist samkomulag um frv. og að einstakir nefndarmenn hefðu fyrirvara við einstakar greinar frv. og jafnvel frv. í heild eins og segir í skilabréfi nefndarinnar.

Ég vil undirstrika að frv. sem hér liggur fyrir er ekki sameiginleg niðurstaða nefndarinnar. Fljótlega kom í ljós að enginn vilji var til þess að ræða ýmsar grundvallarforsendur sem gengið var út frá og því fór að mínu mati, eins og ég sagði á síðasta þingi, ekki fram sú grundvallarumræða sem ég hafði vænst í nefndinni. Á bls. 9 í greinargerð frv. segir um meginsjónarmiðin sem gengið var út frá. Ég vil benda á þessa setningu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frv. byggir að miklu leyti, þar sem við getur átt, á þeim *meginsjónarmiðum sem gilt hafa um stjórn fiskveiða innan* efnahagslögsögu Íslands hin síðari ár."

Það má segja að nokkrir nefndarmanna, einkum fulltrúar Alþfl. og Kvennalista, töldu alls ekki sjálfgefið að fara þær leiðir sem farið var. Ég tel sjálf t.d. að það hefði átt að taka meira tillit til 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna frá 1990 um sameignarákvæði nytjastofna innan lögsögunnar og á þeirrar grundvallarreglu að veiðar á úthöfum séu frjálsar samkvæmt frv. sem nú er til umræðu. Í staðinn er það stefna ríkisstjórnarinnar að hlaða endalaust undir þá sem fengu úthlutað aflaheimildum árið 1984 og núna virðist eiga að færa þeim úthöfin líka. Þetta er grundvallaratriði sem verður að koma skýrt fram. Það felst að mínu mati nógu mikið misrétti í því hvernig núverandi lög um stjórn fiskveiða eru útfærð þó að sömu aðilum séu ekki færð úthöfin á silfurfati líka þó að það sé reyndar ekki alveg svo eins og ég kem að hér á eftir. En flestir landsmenn vita að kvótahafar innar lögsögunnar hafa á undanförnum árum fjármagnað úthafsveiðar sínar með því að leigja öðrum fiskveiðiheimildir í lögsögunni og nú á veiðireynsla þeirra á úthöfum að færa þeim réttinn til úthafsveiða umfram aðra líka.

Vissulega er í sumum tilfellum um áhættusamar frumkvöðulsveiðar að ræða, enda er það viðurkennt í frv. að ráðherra sé heimilt að láta frumkvöðla fá sérstaklega 3% heildaraflans úr flökkustofnum, sbr. 5. gr. og annað eins úr öðrum stofnum, sbr. 6. gr. Slíkt getur vel átt við og ég geri ekki athugasemdir við það. En að færa eigi sömu aðilum og hafa aflaheimildirnar innan lögsögunnar úthöfin til einkaafnota, gengur ekki því að auðlindin innan lögsögunnar er í eigu þjóðarinnar en úthöfin á enginn mér vitanlega, enda segir í úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna að veiðar eigi að vera sem frjálsastar á úthöfunum. Það er aðalregla.

Ég ætla ekki að ræða frv. efnislega að sinni en tek undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að vonandi fær frv. ítarlega umræðu í sjútvn. þingsins. Það eru þó þrjú efnisatriði sem ég vil koma stuttlega inn á að sinni.

Í fyrsta lagi fagna ég því að úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur nú verið lagður fyrir þingið og vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvenær fyrirhugað er að mæla fyrir honum og hvort hann hafi í hyggju að fullgilding hans geti átt sér stað áður eða samfara því að þetta frv. verði samþykkt. Ég taldi í vor að næsta skrefið sem Alþingi bæri að taka varðandi úthafsveiðar væri að samþykkja úthafsveiðisáttmála og ég er þeirrar skoðunar enn.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á að samkvæmt frv. þessu um úthafsveiðar er lagt veiðileyfagjald á þá sem stunda úthafsveiðar. Það er dálítið athyglisvert með hliðsjón af þeirri andstöðu sem núverandi stjórnvöld hafa sýnt því að taka upp veiðileyfagjald innan lögsögunnar. Eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir benti á áðan, er gjaldmiðillinn þorskur en ekki peningar og þeir sem fá greiðslurnar eru ekki íslenska ríkið heldur kvótahafarnir innan lögsögunnar. Þegar maður sér svona þá veltir maður fyrir sér hver er eiginlega hæstv. sjútvrh. í þessu landi. Er það formaður LÍÚ eða einhver annar?

Í þriðja lagi er ljóst að á alþjóðavettvangi, t.d. innan NAFO og víðar, erum við Íslendingar að fá á okkur orðspor sjóræningja. Slíkt má aldrei gerast og því tel ég í raun

mikilvægt að löggjöf sé sett um úthafsveiðar. En vissulega þarf slík löggjöf að henta heildinni, landsmönnum öllum, en ekki sérhagsmunum nokkurra kvótaeigenda. Frv. samanspyrðir veiðar innan og utan lögsögunnar, væntanlega í þeim tilgangi að tryggja að óheft markaðskerfi ríki innan sjávarútvegsins í heild. Slíkt er vafalaust hagkvæmt en það getur orðið og verið óréttlátt og þetta frv. mun særa réttlætistilfinningu fólks alveg eins og núverandi kerfi um stjórn fiskveiða innan lögsögunnar gerir. Það þarf að stokka fiskveiðistjórnunarkerfið upp þannig að sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna sé virkt og tryggja frjálsar veiðar á úthöfunum án þess að sjálfbærri nýtingu fiskstofna sé ógnað. Úthafsveiðarnar hafa gefið mikið í aðra hönd, en áður en lokagróðinn er metinn er mjög mikilvægt að hugsað sé heildstætt hvert við stefnum, ekki síst í umhverfismálum. Þar á ég við útblástur á koltvíoxíði og hættuna á ofveiði og að ekki verði sjálfbær nýting á fiskistofnunum, samanber umræðuna um Flæmingjagrunn og að þar eigi sér stað ofveiðar. Þetta þarf að gerast og það verður að vernda orðspor okkar sem ábyrgrar fiskveiðiþjóðar í samfélagi þjóðanna.

[13:45]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þegar djarfhuga útgerðarmenn á sínum tíma beindu skipum sínum til veiða á alþjóðlegu hafsvæði í svokallaðri Smugu, þá voru fyrstu viðbrögð þáverandi og núverandi hæstv. sjútvrh. að láta kanna það hvort hann hefði valdheimildir til þess að láta stöðva slíkar veiðar. Niðurstaða þeirrar könnunar var að svo væri ekki. Þó er það svo að þá voru í gildi og eru í gildi lög nr. 34/1976, sem heimila sjútvrh. að beita reglugerðarvaldi til þess að koma stjórn á slíkar veiðar utan íslenskrar lögsögu sem nauðsynlegar þykja til þess að framfylgt verði ákvæðum alþjóðasamninga. Þess vegna er það að á grundvelli þessara lagaákvæða buðum við Norðmönnum þegar í stað að ganga til samninga um veiðar á þessu alþjóðlega hafsvæði og bentum á að ef gerður yrði slíkur samningur, þá fengi sjútvrh. Íslands virkar valdheimildir til þess að framfylgja stjórnun veiðanna. Reyndar er ástæða til þess að minna líka á að þessar valdheimildir eru rúmar og þær taka einnig til þess að samræma slíkar reglur um veiðar á úthafi í tengslum við alþjóðasamninga þeim reglum sem gilda um veiðar innan lögsögu. Þessar valdheimildir hafa verið notaðar og við höfum vísað til þess að okkur sé ekki að vanbúnaði að koma stjórn á slíkar veiðar, ef það er gert til þess að framfylgja samningsskuldbindingum.

Þess vegna er fyrsta spurningin í þessu máli auðvitað sú: Ber brýna nauðsyn til að afla miklu víðtækari valdheimilda fyrir sjútvrh. til þess að hafa stjórn á veiðum utan lögsögunnar? Og það er þá gjarnan rökstutt með því að þess þurfi til þess að framfylgja skuldbindingum okkar gagnvart hinum svonefnda nýja úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem ekki er genginn í gildi, en er bindandi alþjóðasamningur sem byggir á forsendum hafréttarsáttmálans sem var virkur 1982.

Eins og kom á daginn í umræðum um málið í nefnd, þá varð uppi mikill ágreiningur um frv. í sinni upprunalegu mynd og ég hygg að þrátt fyrir nokkrar breytingar sem orðið hafa á málinu í meðförum nefndar, þá sé enn uppi verulegur ágreiningur um málið. Sá ágreiningur snýst um það hvort nauðsyn beri til að setja svo ítarlega löggjöf og afla svo rækilegra valdheimilda fyrir sjútvrh. í fyrsta lagi. Í annan stað hvort tímabært sé að gera það á þessari stundu. Í þriðja lagi ræða menn um það hvort ekki sé rétt að fram fari almenn og ítarleg umræða fyrst um hinn nýja úthafsveiðisáttmála og skuldbindingar hans og Alþingi síðan í kjölfarið á því fari ofan í saumana á því hvort og í hve miklum mæli nauðsynlegt er að leita lagaheimilda fyrir sjútvrh. í framhaldi af þeim samningi. Ég held að það sé rétt að þetta frv. gengur mun lengra heldur en beinlínis nauðsyn krefur til þess að fullnægja þeim skuldbindingum sem samningurinn kveður á um.

Þess vegna er það að í þessu nefndarstarfi skilaði hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fyrir hönd þingflokks Alþfl. mjög rækilegum athugasemdum þar sem hún setti fram gagnrýni á ýmis meginatriði frv. og einnig gagnrýni á einstakar lagagreinar. Þessu er síðan enn frekar til skila haldið í nefndaráliti þegar þetta mál var til umræðu á vorþinginu. Vegna þess að þetta liggur nú allt saman fyrir skriflega, þá tel ég ekki nauðsynlegt á þessari stundu að tíunda það neitt nákvæmlega. Þetta liggur allt fyrir í gögnum málsins og ég sé ekki að málið hafi út af fyrir sig breyst á neinn þann veg að þessi efnisatriði kalli á aðra afstöðu.

Ég slæ því föstu að um það sé enginn ágreiningur á Alþingi Íslendinga að við eigum að stjórna okkar fiskveiðum innan lögsögu og utan á þann veg að við fylgjum fram grundvallarreglum um ábyrga fiskveiðistjórnun og um hagkvæmar veiðar. Ég á von á því í framhaldi af umræðum, einkum og sér í lagi í Noregi vegna ágreiningsmála sem upp hafa komið við Norðmenn að þeir munu gjarnan líta til þessara mála hér, en þeir hafa sem kunnugt er rekið þann áróður linnulaust á alþjóðlegum vettvangi í núna bráðum þrjú ár að Íslendingar stundi ábyrgðarlausar sjóræningjaveiðar, að Íslendingar hafi söðlað um gersamlega í stefnu sinni í hafréttarmálum frá því að vera í fararbroddi í baráttu fyrir réttindum strandríkja yfir í það að falla frá fyrri röksemdum og skirrast einskis í kröfugerð um réttindi úthafsveiðiríkja og að við förum þar fram með ábyrgðarlausum hætti. Sá sem hér stendur hefur gert sér nokkurt far um það að svara Norðmönnum líka á alþjólegum vettvangi og sér í lagi þeim siðferðislegu áfellisdómum sem þeir hafa kveðið upp yfir Íslendingum og jafnvel gert það í ritum sem Norðmenn hafa gefið út sjálfir og tekið þátt í umræðum á ráðstefnum sem þeir hafa boðið til. Ég þekki því vel til hversu einhliða mynd og ranga Norðmenn hafa dregið upp af íslenska fiskveiðistjórnarkerfinu, af þeirri stefnu sem við höfum fylgt innan lögsögu og tvískinnungi Norðmanna þegar kemur að annars vegar málflutningi þeirra þar sem þeir slá mjög á þá strengi að þeir sýni gott fordæmi sem ábyrg fiskveiðiþjóð, en fordæma aðrar þjóðir með farísearæðum.

Það er enginn ágreiningur um það að fylgja þessum grundvallarreglum um ábyrga fiskveiðistjórnun og um hagkvæmar veiðar. Það er einfaldlega lífsnauðsyn þeirrar þjóðar sem býr í verstöð og á afkomu sína alla undir því að þetta tvennt nái fram að ganga. Það er auðvitað grundvallarforsenda fyrir hinum hola hljómi í áróðri Norðmanna að Noregur er fyrst og fremst iðnríki og olíuríki sem hefur rekið sjávarútveg fyrst og fremst í krafti niðurgreiðslna og ríkisstyrkja og jafnvel skipasmíðaiðnað sinn á sömu forsendum, en það er einmitt slíkt framferði þróaðra iðnríkja sem er meginástæðan fyrir of stórum flota og tilhneigingum til stjórnlausrar rányrkju á úthöfunum. Ég er þess vegna hræddur um það að Norðmenn út af fyrir sig geti ekki kennt okkur mikið í þessu efni, enda er það staðreynd líka að fiskveiðistjórnun Íslendinga er strangari og viðurlagameiri en Norðmanna. Og með vísan til þeirrar umræðu sem hér var fyrr í dag um veiðileyfagjöld er sennilega hægt að færa fyrir því nokkuð haldbær efnahagsleg

rök að fiskveiðistjórnun Íslendinga hafi skilað meiri árangri í að laga veiðigetu að auðlindastærð heldur en þeim hefur tekist.

Um þetta út af fyrir sig er ekki ágreiningur. Spurningin er hins vegar sú: Er þörf á svona löggjöf? Ef það er niðurstaðan af rækilegri könnun á úthafsveiðisamningnum að svo sé, er þá þörf á því að ganga jafnlangt og hér er gert til þess að takmarka litlar valdheimildir í hendur á sjútvrh. til þess að stjórna veiðum á heimshöfunum og jafnvel innan lögsögu annarra ríkja? Sumt af þessu virðist mér vera nánast spaugilegt vegna þess að það er svo að hið háa Alþingi hefur ekki löggjafarvald utan lögsögu íslenska ríkisins og fer ekki með löggjafarvald innan lögsögu annarra ríkja, enda veit ég ekki hvaða ríki það eru sem við getum ekki treyst til þess að framfylgja eigin lögum innan eigin lögsögu. Látum það vera. Allt hefur þetta verið tíundað.

En það er eitt sem sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á og var meginuppistaðan í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríðar Jónasdóttur, áðan. Það er nefnilega dálítið merkilegt og hefur ekki farið fram hjá Kristjáni Ragnarssyni, formanni LÍÚ, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því sem stjórntæki að sjútvrh. sé heimilt að krefja um aflagjaldsígildi eða veiðileyfagjaldsígildi við stjórnun á þessum veiðum. Spurningin er hins vegar sú: Hvers vegna er það gert að því er varðar úthafsveiðar? Og í annan stað: Hvernig er það gert? Sér í lagi er ástæða til þess að spyrja: Hvernig ætla menn að réttlæta það að úthafsveiðiskip án heimilda innan lögsögu, sem eiga þá afkomu sína undir því að stunda veiðar á úthöfunum, verði að lokum að greiða fyrir aðganginn að samningsbundnum auðlindum utan lögsögunnar með því að afhenda veiðiheimildir sínar sem síðan verði endurúthlutað til þeirra innan lögsögunnar sem fengið hafa allar sínar veiðiheimildir ókeypis? Hvernig má slíkt kerfi samrýmast siðaðra manna reglum um jafnan rétt og um leikreglur þar sem allir menn sitji við sama borð? Ég læt nú vera að segja sem svo: Það er út af fyrir sig alls góðs maklegt og fagnaðarefni að hæstv. sjútvrh. og sérfræðingar hans eru smám saman að skilja nauðsyn þess að taka upp einhvers konar veiðileyfagjöld og gera það í einu formi. En þá væri æskilegt að það væri gert þannig að allir sætu við sama borð og jafnframt að veiðileyfagjaldtakan verði innt af hendi til þeirra sem annars vegar eiga auðlindina innan lögsögunnar eða til almannavaldsins sem hefur með alþjóðasamningum tryggt viðurkenndar veiðiheimildir utan lögsögu með samningum, annaðhvort tvíhliða samningum, fjölþjóða samningum eða samningum innan fjölþjóðastofnana. Allt eru þetta með öðrum orðum atriði sem þarfnast mjög rækilegrar skoðunar í nefnd. Það þarf ekki að koma neinum á óvart eins og um þetta var deilt á vorþinginu, en sér í lagi vil ég að lokum leggja áherslu á það að menn eiga að flýta sér hægt í þessu máli. Fyrst er að skoða ofan í kjölinn hinn nýja samning og bera síðan saman hann annars vegar og þessi frumvarpsdrög og gæta þess að það sé ekki á fölskum forsendum með vísan til alþjóðlegra skuldbindinga verið að færa hæstv. sjútvrh. valdheimildir sem skerða atvinnufrelsi manna að óþörfu.

[13:58]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir málefnalega umfjöllun um það mikilvæga viðfangsefni sem hér er verið að fjalla um. Það þarf auðvitað ekki að koma á óvart að um ýmis atriði í þessu sambandi séu skiptar skoðanir eins og reyndar um flest þau atriði sem lúta að sjávarútvegi og stjórnun veiða.

Það kemur fram í athugasemdum með þessu frv. og hefur komið fram af minni hálfu að við undirbúning málsins var ákveðið að bíða eftir niðurstöðum úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og ýmis efnisatriði í frv. taka mið af þeim niðurstöðum. Hitt er hins vegar rangt sem hv. 4. þm. Vestf. hélt fram, að ég hefði lýst því að það væri úthafsveiðisáttmálinn sem kallaði á þessa lagasetningu nú og að meðferð frv. yrði hraðað svo sem kostur væri. Þetta er rangt og þetta hef ég hvergi sagt, enda er það ekki í samræmi við það sem fram kemur í frv.

Frv. tekur mið af ýmsum atriðum úthafsveiðisáttmálans en mörg helstu og veigamestu atriði frv. eru algerlega sjálfstæð og koma honum ekkert við. Við tökum upp á eigin spýtur ákvarðanir um það hvernig við úthlutum veiðiheimildum þar sem við höfum aflað okkur réttinda til veiða í úthafinu. Enginn úthafsveiðisáttmáli getur mælt fyrir um það hvernig við Íslendingar stýrum okkar veiðum og skiptum niður okkar aflaheimildum og við bíðum ekki eftir neinum fyrirmælum um það frá útlöndum eða alþjóðlegum samþykktum. Um það tökum við okkar eigin ákvarðanir. Og það er einmitt þetta sem er ein helsta uppistaðan í þessu frv., að taka um það ákvarðanir hvernig við úthlutum veiðiheimildum og réttindum til veiða úr deilistofnum og farstofnum þar sem við höfum aflað okkur veiðiréttinda. Það sem knýr á um að hraða málinu er að við stöndum frammi fyrir ýmsum mjög afgerandi ákvörðunum í þessum efnum. Við höfum á þessu ári gert samning um skiptingu á norsk-íslenska síldarstofninum. Við höfum staðið að ákvörðunum innan NAFO um heildarkvóta og skiptingu á honum á milli aðildarþjóða sem eiga réttindi á Reykjaneshryggnum í úthafskarfaveiðum. Og við þurfum að taka þessar ákvarðanir. Þó að þær beri að sumu leyti merki þróunar í hafrétti og þar á meðal samþykktar úthafsveiðisáttmálans, þá eru þetta alveg sjálfstæðar ákvarðanir sem við getum ekkert hlaupist frá eða lokað augunum fyrir. Það er mjög brýnt að efnisreglur um þessa þætti séu settar með góðum fyrirvara áður en veiðar hefjast og þess vegna hefði verið mikil þörf á því að fá þessa lagasetningu á síðasta ári. Í raun var það fullseint í vor sem leið og síðustu forvöð nú á haustþingi að setja þessar lagareglur vegna þessara atriða sem eru ein meginuppistaðan í frv. Allir sem lesa það og fara yfir það og fylgjast með hljóta að gera sér grein fyrir þessum veigamiklu staðreyndum.

Hv. 4. þm. Vestf. innti eftir því hversu margar þjóðir hefðu þegar staðfest úthafsveiðisáttmálann. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum og eru reyndar mánaðargamlar, þá höfðu þrjár þjóðir staðfest úthafsveiðisáttmálann, en í mjög mörgum þjóðþingum er nú verið að fjalla um sáttmálann og þess er að vænta að mjög margar þjóðir til viðbótar muni á næstu mánuðum fylkja sér í þann hóp.

Hv. 4. þm. Vestf. gerði svo að umtalsefni þá nýju málsgrein sem er í 4. gr. frv. og lýtur að því að við getum tekið ákvarðanir um veiðistjórnun þar sem við höfum kosið að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórnun sem gerðar hafa verið í alþjóðlegum samtökum eða svæðastofnunum. Tilefni þessarar frumvarpsgreinar er vitaskuld, eins og kunnugt er, sú staða sem uppi er á Flæmska hattinum og sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að stefna að því að stjórna veiðum þar á næsta ári og draga úr þeim. Hv. þm. sagði að þarna væri verið að færa ráðherra alveg ótæpilegt vald og vissulega

er verið að færa ráðherra ákvörðunarvald í þessu efni, en það lýtur þó ýmsum takmörkunum að því er varðar úthlutun á veiðiréttindum þar sem vísað er til ákvæða 5. og 6. gr. frv. Það er svolítið sérkennilegt í öllum þessum málflutningi hv. 4. þm. Vestf. og nokkurra fleiri þingmanna að það er verið að gagnrýna grein eins og þessa og segja að hún feli í sér of mikið vald til ráðherrans, þó að hún takmarkist af skýrum ákvæðum 5. gr. um það hvernig eigi að standa að úthlutun veiðiheimildanna og ráðherrann hefur ekki heimildir umfram það sem lögin ákveða í því efni, þá er á hinn bóginn sagt: Það þarf ekki að setja þessi lög vegna þess að við höfum lögin frá 1976. En í hverju eru þau fólgin? Þau eru bara fólgin í því að ráðherra geti sett þær reglur sem þurfa þykir. Það er ekki til í íslenska lagasafninu önnur eins löggjöf um framsal á valdi og svo koma talsmenn Alþfl. og segja: Það er þessi löggjöf sem við eigum að hafa og ekkert annað og hún er fullgóð, en um einstaka greinar í þessu frv. gera þeir svo athugasemdir af því að það er verið að framselja vald til ráðherra. Það er ekki mikið samhengi í þessum málatilbúnaði og rökin að öðru leyti eftir því.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék svo að því hvort ástæða væri til þess að takmarka sókn á Flæmska hattinum og dró í efa þær niðurstöður sem liggja fyrir frá vísindanefnd NAFO í því efni. Ég tel og það er skoðun ráðuneytisins og helstu hagsmunaaðila í íslenskum útvegi að sú niðurstaða sem liggur fyrir frá vísindanefnd NAFO sé með þeim hætti að það væri óverjandi að ýta henni til hliðar. Þar kemur m.a. fram að afli á togtíma af kvenrækju hefur dregist saman um 70% á árunum frá 1993–1996 og ég held að það sé alveg fráleitt að ætla að loka augunum fyrir slíkum staðreyndum. Við verðum að taka þátt í veiðum eins og þessum með ábyrgð og þurfum þess vegna að hafa lagaheimildir til þess að stjórna veiðunum. Í þessu tilviki höfum við gert ágreining um það hvernig á að standa að veiðunum. Það hefur verið afstaða íslenskra útvegsmanna að það væri rétt að stýra þeim með kvótasetningu, það leiddi til aukinnar hagræðingar í veiðunum sjálfum og því höfum við fylgt eftir. Við höfum mótmælt sóknarstýringarákvörðunum, en ætlum okkur að takmarka veiðarnar á grundvelli kvótasetningar.

Það er sagt: Það er atvinna í húfi. Auðvitað er atvinna í húfi. Það væri líka hægt að segja um þorskveiðar hér á Íslandi. Það er atvinna í húfi, við getum fjölgað atvinnutækifærum með því að veiða miklu meiri þorsk. Og vissulega gætum við gert það en bara um skamman tíma. Svo þyrftum við að horfast í augu við hrunið og atvinnuleysið sem því fylgdi og menn geta horft til Nýfundnalands í því efni. Ég trúi ekki að það sé nokkur maður hér inni sem vill standa að veiðum almennt með þeim hætti og það gilda alveg sömu rök í þessu efni á Flæmska hattinum og varðandi aðrar veiðar, þó að þær séu fjarlægari.

Þá var að því spurt hvers vegna sú regla væri í frv. að þeir sem fengju veiðirétt úthlutaðan ættu að skila ákveðnum hluta í þorskígildum til þeirra sem stunda veiðar innan landhelginnar. Þau rök hafa verið sett fram varðandi þetta efni að úthafsveiðarnar hafi að hluta til átt sér stað með því að kvótakerfið hefur auðveldað þeim sem hafa haft tækifæri til þess að sækja í úthafið að gera það á þann hátt að arðsamt hefur verið. Það er auðvitað fjarri lagi að segja að allir þeir sem hafa veitt í úthafinu hafi leigt frá sér heimildir. Það er beinlínis rangt. En sumir hafa gert það og heimaflotinn hefur á þann veg tekið nokkurn þátt í þessum veiðum og þá hafa menn sagt: Það er ekki óeðlilegt að heimaflotinn fái einhvern hlut af þessum nýju réttindum. Og það er einkum úr röðum sjómanna og talsmanna minni útgerða og einstaklingsútgerða sem þessi sjónarmið hafa komið fram og það er ástæðan fyrir því að þessi efnisákvæði eru í frv.

Hv. 19. þm. Reykv. ræddi svo um grundvallaratriði varðandi úthlutun aflaheimilda og ég ætla ekki að fjölyrða um það efni. Um það er grundvallarágreiningur. Hv. þm. sagði að það gengi ekki að úthluta veiðirétti til þeirra sem þarna hafa stundað veiðar. Ég veit í sjálfu sér ekki til hverra á að úthluta þessum veiðirétti ef ekki til þeirra. Hvaða aðrir aðilar eru það sem eiga að fá þennan rétt eða er hv. þm. að ræða um það í alvöru að hér eigi að koma á ríkisútgerð til þess að fullnægja þeim sjónarmiðum sem hv. þm. hefur sett fram? Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér, því að sú umræða mun sjálfsagt fara fram bæði við framhaldsumræðu um þetta mál og önnur sem lúta að sjávarútvegi.

Hv. 9. þm. Reykv. fór svo enn einu sinni með þá röngu fullyrðingu að það hefðu verið fyrstu viðbrögð mín þegar útgerðarmenn ákváðu að halda til veiða í Smugunni að kanna hvort unnt væri að stöðva þær með reglugerðarsetningu. Hv. þm. hefur æðioft farið með þessa röngu fullyrðingu. Staðreyndin í þessu máli er þessi: Þegar útvegsmenn sneru sér til sjútvrn. og tilkynntu um áform sín um að hefja þarna veiðar og báðu um upplýsingar um réttarstöðu sína, þá sneri sjútvrn. sér eðli máls samkvæmt til utanrrn. með óskum um að fá ráðgjöf og upplýsingar um þjóðréttarlega stöðu íslenskra skipa á þessu veiðisvæði. Þjóðréttarfræðingur utanrrn. lagði til að sett yrði reglugerð sem heimilaði stjórnun á veiðunum og taldi að lögin sem hv. 9. þm. Reykv. hefur prísundað jafnmikið og raun ber vitni í þessari umræðu væru nægjanleg lagastoð í því efni. Það varð svo niðurstaða við nánari skoðun að menn töldu að það væri ekki nægjanleg stoð í þeim lögum fyrir slíkri reglugerðarsetningu. Þessar hugmyndir eru komnar frá þjóðréttarfræðingi utanrrn. á þessum tíma og komu til umfjöllunar í sjútvrn. Það er eins og mig minni að hv. 9. þm. Reykv. hafi á þeim tíma haft eitthvað með málefni utanrrn. að gera, a.m.k. ekki verið með öllu saklaus af því og ég geri ráð fyrir því að hann hafi haft stjórn á sínum mönnum. Þetta er nú sannleikurinn í þessu máli og þess er að vænta að hv. þm. hagi orðum sínum framvegis um þessi efni sem eru nær sannleikanum en verið hefur um langan tíma.

Ég held að ég hafi þá vikið að flestum þeim atriðum sem ástæða þykir til að gera athugasemd við á þessu stigi. Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá hv. þm. sem talað hafa að um þetta mál fóru fram ítarlegar umræður í vor sem leið og á þessu stigi er unnt að vísa til þeirrar umfjöllunar og hv. þingnefnd mun svo fá málið til umfjöllunar og það koma hér til 2. umr. síðar.

[14:14]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna vangaveltna hæstv. ráðherra um það að ég hefði áhuga á að koma hér á ríkisútgerð vil ég segja örfá orð. Ég sagðist vera á móti því að sömu aðilar og hafa aflaheimildir innan lögsögunnar og halda öðrum útgerðum í gíslingu sem leiguliðum eigi að vera þeir einu næstum því sem fá réttindin utan lögsögunnar. Mín afstaða til úthafsveiðanna, og ég vona að hún hafi komið skýrt fram áðan, er að þær eigi að vera sem frjálsastar og það sé óþarfi að spyrða saman fiskveiðarnar innan og utan lögsögunnar eða reglurnar sem um þær gilda. Ég hef engan áhuga á ríkisútgerð.

[14:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þarf þá að svara því hverjir eiga að fá rétt til þess að veiða í úthafinu. Hv. þm. segir alveg skýrt: Það eru ekki þeir sem ráða yfir skipum sem eru nægilega stór og öflug til að stunda þessar veiðar, það eru einhverjir aðrir. Og hv. þm. verður að upplýsa þingið um það hverjir það eru, þessir einhverjir aðrir, þegar ljóst er að að hennar mati eiga það ekki að vera þeir sem ráða yfir þeim skipum sem geta stundað þessar veiðar. Ég trúi því ekki að hv. þm. sé að vísa til útlendinga sem ráða yfir slíkum skipum. Og þegar verið er að tala um að ekki megi blanda saman í löggjöf veiðireglum innan og utan landhelginnar, þá er það höfuðatriði að minni hyggju að það gildi sem sambærilegastar leikreglur fyrir sjávarútveginn í heild. Þar að auki er það og verður staðreynd að sömu skipin verða að veiðum bæði innan og utan landhelginnar. Það er frumforsenda þess að ná fram hagræðingu í rekstrinum. Þar að auki erum við líka að tala um stofna sem eru bæði innan og utan landhelginnar. Hv. þm. getur ekki neitað þeirri náttúrlegu staðreynd að við erum að fjalla um stjórnun á veiðistofnum sem eru bæði innan og utan landhelginnar og að þessir fiskar kunna engin skil á þeim landamærum sem 200 mílna lögsagan segir til um. Það verður þess vegna ekkert hjá því vikist að setja löggjöf sem tekur til hvors tveggja í senn.

[14:16]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem eiga að fá að veiða utan lögsögunnar eru þeir sem óska eftir því og við vitum það ósköp vel, hæstv. sjútvrh. og ég sjálf, að til er t.d. Félag úthafsútgerða starfandi í þessu landi sem hefur átt mjög erfitt uppdráttar vegna þess að önnur útgerðarsamtök vilja einoka þessar veiðar. Ég er að segja að ég tel að aðilar í þeirri útgerð hafi sama rétt og aðrir.

Varðandi 5. gr. frv. sem fjallar um flökkustofna, þá er það alveg rétt hjá ráðherra. Ég sé ákveðin rök fyrir því að þar verði að fjalla um veiðarnar innan og utan lögsögunnar saman, en það þarf ekki annars staðar.

[14:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur alveg skýrt fram í frv. að enginn mismunur er gerður á milli útgerða eftir því í hvaða hagsmunasamtökum þær eru og það kemur hvergi fram í frv. Það sem hv. þm. hefur sagt er að þeir sem ráða yfir skipum sem geta sótt þessar veiðar, eigi ekki að hafa þennan rétt. Nú segir hv. þm.: „Þeir eiga að hafa þennan rétt sem óska eftir því." Ef maður á að taka mark á fyrri ræðunni og þeirri seinni, þá eiga þeir að hafa þennan rétt sem óska eftir því nema þeir sem ráða yfir skipum sem geta sótt veiðarnar. Þetta er nú ekki beysinn málflutningur.

[14:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherrann svaraði spurningu sem ég varpaði fram varðandi þær greinar sem lúta að greiðslu veiðileyfagjalds af hálfu úthafsútgerðanna. Ég verð að segja eins og er að svar ráðherrans hlýtur að byggja á einhverjum misskilningi. Ég skil ekki alveg hvernig þetta getur rímað saman, hvernig það geta verið rök fyrir gjaldinu á öll skipin að hluti þeirra hefur notfært sér þann möguleika laganna um stjórnun fiskveiða sem felst í framsali veiðiheimilda.

Nú er framsalið auðvitað umdeilt en ég vil gjarnan að ráðherrann útskýri það betur af hverju öll skip sem sækja á úthafið eiga að borga fyrir að sum þeirra nýta sér framsalsmöguleikann og þá í leiðinni hvaða fordæmi ráðherrann telur að þetta gefi gagnvart öllum öðrum sem nýta sér framsalsmöguleikann, því skipin eru býsna mörg eins og hér hefur verið rakið sem nýta sér þennan möguleika laganna innan lögsögunnar einnig. Þá er spurningin: Eigum við von á því að hér komi fram frv. um að öll skip sem nýta sér framsalsmöguleika skuli fyrir það gjalda með 15% af sínum veiðiheimildum til þeirra sem keyptu af þeim eða leigðu? Hvaða fen er verið að leiða fiskveiðistjórnunina út í með nákvæmlega þessu ákvæði? Ég held að hv. nefnd hljóti að verða að skoða þetta eilítið betur en gert hefur verið til þessa, enda er þetta eitt af þeim atriðum sem voru afskaplega lítið rædd í úthafsveiðinefndinni og hún skilaði ókláru eins og ýmsu fleiru.

[14:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta mál sé alveg ljóst. Þau sjónarmið hafa verið sett fram og það með nokkrum rökum að heimaflotinn hafi hjálpað til við það að stærri skipin gátu nýtt sér þá möguleika sem fyrir hendi voru í úthafinu og þegar að því kemur að úthluta veiðirétti í úthafinu, þá sé eðlilegt að taka einhvern veginn tillit til þess. Þessi leið er valin í frv. og ég held að fyrir þessu séu gild rök. Auðvitað má alltaf deila um það í hversu ríkum mæli þetta eigi að gerast og þetta er vandmeðfarið mál. En ég held að þau sjónarmið sem þarna hafa legið að baki njóti fylgis og það er ekki síst að þau hafa komið úr röðum sjómanna og minni útgerða að ég held að menn hafi viljað hlusta á þau og fallast á að taka tillit til þeirra í frv.

[14:21]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri fróðlegt að vita hvort þessi rök hafa komið úr röðum þeirra sem eru sjómenn þar sem á að skerða veiðiheimildirnar um 15%, af því að heimaflotinn hafi verið að hjálpa til. Ég hef litið svo á og hlýt að álykta það út frá þessu að alltaf sé verið að hjálpa til við einhverja hagræðingu einhvers staðar með framsalinu. Ég hélt að það væru rökin fyrir því, að það gilti ekki bara um úthafið, það gilti líka um veiðarnar innan lögsögu, að þegar menn væru að flytja veiðiheimildir á milli skipa, þá væri það vegna þess að verið væri að hjálpa til einhvers staðar við að ná frekari hagræðingu, e.t.v. að reyna eitthvað nýtt þannig að þetta svarar ekki spurningu minni.

Síðan langar mig bara til að ítreka spurningu sem kom fram og lýtur að úthafsveiðisáttmálanum, þ.e. hvenær ráðherrann hyggst mæla fyrir honum og hvort það er ásetningur ráðherrans að Alþingi fjalli og taki pólitíska afstöðu til hans áður en við förum í þessa lagasetningu.

[14:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það hvenær Alþingi hefur umræðu um úthafsveiðisáttmálann er það svo að forseti þingsins tekur ákvörðun um það hvenær fram lögð mál eru tekin á dagskrá. Ég veit ekki (Gripið fram í.) hvenær það verður gert og forseti þingsins hefur það í sinni hendi. Það kemur svo í hlut flutningsmanns af hálfu ríkisstjórnarinnar sem er hæstv. utanrrh. að mæla fyrir því máli. Hann hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar lagt málið fram og það kemur í hans hlut að mæla fyrir því.

Ég sé ekki ástæðu til þess vegna þess sem um var spurt að samþykkja úthafsveiðisáttmálann fyrst og vísa þá til þeirra

röksemda sem ég kom með áðan, að meginatriði frv. sem við erum að fjalla um, lúta að brýnum hagsmunum sem ekki snerta úthafsveiðisáttmálann og kalla á að löggjöf komi sem allra fyrst. Æskilegt væri að geta afgreitt þessi mál samhliða, en það er miklu brýnna að ljúka umfjöllun og samþykkt þessa frv.

[14:24]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði í ræðu minni áðan að á sínum tíma hefði hæstv. sjútvrh. látið kanna hvort hann hefði lagaheimildir til þess að beita reglugerðarvaldi til þess að stöðva úthafsveiðar í Smugunni á sínum tíma. Nú kemur hæstv. ráðherra hér upp og reynir ekki aðeins að að neita þessu, heldur varpar sök á aðra.

Staðreyndin í málinu er sú að það eru lög nr. 34/1976 sem kveða á um heimildir sjútvrh. til þess að setja reglugerð. Vel má vera að sjútvrh. hafi leitað til þjóðréttarfræðings utanrrn. Mér barst vitneskja um áform sjútvrh. frá honum vegna þess að hann sagði: „Ég hef nú samið drög að reglugerð að beiðni sjútvrh. um þetta mál." Það varð til þess að ég komst á snoðir um þessi áform, leitaði lögfræðilegrar álitsgerðar annars staðar frá og tókst með atbeina hæstv. forsrh. á sínum tíma að stöðva þessi áform. Þetta er sannleikurinn í málinu. Hitt er útúrsnúningur. Það hefur alltaf legið fyrir frá upphafi að það hefur ekki hvarflað að mér sem utanrrh. að beita einhverju lagasetningarvaldi sem reyndar var í höndum sjútvrh. til þess að stöðva þessar úthafsveiðar, enda hafði ég engan vilja til þess.

[14:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að það voru engin áform uppi um að stöðva þessar veiðar. Það var leitað eftir þjóðréttarlegu áliti úr utanrrn. og ég var ekki að varpa neinni sök á einn eða neinn í því efni. Það var ósköp eðlilegt að það væri gert og ofur eðlilegt að það gætu verið um það skiptar skoðanir svo brátt sem málið bar að. Íslensk stjórnvöld voru vissulega ekki vel undir það búin að takast á við það eins og hér hefur réttilega komið fram í umræðunni. En það réttlætir ekki hitt að fara endalaust með staðlausa stafi um þetta mál. Ég man ekki eftir því að hafa fengið í hendur uppkast eða drög að reglugerð sem bannaði þessar veiðar. Það kann vel að vera að hæstv. utanrrh. hafi séð slíkt en ég minnist ekki að slík reglugerðardrög hafi komið á mitt borð. Um það var rætt hvort setja ætti reglugerð sem gæfi okkur möguleika á því að stjórna veiðunum og niðurstaðan varð sú að gera það ekki. En það voru engar ákvarðanir teknar um að það bæri að stefna að því að koma í veg fyrir að þessar veiðar gætu farið fram. Ég skil ekki hvers vegna hæstv. utanrrh. getur ekki á það fallist að eðlilegra sé að hafa það sem sannara reynist í þessu efni. Þó að honum hafi orðið það á að búa til smá skáldsögu einhvern tíma í orðaleikfimi í ræðu, þá á hann að vera maður til þess að hafa frekar það sem sannara reynist.

[14:27]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Embættismenn semja ekki reglugerðir. Það gera ráðherrar. Hvaða ráðherra var það sem óskaði eftir því að kannað yrði hvort hann hefði reglugerðarvald til þess að stöðva úthafsveiðar í Smugunni? Var það þáv. utanrrh.? Nei. Hvaða ráðherra var það? Það var hæstv. sjútvrh. Hvaða embættismann bað hann um að kanna þessar valdheimildir fyrir sig? Hann segir að beiðnin hafi borist til þjóðréttarfræðings utanrrn. Það er staðfest að þjóðréttarfræðingurinn á þeim tíma skýrði mér frá því að hann hefði verið beðinn um að semja drög að slíkri reglugerð af sjútvrh. sem hafði þær heimildir. Ég endurtek: Þetta varð til þess að ég komst á snoðir um þessi áform. Ég var algerlega ósammála þessum áformum. Ég leitaði lögfræðilegrar álitsgerðar hjá öðrum lögfræðingum, ræddi málið við forsrh. og okkur kom saman um það að stöðva slík áform. Þannig var það gert. Þetta er sannleikurinn í málinu, ekki hagræðing á sannleikanum.

[14:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikurinn í málinu er sá að sjútvrn. eðlilega óskaði eftir þjóðréttarlegu áliti frá utanrrn. og það álit var gefið. Það var ekki óskað eftir því að utanrrn. semdi reglugerð fyrir sjútvrn. Það var óskað eftir því að fá þjóðréttarlegt álit og það álit var gefið munnlega. Eðlilega getur margt orkað tvímælis sem fram kemur í slíku áliti sem gefið er fyrirvaralaust. En þetta er staðreynd málsins og það er ástæðulaust fyrir hv. 9. þm. Reykv. að vera að reyna að gera tilraunir til þess að hagræða sannleikanum í því efni. Það þjónar hvorki hans málstað né íslenskum málstað í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 55. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 55.

[14:30]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Frv. byggist á frv. til breytinga á umferðarlögum sem lagt var fram á síðasta Alþingi en varð þá ekki útrætt. Er meginefni frv. samhljóða hinu fyrra frv. Þrjár greinar eru þó lítillega breyttar og inn í frv. hefur verið bætt þremur nýjum greinum.

Breytingar samkvæmt frv. varða einkum tvö atriði, þ.e. aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins um ökuskírteini og breytingar er tengjast gildistöku nýrra vegalaga. Tilskipun Evrópusambandsins frá 1991 um ökuskírteini var tekin inn í reglukerfi Evrópska efnahagssvæðisins með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar 21. mars 1994.

Tilskipunin kveður á um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina sem gefin eru út í aðildarríkjunum, án tillits til búsetu skírteinishafa. Í því sambandi er byggt á samræmdri flokkun ökuréttinda og samræmdum reglum um skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis, svo sem að því er varðar lágmarksaldur, um þekkingu, leikni og hæfni og um líkamlegt og andlegt hæfi. Ákvæði tilskipunarinnar áttu að koma til framkvæmda í aðildarríkjunum 1. júlí 1996. Í sérstökum viðauka við tilskipunina er gert ráð fyrir að tekið verði upp samræmt form á ökuskírteinum, sex blaðsíðna pappírsskírteini. EFTA-ríkin í ESS fengu undanþágu frá því að taka þetta skírteinisform upp og var miðað við að sameiginlega EES-nefndin hefði endurskoðað þá ákvörðun fyrir 1. júlí 1994. Þessu hefur síðan verið frestað til 31. desember 1997. Á vegum ESB hefur um nokkurt skeið verið unnið að mótun nýs forms fyrir ökuskírteini. Er þar gert ráð fyrir að skírteinin verði gerð úr plasti, af svipaðri gerð og greiðslukort. Hefur sú gerð

ökuskírteina verið viðurkennd innan ESB frá 1. júlí 1996. Er gert ráð fyrir að ákvörðun um þessa gerð ökuskírteina verði á næstunni tekin í reglukerfi EES.

Í dómsmrn. er þegar hafinn undirbúningur að gerð nýrra ökuskírteina sem verða í formi plastkorts.

Af ákvæðum tilskipunarinnar leiðir að breyta þarf skilgreiningu umferðarlaganna á léttu bifhjóli. Þá þarf að kveða á um gildi ökuskírteina útgefinna í öðrum EES-löndunum hér á landi eftir að viðkomandi hefur sest hér að. Nú gildir slíkt eingöngu um norræn ökuskírteini.

Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar á 50. og 63. gr. laganna til frekara samræmis við tilskipunina. Að öðru leyti samrýmist tilskipunin ákvæðum umferðarlaganna. Hins vegar þarf að breyta ákvæðum í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl. Vinnur sérstök nefnd á vegum ráðuneytisins að gerð nýrrar reglugerðar um ökuskírteini.

Með vegalögum, nr. 45 6. maí 1994, var skilgreiningu þjóðvega breytt. Jafnframt hefur verið felld niður sú flokkun á þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum sem var í V. kafla eldri vegalaga. Þá hefur orðið sú breyting að sýsluvegir eru ekki lengur sérstakur flokkur vega. Af þessu leiðir að breyta þarf ákvæðum umferðarlaga sem víkja að sýsluvegum og þjóðvegum. Þessar breytingar er að finna í 2., 11. og 12. gr. frv. Í samráði við Vegagerðina hafa verið gerðar orðalagsbreytingar á texta 11. og 12. gr. miðað við fyrra frv.

Auk þess sem hér hefur verið greint er lagt til að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar á umferðarlögunum. Eru þær þessar:

Lagt er til að 3. og 4. mgr. 38. gr. verði breytt þannig að leyfður hámarksökuhraði bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki verði 80 km á klst. Er það 10 km meiri hraði á klst. en nú gildir. Er lagt til að um þessi ökutæki gildi sama regla og um vörubifreiðir. Þó verði leyfður hámarksökuhraði ekki meiri en 60 km á klst. ef eftirvagninn er án hemla og 300 kg eða meira að heildarþyngd, svo og þegar bifreið dregur óskráð tengitæki.

Lagt er til að a-lið 1. mgr. 52. gr. verði breytt þannig að tekið verði fram að ráðherra geti sett reglur um ökunám auk ökukennslu.

Reglur um ökunám eru ekki síður mikilvægar en reglur um ökukennslu. Er lagt til að skýrt verði kveðið á um þetta atriði. Undir reglur um ökunám koma m.a. ákvæði um námskrá fyrir einstaka flokka ökutækja. Undir það mundu og geta fallið nánari reglur um tilhögun æfingaaksturs með leiðbeinanda.

Lagt er til að 3. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að réttindi til að stjórna bifreið feli sjálfkrafa í sér rétt til að stjórna léttu bifhjóli.

Fram til þessa hafa allir þurft að gangast undir sérstakt próf til að öðlast réttindi til að aka léttu bifhjóli án tillits til þess hvort þeir hafa þegar réttindi til að aka bifreið. Er eðlilegt að sá sem öðlast hefur réttindi til að aka bifreið geti þar með ekið léttu bifhjóli enda er um að ræða ökutæki með takmarkaðan hámarkshraða.

Lagt er til að 4. mgr. 55. gr. verði breytt þannig að enginn megi stjórna torfærutæki nema hafa gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið.

Í þessu felst að lágmarksaldur til að stjórna torfærutæki verður 17 ár í stað 15. Er þessi breyting í samræmi við tillögur í greinargerð með þáltill. um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi á síðasta vetri.

Í greinargerð með þeirri tillögu kom m.a. fram það markmið að breyta skuli reglum er gilda um akstur torfærutækja. *Fram til þessa hefur sú regla gilt að hafi einstaklingur á annað borð réttindi til að stjórna vélknúnu ökutæki án tillits til þess um hvers konar ökutæki er að ræða hefur hann rétt til að stjórna torfærutæki.* Slík regla þykir of rúm en hún leiðir m.a. til þess að 15 ára ungmenni, sem réttindi hefur til að stjórna léttu bifhjóli, má stjórna torfærutæki án tillits til vélarafls þess.

Lagt er til að við 56. gr. verði bætt ákvæði er heimili ráðherra að setja reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla. Ýmislegt ökunám fer fram í ökuskólum nú. Þar er einkum um að ræða bóklegt nám vegna almennra ökuréttinda. Allt *ökunám til aukinna ökuréttinda fer einnig fram í ökuskólum.* Er eðlilegt að settar verði reglur um stofnun og starfsemi ökuskóla og er lagt til að ráðherra hafi heimild til slíks.

Lagt er til að æfingaakstur, sbr. 4. mgr. 57. gr., megi hefjast tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið í stað sex mánaða.

Frá 1. júní 1993 lengdist sá tími sem nemandi má stunda æfingarakstur áður en hann hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið úr þremur mánuðum í sex. Jafnframt var ráðherra veitt heimild til að setja reglur um æfingaakstur án ökukennara enda hafi nemandinn áður hlotið lágmarksþjálfun. Reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda tóku gildi *í maí* 1994. Æskilegt er að lengja þann tíma sem nemandi hefur til að stunda æfingarakstur hvort heldur er hjá ökukennara eða með leiðbeinanda áður en til próftöku kemur. Með auknum æfingaakstri öðlast nemandinn meiri reynslu í akstri sem honum nýtist þegar hann síðar hefur öðlast rétt til að aka sjálfstætt. Er því lagt til að æfingaakstur geti hafist sex mánuðum fyrr en nú er. Getur æfingaakstur til almenns bifreiðastjóraprófs þá hafist þegar nemandi verður 16 ára.

Lagt er til að 2. mgr. 113. gr. verði breytt þannig að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að ákveða í reglugerð nánari skipun Umferðarráðs.

Þetta er lagt til í ljósi þess að breytingar hafa orðið á stofnunum og samtökum sem tilnefna mega fulltrúa í Umferðarráð. Breyting þessi gerir viðbrögð við slíku viðurhlutaminni en ella væri.

Lagt er til að 4. mgr. 114. gr. verði breytt að því er varðar sérstaka rannsóknarnefnd umferðarslysa og að ráðherra verði fengið rýmra vald um fjölda nefndarmanna og um skipun og skipulag nefndarinnar að öðru leyti.

Er í þessu sambandi vakin athygli á því að nefndin kemur ekki í stað rannsóknar sem lögregla framkvæmir samkvæmt réttarfarslögum. Rétt er að taka fram að ég hef nýlega skipað slíka þriggja manna nefnd sem m.a. er ætlað að semja drög að reglum fyrir slíka starfsemi.

Á síðasta þingi var samþykkt hér á hinu háa Alþingi þingsályktun um stefnumótun er varðar aukið umferðaröryggi og framkvæmdaáætlun þar sem segir að á næstu sex árum skuli stefnt að 20% fækkun alvarlegra umferðarslysa. Því takmarki skal ná með sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga, tryggingafélaga og áhugahópa um umferðamál í samvinnu við ökumenn og samtök þeirra. Þá er kveðið svo á að dómsmrh. skuli í byrjun hvers árs kynna Alþingi stöðu umferðaröryggismála og hvernig áætluninni miðar í átt að settu marki en starfs- og framkvæmdaáætlun skal endurskoðuð árlega.

Í ágústmánuði skipaði ég sérstakan vinnuhóp til að vinna að framvindu umferðaröryggisáætlunarinnar. Í vinnuhópn-

um eiga sæti: Þórhallur Ólafsson, aðstoðarmaður dómsmrh., sem er formaður nefndarinnar, Georg Lárusson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, og Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri tæknisviðs Vegagerðarinnar. Jafnframt var skrifstofu Umferðarráðs falið í umsjá vinnuhópsins að vinna að framvindu umferðaröryggisáætlunarinnar, kalla eftir hugmyndum frá hagsmunaaðilum um tillögur til aðgerða og gefa ráðherra skýrslu um framvindu mála.

Í samræmi við þingsályktunina mun ég flytja Alþingi skýrslu um stöðu umferðaröryggismála í byrjun næsta árs. Rétt er að taka fram að ýmsar þeirra tillagna sem felast í frv. því sem hér liggur fyrir eru, þótt það hafi ekki verið tekið sérstaklega fram, í samræmi við tillögur í greinargerð þeirri sem fylgdi þingsályktunartillögunni.

Meðal breytinga sem lagðar eru til í frv. eru breytingar sem nauðsynlegt er að nái fram að ganga svo unnt verði með fullnægjandi hætti að uppfylla skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum á þessu sviði. Í því sambandi er rétt að taka fram að málið varðar ekki einvörðungu bætta stöðu íbúa annarra EES-ríkja hér á landi heldur er málið einnig mikilvægt fyrir Íslendinga sem búa eða ferðast innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir aðalatriðum þessa frv. og legg til að því verði vísað að lokinni umræðunni til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

[14:41]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Eins og áður hafði verið tilkynnt fer fram utandagskrárumræða í dag um vinnslu síldar til manneldis og er málshefjandi Jón Kristjánsson en hæstv. sjútvrh. verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða.

Áður hafði verið tilkynnt að umræðan færi fram kl. hálffjögur en það hefur orðið að samkomulagi að umræðan fari fyrr fram, henni verði flýtt. Er því ákveðið að hún hefjist kl. fimm mín. fyrir þrjú.

[Fundarhlé. — 14:41]

[14:56]

Útbýting þingskjals:

Fíkniefnaneysla barna, 68.mál, fsp. RG, þskj. 68.

Umræður utan dagskrár.

Vinnsla síldar til manneldis.

[14:56]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að ræða þau viðhorf sem uppi eru um síldveiðar til manneldis nú í upphafi vertíðar. Horfur á síldarmörkuðum eru góðar nú. Verð fer hækkandi á frystri síld og markaður fyrir saltsíld og síldarflök hefur náð sér á strik. Heildarkvóti hefur verið ákveðinn og síldveiðivertíð á þessu hausti er nú þegar hafin. Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru hefur áhugi vaxið og er vaxandi fyrir að efla vinnslu á loðnu og síld og hafa fjárfestingar í aukinni afkastagetu á þessu sviði verið mjög miklar á liðnum mánuðum. Áhugi fyrir þessari vinnslu hefur verið enn meiri vegna þess að afkoma hefur verið afar slæm í botnfiskvinnslunni.

Það hefur verið svo á undanförnum árum að mjög stórum hluta af síld á síldarvertíðinni hefur verið landað til bræðslu, en vinnslan hefur fengið minna í sinn hlut. Aðilar á þeim svæðum þar sem síldveiðin og síldarvinnslan er mest hafa haft áhyggjur af þessari þróun og m.a. ályktaði Samband austfirskra sveitarfélaga um málið á fundi þann 29. og 30. ágúst sl. og beindi þeim tilmælum til sjútvrn. að stofnað væri til samstarfs sem hefði það að markmiði að ná fram stjórnun veiða og vinnslu síldar og loðnu þannig að verðmæti unninna afurða verði sem mest. Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi hefur sent áskoranir til ráðuneytisins í sömu veru, að aðeins verði leyfð veiði á síld til manneldisvinnslu þar til búið verði að fullnýta þá möguleika sem eru á sölu á söltuðum og frystum síldarafurðum.

Ráðuneytið svaraði Sambandi sveitarfélaga með bréfi þann 11. september sl. og segir að ekki séu fyrir hendi forsendur til að verða við áskorun aðalfundar Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi í upphafi vertíðar að leyfa aðeins veiði á síld til manneldisvinnslu þangað til búið sé að fullnýta þá möguleika sem eru á sölu á mörkuðum á söltuðum og frystum síldarafurðum. Fyrir þessu færir ráðuneytið rök og er m.a. sagt í þeirri röksemdafærslu að margir þeirra sem stunda þessar veiðar telji einfaldlega að það borgi sig ekki að landa síld til manneldis þegar litið er til þess að meiri tími fer í veiðar til manneldis vegna þeirra krafna sem gerðar eru til meðferðar manneldissíldar, bæði um borð í skipi og við löndun.

Ráðuneytið segir enn fremur að þeir taki ekki afstöðu til þessarar skoðunar, en segir þó að ljóst sé að verðlagningin hljóti að hafa mikil áhrif á það hvort síld er landað til manneldisvinnslu eða ekki.

Í lok svars ráðuneytisins segir hins vegar að ef Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi eða Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi hafi tillögur um hvernig leysa megi þau vandamál, sem lauslega eru reifuð hér að ofan, þætti ráðuneytinu fengur að þeim. Ég sé ekki betur en þarna gefi ráðuneytið að vissu leyti þetta mál frá sér, að nota reglugerðarákvæði, sem er samkvæmt lögum nr. 128/1994, en þar er heimilt að takmarka ráðstöfun síldar til bræðslu. Ég sé ekki betur en með bréfinu sé þessum áformum slegið á frest eða ráðuneytið gefi frá sér að taka afstöðu, en auglýsi eftir umræðu um málið. Nú er síldarvertíð komin af stað og það hlýtur að brenna á mönnum hver verður þróunin í þessum efnum og því spyr ég ráðherra: Er hann á sömu skoðun og þetta bréf ber með sér? Eru uppi áform í ráðuneytinu um að endurskoða þessa afstöðu? Ég hef tillögu í þessu máli, en hún er sú að manneldisveiðar séu reglan en veiðar til bræðslu sé undantekning.

[15:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég get sennilega tekið undir með hv. þm. að það er fyllsta ástæða til þess að menn kappkosti að setja sem allra mest af síld til manneldisvinnslu. Í raun er það átakanlegt hversu mikið af síld hefur farið í mjölvinnslu á undanförnum árum. En ástæðan er eins og kunnugt er fyrst og fremst sú að það hefur verið mjög óverulegur verðmunur á milli síldar sem farið hefur til manneldisvinnslu og hins vegar til bræðslu.

Ráðuneytið hefur á undanförnum árum lagt á það ríka áherslu að freista þess að hvetja menn til að setja sem mest af síld til manneldisvinnslu. Ráðuneytið hefur beitt sér fyrir fundum með hagsmunaaðilum, seljendum og verkendum, og það hefur verið reynt að koma á samstarfi til þess að miðla upplýsingum í þeim tilgangi að auka hlutdeild manneldisvinnslunnar og sem betur fer hefur miðað í þá áttina. Hlutfallið sem farið hefur til manneldisvinnslu hefur aukist smátt og smátt þó það sé hvergi nærri eins og við vildum hafa það.

Alþingi samþykkti í nóvember 1994 löggjöf sem heimilar sjútvrh. að ákveða að síld skuli ráðstafað til manneldis með ákveðnum skilyrðum. Þar þarf að hafa átt sér stað samráð milli samtaka fiskvinnslustöðva og landssambands útvegsmanna og samtaka sjómanna og það þurfa að vera fyrir hendi fullnægjandi upplýsingar um gerð samninga um sölu á frystum eða söltuðum síldarafurðum áður en slík ákvörðun er tekin. Í byrjun þessa mánaðar, eða 3. október, hélt ráðuneytið fund með þeim hagsmunaaðilum sem hér um ræðir til þess að fara yfir stöðuna og meta hvort ástæða væri til að grípa til sérstakra aðgerða. Þar kom fram að hráefnisþörf til manneldisvinnslu miðað við síld upp úr sjó er sú að þörf er á 30 þús. lestum til söltunar og rúmum 80 þús. lestum til frystingar þannig að miðað við söluhorfur er þörf á nánast allri síldinni til manneldisvinnslu.

Aðilar hafa jafnan haft nokkuð skiptar skoðanir um það hvort beita ætti þeim lagaheimildum sem eru fyrir hendi. Sjómenn og útvegsmenn hafa alfarið viljað láta markaðinn ráða, en verkendur og vinnsluaðilar hafa fremur stutt það að við tilteknar aðstæður yrði lagaheimildunum beitt, en þó hafa þeir allir verið sammála um að æskilegast og eðlilegast væri að láta markaðinn ráða þessari þróun. Á þessum fundi sem haldinn var 3. október var það niðurstaðan að hvorki útvegsmenn, sjómenn né fulltrúar vinnslunnar vildu á því stigi grípa til aðgerða þannig að lagaheimildunum yrði beitt. Ég hygg, án þess að ég hafi um það nákvæmar upplýsingar, að fram til þessa hafi nánast öll síldin sem komið hefur á land til þessa farið til manneldisvinnslu. En auðvitað fer alltaf eitthvað til mjölvinnslu vegna þess að síldin stenst ekki þær gæðakröfur sem gera þarf til manneldisvinnslunnar.

Reglur af því tagi að ákveða með stjórnvaldsákvörðunum til hvers konar vinnslu síld eða einstakar fiskitegundir fara eru auðvitað mjög vandmeðfarnar. Evrópusambandið hefur slíkar reglur og beitir þeim. Eigi að síður fer mjög mikill hluti af þeirra síld í mjölvinnslu. Sjómenn og útvegsmenn geta hagrætt því og séð svo um að síldin standist ekki þær kröfur sem gerðar eru til manneldisvinnslu ef þeir vilja setja hana í bræðslu. Það er því vandasamt að beita þessum reglum, en ráðuneytið mun áfram hafa mjög náið samstarf við hagsmunaaðila og meta aðstæður, hvort nauðsynlegt er að grípa til þeirra heimilda sem við höfum í þessu efni. Ég hygg að við getum öll verið sammála um að það er mjög mikilvægt þjóðhagslegt markmið að fá meiri síld til manneldisvinnslu og nýjar markaðsaðstæður og hrun á síld í Norðursjónum gerir það að verkum að við eigum að geta stigið mjög stórt skref fram á við í þessum efnum á þeirri vertíð sem nú er að hefjast.

[15:08]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu sem löngu er orðin tímabær í sölum Alþingis. Nú er svo komið, eins og ráðherra nefndi áðan, að við getum selt til manneldis alla þá síld sem veiða má á þessu hausti. Það er hins vegar spurningin hvort menn vilja reyna að hafa stjórn á því í hvaða vinnsluferli hráefnið fer, hvort það fer til manneldisvinnslu eða bræðsluvinnslu.

Vissulega þarf að taka tillit til margra sjónarmiða en þegar litið er til þess hversu miklu meiri verðmætaaukning verður við vinnslu síldar til manneldis heldur en bræðslu er töluvert á sig leggjandi til þess að hnika því í rétta átt. Talið hefur verið að verðmæti aukist þrisvar til fimm sinnum við manneldisvinnslu miðað við bræðsluvinnslu og mannaflsþörf er margföld og skiptir þessi vinnsla því gífurlega miklu máli í þeim sjávarplássum þar sem lögð hefur verið áhersla á þessa vinnslu. Þær vinnslur sem ekki hafa yfir síldarkvóta að ráða eru algerlega varnarlausar í þeirri baráttu sem nú á sér stað um hráefnið þar sem kvótaverðið hefur nú náð alveg stjarnfræðilegum upphæðum.

Annað atriði er að nú sækja umhverfisverndarsamtök mjög stíft að veiðum á uppsjávarfiski. Íslendingar hafa getað varist því með því að vinnsla síldar í bræðslu og manneldisvinnslu væri í góðri sátt. En hvað verður það lengi ef niðurstaðan verður sú á þessari vertíð að ekki næst hráefni upp í samninga til manneldisvinnslu? Það er töluvert á sig leggjandi, eins og ég sagði, að ná einhverjum árangri í þessu og síldarnefndin svokallaða sem sjútvrh. skipaði hefur komið með ágætistillögu sem m.a. lagasetningin frá 1994 var byggð á.

[15:10]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Eitt af því sem hefur hamlað því að útgerðir geti komið með afla af þessu tagi til vinnslu er það að aflinn nær ekki þeim gæðakröfum að geta verið vinnsluhæfur. Eitt af því sem veldur því að útgerðir og sjómenn geta ekki komið með aflann í þannig ástandi að hann sé vinnsluhæfur eru aðstæður um borð í skipunum. Þau hafa ekki þá geymslumöguleika að geta komið með síldina að landi þannig að hún sé vinnsluhæf nema í bræðslu.

Ein af þeim ástæðum sem valda þessu eru úreldingarreglur skipa sem eru í gildi í dag, en það er talið nauðsynlegt að kaupa um 120% í úreldingu til að geta gert skip fullhæf til þess að fullnægja ýtrustu vinnslukröfum sem aðeins næst með kælitönkum um borð í skipunum þannig að þau geti komið með síldina nokkurra daga gamla að landi til vinnslu. Einnig hefur verið mjög erfitt að fullnægja kröfum um aðbúnað áhafnarinnar um borð í þeim skipum sem hafa stundað veiðar á úthafinu. Allt þetta hefur því reynst útgerðum dýrt og þær hafa ekki treyst sér til að kaupa alla þá úreldingu sem er nauðsynleg. Þetta er einn af þeim ágöllum sem eru á kerfinu í dag svo að hægt sé að komast á það stig að uppfylla þær sjálfsögðu kröfur að opinberir aðilar geti krafist þess að öll svona vara verði unnin eins og kostur er og þjóðarbúið nái sem mestri hagkvæmni út úr veiðunum.

Ég tek undir það sem komið hefur fram um það að við erum einnig að berjast við umhverfissamtök sem hafa lagst gegn bræðsluveiðum eins og við erum að stunda hér og það er að sjálfsögðu mjög brýnt að við reynum að aðlaga þær reglur að nútímahugsunarhætti við þessar veiðar.

[15:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að veiðum og vinnslu eða nýtingu fiskstofna ber að haga

þannig að þjóðfélagið í heild hafi sem mestan ávinning af starfseminni. Vandamálið sem uppi er í þessu efni er svipað og í botnfiskveiðunum, að reglurnar sem við höfum sett okkur eru um of útgerðaraðilanum í vil og um of vinnsluaðilanum í óhag. Það gerir það að verkum að um of ráðast ákvarðanirnar út frá hagsmunum útgerðaraðilans eins. Hann hefur það á sinni hendi að taka ákvörðunina og í of takmörkuðum mæli er ákvörðun bundin hagsmunum annarra aðila og þá einkum aðila sem starfa í landi. Það getur verið ávinningur fyrir útgerðaraðila að setja fisk í ódýrari vinnsluaðferð. Það getur gefið honum meira í sína hönd þó að þjóðfélagið í heild fái minna og færri hafi atvinnu af veiðum og vinnslu en ella yrði.

Þetta held ég að sé eitt höfuðvandamálið og á því þurfum við að taka með því að breyta löggjöfinni um þetta. Ég fæ ekki séð aðrar leiðir en þá til að tryggja að hagsmunir landvinnslunnar komist að í nægilega ríkum mæli í þessu efni, en að taka upp landkvóta eða vinnslukvóta. Enda mæla öll rök með því að þeir sem leggja í fjárfestingar í landi hafi einhverja tryggingu til þess að hafa tekjumöguleika til að standa undir þeim fjárfestingum líkt og útgerðarmenn hafa kvóta skipa sinna sem tryggingu fyrir því að geta aflað tekna til að standa undir fjárfestingum í skipastól sínum.

[15:15]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og spyrja í framhaldi af þeim sjónarmiðum sem hér hafa komið fram. Mér finnst að í grundvallaratriðum hafi komið hér tvö sjónarmið fram og mér er ekki alveg ljóst hvort er rétt. Í fyrsta lagi kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að það væri óvenjulega lítill munur á því sem fæst fyrir síld sem fer til bræðslu eða til söltunar og þess vegna ... (**Sjútvrh.:** Það var.) Jæja, það var og þess vegna væri ekki meira um söltun síldar en var, t.d. á síðustu vertíð. Nú hins vegar heyrðist mér á máli málshefjanda og einnig á máli hv. þm. Arnbjargar Sveinsdóttur, að mjög mikill verðmunur væri á saltsíld og bræðslusíld og að það væri mun hagkvæmara fyrir þjóðarbúið og fyrir þær byggðir sem byggja afkomu sína á þessu að taka meiri síld til söltunar. Mér finnst skipta máli að vita þetta sérstaklega upp á það hvort hin ósýnilega hönd markaðarins er hér að verki eða ekki. Þess vegna vil ég gjarnan spyrja málshefjanda hvort sjónarmiðið er rétt um leið og ég læt í ljós þá skoðun og ósk að sem mest af síld fari til manneldis bæði af atvinnuástæðum og hagkvæmnisástæðum fyrir þjóðarbúið. Ég velti því fyrir mér er þetta enn eitt dæmið um það að hagsmunir útgerðarinnar stangast á við hagsmuni heildarinnar og landvinnslunar.

[15:17]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir þessa umræðu. Það er full ástæða til þess að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Þegar menn minnast þess hve alvarlega horfði í þjóðfélaginu er hrun síldarstofnsins varð 1968, þá held ég að menn hafi nagað sig í handarbökin og hugsað að nú væri rétt að taka á málum ef Íslendingar yrðu aftur þeirrar gæfu aðnjótandi að þeir mundu veiða síld í einhverjum mæli. Það hefur gerst en við minnumst ekki fortíðarinnar. Við minnumst ekki þess alvarlega ástands sem blasti við í þjóðfélaginu og erum kannski komin á of mikla ferð í að veiða síldina án þess að við hugsum til fortíðar og án þess að við hugsum til þess að reyna að ná skynsamlegri niðurstöðu milli vinnslu og fiskveiða svo fleiri tonn fari nú í nýtingu til manneldis.

Ég tel að full ástæða sé fyrir ráðuneytið að huga að því hvort ekki sé möguleiki á að það beiti sér fyrir sameiginlegri umræðu þessara aðila en hafi þó stjórnvölinn í sínum höndum og leiði þá á þá braut að skynsamlegri nýting verði á þessari auðlind okkar.

[15:19]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Ég tel að það sé grundvallaratriði að við gerum allt sem mögulegt er til að ná sem mestum verðmætum út úr þeim síldarafla sem við eigum kost á að veiða. Við höfum barist fyrir því að fá auknar veiðiheimildir úr síldarstofnum utan okkar lögsögu og við höfum barist í því í mörg ár að byggja upp þá síldarstofna sem við getum veitt innan lögsögunnar. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að við gerum allt sem hægt er til að ná sem mestum verðmætum út úr þessum veiðum. Það kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að markaðir eru fyrir hendi fyrir síld til manneldis og það hefur komið fram að heimildir eru fyrir hendi til þess að stýra nýtingu síldarinnar að einhverju leyti. Ég vil hvetja til þess að það verði skoðað mjög alvarlega hvort ekki sé rétt að beita þeim heimildum að einhverju leyti til þess að heildin, þjóðarbúið, fái sem mest út úr þeim afla sem á land kemur. Það hefur komið fram og við vitum það auðvitað að vinnsla á síld til manneldis kallar á mun meiri mannafla og allt ber að sama brunni, þetta styrkir atvinnulífið. Ég vil því hvetja til þess að hæstv. sjútvrh. skoði það mjög alvarlega hvernig hægt er að stýra því að síldin fari meira til manneldis en kannski verið hefur.

[15:21]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra og þeim hv. þm. sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég vil undirstrika það og það hefur komið fram í þessari umræðu og ég tel hana renna stoðum undir það, að þörf er á skýrri stefnumörkun um vinnslu síldarinnar, þörf á því að marka skýra stefnu um að það sé meginregla að síldin fari til manneldis, hitt sé undantekning. Ég geri mér grein fyrir að það mundi kalla á breytingar í flotanum og þróun hans og þróun vinnslunnar. En það er þörf á því að marka skýra stefnu í þessum efnum ekki síst þegar horfurnar eru eins og ráðherrann hæstv. taldi réttilega, að til sé markaður nú fyrir 110 þús. lestir til vinnslu. Það er rétt að það komi fram að auðvitað eru aðstæður þannig að málið er ekkert mjög einfalt. Það eru góðar horfur í loðnu sem betur fer og mikið af þessum bátaflota er í loðnuveiðum með síldveiðunum. Síldveiðarnar eru nokkurs konar aukageta með loðnuveiðinni þannig að útgerðarmenn sem hafa komist yfir dýra kvóta vilja gjarnan veiða þá á sem skemmstum tíma og með sem minnstum tilkostnaði sem passar ekki við vinnsluna í landi. Þessi fiskvinnslustefna, vinnsla á síld, mundi kannski slá þegar fram í sækir á hið svimandi háa verð, bæði leiguverð og söluverð sem er á síldarkvótum nú, en heyrst hefur að söluverðið sé um 100 millj. á síldarkvóta og leiguverðið 11 – 14 millj.

[15:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka af minni hálfu að áfram verður haldið því samráði sem ráðuneytið hefur haft við útvegsmenn annars vegar og sjómenn og hins vegar við verkendur. Á fundi sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar

taldi hvorugur aðilinn ástæðu til þess að beita lögunum en samráðinu verður haldið áfram og það metið á hverjum tíma hvort ástæða er til þess að beita þeim heimildum sem þar eru fyrir hendi. Markmið okkar er skýrt í þessu efni. Við hljótum að stefna að því að vinna æ meira af síldinni til manneldis og sannarlega hefur miðað í þá átt á undanförnum árum, úr 37% hlutfalli upp í 44%, en betur má ef duga skal. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að aðgerðir eins og þær sem við höfum heimildir til að gera samkvæmt lögunum leysa ekki allan vanda. Það er alveg augljóst að vinnslustöðvar sem ekki ráða yfir aflaheimildum eða hafa gert samninga um kaup á hráefni eru ekkert betur settar þó þessum lagaheimildum séu beitt, þær eru í alveg sömu stöðu. Sannleikurinn er sá að hærra hlutfall hefur ekki farið í manneldisvinnslu en 44% eins og á síðasta ári, þrátt fyrir að um 70% af aflaheimildunum séu í höndum aðila sem hafa vinnslu með höndum. Málin eru því engan veginn einföld í þessu efni. Kjarni málsins nú er að það hafa orðið mjög gleðileg umskipti. Markaðir fyrir síld til manneldis voru takmarkaðir og erfiðir og verðið lágt. Með hruni Norðursjávarsíldarinnar hafa aðstæður gjörbreyst og nýir markaðir eru að opnast í kjölfar þess. Það er greitt hærra verð fyrir síldina en áður var og verðmismunur núna er orðinn umtalsverður þannig að það á að vera mun hægara um vik að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 15:26.

7. FUNDUR

mánudaginn 14. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Umferðarlög, stjfrv., 55. mál, þskj. 55. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
4. Fæðingarorlof feðra, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Fyrri umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
6. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
7. Þingsköp Alþingis, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
8. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
10. Varðveisla ósnortinna víðerna, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.
11. Þjóðsöngur Íslendinga, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 71. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 71.

Læknavakt í Hafnarfirði, 78. mál, fsp. GÁS, þskj. 78.

Löggildingarstofa, 74. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 74.

Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu, 77. mál, fsp. GÁS, þskj. 77.

Stjórn fiskveiða, 67. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 67.

Stjórnarskipunarlög, 70. mál, frv. RA o.fl., þskj. 70.

Stuðningur við konur í Afganistan, 69. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 69.

Umferðarlög, 55. mál, brtt. VE o.fl., þskj. 79.

Öryggi raforkuvirkja, 73. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 73.

Tilkynning um dagskrá.

[15:05]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að að atkvæðagreiðslum loknum sem um er getið í dagskrá fundarins hefst utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 14. þm. Reykv. Kristín Ástgeirsdóttir og verður hæstv. heilbrrh. til svara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, með öðrum orðum um er að ræða hálftíma umræðu. Efni umræðunnar er fjármál Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 55. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 55.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Fjármál Sjúkrahúss Reykjavíkur.

[15:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í þriðja sinn á þessu ári standa stjórnendur, starfsfólk, sjúklingar og aðstandendur Sjúkrahúss Reykjavíkur frammi fyrir niðurskurði. Aðgerðum, sem samið var um fyrir örfáum vikum milli ríkis og borgar og eiga að leiða til sparnaðar, verður að fresta sumum hverjum. Breytingar verða gerðar á deildum og þjónustu til að ná um 80 millj. kr. sparnaði en verst er, herra forseti, að ekki verður betur séð en að þessar sparnaðarhremmingar haldi áfram á næsta ári þrátt fyrir samninginn sem gerður var í ágúst. Þegar vinna við fjárlög þessa árs stóð yfir nú í haust var ljóst að Sjúkrahús Reykjavíkur yrði í miklum vanda vegna halla ársins 1995 og vegna þess að frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 gerði ráð fyrir miklum niðurskurði. Frá upphafi þessa árs hefur stjórn sjúkrahússins verið að glíma við halla og fjárvöntun upp á 400 millj. kr. sem allt var fyrirséð í upphafi ársins. Stjórnin lagði fram sínar fyrstu sparnaðartillögur sem eins og flestar slíkar mættu harðri andstöðu og voru sumar hverjar kveðnar í kútinn svo sem lokun Kleifarvegsheimilisins sem betur fer. Það tókst þó að ná fram 150 millj. kr. sparnaði en þá voru 250 millj. kr. eftir auk hallans frá fyrra ári. Þá gerðist það um mitt sumar að stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur sendi frá sér mjög harðar niðurskurðartillögur sem fólu í sér lokanir deilda og uppsagnir fjölda starfsmanna. Tillögurnar voru gagnrýndar harðlega sérstaklega væntanleg örlög Grensásdeildarinnar og mótmæli voru kröftug. Vikum saman ríkti mikil óvissa um hvað úr yrði þar til samningur tókst milli ríkis og borgar um 230 millj. kr. framlag gegn ákveðnum breytingum og aukinni samvinnu við Ríkisspítalana. Þessi upphæð dugar þó hvergi nærri því inni í henni eru fjárhæðir, t.d. til lífeyrisgreiðslna og verðbætur á laun, sem stjórn spítalans taldi sig mundu fá bættar með öðrum hætti. Þegar sjö mánaða yfirlit var lagt fram snemma í september kom í ljós að veikindi og þörf fyrir þjónustu höfðu verið meiri en ráð var fyrir gert þannig að kostnaður fór um 80 millj. kr. fram úr áætlunum eða er skýringanna ef til vill að leita í því að stjórnendur eru svo

uppteknir við að glíma við nýjar og nýjar sparnaðaraðgerðir að daglegt eftirlit og aðhald er í molum. Fróðlegt væri að fá svar við því hvaða áhrif stanslaus krísustjórnun allt þetta ár og erfitt vinnuumhverfi þar sem enginn veit hvað næsti dagur ber í skauti hefur haft á þjónustu og afkomu sjúkrahússins.

Þær aðgerðir sem nú hafa verið boðaðar eiga að spara þessar 80 millj. kr. en eftir sem áður er útlit fyrir að halli áranna 1995 og 1996 verði um 185 millj. kr. Sá vandi er enn óleystur. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 lækka fjárveitingar til Sjúkrahúss Reykjavíkur úr 4.168.500.000 í 4.141.600.000 en stóru sjúkrahúsunum er ætlað að spara um 370 millj. kr. á næsta ári vegna samningsins við Ríkisspítalana og aðgerða innan dyra. Samkvæmt mínum heimildum úr stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur þýða þessar tölur að miðað við þá þjónustu, stofnkostnað og breytingar sem þurfa að eiga sér stað vantar allt að 400 millj. kr. á næsta ári rétt eins og á þessu. Þessar tölur eru ekki nákvæmar og hafa ekki verið skoðaðar rækilega en ef að líkum lætur eru þarfir Sjúkrahúss Reykjavíkur enn einu sinni stórlega vanmetnar. Ef þetta reynist rétt þýðir það að sparnaðarmartröðin heldur áfram. Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sem vel að merkja er fyrst og fremst bráðasjúkrahús sem getur ekki synjað fólki um þjónustu, hefur í raun verið gert að framkvæma hið óframkvæmanlega — að skerða þjónustu sem verður að veita.

Þessu ástandi verður að linna, hæstv. heilbrrh. Það er ekki hægt að bjóða sjúklingum, aðstandendum, starfsfólki og stjórnendum upp á enn eitt árið með niðurskurði og hörmungum. Ég vil þar leggja sérstaka áherslu á hag sjúklinga ekki síst aldraðra, geðsjúkra og aðstandenda þeirra sem hafa mátt þola ótta og öryggisleysi hvað eftir annað vegna boðaðra aðgerða. Ábyrgð stjórnvalda er mikil, þar á meðal þeirra sem stýra fjármagninu á hina háa Alþingi. Við verðum að forgangsraða á raunhæfan hátt og átta okkur á því að sjúkrahús eru ekki eins og hver önnur fyrirtæki sem hægt er að stýra eftir ísköldum lögmálum. Þau eru ekki eins og fiskvinnslufyrirtæki sem geta stýrt veiðum og vinnslu svo lengi sem kvótinn endist.

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en viðurkennt að mér brá mjög við fréttirnar í síðustu viku af enn frekari niðurskurði á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ég hef þó enn meiri áhyggjur af því sem fram undan er því allsendis á eftir að koma í ljós hvort sá sparnaður, sem margnefnt samkomulag milli ríkis og borgar gerir ráð fyrir, gengur eftir. Og hver raunveruleg fjárþörf sjúkrahússins verður á næsta ári. Mestu máli skiptir þó að koma á ró á spítalanum þannig að fólk geti unnið sitt verk og sjúklingar njóti öryggis og fái góða þjónustu. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurninga:

Í fyrsta lagi. Hyggst ráðherra grípa til frekari aðgerða vegna nýrra sparnaðaráforma á Sjúkrahúsi Reykjavíkur?

Í öðru lagi. Er fyrirsjáanleg fjárvöntun að mati ráðherrans hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur á næsta ári og hversu mikil verður hún samkvæmt áætlunum?

Í þriðja lagi. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja að þeirri niðurskurðarmartröð sem Sjúkrahús Reykjavíkur hefur gengið í gegnum á undanförnum árum fari að linna?

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Herra forseti. Fjárhagsörðugleikar Sjúkrahúss Reykjavíkur hafa verið til umræðu allt þetta ár. Með samkomulagi heilbrrh., fjmrh. og borgarstjóra Reykjavíkur sem undirritað var hinn 28. ágúst sl. fékk sjúkrahúsið aukafjárveitingu að fjárhæð 230 millj. kr. til að rétta fjárhagsstöðu spítalans auk þess sem hann fékk framkvæmdafé að fjárhæð 147 millj. kr. Með þessu samkomulagi var gert ráð fyrir óbreyttri þjónustu við sjúklinga út þetta ár en með töluverðum skipulagsbreytingum sem flestar koma til framkvæmda um og eftir næstu áramót og endanlega á samræmingin, sem unnið er að, að vera komin til framkvæmda á fyrstu þremur mánuðum næsta árs. Vegna umfangs fjárhagsvanda sjúkrahússins er nauðsynlegt að það komi fram að við gerð samkomulagsins lá fyrir að rekstrarvandi spítalans um áramót yrði viðráðanlegur. Þremur vikum eftir að samkomulag var gert kom í ljós að þær áætlanir sem lagðar voru til grundvallar af hálfu sjúkrahússins mundu ekki standast og rekstur sjúkrahússins stefndi u.þ.b. 150 millj. kr. fram úr þeirri áætlun sem lá fyrir í lok ágúst. Þær tillögur sem stjórnendur sjúkrahússins hafa gripið til miða að almennum aðhaldsaðgerðum þar sem einstökum sviðum spítalans er falið að spara sem samsvarar ákveðinni krónutölu og það eru samtals um 40 millj. kr. Þá á að draga úr viðhaldi um 40 millj. kr. en sumarið hefur verið notað til verulegra viðhaldsframkvæmda.

Það sem veldur heilbrrn. miklum áhyggjum er að samkomulag sem er niðurnjörfað um þjónustu og byggir alfarið á upplýsingum frá sjúkrahúsinu sjálfu skuli ekki vera í samræmi við raunveruleikann þegar upp er staðið. Rétt er að taka fram að ekki er við bókhaldsdeild sjúkrahússins að sakast í þeim efnum. Hins vegar virðist sem stjórnendum innan sjúkrahússins hafi ekki tekist að nýta upplýsingar úr bókhaldinu sem stýritæki til að halda rekstrinum innan áætlunar.

Eins og ég sagði áðan er vandinn sem Sjúkrahús Reykjavíkur stendur nú frammi fyrir sá að því hefur ekki tekist að halda rekstri einstakra eininga innan ramma áætlunar. Í þessu sambandi er hollt fyrir okkur stjórnmálamenn að horfa mjög til þess með hvaða hætti við bregðumst við þegar slíkt gerist. Sumar deildir og svið innan Sjúkrahúss Reykjavíkur halda sínar áætlanir og standa sig með ágætum, öðrum hefur gengið verr.

Ég hlýt að velta fyrir mér hver tilgangurinn er með utandagskrárumræðu sem þessari. Ekki vil ég trúa því að stjórnarandstaðan geri það að tillögu sinni að vandamál sem þetta séu leyst með síendurteknum aukafjárveitingum, enda yrðu slíkar umræður aðeins túlkaðar sem skilaboð til þeirra sem vel hafa staðið sig að slíkt sé lítils metið og borgi sig ekki.

Forsendur samkomulagsins milli heilbrrh., fjmrh. og borgarstjóra varðandi rekstur stóru sjúkrahúsanna var að koma í veg fyrir niðurskurð á þjónustu, ekki síst við endurhæfingarsjúklinga, geðsjúka og aldraða. En slíkar hugmyndir höfðu verið til umræðu. Allt bendir til þess að samkomulagið muni ná fram að ganga og tryggja aukna og bætta þjónustu við sjúklinga. Í þessu sambandi er rétt að minnast sérstaklega á að stofna á kjarnahóp í bæklunarlækningum sem ætlað er að stuðla að auknu samstarfi sjúkrahúsanna. Tilgangurinn er að auka og bæta þjónustu á sviði bæklunarlækninga en þar hafa vandamál vegna biðlista verið hvað mest. Sams konar fyrirkomulag er fyrirhugað á sviði lýtalækninga.

Það er afar mikilvægt að okkur takist að uppfylla ákvæði samkomulagsins frá 28. ágúst sl. og því mikil ábyrgð sett á stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala. Þegar ég tala um stjórnendur í þessu máli á ég ekki einungis við stjórn, forstjóra og framkvæmdastjóra, heldur einnig stjórn-

endur einstakra sviða og deilda, sem allir verða að leggjast á eitt og hjálpast að við að ná þessu marki.

Þetta samkomulag markar að mínu mati ákveðin tímamót í starfsemi sjúkrahúsanna þar sem miðað er við að þjónustan sé samræmd þannig að verkaskipting verði skýrari og að samvinna spítalanna aukist ekki síst með nánu samstarfi og samvinnu fagfólks.

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi bar í ræðu sinni fram þrjár spurningar sem ég tel mig hafa svarað hér á undan en mun nú í stuttu máli draga svörin saman.

Svarið við fyrstu spurningunni er: Nei.

Svarið við annarri spurningunni er þetta: Samkvæmt áætlun Sjúkrahúss Reykjavíkur og eftir að stofnunin hefur fengið 230 millj. kr. aukafjárveitingu var áætlað að sjúkrahúsið hefði um 100 millj. kr. útistandandi um næstu áramót, sem er innan eðlilegra marka í 5 milljarða kr. rekstri. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Þá á eftir að leiða til lykta umræðu um hækkandi launakostnað á árinu 1996 en að öðru leyti átti rekstur sjúkrahússins að vera innan eðlilegra marka. Með þeim árangri sem samkomulagið á að skila í aukinni samræmingu og verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna á rekstur sjúkrahússins á næsta ári að vera í jafnvægi.

Svarið við þriðju spurningu er eftirfarandi: Samkomulagið frá 28. ágúst var gert til þess að tryggja skynsamlegan rekstur og starfsgrundvöll Sjúkrahúss Reykjavíkur og og Ríkisspítalanna á næsta ári.

(**Forseti** (GÁS): Þarna var hæstv. ráðherra á rauðu ljósi.)

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Sú staða sem Sjúkrahús Reykjavíkur hefur verið sett í af hálfu heilbrigðisyfirvalda og ríkisstjórnarinnar er gjörsamlega ólíðandi. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga voru Sjúkrahúsi Reykjavíkur ætlaðar 400 millj. kr. minna rekstrarfé miðað við árið áður eftir áralangan ítarlegan niðurskurð og samdrátt sem þá þegar var farinn að bitna alvarlega á þjónustu sjúkrahússins, starfsfólki og sjúklingum. Stjórn spítalans var síðan stillt upp við vegg og krafin um tillögur svo sparnaðurinn næðist, tillögur sem vissulega reyndust alvarlegar og sársaukafullar yrðu þær framkvæmdar. Viðbrögð heilbrrh. við þeim voru eins og endranær: Hún firrti sig ábyrgð þó svo að hún ásamt ríkisstjórninni hafi komið sjúkrahúsinu í þessa stöðu með stöðugu fjársvelti.

Ég ætla ekki að nota tíma minn til að rekja niðurskurðarsöguna á þessu ári en eftir 230 millj. kr. viðbótarrekstrarframlagið og samkomulagið við borgarstjórann í Reykjavík kom í ljós rúmum mánuði síðar að þjónustan sem veitt hefur verið á árinu á sjúkrahúsinu er meiri og kostnaðarfrekari en sem nemur þessu framlagi. Það hefði ráðherrann átt að vita. Hann hefur persónulegan fulltrúa í stjórn sjúkrahússins sem fyrirskipaði stjórnendum sjúkrahússins á fundi 20. sept. sl. að grípa til aðgerða þar sem reksturinn væri kominn fram úr áætlun. Aðgerða sem fela í sér lengingu biðlista og skerðingu á þjónustu. Mér finnst ótrúlegt að ráðherrann hafi ekki fengið upplýsingar um þá stöðu mála. Sé svo er eitthvað mikið að í samskiptum ráðherrans og fulltrúa hans.

Var það svo að hann upplýsti ráðherrann ekki um málið? Ef svo var ekki þá er það ósvífni af ráðherranum að láta eins og hún hafi ekki hugmynd um málið og varpa ábyrgðinni á aðra eins og gerist nú og gerðist í umræðum hér mánudaginn var. Ráðherranum væri nær að grípa til aðgerða svo sjúkrahúsið geti veitt þá þjónustu sem því er ætlað að veita. Eigi það að standa undir nafni sem bráðasjúkrahús verða fjárveitingar að vera í samræmi við það. Á fjársvelti Sjúkrahúss Reykjavíkur að verða viðvarandi? Fjárlagafrv. virðist benda til þess. Ég get ekki séð annað en að hátt í 200 millj. kr. muni vanta upp á þar. Ég vil gjarnan fá skýringar hjá hæstv. ráðherra um hvað hér er á ferðinni.

[15:22]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda þessa umræðu sem ég tel mikilvæga og nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því hvað er að gerast hjá stærstu sjúkrastofnunum landsins.

Á þessu ári, eða nánar tiltekið í ágústmánuði, var gert mjög mikilvægt samkomulag á milli aðila, þ.e. heilbrrh., fjmrh., Reykjavíkurborgar og stóru sjúkrahúsanna, Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Með því samkomulagi var að því stefnt annars vegar að tryggja til skamms tíma fjárveitingar til lausnar á vanda þessa árs og hins vegar til lengri tíma að tryggja fjárveitingar þannig að hægt væri að stunda þá starfsemi og þann rekstur sem þessar mikilvægu stofnanir eiga að sinna. Ég tel að á þessari stundu og þrátt fyrir þann vanda sem Sjúkrahús Reykjavíkur stendur frammi fyrir sé of snemmt að kveða upp nokkra dóma um árangur af þessu samkomulagi þó að talið sé að það þurfi um 100 millj. kr. sem stjórn sjúkrahússins og framkvæmdastjórn hafa fjallað um. Ég tel að stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur hafi sýnt mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart sínu mikilvæga viðfangsefni og við hv. þm. verðum að líta til þess.

Hins vegar er einnig á það að líta að sameining Landakots og Borgarspítala gerðist fyrir tiltölulega skömmum tíma. Við verðum að sýna biðlund og sýna stjórnendum þessara stofnana, t.d. stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur, þá virðingu að þær fái lengri tíma til að ná vopnum sínum áður en við förum að kveða upp stóra dóma um þeirra störf. Ég tel að störf þeirra og staða séu þess eðlis að við eigum að gefa þeim lengra tóm.

[15:24]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það er kannski ekki tímabært að kveða upp endanlega dóma í þessu máli. En það hefur verið kveðinn upp dómur yfir fólki. Það hefur verið kveðinn upp dómur yfir fólkinu í Arnarholti. Það hefur verið kveðinn upp dómur yfir þeim sem þurfa að skipta við augnlækningadeildina á Landakoti. Þessi dómsniðurstaða birtist í öryggisleysi og löngum biðlistum, lengri en nokkru sinni fyrr á augnlækningadeildinni á Landakoti og er þá langt til jafnað. Það alvarlega, hæstv. forseti, við þessa umræðu er það að hún er ekki ný, hún er gömul. Það er aftur og aftur verið að kveðja sér hljóðs hér utan dagskrár um þessi mál. Það hefur gerst hvað eftir annað á undanförnum missirum. Það blasir við eftir viðbrögð hæstv. ráðherra hér áðan að þessi umræða mun halda áfram af því að ekki er skilningur á veruleikanum eins og hann er í heilbrrn. Heilbrrn. vísar vandanum á bug og neitar að horfast í augu við hann eins og hann er. Hann er sá að það vantar mörg hundruð milljónir kr. til að reka sjúkrahúsin í Reykjavík á næsta ári miðað við fjárlagaforsendurnar eins og þær liggja fyrir núna. Það er ætlun ráðherrans að halda áfram þessari óvissu, sem bitnar á sjúklingum og rekstraraðilum sjúkrahúsanna, fram eftir öllu næsta ári og kannski tekst þegar kemur fram í ágústmánuð að fá fjmrn. til að samþykkja aukafjárveitingar upp á 500

millj. kr. aftur. (**Gripið fram í:** Hvað ætlar Reykjavíkurborg að gera?) Það er veruleikinn sem liggur fyrir. Og þetta frammíkall er dæmigert fyrir stöðuna. Hráskinnaleikinn sem heilbrrn. og ríkisstjórnin er að koma upp í þessu máli. Stilla aðilum upp við vegg í staðinn fyrir að horfast í augu við þá staðreynd að samkvæmt lögum er það heilbrrh. sem ber ábyrgð á allri forgangsröðun verkefna í heilbrigðismálum, þar á meðal hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík.

[15:26]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Staðreyndir málsins eru þær að í lok ágúst var gert samkomulag um varanlega lausn á þessu ári til Sjúkrahúss Reykjavíkur, 230 millj. kr. í aukafjárveitingu. Svo er verið að tala hér um það að hæstv. ráðherra hafi firrt sig ábyrgð. Hvílík della. Það er alls ekki þannig.

Ég tel hins vegar að það muni alltaf verða erfiðleikar á stóru sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu nema gerð verði alger uppstokkun á þeim. Þá er ég að tala um að sameina Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríksspítalana. Það var gerð könnun á þessu máli fyrir nokkrum árum sem birtist í skýrslu Ernst og Young og við fórum verstu leiðina. Við sameinuðum Borgarspítalann og Landakot sem þetta ráðgjafarfyrirtæki mælti alls ekki með. (Gripið fram í.) Það gerðum við. Hins vegar var ekki farin sú leið sem ráðgjafarfyrirtækið mælti með, þ.e. að sameina stóru sjúkrahúsin. Þeir sem gagnrýndu þessa skýrslu sögðu að viðkomandi aðilar hefðu ekki fengið nógu margar tölur til að vinna úr. Það er mitt mat að þetta ráðgjafarfyrirtæki hafi bara þurft eina tölu. Og hvaða tala var það? Jú, það var talan 265 þús. íbúar. Það er talan sem þetta ráðgjafarfyrirtæki þurfti á að halda. Það er ekki rétt að hafa tvö hátæknisjúkrahús í svo fámenu landi.

Það er líka annað sem vekur mikla umhugsun. Það er að Sjúkrahús Reykjavíkur er kallað borgarstofnun. En hver er staðreyndin? Ríkið á sennilega um 85% af sjúkrahúsinu og borgar allan rekstrarkostnað, 100%. Það borgar ríkið. Eðli stofnunarinnar er að þetta er ríkisstofnun, samt á borgin þrjá fulltrúa, stjórnarformann og tvo fulltrúa til viðbótar í stjórn Sjúkrahúss Reykjavíkur en heilbrrn. á einn fulltrúa. Þetta finnst mér afar umhugsunarvert.

[15:28]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þegar fjárveitingar voru ákveðnar til Sjúkrahúss Reykjavíkur fyrir yfirstandandi ár voru þær gerðar með hliðsjón af því að kanna ætti till hlítar samvinnu og hagræðingu í sjúkrahúsrekstrinum á höfuðborgarsvæðinu. Það lá ætíð fyrir. Það var gerð skýrsla um þetta mál í mars. Þar komu fram fjölmargar tillögur um það sem til hagræðingar gæti horft. Stjórn spítalans kynnti síðan í sumar tillögur um niðurskurð og hagræðingu í rekstri spítalans en það var athyglisvert hvernig stjórnin lagði þær fyrir. Hún sagði: Þessar tillögur eru að sjálfsögðu fyrir neðan allar hellur og munu bitna á sjúku, geðsjúku fólki og þeim sem minna mega sín. Þannig að það virtist nú ekki vera mikil alvara að baki því að knýja þessar tillögur fram enda var horfið frá þeim. Síðan var gert samkomulag milli aðila, milli ríkis og borgar, milli heilbrrn., fjmrn. og Reykjavíkurborgar, um að setja þessi mál í ákveðinn farveg og vinna að þeim næstu mánuðina ásamt aukafjárveitingu til að sjá fyrir rekstrinum til áramóta.

Það er alveg ljóst að það er lykilatriði þessa máls, að það verður að liggja fyrir áður en fjárveitingar eru ákveðnar, af því að þessi mál eru til umræðu í þinginu, hverja framvindu þessi samningur hefur og hvaða niðurstaða verður af þeirri vinnu. Það er alveg rétt sem hv. 8. þm. Reykv. sagði. Þetta er ekki nýtt mál, þetta er gamalt mál. Síðan ég kom inn á þing fyrir 10 árum hefur þetta mál meira og minna verið til umræðu hvaða ríkisstjórn sem hefur setið hér að störfum þannig að það er fullkomlega út í hött að vera að ásaka núv. heilbrrh. fyrir að hafa skotið sér undan ábyrgð í þessu máli. Þetta er erfitt mál sem þarf að komast að niðurstöðu í.

[15:31]

Unnur Stefánsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að koma inn í þessa umræðu um stöðu Sjúkrahúss Reykjavíkur. Eins og allir vita rekum við annan stóran spítala á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Ríkisspítala, eins og hér hefur komið fram. Þó hefur hann ekki verið mikið í umræðunni vegna fjárhagsstöðu hans. Ég vil benda á mjög góðan árangur sem stjórnendur spítalans hafa náð með miklu aðhaldi í rekstri og útsjónarsemi hvers konar, m.a. með lækkun á útgjöldum milli áranna 1995 og 1996 um 100 millj. kr. Starfsfólki hefur fækkað þar um 100 á þessu og síðasta ári og á árunum 1990–1995 hefur orðið mikil breyting til hagræðingar á Ríkisspítölum. Þar vil ég nefna að legudögum hefur fækkað um 5%. Meðallegutími hefur styst um 16,9%, stöðugildum hefur fækkað um 4,9% eða 100 starfsmenn. Meðalkostnaður á hvern sjúkling hefur lækkað um 5%. Meðalsjúklingafjöldi á hvert stöðugildi hefur aukist um 20,1%. En á sama tíma hefur komum á spítalann fjölgað og hlutfall bráðainnlagna aukist. Fjöldi sjúklinga á þessu tímabili hefur aukist um 14,2%, bráðainnlögnum sem hlutfalli af öllum innlögnum hefur fjölgað um 54,1% frá árunum 1990 í 70,3% árið 1995. Með öðrum orðum hefur starfsemi á Ríkisspítölum aukist, fleiri sjúklingum er sinnt en fyrir minni tilkostnað á hvern sjúkling en áður var.

Ég vil benda á ýmislegt sem hefur verið gert í sambandi við nýjungar eins og ný glasafrjóvgunardeild hefur verið opnuð. Hjartaskurðaðgerðir á börnum hafa verið fluttar heim núna í haust og ný gigtarrannsóknarstofa hefur verið opnuð sem heilbrrh. gerði sl. föstudag. Þrátt fyrir samdrátt í fjárveitingum til Ríkisspítala á undanförnum árum hefur með hagræðingu náðst ótrúlegur árangur á þessum spítala.

[15:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það mál sem við erum hér með til umræðu er erfitt vandamál. Mér finnst ekki hægt fyrir menn að koma hér og ræða það eiginlega út og suður eins og mér finnst bæði á köflum hæstv. heilbrrh. gera en þó ekki síður hv. þm. Siv Friðleifsdóttir. Það þýðir ekkert að koma hingað og ræða um vandamál spítalans í dag með því að vísa til þess að ekki var farið að ráðleggingum skýrslu Ernst og Young á sínum tíma.

Ég vil upplýsa hv. þm. um það að á grundvelli þeirrar skýrslu var t.d. lagt til að ekki yrði farið út í glasafrjóvganir á Íslandi. Það var lagt til að ekki yrði farið út í hjarta- og æðaaðgerðir eins og hins vegar hefur verið gert þannig að ef farið hefði verið eftir þeim tillögum sem Ernst og Young og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vildu væntanlega gera, þá væri staðan allt önnur hér en hún er núna.

Herra forseti. Ég vil að flestu leyti taka undir það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði áðan. Við eigum að gefa stjórnendum þessa spítala andrými. Við skulum ekki gleyma því að þeir byrjuðu á því að þurfa að ráðast gegn 400 millj.

kr. halla. Þeir urðu að skera hann niður um 150–170 millj. Auðvitað kostar það þrek. Og þeir hafa líka þurft að beita atgervi sínu og orku til þess að finna úrræði á margs konar vandamálum sem tengjast sameiningu tveggja spítala og þess vegna segi ég það að allt þetta ár hafa þessir stjórnendur þurft að vera að berjast við vandamál sem eru óeðlileg. Þetta hefur skapað vondan vinnumóral, þetta hefur skapað kvíða, þetta hefur skapað ótta og við eigum að taka tillit til þessa. Þess vegna segi ég að mér finnst vera meiri mannsbragur að því sem talsmenn Sjálfstfl. hafa sagt í þessari umræðu heldur en t.d. hæstv. heilbrrh. sem kemur hingað og reynir að sá tortryggni í garð stjórnendanna. Hæstv. heilbrrh. segir að það valdi ráðuneytinu miklum áhyggjum að ekki sé hægt að treysta tölum Sjúkrahúss Reykjavíkur, tekur síðan fram að hún eigi ekki við bókhaldsdeildina. Ja, þakka skyldi að ráðherrann komi ekki hér og haldi því fram að óreiða sé á þessum málum eins og mátti skilja á umræðum hennar um daginn. Orð eru dýr, ágætu framsóknarmenn, og menn verða að vita með hverju á að greiða þau.

[15:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki rétta leiðin í þessari umræðu að bera saman aðgerðir á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þetta eru mjög misstórar einingar og þar af leiðandi mjög misauðvelt að taka á þeim vanda sem við er að glíma. Ég gæti farið með langar talnarunur ef ég hefði þær hjá mér um niðurskurðinn og hagræðinguna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Hún er ekkert smáræði. Þar hefur rúmum fækkað um tugi og starfsfólki fækkað o.s.frv. o.s.frv. Bæði stóru sjúkrahúsin hafa verið að glíma við þennan mikla vanda um árabil og nú er mál að linni. Þessu verður að fara að ljúka vegna þess að allur þessi niðurskurður hefur haft mjög afdrifaríkar og alvarlegar afleiðingar á vinnuanda á sjúkrahúsunum. Og eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, þá fara störf stjórnenda á Sjúkrahúsi Reykjavíkur mestmegnis í það að glíma við þennan endalausa vanda og ég varpaði fram þeirri spurningu hvort hin daglega stjórnun kunni að vera í einhverjum molum vegna þess. Það er auðvitað mál sem þarf að athuga þegar allur tíminn fer í það að liggja yfir einhverjum kreppu- og niðurskurðartillögum.

Hæstv. heilbrrh. einblínir mjög á samninginn og bindur miklar vonir við hann. Eins og ég rakti telja stjórnendur spítalans að þar inn í vanti ákveðnar upphæðir sem þeir töldu að þeir fengju bættar á annan hátt, m.a. vegna launahækkana og lífeyrisgreiðslna sem snúa að Reykjavíkurborg o.s.frv. Það er því alveg ljóst að vandi sjúkrahússins hefur ekki verið leystur með þessum samningi, en við skulum vona að það takist að ná árangri í þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru, en mergurinn málsins er þessi: Þessu ástandi verður að fara að linna. Ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að við eigum að gefa stjórnendum Sjúkrahúss Reykjavíkur tíma og færi til þess að vinna úr þessum tillögum og þurfa ekki alltaf að vera að glíma við nýjan og nýjan vanda.

[15:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram, þakka sérstaklega hv. málshefjanda sem er málefnaleg eins og venjulega. Orð eru dýr, sagði einn hv. þm. áðan og það er rétt. Ég ætla aðeins að minna á ummæli sem sá ágæti hv. þm. Össur Skarphéðinsson viðhafði einmitt þegar samningurinn var gerður við Sjúkrahús Reykjavíkur 28. ágúst sl., þá fannst hv. þm. þetta góður samningur eins og mér sem hér stend. En þá fannst honum rétt að segja að þessi samningur væri eingöngu að þakka borgarstjóra og fjmrh. Það hentaði þá. En nú aftur á móti hentar að segja að þessi samningur sé alfarið mér að kenna.

Ég vil aðeins fara betur yfir þennan samning sem ég tel vera mjög mikilvægan. Hann er alfarið byggður á áætlunum og tölum frá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Og öll samhæfingin sem gert er ráð fyrir að fari fram á sjúkrahúsum á Reykjavíkursvæðinu á næstu mánuðum er öll byggð á samvinnu við Sjúkrahús Reykjavíkur. Þess vegna voru það mikil vonbrigði fyrir mig, sem skrifaði undir þennan samning, þrem vikum síðar að heyra það að e.t.v. gæti þetta samkomulag ekki staðist fullkomlega. Ég fékk ekki formlegar upplýsingar um það að staðan væri jafnslæm og hún er fyrr en fyrir fáum dögum síðan. En það bætir ekki skaðann og af því að hér hefur verið talað um það sérstaklega að það þyrfti að gefa stjórnendum Sjúkrahúss Reykjavíkur ráðrúm til að anda, þá get ég tekið undir það. Ég tel að þeir hafi tekið ábyrgt á sínum málum þegar þeir gerðu sér grein fyrir því að þeir gætu ekki staðið við sínar áætlanir, þá gerðu þeir ráðstafanir. Það var þeirra skylda. Og ég hef engan heyrt segja það úr þessum ræðustól núna að mönnum þyki rétt að það komi enn og aftur til aukafjárveiting til sjúkrahúsanna í Reykjavík, það hef ég ekki heyrt frá neinum.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 6. mál (almannatryggingar, heilbrigðisþjónusta). — Þskj. 6.

[15:41]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu. Þetta frv. kallar á tvær lagabreytingar, annars vegar á lögum um almannatryggingar og hins vegar á breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu hljóðar nú svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva og skal hún vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár samkvæmt lögum um almannatryggingar.“

Þessi grein eða ígildi hennar hefur verið í lögunum um heilbrigðisþjónustu frá upphafi en nú er lagt til að hún verði felld niður og að heilsugæsla verði ókeypis framvegis. Í almannatryggingalögunum er ákvæði um gjaldtöku á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.“

Í frv. er lagt til að í stað fyrri málsliðar 66. gr. laganna um almannatryggingar komi tveir málsliðir, svohljóðandi:

„Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð. Í reglugerðinni er þó ekki heimilt að leggja gjöld á þá einstaklinga sem leita þjónustu heilsugæslunnar.“

Lagt er til að 2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum, orðist svo, með leyfi forseta:

„Ekki eru tekin gjöld fyrir þjónustu heilsugæslunnar við einstaklinga. Um þjónustu sem aðrir greiða fer eftir sérstakri gjaldskrá sem ráðherra setur."

Frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafa álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt og af þeim sökum hefur kjararýrnun orðið mest hjá því fólki sem á við sjúkdóma að stríða. Þessar álögur hafa birst í ýmsum myndum. Dregið hefur verið úr stuðningi við einstaklinga í gegnum almannatryggingar, t.d. með aukinni greiðsluþátttöku í tannlæknakostnaði fyrir börn og ellilífeyrisþega og gildir það sama almennt um kostnaðarhlutdeild sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Staða þeirra sem þurfti á heilbrigðisþjónustu að halda hefur þannig stórversnað. Þau gjöld sem hér um ræðir, þ.e. komugjöld á heilsugæslustöðvar, eru aðeins hluti af stærri mynd og þau á eftir að skoða í ljósi óheillaþróunar síðustu ára.

Það er hægt að líta á þetta mál út frá ýmsum sjónarhornum. Í fyrsta lagi er hér um að ræða kjaramál. Það er kjaramál fyrir alla, en sérstaklega kemur öll gjaldtaka í heilbrigðisþjónustunni sér illa fyrir tekjulágt fólk. Og hvers vegna? Vegna þess að tekjulágt fólk hefur samkvæmt orðanna hljóðan minni tekjur til ráðstöfunar. En einnig er á hitt að líta að samkvæmt öllum rannsóknum sem gerðar hafa verið, ekki einungis hér á landi heldur víða um lönd, er tíðni sjúkdóma meiri hjá fólki sem stundar erfiðisvinnu og er iðulega tekjulágt fólk, en gerist með öðrum þjóðfélagshópum. Þetta kemur m.a. fram í bæklingi sem gefinn var út á vegum landlæknisembættisins í janúar 1995 undir heitinu Blikur á lofti velferðar. Þar kemur fram að sjúkdómstíðnin er hæst hér á landi á meðal þeirra sem starfa við iðnaðarstörf og sinna ófaglærðum störfum. Þetta er svona fyrsta atriðið sem mig langar til að vekja athygli á. Þetta eru kjaramál sem bitna verst á tekjulágu fólki.

Ástæðan fyrir því að við teljum mikilvægt að byrja á þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar þegar við reynum að snúa til baka þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum er sú að heilsugæslan er grunnþjónusta sem skiptir miklu máli að verja. Samkvæmt könnunum sem vitnað er til í þessum sama bæklingi frá landlæknisembættinu, Blikum á lofti velferðar, er því haldið fram að takist að stýra fólki til heimilislækna og inn í hina almennu heilsugæslu, geti það orðið til að lækka tilkostnað utan sjúkrahúsa um verulegar upphæðir. Í þessum bæklingi er nefnd prósenta, 18%, samkvæmt könnun sem gerð var á vegum OECD. Það gafst vel á árunum fram að 1992 þegar heilsugæsla var hér ókeypis. Það ýtti undir að fólk notaði sér heilsugæsluna og eins og bent var á getur þetta leitt til þess að sérfræðikostnaður minnki.

Enn er á það að líta að talsverður kostnaður er af skrifræðinu. Mönnum reiknast til að þetta afli um 200 millj. í ríkissjóð. Ég hef ekki tölur um það. Ég held að enginn hafi reyndar tölur um það hver tilkostnaðurinn af þessu kerfi er. Við minnumst þess að þegar stimpilvélunum var komið upp, þá fóru allir starfsmenn heilsugæslunnar á mikil námskeið til að átta sig á reglum skrifræðisins. En það er vel þekkt staðreynd innan heilsuhagfræðinnar og hefur margoft komið fram í skýrslum sem hafa verið unnar á vegum alþjóðastofnana, t.d. OECD, að ef tilkostnaðurinn við heilbrigðisþjónustuna er of mikill, þá fælir það fólk frá því að leita til hennar. Þetta getur leitt til ójafnaðar í þjóðfélaginu sem mjög eindregið er varað við, t.d. af OECD. Þess vegna reyna menn jafnan að halda þessum tilkostnaði niðri, þ.e. aðgangseyri að almennu heilsugæslunni. Og þá er spurningin: Hvenær borgar í rauninni innheimtan sig eða hættir að borga sig? Það er því hægt að skoða þessi mál út frá ýmsum sjónarhornum.

Það sem núna kemur upp í hugann á þessum drottins degi er að okkur er að berast upplýsingar um að fátækt á Íslandi fari vaxandi. Í laugardagsblaði Morgunblaðsins er greint frá rannsóknum sem tveir kennarar við Háskóla Íslands hafa sett fram, Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson. Þar kemur fram að aukning fátæktar, eins og komist er að orði, hefur orðið veruleg á síðustu árum. Það kemur fram í grein þeirra að frá 1989 hefur aukningin numið um 50% og það er athyglisvert þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við það sem er að gerast annars staðar á Norðurlöndum því þar hefur dregið úr fátækt. Í þeim löndum sem hafa orðið verst úti í efnahagskreppu síðustu ára og þá sérstaklega Finnlandi, fór að síga á ógæfuhliðina eftir 1990, eftir að atvinnuleysi fór þar úr 5% upp í 18–19%, upp undir 20%. Á móti komu öflugar millifærslur til atvinnulausra til að sporna við þessu. Hér hefur þetta hins vegar allt verið á einn veg. Hér er fátækt að aukast og á sama tíma er hert að hinum fátæku. Það er skrúfað að hinum fátæku. Og ef það er tilfellið, að það er fyrst og fremst fátækt fólk sem þarf á heilsugæslunni að halda, þá er kominn tími til að byrja að vinda ofan af þessari þróun. Þess vegna hefur allur þingflokkur Alþb. og óháðra sameinast um þessar tillögur, um að leggja fram frv. þar sem þjónustugjöld í heilsugæslunni eru afnumin og reyndar bönnuð með lögum. Þetta er eitt skref af mörgum sem við erum að stíga núna í upphafi þings til að reyna að rétta hlut hinna fátæku á Íslandi og treysta stöðu fjölskyldunnar.

[15:53]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gjarnan spyrja hv. 1. flm. hvernig hann hugsar sér að afla þessara 240 millj. sem heilsugæslan fær í gegnum þessi gjöld sem hann vill leggja af, hvernig hann hugsi sér að bæta heilsugæslunni þessa upphæð. Heildarupphæðin í framlög til heilsugæslunnar er tæplega 1,9 milljarðar svo að maður sjái þetta í samhengi. Þarna er því um verulegan hluta tekna heilsugæslunnar að ræða og þessar 240 millj. eru nálægt því að vera sú upphæð sem St. Jósefsspítalinn í Hafnarfirði fær frá ríkinu á fjárlögum á komandi ári væntanlega.

[15:54]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér voru settar fram nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi vil ég benda á að samkæmt þeim hugmyndum sem gerð var grein fyrir mun þetta fyrirkomulag, þ.e. ókeypis heilsugæsla, leiða til sparnaðar þegar upp er staðið. Vitnað var í skýrslur sem unnar voru á vegum OECD þar sem færð eru rök fyrir þessu.

Í öðru lagi vil ég benda á að samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á 1,1 milljarð kr. og þar er um peninga að ræða til ráðstöfunar. Síðan vil ég minna hv. þm. á að fyrir fáeinum árum var þessi þjónusta ókeypis og þau eru mörg ríkin í heiminum sem hafa viðhaldið slíku kerfi í almannaþjónustu. Svo er um Danmörk t.d. og England þrátt fyrir Thatcher í langan tíma og síðan John Major, að þar er aðgangur að heilsugæslunni ókeypis, í Þýskalandi ókeypis, í Ítalíu ókeypis, í Kanada ókeypis, í Grikklandi ókeypis. Hér hafa verið færð rök fyrir því að þessi gjaldtaka bitnar á fátæku fólki og hv. þm., þá spyr maður ekki svona.

[15:55]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er slæmt ef hv. þingmönnum leyfist ekki að spyrja spurninga vegna hv. flutningsmanna tillagna sem þessara sem lagðar eru fram á Alþingi. Hv. 1. flm. reyndi að færa rök fyrir því að það að fella niður þessi gjöld mundi spara í heilbrigðiskerfinu. Helsta röksemdin hjá honum fyrir þessu var að sérfræðingakostnaður mundi sparast ef aðgangur að heilsugæslustöðvunum yrði ókeypis. Ef mér skjátlast ekki þá eru ferðir til sérfræðinga yfirleitt dýrari en ferðir á heilsugæslustöðvarnar. Ég fæ þetta ekki til þess að ganga upp ef hann er að gera þetta sérstaklega til þess að bæta hag þeirra sem verst eru settir og hann ætlar að spara með því að þeir hætti að fá þjónustuna þar sem hún er dýrari í dag með því að lækka eða fella niður gjöldin á þjónustunni þar sem hún er ódýrari í dag. Ég fæ þetta alls ekki til að ganga upp.

Það er hægt að útfæra heilsugæsluna á ýmsan máta. Það er alveg rétt hjá honum. Við völdum það í tíð síðustu ríkisstjórnar á meðan ráðherrar Alþfl. gegndu embætti ráðherra heilbrigðismála að auka þjónustugjöldin. Það var hluti í því að spara í heilbrigðiskerfinu. Ég held að það hafi komið nokkuð vel út og að árangur hafi náðst með þessari aðferð. Hins vegar held ég að röksemdir hv. 1. flm. gangi ekki upp því að eftir stendur að hann ætlar að fjármagna tillögu sína með því að minnka afganginn af fjárlögunum og minnka þannig þá upphæð sem við höfum til að greiða niður skuldir ríkisins og minnka þannig skattbyrðina á unga fólkinu sem á að greiða skatta í framtíðinni.

[15:58]

Flm. (Ögmundur Jónasson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt hjá hv. þm. að þetta muni ekki leiða til sparnaðar þegar upp er staðið. Ég tel að það muni gera það og leiða til hagkvæmari heilbrigðisþjónustu fyrir þegna landsins. Endanlega snýst dæmið náttúrlega um pólitík. Þetta snýst um það hvernig við ætlum að fjármagna samneysluna á Íslandi. Sumir vilja gera sjúklinga að sérstökum skattstofni. Ég gat um það í ræðu minni fyrr við þessa umræðu að á síðustu árum hefði í síauknum mæli verið leitað ofan í vasa sjúklinga, t.d. ellilífeyrisþega varðandi tannlæknakostnaðinn. Fjármunir hafa verið teknir af öryrkjum og kostnaðarþátttaka sjúklinga á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar hefur verið aukin verulega. Við erum að mótmæla þessari stefnu. Við minnum á að á sama tíma og þessi þróun hefur hátt sér stað hefur skattbyrði verið létt af þeim sem eru aflögufærir. Tekjuskattur fyrirtækja hefur verið lækkaður verulega t.d. Í vor var samþykkt frv. sem gerir ráð fyrir því að létta skattbyrði af t.d. arðgreiðslum um verulegar upphæðir þannig að endanlega snýst þetta dæmi um pólitík. Við erum að hafna því í þingflokki Alþb. og óháðra að gera sjúklinga og sérstaklega fátækt fók að skattstofni.

[16:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að þakka þingmönnum Alþb. og óháðra fyrir þennan frumvarpsflutning um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslunni. Ég tel að málið sé gott innlegg í það hvort við getum komið til móts við heimilin í landinu og lækkað skuldir þeirra. Ég hefði engu að síður viljað sjá að tillagan væri nokkuð víðtækari þannig að við færum yfir sviðið, hvar þjónustugjöldin liggja og á hverjum þau lenda. Við erum ekki bara með þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu sem hér er sérstaklega verið að fjalla um heldur erum við með þau miklu víðar. Athyglisvert er að horfa til þess hverjir raunverulega bera þau þjónustugjöld. Jú, eins og hér er verið að ræða um eru það sjúklingarnir. Ríkisvaldið hefur farið mjög út í að skattleggja skuldir heimilanna, skattleggja neyð skuldugra heimila. Þegar skuldir og vanskil aukast hefur ríkið meiri tekjur og græðir á neyð fólksins. Gjöld sem ríkið tekur í skattlagningum af skuldum heimilanna eru á milli 2 og 3 milljarðar. Það sjáum við í formi þinglýsingargjalda, stimpilgjalda, gjalda af fjárnámi og nauðungarsölum og fleiri þáttum. Þannig að þeir sem eru verst staddir lenda helst í þessum þjónustugjöldum.

Ef ég sný mér að tillögunni sem er til umræðu þá held ég að rökin sem eru færð fram í málinu séu nokkuð skýr og sumpart hægt að taka undir þau. Til dæmis er kveðið á um að vegna þess hve mikilvæg heilsugæslan er sem grunnur heilbrigðisþjónustunnar er mikilvægt að einmitt þar verði hafist handa við að snúa til réttrar áttar á ný. Er þá verið að tala um þjónustugjöldin. Einnig eru færð rök fyrir því að ætla megi að ef dregið yrði úr þessum gjöldum og heilsugæslan yrði efld mundi sérfræðikostnaður minnka um leið. Ég held að það sé reynsla þeirra þjóða sem leggja áherslu á og hlúa að frumheilsugæslunni og grunnheilbrigðisþjónustunni að heilbrigðisþjónustan verði ódýrari. Ella kemur að því, eins og fram kemur í þáltill., að sérfræðikostnaðurinn eykst. Þannig að ég lít á þetta sem lið í að efla frumheilsugæsluna sem ég held að sé mjög brýnt. Kannski er það eitt brýnasta verkefnið í heilbrigðisþjónustunni að efla grunnheilsugæsluna og leggja aukna áherslu á slysavarnir, forvarnir, heilsuvernd og endurhæfingu. Þetta er því gott innlegg í málið.

Í grg. með frv. kemur fram að frá og með fjárlögum fyrir árið 1992 hafi álögur á sjúklinga verið auknar jafnt og þétt. Ég held að við verðum að skoða málið í miklu víðara ljósi heldur en hér er sett fram vegna þess að við höfum lengi haft þjónustugjöld í heilbrigðisþjónustunni. Ég er með töflur bæði um útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála allar götur frá 1980 til 1995 og hvernig álögurnar í heilbrigðiskerfinu hafa komið fram í útgjöldum heimilanna til heilbrigðismála á þessu tímabili. Mér finnst tölurnar nokkuð athyglisverðar og þær eigi erindi inn í umræðuna. Ef skoðuð eru útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála á þessu 15 ára tímabili og þau skoðuð staðvirkt á mann í þúsundum kr. þá kemur fram að opinber heilbrigðisútgjöld hins opinbera árið 1980 voru 75.700 á mann. Á árinu 1995, og er þá miðað við verðlag ársins 1995, eru þau komin í 116.900 þannig að þau hafa aukist um 50% á mann á tímabilinu. Það sem er athyglisvert, en á sér auðvitað sínar skýringar, er að aukningin ef við förum í einstaka málaflokka innan heilbrigðismálanna, er orðin langmest í öldrun og endurhæfingu en hún hefur þrefaldast á þessu tímabili á mann. Árið 1980 fóru 6.500 kr. í þann málaflokk innan heilbrigðiskerfisins — öldrun og endurhæfing — en sú tala er orðin 17.000 á árinu 1995.

Ef við snúum okkur að útgjöldum heimilanna, hvernig þau hafa þróast á þessu tímabili þá er það alls ekki frá 1992 sem þetta byrjar. Og ekki endilega frá 1995 heldur frá 1986 hafa þessi útgjöld aukist hraðar en gerði á árum áður. Ef við tökum bara heildarútgjöld heimilanna til heilbrigðismála á þessu tímabili og er þá verið að tala um lyf og læknisþjónustu, hefur þetta aukist úr 0,73% í 1,29% sem hlutfall af landsframleiðslu. Samkvæmt þeim útreikningum, sem ég hef og eru byggðir á tölum frá Þjóðhagsstofnun, hefur læknisþjónustan sem slík aukist á sambærilegu verðlagi um 77% á tímabilinu. Erum við þá að tala bæði um sérfræðingana og

heilsugæsluna. Þessi þáttur, lyf og læknisþjónusta, hefur farið vaxandi í útgjöldum heimilanna á 15 ára tímabili, úr 401 millj. kr. í 712 millj. kr. og rekja má til þessarar gjaldtöku.

Ef við tökum heilsugæsluna sem slíka ber mínum tölum ekki saman við tölurnar sem hv. þm. Árni M. Mathiesen nefndi, vegna þess að samkvæmt því sem ég hef um heilsugæsluna hafa þjónustugjöld eða útgjöld heimilanna beint vegna heilsugæslu aukist úr 239 millj. kr. á sambærilegu verðlagi í 410 millj. kr. eða um 71%.

Ég ræddi áðan um læknisþjónustuna, þ.e. sérfræðingana og heilsugæsluna, hvernig hún hefur aukist um 77%. Ef við tökum bara læknishjálpina í heild, innan hennar er tannlæknaþjónusta, læknisþjónusta, slysadeildin og ljósmæðraþjónusta, þá hefur hlutur heimilanna hvorki meira né minna en þrefaldast í læknisþjónustunni á tímabilinu eða úr 0,25% sem hlutfall af landsframleiðslu í 0,86%. Það er ef til vill ástæðan fyrir því að ég vek athygli á þessu og velti fyrir mér hvort sú leið sé rétt sem hv. þm. nefnir vegna þess að það sem er mjög athyglisvert í þessari tölu er ekki útgjaldaaukningin til heilsugæslunnar í þjónustugjöldum heldur er það hlutur heimilanna sem sker sig úr öllu öðru þegar farið er í einstaka þætti í heilbrigðismálunum. Það er hlutur heimilanna í tannlæknakostnaði eða tannlæknaþjónustunni sem hefur vaxið á tímabilinu 1980 til 1995, og er þá miðað við verðlag 1990, um 287% eða nærfellt þrefaldast. Útgjöldin hafa því aukist, voru á árinu 1980 479 millj. kr. og hafa aukist í 1 milljarð og 667 millj. kr. Ef við veltum fyrir okkur hvernig við getum best komið til móts við heimilin í landinu, t.d. með því að lækka þjónustugjöldin, þá er spurning hvort við eigum frekar að horfa til tannlæknaþjónustunnar. Einnig hefði ég viljað að menn veltu fyrir sér þeirri hugmynd í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir, um að útgjöld heimilanna eru langmest á sviði tannlæknaþjónustu, hvort ekki beri að stefna að því að tannheilbrigðisþjónustan verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum sem þar eru boðin. Þá erum við að tala um að tannlæknaþjónustan gæti falist í fyrirbyggjandi aðgerðum eins og tannvernd og minni háttar tannviðgerðum en meiri háttar tannviðgerðir yrðu þá utan heilsugæslunnar. Tannheilbrigðisþjónustan yrði þá veitt á sömu kjörum og þar eru boðin. Ég held nefnilega að útgjöld heimilanna til þessa þáttar heilbrigðisþjónustunnar sé mörgum heimilum ofviða. Auðvitað þyrfti að skoða nánar hvaða áhrif þessi vaxandi útgjöld heimilanna til tannheilbrigðisþjónustu hafa á tannheilsu og tannvernd barna og unglinga.

Það sem líka er athyglisvert í þessu og kom mér nokkuð á óvart er hvernig lyfjakostnaður og lyfjabúðavörur hafa breyst á þessu tímabili þar sem um lækkun hefur verið að ræða. Það sýnir að þær aðgerðir, sem t.d. fyrrv. heilbrrh. beitti sér mjög fyrir, sem var lækkun á lyfjakostnaði og lyfjaverði, hafa skilað árangri. Í ljós kemur ef lyfin eru skoðuð sérstaklega, að þau voru 0,48% í útgjöldum heimilanna til heilbrigðismála en eru 0,44% á árinu 1995, sem sýnir að þarna hefur náðst verulegur árangur.

Ég stóð hér upp, virðulegur forseti, til að taka undir það að skoða þarf þessi þjónustugjöld í heild sinni, velta fyrir sér niður á hverjum þau koma helst. Hvort þau séu sanngjörn og eðlileg og hvort hvort við séum á réttri leið í þessari skiptingu milli beinna skatta og annarra skatta vegna þess að þetta er ekkert annað en skattur.

Ég veit að Sjálfstfl. hefur viljað fara þá leið að auka frekar þjónustugjöldin heldur en almenna skattheimtu. Við vitum að þjónustugjöldin og eðli þeirra eru með þeim hætti að þau koma niður á þeim sem síst skyldi eins og sjúkum.

Lokaorð mín skulu verða þau að ég hefði viljað sjá að farið væri í þessari tillögu almennt yfir þjónustugjöldin og svið þeirra. Það tel ég nauðsynlegt að gera og skoða þetta í heild sinni vegna þess að ég held að kannski sé almennt hægt að segja um álagningu á þjónustugjöldum að þau hafi ekki verið nægilega markviss og menn hafi ekki skoðað nægilega hvernig þau koma niður á heimilunum og einstökum hópum og hvort við séum yfirleitt á réttri leið. Síðan tel ég að stefna beri að því og ég held að öll rök mæli með því — kannski í staðinn fyrir þessa leið sem hv. þm. mælir hér fyrir — að tannheilbrigðisþjónusta verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum og þar eru boðin.

[16:13]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir styddi þessa tillögu Alþb. og óháðra. Alla vega tekur hún mjög sterkt undir með flutningsmönnum tillögunnar og vill ganga lengra í að skoða þetta mál. Hún vill reyndar líka færa tannheilbrigðisþjónustuna inn á heilsugæslustöðvarnar. Þar sem hún er nú fyrsti ræðumaður síns flokks sem tekur þátt í umræðu um frv. gæti maður þar af leiðandi litið á hana hugsanlega sem talsmann flokksins í þessum málaflokki, alla vega í þessu frv. Ég vildi því spyrja hv. þm. og jafnvel aðra hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna sem hér eru staddir hvort það sé stefna þingflokks jafnaðarmanna að fella niður þjónustugjöldin. Er það stefna þingflokks jafnaðarmanna að færa tannheilbrigðisþjónustuna inn á heilsugæslustöðvarnar? Og einnig vildi ég spyrja hv. þm. Alþfl. sem hér eru staddir hvort þetta sé stefna Alþfl.

Í lokin, herra forseti, fagna ég þeim tölum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram í sambandi við lyfjamálin og þær breytingar sem voru gerðar á síðasta kjörtímabili á lyfjamálunum. Það er í samræmi við málflutning minn á hv. Alþingi að samkeppni á þessu sviði mundi leiða til lækkunar útgjalda heimilanna.

[16:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ljóst er að bæði á þessu þingi og síðasta þingi hefur stjórnarandstaðan fyrst og fremst verið í vörn fyrir heimilin í landinu. Framsfl. og Sjálfstfl hafa helst fundið sér heimilin í landinu, sjúklinga, aldraða og öryrkja sem skotmark og telja að þar sé helst að leita að peningum til þess að draga úr halla ríkissjóðs. Þeir skoða aldrei leiðir þar sem peningana er raunverulega að finna. Ég get nefnt sem dæmi útfærslu þeirra á fjármagnstekjuskattinum þar sem þeir minnka skatta þeirra sem raunverulega eiga peninga.

Ég fagnaði því að skoða ætti tillögu sem miðaði að því að létta byrðir heimilanna og sérstakalega þeirra heimila þar sem slík útgjöld koma harkalega niður á. Ég hvatti til þess að þjónustugjöldin yrðu skoðuð í heild sinni, hvort við værum þar á réttri leið. Ég held að Sjálfstfl. sé að minnsta kosti ekki á réttri leið vegna þess að það sem hann vill helst sjá eru skattar á sjúklinga, helst í formi þjónustugjalda, skattar á skuldug heimili í landinu en að hlífa raunverulegum fjármagnseigendum. Það er stefna sem ég vildi ekki framfylgja.

[16:17]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki var laust við að eitthvað drægi úr stuðningi hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur við tillögu Alþb. og óháðra. Burt séð frá yfirlýsingum hennar um Sjálfstfl., sem voru eins og biluð plata úr síðustu kosningabaráttu, datt mér helst í hug að ræða hennar á undan væri frekar en efnislegur stuðningur við tillögu Alþb. og óháðra liður í innanflokksátökum jafnaðarmanna hvort sem þeir eru í Þjóðvaka eða Alþfl.

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið eftir því með þennan hv. þm. að strax og við í stjórnarandstöðunni og í þingflokki jafnaðarmanna ræðum um þá sérhagsmuni sem íhaldið verndar og stendur raunverulega fyrir, vegna þess að íhaldið er raunverulega ekkert annað en pilsfaldakapítalismi sem verndar t.d. hina raunverulegu fjármagnseigendur, þá verður hann ansi órólegur. Mér finnst stundum á málflutningi hans að hann eigi ekki alveg heima í Sjálfstfl. eins og hann er sem fyrst og fremst verndar sérhagsmuni. Að því leyti fannst mér ræða hans athyglisverð.

Ef þingmaðurinn hefur áhyggjur af því að ekki sé gott samkomulag í þingflokki jafnaðarmanna þá eru það óþarfaáhyggjur. Hann ætti frekar að snúa sér að því að líta til eigin flokks og vita hvort hann sé á réttri leið og hvort hann standi virkilega fyrir þau markmið sem hann gefur sig út fyrir að hafa. Alveg er sama hvort horft er til landbúnaðarmála, neytendamála, framþróunar í atvinnustefnu eða sjávarútvegsmálum. Alls staðar verndar Sjálfstfl. sérhagsmuni og er raunverulega ekkert annað en framsóknaríhald. Þess vegna eiga þessir flokkar mjög vel saman í ríkisstjórn en því miður er ekki hagur landsmanna að þeir sitji lengi í ráðherrastólum.

[16:19]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Flutningsmaður frv. vitnaði til skýrslu OECD um sparnað í heilbrigðiskerfinu með því að lækka þjónustugjöld á heilsugæslustöðvum eða í frumheilbrigðisþjónustunni. Það er rétt að með því að afnema gjöld eða hafa gjöld mjög lág á heilsugæslustöðvum er fólki beint í þá þjónustu sem er þjóðfélagslega hagkvæm. Nú eru langflestir heilsugæslulæknar sérfræðingar í heimilislækningum og þeim er því treystandi til að vísa fólki til annarra sérfræðinga ef það þarf á sérhæfðri þjónustu að halda og þar með dýrari þjónustu en veitt er á heilsugæslustöðvum í dag.

Valfrelsi í læknisþjónustu er til staðar og verður áfram þó að þjónustugjöld verði aflögð á heilsugæslustöðvum en fólk leitar þá frekar í þessa grunnþjónustu og þar með í ódýrari þjónustu fyrir vikið. Sérfræðingar hér á landi eru trúlega lítið hrifnir af þessari tillögu því að í tillögunni felst að það verði að öllum líkindum í minna mæli leitað til þeirra.

Í dag getur fólk valið sér heilbrigðisþjónustu og fólk velur mismunandi greiðslu til heilsugæslustöðva og greiðslu til sérfræðinga. Sérfræðingar taka hærri greiðslu fyrir þjónustuna en það sem sjúklingar finna ekki er kostnaður og gjöld Tryggingastofnunar ríkisins sem er mun hærri þegar leitað er til sérfræðinganna en til heimilislækna. Þar af leiðandi er þjónusta sérfræðinganna mun dýrari fyrir þjóðfélagið en kemur fram í þessum mismunandi gjöldum.

Álögur á sjúklinga og heimilin hafa aukist undanfarin ár og það er komið að öðrum að standa undir skattlagningu og framlögum til velferðarkerfisins á Íslandi. Jafnframt því að fella niður þjónustugjöld á heilsugæslustöðvum þarf að forgangsraða í heilbrigðisþjónustunni og í þessu félagslega þjónustukerfi okkar. Ég hef sagt það áður að mjög sérhæfð þjónusta, sem gagnast fáum og er dýr, á vart rétt á sér í svo fámennu þjóðfélagi sem Ísland er og verður að skoðast mjög gaumgæfilega áður en henni er komið á því að það er alltaf erfitt að taka hana af þegar búið er að koma henni á.

Áðan var bent á skýrslu og á hagkvæmustu leiðir til að reka sérhæfða sjúkrahúsþjónustu í Reykjavík. Í þeirri skýrslu kom fram að hagkvæmt væri að reka saman Borgarspítalann og Landspítalann og einnig að óhagkvæmt væri að koma á glasafrjóvgunardeild, hjartaskurðlæknum og fleira. Okkur ber ekki alltaf gæfa til þess að fara eftir þeim ráðum sem við erum að kaupa til þess að leiðbeina okkur inn í framtíðina. En ég segi enn og aftur að við þurfum að skoða vel þegar við byrjum með mjög dýra þjónustu. Í störfum þingsins tel ég það vera skyldu okkar allra, sama hvar í flokki við erum, að verja hagsmuni þeirra sem minna mega sín, sjúklinga, fjölskyldunnar og annarra.

[16:24]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mjög góða og málefnalega umræðu um þetta frv. til laga um að afnema þjónustugjöld í heilsugæslunni. Ég tek undir margt af því sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um nauðsyn þess að fram fari ítarleg og yfirgripsmikil athugun á þjónustugjöldum í heilsuþjónustunni almennt. Slík athugun má þó ekki verða til þess að drepa þessu máli á dreif vegna þess að færa má mjög sterk rök fyrir því að einmitt í grunnþjónustunni beri að hefja þessa sókn til baka ef svo má að orði komast.

Hv. þm. sagði að þjónustugjöldin hefðu ekki verið innleidd á mjög markvissan hátt á undanförnum árum. Það kann að vera nokkuð til í því en hins vegar held ég að það sé ekki með öllu rétt vegna þess að þeirri stefnu var mjög eindregið fylgt að setja notendagjöld í heilbrigðisþjónustunni, ekki aðeins í heilsugæslunni heldur víðs vegar um kerfið og tilfellið er að um þá stefnu fóru fram mjög miklar umræður í þjóðfélaginu. Hér logaði allt missirum og árum saman gegn þeirri stefnu að íþyngja sjúklingum á þennan hátt þannig að um þessi mál hefur verið rætt. Um það var talað að bjarga ætti velferðarþjónustuni með því að ná útgjöldunum niður og það var gert með því að færa þau yfir á notandann. Þeirri stefnu var fylgt hér frá árinu 1991 og menn verða að horfast í augu við það og um það fór fram mjög mikil umræða í þjóðfélaginu og þessu var mjög harkalega andæft.

Ég tek undir það sjónarmið að einn sá þáttur sem er fjölskyldufólki og fullorðnu fólki mjög íþyngjandi er tannlæknakostnaðurinn. Tannlæknakostnaður ellilífeyrisþega hefur t.d. verið þyngdur. Ég held að við verðum að gæta okkar svolítið á því þegar við tölum um árangur sem við náum að meta hann ekki of einhliða. Fyrr í dag var af öðru tilefni t.d. talað um árangur inni á sjúkrahúsum og vitnað til þess að færra fólk sinnti verkum. En á því máli er önnur hlið, t.d. stóraukið álag á starfsfólkið. Eins er það með lyfjakostnaðinn að þó að við náum þeim árangri að færa hann niður verðum við að gæta að því að fylgifiskurinn sé ekki sá að fólk, sem þarf á lyfjum að halda, hafi ekki efni á því að kaupa þau. Á þennan hátt þarf að skoða málin heildstætt og það var í rauninni það

sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hvatti til og ég tek undir það en vil leggja áherslu á að hér sé góður staður að byrja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:28]

Útbýting þingskjals:

Móttaka flóttamanna, 79. *mál*, fsp. RG, þskj. 80.

Fæðingarorlof feðra, fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og SJS, 12. mál. — Þskj. 12.

[16:29]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég tala fyrir till. til ţál. þess efnis að Alþingi álykti að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns. Lenging fæðingarorlofs og aukinn réttur fjölskyldunnar er viðamikið mál og kostar mikið fé. Það er hins vegar forsenda fjölskyldustefnu, sem tekur mið af almennri atvinnuþátttöku og breyttum þjóðfélagsháttum, að körlum sé gert kleift að sinna skyldum sínum að þessu leyti.

Þetta er aðeins einn þáttur af miklu stærra máli og í greinargerð og fylgiskjali sem fylgir þessari till. til þál. sem við stöndum að, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og sá sem hér stendur, fylgja tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs þar sem sérstaklega er vakin athygli á því að það þurfi að taka á málinu á miklu víðari grunni en hér er lagt til. Ég minni á að þegar tillagan kom fyrst fram hjá okkur fyrr á þessu ári voru aðrar tillögur einnig til umfjöllunar, þar á meðal mjög vandaður málatilbúnaður frá þingkonum Kvennalistans þar sem margt kom fram sem ég get stutt mjög vel. Ég vek því athygli á því að hér er aðeins um hluta málsins að ræða en nokkuð sem við teljum sérstaka ástæðu til að vekja athygli á.

Ef litið er til grannríkja okkar þá stöndum við þeim að baki. Til dæmis í Danmörku hafa feður rétt á 14 daga sjálfstæðu fæðingarorlofi á fyrstu 14 vikum eftir fæðingu barns en árið 1991 nýttu 55% feðra sér þennan rétt. Finnskir feður eiga rétt á sex daga sjálfstæðu fæðingarorlofi auk þess sem þeir geta skipt fæðingarorlofi með móður. Norskir feður eiga rétt á fjögurra vikna launuðu orlofi sem er þannig skilyrt að sé það ekki nýtt styttist heildartími orlofsins að sama skapi. Að auki eiga norskir feður rétt á leyfi frá vinnu í tvær vikur í tengslum við fæðingu barns. Rétturinn er háður því að móðirin vinni utan heimilis. Í Svíþjóð hafa feður sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs, tvær vikur í tengslum við fæðingu og fjórar vikur sem falla niður ef faðirinn nýtir sér ekki réttinn. Með öðrum orðum, um er að ræða sjálfstæðan rétt óháðan rétti móðurinnar og það mun vera svo í Svíþjóð að um helmingur feðra nýtir sér þennan rétt. En það er athyglisvert að hluti þessa réttar í Svíþjóð er ekki bundinn við að taka hann við fæðingu barns og það kemur á daginn að drjúgur hluti feðra nýtir sér hann ekki fyrr en barnið er orðið nokkurra mánaða gamalt en það munu vera hugmyndir sem eru á kreiki í *stjórnkerfinu að binda réttinn ekki við fyrsta æviskeiðið eða* fyrstu vikurnar sem ég teldi ekki vera rétt. Það er mikilvægt að faðirinn sé með barninu og inni á heimilinu fljótlega eftir fæðingu og hætt við því ef það er ekki skilyrt og bundið þessum tíma að það verði þá nýtt í öðrum tilgangi, þegar passar að mála húsið svo dæmi sé tekið.

Í tillögum karlanefnar Jafnréttisráðs er vakin athygli á fimm þáttum sem nefndin telur nauðsynlegt að stefna að.

1. Stefnt verði að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og verði fjórir mánuðir bundnir föður, fjórir móður en fjórum geti foreldrar skipt eftir hentugleikum.

2. Lágmarkskrafa er að feður fái tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns sem rímar við þá tillögu sem hér er uppi.

3. Foreldrar hafi hvort um sig sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs og greiðslna.

4. Áhersla verði á sveigjanleika í töku orlofs, til að mynda að því megi dreifa á tvö ár.

5. Tekjuskerðing foreldra í fæðingarorlofi megi ekki standa í vegi fyrir töku þess.

Þetta eru atriði sem ég vildi vekja athygli á en taka upp þráðinn þar sem ég var með samanburð á milli Norðurlandanna og átti eftir að botna það heima hjá okkur því að það kemur á daginn að afar fáir karlmenn nýta sér möguleika á fæðingarorlofi. Þeir voru 17 árið 1993 en það ár fæddust 4.623 börn í landinu. Árið 1994 tóku 14 feður fæðingarorlof. Þá voru fæðingar 4.442 og 1995 voru þeir aðeins 10 en þá fæddust 4.280 börn í landinu. Eins og eflaust margir þekkja margir er það svo með karla sem eru opinberir starfsmenn að þeir hafa ekki rétt til fæðingarorlofs þannig að þeir eiga ekki kost á því að nýta sér þessi réttindi. Því hefur margoft verið hreyft að lögum verði breytt til þess að auðvelda þeim það.

Hvernig sem á málið er litið mælir allt með því að við förum út á þessa braut. Það kemur á daginn þegar skoðuð eru blöð frá verkalýðssamtökum erlendis að þau eru hvarvetna að taka kröfuna um fæðingarorlof feðra upp af auknum þunga. Í Bretlandi hafa verkalýðsfélög t.d. samið um sjálfstætt fæðingarorlof feðra. Það er ekki langt. Hér er ég með skírskotun í eina 10 kjarasamninga. Það eru frá þremur upp í sex daga en sumir hafa gert betur upp á síðkastið. Til dæmis voru Grænlendingar að auka þennan tíma hjá sér. Þar var það vika en er núna orðið tvær vikur. Því mun hafa verið breytt nýlega. Meginröksemdin er náttúrlega sú að það er mikilvægt að tryggja barni rétt til samvista við bæði föður og móður á fyrsta æviskeiðinu. Það er réttur barnsins að fá að mynda náin tengsl við báða foreldra sína á fyrstu dögum og vikum ævi sinnar.

Fram til þessa hafa feður verið afskiptir hvað varðar samskipti við börn sín og liggja til þess margar skýringar. Með tveggja vikna orlofi eftir fæðingu er stuðlað að því að fjölskyldan geti verið saman. Í rauninni snertir þetta mál réttindi allrar fjölskyldunnar, barnsins, föðurins og móðurinnar en einnig leikur ekki á því vafi að fæðingarorlof feðra mun stuðla að jafnrétti á milli kynjanna á vinnumarkaði. Vitað er að litið er á konur á barnseignaraldri sem eins konar áhættuhóp. Atvinnurekendur hafa þann möguleika án efa í huga við ráðningu nýrra starfsmanna hvort líkur séu á því að viðkomandi starfsmaður verði fjarverandi vegna ungra barna og ætla má að hið sama sé uppi á teningnum þegar stöðuhækkanir eru til skoðunar. Ef feður öxluðu þá ábyrgð að sinna börnum sínum í fæðingarorlofi á við mæður væru þeir komnir í sams konar stöðu og þær að því leyti að reikna mætti með því að þeir yrðu frá vinnu vegna ungra barna. Deili feður og mæður rétti til fæðingarorlofs yrði þannig stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna, ekki aðeins inni á heimilinu heldur einnig á vinnumarkaði. En það sem mestu máli skiptir er að

með þessu móti er stuðlað að velferð fjölskyldunnar og þar með samfélagsins alls. Ég legg áherslu á að nýju að hér er einvörðungu verið að gera tillögu um að stigið verði fyrsta skref. Það er ekki stórt skref en það er mjög mikilvægt að fá þetta samþykkt hið allra fyrsta.

[16:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu. Það er umhugsunar- og áhyggjuefni hve hægt gengur að breyta þeim þáttum til betri vegar sem skapa hefðbundið umhverfi fjölskyldunnar, þætti sem þurfa að vera í lagi, þ.e. þjónusta við foreldra, við börnin og reyndar þjónusta við ömmu og afa ef fjölskyldan á að njóta sín og einstaklingar innan hennar að alast upp við það sem okkur finnst eðlilegt í dag og tölum um sem sjálfsagt einstaklingsfrelsi.

Eins og flutningsmaður kom inn á fyrir stundu ræddum við fæðingarorlof fyrir ári og við erum að ræða það aftur. Við erum að taka fyrir sömu tillögurnar ár eftir ár eftir ár. Við vísum til Norðurlanda og nágrannalandanna um það hvernig fjölskyldulíf getur orðið farsælt séu þessir þættir í lagi en það miðar ekkert. Kannski er rangt að segja að það miði ekkert vegna þess að ekki er svo langt síðan við fengum lög um sex mánaða fæðingarorlof. Satt best að segja hefur það kannski gert heilmikið fyrir fjölskyldur í dag og rétturinn verið að einhverju leyti jafnaður. Ég lít í eigin barm og minnist þess að þegar ég kornung tók fæðingarorlof vegna fyrsta barnsins var ég opinber starfsmaður og fékk laun í fæðingarorlofi. Sautján árum seinna átti ég aftur von á barni og þá stóð ég frammi fyrir því að ég átti rétt á hálfum mánuði í fæðingarorlof hjá því verkalýðfélagi sem ég tilheyrði þá. Það er ekki svo afskaplega langt síðan en þó hefur margt lagast frá þeim tíma en þrátt fyrir allt er breytingin fram á við hjá ákveðnum stéttum en ekki innbyrðis aðlögun.

Af því að hér var vísað til karlanefndar Jafnréttisráðs ætla ég að leyfa mér að koma inn á erindi sem formaður karlanefndarinnar flutti á haustdögum í fyrra hjá Kvenfélagasambandinu þar sem því er lýst hvernig mismunur er eftir því hvar maður er starfsmaður og eftir því hvernig maður er staddur þegar von er á barninu. Og hann segir þegar hann er að lýsa því hvað honum finnast þessi mál í miklu klúðri hjá okkur, með leyfi forseta:

„Réttur fólks til fæðingarorlofs er að vísu jafn. Foreldrar sem gegnt hafa launuðu starfi eiga rétt á að leggja niður það starf og taka sex mánaða orlof við fæðingu barns. Þegar kemur að greiðslum í fæðingarorlofi verður kerfið hins vegar verulega vitlaust því að þá skiptir öllu hvar þú vinnur. Maður á almennum vinnumarkaði eiga rétt á greiðslu frá Tryggingastofnun og til þess að hindra að menn leggist nú í eitthvert hóglífi og vitleysisgang eru fæðingardagapeningar 1.202 kr. á dag eða milli 33 og 34 þús. kr. eftir lengd mánaðar. Hjá Tryggingastofnun telst allur réttur föður afleiddur af rétti móður þannig að eftir að móðirin geti tekist fyrsta mánuðinn geti faðirinn tekið greitt orlof ef móðirin fellst á það. Faðirinn á engan sjálfstæðan rétt til greiðslna. Hjá hinu opinbera er réttur mæðra heldur skárri hvað tvennt varðar. Í fyrsta lagi geta mæður þar haldið launum í fæðingarorlofi, óskertum launum fyrstu þrjá mánuði fæðingarorlofs, en grunnlaunum næstu þrjá. Í öðru lagi geta konur lengt fæðingarorlofið allt að einu ári gegn samsvarandi skerðingu greiðslna. Þeir karlar á hinn bóginn sem kvæntir eru konum í opinberri þjónustu eiga engan rétt til greiðslna. Lög og reglur um fæðingarorlof opinberra starfsmanna eru bundin við konur. Fjmrn. hefur ekki viljað breyta þeim ákvæðum og því geta karlar ekki haldið launum sínum í fæðingarorlofi. Í og með að móðir í opinberri þjónustu heldur launum sínum, þá á hún ekki rétt á greiðslu hjá Tryggingastofnun og þar sem réttur föður er afleiddur af rétti móður og hún er í þessu tilfelli réttlaus þá er faðirinn einnig réttlaus."

Því tek ég þessa klausu upp úr erindi Ingólfs V. Gíslasonar að hann dregur saman á skorinorðan hátt stöðuna í þessum málum fyrir feður og þá í raun fyrir mæður því að þetta er að sjálfsögðu baráttumál beggja foreldra.

Að mínu mati er fæðingarorlof beggja foreldra undirstaða jafnréttis eins og jákvæð og réttlát umgjörð fjölskyldunnar er lykilatriði í því hvort jafnrétti næst. Tillagan beinist ekki beinlínis að jafnrétti kynjanna, en þegar hún næst fram — og ég bið hv. þm. að taka eftir að ég segi þegar hún næst fram en ekki ef sem væri freistandi að nota þegar litið er til hversu baráttan er löng og ströng — verður framkvæmd hennar þýðingarmikill áfangi á leið til jafnréttis og kvennfrelsis. Ég leyfi mér að taka svo til orða, virðulegi forseti, vegna þess að á meðan þessi mál eru jafnóleyst og þau eru nú er tómt mál að tala um jafnrétti, einstaklingsfrelsi og kvenfrelsi. Það er tómt mál að tala um það á meðan þessi mál eru í ólestri.

Tillagan er að sjálfsögðu um rétt feðra en hún snýr að rétti barnsins til að njóta samvista við föður á fyrsta mótunarskeiði frumbernskunnar og það er að sjálfsögðu grundvallaratriði.

Virðulegi forseti. Þegar mál sem þetta hefur verið á dagskrá Alþingis ár eftir ár og endurflutt vegna þess að lítt miðar gæti maður í raun og veru tekið ræðuna frá í fyrra og flutt hana aftur því hún á jafnmikinn rétt á sér. Það ætla ég hins vegar ekki að gera en ég ætla að leyfa mér að vísa í mál sem ég vísaði til við umræðuna í fyrra sem var að Evrópusamtök atvinnurekenda, Evrópusamtök sjálfseignarstofnana með ríkisaðild og Evrópusamtök verkalýðsfélaga hafa gert samkomulag um að setja lágmarksreglur um foreldraorlof sem er mikilvægur þáttur að þeirra mati í því að samræma skyldur á vinnumarkaði og fjölskyldulíf og stuðla að jöfnum tækifærum og jafnrétti karla og kvenna. Ég rakti þetta fyrir ári og benti á hversu mikilvægt væri að slík samtök væru að hreyfa við þessum málum og hafa sett tillögur fram við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og gert tillögur um að hún leggi þetta rammasamkomulag fyrir ráðherraráð ESB. Nú hefur það reyndar gerst, þann 3. júní sl., að ráðherranefndin afgreiddi frá sér sem tilskipun þessa tillögu um foreldraorlof. Það er tveggja ára aðlögun fyrir aðildarlönd Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins þannig að 3. júní 1998 tekur þessi tilskipun gildi hér. Þá er það réttur þeirra sem eru á vinnumarkaði að fá foreldraorlof sem í raun er hugsað sem viðbót við fæðingarorlof. Að vísu er óleyst hvernig þetta verður fjármagnað en þarna er talað um talsvert mikinn rétt beggja foreldra og að þetta er óframseljanlegur réttur einstaklings.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er að ljúka. Ég ætla að leyfa mér að benda á aðra merkilega staðreynd sem er að jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar er að fara af stað með sérstakt (Forseti hringir.) tilraunaverkefni. Það á að gera nokkrum feðrum hjá borginni kleift að fá fæðingarorlof til lengri tíma en þekkist, eftir því sem ég hef hlerað í þrjá mánuði. Það er (Forseti hringir.) styrkur samkvæmt jafnréttisáætlun Evrópusambandsins sem gerir þetta kleift. Ég hef upplýsingar um að styrkurinn hafi fengist. Það er ástæða til að benda á, virðulegi forseti, að margt jákvætt fylgdi með í félagslega þætti Evrópska efnahagssvæðisins sem við höfum

sjaldan rætt. Yfirleitt var tekist á í þessum ræðustól um aðra þætti og þá sem áhyggjum ollu. En við þyrftum að ræða það hér hversu margt gott fékkst við aðildina af þessum toga.

[16:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um fæðingarorlof feðra. Þessi tillaga var einnig lögð fram á síðasta þingi og þá lét ég í ljós mikla ánægju mína með tillöguna enda er hún samhljóða einum lið í þáltill. okkar kvennalistakvenna sem við lögðum fram á síðasta þingi um fæðingarorlof eins og fram hefur komið í umræðunni.

Tillaga okkar var eigi útrædd fremur en sú sem nú er til umræðu. Eins og fram kemur í greinargerð og hefur komið fram í umræðunni hefur karlanefnd Jafnréttisráðs lagt til mun róttækari breytingar á lögunum um fæðingarorlof en hér eru lagðar til eins og kom fram í ræðu hv. flutningsmanns sem ítrekar að tillagan hér á borðinu, þ.e. tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns, er að sjálfsögðu algjör lágmarkskrafa, en mjög mikilvæg lágmarkskrafa.

Atriðin sem koma fram í greinargerð karlanefndarinnar og ég tek heils hugar undir koma reyndar öll fram í tillögu okkar kvennalistakvenna frá liðnu ári. Hún var í níu atriðum sem ná m.a. til lengingar fæðingarorlofs í 12 mánuði í áföngum, til sveigjanleika við töku fæðingarorlofs og að fólk haldi fullum launum í fæðingarorlofi. Til þess að fá full laun í fæðingarorlofi lögðum við til að stofnaður yrði sérstakur sjóður, fæðingarorlofssjóður, sem ég mun koma nánar að á eftir. En síðast en ekki síst leggjum við til að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Vegna ummæla flutningsmanns áðan um að í Svíþjóð og víða á Norðurlöndum sé réttur feðra til tveggja vikna fæðingarorlofs stundum tekinn síðar á fæðingarorlofstímabilinu, vil ég vekja athygli á að í tillögu okkar kvennalistakvenna frá síðasta þingi er það einn liður að tryggja feðrum sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í þrjá mánuði. Þá eigum við við sérstakan rétt sem kemur til viðbótar við rétt mæðra. Svo segjum við í öðrum sjálfstæðum lið: „... að tryggja feðrum sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur eftir fæðingu barns, sem ekki skerðir fæðingarorlof móður." Ég vil vekja athygli á að þarna er um tvenns konar þarfir og tilgang að ræða. Strax eftir fæðingu barns þarf faðirinn oft að koma inn í bæði til að sinna fjölskyldunni heima fyrir á meðan móðirin er á spítalanum og einnig til að aðstoða við umönnun barnsins fyrstu vikurnar. Hinn tilgangurinn, þ.e. að faðir annist barnið fyrsta æviárið í þrjá til fjóra mánuði til jafns við móður og á móti henni ef hún er útivinnandi er annar, nefnilega sá að faðir geti eins og móðir tengst barninu á fyrsta æviárinu og lært að umgangast það einn og óstuddur eins og móðirin gerir í fæðingarorlofi. Ég tel mjög mikilvægt að aðgreina þetta tvennt. Ég er alls ekki að gera lítið úr þessu tveggja vikna orlofi strax eftir fæðingu. Það er mjög mikilvægt. En það er annar tilgangur með því en að faðirinn komi inn í þetta síðar meir eins og móðirin gerir núna í fæðingarorlofi. Ég vara við því að þetta sé tengt saman og sagt að feður taki fæðingarorlof þegar hentar í öðrum tilgangi. Ég held að þessi tilgangur sé mjög einlægur og mikilvægur bæði fyrir barnið og foreldrana ekki síst út frá sjónarmiðum jafnréttis eins og ég kem að á eftir.

Það hefur komið fram að ríkisstjórnin er nú að endurskoða gildandi lög um fæðingarorlof með nefnd sem er starfandi þó það bóli enn þá lítið á stjórnarfrv. um efnið. Það virðist því miður vera lítil sátt innan þeirrar nefndar ef marka má það sem heyrist. Markmið þeirrar nefndar er m.a. það að jafna rétt mæðra og feðra til töku fæðingarorlofs sem því miður gæti verið framkvæmt þannig að feður fengju aukinn rétt á kostnað móðurinnar. Það voru því í raun ekki mjög miklar fréttir af landsfundi Sjálfstfl. núna að fyrirhugað væri að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvort svo á að verða þannig að fólk fái full laun því ef svo er ekki má gera ráð fyrir að margur faðirinn telji sig ekki hafa efni á að fara í fæðingarorlof og láti móðurinni það eftir ef þau geta valið. Mæður eru oft á lægri launum og ef um val er að ræða og fólk heldur ekki fullum launum, þá er það bara oft praktísk spurning að það er móðirin sem tekur fæðingarorlofið.

Reynslan frá Svíþjóð sýnir að feður taka fæðingarorlof eingöngu ef það kemur sem viðbót við fæðingarorlof móður viðbót sem ekki fæst ef feður taka fæðingarorlofið ekki sjálfir. Þ.e. að á meðan þetta var sveigjanlegt og val á milli þá var mjög lítið um að feður tækju fæðingarorlof en ef það fékkst viðbótarmánuður eingöngu ef feður tækju það þá tóku þeir þennan mánuð. Það verður því fróðlegt að sjá hvort það að feður fá sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs kemur sem viðbót eða að það verði eingöngu heimilt fyrir feður að taka það á móti móður og án þess að laga launakjörin í fæðingarorlofi. Þá verður þetta í reynd ekki mikil réttarbót ef marka má reynslu annarra.

Ég er sannfærð um að það er mjög mikið jafnréttismál á milli hjóna og mannréttindamál fyrir börn að báðir foreldrar hafi aðstöðu til að sinna börnum sínum í fæðingarorlofi. Það er grundvallaratriði bæði vegna tengsla barnsins við foreldra og vegna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði að karlar og konur geti bæði sinnt börnum sínum í fæðingarorlofi. (Forseti hringir.)

Við kvennalistakonur erum að þróa hugmyndir okkar um fæðingarorlofssjóð og munum kynna þær síðar á þessu þingi. Ég vil einnig taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur þegar hún var að vekja athygli á þeirri áhugaverðu tilraun sem nú er að fara í (Forseti hringir.) gang hjá Reykjavíkurborg þar sem feður eiga að fara í fæðingarorlof og gera á kvikmynd um efnið. Vonandi verður það þessum málum til framdráttar. Ég styð þessa tillögu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður þingmenn um að gæta tímamarka. Það er ósköp leiðinlegt að vera alltaf að hringja bjöllunni.)

[16:58]

Þuríður Backman:

Herra forseti. Ég fagna framkominni þáltill. um fæðingarorlof feðra. Eins og komið hefur fram hefur þessi tillaga komið fram áður. Það er verið að skoða lög um fæðingarorlof og sú endurskoðun gengur ósköp hægt. Það eru margir orðnir óþreyjufullir bæði mæður og feður eftir að sjá breytingu á þeirri löggjöf.

Íslenska samfélagið er ekki fjölskylduvænt samfélag eins og það er nú. Börn þurfa allt of mikið að sjá um sig sjálf og börn hafa enn minna af feðrum sínum en mæðrum að segja. Íslenski atvinnumarkaðurinn er harður og óvæginn verðandi foreldrum og foreldrum ungra barna.

Fæðingarorlof kvenna er aðeins sex mánuðir og ég segi aðeins sex mánuðir því að það er of skammur tími. Það er lítill sveigjanleiki við töku fæðingarorlofs og það er eins og börnin séu eingetin því feðrum er ekki ætlað að koma að

umönnun ungbarna sinna. Vanfærar konur eru af skiljanlegum ástæðum oft orðnar þreyttar í lok meðgöngunnar. Það er ekki hægt að tala um veikindi. Þær geta tekið fæðingarorlofið mánuði fyrr og átt þá fimm eftir við fæðinguna. Það er kostur sem konur taka í neyð því allir eru meðvitaðir um að ekki veitir af fullum sex mánuðum eftir fæðingu. Sumar konur geyma sín sumarfrí og taka þau í lok meðgöngunnar því þær vita að þær verða þreyttar og illa fyrirkallaðar og engum er til góðs og ekki íslensku þjóðfélagi heldur að konur fari þreyttar og illa upplagðar í fæðinguna. Fæðingin gengur verr og þær eru miklu lengur að ná sér.

Það er hægt að fá framlengingu á fæðingarorlofi kvenna um einn til tvo mánuði til viðbótar en til þess þurfa að liggja mjög gild rök. Staðan í dag er sú að konur þurfa í raun og veru að vera rúmliggjandi til að fá þessa framlengingu eða börn þeirra mjög veik. Þetta er nú staðan í dag. Það sem þyrfti að laga sem snýr að konum og feðrum þegar þeir koma inn í myndina eins og tillagan fjallar um er að stuðla að sveigjanlegum vinnutíma, sérstaklega eftir að móðir byrjar að vinna eftir fæðinguna. Konunum verður að gefa möguleika á að sinna börnunum áfram, vera ekki frá þeim í heila átta tíma, geta farið heim og gefið brjóst, annast börnin, komið aftur eða reynt að haga vinnunni þannig að þær geti skilað fullum vinnutíma en með þeim hætti sem hentar hverri fjölskyldu sem best þannig að fjölskyldutengslin og aðbúnaður sé hinn besti.

Konur á barneignaraldri eru sannarlega áhættuhópur í dag að mati margra atvinnurekenda. Það má örugglega rekja hluta af launamisréttinu sem er á vinnumarkaðnum til þess að konur eru í veikari stöðu þegar þær semja um sín laun og eru meðvitaðri um að einmitt á barneignaraldri er staða þeirra veikari. Bara það að fá karla inn í fæðingarorlofið, að þeir hafi rétt eða eigi að vera með í fæðingarorlofi jafnar stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðnum til launa. Fæðingarorlof feðra er því þáttur í að jafna foreldra sem „áhættuhópa" á vinnumarkaði. Fæðingarorlof feðra er bæði feðrum og börnum nauðsynlegt til að byggja upp jákvæðar tilfinningar og auka ábyrgð feðra á uppeldi barna sinna og vitund um að við uppeldi barnanna þurfi áfram að koma föðurímynd eða karlímynd inn í leikskólana, grunnskólana og framhaldsskólana. En kannski einmitt vegna launamismunar sem er á störfum karla og kvenna hafa konur frekar raðast í þau láglaunastörf sem eru á uppeldisstofnunum og börnin hafa mörg hver hvorki föðurímyndina heima né á þeim stofnunum sem þau dveljast á mestan hluta af grunnskólaaldrinum.

[17:04]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem fer fram um fæðingarorlof feðra og fæðingarorlof almennt. Þetta er mjög tímabær umræða um hvernig með þetta á að fara vegna þess að málið hefur margar hliðar eins og hefur komið fram í umræðunni. Þingmenn sem hafa setið lengi á þingi þekkja að af og til eru að koma upp tillögur um fæðingarorlof bæði um lengingu þess, samræmingu og fæðingarorlof feðra. Ég hygg að mikill vilji sé fyrir því á Alþingi að á þessu máli sé tekið. Engu að síður hefur málið verið að þvælast í heilbrrn. án þess að nokkur niðurstaða hafi fengist. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst mjög sérkennilegt að hæstv. heilbrrh. sjái enga ástæðu til að vera við þessa umræðu né þá umræðu sem var áðan um þjónustugjöld í heilbrigðiskerfinu sem snertir hæstv. heilbrrh. mjög mikið. Ég vil spyrja hvort hæstv. heilbrrh. sé í húsinu?

(**Forseti** (ÓE): Ráðherrann er ekki í húsinu.)

Það er mjög miður vegna þess að full ástæða er til að hún skýri frá því hvað er að gerast í þessum málum í heilbrrn. og hvort einhver samstaða er um leiðir varðandi fæðingarorlof og hvort hugmyndin sé að veita feðrum sjálfstætt fæðingarorlof eins og hér er gerð tillaga um.

Ég sakna þess líka, virðulegi forseti, að ekki fleiri en einn sjálfstæðismaður, auk forsetans sem hér situr í ræðustól, sjái ástæðu til að fjalla um þetta frv. sem er til umræðu. Eftir því sem mér skilst var málið rætt á landsfundi sjálfstæðismanna og ályktað um það að feður skyldu fá sjálfstætt fæðingarorlof. Það hefði verið full ástæða til þess og ég hvet þann þingmann sem hér er, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að skýra nú fyrir þingheimi hvað felst í þessari tillögu sjálfstæðismanna. Hvort þetta sé einhver sýndartillaga eins og jafnréttismálin í heild eru hjá Sjálfstfl. því að þetta er auðvitað þáttur í jafnréttismálum — sú tillaga sem við ræðum hér. Ég spyr hv. þm. hvernig sjálfstæðismenn hugsi sér útfærsluna. Er þetta sjálfstæður réttur feðra þar sem þeir halda sínum launum eða er þetta einhver óhugsuð sýndartillaga sem sett verður ofan í skúffu hjá Sjálfstfl. eftir landsfundinn?

Það er mjög brýnt að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs hvernig sem á málið er litið. Það er alveg ljóst. Það eru sláandi tölur sem hér hafa komið fram að á þremur árum eru um 13.000 fæðingar og að í einungis 41 tilviki hafa feður getað tekið fæðingarorlof eða nýtt hluta af fæðingarorlofi kvenna. Það segir sig sjálft að mjög óheilbrigt er að feður skuli ekki hafa sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Við getum auðvitað velt fyrir okkur skýringunni á því af hverju feður taka ekki fæðingarorlof. Ég hygg að skýringin sé að stærstum hluta sú að feður hafa oft meiri tekjur en móðirin og telja sig þess vegna ekki geta farið í fæðingarorlof. Á þessu verður að verða breyting. Það er mjög mikilvægt að feður hafi þennan kost, að fæðingarorlof verði lengt og að fyrstu mánuðir og ár barns séu með þeim hætti að fjölskyldulífið sé eðlilegt og báðir foreldrar geti umgengist nýfætt barn sitt eðlilega.

Fæðingarorlofið er mjög stór hlið á jafnréttismálunum þegar við hugsum okkur jafnrétti bæði inni á heimilinu og í atvinnulífinu. Þetta er raunverulega lykillinn að því að hægt sé að stíga einhver raunhæf skref í átt til jafnréttis þ.e. að opnaðir séu möguleikar fyrir feður til að taka sér fæðingarorlof.

Ég vil taka undir það sem fram hefur komið að nauðsynlegt er að við skoðum og finnum leiðir til að lengja fæðingarorlofið jafnvel þótt það sé í áföngum. Þetta er allt of skammur tími sem foreldrum, sem iðulega eru báðir útivinnandi frá heimilinu, gefst tækifæri til að vera með barni sínu. Ekki er eðlilegt að foreldrar þurfi eftir sex mánuði að setja barnið inn á dagvistarheimili eða í umsjá einhvers annars. Ef við hlúum að fyrstu mánuðum og uppvaxtarárum barnanna mun það skila sér út í þjóðfélagið síðar meir vegna þess að barn mótast á sínum fyrstu uppvaxtarárum og býr að þeim þroska alla tíð. Þess vegna vil ég hvetja til að tillagan og fæðingarorlofið í heild sinni fái rækilega umfjöllun á Alþingi. Það þarf að samræma þetta og ekki er boðlegt að konur sem eiga sín börn og ala upp skuli hrapa verulega niður í tekjum. Það verður að samræma þessi sjónarmið en ekki á kostnað þess að taka það sem konur hjá hinu opinbera hafa heldur verður að samræma þetta upp á við. Á það legg ég mikla áherslu, herra forseti.

Ég vil eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir aðeins segja nokkur orð um það merkilega átak sem er að fara af

stað á vegum Reykjavíkurborgar og ég er sannfærð um að geti skilað miklu. Um er að ræða tilraunaverkefni þar sem nokkrum feðrum verður gefið tækifæri til að fara í fæðingarorlof og þá í lengri tíma heldur en hér er gert ráð fyrir. Ég geri mér grein fyrir að þetta er fyrsta skrefið, í þrjá mánuði og síðan er hugmyndin að kanna hvaða áhrif þetta hefur, bæði varðandi barnið og hvort þetta geti verið hvatning til þess að fleiri feður taki sér fæðingarorlof þannig að ég held að þetta sé mjög merkileg tilraun sem Reykjavíkurborg stendur að með fjárstuðningi frá ESB með vísan í jafnréttisáætlun þeirra og er vert að fylgjast með henni.

En tíminn er að verða búinn. Ég er mjög forvitin að heyra um hvað býr að baki þessari samþykkt landsfundar sjálfstæðismanna og vil nota tækifærið fyrst einn þingmaður af 25 sjálfstæðismönnum, auk forseta, sér ástæðu til að vera við þessa umræðu. Ég ítreka það, virðulegi forseti, að ég harma að hæstv. heilbrrh. skuli ekki sjá ástæðu til að blanda sér í þessa umræðu og fá skoðun hæstv. heilbrrh. fram þegar verið er að fjalla um tvö svona veigamikil mál á hennar málefnasviði eins og þjónustugjöldin og fæðingarorlofið. Mér finnst að forsetar eigi að sjá til þess að ráðherrar sýni þinginu þá virðingu að sitja við umræðu þegar stórir málaflokkar eru til umfjöllunar, jafnvel þó það séu þingmannamál, þau eiga ekki að hafa minni vigt heldur en stjórnarfrv. í umræðunni.

[17:12]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. getur forseti vel tekið undir að æskilegt væri að ráðherrar viðkomandi málaflokka væru viðstaddir þegar þingmannamál eru rædd. Það getur forseti tekið undir. En forseti vill líka geta þess, og það á ekkert skylt við að svo vildi til að hann sat landsfund sjálfstæðismanna, að forseti lítur ekki svo á að þessu máli sé lokið í þinginu þótt 1. umr. ljúki. Fjöldi þingmanna sem er ekki við hér núna getur tekið átt í umræðunni síðar.

[17:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef hlýtt með athygli á þessa umræðu um fæðingarorlof feðra. Eins og ég hef getið um áður er þetta forsenda fyrir því, ein af forsendunum fyrir því að jafnrétti náist milli kynja í launum. Ég hef getið um það áður að það eru nokkrar forsendur og þetta er ein af þeim.

Það að eingöngu konur taka fæðingarorlof og hverfa úr atvinnunni í sex mánuði er mjög dýrt fyrir fyrirtækin og veldur því að fyrirtækin hljóta að horfa til þess að ráða frekar karla en konur að öðru jöfnu. Þess vegna er ég hlynntur því að körlum sé gert að taka hluta af fæðingarorlofi, kannski ekki alveg til jafns við konur en að það mundi stefna að því á einhverjum tíma. Hins vegar eru ákveðnar líffræðilegar ástæður fyrir því að konan tekur fæðingarorlofið fyrst. Það er t.d. brjóstagjöf og ýmislegt fleira sem veldur því að konan tekur fæðingarorlofið fyrst. Ég sé ekkert að því að karlar taki fæðingarorlof á seinni stigum þegar brjóstagjöf er hætt eða hún er orðin minni og þá finnst mér eðlilegt að karlarnir taki yfir. Þetta er réttur karlmannsins því það er mjög mikils virði fyrir karlmenn að vera með börnum sínum á fyrsta æviskeiði.

Ég mótmæli því að karlmenn muni misnota þetta tækifæri til að fara að mála húsið sitt eins og kom fram hjá hv. 17. þm. Reykv., Ögmundi Jónassyni. Ég held að karlmenn geti alveg eins séð um börn og heimili og konur. Ef þeir geta málað hús í leiðinni geta konur það að sjálfsögðu líka.

Það sem menn þurfa að horfa á í þessu sambandi er sá kostnaður sem felst í fæðingarorlofinu fyrir atvinnulífið. Við höfum nú þegar tekið upp sex mánaða fæðingarorlof fyrir konur. Ég tel að það væri skref í rétta átt ef tekið væri upp í fyrstu að tveir mánuðir af þessum sex yrðu að fara til karlmannsins eða föðurins. En að sjálfsögðu þarf að líta á málið í heild sinni og að því er mér skilst þá er nefnd í gangi sem er að fjalla um þessa skiptingu á fæðingarorlofi milli karla og kvenna og við þurfum að bíða eftir niðurstöðum þeirrar nefndar.

Nú er það þannig að barnagæsla er best geymd hjá foreldrum barnanna. Ég hef miklar efasemdir um að senda sex mánaða gömul börn á barnaheimili. Ég hef miklar efasemdir um það að börn hafi yfirleitt nokkuð erindi á barnaheimili fyrr en við 2–3 ára aldur og það er reynsla mín sem föður.

Við þurfum náttúrlega að stefna að því að breyta þjóðfélaginu á þann veg að foreldrarnir geti skipst á um að passa börnin sín, jafnvel á vöktum fyrstu þrjú árin. En það er miklu meiri breyting en hér er verið að tala um og við þurfum að stefna að því öll saman að finna lausn á því.

Hvað það varðar að sú ályktun sem samþykkt var á landsfundinum sé sýndarmennska Sjálfstfl. þá vil ég upplýsa hv. þm. um að landsfundurinn var mjög jákvæður. Þetta var virkilega góður fundur og þar var mikið rætt um jafnrétti kynjanna á ýmsum forsendum. Þar voru mjög góð erindi haldin og mjög góðar ræður um það mál og ég er alveg sannfærður um að þegar stærsti flokkur þjóðarinnar leggur þvílíka áherslu á jafnrétti kynjanna mun það skila sér út í atvinnulífið og út í þjóðfélagið.

Ég hef reyndar bent á það og beðið menn um að horfa á jafnréttisbaráttuna með öðrum augum, út frá kröfum um arðsemi. Það er nefnilega undarlegt að fyrirtæki, hvort sem það er opinbert eða einkafyrirtæki, geti ráðið karl á hærri launum en konu. Það er reyndar efni sem heyrir ekki endilega undir það sem við ræðum hér en ég held að ein af stóru ástæðunum fyrir misrétti og launamisrétti kynjanna sé sú að ekki er gerð krafa um arðsemi fjár, hvorki í ríkisfyrirtækjum né í öðrum fyrirtækjum.

Herra forseti. Ég tel að þetta frumvarp, sem er hér lagt fram, sé gott innlegg í umræðuna um að skipta fæðingarorlofi milli kynjanna. Það er of þröngt að því leyti að það gerir ráð fyrir því að fæðingarorlof feðra sé tekið strax við fæðingu. Ég held að það sé betra á seinni stigum. Mér finnst það ekki ganga nógu langt í því að skipta þessu upp, ég held að ætti að byrja með einn mánuð eða því um líkt þannig að um væri að ræða raunverulega skiptingu á milli feðra og mæðra.

[17:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort síðasti ræðumaður talaði fyrir þeirri útfærslu sem Sjálfstfl. vill sjá að því er varðar fæðingarorlof feðra. En ég vona að hv. þm. hafi ekki verið að því vegna þess að hann er ekki að tala um sjálfstæðan rétt feðra eins og tillagan gerir ráð fyrir, hann er að tala um að feður fái bara hluta af því fæðingarorlofi sem konur hafa nú. Þetta er mjög ófullnægjandi, hv. þm., og það er kjarni málsins sem þingmaðurinn benti á að atvinnulífið hefur ráðið frekar karla til starfa en konur ef þær eru á barneignaraldri ef einhver hætta er á því að þær fari í fæðingarorlof. Það er náttúrlega alls óviðunandi. Ég spyr hv. þm. hvort hann gæti þá ekki stutt nýja fjármögnunarleið í þessu sem kemur ekki niður á ráðningu kvenna í atvinnulífinu, þ.e. að atvinnu-

lífið greiddi eitthvert lítið gjald sem gæti hugsanlega verið viðbót við tryggingagjald sem gengi til þess að greiða fæðingarorlofið. Þá væri þetta sameiginlegur sjóður sem greiddi fæðingarorlof og kæmi ekki niður á konum. Hv. þm. benti réttilega á að karlar eru frekar ráðnir en konur ef hætta er á því að þær fari að eignast börn. Þess vegna ætti að vera sú leið varðandi fjármögnun að þetta væri sameiginlegur sjóður sem atvinnulífið í heild stæði að. En ég segi enn og aftur að það er alls ófullnægjandi að það sé ekki sjálfstæður réttur feðra. Ég vona að það séu ekki hugmyndir sjálfstæðismanna að einungis eigi að klípa af því sex mánaða fæðingarorlofi sem nú er til staðar.

[17:20]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ekki alveg hlustað rétt á það sem ég sagði. Ég sagði að feðrum yrði gert að taka hluta af fæðingarorlofinu, þ.e. að þeir hefðu sjálfstæðan rétt, þeir yrðu að taka hluta af fæðingarorlofinu. Ókostur við núverandi kerfi er að í fæðingarorlofi eru eingöngu greidd mjög lág laun og er spurning hvort ætti að taka upp laun sem væru tekjuháð, þ.e. að fólk héldi einhverjum hluta af launum sínum, segum 70–80% þann tíma sem það væri í fæðingarorlofi. Það yrði aftur á móti miklu dýrara. En ég vil benda á að 1977 vann ég með Guðmundi H. Garðarssyni að frv. um Lífeyrissjóð Íslands. Þá var gert ráð fyrir því að sá sjóður borgaði fæðingarorlof sem væri háð tekjum og það er mín hugmynd. Ég get séð fyrir mér að lífeyrissjóðirnir, sem hafa hagsmuni af því að nýir borgarar fæðist í landinu, taki að að borga fæðingarorlof fyrir félagsmenn sína að einhverju leyti.

[17:22]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er óðum að skýrast. Samkvæmt hugmyndum hv. þm. á að skylda feður til að taka tvo mánuði af þessum sex. Þá bið ég hv. þm. að svara því hvort í tillögu þingmannsins sé innifalið að feðurnir haldi þeim launum sem þeir eru á eða er hugmynd hv. þm. að þeir fái fæðingarorlofið eins og það kemur frá Tryggingastofnun ríkisins? Ég held að við verðum að fara þá leið, hvort sem það eru feður eða mæður, að tekjur fólks skerðist ekki svona mikið við að taka fæðingarorlof, það er óraunhæft. Við eigum að skoða einhverja leið í því efni þannig að fólk missi ekki verulegan hluta af tekjum sínum í marga mánuði meðan það fer í fæðingarorlof.

[17:23]

Flm. (Ögmundur Jónasson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mjög góða umræðu um þetta mikilvæga málefni. Ég tek undir það sjónarmið sem kom fram hjá nokkrum þingmönnum sem tóku til máls að mikilvægt væri að stefnt verði að því að samræma réttindin á öllum launamarkaðinum. Ég held að mikilvægi þessa sé talsvert fyrir opinbera geirann ekki síður en hinn eftir að lögum um réttindi og skyldur var breytt og eftir að menn fóru að reyna að beina samningskerfinu öllu inn á einstakar stofnanir, valddreifa því, gera stofnanirnar ábyrgar fyrir öllum skuldbindingum sínum. Þetta er að gerast varðandi lífeyrisréttindi og hefur verið að gerast í seinni tíð og ekki er ólíklegt að þetta muni gerast einnig á öðrum sviðum að með ákvörðun um laun og kjör fylgi sú krafa að sami aðili og semur um þessi efni axli jafnframt ábyrgðina. Þá erum við komin með það sama á opinberum vinnustöðum og við hefðum á vinnustöðum á almennum markaði ef almannatryggingakerfið kæmi ekki til sögunnar með fæðingarorlofspeningana, þ.e. að atvinnurekandinn mundi forðast að ráða konur á barneignaraldri í ríkari mæli en hann gerir núna vegna þess að hann þyrfti sjálfur að axla fjárhagslegar skuldbindingar. Ég tel því að það sé mikilvægt hagsmunamál að sveigja þetta inn á þessa braut og læt þess getið að BSRB, fjölmennustu samtök opinberra starfsmanna, álykt uðu í þessa veru fyrir um ári. Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að þegar samræmingin á sér stað verði hún ekki niður á við þannig að réttindi einstaklinganna verði skert heldur verði hún upp á við, það er grundvallaratriði.

Varðandi tal mitt um að feður kynnu að misnota orlofsréttinn ef hann væri ekki bundinn fyrstu vikunum eftir fæðingu kom tvennt fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals um það efni. Hann færði rök fyrir því að það væri jafnvel mikilvægara að feður tækju réttinn síðar, ekki á þessum fyrstu dögum eða vikum, það er bara málefnaleg afstaða. Hitt var atriði sem ég vakti máls á í framsögu minni að væri rétturinn ekki bundinn gæti það verið upp á teningnum að menn vildu misnota hann, ættu þeir kröfu til launa, og einnig væri á hitt að líta að atvinnurekandi mundi hugsanlega beita þrýstingi til að menn nýttu sér réttinn þegar það hentaði þeim en ekki fjölskyldunni.

Eins og aðrir hér tek ég undir þetta skref sem Reykjavíkurborg er að stíga en spyr sjálfan mig hvernig standi á því að ekki sé tekið skref fyrir alla feður og að þeim sé tryggður sjálfstæður réttur í stað þess að binda sig við þá mola sem hrjóta af borðum Evrópusambandsins. Hins vegar fagna ég þessu skrefi, það er til góðs, en hefði að sjálfsögðu kosið að þessi atvinnurekandi eins og aðrir atvinnurekendur, sem hafa völd til þess að gera breytingar, nýti sér þau fyrir alla feður.

Að lokum vil ég segja að í máli allra þeirra sem hafa talað í dag um þetta málefni kemur fram að slíkt orlof er mikilvægt fyrir barnið, fyrir föðurinn og móðurina, fyrir fjölskylduna alla og þetta fellur vel að þeirri fjölskylduvænu jöfnunarstefnu sem við í þingflokki Alþb. og óháðra fylgjum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 18. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 18.

[17:29]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnskipunarlaga sem ég flyt ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og Össuri Skarphéðinssyni. Frv. þetta kveður á um rétt kjósenda til að fara fram á að lagafrv. sem Alþingi hefur samþykkt verði borið undir þjóðaratkvæðagreiðslu. 26. gr. stjórnarskrárinnar, sem hér er verið að leggja til breytingu á, hljóðar nú svo með leyfi forseta:

„Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri

atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Í því frv. sem hér er til umræðu er lagt til að við þetta ákvæði bætist eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sama á við ef forseta berst áskorun um það frá þriðjungi kosningabærra manna í landinu."

Forseti Íslands hefur aldrei frá stofnun lýðveldisins beitt þessari heimild 26. gr. stjórnarskrárinnar um að synja staðfestingar á lagafrv. sem Alþingi hefur samþykkt. Skýringarnar eru vafalaust margar en það yrði ugglaust umdeilt að forsetinn gripi til þess að synja staðfestingar á lagafrv., ekki síst vegna þess að í augum þjóðarinnar er forsetinn fyrst og fremst sameiningartákn og embættið á að vera hafið yfir flokkspólitík eða að vera dregið inn í stórpólitískt deilumál. Fræðimenn hafa deilt um réttmæti þessa ákvæðis. Þannig segir í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, með leyfi forseta:

„Sú skipan, sem ákveðin er með 26. gr. stjskr. er óvenjuleg eða jafnvel einstæð. Eru skoðanir skiptar um það, hversu heppileg hún sé."

Í Morgunblaðinu í maí var ítarlega fjallað um þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar var m.a. vitnað í tillögu stjórnarskrárnefndar frá 1993 þess efnis að áður en forseti tæki ákvörðun um staðfestingu laga gæti hann leitað álits þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu. Ef frv. yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu væri forseta síðan skylt að staðfesta það en ef það yrði fellt hefði forseti landsins frjálsar hendur um hvað hann gerði. Ljóst er að slík breyting á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar gerði forseta hægar um vik að beita þessu ákvæði og síður hætta á, þó vissulega væri hún mikil, að það leiddi til svo alvarlegs ágreinings milli forsetaembættisins og ríkisstjórnarinnar að niðurstaðan yrði afsögn annaðhvort forseta Íslands eða ríkisstjórnar.

Það er mín skoðun að jafnvel þótt ákvæðið yrði rýmkað og gert auðveldara fyrir forsetann að beita ákvæðinu sem er jákvætt, tel ég engu að síður að almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu án atbeina forseta sé nauðsynlegt, jafnhliða ákvæði um bein afskipti forsetans um að skjóta málinu til þjóðarinnar. Forsetanum væri þá hlíft við þeim vanda sem hann yrði settur í ef uppi er mikill þrýstingur af hálfu þjóðarinnar í mjög umdeildu máli, að láta það ganga til þjóðaratkvæðagreiðslu þannig að stefnt væri í hættu því sem ég tel að þjóðin vilji að embættið og forsetinn standi fyrir, þ.e. að vera sameiningartákn þjóðarinnar og hafinn yfir flokkspólitísk átök.

Ég er ekki sömu skoðunar og fram kom í þeirri grein sem ég vitnaði til, í Morgunblaðinu sl. vor og höfð var eftir Birni Bjarnasyni, núv. menntmrh., á fundi Orators 1993, þ.e. að huga ætti að því að afnema þennan rétt forsetans eða takmarka hann t.d. þannig að forsetinn gæti ekki beitt ákvæðinu nema að tillögu ráðherra eins og hæstv. menntmrh. lagði til 1993. Það væri nær að setja ákvæði um að aukinn meiri hluti þingsins gæti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu í umdeildum málum í stað þess að setja slíkt í vald ráðherra, en umdeildustu málin eru einmitt mál sem koma frá ríkisstjórn og ráðherrum.

Í Morgunblaðinu var líka vitnað til mjög athyglisverðra ummæla í grein Gunnars Schrams lagaprófessors um verkefni og völd forseta Íslands sem birtist í Morgunblaðinu 1983. Þar er vitnað til þess að konungur hafi alls 91 sinni synjað um staðfestingu á lögum sem Alþingi hafi samþykkt á tímabilinu frá því að stjórnarskráin var sett 1874 þar til heimastjórn komst á laggirnar hérlendis árið 1904. Gunnar Schram vitnar líka til þess að hann telji það fyrirkomulag sem upp var tekið af þeim sem sömdu lýðveldisstjórnarskrána einstætt meðal sjálfstæðra þjóða, en orðrétt segir Gunnar Schram lagaprófessor, með leyfi forseta:

„Þetta er allundarlegt ákvæði, sem aldrei hefur reynt á í framkvæmd þar sem forseti hefur aldrei synjað um samþykki sitt. Aðalannmarkinn á þessu fyrirkomulagi er sá að í undirbúningi og aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar hljóta forseti og meiri hluti Alþingis óhjákvæmilega að koma fram sem andstæðingar. Hér vill forseti hafa að engu og stöðva, með liðsinni þjóðarinnar, lög sem meiri hluti Alþingis hefur samþykkt. Hann verður því að skýra mál sitt opinberlega — gera grein fyrir því hvers vegna hann vill virða að vettugi vilja Alþingis, og þá væntanlega ríkisstjórnarinnar. Á sama hátt mundi meiri hluti Alþingis þurfa að skýra sín sjónarmið í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Þessir tveir aðilar yrðu því óhjákvæmilega að koma fram sem andstæðingar í þessu efni.

Auga leið gefur að slík aðstaða sem hér skapast er óæskileg og óeðlileg. Forsetinn er og á að vera sameiningartákn þjóðarinnar, hafinn yfir orrahríð stjórnmálabaráttunnar. Er þess vegna ekki að undra að skoðanir hafa verið skiptar um það hve æskilegt þetta fyrirkomulag er."

Gunnar Schram dregur síðan þá ályktun að þetta sé ástæðan fyrir því að enginn forseti hafi beitt ákvæðinu þó að a.m.k. þrjú tilvik megi finna um að forseti hafi verið beittur miklum þrýstingi til þess að beita því.

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að af framkvæmdinni megi ráða að þetta vald forsetans til að færa valdið frá þinginu til þjóðarinnar sé í raun marklaust eins og það er nú. Með þessari tillögu er verið að gera ákvæðið virkara og auka lýðræðið í þjóðfélaginu. Segja má líka að þó að vissulega sé rétt og nauðsynlegt að hafa þetta öryggisákvæði í stjórnarskránni til að treysta lýðræðið, þá er forsetinn að sama skapi settur í mjög erfiða stöðu þegar mikill þrýstingur er uppi um að beita þessu ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni, eins og t.d. gerðist varðandi EES-samninginn.

Raunar má einnig segja að forsetinn eigi ekki hægt um vik að synja um staðfestingu á stjfrv. því að forsetinn þarf að samþykkja framlagningu á stjfrv. áður en það er lagt fyrir Alþingi þó það sé flutt á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Forsetinn væri því í sérkennilegri stöðu ef hann synjaði um staðfestingu á stjfrv. sem hann hefur fallist á að verði lagt fyrir Alþingi og Alþingi samþykkti óbreytt.

Ljóst er líka miðað við stöðu forsetaembættisins að það hlyti að kalla á alvarlegan trúnaðarbrest milli forseta landsins og ríkisstjórnar ef forseti synjaði um staðfestingu á stjfrv. og það gæti varla leitt til annars en afsagnar viðkomandi ríkisstjórnar, þó að vissulega sé ekkert hægt að fullyrða um það, enda aldrei reynt á þetta ákvæði.

Ég tel því brýnt, virðulegi forseti, að opna aðra leið til að tryggja að fólkið í landinu hafi þann kost að geta greitt atkvæði um mjög umdeild mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. M.a. þess vegna er nauðsynlegt að inn í stjórnarskrána verði tekið ákvæði sem veitir því þennan rétt án þess að til atbeina forseta lýðveldisins þurfi að koma.

Með sífellt auknu alþjóðasamstarfi er líka enn brýnna að fólk hafi möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslu, ekki síst þar sem mikilvægir alþjóðlegir samningar geta haft úrslitaáhrif á framtíð þjóðarinnar.

Einnig væri áhugavert að skoða í því sambandi, þó þetta frv. feli það ekki í sér, hvort rétt væri að setja ákvæði um aukinn meiri hluta á Alþingi við ákvarðanir sem verða þjóðarheill að ekki sé talað um ef slíkt frv. eða alþjóðasamningar fælu í sér afsal fullveldis í einhverri mynd. Samkvæmt okkar stjórnskipan getur fólk einungis haft áhrif með atkvæði sínu í kosningum til Alþingis og sveitarstjórna, svo og við kjör forseta lýðveldisins. Slíkt fyrirkomulag verður að telja að sé þannig að lýðræðinu séu nokkur takmörk sett, ekki síst þar sem samsteypustjórnir virðast mun algengari hér en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Þannig veit fólk hér á landi sjaldnast hvaða ríkisstjórn það er að kjósa yfir sig með atkvæði sínu auk þess sem auðveldara er fyrir samsteypustjórnir að semja sig frá loforðum og kosningastefnuskrám eins og ótal dæmi sanna. Í stjórnarskránni er aðeins mælt fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur frá þremur stöðum. Í 11. gr. í því tilviki að $^3/_4$ hlutar alþingismanna greiði atkvæði með tillögu um að forseti lýðveldisins verði leystur frá embætti, í 26. gr. ef forseti synjar um staðfestingu á lagafrv. og í 79. gr. ef með lögum eru gerðar breytingar á kirkjuskipan landsins. Þó oft hafi komið fram krafa um að auka rétt til þjóðaratkvæðagreiðslu og m.a. verið flutt um það lagafrv. á Alþingi, iðulega og oft, þá hefur ekkert orðið úr því. Víða í grannlöndum okkar hefur verið farin sú leið að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu og auka þannig lýðræðislegan rétt fólksins. En hér á landi hefur réttur fólks til þess að hafa áhrif á framkvæmd einstakra mála verið bundinn við atkvæðagreiðslur um minni háttar mál, opnun áfengisútsölu, hvort leyfa skuli hundahald í einstökum sveitarfélögum og held ég að það sé þá næstum upp talið. Þessu þarf að breyta eins og gerst hefur víða í grannlöndum okkar þar sem á síðari árum hefur verið farin sú leið að auka lýðræðislegan rétt fólksins með því að heimila þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í stórum málum sem snerta verulega hag þegnanna og afkomu þjóðarinnar er mikilvægt að þessi leið sé fyrir hendi, einnig hér á landi og ég held að það sé ljóst að það treystir lýðræðið í landinu og veitir stjórnmálaflokkum meira aðhald en nú.

Réttur fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu var töluvert mikið ræddur í nýafstöðnum forsetakosningum og ég tel að draga megi þá ályktun af umræðunni sem þá var að mikill vilji sé hjá þjóðinni fyrir því að þessi heimild sé til staðar og ég man ekki betur en allir forsetaframbjóðendur hafi lýst yfir stuðningi við það að opna fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er gert.

Herra forseti. Á síðasta þingi lágu fyrir óvenju mörg frv. og tillögur um breytingar á stjórnarskránni. Ég bendi t.d. á tillögu um að forseti Íslands verði kosinn með meiri hluta atkvæða, um þingsetu ráðherra, um þrengingu á rétti til bráðabirgðalaga, um breytingu á kjördæmaskipan og frv. um þjóðaratkvæðagreiðslu svo að eitthvað sé nefnt.

Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að geta þess að mér finnst mjög mikil tregða til þess á hv. Alþingi, sérstaklega varðandi þingmannamál sem snerta breytingu á stjórnarskránni, að þau fái eðlilega og þó ekki væri nema efnislega umræðu í þeirri nefnd sem um þau fjallar, en í þessu tilviki er það sérstök nefnd sem fjallar um breytingar á stjórnarskránni. Ég tel það mjög óeðlilegt að frysta umræðu um málið á þennan hátt. Umræðan var lítil eða engin. Ég held að það hafi verið haldnir einn eða tveir fundir í þessari nefnd á síðasta þingi jafnvel þó að svona mörg mál sem snerta breytingu á stjórnarskránni lægju fyrir nefndinni. Ég vil hvetja til þess og óska eftir atbeina forseta til að þessi mál fái eðlilega umfjöllun í nefnd og að ekki séu öll mál sem snerta breytingar á stjórnarskránni ávallt og ævinlega söltuð þannig að þetta mál fái eðlilega umfjöllun og komi til atkvæðagreiðslu í þinginu.

Ég vil svo í lokin, virðulegi forseti, leggja til að málinu verði vísað til sérnefndar um stjórnarskrármál með vísan í 42. gr. þingskapa.

[17:43]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan, að það er ósiður sem hér tíðkast og hefur tíðkast mjög lengi að stjórnarskrárfrumvörp fá yfirleitt enga þinglega meðferð nema þegar þau snerta breytingu á kosningalögum og um þau hefur orðið samkomulag áður eða þegar þau snerta breytingu á skipan Alþingis og um það hefur orðið samkomulag áður en frv. var lagt fyrir þingið.

Í þessari stofnun þyrftum við auðvitað að eiga fasta stjórnarskrárnefnd að mínu mati, nefnd sem færi yfir stjórnarskrárfrumvörp þegar þau koma fram. Ég vísa til þess að í norska Stórþinginu og í sænska þinginu eru nefndir sem heita kontroll- og konstitusjons-nefndir og fara yfir allar breytingartillögur við stjórnarskrána, sömuleiðis allar skýrslur ríkisendurskoðunar í viðkomandi löndum, bæði um ríkisreikning og aðrar skýrslur og skýrslur umboðsmanna þinganna gagnvart viðkomandi þjóðum. Ég tel reyndar að óhætt sé að stinga því máli inn í þessa umræðu að það er auðvitað ekki vansalaust að hér á Alþingi Íslendinga er enginn farvegur fyrir skýrslu Ríkisendurskoðunar og ríkisreikninga annar en sá sem felst í meðferð fjárln. og það er viðurkennt af öllum að það er ófullnægjandi. Þegar við breyttum stjórnarskránni síðast, felldum við niður ákvæði hennar um þingkjörna yfirskoðunarmenn ríkisreikninga og það var m.a. með mínum stuðningi — þá var ég einn af yfirskoðunarmönnum — að það var gert. En það hefur ekkert komið í staðinn og ég tel að það sé til vansa og vil vekja athygli á því hér af því að verið er að tala um stjórnarskrána og verið er að tala um sérnefnd.

Ég vil líka vekja athygli á öðru máli sem ég tel að hafi gleymst við síðustu stjórnarskrárbreytingu og það er sú staðreynd að samkvæmt gildandi stjórnarskrá þarf atbeina framkvæmdarvaldsins, þ.e. forsrh., til þess að kalla þing saman og til að fresta þingi. Það hefur reyndar gerst með friðsamlegum hætti í flestöll skipti þau ár sem ég hef setið hérna. Þó munum við eftir því sum sem erum í salnum að einu sinni brá svo við að maður stökk hérna úr stólnum sem er mér á hægri hönd ekki langt í burtu með bláa bók allstóra og frestaði þinginu, án þess að um það hefði verið gert neitt samkomulag. Það er auðvitað óeðlilegt að hafa það fyrirkomulag að það þurfi atbeina framkvæmdarvaldsins til að kalla þingið saman. Það er niðurlægjandi fyrir þingið að mínu mati og það er enn þá meira niðurlægjandi þegar þarf atbeina framkvæmdarvaldsins til að fresta þinginu á vorin, sérstaklega eftir að það ákvæði var sett inn í lög landsins og grundvallarlög að þingið stendur í raun og veru allt árið. Þá er algjörlega fráleitt að hafa þetta ákvæði um atbeina framkvæmdarvaldsins og þjóðhöfðingjans eins og það er núna. Þetta ákvæði er gamalt. Það hefur verið í stjórnarskránni alveg frá upphafi og var í dönsku stjórnarskránni. Þar var gert ráð fyrir atbeina framkvæmdarvaldsins, en það var tekið út við breytingar á stjórnarskránni í Danmörku fyrir

nokkrum árum vegna þess að allir sem að því komu sáu að annars var þingið í raun og veru ekki fullvalda andspænis framkvæmdarvaldinu. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Þetta er ekki síst mikilvægt atriði, hæstv. forseti, þegar kemur að umræðunni sem alltaf kemur upp, hvort það á að setja bráðabirgðalög eða ekki. Aftur og aftur kemur sú umræða upp. Það er augljóst mál að ef það er skoðun ríkisstjórnar við núvernadi aðstæður að það sé betra að setja bráðabirgðalög af pólitískum ástæðum heldur en að kalla þingið saman, þá setur hún bráðabirgðalög. Ef staðan væri hins vegar þannig að það að kalla þingið saman væri vald sem væri í hendi forseta Alþingis, en ríkisstjórnin gæti kannski verið annarrar skoðunar, þá horfir málið allt öðruvísi við. Þess vegna held ég að þetta sé eitt af þeim atriðum sem eigi að breyta, litlum, tæknilegum atriðum liggur mér við að segja sem eigi að breyta í stjórnarskránni og er í samræmi við þann vilja og þau viðhorf sem hafa komið upp á undanförnum árum.

Varðandi málið sjálft er það rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði að frumvörp af þessu tagi eða um þetta efni hafa mjög oft verið flutt áður. Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur flutt mörg frumvörp af þessu tagi og ég hygg að hér á fyrr á árum, á fyrstu árum lýðveldisins, hafi mál af þessu tagi verið flutt af mjög mörgum þingmönnum, um að það væri hægt fyrir þjóðina að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslu án þess að atbeini forsetans þyrfti að koma til þannig að um þetta hefur verið mjög lengi samstaða. Það er hins vegar alveg greinilegt að Sjálfstfl. hefur svo að segja alltaf verið á móti þessu og hefur ekki verið tilbúinn til þess að stíga þetta skref.

Hitt er svo líka ljóst að það hefur verið mjög erfitt að fá flokka sem hafa verið í ríkisstjórn, og þá á ég einkum við Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., að fallast á þjóðaratkvæðagreiðslur þó svo að eftir því hafi verið kallað af mjög stórum hluta þjóðarinnar. Nýjasta dæmið í þeim efnum er umræðan um Evrópska efnahagssvæðið þar sem menn voru á jaðrinum í sambandi við stjórnarskrána sem slíka og hefðu auðvitað átt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það mál eins og við töldum reyndar, en var fellt með naumum meiri hluta á Alþingi. Ég man ekki satt að segja hver hann var nákvæmlega. Var hann ekki 33:30? Það var alla vega mjög knappur meiri hluti sem hafnaði því að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla. Það er dálítið umhugsunarefni og ýtir undir það að vel sé tekið á móti svona tillögu eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var að mæla fyrir áðan.

Ég ætla þessu næst að víkja aðeins að þeirri fullyrðingu hv. þm., sem er rökstuðningur hennar fyrir þessu frv., að í raun og veru sé málskotsréttarákvæðið marklaust eins og það er. Ég neita því. Ég tel að það séu engin rök fyrir þessu. Ég tel að það séu alveg fullnægjandi almenn lýðræðisleg rök fyrir þessu frv. og þurfi ekki að nota þau rök að málskotsréttarákvæðið sé ónýtt. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að málskotsréttarákvæðið sé ekki ónýtt. Mín rök í þeim efnum eru t.d. síðustu forsetakosningar. Umræðan fyrir síðustu forsetakosningar var mjög sláandi og sterk í þessu sambandi þar sem allir forsetaframbjóðendurnir sögðu: Við munum, ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu, beita okkur fyrir því, hvað sem þinginu sýnist, hvað sem þingið segir, að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um málið á grundvelli þessa ákvæðis. Þannig skuldbundu í raun allir forsetaframbjóðendurnir sig til þess að nýta þetta ákvæði, jafnvel þó að Alþingi vildi ekki nýta það og meiri hlutinn og framkvæmdarvaldið. Það var t.d. mjög sterkt og mjög eftirminnilegt sem núverandi forseti Íslands sagði um þetta mál, en hann sagði ekki einasta að hann mundi beita því, heldur sagði hann: „Ef stjórnmálamennirnir ganga á bak orða sinna í þessu máli, þá mundi ég samt beita því ef ég verð kosinn forseti.“ Það er mjög mikilvægt að halda þessu til haga.

Ég skrifaði grein um þessi þjóðaratkvæðagreiðslumál og um Evrópusambandsmálið í Morgunblaðið sem birtist 26. júní ef ég man rétt, nokkrum dögum fyrir kosningar. Þar fór ég mjög vandlega yfir þetta. Ég bar þá grein efnislega, ég get sagt frá því hér, undir marga sérfræðinga í þessum málum, m.a. flesta þá sem yfirleitt er vitnað til í sambandi við þessi mál stjórnskipunarréttarins. Það er alveg augljóst að miðað við þann texta sem þar var og miðað við það sem fram kom í kosningabaráttunni og miðað við það sem forsetaframbjóðendurnir sögðu, þá er málskotsrétturinn virkur og mikilvægur og hann verður að vera það. Jafnvel þó að hann hafi aldrei verið notaður, þá er hann dýrmætt öryggisákvæði fyrir þjóðina, en þar með er ég ekki að segja að þessi tillaga sé óþörf, langt frá því. Ég styð hana heils hugar eins og ég hef reyndar oft áður gert þegar svipaðar tillögur hafa verið fluttar hér.

Ég vildi síðan, hæstv. forseti, vekja athygli á því að í umræðunni um Evrópusambandsmálið og þjóðaratkvæðagreiðsluna voru ræddir þeir möguleikar að framkvæmdarvaldið mundi vilja fresta þjóðaratkvæðagreiðslunni þannig að hún færi fram ekki tafarlaust, heldur síðar þegar það hentaði betur í skoðanakönnunum eða öðru fyrir viðkomandi stjórnarflokka. Þetta var líka rætt og ég tel að niðurstaðan hafi orðið sú af hálfu núverandi forseta Íslands og af hálfu allra forsetaframbjóðendanna að þetta ætti að gerast tafarlaust. Reyndar er ég, herra forseti, þeirrar skoðunar að það megi hugleiða hvort breyting eins og hugsanleg aðild að bandalagi eins og Evrópusambandinu, sem felur í sér afsal sjálfsákvörðunarréttar á vissum sviðum, hvort það mál sé ekki þannig vaxið að Alþingi ætti, ef áhugi væri á slíku af hálfu ríkisstjórnar, að taka afstöðu til þess áður en farið er af stað í viðræður við þennan aðila. Það gæti bæði gerst þannig að samþykkt væri almenn stefnuyfirlýsing á Alþingi sem heimilaði að lagt yrði af stað í slíkar viðræður eða þá að samþykkt yrðu lög eða þá að samþykkt yrði stjórnarskrárbreyting. Það var nákvæmlega það sem gert var í Danmörku og sem gert var í Noregi, en sú breyting sem gerð var í Noregi náði hins vegar ekki eins langt og stuðningsmenn aðildar Noregs að Evrópusambandinu og EB áður vildu. Þess vegna varð að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla í tvö skipti þar eins og menn þekkja og sem endaði á þann veg sem menn þekkja til.

Ég held með öðrum orðum að þetta sé mjög mikilvægt atriði að halda til haga og ég ætla að draga það saman með því að segja: Ég tel að hvaða ríkisstjórn sem er, sem legði af stað í það verkefni að kanna hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu eins og það er í dag, ætti að spyrja Alþingi áður en hún legði upp í vegferðina, hún ætti ekki að gera það út á almennar, opnar framkvæmdarvaldsheimildir. Ég tel mjög mikilvægt að þetta sjónarmið liggi fyrir og ég vil draga það fram í umræðunni um þetta mál sem hv. þm. mælti fyrir.

Að öðru leyti tel ég ástæðu til að fagna því að þessi mál eru rædd. Ég vek athygli á því að það liggur fyrir frv. frá okkur alþýðubandalagsmönnum um breytingar á stjórnarskránni varðandi almenninga og rétt til eignar á þeim.

Svo er það að lokum þetta, hæstv. forseti. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar er talað um að breyta kosningalögunum. Og að breyta kosningalögunum þýðir venjulega stjórnarskrárbreytingu. Það að breyta kosningalögum og stjórnarskrárákvæðum um þau mál hefur alltaf verið reynt að gera fyrst að máli allra flokka en ekki bara stjórnarflokka. Og það er mjög sérkennilegt ef það er rétt, mér skilst að það sé fyrirspurn á dagskrá á morgun frá þingmanni, jafnvel þingmanni stjórnarflokks, ég veit það ekki, að það sé verið að spyrja um endurskoðun kosningalaganna. En að því er mér er best kunnugt hafa engin samtöl farið fram á milli flokkanna í þinginu um það hvernig væri hugsanlegt að breyta kosningalögunum. (**Gripið fram í:** Ekki síðan á síðasta kjörtímabili.) Ekki síðan á síðasta kjörtímabili. Og sú umræða lýsti ekki alltaf mikilli alvöru, verð ég að segja, vegna þess að menn fóru svo seint í hana. Ég hlýt því að draga það inn í þessa umræðu að ef ætlunin er að ræða um stjórnarskrárbreytingar á annað borð, þá væri það auðvitað fjarstæða að ætla sér að láta umræður um kosningalögin dingla lausar einhvers staðar í höndunum á forustumönnum stjórnarflokkanna einna. Ég veit ekkert hvað þeim dettur í hug. En svo mikið er víst að ég treysti þeim ekki til þess að vera með þetta einum. Ég vil að allir flokkarnir séu með svona mál. Þetta er svo stórt mál að að því eiga allir aðilar sem hér eiga fulltrúa að koma, a.m.k. í byrjun til að kanna það hvort um málið geti orðið einhver samstaða.

[17:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í nokkrum orðum taka undir efni þessa frv. og þakka 1. flm. fyrir að hefja þessa umræðu svo snemma þings, ekki veitir af. En ég vil jafnframt minna á það að við kvennalistakonur höfum í gegnum árin flutt nokkrar tillögur sem ganga í svipaða átt. Þar hefur verið um að ræða tillögur sem bæði snerta sveitarstjórnarstigið, þ.e. rétt kjósenda í sveitarstjórnum til þess að krefjast almennra atkvæðagreiðslna um ýmis mál og jafnframt um þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er rétt sem fram kom hjá síðasta ræðumanni að tillögur af þessu tagi hafa iðulega komið fram, en einhverra hluta vegna gengur afar erfiðlega að knýja fram breytingar. Það vekur þær spurningar hvernig eigi að standa að breytingum á stjórnarskránni og hvað eigi í rauninni heima í stjórnarskrám landa. Þær eru afskaplega mismunandi. Þær eru ýmist nokkuð ítarlegar eða mjög knappar eins og íslenska stjórnarskráin er. Og það er spurning um grundvallarstefnu hversu mikið á að tíunda í stjórnarskrá. En hún á auðvitað að tryggja ýmis grundvallarréttindi. Hún á að tryggja lýðræðið, hún á að tryggja þrískiptingu valdsins. Hér hefur stjórnarskráin líka verið notuð til þess að tryggja ákveðna kirkjuskipan, sem reyndar er farið að gagnrýna æ meir, og auðvitað er það hlutverk stjórnarskrár að tryggja mannréttindi. Það eru þessir þættir sem eiga þar heima en spurning er um kirkjuskipanina í landi sem jafnframt tryggir íbúum sínum trúfrelsi.

En vegna þess að þetta frv. er hér til umræðu þá hef ég lengi verið þeirrar skoðunar að það væri í rauninni mjög margt sem þyrfti að endurskoða í stjórnarskránni. Þar er fyrst að nefna vald forseta og þá kannski ekki síst í ljósi þeirra miklu umræðna sem urðu fyrir síðustu forsetakosningar og hafa verið raktar hér. Þar eru atriði sem þarf að skoða. Og þó að ég vilji halda mjög fast í þingræðið og ábyrgð þingsins á því að setja lög, þá þarf ákveðinn hópur fólks, ákveðinn hluti kjósenda, hvar sem við drögum þau mörk, að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu því að þær aðstæður geta skapast á þingi að þingið sé farið að ganga þvert á vilja þjóðarinnar. Við þurfum ekki að fara langt í sögunni til þess að leita að stórhættulegum dæmum úr Evrópusögu um það þegar ýmis öfl ná völdum á þingum og knýja í gegn lagabreytingar og þjóðfélagsbreytingar áður en nokkur fær vörnum við komið.

Annað atriði sem mér finnst að þurfi að styrkja í stjórnarskránni eru skilin á milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds sem að mínum dómi eru alls ekki nægilega skýr hér. Við höfum náttúrlega fjöldamörg dæmi um hvernig það blandast saman hér. Til dæmis má varpa fram spurningunni um það hvort að ráðherrar eigi að vera þingmenn. Mér finnst það líka spurning hvort ekki þurfi að styrkja sjálfstæði og stöðu dómsvaldsins. Ég vil varpa fram þeirri spurningu hverjir eigi að skipa dómara. Er það hlutverk framkvæmdarvaldsins? Í ýmsum stofnunum og reyndar ríkjum er það einmitt löggjafarvaldið sem skipar og velur eða kýs dómara.

Að mínum dómi þarf að ganga lengra í að tryggja ýmis mannréttindi þó að reyndar hafi verið stigið stórt skref í því vorið 1994. Ýmislegt fleira má nefna og ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar varðandi það að kalla þingið saman og að slíta því, þetta er í raun alveg furðulegt.

Enn eitt í því sambandi sem ég hef lengi hugleitt er að Alþingi skuli ekki þurfa að samþykkja skipan ráðherra. Það fara fram kosningar og það er myndaður einhver meiri hluti og sá meiri hluti velur ráðherra en Alþingi kemur þar hvergi nærri þó að þessir ráðherrar séu ábyrgir gagnvart Alþingi. Alþingi hefur valdið til þess að setja ráðherrana af og því er spurningin: Á Alþingi ekki líka að samþykkja skipan þeirra? Það er því ýmislegt að athuga en greinilegt er að óttinn við kosningar kemur iðulega í veg fyrir að menn samþykki stjórnarskrárbreytingar. Það má helst ekki samþykkja þær fyrr en í lok kjörtímabils þannig að hægt sé að bera þær undir kjósendur jafnhliða almennum kosningum. Þess eru þó dæmi úr sögu okkar að jafnvel tvennar kosningar hafi farið fram á sama sumri þegar menn voru fyrst og fremst að breyta kosningalöggjöfinni. Spurningin er hvort menn vilja fara út í minni háttar breytingar og kippa í liðinn ýmsu því sem augljóst er að þarf að lagfæra eða hvort fara á út í meiri endurskoðun á stjórnarskránni. Það er alveg greinilegt að ekki hefur verið vilji til þess. Það var greinilegt þegar síðast var farið í gegnum stjórnarskrána. Menn voru tilbúnir til þess að taka mannréttindaþáttinn í gegn í tilefni af afmæli íslenska lýðveldisins. Það er sem sagt spurning hvort menn geta sameinast um að gera einstakar breytingar eða hvort það á að fara í nánari endurskoðun. Vorið 1994 var rætt um að það þyrfti að fara út í frekari endurskoðun. Enn þá hefur ekki orðið af því að nein nefnd væri sett í það og ég í auglýsi eftir því hvort að menn eru tilbúnir til þess að fara út í meiri skoðun en jafnframt ítreka ég að við erum reiðubúnar til þess að styðja einstaka tillögur eins og þessa.

[18:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram um rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er alveg ljóst og hefur komið fram í umræðum þeirra tveggja þingmanna sem hafa tekið hér þátt í umræðunni að ýmislegt brennur á þingmönnum að því er varðar breytingar á stjórnarskránni sem menn vilja að verði farið að ræða og hljóti þá ítarlega umfjöllun og a.m.k. efnislega umfjöllun í nefnd. Mér finnst að tekið sé undir orð mín sem ég beindi til forseta

að hann gerði sitt til þess að þessi sérlaga nefnd yrði ekki algjörlega óvirk þegar málum væri vísað til hennar. Síðan kemur upp spurning eins og síðasti hv. ræðumaður benti á hvort almennur vilji sé fyrir því með aðild allra þingflokka að fara í stærri og viðameiri endurskoðun á stjórnarskránni þar sem allar þær tillögur sem fram hafa komið verði teknar til skoðunar. Þetta er spurning um málsmeðferð.

Margt athyglisvert kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar og reyndar síðasta þingmanns líka og ljóst að þau hafa bæði velt fyrir sér ýmsum atriðum að því er varðar stjórnarskrárbreytingar. Ég tek undir það líka eins og síðasti ræðumaður gerði að þegar maður fer að velta því fyrir sér þá er núverandi tilhögun mjög óeðlileg, þ.e. að framkvæmdarvaldið kalli saman þing og slíti því. Það er full ástæða til að gefa þessu gaum og skoða breytingar á því.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson var ekki sammála mér um að málskotsrétturinn væri óvirkur. Ég vísaði til reynslunnar og færði fyrir því rök sem ég hélt sjálf fram og rök sem fræðimenn, sem hafa skoðað þetta, hafa haldið fram um að þetta ákvæði sé óvirkt enda hefur því aldrei verið beitt. Menn þekkja raunverulega ekki hverjar afleiðingar væru af því ef ákvæðinu yrði beitt. Því hefur verið haldið fram, sem ég get alveg tekið undir, að það gæti hugsanlega leitt til afsagnar forseta Íslands eða afsagnar viðkomandi ríkisstjórnar eftir því hvernig þjóðaratkvæðagreiðslan færi. Ég held að það sé alveg ljóst að tekist yrði á um þessi sjónarmið forseta Íslands og ríkisstjórnar í aðdraganda slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu sem færi þannig fram að raunverulega yrði forsetanum og ríkisstjórninni stillt upp sem andstæðingum í því deilumáli sem þar væri uppi. Það er því ekki auðvelt fyrir forseta Íslands að beita þessu ákvæði. Þess vegna tel ég mikilvægt að hafa hvort tveggja til staðar, það ákvæði sem fyrir er þar sem forseti getur sjálfur synjað um staðfestingu á lagafrv. og eins það sem að þarf ekki atbeina forsetans til þannig að þriðjungur þjóðarinnar eða atkvæðisbærra manna gæti farið fram á slíkt. Ég held að það mundi vera mjög til bóta ef slík leið væri farin.

Mér fannst mjög athyglisvert sjónarmið koma fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, 8. þm. Reykv. Það er ný hlið á málinu, sem hann velti upp, ef einhvern tímann kæmi til þess að farið væri að ræða um af alvöru að leggja inn umsókn varðandi ESB að málið yrði fyrst tekið hér upp á þingi og tekin afstaða til þess áður en að haldið yrði til þeirra viðræðna eða umsögn lögð fram. Þetta er vissulega ný hlið á málinu en maður veltir því þó fyrir sér hvernig hún er framkvæmanleg og hvort þingmaðurinn á þá við það ef farið yrði af einhverri alvöru í þetta einhvern tímann síðar ef breytingar yrðu á stöðunni, t.d. í sjávarútvegsmálum, að þá yrðu greidd atkvæði hér um samningsmarkmiðið sem yrði lagt upp með. Hv. þm. skýrði það ekki nánar en þetta var athyglisverð hlið á málunum.

Ég tek undir með síðasta ræðumanni að skilin milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds eru mjög óljós og ég mun ræða það nánar þegar verður rætt um breytingar á þingsköpum. Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að þingið þarf að taka þau mál til mjög alvarlegrar skoðunar og fara ítarlega ofan í saumana á því hvernig hægt er að skerpa þar skilin.

Varðandi endurskoðun á stjórnarskránni og ekki síst á kosningalögunum er það skoðun mín að Alþingi komist ekki hjá því á þessu kjörtímabili að taka á kosningalögunum og það er mál sem við þekkjum að eru mjög skiptar skoðanir um. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur lagt fram tillögur sínar um útfærslu og leiðir í: „Landið eitt kjördæmi“ og sjálfsagt eru mjög skiptar skoðanir um það þannig að menn þurfa að fara að bretta upp ermarnar og skoða það mál og taka á því þannig að þetta brenni ekki inni á tíma þegar menn vilja setja einhverja alvöru í málið. Annars hefur skoðun mín verið sú að varðandi kosningalögin og kannski ýmis önnur atriði stjórnarskrárinnar hafi þingið, og reynslan sýnir okkur það, verið ófært um að taka skynsamlega á kosningalögunum vegna þess að þingmenn eru raunverulega að fjalla um eigin hagsmuni. Ég held að allir þingmenn muni það þegar gerð var breyting á kosningalögunum að þá voru menn að máta sig inn og út eftir þeim tillögum sem lágu fyrir hverju sinni og voru einungis sammála þeim tillögum þar sem öruggt var að þeir væru sjálfir inni. Það er mjög slæmt að málið skuli vera í þeirri stöðu og ég veit ekki hvort einhverrar breytingar er að vænta í því efni. Það er alveg nauðsynlegt að taka á málinu og þess vegna hef ég lagt fram, og gerði fyrir tveimur árum og mun væntanlega leggja fram á þingi aftur, að það verði sérstakt stjórnlagaþing sem fjalli um það mál þannig að þingmenn fjalli þar ekki um eigin hagsmuni.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið og þær undirtektir sem ég hef fengið við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðsöngur Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

[18:11]

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu um endurskoðun á lögum um þjóðsöng Íslendinga sem ég flyt ásamt hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, Magnúsi Stefánssyni, Lúðvíki Bergvinssyni og Kristínu Ásgeirsdóttur. Tillagan gerir ráð fyrir því að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að endurskoða lög um þjóðsöng Íslendinga, nr. 7/1983. Meðal annars verði tekið til athugunar hvort rétt sé að taka upp annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs sem væri aðgengilegri í flutningi og hentaði betur til almennrar notkunar svo sem í skólum, á íþróttakappleikum og við önnur svipuð tækifæri. Í grg. segir m.a.:

„Tæpast er nokkur ágreiningur um tign og fegurð íslenska þjóðsöngsins og ekki er vafi á því að hann stendur djúpum rótum í vitund þjóðarinnar sem eitt helsta tákn þjóðernis okkar og sjálfstæðis. Hitt er annað mál hvort „Ó, Guð vors lands“, sem er lofsöngur trúarlegs eðlis eins og nafnið ber með sér, getur að öllu leyti þjónað hlutverki þjóðsöngs við þær fjölbreytilegu aðstæður sem skapast geta á okkar tímum. Tilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. er ekki sá að „Ó, Guð vors lands“ verði aflagður sem þjóðsöngur Íslendinga heldur sá að athugað verði hvort rétt sé að taka upp við hlið núverandi þjóðsöngs annan söng sem betur hentaði við ýmis minna hátíðleg tækifæri.

Lofsöngurinn „Ó, Guð vors lands“ var fyrst fluttur við hátíðarguðþjónustu í Dómkirkjunni í Reykjavík 2. ágúst 1874 í minningu þúsund ára byggðar á Íslandi. Matthías Jochumsson orti ljóðið þegar hann dvaldist í Edinborg og London haustið og veturinn áður og Sveinbjörn Sveinbjörnsson samdi lagið síðla vetrar 1874. Það mun ekki hafa verið í

huga höfunda að þeir væru að semja þjóðsöng handa Íslendingum og það tók langan tíma fyrir „Ó, Guð vors lands“ að vinna sér sess sem þjóðsöngur.

Íslenska ríkið eignaðist höfundarrétt að laginu við þjóðsönginn árið 1948 og að ljóðinu árið 1949. Alþingi samþykkti síðan árið 1983 lög um þjóðsöng Íslendinga.“

Tilgangurinn sem fyrr segir með flutningi þessarar þáltill. er ekki sá að Ó, Guð vors lands verði aflagður sem þjóðsöngur Íslendinga heldur sá að athugað verði hvort rétt sé að taka upp við hlið núverandi þjóðsöngs annan söng sem betur hentar við ýmis minna hátíðleg tækifæri. Að margra dómi er það misnotkun á Ó, Guð vors lands að flytja hann á íþróttakappleikum og útisamkomum, oft af takmarkaðri getu og við ýmiss konar aðstæður. Þátttaka okkar Íslendinga í landsleikjum í ýmsum íþróttagreinum hefur aukist hin síðari ár og eins og allir vita er þjóðsöngur þeirra landa sem eigast við í keppni leikin í upphafi leiksins. Keppendur og áhorfendur viðkomandi þjóðar taka gjarnan rösklega undir og oftar en ekki myndast sterk þjóðernistilfinning við slík tækifæri. Hins vegar er það gjarnan svo að þegar við Íslendingar tökum þátt í landsleik fá margir ónotatilfinningu eða kvíðatillfinningu. Ástæðan er sú að þjóðsöngurinn okkar hefur ekki þau áhrif sem slík stund gefur tilefni til. Margir segjast kvíða þessari athöfn í stað þess að í viðkomandi tilfellum ætti þjóðsöngurinn að efla samkennd og hvetja til dáða. Sjálf hef ég upplifað það við setningu kappleikja að á meðan keppendur annarra þjóða tóku rösklega undir þegar þeirra þjóðsöngur var leikinn, stóðum við Íslendingarnir hljóðir og niðurlútir. Slíkt er svo sannarlega ekki til þess fallið að efla samkennd og keppnisanda.

Það sem einnig hefur breyst á síðari árum er að lengd þjóðsöngs við notkun á íþróttalandsleikjum og stórmótum, svo sem á Ólympíuleikum, er hámark 75 sekúndur og þess vegna verður að breyta tónhraðanum þannig að um algera afbökun verður að ræða og flutningurinn í engu samræmi við þann anda sem höfundarnir ljáðu verki sínu. Engum Íslendingi er greiði gerður með slíkri afbökun, hvorki höfundunum né hlustendum.

Í skólum landsins er gjarnan mikið sönglíf. Margir tónmenntakennarar eru mjög kappsamir og kenna nemendum sínum mörg ný og eldri lög. Sumir kennarar leggja mikinn metnað í að kenna nemendum sínum þjóðsögninn, en aðrir gera það síður. Í leikskólum landsins er mikið sungið en því miður er mjög sjaldgæft að þjóðsöngurinn sé kenndur. Ástæðan er einfaldlega sú að lagið er svo erfitt í söng að það er ekki á færi svo ungra nemenda að flytja það, enda þótt vilji sé fyrir hendi. Þetta er mjög miður því mjög æskilegt væri að geta kennt börnum að virða og meta þjóðsönginn strax á leikskólaaldri.

Það hefur vakið athygli mína að undanförnu að þjóðsöngurinn virðist ekki vera nothæfur við ýmis tækifæri, þegar stilla á saman strengi, svo sem við stórafmæli, vígslur og fagnaðarfundi. Nýlega sat ég 50 ára afmæli Fósturskóla Íslands og í lok athafnarinnar var þjóðsöngurinn ekki sunginn heldur Ísland ögrum skorið. Það sama var gert í 20 ára afmæli Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem haldið var hátíðlegt fyrir nokkru. Á afmæli Reykjavíkurborgar sl. sumar hefði mátt reikna með að þjóðsöngurinn mundi hljóma en þar var Ísland er land þitt fyrir valinu sem hátíðarsöngur. Þegar fyrrv. forseti Vigdís Finnbogadóttir var kvödd á Lækjartorgi í sumar var þjóðsöngurinn ekki sunginn þrátt fyrir að vant söngfólk réði þar ferðinni, heldur var lagið Hver á sér fegra föðurland sungið. Hins vegar var þjóðsöngurinn sunginn af Dómkórnum í Alþingishúsinu í lok athafnar þegar nýr forseti Ólafur Ragnar Grímsson var settur í embætti.

Því miður virðist þjóðsöngur okkar Ó, Guð vors lands ekki lengur vera sá söngur sem almennt er notaður við hátíðleg tækifæri þegar slíkt væri þó eðlilegt. Það er jafnframt athyglisvert að yfirleitt eru það sömu lögin sem koma í staðinn, Ísland ögrum skorið, Eg vil elska mitt land, Hver á sér fegra föðurland og Ísland er land þitt. Mér finnst þetta mjög skýr vísbending um að fólk sneiðir hjá þjóðsöngnum vegna þess hve erfiður hann er í söng og velur önnur lög sem fólk kann og getur auðveldlega sungið og sem fólki finnst að skapi þá stemningu sem þjóðsöng er ætlað að gera.

Við endurskoðun á lögunum um íslenska þjóðsönginn mætti hugsa sér að finna annað lag sem gæti þjónað því hlutverki að vera þjóðsöngur við ákveðin tilefni. Margir íslenskir söngvar gætu þjónað þessu hlutverki og hafa unnið sér sess í hugum íslensku þjóðarinnar sem slíkir. Þar á meðal eru þeir söngvar sem ég hef þegar nefnt. Einnig má nefna lagið Úr útsæ rísa Íslands fjöll eftir Pál Ísólfsson og eflaust mætti nefna fleiri. Einnig kæmi til greina að hafa samkeppni meðal ljóðskálda og tónskálda þjóðarinnar um nýjan þjóðsöng. Vel væri við hæfi að vígja slíkan söng á aldamótaárinu 2000. Eftir sem áður mundi Ó, Guð vors lands þjóna hlutverki sínu sem þjóðsöngur við hátíðlegustu tækifæri, trúarlegs og veraldlegs eðlis.

Herra forseti. Það er von mín að sú till. til þál. sem ég hef mælt fyrir fái jákvæða umfjöllun og hljóti samþykki Alþingis. Vafalaust verða ekki allir á einu máli en mestu máli skiptir að málið fái málefnalega umfjöllun og verði skoðað frá öllum hliðum. Því verður varla á móti mælt að okkar fagri þjóðsöngur er ekki þjóðareign á þann hátt sem mér virðist þjóðsöngvar annarra landa vera, heldur hefur hann þróast upp í það að vera stáss sem einungis er gripið til við hátíðlegustu tækifæri. Okkar vantar þjóðarsöng og það væri vel við hæfi að við gæfum okkur hann við upphaf nýrrar aldar.

Ég vona að þessi tillaga verði rædd og fari síðan til allshn.

[18:20]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi tillaga allrar athygli verð en ég hef ekki gert upp hug minn til hennar, hvaða afstöðu ég tek, en mér fannst rök flm. athyglisverð og ég hlustaði á þau með athygli. En eitt gengur ekki upp í mínum huga sem hv. 1. flm. gæti ef til vill svarað. Ég tek eftir því að ekki er verið að tala um að nýr þjóðsöngur komi í staðinn fyrir þennan heldur er verið að tala um þjóðsöng við hliðina á núverandi þjóðsöng. Þekkir hv. flm. dæmi um það hjá öðrum þjóðum að slíkt fyrirkomulag sé til? Er hv. þm. ekki hræddur um að þetta geti skapað rugling að hafa einhvern aðalþjóðsöng og varaþjóðsöng, einn fyrir laglausa og einn fyrir lagvísa eða hvernig sem þetta er hugsað? Því velti ég fyrir mér hvernig þetta gengur upp að hafa annan þjóðsöng við hlið núverandi þjóðsöngs eins og hér kemur fram.

[18:21]

Flm. (Unnur Stefánsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er spurt um þjóðsönginn og hvort fyrirmynd sé frá öðrum löndum að hafa tvo þjóðsöngva. Já, það er gert í öðrum löndum og þó það væri ekki gert gætum við Íslendingar gjarnan gert það. En hugsunin með þessari

tillögu er sú að annar þjóðsöngur komi og síðan verði hægt að velja þjóðsönginn Ó, guð vors lands, eða þann þjóðsöng sem valinn yrði eftir því hvaða tækifæri er í það og það skiptið. Og ég tel það mjög eðlilegt.

Eins og fram kom í ræðu minni áðan er í mörgum tilfellum farið að nota önnur lög heldur en þjóðsönginn okkar og það er líklega einhver ástæða fyrir því þannig að ég tel rétt að við komum okkur saman um einn ákveðinn þjóðsöng sem yrði þá við hlið þessa þjóðsöngs þannig að fólk gæti valið.

[18:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir það frumkvæði sem hún á að þessu máli. Ég er einn af flm. vegna þess að mér finnst þetta mjög athyglisvert og við eigum að taka upp umræðu af þessu tagi. Ég get tekið undir allt sem hún nefndi í sinni ræðu og þá ekki síst hvað íslenski þjóðsöngurinn er óhemjulega erfiður í flutningi. Ég hef sjálf lent í því að vera beðin um að syngja þjóðsönginn og hef sprungið á hæstu tónum. Þetta er þjóðsöngur sem venjulegt fólk getur ekki sungið, enda er hann yfirleitt útsettur fyrir kóra, margradda kóra þar sem jafnvel karl- og kvenraddir skiptast á. Þetta er hátíðarljóð sem samið var í þeim tilgangi og ég efast um að Sveinbjörn Sveinbjörnsson hafi nokkurn tíma látið sér detta í hug að þessi söngur yrði að þjóðsöng. Ég þekki reyndar ekki söguna nægilega vel til að átta mig á hvers vegna þessi hátíðarsálmur var gerður að þjóðsöng. Hvort það var fyrst og fremst það að hann var fluttur þegar við fengum stjórnarskrána 1874 eða hvað eiginlega olli þessu. Það er vissulega mikill galli á þjóðsöng að fólk geti ekki almennt sungið hann. Ég get nefnt sem dæmi að þegar ég kenndi í Kvennaskólanum um nokkurra ára bil var Ísland ögrum skorið alltaf sungið í enda athafnar þegar skólanum var sagt upp, útskrifaðir stúdentar og fleira slíkt og datt ekki nokkrum til hugar að reyna við Ó, Guð vors lands. Ég hygg að sú venja að syngja Ísland ögrum skorið sé margra áratuga gömul, jafnvel frá þeim tíma þegar það lag kom fram, sem var ef ég man rétt í kringum 1920. Ég þori ekki alveg að fara með ártalið en svo mikið er víst að það lag sló algerlega í gegn á sínum tíma, Ísland ögrum skorið, og er mjög mikið sungið þegar Íslendingar koma saman. Þess vegna mundi ég gjarnan vilja sjá það lag við hlið okkar gamla þjóðsöngs sem auðvitað á að syngja við ýmis mjög hátíðleg tækifæri. En það eru ýmis önnur lög og kvæði sem koma til greina eins og Land míns föður, Hver á sér fegra föðurland og lagið sem við sungum við messu þegar þingið var sett Yfir voru ættarlandi sem er líka ákaflega fagurt lag og fallegur texti og nefna má ýmis fleiri og margt kemur til greina fyrir utan þá hugmynd að efna til samkeppni sem gæti skilað árangri eins og Ísland ögrum skorið sem sló í gegn eins og ég nefndi áðan.

En vegna fyrirspurnar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um hvort fyrirkomulag af þessu tagi tíðkist þá er það svo í allmörgum löndum, einkum þar sem eru konungdæmi. Þar eru svokallaðir konungssöngvar og af einhverjum ástæðum hefur breski þjóðsöngurinn, God save the queen eða king eftir því hvort kynið situr þar á stóli, líka verið konungssöngur í Noregi þannig að þeir ganga milli landa. Þetta lag, Eldgamla Ísafold, var ákaflega vinsælt hér og mikið sungið. En í Bretlandi eiga þeir líka lög og texta eða tónverk, m.a. eftir breska tónskáldið Elgar, sem er geysilega mikið flutt við hátíðleg tækifæri og það má nefna Rule Britannia. Í Danmörku er bæði þjóðsöngurinn og lagið um Kong Christian sem var líka mjög þekkt hér á sínum tíma þannig að þetta er með ýmsu móti en eftir því sem ég þekki til tengist það nokkuð konungsfjölskyldum. Það er lofsöngur til konungdæmisins og síðan er einhver þjóðsöngur sem blessar ættjörðina.

Aðalatriðið er að þjóðsöng á að vera hægt að syngja og því vil ég taka undir efni þessarar tillögu og vonaðist til að hún fengi meiri og ítarlegri umræðu. Það er eiginlega synd að hún skuli vera svona seint á dagskrá því ég get ímyndað mér að þetta sé mál sem margir hafi skoðun á og vilji gjarnan velta fyrir sér en vonandi fær hún ítarlegri og skemmtilegri meðferð í allshn.

[18:27]

Flm. (Unnur Stefánsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í umræðum um þessa tillögu og get tekið undir flest af því sem þeir hafa sagt í sambandi við málið. Ég vil bæta við að umhverfi okkar hefur breyst svo gríðarlega á síðustu árum að það er orðið allt annað. Mín reynsla er sú að það er nánast eingöngu á landsleikjum sem ég heyri þjóðsönginn leikinn og ég lýsti áhrifunum sem hann vekur við slík tækifæri.

Þegar ég var krakki var þjóðsöngurinn alltaf leikinn í lok útvarpsdagskrár og svo síðar í sjónvarpsdagskránni. Mér er tjáð að þetta sé alveg niðurlagt þannig að þarna hefur líka orðið breyting. Og ég vil ítreka það að ég vil frekar að löggjafinn taki á þessu máli og breyti og komi með annan söng við hliðina á núverandi þjóðsöng heldur en að fólk fari að hætta að nota hann meira eða minna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–10. mál.

Fundi slitið kl. 18:30.

---

8. FUNDUR

þriðjudaginn 15. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þjónustugjöld í heilsugæslu, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Fæðingarorlof feðra, þáltill., 12. mál, þskj. 12. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Stjórnarskipunarlög, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Þjóðsöngur Íslendinga, þáltill., 35. mál, þskj. 35. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Höfundalög, stjfrv., 62. mál, þskj. 62. — 1. umr.

6. Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, stjtill., 54. mál, þskj. 54. — Fyrri umr.

7. Veiðileyfagjald, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr.

8. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.

9. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.

10. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.

11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.

12. Varðveisla ósnortinna víðerna, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðlögun að lífrænum landbúnaði, 83. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 84.

Fíkniefnaneysla barna, 68. mál, fsp. RG, þskj. 68.

Lífræn og vistræn framleiðsla íslenskra afurða, 80. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 81.

Tóbaksverð og vísitala, 82. mál, þáltill. ÞBack o.fl., þskj. 83.

Þjónustugjöld í heilsugæslu, frh. 1. umr.

Frv. ÖJ o.fl., 6. mál (almannatryggingar, heilbrigðisþjónusta). — Þskj. 6.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fæðingarorlof feðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖJ og SJS, 12. mál. — Þskj. 12.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 18. mál (þjóðaratkvæðagreiðsla). — Þskj. 18.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal lagafrv., sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni, vísað til sérnefndar. Forseti lítur svo á að það sé samþykkt án atkvæðagreiðslu að vísa málinu til sérnefndar. Forseti á ekki von á að þingflokkar séu viðbúnir því að leggja fram lista á þessum fundi með nöfnum níu þingmanna sem taka sæti í sérnefndinni og frestar því kosningu hennar þar til síðar en biður formenn þingflokka að taka málið til athugunar svo nefndakosning geti farið fram fljótlega.

Þjóðsöngur Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. USt o.fl., 35. mál. — Þskj. 35.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Höfundalög, 1. umr.

Stjfrv., 62. mál (EES-reglur). — Þskj. 62.

[13:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73 1972, með áorðnum breytingum.

Með frv. þessu, sem samið er af endurskoðunarnefnd höfundalaga, er verið að samræma íslenska höfundalöggjöf tilskipunum Evrópusambandsins á sviði höfundaréttar en í þeim tilskipunum er fjallað um reglur varðandi höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendinga um gervihnött og endurvarps um kapal, leigu og útlánarétt og hliðstæð réttindi tengd höfundarétti, vernd og tíma höfundaréttar og að síðustu um vernd tölvuforrita.

Frv. þetta var fyrst lagt fram á vorþingi 1995 og aftur á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því það var lagt fram síðast, einkum með hliðsjón af nál. meiri hluta menntmn. Alþingis þegar frv. var til meðferðar á 120. löggjafarþingi. Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. og athugasemdum við það frá því það var síðast lagt fram á Alþingi eru: Lagt er til að í 1. gr. verði heimilað án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forrit í því skyni að kanna virkni þess og þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á. Í fyrri frumvarpstexta var þessi heimild nokkru þrengri.

Í athugasemdum við 1. gr. frv. er tekin af allur vafi um að einungis framsetning tölvuforrits er vernduð samkvæmt höfundalögum en ekki hugmyndir eða grundvallarforsendur sem liggja þar að baki. Er það einnig í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

Í athugasemdum við 10. gr. frv. er tekið fram að greinin girði ekki fyrir að fleiri en ein sameiginleg innheimtusamtök framleiðenda og listflytjenda geti gert kröfu til endurgjalds

samkvæmt greininni vegna opinbers flutnings hljóðrita og sé heimilt að setja gjaldskrá um þóknun vegna flutnings efnis af hljóðritum utan útvarps að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Þegar frv. þetta var fyrst lagt fram var gerð ítarleg grein fyrir efni þess í framsöguræðu og tel ég ekki þörf á að endurtaka það hér.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni umræðunni.

Umræðu frestað.

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, fyrri umr.

Stjtill., 54. mál. — Þskj. 54.

[13:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari sem lögð var fram til kynningar á síðasta Alþingi er leitað heimildar Alþingis til að fullgilda samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. des. 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim.

Samningurinn sem gerður var í New York 4. ágúst 1995 hefur almennt verið nefndur úthafsveiðisamningurinn. Samningurinn liggur frammi til undirritunar í eitt ár frá og með 4. des. 1995 og var Ísland í hópi þeirra ríkja sem undirrituðu hann þann dag. Alls hafa 47 ríki undirritað samninginn. Hann mun öðlast gildi 30 dögum eftir að 30 ríki hafa tilkynnt um fullgildingu hans. Þegar hafa þrjú ríki fullgilt samninginn, þar á meðal Bandaríkin, og líklegt er að fleiri ríki muni bætast í hópinn á næstunni, m.a. Noregur.

Samkvæmt frumvarpi til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sem hefur verið lagt fram á Alþingi, eru sköpuð skilyrði til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

Yfirlýst markmið samningsins er að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Segja má að samningurinn byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum:

Fyrsti meginþátturinn eru þær reglur sem verndun stofnanna og stjórnun veiða úr þeim skulu byggð á. Annars vegar er um að ræða hinar almennu reglur 5. gr. samningsins, en meðal þeirra er sú að verndunar- og stjórnunarráðstafanir skuli byggðar á bestu vísindalegu niðurstöðum sem tiltækar eru og hins vegar ákvæði um varúðarleiðina en þar er m.a. gert ráð fyrir að ríki skuli sýna sérstaka varúð þegar upplýsingar um viðkomandi stofn eru óvissar eða ónógar.

Annar meginþáttur úthafsveiðisamningsins og kjarni hans eru reglur III. hluta um samstarf ríkja. Þar er gert ráð fyrir að strandríki og úthafsveiðiríki starfi saman á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana að verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. Ef fyrir hendi er svæðisbundin stofnun, sem er bær til að ákveða verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna tiltekinna stofna, skulu ríki sem veiða úr stofnunum á úthafinu og viðkomandi strandríki uppfylla samstarfsskyldu sína með því að gerast aðilar að stofnuninni ef þau eru það ekki fyrir. Aðild að slíkri stofnun er opin öllum ríkjum á jafnræðisgrundvelli sem hafa raunverulega hagsmuni af viðkomandi fiskveiðum.

Ríki telst væntanlega hafa raunverulega hagsmuni af veiðum úr stofni ef það hefur stundað slíkar veiðar eða ef stofninn heldur sig að einhverju leyti innan efnahagslögsögu þess. Ef svæðisbundin veiðistjórnarstofnun er ekki fyrir hendi skulu viðkomandi strandríki og þau ríki, sem veiða úr viðkomandi stofni á úthafinu, í sameiningu koma henni á fót.

Innan svæðisstofnunar skulu ríki m.a. koma sér saman um verndunar- og stjórnunarráðstafanir vegna viðkomandi stofna, ákvarða leyfilegan heildarafla úr stofnunum, úthluta kvótum til einstakra ríkja, ákveða hver veiðisókn skuli vera, setja reglur um veiðar og veiðarfæri, taka saman og dreifa gögnum um veiðarnar, fylgjast með ástandi stofnanna og setja reglur um eftirlit með veiðunum.

Þriðji meginþátturinn, sem samningurinn byggist á, er ákvæði 7. gr. hans um að verndunar- og stjórnunarráðstafanir fyrir úthafið annars vegar og efnahagslögsögu ríkja hins vegar skuli vera samþýðanlegar. Sem dæmi um slíkar ráðstafanir má nefna ákvörðun um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar. Sérstaklega er tekið fram að við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana skuli ríki taka tillit til þeirra ráðstafana sem strandríki hafa ákveðið og þau beita vegna sömu stofna innan lögsögu sinnar og tryggja að ráðstafanir, sem samþykktar eru vegna þessara stofna á úthafinu, grafi ekki undan áhrifum þessara ráðstafana. Hér er annars vegar tekið tillit til þess að fiskstofnarnir eru líffræðilegar heildir sem samræmd stjórn þarf að vera á og hins vegar þess að strandríki hafa samkvæmt hafréttarsamningnum óskoraðan fullveldisrétt yfir auðlindum í efnahagslögsögu sinni.

Meðal annarra atriða, sem taka skal tillit til við ákvörðun samþýðanlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana, er dreifing viðkomandi stofns og veiðarnar úr honum, þ.e. í hve miklum mæli stofninn heldur sig og veitt er úr honum á úthafinu annars vegar og innan lögsögu ríkja hins vegar. Einnig má nefna að taka skal tillit til þess að hve miklu leyti strandríki og úthafsveiðiríki eru háð veiðum úr viðkomandi stofni hvor um sig.

Þó að úthafsveiðisamningurinn hafi þannig að geyma viðmiðunarreglur um skiptingu leyfilegs heildarafla úr stofni á milli úthafssvæðis annars vegar og lögsögu ríkja hins vegar inniheldur hann engar almennar viðmiðunarreglur um skiptingu kvóta milli einstakra ríkja. Hinum svæðisbundnu veiðistjórnarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta milli aðildarríkja þeirra.

11. gr. samningsins felur þó í sér mikilvæga undantekningu frá þessu, en þar er kveðið á um ýmsar viðmiðunarreglur við ákvörðun veiðiréttinda nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum. Meðal þess sem taka skal tillit til er ástand viðkomandi stofna, veiðihagsmunir einstakra ríkja, framlög þeirra til verndunar og stjórnunar og til vísindarannsókna, þarfir strandbyggða sem byggja afkomu sína að mestu leyti á veiðum úr viðkomandi stofnum og síðast en ekki síst þarfir strandríkja ef efnahagur þeirra er í mjög miklum mæli háður fiskveiðum.

Þrátt fyrir að þessar viðmiðunarreglur eigi samkvæmt orðanna hljóðan aðeins við í þeim tilvikum þegar veiðiréttindi nýrra aðildarríkja að svæðisstofnunum eru ákvörðuð er ljóst að þær verða einnig hafðar til hliðsjónar í öðrum tilvikum, enda er um almennt viðurkennd viðmið að ræða sem ríki hafa lagt til grundvallar skiptingu kvóta sín á milli.

Fjórði meginþáttur úthafsveiðisamningsins eru ákvæði hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og framfylgd þeirra sé fyrst og fremst í höndum fánaríkisins, þ.e. þess ríkis sem skipið er skráð í. Samningurinn leggur þá skyldu á herðar fánaríkinu að það stjórni veiðum skipa sinna á úthafinu með því að leyfisbinda þær og að það banni þeim skipum að stunda veiðar sem ekki hafa tilskilin leyfi.

Hins vegar er gert ráð fyrir því að öll aðildarríki samningsins sem eru aðilar að svæðisstofnun hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim, sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Þannig gæti t.d. strandríki gripið í taumana og stöðvað ólöglegar veiðar skips á úthafinu ef fánaríkið léti undir höfuð leggjast að gera það.

Samningurinn gerir einnig ráð fyrir að hafnríki fari með hefðbundið eftirlitsvald samkvæmt þjóðarétti og að þeim sé einnig heimilt að setja lög sem geri stjórnvöldum þeirra kleift að banna löndun á afla sem veiddur hefur verið í trássi við gildandi verndunar- og stjórnunarreglur.

Fimmti og síðasti meginþáttur samningsins eru ákvæði hans um friðsamlega lausn deilumála. Sú leið er farin að láta ákvæði hafréttarsamningsins um skyldubundna og bindandi lausn deilumála gilda um deilur milli aðildarríkja úthafsveiðisamningsins. Deilur þessar geta annars vegar snúist um túlkun eða beitingu samningsins sjálfs og hins vegar um túlkun eða beitingu svæðisbundins fiskveiðisamnings um deilistofna eða víðförula fiskstofna sem ríkin eru aðilar að. Hér undir falla m.a. deilur um verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim. Ljóst er að það er afar mikilvægt að ríkjum, sem ekki geta komið sér saman um ráðstafanir til verndunar tiltekins stofns og stjórnunar veiða úr honum, skuli opin sú leið að skjóta deilumáli sínu til alþjóðlegs dómstóls eða gerðardóms til bindandi úrlausnar.

Þegar þýðing úthafsveiðisamningsins er vegin og metin er rétt að hafa í huga það markmið hans að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Ljóst er að langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða eru í því fólgnir að þessu markmiði verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar úr þessum stofnum á úthafinu víðs vegar í heiminum. Engin ríki eiga þó meira undir því en ríki sem byggja afkomu sína að mjög miklu leyti á fiskveiðum eins og Ísland.

Sérstakir hagsmunir strandríkja af verndun þessara stofna og stjórnun veiða úr þeim eru viðurkenndir með ýmsum hætti í samningnum. Jafnframt er þar viðurkennd sérstaða strandríkja á borð við Ísland sem eru í mjög miklum mæli háð fiskveiðum.

Ljóst er að úthafsveiðisamningurinn getur haft mikla þýðingu bæði almennt séð og fyrir Ísland. Hitt er jafnljóst að hann mun ekki leysa sjálfkrafa hinar ýmsu deilur um veiðar á úthafinu sem sprottið hafa á undanförnum árum víðs vegar í heiminum, þar með taldar þær deilur sem Ísland er aðili að. Þar reynir fyrst og fremst á pólitíska vilja þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni. Samningurinn mun hins vegar mynda ramma um og þrýsta á um samstarf ríkja á vettvangi svæðisbundinna veiðistjórnarstofnana og þannig stuðla að lausn hinna ýmsu deilumála.

Þó að úthafsveiðisamningurinn hafi ekki enn öðlast gildi er áhrifa hans farið að gæta í starfi ýmissa svæðisstofnana, m.a. Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, og Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEAFC, þar sem fram hafa komið tillögur um að taka upp einstakar reglur samningsins og útfæra þær nánar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[13:50]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt greinargerð með þessari till. til þál. um fullgildingu úthafsveiðisáttmálans kemur fram að tilgangur sáttmálans sé að ná utan um allar veiðar, ná stjórn á þeim vegna þess að hafréttarsáttmálinn tekur ekki til úthafsveiðanna en samkvæmt hafréttarsáttmálanum er veiði á úthöfunum frjáls. Menn telja að vegna þessa frelsis hafi sókn í veiðar á úthafinu aukist svo mjög að nú þurfi að grípa til aðgerða. Það þurfi að reyna að ná utan um þær veiðar einnig. Ég er sammála því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að langtímahagsmunir okkar eru auðvitað í því fólgnir að það takist að stjórna fiskveiðum þannig að fiskstofnarnir skaðist ekki og við getum sem þjóð haldið áfram að nýta auðlindir hafsins þannig að þær geti verið okkur uppspretta lífsgæða og við getum unnið í sátt við okkar umhverfi. En það kemur einnig fram, eins og til frekari áréttingar á nauðsyn þess að samningurinn verði samþykktur, að 70% fiskstofna í heiminum eru fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir. Þar er vitnað í skýrslu FAO sem er skammstöfun fyrir Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Ég hef séð þessa tölu ganga aftur og aftur í ýmsum gögnum og étur þar hver upp eftir öðrum. Ég verð að segja eins og er að fyrst þegar ég las þessa tölu rann mér kalt vatn milli skinns og hörunds því satt best að segja hljómar þetta ákaflega illa. Þetta hljómar raunar þannig að mér fannst að það hlyti að verða að grípa til ráðstafana og það frekar róttækra ráðstafana og þannig veit ég að þessi tala virkar á aðra. En þegar skoðað er hvað stendur í nefndri FAO-skýrslu, þegar þessi tala er sundurgreind þá kemur allt annað í ljós. Í grg. með þáltill. stendur að um 70% fiskstofna séu fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir. Tölurnar eru hins vegar þannig að 43% fiskstofnanna eru fullnýttir. Þeir eru fullnýttir þannig að um er að ræða sjálfbæra nýtingu, þ.e. nýting náttúruauðlindanna er í jafnvægi. Þetta á við um 43%. Það stendur að 23% fiskstofnanna séu vannýttir og jafnframt að 9% fiskstofnanna séu ónýttir með öllu. Það kemur jafnframt fram að 3% fiskstofnanna séu að ná sér, þar með talinn þorskstofninn okkar. Það kemur sem sé fram ef maður vill líta á málið frá þessu sjónarhorni að 75% fiskstofnanna í heiminum eru vannýttir eða eðlilega nýttir og 3% að auki á batavegi eða, sé sambærilegri reikningskúnst og í grg. beitt, að um 80% fiskstofna í heiminum séu bara í bærilegu lagi, takk fyrir. Svona er hægt að stilla þessu upp ef við viljum líta jákvætt á stöðuna og þetta er raunsærra mat en það sem felst í þeirri fullyrðingu sem fram kemur í greinargerðinni. Ég vil segja það hér, af því að þetta er án athugasemda látið fljóta inn í greinargerð með þessari þáltill., að við Íslendingar þurfum ekki hræðsluáróður af þessu tagi til að segja okkur að nauðsynlegt sé að taka tillit til náttúrunnar og vernda þá fiskstofna sem í hættu kunna að vera. Við hljótum að velta því fyrir okkur af hverju við, athugasemdalaust, stillum málum svona upp. Sjá menn ekki að hér er verið að stilla upp áróðursstöðu fyrir þá sem vantar vopn gegn fiskveiðiþjóðum eins og okkur? Sjá menn ekki að upplýsingar eins og þessar eru matreiddar á þennan hátt til

þess að sannfæra fólk, t.d. kaupendur afurða okkar erlendis, að nánast allt sé í hættu, að fiskveiðiþjóðir eins og við séum búnar að koma fiskveiðunum á vonarvöl, séum u.þ.b. að rústa öllu? Sjá menn ekki að svona uppstilling er auðvitað notuð til þess að sannfæra fólk um að þorskur og ýsa þurfi almennt að vera á válista án tillits til þess að um mismunandi stofna geti verið að ræða og í mismunandi ástandi?

Við þekkjum vel úr hvalaumræðunni að það að hvalastofn í Miðjarðarhafi er í hættu, er notað sem rök fyrir verndun hvalastofna á norðurslóðum. Ætlum við að samþykkja sömu vinnubrögð gagnvart fisveiðum? Af hverju tökum við þátt í að stilla málum upp með þessum hætti? Af hverju látum við svona túlkanir fljóta athugasemdalaust inn í okkar pappíra? Við þekkjum af skýrslum, blaðaskrifum og fjölmiðlum, áhuga samtaka á því að banna veiðar á bræðslufiski, að banna veiðar frystitogara, að banna að nota íslenska kvótakerfið eða a.m.k. að nota það til að ráðast gegn fiskveiðum okkar af því þær byggja á markaðslausnum sem eru eitur í beinum ýmissa aðila. Þannig er að þó að einstaka fiskstofnar í heiminum kunni að vera ofveiddir, þó að um svæðisbundin vandræði geti verið að ræða, þá megum við ekki láta upplýsingar um slíkt og matreiðslu á þeim ganga aftur í okkar pappírum eins og um heilagan sannleik sé að ræða. Og allra síst ef á að nota það sem rök fyrir hertum aðgerðum, aðgerðum sem beinast síðan fyrst og fremst að okkur sjálfum. Til þess eigum við allt of mikið í húfi að réttar upplýsingar séu til staðar og að túlkun þeirra gefi rétta mynd af ástandinu.

Ég gat ekki stillt mig, herra forseti, að benda á þessar staðreyndir vegna þess að við verðum að vara okkur á því hvaða upplýsingar er verið að matreiða fyrir okkur og hvað liggur að baki þeim þegar þessir grundvallarhagsmunir okkar eru í veði, eins og fiskveiðarnar og það að við fáum að stunda okkar fiskveiðar eðlilega en séum ekki ofurseld því að einstök samtök umhverfisverndarsinna eða þeirra sem telja sig slíka hafi áhrif á viðhorf, ekki bara kaupenda okkar afurða heldur jafnvel okkar sjálfra, á því hvað við höfum okkur til lífsviðurværis.

Það stendur líka í greinargerðinni og þá er ég komin yfir í aðra sálma, að samkvæmt frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands séu sköpuð skilyrði til að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi. Ég hef lagt á það áherslu í umfjöllun minni um frv. um úthafsveiðarnar að það sé eðlilegt að látið sé reyna á stjórnmálalegan vilja Alþingis áður en við förum í þá lagasetningu. Það liggur ekki svo á. Við eigum að gefa okkur þann tíma sem við þurfum. Það er alveg ljóst þegar við lítum til samningsins að hvað svo sem menn vilja og hvernig svo sem menn vilja sjá þetta þá er það veiðireynslan sem skiptir öllu máli. Hún er aðgöngumiðinn. Til þess verðum við að taka tillit. Þess vegna skulum við taka hlutina í réttri röð og vinna þá þannig að við gætum okkar hagsmuna. Það gera það ekki aðrir fyrir okkur.

[13:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar þessi samningur var á undirbúningsstigi átti ég kost á því að fjalla um hann í hv. utanrmn. í forföllum nefndarmanns Alþb. þar fyrir fáeinum missirum. Þá kom það fram af okkar hálfu og hefur reyndar áður komið fram að við teljum að hér sé um mikilvægan samning að ræða og mikilvæga vinnu. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að lýsa því yfir að ég tel að það sé mikilvægt að þessi mál séu komin hér inn og ég tel almennt séð að samningurinn sé skynsamlegur frá sjónarmiði Íslendinga sem eiga allt undir því að málum sé skipað eins og kostur er með samningum á hinum alþjóðlegu hafsvæðum. Ég held að þó að okkur hafi sæmilega tekist að tryggja okkar hlut með úthafsveiðum að undanförnu og menn hafi staðið sig þar mjög vel og margir myndarlega, þá skipti hitt miklu máli að samningurinn sé til staðar. Þess vegna tel ég ástæðu til að koma og fagna því að málið sé komið hér til meðferðar.

Ég vil hins vegar segja varðandi málflutning hv. síðasta ræðumanns að mér finnst út af fyrir sig full ástæða til þess að vanda upplýsingar sem fram koma í greinargerð tillagna af því tagi sem hér er um að ræða og gæti út af fyrir sig tekið undir það með henni að það hefði verið betra ef inngangskaflinn í greinargerðinni hefði verið nokkru ítarlegri. T.d. hefði mátt hugsa sér það að verulegur hluti af niðurstöðum FAO-skýrslunnar hefði verið birtur. Það er niðurstöðuhluti sem er þekktur en hefði verið gott að hafa í þingskjali og er alla vega nauðsynlegt að draga fram mjög rækilega við meðferð málsins í hv. utanrmn.

Ég vil hins vegar í þriðja lagi, hæstv. forseti, vekja athygli á því að í þessum samningi eru í raun og veru byltingarkennd nýmæli sem snerta yfirstjórn þessa málaflokks og koma fram í fjórða meginþættinum, þ.e. í þeim hluta samningsins sem birtist í V. og VI. hluta hans um eftirlit og framkvæmdarvald. Þar er um að ræða mjög veruleg, pólitísk tíðindi. En um það er fjallað í greinargerðinni og bent á að þeirri meginreglu þjóðaréttarins er fylgt að eftirlit með því að fiskiskip virði verndunar- og stjórnunarreglur á úthafinu og framfylgd þeirra sé fyrst og fremst í höndum fánaríkis, þ.e. þess ríkis sem skip er skráð í.

Ekki er þó látið við eftirlit og framfylgd af hálfu fánaríkjanna einna sitja, eins og það er orðað í greinargerðinni. Strandríkin lögðu áherslu á það á úthafsveiðiráðstefnunni að misbrestur gæti orðið á því að fánaríki sinntu skyldum sínum í þessum efnum eins og dæmin sýndu, bæði vegna skorts á getu og vilja. Því væri nauðsynlegt að veita öðrum ríkjum heimildir að þessu leyti. Úthafsveiðisamningurinn yrði marklaust plagg ella.

Þá kemur að þessari mikilvægu grein í samningnum sem að mörgu leyti er mikilvægasta greinin því að um hana snýst allur samningurinn. Það má segja að þessi grein sé öxull samningsins. „Í 21. gr. samningsins er mjög komið til móts við þessi sjónarmið strandríkjanna" segir í greinargerðinni. „Þar er gert ráð fyrir að öll aðildarríki samningsins sem eru aðilar að svæðisstofnun hafi rétt til að hafa eftirlit með fiskiskipum annarra aðildarríkja samningsins á því úthafssvæði sem stofnunin nær til og jafnframt til að fara með framkvæmdarvaldið gagnvart þeim sinni fánaríkið ekki skyldu sinni í því efni. Þannig gæti t.d. strandríki gripið í taumana og stöðvað ólöglegar veiðar skips á úthafinu ef fánaríkið léti undir höfuð leggjast að gera það."

Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt grundvallaratriði og ég held að það sé nauðsynlegt að vekja athygli þessarar stofnunar sérstaklega á því að hér er um það að ræða að komið er upp sameiginlegu alheimsframkvæmdarvaldi að því er þessa þætti varðar. Það hefur ekki verið mikið um það áður að menn hafi komið upp slíku sameiginlegu framkvæmdarvaldi þegar um það er að ræða að viðkomandi ríki lætur undir höfuð leggjast að framkvæma ákvæði viðkomandi samnings. Þetta er gríðarlega stórt atriði og ég er sannfærður um að þetta atriði mun ekki aðeins hafa áhrif í sjávarútvegsmálum, þ.e. ekki aðeins á hafinu, heldur einnig

að því er varðar umhverfismál og skipan þeirra á heimsvísu. Og það er alveg öruggt mál að á næstu árum og áratugum munu koma hingað inn tillögur og hugmyndir um að það verði til framkvæmdarvald af einhverju tagi á heimsvísu til að skakka leikinn ef ríki virða ekki það sem samið er um í alþjóðasamningum í umhverfismálum eða öðrum þáttum sem hnötturinn eða heimurinn allur eiga sameiginlega.

Þetta kemur þá kannski enn að spurningu sem hefur mjög oft verið rædd í þessari stofnun: Kemur það til greina að ríki eins og Ísland samþykki það að láta einhvern hluta af sínu framkvæmdarvaldi þar með í hendurnar á öðrum? Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel að slíkt geti komið til greina, enda sé um það að ræða að menn séu að varðveita hagsmuni sem mér liggur við að segja að mannkynið allt tekur þátt og vill taka þátt í að varðveita. Ég tel sem sagt að á því sé grundvallarmunur hvort menn eru að fjalla um það í þessu samhengi að afhenda svæðissamtökum eins og Evrópusambandinu tiltekið vald og tiltekinn rétt í þessu efni eða hvort um er að ræða alþjóðaheimssamninga eins og þann sem við erum að leggja drög að. Þetta tel ég mjög mikilvægt atriði, hæstv. forseti, og ég vildi draga það hér fram til að það væri alla vega ljóst í þessari stofnun að það hefði verið tekið eftir því að þessi tíðindi eru hér á ferðinni.

[14:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi samningur er kominn inn á borð Alþingis og tel mjög mikilvægt að hann verði tekinn til gaumgæfilegrar umfjöllunar og athugunar við fyrsta tækifæri. Ef við ætlum að viðhalda orðspori okkar á alþjóðavettvangi sem ábyrg fiskveiðiþjóð í samfélagi þjóðanna, þá tel ég mikilvægt að við sýnum þessum samningi þá virðingu að taka afstöðu til hans sem fyrst og ég er þeirrar skoðunar að við eigum að fullgilda hann.

Í umræðunni um úthafsveiðar á Alþingi sl. vor og einnig núna á þessu þingi hef ég lagt áherslu á það að næsta skref löggjafarvaldsins á sviði úthafsveiðimála sé að taka afstöðu til þessa samnings, að það komi alveg skýrt fram hvort við ætlum að fullgilda hann eða ekki. Það mun síðar koma í ljós hvernig þessi samningur kemur inn á hagsmuni okkar Íslendinga. Þó að útfærsla landhelginnar í 200 mílur hafi fært okkur stórstækkaða efnahagslögsögu og mikil verðmæti, þá urðu veiðiheimildirnar samtímis takmarkaðar sem hefur boðið upp á mjög mikil átök um fiskveiðistjórnun.

Ísland hefur nú mjög blandaða hagsmuni gagnvart úthafsveiðum þar sem líta má á það bæði sem strandríki og sem úthafsveiðiríki. Þessi samningur mun væntanlega styrkja stöðu okkar sem strandríkis gagnvart t.d. veiðum á Reykjaneshryggnum, en hugsanlega veikja stöðu okkar fjær eins og t.d. í Barentshafi eða á Flæmska hattinum. Um það skal þó ekkert fullyrt að sinni, en við hljótum sem ábyrg fiskveiðiþjóð að taka undir það meginmarkmið samningsins að tryggja langtímaverndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna með virkri framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins.

Ég tók einnig vel eftir þeirri setningu í greinargerðinni sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir vitnaði til áðan. Þessi setning sló mjög djúpa strengi, að nú sé svo komið að 70% fiskstofna í heiminum séu fullnýttir eða að hruni komnir samkvæmt upplýsingum frá FAO. Ég tek undir að það hefði vissulega verið æskilegra að þarna hefðu komið fram ítarlegri upplýsingar. En ég tel að þessi samningur fylgi áfram þeirri hefðbundnu meginreglu þjóðaréttar að veiðar á úthöfunum séu öllum ríkjum frjálsar.

Undanfarin ár hafa milliríkjadeilur verið mjög áberandi á þessu sviði og reynslan ein getur sýnt hvort þau átök minnka eða vaxa við það að þessi samningur kemst í gildi, ef hann kemst í gildi, sem ég vona svo sannarlega að verði.

Telja má eðlilegt að nú séu mjög mörg lönd í svipaðri stöðu og við, þ.e. löndin eru nú að safna dýrmætri veiðireynslu sem síðan verður notuð þegar til samninga kemur. Vonandi næst samstaða milli ríkja um þessi mál því það er til lítils að einstaka þjóðir virði reglur eins og t.d. við höfum gert í sambandi við Reykjaneshrygginn eða Norðmenn í Smugunni, reyndar hafa þeir verið með einhliða reglur þar. Það er til lítils að setja svona reglur ef aðrar þjóðir virða þær ekki. Því miður er ég ekki mjög bjartsýn á að þetta svið verði átakalítið á komandi árum, hvort sem þessi samningur kemst í gildi eða ekki, en markmið hans er gott og við Íslendingar höfum mikla hagsmuni að verja, nefnilega að tryggja að fiskveiðistofnarnir verði veiddir á sjálfbæran hátt.

Við kvennalistakonur styðjum því að Alþingi staðfesti þennan samning um leið og við vekjum athygli á að hann segir ekkert um það hverjir fái að veiða á úthöfunum og hverjir ekki. Um það er fjallað í frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, en þar er m.a. gert ráð fyrir að veiðar á úthafinu séu frjálsar, en verði þó að fá leyfi stjórnvalda eins og kveðið er á um í þessum samningi. Að flestu öðru leyti er úthafsveiðifrv. óháð þessum samningi þó að það skipti miklu máli að við gerð úthafsveiðilaganna verði ljóst í hvers konar þjóðréttarlegu umhverfi við verðum á næstu árum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að fyrst sé tekin ákvörðun um það hvort þessi samningur verður staðfestur eða ekki og síðan verði farið út í að setja löggjöf um úthafsveiðar okkar Íslendinga.

[14:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér er til umræðu er um að Alþingi Íslendinga fullgildi samning um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982. Með öðrum orðum er þetta ákveðið ferli sem þarf að verða til þess að breytingar á gildandi alþjóðalögum öðlist gildi. Þangað til því ferli lýkur, hvenær svo sem það verður, þá eru ákvæði hafréttarsáttmálans frá 10. desember 1982 í gildi sem alþjóðalög. Með öðrum orðum eru í gildi þau alþjóðalög að veiðar skuli vera frjálsar á úthafinu.

Þessi þáltill. er flutt í því skyni að Íslendingar fallist fyrir sitt leyti á að staðfest verði að breytingar verði þar á. En þar til þær breytingar verða, hvenær svo sem það verður, þá eru í gildi þau alþjóðalög að veiði skuli vera frjáls á úthafinu. Það kemur fram að til þess að þessi nýju ákvæði hafréttarsáttmálans öðlist gildi þurfi í það minnsta 30 ríki að hafa staðfest hann. Ákveðið var að samningurinn lægi frammi til staðfestingar í eitt ár eða frá 4. desember árið 1995 fyrir tæpu einu ári síðan. Í umræðum á Alþingi nú fyrir helgina upplýsti sjútvrh. í svari til mín að þá var ekki vitað til að fleiri en þrjú ríki hefðu staðfest sáttmálann og það ár sem hann átti að liggja frammi til undirritunar er að líða þó út af fyrir sig segi það ekkert um að sáttmálinn öðlist ekki staðfestingu síðar. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann viti nokkuð nánar um þessi staðfestingarmál, hvort hann telji að nægilega mörg ríki muni hafa staðfest sáttmálann fyrir 4. desember 1996, sem rennur upp innan skamms, til þess að gera megi ráð fyrir því að þessi breyting á hafréttarsátt-

málanum öðlist gildi sem alþjóðalög eða hvort ástæða sé til að ætla að gildandi alþjóðalög um frjálsar veiðar á úthafinu muni vera í gildi eitthvað áfram án þess að ég ætli að hæstv. utanrrh. geti svarað því hversu lengi.

Það er því mjög eðlilegt að menn ræði hér tengsl þessarar þáltill. annars vegar og frv. til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands hins vegar því það má segja að með því að flytja það frv. á undan þáltill. séu menn að beita kerrunni fyrir hestinn, þ.e. menn ætla fyrst að taka ákvörðun um það hvernig Íslendingar ætla að hegða sér áður en ný alþjóðalög um þessi efni ganga í gildi, fremur en að standa fyrst að gildistöku nýrra ákvæða um þessi efni og fylgja þeim síðan eftir með lagabreytingum á stjórnun fiskveiða utan fiskveiðilögsögu Íslands sem þetta samkomulag kallar á. Það skiptir vissulega miklu máli í hvaða röð menn stíga þetta skref því það segir á bls. 5 í lok greinargerðarinnar, með leyfi forseta, um úthafsveiðisamninginn:

„Hitt er jafnljóst að hann mun ekki leysa sjálfkrafa hinar ýmsu deilur umveiðar á úthafinu sem sprottið hafa á undanförnum árum víðs vegar í heiminum, þar með taldar þær deilur sem Ísland er aðili að. Þar reynir fyrst og fremst á pólitískan vilja þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni."

Það segir einnig á bls. 3 í greinargerðinni, með leyfi forseta, um sáttmálann: „... hins vegar inniheldur hann engar almennar viðmiðunarreglur um skiptingu kvóta milli einstakra ríkja. Hinum svæðisbundnu veiðistjórnarstofnunum er látið eftir að ákveða hvaða viðmið skuli lögð til grundvallar skiptingu kvóta milli aðildarríkja þeirra."

Með öðrum orðum gerir sáttmálinn ráð fyrir því að hann sé svona almennur rammi um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim. En að hin einstöku aðildarríki að sáttmálanum og ríki sem hagsmuna eiga að gæta eigi síðan í kjölfarið að setja sér reglur um það hvernig þau ætla að framkvæma ákvæði þeirra breytinga á alþjóðalögum sem hér er verið að gera. Það er gert ráð fyrir því að þau hafi um það samráð sín á milli eftir á og þá er spurning fyrir okkur Íslendinga, sem vissulega er ástæða til að velta fyrir sér, hvort það sé rétt röð á framkvæmdunum að við byrjum á að setja okkur mjög strangar reglur í þessu sambandi, áður en þessar breytingar á alþjóðalögum hafa tekið gildi og löngu áður en það liggur fyrir hvaða aðferðir hin ýmsu ríki ætla að hafa til að framkvæma ákvæði þessa rammasáttmála. Þetta skiptir vissulega miklu máli fyrir okkur Íslendinga eins og segir í lok greinargerðarinnar og enn með tilvitnun í hana, með leyfi forseta:

„Og réttindi Íslands á fjarlægari miðum eru tryggð í þeim tilvikum þegar veiðireynsla er fyrir hendi og skilyrðinu um raunverulega hagsmuni af veiðunum þar með fullnægt, t.d. að því er varðar þorskstofninn í Barentshafi."

Þannig gerir þessi nýi hafréttarsáttmáli, verði þessar breytingar staðfestar, ráð fyrir því að það þurfi að vera fyrir hendi veiðireynsla, í þessu tilviki Íslendinga, og uppfylla skilyrði þannig um raunverulega hagsmuni af veiðunum til þess að við Íslendingar getum gert eitthvert tilkall til réttinda til veiða á fjarlægum miðum. Er þá ekki verið að fara aftan að hlutunum að ætla sér nú, þegar enn er tími til að afla sér slíkrar veiðireynslu, sem er forsenda þess að Íslendingar geti tekið virkan þátt í veiðistjórnun á fjarlægum miðum, að setja lög fyrir fram áður en að þessu kemur sem bókstaflega gætu bannað hinum íslenska úthafsveiðiflota, ef sjútvrh. teldi ástæðu til þess, að afla sér þeirrar veiðireynslu sem á að vera burðarásinn í samningsstöðu Íslendinga þegar kemur að því að framfylgja þessum nýju ákvæðum hafréttarsáttmálans? Ég tel að það sé alls ekki ástæðulaust nema síður væri að bent sé á þessi atriði og tengslin sem frv. til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands hefur óhjákvæmilega við þá tillögu sem hér er um ræðir.

[14:20]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er ljóst af þeim umræðum sem fram hafa farið um þetta mál að það er býsna breið samstaða hér á Alþingi um nauðsyn þess að fullgilda hinn svokallaða úthafsveiðisamning sem lagt er til með þessari þáltill. að ríkisstjórnin fái heimild til að gera.

Hv. síðasti ræðumaður gerði hins vegar mikið úr því að hér hafi komið til Alþingis á undan þessu þingmáli frv. til laga um veiðar utan lögsögu, svokallað úthafsveiðifrv. Ég held reyndar að þar sé nú of mikið úr hlutunum gert. Það var nánast tilviljun hvort málið kom á undan á dagskrá þingsins. Málin voru afgreidd um líkt leyti í þingflokkum stjórnarflokkanna. Én ég get út af fyrir sig fallist á að það er eðlileg röð á afgreiðslu mála hér á þinginu að afgreiða fyrst þessa þáltill. um staðfestingu úthafsveiðisáttmálans áður en frv. um veiðar utan landhelgi verður samþykkt. Ég geri enga athugasemd við það sjónarmið. Hins vegar vitum við að sjálfsögðu ekki hvenær 30 ríki verða búin að afgreiða þennan samning þannig að hann verði alþjóðalög í raun. En við vitum að honum verður ekki breytt úr þessu þannig að það er aðeins tímaspursmál hvenær hann tekur gildi. En við vitum hverjar reglurnar verða þegar hann tekur gildi. Mér finnst því fullmikið úr þessu gert sérstaklega þegar ýmsar knýjandi ástæður eru fyrir því að setja lög um veiðar utan lögsögunnar, eins og kom fram í umræðum um það mál fyrir nokkru síðan sem ég skal ekki endurtaka og tel ástæðulaust að blanda inn í þessar umræður.

En það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi hafréttarsáttmálann frá 1982 og tengsl hans við þennan úthafsveiðisamning að þessi samningur er til fyllingar ákvæðum hafréttarsáttmálans frá 1982 um veiðar á úthafinu. Hvernig stendur á að það þarf að fylla út í þau ákvæði? Það er vegna þess að þau eru svo opin að þau eru gagnslaus. Í ljósi gjörbreyttra aðstæðna, stóraukinnar sóknar í fiskstofna utan lögsögu einstakra ríkja, stóraukinnar ofveiði og óábyrgra veiða ýmissa þjóða á úthöfunum var orðin knýjandi þörf á því að setja almennar alþjóðlegar reglur í samningsformi um þessar veiðar.

Þess vegna held ég að við Íslendingar ættum alls ekki að skerast úr leik í þessu efni því við vitum það af gamalli og nýrri reynslu að haldreipi smáþjóða í samskiptum við stærri lönd er að sjálfsögðu lög og réttur, alþjóðlegir samningar, þar sem hinn minni aðili er ekki beittur rangindum eða ofbeldi með neinum hætti. Þannig hljótum við ævinlega þegar við eigum þess kost að freista þess að styðja alþjóðlegar samningaumleitanir um deilumál bæði á málefnasviðum sem varða okkar hagsmuni beint, eins og á þessu sviði, sem öðrum. Það er auðvitað meginástæðan fyrir því að við Íslendingar eigum að ganga á undan öðrum með góðu fordæmi í þessu efni og Alþingi Íslendinga á að mínum dómi að veita samþykki sitt fyrir því að þessi samningur verði staðfestur fyrir Íslands hönd.

[14:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður og þá almennu samstöðu sem virðist vera um málið. Þetta er einmitt mál

af þeim toga sem við Íslendingar höfum verið vanir að vera nokkurn veginn sammála um þó að auðvitað séu á máli eins og þessu ýmsar hliðar. En þegar á heildina er litið tel ég að þessi tillaga samrýmist okkar langtímahagsmunum enda hefur það komið fram í máli allra sem hér hafa talað. Ég get tekið undir með hv. 19. þm. Reykv. að það er æskilegt að afgreiða þennan samning sem fyrst. En að sjálfsögðu verður nefnd að fá eðlilegan tíma til að fara yfir hann.

En aðeins út af tengslunum milli annars vegar þessarar tillögu og hins vegar úthafsveiðifrv. þá er rétt að það komi fram að þessi samningur leggur m.a. þá skyldu á herðar aðildarríkjunum að þau stjórni veiðum sínna skipa á úthafinu. Lögin um úthafsveiðar sem hér hafa verið lögð fram gera ráð fyrir því. Því má segja að samþykkt þeirra laga sé í reynd forsenda þess að við getum fullgilt þennan samning. Við getum í reynd ekki fullgilt hann nema það liggi alveg ljóst fyrir að við höfum tekist á hendur þær skyldur að stjórna veiðum okkar skipa á úthafinu. Það eru ekki í gildi augljósar reglur um það fyrr en úthafsveiðifrv. hefur verið samþykkt. Ég tel því eðlilegt að þessi mál haldist hér í hendur og þau styðja hvort annað. En samkvæmt okkar skilningi þá er a.m.k. nauðsynlegt að það liggi nokkuð ljóst fyrir áður en við fullgildum þennan samning að það séu allar líkur til þess að Alþingi muni þá innan skamms tíma afgreiða þá löggjöf.

Varðandi það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um það hverjir hefðu undirritað þennan samning þá er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að samningurinn hefur legið frammi til undirritunar í eitt ár, frá og með 4. desember, og Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa undirritað hann. Eins og kom fram í framsöguræðu minni hafa 47 ríki undirritað samninginn. Það þýðir að þessi ríki hafa undirritað hann með það í huga og með þá fyrirætlun að ætla sér að fullgilda hann. Það má segja að þegar við undirrituðum þennan samning í New York þá vorum við að lýsa því yfir að við ætluðum að beita okkur fyrir því á þeim vettvangi sem við verðum að gera, þ.e. með því að leggja málið fyrir hv. Alþingi, að þessi samningur verði fullgiltur. Það má segja það sama um öll hin ríkin. Eftir því sem ég best veit og kom fram í framsöguræðu minni hafa nú þegar þrjú ríki fullgilt samninginn þar á meðal Bandaríkin. Það er full ástæða til að ætla að flest þau ríki sem hafa undirritað samninginn muni beita sér fyrir fullgildingu hans á næstunni. Því tel ég engar líkur á öðru en að samningurinn öðlist gildi á næstunni eða a.m.k. á næstu tveimur árum. Ég held að það muni ekki líða jafnlangur tími og var að því er varðar hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna enda þurfti þar fleiri ríki til. Það eru því mjög miklar líkur á að samningurinn öðlist gildi sem alþjóðleg lög innan tiltölulega skamms tíma. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna þeirrar umræðu sem varð.

Vegna þess sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um að við værum í reynd að afsala hluta af okkar framkvæmdarvaldi til annarra ríkja, sem má til sanns vegar færa, vil ég þó segja í því sambandi að við Íslendingar hljótum ávallt í þessu sambandi að leggja það við okkar heiður að við grípum inn í ef við teljum okkar skip vera brotleg. Það væri mikil hneisa fyrir okkur Íslendinga ef einhverjar aðrar þjóðir færu að framfylgja þessum samningi fyrir okkar hönd og ég tel að við föllumst á slíkt ákvæði fyrst og fremst með það í huga að við teljum það nánast ekki geta komið fyrir af okkar hálfu að slíkt gerist. Hins vegar sé það í ljósi reynslunnar því miður svo að gera megi ráð fyrir því að einhverjar aðrar þjóðir láti undir höfuð leggjast að gera það, t.d. úti á Reykjaneshrygg svo maður taki dæmi, og þess vegna sé þetta ákvæði nauðsynlegt. Vissulega getur slíkt komið til greina á öðrum sviðum alþjóðamála. Ég tek undir með hv. þm. í því sambandi, en þó hljótum við að leggja metnað okkar í það að það spyrjist aldrei um okkur að einhverjir aðrir þurfi að framfylgja því sem við höfum samþykkt að fallast á.

Að lokum, herra forseti, get ég út af fyrir sig tekið undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, sagði um þessi 70%. Það stendur í athugasemdum við þáltill. að 70% fiskstofna séu fullnýttir, ofnýttir eða að hruni komnir. Það kemur ekkert fram í þessu hversu mikið er komið að hruni. Þess vegna gætu það verið 69%. Auðvitað eru svona tölur oft villandi og segja ekki allan sannleikann. En þetta er tekið beint upp úr skýrslu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og það verður að segjast alveg eins og er að með okkar takmarkaða mannafla höfum við því miður ekki tækifæri og tíma til að fylgjast með öllum þeim hræringum sem nú eru í heiminum á sviði friðunar og ýmissa umhverfismála. Upplýsingar sem þessar eru oft notaðar í annarlegum tilgangi, það er rétt, og það ber að varast. En hér er þetta sett fram fyrst og fremst til þess að benda á að það hlýtur að vera nauðsynlegt að stjórna veiðum þegar svo mikið hlutfall er fullnýtt, ofnýtt eða að hruni komið. Það segir þá sögu að hér er mikil þörf á stjórnun. Af þeim sökum er þessi tala sett þarna fram því til stuðnings. En síðan kunna aðrir að nota þessar upplýsingar í öðrum tilgangi, þar á meðal gegn okkar veiðum.

Við heyrum um það víða í heiminum að menn telja ástæðu til að banna ýmsar veiðar til þess að aðrar tegundir hafi næga fæðu. Það eru sjónarmið sem við getum ekki fallist á. Það eru sjónarmið sem byggja á því að maðurinn standi utan lífríkisins en sé ekki hluti af því. Það er að sjálfsögðu sjónarmið sem land eins og Ísland getur aldrei fallist á, enda byggir það á vanþekkingu og ég vil segja í reynd, heimsku.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessar umræður og vænti þess að hv. utanrmn. taki þetta mál til umfjöllunar og afgreiði það svo fljótt sem verða má, en legg þó áherslu á að löggjöfin um úthafsveiðarnar er jafnframt nauðsynleg til þess að þetta mál geti komist til eðlilegrar framkvæmdar.

[14:34]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra sagði að það væri nauðsynlegt að setja reglur í lögum um það hvernig standa bæri að framkvæmd þessara breytinga á hafréttarsáttmálanum þegar hann er kominn til framkvæmda. Mín skoðun er sú að í frv. til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands séu gefnar miklu víðtækari heimildir og settar miklu strangari takmarkanir á úthafsveiðar en þessi þáltill. gerir ráð fyrir. En minnugur orða hæstv. ráðherra vildi ég hér með óska eftir því við hann að hann beitti sér fyrir því sem utanrrh. að aflað yrði upplýsinga um það hvernig þau þrjú ríki sem þegar hafa fullgilt umræddan sáttmála hafa breytt eða haga stjórnun veiða fiskiskipa sinna á úthafinu og hvaða áform helstu samkeppnisaðilar Íslands í fiskveiðum í Atlantshafi, Norðmenn og Evrópusambandið hafa eða hyggjast hafa á framkvæmdinni á sínum vegum. Ef það er rétt hjá hæstv. ráðherra, sem ég dreg ekki í efa, að menn þurfi að ljúka ákvörðun um slíkt stjórnkerfi áður en menn fullgilda þennan samning, þá hljóta a.m.k. þrjú ríki að vera búin að því fyrir sitt leyti. Hæstv. utanrrh. er innan handar að afla upplýsinga um það hvernig því er þar fyrir komið og ég vil óska eftir því að hann geri það og komi þeim upplýsingum á framfæri við

sjútvn., sem ég á sæti í, þegar nefndin byrjar vinnu sína við frv. um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands svo að sjútvn. sjái þá hvernig aðrar þjóðir, sem eru í sambærilegri stöðu og við eða hafa gengið skrefinu lengra en við, ætla að hegða stjórn á fiskveiðum skipa sinna á úthafinu.

[14:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að reyna að afla þessara upplýsinga. Það er alveg ljóst að mínu mati að það eru ekki nægilegar heimildir í íslenskum lögum til þess að við getum stjórnað veiðum á úthafinu. Það þarf a.m.k. að liggja fyrir samningur um viðkomandi stofn og við viðkomandi ríki til þess að við getum gripið þar inn í. Það má t.d. segja að því er varðar síldveiðarnar úti á hinu alþjóðlega hafsvæði að við gátum ekki gripið þar inn í nema búið væri að ganga frá samningi við Færeyinga á sínum tíma, sem við gerðum, og við getum ekki gripið inn í veiðar íslenskra skipa á Flæmska hattinum miðað við núverandi stöðu mála. Það er því ljóst að þarna eru ekki nægilegar heimildir. Hins vegar voru áður fullar heimildir í íslenskum lögum, en fyrir nokkrum árum var þessum lögum breytt af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja hér þannig að til þess að við getum fullgilt þessi ákvæði þá þurfa þessar heimildir að koma til.

Mér er nær að halda að mörg önnur ríki í nágrenni okkar hafi þegar nauðsynlegar heimildir í þessu sambandi, t.d. Norðmenn og jafnframt Kanadamenn. Ég held að Færeyingar hafi þær líka en það er sjálfsagt að afla þessara upplýsinga eftir því sem nokkur kostur er, m.a. um þau ríki sem þarna eiga hlut að máli, en því verður vart trúað að nokkur ríki gangi frá fullgildingu nema þau viti að þau geti staðið undir þessum skuldbindingum sem þau takast á hendur með undirritun samningsins og fullgildingu hans.

[14:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir það sem hann sagði. Það gefur auga leið að það er erfitt fyrir sjútvn. að hefjast handa um meðferð svo viðamikils frv. eins og frv. til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögu Íslands er án þess að hafa þessar upplýsingar í höndunum sem ég ræddi um. Við verðum auðvitað að hafa mið af því hvernig aðrar þjóðir sem eru í sambærilegri aðstöðu og við ætla að taka á þessum málum svo að við séum ekki að ganga öðrum þjóðum lengra í því að takmarka veiðimöguleika okkar eigin flota í úthafinu. Þess vegna vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hann skuli reyna að afla þessara upplýsinga svo að sjútvn. geti stuðst við það hvernig önnur ríki í sambærilegri aðstöðu og við ætla að taka á þessum málum, en menn hagi sér ekki í sjútvrn. eins og þeir séu einir í heiminum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:39]

Útbýting þingskjala:

Fátækt á Íslandi, 85. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 86.

Félagsleg aðstoð, 81. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 82.

Reglur um innritun barna í grunnskóla, 84. mál, fsp. SvanJ, þskj. 85.

Veiðileyfagjald, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[14:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Sú þáltill. sem hér er til umræðu hefur fengið nokkuð mikla umfjöllun og ég hygg að efni hennar sé orðið þjóðinni rækilega kunnugt þannig að ekki sé þörf á ítarlegri umræðu um það, en ég vildi þó fara nokkrum orðum um afstöðu mína til þess og eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Ég vil fyrst draga fram nokkur atriði sem mér finnst áberandi að þáltill. tekur ekki á sem hefði mátt ætla að væri kannski aðaltilgangur hennar, að taka á því sem aflaga hefur farið að mati flm. Í fyrsta lagi tekur þáltill. ekki á ýmsum vankköntum fiskveiðistjórnunarinnar sem við í búum við í dag og í reynd er ekki ætlast til þess af flm. nema að mjög litlu leyti sem sýnir sig í því að lagt er til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

Í öðru lagi tekur hún ekki á stöðu sjómanna. Í tillögunni eru engar úrbætur til styrktar stöðu sjómanna í núverandi kerfi. Það er vitað að framsalið, sérstaklega leigubraskið, hefur hlunnfarið sjómenn. Það hefur farið fram hjá skiptakjörum og kjör þeirra hafa því skerst. Tillagan tekur ekkert á því.

Í þriðja lagi tekur þáltill. ekkert á hagsmunum landverkafólks sem eru í uppnámi meira og minna í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi af því að það kerfi er eingöngu útgerðarkerfi en ekki vinnslukerfi á neinn hátt nema að því litla leyti sem var með línutvöfölduninni og það er búið að afnema. Ég hefði viljað sjá að flutningsmenn hefðu velt fyrir sér leiðum til að styrkja landvinnsluna gagnvart útgerðinni og styrkja þannig vinnuna í landi. En það eru engar hugmyndir uppi um það í þessu máli.

Þá tekur frv. ekkert á því sem er alvarlegast í núverandi kerfi og það er braskið sjálft. Frv. tekur ekki á nokkurn hátt á því í þeim tilgangi að koma í veg fyrir það. Þvert á móti er sagt: Við skulum láta braskið vera áfram. Við réttlætum braskið með því að ríkið verði þátttakandi í braskinu. Það er engin lausn á vandamáli að stækka vandamálið. Það er engin lausn á arðráni að auka arðránið. Eina leiðin sem menn hafa til að bæta úr í þessu efni er að taka fyrir vandamálið, með öðrum orðum að banna leigufram salið eins og við alþýðubandalagsmenn höfum gert samþykktir um á okkar miðstjórnarfundi. Þar teljum við að við höfum lagt fram skýra afstöðu til brasksins og sýnt samstöðu með hagsmunum sjómanna. Þeir sem leggja þetta til horfa ekki til hagsmuna sjómanna og þeim er ekki verr við braskið en svo að þeir vilja að það haldi áfram, vilja bara að ríkið taki sitt út úr braskinu. Það er ekki lausn, herra forseti.

Tillagan tekur heldur ekki á því, sem vissulega er nokkurt vandamál og umhugsunarefni, að það er erfitt að komast inn í útgerð í dag og hefja útgerðarrekstur vegna þess að menn þurfa ekki bara að kaupa skip heldur líka fiskveiðiréttindi. Og þó að deila megi um það hversu miklu erfiðara það er í dag en það var áður, fyrir daga kvótakerfisins, af því að menn eru ekki sammála um það hversu mikið samanlagður kostnaður við skip og réttindi er meiri en áður var við skip eitt og sér, þá held ég að allir geti verið sammála um að það er erfitt. Þetta leysir ekkert úr því og gerir ekkert auðveldara fyrir nýja menn að hasla sér völl í þessari atvinnugrein sem atvinnugreinin þarf vissulega á að halda. Hún þarf eins og

aðrar atvinnugreinar að geta búið við eðlilega endurnýjun og að hæfir menn eigi þar sæmilegan aðgang. Tillagan tekur sem sagt ekki á þessum helstu vandamálum sem við búum við í dag. Hún tryggir ekki stöðu sjómanna betur en nú er, hún tekur ekki á stöðu landverkafólks, hún tekur ekki á stöðu sjávarplássanna, hún tekur ekki fyrir braskið og hún auðveldar mönnum ekki aðgang að atvinnugreininni.

Þá spyr maður: Hvað gerir þessi tillaga? Hvað er það sem hún á að gera? Mér sýnist að það sem hún á að gera eða hún muni leiða af sér, og ætla ég ekkert að fullyrða um að það séu endilega hugmyndir flm. því ég ætla þeim ekkert annað en gott í sínum málflutningi, sé að skattleggja eina atvinnugrein umfram aðra. Það er stefna sem var hafnað á Alþingi af öllum stjórnarflokkum fyrir tveimur eða þremur árum þegar menn sameinuðust um að kasta út bráttóskatti, aðstöðuskattinum, aðstöðugjaldinu og taka inn beina skattlagningu eftir efnum og ástæðum. Og það sem verra er að tillagan gengur lengra en að taka upp bráttóskatt og atvinnugreinabundinn skatt. Hún er skattlagning úr hófi fram. Hún gerir ráð fyrir að skattleggja atvinnugrein miklu meira en atvinnugreinin getur borgað og það kemur skýrt fram í grg. með málinu að flm. er þetta ljóst og þeir svara því til: Ef ekki eru til nógir peningar í atvinnugreininni til að borga skattinn þá fellum við gengið, búum til peningana. **(Gripið fram í:** Er það kanínuaðferðin?) Það er kanínuaðferðin. Þetta er náttúrlega alveg fráleit efnahagsstefna að nokkur stjórnmálaflokkur og þaðan af síður flokkur sem kennir sig við jafnaðarstefnu skuli leggja upp með þá skattastefnu eða efnahagsstefnu, að skattleggja umfram efni er náttúrlega alveg út í bláinn. En gangi slíkar hugmyndir eftir hvort sem það er til ystu markmiða flm. um 30 milljarða kr. skatt eða eitthvað minna með núverandi göllum, þ.e. framsali leiguheimilda, þá mun hún leiða til að styrkja stöðu stórútgerðanna. Hún mun færa útgerðarmunstrið yfir í stóru togarana og einkum stóru frystitogarana. Það er stefna sem ég vil ekki taka undir fyrir utan það að hún mun fyrst og fremst leggja skattbyrðina á landsbyggðina. Um 86% af skattinum kæmi utan höfuðborgarsvæðisins. Og ég trúi ekki að menn muni halda því fram þegar þeir hafa skoðað málið að slíkir peningar séu í reynd til í þessum sjávarplássum.

Virðulegi forseti. Ég vil segja að lokum að ég tel þetta afar vanhugsað mál og vil mælast til af flm. að þeir dragi málið til baka og íhugi það betur áður en þeir leggja það fram aftur.

[14:49]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þyrfti að lesa tillöguna ögn betur. Hún fjallar um veiðileyfagjald og fyrsti málsliður hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi."

Það er hin pólitíska ákvörðun sem tillagan fjallar um. Rökstuðningur fyrir því er m.a. fyrst og fremst réttlætisrök sem ég ætla ekki að fara yfir þar sem ég fór yfir þau í framsögu minni. Það eru mörg efnahagsleg atriði sem eru færð sem rökstuðningur fyrir málinu. Tillagan fjallar ekki um fiskveiðistjórnunarkerfið og það kemur skýrt fram að hún á ekki að gera það. Hún gerir það ekki. Hv. þm. veit það ósköp vel. Ég geri mér grein fyrir að það er margt í fiskveiðistjórnunarkerfinu sem er þarft umræðu og má ræða í tengslum við veiðileyfagjald en þarf ekki að gera það. Ég vil benda á eina tillögu jafnaðarmanna, sem við erum að vinna að, að allur fiskur fari á fiskmarkaði. Það er t.d. mikilvægt atriði í fiskveiðistjórnunarkerfi en á ekki heima í þessari tillögu nema ef til vill í umræðunni. Ég bið menn um að gæta þeirrar sanngirni að ræða um efni tillögunnar en ekki um það sem hún fjallar ekki um og kemur skýrt fram að sé ekki.

Það sem hann nefnir hins vegar að verið sé að skattleggja um efni fram þá er það rangt. Það eru rangar fullyrðingar að hér sé verið að leggja til 30 milljarða skattlagningu á sjávarútveginn. Hér verður þingmaðurinn aftur að lesa betur. Bent er með mjög skýrum rökum á það sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi. Það er að myndast það sem kallað er fiskveiðiarður sem þegar er orðinn umtalsverður og getur orðið enn meiri á næstu árum og áratugum. Við erum að leggja til, fyrir utan réttlætið sem er fólgið í því að gjaldtaka sé fyrir úthlutaðar heimildir, að þá eru efnahagsleg sóknarfæri fólgin í því að draga þennan arð að hluta til út úr sjávarútveginum eftir því sem hann myndast. Það er enginn að tala um að leggja skatta á atvinnugrein sem þolir það ekki. Hér er verið að benda á að arður er að byggjast upp í sjávarútvegi sem er mjög gott mál. Við erum með þessari aðferðafræði að koma í veg fyrir hækkun raungengis, þ.e. að aðrar atvinnugreinar geti líka lifað sterkar við hliðina á sjávarútvegi. Út á það gengur þetta mál og þá verða menn annað hvort að lesa sér betur til eða leyfa flm. að njóta sannmælis í röksemdum sínum.

[14:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um réttlætisrökin. Þau eru einmitt tengd núverandi ágöllum á löggjöf um stjórn fiskveiða. Ég tek undir þau rök að óréttlátt er að útgerðarmenn geti gert sér að peningum veiðiheimildir sem þeir nota ekki sjálfir með því að leigja þær, ekki bara einu sinni heldur ár eftir ár. Það er fullkomlega óeðlilegt. Og það er ekki bara að ég taki undir þetta heldur tekur allt Alþb. undir það og hefur gert það með því að segja: Þetta er svo óeðlilegt að við leggjum til að þetta verði bannað.

Ég spyr hv. flm.: Eruð þið tilbúnir að standa með okkur að því að stöðva braskið? Að standa með sjómönnum og stöðva braskið með því að stoppa framsalið á leiguheimildum? Og með því slá niður hið óeðlilega háa verð á varanlegan kvóta sem er borið uppi af leiguverðinu? Menn geta keypt dýrum dómum varanlegu veiðiheimildina af því að þeir sjá að þeir geta svo leigt hana í nokkur ár meðan þeir borga niður stofnkostnaðinn. Með því að banna framsalið á leigukvóta mundum við slá niður þetta óeðlilega háa verð á varanlegum fiskveiðiheimildum.

Við hv. flm. þáltill. um veiðileyfagjald vil ég segja að þeim er ljóst alveg eins og mér að spurningin er ekki um það prinsipp að taka upp eða taka ekki upp veiðileyfagjald. Það er ekki bara eitt veiðileyfagjald í dag, það eru ekki bara tvö veiðileyfagjöld í dag. Það eru þrjú veiðileyfagjöld í dag. Og er einhver þörf á því að taka upp fleiri veiðileyfagjöld? Það held ég ekki. Spurningin snýst ekki um hvort menn vilji taka upp veiðileyfagjald eða ekki heldur hitt hvort menn vilji taka mikla skatta af sjávarútvegi eða hóflega skatta og ég skipa mér í hóp þeirra sem tala fyrir hóflegri skattlagningu sem miðast við efni atvinnugreinarinnar.

[14:53]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hugsa að ég og hv. þm. getum orðið sammála um að leggja beri á hóflega skatta og hóflega gjöld. En ég vil benda á um veiðileyfagjald, að ef það rennur til

að greiða kostnað við sjávarútveg sem hefur verið talað um, 2–3 milljarðar, jafnvel þó fyrstu tillögur um veiðileyfagjald væru mun lægri, þá er ekki um að ræða skatta í hefðbundnum skilningi. Ég vil draga sérstaklega fram að verið er að tala um að veiðileyfagjaldið taki mið af fiskveiðiarðinum, af stöðu sjávarútvegsins hverju sinni. Það er meginmál í okkar huga.

Aftur blandar hv. þm. fiskveiðistjórnunarkerfinu inn í umræðuna sem er alveg hægt að gera þó svo líka sé hægt að halda því aðskildu. Hann spyr sérstaklega um leigu á veiðiheimildum, hvernig hægt er að minnka hana eða koma í veg fyrir hana. Fyrr í umræðunni var bent á vandkvæði þess að banna leigu en heimila varanleg kaup og sölu. Það vita menn ef þeir banna að selja hús en leyfa leigu eða öfugt. Þetta er ekki einfalt í framkvæmd. Hjá Alþb. eru menn í umræðu um þessi mál, og ég skil það, en enn þá skortir á að þeir sýni betur fram á útfærslu sinna hugmynda við að takmarka leigu á sama tíma og þeir vilja samt leyfa varanlegt framsal veiðiheimilda. Þetta er ekki auðvelt mál. Ég vil hins vegar bíða með alla dóma um þá útfærslu þar til hún kemur í skýrara formi. Ég vil gefa Alþb. tíma til að útfæra sína stefnu með þeim hætti að hér geti skapast samstaða um það sjálfsagða réttlætismál að veiðiheimildum sé ekki úthlutað ókeypis á Íslandi. Það er í andstöðu við núgildandi lög og það er í andstöðu við réttlætistilfinningu ekki bara alþýðubandalagsmanna og annarra jafnaðarmanna heldur líka gervallrar þjóðarinnar.

[14:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum ábyggilega orðið sammála um að leggja á hófsama skatta. Ég vona að við getum líka orðið sammála um að leggja ekki á meiri skatta en sá sem á að borga geti borgað. Í grg. með tillögunni er rakið í löngu máli hvernig eigi að bregðast við þegar veiðileyfagjaldið er orðið hærra en atvinnugreinin þolir og rakin áhrifin af gengisfellingunni. Það er fjarri því að ég hafi farið með rangt mál í þeim efnum heldur hef ég þvert á móti byggt mál mitt á því sem fram kemur í grg. frv. og kom fram í framsöguræðu.

Ég vil segja um leiguframsalið að það er höfuðmeinsemdin sem við búum við í dag. Það er líka meinsemd gagnvart hagræðingarkröfunni því að leiguframsalið kemur í veg fyrir hagræðingu í sjávarútvegi. Það gefur óhagkvæmum útgerðareiningum möguleika á að lifa ár eftir ár með því að leigja heimildir sínar og draga saman útgerðarkostnaðinn sem ella væri ekki mögulegt ef einungis væri miðað við að menn mættu selja varanlegar veiðiheimildir eins og var fyrir 1990.

Ég vil segja að lokum, herra forseti, af því að hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi að stundum gæti staða sjávarútvegs leitt til erfiðrar stöðu annarra útflutningsgreina. Það eru þekkt dæmi um það og við skulum ekkert andmæla því. En það er svo aftur hans trú að veiðileyfagjaldið leysi það vandamál.

Ég vil vitna í formann samtaka iðnaðarins sem mun hafa hvað mest barist fyrir að taka upp veiðileyfagjald og hvað segir hann, með leyfi forseta?

„Samkeppnisstaðan er að mestu leyti í lagi um þessar mundir, en hún er þó ekki allt. Iðnaðurinn mótmælir hækkun tryggingagjalds og iðnaðurinn mótmælir mismunandi gjaldi eftir atvinnugreinum."

[14:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirra umræðna sem þegar hafa farið fram um veiðileyfagjald finnst mér ástæða til að undirstrika það einu sinni enn að með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er til þess ætlast af hv. Alþingi að tekin sé grundvallarákvörðun um hvort fámennur hópur eigi að fá ókeypis aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Gæðin, þ.e. hin sameiginlega auðlind, er takmörkuð og hvernig á almannavaldið að deila þeim út? Á aðgangur hinna fáu að vera ókeypis eða finnst okkur réttlátt að greitt sé fyrir aðganginn? Um það snýst þessi tillaga og um það þarf að taka hina pólitísku ákvörðun.

Þegar kemur að þeirri ákvörðun hvaða aðferð sé best koma ýmsir þættir til álita. Í greinargerð tillögunnar eru nefnd ýmis álitamál og aðferðir og í greinargerðinni er getið um þær hugmyndir sem helst hafa verið ræddar meðal þeirra sem hafa tekið þátt í málefnalegri umræðu um veiðileyfagjald á undanförnum árum, jafnvel áratugum. Og þær eru nefndar jafnvel þó þingflokkur jafnaðarmanna taki engan veginn undir þær, jafnvel þó þingflokkur jafnaðarmanna sé á móti þeim. Þeim er haldið til haga í greinargerðinni. Það kann svo að vera smekkur einhverra hér að taka þær tillögur og gera þær að hugmyndum þingflokks jafnaðarmanna og verður þá að vera þeirra mál sem þeir eiga við sig.

Það hefur líka komið fram, bæði í þinginu og annars staðar, að menn eru að taka afstöðu til veiðileyfagjaldsins á grundvelli meintrar afstöðu þingflokks jafnaðarmanna. Menn eru að taka afstöðu til gjaldsins, til þessarar réttlætiskröfu á grundvelli þess. Í stað þess að taka afstöðu til innihalds tillögunnar, þ.e. þess réttlætis sem felst í því að greitt sé fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind í sameiginlegri eigu þjóðarinnar. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur ekki tekið afstöðu til einstakra aðferða varðandi álagningu veiðaleyfagjalds en það er rétt að við skilyrðum ekki afstöðu okkar því fiskveiðistjórnunarkerfi sem er í gangi á hverjum tíma. Réttlætisrökin í málinu eiga nefnilega við a.m.k. svo lengi sem um er að ræða takmörkun á sókn í sameiginlega auðlind. Fiskveiðistjórnunarkerfið skiptir ekki máli í því sambandi. Á meðan við þurfum að stjórna veiðunum, á meðan við þurfum að takmarka þær eiga réttlætisrökin við. Mér er það þess vegna óskiljanlegt að menn séu að skilyrða afstöðu sína breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfi. Hvað ef það breytist ekki á næstu árum? Gilda ekki réttlætisrökin eftir sem áður? Eða er í lagi að gefa aðganginn ef núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi stendur áfram? Nei. Og hvað sem mönnum kann að finnast um kvótakerfið, þá er kvótakerfi með veiðileyfagjaldi heppilegra og réttlátara fyrirkomulag en kvótakerfi án veiðileyfagjalds.

Mér finnst rétt að halda þessu til haga í umræðunni vegna þess að ég átta mig ekki á því af hverju menn eru að skilyrða afstöðu sína, þá afstöðu sem ætti að byggjast á réttlæti til þess hvaða stjórnun fiskveiða er í gildi á hverjum tíma.

Það eru réttlætisrök fyrir því að greitt sé fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind þannig að eigandinn sé virtur. Auðveldara er líka að afturkalla kvótakerfi með lögum, það kvótakerfi sem sett hefur verið á með veiðileyfagjaldi heldur en án vegna þess að gjaldið staðfestir eign þjóðarinnar á auðlindinni. Við fáum aðeins smjörþefinn af þeirri umræðu sem fer fram um eignarhald eða eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni nú þegar menn eru að ræða um hugsanlega veðsetningu veiðiheimilda. Við þurfum að staðfesta eignarhald þjóðarinnar betur en gert er í dag.

Mér finnst að við þurfum líka að hugsa til þess að við erum búin að leyfa eignarhald útlendinga á þessari auðlind, jafnvel þó óbein sé. Mér finnst það líka kalla á það að við staðfestum eignarhald þjóðarinnar á einhvern hátt betur en gert er með núverandi löggjöf. Allt eru þetta rök sem menn

verða að taka afstöðu til. Það sem hlýtur að skera úr um afstöðu manna auk réttlætisrakanna er síðan spurningin um það hvort almenn lífskjör í landinu sýnast verða betri við gjaldtöku. Ef gjaldið er nýtt til þess að greiða kostnað við sjávarútveginn og jafnvel til að efla rannsóknir þýðir það bætt lífskjör í landinu. Með óbreyttu ástandi er auðvitað verið að vernda sérhagsmuni sem geta reynst almannahag mjög þungir í skauti vegna þess að fræðin leiða ekki til þeirrar niðurstöðu að auður fárra hjóti að leiða til almennrar velsældar og arður af nýtingu sameiginlegrar auðlindar er ekki einkamál þeirra sem hafa fengið tímabundinn afnotarétt.

Ef núverandi fyrirkomulag festist óbreytt í sessi verður veiðirétturinn eins og hver önnur eign og nýjar útgerðir verða þá og hafa nú þegar þurft að kaupa sér veiðirétt á markaði og búa við þau skilyrði sem sumir útgerðarmenn eða andstæðingar veiðileyfagjalds í dag telja að útgerðin þoli alls ekki, þ.e. að greiða fyrir þær veiðiheimildir sem þeir fá.

Bandaríski hagfræðingurinn og nóbelsverðlaunahafinn Gary Becker, sem nú telst til sósíalista samkvæmt skilgreiningu hæstv. forsrh., líkir þeirri aðferð sem landsfundur Sjálfstfl. lýsti stuðningi við við ríkisstyrk, þ.e. ókeypis úthlutun aflamarks sem síðan má selja eða leigja að vild. Hann segir í viðtali sem tekið var við hann þegar hann var í heimsókn hér á landi og hafði kynnt sér kerfið, með leyfi forseta:

„Þeir sem upprunalega fengu kvótann fá peningana. Þeir sem reyna að komast inn í greinina verða að greiða fyrir kvótann, greiða þeim fé sem í upphafi fengu hann afhendan frítt. Nýir menn í greininni borga fyrir réttinn. Þeir sem fengu kvótann í upphafi eru þeir sem hlutu ríkisstyrk."

Hér er ókeypis úthlutun líkt við ríkisstyrk, reyndar bara til þröngs hóps og mætti verða þeim til umhugsunar sem telja enga ríkisstyrki vera í íslenskum sjávarútvegi.

Herra forseti. Því hefur verið haldið fram af flutningsmönnum þessarar tillögu að það að samþykkja veiðileyfagjald tengist réttlæti vegna þess að eigandinn fær þá afgjald sem er réttmætt að hann fái og staðfestir eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni. Því hefur líka verið haldið fram að veiðileyfagjald sé hægt að nýta til þess að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Tillögur um veiðileyfagjald byggja auðvitað á því að það er að myndast og hefur verið að myndast verulegur arður af nýtingu fiskstofnanna og það mun halda áfram ef stjórnun veiðanna er skynsamleg. Nú þegar er verið að taka hluta af þessum arði út með þeim kaupum og sölum sem eru í gangi og það sýnir verðið á þeim veiðiheimildum sem nú er verið að selja og kaupa að arðurinn er að verða umtalsverður.

[15:07]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta eitt atriði í máli hv. þm. þar sem hún sagði að úthlutun væri ókeypis. Það tel ég ekki vera rétt. Frá og með því fiskveiðiári sem nú er að hefjast eru engar veiðiheimildir ókeypis eftir því sem ég best veit. Ég nefndi áðan að það væru þrjú veiðileyfagjöld. Það er í fyrsta lagi almennt veiðileyfi sem er til skamms tíma í senn og menn þurfa að borga. Það er fyrsta veiðileyfagjaldið. Síðan þurfa menn að borga fyrir annað veiðileyfi, leyfi til að veiða tiltekna fisktegund sem er líka afmarkað í tíma og er til eins árs í senn. Í þriðja lagi þurfa menn að borga vissa fjárhæð fyrir hvert kíló af veiðiheimildum sem menn fá úthlutað. Mér er ekki kunnugt um að í dag sé um að ræða ókeypis úthlutun veiðiheimilda. Þvert á móti held ég því fram að þrjú veiðileyfagjöld séu nú þegar í gangi þannig að þetta vildi ég bara leiðrétta.

Síðan langar mig að spyrja þingmanninn um afstöðu hans til leiguframsalsins. Telur þingmaðurinn rétt að leyfa það áfram að útgerðarmenn geti leigt frá sér veiðiheimildir ár eftir ár án þess að nýta þær nokkurn tíma til veiða og hirða bara tekjurnar af í eigin vasa? Miðað við þær tölur sem menn hafa nefnt í umræðunni geta útgerðarmenn vænst þess að fá um 90 kr. fyrir hvert kg og flutningsmenn nefndu í upphafi að það mætti ímynda sér 2–3 milljarða kr. skattlagningu á útgerðina til að byrja með. Af því er um 10 kr. á kg. Telur þingmaðurinn þá að réttlætinu sé fullnægt ef ríkið fær 10 kr. af þessum 90 kr. en útgerðarmaðurinn fær áfram 80 kr. í leigutekjur?

[15:09]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek leiðréttingu þingmannsins fyrst og fremst sem nokkuð sem getur verið hártogun á skilgreiningu einfaldlega vegna þess að stundum kallar þingmaðurinn þessa hluti skatta og stundum kallar hann þá veiðileyfi og fer ýmist eftir því hvernig liggur á honum og eftir því hvernig hann þarf að beita sér í umræðunni. Ég veit að þingmanninum var fullkomlega ljóst að mér er kunnugt um þessi gjöld og okkur öllum sem erum hér inni þannig að ég kýs að líta svo á að þarna sé um ákveðna hártogun að ræða.

Hvað varðar spurninguna um réttlæti þess að menn leigi frá sér veiðiheimildir ár eftir ár án þess að veiða þær verð ég að segja hv. þm. að það finnst mér vera fyrir neðan allar hellur og það hefur margoft komið fram í máli mínu. Við verðum að horfa til þess í fiskveiðistjórnunarkerfi okkar að það hafi ákveðinn sveigjanleika og það þjóni þeim hagsmunum okkar að það sé rekið eins vel eins og mögulegt er. Það ríður á fyrir okkur vegna þeirra hagsmuna sem við höfum af því að auðlindin sé nýtt vel og eðlilega. Það gengur ekki að nýting auðlindarinnar og sá sveigjanleiki gangi freklega á kostnað réttlætiskenndar almennings. Því verður að breyta.

[15:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnast nú sjónarmiðin færast heldur saman fremur en sundur. Hv. þm. hefur tekið undir að óréttlæti sé fólgið í því að útgerðarmenn geti leigt árlega frá sér veiðiheimildir án þess að veiða þær. Um það erum við sammála þannig að ég vænti þess að þingmaðurinn sé sammála mér og fleirum um það að ráðið til að bregðast við þessu óréttlæti sé að banna framsalið en ekki að í stað þess að útgerðarmaðurinn fá 90 kr. í vasann fái ríkið tíkall, útgerðarmaðurinn 80 kr. Það tel ég ekki vera ráð til að bæta úr óréttlætinu. Ég vænti þess að hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sé sammála mér um það að leiðin til að bregðast við þessu óréttlæti sé að banna leiguframsal á kvóta.

[15:12]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræða um veiðileyfagjald og fiskveiðistjórnun getur farið saman en þarf ekki að gera það. Hv. þm. vill gjarnan tala frekar um fiskveiðistjórnun en veiðileyfagjaldið og það er alveg hægt að taka þátt í því með honum. Hins vegar er það spurning hvað það skilar okkur áfram í þessari umræðu að taka út einstaka þætti.

Hv. þm. Ágúst Einarsson gat þess áðan vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson saknaði þess að ekki væri tekið tillit til hagsmuna sjómanna í tillögu okkar að við værum,

eins og fram kemur í málaskrá okkar, áhugasöm um að tekin yrði ákvörðun um það, og það er í samræmi við vilja sjómanna, að allur fiskur fari yfir á fiskmarkað. Mér finnst hins vegar ekki ástæða til þess að við ræðum það mál sérstaklega í þessari umræðu jafnvel þó að það blandist inn í hana. Þar af leiðandi finnst mér að ef við viljum komast áfram með umræðuna um veiðileyfagjald sé rétt að gera það án þess að við þurfum að taka alla þá þætti sem þingmaðurinn saknar inn í þá umræðu en ég vil gjarnan að við fáum tilefni til þess hér á hv. Alþingi að ræða fiskveiðistjórnunarkerfið í heild sinni vegna þess að mér hefur oft og tíðum fundist að á skorti að við sem sitjum þessa samkomu, við sem stundum löggjafarstörf, séum einhuga í því hver markmiðin eigi að vera með fiskveiðistjórnun okkar. Hvernig lítum við til undirstöðuatvinnugreinarinnar? Hvað viljum við sjá að hún gefi af sér og í hverra þágu á það að vera? Á það að vera í þágu allrar þjóðarinnar eða eru menn sífellt að horfa til þess að það sé í þágu fámenns hóps fyrst og fremst? Um það snýst það mál sem hér er til umræðu í dag að hluta til. Um það snýst fiskveiðistjórnunarkerfið líka. Við getum rætt það saman en það flækir málið um of.

[15:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er skýr. Greinargerðin með tillögunni er fagleg og dregur fram marga ólíka þætti til skýringar og hún fjallar m.a. um þær leiðir sem við teljum mögulegar. Viðbrögð við tillögunni eru fremur undarleg og vekja furðu. Umræður héðan sem bárust út fyrir helgi hafa vakið undrun margra og furðu fleiri og sýnu verra er að málflutningur forustumanna Sjálfstfl. á landsfundi afflutti þá tillögu sem hér er til umræðu, afflutti málflutning okkar gróflega og það var ekki til sæmdar þeim sem í hlut eiga.

Virðulegi forseti. Þingmaður Alþb., Kristinn H. Gunnarsson, hefur hafnað tillögunni í málflutningi sínum. Ég velti því fyrir mér hvort sú höfnun sé Alþb. í heild sinni vegna þess að á sama tíma og hann dregur mjög fjálglega fram stefnu Alþb. við fiskveiðistjórnunina áréttar hann að veiðileyfagjald sé í dag. Enda þótt ég sé ekki sammála honum um þá skilgreiningu sem hann setti fram tek ég undir að það er veiðileyfagjald í dag. Sú staðreynd blasir við hverjum einasta landsmanni. Auðlindinni er úthlutað og henni er úthlutað ókeypis miðað við þá skilgreiningu sem við erum að tala um, hvort það eigi að greiða fyrir auðlindina og afnot af henni eða ekki. Það er staðreynd sem blasir við hverjum einasta manni og um það er rætt alls staðar úti í þjóðfélaginu í dag og það er sorglegt til þess að vita ef þingmenn sem starfa á Alþingi vita ekki um þessa umræðu. En þeir sem fá þessa úthlutun á auðlindinni til afnota verðleggja hana sjálfir og framselja eða leigja og það er staðreynd sem blasir við í dag. Og það, virðulegi forseti, sem ég ætla að draga fram í minni stuttu ræðu er í hvaða umhverfi tillaga okkar um veiðileyfagjald er flutt. Ég ætla að biðja þingmenn að skoða með mér upplýsingar sem voru settar fram á útvegsráðstefnu í Reykjanesbæ fyrir um viku síðan. Þær upplýsingar voru ekki til orðnar fyrir tilstuðlan jafnaðarmanna, aldeilis ekki. Við vorum hlustendur á þeirri fróðlegu ráðstefnu, hlustendur á þær upplýsingar sem voru settar fram af faglegum fyrirlesurum, sem þar mættu.

Menn tala einfaldlega orðið um risa og menn tala um þá litlu. Menn tala um leiguliða nútímans, sem eru leiguliðarnir í sjávarútveginum. Risar eru þeir sem fá kvóta til sín í auknum mæli og litlu, þ.e. leiguliðarnir, eru að leigja til sín kvótann. Kvótinn er að þjappast á fárra hendur og það er staðreynd. Nýir aðilar borga veiðileyfagjald til risanna. Það er veiðileyfagjald, virðulegi þingmaður, Kristinn H. Gunnarsson.

Þá skulum við aðeins kíkja á braskið og það var fjallað um það á þessari ágætu ráðstefnu. Það eru gífurlegar tekjur í leigubraskinu. Á sl. fiskveiðiári var áætlað að greiddar væru 90 kr. í leigu fyrir kg, eins og hér hefur þegar komið fram, nú eitthvað minna, 70–75 kr. Það eru flutt á milli aðila sem hafa fengið úthlutun rúmlega 70 þúsund tonn af þorski. Það er staðhæft að um 20% af varanlegum fiskveiðiheimildum séu fluttar á milli aðila og það eru nefndar tölur eins og 700 þús. kr. á tonn í varanlegum fiskveiðiheimildum. Þetta eru líka staðreyndir sem liggja fyrir og eru bornar fyrir okkur þingmenn til að reyna að vekja okkur af þyrnirósarsvefninum þegar við mætum á ráðstefnur.

Þarna var líka fullyrt að ef teknar væru allar tegundir, þá skipti um það bil 78% af heildarkvóta sem veiddur er um eignarhald og þá er verið að tala m.a. um innbyrðisfærslur. Það er áætlað að um 5 milljarðar séu teknir fram hjá hlut sjómanna og þar með halda þeir því fram og segja með réttu að sjómenn verði af 2,5 milljörðum í hlut. Þetta eru upplýsingarnar sem aðilar í útvegi eru að bera fram fyrir okkur og menn tala opinskátt á slíkri ráðstefnu um að 10–15 milljarðar fari í greiðslur fyrir veiðiheimildir á einu ári.

Ég ætla ekki að leggja mat á þessar tölur, en ég ber þær fram hér vegna þess að þær eru bornar fram í mikilli alvöru á ráðstefnu sem allir í útvegi í einu stærsta kjördæmi landsins eru sammála um. Og ég fagna því, hver svo sem fjárhæðin er, hvort hún er 5 milljarðar, 10 milljarðar eða 15 milljarðar, að þá fjármuni sé að finna í greininni þannig að hún sé í raun fær um að greiða þetta gjald fyrir heimildir þó ég sé ósammála hvernig viðskiptin liggja og hvernig hefur verið lagt upp með fiskveiðistjórnun sem í raun gerir þetta mögulegt.

Mig langar að nefna líka undir lokin af því sem ég hef tínt til sem kom fram á þessari ráðstefnu hvernig það hittir sveitarfélögin fyrir þegar menn eru að leika sér með útfærslu á leigu og sölu á kvóta í svokölluðu tonni á móti tonni, af því að við erum að tala um braskið sem við erum að benda á um leið og við segjum að það eigi að greiða arðinn af auðlindinni til eigendanna, fólksins í landinu, ríkissjóðs. Við skulum hugsa okkur að tveir bátar leggi upp hlið við hlið. Annar leggur upp á fiskmarkað og fær 100 kr. greiddar fyrir kg. Hinn er í kvótabraski og fær bara 60 kr. af því að 40 kr. liggja í tonn á móti tonni. Annar borgar aflagjald til sveitarfélagsins af 100 kr. á kg. Hinn borgar af 60 kr. vegna þess að þannig liggur land yfir löndunina þannig að afleiðingarnar af því hvernig braskað er eru líka farnar að snerta tekjur sveitarfélaganna til viðbótar við annað.

Mig langar líka að benda á það, af því að ég er að fjalla um umhverfið sem við flytjum þessa tillögu í, að í Sjómannablaðinu Víkingi frá því í vor var verið að fjalla um kvótasölu eða leigu og kvótakaup. Ég er hér, virðulegi forseti, með ljósrit úr þessu ágæta blaði. Önnur síðan í þessu ljósriti er með yfirskrift sem segir: „Þeir sem högnuðust mest á kvótasölu eða leigu. Allar tölur eru í milljónum.“ Og hinn segir: „Þeir sem keyptu mest af kvóta og allar tölur eru í milljónum.“ Þetta er fróðleg upptalning, en ég get bara til upplýsingar nefnt að í þessu blaði eru þrjár efstu tölurnar hjá þeim sem högnuðust mest á kvótasölu eða leigu þessar,

virðulegi forseti: 313 millj. 586 þús., 124 millj. 551 þús., 100 millj. 863 þús. Það hlýtur að vera, virðulegi forseti, að þessar tölur séu umhugsunarefni fyrir okkur sem erum á Alþingi Íslendinga að reyna að búa til réttlátt þjóðfélag, gæta þeirra eigna sem þjóðin á, auðlinda þjóðarinnar og ákveða hvernig með skuli fara.

Í lokin, virðulegi forseti (Forseti hringir.) Mér gefst ekki tími til að koma inn á þá umræðu sem er um hvort við hefðum átt að vera með algera útfærslu bæði á tillögunni sjálfri og í raun og veru fiskveiðistjórnun, en mér gefst væntanlega tækifæri til þess síðar.

[15:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sú þáltill. sem við ræðum í dag fjallar um gjald í tengslum við úthlutun veiðiheimilda fyrir afnot af sameiginlegri auðlind eins og sagt er í þáltill. Greinargerðin með tillögunni er nokkuð ruglingsleg. Ýmist er lagt til að gjaldið verði í formi skattlagningar eða í formi markaðsvæðingar. Bent er á sex leiðir til að innheimta þetta gjald. Allar nema ein gera ráð fyrir að gjaldið renni í ríkissjóð. Fyrsta og þriðja leið eru markaðsvæðing en aðrar leiðir eru bein skattlagning.

Fyrsta leiðin er að dreifa veiðiheimildum á milli allra landsmanna, en þess jafnframt getið að hún gæti reynst erfið í framkvæmd. Ekki er sú leið rædd frekar, en öll greinargerðin gengur út frá skattlagningu á útgerðina. Flutningsmenn telja auk þess leiðir tvö og sex vera heppilegastar, en þær gera báðar ráð fyrir beinni skattlagningu.

Herra forseti. Hver er munurinn á skattlagningu og því sem ég vil kalla markaðsvæðingu, það er uppboð á öllum árlegum kvóta? Skattlagningin er stíf og tekur ekki mið af afkomu greinarinnar. Það er útilokað að greinin í heild sinni, sem skuldar 107 milljarða kr., geti greitt umtalsverða skatta sem stendur. Markaðsvæðing hefur aftur þann kost að útgerðin mun að meðaltali bjóða það verð fyrir kvótann sem á hverjum tíma gefur henni góðan arð. Þeir sem geta veitt hagkvæmast geta greitt mest fyrir kvótann og fá hann.

Það er mikill munur á því hvort ríkið fær gjaldið eða einstaklingar. Ég er að fenginni reynslu hlynntari því að einstaklingurinn fái gjaldið en ríkið. Ég geri alltaf dálítinn greinarmun á þjóðinni og ríkinu.

Herra forseti. Núgildandi veiðistýringarkerfi hefur vegna framsalsins reynst mjög vel. Hagnaður í útgerð hefur aukist verulega. En ókostirnir hafa komið í ljós vegna eignarhaldsins. Eignarhaldið byggir á tilviljanakenndri veiðireynslu og gengur eingöngu til útgerðarinnar, þ.e. þeirra sem veiddu á ákveðnu árabili og hefur það valdið mikilli gremju meðal sjómanna og meðal almennings alls. Auk þess hefur myndast gervimarkaður með veiðiheimildir. Það er bara lítill hluti kvótans sem er á markaði. Sum fyrirtæki hafa fengið kvótann gefins, önnur fyrirtæki hafa greitt 100 kr. fyrir kg af varanlegum þorskveiðiheimildum, (**Gripið fram í:** 600 kr.) má ég klára, enn önnur hafa greitt 600–700 kr. fyrir kg af varanlegum þorskveiðiheimildum. Þetta hefur valdið miklu misræmi á milli fyrirtækja.

Svo sé ég aðra hættu sem ekki hefur verið nefnd í þessari umræðu. Eftir 20–40 ár munum við sjá fyrir okkur t.d. ÚA ltd., Sameinaða ltd. eða Granda ltd. í New York, með verstöðvar í 25 löndum, ein af þeim er á Íslandi. Og þeir munu vinna í New York og arðsmiðjan eða „profitcenter", eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson skilgreindi svo fimlega á síðasta vetri, verður í New York og arðurinn mun streyma þangað. Núverandi kerfi hindrar það ekki. Eigendur, stjórnarformaður, framkvæmdastjóri, allt Íslendingar, það er víst eitthvert fólk sem er með grænan blett á enninu. Ég þekki nefnilega fólk sem er bæði Íslendingar og útlendingar samtímis og hef nefnt það áður.

Herra forseti. Ég get ekki fallist á þá þáltill. sem hér er til umræðu þar sem ég trúi ekki á sérstaka skattlagningu einnar atvinnugreinar. En ég legg til að skoðað verði hvort skynsamlegt sé að taka upp eftirfarandi eignarhald á veiðiheimildum sem e.t.v. má flokka undir fyrstu leið: Öllum kvóta verði dreift jafnt á alla landsmenn. Eignin sjálf, þ.e. varanlegur kvóti, sé ekki framseljanlegur. En hann stofnast við fæðingu og fellur niður við dauða. Heimilt verði að framselja árlegan veiðirétt þrjú ár fram í tímann. Kvótinn verði á 20 árum fluttur frá núverandi eigendum, þ.e. þeir þurfa að afskrifa eignina um 5% á ári.

Þessi almenningsvæðing kvótans er öndverð við hugmyndir þáltill. um auðlindaskatt sem blæs út ríkisbattaríið og eykur fé án hirðis. Hún er að auki mjög auðveld í framkvæmd. Við höfum nú þegar töluverða reynslu af verslun með t.d. húsbréf og það yrði hreinlega alltaf til sölu kvóti t.d. fyrir árið 1999 og þeir aðilar sem fá hann, Íslendingarnir, verða að reyna að selja hann á háu verði og hinir sem kaupa, útgerðin, mun borga það verð sem gefur henni að meðaltali hagnað.

Sveiflujöfnun í sjávarútvegi, sem menn hafa verið að kvarta undan, sérstaklega iðnaðurinn, mun eiga sér stað hjá heimilunum sem eru best fær um að draga saman seglin eða auka neyslu. Þegar vel gengur hjá útgerðinni hækkar verð á kvótanum, Íslendingar fara í utanlandsreisur eða kaupa sér bíla, en þegar illa gengur, þá er þessu öfugt farið. Þessi lausn minnkar auk þess þörf á barna-, örorku- og ellilífeyri þar sem allir landsmenn fá 50 þús. kr. á ári þegar kerfið verður komið í fullan gang, eftir 20 ár. Þessar tekjur verða svo skattlagðar eins og aðrar tekjur. Auk þess bætir þessi leið samkeppnisstöðu Íslands um fólk og fyrirtæki. Fyrirtækin njóta þess að starfsmenn þeirra fá 50 þús. kr. hver fyrir að búa á Íslandi og börn þeirra auk þess.

Nýir aðilar munu geta hafið útgerð sem ekki á við í dag. Ég geri ráð fyrir því að þessi leið muni lækka verð á kvótanum verulega niður í svona 25–30 kr. á kg af leigukvóta. Verðið mun stórlækka og nýir aðilar munu geta hafið útgerð, líka á Vestfjörðum. Útgerðin mun leita þangað sem veiðiskapurinn gengur hagkvæmast og ég reikna með því að það sé m.a. á Vestfjörðum.

Þessi leið mun auk þess bæta stöðu sjómanna því þeir þurfa ekki lengur að taka þátt í því að kaupa kvóta á 100 kr. heldur eingöngu 25–30 kr. af því að fyrirtæki þurfa öll að kaupa kvóta á markaði. Hún mun bæta stöðu landverkafólks því að það mun ekki lengur þurfa að taka þátt í þessum geysilegu kvótakaupum þar sem fiskvinnsluhúsin eru að kaupa kvótann á 100 kr. heldur mun kvótinn verða seldur á 25–30 kr. á kg. Útgerðin mun alltaf geta keypt kvótann á markaði nákvæmlega eins og olíu. Það að kvótinn afskrifast um 5% á ári í hendi núverandi eigenda gerir það að verkum að hann gæti verið meira virði en núverandi óviss kvóti. Útgerðin mundi vita með vissu að hún ætti þennan kvóta í tuttugu ár. Lánastofnanir og sjávarútvegsfyrirtæki munu hafa nægan tíma til að ganga frá skuldum útgerðarinnar sem eru um 107 milljarðar kr. Tuttugu ár er langur tími í lífi einstaklinga og fyrirtækja en stuttur í lífi þjóðar. Þetta fyrirkomulag mun auk þess koma í veg fyrir alls konar vandræðagang í laga-

setningu, vandræði með fjárfestingar útlendinga í útgerð, veðsetningu kvóta, kvótahopp o.s.frv.

[15:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hv. þm. á að flokkur hans, Sjálfstfl., hefur alltaf gert grundvallarmun á sköttum og gjöldum hvort heldur það eru þjónustugjöld eða önnur gjöld fyrir hvers konar afnot. Við bendum á hvaða leiðir okkar þingflokkur telur helst færar í þessari tillögu sem hér er sett fram. Við erum ekki með þær leiðir sem beina tillögu í tillögugreininni. Það er mjög mikilvægt að fá stuðning við að leggja á veiðileyfagjald og ég vil benda hv. þm. á hvernig við leggjum til samsetningu þeirrar nefndar sem ætti að undirbúa löggjöf um þetta efni þar sem koma eiga að fulltrúar frá öllum þingflokkum, helstu samtökum útgerða, sjómanna, fiskvinnslu og annarra aðila atvinnulífsins og yrði þá væntanlega metið hvort og þá að hvaða leyti ætti jafnframt að skoða hvernig fiskveiðistjórnunin lægi gagnvart þessu máli.

Ég ætla að leyfa mér að halda því fram, virðulegi forseti, að ef ekki er hægt að fá stuðning við tillögu með þessum opna hætti þar sem markmiðið er skýrt og verið að leggja til að sem flestir komi að málinu og séu með í að móta hvernig það næst fram, þá mundum við aldrei fá stuðning í þessum sal ef við værum búin að koma með fullformaða útfærslu sem væri stefna okkar jafnaðarmanna. Það er með þessum hætti sem er möguleiki á að vekja þingmenn af þyrnirósarsvefni um það að hér sé ekki hægt að greiða nokkurt gjald á meðan við sýnum fram á með tölum hvaða fjármunir eru á ferð á milli vasa í þessari mikilvægu grein okkar.

[15:33]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þeirra fullyrðinga sem komu fram hjá hv. ræðumanni, Pétri H. Blöndal, um að allt það sem gott væri að gerast í sjávarútvegi væri vegna fiskveiðikerfisins þá held ég að ástæðulaust sé að þakka kerfinu meira en við vitum að það á vegna þess að það hefur ýmislegt fleira verið að gerast. Það vill þannig til að um og upp úr 1990 var tekin upp í landinu ný hagstjórn í góðu samstarfi við verkalýðshreyfinguna. Hún á sinn þátt í því að vel hefur árað þrátt fyrir ýmsa erfiðleika hvað varðar sókn í stofna og annað.

Frjálst fiskverð hefur líka verið tekið upp á Íslandi og fiskmarkaðir gegna vaxandi hlutverki. Það skiptir líka máli um afkomu útgerðarinnar og mér finnst að þingmaðurinn megi heldur ekki gleyma að í gangi er flotastýring. Í lögunum um stjórn fiskveiða er flotastýring vegna þess að Sjálfstfl. hefur ekki treyst útgerðarmönnum til að fara með þann arð sem myndast í útgerðinni. Þeir vita, eins og fram hefur komið í máli sumra þeirra, að ef menn fengju að nýta arðinn eins og þeir vildu sjálfir færi hann m.a. í að stækka flotann, hann færi í að endurnýja flotann, hann færi í að kaupa ný fiskiskip. Þess vegna er flotastýring í gangi í fiskveiðistjórnunarkerfinu og þannig vill Sjálfstfl. hafa það. Hann vill hafa vit fyrir útgerðarmönnum. Þetta finnst mér að hv. þm. verði að hafa á bak við eyrað þegar hann er að ræða um stjórn fiskveiða í tengslum við okkar tillögu um veiðileyfagjald.

[15:35]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða um mál sem hefur verið mikið til umfjöllunar í þjóðfélaginu í fjölda ára og með meiri þunga hin síðari missiri. Oft er talað um veiðileyfagjald á ómarkvissan hátt og hugmyndir um fyrirkomulag gjaldtökunnar eða þá fjármuni sem yrðu greiddir í sameiginlega sjóði okkar með tilkomu gjaldsins eru margar hverjar mjög óljósar og þokukenndar.

Ég leyfi mér t.d. að efast um að veiðileyfagjald eitt og sér sé einhver allsherjarlausn á fjárhagslegum vanda þjóðarinnar og landsmenn geti hætt að greiða skatta ef gjaldið verður lagt á eins og margir hafa viljað láta í veðri vaka. Ég tel hins vegar að fyrirkomulagið á nýtingu auðlindarinnar særi mjög réttlætiskennd margra. Sú staðreynd að tiltekinn hluti þjóðarinnar fékk afnotaréttinn afhentan án endurgjalds og getur flutt þann rétt sín á milli og þegið fyrir það stórfé særir réttlætiskennd fólks.

Þrátt fyrir að ýmsir andstæðingar hugmyndarinnar um veiðileyfagjald finni henni ýmislegt til foráttu er um mjög knýjandi mál að ræða sem við munum þurfa að taka til alvarlegrar umræðu fyrr eða síðar. Ég undrast mjög að heyra ekki skoðanir hæstv. forsrh. í dag eða sjútvrh. Ráðherrastólarnir eru tómir en þessir sömu ágætu hæstv. ráðherrar höfðu heldur betur skoðanir á þessari tillögu sem er til umræðu á nýafstöðnum landsfundi sínum. Þeir virðast hins vegar ekki sjá ástæðu til að lýsa sínum sjónarmiðum í þingsölum og taka þátt í umræðunni og það kemur mér hreinlega mjög undarlega fyrir sjónir miðað við þær stóru yfirlýsingar sem gefnar voru á landsfundi Sjálfstfl. nýverið.

Ég er þeirrar skoðunar að þeir sem noti sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar eigi að greiða fyrir þau afnot í sameiginlegan sjóð landsmanna. Ég get því tekið undir grundvallarsjónarmiðið sem býr að baki hugmyndum um veiðileyfagjald. Slík gjaldtaka er í samræmi við það háleita sjónarmið, sem kemur fram í lögunum um stjórn fiskveiða, að auðlindirnar skulu vera sameign þjóðarinnar.

Tillagan sem er til umfjöllunar snýst um þetta grundvallaratriði en leggur jafnframt til að skoðuð verði áhrif á fjárhagslega stöðu sjávarútvegs, hagvöxt, fiskveiðistjórnunina, byggðaþróun, samkeppnisstöðu atvinnuvega svo dæmi séu nefnd. Mjög mikilvægt er að skoða gjaldtöku af þessu tagi í tengslum við alla slíka þætti og í raun sýnist mér felast í þessu að um heildarendurskoðun á fyrirkomulaginu öllu geti verið að ræða og sé að ræða. Slík endurskoðun er nauðsynleg, tel ég, samhliða því að veiðileyfagjald yrði lagt á og mikilvægt að taka tillit til allra slíkra þátta í þeirri endurskoðun, ekki síst fiskveiðistjórnunarinnar.

Þá er ekki síður aðkallandi að tekið sé fyrir leigubraskið sem tíðkast víða með kvótann og bitnar á þeim er síst skyldi en slík viðskipti samræmast vart hugmyndinni um þjóðareign á auðlindinni eins og bent hefur verið á og Alþb. hefur m.a. lagt áherslu á í sínum málflutningi.

Ég vil vekja athygli á því sem kemur fram í seinni hluta tillögunnar og hefur týnst svolítið í þessari umræðu, þ.e. að auðlindagjald skuli lagt á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku. Slíkar auðlindir eiga líka að vera sameign þjóðarinnar ekki síður en auðlindir hafsins og geta falið í sér mikil verðmæti.

Að lokum, herra forseti, vil ég hvetja til alvarlegrar og málefnalegrar umræðu um þetta mál. Það er í mínum huga réttlætismál fyrst og fremst þótt fjárhagslegur ávinningur fyrir ríkissjóð skipti líka máli enda er það kannski líka spurning um réttlæti hverjir greiði þangað, fyrir hvað og hversu mikið.

[15:39]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Menn ræða hér um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt. Það er efni tillögunnar sem liggur fyrir en því miður rugla menn gjarnan saman og ræða í senn stjórnun fiskveiða annars vegar og auðlindaskatt eða hvort það eigi að skattleggja þessa atvinnugrein sérstaklega í okkar atvinnustarfsemi. Þetta eru mál sem við eigum ekki að rugla saman og eigum að geta rætt hvort fyrir sig.

Í greinargerð velta flm. því upp að þessi skattur geti orðið hvorki meira né minna en um 17 milljarðar kr. ef ég les rétt, en með leyfi, virðulegi forseti, segir svo í greinargerð með tillögunni:

„Sýnt hefur verið fram á að með góðu fiskveiðistjórnunarkerfi er hægt að ná fiskveiðiarðinum upp í allt að 30 milljarða kr. á ári. Tekjuskattur einstaklinga er um 17 milljarðar kr. á ári þannig að með álagningu veiðileyfagjalds væri þegar fram liðu stundir hægt að fella niður tekjuskatt einstaklinga en skilja þó verulegan hluta arðsins eftir innan sjávarútvegsins eða mun meiri arð en óbreytt fyrirkomulag tryggir."

Hér er verið að leggja til eða velta a.m.k. þeirri hugmynd upp að skattleggja sjávarútveginn og þá sem í atvinnugreininni starfa um hvorki meira né minna en 17 milljarða kr. á ári. Það á sem sé að fara að skattleggja þá sem róa til hafsins alveg sérstaklega.

Þessi skattur kemur misjafnlega niður eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Kristni Gunnarssyni. Ég held að nokkuð nálægt lagi sé að um 80% af aflanum sem við drögum á land sé dreginn utan Reykjavíkur og Reykjaness þannig að við sjáum hversu gífurlega stór skattlagning þetta er á landsbyggðina. Það er verið að leggja til að við skattleggjum landsbyggðina hvorki meira né minna en um 13,4 milljarða kr. á ári miðað við að gengið sé út frá þessum 17 milljörðum. Það er sem sé verið að tala um, hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, sem talaði áðan og er einn af flm., og hv. þm. Ágúst Einarsson, sem er 1. flm. þessarar tillögu, að skattleggja Norðurl. e., þá sem koma þar að landi með fisk upp á 3,4 milljarða kr. á ári og Reykjanesið á að borga um 2,6 milljarða kr. af þessum auðlindaskatti.

Verðmæti upp úr sjó er áætlað, ef ég man rétt, um 60 milljarðar kr. á ársgrundvelli og útflutningsverðmætið um 97 milljarðar kr. Ég er því hugsi yfir þessu og velti fyrir mér hvað liggur raunverulega að baki slíkum tillöguflutningi eins og hér liggur fyrir miðað við þessar tölur. Hvað liggur raunverulega að baki slíkum tillöguflutningi? Það er mikið umhugsunarefni fyrir mig og ég trúi að svo sé með fleiri.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði einnig áðan að fámennur hópur manna eigi að fá ókeypis aðgang að hafinu. Á komandi ári, hv. þm., mun sjávarútvegurinn eða þeir sem stunda sjó á Íslandi greiða í beinum sköttum og álögum á greinina á fjórða milljarð fyrir utan það sem greinin þarf að borga í sköttum af eðlilegum rekstri. Á fjórða milljarð, hv. þm. Mér finnst menn tala nokkuð djarflega í þessum málum og verði tillagan sem liggur fyrir samþykkt munum við eftirleiðis sjá innheimtumenn núv. hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, standa á hafnargarðinum þegar sjómennirnir koma að landi hvort sem það er á Norðurl. e. eða á Reykjanesi og innheimta skattinn fyrir að draga fisk úr sjó. Hvorki meira né minna en um 3,4 milljarða á Norðurl. e. sem þeir bera í kassann til Friðriks Sophussonar og 2,6 milljarða trúlega af Reykn. Þetta er það sem tillögumenn leggja til. Og þessu til viðbótar eins og sagði áðan á greinin að borga rúma 3 milljarða í aðra skattlagningu.

Ég velti því líka fyrir mér hvort flutningsmenn og við þingmenn, sem um þessi mál þurfum að fjalla og taka afstöðu til, teljum að þessi 17 milljarða skattur á greinina til viðbótar við þá rúmu 3 milljarða, sem á hana eru lagðar þegar, muni verða til þess að bæta kjör sjómanna. Munu þeir verða til þess að bæta kjör fiskverkafólks í landinu? Telja menn að þessi leið sé til þess fallin að koma íslenskri fiskvinnslu út úr þeim vítahring eða þeirri kreppu sem hún er í í dag? Telja menn það? Væri okkur ekki nær hér, hv. þm., að fjalla um þann alvarlega vanda sem við blasir í íslenskri fiskvinnslu en að bæta á hann slíkum drápsklyfjum? Ég held það. Ég held að tíma okkar alþingismanna væri betur varið til þess nú að fjalla um þann vanda sem steðjar að greininni.

Ég legg ríka áherslu á það að ég tel og hef alla tíð talið að sjávarútvegurinn eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu eigi að borga skatta af starfsemi sinni þegar aðstæður eru svo í greininni. Ég sé enga ástæðu til að þessi atvinnugrein verði meðhöndluð á einhvern annan hátt en önnur atvinnustarfsemi í landinu.

[15:47]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi tillaga fjallar ekki um að skattleggja sjávarútveginn sérstaklega. Hv. þm. vitnaði í að í greinargerðinni er talað um tekjuskatt upp á tæpa 17 milljarða, þ.e. tekjuskatt einstaklinga sem rennur til ríkisins. En hann gleymdi einu í ræðu sinni. Hann áttar sig ekki á hvað verið er að tala um. Það er verið að benda á að það er að myndast arður, svokallaður fiskveiðiarður, í íslenskum sjávarútvegi. Arður sem nemur núna örfáum milljörðum en mun þegar fram líða stundir, eftir því sem fiskstofnar byggjast upp og sókn verður enn hagkvæmari, nema nokkrum tugum milljarða. Þessi arður eða hagnaður í íslenskum sjávarútvegi getur að mati fróðustu manna þegar allt er komið í kjörstöðu numið 15–30 milljörðum. Þetta tekur langan tíma og við höfum ekki þessa stöðu núna. Það sem lagt er til og bent á er að þegar þessi kjörstaða er komin er hægt að draga út úr greininni 17 milljarða sem er tekjuskattur einstaklinga til ríkisins og skilja eftir hagnað í sjávarútvegi sem hefur aldrei verið fyrr, hv. þm. Það þarf að hugsa þessi mál aðeins í samhengi.

Hv. þm. spurði hvað lægi að baki tillögunni. Það er tvennt sem liggur að baki. Það eru réttlætissjónarmiðin við úthlutun veiðiheimilda eins og var skýrt mjög ágætlega áðan af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og það eru efnahagsleg rök fyrir því til að byggja upp annað atvinnulíf, þar á meðal atvinnulífið á landsbyggðinni. Þetta er efnahagsstefna, herra forseti, til framtíðar sem tekur mið af því að við erum komin í stöðugleikaumhverfi hin síðari ár. Það er lífsnauðsynlegt fyrir okkur að fara þessa leið því ef við gerum það ekki förum við sömu gömlu verðbólguleiðina sem við þekkjum mjög vel fyrir 1990. Það er fólgin í þessu mikil hugsun, herra forseti, og efnahagsstefna sem horfir til frambúðar. Ekki er verið að leggjast á eina atvinnugrein og hvað þá heldur landsbyggðina eins og hér hefur verið haldið fram. Það er þvert á móti, en til þess þurfa menn þá að lesa sig vel í gegnum þá tillögu sem hér liggur fyrir.

[15:50]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað, hv. þm. Ágúst Einarsson, 1. flm. tillögunnar, en lesið það sem hv. þm. hefur sjálfur sett hér á blað. Ég les það og ég verð að lesa það aftur:

„Sýnt hefur verið fram á að með góðu fiskveiðistjórnunarkerfi er hægt að ná fiskveiðiarðinum upp í allt að 30 milljarða kr. á ári. Tekjuskattur einstaklinga er um 17 milljarðar kr. á ári þannig að með álagningu veiðileyfagjalds væri þegar fram liðu stundir hægt að fella niður tekjuskatt einstaklinga." Það er verið að tala um að leggja á veiðileyfagjaldið upp á 17 milljarða kr. Að koma svo upp og segja að þessi skattlagning greinarinnar og á landsbyggðina upp á 13,4 milljarða kr. til viðbótar við annað sé til þess að efla atvinnulíf á landsbyggðinni. Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega, hv. þm.?

[15:51]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að byrja ræðuna aftur sem ég flutti áðan. Það er bent á að hægt er þegar fram líða stundir að leggja niður tekjuskatt einstaklinga upp á 17 milljarða. Það er sagt í tillögunni, og ég marglas það upp, að það byggist á því að það er kominn fiskveiðiarður upp á 15–30 milljarða. Við skulum beita mjög einfaldri aðferð: Það er kominn hagnaður í greinina upp á 30 milljarða, drögum frá 17 milljarða, sem er tekjuskatturinn. Við leggjum á veiðileyfagjald til að lækka tekjuskattinn, og þá eru eftir 13 milljarðar í greininni. Það hefur alltaf verið talað um það, herra forseti, í allri umræðunni að við erum að draga hluta af arði sem er að myndast í greininni út úr henni. Það er það sem við erum að tala um. Ekki er verið að skattleggja íslenskan sjávarútveg, síst af öllu í núverandi stöðu. Það er verið að benda á að á næstu árum er hér að myndast hagnaður. Allt bendir til þess að við náum góðum tökum á þessu og bent hefur verið á t.d. varðandi þorskstofninn að þegar hann byggist smátt og smátt upp í 300 þúsund tonn, sem tekur nokkurn tíma, geti hagnaður í íslenskum sjávarútvegi aukist um 10 milljarða og þorskurinn er bara hluti af okkar hagkerfi. Menn verða að átta sig á því, herra forseti, hvílíkar tölur hér er verið að tala um. En allt þetta byggist á því þegar við erum að tala um að lækka tekjuskatt einstaklinga í framtíðinni að þessi hagnaður hefur þá myndast í greininni. Þannig að ekki er verið að taka frá núverandi stöðu eða núverandi aðstæðum í sjávarútvegi heldur þvert á móti. Það er verið að skapa skilyrði til að þessi arður og hagnaður megi myndast. Þá er arðurinn með þessari tillögugerð að hluta til dreginn út úr greininni á sanngjarnan hátt til hagsbóta fyrir almenning.

[15:53]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf litlu við að bæta í sjálfu sér. Mér sýnist því miður að prófessorinn sé rammvilltur í umræðunni. Hv. þm. undirstrikaði að hægt væri að fella niður tekjuskattinn upp á 17 milljarða kr. Það þarf ekkert að segja meira. Og ég sé að hv. formaður þingflokks jafnaðarmanna brosir hér blítt en ég hugsa að hv. þm. geri það ekki ef þingmanninum félli það verk í hendur að standa á hafnargarðinum og rukka Reyknesingana þegar þeir koma frá því að draga björg til þjóðarbúsins en þeir hafa fram til þessa, og allt of lengi, fengið allt of lítið af þeirri köku sem til skiptanna hefur verið og ekki síst meðan þessi hv. þm. var ráðherra og hreyfði ekki litla fingur til að breyta þessu kerfi og rukkar þá sjómennina sem koma að landi í Reykjanesi um tæpa 3 milljarða. (**Gripið fram í:** Sjómennina?) Sjómennina — fyrir það að draga björg í bú.

[15:54]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef sá dagur kemur að fiskveiðiarður í íslenskri útgerð verður það mikill að útgerðin í Norðurlandi eystra verður aflögufær um þá milljaðra sem hv. þm. Stefán Guðmundsson talaði um áðan þá held ég að við getum öll orðið ánægð. Ég óttast, því miður, að það verði ekki en það er allt í lagi að vona það. Mig langar svo rétt til að nefna það því hv. þm. hafði áhyggjur af veiðileyfagjaldi á íslenska fiskvinnslu sem væri í kreppu að það stendur ekki til að leggja veiðileyfagjald á fiskvinnslu. Fiskvinnslan fær engum kvóta úthlutað. Við leggjum ekki veiðileyfagjald á hana. Íslensk fiskvinnsla er vissulega í kreppu, það er rétt. Og það er sjálfstætt íhugunarefni að velta því fyrir sér af hverju það er. Það kann t.d. að vera vegna þess að kvótaverð er orðið býsna hátt og nýir menn eru að kaupa sig inn í greinina fyrir býsna háar upphæðir og verða samkeppnisstöðu sinnar vegna að fá býsna hátt verð fyrir þann fisk sem þeir færa að landi. Kreppa íslenskrar fiskvinnslu er sjálfstætt íhugunarefni en sú umræða á kannski ekki alveg heima hér þó að það henti hv. þm. að draga kreppu íslenskrar fiskvinnslu inn í þá umfjöllun sem hér fer fram um veiðileyfagjald.

[15:56]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að ég fagnaði því sannarlega að arðurinn í íslenskum fiskveiðum og vinnslu mundi aukast og það er akkúrat það sem ég hef verið að segja. Ég hef ekki svo miklar áhyggjur af þeim mikla arði sem flutningsmenn virðast sjá í greininni. Ég tek undir það og mér fannst hv. þm. vera að segja það að þá ætti að skattleggja þessa atvinnustarfsemi eins og aðra atvinnustarfsemi í landinu. Það á ekkert og þarf ekkert að meðhöndla sjávarútveginn á einhvern annan hátt en aðra atvinnustarfsemi. Ef hv. þm. heldur virkilega að skattlagning greinarinnar upp á 17 milljarða kr. hafi ekki áhrif á fiskvinnsluna botna ég ekki í málinu. Ef þingmaðurinn heldur að það muni ekki hafa áhrif á fiskverð skil ég ekki málið. Ef þingmaðurinn heldur að það muni ekki hafa áhrif á launakjör starfsfólks í fiskvinnslu og sjómenn þá skil ég ekki málið. Ég held að fleiri séu orðnir ráðvilltir en prófessorinn.

[15:57]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess að vekja athygli hv. þm. á því að sú kreppa sem er núna í íslenskri fiskvinnslu er vegna margra þátta og þeir þurfa allir athugunar við. Eitt af því sem forsvarsmenn fiskvinnslunnar tala um er fiskverðið. En þeir eru líka sammála um, a.m.k. var því látið ómótmælt á fundi þeirra nú í haust, að færi allur fiskur um fiskmarkaði eins og sjómennirnir óska eftir mundi verðið verða það sem kannski er hægt að tala um sem rétt, þ.e. að vinnslan keypti þá það hráefni sem hún ræður við að vinna úr á hverjum tíma þar sem vinnslan er stödd á landinu. Þannig er það ekki í dag og mér er ekki kunnugt um að hv. þm. Stefán Guðmundsson hafi komið með tillögur í þessa veru né heldur að þær hafi stuðning hans. Það væri hins vegar fróðlegt að vita hvaða aðrar hugmyndir hann hefur til þess að leysa kreppu íslenskrar fiskvinnslu fyrst honum finnst ástæða til þess að taka fiskvinnsluna hér inn í umræðuna.

[15:59]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var ekki mikið sagt til viðbótar en ég vil þó svara því sem hv. þm. spurði um að þingmaðurinn hefði ekki orðið var við það að ég hefði flutt hér tillögur um aðgerðir til varnar landvinnslunni. Ég hef margrætt það við þá aðila sem með þessi mál fara og meira að segja fyrir um einu og hálfu ári hóf ég að ræða það við þessa aðila og reyna að minnsta kosti að bera fram, kannski af veikum mætti, hugmyndir sem mættu verða til varnar. Ég hef ekki verið einn af þeim sem hafa verið nánast mosagrónir við þennan ræðustól. Ég hef talið að mönnum væri farsælla að vinna annars staðar að framgangi mála en að vera hér og baða sig í sviðsljósi fjölmiðlanna. Ég vona að með tímanum sannist það að við sem höfum reynt að vinna að málum á öðrum vettvangi sjáum árangur af starfi okkar í þessum efnum.

[16:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni um þetta mál í seinustu viku lýsti ég þeirri grundvallarafstöðu okkar kvennalistakvenna að ávallt verði að tryggja að fiskurinn í sjónum, auðlindin sem þjóðin lifir á, sé sameign þjóðarinnar og hana verði að nýta á sjálfbæran hátt.

Ég vil ítreka þá skoðun að langalvarlegasta gagnrýnin sem nú er uppi á kvótakerfið tengist eignarréttarmyndun útgerðarinnar á fiskstofnum, að þrátt fyrir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé að myndast ígildi eignarréttar. Þetta verður að stöðva með öllum tiltækum ráðum að mínu mati, ef gagnrýnin er rétt.

Á síðasta landsfundi Kvennalistans sem haldinn var í nóvember 1995 var samþykkt að ef ekki næðist veruleg uppstokkun á núverandi kerfi fiskveiðistjórnunar í þá átt sem er útfærð í okkar stefnuskrá, þar sem m.a. er lögð áhersla á byggðakvóta og að miðunum verði skipt upp í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið, þar sem nýting grunnsjávarmiða verði í höndum kjörinna fulltrúa byggðarlaga, þá telji Kvennalistinn mikið réttlætismál að styðja hugmyndir um veiðileyfagjald eða aflagjald, að þjóðin fái greitt fyrir afnot af auðlindinni í stað þess að þessi takmörkuðu gæði séu afhent æ færri útgerðarmönnum frítt sem síðan versla með þau sín á milli og láta kvótann ganga í erfðir til barna sinna.

Á því ári sem síðan er liðið hefur óánægjan með fiskveiðistjórnunarkerfið farið sívaxandi. Það er nöturlegt að heyra þá sem vel til þekkja lýsa því á fundi um sjávarútvegsmál, sem haldinn var í Keflavík nú fyrir skömmu, að þetta tímabil verði síðar meir skoðað sem svartasta tímabil í atvinnusögu Íslendinga.

Sú sem hér stendur varaði við því í umræðum um málið í fyrri viku að veiðileyfagjaldi yrði komið á með þeim hætti að það styrkti það sjónarmið að litið verði á veiðiheimildir sem einkaeign. Um leið ítrekaði ég helstu galla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Ég benti m.a. á að ný félagsleg skil væru að myndast. Það var talað um sægreifa og leiguliða. Ég talaði um byggðavanda, um að eignarhald væri að færast á æ færri hendur og að öllu þessu fylgdi mikil siðferðileg upplausn og réttlætiskennd margra væri misboðið.

Ég fagna því innilega að formaður Framsfl. og landsfundur Sjálfstfl. hafa ítrekað það sjónarmið að fiskstofnarnir verði sameign þjóðarinnar og tel mjög mikilvægt að þróa kerfið áfram þannig að þjóðarsátt náist um það.

Ein leiðin til þess að ekki verði mótsögn milli kerfisins og sameignarákvæðisins er að halda lítið breyttu aflamarkskerfi og setja veiðileyfagjald á eins og hér er lagt til. Ef þessi leið yrði farin ætti að mínu mati að leigja kvóta til skamms tíma í senn eða lengri tíma með árlegum markaðstengdum greiðslum sem væntanlega yrðu hærri en málamyndagjald. Þetta gjald yrði síðan notað til hagsbóta fyrir þjóðina alla hvort sem er til að lækka tekjuskatt eða borga fyrir hafrannsóknir eða eitthvað annað.

Þetta þarf einungis að gerast þannig að sameignarákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna verði virkt. Slíkt væri að sjálfsögðu hægt að gera með beinni skattlagningu ef það er eitthvert lykilatriði hvað þetta heitir. Þessi leið er þó að mínu mati ekki sú sem líklegust er til þjóðarsáttar um þessar mundir. Í því sambandi tel ég mikilvægast að taka fyrir svokallað kvótabrask og hætta að úthluta kvóta frítt til þeirra sem ekki stunda veiðar á meðan þeir sem veiða fiskinn, leiguliðarnir, verða að greiða sægreifunum fyrir.

Mikilvægar sáttaaðgerðir sem ég tel að þingið verði að skoða núna eru t.d. þær að allur fiskur fari á markað, að allur munaðarlaus kvóti verði boðinn upp af ríkinu og fari til almannaheilla, að kvóta verði úthlutað til byggða, sjómanna og fiskvinnslu eða annarra en útgerðarmanna, eða að taka í auknum mæli upp sóknarstýringu.

Framsal á aflaheimildum eða á sóknardögum er mjög umdeild aðgerð en það er viðurkennt jafnframt að það er til hagræðingar í kerfinu og við hljótum að fagna og stefna að aukinni hagræðingu. En hún má ekki verða til þess að gengið sé fram af réttlætiskennd fólks og að allt að því byltingarástand skapist eins og nú er í þjóðfélaginu.

Ég vil í þessu sambandi benda á umfjöllun um hagfræðing nokkurn, Amartya Sen, í nýju tímariti Times, Higher Education Supplement. Þessi hagfræðingur hefur verið orðaður við nóbelsverðlaun. Hann heldur því fram að hagfræðingar verði í auknum mæli að taka siðferðilega afstöðu til sinna módela svipað og vísindamaðurinn verði að gera til kjarnorkumála. Hagfræðingar smíði í vaxandi mæli módel sem gangi ekki upp siðferðilega. Auður fárra leiðir nefnilega ekki til almennar velsældar eins og kemur fram í greinargerðinni með þessari tillögu.

Ég tel að þannig sé ástatt með okkar fiskveiðistjórnunarkerfi og þess vegna verði að breyta því. Fólk lætur ekki bjóða sér þetta kerfi lengur hvort sem það er fiskvinnslufólk, sjómenn, íbúar í sjávarbyggðum eða almenningur í landinu sem á auðlindina. Það kerfi sem nú er við lýði er eingöngu að skapi sægreifa og þeirra sem þegar maka krókinn á því að fá auðlind þjóðarinnar afhenta á silfurfati.

Varðandi þá hugmynd sem fram kemur í greinargerð, að aðskilja alveg hugmyndir um fiskveiðistjórnun og skattlagningu á auðlindinni eða veiðileyfagjald, þá tel ég að það vanti mikið upp á að þær hugmyndir séu skýrar þó vissulega séu þær umhugsunarverðar. Vissulega er mikilvægt að Íslendingar komist út úr þeirri stöðu að lifa 80% á einni auðlind. Það er kominn tími til að aðrir atvinnuvegir komi sterkar inn í þessa mynd og hugsanlega er álagning veiðileyfagjalds skref í þá átt.

Ég ítreka því að þessi tillaga er vel til þess fallin að þróa áfram umræður um fiskveiðistjórnunarkerfið annars vegar og réttlæti í tekjuskiptingu þjóðarinnar hins vegar. Forsendan er og verður að vera skýr, að hvergi sé hvikað frá því sjónarmiði að þjóðin eigi fiskstofnana og njóti afraksturs-ins af þeim. Ef óbreytt kerfi fiskveiðistjórnunar verður ofan

á, eins og því miður má vænta eftir landsfund Sjálfstfl., þá verður annaðhvort að koma til, gjaldtaka í formi veiðileyfagjalds eða aukin skattheimta á fiskveiðiarðinn eins og formaður Framsfl. hefur aðeins opnað á. Þetta er stærsta mál stjórnmálanna í dag og verður að fá grundvallarumræðu strax.

Það er mitt mat að það muni ráðast á næstu vikum þessa þings hvort þjóðarsátt næst um málið eða hvort þetta verður mál málanna í næstu kosningum.

[16:09]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Til umræðu er þáltill. um veiðileyfagjald. Það er athyglisvert að fylgjast með umræðunni nú sem fyrr. Ég leyfi mér að gagnrýna framsetningu þáltill. þar sem segir, með leyfi forseta, í 1. mgr.: „Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi." Þessu er slegið fram. Síðan í framhaldinu er lagt til að skipuð verði nefnd til að kanna málið frekar. Mér finnst þetta rekast dálítið á eins og hefur komið fram í umræðum hv. framsögumanna tillögunnar sem hafa komið upp og vitna gjarnan í skildagatíð til framtíðar: „ef arður verður af fiskvinnslu og sjávarútvegi þá megi" o.s.frv. Mér finnst tillagan um of einmitt einkennast af skildagatíð framtíðar eins og kennd var í skólum hér áður fyrr.

Ég gagnrýni það líka í málflutningi framsögumanna að vilja einangra umræðu um veiðileyfagjald og halda henni utan við umræðu um fiskveiðistjórnun sem og að halda umræðu um stöðu fiskvinnslunnar utan við þessa umræðu. Ég tel að útilokað sé að ræða um jafnmikilvægt mál sem veiðileyfagjald í sjávarútvegi án þess að taka greinina í heild til umræðu, útgerð, veiðar og vinnslu.

En hver er svo hugsunin að baki veiðileyfagjalds. Forsendan er vitaskuld sú að auðlindin er sameign þjóðarinnar. Um það er ekki deilt. Um það er þverpólitísk samstaða. Í framhaldi af því er eðlilegt að gerð sé sú krafa að þjóðin sem eigandi auðlindarinnar fái sem mestan arð í samneysluna af þessari auðlind. Hugsunin er góð. Um hana eru allir sammála. En þá er eðlilegt að spyrja: Gengur sú hugsun upp sem fram er sett til lausnar í þáltill. þeirri sem hér er til umræðu? Ég tel það vera galla á tillögunni að hún er óútfærð. Hún er, eins og hv. þm. sagði í ræðu, eins og merkimiðar þar sem bent er á ýmsa möguleika og jafnvel gefið í skyn að í fyllingu tímans megi afnema tekjuskattinn. Ég tel það vera einföldun. Ef litið er til fyrirtækja í sjávarútvegi um þessar mundir þá hygg ég að þeir sem í þeim rekstri standa sjái ekki fram á að sú grein geti staðið undir greiðslum á 17 milljörðum, hvað þá 30 milljörðum.

Hér hefur komið fram að fiskvinnslan eða sjávarútvegurinn í heild á við kreppu að stríða. Það kemur jafnframt gjarnan fram hjá dyggustu fylgjendum veiðileyfagjalds að ríkissjóður hafi litlar sem engar tekjur af þessari grein. Sjávarútvegurinn er vitaskuld skattlagður og sjávarútvegur færir ríkissjóði árlega tugi milljarða í beinar og óbeinar tekjur, af öllu því fólki sem þar starfar, hvort heldur er í landi eða á sjó, eða með beinum sköttum, í þróunarsjóðinn, sem nemur á fjórða milljarð kr. Sjávarútvegurinn með öðrum orðum leggur þegar til tugi milljarða í ríkissjóð. Þá kemur spurningin: Ræður greinin við viðbótarálögur í dag? Þá hljótum við að spyrja: Hver er staða greinarinnar? Það hefur ítrekað komið fram að greinin sem heild hefur verið rekin með tapi á síðustu árum. Það eru margar ástæður fyrir því, svo sem verðfall og sveiflur á mörkuðum, minnkandi fiskstofnar og samdráttur. Það er jafnframt má segja óbein skattlagning á fyrirtækin í fiskvinnslu sem hafa þurft að leggja í miklar breytingar vegna kröfu frá EES og þannig má áfram telja. Í það heila tekið má segja að greinin hangi á horriminni, jafnvel undir henni og ég óttast að verði veiðileyfagjald rétt sisvona sett á greinina að óbreyttu þá muni það ganga af henni dauðri. Það muni hrekja mörg fyrirtæki í útgerð og vinnslu í gjaldþrot. Þá má spyrja: Er það þjóðhagslega hagkvæmt? Hvað verður um þau störf sem þar með hverfa? Hvað verður um þær byggðir sem verða fyrir því? Þessu hljótum við að þurfa að svara.

En við skulum aðeins staldra við. Það er ekki víst að öll fyrirtæki lendi í gjaldþroti. Ég hygg nefnilega að með því að setja á þessar álögur, veiðileyfagjald, að óbreyttu á sjávarútveginn, muni leiða til þess að þeir sem eru skást staddir nú — og til allrar hamingju eru til fyrirtæki sem eru sæmilega stæð, það eru risarnir — muni gildna og eftir standi 12–15 fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi.

Við verðum að svara þeirri spurningu ásamt öðrum hvort við viljum það. Ég tel að tillagan sé ekki tímabær. Ég tel að það sé byrjað á röngum enda og flutningsmenn og reyndar Alþingi, þurfi að starfa að því í vetur að vinna það sem má kalla heimavinnu vegna sjávarútvegs, að það þurfi að svara mörgum mikilvægum pólitískum spurningum áður en jafnstór pólitísk ákvörðun er tekin og sú að leggja þegar í stað á veiðileyfagjald.

Ég vil nefna nokkrar af þessum pólitísku spurningum. Á allur afli að fara á markað eins og hér hefur verið kynnt úr ræðustól? Þeirri spurningu þarf að svara áður en við leggjum á veiðileyfagjald eða tökum ákvörðun um það. Þarf ekki að gefa vinnslunni færi á að laga sig að nýju umhverfi, m.a. vegna krafna frá EES? Þarf ekki að laga kaupgetu þess fólks sem starfar í fiskvinnslu? Rétt er að minna á að aðrar greinar taka gjarnan mið af láglaunafólki í fiskvinnslu við ákvörðun á kauptöxtum sínum. Mun fiskvinnslan geta keppt við aðrar greinar í launum ef viðbótarálögur eru lagðar strax á greinina? Þurfum við ekki að lagfæra þann augljósa galla sem er á kvótakerfinu? Þegar ég nefni augljósan galla þá vitna ég til leiguliðafyrirkomulagsins sem ég hygg að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar sé sammála um að þurfi að taka á og verði að taka á vegna þess að það felur í sér óréttlæti og það styrkir þá stóru á kostnað hinna minni. Við þurfum líka að gefa greininni sem heild kost á að vinna sig út úr því tapi sem hún hefur verið í á síðustu árum og við þurfum líka að svara þeirri pólitísku spurningu hvort við viljum horfa á vinnsluna hverfa út á sjó og úr landi. Það eru þessar spurningar, herra forseti, sem ég tel að þurfi að svara ásamt auðvitað öðru. Að skapa greininni það rekstrarumhverfi sem er eðlilegt þannig að hún geti blómstrað og þá í fyllingu tímans vonandi skilað 30 millj. kr. hagnaði. Þá fyrst er tímabært að taka upp umræðu um veiðileyfagjald og hver veit nema meiri hluti yrði fyrir því. En tillagan er að mínu mati ótímabær, heimavinnan er ónunnin.

[16:17]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjálmar Árnason vakti athygli á því að í þeirri þáltill. sem er til umfjöllunar er talað um að fella megi niður tekjuskatt upp á 17 milljarða ef menn taka upp þetta svokallaða veiðileyfagjald. Mér þótti að hv. þm. Hjálmar Árnason hefði mátt bæta því við að það er mjög sérkennilegt hjá flutningsmönnum tillögunnar að tala um að fella niður tekjuskatt upp á 17 milljarða þegar tekjuskatturinn

í reynd er um 80 milljarðar. Mismunurinn er endurgreiðsla til láglaunafólks þannig að þeir 17 milljarðar, sem talað er um að fella niður, er tekjuskattur hálaunafólksins í landinu. Nú á að leggja skatt á fyrirtækin sem veita láglaunafólkinu í landinu atvinnu. Það á að minnka greiðslugetu fyrirtækjanna, sem láglaunafólkið starfar hjá, til þess að fella niður tekjuskattinn á þeim einstaklingum sem best standa og greiða þessa 17 milljarða. Hverjir skyldu það vera? Eru það hugsanlega sömu sægreifar og ætla sér nú að eignast stærri kvóta út á það að fá að leigja hann? Þeir hafa safnað í sjóði, hernaðarsjóði, sem þeir geta notað til að sölsa undir sig meira og á sama tíma á að losa eigendur þessara hlutabréfa í þessum fyrirtækjum undan því að greiða tekjuskatt.

[16:19]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er aftur komin til umræðu þáltill. um veiðileyfagjald. Mig langar í örfáum orðum að blanda mér inn í þá umræðu sem hér fer fram. Maður verður var við það nánast hvar sem maður fer að rætt er um að taka beri upp innheimtu veiðileyfagjalds. Ég hef með sjálfum mér verið að reyna að skilgreina hvernig standi á því að þessi umræða er orðin svo útbreidd eins og tel hana vera. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að í langflestum tilfellum sé rótin að umræðunni sú að fólk er óánægt með fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar þar sem um er að ræða heimild til framsals, þ.e. sölu eða leigu á veiðiheimildum. Niðurstaða mín eftir að hafa rætt þetta við fólk töluvert víða er að rótin sé þessi. Út af fyrir sig get ég viðurkennt að sú rót sem ég tala um er á sinn hátt skiljanleg. Mín skoðun á því er sú að framkvæmd á þessu framsali samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða er að sumu leyti ekki eins og ég vildi sjá hana. Hins vegar vil ég segja að ég tel eins og umræðan er hér að framsal veiðiheimilda og veiðileyfagjald séu tveir aðskildir þættir og í rauninni er talað um það á þann hátt í greinargerð með tillögunni að svo sé. Þess vegna tel ég að umræðan um að ákveða að innheimta veiðileyfagjald sé í rauninni ekki lausn á því vandamáli sem fólk telur að sé við þetta fiskveiðistjórnunarkerfi. Sérstaklega er það svo þegar til þess er horft að tillagan er algjörlega óútfærð og það er ekki með nokkru móti hægt að sjá hvert flutningsmenn hennar ætla að stefna í málinu.

Umræðan um veiðileyfagjaldið er í mínum huga mjög óskilgreind eins og hún hljómar og er nánast út og suður á köflum. Ég leyfi mér að segja að því miður er það svo að margir sem tala um að leggja skuli veiðileyfagjald á sjávarútveginn vita nánast ekki um hvað þeir eru að tala. Þeir bara grípa þetta á lofti vegna þess sem ég hef hér áður sagt.

Síðan er annað sem við megum ekki gleyma og það verður að hafa í huga að í dag er innheimt veiðileyfagjald af útgerðinni, það er einfaldlega þannig. Það var komið aðeins inn á þetta í umræðunni í dag. Hvernig skyldi þetta veiðileyfagjald vera? Jú, veiðiskip sem fær heimild til fiskveiða þarf að borga gjald fyrir að fá að veiða aflaheimildir sínar á yfirstandandi fiskveiðiári. Ef útgerð sem á þetta fiskiskip gerir viðkomandi skip út á einhverjar sérveiðar, ég nefni sem dæmi dragnót, ber útgerðinni að greiða sérstakt veiðileyfi vegna þess. Síðan má líka nefna að útgerðirnar þurfa að greiða sérstakt gjald í þróunarsjóð sem miðast við úthlutaðan afla. Ég skoðaði eitt dæmi sem mig langar að nefna, herra forseti. Ég skoðaði eitt dæmi þar sem niðurstaðan var sú að ég tel að viðkomandi útgerð þurfi að greiða sem svarar tveimur til þremur krónum á hvert kg aflaheimildar sem henni er úthlutað með þeim gjöldum sem þegar eru innheimt þannig að veiðileyfagjald er innheimt í dag. Þess vegna þarf ekki að vera með sérstaka tillögu um það hér. Ég tala ekki um fyrst tillagan er óútfærð.

En svo ég víki að tillögunni er talað um að það skuli taka upp þetta veiðileyfagjald og síðan er talað um að skipa skuli sérstaka nefnd og á hæstv. forsrh. að skipa hana. Í tillögunni er talað um hverjir eða fulltrúar hverra skuli eiga sæti í nefndinni. Síðan er nefndarinnar að komast að raun um hvernig á að gera þetta og ég vænti þess að nefndin eigi í rauninni að komast að því hvort það sé raunhæft að gera þetta. Þannig túlka ég þetta mál.

Þá er talað um að nefndin skuli kanna leiðir til að leggja á auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku. Mér finnst, herra forseti, ákaflega skondið að sjá það hér hvernig þessi nefnd skuli skipuð og síðan að leggja til að nefndin fjalli um hvort taka beri upp auðlindagjald vegna ýmissa annarra auðlinda. Mig langaði að koma inn á þessi örfáu atriði í tillögunni.

En umræðan um veiðileyfagjaldið vítt og breitt hefur að mínu mati að vissu leyti farið út á mjög óæskilegar brautir. Þá meina ég það þannig að allir útvegsmenn eru í umræðunni stimplaðir sægreifar sem braski með eigur þjóðarinnar o.s.frv. Þetta tel ég að hafi valdið því að það er mjög hallað á marga heiðvirða útgerðarmenn og sjómenn sem hafa ekki stundað það sem umræðan skilgreinir sem brask og svínarí. Ég veit dæmi þess að einstaka persónur hafa orðið fyrir aðkasti vegna þessa en eru þó alsaklausir að málinu. Mig langaði rétt að nefna þetta, herra forseti, sem óæskilega afleiðingu af umræðunni sem ég tel mjög slæma. Síðan megum við ekki gleyma því að heimildin til framsals samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða hefur vissulega gert það að verkum að þjóðarbúið hefur í heild haft ákveðinn hag af því og menn hafa nefnt úthafsveiðarnar sem flotinn fór út í að stunda fyrir nokkru. Menn nýttu sér heimildir til framsals aflaheimilda þannig að auðvitað má færa rök fyrir því að þessar úthafsveiðar hefðu ekki hafist nema þessi heimild væri fyrir hendi.

Í þessu sambandi vil ég nefna að ég tel umhugsunarvert hvort þær útgerðir sem hafa stundað úthafsveiðar og unnið sér inn veiðireynslu skuli halda öllum þeim veiðiheimildum sem þær hafa fyrir í lögsögunni. Ég tala ekki um þegar samkvæmt nýframlögðu frv. um úthafsveiðar er gert ráð fyrir að aflaheimildum verði úthlutað til þessara skipa og þau muni væntanlega halda heimildum innan lögsögunnar sem þau hafa a.m.k. að hluta til leigt frá sér á meðan úthafsveiðarnar eru stundaðar. Mér finnst þetta ekki sjálfgefið. Ég vil gjarnan að við ræðum þetta og ég geri ráð fyrir að það verði gert þegar þar að kemur.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan tel ég rótina að þessari umræðu um veiðileyfagjald vera óánægjuna sem kemur fram víða um fyrirkomulagið um framsal veiðiheimilda og að sjálfsögðu er skylda okkar að ræða þessi mál. Menn eru að vísu alltaf að ræða með hvaða hætti við getum tekið á því. Ég tel að við þurfum að fara yfir með hvaða hætti við getum lagfært þessa löggjöf til að skapa um hana sátt sem ég held að allir séu sammála um og hefur komið hér fram að þurfi að ríkja um þessi mál.

Ég sé að tíminn er búinn, herra forseti, þannig að ég læt hér máli mínu lokið þó svo að að sjálfsögðu sé hægt að ræða þetta mun lengur en ég kemst ekki lengra í bili.

[16:27]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ræðu síðasta hv. þm., Magnúsar Stefánssonar, minntist hann á sægreifana svonefndu og er ástæða til að taka undir það sem fram kom í ræðu hans um að í umræðu um sjávarútvegsmál er of mikið af alhæfingum og stimplun á einstaklingum sem stunda þessa grein sem spilltum sægreifum yfir höfuð og hefur það að sjálfsögðu dregið úr virðingu fyrir þessari stétt. Að sjálfsögðu er verið að ræða um einstök tilvik um hina nýríku sem gera út á kerfið og verða sér út um tugi milljóna eins og dæmi eru um. Það sviður, það særir réttlætiskennd fólks og hins vegar þar sem verr stæð fyrirtæki leigja af betur stæðum og fara fram hjá skiptakerfi sjómanna o.s.frv. En hv. þm. Magnús Stefánsson *nefndi ágætt dæmi um að í rauninni væri veiðileyfagjald á* sjávarútvegi í dag og tók dæmi um 2–3 kr. á kg af útgerð sem hann hefði skoðað sérstaklega. Nú er ætlunin að bæta ofan á þetta. Eins og yfirleitt þegar verið er að ræða um *skattlagningu, því veiðileyfagjald er ekkert annað en skatt*lagning, á sú skattlagning að verða mildileg í upphafi. Það er rétt að benda á það að á innan við tíu árum hefur staðgreiðsla skatta aukist í rauninni um 20%. En mér eldri og reyndari þingmenn muna ugglaust eftir þeim fögru orðum og fögru fyrirheitum sem voru þá höfð uppi úr þessum stól um að þetta yrði aldrei hækkað verulega. Það var m.a. notað sem rök fyrir staðgreiðslu. Hið sama mun gerast í veiðileyfagjaldi. Eins og staðan er núna mundi það ganga af yfirgnæfandi meiri hluta þeirra fyrirtækja sem eru í þessari grein dauðum. Hitt er annað mál að í fyllingu tímans eins og áður hefur verið rætt mætti skoða þetta þegar heimavinnan hefur verið unnin.

[16:30]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sé rétt hjá hv. þm. að undirrótin fyrir óánægju í sambandi við sjávarútvegsmál sé mikil óánægja með framsal. Eitt af því sem við höfum nefnt sem röksemd fyrir veiðileyfagjaldi er að óréttlæti er fólgið í því að *úthluta veiðiheimildum ókeypis og að menn hagnist á* kaupum eða sölu eða leigu þeirra.

Þingmaðurinn sagði að tillagan væri óútfærð. Það er ekki rétt. Tillagan er pólitísk eins og við höfum margoft sagt. Hún fjallar um að Alþingi ályktar að taka þeri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Það er skilgreint hvað veiðileyfagjald er. Það er sagt í tillögunni að það eigi að skipa nefnd til að undirbúa löggjöf um þetta atriði og hverjir eiga þar sæti. Síðan er sagt:

„Nefndin kanni hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa á eftirtalin atriði ...“ Svo eru talin upp ýmis atriði. Nefndin á ekki að kanna hvort það eigi að taka upp veiðileyfagjald. Hún á að kanna hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast með tilliti til áhrifa á eftirtalin atriði. Málið sem felst í þessu er að það liggur fyrir pólitísk yfirlýsing stærsta flokks þjóðarinnar og forustuflokks ríkisstjórnarinnar um að viðhafa óbreytt fiskveiðistjórnunarkerfi. Menn þurfa að svara eftirfarandi spurningum: Vilja menn hafa þetta óbreytt kerfi án veiðileyfagjalds? Vilja menn hafa veiðileyfagjald í því? Eða kjósa menn þann pólitíska slag sem margir eru reiðubúnir að taka þátt í til að breyta þessu fiskveiðistjórnunarkerfi? Menn þurfa að svara þessum pólitísku spurningum. Þess vegna höfum við m.a. sagt: Það á og er skynsamlegt að ræða um veiðileyfagjald án tengsla við fiskveiðistjórnunarkerfið um stund. Menn eiga að taka þessa pólitísku afstöðu. Sumir flokkarnir hafa tekið mjög skýra pólitíska afstöðu í þessu þar á meðal Sjálfstæðisflokkurinn.

Ég vil benda á það að lokum, herra forseti, að Halldór Ásgrímsson, formaður Framsfl., hefur einmitt sagt að eftir því sem hagur sjávarútvegsins eflist og hann braggist sé eðlilegt að hann greiði meira til samfélagsins. Og það er nákvæmlega þessi röksemd sem við höfum verið að draga fram í okkar þáltill., mjög skýrt. Um það snýst málið og þarna er komin líka ákveðin mjög markverð pólitísk yfirlýsing af pólitískum forustumanni.

[16:32]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og framsögumaður þessarar tillögu er ekki sammála mér í því að tillagan sé óútfærð og þar liggur okkar skoðanamunur og það er bara eðlilegt mál. Hann telur að þetta sé útfærð tillaga þar sem þetta sé pólitísk stefnumótun, ef ég skil hann rétt. Ég get út af fyrir sig fallist á það. En ég hefði nú kosið til þess að hægt væri að ræða svona mál að þá hefði verið sérstök tillaga um það hvernig ætti að framkvæma þetta. Það skiptir verulegu máli hvaða hugmyndir menn hafa í því, í umræðunni um svona tillögu, þannig að það er akkúrat það sem ég á við, hv. þm. Ég get fallist á að þetta er útfærð tillaga hvað varðar pólitíska stefnumótun. En það sem ég er að benda á er að ekki er útfært í tillögunni sjálfri hvernig mætti gera þetta heldur er það í sjö liðum í greinargerð. Það er þetta sem ég átti við.

[16:33]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum alveg sammála ég og hv. þm. Ég *vil ítreka að tillagan er sett upp svona af ráðnum hug.* Þetta er pólitísk tillaga. Hún tekur pólitíska afstöðu. Það þarf að setja löggjöf um þetta efni og það þurfa margir að koma að því. Það þarf að skoða hvaða form er heppilegast því það hefur áhrif á marga þætti. En það sem við gerum líka er að við listum upp fjölmarga möguleika í útfærslu, gerum þá ekki að okkar. Einn hv. þm., Pétur Blöndal, lýsti t.d. einni leið. Hann reyndi að fá fylgi fyrir henni innan síns flokks núna um helgina. Það gekk ekki. Við bendum á fjölmarga þætti í okkar tillögu í vandaðri greinargerð vegna þess að þar teljum við ekki bara upp rökin með tillögu heldur líka rökin á móti. Menn verða að taka viljann fyrir verkið hvað þann þátt varðar. Við bendum hins vegar á í tillögunni að við höllumst að útfærslu nokkurra leiða frekar en annarra, en af ráðnum hug þá neglum við ekki niður okkar afstöðu í útfærslu veiðileyfagjaldsins. Við teljum það ekki vera meginatriði í þessu máli. Meginatriðið er hin pólitíska spurning: Vilja menn leggja á veiðileyfagjald vegna þess að það er óréttlátt að úthluta veiðiheimildum eins og nú er gert? Vilja menn nýta veiðileyfagjald sem ákveðið sóknarfæri íslenskri efnahagsstjórnun til framfara? Þetta er pólitísk spurning. Spurningin um veiðileyfagjald er ekki tæknilegs eðlis. Það er m.a. þess vegna sem við höfum ekki farið út í mjög nákvæm tæknileg svör. En við hv. þm. erum alveg sammála í þeim skilningi hvernig ber að skilja þessa tillögu.

[16:35]

Magnús B. Jónsson:

Virðulegi forseti. Í till. til þál. sem hér er til umfjöllunar er gert að meginmáli að lagt sé veiðileyfagjald á sjávarútveg. Ekki virðist skipta máli hvernig umrætt veiðileyfagjald er lagt á heldur gefin opin spil á hvaða útfærslu sem er. Í raun er veiðileyfagjald ekki annað en viðbótarskattlagning á

sjávarútveginn sem kæmi til með að bitna á afkomu hans. Tillagan virðist hins vegar ekki byggja á þeirri forsendu að sjávarútvegur á Íslandi sé of lítið skattlagður heldur hinu að um einhvers konar réttlætismál sé að ræða og réttlætið sé fólgið í nafninu á skattinum, ekki beinlínis eðli hans nema sem nafngiftinni nemur. Í tillögunni er gert ráð fyrir að gjaldið verði lagt á hvað sem tautar þótt nefnd sem fjalla á um málið sé falið að kanna helst allt sem tengst getur sjávarútvegi til að byggja á rök fyrir skattheimtunni að því er virðist en ekki til að komast að neinni annarri niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Það er dagljóst að sjávarútvegsfyrirtækin sem ekki hafa náð að skila arði og sum hver beinlínis berjast fyrir lífi sínu þola ekki slíka skattlagningu hvernig sem hún birtist. Í raun gæti verri afkoma sjávarútvegsfyrirtækja þýtt hrun einhverra byggðarlaga sem þrátt fyrir allt byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Það upplegg í grg. með till., að hægt sé að sexfalda afkomu sjávarútvegsins vekur óneitanlega spurningar um hvað þeir séu að hugsa sem nú stjórna útvegsfyrirtækjum. Eða eru flutningsmönnum e.t.v. kunnar einhverjar töfralausnir í rekstri slíkra fyrirtækja sem ekki hafa verið opinberaðar? Sá framsetningarmáti að taka þessa sexföldu arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja og stilla henni upp á móti skatttekjum einstaklinga er auðvitað ekkert annað en pólitískar sjónhverfingar.

Virðulegi forseti. Með tillögunni eru kynntar sjö hugmyndir að því hvernig megi fara að því að leggja umræddan skatt á.

Í fyrsta lagi er talað um að dreifa veiðiheimildum á alla landsmenn og koma allri þjóðinni inn á prúttmarkað með kvóta. Flutningsmenn viðurkenna þó að þessi aðferð geti orðið erfið og skal fyllilega tekið undir það sjónarmið.

Í öðru lagi er bent á að leggja mætti árlegt gjald á hvert úthlutað þorskígildi. Þróunin á undanförnum árum hefur verið í þá átt að kvótaverð einstakra fisktegunda hefur í auknum mæli bein áhrif á fiskverð. Veiðileyfagjald sem lagt yrði á úthlutaðar aflaheimildir mundi leiða til hækkunar fiskverðs sem aftur leiddi af sér enn verri afkomu landvinnslunnar sem er þó bágborin fyrir.

Í þriðja lagi er bent á að ríkið gæti selt veiðiheimildir á opinberu uppboði sem mundi leiða til þess að þeir fjársterku kæmu til með að kaupa upp meiri hlutann af kvótanum og minni fyrirtæki og þeir sem erfitt eiga uppdráttar í greininni yrðu undir með viðeigandi byggðaröskun og ófriði.

Í fimmta lagi er bent á beina skattheimtu sem ég fæ tæplega séð hvernig ætti að halda til skírnar undir nafnið veiðileyfi og enn vaknar spurning um hvort útvegurinn sé ekki nægjanlega skattlagður.

Í sjötta lagi er þeirri hugmynd velt upp að taka gjald fyrir viðbótarkvóta. Það opnar augljósa leið fyrir hina sterkari til að ná kvótanum en hinir veikari lægju óbættir hjá garði.

Ég held, virðulegi forseti, að engin þessara leiða yrði farsæl fyrir sjávarútveg á Íslandi eða þjóðina yfirleitt og þótt öllum þessum leiðum væri blandað saman í mismunandi styrkleikum þá yrði útkoman ekki skárri. Ég held að það sé fyllilega hægt að taka undir það sem fram kemur í greinargerðinni að flestir forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja átta sig ekki á því að álagning veiðileyfagjalds styrki sjávarútveg til lengri tíma. Ég held hins vegar að það stafi ekki af þekkingarskorti viðkomandi stjórnenda á sjávarútvegi heldur af því að umrætt veiðileyfagjald er ekki sú lausn sem í veðri er látin vaka. Og ef því yrði komið á mundi það skapa fleiri vandamál en það leysir.

Virðulegi forseti. Það er beinlínis röng fullyrðing sem fram kemur í greinargerðinni að fáir einstaklingar sitji nær eingöngu að afrakstri mestu auðlindar þjóðarinnar. Öll þjóðin nýtur þess á beint og óbeint þegar vel gengur í sjávarútvegi en geldur þess hins vegar ef illa árar bæði með tilliti til veiða, vinnslu og stjórnvalda.

[16:40]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á þeim skamma tíma sem ég hef til stefnu er ekki hægt að fara mörgum orðum um það sem komið hefur fram í umræðunni. Þó verður ekki hjá því vikist að víkja nokkrum orðum m.a. að því sem hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. Nú vil ég vekja athygli hv. þingheims á mjög athyglisverðri staðreynd. Hér erum við að ræða mál sem vissulega eru mikil skoðanaskipti um og menn ekki sammála um. En hvaða skoðanir svo sem menn hafa á þessu máli, hvort sem þeir eru fylgjandi því eða andstæðir, þá fer ekki á milli mála í huga flestra þingmanna að verið er að ræða um eitthvert stærsta mál sem er til umræðu á þjóðmálavettvangi um þessar mundir. Það er umhugsunarvert fyrir alþingismenn að slík mál skuli rædd í fjarveru allra þeirra sem fara með framkvæmdarvaldið og eru í forustu fyrir flokkum stjórnarliðsins. Alþingi hefur sett mjög mikið niður á undanförnum árum. Menn segja að skapandi umræða í stjórnmálum eigi sér ekki lengur stað í sölum Alþingis heldur í stofnunum og félögum utan veggja þingsins. Það sem er kannski einna helst til merkis um þetta er að forráðamenn þjóðarinnar sem hafa vissulega skoðanir á þessum málum, ræða ekki skoðanir sínar, rökræða ekki við okkur hv. þm. á Alþingi Íslendinga heldur leggja sig í líma við að vera fjarverandi og taka ekki þátt í neinum umræðum hér. Og ef þeir láta einhver orð falla um þessi mál þá er það á öðrum vettvangi en á Alþingi Íslendinga. Þetta er eitt skýrasta dæmið sem ég þekki um það að á Alþingi fara ekki raunar lengur fram, með þátttöku helstu valdsmanna í þjóðfélaginu, stefnumarkandi umræður um þau mál sem efst eru á baugi og eiga að vera efst á baugi í þjóðfélagsumræðunni hverju sinni. Þess vegna sitjum við nú hér daglangt og ræðum þessi mál í fjarveru hæstv. forsrh. sem hefur haft um þau stærstu orð utan veggja löggjafarsamkundunnar. Hæstv. ráðherra sést ekki hér, tekur engan þátt í umræðum hér, lætur ekki sínar skoðanir í ljósi hér, er ekki ínáanlegur hér þrátt fyrir það að mér sé kunnugt um það að þeim tilmælum hafi verið beint til hæstv. forseta að hann óskaði eftir því að hæstv. forsrh. yrði hér viðstaddur svo hægt væri að ræða við hann, hér innan veggja Alþingis, þau ummæli sem hann hefur sjálfur látið falla um málið utan veggja þingsins. En hér í sölum Alþingis hefur hann ekki tjáð sig einu orði um þetta mál.

Á landsfundi Sjálfstfl. lét einn skynsamasti flokksmaður þeirra sjálfstæðismanna, Markús Möller, (Gripið fram í.) þau orð falla ... Já, ég sagði einn skynsamasti liðsmaður þeirra sjálfstæðismanna. (Gripið fram í.) Markús Möller lét þau orð falla að Sjálfstfl. mætti ekki láta jafnaðarmenn taka sig á taugum í þessu máli. Það eru vissulega varnaðarorð í tíma töluð því það var ekki annað að sjá en að hæstv. forsrh., formaður Sjálfstfl., hefði einmitt látið taka sig á taugum í þessu máli því það fyrsta sem hann gerir þegar hann mætir 1.500 eða 1.700 manna landsfundi Sjálfstfl., þar sem á að fjalla um stefnumarkandi mál á vegum flokksins og taka til umræðu fjölmargar ályktunartillögur sem starfshópar höfðu undirbúið fyrir þann landsfund, var að tilkynna landsfundinum hvað hann mætti og hvað hann mætti ekki. Það er að segja, áður

en landsfundur 1.500 sjálfstæðismanna tekur til starfa eftir langan undirbúning þá tilkynnir formaður flokksins í upphafi flokksþingsins að það séu ákveðin mál sem þó hafi verið fjallað um í undirnefndum sem flokkurinn megi ekki hafa jákvæða skoðun á. Eitt af þeim málum var veiðileyfagjald.

Og hvernig brást svo þessi 1.500 manna samkoma við? Hún brást þannig við að enginn þessara 1.500 manna sem hafði skoðanir svipaðar þeim sem flutningsmenn þessarar tillögu hafa þorðu að opna munninn. Þeir sátu og þögðu. Ef þetta er ekki að taka flokk á taugum, þá veit ég ekki hvernig það er gert. Hafi við jafnaðarmenn tekið formann Sjálfstfl. á taugum, þá tók hann sína 1.500 fylgismenn á taugum strax í upphafi fundarins. (**Gripið fram í:** Ekki Einar Odd.) Jú, jú, Einar Odd líka, og hafði m.a. þau ummæli um sjónarmið þeirra Vestfirðinganna að menn þyrftu að hrista ánamaðkana úr hlustum sér. Þeir sem legðu eyrun við röddum grasrótarinnar yrðu að passa sig á að ánamaðkar skriðu ekki inn í eyru þeirra. Ég varð ekki var við annað en að þessum ummælum væri líka tekið ósköp rólega og með þögninni.

Hv. formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh., reyndi að færa rök í upphafi landsfundar fyrir því að landsfundarfulltrúar mættu ekki hafa skoðun á þessu máli sem gengju í berhögg við skoðanir hans sjálfs. Hver voru þessi rök? Í fyrsta lagi að jafnaðarmenn væru að tilkynna það að þeir ætluðu að taka 40–50 milljarða út úr sjávarútveginum í ríkissjóð. Hvar hefur hæstv. forsrh. séð það? Hvar hefur hæstv. forsrh. heyrt það? Hvergi. Ekkert er um það sagt í greinargerð með þessari tillögu og ekkert hefur verið um slíkt sagt í máli flutningsmanna. Það eina sem hefur verið sagt sem nálgast eitthvað þessar tölur er að það megi vænta þess að þegar sjávarútvegurinn verði kominn í kjörstöðu, þá geti hagnaður í sjávarútvegi numið 15–30 milljörðum kr. Það hefur hvergi verið sagt að það standi til að taka þann hagnað allan af sjávarútveginum og flytja hann í ríkissjóð og það hefur hvergi verið sagt að um sé að ræða 40–60 milljarða kr. arðrán af sjávarútveginum eins og hæstv. forsrh. lét sér sæma að segja, ekki í ræðustól hér á Alþingi þar sem alþingismenn og flutningsmenn þessarar tillögu geta átt í orðastað við hann, heldur á landsfundi Sjálfstfl.

Hæstv. forsrh. sagði líka að það stæði til að fella gengið samkvæmt tillögum okkar um 40–60%. Hvaðan hefur hann það? Það hefur orðið til í hans eigin huga því að það hefur enginn svo mikið sem orðað slíkt og ég spyr á móti: Hvað var gengið fellt þegar þróunarsjóðsgjaldið var tekið upp? Forsrh. segir að það sé ígildi veiðileyfagjalds. Ekki neitt. Hvað var gengið fellt þegar viðskipti með aflaheimildir hófust sem skipta nú eitthvað á annan milljarð króna og eru beinar álögur, ekki síst á fiskvinnslur og ígildi veiðileyfagjalds? Það hefur engin gengisbreyting verið gerð þrátt fyrir það. Og ég spyr enn: Ef hæstv. ríkisstjórn nær sínum áformum um að samræma tryggingagjald sjávarútvegsins við aðrar greinar, þá eru menn að tala þar um á bilinu 500–750 millj. kr álögur á sjávarútveginn. Hvað á að fella gengið mikið þar?

[16:49]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það furðar mig mjög þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsir því yfir að heill landsfundur hafi verið tekinn á taugum út af veiðileyfagjaldi þeirra þingmanna í jafnaðarmannaflokknum. Mér finnst það dálítið merkilegt að það eigi að vera hægt að taka menn á taugum út af þessari tillögu því að eins og oft hefur komið fram í þessari umræðu er búið að vera á veiðileyfagjald í mörg ár þannig að þetta er ekki nein ný umræða og alls ekki ný tillaga heldur hefur hún verið samþykkt innan sala Alþingis og hefur verið framkvæmd af framkvæmdarvaldinu í fleiri ár. Eins og hefur komið fram hjá sumum þingmönnum, þá eru lögð á veiðileyfagjöld sem heita annars vegar veiðieftirlitsgjald og hins vegar þróunarsjóðsgjald. Þetta gjald er í dag 135.900 kr. á 100 þorskígildistonn. Þetta er það gjald sem menn greiða í dag fyrir að fá að fara á sjó. Þeir þurfa að leysa út aflaheimildir sínar sem koma í póstkröfu, í tilkynningu, og þar með hafa þeir fengið heimild til þess að fara á sjó. Þessi umræða að það þurfi sérstök lög til þess að leggja á veiðieyfagjald er því í rauninni kórvilla.

Ég styð veiðileyfagjald eins og það er útfært í dag. Ég er alls ekki á móti því að útgerðin borgi einhvern hluta af þeim kostnaði sem fellur til vegna hennar ekkert síður en ég hef stutt það að fiskvinnslufyrirtæki borgi holræsagjöld. Þau borga vatnsskatt, fasteignagjöld. Þau borguðu áður fyrr aðstöðugjöld mun hærri heldur en útgerðin. Það hafa því verið lagðir á slíkir skattar óháð afkomu í gegnum áratugina þannig að það er ekkert nýtt við þetta og í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við þá hugsun sem kemur fram í þessu frv. hv. þm., en ég minni enn á það að sá hugsunarháttur er löngu inni í okkar stjórnkerfi þannig að að halda því fram, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að það væri verið að taka heilan flokk á taugum er náttúrlega mjög mikið sagt og í rauninni óskhyggja þingmannsins og alveg út í bláinn.

Ég held að þeir hv. flutningsmenn, sem leggja fram þetta frv., séu einfaldlega að reyna að yfirbjóða í skjóli mikillar óánægju með framsalsaðferðir útgerðarmanna eins og þær hafa litið út á undanförnum mánuðum og hefur í raun fallið í mjög grýttan jarðveg hjá þjóðinni. Að vera að höggva í þann knérunn með slíkri tillögu finnst mér alger óþarfi og ég vil einfaldlega benda mönnum á hvað skiptir langmestu máli í þessu öllu. Það sem hefur gerst með framsalinu hefur skapað þann óróleika meðal þjóðarinnar sem við erum núna að glíma við. Framsalið hefur orðið til þess að aflaheimildir hafa flust óvenjumikið milli landshluta, á milli kjördæma, sem hefur þýtt það að sjómenn á svæðum sem hafa verið mjög háð því að geta keypt til sín aflaheimildir hafa þurft að taka á sig hluta kostnaðarins svo að þeir hefðu heimildir til þess að fara á sjó. Samkvæmt tölum sem ég hef fengið frá Fiskistofu, þá hafa aflaheimildir gengið á milli kjördæma sem hér segir á árunum 1995 og 1996: Reyknesingar hafa keypt 9.858 þorskígildistonn til sín umfram það sem þeir hafa selt frá sér. Á síðasta fiskveiðiári keyptu þeir 16.817 þorskígildistonn umfram það sem þeir seldu frá sér. Ef við mundum reyna að gera þetta að peningum, þá gæti þetta þýtt að Reyknesingar hefðu keypt til sín þorskígildistonn fyrir yfir milljarð á sl. ári. Það er það gjald sem þeir hafa þurft að greiða fyrir að komast á sjó sumir hverjir þó að það sé að sjálfsögðu misjafnt milli útgerða hvað þetta hefur verið notað til þess að komast yfir þorskheimildir eða heimildir til veiða.

Í öðrum kjördæmum hefur þetta verið mun minna. Í Reykjavík voru t.d. einungis keypt 16 tonn umfram það sem selt var. Á Vesturlandi voru keypt 5.748 tonn á sl. ári en Vestfirðingar seldu aftur á móti frá sér 8.870 tonn umfram það sem þeir keyptu. Norðurland vestra seldi frá sér 8.437 tonn og Norðurland eystra 10.464 tonn. Það eru þessar gríðarlegu tilfærslur sem hafa komið sjómönnum í opna skjöldu og hafa gert þá og þjóðin mjög tortryggna út í kvótakerfið

svokallaða eða aflastýringarkerfið sem að mínu viti hefur reynst mjög farsælt fyrir útgerðina og þá þróunarmöguleika sem útgerðin þarf að hafa til þess að geta stýrt rekstri sínum inn á hagkvæmustu leiðirnar. Þar er framsalið í rauninni dínamíkin í hagkvæmninni og ef við neyðumst til þess að taka af framsalið, þá erum við búin að taka mestu dínamíkina frá útgerðinni. Þess vegna er það grundvallaratriði í þessari umræðu allri hvernig við komumst fyrir það að sjómenn séu með einum eða öðrum hætti neyddir til þess að kaupa aflaheimildir með útgerðunum. Það er sú kórvilla sem hefur slæðst inn í þennan feril og er nauðsynlegt að leiðrétta.

Hvernig við gerum það er ekki endilega mjög ljóst. Aftur á móti hafa menn bent á ýmsar leiðir og ég er einn af þeim sem hafa talið að það að setja sem mest af afla á markað sé ein leiðin til þess að sjá hve gegnsætt verðið er.

Aðrar leiðir eru að sjálfsögðu mögulegar, eins og komið hefur fram í þáltill. frá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og Guðmundi Hallvarðssyni um að banna hreinlega allt framsal. Ég ætla að geyma mér umræðu um það, en ég held að það sé samt mjög erfitt að banna framsal ef við ætlum alla vega að leyfa útgerðinni að hafa þá dínamík sem hún hefur og þarf að hafa.

Það eru í mínum huga til ýmsar aðrar leiðir sem nauðsynlegt er að skoða til þess að jafna óróa landsmanna með það kerfi sem við höfum. Ég tel að ein leið séu ýmsir hvatapottar sem ég taldi alla tíð að svokallaður línutvöföldunarpottur hefði verið. Að afnema þann pott var afskaplega vanhugsuð aðgerð og að mínu viti komust útgerðarmenn þar í nokkuð feitt að mér sýndist og höguðu sér að mörgu leyti eins og minkar í hænsnabúi þegar þeir komust yfir þann kvóta og seldu hann út og suður. Það var slæm aðgerð, en eigi að síður er hægt að leiðrétta slíkt og það er hægt að finna leiðir til þess að sætta þjóðina við þetta kerfi og það er nauðsynlegt.

[16:58]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki sá sem hér stendur sem varaði við því að Sjálfstfl. léti taka sig á taugum, heldur ein af skynsamari frammámönnum Sjálfstfl., Markús Möller, á flokksþingi flokksins. Það eina sem ég leyfði mér að benda á var það að þau viðvörunarorð væru ekki ástæðulaus, enda hefði það komið strax fram í upphafi flokksþingsins að svo hefði gerst.

Það er hins vegar full ástæða til þess, herra forseti, að lýsa mikilli ánægju með það hvernig hæstv. forsrh. er nú að skerpa andstæðurnar í íslenskum stjórnmálum þannig að ekki sé lengur neinn vafi á því hvernig þeir eigi að greiða atkvæði og hverja þeir eigi að styðja sem eru andvígir óbreyttu fyrirkomulagi í fiskveiðistjórnun og neitun við hugmyndum um veiðileyfagjald. Þeir eiga ekki að kjósa Sjálfstfl. Það liggur nú alveg ljóst fyrir, þökk sé hæstv. forsrh., þökk sé honum frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna og margra annarra stjórnarandstæðinga. Hann hefur nú skerpt línurnar í íslenskri pólitík þó hann hafi farið á taugum.

[16:59]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson veður enn í misskilningi um það að ekki sé til veiðileyfagjald. Það er veiðileyfagjald til í dag. Það er lagt á sjávarútveginn. Það eru rúmar á 134 kr. hvert einasta þorskígildistonn. Það hefur Sjálfstfl. samþykkt og Sjálfstfl. er greinilega ekki á móti veiðileyfagjaldi miðað við þá niðurstöðu. Ég er alls ekki á móti veiðileyfagjaldi eins og það er útfært í dag. Þið eruð bara með enn eina útfærsluna, hv. þm. jafnaðarmannaflokksins, og hún er sú að fara miklu hraðar og með miklu hærri upphæðir sem nýjar álögur á útgerðina. Er nokkur furða þó að menn hiki við að samþykkja slíka umræðu? Í mínum huga er þessi hugmynd mjög vafasöm svo ekki sé meira sagt og mun eingöngu bitna á sjómönnum. Það eru sjómenn sem koma til með að þurfa að borga þetta viðbótargjald sem hv. þm. jafnaðarmannaflokksins eru að leggja til. Eru það þeir sem vilja auka álögur á sjómenn og útgerðarmenn með þessu móti? Ég er ekkert viss um að sjómenn muni þakka þeim sérstaklega fyrir það. Ég hef líka trú á því að allar grundvallarbreytingar sem hafa verið í umræðunni í tengslum við þetta, m.a. að bjóða allan fisk upp á einhverjum frjálsum markaði, séu eingöngu til þess að skapa algera ringulreið í íslenskum sjávarútvegi, sjávarútvegi sem er grundvöllurinn undir allri velferð þessarar þjóðar. Mér finnst þetta mjög ábyrgðarlaust hjal.

[17:01]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ja, þá dansa mýsnar þegar kötturinn er ekki heima. Það hefði nú verið ráðlegra að hv. þm. léti meira bera á þessum málflutningi sínum á landsfundinum á meðan kötturinn var heima, en það er þó alltént ánægjulegt að vita það að svona eftir á eru ýmsir menn í Sjálfstfl. sem eru fylgjandi veiðileyfagjaldi þó að það liggi fyrir að þeir geti ekki kosið flokkinn sinn næst vegna þess að hann er algerlega á móti því.

Það er hins vegar alveg ljóst hjá hv. þm. og ég ætla að leiðrétta hann um það að veiðileyfagjaldið er ekki 134 millj. kr. Hann var rétt áðan að gefa okkur þær upplýsingar að í hans eigin kjördæmi hefðu menn á síðasta ári borgað 1 milljarð kr. í veiðileyfagjald, þ.e. borgað 1 milljarð kr. fyrir að kaupa sér aflaheimildir til að geta veitt. Það er veiðileyfagjald og ekkert smágjald. En munurinn er bara sá að samfélagið, eigandi þeirra auðlinda sem var verið að versla með, fær ekki eyrisvirði af því veiðileyfagjaldi og þetta er aðferðin sem menn nota í dag til þess að draga arðinn út úr sjávarútveginum. Menn sjá það best ef menn skoða rækjuiðnaðinn þar sem fyrir nokkrum árum var aðeins greitt um 8 kr. fyrir kg af rækju. Síðan fara rækjuveiðar og vinnsla að ganga betur vegna bættrar markaðsaðstöðu erlendis, þá hækkar verð á rækjukvótanum upp í tæplega 90 kr. á rúmum fjórum árum þannig að eftir stendur vinnslan án þess að njóta nokkurs af bættum hag. Þetta er veiðileyfagjald. Þannig draga menn arðinn út úr atvinnugreininni en það eru bara örfáir einstaklingar sem njóta hans en ekki þjóðarheildin sem á þessa sameiginlegu auðlind.

Sjómennirnir hjá hv. þm. borga milljarð í veiðileyfagjald en þeir borga hann til gróðapunganna í sjávarútveginum en ekki til sameiginlegra þarfa.

[17:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Veiðileyfagjaldið í dag, hv. þm., er 139 kr. á hvert þorskígildistonn svo að ég leiðrétti nú sjálfan mig, ég held að ég hafi sagt 134 kr. áðan, á þorskígildistonn. Að sjómenn séu að greiða 1 milljarð í veiðileyfagjald á Reykjanesi er ekki alveg svo, en eigi að síður er keypt þetta mikið magn til Reykjaness umfram það sem er selt þaðan. Það er ekki þar með sagt að sjómenn borgi það allt saman, en því miður eru þeir látnir borga allt of stóran hluta af því þó að það hafi ekki verið reiknað út nákvæmlega.

En ef við mundum fara ykkar leið og leggja 13 milljarða á sjómannastéttina og útgerðina þá yrði þetta væntanlega 13 sinnum meira heldur en nú er, ef við ættum að fara að leggja saman einhverjar tölur. Þannig að ég held að röksemdafærslan sé engan veginn í samræmi við hugmyndirnar í rauninni. Ég hef þá trú að jafnaðarmenn telji sig vera að gera gott með þessu og ætli sér að reyna að leiðrétta einhverja óánægju og við skulum segja aðferðir sem ekki hafa fallið í góðan jarðveg hjá þjóðinni, en þeir eru bara því miður ekkert að því. Þessar hugmyndir passa ekki og eru einungis íþyngjandi fyrir það fólk sem þeir telja sig vera að leiðrétta kjörin hjá. Hversu oft sem hann vill meina það að við landsfundarfulltrúar hjá Sjálfstfl. höfum dansað í kringum formanninn okkar í þessu máli, þá get ég alveg sagt það hér að ég er fyllilega sammála formanninum í hans málflutningi.

[17:05]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætti smámisskilnings í umræðunni hjá hv. 10. þm. Reykn., Kristjáni Pálssyni, hvað varðaði það frv. sem ég ásamt Guðjóni Guðmundssyni lagði fram á þingi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Það væri kannski líka til að upplýsa þingheim um það að ég gerði landsfundinum grein fyrir þessu frv. sem við mundum leggja fram í gær. (**SvG:** Hvaða fundi?) Landsfundi Sjálfstfl. Þar gerði ég grein fyrir því frv. sem við mundum leggja hér fram. Og það gengur út á það ... (Gripið fram í.) Ég var klár á því á hvaða landsfundi ég var, enda sá ég ekki Svavar Gestsson þar, en hann á kannski eftir að koma þangað.

Varðandi þetta frv. sem hér verður tekið efnislega til umræðu og gætti smámisskilnings hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni um, þá gengur frv. út á það að jöfn skipti geta farið fram, en hins vegar ef útgerðir eða skip veiða ekki þann afla sem þeim hefur verið úthlutað, þá ber þeim að skila þeim afla til Fiskistofu og síðan geta útgerðir sótt um að fá endurúthlutun gegn umsýslugjaldi sem er þá prósentugjald miðað við gangverð hvers dags á kílói á fiskmörkuðum. Ég vildi bara aðeins skýra frá þessu og væntanlega mun þetta mál koma til frekari umfjöllunar.

Út af því sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, gat um áðan, þá er rétt að þetta komi fram vegna þess að það var ekki einróma rödd á landsfundinum og menn höfðu sínar skoðanir, enda Sjálfstfl. víðsýnn og framsýnn þannig að þar hafa menn skoðanir miklu fremur en í þessum fámennu flokkum á vinstri kantinum.

[17:07]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sagði að það hefði gætt misskilnings hjá mér varðandi frv. sem hann og hv. þm. Guðjón Guðmundsson hafa lagt fram. Ég bíðst afsökunar á því ef ég hef verið með einhvern málflutning um það frv. sem ekki hafði skilist þá rétt.

Ég fagna því að þeir félagar hafa lagt fram þetta frv. Mér finnst það vera gott innlegg í þá umræðu sem er nauðsynleg til þess að reyna að ná fram einhverjum breytingum á þessu svonefnda kvótabraski sem ég vil hafa innan gæsalappa en það er að mörgu leyti mjög nauðsynlegt að það sé hægt að leigja og selja kvóta á milli fyrirtækja. En ég hygg að á bak við þetta frv. hv. þm. sé einmitt að koma í veg fyrir að sjómenn séu með einum eða öðrum hætti neyddir til þess að taka þátt í kaupum á aflaheimildum fyrir sín skip svo að þau komist á sjó.

Auðvitað er margt annað sem er þarna á bak við sem ekki er tími til að ræða hér og ég mun gera þegar þar að kemur. En ég ítreka bara ánægju mína með það að þeir skyldu koma með þessa hugmynd inn í umræðuna um sjávarútveginn.

[17:09]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að út af fyrir sig hafi farið hérna fram mjög gagnleg umræða og málin hafi skýrst nokkuð og ég tel að að sumu leyti megi segja, svona til að gæta sanngirni að öllu leyti, að flutningsmenn hafi gert þinginu þó nokkurn greiða að draga málið inn í þingið þó svo að um það séu talsvert skiptar skoðanir.

Gallinn við málið er að sumu leyti sá að það er ekki nægilega skýrt. Það er mjög sérkennilegt í raun og veru að flytja till. til þál. um eitthvað, en gera svo ráð fyrir því að nefnd geri tillögu um útfærslu á því. Ég hefði heldur viljað sjá að hv. flm. hefðu gert tillögu í frv. um veiðileyfagjald þannig að það hefði verið hægt að ræða um málið efnislega skýrar en kostur er á samkvæmt þessari tillögu. Vandinn við tillöguna er sem sagt sá að hún er loðin og mjög almenn og óljós á köflum og það er galli. Þess vegna held ég að það sé í raun og veru ekki hægt að segja eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að sú tillaga sem hér liggur fyrir sé eitthvert stærsta málið á þjóðmálavettvangi um þessar mundir. Það er þessi tillaga ekki eins og hún er heldur tel ég að þessi mál verði raunar að ræðast á allt öðrum forsendum.

Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því eins og hér hefur komið fram, m.a. í málflutningi talsmanna Alþb., að það er gríðarleg óánægja í landinu, bullandi óánægja, með kvótabraskið, með leiguviðskiptin, með það að menn séu að hirða milljónir og aftur milljónir á því að eiga veiðiheimildir sem þeir nota ekki og lifa sjálfir í vellystingum praktuglega og leigja þær út. Það er þetta sem er óþolandi kerfi og þessi tillaga hróflar ekki við því vegna þess að svínaríinu væri hægt að halda áfram jafnvel þó lagður yrði á skattur eins og menn eru hér að tala um. Það er gallinn við þetta. Þess vegna felst í raun og veru ekki í tillögunni andstaða við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Menn segja ekki fullum fetum í þessari tillögu: Við erum á móti þessu kerfi. Menn segja það ekki. Menn skilja það eftir opið og segja: Þetta er gjald og fiskveiðistjórnin er svo allt annað mál.

Við höfum í okkar samþykktum í miðstjórn Alþb. sagt sem svo: Ef það á að taka á þessu kerfi, þá verður að stöðva leigubraskið, það er númer eitt. Það verður að stöðva kvótabraskið, það er númer eitt. Það verður að ráðast til atlögu við þá þætti sem eru jarðvegur og grunnur spillingarinnar, jarðvegur og grunnur þeirrar spillingar sem þjóðin er að mótmæla í þessu. Og Alþingi verður að gera sér grein fyrir því að þjóðin er að gera uppreisn gegn þessu aflamarkskerfi eins og það hefur þróast á markaðnum á undanförnum árum, en því miður tekur þessi tillaga ekki á því. Og það var mjög athyglisvert að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem er þingmaður Vestfjarðakjördæmis og kveður jafnan skýrt að orði, kom aldrei að þessu atriði í sínum málflutningi vegna þess að ég geri meiri kröfur til hans en ýmissa annarra með fullri virðingu fyrir öllum öðrum að því er þessa hluti varðar af því að hann kemur frá Vestfjörðum. Vegna þess að það dæmi sem hann nefndi um rækjuna áðan og hækkunina úr 8 kr. í 90, það gæti líka þrifist með veiðileyfagjaldi. Skilja menn það ekki? Það gæti líka þrifist með veiðileyfagjaldi og í rauninni er það þannig að ef veiðileyfagjald yrði lagt á þá

gæti það auðvitað haft það í för með sér að þeir sterku og stóru yrðu áfram enn þá sterkari og stærri en þeir eru núna, þannig að í raun og veru verðum við að viðurkenna það, hæstv. forseti, að eins og sakir standa og eins og tillagan lítur út, þá tekur hún ekki á vandanum.

Ég held sem sagt að grundvallaratriðið sé það að menn svari því: Erum við tilbúin til þess að stöðva framsalið eins og það hefur tíðkast? Erum við tilbúin til þess að taka þennan þátt út fyrir hið almenna markaðshagkerfi sem við búum við að öllu öðru leyti? Það er spurningin sem menn þurfa að svara í þessu samhengi.

Tíminn er enginn til að ræða um þetta mál, hæstv. forseti, þannig að ég á ekki langan tíma eftir. En það er eitt sem mig langar til að koma á framfæri í viðbót og það er þetta: Ekki tala um það hér úr þessum ræðustól, herra forseti, að þjóðin eigi ekki fiskimiðin og það leiki vafi á því. Við skulum ekki aðstoða þá sem vilja skapa sér eignaraðgang að þessum miðum með því að lýsa því yfir úr þessum stól að þjóðin eigi ekki þessi mið. Það er alveg kristalstært að þjóðin á fiskimiðin og það mál liggur þannig að það er alveg 100% ljóst að Alþingi getur gert hvaða breytingar sem er á fiskveiðistjórnunarlögunum án þess að það hrófli við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því að einkaeignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ver ekki þann aðgang að fiskimiðunum sem um er að ræða í dag. Það er alveg ljóst. Við skulum ekki hjálpa þeim sem við ætlum síst að aðstoða í þessu máli með því að lýsa yfir úr ræðustól að einhver vafi leiki á eignarhaldi þjóðarinnar.

Þá segja menn: Leggjum á veiðileyfagjald til að tryggja að ljóst sé að þjóðin eigi þetta. Þá segi ég eins og sagt hefur verið áður: Já, við skulum athuga það. En það leysir ekki málið að öllu leyti að því er þetta varðar. Gerum okkur grein fyrir að t.d. forustumenn Granda hafa sagt: Við skulum borga veiðileyfagjald enda fáum við að eiga þetta í friði áfram. Menn eru því að tala um að borga veiðileyfagjald til að festa það kerfi sem þeir hafa búið við.

Síðan þurfa menn að átta sig á því, sem Kristinn H. Gunnarsson og fleiri bentu á, að auðvitað er verið að leggja á ákveðið veiðileyfagjald eins og hv. þm. Kristján Pálsson líka rakti áðan. Þá segja menn: Já, en afnotarétturinn, en erfðarétturinn, og eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði fyrr í dag: Já, en er ekki að verða til ígildi eignarréttar í gegnum þetta? Ég held í að þau mál liggi með þeim hætti að full ástæða er til að staldra við og velta þeim fyrir sér. En ég held að menn eigi að gera sér grein fyrir að við gerum það ekki með veiðileyfagjaldsálagningu. Við gerum það ekki öðruvísi en að þora að segja: Kerfið, eins og það er, er í grundvallaratriðum vitlaust. Við verðum að þora að breyta því og reyna að ná um það samstöðu og við skulum ekki reyna að blekkja þjóðina til fylgis við okkur og halda fram að við séum með patentlausn sem leysir þetta vandamál.

Vandinn er sá, hæstv. forseti, að þeir sem róa til fiskjar hjá fiskveiðiþjóð þar sem er of lítill fiskur, hafa mjög sterka stöðu gagnvart hagkerfinu, allt of sterka stöðu, hættulega sterka stöðu og það er það sem við þurfum að gera okkur grein fyrir og svara spurningunni: Verðum við ekki að draga úr framsalsheimildunum, veikja hina almennu markaðsmeðferð þessara mála til að ná utan um þau og koma í veg fyrir spillinguna og svínaríið sem þjóðin er að mótmæla í þessu máli?

[17:17]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. Svavari Geststsyni að veiðileyfagjald og fiskveiðistjórnunarkerfi eru tvö aðskilin mál. Menn leysa ekki með veiðileyfagjaldi ýmis vandamál sem eru innan núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Veiðileyfagjald er fyrst og fremst til að tryggja að þjóðarheildin fái einhvern arð af sameiginlegri auðlind sem afnotaréttur er skammtaður af til fárra. Fiskveiðistjórnun er hins vegar annað vandamál. Veiðileyfagjald getur gengið í hvaða tegund fiskveiðistjórnunar sem er. Það á jafn vel við um núverandi fiskveiðistjórnun og um t.d. nýja fiskveiðistjórnun með sóknarmarki eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur verið talsmaður fyrir. Það er hægt að nota veiðileyfagjald í báðum þessum tilvikum. Tilgangurinn með því er sá einn að tryggja að þjóðin njóti afraksturs auðlindarinnar.

Ég get því verið talsmaður veiðileyfagjalds á sama tíma og ég er andvígur núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og er sammála mörgu því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði þ.e. að við ruglum ekki þessu tvennu saman, annars vegar fiskveiðistjórnuninni og hins vegar veiðileyfagjaldinu. Þá sé þegar grannt er skoðað meira sameiginlegt í sjónarmiðum okkar jafnaðarmanna og alþýðubandalagsmanna heldur en látið er í veðri vaka.

[17:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vafalaust alveg rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir í þessu efni að margt sameinar menn fleira en virðist vera í fljótu bragði. En af hverju eru menn að gefa annað í skyn? Mér finnst með fullri virðingu fyrir vinum mínum í þingflokki jafnaðarmanna að allur málflutningurinn af þeirra hálfu og sérstaklega af hálfu formanns Alþfl. gangi út á það að veiðileyfagjaldið leysi fiskveiðistjórnunarvandann, komi í veg fyrir spillinguna og svínaríið og þess vegna eigi að taka það upp — að Alþfl. sé með lykilinn í höndunum í þessu máli. Mér finnst ekki sanngjarnt og ekki skynsamlegt að ganga þannig fram gagnvart þjóðinni. Mér finnst þess vegna hreinlegra fyrir Alþfl. og þingflokk jafnaðarmanna að segja fullum fetum: Við erum bara hér með tillögu um skatt. Síðan getum við rætt um mismunandi útfærslur á þeim skatti.

En ég vil spyrja hv. 4. þm. Vestf. sem er næstur í andsvari: Hvernig horfir þetta við honum og byggðarlögunum vestra miðað við stöðuna sem þar er uppi? Hvað segir hann um þær röksemdir dreifbýlismanna að með þessu verði landsbyggðin fyrir skatti sem þéttbýlinu sé hlíft við? Ég spyr hv. þm.

[17:21]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum aldrei haldið því fram, jafnaðarmenn, og ekki heldur formaður Alþfl. að veiðileyfagjaldið leysti af hólmi öll vandamál í stjórnun fiskveiða. Við vorum hins vegar fyrstir stjórnmálaflokka til að gera þetta að okkar baráttumáli. Fleiri og fleiri hafa verið að ganga til liðs við það sjónarmið en erfitt kann að vera fyrir menn að taka undir með sjónarmiði okkar alþýðuflokksmanna og jafnaðarmanna sem við vorum fyrstir með að reyna að túlka það einhvern veginn öðruvísi heldur en það sem við lögðum fram í upphafi, þ.e. að niðurstaðan sé sú að menn séu með einhverja aðra útfærslu heldur en kratarnir og það er ósköp skiljanlegt. En við höfum

aldrei haldið því fram að við leystum öll vandamál fiskveiðistjórnunar með veiðileyfagjaldi. Það vita þeir m.a. sem hafa hlustað á mig vestur á fjörðum vera andvígan núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi en fylgjandi veiðileyfagjaldi.

Hv. þm. spyr líka um afstöðu mína sem landsbyggðarþingmanns. Hún er mjög einföld. Ég lít svo á að í dag greiði sjávarútvegsfyrirtækin og ekki þá síst fiskvinnslufyrirtækin miklar fjárhæðir í veiðileyfagjöld sem eru í kaupum aflaheimilda til að tryggja sér hráefni þannig að veiðileyfagjöld eru nú þegar greidd í mjög miklum mæli og þessi gjöld koma m.a. í veg fyrir að fiskvinnslufyrirtækin geti sýnt eðlilegan arð í starfsemi sinni og greitt eðlilegt kaup. Mitt sjónarmið er að þegar á annað borð er byrjað að greiða slík veiðileyfagjöld eins og verið er að innheimta í sjávarútvegi núna njóti þjóðin hlutdeildar í því gjaldi.

[17:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að ég hef aldrei verið með honum vestur á fjörðum að hlusta á ræður hans og ég er staðráðinn í að bæta úr því hið bráðasta, strax og ég fæ tækifæri til því bersýnilegt er að hann heldur mjög merkar ræður vestur á fjörðum og ég verð að játa að veruleg yfirsjón er hjá mér að hafa ekki fylgt honum á fundum þar vestra.

Ég upplifi það þannig, hæstv. forseti, að hv. þm. Alþfl. og jafnaðarmannaþingflokksins séu í raun og veru að bakka í málinu. Þeir byrjuðu á því að segja: Þetta leysir allan vanda. Þeir byrjuðu á því að segja: Þetta er leiðin til að stoppa svindlið, kvótabraskið og allt það. Þeir byrjuðu á því að gefa í skyn að þeir væru með lausnina á hverjum fingri undir nafninu veiðileyfagjald. Núna segja þeir: Það hefur aldrei staðið til. Það er þvert á móti annað sem vakir fyrir okkur, þ.e. að koma hlutunum þannig fyrir að tryggja að þessi grein skili almennum arði til þjóðarinnar í heild. Ja, þá er það allt annað mál og við skulum ræða það. Og um það er enginn ágreiningur í þessum sal, trúi ég, að eðlilegt sé að þessi grein borgi skatta eins og aðrar greinar og jafnvel er hugsanlegt, ef ég næði eyrum hv. þm. og flm., að tala um þetta mál sem almennt auðlindagjaldsmál þannig að menn horfðu þá bæði á orkuna og fiskimiðin og allt kerfið eins og það leggur sig. En það er annað mál og er ekki á dagskrá hér. Hv. þingmönnum hefur láðst að flytja það ef það stóð til. Það er alla vega ekki í því þskj. sem hér er til meðferðar.

Þess vegna finnst mér að við ættum að skoða þessi mál miklu betur og velta fyrir okkur hvort ekki væri nær að taka braskpeningana, að taka leigupeningana m.a. til að styrkja stöðu fiskvinnslunnar og hækka kaupið hjá fólkinu sem vinnur hjá fiskvinnslunni í landi, m.a. á Vestfjörðum.

[17:25]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði úr ræðustól áðan að það mætti ekki segja úr þessum sama ræðustóli að fiskstofnarnir væru ekki sameign íslensku þjóðarinnar. Ég er mjög sammála hv. þm. um þetta efni en hann vildi ekki tiltaka hvaðan þessi ummæli hefðu komið eða frá hverjum þannig að mig langar að upplýsa, ef það skyldi hafa farið fram hjá hv. þm., að á landsfundi Sjálfstfl. var ítrekað í ályktun að fiskstofnarnir væru sameign íslensku þjóðarinnar. Ég held að mér sé óhætt að segja fyrir hönd Sjálfstfl. að það sé engin spurning, enda samþykkt einróma á landsfundinum sem ályktun hans.

Það ákvæði hefur verið í lögum í mörg ár en eigi að síður alltaf jafnmikilvægt að menn geri sér grein fyrir að við erum að vinna með auðlind þjóðarinnar og hvernig henni er skipt. Ég held að eitt af þeim málum, sem koma til með að brenna á eða gætu hugsanlega brunnið á, og komið hefur fram í fjölmiðlum, er veðsetningarmál kvótans sem hafa einnig verið tengd þessu eignarhaldi kvótans. Mér hefur alltaf fundist mjög vafasamt hvernig það hefur verið túlkað í fjölmiðlum að í raun væri hægt að segja að fjármálakerfið mundi hrynja ef veðsetningar væru ekki heimilaðar samkvæmt lögum. Ég vil lýsa því yfir að mér finnst það mjög vafasöm túlkun að ekki sé hægt að nýta þær aðferðir sem hafa verið nothæfar hingað til hvernig útgerðarmenn og lánastofnanir hafa komið sér saman um að veðsetning fari fram. Það er mín skoðun að ef lög yrðu sett um veðsetningu kvótans eins og um hana hefur verið rætt, muni það veikja stöðu okkar um þessa sameign þjóðarinnar.

[17:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir hans orð varðandi sameignarákvæði. Mér finnst það mjög mikilvægt og ég var ekkert að tala sérstaklega um hann í þessu sambandi. Það sem ég var að tala um var málflutningur sem hefur verið nokkurn veginn svona: „Til þess að þetta verði öruggt með sameignina verður að leggja á veiðileyfagjald, annars er það ekki öruggt.“ Mér finnst þetta ekki rétt uppsetning mála. Ég er í raun og veru að tala um það. Ég tel að ekki þurfi veiðileyfagjald til að tryggja þessa sameign vegna þess að hún er skýr í lögunum eins og þau eru og líka í þeim praxís að við höfum verið að leggja gjaldið á. Hins vegar er ljóst að spillingin birtist í því að menn hafa getað tryggt sér aðgang að þessum auðlindum með sérstökum hætti, selt það og leigt og braskað með það. Það er nokkuð sem við alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram skýrar tillögur, einir flokka, um hvernig á að koma í veg fyrir, þ.e. með því að afnema leigubraskið eins og það hefur verið tíðkað.

Hins vegar er athyglisvert og er kannski það alvarlega í íslenskum stjórnmálum í dag að Sjálfstfl., stærsti flokkur landsins, hefur lýst því yfir að hann vilji fyrir sitt leyti, með örfáum undantekningum, slá skjaldborg um algerlega óbreytt kerfi, algerlega óbreytt fiskveiðikerfi Þorsteins Pálssonar, hæstv. sjútvrh. Það er gríðarlega mikil yfirlýsing frá 1.700 manna fundi, sem ku hafa verið haldinn hér á dögunum.

[17:29]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. að mikill grundvallarmunur er á því hvort við erum að breyta stjórnkerfinu um stjórnun fiskveiða eða hvort við erum að leggja á nýja skatta. Ég tek undir röksemdir hans hvað það varðar. Innan Sjálfstfl. eins og hv. þm. hefur eflaust heyrt hafa verið skiptar skoðanir um fiskveiðistjórnunina og menn hafa viljað ýmsar útfærslur hvað hana varðar. En ég held að mér sé óhætt að fullyrða það og eins og komið hefur skýrt fram eru sjálfstæðismenn almennt sammála því að aflastýringarkerfið sé rétta aðferðin til að ná tökum á fiskstofnunum eða stjórnun veiða úr þeim. Síðan hafa menn deilt um hvernig leysa ætti erfiðleika sem hafa skapast vegna framsalsins. Og ég er hjartanlega sammála hv. þm. að leysa verður það með einhverju móti þannig að þjóðin sætti sig við stjórnkerfið. Það er hægara sagt en gert en nauðsynlegt fyrir hið háa Alþingi að geta leyst málið svo vel fari. Annars glutrum við

ágætis stjórnkerfi, aflastýringarkerfinu út úr höndunum.

[17:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má kannski segja núna að það sem sanna átti er komið fram. Með öðrum orðum það að framsalsvandinn er aðalvandi kerfisins nú. Það verður að taka á honum ef menn vilja höggva að rótum spillingarinnar og í þeim efnum höfum við alþýðubandalagsmenn lagt fram tilteknar hugmyndir eins og menn þekkja. Spurningin er hvort þingmenn eru tilbúnir til að ræða þær. En að minnsta kosti er ljóst að eftir þennan dag liggur fyrir að það er almenn viðurkenning manna úr öllum flokkum á því að framsalsvandinn sé aðalundirrót spillingarinnar og brasksins í þessu kerfi og á honum þurfum við að taka og ég er þakklátur hv. þm. og öðrum fyrir að taka undir þau sjónarmið.

[17:32]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Á síðasta þingi lagði Þjóðvaki fram þáltill. um sama efni og nú er lögð fram. Ég hafði orð á því þá að mig minnir að þetta væri vond tillaga, en sá ástæðu til að hæla greinargerðinni því að greinargerðin var svo haglega samin að þar var talið upp allt mögulegt og ómögulegt og látið að því liggja að það mætti svo sem heita auðlindaskattur.

Nú hefur eins og allir vita Þjóðvaki ummyndast í upphaf sitt. Nú leggja þeir fram sömu tillögu en nú er greinargerðin orðin ítarlegri og um leið vafasamari. Án þess að ætla að fara ofan í þetta nákvæmlega, því að það gefst ekki tími til þess, þá er það fyrst og fremst eitt atriði í þessari greinargerð sem skiptir máli. Í greinargerðinni er því haldið fram og af talsmönnum þess haldið fram alls staðar í ræðum og ritum, að auðlindaskattur búi til nýja peninga, gefi ný sóknarfæri eins og aðaltalsmaður tillögunnar hefur oft talað um, bæði í þessum ræðustól svo og í fjölmiðlum. Þetta er aðalvillan. Skatturinn getur aldrei búið til nýja peninga og allir þeir virtustu hagfræðingar sem um þetta mál hafa fjallað hafa aldrei haldið því fram, aldrei. Þvert á móti hafa þeir sem mest hafa um þetta rætt eins og t.d. doktor Ragnar Árnason sýnt fram á að svo sé ekki. Ég hlakka þess vegna til ef tillagan fer til nefndar þar sem nefndin getur þá farið yfir þessa villu og krufið til mergjar því að þetta er náttúrlega kórvilla. Menn eru að blekkja þjóðfélagið með þessu. Þetta er kórvilla og trúlega gerð viljandi. Það er viljandi verið að segja fólki að hægt sé að draga upp úr galdrahattinum hvorki meira né minna en alla skattana þess. Það munar um annað eins þó að tveir þriðju Íslendinga þurfi ekki að borga tekjuskattinn. Það var komið inn á það áðan.

Hvorki Sjálfstfl. né nokkur annar stjórnmálaflokkur á Íslandi hefur nokkurn tíma sagt að menn væru á móti sköttum í sjálfu sér. Það er nauðsynlegt að ríkisvaldið, hið opinbera, hafi tekjur. Það vita allir. Og skattur hlýtur á hverjum tíma að vera lagður á eftir skynsemi valdhafanna fyrst og fremst. Það verður að gæta þess fyrst og fremst að drepa ekki skattstofninn eins og hefur komið fyrir í ýmsum löndum. Auðvitað verður að leggja á skatta og það er enginn að tala gegn því. Í þessari ágætu þáltill. er m.a. eins og í hinni í fyrra talað um tekjuskatt og nú er sérstakur tekjuskattur á sjávarútveginn orðinn auðlindaskattur. Það er svo sem ágætt.

Ég get ekki að því gert, þó að ég ætli ekki að fara yfir þessa fimm liði sem síðan er hrært saman í 6. liðinn sem tillögu flutningsmanna um hvernig skattleggja skuli, að nefna að mér finnst 6. tillagan nokkuð skondin með tilliti til þess að meðal flutningsmannanna eru nú þingmenn á borð við hv. þm. Vestf., Sighvat Björgvinsson og fleiri, sem virðast ekki muna langt aftur í tímann. Fyrir 12 eða 13 árum settum við á þetta kerfi fiskveiðistjórnunar sem neyðarráðstöfun til eins árs vegna þess að við vorum að reyna að færa þorskveiðiheimildirnar úr því sem hafði verið að meðaltali 370 þús. tonn, 70 árin þar á undan, niður í 200 þús. tonn. Þetta kom sér óskaplega illa fyrir ýmsar byggðir sem þrifust fyrst og fremst á þorski. Nú er það orðin tillaga að skattstofni, að þorskurinn kunni að færast úr 155 þús. upp í 185, tillaga að skattstofni. Hvers eiga t.d. Vestfirðingar að gjalda þegar slík tillaga kemur frá þingmanni þeirra? Það var eins og um árið að haft var eftir Jóni Hreggviðssyni: „Vont er þeirra ranglæti en verra er þeirra réttlæti.“ Ég held að margir hugsi þannig við lestur þessa.

En það er ekki rétt sem talsmennirnir hafa sagt að þetta sé stórt mál. Þetta er lítið mál vegna þess að ef okkur tekst að búa til nýja peninga í þessu þjóðfélagi, þá er það aðalatriðið. Aukaatriðið er og það er sjálfsagt að ræða það, hvað við ætlum að gera við nýja peninga.

Í þessu plaggi er því haldið fram að fiskveiðistjórnunin á Íslandi sé að skila gríðarlegum árangri, að vísu ekki alveg núna en mjög væntanlega, bara á morgun að mér skilst, svo miklum arði að hann geti fljótlega numið milljörðum og aftur milljörðum. Ég dreg hins vegar mjög í efa að við séum að ná árangri. Mér er það til efs. Ég vil benda á að við notum tvenns konar aðferðir við það. Við notum líffræðilega stjórnun og ráðgjöf sem því miður hefur ekki skilað okkur nokkrum sköpuðum hlut. Við erum enn þá að hjakka í sama farinu og fyrir 12–13 árum. Einhver kann að trúa því að það sé betri tíð fram undan. Við skulum vona að svo sé. En það er fullkomin ástæða til að efast um hana og spyrja þeirrar spurningar: Eru ekki aðrar leiðir þá til? Ber ekki að athuga það?

Ég efast líka um að aflamarkskerfið sem við höfum rekið núna lengi sé raunverulega að búa til nýjan fiskveiðiarð. Það er ómögulegt á þessum stutta tíma að fara nákvæmlega ofan í það. Ég gæti viðurkennt að það eru líkur sem benda til þess að svo sé í uppsjávarfiskveiðunum. Það gæti verið. En mér er mjög til efs að svo sé í hinum botnlægu tegundum.

Ég hef gagnrýnt núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi fyrst og fremst af einni ástæðu, þ.e. þeirri að það er sóun í henni, svo mikil sóun að ég hef trú á því að það geti ekki staðist. Svo koma menn úr öllum flokkum og segjast vera fylgjandi aflamarkskerfinu en það eigi bara að afnema gallana. Og hverjir eru gallarnir? Spillingin, segja þeir, braskið og svínaríið. Og hvað er þetta nú? Jú, það er framsalið, það er framsalið á aflaheimildunum sem orsakar spillinguna, braskið og svínaríið. Þegar þeir eru búnir að afnema það, þá verði þetta bara fínt. En þetta er nákvæmlega það sama og að segja: Ég er mjög hlynntur því að við höfum flugvélar, bara ekki hafa á þeim vængi. Þetta kerfi án þess að hafa framsal fram og til baka gæti aldrei gengið eina einustu mínútu. Það kolfélli á stundinni. Menn verða að gera það upp við sig: Fylgja þeir þessu kerfi, þá með þeim göllum sem á því eru, eða eru þeir reiðubúnir til þess að fara í alvöru að skoða aðrar leiðir? Það er stóra málið því að það gæti orsakað að við fyndum nýja peninga sem okkur sárlega vantar.

[17:40]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði áðan um kórvillu en ég sé ekki betur en hann sé eins konar

kórvilla af Vestfjörðum því að það er aldeilis ekki rétt að þegar fiskveiðistjórnunarkerfið var sett á á sínum tíma, hafi það verið yfirlýst að það væri neyðarráðstöfun til eins árs. Það var greinargerð þáv. 1. þm. Vestf. fyrir atkvæði sínu. En það kom bara í ljós að hann hafði ekki rétt fyrir sér þannig að það kerfi sem hann hélt að ætti bara að standa í eitt ár, stóð heldur lengur.

Það er líka kórvilla af Vestfjörðum að halda því fram að við séum að búa til nýja peninga. Það eina sem sagt er í greinargerðinni er það mat færustu vísindamanna okkar, að ef stjórnkerfi fiskveiða geti skilað þeim árangri að þegar mest hagkvæmni verði af veiðunum, þá geti fiskveiðiarðurinn orðið þetta sem þar segir, 15–30 milljarðar kr. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í gagnrýni hans á fiskveiðistjórnunarkerfinu og er alveg opinn fyrir breytingum á því kerfi. Munurinn er bara sá að hann óskaði eftir því við sinn flokk, Sjálfstfl., að Sjálfstfl. féllist á að slík skoðun yrði gerð. Hann fékk svar við þeirri málaleitan sinni og svarið er nei. Hæstv. sjútvrh. segir eftir landsfundinn að Sjálfstfl. hafi aldrei verið jafneinlitur og afdráttarlaus kvótaflokkur og hann er eftir þennan landsfund. Það hefur því kannski líka verið kórvilla af Vestfjörðum, virðulegi forseti, að fara af stað með mál sem endaði svona skelfilega.

[17:42]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst þegar aflamarkskerfið var sett á var það sett til eins árs. Það stendur alveg klárt og það var sett sem neyðarráðstöfun og það var kynnt þannig alls staðar af þáv. hæstv. utanrrh. og öllum sem töluðu með því vegna þess að menn litu á skýrsluna sem þá lá fyrir hjá Hafrannsókn að við yrðum að ná aflanum niður í 200 þúsund tonn og menn vildu trúa því að það mætti ekki gera það með öðru móti en þessu.

Í öðru lagi kemur það mjög skýrt fram í þessari þingsályktunartillögu sem allir þingmenn jafnaðarmanna skrifa undir og eru flutningsmenn að, að þeir reikna með því að núverandi kerfi haldi áfram. Þeir ætla bara að bæta ofan á það nýjum skatti sem getur ekkert annað en íþyngt greininni. Hann getur aldrei búið til nýja peninga. Hann íþyngir greininni. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er flutningsmaður að þessu. Hann er flutningsmaður að því að íþyngja greininni. Að vísu segir hann ekkert um hvað eða hvernig, heldur um að íþyngja greininni um það sem þeir vilja og telja að sé hægt að gera á hverjum tíma.

Það kemur fram í þessari greinargerð og það hefur komið fram æ ofan í æ í málflutningi 1. flm. sem ég hef hlustað á nokkrum sinnum, að gjaldið gefi ný sóknarfæri, gjaldið sjálft gefi ný sóknarfæri fyrir greinina og sé ekki íþyngjandi fyrir greinina, alls ekki. Hann hefur margtekið það fram. Hann er hér meðal vor þannig að við getum rætt það.

[17:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sannleikurinn er sagna bestur og reynslan er sá dómur sem ekki verður áfrýjað. Þetta neyðarkerfi til eins árs eins og það var í huga hv. 1. þm. Vestf. þáverandi (**EOK:** Nei.) hefur nú staðið ansi lengi þannig að þeir sem töldu að þetta væri neyðarkerfi til eins árs hafa ekki getað komist út úr þeirri neyð og komast sennilega ekki út úr henni í bráð.

Í öðru lagi vísa ég til greinargerðarinnar með þessari þáltill. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Annars vegar er rætt um fiskveiðistjórnunarkerfið, t.d. hvort notað er aflamark eða sóknarmark ...“ o.s.frv. þannig að það er bókstaflega gert ráð fyrir því í greinargerð með tillögunni að stjórnunarkerfið geti komið til endurskoðunar, enda er það stjórnunarkerfi sem menn hafa hverju sinni og veiðigjaldið alveg tvö óskyld mál eins og hefur komið fram hjá okkur áður. Ég er jafnreiðubúinn að samþykkja veiðigjald í sóknarstýringarkerfi hv. þm. Einars Odds eins og í núverandi kvótakerfi Sjálfstfl. og Framsfl.

[17:45]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi liggur það fyrir í þessari greinargerð að hv. þm. er flutningsmaður að henni og þar er m.a. lagt til að sérstakt gjald verði lagt á þorsk ef það verður aukning í honum. Það er ein af tillögum mannanna.

Í öðru lagi er það höfuðnauðsyn að búa til peninga til þess að geta skipt þeim. Ég var í ræðu minni áðan að vekja athygli á því. Ég hafði efasemdir um að um nokkurn fiskveiðiarð væri að ræða, mjög miklar efasemdir, enda liggur það fyrir og það hafa margir sýnt fram á að aukist arðurinn í sjávarútvegi þá getur hann með margs konar á móti komið til þjóðarinnar. Ég er ekki í vafa um að ekki er til skýrara dæmi um þetta en einmitt arðurinn sem orðinn er núna í mjölvinnslunni eða í rækjuvinnslunni. Hann hefur orðið til þess að við höfum endurnýjað þessar iðngreinar stórkostlega og þær fjárfestingar munu standa undir lífskjörum morgundagsins.

[17:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. spurði hvort við værum tilbúin til að fara í að vinna að nýju kerfi, öðru kerfi, hvort við værum reiðubúin til að leggja vinnu í það og svarið er já. Það liggur þannig að því er varðar okkar flokk að við höfum sagt það fullum fetum að svarið er já við þeirri spurningu. Við viljum breyta þessu kerfi. Við teljum að það komi illa út m.a. gagnvart sjómönnum eins og um hefur verið talað, það komi illa út gagnvart fiskvinnslunni eins og um hefur verið talað. Það er talað um eignarréttarvandann í kringum þetta kerfi. Það er talað um spillingu. Það er talað um að einstakir aðilar maki krókinn og menn viðurkenna það í raun og veru allir að það jaðrar við uppreisn í landinu út af þessu kerfi. Fólk upplifir það sem ranglátt og vitlaust. Þess vegna er það augljóst mál að verulegur hugur er hjá þjóðinni í þá veru að breyta þessu kerfi í grundvallaratriðum.

Við höfum sagt: Við erum tilbúin til að afnema þetta framsalskerfi, og hv. þm. svarar því með nokkuð snjallri samlíkingu. Ég vil hins vegar segja að ég held að staðan sé þannig að ef við eigum að komast út úr þessum vanda sem nú blasir við, þá verðum við að taka á því hvernig við komumst út úr framsalskerfinu. Ég gæti séð það fyrir mér að við færum t.d. að einhverju leyti í það kerfi sem var verið að kynna í Noregi núna um síðustu helgi. Og það var nokkuð merkilegt að á sama tíma og landsfundur Sjálfstfl. stóð yfir var verið að kynna nýja úthlutun fiskveiðiheimilda í Noregi á allt öðrum forsendum en þeim sem við höfum kynnst. Því ekki að skoða það? Það mikilvæga við umræðuna í dag er að allir eru sammála um, allir, að kerfið er vont. Það hefur enginn verið hér úr halelújakór hæstv. sjútvrh. í umræðunum í dag til þessa þannig að svarið við spurningu hv. þm. er já af okkar hálfu.

[17:48]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði aflamarkskerfið ónýtt nema til að stjórna uppsjávarfiskum. Ég hrökk dálítið við þegar ég heyrði þetta þó það sé kannski ekki neitt nýtt að þetta sé skoðun hv. þm. enda hefur hann mælt fyrir sóknarstýringar- og flotakerfi sem hefur verið margreynt við Íslandsstrendur án mikils árangurs. Ég vildi bara koma því að að mér hefur alltaf fundist dálítið mikil þversögn í málflutningi hv. þingmanna sem vilja eitthvað allt öðruvísi kerfi en nú því á sama tíma og þeir eru að leggja til þetta sóknarstýringarkerfi leggja sömu þingmenn til að sóknarpottur sem var línutvöföldunarpotturinn yrði lagður inn í aflamarkskerfið. Ég áttaði mig aldrei á því hvers vegna það gat ekki gengið að hafa línupottinn sem var sóknarpottur ef það er besta leiðin til þess að stjórna veiðunum en þá væri bráðnauðsynlegt að slátra honum til að koma honum inn í aflamarkskerfið. Það var að mínu viti afskaplega merkileg niðurstaða sem ég hef rætt áður og vona að við getum rætt um síðar meir.

Ég er ekki alveg sammála því að kerfið muni hrynja ef framsalið verður tekið af. En ég er samt sammála þeirri meginstaðreynd að dínamíkin í þessu kerfi er framsalið þó svo að framsalið hafi ekki verið leyft í upphafi. Aflastýringarkerfið gekk alveg fyrstu árin án framsals, en þróunin eins og t.d. í átt til úthafsveiði og stækkunar skipaflotans til að mæta auknum kröfum byrjaði ekki að verulegu marki fyrr en framsalskerfið var leyft þannig að það þarf að mörgu að hyggja áður en við förum að afnema slíkt kerfi með öllu. Það er fyrst og fremst spurning um sjómennina og þátt þeirra í að kaupa aflaheimildir sem er kórrangt.

[17:51]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat þess áðan að ég hefði séð og heyrt rök um að líklega gæti aflamarkskerfið gagnvart uppsjávarfiskum leitt til aukins fiskveiðiarðs. Ég gat þess líka að mér væri mjög til efs að stjórnun veiða á botnlægum tegundum gæti nokkurn tíma náð árangri vegna þeirrar sóunar sem í kerfinu væri fólgin. Ég hélt að þetta væri nokkuð skýrt og það þyrfti ekkert að fara á milli mála hvað ég var að segja þarna.

Ég hef hins vegar lagt til og mun halda áfram að leggja það til vegna þess að þetta er ekki vandamál Íslands eða íslenskra veiða. Þetta er vandamál alls heimsins. Aflakerfið í fiskveiðum er vandamál alls heimsins. FAO lítur svo á að um 20 millj. tonna sé hent á ári vegna aflastýringar, 20 millj. tonna í sveltandi heimi. Þetta hlýtur að vera stórkostlegt vandamál.

Við hljótum að geta verið sammála um að það hlýtur að vera númer eitt að reyna að búa til þennan arð. Ég ætla ekkert að deila um það eða tala um það hvort hann geti orðið 10, 20 eða 30 milljarðar. Ég ætla ekkert að nefna neina tölu. Það hefur ekkert að segja. Það hlýtur að vera aðalatriðið að reyna að búa til arðinn fyrir þjóðina og fyrir framtíðina og það er ekkert sem okkur varðar eins mikið og að fá þennan arð, ná honum. Síðan er það kannski minna mál hvernig við ættum að skipta honum vegna þess að það liggur ekkert fyrir um (Gripið fram í.) að það þurfi endilega að vera á þann veg að arðurinn komist best til skila með því að láta ríkið hafa hann. (Gripið fram í.) Það er ekkert gefið mál að þannig verði því best komið fyrir, hjá ríkinu. Það er ekkert gefið mál en við skulum bara skoða það og ekki afneita því. Hitt er aðalatriðið. Búum til nýja peninga.

Umræðu frestað.

Varðveisla ósnortinna víðerna, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

[17:54]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. nr. 27 er að finna 27. mál þessa þings um varðveislu ósnortinna víðerna. Tillöguna flytja auk mín hv. þingkonur Guðný Guðbjörnsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela umhvrh. að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhvrn., sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni og kortleggja þau svæði á Íslandi sem falla undir það. Engar framkvæmdir verði ákveðnar eða hafnar á miðhálendi landsins eða öðrum stórum óbyggðum svæðum fyrr en að þessu verki loknu og settar hafa verið reglur um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna landsins."

Þannig hljóðar þessi tillaga sem reyndar var lögð fram á síðasta þingi en of seint til þess að ráðrúm gæfist til að mæla fyrir henni og koma henni til nefndar. Tillagan er flutt núna óbreytt en með örlítið breyttri greinargerð.

Við völdum að hafa tillöguna óbreytta þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnun náttúruverndarmála. Menn kunna að telja eðlilegt að það verði Náttúruvernd ríkisins í stað Náttúruverndarráðs sem skipi einn fulltrúa í þennan starfshóp, en ég vísa því þá hér með til umfjöllunar og ákvörðunar viðkomandi þingnefndar.

Sem betur fer er sífellt vaxandi skilningur á mikilvægi umhverfisverndar og náttúruverndar og í greinargerð með tillögunni er vísað til orða Gunnars G. Schrams prófessors sem hann viðhefur í formála bókar sinnar, Umhverfisréttur. Verndun náttúru Íslands, sem út kom á síðasta ári og er gefin út af háskólaútgáfunni og Landvernd. Þessi orð hljóða svo, með leyfi forseta:

„Náttúra Íslands er ein mikilvægasta auðlind og gersemi þjóðarinnar. Því skiptir miklu að við nýtum hana og verndum af framsýni og fyrirhyggju í þágu þeirra kynslóða sem erfa munu landið.

Það er eitt af mikilvægustu verkefnum nútíðar og framtíðar að vernda landið og lífríki þess gegn mengun og öðrum umhverfisspjöllum. Flestum er nú ljósara en áður hve mikils virði þau lífsgæði eru sem felast í óspilltu umhverfi, hreinu lofti, tæru vatni og óheftum samvistum við náttúruna í hennar margbreytilegu mynd."

Þessi orð mega teljast dæmigerð fyrir þau viðhorf sem góðu heilli njóta vaxandi skilnings og fylgis meðal þjóðarinnar. Æ fleirum mun nú orðið ljóst að í óspilltri náttúru Íslands felst gífurleg eign íslensku þjóðarinnar, mesta eignin ásamt auðlindum hafsins og er ekki auðvelt að meta hver eignin er verðmeiri eins og komist var að orði í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 14. janúar sl. Þar var eindregið hvatt til víðtækra, stefnumarkandi umræðna á Alþingi og meðal

almennings um það hvernig standa beri að verndun öræfa og óbyggða á næstu árum og áratugum.

Sú umræða hefur vissulega verið nokkur á undanförnum vikum og mánuðum og m.a. efndu Ferðamálaráð Íslands og Skipulag ríkisins til ráðstefnu um þessi efni í mars sl. þar sem fjallað var fyrst og fremst um nýtingu hálendisins með tilliti til ferðaþjónustu. Frummælendur og þátttakendur á ráðstefnunni virtust á einu máli um mikilvægi þeirrar auðlindar sem miðhálendið er en höfðu mismunandi hugmyndir um hversu langt mætti ganga til að greiða för um það og til að njóta þess sem þar er að finna. Sumir vildu markvissa uppbyggingu og betri vegi á hálendinu, en aðrir töldu vonda vegi hálendinu beinlínis til tekna. Ýmsir urðu til að minna á ályktun sem samþykkt var á fjölmennri ferðamálaráðstefnu Ferðamálaráðs árið 1991 þess efnis að nauðsynlegt væri að setja miðhálendi Íslands undir eina skipulagsstjórn og að svæðið yrði skýrt afmarkað og skilgreint og ferðamálaráðstefnan ályktaði að stefna bæri að því að gera hálendið allt að einum þjóðgarði.

Um þessar mundir vinnur samvinnunefnd héraðsnefnda að svæðisskipulagi fyrir miðhálendi Íslands og er starf nefndarinnar vel á veg komið. Hún hefur kynnt starf sitt og hugmyndir víða á undanförnum vikum og stefnir að skilum fyrir árslok. Í umfjöllun nefndarinnar hefur hugtakið ósnortið víðerni komið nokkuð til umræðu og verið notað, en þegar leitað hefur verið eftir kemur í ljós að skilgreining á þessu hugtaki er ekki fyrir hendi. Þó er víða farið að nota þetta hugtak, víðar en hjá þessari nefnd og í umfjöllun um hennar starf. Sem dæmi má nefna að fjallað er í nokkrum orðum um óbyggð víðerni í drögum að framkvæmdaáætlun til aldamóta um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi. Þetta eru drög sem mér bárust fyrir örfáum dögum, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Óbyggð víðerni eru varla til lengur í Evrópu nema sums staðar á Norðurlöndunum, þar á meðal Íslandi. Líta má á þau sem auðlind þar sem stór hluti ferðamanna sem heimsækir landið kemur hingað til að sjá óbyggir og ósnortna náttúru. Með mannvirkjagerð á hálendinu og annars staðar í óbyggðum er gengið á þessa auðlind. Þetta ber að hafa í huga við framkvæmdir á óbyggðum stöðum jafnvel þó að þær séu ekki taldar skaða merkar náttúruminjar eða viðkvæm vistkerfi. Þar sem ákveðið er að ráðast í mannvirkjagerð á slíkum svæðum þarf að gæta þess að sem minnst rask og sjónmengun hljótist af."

Þetta styður á vissan hátt efni þeirrar tillögu sem hér er mælt fyrir. Hins vegar er ekki gott að mínu mati að nota þetta hugtak án þess að skýrt sé við hvað er átt. Vissulega felst í orðinu sjálfu að átt er við allstórt landsvæði sem maðurinn hefur ekki sett mark sitt á en hversu stórt svæði er átt við og hversu langt við viljum ganga í því að útiloka mannleg ummerki, um það hefur engin raunveruleg umræða átt sér stað. Hugtakið ósnortið víðerni þarf að skilgreina og er brýnt að skilgreina. Í því efni má leita til annarra þjóða að fyrirmyndum, t.d. til Norðmanna. Þeir hafa sett sér ákveðnar viðmiðanir og reglur um ósnortið víðerni sem þeir kalla „villmark" og hafa þegar kortlagt svæði sem falla undir þær viðmiðanir. Þeir eru núna að vinna að nánari úttekt á þessum svæðum og kortleggja þau enn frekar. Slík svæði verða að vera í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum á borð við uppbyggða vegi, járnbrautir, orkuver og raflínur. Miðað við þá skilgreiningu geta aðeins um 12% landsins talist til ósnortinna víðerna og varð mörgum Norðmanninum hverft við þær upplýsingar í lok síðasta árs. Þeir höfðu talið sig ríkari af þeirri auðlind en raun er orðin og mætti það verða okkur til varnaðar.

Þá má sækja fyrirmyndir til Bandaríkjamanna sem hafa verið brautryðjendur í svæðisbundinni náttúruvernd. Þeir hafa víða tekið frá svæði sem flokkast undir ósnortið víðerni eða „wilderness" eins og þeir kalla slík verndarsvæði. Þessi svæði eru orðin yfir 500 talsins og eru vernduð með lögum þannig að í hvert sinn sem ætlunin er að hrófla við einhverju þarf umræðu um málið á þingi. Eftirfarandi skilgreining á „wilderness" er frá árinu 1964 og ég vil gjarnan lýsa hér eftir því sem ég hef reynt að þýða það, með leyfi forseta:

„Ósnortið víðerni, öndvert við land sem mótast af umsvifum mannsins, er hér með skilgreint sem landsvæði þar sem landið og lífríki þess er upprunalegt og maðurinn kemur þar aðeins sem gestur. Ósnortið víðerni er frekar skilgreint í þessum kafla sem landsvæði í eigu Alríkisstjórnarinnar, svæði með sínum upprunalegu einkennum og áhrifum og án varanlegra breytinga af völdum manna eða mannlegrar búsetu, svæðið nýtur verndar og stjórn þess miðar að því að vernda náttúrulegar aðstæður þess. Það á:

1. í meginatriðum að bera svip af náttúruöflunum einum saman og mannleg ummerki að vera tæpast merkjanleg;

2. að fela í sér einstaka möguleika til einveru eða frumstæðrar eða óhindraðrar afþreyingar;

3. að vera hið minnsta fimm þúsund ekrur (um 2.000 hektarar) eða nægilega stórt til þess að framkvæmanlegt sé að vernda það og nýta í óbreyttri mynd;

4. að búa einnig gjarna yfir vistfræðilegri eða jarðfræðilegri sérstöðu eða öðrum einkennum sem gefa því vísindalegt gildi, fræðslugildi eða gildi sem felast í landslagi eða sögu svæðisins."

Löggjöf og reynsla Bandaríkjamanna gæti reynst notadrjúg við það starf sem nauðsynlegt er til þess að marka stefnu um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna hér á landi þótt vafalaust tækjum við á einhvern hátt öðruvísi á málum með tilliti til aðstæðna hér á landi.

Herra forseti. Um allan heim hefur maðurinn breytt landi og náttúru í sína þágu eftir þörfum og vexti og til skamms tíma óvitandi og áhyggjulaus um afleiðingar gerða sinna. Óbætanlegt tjón hefur verið unnið á umhverfi og náttúru og víða er svo komið að ósnortið land og villt náttúra telst fágætur munaður. Í mörgum löndum er nú unnið að verndun slíkra svæða og víst er að möguleikar Íslendinga í þeim efnum eru ýmsum öfundarefni. Það vakti t.d. athygli mína að ekki færri en tvær greinar eða viðtöl voru í síðasta sunnudagsblaði Morgunblaðsins þar sem erlendir ferðamenn lýstu reynslu sinni af ferðalögum um landið og eins og oftast er í viðtölum af þessu tagi, sem eru sannarlega ekki neitt einsdæmi, var ljóst að einstæð náttúra landsins dró þá hingað, náttúran, víðáttan og fámennið. Sérstaða Íslands felst m.a. í því hve strjálbýlt landið er og stórir hlutar þess enn óbyggðir og lausir við mannvirki og rask. Í þeim svæðum felast möguleikar sem flestar aðrar þjóðir hafa alls ekki og geta aldrei öðlast. Íslendingar hafa enn tækifæri sem engin önnur þjóð í Evrópu hefur og þótt víðar væri leitað. Á Íslandi er enn hægt að taka frá stórar víðáttur, náttúrulegar heildir og varðveita þær þannig að komandi kynslóðir fái notið þeirra, geti leitað sér þangað lífsfyllingar og þekkingar.

Það er nauðsynlegt að skilgreina hvað átt er við með hugtakinu „ósnortið víerni" og gera sér grein fyrir hvaða svæði geta fallið undir slíka skilgreiningu. Að svo búnu þarf að

vinna nánari úttekt á þeim svæðum og setja ákveðnar reglur um varðveislu þeirra og umgengni um þau. Þetta verkefni er nauðsynleg viðbót við það skipulagsstarf sem nú er unnið að og fyrr er getið. Tillagan hefur það markmið að efla umræðu um þessi mál og tryggja nauðsynlegan undirbúning fyrir stefnumótun, um verndun og nýtingu ósnortinna víðerna landsins.

Herra forseti. Hér á undan lauk reyndar ekki umræðu sem þegar er orðin löng og mikil um eina af auðlindum þjóðar okkar, þ.e. fiskstofnana í hafinu umhverfis okkur. Sú tillaga sem ég mæli fyrir er um verndun og ráðstöfun annarrar mikilvægrar auðlindar okkar. Þessi tillaga hefur þegar vakið talsverða athygli og ýmsir komið að máli við mig um efni hennar, bæði ýmsir hv. þingmenn og einstaklingar utan þings, jafnvel aðilar erlendis sem kom mér reyndar sannarlega á óvart þar sem ég hef gert lítið af því sjálf að koma henni á framfæri og allra síst erlendis. En lengi má koma á óvart. Vegna þess mikla áhuga sem ég hef fundið á þessu máli eru viss vonbrigði að þurfa að mæla fyrir því hér við þessar aðstæður þegar klukkan er farin að ganga sjö og fundasetuþol þingmanna á þrotum og þar af leiðandi fáir viðstaddir af þeim sem e.t.v. hefðu viljað leggja orð í belg. Ég hef reyndar ekki trú á því að tillagan mæti andstöðu. Þá staðreynd að ég stend hér og læt bjóða mér þessar aðstæður má kannski flokka undir þingeyska þrjósku en hún stafar einnig stafar af einlægum áhuga mínum á því að koma tillögunni sem fyrst til nefndar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni umræðunni sé tillögunni vísað til síðari umr. og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–11. mál.

Fundi slitið kl. 18:09.

---

9. FUNDUR

miðvikudaginn 16. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Höfundalög, stjfrv., 62. mál, þskj. 62. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, stjtill., 54. mál, þskj. 54. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Varðveisla ósnortinna víðerna, þáltill., 27. mál, þskj. 27. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Þingsköp Alþingis, frv., 21. mál, þskj. 21. — 1. umr.
5. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
6. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
7. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Brunatryggingar, 75. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 75.
Iðnaðarlög, 76. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 76.
Opinber fjölskyldustefna, 72. mál, stjtill. (félmrh.), þskj. 72.

Höfundalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 62. mál (EES-reglur). — Þskj. 62.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, frh. fyrri umr.

Stjtill., 54. mál. — Þskj. 54.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Varðveisla ósnortinna víðerna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 21. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 21.

[13:37]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem ég flyt ásamt hv.

þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, Ágústi Einarssyni, Össuri Skarphéðinssyni og Ástu R. Jóhannesdóttur.

Með þessu frv. er lagt til að nefndum þingsins verði falið mjög víðtækt vald til að hafa frumkvæði að því að taka upp mál og sérstaklega áréttað í frumvarpsgreininni í því sambandi. Málið varðar framkvæmd laga og reglugerða, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varðar. Ef nefnd telur ríkar ástæður til getur hún átt frumkvæði að því að efna til sérstakrar rannsóknar um þessi mál sem fram fari fyrir opnum tjöldum. Auk þess eru í frv. mjög afdráttarlaus ákvæði um að nefnd geti heimtað skýrslur af embættismönnum, einstökum mönnum og lögaðilum.

Vissulega er óumdeilt að Alþingi hefur eftirlitshlutverki að gegna með framkvæmdarvaldinu sem segja má að áréttað sé og undirstrikað með lögum um umboðsmann Alþingis. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þótt eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu komi fram með ýmsum hætti í störfum þingsins, m.a. í fyrirspurnum til ráðherra, beiðnum um skýrslur um ýmis mál, er það að mati margra langt frá því að vera nægilega virkt eða markvisst. Veikleiki löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, bæði varðandi lagasetninguna sjálfa, aukið framsal á valdi þingsins t.d. með reglugerðarákvæðum og síðan ómarkvisst eftirlit með framkvæmdarvaldinu, hefur orðið æ meira áberandi á undanförnum árum. Margir líta svo á að löggjafarvaldið sé að verða meira og meira framkvæmdarvaldsþing, stimpilpúði fyrir framkvæmdarvaldið er það stundum kallað. Þessi þróun er hættuleg og reyndar mjög alvarleg fyrir lýðræðið í landinu og telja má að þingræðið sé í hættu vegna þessa. Víst er líka að þessi þróun gengur gegn því sem haldið er fram í íslenskum stjórnskipunarrétti að Alþingi fari með veigamesta þátt ríkisvaldsins, sé valdamesta stofnun þjóðfélagsins og meginstoð stjórnskipunar. Ástæða er til að rifja upp af þessu tilefni ummæli forseta Íslands nú við þingsetningu Alþingis þar sem hann fór nokkrum orðum um nauðsyn þess að styrkja starfsnefndir þingsins og veita þjóðinni áheyrnarrétt að umræðum um mikilvæg mál. Orðrétt sagði forseti Íslands, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi hafa þjóðþing víða stigið skref í þá átt að styrkja starfsnefndir þingsins og efla getu þeirra til að vega og meta kröfur og álit ólíkra hagsmunaafla. Að nokkru hefur hér á landi á síðustu árum verið haldið inn á þessar brautir og er það vel. En vissulega kæmi til greina að veita þjóðinni allri einnig áheyrnarrétt að umræðum um mikilvægustu efnisþætti á vettvangi nefnda þingsins líkt og gert er víða í erlendum þjóðþingum."

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé tímabær hvatning frá forseta Íslands. Ég held að við þurfum að skoða alvarlega hvort vægi starfa þingnefnda eigi ekki að vera meira í störfum þingsins en nú og að þingnefndir fái meiri tíma af störfum þingsins en nú er.

Mætti vel hugsa sér að reyna að skapa þeim rýmri tíma og nefni ég í því sambandi í fyrsta lagi varðandi endurflutning á eldri málum að þær gangi umræðulaust til nefnda til að skapa nefndunum rýmri tíma til mikilvægra starfa sinna.

Herra forseti. Á umliðnum árum hafa orðið ýmsar breytingar á störfum þingsins og margt verið gert til þess að auðvelda þingmönnum störf sín og gera störf þeirra skilvirkari. Þar má nefna breytta deildaskiptingu Alþingis þannig að nú starfar Alþingi í einni málstofu, breytingar á formi umræðu til þess að gera þær skilvirkari og líflegri og breytingar á starfsaðstöðu þingmanna í nefndastörfum þar sem sérstök nefndadeild og starfsmenn hennar eru nefndum til aðstoðar við meðferð og úrlausn mála svo nefndar séu þrjár þýðingarmiklar breytingar á störfum þingisins. Allt er þetta til mikilla bóta og til þess fallið að greiða fyrir þingstörfum og gera þau skilvirkari.

Árið 1991 var gerð viðamikil breyting á þingskapalögum, m.a. varðandi störf og starfshætti nefnda. Meðal annars kom þá inn sú breyting sem hér er gerð tillaga um að verði breytt. Núgildandi ákvæði, sem er að finna í 26. gr. þingskapa, kveður á um að heimilt sé nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar og að um slík mál geti nefnd gefið þinginu skýrslu. Í skýringum með frv. á árinu 1991 kemur fram hver hugsunin að baki þessu ákvæði var og hvernig ætlast var til að því yrði beitt. En í skýringum kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Hér er m.a. haft í huga að nefnd geti, þegar þing er ekki að störfum að sumri, unnið að athugun tiltekinna mála sem gæti verið vísir að eftirliti fagnefndar með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar."

Þó réttur nefnda til að taka upp mál að eigin frumkvæði komi ótvírætt fram í 26. gr. þingskapa er ákvæðið um margt óljóst og hvernig hægt er að beita því. Ljóst er að valdsvið þingnefndanna er mun umfangsmeira samkvæmt því frv. sem hér er lagt til og um leið líklegra til að verða mun virkara og hvetja meira þingnefndir til að sinna eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu en ætlað var samkvæmt núgildandi ákvæði.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. eru stjfrv. að stærstum hluta samin af embættismönnum ráðuneyta eða sérfræðingum sem framkvæmdarvaldið kallar til. Þessir sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndar sem fjallar um málið sem þeir hafa samið og sitja þeir gjarnan yfir nefndinni við meðferð málsins.

Frumkvæði í lagasetningu hefur því smátt og smátt færst frá löggjafarvaldi til framkvæmdarvaldsins því að stærstum hluta eru það einungis frumvörp ríkisstjórna sem ná fram að ganga. Allt of mikið er líka um að löggjafarvaldið framselji vald sitt til framkvæmdarvaldsins með heimild til setningar reglugerðar án þess að Alþingi eða þingnefndir hafi nægjanlegt eftirlit með framkvæmdinni.

Ég tel að bæði innan og utan þings séu menn sammála um að skerpa þurfi skilin milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvalds og nauðsynlegt sé að leita leiða til að Alþingi verði virkara í því að sinna eftirlitsskyldu sinni gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það sést m.a. á ýmsum þingmálum sem hér hafa verið flutt. Má þar nefna að ráðherra afsali sér þingmennsku, afnema heimild til setningar bráðabirgðalaga, endurskoða ákvæði um þingrofsrétt o.s.frv. Í umræðum nú í þessari viku um aukinn rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu kom einmitt fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, og ég tel að þurfi að skoða, að það hlýtur að vera óeðlilegt að það sé forsrh. sem kalli saman þing og slíti því. Nefni ég hér nokkur dæmi sem sýna að þingmenn telja að skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þurfi að skerpa meira.

Síðan er nefnd hér sú leið fela fastanefnum þingsins mjög víðtækt umboð og rannsóknarvald í einstökum málum umfram það sem þær hafa nú þegar í 26. gr. þingskapa. Nefna má í því sambandi að mál svipað að efni til lagði Vilmundur Gylfason fyrir Alþingi árið 1981 en það náði ekki fram að ganga.

Segja má að efni og innihald þessa frv. um breytingar á þingsköpum sé að mörgu leyti svipað og 39. gr. stjórnarskrárinnar en þar er kveðið á um að Alþingi geti skipað nefndir til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varðar.

Þetta ákvæði sem hér er mælt fyrir gengur þó lengra, m.a. vegna heimildar um að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum. Ákvæði stjórnarskrár um þetta efni hefur þó reynst æðiþungt í vöfum. Eftir því sem ég kemst næst hefur slík tillaga einu sinni náð fram að ganga en það var á miðjum sjötta áratugnum þegar samþykkt var skipan nefndar á grundvelli 39. gr. stjórnarskrár til að rannsaka okur. Aðeins einu sinni hefur þetta ákvæði stjórnarskrár því verið virkt og Alþingi samþykkt að því skuli beitt þó að mörgum sinnum hafi verið látið reyna á það með þingmannamálum að fá slíka heimild á Alþingi vegna ýmissa mála sem þingmenn töldu að kölluðu á sérstaka rannsókn. Mér telst svo til að frá árunum 1960–1986 hafi með vísan í 39. gr. stjórnarskrár á þriðja tug þingmála verið lögð fram þar sem látið var reyna á þetta ákvæði stjórnarskrár en aðeins eitt af þeim málum náði fram að ganga. Ég tel ástæðu til að fara yfir um hvað þau mál hafa snúist þar sem þingmenn hafa viljað láta reyna á þetta ákvæði stjórnarskrár um sérstakt rannsóknarvald þingnefnda sem sýnir okkur að þingmenn hafi talið brýnt að slík ákvæði séu til staðar.

Í fyrsta lagi er um að ræða till. til þál. með vísan í 39. gr. stjórnarskrár til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins. Tillaga um að rannsaka vissar fjárreiður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fleiri atvinnurekenda. Tillaga um rannsókn á viðskiptum fjmrn. við Axel Kristjánsson og Ásfjall hf. Tillaga um rannsókn á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana sem kaupa verðbréf. Tillaga um skipan rannsóknarnefndar til rannsóknar á ásökun um trúnaðarbrot utanríkismálanefndarmanna. Um skipan rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík. Tillaga um skipan rannsóknarnefndar til að rannsaka álmálið. Um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar. Um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar. Um rannsókn á verðhækkunum. Um rannsókn vegna Landhelgisgæslu. Um skipan sérstakrar þingnefndar til þess að kanna gang og framkvæmd dómsmála. Um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar, erlend umsvif og stjórnmálaleg tengsl Sambands íslenskra samvinnufélaga og tengdra fyrirtækja með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja. Um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur, fjárfestingar og fargjalda- og farmgjaldaákvarðanir Flugleiða og Eimskipafélagsins með sérstöku tilliti til einokunaraðstöðu og markaðsdrottnunar þessara fyrirtækja. Um skipan rannsóknarnefndar til að rannsaka afskipti ráðherra og embættismanna af rekstri ólöglegra útvarpsstöðva. Um skipan rannsóknarnefndar til að rannsaka afskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands. Öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki og viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá.

Hér eru nefnd nokkur af þeim málum sem þingmenn hafa á umliðnum árum og áratugum talið að kölluðu á sérstaka rannsókn og þeir hafa nýtt sér ákvæði 39. gr. stjórnarskrár um sérstaka rannsóknarnefnd en Alþingi hefur ekki fallist á það nema í einu tilviki að slík rannsókn fari fram. Hefði ákvæði sem hér er mælt fyrir verið til staðar hefðu þingnefndirnar sjálfar getað haft frumkvæði að því að taka upp þessi mál og rannsaka án sérstaks atbeina eða samþykkis Alþingis.

Hin síðari ár eða frá 1986 get ég ekki fundið að það hafi verið látið reyna á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og vel má vera að á því séu skýringar. Mér dettur í hug að í fyrsta lagi telji þingmenn til lítils að láta reyna á ákvæðið miðað við reynslu og hversu þungt það er í vöfum. Í annan stað er það Ríkisendurskoðun og stjórnsýsluúttekt hennar á ýmsum stofnunum sem hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Það er ástæða til þess að geta þess að í greinargerðinni kemur eftirfarandi fram varðandi Ríkisendurskoðun:

„Í lögum nr. 12/1986, um ríkisendurskoðun, er kveðið á um að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en jafnframt er skýrt tekið fram í lögunum að ríkisendurskoðandi njóti sjálfstæðis í starfi sínu." Ástæða er til að undirstrika að frumvarpi þessu er að sjálfsögðu ekki ætlað að breyta neinu varðandi stöðu og sjálfstæði Ríkisendurskoðunar. Af þessu er ljóst, sem ég hef getið varðandi 39. gr. stjórnarskrár, ef eftirlitshlutverk Alþingis á að vera virkt og koma að tilætluðu gagni að þá eru ákvæði stjórnarskár hvergi nægjanleg. Þessi breyting frá ákvæði stjórnarskrárinnar felur bæði í sér víðtækara valdsvið nefnda en gert er ráð fyrir í stjórnarskrá. Einnig að þær geti starfað fyrir opnum tjöldum og ekki síst felur það í sér að fastanefndirnar sjálfar hafi frumkvæði hvenær sem þeim þykir ástæða til til að taka upp mál sem talið er að þurfi sérstakrar rannsóknar við án þess að heimild þurfi fyrst að fá frá Alþingi til þess sem sýnir að er svo þungt í vöfum að það er nánast óvirkt. Ég tel ekki vafa á að með ákvæðinu yrði eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu mun virkara en það er nú. Framkvæmdarvaldinu yrði sýnt mun meira aðhald sem er nauðsynlegt bæði með framkvæmd laga og reglugerða, þ.e. að rétt sé haldið á því valdi sem Alþingi framselur til framkvæmdarvaldsins sem út af fyrir sig er efni í sérstaka umræðu.

Við þekkjum það vel að æ meira færist í vöxt í lagasetningu að framselja vald, stundum á mjög umdeildum sviðum sem varða miklu fyrir almenning hvernig er útfært og framkvæmd með heimild löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins til setningu reglugerðar. Um þetta er sérstaklega getið í greinargerð með frv. og þar er einmitt sagt að búast megi við að þingnefndir kalli í auknum mæli eftir upplýsingum um setningu reglugerða áður en þær eru gefnar út, sérstaklega stærri reglugerða sem lúta ekki einungis að tæknilegum útfærslum, nái frv. þetta fram að ganga. Frv. varðandi þetta atriði tekur af allan vafa um það atriði þar sem unnt væri að binda lagaheimild til setningar reglugerðar að því skilyrði að samráð yrði haft við þingnefndir áður en reglugerð er gefin út.

Herra forseti. Ég sagði áðan að veikleiki löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu væri orðinn alvarlegt umhugsunarefni gagnvart lýðræðinu og þingræðinu í landinu. Því sterkari sem þingmeirihluti ríkisstjórnarinnar er því meira áberandi verða þessir veikleikar og vinnubrögð framkvæmdarvaldsins gagnvart þinginu eru líka oft mjög vafasöm og varla þinginu bjóðandi þegar framkvæmdarvaldið skammtar nánast löggjafarvaldinu lítinn sem engan tíma til að fjalla um stóra og mikla lagabálka sem oft gerist, ekki síst í tengslum við fjárlög. Þar fær þingið oft mál sem skipta sköpum um afkomu og tekjur fólks eins og stóra skattalagabálka eða ýmis stór mál sem snerta ríkisfjármál og framkvæmdarvaldið ætlar þinginu að keyra það í gegn, kannski á örfáum dögum. Við þessu þarf að bregðast miklu betur en nú er gert og beini ég því til forsætisnefndar þingsins að leita leiða til að koma í veg fyrir þessi vinnubrögð framkvæmdarvaldsins sem ég kalla

yfirgang og virðingarleysi framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafarvaldinu.

Við sem höfum verið ráðherrar berum auðvitað okkar ábyrgð á þessari þróun og undan því víkur ekki sú sem hér stendur. En það breytir því ekki að þetta er vandamál sem þarf að taka á, vandamál sem er til staðar og á því verður að taka af meiri festu en hingað til hefur verið gert þó að ýmislegt hafi verið gert af hálfu forsetadæmisins í þinginu til þess að bregðast við þessu. Við skulum líka viðurkenna að hinir lýðræðislega kjörnu fulltrúar á löggjafarsamkomunni, jafnvel þó þeir séu þingmenn í stjórnarliðinu, ráða litlu um gang mála eða þá löggjöf sem sett er á Alþingi. Því sterkari sem þingmeirihlutinn er því minna ráða hinir óbreyttu þingmenn stjórnarliðsins. Stjórnarfrumvörpin eru samin af embættismönnum ráðuneytanna sem sveigja þá oft veiklundaða ráðherra til fylgis við sjónarmið sín. Sömu embættismenn eru síðan iðulega ráðgjafar þingnefndanna sem fjalla um málið sem þeir hafa samið og sitja gjarnan mestan ef ekki allan feril málsins yfir þingnefndinni. Í vinnu við málið taka stjórnarliðar í þingnefndinni síðan iðulega engar breytingar gildar nema þær hafi verið blessaðar af viðkomandi ráðherra sem oftar en ekki hlítir þar ráðgjöf sömu embættismanna sem sömdu frv. Þingmannafrumvörp eru síðan sjaldan eða aldrei afgreidd nema ráðherra og framkvæmdarvaldið hafi samþykkt framgang þeirra. Þannig má ætla að 80–90% af löggjöf Íslendinga sé verk embættismanna stjórnkerfisins, bæði frumvarpssmíðin sjálf og breytingar sem gerðar eru í meðförum Alþingis en ekki þeirra sem kosnir eru til að setja landinu lög. Eftir því sem ríkisstjórnin hefur fleiri þingmenn á bak við sig virðist þingið verða meira framkvæmdarvaldsþing þar sem ríkisstjórnin ræður öllu sem þar er samþykkt. Stjórnarskrá lýðveldisins um þrígreiningu valdsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald færist æ meir í þá átt að verða stafurinn einn.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að þessi þróun gengur gegn þrígreiningu valdsins í íslensku þjóðfélagi og er orðin hættuleg lýðræðinu. Ég geri mér grein fyrir því að frumvarpið tekur ekki á þessu máli sem ég hef gert hér að umræðuefni. En við því væri hægt að bregðast með því að opna betur og meira en nú er gert aðgang þingmanna að sérfræðingum sem hægt væri að leita sérfræðiaðstoðar hjá við flókna frumvarpssmíð og að setja framkvæmdarvaldinu ákveðnari tímamörk varðandi framlagningu mála og að leita leiða til að koma í veg fyrir yfirgang og virðingarleysi þess gagnvart löggjafarsamkomunni. Ég er ekki að gera lítið úr því sem þegar hefur verið gert í málinu. Til dæmis varð gjörbreyting á starfsaðstöðu nefnda og þingmannanna í nefndadeildinni og starfsmönnum þingnefnda en það er alveg ljóst að það nægir ekki. Ekki síður væri hægt að snúast við þessari þróun með því að þingmannafrumvörp fengju aukið vægi í þinginu og eðlilegri málsmeðferð og umfjöllun í þingnefndum en þingmannafrumvörp mæta alltaf afgangi og fá sjaldnast þá málsmeðferð að um þau séu lýðræðislega greidd atkvæði á Alþingi. Málsmeðferðin er sú að framkvæmdarvaldið er látið ráða ferðinni og hvað það er sem afgreitt er héðan frá Alþingi því afgreiðslan er iðulega sú ef málin eru ekki svæfð í nefnd, sem algengast er, að þeim er vísað til skoðunar hjá framkvæmdarvaldinu, vísað til ríkisstjórnarinnar eins og það heitir á þingmáli. Spurningin er sú hvort ekki sé hægt að setja meiri ábyrgð á nefndirnar þannig að þeim bæri skylda til að afgreiða málin til endanlegrar afgreiðslu í þinginu í stað þess að svæfa þau og koma sér hjá að taka afstöðu til mála með því að vísa þeim til ríkisstjórnarinnar.

Ég nefndi áðan að til þess að þingnefndir fengju meira svigrúm til starfa sinna mætti skoða að ekki yrði mælt aftur fyrir máli við 1. umr. sem væri endurflutt heldur gengi það beint til nefndar og það mætti vel hugsa sér að setja starfsnefndum þann ramma að þau hefðu þá tvö þing til þess að afgreiða málin en bæri skylda til þess að afgreiða þau með einum eða öðrum hætti til þingsins. En það er allt of mikið um það varðandi hin almennu þingmál að þeim sé hreinlega vísað til ríkisstjórnarinnar ef þau eru á annað borð afgreidd.

Ég hvet til þess, virðulegi forseti, að þingmenn velti alvarlega fyrir sér þessari þróun og hvernig við er hægt að bregðast. Það er ekki síst skylda forsn. að skoða þetta sérstaklega og bregðast við og leggja fram tillögur og leiðir um hvernig hægt er að styrkja og skerpa skil löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þó þetta frv. sem hér er til umræðu taki ekki á því máli sem ég var að lýsa þá er frv. þó bein afleiðing þessarar þróunar og viðleitni til að Alþingi styrki sig gagnvart framkvæmdarvaldinu sem hefur tekið við því hlutverki sem haldið hefur verið fram í stjórnskipunarrétti að Alþingi hafi, þ.e. að vera valdamesta stofnun þjóðfélagsins. Þannig hefur framkvæmdarvaldið tekið við því hlutverki sem Alþingi á að hafa og er framkvæmdarvaldið orðið valdamesta apparatið í þjóðfélaginu og Alþingi hreinlega orðið peð á skákborði þess. Þessar aðstæður gera þingmönnum ókleift að gegna skyldum sínum og vinna í þágu almannahagsmuna, þjóna fólki og gætar réttar þeirra gagnvart framkvæmdarvaldinu í samræmi við það vald sem þeim er trúað fyrir. Þessu verður að breyta og okkur þingmönnum ber skylda til að leita leiða til að snúa þessari þróun við, þróun sem þingið á líka sök á og hefur tekið þátt í með því að sætta sig við að frumkvæði að lagasetningu og sífellt auknum reglugerðarheimildum færist í sífellt meira mæli yfir til framkvæmdarvaldsins.

Herra forseti. Ég vænti þess að þetta mál sem fyrst og fremst felur í sér að auka aðhald og eftirlit með framkvæmdarvaldinu og að styrkja stöðu Alþingis gagnvart því fái málefnalega umræðu á hv. Alþingi og að þingnefnd sú sem fær málið til umfjöllunar skoði málið af fullri alvöru og afgreiði það þannig að þinginu gefist kostur á að taka afstöðu til þess og afgreiða á yfirstandandi þingi.

Ég ítreka að ég held að mikill vilji sé fyrir því á Alþingi, og það kom berlega fram í umræðunum á mánudaginn þar sem fjallað var um aukinn rétt fólks til þjóðaratkvæðagreiðslu, að fullur vilji sé fyrir því hjá þingmönnum að leita leiða til þess að skerpa meira skilin milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og styrkja Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við sáum það t.d. á liðnu þingi, þó að þau mál fengju ekki mikla efnislega umfjöllun í nefnd, að ýmsar tillögur voru einmitt lagðar fram um breytingar á stjórnarskránni og stjórnskipunarlögum sem gengu í þá átt. Ég held að það sé nauðsynlegt að um þetta mál geti orðið ítarleg umræða á Alþingi og hvernig við skuli bregðast, bæði af forsætisnefnd og í þeirri nefnd sem fær þessi mál til umfjöllunar.

Ég legg að lokum til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn.

[14:01]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frv. við 1. umr. Í núgildandi þingskapalögum er nefnd heimilt að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið

vísar til hennar og getur gefið þinginu skýrslu um slík mál. Í fyrri málsgrein þessa frv. er bætt inn orðinu „rannsaka", ekki bara fjalla um heldur líka að rannsaka önnur mál og tekið nánar fram um hvers konar mál nefnd getur haft frumkvæði um umfjöllun og rannsókn.

2. mgr. frv. er hins vegar um það að halda slíka nefndarfundi fyrir opnum tjöldum, að krefjast gagna sem málið varða, heimta skýrslur eins og hv. 1. flm. hefur rakið. Þessar hugmyndir hafa svo sem áður komið fram á Alþingi en ekki hlotið samþykki. Mér sýnist sjálfsagt að ræða þessar hugmyndir nú í sambandi við afgreiðslu frv. Ég vil hins vegar taka fram að heildarendurskoðun þingskapa stendur nú yfir og hefur svo sem staðið yfir nokkuð lengi á vettvangi núverandi forsn. og þinflokksformanna og einnig á vettvangi forsn. og þingflokksformanna á síðari hluta síðasta kjörtímabils. Þetta frv. er auðvitað innlegg í þessa umræðu alla. Ég vara hins vegar við því að taka veigamikinn þátt um þingnefndir út úr og afgreiða hann núna. Það er ljóst að við endurskoðun þingskapa kemur til greina að breyta fjölmörgu sem lýtur að starfsháttum Alþingis og ekki síst fastanefnda þingsins og skynsamlegast er að allar slíkar breytingar verði afgreiddar samhliða.

Spurningin um valdsvið fastanefnda er vissulega eitt þeirra atriða sem þarf að ræða sérstaklega og er rætt einmitt við endurskoðun þingskapanna. Kjarni frv. er að efla eftirlit og aðhaldshlutverk þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þennan þátt í störfum þingsins má vissulega styrkja og ég tel raunar að ýmsar breytingar megi gera innan ramma núverandi þingskapalaga og að því höfum við verið að vinna. En það hafa verið skiptar skoðanir um það hversu mikið rannsóknarvald fastanefndir þingsins eigi að hafa. Hugmyndir frv. um að fastanefndir fái sjálfstætt rannsóknarvald í líkingu við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar um rannsóknarnefndir hafa oftar en einu sinni komið fram en aldrei náð fram að ganga einmitt vegna þess að um það hefur verið verulegur ágreiningur milli þingmanna. Einn angi af þessum ágreiningi sést í þeirri staðreynd sem hv. 1. flm. rakti, hversu sjaldan hefur verið samþykkt að stofna til rannsóknarnefnda á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar. Ef ég hef réttar upplýsingar, þá er það fimm sinnum sem slíkar nefndir hafa verið samþykktar og síðast árið 1956 eins og hv. 1. flm. nefndi. Ég held að þetta sýni að þingmenn hafa viljað fara mjög varlega í að setja á fót pólitískar rannsóknarnefndir. Um það snýst ágreiningurinn.

Það er mikilvægt að menn horfi ekki fram hjá þeirri staðreynd að fastanefndir þingsins hafa síðan 1991 haft til muna sterkari stöðu til að sinna eftirlitshlutverki sínu en áratugina þar á undan þó þær hafi ekki haft rannsóknarvald í anda 39. gr. stjórnarskrárinnar. Með þingskapalagabreytingunum 1991 var kveðið á um í 26. gr. þingskapa að fastanefndum væri heimilt að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til þeirra og að nefndirnar gætu jafnframt gefið þinginu skýrslu um niðurstöður þeirrar umfjöllunar.

Í grg. með þingskapalagafrv. 1991 kemur skýrt fram að þetta nýja vald þingnefnda sé hugsað sem vísir að eftirliti fagnefndar með þeim stofnunum framkvæmdarvaldsins sem heyra undir málefnasvið nefndarinnar. Það hefur í reynd færst í aukana að þingnefndir noti þennan rétt sinn samkvæmt 26. gr. Í auknum mæli hafa því önnur mál en þingmál verið á dagskrá þingnefnda. Á fundi nefndanna hafa mætt þeir aðilar sem nefnd hefur óskað eftir að gæfu upplýsingar.

Mér finnst vera spurning hvort ekki sé rétt að fastanefndirnar þrói frekar framkvæmd þessa tiltölulega unga ákvæðis í 26. gr. þingskapa áður en frekari breytingar verða gerðar með lagabreytingu á valdsviði nefndanna. En þetta þarf sjálfsagt að ræða.

Að öðru leyti vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að veigamiklar breytingar á starfsháttum nefndanna verði teknar með í heildarendurskoðun þingskapa.

Ég vil hins vegar gera athugasemd við það sem segir í grg. með frv. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing." Framkvæmdarvaldsþing. Við vitum að sjálfsögðu við hvað er átt þótt ekki sé það skýrt frekar út í greinargerðinni. Mér finnst þetta vera einhver klisja sem er ofnotuð nú í seinni tíð og ég held að hún eigi ekki við rök að styðjast. Mér finnst það vera rangt að klifa á því að þingið sé einhver samkoma sem setji bara stimpil sinn á mál sem ríkisstjórnin kemur með hverju sinni. Þetta heyrist allt of oft. Menn eru að tala um að ríkisstjórn hverju sinni ráði öllu í þinginu og það fari ekkert hér í gegn nema það sem ríkisstjórn á hverjum tíma er þóknanlegt. Ég lít á þetta sem ýkjur og ég vara við því að þingmenn séu að klifa á þessu sí og æ.

Ég hef setið nokkuð lengi á þingi og ég er alveg sannfærður um að það hefur orðið veruleg breyting á þessu nú á síðustu árum, veruleg breyting. Eins og hv. 1. flm. nefndi varð mjög veruleg breyting á allri vinnuaðstöðu nefndanna þegar nefndadeildin var sett á fót og sérstakt hæft starfsfólk ráðið til þess að vinna með þingnefndum. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði. Það varð grundvallarbreyting þá. Ég man þá tíð þegar ráðgjafar þingnefnda komu eingöngu úr ráðuneytunum, frá þeim sömu ráðuneytum og sendu frumvörpin til þingsins. Þetta er sem betur fer liðin tíð vegna þess að þingið hefur nú á að skipa hæfu starfsfólki til þess að sinna þessum störfum með þingnefndunum. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að það starf þarf enn að efla. Það er ég sannfærður um og raunar alla aðstöðu nefndanna. Ég bið menn bara um að rifja það upp með sjálfum sér hversu miklum breytingum ýmis stjórnarfrumvörp hafa tekið í meðförum þingsins og þarf ekki að fara nema til síðasta þings til þess að rifja það upp. Mörg hin veigamestu mál sem fyrir síðasta þing voru lögð tóku verulegum breytingum einmitt í meðförum Alþingis, í meðförum þingnefndanna sem þau voru send til. Og það er auðvitað viðfangsefni Alþingis að fara sem vandlegast yfir þau frv. sem því berast, hvort heldur um er að ræða stjórnarfrumvörp eða þingmannafrumvörp.

Ég held líka að það sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það eins og mér finnst koma fram líka í greinargerðinni, að verulegt frumkvæði í lagasetningu komi frá framkvæmdarvaldinu, að frumkvæðið sé að mestu hjá framkvæmdarvaldinu. Ég veit ekki hvort það er hægt að ætlast til þess af þingmönnum að þeir semji og útfæri í smáatriðum hina flóknustu lagasetningu. Vissulega leggja margir þingmenn vinnu í það að flytja mjög vönduð frv., það er gert. Og þau eiga vissulega skilið, ég vil segja, eðlilega meðferð á Alþingi. En til þess eru sérfræðingar framkvæmdarvaldsins, einmitt að undirbúa lagasetningu sem handhafar framkvæmdarvaldsins telja sig þurfa að fá í gegnum þingið. Það er síðan þingsins að fara sem vandlegast yfir það. Og þingmenn eiga auðvitað að hafa aðstöðu til þess að leggja pólitískt mat á frumvörpin og það

er þingmanna að ákveða hvort þessi frv. eiga að verða að lögum eða ekki og þá eftir atvikum með einhverjum breytingum. Vald þingsins felst einmitt í því að hafa lokaorðin *um hvert og eitt frv. sem til kasta þingsins kemur.*

Mér finnst heldur ekkert óeðlilegt við það að stærstur hluti samþykktra frumvarpa séu stjórnarfrumvörp. Yfirleitt eru þetta veigamestu frv. sem Alþingi fjallar um hverju sinni. Ég held að hlutur þingmanna sé nefnilega ekki eins lítill og menn vilja stundum vera láta. Hann er ekkert lítill. Mér telst til að á undanförnum árum hafi að jafnaði um það bil 15% allra samþykktra frumvarpa verið þingmannamál og mér finnst það ekkert lítill hluti og engin ástæða til þess að gera minna úr því en efni standa til. Þetta vil ég taka alveg sérstaklega fram.

Hv. 1. flm. nefndi ýmis önnur atriði sem til bóta horfa í þingskapalögum og gætu orðið til þess að gera allt starf þingsins skilvirkara. *Ég ætla ekki að fara út í það hér og nú* vegna þess að það er út af fyrir sig ekki efni þessa frv. en er efni heildarendurskoðunarinnar sem stendur núna yfir. Eitt sem hv. 1. flm. nefndi var að nefndir fengju rýmri tíma til starfa. Ég tek undir það og er algerlega sammála því að það beri að leggja áherslu á að nefndir fái rýmri tíma til starfa. Og við gerum eina tilraun einmitt núna í starfsáætlun þingsins eins og hv. þingmenn hafa vonandi tekið eftir. Við gerum eina tilraun eimitt til þess að bæta úr þessu með því að hafa tvær vikur á þingtímanum eingöngu fyrir nefndastörf. Við leggjum líka áherslu á að það verði farið eftir þeirri ákvörðun í starfsáætluninni að reglulegu nefndastarfi ljúki um það bil hálfum mánuði áður en þingi skuli frestað í vor, *til þess einmitt að þingfundir verði ekki truflaðir síðustu 2–3* vikurnar af nefndastörfum eins og gerðist mjög áberandi á síðasta þingi. Við eigum að geta séð við þessu innan ramma núgildandi þingskapa.

Eitt sem hv. 1. flm. nefndi og ég vil líka taka undir að við þurfum að athuga mjög vel, var um endurflutning mála. Það höfum við einmitt rætt í sambandi við endurskoðun þingskapanna. Það hefur komið upp sú hugmynd að mál lifi alveg til loka kjörtímabils. Það er ein hugmynd sem er uppi. Ég hef efasemdir um að við eigum að stíga það stórt skref, en vil að við ræðum það mál alveg í botn. En það kemur vel til greina að endurflutt mál fái aðra meðferð, fari beint til nefndar eins og ég held að hv. þm. hafi nefnt. Við þekkjum það í þingsköpum annarra þjóðþinga, sumra hverra, að mál fara einmitt án nokkurrar umræðu til nefnda. Það er líka regla sem mér sýnist rétt að við ræðum, alla vega að möguleiki sé á því. Ef þingmaður sem flytur slíkt mál eða ráðherra óskar eftir því eigi að vera heimild til þess í þingsköpum. Það mundi spara mikinn tíma.

Það er dálítið merkilegt sem kemur í ljós þegar við athugum hvernig tíma þingsins var varið á síðasta þingi. 1. umr. máls tekur um það bil 40% af þingtímanum og þó eru þar takmarkanir á ræðutíma en ekki við 2. og 3. umr. Það segir dálitla sögu og það eru ekki síst ráðherrarnir sem taka upp mestan hluta þessa tíma þegar þeir eru að tala fyrir sínum málum. Þetta er eitt af mörgu sem auðvitað kemur til athugunar í þessu öllu saman.

Ég vil líka taka undir það með hv. þm. að þingmenn eiga í sjálfu sér ekki að una því þegar þeir hafa lagt mikla vinnu í frumvörp og talað fyrir þeim við 1. umr. og þeim er vísað til nefndar að ekkert gerist fyrr en alveg undir lok þingsins. Ég er ósáttur við það og tel ekkert ofverk þingnefndanna að taka þessi mál til afgreiðslu. Afgreiðsla er út af fyrir sig að koma með tillögu um að vísa frv. til ríkisstjórnar. Það er afgreiðsla út af fyrir sig en hún getur alveg eins komið á miðjum vetri eins og síðustu daga þingsins þannig að ég er sammála hv. þm. að menn eiga rétt á að fá afgreiðslu sinna mála jafnvel þó að það sé tillaga um að þeim skuli vísað til ríkisstjórnar eða þau skuli felld. Undir þetta tek ég.

Aðeins í lokin. Ég tel eitt af brýnustu verkefnunum í sambandi við störf þingnefndanna, fastanefnda þingsins, að þeim verði búin betri starfsaðstaða. Ég hef nefnt það áður og get ítrekað það hér. Sú aðstaða sem þeim flestum er búin er þinginu eiginlega til vansæmdar og er ég að tala þar um fundaaðstöðuna. Hún er nánast þannig að ekki er hægt að bjóða gestum til funda við þingnefndir. Forsætisnefndin hefur fullan hug á að reyna að bæta úr þessu en auðvitað er takmörkunum háð hvað hægt er að gera miðað við núverandi húsakost en það verður alla vega reynt.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Eins og ég sagði áðan er frv. auðvitað innlegg í þá umræðu sem á sér stað um heildarendurskoðun þingskapa.

[14:18]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni og forseta þingsins fyrir hans innlegg í málið sem ég tel mjög mikilvægt. Ég þakka einnig fyrir undirtektir hans við ýmislegt af því sem fram kom í mínu máli. Ég lít svo á að síðasti ræðumaður og forseti þingsins telji mjög mikilvægt að auka valdsvið fastanefnda þótt hann sé ef til vill ekki sammála þeirri leið sem lögð er til. Hann mótmælti henni alls ekki. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að þróa frekar *ákvæði 26. gr. og hugsanlega að þetta sé skoðað í samhengi* við heildarendurskoðun þingskapalaga. Allt er þetta gott og gilt en ég held þó að ákvæði 26. gr. sé mjög óljóst og óskýrt hvernig hægt er að beita því og það kemur alls ekki í staðinn fyrir 39. gr. stjórnarskrárinnar. Það er líka óskýrt að því leyti að einungis er heimild með vísan í 28. gr. að óska eftir skýrslum, munnlegum eða skriflegum. Ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar um það, sem hér er mælt fyrir, er miklu skýrar um að hægt sé að fá skýrslur og einnig, eins og forseti Íslands beindi til þingheims, að þingnefndir starfi fyrir opnum tjöldum varðandi ákveðin mál sem skipta miklu fyrir almannaheill. Allt þetta þarf að skoða en ég tel að ákvæði 26. gr. sé hvergi nægilegt.

Hv. síðasti ræðumaður nefndi *framkvæmdarvaldsþing*. Um það er hægt að hafa ítarlegt mál og fjallaði ég reyndar um það í framsögu minni áðan. Þetta er ekkert annað í mínum huga en framkvæmdarvaldsþing eins og framkvæmdarvaldið og ríkisstjórnin kemur fram gagnvart þinginu þó ég geti vel tekið undir að ýmislegt hafi breyst.

Ég vil líka nefna að nauðsynlegt er við endurskoðun þingskapalaga að ráðherrar geti yfir sumartímann svarað fyrirspurnum sem þingmenn telja nauðsynlegt að beina til þeirra meðan þing er ekki starfandi og jafnvel að hægt sé að leggja fyrir þá beiðni um skýrslu.

[14:21]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. *Meiningamunurinn* er alveg ljós og hefur alltaf verið. Hann er hvort eigi að fara inn á þá braut í ríkari mæli en stjórnarskrárákvæðið leyfir að skipa það sem ég leyfði mér að kalla pólitískar rannsóknarnefndir. Um það snýst ágreiningurinn. Það er sjálfsagt að ræða þetta eina ferðina enn og þetta frv. gefur tilefni til þess. Það munum við ræða.

Hv. þm. nefndi að ráðherrar ættu að geta svarað fyrirspurnum yfir sumartímann. Það er eitt sem við höfum einmitt rætt í sambandi við endurskoðun þingskapalaganna.

Ég læt svo í ljós vonbrigði með að hv. þm. skyldi ítreka þá skoðun sína að þetta væri framkvæmdarvaldsþing, eins og hv. þm. orðaði það. Mér þykir vont ef þingmenn fara að trúa þessu sjálfir. Þá trúir allur almenningur því um leið. Ég fullyrði að þetta hefur verið að breytast í þá átt að þingið lætur ekki segja sér fyrir verkum. Það á ekki að gera það. Það er hins vegar ekkert óeðlilegt við að sá meiri hluti sem ríkisstjórn á hverjum tíma styðst við sé frekar inni á því en á móti að afgreiða stjórnarfrumvörp. Hann fer í gegnum þau og við höfum skýr dæmi um hvernig stjórnarfrumvörpum hefur verið breytt. Ég vek líka athygli á að sjálfir ráðherrarnir taka þátt í þeim breytingum sem eiga sér stað í þinginu sjálfu.

[14:23]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki spurning um að sú sem hér stendur trúi að þetta sé framkvæmdarvaldsþing. Ég horfi bara á staðreyndir og reynsluna. Stjórnarfrumvörpum er ekki breytt í meðförum þingsins nema viðkomandi ráðherra blessi það. Nefndirnar geta sjaldnast haft sjálfstæða skoðun á hverju þurfi að breyta og ef það gengur gegn vilja ráðherrans er því yfirleitt ekki breytt. Sama gildir um þingmannafrumvörp. Eiginlega er borið undir ráðherrann hvort honum þóknist að samþykkja viðkomandi þingmál. Ég held að allir þingmenn þekki þessa meðferð á málum.

Ég nefndi einnig hve mikið embættismennirnir ráða ferðinni um löggjöf sem sett er. Ég hef orðið vitni að því í störfum mínum í þingnefndum að embættismaður sem semur frv. situr yfir þingnefndinni til loka, tekur niður það sem honum er þóknanlegt að verði breytt, afhendir formanni nefndarinnar og síðan er það lagt til af hálfu meiri hlutans. Ég hygg að margir þingmenn þekki það sem ég er að vitna til. Slík vinnubrögð tel ég vera hættuleg þingræðinu. Ég vil að forsætisnefnd og þingmenn skoði einmitt hvernig þessu er hægt að breyta.

[14:24]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Er nokkuð skrýtið þótt breyting á stjfrv. fari ekki í gegn nema ráðherra blessi það? Ég veit að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir þarf ekki að fara lengra en að líta í eigin barm frá sínum ráðherraferli. Ég býst við að ef þingið hefði viljað knýja í gegn einhverja breytingu á lagabálki, sem undir hennar ráðuneyti heyrði, hefði ráðherrann ekki viljað láta það yfir sig ganga. Við skulum ekki gera stórmál úr því þótt ráðherra hafi skoðun á máli sem heyrir undir hans ráðuneyti, þó það nú væri. Ég tók fram í máli mínu áðan að ráðherrar taka einmitt beinan þátt hér á Alþingi í að breyta frumvörpum sem hafa komið frá þeim sjálfum. Án þess að ég þekki kannski nægilega mikið til í kringum okkur — ég þekki þó dæmi þess í tilteknum þjóðþingum að slíkt mundi heyra til meiri háttar tíðinda ef stjfrv. væri breytt í þinginu — held ég að við séum einmitt mjög frjálslyndir hvað þetta varðar á okkar þingi og ég tel það okkur til sóma.

[14:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins segja fyrst í sambandi við orðaskiptin að undanförnu að ég er alveg sammála því að hrammur framkvæmdarvaldsins sést hérna býsna mikið. Ég ætla að rifja upp eitt atvik sem ég sé anda mínum nær. Það er þegar frv. um fjárreiður ríkissjóðs var alveg að verða að lögum í vor og búið að fara í gegnum tvær umræður og vera í meðferð á Alþingi í mörg kjörtímabil. Upphaflega var það mjög slæmt frv. að mínu mati en það kemur ekki þessu máli við. Því var svo breytt smátt og smátt og að lokum var þetta alveg sæmilegt plagg. Staðan er þannig núna að allir þingmenn eru í raun sammála frv. eins og það leit út í fyrra nema einn, tel ég vera. Hann situr yfirleitt þarna, hæstv. fjmrh. Málið var stoppað og ég tel að hinn kaldi hrammur framkvæmdarvaldsins hafi stoppað málið og tekið þannig fram fyrir hendurnar á þingræðinu. Ég held að nauðsynlegt sé fyrir okkur að horfast í augu við það þó hitt sé alveg rétt hjá hæstv. forseta Alþingis að þessir hlutir hafa lagast og breyst talsvert mikið. Nefndirnar verða stöðugt sjálfstæðari. Stjórnarþingmennirnir verða stöðugt sjálfstæðari sem er mikilvægt að hafa í huga. Það er þrátt fyrir allt þannig. Ég tala nú ekki um stjórnarandstöðuþingmennina sem verða sjálfstæðir líka. En stjórnarþingmennirnir leyfa sér af og til að hafa skoðun á einu og einu máli sem er mikil framför.

Ég held að ógæfa okkar liggi annars vegar í því að framkvæmdarvaldið hafi enn þá allt of sterka stöðu og við þurfum að hugsa hvernig á að bæta úr. Staða þingsins hefur ekki lagast eftir að við urðum aðilar að Evrópusambandsferlinu, þessari EES-rennibraut. Ég man ekki hvað komu mörg frumvörp inn í fyrra sem við urðum bara að stimpla. Það er þannig og við viðurkennum öll að það sé þannig. Það er veruleiki sem er óþægilegur fyrir Alþingi að horfast í augu við — að þurfa að taka svona mál annars staðar að án þess að frumkvæðið verði til í þessari stofnun. Þeir sem studdu EES-aðildina á sínum tíma hafa verið fáorðir um það af einhverjum ástæðum. Mér finnst það skrýtið. Mér finnst að þeir eigi að taka þátt í að ræða málið og horfast í augu við þennan vanda. (**KÁ:** Formaður Sjálfstfl. ...) Reyndar er það maður sem ræðir mjög margt á landsfundi en þeim mun minna úr þessum ræðustól eins og kunnugt er.

Vandi þessa þings, Alþingis Íslendinga, t.d. í samanburði við þingin á Norðurlöndum, er augljós. Hann er sá að hér er hefð fyrir meirihlutastjórnum eingöngu. Á Norðurlöndum hafa tíðkast minnihlutastjórnir þar sem stjórnirnar hafa orðið að semja sig í gegnum alls konar mál út og suður. Ég segi fullum fetum að þar af leiðandi, t.d. í danska þinginu, er virkara lýðræði eða þingræði heldur en hér. Það er þannig. Ef við lítum yfir sögu norska þingsins og hvernig núverandi stjórn Noregs hefur komið málum þar í gegnum þingið hefur hún gert það með samningum í báðar áttir eða allar áttir eftir atvikum og hefur því verið háðari þinginu heldur en meirihlutavaldið er t.d. í þessari stofnun. Það er mjög þung hefð fyrir valdi meiri hlutans hér í þinginu og hún er mjög erfið. Hún er erfið fyrir þingmennina, fyrir forsætisnefndina, fyrir forseta Alþingis og hún er erfið í raun og veru fyrir alla aðila. Við þurfum að hafa í huga að þessi hefð er vond að þessu leytinu til þó að hún hafi kosti að öðru leyti.

Síðan ætla ég að segja almennt um þetta líka að ég óttast það dálítið að umræðan hneigist inn í þá átt að gera þessa samkomu enn þá leiðinlegri en hún var og er þá langt til jafnað. Ég óttast að menn séu að tala um þegar verið er að búa til brtt. við þingsköpin að þessi stofnun eigi að vera eitthvert náttúrulaust, dauðyflislegt færiband tæknimanna sem gera aldrei neitt annað en það sem er fyrirsjáanlegt. Hugmyndir eru ekki af neinu tagi nýjar heldur eru menn í að afgreiða og vinna við að stimpla og afgreiða eftir einhverjum reglum

og færiböndum, stífum reglum. Ég vil ekki svoleiðis þing. Svoleiðis þing eru ekki skemmtileg og ég verð að viðurkenna að þinginu hefur farið aftur eftir að deildaskiptingin var afnumin, eftir að neðri deild var lögð niður eins og við orðum það sem vorum í efri deild. Mér finnst þessu hafa farið aftur vegna þess að það er ekki eins vel farið yfir mál og áður.

Þá kem ég að fyrsta efnisatriðinu varðandi þingsköpin sem ég ætla að nefna hér núna. Ég held að við þurfum að íhuga að núna fer bara ein nefnd yfir hvert mál. Áður fóru tvær nefndir yfir öll mál, þ.e. lagafrumvörp. Þetta er mikil breyting og verður til þess að þingið í heild vandar sig ekki eins og það gerði áður enda koma hér upp nokkrum dögum eftir að þinginu lýkur á hverju einasta vori svoleiðis löðrandi vitleysurnar í alls konar frumvörpum, sem hafa þó verið til meðferðar í þingnefndum og menn þykjast hafa lúslesið, sem verður svo að breyta um haustið eða með bráðabirgðalögum fljótlega eftir að þinginu lýkur. Þetta er svona. Lagasetningin er ekki eins vönduð og hún var af þeim ástæðum að það er bara einn aðili, ein nefnd sem fer yfir málið. Þetta finnst mér að við eigum að skoða í fyrsta lagi varðandi breytingar.

Af því að þetta mál er rætt hér ætla ég að nefna nokkrar breytingahugmyndir um þingsköpin aðrar en þær sem alltaf eru nefndar. Ég ætla líka að segja það að í öllum þingflokkunum eru miklar umræður um breytingar á þingsköpum og mér finnst nauðsynlegt að halda því til haga og spyrja: Er ætlunin að farvegur þeirra breytinga verði vinna í forsætisnefnd og á vegum formanna þingflokkanna eða er ætlast til að við flytjum öll þessi mál hér sem frumvörp? Mér finnst mikilvægt að menn taki umræðu um það í þingflokkunum hvernig þeir ætla að meðhöndla þessa hluti því að við erum með fullt af hugmyndum í öllum flokkum.

Ég ætla að víkja að nokkrum breytingaatriðum sem mér finnst nauðsynlegt að ræða almennt í tengslum við breytingar á þingsköpum fyrir utan það sem oft er rætt. Það fyrsta er reyndar þekkt úr mínum munni og það er meðferð ríkisreiknings í þessari stofnun sem er engin samkvæmt þingsköpum. Það er til skammar. Við þurfum að setja inn í þingsköpin ákvæði um það hvernig á að fara með ríkisreikning, skýrslu Ríkisendurskoðunar og skýrslu umboðsmanns Alþingis. Menn hafa séð skýrslu umboðsmanns Alþingis. Hún hefur verið lögð á borð þingmanna allra síðustu daga. Hún er eitthvað á annað kíló, býst ég við.

Er einhver meðferð á þessari skýrslu efnislega lið fyrir lið á Alþingi? Nei, því miður. Það er stutt umræða einu sinni, en ekki er farið í gegnum málið til að kanna hverju þarf að breyta í vinnubrögðum okkar til að koma til móts við þau sjónarmið sem umboðsmaður Alþingis er með að svo miklu leyti sem við viljum breyta þeim. Umboðsmaður Alþingis er ekki dómari, við þurfum ekki að hlýða öllu sem hann segir. En margt er þannig að við þurfum að skoða það. Þess vegna finnst mér mikilvægt að sérnefnd varðandi ríkisreikninginn verði til um skýrslu umboðsmanns og stjórnarskrána. Þetta gæti verið sama nefnd að mínu mati og mér finnst að alltaf eigi að vera til nefnd sem er að fjalla um stjórnarskrána. Það eigi að vera ein af fastanefndum Alþingis, það sé alltaf verið að fjalla um stjórnarskrána. Ef það koma upp þingmál þá eigi að skoða þau og það eigi að vinna í þeim. Þessi lausanefnd, sem við höfum kosið um stjórnarskrána á undanförnum þingum, hefur mjög lítið unnið og hún hefur ýtt málunum til hliðar af því að það hefur ekki verið pólitískur vilji til að afgreiða þau af ýmsum ástæðum og sjálfsagt eru oft eðlilegar ástæður fyrir því. En mér finnst að svona nefnd ætti að vera til.

Í öðru lagi er nýtt atriði sem ég hef að minnsta kosti ekki heyrt nefnt úr þessum ræðustól og það er að setja í þingsköpin ákvæði um að festa þinglokadaginn. Að í þingsköpunum sé ákvæði sem gerir beinlínis ráð fyrir því að tilkynning forseta Alþingis um þinglokadaginn sé óumbreytanleg nema gerð sé um það ný samþykkt og sem lúti strangari undantekningarskilyrðum en afbrigði yfirleitt. Þetta væri allt önnur staða fyrir þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu ef það stæði svo að segja í lögum að forsetinn ákveði þennan dag, segjum 20. maí eða eitthvað því um líkt. Það yrði allt önnur staða fyrir forsetann eftir það að verja þingið fyrir öllum sköflunum af stjórnarfrumvörpunum sem koma alltaf inn á síðustu dögunum. Þetta er ákvæði er mjög skýrt í dönsku þingsköpunum og það er þar fyrst og fremst vegna þess að þar hafa menn útilokað framkvæmdarvaldið frá því að fresta þinginu eða kalla það saman og það er eitt af því sem þarf að breyta, en það er stjórnarskrárákvæði. Það á auðvitað að taka út, að það þurfi atbeina framkvæmdarvaldsins til að kalla Alþingi saman eða til að fresta Alþingi. Það er algerlega fráleitt. Það er búið að taka það út fyrir löngu í stjórnarskrám ríkjanna í kringum okkar og við eigum að gera það líka.

Í þriðja lagi ætla ég að víkja að ræðutíma sem er viðkvæmt mál og það er mál sem við eigum að fara yfir. Mér finnst gagnrýni stjórnarmeirihlutans oft og tíðum á stjórnarandstæðinga fyrir langar ræður ósanngjörn. Mér finnst hún yfirleitt ósanngjörn og ég vísa henni á bug vegna þess að þessar ræður eru oft og tíðum eini möguleikinn sem við höfum til þess að hafa áhrif á málið sjálft eða almenna meðferð þingmála yfirleitt. Meðan meiri hlutinn kemur ekki með tillögur um það hvernig þingið geti komið málunum óðruvísi í farveg og tryggt aðild stjórnarandstöðunnar er gagnrýnin um langan ræðutíma markleysa. Ég tel koma til greina að setja um þetta reglur. Það er skoðun mín. Ég tel koma til greina að setja um þetta reglur sem eru t.d. þannig að hver þingmaður getur talað takmarkaðan hámarkstíma við hverja umræðu en menn geti notað hann eins oft og þeim sýnist þannig að fjöldi á ræðum verði ekki takmarkaður heldur heildartíminn sem menn geta notað. Af hverju er þessi hugmynd uppi? Fyrst og fremst vegna þess að með þessu móti held ég að yfirbragðið á þinginu verði líflegra en vill verða þegar menn flytja langar ræður sem eru samt sem áður yfirleitt mjög góðar ræður eins og allir vita, flestallar mjög góðar.

Í fjórða lagi ætla ég svo að víkja að frestun þingfunda sem ég nefndi reyndar áðan. Ég held að við þurfum að hafa þar auga á því að breyta stjórnarskránni að því er það varðar. Í fimmta lagi ætla ég að nefna afgreiðslu þingmáls sem hæstv. forseti minntist á áðan og ég tek alveg undir það sem hann sagði í þeim efnum. Það þarf að tryggja að öll mál fái einhverja afgreiðslu. Það getur verið nefnd sem afgreiðir málið fyrir sitt leyti, eða hvað? Það þarf að vera einhver afgreiðsla með öllum þingmálum í þinginu.

Í sjötta lagi finnst mér að það þurfi að íhuga hvort hægt sé að koma við einhverju ferli sem er þannig að þingmenn séu ekki að flytja sömu þingmálin hver í kapp við annan, a.m.k. á sama þinginu. Ég tek eftir því að ótrúlega lík frumvörp koma fram frá þingmönnum þessa dagana. Mér finnst dálítið aulalegt að hlutirnir séu þannig að a.m.k. tveir þingmenn hvor í sínum flokknum flytja eiginlega alveg sama þingmálið sem er þó betra en ef það væru tveir þingmenn í sama flokknum sem væri náttúrlega það versta. Á ekki að vera

einhver aðstaða hjá forseta til þess að athuga málið, ræða við þingmanninn hvort hann gæti hugsað sér að gera þetta öðruvísi, kannski flytja málið sem síðar kemur fram sem breytingartillögu við fyrra málið? Mér finnst engin reisn yfir því, hvorki hjá Alþingi né þeim þingmönnum sem flytja málin yfirleitt ef menn flytja sömu málin aftur og aftur á sama þingi.

Í sjöunda lagi ætla ég að nefna aðeins fastanefndirnar. Mér finnst það í sjálfu sér ágætt kerfi og ég er sammála hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að þær þurfa að hafa meira vald. Það hefur alltaf verið skoðun mín og þess vegna hef ég einhvern tíma fyrr staðið að flutningi þingmála sem eru nokkurn veginn alveg eins og það mál sem hér liggur fyrir. En ég velti fyrir mér hvort fastanefndakerfið sé ekki óþarflega fast og hvort ekki kæmi til greina að virða það fyrir sér að í sumum þingum er ekki til neitt fastanefndakerfi. Þar eru bara kosnar lausanefndir eftir málum. Í breska þinginu er ekkert fastanefndakerfi. Þar er svo að segja eingöngu lausanefndarkerfi en ég er ekki að tala um það að menn fari alveg yfir í það. En ég held að oft og tíðum lendum við í dálitlum vandræðum með þingmál vegna þess að við erum of stíf á þessu fastanefndakerfi og ég ætla að nefna dæmi.

Ég tel t.d. að í vor hafi hv. efh.- og viðskn., með mikilli virðingu fyrir öllum þeim góðu mönnum sem þar sitja, haft allt of mörg mál. Það hefði verið betra fyrir þingið að hægt hefði verið að kjósa fleiri nefndir til þess að fjalla um eitthvað af þeim málum sem þangað fóru. Það er spurning hvort hægt er að opna fyrir það í þingsköpum að það kerfi verði tekið upp eða þegar sérstaklega stendur á eða þegar nefndir eru með mikið af málum eða eitthvað því um líkt, að hugsanlegt sé að kjósa aðra eða fleiri nefndir til að fjalla um sérstök frumvörp, annaðhvort einstök frumvörp eða nokkur frumvörp saman.

Núverandi fyrirkomulag í þessu efni þar sem allt of miklu er yfirleitt hrúgað á hverja einustu vori á hv. efh.- og viðskn. er ekki gott enda kemur það fyrir, svo ég segi ekki meira, að það þarf að laga eitt og eitt mál sem frá henni kemur og verður að lögum í þessari stofnun.

Svo er það að lokum það, hæstv. forseti, sem mig langaði til að nefna og ég hef satt að segja hugsað dálítið um að undanförnu og kannski ekki síst í gær. Þingsköp Alþingis gera ekki ráð fyrir því að gerðar séu samþykktir um stefnumótun. Þingsköp Alþingis gera bara ráð fyrir því að samþykktar séu þingsályktanir um „konkretatriði", einstök atriði, og að það séu samþykkt lög. Í norska þinginu er samþykkt stefnumótun, t.d. í skólamálum, „Stortingsmelding". Þar er lögð fyrir stefnumótunartillaga í skólamálum þar sem allt er talið upp sem þarf að fara yfir í skólamálum sem snertir stjórnvöld á öllum stigum. Hér er ekki gert ráð fyrir neinu slíku. Aldrei er talað um almenna stefnumótun og ég tel t.d. að tillagan um veiðileyfagjald, sem var til umræðu í gær, sé fyrst og fremst tillaga um almenna stefnumótun og ætti frekar heima undir slíkum ramma í þingsköpunum en undir þeim venjulega þingsályktunartillöguramma eða lagafrumvarpsramma sem við höfum. Þetta finnst mér að við eigum að skoða. Mér finnst að þetta sé eitt af því sem við eigum að breyta í þingsköpunum, ef við breytum þeim eitthvað á næstunni, að opna fyrir stefnumótunarumræður um mál, stefnu stjórnvalda að því er varðar þróun vísinda og rannsókna svo ég nefni dæmi, stefnu stjórnvalda að því er varðar fiskveiðar, fiskveiðistjórn, stefnu stjórnvalda að því er varðar skattamál. Ég held að hin pólitíska umræða á Íslandi yrði miklu betri ef menn reyndu að ná svona utan um hlutina í staðinn fyrir að reyna að breyta þessari stofnun stöðugt í eitthvert „paragraffainstitut" þar sem menn eru yfirleitt heppnir að afgreiða hlutina nákvæmlega svo ég segi ekki meira.

Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, um leið og ég tek undir orð hv. 1. þm. Reykn. Mér finnst gott ef þessi mál gætu verið á vettvangi formanna þingflokkanna og forsætisnefndarinnar. Mér finnst samt að við ættum að setja okkur að breyta þessum hlutum. Ef það er erfitt að breyta þeim og láta þá taka gildi núna í vetur eða næsta vetur þá mætti hugsa sér að láta eitthvað af þessu taka gildi frá og með næsta kjörtímabili. Það hróflar þá örugglega ekki við neinum sem hér er núna, a.m.k. ekki í dag, þótt það gæti hróflað við honum ef hann yrði endurkosinn. En vandinn er oft sá að við breyta þingsköpunum að menn sjá kannski að þeir sjálfir yrðu fluttir milli stóla. Þetta hefur því tekið lengri tíma en þurft hefði.

[14:45]

Ágúst Einarsson:

Virðulegi forseti. Hér er góð umræða og þörf í gangi. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur þingmenn að hugsa sífellt um samskipti löggjafarþingsins og framkvæmdarvaldsins. Við þekkjum dæmi þess þó þau séu nokkuð gömul að sömu einstaklingar hafa komið að því að semja lagafrv. fyrir framkvæmdarvaldið og verið kallaðir til ráðuneytis viðkomandi þingnefndar og gefið álit á því frv. sem þeir áttu aðild að að semja og sami einstaklingur hafi síðan dæmt eftir þessum lögum. Til eru dæmi um þetta úr sögu okkar að sami einstaklingur hafi komið að öllum þessum þremur valdþáttum, framkvæmdarvaldi, löggjafarvaldi og dómsvaldi. Ég held að brýnt sé þótt þessi mál hafi færst til betri vegar á síðari árum að við förum vel yfir þetta. Ég tel tillöguna vera góða, ég er reyndar einn af flutningsmönnunum, og ég held að hér sé lagt upp með mjög mikilvægt málefni sem mundi horfa mjög til bóta í samskiptum þings og ríkisstjórna.

Hv. 1. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, forseti Alþingis, ræddi þessi mál áðan á víðum grundvelli og gat m.a. um að endursköpun á þingsköpum væri í gangi. Það er mjög til bóta. Ég held að þetta mál komi vitaskuld inn í þá umræðu.

Hægt er að nefna ýmsa þætti í sambandi við þingsköpin sem eru verð umhugsunar. Til að mynda einmitt það sem við erum að gera hér núna. Við erum að ræða frv. um að heimila nefndum að fjalla um og rannsaka sérstök mál og þetta snýr sérstaklega að framkvæmdarvaldinu. Enginn ráðherra er viðstaddur og það er ekki í fyrsta sinn sem það er. Þó verið sé að ræða mál sem snertir framkvæmdarvaldið beint þá er enginn ráðherra, enginn fulltrúi ríkisstjórnarinnar, í þingsal til að taka þátt í þeirri umræðu, hlusta á rök þingmanna um eitthvað sem betur má fara. Vitaskuld er þetta einn af þeim hlutum sem við þurfum að íhuga og þyrfti að breytast í skipulagi okkar. Sömuleiðis er sá þáttur sem ég legg mikið upp úr og það er að Alþingi hafi fjárhagslegt sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það hefur ekki verið þannig undanfarin ár. Oft hefur verið farið með fjárhagsbeiðnir Alþingis eins og aðrar stofnanir og jafnvel verið skornar niður tillögur þess aðila sem fer með fjárveitingavaldið. Hér þarf bæði að breyta hugarfari, hugsanlega að breyta einhverju í löggjöf, því vitaskuld er ekki gott fyrirkomulag að löggjafarvaldið þurfi að sækja stíft til framkvæmdarvaldsins það sem snertir fjárveitingar.

Hér hafa verið nefnd nokkur atriði varðandi þingsköp. Hv. 1. þm. Reykn. ræddi nokkrar umbætur sem hann er að

vinna að eins og fundaraðstöðu nefnda sem er satt best að segja fyrir neðan allar hellur. Það er líka hægt að nefna mál sem hann vakti athygli á eins og ræðutíma. 1. umr. tekur umtalsverðan tíma en ég teldi mjög til bóta ef menn mundu bindast fastmælum um að talsmenn þingflokka fengju rýmri tíma í málum en í velflestum tilfellum mætti gera ráð fyrir að meginafstaða þingflokka kæmi fram af hálfu þess talsmanns. Sömuleiðis þarf líka að gefa þingnefndum mun meira rými í störfum þingsins. Bryddað hefur verið upp á því að taka einar tvær vikur á þessu þingi sérstaklega til nefndastarfa. Ég held að það ætti að gera meira af því að hafa sérstakan tíma fyrir nefndastörf og hafa hlé á fundum í þingsal. Þetta gæti t.d. verið í því formi að þingið væri með fundartíma í salnum í þrjár vikur en síðan væri hin fjórða alltaf bundin við nefndarstörf. Við höfum verið að þokast í þessa átt en það mætti gera meira af því. Sömuleiðis held ég að brýnt væri að taka upp ákvæði sem eru í þessu frv. og gera að almennri reglu varðandi þingnefndir að þær störfuðu fyrir opnum tjöldum. Við þekkjum það víða annars staðar. Ég held að það yrði mjög til bóta. Sömuleiðis ef ráðherrar mundu reglubundið mæta hjá þingnefndum til að fara yfir þau mál sem þeir hyggjast leggja fyrir og spyrjast fyrir um framkvæmd einstakra lagaákvæða sem eru þá til umfjöllunar hjá framkvæmdarvaldi á hverjum tíma. Einnig má benda á þá gömlu hugmynd sem ég held að yrði mjög til bóta fyrir Alþingi að ráðherrar sætu ekki á Alþingi. Það er að segja að sé þingmaður ráðherra, eins og er oftast í fyrirkomulagi okkar, léti hann af þingmennsku á meðan hann væri ráðherra og varamaður hans tæki við. (**Gripið fram í:** Svona í praxís.) Þeir sitja a.m.k. ekki á Alþingi, það er rétt, en varamenn hafa svo sem ekki mætt reglubundið fyrir þá. Þetta er eitt sem við þyrftum að íhuga.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom í umræðunni áðan m.a. inn á þær stofnanir sem heyra undir Alþingi. Hér er vitaskuld um Ríkisendurskoðun að ræða og umboðsmann Alþingis. Það vantar að fylgja eftir niðurstöðum þessara aðila. Við höfum ekki skapað rúm í umræðu um niðurstöður sem koma frá umboðsmanni eða Ríkisendurskoðun og eitthvað virðist líka vanta í löggjöf okkar um að því áliti sem kemur fram frá þessum stofnunum Alþingis sé framfylgt. Fjölmörg dæmi hafa komið frá umboðsmanni Alþingis sem er ekkert tekið á að hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er hunsað án þess að það sé tekið skilvirkt upp á Alþingi og ekki lagafyrirmæli um hvernig með skuli fara. Sömuleiðis hefur oft komið fyrir í úttektum Ríkisendurskoðunar að ýmislegt hefur komið í ljós, jafnvel lögbrot eða reglugerðarbrot af hálfu framkvæmdarvaldsins og ekkert er gert með það að hálfu þess þegar á reynir. Mikilvægt er að finna þessum málum betri farveg.

Ég tel að þingskapaumræða þurfi nauðsynlega að eiga sér stað. Forseti Alþingis nefndi áðan í ræðu sinni að unnið sé að þessu í forsn. og hjá formönnum þingflokka sem er eðlilegur farvegur. Hins vegar væri mjög gott að ræða almennt um þessi mál, e.t.v. áður en endanlegar tillögur fæðast. Ég held að mjög brýnt sé að þessir þættir komi til umræðu.

Ég ræddi áðan að við værum að tala hér um þessa sögulegu þrjá þætti sem þjóðfélaginu er stýrt eftir, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Hin síðari ár er hægt að segja að tveir valdþættir til viðbótar hafi komið fram í þjóðfélagi okkar með vaxandi þunga, þ.e. sem fjórði valdþátturinn eru hagsmunaaðilar sem við þekkjum mjög vel í þjóðfélagi okkar og fimmti aðilinn eru fjölmiðlar. Báðir valdahóparnar eða stofnanirnar, ef við getum nefnt þá svo, hafa mjög mikið vald í nútímaþjóðfélagi. Vald sem ekki var til staðar í þeim mæli sem nú er fyrir nokkrum áratugum.

Þetta er sérstaklega alvarlegt hvað varðar löggjafarvaldið vegna þess að veikt löggjafarvald og veikir stjórnmálaflokkar efla hagsmunaaðila. Hagsmunaaðilar eru eðli málsins samkvæmt oftast eins máls hreyfingar sem taka afstöðu og berjast fyrir hagsmunum afmarkaðra hópa. Við þekkjum best hagsmunahópa, sem eru aðilar vinnumarkaðarins, sem berjast fyrir hagsmunum sínum á tilteknu sviði en láta önnur svið þjóðmála afskiptalaus. Segja má að munurinn á stjórnmálaflokki og hagsmunaaðilum sé einmitt breiddin sem felst í stjórnmálaflokkunum. Það er íhugungarefni fyrir okkur, sem erum stjórnmálamenn, að langflestir ráðandi hagsmunaaðilar í íslensku þjóðfélagi eru mun sterkari en stjórnmálaflokkarnir. Þeir eru mun sterkari fjárhagslega en stjórnmálaflokkarnir og margir af þessum hagsmunaaðilum hafa meiri völd á setningu löggjafar en góðu hófi gegnir. Þetta er alvarlegt og á að vera okkur til íhugunar hvort hér sé á ferðinni þróun sem sé æskileg. Ég tel ekki svo vera.

Við getum nefnt sem dæmi um þetta að mjög mörg frv. sem við erum að fjalla um hér á Alþingi snerta á einhvern hátt efnahagsmál. Við búum ekki á Alþingi yfir neinni stofnun sem við getum leitað til, sjálfstæðri stofnun fyrir Alþingi í sambandi við ráðgjöf um efnahagsmál. Við getum leitað til nokkurra stofnana framkvæmdarvaldsins um ráðgjöf og við gerum það stundum, einstakir þingmenn og þingflokkar ef svo ber undir, það getur verið Þjóðhagsstofnun, Seðlabankinn eða jafnvel ráðuneyti en þetta eru allt stofnanir framkvæmdarvaldsins. Ég hefði talið mjög til bóta að við á Alþingi íhuguðum að setja upp ráðgjafarstofnanir innan húss hjá okkur sem gætu verið okkur til stuðnings í umfjöllun um frv. í nefndum.

Annar þáttur sem hefur ekki verið drepið á sem styður þetta frv. Það er að löggjafarstarf hefur verið að breytast verulega á undanförnum árum. Nú er orðið miklu algengara að við búum við alþjóðlega lagasetningu. Við Íslendingar þekkjum þetta vel þegar við gerðum alþjóðlegan milliríkjasamning um EES. Í honum fólst að við tókum mikið af EES-löggjöfinni inn í lagasafn okkar. Þetta er þróun sem er að gerast mjög víða annars staðar, t.d. innan Evrópu. Þar fer sífellt meira af löggjafarstarfinu, sem markar leikreglur þjóðfélaga í Evrópu, fram á Evrópuþinginu fyrir utan það sem er gert beint af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Við erum vitaskuld ekki inni í þeirri hringiðu en við höfum kynnst þessu með EES-samningnum og með lögfestingu þeirra þátta sem þar eru. Þetta breytir vitaskuld starfsemi þjóðþinga. Það á við löggjafarþing okkar alveg eins og löggjafarþingin í nágrannalöndunum. Tillagan gengur einmitt út á það að löggjafarþingið sem kjörinn aðili, m.a. til eftirlits með framkvæmdarvaldi, þarf að styrkja stöðu sína í útfærslu þess eftirlits. Hún gerir ráð fyrir auknu eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins, möguleikum til að koma að málum sem varða framkvæmd laga og reglugerða.

Ég tel að löggjafarstarfið hafi verið að breytast á undanförnum árum og áratugum. Nýir valdþættir eru komnir inn sem þarf að taka tillit til. Mér finnst að eins og löggjafarstarfið hefur verið að þróast á Íslandi hafi það veikst. Þó svo það hafi batnað mikið, alveg réttilega benti hæstv. forseta Alþingis á að vinnubrögð væru betri hér en var fyrir nokkrum árum, þá hafa breytingarnar í þjóðfélaginu knúið á um að við þurfum enn þá meira að halda vöku okkar og laga okkur að breyttum aðstæðum. Ég held að þessi tillaga eigi einmitt að

vera okkur tilefni til að ræða málin í víðara samhengi og við gerum okkur grein fyrir því hvernig við viljum að Alþingi starfi sem einn af valdþáttunum í þjóðfélagi okkar. Það eru að mörgu leyti breyttar aðstæður.

Ég hef sérstakar áhyggjur af þessu mikla valdi hagsmunaaðila við löggjafarstörf, þ.e. þeir koma óbeint að löggjafarstörfum með ráðgjöf. Við vitum það fullvel að mörg lagafrumvörp eru hér beinlínis samin úti í bæ ef svo má að orði komast og eru þá liður í samkomulagi ríkisvalds við þessi hagsmunasamtök en fá síðan hina eðlilegu þinglegu afgreiðslu á Alþingi. Ég tel að að ýmsu leyti séum við þarna komin út í ógöngur og þurfum að hugsa um þetta því að það sem er náttúrlega aðalsmerki löggjafarþingsins og Alþingis er að það er lýðræðislega kosin stofnun. Það er sá eini af þessum valdþáttum sem er lýðræðislega kosinn, framkvæmdarvaldið er það náttúrlega hér hjá okkur með því að við búum við þingræði og ríkisstjórnin styðst jú við meiri hluta Alþingis en hinir þættirnir, bæði hagsmunaaðilar og fjölmiðlar, lúta raunverulega allt öðrum lögmálum heldur en hinni lýðræðislegu niðurstöðu sem kemur fram í kosningum hverju sinni.

Ég held að það sé einmitt brýnt að við breytum starfsháttum okkar hér á Alþingi, gerum þá markvissari, og ég er sannfærður um að það starf sem er unnið nú undir forustu núv. forseta Alþingis sé í mjög góðum farvegi. Ég hef á tilfinningunni að þar sé verið að reyna að efla stöðu Alþingis gagnvart öðrum valdþáttum í þessu þjóðfélagi og það sé brýnt að halda áfram á þeirri braut en það á líka að velta fyrir sér því breytta hlutverki alþingismanna að hafa betra og vandaðra eftirlit með ýmsum þeim þáttum sem eru hér í þjóðfélaginu bæði hvað varðar framkvæmdarvaldið og ekki hvað síst þá aðra valdþætti sem hafa komið til á hinum síðari árum.

[15:02]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur þegar margt áhugavert komið fram í þessari umræðu og ég ætla að grípa boltann þar sem hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, lét hann frá sér, um meirihlutavaldið, þó að það sé vissulega ekki beinlínis til umræðu hér en þessi tillaga vekur upp hugrenningar sem ágætt er að sleppa lausum við slíka umræðu. Það var nefnt hversu þessi hefð okkar fyrir meirihlutastjórnum væri e.t.v. til þess fallin að gera þingið leiðinlegt. Það má nefna Noreg og þá hefð sem þar viðgengst um minnihlutastjórnir. Auðvitað er það svo að minnihlutastjórnir kalla á mjög öflugt samráð við aðra flokka og oft einn eða fleiri þingmenn sem ganga þá til samstarfs við stjórnarflokkinn um að hleypa máli fram eða tryggja málum framgang. Hvort það er meirihlutavaldið eða það að við höfum breytt þinginu í eina málstofu sem gerir þingið leiðinlegra ætla ég ekki að reyna að kryfja til mergjar. En við hljótum að sjá að þingið hefur verið að þróast mjög á liðnum árum í nýja átt. Það eru ár frá ári færri og færri sem fylgjast með málum í dagsins önn og þar t.d. kemur til sú góða þjónusta sem við höfum fengið að geta verið að fylgjast með umræðum á skrifstofum okkar ásamt því að vera að sinna öðrum brýnum verkefnum ef við ætlum ekki að taka þátt í nákvæmlega því máli sem er á dagskrá. Þetta gerir það að verkum að það eru færri í þingsalnum eftir því sem við gerum þjónustuna betri og eftir því sem færri eru að taka þátt í umræðum hverju sinni þá virkar þetta dauðyflislegra svo ég noti nú ekki mjög fallegt orð.

Varðandi það hvernig var að vera með bæði efri og neðri deild þá minni ég nú á að það var mjög þungt þegar var verið að mæla fyrir málum í báðum deildum og þau voru að ganga fram og til baka, ekki bara frá neðri deild til efri deildar til að vera lokið þar heldur ef því var breytt í efri deild þá þurfti það að koma til baka aftur. Og það var mjög oft líka sem mál brunnu inni við þessa yfirferð þannig að á þeim tíma má líka minna á ef menn ætluðu að fylgjast með því sem var að gerast þá urðu þeir að vera í salnum. Það eru því margar hliðar á þessu. Ný spurning vaknar — eiga þingflokksformenn að vera að vinna með það sem snýr að þingsköpunum eða á að koma með þær breytingar í frumvarpsformi eins og hér er og Svavar Gestsson vakti einmitt máls á? Ég er alveg sammála honum um það og hef tekið þátt í því að vinna með breytingar á þingsköpum með forseta vorum og það er mjög brýnt að það sé haldið áfram með þá vinnu. En ég er ekki sammála því að það eigi að vera annaðhvort eða. Alls ekki. Og ég held að þessi tillaga sem hér er sett fram sé svo stórt mál að það sé mjög áhugavert fyrir okkur að fá skoðanaskipti um hana.

Aðeins af því að nefndirnar bárust hér í tal og tínt til ýmislegt sem við þyrftum að skoða varðandi þingnefndir þá ætla í upphafi máls míns að dvelja við það. Álag á þingnefndir er mjög misjafnt. Sumar þingnefndir eru að drukkna í störfum yfir veturinn, aðrar eru með svo fá verkefni að það eru jafnvel felldir niður fundir. Þetta er eitt af því sem við höfum rætt og við verðum að skoða hvernig við tökum á. Hvort við skiptum upp verkefnum nefnda eða sláum öðrum saman o.s.frv. Og þetta hefur verið rætt núna undangengið eitt eða tvö ár án þess að niðurstaða sé komin í málið. Annað sem er umhugsunarefni er að nefnd hefur kannski verið að fjalla um stórt mál, og þegar ég segi stórt mál þá er það gjarnan stjórnarfrumvarp, og málið er kannski komið á mjög mikinn rekspöl jafnvel svo til á enda þó það náist ekki að ljúka umfjöllun í nefnd þegar þingi er að ljúka að vori, þá má alveg skoða það hvort nefnd ætti ekki að geta ákveðið með auknum meiri hluta að halda áfram vinnu í nefndinni og afgreiða frv. strax á nýju þingi. Að það þurfi ekki að vera annaðhvort þannig að ráðherra flytji mál alltaf aftur að hausti eða þá að mál sé flutt einu sinni og haldi áfram í nefnd þangað til það annaðhvort sofnar svefninum langa algjörlega eða fær afgreiðslu. Að þetta gæti t.d. verið millileið. Því auðvitað erum við að þróa okkur áfram í þingstörfunum.

Varðandi það frv. sem hér er til umræðu þá tel ég að það þurfi ekki að óttast þó að þessi heimild sem frv. kveður á um sé opnuð í þingsköpunum. Við erum hér á Alþingi að taka upp mál og leiðin sem við höfum til þess ef við flytjum ekki þingmál, er að biðja um utandagskrárumræðu, stutta, snarpa eða lengri, eftir því hvernig við metum málið. Og við erum oft með til umræðu mál sem eru deilur um úti í þjóðfélaginu eða fjölmiðlar hafa beint kastljósi sínu að og niðurstaða slíkrar utandagskrárumræðu er oft mjög ófullnægjandi. Það er vegna þess m.a. að það er hægt að vera með takmarkað af gögnum í slíkri umræðu og umfjöllunin verður fremur yfirborðsleg og er kannski fremur til þess fallin að draga umræðu sem er úti í þjóðfélaginu eða hefur verið varpað ljósi á af fjölmiðlum inn á Alþingi, en við skiljum mjög oft við málið eftir utandagskrárumræðu óleyst. Það er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að það sé einhver farvegur til að fara í alvarlega skoðun á máli. Ég sé það fyrir mér að nefnd ákveði að kanna mál fyrir opnum tjöldum nema nefndin ákveði annað og ég vek athygli á því að það er

einmitt 2. mgr. frv. Þar er ekki verið að ákveða að það verði og skuli alltaf og eingöngu vera unnið fyrir opnum tjöldum. Það eru kallaðir til þeir aðilar sem geta gefið faglegar og nauðsynlegar upplýsingar sem varpa ljósi á málið. Og það er aflað gagna til þess að reyna að átta sig á eðli málsins og kryfja það til mergjar. Þá eru líka til tvær leiðir: Við skulum gefa okkur það að nefndin hafi ákveðið að hafa þessa vinnu nefndarinnar fyrir opnum tjöldum, gagnaöflunina, að kalla til aðila sem gefa upplýsingar, og þarna er beinlínis upplýsingaöflun ekki skoðanaskipti þingmanna í nefndinni heldur upplýsingaöflun og gagnaöflun. Það má hugsa sér að mál sé þess eðlis að þetta sé sú opnun sem er látin nægja í viðkomandi máli. Síðan færi nefndin í skoðanaskipti innbyrðis og umfjöllun um þessar upplýsingar sem fram komu og vinnuskýrslu sem hún skilar til þingsins. Þá geta aðrir, og aðrir væru að sjálfsögðu fjölmiðlar eða utanaðkomandi sem hafa fylgst með þessu máli, lagt mat á hvernig nefndin vann úr upplýsingunum. Í öðru tilfelli væri líka hægt að hugsa sér það að störf nefndarinnar væru alveg opin, þ.e. gagnaöflunin, upplýsingarnar, hlustunin ef ég nota það orð sem er þá eðlilega eins konar þýðing, hlustunin á þeim einstaklingum sem mæta á fund nefndarinnar og síðan skýrslan, að allt sé opið. Og svo síðan að nefnd geti ákveðið að rannsaka mál lokað, sé málið þess eðlis að nefndin telji það rétt. Það er mjög mikilvægt þegar við erum að fjalla um þessi mál og ótta fólks við það að fara inn á þessa braut og opna nefndirnar að nefnd er skipuð fulltrúum allra þingflokka þó að sjálfsögðu stjórnarflokkar eigi alltaf meiri hluta í þeim svo að meira að segja þarna séu, eins og stundum er orðað hér, stjórnarflokkarnir með valdið. Mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að átta okkur á því að það getur verið ólíkur farvegur fyrir hin ýmsu mál. Að það þarf ekki að hugsa sér að *hin opna umfjöllun sé alltaf eins við öll tækifæri.* Þetta finnst mér mjög mikilvægt inn í umræðuna.

Varðandi það sem hér hefur borið á góma hvort þingið sé framkvæmdarvaldsþing, þá hefur átt sér stað mikil umræða milli þingflokksformanna og forseta um störf og ásýnd þingsins. Og ég vil gefa forseta Alþingis þá einkunn að honum hefur verið mjög í mun og hann er kappsamur um að Alþingi haldi virðingu sinni og að ásýnd þingsins sé góð og hann hefur lagt sig fram um að eiga gott samstarf við þingflokksformenn og þingflokkana um þetta. Hins vegar þegar við erum að ræða það hvort þingið sé framkvæmdarvaldsþing þá erum við að reyna að meta vægi mála sem þingmenn flytja versus ríkisstjórnir, vægi mála sem þingmenn flytja og svo mál ríkisstjórnarinnar.

Það má segja og ég tek undir það með forseta að þingmannamál komast nokkuð vel á dagskrá og það hefur lagast mjög mikið. En við skulum skoða dagskrána í dag. Ef við lítum á hana sjáum við að þau stjórnarfrumvörp sem þar eru á dagskrá hafa mun hærri málanúmer en þau þingmannamál sem eru á dagskrá. Á því geta auðvitað verið skýringar en ef við hugsum til baka til liðinna þinga þá er þetta eitt af því sem blasir við og ég hef oft nefnt það á fundum hjá forseta að það skilur í milli hægt og sígandi eftir því sem líður á haust og vetur í númerum á þingmálunum. Og þar komum við að einni spurningu: Á að vera eitthvert vægi í því hvenær mál eru lögð fram? Á alltaf að leggja áherslu á að blanda stjórnarfrumvörpum og þingmannamálum þannig að það sé óháð því hvort stjórnarþingmálin eru nýrri? Þetta er eitt af því sem við verðum að ræða og ekki vera með neina sleggjudóma um. En hvernig eigum við að mæla þingmannamál annars vegar og svo hið afgerandi afl sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa? Hvað er aflið? Eru það þingmennirnir allir saman? Eða eru það stjórnarþingmenn og stjórnarandstaða? Stjórnarliðarnir mynda meiri hlutann á Alþingi og að því leyti er ljóst að því lýðræðislega marki er náð að mál eru eftir umræðu afgreidd með meirihlutaniðurstöðu. Það er í raun og veru lýðræðisskýringin að mál sem á að afgreiða fái málefnalega umfjöllun. Það sé ekki valdboð á því að það sé hægt að koma öllum sjónarmiðum til skila. Það sé fjallað um mál og þau séu afgreidd með meirihlutaniðurstöðu. Það er alveg ljóst að þetta gerist. Hvað er það þá sem við erum oft að tala um með þingmannamálin? Jú, það er t.d. að það er þungt undir fæti að fá þingmannamál afgreidd og þá er ég ekkert að gera mun á málum stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga. Og ég hef yfirleitt fullyrt að það er ekkert auðveldara fyrir stjórnarliða að koma sínum málum í gegn heldur en aðra þingmenn. Það er alla vega ekki reynsla mín. Eins og hér hefur komið fram er leitað eftir því í raun og veru í nefndunum hvort bein andstaða sé við það að þingmannamál fáist afgreidd og við vitum að það er oft þannig að ef á að afgreiða þau er þeim e.t.v. vísað til ríkisstjórnar sem er ófullnægjandi afgreiðsla fyrir margan þingmann. Við flytjum mörg mjög góð mál, þau sofna oft í nefnd eða, eins og ég sagði, er e.t.v. vísað til ríkisstjórnar. Örfá eru samþykkt og það eru þá helst ályktanir Alþingis sem þingmenn hafa borið fram um að framkvæmdarvaldið skuli hrinda í framkvæmd einhverju tilteknu máli. Við verðum afskaplega glöð þegar við höfum fengið slíkt mál afgreitt, en sú gleði reynist oft skammvinn vegna þess að það er undir hælinn lagt hvernig slíkri ályktun er svo hrint í framkvæmd.

Ég minnist þess þegar ég, nýliði hér á Alþingi, flutti mjög gott mál, mál sem mér hefur oft fundist að væri besta mál *sem ég hef komið með í þennan ræðustól,* um að það skuli taka upp kennslu í fjármálaumsýslu í skólum, að það skuli kenna ungmennum þegar í skóla hvað það þýðir að verða fullveðja, hvað það þýðir að verða fjárráða, hvað það þýðir að stofna heimili, hvað það þýðir að vera með kortin, hvernig menn gera áætlanir um fjármál sín og hvernig menn reyna að standa við þær. Þessi tillaga var samþykkt með miklum meiri hluta á Alþingi og ég var ákaflega stolt. Henni hefur aldrei verið hrint í framkvæmd. Ég hef nokkrum sinnum komið með fyrirspurnir um hvað líði framkvæmd tillögunnar og það er sagt: Í þessari og þessari grein hefur verið reynt að koma þessu máli inn. Þessir og þessir bankar hafa tekið samvinnu upp við grunnskólana um að vera með ákveðna fræðslu, bjóða upp á námskeið. Alþingi ályktaði að þetta væri mikilvægt mál, en það komst aldrei sína leið. Mér hefur dottið í hug að flytja það aftur og vita hvað mundi gerast, nákvæmlega sama málið. Kannski geri ég það.

Ég vek athygli á því að málin sem við fáum oft samþykkt eru ályktanir sem e.t.v. sofna líka þar sem þeim var ætlað að komast til framkvæmdar.

Það er hins vegar ástæða til þess, virðulegi forseti, að vekja sérstaka athygli á því hve mörg mál sem koma fyrir þingið og eru rædd hér, oft í einhverri spennu, eru síðan afgreidd samhljóða eftir starf í nefnd. Forseti kom inn á þetta. Það er alveg ótrúlegt hve mörg mál á vetri hverjum eru samþykkt samhljóða á Alþingi eftir vinnu í nefnd, þau hafa tekið breytingum, enda hafa þingmenn í nefndum þingsins lagt sig fram um faglega vinnu, jafnt stjórnarandstöðuþingmenn sem aðrir, og eiga oft þátt í því að mál hefur tekið stakkaskiptum og að þeirra mati verið breytt til betri vegar

og þeir standa að málinu á eftir.

Við þingflokksformenn höfum átt gott samstarf við forseta um þingsköp og breytingar á þinghaldi, en nefndirnar hafa verið nokkuð utan við þá umræðu þar til forseti hefur gert þá breytingu að taka tillit til nefndavinnunnar í starfsáætlun þingsins sem er mjög til fyrirmyndar. Einnig er aðstaða og þjónusta við nefndirnar miklu betri en fyrir nokkrum árum, en fundirnir eru lokaðir. Fundirnir eru lokaðir og ég held að það sé ekkert gott. Mér hefur fundist spennandi og hef oft tekið þátt í umræðu um það hér í þessum lokuðu hópum þar sem við ræðum þau mál að opna nefndafundi meira. Þeir sem leggjast gegn því telja m.a. að þeir sem kvaddir yrðu á fund nefndar mundu síður tjá sig og koma með minna af upplýsingum og vera ófrjálsari í upplýsingagjöf og svo jafnframt að umræðan á milli þingmanna í nefnd gæti eitthvað liðið fyrir það að nefndafundir væru opnaðir. Nefndirnar eru afar stór þáttur í störfum þingsins og afar bæði þungur og mikilvægur þáttur í starfsdegi þingmanns og mynd af þeim störfum er mjög takmörkuð úti í þjóðfélaginu. Margir gera sér enga grein fyrir því hvað felst í því að starfa í nefndum þingsins. Mjög margir eru þeir sem telja að þegar þingmenn eru að vinna í einhverri nefnd sé það einhver af þessum launuðu nefndum sem þeir fá peninga fyrir til viðbótar við þinglaunin sín og þess vegna er ástæða til að minna á það enn og aftur að nefndastörfin og öll önnur störf sem þingmaðurinn vinnur eru launuð með þingmannslaununum og engu öðru nema þegar þingmaður fer til starfa í nefnd fyrir framkvæmdarvaldið. Það er allt annar hlutur. En það er mjög brýnt fyrir Alþingi að rétt og skýr mynd af löggjafarstarfseminni nái til þjóðarinnar. Þess vegna finnst mér þessi umræða góð og þess vegna finnst mér að við eigum að vera óhræddari við að opna á nýjungar. Þess vegna væri mjög áhugavert að opna sem fyrst nefndir að einhverju leyti. Það má gera það í áföngum. Nefnd gæti auglýst dagskrá með málum sem hún ætlar að kalla aðila á fund út af og sú hlustun er opin fyrir fjölmiðlum. Skoðanaskipti þingmanna um álit og upplýsingar sem fram koma gætu hins vegar verið í nefndinni fyrir luktum dyrum meðan við erum að venjast því að nefndafundir séu jafnopnir og umræða okkar hér á Alþingi er í dag. Ég tel þetta góða leið til að byrja að opna nefndarfundi auk þess sem þessi leið varpar góðu ljósi á umræðu um kosti og galla viðkomandi lagasetningar sem unnið er með.

Fyrir marga hljómar umræðan okkar í Alþingi sem ólíkar staðhæfingar og átök þegar verst lætur og það væri gott að fá þessa umræðu. Það er hollt fyrir þingflokksformennina að fá opna umræðu um mál sem við höfum rætt, en ekki leitt til lykta um þingsköpin.

Aðeins varðandi framkvæmdarvaldið og sérfræðinga sem fylgja máli inni í nefnd og hafa áður unnið með málið, einn punktur í viðbót. Þingmenn eru í auknum mæli að leiða nefndastarf hjá framkvæmdarvaldinu, fylgja málinu inn á Alþingi og jafnvel inn í nefndina þar sem þeir sitja hugsanlega sem formenn. Það er líka einn punktur enn. En þetta mál hér er mjög gott mál sem ég held að við eigum að skoða vel.

[15:23]

Útbýting þingskjals:

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, 86. mál, þáltill. StG o.fl., þskj. 88.

[15:23]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst mjög athyglisverð þessi umræða um breytingar á þingsköpum Alþingis og hefur fundist fróðlegt að hlusta á reynda þingmenn lýsa skoðunum sínum á því hvað mætti betur fara. Mig langaði aðeins í örstuttu máli að lýsa þeim áhrifum sem skipulagið hafði á mig þegar ég kom inn sem þingmaður fyrir rétt rúmu ári síðan og fór að taka þátt í nefndastarfi og störfum í gegnum þingið almennt.

Ég kom á þing með þá tilfinningu að hér þyddi lítið að vera að malda í móinn og nefndastarfið væri nánast ein halelúja-samkoma sem væri einungis í takt við vilja ráðherra og þeirra boð og bönn væru algild. Ég verð að segja það eins og er að þingið, þingræðið og þingræðishefðin hér hefur virkað á mig eins og hún sé mun sterkari heldur en fólk hefur almennt á tilfinningunni í landinu.

Það kom mér verulega á óvart með ýmis mál sem hafa farið í gegnum þingnefndir að sjá hvernig hefur verið hægt að breyta verulega miklum og flóknum lagabálkum í þingnefnd, eins og t.d. félmn. þar sem frv. um stéttarfélög og vinnudeilur var gersamlega kollvarpað frá því sem upphaflega var lagt fram á þinginu og miðað við það sem út úr þingnefndinni kom. Þar starfaði að mínu áliti saman meiri og minni hluti að því að breyta frv. í þá átt sem báðir aðilar höfðu áhuga á. Ég tek fram að nefndin var ekki samhljóða en aftur á móti vann hún mjög vel saman í þessu máli. Meirihlutaálitið var endanlega afgreitt út úr nefndinni en þetta var unnið þannig að báðir aðilar, bæði meiri og minni hluti í nefndinni unnu málið nánast saman allan tímann.

Ég hef orðið var við það í mörgum öðrum málum að áhrif minni hlutans í þingnefndum eru gríðarlega mikil og ekkert minni heldur en oft hjá meirihlutaaðilum þannig að ég var mjög ánægður með það sem ég upplifði á þessu þingi.

Ég fór til Bretlands í sumar til þess að kynna mér störf breska þingsins og hvernig þeir vinna þingmál í gegnum breska þingið. Þau kynni sem ég hafði af þessu ferli þar voru á þann veg að ég varð enn ánægðari með okkar hlut en áður. Staðreyndin er sú að í breska þinginu er yfirleitt ekki breytt einu einasta orði í frumvörpum frá ríkisstjórninni í gegnum þingnefndir og í gegnum þingið yfir höfuð. Það er lítið á það sem hreina árás á viðkomandi ráðherra að þingið sé á einhvern hátt að reyna að breyta því sem þaðan kemur. Það getur jafnvel þýtt það að viðkomandi ráðherra þarf að segja af sér.

Í breska þinginu eru fastar nefndir sem fara í gegnum málin á mjög svipaðan hátt og við gerum, en þar er meirihlutavaldið algert og samkomulag milli formanns nefndar og ráðherra og meiri hlutans þá um leið í nefndinni að málinu verði hleypt í gegnum nefndina eins og það var lagt fram á þinginu þannig að að þessu leyti er breska þingið mun fastara hvað það varðar að hlýða framkvæmdarvaldinu meðan Alþingi hefur leyft sér mun sjálfstæðari vinnubrögð. Reyndar eru í breska þinginu alls konar rannsóknarnefndir sem taka að sér að fara yfir ýmis mál og þær skila áliti sem er oft gagnrýni á bresku ríkisstjórnina en þær nefndir starfa oft fyrir opnum tjöldum. En þó svo að Alþingi Íslendinga sé að mörgu leyti mjög sterkt og haldi vel utan um þingræðið, þá má eflaust bæta þar um að ýmsu leyti og hygg ég að þeir sem eru vanari þingstörfum en ég munu finna þar betri lausnir. Ég er mjög ánægður með þær breytingar sem hafa orðið á þessu frá því ég kom inn fyrir rúmu ári síðan eins og þær eru túlkaðar af hæstv. forseta Alþingis, hv. 1.

þm. Reykn., en að mínu viti er mjög gott að stofnanir eins og Alþingi séu íhaldssamar og allar breytingar gerðar með mikilli sátt og með hægum og öruggum skrefum. Ég tel samt að óhætt sé að fara út í frekari sjálfstæði nefnda í þeim anda sem mér finnst vera í frv., að það sé leyfilegt að fara út í rannsóknir. Við vorum í fyrra í félmn. að kanna t.d. ýmsan ágreining sem kom upp í sambandi við Brunamálastofnun ríkisins. Mér finnst að í því tilfelli hefði verið eðlilegt að hafa það að einhverju leyti fyrir opnum tjöldum þar sem ekki var beinlínis um málefni að ræða sem kom beint frá framkvæmdarvaldinu, heldur nefndin tók upp hjá sjálfri sér að skoða.

Ég held aftur á móti að það að opna nefndafundina fyrir almenningi sé ekki til þess að auka virkni nefndarmanna í nefndunum sjálfum. Ég er hræddur um að sá skilningur sem mér finnst vera í nefndunum á því að minni hluti eða hver einstakur nefndarmaður geti haft þau áhrif sem honum finnst hverju sinni, að þau áhrif muni minnka vegna þess ákvarðanir fyrir niðurstöðum úr nefndinni munu þá verða teknar annars staðar af meiri hlutanum. Ég er því hræddur um að það gæti haft öfug áhrif þó svo ég taki undir það að rannsóknarþáttur einstakra nefnda mætti vel vera áhrifameiri og sýna að þingmenn vildu meira frjálsræði og meira vægi gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ég tek því ekki beinlínis undir það að Alþingi Íslendinga sé framkvæmdarvaldsþing ef ég miða við þjóðþing sem ég hef sérstaklega kannað.

Ég lít svo á að það sé gott ef væri hægt að aðstoða þingmenn meira í gagnaöflun og við rannsóknir sem þeir hefðu hug á. Mér skilst að það hafi batnað mjög mikið á undanförnum árum hve aðstoð við þingmenn er orðin mun meiri en hefur verið, en eigi að síður standa þingmenn mjög einir í því að rannsaka ýmislegt sem þeir hafa hug á og þurfa í rauninni leyfi þingnefnda ef til þess þyrfti að koma. Ég held að líka þyrfti til þess mun meira fé. (**Gripið fram í:** Leyfi þingnefnda? Hvað á þingmaðurinn við?) Ég á einfaldlega við það að þingnefndir hafa ákveðið fjármagn til þess að gera rannsóknir og til þess að þingmaður geti farið út í rannsókn sem ætti að taka af fé þingnefndar, þá þarf leyfi formannsins eða nefndarinnar til þess. Ég vona að hv. þm. hafi skilið hvað ég átti við.

Það kemur mér skemmtilega á óvart að mörgu leyti að þessi umræða skuli fara fram vegna þess að maður hefur heyrt það víða í þjóðfélaginu að það sé mjög nauðsynlegt að fækka þingmönnum, það sé nauðsynlegt til sparnaðar og í rauninni alger óþarfi að hafa alla þessa þingmenn. Þeir mættu þess vegna vera 30 hef ég heyrt. (**Gripið fram í:** Fækkum þingmönnum Sjálfstfl.) Ég held að fækkun þingmanna þýddi einfaldlega að starfið yrði minna, yfirferðin yrði minni, nákvæmnin yrði minni og þeir hv. þm. sem hafa tekið undir þá umræðu og taka þátt í þessari umræðu geri ég ráð fyrir að endurskoði þá hugmynd sína. Það er frekar verið að ræða um í þessu frv. að auka völd þingsins sem kostar peninga.

Herra forseti. Ég vildi með þessum fáu orðum lýsa minni skoðun á því hvernig þingsköpin hafa virkað á mig. Ég hef að sjálfsögðu ekki mjög djúphugsaðar breytingartillögur eftir þennan stutta tíma minn hér. Eigi að síður fagna ég því að fá tækifæri til að ræða þetta frv. í allshn. Ég tel að það eigi einnig mjög heima í þeirri nefnd og þinginu almennt að fá að ræða þingsköpin og þingstörfin. Og fyrir okkur nýja þingmenn er þetta mjög gott og gullvægt tækifæri til þess.

[15:35]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins ein athugasemd út af því sem fram kom í máli síðasta ræðumanns. Hv. síðasti ræðumaður tekur undir það sem mér finnst koma fram í máli flestra þingmanna, að það eigi að auka valdsvið þingnefnda og rannsóknarþáttinn og eftirlit þingsins með framkvæmdarvaldinu. En þingmaðurinn leggst gegn því að nefndirnar geti starfað fyrir opnum tjöldum. Ég held einmitt að það muni skerpa eftirlitsþáttinn gagnvart framkvæmdarvaldinu og gera lýðræðið virkara. Ég minni á, akkúrat eins og kom fram í orðum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, að hér er einungis um það að ræða að nefndir starfi fyrir opnum tjöldum nema nefndin ákveði annað. Það getur verið bara einn hluti meðferðar eða rannsóknar málsins í nefndinni sem nefndin ákveður að sé rétt að hún fjalli um fyrir opnum tjöldum, t.d. varðandi gagnasöfnun, upplýsingar sem koma út úr slíku og gögnum sem beðið er um frá framkvæmdarvaldinu. En niðurstöður nefndarinnar og hvernig hún leiðir málið til lykta þyrfti ekki að vera fyrir opnum tjöldum. Ég tel því mjög mikilvægt að þetta sé til staðar og ég tel að einmitt þetta ákvæði sé nýtt og eigi að reyna með þessum hætti vegna þess að væntanlega er það meiri hluti nefndarinnar sem tekur ákvörðun um hvort hún starfi fyrir opnum tjöldum allan tímann meðan hún rannsakar mál eða að það sé einungis einn afmarkaður hluti í nefndastarfinu sem er fyrir opnum tjöldum. Þess vegna mundi ég sakna þess mjög, ef á þessu máli yrði tekið, að þessi mikilvægi þáttur yrði skilinn eftir.

[15:37]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er ekki sammála mér í því að betra sé að hafa þingnefndirnar lokaðar. Hún vill láta það vera í valdi þingnefndarinnar hverju sinni.

Ég er dálítið hræddur um, ef farið væri á annað borð að opna þingnefndirnar, að þá yrði ekkert undan því vikist að hafa alla fundi opna eftir það þannig að ef við á annað borð ætlum að hafa eitthvað opið, þá verðum við að hafa allt opið. Ég er hræddur um að umræður í nefndinni yrðu miklu yfirborðskenndari. Þær yrðu undirbúnar mun meir fyrir fram af meiri hlutanum þannig að áhrif minni hluta í viðkomandi þingnefndum yrði mun minna en hefur verið og svona í mínum huga mundi lýðræðisleg umfjöllun þingmanna sín á milli í þingnefndum minnka.

[15:38]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst einhver misskilningur felast í skilningi á þessu ákveðna ákvæði í frumvarpsgreininni. Þetta eru tvær leiðir, annars vegar sú sem er til staðar í 26. gr. Síðan ef nefndir telja ríka ástæðu til, er þeim heimilt að eigin frumkvæði efna til sérstakrar rannsóknar um þessi mál, meðferð opinberra fjármuna, framkvæmd laga og reglugerða o.s.frv. Það er nefndin sem á að ákveða þetta eins og ég segi. Það að vinnubrögðin verða yfirborðsleg og meiri hlutinn undirbúi sig svo vel að minni hlutinn hafi engin áhrif, finnst mér vera rökleysa. Ég sé ekki nokkur einustu rök í þessu máli. Það er bara mjög gott ef meiri hluti og minni hluti undirbúa sig þá betur en þeir kannski gera ef nefndirnar starfa fyrir opnum tjöldum. Ég verð því að segja að mér finnst þetta rökleysa sem fram kemur í málflutningi þingmannsins.

[15:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur farið út í býsna almennar umræður um þingsköp og sýnir kannski að það er mikil þörf á því að gefa þingmönnum almennt tækifæri til þess að ræða þau. Ég hefði óskað þess að fleiri þingmenn væru viðstaddir og úr fleiri flokkum því ég býst við að það hafi nánast hver einasti maður skoðanir á þessum málum og hugmyndir um það hverju megi breyta þó að þær skoðanir kunni að vera býsna skiptar.

Mér hefur fundist frá því að ég kom hér fyrst inn fyrir dyr að mörgum þingmönnum eins og reyndar kannski almenningi svona yfir höfuð, og nú fullyrði ég kannski nokkuð stórt, sé afskaplega illa ljóst hvað felst í þrískiptingu ríkisvaldsins. Mér finnst ég hafa rekist á það mjög oft að fólk og þar með taldir þingmenn greina ekki þarna á milli, þ.e. hvað felst í þessari grundvallarreglu okkar stjórnarskrár. Hún á sér náttúrlega fyrirmyndir í dönsku stjórnarskránni frá 1849 sem síðan sækir sínar hugmyndir m.a. til frönsku byltingarinnar og amerísku stjórnarskrárinnar og hugmynda sem mjög voru til umræðu undir lok 18. aldar. Þær áttu sér aftur rætur í því hvernig konungsvaldið fór með völdin í hverju ríki, þar sem konungur og aðall réðu dómstólunum og dæmdu menn jafnvel til lífsláts af minnstu sökum og stjórnuðu því hvernig dómar voru upp kveðnir. Þeir réðu því hvaða lög ríktu í landinu og þeir fóru með lögin og framkvæmdarvaldið eins og þeim sýndist. Því var það að hugsuðir allt frá því á 17. öld fóru að þróa hugmyndir um það hvernig nauðsynlegt væri að skapa stjórnendum aðhald, hvernig dómsvaldið ætti að tryggja að lögum væri framfylgt og að framkvæmdarvaldið væri ekki sífellt að traðka á þegnunum.

Mér hefur oft fundist að hér væri þessum sviðum blandað óþarflega mikið saman. Ég kom aðeins inn á það í umræðu á mánudag að því er ég hygg þegar önnur tillaga var til umræðu um breytingar á stjórnarskránni. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þau mál. En ég tel að við þurfum að þróa þessa skiptingu nánar. Þar getur margt komið inn í, bæði til þess að styrkja dómsvaldið og til þess að styrkja löggjafarvaldið. Mér finnst að framkvæmdarvaldið sé mjög sterkt hér á landi. Það lýsir sér m.a. í því að það er framkvæmdarvaldið sem skipar dómara og stjórnar því hverjir sitja í þeim stöðum. Þetta er allt saman arfur sem við fengum frá danska stjórnkerfinu og einhvern veginn hefur mönnum ekki dottið í hug að gera á þessu neinar breytingar. Við erum kannski smátt og smátt að stíga skref, eins og með stofnun embættis umboðsmanns Alþingis, eins og með því að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi, til að efla eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu. En það er ýmislegt fleira sem við þurfum að gæta að í því samhengi, eins og hér hefur nefnt, t.d. hvort ráðherrar eiga að sitja á Alþingi og þetta sem okkur finnst mörgum að þurfi að breyta, þ.e. hvernig Alþingi er kallað saman, sem er líka arfur frá því þegar konungur kallaði þing saman, og hvernig þinginu er slitið. Auðvitað er það þingið sjálft sem á að ráða því hvenær og hvernig það hefur sín störf og hvenær þingi lýkur og fleira af því tagi.

En það er þetta innra starf sem ég ætlaði fyrst og fremst að ræða og inntak tillögunnar. Það fléttast kannski ýmislegt inn í þessar hugleiðingar. Ég er algerlega sammála þessari tillögu. Að vísu tel ég að það sé í sjálfu sér ekkert í núverandi þingsköpum sem bannar þingnefndum að halda opna fundi. Núna í sumar hélt umhvn. ráðstefnu á sínum vegum þar sem einmitt var verið að kanna og fjalla um ákveðin málefni sem snerta svið nefndarinnar. Efh.- og viðskn. hefur haldið eins konar námstefnu eða námskeið, að vísu fremur lokað, fyrir nokkrum árum og ég veit að uppi eru hugmyndir um fleiri slíkar.

Ég hef sjálf verið að velta fyrir mér hugmynd um eins konar ráðstefnu eða opinn fund eða opna yfirheyrslu eða hvað á að kalla það um vinnumarkaðsmál. Það er fremur óljóst í huga mínun í hvaða farveg ég á að fara með það mál. Við í félmn. ákváðum í fyrravor að taka eitt ákveðið mál til sérstakrar skoðunar. Það verður að segjast eins og er að hæstv. félmrh. tók því ekki vel í fyrstu. Honum fannst greinilega að það væri verið að fara eitthvað inn á hans verksvið en ég held að hann hafi nú áttað sig á því að nefndin var fyrst og fremst að kynna sér ákveðið mál. En þegar þeirri skoðun á málinu var lokið komu líka upp spurningar um hvað átti að gera við niðurstöðuna. Hvert átti hún að fara? Ég skrifaði forseta þingsins og forsn. og bað hreinlega um úrskurð hvað ætti að gera við niðurstöðuna. Niðurstaðan varð sú að það ætti að dreifa þessari skýrslu í hólf þingmanna þannig að allir þingmenn fengu niðurstöðu nefndarinnar í sínar hendur en síðan hefur málinu lítið verið fylgt eftir. Það eru því ýmis dæmi um að nefndir hafa verið að þreifa sig áfram inn á þessar brautir.

Ég skil tillögu hv. þm. eða kýs að skilja hana þannig að hún sé m.a. að leggja til að við færum okkur í átt til þess sem tíðkast hefur í bandaríska þinginu, þar sem mjög algengt er að nefndafundir eru haldnir fyrir opnum dyrum þar sem bæði fjölmiðlar og gestir eru viðstaddir. Þar á sér stað það form sem á ensku er kallað „hearing" og tíðkast reyndar mjög víða í alþjóðlegum stofnunum eins og t.d. í Evrópuráðinu þar sem menn kynna sér oft mál með því að efna til svona yfirheyrslu — yfirheyrsla er nú kannski frekar neikvætt orð. Ég veit ekki hvað við ættum að kalla þetta, upplýsingafund eða eitthvað slíkt — þar sem menn mæta sem þekkja málið frá ýmsum hliðum og gera grein fyrir sínum skoðunum.

En það er annað form sem tíðkast í Bandaríkjunum og tengist einmitt aðhaldshlutverki bandarískra þingsins sem er m.a. það að kanna hvort ráðherrar eða embættismenn og ekki síst dómarar eru færir um að gegna þeim störfum sem verið er að fela þeim. Það er hlutverk bandarískra þingnefnda að kanna hvort menn eru hæfir. Þess eru allnokkur dæmi að bandarískar þingnefndir hafa komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi tilnefning sem kemur frá framkvæmdarvaldinu sé ekki réttlætanleg og hafa hafnað viðkomandi. Þess eru m.a. dæmi um menn sem átti að skipa sem hæstaréttardómara. Í Bandaríkjunum er það reyndar forsetinn sem kemur með tillögu um það hverjir skuli gegna embættum hæstaréttardómara og þingið verður að staðfesta það, en aðrir dómarar eru hreinlega kjörnir af almenningi. Þannig að það eru ýmsar aðferðir sem tíðkast. Ég held að við ættum að feta okkur inn á þær brautir að vera með kannanir eða rannsóknir á einstökum málum og gera það fyrir opnum tjöldum til þess fyrst og fremst að upplýsa, á meðan við höfum ekki það hlutverk t.d. að kanna hæfi embættismanna ríkisins sem ég hygg að sé nokkuð langt í að við fáum að gera hér.

Það má nefna ýmislegt úr þingsköpum og störfum þingsins sem þyrfti að skoða betur. Eitt af því er t.d. það hvernig við eigum að fara að þegar mál sem koma hingað inn heyra undir fleiri nefndir. Hvernig á að fara með þau mál? Á að senda þau á milli nefnda? Ég tek dæmi um frv. sem við vorum með til meðferðar í fyrra og varðaði snjóflóð og skriðuföll. Ég man nú ekki rétta heitið á lagafrumvarpinu. Þar komu að

málum umhvn., allshn. og félmn. og reyndar fór skylt mál inn í efh.- og viðskn. Þarna var brugðið á það ráð að þessar þrjár nefndir héldu sameiginlegan nefndafund og urðu að fá lánað til þess húsnæði því aðstaða fyrir slíkan fund, þar sem að fleiri nefndir eiga í hlut, er ekki til ráðstöfunar í því húsnæði sem Alþingi hefur á leigu eða á. Það er einmitt eitt af því sem stendur þessari tillögu fyrir þrifum, að ef við erum að ræða um stærri nefndafundi þá þarf að leita eitthvað annað. Þetta finnst mér vera mál sem nauðsynlega þarf að skoða. En hvernig á að fara með svona frv.? Það er mjög óljóst í þingsköpunum.

Eins er varðandi skýrslur Ríkisendurskoðunar. Af einhverjum ástæðum hefur fjárln. tekið það hlutverk að sér að fara yfir flestar þær skýrslur þó þær í rauninni heyri að sáralitlu leyti undir hana. Ég get tekið sem dæmi að það er nýbúið að leggja fram stjórnsýsluendurskoðun á Húsnæðisstofnun ríkisins. Við í félmn. höfum í hyggju að fara yfir þessa skýrslu. Þetta er stofnun sem heyrir undir verksvið nefndarinnar. En ég veit að fjárln. ætlar að gera það líka. Kannski er það allt í lagi og ekkert við því að segja og gott að fleiri þingmenn og þingnefndir skuli fara ofan í skýrslu af þessu tagi. En hver á að hafa þetta verkefni? Það er algjörlega óljóst og ekkert er um það fjallað í þingsköpum hvernig með þetta skuli farið.

Eitt atriði sem nefnt var fyrr í umræðunni er um meðferð mála. Þar hefur mér sýnst að þróunin í nefndum sé mjög í þá átt að reyna að afgreiða öll mál sem fyrir nefndinni liggja á einhvern hátt. Það gerðum við t.d. í félmn. Þar var farið í gegnum hvert einasta mál og ákveðið hvað með það skyldi gert, í flestum tilfellum í samráði við flutningsmenn sem stundum mæltu með því að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Stundum vildu þeir að málið yrði ekki afgreitt út úr nefndinni. Þeir vildu það sem sagt ekki ef ekki var meiri hluti fyrir því þannig að þeir ættu þess kost að koma með málið aftur á næsta þingi og þar fram eftir götunum. En hvert einasta mál var afgreitt. Ég hygg að það sama megi segja um ýmsar nefndir þingsins. Ég kynntist því t.d. á síðasta kjörtímabili að það var gert í menntmn. Þar var hvert einasta mál afgreitt. Það á auðvitað að gera. Kannski á að ganga lengra og sjá til þess að hvert einasta mál komi aftur til baka inn í þingið. Það er eitt af því sem þarf að vega og meta. En menn vilja kannski síður láta fella fyrir sér mál.

Hér hefur verið nefnt hvort það væri hugsanlega betra kerfi að kjósa nefndir eftir þeim málum sem upp koma í stað þess að hafa þetta fastanefndakerfi sem hér er. Ég hallast nú að því, án þess að hafa hugsað málið mjög mikið, að það kerfi að hafa fastanefndir hafi mjög mikinn kost. Það hefur þann kost að fólk fylgist með málum ár eftir ár, fylgir þeim eftir og fær ákveðna yfirsýn yfir málaflokkinn í stað þess að hugsanlega væri alltaf verið að kjósa nýtt og nýtt fólk til að sinna málunum. Það er meiri festa og auðveldara að skipuleggja það að þingmenn kynni sér viðkomandi málaflokk mjög rækilega. Það kann vel að vera að það hafi mikla kosti að kjósa fleiri sérnefndir og ganga lengra inn á þær brautir. Það má vel vera. Ég átta mig hreinlega ekki á því. Það er mjög algengt í ýmsum öðrum þingum að kjósa bæði undirnefndir og svokallaðar ad hoc-nefndir sem eru bara með tímabundin verkefni, þannig að þetta er með ýmsu móti.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það er mjög brýnt að mínum dómi að skoða betur verkaskiptingu milli nefnda. Þar ríkir mjög mikið misvægi sem ég held að ráðist ekki bara af því að einstakir ráðherrar og ráðuneyti hafi verið í mikilli tiltekt eða þurft að glíma við mjög margvísleg og mörg verkefni, eins og t.d. gildir um fjmrn. og viðskrn. í tengslum við EES-samninginn eða dómsmrn. sérstaklega sem hefur verið mjög duglegt við að koma frumvörpum inn í þingið. Hvort tveggja hefur leitt til þess að allshn. og efh.- og viðskn. hafa verið mjög störfum hlaðnar á undanförnum árum. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt að skoða þessi mál hvað varðar verkaskiptingu þingsins og hvort hugsanlega þurfi að gera þar einhverjar breytingar á.

Eitt mál að lokum, hæstv. forseti. Það væri hægt að hafa langt mál um eitt og annað sem snertir þingsköpin, en ég vil taka undir það að ég er nokkuð fastheldin á það að ekki sé verið að takmarka mjög ræðutíma manna meira en orðið er. Mér er sagt að á þingum Norðurlanda, þar sem ræðutími hefur verið skipulagður mjög nákvæmlega og er miklu styttri og með öðru fyrirkomulagi en við þekkjum, séu þingin líka orðin vægast sagt hrútleiðinleg og ákaflega lítið fjör í umræðum, að þar verði ekki sömu skoðanaskipti og við þekkjum hér.

Allra síðast er eitt í viðbót, hæstv. forseti. Það er um fjárlögin og meðferð þeirra. Að mínum dómi var það gott skref þegar sú breyting var gerð að fjárln. vísaði hluta fjárlagafrv. til fagnefnda. En ég hef ekki verið nógu ánægð með hvernig með það hefur verið farið. Fagnefndirnar hafa skilað áliti, stundum ítarlegu. Stundum hafa komið þar fram mjög markvissar ábendingar. En það hefur verið reynsla okkar að það hafi lítið verið með það gert. Það hefur verið kvartað yfir þessu við fjárln. Mín spurning er hvort það eigi ekki að skoða verksvið fjárln. sem hefur reyndar breyst mikið á undanförnum árum og hvort ekki eigi að ganga lengra í því að færa verkefni og vald til fagnefndanna. Ég tek sem dæmi að fjárln. er að glíma við ýmiss konar styrkveitingar á ýmsum sviðum og fer mikill tími í það. Ég tek sem dæmi að í morgun var Kvenréttindafélagið og Kvennaathvarfið og fleiri aðilar að ræða við fjárln. en þeirra málefni heyra undir félmn. Ég varpa því fram hvort ekki væri nær að það væri félmn. sem færi yfir þessi mál og þá aðrar viðkomandi fagnefndir, rétt eins og þingmannahópar fara yfir vegamál sinna kjördæma. Það er ekkert samræmi í þessu. Eru vegamál kjördæmisins á Reykn. eða Norðurl. e. svo brýnt mál sem kallar á sérþekkingu þingmanna á því svæði, að það verði að haga málum svona? Hver eru rökin fyrir því að mál hafa þróast á þann veg að þeir eru kallaðir saman? Þeir gera tillögu en fagnefndir fá ekkert að koma að málum sem heyra undir þær þegar fjárveitingar eiga í hlut. Ég varpa þessu fram. Mér finnst að þessi breyting sem gerð var hafi haft þau góðu áhrif að þingmenn eru miklu betur að sér. Þeir eru miklu betur að sér um fjármál ríkisins og um það í hvað peningarnir fara. En mér finnst það vera spurning hvort ekki eigi að stíga skrefið lengra og færa meira vald til þingnefndanna hvað varðar fjárveitingar.

Hæstv. forseti. Ég hefði getað nefnt ýmislegt fleira en læt staðar numið og ítreka að ég tek undir efni þessarar tillögu.

[16:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég fagna því frv. sem er til umræðu um breytingu á lögum á um þingsköp Alþingis. Ég tek efnislega undir frv. um að veita nefndum meira svigrúm til að taka mál upp á eigin vegum og að þingnefndir starfi fyrir opn-

um tjöldum nema nefndin ákveði annað. Þarna gæti einmitt orðið til sá stefnumótunarvettvangur sem hv. þm. Svavar Gestsson benti réttilega á að vantaði sárlega á vettvangi Alþingis. Það vantar vettvang fyrir stjórn og stjórnarandstöðu til að takast á um stefnumótun. Nefndir þingsins virðast ekki hafa slíkt frumkvæði þó að væntanlega sé það hægt ef vilji væri fyrir hendi. Því miður kemur ráðherra afar sjaldan inn í þingnefndirnar sem er einnig slæmt miðað við þá hefð að ráðherra virðist hafa úrslitavald um það hvaða mál fari í gegn í málaflokki hans og hvað ekki.

Þá tek undir með flutningsmanni og andmæli um leið hæstv. forseta þingsins, hv. 1. þm. Reykn., að Alþingi Íslendinga nálgast meira en góðu hófi gegnir það sem kalla má framkvæmdarvaldsþing. Þó að það sé rétt að slíkt hljóti að teljast afstætt, samanber það sem hefur komið fram í umræðunni að breska þingið breyti ekki stjórnarfrumvörpum enda engar fastanefndir þar til að vinna þá vandasömu vinnu sem á sér stað í fastanefndum þingsins hér, þá er þetta auðvitað afstætt. En ég tel að á meðan langflest stjórnarfrumvörp eru samin í ráðuneytum framkvæmdarvaldsins eða á vegum ráðherra og á meðan starfsmenn nefnda eru embættismenn er mjög eðlilegt að þessi ályktun sé dregin.

Ég hef nýverið átt þess kost að heimsækja Bandaríkjaþing. Þar kom t.d. fram að starfsmenn fastanefnda eru starfsmenn stjórnmálaflokkanna eða einstakra þingmanna og frumvörp eru samin mun meira á vegum nefndanna eða undirnefnda fastanefndanna og alls ekki af framkvæmdarvaldinu í sama mæli og hér. Þar hafa þingmenn og stjórnmálaflokkar mikið starfslið sem er auðvitað ekki mögulegt hér en hugsanlegt væri að sérfræðingar utan úr bæ og frá ráðuneytum kæmu meira með nefndunum að tilbúningi frv. Ég tel að það ástand, sem mér finnst vera í þinginu gæti lagast við það að ráðherrar hættu að vera þingmenn. Við það hlýtur framkvæmdarvaldið að aðskiljast betur frá löggjafarvaldinu. Við kvennalistakonur höfum lengi haft á stefnuskrá okkar að ráðherrar gegni ekki þingmennsku og ég tel að þar með yrði löggjafarvaldið mun sjálfstæðara en það er nú. Samkvæmt íslenskum stjórnskipunarrétti fer Alþingi með veigamesta þátt ríkisvaldsins og meginstoð stjórnskipunarinnar. Nýlegur dómur Hæstaréttar varðandi mál Samherja á Akureyri bendir til að dómsvaldið sjái ástæðu til að minna löggjafarvaldið á þetta svo og að vara löggjafarvaldið við því að framselja of mikið vald til ráðherra sem iðulega er verið að gera hér.

Þessi mál þarf að skoða af alvöru og það er von mín að þetta mál geti orðið farvegur til þess en að öðru leyti verði það rætt á vettvangi stjórnar þingsins. Þá vil ég taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni um aukið vald hagsmunaaðila og fjölmiðla. Þingið þarf að mínu mati að skoða þetta atriði mjög gaumgæfilega, samanber umræðuna þessa dagana um stefnuræðu forsrh. Þessi mál verður að taka fastari tökum sem gerist vonandi fljótlega á vettvangi forsn.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

10. FUNDUR

fimmtudaginn 17. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24. — 1. umr.
2. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 48. — 1. umr.
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
4. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
5. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
6. Félagsleg aðstoð, frv., 81. mál, þskj. 82. — 1. umr.
7. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
8. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
9. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
10. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
11. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 82. mál, þskj. 83. — Fyrri umr.
12. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 83. mál, þskj. 84. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Varamenn taka þingsæti.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur svofellt bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53 gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Petrína Baldursdóttir, fyrrv. alþm., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Rannveig Guðmundsdóttir."

Petrína Baldursdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa á ný.

Þá hefur enn fremur borist annað bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að

óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Kristinn Pétursson fiskverkandi, Bakkafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Egill Jónsson."

Kjörbréf Kristins Péturssonar hefur verið samþykkt. Hann hefur áður átt sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Lágmarkslaun, 87. mál, frv. GE o.fl., þskj. 89.

Stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna, 47. mál, svar menntmrh., þskj. 87.

Lánsfjárlög 1997, 1. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24.

[10:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga sem er 24. mál þessa þings. Lánsfjárlögin endurspegla nú sem endranær niðurstöður fjárlagafrumvarps og þar með þá efnahagsstefnu stjórnvalda sem það byggist á. Í upphafi máls míns vil ég vekja athygli á lánsfjáreftirspurn innlendra aðila. Því næst fjalla ég um nokkur almenn atriði sem varða stöðu fjármagnsmarkaðarins einkum með tilliti til umsvifa ríkissjóðs og loks vík ég að einstökum efnisatriðum þessa frumvarps.

Horfur í ríkisfjármálum fyrir 1997 benda til þess að nýjar lántökur ríkissjóðs og aðila sem njóta ríkisábyrgðar nemi 11,7 milljörðum kr. eða 7,7 milljörðum kr. lægri upphæð en á yfirstandandi ári. Lánsfjárþörf þessara aðila hefur ekki verið minni í meira en áratug. Þá mun ríkissjóður í fyrsta skipti frá upphafi síðasta áratugar greiða niður skuldir sínar eða sem nemur 2,3 milljörðum kr. Þetta skýrist m.a. af því að áformað er að afgreiða fjárlögin með afgangi en ekki halla eins og á undanförnum árum. Lánsfjáreftirspurn innlendra aðila hefur frá miðju ári 1995 til jafnlengdar 1996 aukist um 64 milljarða eða 8% sem er í samræmi við hlutfallslega aukningu landsframleiðslu milli ára. Það vekur sérstaka athygli að lántökur heimilanna halda áfram að aukast á þessu tímabili eða um 11,5%. Þrátt fyrir auknar tekjur auka heimilin enn skuldir sínar og lýsir það misvægi í þróun þjóðartekna og einkaneyslu. Það hlýtur að valda áhyggjum að kaupmáttaraukningin skuli ekki ganga til að greiða niður skuldir heimilanna. Í öðru lagi eru fyrirtækin farin að taka lán að nýju eftir að hafa styrkt fjárhagsstöðu sína, m.a. með því að greiða niður skuldir. Uppgang í atvinnurekstri er víða að finna og má í því sambandi nefna miklar fjárfestingar tengdar loðnuvinnslu. Í þriðja lagi vekur athygli að skuldir sveitarfélaga eru teknar að lækka eða minnka en þær náðu hámarki á síðasta ári. Síðast en ekki síst hefur vöxtur í lántökum ríkisins dregist verulega saman en þær jukust um 4,4% á fyrri helming þessa árs samanborið við 8,4% á sama tíma í fyrra.

Við afgreiðslu fjárlaga 1996 var talið að nýr peningalegur sparnaður yrði allt að 32 milljarðar kr. á árinu 1996. Endurskoðuð áætlun bendir til þess að aukning verði talsvert meiri eða tæpir 43 milljarðar kr.

Á árinu 1997 er talið að nýr peningalegur sparnaður verði meiri en í ár, um 46 milljarðar kr., eða 8,8% af landsframleiðslu. En rétt er að leggja áherslu á að skekkjumörk eru mikil í þessu því að báðar stærðirnar geta hreyfst og þess vegna ber að taka þær með nokkrum fyrirvara.

Frá því að Verðbréfaþing Íslands hóf starfsemi sína hefur Seðlabanki Íslands verið viðskiptavaki með spariskírteini ríkissjóðs og myndað markaðsverð með kaupum og sölu á þeim. Þetta hlutverk Seðlabankans hefur verið gagnrýnt og ekki talið fara saman við önnur hlutverk hans, eins og að hafa áhrif á skammtímavexti. Af þeim ástæðum og einnig til að örva verðbréfamarkaðinn gerði Seðlabankinn, um miðjan febrúar sl., samninga við þrjú verðbréfafyrirtæki um vörslu og viðskiptavakt á stórum flokkum ríkisverðbréfa. Samkvæmt samningunum er viðskiptavökum skylt að endurnýja kaup- og sölutilboð reglulega. Óhætt er að fullyrða að þessir samningar hafa haft góð áhrif á verðmyndun á eftirmarkaði. Satt að segja hygg ég að ríkið þurfi að kanna rækilega á næstu missirum hvort sameina skuli flokka spariskírteina með einhverjum hætti til þess að treysta markaðinn enn betur og gera hann auðveldari fyrir alla aðila sem eiga viðskipti á honum.

Ávöxtun spariskírteina var í byrjun árs um 5,9% á 10 ára skírteinum og 5,8% á 20 ára skírteinum. Ávöxtunarkrafan fór svo lækkandi og náði lágmarki í júní en þá var hún 5,4% á 10 ára, en 5,2% á 20 ára skírteinum. Frá þeim tíma hefur hún heldur hækkað og er ávöxtunarkrafan nú 5,67% á 10 ára bréfum og 5,46% á 20 ára skírteinum. Sala spariskírteina hefur verið mjög góð það sem af er árinu. Þannig hefur náðst að selja 20 ára skírteini í almennum útboðum fyrir 3,5 milljarða kr. sem er 68% af heildarsölu spariskírteina í slíkum útboðum.

Vextir óverðtryggðra ríkisbréfa fóru lækkandi framan af árinu en hafa heldur hækkað að undanförnu. Þannig hafa vextir fimm ára bréfa lækkað úr 10,5% um síðustu áramót í u.þ.b. 9% um miðjan október. En það var 8,8% ef ég man rétt í september. Sala ríkisbréfa hefur verið nokkuð sveiflukennd. Hún byrjaði vel í upphafi árs, var dræm um mitt ár en hefur aðeins verið að glæðast nú að undanförnu. Samtals hafa verið seld ríkisbréf fyrir um 4,5 milljarða kr. í ár.

Vextir ríkisvíxla, þriggja, sex og tólf mánaða, voru í byrjun janúar u.þ.b. þremur prósentustigum hærri en erlendir skammtímavextir vegnir með viðskiptavog fyrir Ísland. Þessi munur fór lækkandi fram eftir árinu og var um tíma tvö prósentustig, en vegna aðgerða Seðlabanka Íslands í lok september til að draga úr þenslu hækkaði munurinn að nýju og er nú svipaður og hann var í byrjun árs. Hætta er jafnan á að streymi fjár til útlanda ef vextir ríkisvíxla nálgast um of erlenda skammtímavexti. Það er hins vegar ávallt háð mati markaðarins hversu mikill þessi munur þarf að vera. Því ráða þættir eins og lánstraust, stöðugleiki og stærð markaðarins.

Vextir á þriggja mánaða víxlum eru nú 7,14% sem er u.þ.b. 0,5% lægri vextir en í byrjun árs. Sala ríkisvíxla í útboðum var í samræmi við áætlanir. Þetta breyttist í skiptiútboði vegna innköllunar spariskírteinaþegar heldur meira var selt af víxlum en ráð var fyrir gert. Frá þeim tíma hefur eftirspurn eftir ríkisvíxlum verið heldur meiri en framboð. Fyrstu átta mánuði ársins nam nettósala þeirra um 3,9 milljörðum kr.

Í lok maí var ákveðið að innkalla andvirði þriggja flokka spariskírteina frá árinu 1986 sem báru vexti á bilinu 8–9% auk verðtryggingar, samtals að fjárhæð 17,3 milljarðar kr.,

en undanfarin missiri hafa vextir spariskírteina í útboðum verið vel innan við 6%. Áætlað er að þessi aðgerð spari ríkissjóði um 2 milljarða kr. í vaxtagjöldum fram til ársins 2000.

Endurfjármögnun þessara flokka á innlendum markaði gekk allvel bæði með sölu spariskírteina til langs tíma og ríkisvíxla. Jafnframt hefur fjáröflun Byggingarsjóðs verkamanna gengið vel á innlendum markaði en sjóðurinn hefur með útboðum á húsnæðisbréfum náð að fjármagna 5,7 milljarða kr. lánsfjárþörf sína en á árinu á undan hvíldi fjáröflun sjóðsins á ríkissjóði. Innlend fjáröflun þessara aðila hefur því gengið mun betur á þessu ári en á því síðasta.

Heildarlántökur ríkisins, ríkisfyrirtækja og sjóða eru áætlaðar 47,7 milljarðar króna á árinu 1997. Afborganir eldri lána eru áætlaðar 36 milljarðar króna. Hrein lánsfjáröflun, þ.e. ný lán að frádregnum afborgunum eldri lána, er áætluð 11,7 milljarðar króna og er það 7,7 milljörðum króna lægri fjárhæð en á þessu ári. Heildarlántökum er ekki skipt milli innlendra og erlendra lána frekar en undanfarin ár. Má rekja það til aukins frelsis í fjármagnsflutningum milli landa þar sem vaxta- og gengisþróun ræður miklu um hvernig leitað er á fjármagnsmarkaði. Nú geta erlendir aðilar t.d. keypt ríkisverðbréf útgefin hér á landi og innlendir aðilar erlend ríkisverðbréf hömlulaust. Í þessu sambandi má geta þess sem auðvitað hefur komið fram í fréttum að erlendir aðilar hafa að undanförnu verið að kaupa íslensk ríkisverðbréf í stærri stíl en áður. Þetta ætti að öðru jöfnu að hafa áhrif til meira jafnvægis á vaxta- og peningamarkaðnum íslenska.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er sem endranær hvorki langt né flókið. Það er sett upp á hefðbundinn hátt og skiptist í lántökur ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, ýmis ákvæði um lánsfjármál og loks gildistökuákvæði. Í frv. er gert ráð fyrir að Landsvirkjun fái heimild til að taka að láni 4,8 milljarða kr. og var það gert með fyrirvara um orkuöflun vegna hugsanlegra samninga um nýjan orkufrekan iðnað.

Eftir að frv. til lánsfjárlaga var lagt fram á Alþingi hafa borist óskir um 4,2 milljarða kr. hækkun á lántökuheimild Landsvirkjunar þannig að hún verði 9 milljarðar kr. Hér er um að ræða aukna lánsfjárþörf vegna áforma um virkjunarframkvæmdir á árinu 1997 í þágu fyrirhugaðs 60 þús. tonna álvers Columbia Venture Corporation á Grundartanga sem tekið yrði í rekstur um mitt ár 1998 og stækkunar á Járnblendiverksmiðjunni sem áætlað er að taka í rekstur haustið 1999. Þessar óskir þarf að skoða sérstaklega og ég vænti þess að þær verði skoðaðar frekar m.a. við meðhöndlun þingsins á frv. Ég mun að sjálfsögðu láta hv. nefnd í té bréfaskipti, bréf frá Landsvirkjun þar sem lýsing á hugsanlegri lántökuheimild kemur fram en mun óska eftir að nefndin taki það mál til sérstakrar afgreiðslu. Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, í framsöguræðu minni að fjalla nánar um greinar frv. og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af framlagningu frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997. Þar kemur fram eins og hæstv. fjmrh. sagði að ástæðan fyrst og fremst fyrir því að ekki er talin þörf á jafnmiklum lántökum ríkissjóðs eins og verið hefur undanfarin ár sé áform um hallalausan ríkisrekstur. Eins og öllum er kunnugt byggist hagstæðari afkoma ríkissjóðs á árinu sem er að líða en oft áður fyrst og fremst á því að tekjur ríkissjóðs á árinu sem er að líða hafa reynst vera miklu meiri en gert var ráð fyrir og heldur en ástæða var til að ætla miðað við þróun undanfarinna ára. Hagstæður árangur í rekstri ríkisins á þessu ári byggist því ekki á aðhaldi á útgjaldahlið. Útgjöld hafa farið verulega mikið fram úr áætlun og raunar hafa ýmis sparnaðaráform hæstv. ríkisstjórnar sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga ekki gengið eftir. Ástæðan fyrir því að þróunin hefur orðið hagstæðari er sú fyrst og fremst að öfugt við það sem hefur verið á undanförnum árum, á því erfiðleikaskeiði sem yfir okkur hefur gengið í efnahagsmálum, þá hefur tekjuspá ríkissjóðs eins og hún var áformuð í fjárlögum verið mun lægri en fjárlagaáformin gerðu ráð fyrir. Á erfiðleikaárunum var það einkennandi fyrir spár fjmrn., Þjóðhagsstofnunar og annarra slíkra aðila að menn ofáætluðu tekjur ríkissjóðs og bættist það við erfiðleika á því að ná niður útgjaldahlið ríkissjóðs. Mikil breyting hefur á þessu orðið á árinu sem nú er að líða þannig að tekjur ríkissjóðs, bæði af veltusköttum og af tekjusköttum hafa reynst vera miklu meiri en ráð var fyrir gert. Fyrst og fremst það hefur orsakað að menn hafa getað staðið svona nokkuð við markmið fjárlaga en ekki árangursríkar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að ná niður kostnaði.

Þetta hefur hins vegar fylgt því sem kemur fram í frv. að skuldir heimila hafa stórvaxið. Með öðrum orðum, hluti af tekjuaukningu ríkissjóðs stafar af mjög auknum veltusköttum vegna þess að heimilin í landinu hafa í von um betri kjör í framtíðinni skuldsett sig til kaupa á dýrum neysluvörum erlendis frá, svo sem bifreiðum og dýrum heimilistækjum sem mikil aukning hefur verið í innflutningi á og það hefur komið fram sem stórauknar skuldir heimilanna. Þannig segir betri afkoma ríkissjóðs ekki nema hluta sögunnar. Hin myndin sem er miklu dekkri er sú að að hluta til stafar þessi tekjuaukning ríkissjóðs af stórauknum skuldum heimilanna sem skýra má af því að fólk er farið að taka fyrir fram út á væntanlegt góðæri sem auðvitað verður til þess að ýta enn á kröfuna um hækkun launa í komandi kjarasamningum.

Hinn þáttur skýringarinnar er auðvitað ánægjulegur, þ.e. sá að tekjur ríkissjóðs hafa stóraukist af tekjusköttum, sem þýðir einfaldlega að tekjur manna hafa aukist á árinu 1996 umfram það sem gert var ráð fyrir. Það er ánægjuleg þróun. Hitt er annað mál að heimilin a.m.k. hafa ekki notað þær auknu tekjur til að lagfæra skuldastöðu sína því skuldastaða heimilanna, eins og fram hefur komið í þessu frv. til lánsfjárlaga, hefur vaxið á árinu þrátt fyrir meiri tekjur en gert var ráð fyrir eins og innheimta ríkissjóðs á tekjuskatti sýnir á árinu sem er að líða. Með öðrum orðum, breytt lántökuáform ríkissjóðs stafa eingöngu af þessari tekjuaukningu sem menn spá að geti orðið áfram á næsta ári og að áformin um hallalausan rekstur ríkissjóðs nái fram að ganga. Nú er að vísu eftir að afgreiða fjárlög þannig að ekki er hægt að fullyrða um hvort það markmið muni nást. En náist það ekki þá mun það að sjálfsögðu hafa áhrif til hins verra á lántökuáform ríkissjóðs samkvæmt frv. til lánsfjárlaga.

Ég ætlaði að spyrja hæstv. ráðherra um hvaða áhrif hugsanlegar framkvæmdir Landsvirkjunar í tengslum við orkuöflun vegna samninga um nýjan orkufrekan iðnað mundu hafa á þetta frv. eða tölur í því. Hæstv. ráðherra hefur nú þegar upplýst um það mál og þarf þá ekki að spyrja um það frekar. En að sjálfsögðu þegar þær tölur verða teknar inn í lánsfjárlögin eins og væntanlega verður gert í meðförum Alþingis, þá hækka lántökuáform Landsvirkjunar úr 4,8 milljörðum kr., eins og lánsfjárfrv. gerir ráð fyrir, í 9 milljarða kr. og auðvitað breytir það verulega niðurstöðunni.

Það er eitt atriði sem mig langaði sérstaklega til að spyrja hæstv. fjmrh. um. Það vekur athygli mína enn og aftur að í skýringu við 4. gr. lánsfjárlaganna segir svo, með leyfi forseta, í 5. tölul. um Stofnlánadeild landbúnaðarins:

„Miðað er við að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði heimiluð lántaka að fjárhæð allt að 1.100 millj. kr. á árinu 1997 og er það 100 millj. kr. hærri fjárhæð en á þessu ári. Innheimtar afborganir og vextir deildarinnar eru áætlaðar 1.270 millj. kr. Greiddar afborganir og vextir eru hins vegar áætlaðar 1.630 millj. kr. á árinu 1997 og veitt lán og styrkir 1.100 millj. kr."

Það er sem sagt gert ráð fyrir að heimila Stofnlánadeild landbúnaðarins að taka lán fyrir öllum styrkja- og útlánaáformum á árinu. Styrkir og útlán eru 1.100 millj., lántökuheimild er upp á 1.100 millj., en síðan er halli upp á tæplega 400 millj. kr., á annars vegar greiddum vöxtum og afborgunum og hins vegar vöxtum og afborgunum sem renna til sjóðsins. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Á hvaða vaxtakjörum eru þau lán sem Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur tekið til endurlána og styrkveitinga samanborið við þau vaxtakjör sem Stofnlánadeild landbúnaðarins innheimtir hjá þeim aðilum sem hún veitir lán? Þær tölur sem hér koma fram í skýringunum benda til þess að Stofnlánadeild landbúnaðarins sé að taka lán á kjörum sem eru mun óhagstæðari en þau kjör sem hún síðan býður viðskiptamönnum sínum upp á. Með öðrum orðum að skattborgararnir séu stöðugt ár frá ári að taka að sér að greiða stórlega niður vaxtakjör í lánveitingum þessa aðila sem er að mínu viti einn af opinberum fjárfestingarlánasjóðum þjóðarinnar. Í því framhaldi vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðherra: Er enn munur á útlánakjörum Stofnlánadeildarinnar og á útlánakjörum annarra fjárfestingarlánasjóða hins opinbera? Ef svo er, hver er ástæðan fyrir því? Og hefur hæstv. fjmrh. eða ríkisstjórn í huga að gera þarna breytingar á til að samræma lánakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins lánakjörum annarra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna? Það er ansi mikill munur þegar um 400 millj. kr. halli er á útlána- og innlánaviðskiptum opinbers sjóðs eins og Stofnlánadeild landbúnaðarins er. Það stingur mjög í stúf við þá almennu stefnu sem nú er uppi í okkar fjármálaheimi að menn séu ekki að niðurgreiða vexti nema til sérstakra tímabundinna félagslegra þarfa.

Herra forseti. Það væri ástæða til að fara í fleiri atriði í þessu frv. til lánsfjárlaga. Ég vil aðeins geta þess í lokin að ég gagnrýni ekki þá ákvörðun hæstv. fjmrh. að kalla til innlausnar spariskírteinin sem áttu að koma til innlausnar, að mig minnir, á árunum fram að aldamótum og gefa út ný þess í stað þó það valdi um 10.000 millj. kr. auknum útgjöldum ríkissjóðs á þessu ári vegna þess að þau auknu ríkisútgjöld munu skila sér til baka í lægri vaxtagreiðslum ríkisins vegna þessara lána á þeim árum sem eftir eru. Ég vil því taka það sérstaklega fram að ég gagnrýni ekki þessa ákvörðun hæstv. fjmrh. þó svo að það komi fram sem mun meiri hallarekstur ríkissjóðs á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir.

Ég vil svo ítreka að það hefur komið í ljós að það vantar í frv. eins og það er sett fram nú, stórar fjárhæðir og það byggir fyrst og fremst á þeim grunni að ríkissjóður verði rekinn hallalaus á næsta ári sem ekki er búið að sýna fram á. En alvarlegasta umhugsunarefnið í grg. frv. sem lagt er fram hér eru þær upplýsingar sem þar eru gefnar um mjög alvarlegar horfur í skuldastöðu heimilanna, jafnvel þó svo að á árinu sem er að líða hafi tekjur heimilanna reynst hafa verið meiri en menn gerðu ráð fyrir. Það er alvarlegt áhyggjuefni vegna þess að menn skyldu ætla að á Íslandi eins og í nálægum löndum mundu hækkaðar tekjur og þá ekki síst hækkaðar tekjur umfram áætlanir, koma fram í því að menn notuðu það svigrúm til að greiða niður skuldir sínar, ekki síst skuldir heimilanna sem orðnar eru mjög háar. En því miður virðist svo ekki hafa verið á því ári sem nú er að líða heldur þvert á móti og er það vissulega alvarlegt áhyggjuefni.

[11:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun reyna að afla þeirra upplýsinga sem um var beðið og svara því síðar í umræðunni. En ég vil segja vegna Stofnlánadeildarinnar að sá vaxtamunur sem ugglaust er fyrir hendi þar er bættur upp með sköttum á greinina sem auðvitað að stórum hluta til lenda á neytendum því þeir eru inni í verðinu. Ég er sammála honum um þá meginhugsun að auðvitað á að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og ég hygg að ég tali þar fyrir hönd stjórnvalda þegar að því er unnið. En ég skal afla þessara upplýsinga. Staða Stofnlánadeildarinnar er hins vegar sterk. Eiginfjárstaðan er sterk vegna þess að hún aflar annarra tekna en eingöngu með vaxtamuninum.

Það er alveg rétt að skuldir heimilanna hafa vaxið eins og hv. þm. nefndi. Einkaneyslan í ár vex um 7% á meðan þjóðartekjur vaxa um 5% og ráðstöfunartekjur um eitthvað svipað þannig að einkaneysla fer fram. Það er ómögulegt að gera sér fullkomlega grein fyrir hvort aukin kaup á svokölluðum varanlegum neyslufjármunum, eins og heimilistækjum og bílum, sé fyrirbrigði sem kemur upp núna vegna þess að þörf er á endurnýjun eða hvort það er eingöngu af efnahagslegum ástæðum. Ég skal ekki segja til um það. Þó er ljóst að skattkerfið okkar byggir nokkuð á því að hjálpa til við þá sem skulda fremur en þá sem spara og sem er kannski athugunarefni.

Ég vil að síðustu taka fram að ástæðan fyrir því góðæri sem hér ríkir er ekki eingöngu ytri skilyrði heldur þvert á móti ýmislegt annað þar á meðal þær miklu umbætur sem gerðar hafa verið í efnahagslífinu, efling markaðsbúskapar og almenn hagstjórn er betri eins og rækilega kemur fram í þjóðhagsyfirlitinu og á rætur að rekja til hagstjórnar á undanförnum árum.

[11:02]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er jafn vel ljóst og hæstv. fjmrh. hvaða kerfisbreytingar eru meginástæða þess að nú er bjartara fram undan og mér er líka ljóst eins og honum hverjir það voru sem þær gerðu. Þess vegna er mér nokkurt harmsefni að menn skuli ekki hafa haldið áfram á þeirri braut, þeirri braut kerfisbreytingar.

Hins vegar þykir mér ekki góð latína að skattleggja eina atvinnugrein til þess að greiða niður fjármagnskostnað við fjárfestingar innan lands. Það er ekki góð efnahagspólitík vegna þess að hætta er á að slíkar aðferðir verði einfaldlega til að ýta undir fjárfestingar sem hefðu betur verið ógerðar og þó svo staða Stofnlánadeildar landbúnaðarins kunni að vera sterk vegna þess að hún er skattlögð til að greiða niður neikvæða vexti til fjárfestinga er það enginn fyrirmyndarbúskapur. Ég vil enn spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki standi til að breyta því þannig að þeir sem stunda framkvæmdir, hvort sem það er í landbúnaði eða öðrum atvinnuvegum, þurfi að standa undir eðlilegum vaxtakostnaði af þeirri framkvæmd og gera eðlilegar arðsemiskröfur vegna þeirra fjárfestinga sem verið er að gera fremur en að menn séu að skattleggja

atvinnugreinina til að greiða niður fjárfestingar sem ef til vill eru alls ekki í hennar þágu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1996, 1. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 48.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996. Frv. hefur verið lagt fram á þskj. 48 og er 48. mál þingsins. Í athugasemdum við 3. gr. frv. eru skýrðir málavextir hverrar tillögu. Ég tel því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um einstök atriði í þeim hluta frv. heldur mun ég fremur stikla á stóru í framvindu ríkisfjármálanna á yfirstandandi ári og víkja að helstu frávikum tekna og gjalda frá fjárlögum.

Í fjárlögum ársins 1996 mátti sjá ýmis merki um að ríkisfjármálin væru að snúast til betri vegar. Þar voru þó tveir þættir einna mest afgerandi. Í fyrsta lagi voru efnahagshorfur betri en um alllangt skeið. Útlit var fyrir að efnahagslífið héldi áfram að rétta sig við eftir erfiðleikatímabilið frá miðjum síðasta áratug fram til ársins 1994, sem einkenndist ýmist af samdrætti eða kyrrstöðu. Þannig gerði þjóðhagsáætlun ársins 1996 ráð fyrir að vöxtur landsframleiðsu yrði 3,2% samhliða batnandi atvinnuástandi og stöðugleika í verðlagsmálum. Reiknað var með að fjárfesting í einkageiranum gæti aukist um 16,3%, m.a. vegna stækkunar álversins í Straumsvík og að hlutur hennar í hagvexti yrði þar með heldur meiri en vöxtur einkaneyslu sem áætlaður var 4,2%. Þá var talið að kaupmáttur ráðstöfunartekna mundi aukast um 3,5%. Forsendur launaþróunar, þar með talið hjá ríkissjóði, voru á þeim tíma álitnar verða fremur traustar þar sem velflest stéttarfélög í landinu höfðu fyrir setningu fjárlaga gert kjarasamninga sem gilda til loka ársins 1996. Að samanlögðu voru aukin efnahagsumsvif talin skila ríkissjóði tekjuaukningu sem næmi 6,5 milljörðum kr. miðað við árið 1995.

Í öðru lagi birtist í fjárlögum ársins 1996 sú stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að nýta tekjuaukann til að draga úr hallarekstri ríkissjóðs og ná jafnvægi í ríkisfjármálum á tveimur árum. Eitt helsta markmið fjárlaganna var að lækka halla ríkissjóðs í innan við 4 milljarða kr. í lok ársins 1996 þannig að hann yrði rúmlega helmingi minni en hallinn á árinu 1995 eins og hann var þá áætlaður. Til þess að ná því markmiði var í fjárlagagerðinni lögð áhersla á að koma í veg fyrir aukningu útgjalda umfram óhjákvæmileg áhrif kjarasamninga ársins 1995. Það var gert m.a. með því að draga úr sjálfvirkni í vexti útgjalda á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og með því að beita áfram almennu aðhaldi í rekstri ríkisstofnana. Auk þess voru framlög til stofnkostnaðar lækkuð um rúmlega 2,5 milljarða kr. milli ára, m.a. í ljósi fyrirsjáanlegrar aukningar í fjárfestingu fyrirtækja. Að samanlögðu var gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 lækkuðu um 2% að raungildi frá endurskoðaðri áætlun ársins 1995 og yrðu alls 124,8 milljarðar kr.

Áætlun um ríkisfjármálin á árinu hefur nýlega verið endurskoðuð og bendir flest til að þessi stefnumörkun muni ná fram að ganga í stórum dráttum. Rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu 1996 er nú talinn verða 1,2 milljörðum kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum eða um 2,7 milljarðar kr. Gangi þetta eftir verður að fara allt aftur til ársins 1984 til að finna betri rekstrarafkomu hjá ríkissjóði. Vert er að vekja einnig athygli á að afkoma ríkissjóðs, að slepptum í vaxtatekjum og vaxtagjöldum, verður nú jákvæð í fyrsta skipti á þessu sama tímabili. Ég held, virðulegi forseti, að full ástæða sé til að undirstrika þessa staðreynd að að slepptum fjármagnstekjum og fjármagnsgjöldum er árangurinn að sýna sig mjög kröftuglega á þessu tímabili, þ.e. á síðasta ári, þessu ári og væntanlega enn meira á því næsta. Áætlunin um afkomuna á árinu felur í sér að haldið er til hliðar útgjaldaáhrifum af sérstakri innköllun og endurfjármögnun á þremur stórum flokkum spariskírteina sem gefnir voru út á árinu 1986. Eins og kunnugt er og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, sem ræddi um þau mál á síðasta dagskrárlið um lánsfjárlög, var ákveðið að gangast í þessar ráðstafanir þar sem bréfin báru afar háa vexti auk verðtryggingar en talið er að með þessu móti verði vaxtaútgjöld ríkissjóðs alls um það bil 2 milljörðum kr. lægri næstu þrjú árin en ella hefði orðið.

Á rekstrargrunni, þ.e. þegar ekki er eingöngu tekið tillit til sjóðsstreymis heldur einnig til skuldbindinga eins og gert er á ríkisreikningi, munu útgjöld ríkissjóðs því lækka vegna minni vaxtakostnaðar. Við uppgjör á greiðslugrunni þessa árs, þ.e. þegar horft er fram hjá skuldbindingum munu á hinn bóginn færast til bókar í einu lagi 10,1 milljarður kr. vegna uppsafnaðra vaxta og verðbóta af innleystum skírteinum. Ég vek athygli á að í þeim töflum greinargerðar frv. þar sem það á við hafa greiðsluáhrifin af þeirri aðgerð verið aðgreind sérstaklega til að aðrar breytingar á fjárreiðum ríkissjóðs komi greinilega fram.

Það skal jafnframt tekið fram að þetta hefur að sjálfsögðu ekki áhrif á skuldastöðu ríkissjóðs, þ.e. ef menn tala um skuldastöðuna sem útistandandi skuldir og vexti. Þótt rekstrarafkoma ríkissjóðs verði þannig betri í ár en gert er ráð fyrir verða engu að síður ýmsar veigamiklar breytingar á forsendum fjárlaga, bæði tekju- og gjaldamegin. Ég mun nú fara nokkrum orðum um helstu frávikin en bendi jafnframt á yfirlit um þau sem er að finna á bls. 25 í grg. með frv.

Ef við lítum fyrst á tekjuhlið ríkissjóðs er talið að tekjurnar verði nær 126 milljarðar kr. á árinu 1996 eða um 5,1 milljarði meiri en í fjárlögum. Að stærstum hluta er um að ræða veltuáhrif af meiri umsvifum í efnahagslífinu en reiknað var með. Í því sambandi má t.d. benda á aukinn fiskafla, meiri kaupmátt heimilanna og minna atvinnuleysi. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur á árinu verði 5,5% í stað 3,2% í fyrri áætlunum og að einkaneysla aukist um 7% í stað 4,2%. Þessi auknu umsvif í þjóðarbúskapnum eru ein og sér talin skila ríkissjóði nálægt 4 milljörðum í tekjuauka á árinu en eins og vænta má gætir þeirra áhrifa mest í tekjuskatti einstaklinga, tryggingagjaldi og gjöldum á innflutningi bifreiða. Afganginn má að mestu rekja til aukinna tekna af sölu áfengis, tóbaks og til aukinna vaxtatekna.

Ef við snúum okkur að gjaldahliðinni stefnir í heldur minna frávik þar en á tekjuhliðinni. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs á árinu 1996 verði um 128,7 milljarðar kr. eða 3,9 milljörðum kr. hærri en á fjárlögum. Áhrifin af sérstakri innlausn spariskírteina eru þá undanskilin eins og ég gat um áðan en koma auðvitað fram í töflum í frv. til að hin rétta mynd sjáist með og án innköllunarinnar.

Aukning útgjaldanna stafar að stærstum hluta af fremur fáum en veigamiklum útgjaldatilefnum. Í flestum tilvikum

tengjast þau sparnaðaráformum í fjárlögum sem ekki ganga eftir, ákvörðunum stjórnvalda um ný verkefni og ófyrirséðum eða vanáætluðum útgjöldum. Umframgjöld sjúkratrygginga vega þyngst í útgjaldaaukningunni en útlit er fyrir að þau verði 830 millj. kr. á árinu. Þar er um að ræða ýmis frávik frá áformum og forsendum fjárlaga sem rakin eru í grg. frv. Þá er áætlað að vaxtagjöld verði um 750 millj. kr. hærri en miðað var við í fjárlögum. Þar af eru um 500 millj. kr. vegna vaxtagreiðslu af erlendu langtímaláni sem tekið var í byrjun ársins en vanalega er fyrsta vaxtagreiðsla ekki fyrr en ári eftir lántöku. Það skal einnig tekið fram af þessu tilefni að vaxtagjöld í sjóðstreymi viðkomandi árs fer auðvitað eftir því hvernig fjármögnunin er. Því meira sem fjármagnað er t.d. í ríkisvíxlum og skammtímalánum þeim mun hærri vaxtagreiðslur verða á árinu því að vegna ríkisvíxla eru vextir greiddir fyrir fram eins og í öðrum víxlaviðskiptum.

Aukin framlög til að mæta rekstrarhalla heilbrigðisstofnana, aðallega hjá sjúkrahúsum í Reykjavík, nemur 500 millj. kr. Til að bæta aftur við þá hugsun sem ég var með áðan um vextina sparast auðvitað vaxtaútgjöld á næstu árum að sjálfsögðu.

Eins og kunnugt er hafa fjmrn., heilbrrn. og Reykjavíkurborg gert með sér sérstakt samkomulag til úrlausnar á rekstrarvanda sjúkrahúsanna í Reykjavík sem miðar að því að ná fram hagræðingu með aukinni verkaskiptingu milli þeirra. Að vísu þekkjast fyrr „samkomulögin" eins og kannski einhver mundi segja, þ.e. að samkomulag skuli gert í heilbrigðisgeiranum vegna sjúkrahúsanna en að þessu sinni er um að ræða nokkuð öðruvísi samkomulag þar sem Reykjavíkurborg og borgarstjórinn í Reykjavík skrifaði undir samkomulagið og má gera ráð fyrir því að það sé traustara en ella. Þess ber auðvitað að geta að í sjúkrahúsarekstri eins og í ýmsum rekstri sem tilheyrir heilbrigðisgeiranum eru útgjöld ónákvæmari og erfiðara að áætla en víðast annars staðar í ríkisrekstrinum.

Þá er fyrirhugað að 280 millj. kr. aukning verði í mörkuðum tekjustofnum vegáætlunar og þeir tekjustofnar renna til vegaframkvæmda. Þar af var 184 millj. kr. ráðstafað í vegáætlun eftir setningu fjárlaga en 93 millj. kr. er ætlað að ganga upp í umframgjöld við jarðgangagerð á Vestfjörðum. Þá falla til um 250 millj. kr. viðbótarútgjöld vegna ákvörðunar stjórnvalda um aðstoð við íbúa Súðavíkur og Flateyrar í kjölfar náttúruhamfaranna sem urðu þar á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að varið verði jafnhárri fjárhæð til að bæta stofnunum áhrif kjarasamninga sem ekki voru komin fram við setningu fjárlaga og $^2/_3$ hlutar þeirrar fjárhæðar eru vegna úrskurðar um launahækkun lögreglumanna, tollvarða umfram gerða kjarasamninga vegna samanburðar á kjörum þeirra og annarra ríkisstarfsmanna en það er í samræmi við sérstakt samkomulag sem fylgir kjarasamningi þessara tveggja stéttarfélaga. Þá þarf ríkissjóður að leggja til 240 millj. kr. vegna uppgjörs frá rekstrarhalla grunnskóla o.fl. í tengslum við flutning skólanna til sveitarfélaganna. Flýting viðhaldsframkvæmda við húseignir Alþingis og endurbætur í húsnæðismálum forsetaembættis og forsrn. hafa í för með sér um það bil 150 millj. kr. viðbótarútgjöld. Loks má nefna 140 millj. kr. aukaframlag til Byggðastofnunar til að mæta aðsteðjandi vanda í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum og hins vegar á sauðfjárræktarsvæðum. Nýjar fjárheimildir sem sótt er um vegna þessara útgjaldatilefna nema 4,2 milljörðum kr. Þar við bætist 10,1 milljarður kr. vegna innköllunar spariskírteina sem þá gera 14,3 milljarðar kr. Á móti þessum hækkunartilefnum vegur hins vegar að reiknað er með að í lok ársins falli niður um 300 millj. kr. af ónotuðum fjárheimildum. Þar er um að ræða nokkra stóra liði þar sem nýting fjárveitinga er jafnan háð nokkurri óvissu þar sem ríkisábyrgðir og útgjöld samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga. Í greiðsluáætlun ársins 1996 er því miðað við að greidd útgjöld umfram forsendur fjárlaga verði um 14 milljarðar kr. á árinu.

Virðulegi forseti. Þá vil ég fara nokkrum orðum um lánahreyfingar ríkissjóðs. Þar vildi ég fyrst nefna að betri rekstrarafkoma ríkissjóðs dregur úr hreinni lánsfjárþörf sem nemur 1,2 milljörðum kr. Á móti aukast lánveitingar um 2,3 milljarða kr. vegna samnings sem fjmrn. gerði við Húsnæðisstofnun ríkisins um að ríkissjóður afli Byggingarsjóði ríkisins lánsfjár á árinu. Þau endurlán hafa þó engin áhrif á heildarlántökur opinberra aðila þegar þær eru saman lagðar. Auk þess mun ríkissjóður lána Speli ehf. 400 millj. kr. sem varið verður til framkvæmda við vegtengingar Hvalfjarðarganga. Að teknu tilliti til þessara breytinga og nokkurrar aukningar í innheimtum afborgunum er áætlað að hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs verði 1 milljarði kr. umfram forsendur fjárlaga. Þá hafði sérstök innlausn spariskírteina sl. sumar í för með sér að endurfjármagna þurfti með lántökum um 17,3 milljarða kr. eða um 10,1 milljarð kr. vegna vaxta og verðbóta og rúmlega 7 milljarða kr. vegna endurgreiðslna á höfuðstól. Að meðtaldri endurfjármögnuninni er reiknað með að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu 1996 verði 19 milljarðar kr. umfram fjárlög.

Virðulegi forseti. Það kann að vekja athygli að þótt við tækjum þessa vexti með inn í reikninga okkar, sem þarf auðvitað að gera, 10,1 milljarður, vextir sem eru greiddir á árinu vegna innköllunarinnar, þá er samanlagður halli á yfirstandandi ári í raun minni en hann var á árinu 1991. Þetta segir nokkra sögu um þær framfarir sem hafa átt sér stað í ríkisfjármálunum og því meira jafnvægi sem nú ríkir í þeim málum en áður gerði.

Líkt og undanfarin ár er lagt til í frv. að gerðar verði breytingar á fjárveitingum í fjárlögum þessa árs með tilliti til greiðslustöðu fjárlagaliða gagnvart fjárheimildum í lok síðasta árs. Nettóhækkun framlaga í frv. vegna þessara ráðstafana á stöðu eldri heimilda er 1,6 milljarðar kr. Þessu þarf að bæta við nýjar fjárheimildir frv. sem nemur 4,2 milljörðum kr. eins og ég nefndi áður auk fjárheimildar á vaxtagjaldalið að fjárhæð 10,1 milljarður kr. vegna innköllunar spariskírteina. Útkoman úr þeirri samlagningu eru 15,9 milljarðar kr. og það er sú heildarfjárheimild sem leitað er eftir með frv. eins og fram kemur í gjaldalið 1. gr. frv. Hins vegar er rétt að minna á í þessu sambandi að ekki er reiknað með að þeir 1,6 milljarðar kr. sem sótt er um vegna liðins árs valdi auknum útgjöldum á þessu ári. Stafar það vitaskuld af því að gera má ráð fyrir að ámóta afgangsheimildir og umframgjöld standi yfir í lok yfirstandandi árs og komi til afgreiðslu með sama hætti og í frv. til fjáraukalaga 1997. Ég veit að þetta hljómar eins og tími í reikningi en ég vona að hv. þm. eins og aðrir sem fylgjast með málinu átti sig á þessum tölum eins og þær eru settar fram í ræðunni.

Á bls. 30 í greinargerð með frv. eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárveitingu ráðuneyta 1996 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda síðasta árs. Í fskj. I með frv. er síðan sýnt hvernig gert er ráð fyrir að skiptingin verði á einstaka fjárlagaliði. Þar má sjá að í fyrsta lagi er lagt til að framlag til rekstrar samkvæmt gildandi fjárlögum verði

aukið um 811 millj. kr. vegna afgangsheimilda liðins árs en að rekstrarframlög verði jafnframt skert á móti um 814 millj. vegna umframgjalda þannig að þær tillögur vegast nokkurn veginn á.

Í öðru lagi er lagt til að afgangsheimildir tilfærsluliða að fjárhæð 605 millj. kr. komi til viðbótar við fjárlög þessa árs. Loks er gert ráð fyrir 1.023 millj. kr. fjárheimild til viðhalds- og stofnkostnaðar vegna óhafinna fjárveitinga síðasta ár. Þetta kemur glögglega fram á bls. 30 og vegna þess að oft er spurst fyrir um þetta vitna ég einnig til þess sem kemur fram neðarlega á bls. 29 þar sem rakið er hvernig fyrirkomulag þessara fjárráðstafana er. Ég hef að sjálfsögðu áður í framsöguræðu með fyrri frv. til fjáraukalaga gert nokkra grein fyrir þessari tilhögun. Þó þykir mér ástæða til að árétta að þessar tillögur byggja á viðmiðunarreglum þar sem aðallega er horft til þess hvort útgjöldin eru bundin, t.d. af lagaákvæðum, eða eru fremur á ábyrgð tiltekins stjórnsýsluaðila. Meginreglan varðandi rekstur er að umframgjöldum og óhöfnum fjárheimildum er ráðstafað til næsta árs. Sama á við um afgangsheimildir til fjárfestingar þegar viðkomandi framkvæmd er ólokið.

Á tilfærsluliðum er hins vegar almennt lagt til að umframgjöld og ónotaðar heimildir falli niður enda eru þær greiðslur oftast lög- eða samningsbundnar. Fjárheimildir eru því ekki yfirfærðar eða fluttar sjálfkrafa á milli ára heldur ákvarðar Alþingi breytingar á gildandi fjárlögum með afgreiðslu þessara tillagna í frv. til fyrri fjáraukalaga ársins. Tilgangurinn með þessum ráðstöfunum er að fjárreiður liða í fjárlögum rofni ekki við áramót heldur haldist óslitin samfella í þeim frá einu ári til annars. Stofnunum verður þá ekki kappsmál eins og áður var fyrir nokkrum árum að tæma allar fjárheimildir fyrir lok ársins og enginn ávinningur verður heldur lengur af því að efna til útgjalda umfram fjárveitingar ársins og treysta því að þær fái aukafjárveitingar og séu þannig lausar úr prísundinni. Þetta hefur gerbreyst á undanförnum árum og þegar stjórnendur vita af þessum leikreglum hefur komið í ljós að öll meðferð opinbers fjár er önnur og betri en áður var.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áður ætla ég ekki í framsöguræðu minni að fjalla ítarlega um einstakar greinar frv. við 1. umr. heldur fyrst og fremst um meginlínurnar. Ég vil þess vegna leggja til að að lokinni umræðunni verði frv. vísað til 2. umr og hv. fjárln.

[11:26]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það athyglisverðasta við reikningskúnstir hæstv. fjmrh. eru ekki þær flóknu upplýsingar sem hann gefur heldur niðurstaðan sem er einn stór mínus. Það er meginatriði málsins. En mig langaði til þess að leggja fyrir hann eina spurningu.

Eins og hann veit manna best eru fjárlög í dag nokkurs konar rammafjárlög, þ.e. í upphafi er ákveðið útgjaldaumfang að óbreyttri starfsemi og síðan er ráðuneytum falið og ríkisstjórninni í heild að reyna að draga frá útgjöldum þar frá. Ég tek eftir því að í upplýsingum í frv. um útgjöld heilbrrn. er sótt um 1.347 millj. kr. viðbótarfjárveitingu að mig minnir og nú spyr ég: Hvaða tala var það þar sem gert var ráð fyrir að útgjöld þessa ráðuneytis mundu lækka frá rammafjárlagagerð hæstv. ríkisstjórnar? Mig minnir að það hafi verið kynnt Alþingi á sínum tíma að sparnaðurinn sem ætti að nást væri nokkuð lægri tala en þessi viðbótarútgjöld sem nú er beðið um. (Gripið fram í.) Þetta eru fjárlög fyrir 1996. Mér sýnist því að árangurinn sé neikvæður. Ég tek líka eftir því að í skýringunum er ekki nefnt eins og í skýringum fyrir síðasta fjárlagaár þar sem var farið verulega fram úr fjárlagaheimildum að meginástæðurnar séu áhrif kjarasamninga á viðbótarútgjöld vegna almannatrygginga og sjúkratrygginga og ellilífeyristrygginga. Það er ekki orsakavaldur í þessu sambandi eða sérstakir samningar sem gerðir voru þá t.d. við Reykjavíkurborg út af Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Því langar mig, virðulegi forseti, til að enda þetta á þeirri stuttu spurningu: Hvaða árangur hefur náðst í lækkun útgjalda miðað við forsendur sem gefnar voru við fjárlagaafgreiðslu síðast?

[11:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel að hv. þm. skuli hafa áhuga á og áhyggjur af heilbrigðis- og tryggingamálum nú sem endranær. Það er rétt hjá honum að þær fjárheimildir sem verið er að sækja um til viðbótar því sem er í fjárlögum og kemur fram á bls. 16–17 í frv. eru samtals um 1.300–1.400 millj. ef ég man rétt.

Ég get því miður ekki svarað honum um það þegar þessi tala er borin saman við útgjöld ráðuneytisins á fjárlögum yfirstandandi árs og síðan við þá tölu sem við getum kallað sparnaðartölu ráðuneytisins fyrir það ár. Ég hef ekki þær tölur hjá mér og get ekki svarað þeim en ég veit að hv. þm., sem er gamall heilbr.- og trmrh., þekkir það frá fyrri tíð að það hefur stundum komið fyrir að áætlanir ráðuneytisins hafi ekki að fullu staðist og á því eru þá einhverjar skýringar. Sjálfsagt þykir mönnum þær misgóðar eftir atvikum en það er rétt eins og hér kemur fram að nokkur munur er á tölum fjárlagafrv. og þeim tölum sem verða síðan niðurstöðutölur.

Ég býst við því að ég geti síðar í umræðunni upplýst nokkurn veginn hvernig ríkisútgjöldin í þessum ákveðna málaflokki hafa þróast á umliðnum árum. Ég vil eingöngu nota þetta tækifæri nú til þess að staðhæfa að það er rangt sem haldið hefur verið fram að um stórkostlegan niðurskurð hafi verið að ræða á undanförnum árum í þessum málaflokki, hvorki nú né þá. Menn hafa leitast við að halda útgjöldunum tiltölulega stöðugum og koma í veg fyrir mikla útgjaldaþenslu sem er í þessum flokki.

[11:30]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég muni það rétt að miðað við rammafjárlagagerðina var gert ráð fyrir því að útgjöld heilbrrn. lækkuðu um einar 1.200 millj. kr. frá grunntölunni. Nú er beðið um 1.347 millj. kr. aukafjárveitingu, sem sé mun hærri fjárveitingu en nam þeim niðurskurði sem átti að vera þannig að lesi menn þessar tvær tölur saman þá er niðurstaðan einfaldlega sú að enginn árangur hafi orðið. Það er athyglisvert að í skýringum kemur ekki fram að nein atvik valdi því svo sem eins og áhrif kjarasamninga eins og var við fjáraukalagagerðina 1995. Þá er annaðhvort grunnsetningin í rammafjárlagagerðinni gróflega röng, þ.e. að grunngerðin fyrir heilbr.- og trmrn. er stórlega röng, eða þá það að öll sparnaðaráformin, ef þau hafa verið raunhæf, hafa alls ekki gengið eftir og engu skilað.

[11:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. geti fengið mjög góðar upplýsingar um þetta t.d. í nefndarstarfinu, aðallega í fjárln., þegar farið verður yfir þessi mál. Vandinn við að ræða málið á þeim grunni sem hv. þm. gerir þegar hann segir:

Hver átti sparnaður ráðuneytisins að vera? er að þegar menn tala um sparnað ráðuneytisins verða menn að vita af hvaða tölu ætla menn að spara og því miður hefur okkur ekki tekist í umræðunni allri að finna einhvern fastan viðmiðunarpunkt. Stundum er miðað við fjárlög ársins á undan, stundum er miðað við útgjöld ársins á undan, stundum er miðað við útgjaldaþörfina sem liggur fyrir og þannig hafa fjmrn. og heilbr.- og trn. t.d. iðulega miðað við sína töluna hvort eftir atvikum. Þess vegna held ég að eina leiðin til þess að horfa raunsætt á þetta mál og kanna hvort árangur er að nást sé að skoða hina raunverulegu útgjaldatölur þegar þær liggja fyrir. Með öðrum orðum getum við ekki einu sinni skoðað þessar fjárheimildir sem hér er verið að afla heimildar fyrir heldur þurfum við að skoða niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir í febrúar fyrir yfirstandandi ár, þ.e. fyrir árið 1996, og bera þær niðurstöðutölur við árið á undan.

Virðulegi forseti. Það var hárrétt hjá hv. þm. að það var meira öryggi í launaútgjöldum á yfirstandandi ári en öll önnur ár vegna þess að kjarasamningar lágu fyrir. Þess ber þó að geta að ýmsir samningar, ráðningarsamningar og aðrir, voru gerðir og sífellt eru laun að breytast jafnvel þótt kjarasamningar eigi sér ekki stað á viðkomandi ári.

[11:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst margt athyglisvert í ræðu hv. fjmrh. Þó fannst mér hann vera ánægður um of með árangur ríkisstjórnar sem hann hefur verið fjmrh. í frá árinu 1991 þegar hann fór að nefna það ár og bera saman tölur frá þeim tíma og nú til sannindamerkis um mikinn árangur í ríkisfjármálum. Ég nefni tölur sem liggja fyrir í töflu, sem fram koma í þskj. sem hæstv. fjmrh. lagði sjálfur fram og mælti fyrir hér áðan, sem segja okkur hvernig staða ríkisfjármála hefur breyst frá þeim tíma er hann tók við þeim málaflokki 1. maí 1991. Hann var fjmrh. í átta mánuði af tólf á árinu 1991 sem hann tók sem viðmiðun. Í árslok 1990, sem er aðeins fjórum mánuðum áður en hæstv. fjmrh. tók við embætti, voru hreinar skuldir hins opinbera liðlega 70 milljarðar kr. Nú er spáð að í árslok 1996 verði þær um 178 milljarðar kr. eða hafi hækkað um 108 milljarða kr. í fjármálaráðherratíð hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar. Mælt sem hreinar skuldir af vergri landsframleiðslu, sem við skulum líka nefna svo öllu sé haldið til haga, hefur skuldatalan hækkað úr 19,4% í 35,9% eða nálega tvöfaldast. Skuldir hins opinbera hafa því nálega tvöfaldast á þessu tímabili og það eru fyrst og fremst skuldir ríkissjóðs sem hafa hækkað svona mikið á þessu tímabili. Ég ætla ekki að kenna hæstv. fjmrh. um þetta allt, að þetta sé allt á hans ábyrgð, en þetta er þróun sem hefur orðið og það er engan veginn hægt að halda því fram að þetta sé góður árangur.

[11:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi ekki hrekkt hv. þm. með því að vera of ánægður með niðurstöðuna sem núna hefur komið fram. En ég held þó að full ástæða sé til þess að benda á að 1991 gerðist það fyrir kosningar að á þinginu 1990–91 að ekki tókst að ljúka umræðu og afgreiðslu lánsfjárlaga fyrr en nokkrum vikum fyrir kosningar. Þetta gerði það að verkum að þeir sem sátu þá í hv. fjárhags- og viðskiptanefnd sátu alveg fram á vor við að búa til ný fjárlög, þ.e. Alþingi samþykkti ný fjárlög sem voru innifalin í lánsfjárlögunum og gerðu það að verkum að sú ríkisstjórn, sem tók við, sat uppi með fjárlögin sem voru afgreidd í desember og síðan ný fjárlög sem komu fram í lánsfjárlögunum og stórjuku ríkisútgjöldin. Vel má vera að sá sem hér stendur hafi verið fjmrh. hluta ársins, það er rétt að það kom í minn hlut að þurfa að gera mjög róttækar ráðstafanir til þess að berjast við þá óðaverðbólgu og það misvægi sem ríkti í þjóðarbúskapnum, þar á meðal með því að stórhækka vexti sem ekki var mjög vinsælt þá. Ég held því að hv. þm. ætti ekki að rifja upp árið 1991 þegar hann er að tala um ríkisfjármálin. Svo vil ég benda hv. þm. og öðrum þeim sem hafa áhuga á skuldum ríkissjóðs að í fjárlagafrumvarpinu er birt tafla á bls. 398 og þar kemur fram að í fyrsta skipti um langan tíma gerast þau undur og stórmerki nú að skuldastaða ríkisins mun lækka en ekki hækka sífellt og það skiptir öllu máli.

[11:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. um að það er nauðsynlegt að lækka skuldir ríkissjóðs og ég fagna því að þau áform ríkisstjórnarinnar hafa verið kynnt í þingsölum að láta svo verða á næsta ári en það eru bara áform enn en ekki veruleiki. Við eigum eftir að sjá hvernig til tekst, hvort núverandi ríkisstjórn takist að lækka skuldir ríkissjóðs á næsta ári. En takist það er það í fyrsta skipti í fjármálaráðherratíð hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar sem hann hækkar ekki skuldirnar á hverju ári heldur lækkar þær pínulítið. Ef það tekst þá óska ég honum til hamingju með það en ég minni á það, sem var tilefni andsvars míns, að hæstv. fjmrh. hefur verið allra manna duglegastur að hækka skuldir ríkissjóðs. Það er staðreyndin sem verður ekki umflúin að þegar Sjálfstfl. hefur haft þennan málaflokk til meðferðar eins og verið hefur undanfarin fimm ár þá hefur árangurinn verið stórfelld hækkun skulda hins opinbera og hærri en nokkur dæmi eru áður um fyrr í sögunni, að svo mikil hækkun hafi orðið á jafnskömmum tíma. (**Gripið fram í:** Og hærri skattar á heimilin.) Svo má nú fara út í þá hluti en ég ætla nú ekki að hrekkja fjmrh. með því.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. ráðherra hvaða óðaverðbólga var á árinu 1991? Ég man ekki betur en að menn væru búnir að ná verðbólgunni nokkuð vel niður.

[11:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um það síðasta, verðbólgan árið 1991 var margfalt hærri en á árinu þar á eftir þó hún væri ekki há miðað við árin þar á undan. Það er alveg rétt sem hann er að gefa í skyn að verðbólgan náðist niður, m.a. vegna þeirra kjarasamninga sem gerðir voru að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin þáverandi og stjórnarandstaðan stóðu að. Ég vil hins vegar upplýsa hv. þm. um það að skuldaaukning íslenska ríkisins hefur verið stanslaus í líklega ein 15 ár og kannski lengur. Það var líka skuldaaukning á árunum 1988, 1989, 1990 og 1991. Ef menn mæla þetta í hlutfalli af landsframleiðslu þá var skuldaaukning allan tímann. Það sem er nýtt er að skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu lækka væntanlega nú og það þrátt fyrir að vaxtagreiðslur ríkissjóðs séu sífellt að hækka vegna þess að það þarf að greiða vexti af útistandandi lánum, líka þeim lánum sem voru tekin löngu áður en að kom til þeirrar aftursveiflu í efnahagslífinu sem ríkt hefur á undanförnum árum. Það er auðvitað það sem skiptir máli. Ég held, virðulegi forseti, að þegar við skoðum árangurinn í ríkisfjármálunum og berum

hann saman við það sem er að gerast hjá öðrum þjóðum þá getum við verið sæmilega sátt. En ég skil ræðu hv. þm. á þann veg að hann vilji fara varlega í ríkisfjármálunum, hann vilji ekki safna skuldum, hann vilji greiða skuldirnar niður. Ég leyfi mér hér og nú að þakka honum fyrir þann stuðning sem í þessu felst og vænti atbeina hans við afgreiðslu bæði þessa máls og annarra sem koma frá ríkisstjórninni því að markmið okkar fara saman.

[11:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Til umræðu er 48. mál, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996. Um það er kannski ekki mjög mikið að segja almennt annað en það að þetta er plagg sem hljóðar upp á ákveðna fjárupphæð sem er ætlast til að sé afgreitt núna. Þetta er raunverulega gerður hlutur og það sem er til umræðu er að það er verið að leggja þetta plagg fyrir Alþingi til þess að afgreiða hluti sem þegar hafa verið framkvæmdir. Það er þetta sem er svolítið mikið mál og ég vonast eftir því og spyr um það hvort ekki líði að því að við fáum að sjá frv. um fjárreiður ríkisins þar sem gert er ráð fyrir að þessum málum verði komið fyrir á annan máta en nú er og verið hefur. Ég vil rukka um það frv. Ég skildi ekki af hverju það var dregið af borðum þingsins í fyrra þar sem búið var að samþykkja það nánast af öllum aðilum. Ég vissi ekki betur en að stjórnarflokkarnir væru búnir að ná sátt við stjórnarandstöðuna og þessu máli var sérlega fagnað. Ég spyr um frv.? Hvenær kemur það? Ég vænti mikils af því fyrir ríkissjóð, vesalinginn.

Þegar maður veltir frv. fyrir sér rifjar maður upp liðinn tíma og þá hafa ávallt komið við 2. umr. verulega auknar beiðnir um fjárheimildir. Á síðasta ári var beðið um 5,3 milljarða við 2. umr. Er eitthvað í farvatninu, sem við vitum ekki um, sem hljóðar upp á auknar fjárheimildir við 2. umr.? Má búast við að þetta verði óbreytt eða er eitthvað í farvatninu sem hljóðar upp á auknar heimildir? Ástæða er til að spyrja um það. Það er einnig ástæða til þess að spyrja hvort um sé að ræða einhverjar óuppgerðar skuldbindingar sem á eftir að sýna fjárln. Þetta er mikilvægt atriði. Ég man ekki betur en að á sl. ári hafi verið beðið um fjárveitingar allt að 21 ár aftur í tímann vegna skuldbindinga sem ekki höfðu verið komnar heimildir fyrir.

Ástæða er til að spyrja um ýmislegt í þessu plaggi. Hvernig stendur á því að 14,5 milljóna beiðni liggur fyrir vegna umframgjalda í sendiráðum erlendis? Það hlýtur að hafa verið fyrirsjáanlegt við fjárlagagerðina fyrir árið 1996. Það getur ekki annað en verið. Það er líka ástæða til að spyrja um eitt atriði eða eitt af mörgum sem hljóðar upp á: Hvernig stendur á því að verið er að biðja um fjárframlög fyrir Íslenska dansflokkinn upp á 8 millj. kr. en þar eru menn búnir að aka fram úr um 15 millj. samtals? **(Gripið fram í:** Dansa fram úr.) Eða dansa fram úr, það má kannski orða það svo. Ég álít að hér sé um ræða ónógt eftirlit af hálfu fjmrn. Það má spyrja um atriði, með leyfi virðulegs forseta, undir lið 190, Ýmis verkefni, á bls. 35, þar sem sótt er um aukna heimild að fjárhæð 12 millj. kr. til að mæta útgjöldum vegna forræðismáls. Er það eitthvað sem við eigum von á að haldi áfram? Það er kannski viðkvæmt mál að ræða en þetta er samt sett fram í þessu þskj.

Það er bágt til þess að vita að auknar tekjur fyrir árið 1996 skuli vera vegna aukinna skulda heimilanna, vegna aukins innflutnings og vegna aukinna lána til heimilanna. Það bætir afkomu ríkissjóðs verulega að heimilin skuli auka skuldir. Ég tel að þetta sé mikið áhyggjuefni. Það er líka rétt að velta fyrir sér hvernig horfurnar eru um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1996 vegna þess að hæstv. fjmrh. nefndi það í sínu máli. Búast má við að lánsfjárþörf ríkisins fyrir árið 1996 stefni í 42–43 milljarða kr. Rétt er að geta þess að það er um 17 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Og kannski er rétt að spyrja um þessi mál núna. Komið hefur fram í umræðunni að veita þurfti 1,4 milljörðum til heilbrigðiskerfisins. Stjórnarandstaðan benti á í fyrra að þar mundi verða stórt gat. Það vill svo til að álit Ríkisendurskoðunar er að enn vanti 500 milljónir. Hvað er svo lagt upp með fyrir árið 1997? Þó það eigi kannski ekki beint heima í þessari umræðu þá kemur að því seinna. Óskað var eftir fjárheimildum frá heilbrrn. upp á 54 milljarða. Hverjar eru svo tillögurnar? Tillögurnar eru upp 52 milljarða. Hvernig á að brúa bilið sem þar er á milli? Eða á maður að ætla að þeir sem setja fram fjárlagabeiðnir séu að biðja um miklu meira en raunverulega er þörf fyrir? Ég skrifa ekki undir það. Ég er sannfærður um að fólkið sem vinnur að þessum málum og hefur orðið að gera undanfarin ár með hliðsjón af niðurskurði hefur reynt að vinna af bestu samviskusemi. Þær beiðnir sem settar voru fram voru 54 milljarðar. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 52 milljörðum og vantar þá 2 milljarða. Ég fullyrði að stórt gat á eftir að brúa. Það er ástæða til að nefna þetta vegna þess að þetta mun koma fram hjá okkur á næsta ári á svipaðan máta og nú er. Fullyrt var við umræðuna á sl. ári að staðið yrði við þær áætlanir sem settar voru fram.

Ég ætla að víkja aðeins að smámálum sem út af stóðu á milli okkar hæstv. fjmrh. frá síðasta ári. Þá spurði ég um smámál eins og Silfurlax þar sem ríkissjóður hafði veitt 50 millj. kr. ábyrgð og ef ég man rétt sagði hæstv. fjmrh. að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af þeim ábyrgðum. Það mundi allt saman skila sér. Það er ástæða til að spyrja um það nú: Eru þau mál í góðu standi og hverjar eru horfurnar? Er búið að tryggja ríkissjóði þær tekjur á móti þeim ábyrgðum sem settar voru fram? Síðan er rétt að spyrja um raðsmíðaskipin í leiðinni af því það stóð út af á milli okkar hæstv. fjmrh. í fyrra þegar við áttum hér samtal um þessi mál.

Ég sé ekki ástæðu til að fara lengra í umræðu um frv. til fjárlaga. Ég hef sett fram nokkrar spurningar. Ég á von á að auknar beiðnir komi fram á milli umræðna og ég vildi spyrja ráðherra hvort svo sé. Ef svo er ekki mælist ég til að flýtt verði afgreiðslu frv. til fjáraukalaga og við ljúkum því á tiltölulega skömmum tíma. Þá vil ég meina að lokað sé fyrir aukið fjárstreymi. Það á allt að vera komið fram í þessu plaggi en ég minni á að á sl. ári, við 2. umr., komu fram auknar beiðnir um 5,3 milljarða og enn auknar við 3. umr. svo það er nú kannski ástæða til að geta um þetta.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara lengra í mínu máli. Ég bar fram þó nokkuð margar spurningar og það var aðallega í því formi sem ég ræddi frv. til fjáraukalaga.

[11:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi skal tekið fram að fjárreiðufrumvarp hefur verið afgreitt úr báðum þingflokkunum. Það er verið að prenta frv. **(Gripið fram í:** Er það stjfrv.?) Það er stjfrv. og er frv. sem fjmrh. flytur og verður lagt fram eins og var gert á sl. ári, með sama hætti.

Í öðru lagi held ég að betur sé staðið að þessu fjáraukalagafrv. en oftast áður og ástæðan er sú að við höfum nú sterkari samninga í heilbrigðismálunum en oftast áður þegar fjáraukalagafrv. hefur verið lagt fram. Það er auðvitað mikill

kostur að geta afgreitt þetta frv. sem allra fyrst og ég tek undir það. Ég bendi á að lokauppgjör fer fram í fjáraukalagafrv. sem verður lagt fram á vorþinginu næsta.

Um lið 190, Ýmis verkefni í utanríkisráðuneytinu á bls. 35, þ.e. forræðismál Sophiu Hansen, var tekin sú ákvörðun að veita þessar fjárveitingar til að geta haldið úti starfsmönnum utanríkisþjónustunnar og til að greiða annan kostnað sem eðlilegt þótti að greiða. Ég get ekki hér og nú sagt hvort þetta sé endanlegt uppgjör eða ekki.

Ekkert hefur breyst hvað Silfurlax varðar. Ég man ekki hver okkar orðaskipti voru í fyrra en tryggingin sem ríkið hefur er fyrst og fremst í þeim hafbeitarlaxi sem á eftir að koma og fer auðvitað dálítið eftir því hvort hann skilar sér í þeim mæli sem við búumst við eða ekki.

Og að allra síðustu vegna raðsmíðaskipanna þá hefur verið lokið við samninga við alla aðila og þeir samningar hafa verið gerðir í samráði við Ríkisendurskoðun þannig að af hálfu Ríkisábyrgðasjóðs og Lánasýslunnar er því starfi nú lokið. Það mun væntanlega verða hægt að fá upplýsingar um það mál ef þær hafa ekki komið fram til þingmanna.

[11:56]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör við flestum spurningum mínum, ég segi flestum vegna þess að ég spurði um hvort væri að vænta aukinna beiðna á milli umræðna og hæstv. fjmrh. sagði að þetta plagg væri vandaðra og betra en oft áður. Kannski má líta á það svar þannig að það verði ekki. Ég er ekki alveg sáttur með svarið sem var gefið vegna ábyrgðanna í Silfurlaxi því að ég held að það sé ekki nokkur trygging. Það eru engin veð í þessu en ég vona sannarlega, og við erum sammála um það, að rétt hafi verið gert. Ég var einn af þeim sem greiddu atkvæði með þessari aðgerð og viðurkenni það. Ég taldi þó við nánari skoðun, reyndar einum til tveimur mánuðum seinna, að það hafi ef til vill ekki verið mjög skynsamlega gert hjá mér. Ég hef áhyggjur af slíkum aðgerðum sem eru kannski ekkert einsdæmi. En ég vil þakka fyrir svörin og lít svo á að samþykkt hafi verið að málinu verði flýtt mjög. Ég fagna því að frv. um fjárreiður ríkisins skuli vera að koma fram. Ég tel að það sé nauðsynlegt verkfæri — og ég undirstrika það — nauðsynlegt verkfæri til að halda utan um stjórn ríkisfjármála almennt.

[11:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um Silfurlax. Það er hárrétt að við, nægilega margir hér á hinu háa Alþingi, samþykktum að veita þessar ábyrgðir á sínum tíma. Auðvitað er slíkt umdeilanlegt. Ég vil bara rifja það upp að um var að ræða merkilega tilraun, hafbeitarstöð, rekin fyrir fé sem safnað hafði verið að stærstum hluta til hjá útlendingum, hjá Svíum fyrst og fremst, mörg hundruð millj. kr. Við töldum ástæðu að hjálpa til við að fá sem allra mesta þekkingu úr því verkefni og lögðum fram þessa ábyrgð. Það er alveg óljóst hvort við töpum á þessu eða ekki en við verðum að gera okkur vonir um að fá sem mestan part af því sem íslenska ríkið þurfti að leggja út og ábyrgjast með heimtunum sem verða væntanlega á næsta sumri. Það er ávallt umdeilanlegt hvort svona eigi að standa að málum. Aðrir aðilar voru líka með ábyrgðir og höfðu lánað en vegna þess hve gífurlega mikla áhættu ýmsir erlendir aðilar tóku þótti rétt, að mjög vel athuguðu máli, að veita þessar ábyrgðir sem þar var um að ræða. Ég man ekki nákvæmlega einstök atriði eða upphæðir í málinu en ég vildi að þetta kæmi fram til að við skildum ekki við þessa umræðu eins og þetta hefði verið gert með einhverjum hneykslanlegum hætti, enda skildi ég hv. þm. ekki þannig.

[11:59]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þar sem frv. mun koma til fjárln. til vinnslu hef ég tækifæri til þess þar að fjalla nánar um einstök atriði sem frv. gerir ráð fyrir um viðbótarfjárveitingar og mun því hafa aðeins nokkur almenn orð um þetta mál við 1. umr. Fjáraukalagafrv. staðfestir þann viðsnúning sem orðið hefur í efnahags- og atvinnulífinu. Það staðfestir að það hafa orðið auknar fjárfestingar og það reyndar sýnir líka að einkaneysla í þjóðfélaginu hefur farið vaxandi. Það að auknar fjárfestingar eru staðreynd sýnir að bjartsýni hefur aukist og það er vel. Hins vegar verður að undirstrika að fjáraukalagafrv. sýnir að sá bati sem gert er ráð fyrir er fyrst og fremst vegna aukinna tekna. Eigi að síður er það þó staðreynd að aukin útgjöld ná ekki auknum tekjum þannig að útkoman verður betri en gert var ráð fyrir ef þessar áætlanir standast.

Þau þáttaskil hafa einnig orðið, það sýnir frv., að það er hægt að og það hafa verið hafnar aðgerðir í því efni að endurfjármagna lán ríkissjóðs. Það er vissulega hægt vegna þess að bati hefur orðið í efnahagslífinu og ríkissjóður þykir traustari lántakandi eftir en áður. Öllu þessu ber auðvitað að fagna en þó að það séu miklar tekjur sem koma inn fram yfir það sem var gert ráð fyrir í áætlunum þá dregur það ekkert úr mikilvægi þess að hafa aðhald í útgjöldum. Einmitt við þessar aðstæður þegar velta eykst í þjóðfélaginu þá á ríkissjóður að hafa aðhald að sínum útgjöldum og það er mjög áríðandi einmitt við þær aðstæður sem nú eru að svo verði. Ef ávinningur er í tekjunum fram yfir það sem frv. sýnir þá á það vissulega að koma til góða til þess að afkoman verði betri og til þess að hægt verði að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Það er vissulega áríðandi að ríkissjóður nái inn öllum þeim tekjum sem hann á rétt á. En sá ávinningur á að nýtast til að skila enn betri útkomu. Það er langmesta kjarabótin fyrir allan almenning í landinu því að ef ríkissjóður hefur ekki aðhald að fjármálum sínum á þenslutímum þá leiðir það eingöngu til vaxtahækkana og aukinnar verðbólgu í þjóðfélaginu. Það er grundvallaratriði í þessu máli.

Varðandi einstaka málaflokka. Á bls. 25 í frv. er góð tafla sem sýnir frávikin bæði í tekjunum og gjöldunum. Það kemur í ljós sem fyrr að það reynist erfiður róður að halda áætlunum í heilbrigðis- og tryggingamálum. Hv. 4. þm. Vestf. hafði áðan áhyggjur af því máli. Mér fannst það eðlilegt því hann þekkir þetta mál mjög vel. En mér fannst hann þekkja það of vel til að hann gæti verið eins hneykslaður og hann var í ræðu sinni. Ég greip niður í fjáraukalagafrv. fyrir árið 1994 þegar hans flokkur fór með þessi mál. Þar segir á bls. 38 í því frv. undir heilbr.- og trmrn.:

„Lagt er til að fjárheimild heilbr.- og trmrn. verði aukin um 1.499 millj. kr.“

Hér stendur einnig:

„Sjúkratryggingar. Sótt er um 800 millj. kr. hækkun fjárheimildar í samræmi við endurskoðaða áætlun um útgjöldin miðað við útkomu fyrstu átta mánaða ársins. Fjárvöntunin stafar að mestu af því að áform um sparnað á þessum lið hafa ekki gengið eftir.“

Þessi barátta er nú ekki alveg ný af nálinni. Það er dálítið einkennilegt að sjá fyrrv. heilbrrh. standa hér upp svona óskaplega hneykslaðan á þessu máli. Hins vegar er ég ekki að draga úr mikilvægi þess, langt því frá, að reyna að hafa aðhald. En menn vita náttúrlega allir sem hér eru inni að það er erfitt að meta útgjaldaþörfina í þessum lið.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það nú en hins vegar hafa orðið þau þáttaskil, t.d. varðandi sjúkrahúsin í Reykjavík að þar hefur verið samið um ákveðið samstarf um að setja þau mál í ákveðinn farveg með tilteknum aðgerðum sem við bindum vonir við að skili sparnaði þegar til lengri tíma er litið.

Annar stór liður í útgjaldatilefnunum eru sérstakar ákvarðanir ríkisstjórnar og Alþingis þar sem m.a. eru upphæðir vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna til að gera þann flutning viðunandi, upp á 240 millj. kr. Áhrif kjarasamninga eru þar upp á 250 millj. kr. og aðstoð vegna náttúruhamfara upp á 250 millj. Ég held að það geti ekki verið deilur um þessar upphæðir, að þetta sé réttmætt. Það er þá fyrst og fremst hvort það hefði mátt eitthvað spara í þessum 560 millj. kr. útgjöldum sem eru flokkaðar hér undir: Annað. Ég ætla ekki að orðlengja um þá liði. Fjárln. mun fara yfir mál og reyndar hefur verið samkomulag í nefndinni að fjalla um þetta mál þó 1. umr. sé ekki lokið og við höfum þegar hafið þá vinnu. Við munum leggja áherslu á að málið liggi fyrir frá okkar hendi innan ekki of langs tíma. Ég tel mikilvægt að fjáraukalög séu samþykkt sem fyrst á haustþingi svo að fjárlagarammi þeirra stofnana og aðila sem þau varða liggi fyrir þannig að ég mun beita mér fyrir því sem formaður fjárln. að þessi vinna gangi eins fljótt fyrir sig og hægt er en að því tilskildu að nefndarmenn fái þær upplýsingar sem um er beðið í sambandi við þetta.

Ég ætla ekki á þessu stigi að hafa öllu fleiri orð um frv. Ég vil enn minna á að það hefur mikla þýðingu, ekki síst á tímum aukinna tekna og á þenslutímum eins og ber á að séu nú, að sýna aðhald og sparnað í ríkisútgjöldunum og sú barátta heldur vissulega áfram.

[12:10]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna því að frv. um fjárreiður ríkissjóðs verði lagt fram. Verði það samþykkt þá munum við ekki horfa upp á jafnfurðulega niðurstöðu og þá að halli ríkissjóðs stóreykst þegar ríkissjóður bætir stöðu sína með því að innleysa spariskírteini sem eru með mjög háum vöxtum. Við munum þá ekki heldur sjá ríkisreikning sem sýnir allt aðra niðurstöðu en fjárlög sem hafa verið rétt framkvæmd vegna þess að inn í fjárlögin vantar áfallna vexti, áfallnar lífeyrisskuldbindingar og margt fleira.

Herra forseti. Fjáraukalögum er ætlað að leiðrétta skekkjur sem myndast við framkvæmd fjárlaga. Kemur þar ýmislegt til. Almennar forsendur fjárlaga um veltu og skattskil breytast óhjákvæmilega. Þá er forsendum fjárlaga breytt með samningum við opinbera starfsmenn og öðrum samningum. Að síðustu má nefna það að opinberir aðilar fara fram úr fjárlögum, umfram veltuforsendur og kjarasamninga. Það er lagabrot, lögbrot, að hlíta ekki ákvörðun fjárlaga sem samþykkt hafa verið á hinu háa Alþingi.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var samþykkt sem lög frá hinu háa Alþingi þann 22. des. 1995, þ.e. fyrir 10 mánuðum. Í frv. til fjáraukalaga sem við ræðum í dag kemur fram í greinargerð, með leyfi forseta:

„Fyrr á þessu ári ákvað forsætisnefnd Alþingis að ljúka í einum áfanga framkvæmdum við endurbyggingu Kirkjustrætis 8b og 10 og smíði tengibyggingar milli húsanna, í stað þess að skipta verkinu í tvo áfanga, eins og gert hafði verið ráð fyrir við setningu fjárlaga. Framkvæmdakostnaður í ár er áætlaður 94 millj. kr., en þar af eru 10 millj. kr. vegna skrifstofubúnaðar, húsgagna og flutninga. Framlag í fjárlögum er 44 millj. kr. Farið er fram á viðbótarfjárveitingu til þess að gera upp allan kostnaðinn í ár, eða 50 millj. kr."

Herra forseti. Hv. forsn. hefur ákveðið að fara 114% fram úr fjárlögum. Hvað eiga forstöðumenn annarra ríkisstofnana að halda þegar hv. forsn. Alþingis, þ.e. löggjafarsamkundu þjóðarinnar leyfir sér að fara 114% fram úr fjárlögum? Eftir höfðinu dansa limirnir.

Rök hv. forsn. eru eflaust þau að það hafi verið ódýrara að framkvæma verkið í einum rykk. Sömu rökum geta nánast öll ríkisfyrirtæki beitt við framkvæmdir sínar. Hv. forsn. var í lófa lagið að leggja til við hið háa Alþingi í umræðum um fjárlög 1996 að taka þessa framkvæmd í einum rykk. Svo gat hv. forsn. fyrir 10 mánuðum að sjálfsögðu beðið með framkvæmdirnar í eitt ár eins og lagt er til við önnur fyrirtæki ríkisins.

Herra forseti. Þessi tvö hús, annað frá árinu 1879 og hitt frá árinu 1905 kosta í endurbyggingu 134 millj. kr. Ég segi og skrifa 134 millj. kr. Húsin eru 900 fermetrar og hýsa 12 þingmenn og sex starfsmenn, alls 18 starfsstöðvar. Kostnaður við endurbygginguna er því 7,5 millj. kr. á hverja starfsstöð. 7,5 millj. kr., það er eins og íbúð í blokk með eldhúsi og baðherbergi. Þó þurfti ekkert að greiða fyrir lóðina.

Hér er eitthvað mikið að og sýnist mér sem óráðsía og bruðl ráði ríkjum. Ég minni á að skuldir ríkissjóðs eru 150 milljarðar og vaxtagreiðslur eru um 13 milljarðar kr. eða 36 millj. kr. á dag.

Herra forseti. Það er virðingarvert að halda upp á gömul hús en þetta eru ný hús. Veggir, gólf, stigar, gluggar, þetta er allt framleitt á árinu 1995 og 1996. Það eina sem er gamalt í þessum húsum eru burðarbitar. Tvær flunkunýjar lyftur eru í húsinu, eflaust af tillitsemi við fatlaða. Þetta eru ný hús, bastarðar og billeg lausn. Þetta er ekki húsverndunarstefna. Þessi hús munu aldrei verða kölluð gömul héðan í frá, með lyftu og framleidd árin 1995–1996.

Herra forseti. Athugasemd minni er ekki beint til fjmrh., sem er fulltrúi framkvæmdarvaldsins, heldur til hv. forsn. Fulltrúi framkvæmdarvaldsins getur ekki svarað fyrir og á ekki að svara fyrir það sem Alþingi ákveður.

Herra forseti. Það er sárgrætilegt við þessa framkvæmd að mér er ætlað að flytja inn í þessi hús. Ég hef hugleitt að neita því en þá missi ég tengsl við flokkssystkini mín sem ég met mikils og breyti í sjálfu sér engu. Með trega mun ég flytja í þessi ofurdýru og billegu hús og kann ég hv. forsn. engar þakkir fyrir að skapa mér þau örlög að njóta bruðlsins.

[12:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það hefur tíðkast mjög lengi að ríkisstofnanir af margvíslegu tagi hafa tekið ákvörðun um það að haga hlutum eins og gerst hefur í sambandi við endurbyggingu þessara húsa. Ég nefni í því sambandi t.d. Vegagerð ríkisins. Það höfum við, ég og hv. þm., gagnrýnt á vettvangi þingmanna Reykjavíkurkjördæmis. Á þessu ári er t.d. verið að framkvæma í kjördæmi

okkar fyrir fjármuni sem þeir stóla á að fá á næsta ári. Þetta er afleitt fyrirkomulag og um það eru allir sem betur fer sammála. Þess vegna er mikilvægt að frv. um fjárreiður ríkissjóðs, sem var stoppað í fyrra af flokkssystkinum hv. þm., verði lagt núna fram og þar með verður hægt að ramma þessa hluti betur inn í framtíðinni en gert hefur verið og ég tel það mikilvægt.

Loks vil ég leyfa mér fyrir hönd allra þingmanna Alþb. og óháðra að bjóða hv. þm. velkominn á skrifstofu einhvers staðar í húsinu að Vonarstræti 12 ef kostur er á að koma honum þar fyrir ef honum líður illa í húsinu við Kirkjustræti.

[12:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó ég meti mikils skoðanir hv. þm. er ég ekki viss um að ég vilji frekar vera innan um skoðanabræður hans en mín ástkæru flokkssystkini.

[12:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessa ábendingu en ég gleymdi að nefna það áðan að lyftur í Kirkjustrætishúsinu eru örugglega fyrir fatlaða. Það held ég að sé alveg á hreinu og það er mikilvægt að hafa það í huga í sambandi við frágang þessara húsa. Það skiptir miklu máli og það á ekki að gera grín að því úr þessum ræðustól, jafnvel þó það kosti peninga.

[12:18]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals. Hún var ekki aðeins sérkennileg heldur þótti mér hún vera hv. þm. til vansa.

Hann ásakar samþingmenn sína, forsætisnefndarmenn, um lögbrot. Hann fullyrðir að forsætisnefndarmenn hafi brotið lög, fjárlög í þessu tilviki, með því að halda áfram framkvæmdum við endurbyggingu Kirkjustrætishúsanna án þess að hafa til þess heimildir í fjárlögum. Ég get svo sem skilið þessa fullyrðingu hv. þm. ef hann hefur ekkert annað fyrir sér en það sem stendur í greinargerð með fjáraukalagafrv. Ég verð að segja alveg eins og er að sú greinargerð er ekki samin af mikilli velvild í garð þingsins svo ég kveði ekki fastar að orði.

Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir að forsn. þingsins fór fram á það við gerð fjárlaga fyrir yfirstandandi ár að öll fjárhæðin yrði tekin inn. Hins vegar varð að samkomulagi í fjárlaganefndinni milli fjárln. og forsn. að upphæðinni skyldi skipt. Þegar verkið var hins vegar boðið út voru hafðir þeir kostir í útboðinu að verkinu yrði að fullu lokið en það yrði ekki að fullu greitt fyrr en á næsta ári og ekki greitt meira við framkvæmdirnar en fjárlög heimiluðu. Þetta liggur allt fyrir þannig að ég vísa því algjörlega á bug að forsn. hafi með ráðnum hug farið fram úr fjárlögum.

Hins vegar lá líka fyrir að forsn. var ekki að reisa einhver pótemkintjöld. Húsin voru endurbyggð að ytra byrði í fyrra og auðvitað lá alltaf ljóst fyrir að haldið yrði áfram með verkið, innréttingum yrði jafnframt lokið. Það lá fyrir í drögum að fjárlagafrv. fyrir árið 1997 að á fjárlög 1997 yrði sótt það sem á vantaði. Það hefur hins vegar verið fellt brott vegna þess að upphæðin öll er tekin inn í fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu. Þessu vil ég koma mjög ákveðið til skila.

En ég verð að þessu gefna tilefni að fara nokkrum fleiri orðum um málið allt saman. Um tíma var ætlunin að rífa þessi hús og gert ráð fyrir því þegar samkeppni var haldin um framtíðarbyggingu á Alþingisreitnum. Frá þeim byggingaráformum var hins vegar fallið. Þessi hús höfðu verið Alþingi til vansæmdar í áraraðir vegna þess að á þeim var ekkert viðhald. Hins vegar, þegar fallið var frá þessum byggingaráformum við Kirkjustrætið, lá ekkert annað fyrir en að Alþingi sýndi gott fordæmi og endurbyggði þessi hús og ég hef sagt það áður og get endurtekið það hér að ég teldi það hefði orðið menningarlegt slys ef húsin hefðu verið rifin. Ég tel að það sé Alþingi til sóma að hafa staðið að endurbyggingu húsanna eins og hefur verið gert og fyrir það hefur raunar Alþingi fengið þakklæti frá ýmsum aðilum sem ég fer ekki að telja upp hér og nú.

Ég bendi líka á að deiliskipulag Kvosarinnar gerði ráð fyrir að þessi hús stæðu. Húsafriðunarnefnd hafði lagt mikla áherslu á að húsin yrðu endurbyggð. Allur undirbúningur að verkinu var mjög vandaður og í samræmi við lög um opinberar framkvæmdir og framkvæmdirnar gerðar í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Hv. þm. gerði þennan kostnað svo að umtalsefni og var með alls konar reikningskúnstir í sambandi við það hvað þetta kostaði á mann. Hann er að vísu ekki alveg með réttar tölur. Þarna er vinnuaðstaða fyrir 20 manns, þingmenn og starfsmenn Alþingis, ekki 18. Auk þess er þarna fundaraðstaða og þar er verulegt geymslurými, m.a. fyrir hluta af verðmætu skjalasafni Alþingis sem þarna verður komið fyrir. Það eru því rangir útreikningar að deila með 18 í þessa heildarkostnaðartölu. Fleira fer þarna fram en bara að koma fyrir 18 manns. Auðvitað eru þetta háar upphæðir, ég skal ekki draga úr því, 130 milljónir. Þarna stendur að vísu 134 milljónir sem byggist á misskilningi sem skiptir svo sem ekki máli í þessu samhengi. Auðvitað eru gerðar aðrar kröfur til bygginga í miðborg en sums staðar annars staðar og hér er um að ræða endurgerð á handverki sem að mörgu leyti er einstakt. Það er ekki verið að búa til neinar fornminjar. Auðvitað er það svo þegar verið er að endurgera gömul hús að ýmsar nýjar spýtur eru settar inn. Auðvitað er það gert. Það er ekkert sérstakt með þessi hús. Það gerist alltaf þegar verið er að endurgera gömul hús.

Herra forseti. Ég vísa því algjörlega á bug að hér sé um óráðsíu og bruðl að ræða eins og hv. þm. orðaði það. Ég vísa því algjörlega á bug. Ég skil ekki þessa óvild í garð þingsins frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Ég hef að vísu ekki hugmynd um við hvaða aðstæður hann hefur búið á sínum fyrri vinnustað. En ég veit hins vegar við hvaða aðstæður ýmsir þingmenn hafa mátt búa og ég tala ekki um starfsmenn þingsins. Þetta er liður í því að bæta aðstöðuna og það er fullkomin þörf á því.

[12:25]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson segir í rauninni það sem ég sagði að við framkvæmd og samþykkt fjárlaga hafi verið ákveðið að dreifa framkvæmdinni á tvö ár. Af hverju í ósköpunum var ekki lagt undir hið háa Alþingi að gera þetta á einu ári eða fá heimild til þess fyrst það stóð til og fyrst það var gert? Það eru ekki nema 10 mánuðir síðan fjárlögin voru samþykkt, minna en 10 mánuðir. Af hverju í ósköpunum var það ekki ákveðið strax? Getur verið að fjárln. hafi stöðvað það? Eru menn að sýna einhvern gervihalla á ríkissjóði? Var hallinn í rauninni meiri en menn sýndu? Allt

þetta mál er mjög óljóst og mér finnst að þegar fjárlög eru samþykkt eigi menn að fá það samþykkt sem þeir ætla að framkvæma, sérstaklega Alþingi sjálft.

[12:26]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skýrði það út að samkomulag hefði orðið milli forsn. og fjárln. um að skipta fjárhæðunum á tvö ár. Ég skýrði það út og ég gerði jafnframt grein fyrir því að í samningum við verktakann er gert ráð fyrir að hluti af þessum kostnaði yrði ekki greiddur fyrr en á árinu 1997. Ég er líka búinn að skýra það út að þetta er tekið inn í fjáraukalagafrumvarpið og fellt út úr frumvarpsdrögum fyrir árið 1997. Þetta á allt saman að vera ljóst. Það kemur mér satt að segja töluvert mikið á óvart að þetta skuli vera aðalgagnrýniefnið í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals á fjáraukalagafrumvarpið í heild sem telur nú upp á nokkra milljarða króna. Þetta er aðalgagnrýnisefnið. Finnur hv. þm. engin dæmi í þessu fjáraukalagafrumvarpi um framkvæmdir sem voru alls ekki ræddar við gerð fjárlaga fyrir árið 1996?

[12:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega var farið út í margar framkvæmdir. Ég nefni t.d. framkvæmdir við flutning forsetaembættisins sem kosta 99 milljónir. Vissulega má setja út á margt en mér finnst að hið háa Alþingi Íslendinga eigi að sýna fordæmi og fara að lögum sem það setur sjálft og getur sett á hvaða tíma sem er. Það hefði hvenær sem er mátt setja fjáraukalög um þessa framkvæmd. Það hefði mátt gera það í mars, það hefði mátt gera það í febrúar. Hvenær sem er getur Alþingi Íslendinga samþykkt lög um þessa framkvæmd. Það er mjög léttur leikur. Mér finnst þetta því alveg ástæðulaust og þess vegna bendi ég á þessa framkvæmd af því við hv. þingmenn eigum að líta okkur nær og gefa fordæmi til annarra ríkisstofnana um að fara að fjárlögum.

[12:28]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir að hv. þm. hefur ekki langa þingreynslu. Það kemur m.a. fram í því að hann heldur að þingið samþykki fjáraukalög fyrir einstakar framkvæmdir hvenær sem er á þingtímanum. Þetta er ekki einu sinni svara vert.

[12:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Líklega er flest af því sem hér eru gerðar tillögur um búið og gert. Fjármunum hefur þegar verið ráðstafað og afgreiðsla Alþingis aðeins formsatriði. Þetta er gömul saga og ný og það er einnig gömul saga og ný að við þessu er erfitt að gera í mörgum tilvikum. Þó er það mjög oft matsatriði. Ég nefni sem dæmi 430 millj. kr. framlag vegna hallareksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík. Sá halli var fullkomlega fyrirsjáanlegur við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Hefði meiri hluti Alþingis fallist á varnaðarorð stjórnarandstöðunnar og tillögur um aukin framlög við afgreiðslu fjárlaga stæðum við ekki frammi fyrir því að ræða þær aukafjárveitingar sem hér eru lagðar til. Sama er að segja um sjúkratryggingar sem augljóslega voru vanmetnar. Það er líka gömul saga og ný. Ár eftir ár eru uppi hugmyndir um niðurskurð og sparnað á þessum mikilvæga lið sem varðar fjölskyldur og einstaklinga svo miklu. En þær eru sjaldnast raunhæfar og skapa í rauninni ekkert annað en erfiðleika.

Nú er leitað eftir fjárheimildum til ýmissa verka sem orka tvímælis. Ég nefni þar útgjöld vegna kaupa á Sóleyjargötu 1 sem ég er ekki að gagnrýna í sjálfu sér en finnst að hefði mátt kosta af lið fjmrn. nr. 481, útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum, þar sem fjmrh. fær m.a. heimild til að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhvols fyrir Stjórnarráðið. Ég vil af þessu tilefni spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi ekki komið til greina og hvort að þar sé ekki enn þá talsvert fé eftir til ráðstöfunar. Kaupin á Sóleyjargötu 1 kalla á framkvæmdir við endurbætur á Stjórnarráðshúsinu og hér er gerð tillaga um 25 millj. kr. og reyndar er einnig um eitthvert framlag að ræða í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, ef ég man rétt 3–4 millj. kr. Hefði það þá ekki mátt bíða næsta árs eða eru þessar framkvæmdir þegar hafnar? Það er þá enn eitt dæmi þess að ákvörðun er í raun þegar tekin og framkvæmdir hafnar og aðeins leitað formlegrar stimplunar Alþingis.

Hér er líka leitað eftir framlögum vegna Íslenska menntanetsins sem þegar hafa verið innt af hendi eins og svo margt annað. Sama má segja um Íslenska dansflokkinn sem árum saman hefur verið fastur liður á dagskrá. Hér er reyndar sagt að nú sé komin ný stjórn yfir dansflokkinn sem gert hafi ráðstafanir til að koma böndum á reksturinn. Að mínu mati hefur dregist allt of lengi að taka á þeim vanda sem þessi stofnun hefur átt við að stríða, fortíðarvanda, og hefur vafalaust hamlað eðlilegri þróun í þessari grein. Það hefur ekki verið gaman fyrir stjórnendur Íslenska dansflokksins að vera fastur liður á aukafjárveitingaskránni með tilheyrandi áliti og kannski duldum ásökunum um óráðsíu. Vonandi er þeim hremmingum lokið og að Íslenski dansflokkurinn fái að dafna við eðlileg skilyrði.

Það er ekki að spyrja að þenslunni hjá utanrrn. Þar er líka fastur liður á dagskrá, auking vegna erlendra samskipta, fjölgun starfsmanna og aukinn ferðakostnaður sem í mörgum tilvikum ætti að vera fyrirséður en þeim kostnaði er þegar búið að verja. Menn vissu t.d. um ráðherrafund EFTA í júní sl. Það er sótt um 5,2 millj. kr. vegna þess fundar. Þeir vissu líka um formennsku Íslands í þeim samtökum. Það er sótt um 2,6 millj. kr. vegna þeirrar formennsku. Það er beiðni um 6 millj. kr. sem er rakin til ferðakostnaðar vegna EES samstarfsins, þátttöku í Eystrasaltsráðinu, Barentshafsráðinu og Norðurskautsráðinu. Það er beðið um aukafjárveitingu vegna Habitat-ráðstefnunar í Istanbúl að fjárhæð 5,8 millj. kr. Auðvitað vissu menn um þessa ráðstefnu þegar fjárlög voru samþykkt og ég hlýt að spyrja í þessu sambandi hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir neinu af þessu sem talið er upp sem útgjaldaorsakir á bls. 34–35. Var ekki vitað um þær við afgreiðslu fjárlaga? Eða var búið að eyða þeim fjármunum sem gert var ráð fyrir til þessara verkefna í einhver önnur ferðalög og útgjaldatilefni?

Ég tel að við verðum að fara vel ofan í ferða- og risnutilefni hins opinbera, ekki bara hjá utanrrn. heldur hjá öllum ráðuneytunum. Ég ræddi líka um þessi mál við 1. umr. um fjárlög, hvernig kostnaður við erlend samskipti hefur verið að þenjast út á undanförnum árum og hann mun halda áfram að þenjast út. Ég sé ekki annað en að svo verði. Mér sýnist ekki vera sami aðhaldsvilji fyrir hendi hvað það varðar eins og þegar kemur að útgjöldum t.d. vegna heilbrigðisþjónustunnar. Ég nefndi þá, þ.e. við 1. umr. um fjárlög, sem dæmi gríðarlegan kostnað vegna Schengen-samstarfsins sem á samkvæmt fjárlagafrumvarpinu að kosta okkur 55 millj. kr. á næsta ári og þar að auki 150 millj. kr. vegna breytinga á Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hér í frv. til fjáraukalaga eru a.m.k. tvö útgjaldatilefni vegna þessa Schengen-samstarfs sem þó er ekki fyllilega gengið frá. Það er árgjald Íslands

upp á 4,5 millj. kr. og 4 millj. kr. til launagreiðslna vegna þessa samstarfs.

Annar liður undir dóms- og kirkjumrn. er Neyðarsímsvörun þar sem farið er fram á 7 millj. kr. í stofnkostnað og aðrar 7 millj. kr. til kynningarmála árin 1995 og 1996 sem er þá greinilega þegar búið að eyða. Í greinargerðinni segir: „Í samningnum sem dómsmrn. gerði við Neyðarlínuna hf. síðla árs 1995 bættist við 7 millj. kr. stofnkostnaður og aðrar 7 millj. kr. til kynningarmála árin 1995 og 1996. Í frv. til fjárlaga ársins 1997 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun framlags til þessarar starfsemi." Þetta þykja mér nokkuð háar upphæðir, einkum til kynningarmála, og svo eru menn undrandi á kostnaði forsetaframbjóðendanna vegna kynninga og útgáfu vegna framboðs fyrr á þessu ári.

Ég vek líka athygli á beiðni um hækkun fjárheimildar vegna endurmats á eftirlaunum fyrrverandi bankastjóra Útvegsbankans. Óskað er eftir 70 millj. kr. hækkun fjárheimildar á liðnum Uppbætur á lífeyri af tveimur tilefnum. Ég vek sérstaklega athygli á því fyrra. Fjárþörf á þessum lið eykst vegna endurmats sem gert hefur verið á eftirlaunum fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild verði hækkuð um 25 millj. kr. til þess að gera upp vangreidd eftirlaun þeirra á tímabilinu frá desember 1993 fram í ágúst 1996 og áætlað að árlegur kostnaðarauki vegna þessa verði eftirleiðis um 7 millj. kr. Hefur verið gert ráð fyrir þeirri hækkun í frv. að fjárlögum ársins 1997. Ég skil það þá svo að þetta sé viðbót við fyrri áætlanir og þar sem ég þekki þetta mál ekki nægilega hlýt ég að spyrja hversu marga einstaklinga er hér um að ræða og hversu lengi þeir eiga að njóta þessara eftirlauna og hversu háar upphæðir er hér um að ræða. Og ein spurning enn af þessu tilefni: Eru þessir einstaklingar ekki í störfum annars staðar? Og fá fyrrverandi bankastjórar og aðstoðarbankastjórar greidd há eftirlaun úr ríkissjóði til viðbótar við laun fyrir önnur störf eða koma þau til frádráttar?

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Ég reikna með því að fá skýringar í hv. fjárln. á ýmsum einstökum liðum en ég vildi aðeins vekja athygli á því sem ég hef þegar tínt til. Að lokum ítreka ég í anda Cato gamla að framkvæmdarvaldið tekur sér að mínu mati of mikið vald til ráðstöfunar fjármuna án þess að leita samþykkis löggjafarvaldsins. Í þeim tilvikum þar sem það er unnt á framkvæmdarvaldið ekki að eyða fé án þess að hafa fengið heimild frá Alþingi.

[12:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tek undir margt sem kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur, og sérstaklega það sjónarmið sem hún vakti athygli á í upphafi máls síns að margir liðir sem hér er að finna voru fyrirséðir þegar fjárlög voru samþykkt í lok síðasta árs fyrir yfirstandandi ár. Hún nefndi sérstaklega í því efni framlag til sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það eru hins vegar tvö eða þrjú atriði sem ég vildi sérstaklega vekja máls á og tel brýnt að fjmrh. geri nánar grein fyrir. Annað atriðið varðar neyðarsímsvörun. Þar segir að leitað sé eftir 14 millj. kr. framlagi til að mæta fjárvöntun vegna samnings um starfrækslu neyðarsímsvörunar og svo ég vitni áfram hér í greinargerð, með leyfi forseta:

„Eftir að tillögur um fjárveitingar til verkefnisins höfðu verið settar fram í fjárlagafrumvarpi ársins 1996 breyttust forsendur samningsins um 15 millj. kr. árlegt rekstrarframlag." Ég tel mikilvægt að fá upplýsingar um hvað hér er á ferðinni. En síðan segir áfram, með leyfi forseta: „Í samningnum sem dómsmálaráðuneytið gerði við Neyðarlínuna hf. síðla árs 1995 bættist við 7 millj. kr. stofnkostnaður og aðrar 7 millj. kr. til kynningarmála árin 1995 og 1996."

Í frv. til fjárlaga ársins 1997 hefur verið gert ráð fyrir sambærilegri hækkun framlags til þessarar starfsemi, sambærilegri hækkun. Nú er venjan að stofna einu sinni til stofnkostnaðar og spurningin er þessi til hæstv. fjmrh. hvort um verði að ræða síendurtekinn stofnkostnað því það má skilja af því orðalagi sem hér er í þessari greinargerð. Er verið að ræða um síendurtekinn stofnkostnað? Þetta er starfsemi og fjármögnun sem hefur sætt mikilli gagnrýni og er mjög mikilvægt að gerð verði mjög ítarleg grein fyrir því hvað er á ferðinni.

Af öðrum liðum sem koma fram í frv. mætti víða bera niður. En ég spyr sérstaklega um lið undir forsrn. þar sem leitað er eftir 9 millj. kr. viðbótarframlagi vegna aukinnar áherslu á útboðs- og einkavæðingarverkefni á þessu ári. Hvaða nauðsyn krefur til að farið verði fram í frv. til fjáraukalaga um þetta brýna hagsmunamál? Við skulum ekki gleyma því að í þingsal hafa nýlega verið rædd verkefni sem maður hefði talið brýnni, t.d. að koma í veg fyrir það að fólk í Arnarholti, geðsjúkt fólk, sé svipt heimili sínu. Þar hefur skort peninga svo eitt mjög alvarlegt dæmi sé tekið. Þegar um er að ræða viðbótarframlag vegna aukinnar áherslu á útboðs- og einkavæðingarverkefni á þessu ári skortir ekki peningana, þá skortir ekki framlagið sem er samkvæmt skilgreiningum ætlað til að standa straum af úttektum verðbréfafyrirtækja og annarra aðila. (**Gripið fram í:** Hvaða verðbréfafyrirtækja?) Ég vek athygli á þessu, ekki einvörðungu vegna þess að um mikla peninga er að ræða. Ég er að vekja athygli á pólitískri forgangsröðun ríkisstjórnarinnar, þ.e. að ekki skortir peninga þegar um er að ræða aukna áherslu á útboðs- og einkavæðingarverkefni. Peninga til verðbréfafyrirtækja, þá skortir ekki fjármagnið eða þegar þarf að bæta peningum í stofnkostnað sem virðist vera síendurtekinn stofnkostnaður Neyðarlínunnar hf. sem ríkisstjórnin gerði samning við um Securitas og önnur fyrirtæki sem er verið að hleypa hér inn í öryggisþjónustu landsmanna og hefur mætt mikilli gagnrýni í þingsal og á eftir að fá mikla umfjöllun áður en upp verður staðið.

Hæstv. forseti. Ég tel að mjög mikilvægt sé að fá upplýsingar frá fjmrh. á þessu stigi um þessa liði sérstaklega. Síðar eigum við að sjálfsögðu eftir að ræða nánar um milljónaupphæðirnar sem á að verja til að fjármagna ævikvöld bankastjóra Íslands.

[12:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður get ég ekki nákvæmlega hér og nú sagt frá því hvernig kostnaðurinn skiptist vegna neyðarsímsvörunar. Ég held að það sé eðlilegast að ég kalli eftir samningnum og sundurliðun á öllum kostnaði þannig að hann geti gengið til nefndar og ég mun sjá til þess að hv. þm. fái það skjal líka þannig að það sé hægt að sjá það enda á málið eftir að koma hér fyrir í tveimur umræðum til viðbótar.

Varðandi hinn þáttinn sem hv. þm. minntist á, útboð og einkavæðingu, þá eru þetta fjármunir sem ekki hafði verið gert ráð fyrir sem fara til margvíslegrar starfsemi og snertir einkavæðinguna. Það er auðvitað þannig að nefndin stækkaði nokkuð. (**ÖJ:** Af hverju stækkaði hún?) Hún stækkaði um einn mann. Það var vegna þess að ákveðið var að taka fulltrúa

nýs ráðuneytis inn. Þetta höfðu verið þrjú ráðuneyti áður. (**ÖJ:** Hver ákvað það?) Það er ákveðið af ríkisstjórninni, sem fer með framkvæmdarvaldið, og samþykkt í henni og þar af leiðandi lagt fram í frv. ríkisstjórnarinnar eins og í þessu frv. (**ÖJ:** Það var ekki borið undir fjárln.?) Það var ekki gert ráð fyrir þeirri breytingu í forsendum fjárlaga, það er rétt. Í öðru lagi hefur verið unnið að reglum sem kallað var eftir. Ríkisendurskoðun kallaði m.a. eftir reglum sem ættu að gilda um einkavæðingu og útboð. Það kostaði auðvitað fjármuni. Loks eru úttektir á vegum verðbréfafyrirtækja. Ég get því miður ekki svarað því nákvæmlega hvaða fyrirtæki það eru en meira að segja slíkar úttektir eru boðnar út. Þá er venjulega verið að kanna undirbúning og hvernig eigi að fara með einkavæðingu eða hlutafjárvæðingu viðkomandi opinberra fyrirtækja sem á hugsanlega að selja. En verðbréfafyrirtæki fá slík verkefni eftir útboð.

[12:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og þá sérstaklega að hann muni kalla eftir nánari sundurliðun á fjármunum sem eiga að renna til Neyðarlínunnar hf. Ég tel mikilvægt að fá upplýsingar um það. Ég vek athygli á því að farið var fram á ítarlega úttekt á því máli á síðasta þingi. Það var hins vegar ekki afgreitt en hefur verið ítrekað að nýju. Hitt vekur sérstaka athygli mína, þ.e. svörin varðandi einkavæðingaráformin, og styrkir þá fullvissu mína að einn arðvænlegasti atvinnurekstur í landinu um þessar mundir er í tengslum við einkavæðingu ríkisstjórnarinnar. Ein arðvænlegasta atvinnugreinin sem menn geta komist í er að komast í snertingu við fjmrn. hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar til þess að véla þar um einkavæðingu. Það er væntanlega ekki nema brot úr skýringu að það hafi verið fjölgað um einn mann í einhverri nefnd sem sé að fjalla um þetta. Við erum að tala um 9 millj. kr. viðbótarframlag til þessara mála til þess að sinna þessum málum. Ég vek athygli að nýju á þessu pólitíska forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar sem við innan þingflokks Alþb. og óháðra höfum gagnrýnt ítrekað á liðnum mánuðum.

[12:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni áðan hrósaði hæstv. fjmrh. sér af góðri fjármálastjórn og taldi frv. vera dæmi um það ef ég skildi hann rétt. En þegar ég les frv. yfir fæ ég ekki betur séð en að a.m.k. hluti ríkisstjórnarinnar hafi farið á eyðslufyllirí þegar þeir sáu hvað tekjur ríkisins voru að aukast og efnahagurinn að rétta úr sér. Hér er vægast sagt um ýmislegt sérkennilegt að ræða. Frv. einkennist í fyrsta lagi af því að menn hafa tekið ýmsar skjótar ákvarðanir um aðgerðir og breytingar, sérstaklega í húsnæðismálum. Í öðru lagi er að miklu leyti um endurtekna sögu að ræða, þ.e. vanáætlanir eða hreinlega bókhaldsbrellur eins og ég hef kallað það á undanförnum árum þar sem ríkisstjórnin er stöðugt að blekkja sjálfa sig og almenning um útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála þar sem augljóst er að tölurnar standast engan veginn. Þetta þrennt einkennir frv., ýmsar skyndiákvarðanir, endurtekin saga og vanáætlanir í ýmsum málum.

Mig langar til að fræðast um nokkur atriði af hæstv. fjmrh. Ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri ráðherra til að svara fyrir sín mál. Ég hefði talið það mjög eðlilegt í umræðu sem þessari og til of mikils ætlast að hæstv. fjmrh. kunni skýringar á öllu því sem hér er að finna.

Eins og fleiri vil ég nefna þá skyndiákvörðun að flytja forseta Íslands úr Stjórnarráðinu yfir í Sóleyjargötu 1. Ég hefði talið að sú ráðstöfun hefði mátt bíða ef menn eru að hugsa um fjárhaginn og að sýna aðhald og sparnað, þó ég sé eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir ekki að gagnrýna flutning í sjálfu sér. Ég held að vissulega sé nauðsynlegt að bæta aðstöðu forsetaembættisins. En þessi flutningur kallar ekki eingöngu á kaup á nýju húsi heldur breytingar og aðgerðir í sjálfu Stjórnarráðshúsinu. Sem áhugakona um gömul hús og varðveislu gamalla húsa, sem ég deili m.a. með hæstv. forseta þingsins, langar mig mjög að fá nánari skýringu á því hvort þarna er fyrst og fremst um viðgerðir og viðhald að ræða eða eru það einhverjar breytingar sem verið er að framkvæma. Þetta er friðað hús þannig að ég get ekki ímyndað mér að það séu miklar breytingar en þó getur verið um eitthvað slíkt að ræða en ég vildi gjarnan fá skýringu.

Það vekur athygli mína að hér er að finna upphæð til Byggðastofnunar, (Gripið fram í.) Ég var nú ekki að leggja það til. Þetta hús hefur reyndar gegnt fleiri hlutverkum en að vera stjórnarráðshús og fangelsi. Reyndar bjó landshöfðinginn Hilmar Finsen þarna um tíma og fleiri embættismenn Danakonungs en það er önnur saga.

Ég ætlaði að nefna Byggðastofnun. Hér kemur fram að verið er að leggja til 140 millj. kr. aukaframlag vegna aðgerða á Vestfjörðum til samruna fyrirtækja á Vestfjörðum. Þarna er verið að tala um sambærilegar aðgerðir og voru töluvert gagnrýndar hér fyrir um tveimur árum eða svo þegar ýmsum fannst að aðrir landshlutar þyrftu ekki síður á svipaðri aðstoð að halda, t.d. ýmsir hlutar Vesturlands. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvenær var þessi ákvörðun tekin og á hvaða grunni? Ég kannast ekki við að þetta mál hafi verið rætt einu orði í þingsölum. En það kann þó að hafa farið fram hjá mér. Hvenær var þessi ákvörðun tekin og er viðunandi að taka einn landshluta út úr eins og hefur verið gert hvað eftir annað? Enginn þingmaður Vestf. er staddur í salnum. Ég spyr í því samhengi að ég held að við á hinu háa Alþingi þurfum í mikilli alvöru að skoða stöðu, verkefni og hlutverk Byggðastofnunar. Ég tek undir það sjónarmið að ég stórefa að þessi stofnun og aðgerðir hennar hafi skilað þeim árangri sem til var ætlast. Það eru allt, allt aðrir hlutir sem stjórna því hvort fólk vill búa úti á landsbyggðinni eða hvort það vill flytja eitthvert annað. Við vitum að víða úti á landi er mjög öflugt atvinnulíf og hæstu meðaltekjur á landinu, m.a. á Vestfjörðum, en samt sem áður flytur fólk í burtu. Ég held að þær aðgerðir sem menn hafa verið að beita hér á undanförnum árum til einhvers konar aðstoðar í byggðamálum hafi að meira og minna leyti mistekist. Ég hvet til þess að þetta mál verði rætt af mikilli alvöru þegar skýrsla Byggðastofnunar verður hér til umræðu.

Ég fagna því að menntmrn. ætlar að styrkja Leikfélag Reykjavíkur í tilefni af 100 ára afmæli þess. Ekki veitir af að styrkja menninguna og við vitum að þarna er um merkilega starfsemi að ræða sem á því miður heldur í vök að verjast um þessar mundir.

Ég kem aðeins inn á utanrrn. sem var aðeins nefnt hér áður. Það vill svo til að fulltrúar utanrrn. voru að gera grein fyrir fjárlögum og fjárveitingum til ráðuneytis síns í utanrmn. í gær. Nú eru mjög strangar trúnaðarreglur sem ríkja í utanrmn. og ég vona að ég sé ekki að upplýsa neitt sem ekki má upplýsa. En það kom fram í máli þeirra, sem svo sem allir vita og er augljóst mál, að sífellt er verið að auka verkefni utanrrn. Sífellt er verið að hlaða á það nýjum og auknum

verkefnum sem hafa í för með sér mikinn kostnað. Ráðuneytið á fullt í fangi með að sinna þessum verkefnum eins og hefur reyndar komið fram á undanförnum mánuðum og það er alveg augljóst að ráðuneytið er undirmannað. Í tengslum við þetta datt mér nú í hug þegar við horfum á þessi auknu verkefni og hvað okkar stjórnkerfi á í raun og veru í miklum erfiðleikum með að sinna öllu þessu alþjóðasamstarfi sem við erum í og fer stöðugt vaxandi, hvað ætli það mundi kosta ef við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu? Nú liggur við að hæstv. fjmrh. hnígi niður. Hér vitna ég til þeirra orða sem hæstv. forsrh. lét falla á landsfundi Sjálfstfl. þegar hann lýsti því að reglugerðafarganið frá Brussel og kostnaðurinn við aðildina að EES væru miklu meiri en menn hafi gert sér grein fyrir. Ég minnist þess að í þeim miklu umræðum sem þá urðu var hæstv. þáv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, spurður aftur og aftur og aftur hvað þetta mundi kosta. Hvaða kostnað hefði aðildin að EES í för með sér? Við því fengust aldrei nein svör. Það var greinilega sama hvað það mundi kosta, það skipti engu máli í því dæmi. Það hefur komið í ljós að þetta er mjög stórt verkefni auk annars, hafréttarmála og samninga sem snerta fiskveiðar sem greinilega kallar á stöðugt meiri átök. Þetta kallar allt á aukin ferðalög, aukna vinnu og hefur í för með sér mikinn kostnað. Þetta er mál sem við þurfum að skoða mjög rækilega. Því mætti m.a. velta fyrir sér hvort einhverjar tilfærslur gætu átt sér stað á stöðugildum milli ráðuneyta. Eru öll ráðuneytin það ásett verkefnum að ekki væri hægt að hugsa sér einhverja tilfærslu?

Hæstv. forseti. Ég ætla að nefna það sem kemur fram varðandi félmrn. og varðar Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þetta mál kemur mér spánskt fyrir sjónir því þegar fjárlög þessa árs voru til umræðu á haustmánuðum á seinasta ári var harðlega gagnrýnt hvernig verið var að taka hluta af erfðafjárskattinum til annarra nota í stað þess að láta hann renna inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Svo gerist það að leitað er eftir því að fá 88 millj. kr. viðbótarheimild til að greiða til sjóðsins það sem vantaði upp á innheimtar tekjur. Félmrn. er sem sagt núna að heimta þessar tekjur, sem voru skornar niður, og reyndar nokkuð meira sýnist mér. Því var haldið fram í fyrra að þetta væri allt í lagi og engin þörf á þessu en það kemur ekkert fram hér til hvers á að nota þessa peninga eða hvar þörfin er. Ég átta mig satt að segja ekki alveg á því hvað hér er á ferð en hæstv. fjmrh. getur vonandi skýrt það. Ég átta mig ekki á því hvort framkvæmdir í málefnum fatlaðra hafa farið eitthvað fram úr áætlun þannig að það vantar peninga eða hvað er eiginlega þarna á ferð.

Þá eru það heilbrigðismálin sem ég ætlaði að gera að aðalefni máls míns. Ég ætla annars vegar að nefna að það er mjög fróðlegt að skoða tölur frá Þjóðhagsstofnun yfir framlög Íslendinga til heilbrigðismála. Nýlega kom fram að þegar OECD-ríkin eru skoðuð erum við í 16. sæti hvað varðar framlög til heilbrigðismála. Að vísu er ekki sama hvað er verið að skoða. Ég hef undir höndum mismunandi töflur eftir því hvað er miðað við og það eru mismunandi útreikningar á því hvað telst til heilbrigðismála. En samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar frá því í febrúar 1996 hafa útgjöld til heilbrigðismála lækkað sem prósentur af vergri landsframleiðslu. Ef við tökum t.d. árið 1991 voru útgjöld 7,05% af vergri landsframleiðslu en 1995 voru þau 6,86%. Reyndar voru þau samkvæmt þessum tölum lægst árið 1994. Það er því fróðlegt að sjá hvernig útkoman verður fyrir árið 1996 og hver áætlunin er fyrir árið 1997. Ef maður skoðar þessar tölur þá hafa útgjöldin lækkað vegna þess að við verðum að gera ráð fyrir að heilbrigðismálin haldi sínum hlut. Þegar þetta er skoðað í krónutölu er hins vegar um hækkun í krónum að ræða. En mergur málsins er auðvitað sá að þörfin fyrir heilbrigðisþjónustu vex sífellt og á eftir að vaxa gífurlega á næstu árum og áratugum vegna þeirrar breytingar sem er að verða á aldursskiptingu og hæstv. fjmrh. gerði m.a. að umtalsefni í fyrstu ræðu sinni um fjárlög fyrir árið 1997.

Það sem mig langar til að rifja upp er sagan af því hvernig þetta hefur gengið fyrir sig á undanförnum árum. Hér er verið að biðja um mjög háar upphæðir til viðbótar núverandi fjárlögum vegna útgjalda til sjúkratrygginga, til Tryggingastofnunar ríkisins og til Ríkisspítalanna. Allt var þetta fyrirséð. Þetta var allt saman fyrirséð þegar verið var að afgreiða fjárlögin. Sama sagan endurtekur sig ár eftir ár eftir ár. Ég vil, með leyfi forseta, fá að rifja hana upp á þeim örfáu mínútum sem ég á eftir og snúa mér alveg sérstaklega að lífeyristryggingum og sjúkratryggingum.

Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 var farið fram á 693 millj. til Tryggingastofnunar ríkisins og þar var áætlað að 163 millj. væru vegna aukningar í útgjöldum lífeyristrygginga og síðan var sótt það ár um 530 millj. til sjúkratrygginga. Ríkisspítalarnir fengu þá 120 millj. til viðbótar. Árið 1993 voru 350 millj. í aukaframlag til Tryggingastofnunar. Uppbætur á lífeyri voru 410 millj. kr. og Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur fengu líka viðbótarframlög. Ár eftir ár kemur hækkun á eingreiðslum til lífeyrisþega eins og einhver sending af himnum ofan. Það er eins og aldrei hafi verið reiknað með því að kjarasamningar hefðu einhver áhrif á lífeyrisgreiðslurnar. Nei, þetta er alltaf sótt í aukafjárlög, hundruð millj. kr. Árið 1994 var sótt um 800 millj. kr. hækkun á sjúkratryggingum. Árið 1995 var beðið um hækkun á lífeyristryggingum upp á 1.330 millj. kr. þar af var 630 millj. kostnaðarauki við eingreiðslur til lífeyrisþega, 550 millj. beint vegna sjúkratrygginga. Hvað er verið að biðja um nú, hæstv. forseti? Tryggingastofnun ríkisins 32,5 millj., sjúkratryggingar 830 millj. og síðan Ríkisspítalarnir og Sjúkrahús Reykjavíkur sem við ræddum allítarlega í utandagskrárumræðu. Allt var þetta fyrirséð. Þá kem ég að upphafspunkti mínum. Hvers konar fjármálastjórnun er þetta? Hvernig stendur á þessu? Við minnumst þess að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á heilbrigðismálunum og benti á að sparnaðaráform þessarar ríkisstjórnar og þeirrar síðustu hefðu alls ekki náð fram að ganga. Ár eftir ár eru settar fram áætlanir sem standast ekki. Ef við skoðum tímabilið frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Alþfl. tók við og tíma núv. ríkisstjórnar þá er þetta alltaf sama sagan, útgjöldin eru stórlega vanáætluð og allir vita það. Við eigum einfaldlega að hætta þessu, hæstv. fjmrh. Við verðum að vera með raunhæf fjárlög. Við verðum að horfast í augu við það að útgjöld til heilbrigðismála munu aukast. Ég hef svo oft rætt þessi mál hér en mín skoðun er sú að það þurfi að eiga sér stað uppstokkun og áherslubreyting í heilbrigðismálum. Ég er tilbúin til að skoða sameiningu stóru sjúkrahúsanna þó ég hafi miklar efasemdir um að það skili einhverju. Fyrst og fremst þarf að stórauka forvarnir. Það þarf að stórauka forvarnir og reyna með þeim hætti að bæta heilsu fólks og draga úr kostnaði vegna þess að við vitum að fram undan er gífurleg aukning í útgjöldum. Annars vegar er um það að ræða að reyna að bæta heilsuna og draga þannig úr þörfinni fyrir þjónustu og hins vegar að skera niður á öðrum stöðum en þá vandast málið því víða er þörf. Þar hef ég

m.a. minnst á að ég held að við getum skorið töluvert mikið niður í yfirbyggingunni og náð fram hagræðingu með því t.d. að sameina ráðuneytin og hugsanlega koma ýmiss konar þjónustu sem þau veita og sinna til annarra.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég fá að spyrja hæstv. fjmrh. út í þá furðulegu upphæð eða það einkennilega mál sem snertir eftirlaun bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Hér hlýtur að vera um gamalt mál að ræða því ef ég man rétt var Íslandsbanki að halda upp á tíu ára afmæli sitt nýlega. Ég þori ekki að fara með ártöl í því sambandi hvenær Útvegsbankinn var gerður upp og breytt í Íslandsbanka með sameiningu við aðra banka en hér kemur fram að það á að hækka fjárheimild um 25 millj. kr. til að gera upp vangreidd eftirlaun bankastjóranna og aðstoðarbankastjóranna á tímabilinu frá desember 1993 til ágúst 1996. Ef þessi aukaupphæð fæst er þar með búið að koma málinu í réttan farveg? Er því þar með lokið eða hver er saga þessa máls? Þetta er afar sérkennilegt. Hér hafa fallið dómar um orlofsgreiðslur til dómara og annarra og þetta vekur ýmsar spurningar um það hvernig menn túlka kjarasamninga og jafnvel lög í fjmrn. Það er alltaf ákaflega slæmt að fá á sig svona mál eftir á.

Hæstv. forseti. Allra síðast: Eru dráttarvextir inni í þessum 25 millj. kr. eða hvað er þarna á ferðinni?

[13:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að framhald þessarar umræðu verður væntanlega um þrjúleytið eða kannski nokkuð fyrir þrjú. En að loknu fundarhléi verður tekið fyrir þriðja dagskrármálið, Lánasjóður ísl. námsmanna.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:11]

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 7. mál (samtímagreiðslur o.fl.). — Þskj. 7. [13:45]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er heldur bágborin mæting hv. þm. Framsfl. sem ég held að þurfi nauðsynlega að vera við umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna og spurning hvort forseti gæti séð til þess að einhverjir þeirra kæmu í salinn en þó væri kannski ástæða til þess að biðja um hæstv. viðskrh. sérstaklega þar sem að ég mun í ræðu minni vitna til orða hans.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun gera ráðstafanir til að kanna möguleika hæstv. ráðherra viðskiptamála á að mæta til umræðunnar. Eru það einhverjir tilteknir hv. þm. Framsfl. sem hv. þm. óskar eftir?)

Nei, ég held að þeir hafi allir verið nokkuð samstiga á árum áður a.m.k. varðandi afstöðu til Lánasjóðs ísl. námsmanna.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun gera ráðstafanir til að koma til móts við óskir þingmannsins.)

Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem hér er flutt af þingflokki Alþb. og óháðra. Frv. þetta hefur áður verið flutt af þessum þingflokki bæði á síðasta þingi og þinginu þar áður. Það er þó örlítið breytt nú og fært til þess horfs sem niðurstaða hefur orðið, um a.m.k. hjá námsmönnum, um þær lágmarksbreytingar sem þyrfti að gera á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Frv. er í fimm greinum og í 1. gr. er fjallað um samtímagreiðslur, að breyta því eftirágreiðslukerfi sem gildir í dag yfir í samtímagreiðslur. Í 2. gr. er talað um lækkun á endurgreiðsluhlutfalli. 3. gr. er um rekstrarkostnað sjóðsins og í 4. gr. er ákvæði til bráðabirgða um heildarendurskoðun á lögunum sem skal lokið í september 1997.

Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Það er ekki ofsagt að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hafi þrengt allhraustlega að námsmönnum þegar samþykkt voru lög nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Hin nýja löggjöf fól í sér grundvallarbreytingar á námsaðstoð á Íslandi. Tvær breytingar hafa reynst námsmönnum hvað afdrifaríkastar, hinar svokölluðu eftirágreiðslur lánanna og hækkun endurgreiðsluhlutfallsins.

Þrjú höfuðatriði eiga að einkenna Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðurinn á að vera:

félagslegur jöfnunarsjóður sem stuðlar að jafnrétti til náms óháð búsetu og efnahag,

fjárfestingarsjóður; ein besta leið ríkisins til að fjárfesta í menntun þegnanna,

framfærslusjóður sem gerir ungu fólki kleift að nota framtíðartekjur til neyslu á námstíma.

Ísland greiðir nú eitt ríkja Norðurlandanna út námslán eftir á. Það liggur í hlutarins eðli að slíkt kerfi er í andstöðu við það hlutverk LÍN að vera framfærslusjóður. Nám er vinna og það er jafnóskynsamlegt og óásættanlegt fyrir námsmenn að fá námslán greidd út tvisvar á ári og það væri fyrir einstaklinga að fá launin sín með þeim hætti. Afleiðingar núverandi fyrirkomulags leiðir flestar beint af því að námsmönnum er gert að fjármagna framfærslu sína með yfirdráttarlánum í bönkum þangað til útkoma úr prófum liggur fyrir og LÍN afgreiðir lánin. Þetta leiðir til eftirfarandi:

Óeðlilegs fjármagnskostnaðar á námstíma sem leggst ofan á námslán í formi vaxtabótaláns frá LÍN.

Ef námsmaður fellur á prófi þarf hann að endurgreiða bankanum lánið þegar í stað, ef ekki eiga að hlaðast upp vextir.

Slík endurgreiðsla getur riðlað frekara námi enda eru námsmenn oftar en ekki óviðbúnir falli.

Upphæð endurgreiðslunnar til bankans er yfirleitt á bilinu 50–400 þús. kr.

Sýna þarf 100% námsárangur á hverju missiri ef skuld við bankann á ekki að myndast og LÍN veitir því ekkert svigrúm til að flytja námsálag milli missira.

Ekki geta allir fengið yfirdráttarlán því að mörgum reynist erfitt að fá ábyrgðarmenn á lán sem fellur í gjalddaga ef ónógur árangur næst á prófum.

Helstu kostir samtímagreiðslna felast í því að þegar námslán eru borguð út mánaðarlega þurfa námsmenn ekki að fjármagna framfærslu sína með dýrum yfirdráttarlánum í bönkum. Námsmaður sem fellur á prófi á kost á að bjarga sér í upptökuprófum án þess að lánið falli í gjalddaga. Í stað bankaskulda vegna yfirdráttarláns verður til árangursskuld við LÍN sem greiða má með námsárangri og þar með neyðist námsmaður síður til að hætta námi til að vinna fyrir skuldum ef honum hlekkist einu sinni á.

Þegar lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna var breytt árið 1992 var endurgreiðsluhlutfallið hækkað verulega. Tekjutengda afborgunin hækkaði úr 3,75% í 5% fyrstu fimm árin og er síðan 7% af tekjum þar til lánið er að fullu greitt. Margt ungt fólk þarf nú að velja á milli náms eða húsnæðis. Þeir sem þurfa á námslánum að halda í námi sínu standa mjög höllum fæti gagnvart greiðslumati og möguleikum til húsnæðiskaupa að námi loknu sökum þess hve endurgreiðslubyrði námslána er þung. Til að standast greiðslumat Húsnæðisstofnunar vegna íbúðarkaupa þurfa þeir sem eru með hámarksendurgreiðslu, 7% af tekjum samkvæmt lögum nr. 21/1992, að hafa 30% hærri tekjur en hefði þurft samkvæmt eldri lögum um LÍN, en þar var tekjutengda afborgunin 3,75%. Ef greiðslubyrði vegna námslána meðalmanns með meðallaun og meðallán er reiknuð út kemur í ljós að hún er yfir 10% af ráðstöfunartekjum.

Þingmeirihluti var fyrir þessum breytingum á sínum tíma. Alþýðuflokkurinn hefur hefur hins vegar skipt um skoðun eftir að hann lenti í stjórnarandstöðu og allir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa því lýst sig fylgjandi því að samtímagreiðslur verði teknar upp og endurgreiðslubyrði námslána lækkuð. Framsóknarflokkurinn lofaði hvoru tveggja í síðustu kosningum og barðist hart gegn setningu laganna árið 1992 og þeim breytingum sem þau höfðu í för með sér.

Í frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða um heildarendurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna þar sem sérstaklega verði tekið á reglum um námsframvindukröfur og um endurgreiðslubyrði.

Þá er nauðsynlegt að endurskoða reglur um ábyrgðarmenn, en samkvæmt núgildandi lögum er þess krafist að fasteignareigandi ábyrgist með sjálfskuldarábyrgð endurgreiðslu lánsins. Ljóst er að slíkar kröfur útiloka marga frá því að taka lán úr sjóðnum. Hugsanlegt væri að veita ríkisábyrgð fyrir lánum úr sjóðnum á þeirri forsendu að sjóðurinn sé fjárfestingarsjóður í menntun námsmanna.

Einnig er í bráðabirgðaákvæðinu lagt til að úthlutunarreglur og framsetning þeirra séu teknar til skoðunar. Samkvæmt núgildandi reglum mótar stjórn sjóðsins úthlutunarreglurnar og framsetningu þeirra. Reglurnar eru óskýrar og þyrfti að kveða mun skýrar á um þær í lögum og reglugerð en nú er."

Virðulegi forseti. Þetta frv. er flutt í beinu framhaldi af þeirri umræðu sem hefur orðið um lánamál námsmanna allt frá árinu 1992. Þá var mjög umdeilt frv. afgreitt sem lög frá Alþingi og umræðan um það frv. stóð að mig minnir í um 42 klukkutíma. Þar voru mikil átök milli stjórnar og stjórnarandstöðu eins og oft vill verða og þeir sem börðust hvað harðast gegn samþykkt þessa frv. við hlið Alþb. og Kvennalistans voru framsóknarmenn. Þeir hétu því þá ef frv. yrði að veruleika og þeir fengju afl til mundu þeir strax breyta lögunum. Nú hafa háttvirtir framsóknarmenn átt aðild að ríkisstjórn frá því í kosningunum vorið 1995 og enn bólar ekkert á breytingum þó svo að ég geti sagt að hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, sem flutti ræðu fyrir skömmu á tjaldþingi námsmanna, menntaþingi sem haldið var í tjaldi, hafi heitið því ef ekki næðist samstaða milli stjórnarflokkanna um þær breytingar sem getið er um í því frv. sem ég er að mæla fyrir mundi hann styðja breytingartillögur eða tillögur stjórnarandstöðunnar á Alþingi.

En þessi lög hafa ekki bara mætt harðri andstöðu stjórnmálamanna heldur, og ekki síður, námsmanna sjálfra sem hafa nær sleitulaust frá árinu 1992 bent okkur á að þarna verði að koma til breytingar vegna þess að það hefur sýnt sig að þær spár sem settar voru fram þegar lögin voru til umræðu á Alþingi hafa allar ræst. Námsmönnum hefur fækkað verulega og þá sérstaklega þeim sem eru með börn á framfæri hvort sem um er að ræða fólk í sambúð eða einstæða foreldra og einnig hefur fækkað fólki sem kemur af landsbyggðinni til náms í háskóla.

Því hefur verið lýst yfir af stjórnvöldum að sú leið sem ríkisvaldið hefur valið að fara sé ein leið til aðhalds í ríkisfjármálum, þ.e. að skera öll ríkisumsvif niður flatt og þar með komi það einnig niður á menntakerfinu og þá náttúrlega á Lánasjóði ísl. námsmanna. Fyrir stuttu birtist í Stúdentablaðinu viðtal við prófessor Ragnar Árnason sem mér fannst mjög merkilegt. Þar bendir hann okkur m.a. á hver sé undirstaða þess að hér verði varanlegur hagvöxtur í framtíðinni og að besta fjárfesting til framtíðar sé menntun. Ég verð að segja að sú ráðstöfun hæstv. ríkisstjórnar að halda áfram að skerða kjör námsmanna í landinu er afar sérkennileg, þó ekki sé nú meira sagt.

Af því hæstv. iðn.- og viðskrh. er kominn í salinn þá minnir mig að eitt af hans fyrstu verkum þegar hann tók við ráðherraembætti sínu hafi verið að fara á ráðstefnu sem haldin var á vegum OECD um þau markmið hvernig ætti að efla atvinnulífið og draga úr atvinnuleysi og efla hagvöxtinn. Allir sérfræðingar á þeirri ráðstefnu voru á einu máli um að lykilatriðið í þróun atvinnulífs á komandi árum væri fjárfesting í menntun. Það er því ekki aðeins um að ræða réttindamál þeirra einstaklinga sem stunda nám hverju sinni heldur er hér um að ræða fjárfestingu íslensks samfélags. Þetta er spurningin um atvinnustefnu ekki síður en það hvort ríkisstjórnin ætli að koma hér á jafnrétti til náms. Þetta er spurningin um atvinnulífið og framtíðina, um efnahag landsins í framtíðinni.

Í viðtalinu sem birtist við prófessor Ragnar Árnason í Stúdentablaðinu á síðasta vetri segir hann m.a., með leyfi forseta:

„Ísland er í dag í sjöunda sæti auðugustu þjóða heims." Og það vakti athygli í þeirri könnun sem hann er að kynna að einn þeirra þriggja þátta sem notaðir voru til þess að reikna út auð þjóðanna var mannauður. En prófessor Ragnar Árnason segir: „Síðastliðin 50 ár hafa hagfræðingar reynt að finna hvað það sé sem orsaki hagvöxt og þjóðarframleiðslu. Á síðari áratugum hafa þeir komist að því að ekki sé nóg að reikna eingöngu út frá fjármagni og vinnuafli heldur þurfi að taka tækniþróun og mannauð, samanlagða menntun og þekkingu fólksins með í reikninginn. Í nýlegri rannsókn Tryggva Þórs Herbertssonar, forstöðumanns Hagfræðistofnunar kemur, í ljós að um 28% af hagvexti Íslands á eftirstríðsárum er hægt að skýra með mannauði sem var mældur sem uppsöfnuð fjárfesting í menntun. Samkvæmt þessum tölum eiga yfir 100 milljarðar af þjóðarframleiðslu nú rætur sínar að rekja til mannauðsins. Mannauður er lykilatriði í hagvexti og framleiðslu og skiptir sköpum í samkeppni þjóðanna á alþjóðlegum mörkuðum."

Síðan segir prófessor Ragnar Árnason: „Ég held að íslensk stjórnvöld skilji ekki almennilega hvað hér er við átt. Ráðamenn tala stundum um þetta en ég held að það tal nái hvorki til hjartans né heilans. Ég held að íslensk stjórnvöld skilji ekki að fjárfesting í mannauði er algjörlega sambærileg við fjárfestingu í verksmiðjum og öðrum framleiðslutækjum. Afleiðingin er sú að við leggjum lítið fé til fjárfestingar í mannauði á Íslandi. Á meðan aðrar þjóðir eru að leggja

8–10% af þjóðartekjum í menntun og rannsóknir erum við að leggja 5–6%."

Til dæmis þegar Danir þurftu að taka til í ríkisfjármálum sínum, þurftu að skera niður og grípa til mjög róttækra aðgerða, þá var þó einn þáttur sem þeir skáru ekki niður og það voru framlög til menntunar. Þau voru aukin einfaldlega vegna þess að þeir gerðu sér grein fyrir mikilvægi menntunar fyrir alla framþróun atvinnulífs og fyrir efnahag landsins. Þrátt fyrir það að hæstv. iðn.- og viðskrh. hafi verið með miklar yfirlýsingar, bæði í kosningabaráttu og eftir að hann tók við ráðherraembætti, um að styrkja þyrfti atvinnulífið verð ég að segja að það hefur lítið verið gert til þess. Sú styrking og þær aðgerðir sem hafa verið af hálfu þessarar ríkisstjórnar munu ekki skila sér til lengri tíma litið í auknum hagvexti og öflugu efnahagslífi ef ekki kemur til aukin menntun og aukið framlag til menntunarmála. Á þessari skoðun var hæstv. ráðherra reyndar árið 1992. Ég held að það sé rétt, virðulegi forseti, að fara með nokkrar tilvitnanir í fræga hv. framsóknarmenn frá árinu 1992 og skoða hvernig þeir hafa staðið að málum nú þegar þeir hafa haft vel á annað ár til þess að koma í framkvæmd því loforði sem ég býst við að flestir hafi treyst að þeir stæðu við þó ýmislegt annað yrði e.t.v. út undan.

Við afgreiðslu frv. gerði hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson, sem þá var óbreyttur þingmaður Framsfl., grein fyrir atkvæði sínu á eftirfarandi hátt:

„Hér eru alvarlegir hlutir að gerast og í raun og veru eru hér sorglegir hlutir að gerast. Hver hefði trúað því að árið 1992 gæti þetta gerst? Það er verið að færa aðstoð við námsmenn áratugi aftur í tímann. Jafnrétti til náms er aflagt. Það er hætt að taka tillit til aðstæðna meðan á námi stendur. Menntun er aftur að verða forréttindi hinna ríku. Lánasjóður ísl. námsmanna er í raun og veru lagður niður. Námsmönnum er vísað á bankakerfið, á okurvextina, kerfi sem á að fara að einkavæða eða gefa kolkrabbanum. Það er kolkrabbinn í þessu þjóðfélagi sem á að fara að ákveða hverjir það eru sem eiga að mennta sig. Hér er í raun og veru verið að kveða upp dauðadóm yfir mörgu ungmenninu í þessu landi hvað menntun snertir."

Síðan hélt hæstv. ráðherra áfram: „„Gjör rétt og þol ei órétt", sagði Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum. En það var áður en hugsjónirnar brunnu upp á báli peningahyggjunnar."

Þessi orð hafði hæstv. ráðherra um Sjálfstfl., samstarfsflokkinn, árið 1992. Fleiri hv. þingmenn Framsfl. tóku þá til máls. Ingibjörg Pálmadóttir, hæstv. núv. heilbrrh., sagði 1992 um Lánasjóð ísl. námsmanna þegar hún gerði grein fyrir atkvæði sínu:

„Þegar þetta frumvarp verður að lögum verður endir bundinn á jafnrétti til náms. Ég segi nei."

Og hvað sagði Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh.?

„Þessi lög eru sett í algerri óþökk Framsfl. og í fullkominni andstöðu við hann. Ég leyfi mér að lýsa því yfir að Framsfl. mun ekki, þegar hann fær þingstyrk og afl til þess að stjórna menntamálum þjóðarinnar, búa áfram við þessi lög óbreytt. Við munum breyta þessum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Framsfl. vill ekki níðast á námsmönnum og Framsfl. þekkir gildi menntunar fyrir þjóðfélagið."

Síðdegis sama dag sagði Páll Pétursson, hæstv. félmrh.: „Hér er verið að setja vond og óréttlát lög sem verða öllum til óþæginda og því miður allt of mörgum til tjóns. ...

Við framsóknarmenn munum ekki una þessum lögum til frambúðar. Við munum taka málið upp á næsta þingi í von um að stjórnarliðið hafi þá séð að sér. Ég bið námsmenn, aðstandendur þeirra og alla sem vilja jafnrétti til náms án tillits til efnahags að ganga í lið með okkur og reyna að knýja ríkisstjórnarflokkana til undanhalds eða refsa þeim á kjördegi að öðrum kosti. Ég segi nei við þessu frv."

Það voru fleiri hv. þm. Framsfl. sem tóku til máls. Ekki er úr vegi að vitna rétt aðeins til orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sem hér situr sem þingflokksformaður Framsfl. en hún sagði 14. maí 1992: ... „verði það frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem liggur fyrir eftir 2. umr. að lögum er stigið stórt skref aftur á bak í menntasögu þjóðarinnar. Það verður ekki lengur hægt að tala um jafnrétti til náms, enda treystu ríkisstjórnarflokkarnir sér ekki til að nota það orð í 1. gr. frv. Eftirágreiðslukerfið er ómanneskjulegt og byggir á hugarfari sem er hættulegt okkar þjóðfélagi, hugarfari sem þekkir ekki aðstæður almennings í landinu, hugarfari þeirra sem eru fæddir með silfurskeið í munni."

Þær eru ansi margar, blaðsíðurnar, hæstv. iðn.- og viðskrh., þar sem hægt er að vitna beint til orða ykkar hv. framsóknarmanna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Einn og einn framsóknarmaður heldur enn í að það sem sagt var fyrir kosningar á síðasta þingi gildi, samanber ræðu hv. þm. Ólafs Haraldssonar á menntaþinginu í tjaldinu hjá námsmönnum sem þeir héldu vegna þess að hæstv. menntmrh. hafði úthýst þeim af menntaþingi sínu. Þeir tóku þar til umræðu Lánasjóð ísl. námsmanna sem var ekki ræddur á menntaþingi hæstv. menntmrh. Þó að menntaþingið hafi verið sett fram sem verk núv. hæstv. menntmrh. þarf enginn að segja mér að samstarfsflokkur hans hafi ekki samþykkt þá uppsetningu sem var á því þingi. Hann hlýtur að hafa gert það. Það hlýtur að hafa verið með samþykki hv. þingmanna Framsfl. að námsmenn áttu ekki aðild að þessu þingi. Það voru nálægt 60 ræðumenn sem voru á menntaþingi hæstv. menntmrh. og einn einasti námsmaður, einn undir þrítugu. Og það átti ekki að ræða Lánasjóð ísl. námsmanna. Þeir héldu hins vegar menntaþing sitt í tjaldi fyrir utan og þar voru nokkrir framsögumenn og allir sem einn tóku upp stöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna og þá aðför sem fólgin var í þeirri breytingu sem var gerð árið 1992 og allir hv. framsóknarmenn voru þá á móti. Það er merkilegt þegar maður hugsar til orða Páls Péturssonar, hæstv. félmrh. sem var þá formaður þingflokks framsóknarmanna, þegar hann gerir grein fyrir atkvæði sínu, þegar hann biður námsmenn og aðstandendur þeirra og alla að fylkja sér nú um Framsfl. vegna þess að Framsfl. ætli að taka málið upp strax ef hann fengi afl til. Ég hugsa að ansi margir námsmenn hafi hlýtt þessu kalli, því miður. (**Gripið fram í:** Það var gert strax.) Það hefur ekki verið gert. Það var ekki tekið upp strax vegna þess að örfáum vikum eftir, á vorþingi eftir kosningar, spurðum við, þingflokkur Alþb. og óháðra, um það hvort þetta mál hefði verið tekið upp og skipuð nefnd og þá var það ekki. Það er ekki það sama að búa til einhverja nefnd og láta hana síðan dúlla sér mánuðum saman en koma engu í verk. Framsfl. hafði ákveðna stefnu í þessum málum fyrir kosningarnar 1995, þá höfðu þeir stefnu og þeir gátu þá lagt fram frv. og vissu nákvæmlega hverju þeir vildu breyta. Þeir þurftu ekki að setja málið í nefnd, það var bara alger óþarfi.

Þeir röktu þá í löngu máli hvað mundi gerast ef frv. yrði samþykkt. Að fjölskyldufólk mundi hrökklast úr námi, að endurgreiðslubyrðin yrði allt of mikil, að ungt fólk af landsbyggðinni mundi ekki sækja nám í háskólann að sama skapi og það gerði áður, að einstæðir foreldrar mundu hrökklast

frá námi. Þetta hefur allt saman gerst. Þetta hefur allt saman gengið eftir. En það hefur verið heldur hljótt um þessar skoðanir Framsfl. eftir að hann fékk afl til að breyta. Eina lífsmarkið sem hefur komið var hjá ungum framsóknarmönnum þegar þeir töldu að ef ekki yrði breyting á ætti að skipta um ráðherra í menntmrn. Það getur svo sem vel verið að það sé einmitt það sem þarf að gera miðað við þann áhuga sem hæstv. ráðherra hefur nú á málinu. Þá hefur hæstv. ráðherra ekki annan tíma til þess að lesa blöðin sín en undir umræðu um Lánasjóð ísl. námsmanna. (**Menntmrh.:** Ég get bæði lesið og hlustað.) Það getur þú ekki, hæstv. ráðherra, það getur þú ekki. En við munum halda umræðunni gangandi þar til þér gefst tækifæri og tóm til að hlusta. Við höfum lagt fram frv. sem ætti ekki að vera nokkur fyrirstaða í að fá samþykkt, ætti að vera hægt að samþykkja með hraði á Alþingi vegna þess að meiri hluti er fyrir því — hafi Framsfl. ekki tapað þeirri sannfæringu sem hann hafði fyrir kosningarnar 1995.

[14:12]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í greinargerð flm. með þessu frv. segir að Alþfl. hafi skipt um skoðun á málinu eftir að hann lenti í stjórnarandstöðu. Ég verð að gefnu þessu tilefni að leiðrétta þetta, hvort heldur sem það er á misskilningi eða misminni byggt því að það er ranghermi. Margar ástæður voru fyrir því að við jafnaðarmenn studdum breytingar á lánasjóðnum á sínum tíma 1992. Við óttuðumst mjög um fjárhagslega framtíð sjóðsins. Ástæðurnar voru m.a. þær að ríkisframlagið var allt of lágt miðað við þær skuldbindingar sem sjóðurinn hafði á sér, hann var með öðrum orðum í allt of ríkum mæli fjármagnaður með lánum. Þau lán voru skammtímalán á háum vöxtum. Vaxtamunurinn var mikill. Þar að auki vorum við þeirrar skoðunar að námsframvindukröfur væru of slakar.

Hins vegar sögðum við það skilmerkilega að þótt þessar breytingar væru nauðsynlegar væri rétt að skoða þær í ljósi reynslu og fyrir kosningar 1992 tókum við afdráttarlausa afstöðu til þess. Við sögðum að í ljósi reynslunnar væri rétt og óhætt að endurskoða námsframvindukröfurnar þannig að samtímagreiðslur yrðu teknar aftur upp að loknu fyrsta námsári. Það var afstaða okkar fyrir kosningar.

Í annan stað í ljósi breyttra aðstæðna, bæði vegna mats á fjárhagsstöðu sjóðsins og eins vegna breytinga á fjármagnsmörkuðum að öðru leyti, þar á meðal varðandi húsnæðismál, breytingar á húsnæðislöggjöf, töldum við rétt að endurskoða endurgreiðslubyrðina. Þetta sögðum við skýrt og skilmerkilega fyrir kosningar jafnframt því sem við vörðum þær óhjákvæmilegu breytingar sem gerðar höfðu verið árið 1992. Þessi afstaða hefur legið fyrir síðan. Við höfum ekki farið á bak við námsmenn og haft allt annan hátt á en þeir hv. framsóknarmenn sem fóru hamförum fyrir kosningar 1992, yfirtrompuðu meira að segja Alþb. á hverjum fundinum á fætur öðrum með námsmönnum og boðuðu gull og græna skóga og höfnuðu algerlega öllu því sem hét fjárhagsleg ábyrgð fyrir kosningar. Það er allt rétt sem hv. þm. sagði um sinnaskipti þeirra síðan og þarf ekki að taka það fram. En þessari leiðréttingu þurfti ég að koma á framfæri, virðulegi forseti.

[14:14]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt. Alþfl. fór ekkert á bak við námsmenn. Það lá alveg fyrir hvernig hann greiddi atkvæði og hver afstaða hans var í umræðunni. Það liggur líka fyrir í þingskjölum. Þær breytingar sem gerðar voru á þeim tíma vegna þess að menn töldu að fjárhagsstaða sjóðsins væri slök voru allar gerðar í þá veru að það bitnaði af fullri hörku á námsmönnum. Það var ekki um það að ræða að mæta því þá með auknum framlögum eða taka lengri tíma til þess að gera þær breytingar sem til þurfti og auka framlög til menntunar í landinu heldur bitnuðu allar breytingarnar fyrst og fremst af fullri hörku á námsmönnum. Það kom fram í umræðunni. Það var farið yfir það aftur og aftur og aftur í umræðu sem tók 42 klukkutíma.

[14:15]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. þurfum ekkert að deila um þetta mál. Ég hef komið þessari leiðréttingu á framfæri. En það er ástæða til þess að árétta það að því er þennan sjóð varðar að það væri auðvitað mjög æskilegt að um hann væri hægt að skapa frið, þannig að það væri festa um þær reglur sem giltu. Til þess er kannski betri aðstaða nú heldur en verið hefur um langt skeið.

Ég vil árétta það að þegar ég hafði áhrif á það sem fjmrh. á sínum tíma, þá sýndi ég það í verki hver skilningur minn á þessum sjóði var með því að tvöfalda ríkisframlagið til sjóðsins og draga um leið stórlega úr þeim hluta sem var lánafjármagnaður. Ég er sannfærður um það að ef þeirri línu hefði verið fylgt áfram, þá væri staða sjóðsins mun betri og það er kjarni málsins því að það stoðar lítt að tala um fjárfestingu í menntun og væntanlegan hagvöxt á því byggðan og jafnrétti til náms ef sjóðurinn byggir ekki á traustum fjárhagslegum grundvelli. Um það ættu allir að geta sameinast. Sjóð, sem á að vera hvort tveggja í senn fjárfestingarsjóður í menntun og sjóður til þess að tryggja jafnrétti til náms, er ekki hægt að fjármagna til frambúðar með dýrum skammtímalánum. Þá verða stjórnmálamenn að setja peningana þar sem munnurinn er, svo að ég noti annað slæmt orðatiltæki á ensku, nefnilega með því einfaldlega að hækka þau framlög sem sjóðurinn þarf á að halda til þess að standa við skuldbindingar sínar.

[14:17]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það þarf að hækka framlög til þessa sjóðs en 1992 voru þau um 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Frá 1992 hafa þau farið lækkandi og eru í dag svona rétt rúmlega 1,25% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Í tíð síðustu ríkisstjórnar voru þau skert á hverju einasta ári og þessari skerðingu hefur verið haldið áfram í tíð þessarar ríkisstjórnar þrátt fyrir orð hæstv. iðn.- og viðskrh. á meðan hann var óbreyttur hv. þm. Framsfl.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að hv. þm. óskaði eftir því að ég yrði viðstaddur þessa umræðu, þá er það auðvitað sjálfsagt, en ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir að rifja upp kafla úr ágætum ræðum mínum sem ég hélt við lokaafgreiðslu laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég er sammála hv. þm. um það að menntunin og þekkingin leggur grundvöllinn að atvinnusköpun til framtíðar og það er rétt hjá hv. þm. að eitt af mínum fyrstu verkum var, og ærlaðist þannig þegar ég tók við sem ráðherra, að fara einmitt á fund hjá OECD til þess að fjalla um atvinnuskapandi aðgerðir, en mér fannst hins vegar á ræðu hv. þm. eins og hún gerði sér ekki grein fyrir því hvað væri að gerast í þjóðfélaginu og efnahags- og atvinnulífinu um þessar mundir.

Hagvöxtur er mestur á Íslandi, eða 5,5% á þessu ári, miðað við allar OECD-þjóðirnar, þannig að við erum ekki að dragast aftur úr þar. Við erum í fremstu röð. Fjölgun starfa árið 1996 út af auknum hagvexti verða 3.000 ný störf á vinnumarkaði. (**SvG:** Er það Framsfl. að þakka?) Ja, nú er það, hv. þm. Svavar Gestsson. Spurningin er hvort þetta er Framsfl. að þakka. Ég var að benda hv. þm. Margréti Frímannsdóttur á það að þetta er að gerast af því að hún var að vitna til ferðar minnar á fund hjá OECD. Ég held að þetta hafi ekki, hv. þm., gerst vegna þess að ég fór á þennan fund hjá OECD. Það er ég nokkurn veginn viss um. En ég er nokkurn veginn viss um að að stórum hluta er þetta Framsfl. að þakka. Fyrir utan það að Framsfl. lofaði, og það er ágætt að rifja það upp við hv. þm. Svavar Gestsson, að skapa 12 þúsund ný störf til aldamóta og ég hef áður sagt: Þau verða ekki 12 þúsund, þau verða sennilega 15 þúsund. (**SvG:** Er þá nóg komið eða hvað?) Nei, nei, það er ekki nóg komið. Við nefnilega erum þannig, hv. þm., við viljum alltaf gera betur. Okkur finnst aldrei vera nóg. Við viljum gera vel og viljum gera betur. Það er öðruvísi farið heldur en Alþb. fyrir utan það að fjárfesting hér er stórlega að aukast líka.

Nú mun fjárfestingin á þessu ári fara úr 15% í 19% og erlend fjárfesting mun tífaldast á þessu ári þannig að þetta er árangurinn af þeirri stjórnarstefnu sem Framsfl. og Sjálfstfl. reka. En ég segi þetta að lokum: Í góðri samvinnu og samstarfi þessara stjórnarflokka, Framsfl. og Sjálfstfl., er unnið að endurskoðun laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna og það er aðalatriðið. (**SvG:** Hvenær kemur það?)

[14:20]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi svör hjá hæstv. ráðherra voru nú hálfaum. Þrjú þúsund ný störf 1996. Hvað fjölgaði störfum hér mikið á bilinu ágúst 1995 til ágúst 1996? Veit hæstv. ráðherra það? Hversu margir atvinnulausir fengu störf á þessum tíma? (**Viðskrh.:** Ellefu hundruð.) 555. Og þetta er í öllum tölum úr ráðuneyti sem annar hæstv. ráðherra Framsfl. stjórnar, frá félmrn. Og að tala hér um hagvöxt og það sé eitthvað sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert þegar það hefur orðið 10 milljarða tekjuaukning hjá ríkinu á tveimur árum, 1995–1996, 10 milljarða tekjuaukning. Skuldir heimilanna hafa vaxið gífurlega á þessum tíma sem hæstv. ráðherra hefur setið í ráðherrastól. Ætli það eigi ekki einhvern hlut í því að búa til þessa hagvaxtartölu og væri nú ekki nær að hækka þau framlög sem færu til menntunar til að tryggja hagvöxt í framtíðinni, varanlega aðgerð? Þið hafið nákvæmlega ekkert gert, alla vega ekki sýnt það með framlögum til menntunar.

[14:22]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti nú hálferfitt með að átta mig á þessari ræðu hv. þm. Tíu milljarða tekjuaukning ríkisins er auðvitað til komin út af auknum hagvexti. Það er ekki tekjuaukinn sem hefur skapað hagvöxtinn eða hagvöxturinn sem hefur skapað tekjuaukann. Skuldir heimilanna hafa ekki skapað hagvöxtinn, því miður, þannig að þarna er einhver hugtakaruglingur hjá hv. þm.

Staðreyndin er hins vegar sú að það er fjárfestingin sem leggur grundvöllinn að hagvextinum í framtíðinni og hún hefur aukist í tíð þessarar ríkisstjórnar úr 15% í 19%. Erlenda fjárfestingin tífaldaðist við samninginn um stækkun álversins í Straumsvík. Þannig er þessi ríkisstjórn að leggja grunninn að öflugu atvinnulífi til framtíðar. Þar skiptir menntunin líka mjög miklu máli. Að því erum við líka að vinna, hv. þm.

[14:23]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til hvers voru þessir 10 milljarðar notaðir? Það er það sem skiptir máli. Eru þeir notaðir til þess að auka tímabundinn hagvöxt, því að tekjuaukinn er notaður til þess að viðhalda hagvexti. Eða eru þeir notaðir til að tryggja hagvöxt til framtíðar? Eru þeir notaðir til þess? Er álverið og stóriðja betri fjárfesting og eru það tryggari aðgerðir fyrir efnahagslífið heldur en að auka framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna? Af hverju kemur ekki hæstv. ráðherra hér með töluna um það hvernig hefur verið staðið að framlögum þangað þegar betur árar í öllu góðærinu?

[14:24]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 90. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 92.

Endurskoðun laga um málefni aldraða, 89. mál, fsp. GHall, þskj. 91.

Endurskoðun siglingalaga, 88. mál, fsp. GHall, þskj. 90.

[14:24]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða áðan á upplestur frsm. fyrir þessu frv. á gífuryrðum þeirra framsóknarmanna fyrir kosningar og það var þó eiginlega enn meira upplýsandi að fylgjast með því hvernig þessi gífuryrði hafa breyst í barnaskap. Vegna þess að ég hygg að það sé leitun á öðrum eins barnaskap og þeim sem ráðherrann sýndi með því að koma hér í ræðustól og stæra sig nánast af hagvexti heimsins og þeim breytingum í efnahagsmálum sem hafa verið að eiga sér stað hér á undanförnum árum.

En það segir manni kannski ákveðna sögu og hversu langt menn vilja ganga í flóttanum frá þeim veruleika sem þeir standa frammi fyrir. En við erum hér til þess að ræða um það frv. sem liggur fyrir um breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Auðvitað horfa menn til þess til hvers þau lög hafa verið sett, en það var til þess að menn hafi tækifæri til náms án tillits til efnahags. Og við hljótum á hverjum tíma að spyrja, ef við göngum út frá þeirri staðreynd sem stendur í 1. gr. laganna: Hvernig hefur þá til tekist? Hafa þau lög sem við höfum búið við undanfarin ár megnað að aðstoða alla þá til náms eða veita þeim tækifæri sem það hafa viljað án tillits til efnahags? Nei, því miður er niðurstaðan ekki sú og þess vegna hafa menn verið að bera fram tillögu til breytinga á lögunum. Ég er sammála hv. flm. um það að þetta frv. ætti að renna í gegn viðstöðulítið einfaldlega vegna þess að það sem í því er fram sett er fram sett af mikilli hógværð. Í þessu frv. eru engin yfirboð og þess vegna ættu allir, ekki bara stjórnarandstaðan og framsóknarmenn heldur sjálfstæðismenn líka að geta samþykkt þetta frv. sem breytingu á lögunum til þess að gera þau ögn betri á meðan verið er að ganga frá þeirri endurskoðun sem nú er í gangi.

Þegar við lítum til þeirra laga sem eru í gildi og til þess tilgangs sem settur var fram þegar farið var að breyta áður gildandi lögum, þá liggur það fyrir að eftirágreiðslurnar áttu að koma í veg fyrir svokallaða ofgreiðslu lána, þ.e. að þau lán sem væru greidd til námsmanna væru of há eða of mikil vegna þess að einhverra hluta vegna höfðu ekki komið réttar upplýsingar um tekjur eða námsframvindu eða námsmaður hafði ekki staðist tilætlaðar námskröfur. En það hefur komið

í ljós að eftirágreiðslurnar höfðu lítil áhrif á þetta atriði. Þetta atriði breyttist fyrst og fremst vegna þess að það voru settar nýjar reglur sem hefði allt eins verið hægt að setja í eldra kerfi og verður sjálfsagt viðhaldið þó svo nýju kerfi með minni eftirágreiðslum verði komið á.

En því var líka haldið fram og einhverjir bundu við það vonir, eins og hér hefur komið fram, að breytingar á lögunum mundu hraða námsframvindu og bæta námsárangur. En fyrir hvorugu þessu hefur verið hægt að færa nokkur rök. Það sem menn hafa haft upp úr þessum breytingum er sem sé ekki það sem óskað var eftir. Og af því að menn báru umhyggju fyrir sjóðnum, umhyggja manna beindist ekki hvað síst að heilsufari hans á þessum tíma, þá er það svo að það vaxtahagræði sem kynni að hafa orðið af því fyrir sjóðinn að greiða lánin út eitthvað seinna en ella er ekki heldur til staðar vegna þess að sjóðurinn hefur greitt námsmönnum vaxtabætur í formi viðbótarlána. Tilkoma eftirágreiðslnanna hafði það fyrst og fremst í för með sér að unnt var að flytja 800 millj. kr. af fjárlagaárinu 1992 yfir á fjárlagaárið 1993 og ef eftirágreiðslur væru afnumdar í einu vetfangi, þá þýddi sú breyting sams konar tilfærslu milli fjárlagaára þannig að það er rétt að drífa nú í því að nýta góðærið til þess að leiðrétta til baka.

Það var annað sem breyttist þegar lögunum var breytt 1992 og menn hafa líka rekið sig á að stenst ekki miðað við það sem ætlað var. Endurgreiðslureglurnar, sem voru stórhertar frá því að vera 3,75% af brúttótekjum upp í að vera 5% fyrstu fjögur árin eins og er nú og 7% eftir það, hafa reynst mjög íþyngjandi og e.t.v. mun meira íþyngjandi en reiknað hafði verið með því eins og kom fram hjá hv. frsm., þá má ætla að 7% endurgreiðsla þýði í raun 10% af ráðstöfunartekjum meðalmannsins. Þegar svo er komið, þá er hlutfallið orðið það hátt að þeir sem lenda í þeim skafli komast ekki í húsaskjól, a.m.k. ekki sitt eigið og það hefur varla verið ætlun Sjálfstfl. með þessum breytingum að afnema séreignakerfið sem hefur verið eitt af flöggum þess flokks í gegnum tíðina.

Þetta er auðvitað atriði sem verður að leiðrétta og er tekið á í því frv. sem hér liggur fyrir og, eins og ég sagði áðan, er þess vegna lafauðvelt að samþykkja og ætti að geta runnið hér í gegn fyrirstöðulítið. Og reynslan af þessari löggjöf, sem við væntanlega kveðjum fljótlega, ætti að kenna okkur að það verður að taka tillit til þess í ríkara mæli en gert var að líf þessa unga fólks sem nýtur námslána og reyndar fólks á öllum aldri heldur áfram eftir að skóla lýkur og það verður að hafa reglurnar þannig að þetta fólk geti eignast fjölskyldu og húsnæði rétt eins og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Það má horfa til þess þegar menn fara að endurskoða lögin um lánasjóðinn að endurgreiðslur miðist í ríkari mæli við tekjur heldur en nú er. Það má líka horfa til þess að endurgreiðslur geti verið breytilegar eftir starfsaldri, þ.e. þær séu minnstar til að byrja með og aukist síðan. Og það eru fleiri atriði sem væri æskilegt að taka inn í þá heildarskoðun sem mér skilst að nú fari fram á lögunum og sem væntanlega tekur við þegar sú löggjöf sem hefur verið lagfærð með þessu frv. hefur gegnt sínu hlutverki, að þá þyrfti líka að skoða það ákvæði sem er um ábyrgðarmenn námsmanna. Nú er það svo að ábyrgðir eða tryggingar fyrir lánum eru taldar sjálfsagðar, það hefur almennt verið talið svo og ég held við séum öll sammála um það. En eðli námslána er annað, eðli námslána er ekki það sama og eðli lána sem menn taka til annarrar starfsemi. Námlán eru form á námsaðstoð sem stjórnvöld hafa ákveðið hverju sinni og ef menn horfa til núgildandi laga hlýtur það að stangast á við markmið laganna að einstaklingi sé veitt tækifæri til náms „án tillits til efnahags" að fái hann ekki ábyrgðarmann fær hann þar af leiðandi ekki námslán. Atriðin varðandi ábyrgðarmennina verður því að endurskoða.

Það er líka ljóst að stór hluti námslána verður aldrei endurgreiddur og sú kynslóð sem er nú fjölmennust á Alþingi naut t.d. þess háttar lánskjara að menn fundu lítið eða ekkert fyrir endurgreiðslu þeirra og greiddu í rauninni langt frá raunvirði til baka. Menn vissu tæpast af því að þeir voru að greiða lán til baka. Þá voru lánin að stærstum hluta til gjafir eða styrkir. Þannig hefur það verið að hluta til í öðrum kerfum sem reynd hafa verið vegna þess að lögum um lánasjóðinn og námsaðstoð hefur verið breytt reglulega. Það hefur verið þannig að einhver hluti lánanna kemur ekki til endurgreiðslu. Það er því ljóst að námslán eru og hafa verið að stórum hluta til styrkur. Nú er það út af fyrir sig bæði gott og eðlilegt að kerfið sé að hluta til styrkur og að hluta til lán og með því má kannski segja að hið opinbera viðurkenni þá skyldu sína að fjárfesta í menntun en mér finnst líka ástæða til þess að íhuga hvort ekki á þá formlega að taka upp slíkt kerfi, blöndu af styrkjum og lánum þannig að það sé þá jafnræði á meðal þeirra sem njóta. Í dag er það tilviljanakennt hverjir það eru sem fá stærri hluta styrkja og svo hverjir það eru aftur sem geta endurgreitt að stærri hluta það lán sem þeir fá. Og e.t.v. er það mun tilviljunarkenndara en við vildum sjá. Það er því spurning hvort menn ættu ekki að taka meðvitað á þessu og haga þá styrkjum sem námsaðstoð í þeim mæli og með þeim hætti að menn geti verið nokkurn veginn sammála um réttlætið í því. Það er að minnsta kosti ljóst að nauðsynlegt er að vanda mjög til nýrrar lagasetningar þannig að um hana geti orðið sátt vegna þess eins og hefur verið rækilega dregið fram nú þegar í umræðunni er um svo stóran hluta lífskjara stórs hóps að ræða að menn verða að ná saman um kerfi sem hægt er að hafa nokkurn frið um. Við erum að tala um aðstæður sem fólki eru skapaðar til þess að sjá sér og sínum farborða og það þarf að gera það með öðrum hætti en þeim að stanslaus styrjöld sé í gangi. Menn hafa auðvitað miklar væntingar gagnvart þeirri endurskoðun sem fer fram á lögunum og nú virðist sjá fyrir endann á vegna þess að það virðist vera fyrirætlan hæstv. menntmrh. að leggja fram frv. til laga um sjóðinn á yfirstandandi þingi. Þess vegna væri við hæfi að hann svaraði því í umræðunni hvernig sú vinna gengur, hvaða atriði það eru sem menn hafa verið að takast á við í þeirri endurskoðun og hvenær þess er að vænta að það frv. birtist okkur hér á hv. Alþingi.

[14:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Því hefur ekki verið í móti mælt að mikilvægasta fjárfesting sem Íslendingar geta gert til framtíðar sé í menntun þjóðarinnar. Meira að segja sjálfstæðismenn tala um þetta með glampa í augum á sínum glæstu stórfundum. En leið þeirra að þessu markmiði er vægast sagt svolítið sérkennileg. Öllum sem fylgjast með þróun menntamála er mikið áhyggjuefni hve lágt hlutfall ungs fólks lýkur framhaldsskólanámi hér á landi. Á síðasta ári voru samþykkt á Alþingi ný framhaldsskólalög sem voru sögð eiga að auka námsframboð fyrir ungt fólk svo fleiri gætu lokið einhvers konar fagnámi. Næst gerist það á þessum vettvangi að fram kemur frv. til fjárlaga þar sem skorið er niður fjármagn til framhaldsskóla en ekki glyttir enn í hinar nýju námsbrautir.

Hins vegar er vegið að nokkrum litlum framhaldsskólum á einkar óvæginn hátt. Einmitt þeim sem eru í hinum dreifðu byggðum þar sem nemendur standa fyrir höllum fæti. Sérstök prófagjöld vegna endurupptöku prófa, ef einhverjum skyldi nú verða á í messunni, verða sett á. Það skyldi þó ekki verða til þess að einhver ómarksækinn unglingur frá fátæku heimili hyrfi endanlega frá námi? Og framferði sjálfstæðismanna gagnvart háskólum stingur einnig mjög í augu.

Á síðasta ári var frv. um málefni háskólans samþykkt á Alþingi en það kvað á um að lögfest skyldu skólagjöld í þeirri ágætu stofnun. Skyldi það frv. verða til að auka aðstreymi efnaminni námsmanna að skólanum og auka þannig jafnrétti til náms? Svari nú hver fyrir sig. Málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna eru látin á ís þótt hróplegt óréttlæti viðgangist í þeim málum frá því ný lög voru sett um sjóðinn 1992. Þá fækkaði námsmönnum strax, sérstaklega barnafólki og einkum þó konum og nemendum úr dreifbýli, og hefur enn fækkað síðan enda kemst fólk úr dreifbýli yfirleitt ekki til náms nema með stuðningi sjóðsins og treystir sér yfirleitt ekki til að undirgangast hinar hörðu kröfur um námsframvindu og eftirágreiðslu og líka endurgreiðslu lána að námi loknu en þær kröfur eru að margra dómi, a.m.k. þeirra sem við mig ræða, mjög ósanngjarnar. Of stífar til að fjölskyldufólk treysti sér til að ráða við þær nema það eigi þá víst að ganga inn í þeim mun betur launuð störf.

Það kerfi sem nú er í gangi er kerfi sem á engan hátt tryggir jafnrétti til náms. En það vill svo til að á hina háa Alþingi er þingmeirihluti til að breyta þessum lögum á þann veg sem Margrét Frímannsdóttir leggur til í því frv. til laga sem hún hefur lagt fram með öðrum þingmönnum Alþb. og miðar að því að bæta úr stærstu ágöllum núgildandi laga uns heildarendurskoðun hefur farið fram en hún fer fram í sérstakri nefnd sem hv. þm. Hjálmar Árnason veitir forstöðu. Hann sagði líka margt fallegt um Lánasjóð ísl. námsmanna, sem gaman væri að geta haft eftir í dag, og er því miður ekki viðstaddur umræðuna. Ég hefði haft mjög mikla ánægju af að heyra hann ræða þessa tillögu. Frv. er ætlað að bæta úr stærstu ágöllum núgildandi laga en samkvæmt yfirlýsingu þingflokka fyrir síðustu alþingiskosningar voru allir flokkar nema Sjálfstfl. hlynntir því að taka upp samtímagreiðslur. Mér þykir því einsýnt að þetta frv. fáist samþykkt á næstunni, landi og þjóð til heilla. Ef Framsfl. samþykkir ekki samtímagreiðslur námslána eftir allt sem hann hefur yfirlýst í því sambandi er ekki bara vont að vera í faðmlögum við Sjálfstfl. eins og stundum hefur verið sagt á hina háa Alþingi. Það er bara blátt áfram baneitrað.

[14:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og margoft hefur komið fram í umræðunni ætti þetta frv. að renna ljúflega í gegnum þingið. Staðreyndin er sú að fyrir kosningar þegar við sem sitjum á hinu háa Alþingi vorum að leita eftir tilstyrk þjóðarinnar til að verða kjörin á þing lofuðu allir stjórnmálaflokkar að ef þeir kæmust að kjötkötlunum myndu þeir auka veg menntunar. Það er rétt sem fram hefur komið að líklega hefur Sjálfstfl. verið einn flokka sem ekki lagði áherslu á að samtímagreiðslur yrðu teknar upp en þeir ætluðu alveg eins og hinir að auka veg menntunar í landinu. Þeir sögðust allir sjá og skilja vandann sem ungt fólk stæði frammi fyrir. Kynslóðin sem hefur það lakara en kynslóðin á undan henni, kynslóðin sem á að horfast í augu við óráðsíu fyrri kynslóða, býr við gatónýtt húsnæðiskerfi, borgar lán sín upp í topp og þarf að forgangsraða þegar hún metur hvort hún vilji eignast húsnæði eða mennta sig.

Ég ætla ekki að endurtaka þær tölur sem stúdentaráð Háskóla Íslands hefur vakið athygli á varðandi möguleika námsmanna á því að eignast húsnæði að námi loknu. Þeir þurfa að hafa svo háar tekjur, a.m.k. til að þeim sé mögulegt að eignast þak yfir höfuðið að námi loknu, að einungis fámennur hópur getur fallið undir það. Nema þeir sem eru svo heppnir að eiga vel stæða foreldra sem geta lagt verulegan stofn fram til húsnæðiskaupa fyrir börnin sín. Það er bara ekki í svo mörgum tilvikum þannig. En jafnvel þótt námsmennirnir ætli nú ekki að kaupa sér húsnæði að námi loknu þurfa þeir líka á vel stæðum foreldrum eða þokkalega stæðum foreldrum eða aðstandendum að halda til þess að geta yfirleitt fengið lán og það gerir krafan um að þeir þurfi að skila ábyrgðum þegar þeir fá lán hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Fólk þarf alltaf að eiga einhvern að sem getur skrifað upp á og það er einu sinni þannig að því miður eiga ekki allir eignir til þess að veðsetja í þágu barnanna sinna og menntunar þeirra. Þess vegna er það m.a. lagt til í bráðabirgðaákvæði þess frumvarps, sem hér er lagt fram, að það sé m.a. skoðað hvort ekki sé hægt að taka einhvern veginn á þessu fyrirkomulagi. Svo virðist sem allir stjórnmálaflokkar, sem eiga sæti á Alþingi, séu sammála því að það sé gott að fjárfesta í menntun, það sé nauðsynleg undirstaða efnahagslegra framfara o.s.frv. Hins vegar eru mjög deildar meiningar um það hvernig þetta skuli gert. Við viljum skoða þann möguleika hvort ekki sé hægt á einhvern hátt að koma því þannig við að fólk þurfi ekki alltaf að eiga sér þennan bakhjarl vegna þess að það gerir það einfaldlega að verkum að þeir sem eiga minnst og fæsta að eiga minnsta möguleika á að mennta sig.

Það sem skiptir kannski mestu máli í umræðunni er það sem allir bíða eftir og það er spurningin um það hvernig endurskoðun hæstv. ríkisstjórnar á lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna líði.

Hæstv. menntmrh. svaraði fyrirspurn minni við 1. umr. um fjárlög að endurskoðunin væri væntanleg, lagt yrði fram frv. mjög bráðlega. Ég hef hins vegar heyrt að mikill ágreiningur sé í þessu starfi um samtímagreiðslurnar. Ég vil hreinlega fá svör við því hvað stendur til að gera í þeim efnum og hver er stefna Sjálfstfl. í þeim efnum. Hún er skýr hvað Framsfl. varðar og ég geri ráð fyrir að Framsfl. standi stíft á loforðum sínum og prinsippum í þessum málum. Spurningin er hins vegar hver stefna Sjálfstfl. sé í þessum málum. Er Sjálfstfl. fylgjandi því, er hæstv. menntmrh. fylgjandi því að taka upp samtímagreiðslur námsmanna? Ég held að tími sé kominn til að hann svari þeirri spurningu þó hann hafi a.m.k. reynt að koma sér undan henni hingað til.

Auðvitað snýst endurskoðun á lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna að miklu leyti um þau tvö grundvallaratriði sem er tekið á í því frv. sem hér er lagt fram. Það er endurgreiðslubyrðin annars vegar sem er hreinlega skömm að því hún er orðin það há. Við getum ekki komið svona fram við þá kynslóð sem nú er að vaxa úr grasi. Síðan er það spurningin um samtímagreiðslurnar. Endurskoðun á öðrum þáttum um lánasjóðinn eru hreinlega aukaatriði. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að hæstv. menntmrh. svari því hér og nú hver stefna hans er varðandi samtímagreiðslur námsmanna. Hverrar skoðunar er hann og ekki síður hver er stefna Sjálfstfl.?

Nefndin sem á að vera að endurskoða lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur tekið í það ansi góðan tíma og eftir því sem ég hef haft upplýsingar um var að a.m.k. þriggja mánaða hlé á fundum nefndarinnar áður en hún skilaði nokkurri niðurstöðu. Ég spyr hæstv. menntmrh. hér og nú og vonast til að hann svari því: Hefur nefndin tekið til starfa aftur og hvenær er niðurstöðu að vænta? Á meðan nefndin og á meðan hv. ríkisstjórnarflokkar eru að gera upp við sig hver niðurstaðan verður í þessu mikilvæga máli bíða námsmenn eftir því að fá að heyra um það hver framtíð þeirra verður í þessum efnum því að hér er um stóra fjárhagslega hagsmuni að ræða fyrir ungt fólk. Ríkisstjórnin kemst ekki upp með það öllu lengur að svara ekki þessari grundvallarspurningu.

Það er líka mikilvægt að rifja það upp í þessari umræðu sem hefur reyndar verið rifjað upp við önnur tækifæri í þinginu en verður líklega aldrei of oft sagt að ríkisstjórnin lofaði því í stefnuyfirlýsingu sinni, því ágæta plaggi, við stjórnarmyndunina að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til búsetu eða efnahags. Þróunin hefur hins vegar verið sú að barnafólki hefur fækkað í námi. Fólki utan af landi hefur fækkað í námi, m.a. vegna fyrirkomulags um námslánin. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Telur hann sig með þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið og ekki síst Sjálfstfl. vera að uppfylla þau loforð sem gefin voru við stjórnarmyndun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

[14:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka flm. þessa frv. fyrir að hafa lagt það fram. Ég tek heils hugar undir efni þess. Okkur er smám saman að verða ljóst hverjar afleiðingar þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna eru þó að bent hafi verið á ýmislegt þegar málið var til umræðu. Því miður er flest að ganga eftir. Það sem vegur þó langsamlega þyngst og ég heyri mest frá námsmönnum, einkum frá þeim sem eru að koma heim frá námi erlendis, er að þeir eru mjög áhyggjufullir vegna endurgreiðslnanna. Það var nákvæmlega það sem sagt var í umræðunni á sínum tíma, að endurgreiðslurnar á lánunum ættu eftir að hitta fólk mjög þunglega fyrir. Gerðir voru miklir útreikningar á sínum tíma sem sýndu að hópar eins og hjúkrunarfræðingar og kennarar yrðu að greiða af þessum lánum fram á grafarbakkann. Þessi þunga greiðslubyrði mundi gera fólki mjög erfitt fyrir að öðru leyti. Allt tengist þetta launamálum í landinu, þeim lágu grunnlaunum sem hér eru greidd og lágum launum, ekki síst háskólamenntaðra hópa sem eru stærsti hópur þeirra sem greiða þessi lán. Ég verð að segja alveg eins og er að ég legg mest upp úr því að sá hlutinn verði endurskoðaður þó að ég taki mjög undir það að skoða og breyta öðrum atriðum. Ég minni á að rektor Háskóla Íslands hefur í ræðu og riti bent á að þær kröfur sem lánasjóðurinn gerir til framvindu náms séu algjörlega óraunhæfar. Þar er miðað við að fólk fari á mestum hraða í gegnum námið en ekki miðað við meðalhraða námsmanna, sem gerir það að verkum að fólk missir réttinn til lána.

Ég spyr hæstv. menntmrh. fyrst hann er við umræðuna hvort það hafi verið skoðað rækilega hvaða áhrif breytingarnar sem gerðar voru árið 1992 hafa haft. Ég veit að þær eru margvíslegar. Ég veit það frá þeim tölum sem hafa verið lagðar fram á undanförnum árum að einstæðum foreldrum hefur fækkað í námi, aðallega konum, ég veit að námsmönnum erlendis hefur fækkað áberandi í sumum löndum eins og í Bandaríkjunum sem ég tel vera mjög alvarlegt mál vegna þess að þangað er mjög margt að sækja í menntun. Ég hef hins vegar ekki séð tölur um það hvort námsmenn séu núna lengur í námi en áður vegna þess að þeir taka ekki námslán og eru að vinna með námi en það hefur stóraukist að háskólanemar vinni með námi. Það er eins og ástandið var fyrir daga lánasjóðsins. Við vitum að því hefur verið spáð að þessar breytingar á lánasjóðnum muni gera ungu fólki mjög erfitt fyrir að kaupa húsnæði. Hefur það verið kannað hvernig þeim málum er háttað? Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir áhrifum þessara breytinga á lögin áður en við göngum lengra. Breytingar verða vonandi gerðar. Ég held að afleiðingarnar séu um margt alvarlegri en menn hafa gert sér grein fyrir.

Í fjárlögum fyrir árið 1997 koma fram margvíslegar og merkilegar upplýsingar um Lánasjóð ísl. námsmanna á bls. 357. Þar kemur fram að staða sjóðsins er mjög að batna og fyrst og fremst vegna þess að greiðendum fjölgar ár frá ári. Innstreymið í sjóðinn frá endurgreiðslum er mjög að aukast. Það kemur hér fram, með leyfi forseta, að árið 1992 voru greiðendur námslána 13.519 en áætlað er að í ár verði þeir 25.150. Þetta er næstum því helmings aukning á greiðendum. Reiknað er með að þeim fjölgi um 10% á næsta ári. Þetta er gríðarleg aukning. Innstreymið í sjóinn fer sem sagt mjög vaxandi. En það sem gerir sjóðnum sem slíkum erfitt fyrir er það hvað honum hefur verið beint út á lánamarkaðinn á undanförnum árum. Framlög ríkisins hafa verið skorin stórlega niður og sjóðnum ýtt út á lánamarkaðinn. Þar voru lán mjög óhagstæð á tímabili og sjóðurinn hefur verið að endurfjármagna þau lán til þess að lækka vaxtakostnað. Samt sem áður er sjóðurinn með gríðarlega vaxtabyrði. Hér kemur fram að áætlað er að sjóðurinn greiði 1.171 millj. kr. í vexti 1997. Skýrist það af miklum lántökum sjóðsins á árunum 1989–1991 sem eins og hér segir var varið að miklu leyti til vaxtalausra útlána. Það var eitt af því sem gert var við breytingarnar að settir voru vextir á námslán. Allt tengist þetta því hver stefnan er í lánamálum námsmanna. Að hve miklu leyti á að endurgreiða námslán og að hve miklu leyti á að styrkja fólk til náms? Ég er þeirrar skoðunar að ekkert sé eins góð fjárfesting af hálfu ríkisins og að efla menntun og stuðla að því að ungt fólk leiti sér menntunar. Ég veit ekki hvort fólk gerir sér almennt grein fyrir því hvílíkt byltingartæki Lánasjóður ísl. námsmanna var á sínum tíma eftir að það tókst að gera lánin þannig úr garði eftir mikla baráttu námsmanna að nokkurn veginn væri hægt að lifa af þeim. Það tók margra ára harða baráttu með ýmiss konar mótmælum og aðgerðum og þrýstingi á ráðamenn. Smátt og smátt tókst að hækka lánin þannig að nokkurn veginn var hægt að lifa af þeim. Þetta gerði það að verkum að þúsundir námsmanna áttu þess kost að mennta sig sem hefðu ekki getað það að öðrum kosti. Lánasjóður ísl. námsmanna er því eitthvert merkilegasta og magnaðasta jöfnunartæki sem við höfum átt hér á landi. Því miður hafa þær breytingar sem gerðar hafa verið á sjóðnum stefnt í þveröfuga átt sem hefur leitt til þess að það hefur dregið mjög úr umsóknum þó námsmönnum hafi ekki fækkað, þeim hefur fjölgað, sem þýðir það að hópur námsmanna fjármagnar nám sitt á annan hátt. Ég þekki nokkur dæmi slíks. Ég hef spurst svolítið um það hvernig ungt fólk hefur brugðist við sem reynir að forðast að taka námslán til þess að eiga möguleika síðar í lífinu á því t.d. að koma sér upp húsnæði. Þetta unga fólk, bæði karlar og konur, er að vinna hörðum höndum, jafnvel á næturvöktum og gera ýmislegt til þess að reyna að komast

hjá því að taka þessi erfiðu lán. Samt sem áður er það stór hópur sem tekur þau og eins og ég nefndi í upphafi er það að koma betur og betur í ljós hvað endurgreiðslurnar eru þeim þungar í skauti.

Ýmislegt fleira mætti nefna hér og væri fróðlegt að heyra það frá hæstv. menntmrh. hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og hvað starfi nefndarinnar líður. Það segir í frv. til fjárlaga að nefndarstarfið sé að komast á lokastig. Vonandi fer frv. að líta dagsins ljós í þingsölum. Ég óska eftir því eins og fleiri að hæstv. menntmrh. upplýsi okkur um það hvað líður starfi nefndarinnar.

Ég ítreka að lokum, herra forseti, að ég tek undir efni þessa frv. Eins og hér hefur verið nefnt mætti ætla að þingmeirihluti sé fyrir því að gerðar verði breytingar á lögunum. En við vitum að meirihlutasamstarf getur leitt ýmislegt af sér og menn kyngja ýmsu. Ég ætla að vona að framsóknarmenn, sem höfðu sig mjög í frammi og tóku mjög virkan og sterkan þátt í umræðunni vorið 1992, standi við sín orð enda er ég alveg viss um að þeim er jafn vel ljóst og okkur hinum að sérstaklega endurgreiðslurnar eru að verða mörgum mjög þungar í skauti. Það verður að skoða rækilega hvernig hægt er að létta á þeim, dreifa þeim öðruvísi eða á lengri tíma þó að ég viti svo sem ekki hvort það er gerlegt miðað við það sem ég sagði áðan að fólk yrði fram á grafarbakkann að greiða lánin. Lántökur eiga ekki að ná út yfir gröf og dauða en það er alveg ljóst að þarna þarf nýja stefnumótun. Ég minni á það að ég sagði áðan að staða sjóðsins er mjög að batna eins og var fyrir séð áður en breytingarnar gengu í garð. Ég tel því að hér séu forsendur til þess að gera breytingar og að eitt það skynsamlegasta sem við getum gert sé að efla menntun í landinu og Lánasjóður ísl. námsmanna er eitt af þeim tækjum sem við höfum til þess.

[15:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að meginatriðið sem þarf að skoða þegar lögin verða endurskoðuð eru endurgreiðslureglurnar. Ég held að þær séu það atriði í gildandi lögum sem þurfa athugunar við með hliðsjón af reynslunni sem fengist hefur frá 1992. Ég er innilega sammála hv. þm. um það atriði.

Hann spyr hvort fyrir liggi hvaða breytingar lögin frá 1992 hafi haft í för með sér. Á síðasta þingi var rædd athugun sem var gerð á breytingum á högum námsmanna og eins og kom fram í þeim umræðum er ekki svo auðvelt að flokka mál þannig og segja: Þetta á rætur að rekja til nýrra laga um Lánasjóð ísl. námsmanna eða ýmislegt annað hefur einnig breyst í þjóðfélagi okkar á þeim tíma sem liðinn er frá 1992. Ég held að það sé því ekki unnt að slá neinu föstu um það hvað þessar breytingar hafa haft í för með sér en athuganir liggja fyrir og menn geta síðan deilt um það hvort það er lánasjóðurinn eða eitthvað annað sem veldur því að streymi námsmanna til náms hefur breyst eða skipan mála í skólakerfinu hefur breyst á einn eða annan hátt. Það er rangt að halda því fram að breytingin frá 1992 hafi leitt til fækkunar námsmanna, það er alrangt. Engar tölur sýna að dregið hafi úr aðsókn að námi eftir að þessi nýju lög voru sett. Þvert á móti hafa þau treyst lánasjóðinn í sessi, gert fært að endurvekja hann og styrkja en lögin eru til endurskoðunar. Nefndin er að ljúka störfum og niðurstöður hennar verða kynntar á þinginu.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég sagði að ég tel endurgreiðslurnar vera alvarlegasta atriðið í málinu en fleiru þarf að breyta og þar er ekki síst um að ræða kröfurnar vegna námsframvindu.

Hvað varðar áhrifin af breytingunum tel ég að það ætti að gera könnun á þessu. Eitt af því sem námsmenn gætu jafnvel staðið fyrir sjálfir er að kanna rækilega hvaða áhrif breytingarnar hafa haft, bæði varðandi ásókn í nám í öðrum löndum og þær tölur liggja fyrir frá lánasjóðnum hvernig námskeið dreifast á önnur lönd. Það hefur verið sláandi að sjá tölur frá Bandaríkjunum, Englandi og Þýskalandi svo að ég nefni dæmi þar sem námsmönnum hefur greinilega fækkað og í Englandi og Bandaríkjunum eru það ekki síst skólagjöldin sem þar spila inn í. Önnur áhrif þarf líka að kanna og í framhaldi af því að móta stefnu.

Á undanförnum dögum hefur verið talað um hvað er í raun og veru lítið um stefnumótun á Alþingi og að Alþingi samþykki stefnumótun. Stefnumótun getur auðvitað falist í lögum og við eigum að nota stefnu varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna þannig að hann stuðli að sem mestu jafnrétti til náms og ýti undir það að ungt fólk sæki sér menntun og ekki bara endilega ungt fólk heldur þeir sem vilja mennta sig betur og meira því að það er þróunin. Fólk er að mennta sig alla ævina og það á að stuðla að því að það sé hægt. Enn og aftur, menntun er sú besta fjárfesting sem við getum lagt í.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því að menntunin er besta fjárfestingin sem við okkur blasir hér á landi eins og annars staðar. En spurningin er sú hvernig þessum fjármunum er best varið. Er þeim best varið þegar þeir eru takmarkaðir með því að verja þeim í Lánasjóð ísl. námsmanna eða standa að þeim skólastofnunum sem starfandi eru? Þegar þarf að gera upp á milli og forgangsraða innan menntakerfisins þarf að taka ákvarðanir um slíka hluti. En sú ákvörðun hefur verið tekin á undanförnum árum að hlúa frekar að stofnunum, skólunum, en að auka útgjöld lánasjóðsins sem hvort um sig var komin í algerar ógöngur með því kerfi sem gildandi var. Þetta er skólastefna og menntastefna sem var mótuð og liggur fyrir um forgangsröðun við ráðstöfun á fjármunum til menntamála. Tekin var ákvörðun um að hlúa frekar að skólunum en lánasjóðnum ef menn vilja stilla málunum þannig upp og síðan tekið á málefnum lánasjóðsins þannig að hann er kominn í gott horf núna eins og hv. ræðumaður hefur bent. Þetta var markviss stefna og ekki unnt að segja annað en að henni hafi verið fylgt fram.

Nú kemur einnig í ljós að verið er að auka fjárframlög til háskólastigsins eins og kemur fram í fjárlagafrv. Það er verið að auka fjárframlög til jöfnunar námskostnaðar sem einnig er styrkur við nemendur þótt þeir séu ekki á háskólastigi eins og kemur fram í fjárlagafrv. þannig að verið er að fikra sig í þá átt að auka fjárveitingar með þessum hætti.

[15:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvar hæstv. menntmrh. hefur verið á undanförnum árum. Við erum búin að standa í styrjöld ár eftir ár vegna hrikalegs niðurskurðar í menntakerfinu. Minni ég þar á grunnskólann sem menn hafa verið að reyna að bæta upp. Ég minni á framhaldsskólana sem sæta um

200 millj. kr. niðurskurði. Háskóli Íslands hefur rekið upp ramakvein ár eftir ár og ekki að ástæðulausu til þess að hann geti staðið undir sínum skuldbindingum.

Hæstv. forseti. Það gengur ekki hvernig hefur verið skorið niður til menntakerfisins. Það er staðreynd að þarfirnar aukast stöðugt. Háskóli Íslands hefur bent á að nemendum hefur fjölgað þar um mörg hundruð. Það kallar auðvitað á aukna þjónustu á meðan þeir hafa sætt niðurskurði eða staðið í stað hvað varðar upphæðir. Hvað varðar það að forgangsraða innan menntakerfisins þá spyr ég hvort einhver ákveðin prósenta eigi að fara til menntamála. Á ekki þörfin að ráða? Við hljótum að þurfa að komast að samkomulagi um það í samfélagi okkar að það eru ákveðin verkefni sem ríkisvaldið á fyrst og fremst að sinna og þar set ég efst á blað menntamál og heilbrigðismál. Það eru hin mikilvægu verkefni sem við eigum að sinna úr sameiginlegum sjóðum okkar og við þurfum að lifa af því bæði að afla tekna og skera niður annað á móti. Ég get ekki samþykkt að þessi ríkisstjórn eða sú fyrri hafi sérstaklega hlúð að menntakerfinu á Íslandi Það er því miður í mikilli kreppu vegna fjárvöntunar og það þurfum við að horfast í augu við.

Umræðu frestað.

Fjáraukalög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 48.

[15:10]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér fyrst og síðast hljóðs við umræðuna vegna orða sem féllu við þessa sömu umræðu fyrr í dag af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals og raunar ekki síður vegna þeirra athugasemda sem finna má í frv. til fjáraukalaga og lúta að málefnum er snúa að hv. Alþingi.

Fyrr í morgun fór áðurnefndur hv. þm. mikinn vegna framkvæmda sem hafa verið í gangi á Alþingistorfunni, endurbætur og raunar endurbygging á gömlum húsum sem Alþingi hefur haft eignarhald á til þess að koma þeim í það horf að unnt væri að nota þau undir starfsemi þingsins og einnig til þess að þau yrðu umhverfi sínu til sóma en ekki ósóma eins og verið hefur. Það kom mér satt að segja svolítið á óvart að sami hv. þm., Pétur H. Blöndal, taldi þetta hið eina fréttnæma í frv. til fjáraukalaga af hálfu framkvæmdarvaldsins, af hálfu hæstv. fjmrh., að fyrir lægi að leita eftir tilteknum fjármunum til þess að ljúka framkvæmdum við endurbætur á gömlum húsum í eigu Alþingis, löggjafarsamkundunnar.

Hann staldraði ekki eitt aukatekið andartak við önnur atriði í fjáraukalagafrv., atriðum sem lúta að ákvörðunum framkvæmdarvaldsins sem leiða aftur til þess að þetta sama framkvæmdarvald þarf að koma fyrir hið háa Alþingi og óska eftir staðfestingu þeirrar gerðar þannig að fylgt sé lögum til hins ýtrasta í þeim efnum. Nei, hv. þm. fann það helst til forátta í þessu fjáraukalagafrv. að hið háa Alþingi þyrfti á auknum fjármunum að halda.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta tiltekna mál sem hér bar á góma, þ.e. endurbótum og endurbyggingum á þessum húsum. Hæstv. forseti, virðulegi 1. þm. Reykn., gerði það mjög rækilega og tók raunar hv. þm. í kennslustund með örfáum beinskeyttum orðum og dró upp meginlínur og hinar réttu línur um aðdraganda og framgang og raunveruleika alls þess máls. Það er óþarfi að endurtaka það, bæði hvað varðar mikilvægi þess að koma þessum húsum í notkun og einnig hitt hvernig samskiptin voru, hin fjármálalegu samskipti voru milli æðstu stjórnar þingsins og annarra hlutaðeigandi aðila innan þings um framkvæmd þeirra mála. Það er nefnilega gefið til kynna í greinargerðinni, þeim athugasemdum um fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu að æðsta stjórn þingsins, forsætisnefnd og þá væntanlega formenn þingflokka og fjárln. í heild, hafi farið öðruvísi fram í þessum málum en samkomulag hafi verið um við hæstv. fjmrh. Það er auðvitað fjarri öllu lagi og ekki nærri nokkrum sannleika.

Eins og hv. 1. þm. Reykn. drap réttilega á voru í tillögum þingsins í frv. til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, þ.e. síðasta haust, óskir um það hvernig þessi framkvæmd gæti gengið fram og verið lokið á þessu ári og greidd á þessu ári og fundið fé til þess í yfirstandandi fjárlögum. Það gekk ekki fram. Það er út af fyrir sig önnur saga sem ég ætla að gera að umtalsefni rétt á eftir. En á móti kom að samningar um þessa framkvæmd í fullu samráði við formenn þingflokka, í fullu samráði við fjárln. voru með þeim hætti að framkvæmdum var unnt að ljúka á þessu ári þótt greiðslur gætu fallið til á því næsta. Einmitt í samræmi við þann samning voru tillögur forsætisnefndar Alþingis og Alþingis í heild til frv. til fjárlaga fyrir næsta ár þess efnis að þeir fjármunir fyndust þar og kæmu til greiðslu á næsta ári.

Það var síðan að frumkvæði hæstv. fjmrh. sem hann vill finna þessum fjármunum stað í því frv. sem við ræðum hér, frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár. Þannig að halda því fram í þessum virðulega ræðustóli að forsn. þingsins, formenn þingflokka og fjárln. hafi vísvitandi brotið lög er slík ósvinna að engu tali tekur. Mér dettur helst í hug að ætla, án þess að ég geti fullyrt um það, að vilji þingmannsins til að kalla á athygli fjölmiðla eða einhverra annarra, vitandi það að þessir flutningar standa yfir einmitt í dag og þessa dagana, hafi kallað fram þessi viðbrögð hans og þessar órökstuddu dylgjur í garðs hins háa Alþingis og þar með í garð hans sjálfs.

Það var með öðrum orðum farið að þessu máli af hálfu þingsins eins og lög, reglur, venjur og hefðir segja til um. Það er ekkert öðruvísi. Það er nákvæmlega ekkert öðruvísi. Það er hins vegar kapítuli út af fyrir sig að þessi hv. þm. — og ég neita að trúa því, virðulegi forseti, að hann eigi sér hér marga viðhlæjendur í þessum efnum — skuli ganga fram með þessum hætti við umræðu um fjáraukalagafrv. sem telur 15 milljarða kr. Og það vegna þess að löggjafarsamkunda þjóðarinnar, sem hefur rekstur með höndum sem er minni en öll ráðuneyti framkvæmdarvaldsins hvert og eitt um sig, mun minni rekstur en hið nýja umhvrn., að vísu eilítið hærra en forsrn. Það eina sem eftir stóð í hans ræðu var að fara orðum um það að hið háa Alþingi væri farið að bruðla, að hið háa Alþingi færi illa með fé skattborgaranna. Ekki datt hv. þm. Pétri H. Blöndal í hug að minnast eitt andartak á breytingar á aðalskrifstofu forsrn., ákvörðun sem landsmenn allir og þar með taldir allir hv. þm. hygg ég vera og hugsanlega jafnvel hæstv. ráðherrar, sáu og heyrðu fyrst í fjölmiðlum ef ég man rétt daginn eftir forsetakosningarnar í júní. Ekki sá hann ástæðu til að eyða einu orði að því. Mér vitanlega var ekki haft samráð, hvorki við hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn, án þess að ég geti fullyrt nokkuð um það, en fjmrh. hæstv. getur þá leiðrétt það. Þaðan af síður við hið háa Alþingi um þá framkvæmd upp á 25 millj. kr. Ég ætla hins vegar ekki að

halda því fram að sú aðgerð og þær framkvæmdir hafi ekki verið bráðnauðsynlegar og skynsamlegar. Ég held þvert á móti að þær hafi verið það. Kannski var einmitt rétti tíminn að ráðast í þær á þessum tíma.

Ég hjó líka eftir því að hv. þm. taldi ekki ástæðu til að eyða nokkrum orðum eða sekúndum í að ræða 9 millj. kr. aukaframlag, viðbótarframlag, til að greiða ráðgjafarfyrirtækjum eða verðbréfafyrirtækjum til að gera úttektir og rannsóknir ýmiss konar. Nú veit ég að hv. þm. sökum fyrri starfa sinna þekkir þann vettvang býsna vel og kannski betur en við flest önnur og veit því að þar er ekkert gefins. Hann sá hins vegar ekki nokkra ástæðu til að spyrjast fyrir um þetta. Ég vil hins vegar árétta spurningu sem raunar hefur þegar fram komið í þessum umræðum og spyrja hæstv. fjmrh. Hann gat ekki svarað því í morgun en hefur nú haft nokkra klukkutíma til að láta sína menn gaumgæfa það. Hvaða fyrirtæki eru það sem þáðu þessar 9 millj. kr. vegna vinnu við rannsóknir og athuganir á möguleikum frekari einkavæðingar? Hvaða rannsóknir og athuganir voru það nákvæmlega sem þessi ótilteknu fyrirtæki, verðbréfafyrirtæki fyrst og síðast, eftir því sem sjá má, unnu að? Ég held að það sé brýnt að fá þau svör skilmerkilega hér upp á borð áður en þessari umræðu lýkur.

Ég tók líka eftir því að hv. þm. Pétur H. Blöndal sá ekki ástæðu til að eyða sekúndu af sínum ræðutíma til að ræða um rekstur sendiráða erlendis. Það er að finna mjög athyglisverðar upplýsingar í athugasemdum við fjáraukalagafrv., á bls. 35 í greinargerðinni. Þar kemur fram að lagt er til að veitt verði 14,5 millj. kr. viðbótarframlag vegna umframgjalda í sendiráðum og hjá fastanefndum erlendis. Og það þrátt fyrir að á síðasta ári hafi verið gert hreint borð í þeim efnum eins og hæstv. ráðherra gerir hér grein fyrir í greinargerð og talað um að þar hafi mál verið komin á þurrt og á réttan grundvöll. Nei. Svo virðist ekki hafa verið því að ekki er nóg að hér séu veittar 14,5 millj. til að hækka þennan stofn á yfirstandandi ári heldur er gefið til kynna og fullyrt, sem síðan er að finna í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár, gert ráð fyrir að þessi hækkun verði varanleg, að þessi hækkun sé eitthvað sem við komum til með að búa við. Skýringar eru þær að hjá fjórum sendiráðum hafi útgjaldaaukningin stafað af hækkunarákvæðum í húsaleigusamningum. Vissu menn ekki um það hækkunarákvæði? Var þetta eitthvað nýtt? Voru menn að skipta um húsnæði eða hvað var hér á ferð? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra upplýsi það. Einnig er rætt um breytta samsetningu starfsmanna. Ég hefði nú haldið í fljótu bragði að sá rammi sem utanrrn. er skammtaður um rekstur sendiráða erlendis ætti að vera það rúmur að hann ætti að ráða við þær sífeldu breytingar sem eðlilega eiga sér stað innan hinna einstöku sendiráða úti um víða veröld og það þyrfti ekki sérstaklega að breyta gjaldagrunninum til lengri tíma vegna slíkra innbyrðis breytinga frá einum tíma til annars. Ég óska eftir svörum við þessu. Það er athyglivert að hv. þm. Pétur H. Blöndal sem stundum hefur farið mikinn í þessum ræðustóli vegna bruðls framkvæmdarvaldsins sá ekki ástæðu til að eyða einni sekúndu í þetta atriði frekar en önnur sem lutu að framkvæmdarvaldinu.

Svona væri hægt að halda lengi áfram enn. Og af því að ég er hér að nefna nokkur atriði, nokkur dæmi um það sem hv. þm. Pétur H. Blöndal, samviska Sjálfstfl. þegar kemur að opinberum rekstri, taldi ekki ástæðu til að nefna þá er beðið um sérstakt framlag á yfirstandandi ári, 4 millj. kr., til að greiða nefndarmönnum í ráðgefandi nefnd sem hefur haft það viðfangsefni að fjalla um inn- og útflutning landbúnaðarvara samkvæmt ákvæðum GATT-laganna. Með öðrum orðum þarf 4 millj. til viðbótar til að búa til tollmúra, þröskulda, til þess að snúa forsendum GATT-samkomulagsins gjörsamlega á hvolf. Ég hef stundum heyrt hv. þm. Pétur H. Blöndal ræða um að framkvæmd GATT-laganna væri nú ekki algerlega í þeim anda sem hann hefði gert ráð fyrir. En hann er hins vegar greinilega mjög sáttur við að það kosti skattborgarana 4 millj. kr. til viðbótar, ja, ég veit ekki til viðbótar við hvað. Það er kannski ástæða til að spyrja um hvaða heildarupphæðir er að ræða gagnvart þessari ráðgefandi nefnd sem á að fjalla um leiðir til að setja upp þröskulda og tollmúra vegna samkomulagsins um GATT. Hver er heildarkostnaðurinn? Hér er eingöngu rætt um viðbótarkostnað sem ekki var að finna í forsendum fjárlaga yfirstandandi árs. Ég hef því miður ekki þær tölur handbærar enda kannski ekki finnanlegar. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Hver er heildarkostnaðurinn við þessa ráðgefandi nefnd sem hefur þetta mjög svo umdeilda, svo ekki sé meira sagt, verkefni af hálfu framkvæmdarvaldsins, landbrn., að tryggja það að halda vöruverði uppi gagnvart íslenskum neytendum? Það er greinilegt fagnaðarefni og alveg nýtt af nálinni hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að honum þykir þetta hið eðlilegasta og sjálfsagðasta mál. A.m.k. eyddi hann ekki hálfri sekúndu í það í ræðu sinni í morgun.

Hv. þm. hafa eðlilega gert að umtalsefni viðbótarkostnað við neyðarsímsvörun. Það mál er auðvitað hreinn og klár skandall, hreint og klárt rugl frá upphafi til enda eins og stundum vill nú verða þegar hæstv. ríkisstjórn og einkanlega hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. og þeirra stuðningsmenn, menn á borð við Pétur H. Blöndal, þessir beiðendur útboða, ræða um breytingar á formi og innihaldi ríkisreksturs og þjónustu gagnvart almenningi. Það hefur verið talið allra meina bóta að bjóða út. Þá leysast öll vandamál. Það sparar peninga, bætir þjónustu og ég veit ekki hvað og hvað. Þessa þulu þekkja hv. þm. allir. Hvað kemur hér í ljós? Vandræðagangurinn í kringum þessa neyðarsímsvörun er slíkur að ekki verður hjá því komist að sækja viðbótarframlag hjá hinu háa Alþingi til að setja í gang þetta samkomulag sem dómsmrh. beitti sér fyrir við eitt tiltekið einkafyrirtæki úti í bæ sem hirti þennan bita í raun allan þó að reynt hafi verið að setja um það einhvers konar silkipappír. En hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur greinilega engar áhyggjur af því. Honum þykir það hið eðlilegasta mál að þrátt fyrir að hin heilaga leið hans, útboð, hafi verið farin, a.m.k. í orði kveðnu, er engu að síður kallað á verulega fjármuni úr ríkissjóði vegna þessa útboðs. Hækkun á 15 millj. vegna rekstrarframlags og síðan stofnkostnaður og aðrar 7 millj. kr. vegna kynningarmála. Það er orðið hlutverk hins opinbera eftir að útboð hefur farið fram. Eftir að einkaaðilinn sjálfur hefur tekið við rekstrinum þá er það ríkissjóður sem auðvitað borgar brúsann og hann þarf líka að sjá um kynningarmálin. Hann þarf líka að sjá um stofnkostnaðinn. Það þarf meiri peninga og meiri peninga. En ekki eitt aukatekið orð um þetta, engar áhyggjur af þessu hjá hv. þm., sérfræðingi Sjálfstfl. um ríkisrekstur og einkarekstur. Nei. Það eru húsin við Kirkjustræti sem áttu hug hans allan.

Ég gæti haldið svona lengi áfram, virðulegi forseti. Ég vil hins vegar að lyktum víkja að því sem er auðvitað meginkjarni þessa máls. Húsin við Kirkjustræti eru það ekki heldur eru það fyrst og síðast samskipti hins háa Alþingis við framkvæmdarvaldið sem er lykilmál í þessu sambandi.

Ég get upplýst það hér að bæði við fjárlagagerðina á liðnu hausti, haustinu 1995 og aftur núna á þessu hausti 1996, stendur stjórn þingsins og formenn þingflokka í stappi við fulltrúa framkvæmdarvaldsins um það hvernig málum skuli hagað á hinu háa Alþingi. Ekki í einu einasta þjóðþingi öðru sem ég þekki til þarf þingið að vera undir sök framkvæmdarvaldsins selt í málum af þessum toga. Og enginn held ég að geti fullyrt um það að Alþingi hafi gengið fram með offorsi á umliðnum árum eða áratugum í kröfugerð hvað varðar stofnframkvæmdir eða annað því um líkt. Alþingismenn og starfsfólk þingsins er nú í 11 húsum hér á torfunni. Þar af eru 30 þingmenn í leiguhúsnæði. Ég hygg að hin háu ráðuneyti búi ekki við slíkan húsakost. Meginatriðið er að Alþingi sem hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart framkvæmdarvaldinu hafi til þess tök, ráðrúm og möguleika. Ég hélt að það væri metnaðarmál nýrra þingmanna á borð við þingmanninn Pétur H. Blöndal að staða þingsins til slíks eftirlitshlutverks væri slík að þingið gæti sinnt því hlutverki gagnvart framkvæmdarvaldinu sem fram undir þetta hefur þannig farið fram að gagnrýni er sannanlega vert. Mér fannst tóntegundin hjá hv. þm. alls ekki vera með þeim hætti heldur þvert á móti og það veldur mér verulegum áhyggjum og ekki síst í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi þegar æ frekar hefur borið á því að hv. þm. stjórnarflokkanna hafa virkað eins og pöntunarfélag fyrir framkvæmdarvaldið. Þeir hafa, eftir að ríkisstjórnin hefur lagt inn pöntun, afgreitt eftir hendinni, ýtt á hina grænu takka algjörlega eftir pöntunum og hefur þar ekki síður hv. þm. Pétur H. Blöndal frekar en aðrir staðið sína plikt. Það er auðvitað eftirtektarvert í þessu öllu saman og veldur mér áhyggjum þegar kemur að hinu mikilvæga sjálfstæði þingsins og stöðu þess í samfélaginu, ekki síst gagnvart framkvæmdarvaldinu. En það er augljóst mál að ekki deila allir þessum áhyggjum mínum í umræðunni sem hér fer fram þó full ástæða sé til.

Ég vil hins vegar að gefnu tilefni og það verða mín lokaorð, virðulegi forseti, kalla eindregið eftir því að formenn þingflokka, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, komi og vitni um þau mál sem voru hér á borð borin í morgun af hv. þm. og vitni um framgang þessara mála. Einnig er auðvitað eðlilegt að hv. formaður og varaformaður fjárln. geri slíkt hið sama þannig að menn velkist ekkert í vafa um það hvernig staðið var að þeim ákvörðunum sem hér um ræðir og lúta að framkvæmdum við þau hús sem hér hafa verið margnefnd.

[15:31]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. Guðmundur Árni Stefánsson segir að það eina fréttnæma sem ég hafi fundið í þessu frv. hafi verið um húsin hérna við hliðina. Það er rétt. Margir hv. þm. hafa spurt um fjölda þátta í þessu frv. en ég taldi ekki ástæðu til að vera að rekja það upp aftur. Mér finnst aftur á móti mjög mikilvægt að gæta virðingar Alþingis, þeirrar virðingar að lögum sé framfylgt. Og þegar í ljós kemur að Alþingi sjálft framfylgir ekki eigin lögum, þ.e. fjárlögum fyrir 1996 sem samþykkt voru fyrir 10 mánuðum — það líkar mér ekki. Og það að forsn., fjárln. og formenn þingflokka sem einstakir hv. þm. hafa verið að gera eitthvert samkomulag, eitthvert baktjaldamakk, í blóra við þingið – það líkar mér enn þá síður. Hv. þm. sagði að 1. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, hefði tekið mig í kennslustund. Mig langar ekki til að læra þetta, svo einfalt er það. Mig langar ekki til að læra það að einstakir þingmenn, hvort sem þeir heita forsn., fjárln. eða formenn þingflokka, geti búið til samkomulag sem gengur þvert á vilja Alþingis þar sem sitja 63 þingmenn. Það er því vilji Alþingis sem gildir og ekkert annað. Það að lög og reglur og venjur og hefðir geri eitthvað — ég lít alltaf á að það séu lög Alþingis sem gilda en ekki einhver lög, reglur og hefðir sem einstakir þingmenn menn eru að búa til í blóra við vilja Alþingis.

[15:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur auðvitað fyrir lítið að eiga orðastað um þessi mál við hv. þm. Hann sagði raunar allt sem segja þurfti. Hann vill auðvitað ekkert vita þetta, hann vill ekkert læra, vill ekki þekkja staðreyndir mála. Ég sagði réttilega hér áðan að hv. 1. þm. Reykn. hefði tekið hv. þm. í kennslustund. Tók hann einfaldlega í kennslustund og rakti fyrir honum lið fyrir lið hvernig þær ákvarðanir voru teknar sem við erum hér að ræða. Þær birtust í forsendum fjárlaganna fyrir ári síðan og nákvæmlega fyrir lagt í þeim umræðum sem þá fóru fram hver væru áform um þessa húsbyggingu. Ég sagði lög, reglur, venjur og hefðir. Og hafi hv. þm. lagt við eyru, hvað kemur þarna fyrst — vitaskuld lögin. Og hv. 1. þm. Reykn. tók líka hv. þm. í kennslustund um það að auðvitað hafa engin lög verð brotin. Þannig að hv. þm. vill ekki heyra, vill ekki læra og vill ekki kunna. Það er auðvitað hans vandi. En það stendur eftir sem áður, virðulegi forseti, að hv. þm. Pétur H. Blöndal telur það greinilega vera sitt höfuðviðfangsefni á þessum bjarta og fagra degi að eiga orðastað við hið háa Alþingi um þessar tilteknu framkvæmdir. En hann sér ekki nokkurn skapaðan hlut athugavert, ekkert aukatekið orð, við þann 15 milljarða frammúrakstur sem hæstv. fjmrh. er hér að óska eftir atbeina við og staðfestingu Alþingis við samþykkt þessa frv. til fjáraukalaga. Ekkert aukatekið orð um það, engar áhyggjur. Hann vill kannski ekki læra það heldur eða þekkja það, vill ekki vita af hinu óþægilega. Eða kannski er auðmýktin hjá hv. þm. eftir eins og hálfs árs setu á háa Alþingi gagnvart framkvæmdarvaldinu orðin slík að hann þorir ekki.

[15:35]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat það sem ég var að tala um. Til þess að Alþingi geti haldið sterkri stöðu gagnvart framkvæmdarvaldinu þá verður það að gæta þess að farið sé að fjárlögum alls staðar. Í fjárlögum fyrir 1996 stendur að til þessara framkvæmda eigi að verja 44 milljónum. Forsn. tekur svo ákvörðun um að auka þá fjárveitingu um 50 milljónir án þess að hafa leyfi til. Ég er einmitt að tala um það að við þurfum að gæta virðingar og stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu því eftir höfðinu dansa limirnir. Ef forstjórar ríkisfyrirtækja sjá að hið háa Alþingi leyfir sér að fara 114% fram úr fjárlögum, hvað munu þeir þá geta gert? Og hver er þá staða Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu?

[15:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þannig að ég stafi þetta nú ofan í hv. þm., og fyrirgefðu orðbragðið, hæstv. forseti. Það er ekki búið að greiða eina aukatekna krónu umfram forsendur yfirstandandi fjárlaga. Það er ekki búið að brjóta nein lög í þessum efnum. Ætlar hv. þm. ekki að skilja það? Hv. 1. þm. Reykn. fór yfir þetta frá a til ö hér í morgun. Þannig að það er augljóst mál af því sem hann sagði hér áðan að hann ætlar

ekki að læra. Það eru orð að sönnu. Engin lög hafa hér verið brotin og það er háalvarlegur hlutur að halda því hér fram við hið háa Alþingi að það fari á undan með að brjóta lög í landinu. Þannig að hv. þm. verður að finna þessum orðum sínum stað eða vera ómerkur orða sinna annars. Það er ekki flóknara en það. En það breytir því ekki sem ég sagði hér áðan og hef áréttað mörgum sinnum að hann er fullkomlega áhyggjulaus af hinum 15 milljörðunum sem runnið hafa út úr ríkiskassanum án þess að ástæða hafi verið til þess að spyrja kóng eða prest. Þó að auðvitað séu sannarlega á því skýringar sem hið háa Alþingi vegur og metur og tekur síðan endanlegar ákvarðanir um. En hv. þm. hefur ekki áhyggjur af því en ber kollegum sínum það á brýn að brjóta lög í landinu. Hann verður þá að finna þeim orðum stað og rökstyðja og sýna fram á en það getur hann auðvitað ekki.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi fá að gera grein fyrir við lok umræðunnar. Ég vil nú fyrst vegna síðustu orða síðasta ræðumanns segja, af því að minnst er á 15 milljarða, að þá er a.m.k. lítill vandi að sýna fram á að yfir 10 milljarðar af þessum 15 eru beinlínis útgjöld til þess að spara ríkissjóði 2 milljarða. Og þau útgjöld auka ekki skuldastöðuna vegna þess að þau breyta nákvæmlega engu um útistandandi skuldir ríkissjóðs.

Það eru örfá atriði sem mig langar til að nefna hér sérstaklega af því fyrirspurnum var til mín beint.

Í fyrsta lagi var spurt að því hvort ekki hefði nægt heimild í 6. gr. fjárlaga til þess að kaupa húsnæði fyrir embætti forseta Íslands. En þar segir að fjmrh. sé heimilt að kaupa hús í nágrenni Arnarhvols fyrir Stjórnarráðið. Við töldum svo ekki vera. M.a. af landfræðilegum ástæðum. Reynt hefur verið að kaupa hús frá Lindargötu að Klapparstíg og niður að sjónum smám saman. Þar á meðal má nefna að keypt var hús Dagsbrúnar og Sjómannafélagsins einmitt á grundvelli þessarar heimildar en það var talið að þessi heimild nægði ekki og þess vegna er farið fram á það hér og nú að samþykkt sé sérstök heimild utan við 6. gr. í þessu fjáraukalagafrumvarpi.

Í öðru lagi var spurt um forsrn. og lagfæringar á því húsi og reyndar voru fleiri sem komu að því, það var hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og enn femur Kristín Ástgeirsdóttir. Það liggja fyrir fyrstu teikningar af breytingum á húsinu. Að sjálfsögðu verður haft samband við þá aðila sem sjá um húsfriðunarmál en eins og réttilega kom fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur þá hefur húsnæðið verið notað til ýmissa verka á undanförnum öldum. Þar á meðal og kannski frægast voru notin þegar þetta var fangelsi yfir sakamenn og má kannski segja að það hæfi vel að ríkisstjórnin fundi og hafi samastað í þessu húsi nú. Það verða ugglaust gerðar einhverja innri breytingar á húsinu til þess að það þjóni betur þeim tilgangi sem húsinu er ætlað. Þar á meðal þarf að færa til stiga og þess háttar í húsinu til þess að það þjóni betur sínu markmiði. En auðvitað verður það gert, eins og ég sagði áðan, í samráði við húsfriðunaraðila.

Varðandi Íslenska dansflokkinn þá skal það tekið fram að þetta er gamall kunningi í fjáraukalögum. Það er hárrétt. (**Gripið fram í:** Kunningi hverra?) Ekki kunningi lögreglunnar svo ég best viti þó að hv. þm. sem nú kallar fram í hafi sjálfsagt það í huga af einhverjum ástæðum. En nú hefur það gerst í málefnum dansflokksins að sett hefur verið ný stjórn og það hafa farið fram viðræður á milli ráðuneyta um málið og þess er vænst að árangur sé í sjónmáli.

Ég ætla ekki að ræða frekar um utanrrn. Það hefur verið gert áður og reyndar skýrði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nokkuð vandamál utanrrn.

Þá var spurt hér um Útvegsbankann og ég skal gefa svar við því. Til þess að samræma eftirlaunakjör fyrrum bankastjóra Útvegsbankans þá fór fjmrn. fram á það við Seðlabanka Íslands að bankinn endurreiknaði eftirlaunin og samkvæmt bréfi ráðuneytisins til bankans var settur sérstakur stofn til útreiknings eftirlaunanna. Stofn til ákvörðunar eftirlauna fyrrverandi bankastjóra Útvegsbankans eða maka þeirra skal vera föst laun bankastjóra Landsbanka Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Eftirlaun fyrrverandi aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans eða maka þeirra skal með sama hætti vera 80% af föstum launum bankastjóra Landsbanka Íslands. Þessi ákvörðun gildir frá og með desember árið 1993 og er í frv. til fjáraukalaga sótt um 25 millj. kr. vegna þessa. Um er að ræða 15 einstaklinga en starfshlutfall er mjög mismunandi. Meðallífeyrir eftir endurreikning á eftirlaunum nemur 209 þúsundum á mánuði. Þetta er gert vegna þess að það höfðu komið fram eðlilegar óskir um það og það var um það vélað í upphafi í samningum þegar Útvegsbankinn var lagður niður. Seðlabankinn reiknar þetta út þannig að það byggir á þessum útreikningi og ríkissjóður verður að sjálfsögðu að greiða það sem fyrir okkur er lagt í þessum efnum eins og öðrum ríkisviðskiptabönkum er greitt. Og þetta er leiðréttting sem gildir aftur í tímann og mér er ekki kunnugt um að í þessu séu neinir dráttarvextir. Það kannast ég ekki við.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og reyndar líka hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson ræddu um neyðarsímsvörunina. Ég ætla aðeins að geyma mér að ræða um það en segja það fyrst vegna ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur að þessar 140 milljónir kr. til Vestfjarða eru að ósk Byggðastofnunar og vegna þess að málefni hennar voru hér aðeins til umræðu þá liggur fyrir skýrsla Ríkisendurskoðunar og ég vísa aðeins til ummæla formanns stjórnar Byggðastofnunar og hæstv. forsrh. sem báðir eru þeirrar skoðunar að skoða eigi stofnunina með hliðsjón af því sem Ríkisendurskoðun segir.

Varðandi félmrn. og Framkvæmdasjóð fatlaðra þá er aðeins um leiðréttingu að ræða þannig að tekjur sjóðsins aukast en notkunin er sú almenna lögbundna notkun sjóðsins eins og menn vita sem er bæði fjárfesting en einnig til rekstrar upp á síðkastið.

Þegar rætt er um heilbr.- og trn. verða menn að hafa í huga að til þessa málaflokks renna 50 milljarðar kr. þannig að 1 milljarður til eða frá er 2% skekkja. Þetta verða menn að hafa í huga þegar rætt er um þetta ráðuneyti og óskapast yfir háum skekkjutölum innan þess. Ég held að aðalatriði málsins sé það, eins og ég hef reyndar áður sagt, að sé litið yfir útgjöld þessa ráðuneytis á undanförnum árum þá eru þau nokkuð stöðug og á föstu verðlagi hafa þau smám saman hækkað, það er ekkert óeðlilegt við það og það eru engar dýfur eða gífurlegur niðurskurður sem hefur átt sér stað í þessum málaflokki. Ég er hérna með talnarunu frá árinu 1990 sem sýnir að á sama verðlagi hefur hækkunin frá 1990, sem reyndar er nokkuð lágt ár, verið frá 47,8 milljörðum upp í 51 milljarð og 500 milljónir. Þetta er það sem hefur breyst á þessum tíma. Það er aðeins á einu ári sem það nær því að vera svipað nú í ár og á undanförnum tveimur árum og það er á árinu 1991. Markmiðið hefur verið að reyna að hemja útgjaldaaukann í þessum ráðuneytum. Það þekkja þeir

þingmenn sem til að mynda hafa þurft að vera ráðherrar yfir þessu málaflokki.

Varðandi einkavæðinguna, þá skal ég geta þess að það er aðeins hluti af þessum kostnaði sem rennur til verðbréfafyrirtækjanna. Eins og ég gat um fyrr í andsvari mínu eru þau verðbréfafyrirtæki sem hafa fengið greiðslur frá einkavæðingarnefnd Skandia, Handsal og Kaupþing og öll þessi fyrirtæki hafa fengið greiðslur fyrir verkefni sem hafa verið unnin eftir að útboð fór fram. Með öðrum orðum hafa þau fengið verkefni á grundvelli útboða. Því auðvitað verður einkavæðingarnefndin að vera sjálfri sér samkvæm.

Þá kem ég að neyðarsímsvöruninni, þá er ástæða til þess aðeins að skýra það með nokkrum orðum. Það áttu sér nefnilega stað mistök við undirbúning fjárlaganna. Hér er verið að leiðrétta það að nokkrum hluta, en við undirbúning fjárlaganna fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir 25 millj. til reksturs Neyðarlínunnar hf. og 15 millj. í stofnbúnaðarkaup og markaðssetningu. Stuttu áður en lokið var við gerð fjárlaga var útséð að lækka mætti áætlaðan kostnað vegna stofnkaupa. Aðstoðarmaður dómsmrh. og skrifstofustjóri fjmrn. urðu sammála um að strika út stofnkostnaðinn. Vegna mistaka, sem skrifast á fjmrn. við uppsetningu fjárlaga, hafa tölur fyrir rekstrarkostnað og stofnkostnað víxlast og var því strikuð talan 25 millj. en ekki 15, þannig að vöntunin var orðin 10 millj. Aðstoðarmaður dómsmrh. hafði gleymt því að í samningi var ákvæði um að Neyðarlínunni skyldu greiddar 5 millj. árið 1996 til markaðssetningar og kynningarmála og 2 millj. 1997 þannig að samanlagt var skekkjan komin upp í 15 millj. sem er að fullu í samræmi við samning Neyðarlínunnar og dómsmrn. Þetta þarf að skýra. En frá þessum tíma hefur Ríkisendurskoðun farið yfir málefni Neyðarsímsvörunarinnar og að mati Ríkisendurskoðunarinnar, sem var að skila sínu áliti núna fyrir örskömmu síðan, er hagræði ríkissjóðs á fyrirkomulaginu við rekstur Neyðarvarðstöðunnar alveg ótvírætt til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Og það segir, ég leyfi mér að vitna orðrétt í þessa skýrslu:

„Miðað við ofangreindar forsendur má ætla að kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaganna vegna þess fyrirkomulags sem viðhaft var vegna reksturs sameiginlegrar neyðarvaktstöðvar á grundvelli laga nr. 25/1995 sé alls um 227–243 millj. kr. lægri en frumáætlun gerði ráð fyrir á því 8 ára tímabili sem samningur dómsmrn. fyrir Neyðarlínuna nær til. Á ársgrundvelli er um að ræða 28–30 millj. kr.“ Þetta þarf að koma fram vegna þess að þetta þýðir að samningurinn gerir miklu betur heldur en boðað var þegar lögin voru sett og ég minni hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson á að hann var einn þeirra sem samþykktu upphaflegu áætlunina, bæði sem þingmaður og eins líka gaf hann út nefndarálit sem hann skrifaði undir og tók að fullu þátt í störfum varðandi undirbúning Neyðarlínunnar í allshn. Það sýnir sig að árangurinn er betri heldur en þeir sem afgreiddu málið á sínum tíma máttu vænta og er það vissulega gleðiefni þegar okkur tekst betur en upphaflegar áætlanir stóðu til.

Virðulegi forseti. Mér gefst ekki tími til þess að ræða merkilegt mál sem nokkuð hefur borið hér á góma og varðar samskipti framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins og stofnunarinnar Alþingis. Það verður að bíða betri tíma. Mér hefur fundist þessar umræður hér kannski snúast meira og minna um það hvort ástæða sé til þess að endurgera hús hér í nágrenninu og ég held að menn deili ekkert um að það er áreiðanlega æskilegt, bæði nauðsynlegt umhverfisins vegna og til þess að viðhalda eignum Alþingis og einnig til hins að alþingismenn geti haft sómasamlegar aðstæður. Mér hefur hins vegar, og ætla ekki að taka upp umræðu um það, fundist nokkuð skorta á að þessir tveir aðilar kæmu sér saman um ýmsar verklagsreglur sín á milli.

Ég vil að það komi fram hér að í mínum huga er nauðsynlegt að Alþingi eins og aðrar stofnanir viðurkenni það að samkvæmt þingræðisreglunni, samkvæmt stjórnarskránni og samkvæmt stjórnarráðslögum og reglugerð sem byggð er á stjórnarráðslögunum og er undirrituð af forseta Íslands, þá bera ráðherrar ábyrgð á málaflokkum og framkvæmd málaflokka sem Alþingi hefur ákveðið. Þar á meðal er það skylda þeirra að leggja fram frumvörp og undirbúa frumvörp og þeir bera ábyrgð á fjármálalegum ákvörðunum sem heyra undir þá sem ráðherra og í því tilliti gegnir sama máli um Alþingi, Hæstarétt, forsetaembættið og allar þær stofnanir sem undir ríkið heyra. Þetta er mjög mikilvægt að menn átti sig á vegna þess að ráðherrarnir eru þeir einu sem geta borið ábyrgð á þessu samkvæmt stjórnarskránni.

Þetta vildi ég að kæmi fram. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar vegna þess að í fjáraukalagafrv. séu ákvæði sem ég er á móti. Þvert á móti legg ég fram þetta frv. eins og það er og mælist eindregið til þess að það sé samþykkt í öllum atriðum en segi einungis þessi orð vegna þess að mér fannst skorta meira á þau í umræðunni. Umræðan snerist meira um það hvort það væri eðlilegt að Alþingi endurbyggði hús eða ekki. Það er ekki það sem mér finnst vera kjarninn í þessari umræðu.

Ég veit að það gefst miklu betra tækifæri til þess síðar að ræða þessi mál og þess vegna ætla ég ekki, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta, en læt máli mínu lokið og vænti þess að hv. þing afgreiði þetta frv. eins og ég hef lagt til.

[15:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um einstök atriði sem hér hefur borið á góma eins og neyðarsímsvörunina. Ég vil þó segja það eitt um það að það kom að því að hæstv. ráðherra hlustar á Ríkisendurskoðun og er henni sammála í einu og öllu og guð láti gott á vita ef svo fer fram sem hún spáir fyrir um sparnað af neyðarsímsvörun. Það sem ég vildi hins vegar eyða minni einni og hálfri mínútu í er einmitt þetta sem hæstv. ráðherra gerði að sínum lokaorðum og það eru samskipti í okkar stjórnskipan, hvernig við viljum halda á málum í samskiptum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds, m.a. um meðferð fjár og hvernig að ákvörðun skuli staðið varðandi fjárlagafrv.

Ég vil minna hv. þm. á það þó að það sé ástæðulaust hvaða undirstofnanir heyra undir hið háa Alþingi. Það eru ekki ómerkari stofnanir heldur en umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðun, tvær stofnanir sem undir engum kringumstæðum mega og eiga að sækja sitt undir framkvæmdarvaldið því að þær hafa því heilaga hlutverki að gegna að líta gagnrýnum augum á þetta sama framkvæmdarvald og eiga þess vegna ekki að þurfa að sækja eitt né neitt undir það heldur njóta skjóls hv. Alþingis. Þannig hefur það gengið býsna vel. En maður hefur auðvitað af því áhyggjur ef skilningur hæstv. fjmrh. er með þeim hætti byggður á reglugerðarákvæði um stjórnskipan lýðveldisins sem er auðvitað ekki lagaígildi, að frumkvæðið um ráðstöfun fjár eigi að koma frá framkvæmdarvaldinu til hins háa Alþingis og þeirra mikilvægu undirstofnana. Ég dreg það mjög í efa og held að við þurfum mjög ítarlega umræðu um þau mál og

það fyrr en síðar. Það má enginn velkjast í vafa, hvorki í þessum sal né þjóðfélaginu öllu um það hvernig þeim málum er háttað. Ég hvet því mjög til þess, virðulegi forseti, að við tökum þá umræðu og gefum okkur góðan tíma í hana.

[15:55]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við mínum fyrirspurnum. Ég vildi aðeins fylgja örlítið eftir fyrirspurn minni varðandi samninginn við fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Ég spurði um hve marga einstaklinga væri að ræða og svarið er að þeir séu 15 og að mánaðargreiðslur séu um 209 þús. kr. En ég spurði líka hvort einhverjir þessara einstaklinga gegndu störfum eftir sem áður, þetta væru ekki aðeins eftirlaunaþegar heldur fólk að störfum úti í þjóðfélaginu og hvort þeir fengju þá þessi laun alveg óháð því hvort þeir sinna störfum og þiggja laun fyrir þau annars staðar.

[15:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki svarað þessu svo tæmandi sé. Ég hygg að yfirgnæfandi flestir séu hættir störfum og í hópnum eru að sjálfsögðu líka eftirlifandi makar. Flest þetta fólk er komið yfir sjötugsaldur því að eins og allir vita var starfsemi bankans hætt fyrir allmörgum árum síðan.

Það kann að vera að til skamms tíma hafi einhverjir verið að störfum en ég býst við því að í þessum efnum eins og víðast annars staðar fái fólk ekki eftirlaunin fyrr en eftir tiltekinn aldur. En ég get utan þessa fundar reynt að afla ítarlegri upplýsinga um málið og skal koma þeim til þingmannsins, en því miður hef ég ekki þessar upplýsingar nákvæmlega hjá mér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tóbaksverð og vísitala, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 82. mál. — Þskj. 83.

[15:58]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um tóbaksverð og vísitölu. Þessi tillaga hefur verið flutt mjög svipuð áður, en er endurflutt hér í nokkuð breyttri mynd. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram í upphafi næsta þings og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1998."

Greinargerðin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í lok síðasta þings voru samþykktar allveigamiklar breytingar á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, ekki síst í því skyni að hamla gegn tóbaksneyslu barna og unglinga. Breytingar þessar voru vissulega til bóta og eru líklegar til nokkurs árangurs. Þar er þó ekki gripið til þess úrræðis sem telja má hvað áhrifaríkast til þess að minnka tóbaksneyslu ungmenna, þ.e. raunhækkunar á tóbaksverði.

Almennt er viðurkennt — og styðst við fjölda athugana — að sterk tengsl séu milli tóbaksverðs og tóbaksneyslu. Sé tóbaksverð hækkað er reglan sú að það leiðir til minni tóbaksneyslu. Svonefnd verðteygni, þ.e. þau áhrif sem ætla má að hækkun umfram almennar verðbreytingar hafi á neyslu virðist hvað tóbak snertir vera á bilinu mínus 0,3 til mínus 0,6 en það merkir að hækki tóbaksverð um 10% verði neyslan frá 3% í allt að 6% minni en hún hefði ella orðið.

Ítarleg bresk rannsókn sýndi að tóbaksverð hafði áhrif á tóbaksneyslu í öllum tekjuhópum þjóðfélagsins en hlutfallslega því meiri sem tekjur voru lægri. Einnig hefur verið sýnt fram á að eftirspurn eftir tóbaki er í öllum aldursflokkum háð tóbaksverði. Mest eru áhrifin á tóbakskaup unglinga og ungs fólks, svo sem fram hefur komið í rannsóknum í Bandaríkjunum og Kanada. Athyglisvert er að verðið hefur ekki síður áhrif á það hve margir reykja en hitt hve mikið er reykt.

Ljóst er því að veruleg hækkun tóbaksverðs umfram almennar verðhækkanir getur verið áhrifamikið tæki til að draga úr tóbaksneyslu almennt og ekki síst til að koma í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja.

Á þessu er byggt í íslensku heilbrigðisáætluninni frá 1991 þar sem mælt er með slíkum hækkunum tóbaks og áfengis í því skyni að draga úr neyslunni. Þar sem heildarneysla minnkar hlutfallslega minna en verð hækkar mundi verðhækkunin auk þess ekki leiða til tekjutaps fyrir ríkissjóð heldur tekjuaukningar.

Í nefndaráliti heilbr.- og trn. Alþingis um frv. til áðurnefndra breytinga á lögum um tóbaksvarnir segir að rætt hafi verið um það í nefndinni „hvort æskilegt væri að hækka verð á tóbaki í forvarnarskyni" en það sé „tæknilega erfitt vegna tengsla tóbaks við vísitölu neysluverðs" og sé engin tillaga flutt af nefndinni um það.

Þáltill. þessi miðar að því að rjúfa slík tengsl með því að jafnhliða útreikningi hefðbundinnar vísitölu neysluverðs verði reiknuð sérstök vísitala án tóbaks til að nota við ákvarðanir um lánskjör. Þess má geta að þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg, hafa þegar farið þessa leið í samræmi við tilmæli frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Getið skal að lokum könnunar sem Hagvangur gerði fyrir tóbaksvarnanefnd árið 1991. Meiri hluti þeirra sem afstöðu tóku lýsti sig fylgjandi því að tóbaksverð hefði ekki áhrif á framfærsluvísitölu. Jafnvel í hópi þeirra sem reyktu var meiri hlutinn þessu fylgjandi."

Kjósendur eru að langmestu leyti hlynntir því að sérstakar reglur gildi um tóbak sem neysluvöru.

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. og forsrh. hafa áður verið spurðir um möguleika þess að taka tóbak út úr vísitölunni þannig að hægt væri að hækka verð á tóbaki verulega í forvarnaskyni. Hæstv. ráðherrar hafa svarað því til að tæknilega væri það hægt, en ekki í framkvæmd. Evrópusambandið beinir þeim tilmælum til aðildarlanda sinna að fara þessa leið og því hlýtur hún að vera fær ef pólitískur vilji er fyrir hendi eins og var í Belgíu, Frakklandi og Lúxemborg.

Vísitala neysluverðs mælir neyslu meðalfjölskyldu hvort sem neyslan er heilsusamleg eða ekki. Neyslan er mæld á fimm ára fresti og breytist milli kannana og tekur þar af leiðandi tillit til minnkandi tóbaksneyslu Íslendinga eins og hún hefur verið undanfarin ár, en því miður hafa síðustu kannanir sýnt að aukning hefur orðið á reykingum núna í allra síðustu könnun.

Eitt er að mæla neysluna og annað mál er hvort það þyki eðlilegt að telja tóbak með neysluvöru þegar reikna á

út lánskjaravísitölu. Tóbak er sterkt ávanabindandi efni sem hefði átt fyrir mörgum árum að flokkast sem slíkt. Krabbameinsvaldandi efni tóbaksins eru vel þekkt og ætti því að vekja enn frekari spurningar um hvort eðlilegt geti talist að láta þessa vöru hafa áhrif á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Það að taka tóbakið út úr vísitölu sem notuð er til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár er spurning um pólitískan vilja því að útreikningurinn er ekki flókinn. Þáltill. fellur að tíu markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í tóbaksvörnum. Hvort eiga að ráða heilbrigðissjónarmið eða gróðavon tóbaksfyrirtækja þegar ákvarðanir eru teknar um verðlagningu og dreifingu tóbaks? Eða á að hugsa um skatttekjur ríkisins af sölu tóbaks og láta þau sjónarmið ráða? Ástæða er til að ætla að beinar tekjur af tóbakssölu muni aukast á næstunni verði þessi þáltill. samþykkt þó svo salan minnki af þessum sökum.

Þegar tóbak á í hlut eiga heilbrigðissjónarmið að ráða og ákvarðanir teknar út frá þeim sjónarmiðum eins og mælt er fyrir í nýjum tóbaksvarnalögum og íslenskri heilbrigðisáætlun. Minnkun tóbaksnotkunar og þá sérstaklega reykinga er þjóðhagslega hagkvæm því að það fækkar sjúklingum og dauðsföllum af völdum tóbaks. Minnkun tóbaksnotkunar lækkar kostnað í heilbrigðiskerfinu vegna færri sjúkrahúsinnlagna og lægri lyfjakostnaðar. Minni tóbaksnotkun eykur þjóðarframleiðslu þar sem færri deyja ótímabærum dauða og færri eru fjarverandi frá vinnu vegna tóbaksneyslu og tóbakstengdra sjúkdóma.

En er tóbakið svo skaðlegt að ástæða sé til þess að vera með sérstakan útreikning í vísitölunni? Svar mitt er já. Vara sem er enn seld sem neysluvara en er í raun samkvæmt nýlegum rannsóknum jafnávanabindandi efni og heróín og kókaín hlýtur að hafa sérstöðu í neyslunni. Á árinu 1990 er talið að 3 milljónir manna hafi dáið ótímabærum dauða af völdum reykinga og þessi tala fari í 10 millj. árið 2020 og þetta er samkvæmt spá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Ef við lítum á íslenskar tölur, þá valda reykingar um 80 krabbameinsdauðsföllum á ári, 1–2 á viku. Konum sem látist hafa úr lungnakrabbameini hefur stöðugt fjölgað og hafa verið fleiri en karlar núna síðustu árin. Fjöldi kvenna sem látast úr brjósta- og lungnakrabbameini er nú svipaður. Af 878 krabbameinstilfellum sem greindust 1993 voru 115 krabbameinstilfelli af völdum reykinga. Af þessum tölum má áætla að um 200 tilfelli muni greinast af völdum reykinga árið 2000.

Um 150 reykingatengd dauðsföll eru nú árlega af völdum kransæðasjúkdóma og önnur 25 af völdum lungnaþembu og berkjubólgu. Alls eru þetta því um 250 Íslendingar sem deyja árlega ótímabærum dauða af völdum reykinga. Að mínu mati er þetta næg ástæða til þess að taka tóbakið og tóbaksneysluna alvarlega og gera sérstakar ráðstafanir til þess að hækka verð á tóbaki. Þessi upptalning ætti að vera okkur næg ástæða til þess að koma á öllum þeim takmörkunum á tóbaksnotkun sem við verður komið, sérstaklega þegar ungt fólk og unglingar eiga í hlut. Nýjar rannsóknir sýna að fólki sem byrjar ungt að reykja er hættara en öðrum reykingamönnum við tóbakstengdum sjúkdómum. Tóbakið er auk þess oft fyrsti vísirinn að neyslu ólöglegra fíkniefna.

Einmitt þess vegna og vegna þeirrar vitneskju sem við höfum fengið um þróun fíkniefnaneyslu ungs fólks hér á landi er rétt að spyrjast fyrir um frétt af landsfundi sjálfstæðismanna þess efnis að það eigi að færa sölu tóbaks úr höndum ÁTVR, eða Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, til dreifingaraðila og eins um nýfrágengnar reglur um innkaup Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á tóbaki.

ÁTVR hefur haft einkasölu á tóbaki yfir 60 ár og hefur undanfarin ár unnið eftir stefnu stjórnvalda í tóbaksvörnum, þ.e. stofnunin hefur verið íhaldssöm á að hleypa nýjum tegundum inn á markaðinn. Ástæða þess er einföld. Fjöldi kannana sýna að fólk sem reykir er mjög fastheldið á sína tegund. Um 20% skipta á milli tegunda. Flestir skipta á milli styrkleika innan sömu tegundar og aðeins um 2% skipta um tegund. Varla eru þessi 2% nægilega stór markaður fyrir nýjar sígarettutegundir, enda er það ekki. Nýjar tegundir höfða mest til unglinga, þeirra sem ekki reykja og hvetur fólk sem reykir til að halda áfram reykingum.

Beinar auglýsingar eru bannaðar á Íslandi, en við vitum vel hvernig auglýsingabanni áfengis er nú framfylgt og það er barnaskapur að halda að fyrirtæki eins og Philip Morris, sem er sterkast á tóbaksmarkaðnum í dag, komi sinni vöru ekki á framfæri í svo miklum mæli að þeir festist á markaðnum. Þá munar ekki um að kaupa upp þær birgðir sem þarf til að komast inn með fulla markaðshlutdeild. Við höfum í engu skuldbundið okkur til að breyta skipulagi og innkaupum tóbaks. Herra forseti. Því vil ég fá að beina orðum mín til hæstv. fjmrh. og spyrja eftirtalinna spurninga:

Hvers vegna var innkaupareglum ÁTVR breytt? Er það stefna fjmrn. að umboðsmenn annist sjálfir dreifingu tóbaks í stað ÁTVR? Tóbakstegundum fjölgar með nýjum innkaupareglum og hvernig samræmist það stefnu nýju tóbaksvarnalaganna og íslenskri heilbrigðisáætlun? Var haft samráð við tóbaksvarnanefnd og heilbrrh. um málið? Ætlar fjmrh. að beita sér fyrir hærri framlögum til tóbaks- og fíkniefnavarna til að vega upp á móti þessum aðgerðum? Er það rétt að tóbaksfyrirtæki Philip Morris hafði ekki áhuga á að vera inni á íslenska markaðnum á meðan núverandi aðvörunarmerkingar eru í gildi en sækjist eftir því nú eftir að við verðum að taka upp samræmdar merkingar Evrópusambandsins en þær eru mun minni og margar lítt áberandi?

Herra forseti. Ég vænti svara frá hæstv. fjmrh. og legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og til hv. heilbr.- og trn.

[16:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. sem er athygli verð og ég held að það sé ekkert nema sjálfsagður hlutur að hún sé skoðuð ofan í kjölinn. Ég ætla ekki hér og nú að lýsa yfir stuðningi eða mótmælum við flutninginn. Ég vil einungis segja að það hefur verið þannig hér að menn hafa talið að í framfærsluvísitölu ættu að vera öll útgjöld alveg burt séð frá því hvort þau eru góð eða vond. Í teoríunni hefur stundum verið sagt að í raun og veru ef menn byrja á því að taka út úr vísitölunni eitthvað sem er vont, þá sé hætta á því að stjórnvöld eða þeir sem ráði vísitölunni, sem á að vera föst mælieining eins og sentimetrar eða millimetrar, geti breytt sentimetra- og millimetratalinu, geti breytt kannski 1 sm í 9 mm eða 11 mm eftir því sem þeirra eða ríkisvaldsins hagur er hverju sinni. Þess vegna hafa menn verið mjög íhaldssamir að breyta vísitölum. Það hefur reyndar gerst og ég held að þegar það gerðist síðast, þá hafi það heldur skaðað okkur en hitt að vera að hringla til í vísitölunni. Við erum ólíkt öðrum þjóðum mjög háðir vísitölu og mér er kunnugt um það að t.d. hugsanlegir kaupendur verðbréfa á Íslandi hafa hikað nokkuð þegar þeir sá hve mikla möguleika stjórnvöld hafa

á því að breyta vísitölunni. Þetta veldur ákveðnu óöryggi vegna þess hve mikið við notum vísitölutengingar.

Ég hygg hins vegar að það sé alveg hárrétt hjá hv. flm. að hjá öðrum þjóðum og sérstaklega þar sem tóbaksverð var sér í lagi lágt, þá hafi þetta verið vörn samfélagsins. Ef einhverjar tengingar voru og vísitöluviðmiðanir, þá hefði það verið vörnin að kippa varningi eins og tóbaki sem allir eru sammála um að er óhollt að neyta, út úr vísitölunni til þess að geta hækkað varninginn í verði verulega. Og vissulega eru rök fyrir því að fara þessa leið hér á landi. Ef menn ætluðu að hækka útsöluverð verulega, þá kæmi slíkt auðvitað til álita. Ég ætla ekki að segja neitt eða hafa álit á því á þessari stundu. Mér finnst eðlilegt að málið fái skoðun í nefndinni.

Ég vil þó segja að ég er alveg sammála því sem kemur fram í greinargerðinni að það eru án efa mjög sterk tengsl á milli verðs og neyslu. Ég held að það sé ekki nokkur minnsti vafi og ég hef verið stuðningsmaður þess að halda uppi verði á tóbaki einmitt í því skyni að fá fólk til þess að hætta að reykja eða koma í veg fyrir að fólk reyki.

Ég vil einnig að það komi fram að í raun hefur tóbak verið hækkað nokkuð í verði vegna þess að Forvarnasjóður hefur fengið meira en hann fékk áður. Ég hygg að það hafi orðið nánast þreföldun framlaga í sjóðinn vegna lagabreytingar á síðasta þingi og þingið tók af ráðuneytunum ráðin. Þau höfðu samið sín á milli um það hve mikið væri eðlilegt að setja í sjóðinn en þingið tók af ráðin og sýnir það glöggt hver valdið hefur þegar kemur að löggjöfinni og er gott dæmi um það.

Síðan kem ég að spurningum sem beint var til mín og ég skal reyna að svara þeim. Í fyrsta lagi er spurt: Hvers vegna var innkaupareglum ÁTVR breytt? Því er til að svara að fyrir um það bil ári barst bréf til fjmrn. og ÁTVR þar sem bent var á að innkaupareglur Áfengisverslunarinnar brytu í bága við íslenska löggjöf og var tilnefnt samkeppni- og jafnræðissjónarmið. Við nákvæma skoðun á þessu í fjmrn. var komist að þeirri lögfræðilegu niðurstöðu að okkur væri ekki stætt á því að halda úti sömu reglum og við höfðum haft, en þær voru nánast þær að forstjórinn réð nákvæmlega öllu um það hvernig innkaupum væri háttað. Okkur ber að hafa regluna þannig samkvæmt íslenskum rétti og ekki síst eftir síðustu stjórnarskrárbreytingar að þær séu gagnsæjar og veiti jafnan aðgang, a.m.k. að ákveðnu marki. Þess vegna skrifaði fjmrn. stjórn ÁTVR bréf og bað um að settar yrðu innkaupareglur eins og reyndar hefur verið gert áður varðandi áfengi. Sú ákvörðun kom frá stjórn ÁTVR fyrir skömmu, í síðustu viku, þar sem settar voru niður ákveðnar reglur um það hvernig ætti að fara að og til þess að menn ættu möguleika á aðgangi inn á íslenska markaðinn. Ráðuneytið staðfesti þessar reglur en jafnframt var tekið fram í bréfi stjórnarinnar til ráðuneytisins að þetta væri gert til bráðabirgða og í trausti þess að ráðuneytið beitti sér fyrir því að tóbak yrði ekki lengur til sölu í gegnum ÁTVR. Ég er stuðningsmaður þess. Og þegar vitnað er til landsfundar, þá samþykkti landsfundur Sjálfstfl. að leggja niður ÁTVR. Það var reyndar gegn mínum vilja því að ég óskaði eftir því að þessari tillögu yrði vísað til miðstjórnar og þingflokks. Ég lýsti hins vegar yfir á landsfundinum sem vitnað er hér til að ég teldi eðlilegt að þeir heildsalar sem flytja inn tóbak keyrðu það sjálfir í verslanirnar, að það væri ekki hlutverk ríkisins að þjóna tveimur eða þremur heildsölum í bænum. Það er fyrst og fremst það sem ríkið gerði í dag. Það sem skipti hins vegar mestu máli væri að ríkið tæki gjald þegar í tolli þannig að ríkið fengi sína fjármuni strax, bæði til þess að styrkja ríkissjóð auðvitað sem er annar þáttur þess að við stöndum fyrir þessu og hins vegar til að útsöluverð tóbaks komi í veg fyrir eða haldi mönnum frá reykingum.

Þá var spurt hvort samráð hefði verið haft við heilbrrh. eða tóbaksvarnanefnd. Ég held að ég geti alveg fullyrt að fjmrn. gerði það ekki. Ég skal ekki fullyrða hvort stjórn ÁTVR hefur formlega eða óformlega haft slíkt samráð, en ég hef ekki heyrt af því. Ég hef efasemdir um það en það eru kannski aðrir færari um að svara því en ég.

Ég hef svarað nú þegar að ég tel að verðið hafi mikla þýðingu. Framlögin hafi verið hækkuð. Og vegna þess að spurt var um Philip Morris sem mun vera stærsti eða annar stærsti framleiðandi í heimi, þá er það rétt að kvörtunin kom upphaflega frá því fyrirtæki sem flytur inn Philip Morris sígarettur. Þeir framleiða, Philip Morris, Marlboro og fleiri mikið seldar sígarettutegundir og það var fallist á þá röksemd lögmannsins að við gætum líkast til ekki búið við þær reglur eða regluleysi sem viðhaft hafði verið hjá ÁTVR. Ég vona að þetta skýri að nokkru leyti það sem óskað var eftir í ræðu hv. flm.

[16:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru ansi merkilegar umræður sem hér eru að eiga sér stað og upplýsingarnar sem koma fram í svari við þessari ágætu spurningu frá hv. þm. Þuríði Backman eru mjög merkilegar. Ég fæ ekki séð annað en hæstv. fjmrh. sé að segja það við þingheim að vegna þess að stór risi í framleiðslu sígarettuvarnings óskar eftir því að reglum á Íslandi verði breytt til þess að auðvelda honum að komast inn á markaðinn, þá er óskað eftir því að slíkum reglum verði breytt.

Hæstv. fjmrh. upplýsir það líka að hann veit ekki til þess og hann dregur í efa að það hafi verið haft samband við tóbaksvarnanefnd og veit ekki um heilbrrn. Satt að segja trúi ég þessu varla, herra forseti, og ég verð að biðja hæstv. fjmrh. að upplýsa hér: Hver er það? Hvaða stjórnvald var það sem óskaði eftir því að þessum reglum yrði breytt hjá ÁTVR? Og getur hæstv. fjmrh. fullvissað þingheim um það í framhaldi af þessum umræðum að þetta sé ekki gert til þess að hjálpa Philip Morris til að koma með þennan varning inn á íslenskan markað? Ég vek athygli á því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. orðaði það svo að þessi breyting væri gerð til þess að menn ættu möguleika til þess að koma með ný merki inn á íslenska markaðinn. Eru það kannski merkin Philip Morris? Ég spyr.

Ég vek líka athygli á því, herra forseti, að það að opna nýjum merkjum leið inn á markaðinn hlýtur að leiða til þess sem við vorum í fyrra að reyna að koma í veg fyrir, þ.e. að menn færu í óbeinar auglýsingar.

Herra forseti. Ég tel að hér hafi hæstv. fjmrh. sem yfirleitt talar manna skýrast, gefið það loðin svör að það sé algerlega nauðsynlegt að hann hreinsi loftið í þessum efnum.

[16:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði það mjög skýrt í mínu máli áðan að óskin til stjórnar ÁTVR hefði komið frá fjmrn. og ég skýrði af hverju það er. Menn verða að sætta sig við það að farið sé að reglum og lögum. Jafnvel þegar verslað er með hluti eins og tóbak og áfengi, þá verðum við að sætta okkur við það að fara að öðrum lögum og fara eftir tilgangi

laganna, þeirra laga sem við sjálf höfum sett. Það var mat þeirra lögfræðinga sem beðnir voru um álit á málinu eftir að hafa legið yfir því nokkurn tíma að við yrðum að breyta reglunum.

Nú skal það tekið fram að samkvæmt þeirri breytingu sem átt hefur sér stað, þá er ekki ... (**Gripið fram í:** Hvaða lögfræðingum?) Þar á meðal lögfræðingum ráðuneytisins, og þá skal það tekið fram að það er í raun og veru engin trygging fyrir því að Philip Morris komi sínum vörum að. Þessu er skipt upp. Tóbaki er deilt í þrjá söluflokka, þ.e. kjarna, reynsluflokk og sérpantanir líkt og gerðist með áfengi á sínum tíma. Síðan fellur út sala á vissum tegundum, þeim sem ekki seljast í nægilegu magni, eftir nokkra mánuði. Það skal tekið fram að þessi nýja reglugerð tekur gildi í febrúar á næsta ári og þeir sem óska eftir því að koma inn á markaðinn með nýjar tegundir verða að bera allan kostnað af því. Hér er þess vegna, held ég, um alveg eðlilega ráðstöfun að ræða. Það er ekki verið að lækka verð á tóbaki heldur einungis verið að sinna þeim nauðsynlegu atriðum sem þarf að sinna þegar menn eru að versla með hluti og það er að gæta þess að fylgt sé íslenskum lögum og þeim tilgangi þeirra laga sem við sjálf höfum sett á hinu háa Alþingi.

[16:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að hafa hreinsað talsvert loft í þessum efnum. En ég er honum algerlega ósammála þegar hann segir að viðhöfð hafi verið eðlileg vinnubrögð. Ég get ekki sem formaður heilbr.- og trn. tekið undir að það séu eðlileg vinnubrögð að breyta reglum um innkaup tóbaksvarnings og leita ekki einu sinni eftir áliti tóbaksvarnanefndar. Auðvitað veit hæstv. fjmrh. að það eru vinnubrögð sem eru ólíðandi og sem eru óásættanleg og eru algerlega ólík öllum hans vinnubrögðum.

Herra forseti. Mér finnst þetta mjög undarlegt. En hæstv. fjmrh. á eftir að staðfesta það í þessum stóli að þetta sé ekki gert til þess að Philip Morris og einhver fyrirtæki tengd því geti komið nýjum vindlingum inn á íslenskan markað. Og mér finnst að það sé nauðsynlegt að það komi fram hérna.

[16:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið mjög skýrt fram í mínu máli að þeir sem í raun og veru kröfðust breytinganna eru íslenskir aðilar sem flytja inn sígarettutegundir og sjálfsagt annað tóbak frá Philip Morris. Það er lögfræðingur þeirra sem fer fram á það að reglunum verði breytt og á það er fallist. Hins vegar eru reglurnar þannig að það er ekki hægt að tryggja, hvorki fyrir hann né aðra, að þær vörur verði til lengri tíma á boðstólum. Það verður farið eftir þeim reglum sem í gildi eru.

Það skal tekið fram að á sínum tíma voru fluttar inn vörur frá Philip Morris, en frá því var horfið af því að þeir fengust ekki til að merkja pakkana samkvæmt íslenskum lögum. Nú hefur komið fram að þeir munu að sjálfsögðu fara að íslenskum lögum og tilmælum Evrópubandalagsins um þau efni.

Þetta vil ég að komi fram. Þetta snýst ekki um það að verið sé að auka reykingar hér á landi. Það er mikill misskilningur. Þvert á móti verður verðstefnunni, sem hér hefur verið fylgt, að sjálfsögðu fylgt áfram.

[16:27]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þeim málflutningi sem hér fer fram. Sem varaformaður heilbr.- og trn. verð ég að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. fjmrh. Hæstv. ráðherra talar eins og um eitthvert aukaatriði sé að ræða. Hér er sko alls ekkert aukaatriði á ferð. Þetta er stefnumarkandi, það sem verið er að gera varðandi nýju reglurnar. Það er algerlega verið að fara gegn forvarnasjónarmiðum, algerlega og hæstv. ráðherra veit ekkert um það hvort haft var samráð við heilbrrn. eða tóbaksvarnanefnd. Þá er best að upplýsa það að samkvæmt tóbaksvarnalögum skal fjmrn. hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Leita skal álits nefndarinnar um allar reglugerðir. Þetta hefur hæstv. ráðherra væntanlega ekki gert. Hins vegar gerði stjórn ÁTVR það og það segir í áliti tóbaksvarnanefndar að nefndin mælir gegn reynslusölu tóbaks. Hún er mjög harðorð, tóbaksvarnanefnd, gegn þessum nýju reglum. Og hvað segir heilbrrn. sem fer með yfirstjórn þessara mála? Þau eru líka neikvæð í heilbrrn. Þau segja: „Ráðuneytið telur að hugsanlegt er að rýmkun reglna um sölu tóbaks geti haft neikvæð áhrif í þessu efni." Í forvarnaefnum. „Í ljósi framangreinds styður ráðuneytið þær athugasemdir sem fram koma í hjálögðu svari tóbaksvarnanefndar."

Þetta er mjög skýrt og það er ágætt að upplýsa hæstv. fjmrh. um þetta. Og ég vil spyrja í ljósi þess sem kom fram hér um þetta lögfræðilega álit: Af hverju er það ekki lagt fram? Ég stórefa að það sé til. Hvar er þetta lögfræðilega álit sem hrekur okkur í það að fara gjörsamlega gegn markmiðum forvarna?

[16:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það koma fram upplýsingar um það, ef ég hef skilið hv. þm. rétt, að stjórn ÁTVR eða forstjóri ÁTVR hefur látið tóbaksvarnanefnd vita af þessum breytingum sem hafa verið í aðsigi um nokkuð margra mánaða skeið, þannig að þá er svarað fyrirspurn sem áður hafði verið beint til mín og þakka ég hv. þm. fyrir að gera það fyrir mig.

Ég hef hvergi sagt að þetta væri aukaatriði. Ég hef þvert á móti sagt að við töldum okkur skylt að breyta innkaupareglum vegna þess aðalatriðis að við værum ella að brjóta íslensk lög. Það er ekkert aukaatriði að standa og falla með íslenskum lögum. Það er bara aðalatriði málsins.

Þetta er ekki heldur reglugerð sem er gefin út af ráðuneytinu eins og hver önnur reglugerð. Samkvæmt lögunum er það stjórnin eða ÁTVR sem gefur út innkaupareglurnar en ráðuneytið staðfestir þar. Og ástæðu þeirrar staðfestingar er að leita í stjórnsýslulögunum til þess að þeir sem eru viðskiptamenn stofnunarinnar geti byggt sinn rétt á innkaupareglunum ef þeir vilja kæra með stjórnsýslukæru til ráðuneytisins. Það kann að vera að þingmönnum þykir þetta framandi, en það er einu sinni þannig að við samþykkjum hér lög og reglur um það hvernig eigi að lifa lífinu í þessu landi og svo þegar kemur að því að fylgja lögum og reglum, þá verða ráðuneytin að gera það ef þau telja að þeim sé það skylt að bestu manna yfirsýn.

[16:31]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil mætavel málflutning hæstv. fjmrh. Hér er annaðhvort um viðskiptasjónarmið að ræða eða forvarnasjónarmið og þau stangast gjörsamlega á að þessu

leyti. Því spyr ég: Hvar er þetta lögfræðilega álit sem veldur því að við verðum að breyta reglunum? Sem varaformaður heilbr.- og trn. finnst mér afar erfitt að sitja undir þessum málflutningi vegna þess að ég er sannfærð um það að þessar nýju reglur muni auka reykingar. Það verður spennandi fyrir unglingana að fara að reykja þessar nýju tegundir sem koma á markaðinn. Það er alveg vitað um hvaða tegundir er að ræða. Það er Marlboro. Það er Marlboro sem kemur fyrst á markaðinn og það eru óbeinar auglýsingar í sjónvarpinu sí og æ með Marlboro, kappakstursmyndir, íþróttaþættir, þetta er út um allt. Við getum ekki bannað fólki að horfa á sjónvarpið. Þess vegna er þetta mjög alvarlegt atriði sem við erum að ræða hér. Við verðum að hafa rök fyrir því að við neyðumst til þess að breyta reglunum. Það verður að sýna okkur lögfræðilegt álit. Helst þyrfti ríkislögmaður að blanda sér í þetta mál.

[16:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég hygg, virðulegi forseti, að lögfræðiálitið þurfi ekki að vera skriflegt. Lögfræðingar ráðuneytisins settust yfir þetta og þetta er niðurstaðan eftir að þeir höfðu borið sig saman við aðra þannig að ég efast um að það sé til neitt skriflegt. En það er alveg sjálfsagt að færa það í ritaðan texta ef það kemur sér betur fyrir hv. þingmenn því að þetta byggir á ákveðnum grundvallarsjónarmiðum í íslenskum rétti.

Ég vil líka geta þess að við lifum einu sinni í þeim harða heimi að það eru fluttar inn sígarettur til landsins og það undir ýmsum merkjum og fólk reykir mismunandi sígarettutegundir. Þær eru auglýstar óbeint, t.d. í innfluttum tímaritum, það þarf ekki að horfa á sjónvarp, heldur í innfluttum tímaritum sem margir lesa, þar á meðal margir þingmenn lesa, þannig að við búum þegar við slíkt áreiti. Aðalatriði málsins er frá mínum bæjardyrum séð að það sé ljóst að álagning á þessa vöru sé þannig að komið sé sem mest í veg fyrir að ungt fólk byrji að reykja og ég er alveg sammála öllum þeim sjónarmiðum. Og ég bið um að menn skoði þessa aðgerð sem aðgerð til þess að fara að lögum og rétti og leyfi sér ekki að koma hér upp og halda því fram a.m.k. að fjmrn. sé að reyna að auka reykingar fólks á Íslandi. Það er ekki tilgangurinn.

[16:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er satt að segja að verða býsna alvarlegt mál. Það kemur í ljós að fjmrn. segir í upphafi að það hafi lögfræðiálit um málið. Svo kemur í ljós eftir mörg andsvör að það eru munnleg skilaboð, einhver samskipti á milli embættismanna ráðuneytisins og fjmrh. í þessu máli. Þetta er fúsk. Þetta er lagafúsk. Það er algerlega ólíðandi, að mínu mati, fyrir Alþingi að taka þessu þegjandi. Ég vil þess vegna í allri vinsemd fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann stuðli að því að hv. heilbr.- og trn. fái þetta mál til meðferðar og að hún fari yfir allar lagaforsendur málsins áður en þessi nýja regla eða þessi nýi innkaupalisti tekur gildi. Hér er auðvitað um veruleg tíðindi að ræða og alveg greinilegt að samráðsleysið er lögbrot miðað við þær ábendingar sem fram komu hjá hv. varaformanni hv. heilbr.- og trn. áðan. Ég segi það því í fullri vinsemd við hæstv. fjmrh. að ég fer formlega fram á það að hann stuðli að því að heilbrn. fái þetta mál til sérstakrar skoðunar. Og ég segi líka við hv. formann heilbrn. og varaformann sem hér eru í salnum: Auðvitað getur nefndin að eigin frumkvæði tekið málið til sjálfstæðrar rannsóknar samkvæmt þingsköpum. Það er ljóst að það er meiri hluti í nefndinni, sýnist mér á öllu, fyrir því að málið verði tekið til athugunar og ég skora á meiri hluta heilbr.- og trn. að taka málið til athugunar ef fjmrh. þverskallast við að óska beinlínis eftir því að nefndin skoði málið.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið hv. þingmenn að skoða það sem er aðalatriði þessa máls. Nú bið ég menn um að leggja til hliðar hvort hér er um tóbak, áfengi eða einhvern slíkan varning að ræða. Það sem skiptir máli er það að eftir að lögfræðingar ráðuneytisins höfðu skoðað það mjög vel, reyndar í margar vikur, mánuði, og haft samband við aðra lögfræðinga um það varð niðurstaðan sú að okkur væri skylt að hafa innkaupareglur og allt og sumt sem ráðuneytið gerir er að það óskar eftir því að ÁTVR setji innkaupareglur. Þessar innkaupareglur eru mjög þröngar. Þær eru afar þröngar og mundu sjálfsagt hvergi líðast með þessum hætti nema af því að hérna er verið að flytja inn tegundir eins og reyktóbak. Þetta vil ég að komi fram.

En af hverju þarf þessar innkaupareglur? Vegna þess að það er meginregla í íslenskum rétti að þeir sem eiga viðskipti við opinbera aðila geti kært ákvarðanir og að ákvarðanir sem teknar eru í stofnunum grundvallist á einhverjum reglum sem séu kæranlegar.

Hver setti þessar reglur? Hv. Alþingi setti þessar reglur og það er á grundvelli laga sem eru ung lög í íslenskum rétti og þóttu mikil réttarbót á sínum tíma sem nauðsyn var til þess að settar yrðu innkaupareglur um tóbak hjá ÁTVR. Um þetta snýst málið og ég bið fólk um að rugla því ekki saman við önnur sjónarmið sem vissulega eru gild og það eru sjónarmið forvarna í þessu máli því að á því máli getum við tekið með því að hafa verðið nægilega hátt.

[16:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vandi þessa máls er greinilega sá að hæstv. fjmrh. gerir sér ekki grein fyrir því að það er munur á tóbaki og öðrum varningi. Það hefur verið tekin um það ákvörðun af Alþingi Íslendinga í lögum að með þennan varning skuli farið öðruvísi en gengur og gerist með hverja aðra vöru í landinu. Þess vegna eru til tóbaksvarnalög. Þess vegna er til tóbaksvarnanefnd. Og það er alveg augljóst mál finnst mér af orðum hæstv. ráðherra að hann gerir sér ekki grein fyrir þessum grundvallarmun. Þess vegna endurtek ég ósk mína um það að hann fallist á að þessi regla eða listi komi ekki til framkvæmda fyrr en hv. heilbr.- og trn. hefur farið nákvæmlega ofan í saumana á þessu máli.

[16:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar reglur hafa verið settar eins og fram hefur komið oft í umræðunum. Þær eru settar hinn 8. október af stjórninni og staðfestar hinn 15. október af ráðuneytinu. Þessar reglur eru hins vegar þannig að það fara fram auglýsingar og sá aðdragandi tekur nokkurn tíma og ég hygg að framkvæmd innkaupareglnanna skili sér ekki fyrr en einhvern tíma í febrúar á næsta ári.

Mér finnst alveg sjálfsagt að nefnd í þinginu kanni þetta mál. Það fer auðvitað eftir því hvort nefndin vill það eða ekki. En það er sjálfsagt að beina þeim tilmælum til þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að þeir komi og gefi nefndinni upplýsingar um það hvernig staðið var að þessu máli.

[16:39]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í dag er skaðsemi reykinga afar mikil, sérstaklega heilsufarslega, bæði beinna reykinga og óbeinna og beinn kostnaður af reykingum er gífurlegur. Það hefur reyndar verið unnið nokkuð í forvörnum. Það hefur dregið úr reykingum miðaldra fólks, fólks á miðjum aldri, en það er tískubóla hjá unglingum að reykja, því miður.

Flestir eru sammála því að það beri að stuðla að minnkun reykinga og sú leið sem hér er bent á í þessari þáltill. er einmitt mjög tengd fyrirspurn sem ég bar fram í maí til hæstv. fjmrh. Þá sagði sagði hæstv. fjmrh. varðandi þessa leið, með leyfi forseta:

„En ég held að það sé hægt kannski að segja það að þetta sé tæknilega hægt en þetta er efnahagslega algerlega útilokað."

Ég er því að sjálfsögðu afar ánægð með það að hæstv. fjmrh. skuli núna tala um að það sé ágætt að skoða þetta mál, að sé ekkert útilokað. Þetta svar hæstv. ráðherra er því til bóta. Ef tóbaksverð yrði hækkað verulega þá er alveg ljóst að reykingar mundu minnka. Á Íslandi kostar sígarettupakki að mér skilst um 270 kr. Í Noregi kostar sígarettupakki 43 kr. norskar, en það eru um 430 kr. íslenskar þannig að verðið er miklu hærra í Noregi. Aðrar þjóðir hafa getað farið þá leið sem bent er á í þáltill. þannig að maður spyr sig: Af hverju getum við það ekki líka? Við hljótum að geta það. En vegna þeirrar orrahríðar sem átti sér stað áðan um þessar nýju reglur sem við gátum lesið um í Morgunblaðinu í morgun um kaup og sölu á tóbaki, þá langar mig að fara nokkrum orðum um það mál.

Á síðasta þingi voru sett ný lög um tóbaksvarnir. Lögin voru hert verulega. Í fyrsta lagi var aldurinn hækkaður þannig að ekki má selja þeim sígarettur sem ekki er orðinn 18 ára. Það voru 16 ár áður. Það var líka sett inn ákvæði um að forstöðumenn opinberra stofnana skuli í samráði við starfsmenn gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnana sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Þó er heimilt að gera ráð fyrir smáafdrepi fyrir reykingafólk. Þetta er afar merkilegt ákvæði.

Í þriðja lagi voru einnig framlög til forvarna stórhækkuð. Núna eiga að renna 0,7% af bruttósölu tóbaks til forvarna. Þetta voru skilaboð stjórnvalda og skilaboð Alþingis. Auknar forvarnir herða að reykingafólkinu um að minnka reykingar. Þetta eru skilaboðin. En hvað er núna að gerast? Við erum hér samkvæmt nýjustu upplýsingum að hleypa inn 10–11 nýjum tegundum á markaðinn. Það er að sjálfsögðu algerlega í andstöðu við fyrri skilaboð, forvarnamarkmiðin. Það sem mun gerast er að þessar nýju tegundir munu keppa á markaðnum um að ná lágmarksmarkaðssetningu til þess að ná sinni tegund inn í verslunina þannig að eins og hv. þm. Þuríður Backman benti á áðan, þá munu þessi stóru fyrirtæki eiga mjög auðvelt með að kaupa upp markaðinn sjálf til þess að komast inn á hann endanlega. Markaðurinn sem þessi fyrirtæki munu ætla sér inn á er að sjálfsögðu unglingarnir. Eldra fólk er ekkert að skipta um tegundir. Það reykir sína gömlu sígarettutegund. En unglingarnir vilja því miður fara að fikta og þeir munu reyna þessar nýju hugsanlega spennandi tegundir, því miður.

Auglýsingabann mun ekki halda eins og hér hefur verið upplýst. Yfir okkur dynja ýmsar auglýsingar erlendis frá, þar sem sígarettum er haldið mjög á lofti, þannig að því miður bendir allt til þess, og það hefur tóbaksvarnanefnd líka skoðað, að reykingar munu því miður aukast ef við hleypum fleiri tegundum inn á markaðinn. Og þá er spurningin: Af hverju erum við í ósköpunum að þessu? Jú, hér hafa komið fram viðskiptasjónarmið, samkeppnissjónarmið. Við verðum að gera þetta til þess að mismuna ekki fólki á markaðnum. Það væri afar áhugavert að heyra hvað hæstv. ráðherra, Finnur Ingólfsson, sem er yfirmaður samkeppnismála á Íslandi segir um þetta mál.

Ef það er nú svo að við neyðumst til þess að taka þessar nýju reglur inn eða samþykkja þær, þá er ljóst að við verðum að vera afar vel á verði og fylgjast með hvað unglingarnir gera og auka forvarnir einnig. Ég held að það þurfi að auka forvarnir enn þá meira. Það hefur líka komið fram í þessari umræðu sem mér finnst nokkuð alvarlegt, að fjmrn. hefur ekki haft samráð eins og það á að gera við tóbaksvarnanefnd, þegar sett er eitthvað fram sem er stefnumarkandi varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Það er ekki hægt að segja annað en að þessasr nýju reglur eru stefnumarkandi varðandi innflutning. Að sjálfsögðu eru þessar reglur stefnumarkandi varðandi innflutning og því ber fjmrn. að hafa samráð. Það hefur ekki verið gert en hins vegar hefur stjórn ÁTVR gert það og greinilega hunsað það samráð af því að þessi forvarnasjónarmið hafa ekki vinninginn, því miður. Líka er athyglisvert að heilbrrn., sem fer með yfirstjórn tóbaksvarna í landinu, leggst má segja líka gegn þessum reglum og væri áhugavert að heyra hvað hæstv. heilbrrh. hefði að segja um hvaða útspil verður að koma frá heilbrrn. vegna þeirrar hættu sem skapast núna gagnvart þeim nýju reglum að hér streyma inn nýjar sígarettutegundir.

Þetta er í stuttu máli það sem ég vildi koma á framfæri. Ég vil að lokum segja að ég er mjög ánægð með viðbrögð hæstv. fjmrh. en áðan taldi hæstv. ráðherra vel koma til greina að hækka tóbaksverð verulega. Ég heyrði ekki betur. Sérstaklega tengdi hæstv. ráðherra það við hinar nýju reglur að þar sem kæmu inn nýjar tegundir yrði að bregðast einhvern veginn við því, m.a. með hækkun tóbaksverðs og var frekar jákvæður, heyrðist mér, gagnvart því að skoða þáltill. sem hér liggur frammi með jákvæðum augum.

[16:46]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir gegn útlendingaandúð, 91. mál, fsp. PBald, þskj. 93.

Símatorg, 95. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 97.

Takmarkanir á aðgangi að Símatorgi, 96. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 98.

Verkefnaáætlun í skólum gegn útlendingaandúð, 92. mál, fsp. PBald, þskj. 94.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 93. mál, fsp. PBald, þskj. 95.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 94. mál, fsp. PBald, þskj. 96.

[16:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna mjög þeirri umræðu sem fram hefur farið og tek heils hugar undir þá tillögu sem hér liggur frammi. Ég hefði reyndar kosið að þessi tillaga væri enn þá strangar orðuð. Hana hefði mátt orða svo að Alþingi feli ríkisstjórninni að koma þegar í stað með lagabreytingar um að taka tóbak út úr vísitölunni því ekki ætti að þurfa mikinn undirbúning til þess ef vilji væri fyrir hendi.

Ég minnist þess að borin var fram fsp. fyrir um tveimur árum um þetta mál og þá tók hæstv. forsrh. heldur treglega undir. Ég fæ ekki séð að neinar forsendur séu lengur fyrir að hafa tóbak inni í vísitölunni og hafna þeirri röksemd sem kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh. að vísitalan eigi að endurspegla alla neyslu. Það er takmarkaður hópur fólks sem reykir eða notar aðrar tegundir tóbaks. Við getum spurt okkur um ýmislegt annað sem ekki er inni í vísitölunni en ætti kannski að vera þar út frá þessari röksemd. Ég mæli eindregið með að gengið verði í að gera þessa breytingu svo auðveldara verði að stjórna tóbaksverði án þess að það hafi áhrif á hækkun skulda, kjarasamninga og guð má vita hvað. Það væri hins vegar afar fróðlegt að fá reiknað út, til að hægt væri að átta sig betur á hvað slíkt þýðir, hvað helmings hækkun á sígarettum mundi þýða fyrir vísitöluna. Hvað mundi gerast ef slík hækkun ætti sér stað? Mér finnst felast ákveðin viðurkenning á tóbaki og reyndar áfengi með því að hafa þessa vöru inni í vísitölunni vegna þess að þarna er ekkert annað en um sterkt eitur að ræða.

Ég hef stundum velt fyrir mér hvernig á því stendur að illa gengur að breyta gömlum hefðum. Ef ég man rétt barst tóbak til Vesturlanda á 16. öld frá Ameríku og á sér því langar rætur í neyslu í álfunni, þar með talið á Íslandi. Það var reyndar notað sem lyf á tímabili. Í máli 1. flm. kom fram að allar nýjustu rannsóknir sýna og sanna það sem menn hafa svo sem vitað en hefur ekki fengist viðurkennt að nikótín er miklu, miklu sterkara eitur en menn hafa viljað viðurkenna og jafnast fullkomlega á við heróín og kókaín eins og flm. nefndi. Tilraunir hafa sýnt að rottur gera engan greinarmun á þessum efnum. Málið er það að sá skammtur ... (**Gripið fram í:** Rottur?) Já, það er yfirleitt stuðst við rannsóknir á rottum þegar verið er að kanna áhrif eiturefna. Það tíðkast ekki, sem betur fer, að gera slíkar tilraunir á mönnum og reyndar mikið barist gegn því að vera með svona tilraunir á dýrum. Það þarf ekki bara þessar rannsóknir til heldur efnafræðilegar rannsóknir sem sýna hvílíkt eitur er á ferð.

Það er alveg ljóst að tóbaksnotkun kostar samfélagið gífurlegar fjárhæðir og læknisfræðilegar rannsóknir leiða æ betur í ljós hvað tóbaksreykingar tengjast mörgum sjúkdómum. Það er ekki aðeins lungnakrabbamein sem mönnum verður starsýnt á heldur einnig hjarta- og æðasjúkdómar, sjúkdómar eins og beinþynning og tiltölulega nýbúið er að sýna fram á tengsl tóbaksreykinga við aðrar tegundir krabbameins, t.d. leghálskrabbamein. Staðreyndir um skaðsemi tóbaks verða því sífellt meiri og fleiri.

Ég tók með mér í ræðustól útprentun af Internetinu upplýsingar um heilsu kvenna. Þetta er allt saman frá Bandaríkjunum og þar kemur einmitt í ljós að lungnakrabbamein er farið fram úr öllum öðrum tegundum krabbameins sem valdur að ótímabærum dauða einkum meðal eldra fólks og sérstaklega meðal kvenna. Þetta er nákvæmlega sama þróunin og hér að dauði af völdum lungnakrabbameins hefur verið mjög vaxandi sérstaklega meðal kvenna. Það beinir auðvitað athyglinni að því að tóbak hefur meiri og önnur áhrif á konur en karla. Benda má á það, sem fólk áttar sig kannski ekki á, að þegar kona reykir einn pakka af sígarettum er hún í raun að taka inn meira magn af nikótíni en meðalkarlmaður, ef við tökum meðalkonu og meðalkarl vegna þess að konur eru einfaldlega minni fyrir utan það að tóbak hefur önnur líkamleg áhrif. Áhættuþættir hjá konum sem tengjast tóbaksnotkun eru aðrir þannig að gríðarlega mikilvægt er bæði vegna heilsufars og vegna hins mikla kostnaðar sem tóbaksnotkunin hefur í för með sér að taka miklu, miklu harðar á þessum málum en við gerum. Ég er alltaf að verða fanatískari og fanatískari í baráttunni gegn tóbaki og mér finnst alveg hræðilegt að horfa upp á ungt fólk vera að reykja, ég tala nú ekki um unglinga 13, 14, 15 ára. Við þurfum verulega að taka okkur á í forvörnum vegna þess hvað þetta er hættulegt og vont mál á allan hátt.

Ég hefði viljað fá fram skýrari afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessa máls og beini þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort henni finnist sú leið sem lögð er til í tillögunni vera rétt og muni auðvelda hækkun á tóbaki og styrkja þar með forvarnir og draga úr tóbaksnotkun. Mun hún beita sér fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að fara þessa leið? Ég held að allar röksemdir sem hafa komið fram gegn því að taka tóbak út úr vísitölunni séu heldur veikar. Við mundum stíga mikilvægt skref í átt til aukinna forvarna með því að fara að þessari tillögu og eigum ekki að fara neinn krók í því sambandi heldur gera það strax.

[16:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka flutningsmönnum og sérstaklega 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Þuríði Backman, fyrir að vekja máls á afskaplega þörfu máli en ekki þó síður að færa inn í þessa umræðu þær reglur um innkaup og sölu tóbaks og skilmála sem gilda í viðskiptum sem dreift var í Stjórnartíðindum í dag. Mér sýnist að þær feli í sér bæði brot á lögum, og þá á ég sérstaklega við tilurð þessara reglna, og gefi það jafnframt til kynna að farið sé beinlínis gegn þeirri stefnu sem mörkuð var í fyrra í því ágæta frv. sem hæstv. heilbrrh. flutti og heilbr.- og trn. bætti í nokkrum efnum að því er ég tel.

Ég er algerlega sammála efni þessarar þáltill. Ég tel að skera eigi á þau tengsl sem eru á milli vísitölunnar og tóbaksverðs. Í fyrra ræddum við þetta nokkuð ítarlega í heilbr.- og trn. Eins og kom fram í máli hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan voru margir þeirrar skoðunar að skera bæri á þessi tengsl. Það reyndist hins vegar við skoðun ekki gerlegt eins og málum er háttað í dag. Okkur var tjáð að það væri sennilega í andstöðu við lög. Við vorum hins vegar alveg klár á því, ég held flestir þeir nefndarmenn sem tjáðu sig um málið á því stigi, að ekki væri nokkur einasti vafi á að eftir því sem verð á tóbaki væri hærra, þeim mun minni líkur væru á að neyslan ykist og voru jafnframt líkur á að drægi úr henni.

Eins og fram hefur komið í máli hv. þm. í dag eru reykingar á uppleið, því miður. Hvar eru þær á uppleið? Fyrst og fremst hjá ungu fólki, raunar helst hjá ungum stúlkum. Og það er einmitt þessi hópur, unga fólkið sem hefur takmörkuð fjárráð sem er líklegast til að vera hvað næmast fyrir því ef við hækkum verð á tóbaki og við eigum að gera það. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt að í hvert einasta skipti sem menn vilja hækka verð á tóbaki koma menn og benda á að vegna tengslanna við vísitöluna leiði það til þess að skuldir allra landsmanna hækka. Það er auðvitað algerlega fráleitt.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. talaði áðan þannig að ekki var hægt að skilja annað á máli hans en hann hefði mjög ríka samúð með efninu sjálfu. Hann sagði að vísu að hann vildi ekki gefa upp skoðun sína á málinu núna en mál hans og þau rök sem hann flutti var ekki hægt að túlka öðruvísi en hann væri þessu efni giska sammála. Hæstv. heilbrrh. hlýtur, herra forseti, að gera okkur grein fyrir skoðunum sínum á eftir. Ég vænti að hún sé stödd hér til að segja sitt álit á þessu máli. Að því leyti

til, ef það álit kemur fram, tel ég, miðað við annað sem hún hefur gert á þessum vettvangi, að hún hljóti að leggjast á sveif með þessari þáltill. og þar með sé komin fram stefna ríkisstjórnarinnar í málinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða frekar þáltill. sjálfa. Ég lýsi því einfaldlega yfir að ég er henni algerlega sammála og mun innan heilbr.- og trn. Alþingis beita mér fyrir skjótri afgreiðslu hennar og að hún verði samþykkt. Það sem ég vil hins vegar gera að umræðuefni eru þessar reglur um innkaup og sölu tóbaks sem búið er að samþykkja, sem við þingmenn höfum séð í fyrsta skipti í dag í Stjórnartíðindum B 74, 1996, 15. október 1996.

Mig rekur í rogastans að hlusta á málflutning hæstv. fjmrh. og þau svör sem hann veitir hv. þm. Þuríði Backman. Og vegna þess að ég vil gjarnan eiga orðastað við hæstv. fjmrh. þá langar mig til að inna hæstv. forseta eftir því hvar sá ágæti ráðherra er staddur, hvort hann er í húsinu.

(**Forseti** (GÁ): Hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu.)

Það er upplýst að hæstv. fjmrh. sýnir þessari umræðu þá lítilsvirðingu að yfirgefa hana og ég hef aldrei lagt í vana minn að láta sækja ráðherra þannig að ég ætla ekki að biðja um það núna. En mér finnst umræðan hljóti meira og minna að falla marklítil ef við höfum ekki höfund þessara reglna við umræðuna.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir benti á fyrr í dag er alveg skýlaust í þeim lögum sem gilda um tóbaksvarnir að fjmrn. á að hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Það er alveg ljóst að í þeim reglum sem búið er að samþykkja fer fram mjög skýr stefnumörkun um tóbaksinnflutning í landinu. Ég vísa til þess, herra forseti, að fram kemur að tóbaki verður deilt í þrjá söluflokka. Í fyrsta lagi svokallaðan kjarnaflokk, í öðru lagi í svokallaðan reynsluflokk. Í reglunum eins og þær liggja fyrir kemur fram að í reynsluflokki eiga að jafnaði að vera 30% af tölu þeirra tóbakstegunda sem eru í kjarna og tóbak er í reynslusölu í 11 mánuði. Að því tímabili loknu flyst viðkomandi tóbakstegund úr reynsluflokki upp í kjarnaflokk ef seljendum hennar tekst að tryggja henni markaðshlutdeild upp á hálft prósent. Hvað þýðir það? Hvað þýðir það um til að mynda óbeinar auglýsingar á þessari tilteknu tóbakstegund? Auðvitað þýðir það að þeir sem eru umboðsmenn og eiga beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi þessa tilteknu sígarettutegund munu gera allt sem þeir geta til þess að ota henni að fólki með hvers konar leiðinlegum óbeinum auglýsingum. Og það þýðir auðvitað að við munum sjá hérna, af hálfu þessara ákveðnu aðila, stóraukinn þrýsting fyrir þessum nýju tegundum vegna þess að þeir hafa verulega hagsmuni af því að þær flytjist úr reynsluflokknum upp í kjarnaflokkinn. Þess vegna segi ég að það er ekki hægt að deila um að hér er um stefnumörkun að ræða. Það hefur hins vegar komið fram hjá hæstv. fjmrh. að hvorki hann né ÁTVR hafði fyrir því að fara að lögum og leita eftir áliti tóbaksvarnanefndar. (**Gripið fram í:** Jú, ...) Ég fæ þess vegna ekki séð annað en fjmrn. hafi ekki haft það lögbundna samráð við tóbaksvarnanefnd sem hér kemur fram.

Það er líka eftirtektarvert, herra forseti, að það hefur komið fram að tilteknir aðilar kvörtuðu undan þessu. Hæstv. fjmrh. upplýsti hérna áðan að það hefðu verið þeir aðilar sem fara með sölu á varningi frá Philip Morris sem kvörtuðu undan þessu og vegna þessarar kvörtunar lét hæstv. ráðherra gera lögfræðilegt álit. Og hér hafa menn komið og spurt: Hvar er það álit? Ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh. efaðist um að það álit væri til í skriflegu formi. Ef það er rétt, þá get ég ekki annað en spurt: Hvers konar vinnubrögð eru það? Hver tekur mark á munnlegu áliti einhverra lögfræðinga sem ekki er hægt að staðreyna, sem ekki er hægt að gagnrýna og sjá á hverju byggist? Herra forseti. Ég get ekki sagt annað en að þessi vinnubrögð eru gjörsamlega óverjandi. Ég er hissa á hæstv. fjmrh., bæði á því að hann skuli ekki leggja í að vera viðstaddur þessa umræðu sem bersýnilega er erfið fyrir hann, en líka á því að hann skuli viðhafa þessi vinnubrögð vegna þess að þau eru mjög ólík honum. En ég mótmæli þessum vinnubrögðum, herra forseti. Ég tel að þær reglur sem hérna liggja fyrir um innkaup og sölu tóbaks stríði gegn þeirri stefnu sem hæstv. heilbrrh. markaði í fyrra og allt þingið tók undir.

[17:04]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langaði aðeins að koma leiðréttingu á framfæri í ljósi málflutnings hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem var ekki alveg réttur að öllu leyti.

Hv. þm. sagði að ÁTVR hefði ekki haft samráð við neinn. Það er alrangt. Hið rétta er að Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR, sendir bréf þar sem beðið er um að bæði heilbrrn. og tóbaksvarnanefnd sendi inn umsögn varðandi þetta mál. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að fjmrn. sendir ekki beint bréf til þess að æskja þessara umsagna. Alla vega kom það fram hjá hæstv. fjmrh. að hann vissi ekki um slíkt og ég veit ekki um slíkt heldur. Hins vegar senda bæði tóbaksvarnanefnd og heilbrrn. umsagnir sem eru neikvæðar gagnvart reglunum. Það er alveg skýrt. Tóbaksvarnanefnd er mjög neikvæð og heilbrrn. tekur undir gagnrýni tóbaksvarnanefndar á þessar nýju reglur og það er að sjálfsögðu með gildi forvarna að leiðarljósi. En hér kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh. að vegna samkeppnissjónarmiða yrðum við að setja þessar reglur.

Ég tel hins vegar að sá málflutningur hafi verið byggður á frekar veikum grunni hér vegna þess að ekki var hægt að leggja fram neitt lögfræðiálit. Mér finnst vert að skoða það að heilbr.- og trn. taki það upp hjá sér í ljósi þess um hve alvarlegt mál er að ræða. Við erum hugsanlega að stuðla að stórfelldum reykingum unglinga. Því finnst mér eðlilegt að við skoðum það í heilbr.- og trn. að fá álit ríkislögmanns á þessu alvarlega máli.

[17:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að málskilningur minn og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur renni ekki alveg í sama farvegi. Ég kalla það ekki samráð þegar ÁTVR fær bréf frá tóbaksvarnanefnd og líka frá heilbrrn. og ég efa að ÁTVR hafi lesið bréfið. A.m.k. fullyrði ég það hér að ekki var tekið tillit til neinna atriða sem komu fram í bréfi tóbaksvarnanefndar. Það kalla ég ekki samráð og þess vegna segi ég að í besta falli er hægt að segja að lögfræðilega sé ráðuneytið á gráu svæði.

Hins vegar, herra forseti, vek ég athygli á því að auðvitað er talsvert merkilegt þegar hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, sem er einn af ötulustu talsmönnum stjórnarliðsins, kemur upp og ásakar hæstv. fjmrh. um að hafa beitt sér fyrir aðgerðum sem hv. þm. segir að muni leiða til stórfelldrar aukningar á reykingum ungra Íslendinga. Getur hæstv. heilbrrh. staðið undir þessu? Verður hún ekki að taka á þessu máli, svara þessari áskorun hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og snúa hæstv.

fjmrh. niður í þessu máli? Henni ber það. Henni ber að standa vörð um heilbrigði okkar, ekki síst ungra Íslendinga og það hefur komið fram hver skilningur stjórnarliðsins er á þessu máli.

[17:07]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu slæ ég í borðið þegar mér þykir líklegt að það verði um auknar reykingar að ræða hjá unglingum þegar nýjar tegundir koma á markaðinn. Það er skylda mín sem varaformanns heilbr.- og trn. að gera það. Ég hef ákveðnum skyldum að gegna í því sambandi, í forvörnum. Ég verð að sjálfsögðu að hafa ákveðna sannfæringu fyrir því að við séum að fara rétta leið og þá sannfæringu hef ég ekki nú sem stendur. Ef við verðum að hlýða þessum reglum, þá er verið að beygja okkur undir þau lög og þá má vel vera að það verði að gera það. En vegna forvarnasjónarmiða er ég andsnúin þessum reglum og þess vegna slæ ég í borðið og vil fá frekari rök.

[17:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka af allan vafa um það að ég er ekki með nokkru móti að ásaka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir nokkurt það sem ámælisvert er. Þvert á móti tel ég að hún hafi staðið sig afar vel í þessu. Hún hefur sagt að það sem ríkisstjórnin er að gera, það sem hæstv. fjmrh. er að gera í dag, er að hann er að beita sér fyrir aðgerðum sem, svo að ég noti orð hv. þm., stórauka tóbaksneyslu ungra Íslendinga. Það er í andstöðu við heilbrigðisstefnu ríkisstjórnarinnar. Það er í andstöðu við vilja hæstv. heilbrrh. Það er í andstöðu við vilja þessa þings eins og fram kom í fyrra. Og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur sagt: „Þetta er mín sannfæring." Síðan bætti hún við: „Það má vel vera að það þurfi að beygja hana." En hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur ekki leyfi til þess að láta beygja sína sannfæringu. Við vitum hver hún er og stjórnarskráin bannar henni að láta beygja sig. Hún á að fara eftir sinni sannfæringu og stjórnarskráin hlýtur að hafa forgang umfram vilja eins aums hæstv. ráðherra.

[17:09]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sem einn af meðflutningsmönnum þessarar tillögu langar mig aðeins til að leggja orð í belg og fyrst varðandi tillöguna sjálfa.

Það er þekkt umræðuefni að við Íslendingar erum háðari vísitölubindingum en nokkur önnur þjóð. Það er engin þjóð í heiminum sem býr við vísitölubindingar í sínu efnahagslífi eins og Íslendingar gera. Það hafa verið sett um það lög í öðrum löndum, ég man eftir því t.d í Finnlandi fyrir nokkrum árum, að það var algerlega bannað að binda allt við vísitölu og það hefur færst í vöxt hér á landi að stjórnvöld, m.a. núv. ríkisstjórn og síðasta ríkisstjórn, beiti sér fyrir því að allar sjálfvirkar breytingar í fjárlögum voru strikaðar út. Eftir sem áður stendur uppi sá veruleiki að mjög stórar stærðir í okkar efnahagsmálum sem eru verulegur hluti af skuldum landsmanna, breytast eftir vísitölu. Það er nokkuð alvarlegt umhugsunarefni sem gerir það að verkum að ýmsir þættir eins og t.d. þeir sem hér eru nefndir eru þannig að það er mjög erfitt að hugsa sér að hækka sérstaklega verð á tóbaki við óbreyttar aðstæður. Það þarf að gera eitthvað sérstakt til. Þess vegna er flutt þessi tillaga, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga sem miði að því að slitin verði tengsl tóbaksverðs og vísitölu sem notuð er um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Stefnt skal að því að leggja slíkt frumvarp fram í upphafi næsta þings og verði gildistaka miðuð við 1. janúar 1998."

Ég segi fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, að ég tel að það sé tiltölulega einfalt mál að semja þetta frv. Ég tel að ef þetta frv. verður á annað borð samið þá hljóti það að líta þannig út að þar verði í fyrsta lagi kveðið á um sérstakt skref, verulegt skref til hækkunar tóbaks, t.d. um 50% eða eitthvað því um líkt og jafnframt standi í þeim lögum — eða hver sem sú tala verður, hækkunartalan verður. Hún getur verið 40, 50, 60 eða hvað sem er — og jafnframt standi í þeim lögum að þær breytingar sem sú hækkun á tóbaki sem þarna er kveðið á um kann að hafa í för með sér á vísitölum sparifjár og lánsfjár, skuli ekki hækka skuldastofn, þannig að það sé beinlínis tekið fram í sömu lögunum að það sé ákveðið að hækka tóbakið og það sé ákveðið að taka þetta út úr vísitölu í þetta eina skipti. Síðan mundi þessi vísitala ganga áfram að öðru leyti. Ég held að það sé alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að það er ekki hægt að afgreiða svona mál þannig að stjórnvöld geti stundum haft uppi vísitölu og stundum ekki vegna þess að þeir sem við Íslendingar skiptum við á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, útlendingar af ýmsu tagi, horfa auðvitað á það hvernig við förum með svona mál og það er ekki traustvekjandi ef við værum að rokka með þessa hluti til og frá. Þess vegna er einfaldast að gera svona lagað í eitt skipti fyrir öll með ákveðinni breytingu eins og þeirri sem hér er verið að tala um, t.d. að hækka verðið mjög verulega í einu skrefi.

Þá kemur aftur að spurningunni hvort rétt sé að gera það. Mitt svar er svo sem ekki neitt í þeim efnum, en svar allra sem þekkja til, sérfræðinga af öllu tagi er: Já. Það á að hækka sérstaklega tóbakið. Við fórum af stað á árunum 1980–1983 með mikið átak í tóbaksverndarmálum. Þá var stofnuð tóbaksvarnaefnd undir forustu hv. þm. Árna Johnsens sem er mjög kunnur af mörgu góðu eins og kunnugt er og nú hefur lagt að fótum sér Sinfóníuhljómsveit Íslands. (Gripið fram í.) Ég sá það nú ekki enda sný ég þannig að hæstv. forseta sem betur fer. Þessi nefnd náði mjög miklum árangri, þessi tóbaksvarnanefnd sem var undir forustu hv. þm. Árna Johnsens og það var þannig að áróður gegn tóbaksnotkun í skólum og víðar og víðar skilaði miklum árangri og neyslutölur tóbaks féllu verulega hratt í landinu fyrstu árin eftir að þetta gerðist. Nú er það hætt að gerast. Það er alveg greinilegt að það er komið þarna að ákveðinni klöpp sem virðist ekki vera hægt að vinna á nema með sérstökum ráðstöfunum. Þá er spurning hvort ekki er skynsamlegt að gera það eins og sem hér er lagt til og hv. þm. Þuríður Backman hefur haft forustu um að flytja tillögu um núna og ég hygg að hafi áður verið flutt frv. þar sem á þessu máli var sérstaklega tekið. Ég vil þess vegna segja að ég tel að hér sé hreyft stóru máli og í sjálfu sér ætti að vera hægt að afgreiða það.

Spurningin er: Hvað segir hæstv. heilbrrh. um málið? Heilbrrh. á úr vöndu að ráða. Heilbrrh. er yfirmaður málaflokksins, tóbaksvarna, en að hinu leytinu til er fjmrh. sem telur sig hafa skyldur við að gæta ákveðinna reglna varðandi viðskipti og skattheimtu o.fl. Spurningin er þessi: Hvaða stuðning, hvaða hjálp vill hæstv. heilbrrh. fá til þess að geta beitt þeim úrræðum sem þarf í þessu máli, þ.e. í þá veru að hækka verulega verð á tóbaki? Hvað telur hún nauðsynlegt að gera í þessu efni? Ég er sannfærður um það að miðað við þau viðhorf sem fram hafa komið í þessari stofnun í dag, þá

er vilji til þess á Alþingi að veita hæstv. heilbrrh. þau tæki sem hún þarf að beita til að unnt sé að hækka verulega verð á tóbaki.

Hitt málið, hæstv. forseti, sem hefur verið rætt dálítið í sambandi við vinnubrögð fjmrn. er algert hneyksli. Það er útilokað annað en hv. heilbr.- og trn. taki á þessu máli og ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh. tæki því ekkert illa og varaformaður heilbrn. er tilbúin að taka sérstaklega á því máli eins og fram kom í hennar ræðu áðan. Ég held að það fyrsta sem nefndin ætti að gera og ég sting því að í þessari umræðu sérstaklega af því að hér situr ekki langt frá mér hv. formaður heilbr.- og trn. hvort ekki ætti að fara fram á lagalega úttekt Lagastofnunar Háskólans á því hvort óhjákvæmilegt sé að gefa út þennan nýja lista. Út af fyrir sig skal ég ekkert um það segja. Það getur vel verið að það sé óhjákvæmilegt miðað við óbreytt lög að gefa út þennan nýja lista en mér finnst að það eigi ekki að styðjast við einhver munnleg meðmæli embættismanna í fjmrn., með fullri virðingu fyrir þeim, heldur eigi að afla lagalegra greinargerða frá þeim aðilum sem helst þekkja til þeirra mála. Í þeim efnum mæli ég með Lagastofnun Háskólans og hún verði beðin um úttekt. Jafnframt beini ég þeirri ákvörðun til hæstv. heilbrrh. að hún sjái til þess að nýi listinn taki ekki gildi fyrr en niðurstaða greinargerðar lægi fyrir og niðurstaða heilbrn. Alþingis liggi fyrir í þessu máli.

[17:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að leggja orð í belg sem einn af flm. þessarar þáltill. og ég vil byrja á að þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að hafa frumkvæðið að því að flytja á Alþingi.

Ég tel að sú umræða sem hefur farið fram í kjölfar þessarar þáltill. hafi verið mjög gagnleg og nauðsynleg og ákaflega upplýsandi. Ég tek undir þau sjónarmið sem hafa komið fram að nauðsynlegt er að heilbr.- og trn. komi að þessu máli og taki til umræðu bæði það sem lagt er til í þessari tillögu og einnig þær upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. fjmrh.

Ég get ekki heyrt annað en þeir heilbrigðis- og tryggingamálanefndarmenn sem hafa tekið til máls séu sammála um hversu mikilvægt sé að tóbaksverð fari út úr vísitölunni enda kom það til umræðu þegar við ræddum lög um tóbaksvarnir að nauðsyn væri á því að geta hækkað tóbakverð til að koma í veg fyrir aukningu reykinga. Eins og fram kemur í grg. með tillögunni hafa kannanir sýnt að tóbaksverð hefur áhrif á tóbaksneyslu í öllum hópum þjóðfélagsins og er því mikilvægt að hægt sé að taka á þessu máli.

Þær skoðanir hafa reyndar heyrst hjá hagfræðingum og einnig hjá fjmrh. að menn hafi efasemdir um að þetta sé hægt en eins og komið hefur fram hefur þetta verið gert. Þrjú Evrópulönd, Belgía, Frakkland og Lúxemborg hafa farið þessa leið og því hlýtur hún að vera fær hér. Bendi ég í því sambandi á tilmælin frá Evrópusambandinu og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni þess efnis að menn eru hvattir til að fara þessa leið.

Ég tel mjög mikilvægt nú þegar ljóst virðist að reykingar eru að aukast, sérstaklega hjá ungu fólki, að auka forvarnir og skoða þær leiðir sem við höfum lagt til og stöndum vörð um að þær reglur sem við höfum sett séu haldnar. Það hvarflaði að mér þegar ég hlustaði á umræðuna, því mikil samstaða var milli manna um mikilvægi málsins, hvort heilbr.- og trn. gæti ef til vill í samvinnu við heilbrrh., sem hefur lagt mikla áherslu á forvarnir í sínu starfi, flýtt fyrir þessum málum með því að leggja fram frv. í þá veru sem lagt er til í þáltill. Þetta er mál sem við þurfum að ræða í hv. heilbr.- og trn. og ég hlakka til að takast á við það þegar málið kemur til nefndarinnar. Ég velti því fyrir mér hvort málið þyrfti ekki einnig að fara til efh.- og viðskn. vegna eðli málsins og við fengjum í heilbr.- og trn. umsögn um málið frá efh.- og viðskn. En ég vil aftur þakka hv. þm. Þuríði Backman fyrir að hafa frumkvæðið að þessu máli og ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar.

[17:21]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið mikil umræða um tóbaksvarnir, mjög góð umræða að mínu mati. Við samþykktum löggjöf á síðasta þingi, lög um tóbaksvarnir, og það er mikilvægt að við fylgjum þeirri löggjöf eftir. Það er merk löggjöf og var samþykkt samhljóða í þingsal. Við þurfum að auka eftirlit með að þessum lögum sé fylgt eftir og einmitt sú kveikja sem hér hefur orðið að umræðunni, sú tillaga sem liggur fyrir um að hækka verð á tóbaki, er auðvitað ein varnaraðgerð sem skiptir mjög miklu máli. Og það að tóbaksverð tengist ekki vísitölu hefur verið reynt í þrem löndum eins og fram hefur komið. Það er nauðsynlegt að við skoðum nákvæmlega hvað það hefur þýtt í þessum löndum varðandi minnkandi tóbaksneyslu. Nefnd heilbrigðis- og tryggingamála mun að sjálfsögðu skoða það.

Mér finnst að við eigum ekki að láta neins ófreistað til að minnka reykingar í landinu og ef þetta er sú leið sem er fær, þá förum við hana. Mikil umræða hefur verið um ákvörðun, sem tekin var í stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir viku, um að fjölga vindlingategundum sem hér eru á markaðnum. Sú umræða hefur verið býsna beinskeytt og það er af hinu góða. Hún þarf að vera það. Hér eru menn að tala í alvöru um að minnka reykingar í landinu og þá beitum við þeim aðferðum sem eru færar.

Það hefur komi fram í máli hæstv. fjmrh. að í sambandi við lög og reglur um samkeppni séum við á meira en gráu svæði — svörtu svæði — og þess vegna þurfi að breyta þeim reglum sem ÁTVR hefur hingað til farið eftir. En það hefur líka komið fram í þessari umræðu að það er ekki á kristaltæru og heilbr.- og trn. Alþingis fær það verkefni að grennslast fyrir um hvort nauðsynlegt er samkvæmt öðrum lögum að opna enn frekar markaðinn fyrir nýjum tegundum. Mér finnst þetta vera mergurinn málsins og er verkefni heilbr.- og trn. næstu daga og vikur. Um þetta er samkomulag. Hæstv. fjmrh. opnaði fyrir þessa umræðu áðan. Það er samkomulag um það í þingsal þannig að það er ekkert annað en að bretta upp ermar og skoða: Er nauðsynlegt að hleypa inn fleiri innflytjendum í þessum bransa, ef svo má segja?

Að öðru leyti er öll umræða um tóbaksvarnir af hinu góða. Það er rétt sem fram hefur komið að tóbaksneysla ungs fólks hefur aukist verulega á sl. tveimur til þremur árum. Það er víst tíska í gangi, við verðum að horfast í augu við það og okkar er að breyta þessari tísku. Það er okkar að finna leiðir til að breyta þessari tísku. Við gerum það ekki með því að standa í þessum ræðustól og auglýsa sérstaklega einhverjar vissar tegundir. Ég held að við ættum að vara okkur á því. (**SvG:** Hvaða tegundir?) Ja, sem betur fer, hv. þm. Svavar Gestsson man ég ekki allar þessar tegundir enda hef ég lítinn áhuga fyrir tóbaki yfir höfuð nema að sporna gegn neyslu þess.

Ég þakka hv. 1. flm. þessarar tillögu fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli því þetta er mikilvægt heilbrigðismál sem er til umfjöllunar.

[17:26]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það rifjaðist allt í einu upp fyrir mér vegna síðustu orða hæstv. heilbrrh. um forvarnir og um það að beita sér gegn tóbaksnotkun. Fyrir líklega hálfum mánuði var tóbaksvarnavika í Danmörku og ég sá í dönskum blöðum að mikil áróðursherferð var í gangi. Þar á meðal hafði heilbrigðisráðuneytið í Danmörku sett sérstakar auglýsingar í kvennablöð þar sem sjónum var beint bæði að tóbaks- og áfengisnotkun kvenna. Ég vil skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir að hér verði reglulega haldnar vikur til varnar bæði tóbaks- og áfengisnotkun vegna þess að ég held að við náum ekki árangri öðruvísi en að vera með stöðugar forvarnir og áróður í gangi. Ég verð að segja að ég fylgist kannski ekki nógu vel með en ég verð afskaplega lítið vör við það starf sem öll þessi samtök eiga að beita sér fyrir. Ég verð afskaplega lítið vör við það. Ég held að þurfi að grípa til nútímalegri aðferða í þeim áróðri og nýta þá miðla sem ná til ungs fólks sem er sjónvarp, kvikmyndasalir og kannski ýmislegt fleira.

[17:28]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þær ábendingar sem komu fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Hún talaði um að í Danmörku væri sérstök tóbaksvarnavika. Hér á landi er alltaf tóbakslaus dagur einu sinni á ári og mikið í kringum hann en það er greinilegt að það dugar ekki. Dönum veitir nú ekki af að hafa heila viku því að þeir hafa eiginlega heimsmet í reykingum og annarri óreglu.

Allar ábendingar um hvernig við getum komið jákvæðum áróðri fram eru vel þegnar. Nú er meira fjármagn til en nokkru sinni fyrr til tóbaksvarna og við eigum auðvitað að beita þeim ráðum sem við höfum til að fræða og hafa eftirlit með því að ungt fólk sem er undir 18 ára aldri kaupi ekki tóbak því að lögin kveða svo á um.

[17:29]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hennar málflutning. Hæstv. heilbrrh. ber ábyrgð á tóbaksvörnum á Íslandi og þess vegna er þetta mál afar mikilvægt. Ég vil þakka hæstv. ráðherra sérstaklega fyrir það að taka undir þá tillögu sem ég kom fram með áðan að heilbr.- og trn. skoðaði þetta mál alveg sérstaklega og fengi álit á því hvort við yrðum að staðfesta hinar nýju reglur eða þola hinar nýju reglur og hefur verið bent á í þessum umræðum að hugsanlega væri gott að fá Lagastofnun Háskólans til að skoða þetta mál. Mér þykir það ágætis hugmynd og tel eðlilegt að við ræðum það í heilbr.- og trn. hverja við eigum að fá til að skoða málið ofan í kjölinn. Það hefur komið fram að ekki er til neitt skriflegt lögfræðiálit og því er mjög eðlilegt að heilbr.- og trn. taki málið til sérstakrar skoðunar og ég get ekki betur séð en hæstv. heilbrrh. sé að taka undir þá hugmynd beint úr ræðustóli og það ber að þakka.

[17:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Af því að ég veit að sá forseti sem nú situr hefur mjúkt hjartalag og er auðveldlega snortinn af því sem fallegt er, þá verð ég að segja að ég veigra mér hálfvegis við að blanda mér í þessi hjartæmu þakkarávörp þeirra hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hæstv. heilbrrh. en ætla þó að gera það eigi að síður. Mér fannst þetta fallegt og er svolítið snortinn af þessu og finnst auðvitað að við aðrir og e.t.v. svolítið harðari þingmenn eigum að láta okkur þetta að kenningu verða og koma hérna upp og þakka hver öðrum þegar vel er að verki staðið.

Herra forseti. Ég tek undir með þeim hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og Svavari Gestssyni að það er sennilega verkefni fyrir heilbr.- og trn. að kanna þær reglur sem hérna hafa verið til umræðu í dag. Í fyrra þegar við vorum að véla um frv. hæstv. heilbrrh. um hertar tóbaksvarnir, þá fórum við mjög náið ofan í þessi mál. Mér sýnist að nú sé að nokkru leyti verið að eyðileggja það verk sem þá var unnið, verk sem þingið fylkti sér að baki og herti varnirnar umfram það sem ríkisstjórnin hafði upphaflega lagt til. Ég tel þess vegna sjálfsagt að verða við þeirri beiðni sem bæði hv. þm. Svavar Gestsson og Siv Friðleifsdóttir hafa lagt hér fram um að nefndin kannaði hvernig þessar reglur koma við tóbaksvarnir í landinu. Mér þótti hins vegar sem hæstv. heilbrrh. stigi ekki bara feti heldur fetum framar vegna þess að hún orðaði það svo að nú hefði heilbr.- og trn. fengið það verkefni að kanna hvort nauðsynlegt væri samkvæmt lögum að auka fjölda tegundanna sem á markað koma. Það er talsvert viðameira en hafði komið fram í málum þeirra þingmanna tveggja sem ég nefndi áðan.

Ég lít svo á — hún leiðréttir mig þá ef ég hef misskilið það — að hæstv. heilbrrh. sé með þessu að óska eftir því að heilbr.- og trn. kanni grundvöllinn að reglunum, ekki einungis reglurnar sjálfar heldur þann lagalega grundvöll sem reglurnar standa á. Með öðrum orðum að hún kanni hvort það sé rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í dag, að það væri óhjákvæmilegt annað út frá lögunum en breyta reglunum þannig að fleiri tegundir ættu möguleika á að koma inn á markað, svo ég noti hans óbreyttu orð.

Að öðru leyti, herra forseti, finnst mér þetta hafa verið fróðleg umræða. Hér hefur enginn talað gegn þeirri þáltill. sem var upphaf málsins. Hæstv. heilbrrh. hefur getið sér gott orð fyrir vasklega framgöngu í öllu því sem lýtur að forvörnum og sér í lagi forvörnum varðandi tóbaksneyslu. Hæstv. ráðherra hefur til að mynda sett á stofn sérstaka miðstöð til að hjálpa fólki til að hætta að reykja og hún lagði fram þetta frv. í fyrra sem hafði verið að velkjast hjá forverum hennar í einhver ár. Þess vegna finnst mér óhjákvæmilegt að hæstv. ráðherra tali mjög skýrt í þessu máli. Hún sagði um þáltill. sem hér liggur fyrir að henni fyndist að við ættum að láta einskis ófreistað til að draga úr reykingum. Ég vildi gjarnan fá skýlausa afstöðu hæstv. ráðherra og inni eftir henni: Styður hún það og er reiðubúin til þess að segja það úr þessum ræðustól að tengslin á milli vísitölunnar og verðlags á tóbaki verði rofin eins og lagt er til í þessari þáltill.? Treystir hún sér til þess að svara þeirri spurningu með einföldu jái hér á eftir?

Síðan tel ég óhjákvæmilegt annað, herra forseti, en að hæstv. heilbrrh. gefi upp skoðun sína á þeim ummælum sem helsti trúnaðarmaður hennar í heilbrigðismálum í þinginu, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, viðhafði hér í dag og sem ég tek fram að ég er alveg hjartanlega sammála. Þessi ummæli lutu að afleiðingum þeirra reglna sem hæstv. fjmrh. hefur nú staðfest. Hv. þm. sagði að hæstv. fjmrh. hefði beitt sér fyrir aðgerðum sem mundu leiða til stórfelldrar aukningar á reykingum ungs fólks. Og ég spyr: Er hæstv. heilbrrh.

sammála hv. þm. Siv Friðleifsdóttur um þetta? Og ef hún er því sammála, ber henni þá ekki sem heilbrrh., sem þeim aðila innan ríkisstjórnarinnar sem ber ábyrgð á þessum málaflokki, að taka sterklega í taumana og taka þetta mál upp innan ríkisstjórnarinnar? Það er ekki nóg að óska eftir því að heilbr.- og trn. þingsins taki málið upp. Við getum gert það. Málið tengist líka framkvæmdarvaldinu og það er nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. lýsi því yfir hvaða afstöðu hún hefur til þessara ummæla, hvort hún er sammála því að hæstv. fjmrh., eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir ásakaði hann um í dag, sé að vinna mjög sterklega gegn þeim markmiðum sem hún lagði fram um tóbaksvarnir í frv. sínu í fyrra. Ef svar hennar er jákvætt verður hún að lýsa því yfir hvort hún hyggst í framhaldinu taka málið upp innan ríkisstjórnarinnar.

Ég ítreka það sem hefur komið fram áður í dag, herra forseti, að allur málatilbúnaðurinn varðandi þessar reglur er mjög undarlegur svo ekki sé meira sagt. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að tilteknir aðilar, umboðsmenn ákveðinnar keðju sem framleiðir sígarettur, hafi komið að máli við stjórnvöld og talið nauðsynlegt og vísað til einhverra laga að þeir eins og aðrir ættu möguleika á að koma sínum varningi á framfæri. Þeir hefðu áður hafnað því vegna þess að þeir vildu ekki selja sig undir þær reglur sem þá giltu um merkingar á þessum varningi. Þessar merkingar lutu að því að benda á skaðsemi hans. Nú koma þeir og þeir knýja dyra hjá stjórnvöldum og hvað er þá gert? Reglunum er umsvifalítið breytt. Á grundvelli hvaða lögfræðiálita? Við vitum það ekki en hæstv. fjmrh. minnir að það sé ekki til nema í munnlegu formi. Ég gef ekkert fyrir munnleg lögfræðilegt. Ég vil að slík álit séu til skrifleg til þess að hægt sé að brjóta þau til mergjar. Mér finnst þetta vægast sagt vafasöm aðferð, herra forseti.

Það hefur líka komið fram að samkvæmt lögum um tóbaksvarnir ber framkvæmdarvaldinu, þá ber fjmrh. að hafa samráð við tóbaksvarnanefnd. Hvernig var það gert, herra forseti? Jú, það var að vísu óskað eftir bréfi og bréf barst bæði frá heilbrrn. og frá tóbaksvarnanefnd, en það var ekki tekið tillit til eins einasta atriðis? Er þetta að hafa lögbundið samráð? Er þetta ekki líka enn ein flísin í þessa mynd sem styrkir það að þessi vinnubrögð eru í hæsta máta mjög óeðlileg. Mér finnst ekki sem þetta mál sé fullrætt á þessu stigi, herra forseti. En ég mun eftir áskoranir hæstv. heilbrrh. og varaformanns heilbr.- og trn. og annarra þingmanna sem talað hafa í dag beita mér fyrir því að heilbr.- og trn. muni fjalla um þetta mál, annars vegar á þeim grundvelli sem varaformaður nefndarinnar hefur óskað eftir, þ.e. að kanna hvort reglurnar sem slíkar hafi einhver óæskileg áhrif á þá stefnumörkun sem hæstv. ráðherra hefur beitt sér fyrir og hins vegar á þeim grunni sem er miklu djúptækari, sem hæstv. heilbrrh. hefur óskað eftir að nefndin taki líka til skoðunar, þ.e. hvort það sé í rauninni nauðsynlegt samkvæmt gildandi lögum og alþjóðasamningum að koma fram með þessar reglur til að auka möguleika tóbaksfyrirtækja á að koma sínum merkjum á framfæri? Ég er nefnilega ekki sannfærður um að það sé nauðsynlegt og er að því leyti til sammála hæstv. ráðherra.

[17:39]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kom fram í málflutningi hv. þm. sem á undan mér talaði að það er mín trú að hinar nýju reglur geti aukið reykingar unglinga. Það er rétt. Það er mín trú. En ég sagði líka að hugsanlega þurfum við að beygja okkur undir samkeppnislög. Það er alveg hugsanlegt að við þurfum að beygja okkur undir þau, en það þarf að skoða betur eins og fram hefur komið í dag. Ef við verðum að beygja okkur undir samkeppnislög, ef það er rétt að við þurfum að gera það, þá þarf að sjálfsögðu að huga mjög vel að því að auka forvarnir enn frekar til þess að minnka hin óheppilegu áhrif sem verða af því að hleypa inn nýjum tegundum. Þegar öllu er á botninn hvolft, getur vel verið að að lokum muni reykingar ekki aukast hérna. Við verðum bara að spila eftir eyranu. Ef við verðum að taka inn hinar nýju reglur, verðum við líka að auka forvarnir á móti þannig að ég vil ekki taka undir þennan hálfgerða hræðsluáróður sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom með hér að mér finnst. (Gripið fram í.) Nei. Það má vera að að lokum stöndum við í svipuðum sporum, hugsanlega betur, ef við aukum forvarnirnar. Þá verðum við líka að auka forvarnirnar. En eins og þetta lítur út núna, ef við gerum ekkert heldur tökum bara inn hinar nýju sígarettutegundir, þá tel ég að við séum í slæmum málum. Það er rétt.

[17:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf dapurlegt þegar ungir þingmenn kikna í hnjánum frammi fyrir framkvæmdarvaldinu og mér finnst dapurlegt að hlusta á þennan málflutning hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur sem kom hérna í dag og talaði eins og sá sem sannfæringuna, viljann og valdið hafði og sagði ótvírætt að hún teldi að reglurnar sem hæstv. fjmrh. setti fyrir nokkrum dögum, leiddu til þess að reykingar ungs fólks á Íslandi mundu stóraukast. Nú kemur hún og slær ekki einu sinni úr og í heldur dregur úr. Hvernig stendur á þessu? Má vera að hv. þm. sem kom hér í dag og sagði það bara skýrt og skorinort að þessar reglur séu hættulegar, hafi skyndilega snúist hugur? Ekki getur það verið vegna þess að einhver ráðherra hafi komið og hvíslað í eyra hennar að þetta væri kannski óráðlegt. Hv. þm. verður að skýra þessi sinnaskipti sín. Er hún að draga til baka það sem hún sagði í dag?

Ég skil það vel að e.t.v. kunni hv. þm. að renna vatn, jafnvel kalt, milli skinns og hörunds vegna þess að málflutningur hv. þm. sem ég hef verið sammála í dag er ein samfelld árás á ríkisstjórnina vegna þeirra reglna sem hún hefur sett fram. En við skulum spyrja að leikslokum, herra forseti. Ég get hins vegar ekki fallist á það með nokkru móti að það sé í öðru orðinu hægt að segja: Þetta eru stórhættulegar reglur. En ef við setjum nógu mikið í forvarnir þá kann að vera að það sé allt í lagi með þær. Og minnist hv. þm. þeirra slagsmála sem við stóðum saman í gagnvart stjórnarflokknum hinum, Sjálfstfl., í fyrra um að auka fjármagn til forvarna? Það gekk heldur brösulega og var vilji innan nefndarinnar til að auka fjármagnið allverulega m.a. hjá einstökum hv. þm. Framsfl. Það tókst ekki. Kemur henni til hugar, ef hún lætur beygja sig í þessu máli, að henni takist með einhverju öðru móti að draga aukið fjármagn til málaflokksins? Þetta er barnaskapur, hv. þm.

[17:43]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afar furðulegur málflutningur. Ég er ekki að beygja mig í einu né neinu hér, alls ekki. Það sem ég var að segja er, og það eru staðreyndir málsins sem allir hafa tekið undir hérna, að hugsanlega verðum við að fara að samkeppnislögum, ef það er þannig að samkeppnislög útheimta að við verðum að hleypa inn nýjum tegundum á markaðinn. (**SvG:** Hver semur samkeppnislögin?) Það hefur

hins vegar ekki komið í ljós og það ætlar heilbr.- og trn. sér að skoða. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er formaður nefndarinnar og því er ég rasandi á þessum málflutningi.

Hins vegar hef ég líka bent á að ef það er svo að þessar reglur koma til framkvæmda, þá mundi ég vilja stuðla að því að setja meira í forvarnir af því að það er mín trú að ef nýjar tegundir koma inn, þá muni þær höfða til unglinga og unglingar auka sínar reykingar. Þá verðum við að standa okkar plikt og auka til forvarna líka.

[17:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er rasandi. Ég ætlaði mér ekki að reyna að koma taugakerfi hennar úr jafnvægi. Ég vil hins vegar, einungis í upplýsingaskyni, geta þess að það er ekki hægt að segja hérna: „ef þessar reglur koma til framkvæmda". Þær eru komnar til framkvæmda. (Gripið fram í.) Ég er búinn að lesa upp úr bréfi sem hæstv. fjmrh. hefur sent út. Þetta er í Stjórnartíðindum þannig að þær eru komnar til framkvæmda. Þetta bara sýnir það, í þessu máli eins og svo mörgum öðrum því miður, að það er eins og Sjálfstfl. hafi ekki einu sinni fyrir því að ráðslaga við samstarfsflokkinn. Hann gerir bara það sem honum sýnist. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur með mjög góðum rökum í dag sýnt fram á að í besta falli er hæstv. fjmrh. lagalega á gráu svæði þegar hann og hans stofnanir í verki hunsa athugasemdir tóbaksvarnanefndar og heilbrrn. Hann er í besta falli á gráu svæði. Í versta falli er hann að brjóta lögin. Það er mál sem við gætum reynt að kanna á öðrum vettvangi. En ég bendi á að það hefur komið fram hjá hv. þm. að hæstv. heilbrrh. sendi sínar athugasemdir um lögin. Og virti samstarfsflokkurinn hæstv. heilbrrh. viðlits? Nei. Hann tók ekkert til greina. Ég bara vona að samstarfsflokkurinn eigi ekki heldur eftir að beygja þá ágætu sannfæringu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur sýnt okkur í dag, þó að mér finnist reyndar að hún hafi á köflum farið eins og köttur í kringum heitan graut. En sannfæring hennar liggur fyrir. Hún telur að þessar reglur sem einn ráðherra hæstv. ríkisstjórnarinnar hefur sett, séu stórkostlega skaðlegar og hún telur að þær brjóti gegn stefnu hennar flokks. Hvað ætlar hún þá að gera ef hann breytir ekki þessum reglum?

[17:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo langt síðan hv. þm. hélt sína ræðu og hann byrjaði þannig að honum vöknaði um augu og sagði að svona harðir naglar eins og hann svitnuðu yfir því hvað væri mikil samstaða um þessar tóbaksvarnir. Síðan þeytir þessi harði nagli sér út í allt aðrar umræður og snýr öllu á hvolf aftur þannig að menn botna ekki alveg í því hvert hv. þm. er að fara.

Hann spyr að því hvort ég sé sammála því sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði áðan um það að ef nýjar tegundir kæmu hér á markaðinn, þá mundu reykingar ungs fólks stóraukast. Þessari spurningu get ég ekki svarað því að ég hef ekki neinar rannsóknir í höndunum um það hvort það hefur áhrif hversu margar tegundir af vindlingum eru á markaðnum þannig að það svarar náttúrlega hver fyrir sig í því. Ég efast ekki um að hv. þm. hefur það í höndunum að slíkar rannsóknir séu til. Það hef ég ekki í höndunum þannig að hún svarar fyrir sig.

Aðalatriðið er að hv. heilbr.- og trn. mun taka málið til rannsóknar. Við höfum verið sammála um það öll, hæstv. fjmrh. og hv. þingmenn, að málið fari inn í heilbr.- og trn. til athugunar og ég trúi ekki öðru en að sá harði nagli sem þar stjórnar muni gera það fyrr en síðar að taka þetta mál upp þar.

[17:48]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti biður hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að ávarpa samkvæmt þingsköpum.

[17:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. heilbrrh. skilji ekki alveg innsta eðli formanns heilbr.- og trn. Ég er viss um að hv. þm. og varaformaður nefndarinnar, Siv Friðleifsdóttir, geti sannfært hana um að yfirvald í þeirri nefnd er milt. Það er hins vegar alger rangskilningur hjá hæstv. heilbrrh. ef hún heldur virkilega eftir þessa umræðu að aðalatriðið í málinu sé það að heilbr.- og trn. taki núna málið til umræðu. Aðalatriðið í málinu er auðvitað að það er ekki hlustað á hæstv. heilbrrh. Hún hefur upplýst það í dag að hún kom sterkum athugasemdum á framfæri. Það var ekki tekið tillit til neinna. Það er aðalatriðið. Aðalatriði málsins er það að talsmaður stjórnarliðanna í salnum, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, er þeirrar skoðunar að þetta séu stórkostlega hættulegar reglur sem búið er að samþykkja. Hún telur það þó ráðherrann telji sig ekki geta staðfest það á þessari stundu. En það var ekkert tillit tekið til hennar.

Með öðrum orðum, herra forseti, aðalatriðið er að Sjálfstfl. er að snúa niður vilja hæstv. heilbrrh. sem allir vita að hefur góða stefnu í þeim málum sem lúta að tóbaksvörnum. Það er aðalatriði málsins. En hvað heilbr.- og trn. gerir skiptir bara ekki höfuðmáli varðandi gerðir ríkisstjórnarinnar. Því miður er það að renna skyndilega upp fyrir mér að Sjálfstfl. hefur hæstv. heilbrrh. að leiksoppi í þessu máli. Hæstv. heilbrrh. hefur gert sterkar athugasemdir og það var ekki tekið mark á þeim. Þegar hæstv. heilbrrh. kemur síðan og iðkar þá rökleikfimi að halda því fram að hún hafi ekki í höndunum nein gögn sem geti gert það að verkum að hún kunni að taka afstöðu til þess hvort hér sé um hættulegar reglur að ræða eða ekki, þá vísa ég því algerlega á bug. Hún vissi nógu mikið til þess að gera sterkar athugasemdir við reglurnar. Á grundvelli hvers? Einhverra staðreynda, einhverra skýrslna. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa vitað hvað hún var að gera. Hverju var hún að mótmæla? Var hún ekki að mótmæla því að hún taldi að þessar reglur gætu verið skaðlegar?

[17:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný kemur hv. þm. í stólinn og segir sömu hlutina upp aftur og aftur án þess að færa fyrir þeim mikil rök. Það sem skiptir máli í þessu er að stjórn ÁTVR telur sig knúna til að taka inn nýjar tegundir að tóbaki. Heilbrigðisyfirvöld í landinu telja að við eigum að draga lappirnar eins og við getum án þess að brjóta lög, taka ekki inn nýjar tegundir ef þess gerist ekki þörf samkvæmt lögum. Það er aðalatriði málsins. Menn hafa sagt í umræðunni: „Er lagagrundvöllurinn þannig að við verðum að taka

inn þessar nýju tegundir?“ Menn hafa efasemdir og það er það sem hv. heilbr.- og trn. hefur verið falið að kanna. Og ég trúi því ekki að þessi ágæti hv. þm. ætli að veigra sér við því með þeirri rökleikfimi sem hann hefur hér stundað, með valtaraleikfiminni sem er bara eins og gamall frasi. Alltaf er hann lendir í röksemdafærslu, þá tekur hann upp þennan gamla valtara sem er orðinn svo slitinn að menn eru hættir að hlusta.

[17:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undrast alltaf möguleika hæstv. heilbrrh. til þess að lyfta umræðunni upp á verulega hátt plan. En það er svo, herra forseti, að ég veigra mér ekki við því að taka málið til umræðu innan nefndarinnar vegna þess að ég ræð því ekki. Það er einfaldlega svo að mér sýnist að — jafnvel þó ég vildi það ekki — þá liggur hér fyrir skýr meiri hluti. En gleymum því ekki að óskin um þetta kom skorinorðust frá hv. varaformanni nefndarinnar og hæstv. heilbrrh. Og hæstv. heilbrrh., í fjórða skipti í dag, óskar eftir því að heilbr.- og trn. taki það til rannsóknar hvort hæstv. fjmrh. hafi orðið það á að brjóta lögin þegar hann setti reglur um innflutning á tóbaksvarningi. (Gripið fram í.) Þetta eru harðar ásakanir sem ég þykist heyra af vörum hæstv. heilbrrh. En þetta verður væntanlega gert og ég ímynda mér að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir muni taka málið sérstaklega upp á næsta fundi nefndarinnar eða milli funda og óska eftir þessu og að sjálfsögðu mun ég verða við því.

En fyrsta gagnið sem ég mun óska eftir að fá til þess að rannsaka málið verður hin skriflega greinargerð heilbrrn. sem send var hæstv. fjmrh. og hann kaus að hunsa.

[17:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég ætla aðeins að leiðrétta hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann sagði áðan að ég hefði talið að hæstv. fjmrh. væri að brjóta lög. Það sagði ég aldrei. (Gripið fram í.) Það sagði ég aldrei. Ég sagði einfaldlega hvort það væri nauðsynlegt lögum samkvæmt að opna fremur (Gripið fram í.) innflutning. Það er það sem ég sagði (Gripið fram í.) og nú ætla ég að biðja hæstv. forseta að ...

(**Forseti** (GÁ): Stillingu í þingsal.)

Þetta var mynduglega gert. Það er rétt að upplýsa hv. þm. um það að hann fær öll skjöl um þau mál og að tóbaksvarnanefnd var með mjög ákveðna afstöðu í þessu máli og sendi stjórn ÁTVR sitt álit og heilbrrn. tók undir það álit heils hugar. Það er allur sannleikur málsins og nú liggur hann fyrir og þá held ég að þessari umræðu hljóti brátt að vera lokið.

[17:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hlýtur að vera raun þeim virðulega forseta sem núna stýrir þessum fundi, af því að hann tilheyrir Framsfl., að þetta er í annað skipti sem þingmaður Framsfl. fer undan á hörðum flótta frá eigin ummælum. Hæstv. heilbrrh. kemur hér upp og heldur því fram að hún hafi ekki átt við það að hæstv. fjmrh. hafi farið á svig við lögin með því að setja þessar reglur. Eigi að síður liggur það fyrir að hæstv. heilbrrh. hefur fimm sinnum í dag óskað eftir því að heilbr.- og trn. Alþingis taki til rannsóknar þessar reglur sem hæstv. fjmrh. hefur sett og hún hefur tiltekið hvað nefndin á að rannsaka. Það á að rannsaka hvort það sé nauðsynlegt lögum samkvæmt að auka fjölda þeirra sígarettutegunda sem þurfa að koma á markaðinn. Með öðrum orðum, hæstv. heilbrrh. er ekki viss um að það sé rétt sem hæstv. fjmrh. sagði í dag, að það yrði að gera þetta vegna gildandi laga. Það er ekki hægt að skilja þessi orð öðruvísi en svo að hæstv. heilbrrh. vilji fá hv. heilbr.- og trn. til þess að vega, meta og rannsaka og að lokum kveða upp sinn úrskurð um það hvort hæstv. fjmrh. hafi brotið lögin eða ekki.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill taka fram vegna orða hv. þm. að forseti er hér einungis að gera skyldu sína.)

[17:57]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég þakka fyrir mjög gagnlegar og góðar umræður í dag um þetta mál. Það er í raun og veru hægt að tala um tvö mál, þ.e. þáltill. og það mál sem ég hreyfði svo hér í lok máls míns um nýjar reglur um innflutning á tóbaki.

En hvers vegna er ég og mínir samflutningsmenn að flytja tillögu um það að slíta tóbaksverð og vísitölubindinguna í sundur? Ástæðan er einföld. Eins og ég talaði um í upphafi vitum við um skaðsemi tóbaks. Við þurfum ekki fleiri rannsóknir. Við þurfum ekki lengur vitnanna við. Þetta er svona og allt sem kemur fram er verra en við héldum í gær og meira að segja nýjustu tölur og nýjustu upplýsingar sem við fáum. Því miður er það þannig. Þó svo við höfum áttað okkur á því í gegnum árin að það er samband á milli neyslu, magns, tíma og áhættuþátta í að fá krabbamein vegna reykinga, þá er það það nýjasta að alls ekki er sama hvenær fólk byrjar að reykja. Sérstaklega eru stúlkur illa settar ef þær byrja á unglingsárum. Þær eru í mikilli áhættu með að fá lungnakrabbamein þannig að við skulum ekki gera lítið úr vandaum. Eins og ég nefndi áðan, þá hefur komið fram í nýrri könnun tóbaksvarnanefndar að það hefur borið á aukinni tóbaksnotkun, reykingatíðni, og því miður hefur hún frekar verið hjá konum og ungum stúlkum en körlum, enda er þær markhópurinn í dag. Markhópur tóbaksframleiðenda eru konur, ungar stúlkur, fátækt fólk og litað og fólk í þróunarlöndunum.

Fyrir utan tóbakið og nikótínið hefur neysla ólöglegra fíkniefna líka aukist hér á landi og þær fréttir sem við heyrum núna á haustdögum hafa verið fyrir marga eins og reiðarslag, þ.e. að átta sig á þeim fjölda unglinga sem og ungs fólks sem er farið að neyta ólöglegra fíkniefna daglega og komið í það harða neyslu að mjög erfitt er að hjálpa því til bata. Ungt fólk veit um þá áhættu sem það tekur með því að byrja að reykja, með því að fikta við að nota fíkniefni. Það byrjar samt sem áður. Við erum bara komin á það stig að venjuleg fræðsla, hefðbundin fræðsla, auglýsingar í sjónvarpi, fræðsla í skólum, dugar ekki lengur. Eins og landlæknir benti á í morgun í útvarpsviðtali þá er þetta vandi fjölskyldunnar. Þetta er okkar samfélagsvandi. Meinið er miklu stærra en svo að við getum átt við það með forvarnafræðslu og að ætla sér að halda því áfram er í raun og veru blekking og friðun á eigin samvisku.

Ég lýsi eftir samræmdri stefnu heilbrrn. og fjmrn. Hér inni situr hv. þm. Pétur Blöndal sem er töluglöggur maður og hefur bent okkur á, í dag og aðra daga, hvernig eigi að fara vel með fjármuni ríkisins. Ég sé enga heilbrigða skynsemi í því að setja á fjárlög næstkomandi árs 32 millj.

til tóbaksvarna og það er ekki einu sinni farið að nota þessa fjármuni þegar öllum grunninum er í raun kippt undan þessu í fjmrn. með því að leyfa aukinn innflutning á tóbaki og fleiri tóbaksvörum. Til hvers? Hvað eigum við að gera? Setja 10 millj. í viðbót? Fara aukaherferð í skólana í haust? Hvað eigum við að gera? Hvað þýðir þetta? Þetta er að fara illa með heilsu fólks og fjármuni. Í hinum iðnvædda heimi er víða verið að taka á tóbaksnotkun m.a. með löggjöf og fleiri þáttum.

Það má líta til Bandaríkjanna í þessum efnum, þjóðar sem hefur verið þekkt fyrir mátt einstaklingsins, einstaklingsfrelsi og fyrir frjáls viðskipti. Þeir hika ekki við að setja svo stranga löggjöf að það má í sumum ríkjum Bandaríkjanna ekki reykja á almannafæri og ekki í opinberum byggingum. Það er sem ég sjái okkur Íslendinga lúta því þó við þykjumst ekki vera eins frjálslynd og Bandaríkjamenn en þetta er nú svona. Þeir gera sér fyllilega grein fyrir vandanum og taka á honum og nota þau ráð sem þeir telja að dugi. Þar eru ríkin mjög mismunandi á vegi stödd en sum að þessu leyti alveg til fyrirmyndar. Enda hefur Clinton, núverandi Bandaríkjaforseti, í sínum undirbúningi fyrir endurkosningu ekki hikað við að taka upp tóbaksvarnamál og berjast fyrir því að skilgreina nikótín á réttan hátt, þ.e. að það falli undir ávanabindandi efni og eiturefni. Þegar það verður búið og frágengið, því nikótín flokkast nákvæmlega eins og heróín og kókaín á þessum sviðum, þá er hægt að taka á vandanum á allt annan hátt en gert er í dag og duga þá ekki nein vettlingatök. Við þurfum kannski bara að bíða eftir og vona að Clinton Bandaríkjaforseti nái endurkjöri svo við höfum meiri möguleika á að breyta okkar löggjöf. Það þarf kannski að koma frá Bandaríkjunum að við förum að breyta okkar reglum um samkeppnislög og fleira til að geta tekið tóbakið þar út úr.

Meðflutningsmaður minn, hv. þm. Svavar Gestsson, nefndi að það gæti verið einhverjum erfiðleikum bundið miðað við þá efnahagsstefnu sem við höfum að taka tóbakið alfarið út úr vísitölunni til frambúðar, þ.e. þegar reiknuð er út lánskjaravísitala. Það væri hægt að fara þá leið sem hann benti á eða ef ég má, með leyfi forseta, vísa í yfirlýsingu aðalbankastjóra seðlabanka Kanada, Gordons G. Thyssen, um stefnu bankans í peningamálum og mat hans á þróun í efnahagsmálum. Þetta er skýrsla sem hann gaf viðskiptabankamálanefnd kanadíska þingsins í mars 1994 og aftur í mars 1995. Hann lagði áherslu að hækkun á neysluvísitölunni vegna óbeinna skatta, eins og á tóbaki, þurfi ekki að hafa í för með sér verðbólgu. Og hann sagði, með leyfi forseta:

„Sérhver hreyfing á neysluvísitölunni er ekki vísbending um að verðbólga liggi að baki. Til dæmis geta breytingar á óbeinum sköttum lyft vísitölunni upp eða dregið hana niður án þess að setja í gang óhjákvæmilegar breytingar á kostnaði og verði." Þ.e. skattbreytingar geta valdið verðbreytingum í byrjun án þess að hafa áhrif á verðbólguþróun og hann telur einnig í yfirlýsingunni frá 1995 að það sem máli skiptir þegar verðbólguþróun er metin sé að skoða neysluvísitöluna á ársgrundvelli án þess að hafa skattbreytingar eins og breytingar á tóbaksskatti með. Þetta er kannski ein leið af mörgum sem væri vert að skoða.

Um hitt málið, það liggur við að ég gæti tekið mér í munn orð eins og aðför að hæstv. heilbrrh. Við eigum orðið nokkuð þokkaleg lög um tóbaksvarnir. Þau urðu a.m.k. mun betri en ég þorði að vona í vor. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá hvað þar var vel tekið á málum barna og unglinga og þeirra varnir styrktar. Þar segir í grein 5.3 að fjmrn. skuli hafa samráð við tóbaksvarnanefnd um stefnumörkun varðandi innflutning og verðlagningu tóbaks. Þetta er margbúið að koma fram í dag. Það að óska eftir áliti tóbaksvarnanefndar á verðandi reglum er ekki samráð. Og það sem kemur fram í áliti tóbaksvarnanefndar sem mælir alfarið á móti þessu og sömuleiðis í bréfi frá heilbrrn. síðar er ekki samráð. Samráð er að koma sér saman um hlutina en ekki senda í skeytaformi á milli manna og guð veit hvort þeir lesa þetta eða hvað er gert með þetta. Alla vega er ekkert gert með álit tóbaksvarnanefndar. Þarna er fjmrn. búið að móta nýja stefnu í tóbaksvörnum og heilbrigðisstefnu Íslands. Þetta brýtur algerlega í bága við nýju tóbaksvarnalögin okkar og við íslenska heilbrigðisstefnu því að við þurfum ekki að skoða fleiri rannsóknir.

Hverjir eiga að reykja þessar nýju tegundir sem koma inn á markaðinn? Hverjir? Þessi 2% sem hugsanlega færu að skipta úr gömlu merkjunum yfir á ný? Það verður ekki þannig. Ég hika ekki við að nefna nöfn eins og Philip Morris. Ég hika ekki við að nefna nöfn eins og Marlboro vegna þess að þeir eru sterkustu aðilarnir á markaðnum. Ég tel það ekki auglýsingu þó að þetta fari út í fjölmiðlana. Þeir eru sterkastir. Ég hef skoðað og fylgst með því hvernig þeir hafa komið sér inn á markaðinn. Það er óhugnanlegt að sjá hvernig þeir koma sér inn á markaðinn í þróunarlöndunum og það skal enginn segja mér að þeir hafi ekki öll ráð til að höfða til unga fólksins því að þetta er merki unga fólksins. Því vil ég gagnrýna vinnubrögð fjmrn. og stjórn ÁTVR við að koma á nýjum reglum við innkaup á tóbaki. Það er verið að vísa til samkeppnisreglna. Hvers vegna í ósköpunum er ekki látið reyna á þær samkeppnisreglur? Þetta ákveðna fyrirtæki var búið að vera í dyragættinni og óska eftir inntöku eða komast inn á markaðinn frá því við gengum í EES. Því ekki að láta reyna á það? Og ég lýsi, eins og fleiri hér í dag, eftir áliti ríkislögmanns um efnið. Ég veit að tóbaksvarnanefnd hefur óskað eftir því áliti sem fjmrn. hefur byggt sína afgreiðslu á og hefur ekki fengið, enda kom það í ljós í dag að það er ekki til. Nýjar reglur var sagt. Annars ættum við hættu á kæru.

Það eru 36 vörumerki á markaðnum í dag. Er ekki einfalt fyrir okkur að segja hreinlega: Við höfum haft reglur mörg undanfarin ár. Við höfum fylgt íslenskri heilbrigðisstefnu. Við ætlum að gera það áfram. Við ætlum að hafa 36 merki í henni áfram. Það er þá hugsanlegt að eitthvað breytist innan þessara 36 merkja en við ætlum ekki að fjölga þeim. Þetta gera lönd víðs vegar í kringum okkur og eitt af markmiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópusambandsins er að draga úr framboði tóbaks. Mér finnst það molbúaháttur af okkur að láta undan þessum þrýstingi. Alla vega eigum við ekki að gera það nema við séum nauðbeygð til þess og knúin til þess en þá þarf líka einhver að sýna mér að við þurfum að gera það. Og ef við þurfum að breyta samkeppnisreglunum til þess að standa á þeirri ákvörðun okkar að draga úr tóbaksneyslu, þá gerum við það.

Undirbúningurinn að breytingum á þessum reglum hefur farið hljótt og hann hefur komið aftan að mörgum. Reglurnar hafa alveg verið frágengnar án nokkurrar kynningar eða samráðs við lögboðna aðila. Þannig var hægt að koma á nýjum reglum án afskipta frá ýmsum aðilum sem hefðu e.t.v. verið óþægilegir og komið þessu í uppnám. Hugsanlega hefði heilbrn. Alþingis getað frétt af þessu ef þetta hefði ekki farið svona hægt og hljótt. En gæti skýringin verið sú að litið sé á breytingarnar sem viðskiptalegs eðlis eingöngu

og allt sé svo lokað inni í fjmrn. að það sjái ekki nema sinn fjármálaheim og geti ekki litið á þessar tillögur nema út frá viðskiptalegum hagsmunum? Þetta er heilbrigðismál, þetta er forvarnamál, þetta er tóbaksvarnamál og því ber okkur að fara með það þannig. (Forseti hringir.)

Ég biðst afsökunar, herra forseti. Í upphafi máls míns vísaði ég tillögunni til heilbr.- og trn. þar sem ég tel eðli málsins vera heilbrigðismál en ég get tekið undir álit þeirra sem hafa komið hér í dag og talið að hún ætti líka að fara til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðlögun að lífrænum landbúnaði, fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 83. mál. — Þskj. 84.

[18:13]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál., um aðlögun að lífrænum landbúnaði. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa viðeigandi breytingar á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að unnt sé að styðja bændur sem aðlaga búskap sinn viðurkenndum lífrænum búskaparháttum í samræmi við lög nr. 162/1994 og reglugerð nr. 219/1995, um lífræna landbúnaðarframleiðslu."

Greinargerðin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Búvöruframleiðsla sem byggist á lífrænni ræktun er í örum vexti í mörgum löndum. Víðast hvar er skortur á lífrænt vottuðum vörum enda markaðseftirspurn vaxandi. Á Norðurlöndum og víðar er efling lífræns búskapar liður í landbúnaðarstefnunni, t.d. að 10–20% búvöruframleiðslunnar verði vottuð lífræn fyrir aldamót. Slíkt er í anda þeirrar stefnu að efla beri sjálfbæra þróun enda mun meiri kröfur gerðar til umhverfis- og búfjárverndar í lífrænum búskap en í þeim hefðbundna. Bændur, sem vilja taka upp viðurkennda lífræna búskaparhætti, geta fengið sérstaka aðlögunarstyrki í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Bretlandi, Austurríki, Þýskalandi, Sviss og víðar. Verið er hverfa frá framleiðslutengdum stuðningi til umhverfistengds stuðnings við landbúnað og er aðlögunarstyrkur við lífrænan búskap veigamikill liður í þeirri þróun. Þar með er viðurkennt að bændur sem stunda lífrænan búskap séu að taka á sig mun stærri hluta umhverfiskostnaðar en þeir sem stunda efna- og lyfjavæddan búskap er veldur sums staðar mengun og öðrum vandamálum. Bóndi, sem fer út í lífræna ræktun, þarf að kosta töluverðu til endurræktunar, breyta gripahúsum, aðlaga vélakost og standa straum af eftirlits- og vottunarkostnaði, en vottun er neytendum trygging fyrir því að varan sé framleidd og unnin samkvæmt reglum og stöðlum fyrir lífrænan landbúnað.

Nú er unnið að gerð skýrslu í samræmi við ályktun frá búnaðarþingi 1996 (mál nr. 42, þingskjal nr. 81) þar sem lagðar verða fram tillögur um stuðning við aðlögun að lífrænum búskap. Í lögum um lífræna landbúnaðarframleiðslu, nr. 162/1994, er ekki heimild til að veita slíkan stuðning og ljóst er að lög nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistrænna og lífrænna afurða, varða ekki beinan stuðning til einstakra bænda sem hyggjast framleiða lífrænar afurðir með búháttabreytingu sem felur í sér verulega aðlögun samkvæmt lögum nr. 162/1994. Því þarf að marka aðlögunarstuðningi við lífrænan búskap ákveðinn bás í landbúnaðarlöggjöfinni og mætti í því sambandi einnig nefna lög um búfjárrækt, nr. 84/1989, og jarðræktarlög, nr. 56/1987, en þau eru nú í endurskoðun. Þess ber að geta að í aðlögun að lífrænum búskap gæti falist stuðningur við landgræðslu og skógrækt og þá sérstaklega skjólbeltarækt sem verður að teljast nauðsynlegur liður lífrænnar ræktunar víða um land. Þá má tengja aðlögunarstyrkjum ákveðin skilyrði um náttúruvernd, svo sem verndun votlendis og viðhald erfðafjölbreytni dýra og plantna."

Herra forseti. Ástæðan fyrir þessari tillögu þykir mér vera nokkuð ljós. Bændur sem fara út í lífræna ræktun í dag eða lífrænan landbúnað falla ekki að því landbúnaðarkerfi sem við nú búum við. Þeir eiga ekki rétt á búháttastyrkjum því að þeir eru í sjálfu sér ekki að breyta um stofn. Þeir eru með sama stofn áfram, sauðfjárrækt, mjólkurframleiðslu eða í hverju sem þeir eru. En það eru ræktunaraðferðirnar sem þeir breyta og það er einmitt nýja ræktunaraðferðin sem bæði kostar meiri vinnu og meira fjármagn, sérstaklega í upphafi breytinganna. Það má hugsanlega tala um tvö ár, þrjú ár. Ég ætla ekki að leggja mat á það. En það er ekki verið að tala um árlegan stuðning til þeirra bænda sem breyta um og fara yfir í lífrænan landbúnað. Víða fá bændur sem stunda lífrænan landbúnað, árlega styrki og því má í þessu sambandi líta til þess hvort íslenskir bændur í lífrænni ræktun verði samkeppnisfærir við marga þá sem fá svo opinbera styrki til framleiðslunnar. Það er ekki það sem felst í þessari þáltill. en yrði skoðað alveg sérstaklega ef út í það yrði farið.

Kostnaðurinn við búháttabreytingarnar felst aðallega í landræktun, þ.e. að breyta um áburðargjöf. Það er eitthvað varðandi breytingar á fjárhúsum eða húsakosti. Hann getur verið lítill, allt upp í það að vera umtalsverður en það er líka breytingum háð. Eins hefur þetta vottunarkerfi sem bændur ganga inn í verið aukakostnaður fyrir þá sem er ekki hjá öðrum. En það er aðallega ræktunarkostnaðurinn sem þarf að taka tillit til.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en vil benda á að Gísli S. Einarsson mun mæla síðar fyrir till. til þál. um áætlun til lífræns landbúnaðar. Í sjálfu sér fara þessar þingsályktunartillögur ágætlega saman. Þær tengjast nýjum áherslum í landbúnaði þó að þær fjalli ekki um það sama. Greinargerð hans fylgja líka fylgiskjöl sem ég vil benda þingmönnum á að lesa vel þegar þeir fara yfir þáltill. hans því að þar er mjög fróðlegt erindi lagt fram og ég veit að margir verða þess vísari hvað lífræn landbúnaður er eftir að hafa lesið þau fylgiskjöl.

[18:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil óska hv. þm. Þuríði Backman til hamingju með þær tvær merkilegu þingsályktunartillögur sem hún hefur mælt fyrir í dag. Báðar þessar tillögur lúta að hollustu og heilbrigði og eru því í raun hluti af forvarnastarfi sem leiðir síðan til bættrar heilsu okkar Íslendinga og þegar til lengri tíma litið koma þær til með, ef þær ná fram að ganga, að leiða til bættrar heilsu. Eins og fram hefur komið verða þær til að lækka kostnað í heilbrigðiskerfinu. Ég er stoltur af því að vera einn af flutningsmönnum þessarar tillögu. Hér er um þverpólitískt mál að ræða. Meira að segja er einn krati flutningsmaður tillögunnar og er því óhætt að segja að batnandi mönnum sé best að lifa.

Við Íslendingar höfum þegar stigið okkar fyrstu skref í framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum. Þó er talið að við séum um það bil tíu árum á eftir nágrönnum okkar. En ég er þess fullviss að ef rétt er málum haldið verðum við fljót að ná þeim vegna þess að við eigum mjög mikla möguleika á þessum sviðum. Framleiðsla á lífrænt ræktuðum landbúnaðarvörum leiðir auðvitað til meiri fjölbreytni í framleiðslu, eykur verðmætasköpun og er um leið atvinnuskapandi.

Það er alveg ljóst að íslenskar landbúnaðarvörur eru mjög hollar og heilnæmar. Stóran hluta af þeim landbúnaðarvörum sem við framleiðum getum við kallað vistvænar vörur. Í þessari tillögu er talað um lífrænar vörur og eins og þingmönnum er kunnugt, þá þarf sérstaka vottun til að þessar vörur séu viðurkenndar á markaðnum. Á Íslandi er sérstök vottunarstofa, vottunarstofan Tún, sem var stofnuð fyrir á að giska tveimur árum. Að henni standa nokkur sveitarfélög, m.a. Mýrdalshreppur, Hvolhreppur, Grýtubakkahreppur og reyndar fleiri aðilar.

Þess eru dæmi að nokkur býli hér á landi eru þegar farin að framleiða lífrænt ræktaðar vörur. Mýrdalshreppur hefur verið nefndur lífrænt samfélag og þeir stefna að því að framleiða lífræna vöru í auknum mæli.

Mig langar líka til þess að minnast á sambýli eins og í Skaftholti og Sólheima í Grímsnesi sem hafa framleitt um árabil lífrænt ræktaða vöru.

Kornrækt er að verða ört vaxandi búgrein hér á landi og ekki alls fyrir löngu fékk bóndi á Suðurlandi vottun fyrir lífrænt ræktaðri kornvöru. Ég veit líka dæmi þess að menn eru að framleiða lífrænt ræktaða mjólk, lífrænt ræktað lambakjöt og einnig er talsvert orðið um að grænmetisframleiðsla sé lífrænt ræktuð. Hér á landi er þess vegna að verða um mjög fjölbreytta flóru að ræða og full ástæða er til þess að gefa þessari framleiðsluvöru gaum. Heilsuvörur eru að verða æ vinsælli hér á landi og við sjáum dæmi þess að þær vörur eru seldar á háu verði, enda er dýrt að framleiða lífrænt ræktaða vöru. Lífrænt ræktaðar vörur hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir framleiðendur, en engu að síður er fjöldi fólks sem vill gjarnan borga meira fyrir þessa vöru.

Það er ljóst að kornverð í heiminum hefur stórlega hækkað á síðustu árum og okkar íslenska landbúnaðarvara er flokkuð undir það besta sem gerist í framleiðslu á landbúnaðarvörum í heiminum. Ísland er því matarkista hvort sem við horfum til lands eða sjávar en við gefum þessum málum kannski ekki nægilegan gaum.

Í fjárlagafrv. er markaður ákveðinn tekjustofn hvað varðar lífrænt ræktuðar vörua og með leyfi forseta langar mig til þess að vitna í það sem stendur um lífrænt ræktaða framleiðslu í fjárlögum:

„Áfram verður unnið að sérstöku átaki í framleiðslu og markaðssetningu lífrænna landbúnaðarafurða. Átakið mun standa til ársins 1998 og er gert ráð fyrir að 25 millj. kr. verði veittar á árinu 1997 vegna þessa. Til átaksins var stofnað með lögum nr. 27/1995, um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistvænna og lífrænna afurða. Unnið hefur verið að því að kanna möguleika á útflutningi íslenskrar framleiðslu sem lífrænt unninnar vöru. Starfið hefur beinst að því að afla markaða í Bandaríkjunum og Evrópu. Einnig hefur verið komið á vottunarkerfi fyrir lífrænt ræktaðar landbúnaðarvörur og hefur það starf notið stuðnings."

Mér finnst ástæða til að benda á þetta. Þó hér sé ekki um háa fjárhæð að ræða, þá sýnir það ákveðna viðleitni. En betur má ef duga skal.

[18:28]

Flm. (Þuríður Backman):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ísólfi Gylfi Pálmasyni fyrir hans orð. Og aðeins til viðbótar. Þetta er tiltölulega nýtt fyrir okkur Íslendinga, þetta hugtak og landbúnaður í lífrænni ræktun. Það eru ekki mörg ár síðan frumkvöðlar okkar byrjuðu, þ.e. meðvitað og samkvæmt einhverju markmiði, einhverjum stöðlum sem þeir vissu af í útlöndum og unnu eftir. Margir hverjir sögðu: Þurfum við á þessu að halda? Við eigum svo hreint land. Loftið er hreint. Jörðin er hrein. Vatnið er hreint og þetta er allt lífrænt hjá okkur. Við þurfum ekki á neinum svona stöðlum að halda. Þetta er lífrænt hjá okkur og ef þessir útlendingar geta ekki skilið að við erum með lífrænan landbúnað, þá er það bara þeirra vandamál.

En þetta er nú ekki svona. Að nokkru leyti er það hugsjón að fara í lífrænan landbúnað. Að minnsta kosti fyrir þá sem fara í þetta, er þetta algerlega nýr hugsunarháttur, ekki bara það að rækta jörðina heldur verður allt sem þeir gera með öðrum hætti. Hugsunin er önnur. Ræktunin gengur út frá hringrás efna jarðarinnar. Það er þessi eilífa hringrás að allt sé nýtt og endurnotað og ekki sé verið að bæta inn í lífskeðjuna efnum sem hrannast upp og valda eiturárhrifum og jafnvel sjúkdómum. Það þarf að hlúa þannig meðvitað að dýrunum svo þeim líði vel og fái frjálsræði og verði þar af leiðandi hraustari. Menn hafa sagt mér sem þekkja vel til hjá íslenskum bændum sem eru þegar byrjaðir í þessari ræktun að eftir ákveðinn tíma megi segja að þeir hætti að leita til dýralæknis. Sá kostnaður sem er hjá mörgum vegna þjónustu dýralækna er auðvitað mismunandi eftir búum en getur verið mjög hár í sumum atvinnugreinum og búum hverfur að mestu. Þetta fylgir betri aðbúnaði.

Ég veit líka að þeir sem fóru fyrst í þessa ræktun og fengu ekki neinn stuðning til þess urðu sjálfir að berjast og leita uppi vottunarstöðvar og leita til Englands til að fá að votta sinn landbúnað og gerðu þetta allt að eigin frumkvæði voru margir hverjir álitnir dálítið skrýtnir. Ég hef það eftir einum sveitunga mínum á Héraði að hann vissi að sagt var: Er þetta nú nokkuð annað heldur en bara éta gras og stunda jóga? Svona var tekið undir það að stunda lífrænan landbúnað. En sá bóndi og þau hjón hafa unnið sér markað. Þau hafa unnið sér orð og við vitum að það sem þau eru að gera stendur undir nafni. Þeirra vara er vissulega dýrari en önnur vara í Kaupfélagi Héraðsbúa, þ.e. grænmetið, en ég sé ekki betur en sú vara renni út eins og aðrar enda vitum við hvað við höfum þar.

Það sem er mjög ánægjulegt við lífrænan landbúnað er þessi breyting á hugsunarhætti. Það er tengingin við umhverfisvernd, náttúruvernd og ræktun. Því fer það mjög vel saman að tengja saman lífræna ræktun og uppgræðslu, skjólbeltagerð og ræktun skóga.

En hvað um alla þá sem hafa ekki öðlast trúna? Auðvitað er það ekki fyrir alla að fara út í lífræna ræktun þó að okkur beri að stefna og vinna að stefnumarkandi áætlun eins og verður gert og lagt er hér fram. Ég tel að til þess að fá hljómgrunn og trú bænda almennt á lífrænni rækt verði þeir að hafa möguleika á fræðslu. Sú fræðsla sem þeir hafa fengið fram til þessa hefur ekki staðið lengi yfir. Hún hefur verið tilviljanakennd og ekki markviss. Ef á að vinna að því að koma íslenskri landbúnaðarframleiðslu eða hluta hennar sem mest yfir í lífræna ræktun verða bændur að hafa möguleika á fræðslu og þessi fræðsla þarf líka að fara inn í búnaðarskólana og garðyrkjuskólana. Þar á hún heima.

Ég þakka fyrir undirtektirnar við þáltill. og ég vona að hún fái jákvæða umfjöllun áfram. Ég leyfi mér að gera tillögu um að henni verði vísað til síðari umr. og landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–10. mál.

Fundi slitið kl. 18:35.

Efnisskrá.

Aðlögun að lífrænum landbúnaði (83. mál) 535.
Fiskveiðar utan lögsögu Íslands (57. mál, heildarlög) 310.
Fjáraukalög 1996 (48. mál) 453, 495.
Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim (54. mál) 355, 414.
Fæðingarorlof feðra (12. mál) 327, 353.
Höfundalög (62. mál, EES-reglur) 354, 414.
Lánasjóður íslenskra námsmanna (7. mál, samtímagreiðslur o.fl.) 477.
Lánsfjárlög 1997 (24. mál) 447.
Stjórnarskipunarlög (18. mál, þjóðaratkvæðagreiðsla) 338, 353.
Tilkynning um dagskrá 309.
Tóbaksverð og vísitala (82. mál) 505.
Umferðarlög (55. mál, EES-reglur, vegheiti o.fl.) 310.
Umræður utan dagskrár:
Fjármál Sjúkrahúss Reykjavíkur 310.
Varamenn taka þingsæti 446.
Varðveisla ósnortinna víðerna (27. mál) 410, 414.
Veiðileyfagjald (3. mál) 368.
Þingsköp Alþingis (21. mál, rannsóknarvald þingnefnda) 414.
Þjóðsöngur Íslendinga (35. mál) 348, 354.
Þjónustugjöld í heilsugæslu (6. mál, almannatryggingar, heilbrigðisþjónusta) 318, 353.

Leiðrétting.

Í 1. hefti, 224. dálki, í 36. og 37. línu. Í stað „kaupa sér“ komi: selja; og í stað „kaupandinn“ komi: seljandinn.

11. FUNDUR

mánudaginn 28. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 48. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Tóbaksverð og vísitala, þáltill., 82. mál, þskj. 83. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Aðlögun að lífrænum landbúnaði, þáltill., 83. mál, þskj. 84. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
8. Veiðileyfagjald, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr.
9. Þingsköp Alþingis, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr.
10. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Fyrri umr.
11. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
12. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
13. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.

Fjarvistarleyfi:
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Félagi íslenskra heimilislækna.

Minning Péturs Pétursonar.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Pétur Pétursson, fyrrverandi alþingismaður og forstjóri, andaðist í gær, sunnudaginn 27. október. Hann var sjötíu og fimm ára að aldri.

Pétur Pétursson var fæddur í Mýrdal í Kolbeinsstaðahreppi 21. ágúst 1921. Foreldrar hans voru Pétur Pétursson vinnumaður á Álftá í Hraunhreppi, sem andaðist áður en sonur hans fæddist, og Ólafía Eyjólfsdóttir vinnukona í Mýrdal. Hann stundaði nám í Héraðsskólanum á Laugarvatni tvo vetur og lauk prófi 1941, var síðan einn vetur í eldri deild Samvinnuskólans og lauk prófi 1942. Veturinn 1944–1945 stundaði hann nám í verslunarháskóla í New York. Sumarið 1960 kynnti hann sér starfsemi innkaupastofnana í Bandaríkjunum í boði bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Pétur Pétursson var skrifstofustjóri Landssmiðjunnar í Reykjavík 1947–1956, átti jafnframt sæti í viðskiptanefnd um skeið og var settur verðgæslustjóri 1950–1951. Hann var forstjóri Innflutningsskrifstofunnar 1956–1959 og forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins 1959–1966. Framkvæmdastjóri Kísiliðjunnar við Mývatn var hann 1966–1967, forstjóri Álafoss 1968–1973, starfsmannastjóri við Sigölduvirkjun 1974–1976 og forstjóri Norðurstjörnunnar í Hafnarfirði 1976–1981. Fulltrúi í Framkvæmdastofnun ríkisins var hann 1981–1985.

Pétur Pétursson átti sæti í ýmsum nefndum og stjórnum. Hér skal aðeins tilgreint að hann var í stjórn landshafnar í Rifi 1957–1990, formaður stjórnarinnar 1957–1972 og 1980–1984. Árið 1965 var hann skipaður í samninganefnd um kísilgúrframleiðslu og átti sæti í stjórn Kísilgúrverksmiðjunnar og síðar Kísiliðjunnar 1966–1983. Frá 1972 var hann aðalræðismaður fyrir Lúxemborg. Hann var landskjörinn alþingismaður tvö kjörtímabil, 1956–1959 og 1971–1974, var í kjöri fyrir Alþýðuflokkinn í Snæfellsnessýslu fyrra sinnið, í Norðurlandskjördæmi vestra síðara sinnið. Auk þess tók hann sæti varamanns á Alþingi á hverju þingi 1959–1968 og á þingunum 1970 og 1976, átti sæti á 19 þingum alls. Þing Alþjóðaþingmannasambandsins sat hann 1957 og fundi Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna 1971 og 1972.

Pétur Pétursson hneigðist ungur til jafnaðarstefnu, gekk í samtök ungra liðsmanna Alþýðuflokksins og var kjörinn þar til stjórnarstarfa, tók sæti í miðstjórn flokksins 1950 og var formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur 1959–1963. Nám hans beindist að störfum á sviði viðskipta og verslunar. Forstaða stofnana og fyrirtækja var löngum aðalstarf hans eins og æviferill hans, sem hér hefur verið rakinn, ber með sér. Hann var gæddur því lundarfari sem hentaði til stjórnarstarfa og samvinnu. Í störfum sínum aflaði hann sér víðtækrar þekkingar um íslenskt þjóðfélag og atvinnulíf og var oft valinn í samninganefndir um utanríkisviðskipti. Í tvo áratugi kom hann til starfa á Alþingi, oft til skammrar setu varamanns. Hann var traustur og ósérhlífinn flokksmaður og vinsæll samstarfsmaður.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Péturs Péturssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

[15:07]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dagsett 28. október 1996:

„Þar sem ég er erlendis í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurl. v., Sigurður Hlöðvesson tæknifræðingur, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v."

Kjörbréf Sigurðar Hlöðvessonar hefur verið samþykkt. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til þingstarfa.

[15:07]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 97. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 100.

Fjárreiður ríkisins, 100. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 103.

Ríkisreikningur 1995, 99. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 102.

Skipulags- og byggingarlög, 98. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 101.

Verðtrygging lána og skuldir heimilanna, 43. mál, svar viðskrh., þskj. 99.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

För sjávarútvegsráðherra til Japans.

[15:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh., Þorsteins Pálssonar, vegna frétta fyrr í þessum mánuði um ferð hans með stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna til Japans. Ég fagna því að ráðherrar fari í ferðir af þessu tagi. Ég tel þær geta verið afar mikilvægar fyrir íslensk fyrirtæki og að það geti skapað þeim sérstaka viðskiptavild þegar ráðherra er með í för og opnað þeim sambönd sem ella væru þeim ekki opin. Þannig veit ég að ferðir Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh., til Kóreu í ár og til Kína í fyrra hafa verið fyrirtækjum sem áttu fulltrúa í þeim ferðum mjög mikilvægar.

Nú geri ég ráð fyrir að för hæstv. ráðherra hafi verið á kostnað ráðuneytis hans og þannig kostuð af opinberu fé. Ef svo er ekki bið ég hæstv. ráðherra að leiðrétta það. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort íslenskum fyrirtækjum sem selja sjávarafurðir á Japansmarkaði, öðrum en SH, hafi verið gefinn kostur á að nýta sér þessa ferð hans til Japans. Þar vil ég nefna sem dæmi fyrirtæki eins og Íslenskar sjávarafurðir sem á þessu ári eru að opna skrifstofu í Japan. Var þeim og e.t.v. öðrum íslenskum fyrirtækjum á Japansmarkaði boðið að nýta sér þessa ferð ráðherrans?

[15:10]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Málavextir eru þannig að um nokkurra ára skeið hefur staðið boð stjórnvalda í Japan til sjútvrh. um að koma til viðræðna um sameiginleg hagsmunamál. Síðan kom það upp að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gerði sérstakt átak í tilefni af afmæli skrifstofu sinnar og spurðist fyrir um hvort ég gæti tekið þátt í því til að styrkja þessa aðgerð þeirra. Niðurstaðan varð að sameina þetta tvennt, þær viðræður sem japönsk stjórnvöld höfðu boðið upp á um allnokkurn tíma og þetta sérstaka átak Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, sem ég reyndi að sinna af kostgæfni.

Það er svo að ráðuneytið og ráðherrann í þessu tilviki hafa reynt að styðja viðleitni allra útflutningsaðila hverju nafni sem þeir nefnast og þetta var einn liður í því. Þar að auki fóru fram mjög áhugaverðar viðræður við japönsk stjórnvöld, einkanlega um hvalveiðimál, þar sem fram komu nýjar upplýsingar um afstöðu Japana í því efni sem áður hefur verið greint frá hér í þinginu.

[15:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér skilst af orðum hæstv. sjútvrh. að hann hafi verið í Japan í boði japanskra yfirvalda ef ég skil það rétt og hafi sinnt erindum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. En ég fékk ekki svar hjá hæstv. ráðherra um það hvort öðrum fyrirtækjum hafi verið gefinn kostur á að notfæra sér veru ráðherrans í Japan til að liðka fyrir um viðskipti sín á svæðinu. Vildi ég gjarnan fá svar frá hæstv. ráðherra um það hvort öðrum fyrirtækjum hafi verið gefinn kostur á þessu. Það er eðlilegt að ráðherrann láti fyrirtæki sem hafa hagsmuna að gæta þarna njóta þess þegar hann er á ferðinni. Ég vil gjarnan fá skýr svör um það hvort fleiri en SH hafi getað notfært sér það í ferð ráðherrans til Japans.

[15:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ef eftir því hefði verið leitað hefði það að sjálfsögðu verið opið af minni hálfu og ráðuneytisins. Það var ekki sérstaklega af hálfu ráðuneytisins boðið en það liggur í augum uppi að slík liðveisla af minni hálfu og ráðuneytisins hefði verið veitt mjög fúslega ef eftir henni hefði verið leitað. Ég skoðaði þarna þó nokkrar verksmiðjur sem framleiða úr íslensku sjávarfangi. Þar á meðal kom ég í verksmiðju sem var að framleiða úr afurðum sem Íslenskar sjávarafurðir framleiða. Það var auðvitað mjög áhugavert. Í þessari ferð var ekki á neinn hátt verið að útiloka þjónustu við önnur sölusamtök eða aðra söluaðila.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Ég hef ekki fengið skýr svör, herra forseti, hjá hæstv. ráðherra um það hvort fyrir þessa ferð hafi verið greitt af opinberu fé eða ekki eða hvort það hafi verið japönsk stjórnvöld sem greiddu fyrir ferðina. Mér finnst sérkennilegt að fyrirtæki þurfi að leita eftir því til ráðherra að fá liðsinni hans þegar hann fer í ferðir eins og þessa til Japans, þ.e. fyrir þau fyrirtæki sem eru með viðskipti á þeim markaði. Ef ráðherra hefur verið í opinberum erindagjörðum þá hefði verið eðlilegt að bjóða upp á að hann sinnti erindum fleiri fyrirtækja en bara Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Vitna ég aftur til ferða Halldórs Ásgrímssonar, hæstv. utanrrh., þar sem hann bauð hinum ýmsu fyrirtækjum að vera með í för og liðkaði þannig mjög fyrir um viðskipti.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort önnur fyrirtæki geti vænst þess, ef þau fara fram á það við ráðherrann, að fá sömu þjónustu og SH þegar hann er á ferðinni í útlöndum. Finnst ráðherranum eðlilegt að menn þurfi að sækja eftir því til hans sérstaklega hvort þeir geti fengið liðsinni hans eða ekki eða fylgjast með ferðum hans þegar hann er á ferð um markaðssvæði þeirra?

[15:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það var að vísu ekki beint að því spurt fyrr en í ræðu hv. þm. nú í síðustu ræðu, en að sjálfsögðu var hér um að ræða ferð á vegum ríkisins þó að eitt af tilefnunum hafi verið það að japönsk stjórnvöld hafa um alllangan tíma boðið til slíkra viðræðna, þá var ferðin kostuð af ríkinu. En ég vil aðeins ítreka að af hálfu ráðuneytisins hefur verið kappkostað að reyna að styðja útflutningsstarfsemi og ráðuneytið og ég persónulega hef gert það með ýmsu móti á ferðalögum og hér heima og sölusamtökum eða söluaðilum hefur ekki á neinn hátt verið mismunað í þeim efnum.

Langtímaáætlun í vegamálum.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að inna hæstv. samgrh. eftir því hvenær von sé á því að ráðherrann hefjist handa við að gera nýja langtímaáætlun í vegagerð og hvort hann muni ekki hafa í heiðri þá venju sem hefur skapast við þessi störf að fulltrúar allra þingflokka komi að því máli. Ég rifja það upp að síðast var lögð hér fram í þingsölum tillaga að langtímaáætlun í vegagerð þingveturinn 1990–1991 sem var óvenju stuttur þingvetur vegna komandi alþingiskosninga vorið 1991. Hér var um að ræða vandaða áætlun til 12 ára sem byggð var á áliti fulltrúa allra stjórnmálaflokka og minni ég á að t.d. átti Sjálfstfl. sem þá var í stjórnarandstöðu tvo nefndarmenn einn þingflokka. Því miður entist ekki tíminn til að ræða þessa ítarlegu tillögu því eins og ég gat um áðan var þingveturinn óvenju stuttur. Í ljós kom að einn nefndarmanna í þáv. nefnd, hv. þm. Halldór Blöndal, nú hæstv. samgrh., sýndi málinu ákaflega mikinn áhuga hér í þingsölum og varði miklum tíma úr ræðustól við að ræða málið þannig að það varð ekki útrætt.

[15:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegagerðin er byrjuð að huga að því hvaða tillögur hún muni leggja fram um langtímaáætlun í vegagerð til 12 ára. Ég vonast til þess að sú vinna gangi vel fram. Ég vil aðeins út af þeirri nefnd, sem hv. þm. minntist á og var skipuð fulltrúum allra flokka, um langtímaáætlun í vegagerð á árunum 1990–1991, segja að starfið hafi gengið þannig fyrir sig að þegar loksins kom að því að taka ákvarðanir var stjórnarandstaðan ekki kölluð til eins og eðlilegt var. Það varð auðvitað uppi mjög djúpur ágreiningur um hvaða stefnu skyldi fylgja í vegamálum eins og fram kom þá þegar eftir kosningar þegar ný ríkisstjórn kom að völdum og skýrir auðvitað þann mikla áherslumun sem var á milli flokkanna um þessi mál.

[15:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög gagnlegt að fulltrúar þingflokka séu kallaðir að slíkri vinnu sem undirbúningur langtímaáætlunar í vegagerð er. Þar með fá þeir aðgang að upplýsingum og sérfræðingum og geta tekið þátt í að móta tillögur til framtíðar. Það er eins og fara gerir að stundum næst ekki sameiginleg niðurstaða og þá skipta menn liði og skilar hvor aðili sínu áliti sem kemur fram í skilabréfi nefndarinnar. Allir stjórnmálaflokkarnir eru þá búnir að fara yfir málið og eru tilbúnir að ræða það í þingsölum.

Ég vil því, herra forseti, ítreka spurningu mína til hæstv. samgrh. hvort að ekki sé ráð fyrir því gert í hans áformum að fulltrúar allra stjórnmálaflokka komi að tillögugerð við gerð næstu langtímaáætlunar í vegagerð og vísa til þess fordæmis sem sýnt var af þáv. samgrh. Steingrími J. Sigfússyni.

[15:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að reynslan af þeim undirbúningi hafi ekki verið góð. Ég tel að ríkisstjórnin eigi að bera ábyrgð á þeim málum sem hún leggur fyrir þingið. Á hinn bóginn kemur síðan til kasta samgn. sem er kjörin af Alþingi að vinna úr málinu eftir að það hefur verið lagt fram. Ég hef því í hyggju að vinna að málinu með þeim hætti.

[15:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég harma svör hæstv. ráðherra. Mér finnst nauðsynlegt með hliðsjón af þeirri miklu áherslu sem lögð er á samgöngumál um landið bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni um þessar mundir að þeir sem fara með forustu fyrir þessum málaflokki kappkosti að leiða sjónarmið fram þannig að sem líklegast er að sameiginleg niðurstaða fáist. Svör hæstv. ráðherra eru því miður þannig að hann hefur ákveðið að velja aðra leið en þá að allir séu jafnsettir að upplýsingum og undirbúningi málsins. Enn fremur hafnar hann líka þeirri leið að freista þess að ná saman stjórnmálaflokkunum á bak við sameiginlega samgöngustefnu fyrir landið. Það tel ég miður, herra forseti, og vil því láta í ljós mikinn harm með þessa afstöðu ráðherrans.

Hraðamælar í bifreiðum.

[15:23]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmrh., svohljóðandi: Hversu áreiðanlegir eru hraðamælar í bifreiðum landsmanna? Ég hef rökstuddar grunsemdir fyrir því að hraðamælar, einkum nýrra bíla, séu ónákvæmir og hafi farið meira í þá áttina að verða ónákvæmari með árunum. Þeir séu látnir sýna hærri tölu heldur en raunverulegum hraða nemur. Lögreglumenn hafa fullyrt við mig í samtölum að mismunurinn geti verið 6–10% — alltaf á sama veginn að hraðamælarnir sýni meiri hraða heldur en raunveruleikinn er. Ekki sé um að ræða spurningar um dekkjastærð heldur það að með þessu móti geti framleiðendur bifreiða gefið upp minni bensíneyðslu og bílarnir séu fljótari upp í 100 km hraða sem við förum auðvitað aldrei upp í, herra forseti. Ég spyr því hæstv. ráðherra um það, hvort honum sé kunnugt um þetta og hvort einhver athugun hafi verið gerð á þessu máli?

[15:24]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Mér er að vísu ekki alveg kunnugt um hversu nákvæmir hraðamælar í bílum eru en ráðuneytinu hafa borist ábendingar um að það sé svo, a.m.k. í einhverjum tilvikum, að mismunur sé á því hvað hraðamælar sýna og hver sé raunverulegur hraði bifreiðar. Af því tilefni hefur Umferðarráði verið falið að gera á því athugun sem ég vona að muni leiða í ljós hver raunveruleikinn er í þessu efni. Ef ég man rétt munu reglur Evrópusambandsins sem eru í gildi hér á landi um þessi efni leyfa ákveðin frávik í upp á við og niður á við en ég kann nú ekki alveg að fara með þau mörk sem þar um rætt. En ég hygg að ég fari rétt með að í þeim reglum eru heimildir til þess að hraðamælar víki í einhverju frá raunverulegum hraða.

[15:25]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég bíð spenntur eftir niðurstöðu þessarar könnunar og tel að full ástæða sé til að kanna þetta mál í tengslum við umfjöllun hins háa Alþingis á breytingum á umferðarlögum og ekki síst í því sem viðkemur hámarkshraða bifreiða. Það er einhvern veginn þannig að manni finnst maður vera allt of fljótur upp í 90 og fáist þarna einhver prósent þá er það alltaf til bóta.

Einbreiðar brýr.

[15:26]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég beini spurningu minni til hæstv. samgrh. og hún er svohljóðandi: Hefur verið mörkuð ákveðin stefna varðandi breikkun einbreiðra brúa á þjóðvegi nr. 1, t.d. á Suðurlandi? Ég nefni brýr eins og Þjórsárbrú og aðrar brýr í Rangárvalla- og Skaftafellssýslu. Þessar brýr eru því miður miklar slysagildrur og mér finnst vert að benda á þetta núna þegar fyrir þinginu liggur frv. til laga um að auka hámarkshraða á þjóðvegum úti. Þá hafa sýslumenn í Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslu, ásamt umferðarnefnum í kjördæminu, bent á mikilvægi þess að lýsa upp brúna við Þjórsá. Hefur hæstv. samgrh. mótað afstöðu til þessara mála?

[15:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Varðandi hið síðasta þá hygg ég að það sé þingmanna Suðurlandskjördæmis að ráða fram úr því hvort þeir telji rétt að verja einhverju af vegafé til að lýsa upp brúna yfir Þjórsá og komi ekki undir gerð samgrh. eins og vinnubrögðum hefur verið háttað. Á hinn bóginn höfum við sýnt því áhuga í samgrn. og Vegagerð, og raunar hefur það komið fram á Alþingi líka, að reyna að flýta því að breikka brýr þar sem reynslan hefur sýnt okkur að um slysagildrur er að ræða. Það er rétt hjá hv. þm. að Þjórsárbrúin er ein af þeim brúm þar sem slys eru tíð. Ef ég man rétt hafa flest slys orðið á brúnni yfir Botnsá í Hvalfirði, síðan kemur Þjórsá og síðan kemur brúin yfir Laxá í Kjós — eins og ég man það. Það hefur verið rætt milli mín og vegamálastjóra hvort hægt sé að flýta því að byggð verði brú yfir Þjórsá fram yfir það sem áður hafði verið áætlað.

[15:28]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka samgrh. fyrir ljúf og greið svör og ábendingar. Við fengum kannski ekki alveg fastmótað svar við því hvort búið væri að móta einhverja mótaða stefnu hvað þetta varðar en engu að síður les ég þó út úr svörum hæstv. ráðherra að þessi mál séu í athugun í ráðuneytinu.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er sennilega ekki skýrmæltur. Ég sagði áðan að við hefðum sýnt þessu áhuga bæði Alþingi, ráðuneyti og Vegagerð enda hefur fé til öryggismála verið stóraukið á þessu ári og við réðumst í það að breikka eða endurbyggja margar brýr í sumar til þess að draga úr slysahættu.

Lánsfjárlög 1997, frh. 1. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjáraukalög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 48.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Tóbaksverð og vísitala, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 82. mál. — Þskj. 83.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Aðlögun að lífrænum landbúnaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞBack o.fl., 83. mál. — Þskj. 84.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Veiðileyfagjald, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[15:33]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Nú verður fram haldið umræðu um veiðileyfagjald sem hefur verið frestað í tvígang. Það var ósk okkar flutningsmanna, herra forseti, að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu og málinu var frestað nú síðast vegna þess að hann gat ekki verið til loka þeirrar umræðu og þá frestaði forseti eðlilega umræðunni. Ég vil spyrjast fyrir um, hvort hæstv. forsrh. sé ekki nálægur.

(**Forseti** (ÓE): Hann er hér.)

Vissulega eins og um var rætt.

Þessar umræður hafa verið nokkuð ítarlegar og góðar hér á hinu háa Alþingi. Eins og skýrt hefur komið fram í umræðunni snýst tillagan um þá pólitísku ákvörðun hvort beri að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi eins og við jafnaðarmenn leggjum til. Við höfum ítrekað bent á það að umræðan um veiðileyfagjald getur verið óháð fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það hafa fjölmargir aðilar hafið umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið sem slíkt, fundið því ýmislegt til foráttu eins og alvanalegt er og einkum bent á framsal í núverandi kerfi máli sínu til stuðnings. Samt ber að ítreka það að tillagan er ekki um fiskveiðistjórnunarkerfið. Hún fjallar um spurninguna um veiðileyfagjald. Vitaskuld geta menn verið með umræðuna á breiðum vettvangi eins og ýmsir hv. þingmenn hafa gert, en það er alls ekki nauðsynlegt. Þannig er hægt að vera með veiðileyfagjald í núverandi aflamarkskerfi. Það er einnig hægt að vera með veiðileyfagjald í

sóknarmarkskerfi ef menn kjósa það. Það er ekki spurningin sem við erum að fjalla um hér. Þetta er álíka og ef flutt er tillaga um breytingu á tekju- og eignarskatti að menn vildu þá taka alla tekjuskattslöggjöfina til umræðu. Hins vegar er þetta mál þess eðlis að ég geri enga athugasemd við það að menn ræði það á breiðum grundvelli, en ég bið menn hins vegar um að taka tillöguna eins og hún er borin fram, þ.e. án tengsla við breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Meginrök okkar flutningsmanna eru réttlætisrök fyrst og fremst. Hér er um sameign þjóðarinnar að ræða og það að leggja á veiðileyfagjald staðfestir þessa sameign þjóðarinnar því að þegar menn fá úthlutað tímabundið og greiða leigu fyrir er vitaskuld ekki um eign þeirra að ræða, enda það hafið yfir allan vafa.

Einnig misbýður það réttlætiskennd fjölmargra landsmanna að veiðileyfum sé úthlutað án gjaldtöku og síðan geti menn fénýtt veiðileyfi með sölu innan árs eða til lengri tíma án þess að nokkur greiðsla komi fyrir til eigandans, þ.e. almennings. Þessi rök eru mjög veigamikil í allri þessari umræðu og í sjálfu sér alveg nægjanleg til að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi, þ.e. greiðslu fyrir sameiginlegar náttúruauðlindir. Ég vil nefna það, af því að það hefur verið í fréttum núna undanfarna daga, að Bandaríkjamenn hafa tekið upp veiðileyfagjald hjá sér sem er ákveðin prósenta af aflaverðmæti, 3%, og rennur fyrst og fremst til greiðslu á kostnaði við sjávarútveg þar. Þar er sagt: Þetta er fyrsta skref í áttina að því taka gjald fyrir náttúruauðlindir og það er nákvæmlega það sem við erum að tala um varðandi veiðileyfagjald. Hér er verið að taka gjald fyrir sameiginlegar auðlindir okkar landsmanna.

Fyrir utan þessi réttlætisrök sem duga fyllilega til að styðja málið, þá er til viðbótar hægt að benda á hin efnahagslegu rök sem felast fyrst og fremst í því að við getum búist við, til allrar hamingju, að á næstu árum muni fiskveiðiarður, þ.e. hagnaður í sjávarútvegi, vaxa smátt og smátt. Hann hefur gert það á undanförnum árum. Ýmsir fiskstofnar okkar hafa verið að braggast og það er ýmislegt sem bendir til að frekari hagræðing í útgerðarháttum muni halda áfram. Þetta leiðir eðli málsins samkvæmt til uppsveiflu í sjávarútvegi sem er vitaskuld af hinu góða að öðru jöfnu. Þessi uppsveifla getur hins vegar haft neikvæð áhrif á aðra atvinnuvegi, þ.e. með hækkandi raungengi getur skapast verri staða fyrir samkeppnisiðnað og annan útflutningsiðnað. Það er enginn að tala um og enginn flutningsmanna þessarar tillögu hefur talað um að taka allan fiskveiðiarðinn út úr sjávarútvegi, það er fráleitt. Við höfum lagt á það þunga áherslu að fiskveiðiarðurinn er ekki mjög mikill um þessar mundir. Hann er e.t.v. nokkrir milljarðar, talinn vera innan við 5 milljarðar en það er jafnframt talið að þegar bæði fiskstofnar og sókn hefur enn batnað, þá geti þessi fiskveiðiarður numið umtalsverðum fjárhæðum. Og þá hefur öll umræðan gengið út á það að hluti af þessum fiskveiðiarði sé skipulega tekinn út úr greininni en þó skilið mun meira eftir innan greinarinnar heldur en er í núverandi stöðu.

Vitaskuld verða menn einnig að hugsa út frá því að við búum við ákveðið fiskveiðistjórnunarkerfi því að það hefur ekkert komið fram af hálfu ríkisstjórnarflokkanna, sem fara með meiri hluta hér, um að breyta þessu kerfi í neinum grundvallaratriðum. Annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., hefur beinlínis gert um það samþykkt að ekki skuli gerðar breytingar á þessu kerfi í bráð. Hinn stjórnarflokkurinn er sá aðili sem tengdist einna mest þróun þessa kerfis upprunalega. Þá verða menn, án þess að ég ætli að blanda sjálfu fiskveiðistjórnunarkerfinu í þessa umræðu, að svara þeirri spurningu: Vilja menn hafa þetta kerfi eins og það er núna með veiðileyfagjaldi eða án veiðileyfagjalds? Og ég held ef menn fara yfir réttlætisröksemdina og hina efnahagslegu, þá sé augljóst að það er skynsamlegt að feta sig áfram á þessari braut.

Það er sömuleiðis mjög brýnt í hugum okkar flutningsmanna að verði lagt á veiðileyfagjald. Ef það er aðeins lagt á til að mæta kostnaði í sjávarútvegi, þá er ekki um að ræða hefðbundna skatta en látum það vera. Aðrir skattar verða lækkaðir ef menn fara veiðileyfagjaldsleiðina. Tækifærið verður ekki notað til að hækka skatta hér á landi. Við höfum dregið fram í umræðuna tekjuskatta einstaklinga sem renna til ríkisins. Það gæti verið sá skattstofn sem við ættum að stefna að að lækka á næstu árum.

Það sem er hins vegar athyglisvert í þessari umræðu og verður að draga skýrt fram er að við erum með allt annað efnahagsumhverfi núna 1996 heldur en við vorum með fyrir 1990. Umræðan um veiðileyfagjald, hin efnahagslegu rök fyrir veiðileyfagjaldi, snýst um að varðveita þann stöðugleika sem við náðum fyrir sex árum og búa til efnahagsstjórnun sem gerir það að verkum að aðrir atvinnuvegir geti blómstrað við hlið hins sterka sjávarútvegs án þess að við föllum inn í verðbólguþenslu og gengisbreytingar eins og við þekktum á árunum fyrir 1990. Það er ekki rétt um í okkar tillögu að fella gengið. Það er rétt um í þessari tillögu að við séum að vinna gegn raungengishækkun, líklega óhjákvæmilegri raungengishækkun íslensku krónunnar. Það er óskynsamlegt við þessar aðstæður sem við búum við núna, þ.e. lágt raungengi, að vera að hugleiða gengisfellingu í tengslum við þessa umræðu.

Hins vegar er mjög athyglisvert varðandi umræðuna núna og knýr á um svör og þá kemur eiginlega að þætti hæstv. forsrh. og ástæðuna fyrir því að við höfum óskað eftir því að hæstv. forsrh. sé viðstaddur þessa umræðu. Það er tvennt sem veldur því. Annars vegar að í tillögunni er gert ráð fyrir forgöngu forsrh. í sambandi við nefndarskipun sem á að kanna hvaða form veiðileyfagjalds er heppilegast. Einnig lítum við svo á að veiðileyfagjald snerti það marga þætti efnahagsmála, að eðlilegt sé að forsrh., sem hefur helst umsjón með efnahagsmálum, komi að þessu máli í umræðu og útfærslu.

Nú hefur hæstv. forsrh. ekki tjáð sig um veiðileyfagjald á hinu háa Alþingi svo ég muni eftir. Hins vegar hafði hann orð um þetta í upphafi landsfundar flokks síns fyrir nokkrum vikum þar sem hann sagði að þessi tillaga jafnaðarmanna kallaði á 30–50% gengisfellingu og hér væri um að ræða skattlagningu upp á 30–40 milljarða. Ég sagði þá opinberlega, þegar ég var beðinn um álit á þessum ummælum og vil endurtaka það hér á hinu háa Alþingi, að annaðhvort vissi hæstv. forsrh. ekki um hvað umræðan um veiðileyfagjald snerist eða hann færi vísvitandi með ósannindi. Ég vil endurtaka þessi orð hér.

Hæstv. forsrh. hefur vitaskuld núna á hinu háa Alþingi full tök á að taka þátt í þessari umræðu þó hann hafi ekki haft tækifæri til þess enn þá og útskýra sína stöðu í málinu því að hann fór með staðlausa stafi þegar hann sagði að við værum að tala um skattlagningu upp á 30–40 milljarða eða gengisfellingu upp á 30–50%. Svo er ekki. Ég endurtek: Við erum ekki að leggja til gengisbreytingar samhliða veiðileyfagjaldi. Við erum að leggja áherslu á, drögum fram

sérstaklega réttlætisrökin í þessu máli og við ræðum líka efnahagsleg rök í því máli gagnvart öðrum atvinnuvegum. Og það að skattleggja um 30–40 milljarða er fráleitt. Við höfum bent á það að fiskveiðiarðurinn getur að mati vísindamanna, við rekjum þetta ítarlega í okkar tillögu, hugsanlega numið 15–30 milljörðum. Við höfum meira að segja gert tillögu um það að ef kjörstaða sé komin, sem er ekki til staðar neitt núna og við eigum sjálfsagt nokkuð mörg ár í hana, þá gæti legið vel við að fella niður á móti þessu tekjuskatt eða leggja á veiðileyfagjald sem næmi t.d. tekjuskatti einstaklinga til ríkisins sem er eitthvað um 15–16 milljarðar. Það er hins vegar framtíðarsýn ef hægt er að ná þessu á nokkrum árum. Ég veit ekki hvort svo er. Okkar tillögur um veiðileyfagjald frá því í haust voru upp á 500–700 millj. Hæstv. fjmrh. hefur sjálfur rætt um að það væri e.t.v. eðlilegt að miða við þann kostnað sem hið opinbera verður fyrir vegna sjávarútvegs, 2–3 milljarða, sem við að hluta til gerum þegar með gjaldi í Þróunarsjóðinn. Við höfum þegar tekið upp veiðileyfagjald að hluta varðandi það gjald sem rennur núna í sjávarútveginn.

Hins vegar verður hæstv. forsrh. að skýra málið á hinu háa Alþingi því að hann viðhafði þau orð á sínum landsfundi að þetta hefði verið sú vitlausasta umræða sem hann hefði heyrt lengi. Ég ætla ekkert að mótmæla mati hæstv. forsrh. á umræðu. Hann stendur við það og rökstyður það. Hins vegar er þá rétt að menn taki þátt í málefnalegri umræðu um efnið. Ég sé að báðir hæstv. ráðherrar eru viðstaddir. Hæstv. sjútvrh. hafði ekki tækifæri á að vera við síðast þegar við ræddum málið en ég geri fastlega ráð fyrir því að þessir forustumenn Sjálfstfl. komi hér upp á hinu háa Alþingi, skýri sitt sjónarmið, segi af hverju þeir vilja ekki fallast á þessa hugmyndafræði sem við jafnaðarmenn leggjum til.

Ég held að það sé mjög brýnt vegna þess að ekki höfðum við, sem vorum þess ekki aðnjótandi að sitja landsfund Sjálfstfl., á tilfinningunni að það hefði átt sér stað mjög ítarleg umræða um þetta mál nema í tiltölulega þröngum hóp. Það virtist vera eins og menn hefðu gefið ákveðna línu varðandi umræðuefnið þar áður en hin raunverulegu fundastörf hófust. Það er í sjálfu sér hlutur sem kemur mér ekki nokkurn skapaðan hlut við. Sjálfstfl. getur haft sína landsfundi nákvæmlega eins og hann vill og formaður þess flokks getur stýrt honum og á að gera eins og hann telur vera best. Það er ekki mitt að gefa neina einkunn eða hafa skoðun á því.

Ég ætlast hins vegar til í svo brýnu máli, sem hér er á ferðinni, að menn komi hér og rökstyðji mál sitt málefnalega. Við erum ekki að biðja um neitt annað, við sem höfum talað fyrir þessari hugmyndafræði. Við teljum að rök hafi verið færð fyrir málinu og eins og í öllum málum eru rök með máli og rök á móti. Ég tel að einmitt ummæli hæstv. forsrh. í upphafi landsfundar Sjálfstfl. hafi síður en svo verið málefnaleg og að hann skuldi hv. Alþingi nánari skýringar og útskýringar á þeirri stefnu Sjálfstfl. að vilja ekki breyta stafkrók í átt til veiðileyfagjalds eins og við höfum verið að lýsa.

Það er mjög brýnt að hugsa þá hugsun til enda ef veiðileyfagjald verður ekki tekið upp hérlendis. Það er ástæða til að óttast að þau áhrif af uppsveiflu í sjávarútvegi, og menn verða að hugsa til framtíðar, að hún muni hafa neikvæð áhrif á annað atvinnulíf þegar lengra líður fram. Það getur sett þennan stöðugleika í hættu. Það er hin efnahagslega sýn sem menn verða að hafa í umræðunni. Vitaskuld, eins og ég nefndi áðan, voru réttlætisrökin þjóðareignin og það að menn geti verslað með eignir annarra alveg fullkomlega nægileg rök fyrir þessari aðferðafræði. En efnahagsleg rök fyrir upptöku veiðileyfagjalds með eða án breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru sterk án tillits til fiskveiðistjórnunarkerfisins. Við höfum lagt fram spurninguna þannig að menn taki pólitíska afstöðu með eða móti veiðileyfagjaldi. Við teljum það vera brýnt vegna réttlætissjónarmiða að þessi hugsun nái fram að ganga og einnig vegna efnahagslegra aðstæðna. Til lengri tíma mun veiðileyfagjald styrkja atvinnulíf og ekki hvað síst íslenskan sjávarútveg.

[15:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að kalla hæstv. forsrh. til umræðna um þetta mál, svo gildan þátt sem hann hefur átt í opinberri umræðu um málið nú að undanförnu. Þess vegna tek ég alveg undir þá ósk hv. flm. að hæstv. forsrh. sé viðlátinn.

Ég tel að þessi umræða hafi að mörgu leyti verið gagnleg og ég endurtek það sem ég sagði í öðrum þætti umræðunnar að réttlætanlegt hafi verið að taka málið á dagskrá með þeim hætti sem hér hefur verið gert þó svo það verði að viðurkennast að uppsetning þessa máls með hliðsjón af venjum í þinginu er satt að segja dálítið sérkennileg. Vegna þess að því miður tíðkast ekki að Alþingi taki ákvörðun um stefnu. Það tíðkast aðeins að Alþingi samþykki þingsályktanir og samþykki lagafrumvörp en það tíðkast ekki að Alþingi lýsi því yfir t.d. að það eigi að hafa tiltekna stefnu í skólamálum eða heilbrigðismálum eða veiðileyfagjaldsmálum eða fiskveiðimálum, heldur er um að ræða ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli tiltekinna atriða í þingsköpunum eins og við þekkjum og ég tel að séu gölluð eins og hefur komið fram í mínu máli áður á þessu hausti í öðru samhengi.

Það sem mér finnst hins vegar hafa komið fram í umræðunni varðandi veiðileyfagjaldið er í raun mjög merkilegt. Það er í fyrsta lagi að ég held að það liggi alveg fyrir eftir þessa umræðu að það er viðurkennt af flm. að veiðileyfagjaldið leysir ekki alvarlegasta vanda fiskveiðistjórnunarinnar. Þó svo að þeir hafi gefið í skyn að svo væri þá leysir veiðileyfagjaldið ekki þann alvarlega vanda sem er fólginn í leigubraskinu, kvótabraskinu sem er undirrót óánægjunnar með fiskveiðistjórnunina í landinu. Ég held að menn þurfi að gera sér ljóst að í þessari umræðu hefur þetta verið dregið mjög skýrt fram. Ég tel hins vegar að menn, eins og t.d. formaður Alþfl., hafi reynt að gefa í skyn að þetta væri vel til þess fallið að hreinsa sjávarútveginn af því svínarí sem þarna viðgengst en viðurkennt er núna, og menn vita, að það gerir það ekki. Veiðileyfagjaldið leysir ekki þennan vanda, ekki þennan spillingarvanda sem um er að ræða í sjávarútveginum í dag og er alvarlegur hlutur. Þess vegna held ég að eina leiðin í þeim efnum sé sú sem Alþb. hefur lagt til og felst í þeirri áherslu að við viljum afnema þetta með því að afnema hið svokallaða leiguliðakerfi.

Í öðru lagi hefur komið mjög skýrt fram í þessari umræðu og um það er m.a. fjallað af þingmönnum úr Sjálfstfl., þingmönnum úr Framsfl., þingmönnum úr öllum flokkum, að framsalskerfið sjálft sé vandinn, það sé stóri vandinn í stöðunni. Ég veit ekki betur en komið sé fram frv. frá tveimur hv. þingmönnum Sjálfstfl. um það mál, þar sem á því er að einhverju leyti tekið. Það mál hefur mjög oft verið rætt að frumkvæði okkar alþýðubandalagsmanna og að mér finnst mikilvægt við umræðuna að þetta tvennt hefur verið leitt í

ljós. Framsalskerfið dugir ekki eins og því hefur verið hagað að því er þessa hluti varðar. Menn eru meira og minna að auðgast á tiltekinni eign, á aðgangi að fiskimiðunum þó að þeir nýti þann aðgang ekki og það er auðvitað algerlega fráleitt mál.

Rökin sem eru flutt fyrir málinu eru í fimm liðum eins og ég skil þau. Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir alveg prýðilegar ræður um þetta mál. Mér líkar vel við þær ræður. Hann hefur reynt að vanda sig í þeim. Mér finnst reyndar að hann segi talsvert annað núna í ræðunni í dag en hann sagði í upphaflegri framsöguræðu en þannig þróast umræður oft og það er ekki gagnrýni af minni hálfu. Mér finnst að málflutningur hans sé í raun og veru þannig að hann reyni að vanda sig eins og kostur er.

Það fyrsta sem hann nefnir eru réttlætisrökin og það eru rök sem þjóðin kallar upp í þessu máli og segir: Það á að taka á málinu á grundvelli réttlætisraka. Af hverju eru þau réttlætisrök flutt? Það er af því að menn eru að fénýta þennan aðgang að fiskimiðunum án þess að nota hann. Það er þess vegna sem reiðin blossar upp í öllum sjávarplássum, í öllum byggðarlögum í landinu út í þetta kerfi. Ég verð því miður að segja að ég tel að veiðileyfagjaldið sem slíkt svari ekki réttlætisrökunum vegna þess að ranglætið verði til eftir sem áður eða geti verið til þó svo veiðileyfagjald verði tekið upp.

Annar þátturinn sem nefndur er í málflutningi flutningsmanna eru sameignarrökin. Þau eru mikilvæg en ég segi: Sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum er algerlega hafin yfir allan vafa. Það er engin spurning og ég tel að það sé algerlega fráleitt að halda öðru fram úr þessum ræðustól vegna þess að þar með eru menn að létta róður þeirra sem kannski síst skyldi í þessum málum. Það er alveg klárt mál að ekki er hægt að verja þessa tilteknu stöðu á grundvelli einkaeignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Það er ekki hægt. Það liggur alveg fyrir. Þó um það sé að ræða að þessi réttur sem slíkur geti erfst eða flust á milli manna er ekki hægt að verja hann með hinum almennu einkaeignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Það er óhugsandi. Alþingi getur því gert við fiskveiðilögin hvað sem því sýnist án þess að fullar bætur þyrftu að koma fyrir, eins og segir í stjórnarskránni um meðferð eigna. Það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir að Alþingi er algerlega frjálst að því að gera það sem því sýnist án þess að það snerti nokkuð eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að þetta er mikilvægt atriði og það á að ræða og fara yfir málið en mér sýnist það liggja svona.

Þriðja hugmyndin sem hann bendir á og mér finnst vera athyglisverð er um auðlindaskatt almennt. Mér finnst það vera mál sem við eigum að ræða. Ég vil ræða það og þá erum við að tala um orkulindirnar líka. En vandinn er sá að búið er að undanþiggja stóran hluta orkulindanna til áratuga með samningum við stóriðjufyrirtækin, sem auðvitað eru þannig að ekki er hægt að hækka verðið á raforkunni með einfaldri ákvörðun héðan, því það er talið jafngilda uppsögn á þeim samningi. Það er því í raun og veru búið að taka mjög stóran hluta orkulindanna undan þeim möguleika að leggja auðlindaskatt á þær. Ég geri ekki ráð fyrir að þingmeirihluti sé fyrir því að leggja þennan auðlindaskatt á almenning sem kaupir orkuna frá hinum almennu raforkufyrirtækjum hér í landi.

Í fjórða lagi er sagt að tillagan taki á eignarrétti. Ég tel að hún geri það ekki eins og málið liggur vegna þess að eignarréttur þjóðarinnar á fiskimiðunum er alveg skýr og það sem þurfi að gera er að takmarka framsalskerfið og afnema leigubraskskerfið.

Svo kemur að fimmtu röksemdinni sem er uppsveifluröksemdin, þ.e. fiskveiðiarðurinn verði svo mikill í framtíðinni að það geti haft í för með sér að samkeppnisstaða annarra greina, eins og t.d. iðnaðarins við hliðina á sjávarútveginum, verði veik. Það er mál sem þá á að skoða. En við erum ekki komin að þeim tímapunkti akkúrat núna, að mínu mati, eins og sakir standa.

Ég bendi á, í sambandi við þessa umræðu, viðtal sem kom fyrir nokkrum dögum við Ragnar Árnason prófessor, sem hefur fjallað talsvert um þessi mál, í Ríkisútvarpinu þar sem hann benti á að hann óttaðist að mörgu leyti afleiðingar þessa gjalds. En það breytir því hins vegar ekki að ég tel að umræðan sé gagnleg og að undirstaða hennar sé sá vandi sem blasir við í þjóðfélaginu að það er ekki sátt um kerfið eins og það er.

[15:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil leggja fáein orð í belg til viðbótar því sem ég hef áður sagt í umræðunni. Ég vil fyrst fagna þeirri áherslubreytingu sem var í máli 1. frsm. tillögunnar í ræðu hans áðan frá því sem fyrr hefur verið þegar hann í raun dró alveg í land með mögulega skattheimtu af þeirri stærðargráðu sem nefnd hefur verið og getið er um í grg. með frv. Þar með má segja að um sé að ræða kúvendingu í málinu þegar menn falla frá því að með veiðileyfagjaldi á sjávarútveg sé hægt að fjármagna ríkissjóð og þarfir hans að allnokkru leyti.

Ég vil einnig nefna að þar sem menn hafa, í öðrum löndum t.d. í Bandaríkjunum, farið inn á þær brautir að skattleggja eða taka gjald fyrir veiðiheimildir, og hefur verið í umræðunni að undanförnu, er sett hámark á þær heimildir. Í Bandaríkjunum er miðað við 3% af aflaverðmæti og það er gengið út frá því að tekjurnar af því renni til að greiða tiltekinn kostnað sem ríkið verður fyrir vegna sjávarútvegs. Það er því alveg ljóst að erlendis þar sem menn velja þessa leið að einhverju marki er hún farin á þeim nótum að um er að ræða mjög hóflegt gjald til að mæta afmörkuðum kostnaði. Í reynd hefur niðurstaðan hér orðið sú sama hvort sem menn eru sammála því eða ekki. Við vitum, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að hér er gjaldtaka sem knúin var í gegn í tíð síðustu ríkisstjórnar. Íslenskir útgerðarmenn greiða í dag veiðileyfagjald fyrir hvert úthlutað kíló auk tveggja annarra veiðileyfagjalda eins og ég rakti í fyrri ræðu minni.

Í sjálfu sér er ekki hörgull á gjöldum á sjávarútveginn í dag og í raun er þessi umræða ekki deila um hvort eigi að taka upp veiðileyfagjald eða ekki. Við erum með þessa skattlagningu í dag. Sjónarmiðin eru miklu frekar mismunandi um hversu mikið menn ætla að hafa upp úr sjávarútveginum. Segja má að annars vegar séu þeir sem vilja miða gjaldið við afkomu sjávarútvegs á hverjum tíma, taka til ríkisins gjald sem miðast við afkomu í greininni. Hins vegar eru hin sjónarmiðin sem hafa verið efst á baugi hjá þeim sem hafa mælt fyrir þessari tillögu, þ.e. að skattleggja atvinnugreinina mjög mikið án þess að hún ætti fyrir því út á það að hún muni einhvern tímann í framtíðinni eignast peninga. Það má segja að með ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan hafi hann dregið þetta sjónarmið eiginlega alveg í land þannig að kannski er ekki svo mikið sem stendur eftir í þessu máli þegar tekið er tillit til þeirra breyttu sjónarmiða sem fram komu.

Ég vil minna á í þessari umræðu að vandamálið í íslenskum sjávarútvegi er ekki skorturinn á sköttum á atvinnugreinina. Vandamálið er það sem brennur á fólki. **(Gripið fram í:** Skortur á fiski.) Það er kannski fyrst og fremst skortur á fiski, já. Menn þurfa að fá að veiða meira. Þeir sem búa í samfélögum sem að mestu leyti byggja afkomu sína á sjávarútvegi þurfa að fá að veiða meira ef ekki á illa að fara. Þeir eiga að njóta þess að atvinnusamsetning er eins og raun ber vitni og að þessi byggðarlög eru við sjávarsíðuna og urðu til á sínum tíma til þess að stunda fiskveiðar og nýta þau mið sem þar liggja undan. Það sem vantar í íslenska löggjöf er að hún tekur ekki tillit til þessara atriða. Því eru atvinnuhagsmunir íbúa á landsbyggðinni í verulegu uppnámi meðan löggjöfin um íslenska fiskveiðistjórnun er eins og raun ber vitni.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á að bæði í Noregi og Bandaríkjunum hafa menn valið þann kost að taka verulegt tillit til hagsmuna íbúanna og viðurkenna þar með í raun að íbúarnir eru aðilar að málinu og hagsmuna þeirra ber að gæta. En hér á landi hefur löggjöfin því miður verið þannig að einungis er miðað við hagsmuni útgerðarmannanna. Það eru ekki endilega sömu hagsmunir sem þar liggja að baki, útgerðarmanna annars vegar og íbúanna, sjómannanna og fiskvinnslufólksins hins vegar.

Herra forseti. Ég vil nefna það sem mér finnst kannski helsti galli á þessari tillögu og hún hefði þurft að taka á til að hún væri brúkleg, þ.e. að um væri að ræða yfirlýsingu, pólitíska yfirlýsingu um almenna stefnumörkun um auðlindanýtingu. Það er aðeins getið um gjald á sjávarútveg eða úthlutaðar aflaheimildir. Ekki er svipuð tillaga hvað varðar aðrar auðlindir. Ég nefni heitt vatn sem er auðvitað auðlind. Ég spyr: Hví hefur þingflokkur jafnaðarmanna ekki gert kröfur til þess að heita vatnið sé sameign þjóðarinnar? Það sé þá skattlagt í ríkissjóð eins og fiskveiðiheimildir og menn noti þann skatt til að jafna kostnað íbúanna af því að þurfa að hita upp sín hús. Er það kannski af því að þingflokkur jafnaðarmanna er þannig samansettur að hann hefur meiri áhuga á að verja hagsmuni höfuðborgarsvæðisins en minni áhuga fyrir að verja hagsmuni landsbyggðarinnar að hann leggur ekki til að taka þarna pening til að jafna og lækka orkukostnað úti á landi. Hann leggur bara til að taka peninga af landsbyggðinni og færa í ríkissjóð til Reykjavíkur. Það er auðvitað grundvallarmunur á þessu. Ef menn hefðu lagt til hvort tveggja væri ástæða til að líta á málið því þá væru menn að tala um samræmda stefnu þar sem sömu sjónarmið gilda gagnvart öllum og ólíkum auðlindum þjóðarinnar. Ég nefni heita vatnið vegna þess að augljóst er eins og notkunin hefur verið á því á höfuðborgarsvæðinu að um verulega sóun er að ræða. Vegna þess að það hefur verið svo ódýrt hafa menn getað nýtt það til hinna ýmsu þarfa, nauðsynlegra og ónauðsynlegra. Menn hafa notað mikið af heitu vatni, miklu meira en þörf hefur verið á og sóað þeirri auðlind af því að verðið hefur verið svo lágt. Með þeim rökum sem flutt eru fyrir veiðileyfagjaldi á veiðiheimildir má yfirfæra þau rök líka á afnot af heitu vatni auk þess að sá sem selur heita vatnið, Reykjavíkurborg, tekur í borgarsjóð en ekki til að reka veitukerfið sjálft, 27% af hinu útselda verði. Fyrst verðið er ekki hærra en svo að leggja má á þá sem borga, neytendurna, sérstakan skatt er þá ekki hægt að taka þetta gjald í ríkissjóð til að jafna milli landsmanna fremur en að taka það í borgarsjóð til að borga almennar þarfir sveitarsjóðs? Mér finnst að með þeirri stefnu sem borgaryfirvöld hafa rekið í þessu máli hafi þau í raun varpað boltanum til manna að íhuga málið á þann veg að afgjald af heitu vatni renni í ríkissjóð rétt eins og menn tala fyrir því að afgjald af aðgangi að auðlindinni í sjónum renni í ríkissjóð.

[16:06]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. ræddi um að átt hefði sér stað kúvending í málflutningi okkar jafnaðarmanna. Þetta er alrangt. Kannski er málið eitthvað skýrara eftir þessa löngu umræðu. Það má vel vera. En við höfum engu breytt og ég hef ekki sagt neitt annað í þessari umræðu en ég sagði í framsögu og segir í grg. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsir hagfræðingar telja að fiskveiðiarðurinn muni nema 15–30 milljörðum kr. árlega þegar fyllstu hagkvæmni er náð." Það er rætt alveg sérstaklega. Það er sagt hér að „talsmenn veiðileyfagjalds hafa fæstir talað um að mjög stór hluti fiskveiðiarðsins yrði tekinn út úr greininni."

Þetta er allt sagt nákvæmlega eins og ég gerði grein fyrir áðan. Við höfum dregið mjög skýrt fram, og kannski er misskilningurinn fólginn í því, að undirstaðan fyrir álagningu veiðileyfagjalds er fiskveiðiarður sem er að myndast og hefur myndast í sjávarútvegi. Það er undirstaðan fyrir þessari gjaldtöku. Við höfum aldrei rætt um að það eigi að skattleggja sjávarútveg umfram getu. Við höfum dregið mjög skýrt fram réttlætisrökin og hin efnahagslegu rök og ástæðurnar fyrir því hvernig fiskveiðiarður myndast í þessu kerfi. Þessu hefur skilmerkilega verið haldið fram á öllum stigum umræðunnar. Það er engin kúvending eða breyting í okkar afstöðu.

Ég vil hins vegar leiðrétta það sem hv. þm. sagði. Það er getið um aðrar auðlindir í þessari tillögu. Það segir beinlínis í tillögunni:

„Nefndin kanni enn fremur leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku."

Það er vikið að þessu í greinargerð og ég bendi á ein þrjú frv. okkar jafnaðarmanna í þinginu sem taka á þessum þætti. Við lítum svo á að það gildi engin sérstaða um sjávarútveg þegar um er að ræða sameiginlegar auðlindir. Það eru margar aðrar auðlindir sem eiga að falla undir þessa hugmyndafræði ef við viðurkennum hugmyndafræðina á annað borð.

[16:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef málið snýst aðeins um að skattleggja atvinnugrein samkvæmt þeim efnahag sem þar er hverju sinni er ekki þörf á að finna upp nýjan skatt. Það er til nú þegar nóg af sköttum til að beita til að ná út þeim hagnaði sem verður til á hverjum tíma. Í öðru lagi hvað varðar það sem í greininni stendur, þá segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að taka beri upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi."

En hvað varðar aðrar auðlindir þá stendur, með leyfi forseta:

„Nefndin kanni enn fremur leiðir til að leggja auðlindagjald á aðrar auðlindir í eigu þjóðarinnar, svo sem vatnsorku."

Þarna er bara tillaga um að kanna. Það er ekki tillaga um stefnu. Hv. þm. Ágúst Einarsson leggur ekki til í þessari tillögu sinni að tekið verði upp auðlindagjald á heitt vatn til að jafna á milli þeirra sem þurfa að borga mikið og þeirra sem þurfa að borga lítið, eins og jafnaðarmenn eiga ávallt að gera og hafa í fyrirrúmi í sínum störfum. Og er nú ekki farið

fram á mikið í þessu efni því verð á heitu vatni er með því lægsta sem gerist í heiminum.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að fleiri en ég hafa skilið ræður hv. þm. á þann veg að verið sé að taka mikinn skatt af sjávarútveginum. Ég var á fundi á Ísafirði sl. laugardag, svokallaðri morgunstund jafnaðarmanna, sem var ákaflega ánægjulegur fundur og vinsamlegur. Þar var mælt fyrir veiðileyfagjaldi af tveimur hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna og það var enginn fundarmaður sem tók undir þær hugmyndir eða mælti þeim bót. Þvert á móti voru þeir nokkuð margir sem mæltu gegn þeim hugmyndum, þar á meðal mjög glöggir og fróðir menn úr Alþfl. sem þekkja vel til í sjávarútvegi.

[16:10]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vitnað í aðrar auðlindir í tillögugreininni eins og ég las upp áðan. Það segir einnig í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Víða erlendis þekkist að greitt sé sérstaklega fyrir nýtingu á námum sem eru í þjóðareign. Það er fullt samræmi í því að leggja auðlindagjald á aðrar sameiginlegar auðlindir hérlendis, t.d. vatnsaflið. Sama gildir ef ríkisvaldið úthlutar takmörkuðum verðmætum eins og sjónvarpsrásum."

Þessari nefnd, sem er sérstaklega byggð upp í kringum sjávarútveginn, er falið að kanna leiðir varðandi þennan þátt. Hins vegar er samsetning nefndarinnar á þann veg að þegar kemur að nákvæmri útfærslu gagnvart öðrum auðlindum þurfa fleiri að koma að því máli. Við erum hins vegar að taka hér hina pólitísku afstöðu um að þessi aðferðafræði gildi gagnvart öðrum auðlindum. Málið snýst um það, herra forseti, að þegar ríkið úthlutar verðmætum sem ganga kaupum og sölum, þá er ekkert annað en sanngjarnt að greitt sé gjald fyrir það. Það er það sem er að gerast í núverandi kvótakerfi. Nákvæmlega það sama gerist þegar sjónvarpsrásum er úthlutað. Þetta eru sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar og það er eðlilegt að fundið sé verð á þeim með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Um það snýst þetta mál.

Við verðum að átta okkur einnig á því að nýir aðilar í útgerð hér á landi greiða veiðileyfagjald. Þeir greiða fyrir aðgang að auðlindinni. Það kemst enginn nýr aðili til veiða nema kaupa kvóta af þeim sem fengu kvótann ókeypis. Það er óréttlætið í allri þessari umræðu. Og ég bið menn, herra forseti, að íhuga mjög vandlega hvort þeir vilji að slíkt óréttlæti verði látið viðgangast enn um sinn. Það gengur ekki, herra forseti, að mínu mati að svo sé. Til viðbótar koma hin efnahagslegu rök í þessu máli. Eftir því sem fiskveiðiarðurinn byggist upp eigum við að skapa efnahagsstefnu sem tryggir stöðugleika til framtíðar því, herra forseti, ef við förum ekki þessa leið þá bendir allt til þess að við stefnum aftur inn í efnahagsstjórn sem var hér fyrir 1990. Það er hin efnahagslega forsenda fyrir veiðileyfagjaldi. Hugmyndafræðin á bak við veiðileyfagjald er að reyna að koma í veg fyrir að við föllum í þá gryfju aftur. Það má ekki gerast.

[16:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil árétta það að allir útgerðarmenn greiða veiðileyfagjald í dag, hver einn og einasti, bæði þeir sem þurfa að kaupa veiðiheimildir af öðrum og eins hinir sem fá úthlutað beint frá ríkinu. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og er óumdeilt. Það er því engin þörf á að taka upp enn eitt veiðileyfagjaldið í einhverju prinsippskyni. Við leysum engin prinsippvandamál með því að bæta við nýju gjaldi ofan á hin gjöldin. Það getur ekki verið röksemd fyrir því að taka upp nýtt gjald sem yrði þar að auki mjög hátt. Í grg. með þáltill. er gengið út frá að greiddar séu 90 kr. fyrir hvert úthlutað kíló og er auðvitað alveg út í hött að nokkrum manni detti í hug að hægt sé að leigja allar veiðiheimildir á Íslandsmiðum á þessu verði. Ég bið því hv. þm. Ágúst Einarsson að vera ekki að setja málið upp þannig að það sé einhver ágreiningur um að íslenskur sjávarútvegur eigi að borga skatta. Það er enginn ágreiningur um það. Við leggjum mikið af sköttum á sjávarútveginn og við erum að hækka skattana á hann og hækka þá umfram skatta á öðrum atvinnugreinum þannig að ég sé ekki að aðrar atvinnugreinar séu neitt sérstaklega vanhaldnar vegna skorts á skattlagningu á sjávarútveginn.

Ég vil svo, virðulegur forseti, hvetja hv. þm. til að standa að því sjónarmiði sem ég hef sett hér fram því okkur veitir ekki af að fá liðsmenn í þeim efnum — að jafna lífskjörin hér á landi. Einn drjúgur útgjaldaliður heimilanna er orkukostnaðurinn við að kynda húsnæðið. Ég vænti þess að hv. þm. Ágúst Einarsson og félagar hans taki höndum saman með mér og fleirum sem vilja jafna þennan kostnað. En það verður ekki gert nema láta þá sem borga lítið í dag borga tiltekinn skatt og nota tekjurnar af því til að greiða niður hjá hinum sem borga mikið. Það er eina leiðin sem við höfum til að jafna þennan kostnað og mér þykir miður eins og ég gat um áður að ekki er tekið fram í þáltill. að það eigi að taka upp auðlindagjald á heitt vatn eða vatnsorku. Það er auðvitað vegna þess að flutningsmenn eru ekki tilbúnir að lýsa því yfir að þeir styðji það mál. En ég vil hvetja hv. þm. Ágúst Einarsson og aðra flm. til að íhuga það í fullri alvöru að taka upp þá stefnu sem ég hef talað fyrir í jöfnunarátt í þessu efni og vænti góðs af liðsinni hans og hans flokksmanna í þeim efnum.

[16:16]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Viðbrögð við þessari tillögu okkar jafnaðarmanna um að taka upp veiðileyfagjald í sjávarútvegi hafa verið sterk bæði úti í þjóðfélaginu og eins hér á hinu háa Alþingi meðal forustumanna stjórnmálaflokka. Sérstaka athygli hafa vakið viðbrögð annars vegar hæstv. utanrrh. og form. Framsfl. og hins vegar viðbrögð hæstv. forsrh. og form. Sjálfstfl. Hæstv. utanrrh. hefur viðurkennt í ræðum sínum að hann verði var við mjög þunga undiröldu óánægju og gagnrýni á óbreytt kerfi. Hann hefur hins vegar sem talsmaður hlutdeildaraflamarkskerfis með framsalsrétti bent á að það kerfi hafi skilað umtalsverðum árangri að undanförnu, það er að segja aukið arðsemi í sjávarútvegi. Hann hefur rifjað upp að sjávarútvegurinn var skuldum vafinn og er það vissulega enn en sá árangur hefur náðst að sjávarútvegurinn er að greiða niður skuldir. Engu að síður hefur hann sagt að ef almenningur í landinu sannfærist um það að þeir sem forréttindanna njóta, þ.e. fá gjafakvótana, misnoti þetta kerfi þannig að það bitni á öðrum, t.d. sjómönnum sem gerðir eru að leiguliðum og hlunnfarnir í hlutaskiptakerfinu eða að aukin arðsemi verði til þess að sprengja upp kvótaverð og hafi þannig keðjuverkandi áhrif á verðmyndun í sjávarútvegi og eigi sinn hlut í hallarekstri í landvinnslunni, þá hljóti menn að taka þetta til endurskoðunar. Með öðrum orðum hann segir að hann útiloki ekki að þessi tillaga kunni að koma til framkvæmda ef annars vegar þær aðstæður skapast að skuldir lækka og arðsemin eykst eða hins vegar að núverandi kerfi bjóði upp á misnotkun sem særi réttlætiskennd almennings. Þetta finnst mér afar athyglisverður árangur

vegna þess að til skamms tíma var litið á hæstv. utanrrh. sem nánast hugmyndafræðilegan rétthafa kvótakerfisins og talsmann og til skamms tíma ekki vitað að hann léði máls á neinum breytingum á þessu kerfi. Í raun og veru hefur hann viðurkennt réttmæti gagnrýninnar og hann tekur ekki af neinum grundavallarástæðum afstöðu gegn tillögunni en segir að hún sé ekki tímabær.

Að því er varðar hæstv. forsrh. þá víkur málinu öðruvísi við vegna þess að fæstum var kunnugt um hvaða afstöðu hann hefur haft til þessa kerfis. Þrátt fyrir allnáið samstarf við hæstv. forsrh. á undanförnum árum verð ég t.d. að játa að mér er ekki kunnugt um að hann hafi tjáð sig um grundvallarþætti þessa kerfis. Og með vísan til ákvæðis í stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstjórnar þar sem m.a. var kveðið á um að gera sameignarákvæði fisveiðilöggjafarinnar virk með stjórnskipulegum hætti mátti vel út af fyrir sig álykta að hæstv. forsrh. væri í mun að sameignarákvæðið væri a.m.k. fest örugglega í sessi þannig að þróun sem gæti orðið til þess að hefðarbinda einkaeignarrétt, breyta nýtingarrétti í hefðarvarinn eignarrétt, að þeirri hættu yrði bægt frá.

Þess vegna segi ég að mér kom nokkuð á óvart að hæstv. forsrh. kvað mjög fast að orði á landsfundi þeirra sjálfstæðismanna þegar hann lýsti þessari tillögu á þá leið að hún væri einhver sú vitlausasta sem hann hefði heyrt lengi. Og greip til þess að rökstyðja sitt mál á þann veg að mér fannst hann fara, satt að segja, nokkuð frjálslega með staðreyndir. Hæstv. forsrh. komst að orði eitthvað á þá leið að tillögumenn hefðu áhyggjur af of mikilli arðsemi í sjávarútvegi og hefðu uppi hugmyndir um skattlagningu til að taka þennan mikla og vaxandi arð — nefndar háar tölur — úr sjávarútveginn og að þungamiðjan í þessum tillögum væri síðan gengislækkun mjög stór í sniðum sem mundi leiða til kollsteypu og kollvarpa raunverulega þeim efnahagsárangri sem hér hefur náðst á undanförnum árum.

Það er vægast sagt svo að þetta er að fara nokkuð frjálslega með staðreyndir. Að því er varðar fiskveiðiarðinn þá er vitnað í álit sérfræðinga við Háskóla Íslands, sem vitað er að eru miklir talsmenn þessa kerfis. Þeir hafa sagt að niðurstaðan af reiknilíkaninu sýni að við kjöraðstæður, þ.e. aflamarkskerfi með framsali sem nær hámarksárangri, geti sjávarútvegurinn skilað tugmilljarða arði. Þetta er ekki áróður af hálfu flutningsmanna. Þetta eru niðurstöður vísindalegrar úttektar fræðimanna við Háskóla Íslands. Af hálfu talsmanna þessarar tillögu hefur komið fram að við núverandi skilyrði er þessi arður að vísu vaxandi en hann er enn sem komið er fáeinir milljarðar.

Að því er það varðar að tillögumenn leggi til að þessi arður verði tekinn í formi skattlagningar úr sjávarútveginum og nemi mörgum milljörðum eða tugum milljarða þá er það að sjálfsögðu öfugmæli. Og sama er að segja að því er varðar það að fyrir tillögumönnum vaki að koma hér á stórfelldri gengisfellingu og kollsteypu. Í raun og veru er þetta öfugmæli. Það sem tillögumenn eru að segja er þetta: Ef við vísum til reynslu af hagstjórn á Íslandi og þannig fer að raungengishækkun verður veruleg sem endi með því að önnur atvinnustarfsemi þrífst ekki við hliðina á sjávarútvegi í uppsveiflu, er fullkomlega hætta á því að óbreytt kerfi án aðgerða færi okkur út í þær ógöngur að við lendum í gengiskollsteypu og óðaverðbólgu. Þessi tillaga er sett fram sem leið til þess að forðast að við lendum í þessum ógöngum. Þessi málflutningur hæstv. forsrh. hlýtur því að flokkast undir það að fara nokkuð frjálslega með staðreyndir. En hitt er athyglisvert að hæstv. forsrh. hefur lýst eindreginni andstöðu við þessar tillögur. Ég skil hann á þá leið að hann lýsi stuðningi sínum við óbreytt ástand. Það er athyglisvert sérstaklega í ljósi þess að þá er kominn upp talsverður skoðanamunur um þetta mikla mál milli annars vegar form. Framsfl. og hins vegar form. Sjálfstfl., milli hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh.

Síðan er athyglisvert að það er vitað um hæstv. fjmrh., varaformann Sjálfstfl., að hann hefur verið jákvæður gagnvart tillögum um veiðileyfagjald og hefur lýst þeim skoðunum sínum bæði innan ríkisstjórnar og á hinu háa Alþingi að eðlilegt sé að taka upp gjaldtöku í sjávarútvegi (Forseti hringir.) a.m.k. sem svarar kostun á þeirri þjónustu sem ríkið lætur í té.

Virðulegi forseti. Það má svona nefna að (Forseti hringir.) það kostulegasta í þessum málflutningi er náttúrlega þegar menn grípa til orðaleppa eins og þeirra að við sem erum talsmenn veiðileyfagjalds gerum það af því við erum sósíalistar eða ríkisforsjármenn þar sem aftur á móti staðreyndin er sú að (Forseti hringir.) gjafakvótakerfið er hið dæmigerða skömmtunarkerfi og ríkisforsjárkerfi sem við erum eindregið andvígir.

[16:25]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Öll umræðan um veiðileyfagjaldið er ótrúleg þráhyggja. Ótrúleg þráhyggja sem líklega má flokkast undir það að vera þjóðfélagslega hættuleg vegna þess að margs konar vandamál sem við blasa í fiskveiðistjórn og öðrum málum falla í skuggann af þeirri síbylju sem menn hafa hrópað árum saman um veiðileyfagjald án þess nokkurn tíma að útfæra til hlítar hvernig slíkt veiðileyfigjald ætti að vera. Það hefur öll þessi ár byggst á því, eins og hv. þm., flm. tillögunnar, hefur bent hér á, að það hefur alltaf verið spurning um heimspeki og spekúlasjónir, að viðurkenna heimspekilega aðferð við stjórnun fiskveiða með því að setja á veiðileyfagjald sem enginn veit hvernig er og enginn hefur viljað leggja á sig að útfæra eða treyst sér til.

Alþýðuflokksjafnaðarmanna, frjálslyndra og vinstri manna þjóðvakaflokkurinn hefur verið með gylliboð á mörgum þáttum án þess að útfæra hvað hann meinti eða hvernig hann gæti staðið við þau, hvort sem rætt er um tilboð í síðustu kosningum um að inngöngu Íslendinga í Evrópubandalagið fylgdu gull og grænir skógar, partí og siglingar og skemmtilegheit fyrir unga fólkið í landinu sem átti flykkja sér til Evrópu að loknu farsælu námi heima á Íslandi. Þannig voru auglýsingar Alþfl. fyrir síðustu kosningar og bera svolítinn keim af þeim gylliboðum sem Alþfl. hefur borið fram með eilífu tuði um veiðileyfagjaldið.

Það er alveg rétt að mikil og vaxandi tortryggni er í landinu í dag vegna fiskveiðistjórnunar og atriða sem lúta að þeim málum. Við því þarf að bregðast. Það er alveg rétt. Og það er ekki boðlegt þegar sú staða er komin upp í svo mikilvægu hagsmunamáli að mikill urgur er í landsmönnum og tortryggni. En það þýðir ekki að stilla upp veiðileyfagjaldi eins og einhverjum lottóvinningi fyrir fólkið í fiskvinnslunni eða fólkið í borginni þegar menn hafa ekki rök fyrir því eða ástæðu til að setja það í fyrstu röð vegna þess að það er í rauninni að verið að afmennta fólk, rugla fólk í ríminu með því að hamra sífellt á því að hugmyndafræðilegt veiðileyfagjald umfram núverandi skattheimtu sé einhver lausn á þessari tortryggni og úlfúð meðal landsmanna í dag.

Það eru mörg atriði sem þarf að skoða fyrst. Það eru margir agnúar og mörg atriði í tortryggni sem þarf að útskýra og

fara yfir þannig að dregið verði í land með þá úlfúð sem er að aukast. Þau vandamál eru ekki veiðileyfagjald. Veiðileyfagjald er hugsanlega hugmyndafræðilegt hugtak inn í framtíðina, breyting á skattheimtu og menn ættu að fara að slaka svolítið á klónni í þeim efnum og snúa sér að því sem veldur tortryggninni. Það væri skemmtilegt ef til að mynda þessir dugmiklu veiðileyfagjaldsmenn fjölluðu ítarlega um það hvar vandinn liggur í kvótasölunni. Hvað um tegundaskiptin? Hvað um skerðingu á útflutning? Hvað um það hve miklum fiski er hent og hve miklum fiski er landað svörtum? Hvað um afskriftir vegna kvótakaupa sem kann að vera löglegt en siðlaust? Hvað um verðmætaaukningu í fjárfestingu án þess að nokkur verðmæti séu á bak við, í stuttu máli hækkun kvótans á einu ári án þess að verðmætaaukningin sé borðleggjandi? Það má velta fyrir sér þróuninni sem á sér stað varðandi fjölda í útgerð, dreifingu áhættunnar, stöðu byggðanna, stöðu sjómanna og fiskverkafólks vegna þess að í öllum þessum þáttum mundi veiðileyfagjald, hvernig svo sem það yrði útfært, auka tortryggnina, auka vandann og færa yfir á færri hendur það sem menn síst vilja, því þar liggja burðirnir í dag til þess að ganga fram fyrir skjöldu og taka fram fyrir þá sem minna mega sín.

En að útfæra það. Nei nei. Bara lottó, lottó á laugardaginn, veiðileyfagjald. Hvað eru árin orðin mörg sem hv. formaður Alþfl., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur tíst á þessu veiðileyfagjaldi? (**SvG:** Og Morgunblaðið.) Það er alveg sama hver á í hlut, hv. þm. Svavar Gestsson. Það er falsvon að byggja umræðuna á þessu eina orði, veiðileyfagjaldi, vegna þess að það er svo augljóst og enginn neitar því að það kann að vera síðari tíma mál að breyta skattheimtu í sjávarútvegi. En það er bara ekki bundið við veiðileyfagjald. Það er bundið við almenn atriði sem rök eru fyrir og eiga að byggjast á kerfi sem er ásættanlegt fyrir landsmenn í heild.

Það eru til að mynda spurningar um það í íslenskum sjávarútvegi í dag hvað það er æskileg og eðlileg þróun fyrir íslenskt samfélag að íslenskar útgerðir séu að fjárfesta í öðrum heimsálfum. Það kann að vera af hinu góða. Það er bæði jákvætt og neikvætt. En það er ástæða til þess að skoða ofan í kjölinn hvernig þetta er að þróast, hvort við erum að semja af okkur eða hvort við erum að ganga út á eitthvað sem við ráðum ekki við miðað við það að ætla okkur búsetu í þessu landi.

Þess vegna vil ég, herra forseti, hvetja til þess að þeir sem hafa um sinn verið haldnir þeirri þráhyggju í draumum og vöku að allt snúist um veiðileyfagjald fari að slaka eilítið á.

[16:32]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það afar vel í þessari umræðu að nú er svo komið að þörf er á því að hv. 3. þm. Suðurl. komi þeim stjórnarliðum til varnar eins og vera ber þegar brýna nauðsyn ber til. En hvernig tókst nú málsvörnin? Jú, málsvörnin er á þá leið að hann segir: Víst er það svo að það er djúpstæð óánægja í þjóðfélaginu, meðal sjómanna, meðal fiskverkafólks, líka í Vestmannaeyjum, með óbreytt ástand. Hann nefndi mörg dæmi sjálfur máli sínu til stuðnings um almenna gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið. En hann nefndi kannski ekki nægilega skýrt önnur dæmi sem valda mikilli óánægju, líka í Vestmannaeyjum. Nefnilega þau að úr því að stjórnvöld hafa tekið að sér að ráða því hverjir mega draga fisk úr sjó, hverjir mega fá veiðiheimildir og úthluta þeim ókeypis, þá hefur það margvíslegar afleiðingar. Það þýðir að þær veiðiheimildir sem sumir fá ókeypis fá aðrir ekki nema að borga fyrir þær. Þar með er búið að innleiða í þennan höfuðatvinnuveg þjóðarinnar þá grundvallarmismunun gagnvart atvinnufrelsi sem hv. þm. Sjálfstfl. hlýtur að hugsa dálítið um, þá grundvallarmismunun gagnvart atvinnufrelsi að sumir hafa ókeypis aðgang að auðlind og mega selja eða leigja annarra manna eign og hagnast af því. Þeir mega nýta arðinn í sjávarútveginum og færa hann út úr greininni, þar á meðal til útlanda vegna þess að það er þessi arður sem verið er að nota til fjárfestingar erlendis eða til þess að kaupa menn út úr greininni. En aðrir, þar á meðal ungir og efnilegir menn í sjávarplássum, þar á meðal í Vestmannaeyjum sem alast upp við sjósókn og smám saman geta eignast hlut í skipi og orðið menn með mönnum í þessari grein, það er verið að útiloka þá og setja þá skör lægra, jafnvel gera þá að leiguliðum. Með þetta eru menn ekki aðeins óánægðir í Vestmannaeyjum, hv. þm., heldur um allt Ísland.

[16:34]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að minna á að Alþfl. eins og aðrir flokkar á Ísland ber fulla ábyrgð á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Hann stóð að því á sínum tíma og hefur staðið fyrir ýmsum breytingum á leiðinni þann áratug sem það hefur verið við lýði. Alþfl. hefur komið með tillögu um veiðileyfagjald án þess að útfæra nokkurn tíma eða útskýra í raun og veru hvað orðið veiðileyfagjald í hugmyndafræði Alþfl. þýðir. Þetta er því orðinn landburður af kjaftæði um þetta eina orð, án skýringa, án þess að rök séu fyrir.

[16:35]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þar er komið umræðunni að hv. 3. þm. Suðurl. segir að málflutningur þeirra sem ekki eru honum sammála sé landburður af kjaftæði, er þessari umræðu efnislega lokið. En þeir menn sem grípa til slíkra örþrifaráða eru í raun búnir að viðurkenna að þeir eru rökþrota.

[16:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er í hópi þeirra sem telja þessa umræðu hafa verið að mörgu leyti gagnlega. Hún hefur sömuleiðis skýrt ýmislegt og varpað ljósi á það sem ekki liggur fyrir í þessu máli. Ég tel að það hafi sýnt sig hér og sannast mjög rækilega að veiðileyfagjald er ekkert lausnarorð. Það er ekkert töfraorð. Það er engin töfrafyrirsögn sem hægt er að bregða á loft og þar með rakni vandamálin upp, hverfi eins og dögg fyrir sólu.

Það hefur í öðru lagi komið mjög skýrt fram og það hafa flutningsmenn að verulegu leyti viðurkennt nú þegar liðið hefur á umræðuna, að veiðileyfagjaldið er ekki gullgerðarvél. Það býr ekki til verðmæti úr engu. Það verða ekki til nein ný og sjálfstæð verðmæti í íslenskum efnahagsbúskap eða þjóðlífi þó að eitthvað sem kallað er veiðileyfagjald verði lagt á.

Í þriðja lagi og það skiptir kannski mestu máli miðað við það hvernig umræðan hefur legið á undanförnum missirum: Veiðileyfagjald leysir ekki þau vandamál núverandi stjórnkerfis fiskveiða sem mest eru milli tannanna á mönnum og valda óánægju. Það gerir það ekki. Þvert á móti má færa fyrir því sannfærandi rök að veiðileyfagjald, a.m.k. ef mönnum

yrðu mislagðar hendur með álagningu þess, gæti gert þar illt vera.

Vegna þess að síðustu ræðumenn voru að segja reynslusögur úr Vestmannaeyjum, þá er rétt að bæta einni við.

Þau stórtíðindi gerðust fyrir skömmu að ungir menn hófu útgerð í Vestmannaeyjum. Því miður eru það tíðindi. Þeir voru spurðir að því hvernig í ósköpunum þeir færu að þessu. Þeir keyptu bát og höfðu afar litlar veiðiheimildir en ætluðu samt að reyna. Jú, þeir ætluðu að reyna að nýta alla möguleika, bæði veiðar á tegundum utan kvóta og leigja sér veiðiheimildir og reyna að skapa sér þannig grundvöll og vinna sig upp eins og menn hafa reyndar alltaf þurft að gera og er ekkert nýtt í því. Þá voru þessir ágætu ungu menn spurðir: Já, en viljið þið þá ekki veiðileyfagjald? Nei, sögðu þeir. Það mundi gera illt verra. Nógu erfitt er þetta fyrir okkur þó að það bættist ekki við að við þyrftum að fara að borga veiðileyfagjald. Þá verður enn erfiðara fyrir okkur að komast af stað, sögðu þessir ungu menn úr Vestmannaeyjum. Ég get fundið tilvitnanir um þetta bæði í blöðum og fréttaviðtölum ef menn vilja, nokkurra vikna gamlar.

Það er nefnilega þannig, herra forseti, að gamalt máltæki íslenskt og algilt segir: Það eyðist sem af er tekið. Auðvitað er það þannig að menn taka ekki verðmæti út á atvinnugrein, hvorki í sjávarútvegi né annarri án þess að þess sjái einhvers staðar stað. Þau verða nefnilega ekki til af engu.

Og ég vil segja nokkur orð út af hinu mikla góðæri í sjávarútveginum sem menn hafa áhyggjur af, hinu mikla góðæri og þessari miklu uppsveiflu í sjávarútveginum. Ég vildi að satt væri, þ.e. að þetta sé svo mikið að það stefni stöðugleikanum í hættu. Því miður er það a.m.k. ekki þannig að góðærið sé í hefðbundinni landvinnslu sjávarútvegs, þeirri umsvifamestu grein fiskvinnslunnar sem haldið hefur uppi atvinnu og skapað þúsundir starfa á umliðnum árum og áratugum í landi. Það er ekki svo. Hún er meira og minna á undanhaldi og að leggjast af. Ég verð ekki var við að það fari mjög mikið fyrir hinu mikla góðæri í sjávarútveginum á Vestfjörðum þessa dagana, a.m.k. ekki á sunnanverðum Vestfjörðum. Því miður er góðærið á undanhaldi í rækjunni sem er orðin önnur mikilvægasta útflutningstegund íslenskrar sjávarvöru í dag. Því miður. Þar er mikil birgðasöfnun og menn sem til þekkja hafa komið að fullum frystigeymslum þar sem margra mánaða framleiðsla liggur óseld í birgðum. Þannig er nú það því miður.

Varðandi sveiflujöfnun sem menn ræða í þessu samhengi, þá er það nokkuð sérkennilegt að við skulum á árinu 1996 vera aftur farin að ræða miðstýrða ofan frá ákvarðanatöku af því tagi að það eigi að þvinga inn í sjávarútveginn sveiflujöfnun í gegnum veiðileyfagjald. Ég hélt að menn væru þvert á móti að tala um að hverfa frá slíku yfir í það að sveiflujöfnunin gerðist í fyrirtækjunum sjálfum, innan greinarinnar sem slíkrar á sjálfstæðum forsendum, ekki síst í gegnum sterkari eiginfjárstöðu fyrirtækjanna sem þyldu þar af leiðandi sveiflur í afkomu eða þá á bundnum reikningum viðkomandi fyrirtækja en ekki í gegnum gamaldags verðjöfnunarhugmyndir af því tagi sem Verðjöfnunarsjóðurinn var eða er. En það væri slík allsherjargjaldlagning sem þarna er verið að tala um.

Auðvitað yrði þetta gjald íþyngjandi. Það er sú staðreynd sem veldur því að samtök sjómanna og fiskverkafólks eru ekki talsmenn þessarar gjaldtöku sérstaklega sem þó er borin fram með sérstökum réttlætisrökum. Ég hygg að þeir sem hefðu þó mestar ástæður til þess að hafa hér áhyggjur séu talsmenn minni byggðarlaga sem eiga í nægri vök að verjast eins og þetta er þó ekki kæmu til íþyngjandi aðgerðir af þessu tagi. Enda er það engin tilviljun að einu aðilarnir innan íslensks sjávarútvegs sem á annað borð hafa tekið undir þessar gjaldtökuhugmyndir — hverjir eru það? Eru það kvótalausir einyrkjar? Eru það sjómenn? Er það fiskverkafólk? Nei, það eru talsmenn úr efnahagslega sterkustu og ríkustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Einu mennirnir sem mér er kunnugt um að hafi eitthvað tekið undir þessar hugmyndir koma úr þeirri átt. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að þar fara aðilar sem vita að þeir einir hafa efnahagslega burði til að þola gjaldið ef það verður lagt á og yrðu ofan á í enn ríkari mæli en hingað til ef gjaldið kæmi. Þannig er nú það.

Ég minni líka á þá gjaldtöku sem nú þegar er búið að leggja á sjávarútveginn. Er mönnum það ekkert umhugsunarefni að þó að sæmilega hafi árað í vissum greinum sjávarútvegsins nú um skeið, sem betur fer — á því fljóta flest fyrirtækin í dag sem hafa einhverja afkomu. Það hafa verið góðar loðnuvertíðir, uppgangur í veiðum og vinnslu uppsjávarfiska og sæmilegt árferði í rækjuiðnaðinum tvö undanfarin ár — þá hefur þetta að öðru leyti verið varnarbarátta eins og lengstum hjá flestum fyrirtækjunum. Þarna er því ekki um neina sérstaka nýja gullnámu að hafa, herra forseti. Ég held þess vegna að menn eigi að horfa á það að sjávarútveginum veitir ekki af sínum tekjum á komandi árum til að styrkja stöðu sína og eiga möguleika á að sækja fram, beisla ný tækifæri sem við skulum vona fyrir okkar allra hönd að séu áfram ónýtt í sjávarútvegi.

Tryggingagjaldið sem nú á að leggja á greinina mun leggjast mjög íþyngjandi á sjávarútveginn. Það er búið að leggja á hann gjöld sem nema 700–800 millj. núna á skömmum tíma í formi veiðileyfagjaldsins sem fyrir er og í formi þess að veiðieftirlitsgjald var fært yfir á greinina í tveimur áföngum o.s.frv.

Að síðustu, herra forseti, er mikið rætt um arðinn sem þjóðin þurfi að hafa af sjávarútveginum. Ég spyr mig stundum: Eru menn búnir að gleyma því að þetta er atvinnugreinin sem færir þjóðinni milli 70–80% af gjaldeyristekjum fyrir vöruútflutning? Þetta er greinin sem skaffar meira en 50%, ein 55% af heildargjaldeyristekjum þessarar þjóðar. Það er iðulega sagt á hátíðisstundum, a.m.k. á sjómannadaginn, að þjóðin lifi á sjávarútvegi og er að verulegu leyti rétt. Og ég spyr þá að lokum: Er hægt að hafa meiri arð af einni atvinnugrein? Getur ein þjóð lifað í bókstaflegum skilningi á og haft meiri arð af atvinnugrein en með því að lifa á henni? Það er mjög vandséð, herra forseti, held ég að grein sem stendur í bókstaflegum skilningi að verulegu leyti undir efnahagslífi einnar sjálfstæðrar þjóðar, að það sé sérstakt vandamál fyrir þá hina sömu þjóð að ná arðinum af þeirri grein sem hún lifir á. Þetta hef ég ekki fengið til að ganga upp í minni takmörkuðu hagfræði. Ef menn telja afkomu einstakra fyrirtækja vera að fara úr böndunum í sjávarútvegi, að þau græði of mikla peninga eða séu að fara með hagnað úr landi, þá eru auðvitað til aðrar og vel þekktar aðferðir til þess að taka á því. Það heita skattar og skyldur sem menn eiga þá að leggja á þau fyrirtæki og taka í hina sameiginlegu sjóði. Það er sjálfsagt mál ef afkoma þeirra er orðin slíkt að hún leyfi það.

[16:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvort menn væru búnir að gleyma fyrirferð, stærð og þýðingu sjávarútvegsins í íslenskum þjóðarbúskap. Hann nefndi tölur. Nei. Ég hygg að fæstir Íslendingar séu búnir að gleyma því þótt jarðsambandið við sjávarútveginn og sjávarbyggðirnar sé að sjálfsögðu misjafnt.

Nú er það svo að í vaxandi mæli eru menn að ná samstöðu um það að markaðskerfi, samkeppni á markaði sé æskileg og hagkvæm efnahagsskipan. Nú spyr ég: Ætli það séu mörg þjóðfélög í kringum okkur þar sem svo háttar til með atvinnugrein sem er jafnfyrirferðarmikil, leggur jafnmikið fram til þjóðarframleiðslu í heild, leggur jafnmikið fram til útflutnings og verðmætasköpunar, gjaldeyrissköpunar, sem þannig háttar til um með nágrannaþjóðum að aðgangur að greininni væri skammtaður af stjórnvöldum, að innganga í atvinnugreinina, uppistöðugrein í heilu hagkerfi, sé háð leyfisveitingu stjórnvalda og að þau leyfi gangi síðan kaupum og sölum? Ég hygg að sjávarútvegurinn sé hlutfallslega fyrirferðarmeiri í okkar þjóðfélagi heldur en olíu- og gasiðnaðurinn í Noregi. Gætu menn ímyndað sér að hagskipan og hagkerfi í Noregi, sem er nú býsna miðstýrt þjóðfélag, væri þannig að aðgangurinn að þessari auðlind væri takmarkaður, skammtaður, en þó þannig að þetta væru gjafakvótar og síðan væri afgangurinn af hagkerfinu, gengið og allt saman afstillt miðað við afkomu þessara aðila? Ég held satt að segja að það sé erfitt að finna nokkur dæmi á jarðarkringlunni þar sem svo háttaði til. Hins vegar vitum við um mörg dæmi þess að þjóðum sem búa við mikið ríkidæmi í auðlindum, Rússar, Brasilíumenn, hafi farnast hörmulega og reyndar lent í örbirgð og fátækt þrátt fyrir allt þetta auðlindaríkidæmi vegna þess að þeir hafa haft kolvitlausa auðlindastefnu. Og ég tek undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni þegar hann sagði: Við erum hér að tala um aðgang að takmarkaðri auðlind sem stjórnvöld takmarka aðganginn að og þegar svo háttar til, þá er það hluti af auðlindastefnunni að það komi gjaldtaka fyrir þessi fémæti sem eru að sjálfsögðu gríðarlega verðmæt. Þetta er spurningin um það með hvaða hætti á að tryggja að það *verði ekki innleidd mismunun gagnvart samkeppnisreglum*, að nýir aðilar verði ekki útilokaðir og að arðmyndun í slíku kerfi gangi til þjóðarinnar allrar jafnt. Auðvitað er margt umdeilanlegt að öðru leyti í tillögunum en þetta eru þó alla vega aðalatriðin.

[16:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál snýst ekki um það að vera með eða á móti markaðskerfinu. Þetta mál snýst ekki um það að vera með eða á móti réttlætinu eins og stundum er látið að liggja. Við skulum ekki reyna að ræða þetta á þeim nótum. Ég held að það sé heldur ekki rétt að stilla dæminu upp eins og formaður Alþfl. gerði hér áðan, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að það sé einhver sérstök mannasetning og stefna í sjálfu sér að skammta mönnum aðgang að þessari grein. Það er ekki svo. Það sem hér er á ferðinni er það að menn hafa orðið ásáttir um að það sé óhjákvæmilegt auðlindinni sjálfri til verndar að stýra nýtingunni á henni með tilteknum hætti og það leiðir til þess að ekki geta allir fengið allt sem þeir vilja í þessu tilviki frekar en öðrum.

Það er hins vegar ekki svo, hv. þm., að það sé búið að banna hv. þm. eða einhverjum öðrum að hasla sér völl í þessari grein. Nú liggur fyrir að hv. þm. hyggst skipta um starfsvettvang e.t.v. innan skamms og það er bókstaflega ekkert í lögum sem takmarkar möguleika hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar á því að fara að hasla sér völl í sjávarútvegi. (**JBH:** Kaupa kvóta.) Það er frjálst. Hv. þm. stofnar heldur ekki búð nema fá sér húsnæði o.s.frv. Það hefur ekki gerst hér, það er ekki búið að afmarka um aldur og ævi og velja út þann hóp einan sem stunda megi sjávarútveg. Það sem er búið að gera er að setja tilteknar reglur sem takmarka ágangginn á auðlindina henni sjálfri til verndar. Það er nauðsynlegt vegna þjóðarhags, vegna þess að skammsýn sjónarmið mega ekki ráða um of ferðinni þegar kemur að nýtingu af þessu tagi. Það sem menn tala hér fyrst og fremst um og ég held að umræðan betur beindist að er rétturinn sem settur var inn í kerfið til þess að leigja þessi verðmæti, til þess að fénýta *þau endurtekið ár eftir ár án þess að menn noti þau sjálfir*. Ég held að það sé alveg augljóst mál að það er skynsamlegt að gera skýran greinarmun á því annars vegar og hinu hvort menn varanlega hverfa út úr starfsemi í þessari grein. Slík verðmæti, slík aðstaða er úti um allt þjóðfélagið að skipta um hendur og oft kemur endurgjald fyrir og aðstaðan sem menn eru sem atvinnurekendur í sjávarútvegi í er að því leyti til ekkert mjög ólík aðstöðu sem menn eru í víða annars staðar í atvinnulífinu og er ávísun á tiltekin verðmæti.

[16:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. varaði við því að menn væru í þessum umræðum að vitna í einhverja grundvallarafstöðu til efnahagsmála, markaðskerfis, sósíalisma eða einhvers þess háttar. Vel má vera að hann hafi rétt fyrir sér í því, en ég vek hins vegar engu að síður athygli hans á því að hæstv. forsrh. t.d. kallar þá Morgunblaðsmenn sósíalista af því að það vill svo til að þeir eru í grundvallarsjónarmiðum sammála okkur jafnaðarmönnum um auðlindastefnuna og að það beri að koma gjald fyrir nýtingu á auðlind. Margir í liði þeirra sjálfstæðismanna telja að þessar tillögur séu bara kommúnismi og stórhættulegar.

Aðrir snúa þessu beint við og segja: Nei, við erum akkúrat að innleiða markaðslausnir í staðinn fyrir skömmtunarkerfi þannig að þetta er auðvitað partur af umræðunni. En honum *varð heldur betur á í messunni þegar hann fór að líkja* þessari auðlindanýtingu við venjulegan sjoppurekstur því að sá sem ætlar að skipta um starf og fara að opna sjoppuna þarf annaðhvort að kaupa eða leigja, en hann er í allt annarri stöðu en sá sem vill hasla sér völl í sjávarútvegi.

Ef hins vegar svo háttaði til að núverandi hæstv. ríkisstjórn ætti allt verslunarhúsnæði í landinu og alla aðstöðu til verslunarrekstrar, úthlutaði leyfum til þess tiltölulega fámennum hópi miðað við einhverja meðaltalsreglu aftur í tímann og þeir sem leyfin fengju mættu síðan selja þau og leigja þau, þá væri líkingin rétt dregin. En að segja að öllum sé frjáls aðgangur í sjávarútveginum, já, já. Það heitir svo að þjóðin eigi þessa auðlind sameiginlega og það geti allir haslað sér völl sem hafa veiðiheimildir en sumir fá þær ókeypis en sumir verða að kaupa. Af því hlýst mismunun, þ.e. hindrun á aðgengi í greininni og af því hlýst samkeppnismismunun sem er grundvallarbrot á grundvallarreglum eðlilegra samkeppnishátta í markaðsþjóðfélagi. Með öðrum orðum, pólitískt forræði og skömmtunarstjórn, forréttindi til hinna fáu en útilokun hinna mörgu.

Þessi mismunun hefur margvíslegar aðrar afleiðingar. Arðsemin í sjávarútveginum er í stórum stíl líka að leiða til þess að menn eru að beina henni til þess að kaupa suma

kvótahafa sem fengu ókeypis úthlutun út úr sjávarútveginum. Með öðrum orðum rennur sá arður út úr greininni að sumu leyti innan lands en jafnframt er þetta auðvitað skýringin á fjárfestingum erlendis. En eftir stendur, og það er grundvallargagnrýni á núverandi kerfi út frá spurningunni um hvers konar efnahagsskipun viljum við hafa, að menn sitja ekki við sama borð, menn búa ekki við sömu leikreglur. Mönnum er mismunað.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. lendi í verulegum ógöngum með þessum málflutningi vegna þess að niðurstaða hv. þm. getur að lokum ekki orðið önnur en sú að það standist ekki að takmarka aðganginn að auðlindinni, það sé brot á jafnræðisreglum, það verði að ríkja frelsi, allir verði að standa jafnt að vígi, segir hv. þm. Annars sé það brot á guðs og manna lögum og hann hafði um það hin hörðustu orð.

Nú er aðstaðan sú að við erum hérna með lífræna, takmarkaða auðlind og við erum orðnir þeirrar niðurstöðu að það sé óhjákvæmilegt henni sjálfri til verndar að takmarka aðganginn að henni. Þá stöndum við með einum eða öðrum hætti frammi fyrir því verkefni að það verðum við að gera og í sjálfu sér er þetta vandinn í hnotskurn. Menn geta svo endalaust þanið sig um það hvort eitt kerfi sé öðru betra í því sambandi, en það mun aldrei breyta þeirri staðreynd að ekki er pláss þarna fyrir alla. Það geta ekki allir farið og tekið eins mikið og þeir vilja, það er vandinn í hnotskurn. Það þýðir að með einum eða öðrum hætti verður að koma þessari takmörkun fyrir. Menn eiga ekki að vera að þvæla um hlutina öðruvísi en þeir eru, þeir eru nákvæmlega svona. Ég held að það sem er siðferðislega rangt við núverandi ástand sé að menn geti leigt réttindin ár eftir ár frá sér án þess að nýta þau sjálfir og fénýtt þau. Það hvort menn sem hafa um langt árabil eða áratugi stundað útgerð vegna þess að það er verkaskipting í þjóðfélaginu ákveði að hætta því, selja sína aðstöðu, sitt skip, sinn rekstur og hverfa út úr greininni er allt annar hlutur. Það er það sem ég var að vísa til að slík verðmæti, slík aðstaða gengur kaupum og sölum í þjóðfélaginu og þykir ekkert óskaplegt tiltökumál. Og það er ástæðulaust með öllu að snúa út úr því þó að þannig samanburður sé tekinn. Það er hins vegar gersamlega ósambærilegt við það hvort mönnum á að líðast að leigja réttindin án þess að nýta þau sjálfir ár eftir ár eftir ár eftir ár. Það á að stoppa og ég tel að viðskiptin með hinn varanlega afnotarétt sem við höfum ákveðið að einhverjir skuli hafa og nýta í págu þjóðarbúsins eigi að fara yfir viðurkenndan markað þannig að það ríki siðaðra manna lögmál í viðskiptum með þá hluti. Gleymum því ekki að lokum að það hefur aldrei verið svo þó að hér sé um sameiginlega auðlind þjóðarinnar ræða að hvert einasta mannsbarn hafi verið fullgildur þátttakandi í nýtingu hennar sem slíkri. Það hafa sjómenn og útgerðarmenn gert fyrir okkur um áratuga og alda skeið vegna þess að það ríkir tiltekin verkaskipting í þjóðfélaginu.

[16:56]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur kýs hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að blanda saman umræðu um veiðileyfagjald og fiskveiðistjórnunarkerfinu. (**Utanrrh.:** Það gera nú fleiri hérna.) Það gera fleiri. Það hefur verið mjög áberandi í þessari umræðu en ég vil leiðrétta það að við höfum aldrei haldið því fram að veiðileyfagjald leysi helstu vandamál fiskveiðistjórnunar. Það hefur aldrei komið fram í okkar umræðu. Við höfum sérstaklega nefnt að það er hægt að leggja á veiðileyfagjald óháð fiskveiðistjórnunarkerfi. Ég sagði hér áðan að ég skil fullkomlega af hverju menn blanda þessu saman í umræðunni. Ég er ekki í sjálfu sér að finna að því en ég hef beðið menn að blanda ekki í sjálfu sér tillögugerðinni inn í með þeim hætti. Við höfum aldrei sagt að veiðileyfagjald sé gullgerðarvél. Ég held að það sé komið frá hæstv. forsrh. þetta tal um gullgerðarvél. Við höfum aldrei rætt um það. Ég hef margoft farið yfir fiskveiðiarðinn og þarf ekki að lýsa því hér nánar. Við höfum sagt: Efnahagsstjórnun hér á landi undanfarna áratugi hefur alltaf tekið mið af sjávarútvegi. Það gerir þessi tillaga líka. Það koma 50% af gjaldeyristekjunum frá sjávarútvegi, 16% af landsframleiðslunni koma frá sjávarútvegi. Það eru um 12–13% af vinnuafli sem er bundið í sjávarútvegi. En fyrir utan réttlætisrökin, sem ég hef margoft tíundað hér, þá er mjög mikilvægt að aðrar atvinnugreinar byggist upp við hlið sjávarútvegs. Menn þurfa ekki annað en skoða tölur um atvinnuskiptinguna og framlagið til landsframleiðslunnar. Það skiptir máli að hér byggist upp heilbrigt efnahagsumhverfi við hlið sjávarútvegs. Út á það gengur þessi tillaga þegar við erum að skoða væntanlegar horfur í sjávarútvegi næstu árin. Síðan getur hv. þm. verið ósammála mér í því.

Mér finnst ekkert réttlæti vera í því þegar úthlutað er sameiginlegum auðlindum, sameiginlegum réttindum af hálfu ríkisins sem ganga síðan kaupum og sölum. Mér finnst ekkert réttlæti vera fólgið í því að það skyldi vera gert án endurgjalds. Lái mér hver sem vill. Ég vil ekki þetta kerfi. Hins vegar getur hv. þm. komið og útfært betur, ekki núna í andsvari, sínar breytingar á stjórnkerfinu og þá með veiðileyfagjaldi, því að ég kýs þó að skilja hann svo að þrátt fyrir breytingar sem hann vill gera á stjórnkerfinu, þá geti hann alveg fallist á það að veiðileyfagjald sé hluti af þeim endurbótum sem muni þá líta dagsins ljós við betra tækifæri.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu hárrétt að það er hægt að ræða fræðilega um annars vegar veiðileyfagjald, auðlindaskatt og annað því um líkt og hins vegar um stjórnkerfi fiskveiða. En því vill þetta blandast saman m.a. að ein meginröksemdin sem hefur verið notuð til þess að selja mönnum hugmyndir um veiðileyfagjöld er óánægja með ákveðna þætti í núverandi stjórnkerfi fiskveiða. Það er gert út á þau mið svo maður taki líkingu sem vonandi skilst. Það er gert út á óánægjuna með leigubraskið með kvótann þegar menn eru að reyna að selja mönnum hugmyndina um veiðileyfagjald. Svo lengi sem aðrir gera það ekki og halda þessu á fræðilegum og aðskildum forsendum er ég líka til í það.

Um efnahagslegu rökin og sveiflujöfnunina, þá er það hlutur sem ég held að menn ættu líka að ræða algerlega sjálfstætt og ég er svo sannarlega til í þá umræðu. Ég tel ástæðu til þess að fara vel yfir það. Er ástæða til aðgerða nú eða á komandi missirum eða árum vegna þess að það sé að skapast aftur ójafnvægi og misgengi milli atvinnugreina. En þá vill svo sérkennilega til, inn í þetta samhengi um auðlindagjald, að nú er raungengið mjög lágt. Það er nálægt sögulegu lágmarki. Í öðru lagi blómstra ýmsar greinar útflutningsiðnaðar og þjónustustarfsemi, ferðaþjónusta og margar greinar útflutningsiðnaðar blómstra.

En hvar eru mestu erfiðleikarnir í dag? Þeir eru í landvinnslu sjávarútvegs. Þar eru ljótustu taptölur sem við sjáum með öllum fyrirvörum á því, meðaltölum o.s.frv. (**Gripið fram í:** Og af hverju?) Eru þetta þá rök fyrir auðlindaskatti á sjávarútveginn í dag á efnahagslegum grunni? Svarið er nei. Í raun og veru má segja ef menn vilja fara í orðaleiki, að það sé öfugt, að landvinnslan, frystingin, þurfi nú auðlindaskatt á iðnaðinn til þess að jafna metin. Það er nú þannig. Við skulum þá líka átta okkur á því umhverfi sem við erum að tala um í þessu samhengi.

Ég er svo að síðustu að sjálfsögðu tilbúinn til viðræðna og umræðna um breytingar á stjórnkerfi fiskveiða og það hvort einhvers konar auðlindagjaldtaka eigi að vera þar með í farteskinu, enda sé þá um að ræða almenna kerfisbreytingu og skattapólitíska ákvörðun sem tengist öllum atvinnugreinum jafnt. Það sem mér líkar ekki er þessi umræða sem beinist að einni grein. Sértækur, sérgreindur skattur á sjávarútveginn og þar með landsbyggðina er ekki sanngjarn. Hann er ekki réttlátur og hann er ekki skynsamlegur.

[17:01]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Upphaf ræðu hv. þm. var býsna skynsamlegt þar sem hann fellst á að hægt sé að ræða þessi mál aðskilin og að sjálfsögðu hefur hann sagt það allan tímann. En hann gerði kannski í fyrsta skipti tilraun til að ræða málin í sambandi við veiðileyfagjald án þess að blanda fiskveiðistjórnuninni inn í.

Hann nefndi réttilega að raungengið er lágt nákvæmlega eins og ég var að segja. Nú blómstrar samkeppnisiðnaður og annar iðnaður. Það er einmitt sú staða sem við viljum halda. Við erum að tala um að reyna að skapa skilyrði fyrir annað atvinnulíf að þróast við hlið hins sterka sjávarútvegs. Það sem við erum að segja í sambandi við efnahagsmál í sjávarútvegi er að með vaxandi fiskveiðiarði — og það er ekkert sem bendir til annars en að fiskstofnanir muni halda áfram að braggast og við hagræðum meira í útgerð. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir afkomu í botnfiskvinnslu núna. Ég veit líka alveg hver er afkoma í útgerð og ég þekki mætavel líka til afkomu í sjávarútvegi. En málið er að þessi staða knýr það á hækkun raungengis. Það mun skapa erfiðleika hjá öðrum atvinnuvegum, samkeppnis- og útflutningsiðnaði. Það mun kalla á þenslu, hugsanlega á gengisbreytingu og verðbólgu. Það er þetta sem við erum að tala um að reyna að koma í veg fyrir. Það eru hin efnahagslegu rök í þessu máli. Það er enginn að taka sjávarútveginn neitt sérstaklega út úr sviga og skattleggja hann eins og hér er orðað. Hér er einmitt eina ferðina enn með réttu verið að setja sjávarútveginn í miðpunkt hagstjórnar á Íslandi. Við komumst aldrei hjá öðru en miða hagstjórnina út frá þessum sterka atvinnuvegi hérlendis. Það er einmitt það sem þessi umræða snýst um. Ég mun fagna því ef hv. þm. féllist á það með okkur að veiðileyfagjald, ef maður tekur þá umræðu sérstaklega, getur verið skynsamleg aðferð fyrir utan réttlætisrökin sem eru í þessu máli.

Síðan er það svo allt annað mál og getur vel verið að það sé miklu brýnna, að skoða breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem slíku. Menn geta þá tekið umræðu um það sérstaklega. En þá skulum við gera það á grundvelli tillagna um fiskveiðistjórnunarkerfið, ekki gera það með óbeinum hætti í tillögu um veiðileyfagjald. Ég er hins vegar tilbúinn í slíka umræðu hvenær sem er.

[17:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum greinilega sammála um þessar efnahagslegu forsendur. Það er lágt raungengi og það er góð afkoma í útflutnings- og samkeppnisgreinum. Hvað er þá að? Ég spyr: Hver eru þá rökin? Er þetta þá ekki akkúrat eins og þetta á að vera? Hvers vegna þá að prjóna upp sérstaklega efnahagsleg rök fyrir auðlindaskatti?

Fljótt á litið lítur það svo út, þegar farið er yfir söguna undanfarna 2–3 áratugi, að þetta sé að nokkru leyti rétt, þ.e. að sjávarútvegurinn hafi verið svo sterkur að aðrar greinar hafi goldið sambýlisins við hann. En þegar betur er að gáð vakna ýmsar spurningar. Þoldi sjávarútvegurinn í raun nokkuð frekar raungengisstigið og samkeppnisskilyrðin en hinar greinarnar? Munurinn var bara sá að honum varð að bjarga. Þá var samstaða um það og það voru endurteknar reddingar og skuldbreytingar og lánalengingar og alls konar vesen. Og hvernig standa menn svo að málum þegar upp er staðið eftir þessa áratugi? Sjávarútvegurinn er með 110 milljarða skuldir á bakinu þannig að ég spyr mig æ oftar að því: Er þessi kenning ekki öll sömul rugl? Er það ekki þannig að í raun og veru hefur sjávarútvegurinn barist harðri baráttu og gerir svo enn. Og það er merkilegt að það er talað mikið um hagnað í sjávarútvegi og fjárfestingar erlendis. En hvað með aðrar atvinnugreinar? Skiptir þá ekki máli hvernig þær hafa það og hvert þær fara með peningana? Hvers vegna er sjávarútvegurinn einn og sérstaklega svona undir smásjánni? Gleymum því ekki að þessi grein býr við þá sérstöðu að hún keppir við ríkisstyrktar atvinnugreinar nágrannalandanna, t.d. við fiskvinnslu á meginlandi Evrópu sem fær upp undir 40% af fjárfestingum í beinum styrkjum. Þetta ætlum við okkar sjávarútvegi að keppa við. Er þá svarið af okkar hálfu að leggja til viðbótar á hann sértækan skatt? Mér finnst það mjög sérkennilegt. Er það ekki upp úr sjávarútveginum sem við ætlum að uppskera áframhaldandi verðmætasköpun, fullvinnslu og þróun og sókn inn á markaði? Fyrir hvaða peninga ef hann má ekki hagnast, ef það á að taka arðinn út úr greininni?

Ég held að það eigi mikið vatn eftir að renna til sjávar áður en svo mikill gróði í íslenskum sjávarútvegi verður þar saman safnaður sem ekki finnur sér farveg í nýjar og þarfar fjárfestingar, í ný störf, í endurnýjun flotans og í annað sem er brýnt og bíður, að við förum að hafa áhyggjur af því sérstaklega. Ég vona að sú stund sé fram undan að þvílíkur gróði verði í þessari grein að það verði praktískt og tímabært að hefja umræður um það hvort á hann þurfi að leggja sérstakan skatt, en það er því miður alllangt í land.

[17:06]

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í sambandi við till. til þál. um veiðileyfagjald. Alveg eins og umræðan um fiskveiðistjórnun í landinu er öllu heldur á tilfinningasviði en að rætt sé með rökum, þykir mér það sama gilda um umræðu um veiðileyfagjald. Þegar menn ræða um kvótakerfi eða sóknarmark í veiðistýringunni, er það oftast byggt á tilfinningum manna en ekki rökum. Það er raunar rétt að það er megn óánægja með fiskveiðistjórnunarkerfið eða ákveðna agnúa sem á því eru, en það byggist fyrst og fremst á því að það er verið að takmarka aðgang að auðlindinni. Ef við mættum veiða eins og við vildum, þá heyrðum við ekki þessar óánægjuraddir í þjóðfélaginu með kerfið.

Þannig snýr málið núna að óánægjuraddir sem heyrast um fiskveiðistjórnunarkerfið eru notaðar til þess að byggja upp rök fyrir því að koma með veiðileyfagjald á útgerðina. Þar er sem sagt á tilfinningalegum nótum byggt á óánægju fólks með óábyrgum hætti.

Gjaldtaka eins og veiðileyfagjald á útgerðina leysir ekki úr þeim vanda sem óánægjan er hvað mest með, þ.e. leigukerfið þar sem aðilar geta átt fiskveiðikvóta, setið heima í stofu og látið aðra veiða fyrir sig og hirt fyrir það gjald. Þetta breytist ekkert þó að tekið verði upp veiðileyfagjald. Þetta óréttlæti heldur áfram þannig að með veiðileyfagjaldi er á engan hátt slegið á þennan galla fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Það er gjarnan talað um að það sé erfitt fyrir nýja aðila að koma inn í greinina og meira að segja er það notað til þess að réttlæta veiðileyfagjaldið. En staðreyndin er sú að þrátt fyrir að það komi veiðileyfagjald, þá auðveldar það ekkert nýjum aðilum að fara inn í greinina því miður.

Það er talað um að ákveðnir aðilar hafi ókeypis aðgang að veiðum og ungir og efnilegir menn geti ekki komið inn í greinina. Það er á vissan rétt að það er erfitt að komast inn í greinina, en það batnar ekkert með veiðileyfagjaldi. Það sem vantar í fiskveiðistjórnunarkerfið er meiri sveigjanleiki þannig að nýir aðilar geti komist inn í kerfið. Ég hef bent á ákveðnar hugmyndir um það hvernig auðvelda megi nýjum aðilum að komast inn. Það er m.a. með því að þegar farið verður að úthluta meiri aflaheimildum en núna er, þá verði aukningunni ekki sjálfkrafa úthlutað til þeirra sem veiðiheimildir hafa fyrir. Það má taka hluta af aukningunni og setja í sérpott sem notaður yrði m.a. til þess að auðvelda nýjum aðilum að komast inn í greinina. Það má sjálfsagt útfæra margar leiðir til þess að gera það, en ég hirði ekki um að rekja það frekar hér.

Síðan kemur aftur spurningin um hvaða möguleika útgerðin hafi til þess að standa undir veiðileyfagjaldi. Við vitum náttúrlega að við lifum nánast á þessum sjávarútvegi okkar og þrátt fyrir að sjávarútveginum hafi tekist núna á undanförnum missirum og árum að greiða niður skuldir sínar, er hann ekki það vel staddur að hann sé aflögufær með að greiða veiðileyfagjald, enda er miklu eðlilegra að gjald á útgerðina komi eins og í öðrum atvinnurekstri í skattaformi, í formi tekjuskatts, en ekki með sérstöku og sértæku veiðileyfagjaldi. Það mætti aftur á móti, eins og komið hefur fram í umræðunni, athuga möguleika á auðlindaskatti yfir höfuð og það ekki bara á útgerð og fiskvinnslu, heldur m.a. á orkugeirann o.fl.

Útgerðin á Íslandi hefur að mínu mati ekki möguleika til þess að standa undir mikilli gjaldtöku. Hún stendur í samkeppni við niðurgreiddan sjávarútveg annarra landa. En því miður finnst mér að óánægja fólks með ágalla fiskveiðistjórnunarkerfisins sé notuð til þess að rökstyðja veiðileyfagjald, veiðileyfagjald sem á engan hátt mun bæta úr þeim ágöllum fiskveiðistjórnunarkerfisins sem óánægjan er sprottin af.

[17:13]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna ummælum hv. þm. Þó ég sé ekki sammála honum nema að hluta til, fannst mér hann fara yfirvegað yfir þetta. Ég tek sérstaklega undir það sem hann sagði um mikilvægi þess að menn skoði þetta í heild, þ.e. taki umræðu um fleiri auðlindir en einungis sjávarútveginn þótt svo hann gerði eins og margir aðrir að taka fiskveiðistjórnunarkerfið inn í þetta, en það höfum við rætt hér áður.

Ég vil hins vegar, herra forseti, vekja athygli á því, þar sem umræðu er að ljúka, að við báðum sérstaklega um að hæstv. forsrh. yrði hér viðstaddur. Mér skilst að hann sé í húsinu. Ég vil vekja athygli á því að hvorugur ráðherra Sjálfstfl., forsrh. eða sjútvrh., hafa séð ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu. Umræðunni er að ljúka. Ég er búinn að tala minn skerf í málinu, ég er búinn að tala tvisvar þannig að ég hefði ekki getað svarað forsrh. ef hann hefði séð ástæðu til að tala um málið. Mér finnst hæstv. forsrh., herra forseti, sýna þinginu fyrirlitningu með því að segja að hér fari fram vitlaus umræða á Alþingi þegar málið kom fyrst til umræðu. Hann sá ekki ástæðu til að taka þátt í henni þá, ekki við framhaldsumræðu og heldur ekki í dag. Mér finnst hann sýna þinginu lítilsvirðingu að mæta ekki til opinna skoðanaskipta um þetta mikla mál. Hann rennur af hólmi nákvæmlega eins og hæstv. sjútvrh. gerir í þessu máli. Þetta eru alvarleg tíðindi og þetta eru mestu pólitísku tíðindin í þessari umræðu, þ.e. sú framganga sjálfstæðisráðherranna að þora ekki að mæta á hinu háa Alþingi og ræða málefni tengd veiðileyfagjaldi.

[17:15]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns má ætla að umræðunni sé nú að ljúka. Þessi umræða er orðin býsna löng og margir hv. alþingismenn hafa tekið þátt í henni og mörg sjónarmið hafa komið fram, bæði varðandi upptöku veiðileyfagjalds, hvernig það bæri að gera og einnig ýmiss konar viðhorf varðandi stjórnun fiskveiða.

Ég tel að sú umræða sem hefur þegar farið fram um veiðileyfagjald á þessu hausti hafi verið afar gagnleg. Menn hafa gagnrýnt þáltill. fyrir að útfærsluna vanti. Ég held hins vegar að umræðan hafi sýnt að rétt var að hafa tillöguna þannig, að fyrst og fremst væri um það að ræða að tekin væri hin pólitíska afstaða til þess hvort taka beri upp veiðileyfagjald.

Rökin þarf ekki að endurtaka þó ég ætli aðeins að hlaupa á þeim. Það eru lög í landinu sem segja að þjóðin sé eigandi auðlindarinnar. Þess vegna, herra forseti, er sjálfsagt mál að þeir sem nýta auðlindina greiði fyrir það án tillits til þess um hvers konar kerfi fiskveiðistjórnunar er að ræða. Enda hefur umræða um veiðileyfagjald eða auðlindaskatt farið fram í landinu mun lengur en núverandi kvótakerfi hefur verið til staðar. Hitt er síðan alveg rétt að framsalið, sú aðferð sem nú er notuð til að kalla fram hagræðingu í sjávarútvegi hefur ef til vill orðið til að magna umræðu um veiðileyfagjald upp að nýju. Og skyldi engan undra. Vegna þess að þegar svo augljóst er að verið er að leigja, selja og kaupa þá auðlind sem staðfest er með lögum að þjóðin sé eigandi að, þá hlýtur mönnum að blöskra.

Við sem stöndum að þessari tillögu höfum ekki haldið því fram að veiðileyfagjald sem slíkt væri upphaf og endir alls réttlætis í sjávarútvegi. Það er hins vegar hægt við útfærslu gjaldsins að taka tillit til margra þeirra þátta sem gagnrýndir eru. Það hafa ýmsir tekið að sér að útfæra veiðileyfagjald í gegnum tíðina. Ég minni menn á að fyrir þing Verkamannasambandsins, ætli það hafi ekki verið 1989, þá var veiðileyfagjald útfært með ákveðnum hætti og hugmyndin á þeim tíma var sú að nýta gjaldið til vegagerðar. Menn þóttust þá sá einhverja milljarða út úr þessu gjaldi og vegagerðina ætluðu menn síðan að nýta til að skapa möguleika á að hægt væri að fara með fisk yfir á fiskmarkaði og þannig

efla fiskvinnslu í landi. Umræðan er því ekki ný. Hún hefur farið fram á ýmsum vígstöðvum og menn hafa séð ýmsa möguleika á að skoða efnahagsstefnuna í landinu út frá sjávarútveginum en með ýmsa hagsmuni og mikilvægi, ekki síst landsbyggðarinnar, í huga.

Menn tala hér eins og það sé sjálfgefið að þjóðin eigi auðlindina og um það þurfi ekki að efast eða vefengja það. Mér finnst samt, herra forseti, að sú umræða sem fram fer reglulega og sú ásókn sem reglulega er í að veðsetja kvótann, að veðsetja veiðiheimildirnar, sýni okkur að ekki er einhugur um þetta mál. Þess vegna er nauðsynlegt að þjóðareignin sé staðfest með þeim hætti að menn greiði fyrir aðgang að auðlindinni og það sé ljóst fyrir hvað sé verið að greiða. Menn geta svo rakið það að sjávarútvegurinn greiðir ýmis gjöld sem vel má jafna til veiðileyfagjalds. Gott ef eitt þeirra, almenna leyfið og sérveiðileyfin, heita ekki einmitt veiðileyfagjöld. Eigi að síður er ekki sama hvert formið er ef við viljum staðfesta eignarhald þjóðarinnar. Það held ég að sé mjög mikilvægt.

Þegar menn eru að tala um að veiðileyfagjald geti haft þessi eða hin áhrif í framtíð verði það tekið upp finnst mér stundum að menn séu að taka breytta stöðu og máta hana á óbreytt ástand að hluta til. En auðvitað er það svo að um leið og tekin verður ákvörðun um að taka upp gjaldtöku munu aðrar aðstæður breytast. Auðvitað mun það verka til breytinga á því gjaldi sem menn eru að greiða í dag, annaðhvort fyrir varanlegan kvóta eða leigukvóta ef núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi heldur áfram. Þeir hagfræðingar, sem ég hef heyrt í, gera ráð fyrir að upptaka veiðileyfagjalds muni lækka kvótagjald að öðru leyti einfaldlega vegna þess að það gjald sem við sjáum í dag, ýmist fyrir leigukvóta eða það sem gengur á sölumarkaði, er gjald sem endurspeglar væntingar þeirra sem gera ráð fyrir að úthlutunin verði ókeypis áfram, væntingar þeirra sem sjá fyrir sér mjög mikinn hagnað og arð í útgerð á Íslandi. Annars væri gjaldið ekki svona hátt sem menn eru að nota á markaðnum. Og af því að áðan var einmitt verið að ræða um þetta kvótagjald, þá er merkilegt að hlusta á talsmenn Sjálfstfl. á Alþingi ræða um það sem fordæmanlegan hlut að verðið skuli ráðast á markaði. En það er eftir öðru í þessari stofnun vegna þess að það staðfestist hér aftur og aftur í umræðu, að viðhorf þeirra sjálfstæðismanna helgast ekki af neinum prinsippum, neinum grundvallarskoðunum, heldur fyrst og fremst hagsmunum. Og þeim þykir það tilefni til sérstakra umræðna. Það þarf að taka sérstaklega fram og benda á, að þeirra mati, að umræða t.d. um veiðileyfagjald eigi að sjálfsögðu ekki að fara fram á grundvelli prinsippsjónarmiða. Það er hins vegar okkar skoðun að svo eigi að vera.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni um hina æpandi fjarveru hæstv. forsrh. Eins og fram kom í umræðunni fyrr í dag, þá hafði hæstv. forsrh. stór orð og fór mikinn við setningu landsfundar Sjálfstfl. en það ætlar að verða með hann eins og Jón sterka í Skugga-Sveini. Hann vill geta sagt: Sáuð þið hvernig ég tók hann, piltar, en hann mætir ekki á völlinn þegar til glímunnar er boðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 21. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 21.

[17:24]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis og vil ég af því tilefni segja nokkur orð.

Ég vil byrja á að þakka hv. flutningsmönnum fyrir að flytja hér slíkt frv. þó að ekki séu miklar líkur á að það verði afgreitt á þessu þingi, svo viðamikil breyting sem fylgir því. Engu að síður tel ég mjög gagnlegt að nokkur umræða fari fram um þingsköp Alþingis og hvernig staðið skuli að störfum í þinginu. Þó eru nokkur atriði sem fram koma í frv. einkum og sér í lagi í grg. með frv. sem ég vildi vekja athygli á og get ekki fallist á. Meginatriði frv. er, eins og segir í 1. gr.:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um og rannsaka önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar, svo sem um framkvæmd laga, meðferð opinberra fjármuna og önnur mikilvæg mál er almenning varða."

Um þetta er allt gott og blessað að segja en ég verð að viðurkenna að ég tel að ekki sé skynsamlegt koma á einhverjum sérstökum rannsóknarrétti á vegum þingnefnda þó að það sé auðvitað mjög mikilvægt að þingnefndir taki ítarlega til umfjöllunar þau mál sem til þeirra er beint auk þess sem auðvitað er hægt að taka upp tiltekið mál í þingnefndum. Ég get sem sagt ekki fallist á það sjónarmið sem hér kemur fram. Mér finnst vera inntak frv. að sérstök rannsókn fari fram á vegum þingnefnda og að sérstöku frumkvæði þeirra eins og gerist t.d. í Bandaríkjunum. En í greinargerðinni segir, og það hefur orðið m.a. tilefni til nokkurrar umræðu í fjölmiðlum og ég vænti utan þingsins, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa hins vegar komið berlega í ljós veikleikar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu þar sem Alþingi er að verða æ meira framkvæmdarvaldsþing."

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég get alls ekki tekið undir það sem hér segir. Það kann vel að vera að sú sé reynsla fyrrum ráðherra sem eru flutningsmenn þessa frv. að svo sé. Ég get ekki viðurkennt það þó að við stjórnarliðar göngum vasklega fram t.d. í því að fylgja fram málum ríkisstjórnarinnar, að það þurfi að þýða að þingið fjalli ekki fullkomlega eðlilega um mál. En nú um stundir er tiltölulega stór þingmeirihluti fyrir þeim sjónarmiðum sem koma fram í frumvörpum ríkisstjórnarinnar, stjórnarfrumvörpum, þannig að það má segja að starfið í þinginu beri þess nokkur merki. Ég tel að það sé af og frá og í fyllsta máta óviðeigandi að halda því fram að Alþingi sé einhver sjálfvirk afgreiðslustofnun fyrir hvað eina sem kemur fram frá framkvæmdarvaldinu og get því alls ekki tekið undir þau sjónarmið sem koma fram í grg. með frv. hvað þetta varðar.

Annað sem ég rak augun í sérstaklega. Mér finnst nokkuð sérkennilegt þegar talað er um að stjórnarfrumvörp séu að stærstum hluta samin af embættismönnum. Auðvitað eru stjórnarfrumvörp samin af einhverjum, handverksmönnum, skulum við segja í gerð frumvarpa. Venjulega er það að undangenginni töluvert mikilli vinnu, stundum á vegum nefnda, sem settar eru á laggirnar til að undirbúa mál, og síðan er embættismönnum falið að koma saman texta og ganga frá

gerð frumvarpa. Ég fæ því ekki séð hvernig hlutirnir geti verið í rauninni öðruvísi en embættismenn komi að samningu frumvarpa.

Ég hef hins vegar haldið því fram að embættismenn ráðuneyta sérstaklega geti auðvitað haft geysilega mikil áhrif ef þeir beita sér, m.a. geta þeir haft mikil áhrif með því vinna vel fyrir sína ráðherra og ég held að áhrif embættismanna séu í rauninni miklu meiri á störf ráðherra en nokkru sinni á störf þingsins þannig að margar hliðar eru á þessu máli. Ég get ekki séð fyrir mér að í rauninni sé mögulegt að þingmenn skrifi nánast allan texta sem afgreiddur er í þinginu. Þannig eru vinnubrögð ekki sem betur fer og við þingmenn fáum góðan stuðning frá embættismönnum þingsins og starfsmönnum þingsins sem hefur verið að breytast mjög mikið. Ég get talað fyrir mig að þann stutta tíma sem ég hef setið á þingi, frá 1991, hefur orðið geysilega mikil breyting á þeirri aðstöðu sem er fyrir þingmenn og hjá þingmönnum við hvers konar vinnu. Við höfum á að skipa mjög hæfu starfsliði í þinginu sem m.a. getur aðstoðað við samningu frumvarpa og auðvitað vinnur við undirbúning að nefndarálitum með þingmönnum og fyrir þingmenn þannig að ég tel að að því leyti sé þetta allt í hinu eðlilegasta horfi. En aðalatriðið er að þingmenn leggi áherslu á hinar pólitísku línur sem þeir vilja leggja í gegnum samþykkt löggjafar og með samþykkt löggjafar. Það er okkar skylda og það er á okkar ábyrgð það sem samþykkt er á hinu háa Alþingi.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég nefna það sérstaklega sem fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur. Hún hafði í ágætri ræðu nokkur orð um störf nefnda þingsins eins og þau eru núna. Það hefur komið fram reyndar áður gagnrýni á störf nefndanna varðandi afgreiðslu fjárlaga. Þannig er það að fjárln. fær fjárlagafrv. til meðferðar og hún vísar síðan fjárlagafrv. til annarra nefnda þingsins eftir því sem við á þannig að fagnefndir þingsins hafa tækifæri til að fjalla um frv. og koma síðan áliti til fjárln. áður en hún afgreiðir það frá sér til 2. og 3. umr. Það hefur örlað á þeim misskilningi, m.a. kom það fram fannst mér hjá hv. 14. þm. Reykv., að þetta væri í óeðlilegu horfi, það hefur jafnvel komið fram að það um tvíverknað væri að ræða og þetta þyrfti að vera öðruvísi. Það kann vel að vera að þarna geti orðið á breyting til bóta en ég tel af fenginni reynslu af störfum mínum í fjárln. að álit fagnefndanna sé mjög mikilvægt. Nefndirnar leggja reyndar mjög mismunandi vinnu í þessi álit. Ég tel að það væri mjög slæmt ef frá þessu yrði horfið. Það er mjög mikilvægt að fá t.d. umsagnir og sjónarmið hv. landbn. eða hv. heilbrn. eða hv. iðnn. um þá málaflokka sem fjárlagafrv. fjallar um og viðkomandi nefndir hafa á sinni könnu þannig að þær áherslur sem nefndirnar vilja leggja komi skýrt og greinilega inn til fjárln. áður en að fjárln. fjallar nánar um það.

Oft hefur það viljað brenna við að menn hafa einkum litið til þess að það væri eðlilegt að fagnefndirnar fengju það verkefni að úthluta tilteknum liðum í fjárlagafrv. og gera tillögur um það. Ég tel að það geti ekki verið neitt aðalatriði heldur eru mikilvægustu þættirnir í þessari vinnu að koma á framfæri áherslum frá fagnefndunum til fjárln. áður en endanleg afgreiðsla fjárln. fer fram. Ég minnist þess að ýmsar nefndir þingsins hafa á undangengnum árum lagt fram mjög vandaða og góða vinnu fyrir fjárln. en auðvitað er það þannig að það er ekki hægt að taka allt upp, allar þær tillögur sem koma frá öðrum nefndum, í tillögur fjárln. Og það er nú e.t.v. niðurstaðan af þessum vangaveltum að ágreiningurinn hefur orðið milli fagnefndanna og fjárln. þegar fjárln. hefur ekki tekið upp allar tillögur sem komið hafa fram. Þess vegna hefur þessi gagnrýni kannski komið upp.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að taka þingsköp Alþingis til umræðu og umfjöllunar í þinginu og þess vegna fagna ég því að slíkt tækifæri gefst núna. Það er þá væntanlega ágætur undirbúningur undir þær breytingar sem á næstu árum gætu orðið á þingsköpum Alþingis, þó að, eins og ég sagði í upphafi, ekki séu miklar líkur á því að frv. verði afgreitt eða það verði að lögum á þessu þingi.

[17:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að blanda mér í þessa umræðu frekar. Ég tók þátt í henni um daginn og setti fram nokkrar hugmyndir um breytingar á þingsköpum og benti m.a. á að það hefur verið unnið að breytingum á þingsköpum á vettvangi formanna þingflokkanna. Ég á von á því að út úr því komi einhver niðurstaða núna alveg á næstunni og sjálfsagt er hægt að skoða þetta frv. í því samhengi líka eins og aðrar hugmyndir.

En ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs er að fagnefndirnar hafa núna frá 1991 fjallað um fjárlagafrv. Ég held ég tali fyrir munn langflestra þigmanna þegar ég segi: Þingmenn hafa það yfirleitt á tilfinningunni að fjárln. taki ekkert mark á því sem frá okkur kemur, ekki neitt. Ég gleðst auðvitað yfir því ef það er þannig eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson lýsir því, að þetta séu mikilvæg gögn. En við sjáum þess ekki stað. Og þá vil ég segja: Þegar um það er að ræða að stjórn og stjórnarandstaða klofna t.d. í áliti fagnefndar um einstakan þátt fjárlagafrv. þá ætlumst við ekki til þess að stjórnarliðið eða meiri hlutinn fari endilega að taka upp sjónarmið minni hlutans. Það er ekki það sem við erum að tala um. En ég kann dæmi þess að hreinar tæknilegar ábendingar, fullkomlega pottþéttar tæknilegar ábendingar náðu ekki eyrum fjárln. Og ég tel þetta afleitt og tilfinningin í fagnefndunum er sú að það þýði ekki lengur að leggja eins mikla vinnu í þetta og við gerðum í upphafi þegar þetta fyrirkomulag var tekið upp. Mér þykir því vænt um að heyra þessa yfirlýsingu hv. þm. og ég tel að ég hafi ágæta ábendingu um lausn á þessum samskiptavanda sem er til. Hún er sú að formenn nefndanna allra fari á fund fjárln. og fylgi bréfum nefndanna munnlega eftir við fjárln. þannig að það fari ekkert á milli mála hver þau áhersluatriði eru sem viðkomandi nefndir telja mikilvægast að koma á framfæri. Það þarf ekki að taka nema 15–20 mínútur fyrir hverja fagnefnd til að koma þessu á framfæri og ég tel að það sé mjög mikilvægt upp á, mér liggur við að segja, sjálfsvirðingu fagnefndanna í þessu máli.

[17:39]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir þessar athugasemdir og fagna því að á vettvangi þingflokka sé nú unnið að hugmyndum og breytingum á þingsköpum. Ég vil hins vegar mótmæla því að fjárln. taki ekkert mark á áliti fagnefnda. Eins og ég sagði áðan þá skiptir miklu máli að það sé vel unnið. Það er mjög slæmt ef sú er tilfinning þingmanna sem sitja í öðrum nefndum en fjárln. að ekki sé hlustað á það sem kemur frá þeim. Það er mjög vont og náttúrlega afar slæmt ef það leiðir til þess að ekki er vel unnið. Ég minnist þess að það hefur gerst

að formenn eða jafnvel tilteknir talsmenn, fleiri en einn, fagnefnda hafi komið og mælt fyrir álitum fagnefndanna hjá fjárln. Ég tel að sá háttur sé mjög æskilegur. Ég tel hann í rauninni nauðsynlegan þannig að það fari ekkert á milli mála hvaða áherslur fagnefndirnar leggja við fjárln. Ég tel því að það skipulag væri af hinu góða og teldi nú að það mætti þá e.t.v. bæta þessi samskipti með því að gera það sem var gert á síðasta kjörtímabili, þ.e. að talsmenn fagnefndanna mæltu fyrir nefndarálitunum hjá fjárln. Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði áður, að ég tel að það sé afar mikilvægt að fagnefndirnar vinni vel álit um fjárlagafrv. til að auðvelda starf fjárln.

[17:41]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið um þetta frv. Þær urðu þó nokkuð miklar fyrir rúmri viku síðan og þar komu fram margar mjög gagnlegar ábendingar að mínu viti varðandi ýmsar hugmyndir sem þingmenn hafa um breytingar á þingsköpum. Ég held að sé alveg ljóst og mér fannst vera gegnumgangandi í þessari umræðu, að þingmenn hafa mikinn hug á því að skerpa skil milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sem ýmsir færðu mjög góð og sterk rök fyrir að eru mjög óljós.

Fyrst, virðulegi forseti, varðandi það síðasta sem hér var til umræðu, um álit fagnefnda við umfjöllum fjárlaga í fagnefndum og í fjárln. Mér finnst ábending hv. 8. þm. Reykv. varðandi það atriði alveg hárrétt. Við þekkjum það öll sem höfum starfað í fagnefndum að okkur finnst mjög lítið tillit tekið til þeirra ábendinga sem þar hafa komið fram. Ég held að það sé mjög slæmt að þetta sé svona vegna þess að þá minnkar áhugi fagnefndanna á að skila af sér góðu og ítarlegu starfi varðandi umfjöllum einstakra kafla í fjárlagafrv. sem ég tel mjög gagnlega. Og ég tel að það hafi gagnast mjög við fjárlagaumræðuna að fá slíkt álit frá fagnefndunum. Ég held að það þurfi að taka sérstaklega upp í forsn. hvernig með þetta eigi að fara og ábendingu hv. 8. þm. Reykv. um það að formenn eða talsmenn meiri og minni hluta í fagnefndum rökstyðji sitt álit fyrir fjárln. tel ég góða. En ég vil líka benda á að ég tel að fjárln. ætti þá líka að rökstyðja það fyrir fagnefndunum af hverju hún tekur ekki tillit til sameiginlegra ábendinga sem koma frá stjórn og stjórnarandstöðu í fagnefndunum. Það tel ég algjört lágmark. Ég held að það sé mjög mikilvægt að þessu sé fundinn betri farvegur.

Ég held að það sé mjög mikilvægt sem kom fram í umræðunum um daginn að skýrslur Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis fái ítarlegri umfjöllun í nefndum. Ég held að það sé alveg hárrétt að ábendingum t.d. umboðsmanns Alþingis er ekki nægjanlega fylgt eftir. Ég tel að það þurfi sérstakrar skoðunar við og tel reyndar að það þurfi að styrkja embætti umboðsmanns Alþingis.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi það að hann teldi að þál. fælu ekki í sér stefnumótun. Ég held að það sé rangt vegna þess að ef þáltill. er samþykkt, t.d. um ákveðna stefnumörkun í menntamálum, húsnæðismálum eða öðru, þá er það ákveðin stefnumörkun til framkvæmdarvaldsins um hvernig Alþingi vill sjá stefnumótun í þessum tiltekna málaflokki. Það mætti vel hugsa sér að farið yrði meira inn á svipaða braut og er t.d. í norska þinginu, þ.e. þegar ríkisstjórn eða einstaka ráðherrar eru að láta vinna stefnumótun í ákveðnu máli þá er fyrst unnin ákveðin forvinna í því þar sem nefnd skilar af sér skýrslu áður en kemur að því að móta eða undirbúa frv. Slík skýrsla sem felur þá í sér ákveðna stefnumótun er lögð fyrir þingið til umfjöllunar áður en framkvæmdarvaldið eða ráðuneyti og ráðherra hefst handa um að undirbúa frv. á grundvelli skýrslunnar. Ég held að það séu vinnubrögð sem við mættum taka okkur til fyrirmyndar við stefnumótun í stórum málaflokkum, t.d menntamálum, heilbrigðismálum, húsnæðismálum. Þegar sú vinna liggur fyrir af hálfu ráðuneytisins og skýrsla liggur fyrir þá sé hún tekin til umfjöllunar áður en farið er að undirbúa frv. Við fáum oft skýrslur hingað inn á Alþingi en síðan er oft ekkert meira með þær gert. Þær eru kannski settar í hólf þingmanna en svo er ekkert meira með það gert og það næsta sem gerist er að það kemur frv. um málið inn á þingið og þá fyrst fjallar þingið um það. Þetta held ég að væri eitt atriði sem mætti breyta í vinnubrögðum þingsins.

Það var rætt um ítök hagsmunaaðila í störfum þingsins og lagasetningu. Auðvitað mætti margt um það segja. Það er brýnt að Alþingi hafi sem best samráð við þá aðila sem lagasetningin varðar sérstaklega. Mér finnst oft brenna við að ítök hagsmunaaðila séu of mikil við lagasetningu. Eitt dæmi er mér ofarlega í huga en það er t.d. þegar samið var um húsnæðiskerfið í kjarasamningum á milli aðila og ríkisvaldsins 1986. Þá kom það hingað inn í þingið og það mátti ekki breyta punkti eða kommu og síðan sýndi Ríkisendurskoðun fram á það þremur árum seinna að kerfið var gjaldþrota. Ég nefni þetta sem eitt dæmi.

Varðandi starfsaðstöðu þingmanna er alveg ljóst að hún hefur breyst mjög til batnaðar. Nefndadeildin vinnur þar mjög gott verk og öll starfsaðstaða nefnda er með allt öðrum hætti en var á árum áður. Þó vil ég nefna að mér finnst að Alþingi eigi að hafa sína eigin hagdeild og jafnvel sitt eigið lagaráð. Mönnum finnst það kannski vera stofnanir sem séu til út í bæ og því sé óþarfi að vera með þær innan þings en það er varla til það verkalýðsfélag eða félagasamtök sem ekki hafa sínar eigin hagdeildir.

Það er alveg rétt að þingmenn geta leitað til Þjóðhagsstofnunar og fjmrn. um að vinna fyrir sig ákveðið verk og fá þar ákveðnar upplýsingar en það eru takmörk fyrir því hvað þær stofnanir geta gert sérstaklega ef það er umfangsmikil beiðni sem kemur frá þingmanni um athugun á ákveðnu máli. Síðan teldi ég að það væri mjög heppilegt fyrir Alþingi að hafa sína eigin hagdeild þar sem þingið gæti lagt fyrir hana sínar eigin forsendur sem það vildi að yrði unnið út frá.

Mig minnir að það hafi komið í þingmáli hugmynd um slíkt. Það er oft sem deilt er um það, við þekkjum það frá EES-samningnum, t.d. varðandi túlkun á stjórnarskránni. Þá er oft leitað til Lagastofnunar Háskólans. Mér finnst að það væri vel þess virði að skoða hvort Alþingi ætti ekki að hafa sitt eigið lagaráð.

Mér finnst það hafa komið fram í þessari umræðu, þó ekki séu allir nákvæmlega sammála um þessa tillögu og hvernig hún er útfærð, hjá öllum og líka meginforseta þingsins að það þyrfti að auka valdsvið þingnefnda og eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ég sýndi fram á það að í 20 eða 25 þingmálum hefur verið látið reyna á ákvæði 39. greinar stjórnarskrárinnar sem felur í sér að þar er heimild til þess að rannsaka sérstaklega ýmis atriði sem varða almannaheill. Þar er heimild til að krefjast skýrslu, munnlegrar eða skriflegrar, sem er miklu ákveðnara og beittara ákvæði heldur en nú er að finna í þingsköpum. En því miður hafa þær tillögur sem hafa verið bornar fram á grundvelli þessa ákvæðis ekki náð fram að ganga nema í undantekningartilfellum. Þess vegna tel ég brýnt að nefndirnar sjálfar geti haft þetta frumkvæði en

þurfi ekki atbeina Alþingis til þess. Mér finnst sem betur fer að ýmsir þingmenn hafi tekið undir það. Mér finnst óþarfa viðkvæmni koma fram hjá mörgum sem hafa talað gegn því að þingnefndir, ef meiri hluti þeirra svo kýs, geti starfað fyrir opnum tjöldum. Mér finnst það styrkja lýðræðið og gera það virkara að hafa þennan möguleika opinn þó vissulega verði að fara með hann með þeim hætti að það sé í sérstökum málum sem því er beitt.

Ég held að það sé varla hægt að mæla því í mót þótt mér fyndist nú að hv. 2. þm. Vesturl. gerði það, að það hefur orðið töluverð breyting á störfum þingsins að því er varðar framsal á valdi. Það má vel vera að á því séu þær skýringar að lagasetningar séu orðnar flóknari, þær séu orðnar umfangsmeiri o.s. frv. En tilhneigingin er sú að þingið er í stærri og veigameiri málum farið að framselja vald til framkvæmdarvaldsins, sérstaklega að því er varðar reglugerðarheimildir til ráðherra sem eru oft útfærsluatriði á ákveðnum lagagreinum sem getur skipt mjög miklu hvernig útfærðar eru og framkvæmdar. Þingmenn vita oft á tíðum ekki hvernig slíkar reglugerðir líta út í stórum dráttum, hafa engan umsagnarrétt um þær, eða að ráðuneytið sendi það til umsagnar nefndarinnar áður en þær eru settar. Þetta finnst mér að þurfi að breytast. Það hefur verið gert í danska þinginu, að þingnefndir hafa slíkan umsagnarrétt að því er varðar stærri reglugerðir.

Ég fagna því sem mér fannst forseti þingsins taka undir og það var að þingmannamál eigi að hafa meiri vigt hér í þinginu, eigi að fá meiri efnislega umfjöllun í nefndum heldur en þau hafa gert. Ég tel að þingnefndum beri skylda til að afgreiða þessi mál en ekki salta þau endalaust ár eftir ár. Það mætti hugsa sér að störf þingmanna fengju meiri tíma og vigt í þingstörfunum, t.d. með því að það þyrfti ekki að mæla fyrir endurfluttu máli heldur færi það beint til þingnefndar og þingnefnd hefði ákveðin tíma, kannski tvö þing, til að afgreiða slík þingmál. Mér finnst satt að segja allt of mikið gert af því að vísa málum til ríkisstjórnar. Oft er þeim vísað til skoðunar og athugunar hjá ríkisstjórn og síðan er það undir hælinn lagt hvernig þessar þáltill. eru framkvæmdar. Þannig að á þessu finnst mér þurfa að taka.

Það hlýtur að vera hægt líka að finna einhverja leið, og ég veit að forsn. hefur haft viðleitni uppi í því efni, að afgreiða ekki mál í bunum, í stríðum straumum rétt fyrir jólin og rétt áður en þingi lýkur á vorin. Þá fyrst fá þingmannamál oft efnislega umfjöllun á lokadögum þingsins í þingnefndum, í fagnefndum, vegna mikils þrýstings frá þingmönnum. Það ætti að vera nægur tími til að afgreiða mál sem eru lögð fram oft í upphafi þings með öðrum hætti heldur en gert er. Mér finnst að forsn. ætti að taka upp hvernig það verður gert. Ég vil ítreka líka að ég tel og kannski spyr um það af því að hér er einn fulltrúinn í forsn., hvort vænta megi þess að t.d. í þeirri endurskoðun sem nú fer fram á þingskapalögunum, sem mér skilst að verði á næstu vikum lagt fram í þinginu, verði t.d. tekið á því að þingmenn geti í sumarhléi óskað eftir skýrslum frá ráðherrum í tilteknum málum sem eru kannski uppi á meðan þing er í sínu sumarhléi eða beint fyrirspurnum um tiltekin veigamikil atriði sem eru uppi á þeim tíma í þjóðfélaginu. Ég spyr hvort vænta megi þess að þetta verði inni í þessari endurskoðun. Er verið að skoða þetta atriði sérstaklega sem ég tel mjög mikilvægt þegar við erum að tala um eftirlitshlutverk löggjafarþingsins með framkvæmdarvaldinu?

Síðan fannst mér hv. 2. þm. Vesturl. bara afgreiða það sisvona í upphafi síns máls og endurtók það síðan í lokin að það væru ekki neinar líkur á þetta frv. sem hér er til umræðu yrði afgreitt. Þingnefnd á nú eftir að fjalla um málið og segja sitt álit. Ég held að álit nefndarinnar sé ofar áliti hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Þó hann með allri virðingu sitji í forsn., þá getur forsn. varla ráðið því hvaða mál eru afgreidd sem snerta þingsköpin. En ég held að það sé alla vega mikilvægt að jafnvel þótt forsn. fjalli um þetta tiltekna mál sem hér er til umræðu ásamt öðru sem þarf að breyta í þingsköpunum að a.m.k. allshn. segi sitt álit á þessu máli og koma því áliti til forsn.

[17:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst satt að segja hafa komið fram í máli hv. þm. pínulítill misskilningur í sambandi við endurskoðun á þingsköpunum og ég vil gera tilraun til að leiðrétta það ef ég get. Málið er þannig að það hefur verið til meðferðar á vegum formanna þingflokkanna núna á annað ár og hugmyndir að breytingum lágu fyrir, ég hygg, í ágúst 1995 — texti unninn af embættismönnum sem allir þingflokkar fengu. Það er skjal sem var farið yfir í einhverjum þingflokkanna, alla vega var það gert hjá mér og einhvers staðar annar staðar, held ég. En málið komst aldrei á afgreiðslustig vegna þess að það vannst ekki tími til þess. Síðan hefur þetta mál verið vakið upp aftur núna í haust og gert ráð fyrir því að áfram verði unnið í því en því getur auðvitað enginn svarað, hvorki hv. þm. Sturla Böðvarsson né nokkur annar hvað verður í frv. vegna þess að það er málefni þingflokkanna. Þannig að sú hugmynd sem hv. þm. nefndi hér áðan, varðandi breytingar á þingsköpunum, um það að þingmenn geti í þinghléi snúið sér til ráðherra og krafist svara, er mál sem ég get reyndar sagt frá að hefur verið rætt varðandi endurskoðun þingskapanna og lítur vel út með að mínu mati. En þetta er mál þingflokkanna og ég geri ekki ráð fyrir því að það verði flutt neitt frv. um breytingar á þingskapalögunum öðruvísi en að þingflokkarnir standi að því frv. Það er þýðingarlaust í raun og veru að flytja slíkt frv. Þess vegna er málið í höndum þingflokkanna og þingmannanna á vettvangi sinna þingflokka.

[17:59]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög mikilvægt að samstaða náist um það milli þingflokkanna hvaða breytingar verði á þingsköpunum. Ég held að sé orðið tímabært að það frv. fari að sjá dagsins ljós í þinginu. Það er mikill áhugi á því að gera ýmsar breytingar á þingsköpunum. Það hefur ótvírætt komið fram í þessari umræðu. Sumir hafa talað um að það yrðu gerðar einhverjar minni háttar breytingar núna á þingsköpunum og sumir telja að þær verði meiri háttar. Mér finnst að það þurfi að fara að koma fram. Hér er komið fram frv. sem sýnir náttúrlega áhugann á þessu máli og það hafa komið fram ýmsar hugmyndir frá þingmönnum sem hafa rætt um hvað þeir vilja sjá að verði breytt í þingsköpunum. Nú eiga þingmenn að bíða eftir því að þessi heildarendurskoðun komi fram, eða hver er hugmyndin? Og það er ekkert skrýtið þó að maður spyrji um ákveðin atriði þegar t.d. sá í forsn. sem var í ræðustól áðan tekur bara næstum af skarið og segir að það séu engar líkur á því að þetta frv. sem hér er til umfjöllunar verði afgreitt.

[18:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bersýnilegt að mér hefur ekki tekist að útskýra þetta nægilega vel sem ég var að reyna áðan. Málið liggur sem sagt þannig að það hefur verið gert ráð fyrir því að fljótlega verði fjallað um þetta á vettvangi formanna þingflokkanna sem eru undir forustu forseta Alþingis satt best að segja. Þó að það sé skrýtið form, þá er það þannig að þetta gerist á því borði sem við eigum sameiginlegt þingflokkarnir með forseta Alþingis. Drög sem yrðu til á þessu borði mundu svo fara til þingflokkanna og svo verða flutt hér í þinginu. Ég slæ því þess vegna algerlega föstu að það muni ekkert frv. um breytingar á þingsköpum koma inn á borð þingmanna fyrr en þingflokkarnir hafa fjallað um þau í einstökum atriðum og þá geta menn auðvitað komið sínum sjónarmiðum á framfæri í gegnum þingflokkana og m.a. breytingartillögum sem þar eru uppi. Það er fullt af slíkum hugmyndum í öllum þingflokkum, m.a. mínum þingflokki.

Við höfum rætt um það hins vegar bæði hér og annars staðar að það kunni að verða erfitt að ná samkomulagi nema um kannski minni háttar breytingar á miðju kjörtímabili, en það sé samt sem áður skynsamlegt að gera ráð fyrir því að hluti breytinganna tæki þá e.t.v. gildi í lok kjörtímabilsins, í byrjun næsta kjörtímabils. Menn hafa sem sagt raðað þessu þannig upp að þær breytingar á þingsköpunum sem verið er að gera gætu tekið gildi í þrepum. Um þetta er búið að tala heilmikið að ég hélt í öllum þingflokkum, hæstv. forseti.

[18:02]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, beindi orðum sínum til mín þannig að ég vil leyfa mér að veita hér andsvar, en segja í fyrsta lagi að auðvitað var ég að lýsa mínum persónulegum skoðunum um það og reyna að leggja mat á möguleikana á því að frv. sem hér er til umræðu yrði afgreitt.

Mitt mat var að það hlyti ekki endanlega afgreiðslu á þessu þingi, en það er auðvitað mitt persónulega mat og verður síðan að koma í ljós hvort það er rétt eða rangt.

Í annan stað spurði hv. 13. þm. Reykv. mig um það hvort uppi væru einhverjar hugmyndir um að gera breytingar á þingsköpum og auðvelda þingmönnum að komast að ýmsum hæstv. ráðherrum með fyrirspurnir í þinghléi. Um það get ég ekkert sagt. Eins og kom skýrt fram hjá hv. 8. þm. Reykv. er þessi vinna í gangi á þeim eðlilega vettvangi sem er hjá formönnum þingflokka undir forustu forseta þingsins. Þannig að ég held að það sé rétt að sjá hvað setur og hvað kemur í formi tillagna frá þeim ágæta hópi.

Í þriðja lagi vildi ég svo nefna það í andsvari að ég get út af fyrir sig verið alveg sammála hv. 13. þm. Reykv. um að það þarf að skipuleggja starfið í þinginu þannig að *eðlileg framvinda sé í verkum og ekki sé allt undir á síðustu* vikum. Þá er ég ekki síst að tala um þingmannamál sem þurfa auðvitað að fá ekkert síðri afgreiðslu en stjfrv. Það er auðvitað grundvöllur að okkar starfi í þinginu að þingmenn hafi möguleika á að koma fram málum. Þess vegna vil ég undirstrika það hér og taka undir með þingmanninum að skipulagið þarf að auðvelda þingmönnum að koma málum í gegn og að því þurfum við að vinna.

[18:04]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir orð hans. Hann tekur undir það sem fram kom hjá aðalforseta þingsins, hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að það þyrfti að skoða það að breyta þeim vinnubrögðum að mál séu afgreidd hér á færibandi tvisvar yfir þingtímann. Mér fannst hann leggja sömu áherslu og forseti þingsins þar sem hann talaði um mál þingmanna þyrftu að fá meiri og betri og efnislegri umfjöllun og afgreiðslu í þingnefndum heldur en þau hafa gert hingað til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

[18:06]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Flutningsmenn eru auk mín þau Ásta R. Jóhannesdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjörleifur Guttormsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir og Össur Skarphéðinsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það verkefni að beita sér fyrir að skipulega verði brugðist við málum er varða kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum og að skipuleggja fræðslu um slíka áreitni. Tryggt verði að allir starfsmannastjórar, trúnaðarmenn, dómarar og lögfræðingar eigi kost á slíkri fræðslu."

Í greinargerð kem ég víða við og það er ætlunin að lesa hana upp að mestu leyti hér með dálítilli viðbót.

„Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð samkvæmt íslenskum lögum árið 1992, sbr. 198. gr. almennra hegningarlaga en þar segir:

„Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann utan hjónabands eða óvígðrar sambúðar með því að misnota freklega þá aðstöðu sína að hann er honum háður fjárhagslega, í atvinnu sinni eða sem skjólstæðingur hans í trúnaðarsambandi skal sæta fangelsi allt að 3 árum eða, sé maðurinn yngri en 18 ára, allt að 6 árum. Önnur kynferðisleg áreitni varðar fangelsi allt að 2 árum."

Þrátt fyrir það er hvergi að finna skilgreiningu á kynferðislegri áreitni í íslenskum lögum.

Í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla frá 1991 segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna fólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í norrænni löggjöf um jafnréttismál eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, t.d. í 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna (1991:433).

Kynferðisleg áreitni hefur verið skilgreind sem óvelkomin framkoma, kynferðislegs eðlis, sem beinist að kynferði eða kynímynd einstaklings og hefur þau áhrif eða markmið að honum eru sköpuð auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til náms, vinnu eða félagslegrar samveru. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun

á valdi eða stöðu, andlega kúgun og árás á sjálfsvirðingu og sjálfsímynd einstaklingsins. Áreitnin er alltaf niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir henni verður og hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu hans. Það sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá daðri t.d. er það að hún er aldrei velkomin, ekki gagnkvæm og er aldrei á jafnréttisgrundvelli.

Evrópusambandið skilgreinir kynferðislega áreitni á eftirfarandi hátt í starfsreglum frá árinu 1992 (Code of practice: On measures to combat sexual harassment):

„Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun eða önnur kynbundin hegðun sem hefur áhrif á sjálfsvirðingu kvenna og karla á vinnustað. Þessi óvelkomna hegðun getur verið líkamleg, orðbundin eða myndræn.

Kynferðisleg áreitni nær því yfir margs konar hegðun sem er óvelkomin, óskynsamleg og móðgandi fyrir viðkomandi; það hvort viðkomandi viðurkennir eða mótmælir slíkri hegðun af hálfu yfirmanns eða samstarfsmanns skiptir máli beint eða óbeint fyrir aðgang viðkomandi að starfsþjálfun, atvinnu, hvort starfi er haldið, stöðuhækkun, laun eða annað viðkomandi starfsumhverfi; og/eða hegðunin skapar óþægilegt, fjandsamlegt eða auðmýkjandi vinnuumhverfi fyrir þann sem hegðunin beinist að.

Megineinkenni kynferðislegrar áreitni er að hegðunin er óvelkomin, og það er mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er talin móðgandi. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að það hafi verið gefið skýrt til kynna að viðkomandi hegðun sé óvelkomin, þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt. Það er fyrst og fremst það einkenni að hegðunin er óvelkomin sem aðgreinir kynferðislega áreitni frá vinalegri hegðun sem er velkomin og gagnkvæm."

Sem dæmi um líkamlega áreitni má nefna óvelkomna snertingu, atlot, kossa eða þvingun til samræðis. Dæmi um orðbundna áreitni eru klámyrði, blístur, hróp, kynferðislega niðurlægjandi athugasemdir um líkama einhvers eða lifnaðarhætti eða óvelkomin, endurtekin tilboð eða þrýstingur á kynferðisleg samskipti. Myndræn áreitni eða áreitni án orða er tvíræðar augngotur, hljóð og hreyfingar, kynferðislega niðurlægjandi tákn eða veggspjöld og notkun slíkra tákna til að auglýsa atburði eða samkomur.

Með tilvísun í nýleg dæmi um ásakanir um kynferðislega áreitni er brýnt að sjá til þess að fræðsla eigi sér stað um kynferðislega áreitni í opinberum stofnunum og á öðrum vinnustöðum, einnig að markaður verði skipulegur farvegur með skýrum starfsreglum innan allra opinberra stofnana og helst allra vinnustaða fyrir kvartanir og ásakanir um kynferðislega áreitni í þeim tilgangi að stöðva mál af þessu tagi á byrjunarstigi. Fyrirmyndir um slíka farvegi má finna hjá fjölmörgum erlendum háskólum, fyrirtækjum og stofnunum, m.a. á veraldarvefnum. Yfirleitt er um litlar trúnaðarnefndir að ræða þar sem bæði kynin eiga fulltrúa. Hlutverk þeirra er að hlusta á báða málsaðila, veita áminningar við fyrsta brot og grípa til róttækari aðgerða ef kvartanir eða ásakanir halda áfram. Starfsreglur stofnana um kynferðislega áreitni hafa yfirleitt fyrirbyggjandi tilgang en þeim er einnig ætlað að leysa þau vandamál sem upp koma og ekki er vísað til dómstóla.

Umræðan um kynferðislega áreitni er loksins komin upp á yfirborðið hér á landi, en slík mál hafa lengi verið í opinberri umræðu í flestum nágrannalanda okkar. Fyrstu viðbrögð eru svipuð og þegar umræðan um konur og heimilisofbeldi var að öðlast viðurkenningu eða umræðan um sifjaspell. Þá var spurt hvort það væri ekki einkamál hvað gerðist á milli hjóna innan veggja heimilisins og hvort feður mættu ekki lengur sýna dætrum sínum hlýju. Nú er spurt hvort ekki sé lengur leyfilegt að leggja höndina á öxl nemanda og hvort banna skuli daður á vinnustað.

Þessar spurningar og viðbrögð eru skýr merki um vanþekkingu á efninu og sýna betur en margt annað þörfina á að unnið verði markvisst fyrirbyggjandi starf á þessu sviði. Gera verður skýran greinarmun á snertingu umhyggjusams kennara og kynferðislegri áreitni, daðri og áreitni, ástarleikjum og nauðgun. Annars vegar er umhyggja og gagnkvæm ánægja, hins vegar misbeiting á valdi sem aldrei er á jafnréttisgrundvelli — óvelkomin, endurtekin kynferðisleg hegðun.

Það er eitt að kynferðisleg áreitni er refsiverð samkvæmt íslenskum lögum og annað að móta reglur og skapa skipulegan farveg fyrir ásakanir og fræðslu um kynferðislega áreitni á vinnustöðum og opinberum stofnunum. Flest mála af þessu tagi sem á annað borð koma upp á yfirborðið, nema þau allra grófustu, enda ekki með ákæru fremur en mál er varða heimilisofbeldi. Þetta skýrist m.a. af því að oft eru aðstæður þannig að viðkomandi getur ekki kært ef hún eða hann ætlar að ljúka sínu námi, halda vinnunni eða viðhalda mikilvægu trúnaðarsambandi. Oft er um mjög viðkvæm mál að ræða sem erfitt er að taka upp eftir sömu leiðum og önnur brot á vinnustað.

Lítið hefur til þessa reynt á 198. gr. hegningarlaganna frá árinu 1992 þegar kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð að íslenskum lögum. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinkiháskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur. Við flesta bandaríska og marga evrópska háskóla og marga skóla á lægri skólastigum hafa verið mótaðar skýrar reglur fyrir mál af þessu tagi. Um leið og nemi eða kennari verður var við ítrekaða áreitni veit hann hvert á að snúa sér með kvartanir. Yfirleitt þarf að bera fram kvartanir skriflega. Í fyrstu eru aðeins veittar áminningar og oft dugar það. Háskólinn í Stokkhólmi samþykkti slíkar reglur árið 1992, Óslóarháskóli 1995 og háskólinn í Helsinki 1996 svo dæmi séu tekin.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til af menningarlegum toga, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða. Tiltækar íslenskar kannanir, þó takmarkaðar séu og ekki alveg nýjar, sýna að þrátt fyrir að fyrirbærið hafi að mestu legið í þagnargildi telja tæp 10% kvenna sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi

verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Það er fagnaðarefni að þessari könnun á kynferðislegri áreitni á Íslandi er nú lokið. Ljóst þykir að niðurstöður könnunarinnar munu ekki breyta því að samþykkt þessarar þingsályktunartillögu er löngu tímabær. Eðlilegt þykir að sú nefnd, sem skipuð verður samkvæmt tillögunni, hafi samráð við þá aðila sem vinna með kynferðislega áreitni á Skrifstofu jafnréttismála og við áðurnefnda könnun.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Þess vegna og til að stuðla að skýrum starfsreglum er fræðsla um þessi mál mjög mikilvæg, ekki síst meðal starfsmannastjóra, trúnaðarmanna, atvinnurekenda, lögfræðinga og dómara. Mikilvægt er að starfsreglur stofnana séu skýrar og aðgengilegar fyrir starfsfólk þannig að fólk verði meðvitað um rétt sinn og viti hvernig beri að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað. Sem fyrsta skref í fræðslu af þessu tagi má benda á bækling Jafnréttisráðs um kynferðislega áreitni og tilboð Skrifstofu jafnréttismála um að svara spurningum um efnið.

Það er skoðun flutningsmanna að þessi þingsályktunartillaga hafi annars vegar fyrirbyggjandi tilgang og hins vegar leiðbeinandi ef vandamálið kemur upp. Markmiðið er að á öllum vinnustöðum verði skapað vinnuumhverfi sem dragi úr líkum á að fólk verði fyrir kynferðislegri áreitni; að komið verði á fót ódýru og skilvirku fræðslukerfi fyrir starfsmenn ríkisins; og að starfsreglur stofnana geri fólk meðvitað um rétt sinn og hvernig ber að bregðast við kynferðislegri áreitni komi hún upp á vinnustað eða í trúnaðarsambandi í opinberri stofnun.

Herra forseti. Að lokum vil ég minna á að þegar sú sem hér stendur ræddi um þetta mál utan dagskrár á síðasta þingi, kom fram í svari hæstv. forsrh. að ráðuneytin hafa fengið fregnir af því að mál er snúast um kynferðislega áreitni hafi komið upp í einstökum stofnunum. Slík mál hafi verið útkljáð án atbeina ráðuneytis en stundum með því að þeir sem ásakaðir voru um kynferðislega áreitni hafi hætt störfum. Þá ítrekaði hæstv. forsrh., sem því miður er ekki viðstaddur í þingsalnum í dag, að hann teldi rétt að þingið og ríkisvaldið eigi að marka skýrar og glöggar reglur um þessi mál sem ekki hafi verið sýndur nægilegur skilningur til þessa. Það er því von mín að þessi þáltill. fái góðar undirtektir og að þingið afgreiði þetta mikilvæga hagsmunamál sem allra fyrst. Nágrannalöndin eru öll að koma sér upp skipulagi til að taka á svona málum og það er tímabært að við gerum það líka.

Að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 11.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:23.

---

12. FUNDUR

þriðjudaginn 29. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Veiðileyfagjald, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Þingsköp Alþingis, frv., 21. mál, þskj. 21. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, þáltill., 40. mál, þskj. 40. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.
5. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — 1. umr.
6. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — 1. umr.
7. Brunatryggingar, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — 1. umr.
8. Iðnaðarlög, stjfrv., 76. mál, þskj. 76. — 1. umr.
9. Jarðhitaréttindi, frv., 14. mál, þskj. 14. — 1. umr.
10. Orka fallvatna, frv., 15. mál, þskj. 15. — 1. umr.
11. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
12. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
14. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
15. Félagsleg aðstoð, frv., 81. mál, þskj. 82. — 1. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum, 102. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 105.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, 101. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 104.

Olíuleit við Ísland, 104. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 109.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess í upphafi fundar að stefnt er að utandagskrárumræðu síðar í dag. Er við það miðað að hún hefjist að loknu 8. dagskrármáli eða upp úr klukkan fjögur í dag. Málshefjandi er hv. þm. Svavar Gestsson. Efni umræðunnar er eigendaskýrsla um Landsvirkjun. Hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson verður til andsvara.

Veiðileyfagjald, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 21. mál (rannsóknarvald þingnefnda). — Þskj. 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni, frh. fyrri umr.

Þáltill. GGuðbj o.fl., 40. mál. — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kosning sérnefndar um stjórnarskrármál.

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Borist hefur listi með nöfnum eftirtalinna hv. þingmanna:
Sólveig Pétursdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir,
Siv Friðleifsdóttir,
Geir H. Haarde,
Svavar Gestsson,
Vilhjálmur Egilsson,
Ólafur Örn Haraldsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir,
Kristján Pálsson.
Þetta eru jafnmargir og kjósa skal og skoðast þeir réttkjörnir í þá nefnd sem hér um ræðir.

Öryggi raforkuvirkja, 1. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73.

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):
Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, sem kemur í stað laga um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60/1979, sem falla úr gildi verði frv. þetta að lögum. Frv. er á þskj. 73 og er 73. mál þingsins.

Frumvarpið er flutt til að laga lagaákvæði um rafmagnsöryggismál að breyttum tímum og lögfesta tiltekin ákvæði um framkvæmd þeirra. Fyrst og fremst er hér um að ræða tvö atriði, annars vegar aðskilnað stjórnsýsluþáttar rafmagnsöryggismála frá framkvæmd eftirlits og hins vegar eflingu gæðastjórnunar og innra eftirlits þeirra sem rafmagnsöryggismál snerta, í þeim tilgangi að auka ábyrgð eigenda og umráðamanna svo að unnt sé að minnka eftirlit hins opinbera.

Í samræmi við frv. til laga um Löggildingarstofu, sem ég hef lagt fyrir yfirstandandi þing, er gert ráð fyrir að rafmagnsöryggismál falli undir nýja stofnun, Löggildingarstofu, er taki við hlutverki og verkefnum Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofunnar eftir sameiningu þeirra.

Frumvarpið byggir á vinnu nefndar sem ég skipaði 19. júní 1995 til að endurskoða lög um Rafmagnseftirlit ríkisins frá 1979.

Nauðsyn þess var brýn, einkum í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd rafmagnsöryggismála eftir gildistöku reglugerðar um raforkuvirki frá árinu 1993.

Niðurstaða nefndarinnar var að núverandi lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins þyrfti að breyta til að unnt verði að gera framkvæmd rafmagnsöryggismála hér á landi markvissari og færa hana til nútímalegri hátta. Í því felst m.a. að yfirstjórn rafmagnsöryggismála verði efld og hún gerð eins óháð framkvæmd rafmagnseftirlits og unnt er. Mikilvægt er að aðskilja stjórnsýslu og framkvæmd eftirlits þannig að stjórnvaldið sé óháð þeim aðilum sem annast framkvæmdina, geti óháð fylgst með störfum þeirra og fellt hlutlausa úrskurði í þeim álitamálum sem upp kunna að koma. Gert er ráð fyrir að eftirlitið verði flutt frá ríkinu til sjálfstætt starfandi skoðunarstofa. Því fylgir mikil ábyrgð og þarf því að gera ítarlegar kröfur til þeirra sem falið verður slíkt öryggiseftirlit. Það verður gert með því að skoðunarstofur verða að uppfylla samræmd ákvæði Evrópustaðla um faggildingu sem byggist á ýmsum grundvallarmarkmiðum neytendaverndar. Hér er fylgt frumkvæði dómsmrn. sem reið á vaðið með kröfur um faggildingu með því að gera faggildingu að skilyrði fyrir leyfi til að stunda bifreiðaskoðun hér á landi.

Þær auknu kröfur sem gerðar eru til rafveitna og rafverktaka um innleiðingu gæðastjórnunar í starfsemi sína er í grundvallaratriðum þær sömu og almennt er beitt í atvinnulífinu við framleiðslu og þjónustustarfsemi. Í þessu felst m.a. að ábyrgð eigenda, umráðamanna eða sérstakra ábyrgðarmanna raforkuvirkja og neysluveitna á lögmætu ástandi þeirra er gert ótvíræð. Þeim ber að koma upp skilgreindu innra eftirlitskerfi til að tryggja öryggi raforkuvirkja sinna og fullnægja stjórnun á rekstri stöðva og veituvirkja.

Innra gæðaeftirlit fyrirtækja er talið árangursríkasta leiðin til að tryggja öryggi og til að bæta starfsemi yfirleitt. Þetta næst m.a. með því að eigendur og umráðamenn virkja og starfsmenn allir í tengslum við þau verði meðvitaðri um öryggismál og virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum.

Tekið er upp skipulag þar sem unnið verður eftir skilgreindum verklagsreglum og ótvírætt verður hver ber ábyrgð á lágmarksöryggiskröfum og að þeim sé fullnægt og á hvern hátt að því er staðið. Með innra eftirlitskerfi hjá rafveitum og rafverktökum er unnt að breyta og draga úr ytra stjórnvaldseftirliti og um leið minnka kostnað þeirra sem eftirlitið beinist að. Sameining starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofunnar stuðlar að því að gera ríkisrekstur-inn einfaldari en um leið skilvirkari. Stofnanir þessar fjalla

báðar um viðskipta- og neytendamál á tæknilegum forsendum. Með tilkomu nýrrar stofnunar sem annast þessa tvo málaflokka næst umtalsverð hagræðing og beinn sparnaður án þess að nokkrum faglegum þáttum í starfsemi þeirra sé fórnað.

Það er ekki ætlun mín að fjalla á þessu stigi málsins um einstakar greinar frv. Þó vil ég lauslega koma inn á kostnaðarhlið málsins. Eitt af meginmarkmiðum frv. er að lækka kostnað rafveitna og annarra af ytra eftirliti. Ytra eftirlitið, þ.e. hið hefðbundna stjórnvaldseftirlit, er unnt að minnka frá því sem fyrri reglur gera ráð fyrir með því að fyrirtæki taki upp gæðastjórnun og innra eftirlit með starfsemi sinni. Meginávinningur þessa er þó sá að rafmagnsöryggi batnar, göllum fækkar og rekstraröryggi vex. Þessi breyting á rekstrarháttum er forsenda þess að unnt verði að minnka eftirlit stjórnvalda og er þar farið inn á sömu braut og notuð er við eftirlit með vottun gæðakerfa, þ.e. eftirlit sem byggist á úrtaksskoðunum. Við gildistöku er þeirri meginstefnu fylgt að hún er færð nær þeim sem þjónustunnar nýtur en nú er. Jafnframt er með þessum ákvæðum tryggt að fullur jöfnuður haldist milli einstakra landshluta hvað varðar greiðslu kostnaðar af skoðunum neysluveitna og raffanga. Til þess að þetta sé unnt er skilið á milli þess sem annars vegar má kalla kostnaðarhlutdeild í rekstri stofnunarinnar og hins vegar beins kostnaðar við skoðanir. Þannig greiða t.d. rafveitur ákveðið prósentugjald til reksturs Löggildingarstofu vegna reksturs hennar er tengist samkvæmt yfireftirliti en samkvæmt 1. tölul. 14. gr. er sett sem hámark 0,2% af virðisauka raforkusölu eða raforkuframleiðslu. Til viðbótar greiða rafveitur samkvæmt 2. tölul. 14. gr. fyrir skoðanir sérstaklega. Þetta fyrirkomulag er talið réttlætissjónarmið þar sem gjaldtakan endurspeglar þá þjónustu sem greiðandinn nýtur. Frá þessu er vikið varðandi skoðanir á nýjum og eldri neysluveitum.

Kostnaður vegna skoðana á nýjum neysluveitum fellur á eigendur þeirra aðeins einu sinni, þ.e. þegar veitan er tekin í notkun. Neysluveitur í rekstri eru aftur á móti skoðaðar á nokkurra ára fresti eftir stærð þeirra og áraun. Tekna vegna þessara skoðana verður aflað af virðisauka raforkusölu eða framleiðslu og kostnaður greiddur úr ríkissjóði af þeim tekjustofni. Eigendur neysluveitna, t.d. húseigendur, munu því ekki greiða fyrir skoðanir þeirra með beinum hætti. Með því að fara þessa leið kostnaðarjöfnunar er komist hjá því að þeir sem búa utan þéttbýlis þurfi að greiða hærra verð fyrir skoðanir en aðrir. Rétt er að geta þess að eftirlit með neysluveitum hefur fram til þessa verið á ábyrgð rafveitna sem hafa sinnt því með eigin mannskap og innheimt kostnað fyrir það. Við það að rafveitur eru leystar undan þessari ábyrgð vex kostnaður ríkisins af eftirliti með neysluveitum til samræmis. Kostnaður vegna þessa hefur ætíð verið borinn af eigendum neysluveitnanna og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Gjaldtaka samkvæmt 4. tölul. 14. gr. er til að standa straum af þessum skoðunum neysluveitna sem ríkið tekur nú við af rafveitunum en sú ráðstöfun er veigamesta breytingin á gjaldtöku sem frv. þetta hefur í för með sér.

Það er ósk mín að frv. þessu um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga verði að lokinni þessari umræðu vísað til iðnn.

[13:45]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér liggur fyrir mál sem búið er að velkjast í kerfinu í nokkuð mörg ár og ég hef haft miklar áhyggjur af og deili þeim áhyggjum með fjölmörgum rafverktökum og öðrum aðilum sem hafa verið að vinna við rafmagnseftirlit undanfarin ár. Áhyggjur mínar byggjast á því að ég tel að mikil hætta sé á að með þessari aðgerð aukist kostnaður verulega fyrir einstaklinga, neytendur í landinu. Það er gert ráð fyrir 6,5 millj. kr. tekjuminnkun hjá ríkinu í þessum málum, eins og kemur fram í skýringum frá fjmrn. En mér er kunnugt um að þar sem framkvæmt hefur verið eftirlit af hálfu skoðunarstofa hefur verðlag fyrir þessa framkvæmd aukist um 100% og meira í sumum tilvikum. Þar sem farið hefur verið út á land og skoðað, bæði í verksmiðjum og hjá einstaklingum, hefur kostnaðaraukinn orðið alveg gífurlegur. Og ég hef miklar áhyggjur af því og spyr hæstv. ráðherra: Hefur verið gerð úttekt á því hversu mikill kostnaðarauki verður hjá venjulegum heimilum við þessa aðgerð? Mér finnst ástæða til að það komi fram þó svo að talað sé um að neysluveiturnar eigi að greiða ákveðna hluti í þessum málum. Ég spyr: Hvað verður mikill kostnaður sem fer yfir á heimilin vegna þessara aðgerða?

[13:47]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt sem menn þurfa að hafa áhyggjur af í þessu sambandi og þeim áhyggjum deili ég að vissu leyti með hv. þm. Frá 1993, er skipulagsbreyting var gerð á rafmagnsöryggismálum, hefur að nokkru leyti — og ég get tekið undir það með hv. þm. — ríkt hálfgert ófremdarástand. Og það ófremdarástand byggist á því að ekki hafa verið skýr verkaskipti milli skoðunarstofanna annars vegar og svo hins vegar Rafmagnseftirlits ríkisins. Með þessu frv. er alveg skýrt á um það kveðið hvernig þessi verkaskipting skuli vera og með hvaða hætti hún skuli vera. Ég er sannfærður um að þegar frv. verður orðið að lögum og með þeirri skýru verkaskiptingu sem þarna er lögð til þá munum við efla og treysta enn frekar öryggismálin. Ég er í engum vafa um það, hv. þm.

Hins vegar það sem að kostnaðinum snýr, þ.e. varðandi 4. tölul. 14. gr. þessa frv., er gert ráð fyrir viðbótarútgjöldum sem greidd eru af virðisauka raforkunnar. Sá kostnaður getur verið allt upp í 58 millj. kr. En ég held að við hv. þm. getum verið sammála um að þessi þáttur málsins hefur kannski verið einna mest vanræktur á undanförnum árum og full ástæða er til að treysta enn betur öryggismál neytenda. Aftur á móti leiðir frv. til sparnaðar á mörgum öðrum sviðum. Fyrst fremst er sparnaður í yfirstjórn með sameiningu þessara stofnana og markvissari aðgerðum. Síðan er um aðra þætti í þessum málaflokki að ræða sem leiða til sparnaðar í einstökum liðum 14. gr. Hins vegar er líka ljóst að það mun hafa einhvern kostnaðarauka í för með sér og sá kostnaðarauki mun leggjast á virðisaukann af raforkusölunni.

[13:50]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með að hæstv. ráðherra skuli hafa áhyggjur af málinu því það er virkilega ástæða til. Ég tók fram áðan að rafverktakar og rafmagnseftirlitsmenn hafa mjög miklar áhyggjur af þeim kostnaðarauka sem heimilin og neytendur verða fyrir í þessum málum. Vitað er um reikninga sem hafa þegar farið af stað frá skoðunarstofum sem er allt að tíföld hækkun hjá einstökum aðilum vegna úttektar og skoðunar miðað við þá fyrri. Ég bið hæstv. ráðherra að kynna þetta mál mjög vel fyrir rafverktökum og ræða við þá aðila sem fara með raforkumannvirki. Ég

hugsa að um 80–90% af þeim aðilum séu á móti þessum breytingum sem er verið að gera og ég hef miklar áhyggjur af því. En ég þakka fyrir svörin og þakka fyrir það að ráðherra skuli hafa áhyggjur af málinu.

[13:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að í þeirri stöðu sem málaflokkurinn er í dag, þá hef ég áhyggjur af málinu. Aftur á móti ef sú skipulagsbreyting og verkaskipting næst fram, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá hef ég ekki lengur áhyggjur af málinu. Hv. þm. gerði að umtalsefni í andsvari sínu afstöðu einstakra rafverktaka. Það er ágætt að fá að tjá sig örlítið um það. Rafverktakar á Vesturlandi og Austurlandi hafa skrifað iðnrh. bréf og mótmælt þessu frv. Fulltrúi þeirra sat hins vegar í undirbúningsnefndinni að frv. og allir þeir aðilar, allir þeir hagsmunaðilar sem tengdust málinu, voru sammála um að þetta væri skynsamleg breyting og væri nauðsynleg breyting. Það var einn aðili í nefndinni sem var á móti. Það var forstjóri Rafmagnseftirlits ríkisins. Hann var eini aðilinn sem ekki sætti sig við frv. En aftur að rafverktökunum sem hafa skrifað ráðuneytinu bréf og lýst sig andsnúna frv., þá er þeirra staða alvarleg, hv. þm. Og hún er alvarleg vegna þess, hv. þm., að rafverktakar eiga að tilkynna nýjar lagnir, nýjar neysluveitur inn til Rafmagnseftirlits ríkisins. Það er þeirra skylda. Ég hef látið taka saman fyrir mig hversu oft rafverktakar á Austurlandi árið 1996 — af öllum rafverktökum sem starfandi eru núna á Austurlandi — hafa sent inn til Rafmagnseftirlits ríkisins tilkynningu um nýja neysluveitu. Það er einn rafverktaki, einu sinni, það er einn rafverktaki hv. þm., einu sinni. Og ef menn ætla að sætta sig við slíkt skipulag og framgang vinnubragða þeirra með þessum hætti þá erum við að setja rafmagnsöryggismál hér í mikla hættu. Og það er það sem ég vil breyta með þessu frv.

[13:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hérna sé komið merkilegt mál, vonum seinna. Staðreyndin er sú að þessi mál hafa verið í öngþveiti og ógöngum alveg frá því á árunum 1992 eða 1993 þegar iðnrn. gaf út reglugerð um grundvallarbreytingar á Rafmagnseftirliti ríkisins þar sem m.a. var gert ráð fyrir breytingum sem í ljós kom eftir athugun í iðnn. Alþingis að stóðust ekki lög. Ég hygg að fá dæmi séu þess að iðnn. Alþingis eða fagnefndir Alþingis yfirleitt hafi neyðst til að taka reglugerðir í gegn með svipuðum hætti og gerðist að því er varðar þessa sérstöku reglugerð og svo fór að lokum að reglugerðinni var breytt og hún var í rauninni kölluð til baka. En þá var skaðinn skeður. Þá var búið að leysa upp Ragmagnseftirlit ríkisins og veikja það mjög verulega frá því sem verið hafði. Það var búið að efna til óánægju með rafmagnseftirlitsmál almennt bæði innan stofnunarinnar og líka t.d. úti á landi þar sem þessi þjónusta er mikilvæg ekki síður en annars staðar.

Á síðasta kjörtímabili fór iðnn. yfir þetta mál aftur og aftur. Ég hygg að hún hafi haldið marga fundi og iðnn. gerði mig, þá sem formann nefndarinnar, út á fund ráðherra til að ræða þessi mál, fyrrv. ráðherra, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, erfðaprins eins og hann hefur verið kallaður þessa dagana, af einhverjum ástæðum, ég veit ekki af hverju það er. Það var greinilega vilji fyrir því að taka á málinu í iðnrn. En það gerðist ekkert. En nú er það loksins komið hingað í þessum búningi. Það er komið hér frv. um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Og það er komið annað frv. sem er á dagskrá á eftir og snertir Löggildingarstofuna. Það er gott og ég er ánægður með að þessi mál eru komin hingað, ég segi það eins og er. Mér finnst það mikilvægt. Þetta er hins vegar flókið mál og ég tel að mikilvægt sé að iðnn. vandi sig við yfirferð á málinu sem hún gerir vafalaust. Vegna þess að hér er stórmál á ferðinni og vandi sem í sjálfu sér sést aldrei meðan hlutirnir eru í lagi. Ef hins vegar hlutirnir eru ekki í lagi getur orðið tjón og vandi skapast sem getur verið hrikalegur vegna þess að um er að ræða svo stóra hluti. Hér er um að ræða mál sem, eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Gísli Einarsson nefndi, snertir rafverktakana. Þetta snertir auðvitað rafveiturnar mjög mikið og við urðum vör við það í hv. iðnn. á síðasta kjörtímabili að rafveiturnar voru mjög áhyggjufullar. Þetta snertir líka núverandi starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins sem hafa búið við óvissu og mér sýnist að óvissan geti magnast enn hjá þeim. Ég vil sérstaklega spyrja um þá, starfsmenn Rafmagnseftirlitsins, hvernig ætlunin er að fara með þeirra mál í framhaldi af því að þetta frv. verði að lögum. En ríkisstjórnin mun gera ráð fyrir að frv. verði að lögum núna fyrir áramót vegna þess að frv. er ein af forsendum fjárlaganna. Gert er ráð fyrir því í fjárlögum iðnrn. að fara með kostnað við rafmagnseftirlit með sérstökum hætti á grundvelli þeirra frv. sem hér liggja fyrir.

Þetta mál snertir líka rafveiturnar sjálfar almennt og margir fulltrúar þeirra komu á fund okkar og síðan kemur upp þessi nýi eftirlitsiðnaður. Það má segja að núv. ríkisstjórn haldi áfram á sömu braut og fyrri stjórn. Ein helsta atvinnusköpun síðustu ríkisstjórnar var þessi eftirlitsiðnaður. Gerðir voru út eftirlitsmenn um allt, keyrandi hver á eftir öðrum, alls konar menn með stimpla út og suður. Þetta var hið mikla frelsi sem Sjálfstfl. innleiddi með Alþfl. á síðasta kjörtímabili. Endalaust eftirlit og endalaus höft af ýmsu tagi. Og hérna er haldið áfram á þessari braut. Það er þessi eftirlitsiðnaður sem er verið að efla og á að einkavæða. Niðurstaðan er sú að hann er miklu dýrari fyrir almenning, miklu dýrari. Skoðunarstofurnar sem starfa að þessu og eru vafalaust góð fyrirtæki og vönduð með miklu af góðu og vönduðu fólki, fagmönnum, — það er ljóst að þjónusta þeirra er dýrari en hún var. Við höfum séð reikninga frá skoðunarstofum og borið þá saman við reikninga frá Rafmagnseftirlitinu eins og það var. Það eru miklu hærri reikningar, eins og hv. þm. Gísli Einarsson benti á áðan — miklu hærri reikningar. Þannig að þessi „prívatísering“ á almennri eftirlitsstarfsemi hér á Íslandi hefur þýtt stórkostlega aukna fjármuni og aukinn kostnað fyrir fyrirtækin í landinu, hefur verið íþyngjandi fyrir fyrirtækin, stórkostlega. Þannig að ekki hefur verið um það að ræða að fyrirtækin hafi sloppið betur frá þessu en áður. Á sama tíma gerist þetta allt með þeim rökum að verið sé að létta kostnaði af ríkinu. Út af fyrir sig getur verið nokkuð til í því að þegar kostnaðinum er velt yfir á aðra lendir hann ekki beint á ríkissjóði sjálfum. En hann lendir á raforkunotendum og á fyrirtækjunum. Og ég hygg að það sé alveg rétt, sem var ýjað að áðan, að engar upplýsingar eru til í raun og veru hvað þessi ósköp kosta, þessi skoðunariðnaður allur, og væri gaman að gera á því sérstaka úttekt fyrir þjóðfélagið að líta á þessi mál við tækifæri.

Í umsögn um frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem birt er frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram að á árinu 1996 var gert ráð fyrir að fá í tekjur af rafmagnseftirlitsgjaldi 100 millj. kr. Við vöruðum við því í hv. iðnn. á þeim tíma að þetta gæti verið fullhátt og

kannski vafasamt að þetta næðist. Það var náttúrlega ekki hlustað á það. Niðurstaðan varð síðan sú sem kemur fram, átakanleg heimild um vitlausar áætlanir í fjmrn., að það fást ekki 100 millj. af þessu gjaldi heldur miklu lægri upphæð eða í kringum 67 millj. kr. Það er nokkuð mögnuð heimild um ónákvæmni í áætlunum í fjmrn. að þetta rafmagnseftirlitsgjald sem átti að gefa 100 millj. kr. gefur ekki nema 67 millj. kr. Mér segir svo hugur að sú áætlun sem byggt er á núna miðað við hin nýju lög sé álíka mikið skot út í loftið — svo að ég noti orð sem hæstv. forsrh. er frægastur fyrir þegar hann gerði áætlanir um Perluna á sínum tíma — sé álíka mikið skot út í loftið og í fyrra, það sé ekkert að marka þetta þannig að menn viti svo sem ekki mikið um hvað þeir eru að tala að því leytinu til. Fjárhagshliðin á þessu máli er því örugglega sú að í heildina tekið verður þetta kerfi dýrara. Hitt er annað að vonandi verður hægt að búa þannig um hnútana að kerfið verði a.m.k. eins öruggt og það var og það verður örugglega að mér sýnist öruggara en það hefur verið á undanförnum árum eftir að iðnrn. fór að hræra í því með reglugerðinni sem var sett og fræg er að endemum frá árinu 1992.

Ég á sæti í hv. iðnn., hæstv. forseti, og gefst þannig kostur á að fara yfir málið. En ég endurtek að ég tel að hér sé um að ræða mikilvægt mál og það sama eigi við um frv. um Löggildingarstofuna sem hér verður mælt fyrir á eftir sem er hluti af þessu sama máli.

[14:02]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spurði um hvað yrði um starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins við þessa breytingu. Í frv. til laga um Löggildingarstofu sem hér verður til umfjöllunar á eftir, í ákvæði til bráðabirgða stendur, með leyfi forseta: „Starfsmenn Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun.“ Það er því gert ráð fyrir því að þeir geti fengið störf þar þannig að það er ekki, hv. þm., verið að auka á óvissu með þessu frv.

Ég tek undir og ég fagna viðbrögðum hv. þm. við frv. vegna þess að það eru kannski fáir sem betur þekkja til en hv. þm. um það hvers konar ófremdarástand hefur verið í þessum málum frá því að þessi reglugerð var sett 1993 og það er nauðsynlegt að taka á því með skýrri lagasetningu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Löggildingarstofa, 1. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 74.

[14:03]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Löggildingarstofu. Frv. er á þskj. 74 og er 74. mál þingsins. Megintilgangur frv. er að samræma opinbert eftirlit sem undir ráðuneyti mín falla, undir eina yfirstjórn og ná með því fram faglegri og fjárhagslegri hagræðingu. Í þessu felst að Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan eru sameinaðar í eina stofnun, Löggildingarstofu. Með slíkri sameiningu er unnt að lækka kostnað ríkisins um 5–7 millj. kr. og jafnframt að tryggja að ekki verði gerðar gagnstæðar kröfur af mismunandi eftirlitsstjórnvöldum. Gert er ráð fyrir að ný stofnun taki við verkefnum sem Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan gegna í dag.

Þar sem Löggildingarstofan er ein elsta stofnun ríkisins þykir við hæfi að hin nýja stofnun, sem tekur við hlutverki hennar og Rafmagnseftirlits ríkisins, haldi að stofni til hinu rótgróna nafni. Sú breyting er þó gerð að hún er nú kölluð Löggildingarstofa í stað Löggildingarstofan, sbr. t.d. Fiskistofa.

Hin síðari ár hefur starf Löggildingarstofunnar fengið stóraukna þýðingu fyrir atvinnulífið, einkum í ljósi mikilla framfara sem orðið hafa í mælitækni og nýrra þarfa í nákvæmni í mælingum, t.d. á hitastigi, tíðni, geislun og fleiri atriðum. Auk þess er mælifræðin ein helsta undirstaða gæðakerfa í iðnaði og verslun.

Löggildingarstofan hefur verið virkur þátttakandi í framkvæmd ákvæða EES-samningsins um gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum prófana og staðfestingum í samræmi við tækniákvæði sem gilda eiga í öllum aðildarríkjunum um vörur á almennum neytendamarkaði. Mikilvægur þáttur í þessu er faggildingin. Löggildingarstofan veitir prófunar-, skoðunar- og vottunarstofum faggildingu samkvæmt sameiginlegum reglum sem settar eru fram í evrópskum stöðlum og skulu þá vottorð frá faggiltum aðilum njóta gagnkvæmrar viðurkenningar í öllum aðildarríkjunum.

Hlutverk Rafmagnseftirlits ríkisins er um margt líkt hlutverki Löggildingarstofunnar. Báðar þessar stofnanir fjalla um neytendavernd út frá tæknilegum forsendum. Rafmagnseftirlit ríkisins sér um öryggi raffanga og opinbera markaðsgæslu þeirra og Löggildingarstofan annast á sama hátt öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu fyrir vöruflokka sem ekki falla undir önnur sérlög. Báðar stofnanirnar eru stjórnsýslustofnanir er fjalla um opinbert eftirlit og er eðlilegt að gætt sé ýtrasta samræmis í meðferð þeirra mála. Það á að vera tryggt með sameiningu stofnananna.

Skipting þessi á sér sögulegar og eðlilegar ástæður þar sem lögmælifræði tengist fyrst og fremst viðskiptalífinu og hagsmunum neytenda en rafmagnsöryggismál hafa til skamms tíma fyrst og fremst talist vera raforkumál.

Með tilkomu gæðastjórnunar og innra eftirlits fyrirtækja hin síðari ár hefur hið opinbera haft tækifæri til að breyta hlutverki sínu í tæknilegu eftirliti á raforkusviði. Fyrirtækin hafa þannig orðið virkari þátttakendur í fyrirbyggjandi aðgerðum til varnar hættum og tjóni af völdum rafmagns en áður. Við þetta hefur hið opinbera getað breytt eftirliti sínu í takt við kröfur og þarfir atvinnulífsins. Breytingarnar felast fyrst og fremst í því að fyrirtækin taka sjálf við hluta af fyrra stjórnvaldseftirliti án þess þó að það sé að öllu leyti afnumið. Þannig verður til sívirkt innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra í stað stopulla heimsókna fulltrúa opinberra eftirlitsstofnana.

Á grundvelli þessa er fyrirséð að opinbert eftirlit muni í framtíðinni að meira eða minna leyti verða viðskipta- og neytendamál en ekki tæknimál. Málaflokkur þessi er því í heild sinni fluttur undir viðskiptaráðherra.

Löggildingarstofan fer nú með málaflokka sem nefnast lögmælifræði og hagnýt mælifræði og m.a. tengjast elstu verkefnum stofnunarinnar um vog og mál. Þá annast Löggildingarstofan einnig faggildingar hér á landi. Um þessa málaflokka er fjallað í lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992. Auk þessa annast Löggildingarstofan um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, sbr. lög nr. 134/1995, sem taka til þeirra vöruflokka er ekki falla undir önnur lög.

Við gildistöku laga þessara fellur brott 2. mgr. 14. gr. laga um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992, sbr. lög nr. 147/1992, enda hefur ákvæði hennar verið fellt inn í þessi lög.

Það er ósk mín að frv. þessu um Löggildingarstofu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sætir varla tíðindum þó nýjar stofnanir í eftirlitsiðnaðargeiranum spretti upp og mætti margt um öll þau ósköp segja hvernig það hefur gengið til undanfarin ár. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra sérstaklega út í orðalag eins atriðis í frv. Það er í ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um sameiningu stofnananna, Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins og mælt fyrir um það hvernig að þessari sameiningu skuli staðið og tímasetningar í því sambandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Strax eftir gildistöku laga þessara skal stjórn Löggildingarstofu skipuð. Staða forstjóra skal auglýst laus til umsóknar ...“ o.s.frv. Svo kemur: „Starfsmenn Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Nýr forstjóri skal ráða í þær stöður.“

Ég óska skýringa á því hvaða orðalag er þarna á ferðinni. Hafa eða hafa ekki starfsmenn þessara stofnana sem þarna á að sameina í eina, forgang til starfa hjá hinni nýju stofnun? Hvað þýðir orðalagið „að öðru jöfnu“ í þessu sambandi?

[14:10]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Til máls tekur hv. 10. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson. (**Gripið fram í:** Var þetta ekki andsvar?) Nei. Forseti leit svo á að hér væri um stutta ræðu að ræða

[14:10]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki með ræðu um þetta mál heldur aðeins fyrirspurn til hæstv. iðnrh.

Í fyrsta lagi. Hvar kemur þetta nýja frv. við EES-samkomulagið? Er það EES-samkomulagið sem knýr á um að slík breyting sé gerð sem felst í þessu frv. til laga um Löggildingarstofu?

Í annan stað vildi ég líka spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þessi lög séu sett í samráði og samstarfi við þá aðila sem um þennan málaflokk hafa fjallað, þ.e. þá aðila sem eru í Landssambandi ísl. rafverktaka. Líka það hvort því markaðseftirliti sem þarf að vera hvað áhrærir innfluttar rafmagnsvörur hafi þegar verið skipaður staður, þ.e. hvort Bifreiðaskoðun Íslands hafi tekið þennan þátt að sér.

[14:12]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni varðandi starfsmenn Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits, þ.e. hvað orðalagið „að öðru jöfnu“ þýðir. Það þýðir einfaldlega að hlutverki þessarar nýju stofnunar, sameinaðrar stofnunar Löggildingarstofu og Rafmagnseftirlits ríkisins, verður örlítið breytt og svo framarlega sem þeir starfsmenn sem nú eru starfandi hjá báðum þessum stofnunum uppfylla þau skilyrði sem sett munu verða fyrir ráðningu í þessar stöður þá skulu þeir starfsmenn sitja fyrir hvað störf varðar. Þannig tel ég að við séum að reyna að ganga til móts við það að tryggja öllum þeim starfsmönnum sem núna eru starfandi við báðar þessar stofnanir starf til frambúðar.

Varðandi fyrirspurn hv. 10. þm. Reykv. þá fjölluðum við örlítið áðan í frv. um Rafmagnseftirlit ríkisins um rafverktakana. Það er gert ráð fyrir því að rafverktakar verði faggiltir þegar fram líða stundir og Löggildingarstofa sjái um þá faggildingu eins og gert er ráð fyrir í frv.

Um hitt atriðið er að segja að engin EES-ákvæði setja okkur þau skilyrði að við þurfum að sameina þessar stofnanir eða fara af stað með þennan eftirlitsiðnað sem kallaður er. Við erum að draga úr eftirlitsiðnaðinum að því leyti til. Við erum að færa eftirlitið meira inn í fyrirtækin og færa ábyrgð yfir á þá aðila sem fara með. En til þess að hægt sé að tryggja að eftirlit af þeirra hálfu sé í lagi, mun Löggildingarstofa sjá um faggildingu viðkomandi aðila og hefur eins og ég gat um í minni framsöguræðu áðan verið mjög til aðstoðar við faggildingu á mörgum sviðum er snerta m.a. ýmsa þætti er tengjast EES-samningnum.

[14:14]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill að gefnu tilefni vekja athygli hv. þingmanna og hæstv. ráðherra á mismuninum á andsvari og ræðuhöldum og vill biðja viðkomandi að gefa skýr merki um hvort er. Andsvörum er nú lokið.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ýmislegt nokkuð óvenjulegt svo maður segi nú ekki sérkennilegt við þetta mál satt best að segja þegar betur er að gáð. Ekki var ég svo sem miklu nær af svörum hæstv. ráðherra í andsvari við því sem ég spurði um varðandi stöðu starfsmanna í þessu sambandi. Þetta orðalag er mjög sérkennilegt: „að öðru jöfnu“, og er auðvitað ákveðin afleiðing af því breytta réttindaumhverfi sem opinberir starfsmenn búa nú við. Það er ljóst að svona hefði ekki gengið að haga orðalagi ef eldri ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefðu verið virk þannig að það ber þegar á því og þetta er ekki eina tilvikið af því tagi, að nú er staða opinberra starfsmanna önnur og ótryggari en hún var í eldri lögum og berast fréttir af því utan úr kerfinu að þeim sé nú skákað til með ýmsum hætti og stillt upp við vegg í krafti lakari réttarstöðu en þeir áður höfðu. Ég gef mér að sjálfsögðu ekki að neitt slíkt sé hér á ferðinni fyrir fram og að óreyndu og ósönnuðu máli. En það hefði verið ánægjulegra að geta heyrt það frá hæstv. ráðherra að fortakslaus réttur til þeirra starfa sem falla til í hinni nýju stofnun verði þeirra starfsmanna sem áður hafa unnið að þessum verkefnum. Það er erfitt að sannfæra mann um að það breytist einhver ósköp við sameiningu þessara stofnana hvað varðar verksvið þeirra þannig að þeir menn sem voru hæfir til þess að vinna áður, annars vegar hjá Rafmagnseftirlitinu og hins vegar Löggildingarstofunni, séu ekki líklegir til að vera það áfram hvað menntun, starfsreynslu og annað því um líkt snertir, nema þá að þessi stofnun eigi að taka upp einhver alveg ný verkefni, svo háþróaða starfsemi af einhverjum toga að það verði að ráða þar inn einhverja nýja og meira menntaða menn eða guð má vita hvað.

Ef hins vegar litið er yfir í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., má náttúrlega velta því fyrir sér hvort ekki sé verið að segja meira milli línanna en gert er í frv. og svari hæstv. ráðherra því þar er einmitt talað um að þarna sparist tvö og hálft starf og reiknað með að sparast muni um 5 millj. kr. Að

vísu eru biðlaunagreiðslur vegna starfa sem kunna að verða lögð niður ekki meðtaldar. Þar er auðvitað beinlínis gefið í skyn að fjárlagaskrifstofan hafi talið sig hafa einhverjar forsendur til þess að meta þessa hluti sem ekki eru gefnir upp í greinargerð með sjálfu frv.

Það væri einnig áhugavert að heyra hæstv. ráðherra svara þessu um stjórnina sem búið er að setja á laggirnar þó að stofnunin sé ekki orðin til. Þannig er að það kemur fram í sömu umsögn að í 3. gr. frv. eins og þar segir, er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þrjá menn í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Þetta ákvæði er í lögunum um Löggildingarstofuna og hefur stjórnin þegar verið skipuð og ber að líta svo á að hin sama stjórn haldi umboði sínu þó að nýtt frv. sé hér á ferðinni þar sem m.a. er mælt fyrir um stjórn yfir þessari nýju sameiginlegu stofnun. Síðan eru þarna fróðlegar vangaveltur um þóknun til stjórnarmanna og ráðgjafarnefndar sem eiga að fá nokkuð fyrir sinn snúð og spurning hvort þessar silkihúfur allar ofan á eftirlitsstofnun hæstv. ráðherra verða mjög til sparnaðar þegar upp er staðið. Það sem þarna virðist vera á ferðinni í hnotskurn er að það á að segja upp einhverjum starfsmönnum og bæta það upp með flóknari og dýrari yfirstjórn á batteríinu þannig að það er að sjálfsögðu ekki neitt sérstakt tilefni til að fagna þessum breytingum eins og þær virðast vera þegar lesið er á milli línanna í þessu máli.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi starfsmennina. Ég gerði tilraun til þess að svara fyrri fyrirspurn hv. þm. um það. Það verður leitast við að ráða þá starfsmenn sem núna eru starfandi hjá þessum stofnunum í nýja stofnun. Það er hins vegar líka gert ráð fyrir ákveðinni hagræðingu og sparnaði sem af sameiningu þessara stofnana getur orðið og við væntum að svo verði. Ég trúi ekki að hv. þm. sé á móti því að ríkið leitist við að spara í yfirstjórn stofnana með sameiningu þeirra. Ég trúi ekki að hv. þm. sé á móti því.

Varðandi stjórnina þá er nú starfandi stjórn fyrir Löggildingarstofuna. Formaður þeirrar stjórnar er jafnframt formaður Neytendasamtakanna og ástæðan fyrir því að það val var viðhaft er að ég tel að það sé mjög mikilvægt að eiga mjög gott samband og samvinnu við Neytendasamtökin um Löggildingarstofuna vegna þess að þetta er fyrst og fremst stofnun til að tryggja hag neytenda. Því varð formaður Neytendasamtakanna fyrir valinu að þessu sinni.

[14:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekki á móti því að spara ef hægt er að spara peninga og það er auðvitað ærin ástæða til að reyna að halda aftur af útgjaldaþenslunni í eftirlitsiðnaðinum sem hefur verið gífurleg undanfarin ár og er náttúrlega hluti af óskapnaðinum sem við erum að flytja inn frá Brussel og höfum ekkert um að segja í mörgum tilvikum, alls konar eftirlitsfargan sem er yfirgengilegt og væri hægt að segja ýmsar sögur af. Þetta lendir bæði á skattgreiðendum í gegnum það sem ríkið þarf að taka að sér, en líka á atvinnulífinu vegna kostnaðar af flóknu eftirlitsbatteríi og maður sér þá ekki fyrir endann á því öllu saman, langt í frá.

Ég held að ekki sé vafi á því að við Íslendingar komumst ágætlega af hér á árunum án þess að reka jafnumfangsmikið og flókið eftirlitskerfi á öllum sviðum eins og skrifræðisbáknin gera hjá milljónaþjóðunum í kringum okkur. Nærtækasta og stærsta dæmið þar um eru kannski fiskveiðarnar og veiðieftirlit og allt slíkt innan sjávarútvegsins sem við höfum af skiljanlegum ástæðum orðið að reka af ýtrustu hagkvæmni, þar sem að nágrannaþjóðirnar eru nánast með eftirlitskerfi þar sem er maður á mann. Það þarf einn mann til að hafa eftirlit með hverjum öðrum sem starfar í greininni. Við erum að sjálfsögðu ekki að biðja um slíkt hér. Þvert á móti, ef hægt væri að hafa þetta eftirlitsbákn einfaldara þá er það fagnaðarefni.

Ég er hins vegar ekki viss um að þessi silkihúfustjórnun á stofnuninni, þó að það sé jafnágætur maður og gagnmerkur og formaður Neytendasamtakanna sem þar er formaður ... (**Gripið fram í:** Það er kona.) Eða kona, örugglega góð framsóknarkona, ég giska á að hún hafi einstöku sinnum kosið Framsfl. sem þar fær ágætisþóknun samanber umsögn um frv. hér. Síðan kemur ráðgjafarnefndin og verða það ekki líka þrjár framsóknarkonur sem sitja í henni og fá 500–700 þús. kr. samtals. Ég held að þegar upp verði staðið þá sé ekki víst að þessi lagskipta yfirstjórn og silkihúfur hæstv. ráðherra skili miklum nettósparnaði. Mér finnst þetta oft vera þannig að það á að spara í orði og svo er nokkrum óbreyttum starfsmönnum sagt upp, en í reynd þenst þetta út og það eru oftast silkihúfurnar sem fá mest fyrir sinn snúð þegar upp er staðið.

[14:23]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það voru tvö mál auk annarra sem ég beindi til hæstv. iðnrh. sem ekki komu svör við.

Það er í fyrsta lagi hvort þetta frv. til laga um Löggildingarstofu sé gert í fullu samstarfi og sátt við Landssamband ísl. rafverktaka, vegna þess að fréttir bárust af því að nú um helgina hefðu þeir haldið sitt landsþing á Akureyri og þar hafi gengið á ýmsu varðandi einmitt þetta mál.

Í annan stað spurði ég hvort að þetta markaðseftirlit væri komið nú til húsa í Bifreiðaskoðun Íslands og ég vil bæta við spurningu í viðbót um það sem að vísu kemur hérna fram frá fjmrn. varðandi kostnað ráðuneytisins sjálfs, hvort það sé ljóst að kostnaður sem af þessu hlýst verði ekki meiri en nú er og hvort þeir neytendur sem þurfa á þessari þjónustu að halda komi til með að greiða hærri kostnað vegna þess umfangs sem virðist verða miklu meira þegar grannt er skoðað hvaða áhrif þetta frv. til laga um Löggildingarstofu hefur.

[14:24]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um eftirlitshlutverk Bifreiðaskoðunar Íslands í þessu máli. Það eftirlit sem Bifreiðaskoðun hafði var boðið út ekki alls fyrir löngu. Nýr aðili hreppti það sem er Aðalskoðun hf.

Varðandi Landssamband ísl. rafverktaka, þá snýr það ekki beint að þessu frv. um Löggildingarstofu vegna þess að frv. um Löggildingarstofu snýr eingöngu að sameiningu Rafmagnseftirlits ríkisins og Löggildingarstofunnar. Frv. sem við fjölluðum um áðan fjallar hins vegar um rafmagnsöryggismál og hafa rafverktakar lagt fram skrifleg mótmæli við það frv.

Aftur á móti, eins og ég sagði við þá umræðu, var landsfulltrúi frá Landssambandi ísl. rafverktaka í þeirri nefnd og hann, sá fulltrúi, var sammála frv. eins og það lá fyrir þá.

Ég sagði líka frá því áðan við umræðuna að það kemur ekki á óvart nú þegar betur er að gáð að rafverktakar á Austurlandi og Vesturlandi séu að senda inn mótmæli við því

fyrirkomulagi sem núna er í rafverktakamálunum og þessu frv. um rafmagnsöryggismálin. Þeir hafa lagaskyldu til þess að tilkynna til Rafmagnseftirlits ríkisins allar nýjar lagnir og að þeir hafi lagt í hús viðkomandi.

Af því að ég hef látið skoða sérstaklega alla rafverktaka á Austurlandi, en þeir voru fyrstir til að senda til ráðuneytisins mótmæli við þessu frv. eins og það lá fyrir við umræðuna, þá er það einn rafverktaki í eitt skipti á öllu Austurlandi sem hefur tilkynnt að hann hafi lagt raflögn í íbúðarhús. Það er alvarlegt og við getum ekki búið við það ástand lengur í rafmagnsöryggismálum að við látum reka á reiðanum í þessum efnum. Frv. styrkir að mínu viti mjög eftirlit með rafmagnsöryggismálum í landinu og treystir neytendavernd að því leyti til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (umsýslugjald). — Þskj. 75.

[14:27]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994, með síðari breytingum. Frv. er á þskj. 75 og er 75. mál þingsins.

Í lokamálsgrein 6. gr. og í ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 484/1994, um lögboðna brunatryggingu húseigna, er kveðið á um greiðslu húseigenda á svokölluðu umsýslugjaldi er renna skal til Fasteignamats ríkisins. Er ákvæði þessi voru samin árið 1994 var talið að þau ættu sér stoð í 5. gr. laganna, um heimild ráðherra til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd þeirra. Athugasemdir voru gerðar við tilhögun þessa og var því ákveðið að skjóta styrkari stoðum undir heimild ráðherra til þess að ákveða með reglugerð álagningu gjaldsins. Var talið að það hefði verið gert með lögum nr. 150/1994, um breyting á lögum um brunatryggingar, er kváðu á um að með reglugerð væri heimilt að ákveða að húseigendur greiddu gjaldið.

Umboðsmaður Alþingis vakti athygli mína á því fyrir nokkru síðan að hann teldi umsýslugjald samkvæmt lögum um brunatryggingar skatt í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt að hann teldi núgildandi lagagrundvöll umsýslugjalds ekki viðhlítandi í ljósi þeirra krafna sem nú eru gerðar til skattlagningarheimilda skv. 2. málsl. 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 15. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995.

Af ofangreindum ástæðum hef ég látið semja þetta frv. í viðskrn. Er í því tekinn af allur vafi um að með lögum sé ákveðið að lagt skuli á umsýslugjald og hver upphæð gjaldsins skuli vera. Ekki er verið að breyta upphæð gjaldsins með frv. þessu. Þótt lög nr. 150/1994 hafi gert ráð fyrir að gjaldið mætti verða allt 0,03 prómill af brunabótamati hefur reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna kveðið á um að gjaldið skuli vera 0,025 prómill eins og gert er ráð fyrir í frv.

Frv. er einnig ætlað að taka af allan vafa um það hvernig innheimtu gjaldsins verði háttað. Þannig er kveðið skýrt á um skil innheimtuaðila til Fasteignamatsins svo og að innheimtan sé Fasteignamatinu að kostnaðarlausu. Fer enda innheimtan fram samhliða annarri innheimtu vátryggingafélags og má ætla að henni fylgi óverulegur kostnaðarauki fyrir innheimtuaðila.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

[14:30]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er verið að bregðast við athugasemdum sem hafa komið fram frá umboðsmanni Alþingis sem telur að umrætt gjald sem tekið hafi verið hafi ekki lagastoð. Það segir okkur dálitla sögu um að við þurfum að vera á varðbergi hve mikið við framseljum af reglugerðarvaldi til framkvæmdarvaldsins og með hvaða hætti það er gert. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra þar sem hann telur að með þessu ákvæði frv. sé gert ráð fyrir óbreyttu gjaldi en í frv. til fjárlaga kemur fram að gert sé ráð fyrir tekjuauka upp á 15 millj. kr. og sagt að sá tekjuauki skýrist af þessu umsýslugjaldi. Mér finnst gæta þarna nokkurs ósamræmis og bið um skýringu á því.

[14:31]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var þannig þegar þetta mál var til umfjöllunar á sínum tíma á Alþingi gerði stjórnarandstaðan mjög miklar athugasemdir við vinnubrögð þáv. ríkisstjórnar um það hvernig þetta gjald skyldi lagt á. Í raun og veru hefur það allt saman komið í ljós sem stjórnarandstaðan hélt fram á þeim tíma, að lagagrundvöllurinn fyrir álagningu gjaldsins væri mjög hæpinn. En það heyrir sögunni til og ekki ástæða til að rifja það upp. Aðalatriðið er auðvitað að tryggja þarf lagagrunninn fyrir umsýslugjaldinu.

Fasteignamat ríkisins taldi sig þurfa að hækka þetta gjald úr 0,025 prómillum í 0,030 prómill og voru óskir um það. Það er ástæðan fyrir þessum mismun sem um er getið í fjárlagafrv. Ég féllst hins vegar ekki á að á sama tíma og menn væru að leita leiða til þess að spara hjá öllum ríkisstofnunum á öllum sviðum, þá þyrfti Fasteignamat ríkisins eins og aðrar stofnanir líka að spara hjá sér og þetta sama gjald yrði áfram að vera nægilegt fyrir Fasteignamatið til að viðhalda þeirri skrá og þeim verkefnum sem þetta gjald á að standa undir.

[14:32]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra. Það staðfestir það sem ég hef sagt að þetta er ekki í samræmi við það sem er í frv. til fjárlaga. Það þarf auðvitað að taka mið af því við fjárlagaafgreiðsluna að gert er ráð fyrir 15 millj. kr. meiri tekjum inn í þetta apparat heldur en ráðherrann gerði ráð fyrir. Ég fagna því að hann standi svona vel í ístaðinu vegna þess að þetta er gjald sem kemur á húseigendur og virðist nóg samt þannig að ég fagna þessu.

Ég sé á frv. að ekki er hægt að breyta þessu gjaldi nema með lögum. Það er ekki hægt að breyta þessu með reglugerð og það tel ég mjög skynsamlegt.

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er sérkennilegt mál. Það verður að segjast alveg eins og er að stjórnsýslunni í landinu og trúverðugleik hennar er ekki mjög til framdráttar þurfa að taka á dagskrá mál af þessu tagi. Ég held að óhjákvæmilegt sé að fara aðeins yfir það hvað hefur gerst, hvað liggur á bak við í málinu. Í stuttu máli sagt var gefin út reglugerð á árinu

1994 og síðan, eins og segir með afar hógværum hætti í greinargerð, eru gerðar athugasemdir við hana.

Sú reglugerð var gefin út um þetta sérstaka gjald með stoð í almennri reglugerðarheimild í 5. gr. þágildandi laga. Þannig ætluðu menn að stytta sér leið í því tilviki og rifjum svo upp hver var viðskrh. á þessu herrans ári, 1994. (**Gripið fram í:** Heilbr.- og trmrh.) Eða hvar þetta var til húsa þá. Það mun hafa verið þá hjá heilbr.- og trmrh., alveg rétt. Menn ætluðu að leggja á þetta gjald, verulega gjaldtöku á húseigendur í landinu með reglugerð á grundvelli almennrar reglugerðarheimildar í síðustu grein laganna. Þetta stóðst auðvitað ekki, var alveg fráleitt. Þegar menn viðurkenndu það loksins þá á að sjá fyrir þessu með því að setja inn í lög nr. 150/1994, um brunatryggingar, heimild til að taka þetta gjald, alveg ótvíræða heimild. Það var að vísu þannig úr garði gert að það var hámarksákvæði og áfram falið í vald ráðherra með reglugerð að mæla frekar fyrir um hvernig húseigendur skyldu greiða gjaldið. Þetta dugði ekki heldur því að umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi væri gjald, svona úr garði gert, skattur en ekki þjónustugjald eða greiðsla fyrir veitta þjónustu í þeim skilningi að það dygði til að flokka gjaldið sem slíkt. Þetta væri skattur og að enn væri lagagrundvöllur gjaldtökunnar ekki fyrir hendi. Það er því verið að reyna að gera þriðju tilraun á tveimur árum eða svo að koma þessu gjaldi á menn með löglegum hætti. Og vonandi verður þetta þannig að allt er þegar þrennt er og haldi þá núna. Þetta er, herra forseti, alveg dæmalaust að menn skuli ekki vanda sig meira við hluti af þessu tagi. Það er ekki eins og hér séu einhverjir algerir smámunir á ferð. Þetta er lögþvinguð gjaldtaka sem lendir á öllum húseigendum, stórum og smáum, viss prósenta eða prómill af matsverði eignanna og menn eiga engrar undankomu auðið ef svo má að orði komast.

Það er fleira sem ég tel eftir sem áður ástæðu til að nefna, herra forseti, en þennan grátbroslega aðdraganda málsins. Það er t.d. mjög sérkennilega mælt fyrir um gjalddaga og greiðslu gjaldsins í síðasta málslið 1. gr. Þar er gengið út frá að gjaldið skuli greiðast ekki síðar en 45 dögum eftir gjalddaga brunatryggingariðgjalda sem innheimtan er tengd. Þar er sagt, herra forseti:

„Vátryggingafélag skal innheimta gjaldið [þ.e. umsýslugjaldið] samhliða innheimtu brunatryggingariðgjalda og skila til stofnunarinnar eigi síðar en 45 dögum eftir gjalddaga hennar.“ Og þá er spurningin, hver er þessi „hún“? Af hverju er þetta kvenkyn allt í einu komið þarna inn í málið? Ég held að þarna hljóti að vera meinleg orðalagsvilla og vitlaus tilvísun. Þetta hljóti að eiga að vera gjalddaga þess, þ.e. iðgjaldsins því það er væntanlega iðgjaldið sem kemur á gjalddaga en ekki tryggingin. Það er þá a.m.k. efnislega skýrt að þetta skuli greiðast af viðkomandi vátryggingafélagi 45 dögum eftir að viðkomandi brunatryggingariðgjöld koma á gjalddaga. Gott og vel. Ef það er réttur skilningur þá höfum við það, en þá þyrfti að líta aðeins á þetta orðalag. Er þetta svo að tryggingafélögin eigi að greiða þetta til ríkisins án tillits til þess hvort viðkomandi tryggingartaki hafi greitt sínar tryggingar til þeirra? Þau eigi sem sagt að standa skil á gjaldinu innan 45 daga frá gjalddögum allra sinna trygginga án tillits til innheimtu hjá sér. Eru þau gerð algerlega og einhliða ábyrg fyrir að skila þessu svo lengi sem tryggingafélög fari ekki á hausinn? Innheimtan verði 100% fyrir ríkið en þau sitji eftir með það verkefni að ná þessu inn. Við vitum að vísu að af vissum ástæðum eru vanskil ekki stórfellt vandamál í þessu tilviki því að menn hafa húseignir sínar ógjarnan ótryggðar og mega það í sjálfu sér ekki. En eftir stendur hvort þetta sé eðlileg innheimta sérstaklega þegar haft er í huga að síðasti málsliðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta: „Ekki greiðist þóknun vegna innheimtunnar.“ Þetta er því alger kvöð á vátryggingafélögin á þeirra kostnað, ríkinu að kostnaðarlausu. Það er að vísu sagt hér og sjálfsagt réttilega að ætla megi að um óverulegan kostnaðarauka verði að ræða. Þó hlýtur þetta að vera þannig ef lesið er samkvæmt orðanna hljóðan að tryggingafélögin þurfi að reikna út og gera skil á 0,025 prómillum jafnan innan 45 daga frá gjalddaga allra sinna trygginga án tillits til þess hvernig innheimtan stendur í þeirra innheimtukerfi eða það ímynda ég mér að hljóti að vera. Mér fyndist allt í lagi að hæstv. ráðherra færi aðeins betur yfir þetta mál, ekki síst í ljósi þess að nú held ég að sé komið að því að Alþingi þurfi að vanda sig, ráðuneytin og allt stjórnkerfið, að brjóta ekki fingur sína einu sinni enn í þessu stórmáli og koma umsýslugjaldinu á löglega í þriðju eða fjórðu tilraun.

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um stöðu þeirra gjalda sem tekin hafa verið án þess að fullnægjandi lagastoð væri fyrir hendi. Hyggst ríkið endurgreiða þeim sem hafa verið látnir greiða þetta gjald eða þennan skatt á ólögmætum forsendum? Er ekki hreinlegast að menn viðurkenni mistök sín í verki? Líka að því leyti til að oftekið umsýslugjald og þau gjöld verði endurgreidd, sem standa á fyrri lagagrunni eða reglugerða, fram að því að gjaldtakan verður heimiluð með þessu frv. þegar að lögum er orðið. Hver er skoðun hæstv. ráðherra á því hver væru réttustu viðbrögð stjórnvalda í því sambandi?

[14:42]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að rifja upp þá hörmungarsögu sem í kringum þetta mál hefur verið. Ég minnti á það áðan við umræðuna að stjórnarandstaðan á sínum tíma varaði mjög við þessu gjaldi og hvernig það kom til. Það er rétt hjá hv. þm. að meinleg villa er í 1. gr. og mér þykir það miður. Í staðinn fyrir „hennar“ á auðvitað að standa: þess. Það er eðlilegt að veita tryggingafélögunum þetta svigrúm, 45 daga, til að greiða gjaldið til Fasteignamatsins en er óháð því hvort viðkomandi einstaklingar hafi staðið skil á gjaldinu til viðkomandi vátryggingafélags.

Hvort ríkið hyggist endurgreiða, eins og hv. þm. orðaði það, oftekin gjöld, þá stendur það ekki til. Það er hins vegar verið að tryggja lagagrundvöllinn fyrir þessu gjaldi til framtíðar og verið að ganga að þeim ábendingum sem umboðsmaður Alþingis vakti athygli viðskrh. á.

[14:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt að stjórnarandstaðan varaði mjög við þessu á sínum tíma og gagnrýndi hvernig haldið var á málinu. Það er kannski þeim mun dapurlegra að málalokin urðu eins og raun ber vitni, að stjórnvöld eru neydd til, með rökstuddu áliti umboðsmanns Alþingis m.a., að viðurkenna mistök sín. Með öðrum orðum, það er ekki nóg að á Alþingi sé sett fram málefnaleg og rökstudd gagnrýni. Það er ekki tekið mark á henni. Það er tuddast áfram í málunum þangað til menn reka sig á vegg og neyðast til að leiðrétta mistökin. Þetta mætti verða okkur til umhugsunar og víti til varnaðar því þetta gerist því miður æði oft. Þeir sem hér eru þó að fylgjast með málum og setja sig inn í þau reyna að vara við mistökum eða biðja um betri málsmeðferð en á þá er

æ sjaldnar hlustað, að mér finnst, því miður. Og hrokinn í valdhöfunum og meiri hluta hvers tíma fer vaxandi ár frá ári gagnvart Alþingi eins og m.a. hefur verið minnt nýlega á úr þessum ræðustól af manni, sem þó á hér ekki sæti heldur gegnir öðrum störfum í lýðveldinu, þ.e. forsetanum, þegar hann setti þessa virðulegu stofnun. Það er ástæða til að staldra við í þessum efnum. Mýmörg dæmi um mistök, um handabakavinnubrögð, um ónákvæmni af þessu tagi eru fyrirliggjandi frá undangengnum árum og eiga að vera víti til varnaðar.

Ég skil það þótt hæstv. ráðherra vilji ekki hér gangast inn á það að endurgreiða oftekin gjöld eða ranglega álögð gjöld af þessu tagi. Sjálfsagt verður svo að vera að menn verði þá að leita réttar síns fyrir dómstólum til að ná þeim af ríkinu. Og oftast er það þannig, því miður, að ríkið lætur aldrei neitt laust fyrr en togað er út úr því með töngum og eftir að það hefur tapað málum fyrir dómi. Mér finnst að stundum liggi mál þannig að skoða eigi einfaldlega strax af ríkisins hálfu hvort að ekki sé best að viðurkenna mistökin en að fá á sig dóma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (EES-reglur). — Þskj. 76.

[14:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á iðnaðarlögum, nr. 42 frá 18. maí 1978, með síðari breytingum. Frv. sem er á þskj. 76 og er 76. mál þingsins er nú endurflutt með þeirri smábreytingu frá síðasta þingi að í stað þess að tala um álit frá viðkomandi iðnaðarmannafélagi er nú talað um „félag iðnaðarmanna, m.a. landsamtök meistara og sveina."

Í framsöguræðu minni fyrir frv. á síðasta löggjafarþingi gerði ég ítarlega grein fyrir efni þess og mun því stytta mál mitt nú. Ástæðan fyrir því að frv. um þetta efni var samið í iðnrn. og síðan breytt eftir samráð við ýmis samtök í iðnaði er sú að ákvæði fimm gerða sem voru hluti af EES-samningnum í upphaflegri mynd hafa ekki enn verið tekin til fulls upp í landsrétti hér og barst ábending frá Eftirlitsstofnun EFTA þar að lútandi fyrir allnokkru.

Að meginstefnu til veita gerðir þessarar ríkisborgurum EES-ríkjanna rétt til að stafa í iðnaði í öðrum aðildarríkjum á grundvelli starfs og starfsþjálfunar, nánar tiltekinn tíma, 6–8 ár. Með frv. er stefnt að nauðsynlegri breytingu á iðnaðarlögum til að tryggja þann rétt. Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt og hafa lögreglustjórar eftirlit með framkvæmd ákvæðanna. Iðnrh. getur því kveðið nánar á um starfsréttindi í reglugerð með svipuðum hætti og aðrir ráðherrar hér á landi gerðu er lögum á þeirra sviði var breytt árið 1993 á grundvelli svipaðra EES-gerða.

Sérstök skilyrði eru sett í gerðunum um starfsréttindi. Þannig þarf ríkið, þar sem starfsemi var stunduð, að gefa út skilríki er staðfesti að viðkomandi aðili hafi lagt stund á starfsemina. Ef ekkert skilyrði er um starfsþjálfun í upphaflega ríkinu verður sá aðili er vill fá starfstímann metinn í öðru EES-ríki að sýna fram á að ekki hafi meira en tíu ár liðið frá því hann lagði stund á viðkomandi starfsemi. Gert er ráð fyrir að lögreglustjórar staðfesti starfsréttindi, en þeir gegna nú hlutverki samkvæmt iðnaðarlögum, þ.e. láta af hendi iðnaðarleyfi og meistarabréf. Bætt er við að viðkomandi félagi iðnaðarmanna m.a. landsamtökum meistara og sveina skuli gefinn kostur á að segja álit sitt.

Fjárlagaskrifstofa fjmrn. fær ekki séð að samþykkt frv. hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð.

Þar eð mjög hefur dregist að taka viðkomandi gerðir upp í íslenskum rétti óska ég þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til iðnn. og það verði afgreitt sem fyrst á haustþingi ef hægt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[14:49]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti gat þess í upphafi fundar að við það væri miðað að utandagskrárumræða sú sem tilkynnt var um hæfist að loknu því dagskrármáli sem við vorum að ljúka. Hins vegar gat forseti þess einnig að hann hafi við það miðað að utandagskrárumræðan hæfist um fjögurleytið. Við það verður staðið þannig að fram haldið verður ritaðri dagskrá.

[14:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég stóð í þeirri meiningu þegar dagskrá hófst á þessum þingfundi í dag og eins og kom fram hjá hæstv. forseta við upphaf fundarins, að gert væri ráð fyrir að sú utandagskrárumræða sem hv. þm. Svavar Gestsson óskaði eftir færi fram strax að aflokinni umræðu um 8. dagskrármálið sem hér var á dagskrá. Ég hef gengið út frá því að svo yrði, hæstv. forseti, og hef skipulagt daginn hjá mér með öðrum hætti. Ef ekki er hægt að verða við því þá verð ég að óska eftir að þessari umræðu verði seinkað.

[14:51]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að einnig nefndi hann í upphafi fundar að við það væri miðað að upp úr kl. fjögur hæfist þessi umræða. Ég vil einnig nefna að forseti hefur fengið beiðni um það að hæstv. ráðherra verði viðstaddur 9. og 10. dagskrármálið, sem eru á hans málasviði þannig að forseti gaf sér að ráðherrann hæstv. hefði tíma til hálffimm eins og nefnt var í upphafi fundar.

[14:51]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem fram hefur komið hjá hæstv. forseta að sú er ósk okkar flutningsmanna 9. og 10. dagskrármáls að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur umræðu um þau mál og átti ég von á því að ráðherrann hefði skipulagt daginn með tilliti til þess. Ég ítreka það um leið og ég staðfesti þetta þannig að það verður að fylgjast að, að hæstv. ráðherra verði viðstaddur og 9. og 10. mál séu tekin hér til umræðu.

[14:52]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að taka undir þetta. Það hefur verið reynt að skipuleggja dagskrár þingdaganna núna þannig að mál sem tilheyra sömu ráðherrum séu tengd saman á dagskránum þannig að á hverjum degi séu t.d mál sem eru á verkefnasviði viðkomandi ráðherra, í þessu tilviki iðn.- og viðskrh. Í dag háttar þannig til að mál, ég held 10, 11 og 12 ef ég man rétt, voru færð til á dagskránni frá uppkasti til að þau gætu verið eins nálægt málum hæstv. ráðherra og mögulegt er þannig að hann gæti fylgst með umræðu um þau, þ.e. þau frv. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er 1. flm. að og það frv. sem ég er 1. flm. að, um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Ég verð því að taka undir það að ég legg á það mikla áherslu að við reynum að finna lausn á þessu máli þannig að ráðherrann sé viðstaddur þessa umræðu. Reyndar finnst mér að stjórnarandstaðan sé oft á tíðum óþarflega lítilþæg í þeim efnum að sætta sig við að mál séu tekin á dagskrá og til umræðu án þess að ráðherrar viðkomandi málaflokks séu viðstaddir.

[14:53]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er alls ekki að skjóta mér undan því að vera viðstaddur þessa umræðu um þau tvö gagnmerku mál sem hér eru sett á dagskrá. Það hefði hins vegar verið, að mér finnst, skynsamlegt að óska eftir því. Ég er að heyra þessa ósk núna frá hæstv. forseta, heyra að sú ósk hafi borist til hæstv. forseta að ég yrði viðstaddur þessa umræðu. Því miður hafði ég bundið mig annars staðar. Ég gekk út frá því að strax að lokinni þessari umræðu um 8. dagskrármálið gæti umræðan um Landsvirkjun, sem hér á að fara fram utan dagskrár, hafist.

[14:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta það sem hann sagði hér áður að hann gat þess í upphafi fundar að við það væri miðað — um áætlun var að sönnu að ræða — að umræðu um átta fyrstu dagskrármálin og afgreiðslu þeirra yrði lokið um fjögurleytið. Það hefur gengið hraðar en ráð var fyrir gert. Hins vegar hafa þingmenn tekið mið af þeim skilaboðum forseta. Aukin heldur hefur komið fram skýr ósk af hálfu frummælenda í 9., 10. og 11. dagskármálinu að hæstv. ráðherra verði hér viðstaddur og fer forseti eindregið þess á leit að sú ósk verði virt. Forseti mun því halda þeirri áætlun sem hann nefndi áðan. Hæstv. ráðherra hefur þegar tekið til máls tvisvar um stjórn fundarins. (**Iðnrh.:** Ég er tilbúinn til að halda áfram núna með þessi mál en ég bið þá um frestun á utandagskrárumræðunni.) Ef þannig er í pottinn búið að hæstv. ráðherra getur ekki verið hér kl. fjögur þá sér forseti ekki önnur ráð að svo komnu máli en að gera tíu mínútna hlé á þessum fundi og að við ráðum ráðum okkar og reynum að koma þannig málum fyrir að hægt verði að afgreiða þau mál sem hér var tilkynnt um í upphafi fundar. Fundinum er frestað.

[Fundarhlé. — 14:55]

[14:59]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna umræðu um stjórn fundarins sem fram fór fyrir fundarhlé vill forseti geta þess að um það hefur orðið samkomulag að margnefnd utandagskrárumræða hefjist eftir 30 mín. eða á slaginu hálffjögur.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

og

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[14:59]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir tveimur frv. til laga sem eru 14. og 15. mál þingsins. Það er frv. til laga um jarðhitaréttindi og frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar og breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flutningsmenn beggja málanna eru þingmenn Alþb., níu talsins. Ég er fyrsti flutningsmaður þessara mála. Það hefur orðið samkomulag við hæstv. forseta að mæla fyrir þessum frv. báðum í sameiningu, eins og gert var á síðasta þingi til að greiða fyrir þingstörfum og einnig með tilliti til þess að frumvörpin eru að eðli til um hliðstætt efni, þ.e. að lögfesta þjóðareign á þeim náttúrauðlindum sem um er að ræða og fram koma í heiti frumvarpanna.

Það er ástæðulaust fyrir mig að eyða mjög löngu máli í að reyfa þessi mál þar sem þau hafa verið til umræðu í þinginu og meðferðar í þingnefndum í fjölmörg ár. Það eru líklega 12–13 ár síðan frv. þessi komu fyrst fram og þá sem stjfrv. voríð 1983 og höfðu verið undirbúin í tíð ríkisstjórna á þeim tíma. Síðan hafa þau verið flutt í þinginu, í neðri deild þingsins á meðan þingið starfaði í tveimur málstofum, margoft til þess að ýta á eftir um afgreiðslu þeirra og láta reyna á þingviljann í þessu efni. Efni frv. er — og þá er rétt að taka fyrst fyrir frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar — mjög skýrt og einfalt. Varðandi það frv., 15. mál, kemur fram í 1. gr. meginefni þess, svohljóðandi:

„Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr."

Í 2. gr. er að finna nokkrar undanþágur frá því ákvæði.

Þetta frv. um orku fallvatna er eins og fram hefur komið upphaflega flutt sem stjfrv. í ríkisstjórn sem ég átti sæti í á sínum tíma, 1983 og byggði á nál. um virkjunarrétt fallvatna, stjórnskipaðrar nefndar sem hafði samið frv. Var tekið tillit til álits nefndarinnar sem skilaði þó ekki sameiginlegu áliti því að einn nefndarmaður skilaði séráliti sem minni hluti þessarar nefndar og hefur það verið látið fylgja frv. æ síðan til þess að öllu sé til haga haldið varðandi undirbúning málsins.

Hitt frv. um jarðhitaréttindi, kveður á um í 1. gr. að:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina."

Í 6. gr. frv. er síðan að finna ákvæði sem tekur til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði, með svofelldum hætti:

„Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr. "

Með tilvitnun í þessar greinar frumvarpanna hef ég dregið fram kjarnann í efni þeirra. Síðan er að finna í öðrum greinum nánari útfærslu á ýmsum þáttum málsins, þar á meðal um heimildir þeirra sem hafa byrjað hagnýtingu eða byrja hana fyrir tiltekinn tíma. Í frv. um jarðhitaréttindi er miðað við ársbyrjun 1998 þannig að rúmur tími sé ætlaður til umþóttunar. Einnig er í því frv. að finna sérstök ákvæði um rétt sveitarfélaga til hagnýtingar. Þessi mál liggja því skýrt fyrir.

Í greinargerðum frumvarpanna er síðan að finna rökstuðning fyrir því að setja lög af þessum toga. Minnt er á forsögu málsins sem nær langt aftur á þessa öld. Í raun má rekja hana til umfjöllunar Alþingis um fossamálin svonefndu en síðan komu þessi mál við sögu árið 1945 af hálfu dr. Bjarna Benediktssonar og 1956 af hálfu prófessors Ólafs Jóhannessonar, beggja löglærðra manna og virtra þingskörunga og formanna flokka á Alþingi og í landinu og sem voru burðarmiklir hér á Alþingi. Af hálfu þessara aðila sem og fræðimanna í rétti eins og Ólafs Lárussonar hefur það verið talið réttmætt og eðlilegt að þrengja einkaeignarréttar eins og hér er gert ráð fyrir eða eins og þeir lögðu til á sínum tíma. Ég vil út af fyrir sig ekki ætla þeim að skrifa upp á í öllum atriðum það sem stendur í frv. þessum. Það væri kannski heldur langt seilst. En í aðalatriðum að það væri eðlilegt miðað við ákvæði íslenskrar stjórnarskrár að þrengja einkaeignarréttinn að þessu leyti og lýsa verðmæti af þeim toga sem hér um ræðir sem þjóðareign.

Þá vil ég einnig benda á, virðulegur forseti, að fyrir þinginu liggur frv. til stjórnarskipunarlaga sem Ragnar Arnalds er 1. flutningsmaður að og er um breytingu á stjórnarskrá varðandi náttúruauðlindir, m.a. það sem hér um ræðir. Þar er um endurflutning á máli að ræða. Gerir það ráð fyrir að stjórnarskránni verði breytt að þessu leyti. Ef samstaða væri um það ættu deilur um hvað sé heimilt innan ramma stjórnarskrár að vera úr sögunni, ef vilji er til að breyta stjórnarskránni eins og þar er gert ráð fyrir. Ég vil einnig vekja athygli á því, virðulegur forseti, í tengslum við þetta mál að Alþingi samþykkti vorið 1990 frv. sem ég var 1. flutningsmaður að um að lýsa auðlindir á og í hafsbotni þjóðareign, á öllu svæðinu innan auðlindalögsögu Íslands. Var þar um að ræða mjög viðamikla lögfestingu og í rauninni viðurkenningu á sjónarmiðum hliðstæðum þeim sem hér er verið að leggja til um að lýsa þjóðareign að lögum.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að fara að vitna til atriða úr greinargerðum með frv. þessum svo oft sem þau hafa hér verið reifuð. En ég hlýt, virðulegur forseti, að nota tækifærið til að spyrja hæstv. iðnrh. hvað líði undirbúningi frumvarpa af hálfu ríkisstjórnarinnar um þau efni sem hæstv. ráðherra boðaði á síðasta þingi og komu þá oft til umræðu og eru raunar tíunduð í málaskrá ríkisstjórnarinnar, bæði undir forsrn. þar sem um er að ræða frv. til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, afrétta og þjóðlendna og hins vegar frv. til laga um eignarrétt og nýtingu á auðlindum í jörðu sem iðnrn. boðar að flutt verði.

Ég gekk eftir því ítrekað á síðasta þingi og undir það tóku fleiri hv. alþm., að knýja á um svör af hálfu hæstv. iðnrh. hvenær þessi mál sem hann þá boðaði í fyrrahaust, fyrir einu ári síðan að kæmu inn á síðasta þingi, í raun fyrir áramót á síðasta þingi en ekkert varð af efndum að því leyti. Síðan var málið rætt og ítrekaðar fyrirspurnir síðla á vorþingi og hæstv. ráðherra viðurkenndi þá að ekki væru tök á því að leggja málið fyrir þingið. En í þingræðu um þessi efni síðasta vor sagði ráðherrann, ég held að það sé rétt, virðulegur forseti, að vitna til orða hans 14. maí 1996 hér í þinginu:

„Ég vonast til þess að þurfa ekki að lenda í þessum sporum [þ.e. í sporum forvera sinna] og hægt verði að koma þessum frv. hér inn í þingið næsta haust þannig að maður standi ekki frammi fyrir því. En eins og ég segi, það hefur mikið verið útbúið af efni um þetta en það eru auðvitað mjög miklar pólitískar deilur um það hvernig eigi að líta á eignarréttinn, hvaða augum eigi að líta hann í þessu sambandi."

Þarna boðar hæstv. ráðherra að frumvörpin komi næsta haust inn í þingið. Þann 29. maí eru mál þessi enn til umræðu hér af tilefni umræðu utan dagskrár og þá segir hæstv. iðnrh., með leyfi forseta:

„Ég vænti þess að sú nefnd [þ.e. sú sem er að vinna að frv. sem hæstv. iðnrh. ætlaði að flytja] ljúki störfum í sumar og unnt verði að leggja fyrir Alþingi næsta haust frumvarp eða frumvörp þar sem skýrt verði kveðið á um eignarrétt og ráðstöfunarrétt yfir þessum auðlindum."

Þetta eru orð núv. hæstv. iðnrh. Ég get minnt á það, virðulegur forseti, að fallið hafa svipuð orð frá forverum hæstv. ráðherra, margoft hér þegar þessi mál hafa verið til umræðu og eftir þeim hefur verið gengið. Það ætlar satt að segja að verða langur lopinn í sambandi við þessi efni af hálfu stjórnarráðsins og ábyrgðaraðila þessara mála þar þegar litið er yfir söguna frá 1985. Ég nefni það vegna þess að ég held að þá hafi verið sérstaklega eftir því gengið í tengslum við endurflutning á frumvörpum sem ég lagði inn í lok stjórnartímabils ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens 1983.

Ég vil líka minna á það, virðulegur forseti, að á síðasta þingi var lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri breytt með lögum nr. 46 þar sem verið var að aðlaga íslenska löggjöf að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þar segir, með leyfi forseta, og ég held að það sé rétt að halda eftirfarandi til haga:

„Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu." En svo segir, virðulegur forseti: „Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru EES-ríki. Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum."

Þessi ákvæði varða beint rétt útlendinga samkvæmt núgildandi löggjöf um jarðhitann sérstaklega og orku fallvatna. Það er eðlilegt að líta til þessara ákvæða þegar við ræðum þessi efni. Fyrirvarinn sem samið var um þegar Íslendingar gerðust aðilar að Evrópsku efnahagssvæði féll úr gildi við síðustu áramót þannig að ákvæði samningsins samkvæmt

tilvitnuðum lögum er nú í gildi með þeim fylgjum sem af því geta hlotist.

Ég minni á það, virðulegur forseti, að af hálfu þingmanna Alþfl. hafa komið fram í þinginu frv. sem eru af skyldum toga. Á síðasta þingi fluttu þingmenn Alþfl., með hv. þm. Sighvat Björgvinsson sem 1. flm., tvö frv.; 321. og 322. mál 120. löggjafarþings um eignarhald á auðlindum í jörðu og um virkjunarrétt fallvatna. Þó að ákvæði séu þar sett fram á nokkuð annan hátt en í þeim frv. sem ég mæli hér fyrir þá er þar svipuð hugsun á ferðinni. Hér er dæmi um mál sem samstaða er um má segja í aðalatriðum milli Alþfl. og Alþb. Það verður ekki sagt að þau séu svo mjög mörg stóru málin þar sem þessir flokkar slá á sömu strengi. En í þessum efnum hafa þeir verið samstiga og það er vel þó ekki hafi þeir haft erindi sem erfiði, t.d. hjá Alþfl. í ríkisstjórnum sem Alþfl. sat í frá 1991 að telja, með Sjálfstfl. En á því stjórnartímabili var mjög rammlega gengið frá málum í sjálfum stjórnarsáttmálanum um að sett yrði löggjöf, mig minnir á 115. þingi, um þessi efni sem Alþfl. nú í stjórnarandstöðu hefur flutt frv. um á síðasta þingi.

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða ein stærstu mál sem hefur borið fyrir þingið nú og á mörgum undanförnum árum. Mál sem varða þjóðréttindi Íslendinga, yfirráð yfir því sem við trúum að séu auðlindir og höfum þegar reyndar hagnýtt í allríkum mæli til bættra lífskjara fyrir þjóðina og ætlum að nýta og vernda svo sem réttmætt er og samkomulag er um á hverjum tíma. Ég tel það vera blett á Alþingi Íslendinga að hafa ekki unnið sig fram úr þessum málum með lagasetningu fyrir löngu síðan og það beri að kappkosta að bæta þar úr við allra fyrsta tækifæri. Við flm. þessara frv. höfum jafnan tekið það fram að við séum reiðubúnir að líta á aðrar lausnir sem lúta að því að náð verði sömu markmiðum ef um það gæti tekist samstaða. Þrákelkni okkar við málflutning þennan er fólgin í því að stærð málsins er slík að það er ekki hægt annað en halda því á dagskrá þingsins á meðan ekki hefur verið úr bætt með löggjöf.

Ég geri að tillögu minni, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. iðnn. þingsins.

[15:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um hvað liði frumvarpssmíð um þau mál er hv. þm. mælti hér fyrir, þ.e. frumvarpssmíð á vegum ríkisstjórnarinnar. Það kom ítrekað fram við fyrirspurnir á fyrra þingi að það var nefnd að störfum sem ég skipaði til þess að fara yfir þessi mál. Sú nefnd skilaði af sér tillögum í sumar, fullbúnu lagafrv. sem núna er til umfjöllunar í ríkisstjórn. Frv. um eignarrétt á auðlindum í jörðu er þar til umfjöllunar og frv. um þjóðlendur er þar einnig til umfjöllunar.

[15:17]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig áfangi og ánægjuefni að stjórnskipuð nefnd hæstv. iðnrh. hefur skilað tillögum sínum og væntanlega áfangi í málinu. Ég fylgdist með blaðaskrifum á liðnu sumri um þessi efni og hvaða hugsun væri uppi í sambandi við þessi mál, en ég hlýt að spyrja hæstv. iðnrh.: Hverjar eru horfurnar innan hæstv. ríkisstjórnar að því er varðar afgreiðslu á þessum málum til Alþingis? Hvenær gerir ráðherra ráð fyrir því að málin komi hér fram í þinginu? Er einhver sá ágreiningur uppi milli stjórnarflokkanna í þessum efnum að ástæða sé til að ætla að þær hugmyndir sem þar eru uppi nái ekki að koma fram í þinginu?

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort hann muni, miðað við það að málin komi fram fljótlega, eiga hlut að því að reyna að ná sem víðtækastri málamiðlun í þinginu í heild með tilliti til þeirra frumvarpa sem ég hef hér reifað, með tilliti til annarra mála sem hugsanlega kunna að koma fram frá öðrum þingflokkum í stjórnarandstöðu, hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að málin verði tekin þannig tökum að sem víðtækast samkomulag megi takast.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú nefnd sem vann að gerð frv. um eignarrétt á auðlindum í jörðu var skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna, Framsfl. og Sjálfstfl. Formaður nefndarinnar var hv. alþm. Stefán Guðmundsson. Í nefndinni voru einnig hv. alþm. Sturla Böðvarsson, Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur og Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur.

Milli þessara aðila varð einróma niðurstaða um þær tillögur sem lagðar voru fyrir og sú umræða sem fram hefur farið í ríkisstjórninni bendir líka til þess að um þetta mál verði mjög góð sátt milli stjórnarflokkanna.

Það er ekki eðlilegt að kynna í þingsal efnisinnihald þessa frv. á meðan þingflokkar stjórnarflokkanna hafa málið til meðferðar — og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit að það er eðlilegur verkgangur hér í frumvörpum, hvernig þau koma inn í þingið. Þar sem um stjfrv. verður að ræða hljóta þingflokkar stjórnarflokkanna að verða að fjalla um málið áður en það er lagt fyrir Alþingi þannig að málið sé stjfrv.

Ég vil ekki gefa mér það og er þess vegna ekki tilbúinn til að vera með neinar yfirlýsingar um samstarf í þeim efnum. Ég er bara ekki tilbúinn til þess að gefa mér það og vil ekki ganga út frá því í þessu máli að um þetta verði einhver mikill ágreiningur. Við verðum að sjá til þegar frv. kemur inn í þing, hvort um málið verður ekki tiltölulega góð sátt. Ég tel þetta vera mjög mikilvægt mál. Fari það hins vegar svo að um málið séu skiptar skoðanir, þá er sá ráðherra sem hér stendur tilbúinn til þess að reyna að leita leiða til sátta því að auðvitað er í hvaða máli sem er mjög mikilvægt að náðst geti sem víðtækust samstaða um mál í gegnum þingið.

[15:21]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þau mál sem hér eru á dagskrá eru annars vegar um eignarrétt á landareignum sem fela í sér jarðhita eða nýtingarrétt á jarðhita og hins vegar frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar. Í báðum tilvikum er 1. flm. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson en aðrir flutningsmenn þingmenn Alþb. Og frá því er sagt í greinargerð með þessum frumvörpum að þau hafa verið flutt mjög lengi, árlega á Alþingi á undanförnum árum.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. og frsm., Hjörleifs Guttormssonar, að þetta eru mjög veigamikil mál. Þessir málaflokkar eru einhverjir hinir stærstu og þýðingarmestu sem Alþingi fjallar um. Nú vill svo til að þeir munu setja mjög svip sinn á það þinghald sem nú stendur yfir.

Við erum hér að ræða um auðlindastefnu. Aðalmál á Alþingi í gær var einnig um auðlindastefnu, um nýtingu á sjávarauðlindinni. Hér er verið að vekja upp spurningar sem varða grundvallaratriði um eignarhald og nýtingu á jarðhita

og orku fallvatna. Í svari hæstv. ráðherra kom fram að að loknum löngum undirbúningstíma er von á stjfrv. sem taki með einhverjum hætti á þeirri réttaróvissu eða þeirri óvissu sem ríkt hefur um eignarhald, eignarrétt og nýtingarrétt að því er varðar það sem nú er kallað þjóðlendur, þ.e. land á afréttum eða utan marka heimalanda bújarða, þannig að eignarhald á hálendinu, eignarhald á auðlindum, eignarhald á fiskimiðunum, allt eru þetta mál sem eru óútkljáð og eru öll til umræðu á þessu þingi.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að því að að frumkvæði hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, fyrrv. iðnrh., fluttum við jafnaðarmenn á fyrra þingi frv. um þessi mál og reyndar fyrir utan spurningarnar um eignarhald á auðlindum, jarðhita og fallvatnaorku einnig um rekstrarform á Landsvirkjun í ljósi gerbreyttra viðhorfa og gerbreyttra aðstæðna eftir að niður er fallinn fyrirvarinn sem settur var varðandi einkarekstur opinberra aðila í orkugeiranum gagnvart EES-samningnum.

Það er satt að segja meira en lítið undarlegt að mál af þessu tagi sem verið hafa á dagskrá íslenskra þjóðmála eiginlega alla þessa öld skuli nú þegar við erum í augsýn næstu aldar vera öll nánast í uppnámi, að Alþingi skuli ekki hafa tekist að leiða þessi mál til lykta með ákveðnum og öruggum hætti þannig að fyrir liggi í löggjöf reglur um grundvallaratriði varðandi eignarrétt og nýtingu á þessum auðlindum. Það er mjög mörgum spurningum ósvarað. Að sumu leyti mótast svörin af grundvallarviðhorfum þeirra sem svara. Það flokkast undir grundvallarsjónarmið okkar jafnaðarmanna að auðlindir, sem fyrst og fremst þykja verðmætar vegna þróunar þjóðfélagsins, vegna vaxtar þéttbýlis, vegna nýrrar tækni eða þar sem svo háttar til að einkaeignarrétturinn eða eigendur landa hafa ekki upphaflega greitt neitt fyrir auðlindir, hvort heldur eru rennandi vatn eða jarðvarmi, og verðmæti þessara auðlinda er fyrst og fremst til komið fyrir þróun þjóðfélagsins án tilverknaðar eiganda, þá myndast þar gríðarlegur arður vegna þarfar almennings á að nýta auðlindina og spurningin er: Á þessi arður að renna í hlut þjóðfélagsins í heild sem hefur þá gert þetta að verðmætum eða á þetta að reynast verða lottóvinningur í höndum einkaeigenda sem ekkert hafa greitt fyrir hann og ekkert stuðlað að því að gera þetta að verðmætum? Það er grundvallaratriði jafnaðarstefnu að arðurinn af auðlindum sem þannig verður til renni til almennings en verði ekki tilviljunarkenndur happdrættisvinningur einkaaðila sem ekkert hafa lagt af mörkum.

Það væri ástæða til að ætla að um þetta mál væri víðtækari málefnaleg samstaða heldur en á milli okkar jafnaðarmanna í Alþfl. og Þjóðvaka og í Alþb. Það væri t.d. ástæða til að spyrja hæstv. iðnrh., ef hann væri í húsinu enn þá, mér sýnist hann nú ekki vera það, hvort þeir sem flokkast undir lærisveina Jónasar frá Hriflu og telja sig bæjarradíkala í Framsfl., séu ekki svipaðrar skoðunar. Vel má vera að það sé eitthvað á huldu, en það er kannski ástæða til að spyrjast fyrir um það hvort sjónarmið af þessu tagi eigi ekki einhvern hljómgrunn a.m.k. í þeim armi Framsfl. Sjálfum er mér kunnugt um það að meðal almennings, frjálslyndra og umbótasamra kjósenda Sjálfstfl., njóta þessi sjónarmið verulegs stuðnings og það inn í raðir flokksins því að þeir menn sem einhvers meta t.d. fræðileg skrif dr. Bjarna Benediktssonar um auðlindastefnu og auðlindanýtingu eru margir hverjir þeirrar skoðunar að þessi grundvallarsjónarmið okkar jafnaðarmanna séu rétt og að þau beri að halda í heiðri.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni. Það var ætlunin að hafa utandagskrárumræðu kl. hálffjögur, hvort hv. þm. vill fresta ræðunni eða hvort hann vill fá einhverjar mínútur til að ljúka henni.)

Því er til að svara, herra forseti, að ég er svona nokkurn veginn í byrjun ræðunnar og mun því fara að tilmælum forseta og gera hlé.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Þannig að hv. þm. mun fresta ræðu sinni, takk fyrir.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eigendaskýrsla um Landsvirkjun.

[15:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér í gær var umræða um þingsköp Alþingis og í þingskjalinu sem var til umræðu kom fyrir orðið „framkvæmdarvaldsþing", að þingið væri orðið allt of mikið framkvæmdarvaldsþing. Þetta orð fór dálítið í taugarnar á hæstv. forseta og hæstv. varaforseta. Menn töldu þetta ósanngjarnt og að mörgu leyti má segja að það sé það vegna þess að núv. hæstv. forseti hefur beitt sér fyrir því að þingið yrði stöðugt myndugra í meðferð mála.

Það er hins vegar að gerast meira og meira finnst mér, hæstv. forseti, núna í seinni tíð lítandi yfir þann tíma sem ég hef verið hér, að tækniræðið er að yfirtaka þingræðið og þingmenn eru að breytast í tæknimenn. Þingmenn verða þingtæknar og þingræðið snýst um tækniræði frekar en annað. Þetta er alvarlegt umhugsunarefni, hæstv. forseti, og tilefni þessara orða minna er það að núna er verið að skila skýrslu sem hæstv. iðnrh. ætlar að kynna á blaðamannafundi. Hann ætlar að segja frá skýrslu sem unnin hefur verið á laun af mjög þröngri nefnd á vegum eignaraðila Landsvirkjunar, en í henni eru tveir framsóknarmenn, einn sjálfstæðismaður og tveir embættismenn. Þessi nefnd gerir hvorki meira né minna en tillögur um það að Landsvirkjun borgi eigendum sínum arð á næstu árum burt séð frá öllu öðru upp á 500–700 millj. kr. á ári og þætti nú mörgum fyrirtækjum og mörgum aðilum í landinu gott að geta ákveðið arðhlutfallið til 15 ára, en það mun vera efni niðurstöðunnar samkvæmt frétt í Morgunblaðinu á dögunum. Jafnframt er tekin ákvörðun um það, samkvæmt frétt í Morgunblaðinu á laugardaginn, hvert eigi að vera verð orkunnar frá Landsvirkjun á næstu 10–20 árum. Þætti það líka gott í ýmsum fyrirtækjum að geta spáð með óyggjandi hætti fyrir um verðlag á þjónustu sinni og arðgreiðslur svo langt fram í tímann.

Þetta er ekki síst athyglisvert vegna þess, hæstv. forseti, að Landsvirkjun er skuldugt fyrirtæki, skuldar 50 milljarða kr., og eitt brýnasta verkefnið í orkumálum á Íslandi er að mínu mati það að taka þær skuldir niður. En jafnframt er það brýnt verkefni í orkumálum á Íslandi, hæstv. forseti, að skapa samstöðu um Landsvirkjun en að því hefur ekki verið unnið af núverandi hæstv. ráðherra, þvert á móti. Þær ákvarðanir eins og að þeim var staðið og teknar voru um Nesjavallavirkjun stuðla ekki að samstöðu um Landsvirkjun og sú niðurstaða, ef niðurstöðu skyldi kalla, sem fékkst í 20 manna nefnd hæstv. iðnrh. um orkumál, sem er reyndar engin niðurstaða af því að flestallir sögðu sig frá henni, slík niðurstaða eða það skjal stuðlar heldur ekki að samstöðu. Því

að hvers virði er það nefndarálit um orkumál sem fulltrúar Landsvirkjunar segja sig frá, að ekki sé minnst á það að fulltrúar Alþb., Alþfl. og Kvennalistans í þeirri nefnd skiluðu verulegum fyrirvörum við nefndarálitið?

Þetta er því staðan, hæstv. forseti, að núv. hæstv. iðnrh. er að skapa óvissu og ókyrrð í orkumálum í landinu. Það má segja að hvar sem hann kemur að þessum málum, þá skapist vandi og er þá mikið sagt og það eru vond örlög fyrir einn ungan ráðherra að standa frammi fyrir þeim niðurstöðum.

Niðurstaðan er sú, hæstv. forseti, að eignaraðilum er stillt við vegg, Reykjavíkurborg er stillt upp við vegg, Alþingi á að stilla upp við vegg. Það ætla þessir tækniráðsmenn að gera og þá kemur spurningin: Hvað lætur Alþingi bjóða sér? Það kemur í ljós fljótlega.

Við höfum á síðustu missirum oft rætt þessi mál, orkumál, hér í þessari virðulegu stofnun. Það tókst m.a. vegna umræðna hér að stöðva aðförina að Orkustofnun. Ég segi, hæstv. forseti, og ég spyr ráðherrann ekki neins í þessu máli, að ég vona að það takist að koma í veg fyrir að sú óheillavegferð sem lagt er af stað í með vinnubrögðum ráðherrans í þessu máli verði stöðvuð vegna þess að ofan á allt annað er þannig að málunum staðið að það hefur aldrei verið borið undir stjórn Landsvirkjunar hversu mikið á að borga út í arð eða hvert verðlagið á að vera á þjónustu fyrirtækisins til næstu 10–20 ára. Með öðrum orðum er stjórn fyrirtækisins algerlega sett til hliðar og vonandi tekst hv. Alþingi að koma vitinu fyrir ráðherrann í þessu máli.

[15:36]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Aðeins að málflutningi hv. þm. og þeim ófriði sem iðnrh. hefur skapað um orkumálin. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru tvær nefndir sem iðnrh. hefur skipað til að fara yfir orkumál, annars vegar um skipulag orkumálanna. Fjölmennur hópur allra stjórnmálaflokka, allra hagsmunaaðila í landinu, 20 manna nefnd, er sammála um meginniðurstöðuna. Ófriðurinn er þessi, hv. þm.

Að ósk borgarstjórans í Reykjavík, Reykjavíkurlistans, sem við hv. þm. styðjum svo eindregið, og bæjarstjórans á Akureyri er óskað eftir því við iðnrh. að eignaraðilar, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og ríkið, þetta er að ósk borgarstjórans í Reykjavík og meiri hlutans þar, að Landsvirkjunareignarhaldið verði sérstaklega skoðað, stjórnfyrirkomulag fyrirtækisins, hlutverk þess og rekstrarform. Og af hverju? Vegna þess að borgarstjórinn í Reykjavík hafði í mörgum sjónvarpsviðtölum oft og iðulega sagt: Það er eðlilegt að Reykvíkingar, hv. þm. Svavar Gestsson, (**Gripið fram í:** Þingmaður Reykjavíkur.) þingmaður Reykjavíkur, það er eðlilegt að Reykvíkingar fái arð af þessari miklu eign sem þeir eiga í Landsvirkjun, en ríkið á auðvitað líka — og þá eiga önnur landsvæði að njóta í þeim efnum — ríkið á að fá þennan arð líka.

Arðurinn á ekki, hv. þm., að renna til stjórnar Landsvirkjunar. Það er mikill misskilningur. Hann á að renna til eignaraðilanna. Og á grundvelli þessa skipaði iðnrh. nefnd sem í eiga sæti tilnefndir fulltrúar — frá hverjum? Tveir *frá borgarstjórn Reykjavíkur, frá minni hlutanum og meiri* hlutanum, tveir frá Akureyrarbæ, frá minni hlutanum og frá meiri hlutanum, og tveir fulltrúar ríkisins sem voru ekki pólitíkusar eins og hv. þm. orðaði það. (**SvG:** Fulltrúar pólitíska ráðherra.) Það er ráðuneytisstjórinn í iðnrn. sem er formaður nefndarinnar og það er fulltrúi fjmrh., starfsmaður fjmrn. Nefndin kemst að niðurstöðu og er sammála um niðurstöðuna, hv. þm. (Gripið fram í.) Þeir fengu virt erlent ráðgjafarfyrirtæki til að meta eignarhluta allra aðila í fyrirtækinu. Þeir liggja fyrir, nefndin er sammála. Fulltrúar eignaraðilanna, borgarstjórinn í Reykjavík, iðnrh. og bæjarstjórinn á Akureyri hafa skrifað undir tillögur nefndarinnar og eru tilbúnir til að leggja þessar tillögur fyrir þá aðila sem um málið eiga að fjalla. (Gripið fram í.) Í borgarráði, hv. þm., í borgarráði í dag voru þessar tillögur nú fyrir nokkrum mínútum síðan samþykktar einróma. Á fundi bæjarráðs Akureyrar voru þessar tillögur samþykktar einróma.

Gegn hverju er þessi hv. þm., Svavar Gestsson, að berjast? Það er samkomulag milli allra pólitískra flokka að gera þær breytingar sem tillögur liggja fyrir um. Í ríkisstjórn í morgun voru þessar tillögur samþykktar. Ég skil ekki á móti hverju hv. þm. Svavar Gestsson er að berjast. Er hann að berjast gegn hagsmunum Reykvíkinga? Er hann að berjast gegn því að það sé hægt að nýta arðinn sem út úr þessu fyrirtæki kemur til atvinnusköpunar víða úti á landsbyggðinni?

Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, gegnir mjög mikilvægu hlutverki í atvinnuuppbyggingu í landinu og þannig viljum við nýta þann arð, fyrirtækið eigi að vinna á þessu sviði. Auðvitað, hv. þm., mun þetta mál koma til umfjöllunar á Alþingi vegna þess að í kjölfar þessa allsherjarsamkomulags allra pólitískra flokka mun verða að leggja fyrir Alþingi frv. sem tryggir að sameignarsamningurinn sem undirritaður hefur verið gangi eftir og þá fær hv. þm. auðvitað að fjalla um málið og taka til þess mjög langan tíma. Þannig að málið kemur hér aftur til umfjöllunar á Alþingi.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að marggefnu tilefni minnir forseti enn á ákvæði 54. gr. þingskapa, en þar er þetta ákvæði: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

[15:41]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Fyrir ekki löngu síðan skilaði nefnd sem hæstv. fjmrh. hafði skipað, ég man ekki hvort það var með atbeina viðskrh. líka, til þess að gera úttekt á samkeppnisstöðu Íslendinga. Niðurstaðan varð sú að það væri mjög einkennandi fyrir íslenskan þjóðarbúskap að hann lyti ekki lögmálum samkeppni, heldur væri í fjötrum einokunar, ríkisforsjár og fákeppni. Mörg dæmi voru nefnd um þetta, m.a. hið veigamikla svið sem hér er til umræðu, þ.e. orkuframleiðsla, dreifing og sala.

Nú vill svo til að það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum verða gríðarlegar fjárfestingar í okkar þjóðfélagi í þessari grein og hafa verið nefndar tölur allt í allt að því er varðar bæði virkjunarmannvirki, dreifimannvirki og úrvinnslu upp á 38 milljarða kr. Það eru með öðrum orðum gríðarlegar fjárfestingar fram undan í þessum geira.

Þar að auki liggur ljóst fyrir að það er af mörgum ástæðum utanaðkomandi og öðrum brýnt að rjúfa þessa einokun og það þarf að gera greinarmun á því hverjir stunda framleiðslu, *hverjir dreifa og það þarf að koma samkeppni til verndar* almannahagsmunum og gæta hagsmuna neytenda í þessari grein. Þess vegna er í alla staði eðlilegt að leita álits sem flestra um það hvernig eigi að taka á þessum málum til frambúðar.

Hæstv. ráðherra nefndi að hann hefði skipað fjölmenna nefnd, 20 manns, fulltrúa allra flokka sem hefur skilað áliti

til þingflokka og fullyrti að þar væri samstaða um meginniðurstöður. Það kann að orka nokkuð tvímælis því það eru fyrirvarar frá fulltrúum allra flokka, eða fulltrúum a.m.k. stjórnarandstöðuflokkanna eftir því sem ég best veit. (Forseti hringir.) Og að því er þetta mál varðar þá vil ég aðeins segja það í einni setningu, að þetta mál á að taka til mjög rækilegrar umræðu í þingflokkum og ekki útiloka þar neina frá málinu því að það er gríðarlega mikilvægt eins og hæstv. ráðherra sagði að allt verði gert til þess að unnt er til þess að skapa samstöðu til framtíðarstefnumótunar um málið.

[15:43]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt eins og hér hefur komið fram að það er mjög mikilvægt að sæmileg sátt sé um Landsvirkjun. Landsvirkjun er mjög mikilvægt fyrirtæki í okkar þjóðarbúskap, hefur einokunaraðstöðu eins og er og gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í orkuvinnslu og orkudreifingu. Þess vegna held ég að það sé gagnlegt og nauðsynlegt að taka umræður um þá endurskoðun sem hefur farið fram á samstarfssamningi eignaraðila og er tilefni þeirrar umræðu sem hér fer fram. Stjórn Landsvirkjunar hefur ekki komið að þessari vinnu þannig að út frá því hef ég ekki tækifæri til þess að ræða þá skýrslu eða þá niðurstöðu sem liggur fyrir, enda hefur hún birst mér sem trúnaðarmál í dag þannig að um hana verður ekki fjallað í þessari umræðu. Hins vegar hefur verið nokkuð fjallað um þetta í fjölmiðlum engu að síður.

Ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að endurskoðun á samstarfssamningi eignaraðilanna verður að vera gerð í bærilegri sátt. Það hefur komið fram hér hjá hæstv. iðnrh. að endurskoðunin fer fram að ósk eignaraðilanna, þ.e. meðal annars R-lista meiri hlutans í Reykjavík og er nauðsynlegt að rifja það upp. En endurskoðunin verður hins vegar að tryggja tiltekin meginatriði, t.d. að tryggð sé eðlileg aðild eignaraðila að rekstri fyrirtækisins. Það verður að tryggja að lækkun orkuverðs náist fram sem er geysilega mikilvægt fyrir hagsmunaaðila, ekki síst fyrir hinar dreifðu byggðir, (Forseti hringir.) og síðast en ekki síst verður að treysta og tryggja eðlilegar arðgreiðslur, án þess að þær komi niður á orkuverðinu. Og það vil ég að lokum, virðulegi forseti, segja að sé mjög mikilvægt atriði til þess að um þetta fyrirtæki geti skapast bærileg sátt í þjóðfélaginu.

[15:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í þessu máli er mjög farið aftan að hlutunum, unnið öfugt við það sem ætti að gera og það er eðlilegt að það sé gagnrýnt hér á Alþingi. Er það svo að með hið stóra fyrirtæki Landsvirkjun eigi að ráðskast af þeim sem eru skráðir formlegir eignaraðilar án þess að stjórn fyrirtækisins og án þess að Alþingi komi að málinu? Er það eðlilegt að hæstv. ráðherra líti svo til sem handhafi ríkisvaldsins að stjórn fyrirtækisins komi þetta mál ekki við? Ég vil vísa til þess jafnframt að það mun koma til þess, og hefur verið boðað af hæstv. ráðherra, að gerðar verði tillögur um breytingu á orkulögum og lögum um Landsvirkjun o.s.frv. ef ráðherrann ætlar sér að framfylgja tilskipun Evrópusambandsins sem samþykkt var í júní sl. en ekki leita undanþágu frá henni eða hafna henni sem vissulega kæmi mjög til álita, að vísa henni frá. Og það er sú umfjöllun um hugsanlegar breytingar almennt á lögum um orkumál í landinu og um þetta stóra orkufyrirtæki sem á að vera undanfari þess að farið sé að fjalla um breytingar á fyrirtækinu með þeim hætti sem hér er verið að boða. Að því leyti er hér algjörlega farið aftan að því sem eðlilegt væri í þessu máli. Ég minni á það að Landsvirkjun hefur miklu víðtækari skyldur heldur en felast í formlegri eignaraðild. Þegar síðast voru sett lög um fyrirtækið 1983 og breytingar gerðar á samstarfssamning var leitast við að laða fram sem flesta til þátttöku um leið og með lögum var tryggð sú verðjöfnun sem gildandi lög um Landsvirkjun hafa að geyma.

[15:48]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég fagna þeim ófriði sem hæstv. iðnrh. hefur komið á í orkumálunum, eins og hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það. Og ég vonast til þess að úr þeim ófriði muni spretta breytingar sem verða okkur öllum sem þjóð til góðs. Ég þekki ekki efni þess samkomulags sem hæstv. iðnrh. vitnaði til en ég vona hins vegar innilega að þeir sem hafa unnið að því hafi haft að leiðarljósi að í þessum geira þurfi að ríkja frelsi og samkeppni og menn þurfi að gæta þess í fjárfestingum að þær séu arðsamar. Þar af leiðandi eru þær hugrenningar, sem hér var vitnað til úr þeirri skýrslu sem dreift hefur verið til þingmanna, að mínu viti réttar, að menn hugsi til lengri tíma um það hvort arður sé af þeim fjárfestingum sem eignaraðilar Landsvirkjunar hafa lagt í.

Það hefur verið talað um eign Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun og ég velti því fyrir mér hvernig þessi eign hefur orðið til. Jú, að hluta til hefur hún orðið til í skjóli einokunaraðstöðu. Ég velti því þá fyrir mér hvort það sé rétt að Reykvíkingar einir njóti þess eignarhluta þegar til arðseminnar kemur. Þessi einokunarstaða sem Landsvirkjun hefur haft hefur m.a. komið fram í því að Landsvirkjun hefur nánast haft stöðvunarvald hvað varðar virkjanir annarra orkufyrirtækja í landinu. Og þessu hefur verið beitt a.m.k. gagnvart Hitaveitu Suðurnesja um langt árabil þar sem hafa verið miklir virkjunarmöguleikar sem hafa verið ónýttir. Ég vonast til að þær breytingar sem af þessu munu hljótast leyfi að þeir möguleikar verði nýttir.

Hv. þm. Svavar Gestsson hóf sitt mál á því að ræða um framkvæmdarvaldsþing. (Forseti hringir.) En er ekki hv. þm. að verða hálfgerður framkvæmdarvaldsþingmaður eða þingtæknir (Forseti hringir.) þar sem hann situr í stjórn Landsvirkjunar?

[15:51]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég læt mér í léttu rúmi liggja ónot sem komu frá hv. 2. þm. Reykn. í minn garð og ég vísa þeim á bug. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að taka þátt í þessum orðaleppum, mér finnst þeir ekki einu sinni fyndnir við þær aðstæður sem hér eru uppi núna.

Það sem ég hefði viljað nefna og mér finnst mikilvægt er það sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að í þessu máli á ekki að útiloka neina. En það er hæstv. ráðherra að gera. Það er verið að loka málið inni í þröngri nefnd og það er tækniræðið sem tekur völdin af þingræðinu eins og þetta virðist vera að þróast.

Í öðru lagi er það mikilvægt sem fram kom hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni um þetta mál, að þurfi að stuðla að eins góðri sátt um orkumálin í heild og mögulegt er. Og það er líka mikilvægt sem fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að Landsvirkjun hefur miklu víðtækari skyldur en þjónustu við eignaraðilana á hverjum tíma. Skyldur Landsvirkjunar t.d. varðandi lífskjör og verðjöfnun á raforku eru gríðarlega

miklar. Ég bið menn að tala ekki af gáleysi um þær skyldur því það gæti endað með því að þeim yrði fórnað og það gæti haft þær afleiðingar að lífskjör hér á landi yrðu enn þá misjafnari og verri víða en þau eru og ég trúi því ekki að nokkur þingmaður vilji stuðla að slíku. Og mér finnst það lélegt hjá hæstv. ráðherra þegar hann setur dæmið þannig upp að þingmenn Reykvíkinga megi ekki hafa skoðun á máli af þessu tagi. Þegar hann reynir að gera málflutning minn tortryggilegan með þeim ómerkilega og stráksleg hætti sem hann gerði áðan. Það er málinu vissulega ekki til framdráttar.

Ég held hins vegar að það sé mikilvægt að málið hafi verið rætt hér og ég ætla að lokum að segja: Það er rangt hjá hæstv. ráðherra að það sé samkomulag í 20 manna nefndinni. Það er bullandi ósamkomulag. Sumar undirskriftanna eru ekki undirskriftir vegna þess að frá aðilunum komu ítarlegar (Forseti hringir.) greinargerðir þar sem mótmælt er veigamiklum þáttum í niðurstöðu nefndarinnar. Frá aðilum eins og Landsvirkjun, (Forseti hringir.) stjórnarandstöðuflokkunum og fleirum. Mér finnst það því ills viti að ráðherrann skuli ekki geta lesið opinber plögg skýrar en hann virðist gera og kom fram í hans máli. Ég tel engu að síður mikilvægt að málið (Forseti hringir.) hafi verið rætt hér en ég ætla að spara mér það að svara orðaleppum ráðherrans um málið þar til síðar.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þessi umræða um Landsvirkjun hefur nú snúist yfir í allt annað en að ræða nákvæmlega um það sem *ég held að hv. þm. hafi ætlað að ræða um í upphafi. Hún hefur* snúið fyrst og fremst að því hvert skipulag orkumálanna á að vera í framtíðinni og þeirri nefnd sem hafði ekkert um eignarhald að Landsvirkjun með að gera heldur var að fjalla um skipulag orkumálanna í heild sinni. Þar er samkomulag, hv. þm., um meginniðurstöðuna. Meginniðurstaðan er sú að innleiða samkeppni í orkugeirann í áföngum. Um þetta meginatriði er samkomulag. Það er einn hv. nefndarmaður sem tók þátt í þessu starfi, fulltrúi Alþb., sem varaði við þessari leið. Athugasemdir annarra, sem allir hv. þm. fengu sendar í sín hólf með skýrslunni þannig að þeir gætu kynnt sér hverjar athugasemdir annarra fulltrúa hefðu verið, snúa ekki að þessum hlutum, t.d. athugasemdir fulltrúa þingflokks jafnaðarmanna, heldur snúa að því að það þurfi að tryggja eignarhald á auðlindum í jörðu sem ríkisstjórnin er að vinna að. Þannig er með þeim breytingum sem núna eru lagðar til verið að undirbúa Landsvirkjun undir að menn geti innleitt samkeppni í orkugeirann í áföngum á næstu árum.

Ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að það þarf auðvitað að vera sátt um ákveðin meginmarkmið. Og þau meginmarkmið sem hv. þm. nefndi, að aðkoma eignaraðilanna að fyrirtækinu þurfi að vera skýr. Í þeim tillögum sem núna liggja fyrir og verða kynntar innan tíðar er þetta klárt. Í öðru lagi þarf að móta reglur um arðgreiðslur. Það er verið að gera í fyrsta skipti. Þannig að þetta er verið að tryggja. Að þessu máli núna er ekkert öðruvísi staðið en í tíð þess ráðherra sem fór með iðnaðarmál árið 1983, en ég hef kynnt mér það hvernig að málum var staðið þá. Og það var með alveg sama hætti. **(Gripið fram í:** Hver var það?) (Forseti hringir.) Við skulum láta það liggja milli hluta hver það var, sá hv. þm. sem hér situr í salnum núna veit það sjálfsagt manna best að það var staðið að þessu (Forseti hringir.) með nákvæmlega sama hætti og núna er gert. Það er verið að reyna að leiða fram sátt milli eignaraðila í Landsvirkjun. Það hefur tekist en það er sárt, hv. þm. Svavar Gestsson, sjálfsagt (Forseti hringir.) í þínum huga að það skuli hafa tekist.

Um fundarstjórn.

Utandagskrárumræða um Landsvirkjun.

[15:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að ég óskaði eftir því fyrr í dag að hér færi fram umræða utan dagskrár um þá leyniskýrslu sem hæstv. iðnrh. ætlar að fara að kynna núna á blaðamannafundi og ég píndi hæstv. ráðherra til þess að koma í utandagskrárumræðu á undan blaðamannafundinum. Það var mjög erfitt verk en hann lét sig nú að lokum. Ég lét þess getið í viðtali við hann að ég ætlaði ekki að spyrja hann um neitt vegna þess að ég teldi í sjálfu sér að það væri engin þörf á því. Upplýsingar um málið lægju fyrir að svo miklu leyti sem þær hafa komið fram opinberlega. Samt sem áður tekur forseti ákvörðun um það að gefa hæstv. ráðherra orðið í lok umræðunnar, og ég spyr forseta: Hvar stendur það í þingsköpum að ráðherrar eigi alltaf að ljúka hálftíma umræðu utan dagskrár?

[15:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Sem svar við þessari fyrirspurn þá stendur það hvergi í þingsköpum að ráðherra ljúki umræðunni. En það hefur hver þingmaður leyfi til þess að tala tvisvar í utandagskrárumræðu og venjan er sú að þeir ljúka umræðunni, málshefjandi og viðkomandi ráðherra sem svarar.

[15:58]

Svavar Gestsson:

Ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir þingheim. Það stendur hvergi í þingsköpum að ráðherrann hafi þennan rétt heldur gæti það alveg eins verið málshefjandi eða einhver annar þingmaður. Það er mjög mikilvægt að halda því til haga að hálftíma umræðan getur farið fram án þess að ráðherra sé viðstaddur. Og þegar þingsköpunum var breytt á sínum tíma var lögð á það áhersla að í raun og veru þyrftu ráðherrar hvergi nærri umræðunni að koma. Það væri ákvörðun og frelsi hvers þingmanns að óska eftir umræðu og mér finnst mikilvægt að það sé á hreinu. Við erum ekki bundin af framkvæmdarvaldshafanum í þessu máli. Að þessu leytinu til þarf Alþingi ekki að vera framkvæmdarvaldsþing.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

og

Orka fallvatna, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

[15:59]

Jón Baldvin Hannibalsson (frh.):

Herra forseti. Á þessum degi erum við að ræða stefnu í auðlindamálum líkt og við gerðum í gær. Hér liggja fyrir

þessi veigamiklu frv. sem um þau fjalla. Aðrir þingflokkar, þar með talinn þingflokkur jafnaðarmanna, hafa boðað flutning frv. um þessi hin sömu mál og af hálfu hæstv. iðnrh. eru boðuð mikilvæg stjfrv. um þetta. Í ljósi þess að Alþingi Íslendinga hefur ekki tekist að móta stefnu í þessum málum á þessari öld, og það fer nú að styttast í þá næstu er þess að vænta að þetta verði eitt helsta viðfangsefni þingsins.

Ég gerði grein fyrir því að menn hafa mjög ólík grundvallarsjónarmið í huga þegar þeir taka afstöðu til auðlindastefnu sem hér er fjallað um. Til eru þeir sem halda mjög fram sjónarmiðum einkaeignarréttar og telja að stjórnarskrárvarinn einkaeignarréttur eigi að gilda hér skilyrðislaust. Það hefur verið sjónarmið landeigendavaldsins í íslenskri pólitík á þessari öld. Samkvæmt því sjónarmiði er gengið út frá því að landeigendi, bóndi sem á land, þar sem síðar kemur á daginn að eru auðlindir í jörðu, hvort heldur það er jarðhiti eða að vatn rennur um landareignina, eigi þá þessi verðmæti og megi fénýta þau að eigin geðþótta. Og um þetta eigi að gilda verndarákvæði stjórnarskrárinnar varðandi einkaeignarrétt. Við jafnaðarmenn höfum hins vegar bent á það að hér hátti allt öðruvísi til. Verðmæti auðlindarinnar, hvort um er að ræða vatnsfall eða jarðvarma, sé alls óskylt einkaeignarrétti bóndans sem fyrst og fremst hafi ekki greitt fyrir annað en landareignina samkvæmt hefðbundnum nýtingarrétti. Viðkomandi bóndi hafi ekki lagt fram neina fjármuni til þess að auka verðmæti landareignarinnar. Það sé þróun þéttbýlis í nágrenninu eða byltingarkennd þróun á sviði tækni sem varði nýtingu auðlindarinnar sem gerir hana verðmæta. Með öðrum orðum er það þróun þjóðfélagsins í heild og þarfir almennings sem skapa þessi verðmæti. Þess vegna er það sjónarmið sett fram að við slíkar kringumstæður sé unnt að setja almennar takmörkunarreglur á einkaeignarrétt sem þýði þá að ekki sé skylt að greiða bætur fyrir eignarnám eða þá, ef um er að ræða bótarétt, þá eigi hann að miðast við hefðbundna nýtingu landareignar í búrekstri en ekki miðað við þau stórauknu tilfallandi verðmæti sem hafa orðið án tilverknaðar eða fjárfestingar viðkomandi landeiganda.

Þessum tveimur sjónarmiðum, annars vegar að setja megi almennar takmörkunarreglur á einkaeignarrétt, sem þýði þá að um engan bótarétt sé að ræða, og hins vegar að bótarétturinn sé að vísu í gildi en takmarkist við hefðbundna nýtingu, er báðum til skila haldið í þessum málum. Þeir þingmenn Alþb. sem þessi mál flytja hallast að fyrra sjónarmiðinu og styðjast þar m.a. við grundvallarsjónarmið sem sett hafa verið fram m.a. í frægri ritgerð eftir prófessor Einar Arnórsson, þar sem því sjónarmiði er til skila haldið að unnt sé að takmarka með almennum leikreglum, almennri lagasetningu, einkaeignarrétt við vissar kringumstæður og þá eigi bætur ekki að koma til. Í þeim frv. sem við alþýðuflokksmenn og jafnaðarmenn höfum flutt höfum við hins vegar valið þá leiðina að virða bótaréttinn en að hann beri að takmarka samkvæmt þeim sjónarmiðum sem ég lýsti hér áðan.

Herra forseti. Í 1. gr. frv. um jarðhitaréttindi segir:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landsvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ.e. almannaeign."

Síðan segir í greinargerð með II. kafla frv. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við."

Það er nú kannski ekki aðalatriði þessa máls en engu að síður skiptir það máli að sá er munur á íslenskum rétti og t.d. norrænum, sögulega séð, að Hæstiréttur hefur túlkað íslenskan rétt með þeim hætti að ríkið sé undir sömu sök selt og einstaklingar, það verði að bera fram fullgildar heimildir eða sannanir fyrir eignarrétti sínum rétt eins og aðrir aðilar, þ.e. að kóngsreglan fræga í norrænum rétti, „það sem enginn á það á kóngurinn", það sem engir geta fært eignarréttarsönnur á, það á almenningur, almannavaldið, hún gildir ekki hér á landi. Mér hefur löngum verið það nokkur ráðgáta hvers vegna íslenskir lögfræðingar á seinni öldum eða áratugum hafa túlkað þetta með þessum hætti og hvað þeir hafi fyrir sér í því. Ég hef ekki rannsakað það til hlítar þó ég hafi efasemdir um með hvaða hætti þetta er tilkomið. Engu að síður er það svo t.d. varðandi hálendið að þar segja menn á þessa leið: Hæstiréttur hefur kveðið upp úr um það að ríkið verði að færa sönnur á eignarrétt sinn eins og einstaklingar. Það er gerður skýr greinarmunur á nýtingarrétti, svo sem beitarrétti eða veiðirétti á almenningum, og hins vegar fullkomnum eignarrétti. Mörg mál hafa verið flutt fyrir dómstólum sem þýðir nánast að dómsvaldið á Íslandi er að auglýsa eftir því að löggjafarvaldið eyði óvissu um eignarréttarmörkin og setji af stað ferli þar sem spurningum verði svarað um það hver á það sem enginn á. Sjónarmið okkar jafnaðarmanna, sjónarmið þeirra sem flytja þessi mál er væntanlega að það sem einstaklingar geta ekki fært sönnur á að þeir eigi það eigi að falla til ríkisins, til almennings — þetta er það sjónarmið að þjóðlendur eigi að vera í eigu ríkisins — og þá eins að því er varðar auðlindir. Það er síðan partur þessa máls hvort eignarréttur á landi, sem er helgaður af venjulegum nýtingarrétti, þýði jafnframt að sá sem á jörð eigi öll verðmæti undir yfirborði jarðar og svo langt niður sem tækni leyfir að leita að nýtanlegum verðmætum. Eða eru þetta bara mannasetningar miðað við 100 metra? Á að miða við 10 metra eða hvað? (**Gripið fram í:** Allt niður í helvíti.) Já. Ég vil leyfa mér af þessu tilefni að vekja athygli á því að það er ekki svo alger eindrægni meðal íslenskra lögfræðinga í þessu efni eins og menn hafa viljað vera láta. Það eru afar fáir lögfræðingar sem sinna þessu skemmtilega sérsviði og þykja þess vegna mikið „átorítet" ef þeir hafa helgað sér þetta svið og fáir sem abbast upp á það svið. En nýlega vildi svo til að ég fékk í hendur afar áhugaverðar ritsmíðar um þetta efni eftir dr. Magnús Hannesson. Þær ritsmíðar eru ekki alveg nákvæmlega í anda þeirra sem hafa verið krýnd „átorítet" eða viskubrunnar í þessum málum. Kjarni þess máls er að dr. Magnús segir:

Alveg eins og það sjónarmið er gilt að það sem enginn á, enginn getur fært sönnur á eignarrétt sinn, að um það getur löggjafarvaldið sett lög að sé í eigu ríkisins, almennings, þá á þetta sjónarmið ekki bara við um yfirborðið heldur á þetta líka við það sem undir yfirborðinu er. Og það þýðir, að því

er varðar hina „júridísku" rökræðu, að þetta mál sem snertir auðlindanýtingu er undir sömu sök selt og þjóðlendurnar. Það er með öðrum orðum alls ekki sannað mál að einkaeignarréttur, sem byggir á hefðbundinni nýtingu, gildi varðandi námuefni í iðrum jarðar eða jarðvarma í iðrum jarðar né heldur reyndar rennandi vatn á yfirborði.

Nú er það svo að 1. umr. um þessi mál er fyrst og fremst til þess fallin að snúast um grundvallaratriði. En ég tel sérstaka ástæðu til að vekja athygli þingheims á því að þetta er sjónarmið sem þarfnast nánari könnunar. Það er ekki þar af leiðandi víst, svo ég beini því til flm., að þessi mannasetning um 100 metra niður á við sé hin rétta aðferð til að skera úr um þennan ágreining þó hún sé kannski jafngóð og hver önnur út af fyrir sig sem almenn regla. En allt eins mætti hugsa sér að hin almenna takmörkunarregla væri miðuð við t.d. styrkleika virkjunar eða eitthvað þess háttar umfram þarfir eigenda, en að aðrar skilgreiningar verði notaðar til þess að takmarka þennan eignarrétt undir yfirborði jarðar heldur en þessar mælistikur niður á bóginn.

[16:13]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að umræða þessi verði ekki mikið lengri en þau orð sem ég mæli hér. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrir það að taka þátt í umræðunni og koma með margar athyglisverðar og skarpar ábendingar í sambandi við lögfræðilegan bakgrunn málsins og almenn sjónarmið í þessu sambandi. Ég gleðst að sjálfsögðu ætíð þegar ég verð var við að það er bandamenn að finna í mikilvægum málum. Ég hef fundið það að í þessu efni þá eru sjónarmið Alþb. og Alþfl. mjög svipuð. Þó að við höfum kannski keyrt þessi mál fastar gagnvart þinginu þá hefur Alþfl. einnig verið að sinna þeim og það er vissulega fagnaðarefni.

Þau atriði sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni og kom með ábendingar um gætu verið tilefni umfjöllunar af minni hálfu. Ég ætla ekki að fara langt út í það efni en ég sé ástæðu til þess að taka undir það að ýmis atriði sem hér eru færð í útfærslubúning geta talist álitamál og geta hvert út af fyrir sig kallað á nánari skoðun og umfjöllun þar sem önnur sjónarmið geta alveg átt rétt á sér. Þetta gildir t.d. um þá tillögu að draga mörkin milli einkaeignarréttar og þjóðareignar við 100 metra dýpi. Þau mörk voru valin vegna þess að þau sýndust sanngjörn þegar málið var mótað og frv. var flutt, að miða við þetta og seilast ekki lengra en hér er gert í sambandi við það að lýsa eignir ríkisins verðmæti, í þessu tilviki jarðhitann sem er að finna beinlínis á yfirborðinu og sem lúta að einkaeignarrétti að mati flestra. Nokkru áður en ég flutti þetta mál eða gerðist talsmaður þess hér í þinginu, þá flutti ég frv. um eignarnám á jarðhita á yfirborði sem var Deildartunguhver í Borgarfirði, vatnsmesti hver í landinu, og með því máli var staðfest það sjónarmið að þar væri um einkaeignarrétt að ræða á þeirri auðlind. Það var mjög viðkvæmt mál fyrir marga í þinginu þrátt fyrir þetta að stíga þetta skref, en það var gert með tilliti til þeirra hagsmuna sem þar voru í húfi sem var væntanleg jarðvarmavirkjun fyrir Akranes og Borgarnes á þeim tíma.

En kosturinn við það að draga mörkin miðað við tiltekið dýpi, setja eina almenna reglu er sá miðað við t.d. það að fara að skilja á milli jarðhita eftir því hvort það eru svonefnd háhitasvæði eða lághitasvæði, kosturinn er ótvíræður að mínu mati og þess vegna var þetta valið, en horfið frá því sem gert hafði verið áður að tillögu mætra manna eins og Magnúsar Kjartanssonar, ráðherra og hv. fyrrv. þingmanns Alþb., að miða við að taka háhitasvæðin út úr sérstaklega, en hér er reynt að koma höndum yfir jarðhitann sem auðlind óháð því hvort um háhita- eða lághitasvæði er að ræða.

Það sem hv. þm. síðan nefndi varðandi samanburð á norrænum rétti og íslenskum rétti, konungsreglan eða kóngsreglan eins og hv. þm. nefndi, það er sannarlega umræðunnar virði og athugunar virði hvernig á því stendur að íslensk lögtúlkun og lögspeki hefur þróast á annan veg heldur en gerist á Norðurlöndum víða í þessum efnum og er ástæða til að taka undir. Það er full ástæða til þess að kanna þau efni og jafnhliða það að umræða meðal íslenskra lögfræðinga hefur verið mjög takmörkuð um þessi efni og er það vissulega miður.

Ég tel líka að hér hafi ekki orðið sú þróun réttarfarslega séð sem hefur gerst í mörgum löndum, ekki aðeins á Norðurlöndum heldur víða um heim, sem hefur verið til styrkingar á almannasjónarmiðinu þegar náttúruauðlindir eiga í hlut og nægir að vísa til ákvæða í bandarískum rétti og bandarískri löggjöf að því er varðar t.d. auðlindina „jarðhita" þar sem það hákapítalíska ríki var ekki í neinum vandræðum með að kveða upp úr um það að slík náttúruauðæfi væru þjóðareign og skyldu vera það og mættu menn nokkuð af læra.

Þetta tengist auðvitað viðhorfum til eignarhalds og yfirráðarétti á náttúruauðindum almennt séð og þar á meðal á lífrænum auðlindum eins og stundum hefur verið rætt í tengslum við þetta mál. Í því efni höfum við verið sammála alþýðuflokksmönnum um það að fiskstofnar í sjó skuli vera þjóðareign og það tókst að festa í löggjöf með stuðningi Alþfl. og var það vissulega vel. En fyrstir manna til að taka það mál upp í tengslum við stjórnkerfi fiskveiða vorum við alþýðubandalagsmenn á árinu 1983–1984 og ég held að sá sem hér stendur hafi fyrstur vakið athygli á því að á þessu þyrfti að taka gagnvart löggjöf, að slá því föstu að fiskstofnar á íslenskum hafsvæðum væru þjóðareign. Þannig höfum við litið til náttúruauðlindanna í heild og þetta er enn fremur undirstrikað með því frv. um breytingu á stjórnarskrárákvæðum sem Ragnar Arnalds hefur flutt.

Það er svo mál út af fyrir sig hvernig með arðinn skuli farið af slíkum auðæfum og aðgangi að þeim. Hér var rætt áðan utan dagskrár mál sem varðar einokunarfyrirtæki, stærsta orkufyrirtæki landsmanna, og ég leyfi mér, virðulegur forseti, án þess að vera að taka það mál sérstaklega upp, að vekja athygli á því sjónarmiði að þegar um er að ræða einokunareignarrétt að náttúruauðlindum og nýtingu eins og um er að ræða varðandi orkufyrirtækið Landsvirkjun þá er mér það mjög til efs að það geti talist eðlilegt að arður af slíku sé notaður til óskyldra efna, í óskyldum tilgangi. Ég held að það væri þörf á því að fara ofan í það sérstaklega í tengslum við orkufyrirtækin svo að dæmi sé tekið hvort það sé eðlilegt sjónarmið, hvort það sé eðlileg framkvæmd að nýta arðinn af einokunarfyrirtæki sem rekið er í almannaþágu samkvæmt sérstökum heimildum til óskyldra atriða annars en þess að viðhalda viðkomandi fyrirtæki, lækka orkuverð og bæta hag þeirra sem eru viðskiptaaðilar þess. Ég held að menn hafi hér í seinni tíð verið að fara inn á mjög hæpnar brautir í þessum efnum og mér sýnist að það arðkröfusjónarmið sem uppi er að því er þetta varðar og var til umræðu fyrr í dag sé reist á mjög hæpnum forsendum, og geta þær talist bæði hæpnar lagalega og siðferðilega. En það er önnur saga sem ég ætla ekki að ræða frekar eða rekja.

Ég vænti þess hins vegar að ekki verði þörf á því af minni hálfu að mæla fyrir þeim málum sem hafa verið flutt oftar í þinginu en gert hefur verið á þessum degi. Ég gat þess að það er af nokkurri þrákelkni sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt þetta mál síðan 1983 og endurflutt mjög oft til þess að halda málinu vakandi og umræðu um það. Það eru viss teikn um það að hingað geti komið inn í þingið stjórnarfrumvörp sem taki á hliðstæðum málum. Fram kom hjá ráðherra iðnaðarmála fyrr í umræðunni að hann útilokaði það ekki að reynt verði að stilla saman um þessi efni ef mikið ber á milli þeirra mála sem hér eru rædd og annarra skyldra mála sem flutt hafa verið hér, sem sagt sjónarmiða stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar. Ég væri glaðastur ef svo færi að það tækist sammæli í þinginu um lögfestingu á yfirstandandi þingi því að þessi mál eru brýn og löngu tímabært, eins og hér hefur verið tekið undir, að sett sé löggjöf og Alþingi reki af sér slyðruorðið í þessum efnum. Og það er með tilliti til þess sem ég lýsi þeirri von að ég þurfi ekki að mæla fyrir frumvörpum af þeim toga sem ég flyt nú öðru sinni heldur verði til löggjöf sem við getum það vel við unað öll hér á þingi að dugi sem lög í landi um þessa miklu hagsmuni. (**JBH:** Bjartsýni.) Hv. formaður Alþfl., virðulegur forseti, ber mér á brýn bjartsýni í þessum efnum. Það er skylt að reyna að vera bjartsýnn á stundum, ekki síst snemma á þingi, en auðvitað ætti reynslan að hafa kennt mér það á undanförnum mörgum þingum eins og hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að það er varlegt að treysta orðum sem komið hafa úr herbúðum þeirra sem nú fara með stjórn landsins í þessum efnum. Fyrir því er löng reynsla og reyndar hafa ráðherrar Alþfl., sem farið hafa með iðnaðarmál og orkumál á undanförnum árum, þurft að hafa uppi vísu en orðið afturreka með hana og ekki enst örendi til þess að koma í gegn löggjöf hér í þinginu. Þannig að ef svo fer, þá mun ég auðvitað rísa upp á ný á komandi þingi til þess að halda málinu vakandi uns niðurstaða er fengin.

[16:25]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að gefnu tilefni er rétt að taka það fram að í tíð fyrri ríkisstjórnar og iðnaðarráðherratíð tveggja þingmanna Alþfl., þeirra Jóns Sigurðssonar og Sighvats Björgvinssonar, var mikil vinna lögð í þessi mál og þá lágu fyrir frumvörp til laga tilbúin til þess að leggja fram á Alþingi, en það fékkst ekki samþykki samstarfsflokksins, Sjálfstfl., til þess að þau gætu orðið að stjórnarfrumvörpum og fengið eðlilega meðferð. Samráðherrar og forustumenn Sjálfstfl. voru í þessum málum eins og mörgum öðrum tregir til rökræðu um málið þannig að málið var ekki rætt svo ég minnist þess við ríkisstjórnarborð heldur í samtölum utan funda, en af því ályktaði ég að meðal forustumanna Sjálfstfl. væri ekki einhugur í málinu. Þrátt fyrir allt er það svo að jafnvel innan raða sjálfstæðismanna eru til þeir menn sem skilja að öfgakenndum einkaeignarréttarkenningum verður ekki haldið til streitu þegar um er að ræða nýtingu sameiginlegra auðlinda sem eru verðmætar vegna þjóðfélagsþróunar.

Á sínum tíma voru það fyrst og fremst fulltrúar landeigendavaldsins, sem er eitt mesta böl sem okkar þjóðfélag hefur búið við í þúsund ár, hv. þm. Páll Pétursson á Höllustöðum, sem var mestur andstæðingur þess fyrir hönd Framsfl. að þessi sjónarmið næðu fram að ganga. Ég minnist þess hins vegar í allri þeirri umræðu sem fram fór um EES-samninginn að hv. þm. Páll Pétursson, fulltrúi landeigendavaldsins, lét þau orð falla að hann væri tilbúinn til að endurskoða þessi sjónarmið sín í ljósi þess að gagnvart EES-samningnum væri kominn á almennur fjárfestingar- og stofnréttindaréttur án tillits til þjóðernis. Því er komið alveg sérstakt tilefni til þess í framhaldsumræðu um þessi mál að láta á það reyna hvort hv. þm., nú hæstv. félmrh., í nánum tengslum við Brusselvaldið er ekki tilbúinn til þess að standa við þau orð.

[16:27]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil eindregið taka undir hvatningarorð eða frýjunarorð hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar í garð núv. hæstv. félmrh. Ég held að það sé fullt tilefni til þess. Ég kannast við orð, ég vil ekki segja yfirlýsingar en orð í þá veru sem hér var vitnað til tengt núv. hæstv. félmrh. Raunar kannast ég við það frá fyrrv. formanni Framsfl., sem þekkti sitt lið nokkuð vel, og var ekki í hópi landeigendaaðalsins sem hér hefur verið svo nefndur, en hann var í hópi þeirra sem voru reiðubúnir til að teygja sig nokkuð langt til að styðja almannasjónarmiðin í þessum málum.

Það skal ítrekað að þörfin á því að setja nú löggjöf er mun brýnni en áður vegna EES-samningsins og þeirra laga um fjárfestingar útlendinga í landinu sem sett voru á sl. vori þar sem allt er opið nú gagnvart öllum sem vilja fjárfesta og geta þar með orðið eignarréttarlegir handhafar þessarar náttúruauðlindar sem við viljum líta svo til að væri íslensk hvort sem um væri að ræða einkaeignarrétt eða almannarétt. Við skulum vona að það verði styrkur til þess að ná hér fram skaplegri löggjöf og er þá sama hvaðan gott kemur, þ.e. stuðningurinn, af hvaða rótum hann er runninn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 81. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 82.

[16:30]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð. Þetta er 81. mál þingsins og er á þskj. 82. Flutningsmenn ásamt þeirri sem hér stendur eru hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Guðmundur Árni Stefánsson.

Frv. er um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, og hljóðar svo:

„1. gr. 5. gr. laganna orðast svo:

Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 50.212 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildarbætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og segir í lagatexta frv. er hér opnað fyrir heimild til að greiða fleirum en maka fyrir að annast umönnunarsjúkling heima. Í almannatryggingalögunum nr. 67/1971 var ákvæði um greiðslu makabóta. Við gildistöku EES-samningsins var lögunum breytt. Almannatryggingalögunum var skipt upp í tvenn lög, lög um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lög um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Ákvæðið um greiðslu makabóta kom þá inn í lögin um félagslega aðstoð en bótagreiðslur samkvæmt þeim eru heimildarbætur eins og allar bætur í lögum um félagslega aðstoð.

Samkvæmt 5. gr. gildandi laga getur aðeins maki ellieða örorkulífeyrisþega fengið umönnunarbætur leggi hann niður störf vegna umönnunar á heimili. Foreldrar fatlaðra og alvarlega sjúkra barna geta fengið umönnunarbætur þar til þau verða 16 ára, sbr. 4. gr. gildandi laga. Börnin fá sjálf örorkubætur þegar þau verða 16 ára og umönnunarbætur til foreldra falla niður þótt umönnunar sé áfram þörf.

Mun fleiri en makar lífeyrisþega vinna umönnunarstörf á heimilum og geta ekki stundað vinnu utan heimilis vegna þess. Nú þegar legurúmum á sjúkrahúsum fækkar og erfiðara er að fá vistun fyrir þá sem þurfa á henni að halda verða heimilismenn og aðrir aðstandendur sjúkra og fatlaðra að taka að sér þessi störf og því er úrelt að miða aðeins við greiðslu til maka þess sem er umönnunar þurfi. Ég vil í því tilliti einnig benda á biðlista sem hafa verið mikið til umræðu undanfarið. Ef sú breyting sem hér er lögð til í frv. yrði að lögum þá gætu komið til tímabundnar greiðslur til heimilismanna þeirra sem eru óvinnufærir vegna þess að þeir bíða á biðlistum eftir aðgerð og þurfa umönnun.

Eins og ég nefndi áðan eru það fleiri en makar sem sjá um umönnunarstörf. Fólk annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja en á ekki rétt á neinum greiðslum frá hinu opinbera samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eins og þau eru nú. Það samræmist ekki anda laganna að fólki sé mismunað eftir tengslum við þann sem það annast. Breyttar áherslur í heilbrigðisþjónustu, þar sem lögð er áhersla á að sjúkir geti verið eins lengi heima og unnt er og fái þjónustu þar, eru einnig rök fyrir því að umönnunarbætur greiðist fleirum en maka. Margir sjúkir og fatlaðir sem þurfa umönnun heima eiga ekki maka, en oft er einhver sem býr með þeim sem vill annast þá og gerir það. Þær greiðslur sem hér eru lagðar til gera þeim sem eru umönnunar þurfi kleift að vera lengur heima sem sparar hinu opinbera dýra sjúkrahúslegu. Hámarksupphæðin sem nefnd er í frv. er sama hámarksupphæð og greidd er vegna umönnunar fatlaðra og sjúkra barna. Ég tel það mikilvægt að upphæðin komi fram í lögunum því að ef þetta væri alfarið í höndum ráðuneytisins eða framkvæmdarvaldsins, þá tel ég ekki eins tryggt að þarna verði mögulegar hæstu greiðslur. Ég nefni sem dæmi að í lögunum eins og þau eru nú er talað um 80% af grunnlífeyri og tekjutryggingu sem greiðslu í umönnunarbætur, en það eru aðeins 30.934 kr. á mánuði sem greitt er þeim sem leggur niður vinnu til að annast maka sinn heima. Það er ekki há upphæð. Og ef maki leggur niður hlutastarf eða tekur að sér hlutastarf vegna umönnunar maka síns heima, þá er greidd 50% upphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar eða 19.333 kr. á mánuði.

Í þessu frv. er ekki farið nákvæmlega í það við hvað skuli miðað við mat á greiðslu umönnunarbóta. Eins og kom fram hjá mér áðan eru allar greiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð heimildarbætur og þar með háðar mati. Nú er t.d. varðandi makabætur farið bæði eftir reglugerð sem ráðherra setur og einnig reglum og síðan eru innanhússvinnureglur Tryggingastofnunar oft notaðar við mat á heimildarbótum. Hér á landi eigum við ýmiss konar mat á þjónustuþörf umönnunarsjúklinga og nefni ég þar sérstaklega vistunarmatið sem e.t.v. væri hægt að styðjast við að einhverju leyti og læknisvottorð eins og nú er.

Þessi lagabreyting er samhljóða grein í frumvarpi til almannatryggingalaga sem Guðmundur Bjarnason, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, lagði fram á Alþingi til kynningar vorið 1991 eftir heildarendurskoðun á þeim lögum.

Einnig hefur sá þingmaður sem hér stendur, sem er 1. flm. þessa frumvarps, lagt fram samhljóða frumvarp á 115. löggjafarþingi árið 1992 og síðast var samhljóða frumvarp lagt fram í fyrravetur, á 120. löggjafarþingi árið 1996. Samhljóða frumvarp hefur verið sent til umsagnar frá heilbr.- og trn. og voru umsagnir undantekningarlaust í þá veru að þetta væru nauðsynlegar réttarbætur fyrir sjúka og fatlaða og mikilvægt væri að frv. í þessa veru yrði að lögum.

Sú lagabreyting sem hér er lögð til er mikið réttlætis- og þjóðþrifamál og í takt við breytta tíma og áherslur í heilbrigðisþjónustu. Ég vona því að þetta frv. geti orðið að lögum þó svo almannatryggingalöggjöfin sé í gagngerri endurskoðun. Ég tel að leiðrétting á þessu réttlætismáli sé mjög brýn og geti ekki beðið þess að heildarendurskoðun laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð ljúki.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. Alþingis.

[16:38]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa uppi langa ræðu, en ég vil aðeins þakka hv. þm. fyrir að bera fram þetta mál sem ég tel hið allra mikilvægasta og mikið réttlætismál. Að mínu viti á það að geta unnið þannig fyrir ríkið að það verði sparandi því að oft gerist það í svona málum, þar sem þörf er umönnunar, að einstaklingarnir lenda inni á stofnunum og í raunverulega miklu dýrari úrræðum en þeim að greiða fyrir umönnun á heimili.

Það er rétt að vitna til þess sem stendur í greinargerð með frv. að þetta er samhljóða grein í frv. til almannatryggingalaga sem Guðmundur Bjarnason, hæstv. þáv. heilbrrh., hæstv. núv. umhvrh., lagði fram árið 1991. Það sem um er að ræða er það að fólk sem annast uppkomin börn sín, foreldra, tengdafólk eða aðra ættingja, eigi rétt á slíkum greiðslum þannig að ég tek undir að þetta er hið þarfasta mál og ætti að fá nokkuð góða afgreiðslu þrátt fyrir að mikil endurskoðun sé í gangi varðandi almannatryggingalögin. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. fyrir að koma með þetta frv. inn í þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 16:41.

---

13. FUNDUR

miðvikudaginn 30. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum, beiðni um skýrslu, 102. mál, þskj. 105. *Hvort leyfð skuli.*

2. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Brunatryggingar, stjfrv., 75. mál, þskj. 75. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Iðnaðarlög, stjfrv., 76. mál, þskj. 76. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Jarðhitaréttindi, frv., 14. mál, þskj. 14. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Orka fallvatna, frv., 15. mál, þskj. 15. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Félagsleg aðstoð, frv., 81. mál, þskj. 82. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Petrína Baldursdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv. [13:33]

Útbýting þingskjala:
Fátækt á Íslandi, 85. mál, svar forsrh., þskj. 108.
Fjárstyrkir til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela, 60. mál, svar samgrh., þskj. 112.
Flutningur Landmælinga Íslands, 106. mál, fsp. ÖJ og KHG, þskj. 114.
Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, 107. mál, fsp. GHall, þskj. 115.
Jarðeignir ríkisins, 66. mál, svar landbrh., þskj. 110.
Orkukostnaður, 39. mál, svar iðnrh., þskj. 113.
Ökutækjastyrkur til fatlaðra íbúa á sambýlum, 105. mál, fsp. SHl, þskj. 111.

Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 102. mál. — Þskj. 105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Beiðni leyfð með 42 shlj. atkv.

Öryggi raforkuvirkja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Löggildingarstofa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 74.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál (umsýslugjald). — Þskj. 75.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Iðnaðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (EES-reglur). — Þskj. 76.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 14. mál. — Þskj. 14.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Orka fallvatna, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 15. mál. — Þskj. 15.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ o.fl., 81. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 82.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 13:42.

14. FUNDUR

miðvikudaginn 30. okt.,
að loknum 13. fundi.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Jöfnun atkvæðisréttar, fsp. ÓÖH, 58. mál, þskj. 58.

Til dómsmálaráðherra:

2. Fræðsla fyrir dómara á sviði jafnréttismála og mannréttinda, fsp. BH, 37. mál, þskj. 37.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Afleiðingar afnáms línutvöföldunar, fsp. KPál, 59. mál, þskj. 59.

4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, fsp. PBald, 94. mál, þskj. 96.

Til utanríkisráðherra:

5. Skiparatsjár, fsp. EKG, 65. mál, þskj. 65.

Til ráðherra norrænna samstarfsmála:

6. Aðgerðir gegn útlendingaandúð, fsp. PBald, 91. mál, þskj. 93.

Til heilbrigðisráðherra:

7. Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu, fsp. GÁS, 77. mál, þskj. 77.

8. Læknavakt í Hafnarfirði, fsp. GÁS, 78. mál, þskj. 78.

9. Endurskoðun laga um málefni aldraðra, fsp. GHall, 89. mál, þskj. 91.

Til fjármálaráðherra:

10. Launajafnrétti, fsp. SvanJ, 45. mál, þskj. 45.

11. Aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna, fsp. SvanJ, 46. mál, þskj. 46.

Til menntamálaráðherra:

12. Reglur um innritun barna í grunnskóla, fsp. SvanJ, 84. mál, þskj. 85.

13. Verkefnaáætlun í skólum gegn útlendingaandúð, fsp. PBald, 92. mál, þskj. 94.

Til samgönguráðherra:

14. Endurskoðun siglingalaga, fsp. GHall, 88. mál, þskj. 90.

15. Símatorg, fsp. ÁRJ, 95. mál, þskj. 97.

16. Takmarkanir á aðgangi að Símatorgi, fsp. ÁRJ, 96. mál, þskj. 98.

Jöfnun atkvæðisréttar.

Fsp. ÓÖH, 58. mál. — Þskj. 58.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn til forsrh.: Hvað líður vinnu ríkisstjórnarinnar að einföldun kosningalöggjafarinnar og jöfnun á vægi atkvæða á milli kjördæma, samanber ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar um?

Kosningafyrirkomulag okkar er óréttlátt, gamaldags, og það slævir siðferðis- og réttlætiskennd venjulegs fólks. Það elur á sundurlyndi milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarinnar. Það leiðir af sér kjördæmapot og óarðbærar fjárfestingar sem þjóðin hefur ekki efni á. Það á ekki að nota grundvallarrétt um atkvæðisvægi til þess að jafna aðstöðu eða aðstöðuleysi borgaranna. Til þess eru önnur meðul og önnur tæki betri. Kosningalöggjöfin er þar að auki torskilin og svo flókin að venjulegt fólk skilur hana ekki. Hvergi sést það betur en hér á Alþingi að menn eru rígfastir í núverandi fyrirkomulagi landsfjórðunga, kjördæma, þingmannareddinga eins og samgöngur og atvinnulíf hafi ekki breyst á síðustu árum eins og hverjum manni er kunnugt um. Fjárveitingavaldið og ríkisstjórn hafa afkomu byggðarlaga í hendi sér og hingað mænir fólk eðlilega eftir lausnum og auðvitað beitir það þeim ráðum sem það telur tiltækt, þ.e. atkvæðasvipunni á atkvæðaþyrsta þingmenn. Kosningalöggjöfin er þar af leiðandi ein mesta meinsemd í þjóðfélagi okkar. En hún jafnar og tryggir jafnræði á milli stjórnmálaflokkanna á Alþingi og er hér mergurinn málsins, stjórnmálaflokkarnir láta kyrrt liggja meðan valdajafnvægið er tryggt fyrir þá, á meðan óréttlætið brennur á landsmönnum. Ég skora á ríkisstjórnina að hefjast handa í þessu mikilvæga máli.

[13:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ríkur þingvilji stendur til þess innan allra flokka sem eiga fulltrúa í þessum sal að ræða kjördæmamál og kosningatilhögun með það fyrir augum að jafna atkvæðisvægi manna. Ég hygg að það sé skynsamlegt með hliðsjón af því að þessi ríki þingvilji er fyrir hendi að leitast sé við að hafa sem nánast samstarf flokka á milli um að finna leiðir sem sátt geti orðið um. Það er rétt hjá hv. 11. þm. Reykv. að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið skýrt á um þessa þætti en það á ekki að breyta hinu að í fyrstu atrennu, sem kannski verður sú eina, eigi að nota þá aðferð að leitast við að þingflokkarnir og fulltrúar á þeirra vegum leiti leiða til þess að finna tilhögun sem a.m.k. sæmileg sátt geti ríkt um um þessi mikilvægu mál. Enginn einn flokkur getur eignað sér það að vera öðrum fremri hvað þetta málefni varðar. Ríkisstjórnin vill eiga mjög gott samstarf við alla þingflokka um þessa málsmeðferð þannig að það megi ganga fram að aukið jafnvægi náist í þessum málum. Að því verður unnið. Menn hafa þegar komið saman og rætt um vinnutilhögun og vinnufyrirkomulag og ég sé ekki annað en að ríkur vilji standi til þess að vinna vel og skipulega að þessu máli sameiginlega.

[13:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þá mikilvægu yfirlýsingu sem hann gaf hér. Hún er mikilvæg vegna þess að í stjórnarsáttmálanum er gert ráð fyrir því að stjórnarflokkarnir fjalli einir um þetta mál. Það er bersýnilegt að forsrh. er þeirrar skoðunar að skynsamlegra sé að byrja á því að kalla til fulltrúa allra þeirra flokka sem eiga menn í þessari virðulegu stofnun, a.m.k. til að byrja með, og vonandi verður ekki þörf á því að hafa það öðruvísi eins og hæstv. ráðherra orðaði það hér áðan. Það er úrslitaatriði að unnið verði að því að reyna að ná samkomulagi um þetta mál í heild, aukið jafnvægi bæði í þessum málum og öðrum í landi okkar. Það er meginmálið og lykillinn að lausn málsins sem hér er spurt um.

[13:49]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umfjöllunar hefur oft verið rætt í þingsölum og því miður verður að segjast eins og er að þær umræður hafa oft verið ansi yfirborðskenndar. Umræðan sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hóf var ekki sérstaklega yfirborðskennd. Hún var hins vegar full af fullyrðingum og órökstuddum sleggjudómum og ég verð að játa

að ég held að umræðunni sé lítill greiði gerður með málflutningi eins og hv. þm. viðhafði áðan. Sannleikurinn er sá að endurskoðun kosningalöggjafarinnar er ákaflega vandasamt mál og þar þarf að hyggja að mjög mörgum hlutum. Menn skyldu t.d. hafa í huga að víða um lönd líta menn ekki endilega þannig á að eina markmið kosningalöggjafarinnar sé að tryggja jafnt vægi atkvæða. Það er líka gengið út frá því og litið til þess hvort kosningalöggjöfin tryggi að skýrt val sé hjá kjósendum milli ólíkra stjórnmálahugmynda. Einnig er litið til þess hvort kosningalöggjöfin sé líkleg til þess að skapa meirihlutaríkisstjórn og það er t.d. mjög ofarlega í sinni manna í Bretlandi varðandi kosningalöggjöfina og kosningafyrirkomulagið þar. Ég vara því mjög við því að menn tali um svona flókna og mikilvæga hluti eins og kosningalöggjöfina með þeim hætti sem hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson gerði hér áðan.

[13:50]

Siv Friðleifsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta er afar góð fyrirspurn og ég get ekki séð að neinir sleggjudómar séu í henni og vil ég taka hjartanlega undir það sem kom fram áðan. Þetta er nákvæmlega sama fyrirspurn og ég flutti á síðasta þingi. Þá voru svörin þau – jú, við skulum skoða að setja upp gömlu nefndina sem hafði skoðað þetta mál síðast. Síðan hefur ekkert gerst. Kosningalöggjöfinni var breytt 1987, niðurstaðan var ófullnægjandi. Henni var breytt á síðasta kjörtímabili og niðurstaðan var ófullnægjandi. Við nokkrir þingmenn í Framsfl. höfum bent á leiðir, m.a. að gera landið að einu kjördæmi. Einnig höfum við bent á að skoða svokallaða helmingaleið, þ.e. að taka helminginn úr kjördæmunum og helminginn af landslista. Ég bendi líka á það að við erum nýbúin að fara í gegnum forsetakosningar og þar var kosið í „landið eitt kjördæmi". Er einhver sem vill koma hér upp og segja að það sé rangt t.d. að kjósa forsetann í „landið eitt kjördæmi"? Áttu þar íbúar landsins að hafa misjafnt vægi atkvæða? Það er enginn tilbúinn í slíkt.

[13:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem upp til að þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir gustmikinn og hressilegan málflutning. Ég tek heils hugar undir hvert einasta orð í ræðu hans hér áðan. Það gleður mig að bæði hv. þm. Ólafur Örn og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lýsa því yfir að innan Framsfl. sé að skapast vilji, a.m.k. hjá hópi yngri þingmanna, til þess að taka upp það gamla stefnumál sem Jón Baldvinsson, formaður Alþfl., flutti í þessum sölum fyrir mörgum áratugum. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. Ólafur Örn segir. Sú kjördæmaskipan sem við búum við elur á kjördæmapoti og við vitum öll hvað af því leiðir. Besta leiðin til þess að sporna gegn því er að koma á því fyrirkomulagi sem annar þingmaður Framsfl., hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, nefnir sérstaklega, að gera landið að einu kjördæmi. Hún mun á þessu þingi fá tækifæri til þess að sýna afstöðu sína til þess vegna þess að þingflokkur jafnaðarmanna mun flytja þingmál um það. Þá vænti ég þess að hv. þm. leiði þann hóp ungra þingmanna Framsfl. sem hún ræddi áðan um til fylgis við þingflokk jafnaðarmanna í þessu máli.

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. yfirlýsingu hans hér áðan sem var mikilvæg og hæstv. forsrh. mælti eins og landsföður sæmdi í þessu mikilvæga en um leið vandasama og flókna máli. Sama verður ekki sagt um málflutning hv. málshefjanda. Hv. þm. kom eins og heilagur maður og hafði allt á hornum sér og hreytti ónotum í allt og alla og væntanlega ekki síst sinn eigin flokk og arfleifð eigin flokks í þessu máli. En ætli það sé ekki svo að Framsfl. hafi staðið einna dyggastan vörð gegnum tíðina um það kosningakerfi sem hefur lengst af verið við lýði hér og þráast mest við gegn breytingum af öllu tagi? Hv. þm. hefur þá a.m.k. farið flokkavillt að þessu leyti ef hann er svona óskaplega ósáttur við fyrirkomulagið hingað til. Ég tel að hæstv. forsrh. sé að setja þetta mál í réttan farveg og þann eina sem kemur til greina. Nóg er nú samt sem skapar spennu og erfiðleika milli landshlutanna þó að það bætist ekki við að menn klúðri málinu og segi sundur friðinn í kjördæmamálinu.

[13:54]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held við leysum ekki þetta vandasama mál í þingsalnum í dag í því formi að hver þingmaður talar í eina mínútu. En ég lýsi ánægju með að sú vinna sem hafin var á síðasta kjörtímabili er hafin á nýjan leik og það tel ég vera mikið og gott mál. Við framsóknarmenn höfum ályktað um kosningalöggjöfina og við teljum að það eigi að breyta henni. Það eigi að jafna vægi atkvæða, það eigi að gera hana auðskiljanlegri og það eigi að auka persónuval. Þetta eru þeir þrír meginþættir sem við viljum að verði breytt. Af því að hér hefur verið talað um að Framsfl. hafi þráast við og verið á móti öllum breytingum þá er það ekki rétt. Við stóðum að sjálfsögðu að þeim breytingum sem gerðar voru 1983 á kosningalöggjöfinni sem gerir það að verkum að jafnt vægi er á bak við alla flokka. Ég vil að það komi fram og ég veit ekki hvort ég tala fyrir yngri eða eldri þingmenn Framsfl.

[13:55]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Menn geta haft hver sína skoðun á því hvernig málflutningur hv. málshefjanda var en það breytir ekki því að hér var hreyft mjög mikilvægu máli. Mér finnst hins vegar alltaf afar sérstakt þegar þingmenn Framsfl. hreyfa þessu máli í þingsölum og minni á að þegar þáv. hv. þm., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, flutti tillögu um þetta efni á síðasta kjörtímabili stóð upp þáv. þingflokksformaður Framsfl og snupraði þingmanninn opinberlega og síðan vitum við öll hver örlög hv. þm. Jóhannesar Geirs urðu í kosningunum þar á eftir. Hins vegar fagna ég orðum hæstv. forsrh. sem hann flutti hér á undan því ég tel mjög mikilvægt að leyst verði úr málinu á þessu kjörtímabili og raunar alveg bráðnauðsynlegt og ég treysti því að forsrh. hafi forgöngu um það.

[13:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir innlegg hans í umræðuna og get tekið undir flest það sem hann sagði. En sú spurning sem vaknar í mínum huga er sú hvernig beri að túlka þá yfirlýsingu forsrh., sem kom fram áðan, í ljósi þess að nefndin sem starfaði undir lok síðasta kjörtímabils komst ekki að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að færa „flakkarann" til Reykjavíkur og festa hann þar. Það náðist ekki samstaða um neitt annað. Því spyr ég hvort þess sé að vænta að hægt sé að ná samstöðu í þessu máli í ljósi þeirrar togstreitu sem m.a. einkennir þetta mál og ýmis önnur. Ég

minni á það að þegar gerð var veruleg breyting á kjördæmaskipan landsins árið 1942 var það gert að vilja meiri hlutans gegn vilja Framsfl. Við eigum því dæmi um það í sögu okkar að meiri hlutinn hafi verið látinn ráða eins og ber að gera. En ég tek undir það að við skulum leita samstöðu en það er ekki hægt að bíða eftir því að einhver heildarsamstaða náist. Það verður að nást fram leiðrétting í málinu. Það er almannahagur sem á að ráða og vilji meiri hlutans.

[13:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir sjónarmið fyrirspyrjanda, hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar. Atkvæðisréttur var eitt sinn bundinn við aðal, síðan við eignamenn og svo við karlmenn og nú hafa allir atkvæðisrétt en hann er ekki jafn. Það skortir á að hann sé jafn. Ég hef aldrei skilið það sjónarmið að fjöll og dalir eigi að hafa atkvæðisrétt eins og er í dag. Ég vil að hver einstaklingur hafi jafnan atkvæðisrétt og að það sé grundvallaratriði. Ég er ánægður með svör hæstv. forsrh. og vona að sátt náist um þetta grundvallaratriði, þ.e. að hver einstaklingur hafi eitt atkvæði.

[13:59]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tek undir orð fyrirspyrjanda. Mér finnst umræðan hins vegar hafa leitt í ljós djúpstæðan ágreining milli stjórnarflokkanna. Atkvæðisréttur einstaklinga á að vera jafn. Það að þingflokkarnir komi að þessari vinnu núna eins og hæstv. forsrh. boðaði er gott út af fyrir sig en ekki er víst að það leiði til árangurs og reyndar er mjög líklegt að það leiði ekki til árangurs. Hugsanlegt er að taka þetta út úr þessum farvegi, reyna að setja kosningalöggjöfina í annan farveg, t.d. á sérstöku stjórnlagaþingi eða að aðrir einstaklingar komi að þessu. Ég minni á það stefnumál jafnaðarmanna að gera landið að einu kjördæmi. Ýmsir aðrir þingmenn hafa tekið undir það sjónarmið og það er vel. Það er einfaldlega besta lausnin í málinu að gera landið að einu kjördæmi og þeim mun fleiri þingmenn sem sannfærast um það því betra og þá hef ég í sjálfu sér ekki áhyggjur af því að við finnum ekki farveg til að leiða þetta mál til lykta á þessu þingi.

[14:00]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt að taka fram í ljósi yfirlýsinga sem hér hafa fallið að jafnvel þó að löggjöf yrði breytt í þá veru sem fyrirspyrjandi æskir, þá breytir það engu um þingmannafjölda hvers flokks. Framsfl. mun áfram hafa 15 þingmenn eins og hann hefur í dag. Það er einmitt kjarni málsins að atkvæðaréttur manna er jafn í þeim skilningi að hann er jafnþungur hvaða skoðanir sem menn eru að velja og það er það sem stjórnmálaflokkarnir hafa valið að setja efst á blað, að jafna vægi manna eftir því hvaða skoðanir þeir vilja kjósa. Það er því fullkomlega jafnt vægi hvað það varðar og sennilega það besta sem þekkist í Evrópu.

Ágreiningurinn er hins vegar um það hverjir eiga að skipa sætin af hálfu hvers flokks og ágreininginn gera þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu gagnvart hinum sem búa úti á landi af því að þeir vilja minnka vægi landsbyggðarinnar og auka vægi höfuðborgarsvæðisins og þann ágreining leysa menn ekki með því að valta yfir landsbyggðina. Það verður því aðeins hægt að ná niðurstöðu að það verði samkomulag um hana.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. hans mikilvægu svör sem hér hafa komið fram og fagna því að hafist verður handa um starf að þessu mikilvæga máli. Ekki mun af veita því samkomulag þarf að verða um þetta eins og margir hafa látið koma fram í máli sínu og slíkt samkomulag tekur tíma eins og við þekkjum öll.

Okkur er það öllum ljóst sem höfum talað hér og þeim sem hafa hlustað að það er ekki tími til þess að fara í djúpa og efnismikla umfjöllun. Menn verða að láta sér nægja fyrirsagnir og samandregin orð. Það sem kom fram í mínu máli voru einmitt aðalatriðin sem snerta þetta mál og þar er því um kjarna málsins að ræða en ekki sleggjudóma og því síður ónot til þeirra sem ég þó virði og þeirra skoðanir allar um rétt sinn hér á þingi og sinna umbjóðenda og sinna kjördæma.

Ég tek undir með hv. þm. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni. Það er rétt að þingflokkarnir hafa jafnt vægi hér en því miður dugir það ekki eins og ég kom hér að. Við erum hér að ræða um miklu meiri hagsmuni, hagsmuni sem snerta efnahagsmál, samgöngumál og grundvallarréttindi í lýðræðinu. En ég fagna því að hafist verður handa og þessu máli lokið farsællega í góðu samkomulagi á þingi fyrir lok þessa kjörtímabils.

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur vil ég fullyrða að í nefndarstarfinu á síðasta kjörtímabili var ekki fullreynt og reyndar ekkert komið fram um að það yrði verulegur ágreiningur milli manna. Það sem fundið var að þá og með réttu var að það starf fór of seint af stað og þess vegna gafst ekki tóm til þess, og þar mátti mér um kenna eins og menn vita, að ræða þau mál í botn. Það er því ekkert út í bláinn að það starf haldi áfram og menn taki til þess betri tíma og það hafa menn þegar hafið. Ég er ekki í vafa um að það megi finna sátt milli manna um þessi efni.

Ég vil líka fullyrða að þótt menn hafi auðvitað alltaf haft í huga að jafna rétt einstaklinganna til atkvæðagreiðslna í kosningum, þá voru hin stóru og hatrömmu átök flokka á milli í lengstan tíma ekki síst vegna þess að flokkum var mismunað á þeim tíma. Það er ekki vafi í mínum huga. Það var hin flokkspólitíska undirrót. Þessu hefur nú verið bægt á burt og ég held því fram að það þýði að ekki sé hægt með neinum rökum að gera einn flokk í þessum efnum tortryggilegri heldur en annan. Þeir geta allir komið að málinu með jöfnum hætti.

Í þriðja lagi vil ég nefna að það eru ýmsir þingmenn, a.m.k. í einum ákveðnum flokki sem bráðlega heldur sitt flokksþing, sem eru ákafir talsmenn þess að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Þessir þingmenn hafa ekki sagt að á vettvangi Evrópuþingsins eigi hver maður í Evrópuríkjunum að hafa áhrif eins atkvæðis. Þar vilja þeir mismunun af einhverjum ástæðum og fjöll og dalir Íslands fái þar að njóta sín.

Fræðsla fyrir dómara á sviði jafnréttismála og mannréttinda.

Fsp. BH, 37. mál. — Þskj. 37.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Í byrjun árs 1996 komu íslensk stjórnvöld fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum og svöruðu spurningu nefndarinnar um framkvæmd kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna hér á landi. Í kjölfar heimsóknarinnar kom nefndin athugasemdum og tilmælum á framfæri við íslensk stjórnvöld um aðgerðir í því skyni að tryggja framkvæmd sáttmálans í raun. M.a. kom fram bein tillaga frá nefndinni um það að stjórnvöld stæðu fyrir námskeiðum fyrir dómara um jafnréttismál og mannréttindamál og að auki var lögð áhersla á að stjórnvöld stæðu fyrir upplýsingadreifingu og fræðslu til dómara varðandi sáttmálann.

Þann 8. maí sl. spurði ég hæstv. dómsmrh. um það á hvern hátt ráðuneyti hans, sem fer með mannréttindamál, hygðist bregðast við þessari tillögu nefndarinnar og var því þá svarað til að fyrirhugaður væri fundur með fulltrúum félmrn., Dómarafélags og Skrifstofu jafnréttismála um þetta mál. Síðan þá hefur reyndar hæstv. félmrh. gefið sáttmálann út í sérprentun og er nú unnið að því að koma honum á framfæri til dómara en fræðsluna þarf að hefja.

Í framhaldi af fyrirspurn minni frá því vor vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.:

1. Hvað líður undirbúningi dómsmálaráðuneytisins að jafnréttisfræðslu fyrir dómara, í samræmi við tilmæli nefndar Sameinuðu þjóðanna sem hefur með höndum eftirlit með framkvæmd kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum)?

2. Hver var niðurstaða fundar sem ráðuneytið hélt með fulltrúum félagsmálaráðuneytisins, Dómarafélagsins og Skrifstofu jafnréttismála í vor?

3. Hefur ráðuneytið í hyggju frekari aðgerðir vegna tillagna nefndarinnar um námskeið fyrir dómara um mannréttindamál og ef svo er, hverjar eru þær?

[14:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á fundi sem ráðuneytið hélt sl. vor og hér hefur verið vitnað til með fulltrúum félmrn., Dómarafélagsins, Skrifstofu jafnréttismála og Mannréttindaskrifstofu Íslands var rætt um það hvort þörf væri fyrir og áhugi á að efla fræðslu fyrir dómara um samninginn um afnám misréttis gegn konum, svo og mannréttindamál að öðru leyti. Á fundinum kom fram mikill áhugi allra fundarmanna á því að stofna til endurmenntunarnámskeiða fyrir dómara varðandi mannréttindamál almennt og að fræðslu á þessu sviði væri þörf, en fram til þessa hefur slík fræðsla ekki farið fram fyrir dómara sérstaklega. Á slíku námskeiði skyldi kynntur samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám misréttis gagnvart konum, svo og efni helstu annarra alþjóðamannréttindasamninga á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins sem Ísland er aðili að. Að auki yrði þar veitt fræðsla um hin nýju mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eftir umfangsmiklar breytingar sem voru gerðar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnarskrárlögum nr. 97/1995.

Niðurstaða fundarins var að stefna bæri að námskeiðum fyrir dómara um þessi viðfangsefni. Var út frá því gengið að Dómarafélagið annaðist skipulagningu slíks námskeiðs í samráði við dómsmrn. Formaður Dómarafélagsins hefur upplýst mig um að áhugi Dómarafélagsins standi enn til þessa verkefnis. Það leggi mikla áherslu á að hafa frumkvæði í málinu og hafi þegar ákveðið að hefja undirbúning í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands að slíku námskeiði sem verði í vetur, en tímasetning hefur enn ekki verið endanlega ákveðin.

[14:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að fylgja eftir þessu máli og fagna því jafnframt að hæstv. dómsmrh. hefur hreyft málinu á sínu sviði og leitað samstarfs við aðra aðila varðandi það. Það kom fram á fundi sem haldinn var í byrjun desember í fyrra þar sem fulltrúar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna ræddu um það hvernig ætti að fylgja eftir framkvæmdaáætluninni frá Peking, að í Svíþjóð hefur verið farin sú leið að setja stjórnendur ríkisstofnana, dómara og ríkisstjórnina á námskeið í jafnréttismálum og þessum alþjóðlegu sáttmálum. Það hlýtur að vera öllum augljóst að auðvitað þurfum við að fylgja eftir öllum þessum samþykktum og sáttmálum sem við erum að gerast aðilar að og það er ekki síst þörf á því hvað varðar jafnréttismál því að þar erum við því miður á eftir ýmsum öðrum þjóðum, m.a. Norðurlandaþjóðunum sem við berum okkur nú saman við. Ég vil því bara hvetja hæstv. dómsmrh. til að fylgja þessu enn betur eftir og hann væri nú maður að meiri ef hann byggi til slíkt námskeið fyrir ríkisstjórnina líka.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin og vil endilega nota tækifærið og fagna því líka að það skuli vera fyrirætlanir um það að gera eitthvað í þessum málum. Ekki síst er ég ánægð að heyra að það skuli vera áhugi fyrir hendi hjá Dómarafélaginu, enda virðist vera mikil þörf á því að vel sé tekið á þessum málum, sérstaklega ef maður lítur til þeirra athugasemda sem nefndin gerði varðandi dómarana og dóma sem hér hafa fallið á þessu sviði.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er verðugt verkefni fyrir ríkisstjórnina í heild að fara ofan í athugasemdirnar sem komu frá nefndinni og þau tilmæli sem þar koma fram og bregðast við þeim. Það eru ýmis önnur heldur en akkúrat þessi. Þar er t.d. lagt til að stjórnvöld geri ráðstafanir til að tryggja að grundvallaratriði sáttmálans séu felld í íslensk lög sem bendir til þess að nefndin telji það ekki enn vera svo að grundvallaratriði sáttmálans séu í íslenskum lögum. En ég fagna því að það skuli eiga að taka á þessum málum sem varða jafnréttisfræðslu fyrir dómara.

Afleiðingar afnáms línutvöföldunar.

Fsp. KPál, 59. mál. — Þskj. 59.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Það var á síðustu dögum 120. löggjafarþings að samþykkt var að afnema svofellda línutvöföldun og flytja hana sem varanlega aflaheimid á fiskveiðiflotann. Þessi breyting var gerð í miklum flýti í tengslum við aðrar óskyldar breytingar í lögum um stjórn fiskveiða og fékk því ekki þá umræðu sem nauðsynleg er. Í þeirri takmörkuðu

umræðu sem þá fór fram var varað við afleiðingum þessarar breytingar og neikvæðum áhrifum hennar eins og einnig má sjá í athugasemdum Samtaka fiskvinnslu án útgerða og Landssambands smábátaeigenda um þetta mál.

Staðreyndin virðist sú að engin skoðun fór fram á því hvaða áhrif slík breyting gæti haft á hinar ýmsu greinar sjávarútvegs, byggðir landsins né einstaka liði í útflutningi sjávarfangs. Miðað við þau viðbrögð sem komið hafa frá hinum ýmsu stöðum um landið, þá eru allar líkur fyrir því að svartsýnustu spár rætist og línuveiðar landróðrabáta leggist að mestu af og byggðarlög stórskaðist. Máli mínu til stuðnings vil ég vitna hér í fáeina aðila. Í Vestra, blaði Vestfirðinga, segir 22. ágúst sl., með leyfi forseta:

„Línuútgerðin hefur verið snar þáttur í útgerðarmynstri Vestfirðinga gegnum tíðina. Í vetur óttast menn að línuveiðar leggist að verulegu leyti af, þökk sé afnámi línutvöföldunar. Fyrir útgerðarbæi sem ekki hafa yfir togaraútgerð að ráða getur þetta þýtt nær algeran dauða."

Í Morgunblaðinu 3. júlí er fyrirsögn sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Afnám línutvöföldunar gæti þýtt 20% aflasamdrátt í Vesturbyggð." Í Morgunblaðinu 2. október sl. er upplýst að óvenjumikið sé af línubátum til sölu að sögn Björgvins Ólafssonar hjá BP-skipum og segir hann, með leyfi forseta:

„Það er óvenjumikið af línuveiðiskipum til sölu núna. Mér telst til að þau séu um 15. Í mörg ár hefur framboð ekki verið svona mikið og það hefur ekki verið svona mikið til sölu af skipum með aflaheimildum eins og búið er að vera núna. Ég tengi þetta línutvöföldueninni sem menn eru búnir að fá upp í hendurnar."

Í DV 7. sept. er eftirfarandi frétt, með leyfi forseta:

„Um árabil hefur Magnús Björnsson og fjölskylda verið einn helsti máttarstólpi í atvinnurekstri á Bíldudal og driffjöðrin í rekstri saltfiskvinnslunnar Í nausti. Hann er nú á förum úr plássinu og er að kaupa fiskvinnslufyrirtækið Kögurás í Hafnarfirði, þó ráðgert sé að fyrirtækið á Bíldudal verði áfram í rekstri. Að sögn Viðars Friðrikssonar er meginástæðan dökkt útlit hvað hráefnisöflun varðar eftir að línutvöföldunin var afnumin. Hann segist ekki vita um neinn sem ætlar á línu í vetur utan þá báta sem eru með beitningarvélar um borð. Svona má segja víðar að af landinu eins og á Suðurnesjum."

Herra forseti. Þetta eru ekki góðar fréttir og varla í þeim anda sem hæstv. sjútvrh. né þeir hv. þingmenn bjuggust við sem samþykktu þessa breytingu. Herra forseti. Í ljósi þessa hef ég lagt fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

1. Hvaða áhrif, jákvæð og neikvæð, telur ráðherra afnám línutvöföldunarinnar hafa?

2. Telur ráðherra ástæðu til að setja vinnuhóp á laggirnar til að meta breytingar sem verða m.a. á þróun byggðar, atvinnu, sjósóknar og ferskfisksútflutnings vegna afnáms línutvöföldunarinnar?

3. Mun ráðherra endurskoða afnám línutvöföldunarinnar eftir reynslu yfirstandandi fiskveiðiárs ef breytingin er talin hafa skaðað þjóðina að mati óvilhallra aðila?

[14:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um tók Alþingi ákvörðun um það á sl. vori að afnema svonefnda línutvöföldun, en þar var um að ræða millifærslu í fiskveiðistjórnunarkerfinu þar sem bátar og skip á aflahlutdeildarkerfinu létu af hendi nokkrar fiskveiðiheimildir til þess að línuskip gætu stundað veiðar í sóknarmarki.

Þau atriði sem lágu helst til grundvallar þegar þessi breyting var gerð miðuðu auðvitað að því að búa til heilsteyptara kerfi án þess að vera að blanda saman margs konar kerfum og þannig að allir byggju við sömu leikreglur og millifærslu af þessu tagi innan kerfisins yrði hætt. Það var auðvitað meginforsenda þeirrar breytingar og hafði lengi verið til umræðu innan sjávarútvegsins þó sitt hafi sýnst hverjum í þessu efni.

Annað takmark sem menn settu sér var að auka hagkvæmni í veiðunum því að sóknarmarksveiði með þessum hætti hefur sama ágalla og veiðar í sóknarmarki við aðrar aðstæður. Þær kalla á aukna fjárfestingu og leiða smám saman til þess að veiðarnar verða óhagkvæmar, enda voru menn að ná þessum afla á stöðugt styttri tíma.

Þriðja atriðið sem menn nefndu í vor var það að línutvöföldunin hefði áhrif til þess að hækka kvótaverð.

Fjórða atriðið laut að því að línutvöföldunin píndi menn til þess að veiða þennan hluta þorskveiðiheimildanna á tiltölulega skömmum tíma. Þeir gætu ekki dreift veiðinni yfir lengri tíma og það gerði það að verkum að menn ættu ekki þorsk út allt fiskveiðiárið sem meðafla á öðrum veiðum og það leiddi til mjög slæmrar umgengni um fiskveiðiauðlindina.

Fimmta atriðið voru sjónarmið sem fram komu frá fiskvinnslunni um að það væri mikilvægt fyrir fiskvinnsluna að geta dreift vinnslu á þessum afurðum á lengri tíma.

Nú er mjög skammur tími liðinn frá því að þessar breytingar voru gerðar þannig að það er erfitt að leggja dóm á það hvort þessi markmið hafi náðst. Þó sjáum við á því þegar við horfum á hagkvæmnisjónarmiðin að á þessu fiskveiðiári, frá 1. sept. fram til 20. okt., hafa veiðst 2.200 lestir af þorski á línu og það eru 92 bátar sem hafa komið með þennan afla að landi. Í fyrra á sama tíma höfðu veiðst 1.350 lestir og það voru 172 bátar sem komu með þann afla að landi. Núna eru sem sagt nánast helmingi færri bátar að koma með miklu meiri afla að landi. Þetta sýnir glöggt að við erum þarna að ná aukinni hagkvæmni í veiðinni. Línutvöföldunin á verulegan þátt í því þó að þar geti komið fleiri sjónarmið, breytingar á sóknarmunstri smábáta og eins aukinn heildarafli, en hér er um svo afdráttarlausar tölur að ræða að ég held að það sé engum vafa undirorpið að menn hafa þegar séð að þessi breyting skilar meiri hagkvæmni. Við sjáum það á tölum af verði á aflaheimildum, bæði á varanlegum kvóta og leigukvóta, að verðið hefur lækkað mjög verulega, sérstaklega á leigukvótanum. Það er engum vafa undirorpið að línutvöföldunin á verulegan hlut í þeirri breytingu.

Það þarf að minni hyggju lengri tíma til þess að meta það hvort þau markmið nást sem að var stefnt, að afnám línutvöföldunar mundi stuðla að betri umgengni með því að menn gætu dreift veiðinni á lengri tíma og eins að því er varðar fiskvinnsluna. Það er þess vegna allt of snemmt að framkvæma athuganir á þessari breytingu, en það kann vel að koma til álita þegar full reynsla er komin að fela Sjávarútvegsstofnun Háskólans eða Háskólanum á Akureyri að gera á þessu könnun. Í þessu efni eins og öðru er mikilvægt að menn læri af reynslunni, en þær vísbendingar sem við höfum af þessari breytingu til þessa benda til þess að menn séu að ná þeim markmiðum sem að var stefnt og að breytingin hafi skilað árangri.

[14:21]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem komu fram í svari hæstv. sjútvrh. Það er augljóst að þeim bátum sem stunda þessar veiðar með línu hefur fækkað verulega. Það eru aðallega smábátar sem hafa dottið út.

Þegar ákvörðun var tekin um afnám línutvöföldunar var það vegna þess að beitningabátar voru að sölsa undir sig línutvöföldunarkvótann og menn voru sammála um að við svo búið mætti ekki standa. En sá galli fylgir gjöf Njarðar í þessu tilviki að línubeitning í landi mun leggjast af. Ég hef spurst fyrir um það hjá öllum sveitarstjórnarmönnum þar sem línubeitning hefur verið stunduð frá því að tvöföldunaráhrifin voru sett á, hverjar horfur séu með landbeitningu í vetur. Svar allra er á sömu lund: Línubeitning mun nánast afleggjast. Líkur eru til þess að á milli 200–300 beitningarstörf leggist af nú í vetur. Ef svo fer sem horfir, þá er útlitið dapurlegt hjá þeim mönnum sem þessa vinnu hafa stundað. Það eru 120 manns á Vesturlandi, 180 manns á Suðurnesjum og Vestfjörðum. Því vil ég spyrja og ég fékk reyndar svar: Þetta verður endurskoðað, en er varla tímabært.

[14:23]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Línutvöföldunin gerði á sínum tíma mjög mikið gagn en hins vegar var það þannig að þetta kerfi var smám saman að ganga sér til húðar vegna þess að það var smám saman að nagast utan af því.

Vorið 1995 voru eftir um 5.000 tonn úr línutvöföldunarpottinum. Á sl. fiskveiðiári kláraðist línutvöföldunarpotturinn um miðjan febrúar. Ef allt hefði gengið eftir sem horfði, þá stefndi allt í það að línutvöföldunarpotturinn hefði verið búinn, sumir segja um mánaðamótin janúar/febrúar, sumir segja fyrr. Með öðrum orðum lá það fyrir að þessi línutvöföldunaraðferð var alveg hætt að gera þetta gagn. Þess vegna hefði það gerst að smám saman hefði fjarað undan þessum línubátum og þeir hefðu týnt tölunni þannig. Ég held þess vegna að það hafi verið skynsamlegt og rétt að gera það eins og gert var, að skipta línutvöföldunarpottinum að langmestu leyti upp á milli línubátanna og tryggja það að þeir hefðu þannig aflaheimildir til þess að stunda þessa útgerð, enda hefur það komið fram í máli hæstv. sjútvrh. að línuafli hefur á milli áranna aukist og það er auðvitað gríðarlega þýðingarmikið.

Mér finnst rétt að minna á það vegna þess að hér talaði hv. þm. Alþfl. áðan að það var talsmaður Alþfl. í sjávarútvegsmálum sem fyrstur manna flutti tillögu um það vorið 1995 að afnema línutvöföldunina.

[14:24]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er enginn vafi á því að afnám línutvöföldunar mun leiða til þess að línuveiðar stórminnka og leggjast jafnvel af og til þess benda auðvitað auglýsingar í blöðunum undanfarið þar sem hver línubáturinn á fætur öðrum er auglýstur til sölu. Ég tel mikinn skaða af því ef þessar veiðar leggjast af því að línufiskurinn er besta hráefnið sem berst á land auk þess sem veiðarnar eru mjög atvinnuskapandi.

Línutvöföldunarkerfið var að bresta eins og hér var bent á vegna stöðugrar fjölgunar stórra beitningavélabáta og á síðasta fiskveiðiári var línutvöföldunarkvótinn uppveiddur hálfum mánuði áður en tvöföldunartímabilinu lauk. Ég benti á það hér á þingi fyrir líklega 2–3 árum að það þyrfti að stöðva fjölgun línuskipanna, loka þessum potti eins og gert er um margar aðrar veiðar eins og humar, rækju, loðnu og fleira þannig að ekki fjölgaði endalaust og þetta kerfi brysti. Það var því miður ekki gert og ég tel að það hafi verið mistök. En fyrst það var ekki gert, þá held ég að það hafi verið augljóst að þessar veiðar mundu líða undir lok. Ég held að það verði ekki aftur snúið. Það er búið að úthluta til manna og báta þeim kvóta sem var til skiptanna. Menn fengu margir lottóvinning við það og eru sumir byrjaðir að braska með þessa lottóvinninga sína og búnir að selja þá þannig að þeir verða ekki aftur teknir. Ég var alltaf talsmaður línutvöföldunar og tel mikla eftirsjá að henni.

[14:26]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það hefur borið nokkuð á því að undanförnu að ýmsir aðilar hafa gert sig seka um það frumhlaup að fullyrða að nú væri línuútgerð að hverfa á Íslandi og mundi hætta. Staðreyndirnar segja allt annað. Við erum búnir með einn mánuð af þessu fiskveiðiári, það liggja fyrir tölur Fiskifélagsins um það og þær sýna allt annað. Þær sýna aukningu línuveiða. Heildaraflinn á línu sem landað var í septembermánuði eru 3.636 tonn en voru 3.200 tonn árið áður. Mesta aukningin er einmitt í kjördæmi fyrirspyrjanda, en þar var landað rúmum 1.000 tonnum í haust en aðeins 377 tonnum árið áður. Þannig að ég held að menn geri rétt í því að bíða og sjá hvort þetta verður svona eða ekki. Menn ætluðu að línuveiðar mundu jafnast, mundu minnka yfir skammdegið en dreifast yfir stærri hluta ársins til hagsbóta fyrir alla. Þær tölur sem við höfum um þetta benda til þess að svo verði, ekki öfugt. Þess vegna eiga menn að sleppa því að fullyrða þvert ofan í það sem tölurnar sýna.

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta eru skemmtileg orðaskipti aðallega flokksbræðra og hæstv. sjútvrh. Ég var í þeim hópi sem hafði miklar efasemdir um þá aðgerð að afnema línutvöföldun og þó kannski einkum og sérstaklega hvernig að því var farið. Það er alveg ljóst að þau skip sem mest höfðu tekið til sín úr þessum potti síðustu árin, útileguskip með beitningarvélar, fengu ríflegan hlut en hefðbundin landróðra- eða landbeitningarlínuútgerð rýran hlut og það verður væntanlega hún sem fer ferst út úr þessu með tilheyrandi áhrifum á atvinnulífið. Ég held að það sé engin reynsla komin á það hvernig þetta virkar fyrr en skammdegismánuðirnir ganga í garð. Línutvöföldunin var ekki síst mikilvæg vegna þess að hún jók hráefnisframboð á vetrarmánuðum þegar ella er hætta á því að lítið verði um hráefni.

Það er heldur ekki rétt að dæma þetta fyrirkomulag út frá því ástandi sem ríkti síðustu einn til tvo vetur þegar allir bjuggust við því að línutvöföldunarreynslan yrði færð inn í kvóta og það ríkti þar af leiðandi kapphlaup um að ná sem stærstum hlut. Auðvitað hefði verið hægt að gera breytingar á þessu kerfi þannig að það hefði áfram þjónað upphaflegum tilgangi sínum, þeim að styrkja línuútgerð og atvinnu í landi.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör og hv. þingmönnum fyrir þeirra þátttöku í þessu sérstaka máli.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að hann taldi að þessi aðgerð ein og sér hefði haft áhrif á leigukvótaverð og verð á aflaheimildum vegna þess að kerfin væru einfaldari og

gegnsærri með þessu móti. Það er samt staðreynd, þó svo að þessu sé haldið fram af hæstv. sjútvrh., að kvótaverð hækkaði upp í 700 kr. og hefur aldrei verið hærra en einmitt nú. Leigukvótaverð hefur reyndar lækkað niður í 67 kr. eins og það er í dag og er samt allt of hátt. Það hefur farið upp í 95 kr. eða svo.

Það er aftur á móti ljóst að leigukvótaverð mun hækka mjög verulega í desember og þá fyrst og fremst vegna þess að útgerðir munu kaupa sér leigukvóta fyrir næsta almanaksár til þess að ná inn kostnaði til að mæta hagnaði fyrirtækja í sjávarútvegi á yfirstandandi ári þannig. Ég held þess vegna að menn geti ekki hlakkað yfir því að þetta ofurháa kvótaverð sé á einhverri niðurleið vegna þessara aðgerða. Það er mikill misskilningur.

Því miður virðist það vera svo að þessi aðgerð verði ekki tekin til baka og að sjálfsögðu er búið að ganga frá því með lögmætum hætti hvernig þetta verður. En ég tel þó að með auknum aflaheimildum á næsta fiskveiðiári ætti að vera möguleiki á að taka upp að nýju svipað fyrirkomulag, þó breytt á þann hátt að það sé hugsað fyrir landróðraskip og fiskvinnslur í landi en ekki fullvinnsluskip eða línuveiðiskip sem eru í útilegum. Það er með ýmsu móti hægt að lagfæra þetta kerfi þannig að það þjóni þjóðinni sem best.

[14:31]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður. Hv. 4. þm. Norðurl. e. komst alveg réttilega að orði með að segja að línutvöföldunin fól í sér styrk til línuútgerðarinnar. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hafa almennar reglur og á þeim grundvelli eigi að koma í ljós hvaða útgerð er hagkvæmust því að það er mikið keppikefli fyrir þjóðina og atvinnugreinina að við högum leikreglunum á þann veg að menn geti náð fiskinum með sem hagkvæmustum hætti.

Auðvitað er það ekki svo þó að breyting af þessu tagi hafi einhverja röskun í för með sér að við séum að veiða minni fisk. Það kemur sami fiskur að landi. Spurningin er bara: Náum við honum á hagkvæmari hátt? Þessar fyrstu tölur sem við höfum í höndunum benda til þess þar sem við erum að stórauka línuveiðarnar á fyrstu vikum þessa fiskveiðiárs með miklu færri bátum, helmingi færri bátum. Það bendir til þess að við erum að ná þeim árangri að gera þetta með aukinni hagkvæmni. Ég held að það hafi öllum verið ljóst að línutvöföldunin hafði áhrif á hátt leiguverð á aflaheimildum og það kom þess vegna ekki á óvart að í upphafi þessa fiskveiðiárs skyldi verð á leiguheimildum lækka. Það var reyndar eitt af markmiðunum með þessari aðgerð.

Það er líka skynsamlegast að haga fiskveiðistjórnuninni þannig að bæði þeir sem gera út og eru að vinna fiskinn geti ráðið því nokkuð sjálfir hvenær þeir sækja sjóinn og hvernig þeir skipuleggja sínar veiðar en stjórnvöld séu ekki að skammta þeim að ef þeir veiði svona þá megi þeir taka meira á þessum tíma en minna á öðrum tíma. Svona miðstýring af hálfu stjórnvalda er óæskileg fyrir atvinnugreinina. Þess vegna var það mikilvægt skref sem Alþingi steig á liðnu vori að afnema þessa línutvöföldun. En það er sjálfsagt mál að fylgjast með þessari þróun og sjá hvernig okkur tekst að ná þeim markmiðum sem sett voru þegar nægjanlegur tími er kominn til þess að raunveruleg reynsla fáist.

Skiparatsjár.

Fsp. EKG, 65. mál. — Þskj. 65.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrir um áratug eða þar um bil fóru fram miklar umræður um hugsanlega endurnýjun á ratsjárkerfi varnarliðsins og uppsetningu tveggja nýrra ratsjárstöðva á Norðvesturlandi og Norðausturlandi. Þessar umræður urðu á köflum mjög heitar og stríðar og spönnuðu nýtt svið og blönduðust m.a. inn í þær umræður sem þá fóru fram um varnar- og öryggismál vestrænna lýðræðisþjóða.

Í tengslum við þessa umræðu kom fram að í skýrslu sem varnarmáladeild utanrrn. eða sérstök ratsjárnefnd sem starfaði á vegum hennar, gaf út, var velt upp hugmynd um að settar yrðu upp sérstakar skiparatsjár, sem svo voru kallaðar, í tengslum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli. Í þessari skýrslu sem ég nefndi var velt upp ýmsum kostum og flötum sem að þessu máli sneru og rætt um hvaða notagildi mætti hafa af þessum skiparatsjám. Niðurstaða þessarar skýrslu var sú að upplýsingar frá skiparatsjám á stöðvum norðvestanlands, þ.e. á Bolafjalli og norðaustanlands, þ.e. á Gunnólfsvíkurfjalli, mætti nota m.a á eftirfarandi hátt:

Til öryggiseftirlits með skipum af öllum gerðum. Til eftirlits með fiskveiðum. Til að fylgjast með veðri og jafnvel til að greina hafís. Síðan var farið yfir þetta nokkrum orðum og niðurstaða af vangaveltum höfunda skýrslunnar var, með leyfi virðulegs forseta:

„Sérstökum skiparatsjám yrði komið fyrir á þeim stöðum sem rætt hefur verið um að reisa ratsjárstöðvarnar til eftirlits með flugumferð umhverfis landið. Þessar stöðvar gætu greint skip í allt að 56 sjómílna fjarlægð frá Stigahlíð, 34 sjómílna fjarlægð frá Hrollaugsstaðafjalli og 59 sjómílna fjarlægð frá Gunnólfsvíkurfjalli. Upplýsingar frá þessum ratsjám kæmu einkum að gagni við öryggiseftirlit með skipaumferð á þessum svæðum. Upplýsingar frá stöðvunum kæmu einnig að gagni við stjórn leitar- og björgunaraðgerða á lofti og legi. Er ljóst að nota má slíkar ratsjár til að fylgjast með úrkomu og jafnvel hafís á þeim svæðum sem ratsjáin nær til. Þessi atriði eru þó hátæknilegri útfærsla á búnaði skiptaeftirlitsratsjárinnar og þeim aðferðum sem beitt yrði við að vinna úr upplýsingum frá henni."

Af þessu má sjá að margvísleg not gætu verið af skiparatsjá þessari og í máli hæstv. þáv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, þegar ég tók þetta upp í fyrirspurn 25. október 1993, kom fram að uppsetning skiparatsjánna hefði á sínum tíma verið samþykkt af hermálayfirvöldum Atlantshafsbandalagsins sem hluti af endurnýjun ratsjárkerfisins á Íslandi og að sú ákvörðun standi enn, en hafi hins vegar dregist vegna þess að skort hafi fjármagn. Hæstv. ráðherra sagði síðan:

„Nú eru líkur á því að úr þessum vanda rætist að nokkru á næstunni." Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. utanrrh.: „Er uppsetningu skiparatsjáa í tengslum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli lokið?"

[14:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með orðsendingu dagsettri 25. mars 1985 frá sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi til Geirs Hallgrímssonar, þáv. utanrrh., óskaði Bandaríkjastjórn formlega eftir

samþykki ríkisstjórnar Íslands fyrir áformum Atlantshafsbandalagsins um endurnýjun ratsjárstöðvakerfisins á Íslandi með það fyrir augum að treysta loftvarnir landsins. Á þessum tíma voru einungis tvær ratsjárstöðvar starfræktar á Íslandi, stöðin á Stokksnesi við Hornafjörð og stöðin á Sandgerðisheiði sem gengur undir nafninu Rockville. Þessar stöðvar gátu með engu móti fylgst með flugumferð fyrir norðanverðu landinu. Í stað þess gerðu Atlantshafsbandalagið og bandarískt flugherinn út sérstakar ratsjárflugvélar, svonefndar AWACS-vélar, sem stöðugt voru á flugi yfir Íslandi.

Í kjölfar samþykktar ríkisstjórnar Íslands vorið 1985 um endurnýjun ratsjárstöðvanna fjármagnaði Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins byggingu fjögurra nýrra stöðva, á Sandgerðisheiði, á Bolafjalli við Bolungarvík, á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi og á Stokksnesi. Rekstur þessara ratsjárstöðva er kostaður af bandarískra flughernum en rekstur þeirra annast Ratsjárstofnun. Viðhald og framkvæmdir við þær eru hins vegar fjármagnaðar af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins þar sem stöðvarnar eru hluti af varnarviðbúnaðarkerfi bandalagsins.

Í áðurnefndri orðsendingu sendiherra Bandaríkjanna til utanrrh. var jafnframt tekið fram að Bandaríkjastjórn mun í kjölfar byggingu ratsjárstöðvanna sjá um að sett verði upp siglingaratsjá við norðurstöðvarnar, þ.e. á Bolafjalli og á Gunnólfsvíkurfjalli. Tekið var fram í orðsendingu sendiherrans að uppsetning siglingaratsjárinnar yrði viðbót við ratsjárstöðvaframkvæmdir Atlantshafsbandalagsins. Siglingaratsjá þessi er sérstakt tæki til að fylgjast með umferð sæfarenda og dregur um 70 sjómílur frá landi. Af þessari framkvæmd hefur ekki orðið enn. Byggingu ratsjárstöðvanna lauk og þær tóku til starfa á árunum 1992 og 1993. Ratstjárstöðvaverkefninu verður þó ekki lokið að fullu fyrr en sérstök hugbúnaðarstöð tekur til starfa á Keflavíkurflugvelli um mitt næsta ár.

Þegar Bandaríkjastjórn sóttist eftir fjármögnun fyrir siglingaratsjánum árið 1992 í Mannvirkjasjóð NATO var kalda stríðinu lokið. Sovétríkin höfðu liðast sundur og ný heimsmynd blasti við. Siglingaratsjá var þá ekki lengur talinn hluti af nauðsynlegum varnarviðbúnaði á Íslandi og fjármögnun til framkvæmdarinnar hefur ekki fengist úr Mannvirkjasjóðnum af þeim sökum. Bandaríkjastjórn hefur fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda sótt ítrekað um fjármagn til framkvæmdarinnar en framganga málsins hefur strandað á neikvæðri afstöðu ákveðinna aðildarríkja að Mannvirkjasjóðnum. Íslensk stjórnvöld telja að máli þessu sé ekki lokið og verður reynt áfram til þrautar að fá samþykki Mannvirkjasjóðsins fyrir framkvæmdinni.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinargóð svör, en um leið verð ég auðvitað að láta í ljósi mikil vonbrigði með það að ekki skuli hafa fengist fjármagn til að ljúka þessari framkvæmd. Sannleikurinn er sá, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, að uppsetning skiparatsjánna var hugsuð sem hluti af þessari miklu mannvirkjagerð og ég lít þannig á að meðan þessu er ekki lokið að fullu, sé ekki búið að uppfylla það að koma upp þessu ratsjárkerfi við norðanvert landið.

Við skulum ekki gleyma því að þegar þessar umræður fóru fram, voru þær á margan hátt bæði mjög harðar og sársaukafullar og það fór ekkert á milli mála hvaða fyrirheit voru gefin á þessum tíma. Í mínum huga réði það að vísu ekki úrslitum hvort skiparatsjárnar kæmu eða ekki. En það var alveg ljóst mál að þegar þessi ákvörðun var tekin, þá var hún tekin í heild sinni. Þess vegna eru það auðvitað á vissan hátt brigð af hálfu Atlantshafsbandalagsins, Mannvirkjasjóðsins, og eftir atvikum stjórnvalda í Bandaríkjunum ef ekki er efnt að koma upp þessum skiparatsjám. Ég veit að íslensk stjórnvöld hafa reynt að fylgja þessu eftir eins og mögulega hefur verið kostur á og það er enginn að efast um vilja núv. eða hæstv. fyrrv. utanrrh. En það breytir ekki því að ekki er búið að ljúka því sem ætlunin var að ljúka og þau fyrirheit sem gefin voru fyrir tíu árum hafa ekki verið efnd og það er mjög þýðingarmikið. Það er mjög leitt til þess að vita að vinaríki okkar skuli hafa staðið þannig að málum að ljúka ekki þessari uppsetningu á svo mikilvægu mannvirki sem þarna er.

Nú getur vel verið að hægt sé að finna á þessu einfaldari og betri lausnir en ætlunin var í upphafi og þá verður auðvitað að leita þeirra leiða. En það breytir því ekki að við Íslendingar verðum, eins og hæstv. utanrrh. sagði áðan, að halda þessu máli áfram uns við ljúkum því þar sem því er óneitanlega ekki lokið.

[14:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram, höfum við í utnrrn. haldið þessu máli vakandi og munum halda því vakandi. Það verður hins vegar ekki komist hjá því að breyttar aðstæður á hverjum tíma leiða til breytts mats á stöðunni sem er það sem hefur gerst hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. En það er rétt að þegar þessi ákvörðun var tekin lágu fyrir skýrar yfirlýsingar um að þetta yrði gert. Hins vegar var ekki sótt eftir fjármögnun fyrir þessum tiltekna hluta verksins fyrr en árið 1992 og í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru upp komnar, taldi Mannvirkjasjóðurinn önnur verkefni brýnni en að fjármagna þetta verkefni.

Við munum áfram sækja á um að þetta verði framkvæmt og ég vonast eftir því að það muni takast. Við skulum hins vegar gera okkur grein fyrir því að með þeirri stækkun sem nú er fyrirhuguð á Atlantshafsbandalaginu, er ljóst að mörg verkefni bíða víða í Evrópu og þess vegna verður sótt hart á um ýmsar framkvæmdir úr þessum sjóði. Það er jafnframt rétt að taka fram að Ísland á ekki formlega aðild að Mannvirkjasjóðnum. Það var ekki gengið til samstarfs í þeim sjóði í upphafi og fyrir nokkrum árum þegar það mál var endurskoðað var ákveðið að gera það ekki. En það er vissulega til athugunar og ætti að vera til athugunar á hverjum tíma og það er verið að fara yfir það í utanrrn. hvort Ísland eigi ekki að taka þátt í starfsemi þessa sjóðs með formlegum hætti. Það þýðir þá að við þurfum jafnframt að láta nokkuð af mörkum til starfseminnar.

Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu.

Fsp. GÁS, 77. mál. — Þskj. 77.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Með tilurð breyttra laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í kringum árið 1990 þar sem rekstur heilsugæslunnar, og þar með sjúkraflutningar færðist yfir á hendur ríkisvaldsins, var gripið til þess ráðs þar sem öflug slökkvilið voru til staðar að gerðir voru samningar milli ríkisvaldsins og viðkomandi sveitarfélaga svo

sem í Hafnarfirði, Reykjavík, Akureyri og á Suðurnesjum, um framkvæmd þessara sjúkraflutninga. Þeir samningar hafa verið í gildi fram undir það síðasta. Eðli máls samkvæmt hlýtur það að vera skynsamleg ráðstöfun að samhæfa og samnýta öflug slökkvilið og sjúkraflutninga og hafa þau mál gengið býsna vel fram og þjónustan verið með miklum ágætum.

Nú hafa hins vegar borist tíðindi þess efnis að hæstv. heilbrrh. og ráðuneyti hans hafi sagt upp þessum samningum, a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu og á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu þ.e. upptökusvæði Hafnarfjarðarumdæmis, Bessastaðahreppi og Garðabæ. Það ríkir fullkomin óvissa um framtíð þessara mála og þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvers vegna hefur samningum um sjúkraflutninga við Reykjavíkurborg annars vegar og Hafnarfjarðarbæ hins vegar verið sagt upp? Og í öðru lagi: Telur ráðherra að núverandi samhæfing slökkvistarfs og sjúkraflutninga í þessum sveitarfélögum, og raunar fleirum, sé óheppileg? Og í þriðja lagi: Áformar ráðherra að bjóða út þjónustu sjúkraflutninga á upptökusvæðum Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarbæjar? Ef svo er, verður útboðið opið? Eða með öðrum orðum: Hvernig verður að því útboði staðið?

Mér er vissulega kunnugt um það að viðræður hafa átt sér stað milli forsvarsmanna þessara sveitarfélaga og heilbrrn. um það hvernig megi standa að þessum málum og þar er auðvitað, eins og fyrri daginn, verið að prútta um peninga. En ég vil jafnframt láta þess getið að nú þegar liggur fyrir áframhaldandi vilji Rauða krossins í þessum sveitarfélögum báðum um að sjá um fjármögnun og fyrirkomulag bílamálanna eins og verið hefur þannig að engar breytingar eru þar. Hafnarfjarðarbær til að mynda hefur lagt á það áherslu að hann vilji áframhaldandi samvinnu á þeim grundvelli sem verið hefur á umliðnum fimm árum og leggur þunga áherslu á að svo verði. Ég vænti þess að ráðherra geti svarað mér þessum spurningum og upplýst þingheim um stöðu þessara mála að öðru leyti.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Við fyrstu spurningunni er þetta svar: Meginástæða fyrir því að samningum um sjúkraflutninga var sagt upp var sú að úttekt óháðs aðila sýndi að unnt væri að fá fram talsvert hagræði með sameiningu þjónustunnar og að ríkið nyti ekki sem skyldi hagræðis af samstarfi við sveitarfélögin sem fæst með samrekstri sjúkraflutninga og slökkviliðs. Markmið samstarfs sem þessa hlýtur að vera að tryggja örugga þjónustu en jafnframt þurfa báðir aðilar að hafa hag af samstarfinu. Tilkoma Neyðarlínunnar hlýtur einnig að hafa áhrif á samning aðilanna þar sem neyðarsímsvörun er samræmd og því lækkar kostnaður við Slökkvilið Reykjavíkur. Fyrirkomulag sjúkraflutninga er mismunandi um landið og eru þeir aðallega í höndum heilsugæslustöðva, rauðakrossdeilda, lögreglu eða slökkviliða eða í samvinnu heilsugæslustöðva og Rauða krossins.

Árið 1992 var nefnd falið að kanna tilhögun sjúkraflutninga og gera tillögur þar um enda lá fyrir að kostnaður við þjónustuna fór vaxandi. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti árið 1994. Nefndin lagði til að hafnar yrðu viðræður við Rauða kross Íslands um að taka að sér alla sjúkraflutninga í landinu en óformlegt tilboð Rauða krossins var talsvert hærra en ráðuneytið taldi sér fært að greiða fyrir flutningana. Nefndin yfirfór tilboðið og var síðan óháðri verkfræðistofu falið að gera verklýsingu yfir sjúkraflutninga. Í skýrslu verkfræðistofunnar kom fram að ná mætti verulegri hagræðingu í sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu með samvinnu og sameiningu þjónustunnar á svæðinu. Samningum við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ var sagt upp í lok árs 1994 og mitt ár 1995 en voru endurnýjaðir í árslok 1995 til eins árs. Jafnframt var Rauða krossinum tilkynnt að ekki væri unnt að ganga til samninga um sjúkraflutninga á landinu öllu að svo stöddu. Sjúkraflutningaráði var falið að vinna að því að skilgreina betur kröfur varðandi sjúkraflutninga, fjölda, staðsetningu bíla, búnaðar og viðbragðsflýti og menntun sjúkraflutningamanna og liggur skýrsla fyrir um það og reyndar búið að gera samning um menntun sjúkraflutningamanna. Ráðið leggur til að sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðini verði sameinaðir undir eina stjórn og er unnið að því.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda var: Telur ráðherra að núverandi samhæfing slökkvistarfs og sjúkraflutninga í þessum sveitarfélögum sé óheppileg? Nei, það tel ég ekki þótt fleiri leiðir komi til greina. Sjúkraflutningar á Stór-Reykjavíkursvæðinu eru að jafnaði tæplega 40 á dag, útköll slökkviliðs eru verulega færri. Með samrekstri sjúkraflutninga og slökkviliðs er unnt að halda uppi mun öflugri og öruggari slökkviliðsþjónustu en ella og kostnaður er minni. Nú nýtur ríkið enn að óverulegu leyti hagnaðarins af þessum samrekstri. Sjúkraflutningar geta fallið vel að starfsemi þar sem vakt er allan sólarhringinn, samanber starfsemi slökkviliða. Sjúkraflutningar geta einnig fallið vel að starfsemi lögreglu eins og þegar hefur sýnt sig því lögregla annast sjúkraflutninga víða. Aðalkosturinn við að reka saman lögreglu og sjúkraflutninga er sá að ríkið sjálft nýtur þess ávinnings sem hlýst af samrekstri sjúkraflutninga með annarri starfsemi sem ríkið greiðir.

Þriðja spurning hv. fyrirspyrjanda er hvort ráðherra áformi að bjóða út þjónustu sjúkraflutninga á upptökusvæðum Reykjavíkurborgar og Hafnarfjarðarbæjar. Ef svo er, hvort útboðið verði opið. Á grundvelli skýrslu sjúkraflutningaráðs hefur verið unnin kröfu- og útboðslýsing fyrir sjúkraflutninga á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Í fyrsta sinn hafa því verið skilgreindar frambærilegar kröfur til sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu sem munu leiða til stórbættrar þjónustu við íbúa þessa svæðis. Í kröfu- og útboðslýsingunni er gengið út frá því að sjúkraflutningar á Stór-Reykjavíkursvæðinu lúti einni stjórnstöð og þjónustusvæðið verði eitt. Tekið skal fram að fjármögnun og rekstur sjúkrabifreiðanna sjálfra er ekki hluti þessara lýsinga. Á grundvelli fyrirliggjandi kröfu- og útboðslýsingar eru hafnar viðræður við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ um að koma sameiginlega að samningi um sjúkraflutninga á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Takist samningaviðræður við Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ ekki á næstu vikum kemur til greina að kanna þá möguleika að fela öðrum aðilum að annast flutninga eða bjóða þá út. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort útboð verður opið eða lokað ef til þess kemur.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru eins og vænta mátti tiltölulega almenns eðlis. Ég held að það sé hins vegar full ástæða til þess að undirstrika það hér að rekstur slökkviliða er á hendi sveitarfélaganna og hæstv. ráðuneyti heilbrigðismála hefur ekkert með þau að

gera. Þannig birtist þetta mál eilítið með þeim hætti að hæstv. ráðuneyti heilbrigðismála er að setja slökkvilið þessara sveitarfélaga upp við vegg og segja sem svo: Ef þið lækkið ekki þær tölur sem eru í núgildandi samningum um sjúkraflutningana, sem núna eru samtals á höfuðborgarsvæðinu öllu og þar með töldum Hafnarfirði 140 millj. kr., þá bjóðum við þetta út, þá tökum við þetta af ykkur. Og það hefur veruleg áhrif á rekstur slökkviliðanna. Það gefur auga leið eins og hæstv. ráðherra réttilega kom hér inn á og er að finna í fyrirspurn minni. Það sér hver heilvita maður að skynsamlegast er auðvitað að þessi tvö þjónustufyrirtæki, rekstur slökkviliða og sjúkraflutninga, og hæstv. ráðherra komst ágætlega að orði í svari sínu hér áðan um hagræði af því. Allar hugmyndir um að fara aðrar leiðir í því sambandi eru því glapræði og ég vara mjög eindregið við slíkum hugmyndum. Ég vara einnig við því að hæstv. ráðuneyti stilli sveitarfélögum upp við vegg með þessum hætti. Það á vitaskuld að ná samningum um áframhaldandi fyrirkomulag þessara mála sem hefur gengið býsna vel. Þjónustan hefur verið gegnum heilt örugg og trygg, tiltölulega ódýr þó ævinlega megi þar betur gera og stundum er nú ástæða til þess að láta kyrrt liggja þegar hlutir eru í þokkalegu lagi þannig að ég bið hæstv. ráðherra að fara sér hægt í þessu máli.

[14:57]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég og fyrirspyrjandi erum tiltölulega sammála í þessu máli. Það er hagræði í því að samreka slökkvilið og sjúkraflutninga en það er eðlilegt að ríkið njóti hagræðisins engu síður en sveitarfélögin og það er ekki verið að stilla neinum upp við vegg heldur eru þetta eðlilegar samningaviðræður sem eru í gangi hjá sveitarfélögunum.

Læknavakt í Hafnarfirði.

Fsp. GÁS, 78. mál. — Þskj. 78.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Fyrir einhverjum vikum síðan átti ég orðastað við hæstv. heilbrrh. í óundirbúnum fyrirspurnum um þau mál sem ég hef gert formlega fyrirspurn um, á þskj. 78. Þar spyr ég:

1. Hvers vegna er engin virk læknavakt í Hafnarfirði frá kl. 12 á miðnætti til kl. 8 að morgni eins og verið hefur um langt árabil?

2. Hvert eiga 25 þús. íbúar Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps að snúa sér þurfi þeir læknisaðstoð í heimahúsi að næturlagi?

3. Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta úr því ófremdarástandi sem í þessum málum ríkir?

Í samtali okkar hæstv. ráðherra fyrir einhverjum vikum svaraði hann því til að íbúar í þessum sveitarfélögum gætu hringt á St. Jósefsspítala, þar væru læknar til staðar. Ég sagði í þeim umræðum að það væri misskilningur af hálfu ráðherra. Og það hefur komið á daginn, eftir frekari eftirgrennslan af minni hálfu, að sú er raunin. St. Jósefsspítali hefur engum skyldum að gegna í þessu sambandi og raunar engin sjúkrastofnun í Hafnarfirði þegar kemur að næturvakt lækna í Hafnarfjarðarumdæmi. Hér er auðvitað um mikið alvörumál að ræða. Allt óöryggi og öll óvissa á þessum vettvangi er auðvitað óþolandi. Þarna er um að ræða vitjanir í þúsundatali á ári hverju. Ég gerði mér það til gamans, en auðvitað með fullri alvöru, nú í dag að hringja á Slökkvistöðina í Hafnarfirði, sem hefur fram undir það síðasta verið vettvangur næturlæknis og slökkviliðsmenn verið þar til svara, og spurði hvaða svör íbúi í þessum sveitarfélögum, einn af 25.000, fengi ef hann hringdi á slökkvistöðina og bæði um lækni vegna veiks barns. Varðstjóri í slökkviliðinu svaraði því til að það einasta sem hann gæti sagt væri: Hringdu á Ríkisspítalana eða barnadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur.

Hvaða svör fá foreldrar veiks barns í Hafnarfirði þar inn frá? Jú, komdu með barnið. Með öðrum orðum, það er ekki einn einasti læknir á þessum tíma sólarhringsins sem sinnir húsvitjunum. Hafnfirðingar, Garðbæingar og Bessastaðahreppsbúar eiga þess ekki kost eins og íbúar á Reykjavíkursvæðinu að fá lækni í húsvitjun að næturþeli. Þetta er auðvitað gersamlega óþolandi og ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi nú þegar gripið í taumana frá því við áttum samtal um þetta síðast. Ef svo er ekki, þá spyr ég: Til hvaða ráðstafana verður gripið til að bægja þessu ófremdarástandi frá nú þegar?

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að nú er ekki læknavakt eða staðarvakt svokölluð á vegum heilsugæslunnar í Hafnarfirði frá kl. 12 á miðnætti til 8 að morgni. Staðarvakt er á umræddu svæði til kl. 12 á miðnætti og eiga læknarnir sér samastað á slökkvistöðinni í Hafnarfirði eins og verið hefur um árabil. Hins vegar eru þeir á gæsluvakt frá miðnætti til morguns sem þýðir að þeir sinna upplýsingagjöf og ráðgjöf m.a. í síma og eru tilbúnir í útköll og að koma tafarlaust á vettvang í bráðaútköllum. Það fyrirkomulag er til bráðabirgða og komið á af læknunum sjálfum. Þetta byggist á mati læknanna á þörf fyrir vaktþjónustu, en jafnframt þeirri staðreynd að sífellt er orðið erfiðara að manna staðarvakt allan sólarhringinn. Frá 1. maí sl. var síðan komið á þeirri viðbótaröryggisþjónustu að neyðarbíllinn í Reykjavík sinnir þessu svæði líka og er því ekki þörf á sérstakri læknamönnun á sjúkrabifreið í Hafnarfirði líka. Þetta fyrirkomulag fullnægir öryggisþörfum að mati læknanna sjálfra. Með hliðsjón af þessari stöðu tel ég að skoða verði hvort þetta þjónustusvæði geti sameinast höfuðborgarsvæðinu á einhvern hátt, ekki síst þegar haft er í huga að í undirbúningi er nýr samningur um sjúkraflutninga.

Í framhaldi af kjarasamningum ríkisins við læknana frá 11. sept. sl. er ráðuneytið að ganga frá endanlegri ákvörðun um vaktafyrirkomulag í samráði við stjórn heilsugæslustöðvarinnar og héraðslækni og verður gengið frá því nú á næstu dögum.

Virðulegi forseti. Önnur spurning hv. fyrirspyrjanda er: „Hvert eiga 25 þús. íbúar Hafnarfjarðarbæjar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps að snúa sér þurfi þeir læknisaðstoð í heimahúsi að næturlagi.“ Það hefur engin breyting orðið á boðleiðum hjá íbúum þessa svæðis. Þeir hringja nú sem fyrr í vakthafandi lækni eða í Neyðarlínuna.

Þriðja spurning hv. fyrirspyrjanda er: „Hvað hyggst ráðherra gera til að bæta úr því ófremdarástandi sem í þessum málum ríkir?“ Það er rangt hjá hv. fyrirspyrjanda að um ófremdarástand sé að ræða og fullyrðing um ófremdarástand á ekki við nein rök að styðjast. Það kemur fram í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar hvað er á döfinni og við hverju er að

búast hvað varðar vaktþjónustu lækna og sjúkraflutninga á þessu þjónustusvæði. Þar kemur einnig fram að þetta skipulag sem nú ríkir er skipulagt af læknum svæðisins, þar með talið héraðslækni, með tilliti til þarfa íbúanna og er fyllilega forsvaranlegt fyrirkomulag. Öryggi íbúa þessa svæðis er tryggt að mati þeirra sem best þekkja.

Varðandi það sem kom fram í máli hv. þm. áðan um St. Jósefsspítala, þá veit ég vel að þeir svara ekki kalli út í bæ, þeir fara ekki í læknisvitjun út í bæ. En það er læknavakt allan sólarhringinn á St. Jósefsspítala.

[15:05]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda og þakka honum fyrir þessa umræðu í dag. Mér finnst þær lýsingar, sem hæstv. heilbrrh. hefur gefið á ástandinu, ekki passa alls kostar við þær upplýsingar sem við, íbúar á þessu svæði, höfum. Ef þær eru réttar og að þetta sé fullkomlega ásættanlegt ástand hlyti svipað ástand að vera ásættanlegt annars staðar á höfuðborgarsvæðinu og ætti þar með að geta leitt til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu. Ég hins vegar trúi því ekki. Og ég trúi hreinlega ekki öðru en hæstv. heilbrrh. geri þær ráðstafanir sem þarf til þess að koma þessu máli í fyrra horf.

[15:06]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég er ákaflega ósáttur með svör hæstv. ráðherra og er henni fullkomlega ósammála um það að þessi mál séu í þvílíku lagi að fullkomið öryggi sé tryggt. Það má því allt eins gagnálykta, eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen gerði áðan, og segja sem svo að fyrirkomulag þessara mála fram undir það síðasta um langt, langt árabil þar sem læknar á vakt í Hafnarfirði og því umdæmi öllu hafa stundum þurft að fara í tugi heimsókna á hafnfirsk heimili á hverri nóttu og veita þar nauðsynlega aðstoð — að það hafi verið óþarft með öllu. Það er auðvitað eins og hver önnur þvæla og vitleysa.

Ég lýsti því nákvæmlega áðan í inngangi með fyrirspurnum mínum hvernig tilsvörin væru í praxís og það er alveg sama hvers konar umbúnað menn ætla að setja um þennan pakka — þetta er óviðunandi. Ég benti á foreldri með barn sem hringir í tiltekið númer og fær þau svör að hringja inn á stóru spítalana í Reykjavík, fær þau svör að koma með barnið inn eftir. Þetta er auðvitað ekki þjónusta sem er boðleg. Þetta foreldri vill láta líta á barnið sitt í öryggisskyni en hefur ekki tök á því. Það er ekki eins með foreldri barnsins í Reykjavík. Þar er læknavaktin og hefur verið um langt árabil. Ég hef ekki heyrt hugmyndir um að leggja hana af. Ég neita að trúa því að hæstv. ráðherra heilbrigðismála, sem jafnframt er hjúkrunarfræðingur og þekkir auðvitað praxísinn ekki síður en hinn stjórnunarlega þátt málsins, haldi því fram að þetta sé fyrirkomulag sem búandi er við.

Ég neita líka að trúa því, þó að embættismenn hafi skrifað í hennar tilsvar, að læknar í Hafnarfirði og heilbrigðisyfirvöld í Hafnarfirði séu fullkomlega sátt við þetta ástand mála. Þetta er ástand sem hófst í verkfallinu eða í kjaradeilunum í vor og hefur verið þannig frá þeim tíma að þau mál leystust. Við búum því raunar við óeðlilegt ástand á þessu svæði og ég geri kröfu til þess að hæstv. ráðherra komi með fullnægjandi svör og skýlausar yfirlýsingar um það að úr þessu verði bætt.

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem ég er með eru frá heilsugæslunni í Hafnarfirði, nákvæmlega fengnar þaðan. Það er læknir á vakt en hann er ekki á svokallaðri staðarvakt. (**GÁS:** Það má bara ekki vekja hann.) Hann er ekki á heilsugæslustöðinni en hann er á vakt heima hjá sér, (**GÁS:** Sofandi.) svarar kalli og á að sjálfsögðu, eins og allir læknar sem eru á vakt, að koma í útkall sé hann um það beðinn. Það er mergur málsins. Í dag eru sjö fastir heimilislæknar í Hafnarfirði. Það eru tveir afleysingalæknar núna þannig að þeir ættu þá að vera *níu* og einn barnalæknir á heilsugæslustöðinni. Við erum að tala um tíu lækna. Það hefur lengi verið um það krafa í Hafnarfirði að fjölga heimilislæknum vegna þess að mikið vaktaálag er á læknum heilsugæslustöðvarinnar og það er til athugunar. En ég endurtek, allar þær upplýsingar sem ég er hér með eru beint frá heilsugæslustöðinni og síðast í gær hafði ég samband við fulltrúa þaðan til að fara yfir hvort þessar upplýsingar væru ekki réttar.

Endurskoðun laga um málefni aldraðra.

Fsp. GHall, 89. mál. — Þskj. 91.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Í janúar 1990 gengu í gildi lög um málefni aldraðra með endurskoðunarákvæðum sem fram færu 1. janúar 1996. Með leyfi forseta segir svo í 1. gr. laganna:

„Markmið þessara laga er að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða."

Þetta eru nokkuð merk lög sem í gildi eru og eiga að veita þeim öldruðu ágætan rétt. Hins vegar hefur oft vaknað spurning hjá þeim um þátttöku þeirra í því sem lýtur að eigin málefnum. Ég vil benda ráðherra sérstaklega á að í 3. gr. þessara laga segir svo, með leyfi forseta:

„Skipa skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra til fjögurra ára í senn frá 1. janúar 1990. Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn tilnefndur af Öldrunarráði Íslands [þ.e. ekki Samtökum aldraðra], einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn án tilnefningar."

Ég vildi sérstaklega benda ráðherra á að Landssamtök aldraðra og Félag eldri borgara í Reykjavík hafa margoft bent á að það eru ýmsar samþykktir fleiri félagasamtaka hér á landi sem benda á nauðsyn þess að aldraðir komi meira að þeim málefnum sem að þeim lúta. Ég tek heils hugar undir það.

Virðulegi forseti. Í þessum lögum eru mörg afbökuð ákvæði sem fullrar endurskoðunar og athygli þurfa við, einkum og sér í lagi þau ákvæði þar sem talað er um sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða eða sérstakar þjónustuíbúðir. Því miður hefur það gerst of lengi að þær íbúðir sem ýmsir byggingaraðilar eru að bjóða til sölu, sérstaklega útbúnar fyrir aldraða, eru svo illa úr garði gerðar að með ólíkindum er. Oftar en ekki gerist það að aldraður, sem hyggur gott til glóðarinnar þá sól fer að lækka á lofti í hans lífi, selur sína íbúð og flytur í íbúð sem á að heita sérstök þjónustuíbúð fyrir aldraða, að þá er nánast engin breyting sem verður önnur en sú að flutt er úr íbúð með þröskuldum í íbúð þar sem engir þröskuldar eru. Þetta er mjög bagalegt og þarf að taka á í

þessum lögum um málefni aldraðra. Það þarf að skilgreina mjög hvernig þessar íbúðir eigi að vera, t.d. með neyðarþjónustuhnappa, staðsetningu þeirra, hversu margir þeir eru o.s.frv. Þess vegna, virðulegi forseti, legg ég fram svohljóðandi fyrirspurn: Hvað líður endurskoðun þessara laga? Ég tel að ráðherra með reynslu sem hjúkrunarfræðingur hljóti að átta sig á því að þessi lög eru allsendis ófullnægjandi, einkum með tilliti til þess sem ég talaði um áðan, með nauðsyn þess að hinir öldruðu fái líka þátttöku í endurskoðun laganna. Ég vona svo sannarlega að ef ekki er farið að endurskoða þessi lög og skipa nefnd, þá sé hugsað til Landssamtaka aldraðra og þau fái að koma nálægt þessu máli.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur verið falið að hefja endurskoðun laga um málefni aldraðra. Eins og fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda átti að endurskoða þau innan fimm ára frá gildistökunni, 1. janúar 1990. Á síðasta ári var byrjað að safna saman ábendingum um æskilegar breytingar á lögunum sem borist höfðu ráðuneytinu frá því að lögin tóku gildi. Nefndin er að fara yfir þær ábendingar og stefnir að því að ljúka þeirri vinnu um næstu áramót. Þá verður leitað álits á þeim drögum sem þá liggja fyrir og þar munu aldraðir virkilega koma að málum.

Kappkostað verður að ljúka endurskoðun laganna í vetur og stefnt að því að leggja fram lagafrv. um málefni aldraðra á næsta þingi.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hennar stutta svar. Ég vil segja að ég hefði gjarnan viljað heyra það frá ráðherra hverjir sitja í þeirri nefnd sem er að endurskoða lögin. Er það virkilega svo sem mér skilst að það eigi aðeins að senda þeim öldruðu nánast frágengið plagg og þá til umsagnar?

Miðað við þekkingu og reynslu þessa ágæta félagsskapar eins og Landssambands aldraðra er og Félags eldri borgara í Reykjavík, þar sem hinir mætustu menn eru við stjórnvöl, þá hefði ég talið eðlilegt að þessir aðilar tækju þátt í mótun og breytingu þeirra laga sem hér er verið að fjalla um vegna þess að það er í svo mörgum tilfellum, hæstv. ráðherra, sem aldraðir eru ekki hafðir í ráðum um mál sem snerta þá og ýmislegt er þokukennt um þeirra rétt og um skyldur þess opinbera og um skyldur ýmissa byggingaraðila sem jafnvel eru að selja öldruðum íbúðir, eins og ég gat um áðan, þar sem tilteknir eru ákveðnir þættir húsnæðisins svo sem hvers konar þvottavélar þar eru, hvers konar eldavélar og hvers konar ísskápar og fleira og fleira í þeim dúr sem síðan allt er svikið. Þegar aldraðir hafa svo ætlað að leita réttar síns, þá er það því miður of oft að þeir lenda bara á vegg. Þess vegna þarf mjög að vanda til endurskoðunar þessara laga. Og síðast en ekki síst ég vildi sérstaklega benda hæstv. heilbrrh. á að fjölmargir aðilar úti um allt land eru að selja öldruðum þjónustu sem ríkið borgar að mestu með einum eða öðrum hætti. Mér finnst það hafa mjög brugðist að ráðuneytið eða þessi nefnd sem á að vera til trausts og halds heilbrrn. og á að fylgjast með málefnum aldraðra — mér finnst þjónustan sem hinir öldruðu fá og maður heyrir dæmi um á ýmsum öldrunarheimilum ekki vera í samræmi við væntingar, ég get ekki sagt við lög því að það er ekki nógu skýrt tekið hér fram og þar hefur þessi nefnd brugðist. Ég tel að það sé mjög veigamikið atriði að það sé alveg ljóst hvers konar þjónustu aldraðir eiga að fá sem koma inn á öldrunarheimili og ætla að ljúka ævikvöldinu þar. Ég óska eftir því að ráðherra upplýsi hverjir eru í þeirri nefnd sem er að endurskoða þessi lög.

[15:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir ýmsar ráðleggingar. Hann spyr: Hverjir eru í þessari samstarfsnefnd um málefni aldraðra? Ég er ekki með nöfn þeirra sem þar eru að vinna en það er verið að draga saman allar athugasemdir sem fram hafa komið varðandi lögin sem tóku gildi í janúar 1990. Þegar við erum búin að fá allar þær athugasemdir, mun Félag eldri borgara fá það til umsagnar og gera sínar athugasemdir áður en við hefjum vinnuna við breytingar á lögunum. Þessi félagsskapur mun því að sjálfsögðu koma að þessum málum, enda hafa þeir ekki bara mest um þau að segja heldur mest vit á þessum málefnum.

Launajafnrétti.

Fsp. SvanJ, 45. mál. — Þskj. 45.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Í síðustu mgr. 6. gr. nýsamþykktra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir svo, með leyfi forseta:

„Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sambærileg störf."

Nú hafa kannanir ítrekað sýnt að kynbundinn launamunur á Íslandi er á bilinu 10–16% og nægir þar að nefna kannanir Félagsvísindastofnunar fyrir Jafnréttisráð, fyrir Reykjavíkurborg og Samband bankamanna. Og könnun fjmrn. á launamun í stofnunum þess og ráðuneyti gaf svipaða niðurstöðu. Þessi launamunur brýtur í bága við íslensk jafnréttislög sem kveða á um að greiða skuli sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Hann er einnig brot á alþjóðasamþykktum sem Ísland hefur gerst aðili að, eins og ILO-samþykktinni nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Launamunur á Íslandi er það mikill að ráðherra jafnréttismála, Páll Pétursson, sá ástæðu til að geta þess á nýafstöðnu jafnréttisþingi að launamunur núna væri svipaður og fyrir 35 árum þegar lögin um launajöfnuð voru sett, en það var árið 1961. Fram til þess giltu iðulega sérstakir launataxtar fyrir karla og aðrir fyrir konur. Þessi miklí launamunur og hvernig tilraunir til að afnema hann höfðu tekist, allt lá það fyrir áður en nýju lögin um réttindi og skyldur voru samþykkt á hinu háa Alþingi. Í ljósi þess spyr ég fjmrh.: Hvaða áætlanir liggja fyrir um það hvernig afnema á launamun hjá hinu opinbera svo að ákvæði 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um sömu laun fyrir sambærileg störf verði uppfyllt?

[15:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn og ég vil láta það koma fram að ég deili að sjálfsögðu eins og ég býst við að flestir hv. alþingismenn geri, áhyggjum með henni vegna framvindu þessara mála sem hefur gengið hægar en við öll kjósum. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að í lok 6. gr. laga nr.

70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna, er vikið að þessu máli með mjög ákveðnu og ótvíræðu orðalagi. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem slíkt er sett í lög því að slík lagaákvæði hafa verið hér um nokkurt skeið án þess þó að þau hafi leitt til þess að launamunur hyrfi.

Athuganir hér á landi, og það kom reyndar einnig fram hjá hv. fyrirspyrjanda, benda til þess að launamunur karla og kvenna sé 10–15%. Það er auðvitað óeðlilegt þegar slíkur mismunur er einungis kynjabundinn, byggist einungis á þeim sjónarmiðum. Ég ætla alls ekki að gera lítið úr þessu en það er þó ástæða til þess að segja frá því að svipaður launamunur er í nálægum löndum þannig að þetta er ekki sérískenskt fyrirbrigði og það er ekki aðeins við sem sitjum eftir í þessum málum. Þetta er einnig þekkt í nágrannalöndum okkar þrátt fyrir mjög öfluga viðleitni, t.d. í Danmörku og Svíþjóð svo ég nefni tvö ríki þar sem menn hafa lagt talsvert á sig til þess að koma fullkomlega í veg fyrir kynbundinn launamun.

Sjálfsagt er ekki hægt að gefa neitt einhlítt svar við því hvernig eyða eigi þessum kynbundna launamun. Ég held að því miður sé ekki hægt að líta eingöngu á launamuninn eða launastefnuna, heldur verði menn að hafa önnur atriði undir sem skipta máli til að viðunandi lausn náist. Í því sambandi má benda á viðhorf sem ég held að flestir séu sammála um að skipta afar miklu máli. Sem betur fer virðist vera kynslóðabil í þeim efnum þannig að yngra fólkið skilur betur nauðsyn jafnréttisins en það eldra og það ætti að styðja a.m.k. það að við náum jákvæðum lausnum í framtíðinni. Einnig starfsskiptingu á heimilum, nám og þess háttar sem hefur mikla þýðingu þannig að það er ekki eingöngu hægt að líta á launin.

Til að svara fyrirspurninni vil ég að það komi fram að núna stendur einmitt yfir umfangsmikil kynning á þessum nýju lögum sem vitnað var til og ég áætlaði að í byrjun næsta mánaðar láti nærri að allir yfirmenn ráðuneyta og sérhverrar stofnunar ríkisins hafi setið á um það bil hálfs dags fundi til að kynnast þessum nýju lögum. Þar hefur verið kynnt sérstaklega þessi 6. gr. laganna um jafnan rétt karla og kvenna til starfa auk fjölmargra annarra nýmæla í lögunum að sjálfsögðu.

Mig langar til að nefna á þessum stutta tíma örfá atriði sem ég held að skipti máli. Í fyrsta lagi hefur fjmrn. gefið út bækling sem heitir: Jafnréttismál. Ábendingar um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Þessi bæklingur hefur verið sendur öllum stofnunum og við höfum reynt að fylgja honum eftir sem best við getum og ætlum að gera það áfram. Ég ætla ekki að lýsa efnisatriðum, hef ekki tíma til þess á þessari stundu.

Þá er einnig ljóst að við ákvörðun svokallaðra viðbótarlauna verður að hafa þessi sjónarmið sérstaklega í huga. Það kemur væntanlega að því að þau verði greidd eða heimilt að greiða þau eftir reglugerð sem samin verður og ætti að taka gildi einhvern tíma á næsta ári eða í kjölfar komandi kjarasamninga.

Þá vil ég einnig benda á, og það hefur þýðingu fyrir þennan þátt málsins þó að það hafi einnig víðtækari þýðingu, að ákvörðun hefur verið tekin um að fara út í tilraunaverkefni um kynhlutlaust starfsmat. Félmrh. skipaði í mars 1995 starfshóp til þess að safna upplýsingum og vinna að tillögum um starfsmat sem þá yrði notað sem tæki til að draga úr launamun kynja. Í hópnum eiga sæti fulltrúar launþegasamtaka, Jafnréttisráðs, fjmrn., félmrn. og Vinnumálasambandsins. Kynhlutlaust starfsmat hefur í raun sömu eiginleika og hefðbundið starfsmat nema hvað sérstaða þess felst í því að sérstaklega er reynt að gera þeim þáttum sem einkenna störf kvenna jafnhátt undir höfði og þáttum sem einkenna hefðbundin karlastörf.

Ég ætla ekkert að lýsa þessu frekar, hef ekki tíma til þess hér. Ég legg hins vegar áherslu á að áður en til þessa starfsmats er gengið, sé ljóst hvað eigi að gera við niðurstöður þess þegar það liggur fyrir þannig að enginn misskilningur verði á ferðinni eftir á.

Ég vil síðan árétta það sem ég sagði áður, virðulegi forseti, að áfram verði unnið að kynningu á þessum lögum og fjmrn. mun ekki láta sitt eftir liggja til að knýja fram viðunandi niðurstöðu í jafnrétti kynjanna til launa.

[15:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég beið spennt eftir að heyra hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að fara að því að tryggja í þeim samningum sem fram undan eru að kynbundinn launamunur minnki eða aukist a.m.k. ekki. Ég verð að láta í ljós ánægju með það að hann hefur í hyggju að benda á, þegar samið verður um svokölluð viðbótarlaun, að fólk eigi að hafa þetta í huga. En því miður get ég ekki séð af svari fjmrh. að það tryggi að ástandið muni skána í þessum efnum. Af þessu dreg ég þá ályktun að jafnréttisumræðan í Sjálfstfl. sýni að flokkurinn er ekki enn kominn á aðgerðastigið því það er enn þá vitnað í hina rómuðu viðhorfsbreytingu einstaklinga þrátt fyrir landsfundinn sem er nýlokið og helgaður var jafnréttismálum. Ég efast ekki um að ráðherrann vill gera eitthvað og ég vona að flokkur hans og ríkisstjórnin standi að baki því sem hann hyggst gera.

[15:27]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins að taka þátt í þessari umræðu vegna starfsmatsins og útskýra aðeins nánar að það er rétt sem hæstv. fjmrh. kom inn á áðan að ríkisstjórnin er búin að samþykkja að fara út í kynhlutlaust starfsmat sem tilraunaverkefni. Ég stýri einmitt nefnd sem er að skoða það verkefni. Það er nýbúið að ráða starfsmann í fullt starf við að koma þessu verkefni áfram og það verða einnig tveir starfsmenn sem koma að þessu í hálfu starfi frá Reykjavíkurborg og Jafnréttisráði. Þarna eru fulltrúar bæði frá launþegasamtökunum og frá atvinnurekendum.

Það sem er hins vegar sorglegt í þessu máli er að VSÍ hefur ekki viljað koma með fulltrúa í þetta starf og er það nokkurt áhyggjuefni.

Sérstaklega áhugavert var fyrir okkur að hlusta nýlega á Anitu Harriman sem kom hingað frá Svíþjóð og er sérfræðingur í starfsmati. Þar virðist það vera svo að samtök atvinnurekenda eru mjög jákvæð gagnvart starfsmati en þannig er því ekki farið hér á landi, því miður.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að þetta er ekki í fyrsta skiptið sem slíkt er sett í lög þar sem fjallað er um launajafnrétti kynjanna. Hins vegar tel ég að við höfum í dag betri og ítarlegri upplýsingar um ýmsa þætti sem framkalla launamun kynjanna heldur en við höfum haft fyrr. Þess vegna höfum við betri aðstæður nú til þess að takast á við þessa hluti en við höfum áður haft.

Það er alveg rétt sem fram kemur hjá ráðherranum að ekki er eingöngu um launin að ræða. Fjölskyldustefna almennt hefur mikil áhrif og það samhengi atvinnuþátttöku og

fjölskyldulífs sem í markvissri fjölskyldustefnu gæti falist. Það er alveg ljóst að engar patentlausnir eru til heldur þarf markvissar fjölþættar aðgerðir til að takast á við þennan launamun. Það sem hér er nefnt, starfsmat, er auðvitað einn þáttur sem vert er að skoða og við bindum miklar vonir við og vonandi getum rætt frekar um á hinu háa Alþingi þegar ræðutími er ekki svo knappur sem nú.

En ég fagna því að það kemur fram hjá ráðherranum að fjmrh. og hans ráðuneyti mun ekki láta sitt eftir liggja í jafnréttismálunum því það er mjög mikilvægt, og eins og menn þekkja þá er þar einmitt farið með starfsmannamál ríkisins.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær umræður sem hafa orðið um þetta mál og tek undir flest það sem hefur komið fram. Ég verð þó að fráskilja hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur og láta það koma fram að að sjálfsögðu er unnið í Sjálfstfl. að þessum málum og þannig að eftir hefur verið tekið. En hv. þm. nefndi viðbótarlaunin og ég vil gleðja hv. þm. með því að í Morgunblaðinu í dag er skýrt frá því að borgarstjórinn í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ætli sér að fylgja sömu starfsmannastefnu og fjmrh. og taka til viðbótarlauna. Sérstaklega er fjallað um þetta í Morgunblaðinu á bls. 8, reyndar ekki með viðtali við borgarstjóra heldur með viðtali við hv. þm. Ögmund Jónasson sem gagnrýnir okkur bæði og telur okkur fylgja sömu stefnunni og telur það reyndar af hinu illa. Ég tel hins vegar að ég sé í ágætum félagsskap með borgarstjóranum, fyrrverandi hv. þm., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og tel þetta vera rós í hnappagatið að Reykjavíkurborg skuli taka upp svipaða launastefnu og fjmrn. hvað þetta varðar.

Aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Fsp. SvanJ, 46. mál. — Þskj. 46.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Sú fyrirspurn sem ég ber fram um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna hefur ákveðna skörun við þá fyrirspurn sem var á dagskrá en mér þótti þó henta að skipta þessu í tvennt og taka málin fyrir hvort í sinni fyrirspurninni. En sú fyrirspurn sem ég vil bera fram til hæstv. ráðherrans snýr einmitt einnig að hinum nýju starfsmannalögum þar sem forstöðumönnun stofnana eru færð ný og aukin völd varðandi starfsmannastefnu hvað varðar auglýsingar starfa, setningu erindisbréfa, vinnutíma, þar með talda yfirvinnu, og sveigjanlegan vinnutíma. Það varðar ekki síst það sem hér var getið um áðan að með nýjum lögum geta forstöðumenn ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum öðrum en embættismönnum laun til viðbótar grunnlaunum. Öllum þessum ákvæðum, þ.e. auglýsingu starfa, erindisbréfum, vinnutíma og laun til viðbótar grunnlaunum, má beita til að jafna aðstæður og kjör kynjanna í stofnunum hins opinbera. Einkum er þar litið til ákvæðisins um viðbótarlaunin og það vald sem forstöðumönnum er fært í þeim efnum. Menn hljóta að líta til þess ákvæðis sérstaklega, ekki síst með það mikla launamisrétti í huga sem er margstaðfest.

Í þáltill. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna á árabilinu frá 1993–1997 kemur fram í þeim kafla sem snýr að fjmrn. að því er gert að skipuleggja sérstök námskeið fyrir stjórnendur hjá hinu opinbera þar sem lögð verði áhersla á jafnrétti og samskipti kynjanna. Ráðherra gat áðan um að námskeið væru í gangi og ég spyr hæstv. fjmrh. hvernig forstöðumönnum opinberra stofnana hefur verið kynnt þessi þáltill. um framkvæmdaáætlun og hvort þau námskeið sem þar er getið um fyrir stjórnendur hafa verið haldin. Í A-hluta þeirrar þáltill., sem er sérstaklega um starfsmannamál ríkisins, eru nefnd ýmis þau atriði sem lúta valdi forstöðumanna samkvæmt nýjum lögum um réttindi og skyldur og því spyr ég hæstv. fjmrh. hvort tækifærið hafi verið nýtt og farið hafi verið sérstaklega yfir þessa þætti úr framkvæmdaáætluninni með forstöðumönnum eða stjórnendum stofnana þegar ný lög um réttindi og skyldur voru kynnt og þá hvernig nýta mætti nýja löggjöf til að jafna stöðu kynjanna.

[15:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta eru samofnar fyrirspurnir og erfitt að greina mjög á milli þeirra. Þó vil ég láta það koma fram að líklega mundi þessi fyrirspurn fremur heyra undir félmrh. en fjmrn. en þar sem öll ráðuneyti hljóta að fást við jafnréttismálin þótti mér rétt að svara fyrirspurninni ekki síst vegna þess að fjmrn. hlýtur eðli máls samkvæmt að koma nálægt þessum málum jafnvel umfram önnur ráðuneyti. Það er rétt sem kemur fram í umræðunni að fjölmargar athuganir hafa verið gerðar á launum karla og kvenna og eitt af því sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni í síðasta dagskrárlið var einmitt að fjmrn. gekkst fyrir sjálfstæðri athugun á stofnunum ráðuneytisins og ráðuneytinu sjálfu og sú könnun vakti verðskuldaða athygli að mínu mati. Við höfum ætlað okkur að fylgja þessu eftir, fylgjast betur með hvernig þetta þróast innan okkar eigin ráðuneytis og freista þess að styrkja stöðu kvenna þar sem við náum til með beinum afskiptum eðli máls samkvæmt.

Það eru nokkur atriði sem ég tel að skipti máli þegar þetta er rætt. Ég vil í fyrsta lagi benda á að við fylgjum ákveðinni starfsmannastefnu sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og auðvitað náðist veigamikill áfangi í þeirri stefnu með lögum sem við höfum minnst á áður í umræðunni. Framvegis verða t.d. allar stöður auglýstar sem á að gefa hæfasta umsækjanda hvort heldur karli eða konu jafnan möguleika til starfa. Þá vil ég sjá að meira tillit verði tekið til sveigjanlegs vinnutíma bæði fyrir karla og konur en í eldri lögunum var konum nánast einum gert mögulegt að nýta slíkan sveigjanleika ef þær veittu heimili forstöðu eins og stóð í þágildandi lögum en þetta var afnumið í fyrra. Helsti þröskuldurinn, svo ég tali hreint út í þessu máli, eru kannski kjarasamningarnir sem gerðir hafa verið því það er mjög erfitt að koma við sveigjanlegum vinnutíma af því að í kjarasamningum hefur verið gengið þannig frá að það þarf að greiða hærri laun ef vinnutíminn fellur utan ákveðinna tímamarka á degi hverjum. Þetta þyrfti að laga í kjarasamningum.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að nú er í undirbúningi þriðja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og hafin er vinna við gerð þessarar áætlunar og vegna fyrirspurnarinnar held ég að ég verði að vitna til skýrslu hæstv. félmrh. sem lögð var fram á síðasta þingi, á bls. 23 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við samningu næstu framkvæmdaáætlunar er nauðsynlegt að skilgreina betur hver beri ábyrgð á viðfangsefnum í þessum hluta framkvæmdaáætlunarinnar. Benda má á að

starfsmannahald ríkisins er ekki nema að að takmörkuðu leyti undir stjórn starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hvert ráðuneyti og einstaka stofnun ber t.d. ábyrgð á ráðningum starfsmanna sinna, starfslýsingum, starfsaðstæðum og ákvörðunum um þóknanir eins og bifreiðastyrki. Benda má á að ákvæðið um aukinn hlut kvenna í opinberum nefndum er að verulegu leyti á ábyrgð ríkisstjórnar og einstakra ráðherra en ekki starfsmannaskrifstofu. Í þessu sambandi er rétt að minna á að skipunaraðili er í mjög mörgum tilvikum bundinn af tilnefningaraðilum." Þetta hefur gert framkvæmdina torveldari.

Það sem hér er verið að segja er að það má ekki einungis líta á eitt ráðuneyti. Ég held að það sé mjög mikilvægt í umræðunni allri að líta svo á að öll ráðuneyti beri ábyrgð á því að fylgja þessu fram í starfsmannamálunum. Hlutverk fjmrn. hlýtur hins vegar að vera fyrst og fremst að veita allar tiltækar upplýsingar sem þarf til þess að geta kynnt málin og barist fyrir breytingum á stöðunni eins og hún er í dag.

Ég vil nefna örfá atriði til viðbótar sem hafa þýðingu. Ég nefni foreldraorlof sem er reyndar ekki komið á. Liechtenstein hefur ekki enn viljað taka þátt í þessu og nokkur smáfyrirtæki hafa reyndar kært málið til Evrópudómstólsins en þar er hins vegar gert ráð fyrir einstaklingsbundnu lágmarksorlofi vegna barns áður en það nær átta ára aldri. Ég ætla ekki frekar að fara út í þetta, ég hef ekki tækifæri hér til þess. En ég vil líka nefna fæðingarorlof og láta það koma fram að hæstv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að hún ætli að vinna að breytingum á núverandi kerfi með því að lengja fæðingarorlof fyrir fæðingu, koma á feðraorlofi og lengingu fæðingarorlofs vegna fjölburafæðingar. Einnig hyggst ráðherrann kanna möguleika á því að hefja endurskoðun gildandi laga um fæðingarorlof á hinum almenna vinnumarkaði.

Í örstuttu máli á þeim örfáu sekúndum sem ég á eftir — ég ætla ekki að minnast á starfsmat, það hef ég gert áður — þá er framkvæmdin á ábyrgð félmrn. Það er hlutverk Jafnréttisráðs að kynna áætlanirnar en síðan mun hvert og eitt ráðuneyti eiga að taka þátt í þeirri kynningu eins og það snýr að þeim. Eins og áður hefur komið fram teljum við okkur hafa kynnt þetta, kannski ekki nægilega vel, en m.a. á fundum sem hafa fjallað um starfsmannamálin.

Virðulegi forseti. Þetta verður að duga að sinni tímans vegna.

[15:40]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn. En það er rétt sem hér hefur komið fram að margir hafa haft áhyggjur af nýju lögunum, að þau gætu orðið til þess að hlutur kvenna yrði eitthvað skertur. Þegar lögin voru í vinnslu í þinginu fór ég fyrir tilviljun inn í þá nefnd sem um það fjallaði og þá var einmitt spurt um hvort t.d. Jafnréttisráð kæmi að kynningu laganna fyrir forstöðumönnum ríkisstofnana. Það var fullyrt í nefndinni að Jafnréttisráð hlyti að koma að þessari kynningu. Þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að ráðherrann upplýsi hér hvort það verður gert vegna þess að ég veit að Jafnréttisráð hefur tvisvar sent fjmrn. bréf og beðið um að fá að koma að kynningunni. Mér skilst að því hafi ekki verið svarað. Það er búið að kynna þessi nýju lög fyrir stjórnendum hjá ríkinu og Jafnréttisráð hefur ekki fengið að koma að þessari viðkvæmu kynningu gagnvart stöðu jafnréttismála og þeirri umbun sem forstöðumenn ríkisstofnana geta notað núna. Það væri því ágætt ef ráðherrann hæstv. gæti upplýst það hér hvort þessi kynning sé einungis að hefjast og hvort Jafnréttisráð fái þá ekki að koma nánar að málinu.

[15:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Þar sem þessi fyrirspurn og sú fyrrnefnda skarast eins og hér hefur komið fram vil ég byrja á því að láta í ljós þá ósk að fjmrh. fari í kapp við borgarstjórann um það hvort þeirra verði fyrri til að útrýma launamun kynjanna, hvort sem þau nota sömu launastefnu eða ekki. En grínlaust eru of mörg dæmi um að ekki sé farið eftir framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna, hvort heldur er á sviði launamála eða á öðrum sviðum. Það dæmi sem mér svíður sárast þessa dagana er að sjá nefndaskipun frá ráðuneytum og stofnunum. Í því sambandi vil ég nefna nýleg dæmi annars vegar um nefnd sem á að endurskoða málefni kirkjunnar en þar er engin kona og hins vegar þá dæmalausu ráðstöfun ríkisstjórnarinnar og hæstv. viðsk.- og iðnrh. að skipa nefnd um upplýsingaþjóðfélag framtíðarinnar þar sem í sitja 18 karlar og 2 konur. Ég skora á hæstv. fjmrh. að reyna að taka á þeirri ábyrgð sem fylgir því að samþykkja jafnréttislög og alþjóðasamninga og jafnréttismál og að hann og ríkisstjórnin taki þessi mál fastari tökum.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að ætlum við að vinna á því launamisrétti sem er til staðar þá þurfum við að vera með markvissar og fjölþættar aðgerðir í gangi til þess. Kjarni fyrirspurnar minnar var í rauninni sá hvort það tækifæri, sem nú býðst þegar verið er að kynna ný starfsmannalög, hefði verið nýtt til þess að fara með forstöðumönnum ríkisstofnana yfir framkvæmdaáætlun ríkisins í jafnréttismálum. Hefur tækifærið verið nýtt til að benda þeim á þá möguleika sem liggja í nýjum lögum til þess að breyta um áherslur til samræmis við framkvæmdaáætlunina? Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir kom hér nákvæmlega að kjarna þess máls, þ.e. bæði áhyggjum Jafnréttisráðs og annarra af því að þetta tækifæri verði ekki nýtt sem skyldi. En nú er einstakt tækifæri til þess að taka forstöðumenn í ákveðinn skóla, ekki bara í starfsmannalögunum heldur líka í þeim ákvæðum framkvæmdaáætlunarinnar sem snúa að starfsmannamálum ríkisins sem er A-kafli áætlunarinnar og hlýtur að vera að stórum hluta til á ábyrgð fjmrn. Þess vegna ítreka ég fyrirspurnina og óska eftir því að ráðherrann svari því og þá jafnframt þeirri fyrirspurn Sivjar hvort tækifærið hafi verið nýtt sem skyldi og hvort það er þá möguleiki að kippa því í liðinn ef svo er ekki.

[15:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Af því að fyrirspurnin fjallar um framkvæmdaáætlunina eða kafla í framkvæmdaáætluninni, hygg ég að ég geti ekki alveg fullyrt að ekki hafi verið staðið nákvæmlega eins að kynningu á þeim kafla og staðið hefur verið að kynningu á lögunum sjálfum. En það sem er hins vegar rétt og hefur komið fram aftur og aftur í þessari umræðu er að lagabreytingin gefur mikið tilefni til að fjalla um þessi mál. Það hefur verið gert bæði á grundvelli þessa bæklings og eins vegna hins sem hér hefur komið fram, að lögin hafa tekið breytingum og ný tæki eru í lögunum sem hægt er að nota til að koma í veg fyrir kynjabundinn mismun á launum. Það er áreiðanlega rétt sem má kannski merkja

af fyrirspurnunum að það mætti sjálfsagt nota þetta tækifæri betur.

Þá vil ég koma að því að þetta er ekki verkefni sem klárast á örskammri stund. Þetta eru hlutir sem verða til umræðu aftur og aftur ekki síst vegna þess að við vitum að valdið er smám saman að færast meira og meira yfir til forstöðumanna stofnana. Það er ekki bara hjá ríkinu heldur líka hjá Reykjavíkurborg. Við erum í ágætu kapphlaupi einmitt um það mál og ég býst við að sömu sjónarmiðin ríki á báðum stöðum.

Ég vil líka að það komi fram að við ráðherrarnir sem förum með þessi mál höfum rætt saman um það hvort við ættum að hafa samvinnu um þetta. Það hefur engin niðurstaða fengist í þeim viðræðum en það bendir þó til þess að menn viti af því að þetta er mál sem þyrfti að fá betri niðurstöðu.

Það þarf að smíða reglugerð um viðbótarlaunin og að því verður unnið á næstunni. Það starf er á frumstigi og ég tel rétt að bíða með reglugerðarútgáfu þar til eftir kjarasamningana, blanda því ekki saman við kjarasamningana. Af því að hér var sagt að það ætti að semja um þetta þá tel ég að það eigi ekki að gera. Hins vegar á að hafa samráð við launþegasamtökin um þetta.

Ég vil svo að síðustu segja vegna orða sem hér féllu að svipuð launastefna ríkir auðvitað bæði hjá ríki og borg og það er ekki nema eðlilegur hlutur. Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari fyrirspurninni.

Reglur um innritun barna í grunnskóla.

Fsp. SvanJ, 84. mál. — Þskj. 85.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Samkvæmt grunnskólalögum bera forráðamenn barna ábyrgð á að þau innritist í skóla þegar þau komast á skólaaldur. Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu forsjáraðila til að ráða persónulegum högum barnsins og til að gegna öðrum foreldraskyldum. Í barnalögum er mælt fyrir um hverjir fari með forsjá barns en það eru að öllu jöfnu foreldrar barnsins. Við samvistarslit eða skilnað foreldra ber að ákvarða hver fari með forsjá barnsins og kemur þá tvennt til. Forsjá er skipað með þeim hætti að annað foreldri fari með forsjána eða að aðilar semja um að þeir fari sameiginlega með forsjá barnsins. Þegar um sameiginlega forsjá er að ræða ráða báðir foreldrar persónulegum högum barnsins, m.a. dvalarstað, en semja þarf um hvar lögheimili skuli vera. Ef foreldrar hafa ekki samið sérstaklega um annað, er eðlilegt að gera ráð fyrir því að barnið sæki skóla í sínu skólahverfi miðað við sitt lögheimili. En ástæða fyrirspurnarinnar er sú að kveðið hefur að því að foreldri, sem ekki fer með forsjá barns, hafi innritað barn í skóla án atbeina eða samþykkis forsjárforeldris. Einnig hitt að óvissa hefur skapast varðandi heimild til innritunar þegar báðir foreldrar fara með forsjá barnsins. Ef ekki er gerð krafa um að sá sem innritar barnið í skóla hafi til þess heimild getur það leitt til réttaróöryggis fyrir barnið þegar foreldra greinir á. Það kemur einnig í veg fyrir að forsjármaður barns geti sinnt skyldu sinni samkvæmt grunnskólalögum. Ég tel mjög brýnt að taka á þessu máli því réttaróvissa á sviðum sem þessum getur haft ómældar þjáningar í för með sér fyrir barnið þegar foreldrar standa í deilum. Það eru því hagsmunir barnsins sem hér eru að veði en mál sem þessi setja líka skólayfirvöld á hverjum stað í afar erfiða stöðu þegar þau blandast inn í mál og þvælast e.t.v. inn í það að taka efnislega afstöðu í forsjármálum sem ekki heyra undir þeirra verksvið.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að bera upp eftirfarandi spurningar við hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir að aðrir en forráðamenn barna innriti börn í skóla?

2. Hvaða reglur gilda um innritun barna í grunnskóla þegar foreldrar fara saman með forsjá barnanna?

[15:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar fyrirspurnir. Þær snerta í raun annað en skólalöggjöfina því þær snerta löggjöfina um forræði yfir börnum og hvernig farið skuli með forsjá barna. En ég get hér svarað því sem lýtur að skólanum.

Fyrsta spurningin er: Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að koma í veg fyrir að aðrir en forráðamenn barna innriti þau í grunnskóla? Svarið við þessari spurningu er að engar sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu menntmrn. til að koma í veg fyrir að aðrir en forráðamenn barna innriti þau í grunnskóla því hingað til hefur ekki þótt ástæða til að setja slíkar reglur.

Varðandi síðari spurninguna: Hvaða reglur gilda um innritun barna í grunnskóla þegar foreldrar fara saman með forsjá barnanna? Um það er að segja að í 6. gr. grunnskólalaganna stendur: „Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla.“ Og í 12. gr. segir m.a.: „Skólanefnd skal sjá um að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu.“

Hver sveitarstjórn hefur skyldur gagnvart þeim börnum á skólaskyldualdri sem eiga lögheimili innan sveitarfélagsins. Komi til álita að barn sæki annan skóla en þann sem lögheimili segir til um verður sveitarstjórn lögheimilissveitarfélagsins að semja um það við annað sveitarfélag svo og um greiðslu kostnaðar. Ábygð á innritun er hjá foreldrum eða forráðamönnum. Skólanum þar sem barn á lögheimili er skylt að taka við því. Það er ekkert sem bannar foreldri að innrita barn í annan skóla en þann sem lögheimili segir til um því að foreldri greiðir allan kostnað af því. Þetta gera foreldrar t.d. sem kjósa að láta börn sín í einkaskóla.

Um álitamálið hvernig með eigi að fara þegar um sameiginlegt forræði er að ræða eða foreldrar fara saman með forsjá þá hljóta skólalöggjöfin og skólastjórnendur að taka mið af þeim almennu reglum sem um það eru settar í þeirri löggjöf þar sem um slík mál er fjallað. Menntmrn. hefur að gefnu tilefni beint þeim óskum til umboðsmanns barna að hann veiti ráðuneytinu umsögn um það hvernig skynsamlegast sé að bregðast við í slíkum tilvikum. Ráðuneytið mun bregðast við erindum sem um þetta mál hafa borist að fenginni umsögn umboðsmanns barna.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir þau svör sem fram hafa komið. Ekki síst það að ráðuneytið bíður eftir áliti umboðsmanns barna varðandi það hvernig með skuli fara. Það kann að vera að ekki hafi þótt ástæða til þess fyrir menntamálayfirvöld að móta reglur varðandi þessi mál en mitt mat er að ástæða sé til þess. Menntmrn. hefur eftirlitsskyldu varðandi framkvæmd grunnskólalaga og að hluta til er það brot á grunnskólalögum ef foreldri ekki getur vegna

deilna innritað barn í skóla svo sem ber. Einnig hitt að það er mjög erfitt að þurfa að setja annaðhvort sveitarstjórnir eða skólayfirvöld eða hvoru tveggja í þá aðstöðu að þessir aðilar þurfi að taka efnislega afstöðu til forsjármála sem eru sannarlega ekki á þeirra valdsviði. Reglur frá menntmrn. um það hvernig með skuli fara gætu einfaldað málin mjög fyrir þessa aðila og komið þeim í rauninni úr þeirri klemmu að þurfa að taka afstöðu til málsins sem, eins og ég sagði áðan, er og á að vera á valdsviði annarra.

[15:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í þessu efni má segja að menntmrh. sé í svipaðri stöðu og skólanefndir og skólastjórnendur því menntmrn. ber í þessu efni að fara eftir þeim almennu lögum sem gilda um forræði yfir börnum. Um það er sett sérstök löggjöf. Hafi það komið í ljós að ákvæðið um sameiginlegt forræði hafi leitt til vandræða af þessu tagi þá finnst mér að það eigi að líta fyrst á þá löggjöf og velta því fyrir sér hvort það eigi ekki á grundvelli hennar og með hliðsjón af þeim markmiðum sem menn setja sér þar að taka af allan vafa í þessu. Menntmrn. hefur heldur ekki þá sérfræðiþekkingu sem þarf til að fara inn í erfið forræðismál og ráðuneytið hefur ekki blandað sér í þau mál. Það er á forræði annarra yfirvalda í landinu að greiða úr slíkum vanda í viðkvæmum málum. Ég tel því að menntmrn. standi að þessu leyti í svipuðum sporum og yfirvöld í skólum á hverjum stað eða sveitarstjórnir því um þetta gilda sérstök lög. Á síðasta kjörtímabili samþykktum við lögin um sameiginlegt forræði og mér finnst að það eigi að skoða þann vanda sem af því kann að stafa í skólastarfinu í ljósi þeirrar löggjafar. Við tökum ekki á þeim málum í grunnskólalöggjöf. Menntmrn. býr ekki yfir þeirri sérþekkingu sem þarf til að úrskurða í forræðismálum.

Endurskoðun siglingalaga.

Fsp. GHall, 88. mál. — Þskj. 90.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Kjarni þess máls sem hér er á ferðinni er sá að endurskoðun fari fram á hinni svokölluðu hlutlægu ábyrgð útgerðarmanns. Í hnotskurn er málið þessi litla dæmisaga af sjómanni sem var á þilfari að vinna. Skipið lét mjög illa vegna öldugangs og togvír slitnaði. Hann hlaut alvarleg höfuðmeiðsl og varð 100% öryrki á eftir. Hann hefði farið óbættur frá borði ef ekki hefði viljað svo til að við athugun og eftirgrennslan á þessum togvír kom í ljós að hann reyndist gallaður, ryðgaður og tærður í merg. Þess vegna tókst að fella sök á útgerðina og maðurinn fékk bætur. En ef svo hefði ekki verið þá hefði þessi sjómaður farið óbættur frá borði.

Á sínum tíma flutti ég þáltill. sem samþykkt var á hinu háa Alþingi þess efnis að endurskoðun bótaréttar sjómanna á íslenskum skipum vegna lífs- eða líkamstjóns færi fram. Í annan stað er það sú tryggingarfjárhæð sem er líka í lögunum en í dag, miðað við þær bótafjárhæðir ef um dauða sjómanns er að ræða, er tryggingarfjárhæðin 1,8 millj. kr.

Þegar litið er til annarra hópa og bornar saman þær tryggingarfjárhæðir sem nú eru hjá sjómönnum við tryggingarfjárhæðir annarra stétta, t.d. bankamanna, kemur í ljós að þeirra tryggingar eru allverulega hærri. Með tilliti til þess hve alvarleg slys eru tíð hjá sjómönnum þótti mér rétt að endurskoðun færi fram á þessum lögum og ég held að það séu allir sammála um það, einkum þegar litið er til þess dæmis sem ég sagði frá um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns. Í of mörgum tilvikum gerist það að sjómenn fara óbættir frá borði vegna þess að það var ekki hægt að sanna sök. Sjómenn eru í því starfi að þeir eiga eðli málsins samkvæmt að vera kaskótryggðir ef svo mætti komast að orði. Ég vona að hæstv. samgrh. geti nú upplýst okkur um það að endurskoðun laga sé eitthvað í átt til lagfæringar á þeim málum sem ég gat um sérstaklega áðan.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að mér finnst endurskoðunin ganga nokkuð seint og hægt vegna alvöru málsins og vegna hinnar öru og miklu slysatíðni sem enn er á sjó enda þó mikið hafi verið lagt til og samgrh. hafi vissulega beitt sér vel í því máli að auka og efla Slysavarnaskóla sjómanna. Samt sem áður virðist því miður slysum ekki fækka og því er full ástæða til að endurskoða þessi lög. Ég hef því lagt svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. ráðherra:

Hvað líður störfum nefndar sem skipuð var til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna lífs- eða líkamstjóns?

[16:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Nefndin var skipuð 29. nóv. 1994. Formaður hennar er Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur en í henni eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, framkvæmdastjóri rannsóknarnefndar sjóslysa og fulltrúar frá tryggingafélögum og Siglingamálastofnun ríkisins.

Um störf nefndarinnar er það að segja að hún er enn að störfum og hefur haldið átta fundi, rætt ítarlega verkefni sitt sem er í meginatriðum tvíþætt: Annars vegar að ræða og hugsanlega gera tillögu að breytingum á reglum sem gilda um skaðabótaskyldu útgerðarmanna gagnvart sjómönnum er slasast við störf um borð í skipi eða í þágu útgerðar. Hins vegar að fjalla um fjárhæðir bóta og slysatryggingu þeirra sem kveðið er á um í siglingalögum.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um skipan þessara mála í Noregi og Danmörku. Þá hefur nefndin látið gera samanburð á slysabótum ýmissa starfshópa hér á landi og þróun þeirra undanfarin ár. Einnig hefur nefndin skoðað heildargreiðslu til sjómanna sem lenda í alvarlegum slysum og til aðstandenda þeirra sem látast af slysförum frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum og slysatryggingum og ábyrgðartryggingu.

Við umræður í nefndinni hefur komið fram mikill munur á skoðunum einstakra nefndarmanna og afstöðu þeirra til þess hvernig heppilegast sé að skipa þessum málum til framtíðar með lögum. Meðal annars hefur það sjónarmið komið fram hjá sumum nefndarmönnum að eðlilegra sé að fjalla um þessi mál í kjarasamningum og reyndar hafi það verið gert með samningum um hærri vátryggingarfjárhæðir en lögin kveða á um.

Það er mat formanns nefndarinnar að þörf sé frekari umræðu áður en nefndin tekur afstöðu til viðfangsefnisins og gerir ráðherra grein fyrir niðurstöðunum og er þeirra að vænta á öndverðu næsta ári.

[16:02]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli sem að mínu viti er allsendis ólíðandi, að sjómenn þurfi nánast að sanna tilverurétt sinn um borð, á vinnustað sínum, þegar slys ber að höndum. Ég hef sjálfur

slasast um borð í togara og munaði minnstu að ég hryggbrotnaði þegar ég hentist út í skipssíðuna eftir að brot hafði riðið yfir skipið meðan við vorum að taka inn trollið. Það hefði getað reynst mér erfitt að sanna það að ég hefði þurft að vera nákvæmlega á þessum stað í skipinu en ekki einhvers staðar annars staðar og þar af leiðandi hefði ég hugsanlega staðið uppi með það að missa bætur eða geta ekki sannað bótarétt minn þrátt fyrir það að ég væri ráðinn sem fullgildur sjómaður um borð í þessu skyni.

Ég treysti því að hæstv. samgrh. komi þessu máli í höfn sem allra fyrst enda er ekki ástæða til annars en taka undir orð hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar um að það sé sjálfsagt og eðlilegt að sjómenn séu kaskótryggðir um borð í sínum skipum.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir hans svör. Þau byggjast náttúrlega á greinargerð, væntanlega nefndarformanns, um störf nefndarinnar. Ég vildi aðeins beina fáeinum orðum til samgrh. og biðja hann um að beita sér fyrir að í fyrsta lagi taki nefndin alvarlega á því máli sem snýr að hinni svokölluðu hlutlægu ábyrgð útgerðarmanns þannig að án tillits til þess hvort um sök sé að ræða eða ekki sé sjómaðurinn tvímælalaust tryggður. Skaðinn og slysið er nákvæmlega það sama hvort sem hægt er að færa sök yfir á einhvern aðila eða ekki. Það er of langt gengið, hæstv. samgrh., að þessi ákvæði skuli vera með þeim hætti á því herrans ári 1996 því að sjómenn slasast mest allra stétta hér á landi sem í of mörgum tilvikum leiðir til varanlegrar örorku.

Um það, sem hæstv. ráðherra kom aðeins inn á, væntanlega greinargerð frá nefndarformanni, að mikið hafi verið rætt um hvernig ætti að fara með tryggingamálin og ekki væri óeðlilegt að þetta kæmi fram í kjarasamningum, þá leitar þetta auðvitað til þess farvegs þegar sjómenn fengu hjartaáfall til sjós og létust þess vegna. Þá voru engar bætur. En í kjarasamningum hins vegar náðist það fram að eftirlifandi aðstandendum þeirra fjölskyldumanna og einstaklinga sem lenda í slíku er bættur skaðinn með u.þ.b. 600 þús. kr. Það náðist fram í kjarasamningum. Þá voru menn einnig sammála um það í kjarasamningum fyrir mörgum árum að hækka þá fjárhæð sem nefnd er í siglingalögum um 10%. Það réttlætir ekki að fulltrúar útgerðarinnar í þessari nefnd geti haldið því fram að það eigi að gera þessa kjarasamninga með þeim hætti að taka þetta frá löggjafanum. Ég tel að löggjafinn eigi að sýna sjómannastéttinni skilning og þá umbun að tryggja þá svo sómasamlegt sé og án tillits til þess hvort hægt sé að koma sök á einhvern eða ekki. Þeir eiga ávallt að fara bættir frá borði og ég heiti á hæstv. samgrh. að vinna svo að málum og beina sínum kröftum til nefndarinnar að svo verði.

[16:06]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust að vera með brýningar. Margar stéttir vinna störf sem eru hættuleg þó ég að sjálfsögðu taki fram að sjómenn eru þar í sérflokki. Það hvílir líka nokkur ábyrgð á þeim sem semja um kjör sjómanna, bæði á útgerðarmönnum og sjómönnum sjálfum. Og auðvitað er það svo um fleiri stéttir en sjómenn að þar geta orðið slys og spurningin er hversu langt löggjafinn eigi að ganga í því að tryggja einstökum stéttum ákveðin réttindi fram yfir það sem almennt er. Ég er þeirrar skoðunar að bæði skipshöfn og útgerðarmenn eigi sem mest að koma að þessum málum sjálfir og þeir kunna það betur en Alþingi sem er seint í svifum.

Þessi mál eru í athugun. Ég geri mér vonir um að formleg niðurstað geti legið fyrir á öndverðu næsta vori og mun leggja áherslu á að reyna að flýta svo störfum nefndarinnar að svo geti orðið eftir áramótin.

Símatorg.

Fsp. ÁRJ, 95. mál. — Þskj. 97.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. samgrh. um Símatorgið, en í tengslum við Póst og síma er starfrækt svokallað Símatorg þar sem ýmsir einkaaðilar óháðir Pósti og síma bjóða almenningi alls kyns þjónustu allt frá því að koma á stefnumótum milli einstaklinga upp í að lesnar eru erótískar sögur eða klámsögur. Allt á kostnað þess sem skráður er fyrir símanum en Póstur og sími leggur til tæknina. Einkaaðilarnir bjóða þarna upp á þjónustu undir heitum eins og Amor, Blála línan, Daðursögur, Rauða torgið, Símastefnumót o.s.frv.

Gjald fyrir þjónustuna er frá tæpum 40 kr. og upp í 67 kr. mínútan og aðgangur er opinn að þessari þjónustu þannig að hver sem kemst í síma getur hringt í Símatorgið og stofnað til ærinna útgjalda fyrir þann sem skráður er fyrir símanum. Ríkisfyrirtækið Póstur og sími leggur ekki aðeins til tæknina heldur sér um innheimtu fyrir einkafyrirtækin á Símatorginu um leið og innheimt er fyrir almenna símaþjónustu. Ef ekki er greitt á réttum tíma gengur Póstur og sími fram með harðar innheimtuaðgerðir gagnvart þeim sem lent hafa í vanskilum á miklum útgjöldum vegna þjónustu einkaaðilanna á Símatorginu, jafnvel harðari innheimtuaðgerðum heldur en Gjaldheimtan gagnvart þeim sem skulda skatta.

Þar sem ég held að menn geri sér ekki almennt grein fyrir hvaða þjónustu Póstur og sími er að rukka þarna fyrir hafði ég hugsað mér að spila smásýnishorn af því sem verið er að bjóða þarna og ríkisfyrirtækið Póstur og sími er að rukka fyrir en þar sem stjórn þingsins heimilar ekki að leikið sé af segulbandstæki hér get ég ekki orðið við því, enda er efni sem mér hefur borist af þessu Símatorgi þess eðlis að ég tel það ekki hæfa að leika það hér í þingsölum því að það getur ekki flokkast undir annað en grófasta klám. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. samgrh. hvort hann telji eðlilegt að ríkisfyrirtæki eins og Póstur og sími standi í innheimtu fyrir þjónustu einkafyrirtækja eins og þeirra sem mörg hver bjóða mjög vafasama þjónustu á Símatorginu.

[16:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er þinglegt að biðja um að hv. þm. leiki fyrir mig spóluna í einrúmi.

Einkenni símatorgsþjónustu er í meginatriðum að veita ýmsa svörunarþjónustu gegnum síma, hvort heldur um er að ræða ráðgjöf eða spilun af segulböndum. Í henni er lagður virðisauki ofan á venjulega símaþjónustu sem rennur til viðkomandi símatorgsfyrirtækis og Póst- og símamálastofnunar, sem sér um innheimtu vegna þjónustunnar. Eðli málsins samkvæmt er hlutverk Póst- og símamálastofnunar við innheimtu vegna símatorgsþjónustu óaðskiljanlegur þáttur í þeirri þjónustu sem skilgreind er í reglugerð um

símatorgsþjónustu og því verður það að teljast eðlilegt að stofnunin annist þessa innheimtu.

Aðrar mögulegar leiðir til innheimtu vegna þjónustu sem veitt er gegnum síma er að innheimta gjald fyrir þjónustu gegnum greiðslukortareikning viðkomandi en slíkar leiðir eru vel þekktar, í sambandi við sölustarfsemi sjónvarpsmarkaðar svo að dæmi sé tekið. Innheimta vegna hinnar margvísulegu þjónustu sem í boði er á Símatorginu er sem sagt óaðskiljanlegur hluti af símatorgsþjónustunni og því er það skoðun mín að hún verði naumast skilin frá símatorgsþjónustu Póst- og símamálastofnunar.

Ég vil bæta því við að ég hef orðið var við að sumir sem ekki eru ánægðir með, hvað á ég að segja, þá bleiku rödd sem hljómar kannski frá Hafnarfirði, þá geta þeir leitað út fyrir landsteinana og talað við þekkilegt fólk í öðrum álfum sem auðvitað er dýrara heldur en að hringja hér innsveitis.

[16:12]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur fyrir þessa fyrirspurn vegna þess að líklega eru 3–4 ár frá því að ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson lögðum fram slíka fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. einmitt í þessum dúr. Við fengum þá hins vegar ekki fullkomin svör við þeirri spurningu hvort virkilega væri lokað fyrir síma hjá því fólki sem hefði hringt í og notað sér þessa þjónustu.

Annað mál er hins vegar það og kannski vaknar upp sú spurning: Er orðið um allverulega tekjulind hjá Pósti og síma að ræða varðandi þetta Símatorg? Ég þekki foreldra sem hafa lent í vanda vegna þess að unglingar hafi verið að hringja í þessa símalínu í tíma og ótíma og ekki gáð að sér hversu dýrt þetta raunverulega er. Það væri kannski full ástæða til að fá upplýsingar um það hversu miklar tekjur Pósts og síma eru af þessari vafasömu þjónustu.

[16:13]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin þó að ég hafi orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með þau svör sem hann bar fram hér. Ég samþykki það ekki að það sé óaðskiljanlegur hluti af þjónustu símans að innheimta fyrir þessa þjónustu. Ég geri ekki athugasemdir við það að menn bjóði þessa þjónustu en ég geri athugasemdir við það að ríkisfyrirtæki í eigu okkar landsmanna allra sé að innheimta fyrir þessa þjónustu sem er í mörgum tilvikum klám og einnig hafa komið upp raddir um að stundað sé vændi í gegnum Símatorgið þó maður geti náttúrlega ekki staðhæft það eða sannað. Það er því fullkomlega óeðlilegt að innheimtumenn Pósts og síma gangi um með harðar aðgerðir og gangi að fólki fyrir að hafa notfært sér þessa vafasömu þjónustu og ég tel það ekki vera hlutverk ríkisfyrirtækis að standa í slíkum innheimtuaðgerðum. Þeir ættu að sinna öðrum verkefnum.

Ég vona að hæstv. samgrh. taki á þessu máli og sjái til þess að menn sem vilja kaupa sér þessa þjónustu greiði fyrir hana með sínum greiðslukortum ef því er að skipta. Það er eðlilegur máti. Ég mun koma inn á þetta mál sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson kom inn á varðandi skuldir þeirra sem hafa lent í að sími þeirra hefur verið misnotaður á þennan hátt í næstu fyrirspurn því ég er með aðra fyrirspurn hér á eftir um aðgang að Símatorginu og takmörkun hans.

[16:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér er töluverður vandi á höndum. Hv. þm. er með tvær fyrirspurnir á þskj. 97 og 98 sem koma inn á sama efnið og það önuglyndi sem hv. fyrirspyrjandi sýndi er auðvitað ástæðulaust því að svar við því sem kom fram í fyrirspurninni mun verða gefið þegar síðari fyrirspurnin er rædd. Það má kannski beina því til forseta þingsins, hvort ekki sé rétt ef fyrirspurnir eru jafnskyldar og á þessum tveimur þingskjölum að þær séu bornar fram í einu lagi eða fyrirspurnirnar a.m.k. ræddar sameiginlega.

(**Forseti** (GÁS): Vegna orða hæstv. samgrh., þá kom það til álita en þetta varð nú niðurstaða máls.)

Takmarkanir á aðgangi að Símatorgi.

Fsp. ÁRJ, 96. mál. — Þskj. 98.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Eins og komið hefur fram er þetta önnur hlið á þessari þjónustu sem Símatorgið veitir og er fyrirspurn til hæstv. samgrh. um það hvort hann telji ekki ástæðu til að takmarka aðgang að þjónustu Símatorgsins.

Eins og kom fram í máli mínu áðan getur hver sem er sem kemst í síma notað sér þessa þjónustu á kostnað þess sem er skráður fyrir símanum. Ég þekki mörg tilvik þess að fólk hefur lent í miklum útgjöldum t.d. vegna barna og unglinga sem sækja í þetta, finnst spennandi að hlusta á þetta. Minni ég á frásögn einstæðrar móður í einu dagblaðanna nú á dögunum sem hafði lent í miklum skuldum við Póst og síma vegna fatlaðs sonar síns sem sótti mjög í þjónustu Símatorgsins og þurfti að búa við harðar innheimtuaðgerðir Pósts og síma.

Það er hægt að loka fyrir þjónustu Símatorgsins en það er oft komið í óefni þegar menn grípa til þess að láta loka fyrir þjónustuna og kominn hár reikningur. Þá er líka verið að loka fyrir aðra þjónustu sem fólk vill e.t.v. geta gengið að í gegnum símann. En eins og kom fram áðan er algengt að unglingar sæki í þessa þjónustu og einnig þeir sem haldnir eru ýmsum fíknum eins og spennufíkn. Handhafar síma eru ekki á varðbergi gagnvart misnotkun af þessu tagi og hafa fengið svimandi háa reikninga. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki fulla ástæðu til að takmarka þessa þjónustu t.d. við handhafa greiðslukorta þannig að þeir geti þá greitt fyrir þetta með sínu greiðslukorti.

Sérstaklega finnst mér ástæða til þess að nefna þetta þegar litið er til barna og unglinga sem hafa þarna óheftan aðgang að efni sem oftar en ekki getur varla talist við hæfi barna eins og hæstv. ráðherra getur fengið að heyra ef hann hefur áhuga á því að hlusta á þá upptöku sem mér barst af því efni sem Símatorgið er að bjóða upp á. Við erum með kvikmyndaeftirlit til að passa upp á að börn sjái ekki efni sem ekki er talið vera við hæfi þeirra eða getur talist skaðlegt og ég hefði talið eðlilegt að þjónusta Símatorgsins væri takmörkuð við þá sem greiða fyrir hana.

[16:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Undanfarið hefur reglugerð um símatorgsþjónustu verið í endurskoðun á vegum samgrn. Við þá vinnu hefur einkum verið litið til eftirfarandi atriða:

Í fyrsta lagi er nú unnið að því að skilgreina að nýju þá þjónustu sem til boða stendur á Símatorginu og til álita kemur að lokað verði fyrir þá flokka sem dýrastir eru, þ.e. leiki ýmiss konar sem og efni sem ekki er ætlað börnum. Að öðru leyti verði símnotendum opinn aðgangur að Símatorginu eins og nú tíðkast. Rétthöfum símanúmera mun síðan þeim að kostnaðarlausu standa til boða opnun fyrir aðgang að dýrari flokkum Símatorgsins samkvæmt sérstakri beiðni til Póst- og símamálastofnunar.

Í öðru lagi eru nú í athugun á vegum Póst- og símamálastofnunar kostir þess að senda viðvaranir til rétthafa símanúmera ef símreikningur fer yfir vissa upphæð vegna mikillar notkunar símatorgsþjónustu.

Í þriðja og síðasta lagi er til athugunar hvort komið skuli á auknu eftirliti vegna efnis og þjónustu sem veitt er á Símatorgi, en því hefur verið haldið fram að þar sé að finna ýmiss konar þjónustu sem stangast á við reglur um almennt siðgæði. Því hef ég opnað fyrir þann möguleika í frv. um nýja heildarlöggjöf um fjarskiptaþjónustu sem verður lagt fyrir Alþingi að Fjarskipta- og póststofnun verði gert að hafa eftirlit með að reglum þessum verði framfylgt, ella verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til að loka fyrir þá þjónustu sem um ræðir sé um ítrekuð brot á reglugerð að ræða.

Að lokum vil ég taka fram að þó hert sé á reglum um símatorgsþjónustu þá verður ekki fram hjá því litið að stór hluti þeirra vandamála sem upp hafa komið vegna himinhárra símreikninga á rætur sínar að rekja til erlendra símatorgsfyrirtækja. Mér fannst satt að segja, herra forseti, fullfreklega hlaupið yfir þann þátt málsins. Á því verður engin breyting þó reglur verði hertar hér á landi því að að sjálfsögðu verður áfram mögulegt að hringja í erlend símatorg með tilheyrandi auknum kostnaði. Mestu kvartanir sem ég hef persónulega fengið inn á mitt borð af þessum sökum hafa verið vegna þess að hringt hefur verið í erlend símatorg, sem við getum ekki hróflað við séu símar á annað borð opnir fyrir útlönd, og kemur auðvitað hinu íslenska símafyrirtæki, Pósti og síma, ekki við. Þess vegna er hér um fjölþjóðlegt vandamál að ræða og ljóst að ekki verður mögulegt að takmarka aðgang manna að símatorgsþjónustu hjá erlendum símafyrirtækjum.

Að lokum er mikilvægt að minnast á alla þá fjölmörgu möguleika sem jákvæðir verða að teljast í símatorgsþjónustu og nefni ég til að mynda ráðgjöf gegnum síma af ýmsu tagi vegna skattframtala, tölvuþjónustu og reyndar um allt milli himins og jarðar. Það má kannski segja að það sé sá þáttur málsins sem gerir málið flókið og eins hitt að hér er um takmarkaða vörn að ræða fyrir heimilið ef sá sem misnotar aðgang sinn að símtæki á annað borð er mikið gefinn fyrir klám eða þjónustu af því tagi sem hv. þm. skýrði betur en ég get gert.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans og fagna því að reglugerð um Símatorgið skuli vera í endurskoðun og vonast til að tekið verði á þessum málum eins og hann nefndi og ætla ég ekki að fara að endurtaka það. Þarna er verið að leggja ýmislegt til sem ég tel vera til bóta.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta er stærra vandamál eins og hæstv. ráðherra benti á. Þetta er vandamál sem er alþjóðlegt. Engu að síður tel ég eðlilegt að Póstur og sími, sem getur tekið í taumana varðandi þá þjónustu sem snýr að okkur Íslendingum og er veitt á íslensku, taki þá á málum og hefti a.m.k. aðang að þeirri þjónustu sem getur talist ósiðleg eins og hæstv. ráðherra kom inn á. Ég fagna því að menn í samgrn. skuli vera að taka á þessum málum og bíð eftir að sjá hvað úr verður.

Út af dagskrá voru tekin 4., 6. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

15. FUNDUR

fimmtudaginn 31. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
2. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92. — 1. umr.
3. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fyrirkomulag umræðunnar um skýrslu utanrrh. vill forseti taka fram að samkomulag er milli þingflokka að fylgt verði þeim reglum sem eru í 48. gr. þingskapa um umræður um skýrsluna, þó þannig að þeir þingmenn sem tala í annað sinn í umræðunni hafa átta mínútna ræðutíma. Ræðutími verður þá þannig að ráðherra hefur allt að 30 mínútur til framsögu og allt að 15 mínútur í síðara sinn. Þingmenn hafa allt að 15 mínútur í fyrra sinn og allt að átta mínútur í síðara sinn.

[10:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Fimmtíu ár eru liðin frá því að Ísland varð aðili að Sameinuðu þjóðunum. Á því leikur enginn vafi að aðildin markaði tímamót því að þar með hvarf þjóðin endanlega frá hlutleysisstefnu í alþjóðamálum og lagði grunninn að þeirri ákvörðun að ganga stuttu síðar til liðs við vestræn ríki í öryggis- og varnarmálum. Ávinningurinn fyrir okkur af því að taka þátt í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi verður seint metinn til fulls.

Á þessari hálfu öld hefur Ísland, Evrópa og í raun veröldin öll tekið stórstígum framförum. Ísland, sem á fyrri hluta þessarar aldar var í raun vanþróað einyrkjasamfélag, er orðið nútíma iðnaðar- og upplýsingasamfélag þar sem fara saman vel menntað og framsækið vinnuafl og öflug fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, hugbúnaðar og

þjónustu. Opnun landsins fyrir jákvæðum áhrifum alþjóðlegar þróunar ásamt auknu samstarfi við önnur ríki, ekki síst nú allra síðustu ár, hefur hér gegnt lykilhlutverki.

Á þessum síðasta áratug tuttugustu aldarinnar hefur hefðbundið alþjóðasamstarf, svo sem innan Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Norðurlandasamstarfsins, gengið í endurnýjun lífdaga með auknum krafti og víðtækara starfi. Nýtt alþjóðasamstarf á svæðisbundnum grunni hefur jafnframt aukist. Alþjóðlegt efnahags- og viðskiptasamstarf, svo að ekki sé talað um mikilvægi útflutningsviðskipta, hefur margfaldast. Staðreyndin er sú að þetta síaukna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs kallar á eflingu utanríkisþjónustunnar þannig að hún megi áfram þjóna af krafti hagsmunum okkar á alþjóðavettvangi.

Fjölbreytt samstarf við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum er sem fyrr grundvallarþáttur í íslenskum utanríkismálum. Utanríkismál, þar með talin öryggismál, vega æ þyngra í samstarfi Norðurlandanna, jafnframt því sem hið hefðbundna samstarf í innanríkis-, mennta-, menningar- og félagsmálum heldur áfram. Íslendingar hafa átt ríkan þátt í að laga samstarf Norðurlandanna að breyttum aðstæðum.

Norðurlandasamstarfið er Íslendingum mikill styrkur á alþjóðavettvangi. Það er snar þáttur í pólitísku- og efnahagslegu samstarfi okkar við önnur Evrópuríki og skiptir höfuðmáli í samstarfinu á grannsvæðum Norðurlanda.

Á síðustu árum hafa samskipti Norðurlandanna við grannþjóðir aukist til muna. Samstarfið í Eystrasaltsráðinu og Barentsráðinu er að verða fastmótaðra, og sögulegt skref var stigið hinn 19. september síðastliðinn, þegar Norðurlöndin, ásamt Rússlandi, Kanada og Bandaríkjunum, stofnuðu nýjan samstarfsvettvang, Norðurskautsráðið.

Mikið er í húfi að vel takist til og Norðurskautsráðið verði heildarrammi samstarfs þjóða á norðurslóðum. Með tíð og tíma er æskilegt að ráðið hljóti varanlegt aðsetur og hafa íslensk stjórnvöld lýst sig reiðubúin að hýsa skrifstofur þess.

Samstarfið í Eystrasaltsráðinu veitir vestrænu ríkjunum í ráðinu tækifæri til að stuðla að umbótum í nýfrjálsum ríkjum svæðisins. Vesturlöndum ber skylda til að aðstoða þessi ríki við að byggja upp lýðræði og réttarríki, þar með talin réttindi minni hluta, innleiða lögmál hins frjálsa markaðar og virðingu fyrir umhverfinu.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að styðja stofnun skrifstofu umboðsmanns hins almenna borgara í Eistlandi, en Eistland og Rússland eru einu ríkin innan ráðsins, sem hafa ekki slíkan umboðsmann. Skrifstofur umboðsmanna vinna afar mikilvægt starf við að tryggja réttaröryggi íbúa í viðkomandi löndum. Einnig hafa Íslendingar tekið sæti í efnahagssamvinnunefnd Eystrasaltsráðsins, en nefndin lýtur nú forustu Evrópusambandsins.

Í þeim tilgangi að efla og auðvelda samskipti Eystrasaltsríkjanna við vestræn ríki hafa Norðurlöndin öll unnið að gagnkvæmu afnámi vegabréfsáritunarskyldu við þessi ríki. Ísland mun ekki láta sitt eftir liggja og vonast er til að gengið verði til viðræðna við Eystrasaltsríkin um framkvæmd þessa innan skamms.

Aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar, en ljóst er að mikið er í húfi fyrir Ísland að eiga góð samskipti við Evrópusambandið og aðildarríki þess. Innan Evrópusambandsins eru flestar helstu samstarfþjóðir okkar, jafnt á sviði efnahags- og öryggismála. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróuninni innan þess og vinna kröftuglega að því að kynna afstöðu og hagsmuni Íslands.

Innan Evrópusambandsins kveður nú við talsvert annan tón en áður um framtíðarstefnu þess. Lítið ber á löngum lofræðum um Evrópu sameinaða í ofurríki, bandaríki Evrópu. Goðsögnin um Evrópu hefur vikið fyrir raunveruleika líðandi stundar og bera hugmyndir einstakra ríkja um sveigjanlega aðlögun að samrunaferlinu því glöggt vitni. Í Evrópu eru mörg þjóðríki sem hvert og eitt hefur sína sérstöðu. Vandséð er því hvernig Evrópusambandið getur nokkurn tíma orðið annað en samband þjóðríkja.

Pólitískt samstarf ESB-ríkja hefur ekki verið eins markvisst og samstarf þeirra á sviði efnahags- og viðskiptamála. Er það meðal annars verkefni ríkjaráðstefnunnar að bæta úr þessu. Enn virðist þó ekki hafa orðið mikil hreyfing í mörgum viðkvæmustu málunum. Eru því vaxandi líkur á að ekki verði gerðar róttækar breytingar á uppbyggingu og starfsemi sambandsins og að mörg stærstu verkefnin verði látin bíða.

Fundir um ríkjaráðstefnu ESB eru haldnir með EFTA-ríkjunum með reglulegu millibili. Hafa þar fengist greinagóðar upplýsingar og jafnframt hefur gefist tækifæri til að koma sjónarmiðum EFTA-ríkjanna að. Rík áhersla hefur verið lögð á að áfram verði haft náið samráð um frekari þróun mála. ESB hefur fallist á þá ósk EFTA-ríkjanna að þau fái öll gögn sem lögð eru fram á ráðstefnunni eftir að fulltrúar aðildarríkjanna hafa rætt efni þeirra á fundum sínum.

Vert er að leiða hugann að tveimur þáttum ríkjaráðstefnunnar sem hugsanlega gætu skipt Ísland miklu. Annars vegar er um að ræða tillögur Breta um breytingar á sjávarútvegsstefnunni og hins vegar þróun sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu ESB.

Ýmis aðildarríki ESB hafa lýst óánægju með framkvæmd sjávarútvegsstefnunnar þótt það séu einna helst Bretar sem hafa barist fyrir breytingum á henni. Óánægjan stafar fyrst og fremst af svonefndu kvótahoppi sem í stuttu máli hefur þær afleiðingar að ekki er tryggt að sá kvóti, sem hverju ríki er úthlutað, nýtist í þess þágu. Bretar hafa ákveðið að taka þetta mál upp á vettvangi ríkjaráðstefnunnar, en hér skal ekki lagt mat á hvort þeim muni takast að ná fram breytingum á þeim vettvangi. Hafa verður í huga að senn líður að heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar og á því verki að vera lokið fyrir árslok 2002.

Hvað varðar þróun sameiginlegrar utanríkis- og öryggismálastefnu sambandsins er orðið nokkuð ljóst að einhver breyting mun eiga sér stað þótt ekki verði gengið eins langt og sum ríki hefðu kosið. Líklegt er að samkomulag náist um skipan sérstaks talsmanns á þessu sviði jafnframt því að möguleikar aukist á samráði og stöðumati á sviði utanríkismála. Enn fremur hafa verið uppi hugmyndir um að ESB geti tekið ákvarðanir um aðgerðir á sviði friðargæslu og mannúðaraðgerða en framkvæmdin yrði falin Vestur-Evrópusambandinu.

Áhersla einstakra nýrra aðildarríkja ESB, sem ætíð hafa lagt mikið af mörkum á þessu sviði, en eru ekki aðilar að vestrænu varnarsamstarfi, er mjög skiljanleg. Lausnin má þó ekki felast í því að Evrópusambandið gefi Vestur-Evrópusambandinu fyrirmæli og það síðarnefnda glati þannig sjálfstæði sínu í reynd. Slíkt gætum við Íslendingar jafnilla sætt okkur við og innlimun VES í ESB.

Raunar virðast áætlanir um fullan samruna Vestur-Evrópusambandsins og ESB úr sögunni, að minnsta kosti í nánustu framtíð. Samstaða hefur náðst um það að byggja

upp evrópska varnar- og öryggisstoð innan Atlantshafsbandalagsins. Á ráðherrafundi NATO í Berlín í júní síðastliðnum var gengið frá samkomulagi þess efnis að Vestur-Evrópusambandið geti fengið aðgang að sameiginlegu herstjórnarkerfi og öðrum búnaði NATO til að sinna verkefnum sem krefjast ekki þátttöku bandamanna í Norður-Ameríku. Eindregið ber að fagna því að áherslan á varnarsamvinnu Evrópuríkja verður innan NATO.

Ísland gegnir formennsku í EES út þetta ár. Reglulegir samráðsfundir ráðherra, embættismanna og sérfræðinga hafa verið haldnir með Evrópusambandinu. Mikilvægt er að áfram verði unnið að því að efla og þróa þetta samráð.

Þátttaka EFTA-ríkjanna í mótun Evrópulöggjafar hefur frá gildistöku EES-samningsins verið í sífelldri endurskoðun. Sérfræðingar úr stjórnsýslu EFTA-ríkjanna sitja nú fundi með fulltrúum ESB og aðildarríkja þess þar sem grunnur er lagður að samræmdri löggjöf innan Evrópu á ýmsum sviðum. Við mótun þeirrar löggjafar hafa fulltrúar Íslands átt þess kost að koma á framfæri sérstöðu okkar.

Pólitísk samskipti við Evrópusambandið eru Íslandi afar mikilvæg. Síðastliðið vor var lagður traustur grunnur að þessum samskiptum á vettvangi svonefnds pólitísks samráðs á grundvelli EES-samningsins. Það hefur gert okkur kleift að fylgjast mun betur með þróun ESB og koma að sjónarmiðum okkar varðandi utanríkismál. Á grundvelli þessa samstarfs hafa Ísland, Noregur og Liechtenstein gerst aðilar að málflutningi og yfirlýsingum Evrópusambandsins um utanríkismál á alþjóðavettvangi.

Reynslan hefur sýnt að við eigum í flestum tilfellum samleið með ESB í utanríkismálum, ekki síst þar sem meiri hluti Norðurlandanna er nú innan ESB. Tenging við pólitískt samstarf ESB-ríkja þýðir ekki að samskipti við einstök ESB-ríki hljóti minna vægi. Þvert á móti verður að styrkja tvíhliða samskipti við aðildarríki ESB. Það er stefna íslenskra stjórnvalda að efla og nýta pólitíska samráðið til fulls. Mun það skipta miklu máli þegar kemur að stækkun sambandsins og frekari framþróun þess, ekki síst í ljósi þess að Ísland stefnir ekki að aðild í náinni framtíð.

Ísland varð, ásamt hinum Norðurlöndunum, áheyrnaraðili að Schengen-samkomulaginu frá og með 1. maí síðastliðnum. Segja má að það sé um margt útvíkkun á norræna vegabréfasamkomulaginu. Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á að viðhalda þessu grundvallarsamstarfi Norðurlandanna.

Evrópusambandsríkin, Danmörk, Finnland og Svíþjóð, munu verða fullgildir aðilar að Schengen, en ekki verður um fulla aðild Íslands og Noregs að ræða. Frekari samningaviðræður um hvernig samstarfi okkar og Norðmanna við Schengen-ríkin verður háttað eru komnar á góðan rekspöl og stefnt að því að undirrita samstarfssamning fyrir áramót, með fyrirvara um samþykki Alþingis sem síðan fengi samninginn til þinglegrar meðferðar. Stefnt er að gildistöku samningsins síðari hluta árs 1998.

Mikilvægur þáttur í eflingu öryggis innan Evrópu felst í að tryggja virðingu fyrir almennum mannréttindum og efla lýðræði. Hér hefur Evrópuráðið þýðingarmiklu hlutverki að gegna, en með aðild að ráðinu gangast ríki undir skyldur á sviði mannréttinda og lýðræðis. Með aðild Rússlands að ráðinu á þessu ári hefur verið stigið verulegt skref í þá átt að treysta lýðræði í sessi í stærsta ríki Evrópu. Evrópuráðið er mikilvægur vettvangur fyrir hin minni ríki sem þar geta tjáð sig og haft áhrif á þróun margvíslegra mála er varða framtíð Evrópu.

Jákvæð þróun öryggismála í heimshluta okkar frá því kalda stríðinu lauk hefur gert að verkum að samfélag þjóðanna er ekki lengur heltekið af þrátefli stórvelda og yfirvofandi tortímingu. Þjóðir heims ættu nú betur að geta sameinast um að binda enda á svæðisbundin átök, aðstoða við enduruppbyggingu á stríðshrjáðum svæðum og eyða tortryggni. Hafa aðgerðir í Bosníu og Hersegovínu undanfarna mánuði sýnt að þetta er hægt.

Flest virðist benda til þess að á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins á næsta ári verði einhverjum samstarfsríkjum formlega boðin aðild. Samstaða er um það innan bandalagsins að stækkunin valdi ekki nýrri skiptingu Evrópu og að öryggishagsmunir allra samstarfsríkjanna verði hafðir í huga. Stækkunin verði þannig, í tengslum við frekari þróun öryggismála í Evrópu, þáttur í nýsköpun öryggismála í álfunni allri.

Samhliða stækkuninni ber að efla samskipti bandalagsins við Rússland og Úkraínu til muna. Þá þarf að efla friðarsamstarf bandalagsins á þann veg að auka samskipti við þau samstarfsríki sem fá ekki aðild í fyrstu atrennu eða vilja ekki aðild. Sem kunnugt er hafa Rússar verið sérstaklega gagnrýnir á fyrirhugaða stækkun NATO. Brýnt er að koma til móts við þá, til dæmis með gerð sérstaks sáttmála milli bandalagsins og Rússlands sem efli tengsl og tryggi meiri festu í samskiptum þessara aðila. Jafnframt þarf að kveða skýrt á um rétt allra ríkja, þar með talið Eystrasaltsríkjanna, til að velja sér leiðir í öryggismálum.

Rétt er að leggja áherslu á að stækkunin felst ekki í því að NATO kaldastríðsáranna færi mörk sín í austur. Bandalagið hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Fækkað hefur verið í herjum aðildarríkjanna og dregið stórlega úr kjarnavopnaviðbúnaði. Jafnframt hefur bandalagið sýnt hæfni til að takast á við ný viðfangsefni eins og sannast hefur í velheppnaðri forustu þess við að koma á friði í Bosníu og Hersegovínu. Í nánustu framtíð má gera ráð fyrir að bandalagið sinni í auknum mæli verkefnum sem falla ekki undir hið hefðbundna varnarhlutverk þess og samstarfsríkin taki þátt í slíkum aðgerðum.

Friðarsamstarf bandalagsins við samstarfsríkin í austri hefur verið rammi samskipta á hernaðarsviðinu, með áherslu á samhæfingu herja þátttökuríkjanna. Sameiginlegar aðgerðir NATO og samstarfsríkja þess í Bosníu og Hersegovínu hefðu verið illmögulegar án þeirrar reynslu sem friðarsamstarfið hefur veitt. Mikilvægt samráð við ríki Mið- og Austur-Evrópu fer einnig fram innan Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins. Í desember næstkomandi verða fimm ár liðin frá stofnun ráðsins og af því tilefni fer fram endurskoðun með það fyrir augum að efla samstarfið frekar. Í ljósi væntanlegrar stækkunar bandalagsins þarf að efla samvinnuráðið og friðarsamstarfið til þess að mæta þörfum þeirra ríkja sem munu ekki hljóta aðild í fyrstu umferð, svo og þeirra sem ekki stefna að aðild.

Atlantshafsbandalagið hefur breyst og mun halda áfram að breytast með nýjum verkefnum, en meginmarkmiðið verður eftir sem áður varnir aðildarríkjanna á grundvelli samstarfs ríkja Evrópu og Norður-Ameríku í öryggismálum. Þau tengsl hafa ætíð haft lykilþýðingu fyrir Ísland og öryggi þess. Við höfum átt aðild að Atlantshafsbandalaginu frá stofnun þess og þyngstu rökin hafa ætíð verið trygging frelsis og sjálfstæðis Íslands.

Það er grundvallarskylda hverrar ríkisstjórnar að tryggja öryggi þegnanna. Varnarsamningurinn við Bandaríkin og þátttaka Íslands í varnarsamstarfi vestrænna þjóða er og verður grundvöllur öryggisstefnu Íslands.

Varnarsamstarf vestrænna þjóða byggist á því að allir leggi sitt af mörkum eftir efnum og ástæðum. Það höfum við gert. Auk þess mikilvæga hlutverks sem varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli gegnir í sameiginlegu varnarkerfi NATO höfum við lagt okkar af mörkum til fyrstu hernaðaraðgerða bandalagsins í sögu þess, þ.e. framkvæmd friðarsamninga í Bosníu, en íslensk stjórnvöld hafa lagt IFOR til hjúkrunarfræðinga og lækna. Jafnframt hefur Ísland lagt af mörkum 110 milljónir króna til uppbyggingar Bosníu, einkum á sviði heilbrigðismála, í samvinnu við Alþjóðabankann.

Ísland hefur í samvinnu við varnarliðið boðið aðildarríkjum og samstarfsríkjum í friðarsamstarfinu til umfangsmikillar almannavarnaæfingar næsta sumar þar sem æfð verða viðbrögð við öflugum jarðskjálfta. Undirbúningur fyrir æfinguna gengur samkvæmt áætlun og eru undirtektir góðar.

Við þurfum eftir sem áður og innan eðlilegra marka að leggja okkur fram um að taka virkan þátt í starfsemi bandalagsins. Með því leggjum við okkar af mörkum til að tryggja frið á nýrri öld.

Leiðtogafundur Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu verður haldinn nú í desember, en þar verður undirbúningur hins nýja öryggislíkans álfunnar meðal annars rætt. ÖSE hefur síðustu tvö ár eflst mjög og gegnir orðið mikilvægu hlutverki í því að fást við margþættar afleiðingar kalda stríðsins. Lýðræðisþróun, kosningaeftirlit, mannréttindamál og réttindi minnihlutahópa eru allt málaflokkar sem ÖSE hefur lagt mikið af mörkum til.

Undirritun samnings um bann við tilraunakjarnasprengingum markar tímamót í öryggismálum. Það er vissulega miður að Indland skuli ekki hafa séð sér fært að styðja samninginn því að það frestar gildistöku hans um óákveðinn tíma. Yfirgnæfandi stuðningur aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og undirritun kjarnorkuveldanna gefur honum þó verulegt vægi sem ekki verður litið fram hjá í viðræðum um kjarnaafvopnun í framtíðinni. Þess má geta að Íslendingar munu taka þátt í eftirlitskerfi samningsins.

Íslendingar hafa undirritað samninginn um bann við efnavopnum og mun frumvarp til laga um fullgildingu hans verða lagt fram á Alþingi nú í vetur. Fleiri merkir samningar á sviði afvopnunarmála eru í deiglunni og mun Ísland styðja þá vinnu. Þar er mikilvægast að hefja þegar í stað samninga um allsherjarbann við notkun, framleiðslu og sölu jarðsprengna. Þetta eru óhugnanleg vopn sem skaða mest þá sem síst skyldi, saklausa borgara, og það oft löngu eftir að átökum lýkur.

Alþjóðaviðskipti hafa verið að breytast undanfarinn áratug. Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi hasla sér nú í auknum mæli völl í fjarlægum löndum. Fyrir nokkrum árum var talið ólíklegt annað en að íslensku fisksölufyrirtækin seldu fyrst og fremst íslenskan fisk. Í dag er staðan sú að stóru fisksölufyrirtækin telja sér hag í því að hafa sem flestar tegundir á boðstólum fyrir viðskiptavini sína án tillits til hvaðan sá fiskur kemur. Það sem máli skiptir er að gæðin uppfylli íslenskar kröfur.

Sjávarútvegsfyrirtæki, sem haslað hafa sér völl erlendis, hafa rutt öðrum fyrirtækjum braut. Íslensk fyrirtæki, sem framleiða hugbúnað og vörur fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu, eru oftar en ekki í fremstu röð í sinni grein og fer mikilvægi þessa útflutnings vaxandi með ári hverju. Þeir sem starfa að verkefnum í fjarlægum heimshlutum hafa í ríkum mæli leitað heim eftir íslenskri tækni og þekkingu og þar með stuðlað að öflugra atvinnulífi hér heima. Fyrirtæki í iðnaði tengdum sjávarútvegi hafa náð miklum árangri í markaðssetningu sem hefur orðið enn fleirum hvati að gera betur.

Undanfarin missiri hefur utanríkisráðuneytið lagt vaxandi áherslu á að vera útflutningsfyrirtækjum sem mest innan handar í samstarfi við Útflutningsráð Íslands. Viðskiptaferðir hafa verið farnar til Kína, Suður-Afríku, Namibíu, Múrmansk, Tékklands og Pakistans. Í opinberri heimsókn minni til Kóreu í ágústlok voru viðskiptaaðilar með í för og sú heimsókn var á margan hátt skipulögð og undirbúin með öðrum hætti en tíðkast hefur. Útflutningsfyrirtækjum í sjávarútvegi og iðnaði honum tengdum og úr hugbúnaðargeiranum lánaðist að koma á samböndum sem þegar hafa skilað góðum árangri. Fulltrúar fyrirtækja sem annast innflutning frá Kóreu og Félags íslenskra stórkaupmanna voru einnig með í þeirri för. Enn fremur var Ísland kynnt sem fjárfestingarkostur.

Stefnt er að svipaðri ferð á næsta ári, þá væntanlega til Suður-Ameríku. Verður stefnt að því að með í för verði fulltrúar úr öllum þeim greinum íslensks atvinnulífs sem hyggjast sækja á erlenda markaði.

Samvinna utanríkisráðuneytisins og Útflutningsráðs Íslands hefur verið farsæl og til hagsbóta. Stefnt er að því að efla samstarfið enn frekar og jafnframt efla utanríkisráðuneytið á þessu sviði og styrkja sendiráðin með þarfir viðskiptalífsins í huga.

Ekki hefur tekist að ljúka samningaviðræðum um einstaka þætti sem haldið var áfram eftir lok Úrúgvæ-viðræðnanna, svo sem kaupsiglingar, fjárhagsþjónustu og fjarskipti. Hefur það ekki síst strandað á tregðu einstakra aðildarríkja að leggja fram fullnægjandi tilboð um markaðsaðgang. Ísland hefur lagt til að sá markaðsaðgangur, sem gildir samkvæmt EES-samningi, verði gerður almennur meðal aðildarríkja Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og höfum við þannig skipað okkur á bekk með þeim ríkjum sem hvað lengst hafa gengið í frjálsræðisátt.

Á undanförnum árum hafa veiðar íslenskra skipa utan efnahagslögsögunnar fært þjóðarbúinu verulegar tekjur. Vonandi verður framhald á því en nokkrar blikur eru á lofti. Sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur stóraukist og er Norðaustur-Atlantshafið þar ekki undanskilið.

Með úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna er ætlunin að bregðast við þessari þróun. Markmiðið með samningnum er að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu deilistofna og víðförulla fiskstofna. Það eru langtímahagsmunir allra fiskveiðiþjóða að þessu markmiði verði náð og að bundinn verði endi á stjórnlausar veiðar á úthafinu. Engin ríki eiga þó meira undir því en þau sem byggja afkomu sína á fiskveiðum.

Undanfarin missiri hafa íslensk stjórnvöld sem kunnugt er átt viðræður við nágrannaríkin um stjórnun veiða úr einstökum fiskstofnum. Mikilvægt er að samkomulag náðist á fundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, NEAFC, síðastliðið vor um skiptingu veiðiheimilda á þessu ári úr úthafskarfa á Reykjaneshrygg og er hlutur Íslands viðunandi. Vissulega varpar hér nokkrum skugga á að Rússar skuli hafa mótmælt niðurstöðunni og séu þar með óbundnir af samkomulaginu, en vonandi tekst að ná samkomulagi um veiðar þeirra á ársfundi NEAFC nú í nóvember.

Ekki er síður mikilvægt að samningar tókust í maí síðastliðnum milli strandríkjanna fjögurra, Íslands, Færeyja, Noregs og Rússlands, um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á þessu ári. Gerð var ítarleg grein fyrir samningnum á Alþingi á sínum tíma. Ljóst er að ekki voru allir fullkomlega sáttir við niðurstöðuna, en minna má á að samningurinn var jafnframt harðlega gagnrýndur af norskum hagsmunaaðilum. Þó að samningur þessi sé merkur áfangi valda stjórnlausar veiðar Evrópusambandsins verulegum áhyggjum. Nú liggur fyrir að skip frá aðildarríkjum ESB veiddu um 200.000 tonn af síld á þessu ári, sem er langt umfram það sem Evrópusambandinu ber. Ljóst er að full stjórn á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum næst ekki nema veiðar ESB lúti einnig stjórnun.

Það er miður að ekki skuli enn hafa tekist að ná samningum um þorskveiðar okkar í Barentshafi. Stöðugt er þó unnið að því að finna ásættanlega lausn og verður vonandi hægt að leysa þetta deilumál sem allra fyrst. Það er skylda stjórnvalda þessara bræðraþjóða að leysa þetta mál.

Á fundi Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, nú í haust var ákveðið að beita áfram sóknarstýringu við rækjuveiðar á Flæmingjagrunni á næsta ári. Íslendingar hafa ekki getað sætt sig við þetta stjórnkerfi og munu mótmæla ákvörðuninni eins og í fyrra. Hitt er fullkomlega ljóst að við verðum að draga verulega úr veiðum okkar á svæðinu á næsta ári. Veiðar okkar í ár hafa stóraukist frá því í fyrra og hefur það sætt harðri gagnrýni, m.a. frá Kanadamönnum. Við getum ekki látið sem rækjumiðin á þessum slóðum séu ótakmörkuð auðlind sem þoli gegndarlausa veiði og endalausa sóknaraukningu. Slíkt fær ekki staðist og það vitum við allra þjóða best. Álit okkar og orðstír sem ábyrgrar fiskveiðiþjóðar er í veði.

Í kjölfar veiða danskra skipa nú í sumar innan íslenskrar lögsögu norður af Kolbeinsey kom á ný upp ágreiningur milli Íslendinga og Dana um afmörkun hafsvæðisins, svo og hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja. Stjórnvöld beggja landanna hafa lagt áherslu á að lægja öldur sem risu um skeið og leita leiða til að finna varanlega lausn. Farið hafa fram viðræður embættismanna landanna í þessu skyni. Hafa þær verið vinsamlegar og gagnlegar og verður fram haldið síðar á þessu ári.

Það er afdráttarlaus stefna Íslands að nýta beri með sjálfbærum hætti allar lifandi auðlindir hafsins. Hvalir eru þar ekki undanskildir. Afstaða til verndunar og nýtingar hvala hlýtur að stjórnast af sömu grundvallarreglum og gilda um aðrar auðlindir Íslands. Sérstakur starfshópur vinnur nú að undirbúningi tillögu til þingsályktunar um hvalveiðar Íslendinga.

Þótt bjart sé fram undan um margt þegar horft er til næstu aldar er fyrirsjáanlegt að ýmislegt má betur fara. Ríki heims þurfa í ríkara mæli að sameinast um það að vinna bug á margvíslegum og flóknum vandamálum sem sótt hafa að stórum hluta mannkyns, en fengu ekki þá athygli sem þurfti á tímum kalda stríðsins og þráteflis stórveldanna. Þessi vandamál, sem eru mörg hver afleiðing efnahagslegs og félagslegs misréttis, fólksfjölgunar, umhverfisspjalla, ófriðar og útbreiðslu gereyðingarvopna, virða ekki landamæri og er ekki alltaf á færi einstakra ríkja eða ríkjahópa að leysa þau.

Sameinuðu þjóðirnar gegna mikilvægu hlutverki og hafa bolmagn og alþjóðlega viðurkenningu til að takast á við þessi umfangsmiklu viðfangsefni. Um þessar mundir fer fram mikið umbótastarf innan samtakanna og vilja íslensk stjórnvöld taka þátt í aðlögun þeirra að breyttum aðstæðum og styrkja þau með ráðum og dáð.

Á því leikur enginn vafi að aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum árið 1946 markaði tímamót. Sjálfstæði Íslands og fullveldi var staðfest í verki og hefur þátttakan í þessum stærstu samtökum veraldar allar götur síðan verið til marks um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Ávinningurinn fyrir okkur af því að taka þátt í þessu fjölbreytta starfi verður seint metinn til fulls. Aðildin að Sameinuðu þjóðunum hefur þannig á margan hátt þjónað hagsmunum þjóðarinnar og jafnvel lífsafkomu eins og hafréttarsamningurinn er besta dæmið um. Á grundvelli hafréttarsamningsins var Alþjóðlegi hafréttardómurinn nýverið settur á laggirnar í Hamborg og er hér um merkan áfanga að ræða.

Vert er þó að hafa í huga að markmiðið með þátttöku í starfsemi samtakanna er fyrst og fremst að hafa áhrif til góðs og leggja okkar af mörkum til friðvænlegra og mannúðlegra umhverfis á jörðinni. Í nýlegri skýrslu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um lífskjör í heiminum er Íslandi skipað í áttunda sæti á lista yfir ríki sem tryggja þegnum sínum bestu kjörin. Þetta endurspeglar stöðu sem Íslendingum sjálfum er vel kunn en leggur okkur jafnframt ákveðnar siðferðislegar skyldur á herðar í samstarfi við afskiptari hluta mannkyns.

Síðustu missiri hafa Sameinuðu þjóðirnar efnt til mikilla ráðstefna þar sem mörg veigamestu málefni alls mannkyns hafa verið til umræðu, nú síðast byggðaráðstefnan í Istanbúl og kvennaráðstefnan í Peking. Mikilvægt er að framkvæmdaráætlunum allra þessara ráðstefna verði hrundið í framkvæmd. Í þessu sambandi má nefna að skipaður hefur verið samráðshópur um framkvæmd Pekingáætlunarinnar í jafnréttismálum.

Flest bendir til þess að Ísland taki um næstu áramót sæti í Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC) til þriggja ára. Setan í ráðinu ætti að verða okkur hvatning til að sinna þeim mikilvægu málum sem falla undir verksvið þess.

Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna unnið á markvissan hátt að málefnum er varða hafið og lífríki þess. Þjóðir heims gera sér nú gleggri grein en áður fyrir mikilvægi lífrænna auðlinda sjávar til fæðuöflunar. Á leiðtogafundi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) í Rómaborg í næsta mánuði munu íslensk stjórnvöld minna á mikilvægi hafsins sem fæðuuppsprettu, ekki síst fyrir íbúa þróunarlandanna, og nauðsyn á sjálfbærri nýtingu lífrænna auðlinda sjávar. Góður árangur hefur náðst í baráttu Íslendinga fyrir því að fá alþjóðlega viðurkenningu á nauðsyn þess að sporna við útbreiðslu þrávirkra efna í hafinu.

Í aðstoð Íslendinga við þróunarlönd hefur þekking í sjávarútvegi komið að góðu gagni. Samhliða starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í nokkrum ríkjum Afríku hafa íslensk stjórnvöld veitt framlög til fjölþjóðlegrar þróunarstarfsemi og neyðarhjálpar. Stórt skref var stigið í þróunaraðstoð í sumar þegar ríkisstjórnin samþykkti að hefja starfsemi Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 1998, en hann mun starfa í náinni samvinnu við helstu sjávarútvegsstofnanir á landinu, þar á meðal útgerðarfyrirtæki úti á landi og Háskólann á Akureyri.

Í haust var forræði samskipta við Alþjóðabankann fært frá viðskiptaráðuneytinu til utanríkisráðuneytisins, en starfsemi bankans lýtur sem kunnugt er að mestu að þróunarmálum.

Er þessi tilfærsla liður í því að gera íslenskt þróunarstarf markvissara. Eðlilegt er að framlag til þróunaraðstoðar verði eflt um leið og aðstæður þjóðarbúsins leyfa. Minna má á að þátttaka í þróunarverkefnum erlendis skapar íslenskum fyrirtækjum viðskiptatengsl við lönd sem lítil eða engin viðskipti hafa verið við og getur þannig rutt braut viðskipta.

Herra forseti. Grundvallarmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi. Í stjórn-, efnahags-, menningar- og öryggismálum er Ísland hluti af æ yfirgripsmeiri fjölþjóðlegum heildum eins og sést greinilega af aukinni þátttöku í starfi alþjóðlegra stofnanna og öðru alþjóðlegu samstarfi.

Þetta er þó skýrast hvað varðar beina efnahagslega afkomu þjóðarinnar, en hún byggist umfram allt á því að íslensk fyrirtæki eigi greiða leið að erlendum mörkuðum. Hlutverk utanríkisþjónustunnar hlýtur því m.a. að vera að styrkja og styðja eflingu útflutnings, auka sóknarfæri og aðstoða við opnun nýrra markaða.

Í þessu felst að skil milli hefðbundinna utan- og innanríkismála eru að mestu horfin. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi þjónar nú heildarhagsmunum þjóðarinnar í stöðugt vaxandi mæli.

[11:05]

Útbýting þingskjala:

Framlag til þróunarsamvinnu, 103. mál, þáltill. SJS og MF, þskj. 107.

Málefni Hollustuverndar ríkisins, 42. mál, svar umhvrh., þskj. 106.

[11:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ágætlega var kvæðið ort og þó enn betur flutt. Óhætt er að segja að um þessar mundir er mikil gerjun í umræðunni um utanríkismál og ég tel ekki ólíklegt að þróunin, breytingar um forustu á afstöðu einstakra forustumanna og jafnvel heilla flokka kunni að hafa afdrifarík áhrif á þróun stjórnmálanna innan lands, jafnvel um það hvaða breytingar á flokkakerfi verða á næstu missirum og hver veit nema jafnvel kunni þetta að hafa áhrif á það hvaða stefnu sjálf landsstjórnin tekur í aðdraganda nýrrar aldar. Ég tel þess vegna vel við hæfi að nota umræðuna um skýrslu hæstv. utanrrh. til þess að reifa þessar breytingar eins og þær líta út frá sjónarhóli margra jafnaðarmanna enda hefur verið tíðindasamt af vettvangi umræðunnar innan lands, ekki síst eftir landsfund Sjálfstfl. og raunar hefur sjálfur hæstv. utanrrh. sannarlega lagt sitthvað af mörkum til umræðunnar á síðustu vikum.

Herra forseti. Viðhorfin til utanríkismála hafa fram eftir allri öldinni verið öxullinn sem þjóðfélagsumræða hér á landi hefur að verulegu leyti snúist um. Afstaðan til þeirra hefur skipt mönnum í flokka, hefur jafnvel klofið heilu flokkana oftar en einu sinni eins og dæmin sanna. Þannig var það afstaðan til Sovétríkjanna sem klauf upphaflega hreyfingu jafnaðarmanna hér á landi og þeim klofningi var að stærstum hluta viðhaldið af ágreiningi sem spannst um aðild Íslands að NATO.

Afstaða manna og jafnvel heilla stjórnmálahreyfinga til Atlantshafsbandalagsins er raunar lýsandi dæmi um þá öru þróun sem síðustu árin og jafnvel síðustu missirin hefur átt sér stað í viðhorfum manna til utanríkismála. Ég rifja það upp að það voru íslenskir sósíalistar, fyrst í Sósíalistaflokknum og síðar Alþb., sem börðust áratugum saman hatramlega gegn NATO. En það var samt sem áður fyrrv. formaður Alþb. sem í þessum sölum kastaði yfir sig kufli sjáandans á árinu 1992 og spáði því fyrstur að NATO yrði að eins konar alþjóðlegum friðargæslusveitum. Ég minnist þess, herra forseti, að ekki tóku allir þessum ummælum jafnfriðsamlega.

Ummæli formannsins fyrrverandi hrundu af stað umræðum sem stóðu lengi dags og ég man ekki eftir því að nokkur einasti maður hafi tekið sérstaklega undir orð Ólafs Ragnars Grímssonar. En eigi að síður hefur framvindan sýnt það að hann hafði rétt fyrir sér. Hersveitir NATO voru forsenda þess að það tókst að stilla til friðar í borgarastyrjöldum Balkanskagans. Það er einfaldlega staðreynd sem er ekki hægt að hrekja að það var fyrir tilstilli herja NATO, ekki síst atbeina Bandaríkjamanna, að það tókst að skapa nýtt líf, nýja byrjun fyrir hundruð þúsunda fjölskyldna sem voru á hrakhólum og lifðu í stöðugum ótta.

Fyrrv. formaður Alþb. reyndist einfaldlega spámannlegar vaxinn en margir aðrir. Hann hafði rétt fyrir sér þegar hann sagði fyrir um friðarhlutverk Atlantshafsbandalagsins.

Þessi þróun, herra forseti, hefur síðan gengið eftir á þeim slóðum þar sem áður gætti einkum andstöðu við NATO. Það er ekki langt síðan formaður Verðandi, Félags ungra alþýðubandalagsmanna, lýsti því yfir í Vikublaðinu sem er málgagn Alþb., að flokkurinn ætti að hætta andófi sínu gegn NATO. Ég segi þetta ekki til þess að sproksetja Alþb. heldur til þess að benda á þá þróun sem ég tel að þar og víðar sé í gangi varðandi það mál sem átti drýgstan hlut að því að skapa djúpan ágreining milli A-flokkanna. Það er mat mitt að þróunin hafi þegar gengið það langt að nánast sé burt sorfið það ágreiningsefni sem um áratugi hefur útilokað náið samstarf og jafnvel samruna þessara flokka og sé mat mitt rétt eins og ég vænti að tíminn leiði í ljós eru það tíðindi sem eru líkleg til að hafa áhrif á flokkakerfið. Ég lít á þingmenn Alþb. sem jafnaðarmenn og það er ekkert launungarmál að ósk mín er sú að gerjunin og þróunin á viðhorfum þeirra til alþjóðamála geti leitt til þess að jafnaðarmenn sameinist fyrr en síðar í einum flokki.

Herra forseti. Afstaðan til utanríkismála hefur leitt til þess að flokkur minn, Alþfl., hefur stundum átt mjög farsæla samleið með Sjálfstfl. í ríkisstjórn og fyrr á tíð byggðist á sameiginlegum viðhorfum til Atlantshafsbandalagsins, til Fríverslunarbandalags Evrópu, til erlendra fjárfestinga og ekki hvað síst álversins í Straumsvík á sínum tíma. Þá var menn sem opnastir voru fyrir að leyfa íslenskum neytendum að njóta þeirra gæða sem hægt er að skapa með auknum viðskiptasamböndum við útlönd einfaldlega helst að finna í Sjálfstfl. Samvinna þessara flokka, t.d. í viðreisnarstjórninni á sínum tíma, leiddi til gerbreytinga á viðskiptaháttum landsmanna, skar á forneskjuleg viðskiptahöft og bókstaflega talað kippti verslun Íslendinga inn í nútímann. Það er, herra forseti, einn af þeim þáttum arfleifðar Sjálfstfl. sem hann er hvað stoltastur af.

Ég tel hins vegar að ein merkasta breytingin sem nú er að gerast í íslenskum stjórnmálum sé þróun Sjálfstfl. í átt til aukinnar einangrunar þegar utanríkismál eru annars vegar. Ég segi það hreint út við gamla samstarfsmenn mína í Sjálfstfl.: Þið eruð ekki bara að loka ykkur frá umheiminum, þið eruð að loka ykkur frá kjósendum, þið eruð að loka ykkur frá þjóðinni. Þið eruð að takmarka pólitískt svigrúm ykkar.

Þessarar breytingar varð auðvitað vart þegar leið á stjórnartíð síðustu ríkisstjórnar þar sem Sjálfstfl. neytti allra ráða til þess að taka mjög þarfa og tímabæra umræðu um tengsl Íslands og Evrópu út af dagskrá og lagðist að lokum með

ofurþunga gegn allri umræðu. Við höfum góð dæmi um það úr þessum sölum þar sem var bókstaflega skrúfað fyrir þá þingmenn sem voru hlynntir umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Evrópusambandið er hins vegar ekki eina dæmið um vaxandi einangrunarhyggju Sjálfstfl. Samningurinn um GATT er sömuleiðis eitt birtingarform þessarar lokunarstefnu. GATT sem átti að leiða til kjarabóta fyrir neytendur gegnum verðlækkun á innfluttum varningi snerist upp í fullkomna rangherfu sína eins og sést best á því að í dag er verðlag á grænmeti hærra en fyrir staðfestingu samningsins og það kemur fram í dagblöðum dagsins að hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar vegna þessa hefur leitt til þess að skuldir landsmanna hafa aukist um 1.300 millj. kr. Það sem meira er, innan Sjálfstfl. er það orðið tabú, bannorð, að taka upp umræðu um þessi mál. Þannig er skyndilega búið að gerbreyta eðli heils stjórnmálaflokks, búið að kippa honum áratugi aftur í tímann með því að taka upp stefnu í utanríkismálum sem gengur algerlega á skjön við hagsmuni neytenda. Það, herra forseti, eru auðvitað tíðindi í umræðu um utanríkismál. Þetta er stefna sem ég er sannfærður um að gengur þvert á vilja stórs hluta kjósenda flokksins og þessi nýja og þvergirðingslega afstaða Sjálfstfl. hefur gert hann að sams konar flokki og Framsfl. var fyrir 15–20 árum.

Í þessum efnum er munurinn á stjórnarflokkunum hins vegar meiri en talsverður og það vill svo til að hann speglast einmitt í ræðu hæstv. utanrrh. Meðan Evrópumálin eru tekin út af dagskrá í Sjálfstfl. og fást ekki einu sinni rædd þá er staðreyndin hins vegar sú að í skýrslu hæstv. utanrrh. fær enginn málaflokkur jafnmikið rými og einmitt Evrópumálin. Hæstv. utanrrh. er ekki hræddur við að ræða málið og þó vita allir að það er bæði umdeilt og hefur verið erfitt innan Framsfl. Andstætt hinum stjórnarflokknum hefur hann tekið þann kost að örva umræðuna innan flokksins og þessa gætir hjá öðrum þingmönnum flokksins, ekki síst þeim sem eru í yngri kantinum. Í röðum þeirra gætir vaxandi skilnings á nauðsyn þess að kanna hvaða möguleika Ísland á í stöðunni. Hæstv. utanrrh. hefur raunar talað þannig um Evrópusambandið nýlega að engum dylst að hann nálgast málið af miklu meira fordómaleysi en tíðkast í Sjálfstfl.

Fyrir Sjálfstfl. og þá ekki síst þingmenn hans úr þéttbýlinu hlýtur þetta auðvitað að skapa vaxandi erfiðleika og það er ekki af einskærri umhyggju fyrir hag þeirra heldur fyrir kjörum neytenda sem ég leyfi mér að segja við þessa ágætu þingmenn: Sjáið þið ekki skriftina á veggnum? Sjáið þið ekki hvað er að gerast? Sjáið þið ekki að um leið og þið eruð að færa ykkur aftur í fortíðina er Framsfl. hægt og sígandi að koma upp að hliðinni á ykkur og vinna þá kjósendur í þéttbýlinu sem þið höfðuð áður? Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvernig ætlar t.d. hv. þm. Kristján Pálsson að útskýra það fyrir kjósendum sínum að í samanburði við hv. þm. Siv Friðleifsdóttur er hann eins og nátttröll þegar kemur að neytendamálum á borð við GATT svo að ég tala nú ekki um Evrópumálin. (**Utanrrh.:** Er þingmaðurinn á leið í Framsfl.?) Hvernig ætlar hv. þm. Geir Haarde að útskýra það fyrir sínu fólki að hann er oft á tíðum í umræðum um þessi mál orðinn eins og roskinn framsóknarmaður úr afskekktri sveit þegar utanríkismálin eru annars vegar?

Herra forseti. Það er skoðun mín að niðurstaða landsfundar sjálfstæðismanna hafi verið eins og blaut tuska í andlitið á öllu frjálslyndu fólki. Hún kom kirfilega á framfæri við þjóðina að um þessar mundir er hann ekki lengur valkostur fyrir þá sem vilja auka viðskiptafrelsi við útlönd, vilja sjá aukinn innflutning á ódýrri matvöru, vilja sjá aukin tengsl við Evrópu. Slíkt frjálslynt fólk á einfaldlega ekki lengur í hús Sjálfstfl. að venda. Svo einfalt er það.

Herra forseti. Ég hef ekki komið í þennan stól til að eiga orðastað við hæstv. utanrrh. um utanríkismál síðustu missirin öðruvísi en að koma að tilteknu máli sem er eitt af hjartans málum mínum og jafnaðarmanna. Það er afstaða Íslendinga til óska Eystrasaltsþjóðanna um inngönu í NATO. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan að mikilvægustu ákvarðanirnar sem Íslendingar standa frammi fyrir á allra næstu mánuðum varða stækkun NATO. Hæstv. utanrrh. sagði, minnist ég frá umræðum á síðasta vetri, að undir lok þessa árs, hann nefndi sérstaklega desember, yrði ráðið hvaða stefnu bandalagið tekur um stækkun. Sjálfar ákvarðanirnar yrðu síðan teknar strax á næsta ári og hann lofaði að um þau mál yrði rætt í þinginu áður en til þeirra kæmi. Ég tók a.m.k. ræðu hans þá þannig að um loforð væri að ræða. Ég rifja líka upp, herra forseti, að þingið fékk á síðasta vetri góðan gest, Solana framkvæmdastjóra NATO. Hann átti m.a. fund með utanrmn. þingsins þar sem hann var spurður um stækkun NATO og svar hans var skýrt: „Ákvörðunin um stækkun NATO ræðst á þjóðþingunum." Hæstv. utanrrh. virtist þessu öldungis sammála þegar við ræddum þessi mál hér í fyrra og ég minnist þess að í svari til hv. þm. Svavars Gestssonar, þegar við ræddum um skýrslu Norður-Atlantshafsnefndarinnar, velti hæstv. ráðherra sjálfur upp nokkrum leiðum í þessu sambandi. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh. hvenær og hvernig hyggst hann koma með það mál sem varðar stækkun NATO inn í þingið. Eða ætlar hann, þvert á það sem mér virtist hann gefa til kynna í fyrra og þvert á það sem framkvæmdastjóri NATO hefur sagt, að ráða málinu til lykta í reykfylltum herbergjum Stjórnarráðsins eða ætlar hann að leyfa þinginu að koma að því með einhverjum hætti? Tilefni spurningarinnar, herra forseti, er því brýnna sem það virðist ljóst að innan stjórnarflokkanna er ágreiningur um þetta mál í utanríkisstefnu Íslendinga.

Ég rifja það upp, herra forseti, að hv. þm. Geir Hilmar Haarde, form. utanrmn., lýsti því afdráttarlaust yfir í viðtali við Morgunblaðið og Ríkisútvarpið 28. september að hann væri fylgjandi því að Eystrasaltsþjóðunum yrði hleypt hið fyrsta inn í NATO. Það var hins vegar ekki jafnafdráttarlaust viðhorf uppi þegar hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína nokkrum dögum síðar. Að vísu lýsti hann yfir miklum stuðningi við þjóðirnar en hann fór eins og köttur í kringum heitan graut. Og það sem vakti athygli mína og áhyggjur var að hann gekk út frá því sem vísu að þessar þjóðir þrjár yrðu ekki teknar inn í fyrstu umferð. Þegar ræða hæstv. utanrrh. er síðan skoðuð í þessu ljósi kemur í ljós að afstaða hans er enn loðnari. Þar kemur að vísu fram að stuðningur Íslendinga er skýr við stækkun til austurs og hann tekur líka fram að það sé rétt að styðja sjálfsákvörðunarrétt Eystrasaltsþjóðanna og allra þjóða raunar, en það er líka tekið fram að menn verði að gæta þess að styggja ekki Rússa.

Herra forseti, Vinur er sá er til vamms segir og ég segi hreinskilnislega: Þessi afstaða er ekki boðleg íslenska þinginu og ég leyfi mér að fullyrða að hún er í andstöðu við vilja íslensku þjóðarinnar. Forustumenn Eystrasaltsþjóðanna þriggja hafa, ýmist í heimsóknum til Íslands eða á öðrum vettvangi, lagt fast að Íslendingum að leggjast á sveifina með sér og hver einast maður skilur ástæðuna fyrir þeim kvíðboga sem þær bera fyrir framtíðinni. Bæði hæstv. utanrrh.

og forsrh. hafa gefið þessum þjóðum fremur skýrt til kynna að Íslendingar muni styðja þá eftir megni. Mér finnst ekki, af því sem fram kemur í stefnuræðu forsrh. hæstv. og í ræðu hæstv. utanrrh., að verið sé að efna þau orð og mér finnst satt að segja allt annar bragur uppi en þegar hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson tók með alkunnum hætti á málum þeirra. Ég tel að það sé nauðsynlegt að það reyni á vilja þingsins í þessum efnum.

Í svari sínu í fyrra til hv. þm. Svavars Gestssonar velti hæstv. ráðherra sjálfur upp þeim möguleika að stefnumörkun á þessu sviði færi fram með þáltill. og ég minnist þess að það var rætt lítillega almennt í tengslum við vinnubrögð Norðmanna á þessu sviði. Ég tel að fyrir þingið og fyrir a.m.k. jafnaðarmenn, sé það meira en einnar messu virði að láta reyna á það. En ég tel hins vegar að til þess að þingmenn geti metið þörfina á frumkvæði af þeirra hálfu, sé nauðsynlegt að vita um afstöðu ríkisstjórnarinnar því auðvitað væri langæskilegast að samstaða næðist.

Ég vil enn fremur að það komi fram í lok máls míns, herra forseti, að mér finnst lítið leggjast fyrir mikinn kappa þegar hæstv. forsrh. gefur sér það í stefnuræðunni í haust að það verði gengið fram hjá Eystrasaltsþjóðunum í fyrstu umferð. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh.: Hvernig stendur á þessum orðum? Var það ekki rétt sem hann sagði okkur í fyrra að engar ákvarðanir yrðu teknar fyrr en síðla þessa árs? Og hann nefndi sjálfur líklega desember. Ég minni bæði hann og hæstv. forsrh. og þingheim allan á það að Íslendingar eru sjálfstæð þjóð. Við ráðum okkar afstöðu sjálfir. Við förum með neitunarvald innan NATO. Það þýðir að við getum, ef svo ber undir, neitað að staðfesta tillögur um stækkun ef þær eru ekki að skapi okkar. Ég er ekki á þessu stigi að hvetja til þess að slíku neitunarvaldi verði beitt. Því má ekki gleyma, herra forseti, að það er vopn sem við getum notað til að ná fram niðurstöðu sem er bæði ásættanleg fyrir vilja íslensku þjóðarinnar í þessu máli og fyrir öryggi vina okkar við Eystrasalt.

[11:20]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram af tilefni orða hv. þm. að það er enginn ágreiningur í ríkisstjórninni að því er varðar aðild Eystrasaltsríkjanna að Atlantshafsbandalaginu. Ríkisstjórnin styður aðild þessara ríkja að bandalaginu. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að þau ríki sem hafa sótt um aðild eru misjafnlega í stakk búin á þessari stundu að fá aðild. Og það liggur nokkuð ljóst fyrir að ekki munu öll þau ríki sem hafa sótt um aðildina koma inn í sama vetfangi. Endanleg ákvörðun um þetta mál verður væntanlega ekki tekin fyrr en á leiðtogafundi NATO sem gæti orðið síðsumars á næsta ári. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ræða þessi mál á Alþingi. Með hvaða hætti það verður nákvæmlega gert er rétt að ræða í utanrmn. þingsins og ég tel nauðsynlegt að ræða stöðu þessara mála fyrst þar áður en frekari umræða fer fram á Alþingi. En það er rétt að þegar kemur að staðfestingu á stækkun NATO þá eru það þjóðþingin sem þar ráða og Íslendingar hafa þar neitunarvald. En það er vandmeðfarið að beita neitunarvaldi. Það er mikilvægt að við veitum Eystrasaltsþjóðunum það liðsinni sem við getum og það hefur mikið verið rætt um það á vettvangi Norðurlandasamstarfsins. Málið hefur verið á dagskrá utanríkisráðherra Norðurlandanna á mörgum fundum og það eru fyrirhugaðir fleiri fundir um það hvernig við getum best stuðlað að auknu öryggi Eystrasaltsríkjanna. Málið er því vissulega á dagskrá og það er fullur stuðningur við það af hálfu ríkisstjórnarinnar en við verðum að sjálfsögðu í þessu máli eins og öðrum að sýna fullt raunsæi.

[11:23]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að gefa skýra yfirlýsingu um að þetta mál verður fært hingað inn í þingið. Ég er honum sammála um að það er rétt að hefja þá umræðu á vettvangi utanrmn. þingsins áður en kemur beinlínis til kasta þingheims alls. Mér þykir líka vænt um þann afdráttarlausa stuðning sem kemur fram gagnvart þjóðum Eystrasaltsins í þessum efnum.

Það er hins vegar engum blöðum um það að fletta, herra forseti, að það hefur orðið afstöðubreyting á afstöðu hægri manna vegna þess að hér áttum við umræðu, ég og hv. þm. Geir Hilmar Haarde, í fyrra þar sem hann tók ekki undir málflutning minn og Sjálfstfl. gerði það ekki varðandi inngöngu Eystrasaltsþjóðanna í NATO. Hins vegar er það svo að upphefðin kemur stundum að utan. Nú hafa hægri menn í Norðurlandaráði samþykkt að það eigi að hvetja til inngöngu Eystrasaltsþjóðanna, ekki bara í NATO heldur líka í Evrópusambandið. Hv. þm. Geir Hilmar Haarde sagði í umræðunni í fyrra við mig: Það á ekki að blanda þessum málum saman. Nú hefur hann sjálfur staðið fyrir blöndun á staðnum á vettvangi Norðurlandaráðs og vill koma þeim ekki bara inn í NATO heldur líka Evrópusambandið. Herra forseti, ég vildi gjarnan vera fluga á vegg þegar hv. þm. útskýrir fyrir hæstv. forsrh. rökin fyrir því að það sé nauðsynlegt fyrir evrópskar smáþjóðir að ganga í Evrópusambandið.

[11:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér hafa verið fluttar nokkuð athyglisverðar ræður. Ég las með athygli ræðu hæstv. utanrrh. sérstaklega vegna þess að hæstv. utanrrh. og form. Framsfl. eru einn og sami maðurinn. Sömuleiðis hlustuðum við hér með athygli á hv. þm. Össur Skarphéðinsson fjalla á sinn hátt um utanríkismál, að vísu aðallega um landslagið í íslenskum stjórnmálum og hugsanlega breytingar á flokkakerfinu en ágætlega tengt þó við ummæli og hræringar sem tengjast utanríkismálum. Þar voru miklar ástarjátningar á ferð í ýmsar áttir en þó alveg sérstaklega til Framsfl. Það læðist að mér sá grunur að hugsanlega sé leiðarahöfundur Alþýðublaðsins í gær og síðasti ræðumaður einn og sami maðurinn. En hvað um það. Þær teljast óneitanlega nokkur tíðindi, hlýtur að vera, í íslenskum stjórnmálum þessar stífu ástarjátningar. Þær eru að vísu tiltölulega einhliða. Þær hafa ekki verið alveg endurgoldnar enn sem komið er a.m.k. af hálfu Framsfl. En þvílík bónorð hafa ekki verið borin upp í langan tíma (**Gripið fram í:** Framsóknarmanna í Alþfl.) sem við höfum heyrt nú frá Alþfl. til framsóknarmanna. Sömuleiðis er auðvitað afneitunin á Sjálfstfl. nokkuð merkileg.

Já, herra forseti, ég segi það að ræða hæstv. utanrrh. er ekki síst merkileg fyrir þær sakir að þar talar form. Framsfl. Einhvern tímann hefðu það þótt veruleg tíðindi að talsmaður framsóknarmanna í utanríkismálum og formaður þess flokks mælti með þeim hætti sem hér er gert frá upphafi til enda. Á ég þar ekki síst við ýmis ummæli sem lúta að Evrópusamstarfinu og Atlantshafsbandalaginu, NATO, og öðru slíku.

Ég vil í fyrsta lagi gera athugasemdir, herra forseti, við það orðalag hæstv. utanrrh. að með því að ganga í Sameinuðu þjóðirnar hafi íslenska þjóðin endanlega, eins og þar

er sagt, horfið frá hlutleysistefnu í alþjóðamálum. Það er ekki minn skilningur að þjóðir þurfi að hverfa frá hlutleysisstefnu þó þær eigi aðild að Sameinuðu þjóðunum. Það hefur ekki verið skilningur Svía, Austurríkismanna og fleiri þjóða. Svisslendingar hafa að vísu verið svo kaþólskir í þessum efnum að þeir hafa ekki talið sitt ævaforna og rótgróna hlutleysi samrýmast fullri aðild að slíkum alþjóðastofnunum en þeir eru tiltölulega einir um það í veröldinni, hygg ég, að túlka hlutleysishugtakið þannig. Ég er ekki sammála þessum skilningi og vil láta það koma fram.

Í öðru lagi vil ég segja um það sem hér er sagt um Norðurlöndin og grannsvæði okkar þar og norrænt samstarf að ég get ekki að öllu leyti tekið undir þennan texta. Ég hlýt því miður, herra forseti, að lýsa áhyggjum yfir því hvernig norrænt samstarf er að þróast. Ég óttast að Norðurlandaráð og norrænt samstarf sé að veikjast. Um það eru sýnileg teikn á lofti. Ég tel að mikil mistök hafi verið gerð með skipulagsbreytingum á Norðurlandaráði á síðasta ári og ég sakna þess að í máli hæstv. utanrrh. skuli til að mynda ekki koma fram sjónarmið gagnvart þeirri áráttu sumra samstarfsþjóða okkar í Norðurlandaráði að skera norrænu fjárlögin stórkostlega niður. Ég vísa þar sérstaklega til tillagna sem Svíar hafa endurtekið uppi um að skera norrænt samstarf í raun og veru niður við trog. Ég held að það þýði ekkert að tala um þetta tæpitungur. Við þurfum að taka upp mjög harða baráttu fyrir því að norrænt samstarf fái að haldast og eflast og styrkjast.

Þá að Evrópumálunum, herra forseti. Ég tel að þetta sé stórmerkur texti sem hér er fram færður af hálfu hæstv. utanrrh. um þau mál. Það má að mínu mati lesa saknaðartóninn milli línanna þegar orðin: „Aðild Íslands að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar," eru lesin. Þar má lesa saknaðartóninn milli línanna. Það er líka rétt að hafa í huga í þessu sambandi ýmis ummæli hæstv. utanrrh. um Evrópumálin á undanförnum vikum og mánuðum. Í heild er hér um mjög merkilegan kafla að ræða eins og fjallað er um hið evrópska samstarf og ég tel vissulega nokkrar innstæður vera fyrir ástarjátningum Alþfl. í garð form. Framsfl., hæstv. utanrrh., í ljósi þess hvernig hæstv. utanrrh. hefur á síðustu mánuðum og missirum stillt sér upp í sambandi við Evrópusambandsmálin, vissulega. Það er dálítið merkilegt að hæstv. utanrrh. skuli nota þessi klassísku orð forsrh. hæstv. um að málin séu ekki á dagskrá til að skýla sér á bak við í þessu sambandi en fjallar síðan að öðru leyti um hlutina eins og þarna er gert. Ég held að það sé mjög athyglisvert til að mynda hvernig hæstv. utanrrh. er að gefa í skyn að breytingar á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins séu mál sem við þurfum alveg sérstaklega að gefa gaum og vegna hvers má spyrja á móti. Er það vegna þess að hæstv. utanrrh. væntir þess að breytingarnar opni fyrir mögulega aðild Íslands? Vegna þess að Bretar eru að barma sér undan kvótahoppinu og reyna að ná fram einhverri leiðréttingu sinna mála þar, að þá sé líklegt að eitthvað verði sem varði okkur í þeim skilningi að það komi aðild eða samstarfi við Evrópusambandið sem slíkt við.

Mér finnast tíðindin frá Möltu, herra forseti, vera merkileg, að Malta skuli sýna þann kjark smáþjóðar að þora að ákveða að standa utan við Evrópusambandið og leita annarra leiða í samskiptum sínum við bandalagið en stefna á aðild. Ég vek athygli á þeirri þróun sem hefur verið að gerast á hinum Norðurlöndunum, vaxandi massífa andstöðu við aðild í Noregi samkvæmt skoðanakönnunum þar sem talsvert aukinn meiri hluti lýsir sig algerlega andvígan hugmyndum um aðild frá því sem varð niðurstaðan þar í kosningum um aðild fyrir ekki löngu síðan. Ég bendi á að í Svíþjóð er mjög eindregin andstaða við aðild samkvæmt skoðanakönnunum nú. Milli 60–70% Svía sögðust nú mundu segja nei væri kosið í dag og ríflega helmingur telur að það beri að segja upp aðildarsamningum Svía að Evrópusambandinu. Menn ræða stundum um þetta eins og hluti sem skipti ekki máli vegna þess að valdaaðilarnir hafi ákveðið að þetta skuli vera svona, menn skuli vera í Evrópusambandinu hvað sem tautar og raular hversu óvinsælt sem það er af almenningi, en það er auðvitað ekki lýðræðislegur hugsunarháttur frekar en margt í sambandi við þessi Evrópumál, svo sem eins og það að þessi mál hafa ekki fengist borin undir þjóðaratkvæði í mörgum löndum þar sem það hefði þó verið eðlilegt, bæði á Íslandi, í Bretlandi og víðar.

Ég tel að sjálfsögðu, herra forseti, að menn eigi ekki að gera gælur við aðildarmál að Evrópusambandinu, það sé beinlínis tímasóun, það sé röng tilvísun, það séu misvísandi skilaboð til almennings á Íslandi að vera að gefa það í skyn að aðild að Evrópusambandinu sé eitthvað sem við eigum að eyða tíma í að hugsa um á næstu árum.

Ég vil segja fáein orð, herra forseti, um það sem hér kemur fram um aðild okkar að Schengen-samningnum. Ég tel það mjög misvísandi að taka svo til orða eins og hæstv. utanrrh. gerir, með leyfi forseta:

„Ísland var ásamt hinum Norðurlöndunum áheyrnaraðili að Schengen-samkomulaginu frá og með 1. maí sl. Segja má að það sé um margt útvíkkun á norræna vegabréfasambandinu."

Þessu er ég ekki sammála. Ég tel það fullkomlega misleiðandi að stilla málum upp með þessum hætti. Norræna vegabréfasambandið, það að Norðurlöndin samþykktu að ekki þyrfti vegabréfsáritun og vegabréf vegna ferðalaga innan Norðurlandanna var og er allt annað heldur en það sem er á dagskrá í Schengen-samkomulaginu sem kemur inn á miklu, miklu stærri mál eins og sameiginlega stefnu ríkjanna varðandi flóttamenn, landamæravörslu og guð má vita hvað. Auðvitað er það þannig að með vissum hætti er verið að ýta okkur bakdyramegin inn í Evrópusambandið með þessari aðild okkar að Schengen. Og það mál hefur langt frá því fengið þá umræðu og athugun á Íslandi sem vert væri og skyldi.

Þá, herra forseti, nokkur orð um kaflann um öryggismál. Hann er sennilega það athyglisverðasta af öllu sem frá formanni Framsfl., hæstv. utanrrh., hefur komið um langt skeið vegna þeirra ástarjátninga sem þar eru á hernaðarbandalaginu NATO og öllu sem því viðkemur, og ég vil segja takmarkalausrar aðdáunar hæstv. utanrrh. á því hvernig NATO sé að breytast. Þar er tekið svo til orða, hvorki meira né minna, herra forseti: „Leggur Ísland mesta áherslu á þátt Atlantshafsbandalagsins en innan þeirra samtaka hefur verið unnið þrekvirki", hvorki meira né minna en þrekvirði, „í aðlögun að breyttum aðstæðum, enda mun NATO eftir sem áður gegna lykilhlutverki í öryggismálum álfunnar."

Margt fleira stórkostlegt mætti taka upp úr þessum texta um sem lúta að aðdáun og hóli hæstv. utanrrh. um NATO, eins og um frammistöðu þess á Balkanskaganum, en það er fullyrt að bandalagið hafi sýnt hæfni til að takast á við ný viðfangsefni eins og sannast hefur í vel heppnaðri forustu þess við að koma á friði í Bosníu og Hersegovínu. Ja, heyr á endemum. Var það ekki þannig að mánuðum, missirum og árum saman horfði heimsbyggðin upp á algert

máttleysi Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsins gagnvart harmleiknum á Balkanskaga. Það vita það auðvitað allir menn, að það var ekki fyrr en Bandaríkjaforseti fékk af persónulegum hagsmunaástæðum áhuga á þessu máli og tók að beita heimsveldiskrafti Bandaríkjanna að skriður komst á málið og með hótunum og þvingunum og hörðum samningamanni og herstyrk Bandaríkjanna á bak við var þvingað fram það samkomulag sem nú er unnið samkvæmt. NATO stóð þá ráðalaust og dáðlaust álengdar og kom engu fram. Enn síður Evrópusambandið. Þessi texti allur, bæði um þrekvirkin í sambandi við aðlögun NATO og vel heppnaða forustu þess, er þess vegna auðvitað alveg kostulegur. Ég veit ekki í hvaða heimi hæstv. utanrrh. lifir eiginlega í þessum efnum.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er verið að reyna að klæða úlfinn í sauðargæru eins og bandarísk stórblöð réttilega benda á í leiðurum sínum um þessar mundir. Það er enn verið að leita að tilgangi fyrir þetta hernaðarbandalag sem er búið að missa óvininn.

Það er ekki í þessum textum hér, herra forseti, minnst einu orði á stórmerkan atburð sem varð á sl. sumri þegar Alþjóðadómstóllinn í Haag tók til úrskurðar ósk allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um lögmæti kjarnorkuvopna. Af einhverjum ástæðum velur hæstv. utanrrh. að minnast ekki á þetta einu orði frekar en margir aðrir sem hefðu mátt upplýsa almenning um þau merku tíðindi að Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur dæmt kjarnorkuvopn ólögleg nánast án undantekninga. Og ekki bara vopnin sem slík, heldur hótun um beitingu þeirra líka ólöglega. Og hvers vegna nefni ég þetta hér í tengslum við hernaðarbandalagið NATO? Það er vegna þess að NATO byggir á slíkri hótun um beitingu kjarnavopna sem núna hefur verið dæmd ólögleg. Þetta held ég að séu tíðindi sem verðskuldi athygli og eigi heima í þessari umræðu. En það er eins og menn þekkja að fjölmörg virt alþjóðasamtök, þar á meðal bæði alþjóðasamtök lækna, lögfræðinga gegn kjarnorkuvopnum, alþjóðaskrifstofan, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og fleiri slíkir aðilar hafa lengi barist fyrir því að þetta mál yrði tekið til úrskurðar hjá Alþjóðadómstólnum. Og loksins náðist sá áfangi með samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1994 að vísa málinu til Haag. Þá gerðist það hneykslí að Ísland greiddi atkvæði gegn tillögunni um að skorið yrði úr um lögmæti kjarnorkuvopna eins og venjulega af fylgispekt og taglhnýtingshætti gagnvart kjarnorkuveldunum. En leynt og ljóst hafa Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Rússland barist gegn því að þessi úrskurður fengi að falla. En hann féll. 8. júlí sl. tók Alþjóðadómstóllinn fyrir þetta erindi allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og var samhljóða um þá niðurstöðu að það væri skyda þjóða heims að vinna að og ganga frá samningum um algert afnám kjarnorkuvígbúnaðar á öllum sviðum og undir ströngu og alþjóðlegu eftirliti. Dómurinn samþykkti jafnframt, að vísu með oddaatkvæði forseta dómsins, að sérhver ógnun eða notkun kjarnorkuvopna væri einnig ólögmæt. Þannig að nú stendur friðarbandalagið, knúpurinn, sem stóð sig svona vel á Balkanskaga frammi fyrir því að Alþjóðadómstóllinn í Haag hefur dæmt þá stefnu sem NATO byggir á um að áskilja sér rétt til að beita kjarnavopnum að fyrra bragði ólöglega. Og þá ætti hæstv. utanrrh. einnig að svara fyrir andstöðu sína við frv. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum. En hæstv. ráðherra sagði í umræðum um það mál í fyrra að hann gæti ekki stutt að slíku máli og hefði bannað þingmönnum Framsfl. að vera meðflutningsmenn að málinu. Vegna hvers? Vegna þess að það samrýmdist ekki veru okkar í NATO, réttilega í raun og veru vegna þess að NATO byggir á þessari hótun um beitingu kjarnorkuvopna sem nú hefur verið dæmd ólögmæt.

Herra forseti. Það er margt fleira sem væri gaman að koma hér inn á, t.d. kaflann um þróunarsamvinnu sem er afar dapurlegur texti eins og venjulega af Íslands hálfu sem erum auðvitað okkur sjálfum til stórskammar í félagsskap þjóðanna fyrir það hversu nánasarleg framlög okkar til þróunarsamvinnu eru en ég vísa í því sambandi til þáltill. um aukið framlag til þróunarsamvinnu sem dreift hefur verið hér á þinginu. Og þar sem tíma mínum er lokið, herra forseti, læt ég nægja að segja að lokum að margt merkilegt hefur að sjálfsögðu verið að gerast í utanríkismálum og að sjálfsögðu verðskulda þær breytingar alla athygli og umræðu, en það breytir ekki hinu að menn eiga að kalla hlutina sínum réttu nöfnum og mér finnst það satt að segja dapurlegt að það skuli vera hlutverk hæstv. utanrrh. og formanns Framsfl. að vera nánast orðinn oddviti þeirrar haukahreyfingar sem er að reyna að dulbúa hernaðarbandalagið NATO og breiða yfir hinn raunverulega tilgang þess sem er m.a. að standa fyrir kjarnorkuvígbúnaðarstefnu aðildarríkjanna.

[11:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um það að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þykir margt merkilegt í þeirri ræðu sem ég hef hér flutt og er ánægjulegt til þess að vita að hún er til þess fallin að vekja umræður. Það er alveg rétt hjá honum að ég tel þýðingu Atlantshafsbandalagsins vera afar mikla, bæði fyrir Ísland og alla framþróun Evrópu almennt. En það sem mér finnst hins vegar merkilegt er að það virðist engin breyting vera í afstöðu þingmannsins eða Alþb. þrátt fyrir þær gífurlegu breytingar sem þarna eiga sér stað. Það er rétt.

Ég er afar ánægður með það sem er að gerast innan Atlantshafsbandalagsins og þá þróun sem þar á sér stað. Ég er ekkert einn um það. Það eru öll ríki Austur-Evrópu. Rússar hafa vissar áhyggjur af þróuninni í Atlantshafsbandalaginu en fylgjast þó þar með af áhuga og það liggur alveg ljóst fyrir þó að það sé rétt að afstaða Bandaríkjamanna í sambandi við frið á Balkanskaganum hafi skipt mjög miklu máli og reyndar skipt sköpun, þá hefði sá friður aldrei komist á án Atlantshafsbandalagsins. Ég fullyrði það að sú þróun sem nú á sér stað í Austur-Evrópu hefði aldrei farið af stað án Atlantshafsbandalagsins. Þetta eru staðreyndir málsins sem Eystrasaltsríkin m.a. halda fram og öll Austur-Evrópa. Sem betur fer er ekki sá sem ber ábyrgð á utanríkismálum fyrir hönd Íslands um þessar mundir í þeirri ríkisstjórn sem nú situr einn um þessar skoðanir.

Það er ýmislegt fleira sem ég vildi koma inn á, og þá sérstaklega Scengen. Ég fæ kannski að gera það í síðara svari mínu.

[11:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er algeng aðferð hjá ýmsum þegar verið er að ræða um þessi mál að gera sjálfa sig sjálfskipaða prókúruhafa og handhafa þess að hafa áttað sig á því að hlutirnir hafa breyst og stimpla andstæðinga sína sem ekki eru sömu skoðunar að öllu leyti í umræðum eða greiningu á þeim breytingum sem fultrúa hins liðna og handhafa þess.

Afstaða mín til utanríkismála og þjóðmála og þróunar í Evrópu tekur að sjálfsögðu breytingum eftir því sem efni standa til og eftir því sem hlutirnir raunverulega kalla á slíkt. En meðan annað breytist ekki, þá breyti ég heldur ekki

afstöðu minni til þess. NATO hefur ekki breytt grundvallarstefnu sinni um beitingu kjarnorkuvopna. Ég mun aldrei skrifa upp á það að Ísland beri siðferðislega ábyrgð á því að hóta beitingu gereyðingarvopna með þeim hætti sem NATO gerir og byggir á. Menn fást aldrei til að ræða það mál hér. Menn víkja sér ævinlega undan því, eins og hæstv. utanrrh. gerði, í raun og veru hér áðan að ræða sjálfan siðferðislegan grundvöll þess að yfirleitt séu til gereyðingarvopn af þessu tagi og við berum á því ábyrgð og við séum þátttakendur í bandalagi sem hefur þá stefnu að áskilja sér að fyrra bragði rétt til þess að henda þessu yfir fólk og tortíma því hundruðum þúsunda, milljónum eða milljörðum saman. Ég get ekki samþykkt það. Ég breyti ekki afstöðu minni meðan þessi forsenda liggur svona og ég er ekkert feiminn við að viðurkenna það, ekki nokkurn skapaðan hlut. Mér er alveg nákvæmlega sama hversu lengi og hversu oft menn eins og hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. kalla mig gamaldags fyrir vikið. Það hefur ekki nokkur áhrif á mig. Meðan ég samkvæmt minni grundvallarsannfæringu bregst við í þessum efnum líður mér vel, hvernig sem hæstv. utanrrh. líður. Maður hefur það stundum á tilfinningunni að honum líði ekkert allt of vel því að hann er a.m.k. ekki oft ekki mjög brosmildur.

[11:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki til þess að Alþingi sé einhver sérstakur staður þar sem menn eiga alltaf að vera brosandi. Ég er búinn að vera hér í rúm 20 ár og hef aldrei heyrt þá skilgreiningu á störfum Alþingis að það væri sérstaklega ætlast til þess að menn væru hlæjandi í ræðustól allan tímann.

Ég notaði ekki orðið gamaldags um hv. þm. eða hann væri fulltrúi hins liðna, það gerði hann sjálfur. Ég sagði ekkert um það. En ef hann kýs að nota þessi orð um sjálfan sig, þá er það hans mál. Ég minntist ekkert á þessi orð. Ég var hins vegar undrandi á því að það hefði ekki orðið nein afstöðubreyting hjá honum gagnvart Atlantshafsbandalaginu miðað við þær gífurlegu breytingar sem þar hafa orðið. Og ég er enn undrandi á því. Það er ekki rétt að halda því fram að Atlantshafsbandalagið sé að hóta því að beita kjarnorkuvopnum. Það hefur aldrei verið gert. Telur þingmaðurinn virkilega líklegt að Atlantshafsbandalagið muni gera það? Hefur Atlantshafsbandalagið gengið þannig fram? Þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa unnið að því að fækka kjarnorkuvopnum, hafa unnið að því að koma á banni við kjarnorkuvopnatilraunum þannig að þarna hefur gengið mjög í rétta átt. Ég tel að með starfi okkar innan þessara samtaka getum við best beitt okkur í málinu en ekki utan þeirra. Þar munu menn engin áhrif hafa.

Út af Schengen vildi ég segja það við hv. þm. að það liggur alveg ljóst fyrir að Danmörk, Svíþjóð og Finnland verða aðilar að Schengen. Ef Ísland og Noregur kjósa að standa utan við er norræna vegabréfasambandið hrunið og mun ekki starfa áfram. Þetta er ósköp einfalt. Viljum við það eða viljum við það ekki?

[11:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að leggja hæstv. utanrrh. orð í munn, en ég held að allir hafi nú skilið í hvaða átt hæstv. utanrrh. var að vísa með því að undrast á því að ég gæti ekki skipt um skoðun á jafnsjálfsögðum hlut eins og þeim að NATO væri orðið sérstakt friðarbandalag. Kannski er það sjálfur hugsunarhátturinn sem við ættum að ræða hér fyrst og grundvallarfyrirkomulag þessara mála í heiminum. Eru hernaðarbandalög í gamla andanum líkleg til þess að flytja varanlega friðinn og öryggi í heiminum? Hafa vopnin sýnt sig í því þar sem þeim er hlaðið upp eins og t.d. á Balkanskaganum að vera mikil blessun fyrir þær þjóðir? Auðvitað er NATO enn þá athvarf haukanna og vígbúnaðaraflanna í heiminum, vopnaiðnaðarins o.s.frv. Það hefur því miður ekki breyst og grundvallarstefnan um beitingu kjarnorkuvopna hefur ekki breyst. Það eitt og sér nægir mér. Mér er alveg sama hvaða tusku menn tjalda og hvað menn hengja utan á sig. Á meðan sjálfur grundvöllurinn er þessi skrifa ég ekki upp á slíkt.

Ég tel að við hefðum átt að leggja NATO niður um leið og Varsjárbandalagið var lagt niður og við hefðum átt að efla lýðræðislegan öryggisvettvang eins og ÖSE og eftir atvikum friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna sem er lýðræðislegi grunnurinn hvað ákvarðanatöku og hugsunarhátt snertir. En til þess höfðu menn ekki kjark eða öllu heldur, herveldin vildu ekki missa það vald sem felst í því að ráða heiminum í krafti vopna eins og Bandaríkjamenn gera.

Um Schengen verð ég að segja eins og er, herra forseti, að þar hefur verið leikinn mjög ljótur leikur á Norðurlöndunum af norrænu pólitíkusunum. Fyrst var sagt: Einn fyrir alla og allir fyrir einn. Við munum standa saman í málinu og ekkert ríkjanna verður aðili ef ekki tekst að ganga frá og leysa norræna vegabréfasambandið með þeim hætti. En svo var það svikið og allt í einu var sagt: Norðmenn og Íslendingar verða bara að ráða því hvað þeir gera því að Danir, Svíar og Finnar ætla inn. Í raun og veru voru menn þannig vélaðir inn í þetta mál að mönnum var talin trú um að það væri allt í lagi að athuga þetta því öll Norðurlöndin mundu þá bara draga sig til baka ef ekki næðist viðunandi lausn. Síðan var ekki staðið við það og þess vegna er þessi staða komin upp sem raun ber vitni að við erum úti í horni.

[11:49]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla skýrslu um utanríkismál þar sem mjög víða er komið við og hreyft við öllum helstu málum sem varða okkur Íslendinga og lúta að utanríkismálum. En það er rétt sem fram kemur í lok ræðu utanrrh. að hinn hefðbundni greinarmunur á því sem við köllum utanríkismál og innanríkismál er óðum að hverfa og þessi mál blandast saman í æ ríkari mæli og erfiðara og raunar ástæðulausara að gera þann greinarmun á sem oft hefur verið gert í gegnum árin.

Mér þótti athyglisvert að hlýða á mál hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem var í raun og veru að bjóða Alþb. upp í flatsæng þeirra jafnaðarmanna á grundvelli þess að ágreiningi um utanríkismál hefði nánast verið bægt til hliðar. Ég bið hann um að endurskoða hug sinn í ljósi ræðu síðasta ræðumanns. Ég heyrði ekki að bilið milli Alþfl. og Alþb. að því er varðar Atlantshafsbandalagið hafi neitt minnkað. Kannski skiptir það engu máli í hinni nýju flatsæng jafnaðarmanna að það sé grundvallarafstöðumunur í slíku stórmáli sem varðar öryggi Íslands og öryggishagsmuni nágrannalanda okkar, Atlantshafsbandalagið. Mér þykir nú býsna langt í land, ef það er draumur hv. þm. að þeir félagarnir nái saman um utanríkismál , að allur ágreiningur um þessi mál verði máður út og er reyndar ekki bara að því er varðar Atlantshafsbandalagið því hvað sagði hv. síðasti ræðumaður um Evrópusambandið? Hann sagði að það væri út í hött, það væri að kasta ryki í augun á fólki, það væri verið að

blekkja almenning með því að gera því skóna að það mál ætti eitthvert erindi í umræðu á Íslandi á næstunni, það væri aktúelt mál. (**Gripið fram í:** Þú notar sömu orð og forsrh.) Það má vera að það sé styttra á milli síðasta ræðumanns og forsrh. en brúðgumans í jafnaðarmannaflokknum sem biðlar svo stíft til Alþb. í þessu máli.

Þó að vangaveltur hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar séu í sjálfu sér skemmtilegar og fróðlegar eru þær auðvitað út í hött og marklausar með tilliti til þess málefnaágreinings sem ég hef bent á og er auðvitað augljós öllum sem hafa hlýtt á umræðurnar síðasta hálftímann eða svo. Að öðru leyti ætla ég ekki að skipta mér af þeim skætingi sem kom fram í máli hv. þm. í garð Sjálfstfl. Söguskoðanir hans í því máli og hinar nýju kenningar og útleggingar hans að því er okkur varðar eru út í bláinn og það er algert öfugmæli að ætla að kenna Sjálfstfl. eða utanríkisstefnu hans í gegnum árin eða nú við einhverja einangrunarstefnu. Það eru aðrir fulltrúar hér á Alþingi sem hafa tekið að sér að fylgja einangrunarstefnunni og eitt sinn var hv. þm. Össur Skarphéðinsson í þeirra hópi þegar hann var hernámsandstæðingur og andstæðingur alls samstarfs við erlend ríki á grundvelli öryggismála eða viðskipta. Ég vara við því að menn kasti steinum úr glerhúsi því sem þeir hafa komið sér fyrir.

Hins vegar vildi ég gjarnan eiga orðastað við hv. þm. um málefni Atlantshafsbandalagsins og stækkun NATO vegna þess að ég tel að þar sé um að ræða eitthvert stærsta og mikilvægasta mál sem við stöndum frammi fyrir sem aðilar að Atlantshafsbandalaginu og sem þjóðirnar í Evrópu standa frammi fyrir á næstunni. Það mál er reyndar líka nátengt stækkun Evrópusambandsins eins og hv. þm. vék að þó að það sé ekki með þeim formerkjum sem hann gerði.

Það er líka rétt í þessu sambandi að breyting hefur orðið á afstöðu manna. Hann vitnaði til ummæla minna í fyrra. Ég hafði þá velt þessu máli mikið fyrir mér. Það er ekki rétt að ég hafi verið á móti því að Eystrasaltslöndin fengju aðild. Ég hafði bara ekki endanlega gert upp hug minn um það hvort það væri orðið tímabært. Ég hef gert það núna. Hv. þm. getur ekki kvartað yfir því að vera áhrifalaus maður ef hann hefur haft þessi áhrif á okkur sem stöndum til að mynda að tillögu hægri hópsins í Norðurlandaráði um öryggismál. En þar er einmitt lýst stuðningi við það að Eystrasaltslöndin fái aðild að NATO. (Gripið fram í.) Ja, þú ert áhrifameiri, hv. þm., heldur en þú gerir þér kannski grein fyrir í þessum efnum og átt ekki að kvarta undan áhrifaleysi hér í þinginu.

En að öllu gamni slepptu er það auðvitað svo að þetta mál snýst fyrst og fremst um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna, sjálfsákvörðunarrétt smáþjóðanna í þessu tilfelli sem hafa lýst vilja sínum til þess að ganga bæði í Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið. Þess vegna er vikið að því í tillögunni að eðlilegt sé að þessi ríki fái inngöngu í bæði þessi samtök. Það er auðvitað á þeim grundvelli, hv. þm. Það er ekki vegna þess að menn hafi einhverjar tilteknar skoðanir á Evrópusambandinu. Það er vegna þess að þessar þjóðir vilja ganga í það og ég tel að þær eigi að hafa rétt til þess. En þá skulum við ekki heldur gleyma því að þessar þjóðir líta á aðild að Evrópusambandinu líka sem veigamikinn þátt í öryggismálum og til að tryggja öryggi sitt. Það eru ekki bara efnahagslegir og viðskiptalegir hagsmunir sem hanga þar á spýtunni heldur líka það að með því að tengjast Vestur-Evrópuþjóðunum í gegnum Evrópusambandið telja þær að þær séu jafnframt að tryggja öryggi sitt.

Að því er varðar þá tillögu sem hv. þm. vék að í Norðurlandaráði og sem verður rædd á þingi þess innan tveggja vikna eða svo vil ég gjarnan upplýsa hann og aðra hér um það að tillagan er flutt að frumkvæði mínu sem formanns í hópi hægri manna í ráðinu og ég tel að það hafi verið mikill sigur að ná samstöðu þingmanna frá öllum Norðurlöndunum fimm um þetta efni. Það er ekki einfaldur hlutur fyrir þingmenn frá Finnlandi eða Svíþjóð að taka svo eindregna afstöðu eins og fram kemur í tillögunni. Hún er að vísu ekki orðin samþykkt Norðurlandaráðs sem slíks en hún er samþykkt þessa hóps, samherja í ráðinu sem hafa með því að leggja fram þessa tillögu lýst stuðningi sínum við það að NATO verði stækkað til austurs og að Eystrasaltslöndin fái þar aðild og það sem fyrst. Og reyndar líka lagt áherslu á að ríkisstjórnir Svíþjóðar og Finnlands meti og greini hver áhrif slík aðild mundi hafa á þeirra eigin afstöðu gagnvart NATO og hugsanlega jafnframt aðild að bandalaginu.

Það eru vissulega breyttir tímar þó að þeir í Alþb. geri sér ekki grein fyrir því og halda áfram að álykta um að það eigi að leysa upp NATO og Ísland eigi að segja sig úr NATO o.s.frv. Það er raunalegt að hlusta á þennan málflutning ár eftir ár af hálfu þeirra alþýðubandalagsmanna sem tala eins og ekkert hafi gerst í þessum málum á undanförnum árum og það eigi bara að leysa upp NATO og það hefði átt að gera það vegna þess að Varsjárbandalagið var leyst upp. En hvar eru þjóðirnar í Varsjárbandalaginu? Það eru þær sem eru að banka á dyrnar hjá NATO og vilja ganga í Atlantshafsbandalagið vegna þess að þetta voru ekki sambærileg samtök. Varsjárbandalagið var auðvitað framlenging á kúgunarvaldi Sovétríkjanna yfir þessum þjóðum en ekki samtök sem þessi lönd höfðu gengið í af fúsum og frjálsum vilja til þess að standa vörð um öryggishagsmuni sína. En þannig er það með Atlantshafsbandalagið. Það eru frjáls samtök ríkja sem hafa bundist samtökum um að standa saman ef á reynir og ef á eina þeirra verður ráðist. (**SvG:** Og halelúja.) Og halelújasöngvarinn mér á vinstri hönd, hv. þm. Svavar Gestsson, kann auðvitað ekki að meta þessi rök vegna þess að hann hefur talið sjálfum sér og öðrum í Alþb. trú um annað árum saman og neitar að viðurkenna mistök sín eins og þeir gera í Alþb. En það má þó hv. fyrrv. formaður Alþb. eiga sem hér var vitnað í áðan að hann var búinn að gera sér grein fyrir breyttum aðstæðum eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson vék að hér er hann nefndi til sögunnar ummæli hv. fyrrv. formanns Alþb. þegar á árinu 1992 en hann mun hafa verið rödd hrópandans í eyðimörk Alþb. í þessum efnum.

Nei, það er vissulega svo að stóra málið að því er varðar Atlantshafsbandalagið er auðvitað stækkunin. Og hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur núið mér því um nasir hér að menn hafi ekki verið nógu duglegir talsmenn þess að stækka bandalagið. Það má vera að hann hafi verið að tala við sinn eigin flokksformann í því efni líka vegna þess að ég veit ekki betur en hv. þm., fyrrv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, hafi líka viljað fara með löndum í þessu máli vegna þess að hann hafi verið þeirrar skoðunar að ástæðulaust væri að ögra Sovétríkjunum með því að bjóða Eystrasaltslöndunum inn í bandalagið. (**Gripið fram í:** Ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar.) Ég man ekki betur en hann hafi lýst þeirri skoðun, bæði á fundum í utanrmn. eða á vettvangi hennar og sömuleiðis hérna í þingsalnum. En það er ekki aðalmálið. Aðalmálið er að það eru auðvitað til veigamikil rök fyrir því að fara með löndum í málinu og til eru veigamiklar röksemdir fyrir því að það ætti kannski að bíða með aðild Eystrasaltslandanna að Atlantshafsbandalaginu. Þau rök eru m.a. að ekki sé

skynsamlegt að sparka í liggjandi ríki, í liggjandi mann má segja, Sovétríkin fyrrverandi, Rússland, af þeim sem unnu kalda stríðið. Það sé lítilmannlegt og lúalegt af sigurvegurum hinnar hugmyndafræðilegu baráttu kalda stríðsins að sparka nú í Rússana eða egna þá að ástæðulausu til hugsanlegra óhæfuverka gagnvart þessum litlu ríkjum. Það eru til svona rök og þau hafa auðvitað ákveðið gildi þegar menn eru að velta þessu fyrir sér og hafa ákveðna skírskotun til sögunnar þar sem er vitnað til þess hvernig farið var með þá sem töpuðu fyrri t.d. heimsstyrjöld af hálfu sigurvegaranna. Það eru ýmis dæmi um að það geti borgað sig að sýna ákveðið lítillæti þegar menn eru í stöðu sigurvegarans og ekki ganga fram í að knésetja þann sem er í rúst.

En hitt er veigameira í mínum huga og það er ástæðan fyrir að ég er ekki þessarar skoðunar, að þjóðirnar sjálfar hafa gert það upp við sig að öryggi þeirra sé best tryggt með því að þær gangi í bandalagið og í ljósi þess að menn eigi að virða sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna sé eðlilegt að verða við þeirri ósk og við eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til að þær óskir verði uppfylltar. En auðvitað eru líka ákveðin skilyrði fyrir því að ríki geti gengið þarna inn. Það eru bæði pólitísk skilyrði, tæknileg og hernaðarleg skilyrði sem verður að uppfylla. Þetta verða auðvitað að vera lýðræðisleg ríki í raun og sann sem virða mannréttindi og markaðsbúskap. Þetta verða að vera lýðræðisríki þar sem tryggt er að borgaraleg yfirvöld, til að mynda, ráði yfir hernum en herforingjarnir sjálfir séu ekki alls ráðandi o.s.frv. Og þær þurfa líka að uppfylla ýmis skilyrði sem lúta að hernaðarþáttum og möguleikanum á að starfa með herjum bandalagsins og geta lagt sitt af mörkum í þeim efnum. Þetta er ekki vegur sem liggur bara í aðra áttina. Hann liggur fram og til baka og menn geta ekki bara verið þiggjendur heldur verða menn að leggja sitt af mörkum.

Þetta er kjarni málsins, virðulegi forseti, og það sem ég vildi sagt hafa um þetta mál. Eitt vildi ég þó nefna til viðbótar vegna þess að hv. þm. spurði ráðherra að því og ráðherrann hefur svarað en það er um aðild Alþingis að ákvörðunum Íslendinga í þessu máli. Það er rétt að hvert ríki hefur út af fyrir sig neitunarvald um stækkun NATO, þ.e. það þarf að samþykkja í öllum þjóðþingum þeirra 16 ríkja, sem eru aðilar að NATO núna, ályktun og heimild til þess að stækka bandalagið. Þannig kemur þetta mál einnig hingað til Alþingis þegar þar að kemur. En það er líka hugsanlegt, og ég hef hugleitt það, hvort utanrmn. ætti að hafa frumkvæði að þingsályktun um þetta málefni. Mér finnst það alveg koma til greina ef niðurstaða okkar er sú að slík ályktun geri gagn í málinu, ekki bara ályktun sem okkur langar til þess að gera, heldur ályktun sem gerir virkilegt gagn í málinu og spillir ekki þeim málstað sem við viljum styðja. Og þar getur verið vandmeðfarinn millivegur, getur verið erfiðleikum bundið að finna hann, en ég er alveg tilbúinn sem formaður nefndarinnar að líta á það mál og kanna hvort við getum komist að einhverri niðurstöðu í því efni.

Virðulegi forseti. Ræðutími minn er því miður á enda. Ég hef ekki tíma til að koma hér að fleiri málum. Ég vil þó nefna rétt í lokin hið svokallaða Norðurskautsráð. Ég vil lýsa ánægju minni með að það mál er leyst og ráðið hefur verið stofnað. Ég vil þakka utanrrh. fyrir frumkvæði hans og hlutdeild að því máli. Ég tel að þar sé um að ræða mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga, sem getur á reynt þegar fram í sækir, bæði að því er varðar auðlindanýtingu, umhverfismál og fleiri merka þætti.

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[12:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki standa hér frammi fyrir ákvörðun sem búið er að taka, um stækkun NATO. Þess vegna vil ég að þetta mál fáist rætt áður en Íslendingar taka endanlega afstöðu. Það er það sem ræður minni ósk um þetta efni. Ég tel reyndar að tímabært sé og sagði það í fyrra að málefni Atlantshafsbandalagsins verði tekin til umræðu. Það verður ekki hægt nema þá liggi fyrir þingmál eða verði boðað til sérstakrar umræðu um það. Mér finnst ekki nægilegt, eins og við höfum gert sl. tvö ár, að taka málefni NATO til umræðu í framhjáhlaupi eða undir hatti sem skýlir mörgum öðrum málum en þannig hefur það verið. Ég tek því undir með hv. þm. að utanrmn. ætti að hafa frumkvæði að því að færa þetta mál inn í þingið eftir að hafa rætt það í sínum hóp.

Ég vísa því hins vegar algerlega á bug, herra forseti, að ég hafi verið með skæting í garð þessa hv. þm. Ef hann á við þau ummæli mín að skoðanir hans minntu í vaxandi mæli á roskinn framsóknarmann í afskekktri sveit, þá dreg ég þau til baka. Hins vegar er staðreyndin sú að Sjálfstfl. hefur breytt staðsetningu sinni á hinu pólitíska landakorti og það var staðfest á landsfundinum sem haldinn var fyrir skömmu. Það er einfaldlega þannig, herra forseti, að flokkurinn er ekki lengur hið opna hús fyrir þá sem vilja efla frjálsa verslun við útlönd. Hann er ekki flokkur þeirra sem vilja ræða með opnum huga aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það er búið að skrúfa fyrir þá sem vilja ræða þessi mál. Það er einfaldlega staðreynd. Ég minni bara á afdrif eins hv. félaga okkar, hv. þm. Vilhjálms Egilssonar hér í fyrra. Það var stungið upp í hann og það veit hv. þm. mætavel.

Hins vegar hvað varðar Eystrasaltslöndin, þá er auðvitað þakkarvert og gleðiefni að hv. þm. hefur skipt um skoðun. Hann telur það sér til tekna um leið og hann sproksetur aðra fyrir að hafa gert hið sama í öðrum efnum eins og t.d. um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins.

[12:07]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að svara þessu. Það er engu líkara en hv. þm. telji sig vera nokkuð vel kunnugan innri málefnum í Sjálfstfl. Ég held að hann ætti bara að koma á næsta landsfund hjá okkur og vera ekki að þessu, í staðinn fyrir að vera að gera sér upp og geta sér til um hluti sem hann greinilega veit ekkert um. Það hefur engum verið bannað að tala um Evrópumál í Sjálfstfl. eða annað sem því tengist. Það er fráleitt að í Sjálfstfl. berjist menn gegn alþjóðlegu viðskiptasamstarfi. Ég hef bara aldrei heyrt aðra eins vitleysu, ekki einu sinni frá hv. þm.

Hvað varðar stækkun NATO, þá held ég að við séum samherjar í því máli, mér heyrist það. Við eigum frekar að reyna að snúa bökum saman um að vinna úr því þannig að gagnist þeim sem við viljum berjast fyrir í því máli en ekki vera með þennan skæting, sem ég leyfi mér að kalla, eins og t.d. ummæli hv. þm. um roskna framsóknarmenn úr afskekktum sveitum landsins.

[12:08]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir að ástandið innan stjórnarliðsins væri þannig að sjálfstæðismenn tækju það nærri sér ef þeim væri líkt við framsóknarmenn á virðulegum aldri. Ég skil hins vegar, herra forseti, að erfitt sé fyrir hv. þm. þegar menn koma hér og ræða breytingarnar

á afstöðu Sjálfstfl. til utanríkismála. En það er einfaldlega staðreynd að fyrir tilstilli Sjálfstfl. var GATT-samningnum snúið upp í ranghverfu sína og afskræmdur. Yfirlýst markmið síðustu ríkisstjórnar var það að hann átti að verða m.a. til að auðvelda innflutning á matvöru sem selja átti hér innan lands á lægra verði en tíðkaðist. Það hefur orðið þveröfug þróun í því. Sagt var frá því í Morgunblaðinu í dag að skuldir landsmanna hafa vegna þessarar öfugþróunar hækkað um 1.300 millj. og það er flokkur hv. þm. sem er ábyrgur fyrir þessu. Auðvitað er þetta erfitt fyrir hann.

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. að við eigum samleið að því er varðar stækkun NATO. Ég er hins vegar ekki viss um að ég og hv. þm. Geir Hilmar Haarde eigum samleið með hæstv. forsrh. og ekki heldur með hæstv. utanrrh. Auðvitað má það vera að sameiginlega takist okkur með samanlagðri vigt okkar að hafa áhrif á stefnu þessara tveggja manna. En í stefnuræðunni sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Nú er útlit fyrir að Eystrasaltsríkin, sem við Íslendingar höfum tengst sérstökum vináttuböndum, verði ekki tekin inn í Atlantshafsbandalagið í fyrstu lotu."

Hv. þm. lýsir því hins vegar sem skoðun sinni, og þá væntanlega sjálfstæðismanna og hægri manna á Norðurlöndum, að þau verði tekin inn sem allra fyrst. Er ekki alveg ljóst, herra forseti, að hér er ekki bara áherslumunur heldur ágreiningur milli formanns utanrmn. og hæstv. forsrh.?

[12:10]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er meira hvað hv. þm. hefur gaman af að sviðsetja ágreining manna á meðal. Ég túlka ummæli forsrh. í stefnuræðunni sem mat hans á því hvað sé raunhæft í málinu, hvað sé líklegt að verði jafnvel þó ég og hv. þm. og hægri menn í Norðurlandaráði hefðum viljað ganga lengra en þarna er lýst. Það er allt annað mál. Tillagan, sem hv. þm. hefur margoft drepið á, í Norðurlandaráði er pólitísk stuðningsyfirlýsing við baráttu Eystrasaltsþjóðanna. Ég hef ekki trú á að hún muni breyta röð landa sem komast inn í NATO. Því hef ég ekki trú á, þó við vildum gjarnan að hún gerði það. Við vitum nokkurn veginn hvaða lönd eru þarna fremst í röðinni: Pólland, Tékkland, Ungverjaland, hugsanlega jafnvel Slóvenía, en það er allt annað mál. Þetta mál verður leitt til lykta á vettvangi bandalagsins. Við viljum ganga eins langt og hægt er til að koma þessum löndum inn í bandalagið. Það sem forsrh. og utanrrh. hafa verið að lýsa hins vegar er þeirra mat á því hvað muni gerast og vissulega er ekki hægt að neita því að ekki eru miklar líkur á að Eystrasaltslöndin komi inn í fyrstu lotu jafnvel þó við Össur Skarphéðinsson vildum gjarnan að það gerðist. En þá er auðvitað málið að tryggja að þau einangrist ekki á einhverju gráu svæði, einhverju millisvæði milli ríkjanna innan bandalagsins og Rússlands.

[12:12]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég velti því fyrir mér hver sé tilgangur þessarar umræðu um utanríkismál. Er hann sá að fara yfir verkefnaskrá utanrrn. og skoða helstu viðfangsefni eða er þessi umræða tækifæri fyrir okkur þingmenn að ræða ástand heimsmála og það hvernig þau blasa við okkur?

Mér finnst sú ræða sem hæstv. utanrrh. flutti fyrr á þessum morgni vera býsna bundin íslenskum hagsmunum og viðfangsefnum sem liggja inni á borðum í utanrrn. Ég hefði kosið að gætt hefði meiri heimssýnar og skoðunar á heimsmálum almennt frekar en að tengja sig fast við þessi nánustu viðfangsefni, sem m.a. kemur fram í því hversu mjög sjónum er beint að samskiptum við Evrópu, sem auðvitað skipta máli. Ég er ekki að draga úr því. Eins eru hafréttarmál og fiskveiðimálin ofarlega á blaði hjá hæstv. ráðherra en mér finnst vera svo margt annað sem við þurfum að fá inn í þessa umræðu. Sú umræða sem hefur geisað undanfarinn klukkutíma er dæmi um hve mönnum hættir til að festa sig við þröngan sjóndeildarhring. Það mætti halda að stækkun NATO væri alþjóðamál númer eitt, tvö og þrjú. Auðvitað er það ákveðið viðfangsefni en það er sannarlega margt annað sem kemur okkur við og eigum að fjalla um í umræðum eins og þessari. Ef ég ætti að lýsa því hvað mér finnst eða hvað ég horfi einna mest á í umræðum um heimsmál er það ekki síst alþjóðavæðingin og afleiðingar hennar á hin ýmsu ríki. Það geisar mikil umræða um það bæði í Evrópu og Bandaríkjunum hversu langt eigi að ganga í alþjóðavæðingu, hvaða áhrif hún hafi haft á vinnumarkað og félagslegt umhverfi fólks. Þetta ræða bandarískir hagfræðingar m.a. af miklum móð.

Langsamlega stærsta vandamálið sem mannkynið stendur frammi fyrir að mati Sameinuðu þjóðanna er fólksfjölgunin í heiminum og fæðuskorturinn sem við stöndum frammi fyrir. Það er stór ráðstefna á vegum FAO fram undan í næsta mánuði þar sem m.a. á að fjalla um þau mál. Það er spurning sem við getum ekki með nokkru móti svarað hvernig við eigum að ráða við þessi gífurlegu vandamál. Það kemur fram í upplýsingum frá FAO að til þess að sinna fæðuþörfinni þurfi að margfalda framleiðsluna sem þýðir líka margföldun á notkun tilbúins áburðar og eiturefna. Það er eitthvað sem náttúra heimsins þolir ekki. Þetta er það stóra, stóra vandamál sem við stöndum frammi fyrir, ásamt vaxandi mengun og ofnýtingu auðlinda sem svo aftur tengist umræðunni um fiskstofnana og hvernig eigi að ná stjórn á nýtingu þeirra.

Ég sakna þess líka að hæstv. utanrrh. kom ekki inn á ýmis þau stóru pólitísku og erfiðu mál sem einmitt þessa dagana brenna á okkur. Það er ekki síst þróunin í Ísrael í samskiptum Ísraelsmanna og Palestínumanna sem því miður hefur tekið heldur sorglega stefnu. Eins vil ég nefna ástandið í Rússlandi sem er gríðarlegt áhyggjuefni og það hvað lýðræðið er þar vanburðugt og fyrri stjórnarhættir standa þar sterkt eins og kemur fram í styrk og stjórn hersins og því furðulega valdaspili sem virðist vera í gangi. Ég vil líka nefna forsetakosningarnar í Bandaríkjunum sem fram undan eru og úrslit þeirra mun að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á heimsmál og þróun Bandaríkjanna. Ég nefni þar ekki síst að Clinton-stjórnin hefur tekið mjög myndarlega á málefnum kvenna í sinni stjórn og stjórnarfari. Ef repúblikanar næðu völdum í Hvíta húsinu efast ég ekki um að þar yrði mikið bakslag þannig að forsetakosningarnar munu að sjálfsögðu hafa mikil áhrif. Ég gæti nefnt líka ástandið í Afríku og afleiðingar styrjaldarinnar á Balkanskaga, það er að segja í Bosníu, sem eru hrikalegar og mikil vandamál þar við að glíma og því miður enn mikið um hryðjuverk og hörmungar sem komast nú ekki mikið í fjölmiðla.

Það er af nógu að taka til að ræða í þessu heimssamhengi en hæstv. utanrrh. kýs að beina mjög sjónum að Evrópu og samskiptum okkar Íslendinga við Evrópuþjóðirnar og öll þau samtök við erum aðilar að. Þar kem ég kannski að þeirri spurningu sem hefur leitað nokkuð á huga minn ekki síst eftir að við vorum að fjalla um fjárlögin í utanrmn. Það er spurningin: Hverju eigum við að sinna, Íslendingar? Hvað

höfum við bolmagn til að gera í utanríkismálum? Það er svo greinilegt að verkefnunum fjölgar stöðugt. Það verða til ný og ný samtök sem fjalla um ýmiss konar mál sem snerta okkar hagsmuni og það er ákveðið áhyggjuefni hvað utanríkismálin eru að verða mikil að vöxtum. Þá er ég ekki að líta á það sem neikvætt heldur vil bara skoða spurninguna um það hvað við ráðum við í raun og veru. Hverju getum við sinnt? Spurningin er hvort utanríkisþjónustan er ekki stórlega undirmönnuð miðað við þau miklu verkefni sem sífellt eru að færast yfir á hennar herðar og er þetta ekki mál sem við þurfum að taka á? Er hægt að breyta verkaskiptingu milli ráðuneyta? Eða er hugsanlegt að við hreinlega hreinsum til og ákveðum að setja viss mál í forgang og að við getum hreinlega ekki sinnt þessu öllu saman? Þessar hugleiðingar hafa leitað á huga minn við að fara yfir þessi mál af því það er svo augljóst að ýmis mál snerta okkur meira en önnur. Mér finnst ræða hæstv. utanrrh. spegla það að hann vill koma mjög víða við og sinna mörgum málaflokkum. En hvað ráðum við í raun og veru við, þessi litla þjóð?

Mig langar aðeins að koma inn á Evrópumálin. Þar vil ég sérstaklega nefna að ég er þeirrar skoðunar að við Íslendingar og ekki síst hér á Alþingi þurfum að taka okkur mjög á í vinnubrögðum og fylgjast miklu betur með því sem er að gerast á vettvangi Evrópusambandsins. Við þurfum hreinlega að vinna okkar heimavinnu. Ég get nefnt þar sem dæmi fyrirhugað myntbandalag sem hæstv. utanrrh. hefur nú nefnt og varpað fram þeirri spurningu hvort við Íslendingar eigum að gerast aðilar að því. Þetta er auðvitað stórmál sem Alþingi Íslendinga þarf að skoða mjög rækilega. Ég vil varpa því fram hér hvort að það sé ekki löngu komin ástæða til þess annað hvort að setja að nýju sérnefnd í Evrópumálin hér innan þingsins eins og gert var á sínum tíma — ég hygg að það hafi verið 1988 — sem fór mjög vítt yfir sviðið og gaf á sínum tíma út nokkra bæklinga um Evrópumálin eða hvort að rétt væri að utanrmn. hreinlega færi í slíka vinnu. Ég tel mjög mikla þörf á því að við setjum okkur mjög rækilega inn í þessi mál og fylgjumst vel með og þá ekki síst hvað varðar ríkjaráðstefnuna. Við þurfum að fylgjast mjög grannt með því sem þar gerist því allt hefur þetta áhrif á samfélag okkar þó ég ítreki þá afstöðu mína að ég tel ekki að Ísland eigi að gerast aðili að Evrópusambandinu. Það er ekki bara vegna afstöðu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum heldur horfi ég þar ekki síður á skipulag og vinnubrögð Evrópusambandsins og þá pólitík sem þar er rekin.

Hvað er það sem Íslendingar geta lagt af mörkum í heimsmálunum? Að mínum dómi er það fyrst og fremst það að við eigum að vera talsmenn mannréttinda hvar sem við getum. Í því samhengi vil ég varpa fram þeirri spurningu hvort viðskipti við þjóðir sem brjóta mannréttindi eigi alltaf rétt á sér. Nú hefur hæstv. utanrrh. farið víða og reyndar fyrri utanríkisráðherrar og við höfum verið að taka upp mjög vaxandi samskipti við t.d. þjóðir eins og Kínverja sem eru margbrotlegir við alla mannréttindasáttmála. Það vakti t.d. athygli mína að þegar hingað komu þingmenn frá Evrópuþinginu í júnímánuði í vor, þá voru þeir einmitt að spyrja okkur íslenska þingmenn út í það hvort ekki væri gagnrýnin umræða innan íslenska þingsins um þessi samskipti og sendiferðir til Kína. Það hefur töluvert verið rætt í öðrum löndum hversu langt menn eigi að ganga í viðskiptum við Kína. Og það er nú svo sérkennilegt að menn ræða þessi viðskipti og mannréttindabrot varðandi sum ríki en ekki önnur. Ég vil þar nefna t.d. Indónesíu þar sem líka eru framin hörmuleg mannréttindabrot, en ástandið þar er afar lítið til umræðu m.a. vegna þess að þar eru miklar erlendar fjárfestingar og miklir hagsmunir í húfi. Þarna þarf að finna milliveg, sem sagt að viðskiptin víki ekki til hliðar kröfum um að ríki virði mannréttindi og viðskiptin séu þar allsráðandi. Þetta finnst mér vera stórt mál og mikilvægt vegna þess að mannréttindin eiga því miður í vök að verjast í flestum ríkjum heims og þurfa svo sannarlega á stuðningi að halda og erum við Íslendingar einmitt í röð þeirra þjóða sem geta og eiga að beita sér í þágu mannréttinda.

Eitt atriði vil ég líka nefna sem reyndar tengist því sem ég nefndi áðan varðandi þátttöku Íslendinga í hinum fjölmörgu stofnunum og kannski svona tilraunir til þess að breyta einhverju þar. Það er þar sem hæstv. utanrrh. ræðir um ÖSE og lýsir verkefnum þeirra samtaka. Þar er einmitt komið inn á það að ÖSE er að fylgjast með lýðræðisþróun, sinnir kosningaeftirliti, mannréttindamálum, réttindum minnihlutahópa o.s.frv. Þetta eru nákvæmlega sömu verkefnin og Evrópuráðið er að sinna og Evrópusambandið. Það eru svo mörg alþjóðleg samtök að sinna sömu verkefnunum og spurningar vakna um þetta, þ.e. hvort ekki sé hægt að samræma og einfalda, ekki síst til þess að spara.

Tíma mínum er alveg að ljúka, hæstv. forseti. Mig langar í lokin að koma aðeins inn á öryggismálin og stækkun NATO. Ég heyrði það í fréttum núna fyrir örfáum dögum að til þess að Pólverjar geti uppfyllt þær kröfur sem NATO gerir þá þurfa þeir að fjórfalda útgjöld sín til hermála. Það kemur mér afar spánskt fyrir sjónir þegar þessum illa stöddu ríkjum er gert að margfalda hernaðarstyrk sinn til þess að geta orðið aðilar að NATO. Þarna held ég að menn verði að hugsa sig rækilega um og breyta stefnunni. Það er auðvitað mjög öfugsnúið ef þessi illa stöddu ríki þurfa, til þess að auka öryggi sitt, að stórauka útgjöld til hernaðarmála þegar önnur mál eru miklu miklu brýnni. Þarna held ég nú að þurfi að verða breyting á. En varðandi öryggismálin vil ég minna á að það er skoðun okkar kvennalistakvenna að í ljósi hinna miklu breytinga sem hafa orðið í heiminum þá eigum við að skilgreina öryggishagsmuni (Forseti hringir.) okkar og framtíð upp á nýtt, hæstv. forseti. Okkar öryggi hér á Íslandi felst ekki síst í því að við verndum umhverfið og að við eigum samstöðu með þeim þjóðum sem vilja ganga lengst í því að vernda umhverfið vegna þess að lífríkið í hafinu umhverfis Íslands er okkar lífsgrundvöllur og það er sú samstaða sem við eigum (Forseti hringir.) að leggja mesta áherslu á, hæstv. forseti.

[12:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð um það sem hv. þm. sagði um mannréttindi og viðskipti. Ég held að það grundvallarsjónarmið verði að liggja fyrir hvort við teljum að samskipti við ríki séu af hinu góða og við munum hafa jákvæð áhrif í þeim samskiptum. Ég tel það t.d. alveg ljóst að samskipti við Kína þjóna þeim tilgangi. Það er enginn vafi á því að ef við ætlum okkar að hjálpa lýðræðisþróun í ýmsum ríkjum, hvort sem er í Kína eða Rússlandi, þá gerum við það fyrst og fremst með samskiptum. Þar með erum við að stuðla að bættum mannréttindum þegar til framtíðar er litið. Að því er varðar hins vegar mörg önnur ríki eins og t.d. Írak þá hafa vestræn ríki komið sér saman um að það að setja viðskiptabann á það ríki vegna þess að menn hafa ekki trú á því að núverandi stjórnarherrar muni ætla sér að bæta mannréttindi í því landi. Það er allaf álitamál og viðkvæmt

hvenær slíku skuli beitt. Ég nefni það sem dæmi og það var líka gert að því er varðar ríki fyrrum Júgóslavíu með ákveðnum árangri. En ríki heims verða að koma sér saman um þessa hluti því að viðskiptabann Íslendinga eitt og sér þjónar afar litlum tilgangi.

Að því er varðar ræðu mína er það rétt að það er ýmislegt sem ekki er þar nefnt. Hv. þm. sagði jafnframt að gerð var tilraun til þess að taka þar undir öll svið þannig að það gengur nú aðeins í sitt hvora áttina. Það er hins vegar rétt og er áhyggjuefni hvernig íslensk utanríkisþjónusta ræður við vaxandi verkefni á alþjóðavettvangi. Ég vil halda því fram að við getum aðeins sinnt því sem við teljum brýnast á hverjum tíma.

[12:30]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi viðskiptabann og takmörk á viðskiptum er alveg rétt að menn hafa farið ýmsar leiðir í þeim efnum á undanförnum árum og viðskiptabannið á Írak er t.d. afskaplega umdeilt vegna þeirra áhrifa sem það hefur haft og hefur bitnað mest á konum og börnum þar í landi meðan herforingjarnir sem þar ráða ríkjum virðast lifa í vellystingum praktuglega.

Ég held að almennt sé álitið að viðskiptabannið á Suður-Afríku hafi haft töluverð áhrif á þróunina þar þannig að þetta er ákaflega vandmeðfarið. Ég tek undir það að þeir sem þekkja best til mála í Kína hafa verið þeirrar skoðunar að það væri miklu betri leið til að reyna að hafa þar áhrif í lýðræðisátt að eiga við þá samskipti frekar en að einangra þá. En það sem ég var að reyna að vekja athygli á er að umræðan um mannréttindi og viðskiptabann nær til sumra ríkja en annarra ekki og þar virðist vera sem hagsmunir, ekki síst viðskiptahagsmunir, ráði mestu.

Varðandi ræðu hæstv. utanrrh. almennt finnst mér að hún sé of mikið Evrópumótuð og mótuð mjög af okkar nánasta umhverfi meðan ég hefði óskað eftir því að við reyndum að horfa á heimsbyggðina alla og átta okkur á því hver er þróunin og hvert stefnir og hvar getum við beitt okkur því að það er ekki bara í Evrópu.

[12:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú ræða sem utanrrh. flytur er aðeins grundvöllur umræðu og kemur á engan hátt í veg fyrir að önnur mál séu tekin til umræðu, annaðhvort við þessa umræðu eða síðar. Hér er um svo umfangsmikil mál að ræða að þeim verða ekki gerð skil í stuttum ræðum og það er líka alltaf álitamál hvernig þessar umræður eiga að eiga sér stað. Mér er fullkomlega ljóst að margt af því sem við viljum ræða verður líka að gerast á vettvangi utanmrn. og með almennum umræðum í þjóðfélagi okkar. Má nefna það að umræða um mannréttindi t.d. á Íslandi og almennt í þjóðfélögum tengist mjög oft samskiptum við viðkomandi ríki. Hér á landi hefur ekki orðið mikil umræða um mannréttindamál í Indónesíu, en ætli það geti ekki verið m.a. vegna þess að við höfum átt afar lítil og nánast engin samskipti við það land. En samskipti annarra Norðurlandaþjóða eru mun meiri við það ríki og ferðalög norrænna ráðamanna til þess ríkis hafa orðið umræðuefni og vakið gagnrýni þannig að oft og tíðum tengist mannréttindaumræðan því að við höfum þekkingu á aðstæðum og höfum samskipti þannig að við séum fær að dæma um það, ekki aðeins á grundvelli þess sem kemur fram í alþjóðlegum fjölmiðlum, heldur jafnframt af eigin raun sem skiptir að sjálfsögðu afar miklu máli.

[12:34]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Menn hafa verið að gagnrýna ræðu hæstv. utanrrh. m.a. vegna þess sem er ekki að finna í ræðunni. Það er líka mjög athyglisvert að horfa hér yfir þingbekki og sjá hverjir eru aðallega áberandi vegna fjarveru sinnar. Það er athyglisvert að hæstv. forsrh. sýnir nánasta samstarfsmanni sínum, hæstv. utanrrh., ekki þá lágmarksvirðingu að vera viðstaddur umræðuna, reyndar er afar athyglisvert að enginn af ráðherrunum sýnir sig í þingsal eða sýnir þessum þýðingarmesta þætti íslenskra þjóðmála nokkurn minnsta áhuga og það segir sína sögu að fjórir menn eru í þingsalnum þegar hér er komið umræðunni. Þetta virðist benda til þess að á Alþingi Íslendinga sé enginn áhugi á þessum málum og það áhugaleysi stafar væntanlega af því að enginn skilningur er á því hversu þýðingarmikil mál við erum hér að ræða. Það er athyglisvert, ekki bara úti í þjóðfélaginu heldur svona hvaða augum það verður litið af öðrum samstarfsþjóðum okkar sem leggja sig kannski fram um að fylgjast með umræðum á Alþingi Íslendinga um utanríkismál.

Herra forseti. Í gær kom hingað góður gestur, Hans-Dietrich Genscher, sem var utanríkisráðherra Þýskalands í 16 ár og hefur gegnt því embætti lengur en nokkur annar, á árunum 1976–1992. Hann kom hingað til þess að minnast hálfrar aldar afmælis aðildar okkar að Sameinuðu þjóðunum. Hann fór viðurkenningarorðum um árangur íslenskrar utanríkisstefnu að undanförnu. Hann nefndi sérstaklega til sögunnar frumkvæði Íslendinga á árunum 1989–1991 að því er varðaði stuðning við sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltsþjóða og nefndi þá stefnu og þær aðgerðir sem dæmi um það að smáþjóðir gætu stundum með frumkvæði og samstöðu náð árangri þar sem hinar stærri þjóðir gætu af ýmsum átæðum ekki hreyft sig. Hann lét þess getið að Þýskaland og reyndar Danmörk hefðu í þessu máli komið eftir á Íslandi. Það má kannski skjóta því inn í umræðuna að í gær kom út í Danmörku minningar Uffe Ellemans-Jensens sem í 10 ár var utanríkisráðherra Dana á þessu tímabili en Hans-Dietrich Genscher, vinur hans, kemur þar mjög við sögu og það er athyglisverð upprifjun á þessu mesta umbreytingar- og byltingarskeiði Evrópu eftir stríð.

Genscher lét þess getið að við hefðum einnig átt mjög gott samstarf að því er varðaði það að reyna að tryggja rétt þeirra þjóða sem voru að segja sig úr lögum við gömlu Júgóslóvíu og þá sérstaklega Slóveníu og Króatíu þar sem við Íslendingar höfðum náið samstarf og hann þakkaði mjög eindregið fyrir þann litla stuðning sem við gátum veitt Þjóðverjum að því er varðaði sameiningarferlið sem a.m.k. var afdráttarlausari en margra annarra.

Allt er þetta gott og blessað en það rifjar upp samhengi hlutanna. Ísland gat því aðeins beitt áhrifum að því er varðaði Eystrasaltsþjóðirnar og rétt þeim hjálparhönd þannig að það skilaði árangri að Ísland var aðili að Atlantshafsbandalaginu. Ef við Íslendingar hefðum ekki verið það heldur hlutlaus þjóð í Norðurhöfum hefði enginn hlustað og áhrifin engin orðið, það er mér alveg fullkomlega ljóst. Þess vegna þykir mér afar leiðinlegt að heyra að talsmaður Alþb. í þessum umræðum, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, skuli ekki hafa skoðað hug sinn betur í ljósi reynslunnar um breytt hlutverk Atlantshafsbandalagsins, breytt vinnubrögð, breyttar aðferðir, en viðvarandi gildi þess ekki síst að því er varðar möguleika smáþjóðanna og hinna lýðræðisríkjanna í Evrópu til þess að hafa áhrif í heiminum í þágu friðar og mannréttinda.

Ég nefndi að það hefði verið aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu sem varð þess valdandi að við gátum lagt Eystrasaltsþjóðunum lið en það er líka athyglisvert að við gerðum það á sama tíma og forusturíki Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkin, taldi sig ekki geta látið til sín taka, m.a. vegna þess að þeim væri nauðsyn á því að byggja upp samstarf og samstöðu með Rússlandi í aðgerðum við Persaflóa og Þýskaland hafði hljótt um sig og hafðist ekki að þrátt fyrir söguleg áhrif við Eystrasalt vegna þess að Þýskaland átti svo mikið undir stuðningi Rússlands, Gorbatsjovs, við sameiningarferlið. Það var þess vegna sem frumkvæði Íslendinga með aðstoð þegar frá leið annarra smáþjóða, fyrst Dana, skipti máli. Og það er alveg rétt sem Genscher sagði í ræðu sinni í gær að þetta er dæmi um það að þær aðstæður geta stundum skapast að smáþjóðir geti með frumkvæði og samstöðu haft umtalsverð áhrif.

Nú er spurningin sú að því er varðar eitt stærsta málið sem hér er á dagskrá, opnun Atlantshafsbandalagsins til austurs og samrunaferlið í Evrópu, þ.e. umsóknir allra ríkja annarra en Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Getur Ísland eitthvað aðhafst og á Ísland eitthvað að aðhafast til þess að hafa áhrif á þá þróun? Vert er að hafa það í huga að við erum stofnaðilar að Atlantshafsbandalaginu og Atlantshafsbandalagið starfar á grundvelli þess að þar verða engar ákvarðanir teknar nema um þær sé fullkomin samstaða. Þar verður ekki gengið til atkvæða. Það þýðir að hið örfámenna íslenska lýðveldi hefur ef á reynir gríðarleg áhrif innan Atlantshafsbandalagsins. Ef um það væri að ræða að Norðurlandaríkin sem í Atlantshafsbandalaginu eru, þ.e. Noregur og Danmörk, gætu mótað samstöðu um afstöðu, t.d. að því er varðar hlut Eystrasaltsþjóðanna í opnun Atlantshafsbandalagsins, þá hafa þær innan Atlantshafsbandalagsins ákvörðunarvettvang þar sem áhrif þeirra eru í reynd jafnmikil og sjálfra stórveldanna. Þess vegna er ekki hægt að segja eins og fram kom í máli hv. þm. Geirs H. Haarde að það skipti nánast engu máli þótt hægri flokkarnir á Norðurlöndum væru með einhverja stefnumótun í Norðurlandaráði sé það bara til málamynda en það var auðheyrt á ræðu hans að hann hafði enga trú á því að nokkur maður hlustaði á það eða hefði einhver áhrif. Það er lítilþægni og vanmat á sjálfum sér sem mér kemur á óvart að heyra, satt að segja. Reyndar er það svo að það stenst ekki dóm staðreyndanna vegna þess að ef hugur fylgir máli, ef menn meina það sem þeir eru að segja, hafa menn innan Atlantshafsbandalagsins vettvanginn og áhrifin, atkvæðavægið, til þess að hafa áhrif.

Spurningin er þessi: Hefur Ísland mótað sér einhverja stefnu í þessu máli? Hæstv. ráðherra, utanrrh. segir: Já, við styðjum það að Eystrasaltsþjóðirnar fái aðild að Atlantshafsbandalaginu. Þá er næsta spurning: Ef það er svo, er það t.d. samstaða á milli Íslands, Noregs og Danmerkur um þessa stefnu og þá spyr ég: Hafa utanríkisráðherrar þessara þjóða rætt það með sér hvort þeir muni sameiginlega tala máli þessarar stefnu innan Atlantshafsbandalagsins? Hafa þeir gefið það til kynna í samtölum við utanríkisráðherra annarra þjóða innan Atlantshafsbandalagsins að þegar að ákvörðuninni kemur muni þessar þjóðir beita sér fyrir því að þær verði ekki skildar eftir sem afgangsstærð? Við þurfum að taka tillit til nokkurra meginþátta.

1. Hver eiga að vera samskipti Atlantshafsbandalagsins og hins vestræna varnarbandalags, Bandaríkjanna og Evrópu, við Rússland?

2. Hvernig ætlum við að halda á málum að því er varðar stækkun bandalagsins til austurs? Á það að gerast í áföngum og á það að gera greinarmun á milli þjóða? Hvernig ætla menn að tryggja það að þær aðgerðir, þessi opnun, verði ekki til þess að draga úr öryggi eða auka á óvissu, skapa jafnvel óöryggi því að tilgangurinn er væntanlega sá að gera þvert á móti, að eyða óvissu?

3. Telja Íslendingar í ljósi nýliðinnar sögu og reynslu að þeim beri einhver sérstök skylda til að reyna að hafa áhrif á þessa þróun að því er varðar Eystrasaltsþjóðirnar?

Herra forseti. Í mínum huga er það svo að það getur verið gríðarlega varasamt af hálfu Atlantshafsbandalagsins að stuðla að þróun sem yrði á þá leið að einstökum ríkjum yrði veitt aðild í fyrstu lotu en önnur ríki og þá sérstaklega Eystrasaltsríkin skilin eftir og þá búin til, með vísan til sögunnar, eins konar „óvissukorridor" sérstaklega í áttina að Kaliningrad og sérstaklega nú þegar pólitísk óvissa um framtíð Rússlands er algjör, ekki síst óvissa að því er varðar óstöðugleika og stjórn hersins í Rússlandi. Þetta gæti beinlínis verið stórlega varasamt og haft þveröfug áhrif á við það sem ætlast er til. Ég held að aðalatriðin í þeirri stefnu sem þarf að móta séu þessi: Í fyrsta lagi að menn verði að gera sér ljóst að vesturveldin, Bandaríkin, Evrópusambandið, eiga gríðarlegra hagsmuna að gæta nú í upphafi nýs forsetakjörtímabils í Rússlandi að koma í veg fyrir að þar endi allt í algjörri upplausn, hugsanlega jafnvel með valdatöku hers. Það er engin leið önnur í því en massíf Marshall-aðstoð við Rússland í þessu tilviki. Rússland er af þeirri stærðargráðu, þrátt fyrir hið efnahagslega og pólitíska hrun sem þar hefur orðið, að það eru tvíhliða samskipti, annars vegar Bandaríkjanna og hins vegar Evrópusambandsins við Rússland sem skipta máli.

Að því er varðar Mið- og Austur-Evrópu er það meginatriði að tengja saman annars vegar tilboðið um massífa Marshall-aðstoð við Rússland og hins vegar því að Rússland skilji og sætti sig við stækkun Atlantshafabandalagsins í austurátt og skilji að það er ekki gert til þess að stofna öryggishagsmunum þess í hættu heldur þvert á móti til að eyða óvissu sem ella væri á einhvers konar óskilgreindu gráu svæði milli aðila. Að því er varðar Eystrasaltsþjóðirnar þá er það lífshagsmunamál þeirra nú ekki síður en það var árið 1990–1991 að þau verði ekki skilin eftir í fullkominni óvissu á þessum tíma. Einmitt vegna þess að ástandið í Rússlandi er svo gjörsamlega óvissu undirorpið gæti grátt svæði, autt svæði þar sem Atlantshafsbandalagið væri í raun og veru að viðurkenna að væri einhvers konar rússneskt áhrifasvæði í Eystrasaltslöndum, orðið til þess að skapa meiri óvissu og meira öryggisleysi fyrir þessar þjóðir á úrslitastundu þegar þær þurfa að tryggja öryggi sitt bæði með inngöngu í Atlantshafsbandalagið og Evrópusambandið. Af því tilefni segi ég alveg sérstaklega: Af hálfu Lennarts Meris, forseta Eistlands, hafa verið settar fram tillögur, „konkret" tillögur sem hafa verið kynntar ríkisstjórnum Vesturlanda og mér er kunnugt um að hæstv. utanrrh. vor þekkir til og stjórnvöld í Danmörku sérstaklega. Þessar tillögur eru um það að ef bandalagið treystir sér ekki til að taka inn þessar þjóðir allar á einu bretti þá verði niðurstaðan ekki sú að taka inn þrjú eða fjögur og gera síðan ekkert að því er varðar hin ríkin. Tillögur hans er með öðrum orðum um nýja útfærslu á öryggissáttmála og samstarfi þessara ríkja sem er skref fram á við, allstórt skref til viðbótar við friðarfrumkvæðið, þ.e. Partnership for Peace. Þá stöndum við frammi fyrir þessari spurningu: Er íslenska ríkisstjórnin reiðubúin til að hafa frumkvæði að því

í samstarfi við aðrar ríkisstjórnir Norðurlanda innan Atlantshafsbandalagsins og reynar aðrar ríkisstjórnir Norðurlanda innan Evrópusambandsins, um að skapa pólitískar forsendur og jarðveg fyrir því að þessar tillögur fáist meðhöndlaðar alvarlega og það verði tekin afstaða til þeirra, til þess að þarna verði ekki slys? Stefnumótun og frumkvæði að þessu leyti og á þessum nótum er það eina sem væri samboðið þeim ferli sem viðurkennt er að Íslendingar eiga að baki að því er varðar samskiptin við þessar þjóðir. Ég hygg að það sé ákveðinn skilningur á því meðal Norðurlandaþjóðanna núna að þeim varð á í messunni á þessum tíma, ekki síst nánustu grannþjóðum Eystrasaltsþjóðanna. Þær hafa lært af þeim mistökum og eru væntanlega tilbúnar til að bregðast við á annan máta. Ég les þessar tillögur frá hægri flokkunum innan Norðurlandaráðs sem vísbendingu um það.

Herra forseti. Mér skilst að þessi tími sé nú búinn en ég mun áskilja mér rétt til að koma aftur til að segja örfá orð um Evrópumál. Það þarf nú ekki að hafa mörg orð um þau við núv. hæstv. ríkisstjórn þó ég kunni vel að meta að hæstv. utanrrh. talar þar á öðrum nótum og af meira manviti og skilningi en hæstv. forsrh. og þeir sjálfstæðismenn. En jafnframt er nauðsynlegt að sjálfsögðu að fara nokkrum orðum um stöðu mála að því er varðar hafréttarmálin.

[12:50]

Útbýting þingskjala:

Áhrif vísitöluhækkana á skuldir heimilanna, 109. mál, fsp. JóhS, þskj. 117.

Flutningur sendiherra og starfsmanna utanríkisþjónustunnar, 111. mál, fsp. SvG, þskj. 119.

Landgræðsluverðir, 112. mál, fsp. KHG, þskj. 120.

Útleiga leikhúsa og samkeppni leikfélaga, 113. mál, fsp. KHG, þskj. 121.

Vinnueftirlitsgjald, 110. mál, fsp. SvG og BH, þskj. 118.

[Fundarhlé. — 12:51]

[13:32]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Í morgun kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að norræn samvinna væri einn af grundvallarþáttum í íslenskum utanríkismálum. Norræn samvinna hefur verið afar mikilvæg bæði í alþjóðasamstarfi sem og hér innan lands og þá sérstaklega í mennta-, menningar- og félagsmálum. Það kom einnig fram í morgun að hugsanlega væri norrænt samstarf að veikjast. Þetta kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég er ekki alveg sammála því. Það er alla vega ekki hægt að kveða svo skýrt að enn sem komið er. En ég hef haft vissar áhyggjur af því hvernig skipulagsbreytingarnar hafa komið út gagnvart norrænu samstarfi. Það má segja að núna sé að ganga yfir ákveðið breytingaskeið í því samstarfi vegna nýrra starfshátta og of snemmt að skera úr um hvernig þau mál þróast. Hins vegar er ljóst að það er afar mikilvægt fyrir okkur að standa vel að Norðurlandasamstarfinu vegna þess hve norrænt samstarf er okkur mikilvægt.

Mig langar að gera að umræðuefni hér nýjan flöt sem hefur þróast á norrænum vettvangi eða í hinu norræna samstarfi, en það er sá flötur sem kemur upp þegar við horfum til þess að þrjú norræn ríki eru nú orðin aðilar að Evrópusambandinu. Með náinni samvinnu við þau norrænu ríki sem eru í Evrópusambandinu getum við Íslendingar komið okkar sjónarmiðum varðandi þróun Evrópusambandsins á framfæri. Norræn samvinna er því mjög mikilvæg, ekki bara ef horft er til Norðurlandanna heldur einnig þegar Evrópusambandið er haft í huga vegna þess að Finnland, Svíþjóð og Danmörk eru þar inni. Sumir álíta að vænlegt sé að loka sendiráðum á Norðurlöndunum. Þannig mætti spara einhverjar fjárhæðir. Að mínu viti væri slíkt mjög misráðið. Nær væri að styrkja sendiráð í þeim norrænu löndum sem eru aðilar að Evrópusambandinu. Þannig gætum við fylgst betur með þróun mála í sambandinu og haft einhver áhrif. Í stað þess að draga saman í utanríkisþjónustu okkar á Norðurlöndunum, velti ég þeirri spurningu upp hvort ekki væri nær að skoða það að opna sendiráð í Finnlandi. Finnar eru í Evrópusambandinu sem og á jaðri EES-svæðisins eins og við Íslendingar. Þeir eru á jaðarsvæði. Þeir eru ekki í beinni samkeppni við okkur í sjávarútvegsmálum eins og fjölmargar aðrar Evrópuþjóðir og gætu því verið vænlegur samstarfsaðili fyrir okkur. Finnar eru einnig mjög tengdir Eystrasaltsríkjunum en þar eru miklir og mikilvægir markaðir að opnast sem við verðum að keppa á eins og aðrir. Það er því margt sem mælir frekar með því að styrkja sambönd okkar á Norðurlöndunum í stað þess að draga úr þeim.

Einnig er að sjálfsögðu rétt að hlúa tímabundið að utanríkisþjónustu okkar í því landi sem á hverjum tíma fer með formennsku í Evrópusambandinu.

Herra forseti. Utanríkismál hafa oft valdið ágreiningi hér innan lands sem erlendis. Eitt slíkt dæmi er aðild okkar að NATO sem skipti þjóðinni um tíma í tvær andstæðar fylkingar. Í dag er það mál ekki hitamál eins og áður fyrr og flestir sammála um það að aðild að NATO sé hornsteinn í varnarstefnu okkar Íslendinga.

Aðild að EES-samningnum, sem í dag er milli Íslands, Noregs og Liechtensteins annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar, var annað hitamál í íslenskri utanríkispólitík. Það skipti einnig þjóðinni í andstæðar fylkingar og vil ég gera Evrópumálin hér að aðalumræðuefni þar sem ég tel mjög eðlilegt að við Íslendingar ræðum þau, sérstaklega í ljósi þess hve mikið er að gerast í Evrópu, í okkar nágrannalöndum.

Með aðild okkar Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu urðum við hluti af innri markaði Evrópusambandsins. Til að innri markaðurinn geti þróast verða ríki EES að taka við tilskipunum frá ESB um fjölmörg mál. Reglur verða að vera sambærilegar eða eins milli landa. Þetta þekkjum við þingmenn afar vel vegna þess hvernig okkar störfum er fyrir komið hér gagnvart tilskipunum Evrópusambandsins. Með samstarfi í svokallaðri þingmannanefnd EES geta EES-ríkin haft áhrif á hvernig tilskipanir Evrópusambandsins verða teknar upp á svæðinu. Áhrifin eru þó mjög takmörkuð. EES-ríki getur neitað að taka við tilskipun frá Evrópusambandinu, en slíkt hefur enn sem komið er ekki komið fyrir. Ef eitthvert EES-ríkja tæki upp á því að hafna alfarið tilskipun Evrópusambandsins, þá mundi viðkomandi tilskipun ekki ganga í gildi á hinum EES-löndunum. Enginn veit nákvæmlega hvaða afleiðingar það mundi hafa í för með sér að neita að taka við tilskipunum ESB, EES-samningurinn væri þá í uppnámi. Talsverð umræða hefur átt sér stað í Noregi einmitt um þetta mál og þessa stöðu og þá aðallega vegna tilskipana um aukefni í matvæli.

Það má segja að framkvæmd EES-samningsins hafi gengið almennt vel fyrir sig. Sárafáir eru þess fylgjandi í dag að Ísland segi honum upp og slíti sig frá samstarfi við Evrópusambandið. Á sínum tíma voru miklar deilur hér innan lands

um hvort Ísland ætti að gerast aðili að EES eða ekki. Andstæðingar samningsins töldu að með honum yrði stórfelld hætta á því að útlendingar þyrptust hingað til lands, tækju vinnu af Íslendingum, keyptu upp hlunnindajarðir o.s.frv. Þrátt fyrir að við gerðumst aðilar hefur þróunin alls ekki verið með framangreindum hætti.

Kostirnir við að vera aðili að EES eru aðallega þeir að þannig erum við hluti af innri markaði ESB og þróun hér verður í takt við þróun í nágrannaríkjum okkar. Það að sjávarútvegsmál eru ekki hluti af EES-samningnum er lykilatriði fyrir okkur Íslendinga. Við erum ekki aðilar að hinni sameiginlegu sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins og það er almennt viðurkennt að hún, hin sameiginlega sjávarútvegsstefna, sé óásættanleg fyrir okkur, einnig það hve Evrópusambandið er í raun ólýðræðislega uppbyggt og óskiljanlegt fyrir borgarana.

Við núverandi aðstæður eru yfirgnæfandi líkur á því að Íslendingar yrðu að gangast undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu við inngöngu. Við mundum ekki fá neina undanþágu. Stefna sambandsins í sjávarútvegsmálum útheimtir það að við yrðum að deila fiskimiðunum okkar með öðrum Evrópusambandsþjóðum. Þó má segja að það sé líklegt að við fengjum svo til allan kvótann í okkar lögsögu vegna sögulegrar veiðireynslu. Evrópusambandið mundi ákveða aflakvótana hér á landi og slík ákvörðun mundi trúlega taka mið af vísindalegri ráðgjöf eins og við Íslendingar höfum reyndar verið að gera hin seinni ár. Það má því segja að breytingin yrði í raun ekki svo ýkjamikil nema að því leyti að við réðum því ekki sjálf hver kvótinn yrði heldur Evrópusambandið. Slíkt fyrirkomulag er ekki æskilegt fyrir þjóð sem er jafnháð fiskimiðum og við Íslendingar. Það er okkur nauðsynlegt sem þjóð að hafa yfirráð yfir grundvallarafkomunni. Vegna þess hve við erum háð fiskveiðum þyrfti það að vera eftir einhverju meiri háttar að slægjast fyrir þjóðina til að réttlæta inngöngu í Evrópusambandið með því að taka þá áhættu að missa yfirráð yfir okkar lögsögu. Það verður að segjast eins og er að við núverandi ástæður er ekki neitt sem er svo mikilvægt innan sambandsins að það sé réttlætanlegt fyrir okkur að taka slíka áhættu.

Að vísu er rétt að benda á að það getur líka verið áhætta fólgin í því að vera utan Evrópusambandsins. Aðstæður gætu breyst þannig að sambandið segði upp tollasamningum við okkur og hækkaði tolla á fiski eða ákvæði að minnka það fiskmagn sem þeir kaupa. Þá værum við í slæmum málum en slík þróun er þó ósennileg.

Margoft hefur komið fram að það sé mjög ólíklegt að við fáum undanþágu frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, en samt hafa komið fram þær raddir að við ættum að drífa okkur inn í sambandið til þess að geta haft áhrif á endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem á að ljúka fyrir árið 2003. Við mundum geta haft áhrif á hana til góðs þannig að hún mundi henta okkur betur. Án okkar aðstoðar mundu fiskveiðiþjóðir eins og Spánverjar einar sjá um endurskoðunina. Um þetta er það að segja að þótt við gengjum inn á forsendum Evrópusambandsins nú er mjög ólíklegt að við mundum hafa þrátt fyrir það veruleg áhrif á endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Mér er minnisstætt í sumar þegar ég var á ferð úti í Brussel og átti þar viðræður við aðila um sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins að það var mat nokkurra sem ég talaði við að við mundum ekki geta haft mikil áhrif á endurskoðun slíkrar stefnu. Það var sagt: Þið yrðuð eins og fluga á hundsskotti, áhrifin yrðu afar lítil.

Það tæki okkur líka nokkurn tíma að komast vel inn í stofnana- og stjórnmálakerfi Evrópusambandsins að því viðbættu að við erum lítil eða öllu heldur fámenn þjóð, en þær hafa minna vægi en stærri þjóðir. Það er því ekki forsvaranlegt að mínu mati að sækja um aðild að Evrópusambandinu til að hafa áhrif á sjávarútvegsstefnuna þar sem mjög ólíklegt er að við gætum það.

Gallinn við EES-samninginn er að flestra mati sá að við tökum við tilskipunum Evrópusambandsins án þess að geta haft áhrif á aðdraganda þeirra. Í þessu sambandi skal minnt á það að við höfum ekki hingað til hafnað neinni tilskipun Evrópusambandsins.

Að lokum vil ég segja, herra forseti, að núverandi stefna ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum gagnvart Evrópusambandinu er skynsamleg. Það er rétt að hafa sem nánust samskipti við Evrópusambandið án þess þó að ganga í það. Einnig er rétt að við verðum að fylgjast náið með hvernig endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar í Evrópusambandinu gengur fyrir sig. Nú stendur yfir ríkjaráðstefna Evrópusambandsins og þar höfum við talsverðra hagsmuna að gæta. Ég vil minnast hér á Vestur-Evrópusambandið en það eru að sjálfsögðu okkar hagsmunir að það haldi sjálfstæði sínu. Ríkjaráðstefnan á m.a. að gera sambandinu mögulegt að taka inn ný Austur- og Mið-Evrópuríki og það er að sjálfsögðu líka mikið hagsmunamál fyrir okkur af því að þau ríki verða þá aðilar að okkar markaði, innri markaði EES og ESB.

Það yrði mjög jákvætt ef niðurstaða ríkjaráðstefnunnar mundi leiða til þess að Evrópusambandið yrði lýðræðislegra og ákvarðanatakan innan þess yrði íbúunum skiljanlegri heldur en í dag. Hins vegar er það mitt mat að vænlegast sé að bíða og sjá hvernig ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins lyktar og hvernig mál innan sambandsins þróast í kjölfar hennar. Á þessari stundu er sú þróun mjög óljós. Ég tel því að það sé hárrétt að bíða og sjá og tek undir þau orð utanrrh. sem hann viðhafði um Evrópusambandið hér í morgun.

[13:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það birtist leiðari í Alþýðublaðinu í gær og þó að félagi minn Steingrímur J. Sigfússon sé glöggur maður á öllum sviðum, þá hygg ég að honum hafi skotist að því er varðar höfund þeirrar greinar. Ég þóttist kenna fingraför hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar á þessum leiðara. Þar er talað um að mikil söguleg tíðindi séu fram undan í íslenskum stjórnmálum. Ég held að það sé útilokað annað en að taka undir það að merkileg tíðindi séu uppi og þau hafa komið fram í umræðunum í dag. Það sem er merkilegast við umræðurnar í dag er sá kafli í ræðu hæstv. utanrrh. sem fjallar um framtíðarþróun ESB og ríkjaráðstefnuna. Þar er allt gert sem hægt er til að fegra ESB, til að draga úr ótta manna við ESB, til að breyta afstöðu þjóðarinnar til ESB og sérstaklega til að breyta afstöðu framsóknarmanna til ESB, en Framsfl. gekk sem kunnugt er til kosninga við næstsíðustu kosningar undir kjörorðinu X-B en ekki EB. Nú á að breyta því. Nú er þetta greinilega allt önnur ella að mati núverandi formanns Framsfl. Og sú ræða sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir flutti hér áðan var auðvitað einkar athyglisverð og köld kveðja til fyrrv. formanns Framsfl. sem nú hefur eins og kunnugt er aðsetur utan í Arnarhólnum í stofnun sem heitir Seðlabankinn. Þetta er merkilegt, hæstv. forseti.

Hvað er það í ræðu hæstv. utanrrh. sem ástæða er til að líta á sérstaklega? Það er í fyrsta lagi að hann leggur á það áherslu að nú kveði við annan tón að því er varðar framtíðarþróun Evrópusambandsins. Nú séu menn ekki lengur að tala um að þetta verði ofurríki, Bandaríki Evrópu, heldur verði hér um að ræða ríkjabandalag. Þessi ofurríkishugsun var mjög ofarlega af hálfu framsóknarmanna í umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma. Nú er formaður Framsfl. að segja við framsóknarmennina sína: Verið þið róleg, þetta er búið, þetta er ekki hættulegt lengur, þetta er liðin tíð. Að þessu leytinu til hefur Evrópusambandið batnað.

Í öðru lagi segir hæstv. ráðherra, og leggur á það áherslu, að það hafi fengist mjög greinargóðar upplýsingar frá Evrópusambandinu og gengið til EES. Þar segir að meira að segja hafi ESB fallist á þá ósk EFTA-ríkjanna að fá öll gögn, eins og það er nefnt á bls. 3 í skýrslu hæstv. utanrrh., frá ráðstefnunni eftir að fulltrúar aðildarríkjanna hafa rætt efni þeirra á fundum sínum. Það er með öðrum orðum verið að segja: Já, við fáum öll gögn. Mínir kæru landsmenn og mínir sérstaklega kæru framsóknarmenn, það er ekkert að óttast í þessum efnum. Það verður engu haldið leyndu fyrir ykkur. Við fáum öll gögn, náðarsamlegast frá Brussel.

Í þriðja lagi, sem er í rauninni athyglisverðast, er það sem hæstv. utanrrh. segir og gefur í skyn að í undirbúningi séu breytingar á sjávarútvegsstefnunni. Hann segir: Þar eru menn einnig að velta hlutunum fyrir sér og þar með er búið að gera Evrópusambandið þannig í augum þeirra sem taka mark á formanni Framsfl., sem eru margir eins og eðlilegt er, að það sé allt í besta lagi með það. Það er ekki sama ástæða til að hafa áhyggjur af því og áður. Þessi tími er breyttur og auðvitað fagna þeir þessu, hv. þm. Alþfl., vegna þess að þeir voru sannarlega búnir að mála sig út í horn í þessum Evrópusambandsmálum. Þeir voru búnir að mála sig svoleiðis út í horn að fyrir nokkrum dögum eða vikum sögðu talsmenn Alþfl.: Sameinum jafnaðarmenn í landinu endilega og gleymum Evrópusambandinu. Þeir vissu að þeir komust ekkert áfram með þetta mál. En allt í einu gerist það að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. réttir þeim spottann og þeir grípa hann og segja: Hér er að verða til nýtt bandalag á miðjunni í íslenskum stjórnmálum með þeim hætti að Alþfl. og Framsfl. nái saman að því er varðar þessi Evrópusambandsmál. Nú er það sem sagt ekki bara það að framsóknarformaðurinn hafi sagt að það megi kannski taka upp veiðileyfagjald um miðja næstu öld ef svo ólíklega fari að sjávarútvegurinn græði þá mjög mikið, og þar með er hann orðinn hjartaprins Morgunblaðsins á eftir hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni sem er að yfirgefa sviðið eins og kunnugt er, heldur eru það líka Evrópusambandsmálin. Og hvað þýðir þetta, hæstv. forseti? Þetta þýðir að Evrópusambandsmálin eru komin á dagskrá í íslenskum stjórnmálum. Það var alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að á meðan kratarnir voru einir með þetta mál, þá var málið ekki á dagskrá nema sem akademískt umræðuefni. En þegar hæstv. utanrrh. tekur undir málið eins og hann gerir í dag þá er Evrópusambandsmálið komið á dagskrá í íslenskum stjórnmálum og þá er nauðsynlegt fyrir þá sem vilja skoða það mál, bæði með og móti eins og gengur, að fara að tygja sig til vegferðar og pólitískrar baráttu. Það er rétt sem leiðari Alþýðublaðsins segir í gær, og greinilega er skrifaður af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, að hér eru tvímælalaust ákveðin kaflaskil uppi.

Þetta segir okkur líka það, hæstv. forseti, og það gerist alltaf með Framsókn á miðju kjörtímabili, að Framsfl. reynir alltaf að leita sér að bandamanni í öðrum flokki en þeim sem eru með honum í ríkisstjórn, til öryggis ef svo færi að Framsókn gæti ekki verið með íhaldinu eftir næstu kosningar. Bandamaðurinn sem nú á að finna er Alþfl. Það er alveg augljóst mál. Það er verið að segja við Sjálfstfl.: Þið skuluð ekki vera allt of vond við okkur því að við getum bara treyst á kratana næst. Þetta er venjan hjá Framsókn. Þegar hún er í hægri stjórn þá hallar hún sér yfirleitt á þennan veg þegar komið er fram á mitt kjörtímabil. Þegar Framsókn er í vinstri stjórn þá hallar hún sér yfirleitt til hægri þegar komið er fram á mitt kjörtímabil. Þetta er eðli Framsóknar og að mörgu leyti styrkur hennar, en um leið auðvitað pólitískur veikleiki og sýnir ístöðuleysi hennar. En Framsókn er eins og kunnugt er ævinlega meðaltal af umhverfinu, ræður engum úrslitum og tekur meðaltal af því sem er í kringum hana. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Hann er sérfræðingur í Framsfl.) Hv. þm. sem hér stendur er prýðilega vel að sér í Framsfl., enda var hann í honum einu sinni en þá á mjög ungum aldri.

Þetta vildi ég draga hér fram, hæstv. forseti. Það er bersýnilegt að þetta er að gerast. Og á sama tíma hefur forusta Alþfl. loksins uppgötvað það, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, eftir langan feril sem formaður Alþfl., þegar hann er að hætta, að því er best verður séð, eru menn að bjóða sig fram í hrönnum til að verða eftirmenn hans. Ég frétti af því í dag að það standi til eitthvað af slíku. En loksins þegar hann er að hætta áttar hann sig á því að Sjálfstfl. er ekki náttúrulegur bandamaður Alþfl. Það er vissulega tími til kominn, nokkuð seint að vísu, því að 1987 tók hv. þm. Sjálfstfl. fram yfir vinstri flokkana. Það gerði hann 1991 og það gerði hann 1995. Með öðrum orðum: Alla sína formannstíð hefur hann ævinlega tekið Sjálfstfl. fram yfir vinstra samstarf ef hann hefur átt kost á því. Í raun og veru hefur hann ævinlega gert það vegna þess að hann vildi frekar halda áfram með íhaldinu en að mynda vinstri stjórn. Það hefur ævinlega verið svo.

Núna allt í einu um það bil sem hann er að hætta, þá lítur hann yfir farinn veg með brotinn skjöld og segir: Þetta var allt vitlaust hjá mér. Hinn náttúrulegi bandamaður minn (Gripið fram í.) er Halldór Ásgrímsson, hv. formaður Framsfl. Ja, ég geri ráð fyrir að þeir framsóknarmenn segi: Betra seint en aldrei. (**ÖS:** Er þetta afbrýðissemi?) Betra seint en aldrei. En þetta er ákaflega athyglisverð niðurstaða í þeirri stöðu sem nú er uppi í íslenskum stjórnmálum þegar annar leiðtogi Alþfl. í fjölmennasta kjördæmi landsins segir aftur á móti í ræðu sinni hér í dag að hann líti á alþýðubandalagsmenn sem vænlegustu bandamennina að því er varðar framkvæmd jafnaðarstefnunnar. Það er fróðlegt og það er til umhugsunar. Það er í rauninni allt annað en það sem hv. þm. er að segja þegar hann lítur yfir farinn veg og eftir samskipti hans við íhaldið núna eiginlega allan hans tíma af því að hann leit á sig alltaf sem viðreisnarkrata. Nú er hann allt í einu farinn að líta á sig sem framsóknarkrata. Það er það nýja að því er mér skilst á leiðara hans í Alþýðublaðinu í gær og á ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. (**ÖS:** Þetta var mjög skáldlegt ...) Og auk þess er hv. þm. Össur Skarphéðinsson erfðagóss, en það hefur margur látið eftir sig minna erfðagóss en hann, verð ég að segja, þrátt fyrir allt.

Þetta er í sjálfu sér, hæstv. forseti, nokkurt umhugsunarefni, á þeim tímum þegar við ættum að vera að ræða um utanríkismál með allt öðrum hætti heldur en að sumu leyti hefur verið gert í dag að mínu mati. Ég tel að sú umræða sem fór fram, ég hygg að að hafi verið í fyrra eða hittiðfyrra og hv. 15. þm. Reykv. vitnaði aðeins til, hafi kannski verið vísir að

því að við ættum að skoða það að Alþingi taki nokkra forustu í þessum málum, utanríkismálum, vegna þess að vissulega er það rétt að þarna stöndum við frammi fyrir kaflaskilum, nýjum tímum á þessu sviði. Auðvitað drögum við misjafnar ályktanir af þessum nýju tímum og aðstæðum sem uppi eru, en ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að utanríkismálin klufu þjóðina í pólitískri afstöðu um áratuga skeið og það er kostur á því að ná nýrri samstöðu um stefnu í utanríkismálum ef menn leggja í það vinnu hér í þessari stofnun. Og mér fannst það merkilegt sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., formanni utanrmn., þegar hann ræddi það *mjög opið hér áðan að utanrmn. tæki á tilteknum þætti* utanríkismálanna, þ.e. spurningunni um Atlantshafsbandalagið og stækkun þess til austurs og stöðu þess almennt í hinum stóra heimi. Ég tel að þetta séu nákvæmlega rétt viðbrögð hjá hv. formanni utanrmn. andspænis því vandamáli sem hér er uppi sem bersýnilegt er að stjórnarflokkarnir hafa dálítið mismunandi áherslur í og þá verð ég að segja það fyrir mitt leyti að ég tek heldur undir með þeim sem vilja fara varlega en hinum sem vilja ganga of hratt fram í þessu efni.

Ég hefði viljað fá umræðu í þessari stofnun t.d. um Norðurlöndin og Norðurlandaráð. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi það áðan og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég hef áhyggjur af þróun mála á vettvangi Norðurlandaráðs. Mér finnst Norðurlandasamstarfið orðið veikt og ég held að við eigum að horfast í augu við að það er það og reyna að gera eitthvað til að laga það. Mér finnst skipulagsbreytingin í Norðurlandaráði ekki hafa breytt mjög miklu eða ekki bætt mjög mikið.

Í öðru lagi tel ég að við ættum að ræða stöðu okkar gagnvart heimskautssamstarfinu, vestnorræna samstarfinu. Við eigum að ræða betur um stöðu okkar gagnvart Stofnun um öryggi og samvinnu í Evrópu. Við eigum að ræða um Atlantshafsbandalagið mjög rækilega. Við eigum að ræða um það hvernig er best að leggja Atlantshafsbandalagið í núverandi mynd niður og kannski getur það runnið í endurnýjun lífdaganna og tekið að sér mikilvæg verkefni til þess að treysta frið og öryggi í heiminum á heimsvísu eins og við alþýðubandalagsmenn höfum jafnan lagt mikla áherslu á. Við eigum að ræða um Evrópusambandið. Við eigum að ræða um utanríkisþjónustuna. Þjónar það hagsmunum Íslendinga að vera með eina sjö eða átta sendiherra hér á Íslandi en tólf erlendis? Mér skilst að hæstv. utanrrh. hafi verið að skipa 18., 19. eða 20. sendiherrann í gær. Við þurfum að fara yfir þessa hluti. Þarf það endilega að vera þannig að utanríkisþjónustan sé nákvæmlega eins alltaf um aldur og ævi? Er hugsanlegt að breyta henni með mjög róttækum hætti? Þora menn t.d. að hugsa þá hugsun til enda að það verði t.d. eitt sendiráð á Norðurlöndum eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi fyrir allmörgum árum og kannski færri sendiráð í Evrópu en fleiri annars staðar? Þora menn að hugsa þessa hugsun og vinna hana? Ég er alveg sannfærður um að þó að það kunni að vera og sé vafalaust góður vilji í utanrrn. til að taka á þessum málum, þá leysast þau aldrei, endurnýjun í utanríkisþjónustunni sjálfri verður aldrei öðruvísi en að Alþingi taki á þessu máli og skapi heildstætt bakland fyrir róttækar ákvarðanir. Það gengur aldrei öðruvísi. Ég skora á hæstv. utanrrh. að beita sér með þeim hætti.

[13:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa átt sér stað afar merkilegar umræður að mínu mati út frá skýrslu utanrrh. Ég tel að mjög margt athyglisvert hafi komið fram bæði í ræðu hæstv. utanrrh. og í ræðum annarra. Þessi umræða endurspeglar vel að mínu mati þá gífurlegu gerjun sem hér á sér stað, bæði í *stjórnmálum almennt, á milli stjórnmálaflokkanna* og ekki síður í afstöðu Íslendinga og einstakra flokka til utanríkismála, einkum og sér í lagi til NATO og ESB.

Það sem mér finnst athyglisverðast og reyndar hefur komið fram í máli annarra er hve fáir hafa verið viðstaddir umræðuna og ég velti því fyrir mér hvort það endurspegli þá staðreynd að innan flestra flokka á hinu háa Alþingi eru skiptar skoðanir um þessi mál.

Það eru nokkur atriði sem ég vil koma inn á. Í fyrsta lagi vil ég þakka það að ljóst verður hver þáttur þingsins verður í grundvallarákvörðunum varðandi þær breytingar sem fram undan eru á NATO, t.d. um stækkun þess. Hér hefur verið gerður skýr greinarmunur á því hvað er talið raunsætt samanber ræðu forsrh. og afstöðu Bandaríkjamanna og þá tillitssemi sem þeir og fleiri vilja sýna Rússum samanber orð hv. þm. Geirs H. Haarde áðan. Þ.e. gera greinarmun á því hvað er raunsætt og hins vegar hvers við óskum. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt að draga fram ekki síst vegna neitunarvalds okkar varðandi stækkun NATO. Þó að hv. þm. Kristín Ástgeirdóttir hafi gert það að umtalsefni áðan, kannski réttilega, að það mætti halda að stækkun NATO sé eitt aðalmálið í utanríkisstefnu Íslendinga má vel líta svo á að þetta sé stórmál. Ég tel að það séu fleiri en hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Geir Haarde sammála því að við mundum vilja styðja baltnesku löndin í ósk þeirra að ganga í NATO. En erum við tilbúin að beita neitunarvaldi gegn vilja Bandaríkjamanna og fleiri samstarfsaðila um að halda þeim fyrir utan a.m.k. í fyrstu atrennu? Ég held að við Íslendingar verðum að ræða þetta til botns og mjög gott að vita til þess að ætlunin er að taka þau mál til frekari umræðu innan þingsins hvort sem verður innan utanrmn. eða í þingsölum.

Það eru fleiri atriði sem ég vil koma inn á. Í öðru lagi vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um Evrópusambandið vil ég ítreka nokkur orð úr stefnuskrá Kvennalistans, með leyfi forseta, og ég geri það bara til þess að vera ekki með neina sýndarmennsku. Ég held að flestir viti það að innan Kvennalistans, sem annarra flokka, eru skiptar skoðanir og ég held að sé rétt að smákafli úr stefnuskránni komi fram. Og með leyfi forseta ætla ég að vitna í stefnuskrána. Þar segir:

„Evrópusambandið er að breytast og margt er óljóst um hvaða stefnu það mun taka. Evrópusambandið mun eftir sem áður byggjast á Rómarsáttmálanum sem gerir ráð fyrir *sameiginlegri nýtingu og yfirráðum yfir auðlindum eins og* fiskimiðum. Slíkt er Íslendingum afar óhagstætt, ekki síst í ljósi þess viðkvæma ástands sem ríkja mun næstu árin á fiskimiðum við landið. Þá er sú mikla miðstýring, embættismannaveldi og karlaveldi sem ræður ríkjum í Brussel þyrnir í augum kvenna en reyndar er nú hafin sókn gegn þessum ólýðræðislegu vinnubrögðum. Margt er gott að finna í lögum Evrópusambandsins svo sem um félags- og vinnumál svo og jafnrétti kynjanna en það breytir ekki því að konur eru enn mjög fáar í forustu ESB og atvinnuleysi í röðum kvenna, einkum ungra kvenna, gífurlega mikið. Því vill Kvennalistinn, að svo komnu máli, leggja áherslu á að Ísland standi utan Evrópusambandsins. Það er ekkert sem hindrar okkur í að lögleiða góðar breytingar ættaðar frá Evrópu nema viljaog skilningsleysi íslenskra stjórnvalda."

Ég tel að við gefum þrenns konar rök fyrir afstöðu okkar að vera utan við Evrópusambandið og þar er nefnd sjávarútvegstefnan númer eitt. Ég tel að ljóst sé þrátt fyrir orð dr. Genschers, fyrrverandi utanríkisráðherra Þýskalands, síðast í gær að þeir væru tilbúnir að styðja það að Ísland fengi sérstaka meðhöndlun varðandi sín sjávarútvegsmál, þá held ég að sé alveg ljóst af allri umræðu að það getur aldrei orðið nema til bráðabirgða. Og frá sjónarmiði jafnréttismála sjáum við bæði kosti og galla við að ganga inn í Evrópusambandið. Það er annars vegar þetta kerfi og ákvarðanir teknar langt frá fólki á mörgum sviðum en hins vegar eru þeir á mörgum sviðum með „prógressíva" löggjöf og ýmislegt jákvætt samanber styrkjakerfi þeirra og þá staðreynd að t.d. hefur Reykjavíkurborg nýverið fengið styrk frá Evrópusambandinu til að gera tilraun á sviði fæðingarorlofs feðra.

Þessi gerjun sem er í þjóðfélaginu um afstöðuna til Evrópusambandsins endurspeglast í okkar stefnuskrá og þess vegna er ég persónulega alveg sátt við þá skoðun, sem kemur fram hjá utanrrh. í skýrslu hans, að mjög mikilvægt sé að við fylgjumst vel með hvað er að gerast á þessum vettvangi og ekki síst að fylgjast með hvaða áhrif aðildin hefur haft fyrir Finna og Svía, því eins og við vitum þá er afstaða Svía núna frekar neikvæð gagnvart því að hafa gengið í sambandið. Ég mæli því með að við fylgjumst mjög vel með og lokum engum dyrum en ég get ekki séð að stefnubreyting sé skynsamleg á þessu stigi.

Að lokum langar mig að koma aðeins inn á hafréttarmál. Þar er mikið að gerast í heiminum eins og fram kemur í skýrslu utanrrh. Ég vil sérstaklega gera það að umtalsefni, sem kemur fram á bls. 12, að íslensk stjórnvöld fyrirhyggi að mótmæla aftur sóknarstýringu á rækjumiðunum á Flæmska hattinum. Það kemur líka fram í skýrslunni að við gerum okkur ljóst að rækjumiðin þar eru ekki ótakmörkuð. Mér finnst þarna koma fram ákveðinn tvískinnungur. Það er búið að ákveða takmörkun á þessu, reyndar með sóknarstýringu sem LÍÚ getur ekki fellt sig við, og þá á bara að leyfa frjálsar veiðar og um leið að heimila að okkar skip safni sér veiðireynslu og ég get að sjálfsögðu tekið undir það. En einhver innbyggð mótsögn er þarna sem ekki er svo auðvelt að ráða úr. Þess vegna spyr ég hæstv. utanrrh. hvort ætlunin sé að þessar veiðar verði stjórnlausar á næstunni eins og þær voru í vetur. Eða á að flýta því að setja lög um úthafsveiðar til að stýra þeim?

Á heildina litið vil ég fagna þessari umræðu um leið og ég lýsi aftur vonbrigðum með hvað fáir taka þátt í henni. Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að vissulega hefði verið æskilegt að taka þessi mál í mun víðara samhengi. Fámennið hér bendir til að skýrsla utanrrh. sé ekki tekin alvarlega af þingheimi og ég velti því fyrir mér hvort að það sé viðkvæmni þessara mála sem veldur því að fleiri taka ekki þátt í umræðunni. Báðar skýringarnar eru að mínu mati slæmar því að þessi mál — staða okkar í samfélagi þjóðanna — er meginmál sem skiptir okkur öll mjög miklu. En þrátt fyrir þær væringar sem hafa birst í þessari umræðu þá tel ég að í heild ríki nokkur sátt um utanríksstefnu Íslendinga þó að ljóst sé að viðkvæmar ákvarðanir eru fram undan á ýmsum sviðum.

[14:10]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í fyrri ræðu minni áðan gafst ekki tími til að fjalla í nema um eitt mál, samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins og þá þróun sem fram undan er varðandi opnun bandalagsins til austurs og hvað unnt er að gera hvað varðar annars vegar opnun Atlantshafsbandalagsins og samrunaferilinn í Evrópu til að treysta öryggi í álfunni og tryggja þar með líka að vinaþjóðir okkar við Eystrasalt verði ekki útundan í þeirri þróun og að niðurstaðan verði sú að öryggi þeirra verði betur tryggt en á horfist. Það er óhjákvæmilegt þegar þessi mál eru rædd, í tilefni af skýrslu eða ræðu utanrrh., að fara nokkrum orðum um annað meginmál þ.e. Ísland í Evrópu. Það er athyglisvert að í ræðu utanrrh. eru þeim málum gerð nokkur skil, einkum í kaflanum sem fjallar um framtíðarþróun Evrópusambandsins og ríkjaráðstefnuna. Þar er vakin athygli á ýmsum tillögum sem uppi eru og munu breyta bandalaginu bæði varðandi innra starf sem og að bandalagið er og verður að mati hæstv. utanrrh. bandalag þjóðríkja en ekki bandaríki eða sambandsríki.

Það er vakin athygli á tillögum sem Bretar hafa sett fram um breytingar á sjávarútvegsstefnunni og áður hefur hæstv. utanrrh. vakið athygli á peningamálastefnunni, þeirri þróun sem nú liggur fyrir að verður, þ.e. sameiginlegum gjaldmiðli, seðlabanka og samræmdri peningamálastefnu. Hæstv. utanrrh. er með öðrum orðum að gera grein fyrir því að Evrópusambandið er í örri þróun bæði inn á við og út á við og að þróun mála þar kann að hafa úrslitaáhrif á íslenska þjóðarhagsmuni. Að því leyti er óhætt að segja að kveði við allt annan tón í umfjöllun hæstv. utanrrh. um Evrópumálin en við heyrum þá sjaldan hæstv. forsrh. lætur þessi mál til sín taka vegna þess að þá eru málin gjarnan afgreidd með fljótaskrift og orðfæri sem satt að segja er sjaldgæft að sé beitt í umræðu um stórmál samtímans.

Nefnum eitt mál til sögunnar, sameiginlegan gjaldmiðil og peningamálaþróunina. Því sem næst öll ríki, lýðræðisríki Evrópu sem ekki eru þegar orðin aðilar að Evrópusambandinu, leita eftir inngöngu fyrir utan Ísland og Noreg að sjálfsögðu, sem hefur þegar tekið afstöðu til málsins og fellt það. Í allri þessari umræðu er orðið ljóst að efasemdaraddir um að staðið verði við sameiginlegan gjaldmiðil eða að þessu verði slegið á frest eru þagnaðar. Menn gefa sér að af þessu verði. Það er t.d. athyglisvert að í umræðu meðal jafnaðarmannaflokkanna í Evrópu hafa menn tekið eindregna og afdráttarlausa afstöðu með með því að halda fast við þá mælikvarða sem Maastricht-sáttmálinn leggur á frammistöðu ríkja í ríkisfjármálum og á jákvæð áhrif peningamálastefnunnar og sameiginlegs gjaldmiðils í heild að því er varðar efnahagsstefnu, stöðugleika og tækifæri til þess að reyna að vinna gegn atvinnuleysi. Í nýlegum gögnum er t.d. vakin á því athygli af hálfu verklýðshreyfingarinnar í Vestur-Evrópu að hún styðji hvort tveggja, þessa aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum og peningamálasamruna og vekur athygli á því að samræmd peningamálastefna og einn gjaldmiðill þýði að þjóðríkin þurfi ekki lengur að kosta jafnmiklu til til þess að verja gengisstefnu sína og sjálfstæðan gjaldmiðil eins og hingað til hefur gerst. Vonir standi til að með sameiginlegri peningamálastefnu takist að lækka enn frekar vaxtastigið í álfunni sem muni hvetja til aukinnar fjárfestingar og atvinnusköpunar. Samræmdur gjaldmiðill muni tryggja stóraukið öryggi á peningamörkuðum, ekki aðeins losa menn við allan þann fylgikostnað sem hingað til hefur fylgt gjaldeyrisbreytingum heldur einnig skerða mjög tækifæri spekúlanta á gjaldeyrismörkuðum til að vinna gegn stöðugleika á grundvelli gjaldmiðla þjóðríkja og að sameiginlegur gjaldeyrisforði innan Evrópusambandsins muni styrkja stórlega svæðið í heild sinni.

Með öðrum orðum er verið að halda því fram að aðdragandinn að sameiginlegri peningastefnu, aðhaldssemi í ríkisfjármálum, muni síðan leiða til aukins stöðugleika og lægri vaxta, öflugri stjórntækja til að vinna gegn atvinnuleysi. Það er niðurstaða af hálfu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar í þessum löndum. Þá er ég að vitna til sambands verkalýðsfélaga í Vestur-Evrópu og ég er að vitna til sambands verkalýðshreyfinga á Norðurlöndum sem komist hafa að þessum niðurstöðum.

Hvað er að segja um Ísland í þessu efni? Við búum þegar við u.þ.b. 3% vaxtamun. Hver verður geta okkar með svo veigalítinn þjóðríkisgjaldmiðil byggðan á stöðu fiskmarkaða þegar við lítum fram í tímann? Verður þessi vaxtamunur enn þá meiri? Hvað um stöðugleikann? Hæstv. utanrrh. hefur einfaldlega vakið athygli á því að þetta er stórmál sem við verðum að leggja vinnu í að rannsaka, þ.e. hvaða áhrif það hafi til lengdar, bæði jákvætt og neikvætt. Annars vegar er að vega og meta stöðugleikaáhrifin og styrkleikann en hins vegar að við mundum afsala okkur því vopni að geta beitt gengisfellingum til þess að tryggja rekstrargrundvöll sveiflukenndra atvinnuvega sem byggja á ástandi fiskstofna og verðlagi á erlendum mörkuðum. Hvort vegur meira, trú okkar á að festa í sessi stöðugleikann eða ótti okkar við að falla aftur í gamla far hins sveiflukennda verstöðvahagkerfis? Það eina sem hægt er um þetta að segja er þetta: Sú stefna sem hæstv. forsrh. hefur gerst talsmaður fyrir, þ.e. að þetta komi okkur ekki við, að Evrópumál séu ekki á dagskrá og að það séu fjarstæðukenndar kröfur að ætlast til þess af núverandi ríkisstjórn að hún vinni heimavinnuna sína, að hún beiti stjórnkerfinu til þess að rannsaka kosti og galla aðildar og líka þess að standa fyrir utan, þetta sjónarmið, þessi málflutningur er svo sannarlega sá eini málflutningur um Evrópusambandsmál sem ekki er haldbær, sem ekki verða færð rök fyrir, sem ekki stenst og sem er raunverulega ekki í samræmi við íslenska þjóðarhagsmuni.

Ég vek athygli á því að fyrir kosningar deildu menn um hvort ríkjaráðstefnunni yrði lokið á yfirstandandi kjörtímabili. Hæstv. forsrh. hélt því gjarnan fram að svo yrði ekki. Það mundi ekkert reyna á þessi mál fyrr en eftir árið 1999. Nú vitum við betur. Ríkjaráðstefnan byrjaði á tilsettum tíma. Það er enginn sem vefengir að henni mun ljúka innan skamms. Sex mánuðum eftir það munu hefjast samningar við ríkin sem fremst standa í biðröðinni og í framhaldi af því við önnur ríki Mið- og Austur-Evrópu. Þetta mál er því að sjálfsögðu til ákvörðunar á þessu kjörtímabili og það sem sagt var við íslenska kjósendur um að svo væri ekki er rangt.

Ágreiningurinn á þessu stigi málsins er fyrst og fremst bara um eitt: Ætla íslensk stjórnvöld að taka alvarlega þá skyldu sína að leggja af stað með þessa vinnu, þessa rannsókn á kostum og göllum eða ætla þau að halda áfram að láta eins og þetta mikilvæga mál komi sér ekki við og sýna þannig með öllu af sér óábyrga hegðun?

[14:19]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil bæta við mína fyrri ræðu nokkrum orðum í tengslum við norrænt samstarf. Það hefur verið lýst eftir því í umræðunni að menn tjái sig um þau mál og ýmsu hefur verið haldið fram í því sambandi sem ég er ósammála.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að skipulagsbreytingar í Norðurlandaráði á síðasta ári hefðu misheppnast. Ég tel að það sé allt of snemmt að kveða upp slíkan dóm yfir þeim breytingum sem þar voru gerðar. Það er ekki komin nein slík reynsla á þær breytingar að hægt sé að fullyrða að þær hafi verið mikil mistök eins og þingmaðurinn gerði. Skipulagsbreytingarnar voru afleiðingar þess að þrjú ríkjanna voru komin inn í Evrópusambandið og það var alveg nauðsynlegt að hugsa upp á nýtt viðfangsefni og skipulag ráðsins, hinnar norrænu samvinnu, á þeim grundvelli og í ljósi þessara breytinga. Það er grundvallarbreyting í þessu sambandi að mál eru nú tekin fyrir á pólitískari hátt en verið hefur. Hinir flokkspólitísku hópar í ráðinu hafa fengið mun meiri völd og áhrif til útnefninga í trúnaðarstöður en sömuleiðis til að fjalla um þær tillögur og þau málefni sem fyrir ráðið koma.

Þetta lýsir sér afskaplega vel t.d. í meðferð tillögu sem hér hefur verið margrædd í þessum umræðum og kemur frá okkur í hægri hópnum í Norðurlandaráði um stækkun NATO og öryggismál á Norðurlöndum og á nágrannasvæðunum, nærsvæðunum. Þessi tillaga fær auðvitað pólitíska meðferð í flokkahópunum. Það eru mér reyndar nokkur vonbrigði t.d. hvernig jafnaðarmenn hafa brugðist við henni, a.m.k. enn sem komið er. Hún hefur hins vegar ekki fengið endanlega umfjöllun og þó hún komi til umfjöllunar á þinginu nú eftir hálfan mánuð, er ekki ljóst hvort hún verður endanlega afgreidd þar eða ekki. Meiri líkur eru á því að mínum dómi að hún muni verða til áframhaldandi meðferðar. Þetta sem hér er verið að ræða um er gott dæmi um mál sem er auðvitað hápólitískt í eðli sínu, öryggismálin, öryggismál Norðurlandanna, stækkun NATO, hugsanleg aðild nýrra landa að NATO, hugsanleg aðild jafnvel Svíþjóðar og Finnlands að NATO. Þetta er hápólitískt mál. En það er til marks um hvernig ráðið hefur breyst að það skuli núna hafa þrek og getu til að takast á við slík mál. Vissulega má halda því fram að það sé ákveðið þroskamerki í samstarfi sem þessu þegar hægt er að taka fyrir slík mál en ekki bara einhver yfirborðskennd kurteisismál eða sjálfsagða hluti eins og ráðið hefur löngum verið gagnrýnt fyrir að gera.

Það er því að mínum dómi allt of snemmt að kveða upp þann úrskurð að skipulagsbreytingarnar í ráðinu í fyrra hafi mistekist og það er alveg ljóst að ráðsins bíða mörg og mikilvæg verkefni sem og norrænnar samvinnu á öðrum sviðum í tengslum við allar hinar norrænu stofnanir sem hafa haldið velli eftir að gerð var á þeim ítarleg hagkvæmnisrannsókn í fyrra. Þannig að ég tel þessu til viðbótar að það sé gríðarlega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að það hefur tekist að stýra þessu samstarfi inn í þó þennan farveg í staðinn fyrir að þetta mundi allt kvoðna niður. Í ljósi þess að hin löndin eru gengin í Evrópusambandið og athygli þeirra og kraftar beinast nú í miklu meira mæli þangað heldur en áður er auðvitað nauðsynlegt að hafa á okkar norræna vettvangi farveg fyrir mikilvæg málefni. Það er nauðsynlegt að tryggja að þar sé ekki um tvöföldun að ræða fyrir hin ríkin og jafnframt að við höfum þar farveg og möguleika til að fylgjast með því sem fram fer á evrópskum vettvangi í gegnum okkar samstarf við þau lönd norræn sem þar eru aðilar.

Þessu langaði mig að koma hér á framfæri, virðulegi forseti. Ég hygg að það sé ekki mikill ágreiningur um mikilvægi hins norræna samstarfs á hinu háa Alþingi en vissulega skiptar skoðanir um ágæti þeirra breytinga sem gerðar hafa verið. Það er hins vegar líka þannig frá þeim gengið að ef skipulagið sem samþykkt var og nú hefur tekið gildi, breytt nefndaskipulag og fleira í þeim dúr, gengur ekki eins og menn hafa gert sér vonir um þá er núna mun umfangsminna að breyta aftur til. Það þarf ekki að gera sambærilegar breyting-

ar á stjórnarskrá þessa samstarfs, þ.e. Helsinki-sáttmálanum, heldur er núna hægt að breyta vinnureglum ráðsins sjálfs sem gerir þetta allt miklu sveigjanlegra og þægilegra í vöfum og þar með auðveldara til að bregðast við nýjum og breyttum aðstæðum.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem hafa komið fram í ræðum þeirra sem hér hafa talað í dag um óskir mínar og viðhorf okkar jafnaðarmanna til beiðni Eystrasaltsþjóðanna um stuðning við inngöngu þeirra í NATO. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé mál sem við þurfum að taka talsvert fastara á. Það hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. að hann telur eðlilegt að áður en gengið er til lokaákvörðunar af hálfu Íslendinga verði þetta mál rætt, fyrst innan utanrmn. og síðan hér í þessum þingsölum. Ég fagna því. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst ekki að hæstv. utanrrh. hafi talað nógu skýrt hér í dag. Ég held að það sé ekki hægt að ásaka mig um tilraun til útúrsnúninga þegar ég segi að það er ekki hægt að orða það öðruvísi en svo að það er a.m.k. áherslumunur annars vegar á viðhorfum hans og hins vegar Sjálfstfl. Ég tala nú ekki um ef við lítum svo á að talsmaður Sjálfstfl. í þessu tiltekna máli sé hv. þm. Geir Hilmar Haarde. Hann hefur lýst því mjög afdráttarlaust að það eigi að styðja inngöngu Eystrasaltsþjóðanna í NATO sem allra fyrst eins og hann orðaði í morgun. Hins vegar sló hann úr og í fannst mér í einhverri ræðu sinni í morgun og taldi að það yrði að gerast með trúverðugum hætti. Hann skilgreindi sjálfur í fyrra hvað það væri að vera trúverðugur í slíkri umræðu. Hann sagði að það væri ekki hægt að setja fram svona kröfu nema fyrir lægi hver væri afstaða Bandaríkjaþings og hann skilgreindi það enn frekar. Nú veit ég ekki hvort þingmenn Bandaríkjanna hafa hvíslað um afstöðu sína í eyru hv. þm. Geirs Hilmars Haardes. Ég veit ekki til þess að hún liggi skýrar fyrir en í fyrra. En það sem hefur breyst er afstaða hans. Hann hefur fyrir hönd hægri manna í Norðurlandaráði lagt fram tillögu sem ég get stutt að öllu leyti og hann hefur líka tekið fram að það eigi að styðja óskir þeirra um inngöngu í Evrópusambandið, mál sem hann hafði allt aðra skoðun á í fyrra. Ég nefndi það hérna vegna þess að hann hefur það fyrir sið í umræðum um utanríkismál að sproksetja menn fyrir að þeir hafi skipt um skoðun, eins og ég. Ég hef skipt um skoðun. En það er nú óvart þannig að í þessu tiltekna máli hefur hann skipt um skoðun líka og það er lofsvert. Það er afskaplega heppilegt fyrir þingið að hafa svona sveigjanlegan formann utanrmn. sem getur skipt um skoðun. Ég vil ekki segja að það gerist eftir því í hvaða landi hann er staddur, en þarna eigum við samleið eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði. Ég held að hér sé mjög sterkt samþykki við þessari kröfu Eystrasaltsþjóðanna. Ég held að það sé nauðsynlegt að áður en íslenska ríkisstjórnin kemur sínum viðhorfum á framfæri innan NATO þá verði látið á það reyna á einhvern hátt hvort íslenska þingið vill ekki styðja þetta afdráttarlausara en kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh.

Ég vil aðeins víkja orðum mínum að hv. þm. Svavari Gestssyni og félaga hans Steingrími J. Sigfússyni. Mér þótti þeir bregðast undarlega við ræðu minni í morgun. Ræða mín var að því leyti til framrétt hönd til Alþb. að ég sagði það fyrstur þingmanna Alþfl. í þessum sölum að ég lít á þingmenn Alþb. sem jafnaðarmenn. Og ég tel að þær breytingar og gerjun sem er í gangi varðandi utanríkismálin sé að má burt helsta ásteitingarsteininn í samvinnu og e.t.v. samruna þessara tveggja flokka í framtíðinni. Ég segi það alveg skýrt og skorinort að ég tel að framtíðin hljóti að bera það í skauti sér að þessir tveir flokkar nái aukinni samvinnu og verði jafnvel einhvern tímann að einum flokki og þar með verði bætt fyrir það sögulega slys sem henti hreyfingu jafnaðarmanna fyrr á þessari öld. Það er ekkert sem undirstrikar jafnskýrt þá hættu sem aðrir flokkar sjá í þessu og einmitt viðbrögð hv. þm. Geirs H. Haarde sem eyddi talsverðum hluta ræðu sinnar í morgun í að reyna að sýna fram á að það eru ýmsir agnúar á þessari samvinnu. Hvers vegna er sjálfstæðisþingmaðurinn að eyða tíma sínum í það? Vegna þess að hann er hræddur. Hann er hræddur við að hérna myndist stór og breiður flokkur jafnaðarmanna. Ég skil vel þann ótta, sér í lagi vegna þess að það er líklegt að sá flokkur jafnaðarmanna yrði í ýmsum efnum miklu frjálslyndari en Sjálfstfl. er nú, sá Sjálfstfl. sem á landsfundi læsti að sér.

Hv. þm. Svavar Gestsson vék nokkrum orðum að Framsfl. og hæstv. utanrrh. og var hálfvegis að skamma hann fyrir að vera að heimila og örva endurmat og afstöðu Framsfl. til utanríkismála, sérstaklega Evrópumála. En nú er það svo að það skýtur hálfvegis skökku við að heyra þetta úr munni hv. þm. Svavars Geststsonar vegna þess að Alþb. hefur líka endurmetið sína afstöðu til Evrópumála. Við skulum ekki gleyma því að tveir flokkar voru með algjörlega hreina afstöðu þegar hér voru greidd atkvæði um aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Það var Alþfl., þar sem allir voru með og það var Alþb. þar sem hver einasti þingmaður greiddi atkvæði gegn. Í kosningabaráttunni voru bornar brigður á að þau sóknarfæri fælust í aðildinni sem Alþfl. hafði sagt. Ef afstaða Alþb. væri enn hin sama og hún var þá, mundi ég ætla að þessir ágætu þingmenn hefðu verið sjálfum sér samkvæmir og lagt fram tillögu um að við segðum okkur úr Evrópska efnahagssvæðinu. Það hafa þeir ekki gert. Þvert á móti hafa a.m.k. nokkrir þeirra talað í þá veru að þeir skilji núna þá nytsemd sem við höfum af aðildinni. Ég dreg þetta fram til að sýna fram á að hv. þm. Svavar Gestsson getur ekki verið að agnúast út í menn þó þeir leyfi sér þann munað að endurmeta afstöðu sína þegar það liggur fyrir að hann sjálfur hefur endurmetið sína stöðu til mjög mikilvægra þátta í utanríkismálum Íslendinga.

Ég segi það líka að þær breytingar sem eru í gerjun eru að vissu leyti mjög sögulegar. Þær eru t.d. sögulegar að því leyti til að það er líklegt að ágreiningsefnin milli Alþfl. og Alþb. sem áður vörðuðu Evrópska efnahagssvæðið sérstaklega og líka Atlantshafsbandalagið séu ekki eins mikil og þau voru áður. Það er merkilegt í sjálfu sér. Og það liggur líka fyrir að þróunin sem er núna að birtast sýnir að það er ekki heldur sami ágreiningurinn, ekki eins djúpristur, milli Alþfl. og Framsfl. og áður var. Við erum stödd á óþekktum punkti í þessari þróun en það hljóta allir menn að sjá eins og ég sagði í morgun að þetta getur leitt til þess að hér breytist algjörlega landslag í íslenskum stjórnmálum. Við skulum ekki heldur gleyma því að í þjóðfélaginu er að myndast krafa um uppstokkun á flokkakerfinu. Þessi umræða um utanríkismálin tengist henni vegna þess að hún er að leiða í ljós að þar hafa orðið breytingar á afstöðu sem gerir það að verkum að auðveldara er að svara þeim kröfum sem við verðum vör við í þjóðfélaginu. Við sem erum oddvitar þessara flokka í sölum Alþingis eigum auðveldara í dag heldur en áður að ræða saman og reyna að ná einhvers konar málamiðlun einmitt í þessum málum. Ég segi að það er þörf fyrir það í

íslenskum stjórnmálum í dag. Það er þörf fyrir að stokka upp flokkakerfið. Það er þess vegna sem ég fyrir mitt leyti hef rétt fram hönd til Alþb. og sagt: Ég lít á þingmenn flokksins sem jafnaðarmenn. Í þessu felst einfaldlega að ég tel að breytingarnar í utanríkismálunum séu þess eðlis að það sé auðveldara fyrir okkur að tala okkur fram til samstöðu nú en áður.

[14:34]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal gera hv. ræðumanni þann greiða að minnast ekki á síðari hluta ræðu hans um ástarmál Alþfl. og Alþb.

Ég ætla hins vegar aðeins að víkja að því sem hann sagði í fyrri hluta ræðu sinnar þegar hann var svo vinsamlegur að vitna til ummæla minna í fyrra um stækkun NATO. Það er auðvitað allt rétt sem ég sagði þar varðandi Bandaríkin og bandaríska þingið. Þar liggur hið raunverulega neitunarvald í þessu máli. Það eru Bandaríkin sem munu þurfa að taka á sig ábyrgðina og kostnaðinn við að taka að sér þær varnir sem bætast við verði NATO stækkað. Það vita allir. Tilvísun mín til Bandaríkjaþings er auðvitað sú að bandaríska þingið þarf að samþykkja þessa stækkun. Þar kann að vera önnur afstaða en hjá framkvæmdarvaldinu í Bandaríkjunum, eins og við þekkjum. Ég veit fyrir víst að það verður mjög erfitt að fá bandarísku öldungardeildina sem þarf að staðfesta alla alþjóðasamninga Bandaríkjamanna til þess að samþykkja stækkun NATO með Eystrasaltslöndin innbyrðis í fyrstu lotu. Þetta eru bara staðreyndir sem allir geta kynnt sér sem fylgjast með fréttum eða tala við menn sem til þekkja. Það stendur allt sem ég sagði um þetta í fyrra. Þetta er bara því miður ein af þeim staðreyndum sem við verðum að horfast í augu við. Það breytir hins vegar ekki því að við Össur Skarphéðinsson erum sammála um að helst ætti þetta ekki að vera svona. Helst ættu þeir að vera sammála okkur um að taka þessi lönd inn strax. Það er alveg rétt.

[14:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á þeim sögulegu tíðindum að einn fremsti leiðtogi Alþfl. hefur lýst því yfir að hann líti á okkur alþýðubandalagsmenn sem jafnaðarmenn. Það eru mikil tíðindi. Yfirleitt höfum við verið taldir í besta falli einræðissósíalistar. Þegar var verið að krýna erfðaprinsinn fyrir flokksþing Alþfl., hv. þm. Sighvat Björgvinsson, þá var sagt: „Hann heldur á lofti hugmyndum lýðræðisjafnaðarstefnunnar“ sem var bersýnilega skot á einhvern sem gerir það þá ekki í forustu Alþfl., sem ég þekki ekki. Þannig að ég vil nota tækifærið og þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir vinsamleg ummæli í minn garð og minna vandamanna á þessum tímamótum. Ég tek því vel sem hann segir.

Ég vil líka segja varðandi utanríkismálin að það er alveg rétt að þar hefur mjög margt breyst í hinu almenna umhverfi utanríkismálanna. Það hafa mjög margir sagt í þessum ræðustól og það hef ég sagt hvað eftir annað á undanförnum. En mér hefur hins vegar fundist að talsmenn Framsfl. og Sjálfstfl. og yfirleitt Alþfl. vildu ekki taka þátt í þróun þeirrar umræðu. Ég skil hv. þm. þannig að hann sé í raun og veru að bjóða til hennar. Og ég skildi hv. þm. Geir H. Haarde þannig í morgun að hann væri tilbúinn að taka á hinni almennu umræðu um utanríkismálin með nýjum hætti á vegum Alþingis og ég fagna því. Vegna þess að, með fullri virðingu fyrir öllum þeim mönnum sem hafa setið í stól utanrrh., það er viðburður að þaðan komi frumleg hugsun, hæstv. forseti.

[14:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég meinti hvert einasta orð sem ég sagði hérna áðan um Alþb. Ég er þess vel meðvitaður að í sögu þessara tveggja flokka hafa verið grimmileg átök og harðvítugar ásakanir. En ég segi um þetta mál, alveg eins og bangsapabbi í Dýrunum í Hálsaskógi áður en hann söng grænmetissönginn: „Nú segjum við að gert sé gert og étið það sem étið er.“

[14:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég verð að játa, hæstv. forseti, að ég er aðeins orðinn ryðgaður í þessum bókmenntum sem hv. þm. vitnaði til því ég á aðeins eldri börn en hann, en mér líkaði það vel sem hv. þm. sagði. (**Gripið fram í:** „Öll dýrin í skóginum eiga að vera vinir.“)

[14:39]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að reyna að átta mig á málflutningi Alþfl. og hv. talsmanna hans þessa dagana. Ég ætla ekki að gera hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þann greiða að sleppa seinni hluta ræðu hans um tilhugalíf hans og Alþb. því það er einmitt sá þátturinn sem ég er að reyna að átta mig á, þ.e. hvort um raunverulegan áhuga Alþfl. sé að ræða á því að ná sambandi og samstarfi við Alþb. og á hvaða grundvelli það er, hvort það sé á grundvelli þess að þeir eigi eitthvað sameiginlegt í utanríkismálum. Auðvitað er það ljóst að núv. formaður Alþfl. var á sínum tíma í Alþb. og það sama á við um hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann var á sínum tíma í Alþb. Það er kannski afturhvarf til þeirrar stefnu sem ríkti í þeim flokki þegar Alþb. var á móti inngöngunni í EFTA. Þá var hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson formaður Alþfl. meðlimur í Alþb. Síðan er maður að lesa einhvern umsvifamesta leiðara sem maður hefur séð í nokkru dagblaði í langan tíma, í Alþýðublaðinu, með stækkuðu letri þar sem Alþfl. er að biðla til Framsfl. Ég er að velta því fyrir mér hvort það sé þá á grundvelli einhverrar samstöðu í utanríkismálum á milli þessara tveggja flokka, hvort þarna séu einhverjir leyndir strengir því fram til þessa hef ég ekki séð þessi tengsl svona a.m.k. ekki augljóslega. Mér virtist á þessum leiðara að það væri vegna þess að Sjálfstfl. væri að breytast, að Alþfl. væri að hrekjast í faðminn á Framsfl., vegna þess að Sjálfstfl. og Alþfl. ættu ekki lengur samleið þá ættu Alþfl. og Framsfl. samleið.

[14:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér talaði sá þingmaður sem helst má um hafa lýsingarorðin: „hissa, hissari, hissastur“. Ég get hins vegar fullvissað hv. þm. um það að nú er að stíga niður af stalli sínum sá formaður sem hann kvað hafa komið úr Alþb. Sá formaður hefur smurt annan til arftökunnar, eins og alþjóð veit, en einhvern nýsvein sem er tiltölulega nýlega skriðinn úr Alþb. þannig að hv. þm. getur huggað sig við það að innan skamms verður formaður kjörinn í Alþfl. sem sannanlega hefur aldrei verið í Alþb. (Gripið fram í.) Hins vegar er það svo að eðlilegt er það að hv. þm. Árni M. Mathiesen viti ekki hvaðan á sig stendur veðrið. Hann hefur verið eitt af skærustu ljósunum í hinum frjálslynda armi Sjálfstfl. sem nýbúið er að setjast á. Hv. þm. talar ekki lengur eins og hann hefur gert á undanförnum þingum um aukin tengsl við útlönd, um

að reyna að nota GATT-samninginn til að bæta kjör íslensks almennings vegna þess að hann er partur af Sjálfstfl. sem hélt landsfund um daginn þar sem var lokað á alla umræðu. Sem eins og segir í gagnmerkum leiðara sem hv. þm. hefur einnmitt vitnað til, þar sem Sjálfstfl. læsti að sér og skaut bröndum fyrir hurðirnar. Það er auðvitað þeirra heimilisböl. En vegna þess að hv. þm. tínir hér sérstaklega til það sem þar segir um Framsfl. þá er það bara svo að Sjálfstfl. í dag er að þessu leytinu til mjög svipaður Framsfl. eins og hann var fyrir 15–20 árum. Hæstv. forsrh. svipti flokknum aftur til fortíðar á meðan þingmenn Framsfl., m.a. í umræðunum hér í dag, hafa verið að kanna svörðinn, hafa verið að hlusta eftir ymnum í grasrótinni. Það er a.m.k. talsverður munur að „leyfa þúsund blómum að blómstra" svo vitnað sé í löngu látinn leiðtoga.

[14:43]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta fer nú að verða spurning um það hvort það verða þúsund blóm sem blómstra eða þúsund ormar sem skríða upp í eyrað á hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni þegar hann reynir að hlusta eftir ómnum í grasrót Framsfl.

Það kann auðvitað að skipta máli fyrir forustu Alþfl. hvort formaðurinn á sér fortíð í grassverði Alþb. eða ekki. Að því leytinu til ætti það kannski að vera gleðifregn fyrir Sjálfstfl. að tilvonandi formaður eða hinn smurði krónprins hefur, svona a.m.k. manna á meðal, verið kallaður hægri- og viðreisnarkrati. Þess vegna er það kannski sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson talar öðruvísi hér úr ræðustól heldur en leiðarahöfundur málgagnsins ritar í Alþýðublaðinu. Þess vegna er það hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem leitar eftir samstarfi við Alþb. en einhverjir aðrir sem leita eftir samstarfi við Framsfl.

Hins vegar held ég að það sé algjör rangtúlkun og algjör misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að Sjálfstfl. sé að skjóta einhverjum slagbröndum fyrir einhverjar dyr hvað varðar utanríkismál. Það held ég að sé algjör misskilningur. Flokkurinn er jafnopinn fyrir því að standa í samstarfi við erlendar þjóðir og hann hefur alltaf verið enda er það grundvöllur sjálfstæðis okkar að við eigum frjáls viðskipti við aðra. Það er hins vegar alltaf spurningin hversu hollt það er fyrir okkur að bindast böndum sem erfitt gæti verið að leysa úr þegar hlutirnir breytast á hinum alþjóðlega vettvangi. Ég minni á að í aldaraðir hefur Evrópa verið að renna saman í stærri heildir og síðan brotna upp aftur í minni heildir. Því er skynsamlegt að við hugsum okkar gang vel áður en við tengjumst þeim enn sterkari böndum en við höfum gert hingað til. En það er þó alls ekkert útilokað að við gerum það í framtíðinni.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil segja hér út af þeim ummælum sem ég viðhafði um stöðu norrænnar samvinnu og sem urðu tilefni til svara af hálfu hv. þm. Geirs H. Haardes, 4. þm. Reykv., að ég var út af fyrir sig ekki að dæma það fyrir fram að þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru í Norðurlandaráði hefðu þegar mistekist og það hefði sannast. Ég taldi þær hins vegar mistök og tel enn. Ég hef áhyggjur, ég endurtek það ég hef áhyggjur af því sem ég þykist sjá í þróun mála á norrænum vettvangi og ég segi það hreinskilnislega og hreint út eins og það er — ég hef áhyggjur af því. Ég þykist sjá ýmis teikn á lofti, hafandi fylgst með því af og til um átta ára bil eða svo sem þar er að gerast. Það er alveg greinilegt, og það er svo sem út af fyrir sig eðlilegt, að tími, áhugi og kraftar norrænna stjórnmálamanna, a.m.k. annarra en þeirra íslensku og að einhverju leyti þeirra norsku, dreifast núna til austurs og suðurs og það ber í ríkari mæli á því að menn gefi þeim málum forgang og norræn verkefni mæti afgangi, því miður. Ég nefndi til sögunnar niðurskurðartillögur Svía og sakna þess að menn skuli ekki hafa tekið beinna á því máli t.d. á ríkisstjórnarplani, að menn beinlínis reyni að hafa áhrif á sænsk stjórnvöld í þá veru að vera ekki uppi með stanslausar tillögur um stórfelldan niðurskurð á norrænum verkefnum. En sú er staða mála. Undanfarin skipti hefur norræna fjárlagagerðin einkennst af reiptogi, ekki síst við þá, um hversu mikill þessi niðurskurður skyldi vera. Hitt er svo rétt sem hv. þm. Geir H. Haarde sagði að vissulega geta líka verið jákvæðir þættir í þróuninni innan Norðurlandaráðs og ég tel t.d. þær breytingar sem orðið hafa á nokkru árabili, að utanríkismál og pólitísk mál eru farin að koma í ríkari mæli inn í umræður á þeim vettvangi til bóta. Þó ég sé ekki endilega þar með að skrifa upp á tillögu hægri manna í Norðurlandaráði er ég í sjálfu sér ánægður með að sjá pólitískar tillögur af því tagi koma þar á dagskrá því umræðum um þær mun fylgja líf og þá þurfa menn að taka á þeim o.s.frv. Hitt er svo annað mál að efni þess máls er vandasamt og flókið og mér finnst menn kannski ræða fullgáleysislega á köflum um þau álitamál sem tengjast stækkun NATO í austurátt og aðild Eystrasaltsríkjanna að því. Ég kýs að nálgast það mál þannig, það er sjálfsagt mál og ekkert nema gott um það að segja af minni hálfu að við Íslendingar styðjum Eystrasaltsríkin í því sem þau vilja. Það finnst mér rétt að gera og það er ég tilbúinn til að gera. En það er ekki þar með sagt að það sem þau vilja sé einfalt mál og það gangi auðveldlega eftir. Ég hef miklar áhyggjur af því að einmitt stækkun NATO í austur geti orðið til ófarnaðar fyrir Evrópu ef illa tekst til, ef nýtt járntjald myndast austar í álfunni. Ef Rússar upplifa sig í þannig stöðu að að þeim sé sótt, þeim sé ógnað, mun það ekki verða til velfarnaðar hvað sem öðru líður og hvað sem um ástandið þar má segja. Ég held að mjög mikilvægt sé að ná að halda þannig á þessum málum að ekki myndist nýtt járntjald í Evrópu, hvorki pólitískt né hernaðarlegt. Og til þess þurfa málin að ganga þannig fyrir sig að menn nái alla leið austur, og helst austur að Kyrrahafi, en ekki sé staðar numið með girðingum einhver staðar á miðri leið. Þetta vil ég segja um það mál. Ég held að þessi blokkamyndun sé öll mjög varasöm, mjög varhugaverð, og það þurfi að vinna gegn því að við drögum gamla kaldastríðsblokka-hugsunarháttinn með okkur inn í framtíðina. En sú hætta er fyrir hendi og hana ber að varast.

Herra forseti. Þó það sé pínulítið á skjön við dagskrármálið, þá verð ég að segja hér nokkur orð um hina útréttu hönd hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar sem því miður að vísu er farinn á fund í Þingvallanefnd en það er önnur saga. En þetta má þá bara fara í þingtíðindin. Ég tek því sömuleiðis mjög vel þegar hv. þm. í einlægni réttir fram hönd og ég tek í hana en með þeim fyrirvara að við séum þá líka að mætast á jafnræðisgrundvelli og að við berum fulla virðingu fyrir sjónarmiðum hvor annars. Það þarf að vera gagnkvæm virðing og skilningur til þess að það hafi eitthvað upp á sig að takast í hendur og það eru ekki forsendur til þess fyrr. Samstarf og samvinna og sameining og allt slíkt hlýtur að byggjast á því að menn mætist af heilindum á jafnræðisgrundvelli og beri virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum sem að einhverju leyti eru uppi og verða alltaf hvort sem menn

eru í einum flokki eða mörgum. Það er nú einfaldlega þannig. Mér fannst að hinu leytinu til, það sem hv. þm. sagði t.d. um stöðuna í utanríkismálum, alls ekki að öllu leyti merkilegt innlegg í þetta mál vegna þess að hv. þm. féll í þá gryfju eins og reyndar margir aðrir að vilja stilla málum upp sem svo að annar aðilinn hefði haft hundrað prósent rétt fyrir sér en hinn hundrað prósent rangt. Nú væri þetta komið í ljós og þar með væri allt í lagi en málin liggja nú ekki þannig. Auðvitað eru öll þessi bónorð og þessar ástarjátningar út og suður hjá Alþfl. og Alþýðublaðinu athyglisverð þessa dagana. Ég leyfi mér að spyrja hvers á aumingja Kvennalistinn að gjalda, ég held að hann hafi gleymst. Ég man ekki eftir því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi borið upp bónorð til Kvennalistans, það hljóta hafa verið mistök. Ég bendi hv. þm. á eða leiðarahöfundum Alþýðublaðsins að helga nú Kvennalistanum smáhorn af leiðara á næstu dögum og biðla til hans. Og ég tek því sömuleiðis þokkalega vel þegar hv. þm. Össur Skarphéðinsson kallar mig jafnaðarmann, ég segi nú það var gott að hann sagði ekki krati. Ég skilgreini sjálfan mig sem félagshyggjumann, svona húmaníska félagshyggjuveru, vinstri mann og þess vegna jafnaðarmann, allt í góðu lagi með það. Ég tek satt best að segja merkimiðann ekki mjög hátíðlega. Það er innihaldið sem skiptir máli, ekki umbúðirnar, ekki nafngiftirnar. Á því þurfum við að átta okkur. Í raun og veru stöndum við ekki hænufeti nær hvor öðrum, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, né heldur fjær þó að við finnum einhverja sameiginlega nafngift. Við erum t.d. báðir sannanlega Íslendingar. En út af fyrir sig breytir það engu um skoðanir okkar þannig að það er nú bara orðaleikur.

Að allra síðustu, herra forseti, vegna orða sem hv. þm. lét falla um afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það er alveg rétt við greiddum atkvæði gegn þeim samningi, við vildum fara aðrar leiðir. Við vildum semja við Evrópusambandið um mál okkar á annan og einfaldari hátt sem hentaði betur sérstöðu okkar og smæð í því sambandi. Það er hins vegar ekki það sama og að segja að þegar að menn eru orðnir aðilar að samningi, hann er kominn á og menn eru orðnir bundnir af honum, jafngildi sú afstaða því að við viljum þar með segja honum upp og/eða þá hvort og hvernig það geti gerst. Svoleiðis liggja málin ekki. Meðan menn eru í samningaviðræðum hafa menn stöðu til þess að staldra við og segja: Nei, við viljum gera þetta einhvern veginn öðruvísi. En það er ekki víst að það sé svo einfalt mál þegar menn eru reyrðir í viðjar flókins samnings með tiltekinni aðferðafræði hvað varðar uppsögn og endurskoðun o.s.frv. Það er sjálfstætt og nýtt mál hvort og með hvaða hætti menn kjósa þá að breyta stöðu sinni þegar inn í slíkt samningaferli er komið.

[14:54]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. að hann hafi áhyggjur út af norrænu samstarfi. Maður getur haft áhyggjur af því en mér finnst hann þó gera heldur mikið úr því að það sé eitthvað á sérstöku undanhaldi. Hins vegar er alveg ljóst og var alltaf ljóst að það yrðu erfiðir tímar í þessu samstarfi fyrst eftir að tvær nýjar þjóðir af norrænu þjóðunum gengu inn í Evróusambandið og maður verður óneitanlega var við það að þær þjóðir eru nokkuð uppteknar af framvindu mála í Brussel. Ég held hins vegar að þjóðirnar muni ekki láta stjórnvöld þeirra landa komast upp með það að segja skilið við norrænt samstarf. Það var þannig með Danmörku sem hefur verið í Evrópusambandinu í yfir 20 ár að þeir voru fyrst dálítið uppteknir af því og sinntu norrænu samstarfi minna um sinn en síðan rættist úr og það er aðdáunarvert hversu vel Danir hafa staðið að norrænu samstarfi þau ár sem þeir hafa verið í Evrópusambandinu. Það er rétt að það var skorið niður. Það voru skorin niður framlög til norræns samstarfs á næsta ári sem nemur um 20 millj. danskra kr. og það er að kröfu Svía. Kannski þarf að virða þeim það svolítið til vorkunnar að þeir eru í mjög hörðum aðhaldsaðgerðum í fjárlagagerð sinni og þess vegna gátu þeir ekki að eigin mati komist hjá því að norrænt samstarf yrði fyrir niðurskurði eins og aðrir þættir ríkisrekstrar. En það að niðurstaðan var 20 milljónir er náttúrlega vegna þess að aðrar þjóðir gerðu kröfur um að ekki yrði skorið niður.

[14:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég bjóst nú við því að framsóknarmenn mundu skilja það mjög vel þegar ég sagðist hafa áhyggjur af norrænu samstarfi. Ég er alveg sammála greiningu hv. þm. á því að auðvitað er einn vandinn sem við er að glíma ósköp einfaldlega þetta nýjabrum sem er á aðild Svíþjóðar og Finnlands að Evrópusambandinu og það er skiljanlegt og eðlilegt upp að vissu marki að í það fer mikil orka, mikill tími og kraftar og jafnvel peningar að koma sér þar fyrir. Það er líka alveg rétt að Danir hafa á seinni árum, á nýjan leik, reynst mun jákvæðari og öflugri stuðningsmenn norrænnar samvinnu en þeir voru um skeið. Skyldi það ekki geta verið vegna þess að þeir eru búnir að uppgötva eftir alllanga veru í Evrópusambandinu að himnaríki er ekki sjálfkrafa í Brussel. Heimurinn frelsast ekki einfaldlega með því að ganga í Evrópusambandið. Það eru þrátt fyrir allt fleiri hlutir sem skipta máli, líka pólitískt og utanríkispólitískt. Danir hafa því á nýjan leik farið að meta meira en áður þætti eins og þá sem þeir eiga í samskiptum sínum og samstarfi við Norðurlönd. Ég hef aðallega áhyggjur af því að skipulagslega séð muni menn lenda og vera í miklum erfiðleikum í norræni samvinnu á meðan hún á að byggja á þessari landfræðilegu aðgreiningu, þessu landfræðilega skipulagi, að þar sé starfað í Evrópunefnd, nærsvæðanefnd og Norðurlandanefnd svo kostulegt sem það nú er að það skuli vera til Norðurlandanefnd í Norðurlandaráði í stað þeirrar málefnalegu uppbyggingar sem áður var þar sem tekið var á og starfað eftir málefnum og í málefnanefndum. En ég fagna því þó að um það er algjör samstaða hér að við hljótum að leggja mikla áherslu á og í raun og veru gefa norrænni, vestnorænni og artískri samvinnu forgang í þessari röð. Þannig er það. Ég held að því leyti til sé ástæða til að minna þá á og draga fram eitthvað sem við eigum hér sameiginlegt öll sem höfum verið að ræða málin í dag að um þetta er ekki ágreiningur.

[14:59]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að við bætum okkur ekkert með því að vera tala mikið á þessari stundu um þetta skipulag sem tekið var upp á síðasta ári. Eins og kom fram í máli hv. þm. Geirs H. Haardes er ekki komin reynsla á það. Hins vegar er hægt að breyta því aftur ef okkur finnst það hafa mistekist en ég er ekki þeirrar skoðunar í dag að það hafi gerst. Við erum með þessu að bregðast við breytingum sem eru því samfara að þjóðirnar eru að ganga fleiri inn í Evrópusambandið með því að stofna til Evrópunefndar. Það er mikill áhugi á Norðurlöndum fyrir samstarfi við nærsvæðin, og þá sérstaklega

baltísku löndin, og í nærsvæðanefnd er fjallað um þau mál og eins nýtt arktískt samstarf o.fl.

Ég vil hins vegar í lokin, hæstv. forseti, þó ég misnoti kannski aðeins aðstöðu mína, segja að umræðan í dag hefur verið mjög áhugaverð. Framsfl. hefur verið mikið í sviðsljósinu í þeirri umræðu og það er náttúrlega ekki að ástæðulausu þar sem formaður okkar flokks fer með utanríkismálin í ríkisstjórn. En vegna þess leiðara sem í gær var í Alþýðublaðinu og hefur verið nokkuð til umræðu og menn hafa verið að gera hér játningar hvar þeir séu í pólitík, þá ætla ég að gera þá játningu hér að ég tel mig ekki vera krata.

[15:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þessi umræða um utanríkismál hefur um margt verið merkileg og farið víða. Ég ætla að feta í fótspor Kristínar Ástgeirsdóttur að hluta til og nefna það að mér finnst óþarfi að umræðan snúist fyrst og fremst um það sem snýr að okkur Íslendingum. Það er ágætt að fara víðar um og litast um í veröldinni og draga e.t.v. af því ákveðna lærdóma og sannarlega finnst mér fulllangt gengið í umræðum um utanríkismál þegar menn eru beinlínis komnir inn í naflann á sér. Mér finnst hins vegar að þessi umræða hafi sýnt okkur að það sem einu sinni var hægt að hólfa af sem utanríkismál er orðið svo samofið flestum þáttum íslensks þjóðlífs að umræða um utanríkismál verður eins konar eldhúsdagur hér á Alþingi.

En þó að umræðan hafi farið víða þá sakna ég þess, herra forseti, að hér hafi verið rætt um þá hagsmuni okkar Íslendinga sem tengjast fiskveiðum, úthafsveiðum okkar á undanförnum árum, möguleikum okkar þar og að það hafi komið nægilega vel fram hvað þar er á döfinni. Það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að úthafsveiðar hafi fært þjóðarbúinu verulegar tekjur og það hefur komið fram að af þeim hagvaxtarauka sem við höfum notið hér, og munum njóta í ár, sé a.m.k. 1–1,5% frá úthafsveiðunum komið eða rúmir 10 milljarðar. Það munar um minna og því er ástæða til að hafa þessa hluti með í umræðunni. Alla vega ættu þeir ekki að gleymast.

Það sem mig langar til að víkja að er í fyrsta lagi það sem hér kemur fram um veiðarnar á Flæmingjagrunni og þá ákvörðun NAFO að beita áfram sóknarstýringu við rækjuveiðar. Undir það var tekið í ræðu utanrrh. að gegndarlausar veiðar og endalaus sóknaraukning muni leiða til ófarnaðar og það þekkjum við. Almennt séð getum við vissulega tekið undir það en í því tilfelli sem þarna um ræðir, þ.e. veiðar á Flæmingjagrunni, þá liggur ekki fyrir að um gegndarlausar veiðar sé að ræða, þ.e. gegndarlausar veiðar sem nú þegar hafi leitt til ofveiði. Þvert á móti sýna kannanir þess fiskifræðings íslensks sem þarna hefur lengst verið að störfum og verið með hvað nákvæmastar mælingar og kannanir á þessu að miðin á Flæmingjagrunni, rækjumiðin, eru sem betur fer í ágætu standi, þannig að þess vegna ættum við að geta borið höfuðið hátt og mætt á NAFO-fundi með okkar kröfur og hugmyndir um veiðar á svæðinu alveg skýrar.

Það hefur líka komið í ljós að enda þótt NAFO-þjóðirnar vilji sóknarstýringu þá eru þær ekki með hámarkskvóta á svæðinu. Það segir okkur e.t.v. að þeir hafi ekki svo miklar áhyggjur af því sjálfir hversu mikið er veitt. Það er ekki hámarkskvóti. Þeir vilja hins vegar stýra þessu með fjölda skipa og e.t.v. hafa þannig áhrif á það hversu mikið aðrar þjóðir veiða. Á það kannski sérstaklega við um okkur Íslendinga sem höfum sýnt það á þessu svæði, eins og annars staðar þar sem við höfum mætt til leiks, að okkar sjómenn ráða að því er virðist yfir mestri tækni og reynslu til þess að geta gert best. Því tel ég að í þeim hugmyndum sem þarna er fjallað um sé tilraun til þess að halda okkar í skefjum frekar en að um sé að ræða áhyggjur af veiðistjórn á svæðinu eða sóknaraukningunni. Ég held að við verðum að skoða það sem þarna er að gerast í því ljósi að það eru engir aðrir sem berjast fyrir okkar hagsmunum, það verðum við að gera sjálf. Og ef við verðum að gera það með því að sýna festu og einbeitni í þessu samstarfi þá gerum við það. En ég er ekki alveg viss um að þær hugmyndir, sem stjórnvöld hafa hvað það varðar að breyta því frv. sem fyrir lá í fyrra um úthafsveiðar og aftur hefur verið kynnt núna í þá veru að hægt sé að taka upp stjórnun íslenskra fiskiskipa á þessu svæði nákvæmlega með tilliti til aðstæðna, séu besta leiðin. En það hefur komið fram áður í máli mínu um það frv.

Það er annað sem ég vildi gjarnan að kæmi fram hjá ráðherranum vegna þess að hann vék í sinni ræðu að hugsanlegum samningum um þorskveiðar okkar í Barentshafi og það er hið svokallaða verndarsvæði við Svalbarða. Hvað hefur utanrrn. unnið fyrir íslenska hagsmuni á því svæði? Norðmenn eru einhliða farnir að úthluta þar veiðiheimildum á grundvelli meintrar reynslu okkar og annarra þjóða, reynslu, sem skapaðist við það í rauninni að okkur var bægt með ýmsum aðferðum af svæðinu, þ.e. reynslu sem ekkert mark er takandi á. Það væri fróðlegt að vita hvað ráðuneytið hefur gert til þess að gæta íslenskra hagsmuna á þessu svæði og hvað er þá fyrirhugað og hvort ofríki Norðmanna á hinu svokallaða verndarsvæði hafi með einhverjum hætti komið inn í þær viðræður sem í gangi hafa verið um þorskveiðar okkar í Barentshafi. Ég held að það sé nauðsynlegt að við skoðum það í samhengi og það komi fram í þessum umræðum einnig.

Svo vildi ég að lokum, vegna þess að hæstv. ráðherra vék að hinum sérstaka starfshópi sem nú vinnur að undirbúningi till. til þál. um hvalveiðar, gjarnan ef ráðherrann gæti greint frá því hvað þegar hefur verið gert til þess að kanna hver áhrif upptaka hvalveiða gæti haft á viðskiptahagsmuni okkar Íslendinga. Slík könnun hlýtur að fara fram og e.t.v. er hún í gangi, e.t.v. er hún búin, en ég held að það sé nauðsynlegt að þinginu sé gerð grein fyrir því hvernig að þessu er unnið og hvað út úr því er þá komið vegna þess að það hvort við tökum upp hvalveiðar skiptir verulegu máli varðandi okkar hagsmuni og það að við tökum upp hvalveiðar að nýju mun óhjákvæmkvæmilega hafa áhrif á utanríkismál okkar Íslendinga og á þær áherslur sem við munum þurfa að leggja á næstu missirum eftir að það verður gert.

Það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi varðandi það að við þyrftum e.t.v. að velja og hafna í því hvar við leggjum okkar áherslur í utanríkismálunum fannst mér mjög athyglisvert og ég mundi gjarnan vilja heyra ráðherrann fjalla nokkuð um það. Það er ljóst að þetta svið sem við enn þá flokkum undir utanríkismál verður æ umfangsmeira og það er jafnframt ljóst að á síðustu árum hefur staða Íslands í hinu alþjóðlega samhengi breyst það mikið að við verðum að taka til endurmats ýmsar þær áherslur sem við höfum áður lagt. Við þurfum líka að taka tillit til þess að þeir sem eitt sinn tóku að sér að gæta okkar hagsmuna gera það ekki lengur. Og af því að hér hefur Norðurlandaráð og Norðurlandasamstarfið nokkuð komið til umræðu, þá er það ekki einu sinni svo að Ísland geti verið ein af þeim röddum því að þær tala ekki lengur einu máli, t.d. á vettvangi Sameinuðu

þjóðanna og þess vegna steðjar að okkur nú ýmiss konar — kannski ekki vandi en alla vega ný viðhorf og viðfangsefni í utanríkismálunum og fyllsta ástæða til þess að reifa málin með þeim hætti sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði fyrr í dag, þ.e. þurfum við ekki að forgangsraða, að meta öðruvísi en við höfum gert hvar við leggjum áherslurnar? Eigum við möguleika á því einhvers staðar að eiga frumkvæði eða erum við komin í þá stöðu að við hrekjumst undan eftir því hvar er bankað á dyrnar hverju sinni hvað varðar íslenska hagsmuni? Eða hvernig lítur ráðherrann á þessi mál?

[15:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst út af spurningu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur í sambandi við Barentshafið, þá höfum við haldið áfram viðræðum og áþreifingum í því máli, en því miður hafa þar ekki náðst samningar. Það hefur komið skýrt fram af okkar hálfu að við viljum leitast við að ná samningum um veiðar okkar í Barentshafi og þeirri viðleitni verður haldið áfram.

Það liggur líka alveg ljóst fyrir að það er uppi ágreiningur milli Íslendinga og Norðmanna í sambandi við Svalbarðasvæðið. Sá ágreiningur er skýr og það hefur ekkert þokast neitt til á milli aðila í þeim efnum. Það eru engar þjóðir sem hafa viðurkennt rétt Norðmanna á þessu svæði nema það var gerður samningur á milli Norðmanna og Kanada á sínum tíma. Við höfum haldið uppi andmælum við Kanadamenn út af því máli og sá samningur hefur ekki enn verið staðfestur af kanadíska þinginu þótt því hafi hins vegar ekki verið lofað að það geti ekki gerst. Það er hins vegar staðreynd að hann hefur enn ekki verið staðfestur og við höfum haldið því mjög á lofti í viðræðum okkar við Kanadamenn.

Út af hvalamálinu, þá er það rétt að það er í höndum þeirrar nefndar sem hefur það mál til umfjöllunar hvaða áhrif hvalveiðar á nýjan leik muni hafa á okkar viðskiptahagsmuni. Það er í sjálfu sér hægt að fara í margvíslegar athuganir á því sviði en ég hef miklar efasemdir um að þar verði einhlít niðurstaða og ég sé í sjálfu sér ekki að það þjóni miklum tilgangi. Það er ljóst að það mun hafa einhver áhrif en það sem menn verða að meta er hvort það sé áhættunnar virði. Ég tel að svo sé því að þarna eru svo miklir hagsmunir í húfi að öðru leyti.

[15:14]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem kom fram hjá ráðherranum um verndarsvæði Svalbarða var í sjálfu sér nokkuð ljóst. Það sem ég var að kalla eftir var hvort menn væru með eitthvað frekar á prjónunum varðandi það mál, hvort það með einhverjum hætti hefði komið inn í viðræður um þorskveiðina í Barentshafinu. Síðan nefndi ég þetta sérstaka tilvik sem laut að því að Norðmenn eru farnir að gefa út kvóta til rækjuveiða á svæðinu og hafa gefið út okkar skammt, hvort það mál hafi sérstaklega verið tekið upp og hvernig menn ætli sér í framhaldinu að bregðast við.

[15:15]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engin frekari svör í þessu máli. Það hefur vissulega verið rætt við Norðmenn um rækjuveiðarnar. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort við sendum þetta mál til alþjóðadómstóls. Það höfum við fullan rétt til að gera og við höfum haldið því að Norðmönnum að við kunnum að gera það. Hins vegar hefur ekki verið tekin um það nein endanleg ákvörðun hvort það verður gert eður ei. Það er enn þá opið og verður opið þangað til ásættanleg niðurstaða fæst í málum. En við hljótum að halda uppi þeim rétti okkar að skjóta slíku máli til þar til kvadds úrskurðaraðila sem er fyrir hendi ef við kjósum að reka það mál. Það mál verður umfangsmikið og það mun taka alllangan tíma og það þarf allmikinn mannafla til að reka slíkt mál. Það hlýtur að vera matsatriði á hverjum tíma hvort við förum út í það. Við höfum ekki viljað gera það á þessu stigi vegna þess að við höfum vonast til þess að hægt væri að leysa ágreiningsmálin með samningum milli Íslendinga og Norðmanna.

[15:17]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það líður að því að þessari umræðu ljúki. Hún hefur að mörgu leyti verið athyglisverð eins og umræður um utanríkismál eru jafnan á hinu háa Alþingi, bæði vegna þess sem kemur fram í umræðunum og ekki síður vegna hins sem ekki kemur fram í umræðunum, sem ekki er talað um. Það á kannski einkum og sér í lagi við um þann flokk sem einna harðast berst nú fyrir því um þessar mundir að við nálgumst Evrópusambandið, að við stillum strengi okkar eftir því hvernig málin þróast þar. Ég sé að enginn fulltrúi þessa ágæta flokks er í þingsalnum núna og harma það því að ég ætla að koma örlítið inn á þessi atriði sem lítið er talað um.

Ég reyndi fyrir ári að færa umræðuna svolítið inn á það hvernig Evrópusambandið er að þróast, hvaða vandamál er rætt um þar sem brennandi vandamál og hvernig umræðan á hinu háa Alþingi sneiðir eiginlega hjá þessum vandamálum.

Við verðum vör við það að ESB er að þróast nokkuð hratt frá efnahagssamstarfi yfir til pólitísks samruna. Í þessu þróunarferli eru sett fram markmið hvert á fætur öðru sem eru í innri mótsögn hvert við annað. Ég tek nokkur dæmi sem ég varpaði ljósi á í umræðum í fyrra en ekki vottar fyrir að menn vilji ræða nú í þessari umræðu.

Stefnan um að víkka út ESB gengur þvert á yfirlýsta stefnu ESB um að draga úr styrkjastefnu sinni og draga úr markaðstruflandi aðgerðum. Útvíkunin gengur þvert á þetta. Það er alveg ljóst að ef menn víkka út ESB, þá neyðast menn til að taka fleiri ríki sömu tökum og Grikkland hefur verið tekið. Þar hefur ESB veitt ómældum fjármunum án þess að það hafi verið viðurkennt innan ESB að þeir fjármunir hafi runnið til nytsamlegra hluta. Það er viðurkennt innan ESB að þeir hafi glatast. Það er því ljóst að það verður þörf á meira styrkjakerfi í ESB eftir útvíkkun og sú staðreynd að menn munu með þessum hætti auka styrkjastarfsemi ESB vegna útvíkkunarinnar kemur til með að hafa áhrif á það sem við höfum verið að semja um við ESB, við höfum verið að semja um á EES-svæðinu. Þar höfum við einmitt verið að semja um það að reyna að láta viðskiptalögmál gilda, samkeppnisreglur, og verið að reyna að draga úr áhrifum truflandi aðgerða á þetta. Þarna er sem sagt verið að vinna að tveimur markmiðum, annars vegar draga úr styrkjastefnu og hins vegar víkka út sambandið. Og þetta bara gengur ekki upp. Um þetta eru menn að ræða í ESB sem mikið vandamál. En það er miklu minna rætt um þetta hér og ekki talað um þetta sem sérstakan vanda, ekki síst af hálfu Alþfl.

Ég vil einnig geta þess að útvíkkunin sem slík gengur náttúrlega beint gegn markmiðinu um einn gjaldmiðil í Evrópu. Hún er mjög skiljanleg hin mikla áhersla sem ESB leggur nú á einn gjaldmiðil og hefur marga athyglisverða fleti fyrir okkur Íslendinga. En þetta gengur beint gegn hugmyndinni

um útvíkkun. Þetta eru markmið sem eru ósamrýmanleg nema þá að menn vilji ganga nokkru lengra í því að búa til styrkjakerfi vegna þess að einn gjaldmiðill fyrir margar þjóðir sem eru með afar mismunandi efnahag og sum meira að segja svo veikan að hann er nánast varla til að tala um, kallar á styrkjakerfi ellegar þá að það kallar á Evrópu sem er tveggja þrepa eða jafnvel þriggja eða fjögurra þrepa og er það ekki lengur sú sameinaða Evrópa sem menn eru að tala um. Þetta vildi ég færa í tal.

Ég ætla að nefna enn eitt dæmi sem menn ræða mjög lítið um hér. Það er hin nýja umræða um öryggismál í Evrópu sem er mjög sérkennileg. Hún kemur mér þannig fyrir sjónir að hún fari fram af talsverðum óheiðarleika. Menn ræða þar um hlutina með svolítið sérkennilegum formerkjum. Það er alveg ljóst að hluti af Evrópusambandsríkjunum eru í NATO og tryggja öryggi sitt með því að vera í NATO. Þar byggist tryggingin á þátttöku Bandaríkjamanna í NATO. En á sama tíma er ljóst að ákveðin ríki hafa gengið í ESB, ekki í NATO, til að tryggja öryggishagsmuni sína og eru Finnarnir besta dæmið um það. Þeir gengu í ESB til að tryggja öryggishagsmuni sína og þeir telja öryggishagsmunum sínum borgið með því að vera inni í ESB. Engu að síður eru engar beinar hernaðarlegar tryggingar fólgnar í þeirra aðild þar. Þar af leiðandi er komið upp einhvers konar einskis manns land þar sem menn telja öryggishagsmunum sínum borgið. En það er engan veginn útfært hvernig á að bregðast við ef upp koma vandamál. Og auðvitað er ekkert spursmál að Eystrasaltslöndin ætla sér nákvæmlega sömu leið. Þarna eru komin ýmiss konar grá svæði í umræðunni og m.a. þeir sem hafa sótt mest á það hér að ræða þessi mál, þ.e. að Íslendingar nálguðust ESB, virðast forðast að tala um þetta.

Ég hef hins vegar óskað eftir því að umræðurnar um tengsl Íslands við ESB færu meira inn á svið t.d. ríkjaráðstefnunnar þar sem einmitt er verið að tala um framtíð ESB. Afstaða okkar til ESB hlýtur að ráðast mjög verulega af því í hvaða átt ESB er að þróast eða hvort umræðan innan ESB er að þróast í margar áttir og mótsagnakenndar. Ég vildi því aðeins vekja athygli á því að mér finnst að þó að þessi umræða hafi á margan hátt verið mjög gagnleg og merkileg, er hún ekki síst merkileg fyrir það sem ekki er rætt um hér í þingsölum.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðeins nokkrar athugasemdir við það sem komið hefur fram. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði athugasemdir við upphaf ræðu minnar þegar ég sagði að þjóðin hafi horfið endanlega frá hlutleysisstefnu í alþjóðamálum þegar við gerðumst aðilar að Sameinuðu þjóðunum.

Nú var það svo að við fengum utanríkismál í okkar hendur 1918 þótt Danir færu með þau fyrir okkar hönd fyrst í stað. En ég minni á að Íslendingar vildu ekki ganga í Þjóðarbandalagið og báru því við að landið væri hlutlaust. Þótt það væri skoðun annarra að það samrýmdist í sjálfu sér hlutleysisstefnunni lögðu Íslendingar svo mikið upp úr henni að þeir vildu standa utan allra slíkra bandalaga. Með inngöngunni í Sameinuðu þjóðirnar fyrir 50 árum varð því hér hugarfarsbreyting og að því leytinu til var þjóðin í sínum huga að hverfa frá hlutleysisstefnunni í alþjóðamálum, þótt ég geti verið sammála því að ýmislegt sem á eftir kom skiptir þar meira máli í sambandi við fráhvarf frá hlutleysisstefnunni, eins og inngangan í Atlantshafsbandalagið og ýmislegt fleira.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að að því er varðar stækkun NATO, er mjög mikilvægt að ekki komi upp nýtt járntjald og þess vegna skipta samskiptin við Rússland miklu máli. Þótt það sé ljóst að Rússland hefur ekkert neitunarvald gagnvart Atlantshafsbandalaginu þá getur þessi stækkun ekki farið farsællega fram nema með nánu samstarfi við Rússa og fyrir því er vilji af hálfu Rússa að auka mjög samskiptin við Atlantshafsbandalagið. Það má segja að það sé verulegur áhugi víða í Rússlandi að ganga hreinlega í Atlantshafsbandalagið. En það er hins vegar ljóst að í Rússlandi var NATO slík grýla í allri opinberri umræðu að þjóðin hefur ekki enn þá áttað sig á öllum þeim blekkingum sem haldið var fram í sambandi við Atlantshafsbandalagið á sínum tíma. Það mun taka nokkurn tíma að menn átti sig á sannleikanum í því sambandi.

Ég varð var við það hjá hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, að honum þótti ýmislegt af því sem ég sagði um Evrópumál vera afar athyglisvert og ekkert nema gott um það. En ég tel það vera skyldu mína að reyna að draga upp þá mynd sem við sjáum á því sem er að gerast í Evrópu. Ég tók hins vegar skýrt fram að aðild að Evrópusambandinu er ekki á dagskrá núverandi ríkisstjórnar. Ég get ekki talað hér fyrir hönd annarra ríkisstjórna, þeirra sem munu koma. Ég tala fyrir hönd þeirrar ríkisstjórnar sem ég sit í. En mér finnst það oft vera hjá þeim alþýðubandalagsmönnum að þeir eru að leita sér að óvini. Þeim finnst vera mjög mikilvægt að eiga einhverja óvini. NATO er búið að vera óvinur þeirra mjög lengi, maður hélt nú að það væri að hverfa, og þeim finnst afar mikilvægt að lýsa Evrópusambandinu með einhverjum allt öðrum hætti en ástæða er til. Það er ekki einu sinni verið að bjóða okkur að ganga í þetta Evrópusamband. Er einhver ástæða til þess að fjandskapaast við það? Eigum við ekki að reyna að hafa vinsamleg samskipti við þá granna okkar sem þarna eru og leita eftir vinsamlegum samskiptum á öllum sviðum? Það höfum við gert innan Atlantshafsbandalagsins. Ef menn hefðu haldið uppi þeirri stefnu sem Alþb. hefur alltaf haft alla tíð, að fjandskapast við Atlantshafsbandalagið, ætli staða Íslands meðal þjóða heimsins væri sú sama og hún er? Og halda menn að það þjóni hagsmunum Íslendinga að vera sérstaklega að fjandskapast við Evrópusambandið eins og mér heyrist að hv. þm. vilji? Fyrir hvern og til hvers?

Það sem ég geri í minni ræðu er að reyna að lýsa því sem við sjáum að er sannast og réttast af því sem þar er að gerast og við teljum það skyldu okkar að leiða það inn í umræðuna. Hv. þm. heldur því fram, að með því að segja svona frá þessu sé verið að setja umræðuna hér alveg í nýtt ljós, af því við leyfum okkur að halda því fram að ekki sé um stórhættulegt bandalag að ræða, eins og ég skildi hann. Herra forseti. Ég skil ekki svona málflutning og mér finnst þeir útúrsnúningar sem þeir alþýðubandalagsmenn temja sér í sambandi við þessi mál ekki vera sæmandi.

Að því er varðar samstarfið við Norðurlöndin þá er rétt að það er á miklum tímamótum. Það skiptir t.d. máli í sambandi við samstarf Norðurlandanna hvort vegabréfasambandið helst áfram, það hefur verið mikill grunnur. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hélt því fram að farið hefði verið af stað í því máli einn fyrir alla og allir fyrir einn. Það er nokkuð til í því. En það náði ekki lengra en svo að aldrei datt nokkrum manni í hug að ef Norðurlöndunum byðist það að fá ásættanlega kosti hjá Evrópusambandinu þá gátum við Íslendingar eða Norðmenn ekki gert ráð fyrir því að Svíar, Danir eða Finnar hættu við, samkomulagið gekk ekki út á

það. Það gekk út á að verða samferða í því að ná ásættanlegri niðurstöðu fyrir allar þjóðir. Sú niðurstaða er að fást. Þá stöndum frammi fyrir því hvort við ætlum að taka þeirri ásættanlegu niðurstöðu. Ef við viljum það ekki getum við ekki ætlast til þess að hinar þjóðirnar taki þessari niðurstöðu. Hver maður hlýtur að sjá að samkomulagið gekk ekki út á það þótt einhverjum henti að reyna að túlka það með þeim hætti.

Það er alveg rétt að það er niðurskurður á norrænu fjárlögunum og það er áhyggjuefni. Við Íslendingar höfum staðið gegn því og reyndar Danir, Norðmenn og Finnar líka. Það hefur verið hart deilt í þeim efnum en Norðurlandasamstarfið er byggt upp með þeim hætti að þar verður að ná samkomulagi og við verðum að ná þeirri niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Svíar eru þeir sem leggja mest af mörkum og því höfum við orðið að taka tillit til sjónarmiða þeirra. Hins vegar hefur verið reynt að draga úr því eins og nokkur kostur er. Ég er þeirrar skoðunar og get verið því sammála að við ættum að senda þau skilaboð inn í norræna samvinnu að auka heldur það fjármagn sem þar er til ráðstöfunar til að leggja áherslu á þýðingu samstarfsins. Ég er í sjálfu sér ekkert hræddur um að norrænt samstarf sé að liðast í sundur. Það er að taka miklum breytingum. Það hlaut að taka miklum breytingum en engin ástæða er til annars en að ætla að Norðurlöndin muni halda fast saman á ýmsum sviðum í framtíðinni og örva samstarf sitt. Það hefur komið mér á óvart í reynd sem utanrrh. hversu vel utanríkisráðherrar Norðurlandanna rækta samstarfið. Þeir halda marga fundi og það er oft þannig að ráðherrar geta ekki komist á fundi vegna annarra anna. En í þann tíma sem ég hef verið utanrrh. hefur það aðeins einu sinni gerst að einn utanrrh. mætti ekki og það var sá íslenski vegna þess að hann var í opinberri heimsókn með forseta Íslands í Kína. Að öðru leyti hafa ráðherrarnir mætt á hvern einasta fund og þeir eru orðnir margir. Mér finnst það sýna áhuga á norræna samstarfinu og mér finnst ekki vera hægt að halda því fram að t.d. Finnar, Danir og Svíar, sem eru afar uppteknir í Evrópusamstarfinu, sinni ekki þessu samstarfi.

Hér hefur verið heilmikið rætt um málefni Eystrasaltsríkjanna og er mikið fjallað um þau mál á vettvangi norrænu utanríkisráðherranna. Við höfum líka haldið um það fundi með samstarfsbræðrum okkar hjá Eystrasaltsþjóðunum og því verður haldið áfram. Ég tel afar mikilvægt að við komum fram sem einn aðili í því máli hvernig við tryggjum öryggismál Eystrasaltsríkjanna í framtíðinni. Við höfum verið að reyna að samræma sjónarmiðin og við höfum líka rætt þau mál við aðrar þjóðir og munum halda því áfram. Meðal annars er fyrirhugað að ræða það nánar við Bandaríkin.

Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir spurði um áherslur í utanríkismálum og hvort við gætum átt þar eitthvert frumkvæði. Það hefur margoft gerst að Íslendingar hafa sýnt frumkvæði í utanríkismálum. Að undanförnu höfum við lagt mikla áherslu á viðskiptamál. Við höfum lagt mikla áherslu á Norðurskautsráðið og stofnun þess og málefni. Við leggjum mikla áherslu á samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins og höfum alltaf gert. Við höfum alltaf reynt að rækta vel samstarfið við Evrópusambandið og skýra þar mál okkar. Auðvitað reynum við að forgangsraða á hverjum tíma og sýna frumkvæði þegar kostur gefst til þess.

Norræna samstarfið er að ganga í gegnum mikið breytingaskeið. Það á líka við um norræna samstarfið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þannig að það er til margra átta að líta. Út af fyrir sig er alveg rétt að alltaf er hætt við því þegar við erum með svo fámenna þjónustu eins og raun ber vitni að við höfum nóg með að fylgjast með og missum e.t.v. af ýmsu. Missum af því að sinna hagsmunamálum okkar nægilega vel og sýna það frumkvæði sem okkur ber þannig að ég tek undir að ástæða er til að fylgjast þar með. Við getum því miður ekki sinnt þessu með alveg sama hætti og ýmsar aðrar þjóðir af skiljanlegum ástæðum. Okkur er t.d. ómögulegt að sinna Evrópusamstarfinu af jafnmiklum krafti og Norðmenn gera vegna þess að þeir hafa sett í það gífurlega fjármuni og mannafla. En til þess að vega upp á móti þessu reynum við að nýta okkur norræna samstarfið og samstarf við aðrar þjóðir til að missa ekki af mikilvægum atriðum. Að því leytinu til er norræna samstarfið okkur gífurlega mikilvægt því við fáum svo mikið frá bræðraþjóðum okkar í gegnum starf þeirra. Við erum því á vissan hátt þiggjendur á því sviði en engin ástæða er til að skammast sín fyrir það því þar njótum við fullrar virðingar.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka umræðuna. Hún hefur verið um margt mjög fróðleg og ég ætla ekki að blanda mér í þær sameiningarumræður sem hér hafa verið. Mér hefur fundist heldur mikill tími fara í það að reyna að sameina ákveðna flokka úr ræðustól á Alþingi og hélt satt best að segja að þessar viðræður væru á einhverju öðru stigi. En það er eins og þetta séu upphafssamningaviðræður sem fara hér fram í dag. Það eru ný tíðindi fyrir mig. Ég hélt að það væru stöðugir fundir um sameiningu þessara flokka miðað við það sem maður heyrir í fjölmiðlum. Svo uppgötvar maður það bara allt í einu að þær eru að hefjast hér á Alþingi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lagði áherslu á það að þetta yrði að vera á jafnréttisgrundvelli og menn yrðu að bera virðingu hver fyrir öðrum og áður en það gerðist gæti engin sameining átt sér stað. Ég skil það svo að menn séu svona að öðlast virðingu hver fyrir öðrum og að reyna að finna jafnrétti sín á milli. Þegar það verður loks búið, hvenær sem það verður nú á þessari öld eða næstu, þá hefjist viðræðurnar.

[15:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi þetta alveg nákvæmlega eins með þessi sameiningartilboð frá Alþfl. og hæstv. utanrrh. og að Framsfl. hljóti núna að fara að hefja viðræður við Alþfl. um sameiningu. Þannig fóru þessar umræður fram bæði af hálfu talsmanns Alþfl. hér, Össurar Skarphéðinssonar, og formanns hans, Jóns Baldvins Hannibalssonar.

Hins vegar er rangt hjá hæstv. utanrrh. að alþýðubandalagsmenn séu eitthvað að fjandskapast út í NATO og alþýðubandalagsmenn séu eitthvað að fjandskapast út í Evrópusambandið, ESB. Málið liggur ekkert svona. Það sem gerðist áðan í umræðum um skýrslu utanrrh. var það að hæstv. ráðherra sagði: „Það er ekki meiningin að gera þetta að ofurríki, eða bandaríkjum Evrópu." Hann sagði: „Það verður nú enginn skortur á upplýsingum og samvinnu um þá hluti frá þessari stofnun" og hann ýjar að því að það sé verið að breyta fiskveiðistefnunni. Hann er með öðrum orðum að reyna að fegra þetta land eins og hann getur. Hann er að fækka spurningum um Evrópusambandið. Hann er að lýsa því jákvæðar en framsóknarmenn hafa gert áður og hann er að setja umræðurnar um þessi mál í nýtt ljós og hann er að færa sig upp að Alþfl. og hann er með Alþfl. að setja aðildina að Evrópusambandinu á dagskrá íslenskra stjórnmála hvað svo sem hæstv. forsrh. segir. Undir þessu situr hæstv. félmrh. og, með leyfi forseta, þegir. Það hefðu einhvern tímann þótt tíðindi. Þetta er veruleikinn sem blasir við. Það er enginn

með útúrsnúninga í þessu máli annar en hæstv. utanrrh. Við þurfum enga óvini í þessum efnum en það er greinilegt að hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. á núna einn óvin og hann ætlar að halda áfram að reyna að hafa það þannig eins og hann mögulega getur, það er Alþb., það er eini aðilinn sem hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., telur ástæðu til að ráðast á og gagnrýna harkalega hér í umræðum. Öðruvísi mér áður brá með Framsfl. þegar hann var vinstri miðflokkur en er núna orðinn hægri miðflokkur.

[15:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki í nokkurn samjöfnuð við hv. þm. um árásir á aðra flokka. Ég hef ekki ráðist mikið á Alþb. Ég bið hv. þm. að líta í eigin barm og rifja upp hvernig hann hefur rætt um Framsfl. í gegnum tíðina. En það er mér að meinalausu. Hann má halda því áfram ef það gerir honum eitthvað gott.

En ég spyr hv. þm.: Hvað er rangt í þessari ræðu? Hvar er eitthvað sagt sem er beinlínis rangt? Hann talar um að ég gefi það í skyn að verið sé að breyta sjávarútvegsstefnunni. Hvað segir í ræðunni, með leyfi forseta: „Bretar hafa ákveðið að taka þetta mál upp á vettvangi ríkjaráðstefnunnar en hér skal ekki lagt mat á hvort þeim muni takast að ná fram breytingum á þeim vettvangi." Er þetta rangt? Er verið að reyna að villa um fyrir fólki? Ég get út af fyrir sig bætt því við að ég á ekki von á að Bretar nái miklu fram í þessum efnum. Ég hefði í sjálfu sér getað sagt það þarna. En það stendur: „Hafa verður í huga að senn líður að heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar og því verki verður að vera lokið fyrir árslok 2002." Þar með er gefið í skyn að þetta mál verði líklega tekið upp í sambandi við heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar. Mér finnst það því vera furðulegt af hv. þm. að halda því fram að ég sé að reyna að fegra Evrópusambandið. Ég reyni að lýsa því eins og ég sé það og ég held að flestir sjái það nema þá helst Alþb. sem gengur illa að sjá hlutina í réttu ljósi. Ég get ekkert við því gert.

[15:43]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og sagt var stundum áður úr þessum ræðustól að ég skil vel að hæstv. utanrrh. geti ekkert í því gert í hvaða ljósi ég sé málin. Mér finnst satt að segja umræðan ekki á háu plani ef hún á að þróast í þessa átt. Nei, vandinn er sá að hér höfum við flokk í sæti utanrrh. sem sagði X-B, ekki EB. Enginn flokkur var harðari á móti Evrópusambandinu í umræðunni um Evrópskt efnahagssvæði en Framsfl. Enginn flokkur hafði hærra um stjórnarskrárbrot í þeirri umræðu en Framsfl. Það muna það allir sem eru hér í salnum, það þýðir ekkert að neita því, hæstv. ráðherra.

Núna er staðan hins vegar þannig að formaður þessa sama flokks sem flutti flestar ræður um stjórnarskrárbrot flytur nú ræðu sem utanrrh. og í dregur eingöngu fram hinar jákvæðu hliðar sem hann telur að hugsanlega séu á Evrópusambandinu. Það er veruleikinn á bls. 3 í ræðu hans. Það eru ekki bara við, hinir vondu alþýðubandalagsmenn, sem skynjum þetta svona heldur skynja hv. þm. Alþfl. þetta sem stórpólitísk tíðindi og kvitta fyrir það hver á fætur öðrum. Það er augljóst mál að hér eru fréttir á ferðinni þó að hæstv. utanrrh. reyni nú í lokin að klóra yfir það þá tekst það ekki. Veruleikinn er þessi: Hæstv. utanrrh. og formaður Framsfl. hefur ásamt formanni Alþfl. sett aðildina að Evrópusambandinu á dagskrá íslenskra stjórnmála.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 92.

[15:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 frá 1980, með síðari breytingum.

Frá Evrópusambandinu barst tilskipun nr. 94/33. Tilskipunin fjallaði um vinnu barna og ungmenna yngri en 18 ára.

Meginreglan er sú að vinna barna á skólaskyldualdri er bönnuð eða leggja skal bann við vinnu barna yngri en 15 ára. Nokkrar undantekningar eru á þessu og settar voru mjög þröngar skorður við vinnu ungmenna innan 18 ára. Þetta er út af fyrir sig mjög skiljanlegt frá sjónarmiði ESB. Það hefur ríkt mikið atvinnuleysi og æskilegt að rýma til á vinnumarkaði. Ég sá viss tormerki á að við gætum undirgengist tilskipunina eins og okkur ber að gera samkvæmt EES-samningnum. Hún hefði í för með sér verulegar þjóðfélagsbreytingar ef hún væri tekin og túlkuð af fullri hörku. Ég skipaði því nefnd 22. sept. 1995 til að vinna að undirbúningi þess að Íslendingar geti framfylgt tilskipuninni og þó gefið íslenskum unglingum áfram möguleika á atvinnuþátttöku. Nefndin hélt 19 fundi og skilaði mér skýrslu. Í skýrslunni kemur fram að atvinnuþátttaka barna og ungmenna er talsvert mikil í íslensku þjóðfélagi. Að vísu hefur hún farið minnkandi á síðari árum.

Á grundvelli þessarar skýrslu var frv. samið. Eftir föngum er reynt að laga þetta að íslenskum aðstæðum og draga úr öfgafullum túlkunum sem hægt er að leggja í tilskipunina. Þá er reynt að taka tillit til fleiri alþjóðasamninga, t.d. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1989 um réttindi barnsins. Ísland fullgilti þann samning 1992. Í öðru lagi að þessu frv. samþykktu getur Ísland undirgengist skuldbindingar samkvæmt 7. gr. félagsmálasáttmála Evrópu en sá samningur var fullgiltur fyrir 20 árum. Í þriðja lagi eru skapaðar forsendur fyrir að hægt verði að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 138 um lágmarksaldur við vinnu.

Herra forseti. Ég vil nefna nokkur atriði í frv. sem prentað er á þskj. 92. Þar segir svo að ákvæði gildi um vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Ákvæði kaflans gilda ekki um tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir skamman tíma og að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ungmenni merkir í lögum þessum einstakling undir 18 ára aldri. Barn merkir í lögum þessum einstakling sem er undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

Í 2. gr. frv. segir að börn megi ekki ráða til vinnu en heimilt er að víkja frá meginreglunni í tilteknum tilvikum. Unglinga er hins vegar heimilt að ráða til vinnu með takmörkunum sem greindar eru á þskj. og það er heimilt að víkja

frá þessu ákvæði þegar það er nauðsynlegt vegna starfsnáms unglinga. Í stuttu máli sagt er frv. um virkan vinnutíma barna — og virkur vinnutími er sá sem er unninn, ekki kaffitímar eða matartímar. Þá er vinnutími barna takmarkaður með eftirfarandi hætti:

a. Átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku ef vinnan er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi.

b. Tvær klukkustundir á skóladegi og 12 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á starfstíma skóla en utan skipulegs skólatíma. Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir. Þó má daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri vera átta klukkustundir.

c. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu sem fram fer á tíma sem skólinn starfar ekki. Daglegur vinnutími barns sem náð hefur 15 ára aldri má þó vera átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku.

d. Sjö klukkustundir á dag og 35 klukkustundir á viku þegar um er að ræða vinnu af léttara tagi sem unnin er af börnum sem eru ekki lengur í skyldunámi.

Virkur vinnutími unglinga er takmarkaður við átta klukkustundir á dag og 40 klukkustundir á viku og hefur reyndar margur unglingurinn á umliðnum áratugum unnið lengri vinnudag á Íslandi.

Herra forseti. Heimilt er að víkja frá ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar í sérstökum tilvikum eða ef réttmætar ástæður leyfa.

Óheimilt er að láta börn að vinna á tímabilinu frá kl. 20 til kl. 6 og óheimilt að láta unglinga vinna á tímabilinu 22 til kl. 6. Heimilt er að víkja frá þessum ákvæðum þegar til þess liggja réttmætar ástæður og að því tilskildu að unglingarnir fái hæfilegan uppbótarhvíldartíma. Unglingar skulu fá minnst 12 klukkustunda samfellda hvíld á hverjum sólarhring og á hverju sjö daga tímabili skulu börn og unglingar fá minnst tveggja daga hvíldartímabil. Læt ég svo lokið að greina frá efni þessa frv.

Það er rúm túlkun á efni þessarar tilskipunar sem birtist í þessu frv. Ég vil, herra forseti, taka fram að það er ekki umdeilt að vinna má ekki koma niður á námi og það er ekki umdeilt að hættuleg störf henta ekki börnum eða unglingum. Ég tel hins vegar að nauðsynlegt sé að venja börn og unglinga við vinnu. Það er einn brýnasti hluti uppeldis og menntunar og nám er að sjálfsögðu vinna og í mörgum tilfellum erfið vinna.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umræðunni verði frv. þessu vísað til hv. félmn.

[15:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það bar vel í veiði að að lokinni umræðu um utanríkismál og umræðunni um Evrópusambandið skyldum við fá hér tilskipun frá Evrópusambandinu til umræðu. Þetta er eins og kaupin gerast á eyrinni í þingsölum eftir að við urðum aðilar að EES-samningnum og þessar tilskipanir eru auðvitað ákaflega mismunandi.

Herra forseti. Það er fremur erfitt að átta sig á því hvaða áhrif þessi tilskipun mun hafa á vinnumarkaðinn og vinnu barna og unglinga. Til þess að átta sig á því þyrfti maður náttúrlega að hafa fyrir augum könnun á vinnu íslenskra barna og unglinga og ég spyr hæstv. félmrh.: Hefur slík könnun verið gerð eða stendur til að gera slíka könnun því að eftir því sem ég þekki til er vinna barna og unglinga mjög mikil hér á landi. Það er auðvitað ákaflega mismunandi en mjög mörg börn og unglingar vinna með skóla og mér segir hugur um að ef þessum lögum verður fylgt eftir verði þetta eitthvað til þess að takmarka þá vinnu. Ég held að það sé mjög af hinu góða því að eins og hæstv. félmrh. sagði í lok ræðu sinnar, vinna má ekki koma niður á námi, en við þekkjum það ákaflega vel t.d. í framhaldsskólanum að þess eru fjöldamörg dæmi að mikil vinna kemur niður á námi.

Ég fór að leita í huganum hvar það er sem börn og unglingar eru að vinna. Það er alveg ljóst t.d. á Reykjavíkursvæðinu að gríðarlega margir unglingar vinna í verslunum, ekki síst í stórmörkuðunum seinni part dags og um helgar þegar mikið er að gera þar. Það er mikið af börnum í blaðaútburði og það er fiskvinnslan og það eru sveitastörf, það er bæjarvinna fyrir þá sem eru í eldri kantinum og síðan eru það vinnuskólarnir. Loks er töluvert mikið um það að unglingar séu að vinna á veitingastöðum og jafnvel á börum og nú er ég að tala um börn og unglinga samkvæmt skilgreiningu þessara laga þar sem eru ákveðnar aldursviðmiðanir.

Þetta vekur upp spurningu um eftirlitið ef við gefum okkur að þessi breyting á lögum um hollustuhætti nái fram að ganga, hvernig því verður fylgt eftir að lögin séu virt því að eftir því sem ég heyri er því miður allt of mikið um það að kjarasamningar séu ekki virtir þar sem börn og unglingar eiga í hlut. Það er allt of mikið um það að börn og unglingar séu í svartri atvinnustarfsemi þannig að ef tilgangur þessara breytinga er sá að tryggja vinnuvernd barna og unglinga sem auðvitað er tilgangurinn þá þarf að kynna lögin ákaflega vel og jafnframt að tryggja það að þeim sé fylgt eftir.

Í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjmrn. virðist ekki vera gert ráð fyrir því að eftirlit verði hert heldur fyrst og fremst að gefið verði út kynningarefni og það þurfi að setja allmargar reglugerðir og síðan verði varið um 300 þús. kr. til fræðslu og kynningar. Þetta eru engin ósköp en ég spyr um eftirlitið, hvernig á að sjá til þess að þessum lögum verði framfylgt? Ég held að það sé afar mikilvægt.

Það er nokkuð sérstakt fyrir samfélag okkar hversu mikil vinna barna og unglinga er ef við miðum við Norðurlöndin. Mikil herferð hefur verið í gangi í heiminum til að koma í veg fyrir þrælahald á börnum, börnum sem vinna í verksmiðjum og þar sem verið er að nýta ódýran vinnukraft þeirra fyrir afar lág laun. Ég hygg að ekki sé mikið um það að börn t.d. undir 10 ára aldri séu í vinnu hér nema ef vera skyldi í blaðasölu. Eitthvað er um það og þau eru töluvert í blaðasölu og blaðburði fram á unglingsár þannig að ég held að það sé ekki beinlínis um þrældóm á börnum að ræða. Þó kann það að vera og það væri ákaflega fróðlegt að við hefðum upplýsingar um það sem ég nefndi hérna í upphafi hvernig vinnu barna og unglinga er háttað. Við þekkjum mörg dæmi þess að algerlega hefur verið gengið fram af börnum með mikilli vinnuhörku þó að vonandi sé það nú að mestu leyti liðin tíð.

Mig langaði aðeins að fá nánari skýringar hjá hæstv. félmrh. varðandi b-lið 5. gr. þar sem verið er að setja hámark á vinnudag: „Daglegur vinnutími má þó aldrei vera lengri en sjö klukkustundir.“ Er það ekki rétt skilið hjá mér að það er verið að leggja saman skóladaginn og vinnu eftir skólatíma? Þarna er um töluvert breytt ákvæði að ræða þar sem skóladagur unglinga getur náttúrlega verið allt upp í sex og jafnvel sjö klukkustundir þannig að samkvæmt lögum er þá ekki mikill tími til vinnu enda er það sjö tíma vinnudagur. Ég tala um nám sem vinnu. Það er auðvitað orðinn fullur

og nægilega langur vinnutími hjá börnum og unglingum. Ég skil það þannig að þarna er verið að ræða um sameiginlegan vinnutíma og skólatíma. Mér vitanlega er ekki neitt hámark í lögum á skólatíma. Við þekkjum það t.d. úr framhaldsskólanum að þar getur skóladagurinn verið mjög langur. Hann er stundum sundurslitinn en hann er stundum alveg ótrúlega langur hjá nemendum sem þessi lög ná til, þ.e. á aldrinu 16–18 ára.

Að öðru leyti sýnist mér að reglurnar séu fremur rúmar. Mikið er rætt um næturvinnu í 6. gr. og ég átta mig ekki beinlínis á því hvar um það er að ræða að verið sé að ráða börn og unglinga í næturvinnu. Það er ekki orðið mikið um næturvinnu, t.d. í fiskvinnslu, og dregið mjög mikið úr því og varla eru unglingar að vinna t.d. í loðnuverksmiðjum. Þó kann það að vera. Það er alveg nauðsynlegt að það sé alveg skýrt hvað leyfist þegar börn og unglingar eiga í hlut, hvort sem þar er um að ræða dagvinnu eða kvöld- og næturvinnu og eins og ég nefndi er auðvitað töluvert um það að unglingar séu að vinna á veitingastöðum, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Ég ætla líka að nota tækifærið í umræðunni til að spyrja hæstv. félmrh. um vinnutímatilskipunina sem nær til fullorðinna. Sýnist hæstv. félmrh. að það muni nást samkomulag á vinnumarkaði um útfærslu á vinnutímatilskipuninni eða þarf hún að koma inn á hið háa Alþingi sem heild eða þarf að gera lagabreytingar? Eru lagabreytingar nauðsynlegar vegna hennar? Eru þær í undirbúningi, ekki tilskipunin sjálf beinlínis heldur breytingar á lögum sem af henni leiða? Ég vil gjarnan fá það upplýst hjá hæstv. félmrh. hvar málið er statt, fyrst við erum að ræða um þessa vinnutímatilskipun sem nær til barna og unglinga.

[16:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem er til umræðu um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem sett er vegna ákvæða í tilskipun Evrópusambandsins, hefur verið nokkuð til umræðu utan þings og einmitt á þeim nótum sem hæstv. ráðherra gat um í upphafi máls síns. Það virðist hafa verið svo að margir hafi verið hræddir við þá tilskipun og kannski ekki síst ráðherrann sjálfur um að þessi tilskipun mundi hafa í för með sér verulegar þjóðfélagsbreytingar sem ég tel ekki vera, ekki síst eftir lestur þessa frv. sem við ræðum hér.

Vissulega er það svo að þessi tilskipun á fullan rétt á sér og ekki síst þar sem barnaþrælkun viðgengst. Maður veltir fyrir sér eins og síðasti ræðumaður hvaða raunveruleg áhrif þessi tilskipun og þá þetta frv. sem við hér ræðum og ákvæði þess hafi, hvort þetta hafi í för með sér einhverjar raunverulegar breytingar frá því ástandi sem við búum við núna. Ég tek undir með síðasta ræðumanni að mér finnst vanta í greinargerð frv. að fram komi ítarlegri úttekt eða skýringar á því hvaða mat nefndarmenn og flutningsmaður þessa frv. leggja á það, hvort þetta hafi einhverjar raunverulegar breytingar í för með sér.

Vissulega hlýtur að vera kappsmál hverrar siðaðrar þjóðar að búa sem best að börnunum og það á auðvitað líka við um vinnumarkaðinn, að aðbúnaður barna sé sem bestur, vinnutími hóflegur, ákveðnar reglur settar um næturvinnu, hvíldartíma o.s.frv. sem hér er gert.

Ég vil segja að þegar ég las þetta yfir kom upp í hug mér að frv. styður mjög það frv. sem ég og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir höfum lagt fram. Það felur í sér að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 ára í 18 ár og ég spyr hæstv. ráðherra að því af því að mér er ekki kunnugt um skoðun hans á því máli hvort hann styðji það að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár. Ég held að það auðveldaði t.d. framkvæmd á ýmsum ákvæðum í þessu frv.

Ég rek líka augun í það að í nokkrum greinum frv. er kveðið afdráttarlaust á um ýmis atriði en síðan er í a.m.k. fjórum greinum talað um frávik frá þessum ákvæðum og Vinnueftirlitinu er ætlað að setja reglur með stoð í sjö af tíu greinum þessa frv. Það sem mér finnst vera sett í einni grein eru svo aftur frávik annars staðar að finna sem hægt er að opna á, bæði varðandi vinnutímann og fleiri ákvæði. Það segir mér út af fyrir sig að það er kannski ekki svo mikil breyting sem þessi ákvæði hafa. Ég vildi gjarnan fá fram í umræðunni mat ráðherrans á því hvaða raunverulegar breytingar þetta hafi í för með sér.

Ég ætla aðeins að fara í nokkur atriði í frv. Ég ætla að nefna 8. gr. Þar er talað um að heimilt sé í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandinn fær ekki stjórnað að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið, ekki sé unnt að fá fullorðna starfsmenn til starfans og unglingar fái samsvarandi uppbótarhvíldartíma á næstu þremur vikum. Þetta er eitt af þeim ákvæðum þar sem ýmislegt er tekið til baka það sem búið er að banna áður. Mér segir svo hugur um að erfitt verði að framfylgja þessu. Hver á að sanna og þá hvernig á að sanna að ekki sé hægt að fá fullorðinn starfsmann til starfans sem kallar á vinnu á næturnar og gengur á þann hvíldartíma unglinga sem kveðið er á um í frv.? Þetta finnst mér eitt dæmi um að erfitt verði að hafa eftirlit með þessu og framkvæma það.

Ég spyr líka um eitt: Ef unglingur er í tveimur störfum, ég tala nú ekki um þremur störfum, sem gæti vel verið, er að bera út blöð á morgnana og í einhverri vinnu annarri yfir daginn og hv. síðasti ræðumaður nefndi vinnu á börum o.s.frv., hver á þá að hafa eftirlit með þeim hvíldartíma sem hann á rétt á? Ég spyr um framkvæmd á þessu og hvort það hafi eitthvað verið hugsað út í það.

Síðan finnst mér ákaflega furðulegt það ákvæði í 1. gr. þar sem kveðið er á um til hverra ákvæðin eigi að ná og til hverra ákvæði þessa frv. ná ekki. Þau ná ekki t.d. til vinnu í fjölskyldufyrirtækjum, stendur hér. Ef maður les um þessa 1. gr. er talað um að orðið fjölskyldufyrirtæki mætti skýra þannig að það taki til rekstrar sem er að verulegum hluta í höndum einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður barni eða unglingi í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti og vegna ættleiðingar. Þetta er í fyrsta lagi spurningin um skilgreininguna á fjölskyldufyrirtækjum hér og ég spyr: Hvers eiga þau börn að gjalda sem eru í fjölskyldufyrirtækjum og vinna þar? Hvíldartímaákvæðið á ekkert að ná yfir þau. Þau mega vinna alla nóttina og þar fram eftir götunum. Mér finnst ákaflega furðulegt að það eigi að gilda önnur ákvæði um börn þeirra sem eiga fjölskyldufyrirtæki en hjá öðrum. Það má vel vera að það sé til einhver skýring á þessu en ég gríp hana a.m.k. ekki strax að það eigi að undanskilja aðbúnað og ákvæði um vinnutíma og hvíldartíma, af hverju það eigi ekki að gilda um börn þeirra sem eiga fjölskyldufyrirtæki. Mér finnst þetta ekki ganga upp en þetta er í tilskipuninni sjálfri og væntanlega hafa nefndarmenn lent í einhverjum erfiðleikum með þetta en ég sé ekki fyrir mér hvernig þetta getur gengið upp.

Á bls. 5 kemur fram að í skýrslu sinni setur nefndin fram ábendingar um breytingar á öðrum lögum, t.d. grunnskólalögum. Hvaða ákvæði eru þetta í grunnskólalögunum? Síðan er talað um að auk þess sé vakin athygli á því að vera kunni að breyta þurfi ákvæðum sjómannalaga líka um lágmarksaldur við vinnu á skipum. Vera kunni að breyta þurfi ákvæðum sjómannalaga. Hefur þetta ekki verið skoðað sérstaklega og í hvaða veru þarf þá að breyta þessu? Er von á frv. þar sem lagt er til breytingar á ákvæðum sjómannalaganna?

Ég held að á margan hátt megi segja að skynsamlega hafi verið að þessu staðið hjá nefndinni þannig að við séum ekki að þrengja frá því sem nú er réttur barna og unglinga til að vinna hóflegan vinnutíma með námi en það eru ýmis ákvæði eins og ég hef hér bent á sem ég tel brýnt að nefndin skoði og fari ofan í sérstaklega.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, spyrja hæstv. ráðherra um tilskipun Evrópusambandsins um vinnuvernd barna og ungmenna. Hefur það verið skoðað alveg sérstaklega að öll þau ákvæði sem eru sett fram í frv. sem hér er til umræðu falli að þeirri tilskipun, stangist ekki á við ákvæði hennar? Erum við að fjalla um sambærileg ákvæði í þessu frv. varðandi þessa tilskipun, t.d. í EES-löndum eins og í Noregi? Eru það svipuð ákvæði sem við erum að taka upp og svipuð ákvæði og gilda í EB-löndunum?

Í heild held ég að megi segja að skynsamlega sé að þessu staðið. Ég hef komið fram með ýmsar ábendingar sem þarf að skoða, sumar stórar að mínu viti, sumar smærri, en ég treysti nefndinni til þess að skoða ákvæði frv. vel. Við þurfum að vanda vel til verka þegar við erum að fjalla um mál eins og aðbúnað barna á vinnumarkaðnum og ég treysti nefndinni til þess að gera það sem best.

[16:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég byrja á því að taka fram að ég lít ekki svo á að hér á landi viðgangist barnaþrælkun og þar af leiðandi séum við ekki í sama vanda og sumar aðrar þjóðir, fyrst og fremst í þriðja heiminum þar sem viðgengst ofboðsleg barnaþrælkun. Vera kann að í Suður-Evrópu megi líka finna dæmi þess að börnum sé ofboðið með vinnu en ég held að það sé ekki hér. Ég legg ríka áherslu á það að ég held að það sé mjög mikilvægt að börn venjist vinnu og líti á hana sem sjálfsagðan hlut af tilverunni. Vinnugleði er hluti af hamingjunni og ég held að það sé mjög mikilvægt að börn og ungmenni venjist vinnu. Hún verður auðvitað að vera með þeim hætti að hún komi ekki niður á námi þeirra en hún verður líka að vera með þeim hætti að þeim stafi ekki hætta af vinnunni í sjálfu sér.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., spurði hvort einhverjar kannanir væru til um vinnuþátttöku barna og ungmenna. Sú eina könnun sem ég þekki var unnin á vegum þess starfsfólks sem ég fékk til þessa verks, þ.e. reyna að kanna það hvernig við gætum fullgilt tilskipunina því að hún kynni að hafa í för með sér verulegar þjóðfélagsbreytingar. Nefndin gerði talsvert ítarlega könnun á vinnuþátttöku barna og ungmenna á Íslandi og hún er til í félmrn. og ég mun hlutast til um að hv. félmn. verði hún tiltæk til að glöggva sig á. Vinnuþátttaka barna og ungmenna hefur minnkað mjög verulega á undanförnum árum. Á höfuðborgarsvæðinu er fyrst og fremst unglingavinna. Úti um land er þetta vinna að framleiðslustörfum í miklu meira mæli.

Ýmislegt fróðlegt kemur fram í könnuninni. Ég vitna í þetta eftir minni. Hér á höfuðborgarsvæðinu höfðu t.d. 4% unnið í fiski. Á landsbyggðinni var þetta með allt öðrum hætti. Ef ég man rétt hafði a.m.k. helmingur komið að fiskvinnslu. Þetta kann að vera ein skýringin á því þrátt fyrir verulegt atvinnuleysi á undanförnum árum hve erfitt hefur verið að fá fólk til fiskvinnslu og þá er ég að tala um ungt einhleypt fólk hér í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu sem þykir ekki tiltækilegt eða sæmandi að bregða sér út fyrir bæjarmörkin til að vinna í fiski. Ég hef dálitla reynslu af þessu úr félmrn. því að mér ofbauð að svo margir væru á atvinnuleysisskrá en samt vantaði fólk og ég hef tvisvar reynt að auglýsa til þess að benda fólki á þegar hefur vantað fólk sárlega í fiskvinnslu. Hér er 4% atvinnuleysi í Reykjavík í september en þrátt fyrir það urðum við að flytja inn marga tugi Pólverja til þess að vinna í fiski. Ég held að það sé vegna þess að fólkið hefur ekki reynslu af þessu, hefur ekki kynnst þessu, heldur að þetta sé eitthvað mjög slæmt eða óvarlegt. Það er aftur ekki reynsla okkar dreifbýlismanna af því að unglingar hafa þar vanist þessum störfum. Það er mjög athyglisvert námskeið sem ég beitti mér fyrir í félagi við Samband fiskvinnslustöðva og var starfrækt í Hafnarfirði fyrir skemmstu fyrir atvinnulaust fólk að þjálfa það í fiskvinnslu. Tveir þriðju af þeim sem fóru á námskeiðið fengu vinnu meðan á námskeiðinu stóð í fiskvinnslufyrirtækjum og eftir því sem ég veit best duga þeir vel á vinnustöðum sínum.

Það er alveg rétt og það er viljandi gert að túlkun á þessari tilskipun er rúm. Mér fannst eðlilegt að leita eftir því og vildi leita eftir því að reyna að túlka hana sem rýmst þó án þess að gerast brotlegur við stóru mömmu í Brussel og reyna að komast þannig frá málinu að ekki hefði í för með sér stórkostlegar breytingar á þjóðfélaginu eða röskun á högum fjölskyldna vegna þess að við verðum að athuga að þeir unglingar sem eru að vinna, vinna fyrir kaupi. Þeir eiga þátt í fjölskyldutekjunum og ef þeir gengju atvinnulausir eða án tekna yrðu foreldrarnir að leggja þeim til vasapeninga. Þetta hefur líka þau áhrif að eitthvað þurfa þau við að vera. Það þyrfti þá að verja meiri peningum til tómstundastarfs. Ekki er hægt að láta þá ganga iðjulausa og sjálfala. Það þarf þá að skaffa þeim eitthvað við að vera ef þeir eru ekki að vinna hóflega.

Ég lít svo á að unglingar eigi ekki að vinna á börum. Ég tel að það sé ómynd og ósiður sem hér hefur tíðkast eins og bent hefur verið á að unglingar skuli vera að vinna á börum. Þar komum við t.d. að einu dæmi um næturvinnuna. Samkvæmt frv. er ekki heimilt að vinna nema í undantekningartilfellum á nóttunni og þá þegar af þeirri ástæðu er vinna fólks innan 18 ára ekki heimil við afgreiðslustörf á börum. Nú er ég ekki mjög tíður gestur á veitingahúsum en mér finnst út af fyrir sig umhugsunarefni hvort það er nokkuð góð eða heppileg vinna fyrir ungmenni að vera glasabörn á veitingahúsum.

Það var spurt hver ætti að hafa eftirlit með þessu. Ég hef ekki áform um að setja upp einhverjar eftirlitssveitir. Ég geri ráð fyrir því að Vinnueftirlitið líti eftir því ef um verulega misbresti yrði að ræða, lögreglan í einhverjum tilfellum. Mér skilst að lögreglan fylgist t.d. með veitingahúsum en ég hef ekki á prjónunum að setja upp einhverjar sérsveitir til þess að framfylgja yfirvinnubanni eða þess háttar.

Hv. 14. þm. Reykv. spurði um skýringar á 5. gr. Ég skil hana með sama hætti og hv. þm., þ.e. að skóli plús vinna megi verða sjö klukkustundir. En það ber að hafa það í huga að í frv. er alltaf talað um virkan vinnutíma, þ.e. frímínúturnar eru taldar frá. Þá er stundafjöldi í skólanum, sem er

væntanlega 40 eða 45 mínútur, lagður saman eða frímínúturnar eru dregnar frá. Síðan það sem virkur kennslutími er plús vinnutíminn.

Spurt var um vinnutímatilskipunina sem er önnur hlið á málinu. Ég hef ekki viljað fara fram með frv. um það mál og það er vegna þess að mér finnst það vera kjarasamningaatriði enda er heimilt að gera það að kjarasamningaatriði. Það er mjög eðlilegt að svo sé. Það er ekki boðlegt að leggja bann eða taka yfirvinnu af fólki öðruvísi en lífskjör þess séu þá tryggð með einhverjum öðrum hætti og það gerist ekki nema í gegnum frjálsa samninga. Ég hef fylgst með því að aðilar vinnumarkaðarins eru að ræða þetta í góðu og leita lausna á málinu. Ég hef mjög mikinn áhuga á því að menn breyti launastrúktúrnum á Íslandi, þ.e. að hækka grunnlaunin og reyna að draga úr hinu ofboðslega vægi yfirvinnunnar. Það er fjölskylduvænt og þarf ekki að koma niður á framleiðni fyrirtækjanna. Ég held að á mörgum sviðum gæti óþreytt fólk náð sömu afköstum á skemmri vinnutíma eins og er með núverandi mjög löngum vinnutíma. Mjög stór hópur þjóðarinnar vinnur á lágum töxtum og á lágu grunnkaupi og má ekki við því að missa yfirvinnuna nema því aðeins að grunnkaupið hækki. Þetta ætti að koma í einn stað niður fyrir fyrirtækin og ég veit um eitt borgarfyrirtæki sem hefur farið út í mjög athyglisverða tilraun. Þar eiga menn að afkasta ákveðnu verki og þeir gera það á miklu styttri tíma en meðan unnið var eftir klukkunni og menn voru að sigta á það að fá sér yfirvinnu. Ég held að það sé leið sem við eigum að athuga mjög vel og ég vonast eftir því að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um þetta atriði. Eins og menn vita hlutast ég ekki til um málefni vinnumarkaðarins nema alveg út úr neyð og ég vonast til að þurfa ekki að leggja fram frv. um þetta atriði. En það gæti rekið að því ef aðilar vinnumarkaðarins koma sér ekki saman að við höfum ekki frið fyrir Evrópusambandinu öðruvísi en að setja lög.

Spurt var um sjálfræðisaldur og mér er kunnugt um að dómsmrn. hefur þetta mál til meðferðar og fyrirspurn var send til félmrn. um hver afstaða ráðuneytisins væri til hækkunar sjálfræðisaldurs. Við unnum nokkuð í þessu og ég kannaði málið og velti því töluvert fyrir mér og svar okkar var það að við töldum að nauðsynlegt væri að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Það var svar okkar.

Herra forseti. Haft var orð á því að það væru frávik og undantekningar sem skilið væri eftir til reglugerðarsmíði og það var gert með vilja. Það er einn þátturinn í því að túlka ekki tilskipunina af fyllstu hörku. Ég mun a.m.k. meðan ég er með reglugerðarvald reyna að sneiða hjá því að fara út í sparðatíning í þessu efni. Ég tel nefnilega að vinna barna og unglinga hjá okkur hafi verið í lagi og ekki sé brýn nauðsyn neinna grundvallarbreytinga.

Spurt var um fjölskyldufyrirtæki. Orðið fjölskyldufyrirtæki er ekki til í íslensku lagamáli. Nefndin sem vann að málinu velti þessu fyrir sér. Í enska textanum á tilskipuninni segir „family undertaking" og þeir leituðu til Evrópusambandsins um hvernig ætti að þýða þetta, hvaða fyrirtæki væri átt við. En samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá Evrópusambandinu er aðildarríkjunum látið það eftir að gefa orðinu inntak. Ég endurtek: Aðildarríkjunum er látið það eftir að gefa orðinu inntak. Nefndin sem samdi frv. hallaðist að þeirri skoðun að hér væri eðlilegt að nota vanhæfnisreglur stjórnsýslulaga og þannig er þetta fundið.

Varðandi það af hverju fólk eigi frekar að fá að vinna hjá fjölskyldufyrirtækjum geri ég ráð fyrir því að hugsunin sé sú þegar menn eru í einni fjölskyldu tilheyri þeir frekar hver öðrum en ella og verkstjóri eða fjölskyldufaðir sýni fremur umhyggju en óskyldur.

Varðandi grunnskólann og sjómannalögin er það á gráu svæði en þetta frv. á að tryggja að fullnægja tilskipuninni nr. 94/33.

[16:31]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svör hans. Hann svaraði sumu sem til hans var beint en ekki öllu og kannski hefur það verið af tímaskorti. Ég fagna því sem fram kom í máli ráðherrans um að hann styður hækkun sjálfræðisaldursins. Varðandi það síðasta sem hann nefndi um fjölskyldufyrirtækin finnst mér þetta nú ekki vera nein skýring á því að þau sem vinna í fjölskyldufyrirtækjum og eru skyld með einhverjum hætti, sem mér finnst ansi teygjanlegt í skýringunum, séu undanþegin þessum ákvæðum. Ég spyr ráðherrann hvort það sé eitthvað sem við komumst ekki hjá að standa að með tilliti til þessarar tilskipunar.

En ráðherrann talaði um að langur vinnutími hér á landi væri ekki fjölskylduvænn. Út af fyrir sig er hægt að samþykkja það en þá leitaði á hugann till. til þál. sem ráðherrann hefur flutt núna í annað sinn sem er um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þetta er mál sem hæstv. ráðherra lagði fram á síðasta þingi eftir að komið var fram þingmannafrv. um sama mál og síðan lét ráðherrann bara kyrrt liggja og mælti ekki fyrir málinu þó eftir því væri leitað og nefndin sem hafði þingmannafrv. um opinbera fjölskyldustefnu til meðferðar í nefnd sinni treysti sér ekki til að taka á því nema hún fengi frv. hæstv. ráðherra líka til meðferðar og skoðunar. Það sem vekur athygli mína núna er hvort hæstv. ráðherra sé að leika hér sama leikinn og hann gerði í fyrra að þetta sé ekkert annað en sýndarmennska. Að koma hér inn með frv., mæla ekki einu sinni fyrir því og láta það bara liggja á borðum þingmanna. Ég segi þetta nú vegna þess að við erum að ræða tvö mál ráðherrans sem eru á dagskrá þessa fundar sem eru nr. 90 og 91. En till. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu er mál nr. 72. Ég spyr hvort hæstv. ráðherra meini ekkert með þessum tillöguflutningi inn á þingi.

Ég spyr líka um tvennt. Má líta svo á að sátt sé um þetta mál hjá aðilum vinnumarkaðarins? Þar sem bent er á að sú leið hafi líka verið fyrir hendi að ganga frá þessum málum í kjarasamningum má líta svo á að fullkomin sátt sé um þetta hjá aðilum vinnumarkaðarins? Ég spyr líka um slysatryggingar barna og ungmenna. Hvernig er þeim háttað? Ég sé að í greinargerð segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við endurskoðun kjarasamninga verði reynt að tryggja með sem bestum hætti að ungmenni séu tryggð við vinnu sína eins og aðrir starfsmenn samkvæmt almennum skilmálum um slysatryggingar launafólks."

Ég rifjaði upp í huganum hvernig slysatryggingu væri háttað hjá börnum og ungmennum á vinnumarkaðinum en ég man það hreinlega ekki og ég spyr hæstv. ráðherra: Er það virkilega svo að börn og ungmenni séu ekki tryggð með sama hætti á vinnumarkaðinum eins og aðrir launþegar? Það er náttúrlega mjög alvarlegt mál ef það er ekki. Ég spyr að þessu gefna tilefni að það á að fara að reyna að tryggja þetta í kjarasamningum.

Í lokin eru það tvö önnur atriði. Í 9. gr. er ákvæði sem mér finnst afskaplega furðulegt. Þar stendur:

„Börn í skyldunámi, sem falla undir b- og c-lið 2. mgr. 60. gr., eiga rétt á að fá leyfi árlega einhvern tíma á meðan á skólafrii stendur."

Ég skil ekki alveg tilganginn með þessu ákvæði. Varla er hægt að skylda börn eða ungmenni til þess að fara að fara á vinnumarkaðinn en þess vegna sé ég ekki af hverju er verið að taka þetta upp. Þetta er kannski eitthvað í tilskipuninni sem verður að taka upp og á ekki við hér en mér finnst þetta afskaplega furðulegt ákvæði.

Síðan er það 10. greinin og hún er raunverulega eina greinin sem ég sé berlega að geti verið eitthvað takmarkandi á því að unglingar geti fengið vinnu með sama hætti og áður á vinnumarkaðinum. En um þá grein segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í greininni er tekið fram að atvinnurekandi skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði barna og unglinga með gerð mats á áhættu sem starf getur valdið þeim. Kveðið er á um að matið fari fram áður en börn eða unglingar hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar verða gerðar á starfsskilyrðum."

Hér er um það að ræða ef unglingur einn eða fleiri sækja um vinnu í einhverju ákveðnu fyrirtæki, ef ég skil ákvæðið rétt, þá ber atvinnurekandanum skylda til þess áður en börn eða unglingar hefja störf að láta fara fram sérstakt mat á áhættu sem starfið getur valdið börnum eða ungmennum. Ég velti fyrir mér hvort að þetta ákvæði geti haft í för með sér að atvinnurekendur muni koma sér þá með einhverjum hætti hjá því að ráða unglinga til starfa ef þeir hafa þær skyldur á herðunum að láta slíkt mat á áhættu fara fram og hvort það sé ekki hreinlega betra að hafa það sem skyldu hjá öllum fyrirtækjum að öryggismál þeirra og aðbúnaður sé þannig úr garði gerður að það sé boðlegt að unglingar geti starfað innan vébanda þeirra. En þarna er um að ræða að ef börn eða unglingar ætla að sækja um starf í einhverju fyrirtæki verði þetta mat að fara fram. Ég stoppaði aðeins við þetta ákvæði, herra forseti, vegna þess að ég sé ekki almennilega fyrir mér hvernig þetta virkar. Fyrstu viðbrögð mín eru að þetta geti verið hamlandi á það í einhverjum tilvikum að atvinnurekendur ráði unglinga til starfa þegar þeir hafa þessa skyldu á herðum sér.

Nú ég hef lagt nokkar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég vænti að hann svari við umræðuna. (Gripið fram í.) Já, það var spurningin um samræminguna. Ég er alveg sammála því að ástæðulaust sé að vera með einhverjar eftirlitssveitir í gangi eins og hæstv. ráðherra nefndi varðandi ýmis ákvæði í þessu frv. Þó tel ég eitt mikilvægt ef á að reyna að framfylgja hvíldartímaákvæðunum og að það sé ekki um næturvinnu að ræða o.s.frv. hvernig hægt er að hafa eftirlit með því þegar unglingur er að vinna á fleiri en einum og kannski fleiri en tveimur stöðum. Ég spurði hvort vænta mætti frv. um breytingar á sjómannalögum. Eins eru nefndar ábendingar um breytingar á öðrum lögum, t.d. grunnskólalögum, hvað er það í grunnskólalögunum sem þarf að breyta og megum við þá eiga von á frv. um það í tengslum við þetta frv.?

[16:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hafði ekki tíma til áðan að fara ítarlega út í þær spurningar sem eftir lágu. Varðandi sjómannalög og grunnskólalög, grunnskólalögin eru náttúrlega tvímælalaust á forræði annars ráðherra. (Gripið fram í.) Það hafa komið upp vangaveltur um það að heildstæður skóladagur og þar sem börnin eru með viðveru allan daginn kunni að stangast á við þessa tilskipun, þ.e. að það sé of mikið álag á börnin að hafa þau þetta lengi. Um þetta greinir menn á. Ég veit að fræðslustjórinn í Reykjavík var með vangaveltur um þetta. Sumir hafa hins vegar fullyrt í mín eyru að þetta eigi ekki við, ég þori ekki að skera úr því. Sjómannalögin eru e.t.v. líka á gráu svæði. Ég teldi það ákaflega illa farið ef þessi lög yrðu túlkuð þannig að strákum eða stelpum 16–18 ára væri meinað að fara á sjó, og guð almáttugur hjálpi okkur, hvernig endurnýjum við sjómannastéttina ef enginn færi á flot fyrr en e.t.v. eftir 18 ára aldur? Flestir okkar sjómenn hafa byrjað sína sjómennsku áður en þeir voru 18 ára og síðan farið í nám í sjómannafræðum.

Varðandi spurningarnar um samræmingu þá skal ég svara því þannig að ég tel að eftirlitsiðnaðurinn á Íslandi sé nú þegar orðinn það mikill að það sé ekki mikið á hann bætandi. Hvað fjölskyldufyrirtæki varðar þá er þetta bein þýðing, orðrétt þýðing upp úr enska textanum, og svarið las ég áðan frá Evrópusambandinu um að hverju ríki væri frjálst að túlka það með sínum hætti. Við getum auðvitað þrengt. Tilskipunin liggur fyrir. Sú túlkun sem kemur fram í frv. er rúm, eins rúm og okkur sýndist vera fært á ákvæðum tilskipunarinnar. Okkur er frjálst að setja strangari reglur ef við kærum okkur um. Ég vil hins vegar ekki beita mér fyrir því.

Það ekki mér að kenna að tillögur um fjölskyldustefnu voru ekki ræddar í fyrra. Geysilangur tími fór í umræður um breytingar á vinnulöggjöfinni og ég setti það á oddinn að það mál hlyti afgreiðslu. Þar af leiddi að mér vannst ekki tími til að mæla fyrir fjölskyldustefnunni. Hins vegar kom til tals hjá okkur hv. form. félmn. hvort tiltækilegt væri að vísa þáltill. til félmn. umræðulaust. Mér fannst nú dálítið snautleg afgreiðsla á góðu máli því mig langaði til að fá umræður um tillöguna og færðist heldur undan þó að ég hafi ekki aftekið það. Ég er búinn að leggja þetta fram á þskj., mig minnir að það sé 72. mál þingsins, og vænti þess að herra forseti lofi mér að tala fyrir því alveg á næstu dögum. Hv. þm. spurði hvort sátt væri hjá aðilum vinnumarkaðarins um þetta frv. Ég held að ég geti fullyrt að svo sé. Eins og sést í upptalningu í upphafi greinargerðar voru aðilar frá Bændasamtökum, Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi og Vinnuveitendasambandi í nefndinni sem fór yfir tilskipun ESB.

Hvað slysatryggingar varðar er ég vanbúinn að svara því. Ég tel sjálfsagðan hlut ef ungmenni er að störfum að það sé tryggt eins og um fullorðinn væri að ræða. Ég veit hvernig þessu er háttað í landbúnaði því ég hef staðið í því sjálfur. Þar eru sams konar tryggingar á starfsfólki. Vinnutímatilskipunin fyrir fullorðna er upplagt kjarasamningaatriði, þetta er aftur ekki kjarasamningaatriði.

Í 9. gr. er átt við að ungmenni sem er í skóla megi ekki vinna allt sumarið, þ.e. það á rétt á að fá eitthvert sumarfrí, að lágmarki tvær vikur. Varðandi skilgreininguna held ég að þar sé átt við að ef um áhættusaman vinnustað er að ræða þá þurfi að meta það.

[16:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var vegna ummæla hæstv. félmrh. um eftirlitið og að hann ætlaði ekki að koma upp neinum sérsveitum til að fylgja lögunum eftir þá þarf sjálfsagt ekki neinar sérsveitir til. En ég er alveg sannfærð um að þörf sé á að efla eftirlit með því að vinnuverndarlögum sé framfylgt hver sem á að gera það og hvernig sem á að gera það.

Ég minni á í því sambandi að stéttarfélögin hafa því miður ekki haft bolmagn til að standa vörð um réttindi unglinga á vinnumarkaði og ég vísa alveg sérstaklega til þeirra sem t.d. vinna í stórmörkuðum og er því miður oft verið að níðast á með lágu kaupi og réttindaleysi. Ég hef sjálf fengið dæmi um slíkt inn á mitt borð og þetta er einfaldlega með þeim hætti að stéttarfélögin ráða ekki við þetta. Það sama gildir um þá sem vinna á svörtum markaði og standa uppi algjörlega réttindalaus ef eitthvað kemur upp á. Það er ekki borgaður lífeyrissjóður, það eru ekki borguð félagsgjöld og það er jafnvel ekki gefið upp til skatts og ef eitthvað gerist eru unglingarnir í mjög vondum málum. Þetta er því miður svona, hæstv. félmrh. Það er of mikið um slíkt og á það sér ýmsar orsakir. Ég vil hvetja til þess að það verði hugað að meira eftirliti. Ég held að þörf sé á því í fleiri efnum sem lúta að stöðunni á vinnumarkaði og vinnuvernd, vinnuálagi, aðbúnaði og ýmsu fleiru. Við erum því miður svolítið á eftir öðrum þjóðum hvað þetta varðar. Þarna þurfum við að taka okkur á, m.a. til að bæta heilsu fólks og vinnuumhverfi þannig að ég vil hvetja til þess að eftirlit sé aukið.

[16:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera að ástæða sé til á einhverjum sviðum að auka eftirlit. Ég tel að það sé alveg tvímælalaust verkefni stéttarfélaga, eins og VR í því dæmi sem hv. þm. nefndi, að sjá til þess að ekki sé verið að níðast á starfsmönnum, hvorki börnum, unglingum né öðrum. Það er erfiðara að koma lögum yfir svörtu vinnuna. Hún er ólögleg og ætti ekki að eiga sér stað. Það er mikil nauðsyn að stemma stigu við henni.

[16:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Hann fór yfir allar þær spurningar sem ég lagði fyrir hann. Ég legg mjög mikla áherslu á það og ég mun auðvitað skoða það líka að slysatryggingarnar nái til barna og unglinga og ég treysti því að ráðherrann skoði einnig að tryggilega sé frá því gengið.

Ráðherrann svaraði því kannski ekki nægilega með sjómannalögin og heildstæðan skóladag hvort menn hafi ekki skoðað fyllilega hvaða áhrif þessi ákvæði hafa á stöðuna hjá börnum og unglingum eins og hún er í dag, hvaða breytingar verða þegar ákvæðin verða að lögum. Ég hrökk við þegar ráðherrann nefndi að tilskipunin gæti stangast á við það að við gætum komið á hér heildstæðum skóladegi. Það finnst mér mjög alvarlegt ef rétt er og ég veit og treysti því að í félmn., sem fær málið til umfjöllunar, verði þetta skoðað sérstaklega. Ég trúi því varla að ákvæðið stangist þarna á við tilskipunina.

Eins get ég tekið undir með ráðherra að það væri töluverð breyting ef unglingum frá 16–18 ára væri meinað að fara á sjóinn. Mér finnst slæmt við þessa umræðu að ekki skuli liggja skýrt fyrir að menn hafi lagt mat á þau tvö mikilvægu atriði sem ég nefndi hér.

[16:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun halda mig við þá túlkun að heildstæður skóladagur brjóti ekki í bága við þessi lög. Mér væri það mjög sárnauðugt að beygja mig undir annað. Ég vil líka halda mig við þá túlkun að ungmenni geti stundað sjó. Ég held að það sé mikilvægt.

Kannski er rétt að nefna það hv. þm. til fróðleiks að Vinnueftirlit ríkisins kostar samkvæmt fjárlagafrv. 134,7 millj. fyrir árið 1997 svoleiðis að töluverðu er varið í eftirlitsþátt.

[16:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að völd ráðherrans eru mikil og ég vona svo sannarlega að það standist að þetta gangi ekki gegn heildstæðum skóladegi eða að ungmenni geti farið á sjóinn. En ég held að ósk ráðherrans dugi ekki ef tilskipunin gengur gegn þessu. Þess vegna þarf þetta náttúrlega að vera alveg klárt. Eitt af því sem ég spurði ráðherrann um er hvort ákvæðin í frv. séu með líkum hætti og gerist hjá öðrum ESB-löndum sem þurfa að gangast undir þessa tilskipun og ég spurði þar sérstaklega um Noreg. Við þurfum náttúrlega að vera alveg klár á þessu, það má ekki vera óljóst þegar við afgreiðum málið frá þinginu hvort þetta stangast á við heildstæðan skóladag eða hvort ungmennum sé bannað að fara á sjóinn eftir að frv. er samþykkt. Það verður að liggja alveg ljóst fyrir hvað menn eru að samþykkja.

[16:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrir sig gæti verið fróðlegt fyrir hv. félmn. að leggja vinnu í að kanna hvort einhverjar hættur séu í þessu fólgnar varðandi sjómenn og varðandi grunnskólann. Ég held hins vegar að við ættum ekki að vera að gefa undir fótinn með þá túlkun. Ég held að hún sé óheppileg og ég hef ekki trú á því að það reyni á þetta nema þá samkvæmt kæru. Þá þyrfti einhver að kæra þessa aðferð hjá okkur til Evrópusambandsins. Þá yrði það auðvitað að hafa sinn gang.

Varðandi ákvæðin eins og þau eru í Noregi þá er ég vanbúinn að svara hvernig er með samræmingu á því. Ég held að hér sé reynt að túlka þetta rúmt. Ég held að það sé gert líka annars staðar á Norðurlöndunum eftir því sem ég veit best. Ég hef ekki borið þetta nákvæmlega saman. Ég veit hins vegar að út af þessu máli urðu töluverð átök á danska þinginu í fyrravor. Þetta frv. er borið fram í annað sinn og ég lagði ekki áherslu á að fá það afgreitt fyrr en ljóst væri hvað Danir mundu gera í málinu en mér skilst að þeir séu búnir að samþykkja að taka tilskipunina upp en það var mikil andstaða gegn því í danska þinginu.

[16:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um heildstæðan skóladag. Að minnsta kosti eins og ég þekki til í Reykjavík þá eru þess dæmi að börn eru í skóla og gæslu eða það sem kallað hefur verið heildstæður skóli hér í Reykajvík allt frá því kl. átta til klukkan fimm og jafnvel lengur á daginn. Það sjá það náttúrlega allir að slíkt er óhæfilega langur vinnutími fyrir lítil börn. En ég get ekki ímyndað mér að að skilgreining Evrópusambandsins yfir vinnutíma nái almennt yfir skólann, sem sagt að skólinn sé skilgreindur sem vinna. Þetta þurfum við auðvitað að kanna. Hér er verið að tryggja að þegar börn eða unglingar eru ráðnir í vinnu umfram þann tíma sem þau eru í skóla þá megi vinnudagurinn ekki fara yfir ákveðna tímatölu. En ég minni á það að formaður skólanefndar í Reykjavík, sem stendur nú hæstv. félmrh. nálægt, minnti einmitt á að það yrði að koma til móts við þarfir barna með styttingu vinnutíma með breytingu á vinnutíma fjölskyldna þannig að þessi gríðarlega langi tími sem börn eru í skóla og gæslu styttist. Hér er verið t.d. að tala um það þegar verið er

að ráða börn í vinnu og launavinnu og ég get ekki ímyndað mér að sú skilgreining nái yfir skólatíma.

[16:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það yrði nú að túlka það og ég vil hallast að þeirri túlkun að heilsdagsskóli sé ekki samfelldur vinnudagur heldur sé þar a.m.k. um frímínútur að ræða, það sé ekki allur tíminn sem sé virkur vinnutími. Þegar lengra kemur í skólann er talað um virkan vinnutíma, þ.e. frímínúturnar dregnar frá. Ég geri ráð fyrir að í heilsdagsskóla sé einhvert andrúm gefið fyrir börnin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 16:57.

16. FUNDUR

mánudaginn 4. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101. — 1. umr.

3. Lífræn og vistræn framleiðsla íslenskra afurða, þáltill., 80. mál, þskj. 81. — Fyrri umr.

4. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 25. mál, þskj. 25. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal samgrh.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá fundi á Ingólfstorgi 24. október 1996.
Erindi frá hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Málefni Neyðarlínunnar hf., 23. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 126.

Sjóvarnir, 115. mál, frv. StB o.fl., þskj. 125.

Stefnumörkun í heilbrigðismálum, 114. mál, þáltill. JóhS o.fl., þskj. 122.

Stjórn fiskveiða, 108. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 116.

Varamenn taka þingsæti.

[15:04]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa fimm bréf er varða varamenn. Hið fyrsta er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurl., Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Annað bréf hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, fyrrv. alþm., taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf."

Kjörbréf Ólafs Þ. Þórðarsonar hefur verið samþykkt. Hann hefur svo sem kunnugt er áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykjavík, Þórunn Sveinbjarnardóttir stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv."

Þórunn Sveinbjarnardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

Í fjórða lagi er bréf, svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykn., Viktor B. Kjartansson tölvunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn."

Viktor B. Kjartansson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Í fimmta og síðasta lagi er síðan bréf sem hljóðar þannig:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurl., Ólafía Ingólfsdóttir bóndi, Vorsabæ, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl."

Kjörbréf Ólafíu Ingólfsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki tekið sæti áður á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ólafía Ingólfsdóttir, 4. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ólafía Ingólfsdóttir, 4. þm. Suðurl., hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:08]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Um þinghaldið í dag vill forseti taka fram að fyrst fer fram atkvæðagreiðsla um 1. dagskrármálið. Að henni lokinni verður umræða utan dagskrár um stöðu jafnréttismála

og mun hún standa í allt að tvo tíma. Eftir þá umræðu verður tekið til við þau mál sem eru á dagskrá fundarins, þ.e. 2.–4. dagskrármál.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 92.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Staða jafnréttismála.

[15:09]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og áður var tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða um stöðu jafnréttismála. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa. Málshefjandi er hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir. Hæstv. félmrh. verður til andsvara.

Áður en umræðan hefst vill forseti tilkynna að samkomulag er um það milli forseta og formanna þingflokka að ræðutími málshefjanda og ráðherra verði tólf mínútur, talsmanna annarra flokka átta mínútur en annarra þingmanna og ráðherra allt að fimm mínútur. Málshefjandi og ráðherra hafa allt að fimm mínútna ræðutíma í lok umræðunnar.

Forseti mun reyna að skipta umræðutímanum sem jafnast milli þingflokka en leggur áherslu á að umræðan standi ekki lengur en í tvær klukkustundir eins og áður var um talað.

[15:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Á þessu ári eru 20 ár liðin frá því að jafnréttislög voru sett. Á þeim tíma hafa konur sótt sér sífellt meiri menntun og þær hafa streymt út á vinnumarkaðinn í ýmiss konar störf. Atvinnuþátttaka kvenna hér á landi er einhver hin mesta í heimi. Konum fjölgaði verulega í sveitarstjórnum og á Alþingi, ekki síst eftir tilkomu Kvennalistans, þótt við séum enn þá nokkuð á eftir öðrum Norðurlandaþjóðum hvað varðar hlut kvenna í stjórnmálum.

Í skýrslu sem Sameinuðu þjóðirnar tóku saman fyrir kvennaráðstefnuna í Kína var Íslands að engu getið en þegar betur var að gáð kom í ljós að Ísland er efst á blaði þeirra þjóða sem tryggja konum mest og best formleg réttindi. Löggjöf okkar er um margt góð og ríkisstjórnin hefur gert framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum. En þegar kemur að framkvæmdinni kemur babb í bátinn. Launamunur milli kynja er mikill og eykst með aukinni menntun. Konur vantar nær algjörlega í raðir stjórnenda fyrirtækja, fjármálastofnana og stjórnkerfis ríkisins. Konur eru fáar í röðum aðila vinnumarkaðarins hvort sem litið er til atvinnurekenda eða verkalýðshreyfingarinnar þótt heldur hafi ástandið skánað meðal hinna síðarnefndu. Hlutur kvenna í ríkisstjórn Íslands er með eindæmum og við horfum enn þá fram á það að náms- og starfsval kvenna er afar hefðbundið. Reyndar má hið sama segja um karla og ráða launamál þar miklu. Það er afar víða sem taka þarf til hendinni hvað varðar jafnrétti kynjanna og stöðu kvenna til að konur sitji við sama borð og karlar jafnframt því sem bæta þarf réttindi karla svo sem til fæðingarorlofs og til að þeir geti betur komið til móts við þarfir heimila og barna.

Í könnun sem Jafnréttisráð lét Gallup vinna fyrir nýafstaðið jafnréttisþing kom í ljós að viðhorf fólks hefur breyst verulega, einkum meðal þeirra sem yngri eru. Fólki finnst sjálfsagt að konur afli sér menntunar og vinni utan heimilis en telja þó æskilegt að annað foreldra geti verið heima hjá ungum börnum. Bæði karlar og konur vilja sjá breytingar í átt til aukins jafnréttis.

Sú viðhorfsbreyting sem Sjálfstfl. vill hrinda af stað og gerði um samþykkt á sínum síðasta landsfundi er löngu hafin. Það er einkum meðal stjórnenda, stjórnvalda og eldri karla sem gamaldags viðhorf í garð kvenna og karla eru enn við lýði. Því til sönnunar vil ég vitna í skýrslu hæstv. félmrh. um stöðu og þróun jafnréttismála sem lögð var fram hér á þingi síðasta vor en komst því miður aldrei til umræðu á Alþingi. Þar segir í kaflanum þar sem fjallað er um launamál, á bls. 11, með leyfi forseta:

„Í viðtölunum kom fram að konur væru álitnar ótryggari starfskraftur og væru því síður ráðnar en karlar. Þetta var einkum skýrt með því að konur dyttu út af vinnumarkaði vegna barneigna og væru meira fjarverandi vegna veikinda barna."

Þarna er eitt dæmi um viðhorf sem kom fram einkum hjá stjórnendum og þarf að breyta. Síðan segir á sömu bls., með leyfi forseta:

„Ungir menn sem rætt var við töldu litlar líkur á að karlmenn gætu sinnt börnum og heimili í ríkara mæli fyrr en kynslóðaskipti hefðu orðið meðal stjórnenda, sem flestir hefðu mjög gamaldags viðhorf."

Þetta var álit ungra karlmanna um viðhorf stjórnenda. Síðar segir á bls. 12 í þessari sömu skýrslu þar sem verið var að spyrja um viðhorf til jafnréttismála:

„Flestir karlanna, einkum innan opinberu stofnananna" — nú bið ég hæstv. fjmrh. að hlusta — „töldu slíka stefnu [þ.e. að gera jafnréttisáætlanir] með öllu óþarfa þar sem jafnrétti væri í fyrirrúmi. Konur væru farnar að sækja meira í stjórnunarstöður og því færi launamunur minnkandi. Niðurstöður könnunarinnar stangast þó á við þetta viðhorf þar sem mesti launamunur á körlum og konum er einmitt meðal stjórnenda og sérfræðinga. Konurnar töldu hins vegar flestar mikilvægt að ákveðin jafnréttisstefna væri mótuð. Allmargir viðmælenda höfðu orð á því að erfitt væri að ná fram jafnrétti á vinnumarkaði nema með því að auka ábyrgð karla á börnum og heimili og slíkt væri erfitt að gera nema með því að auka rétt þeirra til fæðingarorlofs."

Hæstv. forseti. Það sem ég hef hér vitnað til tel ég vera mjög sterkt dæmi um skoðanir fólks á ástandi jafnréttismála. Annars vegar er kvartað yfir því að stjórnendur séu tregir í taumi og hamli breytingum. Hins vegar kemur í ljós að viðhorf bæði karla og kvenna, einkum þeirra sem yngri eru, eru á þá leið að fólk vill sjá breytingar. Það sýnir og sannar að breyta þarf viðhorfum meðal ákveðinna þjóðfélagshópa. En fyrst og fremst skortir á pólitískan vilja til þess að hrinda lögum í framkvæmd og að fylgja því eftir sem Alþingi hefur samþykkt og íslensk stjórnvöld skrifað undir til að mynda í samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum og framkvæmdaáætluninni frá Peking 1995 þar

sem kveðið er á um aðgerðir sem grípa þarf til til þess að bæta rétt kvenna.

Síðasta vetur voru íslensk stjórnvöld kölluð fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem kannað var hvernig þau standa við þessa samninga sem ég minntist á. Í fyrrnefndri skýrslu sem jafnréttisráðherra lagði fram og við höfum tekið fyrir í félmn. er vikið að ýmsum þáttum, bæði því sem jákvætt má telja og hinu sem þarf að bæta. Þar er vakin sérstök athygli á því, sem við verðum nú að telja eitt okkar stærsta vandamál, sem er staða launamála og það mikla og óþolandi launamisrétti kynjanna sem hér viðgengst. Við það er gerð afar sterk athugasemd.

Jafnframt vil ég nefna að í fyrirspurn, sem ég lagði fram í fyrra varðandi úttekt á barnasáttmálanum og hvernig Íslendingar stæðu við hann, kom líka fram athugasemd frá nefnd Sameinuðu þjóðanna sem varðaði það atriði hve launamisrétti hér á landi bitnaði á börnum, ekki síst börnum einstæðra mæðra. Það er alveg ljóst að í þessum efnum eru gerðar athugasemdir við stöðuna og nefnd Sameinuðu þjóðanna sem áður lét álit sitt í ljós komst svo að orði að hér væri nánast um mannréttindabrot að ræða og ég tek svo sannarlega undir það.

Hér skortir mjög á að lögum sé framfylgt og að við stöndum við þá samninga sem við höfum gert og snerta stöðu kvenna og jafnrétti kynjanna. Það vekur auðvitað upp spurningar um hvað hægt er að gera. Við sjáum einmitt dæmi um það þessa dagana að Reykjavíkurborg hefur tekið mikið og sterkt frumkvæði í jafnréttismálum. Þar hefur verið gerð launakönnun. Þar er verið að skikka allar stofnanir til að gera jafnréttisáætlanir. Þar hafa stjórnendur verið teknir á námskeið til að vekja athygli þeirra á því hver þeirra skylda er og það er meiningin að taka á launamálum borgarinnar. Konur hafa markvisst verið ráðnar í áhrifastöður eða stjórnunarstöður hjá borginni þannig að þetta sýnir og sannar að það sem fyrst og fremst skortir eru aðgerðir og pólitískur vilji. Og mín stóra spurning til hæstv. félmrh. er um þennan pólitíska vilja. Hvernig ætlar hann að fylgja eftir lögum og samþykktum þannig að við komumst úr þessu fari sem við erum að hjakka í á mörgum sviðum? Hvað ætlar hann að gera til þess að fylgja málum eftir?

Fyrsta spurning mín til hæstv. félmrh. er sú hvort að fyrirhuguð er úttekt á áhrifum jafnréttislaganna og þar með að fram fari mat á því hvernig og hvort þurfi að styrkja þau.

Í öðru lagi fýsir mig að vita hvort fyrirhuguð er heildarendurskoðun á jafnréttislögunum. Ég þykist vita að hæstv. félmrh. hefur það í huga og væri forvitnilegt að fá fram í hvaða átt sú endurskoðun á að stefna.

Á nýafstöðu jafnréttisþingi komst hæstv. félmrh. einhvern veginn þannig að orði að hann hefði nú ekki mikla trú á því fyrirbæri sem kallað hefur verið jákvæð mismunun og er reyndar mjög slæm þýðing. Ég vildi miklu frekar að við töluðum um jákvæðar aðgerðir eða hvetjandi aðgerðir eins og er hin raunverulega þýðing á þessu hugtaki úr ensku og getur auðvitað náð bæði til karla og kvenna. Ég spyr hæstv. félmrh.: Telur hann þá aðferð að grípa til sérstakra aðgerða úrelta eða óréttlætanlega? Í því samhengi vil ég minna á að konur í Noregi hafa náð sínum mikla árangri ekki síst með því að þar hafa verið samþykktir kvótar, sem hafa tryggt að hlutur kvenna er þar mun betri en víðast hvar annars staðar þó reyndar hafi konur í Svíþjóð náð enn þá lengra.

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh. hvernig hann ætlar að fylgja eftir hinum fjölmörgu samþykktum jafnréttisþings en í samþykktum þingsins er að finna ýmiss konar hvatningu til stjórnvalda m.a. varðandi fæðingarorlof, náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum, endurskoðun aðalnámskrár, varðandi ofbeldi, framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum o.fl. sem ég hef ekki tíma til að tíunda hér. Hvernig ætlar ráðherrann að fylgja þessum samþykktum eftir? Og einnig hvernig ætlar hann að fylgja eftir þeirri samþykkt sem jafnréttisráðherrar Norðurlandanna gerðu hér á fundi í vor þess efnis að það bæri að flétta jafnréttissjónarmið inn í alla ákvarðanatöku? Þetta er það sem hefur verið kallað „mainstreaming" á ensku. Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að framkvæma þetta?

Ég spyr ráðherrann einnig: Hvar er jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar stödd að hans mati? Það var lögð fram skýrsla hér sl. vor sem ég hef vitnað til en mig fýsir að vita hvort ráðherran er ánægður með stöðu mála og hvernig ætlar hann að sjá til þess að henni verði betur fylgt eftir. Ég vil nefna það sérstaklega og taka sem dæmi þar sem greint er frá þessu að þar segir t.d. landbrn., sem hefur tekið á sig ýmsar skuldbindingar, að þar hafi ekkert verið gert, ekki neitt. Ég hef hér í höndunum jafnréttisáætlun frá hollenska landbúnaðarráðuneytinu sem m.a. sýnir það hvað ráðuneyti geta gert í þessum málum.

Ég vil líka spyrja ráðherrann hvað líður aðgerðum til að draga úr launamun kynjanna og þeirri tilraun sem fyrirhuguð er til starfsmats í samvinnu borgar og ríkis og fyrirtækja. Hver er skoðun hæstv. félmrh. á því að flytja jafnréttismálin yfir til forsrn. eins og sjálfstæðismenn vilja?

Og loks lokaspurning, hæstv. forseti. Hvað (Forseti hringir.) þykir hæstv. félmrh. brýnast að gera í jafnréttismálum hér og nú?

[15:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á og efna til þessarar umræðu um jafnréttismál á Alþingi. Mér er sérstök ánægja að fá að fara um það nokkrum orðum. Hv. þm. spurði mig 10 spurninga. Ég hygg að á 12 mínútum muni nú vefjast fyrir mér að gefa fullnægjandi svör við þeim öllum en ég mun reyna eftir því sem tími leyfir að fjalla um þær. Fyrst ætla ég að svara þeirri spurningu hv. þm. um hvort pólitískur vilji væri fyrir hendi. Ég held ég geti fullyrt að svo sé hjá ríkisstjórninni.

Síðan spurði hún um úttekt á áhrifum jafnréttislaganna og mati á því hvernig þurfi að styrkja þau og hvort að fyrirhuguð væri heildarendurskoðun á jafnréttislögum. Fyrstu jafnréttislögin voru sett hér á landi 1976 og lögin hafa verið endurskoðuð nokkrum sinnum og eru núgildandi lög frá 1991. Eins og fram kom í ræðu hv. þm. eru réttindi kvenna vel tryggð í lögum hér á landi. Og eins og hún gat réttilega um höfum við fengið viðurkenningu fyrir að vera í fararbroddi þjóða að þessu leyti. Þannig af þeirri ástæðu er ef til vill ekki brýnt að fara í heildarendurskoðun á lögunum þó að sjálfsögðu hljóti það alltaf að vera til skoðunar.

Hvað varðar úttekt á jafnréttislögunum og mati á því hvernig þurfi að styrkja þau gæti slíkt hljómað vel í tilefni af 20 ára afmæli laganna en ef til vill gæti það orðið til þess að ég sæti frekar með hendur í skauti. Ég held meginatriðið sé nú að reyna að gera framkvæmdaáætlun í málaflokknum. Ég held að það sé meira atriði en að standa í úttektum. En núgildandi áætlun rennur sitt skeið um áramótin 1997/1998 og það þarf að vinna að nýrri jafnréttisáætlun fyrir þann tíma og hún þyrfti helst að liggja fyrir áður en þing hefst á

næsta hausti. Viðfangsefni okkar á næstu missirum hlýtur að vera að reyna að gera jafnrétti kynjanna raunverulegt, þ.e. að lagalegt jafnrétti á að vera tryggt. Jafnrétti er hins vegar ekki praktíserað nægilega vel og það er meginatriðið.

Hv. þm. spurði eftir ummælum mínum um svokallaða jákvæða mismunun sem ég viðhafði á jafnréttisþingi og ef til vill víðar. Ambagan „jákvæð mismunun" fer í taugarnar á mér. Mér fyndist nær að tala um forgang eins og mér finnst þessi rassbaga sé túlkuð. Ég er þeirrar skoðunar að konur séu jafnhæfar körlum og bæði kynin eigi að fá að njóta verðleika sinna. Ef um hæfan einstakling er að ræða að öllu leyti þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu að velja einstakling af því kyni sem er í minni hluta á viðkomandi vinnustað. Ég held að það sé til bóta og það sé varasamt að einskorða vinnustaði við annað kynið. Ég get t.d. vel séð fyrir mér karl í stöðu hjúkrunarforstjóra. Og ég get vel séð fyrir mér að konur stjórni t.d. stóriðjufyrirtækjum. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki fullmikið frjálslyndi?) Nei, þetta er ekki fullmikið frjálslyndi. Ég tel að þetta séu eðlilegir og sjálfsagðir hlutir.

Þingmaðurinn spurði um hvernig ég hugsaði mér að fylgja eftir samþykktum jafnréttisþings. Það vill nú svo illa til að ég hef ekki haft tækifæri til þess að skoða þessar samþykktir nákvæmlega í endanlegu formi. Ég veit svona hér um bil hvað var ályktað en það er ekki búið að afhenda mér þær í endanlegu formi. Mér skilst að sé fundur á morgun þar sem gengið verði frá þessum tillögum. Kannski er þegar búið að ganga frá tillögunum. Þar verður ákveðið hvernig verður staðið að dreifingu þeirra þannig að ég hef þessar samþykktir ekki í endanlegu formi. Ég veit hins vegar að þarna var m.a. ályktað um að atvinnurekendur, samtök launafólks, stjórnmálaflokkarnir á Alþingi og ríkisstjórin yrðu hvött til dáða í jafnréttismálum og það er mjög vel. En það er náttúrlega ekki á valdi stjórnvalda einna að lagfæra allt í jafnréttismálum. Ég held að meginatriði sé hugarfarið. Meginatriðið er hugarfarsbreyting sem vissulega þarf að vera í sumum þáttum til að árangur náist. Og það eru ekki einungis atvinnurekendur, samtök launafólks, stjórnmálaflokkar og stjórnvöld — ég vil nefna sérstaklega sveitarstjórnir sem reyndar hafa tekið á jafnréttismálum sums staðar af myndarskap og það er þakklætisvert.

Fjallað er um launamuninn og það liggur ljóst fyrir samkvæmt fleiri en einni könnun að launamunur hér á landi er um 10–14% sem ekki verður skýrður fyllilega nema þá með því að hann sé kynbundinn. Það var reyndar upplýst á jafnréttisþingi að svipaður launamunur er í löndunum í kringum okkur. Þetta er því ekkert sérískenskt vandamál og þarna er við ramman reip að draga. Ég vil nefna að nefnd undir forustu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hefur unnið að tillögum um kynhlutlaust starfsmat. Ég held að það sé mjög mikilvæg vinna og það er grundvallarvinna í þessu sambandi. Nefndin skilaði tillögum sínum til mín. Ég fór með þær í ríkisstjórn. Ríkisstjórnin samþykkti að hrinda þessum tillögum í framkvæmd eða vinna að því að þær kæmust í framkvæmd. Það er búið að ráða starfsmann í fullt starf í félmrn. eftir auglýsingu og starfsmaðurinn heitir Margrét Erlendsdóttir. Hún er komin í fullt starf við að vinna að þessu verkefni og síðan fær hún liðsauka frá Reykjavíkurborg. Þetta er hugsað þannig að starfsmat verði gert í tveimur ríkisstofnunum, í einni stofnun Reykjavíkurborgar eða fyrirtæki og í einu fyrirtæki úr einkaeða samvinnugeiranum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að vel sé að þessu staðið, vandað og trúverðugt, og ég vænti þess að af þessu starfi verði búinn til grundvöllur sem gæti orðið til að eyða þessum hvimleiða og ósiðlega kynbundna launamun.

Það er hvatt til þess að vinna gegn atvinnuleysi og þá sérstaklega atvinnuleysi meðal kvenna. Ég tel að við höfum verið í því undanfarið. Það er enn þá meira atvinnuleysi hjá konum en körlum. Það er reyndar rétt að hafa það í huga þegar maður athugar atvinnuleysistölur að konur í hlutastörfum sem eru á atvinnuleysisskránni, þ.e. fólk á hlutabótum er á atvinnuleysisskrá, er óaðgreint talið með á atvinnuleysisskrá, og á hlutabótum eru miklu fleiri konur en karlar. Í september minnir mig að það hafi verið um 900 manns sem tóku hlutabætur og eru inni í atvinnuleysistölunum. Þar af voru rúmlega hundrað karlar sem tóku við þessum hlutabótum.

Jafnréttisþing hvatti til þess að í næstu kjarasamningum verði sérstaklega hugað að því að eyða kynbundnum launamun og það eru orð í tíma töluð. Atvinnuleysi er meðal kvenna í dreifbýli og í haust var haldin á vegum FAO í boði landbrn. alþjóðleg ráðstefna á Akureyri um aðstæður kvenna í dreifbýli. Þar kom ýmislegt athyglisvert í ljós sem við gætum gert okkur mat úr við gerð nýrrar jafnréttisáætlunar til þess að bæta stöðu sveitakvenna. Ég hafði þá ánægju að geta farið norður og setið hluta af þessum fundi og átt kvöldstund með því fólki sem þarna var, hafði móttöku fyrir ráðstefnuna, og ég hygg að það sé hægt að nota ýmislegt sem fram kom á þessari ráðstefnu til framdráttar málefninu.

Lánasjóður kvenna hér á landi var m.a. kynntur á þessu þingi og við bindum að sjálfsögðu nokkrar vonir við hann ásamt átaksverkefnum á vegum sveitarfélaga sem gætu dregið úr atvinnuleysi kvenna. Félmrn. hefur í sama tilgangi haldið námskeið til þess að kynna heimaþjónustu félagsmálastofnunar og Reykjavíkurborgar fyrir karla og konur. Þetta er í samvinnu við Sókn og hefur tekist með ágætum. Nú er ljósið farið að blikka en ég á margt ósagt, herra forseti.

Megintilgangur þessara námskeiða er að gera þátttakendum grein fyrir hversu fjölbreytt heimaþjónustan er og hvetja þá til að skrá sig til starfa. (Forseti hringir.) — Ég er ekki búinn að svara nema u.þ.b. helmingnum af spurningunum en ég verð að sjálfsögðu að hlýða herra forseta og biðjast afsökunar á því að hafa ekki svarað fleiru. Ég mun hins vegar nota síðari ræðutíma minn til að fara yfir það sem ég á ósvarað.

[15:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Jafnrétti er ekki það að vera eins, heldur þvert á móti rétturinn til að fá að vera öðruvísi en njóta samt fyllstu mannréttinda. Jafnrétti er því mannréttindi og það er þannig sem við eigum líka að fjalla um það misrétti sem menn eru beittir eða verða fyrir vegna kynferðis.

Við stærum okkur af því að hjá okkur sé öllum formlegum skilyrðum fullnægt, að í lögum okkar og skráðum reglum sé ekki hægt að benda á að kynjunum sé mismunað. Samt er það svo að möguleikar kynjanna eru hreint ekki þeir sömu á öllum sviðum. Það sem helst brennur á er launamisréttið sem er mælanlegt og svo sú tilfinning að þrátt fyrir þetta bókstafsjafnrétti standi konur höllum fæti á ýmsum sviðum vegna vanahugsunar eða eigum við e.t.v. að kalla það leifar af eldri menningu. Menningu sem gerði ráð fyrir því að börnin væru á ábyrgð konunnar, heimilin einnig og þar með velferð fjölskyldunnar. Þessari menningu er t.d. viðhaldið af stjórnvöldum með því hvernig skipað er í nefndir á vegum hins opinbera og jafnvel hæstv. jafnréttisráðherra gerir sig sekan um það að skipa nefndir sem eru eingöngu skipaðar

körlum. Alltaf koma fram sömu munstrin hvort sem stjórnvald skipar eða kynin velja sér viðfangsefni. Konurnar velja eða veljast af þeim sem snúa að heimilum, fjölskyldu, börnum og velferð þeirra. Þar virðist þeirra fyrsta skylda liggja enn. Auk þessa eru þær svo að reyna að tileinka sér allt það sem karlarnir hafa verið að fást við.

Ef það er fjölskylduábyrgðin sem gerir það að verkum að konur eru almennt ekki taldar hæfar til að gegna æðstu embættum eða vera verðugar sömu launa, þá hljótum við að beina augum okkar að þeirri fjölskyldustefnu sem rekin hefur verið í okkar samfélagi. Ég er ekki að segja, herra forseti, að þetta sé meðvitað. En ef þetta er enn hluti af okkar menningu og okkur þar með nánast ósjálfrátt, þá þurfum við að bregðast við þar sem vandinn liggur. Þess vegna er opinber fjölskyldustefna sem vinnur meðvitað í því að gera bæði kynin ábyrg fyrir frumþörfum sínum og báða foreldra ábyrga fyrir börnunum, líklega það virkasta sem við getum gert til að vinna að jafnrétti kynjanna og tryggja þannig að mannréttindi séu virt.

Aðstæður á vinnumarkaði hafa líka mjög mikil áhrif á aðstæður fjölskyldunnar og möguleika beggja foreldra til að koma jafnt að umönnun og uppeldi barnanna. Í íslensku atvinnulífi virðist slaki og lág laun vera regla fremur en undantekning ef marka má þær mælingar sem fram hafa farið á framleiðni í íslenskum fyrirtækjum. Það hefur aftur í för með sér að vinnudagur er langur og verður að vera langur ef takast á að uppfylla hinar efnislegu kröfur sem gerðar eru til einstaklinga og fjölskyldna í íslenska velferðarsamfélaginu. Þess vegna eru líka samningar sem snúast um fyrirkomulag vinnunnar afar mikilvægir.

Ég tel að þetta séu þau atriði sem við verðum að einbeita okkur sérstaklega að á næstunni, fjölskyldustefna, og sem lið í henni kjarasamninga sem snúast um breytingar í fyrirtækjunum sjálfum sem geta leitt til sveigjanlegs vinnutíma og aukinnar framleiðni sem gefur þá kost á styttri vinnutíma á betri kjörum.

Það má líka læra strax af starfsmati sveitarfélaganna og bæta þannig kjör umönnunarstéttanna og til þess stendur a.m.k. vilji einhverra stéttarfélaga á almenna markaðnum. Og það er mikilvægt að þær niðurstöður, sem fást af þeirri tilraun sem hér var getið um, um kynhlutlaust starfsmat, verði nýttar til að breyta ríkjandi ástandi. Eitt af því sem væri strax virk aðgerð væri að bæta launakjör kennara á öllum skólastigum.

En það er, herra forseti, nánast orðinn kækur að samþykkja framkvæmdaáætlanir um jafnrétti en gleyma að fara eftir þeim, að láta hjá líða að nýta þau tækifæri sem reglulega gefast til að hafa áhrif á þróunina, eða að breyta lögum og reglum en fylgja þeim ekki eftir, eða að gleyma að skapa skilyrði svo unnt sé að fara eftir þeim. Það er margreynt að það nægir ekki að setja lög um sömu laun ef orsakir launamismunar eru látnar óhreyfðar.

Umræðan um stöðu karla í þessu samhengi hefur farið vaxandi. Sem betur fer hafa líka karlarnir sjálfir rankað við sér og farið að hyggja að sinni stöðu. Til er orðin karlanefnd Jafnréttisráðs sem lætur að sér kveða, nú síðast með viðhorfskönnun sem kynnt var á nýafstöðnu jafnréttisþingi. Karlar í þinginu eru farnir að bera fram tillögur um fæðingarorlofsrétt karla og við sjáum æ oftar skrifað um rétt karla eða öllu heldur réttleysi varðandi forræði yfir börnum þar sem konum er miklu oftar dæmt forræðið, líklega í anda þeirrar menningar sem ég vitnaði til áðan.

Í tímaritinu The Economist var fyrir skömmu ögrandi grein um stöðu karla í vestrænum samfélögum, þar sem konur hafa um árabil unnið með sjálfa sig, stöðu sína og möguleika og eru orðnar mjög meðvitaðar og tilbúnar til breytinga á sinni stöðu á meðan karlar hafa almennt séð haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist. Stundum hefur því verið haldið fram að sumir þeirra hafi jafnvel orðið enn meiri karlrembur sem jafnréttismál voru meira á dagskrá, að þeir hafi hvorki kunnað né getað fótað sig í því nýja hlutverki sem óhjákvæmilega hlaut að leiða af nýjum viðhorfum og aðgerðum kvenna og hafi forherst í ímyndaðri karlmennsku. En nefnd grein dregur upp ófagra mynd af körlum og stöðu þeirra í dag og gerir því jafnvel skóna að ef þeir sjái sig ekki um hönd og bæti ráð sitt, þá muni konur komast að þeirri niðurstöðu að þeir séu svona almennt frekar til óþurftar og gera viðeigandi ráðstafanir. Allténd er ljóst að það stoðar lítt að banna afleiðingar tiltekins ástands, jafnvel með lögum. Það er ástandið sem við verðum að breyta og eins og ég gat um, herra forseti, tel ég að þær ráðstafanir séu að við komum á opinberri fjölskyldustefnu þar sem markvisst sé unnið með þau málefni fjölskyldunnar sem lúta að jafnrétti kynjanna og að staðan á vinnumarkaði sé þar sem menn þurfa að ráðast til aðgerða.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, í þessari umræðu svona í lokin að geta eins af því sem sérstaklega hefur truflað mig og fleiri í jafnréttisumræðu undanfarinna ára, en það er orðanotkunin. Aukin áhersla hefur verið á að nota alltaf orðið „kona“ um okkur konur, ekki orðið maður, ekki einu sinni í samsettum orðum, samanber þingkona, starfskona o.s.frv., og hefur tegundarheitið maður smám saman verið að breiða sig yfir karlkynið sérstaklega og ekki óalgengt að heyra talað um konur og menn í stað þess að segja konur og karlar eða kvenmenn og karlmenn ef út í það er farið. Eða hvernig finnst ykkur þetta ávarp hljóma: Karlar og menn? Það er sama rökleysan og konur og menn.

Þegar ég var ung rauðsokka var slagorð okkar „konan er maður“ og vísaði þá til þess að kvenréttindi væru mannréttindi. Þannig er það enn og í guðanna bænum, munið að maður er tegundarheiti og á við bæði kynin í íslensku, ekki bara karla. Við konur erum helmingur mannkyns.

[15:45]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég trúði ung á afl menntunar til að breyta heiminum, trúði því að þegar konur stæðu jafnfætis körlum á því sviði og hefðu aflað sér menntunar í jafnríkum mæli og þeir mundi allt annað breytast smám saman í jafnréttisátt, á vinnumarkaði, á heimilum, í stjórnsýslu og stjórnmálum. Einstaklingar stæðu fullkomlega jafnfætis. Reynslan hefur leitt í ljós að það var mikill barnaskapur og einföldun að trúa svo mjög á mátt menntunarinnar í þessu samhengi. Hún ein og sér dugar ekki. Launamunur kynjanna er t.d. miklu flóknara fyrirbæri en svo. Gömlum hefðum í aldanna rás verður líkast til ekki breytt með einni kynslóð.

Eitt af þeim markmiðum sem núv. ríkisstjórn setti sér í upphafi starfstíma síns var að vinna að auknu jafnrétti kynjanna. Þar segir að ríkisstjórnin muni vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis auk þess sem stuðlað verði að jöfnum möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína. Að þessu markmiði og í anda þess hefur verið unnið á undanförnum missirum. Einn mikilvægasti þáttur í jafnréttisbaráttunni er hvernig staðið

er að jafnréttismálum í skólakerfinu. Þar hefur verið mótuð sú stefna að skólar skuli vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna, fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinnar verkaskiptingar. T.d. er mikilvægt að með bæði drengjum og stúlkum sé ræktuð ábyrgðartilfinning fyrir heimili og fjölskyldu og báðum kynjum sé kennt að líta á sig sem fyrirvinnur heimila. Þannig verði þau jafnt búin undir virka þátttöku í fjölskyldulífi, atvinnulífi og mótun samfélagsins alls. Mikilvægt er að fræðsla um jafnréttismál nái til kennara, skólastjórnenda og foreldra og unnið verður að því að efla þennan þátt jafnréttisfræðslunnar. Innan skólakerfisins verður unnið að því að styrkja sjálfsmat nemenda. Það má gera á fjölmarga vegu, t.d. með því að efnilegum nemendum verði í auknum mæli umbunað fyrir árangur í námi og það tel ég að geti komið stúlkum sérstaklega til góða. Aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla skal taka mið af áherslu á jafnrétti kynjanna.

Mikilvægt er að menntakerfið ýti ekki undir launamun kynjanna, t.d. með því að hvetja konur sérstaklega til að stunda ákveðið nám en karla til að stunda annars konar nám. Til að ná þeim markmiðum þarf námsráðgjöf og starfsfræðsla að fléttast inn í nám í auknum mæli.

Þrátt fyrir aukna sókn kvenna í háskólanám hefur námsval þeirra haldist nokkuð hefðbundið og lítið breyst. Flestar konur stunda uppeldisfræði og kennaranám, nám í tungumálum, mannvísindum og heilbrigðisgreinum. Karlar dreifast jafnar á greinar. Árið 1980–1981 stunduðu flestir karlar nám í tungumálum og mannvísindum og viðskipta- og hagfræðigreinum, en 14 árum síðar stunduðu flestir þeirra nám í samfélagsvísindum, lögfræði- og verkfræðigreinum. Á Íslandi er sú merkilega staða að konur hafa verið í meiri hluta meðal háskólanema síðan 1985. Hæst hlutfall kvenna miðað við Evrópusambandslönd 1990–1991 var á Íslandi, Portúgal og Svíþjóð reyndar líka.

Í ársbyrjun 1995 kom út skýrsla Jafnréttisráðs, Launamyndun og kynbundinn launamunur — þættir sem hafa áhrif á laun og starfsframa. Skýrslan var unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Rannsóknin tók til kjara karla og kvenna í fjórum opinberum stofnunum og fjórum einkafyrirtækjum. Þegar áhrif menntunar á laun karla og kvenna eru skoðuð koma undarlegir hlutir í ljós. Menntun leiðir til launahækkunar en eftir því sem menntun fólks eykst, því meira eykst munurinn á launum karla og kvenna. Séu borin saman laun karla og kvenna með framhaldsskólamenntun eru konur með 78% af meðaldagvinnulaunum karla að viðbættum aukagreiðslum en háskólamenntaðar konur einungis með tæplega 64%. Meðan háskólamenntaðir karlar hafa 132% hærri dagvinnulaun og aukagreiðslur á klukkustund en karlar sem eingöngu hafa grunnskólapróf leiðir sams konar samanburður meðal kvenna í ljós að munurinn er aðeins 42%. Þessi munur er til staðar hvort sem um er að ræða einkafyrirtæki eða opinbera stofnun. Þessar niðurstöður eru mjög sláandi og sannarlega mikið umhugsunarefni fyrir margar okkar sem hafa trúað því að menntun væri sterkasta vopn kvenna í jafnréttisátt.

Ýmislegt fleira og athyglisvert kom fram í þessari rannsókn, svo sem áhrif fjölskylduaðstæðna á laun og áhuga og möguleika til stöðuhækkana. Síðan er viðhorf karla og kvenna til starfs síns ólíkt. Konurnar forgangsraða á annan hátt. Þær setja fjölskylduna á undan vinnunni.

En það er alveg ljóst að jafnrétti á vinnumarkaði næst ekki nema með því að auka ábyrgð karla á börnum og heimili og til að það náist þarf að auka rétt þeirra m.a. til fæðingarorlofs. En réttur feðra til fæðingarorlofs, sveigjanlegur vinnutími, sömu tækifæri kynjanna á vinnumarkaði og sambærileg laun eru forsendur þess að jafnrétti kynjanna verði náð. Ein leið sem vonir eru bundnar við til úrbóta í kjölfar fyrrnefndrar rannsóknar Félagsvísindastofnunar er kynhlutlaust starfsmat. Kynhlutlaust starfsmatskerfi hafa sömu eiginleika og hefðbundin kerfi. Sérstaða þeirra felst aftur á móti í því að sérstaklega er reynt að gera þeim þáttum sem einkenna störf kvenna jafnhátt undir höfði og þáttum sem einkenna hefðbundin karlastörf. Þess má geta að í Svíþjóð eru hafnar tilraunir með kynhlutlaust starfsmat til að ákveða laun í einstaka sveitarfélögum. Ekki eru til heildstæðar rannsóknir á því hve miklum hluta kynbundins launamunar hefur tekist að eyða með þessum hætti, en rannsóknir frá einstökum fylkjum í Kanada og Bandaríkjunum, þar sem slíku mati hefur verið beitt, sýna þó að á þennan hátt er hægt að minnka kynbundinn launamun um allt að þriðjung.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fara út í tilraunaverkefni um starfsmat og við það er miðað að markmið þess sé fjórþætt: Í fyrsta lagi að bera saman hefðbundin kvenna- og karlastörf til að athuga hvort kynhlutlaust starfsmat dragi fram þætti í hefðbundnum kvennastörfum sem hingað til hafa verið vanmetnir. Í öðru lagi að fá reynslu af notkun kynhlutlauss starfsmatskerfis sem tækis til að raða störfum innbyrðis innan fyrirtækis eða stofnunar. Í þriðja lagi að aðlaga kynhlutlaust starfsmatskerfi íslenskum aðstæðum. Í fjórða lagi að kynna þessa aðferð hér á landi við að raða störfum innbyrðis.

Formleg réttindi kvenna til jafnréttis eru vel tryggð í íslenskum lögum. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós að það er ekki nægilegt. Þess vegna er brýnt að vinna markvisst að því að lagasetningin nái tilgangi sínum eins og ég hef nefnt dæmi um að verið er að gera á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði áðan: „Viðhorfsbreytingin er löngu hafin.“ Það má rétt vera. En henni er sannarlega ekki lokið. Þess vegna er full ástæða til að hamra það járn áfram enn um hríð.

[15:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir þessa umræðu og tel það vel við hæfi að nýloknu jafnréttisþingi og 20 ára afmæli jafnréttislaganna að meta stöðuna, líta yfir farinn veg og e.t.v. að velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að leggja nýjar áherslur í framtíðinni.

Það má segja að jafnréttisumræða síðustu áratuga hafi einkennst af tveimur megináherslum. Í fyrsta lagi hefur verið unnið mikið starf á sviði lagasetningar og regluverks þar sem leitast hefur verið við að tryggja jafnrétti kvenna og karla á sem flestum sviðum þjóðlífs. Má segja að því verki sé að mestu lokið ef frá eru skilin ákvæði laga um fæðingarorlof þar sem karlar búa við ákveðna mismunun. Alltaf má þó betrumbæta reglurnar sem fyrir eru, einkum ef reynsla þeirra og beitingin fyrir dómstólum sýnir fram á að þörf sé á endurbótum.

Í öðru lagi hefur jafnréttisumræðan undanfarin ár snúist um leiðir til þess að breyta viðhorfum sem ríkjandi eru um hlutverk karla og kvenna og sem ýta undir misrétti. Ég vil taka það sérstaklega fram að slagorðið „viðhorfsbreytingar er þörf“ er ekki fundið upp af sjálfstæðum konum í Sjálfstfl. eins og ætla mætti af umræðunni undanfarið ár, heldur hefur

þessi staðreynd verið ljós öllum þeim sem hafa leitt hugann að jafnréttismálum og stöðu kvenna í samfélaginu á öldinni sem nú er að líða.

Margt hefur óneitanlega áunnist frá því að rödd kvenréttindakvenna fór að heyrast upphátt á Íslandi í upphafi aldarinnar. Þá snerist umræða um jafnréttismál fyrst og fremst um stjórnmálaleg réttindi kvenna og Kvenréttindafélag Íslands var t.d. beinlínis stofnað í kringum það baráttumál árið 1907. Konur fengu síðan kosningarrétt árið 1915 og önnur réttindi fylgdu í kjölfarið.

Segja má að þrátt fyrir það sem áunnist hefur á lagalega sviðinu sé enn nokkuð langt í land með að staða kvenna og karla se jöfn. Kynbundið launamisrétti er staðreynd sem erfiðlega hefur gengið að útrýma, karlar njóta ekki réttar til að taka fæðingarorlof. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja og í stjórnmálum bendir til að þar halli verulega á konurnar og við höfum nýlega fengið að heyra niðurstöður könnunar þar sem kemur fram að meginábyrgð á fjölskyldu og uppeldi barna hvílir enn á konum sem þýðir einfaldlega að þær hafa minni möguleika á að láta til sín taka á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Hins vegar er ástæða til ákveðinnar bjartsýni því að kannanir sem hafa verið gerðar á viðhorfum fólks til kynjanna og hlutverka kynjanna benda til þess að þar séu viðhorf yngra fólksins mun meira í jafnréttisátt en þeirra sem eldri eru sem túlka má sem svo sem viðhorfsbreytingin sé að eiga sér stað. En spurningin er kannski sú hvert við eigum að beina athyglinni á komandi árum. Ég tel eitt mikilvægasta verkefnið í jafnréttisbaráttunni vera að fara vandlega yfir þær skuldbindingar sem íslensk stjórnvöld hafa undirgengist um jafnrétti og meta á hvern hátt þeim hefur verið framfylgt og vinna síðan að endurbótum þar á. Þar hef ég grun um að ýmislegt vanti upp á að þeim skuldbindingum sé komið í framkvæmd í raun.

Annað mikilvægt verkefni er að gera rannsóknir á stöðu kvenna og karla í samfélaginu og nota slíka niðurstöðu sem grundvöll að nýrri stefnumótun til að koma á viðhorfsbreytingunni margumræddu. Það þýðir lítið að henda peningum í að auglýsa breytt viðhorf ef viðhorfin eru ekki þekkt og ef markhópurinn er óljós. Þannig ræðst maður ekki til atlögu við sjúkdóma. Maður byrjar á greiningu, síðan koma aðgerðir þar sem ráðist er á meinið.

Ef horft er til skuldbindinga stjórnvalda sem tengjast jafnréttismálum, þá ber kannski hæst jafnréttislöggjöfina sjálfa, en einnig hafa íslensk stjórnvöld skyldur að þjóðarétti á þessu sviði.

Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna leggur t.d. mikla aðgerðaskyldu á stjórnvöld sem felst m.a. í því að tryggja konum og körlum jafna stöðu, ekki aðeins að forminu til heldur einnig í framkvæmd, þar með talið fyrir dómstólum landsins. Í 3. gr. sáttmálans er eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á öllum sviðum, sérstaklega á sviði stjórnmála, félagsmála, efnahags- og menningarmála, þar á meðal með lagasetningu, til þess að ábyrgjast fulla þróun og framfarir til handa konum í þeim tilgangi að tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt og notið mannréttinda og grundvallarfrelsis."

Í 4. gr. er síðan tekið fram að sérstakar bráðabirgðaráðstafanir, sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegu jafnrétti karla og kvenna sé náð, skuli ekki teljast mismunun þannig að það er viðurkennt að stjórnvöld geti haft aðgerðaskyldu og að þau eigi að hafa aðgerðaskyldu og beita aðgerðum.

Þegar horft er á það hvernig þessi hæstv. ríkisstjórn og því miður allir forverar hennar hafa valið t.d. ráðherra er augljóst að þar hefur konum verið mismunað. Það leyfir sér enginn stjórnmálaflokkur í siðmenntuðu þjóðfélagi í dag að stilla upp ríkisstjórn með níu körlum og einni konu nema á Íslandi.

Við getum litið til nýskipaðrar ríkisstjórnar Noregs og til annarra Norðurlanda um dæmi og meira að segja standa menn sig mun betur í því sem ég vil kalla sjálfu vígi karlrembunnar, í Frakklandi. En þar er hlutur kvenna mun betri en hér á landi. Ég vil taka undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að engum árangri verður náð nema stjórnvöld axli ábyrgð og beiti sér fyrir aðgerðum. Má þar vísa til góðs árangurs slíkra vinnubragða á Norðurlöndum og reyndar tel ég að slík skylda hvíli nú þegar á ríkisstjórninni samkvæmt fjölda alþjóðasamþykkta og áætlana sem við erum bundin af.

Auk kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna má minna á samstarfsáætlun Norðurlanda í jafnréttismálum 1995–2000 og jafnréttisáætlun ESB, sem Íslendingar eru nú aðilar að í fyrsta skipti, Peking-áætlunina og samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, svo eitthvað sé nefnt sem snýr að þessum málaflokki. Það gengur ekki endalaust að tala um hlutina. Það eru aðgerðirnar sem skipta máli og þær skortir. Þar hvílir mikil ábyrgð á stjórnvöldum, ekki síst við skipan í embætti, nefndir og ráð á vegum stjórnvalda. Við höfum dæmi um jafnréttisstefnu í reynd hjá R-listanum í Reykjavík þar sem jafnréttissjónarmiðið einkennir allar ráðningar í stöður og nú þegar eftir aðeins tveggja ára setu í borgarstjórn hefur R-listinn ráðist í að kanna umfang launamisréttis hjá borginni og áætlaðar eru leiðir til úrbóta. Sjálfstfl. beið þar eftir hinni frægu viðhorfsbreytingu í áratugi og launamisréttið blómstraði á meðan stjórnendur borgarinnar neituðu að takast á við vandann.

Íslenska ríkisstjórnin mætti taka þessi vinnubrögð til fyrirmyndar og sýna meintan vilja sinn í verki með því að fela konum fleiri sæti en eitt í ríkisstjórninni, eins og venja stendur orðið til hér á landi, með því að fela konum embætti á borð við forstjóra ríkisstofnana, ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra o.s.frv., með því að skipa þær seðlabankastjóra og fela þeim ábyrgð með þátttöku í nefndarstörfum á vegum ríkisins í mun meira mæli en verið hefur.

Beri hv. ríkisstjórn því við að hún viti ekki um konur sem vilja gegna slíkum stöðum, eins og maður heyrir mjög oft, þá býðst ég hér með til að finna þessar konur því ég þekki þær og ég veit að þær eru til.

[16:00]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Skýrsla hæstv. félmrh. sem lögð er til grundvallar umræðu þessari er um margt fróðleg lesning. En seint verður hún talin upplífgandi hvað þá „innspírerandi". Það gneistar ekki af hæstv. ráðherrum þessa lands þegar jöfn staða kynjanna er til umræðu, hvorki í ræðu né riti. Ég spyr: Hvar er þunginn? Hvar er trúin á málstaðinn? Hvar er ástríðan sem fylgir því að berjast fyrir hugsjónum sínum? Ég lýsi eftir hv. þingmönnum af karlkyni á mælendaskrá hér í dag.

Eins og kunnugt er leggur framkvæmdaáætlun á sviði jafnréttismála þá ábyrgð á herðar ráðherrum að vinna að

framgangi jafnréttis karla og kvenna á þeim málefnasviðum sem heyra undir ráðuneyti þeirra. Hversu vel ráðherrar sinna þessu hlutverki sínu hlýtur m.a. að endurspeglast í því hvort starfsfólk ráðuneytanna sinnir erindum af kostgæfni er varða framkvæmd áætlunarinnar. Í ljósi þessa vekja viðbrögð ráðuneytanna við beiðnum frá Skrifstofu jafnréttismála um skil verkáætlana og greinargerðir sérstaka athygli í skýrslu hæstv. félmrh. Svör bárust seint og illa ef þau bárust þá nokkuð. Ekki vitnar það um mikinn metnað ráðherra fyrir hönd sinna ráðuneyta né um þann pólitíska vilja sem þarf til að markmið framkvæmdaáætlunarinnar verði að veruleika.

Í viðauka skýrslunnar er greint frá umfjöllun nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd Íslands á samningi um afnám allrar mismununnar gagnvart konum. Tillögur og tilmæli nefndarinnar um það sem betur mætti fara eru um margt athyglisverðar. Nefndin leggur t.d. til að ráðstafanir verði gerðar eins fljótt og auðið er til að tryggja að konur verði skipaðar í stöður þar sem ákvarðanir eru teknar og taki að sér forustuhlutverk hvarvetna í atvinnulífinu, t.d. með því að samþykkja áætlanir um sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Sérstakar aðgerðir í þágu kvenna, hæstv. ráðherra.

Það er kvennalistakonum mikið ánægjuefni að tillögur nefndarinnar gætu allt eins verið teknar beint upp úr stefnuskrá Kvennalistans. En stundum er það svo að ábendingar erlendra sérfræðinga þarf til að benda á það sem betur mætti fara í stjórnsýslunni og við pólitíska stefnumótun. Hvað sem því líður hvet ég ríkisstjórnina með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar til að gera allar tillögur nefndar Sameinuðu þjóðanna að sínum.

Fram kemur í skýrslunni að að undanskilinni Iðntæknistofnun og Póst- og símamálastofnun er ekki kunnugt um að ráðuneyti eða opinber stofnun hafi gert jafnréttisáætlun í tengslum við framkvæmd starfsmannastefnu, með öðrum orðum að varla finnist ríkisstofnun á Íslandi þar sem starfsmannastefnu sem leggur jafnrétti til grundvallar hafi verið hleypt af stokkunum.

Herra forseti. Þessi staðreynd sýnir svo ekki verður um villst að hæstv. ráðherrar í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafa enn ekki komist frá orðum til athafna þegar jafnréttismál eru annars vegar. Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að minnast á hina víðfrægu viðhorfsbreytingu í þessu samhengi. Hvenær ætlar stjórnvöldum að skiljast að svokölluð viðhorfsbreyting framkallast ekki eins og kraftaverk, eins og óútskýranleg sending af himnum ofan? Nei. Hún framkallast vegna markvissra pólitískra aðgerða, aðgerða sem sýna að fullur pólitískur vilji er fyrir því að jafna stöðu kynjanna á Íslandi. Það dugar skammt að prenta fína bæklinga eins og fjmrn. gerði fyrr á þessu ári, Nýskipan í ríkisrekstri. Jafnréttismál. Hér er að finna ábendingar til stjórnenda í ríkisstofnunum um leiðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Ábendingarnar eru í sjálfu sér góðra gjalda verðar. En hvernig ætlar hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á útgáfu þessa bæklings, að tryggja það að kynjum verði ekki mismunað? Hvernig skal það tryggt þegar stjórnendur opinberra fyrirtækja hafa ekki einu sinni reglur til að styðjast við til að ná fram jafnrétti kynjanna? Hvernig hyggst hæstv. fjmrh. ná niður kynbundnum launamun á meðan launaleynd viðgengst? Launaleynd sem þjónar fyrst og fremst hagsmunum karlmanna. Það verður ekki gert með vinsamlegum tilmælum og frómum óskum um að menn taki sig á, sýni jafnréttismálum áhuga og taki til hendinni á eigin vinnustað. Það þarf beinar tillögur til úrbóta, áætlanir, stuðning, starfsmenn og peninga til að framfylgja stefnunni. En þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að starfsmatið eitt og sér dugar ekki til. Það þarf hvetjandi aðgerðir og það þarf að tala um kynjakvóta, hvort tveggja aðgerðir sem tryggt hafa raunverulegt jafnrétti í öðrum löndum.

Herra forseti. Enn er það svo í umræðum um jafnréttismál hér á landi að menn reyna að kaupa sér frest með því að segja að allt sé þetta á réttri leið, hér gildi jafnréttislög og þetta hljóti nú allt að fara að koma. Slíka drauga verður að kveða niður jafnframt því að ráðast til atlögu við drekana í kerfinu, í hvaða gervi sem þeir kunna að leynast.

[16:06]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir að það er leitt hvað það tala fáir karlmenn í þessari umræðu. Hér tala að mestu leyti konur og þær virðast vera sammála um flesta hluti sem eru ræddir hér í dag. Þær eru sammála um að staða jafnréttismála er slæm. Það er staðreyndin.

Hins vegar er ýmislegt jákvætt að gerast sem mig langar að koma inn á. Það er að sjálfsögðu jákvætt að konum hefur farið hægt og sígandi fjölgandi í stjórnunarstöðum, bæði í atvinnulífinu og í stjórnmálum. Að vísu gengur allt of hægt en það er í áttina. Hér hefur verið komið inn á að það sé algjör hörmung að það sé einungis ein kona ráðherra. Það er að sjálfsögðu rétt. En lítum á hvað sú kona hefur verið að gera, hæstv. heilbrrh. Hún hefur t.d. verið að stórauka hlut kvenna í nefndum og ráðum á vegum ríkisins. Hún er komin samkvæmt síðustu rannsókn vel yfir 40% hlutfallið. Trúlega er það hlutfall nú að nálgast 50% vegna þeirra sem hæstv. heilbrrh. hefur skipað í nefndir og ráð í sínu ráðuneyti. Það er ekki lítið ráðuneyti sem hæstv. heilbrrh. er með. Það eru 40% af fjárlögum ríkisins innan þess. Þarna eru konur komnar upp undir helming í nefndir og ráð. Þetta er að sjálfsögðu afar jákvætt. Það er líka jákvætt hvað karlmenn hafa, þó þeir treysti sér ekki til að taka þátt í umræðunni hér í dag, verið að taka meira á jafnréttismálunum. Þá á ég við að þeir eru farnir að krefjast þess nú að fá sjálfstætt fæðingarorlof sem er auðvitað mjög jákvætt. Ég veit að ríkisstjórnin er að skoða það mjög alvarlega núna að bjóða upp á sjálfstætt fæðingarorlof fyrir karlmenn.

En það eru mörg neikvæð atriði í jafnréttisumræðunni. Þar ber helst að nefna launamun kynjanna. Það er rétt sem kom fram hér í dag að það er svokallað bókstafsjafnrétti á Íslandi. Það er jafnrétti í lögunum en ekki í reynd. Hvað stendur í lögunum í sambandi við launamun og laun kynjanna? Það stendur að það eigi að greiða konum og körlum sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Það stendur ekki að það eigi að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu. Það stendur ekki. Það stendur: Sömu laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá kemur spurningin: Hvað í ósköpunum er þetta: Jafnverðmæt og sambærileg störf? Það eru fáir sem hafa svar við því. En það er einmitt verið að skoða starfsmat núna eins og fram hefur komið og starfsmat er að sjálfsögðu tæki til að mæla og vigta störf, til að geta sagt hvað sé sambærilegt og hvað sé jafnverðmætt. Það er von okkar sem stöndum að vinnu í sambandi við kynhlutlaust starfsmat að það geti leitt til góðrar niðurstöðu og að verulegu leyti minnkað launamun kynjanna.

Það er einnig neikvætt hvað fáar konur hafa, eins og fram hefur komið, valist til áhrifa, bæði í fyrirtækjum, ábyrgðarstöðum úti í þjóðfélaginu, embættismannakerfinu og í stjórnmálum. Það hefur líka verið komið inn á við-

horfsbreytingu. Að hún sé ekki komin. Gagnvart konum í stjórnmálum held ég að viðhorfsbreytingin sé komin. Hún er komin. En kosningalöggjöfin leyfir okkur ekki að njóta þeirrar viðhorfsbreytingar sem er komin. (Gripið fram í.) Við getum séð t.d. að eins og kosningalöggjöfin er í dag þá komast oftast bara einn til tveir eða þrír þingmenn inn í hverju kjördæmi af hverjum lista. Og það eru karlmenn sem skipa efstu sætin. (Gripið fram í.) Og af því það komast svona fáir inn þá komast konurnar ekki inn á Alþingi í eins ríkum mæli og þær ættu að koma. En á þeim listum þar sem fleiri komast inn, eins og í Reykjavík og á Reykjanesi, hafa konurnar frekar komist að. **(Gripið fram í:** Fjölga þingmönnum.) Við getum skoðað það að ef við breytum kosningalöggjöfinni, t.d. með því að gera landið að einu kjördæmi, er alveg öruggt að ef listum yrði raðað upp af stjórnmálaflokkum mundi Sjálfstfl. ekki raða upp fjórum konum í efstu 25 sætin. Framsókn mundi heldur ekki raða upp þremur konum í efstu 15 sætin. Það er þetta sem ég er að tala um. Viðhorfsbreytingin er komin fram en kosningalöggjöfin leyfir þessari viðhorfsbreytingu ekki að njóta sín. Því miður erum við föst í gamla kerfinu.

Mig langar líka að lokum, herra forseti, að koma inn á skólakerfið af því að rætt var um það áðan. Skólakerfið hefur því miður ekki staðið sig nógu vel í jafnréttisfræðslunni. Það stendur að skólar eigi að gæta þess að jafnréttis sé gætt. En nýleg rannsókn sem hefur farið fram á vegum menntmrn. hefur sýnt að í grunnskólakerfinu er ekki í 85% tilfella farið í neina markvissa jafnréttisfræðslu. Í framhaldsskólunum er það í tæplega 90% tilfella sem skólarnir hafa ekki markvissa jafnréttisfræðslu. Það ber að sjálfsögðu að taka á þessu af því að við vitum að fólk mótast mest í skólakerfinu.

[16:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegur forseti. Það er einfalt hvað brýnast er að gera í jafnréttismálum kynjanna. Það er að fara frá orðum yfir til athafna. Við höfum jafnréttislög sem við höfum búið við í 30 ár sem segja skýlaust að launamisrétti hér á landi er bannað. En þau eru þverbrotin og engin lög eru jafnmikið brotin og jafnréttislögin. Við höfum alþjóðasamþykktir sem kveða m.a. á um launajafnrétti kynjanna. Við þverbrjótum hverja alþjóðasamþykktina á fætur annarri í þessu efni. Við höfum gert framkvæmdaáætlanir til að ná fram jafnrétti kynjanna og það er sorgleg lesning að lesa það í skýrslu sem var lögð fram á Alþingi í maí 1996 að nánast engu hefur verið framfylgt af þessum áætlunum. Jú, í félmrn. að töluverðu leyti, en í þessari skýrslu — það er farið yfir öll verkefnin — segir yfirleitt: „Framkvæmd ekki hafin." „Upplýsingar liggja ekki fyrir." „Áætlanir liggja ekki fyrir." O.s.frv. Ég skora á félmn. og formann hennar, sem er málshefjandi, að taka fyrir þessa skýrslu ráðuneyti fyrir ráðuneyti og kalla þá alla inn á teppið til að fara yfir þessi atriði í framkvæmdaáætluninni. Það er það eina sem dugar til þess. Þeir hafa eitt ár núna til að framfylgja þessari áætlun. Látum þá nýta þetta ár til þess að framkvæmdaáætlunin komist í gagnið. Þetta er dæmi um það hvernig framkvæmdarvaldið hunsar vilja Alþingis sem kemur fram í framkvæmdaáætluninni.

Ég spyr líka: Væri það ekki verkefni fyrir félmn. að fara yfir 3. gr. jafnréttislaganna sem heimilar sértækar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna? Þetta ákvæði hefur ekki verið notað. Það var byrjað að skoða það í tíð minni sem félmrh. Ég tel að þingið eigi að skoða hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um það hvernig hægt er að beita 3. gr. jafnréttislaganna.

Síðan eru það kjarasamningarnir sem eru fram undan. Mér finnst verkalýðshreyfingin hafa verið allt of stikkfrí í launamálum við að jafna launamun kynjanna. Hún skýlir sér á bak við það að ekkert misrétti sé í þeim töxtum sem hún semur um en lítur algjörlega fram hjá því og lokar augunum fyrir því að það segir ekki nema hluta sögunnar. Við vitum að launamisrétti felst í duldum greiðslum og hlunnindagreiðslum sem eru alltaf undir borðið. Þess vegna bíð ég eftir því hvort verkalýðshreyfingin taki nú á málinu og verði við þeirri áskorun sem kom frá jafnréttisþingi um að málið verði sérstaklega tekið upp í kjarasamningum. Það snýr auðvitað líka að ríkisvaldinu og fjmrh. sem er einn stærsti atvinnurekandinn. Hið opinbera hefur nefnilega ákveðnar skyldur í þessum málum, þær skyldur að ganga á undan með góðu fordæmi. Ég spyr hæstv. félmrh.: Mun hann beita sér fyrir því og beita sér þá gagnvart fjmrh., að það verði tekið á launamisréttinu hjá hinu opinbera í komandi kjarasamningum? Við höfum það fyrir okkur að kynbundinn launamismunur er 11–16%. Það ætti því að vera hægt að taka á þessu. Starfsmatið sem menn horfa nú mikið til er góðra gjalda vert. Hvenær liggur það fyrir? Væri hægt að nota það núna í komandi kjarasamningum?

Það hefur verið hreyft hugmynd sem lýtur að 3. gr. jafnréttislaganna, sem ég nefndi áðan, um að beita sérstökum tímabundnum aðgerðum til að bæta stöðu kvenna. Hvað með ákveðna forgjöf í launamálum sem hefur verið nefnd til þess að jafna launamuninn? Er það atriði sem væri rétt að skoða í kjarasamningunum? Þó að við höfum gert framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna, þó við höfum gert jafnréttisáætlanir í stofnunum, þó við höfum skýlausa löggjöf þá miðar mjög hægt í þessu máli. Ég veit að þetta mál er ekki auðvelt viðfangs. Ég hef setið sem félmrh. Ég kom á þessum jafnréttisáætlunum, kom á þessum framkvæmdaáætlunum, skerpti ákvæðið í jafnréttislöggjöfinni. En allt kemur fyrir ekki. Það virðist ekkert duga. Það er sama hvað gert er í þessum málum. Ég beini því til félmn. að fara sérstaklega yfir þessa skýrslu. Nota nú ákvæðið í þingsköpum og skila skýrslu um þetta til Alþingis þannig að hægt sé að taka á málinu. Ég skora á verkalýðshreyfinguna, ég skora á ríkisstjórnina og ekki síst fjmrh. að í komandi kjarasamningum verði sérstaklega tekið fyrir launamisrétti kynjanna. Verkalýðshreyfingin getur ekki verið stikkfrí í þessu máli og ekki heldur stærsti vinnuveitandinn, fjármálaráðherrann.

[16:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Yfirskrift þessarar umræðu er staða jafnréttismála. Ég held að það hafi verið mjög þarft að taka þetta málefni fyrir og vil þakka málshefjanda fyrir að fara fram á þessa umræðu. Við getum sagt að staðan sé góð ef við notum einhver ákveðin viðmið en slæm ef við notum önnur. Við getum sagt að jafnrétti sé orðið fyrir lögum og sé í reynd í íslensku samfélagi en jafnrétti ríkir ekki í raun í öllum þáttum samfélagsins og ég nefni þá fyrst og fremst launajafnrétti. Ef jafnrétti er ekki í reynd alls staðar þá verðum við að skoða af hverju svo sé. Við höfum stuðlað að jafnrétti með lögum en jafnrétti ríkir ekki samt sem áður. Hvað er það sem ræður? Ég segi að það séu viðhorfin í þjóðfélaginu. Og hvernig eigum við að breyta þeim? Það er pólitískur vilji fyrir hendi því eitt af markmiðum núv. ríkisstjórnar er að

vinna að auknu jafnrétti kynjanna. Mér finnst það þó nokkuð merkilegt að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar skuli vera sett ákvæði þess efnis að vinna skuli að jafnréttismálum, það skuli vinna gegn launamisrétti af völdum kynferðis. Auk þess að stuðlað verði að jöfnum möguleikum kvenna og karla til að njóta eigin þroska og hæfileika. Það hafa komið fram tillögur úr starfshópi fjmrh. um að skapa sömu tækifæri varðandi laun, starfsframa og fæðingarorlof. Í verkefnaáætlun menntmrn. sem menntmrh. birti nýlega er sérstök áhersla lögð á jafnréttismál og skólum er gert að vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna. Í því sambandi er sérstaklega bent á mikilvægi þess að fræða nemendur um stöðu kynjanna ásamt því að undirbúa bæði kynin undir virka þátttöku í fjölskyldulífi og atvinnulífi og mótun samfélagsins alls. Menntmrn. ætlar í þessu skyni að vinna að því að efla jafnréttisfræðslu sem er mjög mikilvægur þáttur í menntun þjóðarinnar. Félmrn. hefur unnið að jafnréttismálum. Starfshópur um starfsmat, sem hefur verið minnst á í umræðunni, hefur skilað tillögum og þar á að fara af stað með tilraun um kynhlutlaust starfsmatskerfi sem tengist bæði stofnunum ríkisins og fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði.

Landsfundur okkar sjálfstæðismanna helgaði sig jafnréttisbaráttunni og hefur ekki annar stjórnmálaflokkur haft þor til að helga landsfund eða flokksþing sitt þessum málaflokki. (**Gripið fram í:** Kvennalistinn hefur gert það nokkrum sinnum.) Kvennalistinn hefur vonandi gert það og var stofnaður með þeirri yfirskrift væntanlega en aðrir stjórnmálaflokkar hafa ekki gert þetta fyrr. Þetta þykja mér mikil tíðindi og það á sinn þátt í að viðhorfsbreyting verði, trúi ég. Andstæðingar okkar töluðu um það fyrir fundinn að sjálfstæðismönnum væri ekki alvara með þessari umræðu en ég hef ekki heyrt eftir landsfundinn að því væri haldið fram að ekki væri alvara í þeirri umræðu sem þar fór fram. Menn hafa hins vegar misjafnar skoðanir á því hvernig við tökum á efninu en það er okkar bjargfasta skoðun að meginviðfangsefni varðandi þetta málefni sé að viðhorfsbreyting verði í fyrirtækjum og stofnunum, hjá hverjum og einum einstaklingi gagnvart þessum málaflokki. Aðrir óska mjög gjarnan eftir auknum ríkisafskiptum en hver eiga þau að vera? Jafnréttismál eru mannréttindamál og því eru mjög sterk rök fyrir að það sé forsrn. sem eigi að fara með þennan málaflokk en ekki félmrn. Sjálfstfl. vill eyða kynbundnum og ósiðlegum, eins og hér var nefnt, launamun og það er forgangsmál í þessum málaflokki en enn og aftur tengist það viðhorfum manna. Það er nauðsynlegt að það verði sýndur pólitískur vilji til þess að stuðla að viðhorfsbreytingu og jafnrétti kynja í launamálum. Fleira tókum við sjálfstæðismenn fyrir á landsfundi okkar sem ég held að sé mjög mikilvægt að framkvæma.

[16:22]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli á því, vegna orða sem hér hafa fallið í umræðunni, að ég held að gætt hafi verið jákvæðrar mismununar eða forgangs varðandi konur á mælendaskrá í þessari umræðu og ég fagna því. Mér finnst það sjálfsagt. En ég held að þeir sem eiga eftir að tala hafi beðið um orðið í upphafi þessarar umræðu. Það vill svo til að sá sem hér talar hefur nokkur afskipti haft af þessum málaflokki sem er til umræðu í þessari utandagskrárumræðu þau fáu ár sem hann hefur setið á þingi og komið fram með ýmsar tillögur. Mér finnst að þessi mál fái í raun allt of litla athygli í þinginu og þakka því að þau eru komin hér á dagskrá utan dagskrár þó mér finnist uppsetning málsins kannski svolítið óskýr — staða jafnréttismála. Það býður upp á mjög almenna umræðu um málaflokkinn. Hér hefur þegar verið vakin athygli á ýmsum merkum þáttum, þar á meðal að talsmenn Sjálfstfl. halda að flokkurinn hafi brugðið á alveg sérstakt ráð með því að taka jafnréttismál loksins fyrir á sínu flokksþingi og sýnt þar frumkvæði umfram aðra flokka. Ég ráðlegg annars ágætum talsmönnum Sjálfstfl. að fara yfir söguna svolítið betur í þessum málum áður en þeir endurtaka slíkt. Það er hins vegar mikið ánægjuefni að stærsti þingflokkurinn og stærsti stjórnmálaflokkur í landinu skuli hafa tekið þessi mál á dagskrá með þeim hætti sem Sjálfstfl. gerði. Ég fagna því eindregið og vona að þetta verði til þess að mál sem Sjálfstfl. fær ráðið í þessum efnum endurspegli það í verki. Í rauninni eru það verkin sem spurt er um í þessum málum þó að engan veginn sé þar með sagt að ekki geti þurft að að breyta lögum og styrkja löggjöf á mörgum sviðum.

Ég vil minna á það vegna þess að verið er að ræða um að alþjóðasáttmála þurfi að nota til að styrkja okkar stöðu í þessum efnum að mjög þýðingarmikið er að gera það og gæta þess að við fylgjum alþjóðlegri réttarþróun og þess sem vel er gert á erlendri grund. Það hefur áður verið reynt á Alþingi að fylgja þessum málum eftir. Sá sem hér talar flutti árið 1986 þingmál um það að gerð yrði úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis með sérstöku tilliti til þá nýsamþykkts alþjóðasáttmála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og gert ráð fyrir því sundurliðað á hverju þar verði tekið. Þessi tillaga fékk ekki byr í þinginu. Og satt að segja mótbyr úr ólíklegustu áttum sem leiddi til blaðaskrifa um efnið, sem ég ætla ekki að fara út í sérstaklega. En þarna hafa menn lýsandi dæmi um að annaðhvort er ekki sama hvaðan gott kemur eða hitt að það er ekki skilningur á því, eins og þyrfti að vera, að átta sig á okkar stöðu, í þessu tilviki mismunun gagnvart konum hérlendis. Nú er þessi sáttmáli allt í einu að verða verulegt umræðuefni. Ja, betra er seint en aldrei, og kominn út í sérútgáfu frá hæstv. félmrh. En ætli staðan væri ekki önnur nú ef Alþingi hefði haft fyrir því 1986 að samþykkja þá tillögu sem þá var uppi?

Ég minni á að ég flutti árið 1987, ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, tillögu um það að breytt yrði lögum um jafnan rétt kvenna og karla með tilliti til þess að ná fram sem jafnastri stöðu fulltrúa kynja í stjórnum, nefndum og ráðum, miðað við 40% regluna sem lágmark. Það er engin tilviljun að það eru ekki fleiri flm. með þessari tillögu. Það var leitað víðar fanga um samþykki. Nú koma menn með það sem gullvæga reglu að þess þurfi að gæta að ná þessu fram. Ég minni á flutning tillagna varðandi jafnréttisráðgjafa og margt fleira sem ég hef flutt inn í þingið um þessi efni. Ég held að fyllsta ástæða sé til að taka lög um jafnan rétt karla og kvenna til endurskoðunar í ljósi réttarþróunar og í ljósi þess að síðasta löggjöfin um þessi efni var ekki heildarendurskoðuð frá grunni. Það var ekki lagt upp með hana þannig þó það tækist að koma þar inn jákvæðum atriðum.

Á morgun er til umræðu sérstök tillaga um umboðsmann jafnréttismála og þá gefst, virðulegur forseti, væntanlega tækifæri til að ræða þessi mál frekar. En ég ítreka að það þarf að stilla saman alla krafta, alla krafta, til að þau mannréttindaákvæði sem í orði voru tryggð í stjórnarskránni varðandi jafnstöðu kynjanna nái fram í reynd.

[16:27]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ein af þeim spurningum sem hv. frummælandi bar upp við hæstv. ráðherra var hvort hann væri ánægður með stöðu mála. Þetta er spurning sem við getum öll spurt okkur. Erum við ánægð með stöðu mála? Auðvitað er enginn ánægður með stöðu mála. En það er athyglisvert að það er heldur enginn sem hefur lausnarorðið í þeirri umræðu. (**Gripið fram í:** Aðgerðir.) Ekki hef ég heyrt það, því miður. Það hefur komið fram hér að réttindi kvenna séu nokkuð vel tryggð í lögum en þar þarf þó að bæta um, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni. En það er ekki aðalatriðið að mínu mati. Það vantar þessa hugsun inn í þjóðarsálina að vilja jafnrétti. Þjóðarsálin er nefnilega dálítil karlremba í raun. Það er von mín að þær kannanir sem hafa sýnt (**HG:** Hvaða skepna er þessi þjóðarsál?) að ungir karlmenn eru jafnréttissinnaðri en þeir eldri sé eitt af því sem við getum bundið ákveðnar vonir við og trúað að muni breyta okkar þjóðfélagi. Eitt af því, sem er áreiðanlega ein af ástæðum þess að við Íslendingar erum ekki komnir lengra á þessari braut en raun ber vitni, er að við höfum verið hér með skólakerfi sem hefur verið fjölskyldunni ákaflega óhagstætt og lítið vinsamlegt. Við höfum verið með skólakerfi og þannig leikskólafyrirkomulag að foreldrar, og þá sérstaklega mæður, hafa verið að nota drjúgan hluta dagsins í að flytja börn á milli staða. Og hvers vegna ekki karlar mætti þá kannski spyrja? Sannleikurinn er sá að konur eru samviskusamari en karlar. Þær hafa tekið á sig þessa ábyrgð í miklu, miklu meira mæli en karlarnir. Það er þessi fjölskylduábyrgð sem við erum að tala um og hefur því miður verið fyrst og fremst á höndum kvenna.

Það hefur verið talað um stjórnmálaflokkana í þessu sambandi og full ástæða til. Þar hefur svo sem verið að gerast ýmislegt jákvætt, alla vega vil ég meina það með minn flokk. Þar hafa orðið miklar breytingar. Það var þannig þegar ég kom í þingflokkinn fyrir níu árum síðan, þá hafði ekki verið þar kona í yfir 30 ár, en við erum þó orðnar þrjár. Þó að það sé ekki stórkostlegur árangur, þá er það alltaf spor í rétta átt.

Við síðustu ríkisstjórnarmyndun var kona skipuð í ráðherraembætti af mínum flokki eins og alþjóð veit og önnur kona kosin formaður þingflokks og er ekki hægt að segja annað en það hafi verið rétt spor í jafnréttismálum. En það þarf að taka miklu stærri skref og það vona ég að verði gert. En ég vil líka segja að mér finnst það áhyggjuefni að konur hafa ekki nægilega mikinn áhuga á stjórnmálum. Það er mín skoðun, því miður. Og mér finnst svo sjálfsagt að hafa áhuga á stjórnmálum, eins sjálfsagt og það að þurfa að borða og sofa. En einhvern veginn er það nú svo að konur hafa minni áhuga á stjórnmálum heldur en karlar og það er stundum eins og manni finnist að það séu ekki alveg venjulegar konur sem eru í stjórnmálum. Maður heyrir það úti í þjóðfélaginu að það sé nánast eitthvað óeðlilegt að hafa svona mikinn áhuga á stjórnmálum að konur leggi líf sitt í það að sinna þeim málaflokki.

Ég vil segja að síðustu, hæstv. forseti, vegna þess að hæstv. heilbrrh. gat ekki verið hér viðstaddur, að það hefur sýnt sig að í hennar ráðuneyti hafa konur verið skipaðar í nefndir meira en gengur og gerist í öðrum ráðuneytum og í nefndum sem skipaðar eru af hæstv. heilbrrh. eru yfir 40% konur.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál hér, geri engar athugasemdir við það sem kann að vera jákvæð mismunun í uppröðun ræðumanna. Aðalatriðið er að við karlarnir komumst að sem er nauðsynlegt þó ekki væri nema til þess að undirstrika þá staðreynd að jafnréttismál eru ekkert einkamál kvenna né umræða um þau.

Það er sömuleiðis rétt hjá hv. málshefjanda að það er ekki við það að sakast hér að okkar löggjöf sé ekki nógu góð, að lögin tryggi ekki fullt jafnrétti. Það gera þau samkvæmt orðanna hljóðan í 3. og 4. gr. jafnréttislaganna til að mynda, en niðurstaðan er hins vegar sú að fögur orð eru ekki nóg. Það þarf meira til. Menn geta haft háleit og göfug markmið og þau geta staðið í lögum lon og don ef hugsunarhátturinn breytist ekki og aðgerðir fylgja ekki til þess að ráða bót á því sem aflaga fer.

Ég held að við ættum ekki að missa þetta mál út í mikinn flokkslegan meting þó ég geti að sjálfsögðu óskað Sjálfstfl. hjartanlega til hamingju með að hafa uppgötvað jafnréttismálin og þó fyrr hefði verið, en ég læt mér nægja að minna á það að minn flokkur, Alþb., reið á vaðið fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka og reyndar langfyrstur, tók upp kynjakvóta í öllum stofnunum, nefndum og ráðum innan sinna vébanda og hefur með margvíslegum hætti haft þessi mál á dagskrá um áratuga skeið.

Varðandi launamisréttið, eða þann þátt mismununar kynjanna sem snýr að launahliðinni vil ég nefna og sérstaklega í tengslum við þá staðreynd að fyrir dyrum standa allsherjarkjarasamningar í landinu, að einn ljótasti bletturinn á ástandinu er auðvitað hið kynbundna launamisrétti sem liggur fyrir og fram hefur komið í úttektum á því máli. Það skýrist þannig að launamunurinn, hinn kynbundni launamunur, heldur innreið sína í vaxandi mæli eftir því sem óumsamdar launagreiðslur, yfirvinna og óumsamdar uppbætur af ýmsu tagi, leggjast ofan á laun. Það leiðir síðan til þess sem, ýmsir hafa að vísu misskilið að launamunur vex með menntun, ekki vegna þess að það sé menntunin sem slík sem sé þar að verki, heldur hitt að slíkar óumsamdar greiðslur ofan á launin fara vaxandi eftir því sem komið er ofar í launaþrepunum og menntunin er orðin meiri. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að nefna hugmyndir vinnuveitenda nú um að fara í vaxandi mæli út á þá braut að semja persónubundið og einstaklega við hvern og einn. Þær eru stórhættulegar í sambandi við það sem hér er til umræðu, þ.e. kynbundinn launamun og kynbundið launamisrétti. Ég skora á verkalýðshreyfinguna að vera sérstaklega á verði gegn þessum hugmyndum einmitt út frá launamisréttinu sem viðgengst og liggur fyrir og er að verulegu leyti kynbundið.

En auðvitað er það margt fleira, herra forseti, sem kemur við sögu og þarf að ræða ef á að taka jafnréttismálin til einhverrar tæmandi umfjöllunar. Jafnréttismálin eru nátengd stöðu fjölskyldunnar og lífskjörum og aðstæðum öllum í landinu. Ég nefni þar bæði vinnuþrælkunina og t.d. skattamálin, jaðarskattana, og ekki síst mál eins og fæðingarorlof. Það er enginn vafi á því að við erum þar langt á eftir öðrum sem við vildum helst bera okkur saman við hvað varðar stöðu beggja foreldra, hvað varðar algert réttleysi feðra í okkar kerfi sem bitnar á konunum þegar út á vinnumarkaðinn er komið í þeim skilningi að þær og þær einar hafa rétt til þess að taka fæðingarorlof. Það sem þarf að gera að mínu mati er tvennt. Það þarf að lögleiða sjálfstæðan rétt feðra

til að taka orlof við fæðingu barna, sem er óyfirfæranlegur þannig að hann falli niður ef feðurnir nota hann ekki. Það mun að sjálfsögðu leiða til þess að hann verður almennt nýttur og mun bæta stöðu kvenna mjög mikið gagnvart því að barneignirnar bitni ekki á þeim á vinnustað og það þarf að innleiða miklu rýmri reglur eða í raun og veru koma því til leiðar að foreldrar geti eftir atvikum skipt fæðingarorlofinu á milli sín eins og þeim hentar best út frá aðstæðum á vinnustað. Þetta tvennt er mjög mikilvægt fyrir svo utan það að það þarf að lengja hér fæðingarorlof og það er til háborinnar skammar að við skulum vera þar ekki einu sinni hálfdrættingar á við þau Norðurlönd sem best gera í þessum efnum.

Auðvitað er það þannig að jafnrétti verður ekki komið á í reynd og á borði að öllu leyti nema á löngum tíma og með markvissum aðgerðum. Þetta er spurning um stanslausa baráttu, um stanslausa umræðu, um fræðslu, um uppeldisleg atriði sem þarf að halda vakandi ekkert síður en til að mynda forvörnum gegn reykingum eða öðrum slíkum hluti. Reynslan sýnir að ef menn sofna á verðinum, ef menn slaka á, ef umræðan fellur niður, þá fer okkur að miða aftur á bak. Þess vegna er mikilvægt að þessi mál séu jafnan höfð á dagskrá og ég þakka málshefjanda sem hefur fyrir sitt leyti m.a. stuðlað að því hér í dag.

[16:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda, hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, fyrir þetta mál, þetta er brýnt mál. Nú er það svo að það er ekkert misjafnt í lögum nema fæðingarorlof á milli kynja þannig að ekki er við þau að sakast nema fæðingarorlofið.

Herra forseti. Það er umhugsunarefni að lítið sem ekkert hefur áunnist í jafnréttismálum kynjanna í 20 ára baráttu. Það er mjög sorglegt og ég held að menn ættu að huga að því hvort þeir séu að horfa á afleiðingar einhvers eða orsök. Það að einblína á mismun karla og kvenna getur leitt menn frá vandanum sem er misrétti fólks. Nú er svo að ríkustu Íslendingarnir og tekjuhæstu eru konur. En það lagar ekki stöðu konunnar í frystihúsinu á Ísafirði. Ég vil fullyrða að rík, ættstór kona í réttum flokki er miklu betur sett heldur en fátækur, ættlaus karlmaður í röngum flokki. (**Gripið fram í:** Hvað er réttur flokkur?) Ég ætla að eftirláta þingmanninum hvað sé réttur flokkur hverju sinni.

Ég held nefnilega ekki að við séum að tala um misrétti kynjanna. Við erum að tala um misrétti fólks og vegna þess að menn hafa einblínt á misrétti kynjanna, þá næst enginn árangur. (**Gripið fram í:** Enginn árangur náðst?) Mjög lítill árangur hefur náðst, hv. þm.

Herra forseti. Ég hef velt því fyrir mér: Hvernig hefur fyrirtæki efni á því að ráða lakari karl en hæfari konu eða að borga jafnhæfum karlmanni hærri laun heldur en jafnhæfri konu? Hvernig hefur það efni á því? Það er vegna þess að það er ekki gerð krafa til arðsemi í fyrirtækjunum, alls ekki í opinberum fyrirtækjum og jafnvel ekki í einkafyrirtækjum. Það þykir ljótt að græða. Vegna þess arna hafa menn leyft sér að borga karlmönnum hærri laun heldur en konum sem er efnahagslega ekki rökrétt.

Herra forseti. Það eru fjöldamörg önnur atriði sem koma inn í þetta mál, t.d. fæðingarorlofið. Ég hef lýst yfir stuðningi við það að karlmönnum verði gert að taka hluta af fæðingarorlofinu til þess að konur séu ekki verr settar gagnvart fyrirtækinu þegar á að fara að ráða þær því að það er heilmikill kostnaður fólginn í því fyrir fyrirtæki þegar fólk hverfur úr vinnu eins og konur gera þegar þær taka fæðingarorlof.

Herra forseti. Afstaða og jafnvel fordómar karla jafnt sem kvenna til kvenna eru mjög afdrifaríkir og hafa mikið að segja um launamisréttið. Karlar trúa því ekki margir hverjir að konur geti verið góðir stjórnendur sem dæmi og konur ekki heldur. Þær trúa því ekki heldur sjálfar að þær geti verið góðir stjórnendur. Þessu þarf að breyta. Það er þessi afstaða fólks til kvenna, bæði karla og kvenna til kvenna, sem þarf að breyta. Það er nefnilega spurningin að við horfum hvert okkar í eigin barm. Erum við kannski að stunda kynbundið uppeldi? Getur verið að strákarnir fái annað uppeldi en stelpurnar? Getur verið að við segjum við strákinn: Strákar gráta ekki, en segjum við stúlkuna: Stelpur slást ekki. Getur verið að við gefum mismunandi gjafir í afmælisveislum. Ég var í afmælisveislu um daginn, afmælisveislu fimm ára barns og það var gefin greiða og dúkka og dúkkuhús. Þið getið ímyndað ykkur hvers kyns barnið var. Það þarf ekki að segja mér það tvisvar. Það var enginn bolti, ekki bíll. Getur verið að við séum að búa til afstöðu þarna, segja börnunum: Þú átt að gera þetta. Þetta er þitt hlutverk í lífinu.

Það tekur áratugi að breyta slíkum viðhorfum en það verður að gera það. Og ég held að það sé langbest að snúa sér að skólakerfinu því að þar höfum við áhrif og hvetja það til þess að hvetja einstaklinginn, ekki pilta eða stúlkur, heldur hvern einstakling til dáða.

Herra forseti. Við höfum ekki efni á misrétti, hvorki með tilliti til réttlætis né hagkvæmni. Það er sárt að horfa upp á það að óhæfari einstaklingur fær stöðu og það er dýrt fyrir þjóðina að óhæfari einstaklingar reka stærstu fyrirtæki landsins heldur en einhverjir hæfari sem gætu rekið þau miklu betur.

[16:43]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Það er ótrúlegt að standa hér og ræða þá staðreynd að helmingur landsmanna nýtur ekki þeirra réttinda og jafnréttis sem lög gera ráð fyrir, en þó eru það staðreyndir. Hér hafa verið ræddar margvíslegar aðgerðir með mörgum og ágætum orðum, aðgerðir sem stjórnvöld geta farið út í til þess að ná fram þeim vilja sem stendur til í lögum. Jafnréttisáætlun er þar á meðal. Við höfum rætt hér launamál, ráðningar í stöður. Jafnvel hefur heyrst hér á þingi að það mætti beita lögum eða aðgerðum til þess að rétta hlut kvenna í fjölmiðlum. Ég ætla ekki að gera þetta að mínu umtalsefni því að margir hafa farið um það ágætum orðum og ekki ætla ég heldur lengi að tala um það að vel má spyrja okkur stjórnmálamenn, sem segjumst vera talandi tákn hins pólitíska vilja, hvort við höfum staðið okkur svo vel í okkar störfum í þinginu að koma konum til áhrifa í nefndum og ráðum.

Í Framsfl. settum við okkur í stjórn þingflokksins það að ná 30% kvenna í hverja nefnd, (**Gripið fram í:** 40%.) 40%, takk fyrir að leiðrétta mig með það. Ég veit að að sjálfsögðu hafa aðrir flokkar, án þess að ég sé að telja þá upp, gert það en þarna er tækifæri til þess að sýna pólitískan vilja okkar í verki á þingi. Ég hlýt þó að gera annað að meginatriði þótt tíminn leyfi ekki að fara um það mörgum orðum. Það er hið rótgróna viðhorf, hið rótgróna misrétti sem liggur í viðhorfi almennings, í viðhorfi fólks til kynjanna. Í fjölskyldulífi, á heimilum, í leikjum, í íþróttum, í skólum og á mannamótum kemur fram rótgróin afstaða til kynjanna sem vitnar um

misrétti. Við getum sett lög, við getum barið fram stjórnvaldsaðgerðir en ef við náum ekki að hrífa fólkið, þjóðina, foreldrana með okkur þá vinnst þetta afar seint. Ég er ekki að gera lítið úr því frumkvæði sem stjórnvaldsaðgerðir hafa en við verðum með einum eða öðrum hætti að ná til fólksins í landinu og að hver einasta fjölskylda, hvert einasta heimili taki þátt í þessari viðhorfsbreytingu.

Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal. Þetta verður löng barátta en við eigum að leggja í hana. Við höfum svo sannarlega til þess tæki á þeim fjölmiðlatímum sem við búum nú á og þeirri tækni sem hægt er að beita í fræðslu og áhrifum í jafnlitlu og gagnsæju þjóðfélagi og við búum nú við.

Að lokum tek ég undir þakkir annarra þingmanna til málshefjanda fyrir að hreyfa þessu þarfa máli og er tilbúinn til þess að vinna með þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls að því að berjast fyrir þessu mjög svo brýna réttlætismáli meðal þjóðarinnar.

[16:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í umræðunni. Hér hefur gríðarlega margt komið fram sem vert er að taka á og kannski fyrst það sem fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals að í eðli sínu snýst barátta kvenna náttúrlega um það að þær geti notið sín sem einstaklingar, að hver einstaklingur geti notið sín og að konur séu ekki hamlaðar af lögum, hefðum og reglum og geti valið sér þann lífsfarveg sem þær vilja. En þær eru beittar ýmiss konar misrétti og verða fyrir mótlæti af ýmsu tagi, m.a. vegna viðhorfa. Það er hárrétt að viðhorfum þarf að breyta en viðhorfsbreytingin er hafin. Hún hefur orðið vegna þess að það hafa átt sér stað miklar umræður og það hefur verið gripið til aðgerða en betur má ef duga skal. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að beina því til okkar í félmn. að fylgja skýrslu ráðherra eftir og að kalla ráðuneytin inn á teppið. Við í félmn. höfum farið yfir þessa skýrslu og það var margt sem vakti athygli okkar en vissulega væri þörf á því að fylgja skýrslunni eftir vegna þess, hæstv. forseti, að staðan er einfaldlega þannig að ráðuneytin virða verkefni sín í jafnréttismálum á mjög mismunandi veg.

Ég nefndi landbrn. fyrr í ræðu minni þar sem staðan er sú að ef litið er á nefndir og ráð á vegum ráðuneytisins að aðeins í 2% þeirra sitja konur. Það vill svo til að ég var á fundi með þessum 2% norður í landi því það er bara ein kona. Af því að hæstv. landbrh. er hér staddur ber vel í veiði að taka ráðuneyti hans sérstaklega. Það þarf verulega að taka sig á og ég vil sýna landbrh. þennan pappír sem ég vona að hann hafi séð frá hollenska landbúnaðarráðuneytinu sem er dæmi um jafnréttisáætlun ráðuneytis þar sem markmiðin eru skýrð og hér er langur listi yfir aðgerðir sem á að grípa til á vegum ráðuneytisins. Þetta er það sem er að gerast í flestöllum löndum og mér vitanlega eiga öll ráðuneytin eftir að gera þetta hér eins og þeim ber skylda til.

Ég vil líka nefna annað ráðuneyti sem er forsrn. sem skipaði nefnd fyrir nokkrum mánuðum sem átti að skoða framtíð Íslands í upplýsingaþjóðfélaginu. 20 manna nefnd forsrh. tók jafnréttismálin á dagskrá á landsfundi Sjálfstfl. og nefndina skipuðu 18 karlar og 2 konur, nefnd sem átti að skoða framtíð Íslands í upplýsingaþjónustunni. Þannig er hugarfarið því miður. En eins og hv. þingkonur Framsfl. hafa komið inn á er svo greinilegur munur hvað gerist þegar konur taka sæti sem ráðherrar og hafa vilja til þess að breyta þá verður auðvitað gagnger breyting. Ráðuneyti Ingibjargar Pálmadóttur sker sig algerlega úr og þetta ættu aðrir ráðherrar að hugleiða og taka hana sér til fyrirmyndar og að framfylgja þeim lögum sem gilda í landinu.

Aðeins var minnst á fjölskyldustefnu og ég get tekið undir að að sjálfsögðu þarf að móta fjölskyldustefnu og að gera vinnumarkaðinn, skólana og leikskólana þannig úr garði að þeir auðveldi fjölskyldum lífið og um leið og þær eru góðar stofnanir fyrir börn. En þetta er ekki aðeins spurning um fjölskyldur. Fjölskyldur eru af margvíslegu tagi og það þarf að sinna þeim öllum. Þetta er líka spurning um einstaklinga. Við megum ekki gleyma því að í stórum hluta fjölskyldna hér á landi er aðeins einn fullorðinn. Það eru fjölskyldur. En það eru líka mörg heimili þar sem eru fleiri fullorðnir, eingöngu fullorðnir, foreldrar með börnum. Fjölskyldan er svo gríðarlega breytt í samfélagi okkar eins og annars staðar.

Það var líka minnst á skólana og menntunina. Við skulum ekki gleyma því þó svo að menntunin hafi ekki skilað konum endilega hærri launum þá hefur hún skilað okkur miklum lífsgæðum og miklum möguleikum og það er ein sú mesta bylting sem hér hefur orðið hvað konur hafa sótt fram í menntun sem gefur þeim möguleika að bæta líf sitt.

En mergurinn málsins er þessi, hæstv. forseti. Við höfum lög og reglur, við höfum alþjóðlega sáttmála sem við eigum að standa við. Ég var svolítið undrandi að hlusta á hv. 4. þm. Austurl. sem virtist vera hálfargur yfir því að verið væri að gefa þennan sáttmála út núna og mikið verið að hampa honum en það var ekki gert þegar hann lagði fram tillögu 1985. Ég held að skýringin á því sé einfaldlega sú að árið 1985 hafi menn talið að þessi sáttmáli kæmi okkur ekkert við. Hér væri allt í himnalagi alveg eins og kemur fram í skýrslu jafnréttisráðherra, hæstv. félmrh., um stjórnendur í stofnunum sem ég vitnaði til áðan sem sögðu að jafnréttisáætlanir væru óþarfar af því að jafnrétti væri í fyrirrúmi. Ég hygg að sú skoðun sé því miður ansi víða að allt sé í himnalagi og þurfi lítið að gera en við vitum betur þó að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sagt sem svo að hér væri ekki um að ræða misrétti milli kynjanna heldur mirétti milli einstaklinga. Það gæti þá verið kona með betri stöðu annars vegar og karl með verri stöðu. Auðvitað er mismunur ekki eingöngu kynjamismunur. Það er mismunur milli stétta, hópa o.s.frv. En allar félagslegar athuganir sýna að hér er munur, hér er gerður greinarmunur á fólki sem er ekki hægt að skýra með neinu öðru en kynferði. Það er hinn félagslegi veruleiki.

Hæstv. forseti. Tíma mínum er lokið en mig langar í lokin að taka undir þau ummæli frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrv. forseta Íslands, sem voru höfð eftir henni í tímariti, þess efnis að þar sem konur sitja ekki við sama borð og karlar við ákvarðanatöku í samfélaginu ríkir ekki lýðræði. Lýðræðið verður því aðeins virkt að kynin tvö standi jafnt að vígi og komi jafnt að mótun samfélagsins og þeirri ákvarðanatöku sem þar fer fram.

[16:55]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrissjóður bænda, 118. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 129.
Sala á lambakjöti, 117. mál, fsp. SvanJ, þskj. 128.

[16:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir ánægjulegar umræður. Hér hefur fólk talað af yfirvegun og lítið verið um ergelsi. Ég bendi á að ráðherrar eru ekki fullkomlega sjálfráðir að því hvernig þeir skipa nefndir. Langflestar nefndir eru skipaðar

samkvæmt tilnefningu og venjulega ræður ráðherrann einum eða í besta falli tveimur í nefndinni. Ég hef stundum brugðið á það ráð, ég vil vekja athygli á því, að óska eftir tveimur tilnefningum þegar ég er að biðja um tilnefningar í nefndir.

Menn hafa með réttu deilt á ríkisstofnanir og ráðuneytin fyrir að sinna ekki framkvæmd jafnréttismála með skilvirkum hætti. Á sl. vetri boðaði ég ásamt Jafnréttisráði til fundar með ráðuneytisstjórum og yfirmönnum ráðuneyta og forstöðumönnum ríkisstofnana til þess að ræða jafnréttisáætlanir í viðkomandi stofnunum og sá fundur tókst að mínu mati vel. Ég mun fylgja því eftir með frekari fundahöldum af þessu tagi.

Ég átti mörgum spurningum eftir ósvarað og ég ætla að reyna að koma að þeim. Ein spurningin var hvar jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar er stödd. Er ráðherra ánægður með frammistöðu ráðuneytanna? Ég er ekki ánægður með frammistöðu ráðuneytanna og ég tel að það þurfi að gera miklu betur. Ég hef nýlega skipað nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti stjórnvöld geti framfylgt framkvæmdaáætlun ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, Peking-ráðstefnunni, í fyrra. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta sem og Jafnréttisráðs og ég vænti þess að störf hennar muni skila nýjum hugmyndum í nýja framkvæmdaáætlun jafnframt því sem þau hafi örvandi áhrif innan ráðuneytanna í jafnréttismálum. Ég mun einnig ræða nýja áætlun í jafnréttismálum í ríkisstjórninni þegar þar að kemur.

Spurt var hver væri skoðun mín á því að flytja jafnréttismálin yfir til forsrn. Með fullri virðingu fyrir forsrn. tel ég þessum málaflokki betur fyrir komi hjá félmrn., m.a. vegna þess að fjölskyldumál heyra undir það ráðuneyti. Mér er auk þess sérstök ánægja að því að vinna að jafnréttismálum. Þar eru mikil verkefni fram undan, þar eru möguleikar á að ná raunhæfum árangri og meðan ég er félmrh. þá mun ég, herra forseti, leggjast gegn því að flytja þennan málaflokk.

Fyrirspyrjandi spurði hvað ég teldi brýnast að gera í jafnréttismálum. Ég átti þess kost að mæta fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum og fylgdi þar eftir skýrslu sem við lögðum fram og þar var yfirheyrsla. Þetta var mjög fróðleg upplifun og minnisstæð. Það kom í ljós eins og mönnum er vel kunnugt að þetta er í nokkuð góðu lagi hjá okkur. Það eru einkum tvö atriði sem stendur upp á að leysa og þau eru að leiðrétta þennan kynbundna launamun. Verkefnið um kynhlutlaust starfsmat á að geta skapað grundvöll til réttara gildismats á vinnuframlagi kynjanna og það er stórt skref til þess að fá rétta mynd af stöðunni og getur í framtíðinni orðið mjög mikilvægt tæki til þess að laga þessa mismunun.

Í öðru lagi stóð réttleysi sveitakvenna upp úr í mínum huga eftir að hafa kynnt mér athugasemdir sérfræðinganefndarinnar. Það er afar brýnt að leiðrétta það t.d. hvað varðar útilokun sveitakvenna frá því að þiggja atvinnuleysisbætur. Þá vil ég geta þess að í undirbúningi er að stofna sérstakan atvinnuleysistryggingasjóð fyrir einyrkja. Þar ætti að gefast tækifæri til þess að sveitakonur geti öðlast bótarétt. En það er reyndar margt fleira sem þarf aðgera. Það eru mörg brýn verkefni í jafnréttismálum og það hefur verið getið um þau í umræðunni þó að við hefðum að sjálfsögðu þurfti miklu lengri tíma til að ræða þessi mál til fullnustu. E.t.v. gefst okkur tækifæri til að ræða jafnréttismál undir dagskrárlið á morgun þar sem ég mun mæla fyrir fjölskyldustefnu.

Það þarf að bregðast við og eyða þeim mismun sem viðgengst í landinu með ákveðnum aðgerðum. En ég verð að endurtaka að það er ekki á valdi stjórnvalda einna, það þarf viðhorfsbreytingar. Það er alveg hérrétt sem hefur komið fram að viðhorf breytast ekki með því einu að óska eftir breytingum. Það þurfa að fylgja athafnir.

[17:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir að fá orðið áður en umræðunni lýkur. Það kom mér nokkuð á óvart að málshefjandi í umræðunni, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, skyldi nota síðari ræðu sína til að veitast að mínu máli að því leyti að ég hafi verið eitthvað argur yfir því að nú væri búið að prenta og gefa út í sérprenti alþjóðasamninginn um afnám mismununar gagnvart konum. Hv. þm. lét það fylgja sem skýringu að þegar ég flutti þingmál 1985–1986 um það að farið yrði kerfisbundið yfir þennan alþjóðasáttmála með tilliti til íslenskra aðstæðna hafi það einfaldlega verið tómt mál vegna þess að það menn hafi ekki haft skilning á málinu þá. Mig minnir að sáttmálinn sé frá 1979 og Ísland hafði fyrir því í júnímánuði 1985 að staðfesta sáttmálann. Þá hlaut næsta verkefni að vera að nýta sáttmálann innan lands. Um það fjallaði tillagan. Ég gerði það m.a. af tillitsemi við hv. þm. og ágæta þingmenn Kvennalistans sem ég hef átt ágætt samstarf við hér á Alþingi um alllangt skeið að vera ekki að rekja það sem mér var mikil raun þegar þetta þingmál kom fram að Kvennalistinn skyldi skerast úr leik og ekki bara að vilja ekki vera meðflutningsmaður tillögunnar heldur veittist gegn því að tillagan fengi framgang á þingi og það var mér algjörlega óskiljanlegt. Um það má lesa í DV 18. nóv. 1985, 25. nóv. 1985 og 2. des. 1985 ef menn vilja kynna sér blaðaskrif sem af þessu spunnust. Ég hlýt að nefna þetta hér vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Ég vil ekki vera að efna til deilna um fortíðina í þessum málum. Málefnið er það, og um leið tek ég eindregið undir ábendingar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um málnotkun, að karlar og konur hér á þingi sem annars staðar leggist saman á sveif til þess að tryggja þau mannréttindi sem stjórnarskráin veitir okkur, a.m.k. í orði og tryggja það að sú mikla mismunun sem blasir við gagnvart konum í þessu samfélagi verði leiðrétt. Þó að þar þurfi að koma til sértækar aðgerðir sem stundum eru kallaðar forgangur þá tek ég eindregið undir það því að það mun þurfa til ef við ætlum að ná árangri.

Skipulags- og byggingarlög, 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101.

[17:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til skipulags- og byggingarlaga sem flutt er á þskj. 101 og er 98. mál þessa þings.

Frv. þetta er unnið í umhvrn. í náinni samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og skipulagsstjóra ríkisins. Frv. sama efnis var lagt fram á 120. löggjafarþingi og verður nú lagt fram óbreytt og lítt breytt frá því frv. sem lagt var fram á 118. þingi, þá til kynningar. Við vinnu á frv. var einkum byggt á frv. svipaðs efnis sem lögð voru fyrir Alþingi á 113. löggjafarþingi 1990–1991 og 115. löggjafarþingi 1991–1992 og þeim athugasemdum sem við þau voru gerð en frv. er þó um margt frábrugðið þeim.

Á meðan frv. var í vinnslu leitaði ráðuneytið sérstakra umsagna um 40 valinna aðila, þar á meðal ráðuneyta, stofnana, hagsmunasamtaka og áhugasamtaka. Flestir skiluðu áliti og sýndu málinu mikinn áhuga. Voru umsagnirnar teknar til gaumgæfilegrar meðferðar og hafa margar hverjar leitt til verulegra breytinga á frv. frá því sem það birtist á 113. og 115. löggjafarþingi. Þegar frv. var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi leitaði hv. umhvn. álits valinna aðila. Ekki gafst tóm til að fjalla efnislega um frv. og þau álit sem þá bárust fyrir öðrum málum sem þá voru hjá nefndinni. Þess vegna taldi ég rétt að leggja frv. fram óbreytt þótt ýmsar þær athugasemdir sem þegar hafa komið fram horfi til bóta. Nefndin sem fær málið til meðhöndlunar, þ.e. hv. umhvn., getur því gengið beint til verks og tekið fyrirliggjandi athugasemdir til meðferðar í samráði við umhvrn. eftir því sem vilji og þörf er talin á. Ég vildi undirstrika, hæstv. forseti, að frv. er óbreytt og þær umsagnir sem ættu að vera fyrirliggjandi gætu því komið að fullum notum og e.t.v. mætti líka segja að það væri ástæðulaust að halda langa framsögu fyrir frv. af þessum sömu ástæðum. Ég valdi þó þann kost að fara yfir málið í svipuðu formi og ég gerði á síðasta þingi til að undirstrika mikilvæga þætti þess og að málið sé tekið hér til ítarlegrar umræðu í hv. þingi.

Gildandi skipulagslög eru að grunni til frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Þótt nokkrar breytingar hafi verið gerðar á lögunum frá þeim tíma í samræmi við breyttar aðstæður og áherslur er langt frá að þau svari kalli tímans og mun ég gera grein fyrir því sérstaklega hér á eftir þegar ég fjalla um helstu breytingar og nýmæli sem fólgin eru í lagafrv.

Áður en ég vík að efnisþáttum frv. vil ég geta þess að í ákvæðum til bráðabirgða í lögunum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, kemur m.a. fram að þau lög skuli endurskoða jafnframt því sem fram fer endurskoðun skipulagslaga og byggingarlaga. Það er hins vegar álit ráðuneytisins og annarra sem koma að vinnu þessa frv. að sú endurskoðun sé vart tímabær enn því að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku fyrst gildi 1. maí 1994 og er því tiltölulega lítil reynsla komin á framkvæmdina. Ég lít svo á að æskilegt væri að taka lögin um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar á næsta þingi þegar fengin er a.m.k. þriggja ára reynsla af framkvæmd þeirra. Verður þá að sjálfsögðu litið til þess að fella lögin inn í skipulags- og byggingarlög. Það er skoðun ráðuneytisins sem og Skipulags ríkisins og byggingaryfirvalda, sveitarfélaganna, sveitarstjórnanna í landinu, að nauðsynlegt sé að endurskoða byggingarlög, m.a til þess að einfalda meðferð mála á því sviði og til að auka frumkvæði og ábyrgð sveitarfélaganna í þessum málaflokkum.

Auk þess hafa komið fram ábendingar frá eftirlitsaðilum, þ.e. Félagi byggingarfulltrúa, um nauðsyn þess að fjalla á ítarlegri hátt um byggingareftirlitið en gert er í gildandi lögum og að byggingarfulltrúum verði auðvelduð störf af eftirliti og gerðar kröfur til þeirra svo sem um starfsréttindi. Á fundum sem umhvrn. átti með sveitarfélögunum haustið 1994 og aftur fyrr á þessu ári komu fram óskir þar að lútandi.

Eins og ráða má af því sem ég hef þegar sagt ríkir samstaða milli ráðuneytis, skipulagsins og sveitarstjórnanna um framgang þessa máls sem og annarra aðila, t.d. ýmissa hagsmunaaðila eins og Félags byggingarfulltrúa. Auðvitað varðar málið marga fleiri. Eftir því sem ég hef heyrt um málið er mikil áhersla lögð á að unnt verði að ljúka því á haustþingi.

Með frv. er lagt til að sameinuð verði í ein lög tvenn eldri lög, annars vegar skipulagslögin frá 1964 og skipulagslögin frá 1978. Enda er hér um svo samtengd mál að ræða að ástæðulaust er að greina þau í sundur með þeim hætti sem gert er í dag.

Helstu nýmæli frv. felast í því að gerð er tillaga um einfaldari meðferð skipulags- og byggingarmála og um aukið frumkvæði sveitarfélaga innan málaflokksins. Þannig er lagt til að skilgreind verði mismunandi stig skipulagsáætlana, þ.e. deiliskipulag, aðalskipulag, svæðisskipulag og landsskipulag. Þessi stigsmunur er ekki í gildandi lögum en hefur verið útfærður í reglugerð að landsskipulagi undanteknu en hlutverk landsskipulagsins er að stuðla að samræmdri landnýtingar- og landnotkunaráætlun. Þannig er ætlunin að leggja áherslu á skipulagsáætlanir með hliðsjón af efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þörfum landsmanna með heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi. Enn fremur að taka beri tillit til nýtingar lands og landsgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Með þessum hætti yrði hugtakið sjálfbær þróun í fyrsta skipti leidd í lög hér á landi en skipulagsmál eru samkvæmt eðli sínu grundvallarþáttur umhverfisverndar og ráða einna mestu um hvernig þau mál skipast.

Eitt aðalstef frv. byggist einmitt á því að þegar á skipulagsstigi verði hugað að umhverfismálum með það að leiðarljósi að á skuli að ósi stemma. Eitt meginverkefni laganna hlýtur og að vera að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þar sem réttur einstaklinga og svokallaðra lögaðila verði ekki fyrir borð borinn. Enn fremur að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.

Lagt er til að frumkvæði skipulagsgerðar, þ.e. aðalskipulag og deiliskipulag og ábyrgð verði flutt til sveitarfélaga. En samkvæmt gildandi lögum er frumkvæðið og ábyrgðin hjá skipulagsstjórn ríkisins. Þetta hefði m.a. í för með sér að ekki þyrfti að leita heimildar ríkisvaldsins til þess að auglýsa skipulagstillögur eins og nú háttar til. Þannig yrði frumkvæði og forræði við gerð skipulagsáætlunar ótvírætt sett í hendur sveitastjórna sem hlýtur að teljast í hæsta máta eðlilegt því skipulagsáætlanir þjóna því hlutverki fyrst og fremst að vera tæki sveitarstjórnanna til þróunar og mótunar byggðar auk þess að tryggja með eftirliti að mannvirkjagerð falli að skipulagsáætlunum og þeim almennu gæðakröfum sem gerðar eru til bygginga á hverjum tíma.

Sveitarfélögin hafa í auknum mæli kallað eftir því að fá að taka yfir það frumkvæði sem og forræði og ábyrgð sem slíku fylgir.

Lagt er til að embætti skipulagsstjóra ríkisins sem og skipulagsstjórn ríkisins verði lögð niður og við taki ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem sjái um skipulags- og byggingarmál sem stjórnsýslustofnun. Hlutverk Skipulagsstofnunar er skýrt í 4. gr. frv. en það er m.a. fólgið í verkefnum sem skipulagsstjóri ríkisins sér um í dag að svo miklu leyti sem þau eru ekki færð yfir til sveitarfélaganna. Auk þess eru stofnuninni fengin ný verkefni svo sem rannsóknir á sviði skipulags- og byggingarmála. Skipulagsstofnun er ætlað að aðstoða sveitarfélögin sérstaklega við gerð skipulagsáætlana. Enn fremur að láta í té umsagnir svo sem um ágreiningsmál á sviði skipulags- og byggingarmála. Hlutverk stofnunarinnar yrði því fyrst og fremst eftirlit með framkvæmd þessara mála og að sjálfsögðu einnig framkvæmd laga um mat á umhverfis-

áhrifum, ráðgjöf til sveitarstjórna og ríkisvaldsins, umsagnir um tillögugerð, rannsóknir og útgáfa upplýsinga eins og nánar er lýst í 4. gr. frv. Skipulagsstjóri ríkisins fer með daglega stjórn Skipulagsstofnunar og skal hann skipaður til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á stjórn og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra en ekki er gert ráð fyrir stjórn yfir stofnuninni.

Í frv. er að finna það nýmæli í 8. gr. að ráðherra skipar úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála til fjögurra ára í senn. Úrskurðarnefnd kveður upp úrskurði í ágreiningsmálum um skipulags- og byggingarmál samkvæmt lögum þessum. Er nefndinni ætlað að taka yfir úrskurðarvald ráðherra í þessum málum og yrðu úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi og aðeins undir dómstóla bornir. Slíkar úrskurðanefndir eiga sér fordæmi og má sem dæmi nefna nefnd um kærur og kvartanir í heilbrigðismálum samkvæmt heilbrigðisþjónustulögum og úrskurðarnefnd samkvæmt hollustuháttalögum. Í fyllsta máta er eðlilegt að úrskurðarvaldið yrði fengið sérstakri nefnd en ekki líður nú svo vika í umhvrn. að þar komi ekki úrskurðarmál samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Áfram yrðu í höndum umhvrh. úrskurðir í málum vegna mats á umhverfisáhrifum enda í þeim tilvikum oftar um svokallað huglægt mat að ræða en samkvæmt skipulags- og byggingarmálum sem miklu frekar byggja á lögfræðilegum úrlausnum. Gert er ráð fyrir því eins og í gildandi lögum að í hverju sveitarfélagi starfi byggingarnefnd kjörin af sveitarstjórn. Jafnframt að sveitarstjórn geti ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélaganna og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd. En að öðrum kosti skuli einnig starfa sérstök skipulagsnefnd. Í gildandi skipulagslögum eru engin ákvæði um störf skipulagsnefnda og styðjast þær sem slíkar því við almenn ákvæði sveitarstjórnarlaga og hafa í sjálfu sér ekkert annað hlutverk en að vera sveitarstjórnum til ráðgjafar. Hér er lagt til að skipulagsnefndir verði lögboðnar en að heimilt sé að sameina byggingar- og skipulagsnefnd kjósi sveitarfélögin slíkt.

Til að taka af allan vafa er lagt til að formenn skipulags- og byggingarnefnda skuli vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn en krafa um slíkt var gerð í byggingarreglugerð en skorti lagagrundvöll og var því felld úr gildi vegna mótmæla frá sveitarfélagi.

Það nýmæli er að finna varðandi byggingareftirlitssvæðin, sem eru í dag sveitarstjórnarsvæðin, að sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa skuli mynda sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélagi eða sveitarfélögum, svokallaða svæðisbyggingarnefnd, og sameinast um ráðningu byggingarfulltrúa. Er það gert til þess að meiri möguleikar gefist á því að ráða byggingarfulltrúa í fullt starf þannig að hægt verði að gera frekari kröfur til þeirra.

Gert er ráð fyrir því að sérstakur samningur verði gerður milli sveitarfélaganna þegar svo háttar til sem umhvrh. staðfestir. Félag byggingarfulltrúa hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að sett verði ákvæði sem þetta og Skipulag ríkisins tekið undir þau sjónarmið félagsins. Auk þess er leitast við að tryggja að byggingarfulltrúar hafi næga menntun og starfsreynslu og verður þeim gert skylt að hafa starfsleyfi umhvrh., t.d. með sama hætti og heilbrigðisfulltrúar þurfa vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlitsins og yrði ekki hægt að ráða aðra til byggingarfulltrúastarfs en þá sem hafa slíkt leyfi.

Einnig má nefna að skilgreint er betur en í gildandi lögum hvað átt sé við með hönnunargögnum bygginga og ríkari áhersla er lögð á faglega kröfu til áætlunargerðar og hönnunar á þessu sviði.

Lagðar eru til breytingar á skipulagsgjaldi þannig að það leggist einnig á mannvirki sem ekki eru metin til brunabóta eins og nú háttar til og að í slíkum tilvikum skuli miða við endurstofn mannvirkis. Þannig er ætlunin að skipulagsgjöld verði innheimt af öllum mannvirkjum og skiptir ekki máli hvort um er að ræða mannvirki sem metið er til brunabóta eða ekki. Ég vil benda á að við nánari athugun á þessu ákvæði, sem er að finna í 37. gr. frv., skortir nánari skilgreiningu á gjaldstofni, ákvörðun gjalddaga og lagaskil. Þarf því að gera nauðsynlegar breytingar á frv. til samræmis við athugasemdir sem borist höfðu frá fjmrn. og sendar verða hv. umhvn. Þetta nefni ég sérstaklega vegna þess að eins og áður hefur komið fram er frv. óbreytt, en hér hefur komið fram athugasemd sem þarf að taka á í meðferð málsins í þinginu. Samkvæmt frv. er allt landið skipulagsskylt og verður skipulagsgjaldið innheimt í samræmi við það og engin mannvirki undanþegin.

Varðandi þvingunarúrræði laganna vil ég geta þess að þau eru að mestu samhljóða gildandi lögum. Þó er sú breyting gerð að þar sem byggingarfulltrúi stöðvar framkvæmdir skal hann leita staðfestingar byggingarnefndar um stöðvun svo fljótt sem við verður komið. Enn fremur er lagt til það nýmæli að skipulagsstjóri geti hlutast til um að mannvirki, sem falla undir IV. kafla laganna og reist hafa verið án samþykkis sveitarstjórna, verði fjarlægð á kostnað sveitarfélagsins ef sveitarstjórn hefur látið hjá líða að framkvæma verk innan sex mánaða frá því að henni var kunnugt um málið. Hér er um öryggisákvæði að ræða til þess að ýta á eftir því að sveitarstjórnin sinni þeirri skyldu að láta fjarlægja mannvirki sem reist hafa verið án leyfis. Enn fremur er það nýmæli að ef brunaöryggi er ábótavant við lokaúttekt mannvirkis skuli byggingarfulltrúi koma í veg fyrir að húsið verði tekið í notkun þar til úr hefur verið bætt. Vísast nánar til 59. gr. frv.

Þá vil ég geta þess að í 63. gr. er að finna nýmæli í tengslum við refsimál. Er samkvæmt því aðeins reiknað með að refsimál skuli höfðað að áður hafi reynt á þvingunarúrræði 59.–62. gr. Með þessu ætti ekki að koma til afskipta ákæruvaldsins fyrr en reynt hefur á þvingunarúrræðin. Mun þetta væntanlega létta töluverðri vinnu af ákæruvaldinu og ýta undir að byggingaryfirvöld sveitarfélaga sem og Skipulagsstofnun nýti sér þær leiðir til úrbóta sem fólgnar eru í þvingunarúrræðum laganna.

Í 26. gr. er fjallað um svæðisskipulag miðhálendisins, en það hefur mikið verið til umræðu að undanförnu, ekki síst í tengslum við skipulag Hveravallasvæðisins. Samkvæmt frv. er landið allt skipulagsskylt, en ekki einungis sveitarfélögin eins og nú er. Miðhálendi Íslands fellur hér undir og er starfandi sérstök samvinnunefnd á vegum umhvrn. sem vinnur að skipulagningu þess í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í gildandi skipulagslögum, sbr. breytingu nr. 73/1993. Gert er ráð fyrir því að samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins, sem nú starfar af fullum krafti, ljúki tillögugerð að svæðisskipulagi miðhálendisins á næstu mánuðum. Hér er um veigamikið mál að ræða sem lengi hefur verið þrætuepli, svo sem um stjórnsýslumörk svo ekki sé talað um eignarréttinn, en hvorugur þessara þátta er viðfangsefni skipulags- og byggingarlaga. Þó er ljóst að eigi samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálendisins að geta skilað tillögum þarf hún að geta tekið mið af tilteknum

stjórnsýslumörkum sveitarfélaga og hefur nefndin óskað aðstoðar umhvrn. þar að lútandi. Vinnur starfshópur skipaður fulltrúum þess, félmrn. og dómsmrn. að því að leysa það verkefni til þess að samvinnunefndin geti skilað tillögum á tilsettum tíma.

Eins og gildandi lög gera ráð fyrir verður áfram óheimilt með örfáum undantekningum að reisa, rífa eða breyti húsi eða öðrum mannvirkjum án sérstaks byggingarleyfis sem byggingarnefndir veita. Til að framkvæma í samræmi við byggingarleyfi þarf hins vegar sérstakt framkvæmdaleyfi og er það nýjung, en því er ætlað að tryggja að fullnægjandi burðarþolskerfis- og deiliuppdrættir hafi verið gerðir og að byggingarstjóri og iðnmeistari hafi verið ráðnir til verksins og þeir undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á leyfðum framkvæmdum. Mjög mikilvægt er að leggja áherslu á sjálft framkvæmdaleyfið sem í sjálfu sér segir ekkert annað en að þannig sé að málum staðið að óhætt sé að ráðast í eða hefja framkvæmdir.

Ég hef hér á undan farið yfir helstu breytingar og nýmæli sem fram komu í frv. þótt af meiru sé vissulega að taka. Í tengslum við skipulags- og byggingarlög hefur töluvert verið rætt um brunavarnir og skipan þeirra innan stjórnkerfisins, en brunavarnalög sem og brunavarnareglugerðir og -samþykktir hljóta eðli máls samkvæmt að tengjast byggingarlögum. Hefur orðið að samkomulagi milli mín og félmrh. að kanna hvort og þá með hvaða hætti brunamálefni og yfirstjórn brunamála geti færst undir umhvrn. og starfsemi Brunamálastofnunar hugsanlega sameinuð Skipulagsstofnun þó það sé nú síðari tíma ákvörðun.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. en ítreka að sama frv. var flutt á síðasta löggjafarþingi og að hliðstæð frumvörp hafi verið flutt á 113. og 115. löggjafarþingum og vísa ég til umfjöllunar um þau á þeim tíma auk þess sem á 118. löggjafarþingi var lagt frv. til kynningar sem er að verulegu leyti samhljóða því frv. sem hér er mælt fyrir.

Ég legg enn fremur áherslu á þá samstöðu sem ríkir um framgang málsins hjá skipulagsyfirvöldum, þ.e. umhvrn., Skipulagi ríkisins, sveitarfélögum og Félagi byggingarfulltrúa. Ég legg á það áherslu að frv. nái fram að ganga fyrir áramót, sem ætti að vera raunhæft hafandi í huga að frv. er alveg óbreytt frá seinasta þingi og athugasemda hefur verið leitað við það og hv. umhvn. gæti því hafist handa við efnislega umfjöllun strax. Ég ítreka að líta verður betur á 37. gr. frv. þar sem fjallað er um skipulagsgjald og eðlilegt að sérfræðingar fjmrn. verði kallaðir til aðstoðar við nauðsynlegar breytingar á því ákvæði ef nefndinni þykir svo við horfa. Að gefnu tilefni vil ég einnig koma á framfæri ósk þess efnis að við meðferð málsins á Alþingi verði sérstaklega litið á þau ákvæði frv. er varða aðgengi fatlaðra, bæði á skipulagsstigi sem og við hönnun bygginga.

Fram hafa komið ábendingar um að ákvæði hér að lútandi séu ekki nægilega skýr og því sé erfiðleikum bundið að fylgja þeim eftir í reglugerðum þar sem nánar er kveðið á um framkvæmdina. Ég tel rétt að umhvn. kalli sérstaklega eftir áliti og tillögum samtaka fatlaðra um mál er varða aðgengi.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[17:23]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er komið enn aftur til umfjöllunar mjög mikilsvert mál, frv. til skipulags- og byggingarlaga sem, eins og hefur komið fram áður í máli hæstv. ráðherra, er að koma hér til umfjöllunar í þriðja sinn. Ég tel mjög mikilsvert að þetta mál nái fram að ganga núna í vetur. Mér er ljóst að það er mjög mikið fram undan, það eru flókin mál og ekki einfalt að koma þessu máli í gegn. Það þarf mikla vinnu við það en ég heiti því að ég mun leggja mitt af mörkum til þess að málið fái þann framgang sem til þarf.

Það sem verið er að vinna að, og kemur greinilega fram í markmiðssetningunni, er að þróun byggðar og landnotkun á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir sem hafa efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi sem segir ekkert smáræði um það sem fram undan er við vinnuna. Í öðru lagi að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í þriðja lagi að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála þannig að réttur einstaklinga verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinar sé hafður að leiðarljósi. Og í fjórða lagi að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt, svo farið sé yfir markmiðssetninguna. Um er að ræða geysivíðfeðman málaflokk og margt sem þarf að taka til.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að sveitarfélögum með færri íbúa en 1.000 skuli skylt að mynda sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélagi eða nágrannasveitarfélögum. Ég tel að þarna sé ákvæði sem er hárrétt og á rétt á sér, en það getur vel verið að í fjölmennum sveitarfélögum og þegar mikið er um framkvæmdir, þá þurfi að vera sér byggingarnefnd og sér skipulagsnefnd. Það er ekki óeðlilegt en ég held að það sé farsælast ef unnt er að láta þessa tvo málaflokka falla í einn. Ég held líka að það sé nauðsyn að binda skipan nefnda við lágmarksíbúafjölda. Þetta segir auðvitað það, sem oft og tíðum á rétt á sér, að dreifbýli og þéttbýli eigi að vinna saman að þessum málum og ég tek undir það.

Í 6. gr. frv. er getið um nauðsyn þess að heilbrigðisfulltrúar sitji fundi byggingar- og skipulagsnefnda. Það held ég að sé ákvæði sem á virkilega rétt á sér. Þetta er nýmæli. Þessir málaflokkar sem heilbrigðisfulltrúar fara með og fjalla um samtvinnast ærið oft því sem byggingar- og skipulagsnefnd hafa verið að fjalla um þannig að ég tek undir þetta.

Í 9. gr. er fjallað um að allt landið sé skipulagsskylt. Það er mikil nauðsyn og ég tek undir þetta og fagna því í raun hvernig þetta er sett fram í frv.

Ég ætla ekki að flytja langt mál en mig langar að fjalla örlítið um 51. gr. og kannski 52. gr. frv. Þær eru nátengdar og fjalla að nokkru leyti um löggildingu hönnuða. Hér er kveðið á um, og er í rauninni nýmæli, hvaða skilyrði hönnuðir þurfa að uppfylla til þess að geta unnið sem slíkir. Hönnuðir þurfa að hafa hlotið heimild ráðherra til starfsheitis. Þeir þurfa að hafa sérhæft sig á viðkomandi sviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila. Meginreglan er sú að umsækjendur hafi þriggja ára starfsreynslu, þar af minnst eins árs reynslu hér á landi. Í vottorði um starfsreynslu skal gera grein fyrir þeim verkefnum sem umsækjandi hefur unnið á starfsreynslutím-

anum. Það er eðlilegt að þetta sé sett fram, en það sem þarf að gá að er að við hönnun hér á landi hafa iðnmeistarar unnið um áratuga skeið. Ég held að það þurfi að gæta að réttindum þeirra aðila sem hafa verið að vinna þessi störf, bæði iðnfræðingar, rafvirkjameistarar, pípulagningameistarar o.s.frv. Ég vil sérstaklega taka á þessum greinum og mun reyna að sjá til þess í umfjöllun umhvn. að gætt verði að réttindum þeirra manna sem hafa unnið þessi störf og að þeim sem nú eru að hefja iðnnám eða tæknínám verði fullkomlega ljóst hvað til þarf til þess að þeir geti öðlast rétt til að hanna kerfi og fá löggildingu sem slíkir.

Það hlýtur að vera eðlilegt að tryggja þeim aðilum rétt sem hafa unnið á þessum sviðum undanfarin ár og ég treysti því að hv. umhvn. tryggi þeim sem hafa unnið og hannað teikningar áframhaldandi rétt til þess.

Ég ætla, herra forseti, ekki að setja fram neinar sérstakar spurningar. Ég vildi aðeins taka á þeim atriðum sem eru í lagagreinunum frá 50 til 53. Ég hef aðeins komið inn á þessi mál. Það verður mikið og margt til umræðu í umhvn. í vetur og þetta mál eitt og sér mun taka gífurlegan tíma þó svo ég sé ekki að boða neina ósátt í málaflokknum, ég er alls ekki að gera það, heldur til þess að ná yfir það sem þarf að gera.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að sinni en að *sjálfsögðu þegar það kemur til umræðu aftur, hvenær sem* það verður.

[17:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er að koma til 1. umr. frv. til nýrra skipulags- og byggingarlaga, mál sem hefur sést fyrr í þingsölum, reyndar mjög oft því að það eru liðin ein sjö ár frá því að frv. um þetta efni kom fram sem að stofni til var í reynd það sama og hér er flutt, þ.e. á árinu 1989. Það hefur eins og fram kemur í greinargerð verið endurflutt í þessum búningi árum saman.

Ég tel að um löngu tímabæra endurskoðun sé að ræða og ég hef lýst undrun minni á því á undanförnum þingum að ráðherrar umhverfismála sem nú fara með skipulagsmál, skuli ekki hafa veitt þessum málaflokki forgang í sambandi við sínar áherslur gagnvart þinginu. Svo hefur ekki verið og það er ástæðan fyrir því að þetta mál kemur enn og aftur til umræðu í þinginu og hæstv. ráðherra skorar á þingið að afgreiða það fyrir áramót. Við erum að ræða mál 4. nóvember og þingi á að ljúka fyrir jól væntanlega. Eitthvert hlé verður gert. Hæstv. ráðherra er því að tala um einn mánuð eða svo. Og með fullri virðingu fyrir óskum hæstv. ráðherra og skilningi á því að hann leggur áherslu á afgreiðslu málsins — og ég fagna því sérstaklega að hæstv. umhvrh. leggur nú áherslu á að þingið afgreiði málið og veiti því forgang — þá verð ég að lýsa verulegri undrun á því að hæstv. ráðherra *skuli — ég vil ekki segja leyfa sér, því að til þess hefur* hæstv. ráðherra fullt leyfi — að óska eftir því að þingið afgreiði þennan málaflokk fyrir áramót. Rökin eru þau að þetta mál hafi áður komið fram í þinginu. Það er sannarlega rétt. En málið hefur aldrei fengið umræðu hér, utan 1. umr. nokkrum sinnum. Það vill svo til að ég hef verið fjarri þegar hún hefur farið fram í byrjun þings í tvígang held ég og því ekki tekið þátt í 1. umr. um málið. Í umhvn. hefur málið komist það lengst að það hefur verið sent til umsagnar og umsagnir liggja vissulega fyrir. En umhvn. ræddi málið á einum fundi á síðasta þingi, þ.e. hlustaði á talsmann umhvrn. og búið. Það hefur engin umfjöllun um málið farið fram í umhvn. þingsins fram að þessu þrátt fyrir margítrekaðan flutning frv. í þinginu. Þetta bið ég hæstv. ráðherra að taka til vinsamlegrar athugunar. Og um leið og ég heiti stuðningi við það að við megum afgreiða þennan þýðingarmikla lagabálk á yfirstandandi þingi, tel ég æskilegt og raunar nauðsynlegt að umhvn. sé ekki sett nú þegar undir þá tímaþvingun sem hér mátti heyra nefnda og ég leyfi mér að kalla því nafni, ef á að afgreiða á einum mánuði eða svo slíkt mál úr nefndinni. Það kann að vera að hv. þingmenn hafi skoðun á málinu umfram það sem fram hefur komið í annars ágætum umsögnum frá mörgum aðilum sem hafa sent þær til þingsins.

Það verður að segja, virðulegur forseti, að skilningur og áhugi almennt, þá er ég að draga almennar ályktanir af umræðu í samfélaginu, á þessum málaflokki hefur ekki verið mjög mikill og það ber einmitt þetta sem ég hef verið að rekja hér vott um. Ég segi því miður vegna þess að málaflokkurinn er undirstöðumál undir mjög marga þætti. Þetta er ekki tæknilegt mál fyrst og fremst þó það hafi sínar tæknilegu hliðar. Þessi löggjöf á að geta verið stefnumótandi um þróun byggðar í landinu, þróun innan byggðarlaganna og um fjölmargar athafnir í mannlegu samfélagi í byggðarlögunum.

Ég lýsi vonbrigðum yfir því, virðulegur forseti, að ekki skuli liggja fyrir jafnhliða þessu og innbyggt í frv. endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég spyr: Eftir hverju er verið að bíða? Þetta eru nátengd mál. Hvað hefur umhvrn. verið að gera síðan í fyrra þegar það lagði þetta mál fram og dró það svo nánast til baka í þinginu? Jú, ráðherra segir að tímabært sé á næsta ári að taka lög um mat á umhverfisáhrifum til endurskoðunar, árið eftir að við erum búin að fjalla um heildarlöggjöfina. Auðvitað átti þetta mál að koma hér samhliða og innbyggt inn í þessa löggjöf þar sem þetta er hluti af sama máli. Ég tel engin gild rök vera fyrir þessu. Nú á eitt ár að skapa þá reynslu sem hæstv. ráðherra segir að nauðsynleg sé að fá til viðbótar varðandi mat á umhverfisáhrifum. Ég tel að reynslan sé komin og næg til þess að við tökum á málinu til endurskoðunar en ég hef vissulega ekki breytingartillögur tilbúnar. Auðvitað þarf það að vera verkefni viðkomandi ráðuneytis að hreyfa því fram gagnvart þinginu.

Mat á umhverfisáhrifum, virðulegur forseti, þarf að verða mun víðtækara og almennara en nú er í ýmsum greinum í þeirri löggjöf sem við vinnum eftir varðandi þann þátt. Þetta varðar m.a. efnistöku. Þetta varðar ýmsar framkvæmdir í landinu, þar með taldar aðgerðir í landgræðslu og skógrækt, jákvæðar aðgerðir sem þarf að fella að almennum sjónarmiðum eins og margt fleira. Skipulagsáætlanir ættu tvímælalaust að vera háðar slíku mati, skipulagsáætlanir sem slíkar, og sýnist ekki eftir neinu að bíða með að lögbjóða það við afgreiðslu þessa frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að ákvæði 11. gr. frv. þar sem talað er um tillögur að aðalskipulagi *hvað varðar umhverfið og að það verði metið með tilliti til* áhrifa á umhverfið, séu að þessu leyti mjög óljós og þau þurfi að skýra og það beri að lögleiða almennt ákvæði um það að skipulagsáætlanir gangi undir formlegt skipulegt mat um áhrif sem þær munu hafa á umhverfið en séu ekki aðeins svona laustengdar eins og gert er með ákvæðum þessa frv.

Greinargerðin með frv., virðulegur forseti, er satt að segja afar fáorð. Ég bið menn um að fletta upp á greinargerðinni, Athugasemdum við frv. þetta, sem fyllir eina og hálfa síðu. Það eru mest formleg atriði sem þar eru upp talin og algerlega laus við að lyfta þessum mikilvæga málaflokki í þær hæðir sem honum ber og ræða ráðherra bætti því miður ekki mikið þar úr skák. Nýtt frv. að skipulags- og byggingarmál-

um hefði átt að nota sem tilefni til að marka nýja sýn um þróun byggða og meðferð og ráðstöfun lands og auðlinda út frá þeim gildum sem kennd eru við sjálfbæra þróun og sem nefnd eru í markmiðsgrein frv. Þetta frv. er að meginstofni orðið til áður en sú umræða hófst sem leiddi til Ríó-ferlisins og Dagskrár 21 sem kveður á um að umhverfissjónarmið eigi að fella að öllum þáttum samfélagsins með sérstaka áherslu á þróun minnstu samfélagseininga, þ.e. hvers byggðarlags eða sveitarfélags.

Samkvæmt Dagskrá 21 í Ríó-ferlinu hefur verið gert ráð fyrir að vinna á grundvelli hennar færi fram í hverju landi, m.a. á grundvelli vinnu í hverju byggðarlagi og þarf afrakstur inn auðvitað að fá fótfestu í landrænu sem og hagrænu skipulagi. Það fer lítið fyrir slíkri vinnu hérlendis enn sem komið er og skort hefur á leiðsögn og hvatningu í þessum efnum af hálfu umhverfisyfirvalda gagnvart sveitarfélögum í landinu. Ég nefni að í Svíþjóð er gert ráð fyrir því fyrir atbeina stjórnvalda, að slík vinna hefjist í öllum sveitarfélögum Svíþjóðar ekki síðar en í lok þessa árs og menn ættu, virðulegur forseti, í tengslum við málið að líta á hvernig unnið er að þessum málum á öðrum Norðurlöndum.

Ég hef hérna handa á milli undirgagn varðandi breytingu á skipulagslöggjöfinni í Svíþjóð sem heitir Miljö og fysisk planering, gefið út af Plan og byggutredningen í Stokkhólmi 1994. Þetta er sem sagt um umhverfisþátt málsins (**Gripið fram í:** Þetta hefur aldrei náð hingað ...) og síðan er að finna tillögu ríkisstjórnarinnar, Kommunal översiktsplanering enligt plan- og bygglagen, sérstaklega um það sem snýr að sveitarfélögunum. Ég er ekki að segja að við höfum burði til þess að vinna allt eins og gerist í margfalt fjölmennari löndum. En hvers vegna leyfa menn sér ekki þann munað, virðulegur forseti, að líta út fyrir pollinn, líta austur yfir Atlantsála eða vestur eftir atvikum og reyna að læra af því sem þar er vel gert? Það finnst mér ekki hafa verið gert að öllu leyti í sambandi við þetta mál.

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt að leita um það samstöðu við meðferð málsins í þingnefnd að hægt verði að styrkja leiðsögn frv. og ákvæði um einstök skipulagsstig allt frá landsskipulagi til deiliskipulags þannig að markmiðið um sjálfbæra þróun svífi ekki í lausu lofti eins og það gerir eins og frá frv. er gengið og enga leiðsögn, ekki hina minnstu er að finna í athugasemdum með frv., því miður. Dæmi um þetta eru t.d. umferðaræðar og umferð, hvernig haldið er á umferðarmálum, tillit til hagsmuna barna, orkunotkun almennt og losun mengandi efna og kröfur um umfang grænna svæða í og við þéttbýli. Margt smátt gerir eitt stórt þegar um er að ræða mannlegar athafnir, virðulegur forseti. Það á við um mengun, svæðisbundna og á veraldarvísu. Viðmiðanir og kröfur um slíka þætti sem einstök ríki taka á sig eða setja, m.a. samkvæmt alþjóðasáttmálum, verða að eiga bakhjarl í ákvörðunum hvers byggðarlags og kröfur til skipulags þurfa að taka mið af því. Þetta gildir m.a. um endurvinnslu, um orkunotkun og losun mengandi efna.

Í frv. er kveðið nánar á um skipulagsstig en í gildandi löggjöf. Landsskipulag, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag eru í frv. sett fram sem afmörkuð skipulagsstig, en í framsetningu frv. í öfugri röð að mínu mati, virðulegur forseti. Það er byrjað á ítarlegum ákvæðum um aðalskipulag. Þá er tíundað ákvæði um deiliskipulag, svæðisskipulag og endað á landsskipulagi. Þó er alveg ljóst að ætlast er til þess að tekið sé mið af þessum skipulagsstigum í öfugri röð við það sem er í frv., að við gerð aðalskipulags sé tekið tillit til landsskipulags, eðlilega. Það yrði lítið úr kröfum landsskipulagsins ef það væri ekki gert. Hér virðist vera um að ræða arf frá gömlum tíma, úr gildandi löggjöf m.a., þar sem ekki eru nein aðgreind skipulagsstig þó að það hafi verið sett inn í reglugerð á grundvelli laganna. Þetta þyrfti, virðulegur forseti, að lagfæra þó ekki væri nema vegna rökræns samhengis og það ætti ekki að vera neitt deiluefni að taka þannig á málum. Hvert þessara skipulagsstiga á að taka mið af því sem ákveðið er á efra skipulagsþrepi, talið frá landsskipulagi til deiliskipulags. Ég bið hæstv. ráðherra um að bregðast við þessari ábendingu sem sett er fram með ósk um að litið verði á breytingu á þessu.

Ákvæðin um landsskipulag, virðulegur forseti, eru mjög stutt og veikburða og það mætti vitna til ákvæða frv. í 29. gr. sem eru einu ákvæðin í frv. um landsskipulag. Með leyfi hæstv. forseta. 29. gr. frv.:

„Skipulagsstofnun skal í samvinnu við opinbera aðila sjá um að upplýsingar og gögn varðandi landsskipulag séu fyrir hendi og stuðla að innbyrðis samræmi þeirra. Skipulagsstofnun skal afla gagna og hafa aðgang að gagnasöfnum annarra opinberra aðila á því sviði."

Punktur. Þetta er allt sem er að finna varðandi landsskipulagsstigið í þessari grein. Skipulagsstofnun er ekki ætlað hér neitt frumkvæði að séð verður í skipulagsvinnu heldur aðeins að stuðla að innbyrðis samræmi gagna. Svo er að sjá að gerð landsskipulags sé í höndum margra ótilgreindra opinberra aðila og því er heitið landsskipulag að mér sýnist tæpast réttnefni. Ég bið hæstv. ráðherra um að varpa einhverju ljósi á þessi sérkennilegu takmörkuðu ákvæði 29. gr.

Ákvæði um svæðisskipulag og tengslin við skipulag miðhálendisins vil ég gera aðeins að umræðuefni. Gerð svæðisskipulags er ekki lögboðið samkvæmt ákvæðum frv. sem sjá má af 25. gr. og er frumkvæði í höndum ótilgreindra sveitarstjórna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. ... Við gerð svæðisskipulags skal gæta ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum."

Hér er m.a. við það að athuga að háð er óskum og vilja sveitarstjórna og frumkvæði að það verði til svæðisskipulag. Ég fagna því að sveitarstjórnir fái aukna hlutdeild og frumkvæði varðandi aðalskipulag og deiliskipulag. En mér finnst, virðulegur forseti, að það væri réttmætt að stíga það skref að lögbjóða gerð svæðisskipulags, jafnvel að gefa ábendingar um þær einingar sem eiga að standa og falla þá undir þetta landfræðilega, hagræna og félagslega tillit sem ber að vera til staðar. Ég held að Skipulagsstofnun eigi, ef til vill í samráði við svæðisstofnanir sem þyrftu að verða til, að vinna að því að móta svæðisskipulag og ekki ætla sveitarfélögunum án nánari ákvæða að stýra þessu. En ég ítreka að ég styð eindregið að þær hafi allt frumkvæði um aðalskipulag og deiliskipulag. Það liggur á að svæðisskipulagsvinna fari fram.

Ég vil aðeins víkja, virðulegur forseti, að skipulagi miðhálendis. Ég ætla aðeins að nefna það að tillaga, sem lá frammi 1990–1991 um að miðhálendið væri sérstök stjórnsýslueining í skipulagslegu tilliti, náði ekki fram að ganga í þinginu. Hún var kveðin í kútinn af þingmönnum Framsfl. og Sjálfstfl. Og þáverandi hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason rekinn til baka með tillögu þar að lútandi. Þetta var svo stutt af fulltrúum sveitarstjórna sem kallaðar voru til og þá varð að ráði, sem síðan var samþykkt í þinginu í bærilegu

samkomulagi, sem næsta úrræði að setja bráðabirgðaákvæði til þess að geta hafið svæðisskipulagsvinnu miðhálendisins. Og það er verið að ljúka, eins og hæstv. ráðherra nefndi í sínu máli, gerð tillögu að skipulagi á vegum samvinnunefndar fulltrúa héraðsnefnda þeirra sveitarfélaga sem liggja að miðhálendinu og þá tillögu er gert ráð fyrir að meðhöndla á grundvelli þeirra væntanlegu laga sem eiga að byggja á þessu frv.

Ég hef margar spurningar í sambandi við þetta. Ég var þeirrar skoðunar að æskilegt væri að hafa miðhálendið sem sérstaka stjórnsýslueiningu í skipulagslegu tilliti og studdi það og átti hlut að því með nefnd sem lagði það til við ráðuneytið. En ég spyr t.d. um ákvæði 27. gr., 2. mgr. þar sem segir:

„Íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði [þ.e. á miðhálendinu] skal veittur sex vikna frestur frá birtingu auglýsingar til að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna til samvinnunefndar."

Ég bið hæstv. ráðherra um nánari útlistun á þessu atriði. Hverjir eru þessir hagsmunaðilar? Innifelur það að allir landsmenn, allir landsmenn, sem vissulega hafa hagsmuna að gæta í sambandi við miðhálendið, geti komið athugasemdum við gagnvart væntanlegri tillögu? Eða hvernig ber að skilja 2. mgr. 27. gr.? Ég nefni það, virðulegur forseti, að hv. formaður umhvn., Ólafur Haraldsson, talaði á ráðstefnu, sem ég sat í fyrradag, á vegum Ferðafélags Íslands um skipulagsmál miðhálendisins o.fl. Hann kvað upp úr um það að hann ætlaði að beita sér fyrir því að fulltrúar frá Reykjavík, höfuðborgarsvæðinu og öðrum landshlutum, sem ekki eiga aðild að samvinnunefndinni um skipulag miðhálendisins, fái aðgang að málinu á næstunni, eins og ég skildi þingmanninn, en áður en tillögugerð ljúki. Ég hlýt að spyrja ráðherra hvort hann styðji þá hugmynd sem hv. þm., um leið og hann nefndi að hann væri formaður umhvn. og ætlaði að beita sér fyrir breytingu á þessu ferli, — hvort þetta er í samráði við hæstv. ráðherra. Og hvort hæstv. ráðherra styður þetta ásetningarefni þingmannsis því það er nauðsynlegt að við í umhvn. vitum hver er í rauninni vilji ráðandi meiri hluta að þessu leyti. Ég vildi sjá annan hátt varðandi þetta eins og ég hef þegar getið um en ég hef ákveðnar efasemdir um það til hvers það mundi leiða að breyta nú um vinnulag í miðri á. En ef um kúvendingu er að ræða í afstöðu t.d. Framsfl. í málinu þá hlýt ég að skoða málið út frá fyrri afstöðu sem ég hafði til þessa máls og ég tel raunar skipta miklu. Það gæti verið til sátta að tryggja við afgreiðslu málsins að allir landsmenn geti haft formlegan athugasemdarétt gagnvart væntanlegri tillögu um skipulag miðhálendisins til að þau sjónarmið komi fram, þó þeir séu ekki beinir aðilar að málinu með fulltrúa í þeirri samvinnunefnd, sem síðan á að fjalla um málið eða sveitarfélögin.

Ég, virðulegur forseti, hef ýmis fleiri efni sem ég vildi nefna í sambandi við frv. Tíminn er þrotinn. Ég hef möguleika á að koma aðeins aftur í ræðustól og mun ef til vill nýta mér það en ég treysti því að hæstv. ráðherra bregðist við þeim atriðum sem ég hef þegar vakið máls á í þessu mjög svo þýðingarmikla máli.

[17:52]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er þakklátur hæstv. ráðherra fyrir að hafa borið þetta mál svona fljótt inn í þingið. Ég held að það muni gefa okkur möguleika til þess að fara yfir það og afgreiða í vetur. Ég er að vísu ekki þeirrar skoðunar að takast muni að ljúka þessu máli fyrir jól þrátt fyrir frómar óskir hæstv. ráðherra. Málið er í eðli sínu mjög flókið og ég held að það þurfi yfirgripsmikla vinnu. Ég held líka að ýmislegt af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði áðan bendi til að það séu ákveðin atriði sem þyrfti að taka inn í þá vinnu. Hv. þm. benti t.d. á það, sem er hárrétt hjá honum, að frv. er að meginstofni búið til í umhvrn. áður en menn tóku almennt við sér varðandi þau mál sem hann nefndi í tengslum við Ríó-ferlið, (**Gripið fram í:** Í félmrn.) þ.e. þau atriði sem tengjast sjálfbærri þróun. Mér fannst það sem hv. þm. sagði um skipulagsáætlanir í því sambandi vera mjög jákvætt. Á sínum tíma þegar ég kom að þessu máli verð ég að viðurkenna að ég var fjarri því eins vel að mér um sjálfbæra þróun og Ríó-ferli og ég er í dag og mun sennilega aldrei komast með tærnar þar sem hv. þm. hefur sína fallegu hæla í þessum efnum. Staðreyndin er hins vegar sú að menn hafa lagt sig alla fram um að koma þessu mikilvæga máli í höfn. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að mjög stíft er pressað af hálfu sveitarfélaganna að þessi lagabálkur verði endurskoðaður. Ég leyfi mér að fullyrða að árum saman hefur verið í gangi mikil vinna við að koma þessu saman, ná sátt um ólík sjónarmið. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það svo að hann væri hissa á því að málinu skuli ekki hafa verið veittur forgangur. Ég segi fyrir mína parta að þann stutta tíma sem ég hafði viðdvöl í umhvrn. get ég ekki fallist á annað en að málið hafi verið í stöðugri vinnslu. Ég minnist þess t.d. að málið var, sumarið 1994, sent út til umsagnar m.a. til að flýta vinnunni í þinginu. Fjölmargar umsagnir bárust og í kjölfarið var fenginn maður til að vinna úr þeim umsögnum og jafnframt var fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem kom að þeirri vinnu. Og allt var þetta gert til þess að búið yrði að sníða sem flesta agnúa af málinu þegar það kæmi inn til þingsins. Þannig að ég get ekki alveg fallist á þetta sjónarmið hjá hv. þm. Ég bendi líka á að hæstv. umhvrh., Guðmundur Bjarnason, lagði þetta mál fyrir þingið upp úr áramótum í fyrra. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að á meðan málið er hér inni í þinginu, hafi hann og starfsmenn hans verið að vinna að því í ráðuneytinu. Það var auðvitað á verksviði þingsins að breyta því í þá veru sem hv. þingmenn og ef til vill aðrir hefðu kosið. Staðan var einfaldlega þannig að hv. umhvn. hafði ekki tíma eða einhverra hluta vegna var málinu ekki sinnt. Núna hins vegar hefur hæstv. ráðherra lagt málið fram það snemma að ég held að það séu góðar vonir til þess að okkur takist loksins að ljúka málinu og það er tími til kominn.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi sérstaklega að honum þætti miður að ekki væri tekið inn í þetta frv. sá lagabálkur sem tengist mati á umhverfisáhrifum. Ef ég man rétt þegar þau lög voru samþykkt 1993 var þar bráðabirgðaákvæði sem sagði að þau lög ættu að endurskoðast í tengslum við endurskoðun þessara laga. Ég segi fyrir sjálfan mig að ég hygg að ef þau mál hefðu verið flutt með þessum bálki inn í þingið hefði það án efa orðið til þess að tefja verulega afgreiðslu málsins. Ég sé ekki að það sé verulegur annmarki þó að sá bálkur sé ekki tekinn hér til endurskoðunar líka. Mér finnst nokkuð til í þeim rökum sem hæstv. umhvrh. flytur, að það sé ekki enn komin nægileg reynsla á þau lög til að gera okkur kleift að fara í rækilega endurskoðun á þeim. Ég bendi á að innan þingsins eru mjög skiptar skoðanir á einstökum atriðum þeirra laga og ég óttast um afdrif frv. alls ef það hefði verið þriðji bálkurinn sem tekinn er hérna inn í. Þannig að ég hef fullan skilning á (**HG:** Vegna stjórnarliða?) — Vegna

stjórnarliða, við verðum að horfa á veruleikann eins og hann er í kringum okkur, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Og staðan er einfaldlega þannig, svo ég tali nú tæpitungulaust, að ég óttast að ef frv. til laga, um mat á umhverfisáhrifum, hefði líka verið bætt við þennan bálk hefði það auðveldað herskáum „gladíatorum", jafnvel í stjórnarliðinu, að taka málið allt í gíslingu. Og það vill hvorugur okkar, tel ég.

Ég tek undir það sem hv. þm. Gísli S. Einarsson sagði áðan að Alþfl. fyrir sitt leyti mun leggjast á eitt í umhvn. að hraða þessu máli í gegnum þingið. Þó að ég beri kannski að ýmsu leyti einhverja ábyrgð á þessu frv. frá því ég sat í ráðuneytinu, eru nokkur atriði sem ég vildi spyrja hæstv. umhvrh. um og koma fram viðhorfum mínum gagnvart öðrum. Ég er algjörlega sammála því meginmarkmiði sem kemur fram í þessu frv. að færa frumkvæði og forræði á skipulagsvinnu yfir til sveitarfélaganna. Það er verið að flytja það frá ríkisvaldinu og það tel ég mjög af hinu góða. Sú þróun var auðvitað komin af stað áður. Ég tel að þetta sé mjög í takt við tímann og það sem sveitarfélögin vilja. Og því fyrr sem þetta gerist því betra.

Það eru nokkur atriði sem ég skil ekki alveg og vildi spyrja hæstv. ráðherra um. Til að mynda er þarna ákvæði að ef sveitarfélög hafa færri en 1.000 íbúa þá geti þau myndað sameiginlega byggingarnefnd með nágrannasveitarfélögunum. Ég á ef til vill að vita þetta en ég spyr samt hæstv. ráðherra. Það eru engin stærðarmörk á því svæði sem hin sameiginlega byggingarnefnd á að ná yfir. Hvað hugsar hæstv. ráðherra sér í þeim efnum? Er það nægilegt ef tvö örsmá sveitarfélög snúi sér saman um eina byggingarnefnd? Eða er það merking þessa ákvæðis að svæðið sem byggingarnefndin á að taka yfir nái a.m.k. yfir 1.000 íbúa? Þetta er óskýrt í frv. og væri ágætt að fá leiðsögn frá hæstv. ráðherra um það.

Það er líka eitt mál sem ég vildi gjarnan drepa á og vafðist fyrir mér þegar ég sat í stóli umhvrh. Það var staða byggingarfulltrúanna. Í hinum gömlu lögum var alveg ljóst að þeir lutu boðvaldi sveitarstjórna. Í þessum lögum sýnist mér eðlilega að reynt sé að draga úr því boðvaldi og það er meira að segja tekið fram einhvers staðar í greinargerðinni að ýmislegt í frv. hnígi að því. En eigi að síður er það auðvitað alveg klárt að byggingarfulltrúarnir eru ráðnir af sveitarfélögum eða samvinnunefndum þeirra sem hafa líka vald til að reka þá og semja við þá um kaup og kjör. Í 42. gr. er fjallað um verksvið byggingarfulltrúa. Það kemur fram að hann á að samþykkja uppdrætti með áritun sinni. Hann gefur út byggingarleyfi, framkvæmdarleyfi og hann annast allt eftirlit með því að framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki séu í samræmi við þessa uppdrætti. Hann annast úttektir og hann annast eftirlit og lokaúttekt á fullgerðum mannvirkjum.

Sveitarfélögin standa oft í mjög umfangsmiklum byggingarframkvæmdum. Álitamál hafa komið upp í tengslum við þær byggingar eins og ég veit að hæstv. umhvrh. veit af og þá erum við skyndilega í þeirri undarlegu stöðu að við höfum byggingarfulltrúa sem á að hafa eftirlit með þeim sem ræður hann og rekur. Ég held, herra forseti, að þetta geti leitt til þess að hagsmunaárekstrar komi upp. Ég sé enga augljósa lausn á því máli en mig langar til þess að spyrja hæstv. umhvrh.: Er hann sammála mér um það að í vissum tilvikum geti komið upp slíkur hagsmunaárekstur varðandi starf byggingarfulltrúa sem ég hef verið að lýsa?

Ég geri enga athugasemd við það hvernig uppröðun eða upptalning á hinum ýmsu skipulagstegundum er sett fram í þessu frv. Ég fagna því að þarna er verið að leiða í lög ákvæði um landsskipulag og ég fagna sérstaklega ákvæðinu um svæðisskipulagið. Svæðisskipulagið er ný tegund skipulagsáætlana sem ryðja sér óðum til rúms. Ég man eftir því að það var hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem fyrstur í þessum sal leiddi mér fyrir sjónir með ágætlega rökfærðri ræðu að ein besta aðferðin til þess að vernda viðkvæm svæði væri einmitt að taka tillit til þeirra í svæðisskipulagi. Það væri miklu raunhæfari verndun en t.d. friðlýsing og annað sem henni tengist. Það var mín reynsla af þeim svæðisskipulagsáætlunum sem samþykktar voru í tíð minni sem umhvrh. að þetta gengi eftir. Ég held þess vegna að svæðisskipulög séu mikilvæg aðferð til þess að vernda svæði sem eru viðkvæm og sem við ella hefðum viljað friðlýsa. Þegar menn hafa náð samkomulagi um svæðisskipulag eru þeir um leið búnir að ná samkomulagi um þá landshluta eða þau landflæmi sem þarf með einhverjum hætti að fella undir vernd og ég tel að þetta sé gott tæki til þess að vernda viðkvæma náttúru.

Eitt af því sem ég hegg eftir er að í þessu frv. er talað um að komi upp þörf til að skilgreina hugtök þá sé heimilt að gera það sérstaklega í reglugerð. Mér finnst að þarna sé hæstv. umhvrh. gefið fullmikið vald til þess að skilgreina afskaplega mikilvæg hugtök eins og mannvirki. Hugtakið mannvirki er ekki skilgreint í þessum lögum þrátt fyrir margvíslegar aðrar skilgreiningar. Þar segir hins vegar á einum stað í frv. að nauðsynlegt sé í byggingarreglugerð að skilgreina orð og hugtök sem tengjast byggingarstigi og stærð mannvirkja en hugtakið mannvirki er ekki skilgreint. Það skiptir hins vegar máli þegar horft er til þess að varðandi skipulagsgjald er merkilegt nýmæli í þessu frv. Það er gert ráð fyrir því að skipulagsgjald, 3 prómill skuli ekki aðeins greitt af nýbyggingum eins og til þessa heldur einnig af mannvirkjum. Hvaða mannvirki eru það? Ég held að nauðsynlegt sé að það sé skilgreint og það liggi fyrir áður en menn gera þetta að lögum.

Ég bendi á það, herra forseti, að í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. er sérstaklega bent á þörfina á því að hugtakið mannvirki sé skilgreint og vísað er til að í þessum lagabálki sé hvergi að finna slíka skilgreiningu. Það kemur hins vegar fram líka, herra forseti, að þessi útvíkkun á viðfangi skipulagsgjaldsins gerir það að verkum að heildarupphæðin sem tekin er í gjald hækkar um 40–50 millj. kr. og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Er þörf á þessu? Er þörf á hækkuninni? Til hvers er verið að auka gjaldtökuna vegna þessa? Ég er ekki alveg viss um að það sé heppilegt. Mér sýnist sjálfum að frv. feli í sér svolítinn útgjaldaauka hér og hvar og þeir ágætu menn sem stýra liði í umhvrn. hafi ákveðið að finna sér þarna lítinn tekjustofn til þess að dekka það allt saman og lenda ekki í vandræðum við þann mikla herforingja sem situr á sjóðum okkar skattborgaranna í fjmrn.

Nú er það ágætt að menn séu útsjónarsamir og hugkvæmir en ég veit ekki hvort þetta sé heppileg aðferð og ég spyr hæstv. umhvrh.: Hvers vegna er skipulagsgjaldið hækkað um 40–50 millj. og hver er þörfin?

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem mætti um þetta segja en í heildina er ég ánægður með frv. Ég tel að við eigum að reyna að afgreiða það eins vel en þó eins hratt og kostur er og ég tek aftur undir það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði. Það má vel vera að nauðsynlegt sé að flétta inn í frv. ný viðhorf sem hafa komið upp á síðustu árum og ég veit að enginn maður, hvorki í Stjórnarráðinu

né í þessum þingsölum, er eins fær um að benda á leiðir í þessum efnum eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og að því leyti til er ég viss um að hann mun reynast drjúgur liðsauki hæstv. umhvrh. þegar kemur að því að fullvinna frv. í nefndinni.

[18:06]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um frv. Eins og fram hefur komið hjá hv. þm., sem tekið hafa til máls, er sannarlega um stórt og viðamikið mál að ræða enda sýnir það sig kannski líka að það hefur tekið sinn tíma í meðferð þingsins þó að það kunni að vera rétt sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl. að umhvn. sem slík hafi ekki gefið sér mikinn tíma til þess að vinna að þessu máli sérstaklega fyrir e.t.v. forgangsröðun eða áhersluatriði af hálfu ráðherra eða stjórnarmeirihluta um það hvaða mál hefðu forgang. Ég kem aðeins að því nánar á eftir.

Ég ætla fyrst að segja út af orðum hv. 5. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar, að það er rétt sem hann benti sérstaklega á að það þarf að skoða réttindamálin. Ég vil greina frá því að varðandi ákvæði til bráðabirgða sem breytt var í vor *um raflagnahönnuði höfum við verið að fjalla um það mál í* umhvrn. hvernig því máli verður skipað. Sérstakur starfshópur með aðild þeirra sem málið varðar vinnur að tillögugerð og því máli miðar vel. Ég vona að niðurstaða verði í því nú á næstu vikum eða fyrir áramót eins og gert var ráð fyrir en þar komu náttúrlega að bæði fulltrúar Rafiðnaðarsambandsins og tæknifræðinga, verkfræðinga, félags byggingafulltrúa og Skipulags ríkisins og síðan hefur komið beiðni frá iðnfræðingum sem hafa beðið um aðild að nefndinni líka og það verður einnig tekið tillit til þess og þeir hafðir með í ráðum. Ég vona að tekið verði á þessu máli eins og best getur farið og það á auðvitað við um aðra aðila sem svipað kann að vera háttað með og hv. þm. gerði að umræðuefni í ræðu sinni. Hann er ekki hér í salnum eins og er en hann hefur líka stöðu til þess að fylgja málinu eftir í umhvn. eins og hann benti á.

Ég vil lýsa ánægju minni með að hv. 4. þm. Austurl. er sammála mér og það er svo sem ekkert nýtt að hann hefur lagt áherslu á að þetta sé mikilvægt mál. Ég man eftir því í umræðum á síðasta þingi um störf umhvn. að það kom ítrekað fram í viðræðum mínum við hv. þm. að hann lagði áherslu á að þetta væri mikilvægt mál sem þyrfti að vinna fram og ég fagna því að mér virðist vera áhugi á því að afgreiða nú málið. Auðvitað þarf það sinn tíma og ég vil ekki að orð mín séu túlkuð þannig að ég setji tímaþvingun á þingið eða á hv. nefnd. Ég bið um að nefndin leggi sig fram um það að afgreiða málið eins hratt og mögulegt er. Mín ósk er sú að það gerist fyrir áramót. Þannig er frv. sett upp og með gildistöku 1. sept. 1997 og þess vegna væri mjög æskilegt að það kláraðist fyrir áramótin. Þetta er fyrsta málið sem ég mæli fyrir sem umhvrh. á þessu hausti þannig að þetta er væntanlega fyrsta málið sem berst frá ríkisstjórn til nefndarinnar svo að ég vil undirstrika að það er ekki annað mál í augnablikinu sem ég legg áherslu á að fái ítarlega og skjóta meðferð og framgöngu af hálfu nefndarinnar en þetta og bið þingmenn að hafa það í huga. Vissulega er rétt að í lok síðasta þings voru áherslur ráðherra með öðrum hætti. Ég ætla ekki að svara fyrir aðra eða fyrrv. ráðherra en ég lagði áherslu á það í lok seinasta þings að afgreiða önnur mál og það yrði þá að bitna á þessu þó ég hefði gjarnan viljað að það gæfist tími til þess að afgreiða það líka. En það er liðin tíð og þýðir ekki að tala um það mál heldur að við leggjum nú áherslu á að klára málið. Mikil áhersla er lögð á afgreiðslu málsins af hálfu sérstaklega sveitarstjórnaryfirvalda og ég vil undirstrika að það hefur verið gott samstarf við Samband ísl. sveitarfélaga og fulltrúa sveitarfélaganna við frumvarpsgerðina og stafar sjálfsagt að hluta til af því að það er verið er að færa ákveðin verkefni til þeirra sem þeir hafa fullan hug á því og vilja til þess að takast á við. Það vil ég að menn hafi í huga og undirstrika einmitt þann þáttinn sem einnig kom mjög fram í máli hv. 4. þm. Austurl.

Varðandi svæðaskipulagið og þá vinnu sem þar er í gangi ef ég kem aðeins fyrst að því og spurningum hv. þm. um viðhorf mitt til þess að taka á því máli með öðrum hætti en gert hefur verið þá vil ég segja, ef ég skildi orð hans rétt, að ég er sammála honum og ég tel alveg ótvírætt að það eigi ekki að breyta um stefnu í málinu í miðri á. Ég held að ég hafi skrifað það nánast þannig eftir hv. þm. og ég tel að við eigum að klára það mál í þeim farvegi sem það er, þ.e. þá tillögugerð sem þar er í burðarliðnum. Ég hef nýleg átt fund með formanni og starfsmanni nefndarinnar um svæðisskipulag á miðhálendinu og ég vonast til þess að það verði fljótt upp úr áramótum, að öllum líkindum því *miður líklega ekki fyrir áramót héðan af, en það verði fljótt* upp úr áramótum sem sú ágæta nefnd skilar inn tillögu sinni um svæðisskipulagið. Þá fer það auðvitað til umsagnar.

Ég verð að vitna til þess sem svar við spurningu hv. þm. um hverjir eigi aðild að málinu sem segir í lagatexta, með leyfi forseta: „íbúum og öðrum sem hagsmuna eigi að gæta á viðkomandi svæði", að ég tel þegar segir hér íbúar og aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, hljóta íbúar að vera allir íbúar viðkomandi svæða og þeir sem hagsmuna eiga að gæta á viðkomandi svæði vera svo vítt að mér sýnist það ekki verða skilgreint öðruvísi en það geti átt við alla landsmenn í því efni. Ég leyfi mér að setja það fram sem skoðun mína og að sjálfsögðu verður þetta eins og fleira skoðað vel í nefndinni. Ég á ekki von á því að menn sjái tilefni til þess að þrengja þetta að málið varðar fjölmarga. Það vil ég líka undirstrika að sú nefnd sem nú er að störfum þó að það sé skilgreint í lögum hvernig hún er skipuð og hverjir sitja í nefndinni, hefur átt fundi með fjölmörgum öðrum aðilum sem hún telur að málið varði, eins og fulltrúum hinna ýmsu félagasamtaka sem njóta útivistar á miðhálendinu svo að ég nefni það sérstaklega. Hún hefur átt fund með fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga aðild að nefndinni og boðaði til fundar í Reykjavík ekki fyrir löngu. Að vísu má segja áhyggjuefni hvað þeim fundi var sýndur lítill áhugi eða fáir mættu á hann. Ég held að það hafi verið milli 80 og 100 aðilar sem voru boðaðir á þann fund en 11 eða 12 mættu. Það vekur þá spurningu eða umhugsun um það sem hv. þm. veltir líka fyrir sér hver er áhugi almennings fyrir málum af þessu tagi sem eru ekki í eðli sínu mjög vinsæl eða beinlínis fallin til þess að kalla eftir einhverju vinsældafylgi ráðherra eða þingmanna en eru afar mikilvæg mál og nauðsynlegt að fái afgreiðslu af hálfu löggjafans. (Gripið fram í.) Ég missti nú af þessu frammíkalli, virðulegi forseti, enda veit ég ekki hvort mér ber endilega að vera að svara þeim. Ég sé að forseti hristir höfuðið, enda er frammíkallið ekki áréttað.

Síðan spyr hv. þm. um hugsanlega breytingu á áframhaldandi málsmeðferð því gert er ráð fyrir því í 26. gr. sem fjallar um skipulag miðhálendis, að hægt sé að koma á laggirnar nefnd af þessu tagi. Ég lít svo á að ekki sé verið að tala um þá nefnd sem nú er að ljúka störfum. Spurningin er hvort hér á að vera föst nefnd eða hvort það á að vera hægt að grípa til

þess á síðari stigum, þegar og ef upp koma mál sem þarf að taka á, að skipa nefnd með þessu formi sem hér er og þá er spurningin hverjir eiga að eiga aðild að slíkri nefnd.

Ég tel að nokkuð vel hafi til tekist með skipan þeirrar nefndar sem nú er að störfum eins og að henni hefur verið staðið og með þeim vinnubrögðum sem hún hefur viðhaft, hafi málsaðilar, þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, átt möguleika á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég velti því mjög fyrir mér hvernig hefði verið hægt að skipa nefndina að öðru leyti, hvernig hefði átt að velja fulltrúa þessara svokölluðu hagsmunaaðila. Við vitum að það er fjöldinn allur af frjálsum félagasamtökum sem hafa afmörkuð áhugasvið. Ég veit ekki hvort ég að vera að telja þau upp, t.d. fjórhjólaklúbb, snjósleðamenn, skotveiðimenn, mörg ferðafélög og áhugamenn um ýmsa þætti náttúruverndarmála sem sjálfsagt geta talist hagsmunaaðilar eða áhugasamir málsaðilar í það minnsta. Ég veit ekki hvernig á að velja aðild þessara aðila að slíkri nefnd. Ég held að það sé torvelt mál. Hins vegar er nauðsynlegt að nefnd sem vinnur þessi verkefni leiti eftir álitum frá þessum aðilum. Ég segi líka að ég er ekki ósáttur við þá skipun sem er á nefndinni, þ.e. að þær héraðsnefndir eða sveitarfélög sem hlut eiga að máli skipi nefndina því að það má nefna að ef t.d. Hafnfirðingar eða Keflvíkingar ættu að eiga aðild að þessari nefnd, má þá ekki spyrja af hverju ættu t.d. ekki Akureyringar að eiga aðild að henni. Það er sjálfsagt hægt að svara því að það gerist í gegnum fulltrúa héraðsnefndar Eyjafjarðar. Þó er það e.t.v. álitamál hvernig það gerist. Hann ber jú sín mál síðan væntanlega undir héraðsnefndina, sá fulltrúi sem situr í skipulagsnefndinni. Við skulum ekki gera lítið úr því

Við getum tekið annað dæmi. Við getum tekið t.d. Þórshöfn eða Raufarhöfn sem vill svo til að eiga ekki aðild að nefndinni vegna þess að Norður-Þingeyjarsýsla á ekki land að miðhálendinu þannig að héraðsnefnd Norður-Þingeyinga á ekki fulltrúa í miðhálendisnefndinni. Er réttur þeirra þá ekki fyrir borð borinn? Ættu þeir ekki að eiga aðild að þessari nefnd eins og fulltrúar höfuðborgarsvæðisins sem mér finnst þó að hafi verið ofar í hugum manna í það minnsta en þessir þarna á norðausturhorninu eða Ísfirðingar svo ég nefni eitthvert annað sveitarfélag. En þetta er kannski ekki aðalmálið, ekki mál málanna. Mér finnst að við þurfum að velta því vel fyrir okkur ef væntanleg ný nefnd á að vera skipuð með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í frv. Ég er tilbúinn til að hlusta á skoðanir eða sjónarmið í því efni, en ég er ekki með tillögur um annað form eða breytingar á því.

Hv. þm. spurði ofurlítið um 29. gr. og landsskipulagið. Það má e.t.v. til sanns vegar færa að þar sé ekki ítarlega um fjallað, enda held ég reyndar að landsskipulagið sé — það má kannski segja að það sé ofurlítið ný hugsun í þessu ferli hjá okkur — að það sé ekki fullmótað eða verulega mótað hvernig á að standa að þessum þáttum. Í greinargerð eða athugasemdum við 29. gr. segir svo sem ekki mikið meira en kemur fram í greininni sjálfri. Þar segir þó, með leyfi forseta:

„Fjölmargar stofnanir á vegum ríkisins standa fyrir framkvæmdum sem ná til landsins alls og er því nauðsynlegt að samræmis sé gætt milli áforma um landnot slíkra framkvæmda og skipulagsáætlana sveitarfélaganna."

Hér er því kannski fyrst og fremst um að ræða stefnumótandi hugmynd eða framkvæmd um að móta landsskipulagið, en hugmyndir eða útfærsla er ekki nákvæmlega skilgreind enn þá. Af þessu má kannski ráða að það sé spurning hvort það var tímabært að setja þetta inn í frv. öðruvísi en hafa á því skýrari skoðanir eða afstöðu til þess hvernig það eigi að byggjast upp. Þetta er sett fram svona og ég tel að það sé a.m.k. mikilvægt fyrsta skref sem með þessu móti er stigið í frv. og væntanlegum lögum. Og varðandi áhersluatriði um skipulagsstigin, get ég af því að ég var spurður sérstaklega um skoðun á því, tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. þó að ég telji ekki að það sé aðalatriði.

Ég sé, virðulegur forseti, að tími minn er alveg að hlaupa frá mér og ég er þó ekki farinn að svara hv. 15. þm. Reykv. miklu, en ég á einhverja smástund hugsanlega eftir til að koma aftur í ræðustól. Ég vil á þessum örfáu sekúndum sem eftir eru þakka honum fyrir undirtektir hans við málið í heild og mikilvægi þess að það nái fram að ganga. Ég tel að umhverfismatið þurfi betri tíma og hv. 4. þm. Austf. velti því fyrir sér líka hvort ekki væri tímabært að hefja á því endurskoðun. Ég held að að þessu frv. samþykktu og með þessi lög í höndum séum við mjög vel í stakk búin til að takast næst á við lög um mat á umhverfisáhrifum og hef boðað það eins og ég gerði í ræðu minni áðan að hefja endurskoðunarvinnu þannig að slíkt frv. gæti komið fyrir næsta þing. Þá getum við líka álitið að málið hafi fengið meiri reynslu en nú er. Og af því að hv. þm. 4. þm. Austf. sagði: „Eitt ár á nú að skapa reynslu." Eitt ár á ekkert nú að skapa reynslu. Það á að skapa viðbótarreynslu við þau tvö ár sem þegar eru liðin þannig að við höfum þrjú ár til þess að meta málið.

Virðulegur forseti. Ég verð að fá að nýta tíma minn aftur til að svara nokkrum spurningum sem ég á ósvarað.

[18:22]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nýta rétt til þess að víkja að atriðum sem ég gat ekki lokið í fyrri ræðu minni en ég vildi gjarnan nefna við 1. umr. málsins. Fyrst af öllu vil ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir margt af því sem fram kom í máli hans áðan. Mér fannst vera góðar undirtektir þar að finna við ýmsar af þeim ábendingum sem ég kom fram með og alveg sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni með þá skoðun og yfirlýsingu hæstv. ráðherra að því er varðar rétt allra landsmanna til athugasemda við væntanlega tillögu að svæðisskipulagi fyrir miðhálendið.

Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið ef það getur orðið niðurstaðan, og ég er alveg viss um að það mun verða til að milda þá eðlilegu gagnrýni fjölmargra sem standa þá utan við ákvarðanir samkvæmt lögum og væntanlegum lögum um þetta mjög svo þýðingarmikla mál, ef það er tryggt að landsmenn allir geti komið þar við athugasemdum og fái aðgang að málinu á þann hátt. Ég skil það svo að hæstv. ráðherra telji að það sé ekki fært að breyta ferlinu eins og hv. þm. Ólafur Haraldsson hafði nefnt sem hefur auðvitað líka sín rök fyrir því og var ekki aðili að þeirri niðurstöðu sem fékkast hér við bráðabirgðaákvæði við skipulagslög þegar horfið var að þessu ráði af hálfu þáv. umhvrh. vegna þess að önnur sund voru lokuð af pólitískum ástæðum sem ég hef þegar nefnt. Ég átti hlut að þeirri niðurstöðu sem þá fékkst og umhvn. stóð að, að athuguðu máli, til þess að geta þokað þessu mjög svo brýna máli fram, skipulagsvinnu fyrir miðhálendið. Við hæstv. ráðherra erum sammála um að það ber að reyna að fá sem fyrst fram niðurstöðu frá þeirri samvinnunefnd. Ég hef átt þess kost að kynnast tillögum hennar í útlínum eins og þær hafa verið kynntar á fundum. Ég hef setið eina fimm fundi þar sem þetta mál hefur verið reifað

og núna fyrir helgina raunar svo að ég á að vera sæmilega heima í því sem þar hefur verið reitt fram. Það er auðvitað ekki allt, langt frá því heldur er það svona lausleg kynning. Mér sýnist út af fyrir sig að þar stefni í ýmsum greinum í jákvæða átt varðandi þá hagsmuni sem þarna er um að ræða og í rauninni hafi ræst kannski betur úr á þessu stigi máls — ég segi á þessu stigi máls — en maður hafði áhyggjur af og vona ég að það gangi eftir. Hitt er svo annað mál að það reynir á það í framtíðinni hvernig með skipulag og breytingar á þessu skipulagi verður farið. Ég tala nú ekki um það ferli sem fram undan er varðandi staðfestingu þess sem er vissulega flókið þar sem margir munu koma að og þá væntanlega aðrir landsmenn en eiga beina aðild að þessari samvinnunefnd eins og ákveðið var á sínum tíma.

Ég tek það líka svo að hæstv. ráðherra telji að það megi alveg athuga að breyta röðinni í uppsetningu frv. varðandi skipulagsstigin. Ég mundi fagna því og ég er alveg sannfærður um að það yrði til skilningsauka á skipulagsstigunum ef þessi röð yrði upp tekin, þó það liggi fyrir að landsskipulagið samkvæmt þessu frv. er afskaplega laust í reipum enn sem komið er samvæmt ákvæðum þess og lítilfjörlegt.

Ég hef áhyggjur af því, virðulegur forseti, að það skuli ekki vera markað skýrar og að Skipulagsstofnun skuli ekki vera ætlað að taka ákveðnar á því máli sem frumkvæðisaðili og forustuaðili, heldur nánast vera svona gagnabanki fyrir hinar ýmsu stofnanir hins opinbera eins og ég skil þessi ákvæði. Hvers konar skipulag kemur út úr slíku? Hvers konar leiðsögn fyrir sveitarfélögin sem eiga að taka tillit til landsskipulagsáherslna, kemur út úr slíku? Ég vænti þess að við sem eigum sæti í umhvn. förum betur ofan í þessi ákvæði til að styrkja þetta skipulagsstig. Það sama gildir um svæðisskipulagið. Ég vil bara nefna eitt atriði varðandi heimild til sveitarstjórna til að ráðast í svæðisskipulagsgerð. Þar eru það, eins og ég gat um, sveitarfélög sem mynda eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Það er hætt við að það geti orðið fjöll þarna á milli, hæstv. forseti, miðað við þennan texta. Ég tek bara dæmi. Nú er áhugi á þessu hjá sveitarfélögum á mínum heimaslóðum, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði og þau hafa í rauninni þegar hafist handa um drög að svæðisskipulagi. Leyfa hinar landfræðilegu hindranir að þau leggi í þetta verk með fjallveg upp á 600 metra á milli? Félagsleg heild er líka spurningarmerki. Eru þessi sveitarfélög orðin félagsleg heild? Mér finnst að menn þurfi að átta sig á þessu. Æskilegast væri að mínu mati að lögbjóða svæðisskipulagsstigið, stíga það skref og hefja miklu markvissari vinnu á grundvelli slíkra ákvæða, líka takandi tillit til þess, virðulegur forseti, hvað sveitarfélögin í landinu eru misjafnlega í stakk búin til að ráðast í skipulagsvinnu, m.a. vegna mismunandi fjölda íbúa. Sum eru mjög veik að því leytinu til.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að auðvitað ætti þetta að vera svæðisbundið verkefni innan kjördæma eða landshluta eða hvað menn kalla það. Það hefði verið upplagt verkefni og sjálfsagt fyrir millistig í stjórnsýslunni að fást við skipulagsmálin út frá svæðisskipulagshugsuninni. Við höfum ekki það skipulagsstig. Samt sem áður tel ég þörf á því að styrkja einingar úti um land, í landshlutunum, til þess að fást við þessi verkefni, einmitt svæðisskipulagsstigið. Ég tel það mikilvægt.

Ég vil nefna, virðulegur forseti, því að tíminn flýgur, nokkur atriði áður en ég lýk máli mínu. Landmælingar og kortagerð. Það er kveðið á um þau efni í einni frumvarpsgreininni en eftir stendur afskaplega veik forusta í kortagerð í landinu. Menn ætla ekki Landmælingum ríkisins það sjálfsagða og brýna verkefni að vera frumkvæðisaðili og forgangsaðili um kortagerð og eru að vísa því út í buskann til allra mögulegra aðila sem eiga að standa fyrir slíku. Við sitjum hér uppi í afskaplega slæmum sporum með frumstæðan búskap að því er varðar kortagerð miðað við önnur lönd vegna þess að menn hafa ekki borið gæfu til þess að efla þá stofnun sem sjálfsagt væri að hefði forustu um það að undirbúa og standa að og kosta grunngögn sem varða alla mögulega vinnu, allt frá skipulagi yfir í rannsóknir af öllu mögulegu tagi sem snerta landið, gerð þess og legu. Það er satt að segja himinhrópandi að það skuli haldið svona á undirstöðuþætti eins og þessum og það skuli ganga hér enn fram í þessu. Þetta er mitt sjónarmið.

Byggingarmálin eru auðvitað mjög þýðingarmikill þáttur þessa máls, þar eru mörg álitamál og ég hef ekki ráðrúm hér til að fjalla um en það verður auðvitað fjallað um í nefnd og hæstv. ráðherra hefur nefnt þar viss atriði sem sjálfsagt er að skoða.

Varðandi yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum vil ég setja þá skoðun mína hér fram að ég tel óeðlilegt að halda þessum þætti afmörkuðum undir utanrmn. Hvaða vit er í því að halda þessari eyju þarna utan við aðra lagalega meðferð í landinu, jafnt samgöngumál sem skipulagsmál? Þetta hefur þegar leitt til mikils ófarnaðar, virðulegur forseti. Mikils ófarnaðar í mengunarlegu tilliti m.a. í nágrenni Keflavíkurflugvallar og þekkja þeir best sem næst búa m.a. vegna þess að þetta er ekki fært undir almenna umsýslu sveitarfélaganna í þessu tilviki, einnig skipulagsstigið og þessu þyrfti að breyta.

Ég velti því fyrir mér hvort 10 ára fresturinn til að ljúka gerð aðalskipulags sé ekki óeðlilega langur. Ég spyr hins vegar um frest til athugasemda við aðalskipulagstillögur sem verið er að stytta úr átta vikum í sex. Af hverju? Ég held að það sé ekki mjög skynsamlegt. Varðandi umsögn fjmrn., virðulegur forseti, um kostnaðaráhrif mætti margt segja. Mér finnst menn ekki mjög stórhuga í þeim efnum. Hæstv. ráðherra nefndi skipulagsgjaldið sem þyrfti að skoða betur og það er vafalaust.

Virðulegur forseti. Bara að lokum er mat mitt á þessu frv. að það sé mjög brýnt mál, að margt ágætt sé þarna borið fram. Það beri að vinna af atorku að þessu máli í þingnefnd, þar hef ég aðgang að málinu og við þurfum að stefna að afgreiðslu þess á þessu þingi. Þörf er á margefldum krafti í sambandi við skipulagsmál almennt. Ég þakka þær undirtektir sem komu við máli mínu m.a. frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og mun koma þeim sjónarmiðum, bæði mínum og sem hann tók undir, á framfæri í þingnefnd. Ég þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæðina.

[18:33]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla strax að snúa mér að nokkrum spurningum sem hv. 15. þm. Reykv. beindi til mín fyrr í umræðunni og varða fyrst hugmyndirnar sem eru settar fram um ráðningu byggingarfulltrúa og að sveitarfélög með færri en 1.000 íbúa skulu hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða sveitarfélög um ráðningu byggingarfulltrúa og svokallaðar svæðisbyggingarnefndir. Ég hygg að hugmyndin sem hér býr að baki, og ég kýs að skilja það svo að meining frv. sé sú, þó það kunni að vera ekki alveg ljóst eins og hv. þm. nefndi, að það þurfi að vera íbúabyggð með u.þ.b. 1.000 íbúa

sem standi að málinu. Að tvö 50 manna sveitarfélög, af því hvorugt þeirra er 1.000 manna, geti ekki uppfyllt skilyrðið og sagt að það sé nóg að það sé 100 manna byggð. Ég tel að það sé nú ekki meiningin og hafði sjálfur álitið að hitt væri markmiðið og set það fram sem skoðun mína og nefndin mun auðvitað skoða það eða fara yfir. Annað sem nefndin þarf þá líka að velta fyrir sér og eitt af því sem hafa nú þegar komið fram athugasemdir við en ég, eins og ég hef greint frá áður, kaus að flytja frv. óbreytt, að kannski væri 1.000 íbúa markið óþarflega hátt. Ef við lítum á nokkra litla staði, ég nefni aftur staði sem ég tilgreindi áðan, eins og Raufarhöfn og Þórshöfn þó það sé ekki gert nema bara af því kemur svona upp í hugann, en þessi tvö sveitarfélög saman ná ekki einu sinni 1.000 íbúa markinu þannig að þar þyrftu að koma til fleiri sveitarfélög. Að vísu eru sveitarfélög þar á milli þannig að 1.000 íbúa markið gæti kannski náðst þó ég hafi það nú ekki í kollinum í augnablikinu en hygg nú þó að svo sé. En það getur auðvitað verið svo að það þurfi býsna stórt landsvæði til þess að ná 1.000 íbúa markinu. Kannski eru einhver önnur mörk; 500, 700 eða 800 íbúar, fremur viðeigandi en væru þó nægjanlega rúm til þess að telja að þau sveitarfélög væru nógu öflug til þess að standa undir ráðningu byggingarfulltrúa og sameiginlegri bygginganefnd. Þetta finnst mér sjálfsagt að skoða en skilningur minn er sá og ég hygg að það sé alveg ótvírætt í frv. að þarna sé verið að tala um samstarf sveitarfélaga sem nái allt að 1.000 íbúum. Byggingarfulltrúarnir eru ótvírætt starfsmenn sveitarfélaganna, ég held að það geti ekki verið nein spurning um það. Þó að þeir hafi út af fyrir sig hér með efnisatriðum frv. eins og það er sett fram, aukin verkefni og séu framkvæmdastjórar byggingaog skipulagsnefndanna þá hljóta þeir að eiga að gæta trúnaðar gagnvart sveitarfélögunum og þeir eru þeirra starfsmenn. En ég hygg að það sé rétt ábending hjá hv. þm. að auðvitað kunna að koma upp hagsmunaárekstrar í því en það er þó vafalaust ekkert nýtt því að þetta er auðvitað form sem verið hefur á ráðningu og starfi byggingarfulltrúans að sjá um og hafa eftirlit með byggingarframkvæmdum hvort heldur þær eru á vegum einstaklinga, fyrirtækja eða sveitarfélaganna sjálfra sem eru oft og tíðum í margvíslegum byggingarframkvæmdum, skólamannvirkjum svo eitthvað sé nefnt og svo auðvitað framkvæmdum sem beinlínis heyra sveitarfélaginu til eins og gatnagerð o.fl. Þetta hagsmunaárekstramál er þá að minnsta kosti ekkert nýtt og eins og hv. þm. sagði þá hef ég enga patentlausn á því hvernig eigi að bregðast við.

Varðandi stærð mannvirkja er gert ráð fyrir því að öll mannvirki séu skipulagsskyld og þegar við tölum um öll mannvirki þá erum við líka að tala um opinber mannvirki eins og t.d. hafnargerð, brúarframkvæmdir, vegagerð, jarðgöng og hverju nafni sem tjáir að nefna. Eitt af því sem ég gerði grein fyrir hér í framsöguræðu minni var einmitt það að þetta þyrfti að skilgreina betur. Það þarf líka að skilgreina nánar gjaldstofninn fyrir mannvirki af þessu tagi. Þar sem aftur er nú að renna frá mér tíminn, virðulegi forseti, þá vil ég aðeins segja við hv. þm. og þingheim að ég tel að hér sé um svo mörg ný og mikilvæg verkefni að ræða sem tengjast þessu frv. ef að lögum verður og verkefni sem eru auðvitað í auknum mæli falin sveitarfélögunum að það sé nauðsynlegt að treysta og tryggja (Forseti hringir.) þann gjaldstofn sem á að standa undir framkvæmd þessara laga. Þó að það sé rétt ábending að það er umtalsverð hækkun úr 72–73 milljónum, um 45 milljónir í viðbót, ef áætlunin eins og hún er sett hér fram er rétt, sem ég hef ekki ástæðu til að rengja neitt, þá álít ég að full þörf sé fyrir það að styrkja verulega þann tekjustofn sem er til þess að standa undir framkvæmd þessara laga þó alltaf megi deila um það hvort er of eða van í lagt. Venjulega er nú umræðan sú að það sé van í lagt en ekki of í lagt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífræn og vistræn framleiðsla íslenskra afurða, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 80. mál. — Þskj. 81.

[18:39]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu um markmið í lífrænni og vistrænni framleiðslu íslenskra afurða. Ég byrja á því að þakka meðflutningsmönnum mínum fyrir aðild þeirra að málinu og fyrir að vilja vera með í þessu og almennt góðar undirtektir. Ég vil í upphafi máls míns benda á það að hv. varaþingmaður, Þuríður Backman, flutti um daginn mál sem heitir aðlögun að lífrænni framleiðslu og ég held að rétt sé að geta um það í upphafi að við sammæltumst um að biðja um að þessi mál væru tekin saman til umfjöllunar í landbn. Mér finnst eðlilegt að árétta það því það eru sömu flm. á báðum þessum tillögum og ég tel að þau eigi samleið.

Frumkvæði að þessum málum, að sérstöku átaki um lífræna og vistræna framleiðslu, áttu þingflokksformenn á afmælishátíð lýðveldisins á Þingvöllum 1994, með þáltill. um sérstakt átak í markaðssetningu og framleiðslu lífrænna og vistrænna afurða. Þessi tillaga er í raun framhald, og að mínu mati eðlilegt framhald af þeirri samþykkt.

Nágrannalönd okkar hafa flest sett sér markmið í þessum efnum. Þau búa þó við þann ókost að jörð er mengaðri af völdum áburðarnotkunar á mörgum svæðum en þekkist hér á landi sem skýrist af legu landsins.

Miklar breytingar eiga sér stað á aðferðum við framleiðslu matvæla. Ástæðan er aukin krafa neytenda til umhverfisþátta og siðferðisþátta í umgengni við dýr, svo og um aukin gæði framleiðslu og hollustu fæðunnar.

Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli náttúruverndarsjónarmiða, gæða með tilliti til heilsufars og góðrar meðferðar á skepnum og þjóðhagslegra sjónarmiða sem lúta að arðbærum rekstri atvinnugreinanna.

Á Íslandi er framleiðsla lífrænt ræktaðra afurða lítil, en þó hefur í nokkurn tíma verið stunduð slík ræktun og hefur náðst mjög góður árangur. Má þar nefna bændur í Pétursey í nágrenni Víkur í Mýrdal, Skaftholti í Gnúpverjahreppi, Sólheimum í Grímsnesi, Dyrhólum, Mýrdal, Neðri-Hálsi í Kjós og Vallarnesi á Héraði sem dæmi. Afurðir þessara bænda eru mjög eftirsóttar og hafa vakið athygli fyrir hollustu, og seljast þær vel þegar þær eru í boði.

Neytendur krefjast í æ ríkari mæli meira framboðs lífrænna matvæla og gera einnig kröfu til þess að fæðuframleiðslan taki tillit til umhverfisþátta. Einnig er þung áhersla lögð á að landbúnaður valdi sem minnstu álagi á umhverfið og framleiði gæðavöru.

Traust neytenda á lífrænt ræktuðum vörum á sér stoð í þróuðu eftirlitskerfi og leyfisveitingu. Nú eru fyrirliggjandi lög nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, og reglugerð þar að lútandi þannig að sú umgerð er til staðar og er tilgangur tillögu þessarar að fylgja þeim eftir.

Ef skyggnst er fram til þess tíma sem tillaga þessi er miðuð við má gera ráð fyrir að neytendur muni þá gera enn stífari kröfur í þessum efnum. Það markmið að árið 2002 verði hlutur lífrænna framleiðsluvara 20% af smávöruverslun á heimamarkaði má því teljast eðlilegt.

Langtímamarkmið í landbúnaði verður að snúast um sjálfbæran búskap sem er grundvöllur lífrænnar matvælaframleiðslu og að greinin standist kröfur um vörugæði, meðferð dýra og vistvæna sambúð við náttúruna. Matvælaframleiðslan verður að byggja á samstilltri hringrás lífræns efnis. Ljóst er að maturinn endurspeglar umhverfið sem hann er framleiddur í. Því verður að skerpa áherslur varðandi þessi mál til að svara kröfum tímans.

Íslendingar, íslenskir bændur, eiga að setja sér það markmið að framleiða búvörur í heimsins hreinasta landi. Með þessu markmiði getum við mætt alþjóðasamkeppni. Við þurfum að geta sagt og staðið við þau skilaboð til umheimsins að Íslendingar rækti í hreinustu jörðinni, noti hreinasta vatnið, búi við hreinasta loftið og lúti ströngustu kröfum um meðferð matvæla.

Nágrannaþjóðir okkar hafa sett sér markmið um lífræna framleiðslu. Danir stefna t.d. að því að árið 2000 verði 15–20% landbúnaðarframleiðslu þeirra viðurkennd sem slík, þar af grænmeti u.þ.b. 50%, og stefna þeir að verulegum útflutningi lífrænt ræktaðs grænmetis ásamt auknu framboði á heimamarkaði.

Sums staðar erlendis hefur notkun áburðar og varnarefna aukist gífurlega frá árinu 1970 og því er framboðsaukningin gífurleg. Heildarframleiðsla margfaldaðist í fyrstu, dróst síðan snögglega saman til ársins 1980 en hefur aukist jöfnum skrefum síðan þá. Talið er að sjö alþjóðleg fyrirtæki ráði u.þ.b. 80% af matvælamarkaðinum í heiminum. Því er ekki að undra að fjármagnið leiti út fyrir frumframleiðsluna.

Lífrænn landbúnaður væri mótvægi við þessa þróun. Kostnaður af aðföngum og vélum minnkar sem vegur upp tekjutap vegna minni uppskeru. Milliliðakostnaður er miklu minni á lífrænum mörkuðum sem skilar sér í auknum tekjum til bænda. Þetta verður tvímælalaust hagur þjóðfélagsins og landbúnaðarins í heild sinni því að vistræn framleiðsla hlífir umhverfinu og gerir kröfur til þess að viðkvæm svæði séu ekki ofbeitt. Það mun draga úr kostnaði vegna efnamengunar en það stuðlar að betri ímynd landbúnaðarins.

Með þessari tillögu er fylgiskjal sem er ræða dr. Nicolas Lampkin frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins við háskólann í Wales þar sem hann lýsir sjálfbærri þróun á eftirfarandi hátt:

„Sjálfbærni er meginatriði í lífrænum landbúnaði og ræður hún m.a. úrslitum um hvort tilteknar framleiðsluaðferðir fást viðurkenndar eða ekki. Orðið „sjálfbærni" er notað í víðasta skilningi og nær ekki aðeins til verndunar óendurnýjanlegra auðlinda (jarðvegs, orku, steinefna) heldur einnig til málefna er varða umhverfislega, efnahagslega og félagslega sjálfbærni. Best er að líta svo á að orðið „lífrænn" lúti ekki aðeins að þeim aðföngum sem notuð eru heldur að búinu sjálfu sem lífrænni heild þar sem allir þættir — jarðefnin, lífræn efni, örverur, skordýr, skepnur og menn — orka hver á annan og mynda samstæða og stöðuga heild."

Þetta er aðeins, herra forseti, örlítil tilvitnun í þá ræðu sem er fylgiskjal með frv. en í henni er því lýst á hvern hátt aðlögun í landbúnaði við framleiðslu lífrænna og vistrænna afurða getur átt sér stað og hvað kemur til.

Segja má í lokin, herra forseti, að lífrænn og vistrænn landbúnaður sé lykillinn að bættri sambúð manns og náttúru, landbúnaðar og samfélagsins.

Ég mælist til þess, að lokinni þessari umræðu, að málinu verði vísað til hv. landbn. og ég ítreka enn að ég óska eftir að þessi tvö mál, sem ég nefndi áðan, sem hv. varaþm. Þuríður Backman flutti fyrir nokkrum dögum verði tekin sameiginlega til umfjöllunar hjá hv. landbn.

[18:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú till. til þál. sem hefur verið mælt fyrir er mikilvægt mál sem ég styð eindregið að fái þinglega meðferð og vandaða athugun í viðkomandi þingnefnd. Áður er fram komin og rædd í þinginu önnur till. til þál., um aðlögun að lífrænum landbúnaði, sem hv. varaþm. Þuríður Backman, sem sat á þingi fyrir skömmu, flutti og vísað hefur verið, að ég best veit, til hv. landbn. Ég styð það sjónarmið frá 1. flm. þessa máls að bæði málin fái sameiginlega meðferð þar sem þau eru nátengd og lúta að sama markmiði þó að þar sé um tvennt að ræða í þessum þingmálum. Ég þakka hv. þm. frumkvæðið að því að flytja þetta mál inn í þingið og skapa umræðu um það og styðja það með fylgiskjali sem hér er að finna með þingmálinu.

Það eru fáeinar ábendingar af minni hálfu. Auðvitað er það óvissu háð hversu langt menn geta náð á þeim tíma, sem er til ársins 2003, en ekki ætla ég að draga úr því markmiði sem þar er sett fram. Það er alveg ljóst að margt þarf til að koma til að menn geti vænst þess að því markmiði verði náð. Þess vegna er mjög brýnt að stjórnvöld marki stefnu um þessi efni og hér er gert ráð fyrir að starfshópur skili mótaðri áætlun um markmið í lífrænni og vistrænni framleiðslu íslenskra afurða. Ég tel í rauninni að slíkur starfshópur þyrfti að leggja til og fjalla um hvernig líklegt sé að það megi ná því markmiði sem hér er sett og skili um það tillögum til stjórnvalda. Ekki sem sagt aðeins varðandi markmiðin í lífrænni og vistrænni framleiðslu. Það má að vísu skilja það á ýmsan veg en ég vænti þess að hv. flm. hafi í huga aðgerðir, stuðningsaðgerðir, af stjórnvalda hálfu til að ná því markmiði að um 20% framleiðslu hefðbundinna landbúnaðarafurða verði lífrænar árið 2003. Þetta kann bara að vera spurning um skilning á orðalagi sjálfrar tillögunnar. Væntanlega erum við sammála um það, hv. flm. og ég, að marka þarf þessa stefnu sem skýrast og það fyrr en seinna.

Ég vil einnig nefna það í þessu samhengi þar sem vikið er að ekki aðeins lífrænni framleiðslu, heldur að viðurkenningu íslenskra matvælaafurða sem vistvænna. Inn í þetta samhengi koma samræður sem ég átti við hæstv. umhvrh. seint á síðasta þingi um þá reglugerð sem sett var, ég held á grunni búvörusamnings, um skilyrði fyrir vistvænni framleiðslu og ég vakti athygli á með fyrirspurnum að þyrfti í rauninni að fá traustari undirstöðu til þess að alls væri gætt í því sambandi. Þar hafði ég sérstaklega í huga að tryggja það að framleiðsla á kjöti, sauðfjárafurða ekki síst, væri á beitilandi sem þyldi það álag, þyldi beitina, þannig að um sjálfbæran búskap væri að ræða varðandi undirstöðuauðlindina undir slíkri framleiðslu. Ég held að því máli verði að halda vakandi þannig að þessu verði gefin traust undirstaða og í rauninni getur tæpast verið ágreiningur um að þannig verðum við að haga okkar búskap. Við megum ekki fara að stimpla eitthvað sem vistvænt sem ekki lýtur eðlilegum kröfum, sjálfbærni, eins og það er kallað í sambandi við framleiðsluna í heild sinni.

Inn í þetta mál mætti auðvitað taka spurninguna um matvælaframleiðslu og landbúnað almennt. Ég get, virðulegur forseti, ekki á mér setið eftir að hafa farið svo vinsamlegum orðum um sjálft þingmálið að nefna það við hv. 1. flm. málsins að sú stefna sem flokkur hans hefur staðið fyrir í sambandi við innflutning landbúnaðarafurða og að byggja þær inn í GATT-kerfið út frá ýtrustu neytendasjónarmiðum fellur afskaplega illa, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að þeirri hugsun sem í raun kemur fram í þessu máli. Það má því segja að hér rekist dálítið hvað á annars horn hjá talsmanni Alþfl. sem 1. flm. og áherslum hans flokks í sambandi við matvælaframleiðslu í heiminum og dreifingu matvæla sem ég tel að byggi á afskaplega, ekki bara veikum heldur röngum grunni hugmyndalega séð, og fái langt frá því staðist kröfur um sjálfbæra þróun. Hér er um að ræða eitt af þeim djúpstæðu ágreiningsefnum sem ég og margir minna flokksmanna eiga við Alþfl. í sambandi við landbúnaðarmál. Ekki það að ég sé einhver verndari harðsvíraðs kerfis, sem stundum er um talað, í sambandi við búvöruframleiðslu þar sem verið sé að hafa að ástæðulausu af kaupendum vörunnar í landinu. Það er auðvitað enginn sem í rauninni tekur undir slíkt og margt þarf þar endurskoðunar við. En við þurfum að fara af fyllstu alvöru yfir þá spurningu: Er rétt að láta markaðinn og ýtrustu hagkvæmnissjónarmið ráða hvað lifir í sambandi við landbúnaðarframleiðslu í heiminum?

Þá spái ég að þeir váboðar sem eru uppi varðandi hungurvofuna gerist áleitnari en þeir eru nú fyrir vaxandi fjölda fólks á jörðinni þegar farið er að reyna að pína með ýtrustu framleiðsluaðferðum upp uppskeru af æ minna landi til landbúnaðarframleiðslu þar sem aflögð yrði svokölluð óhagkvæm landbúnaðarframleiðsla víða í heiminum, þar á meðal á Íslandi, sem og víða annars staðar á norðurslóðum þar sem margt er vegna umhverfisþátta kannski dýrara og kostnaðarmeira í raun. En spurningin um öryggi, um jarðveginn, um möguleikann á að nýta jörðina er undirstöðuþáttur í þessu máli. Við þurfum að gæta þess að ganga ekki fram gegn eðlilegum lögmálum náttúrunnar og ég vara Alþfl. sterklega við að halda áfram að keyra, eins og hann hefur gert í þessum efnum, sem og aðra sem undir það taka, að mínu mati í hugsunarleysi, kannski í góðri meiningu en í raun hugsunarleysi.

[18:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hér er einu sinni enn hreyft í þingsölum þessu mikilvæga máli um lífræna og vistræna landbúnaðarframleiðslu. Ég get tekið undir margt af því sem kemur fram í grg. með þáltill. en ég vil fyrst minna hv. 1. flm., frsm. málsins og aðra flm. á það að vissulega erum við að vinna að þessum málum. Það er í gangi sérstök vinna eða sérstakt framkvæmdarplan varðandi framleiðslu og markaðssetningu á vistrænum og lífrænum afurðum og það er hv. flm. vel kunnugt um því ég hygg að hann sitji sjálfur í framkvæmdarnefnd um það mál.

Ég vil í öðru lagi nefna að í fjárlögum fyrir árið í ár, seinasta ár og í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er gert ráð fyrir allnokkrum fjárupphæðum til að styðja þetta mál og þetta verkefni þannig að það er ekki eins og ekkert hafi gerst í málinu og ekki hafi verið unnið að því. Það er vinna í gangi. Hér er hins vegar sett fram hugmynd um ákveðna markmiðssetningu, sem er alveg skýr, að ná 20% af heföbundinni landbúnaðarframleiðslu sem lífrænni framleiðslu fyrir árið 2003.

Ég vil aðeins segja það, út af þessu ágæta og háleita markmiði, að við þurfum auðvitað líka að huga að því að Ísland er kannski þrátt fyrir allt ekki best fallna land í heimi til þess að framleiða og rækta. Við höfum nóg landrými en veðráttan, jarðvegurinn og gróðurinn okkar er kannski ekki sá öflugasti til að ná þeim markmiðum fram þó svo að vaxandi áhugi sé á þessu. Ég tel mjög mikilvægt að nýta þennan þátt landbúnaðarins í meira mæli en við höfum gert til að skapa okkur aukna markaði, sem ég hygg að séu fyrir hendi, með framleiðslu af þessu tagi. Ég er sammála flm. hvað það varðar.

Ég vil líka minnast aðeins á það að talið er af hálfu Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO, að mjög erfitt verði að brauðfæða íbúa þessarar jarðar á næstu árum eða áratugum og í þessum mánuði á að halda sérstaka ráðstefnu þjóðarleiðtoga um það verkefni. Hún verður haldin í Róm um miðjan mánuðinn. Heiti ráðstefnunnar er World Food Summit og fjallar um möguleikana á að framleiða næg matvæli fyrir íbúa jarðar. Eins og útlitið er í dag eiga menn engin svör við hvernig á að fara að því innan tiltölulega fárra áratuga, 30–50 ára, menn vita ekkert um hvernig á að fara að því í viðbót við það hungursástand sem er þó víða í heiminum.

Þess vegna er grátlegt fyrir okkur Íslendinga sem höfum landrými og mögulega þó þeir séu kannski ekki eins og þeir gerast bestir — en við höfum vissulega möguleika til matvælaframleiðslu — að okkar verkefni skuli nú um þessar mundir vera að skera niður og draga úr matvælaframleiðslu okkar eins og við lífsins mögulega getum af efnahagslegum ástæðum, af því að við höfum ekki markaði eða markaði sem vilja greiða nægilega vel fyrir okkar landbúnaðarframleiðslu. Allt þetta á að hafa í huga. Ég segi þetta síður en svo til þess að mæla gegn þeirri tillögu sem hér er flutt. Ég held að hugsun hennar og hugmyndir sem á bak við hana búa séu mikilvægar. Það er mikilvægt fyrir íslenskan landbúnað að nýta alla kosti sem til eru.

Í lokin vil ég segja vegna orða hv. 4. þm. Austurl. um reglugerð um vistvæna framleiðslu sem sett var fyrr á þessu ári, að fram hafa komið athugasemdir við þá reglugerð og hvernig að henni var staðið. Vinna við endurskoðun reglugerðarinnar er í skoðun í landbrn. þannig að þeim sjónarmiðum sem hann var að mæla fyrir og minna á að hefðu verið tekin til umræðu áður, mættu ekki niður falla og þyrfti að halda til haga, er haldið til haga. Ég fullvissa hann og aðra hv. þingmenn um að það mál er til frekari skoðunar.

[19:01]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka umræður sem um mál hafa orðið og þakka jákvæðar undirtektir. Ég tel að málið eigi að geta gengið fram á þessum tíma, fram til ársins 2003. 20% markmiðið er nefnilega ekkert geysilega hátt markmið þar sem svo verulegur hluti framleiðslu á Íslandi er þegar orðinn vistrænn. Það er sitt hvað lífræn framleiðsla og vistræn framleiðsla. Það má t.d. segja að mikið af fiskeldi okkar sé vistrænt og það þarf einungis útfærslu á þeim málefnum til þess að það verði viðurkennt. Það má segja að íslenskt lambakjöt sé mjög nálægt því að vera vistrænt en það vantar mikið á að það sé lífrænt. Á því er verulegur munur og það er kannski töluvert í land með að svo geti orðið. En ég held að það sé ekkert fjarri lagi að þetta gæti orðið vistrænt án kannski mjög mikilla aðgerða og ég vil bara nefna að þar

sem t.d. er alger lífræn neysla eins og í Skaftholti sem ég nefndi áðan í minni ræðu, eru áhrifin ákaflega merkileg.

Áhrifin eru nefnilega þau að ekki hefur þurft að kalla til lækni vegna veikinda hjá fólkinu sem þar er um u.þ.b tveggja ára skeið. Þar er einskis annars neytt en lífrænt framleiddrar vöru. Mér þykir það ákaflega merkilegt og ég held að sé ástæða til að hafa orð á því hér.

Ég held að það sé hægt að ná markmiðum og aðgerðum til stuðnings t.d. þannig að stuðningur á grundvelli opinberra áætlana þarf ekki endilega að vera í formi beingreiðslna. Það getur verið um að ræða kvóta og skatta eða framseljanlegar mengunarheimildir sem miða að því að takmarka notkun aðfanga, það getur komið inn í. Og reglugerðir sem miða að því að takmarka óæskilega búskaparhætti eins og sinubruna eða óhóflega notkun áburðar eru meðal aðferða til þess að ná fram æskilegum umhverfismarkmiðum. Ég held að þarna séu atriði sem menn geta skoðað. Og ég held að að komi aldrei til miðað við þá reglugerð sem er um lífræna framleiðslu, að menn ganga ekki til þess að stimpla einhverja vöru. Það verður ekki gert nema að vel athuguðu máli. Miðað við þörfina í heiminum ættu mál að vera þannig fyrir íslenskan landbúnað að hann ætti að geta aukið framleiðslu, hann ætti að ná fótfestu á erlendum markaði og ég fullyrði það að íslenskt lambakjöt mun ná fótfestu á erlendum markaði þegar við erum í stakk búin til að vinna vöruna eins og kaupendur vilja fá hana.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir undirtektirnar. En aðeins til þess að svara hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni varðandi stefnu Alþfl., vil ég benda á það að frá 1992 hefur orðið veruleg breyting á framsetningu stefnumiða Alþfl. varðandi landbúnaðarmál og það mun koma berlega í ljós á flokksþingi sem verður haldið um næstu helgi hversu miklar breytingar hafa orðið á síðustu tveim, þrem árum varðandi framsetningu stefnu.

Ef við horfum svo aftur á það sem lýtur að GATT, varðandi markaðinn og varðandi hagnaðarsjónarmið og neytendasjónarmið, þá hef ég staðið í þessum stól og barist fyrir því að ekki væru settir jafngífurlegir skattar, gífurleg gjöld, verndargjöld á ýmsar vörur, eins og grænmeti sem er með óheyrilega háum sköttum. Ég er sannfærður um að það er ekki til góðs fyrir íslenska framleiðendur til lengri tíma litið. Ég hef sagt það hér að það getur þurft að beita ákveðnum verndaraðgerðum en það eru takmörk fyrir því hversu langt má ganga í því og það er það sem ég vil segja í þessum málum. Það getur vel verið að við séum ósammála um það, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, en ég veit og fann það að við erum sammála um meginhugsunina sem er í þessari þáltill. og ég vil þakka fyrir undirtektirnar.

[19:06]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er tvennt sem ég vildi nefna í tilefni af seinni ræðu hv. 1. flm. þessa máls. Það fyrra varðar spurninguna um útflutning á sauðfjárafurðum eða dilkakjöti. Það má vel vera að úr því rætist að því leyti að menn geti unnið markað fyrir slíkar afurðir. En ef það gerðist nú svona í meiri mæli og á traustari grundvelli en tekist hefur, er enn þá meira knýjandi, enn brýnna að krafan um auðlindina, beitilandið, sé virt. Til hvers mundi það leiða miðað við núverandi aðstæður ef markaðir opnuðust fyrir mikið magn kjöts af íslensku sauðfé, til hvers mundi það leiða gagnvart gróðurlendinu? Þetta verða menn að taka með í reikninginn. Það verður að skoða dæmið heildstætt og því fyrr því betra, áður en möguleikarnir kannski opnast varðandi útflutninginn vegna þess að þá kann að verða nokkuð erfitt pólitískt að setja kröfurnar.

Hitt atriðið varðar spurninguna um innflutning á landbúnaðarafurðum og yfirleitt stefnuna gagnvart dreifingu landbúnaðarafurða innan GATT-kerfisins og á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Ég tel að Alþjóðaviðskiptastofnunin og þeir sem að henni standa séu á röngu róli almennt séð varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir, að það sé ekkert vit að ætla að setja þær undir sömu ákvæði og iðnaðarframleiðslu. Auðvitað er álitamál hvernig skattlagningu er háttað og auðvitað geta ofurskattar hitt þá sem þeim er ætlað að vernda. Menn geta gengið of langt í því efni. Það ber að skoða. En það má mikið hafa gerst hjá Alþfl. ef ég skildi rétt síðustu greinargerð frá formanni Alþfl. sem ætlar að stíga úr stól, núna bara í síðustu viku, þar sem hann var að gera ágreininginn vegna GATT-samninganna að meginágreiningsefni við Sjálfstfl. í síðustu ríkisstjórn.

[19:09]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög mikið. Við erum á svipuðu róli, ég og hv. síðasti ræðumaður. Þegar verið er að velta fyrir sér til hvers það gæti leitt að við næðum auknum mörkuðum fyrir íslenskt lambakjöt, verðum við vissulega að hafa það í huga að við verðum að vernda landið. En þannig háttar til á okkar landi núna að stór svæði á landinu þola gífurlega aukna beit. Ég minni á ákveðin svæði á Vesturlandi svo sem Dalabyggð þar sem að mati hæfustu manna er mikið land sem þyldi miklu meiri beit. Ég minni á Vestfirði þar sem að mati hæfustu manna segi ég, og þá er ég að vitna í þá menn sem að því starfa, er töluvert af landi vannýtt. En við þurfum auðvitað að nýta þá staði sem gefa færi til þess.

Ég ætla ekki, herra forseti, að ræða mikið um GATT, verndaraðgerðir eða neytendamálin. Þau verða í umræðu á miðvikudaginn eftir því sem ég best veit í utandagskrárumræðu og ég ætla ekkert að fara út í það frekar. Ég held fast við mína skoðun um að það megi ekki ofgera með skattlagningu eða verndaraðgerðum því að það leiðir ekki til góðs til lengri tíma litið.

[19:10]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þess er náttúrlega að gæta í sambandi við alþjóðaviðskipti með landbúnaðarafurðir að þar er allt með mjög skrýtnum formerkjum. Gífurlegur ríkisstuðningur er innan Evrópusambandsins við þetta. Það er svo óralangt frá því að sú vörudreifing lúti einhverjum samkeppnislögmálum í reynd þannig að það er ekki hægt að taka undir það, miðað við þær aðstæður sem nú eru, að nokkur glóra sé í því og einnig að teknu tilliti til samkeppnisaðstæðna. Þó að þær væru jafnaðar þá verða menn að veita umhverfissjónarmiðunum forgang í þessu efni.

Það er alveg rétt sem hv. ræðumaður sagði um sauðfjárafurðirnar. Það finnast svæði á Íslandi þar sem hægt er að auka álag á gróðurlendið. En kerfið er á engan hátt í stakk búið til þess að beina aukningu framleiðslu á tiltekin svæði á landinu. Við búum við þær hörmulegu aðstæður. Það hefur ekki tekist að breyta búskaparháttum með tilliti til landgæða svo að neinu nemi og það er eitt brýnasta verkefnið að gera það og veita þeim aðilum sem búa við aðstæður sem leyfa í raun eðlileg sauðfjárbú, aðstöðu til framleiðslu en takmarka

hana annars staðar en opna fyrir aðra möguleika þar. Þetta pólitíska verkefni blasir við. Það er ekkert auðvelt. En ef menn meina eitthvað með sjálfbærri þróun og að skjóta eðlilegum stoðum undir okkar búskaparhætti, þá verða menn að gera þetta.

[19:13]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 130.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. TIO, 25. mál (markmið laganna o.fl.). — Þskj. 25.

[19:13]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem eru nr. 63/1993, ásamt síðari breytingum.

Tilgangur laganna um mat á umhverfisáhrifum þegar þau voru sett var að tryggja að áður en ákveðnum verkum væri hrundið í framkvæmd hefði farið fram formleg könnun á þeim breytingum sem framkvæmdirnar hefðu í för með sér, í því augnamiði að koma í veg fyrir umhverfisspjöll eða til þess að grípa til ráðstafana til að dregið yrði úr umhverfisspjöllum eftir því sem mögulegt væri.

Í greinargerð með frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum var tekið fram að tilgangur laganna væri sá að koma í veg fyrir náttúruspjöll en ekki að koma í veg fyrir breytingar. Í lagatextanum sjálfum, þ.e. í markmiðsgrein laganna, kemur þetta ekki skýrt fram. Mat á umhverfisáhrifum er ekki, eins og segir í greinargerð með þessu frv., markmið laganna í sjálfu sér, heldur er það verkfæri sem lögjafinn fær í raun framkvæmdarvaldinu til þess að koma í veg fyrir umhverfisspjöll eða til að gera ráðstafanir til þess að draga úr umhverfisspjöllum.

Nú hefur það hins vegar komið í ljós að lögin hafa verið notuð til að hindra framkvæmdir við landgræðslu eða gera þær framkvæmdir erfiðari og dýrari en þær hafa verið til þessa. Þetta er nokkuð mótsagnakennt þar sem ljóst er að enginn ágreiningur er uppi um að rýrnandi gróðurlendi er meginumhverfisvandi Íslands. Það er með öðrum orðum enginn raunverulegur ágreiningur meðal fræðimanna um að höfuðumhverfisvandamál þjóðarinnar er sú staðreynd að á þeim tíma sem búseta hefur verið í landinu hefur gróðurlendi minnkað gífurlega. Vísindamenn telja að gróðurlendi Íslands hafi rýrnað um helming. Það sem eftir stendur hefur hins vegar rýrnað mun meira að gæðum.

Til marks um gæðarýrnun gróðurlendisins er rétt að benda á að sérfræðingar telja að skóglendi hafi þakið um 20–25 þús. km² en skóglendi þekur nú aðeins rúmlega 1.000 km². Þessi hörmulega þróun sem hefur átt sér stað á Íslandi á sér ekki hliðstæðu í Evrópulöndum ef frá er skilinn hluti af landsvæðum Miðjarðarhafslandanna og á ég þá einkum við strandsvæði Spánar og Suður-Frakklands, Ítalíu og Grikklands. Hins vegar er þessi umhverfisvandi Íslands á alþjóðamælikvarða skilgreindur sem höfuðumhverfisvandi heimsins. Eyðing gróðurlenda er langalvarlegasta umhverfisvandamál heimsins í dag. Við Íslendingar höfum brugðist við með því að setja á laggirnar sérstakar stofnanir til þess að glíma við þennan vanda þjóðarinnar í umhverfismálum og sett um það málasvið sérstaka og ákveðna lagabálka. Í framkvæmd skógræktaráætlana og landgræðsluáætlana á að tryggja að gætt sé varkárni í meðferð t.d. innfluttra landgræðsluplantna. Það hefur einnig verið gert. Ef tryggja ber enn frekar en nú er gert slíka aðgæslu, sem vel er hugsanlegt, þá ber að koma að því máli innan þessara stofnana eða í lögum sem lúta að þeim.

Það er hins vegar mjög öfugsnúið, virðulegur forseti, að beita lögum um mat á umhverfisáhrifum á landgræðslu og skógrækt rétt eins og þar væri um að ræða landspjöll. Landgræðslu og skógrækt er ætlað að breyta umhverfinu. Það er sömuleiðis reyndar jafnan afleiðing friðunar lands að verulegar breytingar verða á gróðurfari hins friðaða lands. Við friðun verða það sem við köllum í gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum „umtalsverð áhrif í umhverfinu". Mjög erfitt er eða allsendis ómögulegt að meta slíkar gróðurfarsbreytingar í anda laganna um mat á umhverfisáhrifum. Þar er komið inn á svið sem tengjast mismunandi viðhorfum til gildis gróðurlendis. Sumir vilja standa vörð um gróðurlendið eins og það er í dag eftir aldalanga ábján og ofbeit og ofnýtingu og stórlega skerta landkosti. Aðrir telja öflugra gróðurlendi og endurheimt landsgæða undirstöðu þess að lífvænlegt verði í landinu.

Um þetta er sem sagt ágreiningur, virðulegi forseti. Þessi ágreiningur verður ekki leystur með úrskurði skipulagsstjóra eins og gert er ráð fyrir í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta er nauðsynlegt að benda á hér og er raunar meginástæðan fyrir því að hér er endurflutt frv. sem skerpir verulega markmiðslýsingu laganna um mat á umhverfisáhrifum og kemur það skýrt fram í markmiðsgrein frv. að tilgangur laganna er að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Lögin verða þannig verkfæri í höndum stjórnvalda til að koma í veg fyrir náttúruspjöll eða draga úr þeim eftir föngum. En með þeirri breytingu sem frumvarpið gengur út frá verða lögin um mat á umhverfisáhrifum ekki notuð til að hindra framkvæmdir sem miða að því að draga úr mesta umhverfisvandamáli Íslands, gróður- og jarðvegsrýrnun sem jafnframt er eitthvert mesta umhverfisvandamál heimsins. Til þess voru lögin um mat á umhverfisáhrifum ekki sett.

Ég vil geta þess að lokum, virðulegi forseti, að fyrir utan þessar breytingar á markmiðsgrein laganna þá eru einnig gerðar breytingar á 1., 4. og 6. gr. laganna í þá veru að kveðið er á um að meta skuli hugsanlegan skaða á umhverfi, náttúruauðlindum eða samfélagi, þ.e. að það nægi að framkvæmdir hafi neikvæð áhrif á einhvern einn þessara þátta en ekki á alla þrjá þættina eins og orðalag gildandi laga gefur tilefni til að ályktа. Loks er lagt til að bætt verði við 6. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um að ráðherra skuli rökstyðja ákvörðun sína um að framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þannig að forsendur fyrir því að þörf sé talin á matinu komi skýrt fram.

Virðulegi forseti. Að lokinni 1. umr. um þetta frv. legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og til hv. umhvn.

[19:21]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er endurflutt af hv. flm., Tómasi Inga Olrich, frv. til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þetta frv. hefur legið fyrir umhvn. þingsins frá því á síðasta þingi og fengið þar nokkra umræðu og umfjöllun.

Ég tel ástæðu til þess í tilefni þessa endurflutnings og þessarar umræðu að fara örfáum orðum um nokkur sjónarmið sem tengst geta þessu máli. Þetta mál varðar að formi til það sem við ræddum fyrr á þessum fundi um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum sem ég tel að sé tímabært að fara yfir og gera þar á breytingar og fella að skipulagslöggjöf en það höfum við þegar rætt og ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu. En það eru nokkur grundvallaratriði sem hv. flm. setur fram í þessu þingmáli sem ég vil fara örfáum orðum um til þess að gera grein fyrir mínum sjónarmiðum að þessu leyti. Ég tel mig alveg skilja hugsun 1. flm. og hef hlustað af athygli á hans mál eins og ég reyni jafnan að gera þegar hann flytur sitt mál hér eða annars staðar vegna þess að hv. þm. leggur sig yfirleitt fram um að rökstyðja mál sitt út frá sínu sjónarhorni og hans mál finnst mér eiga athygli skilið þó maður sé ekki endilega sammála málflutningnum eða þeim ályktunum sem hv. þm. dregur í einstökum atriðum.

Í ýmsum greinum erum við þó sammála og ég held áhugasamir báðir um málaflokkinn, virðulegur forseti, þannig að ég met það við hv. þm. að koma sínum sjónarmiðum á framfæri hér einnig í þessu máli.

Ágreiningur er nokkur um þetta efni okkar á milli, 1. flm. og mín, virðulegur forseti. Ég ætla að gera svolitla grein fyrir því hér. Sjónarmið frv. sem fram er reitt með frv. er það að tilteknar aðgerðir sem leita til breytinga á umhverfi hljóti út af fyrir sig að vera jákvæðar eðli máls samkvæmt. Það er það sem hv. flm. gefur sér. Það finnst mér nokkuð langt gengið þó ég taki fyllilega undir þau efni sem varða það vandamál sem felst í gróðureyðingu, uppblæstri o.s.frv., og þá jákvæðu þætti og þá jákvæðu viðleitni sem birtist í aðgerðum til mótvægis við þetta. Um það er ekki ágreiningur. En hins vegar skiptir það miklu að eðlilega og þá út frá forsendum sem samkomulag kann að vera um að bestu manna yfirsýn skulum við segja til að nota fornt ákvæði laga, að ganga fram sem sagt í endurheimt landgæða og aðhlynningu að gróðurlendi þannig að gætt sé langtímasjónarmiða, vistvænna sjónarmiða, getum við kannski sagt, að vinna með náttúrunni og taka tillit til þátta eins og líffræðilegrar fjölbreytni, verndunar tegunda og verndunar vistkerfa sem sérstök geta talist fyrir okkar land. Mér finnst það vera ástæðulaus þrenging í athugun mála og þar á meðal varðandi mat á umhverfisáhrifum að ætla að slá því föstu fyrir fram að ekki sé ástæða til þess að leggja hina almennu mælikvarða, sem eiga að liggja að baki slíkri yfirferð, með fræðilegum þáttum, með sjónarmiðum almennings sem koma inn í það ferli, með úrskurði og niðurstöðu varðandi áætlanir sem varða þessi efni sem frv. fjallar sérstaklega um. Ég tel að við þurfum að líta á aðferðina, mat á umhverfisáhrifum miklu víðtækara og almennara heldur en hv. flm. hefur tilhneigingu til að gera. Við eigum ekki að gefa okkur það fyrir fram að það sé engin ástæða til þess að beita þessum mælikvarða á aðgerðir sem varða endurheimt gróðurlendis, ræktunaraðgerðir með skógrækt o.s.frv. Við eigum að leyfa okkur þá aðferðafræði að skoða það með mælikvarða sem varðar ýmsa aðra þætti sem ekki þurfa að vera neitt neikvæðir í sjálfu sér litið á þá einstaka og afmarkað. Þetta á við um ýmsa framkvæmdaþætti sem eru felldir undir mat á umhverfisáhrifum burt séð frá því að niðurstaðan getur verið sú að það sé allt í lagi út frá samfélagslegum og almennum viðhorfum að þeir gangi fram. Ég mælti með því í sambandi við breytingu á skipulagslöggjöf að við legðum mælikvarðann um mat á umhverfisáhrifum, hann getur verið sniðinn með mismunandi hætti og það geta menn farið yfir þegar löggjöf er endurskoðuð um þau efni, á skipulagsáætlanir almennt séð. Áætlanir um ræktun, um landgræðslu og skógrækt eru aðgerðir sem væntanlega er ekki ágreiningur um að æskilegt er að lúti ákveðnu skipulagi og um slíkar áætlanir er ósköp eðlilegt að sé fjallað með sem víðtækustum hætti og beita til þess aðferðum ekki ósvipuðum þeim og gert er með ýmsa aðra þætti.

Það er nú svo, virðulegur forseti, að meginspurningin sem tengist þessu máli og þar á meðal aðgerðum varðandi landgræðslu og skógrækt, ég á þá ekki við skógvernd í almennri merkingu heldur skógrækt með innfluttum tegundum þar á meðal, að þær aðgerðir geta rekist á sjónarmið sem varða varðveislu á líffræðilegri fjölbreytni og því sem sérstakt er fyrir íslenskt gróðurlendi og íslenskt vistkerfi. Það er full ástæða til þess að reyna að stilla landsmenn saman í þessum málum, reyna að ná sátt í þeim ágreiningi sem uppi er varðandi aðferðafræði landgræðslu og skógræktar í landinu, sem nýtur mikils almenns stuðnings af eðlilegum ástæðum en hins vegar gagnrýni vegna þess að menn sjást sumpart ekki fyrir í þessum málum. Menn horfast ekki í augu við afleiðingar gerða sinna út frá þeim mælikvarða sem eðlilegt er að leggja á þetta. Og mér finnst það alveg yfirdrifin viðkvæmni í þessum efnum sem birtist hjá mörgum talsmönnum eða áhugamönnum um þessi efni og talsmönnum stofnana ríkisins sem varða þessi mál sem vilja bara slá því föstu að af því að þetta er gott málefni almennt séð þá má ekki þrengja þar neitt að, má ekki neitt um það fjalla út frá því að það gæti nú verið að það séu þarna þættir sem þurfi að athuga.

Það er líka einföldun hjá hv. flm., virðulegur forseti, að mínu mati að segja að sumir vilji standa vörð um gróðurlendið eins og það er í dag, þá væntanlega með því álagi sem á það er m.a. af völdum beitar. Það geta fundist slíkir. Ég er ekki í þeim hópi. Ég vænti þess að ég sé sannorður þegar ég fullyrði að ég átta mig á því að gróðurlendi hafa sína framvindu. Gróðurlendi sem hafa verið undir álagi beitar um langt skeið taka heldur betur við sér ef þau njóta friðunar og kannski er ein áhrifamesta aðgerðin til að fá fram gróðurbreytingu í landinu að stuðla að friðun á völdum landsvæðum og ná sátt milli beitarnota annars vegar og verndar hins vegar. Ég þekki mörg þau svæði á landinu þar sem sjá má stórkostlega breytingu og gróðurframvindu þar sem hefur tekist sátt um það að taka upp beitarnotkun á ákveðnu landsvæði og það er sannarlega ekki að standa vörð um óbreytt gróðurlendi þegar náttúran fær að fara sínu fram.

Hins vegar er margt sem varðar landgræðslu og skógrækt með aðfluttum tegundum þar sem menn þurfa að gæta að sér þar sem farið er út í beinar ræktunaraðgerðir eða monokultúr svo að notað sé erlent orð, þ.e. tiltölulega einsleita uppgræðslu eins og beitt er og getur átt full rök á sér að gera það. Þar þurfa menn að sýna varfærni, þar þurfa menn að horfa á aðgerðir sínar út frá sem víðtækustum mælikvarða bæði hvað varðar það að viðkomandi ræktun fari vel í landi, að ekki sé efnt til tvísýnu varðandi tegundir sem geta orðið svo aðgangsharðar að þær breyti svipmóti landsins til lengri tíma og geti orðið skaðvaldur í vistkerfi landsins til langs tíma þannig að menn fái ekki við ráðið í raun. Ég tel að það þurfi að gæta þarna varkárni og ákveðins hófs. Mér fannst í máli hv. þm. sem það gætti líka skilnings á því að það þyrfti aðgæslu varðandi notkun landgræðsluplantna og val á plöntum til landgræðslu. Það höfum við farið yfir í umhvn. og ég mun stuðla að því að endurflytja frv. um þessi efni sem ég hef flutt að gerðum breytingum á því til samræmis við þau

sjónarmið sem sameinast var um í umhvn. á síðasta þingi varðandi mælikvarða í því. En ég vona að það geti orðið til þess að víðtækari sátt takist í þessum málum. Ég er í hópi þeirra sem vilja leggja sig fram um að stuðla að því og bera sáttarorð á milli fylkinga sem eru stríðandi í landinu vegna þess að menn líta nokkuð misjöfnum augum á hversu með skuli fara í sambandi við landgræðslu og skógræktarstarf. Ég tel líka að þeir sem að þeim góðu og þörfu málum vinna þurfi að leggja við hlustir og taka tillit til sjónarmiða sem eru sumpart valin neikvæð ummæli sem varða spurninguna um náttúrulegar auðnir landsins. Ég held að það hefði verið fróðlegt, virðulegi forseti, fyrir þingheim að heyra t.d. raddir á fundi Ferðafélags Íslands á laugardaginn var um þessi efni að því er varðar hálendið og sjónarmið þeirra sem okkur sækja heim varðandi gildi auðnanna. En ég tek fram að þá er ég að ræða um svæði á landinu sem eru kannski ekki til uppgræðslu fallin eða líkleg til þess að breyta um svip á náttúrulegan hátt þótt þau nyti friðunar en hafa verulegt gildi.

Hitt er svo almennt sjónarmið og þar tek ég heils hugar undir með hv. flm. að verndun gróðurlendis almennt og aukning, styrking gróðurlendis með skynsamlegum aðferðum er mjög þýðingarmikið alþjóðlegt mál en þar þarf einnig að taka tillit til sjónarmiða eins og verndunar líffræðilegrar fjölbreytni eins og svo er kallað og sett hefur verið í alþjóðlega samninga og við þurfum að gæta þess að fara ekki offari í þeim efnum. Ég vona að við getum náð ásættanlegri niðurstöðu en mér finnst að þetta frv. bæti ekki úr ef á að slá því föstu fyrir fram að það þurfi ekki að beita greinandi aðferðum og gagnrýnum aðferðum á aðgerðir varðandi landgræðslu og skógrækt eins og svo margt annað sem breytir svipmóti lands.

[19:36]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið en ætla aðeins að leggja orð í belg. Hér er hreyft afar mikilvægu máli um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum og það er ekki nýtt mál eins og hér hefur komið fram. Það hefur verið flutt áður af hv. flutningsmanni og framsögumanni fyrir málinu í dag.

Mér finnst umræðurnar hafa verið afar fróðlegar af hálfu beggja þeirra aðila sem hér hafa talað, þ.e. frsm. og hv. 4. þm. Austurl., og þær vangaveltur sem tengjast málum af því tagi sem er raunverulega kveikjan að flutningi þessa frv.

Ég held að almennt megi segja og það sé viðurkennt að landgræðsla og einnig skógrækt eigi miklu fylgi að fagna með þjóðinni. Það eru mál sem við viljum öll leggja áherslu á að stíga stærri skref en við höfðum gert a.m.k. nú um sinn við það að græða upp landið hvort heldur að stöðva landeyðingu, landgræðslu eða fegra landið og auðga það með skógi og jafnvel gera skóg að atvinnugrein með nytjaskógrækt. Allt er þetta mál sem unnið er að.

Vissulega er það rétt sem hefur komið fram í umræðunni að aðgerðir af þessu tagi breyta landi, breyta umhverfi. Um það er ekki ágreiningur heldur. Auðvitað er tilgangurinn með því líka að fegra land eða bæta en ekki spilla. En ég hygg þó að vissar framkvæmdir á þessu sviði geti verið þess eðlis að það þurfi að fara varlega og það þurfi að huga að málum mjög gaumgæfilega hvort sem við gerum það með mati á umhverfisáhrifum eða einhverjum öðrum matsaðferðum, það skal ég ekki segja um, en við höfum valið okkur þennan farveg að setja lög um mat á umhverfisáhrifum og veltum síðan vöngum yfir því hvort skógrækt og landgræðsla eigi að falla skilyrðislaust eða í undantekningartilfellum eða alls ekki undir slíka löggjöf.

Ég verð að láta það koma fram vegna ummæla hv. frsm. þar sem hann sagði að lögin hefðu verið notuð til þess að hindra framkvæmdir eða í það minnsta tefja framkvæmd og auka kostnað að mér er ekki kunnugt um það þann tíma sem ég hef setið í umhvrn. að lögin hafi verið notuð til þess að hindra framkvæmdir á þessu sviði. Ég vil líka leyfa mér að fullyrða að lögin hafi ekki heldur leitt til þess að tefja framkvæmdirnar á þessu sviði. En þau geta auðvitað leitt til aukins kostnaðar vegna þess að við viljum skoða hvað við erum að ráðast í. Þá er ég ekki að tala um landgræðslu eða skógrækt sérstaklega heldur þarf viðhorfið almennt til þessara laga að vera þess eðlis að matið er hluti af þeim kostnaði sem til verður við framkvæmd mála hverju sinni. Ég nefni bara í því sambandi lítið dæmi sem lagt var fyrir mig nýlega varðandi sorpbrennslu eða sorpeyðingu. Búið var að áætla kostnað við framkvæmdina upp á 10 millj. Síðan kemur mat á umhverfisáhrifum, segir viðkomandi, og það er upp á 1,5 millj kr. og það eykur kostnað við framkvæmdina um 1,5 millj. Hún kostar nú ekki lengur 10 millj. heldur 11,5 millj. Þá velti ég fyrir mér: Kostaði hún þá einhvern tíma 10 millj.? Var það ekki bara röng kostnaðaráætlun? Var ekki kostnaðaráætlun 11,5 millj.? Var ekki matið á umhverfisáhrifum hluti af kostnaðinum við þessa framkvæmd? Ég held að við þurfum að komast inn í þann hugsunarhátt. Auðvitað eigum við að reyna að halda þessum kostnaði niðri eins og öllum öðrum kostnaði við framkvæmdir, hvaða framkvæmdir sem það eru og reyna að gera það á sem hagkvæmastan hátt. En við megum ekki líta á þetta sem einhvern óskyldan utanaðkomandi kostnað sem komi í viðbót við eitthvað annað. Það er bara hluti af framkvæmdinni. Þegar við höfum komist inn í þann farveg með a.m.k. þær framkvæmdir sem ganga fyrir sig ár fram af ári, segjum t.d. vegaframkvæmdir eða hafnarframkvæmdir eða eitthvað slíkt sem við erum að vinna stöðugt í og erum alltaf í gangi, þá á þetta alls ekki að tefja framkvæmdir. Þá er þetta hluti af undirbúningsframkvæmdinni og er bara í þeim ferli sem verkið allt er í. Einn þáttur verksins er mat á umhverfisáhrifum.

Þetta vildi ég setja fram sem hugleiðingu af minni hálfu í það mál sem hér er til umræðu og kannski undirstrika ég held að það hafi líka komið fram í máli mínu þegar þetta var til umræðu á síðasta þingi, að þau viðhorf kynnu að vera uppi í einstaka tilvikum að mat á umhverfisáhrifum sé nauðsynlegt. Þó að ég sé almennt þeirrar skoðunar að landgræðsla, uppgræðsla og skógrækt séu þess eðlis að við getum litið á það sem bætur á umhverfi og nauðsynlegar framkvæmdir í mörgum tilfellum og eigi ekki að þurfa að fara í öllum tilvikum í mat á umhverfisáhrifum þá geti verið uppi í einstökum tilvikum slíkar ástæður eða aðstæður að mat sé nauðsynlegt. Ég hygg að okkur flutningsmann greini ekki á um það efni, heldur öllu fremur í hvaða farvegi slík skoðun eigi að vera, hverjir eigi að annast hana og hvenær hún fari fram og hvaða meðferð slík skoðun fái við undirbúning framkvæmdanna.

Ég held að landeyðingin og uppblásturinn sé e.t.v. eitt af stærstu umhverfisvandamálunum sem við Íslendingar eigum við að glíma. Við eigum e.t.v. við ýmis verkefni að glíma og þurfum að takast á við þau eins og aðrar þjóðir. En ég held að þetta sé kannski það stærsta og þess vegna þurfum við að búa þannig að löggjöf að við getum tekið á þessu mikla vandamáli og glímt við það af fullum krafti án þess

að það tefji framkvæmdir eða auki umtalsvert kostnað. Ég undirstrika viðhorf mitt að ég tel að mat á umhverfisáhrifum eigi að vera hluti af framkvæmdum en ekki sem einhver aukaaðskot að málinu sem séu til þess eins fallin að tefja og skemma fyrir, síður en svo, heldur sé mikilvægur þáttur í framkvæmdunum og ef undirbúningnum er rétt hagað og hann er á réttum tíma eigi hann ekki heldur að kosta mikið.

[19:43]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sá misskilningur hafi ekki komið upp í þingsalnum, hvorki við fyrri umræðu um þetta mál né heldur nú að sá sem hér stendur vilji ekki, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það, beita greinandi aðferðum til þess að átta sig á því hvort aðferðir í landgræðslu og skógrækt séu skynsamlegar eða ekki. Þetta hef ég aldrei sagt á þessum vettvangi. Ágreiningurinn stendur einfaldlega um það að ég bendi á það að landgræðslu og skógrækt og lögum um þau fyrirbæri er gert að glíma við stærsta umhverfisvanda Íslands og umhvrh. hlýtur fyrstur manna að vera reiðubúinn til þess að taka á því vandamáli í ljósi þess vægis sem það hefur á Íslandi. Er vandamálið þannig vaxið að við eigum að fjalla um það á sama tíma og við erum að fjalla um förgunarstöðvar fyrir eitraðan eða hættulegan úrgang? Er þetta mál, landgræðsla og skógrækt, þannig vaxið að við eigum að setja það undir sama hatt og förgunarstöðvar fyrir hættulegan og eitraðan úrgang? Eigum við að beita sömu löggjöf á landgræðslu og skógrækt sem glímir við mesta umhverfisvanda Íslands eins og við beitum við umhverfisspjöll? Málið snýst nefnilega um það að ákveða á hvaða vettvangi eigi að glíma við þennan vanda og ég segi alveg hikstalaust að lögin um mat á umhverfisáhrifum eru ekki réttur vettvangur fyrir þetta vegna þess að það er afskaplega erfitt, og ég hef margbent á það í umræðunni, að höndla vandann fyrir þá sem eru framkvæmdaaðilar laganna um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstjóri hefur afskaplega veika stöðu til að vega og meta hvort landgræðsluáætlanir, skógræktaráætlanir eða jafnvel friðunaráætlanir eru með þeim hætti að af þeim orsakist umtalsverðar neikvæðar breytingar á umhverfi eða ekki. Hins vegar væri hugsanlega hægt að styrkja Landgræðsluna og Skógræktina, jafnvel búa til einhvern nýjan farveg fyrir áætlanagerð þessara stofnana og styrkja þennan þátt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér lýst að hann hafi mikinn áhuga á að styrkja.

Við megum ekki gleyma því að lögin um mat á umhverfisáhrifum höfðu þann tilgang, og það kom skýrt fram í greinargerð með frv. á sínum tíma, að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Ég held að eins og haldið hefur verið á framkvæmd málsins, hvernig heimildarákvæðið hefur verið notað, þá sé verið að veita þessu málefni, þ.e. landgræðslu og skógrækt í rangan farveg. Ég hika ekkert við að segja það hér og nú að landgræðsla og skógrækt eru eðli málsins samkvæmt jákvæðar framkvæmdir. Þær eru eðli málsins samkvæmt jákvæðar framkvæmdir á Íslandi öllum öðrum Evrópuríkjum fremur. Hvers vegna eigum við þá að höndla þetta vandamál alveg sérstaklega eins og einhverja stórkostlega umhverfishættu? Í því er fólgin mótsögn, virðulegi forseti, sem við hljótum að geta forðast. Ég er ekki þar með að segja að ekki þurfi að gæta varkárni við slíka áætlanagerð, hreint ekki.

Ég vil hins vegar mótmæla því að það sé rangt sem ég hef haldið fram, að sumir náttúruverndarmenn sem titla sig þannig og hafa fulla heimild til þess, vilji standa vörð um gróðurlendið eins og það er nú. Það er ekki rangt. Ég hef reyndar ekki flokkað hv. þm. Hjörleif Guttormsson undir þessa sveit manna. En það er ekki bara að þessi sveit manna sé til, hún er áberandi og hávær. Hún skrifar greinar í blöðin. Það er mjög almennt að þetta fólk tali um svokallaðan frumgróður og það vill ekki að skógræktar- og landgræðsluáætlanir breyti frumgróðrinum. Og hver er nú þessi frumgróður ef ég mætti spyrja? Það sem iðulega er minnst á er lynggróður. Það má ekki breyta lyngmó. En, virðulegi forseti, lyngmóar á Íslandi eru á stóru landsvæði alls ekki frumgróður heldur gróður sem hefur komið upp eftir að búið er að níðast á landinu í margar aldir. Eigum við að taka annan gróður sem skógræktaráætlanir gætu hugsanlega breytt? Það er þessi blendingur af fjalldrapa og birki, þetta kræklótta birki sem vex út um allt land. Er það frumgróður? Megum við ekki rækta upp hreinræktað íslenskt birki vegna þess að það ýtir burtu frumgróðrinum svokallaða sem er enginn frumgróður? Það liggur bara ljóst fyrir að við höfum gengið það nærri landinu að hér er á stórum flákum afskaplega lítill frumgróður. Frumgróðurinn er horfinn. Landgræðslu- og skógræktaráætlanir miða að því að endurvekja þennan frumgróður. En þær miða líka að því að auka fjölbreytni íslensks gróðurlífs. Við höfum flutt inn tegundir sem hafa þrifist hér vel og hafa ekki rutt burtu neinum öðrum gróðri. Með því erum við að auka fjölbreytileikann. Við erum ekki að gera það reyndar með náttúrulegum aðferðum nema menn líti svo á að maðurinn sé hluti af náttúrunni. Ég lít þannig á að maðurinn hafi fulla heimild til að auka fjölbreytileika náttúrunnar með sínum eigin aðferðum.

Hér var talað um að við þyrftum að gæta þess að skaða ekki líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar, en þá verðum við að taka afstöðu til þess hvaða ástand við erum að meta. Íslenskt vistkerfi í dag er ekki dæmigert fyrir líffræðilegan fjölbreytileika. Það er dæmigert fyrir líffræðilegan fábreytileika. Og vegna þess að íslenskt gróðurfar er dæmigert fyrir líffræðilegan fábreytileika höfum við skilgreint hið fábreytilega gróðurkerfi og hina miklu gróðurrýrnun sem hér hefur átt sér stað sem mikið umhverfisvandamál, langstærsta umhverfisvandamál þjóðarinnar. Þess vegna segi ég að það er ekki sæmandi að taka á þessu mikla umhverfisvandamáli í gegnum þessi lög. Það er heldur ekki auðvelt eða ekki hægt held ég að taka á vandamálinu með þessu verkfæri sem við höfum hér, þ.e. lögunum um mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er það hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að auðvitað eiga landgræðsluáætlanir og skógræktaráætlanir að falla inn í skipulag, falla að skipulagslögum. Það er hárrétt.

Áðan var sagt að menn yrðu að gæta þess að breyta ekki svipmóti landsins til lengri tíma. Ég ætla ekkert að snúa út úr þessu orðalagi. Ég ætla aðeins að undirstrika að það er tilgangurinn með landgræðslu og skógrækt að breyta ásýnd landsins og svipmóti til lengri tíma.

Mig langar til að vitna aftur í dæmi sem ég varð vitni að og sá í Røros í Noregi. Þar var skóglendi ekki ósvipað íslenskum birkiskógi enda er þar land í nokkuð mikilli hæð yfir sjávarmáli þó það sé tiltölulega sunnarlega. Þar var land vaxið birki. Síðan var ráðist þar í námugröft þar sem skógurinn var notaður til að sprengja málmgrýti, sprengja bergið sem var forsenda þess að það væri hægt að nýta þessar námur. Þetta var láglaunasvæði og bændurnir sem þarna réðust til vinnu við málmvinnsluna höfðu ekki það há laun að þeir

urðu að lifa af öðrum framfærsluaðferðum, þ.e. þeir urðu að halda bú líka. Þar af leiðandi hreinsaðist upp skóglendi á víðu svæði og landið sem þar kom í ljós, beitilandið sem þar opnaðist, varð nauðbeitt á skömmum tíma. Þarna hvarf frumgróðurinn á mjög skömmum tíma. Og hvað var eftir þegar ég kom og skoðaði þetta land? Það var lynggróður að mestu leyti. Norðmenn tóku þetta mál hins vegar föstum tökum og eru að græða þetta land upp, þessa lyngmóa. Þar sá maður uppgræðslu á öllum stigum. Að sjálfsögðu olli þessi uppgræðsla grundvallarbreytingu á þeim gróðri sem þar var orðinn eftir að námavinnslan hafði unnið sín spjöll. Það er í sjálfsögðu eitthvað í líkingu við þetta sem við ætlum okkur að vinna með landgræðslu og skógrækt. Við ætlum okkur að breyta ásýnd landsins mjög verulega. Við ætlum okkur að breyta svipmóti landsins til lengri tíma.

Hér var vikið að því að lögin hafi ekki verið notuð til að hindra framkvæmdir við landgræðslu og skógrækt, landgræðslu einkum og sér í lagi. Það kann að vera, virðulegi forseti, að það sé nokkuð djúpt í árinni tekið. En lítum á hvernig farið hefur á Hólasandi. Hólasandur er dæmigerður fyrir auðn sem ekki er náttúruleg auðn þó við höfum víðáttumikil svæði á öræfum landsins sem eru náttúrlegar auðnir og eflaust vil ég taka undir það með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þær eru mikils virði sem náttúrufyrirbæri. En Hólasandur er ekki dæmi um það því vitnisburður er um að þarna hafi verið þykk og mikil gróðurþekja frá fyrri tíð. Í umhverfismatinu á Hólasandi er gert ráð fyrir að nota lúpínu sem uppgræðsluplöntu. En Landgræðslan er gerð ábyrg fyrir því að hún berist ekki út fyrir uppgræðslusvæðin. Og fyrir utan uppgræðslusvæðið, hvaða land er það? Það er m.a. Mývatnssvæðið þar sem lúpína vex nú þegar og hefur vaxið í áratugi. Hún vex niður við Mývatn og hefur vaxið þar í langan tíma. Ellegar við erum að tala um bakka Laxár sem nefnd er sérstaklega í mati skipulagsstjóra. Þangað má ekki berast lúpína en hún er þar fyrir. Hvernig á nú að gera Landgræðsluna ábyrga fyrir skilyrðum eins og þessum? Hvaðan á fræið að berast ef það berst? Á að færa sönnur á það að lúpínufræið hafi borist af landgræðslusvæðinu en ekki af lúpínu sem vex við Mývatn eða við Laxá? Þetta er ekki framkvæmanlegt. Auðvitað eru ákvæði sem þessi, sem ekki eru framkvæmanleg í reynd, þar sem verið er að gera menn ábyrga fyrir því sem ekki er hægt að sanna, hindrun. Þetta er hindrun. Fyrir svo utan hitt að það er náttúrlega verið að leggja þarna í mikinn kostnað af Landgræðslunni. Það er verið að leggja mikinn kostnað á Landgræðsluna. Því hljóta menn að meta þennan kostnað í ljósi þess hvað er í húfi. Auðvitað er mikið í húfi ef við erum að setja uppistöðulón yfir gróðurlendi sem við teljum mikils virði því það hverfur. Þá er mikið í húfi. En er eins mikið í húfi ef við ætlum okkur að breyta t.d. víðáttumiklu mólendi í skóg sem þar var bersýnilega áður? Eigum við þá að eyða miklum peningum í að vega og meta hvort sá skógur sé ásættanlegur eða ekki? Og hvernig ætlum við að meta það? Ég hefði gaman af að heyra hvernig menn ætla að meta það. Ef menn grípa til friðunarráðstafana eða skógræktarráðstafana sem breyta landinu mjög verulega, á hvaða forsendum ætla menn þá að meta það? Það verða skrautlegar röksemdafærslur mætti segja mér og mikið borgandi fyrir þær. Það eru margir sérfræðingar sem gætu verið á fullum launum við að velta því fyrir sér hvort slíkt flokkist undir skemmdarstarfsemi eða ekki.

Það sem ég vil einkum og sér í lagi koma á framfæri við þessa umræðu er að okkur hv. 4. þm. Austurl. greinir ekki á um það að fara þurfi með varkárni í nýtingu t.d. nýrra plantna. Okkur greinir ekki alls ekki á um það. Okkur greinir hins vegar á um að það sé eðlilegt að beita þessum lögum til þess. Ég sé fyrir mér hundrað erfiðleika ef við förum þá leið. Þeir eru byrjaðir að sýna sig og eiga eftir að sýna sig miklu meira. Við eigum að breyta þessu og við eigum að taka á þessari áætlanagerð með skipulagningu innan skipulagslaga á einhvern hátt en einkum og sér í lagi innan laganna um landgræðslu og skógrækt og styrkja þann þátt sem veit að áætlanagerð og koma þannig í veg fyrir að nokkurt slys eigi sér stað við þennan mikilvæga málaflokk sem lýtur að því að bæta úr um stærsta umhverfisvanda Íslands.

[19:57]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú líður að lokum þessarar umræðu en ég vildi nefna það hér að mér finnst að hv. flutningsmaður málsins sé allt of viðkvæmur fyrir þeim mælikvarða sem verið er að leggja og þeirri aðferðafræði sem liggur að baki mati á umhverfisáhrifum. Ég get ekki tekið undir það sjónarmið sem þar kemur fram. Ég held að það væri hins vegar til bóta að fella þau ákvæði og kannski gera þau almennari, undir einmitt skipulagslöggjöf þannig að þessi viðkvæmni sem málflutningur hv. þm., virðulegur forseti, ber vott um, stingi ekki í auga eins og þingmaðurinn og kannski fleiri, ég geri ráð fyrir fleiri, vilja lesa í málin. Ég mæli með því að menn reyni að leita almennra mælikvarða sem gætu verið kannski hlutlausari en hv. þm. vill skilja þetta og að það verði athugað í sambandi við að fella þessi lög um mat á umhverfislögum að skipulagslöggjöf, sem er verkefni sem við þurfum að sinna.

Síðan vil ég koma því á framfæri vegna þess sem tekið var hér fram sérstaklega um Hólasand og þau skilyrði sem þar hafa verið sett, að ég tel að þar hafi menn tekið mjög eðlilega á máli af hálfu þeirra sem hafa farið í mat á þessum málum. Viðfangsefnið, sem er að hindra útbreiðslu lúpínu sem dæmi um innflutta tegund, er mjög stórt verkefni sem þarf að bregðast við mjög víða um land á næstunni til að halda þeirri tegund í skefjum vegna þess að hún á ekki heima hér og stofnar til mikilla vandræða og gróðurbreytinga sem ekki eru farsælar. Þar á meðal eru verkefni við að útrýma þeirri tegund á bökkum Laxár og við Mývatn þar sem hún hefur skotið rótum. Við eigum ekki að standa vörð um það heldur að beita okkur fyrir því, og jafnframt að koma í veg fyrir að þessari tegund sem og öðrum, sem kaffæra gróðurlendi sem fyrir er með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir framtíðina, sé haldið í skefjum og menn sýni þá aðgát sem skylt er. Það tel ég að sé verið að gera með þessari greiningu varðandi uppgræðsluaðgerðir á Hólasandi sem geta verið jákvæðar út af fyrir sig og eru það vafalítið, þ.e. að það sé tekið á slíkum málum í sambandi við aðhaldsaðgerðir.

[20:00]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nýmæli í þingsölum að flokka undir viðkvæmni deilur af því tagi sem hafa staðið milli mín og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ef það er einhver viðkvæmni fólgin í því að telja skynsemina fara svolítið aðrar leiðir en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vill fara þá er það mjög sérkennileg viðkvæmni. Ég tel bara að það sé verið að fara óskynsamlega leið þarna. Ég er ekkert sérstaklega viðkvæmur fyrir því ef menn vilja fara óskynsamlegar leiðir. En ég vil alla vega ekki taka þátt í því. Ég átta mig ekki alveg á þessari umfjöllun um viðkvæmni. Hitt er svo annað

mál, þetta tiltekna dæmi sem hér var tekið, þ.e. að það bæri að mati hv. 4. þm. Austurlands að útrýma lúpínu við Mývatn þar sem hún hefur vaxið í áratugi eða á bökkum Laxár, án þess að valda þeim skaða, að mínu mati, að það þurfi að bregðast sérstaklega við því þá er bara um þetta ágreiningur. Sumir segja að hún valdi miklum skaða. Aðrir segja að hún geri það ekki. Það eru miklu fleiri erlendar tegundir sem vaxa við Mývatn en lúpína. Það er heill skrúðgarður þar. Það er heill skrúðgarður við Mývatn þar sem vaxa fjölmargar erlendar tegundir. Það er bara fullkomið álitamál og erfitt að kveða upp úrskurð um það hvort þessar erlendu tegundir eru þarna í trássi við einhver lögmál sem við viljum verja. Ég vil ekkert vera að útrýma þeim þó þetta séu aðrar tegundir en hafa kannski vaxið þarna frá örófi alda. Ég vil bara minna á að flóra Íslands er í sjálfu sér miklu fátæklegri en hún var áður fyrr. Hér óx áður ölur og fura eins og við vitum sennilega jafn vel, ég og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Síðan dóu þær út þessar plöntur. Ætlum við þá að standa sífellt vörð um okkar fátækt í lífkerfinu?

[20:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við skulum ræða málið út frá almennum forsendum. Ég vil ekki taka eina tegund þar sérstaklega út úr þó við höfum þetta dæmi vegna þess að það er sýnilegt vandamál. Ég fullyrði að t.d. víða á Austurlandi þar sem ég þekki vel til eru að verða stórkostleg slys vegna útbreiðslu þessarar tegundar sem hefur skotið þar rótum, dreifst þangað eða verið dreift og Skógrækt ríkisins hefur verið óbeinn dreifingaraðili í mörgum tilvikum sem opinber stofnun. Þetta er að leiða til stórfelldra vandræða. Menn þurfa að horfast í augu við slíka hluti. Horfast í augu við þá og taka á þeim. Ég fullyrði að það getur orðið mikið bakslag fyrir þær nauðsynlegu aðgerðir til gróðurverndar og til uppgræðslu og ræktunar ef menn horfast ekki í augu við þennan vanda sem er alþjóðlegur. Við erum ekkert einir á bát um hann. Þessi umræða er alþjóðleg umræða sem er viðurkennd sem vandamál og hluti af spurningunni um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sérkenna gróðurlenda víða um heim. Ef við viljum taka af raunsæi á málum, eigum við að reyna að sameinast um aðferðir sem geta orðið ásættanlegar. Við eigum ekki að afhenda t.d. opinberum stofnunum sjálfdæmi í sínum aðgerðum þar sem varið er almannafé. Við eigum ekki að afhenda þeim sjálfdæmi. Við eigum að koma þar við mælikvörðum sem þurfa auðvitað að vera ásættanlegir en ganga ekki út frá því að eitthvað sé sjálfgefið í þessum efnum, að það þurfi ekki aðgæslu í sambandi við þetta sem margar aðrar athafnir. Ég tel að hæstv. umhvrh. hafi haft fyllilega rétt fyrir sér með því að setja þetta tiltekna dæmi í mat. Hann valdi að gera það í krafti laganna um mat á umhverfisáhrifum. Það er ekki rétt að því hafi verið hafnað af umhvn. að slíkum aðferðum yrði beitt. Þvert á móti var á það vísað í nál. En það var ágreiningur um hvort ætti að fella það sértækt inn í lögin.

[20:04]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi foreti. Það er að sjálfsögðu þannig að ég er ekkert á móti því að stofnunum á borð við Landgræðslu og Skógrækt sé ekki gefið sjálfdæmi í svona málum. Það hefur mér aldrei dottið í hug að segja. Það er ekkert því til fyrirstöðu, ef menn vildu styrkja þennan þátt í áætlanagerðinni innan þessara stofnana, að þar kæmu að verki ráðgefandi nefndir sem væru utan stofnunarinnar og kæmu með álit þannig að stofnunin væri ekki gerð sjálfráð um sín mál í þessum efnum. Það hefur bara ekki hvarflað að mér.

Hitt er annað mál að ég hef á tilfinningunni að menn líti almennt til of skamms tíma þegar verið er að meta árangurinn og áhrifin af uppgræðslu. Þar á meðal af uppgræðslu með lúpínu. Það er alveg ljóst mál að ef við friðum land, t.d. í Eyjafirði — ég hef sjálfur af því persónulega reynslu — þá verða verulegar breytingar á gróðurlendinu þar. Heilu tegundirnar hverfa. En þær hverfa ekki af landinu, hv. þm. Þær hverfa af þessu svæði vegna þess að þar eru skilyrðin þannig að þær eru áberandi í gróðurríkinu á meðan beitin er mikil en þegar beitin minnkar hverfa þessar plöntur vegna þess að aðrar plöntur nýta sér þær aðstæður sem fyrir hendi eru. Þannig að þær hverfa (**HG:** ... ákveðin gróðurlendi.) Nákvæmlega, nákvæmlega hv. þm., um þetta erum við sammála. Með tíð og tíma skapar friðunin gjörbreytingu á gróðurlendinu en friðunin útrýmir að sjálfsögðu ekki plöntum. Eins er það með lúpínuna að ég held að ekkert hafi bent til þess sérstaklega að lúpínan sé að útrýma neinu gróðurríki á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:07.

---

17. FUNDUR

þriðjudaginn 5. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lífræn og vistræn framleiðsla íslenskra afurða, þáltill., 80. mál, þskj. 81. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 25. mál, þskj. 25. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Ríkisreikningur 1995, stjfrv., 99. mál, þskj. 102. — 1. umr.
5. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 71. mál, þskj. 71. — 1. umr.
6. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
7. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72. — Fyrri umr.
8. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
9. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
10. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
11. Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
12. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
13. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.

16. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.

17. Lágmarkslaun, frv., 87. mál, þskj. 89. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Össur Skarphéðinsson, 15. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Kosningar til Alþingis, 116. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 127.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 93. mál, svar sjútvrh., þskj. 124.

Tilhögun þingfundar.

[13:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Um þinghaldið í dag vill forseti taka eftirfarandi fram. Fyrst fara fram atkvæðagreiðslur um þrjú fyrstu dagskrármálin. Að þeim loknum mun hæstv. fjmrh. mæla fyrir 4.–6. dagskrármáli og ef tími vinnst til fram til kl. 3, þegar ráðherrann verður að fara af fundi, munu verða tekin fyrir 14. mál og þau sem aftar eru á dagskránni. Umræða um 7. dagskrármálið mun því hefjast um kl. 3 og síðan verður haldið áfram eftir dagskránni og við reynum að komast eins langt með hana og tök eru á.

Forseti vill taka sérstaklega fram að 17. málið á dagskrá verður tekið fyrir á eftir 11. dagskrármáli, þar sem það á ef til vill betur heima samkvæmt efni.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lífræn og vistræn framleiðsla íslenskra afurða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 80. mál. — Þskj. 81.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. TIO, 25. mál (markmið laganna o.fl.). — Þskj. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JHall, KÁ, KH, LMR, LB, MS, MF, ÓI, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SJóh, SAÞ, SHl, SF, SJS, SvG, TIO, VS, VK, VE, ÞSveinb.

1 þm. (ÁJ) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EOK, FI, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IP, JBH, JónK, KHG, ÓE, PP, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1995, 1. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102.

[13:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Frv. þetta sem er að finna á þskj. 102 og er 99. mál þingsins er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1995, en hann var lagður fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta þingsins í ágúst 1996 og hefur honum verið dreift á hinu háa Alþingi.

Á síðasta þingi var gerð gangskör að því að afgreiða ríkisreikninga margra ára, og var það að sjálfsögðu tímabært, en með þessu frv. er fram haldið því markmiði mínu að ekki dragist á langinn að stíga lokaskrefið við að afgreiða fjárhagsárið 1995. Hugmyndin er að við upphaf hvers þings liggi fyrir ríkisreikningur og frv. um ríkisreikning á hverju ári þannig að um leið og verið er að afgreiða fjárlög og fjáraukalög geti menn haft undir ríkisreikning ársins áður. Í þessu eru fólgnar miklar framfarir frá því sem áður var.

Ríkisstjórnin samþykkti á síðasta ári stefnu um nýskipan í ríkisrekstri þar sem sagði m.a. að ríkisreikningur og fjárlög skuli sýna bæði skattgreiðendum og stjórnvöldum eins glögga mynd af fjárhagsstöðu ríkisins og frekast er kostur. Framsetning ríkisreiknings fyrir árið 1995 er þáttur í framkvæmd stefnunnar um nýskipan í ríkisrekstri. Með útgáfu ríkisreiknings fyrir árið 1995 var haldið áfram á þeirri braut að gera reikninginn aðgengilegri og í meira samræmi við þær aðferðir sem tíðkast við ársreikningsgerð fyrirtækja. Ríkisreikningurinn hefur verið nær óbreyttur í þrjá áratugi en ársreikningar fyrirtækja hafa verið gerðir nútímalegri og betri sem stjórntæki í rekstri. Með myndrænni framsetningu og ítarlegri skýringum en áður tíðkaðist er lesendum ríkisreiknings þannig auðveldað að skilja hann og meta. Það er auðvitað mikilvægt til þess að veita ríkisrekstrinum nauðsynlegt aðhald.

Á undanförnum árum hefur skipulega verið unnið að breytingum í ríkisrekstrinum og smám saman hefur sú vinna skilað árangri og tekið á sig skýrari mynd. Markmiðið er að koma á hugarfarsbreytingu í ríkisrekstrinum en hún felst í því að stjórnvöld líti á sig sem kaupendur þjónustu fyrir hönd skattgreiðenda og stöðugt þarf að spyrja hvort þörf sé fyrir tiltekna starfsemi, hvort ríkið eigi að veita hana eða hvort

hún sé betur komin hjá öðrum. Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings, útboðsstefna sem fylgt hefur verið, verkefnavísar sem gefnir eru út, en þeir eru eins konar kennitölur í ríkisrekstrinum, og ný starfsmannalög sem kveða m.a. á um að hverri stofnun skuli setja markmið til lengri tíma — allt þetta á það sameiginlegt að stuðla að þessari hugarfarsbreytingu. Landsmenn eiga kröfu á að vita til hvaða verkefna fé þeirra er nýtt, hvert sé markmið með rekstri stofnana og hvernig megi mæla árangur þeirra. Það er von mín að þær breytingar sem gerðar voru á útgáfu ríkisreiknings styrki fjármálastjórn ríkisins og efli eðlilegt aðhald.

Á árinu 1995 nam tekjuhalli ríkissjóðs 15,2 milljörðum kr. eða 13,3% af tekjum ársins. Árið á undan nam hallinn 15,6 milljörðum kr. eða 14,1% af tekjum ársins. Hallinn lækkaði því lítils háttar á milli ára. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 18,5 milljörðum kr. á árinu 1995 sem jafngildir 4% af landsframleiðslu ársins, samanborið við 15,5 milljarða kr. árið 1994 eða um 3,6% af landsframleiðslu þess árs.

Tekjur ríkissjóðs námu alls 114,2 milljörðum kr. á árinu 1995 eða 25% af landsframleislu ársins. Frá árinu á undan hækkuðu þær um 3,8 milljarða kr. eða um 3,5%.

Hækkun tekna sundurliðast þannig að skatttekjur hækka um 6,4 milljarða kr. en vaxtatekjur og aðrar tekjur lækka um 2,6 milljarða kr. Hækkun skatttekna skiptist þannig að tekju- og eignarskattar hækka um 2,9 milljarða kr., virðisaukaskattur um 1,6 milljarða kr., tryggingagjöld um 900 millj. kr. og aðrir skattar á vöru og þjónustu um 1 milljarð kr.

Tekjur ríkissjóðs á árinu 1995 skiptust þannig að skattar á tekjur námu um 18,5%, tryggingagjöld og launaskattar um 10,2%, eignarskattar 3,5% og skattar á vöru og þjónustu um 60,8%. Þá voru fjármunatekjur 6,6% og aðrar tekjur 0,4%. Af sköttum á vöru og þjónustu er virðisaukaskattur stærstur og var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 36,2% af heildartekjunum, en skattar af framleiðslu og innflutningi námu 12,7%.

Gjöld ríkissjóðs námu alls 129,4 milljörðum kr. á árinu 1995 eða 28,4% af landsframleiðslu ársins. Gjöld ríkissjóðs hækkuðu um 3,4 milljarða kr. eða um 2,7% á milli ára. Af einstökum liðum sem hækka á milli ára má nefna lífeyris- og sjúkratryggingar, en þær hækkuðu um 1,4 milljarða kr., fjármagnskostnaður ríkissjóðs um 1,6 milljarða kr., útgjöld til heilbrigðismála um 0,9 milljarða kr. og framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs um 0,8 milljarða kr.

Á þessu sést að útgjöld ríkissjóðs hafa fyrst og fremst aukist í svokölluðum velferðarmálum en markmið ríkisstjórnarinnar hefur verið að reyna að halda útgjöldunum niðri en þrátt fyrir þá viðleitni hefur það gerst sem eðlilegt má teljast að útgjöld til þessa málaflokks hafa hækkað og langsamlega stærsta ástæðan fyrir því er auðvitað sú að aldur þjóðarinnar er að hækka og veldur að sjálfsögðu útgjaldaauka á þessu sviði. Þetta segi ég hér til þess að undirstrika það að ekki hefur verið um niðurskurð að ræða í velferðarmálum þjóðarinnar heldur hefur verið reynt að halda útgjaldaaukningunni í skefjum.

Árið 1995 námu rekstrar- og viðhaldsgjöld um 39,9% af gjöldum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar 2,9%, fjármagnskostnaður 12,4%, stofnkostnaður 5,5% og tilfærslur 39,3%. Af einstökum gjaldaflokkum voru tryggingamál fjárfrekust eða um 22,3% af heildinni, heilbrigðismál 15,9% og mennta- og menningarmál 13,2%. Gjöld til þessara málaflokka að viðbættum vaxtagjöldum af lánum námu 63,8% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 1995. Er það ívið hærra hlutfall en árið á undan en þá nam það 62,2%.

Vaxtagjöld og lántökukostnaður ríkissjóðs námu alls 16,0 milljörðum króna á árinu 1995 samanborið við 14,3 milljarða króna árið á undan. Með stöðugum hallarekstri ríkissjóðs undanfarin ár hafa vaxtagjöld orðið sífellt fyrirferðarmeiri útgjaldaliður hjá ríkissjóði. Þannig námu vaxtagjöldin 12,4% af útgjöldum ríkissjóðs árið 1995 samanborið við 10,2% árið 1990.

Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 1995 námu 233 milljörðum kr., en að teknu tilliti til lánveitinga voru þær rúmlega 155 milljarðar kr. eða rúm 34% af landsframleiðslu ársins. Af lántökum ríkissjóðs árið 1995 var um fimmtungs aflað á innlendum markaði. Ákveðið var að selja ekki húsnæðisbréf til fjáröflunar Húsnæðisstofnunar á árinu og tók ríkissjóður að sér að hafa milligöngu um öflun lánsfjár til að brúa fjárþörf byggingarsjóðanna. Í reikningsskilunum kemur þetta fram sem lántaka ríkissjóðs og jafnframt sem lánveiting hans til sjóðanna. Á árinu 1995 veitti ríkissjóður Byggingarsjóði ríkisins rösklega 8,1 milljarð kr. í langtímalán. Samkvæmt greiðsluuppgjöri ársins 1995 nam tekjuhalli ríkissjóðs 8,9 milljörðum kr. og hækkar hann í 15,2 milljarða kr. við uppgör á ríkisreikningi eða um 6,3 milljarða kr. Í stuttu máli skýrast þessi frávik af því að við lokauppgjör þarf ávallt að taka tillit til ýmissa þátta sem hafa ekki greiðsluhreyfingar í för með sér en fela í sér skuldbindingar eða kröfur fyrir ríkissjóð. Stærstu liðir af þessu tagi í uppgjöri ársins 1995 eru 3,0 milljarðar kr. vegna lífeyrisskuldbindingar ársins og áfallnir ógjaldfallnir vextir jukust um 3,1 milljarð kr. á milli ára.

Hér er með öðrum orðum, virðulegi forseti, verið að skýra það hvers vegna halli á rekstrargrunni er yfir 6 milljörðum meiri en á greiðslugrunni. Ástæðan er fyrst og fremst af tvennum toga. Annars vegar vegna áfallinna en ógoldinna vaxta og hins vegar vegna lífeyrisskuldbindinga sem ekki koma til útgreiðslu fyrr en eftir mörg ár. Þetta veldur mismuninum á ríkisreikningnum annars vegar og fjárlögunum hins vegar. En eins og fram hefur komið er stefnt að því að breyta þessu innan tíðar og það verður gert verði frv. um fjárreiður ríkisins að lögum, en það hefur þegar verið lagt öðru sinni fyrir Alþingu. Á síðasta þingi tókst góð samstaða um það mál og vonast ég til þess að það geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Þar er m.a. gert ráð fyrir þeirri grundvallarbreytingu að setja fjárlögin fram á reikningsgrunni eins og ríkisreikninginn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um frv. heldur vísa til ítarlegra greinargerða og skýringa í ríkisreikningnum og með þessu frv.

Að þessari umræðu lokinni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 71. mál (leiga, sala embættisbústaða). — Þskj. 71. [13:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er að finna á þskj. 71 og er 71. mál þingsins. Þetta frv. er í meginatriðum samhljóða frv. sem flutt var á síðasta þingi en náði þá ekki

fram að ganga. Það frv. var rætt við 1. umr. og vísað til hv. efh.- og viðskn., en hún lagði fram breytingartillögur við það frv. Ég vil taka það sérstaklega fram að tekið hefur verið tillit til allra breytingartillagna efh.- og viðskn. í því frv. sem hér er til umræðu. (**ÁE:** Meiri hluta.) Meiri hluta nefndarinnar, vildi ég sagt hafa. Ég þakka ábendinguna.

Frv. er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar um nýskipan í ríkisrekstri en þar segir m.a. með leyfi forseta, orðrétt:

„Stefnt verður að því að fækka þeim fasteignum í eigu ríkisins sem sýnt er að nýtast ekki ríkisrekstrinum eða eru óhagkvæmar í rekstri. Þá verður embættisbústöðum í eigu ríkisins fækkað."

Í janúar á liðnu ári var skipuð nefnd fulltrúa nokkurra ráðuneyta til að gera tillögur um það til ríkisstjórnarinnar hvernig fækka megi embættisbústöðum markvisst. Í skipunarbréfi nefndarinnar var tekið fram að verkefni hennar væri að þrengja eins og kostur er þau lög og reglur sem gilda um úthlutun embættisbústaða og gera tillögu um í hvaða áföngum dregið verði úr eign ríkisins á íbúðarhúsnæði þannig að viðkomandi starfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á þeirra högum. Frv. þetta byggir á niðurstöðu nefndarinnar og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. eins og áður hefur komið fram.

Um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins gilda lög nr. 27/1968. Í 2. gr. laganna segir að það skuli vera meginreglan að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Önnur helstu ákvæði laganna eru eftirfarandi:

Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjármálaráðherra hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði.

Starfsmönnum ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir íbúðarhúsnæði sem miðast skal við brunabótamat, staðsetningu húsnæðisins og notagildi þess fyrir viðkomandi starfsmann.

Ríkissjóður greiðir alla skatta, skyldur og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins.

Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis svo og endurbætur á því skulu vera undir yfirstjórn þess ráðherra sem hlutaðeigandi embætti heyrir undir.

Þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu skal húsnæði selt þegar leigutakar þess hverfa úr því eða láta af störfum. Þó er heimilt að fresta sölu ef slíkt er bersýnilega hagkvæmt fyrir ríkissjóð. Skýrar reglur eru um hvernig sala skal fara fram, en þeim embættismanni sem býr í húsnæðinu við sölumeðferð þess er heimilt að ganga inn í hæsta verðtilboð, enda eigi salan sér stað á grundvelli söluskyldu skv. 1. mgr. 9. gr. laganna, þ.e. viðkomandi húsnæði er innan svæðis þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu.

Lög nr. 27/1968 komu í stað margvíslegra og brotakenndra lagaákvæða um embættisbústaði, sem mörg hver áttu sér langa sögu og byggðust á hefð. Þau gerðu á engan hátt greinarmun á aðstöðu manna í þéttbýli eða í dreifbýli til að afla sér íbúðarhúsnæðis og var því brýn þörf á að marka skýra og samræmda stefnu í þessum málum. Meðal þeirra meginreglna sem leitast var við að fylgja við samningu þess lagafrumvarps voru:

Ríkið eigi ekki íbúðarhúsnæði til afnota fyrir starfsmenn, nema slíkt sé óhjákvæmilegt. Og í öðru lagi að starfsmönnum ríkisins verði ekki séð fyrir húsnæði eða veitt aðstoð til að eignast slíkt húsnæði ef þeir búa á þéttbýlissvæðum.

Þessi sjónarmið eru enn í fullu gildi og tekið tillit til þeirra við það frv. sem hér er til umræðu.

Í gegnum tíðina hafa verið í gildi reglugerðir sem kveða nánar á um framkvæmd laganna. Á undanförnum árum hafa ákvæði verið þrengd og þeim svæðum þar sem embættismönnum eru útveguð íbúðarhús hefur fækkað. Núgildandi reglugerð er frá árinu 1992.

Þá var m.a. ákveðið að stækka enn það svæði þar sem ekki á að leggja starfsmönnum ríkisins til embættisbústaði og að gera skuli skriflega húsaleigusamninga. Á því hefur verið misbrestur. Innheimtar húsaleigutekjur skulu renna til greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar og haldið aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri.

Eftir þessa breytingu hefur rekstri og viðhaldi íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins almennt verið vel sinnt og mun betur en áður. Í langflestum tilvikum er farið eftir reglugerðinni við útreikning húsaleigu. Leigutekjurnar renna í sjóði á vegum stofnana eða ráðuneyta og er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur og viðhald. Hins vegar hafa húsaleigutekjurnar ekki nægt til viðhalds húseignanna.

Ég ætla nú að víkja aðeins að efni frv. sem hér er til umræðu.

Íbúðir í eigu ríkisins eru ríflega 400. Er þá bæði átt við einbýlishús og íbúðir í fjölbýlishúsum. Ekki er mælt með sölu alls íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins. Húseignirnar eru margar á litlum og afskekktum stöðum þar sem fasteignamarkaður er ýmist ekki fyrir hendi eða framboð á fasteignum mikið og því illmögulegt að selja fasteignir þar. Einnig eru fasteignir víða inni á lóðum stofnana, svo sem skóla eða sjúkrahúsa, og því óæskilegt að selja þær. Ekkert mælir hins vegar með því að ríkið leggi fámennum hópi embættismanna til íbúðarhúsnæði á stærri þéttbýlisstöðum.

Verði frumvarp þetta að lögum verður mögulegt að fækka markvisst umræddum íbúðum en þess þó gætt að viðkomandi ríkisstarfsmenn hafi eðlilegan aðlögunartíma og ekki verði óæskilegt rót á þeirra högum. Þær lagabreytingar sem í frumvarpinu felast gera eftirfarandi kleift:

Að selja eignirnar á hagstæðum kjörum. Ríkisstarfsmenn geti keypt það íbúðarhúsnæði sem þeir búa nú í sem leigutakar og fái til þess hagstætt lán fyrir hluta kaupverðs úr ríkissjóði, til viðbótar þeim lánamöguleikum sem eru á húsnæðismarkaði, svo sem í formi húsbréfa. Ríkið hafi kaupskyldu í tiltekinn tíma og forkaupsrétt eftir það. Ef núverandi íbúar vilja ekki kaupa verði íbúð seld þegar þeir flytja út.

Í öðru lagi er breyting sem gerir kleift að hækka húsaleiguna. Með því að hækka húsaleigu í áföngum upp í það sem gengur og gerist á húsaleigumarkaði á hverjum stað muni það leiða til þess að ríkisstarfsmenn kaupi fremur en að leigja. Það gæti stuðlað að því að fasteignamarkaður í viðkomandi byggðarlagi geti leyst húsnæðisþörf ríkisstarfsmanna og hægt verði að selja íbúðir í eigu ríkisins.

Frv. gerir ráð fyrir að íbúðum í eigu ríkisins í byggðakjörnum með fleiri en 1.000 íbúa verði markvisst fækkað og í frv. er sagt hvaða staðir þetta eru og ætla ég ekki að telja þá upp, en með þessu gæti íbúðum í eigu ríkisins fækkað um allt að 120–130.

Í byggðakjörnum með fleiri en 1.000 íbúa er fasteignamarkaður nægilega þróaður til að hægt sé að selja íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins og eftirláta húsnæðismarkaði á þeim stöðum að leysa húsnæðismál starfsmanna þess. Rétt er þó að

bjóða ríkisstarfsmönnum forkaupsrétt á hagstæðari kjörum en gengur og gerist á fasteignamarkaði. Með því móti verði róti á högum þeirra haldið í lágmarki. Þeir ríkisstarfsmenn sem það kjósi, geti haldið áfram að leigja íbúðir í eigu ríkisins á kjörum sem í gildi eru hverju sinni en íbúðirnar verði seldar þegar þeir flytja úr húsnæðinu. Lagt er til að leigutakar greiði markaðsleigu á þeim stöðum sem hafa yfir 1.000 íbúa. Það yrði til þess að hvetja ríkisstarfsmenn til að kaupa það húsnæði sem þeir leigja, auk þess sem ástæðulaust er að niðurgreiða húsaleigu þar sem húsnæðismarkaður getur séð fyrir húsnæði á eðlilegum kjörum. Á stöðum með færri en 1.000 íbúa verði húsnæði almennt ekki selt að sinni. Bæði getur verið nauðsynlegt á minni stöðum að geta boðið upp á húsnæði, og erfitt getur verið að selja þar sem mikið framboð er. Á þessu eru þó undantekningar sem er að finna í frv. eftir að meiri hlutinn í nefndinni lagði þær til.

Það er ekki ástæða til þess, virðulegi forseti, að fara mörgum orðum um einstakar greinar frv. en í 1. gr. eru lögfestar vinnureglur um gerð skriflegra húsaleigusamninga.

Í 2. gr. frv. er lagt til að meginviðmið húsaleigu verði markaðsleiga en þar sem ekki er eðlilegur húsaleigumarkaður fyrir hendi sé eldri viðmiðun notuð.

Í 3. gr. er lagt til að ákvæði í lögum nr. 27/1968 um sölumeðferð verði felld niður og í þeirra stað verði beitt almennum reglum um sölu eigna ríkisins samkvæmt lögum nr. 52/1987.

Í 4. gr. er ákvæði til bráðabirgða en þar er gert ráð fyrir að fjmrh. verði heimilað að selja núverandi leigutökum og íbúum íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins viðkomandi húsnæði með sérstökum kjörum, enda sé húseignin staðsett í byggðakjarna með fleiri en 1.000 íbúum. Í þeim kjörum felst að ríkissjóður láni kaupendum allt að 30% kaupverðsins, verðtryggt og með vöxtum upp á 3% til allt að 15 ára. Gert er ráð fyrir að á eignunum hvíli innlausnarskylda í allt að 5 ár. Enn fremur verður ráðherra heimilað að selja íbúum í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúum íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins óski þeir sem í húsnæðinu búa eftir slíkum kaupum.

Gera má ráð fyrir því þegar til lengri tíma er litið að útgjaldasparnaður fyrir ríkið geti orðið. Það gerist einkum með þrennum hætti.

Í fyrsta lagi koma til tekjur af sölu húseignanna. Það má áætla að söluandvirðið geti numið allt að 900 millj. kr. og þá er miðað við að meðalverð verði 80% af núverandi brunabótamati og allar þessar 120 húseignir, sem ég hef rætt um, verði seldar.

Í öðru lagi ættu leigutekjur af húsnæðinu að aukast og duga betur til að standa undir viðhaldi þeirra. Það sparar auðvitað fé, heldur við eignum og getur skapað ágóða ef að því kemur að þessar eignir verði seldar. Ég ætla ekki hér að fara út í gildistölurnar sem eru í frv. og eru reyndar í núgildandi lögum.

Í þriðja lagi má búast við því að sparnaður geti orðið vegna þess að eignarhaldskostnaðurinn fellur niður þegar búið er að selja íbúðirnar. Ef gert er ráð fyrir að helmingur húseigna í byggðakjörnum með yfir 1.000 íbúa seljist má áætla að árlegur viðhaldskostnaður, sem fellur niður af þeim sökum, nemi um 10 millj. kr. Sparnaður í fasteignagjöldum og tryggingum verði á sama hátt um 4 millj. kr. á ári. Viðbótarsparnaður í reiknuðum fyrningum gæti verið 7 millj. kr. og lækkun reiknaðra vaxta af fjárbindingum gæti orðið um 22 millj. kr. miðað við 5% vexti. Þess vegna gæti árlegur sparnaður af þessum liðum orðið um 45 millj. kr. að því gefnu að helmingur þessara húseigna verði seldur.

Með samþykkt frv. verður gert mögulegt að losa um verulegt fjármagn sem bundið er í íbúðarhúsnæði um land allt. Aðstöðumunur verði jafnaður með því að starfsmönnum ríkisins er gert að afla sér sjálfir húsnæðis þar sem húsnæðismarkaður er í stakk búinn til að leysa húsnæðisþarfir þeirra og það mun að sjálfsögðu styrkja húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess við 1. umr. málsins að gera frekari grein fyrir efnisatriðum í þessu frv. Um það hefur verið fjallað áður. Nefnd hefur reyndar farið yfir málið, meiri hlutinn skilað nál. og brtt. Tillit hefur verið tekið til þeirra brtt. Það er tillaga mín að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fengið hv. efh.- og viðskn. til meðferðar.

[14:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frv. ríkisstjórnarinnar, um breytingu á lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, var rætt nokkuð á síðasta þingi. Það fékk umfjöllum í hv. efh.- og viðskn. og fór ekki út úr nefndinni til 2. umr. í lok þinghalds í vor. Það var ágreiningur í nefndinni um þetta mál og ekki að ástæðulausu. Frv. lætur lítið yfir sér en það eru nokkur atriði í því sem eru mjög gagnrýnisverð.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um það að ef ríkisstarfsmenn kaupi húsnæði sem málið fjallar um, þ.e. embættisbústaði, þá eigi þeir kost á því, eins og segir í lögunum, að fá lán frá ríkissjóði á sérstökum kjörum. Í þessu felst að ríkissjóður lánar allt að 30% kaupverðs. Lánin séu verðtryggð með 3% vöxtum og til allt að 15 ára, segir í 4. gr. frv. sem hæstv. ráðherra fjármála var að tala hér fyrir.

Herra forseti. Það er gjörsamlega ótækt að verið sé að binda í lög niðurgreidda vexti eins og gert er í þessu frv. Niðurgreidd vaxtakjör heyra, til allrar hamingju, til undantekninga í okkar hagkerfi. Það eru helst nokkur dæmi um það í félagslega húsnæðiskerfinu þar sem allt aðrar forsendur eru til grundvallar en hér er lagt upp með. Íslenskt þjóðfélag hefur á síðustu árum verið að þróast hratt út úr því óheilbrigða fyrirkomulagi þegar niðurgreidd lán voru almenn regla í okkar hagkerfi. Það hafa í sjálfu sér allir verið sammála um þá stefnumörkun þannig að það skýtur mjög skökku við að verið sé að setja sérákvæði í lög um ívilnandi vexti við þessar aðstæður. Ég er ekki á móti því að koma til móts við þá embættismenn sem hér eiga hlut að máli því þeir hafa oft búið við tiltölulega lága húsaleigu og það er ekki mikil sanngirni í því að gera óeðlilega röskun á högum þeirra við kaup húsnæðis. Ég hefði viljað að sú leið hefði verið farin að hafa lánshlutfall hærra og lánstíma lengri. En það er grundvallaratriði í mínum huga, herra forseti, að ekki sé lögbundið af hálfu ríkisins annað en markaðsvextir við sölu eigna eins og er í þessu tilviki.

Annað atriði sem er mjög gagnrýnisvert í þessu frv. er það að fram kemur að hækka eigi húsaleigu á fámennum stöðum um 33%–50%. Þessi hækkun á að koma til framkvæmda í ársbyrjun 1999 eða eftir rúm tvö ár. Það hefur verið og er ein af ástæðum fyrir þessu frv. gagnrýni m.a. Ríkisendurskoðunar á óeðlilega lága húsaleigu á eignum ríkisins þannig að það er eðlilegt að húsaleiga sé hækkuð þar sem það á við. Vitaskuld á að gera það skynsamlega og í þrepum. En að gera það með svona stökkum eins og rætt er um í frv., 33%–50% hækkun á húsaleigu í einu þrepi eftir rúm tvö ár, er slæm

aðferðafræði, herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefði betur notað tímann í sumar til að fara yfir þetta mál og lagfæra þá galla sem eru á því.

Þriðji þátturinn sem er gagnrýnisverður í frv. er sú staðreynd að embættisbústaðir eru einkum nýttir af læknum, dýralæknum, skattstjórum, sýslumönnum, starfsmönnum Pósts og síma, sem aðrar reglur munu þá gilda um frá næstu áramótum, auk annarra opinberra starfsmanna. Þess má geta að embættisbústaðir presta, sem eru ef til vill einna fyrirferðarmestir í eigu ríkisins, eru ekki í þessum lögum vegna þess að umsýsla þeirra fer um prestssetursjóð og sérstök lög gilda um þann sjóð.

Útfærsla frv. getur einmitt kallað á röskun í þjónustu við landsbyggðina. Hv. efh.- og viðskn. leitaði álits aðila að frv. á sínum tíma og þar kom m.a. fram í umsögn til nefndarinnar frá Stefáni Þórarinssyni, héraðslækni Austurlands, að hann hefur áhyggjur af frv. og telur, með leyfi hæstv. forseta: „að hætta er á að fyrirhugaðar breytingar geti torveldað læknismönnun á Austurlandi í framtíðinni.“ Einnig er í umsögn Stefáns bent á að þetta geti torveldað samninga sem þurfi að gera í framtíðinni við læknastéttina. Vitaskuld eiga þessar ábendingar við víðar en á Austfjörðum. Menn þekkja vel að í hinum dreifðu byggðum landsins hefur oft reynst erfitt að manna þjónustustöður ríkisins á landsbyggðinni, einkum á stærri stöðum, og nauðsynlegt getur verið að ríkið eigi íbúðarhúsnæði í þeim tilvikum. Stefna frv. getur gengið í þveröfuga átt án þess að skoða þessi mál í víðara samhengi.

Ámælisvert er, herra forseti, og kom í ljós við upprunalega umræðu og skoðun frv., og hefur ekkert breyst samkvæmt þeirri greinargerð sem fylgir frv. núna, að ekki hefur verið haft samráð við þær stéttir sem málið varðar, t.d. lækna, dýralækna eða aðra opinbera starfsmenn. Það er sjálfsagt þegar svona breytingar eru gerðar að kallað sé til samráðs um þann þátt.

Fjórða atriðið sem ég vil gagnrýna varðandi frv. er að ívilnandi sala embættisbústaða er einungis í byggðakjörnum þar sem eru fleiri en 1.000 íbúar. Það er almenna reglan sem er sett hér upp. Embættismenn í fámennari byggðarlögum mundu ef til vill einnig eiga kost á því að kaupa embættisbústaði sem þeir búa í. Hér getur því verið um mismunun að ræða en ekki er gerð nein tilraun í frv. til að meta áhrif af sölu þessara bústaða á fasteignamarkaði og fasteignaverð á einstökum stöðum.

Það er því meginniðurstaða mín um þetta frv. að það er ekki nógu vel kannað og ekki nógu vel útfært og getur kallað á alvarlegar afleiðingar, einkum í smærri byggðarlögum. Ég er síður en svo á móti því að gerð sé gangskör að því að taka á fyrirkomulagi varðandi embættisbústaði ríkisins. Eins og hæstv. fjmrh. gat um var gert ráð fyrir að þetta frv. gæti náð til um 120 íbúða en um 400 íbúðir eru í eigu ríkisins. Því þarf vitaskuld að vanda löggjöf varðandi þennan þátt og hefði sumarið betur verið nýtt til að fara yfir þá þætti sem voru gagnrýndir í efh.- og viðskn. í vor og hefðu leitt til þess að nefndin hefði klofnað ef málið hefði gengið lengra til þinglegrar meðferðar. Að mínu mati eru atriði sem þarf að lagfæra í frv. og Alþingi getur vitaskuld gert það. Ég vil hins vegar gjarnan fá afstöðu hæstv. fjmrh. gagnvart þeim gagnrýnisatriðum sem ég nefndi.

Það er í fyrsta lagi: Af hverju er lögfest sérstök niðurgreiðsla á vöxtum, 3% vextir í frv.? Hvaða rök hefur fjmrh. fyrir slíkri útfærslu? Hverju svarar hann með hina miklu hækkun á húsaleigu á fámennum stöðum, 33%–50% hækkun húsaleigu sem á að taka gildi eftir tvö ár? Mundi hann ekki telja skynsamlegt að gera þetta í áföngum? Ég óska svars hæstv. fjmrh. Og einnig vildi ég fá svar við því af hverju ekki var leitað álits ýmissa embættisstétta sem málið gæti varðað, sem hafa áhyggjur af sinni stöðu — læknar, dýralæknar og aðrir sem þyrftu að skoða þetta mál í samráði við. Vitaskuld viljum við ekki kalla á röskun með þessari útfærslu, eins og frv. getur hugsanlega leitt til. Af hverju var ekki haft samráð við þær starfsstéttir sem málið hefði hugsanlega varðað? Eins og ég skil málið, og eins og fjmrh. lagði það fram, fæ ég ekki séð að það hafi verið gert. Síðasta spurning mín til hæstv. ráðherra er sú: Af hverju er miðað við 1.000 manns? Hvernig er sú tala fundin og telur hann ekki að frv. geti haft veruleg áhrif á fasteignamarkað og fasteignaverð á einstökum stöðum á landinu og hefur verið hugsað fyrir öllum þeim þáttum sem tengjast því máli? Ég tel málið alls ekki vera þannig úr garði gert að hægt sé að mæla með því að svo komnu máli. Ég treysti því hins vegar að ráðherra sjái að sér þegar hann skoðar málið betur og að hv. þingnefnd sem fær málið til meðferðar muni þá endurmeta einstaka þætti þess.

[14:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var lagt fram í fyrra urðu um það töluverðar umræður og síðan kom í ljós í vinnu hv. efh.- og viðskn. að það var margt að skoða í þessu máli. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að tekið hefði verið tillit til þeirra breytingartillagna sem meiri hlutinn lagði til, en eftir sem áður er ósvarað ýmsum spurningum um áhrif þessa frv. hvað hér er eiginlega verið að gera. Þetta er eins konar einkavæðing á eignum ríkisins úti um land, í þessu tilviki er um að ræða íbúðarhúsnæði, og mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur verið gerð einhver könnun á því hvort ríkisstarfsmenn úti á landsbyggðinni, sem njóta þeirra fríðinda vil ég segja að hafa ódýrt húsnæði frá ríkinu, hafi einhvern hug á því að kaupa það húsnæði sem þeir hafa afnot af? Mér hefur heyrst að ástand ríkishúsnæðis sé með ýmsu móti. Reyndar gildir það kannski einna helst um prestsbústaði, sem því miður hefur víða ekki verið nógu vel viðhaldið, en eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni heyra þau mál undir önnur lög. En það er mín fyrsta spurning hvort yfirleitt sé einhver ástæða til að halda að ríkisstarfsmenn hafi áhuga á að kaupa þetta húsnæði þó að það sé á sérstökum kjörum.

Það sem mér finnst vera mjög stórt atriði í þessu er að það að fá tiltölulega ódýrt húsnæði hefur verið hluti af launakjörum opinberra starfsmanna og hefur orðið til þess að hægt hefur verið að fá fólk úr ýmsum stéttum til þess að koma út á landsbyggðina og vinna. Ef nú ríkisvaldið sviptir þá þessum hlunnindum, eða hvað við eigum nú að kalla þetta, með svona einfaldri lagasetningu, hvað gerist þá? Hefur ríkisstjórnin, sem á væntanlega að fara að semja við opinbera starfsmenn á næstunni, hugsað sér að bæta þeim hópum sem þarna verða fyrir kjaraskerðingu þetta upp? Hvernig hefur hún hugsað sér að taka á þeim þætti málsins? Er það virkilega trú hæstv. fjmrh. að opinberir starfsmenn eigi það mikinn afgang eftir af launum sínum að þeir geti keypt þessi hús þó á sérstökum kjörum sé?

Mig langar líka að fræðast um það sem stendur í 3. gr. Hvernig skilur hæstv. fjmrh. hugtakið „þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu“? Hvað er „eðlilegur markaður“ og hvernig ber að skilgreina slíkt ástand? Ég get varla ímyndað mér að það

sé eðlilegur markaður hér í Reykjavík hvað varðar húsnæði sem er þó langsamlega stærsta svæðið. Hér hefur verið samdráttur. Hér hefur íbúðaverð verið heldur að lækka sem betur fer, það mátti vel við því. Það hefur verið heldur að færast í jafnvægisátt á leigumarkaði þó að ég telji að það sé enn þá skortur á leiguhúsnæði og fullmikið af lélegu húsnæði á leigumarkaði hér á þessu stóra þéttbýlissvæði og hvað er þá eðlilegur markaður? Við hljótum að leita skýringu á því.

Hv. þm. Pétur Blöndal, sem var hér rétt áðan, hefur iðulega gert það að umræðu í tengslum við húsnæðismál að jafnvel fínustu einbýlishús úti á landi seljast ekki nema fyrir slikk vegna þess að þar er enginn markaður. Þar hefur verið talað um offramboð á félagslegu húsnæði sem sé á mjög óeðlilegu verði og það sé einfaldlega hagstæðara fyrir fólk að kaupa sér húsnæði á almennum markaði heldur en fara inn í félagslega kerfið þannig að ég spyr nú: Hvar er þessi eðlilegi markmaður úti á landi? Ef við lítum á húsnæði í eigu ríkisins sem er utan þéttbýlissvæða, hvar er þá þessi eðlilegi markaður? Það er reyndar miðað við það að húseignir sem á að selja séu í byggðarlögum eða byggðakjörnum með fleiri en 1.000 íbúa en hvernig verður þá verðlagningin á öðrum húsum eða eru þau yfirhöfuð ekki til sölu sem eru utan þessara 1.000 íbúa kjarna.

Mér gefst kostur á að fylgja þessu máli eftir í hv. efh.- og viðskn. en ég tek undir það sem sagt var hér áðan að hér er margt sem orkar tvímælis og ég bíð spennt eftir að heyra viðbrögð félaga opinberra starfsmanna við þeim tíðindum að þetta frv. sé komið aftur á ferð í gegnum þingið.

[14:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef ekki mörgu við að bæta það sem hefur þegar komið fram í umræðunni af hálfu tveggja síðustu ræðumanna. Ég vil sérstaklega draga athyglina að einum þætti málsins sem snýr að því að manna embætti í hinni opinberu þjónustu úti í hinum dreifðu byggðum landsins. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt, samtímis því sem þarft og rétt getur verið að endurskoða meðferð þessara mála, að hafa eftir sem áður í huga að embættisbústaðir, að tryggt húsnæði er í mörgum tilvikum verulegur hluti af því að tryggja að unnt sé að manna mikilvæga opinbera þjónustu í fjölmörgum byggðarlögum.

Það kemur inn á það sem hv. síðasti ræðumaður, Kristín Ástgeirsdóttir, nefndi vissulega að þar er húsnæði hluti af kjörum viðkomandi starfsmanna en það kemur einnig inn á þær aðstæður sem þar er við að glíma, svo sem í þeim tilvikum þegar menn koma tímabundið til þess að gegna störfum í afskekktum byggðarlögum eða annars staðar þar sem svo háttar til að búast má við því að nokkur hreyfing sé á mönnum í hinum einstöku embættum.

Staðreyndin er auðvitað sú, og því þýðir ekkert að neita, að það er verulega á brattann að sækja varðandi það að manna ýmsar stöður og halda úti þjónustu. Sem dæmi má taka í heilbrigðiskerfinu. Við getum tekið héraðslækna, við getum tekið dýralækna og fleiri slíka embættismenn jafnvel þó um sé að ræða þokkaleg launakjör og starfsaðstæður að öðru leyti.

Það liggur algerlega í hlutarins eðli að við þær aðstæður að menn eru að koma tímabundið til starfa, þá er hvorki raunhæft né praktískt að viðkomandi húsnæði skipti jafnan um eiganda. Það liggur í hlutarins eðli að mínu mati að það er í þágu þeirrar þjónustu og allra málsaðila að fyrir hendi sé tryggt húsnæði og frambærilegt sem unnt sé að vísa þeim embættismönnunum á sem þarna eiga í hlut.

Þessar aðstæður kosta oft og tíðum óumflýjanlega ákveðin útgjöld. Það er þekkt og um það er vonandi ekki deilt að í vissum tilvikum er óhjákvæmilegt að samfélagið taki á sig viss útgjöld umfram það sem eru samfara því að veita sömu þjónustu við hagstæðustu skilyrði í þéttbýlinu. Þetta er viðurkennt í reynd. Loksins eftir langa mæðu fékkst það viðurkennt að nauðsynlegt væri að hafa tilteknar staðaruppbætur sem hluta af kjörum t.d. héraðslækna sem störfuðu við þær sérstöku og erfiðu aðstæður að vera í einmenningshéruðum, vera á vakt allan sólarhringinn og taka á sig það vinnuálag og það erfiði og þá einangrun sem því er samfara. Oftast er það svo að slíkum erfiðum störfum gegna menn ekki nema tímabundið og hluta úr starfsævinni og þá liggur í hlutarins eðli að ekki er við því að búast að slíkir menn kaupi það húsnæði sem þeir tímabundið búa í vegna þannig starfa. Ríkið er með útgjöld t.d. í gegnum staðaruppbæturnar sem eru viðurkenning á þeirri staðreynd að það mun kosta eitthvað meira að veita þessa þjónustu við þannig aðstæður. Þar af leiðandi er það að mínu mati jafneðlilegur hlutur í raun og veru að þáttur eins og húsnæði sé tekið inn í þá mynd. Spurningin er sú ef menn færu út í óraunhæfar æfingar í þeim efnum að selja embættisbústaði í slíkum héruðum, hvort það gæti ekki komið ríkinu í koll og jafnvel kostað meiri útgjöld þegar frá líði í formi þess að menn yrðu þá að bæta það upp með hærri staðaruppbótum og öðrum slíkum hlutum.

Þetta held ég, herra forseti, að sé óhjákvæmilegt að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd og vissulega gerir frv. út af fyrir sig ráð fyrir því að hægt sé að bregðast við að einhverju leyti með einhverjum sveigjanlegum hætti í þessum efnum. Ég tel reyndar að tónninn í þessu máli hafi skánað allverulega síðan í fyrra. Bæði voru breytingartillögur meiri hluta efh.- og viðskn. flestar í rétta átt og sá andi sem yfir vötnunum sveif í kringum frv. eins og það var lagt fram í fyrra hefur heldur skánað. Þá var helst að heyra að það stæði til að selja þetta allt saman og það væri bara markmið í sjálfu sér án tillits til annarra hluta og afleiðinganna. Þá var svona meira einkavæðingar- eða einkavinavæðingarofstæki í málinu. Þetta var pínulítill angi, að vísu mjög lítill angi, af einkavæðingarfárinu öllu saman og maður eiginlega þakkaði fyrir að ekki stæði til að stofna hlutafélög um alla embættisbústaðina. Það hefði verið alveg í takt og síðan skipaði hæstv. ráðherra fimm manna stjórnir flokksbræðra sinna til að fara með hvert einstakt hús. Það hefði verið í stíl við annað sem kallað er á fínu máli einkavæðing og hlutafélagavæðing en felst í því að þrengja mjög og auka miðstýringuna í efnahagsmálum með því að í stað t.d. þingkjörinna stjórna sem farið hafa með nokkrar af stærstu stofnunum landsins, þá á nú að koma það fyrirkomulag að viðkomandi ráðherrar skipi með handafli einir stjórnirnar og það er kallað lýðræði, valddreifing, hlutafélagavæðing og guð má vita hvað. En það stendur ekki til, ekki enn sem komið er svo vitað sé, að stofna hlutafélög um alla embættibústaðina.

En að öllu gamni slepptu, herra forseti, þá dreg ég ekkert úr því að það hafi verið full þörf á því að fara yfir þessi mál og endurskoða þau, m.a vegna þess að stefna ríkisins í þessum efnum var afar brotakennd. Það er vissulega rétt að það var ekki alltaf samræmi í því hvar var boðið upp á embættisbústaði og hvar ekki þannig að ég er með þessum orðum síður en svo að gera lítið úr því að það hafi verið þörf á því að fara yfir þá hluti og hluti eins og upphæð á húsaleigu

og annað því um líkt. Auðvitað ber að leitast við að hafa þarna eitthvert samræmi eftir því sem kostur er og þau mál hafa víða verið í ólestri hjá ríkinu. Það hafa verið hlægilegir hlutir í gangi, svo sem varðandi leigu á húsum og afgjöld af jörðum o.s.frv. sem vissulega er ástæða til að taka á, en það þarf að gera það fordómalaust, kreddulaust, með raunsæi í huga gagnvart þeim aðstæðum sem við er að glíma í þessum efnum. Og ég endurtek það að ég er þá sérstaklega með í huga þær aðstæður sem eru uppi hvað varðar það að veita mikilvæga, opinbera þjónustu á tilteknum svæðum landsins. Það er þannig að því fólki sem þar býr finnst afar miklu máli skipta að á þeirra aðstæðum sé sýndur skilningur og það sé ekki flokkað sem annars flokks þegnar í landinu gagnvart því að njóta mikilvægustu undirstöðuþjónustu sem auðvitað á að sjá öllum landsmönnum fyrir án tillits til búsetu. Og það verður að takast að hafa sátt um það í þjóðfélaginu að menn séu tilbúnir til að axla í vissum tilvikum meiri kostnað vegna sérstakra aðstæðna þegar svo ber undir. Og þetta með húsnæðið og allar aðrar aðstæður sem eru því samfara að veita t.d. heilbrigðisþjónustu á öllu landinu á sama grundvelli að breyttu breytanda eftir því sem slíkt er hægt, flokkast tvímælalaust þar undir. Ég vona því að hæstv. ráðherra taki þessi orð eins og þau eru meint, þ.e. vel og sem vinsamlegar ábendingar í þessu efni þannig að unnið verði að þessum málum tiltölulega kreddulaust eftir því sem hægt er að búast við slíku nú á þessum síðustu tímum.

[14:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu og stuðning sem kom fram í máli manna og vinsamlegar ábendingar. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að stefnan í þessum málum hefur verið eða var afskaplega tilviljana- og brotakennd, t.d. gætti verulegs ósamræmis á milli ráðuneyta um framkvæmd á þessari stefnu. Það sem gerðist hins vegar á árunum 1991 og 1992 var það að fjmrn. veitti forgöngu starfi, samstarfi ráðuneyta þar sem farið var í að skoða reglugerð og lög og niðurstaðan var að breyta reglugerðinni eins og kemur fram í greinargerð með frv. En áfram var unnið að málinu og það var eindregin niðurstaða viðkomandi forustumanna ráðuneytanna að það þyrfti að breyta lögunum til þess að ná fyllra samræmi í stefnunni í þessu máli.

Það eru ekki mörg ár síðan fyrsta eignaskrá ríkisins kom út, líklega þrjú ár eða svo, og það er kannski sérkennilegt að hugsa til þess að ríkið skuli fram að þeim tíma ekki hafa haft neina skrá, enga heildarskrá yfir eignir ríkisins. Reyndar þarf sú skrá að vera í sífelldri endurskoðun og hún er það núna, á tölvutæku formi. Það kom hins vegar í ljós þegar eignaskráin var skoðuð að þar eru fjölmargar eignir sem menn höfðu kannski ekki alltaf áttað sig á að voru til á viðkomandi stöðum og auðvelt að færa þær á milli ráðuneyta og nota eðlilega frá einum tíma til annars.

Ég vil nota þetta tækifæri til að segja frá því líka að í þessu frv. er ekki verið að leggja til að draga úr þjónustu við fólk á tilteknum svæðum á landinu, síður en svo. Það er einungis verið að laga til í eignamálum ríkisins, leigumálum og reyna að selja þær eignir sem ríkið þarf ekki að hafa á eignaskrá sinni.

Hv. þm. Ágúst Einarsson ræddi um niðurgreiðslur á lánum til þeirra sem hugsanlega keyptu þessar íbúðir. Frá því er að segja að það þarf lög til þess að fjmrh. geti samið um kjör sem eru betri en gerist og gengur á markaðnum. Ástæðan fyrir því að þessi leið er farin er auðvitað sú að flestar íbúðir sem eru álíka gamlar og þær sem til sölu verða eru veðsettar, og þá með lánum sem eru á lægri vöxtum en fást í dag, og það var reynt að líkja eftir því sem gengur og gerist á samsvarandi íbúðum. En þess ber að geta að vaxtakjörin hljóta að sjálfsögðu að hafa áhrif á kaupverð íbúðanna. Það þekkja allir sem í slíkum viðskiptum eiga að þeim mun lægri sem vextirnir eru sem bjóðast á eftirstöðvum íbúðanna þeim mun hærra á kaupverðið að verða. Ef hins vegar á að bjóða þessar íbúðir til sölu á venjulegum kjörum þá þarf ekki að fara nákvæmlega eftir þessu ákvæði. Þetta er það ákvæði sem má nota þegar íbúðir eru skuldlausar en við slík skilyrði er oft erfitt fyrir kaupendur að ganga til kaupanna.

Annað atriði sem hv. þm. ræddi var hækkun á húsaleigunni. Það er reyndar svo þegar nefnt er ártalið 1999 að það er í reglugerðinni en ekki í sjálfum lagatextanum. Það má að sjálfsögðu líta til þess. Hugmyndin var að gera þetta í áföngum og ég tel ekki að það sé stórmál hvort það á sér stað á einu eða tveimur árum. Það sem hins vegar skiptir máli er að aðlögun að markaðsverði á húsaleigu á hverjum tíma eigi sér stað á allra næstu árum. Hvort það verður 1. janúar 1999 eða fyrr eða síðar eða hvernig áfangarnir verða teknir er ekki það sem skiptir öllu máli heldur hvert markmiðið er og að menn einsetji sér að ná því á tilteknum tíma.

Síðan var spurt um það hvort leitað hefði verið til viðkomandi aðila og ég skil það svo að það hafi verið leitað til þeirra sem leigja í viðkomandi húsum. Það var ekki að því er ég best veit gert með beinum hætti en að þessu máli komu fulltrúar allra ráðuneyta og þeir hafa eðli máls samkvæmt mjög góð sambönd við þá sem búa í húsum ríkisins enda eru mjög tíð samskipti á milli ráðuneyta — viðkomandi ráðuneyta og þeirra sem leigja í húsunum, t.d. vegna viðhalds húsanna og vegna annarra hluta. Þannig að auðvitað gera fulltrúar ráðuneytanna sér mjög glögga grein fyrir vilja og hugmyndum þeirra sem búa í viðkomandi húsum. Og af því að hv. þm. minntist á fámennustu byggðarlögin, af hverju mætti ekki selja þar, þá hefur verið bætt við 4. gr., þ.e. in fine, í lok greinarinnar, segir núna orðrétt, með leyfi forseta: „Með sama hætti er ráðherra heimilt að selja slíkt húsnæði í byggðakjörnum með færri en 1.000 íbúa ef þeir sem í húsnæðinu búa óska eftir kaupum.“ Ég hygg að þetta hafi komið inn í frv. að tillögu meiri hluta nefndarinnar þannig að þetta svarar væntanlega þeirri spurningu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurðist fyrir um það hvort ríkisstofnanir hafi kannað það hvort viðkomandi ríkisstarfsmenn hefðu hug á að kaupa. Ég get ekki svarað því öðruvísi en ég hef þegar gert. Að þessu máli komu þeir fulltrúar úr ráðuneytunum sem eru, mér liggur við að segja, í daglegum samskiptum við viðkomandi aðila og þeir hljóta að gera sér nokkuð glögga grein fyrir því við hvaða skilyrði leigjendur vilja kaupa. Ég held að lagabreytingarnar í þessu frv. séu sniðnar að tillögu þeirra, eftir að hafa kannað málið, en ég efast um það að sendir hafi verið út spurningalistar eða hver og einn spurður. Ég hygg að þetta hafi ekki verið sent opinberum starfsmönnum eða félögum þeirra enda eru þetta ekki samningsbundin kjör manna. Og ég tel það fráleitt ef menn ætla að blanda því saman. Ég hef tekið undir það sem Kvennalistinn hefur stundum sagt að það ætti að koma í veg fyrir duldar greiðslur til einstaklinga og ef einhvers staðar er hægt að koma slíku við þá er það einmitt með því að hafa leigukjör til opinberra starfsmanna ósambærileg við það sem aðrir verða að búa við á viðkomandi stöðum. Hér er því

beinlínis verið að ganga í þá átt að samræma leigukjör þeirra sem taka hús á leigu en eru opinberir starfsmenn að þeim leigukjörum sem öðrum bjóðast á staðnum. Þeir sem hafa búið úti á landi, en það hef ég gert, þekkja þennan mismun sem er víða mjög mikill. Þess eru dæmi að maður sem skiptir um starf leigi húsnæði sitt og fari yfir í húsnæði sem t.d. er í eigu banka á viðkomandi stað af því það eru miklu betri kjör í slíku húsnæði. Það sýnir að þarna er mikill munur á sem í vissum tilvikum er ekki tekið tillit til. Auðvitað á að skattleggja þennan mun, þetta eru hlunnindi, skattlögð hlunnindi, en miklu betri aðferð er að uppræta þennan mun og að því er stefnt og því hefur í sjálfu sér ekki verið mótmælt. Ég held að það sé ekki nokkurt stéttarfélag sem mun rísa upp til handa og fóta.

Ástæðan fyrir því að farið var í þetta á sínum tíma voru ekki hagsmunir viðkomandi embættismanna heldur fyrst og fremst hagsmunir ríkisins, því það var ekki hægt að koma embættismönnum á staðina, og þá um leið hagsmunir þess fólks sem þar bjó. (Gripið fram í.) Og það á fyrst og fremst að líta á slíka hagsmuni en ekki að tengja þetta tekjum eða kjörum einstakra embættismanna (Gripið fram í.) Ja, það verður bara að koma í ljós. Ég hygg að það sé í mörgum tilvikum afskaplega ósanngjarn samanburður á milli manna í nákvæmlega sömu vinnu, annars vegar ef um er að ræða niðurgreidda húsaleigu og hins vegar kannski fólk sem þarf að búa í eigin húsnæði. Þess vegna hafa á undanförnum árum, og það hefur ekkert með þessa löggjöf að gera, þessi kjör verið jöfnuð með því að húsaleigan hefur smám saman verið hækkuð og t.d. er það nú svo að húsaleiga tekur tillit til stærðar húsnæðis. Þetta hefur framkallað það m.a. að embættismenn hafa verið með í ráðum þegar verið er að kaupa húsnæði á vegum ríkisins, við skulum t.d. taka nýjar stöður eins og dómarana sem settir hafa verið upp í nýjum héraðsdómstólum úti á landi þar sem hefur verið lagt til húsnæði. Þeir hafa auðvitað verið með í ráðum þegar húsnæðið er keypt. Það hefur haft verulega þýðingu upp á síðkastið að mönnum hefur verið bent á að reglurnar eru þannig að eftir því sem húsnæðið er stærra þeim mun hærri er leigugreiðslan. Þetta hefur auðvitað orsakað það að embættismenn kjósa kannski fremur að vera í hæfilega stórum íbúðum en ekki, eins og oft var áður þegar um fast verð var að ræða, að reyna að búa við sem allra rýmst skilyrði hvað þetta snertir. Það hefur því þegar verið unnið heilmikið í þessum málum og ég held að langflestir, ef ekki allir, séu sammála um að þetta er þjóðþrifamál sem hér er á ferðinni. Hins vegar þarf, eins og hefur komið fram í umræðunum, að kanna allar hliðar málsins og hafa nægilegan aðlögunartíma, okkur liggur ekkert gífurlega mikið á. Það er mjög mikilvægt að Íslendingar finni fyrir því að það sé ekki verið að hygla sumum á meðan aðrir þurfa að búa við eðlileg skilyrði. En nokkuð hefur borið á því að mönnum finnst ósanngjarnt að embættismenn ríkisins búi við betri skilyrði, betri kost en þeir sem eru daglaunamenn og búa við hliðina á þeim. Þetta þekkja þeir sem hafa búið úti á landi og er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir slíkt.

Það var spurt um hvað meint væri með „þar sem eðlilegur markaður hefur skapast". Það verður eiginlega að lesa 2. og 3. gr. saman. Í 2. gr. segir, með leyfi forseta: „Þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skal þó miða húsaleigu við ..." o.s.frv. Hér er auðvitað einhver ákveðin viðmiðun sem menn verða að meta á hverjum tíma og þarf að koma fram í reglugerð. Og í 3. gr. segir, með leyfi forseta: „Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapast ..." o.s.frv. Þessu er reynt að svara með tölunni 1.000, byggðakjarna upp á 1.000. En þegar verið er að fjalla um þessi mál þá hygg ég að til grundvallar sé lagt hvort framboð og eftirspurn er eftir húsnæði og tiltölulega stöðugt verð, bæði á leigu- og fasteignamarkaði. Þar er um að ræða markaðsviðhorf en þar sem hús hafa kannski ekki selst í langan tíma eða þá að of mikið framboð er en enginn kaupir, þá þurfa menn að gæta sín og ég tel að fullkomlega sé tekið tillit til þess í frv. enda á ekki að ríkja neinn flumbruskapur. Ef einhver heldur að þeir menn, sem eru taldir upp í grg. frv. á bls. 2, úr ráðuneytunum, séu með flumbrugang í þessum efnum þá held ég að það sé á misskilningi byggt. Ég ætla ekki að lesa nafnalistann en þetta eru allt menn sem eru gamalgrónir í ráðuneytunum og þekkja mjög vel samskipti við þá sem búa í húsnæði ríkisins.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé ástæðulaust fyrir mig að teygja lopann frekar um þetta frv. Ég óska eftir því að nefndin skoði það sem allra best og hef ekkert á móti því ef nefndin eða nefndarhluti kemur með góðar brtt. því lengi getur gott batnað.

[14:44]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau voru nú ósköp klén svörin hjá hæstv. ráðherra varðandi þær skýringar sem ég óskaði eftir um þetta mál. Í fyrsta lagi vil ég nefna niðurgreiðslu á vöxtunum, þ.e. lögbinda hér sérstök lánakjör. Ég tel, herra forseti, að þetta sé ósvinna og hæstv. ráðherra hafi ekki rökstutt það á neinn hátt af hverju þessi leið er farin. Þetta er prinsippákvörðun. Vitaskuld hefur þetta áhrif á verð íbúða, það þarf ekkert að ræða um það. En þetta er prinsippákvörðun um það hvort ríkið vill lögfesta sérstök fríðindi handa tilteknum aðilum. Ráðherra sagði hér áðan að það ætti ekki að hygla sumum. Ég tek undir það. Það á ekki að hygla mönnum í sambandi við leigu. Frv. miðar m.a. að því að leiðrétta það. En þá eiga menn heldur ekki að taka það upp að hygla einstaklingum hvað varðar vaxtakjör, einum hópi umfram alla aðra. Það er gjörsamlega ótæk aðferðafræði, herra forseti.

Í frv. segir alveg skýrt að það eigi að hækka hér húsaleigu um 30–50% eftir tvö ár. Það er ekki í lagaákvæði en það er stefnumarkandi yfirlýsing af hálfu ráðherra. Ég vara við þessari aðferðafræði og mér fannst ráðherrann vilja líta aðeins betur á þann þátt og gera þetta í áföngum. Hins vegar kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra, sem ég harma, að ekki hefur verið haft samráð við þær starfsstéttir sem ég gat sérstaklega um í ræðu minni áðan. Ég las upp umsögn héraðslæknisins á Austfjörðum sem hefur verulegar áhyggjur af þessu. Mér gagnar ekki að valdir menn úr ráðuneytum hafi komið að samningu þessa frv. Ég hef áhyggjur af þeim starfsstéttum sem þarna eiga hlut að máli og hefði talið sjálfsagt, herra forseti, að haft hefði verið eðlilegt samráð við þá eins og ég lagði til.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er ekki miklu við að bæta. Ég bendi á að í 4. gr. frv. er fjmrh. veitt heimild. Ástæðan fyrir því að þetta er gert með lögum er það að ég tel að ekki sé góð regla að verið sé að semja um lægri vexti en markaðsvexti án lagaheimildar. Ég reyndi að skýra það áðan að þetta kann að hafa áhrif á sjálft húsverðið. Það er eðlilegt að húsverðið sé hærra ef vextirnir eru lægri. Ég hygg að ástæðan fyrir því að farin er þessi leið sé sú að með þessu séu menn að

líkja eftir veðsetningu á húsum sem séu á svipuðum aldri og þau hús sem þarna á að selja. Ég bendi einnig á að það sem þarna er sagt er að það skuli hvíla innlausnarskylda á þessum eignum í allt að fimm ár. Það eru skilyrði sem eru sjaldnast í kaupsamningum og síðan er vitnað til þess að í reglugerð eigi að taka fram aðra þætti sem um getur og almennir eru.

Það er auðvitað ætíð þannig að ef um er að ræða ívilnandi kjör eins og hérna er um að ræða þá er vandmeðfarið með þau fyrir ráðherra á hverjum tíma. En í ljósi þess að það kann að vera hagsmunamál, bæði fyrir ríkið og viðkomandi íbúa í viðkomandi húsi að koma á slíkum kaupsamningi, kann að þurfa að grípa til hluta eins og þessara. Að öðru leyti óska ég eftir því að nefndin — ég hygg að hv. þm. sé í nefndinni — líti á þetta ákvæði.

[14:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi vaxtakjörin sem hér er verið að ræða um þá er þetta prinsippmál. Vitaskuld hafa þessir einstaklingar möguleika á því að fá lán og nýta m.a. húsbréfakerfið ef svo ber undir eins og aðrir þegnar í landinu. Vitaskuld hafa þeir líka tök á því að yfirtaka lán á þessum eignum á hvaða vaxtakjörum sem þau svo sem eru, það er bara eins og gildir fyrir hvern annan þegn í þessu landi. Ég lýsti mig hins vegar reiðubúinn til að veita þeim sérstaka lánafyrirgreiðslu með hærra lánshlutfalli til lengri tíma. En það á ekki að lögfesta niðurgreidda vexti eins og hér er gert. Mér skilst að það hafi verið rætt í ríkisstjórn að breyta fyrirkomulagi Stofnlánadeildar þar sem m.a. er tekist á um að hve miklu leyti eiga að vera niðurgreiddir vextir í þeim málaflokki. Ég veit vel að hæstv. fjmrh. kann það vel á þá aðferð og þá umræðu að það á ekki að stuðla að því að niðurgreiddir vextir séu í þjóðfélagi okkar. Það er alveg sama hvar maður ber niður. Það er við sérstakar aðstæður eins og í félagslega íbúðakerfinu, og sem er mun umdeildara inni í lánakerfi í landbúnaðinum. Menn geta tekist á um það, en það er algjörlega rangt, herra forseti, að það sé verið að lögbinda það með þessum hætti hér eða heimila. Það ætti miklu frekar að búa til ívilnandi lán með hærra lánshlutfalli og lengri lánstíma. Það væri eðlileg aðstoð við þá embættismenn sem væru að kaupa íbúðina frekar en sú nálgun sem hér er lögð til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinber fjölskyldustefna, fyrri umr.

Stjtill., 72. mál. — Þskj. 72.

[14:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á þskj. 72 liggur fyrir till. til þál. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þessi tillaga er óbreytt frá því hún var flutt í fyrra en þá gafst ekki tími til að mæla fyrir henni og var hún því ekki rædd.

Ég vil láta það koma fram strax að ég tel afar brýnt í þjóðfélagi okkar að móta markvissa fjölskyldustefnu og að margt í þjóðlífi okkar gæti færst til betri vegar ef okkur tækist að móta stefnu og framfylgja henni. En meginforsendur fjölskyldustefnunnar eru eins og segir í þskj.:

„Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags. Ríkisstjórn á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar.

Opinber fjölskyldustefna hefur það markmið að efla fjölskylduna í nútímaþjóðfélagi. Verkefni hennar eru margþætt og snerta öll svið þjóðlífsins. Hún spannar því nánast öll viðfangsefni opinberrar stjórnsýslu.

Fjölskyldustefna skal einkum taka mið af eftirfarandi meginforsendum:

að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar,

að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla,

að fjölskyldulífið veiti börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta."

Það er um þessa meginpunkta að segja að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna og sameiginlegri ábyrgð á verkaskiptingu innan hennar. Við ræddum í gær nokkuð um jafnrétti þannig að ég mun ekki fjalla mjög um það í dag. En ég vil leggja áherslu á þessa sameiginlegu ábyrgð innan fjölskyldunnar. Ég held að hana skorti í þjóðfélagi okkar. Áður bjuggum við við annað fjölskylduform, þá var stórfjölskyldan við lýði og þrír ættliðir dvöldust gjarnan undir sama þaki. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir einstaklingana að þeir séu hluti af heild, skynji sig sem hluta af fjölskyldu, finni að einhverjir tilheyri þeim og að þeir tilheyri einhverjum. Þar kemur það inn á þann punkt að fjölskyldan er vettvangur tilfinningatengsla. Það er einnig mjög mikilvægt að fjölskyldulífið veiti börnum öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta. Nú geta stjórnvöld, þ.e. ríkisvaldið, ekki staðið að þessu eitt. Hér þurfa allir að hjálpast að. Sveitarfélögin gegna mjög mikilvægu hlutverki til þess að skapa börnum öryggi og tækifæri til þroska. Ég tel að á síðustu árum hafi orðið mikil framför að þessu leyti. Mönnum eru orðnar ljósari þarfir barna og hversu mikilvægt er að þau séu örugg. Ég nefni heilsdagsskóla, ég nefni samfelldan skóladag, ég nefni úrbætur í umferðarmálum.

Gott er að hafa markmið til að keppa að. En það þarf að vera mögulegt að ná þeim. Það er nauðsynlegt að skapa skilyrði til að jafnvægi verði á milli fjölskyldulífsins og atvinnu foreldra. Til þess að fjölskyldulíf geti þrifist þarf fjölskyldan að eiga sér samastað, þ.e. húsnæði til að búa í og til að dveljast í. Fólk þarf að hafa tekjur til þess að geta veitt sér a.m.k. lágmarksþarfir til lífsframfæris. Þar af leiðir að fólk þarf að búa við atvinnuöryggi. Við höfum búið við það á undanförnum árum að vinnudagurinn hefur verið mjög langur á Íslandi, lengri en í flestum nágrannalöndum. Ég tel að okkur beri að keppa að því að stytta vinnudaginn og ég hygg að sú hugsun sé að fá betri hljómgrunn meðal þjóðarinnar. Ég vonast eftir að í komandi kjarasamningum takist mönnum að koma sér saman um að stytta vinnudaginn. Frá Brussel hefur borist tilskipun um hámarksvinnudag, 48 stundir á viku, þ.e. með vissum sveigjanleika og undantekningum. En mjög mikill hluti íslenskra foreldra vinnur lengri vinnuviku en 48 stundir. Þetta er atriði sem mér finnst ekki eiga að lögfesta eða að löggjafinn eigi ekki að koma að þessu máli fyrr en í fulla hnefana. Ég treysti aðilum vinnumarkaðarins til að koma sér saman og ég veit að töluverð vinna er í gangi sem menn ganga einlæglega að að stytta vinnudaginn. Ég held líka að það væri mjög mikilvægt í komandi kjarasamningum og í kjarasamningum framtíðarinnar að menn reyndu að breyta

launastrúktúrnum í landinu þannig að dagvinnan gæfi meira á kostnað yfirvinnu og aukagreiðslna. Launakerfið yrði sýnilegra og það mundi bæta siðferði í launamálum einnig. Þetta vænti ég að menn hugleiði við gerð kjarasamninga.

Varðandi atvinnuna er það gleðilegt að við virðumst vera að komast út úr því þjakandi atvinnuleysi sem hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Störfum hefur stórfjölgað í landinu og samkvæmt nýjustu upplýsingum hafa á milli 5.000 og 6.000 störf bæst við á undanförnum missirum og það er mjög gleðilegur árangur. Við framsóknarmenn töluðum um að það þyrfti að bæta við 12.000 störfum til aldamóta fyrir síðustu kosningar. Við vorum nokkuð sproksettir fyrir þetta eftir síðustu kosningar en nú hygg ég að þær raddir séu þagnaðar og það liggi ljóst fyrir að hér skapist jafnvel fleiri en 12.000 störf til aldamóta. Víða um land vantar starfskrafta og mikil ásókn hefur verið í að flytja inn útlendinga, þ.e. fólk bæði af Evrópska efnahagssvæðinu sem hefur sama rétt til vinnu hér og við og einnig fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég gæti ímyndað mér að hér væru að störfum á milli 1.500–2.000 erlendir ríkisborgarar.

Ég tel mjög mikilvægt að reyna að varðveita atvinnustigið, líka það að menn venjist ekki atvinnuleysi. Ég held að það sé ákaflega niðurdrepandi sálarlega að vera atvinnulaus og reynslan sýnir að mönnum hættir til að lenda þar inni í vítahring og ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnvöld og allir aðilar hjálpist að um að rjúfa þann vítahring ef mögulegt er þannig að fólk reyni að fá sér vinnu ef hana er að hafa og sem betur fer er hana að hafa eins og stendur. Að vísu hafa um 900 manns verið atvinnulausir lengur en eitt ár og ég lét kanna það fyrir skömmu.

Líka er lagt til að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar, starfi í samvinnu við fjölskylduna og taki mið af ábyrgð foreldra á börnum sínum. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldunnar, m.a. með fjölskylduráðgjöf. Ég hygg að með yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið stigið allmikið skref í þessa átt og ég fagna mjög þeirri vinnu, sem er orðin víða í skólakerfinu, þ.e. foreldrar taka sívaxandi þátt í skólastarfinu, foreldrafélög, og láta sér annara um skólann en þau gerðu á tímabili. Ég tel að kennarastéttin eigi að taka þessu fagnandi. Það er ekki kennaranna einna að ala upp börnin. Kennarar og foreldrar þurfa að hjálpast að og hlutur foreldranna má ekki liggja eftir. En stundum virðist manni að með löngum vinnudegi foreldra ætlist þau e.t.v. til þess að börnin séu alin upp í skólanum nær eingöngu.

Varðandi efnahagslegt öryggi fjölskyldunnar þá þarf hún náttúrlega að búa líka við aðstæður í húsnæðismálum sem eru sæmilega öruggar. Um það mætti fara mörgum orðum. Það skortir nokkuð á að svo sé hér. Leigumarkaður er ófullkominn og ótryggur. Það er dýrt að byggja viðunandi húsnæði á Íslandi og íbúðarhúsnæði er dýrt og það hafa ekki allir burði til þess að standa undir því að eiga eigið húsnæði. Skuldir heimilanna eru mjög mikið áhyggjuefni í samfélagi okkar og þær fara vaxandi þrátt fyrir að tilburðir séu uppi við að aðstoða fólk við að greiða úr þeim eftir því sem mögulegt er, en það er eins og þjóðin sé nokkuð eyðslusöm, þ.e. menn eru fjárfestingaglaðir og hlífa sér ekkert við því að skuldsetja sig í mörgum greinum.

Talið er að kaupmáttur hafi vaxið um 10% samanlagt á undanförnum tveimur árum. En bara á þessu ári hefur innflutningur bíla og dýrra heimilistækja vaxið milli 60–70% og það er náttúrlega langt fram yfir það sem kaupmátturinn kynni að vísa okkur á. En skuldirnar vaxa líka. Þær vaxa að hluta til af óviðráðanlegum orsökum fyrir einstaklingana með vaxtahækkunum, lánskjaravísitölu eða vísitöluhækkun á lánum en einnig vegna þess að endar ná ekki saman. Menn eyða meiru en aflað er. Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna, sem sett var upp í fyrravetur, hefur unnið mjög gott starf og þar var tekin saman stórfróðleg skýrsla um aðstæður 317 fyrstu viðskiptamanna stofunnar. Margt fróðlegt sem kemur þar fram og ég ætla ekki að fara ítarlega í það enda hygg ég að hv. alþm. hafi fengið þessa skýrslu í hólfin sín. Mér þótti við hæfi að kynna hana þingheimi því að þar er margt sem er mjög sláandi og fróðlegt.

Skuldirnar eru ekki bundnar við einsleitan hóp. Þær eru ekki bundnar við láglaunastéttir sérstaklega eins og maður hefði getað búist við. Meðaltekjur þessara nauðleitarmanna stofnunarinnar eru 146 þús. Þessir 317 skulduðu samtals 2,1 milljarð og vanskil þeirra voru 1,5 millj.

Herra forseti. Um þetta má fara miklu fleiri orðum og ég hef reyndar ekki komist yfir nema hluta af þeim verkefnum sem tekið er á í þessari fjölskyldustefnu en tími minn er á þrotum. Ég legg til að að lokinni umræðunni verði tillögunni vísað til hv. félmn.

[15:07]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki oft sem ég er með beinar upphrópanir varðandi mál úr þessum ræðustól en ég kýs að gera það núna. Mikið óskaplega er ég glöð yfir því að við erum loksins að ræða þessa tillögu. Fjölskyldumál eru afar sjaldan á dagskrá Alþingis og þá meina ég fjölskyldumál í víðu samhengi. Við erum allt of sjaldan að tala um fjölskylduna. Við tölum um sérstök afmörkuð mál. Við tölum um fæðingarorlof og vinnutíma, félagsþjónustu og öldrunarþjónustu, leikskóla og grunnskóla, menntastefnu, háskóla, lánasjóð, vímuefni og sjálfsvíg, atvinnuleysi og húsnæðismál, heilbrigðismál og sjúkrastofnanir. Allt þetta ræðum við hér í þessum sal undir ýmsum formerkjum, utandagskrárumræðu, tillögum, frumvörpum en kastljósið er afar sjaldan á fjölskylduna sem slíka.

Og sjá, virðulegi forseti. Í dag ræðum við fjölskylduna og hverjir eru þá í þingsal? Konur, konur, konur. (**Félmrh.:** Ekki eingöngu.) Velkomnar til umræðu, konur, við hæstv. félmrh. Pál Pétursson.

Það hafa orðið gífurlegar breytingar í okkar þjóðfélagi á nokkrum áratugum og satt best að segja hefur það komið í ljós að mjög víða er að finna öryggisleysi vegna þess að í einhverju er ábótavant, í einhverju af þeim málum og málaflokkum sem ég greip hér niður áðan án þess að það væri á nokkurn hátt faglega farið inn í þau málefni sem snerta stöðu fjölskyldunnar. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að ná árangri með velferðarþjóðfélag okkar þarf umhverfi fjölskyldunnar að vera í lagi og þess vegna þurfum við að þekkja þarfir fjölskyldunnar á hverjum tíma. Þegar ég segi fjölskyldan, þá er ég að meina pabbi og manna og barnið eða börnin og afi og amma, stórfjölskyldan, vegna þess að ef vandkvæði eru í félagslegu umhverfi eða varðandi þjónustuþörf einhvers af þessum fjölskyldumeðlimum byrja þeir erfiðleikar sem oft leiða til upplausnar eða annarra alvarlegra vandamála í fjölskyldu. Þess vegna er svo mikilvægt að ræða fjölskyldumál og samræmda fjölskyldustefnu sem hingað til hefur ekki verið sett af stjórnvöldum. Að nokkru marki hefur opinber fjölskyldustefna verið sett í sveitarstjórnum og það er mjög mikilvægt en mikilvægast er að ríkisstjórn setji

sér opinbera fjölskyldustefnu og vinni samkvæmt henni og ákveði það að slík samræmd fjölskyldustefna sé grunnurinn sem gengið er út frá.

Það er nefnilega þannig að þegar ákvarðanir eru teknar í hinum ýmsu ráðuneytum í málefnum sem varða fjölskylduna er hvert ráðuneyti fyrir sig að skoða stöðuna í ráðuneyti sínu út frá sínum fjárhagslega ramma og möguleikum sínum varðandi þær skyldur sem viðkomandi ráðuneyti er lagt á herðar í málum fjölskyldunnar. En sáralítið er skoðað að hvaða leyti aðgerðirnar hitta fjölskylduna og valda erfiðleikum í umhverfi hennar ef aðgerðir eru neikvæðar.

Ég minnist þess að þegar við ræddum næstum því nákvæmlega sömu tillöguna sem flutt var af mér sem þingmannamál eftir að hafa reynt að bera það fram sem stjórnartillögu sagði virðulegur félmrh. að hann mundi koma með almennilega opinbera fjölskyldustefnu, hann mundi koma með aðra og betri tillögu vegna þess að þessi væri væmið kjaftæði á blaði. Þar sem ég stend dettur mér í hug: Það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann. Vegna þess að sú tillaga sem hér er flutt og kynnt og var vel kynnt með góðum orðum, er næstum nákvæmlega sama tillaga og ég hef flutt að öðru leyti en því að búið er að veikja hana örlítið þar sem er búið að fella út úr tillögunni fjölskyldusjóðinn sem á að standa fyrir fjölskyldurannsóknunum sem er grunnurinn að því að við getum á hverjum tíma brugðist við þeim aðstæðum sem skapast í fjölskyldumálum. Ég geri mér alveg grein fyrir því af því að ég hef átt sjálf við það að stríða að íhaldið hefur nú rekið félmrh. til baka með mikilvægan þátt í þessari tillögu og að því leyti er það að fella út fjölskyldusjóðinn uppgjöf af hálfu félmrh.

Að öðru leyti fagna ég því að tillagan skuli komin fram vegna þess að þar er að finna mjög góð markmið eins og áður var búið að koma fram og við munum að sjálfsögðu freista þess að flytja brtt. við þetta mál þannig að hugsanlega megi vekja þingheim til umhugsunar um hvað það þýðir að hafa fjölskyldusjóð sem tekur á þessum málum. Það er nefnilega búið að draga vígtennurnar úr tillögunni með því að fella sjóðinn út því að hann mundi standa fyrir ýmiss konar tilraunastarfsemi þar sem reynt er að styðja og styrkja þróunarverkefni. Hann stendur fyrir fjölskyldurannsóknum og hann stendur fyrir nýjungum á sviði heilbrigðisþjónustu og það nægir að minna á Samvist sem er samstarfsverkefni Reykjavíkur og Mosfellsbæjar með stuðningi ríkisins en fjárhagur þess verkefnis hefur einungis verið tryggður fyrstu tvö árin og það var einmitt fjárhagsleg staða nefndar um Ár fjölskyldunnar sem gerir það kleift að hleypa þessu verkefni ... (**Félmrh.:** Þetta er tilraunaverkefni.) Tilraunaverkefni, ég er að tala um tilraunaverkefni og tilraunastarfsemi af ýmsu tagi.

Þegar litið er á tillöguna og vegna orða minna áðan um að tillagan sé komin fram að nokkru óbreytt fyrir utan fjölskyldusjóðinn er það mjög mikilvægt að þegar fyrri tillagan kom fram var hún send út til umsagnar fjölmargra aðila, eiginlega allra þeirra sem gætu haft skoðun á málinu, til að tryggja að þegar og ef það næðist að stjórnvöld horfðust í augu við mikilvægi þess að setja sér fjölskyldustefnu og ef sú tillaga kæmi fram og inn til félmn. lægju mikilvægar upplýsingar fyrir. Því fullyrði ég það, virðulegi forseti, að þegar félmn. verður búin að fá tillöguna til sín til umfjöllunar, þá getur hún á mjög skömmum tíma afgreitt hana þannig að hér verði afgreidd frá þinginu tillaga um að stjórnvöld marki sér opinbera fjölskyldustefnu.

Lokaorð mín í þessari framsögu, virðulegi forseti, eru þau að það er jafnmikilvægt að í kjölfarið á því að þáltill. er samþykkt, þá hefjist vinnan við að stjórnvöld marki stefnuna sjálfa samkvæmt tillögunni því að tillagan er fyrsta skrefið í mjög, mjög mikilvægu ferli.

[15:16]

Útbýting þingskjals:

Veiting ríkisborgararéttar, 121. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 132.

[15:16]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að við skulum nú vera að fjalla um málefni fjölskyldunnar og tillögu sem liggur fyrir um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. En það er jafnframt mjög dapurlegt hversu fáir þingmenn sjá ástæðu til að sitja undir umræðunni eða taka þátt í henni og ekki síst hversu fáir af karlpeningnum hér innan þings sjá ástæðu til að sitja undir umræðunni. Mér finnst það vanvirða við hana vegna þess að við erum að fjalla um mjög stórt mál. Hitt er annað mál að þó að ég lýsi ánægju minni með að við fjöllum um þetta mál, þá er sú ánægja nokkuð blendin vegna þess að ég leyfi mér að draga í efa og set fram þá spurningu hvort slík stefnumótun sem hér er sett fram af hálfu ríkisstjórnarinnar muni breyta einhverju fyrir hag fjölskyldna í landinu.

Það er nú einu sinni svo að umhverfi fjölskyldna á Íslandi er mjög dapurlegt, ekki síst fólks með lágar tekjur og meðaltekjur. Og jafnvel þó að við séum í góðæri og uppsveiflu sér þess ekki stað í kjörum fjölskyldunnar. Ég veit ekki hvort það er af tilviljun að á sama degi og hæstv. félmrh. er að mæla fyrir mótun opinberrar fjölskyldustefnu skuli vera heil síða um fátækt á Íslandi í málgagni hans, Degi-Tímanum. Ritstjóri blaðsins telur tilefni til þess að skrifa leiðara sem ber yfirskriftina „Fátækir fá ekkert" og heil síða er frá félagsmálastjóra í Kópavogi, þar sem við stjórn er Sjálfstfl. og Framsfl. Þar talar hann um mikla fátækt á Íslandi. (Gripið fram í.) Og nýverið hefur málgagn hins stjórnarflokksins fjallað um mikla fátækt á Íslandi og þar kom fram að um 32 þúsund manns lifa undir fátæktarmörkum á Íslandi.

Auðvitað þurfum við fjölskyldustefnu en skilar hún einhverju? Ísland er sett á bekk með sjö ríkustu þjóðum heims og það endurspeglast ekki í kjörum fólksins. Launin eru með því lægsta sem við þekkjum, langur vinnutími o.s.frv. Skuldir heimilanna vaxa ört og ekki síst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég minnist þess að flokkur hæstv. félmrh. býsnaðist mjög mikið yfir skuldum heimilanna þegar hann var í stjórnarandstöðu. En bara á þessu ári er áætlað að skuldir heimilanna muni aukast um 25 milljarða kr. og hafa sjálfsagt aukist í tíð þessarar ríkisstjórnar á einu og hálfi ári eða tveimur árum um 40–50 milljarða kr.

Ég veit ekki hvort það er tilviljun líka að í einu dagblaðanna í dag fjallar leiðarahöfundur um heilsuspillandi ríkisstjórn. Hann talar um hvernig þessi ríkisstjórn hefur farið með heimilin í landinu. Til dæmis að ekki er notið afrakstursins af GATT-samningunum þar sem ofurtollar ríkisstjórnarinnar hafa skilað því á einu eða tveimur árum að skuldir heimilanna hafi hækkað um 1.300 millj. kr. vegna hækkunar á grænmeti. Manni finnst hálfdapurlegt og svolítil þversögn í því að vera að fjalla um opinbera stefnu ríkisstjórnarinnar þegar litið er til fjárlaga þessara tveggja ára sem ríkisstjórnin hefur setið, þ.e. fyrir næsta ár og þetta ár. Hver voru skotmörk ríkisstjórnarinnar? Það voru aldraðir, það voru öryrkjar, það voru heimilin í landinu, það voru

atvinnulausir og hann er langur sá slóði sem ríkisstjórnin ber í því máli. Það er daglegt brauð að við í stjórnarandstöðunni fáum hringingar frá fólki, ekki síst öldruðum og öryrkjum, sem eru að leita vægðar hjá stjórnarandstöðunni, reyna að finna skjól þar fyrir þessum árásum ríkisstjórnarinnar á kjör aldraðra og öryrkja.

Í bókinni Barnafjölskyldur er úttekt á stöðu fjölskyldna hér á landi og talað um að fjölskyldan sé orðin afgangsstærð í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna skil ég ekki að í þessari þáltill. er eina handfasta aðgerðin sú, að gera eigi úttekt á stöðu og afkomu barnafjölskyldna í nútímasamfélagi. Sú úttekt liggur fyrir. Það er það eina sem er raunverulega handfast í tillögunni. Hvaða mat er lagt á það af hálfu stjórnvalda þegar verið er að meta hvar áherslur og forgangur á að liggja? Hvar liggur þjóðarauðurinn hjá þessari ríkisstjórn? Og reyndar fleirum. Það er fyrst og fremst verið að tala um hagvöxt, viðskiptahalla og ríkisfjárlagahalla og sjálfsagt væru fleiri hér inni í salnum ef verið væri að tala um það. En þegar við erum að tala um mannauðinn, hvernig hlúð er að fjölskyldunum, þá eru fáir hér. Og fáir setja það í forgang þegar verið er að leggja áherslur t.d. í ríkisfjármálum. Það vantar alla heildaryfirsýn þegar verið er að forgangsraða í ríkisfjármálum. Ég þekki það líka frá tíð minni sem ráðherra að alla heildaryfirsýn vantar yfir hvaða áhrif einstakar aðgerðir í heilbrigðismálum, í skattamálum, í félagsmálum og í menntamálum o.s.frv., þegar þær eru allar komnar saman, hafa á afkomu einstakra fjölskyldna í landinu. Og ég vona, af því að ég veit að þetta er af góðum hug gert hjá hæstv. félmrh. að setja fram þessa tillögu og hann hefur góðar meiningar í þessu efni, að þetta fjölskylduráð sem á að stofna fái það hlutverk að skoða áhrif og afleiðingar einstakra stjórnvaldsaðgerða á heimilin og afkomu þeirra, ekki síst við fjárlagagerðina. Þá vaknar auðvitað spurning í mínum huga: Hve mikið mark verður tekið á því?

Við þekkjum það líka, fyrir utan það sem ég hef nefnt um stöðu fjölskyldna og afkomu, hvernig hún hefur þróast. Við vitum að ýmis mein eru í þjóðfélaginu, fíkniefnaneysla, áfengisneysla, afbrot barna og unglinga og aukin sjálfsvíg. Allt hefur þetta aukist á tiltölulega skömmum tíma. Þess vegna er nauðsynlegt að móta opinbera fjölskyldustefnu. En það skiptir máli hvort fara á eftir henni. Ég spyr: Hvaða hugur fylgir hér máli? Hér er talað um að þetta fjölskylduráð eigi að annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir í málefnum fjölskyldna og í greinargerð er sagt að þetta séu sambærilegar áætlanir sem á að gera varðandi framkvæmdaáætlun um jafnréttismál kynjanna. Við fjölluðum um hana í gær. Við fjölluðum um það lið fyrir lið, hvernig einstök ráðuneyti hafa hunsað þá framkvæmdaáætlun og hvernig ástæða er til að félmn. þingsins taki ráðherrana, hvern og einn, inn á teppið til að fara yfir hvað þeir hafa gert í þessum málum frá því að sú áætlun tók gildi en eitt ár lifir af henni. Eru það sambærilegar áætlanir sem hér á að gera? Mér sýnist að ýmsar áætlanir í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna snerti málefni fjölskyldunnar þannig að þær áætlanir munu þá skarast.

Ég spyr: Til hve langs tíma á að skipa þetta fjölskylduráð? Það kemur ekkert fram um það. Ég hef efasemdir um hvernig það er skipað, fimm manna fjölskylduráð, þrír frá þinginu, einn frá háskólanum og ráðherra skipar einn. Þetta þarf sérstaklega að skoða af hálfu þeirrar nefndar sem fær málið til umfjöllunar. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að það hefur frekar dregið úr því biti, sem þó var á áætluninni, sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir mælti fyrir á síðasta þingi, með því að sjóðurinn sem á að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumála er felldur brott.

Ég spyr í lokin: Af hverju sést ekki einn einasti sjálfstæðismaður í salnum við þessa umræðu? Ég skora á þá sjálfstæðismenn, sem eru einhvers staðar í húsinu eða á sínum skrifstofum og hlýða á mitt mál, að koma og vera við þessa umræðu og segja sitt álit á þessari fjölskyldustefnu vegna þess að þeir hafa að mínu mati fyrst og fremst verið þrándur í götu þess að opinber fjölskyldustefna hafi náð fram að ganga.

[15:25]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og bent var á fyrr í dag má sjá á samsetningunni í sölum Alþingis á þessari stundu að nú er verið að ræða um fjölskyldumál og eitthvað sem tengist jafnrétti kvenna og karla. Í salnum eru svo til einungis konur, reyndar hv. þm. Gísli Einarsson líka sem er greinilega að undirbúa sig undir umræðuna, en karlarnir tveir sem eru hérna inni, fyrir utan hv. þm. Gísla Einarsson, eru annars vegar hinn virðulegi forseti vor og hins vegar hæstv. félmrh. Þetta segir ýmislegt um það annars vegar hverjir það eru sem í raun sinna fjölskyldumálum í þinginu og hins vegar kannski líka eitthvað um það hverjir það eru sem gegna virðulegum embættum á Alþingi.

Það er líka eitt annað sem er dæmigert fyrir umræðu um fjölskyldumál í þinginu. Það er að sjálfstæðismenn gufa upp, þeir hverfa gersamlega eins og dögg fyrir sólu og enginn er sjáanlegur í námunda við ræðupúltið enda væntanlega stórhættulegt að fara að taka til máls um þessi mál. Það má líka vel vera að þeir hafi fengið nóg af umræðunni á landsfundinum að lokinni þessari miklu flugeldasýningu um jafnréttismál og þeir ætli sér ekki að tala um þetta meir það sem eftir er næstu áratugina. En nóg um sjálfstæðismenn.

Ég vil byrja á að fagna því að þessi tillaga er loksins komin til umræðu en eins og kom fram í framsögu hæstv. félmrh. náðist ekki að mæla fyrir þessari tillögu í vor. Í raun er sagan á bak við hana mun lengri því hún sækir að hluta til efni sitt í tillögu sem fyrrv. félmrh., Rannveig Guðmundsdóttir, lagði fram í sinni ráðherratíð en sú tillaga var unnin af landsnefnd um mál fjölskyldunnar sem var skipuð í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur ef ég man rétt.

Það er líka rétt sem kom fram áðan í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það er sjónarsviptir að fjölskyldusjóðnum úr tillögunni. Tillagan hefur verið töluvert þynnt út frá því sem hún var þegar hún kom úr höndum landsnefndar um ár fjölskyldunnar en sú nefnd var sett saman af mjög, ég vil segja, fjölhæfum hópi. Það var stór hópur sem kom að þeirri vinnu og mjög mikil og fagleg vinna var lögð í þessa tillögu á sínum tíma og í þá vinnu sem fór fram í landsnefndinni. Og fjölskyldusjóðurinn, sem nú hefur verið tekinn út, var mjög mikilvægur liður í þeirri viðleitni að koma markmiðum fjölskyldustefnunnar á í raun. Ég get tekið undir þær áhyggjur, sem hafa komið fram hjá þeim sem hafa talað á undan mér, að það er vissulega áhyggjuefni ef hinar raunverulegu aðgerðir til að koma stefnunni á eru teknar út. Það getur verið mjög hættulegt mál. Ég hefði viljað sjá hugmyndina um fjölskyldusjóðinn áfram inni í tillögunni og tek undir með hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um það að freista þess að gera brtt. þar um þegar þar að kemur.

En þrátt fyrir að fjölskyldusjóðinn vanti eru mjög dýrmætir þættir með í þessari tillögu sem eru vissulega skref í rétta átt svo framarlega sem þeir komast einhvern tímann í framkvæmd. Vegna þess að eins og við ræddum töluvert um í umræðunni um stöðu jafnréttismála þá eru allir orðnir mjög þreyttir á að fá endalausar markmiðssetningar og endalausar aðgerðaáætlanir án þess að það sé raunverulega unnið að því að koma þeim í framkvæmd.

En góð atriði eru inni í tillögunni og má nefna mörg. Það eru t.d. almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu sem eru sett fram í II. kafla tillögunnar. Að stofnanir samfélagsins, ekki síst skólar og leikskólar, starfi í samvinnu við fjölskylduna. Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna m.a. með fjölskylduráðgjöf. Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka. Öldruðum verði gert kleift að taka þátt í samfélaginu svo lengi sem auðið er. Að tekið verði mið af þörfum fjölskyldunnar við skipulag umhverfis, þjónustu, útivistar og umferðaröryggis. Að fjölskyldur fatlaðra njóti nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Að fjölskyldur nýbúa fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi. Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn og svo mætti lengi telja.

Þetta eru mjög göfug og góð markmið. En vilji hæstv. ríkisstjórn gera þetta allt saman að markmiði sínu þá fer ég að verða nokkuð bjartsýn á að hún muni styðja þær fjöldamörgu tillögur sem liggja fyrir þinginu sem m.a. við í þingflokki Alþb. og óháðra höfum lagt fram og snúa að því að bæta og tryggja stöðu fjölskyldunnar, bæta stöðu launafólks, starfsöryggi og fleiri atriði sem vissulega snúast fyrst og fremst um að bæta lífsafkomu og öryggi og aðbúnað fjölskyldunnar.

Ég verð að segja eins og er að ég efast því miður um að þessi markmið séu einlæg hjá hv. ríkisstjórn. og þá þarf ég ekki annað en horfa á annan tillöguflutning hér í þinginu, t.d. þá grein sem snýr að því að efnahagslegt grundvallaröryggi fjölskyldunnar sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum. Við vitum að það er langt í land að svo sé. Og eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti á áðan er mikil fátækt til í íslensku samfélagi. Við getum líka tekið atriði eins og kynbundið launamisrétti, en enn hefur ekki sést vilji hjá hæstv. ríkisstjórn til að koma með raunhæfar aðgerðir til að taka á því vandamáli. Við höfum margoft rætt um húsnæðismál fólks og það óöryggi sem fólk býr við, einkum ungt fólk sem er t.d. að koma úr námi sem getur ekki staðið bæði í húsnæðiskaupum og að borga niður námslán. Þetta er það sem ungu kynslóðinni í dag er boðið upp á. Það þarf ekkert að fjölyrða um þetta. Það hefur margoft verið rakið hér í umræðu um þau mál að fjölskyldufólk fer langverst út úr þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið í annars vegar málefnum t.d. Lánasjóðs íslenskra námsmanna og hins vegar í húsnæðismálunum sem gerir það að verkum að fjölskyldufólki hefur verulega fækkað í námi. Ég á eftir að sjá að hæstv. ríkisstjórn eigi eftir að geta tryggt þessi markmið sín í framkvæmd og eigi eftir að vinna í verki að því að þessum markmiðum verði náð. Ég vona að það verði. En þá hlýtur það að birtast í öðrum tillögum sem verða lagðar fram til að ná þessu fram.

Eins vildi ég í lokin benda á að hér er talað um að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Þessi samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hefur verið rædd í sölum Alþingis. Þarna er um að ræða dæmigert mál sem ríkisstjórnin þarf að taka á vegna þess að þarna er um að ræða ágreining á milli annars vegar atvinnurekendasamtakanna og hins vegar samtaka launafólks. Sá ágreiningur verður ekki leystur því miður með samráði á milli þessara aðila og þar þarf hæstv. félmrh. að taka af skarið. Spurningin er nú: Kemur hann til með að sýna vilja sinn í verki og mæla fyrir því að þessi samþykkt ásamt fleirum sem snúa að starfsöryggi launafólks verði fullgiltar.

[15:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Mig grunaði ekki að það yrði hlutskipti mitt að standa í þessari pontu tvo daga í röð og ákalla hv. þingmenn af karlkyni. Hv. kynsystur mínar hafa þegar gert það og ég bæti minni rödd í þann kórinn.

Það ber að fagna framlagðri þáltill. frá hæstv. félmrh. um fjölskyldustefnu. Hér eru sett fram almenn markmið og að baki þeim liggur grunnhugsun sem ég hygg að fáir setji sig upp á móti. En markmiðin eru, eins og segir reyndar í tillögunni, mjög almenn. Í I. kafla er talað um meginforsendur fjölskyldustefnu og sagt að það þurfi að styrkja fjölskylduna án tillits til gerðar hennar. Ég vil sérstaklega taka undir þessi orð og benda á þau. Mér finnst á stundum gæta nokkuð gamaldags hugsunarháttar varðandi fjölskylduna á Íslandi. Við búum einfaldlega ekki lengur í samfélagi þar sem pabbi, mamma, börn og bíll búa saman undir einu þaki. Það vita hv. þm. allir. Við búum í samfélagi þar sem enn eru við lýði leifar stórfjölskyldunnar. Þær lýsa sér m.a. í miklu vinnuálagi á ömmur landsins sem ekki þurfa aðeins að sinna stálpuðum og fullorðnum börnum sínum heldur einnig barnabörnum sínum. Ég hygg að margir kannist við þetta heima hjá sér. Svo eru einnig fjölskyldur á Íslandi mjög samsettar. Tíðni skilnaða gerir það m.a. að verkum. Helmingi hjónabanda á Íslandi, ef ég man rétt, lýkur með skilnaði þannig að fjölskyldan er ekkert einfalt mál. Það væri vissulega fróðlegt að fá t.d. út því skorið hvort tvær aldraðar systur sem halda heimili saman og hafa gert kannski í 30 ár og eru ellilífeyrisþegar teljist fjölskylda? Þessu þarf öllu að velta fyrir sér í fullri alvöru.

Í II. kafla þar sem talað er um hin almennu markmið eru, eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu, markmið sem enginn getur svo sem sett sig upp á móti. Ég hnýt þó um eitt stjörnumerkt markmið, með leyfi forseta: „Að heilbrigðisþjónustan taki mið af þörfum fjölskyldunnar sem heildar og tryggt sé að fjölskyldur geti notið stuðnings til að annast aldraða og sjúka.“ Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þýðir það að enn eigi að halda þeirri stefnu stjórnvalda áfram að færa umönnun sjúkra af sjúkrahúsum og inn á heimilin? Og hver sinnir sjúkum inni á heimilunum? Eða á maður kannski að spyrja: Hverjar? Svona hluti þarf að athuga jafnvel í almennum markmiðum og hugsa alveg ofan í kjölinn hvað býr að baki og hvað það er sem við erum að tala um.

Hér eru einnig nefnd atriði um fjölskyldur nýbúa, þ.e. að þær fái nauðsynlegan stuðning til að festa rætur í íslensku samfélagi og það er mjög gott að það komi fram hér. Einnig

um að unnið verði gegn misrétti í garð þeirra sem skera sig úr vegna kynþáttar, trúarbragða eða menningar og í garð fjölskyldna samkynhneigðra. Þessu mótmælir vonandi enginn og ég vil sérstaklega í þessu sambandi vekja athygli á hlutskipti margra erlendra kvenna sem flust hafa til Íslands og fá sumar hverjar ekki þessa tæknilegu nýbúaflokkun ef svo ósmekklega má að orði komast. Þær hafa margar hverjar í raun týnst. Þær þekkja ekki rétt sinn í samfélaginu og hafa ekki haft aðgang að fræðslu. Þó svo ég viti reyndar að staðið hafi verið fyrir kynningu og fræðslu og reynt að ná til þessara kvenna þá held ég að þetta sé verkefni sem þurfi að sinna enn um sinn og reyndar til langframa.

Aðgerðir í þágu fjölskyldunnar. Minnst er á að styðja þurfi barnafjölskyldur. Ég vil vekja sérstaka athygli á fjölskyldum einstæðra mæðra. Ég hygg að við vitum öll að einstæðar mæður sem eiga börn á skólaskyldualdri, kannski mörg, og börn í framhaldsskólum, búa margar hverjar við mikla fátækt. Unglingar í framhaldsskólum detta úr námi vegna þess að þeir hafa einfaldlega ekki efni á því að kaupa sér græna kortið í strætó eins og mér var sagt ekki alls fyrir löngu. Þetta eru raunveruleg dæmi um fólk eins og okkur sem tilheyrir barnafjölskyldunum sem talað er um í þingsályktunartillögum eins og þessari.

Hæstv. félmrh. minntist á það í ræðu sinni áðan að það mundi styrkja fjölskylduna að launakerfið yrði gagnsærra. Það blasir auðvitað við að afnema launaleynd í því sambandi. Ég tek fyllilega undir orð hæstv. ráðherra um það. Hér er talað um rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs. Það skal einnig upplýst að Kvennalistinn hefur í smíðum frv. um fæðingarorlof og fæðingarorlofssjóð þar sem m.a. verður gert ráð fyrir að feður eignist sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Ég treysti því að ríkisstjórnin muni styðja það frv. ekki síst þegar ég horfi á texta þessarar þáltill.

Ég vil taka undir orð sem hafa fallið áður í umræðunni um að þessa fjölskyldustefnu þarf að setja í samhengi við aðra stefnu sem kemur frá ráðuneytum ríkisstjórnarinnar. Í gær var rædd á hinu háa Alþingi staða jafnréttismála. Allt á þetta heima í sömu umræðunni. Það hlýtur að vera eina skynsamlega leiðin að skoða hverja einustu tillögu og frv. sem kemur, hvort sem það er frá stjórn eða stjórnarandstöðu, með tilliti til fjölskyldustefnunnar og jafnréttismálanna.

[15:42]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég tel afar jákvætt að við séum að ræða um opinbera fjölskyldustefnu. Þessi þáltill. var að miklu leyti unnin í tíð síðustu ríkisstjórnar eins og komið hefur fram en komst þá ekki í gegnum þingið. Það er von mín að núv. ríkisstjórn geti komið henni í gegn enda um afar mikilvæga þáltill. að ræða. Hún er mjög brýn vegna þess að við höfum ávallt horft á fjölskylduna í of einangruðu ljósi. Við höfum ekki horft á fjölskylduna sem heild. Séreinkenni fjölskyldna á Íslandi eru að vinnudagur hér er lengri en víðast hvar annars staðar og þá á ég við hjá báðum foreldrum. Milli 80 og 90% íslenskra kvenna vinna utan heimilis, annaðhvort hluta dagsins eða allan daginn, og meðalvinnuvikan er lengst á Íslandi allra Norðurlanda og er 47,5 vinnustundir. Finnland kemur í næsta sæti með 41,5. Aðrar Norðurlandaþjóðir liggja talsvert langt fyrir neðan okkur. Þetta ástand hefur skapað óeðlilegt álag á fjölskylduna sem draga þarf úr af öllum mætti. Laun eru einnig því miður afar lág á Íslandi og framleiðni tiltölulega lítil. Nú standa fyrir dyrum kjarasamningar og er það von mín að þetta mál verði skoðað sérstaklega, þá á ég við langan vinnutíma og lág laun. Bæði Vinnuveitendasambandið og stéttarfélögin hafa sett þessi mál á oddinn fyrir næstu kjarasamninga og er það afar vel.

En það er spurning hvað núverandi ríkisstjórn hefur gert í málefnum fjölskyldunnar almennt. Það er nefnilega ýmislegt þegar að er gáð. Með aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum má segja að stuðlað hafi verið að lágum vöxtum og lágri verðbólgu. Það er að sjálfsögðu afar mikilvægt fyrir fjölskylduna. Það getur enginn neitað því. Lágir vextir lækka vaxtabyrði heimila og stöðugt efnahagsástand með lágum vöxtum og lítilli verðbólgu gerir fyrirtækjum kleift að blómstra þannig að atvinnuleysi minnkar. Atvinnuleysi hefur líka farið minnkandi og er nú undir 4%. Það er eitt af grundvallaratriðum að hafa vinnu því að fjölskyldur þar sem t.d. annað foreldrið er atvinnulaust um lengri tíma verða fyrir verulegum skakkaföllum. Minnkandi atvinnuleysi er því mikilvægt öllum íslenskum fjölskyldum. Með stöðugu efnahagsástandi geta heimili líka frekar gert fjárhagsleg plön, séð fram í tímann hverjar greiðslur verða o.s.frv.

Það hefur verið gætt afar aðhaldssamrar stefnu í ríkisfjármálum. Stefnt er að hallalausum fjárlögum og þetta er að sjálfsögðu gert til þess að reyna að verjast því að þurfa að hækka vexti. Og ef maður horfir fram í tímann þá er ljóst að ekki verður þörf á að hækka skatta hér um aldamótin eins og við höfum annars þurft að gera. Það er búið að reikna það út að við höfum þurft að hækka tekjuskattinn upp í 50% ef ríkisstjórnin hefði ekki gætt aðhaldssamrar stefnu í ríkisfjármálum. Þetta er mikilvæg staðreynd fyrir allar fjölskyldur í landinu.

Það er einnig ljóst að kaupmáttur fjölskyldna hefur verið að aukast um 8–9% á síðustu tveimur árum. En það er tvöfalt meiri aukning kaupmáttar en búist er við að jafnaði í Evrópulöndum OECD. Samkvæmt spá Þjóðhagsstofnunar mun kaupmáttur aukast um 15–16% frá árinu 1995 til aldamóta. Jaðarskattar hafa einnig verið lækkaðir nokkuð t.d. með því að dregið hefur verið úr tekjutengingu barnabótaaukans. Það er nefnd að störfum sem er að skoða það að lækka jaðarskatta enn frekar og einnig er ljóst að það er vilji til þess að skoða það að taka fjármagnstekjuskattinn svokallaða í skattalækkanir að einhverju leyti í framtíðinni.

Núverandi ríkisstjórn hefur einnig sett upp Ráðgjafarstofu heimilanna sem veitir ókeypis ráðgjöf fyrir fólk um fjármál sín, aðstoð við að semja við lánardrottna o.s.frv. og þetta hefur verið afar mikilvægt fyrir margar fjölskyldur, að greiða úr vandamálum þeirra með ráðgjöf.

Það er einnig búið að hækka lánshlutfall úr 65% upp í 70% í húsnæðiskerfinu og þetta hefur auðveldað einhverjum fjölskyldum húsnæðiskaup. Sveigjanlegri lánstími húsbréfa hefur einnig komið þar við sögu. Þannig er búið að framkvæma ýmis úrræði í skuldamálum sem geta og hafa forðað sumum heimilum frá gjaldþroti sem hefur verið mikilvægt fyrir fjölskyldur.

Ríkisstjórnin hefur einnig með þeirri þáltill. sem hér er lögð fram ákveðið að kanna sérstaklega stöðu og afkomu barnafjölskyldna og tel ég þar um brýnt mál að ræða.

Einnig hefur verið komið inn á það hér að skapa feðrum aukinn rétt til sjálfstæðs fæðingarorlofs. Ég er því hjartanlega sammála að það sé mjög brýnt fyrir jafnréttismálin og fjölskyldumálin en ríkisstjórnin hefur einmitt verið að skoða það núna síðustu daga að koma á slíku sjálfstæðu fæðingarorlofi karla.

Almennt má segja að íslenska fjölskyldan hafi það nokkuð gott. Lífskjarakannanir sem hafa verið framkvæmdar hér á landi sem annars staðar sýna að lífskjörin hér á landi eru áþekk því sem best gerist á Vesturlöndum. Rannsóknir sýna að Íslendingar eru almennt ánægðir með sína stöðu. Þeir eru í 2. sæti af samanburði 15 OECD-landa. Það eru einungis Danir sem eru örlítið ánægðari með lífið en Íslendingar. Þar sem Íslendingar eru almennt talað svona ánægðir með lífið þá má draga þá ályktun að fjölskyldur hér á landi séu þokkalega vel staddar þó að sjálfsögðu megi ávallt gera betur. Það má að sjálfsögðu ekki slá slöku við heldur reyna að stuðla að enn betra fjölskyldulífi og það er einmitt gert með þessari þáltill., það á að skoða fjölskylduna í heild og stjórnvaldsaðgerðir sem beinast að henni.

Framsfl. mun stuðla að því að bæta hag fjölskyldna bæði með því að viðhalda stöðugleika í efnahagslífinu og einnig með aðgerðum á sviði atvinnumála eins og við höfum allir verið að gera. Stuðla að bættri skuldastöðu heimilanna, auknu jafnrétti kynjanna og síðast en ekki síst með þessari þáltill. sem við leggjum fram hér í dag.

[15:50]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var út af fyrir sig ágæt viðleitni hjá hv. þm. að reyna að verja ríkisstjórnina en staðreyndirnar tala bara sínu máli. Mér fannst þetta ansi mikið klór í bakkann. Hv. þm. talar um að íslenskar fjölskyldur hafi það bara gott, séu hamingjusamar. Heldur þingmaðurinn það virkilega að aldraðir, öryrkjar og fátækir, og sá hópur fer sístækkandi hér á Íslandi, samþykki það sem hv. þm. sagði hér áðan? Hvað þýðir það þegar við erum að tala um stefnu ríkisstjórnarinnar í fjölskyldumálum að á sl. tveimur árum hafa gjaldþrot tvöfaldast, úr rúmlega 400 í tæplega 900? Hvað þýðir það fyrir heimilin í landinu að bara á þessu ári hafa skuldir heimilanna, í tíð þessarar ríkisstjórnar, bara á einu ári, vaxið um 25 milljarða? Hvað þýðir það fyrir heimilin í landinu að ríkisstjórnin vinnur að því að tolla svo grænmeti hér á Íslandi að heimilin geti ekki keypt það en það hækkar samt skuldir heimilanna um 1.300 milljónir? Og þingmaðurinn talar hér um vaxtalækkun, að aðgerðirnar hafi stuðlað að vaxtalækkun. Við erum nýgengin í gegnum eina vaxtahækkunina. Heimilin hér á landi þurfa að búa við 2–3% hærri vexti heldur en heimili sem við berum okkur saman við. Og Ísland er eitt landa innan OECD þar sem heimilin þurfa að búa við verðtryggingu. Ég veit ekki í hvaða fílabeinsturni hv. þm. er. Ég veit að það er góð viðleitni að verja þessa ríkisstjórn, en hamingjan sanna, ég skil ekki í hvaða fílabeinsturni hv. þm. hefur verið síðan hún varð stuðningsmaður þessarar ríkisstjórnar.

[15:51]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ágætt að það lifnaði aðeins yfir umræðunni hérna í salnum. En það er alveg greinilegt að fyrrv. ráðherrar í fyrrv. ríkisstjórn þola ekki þann árangur sem þessi ríkisstjórn er að sýna. Og það er alveg ljóst að ef sú aðhaldsstefna hefði ekki verið sett fram, sem núv. ríkisstjórn hefur gert og hefur verið að vinna eftir, þá býð ég ekki í þá vexti sem hér væru við lýði. Hverjar mundu skuldir heimilanna þá vera? (Gripið fram í.) Hverjar mundu þær verða ef við hefðum stuðlað að því að lántökur ríkissjóðs væru áfram með þeim hætti sem þær voru og hér yrði stórfelld vaxtahækkun og verðbólguskriðan færi öll af stað? Nei takk, það er ekki sú leið sem þessi ríkisstjórn ætlar að fara. Við viljum hafa stöðugt efnahagsástand, það er mjög mikilvægt fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Hvað varðar þær kannanir sem ég kom hérna inn á, hvað Íslendingar eru almennt lífsglatt og hamingjusamt fólk, þá eru það kannanir sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur sett fram óumdeildar og hefur verið fjallað talsvert um í Morgunblaðinu og ég er viss um það að margir þingmenn hafa lesið sér til um þær. Þetta eru því borðleggjandi staðreyndir og er að sjálfsögðu mjög ánægjulegt að íslenskt fólk sé almennt hamingjusamt. Þess vegna er hægt að túlka það sem svo að fjölskyldur á Íslandi hafi það þokkalegt. Að sjálfsögðu getum við fundið fjölskyldur sem hafa það hræðilegt. Það er í öllum þjóðfélögum, því miður. Og okkur ber að taka á því. En almennt má segja að íslenska fjölskyldan hafi það þokkalegt.

Gagnvart því sem kom hér fram um verðtryggingu lána þá veit hv. þm. það jafn vel og ég að það stendur til að afnema hana í þrepum sem er svar við fyrirspurn hv. þm. fyrir stuttu og hefur verið lagt á borð þingmanna.

[15:53]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki þessari ríkisstjórn að þakka að við búum við stöðugleika og lága verðbólgu heldur fyrst og fremst láglaunafólki og launafólki í landinu. Og það var síðasta ríkisstjórn sem lagði grunn að þeim stöðugleika og lágu vöxtum sem við búum við. En það er haldið áfram, jafnvel þó við séum komin inn í góðæri og uppsveiflu. Það er haldið áfram. Hverjir hafa borgað brúsann? Ég skora á hv. þm. að fara yfir listann varðandi fjárlög yfirstandandi árs — árásina á ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Hann er langur sá slóði og það er haldið áfram á næsta ári. Er hv. þm. virkilega ánægð með fjármagnstekjuskattinn eins og ríkisstjórnin ætlar að leggja hann á fólkið í landinu? Þar sem raunverulegum fjármagnstekjueigendum er hlíft, þeir þurfa að borga minni skatta til samfélagsins en þeir gerðu áður en fjármagnstekjuskatturinn kom á og það er fyrst og fremst hinn venjulegi sparifjáreigandi með örfáar krónur á sinni sparisjóðsbók sem á að borga skattana. Þetta er nefnilega fyrst og fremst ríkisstjórn hinna ríku sem hér situr við völd. Og í tíð ríkisstjórnarinnar vitum við það, Morgunblaðið hefur sagt það, Dagur-Tíminn hefur sagt það, málgögn þessara flokka, að fátækt hefur vaxið á Íslandi. Það eru 32.000 einstaklingar sem lifa hér undir hungurmörkum og þingmaðurinn leyfir sér að halda því fram að allir séu hamingjusamir og lifi í sælu hér á landi. Mér finnst ótrúlegt að þetta komi úr munni hv. þm. Ég hélt að þingmaðurinn væri jarðbundnari en þetta.

[15:55]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að það er ekki einungis þessi ríkisstjórn sem hefur stuðlað að stöðugu efnahagsástandi á Íslandi. Ég vil minna á það að þjóðarsáttin sem sett var fram í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar átti verulegan hlut að máli í því sambandi. En ég hef ekki heyrt það frá stjórnarandstöðunni að hún vilji auka halla ríkissjóðs en það er ágætt að það komi fram ef það er vilji síðasta ræðumanns.

Varðandi fjármagnstekjuskattinn þá var sú leið sem farin var sameiginleg niðurstaða fulltrúa úr öllum þingflokkum og fulltrúa ASÍ — sameiginleg niðurstaða. Og það var sú leið sem núv. ríkisstjórn fór. En síðan vilja allir hlaupa undan merkjum.

Það er alrangt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að ég hafi sagt að allir séu hér afar hamingjusamir. Það er alrangt, ég sagði það aldrei. Ég vitnaði hins vegar í könnun, lífskjarakönnun, sem sýnir að í samanburði milli 15 OECD-landa varðandi lífshamingjuna er Ísland í 2. sæti. Það eru bara Danir sem eru örlítið ánægðari með lífið en Íslendingar. Í þetta var ég að vitna og ekkert annað. Og ég ætla að vona að hv. þm. fari ekki að gera manni upp slíkar skoðanir eins og hér var gert áðan.

[15:57]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. 4. þm. Reykn. setti fram þá ósk eða trú að þessari ríkisstjórn mundi takast að koma þessu máli í gegn á þinginu. Já, henni mun takast það, virðulegi þingmaður, vegna þess að stjórnarandstaðan á Alþingi mun tryggja það að þetta mál verði afgreitt fljótt og vel út úr félmn. og í gegnum Alþingi. Og það er í raun og veru meira heldur en hægt hefði verið að búast við fyrir rúmu ári vegna þess að á þessum erfiða febrúarmánuði 1995, eina mánuði eftir áramótin sem það þing starfaði, var ekki hægt að ná því fram við stjórnarandstöðuna að hún tæki þátt í því að hleypa þessu góða máli í forgang þótt á því væri þreifað. Því auðvitað er góðum málum, sem stjórn og stjórnarandstaða sameinast um, hægt að hraða í gegnum þingið.

En það er merkilegt að svo ungur þingmaður, í umræðu um fjölskyldumál sem við erum að fagna hér í dag, falli í hefðbundna efnahagsumræðu undir því máli og finnist að þá lifni loks yfir umræðunni þegar umræðan fer í þann farveg að þjarka um efnahagsmálin. Framsfl. hamast við það að benda á hagvöxtinn sem á að búa til 12.000 störf og segja að Framsfl. og aðild hans í ríkisstjórn hafi búið til þennan hagvöxt. Mér leiðist svolítið að þurfa að vera með þetta nagg en í erfiðri stöðu á síðasta kjörtímabili, á miklum samdráttartímum, var haldið þannig á málum, eins og ég hef stundum sagt, við svita og tár að það náðist yfir 2% hagvöxtur sem var orðinn til þegar kosningabaráttan var háð og þegar Framsfl. var að lofa sínum 12.000 störfum, og það datt engum í hug að sá hagvöxtur, sem væri verið að reyna að ná og yrði reynt að viðhalda, ætti að búa til störfin. Allt sem hefur verið sagt síðan hefur verið tóm skreytni í samanburði við þann málflutning sem var viðhafður í kosningabaráttunni fyrir rúmu ári.

Virðulegi forseti. Ég vil óska þess að umræðan falli ekki í það að verða hefðbundin efnahagsumræða „a la" karlar heldur haldi áfram að vera mjúk, jákvæð fjölskylduumræða hér um hvert skal stefna, hvert skuli halda í framtíðinni, til að ná fram góðu umhverfi fjölskyldnanna í landinu.

[15:59]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er afar merkilegur málflutningur að fjölskyldumál megi ekki fara út í einhver hörð efnahagsmál „a la" karla heldur eigi að vera mjúk. Ég mótmæli þessu algjörlega. Það er ekki hægt að slíta fjölskyldumálin frá efnahagsmálum. Hvernig í ósköpunum á að gera það? Fjölskyldan er ekkert einangrað fyrirbrigði sem hangir í lausu lofti. Að sjálfsögðu eru efnahagsmál afar tengd fjölskyldumálum. Hver ætlar að mótmæla því?

Það er mjög ánægjulegt að heyra það að stjórnarandstaðan ætlar að tryggja að þetta mál, sem hæstv. ráðherra Páll Pétursson hefur lagt fram, fari í gegn.

Eins og allir muna, og það hefur verið rifjað upp afar oft fyrir okkur framsóknarmönnum, þá stefndum við að 12.000 störfum á þessu kjörtímabili. Það stefnir núna í það að þau verði 13.500 sem er afar jákvætt. Meira að segja er það þannig víða um landið að það er varla hægt að fá fólk til starfa því, vantar fólk til starfa, því miður.

En ég vil óska þess, og ég veit að hv. þm. ætlar að koma upp í áframhaldandi andsvar, að það verði þá útskýrt hvernig er hægt að slíta efnahagsmál úr tengslum við fjölskyldumál. Hvers lags málflutningur er það? Að sjálfsögu er mikilvægt að hafa stöðugt efnahagsástand hérna og lága vexti fyrir fjölskyldurnar. Það er grundvallaratriði varðandi afkomu fjölskyldnanna.

[16:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki að mér að hægt sé að slíta efnahagsmál úr tengslum við fjölskylduna og það er umræða sem er ekki hægt að eyða tíma í hér og það var alls ekki það sem ég gagnrýndi við þingmanninn. Ég sagði að einn yngsti þingmaðurinn kæmi hér upp í umræðunni um fjölskyldumál, sem er sérstök tillaga um að stjórnvöld setji sér opinbera fjölskyldustefnu, og hún er útfærð og hún er um sérstaka þætti sem við erum yfirleitt ekki að ræða í þessum þingsal, að þá skyldi þessi þingmaður falla í þá gryfju að fara í hefðbundna efnahagsmálaumræðu. Það var það sem ég var að segja, ekki að umræðan tengdist ekki fjölskyldumálum. Ég vil hafa það skýrt þannig að menn ræði hlutina á réttum nótum. Það hvarflar ekki að mér annað en að þessi mál, eins og öll önnur sem snerta aðbúnað og stöðu fjölskyldnanna í landinu, tengist öll. En það vantar að litið sé á mál samræmt frá sjónarhóli fjölskyldunnar, að það sé skoðað hvernig stjórnvaldsaðgerðir, mismunandi á hverjum tíma, mismunandi úr ráðuneytum, kannski gjörbreyta umhverfi fjölskyldu sem hefur gert sínar áætlanir og hefur treyst á sína stöðu. Það hefur ekki verið gerð tilraun til þess og það er eitt af því sem felst í tillögunni. Það sem ég var að hvetja til var að við reyndum að halda okkur svolítið við það sem snýr að tillögunni, en falla ekki í hefðbundna efnahagsumræðu sem fer fram hér næstum því hvern einasta þingdag árið um kring.

[16:03]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var það harmað að umræðan færi út í hefðbundið karp um efnahagsmál. En það er nú bara þannig að mér þykja efnahagsmálin vera afar mikilvægt fjölskyldumál og hef þess vegna leyft mér að fjalla um þau.

Það er mikilvægt fyrir mér að ríkisstjórnin stuðli að því að kaupmáttur aukist þannig að við lifum við meiri kaupmátt í stöðugu efnahagsumhverfi og þannig verði hægt að fækka vinnustundum. Þetta er eitt aðalbölið í íslensku þjóðfélagi, það er hve vinnustundirnar eru gífurlega margar og kaupið lágt. En með því að fækka vinnustundum með auknum kaupmætti, þá er hægt fyrir fjölskylduna að eyða meiri stundum saman, það er eitt mikilvægasta fjölskyldumálið. Þess vegna hef ég kosið að ræða hér almennt um efnahagsmál í tengslum við þessa þáltill. En ef ætlast er til þess að menn komi hér upp og tali ávallt á mjúku nótunum, þá er þetta ekki rétti vettvangurinn fyrir mig, að ræða um fjölskyldumál undir þeim formerkjum.

[16:04]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt og eðlilegt að ræða um efnahagsmálin um leið og rætt er um stöðu fjölskyldunnar. Það tengist að sjálfsögðu, það gera sér allir grein fyrir því. En það er merkilegt að það skuli þá ekki vera gert í þeim tilvikum þar sem við höfum tekið hér fyrir mál sem snerta fjölskylduna, þegar verið er að ræða um hreina aðför að öldruðum, að öryrkjum, að barnafjölskyldum landsins eins og var í fjárlögum þessa árs og í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Og það er einkennilegt þegar verið er að ræða um úrlausnir og mótun opinberrar fjölskyldustefnu — en það mál sem síðasta ríkisstjórn og þeir ráðherrar sem þá sátu í félmrn. komu á laggirnar, þeir létu vinna þetta plagg og það var heldur betra en þetta er — að hv. þm. skuli lýsa sérstakri ánægju sinni með það að stjórnarandstaðan skuli ætla að samþykkja þetta mál. Hvar í ósköpunum hefur hv. þm. verið? Ég veit ekki betur en þetta hafi verið sérstakt baráttumál allra þeirra flokka sem nú eru í stjórnarandstöðu og við erum sjálfum okkur samkvæmir í pólitík, að sjálfsögðu.

Að láta reikna það út fyrir sig að skattar hækkuðu upp í 50% um aldamótin. Hugsanlega. Undir hvaða formerkjum og eftir hverju var farið þegar þeir reiknimeistarar sem reiknuðu það út fyrir ríkisstjórnina að hugsanlega þyrfti að hækka skatta upp í 50% um aldamót ef hún gerði ekki neitt. Það hefur orðið 10 milljarða tekjuaukning á tveimur árum, er reiknar með, í tíð þessarar ríkisstjórnar og það hefur ekki gerst með gífurlegum skattahækkunum.

Ég er dálítið hissa á þessum málflutningi. Og síðast en ekki síst er hér önnur könnun, af því að það er verið að draga þær upp um þessa sérstöku hamingju Íslendinga, hérna er önnur könnun sem segir okkur það að 10% íslenskra barna eru með þunglyndiseinkenni og 20% íslenskra barna á fermingaraldri hafa hugsað um sjálfsvíg. Hvers vegna skyldi það vera? Ætli það séu ekki einhver tengsl þar á milli að það er bágt efnahagsástand á fjölmörgum heimilum hér?

[16:07]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ágætt að fleiri hér í salnum eru sammála mér um að það sé brýnt að ræða efnahagsmál undir þessum lið. Ég ræddi hér um að það væri ánægjulegt að stjórnarandstaðan ætlaði að styðja þetta mál. En það kom fram með miklum þunga hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að stjórnarandstaðan mundi gera það og það er afar ánægjulegt.

Varðandi það að þessi þáltill. sé sérstakt baráttumál flokka hérna inni, þá er ekkert annað en gott um það að segja, afar gott. En hér var komið inn á það sem ég ræddi um í sambandi við hve skattar hefðu hækkað mikið um aldamótin ef núv. ríkisstjórn hefði ekki ákveðið að fara þá leið sem hún hefur valið, að ná niður halla fjárlaga til þess að geta haldið niðri vöxtum og lágri verðbólgu. Þessi tala, það að þurfa að hækka tekjuskatt úr 42%, sem tekjuskatturinn er í dag og fólki þykir nú nóg um, að hækka hann upp í 50%, þetta er að sjálfsögðu tala sem er reiknuð út. Það er ákveðin þensla í ríkisfjármálunum vegna eftirlaunaaldursins, þ.e. ellilífeyrisþegum er að fjölga. Þessi tala hefur komið fram í bæklingi sem ríkisstjórnin gaf út og var sendur inn á hvert einasta heimili, líka inn á heimili þingmanna þannig að þar geta þingmenn kynnt sér með hvaða hætti þetta er reiknað út og á hverra ábyrgð það er gert. Þar kemur þessi tala fram. Það sýnir sig að ef við förum ekki þá leið sem við höfum kosið núna þá verðum við því miður að hækka skatta upp í 50% um aldamótin og ég trúi því ekki að nokkur flokkur hér inni vilji gera það. Það viljum við framsóknarmenn alla vega ekki gera og þess vegna tökum við þátt í þessu ríkisstjórnarsamstarfi. Ég sem ungur þingmaður, af því að hér er búið að draga það ítrekað inn, ég sem ungur þingmaður vil ekki að komandi kynslóðir þurfi að borga hærri skatta en þær sem núna lifa.

[16:09]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi hv. ungi þingmaður ætti að koma með einhverjar tillögur og úrræði um aðhald í ríkisrekstri því að það eru fleiri sem gefa út bæklinga og staðreyndir heldur en ríkisstjórnin. Seðlabankinn hefur líka gert það þar sem hann bendir á að það hafi í raun og veru ekkert verið gert til þess að draga úr ríkisrekstri. Það er reiknað með 10 milljarða tekjuaukningu sem er látin borga þennan halla og þó að það sé einn milljarður þar í afgang, þá er það nú ekkert kraftaverk. En sá árangur og sá samdráttur sem hefur þó orðið í ríkisrekstri, á hvers kostnað hefur hann verið og hvernig er forgangsraðað? Það hefur verið fyrst og fremst á kostnað þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu og þeirra fjölskyldna sem búa við fátækt. Það er algjör óþarfi að endurtaka þau orð sem hafa komið frá þingmönnum eins og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem fór yfir það í tölum hversu margir það eru sem hér búa við kjör sem teljast vera langt undir fátæktarmörkum. Og það eru tekjur þessa fólks sem hafa verið verulega skertar í tíð þessarar ríkisstjórnar og áform eru um að gera betur. Þarna hefur hv. þm. verk að vinna.

[16:10]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er lýst eftir einhverjum sérstökum tillögum mínum í aðhaldi í ríkisrekstri. Að sjálfsögðu er fjárlagafrv. okkar stefna. Okkar stefna kemur fram í fjárlagafrv. Þar eru okkar tillögur um aðhald í ríkisrekstri. Það er nýbúið að dreifa svokölluðum bandormi á borð þingmanna. Það er bara um að gera að lesa það frv. Þar kemur fram okkar stefna. (Gripið fram í.)

Varðandi það að hér var talað um að gerð sé einhver sérstök aðför að hinum og þessum hópum. Mig langar í þessu stutta andsvari að koma aðeins inn á heilbrigðismálin, þann viðkvæma málaflokk, en við höfum oft rætt um það fram og til baka hversu erfitt ástand er í þeim málaflokki. Á þessu ári fór til heilbrigðis- og tryggingamála 51 milljarður. Á næsta ári fara 52 milljarðar í þann málaflokk, það hækkar um milljarð. Hins vegar vantar inn í fjárlagafrv. miðað við núverandi ástand, það er alveg rétt, og það er vegna þess að það er meiri og dýrari tækni, lyf hækka um 10% á milli ára, sem er afar mikið, og ellilífeyrisþegum fjölgar. Þetta eru bara staðreyndir sem við verðum að sætta okkur við. Við erum að hækka framlög úr 51 milljarði upp í 52 milljarða í heilbrigðis- og tryggingamálum sem taka 40% af ríkisfjármálunum þannig að þið sjáið við hvaða vanda er að etja. Og ef við gætum ekki aðhalds þá verður þetta kerfi bara stjórnlaust, algjörlega stjórnlaust. Og maður spyr sjálfan sig: Vill einhver ríkisstjórn taka við slíku stjórnlausu kerfi eftir næstu kosningar?

[16:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er athyglisverð og þörf umræða sem hér fer fram. Það er mál til komið að við karlpeningurinn eins

og það var orðað fyrr í dag blöndum okkur í hana. Það hefur að vísu vænkast vor hagur því að þegar þau ummæli voru látin falla við upphaf umræðunnar að þingmenn og þá einkum karlmenn sýndu þessu máli áhugaleysi, þá mun ég hafa verið einn karlkyns í salnum fyrir utan hæstv. félmrh., sem þrátt fyrir grínþætti sjónvarpsins er nú óumdeilanlega enn þá karlmaður, og hæstv. forseta. Að öðru leyti voru konur hér til staðar til þess að ræða þetta mál. Það má segja svipað og sagt var í gær þegar jafnréttismál bar á góma að það sé þó ekkert einkamál þeirra og enn síður þegar fjölskyldumál eiga í hlut því að enn er það svo að karlpeningurinn er upp undir helmingur mannkynsins og verður sjálfsagt a.m.k. fyrst um sinn nema þá framfarir í líftæknilegum efnum geri þennan hluta mannkynsins óþarfan eins og sumir óttast. En það er önnur saga.

Ég held að það sé alveg tilefni, herra forseti, til að ræða þessi mál lítillega við Framsfl. eins og hér hefur verið gert upp á síðkastið og þá m.a. í ljósi kosningaloforða þess flokks. Það hefði nú verið betur að t.d. hv. síðasti ræðumaður hefði haldið þessar ábyrgðarþrungnu ræður um vanda ríkissjóðs og öll þau ósköp í kosningabaráttunni á Reykjanesi en ekki geymt það fram yfir kosningar, í staðinn fyrir að ætla að lofa öllum öllu eins og þá var gert, „Fólk í fyrirrúmi“ og ekki síst unga fólkið og fjölskyldurnar sem átti aldeilis að gera hamingjusamt og rétta þeirra hlut. Nú er þetta allt orðið svona óskaplega erfitt og mikið vesen og baks með ríkissjóð og að verður að hafa það í huga í öllum tilvikum að sagt er. Svona eru hlutirnir fljótir að breytast. Og gaman verður að heyra hvenær Framsókn skiptir um og snýr plötunni aftur við, hvort það verður hálfu ári eða ári fyrir næstu kosningar sem fólkið færist aftur fram í skipinu og kemst í fyrirrúmið.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að fögur orð og veruleiki fara ekki alltaf saman og það á við um þetta plagg. Það má vissulega velta því fyrir sér, til hvers er það að vera að samþykkja einhvern pappír af þessu tagi ef gjörðirnar vísa svo meira eða minna í öfuga átt? Ég leyfi mér að fullyrða að þjóðfélagið hafi á sl. þremur til sex árum því miður verið að þróast á fullri ferð í fjölskyldufjandsamlega átt. Það hefur gerst í gegnum vaxandi launamun í landinu, það hefur gerst í gegnum vaxandi fátækt, það hefur gerst í gegnum óhagstæðar breytingar í skattkerfinu, það hefur gerst í gegnum tekjutengingu margs konar bótaliða, það hefur gerst í gegnum hertar endurgreiðslukröfur námslána o.s.frv. Þeir sem tala hér, bæði af hálfu núv. ríkisstjórnar og síðustu ríkisstjórnar ættu því að þora að horfast í augu við eigin verk og eigin gerðir, t.d. vinir mínir í Alþfl. Ætli það sé ekki þannig að það sé ýmislegt í erfðagóssi eins og er í tísku að kalla það í þeim flokki síðustu ríkisstjórnar sem passi ekki mjög vel við hin fögru fyrirheit hér, svo sem sjúklingaskattarnir, skólagjöldin, hertar endurgreiðslur námslána og fleira af því tagi. Staðreyndin er auðvitað sú að það eru verkin sem sýna merkin í þessum efnum en ekki einhver fögur orð á blaði. Það er óhjákvæmilegt að horfast í augu við það, því miður, að illa er búið að fjölskyldunum á Íslandi í dag, sérstaklega ungum barnafjölskyldum með meðaltekjur eða lægri. Það er til skammar í þessu ríka þjóðfélagi hversu illa er búið að þeirri kynslóð sem nú er að taka á herðar sínar hitann og þungann af uppeldi barna og ábyrgð í þjóðfélaginu. Það er til skammar. Eitt versta samfélagsmeinið á Íslandi í dag er aðstöðumunur kynslóðanna sem er mjög erfiður og menn sjá ekki bara á milli foreldra og barna heldur jafnvel innan systkinahópa þar sem kannski 5–10 ár skilja á milli. Það er kynslóðin sem kemur til sögunnar, fer út í lífið eftir að verðtrygging er komin á alla skapaða hluti, eftir að raunvextir eru orðnir háir, eftir að búið er að herða til mikilla muna endurgreiðslur lána t.d. bæði í húsnæðislánakerfinu og námslánakerfinu og þar fram eftir götunum.

Er þessi tillaga einhver vegvísir í þessum efnum? Ég leyfi mér því miður að gefast um það. Góðra gjalda vert sem það getur verið að menn reyni að móta sér einhverja opinbera fjölskyldustefnu ef farið er þá eftir henni. Þetta mega ekki verða innstæðulaus orð eins og loforð Framsóknar fyrir kosningar. Þá er það gagnslaust að vera að samþykkja svona pappír. Ég vildi alveg eins sjá það að við værum að ræða 6–8 konkret atriði sem vörðuðu fjölskyldurnar í landinu beint og hrinda þeim í framkvæmd en hentum þessu plaggi í staðinn. Ef við væru að tala um það að draga t.d. úr endurgreiðslukröfum námslánanna, ef við værum hér að tala um það að setja þak á jaðarskatta þannig að það væri aldrei farið hærra en í t.d. 55% í þeim efnum, værum að tala um slíka hluti, eins og að aðstoða þær fjölskyldur sem mestan kostnað bera vegna skólagöngu barna og er eitt af því óréttlæti í landinu sem hrópar í himininn hvernig búið er t.d. að fjölskyldum í þeim byggðarlögum þar sem ekki eru framhaldsskólar og mörg hundruð þúsund króna kostnaður leggst á fjölskyldurnar á hverjum vetri út af hverjum ungling sem þarf að fara að heiman frá sér í framhaldsskóla. Þá værum við að ræða um eitthvað sem virkilega skiptir máli og varðar hagi fjölskyldnanna í landinu beint en við gerum það ekki því að hér eru menn að reyna að skreyta sig með fallegum orðum í tillögu sem ríkisstjórnin ber fram og að vísu er búið að finna út því að það er búið að beygja — ég segi nú ekki með leyfi þínu, herra forseti, svínbeygja hæstv. félmrh. til þess að taka út úr þessari tillögu hluti sem menn bundu þó einmitt vonir við eins og sjóð um fjölskylduvernd. Þá væru menn að ræða hluti sem skiptu meira máli.

Herra forseti. Ég tel að orðalag tillögunnar sé gallað. Ég tel t.d. að ekki eigi að orða þetta eins og gert er í 1. mgr. í upphafi tillögunnar að Alþingi eigi að álykta að ríkisstjórnin móti fjölskyldustefnu. Þetta á að vera þannig að Alþingi ályktar að *móta beri eða móta skuli fjölskyldustefnu* og Alþingi getur síðan eftir atvikum falið ríkisstjórninni að annast einstaka þætti þeirrar framkvæmdar. Það er niðurlægjandi fyrir Alþingi að láta slíkt orðalag standa. Hér er verið að taka ákvörðunina, móta stefnuna í grófum dráttum en ríkisstjórninni má síðan eftir atvikum fela að útfæra þá hluti og annast framkvæmd einstakra þátta. Sama á t.d. við um þau meginmarkmið eða þær meginforsendur sem taldar eru upp í I. kafla ályktunarinnar. Þar tel ég að vanti a.m.k. einn þátt sem á í mínum huga tvímælalaust að vera ein af útgangsforsendunum í þessum efnum og það er að menn setji þarna inn gildi samvista foreldra við börn sín almennt sem mikilvæga grundvallarforsendu þess að vel sé búið að fjölskyldum í einu landi. Ekki er minnst á það þarna að vinnuþrældómurinn á Íslandi og aðrar aðstæður valda því að samvistir foreldra við börn eru langminnst á öllum Vesturlöndum og því þarf að breyta því menn munu aldrei ná árangri í þessum efnum nema það sé virt og viðurkennt að það þarf að búa þannig að öllum fjölskyldunum í öllu tilliti að menn geti verið verið í eðlilegum samvistum við börn sín.

Margt fleira, herra forseti, mætti nefna ef tíminn leyfði en hins vegar er mjög athyglisvert að dragbítur inn mikli í þessu máli sem er og hefur verið er fjarstaddur hér í umræðunni. Ég vek athygli á því, herra forseti, að lokum að það er enginn

einasti þingmaður Sjálfstfl. í salnum.

[16:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég má til með að bregðast aðeins við orðum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar vegna þeirra orða sem hann lét falla um fyrri ríkisstjórn, þátt Alþfl. í henni o.s.frv. Gæti það verið, hv. þm., að einmitt í erfiðum aðgerðum á miklum samdráttartímum hafi Alþfl. gert sér grein fyrir mikilvægi þess að stjórnvaldsaðgerðir séu skoðaðar samræmt frá hverju ráðuneyti til þess m.a. að gera sér grein fyrir hvaða ákvörðun beri að taka fyrir fjölskylduhópa, fyrir fjölskyldusamsetningu, fyrir einstaka hópa eða stærri hópa? Þekkir þingmaðurinn þá reynslu stjórnarliða þegar gerðar eru breytingar á t.d. skattkerfinu eða aðrar breytingar í tengslum við fjárlög byggt á útreikningum frá ráðuneytum og þingmenn stjórnarliðs fallast á t.d. slíkar tillögur í ljósi útreikninga en þegar upp er staðið og þegar til framkvæmda kemur kemur í ljós að staðan er allt önnur. Ég gæti nefnt t.d. tvö slík dæmi, annað sem ég og þingmaðurinn erum sjálfsagt þolendur bæði í og nefni þar ekknaskattinn fræga sem engan grunaði að hefði þau áhrif sem reyndist miðað við útreikninga. Og ég gæti nefnt vaxtabætur frá síðasta kjörtímabili sem reyndust hitta hópa fyrir sem alls ekki var miðað við í útreikningum. Þetta eru líka hlutir sem er mjög mikilvægt að við horfumst í augu við hvort heldur við höfum átt hlut að máli, verið í ríkisstjórn eða ekki. Ég hef hugsað mér að horfast alltaf í augu við þær ákvarðanir sem ég hef tekið þátt í og hef aldrei vikið mér undan þeim þó að þær hafi kannski reynst verri en ég átti von á.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessa hluti verður að ræða út frá efni máls í hverju einu tilviki og tilvikunum samanlagt. Ef menn ætla að meta aðgerðir og frammistöðu einstakra ríkisstjórna verður að skoða hvað þær hafa gert og við getum alveg farið yfir það. Ég nefndi nokkur dæmi um breytingar og aðgerðir á síðasta kjörtímabili sem síðasta ríkisstjórn stóð fyrir, að vísu áður en hv. ræðumaður tók þar sæti sem ráðherra ef ég man rétt, að mestu leyti sem ég tel vera afar óhagstæðar fjölskyldunum í landinu og ég stend við það.

Ég tel t.d. að almenn komugjöld og sjúklingaskattar í viðskiptum fólks við heilbrigðiskerfið séu óæskilegir vegna þess að þeir innleiða þá hættu að efnahagur fólks fari að valda aðstöðumun hvað það snertir að njóta þessarar þjónustu. Ég segi sama um skólagjöld. Undirstöðuþættir menntunar í landinu eiga að mínu mati eins og heilsugæslan að standa öllum til boða á jafnréttisgrundvelli án efnalegs aðstöðumunar. Það á að vera þannig.

Ég nefni sérstaklega breytingar á námslánakerfinu. Ég veit að vísu að það var umdeilt og erfitt mál fyrir Alþfl. en það þýðir ekki fyrir Alþfl. annað en horfast í augu við það að hann ber fulla pólitíska ábyrgð á því að hafa sett vexti á námslán og hafa tekið upp eftirágreiðslu námslána og hafa þyngt endurgreiðslukröfurnar sem allt til samans er að valda því að staða þeirra námsmanna sem koma úr námi á næstu árum og fara að borga af námslánum er mjög erfið þegar allt upp í 7%, ekki af ráðstöfunartekjum heldur brúttótekjum, fara í endurgreiðslu námslána í tekjutengda afborgun. Hvað þýðir það? Það þýðir það að kannski 11–12% af nettóráðstöfunartekjum þessa fólks fer í þann þátt einan að endurgreiða námslánin. Svo kemur allt hitt, húsnæðið og börnin og allt það sem þetta fólk þarf að reyna að sjá fyrir. Þetta eru dæmi um pólitík, um þætti sem menn verða að þora að ræða hreinskilnislega, ekki til þess að leita af sökudólgum heldur til þess að átta sig á því hvernig þessi mál liggja og hvernig þetta kemur við fjölskyldurnar. Það er að mínu mati fjölskyldustefna sem mark er takandi á að ræða um hlutina efnislega og ég vildi að við hefðum til þess nokkra daga að fara t.d. yfir það hvernig búið er að ungum barnafjölskyldum í landinu.

[16:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um þetta erum við þingmaðurinn sammála, nákvæmlega um það. Af því að það var nefnt hérna hvernig Alþfl. stóð að lánasjóðnum, þá vil ég líka minna á það hversu mikið það frv. breyttist frá því að það kom inn í þingið og þar til það var afgreitt þannig að í ýmsu var tekið á þar þó að e.t.v. væri niðurstaðan ekki sú sem hver einasti hefði viljað sjá og t.d. breyttust vaxtatölur mjög í því frv. bara svo að því sé haldið til haga.

En þegar við erum að búa til ýmsar aðgerðir og tillögur, stjórnvaldstillögur, erum við að gera það stundum í ákveðnu umhverfi og á skömmum tíma og takandi tillit til þess að tillögurnar hafi þessi áhrif inni í fjölskyldu af ákveðinni stærð og ákveðnu tekjumarki o.s.frv. Síðan er þessu breytt, síðan breytast tekjur hjá fjölskyldunni, síðan breytist atvinnustigið og staða fjölskyldunnar verður allt allt önnur án þess að það sé brugðist við og breytt þeim fyrri stjórnvaldsaðgerðum sem gerðar voru við allt aðrar aðstæður. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að mjög mikilvægt er að stjórnvöld setji sér fjölskyldustefnu, hafi tæki til að gera úttekt á stöðu fjölskyldunnar og hvernig hinar ýmsu stjórnvaldsaðgerðir bitna á henni.

Ég tek líka alveg undir það að þetta er eingöngu þáttill. sem greinir frá því í 16 liðum, ef ég man rétt, til hvaða atriða þessi stjórnarstefna skuli taka. Þess vegna brýndi ég ráðherrann með það í upphafi umræðunnar að eitt er það að við munum fljótlega samþykkja þessa tillögu en í framhaldinu ber ríkisstjórn að útfæra þá stefnu sem Alþingi felur henni og það er það sem verður mjög mikilvægt meðan þessi ríkisstjórn er við stjórnvölinn, meðan ríkisstjórn sem ég á aðild að verður við stjórnvölinn og þingmannsins sömuleiðis.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að og ég og hv. þm. verðum sem fyrst saman í ríkisstjórn og getum farið að snúa ofan af þeim vitleysum sem er nú verið að gera á ýmsum sviðum og veitir ekki af og verður það ærinn starfi, sérstaklega ef þeir fá að sitja lengi í viðbót, þessir herrar sem nú gera það.

Herra forseti. Þó að ég hafi út af fyrir sig farið varnaðarorðum um að menn tækju of mikið mark á tillögu af þessu tagi þó í þeim fælust fögur orð nema gerðir manna samtímis endurspegluðu einhvern vilja til þess að leysa úr vandamálum fjölskyldunnar geri ég ekki þar með sagt lítið úr því að það sé einhver samræmd stefna við lýði og það sé unnið eftir einhverjum leikreglum þegar málefni fjölskyldunnar eiga í hlut. Ég er t.d. alveg sammála því að það er mjög mikilvægt þegar verið er að hreyfa við einstökum þáttum, við skulum segja í skattkerfinu, að jafnan sé hugað að því hver er útkoma þeirrar breytingar fyrir fjölskyldurnar og þá ekki bara eitthvert eitt allsherjarmeðaltal fyrir allt landið og miðin, heldur sé til að mynda skoðað hvernig kemur þetta við barnafólk með meðaltekjur og þar fyrir neðan. Ég hef átt

sæti í efh.- og viðskn. í allmörg ár og ég hef oft og iðulega beitt mér fyrir því þar þegar verið er að koma inn með einhverja sakleysislega pakka um að krukka lítið eitt í þetta og skerða hitt svona og svona að menn létu sér ekki nægja einhverjar bráttótölur um að þetta sparaði 100 millj. eða þetta sé ekki nema 0,3% skerðing á meðaltalinu, heldur svari menn þeim spurningum t.d. hvernig kemur þetta við fjögurra eða fimm manna fjölskyldu með 100 þús. kr. heimilistekjur, hvernig kemur þetta nákvæmlega við hana? Þá kemur oft ýmislegt annað út úr dæminu en menn eru að fela í þessum meðaltölum.

Ég bendi t.d. á að ef inn í tillöguna væri sett ákvæði sambærilegt við það sem gildir um stjfrv. að jafnan skuli meta kostnaðaráhrif þeirra þá væri sett inn ákvæði í opinbera fjölskyldustefnu um að jafnan skuli meta áhrifin af einstökum stjórnvaldsaðgerðum, breytingum í skattamálum o.s.frv. á hagi fjölskyldnanna, og þá nokkurra dæma en ekki bara meðaltalsins. Ég er svo sannarlega tilbúinn til þess að við í meðförum þingsins skoðum það að betrumbæta þetta plagg þannig að það hafi virkilegt gildi.

[16:30]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð í þessa umræðu. Ég get ekki látið hjá líða, af því að það voru svo skýr áköll eftir karlmönnum í salinn, að benda á að nú hefur karlmönnum fjölgað svo í salnum að þeir eru tvöfalt fleiri en konurnar sem eru hér og lýstu svo eindregið eftir karlþingmönnum í salinn. (Gripið fram í.) Ég hygg, hæstv. forseti, að það hafi nú verið þannig að menn hafa verið við þau störf sem þeir þurfa að sinna hver í sínu horni og fylgst með umræðunni. Ástandið er ekki verra en það.

Ég vil taka undir að það getur verið ástæða til þess að lagfæra þessa þáltill. að einhverju marki. Ég treysti fullkomlega félmn. til að taka á því máli. Ég veit að nefndin gerir það í samráði og sátt við hæstv. félmrh. (**SJS:** Hann ræður engu um þetta.)

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með að þáltill. skuli liggja fyrir um málefni fjölskyldunnar. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að koma þessu máli nú fram. En ég er ekki sáttur við að í umræðunni komi hvað eftir annað fram eins og hér í dag, að þetta mál sé aðeins mál kvenna eins og var rætt um og karla saknað. Þetta mál er bæði mál karla og kvenna. Að mínu mati vantar töluvert í umræðuna um fjölskylduna ef sjónarmið karla koma hvergi fram. En þau gera það í þessari þáltill. Þar eru sjónarmið fjölskyldunnar og hún samanstendur af konum, körlum og börnum.

Hlutverkaskipan hefur verið hefðbundin um langt skeið en þó eru breytingar á síðustu fjórum til sex áratugum gífurlegar. Flestir sem hér eru inni muna eftir því þegar var verið að fara með skömmtunarseðla til þess að fá úthlutað margaríni og því um líku. Flestir muna eftir því þegar heimilisfaðirinn var til sjós og móðirin heima og gætti barna og bús og börnin fóru á bryggjuna til að sækja fisk í soðið þegar ástandið var þannig að það var aðeins hægt að taka út á krít í verslunum. Það er ekki lengra síðan en 1955–1956 og sem betur fer hafa orðið gífurlegar breytingar og þær góðar. En það er þó ekki svo að það sé ekki hægt að gera betur.

Það var ekki mjög stór hluti kvenna sem vann utan heimilisins á sjötta áratugnum ef menn muna svo langt aftur. En þróunin hefur verið sú að konur hafa tekið þátt í umbreytingum á þjóðfélaginu og einnig að þær hafa orðið að vinna utan heimilisins og samfélagsbreytingarnar, eins og ég sagði áðan, eru gífurlegar, mjög miklar. Hlutverk eru samt enn þá nokkuð hrein. Það er ekki mikið um að konur séu í bílaviðgerðum. Það er ekki mikið um að konur séu í dekkjaskiptingum o.s.frv. Og ekki er heldur mikið um að karlar vinni við útsaum en það þykir þó ekki til skammar í dag. Það þótti í eina tíð.

Nú þykir enginn heimilisfaðir maður með mönnum nema hann geti eldað mat og það helst veislumat, sérfræðingur í að grilla og því um líkt. Fyrir aðeins tíu árum síðan þótti það ekkert sérstakt að heimilisfaðirinn sæist með svuntu. Svona eru breytingarnar orðnar. Karlar baka. Karlar bóna. Karlar skúra og ala upp börn. Þeir búa einir með börnum sínum og farnast vel sem betur fer. Ég þekki þetta í mörgum tilvikum.

Ég vil taka undir innihald þáltill. þessarar sem er að setja fjölskylduna í hærri sess, skilgreina réttindi og skyldur sambúðarfólks, vinna gegn fordómum, efla forvarnir og veita vernd gegn ofbeldi. Allt er þetta hluti almennra mannréttinda. En ég minni á að í íslensku þjóðfélagi hefur lengi tíðkast að vinna langan vinnudag. Sú hefð markast af einhæfu atvinnulífi um aldir, þar sem unnið var í skorpum bæði til sjávar og sveita. Þessi vinnumáti hefur vitaskuld breyst síðustu áratugi eftir því sem íslenskt hagkerfi hefur færst nær því sem gerist í nágrannalöndum og ýmiss konar þjónustustörf skipta sífellt meira máli. Nýjar vinnutímareglur af Evrópska efnahagssvæðinu leyfa ekki lengur svo langan vinnutíma.

Lág taxtalaun hér á landi eru efnahagslegt vandamál. Þau leiða til þess að ýmsir sem eru á þessum launum eiga vart fyrir mat, hvað þá að þeir geti nýtt sér þá eðlilegu þjónustu sem nútímaþjóðfélag veitir. Jafnframt verður þetta til þess að ýmsar starfsstéttir fá viðbætur við laun sem ekki er samið um í kjarasamningum. Þetta skapar óöryggi, vitaskuld verulegt óöryggi fyrir launafólk í landinu og hefur ásamt öðru stuðlað að því að launajafnrétti er ekki eins og skyldi. Það að lægstu taxtar skulu vera svipaðir og lágmarksframfærsla er ósvinna. Hér bera vitaskuld margir ábyrgð. Og af því að kjör í Danmörku voru nefnd, þá er tímakaup í dönskum iðnaði um 97% hærra en í íslenskum iðnaði. Tekjur hjóna árið 1993 voru um 39% hærri í Danmörku en á Íslandi. Danskur byggingarverkamaður hefur 28% hærri ráðstöfunartekjur en sá íslenski. Þessar tölur sem komu fram í skýrslu forsrh. um laun og lífskjör á Íslandi, í Danmörku og víðar segja mikið af sögunni.

Þessi síðasti hluti ræðu minnar lýsir í hnotskurn kuldalegu umhverfi fjölskyldunnar á Íslandi. Það verður að búa fjölskyldunni betri kjör og enn þá er langt í land. En þessi þáltill. er mikilvægt skref á leiðinni til þess að búa fjölskyldunni betri kjör.

Ég vil aðeins koma betur inn á launamál því að þau varða fjölskylduna auðvitað hvað mestu. Ég er hér með launaseðil. Ég er með launaseðil fyrir vikuvinnu þar sem launin eru samtals 8.283 kr. Þegar búið var að taka húsnæðiskostnaðinn og annað af viðkomandi aðila sem fór frá Húsavík og á annan stað til að vinna, stóðu eftir vikuna 9 kr. Heilar 9 krónur voru lagðar inn á reikning. Þetta er það sem við eigum við að búa í dag og þetta eru vandamál sem þarf að laga.

[16:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað og fagna því sérstaklega að þáltill. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu er lögð fram og lýsi yfir stuðningi við efni hennar þó að

auðvitað vanti þætti sem ég hefði viljað sjá í þessu plaggi og áður voru þar. En tillagan er að stofni til unnin í ráðherratíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og síðar Rannveigar Guðmundsdóttur. Í þeirri tillögu sem var fullunnin þegar hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir yfirgaf félmrn. voru atriði sem ég hefði gjarnan viljað sjá og þá kannski fyrst og fremst að tryggt væri með ákveðnum hætti hvernig standa ætti að að rannsóknum á stöðu fjölskyldunnar. Í III. kafla þessarar tillögu um aðgerðir í þágu fjölskyldunnar er aðeins talað um það í e-lið að stuðla skuli að rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. En ekki er neitt í tillögunni sem segir hvernig tryggt skuli að það verði gert.

Það er ansi margt sem hægt er að samþykkja hér á Alþingi strax og ætti í raun og veru að falla mjög vel að vilja hæstv. félmrh. miðað við þessa tillögu. Nú þegar hafa verið lögð fram á þingi mál sem falla inn í þessa liði. Þau eru að vísu langflest og að stærstum hluta flutt af stjórnarandstöðunni. En ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að þau verði samþykkt og nái fram að ganga vegna þess að þau falla alveg að þeirri stefnu sem hér er sett fram. Því hefur verið lýst yfir af fulltrúum allra þeirra flokka sem hér hafa talað að ekkert sé því til fyrirstöðu að þessi tillaga hljóti mjög skjóta afgreiðslu á Alþingi.

Ég er að tala um mál eins og frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir flytur og annað reyndar mjög svipað og nánast samhljóða sem ég flyt. Það er frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem tryggir aðgang barna og barnafjölskyldna að þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa sem mér sýnist að falli mjög vel að þeim markmiðum sem sett eru í II. kafla þessarar þáltill. Ég bendi á að það hefur ítrekað komið fram að mjög margar fjölskyldur og börn innan mjög margra fjölskyldna þurfa á aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa að halda vegna vandamála sem upp koma innan fjölskyldu og utan. En okkur hefur ítrekað verið bent á að þessi þjónusta, þar sem hún er ekki sjálfsagður hluti af heilbrigðisþjónustunni, er svo dýr að þrátt fyrir kannanir um hamingju og afkomu Íslendinga, eru mjög margar fjölskyldur sem ekki hafa efni á því að veita börnum sínum þessa þjónustu.

Við höfum einnig lagt fram frv. til laga um rétt til launa í veikindaforföllum, um Lánasjóð ísl. námsmanna, um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu og um styttingu vinnutíma án lækkunar launa. Allt þetta eru mál sem þingflokkur Alþb. og óháðra hefur flutt og mér sýnist geta verið fullkomlega í anda þeirrar tillögu sem hér er til umræðu. Til að ná þeim markmiðum sem þar eru sett á tiltölulega skömmum tíma, er búið að undirbyggja og vinna mjög mörg mál sem hægt væri að afgreiða til að ná fram nú þegar eða strax á næsta ári þeim markmiðum sem sett eru í tillögunni.

En það hafa einnig verið fluttar tillögur af öðrum í stjórnarandstöðunni og ég nefni t.d. þáltill. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara þar sem 1. flm. er hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og þáltill. um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynja sem hv. þingmenn Kvennalistans flytja. Það er því úr nógu að moða af þeim málum sem nú þegar hafa verið lögð fram og munu auðvelda hæstv. ráðherra mjög að ná þeim markmiðum sem eru sett fram í þessari þáltill. um fjölskyldustefnu.

Í nokkrum liðum er talað um að sköpuð skuli skilyrði til að fara í ákveðnar framkvæmdir, eins og t.d. í 3. liðnum þar sem stendur: „Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs." Það er að sjálfsögðu jákvæð aðgerð og það hafa einnig verið fluttar tillögur um það hér. En í framhaldinu er aðeins ein setning sem segir: „Ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs." Ég vildi gjarnan heyra hjá hæstv. ráðherra hvaða skilyrði það eru nákvæmlega sem ráðherrann telur að þurfi til að tryggja aukinn rétt feðra til fæðingarorlofs. Einnig er það 4. liðurinn sem er tillaga um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Í framhaldi af því er aðeins sagt: „Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til ..." Ég vildi gjarnan fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hverjar þær aðgerðir eru sem ríkisstjórnin telur að þurfi að fara í til að þessi skilyrði verði til staðar og hvort ríkisstjórnin muni grípa til þeirra aðgerða er skapa þessi skilyrði og á hvað löngum tíma það verði gert.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir framsögu hans. Mér fannst hún vera án öfga og taka á málunum eins og þau eru, stöðunni eins og hún er í dag. Hæstv. ráðherra talaði um að staða fjölskyldunnar hefði breyst mjög mikið vegna þess að þjóðfélagið sjálft hefði tekið mjög örum breytingum á undanförnum árum og að það þyrfti að grípa til aðgerða og tryggja atvinnu. Hann talaði um mikilvægi þess að hver einstaklingur hefði rétt til atvinnu og helst að hún væri tryggð.

Mér fannst kveða við dálítið annan tón hjá hæstv. ráðherra en þeim hv. þm. sem var í nefndinni sem endurskoðaði þessa þáltill. fyrir hæstv. ráðherra, þ.e. hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem telur nauðsynlegt að hér verði sett fjölskyldustefna en telur að það sé staðreynd að lífskjör fjölskyldna í landinu séu mjög góð. Þetta er auðvitað bara þvaður. Það er hægt að tala um einhver meðaltöl þar sem tekjur einstakra fjölskyldna eru mjög háar. Við vitum hins vegar að mikill fjöldi býr við afar lágar tekjur eins og hér er búið að rekja. Að meðaltali er hins vegar hægt að segja að launin séu tiltölulega góð. Og það að vitna í kannanir um hamingju fólks. Ég held að þær kannanir séu afar hæpnar svo ekki sé meira sagt.

[16:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á að fjalla um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 156 sem síðasti ræðumaður drap á og taka undir þær spurningar sem hún setti fram.

Fyrir þingmenn sem hér sitja og þekkja kannski ekki þessa tillögu, þá er hún á þessa lund:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981."

Þessi tillaga um starfsfólk með fjölskylduábyrgð er þess eðlis að Ísland getur staðfest hana í dag þar sem Ísland hefur uppfyllt öll þau markmið sem tillagan setur fram nema eitt, nema eitt lítið markmið. Og þetta er 8. gr. samþykktarinnar, en það er fyrst og fremst skuldbindingin sem felst í þeirri grein sem komið hefur í veg fyrir fullgildingu. Hún kveður, virðulegi forseti, á um að aðildarríki samþykktarinnar tryggi að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar. Takið eftir, hv. þingmenn. Hún kveður á um að aðildarríki samþykktarinnar tryggi að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar. Og þetta er svo einfalt og sjálfsagt mál að það er ótrúlegt að þetta litla ákvæði hafi verið þess valdandi að Ísland getur ekki fullgilt þessa

samþykkt eins og hin Norðurlöndin hafa gert, þrátt fyrir að öll önnur atriði í samþykktinni séu uppfyllt af okkar hálfu. En hér á Íslandi þarf atvinnurekandi ekki að gefa upp ástæðu uppsagnar.

Atvinnurekandi á Íslandi getur kallað starfsmann til og sagt: „Þér er hér með sagt upp störfum.“ Og starfsmaðurinn sem trúir að hann hafi sinnt störfum sínum vel, hvort heldur það hafi verið í eitt ár, 10 ár eða 20 ár, spyr: „Og hvers vegna?“ Og það er nóg fyrir atvinnurekandann að segja: „Af því bara.“ Þetta er hið íslenska umhverfi launamanns. Þetta er það umhverfi sem hefur skapað ótta og angist margra á vinnumarkaði þegar harðnar á dalnum. Fólk veit að ef það sýnir ekki ákveðna þjónkun og undirgefni í vinnu sinni og gerir það sem ætlast er til, hvort sem það er of langur vinnudagur eða eitthvað annað. Kannski er gengið fram hjá einhverjum atriðum sem sjálfsögð eru í umhverfi starfsmannsins, en hann þorir ekki að bregðast við vegna þessa. Og fyrir fólk með fjölskylduábyrgð skiptir mjög miklu máli að fjölskylduábyrgðin sem slík, umönnunin, sé ekki ástæða uppsagnar. Þetta höfum við hvatt ráðherra til og reyndar flutt inn í þing sem þingmannatillögu. Það er ekki nóg, virðulegi forseti, að ráðherrann segi að ríkisstjórnin ætli að skapa skilyrði. Annaðhvort fullgildir maður samþykktina eða ekki vegna þess að um árabil hefur verið reynt að koma því á, á samráðsvettvangi aðila vinnumarkaðarins, að þessi samþykkt verði tekin inn í kjarasamninga því það eru tvær leiðir: Að taka hana inn í kjarasamninga eða setja hana í lög. Og það er alveg ljóst að vinnuveitendur vilja ekki taka hana inn í kjarasamninga. Þess vegna er annaðhvort að fullgilda hana og setja þetta í lög eða horfast í augu við að á Íslandi á það áfram að vera þannig að fólk með fjölskylduábyrgð getur lent úti á köldum klaka.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna mikilvægan þátt í athugasemdum eða umsögnum sem komu um tillöguna þegar hún var send út og er svo mikilvægt að hafa núna þegar við förum að vinna með stjórnartillöguna. Það er að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var staðfestur af ríkisstjórn í október 1992. Þegar Ísland fór á fund nefndar Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd sáttmálans hér á landi, gagnrýndi nefndin Ísland, einkum í ljósi velmegunar á Íslandi, fyrir það að engin heildstæð barnastefna eða fjölskyldustefna væri til í landinu og auk tillagna um úrbætur komu fram margar athugasemdir frá nefndinni sem ég ætla ekki að tilgreina hér. Í lokaathugasemdunum mælist barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna til þess að tryggðar verði fjárveitingar að því marki sem framast er unnt í ljósi 4. gr. barnaréttarsamningsins þar sem segir, með leyfi forseta:

„Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu, svo og á öðrum vettvangi, til að réttindi þau, sem viðurkennd eru í samningi þessum, komi til framkvæmda. Hvað efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir skulu aðildarríki gera slíkar ráðstafanir að því marki sem þau framast hafa bolmagn til, og með alþjóðlegri samvinnu þar sem þörf krefur.“

Og auðvitað var það vegna þess að okkar flokkur gerði sér grein fyrir þörfinni á því að setja samræmda fjölskyldustefnu, sem að þessu máli var unnið á sínum tíma í félmrn.

Það hefur komið fram að heildarsýn í málefnum fjölskyldunnar skortir og ekki hefur verið reynt að greina velferðarkerfið að marki með tilliti til þeirra verkefna sem fjölskyldunni er ætlað að takast á við á hverjum tíma og hvernig hið opinbera kemur til móts við þarfirnar. Miðað við Norðurlöndin er t.d. miklu meiri stofnanaþjónusta fyrir aldraða og minni heimaþjónusta þó að stofnanir séu dýrari kostur og þrátt fyrir að aldraðir vilji búa heima sem lengst. Hér kom fram í umræðunni: Hvað er fjölskyldan? Er hún pabbi, mamma, börn og bíll eða er hún eitthvað annað? Er það einn pabbi með eitt barn og ein mamma með tvö börn? Hvar koma tvær aldraðar systur sem búa saman inn í slíka stefnu? Að sjálfsögðu erum við að tala um allan þennan hóp vegna þess að jafnvel þegar pabbinn og mamman búa ekki saman eða að öldruð móðir eða aldraður faðir býr við þær aðstæður að þjónustu skortir, skapast erfiðleikar í fjölskyldunni sem stendur að þeim aldraða. Ef fatlað barn er í fjölskyldunni og þjónustu skortir, skapast erfiðleikar í þeirri fjölskyldu og jafnvel getur það verið eitthvað sem kemur til kasta afa og ömmu. En t.d. í málefnum fatlaðra hafa verið sett lög — m.a. í tíð Alþfl., svo dregið sé fram eitthvað af því góða sem gert var á stjórnartíma Alþfl. á erfiðu samdráttartímunum — um málefni fatlaðra þar sem er lögð höfuðáhersla á stoðþjónustu í stað stofnanaþjónustu. Það er m.a. þjónusta sem á virkilega að taka upp í málefnum aldraðra.

Við erum ung þjóð. Hér eru hlutfallslega fleiri börn en víða annars staðar. Við verjum hlutfallslega minnstu til félags- og heilbrigðismála og börn eru mikið ein síns liðs hjá okkur. Slysatíðni barna er há og aðstæður heimilanna hafa breyst í kjölfar breytts samfélags. Konur bera sem fyrr meiri ábyrgð á málum fjölskyldunnar eins og hefur komið fram, bæði í jafnréttisumræðunni og víðar. Allt eru þetta mál sem við verðum að taka á, breyta og lagfæra. Og það er mjög gott að hér hafa komið fram ýmsar ábendingar sem félmn. á að sjálfsögðu að taka og skoða og ekkert er því til fyrirstöðu að komið verði með margar tillögur til viðbótar við þessa stjórnartillögu.

[16:56]

Útbýting þingskjala:

Skatttekjur af viðskiptum með aflaheimildir, 122. mál, fsp. GÁS, þskj. 133.

Smásala áfengis, 128. mál, fsp. VK, þskj. 139.

Staðlar fyrir gistirými í fjallaskálum, 124. mál, fsp. HG, þskj. 135.

Tekjur ríkissjóðs af slökkvi- og björgunarbúnaði, 126. mál, fsp. HjÁ, þskj. 137.

Veðurspár, 123. mál, fsp. HG, þskj. 134.

Þátttaka ríkisins í náttúrustofum í kjördæmum, 125. mál, fsp. HG, þskj. 136.

[16:56]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. félmrh. fyrir að leggja þessa tillögu fram. Heiti hennar er í tveimur pörtum. Seinni hluti þess er miklu mikilvægari en fyrri hlutinn því að í fyrri hlutanum er aðeins talað um að móta opinbera fjölskyldustefnu. Það segir nú kannski ekki mikið en seinni hlutinn segir: „og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar.“ Í því orðalagi er stefnumörkun á þann veg að stefnt sé að því að vernda kjör fjölskyldunnar og styrkja hennar stöðu.

Mikið hefur verið rætt um það að undanförnu að lífskjör Dana og Íslendinga séu á þann veg að Danir hafi það mun betra en við þessa stundina. Ég rengi ekki þessar niðurstöður. Ég tel þær réttar. En ég vil minna á það í þessum sal að við vorum alllengi meðhöndlaðir sem dönsk nýlenda. Og þó að það hafi verið á pappírunum sett upp sem við værum hluti af Danaveldi þá vorum við meðhöndlaðir sem dönsk nýlenda. Mér vitanlega er aðeins eitt dæmi til um það í öllum

heiminum að fyrrverandi nýlenda hafi betri kjör en þjóðin sem hafði hana sem sína nýlendu. Í öllum tilfellum öðrum held ég að staðan sé sú að nýlenduveldið gamla hafi betri lífskjör en fyrrv. nýlenda.

Bandaríkin hafa betri lífskjör en Bretar. Það er eina dæmið sem ég veit um að nýlenda sé komin það hátt að hún sé búin að koma sér betur fyrir en herraþjóðin. Ef menn hafa önnur dæmi, væri fróðlegt að heyra þau í umræðunni. En því segi ég þetta að menn mættu gjarnan minnast þess að það skakkaði heilli öld hvað barnadauðinn á Íslandi varði lengur en barnadauðinn í Danaveldi fyrir utan Ísland. Það segir kannski sína sögu um það sem við tókum við á sínum tíma um seinustu aldamót og ekki síður hitt að gerður var 50 ára samningur af hálfu Dana um það að landhelgin við Ísland skyldi aðeins vera þrjár sjómílur. Menn geta svo metið hvort sú aðgerð hafi verið hugsuð til að auðvelda Íslendingum lífsbaráttuna eftir að þeir fengu heimastjórn.

Þetta segi ég ekki til að deila á þá þingmenn sem hafa getið um þetta atriði, að lífskjör Dana séu betri en Íslendinga, en ég segi þetta til þess að undirstrika að það væri mikil sjálfsblekking ef menn héldu að innlend stjórn í landinu hafi orðið til þess að breikka það bil sem var á milli þessara tveggja þjóða. Það hefur verið að dragast saman frá því að þeir réðu hér einir öllu.

Ég vil aftur á móti vekja athygli á því að hér hefur verið rætt um skattamál og að við vildum ekki að skattar færu yfir 50%, það hefur heyrst í þessum sal. Ef við tölum um jaðarskatta og raunverulega skatta þá eru skattarnir komnir upp í 80–90%. Það er hinn kaldi veruleiki á hæstu jaðarsköttum sem hægt er finna, í okkar skattkerfi. Og það er ein stærsta ástæðan fyrir niðurbroti fjölskyldnanna vegna þess að þó að við höfum kannski ekki staðið mikið að ráðgjöf þá hafa þó sveitarfélögin verið með ráðgjöf þar sem fólk hefur mætt í viðtöl og sagt: Hvað eigum við að gera í þeirri stöðu sem við erum? Og þá hefur verið hægt að reikna það út af nokkurri nákvæmni af slíkum starfsmanni við hvaða aðstæður skynsamlegast er að ráðleggja skilnað. Hjónaband er vissulega tilfinningasamband en það er líka efnahagslegt samband um ákveðnar forsendur, um sameiginlegan fjárhag að vissu leyti, og þegar hægt er að fara á skrifstofu hjá sveitarfélögunum og láta reikna út, í flestum tilfellum karlinn, að hann sé bara óarðbær ef þetta er reiknað út miðað við tekjur og framlög, það sé halli á því að halda þessu áfram, þá er það náttúrlega dálítil kaldhæðni örlaganna að það skuli vera svo í okkar samfélagi að við tölum annars vegar um það að vilja varðveita fjölskylduna og hins vegar að standa þannig að skattuppbyggingunni að með því að leggja á jaðarskattana séum við í sumum tilfellum komin upp í 80–90%.

Ég held þess vegna að það sé rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrími J. Sigfússyni, að það verður náttúrlega að ræða þessi mál í rólegheitunum út frá þessu sjónarmiði. Og þegar ég segi þetta þá er ég ekki að tala um það að ég telji að þeir sem þurfa einir að sjá um sín börn séu ofsettir af því sem þeir hafa. Ef niðurstaðan yrði sú að við sameinuðumst um það að rýra þeirra kjör til réttlætis fyrir fjölskylduna þá held ég nú að við værum ekki að vinna þarft verk með tillögunni og það má enginn skilja orð mín á þann veg að ég leggi það til. Hins vegar er það dálítið mikil kaldhæðni að við virðumst svo sjaldan telja börnin með. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að vera persónuafsláttur hjá hverjum einstaklingi sem hefur náð vissum aldri. Þá á að vera persónuafsláttur í tekjuskattinum á þeirri forsendu að hann þurfi eitthvað að hafa fyrir sig til þess að geta lifað. Þetta eru gild rök. Og ef það eru hjón þá er persónuafsláttur fyrir karlinn og persónuafsláttur fyrir konuna. Svo kemur að barninu, það er enginn persónuafsláttur fyrir það, ekki nokkur. Þannig að ef hjónin ætla að vinna sér inn meiri peninga þá er það gert út á að það sé enginn persónuafsláttur til staðar. Þetta er umhugsunarefni vegna þess að það er ekki síður skylda heimilisins að framfæra börnin heldur en að framfæra makana.

Ég er sannfærður um að sú tillaga sem hér liggur fyrir hlýtur að verða skoðuð mjög vel út frá þessu sjónarmiði. Og eins og sagt er hér efst á bls. 2:

„Að grundvallaröryggi fjölskyldunnar efnahagslega sé tryggt ásamt rétti hennar til öryggis í húsnæðismálum."

Ég held að menn verði að skoða þennan þátt alveg sérstaklega í tengslum við skattana og jaðarskattana því það væru góð tíðindi ef það væri staðreynd að skattarnir væru ekki nema 50% miðað við það sem þeir eru. En þeir eru bara miklu meiri með því að leggja jaðarskattana við og menn verða að snúast gegn þessu.

[17:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þessa tillögu. Ég er mjög feginn að stjórnarandstaðan skuli vilja greiða fyrir því að hún fái afgreiðslu en tek það jafnframt fram að við höfum meiri hluta í þinginu og það er út af fyrir sig ekki stjórnarandstöðunnar að ákvarða það ein hvort mál nái fram að ganga. En ég er mjög ánægður með að stjórnarandstaðan tekur jákvætt undir þessa tillögu og ég vonast eftir því að hún fái hér greiða afgreiðslu.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vitnaði til upphafsorða í þáltill. sem hann taldi vera móðgun við Alþingi, þar sem segir: „Alþingi ályktar að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu ..." o.s.frv. Þessi orð munu vera arfur frá fyrri tillögum sem samdar hafa verið. En ég ber hina fyllstu ábyrgð á þessu orðalagi og ég lít ekki svo á að það sé nein móðgun við Alþingi. Það sem ég er að biðja um er að Alþingi heimili mér eða ríkisstjórninni að vinna eftir þeim markmiðum sem hér eru sett fram.

Ég tel að þessi tillaga sé nákvæmari, hún sé markvissari en sú tillaga sem fyrirrennari minn bar fram og þau markmið sem hér eru sett fram eigi öll að nást. Það er mikill misskilningur ef menn halda það að samstarfsflokkurinn, Sjálfstfl., hafi rekið mig til að breyta þessari tillögu. Ég breytti henni á einn veg fyrir orð sjálfstæðismanna, eða eftir að hún hafði verið til meðferðar í þingflokki sjálfstæðismanna, og það var ekki um fjölskyldusjóði heldur var það um að ég hafði áhuga á að setja upp sameiginlegt fjölskyldu- og jafnréttisráð og ætlaði með því að efla þessa stofnun en þingflokkur sjálfstæðismanna felldi sig betur við að stofnað væri sérstakt fjölskylduráð. Og ég tek það þá ekkert nærri mér. En þarna kom ég til móts við Sjálfstfl. eða meiningarmunur var milli mín og Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Þú hefur þá verið sjálfur á móti sjóðnum?) Ég vitna til að í síðasta stjórnumerkta liðnum í tillögunni er einmitt fjallað um fjölskyldurannsóknir.

Menn hafa spurt hér: Mun tillagan breyta nokkru? Verður nokkuð unnið eftir þessu? Ég vil meina að við séum þegar byrjuð að vinna að þessum markmiðum og ég get nefnt í stikkorðastíl nokkur atriði: Það er verið að vinna að endurbótum í húsnæðismálum, í atvinnumálum, um atvinnuleysistryggingar, um vinnumiðlanir.

Skuldir heimilanna vaxa, það er sorgleg staðreynd. Þær urðu reyndar ekki til í minni tíð í félmrn. en þær hafa vaxið í minni tíð, það skal viðurkennt. En stofninn að þeim var til fyrir mína tíð. T.d. þeir sem fengu húsbréf sem greiðsluerfiðleikalán, þeir eru undantekningarlítið eða undantekningarlaust komnir í vandræði. (**Gripið fram í:** Allir?) Mikið til. Þeir tóku 4 milljarða. Einn af þeim fór í afföll, þeim nýttust þrír og nú sitja þeir uppi miklu verr settir heldur en áður en þeir fengu þessa fyrirgreiðslu sem vafalaust var gerð af góðum hug. Það var farið að frysta húsnæðislán 1993. Það var fryst til þriggja ára. Á mitt borð kom í morgun beiðni. Nú eru þeir sem fengu þessa frystingu ekki búnir að rétta sig af og þurfa lengri frystingu. Ég vek athygli á því að af þeim sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar, af 317 fyrstu, var fjórðungurinn sem bjó í félagslegum eignaríbúðum, sem eru þó ekki nema 10% af íbúðarhúsnæði á landinu. Það gefur manni til kynna að það þurfi að endurbæta það kerfi.

Það hefur verið opnuð Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna. Höfuðstóll meðlaga er orðinn umsemjanlegur. Skattaskuldir aðrar en vörsluskattar eru orðnar umsemjanlegar. Og réttaraðstoð er veitt einstaklingum til að leita nauðasamninga. Það er bæði verið að vinna að því í viðskrn. og félmrn. að reyna að komast út úr þessu ábyrgðafargani þriðja aðila eða ábyrgðarmannafargani. Ég mun ásamt viðskrh. leita til lánastofnana með beiðni um að setja niður starfshóp til þess að kanna hvort ekki sé tiltækilegt að koma upp upplýsingamiðstöð um skuldir. Í þessari upplýsingamiðstöð hugsa ég mér að skuldarar geti farið og fengið vottorð um hverjar þeirra skuldir séu, farið með það eins og veðbókarvottorð í bankana eða lánastofnanir og fengið lán út á lánasögu sína ef þeir geta sannað að þeir eigi fyrir skuldum. Ef bankinn hins vegar telur ekki svo vera og þeir neyðast til að leita til ábyrgðarmanna að þá verði ábyrgðarmönnunum gert ljóst hvernig þeir séu settir og bankinn kynnir sér hvernig ábyrgðarmennirnir séu settir. Ég held við verðum að vinna okkur út úr þessu með einhverjum svona hætti fremur en að setja lög sem banna fortakslaust ábyrgðir. Ef við gerðum það þá værum við raunverulega að loka bankakerfinu fyrir töluverðum hópi manna sem ekki á fyrir skuldum en verður einhvern veginn að draga fram lífið. Og það kann að vera að ég vildi heldur skrifa upp á fyrir mína nánustu, ef þeir væru illa settir, heldur en að sjá þá fara í gjaldþrot. Ef ábyrgðarmannakerfið yrði afnumið alfarið þá gæti farið svo að torvelt yrði um námslán. Nefnd á vegum viðskrn. er að skoða þetta mál einnig.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að setja þak á innheimtukostnað lögfræðinga og ég tel líka að þurfi að breyta greiðslumatinu sem lagt er til grundvallar við lánveitingar. Ég held að það sé rangt hugsað eins og það er unnið núna. Ég held að þurfi fyrst að finna út hvað viðkomandi fjölskylda þarf til nauðþurfta, til þess að draga fram lífið og það sem út af stendur af tekjunum þegar hún er búin að fá fyrir nauðþurftum geti farið í húsnæðiskaup eða aðra eyðslu.

Hugmyndin um foreldraorlof er til meðferðar í félmrn. Við erum ekki skyldug til að taka hana upp en það er verið að kanna það. Foreldraorlofið gengi þannig að foreldrar ættu rétt á allt að þriggja mánaða leyfi frá störfum, misstu sem sagt ekki störf sín þó þeir tækju sér frí í þrjá mánuði, á fyrstu átta árum barnsins. Þetta er nokkuð flókið mál. Það er ekkert sem segir að það þurfi að greiða þetta. Þetta getur verið launalaust leyfi en það er líka hugsanlegt að taka þetta inn í tryggingar. En þetta er til meðferðar í ráðuneytinu. Heilbrrh. hefur boðað frv., ef ég veit rétt, um fæðingarorlof fyrir feður. Ég man ekki betur en að ítrekað hafi hún látið það frá sér fara að það væri í undirbúningi í heilbrrn.

Ég hef í undirbúningi og hef reyndar látið það frá mér fara fyrr, og látið í ljós áhuga á því að fullgilda samþykkt ILO um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Ef aðilar vinnumarkaðarins koma sér ekki saman um það mjög fljótlega þá held ég að sé einboðið að ganga bara í það að fullgilda þessa samþykkt.

Ég tel að það þurfi að setja miklu skýrari lög um réttindi og skyldur sambúðarfólks. Það er eitt af því sem vantar í þjóðfélaginu. Sambúðarfólk getur staðið uppi réttlaust einn góðan veðurdag við missi sambýlings. Líka er nauðsynlegt að skyldur fylgi. Þetta er orðið viðurkennt fjölskylduform, mikið tíðkað og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að setja lög um þetta.

Varðandi málefni nýbúa þá höfum við reynt að styrkja nýbúafræðslu frá félmrh. Ég vonast eftir því að geta á morgun svarað fyrirspurn um flóttamenn sem líka er skylt þessu efni. Við tókum á móti nær þremur tugum flóttamanna í sumar og móttaka þeirra hefur tekist með miklum ágætum. Það er Ísfirðingum til mikils sóma hvernig þeir hafa staðið að því máli öllu og það er virkilega gleðilegt hvernig það mál hefur útleiðst. Félmrn. stendur því ásamt Sókn og Reykjavíkurborg fyrir námskeiðum fyrir heimilishjálp sem líka er fjölskyldumál og í takt við það gera öldruðum kleift að dvelja heima hjá sér sem allra lengst. Það er mikil eftirspurn eftir heimilishjálp, það vantar stórlega fólk í heimilishjálp. Einhverra hluta vegna hefur verið torvelt að fá það hér í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Ætli það séu ekki launin?) Það eru 400 kr. á tímann og það er ekki verra heldur en ýmislegt annað sem fólk verður að sæta. Þetta er í samstarfi við Sókn og Reykjavíkurborg og verður vonandi framhald á því.

Það er verið að reyna að sinna málefnum fatlaðra. Þrátt fyrir aðhaldsamt fjárlagafrv. þá er hækkun til málefna fatlaðra um 190 millj. kr. frá síðustu fjárlögum. T.d. hækkar frekari liðveisla um 25%. Vímuefnavandinn var til umræðu síðast í morgun í ríkisstjórn. Þar var kynnt frv. um áfengis- og vímuvarnaráð. Það er samið af starfshópi sem settur var upp af dómsmrh., félmrh., heilbrrh. og menntmrh. Á næsta ári verður opnað nýtt meðferðarheimili fyrir unga vímuefnaneytendur væntanlega í Öxnadal. Bætur aldraðra og öryrkja hafa ekki verið skertar, ég vil leggja sérstaka áherslu á það, nema þeir hafi talsverðar tekjur. Þeim sem lægstar tekjur hafa er hlíft. Lægstu laun í landinu eru ekki nema 50.000 kr. Atvinnuleysisbæturnar eru rúmar 50.000 kr. Ég hygg að helmingurinn af sauðfjárbændum í mínu kjördæmi hafi í mánaðartekjur undir 75.000 kr. Tekjutrygging aldraðra og öryrkjar er ekki skert nema þeir séu með yfir 75.000 kr. í tekjur. Ég held að það sé eðlilegra að skerða tekjutryggingu fólks sem er með einhverjar töluverðar tekjur aðrar heldur en að halda fólki í þeirri klemmu sem það er í á allra lægstu tekjunum.

Menn hafa nefnt í umræðunni að Framsfl. hélt því fram fyrir síðustu kosningar að hann vildi hafa fólk í fyrirrúmi. Það vill Framsfl. enn. En við sögðumst aldrei að við ætluðum að gera allt fyrir alla. Það er mikill misskilningur. Og við sögðumst aldrei ætla að stefna að stórauknum ríkishalla. Það er mikill misskilningur.

Orð okkar úr kosningabaráttunni voru nefnilega ekki innstæðulaus eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vildi halda fram. Það er ákvarðað í stjórnarsáttmálanum að lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna verði endurskoðuð

á starfstíma ríkisstjórnarinnar og það verður að sjálfsögðu gert.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Ég þakka enn og aftur fyrir þessa umræðu.

[17:20]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fremur sléttri og ágætri ræðu hæstv. félmrh. fékk ég svona kipp fyrir hjartað þegar hann upplýsti það hér úr þessum stól að nær allir sem tekið hafa húsbréf væru komnir í vandræði. Þetta þóttu mér mikil tíðindi. (**Félmrh.:** Greiðsluerfiðleikalán.) Þetta þóttu mér vera tíðindi og munu þetta vera nokkuð margir tugir milljarða sem hafa verið veitt í húsbréf og nokkrir tugir þúsunda Íslendinga hafa tekið þessi lán. Nú inni ég hæstv. félmrh. eftir því við hvað hann átti og hvort húsbréfakerfið í gegnum tíðina frá því það var lögtekið leiki menn svo grátt sem hann lýsti. Ég óttaðist það frá upphafi að allt of há lán yrðu til þess að mjög stór hluti ungs fólks, sem færi færi í húsbréfakerfið lenti í vandræðum. Mér finnst að hæstv. ráðherra hafi staðfest það. Nú vil ég inna hæstv. ráðherra eftir þessu og spyrja hvort húsbréfakerfið eins og það stendur í dag sé sú gildra að þeir sem ganga inn í það kerfi og taka lán eigi það í vændum að lenda í miklum vandræðum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvað hann aðhafist í þessu mikla vandamáli sem hann lýsti hér í ágætri ræðu.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hefur hv. þm. eitthvað misskilið mig. Ég vil láta það koma fram að húsbréfakerfið hefur að ýmsu leyti reynst vel. Það er greið afgreiðsla í húsbréfakerfinu og að mörgu leyti hefur það reynst vel. Hins vegar var ég að tala um fólkið sem fékk greiðsluerfiðleikalán með húsbréfum. Það voru ekkert mörg þúsund manna sem betur fór því að þau lán voru ólán. Afföllin urðu 25%. Fólk skrifaði sig fyrir 4 milljörðum, fékk 3 milljarða í vasann og þessi skuldaaukning sem varð hjá þessu fólki kom því bara í koll því miður. Það er það fólk sem ég var að tala um. Nú hef ég ekki burði til að fullyrða að hver einasti maður hafi lent í vandræðum en það er ákaflega algengt með þá sem leita til mín út af fjárhagsvandræðum sínum í viðtalstímum í félmrn. að þeir hafi tekið þessi greiðsluerfiðleikabréf. Það er ákaflega algengt í Ráðgjafarstofunni líka að þeir sem þangað leita hafa einmitt tekið svona húsbréf. Það er eitt enn sem er ástæða til að nefna og vakti athygli mína í skýrslu Ráðgjafastofunnar en það er að sá árgangur sem er í mestum vanskilum er fólkið sem er fætt á milli 1940 og 1950. Það hefði átt að vera búið að stofna heimili þegar verðtryggingin dundi yfir.

[17:25]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað fagna ég því að vandræðin voru ekki eins stór og ég misskildi af fyrri ræðu hæstv. ráðherra. En hann minnist á atriði sem komu upp á síðasta kjörtímabili þegar afföll urðu 24–25%, 1 milljón af hverjum 4 komst aldrei í hendurnar á þeim sem voru að byggja yfir sig húsnæði. Ég þekki mörg dæmi um vandræði þessa fólks. Nú veit ég ekki hvort það hefur allt fengið greiðsluerfiðleikalán en þarna er í rauninni einn síðasti misgengishópur hvað þetta varðar frá árunum 1991–1992. Síðan hafa nú afföllin minnkað. Auðvitað eru það ekkert annað en okurlán sem þannig þróuðust á því tímabili. Það var hörmulegt að ekki var brugðist þá við.

Hæstv. ráðherra minnist hér á þá skuldsettu sem fæddir eru á árunum milli 1940 og 1950. Auðvitað er manni það umhugsunarefni. Ég hef velt því fyrir mér hvort það geti stafað af því sama sem hæstv. ráðherra minnist á stundum að þetta er fólk sem á uppkomin börn. Er þetta fólk sem hefur misst allt sitt vegna uppáskrifta fyrir börn sín? Kynni það að vera ástæðan fyrir því að þetta fólk, komið á miðjan aldur, er svo illa statt? Ég vil alla vega viðra þá skoðun mína hér við hæstv. ráðherra og biðja hann að kanna það nánar hvort ástæðurnar séu þær.

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru nokkur dæmi þess að í þessum hópi sé fólk sem hefur gengið í ábyrgðir og ábyrgðirnar hafa fallið á það. En það alls ekkert einhlítt. Þetta er líka fólk sem greinilega hefur verið að safna skuldum á talsvert löngu árabili og hefur farið í gegnum skuldbreytingar og tekið greiðsluerfiðleikalán.

[17:28]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Nokkur orð vegna þessara síðustu orðaskipta milli hæstv. félmrh. og hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það er mjög athyglisvert og það hefur ekki bara verið í dag heldur á umliðnum vikum að hv. þm. Guðni Ágústsson flýr alltaf úr sölum þegar verið er að ræða hvernig ríkisstjórnin hefur farið með heimilin í landinu. Hann þurfti ekkert að ræða um það í dag þegar hér var upplýst að á einu og hálfu ári hafa skuldir heimilanna í tíð Framsfl. aukist um 50 milljarða kr. Hann þurfti heldur ekkert að ræða um það þegar hér var upplýst í dag að á einu og hálfu ári hafa gjaldþrot heimilanna í landinu tvöfaldast. Hann þurfti heldur ekkert að ræða það þegar það var upplýst hér að 32.000 einstaklingar búa undir hungurmörkum. Hann þurfti heldur ekkert að ræða það þegar hér var rætt um að sívaxandi fjöldi fólks þarf að leita eftir framfærsluaðstoð. En þegar hann grípur eitthvað um húsbréfakerfi, greiðsluerfiðleika, þá telur hann sig geta farið í ræðustólinn.

Nú erum við margbúin að fara yfir það sem hér var verið að ræða um, greiðsluerfiðleikalánin frá 1990. Það er eins og það komist ekki inn fyrir þykkan skráp hv. þm. af hverju þetta var nú. (Gripið fram í.) Það var nú vegna þess að þingmenn Framsfl. komu í veg fyrir að það væri hægt að leggja af 86-kerfið fyrr heldur en við gátum gert þannig að við vorum með tvö kerfi í gangi sem jók þensluna á markaðnum. Þetta er viðurkennt í skýrslum frá Seðlabankanum, frá Húsnæðisstofnun og fleiri aðilum. Og það er viðurkennt líka í skýrslum sem hafa komið fram af hverju greiðsluerfiðleikar fólks eru. Það er fyrst og fremst vegna atvinnuleysis og lágra launa. Hér erum við einungis að tala um ákveðinn afmarkaðan hóp, sem betur fer er hann ekki stór, og einungis hluti af honum lenti í greiðsluerfiðleikum og það er verið að tala um að vanskil þeirra séu þriggja mánaða eða eldri.

Skýringin á því er líka sú að Húsnæðisstofnun situr oft eftir þegar fólk fer að greiða niður skuldir sínar. Húsnæðisstofnun hefur meiri biðlund gagnvart fólki, fer ekki eins fljótt með skuldir þeirra til lögfræðinga og t.d. bankarnir. Þess vegna er það oft að hún mætir afgangi þegar fólk er að greiða niður skuldirnar. Þetta er nú skýringin. Það væri auðvitað ástæða til þess að ræða frekar um húsnæðismál þó ekki sé tími til þess undir þessari umræðu t.d. það hvernig Framsfl. hefur svikið fólk, fólk í fyrirrúmi, um sitt stærsta kosningaloforð sem voru lög um greiðsluaðlögun. Ég er hér með pappíra

frá nefnd sem skilaði niðurstöðu 1995, samráðsnefnd um greiðsluvanda heimilanna, og umsögn Húsnæðisstofnunar um tillögur sem ég flyt og eru hér á dagskrá, um aðgerðir til að bæta skuldastöðu heimilanna. Þar kemur fram að það sé mjög brýnt að koma á slíkri greiðsluaðlögun. En framsóknarmenn létu sér nægja einhvern kattarþvott á síðasta þingi sem litlu eða engu mun skila á móti því sem greiðsluaðlögunin hefur gert. Við getum líka rifjað upp skuldbreytinguna sem ráðherrann kom með inn á síðasta þingi. Sem betur fer var bjargaði félmn. því fyrir horn að ekki yrði öllu klúðrað þar og að skuldbreytingar yrðu miklu minni heldur en þær voru þó fyrir á árunum 1993. Hefðu þær tillögur verið í gildi sem ráðherrann var með á síðasta þingi og þær hefðu komist til framkvæmda 1993 þá hefði ekki nema hluti af því fólki fengið aðstoð. Þannig að saga Framsfl. í húsnæðismálum er ekkert til að vera að státa sig af hér í ræðustóli eða að rifja upp. Við munum það hvernig Byggingasjóður ríkisins stefndi beint í gjaldþrot, ekki að mínu mati heldur að mati Ríkisendurskoðunar og kom skýrsla um það árið 1990 og nú kemur skýrsla um slæma greiðslustöðu Byggingarsjóðs verkamanna vegna þess að það er verið að skera niður framlagið til Byggingarsjóðs verkamanna. Og í tíð hverra? Í tíð þessarar ríkisstjórnar.

En ég vil eyða þessum síðustu mínútum sem ég hef til að ræða um fjölskyldustefnuna. Það hefur margt borið á góma og verið farið vítt og breitt yfir sviðið. Það er alveg ljóst og hefur komið fram hjá mörgum hér að það vantar alla heildaryfirsýn, alla samræmingu um áhrif einstakra aðgerða ríkisstjórna, ekki bara þessarar heldur annarra, hvaða áhrif það hefur á kjör heimilanna og einstakra fjölskyldna. Maður verður að vona það í lengstu lög þangað til annað kemur í ljós að þetta fjölskylduráð hafi þetta hlutverk á hendi og að ríkisstjórnin taki þá mark á því. Ég vil spyrja ráðherrann af því að hann svaraði því ekki: Hvað á þetta fjölskylduráð að sitja lengi, af því að eru engin tímamörk? Á þetta fjölskylduráð sem verður sett á laggirnar samkvæmt þessari tillögu að sitja til eilífðarnóns? Til hve langs tíma er hún? Hvernig harmónerar saman framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og framkvæmdaáætlanir sem á að setja af stað samkvæmt þessari tillögu um málefni fjölskyldunnar. Eins og ég sagði þá lúta mörg atriði í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna almennt að málefnum fjölskyldunnar. Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra um atriði sem fram kemur í þessari stefnumörkun þar sem sagt er að efnahagslegt grundvallaröryggi fjölskyldunnar sé tryggt. Hvernig hefur ráðherrann hugsað sér útfærslu í þessu efni? Við ræddum það í gær að kjarasamningar væru fram undan. Þar kom náttúrlega fram að fjmrh. er einn af stærstu atvinnurekendum í landinu. Þar vorum við að ræða um það misrétti sem er milli karla og kvenna og ekki síður hjá hinu opinbera heldur en öðrum. Þar er verið að tala um 11–16% kynbundinn launamun. Mun ríkisstjórnin, af því að ráðherrann svaraði því nú ekki í gær, beita sér eitthvað fyrir því að í næstu kjarasamningum verði tekið sérstaklega á þessum málum? Mun ríkisstjórnin hafa eitthvert frumkvæði að því er varðar það að stíga eitthvert skref til þess að jafna þennan launamun sem er milli kynjanna, og hvernig hefur ráðherrann hugsað sér að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldna eins og segir í þessari tillögu? Er þetta stafurinn einn? Það er það sem býður í grun miðað við reynsluna.

Varðandi yfirferð ráðherrans á hvað væri í vændum og hvað hann hefði nú gert. Það voru húsnæðismálin sem ég hef farið yfir. Það voru málefni fatlaðra. Hann talaði enn og aftur um aukningu upp á 190 millj. kr. Þroskahjálp hefur farið yfir það, Öryrkjabandalagið hefur farið yfir það hvernig er verið að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ráðherrann talar bara um aukningu. Hérna höfum við af því að fjmrh. virðist skilja hvað er á ferðinni — það var verið að dreifa hér í dag frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar er tekin saman tafla um sparnaðinn í útgjöldum sem áætluð eru samkvæmt frv. Það er talað um sparnað í útgjöldum samkvæmt frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hann er 1.600 millj., þar af 268 millj. í Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er verið að tala um að 268 millj. kr. niðurskurðurinn í málefnum fatlaðra sé sparnaður. Það var forsenda þess að taka þessa peninga að einhverju leyti inn í rekstur í þessum málaflokki að ríkisstjórnin léti það vera að taka í ríkissjóð hluta af erfðafjárskatti. Það er eins og ráðherrann skilji það ekki.

Það mætti auðvitað margt annað um þetta segja sem ráðherrann kom með í lokin og hann var raunverulega, virðulegur forseti, að endurvekja hér aðra umræðu um málefni fjölskyldunnar sem við þurfum að taka í annan tíma. Varðandi fíkniefnavandamálið, sem vissulega er ástæða til að taka á, jú, jú, það er hægt að ræða það og gera tillögur í ríkisstjórninni en á meðan það er ekki ein króna til viðbótar í fjárlögum næsta árs frá því sem er núna í átaki gegn fíkniefnum þá tek ég lítið mark á því.

[17:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ríkisstjórn tók við heimilunum í landinu á kafi í skuldum. Það ætti fyrrv. félmrh. að vita. Gjaldþrotið skapast ekki á rúmu ári. Þeir sem eru að verða gjaldþrota, og eru vissulega allt of margir, hafa ekki safnað skuldum á mínum starfstíma í félmrn. Meðaltekjur þeirra sem leituðu til ráðgjafarstofu voru 146 þús. og það eru ekki atvinnulausir eða öryrkjar sem hafa 146 þús. í meðaltekjur. Auðvitað væri einfaldast að strika út skuldir fólks og það væri auðvitað mest gaman að því en það er hins vegar ekki ábyrg stjórnsýsla.

Hv. þm. spurði um tímamörk á starfstíma fjölskylduráðs. Ég þakka henni fyrir að vekja athygli á þessu því ég hafði ekki tekið eftir þessu. Þetta er lapsus í frv. Ég vil biðja hv. félmn. að kíkja á það mál. Ég tel eðlilegt að fjölskylduráð sé skipað að nýju eftir hverjar kosningar. Mér finnst það vera eðlileg regla á svona nefndarskipun. Það er rétt líka að það er ófrágengið hvernig jafnréttisáætlun harmóneri við fjölskylduáætlun. Þetta hefði verið tiltölulega einfalt ef frv. hefði verið í upphaflegri mynd eins og ég ætlaði því en það er ekki búið að ganga frá því en verður að gera þegar áætlanirnar eru sendar að láta þær ekki stangast á.

Ef hv. þm. læsi fjárlagafrv. þá sæi hún að til málefna fatlaðra eru ætlaðar á árinu 1997 2.213 millj. samtals sem er 190 millj. kr. meira heldur en var á fjárlögum þessa árs.

[17:39]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að fjölskyldurnar hættu ekki að safna skuldum eftir að Páll Pétursson settist í félmrn. Skuldirnar hafa aukist um nærri 50 milljarða á þessum stutta tíma sem hann hefur verið félmrh. Þannig að 50 milljarðar af 350 milljarða skuldum heimilanna frá 1980 er nú dágott á einu og hálfu til tveimur árum.

Þessar reikningskúnstir hjá ráðherranum varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra eru alveg furðulegar. (**Félmrh.:** Til málefna fatlaðra.) Já, til málefna fatlaðra. Og það er erfitt að ræða þetta við hann. Hækkunin er mikið náttúrlega vegna verðuppfærslna og launahækkana. Hvað vill ráðherrann segja um það sem stendur í frv. fjmrh. um 268 millj. kr. niðurskurð í Framkvæmdasjóð fatlaðra? Ég bið hann bara um að skýra það.

Ráðherrann talaði ekki um það sem ég spurði hann að: Hvernig ætlar hann að tryggja efnahagslegt öryggi fjölskyldna? Hvernig hefur hann hugsað sér það og mun ríkisstjórnin hafa eitthvert frumkvæði í kjarasamningum varðandi það að leiðrétta launamismun kynjanna? Ég hefði gjarnan viljað fá það fram hjá ráðherranum.

Einnig er ljóst að það hefur verið ráðherrann sjálfur sem tók út það sem var í frv. áður, að það kæmi sjóður um fjölskylduvernd. Ég spyr ráðherrann ef það hafa ekki verið sjálfstæðismenn sem höfðu frumkvæði að því að óska eftir að þessi sjóður færi út, hvað gekk ráðherranum til að hafa slíkt ekki í þessari tillögu sem hefði þá átt að tryggja það frekar að það væri hægt að hrinda í framkvæmd þeim áformum sem eru þó í þessari tillögu. Þetta virðist allt vera mjög dularfullt. Ég held að það sé rétt að það vanti inn í að segja til hvað langs tíma þetta fjölskylduráð eigi að sitja. Ég vænti þess að nefndin taki tillit til þess og að þessar áætlanir verði þá skoðaðar saman. Spurning er hvort það eigi ekki að steypa þeim saman í eina áætlun.

[17:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega tiltölulega einfalt að bera fram útgjaldatillögur og heimta peninga í hitt og þetta. Hv. þm. hefur mikla reynslu af því bæði sem þingmaður og ráðherra. Það er kannski erfiðara að standa við stóru orðin þegar til kastanna kemur.

Hv. þm. spurði um hvort ég mundi blanda mér í kjarasamninga. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar hér eða nú um það. Ég vil sjá hverju fram vindur, hvernig kjarasamningar ganga og það er ekki á mínu borði að semja við ríkisstarfsmenn um launamál sem er raunar ekki nema hluti af þeim kjarasamningum sem þarf að gera.

Framkvæmdasjóður fatlaðra er náttúrlega ekki nema lítill hluti af því sem fer til málefna fatlaðra. Hann er settur upp með öðrum hætti núna heldur en hann hefur verið áður. Um það getur hæstv. fjmrh. í þessu þskj. sem hv. þm. var að vitna til. En peningarnir eru bara annars staðar í fjárlögunum. Hv. þm. byrjaði á því meðan hún var ráðherra að nota Framkvæmdasjóð fatlaðra að hluta til til rekstrar. Ég er út af fyrir sig ekkert að gagnrýna það því það þýðir ekkert að byggja ef ekki er hægt að reka. 40% voru notuð til rekstrar og nú eru hlutirnir nefndir réttum nöfnum. Það sem er í Framkvæmdasjóði fatlaðra fer til framkvæmda. Reksturinn er annars staðar í fjárlögunum.

Heimilin hættu ekki að safna skuldum þegar ég tók við en þau voru búin að safna stofninum að þeim áður en ég tók við.

Menn hafa verið að tala hér um hamingjuna. Mér finnst liggja svo illa á hv. 13. þm. Reykv. að ég er farinn að efast um að hún sé hamingjusöm.

[17:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að hafa áhyggjur af minni hamingju. Það sem hér er verið að tala um eru lífskjör stórs hluta fólksins í landinu. Ég vildi vona að ráðherrann hefði einhverjar áhyggjur af þeim 32 þús. einstaklingum sem lifa hér undir hungurmörkum. Það hefur ekkert komið fram í máli ráðherrans hér í dag, alls ekki neitt. Það mál þarf auðvitað að ræða miklu frekar en gert hefur verið.

Ég mun óska eftir því við félmn. að hún fari almennilega ofan í málefni fatlaðra. Ráðherrann veit það þegar var heimilað að hluta til að fjármagna að litlu leyti rekstur með fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra þá var það forsenda fyrir því og það var skilyrði milli mín og fjmrh. að tekjur af erfðafjárskatti yrðu ekki skertar. Þetta var forsenda fyrir því og það gekk eftir öll árin sem ég sat í ráðuneytinu að skilað var hverri einustu krónu af erfðafjárskatti til þessa málaflokks fatlaðra. (**Félmrh.:** .... ekki nema 300 millj. en eru 420 núna.) Það er alveg sama, hæstv. ráðherra. Ég bið ráðherrann að vera ekki svo órólegan þegar við komum að sannleikanum og kjarna málsins. Hér stendur að það er sparnaður í útgjöldum upp á 208 millj. sem er verið að taka úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það er ljóst að ráðherrann mun standa eftir með það minnismerki, ef ekki verður breyting á, að hann er að eyðileggja þennan sjóð fatlaðra sem hefur þó gert það að byggja upp þjónustu og framkvæmdir fyrir fatlaða á sl. tíu árum. Hann er að leggja grunn að því að eyðileggja þennan mikilvæga sjóð, Framkvæmdasjóð fatlaðra, líkt og hann er að gera varðandi Byggingarsjóð verkamanna. (**Félmrh.:** Þetta er bara rangt.)

[17:45]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþfl. hefur margt vel gert í félagsmálum. Það er söguleg staðreynd. Ráðherrar Framsfl., þeir sem hafa fengist við félagsmál, bæði Alexander Stefánsson og Páll Pétursson, hæstv., tel ég að hafi einnig unnið vel í þeim málaflokki. En besti árangurinn náðist trúlega þegar þessir tveir flokkar unnu saman á milli 1930 og 1940. Það er aftur á móti ekki á það hlustandi að halda því uppi sem rökum þegar deilt er á gamla kerfið í húsnæðismálum og verið að tala um fjölskyldustefnu að sjóðurinn hafi verið að fara á hausinn. Hvers gjaldþrot hefði það orðið? Ríkisins? Fjölskyldnanna? Og ef menn hafa tekinn þann pólinn í hæðina að betra væri að fjölskyldurnar færu á hausinn en að ríkið missti þennan sjóð í gjaldþrot, þá hafa menn tekið ranga stefnu. Það er nú einu sinni svo að þá hefði reynt á Alþingi Íslendinga hvort þeir hefðu viljað halda uppi Húsnæðisstofnun eða ekki. Hitt atriðið er að lána þeim sem eru í greiðsluerfiðleikum lán með 25% afföllum. Jafnvel gyðingarnir hefðu verið montnir af slíkum lánsmöguleikum á sínum tíma, mjög montnir. Og þeir hefðu ekki þurft neina Húsnæðisstofnun til að annast slík útlán hefðu þeir talið að þeir gætu náð þeim peningum til baka. Þess vegna segi ég: Það eru söguleg mistök að þetta skyldi hafa átt sér stað. Og afföllin eru hinn veiki hlekkur húsbréfanna sem gerir það að verkum að það er ákaflega erfitt, undir sumum kringumstæðum, að verja það sem hefur gerst í skuldasöfnun heimilanna á þann hátt að fólk hefur aldrei fengið þá peninga lánaða sem það hefur verið skráð fyrir. Og Seðlabankinn fylgdi því ekki eftir að vera sá viðskiptavaki sem talað var um í þessu sambandi, að vera sá viðskiptavaki sem kæmi í veg fyrir að þessi afföll færu ekki úr hófi fram.

[17:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í upphafi húsbréfakerfisins voru afföll og ég skýrði það hér áðan af hverju svo var. Núorðið tala menn lítið um afföll í húsbréfakerfinu. Og það er undarlegt, af því að það eru aðallega framsóknarmenn sem tala um að það séu miklir gallar á húsbréfakerfinu, af hverju þeir afnema það ekki núna þegar þeir eru komnir til valda.

Varðandi 86-kerfið þá var það Ríkisendurskoðun sem dæmdi kerfið gjaldþrota vegna þess að það kostaði svo mikið fyrir ríkissjóð. Og einnig þurfti fólk að bíða eftir þessum lánum. Þetta var varla fjölskylduvænt fyrir fólkið. Það þurfti að bíða kannski í tvö, þrjú og fjögur ár eftir að fá lánið þegar það sótti um. Það varð stundum að selja þessi lánsloforð sem það fékk með miklum afföllum. Lánshlutfallið var líka miklu lægra þá en það er nú í húsbréfakerfinu þannig að fólk þurfti að taka skammtímalán í bönkum, sífellt að endurnýja þau með ærnum kostnaði sem er ekkert annað en afföll. Ég held að þær raddir séu að þagna hér í þessum sal, nema hjá einstaka framsóknarmönnum, um að 86-kerfið hafi verið til góðs og þjónað sínum tilgangi. Ég heyri ekki nokkurn mann tala, ekki félmrh., ekki einu sinni framsóknarmenn núna þegar þeir hafa völd til þess, um að það væri rétt að leggja niður húsbréfakerfið og taka upp gamla 86-kerfið.

[17:49]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir komst raunverulega í sinni ræðu efnislega að kjarna málsins varðandi 86-kerfið. Það kostaði ríkið stórfé. Það er rétt. En hvert fóru þeir fjármunir? Hafi það kostað ríkið mikla peninga þá hefur einhver fengið mikla fjármuni. Og hverjir fengu þá peninga? Það voru þeir sem voru að byggja og eignast íbúðir. Þetta er svo einfalt og rökrétt. Þetta er rétt svar hjá hv. þm. Þetta kerfi kostaði mikla peninga vegna þess að það veitti mikla aðstoð. Það er hin sögulega staðreynd. Ríkisendurskoðun getur haldið því fram mín vegna að það hafi verið svo dýrt að höfðum ekki efni á því. En það er ekkert víst að Ríkisendurskoðun eigi að ákveða fjölskyldustefnuna í þessu landi. Ég hef ekki frétt að það sé hennar hlutverk. Þetta kerfi kostaði nefnilega peninga. Og það skilaði þeim peningum til fólksins sem naut lánanna. Það er rétt skilgreining hjá hv. þm.

[17:51]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara leggja eina spurningu fyrir hv. þm. Telur hv. þm. það gott kerfi fyrir unga fólkið í þessu landi sem er að koma sér upp húsnæði að þurfa að bíða í tvö, þrjú eða fjögur ár eftir því að fá húsnæðislán með ærnum tilkostnaði, t.d. kostnaði við það að leigja íbúðir, t.d. kostnaði við að taka bankalán til þess kannski að geta leigt íbúðir? Lánshlutfallið var þar miklu lægra. Það þurfti sífellt að vera að taka bankalán til að brúa bilið. Vill þingmaðurinn taka upp slíkt kerfi sem þrátt fyrir allt þetta mikla fjármagn — það fóru milljarðar á milljarða ofan sem ríkisframlag í þetta kerfi. Ekkert ríkisframlag fer í húsbréfakerfið. — þrátt fyrir þetta mikla framlag þurfti fólk að bíða í mörg ár eftir því að fá þessa lánafyrirgreiðslu, selja lánsloforðin. (Gripið fram í.) Ætli það hafi ekki oft verið með 20–25% afföllum? Það væri fróðlegt að reikna út þessi afföll og þann kostnað sem fólk varð fyrir í 86-kerfinu. Það er kannski orðið tímabært að gera það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 8.–17. mál.

Fundi slitið kl. 17:53.

---

18. FUNDUR

miðvikudaginn 6. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1995, stjfrv., 99. mál, þskj. 102. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 71. mál, þskj. 71. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður um borð í fiskiskipum, 131. mál, þáltill. BH o.fl., þskj. 142.

Afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu, 127. mál, þáltill. VK, þskj. 138.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 129. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 140.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., Sigfús Leví Jónsson framkvæmdarstjóri, Söndum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v."

Kjörbréf Sigfúsar Levís Jónssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigfús Leví Jónsson, 2. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Sigfús Leví Jónsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Umræður utan dagskrár.

Náttúruhamfarir á Skeiðarársandi.

[13:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Nú fer fram umræða utan dagskrár um náttúruhamfarir á Skeiðarársandi. Málshefjandi er hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson. Hæstv. forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

[13:34]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi greinaflokks sem Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur birti í Lesbók Morgunblaðsins fyrir mörgum árum og hann nefndi Í veldi Vatnajökuls komst hann þannig að orði um náttúruöflin í Skaftafellssýslum:

„Saga þessara byggðarlaga er því að enn þá meira leyti en saga annarra byggðarlaga okkar lands, saga um baráttu við náttúruöflin. Í vestursýslunni er það barátta við eldinn sem mest hefur mótað byggðasöguna, í austursýslunni er það baráttan við ísinn. Þar drottnar Vatnajökull og kærir sig kollóttan um það hvernig öðrum landshlutum er stjórnað, hvort þar er þjóðveldi, einveldi eða lýðveldi. Hér er það hann sem ræður."

Umbrotin í Vatnajökli undanfarna daga eiga rætur að rekja til þess sem jarðfræðin hefur kallað íslenska heita reitinn. Þar eru upptök Íslands ef svo má að orði kveða. Áhrifa hans gætir um mikinn hluta Norður-Atlantshafsins. Miðja þessa heita reits er undir norðvestanverðum Vatnajökli og þar er að finna mikilvirkustu eldstöðvar landsins, svo sem Bárðarbungu og Grímsvötn. Einhver stærstu eldgos hér á landi á sögulegum tíma eiga upptök sín í þessum eldstöðvum.

Atburðirnir í Bárðarbungu að undanförnu sem m.a. birtast í hlaupi á Grímsvötnum, sem nú stendur yfir, er hluti þessa ógnvekjandi náttúruspils sem Íslendingar hafa nú orðið vitni að. Sá vitnisburður er niðri á Skeiðarársandi þar sem brýr hafa brotnað, vegir og varnargarðar sópast burt, byggðalína brotnað, ljósleiðari slitnað og gróðurlendur grafist í aur og grjót.

Þetta eru auðvitað ógnvekjandi fréttir en hér er líka að finna bjartar hliðar. Ekki slokknaði á neinni ljósaperu þótt byggðalínan um Skeiðarársand brotnaði. Símatruflanir urðu engar þótt ljósleiðarinn slitnaði og umbætur í samgöngumálum komu í veg fyrir að neyðarástand á flutningum hafi skapast. Nú kemur sér vel sú ákvörðun samgrh. að byggja upp vel uppborinn veg milli Austur- og Norðurlands.

Ekki má láta hjá líða að minna á þátt vísindamanna okkar í sambandi við náttúruhamfarirnar þar eystra. Þau störf eru holl viðvörun til fjárveitingavaldsins, sem Alþingi fer raunar með, um að gæta þess vel að starfsemi á vettvangi náttúruvísinda bæði er varðar búnað og mannafla búi við bærilegan kost. Ég vek athygli á að stór hluti af Grímsvatnarannsóknum hefur verið unninn af sjálfboðaliðum bæði lærðum og leikum og í Jökli, riti Jöklarannsóknafélagsins, hafa birst mikilvægar ritgerðir um hegðun þessa umbrotasvæðis. Við verðum að muna það vel öllum stundum í hvernig landi við búum, landi þar sem tröllauknir kraftar í náttúru þess geta leyst úr læðingi hvenær sem er.

Ég vil nota þetta tækifæri til að koma á framfæri þakklæti til þeirra vísindamanna og sjálfboðaliða sem hér eiga hlut að máli, svo og þeirra sem höfðu með gæslu og eftirlit á Skeiðarársandi.

En hyggjum nú að því sem fram undan er. Nú þegar liggur fyrir að gríðarlegt tjón hefur orðið á mannvirkjum á Skeiðarársandi bæði að því er varðar byggðalínuna, ljósleiðarann og þó sérstaklega samgöngumannvirkin. Þrátt fyrir þá kosti til að bregðast við sem ég hef rætt má öllum ljóst vera að greið leið sunnan jökla verður með öllum tiltækum ráðum að komast á hið fyrsta. Ég treysti vel forustu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum og óhætt er að fullyrða að Vegagerð ríkisins er fullkomlega þeim vanda vaxin að takast á við uppbyggingu mannvirkja á Skeiðarársandi með skjótum og greiðum hætti.

Bárðarbunga hefur verið að búa sig undir þessi átök í nærri því sex áratugi. Það hlýtur að vera sjálfsagður og eðlilegur kostur að einhver ár taki að jafna peningaleg reikningsskil við þessar aðgerðir Bárðarbungu og Grímsvatna þótt framkvæmdum þar verði að sjálfsögðu hraðað svo sem framast er kostur.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

[13:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá málshefjanda að þarna varð mikið tjón og meira en við óttuðumst í fyrstu en minna en við óttuðumst þegar fram leið og ég tala nú ekki um eftir að hlaupið hófst með þeim ógnarkrafti og ósköpum sem öllum er kunnugt.

Það er rétt að taka fram að ég tel að nú liggi fyrir að hönnunarforsendur mannvirkjanna á Skeiðarársandi hafi staðist vel og reyndar betur en búast hefði mátt við miðað við ógnarkraft hlaupsins. Fjártjón er nú metið á um 1.000 millj. kr. +/- 200 millj. og er þá tekinn með kostnaður við raflínur og staura, ljósleiðara og auðvitað varanlegar vegbætur og líka kostnaður við bráðabirgðaaðgerðir. Það er rétt að hafa það í huga því að mönnum hefur sjálfsagt gengið illa að leggja saman tölur en það hefur vantað þann þátt, kostnaðinn sem fellur á til bráðabirgða.

Gígjukvíslarbrúin er farin eins og menn vita, 400 metra brú, og árfarvegur hennar er um þessar mundir 1,5 km á breidd og mjög djúpur, eyrarlaus farvegur. Skeiðarárbrúin stendur að mestu, tæpir 200 metrar farnir. Brúin yfir Sæluhúsavötn virðist halda, a.m.k. að verulegum hluta og síðan aðrar brýr sem umræddar hafa verið. Það eru auðvitað á þessu stigi miklir fyrirvarar um burðarþol stöpla og annarra burðarvirkja í mannvirkjum þar sem þau hafa hingað til aðeins verið skoðuð úr þyrlum.

Það er ljóst að bráðabirgðaviðgerðir verða hafnar strax og færi gefst og nú er við það miðað að bráðabirgðavegtengingu megi ná á innan við tveimur mánuðum. Það er ekki talið fært að vera með nákvæmari ágiskanir en þetta á þessu stigi. Mokstursdögum á norðurleið verður fjölgað í fimm í viku þar sem umferðarþunginn mun að verulegu leyti færast þangað. Einkaaðilar í skipa- og flugvélarekstri hafa þegar brugðist fljótt og vel við, ýmist þegar tilkynnt bætta þjónustu eða að þeir væru að undirbúa aukna þjónustu á þessu svæði.

Spurningum um framhaldið, hina varanlegu mannvirkjagerð, er ekki rétt að reyna að svara á þessu stigi máls en þó má nefna að brýr af þeim styrkleika sem þarna voru mundu

hafa dugað og staðið af sér öll flóð sl. 58 ár. Það er rétt að menn hafi það í huga og það hlýtur að hafa áhrif á allar ákvarðanir í framhaldinu.

Ég átti í morgun fund með bæjarstjóra og öðrum forustumönnum bæjarstjórnar í Höfn í Hornafirði og gerði þeim grein fyrir þeirri stöðu sem nú er uppi og þeim ráðagerðum sem menn hafa á endurgerð og tengingu á vegasambandi á þessu svæði.

[13:43]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Enn hafa náttúrumhamfarir komið okkur í opna skjöldu þó það sé rétt sem komið hefur fram að það hefur betur farið en á horfðist í gær. En afleiðingarnar eru augljósar. Með þeim er um sinn klippt á aðflutningsæðar á landi til Austurlands og það kemur verst niður á Suðausturlandinu og skapar röskun fyrir það öfluga atvinnulíf sem þar er og má nefna að nú stendur vertíð sem hæst. Þetta er bráðavandinn sem við er að glíma, að draga úr þeim áhrifum sem þetta hefur og vandinn er því meiri vegna þess að landsamgöngurnar hafa á síðari árum orðið lífæðar þessarar atvinnustarfsemi.

Yfirlýsingar ráðamanna um að skjótt verði við brugðist eru mikilvægar og ber að þakka þær. Ég vil undirstrika mikilvægi þess, eins og fram hefur komið í ræðu hæstv. forsrh., að það sé hugað að öllum þáttum samgangna í þessu sambandi bæði skipaferðum og flugi til Suðausturlands. Bráðaviðgerð eftir þessar hamfarir er brýn og það er mikilvægt að yfirlýsingar hafa gengið um að ráðist verði í hana eins fljótt og kostur er miðað við þær hamfarir sem þarna hafa verið, en það verður að gefast tími til að athuga hvernig að varanlegri uppbyggingu verður staðið og auðvitað í samræmi við það hver framvindan verður um hina miklu reginkrafta sem eru á ferðinni þegar Vatnajökull bærir á sér. Við þingmenn Austurlands munum halda fund með Vegagerð ríkisins í kvöld til að fara yfir þeirra fyrstu viðbrögð. Til þessa verður að gefast tóm en bráðaaðgerðir eru mest áríðandi nú. Það er mikilvægt að fullur vilji er til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr þeim áhrifum sem hamfarirnar hafa.

[13:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mikil tíðindi, þó ekki óvænt, hafa orðið austur á Skeiðarársandi. Ógnvekjandi mynd blasti þar við sjónum síðdegis í gær. Samgöngumannvirki sem staðið hafa í 22 ár og gagnast þjóðinni vel eru stórskemmd sem og raflínur og ljósleiðari. Þó fór betur en á horfðist þegar hlaupið var að nálgast hámark. Ekkert manntjón hefur orðið í þessum hamförum og við finnum öll hver léttir fylgir því þótt efnislegar skemmdir séu miklar. Það er raunar eitt af undrum Íslands hversu Skeiðará og Grímsvatnahlaup hafa tekið til sín fá mannslíf á liðinni tíð.

Ef það sem stendur uppi af Skeiðarárbrú reynist nothæft mætti ætla, og var staðfest hér af forsrh. sem hans mat, að meira en helmingur mannvirkja á sandinum hafi staðist hamfarirnar og geti nýst áfram a.m.k. til bráðabirgða. Þjónustumiðstöð þjóðgarðsins í Skaftafelli hefur alveg sloppið við hlaupið og má þakka það styrkingu fyrirhleðslugarða fyrir atbeina Alþingis 1984.

Tímabundinn vandi blasir við landsmönnum í framhaldi þessara atburða. Mest verða áhrifin fyrir Austur-Skaftfellinga og Austfirðinga uns tekist hefur að koma á vegasambandi á ný. Þakka ber viðbrögð hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar til þessa. Ég lýsi þeirri von að fáar vikur líði uns bráðabirgðavegasambandi hefur verið komið á á ný. Jafnframt þarf að grípa til margvíslegra stuðningsaðgerða gagnvart atvinnulífi og almenningi og til að draga úr því tjóni sem óhjákvæmilega verður af þessum náttúruhamförum.

Herra forseti. Ég tek undir þakkir frummælanda til þeirra mörgu vísindamanna og starfsmanna opinberra stofnana sem um langt skeið hafa búið okkur undir þennan atburð. Alþingi og ríkisstjórn eiga að styðja vel við starfsemi vísindamanna okkar og frjálsra samtaka eins og Jöklarannsóknafélagsins.

Er við verðum vitni að þessum hamförum hljótum við að minnast liðinna kynslóða sem barist hafa við náttúruöflin á Skeiðarársandi um aldir við langtum örðugri aðstæður en við nú þekkjum.

[13:48]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í huga margra togast nú á tilfinningar ógnar og feginleika. Það er vissulega léttir að sá flaumur aurs og vatns sem hlaut að koma hefur nú ruðst fram með sínu heljarafli og það er gæfa að manntjón hefur ekkert orðið í tengslum við þessar hamfarir, hvorki á gosstað né á sandinum. Það skiptir mestu. Mannvirki má endurreisa og þau verða endurreist.

Í hrikaleik náttúruaflanna virðist maðurinn oft ógnarsmár, en þekking hans og vit bætir það upp. Það er ljóst að þær varúðar- og varnarráðstafanir sem gripið var til á sandinum hafa raunverulega orðið til þess að draga úr tjóni á mannvirkjum og það er stórkostleg niðurstaða.

Við höfum heyrt fyrstu viðbrögð stjórnvalda og ljóst er að allir eru sammála um að það tjón sem orðið er verður bætt svo fljótt sem auðið er. Það eru ýmsar leiðir til þess að mæta afleiðingum hlaupsins til bráðabirgða, bæði með loftbrú austur og auknum skipaferðum þar til færi gefst á að endurreisa mannvirkin sunnan jökla. Mestu skiptir að atvinnulíf á Austurlandi verði ekki fyrir alvarlegum áföllum. Á því er skilningur og um það hlýtur að vera samstaða. Við megum hins vegar ekki sofna á verðinum. Enn virðist kvika undir jöklinum og við þurfum því að vera við öllu búin sem fyrr. En svona er Ísland, ekki bara í dag heldur alla daga. Náttúra lands okkar hefur margar hliðar og sýnir okkur ekki alltaf þá bestu. Þegar hún snýr að okkur vondu hliðinni þurfum við að standa saman.

[13:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Enn og aftur erum við minnt á þau ægiöfl sem búa í náttúrunni þegar þau leysast úr læðingi líkt og nú hefur átt sér stað á Skeiðarársandi. Þegar náttúran sýnir styrk sinn eins og í gær er ljóst að mannlegur máttur má sín ekki mikils.

Ég vil fagna yfirlýsingu forsrh. um að hafist verði handa um bráðabirgðaviðgerð um leið og færi gefst því það er hverjum manni ljóst hvílíkir hagsmunir eru í húfi fyrir allt atvinnulíf á Austurlandi að vegasamband komist á svo skjótt sem auðið er um Skeiðarársand. Það er huggun harmi gegn að tjónið sem varð í gær er ekki eins mikið og óttast var að það gæti orðið. Ég vil hér lýsa yfir vilja þingflokks jafnaðarmanna að hafist verði handa sem fyrst við að gera við og byggja upp þau mannvirki sem skemmdust og eyðilögðust í náttúruhamförunum.

[13:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Atburðir þeir sem orðið hafa á undanförnum vikum í Vatnajökli og nú á síðustu klukkustundum á Skeiðarársandi minna okkur einu sinni enn á náttúruöflin og það sem við Íslendingar þurfum að búa við eins og hér hefur verið sagt, ekki bara í dag heldur alla daga. Við þurfum að búa okkur eins vel undir það og kostur er að draga úr fjárhagstjóni sem af svona náttúruhamförum getur orðið. Mestu skiptir auðvitað að ekki verði manntjón, að okkur takist að verja mannslíf svo sem kostur er. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. verður reynt að bregðast svo fljótt við sem mögulegt er til að koma á samgöngum á ný og bæta það tjón sem þarna hefur orðið. Þó það sé mikið, er það sem betur fer minna en okkur virtist í gær þegar við heyrðum fréttir og sáum fréttamyndir og okkur sem gátum farið þarna yfir virtist þegar við skoðuðum þessar miklu náttúruhamfarir.

Ég vil aðeins geta þess að ég hef fyrir örfáum mínútum átt viðtal við þjóðgarðsvörð í Skaftafelli, Stefán Benediktsson, sem tjáði mér að mannvirki þar hefðu ekki orðið fyrir neinum skaða utan smávegis á leiðargörðum í Morsárdal í kringum göngubrú sem þar er. Brúin stendur en væntanlega er eitthvert smátjón þar og litlar eða engar gróðurskemmdir nema þá þar í kring. Eins það sem einnig kom fram í samtali mínu við landgræðslustjóra að það hafa orðið nokkrar gróðurskemmdir á mikilli sjálfgræðslu sem þarna hefur orðið á söndunum á undanförnum árum, m.a. vegna breyttra búskaparhátta og vegna veðurfarsskilyrða. En þar hefur ekki verið lagt í uppgræðsluaðgerðir sem hafa verið kostaðar af opinberu fé þannig að það er ekki slíkur skaði. Það er auðvitað skaði að missa gróið land en það er eins og hér hefur verið sagt hluti af þeirri framvindu náttúrunnar sem við þurfum stöðugt að búa við. Mestu varðar að ráðast svo skjótt sem auðið er í úrbætur sem nauðsynlegar eru til þess að koma aftur samgöngum á við þann landshluta sem nú býr við miklu erfiðari samgönguskilyrði en áður var.

[13:54]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Miklir atburðir hafa gerst á landi voru síðasta sólarhring. Náttúruhamfarir austur á Skeiðarársandi minna enn á ný við hverju má búast þegar ægikraftar elds og íss eiga hlut að. Þó fór betur í þetta sinn en svartsýnustu spár reiknuðu með í gær. Guði sé lof og guði sé lof að ekki hlaust manntjón af.

Vitaskuld mun ekki fara hjá því að þessir atburðir setji svipmót á mannlíf á Austurlandi, einkum þó í Austur-Skaftafellssýslu á næstu mánuðum og ekki einungis þar heldur einnig annars staðar á landinu því að blessunarlega erum við ein þjóðarheild með ríka samkennd, ein þjóð í einu landi.

Virðulegur forseti. Það er kunnara en frá þurfi að skýra að landleiðin austur frá Hornafirði hefur mikla annmarka að því er varðar þungaflutninga og þarf raunar ekki að hafa mörg orð þar um. Æki sem vega t.d., eins og nú er algengt, 40–50 tonn og fara hvort heldur um þjóðveg númer eitt, um svokallaða Breiðdalsheiði, eða fjarðaleið bjóða mikilli hættu heim í slæmum veðurskilyrðum um hávetur. Hjá þessu verður þó ekki komist að sinni ef halda á uppi því þjónustustigi sem menn þekkja og vilja viðhalda.

Virðulegur forseti. Það þolir enga bið að hefja endurbyggingu vega og brúa svo fljótt sem verða má og ljúka bráðabirgðatengingu á sem allra skemmstum tíma og ég fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. af þessu tilefni. Miklir hagsmunir eru í húfi og ég legg á það áherslu að þessi ótíðindi megi á engan hátt verða til að skerða framkvæmdafé til annarra áformaðra vegaframkvæmda í kjördæminu.

En fleira kemur til. Ég get varla hugsað þá hugsun til enda ef atburðir þessir hefðu t.d. gerst í upphafi sumarleyfisvertíðar. Hvað hefði slíkt þýtt fyrir unga og oft efnahagslega vanmáttuga atvinnugrein, ferðaþjónustuna, sér í lagi á Suðausturlandi þar sem fjöldi fólks byggir orðið afkomu sína á þjónustu við ferðamenn?

En hversu mikilvægt sem það nú annars er að koma hringveginum aftur í samband, þá bera þessir geigvænlegu atburðir okkur skýr skilaboð. Og þau skilaboð eru að í framhaldi af enduropnun hringvegarins verði farið í að kanna og taka til gagngerrar endurskoðunar þær leiðir sem færar eru að leggja aðra vegi til Austurlands. Hér á ég við styttingu á vegalengdinni milli Reykjavíkur og Mið-Austurlands um 240 km norðan jökla og þær hugmyndir sem Trausti Valsson kom með á fundi austfirskra sveitarfélaga í sl. ágústmánuði.

Og að allra síðustu. Landbrot við Jökulsá á Breiðamerkursandi, Kötlugos eða Suðurlandsskjálfti gætu mögulega orsakað næsta rof á hringveginum. Hugum því í tíma að bættu öryggi með fleiri mögulegum tenginum milli þessara landshluta.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Umræðan getur nú breyst því að gos er hafið á ný í sprungunni og er gosmökkur nú í 4 km hæð þannig að það sem við höfum sagt um það hvenær við byrjum á framkvæmdum kann að breytast vegna þessarar fréttar. Ég tel ekki að umræðan geti gengið óbreytt fram án þess að þessar upplýsingar liggi fyrir. (**Gripið fram í:** Hvar gýs nú?) Sunnarlega í sömu sprungu og áður gaus.

[13:57]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Með opnun hringvegarins með mannvirkjum á Skeiðarársandi fyrir 22 árum var ritaður sérstakur kafli í sögu landsins, sérstakrar sögu sameiningar landsmanna. Þá styttust fjarlægðir og jukust möguleikar um land allt og það er mikið í húfi að bregðast við.

Miðað við þær fréttir sem hæstv. forsrh. sagði, má velta fyrir sér stærðum. Efnismagnið sem kom upp í gosinu í Vatnajökli fyrir tveimur vikum er talið vera um 0,4 rúmkílómetrar. Það þýðir um 300–400 millj. rúmmetra af gosefni á tæplega tveimur vikum. Það er ámóta magn og kom upp á fimm mánuðum í eldgosinu í Heimaey 1973. Þetta magn bræddi vatn sem var tíu sinnum meira að magni eða um 3.000 millj. rúmmetra, eitt Þingvallavatn. Þingvallavatn er um 3 rúmkílómetrar svo að menn geta kannski gert sér þessar stærðir í hugarlund. Og ef nú er hafið öflugt gos aftur þá þýðir það ekkert annað en að áfram rennur í Grímsvatnaketilinn, að vísu með þeim breyttu formerkjum að leiðin er opin niður á sandinn. Það skapar kannski minna vandamál en hægt væri að búast við ef ekki væri opin sú leið sem nú hefur opnast. Þannig að þó að það sé áhyggjuefni að byrjað er að gjósa á ný, dregur þessi staðreynd úr þeim áhyggjum.

Það er hins vegar mikið fagnaðarefni að þó að hér sé um að ræða hraðasta hlaup sem skráð er í sögu landsins, þá brást ríkisstjórnin enn skjótar við og byrjaði að skipuleggja þegar í gær enduruppbyggingu. Auðvitað eru menn í biðstöðu eins og staðan er núna en þó er ástæða til að fagna þeim viðbrögðum.

[14:00]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka ríkisstjórn Íslands fyrir það hversu ákveðið hún brást við gagnvart yfirlýsingum um að það þyrfti að tryggja vegauppbyggingu aftur á þessu svæði, en bæta því við að mér þótti ekki skemmtilegt að horfa á hér um bil alla ríkisstjórnina koma út úr sömu flugvélinni ásamt yfirmönnum Almannavarna því það er nú einu sinni svo að þegar margar flugvélar eru að sveima á sömu slóðum, skapast slysahætta. Ég held að það sé kannski verkefni fyrir Almannavarnir að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um það hversu skynsamlegt sé að heil ríkisstjórn, eða hér um bil heil, sé öll í sömu flugvélinni, án þess að ég vilji vera með neinar hrakspár.

Ég vil vekja athygli á öðrum hlutum líka. Sá hógværi maður, Helgi Hallgrímsson, núverandi vegamálastjóri, vann við uppbyggingu Skeiðarárbrúar á sínum tíma og mat þá styrkleikann sem þar þyrfti að vera. Ég held það sé gæfa þessarar þjóðar að hann er nú vegamálastjóri og er öðrum mönnum hæfari til að meta hvernig skynsamlegast verður staðið að enduruppbyggingunni. Mér sýnist það sé kannski ekki síður stórt atriði að veita stuðning við landflutninga á þessari leið til þess að Vegagerðin fái það ráðrúm sem þarf til að standa að uppbyggingunni. Eins fagna ég því að það er staðfest að íslenskir vísindamenn gátu sagt fyrir um það hver yrði mesta hæð Grímsvatna áður en hugsanlegt hlaup mundi hefjast. Allt eru þetta atriði sem skipta máli í því að við getum frekar tekið mark á sérfræðingum okkar á hinum ýmsu sviðum við mat á því sem er að gerast í landinu.

[14:02]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil koma inn í þessa umræðu og þakka stjórnvöldum sérstaklega fyrir skjót viðbrögð. Það sýnir sig að þegar mikil vá steðjar að, stöndum við saman og hér hafa menn greinilega í þessari umræðu viljað standa að því að brugðist verði við sem skjótast og að íbúar á Austurlandi verði fyrir sem minnstum truflunum í sínu daglega lífi. Og það er náttúrlega alveg ljóst eins og menn hafa nefnt í þessari umræðu að brugðist verður við þannig að menn geta haldið uppi óbreyttum eða þokkalegum samgöngum. Ég heyri að menn vilja gjarnan að að því verði staðið þannig að menn komist sem best leiðar sinnar þó svo leiðin lengist eins og komið hefur fram.

Nú hefur hæstv. forsrh. borið okkur þau boð að gos sé hafið aftur þannig að við sjáum hugsanlega ekki alveg fyrir endann á því hvað náttúruöflin eru að færa okkur núna. Við verðum því væntanlega að bíða aðeins og sjá. Ef ekki verða stóráföll finnst mér það góð tíðindi að vegtenging geti hugsanlega verið komin á eftir tvö mánuði þannig að truflun verði hugsanlega ekki svo mikil af þessum náttúruhamförum að íbúar Austurlands verði fyrir miklum skakkaföllum.

[14:04]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að þær fréttir sem hæstv. forsrh. hefur borið hingað um að hafið sé nýtt eldgos eigi m.a. skýringar í þeirri kenningu Sigurðar Þórarinssonar að þegar eldstöð hefur létt á sér eins og gerst hefur núna við Grímsvötn, geti það orðið til þess að eldur komist upp á nýjan leik. Ég tek undir það sem hv. þm. Árni Johnsen talaði um að bót er að nú er orðinn opinn farvegur niður á Skeiðarársand undir Skeiðarárjökul.

Það hefur ekki komið fram í þessum umræðum og ekki í sambandi við þær kostnaðartölur sem hér hefur verið brugðið upp, að ekki er gert ráð fyrir því að gróður verði endurvakinn á Skeiðarársandi. Ég vek þó athygli á því að það getur hæglega þurft að gera, m.a. til þess að tryggja þar greiða leið í norðlægum áttum þegar sandfok getur átt sér stað, hliðstætt því sem gert hefur verið á Mýrdalssandi og í því felst auðvitað mikill kostnaður.

Ég vil að lokum þakka fyrir þessa málefnalegu umræðu sem ég veit að mun efla okkur í því að ná fram þeim árangri í samgöngumálum um Skeiðarársand sem við þörfnumst svo mjög um þessar mundir.

Tilkynning um dagskrá.

[14:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill tilkynna að kl. hálffjögur í dag verður umræða utan dagskrár að beiðni hv. 11. þm. Reykn., Ágústs Einarssonar, um framkvæmd GATT-samningsins. Starfandi utanrrh., Guðmundur Bjarnason, verður til andsvara.

Ríkisreikningur 1995, frh. 1. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 71. mál (leiga, sala embættisbústaða). — Þskj. 71.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Opinber fjölskyldustefna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 72. mál. — Þskj. 72.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 14:11.

19. FUNDUR

miðvikudaginn 6. nóv.,
að loknum 18. fundi.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Fíkniefnaneysla barna, fsp. RG, 68. mál, þskj. 68.
2. Móttaka flóttamanna, fsp. RG, 79. mál, þskj. 80.

Til menntamálaráðherra:

3. Verkefnaáætlun í skólum gegn útlendingaandúð, fsp. PBald, 92. mál, þskj. 94.

Til sjávarútvegsráðherra:

4. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, fsp. PBald, 94. mál, þskj. 96.

Fíkniefnaneysla barna.

Fsp. RG, 68. mál. — Þskj. 68.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Foreldrar hafa alltaf búið við mikinn ótta um að eitthvað hendi börnin þeirra. Sá ótti hefur snúið að því að þau yrðu alvarlega veik, lentu í slysum en oft líka að þau lentu í slæmum félagsskap. Þegar við vorum að alast upp, þýddi það að lenda í slæmum félagsskap allt annað en það þýðir nú.

Í dag er það mesta skelfing foreldra ef börnin lenda í þannig félagsskap að þau kynnast fíkniefnum og ég tala ekki um ef þau láta til leiðast að prófa og verða eyðileggjandi efnum að bráð.

Í vetur, í desember, áttum við öflugar samræður um þessi mál, stjórn og stjórnarandstaða, í efnislegri utandagskrárumræðu um fíkniefnamál. Stjórnarandstaðan lýsti því yfir að hún vildi í þessu alvarlega máli taka höndum saman við stjórnvöld og að sameiginlega mundu þingmenn, hvar í flokki sem þeir stæðu, sameinast um að leita allra leiða til að afstýra því að börn og ungmenni yrðu fíkniefnum að bráð, leita allra leiða í forvörnum og afstýra því að efni komist á markað og inn í landið af því að við vitum að í sambandi við fíkniefnin þá erum við best sett hvað varðar eftirmeðferðina og verst sett með að afstýra því að þessi vá dynji yfir.

Sjálf lagði ég til þá að félmn. og heilbrn. og e.t.v. fleiri nefndir þingsins mundu sameiginlega halda fund þingmanna með öllum þeim sem ríkisstjórnin boðaði að væru að fara að taka á þessum málum og að við, stjórnarliðar og stjórnarandstaða, mundum þannig fá upplýsingar um hvernig ríkisstjórn, á hverjum stað, í hverju ráðuneyti, ætlaði að taka á þessum málum, gætum fylgst með og staðið að og bakkað upp og látið í okkur heyra að stjórnvöld og Alþingi eru saman að taka á þessum vanda. Slíkur fundur hefur ekki orðið og ég árétta það hér og hef talað um það við formenn þessara nefnda að staðið verði að því að hafa slíkan fund. Það væri vissulega hægt að gera tilraun með opinn nefndarfund einmitt um þetta mál þannig að fjölmiðlar fengju að fylgjast með hvað væri að gerast í hverju einasta ráðuneyti í þessum málum.

Virðulegi forseti. Það bárust skelfilegar upplýsingar í fréttum sjónvarps 9. október um að 200 börn undir 16 ára aldri séu ofurseld fíkniefnum. Ég setti strax fram þessa fyrirspurn án þess að átta mig á því að félmrh. yrði fjarverandi á næstu vikum og ég síðan í framhaldi. Það skiptir ekki öllu máli hvenær slík fyrirspurn er tekin fyrir. Aðalmálið er að við fáum svör og reynum að fá yfirlit yfir stöðuna í þessum málum til þess, eins og ég hef áður sagt, að reyna allt sem við getum til að lagfæra þessi mál.

[14:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða sem ástæða er til að fjalla um. Það komu fréttir í Ríkisútvarpinu, sjónvarpinu um að í Reykjavík og nágrenni væru 200 börn undir 16 ára aldri neytandi fíkniefna. Það virðast nú flestir, við nánari athugun, vera sammála um að vandinn hafi verið orðum aukinn í fréttinni sem betur fer. Þrátt fyrir eftirgangsmuni hefur ekki fengist upplýst hvaðan fréttastofu bárust þessar upplýsingar og það hefur verið gripið til þess ráðs að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa afskipti af ungmennum sem lenda í vanda af þessu tagi.

Leitað var til Barnaverndarstofu sem safnaði upplýsingum frá Rauðakrosshúsinu, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, lögreglunni í Reykjavík, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Rannsóknarstofnun uppeldismála, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, SÁÁ og Teig, áfengisskor geðdeildar Landspítalans. Upplýsingar sem þaðan bárust til Barnaverndarstofu eru margvíslegar og fróðlegar og ég vil biðja starfsmenn þingsins um að dreifa þeim. Ég get ekki fjallað um málið nægilega í örstuttum fyrirspurnatíma. En ég tel að það sé gott fyrir þingmenn að hafa þessar upplýsingar í fórum sínum.

Barnaverndarstofa bað um að það yrði lagt mat á umfang fíkniefnaneyslu ungmenna í ljósi RÚV-fréttarinnar og var beðin um upplýsingar um hve mörgum börnum viðkomandi stofnun hefði haft afskipti af sjálf og talið að vandi þeirra væri að meginstofni til neysla fíkniefna. Þá var beðið um aðrar upplýsingar um áfengis- og fíkniefnaneyslu sem varpað gætu ljósi á hve mörg börn væru ofurseld neyslu vímugjafa. Neysla fíkniefna er oft einn þáttur í margslungnum vanda ungmenna og mikilvægt að gera sér grein fyrir því að neyslumunstur barna og fullorðinna er ólíkt. Kannanir á fíkniefnaneyslu unglinga þurfa að taka mið af þessum mun.

Að mati þeirra stofnana sem sérhæfa sig í rannsóknum, meðferð, eftirliti, ráðgjöf og annarri þjónustu við börn í vímuefnavanda virðist fíkniefnavandi ungmenna fjarri því eins mikill eins og ráða má af fréttaflutningi fréttastofu sjónvarps. Það merkir þó ekki að hann sé ekki mjög alvarlegur og við honum þarf að bregðast. Það væri nær lagi að álykta að hámarksfjöldi barna í þessum aldurshóp sem eru illa haldin af neyslu fíkniefna sé um 50 og þar af séu 20–40 á hverjum tíma á stofnunum í því skyni að leita sér hjálpar.

Það er vandasamt verk að fjalla um fíkniefnaneyslu ungmenna og það verður að fara gætilega með upplýsingar. Ef hún er ofmetin getur það gefið ungu fólki skilaboð um að neysla fíkniefna sé miklu almennari og eðlilegri en hún raunverulega er. Rangar upplýsingar geta líka orðið til þess að gripið sé til rangra viðbragða. Eins og kom fram í svari lögreglunnar í Reykjavík er meðferðarþörf vegna neyslu vímuefna líkast til mest í aldurshópnum 16–18 ára en ekki í yngsta aldurshópnum Það er náttúrlega í samræmi við mat Barnaverndarstofu. En umræddur fréttaflutningur gæti beint sjónum manna frá þessari staðreynd.

Þær upplýsingar sem okkur hafa borist segja okkur að mikilvægt sé að efla forvarnir þegar um yngstu aldurshópana er að ræða. Þær segja okkur einnig að til er hópur barna yngri en 16 ára sem þarfnast meðferðar vegna neyslu vímuefna. Þetta eru ekki ný tíðindi og félmrn. hefur verið þetta ljóst. Undanfarin missiri hefur verið unnið að því í ráðuneytinu og Barnaverndarstofu að endurskipuleggja meðferð unglinga vegna fíkniefnaneyslu. Þessi börn þurfa að sjálfsögðu einnig að eiga greiðan aðgang að viðeigandi meðferðarþjónustu. Þegar eru reknar sex meðferðarstofnanir sem sinna þessum aldurshópi og ákveðið hefur verið að bæta þeirri sjöundu við á næsta ári. Það meðferðarheimili verður sérstaklega ætlað börnum sem þarfnast langtímameðferðar vegna vímuefnavanda. Á þessu heimili munu 5–6 börn fá meðferð og það mun verða staðsett í Eyjafjarðarsýslu. Jafnframt því að setja á stofn meðferðarheimili fyrir börn sem hafa leiðst út í neyslu vímuefna hefur félmrn. í samstarfi við borgarstjórn Reykjavíkur hafið undirbúning að sérstöku átaki í grunnskólum Reykjavíkur á vormissirinu 1997 til að sporna við og uppræta fíkniefnaneyslu grunnskólanema í borginni.

Vímuefnavandinn hefur verið til umfjöllunar, (Forseti hringir.) herra forseti, í nefnd á vegum dómsmrn., félmrn., menntmrn. og heilbrrn. og frv. þar að lútandi er væntanlegt til þingsins á næstu dögum.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það væri fróðlegt að tína það saman hversu oft hefjast umræður um fíkniefnavanda á Alþingi og hversu oft þær hafa byrjað hér á undanförnum árum og hversu margar fallegar og góðar ræður hafa verið fluttar. Fyrir það bera að þakka. Á sama tíma liggur það fyrir og verður að segja það alveg eins og það er, að tök stjórnvalda á þessu máli hafa stundum verið fálmkennd. Þar er mér efst í huga sú ákvörðun stjórnvalda að leggja niður meðferðarheimilið á Tindum en ákveða í staðinn að stofna ný heimili sem var auðvitað nauðsynlegt að gera úr því Tindar höfðu verið lagðir niður, þ.e. á Stuðlum og svo nýtt heimili núna norður í Eyjafirði.

Ég tel að það átak sem nú á að efna til í grunnskólum Reykjavíkur með ráðuneytinu og borgaryfirvöldum sé afar jákvætt í þessu sambandi. Ég nefni það hér af því það hefur verið nefnt við (Forseti hringir.) mig af aðstandendum fíkniefnanotenda, ungra barna, að alþingismenn setji sér það í umfjöllun um þessi mál að tala um úrræði sem raunverulega taka á vandanum.

[14:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta upp hér og vitna til þeirra frétta sem voru í ríkissjónvarpi og útvarpi fyrir nokkrum dögum síðan. Ég vil einnig þakka hæstv. ráðherra fyrir þær upplýsingar sem Barnaverndarstofa safnaði og var verið að dreifa og er náttúrlega ekki nokkur vegur á stuttum tíma að renna yfir þær. En ég rek mig þó strax í fullyrðingar lögreglunnar í Reykjavík þar sem segir að enginn undir 16 ára aldri hafi verið handtekinn á síðasta ári eða hefur verið handtekinn það sem af er þessu ári. Enginn 15 ára eða yngri dæmdur vegna fíkniefnamála á árinu 1995, hvorki fyrir sölu né neyslu. En í dómum sem hafa fallið á 15 og 16 ára börn er þess í fæstum tilvikum getið í dómsorði að um áfengisneyslu eða neyslu annarra vímuefna hafi verið að ræða heldur fyrst og fremst afbrotið sem framið hefur verið. Og samkvæmt upplýsingum og samstarfi sem ég hef átt við Útideild Reykjavíkur eru þar nú þegar í meðferð sjö eða átta 15 ára unglingar sem flokkaðir eru sem síbrotamenn, 15 ára gamlir.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka svör félmrh. Það er alveg rétt að það er erfitt að taka einhverja umræðu um þessi mál í stuttum fyrirspurnatíma enda er spurningin afmörkuð og sett fram við mjög alvarlegar aðstæður. Ég er mjög ánægð að heyra að vandinn er ekki svona stór þó hins vegar, við snöggt yfirlit á þessum upplýsingum, sjáum við að þær tölur sem hér koma fram eru auðvitað alvarlegar tölur vegna þess að jafnlítið land og okkar ætti að eiga möguleika á því að setja á þannig vinnu að hægt væri að afstýra vandanum betur í okkar þjóðfélagi en í stórum þjóðfélögum annarra landa. Ég er að koma heim frá þingi Sameinuðu þjóðanna og þar valdi ég að fylgjast með málum í svokallaðri þriðju nefnd. Eitt af stóru málunum þar var hvernig tekið er á fíkniefnavandanum úti um allan heim og ólík sjónarmið komu náttúrlega upp. Í tengslum við umræðu sem var í þessari nefnd var haldin eins konar ráðstefna félagasamtaka og þar var fólk sem á alþjóðlegum vettvangi hefur reynt að skoða hvernig er hægt að taka á málum. Sá boðskapur sem kom fram á þeirri ráðstefnu hjá fólki sem hefur starfað til margra ára að þessum málum og skoðað þennan vanda, er að það verði að taka á honum á sveitarstjórnarstigi. Það verði að taka á honum á grunnstiginu og að félagasamtök, sveitarstjórnir með stuðningi stjórnvalda séu þau einu sem eigi möguleika á þessu. Og hugsandi um foreldraröltið sem hefur tíðkast í sumum stærri bæjunum þar sem reynt er að hafa samstarf við viðkomandi bæjaryfirvöld um að taka á því þegar upp hafa komið hópar sem setjast að á hinum og þessum stöðum og foreldrar að leita að ungum börnum sínum til að vita hvort þau séu á þessum hræðilegu stöðum, þá er það augljóst að ríkisvaldið þyrfti að styðja sveitarstjórnir í að taka á þessum málum.

[14:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil ekki viðurkenna að tök stjórnvalda hafi verið neitt fálmkennd. Það var óverjandi að halda áfram rekstri Tinda. Tveir unglingar voru í meðferð þegar þeim var lokað. Þarna voru 13 eða 14 stöðugildi. (Gripið fram í.) Nei, það var ætlað fyrir 13 eða 14 vistmenn. Meðferð á Stuðlum er miklu vænlegra úrræði og Stuðlar eru sem betur fer teknir til starfa. Þar að auki tekur annað heimili til starfa á næsta ári. Ég tel að stjórnvöld hafi reynt að vinna vel að málinu. Það er hins vegar rétt að stjórnvöld hafa ekki náð að bægja vandanum frá og þetta eru alvarlegar uplýsingar sem þarna koma fram. 50 ungir vímuefnaneytendur eru allt of há tala. Það er rétt að ekki er á valdi stjórnvalda einna að taka á þessum vanda. Við erum tilbúnir að reyna að styðja sveitarfélög í baráttu þeirra og ég er að reyna að taka á vandanum í félagi við Reykjavíkurborg.

[14:28]

Útbýting þingskjals:

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, 132. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 143.

Móttaka flóttamanna.

Fsp. RG, 79. mál. — Þskj. 80.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt svohljóðandi fyrirspurn fram til félmrh. varðandi móttöku flóttamanna:

„Hefur ríkisstjórnin markað stefnu um móttöku flóttamanna til landsins? Hefur ráðherra lagt fyrir ríkisstjórnina tillögu um að tekið verði á móti ákveðnum fjölda flóttamanna á ári hverju eins og flóttamannaráð lagði til?“

Það var þýðingarmikil gjörð að setja á flóttamannaráð í tíð fv. ríkisstjórnar og í henni fólst að stjórnvöld ætluðu markvisst að axla sína ábyrgð í samfélagi þjóðanna og taka betur á en áður í þessu hjálparstarfi. Ég minnist þess að félmrh. hafi talað um að í ráðherratíð sinni myndi hann leggja til að tekið yrði á móti ákveðnum hópum flóttamanna en hafði einhver orð um það að hann myndi nú ekkert vilja binda hendur komandi ríkisstjórna.

Þjóðin öll fylgdist gjörla með komu flóttafólks frá Bosníu síðasta vetur. Engum blandaðist hugur um þakklæti fólksins sem var að eignast ný heimkynni á nýjum fjarlægum slóðum, heimkynni í landi sem er svo ólíkt heimalandi þess. Það kom jafnframt fram hvað þetta fólk hafði miklar væntingar um nýja dvalarstaðinn og hvað fólkið var jákvætt þrátt fyrir ólík tungumál, ólíkt veðurfar, óblíð náttúruöfl og það ókunna sem beið. Það var til fyrirmyndar og kom mér reyndar ekki á óvart hvernig Ísfirðingar tóku á móti flóttafólkinu. Allur bærinn virtist leggja hönd á plóg. Hver fjölskylda fékk stuðningsfjölskyldu, allt var jákvætt og fólkið var velkomið. Við erum reyndar í gegnum árin frá því að við tókum fyrst á móti fólki frá Víetnam búin að byggja upp og læra hvernig við þurfum að veita þjónustu ef við erum að taka á móti flóttafólki og ef við erum að opna landið okkar í einhverjum mæli fyrir fólki sem á um sárt að binda. Rauði krossinn hefur þar unnið mikið brautryðjendastarf. Það hefur verið tekið til fyrirmyndar á málum hjá Námsflokkum Reykjavíkur og þeir hafa haft miklu hlutverki að gegna gagnvart því fólki sem hingað hefur komið og þurft að læra nýtt mál og nýja siði. Við erum búin að byggja upp ákveðna þekkingu varðandi þarfir þess fólks sem kemur. Og því spyr ég ráðherra:

Hefur ríkisstjórnin markað stefnu um móttöku flóttamanna til landsins?

Hefur ráðherra lagt fyrir ríkisstjórnina tillögu um að tekið verði á móti ákveðnum fjölda flóttamanna á ári hverju eins og flóttamannaráð lagði til?

Eða hyggst hann bjóða slíku fólki að koma hingað núna og er hann með einhverjar áætlanir ef hann hefur ekki lagt þetta til við ríkisstjórn?

[14:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ekki gert tillögur í ríkisstjórninni um að við hefðum ákveðinn kvóta. Ég hef hins vegar sagt að ég muni, á meðan ég er ráðherra, gera árlega tillögu um að taka á móti einhverjum hópi flóttamanna. Eins og fram kom hjá ræðumanni vildi ég ekki binda hendur komandi ráðherra með kvóta og ég vildi sjá hverju fram yndi með þennan hóp sem við buðum heim. Við buðum heim fyrst 25 flóttamönnum en það urðu verulegar tafir á að þeir kæmu en þær voru ekki okkur að kenna. Það var vegna þess að Alþjóðaflóttamannastofnunin vildi sjá hverju fram yndi í ríkjum fyrrum Júgóslavíu áður en ákveðið væri hvaða flóttamenn það yrðu sem kæmu til Íslands. Síðan fór nefnd út til að taka á móti flóttafólkinu. Nefndarmenn hringdu heim og óskuðu eftir að fá að taka sex flóttamenn í viðbót. Ég fór með það í ríkisstjórn og það var samþykkt umyrðalaust að bjóða heim sex flóttamönnum til viðbótar. Að vísu heltist einn úr lestinni. Það voru hjón sem skildu og annað þeirra kom ekki. En það voru sem sagt 30 flóttamenn sem komu. Þeir fóru til Ísafjarðar og við höfum öðlast mjög dýrmæta reynslu á þessum samskiptum á Ísafirði. Það var öðruvísi staðið að móttöku þessara flóttamanna en áður hefur verið gert og það hefur gefist aldeilis frammúrskarandi vel. Ísfirðingar eiga sérstakar þakkir fyrir gestrisni sína og hvernig þeir hafa staðið aðdáanlega að móttöku þessara flóttamanna.

Þeir hafa gert það með þvílíkri prýði og við vitum ekki annað en að allir þessir nýju Íslendingar uni sér vel. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í morgun eru allir karlar í vinnu nema einn. Hann er bílstjóri og byrjar að keyra á mánudaginn kemur. Hann hefur ekki haft vinnu nema eitthvað stopult fram að þessu en á mánudaginn byrjar hann í nýrri vinnu og þá eru þeir allir komnir til starfa. Konurnar allar eru útivinnandi nema ein. Sú er heima vegna þess að maðurinn hennar vinnur svo langan vinnudag. En horfur eru á að hún byrji að vinna í desember og maðurinn minnki eitthvað við sig vinnuna. Nám þeirra hefur gengið með miklum ágætum. Allt þetta fólk er farið að geta bjargað sér á íslensku. Börnin ganga í skóla með sínum aldursflokkum og vegnar vel. Ein stúlka þurfti sérstakrar þjálfunar við og fær hana á Ísafirði. Það eina sem kannski hefur komið á óvart, og þó ekki, er að fólkið þurfti miklar tannviðgerðir og það er eini liðurinn sem hefur orðið dýrari en við reiknuðum með í upphafi. Það hefur verið staðið frammúrskarandi vel að þessu og hefur verið ódýrara en við áttum von á.

Ég tel því að á þessu höfum við lært hvernig á að taka á móti flóttamönnum og ég hef áhuga á að standa þannig að þar sem ég á eftir að koma að þessum málum. Ég held að það hafi tekist með mikilli prýði á Ísafirði. Ég átti tal við bæjarstjórann í morgun og spurði hvort Ísfirðingar mundu vilja bjóða svona hópi heim aftur. Það mundu þeir vilja, taldi hann, ef aðstaða væri til.

Það er gert ráð fyrir að þetta fólk njóti félagslegs framfæris eða stuðnings í eitt ár en að því loknu sé það orðið fullgildir borgarar og geti séð um sig sjálft. Ef svo er ekki mun að sjálfsögðu félagsþjónusta og sú þjónusta sem Ísfirðingum býðst standa þessu fólki líka til boða.

[14:37]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrirspurnina en vil lýsa furðu minni á því hvers vegna hæstv. félmrh. telur sig ekki geta bundið hendur annarra ríkisstjórna í þessu máli. Hann ber ábyrgð á því að móta stefnu í málefnum flóttamanna og hvernig Íslendingar hyggist í framtíðinni taka á móti flóttafólki annars staðar frá. Það eru 25–30 millj. manna á flótta frá heimilum sínum í heiminum í dag annaðhvort innan sinna eigin landa eða utan þeirra. Það er einfaldlega siðferðileg skylda okkar að hjálpa þar. Koma að því verki. Til þess þarf auðvitað að vinna verkið vel eins og gert hefur verið núna í ár við móttökuna á Ísafirði. Til þess þarf auðvitað stefnu og við þurfum einfaldlega að ákveða hvað við höldum að við getum tekið á móti mörgum flóttamönnum á hverju ári bæði innan svokallaðs

kvóta og einnig hvernig við ætlum að huga að málum þeirra sem leita hér hælis af öðrum ástæðum.

[14:38]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda og einnig hæstv. félmrh. fyrir greið svör. Ég tel að ástæða sé til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra að hann muni gera á ári hverju tillögu um að taka á móti tilteknum hópi flóttamanna einfaldlega vegna þess að ég held að það sé rétt, sem fram hefur komið, að við höfum auðvitað mikla siðferðilega skyldu til að koma til aðstoðar því fólki sem er á hrakningi vegna aðstæðna í þeirra heimalöndum. Þess vegna held ég að þessi yfirlýsing hæstv. ráðherra sé mjög þýðingarmikil og ég held að Alþingi eigi að sýna vilja sinn í verki í þeim efnum.

Ég held að reynslan frá Ísafirði sýni okkur að við erum mjög vel undir það búin að taka á móti hópi flóttamanna eins og þar. Reynslan af móttökunni á Ísafirði hefur, eins fram kom í máli hæstv. ráðherra, að öllu leyti verið mjög góð. Það er gott fyrir okkar þjóðfélag að auka það með komu erlendra ríkisborgara sem færa okkur nýja þekkingu, nýja reynslu og gera þjóðfélag okkar á allan hátt miklu æskilegra til búsetu. Þess vegna held ég að það séu margvísleg rök sem mæla með því að við tökum á móti erlendum flóttamönnum. Fyrst og fremst vegna þeirra siðferðilegu skuldbindinga sem við hljótum að hafa gagnvart fólki sem stendur höllum fæti í heiminum.

[14:40]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil sömuleiðis þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir spurninguna og hæstv. félmrh. fyrir greið svör. En þegar þetta mál er rætt kemur mér í hug annað erlent fólk, sem hefur komið hingað á undanförnum árum, í mjög miklum mæli, sem að stórum hluta má kalla efnahagsflóttamenn. Það eru aðallega konur sem hafa komið hingað til lands og gifst íslenskum ríkisborgurum og með því fengið landvistarleyfi hér og eru búsettar víða um land. Sumar hafa þær komið með mörg börn með sér.

Ég verð að segja að því miður hefur ekki verið staðið að aðstoð við þetta fólk með sama myndarskap. Ég þekki það mjög vel sjálf. Ég vildi óska að sú góða reynsla, sem hefur fengist á Ísafirði, yrði nýtt þessu fólki til hagsbóta.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka 8. þm. Reykn. þessa þörfu og góðu ábendingu og vona að félmrh. skoði það mál. Það var mjög áhugavert að hlusta á svar félmrh. og heyra hann lýsa því hversu vel þeim einstaklingum farnast sem komu til Ísafjarðar. Mér finnst, eins og öðrum sem hér hafa talað, að einmitt það hvað þetta gengur vel og hvað þetta hefur verið með miklum myndarbrag eigi að segja okkur að við eigum að gera meira af þessu. Við eigum að þora að bregðast við og hjálpa í þessum efnum og axla okkar samfélagslegu ábyrgð. Ég hafði mjög mikinn áhuga á þessu máli þegar það var í undirbúningi og fylgdist með því og ræddi við marga á undirbúningsstigi þess. Ég heyrði þá m.a. að töf af þessu tagi, eins og varð með komu þessa flóttafólks, hefði ekki verið gagnvart öðrum Norðurlöndum. Ég heyrði þá staðhæfingu að það væri miklu farsælla fyrir okkur að vinna slík mál með Norðurlöndunum og jafnvel í gegnum Norðurlönd. Og ef ég man rétt, ég hef nú ekki litið á þetta í gögnum mínum, í gegnum Svíþjóð.

Flóttamannaráðið gerði tillögu um kvóta. Flóttamannaráðið var sett á laggirnar af ríkisstjórn sem viljayfirlýsing um að nú skyldum við gera betur en áður í þessum málaflokki. Flóttamannaráðið mótaði stefnu, gerði tillögu um kvóta og að Ísland tæki árlega á móti hópi. Mér finnst eðlilegt að ríkisstjórn þori að taka slíka ákvörðun. Ríkisstjórnir eru ævinlega að taka ákvarðanir fram í tímann og binda fjárhagslega komandi ríkisstjórnir í ríkum mæli. Ég tel það ekki goðgá þó að aðrar ríkisstjórnir framtíðarinnar séu bundnar af því að taka á móti 20–30 flóttamönnum vegna þess að það er góðgjörðastarf sem getur verið skapandi fyrir okkar þjóðlíf.

[14:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það verður að hafa það þótt hv. þm. Þórunn Sveinbjarnardóttir sé furðu lostin. Ég tel að óskynsamlegt hefði verið í fyrra að fastsetja kvóta. Ég get tekið undir það með henni og öðrum sem hér hafa talað að okkur ber siðferðileg skylda til að taka á móti flóttamönnum og við eigum að reyna að standa að því með reisn og reyna að gera það eins vel og við mögulega getum. Stjórnvöld hafa stutt að málinu. Mörg byggðarlög gætu leikið eftir það sem Ísfirðingar hafa gert og munu vafalaust gera. Reynslan af þessu hefur verið góð og það er sjálfsagt að halda áfram. Þetta er miklu betur gert núna en forverar mínir hafa gert. Við tókum á móti stærri hópi heldur en flóttamannaráð lagði til og ég tel að við höfum staðið myndarlega að þessu öll sömul. Ég er þakklátur Ísfirðingum, Rauða krossinum og öllum þeim sem að móttöku þessara flóttamanna hafa komið. Ég tel að við eigum að ráða því sjálf og ekki hengja okkur aftan í Svía eða aðra Norðurlandabúa hvernig við stöndum að móttöku flóttamanna. Þetta tókst vel og þessa leið vil ég fara í framtíðinni.

Verkefnaáætlun í skólum gegn útlendingaandúð.

Fsp. PBald, 92. mál. — Þskj. 94.

[14:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú fyrirspurn sem borin er fram til menntmrh. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er unnið í skólum landsins samkvæmt verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð?“

Þessi fsp. er tengd annarri sem var sett fram á sama tíma til samstarfsráðherra Norðurlandanna en hún hljóðaði svo: Hvers eðlis var átakið „Norðurlönd gegn útlendingaandúð“? Hvað var gert hér á landi?

Þetta átak var sett á laggir fyrir tveimur eða þremur árum. Ég minnist þess sjálf því að ég átti sæti þá sem formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs og tók þátt í undirbúningi þess að þetta átak yrði gert. Það hefur hins vegar lítið heyrst um það hér en ég þykist þess fullviss að unnið hafi verið samkvæmt því hér á landi.

Petrína Baldursdóttir bendir á varðandi þessa fsp. að á undanförnum árum hefur sú breyting orðið hér á landi, eins og annars staðar, að fleiri innflytjendur hafa sest að á Íslandi og vorum við jafnframt að ræða það mál rétt áðan og tengist í raun þessi fsp. því sem við vorum að ræða. Fólk hefur ættleitt börn af erlendu bergi og íþróttamenn hafa sest hér að

og oft er um að ræða fólk frá þeim stöðum sem geta lent í því, ef hugarfar er ekki rétt þar sem fólk sest að, að það verði fyrir útlendingaandúð.

Hér ganga börn í skóla, hér er fólk á vinnumarkaði og það er alveg ljóst að útlendingaandúð hefur verið fyrirferðarmikil á síðustu árum erlendis þar sem rasistar, nýnasistar, hafa fengið aukinn hljómgrunn í þjóðfélögum Evrópulanda.

Við Íslendingar viljum venjulega telja okkur til hópa sem öðruvísi standa að málum og á meðan nágrannar okkar hafa haft áhyggjur af því, miðað við þá áherslu sem þar hefur verið lögð á, að finna hvað gerist í þeirra samfélagi þegar innflytjendur eiga undir högg að sækja.

Það hefur orðið fjölgun á innflytjendum til Íslands eins og ég kom inn á og mikilvægt er að íslensk stjórnvöld hafi stefnuáætlun um það að upplýsa Íslendinga um menningu innflytjenda, íslensk stjórnvöld hafi forgöngu um að uppræta neikvæð viðhorf gagnvart fólki. Það er eðlilegt að í skólum landsins sé unnið markvisst að því að innræta börnum frá byrjun ákveðna hluti og fordómaleysi gagnvart útlendingum. Fordómar verða venjulega til af þekkingarleysi og óöryggi. Börn eru mjög opnir einstaklingar, venjulega fordómalaus og hægt er með jákvæðum áróðri að innræta þeim ákveðna hluti gagnvart mönnum og málefnum. Því er spurningin endurtekin:

Að hvaða marki er unnið gegn útlendingaandúð í skólum landsins og er verkefnaáætlun í gangi?

[14:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 segir í 29. gr.:

„Við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr.

Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar.

Í öllu skólastarfi skal tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda."

Ætlast er til að allir grunnskólar starfi í þessum anda. Við endurskoðun aðalnámskrár verða þessi lagaákvæði túlkuð og stefnt er að útgáfu næstu aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla árið 1998.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 1989 er sérstök umfjöllun um umburðarlyndi. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur. Gagnkvæmni er grundvallaratriði í umburðarlyndi. Það skiptir mestu máli fyrir þá sem eru í minni hluta eða víkja verulega frá ríkjandi hefð."

Herra forseti. Ég les annars vegar þessa lagagrein og hins vegar þennan kafla úr aðalnámskrá grunnskóla til að árétta það að samkvæmt þessu ber íslenskum skólum að starfa. Að öðru leyti hefur ekki verið samin sérstök verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð til notkunar í íslenskum skólum. Eins og hér kemur fram er unnið að því við endurskoðun aðalnámskrár, bæði fyrir framhaldsskóla og grunnskóla, að útfæra þau markmið sem lögin setja að því er varðar jafna stöðu allra án tillits til kyns, búsetu, uppruna, stéttar, trúarbragða eða fötlunar, eins og það er orðað.

Menntmrn. hefur á hinn bóginn tekið þátt í ýmsum verkefnum sem lúta að því að sporna gegn kynþáttamisrétti og má þar nefna verkefni á vegum Evrópuráðsins og sú nefnd sem þar starfaði tengdist einnig þeirri verkefnaáætlun á vegum Norðurlandanna sem hv. fyrirspyrjandi vék að. Ýmis félagasamtök og æskulýðsfélög tilnefndu fulltrúa í þessa nefnd sem stofnuð var 1994 og var Guðmundur Árnason, skrifstofustjóri í forsrn., formaður hennar. Lauk nefndin störfum í desember 1995. Nefndin ákvað að meginverkefni hennar væri að hlutast til um að gerð yrði rannsókn á högum nýbúa hér á landi í samvinnu við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Gerður var sérstakur samningur við stofnunina um framkvæmd slíkrar rannsóknar á högum nýbúa á Íslandi og þá einkanlega yngra fólks. Er ætlunin að niðurstöður þessarar rannsóknar verði kynntar í sérstakri skýrslu og er við það miðað að könnuninni verði lokið nú fyrir árslok.

Þetta eru þau tvö atriði eða þrjú atriði sem ég vildi sérstaklega nefna sem svar við fyrirspurn hv. þm. en árétta að af hálfu menntmrn. er ekki unnið eftir sérstakri verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð og í skólum landsins er ekki um slíkar áætlanir að ræða af hálfu ráðuneytisins. Hins vegar hafa verið af hálfu ráðuneytisins undirbúin verkefni sem lúta að því að auðvelda nýbúum á Íslandi að kynnast íslensku þjóðfélagi, læra íslensku og laga sig að íslenskum siðum. Þetta verkefni hefur verið unnið á undanförnum missirum og það hefur nú að verulegu leyti flust til sveitarfélaganna eftir að grunnskólarnir fluttust þangað, en ráðuneytið hefur lagt grunn að þessu starfi. Þar tel ég að hafi verið unnið mjög merkilegt og mikilvægt starf, bæði fyrir þá einstaklinga, sem notið hafa þeirrar þjónustu í skólanum sem veitt hefur verið, og einnig til undirbúnings því að við getum með skipulegum hætti mótað þær áætlanir sem hér er spurt um og unnið að því að setja þær fram og inn í þær námskrár sem eru í undirbúningi og unnið verður að og ætlunin er að taki gildi á árinu 1998.

[14:54]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eiginlega kemur þetta svar mér á óvart. Þegar ég hlusta á ráðherra lesa upp markmið úr aðalnámskrá grunnskóla eru þetta auðvitað mjög almenn ákvæði um siðgæði og umburðarlyndi, nauðsynleg og sjálfsögð í landi eins og okkar en afskaplega fátæk í raun og veru þegar á að reyna að festa hönd á því hvað sé gert gagnvart því verkefni að reyna að uppræta eða vinna gegn útlendingaandúð.

Ég minnist þess við utandagskrárumræðu meðan hæstv. ráðherra var þingmaður og formaður utanrmn. var einmitt rætt þetta átak sem fram undan var á vegum Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs og við tókum þátt í því, bæði tvö, að koma því á framfæri við Alþingi að þannig ætti að taka á málum. Mér finnst mjög mikilvægt að verkefni sé í gangi til að auðvelda nýbúum að aðlagast. Maður hefur heyrt svo margt um erfiðleika nýbúa. En ég verð að segja að átak sem er sett á laggirnar af Norðurlandaráði með því hugarfari, sem það var sett af stað með, þá held ég að menn hafi ekki séð það fyrir sér að í einhverju landi fælist það eingöngu í átakinu að gerð yrði rannsókn á högum nýbúa og einkum yngra fólks. Ég sá það fyrir mér að farið yrði í markvissar aðgerðir til að vinna gegn því að útlendingaandúð væri í landinu eða yrði. Ég hvet ráðherra til þess, þar sem engin verkefnaáætlun er í skólum og þar sem á eftir að útfæra þessi markmið í

aðalnámskrá grunnskóla, að hann beiti sér sérstaklega fyrir því að þetta sé gert markvisst þannig að við fáum þessa vinnu í gang.

[14:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í nefnd þeirri sem skilaði af sér á síðasta ári og vann að þessu í tengslum við ályktanir Evrópuráðsins var þetta meginkjarni í hennar tillögum. En hún beitti sér einnig fyrir öðrum verkefnum sem unnt er að tíunda ef menn vilja fara ofan í slíka þætti. En spurningin snerist ekki um það heldur snerist spurningin um það hvort í skólum landsins væri unnið samkvæmt verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð. En eins og ég sagði starfa skólar landsins eftir lögum og eftir aðalnámskrá og eru þau meginstjórntæki sem ráðherra menntamála hefur til að hafa áhrif á starf í skólunum.

Aðalnámskráin er í endurskoðun. Þessi mál verða tekin þar til athugunar og skoðunar í ljósi þeirra viðhorfa sem uppi eru og þeirra ráðstafana sem taldar eru nauðsynlegar til að veita fræðslu á þeim forsendum sem nú eru í þjóðfélaginu og þar mótast þau stjórntæki sem yfirvöld menntamála hafa til að beina sérstökum tilmælum til skóla og hafa áhrif á innra starf þeirra. Og það á að gera m.a. í samvinnu við þingflokka því að stefnumótun varðandi námskrárgerðina verður unnin í samvinnu við þingflokkana og hafi flokkar sérstök áhersluatriði í þessu sambandi, þá er hægt að koma því inn í þá vinnu. Það er það stjórntæki sem menn hafa. Einstakar áætlanir kunna að skila árangri en aðalatriðið er að þetta sé lifandi og eðlilegur þáttur í starfi skólanna og það sé miklu mikilvægara en einstök átaksverkefni og ég vona, að nýja námskráin verði þannig úr garði gerð að menn geti sinnt þessum verkefnum þar.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins.

Fsp. PBald, 94. mál. — Þskj. 96.

[14:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á þskj. 96 hefur Petrína Baldursdóttir lagt fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins:

„Hve mikið fé hefur Þróunarsjóður sjávarútvegsins veitt í styrki til úreldingar fiskiskipa síðan lögin um sjóðinn tóku gildi árið 1994?

Hvað hefur verið gert við skipin sem úrelt hafa verið?

Telur ráðherra að með lögum um sjóðinn hafi náðst árangur í hagræðingu innan sjávarútvegsins?"

Alþingi samþykkti lög um Þróunarsjóð sjávarútvegsins árið 1994. Hlutverk sjóðsins á að vera, eins og segir í 1. gr. laganna, að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Sjóðurinn á í því skyni að kaupa fiskvinnslustöðvar, framleiðslutæki þeirra, greiða styrki vegna úreldingar fiskiskipa til að draga úr afkastagetu í sjávarútvegi. Sjóðnum er enn fremur ætlað að stuðla að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar.

Frv. um Þróunarsjóðinn má rekja til umræðu sem var í þjóðfélaginu um mikla skuldastöðu og offjárfestingu í sjávarútvegi. Þegar umræður um Þróunarsjóðinn áttu sér stað á hinu háa Alþingi voru mjög skiptar skoðanir um stofnun Þróunarsjóðsins. Minna má á að þegar sjútvn. sendi málið út til umsagnar voru flestallir mjög neikvæðir á tilurð sjóðsins og vöruðu við að enn einn sukksjóðinn skyldi setja á laggir. Menn töluðu um skatt á sjávarútveginn, að útvegurinn hefði nóg á sinni könnu, að skuldir þyrfti frekar að lækka heldur en bæta við álögum. Á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því lögin tóku gildi má reikna með að komin sé einhver reynsla á tilurð sjóðsins og því eru spurningarnar settar fram sem ég hef borið fram til ráðherra.

[15:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu fsp. er rétt að taka fram að sjóðurinn hefur greitt út 366 styrki til að úrelda jafnmörg fiskiskip og varið til þess 2,5 milljörðum kr. Enn fremur hefur sjóðurinn gefið loforð sem ekki hafa komið til útborgunar um að úrelda 102 skip til viðbótar og nema þau styrkloforð rúmlega 307 millj. kr. Þessu til viðbótar eru nú í afgreiðslu hjá sjóðnum 96 umsóknir um styrki til úreldingar á fiskiskipum.

Um annan lið fsp. er það að segja að í tíð eldri laga var gerð sú krafa að skip sem fengu úreldingarstyrk yrðu afmáð af skipaskrá, sem þýddi að annaðhvort þurfti að selja þau úr landi eða eyða þeim áður en til útborgunar styrksins kom. Þessum lögum var breytt með lögum frá 1995 og nú þarf annaðhvort að liggja fyrir að skipið hafi verið tekið af skipaskrá eða að þinglýst hafi verið kvöð um það að skipið stundi ekki framar fiskveiðar innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Það liggur í augum uppi að í tíð eldri laga var skipum ráðstafað í samræmi við þær kröfur sem þar voru gerðar. Eftir að lögunum var breytt hafa flest skipin staðið áfram á skipaskrá ýmist sem vinnuskip hjá Siglingamálastofnun eða sem skemmtiskip en nokkur skip hafa verið seld úr landi.

Varðandi þriðju fsp., um mat á því hver árangurinn hafi verið af störfum sjóðsins, er það að segja að vitaskuld getur verið erfitt að kveða upp einhliða dóm þar um. En á þeim tíma sem liðinn er frá 1994 hefur skipum með aflamarksleyfi fækkað úr 1.310 niður í 1.011 eða um 300 skip og það er veruleg fækkun. Jafnframt hefur bátum með krókaleyfi fækkað úr 1.117 niður í 1.009 eða um rúmlega 100. Það má búast við að í því sérstaka átaki sem nú stendur um fækkun krókaleyfisbáta muni þeim bátum fækka eitthvað meir. Ugglaust hefði orðið einhver fækkun á fiskiskipum án aðgerða af þessu tagi. Erfitt er að segja til um hversu mikil og eflaust hefði hún tekið lengri tíma. Ég tel þess vegna að þetta átak hafi skilað verulegum árangri. En í eðli sínu er rétt að mínu mati að millifærslusjóðir af þessu tagi séu tímabundnir og miðist við tímabundin viðfangsefni en ekki viðvarandi. Og ég held að í ljósi þess ágæta árangurs, sem nú liggur fyrir, hafi það verið skynsamleg ákvörðun sem nú hefur verið tekin þar sem stefnt er að því að ljúka allri starfsemi sjóðsins um áramót. Í stað þeirra úreldingarstyrkja sem áður var gert ráð fyrir að greiddir yrðu á næstu árum tæki sjóðurinn að sér að fjármagna að stærstum hluta kaup á nýju hafrannsóknaskipi. Starfsemi sjóðsins í framhaldi af því yrði þá bundin við að innheimta gjöld til að standa undir skuldbindingunum og gera þær upp en ráð er fyrir því gert að það taki þann tíma að því verði ekki lokið fyrr en árið 2009. Á þessum tímamótum held ég að hafi verið skynsamlegt að taka þessa ákvörðun, ekki síst í ljósi þess að átakið hefur skilað umtalsverðum árangri og að því leyti er betra jafnvægi milli sóknargetu fiskiskipastólsins og afrakstursgetu fiskstofnanna en áður

var þó að við höfum ekki náð fullnægjandi árangri í því efni.

[15:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Mér sýnist að það séu um það bil 3 milljarðar sem hafa farið í þessa úreldingarstyrki. Mér heyrist líka að ekki sé lengur verið að eyðileggja báta eða skip sem úrelt eru. Ráðherra nefndi að flest skip standi áfram á skipaskrá en nokkur seld úr landi. Ég árétta að fá upplýsingar um hvort að bátum eða skipum sé eytt. Það er ljóst miðað við svar ráðherrans að ákveðnum skipum, eins og þeim með aflamarkskerfi, hefur fækkað um 300 og bátum með krókaleyfi um 100 en það er mjög erfitt að átta sig á hvort árangur í hagræðingu innan sjávarútvegsins hafi náðst eða orðið.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að vísa til svars sem ég fékk við fsp., sem ég beindi til ráðherra í fyrra, sem var um fjölda og stærð fiskiskipa, aldur úreltra fiskiskipa og spurningu um hvaða fiskiskip hafi komið í stað þeirra sem úrelt hafi verið og hver sóknargeta fiskiskipaflotans væri. Hvort hún hefði aukist eða minnkað sem er grundvallaratriði í því að reyna að meta hagræðinguna. Hvort hagræðing varð af því kerfi sem var sett á, og reyndar var spáð að yrði með upptöku kvótakerfisins — að það hlyti að gerast að hagræðing yrði í flotanum. Við þessu svari fékk ég bara upplýsingar um að ráðuneytið hefði kannað endurnýjun í skipastólnum frá Fiskistofu og setti upp töflu þar um með upplýsingum um veiðileyfi og heildartonnatölu. En þegar maður skoðar þetta þá er mjög erfitt að átta sig á hvað felst í þeim tölum sem Fiskistofa setur fram um heildargetu vegna þess að í svarinu hlyti að eiga að koma fram hver getan er og hver þörfin er. Ég vil beina þessu til ráðherra varðandi fsp. okkar í framtíðinni.

[15:08]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er engum vafa undirorpið að gífurleg hagræðing hefur orðið í sjávarútvegi á undanförnum árum og ekki síst í fiskveiðunum. Meginástæðan fyrir því er það markaðskerfi, sem við notumst við, við stjórnun fiskveiða. En þetta sérstaka átak til úreldingar á fiskiskipum hefur, eins og hér hefur komið fram, hjálpað til í því efni. Það er auðvitað rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að fjöldi skipa segir ekki allt í þessu efni. Auðvitað eru ný skip yfirleitt betur tækjum búin og oft betur til þess fallin að stunda fiskveiðar en eldri skip og sóknargetan verður því ekki mæld einvörðungu með fjölda skipa eða rúmlestatölu þeirra. Það er heldur ekki hægt að setja upp neina formúlu í því efni hvað er þörf á mörgum fiskiskipum. Það getur verið breytilegt og er auðvitað breytilegt. En hitt er líka ljóst að fari svo að óskir okkar og spár um að fiskstofnar séu að styrkjast, eins og til að mynda þorskstofninn, er líka augljóst að við þurfum færri skip en áður vegna þess að afli á sóknareiningu eykst og áfram verður mikil þörf á áframhaldandi hagræðingu vegna þessa. Ýmsir hafa kannski talið að vaxandi þorskstofn kallaði á fleiri fiskiskip en því er í raun og veru þveröfugt farið. Vegna þess að styrkari stofn á að þýða að við fáum meiri afla á hverja sóknareiningu. Það er atriði sem ég er sannfærður um að mun þróast á þeim grundvelli sem lagður hefur verið með fiskveiðistjórnuninni að greinin aðlagar sig smám saman að breyttum og nýjum aðstæðum og reynsla undangenginna ára sýnir að svo hefur verið.

[15:10]

Útbýting þingskjals:

Greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar, 134. mál, fsp. TIO, þskj. 145.

[Fundarhlé. — 15:11]

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd GATT-samningsins.

[15:30]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða. Málhefjandi er hv. þm. Ágúst Einarsson. Til andsvara verður starfandi utanrrh., hæstv. landb.- og umhvrh. Guðmundur Bjarnason. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskpa og stendur í hálftíma. Efni umræðunnar er framkvæmd GATT-samningsins.

[15:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Reynslan af GATT-samningnum hefur verið slæm hérlendis. GATT átti að leiða til fjölbreyttara vöruúrvals, meiri samkeppni og aðlögunar íslensks landbúnaðar að nútímalegri viðskiptaháttum, en jafnframt veita eðlilega vernd á aðlögunartíma. Þetta hefur ekki gerst. Ríkisstjórnin útfærði samninginn þannig með löggjöf að fest var í sessi núverandi landbúnaðarstefna sem er bæði neytendum og bændum óhagkvæm. Það lögðust allir gegn löggjöf ríkisstjórnarinnar nema þröngir hagsmunir bændaforustunnar og varðhundar staðnaðs kerfis í stjórnarflokkunum. Ráðherrarnir bera allir ábyrgð á þessu þótt hlutur Framsóknar sé sýnu stærstur. Hæstv. utanrrh. svarar fyrir sjálfan samninginn, landbrh. fyrir steinrunna landbúnaðarstefnu og viðskrh. fyrir atlögu að neytendum. Benda má á að á landsfundi Sjálfstfl. var gagnrýni á framkvæmd GATT-samningsins felld úr ályktunardrögum um viðskipta- og neytendamál. Neytendafjandsamleg stefna Sjálfstfl. þegar kemur að landbúnaðarmálum er skýr. Við lögfestinguna í fyrra voru tollar ákvarðaðir himinnháir.

Við lögfestingu GATT-samningsins í fyrra töldu Neytendasamtökin, verkalýðshreyfingin og talsmenn jafnaðarmanna á Alþingi að útfærsla ríkisstjórnarinnar með ofurtollum bryti í bága við anda GATT-samningsins og mundi leiða til verðhækkana og ofverndunar íslensks landbúnaðar. Ég tel að reynslan staðfesti þetta og spyr starfandi utanrrh., hæstv. landbrh.: Mun hann beita sér fyrir breytingum á löggjöf til að lækka tolla?

Í reynd var með löggjöfinni hindraður lágmarksinnflutningur til landsins sem þó var samningsbundið. Markmið um lágmarksinnflutning landbúnaðarvara, þ.e. 3–5% af innanlandsneyslu, virðist síður en svo hafa náðst. Þannig hefur af ýmsum vöruflokkum verið flutt einungis inn um 0,08% til 1,4% af lágmarksaðgangi á fyrsta ári GATT-samningsins, svo sem af svínakjöti, alifulgakjöti og smjöri. Ég spyr hæstv. ráðherra: Í hve miklu umfangi hefur lágmarksinnflutningur orðið miðað við innanlandsneyslu? Þessi mál varða vitaskuld neytendur sem hafa orðið fyrir þungum búsifjum vegna löggjafar ríkisstjórnarinnar.

Hæstv. viðskrh. mun taka þátt í umræðunni og ég óska eftir að hann svari tveimur spurningum. Á síðustu 19 mánuðum hafa skuldir heimilanna hækkað um 1.300 millj. sem

má rekja til 47% hækkunar á grænmeti og kartöflum. Ástæða hennar er fyrst og fremst slæm útfærsla GATT-samningsins. Hvernig ætlar ráðherranna að bæta heimilum landsins þessa hækkun skulda þeirra? Telur hann eðlilegt að svona mikil vernd fyrir fáa framleiðendur bitni af slíkum þunga á svo stórum hópum landsmanna?

Í öðru lagi er eitt af yfirlýstum markmiðum GATT-samningsins að afnema viðskiptahindranir og stuðla smám saman að samkeppni um verð og gæði framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur. Telur ráðherrann ástæðu til að endurmeta núgildandi löggjöf um landbúnaðarmál til að örva samkeppni og tryggja betur hag neytenda?

Herra forseti. Landbúnaðarstefna ríkisstjórnarinnar er gjaldþrota. Við verjum sex milljörðum á ári vegna búvöruframleiðslunnar sem er meira en allir framhaldsskólar landsins kosta og meira en rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur kostar á ári samkvæmt fjárlögum. Auk þess er gífurleg tollvernd til að hindra innflutning. Tekjur bænda lækka sífellt í vondu kerfi og neytendur njóta hvorki eðlilegs verðs né vöruúrvals. Skattlagning neytenda vegna þessarar fortíðarstefnu er ótrúlega mikil og þjónar hvorki neytendum né bændum.

Ég spyr hæstv. starfandi utanrrh. að lokum: Stuðningur við íslenskan landbúnað er sá fjórði mesti af ríkjum OECD, tollvernd og framlög á fjárlögum nema á annan tug milljarða á ári og matarverð er hærra hér en annars staðar. Hyggst ráðherrann í ljósi þessa grípa til aðgerða og lækka þennan stuðning og tryggja neytendum lægra matarverð?

[15:36]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þar sem spurningum hv. málshefjanda er beint til starfandi utanrrh. er rétt að taka fram í upphafi að Íslendingar hafa ekki fengið neinar athugasemdir frá WTO við framkvæmd landbúnaðarhluta GATT-samningsins. Þeim fyrirspurnum sem bornar hafa verið fram af einstökum aðildarríkjum á fundum landbúnaðarnefndarinnar hefur verið svarað að fullu. Nákvæm grein hefur verið gerð fyrir því hvernig Íslendingar hafa staðið að úthlutun tollkvóta og innanlandsstuðningi við landbúnaðinn og ekki verið gerðar athugasemdir þar við.

Varðandi spurningu sem síðan er beint beint til mín, ég tel nú reyndar fremur sem landbrh. en starfandi utanrrh., um það að reynslan staðfesti, að mati fyrirspyrjanda, að GATT-samningurinn hafi leitt til verðhækkana og ofverndunar íslensks landbúnaðar, sé í raun órökstudd fullyrðing. Ég tel fráleitt að hægt sé að alhæfa í þessu sambandi. Það er hins vegar rétt hjá fyrirspyrjanda að landbúnaðarhluti GATT-samningsins mun trúlega leiða til hærra vöruverðs landbúnaðarvara á heimsmarkaði og þetta eru upplýsingar frá FAO, frá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, þar sem samningurinn gerir ráð fyrir almennri lækkun innanlandsstuðnings og útflutningsbóta aðildarríkjana.

Hvað varðar verðlag á mjólkur- og kjötvörum innan lands hefur raunverð þeirra lækkað verulega á gildistíma búvörusamningsins. Verð á grænmeti er og verður ætíð sveiflukennt þar sem framboð og eftirspurn endurspeglast í verði þess hvort sem um er að ræða innlent eða erlent grænmeti. Rétt er að benda á að til þess að draga úr óheppilegum verðsveiflum hefur tollvernd verið sett á og eða tekin af í þrepum, til að draga úr sveiflum eftir mætti. Þannig er einnig rétt að upplýsa að í mörgum tilfellum er leyfileg tollvernd ekki notuð nema að hluta til og í sumum tilfellum er ekki um neina tollvernd að ræða í framkvæmdinni eins og hún hefur verið hér hjá okkur, en tímans vegna er erfitt að telja upp einstakar tegundir í þessu sambandi. Talið er að verð á blómum hafi ýmist staðið í stað eða jafnvel lækkað eftir gildistöku samningsins. Það er eðlilegt að endurmeta löggjöfina á hverjum tíma og á ákveðnum tímapunkti í ljósi þeirrar reynslu sem hefur fengist og er að fást. Mig langar í því sambandi að vitna til orða hæstv. forsrh. er hann lét falla hér við lok umræðu um lagafrv. á sínum tíma, með leyfi forseta. Þar sagði hæstv. forsrh.:

„Ég vildi gjarnan vegna brtt. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur kynnt gefa yfirlýsingu af ríkisstjórnarinnar hálfu um að ríkisstjórnin er tilbúin til þess að lýsa því yfir að lögð verði fram greinargerð fyrir árslok 1996 um þróun mála samkvæmt þeim heimildum sem við erum að leggja til að verði lögfestar hér þannig að ríkisstjórn og þing geti hvort í sínu lagi eða sameiginlega tekið ákvörðun um það hvort endurskoðunar sé þörf og þá í hvaða mæli."

Við þessa skýrslugerð verður að sjálfsögðu staðið.

Varðandi aðra fyrirspurn hv. þm. má segja að þetta er í raun fyrsta árið sem leyfður hefur verið innflutningur samkvæmt lágmarksaðgangi og reglur hafa auðvitað verið að mótast af því að menn hafa verið að þreifa sig áfram frá því að hér ríkti nær algjört bann við innflutningi á þessum vörum og yfir í það að móta eðlilegar eða gagnsæjar reglur um framkvæmdina, einkum hvað varðar heilbrigðisvarnirnar sem eru áskildar af okkar hálfu í þessu efni. Því finnst mér hafa gætt nokkurrar óþolinmæði í þessari umræðu þar sem það er líka ljóst að fyrirtækin hafa þurft að laga sig að þessu breytta umhverfi, svo sem að koma á viðskiptasamböndum, finna út hvaða vörutegundir henta á markaði og svo framvegis. Þetta hefur allt tekið sinn tíma og innflutningur hefur því e.t.v. verið minni þetta fyrsta ár en ella. Þegar auglýstur hefur verið tollkvóti um lágmarksaðgang hafa umsóknir í nær öllum tilfellum verið meiri en sá kvóti sem í boði var nema í smjöri. Það hefur ekki reynst neinn áhugi á innflutningi yfirleitt, m.a. vegna hagstæðs verðs á smjöri hér á landi.

Innflutningur osta- og eggjaafurða uppfyllti þennan lágmarksinnflutning og rúmlega það. Þá var innflutningur á unnum kjötvörum rúmlega helmingur þess magns sem gert var ráð fyrir.

Varðandi svín og alifugla má geta þess að það hefur að fullu verið úthlutað samkvæmt því sem markaðsaðgangurinn gerir ráð fyrir en innflutningurinn hefur ekki, a.m.k. ekki enn, náð lágmarksaðgangi.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að stjórnvöld hafa skapað skilyrði fyrir því að þessi innflutningur geti átt sér stað, en þau bera ekki ábyrgð á því ef fyrirtækin sjá sér ekki hag í því að stunda þennan innflutning. Ég vil líka segja að það er misskilningur ef menn halda að það sé skylda stjórnvalda að það sé flutt inn tilgreint magn sem kemur fram í samningnum. Það er fyrst og fremst um að ræða að gefinn sé kostur á því.

Sem svar við þriðju fyrirspurninni sem hv. þm. beindi til mín, en það má segja að hún eigi kannski fyrst og fremst erindi til landbrh. þar sem verið er að tala um stefnumótun í landbúnaði, en síður kannski utanrrh., þá var með búvörusamningnum sem gerður var 1991 mörkuð sú stefna að takmarka opinberan stuðning við innanlandsneyslu. Útflutningsbætur voru aflagðar og stefnt að almennri hagræðingu í landbúnaði. Hvernig til hefur tekist, sé miðað við þróun

þessara mála í OECD-ríkjunum, má miklu frekar lesa af þeirri þróun sem orðið hefur á þessum tíma heldur en að bera saman reikningslegar stærðir því samanburður milli landa á þennan hátt getur orkað tvímælis. En samanburður á þróun milli landa yfir lengri tímabil lýsir því best hvað gerst hefur frá ári til árs. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. Þannig má sjá að á meðaltali áranna frá 1992–1995 hefur stuðningur við landbúnað í OECD-ríkjunum aukist að meðaltali um 2–3% en lækkað hér á landi um 25%, auðvitað fyrst og fremst vegna útflutningsbótanna. Útflutningsbætur námu á viðmiðunarárum samningsins 1,8 milljörðum og mættu í dag vera tæplega 1,5 milljarðar miðað við skuldbindingarnar sem samningurinn gerir ráð fyrir, en þær hafa algjörlega verið aflagðar eins og menn vita. Við höfum því fyllilega staðið við okkar hlut hvað samninginn varðar að þessu leyti.

[15:42]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ekki á ég nú von á því að við knýjum hæstv. landbrh., settan utanrrh., eða iðnaðar- og viðskrh. til þess að breyta um stefnu í þessum málum í þessum umræðutíma í þessum ræðustól. Ég hygg að það taki ögn lengri tíma enda er bardaginn við landbúnaðarkerfið búinn að standa í ansi marga áratugi og með litlum árangri. Það hefur þó mjatlast í því að draga úr skattpíningu á almenning til stuðnings þessu úrelta og ónýta kerfi en samt stendur eftir að við erum í fjórða efsta sæti í heimsbyggðinni að því er það varðar.

Hæstv. ráðherra var spurður margra spurninga af því einfalda tilefni að verðhækkun á nítján mánuðum á nokkrum tegundum af grænmeti upp á tæplega 50% hefur síðan þær afleiðingar að hækka skuldir heimilana um 1,3 milljarða sem þýðir greiðslubyrði á ári upp á 300 millj. kr. Hver eru svör hæstv. ráðherra í þessu? Þau eru út af fyrir sig engin. Þeir árétta þó að þeir hafi ekki verið dregnir fyrir lög eða dóm í útlöndum út af þessu máli. Það er alveg laukrétt hjá þeim að þeir hafa hvorki verið dregnir fyrir dómstóla né dæmdir. Það eina sem þeir hafa gert er að þeir hafa beitt þó nokkrum klókindum, búhyggingum, kænsku og tæknibrellum til að stilla þessa ofurtolla þannig af að þeir eru alveg undir þeim heimildarhámörkum sem samningurinn heimilaði. Það dugar til þess að þeir sleppa við skuldbindinguna um það að þrepa þessa tollvernd niður í áföngum þannig að við erum eina landið sem framkvæmum GATT-samninginn með þeim hætti að það er enginn samdráttur í tollverndinni á aðlögunartímanum. Tollverndin er afstillt í upphafi slík sem hún er. Með öðrum orðum, landbúnaðinum og þó sérstaklega landbúnaðarkerfinu er ekki gert að laga sig að nýju umhverfi. Þetta er gert í þágu sérhagsmuna, ekki í þágu neytenda, ekki í þágu bænda. Þetta er gert af ásettu ráði til þess að viðhalda úreltu og ónýtu kerfi sem situr yfir hlut bæði bænda og neytenda.

[15:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það mátti skilja svör hæstv. landbrh. og sitjandi utanrrh. á þann veg að þetta væri nú eiginlega allt í lagi vegna þess að það hefðu ekki verið gerðar athugasemdir við það hvernig Íslendingar hafa framfylgt GATT-samningnum. Það er ástæða til að rifja upp til hvers verið var að endurskoða þennan samning á sínum tíma. Það var annars vegar gert til þess að auðvelda heimsviðskipti og hins vegar til þess að draga úr verndaraðgerðum, til þess einmitt að auka viðskiptin, til þess að aðstoða þriðja heiminn og stuðla að því að það ríki eðlileg viðskipti á sem flestum sviðum.

Afleiðingin eða útfærslan hér á landi er, eins og hér hefur komið fram, sú að grænmeti sérstaklega hefur hækkað í verði. Það hefur valdið lækkun á kaupmætti og aukið skuldir heimilanna sem minna okkur enn á þá hringavitleysu sem ríkir í þessum vísitölum, þ.e. að hækkun á einni vörutegund eða nokkrum vörutegundum skuli verða til þess að hækka skuldir heimilanna. Þetta eru hlutir sem verður að endurskoða. Hækkun á grænmeti gengur þvert á þá manneldisstefnu sem hér hefur verið í framkvæmd eða á að vera í framkvæmd, sem er að auka grænmetisneyslu og maður heyrir allt of mörg dæmi þess að fólk veigrar sér við að kaupa grænmeti vegna þess hversu dýrt það er. Að mínum dómi hefur hér verið gengið allt of langt í því að koma til móts við hagsmuni bænda sem óttuðust mjög þennan samning. Ég vil skora á hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að fara nú rækilega í gegnum þetta mál og gæta þess að hagsmunirnar eru ekki bara á eina hlið. Þeir eru þjóðarinnar í heild og ekki síst neytenda og við þurfum að horfa á þessa hluti í samhengi. Aukin grænmetisneysla mun koma bændum til góða og hún mun koma þjóðinni allri til góða.

Ég ítreka það að ég skora á hæstv. landbrh. að fara rækilega í gegnum þessi mál og láta það ekki á sig fá þó ekki hafi komið athugasemdir erlendis frá. Við eigum að sjá til þess að tilgangurinn nái fram að ganga.

[15:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það eru nú fleiri sem koma við þessa sögu en garmurinn hann Ketill. Forustuflokkur ríkisstjórnarinnar, Sjálfstfl., hefur sagst vera málsvari frjálsra viðskipta, málsvari opinna markaða, málsvari eðlilegrar samkeppni. Hann þykist fylgjandi þátttöku Íslendinga í samningum þjóða um að létta af hömlum, kvöðum og miðstýringu. En hvernig framfylgir forustuflokkur ríkisstjórnarinnar þessum stefnumálum sínum? Hann framfylgir þeim ekki. Hver er tilgangur þessa flokks sem getur sér helst orð í þessari umræðu fyrir að vera fjarverandi. Hvar eru ráðherrar Sjálfstfl.? Hvar er formaður Sjálfstfl. sem bannaði 1.700 flokksþingsfulltrúum fyrir nokkru síðan svo mikið sem að impra á gagnrýni á GATT? Og hver er tilgangur flokksins með þeirri stefnu sem hann hefur beitt sér fyrir? Var tilgangurinn með GATT-samningnum að gera mikilvæga neysluvöru dýrari eftir GATT en fyrir GATT, eins og á við um t.d. grænmeti? Var tilgangurinn með GATT-samningnum að auka skuldir heimilanna? Var tilgangurinn með GATT-samningnum að torvelda frjálsa samkeppni? Var tilgangurinn með GATT-samningnum að viðhalda miðstýrðu landbúnaðarkerfi? Var tilgangurinn með GATT-samningnum að koma í veg fyrir fjölbreyttara úrval neysluvöru á innlendum markaði? Var tilgangur Sjálfstfl. með GATT-samningunum að leggja 700% tolla á hollustu og mikilvægustu neysluvörur íslenskra heimila?

Þetta er ekki það sem Sjálfstfl. boðar, en þetta er það sem hann framkvæmir. Þess vegna eru allir ráðherrar Sjálfstfl. fjarverandi í þessum umræðum. Virðulegi forseti, vonandi er það vitni um að þeir skammast sín fyrir hlutdeild sína í þessu máli en ég er bara því miður ekki alveg viss um það.

[15:49]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín tveimur spurningum. Sú fyrri snýr að því að hækkanir á grænmeti og kartöflum hafi leitt til þess að skuldir heimilanna hafa aukist. Það kemur fram hjá hv. þm. að hækkanir á grænmeti stafi fyrst og fremst af slæmri útfærslu GATT-samningsins. Það er ekki rétt og ég veit að hv. þm., sem hagfræðingur, veit auðvitað miklu betur. Það eru lítil rök eða vísbendingar um að þessar verðhækkanir sem orðið hafa á grænmeti og kartöflum að undanförnu, tengist GATT-samningnum. Verðsveiflur á þessum vörutegundum eru ekki bara bundnar við innlenda framleiðslu, þær eru líka bundnar við innflutninginn. Dæmi um þetta má nefna af því að hv. þm. telur að um sé að ræða 1.300 millj. kr. hækkun. Í sumar sem leið hækkuðu kartöflur um 52% í júlí. Þessu var slegið upp í fjölmiðlum. Það var talið að þessi hækkun ylli 0,18% hækkun á vísitölu neysluvöruverðs. Þetta leiddi til hækkunar á skuldum heimilanna um 540 millj. kr. Þegar kartöflurnar lækkuðu aftur í ágúst um 0,10% þá leiddi það til lækkunar á skuldum heimilanna um 300 millj. kr. Síðan í október lækkuðu þær aftur um 0,08%. Það leiddi til 240 millj. kr. lækkunar á skuldum heimilanna. Þannig að þegar menn horfa á alla þessa mynd, verða menn að halda öllu til haga í þessum efnum en ekki slá bara upp einhliða tölum um það hve skuldir heimilanna hafa hækkað og vera þar af leiðandi með rangar forsendur sem menn gefa sér í því hvað leiði til þessarar skuldahækkunar.

Ríkisstjórnin hefur hins vegar verið að láta kanna að undanförnu hvort verðlag á grænmeti hafi verið að hækka á síðustu missirum. Fyrstu vísbendingar eru í þá veru að svo sé ekki.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort afnema beri þessar viðskiptahindranir og hvort ég telji að það sé rétt að fella úr gildi eða breyta búvörulögunum. Ég hef aldrei litið á löggjöfina um landbúnaðinn sem heilagan hlut sem ekki megi breyta. Ég tel hins vegar að hér sé hvorki staður né stund til þess að taka þá umræðu. Nú er að hefjast önnur samningalota varðandi GATT-málin. Þar eru landbúnaðarmálin undir. En löggjöfin um landbúnaðinn er ekki heilög að mínu viti frekar en önnur löggjöf sem þarf sífellt að vera í endurskoðun.

[15:52]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er einkennileg árátta forustumanna Alþfl. að gera meira úr ætluðum breytingum vegna GATT-samningsins nú þegar þeir sitja ekki í ríkisstjórn, en þeir gerðu þegar þeir sátu í ráðherrastólunum því að þá sögðu þeir hér í þessum ræðustóli að ekki væri að vænta mikilla breytinga á vöruverði vegna GATT-samningsins.

Ég verð hins vegar að segja að ég er sannfærður um að GATT-samningurinn, bæði á meðan hann var í vinnslu og eins eftir að hann var orðinn að samningi, hefur haft áhrif til aukinnar samkeppni og meiri fjölbreytni á okkar innlenda matvörumarkaði og þar með leitt til lækkaðs vöruverðs. Þetta getum við séð á tölum yfir verð á landbúnaðarvörum síðustu árin. Þetta er út af fyrir sig góður árangur vegna samningsins og þess vegna var hann okkur mikilvægur.

Það hafa hins vegar verið hnökrar á framkvæmd samningsins. Slíkt þarf að leiðrétta og ég treysti hæstv. landbrh. til að gera það. Það hefur auðvitað verið umdeilt að bjóða upp kvóta á þann hátt að greiðslan fyrir kvótann hækki vöruverðið. Eins má það ekki gerast að aðilar tengdir innlendum framleiðendum fái úthlutað kvótum sem þeir síðan nýta ekki. Þar er verið að nota kerfið til að koma í veg fyrir að aðrir geti flutt inn. Ég treysti hæstv. ráðherra til þess að slétta úr þessum hnökrum.

[15:54]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram við þessa umræðu eins og oft áður að allar aðstæður sem GATT krafði íslensk stjórnvöld um eru fyrir hendi, allar aðstæður eru fyrir hendi. Það hefur verið farið eftir þeim samningum sem við Íslendingar gerðum. Og það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það væru engin klögumál erlendis frá.

Við finnum það í þessari umræðu að þó að menn standi hér upp, hafi hátt og gagnrýni hið miðstýrða kerfi og bölvi því, er staðreyndin sú að hafi einhvers staðar eitthvað gerst þá er það í hinu frjálsa kerfi þar sem menn eru ekki undir neinu miðstýrðu kerfi. En ég vil vekja athygli á því að menn eru í þessari umræðu að glíma við rangan aðila. Það kemur hér upp og er á hvers manns vörum að það er vísitalan.

Við Íslendingar búum við arfleifð sem heitir lánskjaravísitala og stjórnvöld hafa haft hug á að afnema hana árum saman. En það hefur ekki orðið að veruleika. Skuldir koma og skuldir fara. Hér var t.d. hv. þm. Eggert Haukdal. Hann glímdi í 16 ár við lánskjaravísitöluna og náði ekki árangri. Hvernig væri nú að kratarnir tækju sig til og færu að glíma við lánskjaravísitöluna þannig að þetta einkennilega verðmyndunarkerfi þar sem skuldir koma og skuldir fara, hætti að valda þessum óróa?

Ég vil að auki segja að ég er auðvitað undrandi á blekkingarumræðu sem kemur frá virtum samtökum úti í bæ, þ.e. Alþýðusambandi Íslands, að hagfræðingum þeirra samtaka skuli leyfast að tala eins og þeir gera. Þeir fara með rangar fullyrðingar um GATT. Þeir hafa ekki verið kjörnir sem forsvarsmenn þeirra samtaka og ég undra mig á því hvernig íslenskur verkalýður sem hefur atvinnu af landbúnaði leyfir þeim að láta. Þeir líkjast í mörgum atriðum krötunum sem þó eru að verða sýnu stilltari því að þeir skilja þó að árangur hefur náðst. Og þó að þeir láti svona hér í dag, þá verða þeir að viðurkenna með sjálfum sér að stjórnvöld hafa farið að þeim samningum sem þau gerðu.

[15:57]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ræða seinasta hv. þm. minnti á þau gömlu heilræði úr Kvennafræðaranum að ef hitastig sjúklings væri of mikið, þá væri annaðhvort að brjóta hitamælinn eða kannski að skipta úr Celsius yfir í Farenheit. Þeir sem bölva mælikvarðanum á verðhækkanir eru ekki að koma með mjög haldgóð ráð fremur en sá ræðumaður sem talaði áðan, hv. 2. þm. Reykn. Árni Mathiesen. Hann varð frægur í þingsögunni þegar hann lýsti því yfir aðspurður hvað hann væri að gera á þing, dýralæknirinn. Hann taldi að sérfræðikunnátta sín í dýralækningum mundi koma þingflokki sjálfstæðismanna að mjög góðum notum.

Nú reyndi hann að beita þessari sérfræðiþekkingu sinni á GATT. Og hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er þessi: Í tíð fyrri ríkisstjórnar urðu hatrammar deilur milli Alþfl. og Sjálfstfl. um útfærsluna á þessum hlutum. (**Gripið fram í:** Ekki hatrammar.) Jú, þær voru hatrammar. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Og reyndar var Sjálfstfl. klofinn í málinu vegna þess að hæstv. fjmrh. hallaðist á sveif með okkur og hófsemin

í hans tillögum var sú að hann vildi tryggja bændum í upphafi eðlilega tollvernd, þ.e. muninn á viðmiðunarverðinu 88 og innlendu verði, plús frakt plús 20%. Hann fór aðeins lengra en við. Ef þessi leið hefði verið farin, væri allt önnur staða í þessum málum nú en raunverulega er. Þá segja þeir, framsóknarmenn allra flokka: „Já, en við vorum ekkert neyddir til að fara þessa leið." Það er mikið rétt. Þeir voru ekkert neyddir til þess. Spurningin var bara sú hvort þeir vildu taka þátt í því að stilla tolla þannig að báðir aðilar nytu sanngirni, annars vegar framleiðendur þannig að tollverndin lækkaði líka í áföngum á tímabilinu og hins vegar að neytendur nytu í einhverju verðlækkunar sem bæði mundi stafa af þessum lægri tollum og vaxandi samkeppni á tímabilinu.

Því miður eru þessi fræði ögn flóknari en svo að þau verði útkljáð á þessum tíma. En ég veit að hv. þm. Ágúst Einarsson á eftir að ljúka máli sínu.

[15:59]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Mér finnast þetta slæm svör frá hæstv. ráðherrum sem fagna því að ekki hafa komið athugasemdir erlendis frá. Það er alveg rétt. Ég hef aldrei haldið því fram að GATT-samningurinn væri ólöglegur, að löggjöfin væri ólögleg. En það stendur sem ég sagði: Hún brýtur í bága við anda GATT-samkomulagsins vegna þess að lagt var upp með Úrúgvæ-lotuna út frá allt annarri hugmyndafræði en ríkisstjórn Íslands lögfesti. Það liggur fyrir að nær ekkert hefur verið flutt inn. Ekki vegna þess að stjórnvöld hafi ekki skapað skilyrði fyrir innflutning, það er ekki þeirra hlutverk, sagði ráðherra. Þau beinlínis hindruðu það, komu í veg fyrir það með tollaútfærslunni og nýttu sér allar smugur í GATT-samningnum til að hafa tollana þá háa að það yrði enginn innflutningur. Meira að segja ekki þessi 3%–5% innflutningur en meiri hluti efh.- og viðskn. reyndi þó á síðustu stigum málsins í fyrra að breyta löggjöfinni þannig að sá innflutningur myndi verða. Það hefur ekki einu sinni náðst fram að ganga. Og síðan einu og hálfu ári seinna að viðurkenna ekki staðreyndir og segja: Gott og vel, við þurfum að lækka hér tollana. Nei, það á að ríghalda í þetta kerfi. Það liggur fyrir að stuðningur okkar er fjórði hæsti í heiminum, það eru einungis Sviss, Japan og Noregur sem eru fyrir ofan okkur. Þá er yppt öxlum og sagt: Ja, alþjóðlegur samanburður, hann er nú svona og svona. Þetta er ekki verjandi vegna þess að það eru neytendurnir landinu sem eru að borga.

Ég rakti hér skilmerkilega að skuldir hafa hækkað upp á 1.300 milljónir (Gripið fram í.) og ég get sagt hæstv. viðskrh. að þessi útreikningur er frá mars í fyrra til október í ár, sveifla innan sumarsins skiptir þar ekki neinu máli. Hér er réttur reikningur á ferðinni. Vitaskuld hafa sveiflur áhrif og endapunktarnir áhrif á niðurstöðu. Það vita allir og hæstv. ráðherra líka. Það er alveg augljóst að um verulega skattlagningu á þegna þessa lands með útfærslu GATT-samningsins er að ræða. Og hv. þm. Guðni Ágústsson kemur hér upp og (Forseti hringir.) gagnrýnir Alþýðusambandið fyrir útreikninga. Mér finnst þetta forkastanleg vinnubrögð eða ummæli að þegar samtök launafólks koma fram á sjónarsviðið, eru með rétta útreikninga og eru að verja hagsmuni umbjóðenda sinna, (Forseti hringir.) þá skuli vera ráðist á þá með þeim hætti eins og hv. þm. gerði. Mér finnst þetta forkastanlegt hvað þeir eru fastir í þessu ónýta kerfi sem kostar skattborgara landsins milljarða á ári hverju og (Forseti hringir.) það skuli ekki opnast nein glufa til að breyta þessu kerfi.

[16:02]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins fyrst út af því sem fram kom bæði hjá hv. málshefjanda í lokin og hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að allt væri í lagi af því að ekki hefðu komið kærur erlendis frá. Það var nú alls ekki megininntakið í mínum málflutningi. Þar sem staðgengill utanrrh. var spurður taldi ég rétt að láta það koma fram hvaða meðferð okkar skýrslur hafa fengið í þessu efni og okkar framkvæmd á samningnum. Það var fyrst og fremst það sem ég var að draga fram, ekkert um fullyrðingar um ólögmæti eða lögmæti. Það kom hvergi fram í máli mínu.

Í öðru lagi held ég að ég hafi svarað fyrirspurnum hv. málshefjanda mjög málefnalega og farið yfir þessa framkvæmd og m.a. að ljóst er að verðlag á mjólkur- og kjötvörum hefur farið lækkandi á undanförnum árum, ekki endilega GATT-samningi að kenna eða þakka eftir atvikum, heldur vegna búvörusamnings. Það vill nú svo til að það mál, sem hér er aðallega til umræðu og veldur kannski mestum deilum sem er grænmetisverðið, að það er sú landbúnaðarafurð sem hefur frjálsa verðlagningu. Aðrar eru smám saman að verða það. Eins og allir hv. þm. vita var í búvörusamningnum, sem gengið var frá á síðasta þingi, gert ráð fyrir að horfið yrði frá opinberri verðlagningu á þeim hluta landbúnaðarafurða, sem þar var samið um, á næstu árum. Þannig að hér er verið að stíga skref í þessa átt, stór skref og mikilvæg skref. Og furðulegt er að það skuli vera gert lítið úr því af þeim sem mest tala um frelsi í þessum efnum.

Samningur um mjólkurafurðir er nú að hefjast og því ótímabært að gefa sér fyrir fram hvað út úr honum kann að koma. En það er grænmetið sem í raun hefur verið á frjálsum verðmarkaði. Ég ætla ekki út af fyrir sig að deila við hagfræðinga eða reiknimeistara um útreikning á 1.300 milljónunum en vil geta þess af því það er ekki hægt að koma að tölulegum upplýsingum hér í stuttu máli, að við höfum tekið saman upplýsingar um verðþróun á tíu grænmetistegundum frá árunum 1993–1996 sem sýnir að hækkunin er í raun ekki mikil og á sumum tegundunum er hún nánast engin. Það var umtalsverð verðlækkun á grænmeti á árinu 1994 vegna hagstæðra framleiðsluskilyrða en ef borið er saman við lengra tímabil þá kemur í ljós að (Forseti hringir.) verðbreytingarnar eru litlar og algjörlega órökstutt að það sé GATT-framkvæmd að kenna.

Hjá hv. þm. Árna Mathiesen komu fram þær væntingar að málin yrðu skoðuð og lagfærð og vissulega hafa komið fram hnökrar á framkvæmdinni sem voru lagfærðir strax í fyrrasumar þegar á það reyndi. Það var strax gengið í að reyna að koma framkvæmdinni á betri rekspöl og ekki hafa verið uppi háværar athugasemdir (Forseti hringir.) frá innflytjendum eða þeim aðilum sem hafa þurft að búa við þetta. Ein setning eftir, hæstv. forseti. Ef kvóti gengur ekki út, vegna þess að hér var gefið í skyn að það kynnu að vera einhverjir aðilar sem útveguðu sér kvótann til þess að flytja ekki inn, þá er honum endurúthlutað.

[16:05]

Útbýting þingskjala:

Flóttamenn í Austur-Saír, 133. mál, fsp. ÞSveinb, þskj. 144.

Tekjuskattur og eignarskattur, 120. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 131.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

20. FUNDUR

fimmtudaginn 7. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1995.
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130. — 1. umr.
3. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
4. Kosningar til Alþingis, frv., 50. mál, þskj. 50. — 1. umr.
5. Kosningar til Alþingis, frv., 116. mál, þskj. 127. — 1. umr.
6. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
7. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 16. mál, þskj. 16. — 1. umr.
8. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Fyrri umr.
9. Sveitarstjórnarlög, frv., 34. mál, þskj. 34. — 1. umr.
10. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 41. mál, þskj. 41. — 1. umr.
11. Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Fyrri umr.
12. Lágmarkslaun, frv., 87. mál, þskj. 89. — 1. umr.
13. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
14. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — 1. umr.
17. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm., Reykv.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

[10:33]

Útbýting þingskjals:

Listamannalaun, 135. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 149.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að kl. 1.30 í dag að loknu matarhléi fer fram utandagskrárumræða að ósk hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasar Inga Olrich, um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Hæstv. utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hún mun standa í hálftíma.

Varðandi tilhögun fundarhalds í dag vill forseti geta þess að fylgt verður hinni prentuðu dagskrá en um hádegisbil mun forseti eiga viðræður við formenn þingflokka um nánara fyrirkomulag fundarhalds í dag.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1995.

[10:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun skal forsrh. flytja Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar. Ársskýrslu stofnunarinnar fyrir árið 1995 hefur verið dreift til þingmanna og vænti ég þess að þeir hafi haft tækifæri til þess að kynna sér hana. Ég vil nú leyfa mér, herra forseti, að hafa um þá skýrslu fáein orð.

Ef litið er almennt á þróun byggðar í landinu á síðasta ári má glögglega sjá að hún er ekki í samræmi við þau markmið sem m.a. voru sett fram í þeim efnum á Alþingi með samþykkt þál. um stefnumótandi byggðaáætlanir í maí 1994. Búferlaflutningar innan lands til höfuðborgarsvæðisins hafa aftur farið vaxandi undanfarin fjögur ár og nú er 16. árið í röð þar sem fleiri flytja til höfuðborgarsvæðisins innan lands en frá því. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að fólk flytji úr dreifbýli í þéttbýli, en við þurfum að gæta að því að samtals er hér um að ræða 43% af vexti höfuðborgarsvæðisins á þessu tímabili.

Það er áhyggjuefni að þeim þéttbýlisstöðum fer fækkandi á landsbyggðinni þar sem fólki fjölgar og æ fleiri bætast í hóp þeirra þar sem ríkir stöðnun og fækkun. Aftur á móti hafa orðið nokkur umskipti til hins betra varðandi búferlaflutninga frá útlöndum til landsins.

Það er áreiðanlega engin einhlít skýring á þeirri þróun byggðar sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi á Íslandi. Vonandi munu þau mál skýrast að hluta þegar fyrir liggja niðurstöður rannsóknar sem Byggðastofnun hefur nú nýlega hafið með Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og ætlað er að varpa ljósi á einstaklingsbundnar ástæður fyrir búferlaflutningum.

Miklar breytingar í landbúnaði annars vegar og sjávarútvegi hins vegar eiga þó efalítið sinn þátt í þróuninni. Í sjávarútveginum hefur verið að ganga yfir bylgja mikillar uppstokkunar. Fyrirtæki hafa verið að renna saman í stærri heildir, oft með starfsemi á fleiri en einum stað. Aukin fiskvinnsla um borð í frystiskipum og sókn á fjarlæg mið hafa breytt forsendum rekstrar í landi og þetta ásamt öðrum þáttum hefur orðið þess valdandi að mjög hefur dregið úr svokallaðri hefðbundinni landvinnslu til frystingar. Það er hins vegar mótsagnakennt að víða hefur orðið að manna þá landvinnslu sem enn er stunduð með erlendu vinnuafli.

Aukin veiði loðnu og síldar á undanförnum árum hefur leitt til endurnýjunar í sjávarútvegi. Er nú svo komið að

yfir standa eða þegar er lokið endurbyggingu á fiskimjölsverksmiðjum mjög víða um landið. Auk þess hafa nýjar verksmiðjur risið. Þessar breytingar munu auka afköst og bæta framleiðsluna. Samhliða hafa fyrirtækin gert ráðstafanir til að bæta aðstöðu til að frysta afurðir uppsjávarfiska til manneldis.

Innan sjávarútvegsins standa með öðrum orðum yfir verulegar breytingar til að auka framleiðsluverðmæti. Hið sama á sér stað í mörgum öðrum greinum, þar á meðal í ferðaþjónustu, handverki og fleiru. Því er fráleitt að segja að atvinnulíf landsbyggðarinnar sé í stöðnun. Veikleiki landsbyggðarinnar virðist liggja í einhæfni þess og vöxtur þjónustugreina takmarkast víðast hvar af mannfæð.

Ríkisvaldið hefur takmörkuðu en þó ákveðnu hlutverki að gegna í eflingu sjálfstæðs atvinnulífs. Samgöngur skipta bæði almenning og atvinnureksturinn verulegu máli og þar hefur verið lyft grettistaki á undanförnum árum. Bættar samgöngur gera fólki mögulegt að sækja vinnu, þjónustu og skóla milli byggðarlaga. Það er hluti af bættum lífskjörum að bæta aðgang að þjónustu. Bættar landsamgöngur hafa einnig komið atvinnulífinu mjög til góða.

Þegar litið er í ársskýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1995 má glögglega sjá að uppsveifla atvinnulífsins hafði góð áhrif á rekstur stofnunarinnar. Hagnaður varð 45 millj. kr. og eiginfjárhlutfall er 16,6%. Þörfin fyrir afskriftaframlag minnkaði og áður afskrifuð lán innheimtust. Niðurstaða efnahagsreiknings stofnunarinnar var um 7,3 milljarðar og hafði dregist saman um nær 10%.

Útlán á árinu eru samtals rúmur milljarður en aukning frá fyrra ári stafaði að hluta til af hinni miklu fjárhagslegu endurskipulagningu innan sjávarútvegsins sem nú gengur yfir. Stofnunin hafði mun meira fé til ráðstöfunar til styrkveitinga á árinu 1995 en mörg fyrri árin eða alls 202 millj. kr. Auknu framlagi til stofnunarinnar af fjárlögum var varið til þeirra og auk þess hafði stofnunin til ráðstöfunar aukafjárveitingar til smábáta á aflamarki og vegna búvörusamnings.

Af almennu ráðstöfunarfé var 95 millj. kr. varið til styrkveitinga og þar af 30 millj. kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og var það framlag hækkað um 5 millj. kr. frá fyrri árum. Í fyrsta sinn varð að auglýsa eftir styrkjum bæði vor og haust. Alls bárust um 400 umsóknir eftir fyrri umsóknarfrest. Mikið af þeim umsóknum var vegna álitlegra mála sem þóttu horfa til framfara en vegna mikils fjölda þeirra var ljóst að mörgum umsækjendum þurfti að synja.

Við mat á umsóknum var horft til þess hvert væri nýjungagildi verkefna en einnig arðsemi og raunhæfni og hvernig staðið væri að undirbúningi. Reynt var að meta hæfi framkvæmdaraðila og hvernig þeir hygðust standa að fjármögnun. Þá var einnig horft til samkeppnisstöðu og umhverfisáhrifa.

Sérstakt framlag til stofnunarinnar vegna búvörusamnings var 70 millj. kr. og vegna smábáta 40 millj. kr. Þeim fjármunum sem stofnunin hafði til ráðstöfunar vegna búvörusamnings var í meginatriðum varið til þeirra landsvæða sem háðust eru sauðfjárrækt í samræmi við fyrri stefnumótun.

Með fjáraukalögum fyrir árið 1994 og fjárlögum fyrir árið 1995 fékk Byggðastofnun til ráðstöfunar alls 40 millj. kr. til að veita sem styrki til útgerðar smábáta á aflamarki vegna þess samdráttar í veiðiheimildum sem þessir aðilar höfðu orðið fyrir. Upphæðinni var deilt milli þeirra báta sem enn voru gerðir út og höfðu aflaheimildir umfram eitt tonn af þorski. Sett var lágmark og hámark á úthlutun vegna hvers báts, en að öðru leyti var styrkurinn í réttu hlutfalli við samdrátt í tekjuöflunarmöguleikum yfir þrjú undangengin fiskveiðiár. Samtals var veittur styrkur til 295 aðila.

Með lögum um fiskveiðistjórnun, sem samþykkt voru árið 1995, var Byggðastofnun falið að úthluta veiðiheimildum til báta á þorskaflahámarki sem gerðir eru út frá stöðum sem háðir eru veiðum slíkra báta og standa höllum fæti. Um er að ræða 500 tonna þorskaflahámark og skal stofnunin ráðstafa þessum aflaheimildum árlega í fjögur fiskveiðiár. Úthlutunin tók til þeirra staða þar sem hlutur krókabáta var yfir 50% af afla heimabáta. Þá takmarkaðist úthlutunin einnig af því að sjávarútvegur væri yfir 10% af atvinnulífi. Þeir staðir sem samkvæmt þessu fengu endanlega úthlutun voru Tálknafjörður, Suðureyri, Grímsey, Bakkafjörður, Borgarfjörður eystri og Breiðdalsvík. Hver þorskaflahámarksbátur sem gerður var út frá þessum stöðum fékk ríflega fjórðungsviðbót við aflaheimildir sínar með þaki sem var ríflega 10 tonn.

Á árinu 1995 gerði svokölluð Vestfjarðanefnd tillögur til stjórnar Byggðastofnunar um lánveitingar af Vestfjarðaaðstoð að upphæð 197 millj. kr. en áður höfðu verið afgreiddar 80 millj. kr. Af upphaflegri fjárveitingu sem nam 300 millj. kr. var 15 millj. kr. varið til styrkveitinga til nýjunga í atvinnulífi. Nú hefur verið lagt fram í þinginu frv. til fjáraukalaga þar sem veitt verður 60 millj. kr. viðbót við 300 millj. kr. framlagið til þess að leysa, með sambærilegum aðgerðum og sömu skilyrðum og sett voru fyrir fyrri lánveitingum, erfiðleika í atvinnulífi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Áfram hefur verið unnið að gerð svæðisbundinna áætlana í Byggðastofnun. Nú er lokið slíkri áætlanagerð fyrir Skaftárhrepp í Vestur-Skaftafellssýslu og Reyðarfjörð, Eskifjörð og Neskaupstað en það svæði hefur verið kallað miðfirðir Austfjarða. Svæðisbundnar byggðaáætlanir fyrir Vestur-Húnavatnssýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu eru á lokastigi. Á öllum þessum svæðum hefur verið unnið í nánu samstarfi við heimamenn að úttekt á núverandi stöðu og horfum fyrir viðkomandi byggðarlag. Gerðar eru tillögur um atvinnuþróunarstarf á viðkomandi svæðum. Einnig hafa verið gerðar tillögur um fyrirkomulag opinberrar þjónustu og þær hafa verið bornar undir einstök ráðuneyti. Staðreyndin er hins vegar sú að langtímamarkmiðssetning um þróun einstakra málaflokka sem ríkið annast liggur ekki fyrir nema í undantekningartilvikum. Sjaldnast beinast óskir heimamanna að gegndarlausri útþenslu hins opinbera, eins og stundum er látið að liggja. Fremur eru menn að sækjast eftir staðfestingu á því að núverandi þjónustustigi verði haldið næstu árin.

Þegar Ísland gerðist aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði tóku gildi reglur þær sem á svæðinu gilda um ríkisstyrki. Samningurinn takmarkar möguleika einstakra ríkja til að aðstoða atvinnurekstur með styrkveitingum. Þetta ákvæði er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga vegna þess að við höfum ekki veitt umfangsmikla, beina ríkisstyrki til atvinnurekstrar, nema í landbúnaði, og hér er heldur ekki hefð fyrir því að fyrirtæki sæki fjárfestingarstyrki til ríkis eða annarra opinberra aðila svo sem viðgengist hefur í Evrópu. Þetta er að sínu leyti styrkur fyrir okkur, enda hafa ríkisstyrkir annarra veikt samkeppnisstöðu okkar.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur það verkefni að fylgjast með styrkveitingum opinberra aðila til atvinnurekstrar og þar með styrkveitingum Byggðastofnunar. Á hinu Evrópska efnahagssvæði eru almennt gerðar kröfur til þess að styrkveitingar séu skýrt afmarkaðar í verkefnum, að reglur séu

skýrar og gagnsæjar og að jafnræðis sé gætt. Þetta gegnir tvíþættu hlutverki. Annars vegar er þetta gert til þess að tryggja eðlilega samkeppnisstöðu milli landa en hins vegar, og það er ekki síður mikilvægt, til þess að tryggja jafnræði milli fyrirtækja innan lands. Þar er nálægðin meiri og mikilvægt að sátt sé um þann stuðning sem veittur er.

Í framhaldi af viðræðum íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA hefur stofnunin staðfest tillögu forsrn. um að byggðastyrki megi veita á allri landsbyggðinni hér á landi. Er það gert með tilvísun til íbúaþróunar á landsbyggðinni, hversu dreifð byggðin þar er og einhæfni atvinnulífsins. Í suðlægari hlutum Evrópu eru byggðaaðgerðir réttlættar á grundvelli lágra tekna og mikils atvinnuleysis samkvæmt sérstökum viðmiðunum en slíkar forsendur eru ekki fyrir hendi hér á landi. Í nágrannalöndum okkar, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi eru hins vegar færð svipuð rök fyrir byggðaaðgerðum og hér er gert.

Eftirlitsstofnunin hefur fjallað um hvaða hámarksstuðningur við fjárfestingar af hálfu opinberra aðila sé heimill. Hér er eingöngu um heimildarákvæði fyrir íslensk stjórnvöld að ræða en fjárfestingarstuðningur hér á landi hefur verið afar takmarkaður. Forsrn. hefur tekið athugasemdir Eftirlitsstofnunarinnar vegna framkvæmda byggðastyrkja til athugunar og er unnið að breytingum á reglugerð um Byggðastofnun af því tilefni. Þessar breytingar snúa að því að afmarka starfssvæði stofnunarinnar og setja reglur um hámarksstuðning við fjárfestingu annars vegar en hins vegar að setja skýrari reglur um skipulagningu stuðningsstarfsins og málsmeðferð.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun var á þetta bent og með reglugerðarbreytingum verður tekið á þeim þáttum sem að málsmeðferð hjá stofnuninni snúa.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu rætt um starfsemi Byggðastofnunar á síðasta ári, en hef ekki enn minnst svo neinu nemi á stjórnsýsluendurskoðun þá sem Ríkisendurskoðun framkvæmdi á yfirstandandi ári á Byggðastofnun að beiðni stjórnarformanns hennar. Skýrsla Ríkisendurskoðunar vakti töluverða athygli og umræðu og þótti ýmsum sem niðurstöður skýrslunnar gæfu tilefni til róttækra breytinga, jafnvel að skýrslan gæfi sjálfstætt tilefni til að leggja stofnunina niður.

Um skýrslu Ríkisendurskoðunar er það að segja að þar koma fram þarfar ábendingar sem eðlilegt er og sjálfsagt að stofnunin taki mið af og lagfæri sína hluti með hliðsjón af þeim.

Viðbrögð stjórnar Byggðastofnunar við skýrslunni hafa verið á þá leið að ætla má að hún muni færa sér skýrsluna í nyt, bæði varðandi verklag og stefnumótun innan stofnunar.

Ýmislegt sem Ríkisendurskoðun beinir spjótum sínum að er svo þess eðlis að það er ekki síður við aðra að sakast en stofnunina sjálfa því auðvitað var það ekki síst fyrir þrýsting Alþingis og ríkisstjórnar sem stofnunin lánaði í fiskeldi, loðdýrabúskap og annað sem hún hefur tapað mestum fjármunum á í fyrri tíð. Útlánatap stofnunarinnar var einmitt það sem mesta athygli vakti í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Útlánatapið síðustu tíu ár er vissulega miklu meira en getur talist ásættanlegt. Það er hins vegar hverju barni ljóst að Byggðastofnun var frá öndverðu ætlað að taka áhættu í þágu byggðasjónarmiða. Að öðrum kosti hefði verið einfaldast að eftirláta almennum lánastofnunum þessa starfsemi en hætt er við að bankar eða almennar lánastofnanir hefðu seint talið sér hag í ýmsu því sem forðum var iðulega breið pólitísk samstaða um að væri nauðsynlegt og að stofnuninni bæri að gera þótt það kostaði fé.

Þó er á hinn bóginn vissulega vafasamt að líta alfarið til fortíðar hinnar almennu lánastarfsemi sem heilags fordæmis fyrir nokkurn mann. Það er t.d. ótrúlegt að stærsti banki þjóðarinnar skuli ekki eiga nema um 6 þús. millj. kr. í eigið fé eftir 100 ára starf. Eignamyndun bankans er ekki nema 60 millj. kr. á ári og er þá ekki litið til eigin fjárframlaga eiganda hans.

Ríkisendurskoðun gerir ekki í skýrslu sinni hina minnstu tilraun til að meta þann ávinning sem náðst hefur með starfsemi stofnunarinnar eða það tap sem vera má að henni hafi tekist að forða. Stofnunin leggur hins vegar út í útreikning á því sem í skýrslunni er nefnt „fórnarkostnaður vegna byggðaaðgerða“ síðustu tíu árin. Afar sérkennilegt er hvernig þessi kostnaður er fundinn en Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að þessi fórnarkostnaður næmi 8,5 milljörðum kr. Þetta er gert m.a. með því að vaxtareikna öll framlög ríkisins til stofnunarinnar, sem getur vart talist viðeigandi og jafnvel beinlínis villandi, enda ber að líta á stóran hluta af þessum framlögum sem rekstrarframlög til almennrar starfsemi og framlög vegna styrkveitinga og afskrifta sem aldrei var ætlast til að stofnunin ávaxtaði.

Séu vextir og eigið fé og framlög ríkisins á tímabilinu dregin frá lækkar þessi fjárhæð um 3,1 milljarð og því til viðbótar bendir allt til þess að 2,6 milljarðar, eigið fé stofnunarinnar í upphafi tímabilsins, hafi verið stórlega ofmetið, en útistandandi lán stofnunarinnar sem reiknuð voru til eigin fjár voru að stórum hluta til óverðtryggð og á lágum vöxtum þrátt fyrir mikla verðbólgu og afskriftareikningurinn tómur. Hefði verið nær að Ríkisendurskoðun með sínum aðferðum reiknaði eigið fé niður.

Ég rek þetta ekki hér til að bera í bætifláka fyrir einn eða neinn en það er nauðsynlegt að menn átti sig á hvað stendur á bak við þessar tölur og það er ekki síður nauðsynlegt að menn átti sig á að með sömu reiknikúnstum má gera æðimargt tortryggilegt og valda mönnum stórskaða. Ekki er vafi á í mínum huga að Ríkisendurskoðun er ein gagnlegasta stofnun okkar og hefur með beinu og óbeinu aðhaldi sparað ríkisvaldinu og ríkinu stórfé. En hvað ætli samanlagður, uppfærður vaxtareiknaður fórnarkostnaður sé orðinn af rekstri þeirrar ágætu ríkisstofnunar ef saman væri tekið með þeim hætti sem gert var um Byggðastofnun?

Ég vil einnig vekja athygli á því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar fer lítið fyrir umræðum um þau stórkostlegu umskipti sem urðu í starfi stofnunarinnar við og eftir að sett var reglugerð um stofnunina árið 1992 en síðan þá hefur stofnunin nánast viðhaldið eigin fé sínu og verið rekin með hagnaði sum ár. Þetta nefnir Ríkisendurskoðun ekki þrátt fyrir að á þetta hafi verið bent.

Ríkisendurskoðun er afar mikilvæg stofnun og vinnur margt vel enda ríkisendurskoðandi fær og góður embættismaður. En þeir sem eru í hlutverki gagnrýnenda og dómara verða sjálfir að setja það fordæmi að vera opnir og ekki uppnæmir fyrir gagnrýni, leiðréttingum og aðfinnslum.

Ég leyfi mér að vísa til greinargerðar sem Byggðastofnun hefur sent forseta Alþingis þar sem kvartað er yfir framangreindu atriði og staðhæft er að stærstur hluti útlánataps stofnunarinnar hafi fallið til fyrir fimm til tíu árum síðan. Þar segir, með leyfi forseta, orðrétt um þá breytingu sem varð í kjölfar setningar reglugerðarinnar:

„Stofnuninni var sett skýrt fjárhagslegt markmið að varðveita eigið fé og gjaldfært er strax fyrir áhættu í hverri lánveitingu. Áherslan færðist á minni styrki til nýsköpunar og áætlunargerðar. Hlutafjárþátttöku var hætt um tíma og stórlega dró úr lánveitingum, fjárhagsleg umsvif hafa dregist verulega saman og stofnunin starfar nú á grundvelli þeirra um 140 millj. kr. á ári sem eftir sitja þegar atvinnuráðgjafar í landshlutum hafa fengið sinn hlut. Þær 140 millj. kr. verða að duga fyrir rekstrarkostnaði stofnunarinnar, áhættu í lánveitingum og til styrkveitinga vegna nýsköpunar.

Ég vil ítreka þá skoðun að margt hafi færst til betri vegar í starfi og starfsháttum Byggðastofnunar og um margt hafi verið brugðist við þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið á síðustu vikum, fyrir fjórum árum síðan. Nú er það svo að afkomuhorfur Byggðastofnunar hafa batnað vegna bættra skila lántakenda við stofnunina sem helgast fyrst og fremst af bættri stöðu atvinnulífsins í landinu almennt þannig að hagur stofnunarinnar sýnist vera alltryggur.

Herra forseti. Þótt margt hafi batnað í starfsemi Byggðastofnunar er nauðsynlegt að endurmeta hana og gera á henni breytingar. Það umhverfi sem stofnunin starfar í hefur breyst mikið og það eitt og sér gefur tilefni til slíkrar skoðunar. Skýrsla Ríkisendurskoðunar á þar að koma að gagni enda er hún að mörgu leyti prýðilega unnin. Í henni koma fram ábendingar sem vert er að skoða, til að mynda varðandi stjórnsýslulega stöðu stofnunarinnar en taka má undir að æskilegt sé að koma á eðlilegu stjórnsýslusambandi milli stofnunar og ráðuneytis. Raunar er stigið skref í þá átt í bandormi sem ríkisstjórnin mun leggja fram í tengslum við nýju starfsmannalögin, en þar er gert ráð fyrir því að forsrh. skipi forstjóra stofnunarinnar, sem stjórnin hefur ráðið til þessa.

Við slíkt mat á hlutverki stofnunarinnar og áherslum á starfsemi hennar þarf að líta til þess sem vel hefur farið í starfsemi hennar ekki síður en til þess sem farið hefur verr.

Flestir eru því væntanlega sammála að Byggðastofnun hafi með ágætum sinnt þátttöku í og stuðningi við það atvinnuþróunarstarf sem fram fer á vegum atvinnu- og iðnþróunarfélaga víða um landið, en stofnunin er hluthafi í þeim og liðsinnir atvinnuráðgjöfum á landsbyggðinni með margvíslegum hætti. Ég heyri vel látið af þessum þætti í starfsemi stofnunarinnar og tel að hann megi enn efla.

Einnig hefur vinna sem stofnunin hefur unnið í tengslum við gerð svæðisbundinna byggðaáætlana mælst vel fyrir meðal sveitarstjórnarmanna og stuðlað að aukinni samvinnu þeirra sveitarfélaga sem þessar áætlanir ná til. Tilfærsla verkefna frá ríki til sveitarfélaga, stækkun sveitarfélaganna og efling þeirra hlýtur raunar að kalla á að þau komi að málum sem þau varða og eru til umræðu á vettvangi Byggðastofnunar.

Herra forseti. Eins og áður sagði eru betri skil á útlánum Byggðastofnunar ótvíræð vísbending um batnandi stöðu atvinnulífsins. Sá bati sem þar á sér stað hlýtur einnig að segja okkur að þörf fyrir sértæka útlánastarfsemi af því tagi sem Byggðastofnun hefur rekið er ekki eins rík nú og í erfiðara árferði og gefur það tilefni til þess að endurmeta frá grunni þörfina fyrir slíka starfsemi ellegar að þrengja skilyrði fyrir lánveitingu. Í þessu sambandi er vert að líta til þess að samkeppni um eignarhald fyrirtækja er orðin virkari á síðari árum en áður var og eignarhald atvinnufyrirtækja er ekki lengur bundið við þá staði eða svæði þar sem þau eru starfrækt. Þetta dregur úr þörfinni fyrir að ríkið grípi inn í þegar á bjátar í einstökum fyrirtækjum því aðrir sjá sér í auknum mæli hag í því og hafa bersýnilega til þess nauðsynlegt bolmagn.

Ör þróun á hlutabréfamarkaði lýtur einnig að því sama. Því orkar mjög tvímælis að veita einstökum fyrirtækjum og eigendum þeirra styrki eða lán sem eru afskrifuð jafnharðan. Einnig hlýtur að koma til álita að skoða hlutverk Byggðastofnunar á lánamarkaði með tilliti til væntanlegrar uppstokkunar á opinberum fjárfestingarlánasjóðum.

Ég tel að öllu samanlögðu mjög jákvætt að fram fari góð og málefnaleg umræða um málefni Byggðastofnunar og æskilegar breytingar á starfsemi hennar. Stofnuninni þarf að setja raunhæf markmið en gagnrýni á stofnunina má að hluta rekja til þess að henni hafi stundum verið sett óljós og jafnvel óframkvæmanleg markmið á liðnum árum.

[10:55]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Inn í umræðu um þessa skýrslu fléttast án efa umræður um önnur mál og skyld en sjálf ársskýrsla Byggðastofnunar. Það er óhjákvæmilegt að mínu mati að koma inn á byggðastefnuna almennt og einnig skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hæstv. forsrh. vék að. En áður en ég held lengra áfram mínu máli, herra forseti, vildi ég spyrja hvort ræðutíminn sé ekki 15 mínútur?

(**Forseti** (StB): Jú, það er rétt. Ræðutíminn er 15 mínútur.)

Fyrst um byggðastefnuna almennt og verkefni Byggðastofnunar í framhaldi af því og hvernig menn skilgreina það mál. Það sem menn þurfa að hafa í huga er að byggðastefna er tilkomin vegna þess að það er ójafnvægi. Menn eru ekki að setja fram slíkt hugtak og skilgreina það nema af því að menn telja að eitthvað fari öðruvísi en þeir vilja og vilja bæta úr því. Það hefur oft verið æðióljóst hvað menn eiga við með orðinu byggðastefna og ég vil a.m.k. fyrir mitt leyti reyna að skýra það hugtak.

Í mínum huga er það stefna sem stjórnmálaflokkar eiga að framfylgja og hefur það að markmiði að þróun í íslensku þjóðfélagi gangi nokkuð jafnt yfir landið allt. Þar á ég bæði við þróun í atvinnulífi og fólksfjölda og tækifæri manna til ýmissa lífsins gæða sem boðið er upp á í samfélaginu. Það þýðir að þegar á hallar, eins og þegar atvinnulíf stendur veikt á tilteknum stöðum, þá lít ég á það sem pólitískt verkefni að grípa þar inn í og bæta úr. Þegar fólki fækkar á tilteknum landsvæðum, þá lít ég á það sem pólitískt verkefni stjórnmálaflokkanna að hafa skoðun á því hvers vegna þetta er og hvaða tillögur þeir hafa til úrbóta.

Undanfarin tíu ár eða svo hefur verið að mínu mati þróun, bæði í atvinnumálum og íbúaþróun, sem hefur einkennst af ójafnvægi. Fólki hefur fjölgað afar mikið á einu svæði landsins og fækkað mikið á hinum hluta landsins í heildina. Sums staðar hefur fólksfjöldi staðið í stað, annars staðar hefur orðið mikil fækkun, mismikil þó eftir stöðum.

Það hefur líka verið mismunandi afkoma í atvinnugreinum. Þar á ég fyrst og fremst við um þær þrengingar sem sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum á undanförnum árum. Þær eru auðvitað að sumu leyti orsökin fyrir hinu fyrra sem ég nefndi, þ.e. íbúaþróuninni, en það er líka annað og meira sem ekki hefur verið eins mikið í umræðunni á undanförnum árum og menn hafa kannski ekki veitt eins athygli en ég hygg að hafi jafnvel meiri áhrif heldur en þrengingar í aðalatvinnugreinum landsbyggðarinnar, þ.e. sjávarútvegi og landbúnaði. Það er uppbyggingin á ríkinu, hinni opinberu þjónustu. Þar hafa menn dregið saman þá uppbyggingu,

byggt hana ójafnt upp þannig að á sumum stöðum og sumum landsvæðum búa menn við miklu lakari stöðu hvað það varðar en annars staðar. Þetta ójafnvægi hefur að mínu viti haft gríðarlega mikil áhrif á íbúaþróun hér á landi eins og menn sjá ef þeir hugsa málið eilítið. Það hlýtur auðvitað að hafa mikið að segja ef aðeins er boðið upp á störf, tiltekin störf á ákveðnum stöðum landsins en ekki annars staðar. Það hlýtur að hafa þau áhrif að þeir sem mennta sig til þeirra starfa verða að flytja sig þar sem störfin eru í boði og setja sig niður þar. Á undanförnum árum, kannski getum við sagt á áratugum, en ég vil segja á undanförnum áratug, hefur nefnilega verið ákaflega hröð sú þróun, að hin faglega þjónusta hefur þjappað sér saman á höfuðborgarsvæðinu. Einkum er þetta áberandi í störfum sem eru hjá ríkisvaldinu og krefjast menntunar.

Það er því afar brýnt að mínu viti að taka á þessum þætti málsins og dreifa hinum opinberu verkum meira um landið en verið hefur og ég hef fagnað því framtaki hæstv. umhvrh. að flytja eina ríkisstofnun, að vísu litla, en áformi hans um að flytja hana héðan og út á land hef ég fagnað vegna þess að hún er merki þess að menn vilja breyta. Og menn hafa tekið eftir því að þetta skiptir máli. Það má deila um það hvort aðferðin sé rétt en engu að síður er ákvörðunin rétt og hana styð ég. Menn hafa nefnt að aðrar aðferðir væru vænlegri, eins og að ný störf verði frekar sett niður utan höfuðborgarsvæðisins, stofnanir fluttar að hluta til eða eitthvað slíkt og allt þetta má auðvitað skoða. En ég bendi á að menn hafa talað um það í aldarfjórðung að ætla að gera hlutina svoleiðis en hafa ekkert gert. Það hefur ekkert orðið úr verkum að ég tel vegna þess að menn meintu ekkert með því. Þegar menn tala um að þau störf sem kunni að skapast í framtíðinni verði kannski sett niður á landsbyggðinni en ekki sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu, þá er það að mínu viti bara flótti frá veruleikanum og menn víkja sér undan því að taka á málinu sjálfu.

Eitt er það sem hefur ef til vill verið byggðastefnunni verra en nokkuð annað og tengist því sem ég var að ræða um, uppbyggingunni á hinni opinberu þjónustu. Í stað þess að byggðastefnan grundvallist á að dreifa þessum faglegu störfum nokkuð jafnt um landið þannig að íbúasamsetning í landinu væri nokkuð svipuð en ekki eins og hún er að þróast í dag, að á einu svæði landsins er menntafólkið, mennirnir með háskólaprófin, og á hinum svæðum landsins eru þeir sem eru á götunni í verkamannagallanum. Þannig er íslenskt þjóðfélag að þróast.

Menn hafa sagt að til þess að ekki verði of mikil átök um þessa stefnu skuli hinar nýju atvinnugreinar verða úti á landi, nýsköpunin skuli vera úti á landi. Menn hafa sett peninga í fiskeldi og loðdýrarækt og sagt: Þarna er nú það sem við ætlum að færa landsbyggðinni svo hún haldi sínum hlut. En það er afar ósanngjarnt að landsbyggðin eða byggðastefnan sé tengd við áhættu og nýsköpun almennt í þjóðfélaginu. Það á að vera almennt verkefni þjóðfélagsins en ekki partur af byggðastefnu. Eins og allir þekkja hefur farið heldur illa í þessum tveimur helstu nýsköpunaratvinnugreinum, sem menn hugðust setja á stofn og skellurinn af því hefur bitnað á byggðastefnu og í framhaldi af því heldur neikvæðri umræðu um hana og um landsbyggðina í heild sinni. Þetta tel ég afar ósanngjarnt. Hefur það verið málinu heldur fjötur um fót að menn vikust undan að koma með tillögur sem tækju á hinu raunverulega vandamáli og reyndu að bæta úr því en í staðinn gripu menn til þess ráðs að beina sjónum að öðru sem ekki væri að vænta andstöðu við héðan af þessu sviði.

Ég vil segja, herra forseti, að lokum um þetta mál að sú áhersla sem undanfarna mánuði hefur verið lögð á eitt mál og hefur verið helst í umræðunni er í raun angi af þessu öllu saman. Þar á ég við þessa miklu umræðu um veiðileyfagjald. Hvað er veiðileyfagjald? Þegar menn greina það mál og reyna að átta sig á um hvað það snýst, þá fjallar það mál aðeins um eitt atriði. Skatta. Að leggja skatta á tiltekinn hóp í þjóðfélaginu. Og hvaða hópur á að borga skattinn? Það eru þeir sem búa úti á landi. Og hverjir eiga að fá skattinn? Það eru þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Staðan er nefnilega sú að 86% af sjávarútvegi í landinu er utan höfuðborgarsvæðisins. 86% af tekjum af veiðileyfagjaldi, sem getur numið 15–30 milljörðum kr. árlega samkvæmt fullyrðingum flutningsmanna, eru peningar sem eru teknir út úr byggðarlögum úti á landi og færðir í gegnum ríkissjóð á höfuðborgarsvæðið. Það er ekkert annað en nýlendustefna á landsbyggðina. Veiðileyfagjald sem byggir á að taka það í gegnum ríkissjóð og eyða því eins og útgjöld ríkissjóðs flokkast er ekkert annað en nýlendustefna á landsbyggðina. Ef menn meina eitthvað með því að vilja taka arð af atvinnugrein og láta íbúana njóta þess, sem standa að því að skapa þann arð, þá eiga menn að leggja það til að arðurinn renni þar sem hann verður til, dreifist á byggðirnar sjálfar. En það dettur mönnum ekki í hug, sem halda þessu fram, af því að þeir eru ekki að hugsa um landsbyggðina, því miður. Og mega nú þingmenn jafnaðarmannaflokksins mikla hafa það í huga, þegar þeir fara að halda fundi á landsbyggðinni og tala við fólkið þar, að þá er betra fyrir þá, og ég ráðlegg þeim það, að endurskoða þessar hugmyndir sínar a.m.k. í þá veru sem ég hef nefnt. Því þar fá þeir engan stuðning við þessa nýlendustefnu sína sem þeir hafa boðað í þingsölum.

Herra forseti. Tími minn er það naumur að ekki gefst færi á að víkja að öllu því sem vert væri. Ég vil að lokum segja það um byggðastefnuna að menn átta sig kannski á því að hún er víðtækara hugtak en menn halda. Það er fleira sem menn eru að gera, sem er í reynd byggðastefna, en er undir öðru nafni. Það má t.d. nefna það að undanfarin mörg ár hefur verið rekin sérstök byggðastefna gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Ríkissjóður hefur styrkt ákveðin verkefni á höfuðborgarsvæðinu með beinum fjárframlögum sem sveitarfélögum annars staðar á landinu er gert að borga úr sínum sjóðum og af sínum tekjum. Þar á ég við rekstur leikskóla við sjúkrastofnanir, sem hefur í mörg ár verið kostaður af fjárlögum ríkisins í gegnum fjárveitingar til spítalanna og nemur á þriðja hundrað millj. kr. á ári. Þetta er verkefni sem sveitarfélögum annars staðar er sagt: Þið eigið að borga þetta. Þetta er auðvitað ekkert annað en byggðastyrkur inn á höfuðborgarsvæðið.

Annað dæmi um sérstakan byggðastyrk inn á höfuðborgarsvæðið er 2 milljarða kr. styrkur til sveitarfélaga til þess að geta staðið undir því að einsetja grunnskóla. Hvaða sveitarfélög fá þennan styrk? Það eru þau sveitarfélög sem eru fjölmennari en 2.000 manns. Nær allur þessi styrkur rennur inn á höfuðborgarsvæðið. Það er dálítið merkilegt að menn skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að styrkja þurfi sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu alveg sérstaklega til að taka við þessu verkefni af ríkinu þegar menn hafa haldið því fram ár eftir ár að fjölmennari sveitarfélög væru betur í stakk búin til að sinna sínum verkefnum en fámennari sveitarfélög. En komast svo að þeirri niðurstöðu að sveitarfélög með færri en 2.000 íbúa geti einsett sína grunnskóla af þeim tekjum sem

þau hafa haft. Hvað er þetta annað en byggðastyrkur? Það mundi heita byggðastyrkur ef örin á stefnunni væri í hina áttina, út á land en ekki inn á höfuðborgarsvæði eins og er í þessu tilviki.

Ég vil, herra forseti, víkja örfáum orðum að skýrslu Ríkisendurskoðunar og af því tími minn er nú nánast búinn þá verð ég að afmarka það við aðeins eitt atriði sem fram kemur í skýrslunni og leiðrétta það. Á bls. 107 í skýrslunni kemur fram sú sérkennilega skoðun að hlutverk stjórnar Byggðastofnunar sé ekkert annað en að greiða atkvæði um þær tillögur sem forstjóri stofnunarinnar leggur fram og stjórnarmenn hafi það eitt hlutverk að segja já eða nei. Geti sjálfir ekki lagt fram tillögur eða breytingartillögur eða annað af því tagi. Mér þykir miður að sjá þetta atriði í skýrslu Ríkisendurskoðunar því þetta er hrein firra, eins og allir sjá sem hafa lesið lögin, og lesið frv. og framsögu með því máli (Forseti hringir.) þegar það var lagt fram fyrir ellefu árum. Það er slæmt fyrir stofnun sem vill láta taka sig alvarlega í íslensku þjóðfélagi, eins og Ríkisendurskoðun, þegar hún er ber að hreinum ósannindum.

[11:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Í tengslum við skýrslu Byggðastofnunar er rétt og nauðsynlegt að ræða líka stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun sem unnin var af Ríkisendurskoðun. Sú skoðun og gagnrýni sem ég mun setja fram á því máli byggir ekki bara á þessari skýrslu sem fram hefur komið hjá Ríkisendurskoðun heldur tel ég mig hafa kynnt mér þetta mál nokkuð vel. Ég hef líka farið yfir athugasemdir sem fram hafa komið frá Byggðastofnun sem er undir fyrirsögninni: Mistök Ríkisendurskoðunar í skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun. Eins hef ég farið yfir ítarlega greinargerð frá Ríkisendurskoðun, sem var í hólfum þingmanna í morgun, þar sem svarað er þessari gagnrýni frá Byggðastofnun sem ég tel reyndar að forsrh. hafi ekki lesið miðað við hans málflutning áðan. Einnig hefur allshn. sérstaklega fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund forstjóra og starfsmann Byggðastofnunar.

Það er vissulega mín skoðun að byggðaaðstoð eigi fullan rétt á sér og við eigum að koma í veg fyrir óeðlilega byggðaröskun. En það sem ég gagnrýni er hvernig að henni hefur verið staðið af hálfu Byggðastofnunar. Þó skýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1995 sýni að margt hafi verið fært til betra horfs frá árum áður er ljóst að mörgu er ábótavant í rekstri og skipulagi Byggðastofnunar sem nauðsynlegt er að breyta.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar er í raun mikill áfellisdómur á Byggðastofnun og stjórn hennar sem kallar á breytt vinnubrögð og að verkefni og hlutverk Byggðastofnunar verði endurskoðuð frá grunni. Allshn. þingsins hefur, eins og ég sagði, fjallað um skýrsluna og fengið á sinn fund forstjóra hennar og starfsmann og sú yfirferð á þessari skýrslu gefur vissulega tilefni til að allshn. taki skýrsluna til rækilegrar skoðunar á grundvelli 26. og 31. gr. þingskapa og skili þinginu skýrslu sinni og áliti um hana, sem og tillögur um breytingar á verkefni, hlutverki og vinnubrögðum í Byggðastofnun. Ég mun alvarlega hugleiða og meta það í ljósi þeirrar umræðu sem fer fram hvort ekki sé rétt að fara fram á það við allshn. sem ég á sæti í.

Ég mun í máli mínu fara inn á nokkur atriði sem ég tel mjög ámælisverð í starfi Byggðastofnunar og fram komu m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar og setja fram mína skoðun á því hverju þurfi að breyta.

Í fyrsta lagi er því haldið fram af Ríkisendurskoðun að Byggðastofnun hafi ekki skilgreint hvað felst í þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar. Hvað sé óeðlileg byggðaröskun og hvar sé lífvænleg byggð, sem samkvæmt lögum er hennar verkefni og forsenda þess að markmiðum laga um Byggðastofnun verði náð. Einnig kemur fram að verulega skorti á að stofnunin hafi markað skýra stefnu um það hvar eigi að styrkja byggð í landinu. Af hvaða ástæðum og með hvaða hætti. Í 16. gr. reglugerðar um Byggðastofnun kemur fram að lán eða annar fjárstuðningur sem Byggðastofnun veitir skuli vera í samræmi við þær byggðaáætlanir sem gerðar hafa verið á grundvelli laga um Byggðastofnun. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að þó í fyrsta skipti hafi verið gefin út á árinu 1994 stefnumótandi byggðaáætlun þá hafi enn sem komið er ekki verið gefnar út svæðisbundnar byggðaáætlanir. Maður spyr: Á hverju hafa lánveitingar og styrkir, 17–18 milljarðar, á tíu árum byggst? Hvaða forsendur lágu þar að baki? Hvaða markmið voru lögð til grundvallar af hálfu stjórnar eða starfsmanna Byggðastofnunar? Voru það fyrst og fremst geðþóttaákvarðanir eða jafnvel hagsmunagæsla sem þar lágu að baki án nokkurrar fyrirhyggju um hvað best væri fyrir byggðaþróun í landinu?

Það sem þó er hvað ámælisverðast er að Byggðastofnun virðist ekki hafa lagt mat á árangur af þeim miklu lánum og styrkveitingum sem hún hefur staðið fyrir, lánum og styrkjum sem þó nema 17–18 milljörðum á tíu ára tímabili. Það eru forkastanleg vinnubrögð að engin árangursmæling hafi farið fram á yfir 17 milljarða kr. fjármagni úr almannasjóðum og hvort árangurinn er í samræmi við þau markmið sem stofnunin á að vinna eftir samkvæmt lögum. Enda er árangurinn samkvæmt því þar sem á þessu tímabili hafa verið afskrifaðir 3,8 milljarðar eða 23% af heildarfjárveitingum stofnunarinnar og í sumum atvinnugreinum eins og fiskeldi hefur nánast allt verið afskrifað eða 93%. Enn verri er niðurstaðan þegar litið er til hlutafjárkaupa Byggðastofnunar en afskrifa varð hlutafé hjá 38 fyrirtækjum af þeim 44 sem Byggðastofnun tók þátt í. Af 443 millj. sem lagt var hlutafé í voru afskrifaðar rúmlega 270 millj. kr. eða 61% af hlutafjárkaupum stofnunarinnar. Maður spyr. Hvaða forsendur lágu að baki þessum hlutafjárkaupum? Hvernig var málið undirbyggt af hálfu stofnunarinnar? Hvaða tilgangi þjónuðu þessar lánveitingar þegar ljóst var að stærsti hluti fyrirtækjanna sem Byggðastofnun lagði hlutafé í hafði engan rekstrargrundvöll og skilaði því engu fyrir markvissa byggðastefnu? Það virðist enginn þurfa að svara til saka fyrir svona meðferð á almannafé frekar en annars staðar þar sem slíkt viðgengst í þjóðfélaginu. Ekki stjórnin, ekki forstjóri eða forstöðumenn Byggðastofnunar. Enginn virðist bera ábyrgð. Ekki fremur en hjá ríkisbönkum eða opinberum sjóðum en nýlega var upplýst að útlánatöp þeirra voru á árinu 1990 til ársins 1995 um 22 milljarðar kr. Það er athyglisvert að fram kom á sama tíma að í útlánatöp hjá sjóðum fólksins, byggingarsjóðunum, voru einungis afskrifaðar 65 millj. kr., á sama tíma og útlánatöp ríkisbanka og opinberra sjóða voru 22 milljarðar. Launafólk eða skuldug heimili geta ekki treyst á pennastriksaðferðina eða afskriftir á sínum skuldum eins og margir fjárfestar í atvinnurekstri sem vaða af lítilli forsjálni út í glataðar fjárfestingar á kostnað skattgreiðenda. Hvergi í löndunum í kringum okkur eða hjá venjulegum fyrirtækjum mundi slíkt ábyrgðarleysi við meðferð opinberra

fjármuna vera liðið. Þar eru menn látnir fjúka, reknir, en ekki verðlaunaðir eins og hér með því að kjósa þá aftur og aftur í stjórnir og stöður þar sem þeir fara eins með opinbera fjármuni og raun ber vitni.

Ég spyr: Er ekki orðið rétt að huga að því hvort ekki sé nauðsynlegt að setja reglur um embættisfærslur í opinberri stjórnsýslu, ekki síst varðandi meðferð opinberra fjármuna og að þeir sem kosnir eru til trúnaðarstarfa hjá hinu opinbera beri ábyrgð á gjörðum sínum rétt eins og tíðkast víða annars staðar? Það væri gagnlegt að fá fram skoðun hæstv. forsrh. á þessu.

Ég spyr líka formann stjórnar Byggðastofnunar, hv. þm. Egil Jónsson, um þær ásakanir sem fram koma í skýrslu Byggðastofnunar. Því er haldið fram að ætla megi að skort hafi á vilja stjórnar til að láta stofnunina gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs sem stofnunin á þó að gera samkvæmt lögum. Þetta er alvarleg ásökun. Ég spyr formanninn: Er það virkilega svo að stjórnin hafi komið í veg fyrir að gerðar yrðu áætlanir um þróun byggðar í samræmi við lög og reglur og að þessi mikilvægi þáttur sem á að vera forsenda lánveitinga hafi verið vanræktur, en á honum eiga lán og styrkveitingar að byggjast samkvæmt lögum? Af hverju hafa þær ekki verið gerðar? Er það til þess að stjórn stofnunarinnar hafi frjálsari hendur til að ráðskast með hvert lán og styrkveitingar renna án þess að markmið og stefna laganna sé höfð að leiðarljósi? Ríkisendurskoðun segir líka að stjórnin fylgist ekki markvisst með rekstri stofnunarinnar — þetta er alvarleg ásökun sem stjórnin verður að svara — eða að starfsmenn fari ekki að tillögu forstjóra eða starfsmanna stofnunarinnar þegar fyrir liggi rökstuðningur um að verið sé að henda fé skattborgaranna út um gluggann. Ég nefndi dæmi í skýrslu Ríkisendurskoðunar en þar segir, með leyfi forseta:

„Í fundargerðum má finna dæmi um að stjórnarmenn hafi gert tillögur um lánveitingar sem voru í andstöðu við álit forstjóra. Slík mál voru afgreidd með þeirri niðurstöðu að lánið fór í háan afskriftaflokk þar sem veð og afborgunarmöguleikar lántakendanna voru taldir ófullnægjandi."

Síðan kemur fram:

„„Forstjóri greindi frá því að fyrirtækin væru í miklum rekstrarvanda eins og spáð hafði verið og þyrftu fyrirtækin von bráðar á rekstrarfé að halda. Ekki væru nein veð eftir ef farið yrði í lánveitingar og talsverðar upphæðir þyrfti til að fyrirtækin gætu haldið áfram. Stofnunin stæði því frammi fyrir þeirri spurningu hvort enn skyldi halda áfram eða viðskiptum hætt."

Haldið var áfram lánveitingum til þessa fyrirtækis sem og annarra fyrirtækja sem voru í fiskeldi þrátt fyrir að fram hafi komið sú skoðun að þau væru komin í þrot. Annað fyrirtækjanna fór í þrot og var selt á 25 millj. kr. í nóvember 1994. Stofnunin hafði keypt hlutafé, styrkt og lánað því fyrirtæki um 564 millj. kr. frá árinu 1987 til og með árinu 1992 sem allt var afskrifað við gjaldþrotið."

Virðulegi forseti. Ég spyr: Á hið háa Alþingi ekki rétt á skýringu þegar lánað er til fyrirtækja sem vitað var fyrir fram að væru komin í þrot og deginum ljósara að skattgreiðendur þyrftu að borga brúsann? Ég spyr líka um það sem fram kemur á bls. 73 í skýrslunni en það snýr að þeim liðlega 16 milljörðum sem Byggðastofnun veitti að láni sl. tíu ár. Þar kemur fram að 17% lántakanda eru með langhæstu fjárhæðina eða 67% af heildarfjárveitingum. Engin svör fengust við því hjá forstjóra stofnunarinnar til hverra þessar lánveitingar gengu.

Það er líka athyglisvert og kallar á frekari skoðun á því máli að fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að af þeim 80 fyrirtækjum sem fengu styrki frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins á síðustu átta árum — en sá sjóður vinnur líka undir nafni byggðastefnu — fékk um helmingur auk þess fyrirgreiðslu af einum eða öðrum toga frá Byggðastofnun. Hver er svo niðurstaða þessara lánveitinga Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins til þessara fyrirtækja? Jú, um fjórðungur af þeim fyrirtækjum sem nutu fyrirgreiðslu Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs eru orðin gjaldþrota eða eru í gjaldþrotaskiptum. Hvernig er samræmi og vinnubrögðum háttað milli þessara sjóða? Ég spyr formann stjórnarinnar: Veittu þessir sjóðir fyrirgreiðslu til sömu verkefna án þess að hver vissi af öðrum? Allt virðist þetta vera handahófskennt, alla samræmingu eða heildarsýn vantar hvað þá að fylgt sé markmiðum eða áætlunum sem lög og reglur kveða á um. Er nema von að milljarðar, já, tugir milljarða fari með reglulegu millibili í súginn af fé skattgreiðenda og virðast litlu skila til markvissrar byggðastefnu enda fremur fólksflótti þaðan en hitt.

Ég tel líka, herra forseti, að rekstrarkostnaður stofnunarinnar sé mjög hár eða tæplega 24% af heildarkostnaði við byggðastefnu, eða að meðaltali 150 millj. kr. á ári síðustu tíu ár. Það sem líka er umhugsunarvert varðandi reksturinn er að um 50% rekstrarkostnaðar eða um 68 millj. fara í að reka lánastarfsemina eina, sem eru líka rök fyrir því að Byggðastofnun eigi að hætta lánveitingum sem er ein tillaga Ríkisendurskoðunar og ég tek undir. Ég óska líka svara við því frá formanni stjórnar Byggðastofnunar sem forstjóri hennar átti engin svör við í allshn.: Hvaða ástæða liggur að baki því að styrkveitingar voru ekki auglýstar á þessu ári og hafa ekki verið auglýstar að undanskildu árinu 1995? Er það neyðarástand uppi sérstaklega á þessu ári í atvinnu- og byggðamálum að ekki sé rétt að auglýsa styrkina? En samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar um Byggðastofnun skal veiting óafturkræfra framlaga byggjast á umsóknum nema verið sé að afstýra neyðarástandi í atvinnu- og byggðamálum. Nei, herra forseti, Byggðastofnun virðist vera ríki í ríkinu sem telur sig greinilega hafna yfir það að fara eftir lögum og reglum sem henni eru settar og geðþóttaákvarðanir og handahófskennd vinnubrögð virðast einkenna stofnunina og lög og reglur hunsaðar og látnar lönd og leið.

Herra forseti. Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég á töluvert eftir og mun því nýta mér ræðutíma minn á eftir. Ég á eftir að fara yfir ýmislegt í þessari skýrslu og í svari Ríkisendurskoðunar við ásökunum Byggðastofnunar um að Ríkisendurskoðun hafi gert mistök. En ég vil í lokin segja, herra forseti, að mín niðurstaða er sú eftir lestur þessarar skýrslu að leggja eigi Byggðastofnun niður í núverandi mynd. Hún á ekki að vera lánastofnun í þeirri mynd sem hún er nú og spyr ég um álit forsrh. á því. En undir það tekur Ríkisendurskoðun. Byggðastofnun á fyrst og fremst að sinna því að gera áætlanir um þjóðfélagslega hagkvæma þróun byggðar og einstakra landshluta og vera ráðgefandi aðili í því efni. Hún á ekki að vera lánastofnun. Byggðastofnun á fyrst og fremst að stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í atvinnulífinu og gæti í því skyni haft með styrkveitingar að gera til að vinna að því verkefni. Það er mjög mikilvægt fyrir landsbyggðina að unnið sé að nýsköpun í atvinnulífinu og að auka fjölbreytni í atvinnulífinu vegna þess að fyrir

það hefur landsbyggðin liðið að ekki hefur verið nægjanlega gert í því máli. Ég tel líka að það eigi að leggja af stjórn Byggðastofnunar sem þessi skýrsla sýnir að hefur ekki verið hlutverki sínu vaxin og virðist fyrst og fremst vera í einhvers konar sérhagsmunagæslu fremur en að vinna að þeim markmiðum sem henni eru sett samkvæmt lögum og reglugerðum. Það er ótækt og gengur gegn þeirri aðgreiningu sem á að vera milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þingmenn sitji í stjórn hennar. Stjórnina á að leggja af. Lánafyrirgreiðslu Byggðastofnunar á að leggja af en styrkveitingar til þróunarverkefna og nýsköpunar í atvinnulífinu ásamt áætlanagerð og svæðisáætlunum um þróun byggðar eiga að vera í höndum Byggðastofnunar. Ég tel það miklu farsælla fyrirkomulag og líka og ekki síst fyrir landsbyggðina sjálfa. Fyrirkomulag styrkveitinga sem nú eru 100–200 millj. á ári gæti síðan verið þannig að fjárln. fengi þær til umsagnar eða staðfestingar.

Þetta eru tillögur sem ég tel að ætti að skoða. Ég sagði áðan að ég mundi meta það í ljósi umræðnanna sem hér verða hvort ég muni óska eftir því við allshn. að hún fari ítarlega í þessa skýrslu og skili niðurstöðum sínum og skýrslu til Alþingis ásamt tillögum. Ég vildi gjarnan óska þess að nefndin ræddi þessar tillögur. Ég óska efir því við hæstv. forsrh. að það komi nánar fram í hans máli hver viðhorf hans séu til þessara tillagna og hugmynda sem ég hef sett hér fram. En ég mun fara nánar í þessa skýrslu í síðari hluta ræðutíma míns.

[11:27]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi umræða sem hér á sér stað skuli fara fram. Ég vek athygli á því að um er að ræða umfjöllun um stofnun að því leyti sérstaks eðlis hún fer fram í heyranda hljóði á Alþingi sem er nú ekki mjög algengt í sambandi við ríkisstofnanir

Ég fagna framsöguræðu hæstv. forsrh. og er reyndar sammála því sem kom fram í máli hans. Það er vert að geta þess svo það valdi ekki misskilningi að ég hef farið yfir ræðuna eftir að ég kom til þessa fundar en ég var upptekinn við önnur störf á meðan framsagan átti sér stað.

Hér hefur umræðan m.a. verið um skýrslu Ríkisendurskoðunar og ég tel það raunar mjög af hinu góða. Ég óskaði eftir þessari skýrslu. Mér fannst það eðlilegur kostur þegar ný stjórn tæki við, þar af fimm nýir stjórnarnefndarmenn, að skoðun Ríkisendurskoðunar á starfsháttum stofnunarinnar lægi fyrir. Ég vek líka athygli á því að auðvitað er skýrsla Ríkisendurskoðunar ekki vísindaleg úttekt. Hún byggist eðli málsins samkvæmt á ályktunum sem sumar verða að vera á ábyrgð Ríkisendurskoðunar sem slíkrar. Þannig að auðvitað er hægt að deila um ýmislegt í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sérstaklega ef menn vilja haga lestrinum þannig. Ég sé hins vegar marga jákvæða hluti og gagnlega koma fram í skýrslunni. Það sem skiptir meginmáli er að skýrslan sé notuð þannig að hún geti verið leiðsögn. Það er margt í þessari skýrslu sem gerir hana að góðri leiðsögn fyrir stjórnendur stofnunarinnar.

Það er alveg ljóst að megingagnrýnin sem kemur fram, reyndar eins og hún hefur verið útlögð af fjölmiðlum, byggist á þeim töpum sem Byggðastofnun hefur orðið fyrir. Og auðvitað er ekki að leyna neinu í þeim efnum. Ég veit ekki hver það er sem hefur t.d. grætt á fiskeldi. Ég veit reyndar ekki um neinn sem ekki hefur tapað á fiskeldi. Og það gerði Byggðastofnun eins og aðrar þær stofnanir sem lánuðu til fiskeldis. Mér sýnist að töp Byggðastofnunar, auðvitað eru það háar tölur, en ég held að þær séu eitthvað um 3–5% af heildartöpum og gjaldþrotum í landinu á þessum sama tíma. Menn hafa nefnilega verið að gera upp erfiða reikninga frá þeim tíma sem atvinnulífið átti í vök að verjast og það er enginn munur á því sem hefur komið fyrir í rekstri Byggðastofnunar í þeim efnum frá því sem er um aðrar stofnanir.

Ég tek sérstaklega undir þau orð sem komu fram í ræðu hjá hv. 5. þm. Vestf., að það er auðvitað spurning hvar við erum að fást um byggðamál, hér í þessum þingsal og í þjóðfélaginu. Það var margt athyglisvert sem kom fram í ræðu þingmannsins um þetta efni. Það vildi svo til að ég fékk í morgunsárið í hendurnar skýrslu um þær ákvarðanir sem eru teknar á Alþingi við fjárlagagerð. Það er kannski nokkuð eðlilegur kostur að vekja athygli á þeim niðurstöðum sem þar fást og líta svo aðeins til þeirra möguleika sem Byggðastofnun hefur til þess að snúa byggðaþróuninni við. Ég hef þann fyrirvara á, herra forseti, að ég hef ekki getað skoðað þessar niðurstöður grannt. En þær eru unnar upp úr ríkisreikningi og ættu að vera nokkuð traustar heimildir. Þar kemur m.a. fram að viðhaldskostnaður, sem greiddur er af fjárlögum ríkisins, sem er nú æðigóður póstur, fer sífellt hækkandi á þéttbýlissvæðinu í Reykjavík og á Reykjanesi. Hann er hins vegar að dragast saman úti á landsbyggðinni og þegar sleppt er t.d. vegagerð, þetta er bæði með og án vegagerðar, þá sjást varla fjárveitingar í sumum kjördæmum. Ég nefni t.d. Vestfirði í þessum efnum, það sjást varla tölur í þeim efnum. Ef litið er til annarra stærða, t.d. launagreiðslna ríkisins, þá eru um 75% eða $^3/_4$ hlutar hér á þéttbýlissvæðinu og landsbyggðin skiptir hinu á milli sín. Það er nokkuð athyglisvert að þessar greiðslur fara hækkandi á þéttbýlissvæðunum en fara lækkandi úti á landsbyggðinni. Þetta er ekkert mjög ólíkt því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson komst að áðan. Og þannig mætti reyndar lengur telja. Ekki síst af því að menn eru að tala um fækkun starfa úti á landsbyggðinni þá sýnist mér að það komi út úr þessari skýrslu að 90% nýrra starfa í opinbera samfélaginu sé deilt út í þessi tvö kjördæmi. Mér sýnist líka að þrátt fyrir allan niðurskurðinn sem menn eru að tala um, og er nú að hálfu leyti kominn á sálina á ýmsum góðum mönnum, þá fjölgi störfum við opinbera þjónustu hér á þéttbýlissvæðunum en fækkunin verði úti á landsbyggðinni.

Þessi skýrsla er unnin upp úr ríkisreikningi og ég held að þetta sé nokkuð óumdeilanlegt. Síðan er verið að taka ýmsar aðrar ákvarðanir í þjóðfélaginu, t.d. í sambandi við stjórn fiskveiða. Ríkisvaldið hefur verið að gera samning við bændur og það er auðvitað erfitt og kannski ekki hægt eins og er að sýna fram á áhrif hans — og þó. En það kemur í ljós að samdráttur í landbúnaði kemur mjög harkalega niður á sumum byggðarlögum hér á landi, einkum norðvestanlands og norðaustanlands og menn hafa ekki fundið ráð til þess að koma þar á móti. Það eru því æðimiklir straumar í þjóðfélaginu sem falla á móti byggðastefnunni og reyndar með þeirri þróun að fólk leiti hingað á suðvesturhornið. Mér sýnist að áherslur séu mjög í þá veru að af þessu verði enn frekari þróun og þá ekki síst vegna þess að hér eru áformaðar miklar framkvæmdir, svo mörgum tugum milljarða nema, og það gefur þá auga leið að þangað mun vinnuaflið sækja. Þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi ýmsa möguleika, kannski sérstaklega um þessar mundir, þá sé ég ekki að það verði auðveldur kostur að sporna hér á móti.

Ég sagði það að Byggðastofnun hefði ýmsa möguleika og það ber að leggja á það áherslu að í þeim efnum hafa orðið gífurlega miklar breytingar á síðustu árum. Eins og ég gat um áðan var það hlutverk Byggðastofnunar, eins og fleiri sjóða og banka, að berjast með atvinnurekstrinum í landinu í veikri stöðu hans fyrir því að hann gæti haldið velli á erfiðum tímum. Niðurstaðan fékkst eins og menn vita í lok síðasta áratugar með því að miklir fjármunir voru færðir inn í sjóði til þess að taka við taprekstri. Byggðastofnun var engin undantekning í þeim efnum en nú eru hins vegar að þessu leyti breyttir tímar. Þess eru t.d. nokkur dæmi að fyrirtæki sem menn höfðu misjafnlega mikla trú á hafa nú komist í góðan rekstur og eru farin að skila hagnaði. Þess hefur t.d. orðið vart núna í sambandi við auglýsingar Byggðastofnunar á sölu hlutafjár í fyrirtækjum að það er þó komin eftirspurn eftir slíkum bréfum. Það er auðvitað grundvöllur þess að hægt sé að vinna með eðlilegum hætti að þessum málum að atvinnulífið hafi bærilegan rekstrargrundvöll. Og að þessu leyti eru að sjálfsögðu afar miklar breytingar sem ég held að engum manni geti dulist og a.m.k. eru ljósar í huga þeirra sem starfa í Byggðastofnun. Það er grundvöllur þess að hægt sé að halda uppi blómlegri byggð að atvinnuvegirnir hafi grundvöll og geti gengið með bærilegum hætti.

Ég skal svo að lokum svara þeim fyrirspurnum sem til mín var beitt. Það er þá í fyrsta lagi í sambandi við það hvort það hafi ekki verið vilji stjórnarinnar að gerðar væru byggðaáætlanir. Það er auðvitað vilji hennar eins og starfsmanna stofnunarinnar. (Forseti hringir.) — Ég er rétt að ljúka máli mínu, get þá gert betur grein fyrir þessu síðar, virðulegi forseti. Fyrsta byggðaáætlunin á grundvelli þeirra laga sem nú gilda hefur verið gerð og um þá næstfyrstu verður fjallað á næsta stjórnarfundi og ég skal þá víkja nánar að þessu í síðari ræðu minni.

[11:43]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst hv. þm. og stjórnarformaður Byggðastofnunar skauta ansi létt í gegnum gagnrýni Ríkisendurskoðunar. Ekki veit ég hvort þetta þýðir að hann ætli að láta hana sem vind um eyru þjóta eða hvort þetta boðar að hann telji hana réttmæta og ætli að taka mark á henni og vona ég svo sannarlega að það síðarnefnda sé rétt. Hv. þm. var að byrja að svara þeim spurningum sem til hans var beint og hefur kannski ekki haft tækifæri til að svara þeim öllum. En mig fýsir að vita vilja hans til þess og hvort hann telji það rétt að leggja niður lánastarfsemi Byggðastofnunar. Af hverju styrkir hafa aldrei verið auglýstir að undanskildu síðasta ári þrátt fyrir að lög og reglugerðir kveði á um það. Og af hverju ekki hafi farið fram árangursmæling á þeim lánveitingum og styrkveitingum sem fram hafa farið á undanförnum árum frá Byggðastofnun sem er forsenda þess að meta hvort við erum á réttri leið. Eins fýsir mig að vita, hvort sem það verður núna í andsvari eða síðar, um samspil Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og Byggðastofnunar í lánveitingum sem eru til sömu aðila — hvort Framleiðnisjóður og Byggðastofnun viti um lánafyrirgreiðslu hvors um sig.

En fyrst og fremst er það náttúrlega framtíðin sem skiptir máli. Það er lítið hægt að breyta fortíðinni nema þá að læra af henni. Og ég spyr sérstaklega hvort formaður stjórnar Byggðastofnunar telji ekki rétt að breyta starfsemi Byggðastofnunar í núverandi mynd og leggja niður lánastarfsemina og hvort ekki sé rétt líka að leggja af stjórn Byggðastofnunar með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan.

[11:44]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að því er varðar það sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns um að ég hefði skautað létt í gegnum skýrslu Ríkisendurskoðunar þá er það nú einfaldlega málið að það er skýrsla Byggðastofnunar sem er hér til umræðu. Mér finnst að það væri eðlilegur kostur að hv. þm. kynnti sér þingsköp í þeim efnum og ég taldi mér auðvitað vera frekast skylt að ræða byggðamál. Mér þykir ekki eins þægilegt að velja mér þann kost að baða mig sífellt í fortíðinni eins og gjarnan er háttur síðasta hv. ræðumanns.

En að því er varðar þessar fyrirspurnir, þá skal ég koma að þeim í síðari ræðu minni. En ég vil geta þess alveg sérstaklega þegar spurt er um afstöðu mína til skýrslu Ríkisendurskoðunar að þá sagði ég reyndar frá því, hv. þm., að það væri margt afar gagnlegt í henni og hún væri góð leiðsögn. Það vill nú svo til að stjórn Byggðastofnunar hefur ekki lokið umræðu um skýrsluna. Hún hefur farið yfir hana á tveimur fundum, ekki reyndar nema hluta fundartímans í síðara sinnið og það verður auðvitað að bíða þess tíma að fá niðurstöðu við viðbrögðum gagnvart skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég endurtek það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, og ég held að allir hafi heyrt hér, að ég teldi margt jákvætt í þeirri skýrslu og hún væri góð leiðsögn.

[11:47]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé auðheyrt af orðum hv. síðasta ræðumanns að hann vill helst koma sér hjá því að ræða þessa skýrslu. Það er auðvitað ekkert eðlilegra heldur en stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar sé rædd undir þessum lið um Byggðastofnun. Hvað er eðlilegra? Ef þingmaðurinn telur það ekki passa, sem ég er ekki sammála, þá er náttúrlega spurning hvort hér eigi ekki að óska eftir því að fram fari þá ítarleg og löng utandagskrárumræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna þess að það er mjög margt sem við þurfum að ræða varðandi það sem fram kemur í skýrslunni, ekki síst varðandi vinnubrögðin og vinnubrögð stjórnar sem eru mjög ámælisverð. Eins og það að stjórnina hafi skort vilja til þess að gera áætlanir um þróun byggðar í atvinnulífinu, nánast sagt að hún hafi komið í veg fyrir það. Og forsenda fyrir lánveitingum hlýtur að eiga að byggjast á slíkum áætlunum. Að það hafi ekki farið fram árangursmæling af 17–18 milljarða fyrirgreiðslu. Þetta kemur allt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. — Ég sé að hv. þm. Stefán Guðmundsson hristir hausinn. Þetta undirstrikar enn það sem ég segi að það er full ástæða til þess að fá ítarlega og langa utandagskrárumræðu um stjórnsýsluendurskoðun (**StG:** Það er flest rangt sem ...) Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnun. Ég er nú bara að segja það sem stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar þannig að þingmaðurinn er þá að mótmæla því. Ég hvet þingmanninn til þess að lesa það sem fram kemur núna í bréfi Ríkisendurskoðunar til þingmanna í morgun, þar sem verið er að svara ásökunum Byggðastofnunar um það að Ríkisendurskoðun hafi gert mistök. Ég leyfi mér að efa það að þingmaðurinn hafi skoðað þau atriði og það er full ástæða til að fara fram á utandagskrárumræðu um þessa skýrslu.

[11:49]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað á valdi hvers og eins þingmanns hvað hann talar hér úr þessum ræðustól. Ég tók

það sérstaklega fram að mér þætti ekki neitt óeðlilegt við það þó að það væri gamli afturhaldstónninn sem þessi hv. þm. ber jafnan með sér í ræðustól sem yrði viðhafður af henni.

Ég var hins vegar að segja það að mér væri skyldara að ræða um Byggðastofnun og áform hennar vegna þess að það væri dagskrármál. Það er svo alveg á valdi hvers og eins hvort hann óskar eftir utandagskrárumræðu og það er auðvitað gott út af fyrir sig að hv. þm. er að þreifa sig áfram með það að finna eðlilega rás fyrir sínar skoðanir.

Eins og ég sagði áðan voru málefnalegar spurningar hv. þm. einkum í sambandi við lánamálin. Ég tók það fram áðan og ég skal endurtaka það að ég skal lýsa hér skoðunum mínum í þeim efnum.

[11:51]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að fjalla um fáein atriði sem ég tel þó grundvallaratriði í umræðunni um stefnu og rekstur Byggðastofnunar.

Atvinnuleysi kvenna og einhæf vinna á ríkan þátt í því að konur eru í meiri hluta þeirra sem flytjast af landsbyggðinni. Störfum hefur fækkað verulega og fátt komið í staðinn. Konur búa því víða við óvissu um eigin framtíð, lág laun og stopula vinnu. Því þarf að beina sjónum sérstaklega að atvinnusköpun í þágu kvenna.

Um það er stjórn Byggðastofnunar Kvennalistanum greinilega ósammála. Ársskýrsla síðasta árs og skýrsla Ríkisendurskoðunar, sem mér skilst reyndar að einhverjir meinbugir séu á að ræða hér, frá því í september bera þess glöggt merki að enn virðast ráðandi gamaldags viðhorf til atvinnuþátttöku kvenna og til þeirra verkefna sem vert þykir að styrkja og lána til. Á því ber stjórn Byggðastofnunar og ríkisstjórn á hverjum tíma fulla ábyrgð.

Árangur þeirrar stefnu og starfsaðferða sem Byggðastofnun hefur fylgt hefur ekki verið metinn reglulega og ekkert innra matskerfi verkefna virðist í gangi hjá stofnuninni. Það geta varla talist góð vinnubrögð. Þó hefur margt breyst í starfi stofnunarinnar á síðustu árum og liðin tíð að því er virðist að Byggðastofnun fái bein fyrirmæli um að verja fé í tiltekna atvinnuvegi. Ekki þarf annað en nefna loðdýra- og fiskeldisævintýrin til þess að vekja upp óstjórnar- og spillingardraugana.

Hin pólitíska ábyrgð stjórnar Byggðastofnunar í gegnum tíðina er mikil og hún hefur í raun aldrei þurft að standa skil gerða sinna gagnvart almenningi með því að færa rök fyrir ráðstöfun almannafjár eins og skattgreiðendum þessa lands hafi hreinlega ekki komið það við og því haft lítið aðhald um vinnubrögð.

Að síðustu ætla ég að leyfa mér að hugleiða hvort öðruvísi hefði verið að málum staðið hjá Byggðastofnun í gegnum tíðina ef farið hefði verið að ráðum kvenna og Kvennalistans. Ég fullyrði að það hefði ekki riðið Byggðastofnun að fullu ef hið háa Alþingi hefði hleypt nokkrum konum inn í stjórnina. Skýrsla Ríkisendurskoðunar er staðfesting þess að reynslu og lífssýnar kvenna er þörf í Byggðastofnun eins og annars staðar í samfélaginu. Telji menn svo ekki vera má allt eins leggja starfsemi Byggðastofnunar niður í núverandi mynd.

[11:54]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að koma með andsvar við hv. síðasta ræðumann, Þórunni Sveinbjarnardóttur, þar sem hún segir að Byggðastofnun sinni ekki málefnum kvenna og mér fannst það liggja í orðunum að við værum frekar andstæðingar þess kyns. Það er nú heldur betur misskilningur hjá þessum ágæta þingmanni.

Fyrir fáum dögum síðan vorum við að taka að okkur verkefni um sérstaka stofnun sem kvenfólk hefur verið að vinna að, sérstakan lánasjóð sem þær hafa verið að brjótast í að koma upp og urðum við að sjálfsögðu við því að vista þennan sjóð inni í okkar stofnun. Við gerðum gott um betur, við tilkynntum jafnframt að við skyldum gera þetta án þess að taka nokkra þóknun fyrir.

Við höfum líka á mörgum undanförnum árum tekið á og sinnt hinum margvíslegustu verkefnum sem konur hafa verið að fást við vítt og breitt um landið og ég segi það hér og nú, því miður kannski of fáum umsóknum sem hafa borist frá konum. En það er mikill misskilningur að halda þessu fram. Oft og tíðum hefur Byggðastofnun einnig í þessu sambandi reynt að eiga samstarf við Framleiðnisjóð landbúnaðarins sem víða hefur komið að þessum málum og ég er sannfærður um það að við höfum víða getað orðið að liði í þessum málum.

[11:55]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því ekki fram að stjórn Byggðastofnunar væri andstæðingur kvenna. Það væri trúlega fráleitt. Vissulega ber að fagna hinum nýfengna áhuga á verkefnum og málefnum kvenna. Þær standa höllum fæti á landsbyggðinni, við vitum það öll, en ég fagna því að Byggðastofnun sé nú að verja meira fé til verkefna sem koma konum beint til góða.

Hins vegar þegar maður lítur á tölurnar sem finna má í skýrslunni frá síðasta ári kemur í ljós að um 200 millj. kr. hafi verið veittar í styrki eftir því sem ég kemst næst og ég gat ekki betur séð en um tíund þess, eða um 20 millj. kr., væru til beinna kvennaverkefna, sem sagt ráðstafað úr félmrn. Ég hygg að við getum verið sammála um það, ég og hv. síðasti ræðumaður, að það þarf að gera miklu, miklu betur og það þarf líka að fá fleiri konur inn í þetta starf með fullri virðingu fyrir hv. stjórnarmönnum í Byggðastofnun.

[11:57]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt, ég er sammála því og tók það fram, að það þarf að gera betur og það viljum við gera. Ég held að það sé kannski erfitt, auðvitað má alltaf finna eitthvað en ég held að í langflestum tilfellum hafi Byggðastofnun orðið við óskum frá konum sem hafa viljað stofna fyrirtæki eða gera eitthvað í atvinnumálum sínum. Ég man í svipinn ekki eftir nokkru sem við höfum raunverulega neitað í þeim efnum.

En ég tek það fram að konur eru kannski núna á allra síðustu árum að sækja fram á þessari braut og ég fagna svo sannarlega að það skuli gert.

Hvað það varðar að ekki sé pláss fyrir konur í stjórn Byggðastofnunar, þá hafa setið þar konur í stjórninni. Þar er engin í dag, það má segja því miður, við skulum vona að það breytist en alla vega er það þó ljóst að varamaður minn er kona. Það er þó varamaður sem situr hér með okkur í dag og ég hef trú á því að hún eigi eftir að koma inn í umræðuna. En annað geymi ég mér sem kom fram hjá hv. ræðumanni, t.d. loðdýraævintýrin og allt það, það skulum við ræða betur í dag. Ég efast um að þeir sem hafa talað um þau mál eins og

hv. síðasti ræðumaður gerði og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, í þeirri tóntegund, það hljómar illa þegar menn fara að rökræða það mál, sem ég er tilbúinn að gera við þetta ágæta fólk sem hér talar og af mikilli vanþekkingu um þau mál.

[11:59]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hryggir mig að hv. þm. telji mig tala af vanþekkingu um þessi mál, en svo verður víst að vera. Ég held einmitt að þau mál séu til þess að læra af þeim og við getum ekki annað en lært af þeim. Til þess að læra af þeim þarf að meta og það þarf að horfast í augu við sannleikann og horfast í augu við það hvað hefur verið gert á vegum Byggðastofnunar á undanförnum árum og áratugum.

Ég skal hins vegar fagna því að stjórn Byggðastofnunar leggi sig nú eftir því að verða við óskum kvenna. Mér finnst að þeir eigi að gera enn betur og þeir eigi að gera það að sérstöku verkefni að virkja frumkvæði kvenna, fara út og finna þær, hjálpa þeim, koma þeim af stað í atvinnulífinu því að það margborgar sig.

[12:00]

Ólafía Ingólfsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka skýrslu um Byggðastofnun sem hæstv. forsrh. hefur flutt þingheimi. Byggðastofnun hefur á síðasta ári eins og áður unnið að margs konar verkefnum. Alls námu styrkveitingar 202 millj. kr. og fór stærsti hluti þess fjármagns til sérverkefna.

Í ársreikningi Byggðastofnunar kemur fram að ekki hefur dregið úr fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þetta er þróun sem er áhyggjuefni ef byggð á að haldast á öllu landinu. Ég held að flestir geti verið sammála því að starfsemi atvinnuráðgjafa og annað þróunarstarf til handa fyrirtækjum og einstaklingum víða um land leiði til nýsköpunar í atvinnulífinu. Ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og því er eðlilegt að Byggðastofnun komi að því verkefni með því að styðja og styrkja þá starfsemi og tengja saman starf ferðamálafulltrúa og atvinnuráðgjafa.

Á síðasta ári styrkti Byggðastofnun starf atvinnuráðgjafanna með 30 millj. kr. framlagi og styrkveitingar til nýsköpunar og ýmissa verkefna voru 65 millj. kr. Dulið atvinnuleysi í sveitum landsins, sérstaklega á meðal kvenna, er mikið og hefur samdráttur í landbúnaði, sérstaklega í sauðfjárrækt, átt þar stærstan hlut að máli. Þar hefur starf atvinnuráðgjafa komið verulega til aðstoðar þessu fólki og stuðningur Byggðastofnunar, m.a. við handverkssýningar, hefur einnig gefið þessu fólki viðurkenningu á þeirri vinnu sem fram fer víða um land. Þetta fólk sem er að byggja upp iðnað hefur ekki mikið fjármagn til að koma framleiðslu sinni á framfæri. Ánægjulegt er að sjá hvað íslenskt handverkafólk hefur náð langt í þróun og framleiðslu vöru til nytja og gjafa fyrir innlendan markað og erlenda ferðamenn.

Í mínu kjördæmi bendi ég á þróttmikið starf fólks á handverksstaðnum í Þingborg og ég veit að hægt er að nefna miklu fleiri staði úti á landsbyggðinni. Það sem mest er um vert er að þarna er verið að vinna úr íslensku hráefni og hugmyndir fólks eru óþrjótandi. Með aukningu ferðamanna hingað til lands er kominn markaður fyrir fólk til að vinna minjagripi og annað sem hægt er að vinna yfir vetrartímann þar sem fólk er í sínu daglega umhverfi og þarf ekki að sækja um langan veg í atvinnu. Þessi atvinnustarfsemi, svo og önnur ný fyrirtæki, þurfa á svokölluðu þolinmóðu fjármagni að halda, sem gerir það að verkum að koma þeim á fæturna og að þau fái það umhverfi að þau geti lifað. Gera þarf Byggðastofnun það kleift að sinna þessari starfsemi og fái hún til þess rýmri heimildir til að styrkja slík fyrirtæki, svo og önnur fyrirtæki svo að þau geti starfað og dafnað vítt og breitt um landið.

Meðal þess sem Byggðastofnun styrkti á síðasta ári var vöruþróun á leirhitabökstrum, náttúrulegum snyrtivörum, þurrkaðri loðnu og rafgirðingarstaurum svo eitthvað sé nefnt. Það sést á þessari upptalningu að fjölbreytni er í þeirri starfsemi sem Byggðastofnun styrkir.

Endurskoðun Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnun er nýlega lokið og hefur sú skýrsla valdið miklu fjaðrafoki og sýnist sitt hverjum. Gagnrýni er öllum holl ef hún er réttmæt. Það er ekki nóg að mínu mati að draga bara fram neikvæðar hliðar á málinu, það á að draga þær jákvæðu fram líka. Menn eiga að vera á jörðinni í þessari umræðu því mikið alvörumál er á ferðinni hvort hér á að vera byggð í öllu landinu eða ekki. Ég bið menn að vera minnuga þess.

[12:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Til umræðu er skýrsla hæstv. forsrh. um Byggðastofnun og ég vil þakka hana. Þar kemur fram að á árinu 1995 hafi farið fram þróttmikið nýsköpunarstarf og fjölbreyttar hugmyndir um ný atvinnutækifæri sem Byggðastofnun hefur tekið virkan þátt í. Um þetta er allt gott að segja.

Annað sem er góð vísbending er að þörfin fyrir afskriftaframlag hafi minnkað á árinu og ef ekki hefði komið til lánveitinga vegna Vestfjarðaaðstoðar hefði framlag á árinu á afskriftareikningi aðeins numið 175 millj. kr. Þetta segir jákvæða sögu og ég vil taka undir það sem kom fram í máli hæstv. forsrh.

Það má líka taka undir að studd hafa verið ágæt verkefni, svo sem útflutningur á reyktum laxi frá Borgarnesi, sem hefur skilað sér mjög vel. Leirhitabakstrar í Búðardal. Það verkefni er gott og kemur á réttan stað þar sem mjög mikil þörf er á atvinnuuppbyggingu. Rækjumjölsframleiðsla á Hvammstanga, Vesturfarasafnið á Hofsósi, stuðningur við handverksfólk og Purity Herbs snyrtivörur á Akureyri, náttúrulegar snyrtivörur, þurrkuð loðna í Reykjahverfi, söfnun og vinnsla á lerkisveppum á Héraði, tóglásar í Keflavík, húðverndarvörur við Bláa lónið og styrkveiting til smábáta á aflamarki, svo eitthvað sé nefnt. Þetta eru mjög jákvæð verkefni og ber að nefna þau. En það fer samt ekki hjá því að inn í umræðuna dragist stjórnsýsluendurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar, þar sem hún tekur til allra þátta starfsemi Byggðastofnunar.

Ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun hv. þm. Egils Jónssonar, og þá sennilega stjórnar, að láta gera úttekt á stofnuninni við stjórnarskiptin 1995. Úttektin nær yfir tíu ára tímabil og er um hlutverk Byggðastofnunar sem fyrirgreiðslutækis stjórnvalda til styrkingar byggðum landsins á þjóðfélagslegra hagkvæman hátt. Það verður auðvitað ekki hjá því komist að þegar skýrslan er lesin veltir maður fyrir sér hvernig skyldi fara fyrir henni. Verður hún tekin til umræðu? Verður hún notuð meira en lausleg leiðbeining? Því vil ég spyrja hv. þm. Egil Jónsson, stjórnarformann Byggðastofnunar: Hvernig verður þessi skýrsla notuð? Er hægt að gera grein fyrir því í svörum hvernig menn ætla sér að nota þessa úttekt? En mörgu sem þar kemur fram þarf að breyta. Þegar ákvarðanir eru teknar, sem hér er verið að fjalla um, þá eru þær teknar í ljósi þess ástands sem er á hverjum tíma þegar

ákvörðun var tekin. Þetta geri ég mér vel ljóst og auðvelt er að vera vitur eftir á. En það er samt ástæða til að skoða og við eigum að læra af mistökum ef við höfum gert þau.

Fyrsta spurningin, sem vaknar við skoðun þessarar skýrslu, er: Hvers vegna hefur ekki verið skilgreint hvað felst í orðunum „þjóðfélagslega hagkvæm þróun byggðar"? Og hvað felst í orðunum „óeðlileg byggðaröskun"? Hvað felst í orðunum „lífvænleg byggð"? Það getur hver og einn velt því fyrir sér og komist að raun um einhverja skilgreiningu en ljóst má vera að það hefur ekki verið gert á formlegan máta í stofnuninni þannig að skýr markmið hafi verið við úthlutun byggðastuðnings. Þetta tel ég vera niðurstöðu úr skýrslunni og það er líka niðurstaða mín eftir að hafa skoðað þessi mál í gegnum tíðina.

Mér finnst blasa við að framkvæmdin sé þannig að vinstri höndin veit varla hvað sú hægri gjörir. Það lýsir sér í úthlutun stofnunarinnar til byggðarlaga þar sem kvótakerfi ríkisstjórna hefur farið hvað harðast með byggðirnar. Þar er úthlutun styrkja og lána hæst, a.m.k. hvað varðar Vestfirði. Þar er einnig tapið mest. Hvaða vitglóra er í svona vinnubrögðum? Það er ekki heildarmarkmið eða samræmi í slíkum gjörðum. Þegar kvótakerfið er að ganga hart að byggðunum er farið með hægri eða vinstri hendinni til að styrkja byggðirnar aftur í gegnum eitthvert annað apparat. Það bendir til að ekki hafi einungis skort á áætlanir og tillögur frá stofnuninni heldur hafi skort á yfirsýn og tillögur ríkisstjórna á umræddu 10 ára tímabili. Þess vegna er framkvæmd kvótakerfisstjórnunar fálmkennd eins og hún birtist og einnig í úthlutun byggðastyrkja til úrbóta þó svo að tapið hafi orðið mest þar sem úthlutun styrkja er hæst og ef til vill atvinnuleysi minnst. Þess vegna er það órannsakað hverjar afleiðingarnar hafa orðið.

Mannfjölgun hefur verið mest á höfuðborgarsvæðinu á umræddu árabili en raunverulega hefur orðið fækkun á landsbyggðinni upp á 0,2% ef það er skoðað. Það hlýtur að gefa vísbendingu um hvert átti að veita aðstoð til að hamla á móti byggðaþróuninni. Það er ekki beint samræmi á milli þess hvert fjármunum hefur verið úthlutað og atvinnuleysisskráningar. Ekki heldur á milli fólksfækkunar og fjárstreymis frá stofnuninni. Það sem blundar í undirmeðvitundinni er að skipan stjórnar hafi á einhvern hátt átt þátt í þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið í Byggðastofnun þó svo að skýrt sé tekið fram í þessari skýrslu að framkvæmdarstjóri eigi að gera tillögu til stjórnar um hvert fjármunum skuli beint í formi lána eða styrkja. (**EgJ:** Hún gerir það líka.) Þetta er ekki unnt að fullyrða því að markmiðin eru ekki nógu skýr fyrir stofnunina, svo sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrslu Ríkisendurskoðunar til lánveitinga Byggðastofnunar sem staðfestir það sem fram hefur komið í ræðu minni:

Lánveitingar Byggðastofnunar námu 16,3 milljörðum á árunum 1985–1995. Ef horft er á skiptingu lánveitinga eftir kjördæmum lánaði stofnunin mest til Vestfjarða eða sem svarar til liðlega 22% af heildarlánveitingum stofnunarinnar. Í kjölfarið kemur Norðurland eystra með tæp 17% lánveitinga, Austurland með 14%, Suðurland með tæp 13% og Norðurland vestra með 12%. Mun lægra hlutfall var lánað til Reykjaness og Vesturlands eða rúm 9% til hvors kjördmis.

Þá veltir maður fyrir sér hvort stjórnarskipunin hafi eitthvað með þetta að gera. Það blundar í undirmeðvitundinni.

Á þessu árabili afskrifaði Byggðastofnun lán að fjárhæð 3,8 milljarðar kr. eða sem svarar til 23% af heildarlánveitingum stofnunarinnar. Mest var afskrifað á Vestfjörðum eða sem svarar til 30% af lánveitingum til þess landshluta. Á Norðurlandi eystra voru afskrifaðar sem svarar til 29% af lánveitingum til kjördæmisins. Þetta er aðeins örlítið af því sem kemur fram í þessari ágætu skýrslu.

Mjög athyglisvert er að kostað hefur 1,5 milljarða að reka Byggðastofnun á umræddu tímabili eða um 150 millj. á ári og þar af er launakostnaður um 65%. Á árinu 1995 var launakostnaður stofnunarinnar um 70%. Þá má spyrja: Getur það verið eðlilegt? Fjárlagatillögur til stofnunarinnar í ár eru ráðgerðar 190 millj. Ef svo fer sem horfir fer stór hluti þeirrar upphæðar til reksturs.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er lagt mat á fjármuni sem settir hafa verið í að reka byggðastefnuna í formi eigin fjár og með framlögum úr ríkissjóði. Með því að taka mið af meðalávöxtun spariskírteina ríkissjóðs á umræddu tímabili má leggja dæmið þannig út að fórnarkostnaður byggðastefnu sé 8,4 milljarðar. Um þetta má deila og hefur verið gert, en þær forsendur sem Ríkisendurskoðun gefur sér gefa þetta svar. En auðvitað má, eins og ég sagði áðan, deila um þær forsendur í hvert skipti sem reiknað er.

Herra forseti. Tímans vegna sé ég ekki að ég geti vitnað til þessara glöggu dæma í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem ég hef leyft mér að vitna í um leið og ég ræði ársskýrslu Byggðastofnunar. En við yfirlestur þessarar bláu skýrslu kemur í ljós að það hefur skipt máli fyrir kjördæmin hvernig stjórn Byggðastofnunar hefur verið skipuð. Það gefur a.m.k. ástæðu til þess að efast um hvort alþingismenn eiga að sitja í stjórnum þar sem fjármunir til ráðstöfunar eru ákvarðaðir af Alþingi. Það er álitamál hvort slíkt eigi að vera. Og auðvitað tengjast hér saman athafnir og orð og framlög og úthlutun. Það vakna einnig spurningar hvort ekki sé rétt að endurskoða lánakerfin á landinu í heild sinni þegar svo er komið að hagur sjóða, eins og Iðnlánasjóðs, Fiskveiðasjóðs og Byggðastofnunar versnar af því þeir geta ekki lánað nóg. Hagur þessara sjóða er að versna af því þeir geta ekki lánað nóg. Og það veldur þeirri hugsun að breytinga sé þörf.

Herra forseti. Ég endurtek upphafsorð um að rétt sé að gera úttekt á stofnunum ríkisins a.m.k. öðru hverju. Ég tel að starfsmenn eigi ekki að vera viðkvæmir fyrir því að gerð sé athugun eða úttekt á starfi þeirra eða starfsemi stofnunar sem þeir vinna hjá. Ég hef kannski rætt mest þessa skýrslu en ég vil geta þess að hún inniheldur einnig upplýsingar um jákvæðar aðgerðir og árangur af starfi Byggðastofnunar, um nýsköpun og um enduruppbyggingu fyrirtækja, svo menn lesi nú ekki allt svart sem í þessari skýrslu stendur eða þá í umræðunni af minni hálfu.

[12:17]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir einkar málefnalega ræðu og reyndar er flest af því sem hér kom fram fyllilega eðlilegt að taka til umræðu. Það sem ég vildi þó einkum minnast á eru áhrif stjórnarnefndarmanna sem ræðumaður talar um. Ég mótmæli því að stjórnarnefndarmenn beiti áhrifum sínum sérstaklega til þess að draga taum vissra kjördæma. Það er ekki mín reynsla af störfum í Byggðastofnun og ég bendi á það, sem reyndar kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar út af fjárstreymi til Vestfjarða, að það eru gefnar skýringar á því vegna hvers það hafi átt sér stað: Einhæfni í atvinnulífi og samdráttur í fiskveiðum. Þannig að Ríkisendurskoðun gefur skýringar einmitt á þessu

sem menn hafa lagt út sem mikla ádeilu á stjórnarmenn Byggðastofnunar.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, og verð þá að koma betur að því síðar, sem mér þótti vænt um að hv. þm. skyldi koma inn í umræðuna og það er þetta með skort á skilgreiningum. En ég bara spyr nú vegna þess að við veitum líka stuðning til byggðarlaga (Forseti hringir.) þar sem mikil uppbygging á sér stað. Á t.d. að sleppa Reykjanesi og þeim verkefnum sem eftir er leitað þar þegar Byggðastofnun tekur ákvarðanir?

[12:19]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hv. þm. Egill Jónsson metur það sem jákvætt innlegg sem ég var með. Ég hugsaði málið á þann veg að það væri bæði gagnrýni og tekið undir hana og líka tekið undir það sem jákvætt er og hægt að lesa úr þessari skýrslu og reyndar þeirri skýrslu sem er hér í raun til umræðu. En ástæðan fyrir því að ég dreg þessar ályktanir sem ég nefndi eru niðurstöðurnar í töflum á bls. 52 og 53, tafla 5 og tafla 6, þar sem sést að ef horft er á svæði eins og Vesturland þar sem atvinnutekjur voru tiltölulega lágar, þar sem atvinnuleysi var mjög mikið, þar eru minnstu framlögin. Þess vegna velti ég þessi fyrir mér, það er enginn stjórnarmaður sem var fulltrúi af því svæði, alla vega ekki á þessu umræddu tímabili. Þetta er ekki til þess að ráðast á menn heldur er þetta sett svona fram. Ég veit ekki til þess að það hafi verið sérstakur fulltrúi af Vesturlandi á þessum tíma.

En varðandi skilgreiningarnar þá tel ég að menn þurfi að skilgreina markmiðin og ég vona að þessi skýrsla leiði til þess að stjórn Byggðastofnunar og þeir aðilar sem um eiga að fjalla dragi ályktanir af þessari skýrslu þannig að þeir endurskoði og endursetji sér markmið. Það veit ég að verður gert, ég trúi því. Og varðandi Reykjanes, þá á það ekkert að vera út undan frekar en önnur byggðarlög. Ef þarf að lyfta undir atvinnutækifæri eða atvinnuaðstoð þar umfram aðra landshluta þá á að gera það.

[12:22]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir nú vænt um það sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Við vitum að það er mikill uppgangur á Reykjanesi. Byggðastofnun hefur hins vegar líka fengið þaðan mjög góð erindi og áhugaverð. Og við höfum ekki gert greinarmun á því að afgreiða þeirra mál og annarra. En auðvitað er það ekki í takt við byggðasjónarmiðin eins og þau eru skilgreind. Þess vegna er afar þýðingarmikið þegar menn eru að gagnrýna það að ekki sé nógu skýr markmiðssetning að þeir skuli svara með sama hætti og hv. síðasti ræðumaður gerði, að það eigi ekki að skilja eftir þau byggðarlög þar sem atvinnuástand er t.d. af öðrum ástæðum á uppleið.

[12:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við mat á fyrirgreiðslu eða lánveitingum ber auðvitað að hafa hliðsjón af atvinnusamsetningu í þeim kjördæmum sem menn eru að bera saman. Af því hér er borið saman Vesturland og Vestfirðir þá vil ég minna á frétt sem birtist í Morgunblaðinu í gær um lánveitingar Fiskveiðasjóðs, sem ekki hefur neitt sérstakt byggðahlutverk heldur er einfaldlega lánasjóður á arðsemisgrundvelli og lánar þeim sem hann treystir til að borga og öðrum ekki, að næsthæstu lánveitingarnar á síðasta ári voru til Vestfjarða, eða um 21% útlána. Það er einfaldlega vegna þess að sjávarútvegur er svo stór þáttur í atvinnulífi þar. Hins vegar fóru ekki nema 10% af lánveitingum Fiskveiðasjóðs til Vesturlands. Skýringin er ósköp einföld, bara öðruvísi samsetning á atvinnulífi og auðvitað endurspeglast þetta líka í Byggðastofnun.

En af því hv. þm. var með hugmyndir um að það skipti máli hvaðan menn væru þegar þeir tækju ákvarðanir um útdeilingu peninga þá langar mig til að rifja upp stefnu Alþfl. í byggðamálum eins og hún var kynnt þegar frv. það var til umræðu sem síðar varð að núgildandi lögum um Byggðastofnun. Þar segir, með leyfi forseta, um byggðastefnu Alþfl. sem formaður flokksins hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kynnti: „Kjarni stefnu okkar er sá að við viljum auka vald landsbyggðarinnar og þess fólks sem þar býr yfir sínum eigin málefnum við að gera róttæka skipulagsbreytingu á stjórnkerfinu og skapa hér nýjar stjórnsýslueiningar í sveitarstjórnarmálum sem væru fylki eða fjórðungar sem fengju verulegt vald í sínar hendur, m.a. skattlagningarvald."

Ég vil spyrja hv. þm. Alþfl. hvort hann sé sammála þessari byggðastefnu (Forseti hringir.) sem formaður Alþfl. kynnti hér fyrir 11 árum, 30. apríl 1985, og hvort flokkur hans er enn með þessa sömu byggðastefnu. Og ég spyr hann m.a. vegna þess að fram undan er þing flokksins (Forseti hringir.) og væri fróðlegt að fá svör við því.

[12:25]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginmarkmið Alþfl. og byggðastefna lýtur að því að treysta byggð þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti. Þetta hlýtur að vera þokkalega skýrt svar. Ég sé ekki að það felist neitt í orðum hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar fyrir 11 árum síðan sem tekur þetta markmið neitt út af sporinu. Það er rétt, það á að auka vald landsbyggðarinnar. Það hefur ekki orðið nema í því að verkefni voru færð til sveitarstjórnanna með því að flytja grunnskólana til þeirra frá ríkisvaldinu. Að þessu verkefni stóð Alþfl. heils hugar og það er aðeins eitt sem hefur náðst af þeim markmiðum að flytja vald frá ríki til sveitarfélaga. Núna varðandi atvinnufyrirtæki er á döfinni að flytja Landmælingar frá Reykjavík til Vesturlands. Það er athygli vert. Það er líka athygli vert hver viðbrögðin eru, þverpólitísk viðbrögð manna úr öllum flokkum sem í Reykjavík eru.

[12:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því rifja ég þetta upp af því mér finnst þetta skipta máli í umfjöllun um byggðastefnu. Eins og segir í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, með leyfi forseta: „Aðalatriði er að þessar nýju stjórnsýslueiningar fái í hendur meira vald. Að kjörið verði með lýðræðislegum hætti í stjórnir þeirra til fylkisþinga eða fylkisstjórna og að fylkin fái sjálfstætt skattlagningarvald." Ég er nefnilega alveg sammála þessu. Ég er þeirrar skoðunar að það sem best mundi duga landsbyggðinni til að halda sínum hlut og eflast væri að hún hefði málin í eigin höndum í stað þess að draga málin öll hingað til Reykjavíkur. Og síðan er sett upp einhver stofnun sem á að deila út til okkar til baka því valdi sem búið er að taka af okkur. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að færa valdið út á land og héðan í burtu. Ég er ekki að fara í andsvar til að andmæla ræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar. Ég er bara að spyrja hann um afstöðu hans til þessa máls sem mér finnst vera kjarni málsins.

[12:28]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber ekki mikið í milli okkar hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar í þessum málum. Ég get ítrekað það að við alþýðuflokksmenn viljum treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti. Við viljum efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfu nútímasamfélags og við viljum draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega. Hvað er að gerast um allt land? Þar standa auðar skólabyggingar, á Vestfjörðum, á Vesturlandi, á Norðurlandi, á Norðausturlandi, á Austurlandi. Og það er afleiðingin af því að við höfum ekki getað hamlað á móti og það eru hlutirnir sem ég var að tala um í ræðu minni í upphafi og við erum ekki ósammála, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.

[12:29]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson féll í sömu gryfju og Ríkisendurskoðun í samanburðarfræðinni og kannski ekki óeðlilegt miðað við hvernig skýrslan er sett upp. En ég trúi því annars um þennan ágæta þingmann að hann vilji hafa það sem sannara reynist í þessum málum. Málið er það að þegar fiskeldið fer af stað á Íslandi á sínum tíma þá eru það aðallega tveir sjóðir sem taka þessi mál að sér. Annars vegar er það Framkvæmdasjóður ríkisins og hins vegar Byggðastofnun. Framkvæmdasjóður ríkisins valdi fyrirtækin fyrst sem hann vildi hafa hjá sér, afgangurinn lenti hjá Byggðastofnun. Þegar menn eru að tala um afskriftir milli Norðurlands vestra, eins og hv. þm. gerði, annars vegar og Vesturlands hins vegar, verður að líta á að ef það fjármagn sem afskrifað var vegna þess eina fiskeldisfyrirtækis sem fjallað er um að Byggðastofnun hafi lánað í Norðurlandi vestra væri tekið frá þá er hlutfallið nákvæmlega sama á Norðurlandi vestra og á Vesturlandi og í Reykjanesi. En það er ekkert getið um það hvað tapaðist á fiskeldinu sem Framkvæmdasjóðurinn lánaði til sem voru í öðrum kjördæmum. Ég er ekki að segja þetta á neikvæðan hátt en þetta sýnir okkur að skýrslan og samanburðurinn sem menn eru hér að tala um er ekki réttlátlega sett upp. Að skaðlausu hefði Ríkisendurskoðun mátt taka þetta fram.

[12:31]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi dregið a.m.k. stærstu punktana fram af því sem að ég tel hafa gerst á síðasta ári. Ég tel að árangur hafi náðst. Ég kom einnig inn á það hvað Ríkisendurskoðun segir. Ég tel mig ekki hafa fallið í neina gryfju. Ég held að ég sjái þokkalega í gegnum þessa skýrslu sem gerð var vegna þessara tíu ára frá 1985–1995 enda fengið skýringar bæði frá framkvæmdastjóra Byggðastofnunar og frá skýrsluhöfundum, þ.e. ríkisendurskoðanda. Þess vegna spyr ég og bið um að stjórnarmenn og stjórnarformaður Byggðastofnunar noti þessa skýrslu til rækilegrar leiðbeiningar. Ég tel að það megi ná árangri. Við þurfum að reka eitthvert apparat sem er samsvarandi Byggðastofnun og við þurfum að fá það eins virkt og hægt er. Ég sagði líka að skýrslan er auðvitað eins og hún er vegna þess að þær ákvarðanir sem voru teknar á hverjum tíma voru í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru. Ég viðurkenni það. En við eigum, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að læra af mistökunum og ég veit að þar erum við sammála og þingmaðurinn er örugglega fús til að vinna á þeim nótum sem ég er að ræða um hér.

[12:33]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Að sjálfsögðu mun ég og hef marglesið skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er kannski þess vegna sem mér gremst skýrslan því hún er skrifuð í þeirri tóntegund sem ég var hér að draga fram. Og ég sé að menn hafa fallið í þessa gryfju í samanburðarfræðinni. Það er óréttlátur samanburður þegar verið er að draga upp þessa mynd af kjördæmunum. Ég segi það enn og aftur að ef þetta eina fyrirtæki hefði verið tekið út úr, eins og er gert í samanburði við önnur fyrirtæki vegna þess að fiskeldið er þar ekki inni, þá hefðu afskrifaðar skuldir, þ.e. útlán til Norðurl. v., numið um 10%. Það er nákvæmlega sama talan og er í Reykjavík og á Reykjanesi.

Annars vil ég segja við Alþfl. og þessa ágætu menn sem tala fyrir hann hér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrv. ráðherra, að hv. þm. er fljótur að gleyma. Hún var búin að sitja í ráðherrastól býsna lengi og það var nánast sviðin jörð þegar hún fór úr ráðherrastólnum. Nánast sviðin jörð. Þrátt fyrir það leggur þessi hv. þm. til að skattleggja landsbyggðina um 14–15 milljarða kr. með auðlindaskatti.

[12:34]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það hafi verið ómaklega vegið að hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur úr þessum stól. Ég veit að hún er manneskja til að svara fyrir þau orð. Ég tel að það sé mjög óheppilegt þegar menn eru í málefnalegri umræðu, hvort sem það er um skýrslur eða annað, þegar menn grípa tækifærið að viðhafa málflutning eins og hv. síðasti ræðumaður. Grundvallaratriðið er að Ríkisendurskoðun telur að Byggðastofnun eigi að leggja mat á hvort fjármagn sem hefur verið veitt til sveitarfélaga, fyrirtækja, einstaklinga eða annarra aðila í formi lána, styrkja eða hlutafjár, hafi leitt til þess að þau markmið sem eru skilgreind í lögum um stofnunina hafi náð fram að ganga. Þetta er aðalatriðið. Þess vegna segi ég: Það er nauðsynlegt að stjórnarmenn Byggðastofnunar leggi í slíka vinnu til að meta árangur sinn.

[12:35]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram afskaplega upplýsandi og athyglisverð umræða um Byggðastofnun. Umræðan hefur farið um víðan völl svo sem við er að búast enda snertir Byggðastofnun atvinnulíf, einstök sveitarfélög, kjördæmi og þannig má áfram telja. Það hlýtur að vera mjög eðlilegt að velta upp í þessari umræðu hvert raunverulegt hlutverk Byggðastofnunar er, til hvers til hennar var stofnað á sínum tíma. Ég hygg að flestir geti verið sammála um að hlutverk hennar hafi verið og eigi að vera að styrkja byggðir landsins eins og nafn hennar bendir til og draga úr spennu á milli höfuðborgar eða við skulum segja þéttbýlis og dreifbýlis. Þá er líka rökrétt að spyrja: Hvernig hefur tekist að ná þessum meginmarkmiðum? Séu tölur um byggðaþróun skoðaðar má ljóst vera að markmiðin í sjálfu sér hafa ekki náðst. Við sjáum hvernig þróunin er. Fólk streymir utan af landi einkum hingað á suðvesturhornið þar sem um það bil helmingur þjóðarinnar býr núna. Af þessu má auðvitað draga ýmsar ályktanir en rétt er að minna á að sú spenna sem ríkir á milli dreifbýlis og þéttbýlis er enn til staðar og er umhugsunarefni. Af þessu má draga ýmsar ályktanir.

Sumir gætu ályktað sem svo að Byggðastofnun hafi mistekist hrapallega hlutverk sitt. Ég hygg að það sé ekki rétt ályktun því Byggðastofnun hefur eins og komið hefur fram í umræðum aðstoðað í mörgum byggðarlögum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að þenslan hefur verið og flutningurinn hingað á suðvesturhornið. Við þurfum nefnilega að velta því upp hvað það er sem ræður byggðaþróun. Engin ein stofnun mun geta stjórnað byggðaþróun. Það eru fleiri þættir sem koma til. Fyrst ber auðvitað að nefna byggðamál, atvinnumál. Atvinnumál eru undirstaða allra byggða. En það eru fleiri þættir sem koma til og má þar nefna náttúröflin og nægir í því sambandi að benda á þær hörmungar sem dunið hafa á Vestfirðingum á síðasta ári og rétt er hægt að ímynda sér hvaða sálræn áhrif það hefur á íbúa þess byggðarlags og reyndar fleiri byggðarlaga. Síðan er spurningin um þjónustustig og aðra þætti. Allt þetta hefur áhrif á byggðaþróun og ein stofnun er að sjálfsögðu ekki í stakk búin til að rísa gegn eða með því ein og sér.

Við þurfum nefnilega að velta fyrir okkur hvernig byggð þróast. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að í dag eiga mörg smærri sveitarfélög í verulegum erfiðleikum og íbúar þeirra byggðarlaga búa við afskaplega mikið óöryggi og lægra þjónustustig en gengur og gerist í stærri sveitarfélögum. Þróunin er eins og menn vita á þann hátt að atvinnulífið dregst saman af ýmsum ástæðum. Það þarf ekki annað en að togari sé seldur burt úr byggðarlagi eða frystihús fari á hausinn. Þar með er atvinnugrundvöllur brostinn. Fólkið tekur að streyma úr byggðarlaginu ef það getur. Tekjur sveitarfélagsins minnka og á ákveðnu stigi brestur á einn allsherjarflótti. En eftir stendur að þeir sem eftir sitja hafa minni tekjur vegna minnkandi íbúafjölda og hægt og hægt skapast misrétti þar sem íbúar minnstu sveitarfélaga eiga ekki aðgang að þeirri grundvallarþjónustu sem ég hygg að Alþingi sé almennt sammála um að veita öllum þegnum landsins. En það sem verra er er að margir íbúar þessara byggðarlaga komast ekki burt þó fegnir vildu. Þeir eru bundnir átthagafjötrum vegna þess að ævistarf þeirra er gjarnan bundið í húseign sem ekki selst. Þetta er mikill vandi og mörg slík sveitarfélög og íbúar þeirra búa við þetta óöryggi.

Þá er eðlilegt að spyrja: Hvert er hlutverk Byggðastofnunar í dag og hvert á að vera framtíðarhlutverk hennar? En áður en því er svarað hljótum við að gera þá kröfu til okkar sem alþingismanna að byggðastefna verði skýrð. Það hefur komið fram í umræðum hér í morgun að hún er í rauninni afskaplega óskýr og framkvæmdin og byggðaþróunin ber þess gleggst vitni. Menn tala gjarnan í fjórðungum. Menn tala gjarnan í sveitarfélögum. En við þurfum að marka skýrari byggðastefnu. Við erum komin að þeim tímamótum hygg ég. Við mótun þeirrar stefnu þurfum við að skoða tengsl við opinbera fjárfestingu, samgöngur, skóla, heilbrigðisþjónustu o.s.frv. Ég hygg að við stöndum einfaldlega frammi fyrir þeirri staðreynd í dag að við þurfum að taka ákvarðanir um það hvernig við viljum að land okkar byggist í framtíðinni. Viljum við að þróunin haldi áfram eins og hún hefur verið síðustu áratugi, þ.e. að hingað á suðvesturhornið flytjist nánast allir Íslendingar eða viljum við að landið verði byggt á fleiri stöðum? Um það snýst í rauninni spurningin að mínu mati.

Ef við erum sammála um, sem ég hygg að allir þingmenn séu og raunar allir landsmenn, að okkur beri nauðsyn af þjóðhagslegum ástæðum að byggja landið á fleiri stöðum en á suðvesturhorninu, vegna þess að þjóðhagslegir hagsmunir mæla með því. Vegna þess líka að þéttbýlið þarf á dreifbýlinu að halda þá þurfum við að taka ákvörðun um það hvar við ætlum að halda uppi byggð utan suðvesturhornsins og verja þá byggðakjarna með kjafti og klóm. En það felur jafnframt í sér að það kunni að þurfa að taka ákvörðun um að ákveðin sveitarfélög verði borin fyrir borð. Það er erfið og sár ákvörðun en ég hygg að hún sé óhjákvæmileg vegna þess óöryggis sem svo margir íbúar þessa lands búa við í dag í minnstu sveitarfélögunum.

Í annan stað, herra forseti, hefði ég viljað minnast á byggðamál sem atvinnumál í víðari skilningi. Byggðastofnun veitir styrki til að efla byggðir landsins í gegnum atvinnulífið. En á vegum hins opinbera eru ótal aðrar stofnanir og sjóðir sem eru í rauninni að fást við það sama og Byggðastofnun. Vel á annan tug opinberra sjóða eru að styrkja einstaklinga, sveitarfélög og fyrirtæki til að byggja upp atvinnulíf. Ég nefni Framleiðnisjóð, Þróunarsjóð sjávarútvegsins, Iðnþróunarsjóð, Iðnlánasjóð, ýmsa nýsköpunarsjóði, að ógleymdu ráðstöfunarfé einstakra ráðuneyta. Þetta er vitaskuld mjög óskynsamlegt og við þekkjum dæmi um dugmikla einstaklinga sem hafa hug á að koma upp fyrirtækjum og fá styrki frá fjórum til fimm ólíkum aðilum sem allir eiga það sammerkt að vera opinberir sjóðir. Þetta er óskilvirkt og lítil þjóð í stóru landi getur ekki leyft sér að fara svo óskynsamlega með fjárveitingar sínar.

Ég hygg að vandinn snúist líka um íhaldssemi okkar í skipan ráðuneyta. Það má segja að atvinnulífið og þjóðlífið hafi þróast hraðar en ráðuneytin. Ég tel það úrelt að vera með þrjú aðskilin atvinnumálaráðuneyti. Það felur í sér ákveðna stöðnun og gerir m.a. lítið ráð fyrir þróun nýrra atvinnugreina. Ég nefni tölvubúnað sem dæmi og ferðamál. Þarna tel ég að þurfi að verða uppstokkun þannig að heildarsýn hinna einstöku sjóða og atvinnuráðuneyta verði til staðar að ógleymdum svo öllum þeim fjölda rannsóknastofnana á vegum hins opinbera sem hafa illu heilli lítið samstarf. Þetta þarf að einfalda.

Ég nefni, herra forseti, í þriðja lagi tengsl Byggðastofnunar og hinna ýmsu sjóða við bankakerfið. Hvað þýðir það í raun þegar Byggðastofnun tekur ákvörðun um að lána einstaklingum eða fyrirtækjum? Það þýðir að þeim einstaklingum og fyrirtækjum eða sveitarfélögum er gert kleift að fara af stað með fyrirtækjarekstur og er gert í hinni bestu trú og hefur til allrar hamingju afskaplega vel til tekist í mörgum tilvikum. En þá er eftir sá vandi sem steðjar að flestum nýjum fyrirtækjum, þ.e. reksturinn.

Utan við þetta sem má kalla startkapítal standa síðan peningastofnanir, bankastofnanir og halda að sér höndum með sína annáluðu steinsteypustefnu, þar sem lítil áhætta er tekin og lítil þátttaka í að byggja upp atvinnulíf. Ég tel að þurfi, og sé eitt brýnasta mál byggðastefnu og atvinnustefnu landsins, að brúa þetta bil á milli peningastofnana, bankanna og Byggðastofnunar. Ég sé í rauninni fyrir mér Byggðastofnun í nýju hlutverki og vil leyfa mér að vitna aðeins til heimsóknar sem ég fór í til Bandaríkjanna ekki alls fyrir löngu. Þar er nefnilega rekin afskaplega merkileg stofnun, U.S. Small Business Administration, sem gegnir mjög svipuðu hlutverki og Byggðastofnun nema hún nær til landsins alls. Þar telja menn sig vilja láta þjóðarhagsmuni ráða en ekki binda sig við fylki. Ég tel að ástæða sé til að hugleiða ögn hvernig ákvarðanir í sjóðum hér eru gjarnan teknar, eins og fram hefur komið skýrt í umræðum í morgun.

Menn taka ákvörðun um að veita tiltekinni upphæð í tiltekinn fjórðung og síðan, svo það sé kæruleysislega orðað, rembast menn við að koma þessari upphæð í lóg.

Í þeirri stofnun sem ég nefndi áðan vestan hafs, og reyndar eru svipaðar stofnanir starfandi í Þýskalandi, snúa menn þessu við og höfða til frumkvæðis einstaklinga og fyrirtækja. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki komið með hugmyndir sínar, ekki endilega í nýsköpun, og borið undir þá bandarísku stofnun, sem ég nefndi áðan. Og það er hennar að meta hvort grundvöllur sé fyrir því í tengslum við ýmsar rannsóknastofnanir, í tengslum við rekstrarráðgjafa og þannig má áfram telja. En ég vek athygli á að það eru bankarnir sem lána út. Það er ekki þessi stofnun sem lánar heldur bankarnir með ábyrgð frá þessari stofnun. Það er sú mynd sem ég get séð Byggðastofnun í í framtíðinni. Að Byggðastofnun ábyrgist lán og deili þeirri ábyrgð með bankastofnunum. En vestan hafs er sú stofnun sem ég nefndi ábyrg fyrir 70% lána en bankarnir ábyrgjast 30%. Árangurinn er sá að mestur vöxtur í efnahagslífi vestan hafs er í gegnum smáfyrirtæki sem komið hafa upp með þessum hætti. Þar er mest verðmætasköpun, þar verða flest störf til. Afföll þeirra lána sem eru veitt með þeim hætti sem ég nefndi áðan og deilt er á milli bankastofnana og þeirra stofnana sem ég vil sjá Byggðastofnun í, eru 1%. Árangurinn er stórkostlegur.

Herra forseti. Byggðamál eru atvinnumál. Það eru stærstu pólitísku málin sem við eigum að fjalla um. Við þurfum að marka okkur skýrari byggðastefnu. Hún kann að leiða til sársauka en ég held að við stöndum frammi fyrir þeim veruleika. Við þurfum að einfalda sjóðakerfið þannig að hver króna nýtist okkur og auka skilvirkni. Við þurfum að tengja þetta sjóðakerfi við bankana um leið og við aftengjum steinsteypustefnu bankanna. Síðast en ekki síst þurfum við að stokka upp í ráðuneytum atvinnuvega okkar. Þetta tel ég vera stærstu pólitísku málin sem við þurfum að fást við. Þetta er hin eiginlega byggðastefna.

[12:50]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasta ræðumanni var tíðrætt um styrki og styrkjaúthlutanir. Ég vil að komi fram að það eru ekki nema sáralitlar upphæðir sem Byggðastofnun úthlutar af styrkjum. Inni í þeirri tölu, sem hér hefur verið fjallað um, eru ákvarðanir sem hafa verið teknar af Alþingi á grundvelli fjárlaga þar sem Byggðastofnun hefur verið falið að úthluta styrkjum samanber t.d. smábáta. Eins hefur Byggðastofnun úthlutað styrkjum á grundvelli viðauka II í búvörusamningi og meginstofninn í styrkhúthlutunum á síðasta ári var einmitt vegna þessara ákvarðana. Það er tiltölulega lítið fjármagn sem Byggðastofnun hefur, því miður, til úthlutunar í sambandi við styrki.

Mér finnst rétt af því að menn hafa verið að vitna í Ríkisendurskoðun og er það sjálfsagður hlutur, og skilgreiningar í þeim efnum, að lesa það sem fram kemur á bls. 49 um þessi efni:

„Þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi ekki náð sem skyldi markmiðum laganna um hagkvæmari byggðaþróun eða aukna fjölbreytni atvinnulífs á landsbyggðinni má ætla að aðgerðir stofnunarinnar hafi beinst að enn öðru markmiði laganna þ.e.a.s. að hindra byggðaröskun."

Það er ekki þar með sagt að ekki hafi verið farið eftir lögum Byggðastofnunar þó að ýmsir hlutir hafi ekki gengið eftir í þeim efnum.

[12:52]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki fólst það í orðum mínum að ég væri að væna formann stjórnar Byggðastofnunar um að hann hafi ekki farið að lögum. Ég var að reyna að vekja athygli á að margir aðilar eru að veita styrki og lán og taka ákvarðanir um fjárveitingar. Hv. þm. nefndi Alþingi, Byggðastofnun er einn þeirra aðila og hinir ýmsu sjóðir. En þessar ákvarðanir, margar hverjar, eru byggðar á því að veita út til kjördæma og síðan er leitað verkefnanna. Það sem ég var að reyna að vekja athygli á var að snúa þessu við.

Aftur komum við að því sama að byggðastefnan er ekki nógu skýr, hugsanlega vegna þess að við höfum ekki haft pólitískan kjark til að ákveða hvar í landinu við treystum okkur til að verja byggð og verja hana með öllum tiltækum ráðum. En það er líka ástæða til að nefna að ýmislegt úr ákvörðunum Byggðastofnunar og Alþingis skapar grundvöll að blómlegri byggð sums staðar á landinu t.d. á Selfossi, á Héraði, í Skagafirði, Eyjafirði o.s.frv. En meginatriðið er að við þurfum að skerpa byggðastefnuna til að vita nákvæmlega hvert við ætlum að halda.

[12:53]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki ágreiningur milli mín og hv. síðasta ræðumanns um að gagnlegt væri að skerpa byggðastefnuna. Það er eðlilegt að það komi fram vegna þess að hann var sérstaklega að tala um smáverkefni. Það eru einmitt þau sem við höfum lagt rækt við að lána til á síðasta ári og gengið kannski nokkuð langt fram í þeim efnum í sumum tilvikum. Ég vil líka vekja athygli á að Ríkisendurskoðun kemst að sömu niðurstöðu og hv. ræðumaður, þ.e. að það eigi að fækka þeim stofnunum sem veita styrki. En hvað segir Ríkisendurskoðun? Hún segir að þá sjóði eigi að færa inn í Byggðastofnun. Eftir skýrsluna og eftir þessa yfirferð kemst Ríkisendurskoðun að því að trúverðugast sé að vista þessa starfsemi þar. Ég held því að erfitt sé að finna meira traust frá Ríkisendurskoðun en felst einmitt í þessu. En slíkum áherslum hafa menn gleymt í umræðunni. Það er fjarri því að þetta eigi sérstaklega við hv. síðasta ræðumann. En ég gat ekki annað en gripið þetta einstaka tækifæri til að sýna hvað mikið traust felst í skýrslu Ríkisendurskoðunar á fjársýslu Byggðastofnunar.

[12:55]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Undir það má auðvitað taka með hv. þm. Agli Jónssyni að Byggðastofnun fær mikla traustsyfirlýsingu frá Ríkisendurskoðun. Ég tel eftir sem áður, og er í rauninni óháð þessu og ekkert nema gott um þetta traust að segja, að í rauninni erum við með tvo kanala til fjárveitinga, það er hinn opinberi og svo eru það peningastofnanirnar, þ.e. bankastofnanir. Ég ítreka nauðsyn þess að tengja þessa aðila saman og tel eðlilegt að bankarnir sjái um lánveitingar en Byggðastofnun gegni ábyrgðarhlutverkinu.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:57]

Umræður utan dagskrár.

Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna.

[13:30]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og forseti hafði tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Málhefjandi er hv. þm. Tómas Ingi Olrich. Utanrrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálftíma. Efni umræðunnar er Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna.

[13:31]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Fyrir tæpri viku samþykkti ríkisstjórnin að renna stoðum undir þá starfsemi Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem getur farið fram á Akureyri. Þetta verður gert annars vegar með því að greiða ferðakostnað nemenda og kennara milli Akureyrar og Reykjavíkur en á hinn bóginn með því að styrkja starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Akureyri.

Þessi yfirlýsing kemur sem svar við harðri gagnrýni sem komið hefur fram við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að vista Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík. Sú ákvörðun er byggð á tillögum sem fram komu í skýrslu starfshóps sem utanrrh. skipaði. Í niðurstöðum þessarar skýrslu er gert ráð fyrir því að stofnaður verði sjávarútvegsháskóli í nánum tengslum við Hafrannsóknastofnun í Reykjavík. Er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands flytji þangað þá starfsem sína sem tengist sjávarútvegi. Er þar væntanlega um að ræða Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands og meistaranám í sjávarútvegi, en til hvors tveggja stofnaði Háskóli Íslands eftir að sjávarútvegsdeild hafði verið stofnuð við Háskólann á Akureyri.

Af þessu er ljóst að í Reykjavík mun rísa nýr sjávarútvegsháskóli með alþjóðleg tengsl og annað og meira fjárhagslegt svigrúm en Háskólinn á Akureyri til að sinna því sérsviði sem norðlensku stofnuninni var ætlað. Þessar tillögur eiga uppruna sinn í starfshópi sem var þannig skipaður að þar sátu hagsmunaaðilar sem tengjast beint þeim stofnunum sem ætlað er að koma að hinum nýja skóla í Reykjavík. Ber þar að nefna forstöðumann Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands og forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Má því með sanni segja að Háskólinn á Akureyri hafi ekki haft sömu stöðu til að gæta sinna hagsmuna við undirbúning málsins og Háskóli Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Háskólanum á Akureyri var þannig haldið frá undirbúningi málsins með sérkennilegum hætti.

Ég tel að skýrslan beri þess einnig merki. Í henni eru tilgreind sjö námssvið og eru taldar upp á hverju sviði þær stofnanir sem taldar eru koma til greina sem þátttakendur í kennslustarfinu og sem stoðdeildir við starfsemina. Í aðeins þremur af þessum sjö sviðum er Háskólinn á Akureyri nefndur á nafn. Á einu sviði þar sem Háskólinn á Akureyri er ekki talinn koma til greina sem samstarfsaðili að mati nefndarinnar eru tilgreindar sjö mismunandi námsgreinar sem allar eru hluti af þeirri kennslu sem nú er boðið upp á við Háskólann á Akureyri. Á grundvelli þessarar skýrslu er síðan mat sérfræðinganefndar háskóla Sameinuðu þjóðanna byggt enda greinir þá aðila ekki á um niðurstöður um staðsetninguna.

Með tilkomu sjávarútvegsháskólaskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi gefst stjórnvöldum í raun tækifæri til þess að byggja upp Háskólann á Akureyri. Það verður ekki gert með því að stofna nýjan sjávarútvegsskóla í Reykjavík. Þvert á móti verður sú ráðstöfun til þess að draga úr sérstöðu Háskólans á Akureyri og veikja hann. Það þarf enginn að segja mér það að akademísk stofnun sem byggð verður upp í Reykjavík og sameinar Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands og meistaranám í samstarfi við Hafrannsóknastofnun í Reykjavík verði til þess að efla Háskólann á Akureyri og er það meira en sérkennilegt ef menn trúa því í raun og veru.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að styrkja starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Akureyri og tryggja greiðslu ferðakostnaðar er jákvæð og ber að þakka þessa ákvörðun. Það er hins vegar mjög brýnt að ríkisstjórnin setji sér nú þegar það markmið að efla rannsóknasstarfsemi Háskólans á Akureyri og Hafrannsóknastofnunar með það fyrir augum að þar verði Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna staðsettur í framtíðinni. Slík ákvörðun setur þróun háskólans í samhengi við þær hugmyndir sem lágu til grundvallar þegar skólinn var stofnaður. Slík ákvörðun mundi einnig eyða þeirri óvissu um framtíðarþróun Háskólans á Akureyri sem ákvörðunin um staðsetningu Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík hefur vakið.

Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo þar verði öflug miðstöð rannsókna og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um staðsetningu Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna verður einnig að skoða með þessa ályktun Alþingis í huga. Hér er um pólitíska ákvörðun að ræða. Það skiptir höfuðmáli að stjórnarflokkarnir komi sér saman um framtíðarstaðsetningu Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna á Akureyri og það að sjálfsögðu í nánum tengslum við Háskólann á Akureyri og samfara eflingu Hafrannsóknastofnunar og annarra rannsóknastofnana þar nyrðra.

Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir að það er kominn tími til þess að Háskóli Íslands sýni uppbyggingu Háskólans á Akureyri og uppbyggingu sjávarútvegsdeildar skólans áhuga en ekki fjandskap og flytji sjávarútvegsstofnun sína til Akureyrar. Háskóla Íslands hlýtur að vera það kappsmál að fara að dæmi Hafrannsóknastofnunar og annarra rannsóknastofnana sem hafa flutt hluta af starfsemi sinni til Akureyrar til að stuðla að eflingu Háskólans á Akureyri. Það er ekki sæmandi þessari æðstu menntastofnun þjóðarinnar að leggja sig í líma við að hindra þróun Háskólans á Akureyri og alveg sérstaklega þróun sjávarútvegsdeildar skólans.

Hin pólitíska ákvörðun ríkisstjórnarinnar er ekki síst brýn í ljósi þeirra miklu fjárfestinga og uppbyggingar sem áætluð er á höfuðborgarsvæðinu. Miðað við þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar og þau áform sem í athugun eru, er með öllu óásættanlegt að ekki sé lögð höfuðáhersla á að efla þann vaxtarbrodd og tryggja framtíð þeirrar stofnunar sem mestu hefur skipt í stöðu landsbyggðarinnar nú á síðari tímum, þ.e. uppbyggingu akademísks náms og rannsóknastarfsemi utan Reykjavíkur og náin tengsl þess við atvinnulífið.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Mikið af því sem hv. ræðumaður kom inn á snertir uppbyggingu Háskólans á Akureyri annars vegar og Háskóla Íslands. Ég ætla út af fyrir sig ekki að blanda mér í það en legg á það áherslu að háskóli Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið ákveðið að verði staðsettur hér á landi er

þróunarmál. Það er málefni sem snertir þróunarhjálp Íslendinga við aðrar þjóðir. Okkur ber að sjálfsögðu skylda til við undirbúning á slíku máli að bjóða fram allt það besta sem við höfum á þessu sviði.

Í júní sl. var skipaður starfshópur til að gera úttekt á námsleiðum sem hægt væri að bjóða upp á til að nýta nám sem við eigum fyrir á framhaldsstigi innan vébanda hugsanlegs Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Það komu ýmis ráðuneyti að þessu máli og það var haft samráð við þær stofnanir sem mestu skipta í þessu sambandi, m.a. Háskólann á Akureyri. Hvort það hefur verið fullnægjandi eða ekki skal ég ekki leggja dóm á en það kemur glögglega fram í skýrslunni á bls. 3 að það hafi verið haft samráð við fulltrúa Háskólans á Akureyri við gerð hennar. Síðan segir enn fremur á bls. 8 að skólinn muni starfa í nánu sambandi við Háskólann á Akureyri. Það eru ítarlegar upplýsingar í skýrslunni um starfsemi Háskólans á Akureyri, umfang hans og einkanlega sjávarútvegsdeildina og rekstrardeildina. Sent var formlegt boð til háskóla Sameinuðu þjóðana um að stofna téðan skóla hér á landi og í framhaldi af því skipaði rektor háskóla Sameinuðu þjóðanna alþjóðlega matsnefnd til að fara yfir tillögur Íslendinga. Nefndarmenn störfuðu hér á landi í mars sl. og heimsóttu m.a. Háskólann á Akureyri og nokkur sjávarútvegsfyrirtæki þar. Síðan skilaði alþjóðlega matsnefndin skýrslu í apríl sl. og hún er í helstu efnisatriðum samhljóða skýrslu íslensku nefndarinnar. Í maí sl. barst bréf frá rektor háskóla Sameinuðu þjóðanna þar sem hann upplýsti að háskóli Sameinuðu þjóðanna hefði samþykkt að stofna sjávarútvegsháskólaskóla á Íslandi í samræmi við þessar tillögur.

Við undirbúning að stofnun sjávarútvegsskólans voru fagleg sjónarmið fyrst og fremst höfð til hliðsjónar. Það var haft samráð við allar þær stofnanir sem hér eiga hlut að máli og ríkisstjórn hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir og vill stuðla að því að sem mest af þessari starfsemi og þessu námi geti farið fram á Akureyri. En það eru allir sammála um það sem hafa komið að málinu að nauðsynlegt sé að skóli þessi verði undir umsjón og forustu Hafrannsóknastofnunarinnar. Hafrannsóknastofnun er staðsett fyrst og fremst hér í Reykjavík og er jafnframt með útibú á Akureyri. Það var því ákveðið að ferðakostnaður stæði ekki í vegi fyrir því að hægt væri að flytja bæði kennara og nemendur á milli. Til nánari skýringar er gert ráð fyrir því að á árinu 1998 verði átta nemendur við þennan skóla en síðan fjölgi þeim í 16 árið eftir. En skólinn mun ekki taka til starfa fyrr en þá. Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir á fundi sínum nú nýlega, eins og hv. þm. vitnaði til, að nauðsynlegt væri að styrkja starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Akureyri til að gera háskólanum þar betur kleift að standa undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar.

Ég held að það væri afar óheppilegt ef þessi mikilvæga stofnun, háskóli Sameinuðu þjóðanna, sem er mjög gott framlag Íslands til þróunarhjálpar í heiminum verði bitbein stofnana hér á landi. Það er fullur vilji fyrir því að sem mest af þessu námi geti farið fram á Akureyri og ég tel að þær samþykktir sem gerðar hafa verið muni tryggja það. Ég vænti þess að menn nýti það tækifæri til að efla Háskólann á Akureyri og gera honum kleift að takast á við þetta mikilvæga verkefni. En að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þær hugsanlegu deilur sem kunna að vera á milli Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni. Það er mjög óheppilegt ef þessar stofnanir geta ekki starfað saman í góðri sátt að því að efla sem mest hag sjávarútvegsins í landinu.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ljóst að mjög hörð viðgrögð við þeirri ákvörðun að staðsetja sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna hér í Reykjavík en ekki á Akureyri hafa borið nokkurn árangur. Eftir stendur að það hefur verið haldið afspyrnu klaufalega á þessu máli af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Mesta hneykslið er auðvitað skipan nefndarinnar, undirbúningsnefndarinnar, þar sem enginn fulltrúi Háskólans á Akureyri eða slíkra aðila norðan heiða var til staðar. Og af hverju, herra forseti, er það hneyksli? Jú, það er vegna þess að í nefndinni voru helstu forsvarsmenn stofnana sem keppa við Háskólann á Akureyri á þessu sviði. Í öðru lagi er það hneyksli vegna þess að þegar Háskólinn á Akureyri var byggður upp, þegar honum var hleypt af stokkunum, var ákveðið að þar skyldi byggjast upp fræðsla á háskólastigi í sjávarútvegsfræðum í landinu. Slíkri fræðslu hafði ekki verið sinnt áður og þar var ekki verið að troða neinum um tær. Það er sömuleiðis hneyksli vegna þess að Alþingi Íslendinga samþykkti afdráttarlausa ályktun um það á árinu 1992 að á Akureyri og á Eyjafjarðarsvæðinu skyldi byggja upp miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði sjávarútvegs. Þannig að þetta brýtur beint gegn yfirlýstri stefnu Alþingis um skipulag þessara mála. Og það er augljóslega með þessari ákvörðun verið að grafa að hluta til undan þessari stefnu.

Það átti að sjálfsögðu að nota tækifærið þegar okkur bauðst að byggja hér upp sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna að gera það á Akureyri til enn frekari eflingar þessari starfsemi sem þar er. Það eru engin rök í málinu, frekar en voru gegn stofnun Háskólans á Akureyri á sínum tíma, að þar sitji ekki sprenglærðir prófessorar á viðkomandi sviði og bíði eftir að hafa eitthvað að gera. Hlutirnir gerast ekki þannig, hæstv. ráðherrar. Þeir gerast þannig að menn taka pólitískar ákverðanir um að byggja starfsemina upp og þá kemur sá mannskapur til sögunnar sem til þarf. Auk þess leyfi ég mér að fullyrða að í skýrslunni gætir mikils vanmats á möguleikum Háskólans á Akureyri eins og hann er nú þegar í stakk búinn til að sinna þessari starfsemi.

Herra forseti. Það verður ekki við það unað að samþykktir a.m.k. þriggja ríkisstjórna og afdráttarlausar ályktanir Alþingis séu hafðar að engu með þessum hætti. Þess vegna ber að stefna að því, hvað sem fyrstu ákvörðunum líður, að framtíðaraðsetur sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna verði á Akureyri.

[13:44]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Málið snýst ekki um venjulegan skóla og alls ekki um venjulegan háskóla með kennara og fyrirlestrasal á einum stað. Það snýst í raun ekki um það hvort Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna verði á Akureyri eða í Reykjavík. Það snýst um það hvort þessi skóli verði hér á landi eða í einhverju öðru landi. Það er bæði heiður og viðurkenning fyrir íslenska fræðimenn og vísindamenn að alþjóðleg matsnefnd sérfræðinga með áratuga reynslu á þessu sviði skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að Íslendingar væru vel í stakk búnir til að hafa þessa starfsemi með höndum. Að vísu telur hún nokkuð á skorta í tveim greinum, þ.e. fiskeldi og umhverfisfræði, að þekking okkar í þeim efnum gæti nýst þróunarlöndunum og má það vera okkur umhugsunarefni.

Hins vegar eru aðstæður hér fyllilega frambærilegar að því er varðar aðra þætti og rannsóknir eru hér á heimsmælikvarða, t.d. hjá Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ef af því verður að þessi skóli verði hér á landi sem allir hljóta að vona, munu íslenskar stofnanir og fyrirtæki leggja saman kraftana svo nemendur hafi aðgang að því besta hér á landi á hverju sviði. Þar mun Háskólinn á Akureyri koma inn í svo og helstu sjávarútvegsfyrirtæki á Akureyri. Það er fyllilega í samræmi við niðurstöður hinnar alþjóðlegu matsnefndar og hvorki er ástæða til að tortryggja niðurstöður né athuganir og undirbúningsstarf sem unnið hefur verið. Það eru ýmsir möguleikar fyrir hendi að byggja upp og stuðla að alþjóðlegu samstarfi hér á landi vegna þeirra aðstæðna sem hér eru og nægir að minna á góðan árangur Jarðhitaskólans í því efni. Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna er liður í áframhaldandi þróun og samstarfi á því sviði og því ber að fagna. Menn skyldu athuga að skæklatog um höfuðstöðvar gæti spillt fyrir framgangi þessa máls.

[13:46]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er ekki á ferðinni skæklatog um höfuðstöðvar. Hér er á ferðinni umræða um það hvort standa á við þá stefnu sem Alþingi Íslendinga hefur markað um það hvar miðstöð fræðslu og menntunar í sjávarútvegi skuli byggjast upp á Íslandi.

Í háskólanum á Akureyri hefur á undanförnum árum verið byggt upp árangursríkt fjögurra ára háskólanám í sjávarútvegsfræðum. Það nám höfum við þróað m.a. í samstarfi við starfandi fyrirtæki í greininni og nemendur skólans eru eftirsóttir af fyrirtækjum til rannsóknastarfa og til starfa á vettvangi. Það kom þess vegna sannarlega á óvart þegar skipaður var starfshópur til að gera forkönnun á hugsanlegu fyrirkomulagi í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna, að ekki skyldi vera meira gert með þá þekkingu og reynslu sem þegar er orðin til við skipulagningu náms í sjávarútvegsfræðum en raun ber vitni. Og mér sýnist, herra forseti, að það hafi gerst það sama og stundum áður, að það hafi beinlínis verið tekin ákvörðun um að hunsa reynsluna eða þykjast ekkert um hana vita, því miður.

Það sem við erum að horfa upp á í vinnubrögðum varðandi þetta mál ber vott um mikinn hringlandahátt stjórnvalda. Stjórnvöld hafa nú ákveðið að hafa bein áhrif á þróun og frekari uppbyggingu sjávarútvegsnáms, bein áhrif á þá þróun að sú uppbygging verði hér. Það er sú byggðapólitíska afstaða sem ríkisstjórnin hefur tekið í málinu. Það er nefnilega ekki bara byggðastefna að byggja út á landi. Og það verður að segjast eins og er, herra forseti, að mislukkuð byggðastefna síðustu ára og ómarkviss meðferð fjármuna, t.d. hjá Byggðastofnun eins og rækilega hefur komið fram hér í dag, hefur komið inn þeirri tilfinningu hjá landslýð að viðleitni manna til að byggja upp stofnanir annars staðar en í Reykjavík sé vafasöm. Jafnvel þó um sé að ræða uppbyggingu þar sem starfsemin er í sínu eðlilega umhverfi, byggi á reynslu og þekkingu eins og hér um ræðir, tekst þeim sem hagsmuni hafa af uppbyggingunni í Reykjavík að telja mönnum trú um annað og gera málið allt tortryggilegt. Þannig birtist hinn sorglegi árangur byggðastefnu liðinna ára, herra forseti. Það er eins gott að menn séu líka meðvitaðir um það.

[13:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur og hennar sjónarmiðum í þessu máli því ég held að þau séu hárrétt. Málið snýst ekki um það hvort þessi skóli sé á Akureyri eða í Reykjavík heldur hvort hann sé á Íslandi og hvort við fáum þessa stofnun hingað til landsins. Málið snýst heldur ekki um venjulegt nám á háskólastigi því að nemendurnir sem hér er um að ræða eða þeir sem höfðað er til, eru flest allt fólk sem hefur þegar lokið háskólaprófi. Þetta er spurning um það að við getum veitt þjónustu sem fullnægir alþjóðakröfum með þeim hætti að sómasamlegt sé og að Sameinuðu þjóðirnar sjái sér akk í því að koma þessari starfsemi hér upp. Ég held að það sé rétt og ég styð það eindregið sem hæstv. utanrrh. hefur farið með, þ.e. að koma þessu fyrir eins og ríkisstjórnin samþykkti. Ég tel að það sé ekki vegið að Háskólanum á Akureyri með því og hafi ekki verið vegið að Háskólanum á Akureyri í þessu máli á einn eða annan veg og að það sé algjörlega rangt að setja þetta mál þannig upp að verið sé að vega sérstaklega að Háskólanum á Akureyri.

Ég vil vitna í ræðu sem rektor Háskóla Íslands flutti fyrir skömmu á háskólahátíð, með leyfi hæstv. forseta. Hann sagði:

„Ég hef áður lýst þeirri samvinnu sem í þróun er á milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og skóla og stofnana í öllum fjórðungum landsins. Einnig nánum tengslum við Hafrannsóknastofnun sem tókust þegar forstöðumaður hennar tók á sig að gegna embætti prófessors í fiskifræði. Sú samvinna mun væntanlega eflast enn en sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna verður til húsa hjá Hafrannsóknastofnun með aðild Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands auk helstu fyrirtækja í sjávarútvegi.

Háskólinn stefnir að því að starfsemi hans á sviði sjávarútvegs og matvælafræði verði samgróin starfsemi rannsóknastofnunarinnar í Skúlagötu."

Þetta er stefna Háskóla Íslands og þetta er í samræmi við þær viðræður sem ég hef átt við rektora Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um að þeir efli samstarf sitt. Ég tel að ef rétt er á málum haldið geti sjávarútvegsháskóli Sameinuðu þjóðanna einmitt orðið það verkefni sem stuðlar að því að þessi samvinna verði nánari og skili okkur þess vegna lengra fram á veginn en ef menn eru í því að gera þetta að byggðaþrætumáli hér á landi.

[13:51]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að okkar höfuðatvinnugrein, sjávarútvegur, skuli vera í því áliti á alþjóðavísu að háskóli Sameinuðu þjóðanna skuli hafa ákveðið að setja hér á stofn skóla sem mun hafa á hendi fræðslu í mörgum greinum sem tengjast sjávarútvegi. Í öðru lagi vil ég segja að með því að standa að þessum skóla og fjármagna að mestu rekstur hans erum við Íslendingar að bæta stöðu okkar hvað varðar fjárhagslega aðstoð við fátækar þjóðir. Í þriðja lagi er mikilvægt að vel takist til um framkvæmdina. Ég vil lýsa yfir ánægju með það að ríkisstjórnin skuli á fundi sínum síðasta föstudag hafa tekið þetta mál upp og samþykkt að beita sér fyrir því að renna stoðum undir þá starfsemi sjávarútvegsskólans sem geti farið fram á Akureyri. Í því sambandi vil ég skírskota til þeirrar umræðu sem fór fram fyrr í dag í þessari stofnun um byggðamál.

Það er ákveðin tilhneiging í þjóðfélaginu í þá átt að allir hlutir skuli vera í Reykjavík. Því er þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar mikilvæg. Enginn vafi er á því að ákveðnum þáttum í starfsemi skólans er vel fyrir komið á Akureyri, en öðrum ekki. Þess vegna er það von mín að samstarf geti verið gott á milli þeirra mikilvægu stofnana sem þurfa að koma að þessu máli þannig að það fræðslustarf í þágu vanþróaðra þjóða sem þarna á að fara fram verði okkur öllum til sóma.

[13:53]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. utanrrh. um að við eigum að leggja kapp á að bjóða allt það besta sem Ísland hefur fram að færa í sambandi við stofnun Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna hérlendis.

Það er mjög sorglegt hvernig hrepparígur hefur verið vakinn milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er alls góðs maklegur en hann verður að gæta þess og beinir talsmenn hans, að það var ugglaust ekki meiningin með þingsályktunartillögu frá 1992 að leggja niður Háskóla Íslands eða þá akademísku reynslu og þekkingu sem þar er. Það getur ekki hafa verið meiningin. (**SJS:** Hvað þá háskólann í ...) Hvað þá háskólann í Vestmannaeyjum, segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Vel á minnst. Svo langt gengur þessi hrepparígur og svo langt gengur þessi samkeppni að meira að segja fyrir tveimur árum þegar bæjarstjórn Vestmannaeyja gerði samstarfsverkefni við Háskóla Íslands um litla rannsóknastofu í Vestmannaeyjum sem er kölluð rannsóknasetur og er í samfloti við Hafrannsóknastofnun Íslands og aðrar rannsóknastofnanir, að sumir talsmenn Háskólans á Akureyri hættu að heilsa okkur sunnanmönnum. Þeir hættu að heilsa okkur vegna þess að við værum að stela verkefnum og hlutdeild frá Háskólanum á Akureyri. Hvaða vitleysa er þetta eiginlega. (Gripið fram í.) Á hvaða stigi er þessi kröfuharka sem er langt umfram skynsemi? (**Gripið fram í:** Kjördæmapot.) Ef Háskólinn á Akureyri ætlar að njóta virðingar og stuðnings almennt þá má hann ekki vinna á þennan hátt. Háskóli Íslands er og verður móðurskipið í okkar fræðum og fræðslu um langa framtíð og við eigum að horfast í augu við það. Háskólinn á Akureyri er óharnaður unglingur. Vonandi farnast honum vel og við eigum að hjálpast að við að svo verði, en ekki með kröfum langt um fram skynsemi. (**KHG:** Móðurskipið er færanlegt.)

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilega nauðsynlegt að rifja upp, ekki bara fyrir síðasta ræðumanni heldur einnig hæstv. menntmrh. og fleirum, hver hugsunin var á bak við það þegar Háskólinn á Akureyri var stofnaður og hann tók til við að byggja upp fræðslu á sviði sjávarútvegs, hjúkrunarfræða og síðan kennarabraut. Hugsunin er sú að sinna þörfum í uppbyggingu menntamála í landinu sem ekki var séð fyrir til þess að ekki væri verið að troða skóinn niður af öðrum og til þess að ekki þyrfti að koma til núnings við, m.a. minn gamla ágæta skóla, Háskóla Íslands. Það var einmitt ætlunin með því að marka Háskólanum á Akureyri sérstöðu og fáninn átti að vera fræðsla á sviði sjávarútvegs sem ekki var fyrir hendi í landinu, enginn hafði sinnt fram að því. Þetta mál snýst um það að sú stefna fái að halda, að ekki sé grafið undan henni og hún gerð að engu með ákvörðunum af þessu tagi. Og að yfirlýst og mörkuð stefna Alþingis fái að halda og standa. Auðvitað átti að nota þetta upplagða tækifæri til að efla þessa starfsemi enn og styrkja hana með því að byggja upp það sem til þurfti til viðbótar til að við gætum boðið það besta á Akureyri, að svo miklu leyti sem við gerum það ekki nú þegar.

Það er rangt og nauðsynlegt að hafna því að það liggi ekkert fyrir í þessu máli um það að okkur Íslendingum hafi ekki verið í sjálfsvald sett að byggja þetta nám upp þar sem við vildum. Það liggur ekkert fyrir um það. Ég mótmæli því að þetta mál hafi snúist um að hafa skólann hér í Reykjavík eða ekki í landinu. Það er rangt. Ég hef farið yfir alla þessa pappíra. Ég hitti sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna á Akureyri. Þeim leist mjög vel á það sem þeir sáu þar. En hvað gerðu þeir að lokum? Þeir féllust á tillögu nefndar Háskóla Íslands, nákvæmlega um það sem þar var lagt til, eðlilega. Þeir töldu sig ekki í stakk búna til að stinga upp á einhverju öðru. Þannig verður þessi niðurstaða til, af nefnd sem er fyrst og fremst skipuð af forsvarsmönnum stofnana hér sem eiga hagsmuna að gæta. Það hefur verið haldið illa á þessu máli og það er satt best að segja, með þínu leyfi, herra forseti, fjandi hart að á sama tíma og stórframkvæmdunum er raðað upp í keðju hér á suðvesturhorninu skuli ekki einu sinni vera hægt að fá pólitískan stuðning við það að standa við þegar mótaða stefnu um uppbyggingu annars staðar á landinu. Það er lélegt, hæstv. utanrrh., slappt og framsóknarlegt.

[13:58]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé nú full ástæða til þess að gera grein fyrir því um hvað deilan stendur í raun og veru. Það er mikill misskilningur hjá Kristínu Halldórsdóttur og hjá hæstv. menntmrh. að málið snúist um það hvort skólinn verði hér á landi eða ekki. Það er engin deila um það að þegar við Íslendingar löðum þetta verkefni hingað til okkar, notumst við við þá bestu þekkingu sem til er í landinu. Um það stendur deilan ekki. Spursmálið er hins vegar hver hlutur Háskólans á Akureyri í framtíðinni verður í þessum efnum. Og það er þar sem hefði þurft að taka ákvörðunina. Um framtíðarstefnu og uppbyggingu fyrir norðan, í fullu samkomulagi og fullu samræmi við það sem hefur verið gert hingað til þar í háskólanum. Þessum háskóla var ætlað sérstakt hlutverk í sambandi við sjávarútveg og auðvitað skiptir miklu máli að hann geti byggt það nám upp til framtíðar. Það sem ég óttast er að með þessu fyrirkomulagi rísi upp sjávarútvegsháskóli í Reykjavík og möguleikar til að útvíkka hans starfsemi sem muni verða til þess að taka fyrir þróun háskólastarfseminnar fyrir norðan. Þess vegna hefði stefnumörkun til framtíðar þurft að fylgja þessari samþykkt. Og það hefði ekki á nokkurn hátt þurft að skaða þessa starfsemi sem við erum að laða hingað til landsins núna, ekki á nokkurn hátt.

Ég vil segja það sérstaklega varðandi þær umræður sem hér urðu um hrepparíg að það vill nú svo til að allir taka þátt í þessum hrepparíg. Höfuðborgin tekur þátt í því líka. Háskóli Íslands tók mjög beinan þátt í umræðunni um stofnun Háskólans á Akureyri á sínum tíma og Háskóli Íslands leit svo á að það væri sér sæmandi að hlaupa til strax og búið var að stofna sjávarútvegsdeild við Háskólann á Akureyri, að stofna þá hér rannsóknastofnun í sjávarútvegi sem studdist ekki við neina akademíska kennslu. En það hvarflaði ekki að Háskóla Íslands, því miður, að taka upp samvinnu við Háskólann á Akureyri um þetta verkefni eins og aðrar rann-

sóknastofnanir höfðu gert. Og er það mjög miður að þessi æðsta kennslustofnun landsins skyldi ekki sjá ástæðu til að styðja við þróun Háskólans á Akureyri þegar gott tækifæri gafst til þess.

[14:00]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vænti þess þrátt fyrir gífuryrði þingmanna, sérstaklega hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að mönnum gangi það eitt til að vilja efla starfsemi Háskólans á Akureyri. Ég a.m.k. kannast ekki við að ég hafi nokkurn tímann staðið í vegi fyrir þróun hans. Ég vil minna á að meðan ég gegndi starfi sem sjútvrh. var tekin ákvörðun um að efla mjög samstarf bæði við Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Háskólinn á Akureyri og framtíð hans er mjög undir því komin að þessi samvinna geti verið sem mest og þess vegna tel ég í framhaldi af því vera mjög mikilvægt að efla starfsemi Hafrannsóknastofnunar á Akureyri og það verði til þess að efla Háskólann á Akureyri.

Ég held líka að sé mikilvægt að auka samstarf milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Ég held að tækifærið, sem þarna gefst með stofnun þessa skóla hér á landi, sé einmitt til að efla þessar stofnanir. Það er hins vegar ekki svo, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, að okkur sé algerlega í sjálfsvald sett hvernig við högum okkur í þessu máli og hvernig við göngum fram. Við erum háð samstarfi við háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tokíó og við fengum þann mann sem best þekkir til í þessum efnum, Ingvar Birgi Friðleifsson, sem hefur stjórnað starfsemi Jarðhitaskólans í gegnum tíðina til að hafa forustu fyrir þessu máli. Ég er alveg viss um að honum gengur ekkert nema gott til og hefur unnið faglega að málinu og haft um það ágæta forustu. Nú held ég að menn eigi að taka höndum saman, koma þessum skóla upp og auka starfsemi þessara stofnana því ég er viss um að þessi ákvörðun verður til að efla Háskólann á Akureyri en ekki öfugt eins og virðist vera að menn séu að halda fram.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1995, frh. umr.

[14:03]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum skýrslu hæstv. forsrh. um Byggðastofnun. Hlutverk hennar kemur fram í 2. gr. laga nr. 64/1985, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk Byggðastofnunar er að stuðla að þjóðfélagslega hagkvæmri þróun byggðar í landinu."

Enn fremur segir í 2. mgr. 3. gr.:

„Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Herra forseti. Ekki verður fjallað um Byggðastofnun án þess að geta lítillega skýrslu Ríkisendurskoðunar um stofnunina. Ber að virða frumkvæði hv. þm. Egils Jónssonar, formanns stjórnar stofnunarinnar, að biðja um þá endurskoðun. Það er von mín að stjórn stofnunarinnar nýti niðurstöður endurskoðunarinnar til að setja stofnuninni skarpari markmið og ná fram betri nýtingu á fé skattgreiðenda.

Í skýrslunni kemur fram að fórnarkostnaður við byggðastefnuna hafi numið rúmum 8 milljörðum kr. Er þá miðað við verðtryggða ávöxtun spariskírteina. Þetta eru feiknamiklir fjármunir sem tapast hafa á tíu árum. Þó verður að taka með í reikninginn að tannfé stofnunarinnar, skuldaslóði Byggðasjóðs sem hún tók yfir, var umtalsverður. En menn ættu ekki furða sig á þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að Byggðastofnun hafi tapað fé. Henni er samkvæmt lögum ætlað að tapa fé og það hefur hún gert. Eins og ég las áðan á hún að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning og stuðningur þýðir að veita á lán með sérstökum kjörum sem þá væntanlega tapast að einhverju leyti.

Herra forseti. Hvernig hefur tekist til? Fólksflutningar frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins hafa verið óslitnir allan starfstíma Byggðastofnunar, eins og sést svo dapurlega á bls. 9 í ársskýrslu stofnunarinnar. Reyndar er lærdómsríkt að þessir flutningar stöðvuðust á tímum viðreisnar þegar menn voru að hætta við höft og tóku upp meira frjálsræði. Þá stöðvuðust flutningar frá landsbyggðinni til Reykjavíkur en eftir að Byggðasjóður og síðan Byggðastofnun tók við hafa flutningarnir stóraukist. Þetta ætti að vekja einhvern til umhugsunar. Jafnframt sést á þessari skýrslu að flutningarnir eru mestir frá Vestfjörðum, sem hafa fengið mestu styrkina og það ætti líka að vekja menn til umhugsunar.

Herra forseti. Hvernig virka beinir styrkir og styrkir í formi lána og hlutafjár?

Í fyrsta lagi. Þeir leysa vanda bankakerfisins sem fær greiddar vonlausar kröfur á vonlaus fyrirtæki, kröfur sem mynduðust vegna ótæpilegra lánveitinga í glataðan rekstur, oft vegna pólitísks þrýstings. Staða byggðarlaganna batnar ekki neitt þó að bankarnir fái sínar kröfur greiddar. Það er aðeins lengt í hengingarólinni á fyrirtækjunum. Reksturinn er eftir sem áður orsökin að vandanum.

Í öðru lagi. Lánveitingar og hlutafjárkaup fara að sjálfsögðu til illa stæðra og oft illa rekinna fyrirtækja og bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart vel reknum fyrirtækjum eða eins og einn framkvæmdamaður úti á landsbyggðinni sagði við mig: Það er vonlaust að keppa við ríkisstyrki þegar við erum að kaupa báta eða kvóta. Það er gersamlega vonlaust þannig að styrkirnir eru ekkert annað en refsing og þeir skaða vel rekin fyrirtæki og þar með byggðarlagið í heild.

Í þriðja lagi. Hugsum okkur fyrirtæki sem á í vanda vegna lélegrar stjórnunar eða breyttra aðstæðna. Ef fyrirtækið fær styrk til að leysa vandann þurfa menn ekki að laga stjórnunina eða breyta rekstrinum og aðlaga hann nýjum aðstæðum. Vandinn helst áfram. Styrkurinn skaðar byggðarlagið til frambúðar.

Herra forseti. Á margan hátt má líkja áhrifum styrkveitinga við áhrif eiturlyfja. Þeir hressa í byrjun en svo draga þeir reksturinn hægt og rólega til dauða. Það skýrir kannski að fólksflutningarnir eru mestir frá Vestfjörðum sem hafa fengið mestu styrkina.

Ég tel að best dugi landsbyggðinni að bæta stöðu fyrirtækja almennt og ég hygg að breyting á fjármagnstekjuskatti sem gerð var á sl. vori hafi bætt stöðu landsbyggðarinnar miklu meira heldur en allt brölt Byggðastofnunar. Ég á við að hagnaður er núna skattlagður með 10% en ekki eins og áður með ofursköttum. Við getum hugsað okkur mann sem lagði peninga í áhættusaman rekstur, eins og útgerð. Hann tapaði sínu fé, segjum hálfri milljón, þá þurfti hann að hafa í tekjur eina milljón og vera búinn að borga af henni í skatta til að borga þessa hálfu milljón. Ef hagnaður varð aftur á móti

af fyrirtækinu upp á hálfa milljón, þá tók ríkissjóður í fyrsta lagi 33% skatta af fyrirtækinu og síðan 42%–47% skatt á söluhagnaðinn ef maðurinn seldi fyrirtækið.

Þetta var ofurskattlagning á hagnað og ríkið var ekki með þegar tap varð. Þetta kom sérstaklega illa niður á öllum áhættusömum rekstri; hugbúnaði og sjávarútvegi. Ég held að þetta hafi skaðað landsbyggðina allverulega. Þessu er búið að breyta.

Miðstýring bankakerfisins hefur líka skaðað landsbyggðina verulega. Hornfirðingur leggur þúsund kr. inn í banka. Hvert fer sá þúsundkall? Hann fer til Reykjavíkur. Hann er í vinnslu í Reykjavík, hann veldur þenslu í Reykjavík. Síðan má Hornfirðingurinn fá 950 kr. lánaðar á hnjánum aftur til baka, sína eigin peninga, eftir að miðstýring og miðstöð bankakerfisins í Reykjavík er búin að taka fimmtíukall. Þetta er vandi landsbyggðarinnar. Það er miðstýring fjármagnskerfisins.

Hvar skyldi Byggðastofnunin sjálf vera staðsett? Hvar skyldi hún valda þenslu? Hún veldur þenslu í Reykjavík. Ég hugsa að margir hafi flust til Reykjavíkur til að starfa hjá Byggðastofnun. Sá gífurlegi kostnaður sem Byggðastofnun hefur haft í húsnæði, sem hefur verið gagnrýnt á Alþingi, er í Reykjavík, og hefur skapað vinnu hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum í Reykjavík. Þetta veldur sem sagt þenslu í Reykjavík. Þess vegna tel ég að best sé að leggja Byggðastofnun niður, alla vega þann hluta hennar sem fjallar um lán og hlutafjárkaup og nota framlagið til að lækka kvaðir á einstaklingum og fyrirtækjum. Það mundi gagnast landsbyggðinni miklu betur en beinir styrkir. Eins og ég gat um áðan má líkja áhrifum styrkja við eiturlyf og ekki er gott að njóta slíkra gæða.

[14:11]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var flutt allsérstæð ræða. Ég kannast ekki við, hv. þm., að Byggðastofnun hafi verið að veita styrki til sjávarútvegsfyrirtækja. Gott að fá aðeins dæmi um hvaða fyrirtæki það eru. Og hv. þm. sagði einnig að rangt væri að lána til Vestfjarða eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þá spyr ég hv. ræðumann: Er hann sammála því sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að rangt sé að styðja við atvinnulífið á Vestfjörðum vegna þess að hagsældin sé þar meiri en annars staðar? Heldur fólk, sem setur slíkt á blað, að hagsældin sé svo mikil á Vestfjörðum í dag að ekki sé ástæða til að styðja við atvinnulífið á Vestfjörðum? Er þetta skoðun Péturs Blöndals, þingmanns Sjálfstfl.?

[14:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi bara því sem stendur í ársskýrslu Byggðastofnunar. Þar stendur: Vestfjarðaaðstoð. Fiskvinnsla, Kambur hf. 50 millj. Hólmadrangur hf., ég held að það sé útgerðarfyrirtæki, 30 millj. Ósvör hf., það er útgerðarfyrirtæki líka eða fiskvinnslufyrirtæki, 91 millj. (**StG:** Þetta eru allt saman lán.) Það eru styrkir líka (**StG:** Nú!) því þessir aðilar fengu ekki lán á venjulegum markaði. Þeir gátu ekki fengið lán á fjármagnsmarkaðinum. Þessi fyrirtæki voru svo illa stæð að þau fengu ekki lán hjá bankakerfinu eða með öðrum hætti. Þetta eru styrkir enda er Byggðastofnun ætlað að veita svona lán, sem eru meira og minna styrkir, þannig að ég fer ekkert ofan af því að þetta eru styrkir. Og hvernig á maður sem er að berjast í einkarekstri á móti þessum ósköpum að keppa við fyrirtæki sem fær ómældar milljónir frá Byggðastofnun?

[14:13]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er enn og aftur rangt farið með. Það fjármagn sem hv. þm. talar um eru tillögur svokallaðrar Vestfjarðanefndar, sem var sérstök nefnd, og Byggðastofnun átti þar engan hlut að, nema það kom til hennar að setja út fjármagnið. Það var sérstök nefnd sem vann að þessu máli. (**Gripið fram í:** Hver skipaði nefndina?) (**Gripið fram í:** Pólitískir kommisarar.) Ríkisstjórnin gerði það.

(**Forseti** (StB): Hv. þm. hefur orðið.)

Ég vil líka segja að það er dálítið merkilegt þegar hv. þm. kemur hér upp og segir að lán séu akkúrat orðnir styrkir. Það er hans mat að fullyrða slíkt. Og hann segir líka að leggja megi Byggðastofnun niður en ekki að hætta að láta hana hafa peninga. Það eiga bara að vera aðrir sem úthluta þessum styrkjum, þ.e. leggja Byggðastofnun niður en halda styrkjunum áfram. Það á bara einhver annar að gera það. Hvers konar málflutningur er þetta?

[14:14]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fram hjá þessari sömu stofnun í umræddri skýrslu að gert er ráð fyrir afskriftareikningi útlána. 20%–30% af lánveitingum eru afskrifaðar, 32% af lánveitingum ársins 1995, sem voru 1.000 millj. standa á móti 350 millj. í afskriftir. Þetta eru á vissan hátt styrkir, þessi lán. Þetta eru ekki venjuleg lán. Afskriftahlutfallið er allt of, allt of hátt til að geta verið venjuleg lán í þeim skilningi þannig að ég fer ekkert ofan af því að lánveitingar Byggðastofnunar eru styrkir (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki Byggðastofnun sem lánaði.) Þó að einhver nefnd sé skipuð, er það lán frá Byggðastofnun ef Byggðastofnun afgreiðir það þannig allt er þetta sami pakkinn. Ég fer ekkert ofan af því að menn sem eru í heiðarlegum og góðum rekstri og reka sín fyrirtæki vel eru í hörkusamkeppni við þessa styrki. Og það er mjög erfitt og ósanngjarnt að standa í slíkri samkeppni.

[14:16]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Starfsemi Byggðastofnunar hefur verið mikið í sviðsljósinu í haust eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar leit dagsins ljós í september. Umfjöllun um stofnunina hefur verið nokkuð einlit að mínu áliti og mest hamrað á neikvæðum punktum í skýrslu Ríkisendurskoðunar en nánast ekkert fjallað um það fjölbreytta og ágæta starf sem í Byggðastofnun er unnið og er tvímælalaust mjög þýðingarmikið fyrir landsbyggðina.

Þegar Ríkisendurskoðun gerir stjórnsýsluúttekt á Byggðastofnun hlýtur hún náttúrlega að benda á það sem úrskeiðis hefur farið liðinn áratug og hvernig má standa betur að málum. Í skýrslunni eru margar ágætar ábendingar þar að lútandi en það sem mér finnst helst vanta í skýrsluna er að segja frá því að mikil breyting hefur orðið á starfsemi Byggðastofnunar eftir setningu reglugerðar um stofnunina árið 1992.

Auðvitað geta menn haft misjafnar skoðanir á því hvað á að standa í skýrslu sem þessari. Mér finnst hún á margan hátt mjög gagnleg og gefa góðar ábendingar sem stjórn Byggðastofnunar mun að sjálfsögðu taka til greina. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst kaflinn um mat á fórnarkostnaði við byggðastefnu Byggðastofnunar árin 1985–1995 út í hött og

ekki sæmandi Ríkisendurskoðun ef hún vill láta taka mark á sér.

Að reikna saman eigið fé í upphafi tímabils, bæta við það framlögum ríkisins á tímabilinu og klykkja svo út með því að uppreikna summuna með ávöxtun spariskírteina ríkissjóðs og segja að niðurstaðan sé fórnarkostnaður við byggðastefnuna á þessum tíu árum, eru náttúrlega svo undarleg vinnubrögð að ekki tekur tali. Þessi fáránlega niðurstaða um fórnarkostnað var síðan að sjálfsögðu það sem upp úr stóð í umfjöllun um stofnunina eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út og hefur valdið Byggðastofnun álitshnekki og byggðastefnunni tjóni. Þessir útreikningar Ríkisendurskoðunar á fórnarkostnaði eru ekki síst undarlegir vegna þess að hún hefur ekki birt tölur um fórnarkostnað við aðra málaflokka í þeim skýrslum sem hún hefur gert um starfsemi annarra stofnana, t.d. Húsnæðisstofnunar, en skýrsla um stjórnsýsluúttekt á þeirri stofnun var birt í síðasta mánuði. Þar er ekki minnst einu orði á fórnarkostnað við húsnæðisstefnuna og það hlýtur því að vera mikið íhugunarefni hvað vakir fyrir Ríkisendurskoðun með þessum vinnubrögðum.

Mér finnst útskýringar starfsmanna Ríkisendurskoðunar varðandi fórnarkostnaðinn í bréfi sem alþingismönnum barst í morgun ekki fullnægjandi, síður en svo.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að kannað hafi verið viðhorf umsækjenda um fjárhagslega fyrirgreiðslu til þjónustu Byggðastofnunar og þar hafi komið fram almenn ánægja með þessa þjónustu. Þetta er auðvitað mjög jákvætt fyrir stofnunina og má gjarnan koma fram í umræðum um Byggðastofnun, en starfsmenn Byggðastofnunar eru flestir með mjög mikla reynslu og þekkingu á málefnum landsbyggðarinnar.

Mestur hluti umfjöllunar um Byggðastofnun að undanförnu hefur verið um fjármálasýslu stofnunarinnar, lánveitingar, styrki, hlutafjárkaup og fjárfestingar. Vissulega hefur Byggðastofnun eins og aðrar lánastofnanir orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna erfiðleika atvinnulífsins á undanförnum árum og þá fyrst og fremst vegna fiskeldisins þar sem stofnunin hefur tapað stórum fjárhæðum. Og vissulega má í sumum tilfellum gagnrýna það að of lengi hafi verið haldið áfram að lána í vonlausan rekstur og auðvitað má gagnrýna einstakar styrkveitingar þó að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra hafi tvímælalaust gert það gagn sem til er ætlast. Byggðastofnun hefur þann ágæta sið að birta í ársskýrslu sinni skrá yfir öll lán og alla styrki ársins og mættu ýmsir taka sér það vinnulag til fyrirmyndar.

Mér finnst oft gleymast í umræðum um Byggðastofnun að lánveitingar og úthlutun styrkja er aðeins hluti af starfsemi stofnunarinnar. Þar fer fram margþætt starfsemi, t.d. umfangsmikil gerð byggðaáætlana og aðstoð við aðila sem eru að athuga möguleika á nýrri atvinnustarfsemi. Ég gæti nefnt tvö dæmi um slíka aðstoð sem starfsmenn Byggðastofnunar hafa lagt mikla vinnu í nú um nokkurt skeið. Það fyrra er undirbúningur og rannsóknir vegna magnesíumverksmiðju á Reykjanesi, verksmiðju sem gæti skapað þar hundruð starfa. Hitt dæmið er undirbúningur og rannsóknir vegna leirverksmiðju í Búðardal. En verði sú verksmiðja að veruleika mun hún skapa nokkuð mörg störf í þessu litla byggðarlagi þar sem atvinnulíf er einhæft og fólki stöðugt að fækka. Fjárveitingar Byggðastofnunar til atvinnuráðgjafar og ferðamálafulltrúa á landsbyggðinni hafa tvímælalaust skilað góðum árangri. Vaxtarbroddur atvinnulífsins úti á landi er ekki hvað síst í ferðamálunum og mikilvægt að standa þar vel að málum.

Nú hefur Byggðastofnun tekið upp þá stefnu að gera samninga við atvinnuþróunarfélög og samtök sveitarfélaga í einstökum kjördæmum þannig að þessir aðilar fá ákveðna upphæð árlega til annast ráðgjöf á sviði almennrar atvinnuþróunar, ferða-, markaðs- og sölumála í sínu kjördæmi og ráða til þess ráðgjafa. Þarna er um ákveðna stefnubreytingu að ræða af hálfu stjórnar Byggðastofnunar, en með þessu er forræði í þróunarmálum fært heim í hérað í hendur fólksins sem þar hefur forustu í atvinnu- og félagsmálum.

Auðvitað greinir menn á um einstaka þætti starfsemi Byggðastofnunar. Ég hef t.d. ekki verið sáttur við úthlutun þorskaflahámarks, en í skýrslu Byggðastofnunar er greint frá úthlutun stofnunarinnar á veiðiheimildum til kvótabáta. Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi að á næstu fjórum árum skuli Byggðastofnun árlega hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark er nemur 500 lestum miðað við óslægðan fisk og Byggðastofnun skal árlega ráðstafa þessum aflaheimildum til krókabáta sem gerðir eru út frá byggðarlögum sem algerlega eru háð veiðum slíkra báta og standa höllum fæti, eins og segir í lagatextanum.

Þegar starfsmenn Byggðastofnunar fóru að huga að þessu máli, kom í ljós að ekkert byggðarlag uppfyllti þessi skilyrði. Þá var unnið út frá þeirri viðmiðun að þeir staðir einir kæmu til greina þar sem hlutur þessara báta var yfir 50%. Ég er ósammála þessari túlkun og treysti mér því ekki til að standa að þessari úthlutun í stjórn Byggðastofnunar og lagði reyndar til að Byggðastofnun skilaði þessu verkefni af sér, en sú tillaga var ekki samþykkt.

Einn þáttur í rekstri Byggðastofnunar eða starfseminni er rekstur svæðaskrifstofanna en þær eru staðsettar í fjórum kjördæmum landsins, á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og Austurlandi. Ég hef lengi haldið því fram að þeir landshlutar þar sem ekki eru svæðaskrifstofur hafi orðið nokkuð út undan hvað varðar fjárveitingar. Mér finnst skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfesta þetta sjónarmið. Þetta á jafnt við um styrki og lánveitingar. Það er minna sótt um slíkt af þeim landshlutum þar sem ekki er svæðisskrifstofa og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Það segir sig sjálft að starfsmenn svæðisskrifstofanna eru í beinu sambandi við fólk og fyrirtæki á sínu svæði og leiðbeina því að sjálfsögðu hvað varðar möguleika á aðstoð Byggðastofnunar. Því hef ég haldið því fram að annaðhvort beri Byggðastofnun að reka svæðisskrifstofur í öllum landshlutum eða engum. Hv. þm. Stefán Guðmundsson útskýrði í andsvari í morgun hvers vegna lánveitingar væru misjafnar milli landshluta, en ég vek athygli á því að þessi munur er ekki síður hvað varðar styrkveitingar.

Hv. þm. Gísli Einarsson velti því fyrir sér í ræðu sinni hvort skýringin á því hvað Vesturland hefur orðið út undan hjá Byggðastofnun væri sú að stjórnarmenn hefðu ekki komið úr þeim landshluta. Mín skoðun er sú að það sé ekki ástæðan heldur fyrst og fremst vegna þess að Byggðatofnun hefur ekki rekið svæðisskrifstofu á Vesturlandi. En það er ánægjulegt að vanskil lántakenda hjá Byggðastofnun minnkuðu um hálfan milljarð kr. á síðasta ári. Það ber auðvitað vott um að ástand atvinnulífsins hefur batnað verulega og betri skil lántakenda bæta auðvitað stöðu Byggðastofnunar og það er mikið fagnaðarefni.

Í ársskýrslu Byggðastofnunar er bent á búsetuþróun síðustu 15 ára sem hefur verið landsbyggðinni afar óhagstæð. Þegar segir, með leyfi forseta:

„Með fáum undantekningum hefur hallað mjög á landsbyggðina. Fjölgun á höfuðborgarsvæðinu heldur áfram. Á undanförnum 15 árum er tæpur helmingur íbúafjölgunarinnar þar vegna aðflutnings af landsbyggðinni. Einn af hverjum 10 íbúum svæðisins er aðfluttur á þessu tímabili. Þessi þróun er ekki æskileg til langframa. Byggðastofnun er ætlað að styrkja stöðu landsbyggðarinnar með því að efla þar skynsamlega atvinnustarfsemi. Þó misjafnlega hafi tekist til í áranna rás má fullyrða að verr væri komið fyrir ýmsum stöðum ef Byggðastofnunar hefði ekki notið við."

Þessi búsetuþróun á sér ýmsar skýringar. Það skiptir auðvitað miklu máli að nánast öll stjórnsýsla landsins eða ríkisins og opinber þjónusta er á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru þúsundir starfa og fer vaxandi eins og hér er bent á. Það er nú svo að allir flokkar og allar ríkisstjórnir síðustu áratuga hafa haft það á stefnuskrám sínum að flytja eitthvað af þessum opinberu stofnunum út á land, en því miður hafa allir heykst á þessu þangað til loksins á þessu ári að hæstv. umhvrh. ákvað að vinna nú samkvæmt þessari stefnu og tilkynnti að Landmælingar skyldu fluttar til Akraness. Og hvað skeði þá? Það ætlaði allt vitlaust að verða og þingmenn, sveitarstjórnarmenn og starfsmenn hafa síðan hamast á hæstv. ráðherra og reynt með öllum tiltækum ráðum að hnekkja þessari ákvörðun hans. Ég tel aðför ýmissa stjórnmálamanna að hæstv. ráðherra afar ómerkilega í ljósi þessarar margyfirlýstu stefnu stjórnmálaflokkanna og margra síðustu ríkisstjórna. Því miður virðast allt of margir trúa því að það sé náttúrulögmál að öll slík starfsemi sé hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel að þessi hugsunarháttur eigi verulegan þátt í þróun búsetu og stöðugum straumi landsbyggðarmanna til höfuðborgarsvæðisins.

Herra forseti. Það er mín skoðun að heilt á litið sé starfsemi Byggðastofnunar mjög þýðingarmikil fyrir landsbyggðina. Þrátt fyrir að búsetuþróun í landinu þann áratug sem Byggðastofnun hefur starfað hafi verið landsbyggðinni í óhag, er ég sannfærður um að þessi þróun hefði verið enn óhagstæðari ef Byggðastofnunar hefði ekki notið við. Ég er gjörsamlega ósammála þeim sem vilja leggja Byggðastofnun af og vil þvert á móti efla stofnunina til aukinna átaka fyrir landsbyggðina.

Umræðu frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130. [14:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Eins og á undanförnum árum hefur í frv. þetta verið safnað þeim lagabreytingum sem gjaldaáætlun fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til að leggja áherslu á þann samnefnara þeirra að stuðla að aðhaldi í ríkisútgjöldum og halda jafnvægi í ríkisbúskapnum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálunum eru forsenda framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis." Eitt meginmarkmið þessarar ríkisstjórnar er að halda því efnahagslega jafnvægi sem þegar hefur náðst.

Verðbólga hér á landi er með því lægsta sem gerist í þróuðum iðnríkjum. Atvinnuleysi er mun lægra hér en í nágrannalöndunum. Það dregur enn meira úr því nú en þó er það meira enn en við mundum öll kjósa. Hagvöxtur hefur á undanförnum árum verið minni en eðlilegt verður að teljast, en nú er fyrst að sjást árangur af þeirri baráttu ríkisstjórnarinnar að skjóta traustum stoðum undir atvinnulífið þannig að íslenska þjóðin geti búið við þau skilyrði að saman fari skynsamleg nýting sjávarauðlinda og ásættanlegur hagvöxtur.

Við Íslendingar sjáum fram á það í dag að hinu langa tímabili lítils hagvaxtar sem varað hefur allt frá árinu 1988 er nú lokið og við tekur nýtt tímabil uppsveiflu í atvinnulífinu. Eitt þýðingarmesta verkefni ríkisstjórnarinnar undir þessum kringumstæðum er að haga stjórn efnahagsmála á þann veg að halda því jafnvægi sem náðst hefur. Þannig getur hún best tryggt að hagvöxtur verði áframhaldandi, að atvinnuleysi haldi áfram að minnka, að ásættanlegur jöfnuður haldist í viðskiptum við útlönd og að verðbólga haldist áfram í lágmarki. Kaupmáttur þarf að aukast þótt allir vilji forða þjóðarbúinu frá óraunsæjum kauphækkunum og verðbólgu í kjölfarið. Slíkt mundi trufla framvindu atvinnulífsins og draga úr hagvexti og rýra þannig að lokum kaupmátt almennings.

Til að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum við þessar aðstæður er það sérlega mikilvægt að halda föstum tökum á fjármálum ríkisins. Það er mjög eðlilegt og nauðsynlegt við þessar kringumstæður að afgreiða fjárlög með nokkrum afgangi. Hallalaus fjárlög draga úr eftirspurn hins opinbera eftir vörum og þjónustu og skapa þannig rúm fyrir aukna eftirspurn atvinnulífsins og bætta kaupgetu heimilanna.

Núverandi ríkisstjórn setti sér það markmið í upphafi kjörtímabilsins að eyða hallanum á ríkisfjármálum á tveimur árum. Fyrir þetta ár voru fjárlög samþykkt með 4 milljarða kr. halla og var þó ætlunin að afgreiða hallalaus fjárlög fyrir komandi ár. Fjárlagafrv. það sem nú liggur fyrir Alþingi gerir ráð fyrir rúmlega 1 milljarðs kr. afgangi og er það í fyrsta sinn í mörg ár að færi gefst á að afgreiða fjárlög á þann hátt. Mörgum þætti nú lag að ganga þegar í stað á þennan afgang og skila fjárlögum á sléttu. Það væri óráð. Reynsla undanfarinna ára sýnir að oft koma fram ný útgjaldatilefni á árinu auk þess sem það er fyrirhyggja að eiga borð fyrir báru þegar líða tekur á árið.

Okkur er öllum ljóst að þær náttúruhamfarir sem orðið hafa síðustu daga geta nokkuð gengið á það markmið sem sett var í fjárlagafrv. en atburðir gærdagsins gefa þó tilefni til að ætla að tjónið sé minna en leit út fyrir á verstu klukkutímum hlaupsins. Eftir er að gera nánari grein fyrir þeim kostnaði sem Skeiðarárhlaupið hefur valdið og hvernig skaðinn af því verður bættur. Greint verður frá þeirri stöðu eins nákvæmlega og fært er, jafnfljótt og kostur gefst til.

Herra forseti. Ég mun þá víkja að einstökum ákvæðum eða ráðstöfunum frv. eftir því sem ástæða er til, en vísa að öðru leyti til athugasemda með einstökum greinum frv. og umsagnar um áhrif þeirra á útgjöld ríkissjóðs sem birt er sem fskj. með frv. Greinum frv. er raðað eftir ráðuneytum í sömu röð og í fjárlagafrv. en ég mun hér haga greinargerð minni á þann hátt að fjalla í einu lagi um þau ákvæði sem eiga sér ákveðna efnislega samstöðu.

Ég vil þá fyrst fara nokkrum orðum um það sem kann að þykja markvert við þetta frv. á hinu háa Alþingi en felst þó ekki í efni þess heldur lengd en frv. er sýnu styttra en

oft áður, aðeins 27 greinar í samanburði við 63 greinar í fyrra. Það stafar að stórum hluta til af því að í samnefndu frv. í fyrra var gerð gangskör að því að afnema þá tilhögun sem fest hafði rætur allt of víða í íslenskri löggjöf og fólst í að framlög og útgjöld til ýmissa viðfangsefna voru bundin í lög ýmist með eða án sérstakra tekjustofna þannig að fjárveitingavald Alþingis var í óeðlilega miklum mæli í raun bundið fyrir fram þegar að fjárlagagerðinni kom. Ákvæði um lögmælt framlög er að vísu enn víða að finna og kunna að vera réttlætanleg, og í einhverjum tilvikum pólitískt æskileg, en þó aðeins innan ákveðinna marka. En það er rétt að menn hafi í huga að slík ákvæði grafa um leið undan því hagstjórnartæki sem stjórnarskráin fær Alþingi með fjárstjórnarvaldi fjárlaga, tæki sem á að vera hægt að beita til að gæta aðhalds í ríkisrekstri og ná jafnvægi í ríkisbúskap án þess að bjástra um leið við að skera niður lögmælt útgjöld og ná mörkuðum tekjustofnum að einhverju leyti í ríkissjóð með frumvörpum sem borið hafa sams konar heiti og það sem hér er mælt fyrir.

Þá er e.t.v. nærtækast, herra forseti, að byrja á þeim ákvæðum þar sem fram er haldið á þeirri braut sem mörkuð var í fyrra með afnámi þeirra lagaákvæða sem kölluð hafa verið „þrátt-fyrir"-ákvæði á síðari árum.

Í 5. gr. frv. er lagt til að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé og í launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta verði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, en í gildandi lögum hefur hlutdeild ríkisins verið bundin við ákveðið hlutfall. Þau framlög sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. til að mæta þessum kostnaði nema svipuðu hlutfalli og framlögin hafa áður numið í reynd þannig að ekki horfir til kostnaðarbreytinga miðað við þá framkvæmd sem verið hefur í þessu efni.

Í 26. gr. er lagt til að kostnaðarþátttaka ríkissjóðs vegna refaveiða verði afnumin. Hún var takmörkuð við helming kostnaðar í fyrra en skaði af þeirra völdum er nú talinn svo hverfandi að óhætt þykir að afnema hana að fullu. Endurgreiðsluheimild helst hins vegar óbreytt að því er minkaveiðar varðar.

Samkvæmt 10. og 12. gr. frv. er leitað eftir heimildum til að verja hluta af tekjustofni Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu og greiða fyrir þróunarverkefnum til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur sérstaklega eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Í fjárlagafrv. næsta árs er lagt til að 47 millj. kr. renni til starfsmenntunar en 20 millj. til þróunarverkefna. Áhrif til lækkunar á útgjöld ríkissjóðs nema því um 67 millj. kr. Þá er í 13. gr. frv. lagt til að framlengd verði heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að styrkja átaksverkefni sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi á næsta ári. Aðrar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar felast í 2% hækkun hámarksbóta á dag samkvæmt 11. gr. frv. en fjárhæð þeirra ber samkvæmt lögunum að endurskoða við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Þessu næst skal, herra forseti, vikið að þeim lögbundnu tekjustofnum sem þrátt fyrir framansagt þykir rétt að halda í lögum en lagt er til að taki tímabundið skerðingu sem hér greinir.

Í 1. gr. er lagt til að tekjur af sérstökum eignarskatti sem verja á til að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana renni að hluta í ríkissjóð, þ.e. um það bil þriðjungur á yfirstandandi ári og um það bil fjórðungur á því næsta.

Samkvæmt 21. gr. laga um ráðstöfun á ríkisfjármálum á árinu 1996, nr. 144/1995, greiðir Framkvæmdasjóður fatlaðra um það bil 140 millj. kr. til rekstrarverkefna á yfirstandandi ári. Í 8. gr. þess frv. sem hér er mælt fyrir er hins vegar lagt til að þessi tilhögun verði einfölduð á þann hátt að sjóðurinn standi ekki undir öðrum rekstrarverkefnum en þeim sem þar greinir að jafnvirði um 13 millj. kr. en annar rekstrarkostnaður greiðist úr ríkissjóð. Í staðinn er í 9. gr. lagt til að tekjur sjóðsins af erfðafjárskatti umfram 165 millj. kr., þ.e. 92 millj. kr., renni í ríkissjóð en kostnaður af þeim viðfangsefnum sem af sjóðunum eru létt er áætlaður um 130 millj. kr. í frv. til fjárlaga næsta árs.

Í 22. gr. frv. er lagt til að 856 millj. kr. af þungaskatti á sérstöku vörugjaldi á bensíni renni í ríkissjóð en ætlað er að þessi tekjustofn skili um 7,5 milljörðum í ríkissjóð á næsta ári.

Í 23. gr. er í fyrsta skipti lagt til að hluta tekna af flugvallargjaldi verði varið til framkvæmda við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Með þeirri ráðstöfun er leitast við að styrkja fjárhagsgrundvöll flugstöðvarinnar en fjárhagsvandi stöðvarinnar hefur sem kunnugt er verið til umfjöllunar á vettvangi ríkisstjórnarinnar um nokkra hríð. Hér er því lagt inn á þá braut sem einhverjum kann að þykja tímabær að flugstöðin njóti í einhverjum mæli þeirra tekna sem hún á stærstan þátt í að afla, en tekjum af flugvallargjaldi hlýtur að langmestu leyti að vera aflað af umferð um Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Í frv. er að finna nokkur ákvæði um gjaldtöku fyrir þjónustu sem í té er látin, en gjaldtaka hefur áhrif á gjaldahlið fjárlaga með þeim hætti að fjárframlög úr ríkissjóði til rekstrar hlutaðeigandi stofnunar eru lækkuð sem nemur hækkun sértekna með gjaldtöku. Að hluta til er um nýbreytni að ræða en að öðru leyti er aðeins leitast við að renna styrkari stoðum undir fjárhæð gjalda sem þegar hafa verið ákveðin með lögum.

Ríkisstjórnin hefur sem kunnugt er farið sér hægt í að afla tekna með þjónustugjöldum en með álagningu þeirra vinnst einkum tvennt, annars vegar aukin kostnaðarvitund almennings og stjórnvalda og hins vegar betri stjórn á eftirspurn eftir þjónustunni.

Í 2. gr. er lagt til að innheimt verði sérstakt innritunargjald af þeim nemendum í framhaldsskólum sem af einhverjum ástæðum þurfa að þreyta próf sín eða áfanga að nýju. Áherslu ber að leggja á að þessu nýja gjaldi, sem þó getur ekki talist hátt, er ætlað að stuðla að markvissari innritun og auðvelda skipulagningu í kennslu í framhaldsskólum, en hlutfall nemenda sem hverfa frá námi eða endurtaka próf þykir bæði hafa verið óeðlilega hátt og aukið óhóflega á kostnað skólanna af þessum þáttum skólastarfsins.

Í 25. gr. er annað dæmi um nýbreytni í gjaldtöku sem ætlað er að hafa ákveðin varnaðaráhrif. Þar er lagt til að sá sem ekki vill una ákvörðun Samkeppnisstofnunar, eða eftir atvikum samkeppnisráðs, greiði fyrir málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála reiknað meðaltal af þeim kostnaði sem hlýst af meðferð kærumála fyrir nefndinni, um 120 þús. kr. Gjaldtökunni er þannig ætlað að sporna við kostnaðarsamri meðferð veigaminni mála fyrir nefndinni án þess að setja kæruheimild málsaðila efnislegar skorður svo sem gilda um áfrýjun dómsmála. Eðlilegt kann þó að vera án þess að dregið sé úr varnaðaráhrifum gjaldtökunnar að áfrýjunarnefndinni verði fengnar heimildir til að mæla fyrir endurgreiðslu gjaldsins, að hluta eða í heild, í samræmi við úrlausn

máls. Beini ég þessu sérstaklega til hv. efh.- og viðskn. að ástæða kunni að vera til að skoða það atriði nánar.

Í 6. og 7. gr. er loks leitað eftir að leidd verði í lög skýrari útfærsla af ákvörðun fjárhæðar sérstaks matsgjalds sem þegar er heimt af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat á sláturafurðum, gærum og ull.

Í 14. gr. er leitað eftir 2% hækkun á gjaldið í Framkvæmdasjóð aldraðra, en fjárhæð þess ber samkvæmt lögum um málefni aldraðra að endurskoða við afgreiðslu fjárlaga á hverju ári.

Í 21. gr. frv. er lagt til að heimild til að greiða eftirlaun þeirra sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og eiga engan eða lítinn lífeyrisrétt í lífeyrissjóði verði framlengd og gerð ótímabundin en hún mundi að óbreyttu falla niður hinn 1. janúar nk.

Breytingar á hlutverki Orkusjóðs samkvæmt 24. gr. frv. er ætlað að skila betri árangri í orkusparnaðarátaki sem áformað er að hleypa af stokkunum.

Að lokum vil ég víkja að þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði á lögum um heilbrigðisþjónustu, en í þeim felast fyrstu áfangarnir í skipulagsbreytingum sem fyrirhugað er að hrinda í framkvæmd á næstu tveimur til þremur árum og byggðar eru á sérstakri úttekt á rekstri nokkurra sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Hagræðing í þessum fyrsta áfanga felst m.a. í endurskoðun á hlutverki sjúkrastofnana, breytingu á verkaskiptingu þeirra og sameiningu stofnana og er ætlað að lækka útgjöld ríkissjóðs um 160 millj. kr. á næsta ári.

Í 15. gr. frv. er fest í sessi ákvæði um að heilsugæslustöð og sjúkrahús skuli reka sem eina stofnun undir einni stjórn þar sem aðstæður leyfa. Hér er fremur um að ræða breyttar áherslur en efnislega breytingu þannig að gildandi ákvæði mælir fyrir um hið sama sé þess kostur, svo tilvitnunar sé getið.

Í 16. gr. frv. er fellt niður ákvæði sem flutt er í 15. gr. laganna og sameinað nýrri útfærslu á heimild ráðherra í 17. gr. frv. til að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva, með reglugerð. Jafnframt er Sambandi ísl. sveitarfélaga tryggður umsagnarréttur um allar slíkar breytingar en samkvæmt gildandi lögum er ekki skylt að hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir nema um hluta slíkra breytinga.

Þá er í 20. gr. aukið við sams konar reglugerðarheimild í 2. mgr. 24. gr. laganna um sjúkrahús, að ráðherra geti auk ákvæða um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu mælt fyrir um sameiningu sjúkrahúsa einnig að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, en því hefur ekki áður verið tryggður umsagnarréttur um slíkar breytingar. Loks miða breytingar á a-lið 18. gr. og 20. gr. frv. að því að tryggja betur en nú er að stefnt að stefna sitjandi ráðherra og ríkisstjórnar á hverjum tíma skili sér inn í stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana með því að stjórnarformennska verði í höndum sérstaks trúnaðarmanns ráðherra.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:41]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við nokkur atriði í 15., 18. og 19. gr. þessa frv. Í 15. gr. er kveðið á um að ef aðstæður leyfi skuli sjúkrahús og heilsugæslustöð rekin sem ein heild. Eins og kunnugt er hafa heilsugæslustöðvar verið reknar bæði af ríki og sveitarfélagi. Þegar lög um aðskilnað þessa reksturs voru samþykkt var það gert vegna þeirrar bitru reynslu að kostnaður sem falla átti á sveitarfélögin, einkum lyf og tækjanotkun, var auðveldlega fluttur yfir á ríkissjóð og létti þar með fjárhagsbyrði viðkomandi sveitarfélags. Svo framarlega sem ekki verði tryggilega gengið frá lausum endum í þessu sambandi er mér erfitt að sjá hvernig framkvæma eigi slíka sameiningu. Vil ég því vekja athygli á þessu og vara við öllu fljótræði í sameiningu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

Í öðru lagi vil ég nefna 18. gr. Þar er lagt til að bæði stjórnsýsla og stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík verði sameiginleg. Þetta þýðir að heilsugæsla verði öll á einni hendi, stjórn og framkvæmdastjórn, og geti þessir aðilar í einu lagi gert útboð fyrir allar heilsugæslustöðvar og valið að vild. Ég vil benda á að þetta þýðir algjöra miðstýringu á heilsugæslu í Reykjavík og þar með er stjórn heilsugæslu Reykjavíkur gefið vald til að gera samninga við ódýrustu sérfræðiþjónustu í Reykjavík, þess vegna, sem þarf þó langt í frá að vera hin besta og útiloka aðra sérfræðiþjónustu jafnvel á köflum með klíkuskap sem þekkist jafnt í heilbrigðisþjónustu sem í öðrum greinum. Ég er því alfarið á móti þeirri miðstýringarárráttu sem í þessari grein felst, enda er hún þvert gegn stefnu Sjálfstfl., og má því spyrja sig að því af hverju þetta stendur þarna. Er þarna um mistök að ræða eða með vilja gert vegna samstöðu þeirra umboðsmanna sem nú fara með völdin í Reykjavík og sem Framsfl., flokkur heilbrrh., tekur því miður þátt í? Þessi stefna eins og við þekkjum mun að sjálfsögðu hindra mjög mikið valfrelsi allra borgara.

Loks um 19. gr. Þar er kveðið á um að ráðherra geti með reglugerð, að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, sameinað sjúkrastofnanir. Þetta þýðir að Alþingi Íslendinga afsalar sér — ég endurtek, afsalar sér hér með allri ábyrgð á rekstrarformi tveggja stærstu ríkisstofnana landsins, þ.e. Landspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur, ásamt því sem lítil sjúkrahús, sem rekin hafa verið á hagkvæman máta, t.d. St. Jósefsspítali í Hafnarfirði og önnur smá sjúkrahús á landinu, verða líka, reyndar með öðrum sjúkrahúsum í landinu, að langmestu leyti háð pólitískum duttlungum ráðherra og, næstu ár, vinstri meiri hluta Reykjavíkur.

Ég vil koma því á framfæri hér að þar til nýlega hafa sveitarfélög ekki borið hluta af rekstrarkostnaði heilsugæslustöðva en samt sem áður tel ég mjög mikilvægt að verði farið mjög varlega með þá sameining heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa sem ég nefndi áðan í sambandi við 18. gr. vegna þess að eðli reksturs heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa er allt, allt annað.

En með allri virðingu fyrir hæstv. heilbrrh. vil ég mótmæla þessum vinnubrögðum enda brýtur sameining Landspítala og Borgarspítala, ef svo kynni að fara að Samband ísl. sveitarfélaga og heilbrrh. yrðu sammála um slíkan gjörning, algjörlega í bága við þá stefnu sem Sjálfstfl. hefur haft á undanförnum árum og kemur þannig í veg fyrir það valfrelsi, sem við höfum talað fyrir, borgaranna, sjúklinganna og annarra sem að málum koma. Ég vil því vara við að greinin, þegar hún verður afgreidd endanlega héðan úr þinginu, hljóði á þennan máta og að Sjúkrahús Reykjavíkur og Landspítali verði aðskildir. Og ég vil gjarnan vekja athygli hv. þingmanna á því að í skýringum með 19. gr. er talað um að heilbrrh. ákveði með reglugerð nánari flokkun, starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa, að höfðu samráði við Samband

ísl. sveitarfélaga en það er hvergi minnst á sameiningu. Ég spyr hvers vegna.

[14:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er engin ástæða til að ætla annað en að þeim ákvæðum sem hér hefur verið gerð grein fyrir verði beitt með mikilli varúð. Markmið heilbrrh. er ekki annað í þeim efnum en að ná markvissari stjórn í þessum þáttum. En varðandi 19. gr. sérstaklega þá er það ekki rétt að í henni felist reglugerðarheimild til þess að sameina sjúkrahús af því tagi sem hv. þm. nefndi svo sem Sjúkrahús Reykjavíkur og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Greinin setur fyrirvara gagnvart þessum þáttum sérstaklega eins og kemur fram þegar greinin er lesin. Ég vildi aðeins upplýsa þetta þannig að það liggi fyrir.

[14:48]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka forsrh. fyrir þetta andsvar. Ég vonast til þess að í meðförum nefndar verði þetta ákvæði gert enn skýrar. Enn fremur vil ég benda á 15. gr. og 18. gr. Ég óska sömuleiðis eftir að það sem stendur þar út af í sambandi við miðstýringu og rekstrarform verði einnig gert skýrar en kveðið er á um í þessu frv.

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér tökum við til við að ræða árlegan kunningja sem er að verða, svonefndan bandorm um ráðstafanir í efnahagsmálum eða ríkisfjármálum. Aðalgallinn við þessi mál er sá að þau eru ávísun á ófagleg vinnubrögð sem eru ekki til eftirbreytni og ég held að flestir séu sammála um að svona viljum við helst ekki hafa hlutina. Að það sé með löngum frumvarpsgormi farið inn í fjölmörg sérlög, faglega löggjöf, og kippt þar úr sambandi einstökum þáttum án nokkurs tillits til heildarsamhengis, án nokkurs tillits til stefnumótunar í viðkomandi málaflokki o.s.frv. En því miður er það nú svo að enn sitja menn fastir í þessu og hefur jafnvel heldur brugðið til hins verra á síðari árum og þá á ég m.a. við það að hér er nú í enn ríkari mæli en nokkru sinni fyrr farið út á þá braut að gera varanlegar breytingar á sérlögum í bandorminum. Allir fyrstu bandormarnir, sem a.m.k. ég kannast við, voru þess eðlis að um var að ræða tímabundið inngrip í ákvæði sérlaga, sem giltu eingöngu það ár sem í hönd fór vegna þess sem menn hafa þá væntanlega talið vera einhverjar tímabundnar aðstæður í fjármálum ríkisins. Og frá þingræðislegum og lagalegum sjónarhóli er það þó af tvennu illu skömminni skárra að eingöngu sé um tímabundna ráðstöfun að ræða, eða frestunarákvæði eins og stundum var, til að mynda þegar hér var árlega á síðasta kjörtímabili, og er jafnvel enn, frestað í eitt ár í senn ákvæðum grunnskólalaga um einsetningu skóla, um mat í hádeginu og annað því um líkt. Þá gátu menn sagt sem svo að því miður væri efnahagurinn svo bágur og aðstæður svo erfiðar að þrátt fyrir hin háleitu markmið um að bæta skólastarfið yrði að fresta því eitt ár og svo aftur í ár o.s.frv. En nú hafa menn ekki lengur fyrir þessu heldur eru í bandormi lagðar til varanlegar breytingar og það grundvallarkerfisbreytingar á nokkrum sviðum, til að mynda í heilbrigðismálum, og ég kem að því síðar. Og það, herra forseti, finnst mér vera óeðlilegt. Mér finnst það vera vond uppsetning mála og ekki í samræmi við þann metnað og þau faglegu vinnubrögð sem við ættum að temja okkur.

Ég ætla að nefna hér nokkra þætti, að sjálfsögðu leyfir tíminn ekki að fara tæmandi yfir allar greinar frumvarpsins og alla þá fjölmörgu málaflokka sem hér eiga við — og það eitt með öðru eru rök gegn því að vinna svona að hlutunum. Menn eru að hluta til sviptir málfrelsi með því að sulla hér 20 frumvörpum saman í eitt og ræðutíminn er sá sami þó verið sé að koma inn á viðamikil grundvallarmál í heilbrigðismálum, menntamálum þess vegna, landbúnaðarmálum eða guð má vita hvað.

1. gr. er um að fénýta nú í ríkissjóð svonefndan sérstakan eignarskatt sem lagður hefur verið á um alllangt skeið og upphaflega var, ef ég kann rétt, tekjustofn fyrir byggingu Þjóðarbókhlöðu. Síðan kom að því að það voru ýmsar fleiri byggingar frekar á fóðrum, t.d. endurbyggingarnar á Bessastöðum, sem hafa kostað sitt eins og þjóðin veit, ekki síst hönnunarkostnaður og stjórnunarkostnaður og ýmis umsýsla, en förum ekki nánar út það. (Gripið fram í.) Ja, hvernig sem það nú er. En alla vega kostaði það eitthvað, hæstv. forsrh., hver sem borgaði það. En sleppum því. Mergurinn málsins er sá að þarna var lagður á sérstakur — sérstakur hvað? — sérstakur eignarskattur, álag á eignarskattinn. Ég verð að segja alveg eins og er að einhvern tíma minnir mig að Sjálfstfl. hafi eitthvað verið að kalla slíkt ekknaskatt og það væri nú ekki góð latína að vera að níðast á eignafólkinu sem væri yfirleitt aldraðar ekkjur. En nú bregður svo við að þessi sérstaki eignarskattur, sem var þó réttlættur með því að hann væri til þess að efna fyrirheitin um þjóðargjöfina, Þjóðarbókhlöðuna, er núna tekinn að verulegu leyti og honum bara slengt í ríkissjóð. Hvar eru nú talsmenn ekknanna? Ég spyr. Mér finnst þetta nokkuð sérkennilegt, herra forseti, að þarna verður ríkisstjórninni þetta fyrir og það er hæstv. forsrh. af öllum mönnum sem neyðist til að mæla fyrir því hér að 150 milljónir af tekjum þessa sérstaka eignarskatts eða tekjustofns Þjóðarbókhlöðunnar og endurbyggingar menningarverðmæta eiga nú að renna í ríkissjóð. Og það sem meira er: Það á líka að gera upptækar 100 milljónir úr sjóðnum frá þessu ári þannig að þarna er á einu bretti verið að ráðstafa 250 milljónum í ríkissjóð af þessu sérstaka álagi á eignarskattinn. Það er mjög athyglisvert og í sögulegu og pólitísku samhengi næstum því skemmtilegt, herra forseti, að það skuli vera hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem mælir fyrir þessum sérstaka ekknaskatti Sjálfstfl.

Þá kemur næst að 2. gr., herra forseti, sem er satt best að segja harla dapurleg. Hvað á að gera þar? Jú, það á að breyta nýsettum lögum, lögum nr. 80/1996, þau lög eru varla orðin köld, þau eru svo glæný. Og hvað á að gera þar? Jú, það á að leggja 1.500 kr. skatt á þá sem falla á prófum eða þá sem þurfa af einhverjum ástæðum að endurinnrita sig í námsáfanga í framhaldsskólunum. Þetta er svona námserfiðleikaskattur. Þetta er sérstakur skattur á þá sem eiga í erfiðleikum í sínu námi og þurfa að endurtaka próf eða endurinnritast í námsáfanga. Og hvað skyldi nú ríkissjóður landsmanna og fjárlögin, upp á sína rúmlega 120 milljarða eða nær 130, eiga að fitna mikið af þessum sérstaka skatti á námserfiðleika? Það eru liðlega 30 millj. kr. Er þetta okkur samboðið? Hvað er verið að skattleggja? Það er verið að skattleggja aðstæður eins og þær sem koma upp þegar námsmenn eiga í félagslegum erfiðleikum og það dregur úr námshraða þeirra. Það er verið að skattleggja veikindi. Þegar menn ráða ekki við það að fylgja skólafélögum sínum á fullum hraða í gegnum námið t.d. vegna veikinda. Það er verið að skattleggja, eftir atvikum, þá sem erfiðast eiga

með að uppfylla kröfur um fulla námsframvindu en vilja þó reyna að ljúka framhaldsnámi og verða kannski að kyngja því að fara eitthvað hægar en hin uppsetta námskrá skólanna gefur tilefni til. Og eins og við vitum þá eru það orðin milli 80 og 90%, ef ekki nær 90%, af öllum árgöngum sem eru í framhaldsskólum eða a.m.k. hefja nám þar. Það þýðir að sjálfsögðu að sá hópur hefur stækkað á undanförnum 10–15 árum sem ræður verr við kröfurnar. Það liggur í hlutarins eðli. Það er akkúrat þennan hóp sem er verið að skattleggja. Þetta er alveg reginheyksli, herra forseti, reginhneyksli, að fara að búa hér út sérstakan námserfiðleikaskatt. Hvar er nú hæstv. menntmrh.? Ég held það væri ástæða til að sá ágæti maður kæmi hér og yrði okkur til skemmtunar og ræddi, eins og honum einum er lagið, aðeins um þennan námserfiðleikaskatt.

Hér koma næst greinar þar sem verið er að binda þátttöku ríkisins á ýmsum sviðum varðandi framlög til landbúnaðar, til búfjárræktar, jarðræktarlaga og þvílíkra hluta við fasta krónutölu í fjárlögum í staðinn fyrir að ríkið hefur að sínu leytinu tekið þátt í þessu með ákveðinni hlutdeild í kostnaðinum. Það er væntanlega alveg sérstaklega að ósk hv. þm. Egils Jónssonar, sem þetta er haft svona. Vegna þess að hann er alveg viss um að þetta muni reynast vel þegar frá líður, að það muni reynast gott fyrir landbúnaðinn og jarðræktina og búfjárræktina í landinu að þurfa að herja á fjárveitingarnar í fjárlögum hverju sinni í staðinn fyrir að þarna var um tiltekna kostnaðarskiptingu milli greinarinnar og ríkissjóðs að ræða sem var föst og þurfti ekki að rífast um á hverju einasta ári. Ríkið tók tiltekinn þátt, hlutfallslega í þessum útgjöldum. Og hef ég ekki fleiri orð um það.

Næst kemur í 9. gr., herra forseti, að algjöru nýmæli en þar er verið að fara í fyrsta sinn inn á tekjustofn Framkvæmdasjóðs fatlaðra, þ.e. ráðstöfun erfðafjárskatts með þeim hætti að tekjur umfram 165 millj. kr. á árinu 1997 skuli renna í ríkissjóð. Auðvitað gefum við ekkert fyrir það þó þetta eigi kannski ekki að raska í stórum stíl högum Framkvæmdasjóðs fatlaðra á þessu ári. Það sem málið snýst um er kerfisbreytingin. Það er grundvallarákvörðunin um að fara líka inn á þennan tekjustofn og taka hann að hluta til í ríkissjóð. Það er a.m.k. verið að gera þetta í ríkari mæli en áður hefur verið gert. Að vísu hefur fátt verið mönnum heilagt síðustu árin í þessum efnum. En það sem er að gerast smátt og smátt er að þetta er allt saman að verða að hluta til skattstofnar sem voru lagðir á upphaflega og ætlaðir til annarra hluta og eru í eðli sínu þannig að þeir eru mjög vondir skattstofnar. Sumt af þessu eru jafnvel nefskattar eða annað slíkt sem lýtur ekkert þeim eðlilegu sjónarmiðum sem gera á til tekjustofna ríkisins, en kannski hægt að réttlæta það að leggja þetta á í sérstökum afmörkuðum tilgangi. Þetta er hið versta mál, herra forseti.

Næst kem ég að atvinnuleysistryggingunum. Um þær er fjallað í nokkrum liðum, þ.e. 11., 12. og 13. gr. lúta allar með einum eða öðrum hætti að því að það er verið að velta yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð kostnaði sem áður hefur verið borinn af ríkissjóði. Hann á nú að fara að standa undir kostnaði vegna starfsfræðslu í atvinnulífinu og guð má vita hvað. Og hvers vegna ætti það nú að vera? Af hverju getur ekki ríkið greitt þennan kostnað eins og hann hefur verið? Eru ekki nóg verkefnin fyrir höndum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, því miður? Ég hélt það. Mér finnst það líka heldur snautlegt ofan í allar umræðurnar um að efla starfsfræðslu, endurmenntun og símenntun og hvað það nú er að svo er ríkið að reyna að komast undan því að bera tiltölulega vægan kostnað sem hér hefur verið á ferðinni, smáaura í raun og veru. Það er ekki mikil reisn yfir því.

Þá næst að greinum 15–20, herra forseti, sem eru hvað sem útgjöldum líður og tölum í þessu máli það langljótasta í frv. vegna þess að þarna er gengið langlengst í því, að mínu mati, að teygja á vinnubrögðum og löggjafarrammanum, ef svo má að orði komast. Fyrir utan það að ég tel 19. gr. vera algerlega fráleita frá stjórnskipulegum sjónarhóli séð. Að setja inn í lög að þrátt fyrir öll ákvæði sérlaga um heilbrigðismál, af hvaða tagi sem er, skuli hæstv. heilbrrh. hafa algert alræðisvald í þessum efnum og mega sameina og sundra sjúkrahúsum og stofnunum, leggja þær niður, reka þær, sameina stjórnir þeirra, hvað sem er, mála þær allar svartar. Enginn endir er á því sem heilbrrh. gæti gert ef þetta verður afgreitt svona. Til hvers þá að vera með löggjöf yfirleitt? Af hverju segjum við ekki á einum stað í lagasafninu: Spörum allan pappírinn og allar blaðsíðurnar. Heilbrrh. ræður heilbrigðismálum. Punktur. Það er alveg eins hægt að gera það. En það er sem sagt, herra forseti, lagt til að inn í lögin komi ákvæði um að ráðherra geti ákveðið sameiningu sjúkrastofnana með reglugerð eins og hæstv. ráðherra sýnist. Að vísu á að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. Og hvers vegna endilega það, með fullri virðingu fyrir því batteríi? Heilbrigðismál eru verkefni ríkisins. Ég held að nær væri að hafa samráð við heilbrn. Alþingis ef menn eru að þessu á annað borð. Og starfsfólkið og aðra slíka, landlækni eða þá sem málið varðar, heilbrigðisstéttirnar í landinu. Nei, það er ekki. Það á að hafa samráð við Samband ísl. sveitarfélaga og ég segi: Hvers vegna endilega þeir?

Mergurinn málsins er sá að svona valdaafsal gengur ekki. Það gengur ekki að hafa þetta svona. Til hvers í ósköpunum er fjárln. að mæðast í því að fara yfir fjárlagabeiðnir og velta fyrir sér útgjöldum í þennan eða hinn geirann í heilbrigðismálum ef það skiptir svo engu máli? Hæstv. heilbrrh. ræður og gerir það sem honum sýnist.

Það er ekki bara að hægt eigi að vera að sameina þetta að vild innan ársins með reglugerð heldur er sagt: Jafnframt er kveðið skýrt á um að ráðherra geti með reglugerð ákveðið — hvað? Flokkun, starfssvið og verkaskiptingu sjúkrahúsa. Hvað þýðir þetta? Ráðherra getur einhliða lagt niður hvaða starfsemi sem honum sýnist í hvaða sjúkrahúsi sem er. Hann getur ákveðið að leggja t.d. niður skurðdeildir, fæðingardeildir og alla deildaskipta þjónustu á öllum sjúkrahúsum á landsbyggðinni og ákveða að þau skuli öll verða elliheimili frá og með því, langlegudeildir fyrir aldraða. Til dæmis Sjúkrahúsið á Húsavík, hæstv. samgrh. (**Samgrh.:** Það er gott sjúkrahús.) Já, það er gott sjúkrahús og við viljum hafa það þannig áfram, er það ekki? En við kærum okkur ekki um að sett sé inn í lagasafnið að ráðherra geti gert bókstaflega það sem honum sýnist.

Hvað liggur hér á bak við, herra forseti? Meðal annars það að spara á 160 millj. án þess að það sé útskýrt nokkurn skapaðan hlut. Sá orðrómur fer auðvitað eins og eldur í sinu um allt land að þessar 160 millj. eigi fyrst og fremst að koma af sjúkrahúsunum á landsbyggðinni á grundvelli þessarar heimildar. Vegna þess að menn leggja ekki í þá pólitísku erfiðleika að standa eins og menn við sínar ákvarðanir og ræða þær á Alþingi, þá eigi að gera þetta með reglugerðum þegar búið er að loka fjárlögunum. Þá megi menn nöldra á Húsavík, Blönduósi, Sauðárkróki, Patreksfirði og annars staðar þar. En það er, eins og kunnugt er, búið að heilaþvo

menn af því að útgjaldavandinn í heilbrigðisgeiranum snúist fyrst og fremst um að þjónusta er veitt úti á landi. Maður eftir mann talar sig hásan um það að vandamálin séu þau að veitt sé t.d. sjúkrahússþjónusta á Austurlandi. Það voru gerðar miklar skýrslur, gular, bláar, gráar, og guð má vita hvað, um hversu nauðsynlegt sé að leggja niður eitthvað af þessari starfsemi úti á landi.

Einu sinni var gerð skýrsla um Reykjavík og hvað kom út úr henni? Lang, langstærsta talan sem hægt er að spara í íslenska heilbrigðiskerfinu, hvar er hún? Hún er í Reykjavík. Með því að sameina sjúkrahúsin hér og hætta að láta þau keppa innbyrðis og kaupa tvö sett af öllum dýrustu lækningatækjum landsins. En aldrei má nefna það. Nei, vandinn liggur á landsbyggðinni. Það er búið að ákveða það. Vandinn liggur t.d. í því að sjúkrahús skuli vera á Ísafirði og Neskaupstað, jafngáfulegt og það væri að leggja niður þá þjónustu þó ekki væri af neinum öðrum ástæðum en vegna almannavarna og öryggissjónarmiða þar.

Ég mótmæli þessari grein, herra forseti. Það er alger ósvinna að gera grundvallarbreytingar á löggjöf og stjórnskipan heilbrigðismálanna með þessum aðferðum. Að læða því inn í eina ræfilslega grein í bandormi og ætla að sleppa þannig frá málunum án þess að segja orð um hvaða beinar breytingar eru í farvatninu hvernig á að spara þessar 160 millj. og hvaðan þær verða teknar. Þetta gengur ekki, hæstv. heilbrrh. Ég spái að þetta fari út úr frv. núna eins og það gerði í fyrra og farið hefur fé betra.

Herra forseti. Meginsparnaðurinn á hins vegar að koma frá sama stað og venjulega — með niðurskurði á vegafé. Af þessum 1.400 eða 1.600 millj., sem eru í bandorminum, kemur meira en helmingurinn frá Vegagerðinni einni. Það á að taka hátt á níunda hundrað millj. kr. af mörkuðum tekjum Vegagerðarinar til framkvæmda og láta þær renna í ríkissjóð.

Ég skora á hæstv. forsrh. að endurskoða þessa tölu, ekki síst í ljósi nýjustu atburða. Þessi skerðing mundi duga langleiðina ef ekki alveg, til að mæta öllum áföllnum kostnaði vegna náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi. Ég held að við hljótum að þurfa að endurskoða hluti af þessu tagi þegar við stöndum frammi fyrir breyttum aðstæðum. Ekki er sanngjart að láta það koma niður í formi niðurskurðar framkvæmda í öðrum landshlutum sem menn hafa lengi beðið eftir. Ég tel þess vegna að gera eigi þá eðlilegu breytingu á að taka út þessa skerðingu og nota það fé til að endurbyggja mannvirkin á Skeiðarársandi, veg og brýr, eftir því sem ákveðið verður. Við getum þá huggað okkur við að ekki þarf að fara í sérstaka skattlagningu annars staðar til þess. Vilji menn afla teknanna á móti fyrir ríkissjóð eru hæg heimatökin að gera það með hinu almenna tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Ég skal með glöðu geði greiða atkvæði með hæstv. forsrh. t.d. með því að hækka lítillega tekjuskatt á hagnað fyrirtækja til að vega upp á móti þessu. Þau hafa haft ágæta afkomu síðustu missirin og bólgnað mörg hver út af peningum eins og kunnugt er. Og ekki ætla þau að hækka mikið kaupið ef marka má þær viðmiðanir sem vinnuveitendur hafa gefið út, þannig að ég held að ágætt sé að taka eitthvað af þessu í ríkissjóð og geta haldið áfram með uppbyggingu veganna í landinu.

Tvennt vil ég nefna að lokum, herra forseti. Hvort tveggja er að mínu mati smánarlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn. Það fyrra er ákvæði 25. gr. og ég segi nú bara: Litlu verður Vöggur feginn. Hversu lágt geta menn lagst? Hvað haldið þið að eigi að gera, herra forseti? Það á að afla ríkissjóði heilla 2 millj. kr. í tekjur. Það á að ná inn 2 millj., hvorki meira en minna og haldi menn sér nú fast, með því að láta menn borga sérstakt gjald fyrir að áfrýja niðurstöðum Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Menn skulu borga 120 þús. kall ef þeir vilja ekki una þeim úrskurðum sem þeir fengu. Menn eiga sem sagt að kaupa sér réttlætið ef þeir telja að á sér hafi verið brotinn réttur. 120 þús. kr. kostar réttlætið hjá hæstv. ríkisstjórn. Það er gott að loksins er búið að finna upp mælikvarða til að leggja mælistiku yfir réttlætið.

Þá kemur að því síðasta, herra forseti, og þar hefur nú ríkissjóður heldur betur komist í feitt. Það á að hætta að endurgreiða hluta af kostnaði við refaeyðingu, hvorki meira né minna en heilar 19 millj. Þannig að aumingja Þingvallahreppur, sem að sögn fróðra manna setti 10% af bruttótekjum sínum í þetta í fyrra, getur borið þetta sjálfur. Þar hafa þeir heldur betur fundið breiðu bökin, hæstv. ráðherrar, í Þingvallahreppi.

[15:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi umræðunnar fara þess á leit að kallað verði á hæstv. menntmrh. Hér er þvílíkt mál á ferð, sem varðar hans ráðuneyti, að óhjákvæmilegt er að fá hann til þessarar umræðu.

Það er mjög margt í frv. sem vert er að ræða og mismunandi stór mál. Ég vil byrja á að nefna 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að 150 millj. kr., sem eiga að renna til endurbóta á menningarbyggingum og menningarstofnunum, renni í ríkissjóð og ég spyr: Hvað um þá miklu þörf sem er á endurbótum? Ég veit ekki betur en boðað sé í fjárlagafrv. að t.d. eigi að hefja endurbætur á Stjórnarráðshúsinu. Eitthvað kostar það. Bessastaðir hafa kallað á miklar fjárveitingar og ég hefði haldið að ekki veitti af peningunum í þennan sjóð. Ég lýsi furðu minni á því hvernig menn höggva í þennan knérunn ár eftir ár og eru svo að sækja sér aukafjárveitingar annars staðar. Þetta vekur upp þá spurningu, hæstv. forseti: Hvað er að marka þá stefnumörkun að eyrnamerkja fé? Hvers vegna er ríkisvaldið eða við á hinu háa Alþingi að setja lög ár eftir ár þar sem markaðir eru ákveðnir tekjustofnar og síðan eru þeir skertir á hverju einasta ári, hver á fætur öðrum? Ég held að rétt væri að við hættum þessu og mundum ákveða á fjárlögum á hverju ári hversu miklum peningum skuli varið í einstaka málaflokka heldur en brjóta og afturkalla lögin með þessu móti sem gert er ár eftir ár. Þetta er þvílík vanvirðing við lagasetningu að ég held að við ættum að hætta þessu.

Þá kem ég að málinu sem snertir menntmrh. Hann er kominn hingað og ég þakka honum fyrir að mæta til umræðunnar en það er hinn svokallaði fallskattur, 1.500 kr. gjald sem á að leggja á nemendur í framhaldsskólum landsins ef þeir eru svo óheppnir að falla á prófi. Samkvæmt frv. er markmiðið með þessu að reyna að auka aðhald í skólunum, reyna að ýta undir að nemenedur standi sig og er auðvitað gott og gilt. En skólarnir hafa ýmsar aðrar leiðir til að auka aðhald en þá að láta nemendur borga fyrir að falla á prófum. Mér finnst þetta svo fráleitt og ég er í hjarta mínu svo hneyksluð á þessu að ég á ekki orð. Það á að skattleggja þá sem standa verst að vígi. Ég vil benda á að t.d. í Menntaskólanum í Hamrahlíð hefur verið unnið að því á undanförnum árum að byggja upp nám fyrir fatlaða nemendur. Eini skólinn sem hefur einbeitt sér að því að byggja upp nám fyrir fatlaða nemendur. Þeir nemendur standa margir hverjir þannig að vígi að þeir þurfa að taka marga áfanga tvisvar. Námið er einfaldlega þannig að þeir eiga erfitt með að ná því á þeim

hraða sem boðið er upp á eða þeir ná ekki áföngunum og taka þá tvisvar. Er það virkilega meining hæstv. menntmrh. að fara að skattleggja fatlaða nemendur sérstaklega og þá sem eiga af öðrum orsökum erfitt um nám?

Gallinn í okkar framhaldsskólakerfi er sá að skólarnir bjóða ekki upp á nógu fjölbreytt nám. Hér er enn ein tilraunin til að þrengja þann farveg, gera nemendum erfiðara fyrir. Greint er á milli bekkjarskóla og áfangaskóla og ég fæ ekki betur skilið þessi áform en sem enn eitt dæmið um fjandskap þessarar ríkisstjórnar við áfangaskólana. Ég fæ ekki betur séð. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvaða greinarmun á að gera á áfangaskólanum og bekkjarskólanum? Þar eru mismunandi kerfi en það eru endurtekningarpróf í báðum þessum tegundum af skólum. Hvernig mun þetta bitna á nemendum? Það er ljóst að ákveðinn hópur nemenda mun lenda í því að borga þetta. Einhver hópur mun taka sig á og er það út af fyrir sig gott þó að ég endurtaki að skólarnir hafa aðrar leiðir til þess. En hvað um kennarana? Þeir semja prófin og eiga að standa frammi fyrir að vega og meta nemanda sem viðkomandi kennari veit að stendur illa að vígi bæði félagslega og í námi. Kennarinn þarf að vega og meta: Á hann að sleppa þessum nemanda í gegn eða ekki? Mér finnst þetta andstyggilegt, ég verð bara að segja það fullum fetum.

Hvað ef skólarnir ná ekki þessum tekjum? Það er verið að hækka sértekjur skólanna allnokkuð. Ég tek tvö dæmi af handahófi. Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum á að afla sér 2 millj. til viðbótar vegna þessa skatts, Menntaskólinn í Hamrahlíð rúmlega 5 millj. Hvað ef aðhaldið verður svona gífurlegt eins og menntmrh. vonast eftir að skólarnir ná ekki þessum sértekjum, nemendur einfaldlega falla ekki í jafnríkum mæli, skólarnir ná ekki þessum sértekjum? Þá er bara gat. Þá er gat þar sem vantar í reksturinn. Þó það þurfi kannski ekki eins mörg próf, þá verða alveg örugglega nemendur sem falla í stærðfræði og efnafræði og jafnvel sögu. Það er töluvert um það að nemendur falli í sögu og auðvitað öllum greinum, ensku, dönsku, frönsku, þýsku og hverju sem er. Það er einfaldlega þannig að nemendum gengur misjafnlega við sitt nám. Vandinn felst í því að það vantar aukna fjölbreytni, það vantar aukið starfsnám og verknám, eins og margoft hefur komið fram í máli hæstv. menntmrh. hefur bara ekkert bólað á fjárveitingum til að bæta og auka kennslu. Það er frekar að það sé verið að skera niður og fækka. Nei, skólarnir eiga að skattleggja nemendur sem falla og eiga í erfiðleikum um 32 millj. kr. Ég mótmæli þessu harðlega og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að draga þennan ósóma til baka.

Tíminn er skammur og ég ætla að víkja að öðru atriði sem snýr að hæstv. félmrh. sem er ekki hér mættur. Það er starfsmenntun í atvinnulífinu. Þar er enn ein hringavitleysan á ferð. Þar er verið að blanda saman allsendis óskyldum málum, verkefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs og starfsmenntun í atvinnulífinu sem hefur verið fjármögnuð og er styrkir til ýmiss konar fyrirtækja til að efla starfsmenntun, auka við hæfni starfsfólks og er menntun sem kemur atvinnuleysi ekkert við. Með einni hendinni er verið að taka verkefni af Atvinnuleysistryggingasjóði sem voru sett þar inn einhvern tíma fyrir langalöngu þegar atvinnuleysi var lítið, þ.e. kjararannsóknarnefnd og eftirlaun aldraða sem voru greidd úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það er verið að færa þetta núna út vegna þess að menn segja sem svo: Þetta á alls ekki heima þarna. En í staðinn á að setja inn starfsmenntun í atvinnulífinu sem kemur atvinnuleysi ekkert við eins og ég sagði áðan og hins vegar styrkjum til atvinnusköpunar kvenna sem er heldur ekki atvinnuleysismál. Þarna er verið að blanda saman ólíkum málum. Þetta er auðvitað spurning um menntastefnu og ekki vantar nú fögru orðin um framtíðina og það hvernig þurfi að búa sig undir upplýsingaþjóðfélagið, auka og bæta starfsmenntun. Nei, það er farið að blanda þessu inn í atvinnuleysismálin. En í raun felst breytingin í því að í stað þess að ríkið hafi veitt fjármagn til starfsmenntunar í atvinnulífinu, er verið að færa þetta yfir á atvinnulífið sjálft. Það á að borga vegna þess að það greiðir með hluta tryggingagjalds inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Mér finnst þetta því vera fráleitt mál og ég bendi á að bæði Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið leggjast alfarið gegn þessu vegna þess að þetta er fyrst og fremst spurning um menntastefnu. Og ég auglýsi enn og aftur: Hvar er menntastefna þessarar ríkisstjórnar? Hvar er hún stödd? (**Gripið fram í:** Hvar er menntmrh.?) Ég sé hann í hliðarsal þannig að hann heyrir hvað hér er til umræðu. Þetta tengist menntamálum. Þessi sérstaki liður heyrir að vísu undir félmrn. og hér var mikil rimma um það fyrir nokkrum árum undir hvaða ráðuneyti þetta ætti að falla. Hér er sem sagt um hið versta mál að ræða. Ég tek undir það með Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu og bæti því við að það kom fram á fundi í félmn. að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er lítt hrifin af því að fá þessi verkefni til sín. Menn fullyrtu að stjórn sjóðsins hefði engar forsendur til að veita styrki til endurmenntunar og uppbyggingar í atvinnulífinu. Þetta eru bara gjörólík og óskyld mál.

Ég vil vekja athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir því að atvinnuleysisbætur hækki um 2%. Ég spyr nú hvað er hér á ferð? Ég man ekki betur en það sé almennt í fjárlagafrv. gert ráð fyrir því að laun hækki um 3–3,5%, 3,7% hefur maður séð einhvers staðar í tölum. Af hverju er ekki samræmi í þessu? Af hverju er ekki reiknað með því að atvinnuleysisbætur hækki til samræmis við annað? Er nú komið hér enn eitt dæmið um vanáætlanir af hálfu ríkissjóðs og hálfu ríkisstjórnarinnar? Og svo á að koma í aukafjárlögum og ná í það sem á vantar vegna þess að það getur ekki verið ætlunin að hækka atvinnuleysisbætur minna en annað. Það getur ekki verið meiningin. Ég trúi því ekki.

Þá kem ég að stóra málinu, hæstv. heilbrrh. Nú vil ég ítreka það í upphafi að ég er sammála hæstv. heilbrrh. hvað það varðar að uppstokkun þarf að eiga sér stað, bæði í heilsugæslu og við sjúkrahús úti á landi og það að skoða samvinnu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ég veit ekki betur en að nefndir séu starfandi á vegum heilbrrn. Ég sit í einni sem er að fjalla um forgangsröðun. Önnur nefnd er að fjalla um skipulag heilbrigðismála og það er verið að vinna að ýmsu á vegum ráðuneytisins. Hvað á það þá að þýða að stökkva hér fram fyrir og fara fram á það í þessum lagagreinum að hæstv. heilbrrh. fái nánast alræðisvald í þessum málum? Út frá sjónarmiði löggjafans og því að hér á Alþingi er rædd stefnumörkun, þá finnst mér þetta algerlega forkastanlegt og ég mótmæli þessu harðlega. Ég mótmæli því harðlega að heilbrrh. fái bara upp úr þurru heimildir til þess að sameina og sundra, fækka stjórnum og ég veit ekki hvað og hvað, upp á sitt einsdæmi. Af hverju í ósköpunum kemur hæstv. heilbrrh. ekki með frumvörp um þessi mál þannig að við getum farið rækilega í gegnum þetta og markað stefnu? Ég get alveg skilið það og veit að auðvitað er mikil tregða við að taka á þessum málum. Það vill enginn missa neitt af sínu. Það er algerlega ljóst. Menn gleyma því að við erum ekki

nema 270 þúsund manns í þessu landi og við getum ekki haft yfir okkur endalausa og útþanda yfirbyggingu. Við þurfum, ekki síst vegna framtíðarinnar og þess mikla kostnaðar sem er fram undan í heilbrigðismálum, að skipuleggja okkar heilbrigðismál á eins hagkvæman hátt og við mögulega getum. En við eigum að ræða það. Við eigum að fara hina eðlilegu leið og marka stefnu á hinu háa Alþingi, ekki að veita hæstv. heilbrrh. það mikla vald sem hér er gert ráð fyrir. Þetta fór út úr þessu frv. í fyrra og hvers vegna í ósköpunum hefur tíminn ekki verið notaður, hæstv. forseti. Hvers vegna hefur tíminn ekki verið notaður til að marka stefnu og reyna að koma þessum málum í frumvarpsform ef það er vilji hæstv. heilbrrh. að gera breytingar í þessa veru þannig að málin fái eðlilega umræðu og eðlilega umfjöllun?

Ég hef ekki skoðað afleiðingar 18. gr. — þetta kom mér svo á óvart þegar ég las þetta. Ég held að það hafi bara verið í gær — með það að setja eina stjórn yfir allar heilsugæslustöðvarnar í Reykjavíkurhéraði. Ég get tekið undir það að þarna er um ákveðna miðstýringu að ræða og við erum að tala um mjög stórt heilsugæslusvæði. Ég skil það þannig að meiningin sé sú að ná fram sparnaði með því að fækka stjórnendum. En ég held að þetta sé mál sem við þurfum að skoða mjög rækilega.

Herra forseti. Ég vil fá að beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh. hvort þetta hafi verið sett fram í samráði við borgarstjórn Reykjavíkur, sem auðvitað á að gæta hagsmuna okkar Reykvíkinga eins og við þingmenn Reykjavíkur. Ég áskil mér allan rétt til þess að skoða rækilega hvað þetta þýðir. Svo að ég snúi aftur að 15. gr. þar sem verið er að tala um að þar sem aðstæður leyfa skuli heilsugæslustöð og sjúkrahús rekið sem ein stofnun undir einni stjórn. Ég spyr: Er hér fyrst og fremst verið að hugsa um landsbyggðina eða nær þetta t.d. til heilsugæslustöðvarinnar í Fossvogi sem er inni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, inni á Borgarspítalanum? Hver er eiginlega meiningin? Ég tek undir það að þarna er um ólíka starfsemi að ræða, en auðvitað er hægt að hafa mjög nána samvinnu og að nýta sér t.d. rannsóknir á sjúkrahúsinu þannig að ég er ekkert frá því að þetta sé mjög eðlilegt fyrirkomulag, en það þarf bara að ræða það og kanna.

Tími minn er mjög að styttast, herra forseti. En að mínum dómi er kaflinn sem snýr að heilbrigðismálunum algert stórmál og ég harma að hæstv. heilbrrh. skuli ekki hafa komið með sérstök frv. og leitað sér stuðnings með eðlilegum hætti í því að endurskipuleggja og breyta heilbrigðiskerfinu sem ég segi enn og aftur að mikil þörf er á.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, svo að ég víki að örfáum þáttum til viðbótar, enn einu sinni að taka stóran hluta af vegafé inn í ríkissjóð. En ég spyr: Hvaða áhrif munu náttúruhamfarirnar á Skeiðarársandi hafa á þau áform? Það er alveg augljóst að óvæntur og mikill kostnaður mun bætast við hjá Vegagerðinni. En þarna er auðvitað þetta sama sem ég nefndi í upphafi. Þarna eru eyrnamerktir peningar sem eiga að renna til ákveðins málaflokks sem síðan er verið að klípa endalaust af og það meira að segja stórfé, 856 millj. í þessu tilviki sem er töluvert meira en gert var á síðasta ári.

Rétt undir lokin varðandi gjaldið sem þeir þurfa að greiða sem telja sig verða fyrir órétti vegna dóma eða hvað á ég að segja, úrskurða Samkeppnisstofnunar. Þeir eiga að borga 120 þús. kr. fyrir að leita réttar síns. Mér þætti nú gaman að vita það hvort þetta stenst mannréttindasáttmála. Fólk sem fær á sig nánast dóm, leitar réttar síns og er gert að greiða gjald fyrir þá ákvörðun að sætta sig ekki við dóminn. Hugsanlega verður niðurstaðan sú að þeir hafi verið órétti beittir, að niðurstaða Samkeppnisstofnunar hafi ekki verið rétt. Mér finnst þetta alveg furðulegt ákvæði og þetta stríðir alveg gjörsamlega gegn minni réttlætiskennd. Það verður að kanna í hv. efh.- og viðskn. hvort þetta hreinlega stenst lög og sáttmála sem við erum aðilar að um réttarvernd og rétt einstaklinganna til að ná fram réttlæti. Ég mótmæli líka þessu ákvæði. Mér finnst þetta alveg fráleitt.

Að lokum vil ég vera á allt annarri skoðun en síðasti ræðumaður hvað varðar eyðingu refa. Ég hef lengi verið ákaflega hrifin af íslenska refnum og finnst að hann eigi sinn rétt hér á landi eins og við og hef oft verið harmi slegin yfir þeim ofsóknum sem íslenski refurinn sætir. Ég held að oft hafi verið gert allt of mikið úr því tjóni sem hann veldur og hef stundum verið að velta því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort menn hafi ekki verið að rugla saman úlfum og refum þegar þeir komu frá Noregi og gert helst til mikið úr hættunni af refnum. En sá stuðningur sem ríkið hefur veitt sveitarfélögunum við eyðingu refa og minka hefur verið skorinn niður ár eftir ár. Það þarf að halda áfram að vinna á minknum en mér þykir ákaflega vænt um refinn og vil vernda hann.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að mótmæla því að afstaða mín í þessu máli til eyðingar refa mótist af einhverri andúð á íslenska refnum. Það er síður en svo. Mér þykir afar vænt um dýrið og stúderaði það meira að segja fyrr á öldinni eins og einhverjir mundu segja. Ég kann ennþá latnesku fræðiheitin á heimskautaref og rauðref: alopex lagopus og vulpes vulpes og allt hvað er ef hv. þm. er einhverju nær. En málið er að því miður er óhjákvæmilegt að halda þessu dýri í skefjum. Það hefur reynslan sýnt miðað við önnur sjónarmið og vegna þess að hann er vargur í véum á köflum.

Mergurinn málsins er sá að þetta snýst alls ekki um líffræðilegan þátt málsins. Það er ekki endilega ætlunin að draga neitt úr eyðingu refa. Spurningin hér er bara um kostnað, að velta honum yfir á nokkur fámennustu og strjálbýlustu sveitarfélög landsins. Ef þetta væri tengt ákvörðun um að hætta allri refaeyðingu í 10 ár eða eitthvað því um líkt félli kostnaðurinn að sjálfsögðu niður. En þetta snýst ekki um það. Það er gallinn. Hafi menn áhyggjur af því að útgjöld hafi farið þarna úr böndunum, að það fyrirkomulag sem við lýði er einkennist um of af því að menn geti skrifað reikninga á ríkið, svona eins sumir eru sagðir skrifa á Tryggingastofnun er hægt að breyta því. Ég hef heyrt marga tala um að út af fyrir sig mundu þeir alveg sætta sig við að þátttaka ríkisins væri bundin í formi fastrar upphæðar á hvert eitt dýr. En að gera þetta svona finnst mér mjög lítilmótlegt vegna þess að nokkur fátækustu og afskekktustu og strjálbýlustu sveitarfélög landsins mega ekki við miklu og þetta er satt best að segja ekki mjög stórmannlegt. En afstaða mín byggist á þessu en ekki andúð eða andstöðu við íslenska refinn nema síður sé.

[15:32]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þingmaðurinn er ekki mjög andvígur íslenska refnum og jafnvel hrifinn af honum. Það er alveg rétt að fyrst og fremst er verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélög. Þetta er gamalt ákvæði sem við höfum fengið hér ár eftir ár og höfum gagnrýnt því eftir sem áður hafa sveitarfélögin ákveðna skyldu í þeim efnum og þá er

nær að aflétta þeim skyldum ef menn vilja friða refinn í auknum mæli. Ég var aðeins að fara inn á léttari nótur í lokin og auðvitað munum skoða þetta mál rækilega í hv. efh.- og viðskn.

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða um refinn heldur þær greinar sem að mér snúa varðandi heilbrigðismálin. Hv. þm. var meira sammála mér en ósammála varðandi þessar greinar. Hún talaði um mikilvægi þess að hagræða og sameina og gert er ráð fyrir því í þessum greinum og þá sérstaklega 19. gr. Af hverju kemur þetta til? Það kemur til vegna þess að við höfum verið í viðræðum við ýmsar sjúkrastofnanir, við sveitarfélög varðandi samhæfingu sjúkrastofnana. Á Suðurnesjum er t.d. áhugi að sameina Garðvang í Garði og Sjúkrahúsið í Keflavík. Það er eitt dæmi. Til þess þarf lagastoð. Á Austurlandi er mikill áhugi fyrir því að samhæfa sjúkrastofnanir og þannig náum við meiri hagræðingu. Með breyttum og bættum samgöngum er þetta einfaldara og auðveldara og gert er ráð fyrir því að Samband íslenskra sveitarfélaga komi þar að málum þannig að sveitarstjórnarmenn geti haft áhrif á þessa samræmingu.

Fleira kom fram í máli hv. þm. Hún hafði m.a. áhyggjur af því að með 15. gr. væri verið að sameina t.d. heilsugæsluna í Fossvogi og Sjúkrahús Reykjavíkur. Það er alls ekki það sem þar er átt við heldur fyrst og fremst að í litlum heilsugæslustöðvum úti á landi, sem eru samreknar sjúkrahúsum, komi meiri samræming inn en nú er.

Varðandi það að í 18. gr. er talað um að aðeins ein stjórn verði yfir heilsugæslunni á Reykjavíkursvæðinu þá er mjög eðlilegt einmitt í þessari samræmingu að heildaryfirsýn sé yfir heilsugæsluna hér á Reykjavíkursvæðinu.

[15:35]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að eðlilegt sé að fækka þessum heilsugæslustjórnum og það muni bæta þjónustuna. Ég veit það ekki, ég geri mér ekki grein fyrir því, og hæstv. heilbrrh. svaraði því ekki hvort eitthvert samráð hefði verið haft við Reykjavíkurborg hvað þetta varðar. Ég veit að sem betur fer er áhugi á því að sameina heilbrigðisstofnanir og að vinna meira saman. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um þá aðferð að koma með málið inn í þessum bandormi sem gefur ekki nokkra einustu möguleika á því að fara rækilega ofan í þessi mál og að raunveruleg stefnumörkun eigi sér stað. Hér er verið að veita hæstv. heilbrrh. mjög miklar heimildir til þess að gera breytingar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og ég tek undir það að ég held að það þyrfti að gera það í samráði við miklu fleiri. Það er fyrst og fremst sú leið sem hér er farin í lagasetningu þar sem er um grundvallarstefnumörkun að ræða. Mér finnst þetta mjög óeðlileg aðferð og tel að hæstv. heilbrrh. hefði átt að koma með málin hvert í sínu lagi eða sem heild ef það á við og þau fengju rækilega umfjöllun og meðferð. Við vitum að þetta tengist allt fjárlögunum. Þetta verður allt að afgreiða fyrir jól og það er auðvitað enginn tími fyrir svona stór mál. Ég vek athygli á því sem kom fram hér áðan í máli hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, sem mótmælti þessum greinum þannig að ekki er einu sinni samstaða í ríkisstjórnarflokkunum um að fara svona að. Þar var bent á miðstýringaráráttu hæstv. heilbrrh. Hér er um ágreiningsmál og stórmál að ræða.

[15:37]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég byrja á því að taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram varðandi þau vinnubrögð sem felast í frv. eins og því sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Hér er lagt til, herra forseti, að við gerum á einu bretti breytingar á 17 lagabálkum, þar af 13 varanlega. Þetta er auðvitað ekki bjóðandi og sú umræða sem nú þegar hefur farið fram um heilbrigðismálin og þær viðamiklu breytingar á stjórnkerfi heilbrigðismála, sem hér er verið að leggja til, ættu að sýna mönnum hversu fráleit þessi aðferð er. Einmitt þar, í heilbrigðismálunum, væri þörf á sjálfstæðri umfjöllun vegna þess að við erum að tala um stórmál. Við eru að tala um mál sem varða ekki bara Samband ísl. sveitarfélaga heldur ýmsa fleiri og mál sem verðskuldar þá virðingu að vera borið fram í sérstöku frv. Mig grunar, herra forseti, að það sé víðar svo en í menntmn. að ríkisstjórnin sé ekki búin að setja fram mörg mál á hv. Alþingi sem þarfnast skoðunar í nefnd. Ég velti því fyrir mér hvort það er tiltekin taktík að leggja ekki fram sérstök mál heldur skella öllu inn í einn bandorm sem síðan er unninn fyrir aftan bakið á sér. Að minnsta kosti hefði mér fundist full ástæða til þess að taka hér upp sérstaka umræðu um heilbrigðismálin og stjórnkerfi þeirra. Það hefði t.d. verið fróðlegt að heyra hæstv. heilbrrh. fjalla nokkuð um hvort og þá hvernig ríkisstjórnin hefur skoðað þann möguleika að heilsugæslan verði flutt alfarið til sveitarfélaganna. Ég þekki þau svör að nú þegar sé tilraunaverkefni í gangi á Höfn í Hornafirði og að Akureyri sé að taka heilsugæsluna yfir nú um áramótin. En það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. heilbrrh. er sammála því mati fulltrúa sveitarfélaganna að það hafi beinlínis komið fram í viðræðum um þessi reynsluverkefni að fyrst þau á annað borð væru farin yfir til sveitarfélaganna kæmu þau aldrei til baka. Það segir okkur auðvitað þá sögu að það er fyrirhugað að flytja þennan málaflokk yfir fyrr en síðar. Þetta hefði þurft að ræða hér, ekki inni í einhverjum bandormi, eins og þetta sé eitthvert aukaatriði, heldur sem það stórmál sem það vissulega er. Ég vil því, herra forseti, mótmæla þessum vinnubrögðum og óska eindregið eftir því að þau verði ekki viðhöfð aftur að ári. Að sú ríkisstjórn sem þá situr sé svo vönd að virðingu sinni að hún leggi stórmálin fram í sérstökum frumvörpum.

Síðan vil ég, herra forseti, víkja að nokkrum atriðum þess frv. sem hér liggur fyrir. Nokkrum þeim atriðum sem mér er unnt að fjalla um efnislega á þessu stigi máls vegna þess að, eins og fram kom í máli mínu áðan, er greinilega ekki gert ráð fyrir því að menn hafi hér tóm til þess að kynna sér mál sérstaklega. Það er þá fyrst 2. gr. sem fjallar um breytingu á lögum um framhaldsskóla. Þegar í umræðunni hafa ýmis orð verið látin falla um þá stefnu að fara að innheimta sérstaklega 1.500 króna gjald af þeim sem falla á prófum. Um þetta er hægt að hafa ýmis fleiri orð og ég verð að segja að mér fannst fráleitt of sterkt tekið til orða hér fyrr í dag um þessa hugmynd. Yfirskin gjaldtökunnar er aðhald en raunverulegt innihald er auðvitað tekjuöflun. Tekjuöflun upp á rúmar 30 milljónir. Hér hefur fundist nýr tekjustofn, tekjustofn sem er bein afleiðing af því hvernig skólakerfið er byggt upp og stjórnvöld geta beinlínis ráðið hversu stór er árlega með framlögum sínum að öðru leyti til framhaldsskólanna. Það er nefnilega svo merkilegt að það sem menn nefna í rökstuðningi fyrir því að taka upp þetta gjald er hið mikla brottfall nemenda úr framhaldsskólum og

endurtekning prófa. Halda menn að hin raunverulega ástæða brottfalls úr íslenskum framhaldsskólum sé það að menn hafi ekki verið látnir borga fyrir prófin? Þetta er svo fráleitt að varla er hægt að taka þátt í umræðunni. Af hverju ráðast menn ekki að rótum þessa vanda sem er sá að skólakerfið hefur ekki mætt þörfum þess breiða fjölda sem inn í framhaldsskólana sækir? Framhaldsskólunum hefur verið gert að taka við öllum án þess að þeir hafi fengið fjármuni til þess að sinna þeim mismunandi kröfum og þeim mismunandi þörfum sem því fylgja. Síðan á að skattleggja þessa nemendur sérstaklega fyrir það að skólinn hefur ekki getað mætt þörfum þeirra. Þetta er sérstök skólastefna, ég verð að segja það. Ekkert bendir til þess að þetta eigi að breytast í ár vegna þess að niðurskurðurinn til framhaldsskólanna er meiri en nokkru sinni fyrr. En það er ástæða fyrst tilefni gefst til, herra forseti, að geta um það að ekki er verið að byrja að skera niður í framhaldsskólum landsins með þessum fjárlögum eða því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir. Að því hefur verið látið liggja en það er ekki svo. Því miður hefur linnulaust verið skorið niður á framhaldsskólastiginu. Það hefur m.a. komið í veg fyrir að verkmenntun hafi náð að þróast hér. Þar skal enn höggvið í sama knérunn — nú var ég næstum búin að segja það sem Stefán heitinn Jónsson hafði gjarnan að orðtaki í þessu sambandi, sem var sama hnérörið. En það er svona þegar maður skemmtir sér við að snúa út úr þá getur maður lent illa í því. En þetta er skelfileg staða sem við stöndum frammi fyrir gagnvart framhaldsskólunum. Það var varað við því sérstaklega þegar framhaldsskólalögin voru samþykkt á Alþingi sl. vor að framkvæmdin yrði ekki hafin með niðurskurði. Þær viðvaranir voru hafðar að engu og það er ekki bara skorið niður heldur á nú að fara að skattleggja nemendur sérstaklega vegna þeirrar skólastefnu sem stjórnvöld hafa rekið.

Það er heldur ekki ljóst hvernig þetta mun virka. Það er nokkuð ljóst að aðferðirnar verða að vera ólíkar vegna mismunandi gerðar skólanna og auðvitað óttast menn að þetta muni koma mjög mismunandi niður. Það er líka alveg klárt að „elítuskólarnir", gömlu menntaskólarnir sem hafa valið sér nemendur, eru í allt allt annarri stöðu gagnvart þessu gjaldi en þeir skólar sem hafa talið sér skylt að fara eftir lögunum og taka við öllum sem sótt hafa um inngöngu. Ég álít sem sé, herra forseti, að hér sé verið að fara inn á mjög alvarlega og vafasama braut og vænti þess að hv. menntmn. í góðri samvinnu við Alþingi fái hér nokkru um breytt.

Ég vil síðan gera að umtalsefni þær greinar sem snúa að starfsmenntun í atvinnulífinu og Atvinnuleysistryggingasjóði. Í bandormi sem var borinn fram fyrir um það bil ári var tryggingagjaldinu breytt þannig að tekin var ákvörðun um að hluti þess rynni í Atvinnuleysistryggingasjóð, að tryggingagjald fjármagnaði Atvinnuleysistryggingasjóð. Þegar ákvörðunin var tekin og það stendur beinlínis í lögunum að ef atvinnuleysi yrði minna en þá var miðað við átti að líta til þeirrar skýrslu sem sjóðurinn gæfi fjmrh. árlega varðandi fjárhagslega stöðu og skýrslu Þjóðhagsstofnunar um atvinnuleysi. Ef niðurstaða gæfi tilefni til að breyta hundraðshluta atvinnutryggingagjaldsins þá skyldi fjmrh. flytja frv. þar að lútandi á Alþingi. Ef sú upphæð sem átti að renna til atvinnutryggingagjaldsins, sem hluti af tryggingagjaldi, yrði of há vegna þess að atvinnuleysi færi minnkandi ætti að breyta þeirri tölu hér á Alþingi. Þá hefði mátt ætla að um það væri flutt frv. á Alþingi nú vegna þess að spáin segir að atvinnuleysi verði minna ef ég hef skilið stjórnvöld rétt og þau guma af. En hvað er gert? Það er ekki gert heldur er flutt annað frv., þ.e. hluti þessa bandorms fjallar um að starfsmenntun í atvinnulífinu og stuðingur við konur og þá atvinnustarfsemi þeir þær hafa verið að byggja upp víða um land, skuli fjármagna af því sem fram yfir kann að vera. Í rauninni er þannig búið að fara bak við bæði það sem var sagt í fyrra og stendur í lögunum um tryggingagjald.

Ég held að ótti manna hafi líka komið fram fyrir ári, þegar þessi mál voru rædd, um að ekki yrði endilega farið eftir því þó að þarna væri talað um tiltekinn hundraðshluta sem ætti að breytast árlega eftir því hvernig atvinnuleysi væri hér á landi. Ári síðar er staðfest að ekkert verður gert með þetta heldur á að nýta gjaldið til þess að fjármagna annað það sem hefur verið fjármagnað með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þessi tvö mál, starfsmenntun í atvinnulífinu og fjölgun atvinnutækifæra fyrir konur, einkum á landsbyggðinni eins og það byrjaði, á nú að vera hluti af starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta er ekki lengur hluti af atvinnustefnu, ekki lengur hluti af menntastefnu heldur hluti af þeirri félagslegu samhjálp sem við höfum samþykkt að hafa í samfélagi okkar. Það er grundvallarmunur á þessu enda eins og hér hefur komið fram eru þeir aðilar, sem sömdu um þetta í kjarasamningum á sínum tíma — vegna þess að lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu voru liður í lausn kjarasamninga á sínum tíma — hreint ekki sáttir við þessa ráðstöfun og þeir sem láta sér annt um endurmenntun, um símenntun, um menntastefnu í samfélagi okkar, hljóta líka að vera mjög ósáttir við þá ráðstöfun sem hér er verið að gera. Þetta á einfaldlega ekki heima inni í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta er ekki hluti af ráðstöfunum vegna atvinnuleysis. Þessi menntastefna, þessi atvinnustefna byggir á einhverjum misskilningi sem verður vonandi hægt að leiðrétta.

Þetta er líka menntastefna sem fer svolítið á skjön við þá menntastefnu sem var kynnt og rædd á menntaþingi nú í haust og það á einnig við um framhaldsskólann. Þar var glæsileg dagskrá í boði og haldnar voru hátíðlegar ræður, margar hinna merkustu. Ég reyndi að sitja á þessu þingi sem ég gat, bæði í tjaldi og í húsi, en það verður að segjast eins og er að merkasti hluti þessa þings, því það var ekki bara í tvennu lagi heldur í þrennu lagi, fór fram á göngum Háskólabíós. Þar voru menn ekki að taka þátt í hinum hástemmdu ræðum eða hinum glæsilegu lýsingum á menntakerfinu sem menn vildu sjá. Þar voru menn að tjá ótta sinn vegna þess sem þeir þóttust sjá fram undan í menntamálum þjóðarinnar ef það frv. til fjárlaga eða þær fyrirætlanir um niðurskurð og aðhald og þrengingar og breytingar sem menn sáu fyrir næðu fram að ganga. Það þing sem fór fram á göngum, það var einatt fátt í sölum eins og menn þekkja, var að ræða um allt aðra menntastefnu en þá sem þingið fjallaði um. Það var að ræða um veruleikann. Hann er því miður allur annar. Það er líka afar slæmt, herra forseti, að þessi mál skuli bera að í bandormi.

Ég vil síðan að lokum fjalla örlítið um þá tilhneigingu sem er ávallt fyrir endi að velta kostnaði af ríkisvaldi og yfir á sveitarfélögin. Í þessum bandormi er verið að tala um refi. Það sem mig langar til að nefna í þessu samhengi er framkvæmd málefna fatlaðra. Það er tilfinning ýmissa sveitarstjórnarmanna að þegar að því kemur að málefni fatlaðra verði alfarið málefni sveitarfélaga, ekki bara tiltekinna reynslusveitarfélaga, verði búið að ýta býsna stórum hluta kostnaðar yfir á sveitarfélögin þannig að þau fái verkefnið með tiltölulega litlum tekjustofni. Þetta marka menn, þeir

sem sinna fræðslumálum í sveitarfélögum sínum og uppeldismálum, þetta marka þeir af því að stuðningur við börn í leikskólum, sem hafa verið greind fötluð af stofnunum hins opinbera og hafa þurft á stuðningi að halda, hefur komið úr ríkissjóði samkvæmt lögum þar til nú upp á síðkastið að þessir hlutir eru að breytast. Fötlunin hefur verið flokkuð í þrennt og svörin eru þau að nú sé einungis einn flokkurinn, sá alvarlegasti, greiddur af ríkinu. Hinum flokkunum, sem taldir eru vægari, er ýtt yfir á sveitarfélögin. Hér er ekki verið að sækja eftir lagabreytingu til þess að geta hagað hlutum svona. Hér er einungis um framkvæmd að ræða sem menn eru eðlilega afskaplega ósáttir við vegna þess að hér er um verkefni að ræða sem ljóst er að sveitarfélögin munu taka við, samanber það sem ég ræddi um áðan varðandi heilsugæsluna. Það er óeðlilegt að velta þeim kostnaði sem lögum samkvæmt á að vera kostnaður ríkisins yfir á sveitarfélögin áður en þau hafa tekið við verkefninu. Þau hafa vissulega ákveðnar skyldur við leikskólanemendur sína og sinna þeim væntanlega hvert eftir getu og áreiðanlega samkvæmt lögum en áður en þau hafa fjármuni til þess að gera betur er vart hægt að ætlast til þess.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en mun e.t.v. taka þátt í umræðunni frekar þegar á líður.

[15:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra ummæla sem fallið hafa um þá grein í þessu frv. sem lýtur að svokölluðu endurinnritunargjaldi í framhaldsskólunum vil ég taka það fram að eins og kemur fram í greinargerðinni er fyrsta markmið þessarar gjaldtöku að stuðla að því að nemendur innriti sig ekki í áfanga nema þeir séu staðráðnir í því að stunda þar nám. Þessi krafa er mjög mikilvæg í ljósi þróunar sem hefur verið hér í skólakerfinu því að innritun nemenda í nám án þess að þeir hafi fullan hug á að ljúka því hefur valdið vandræðum í mörgum áfangaskólum.

Við getum tekið annað dæmi til þess að skýra hvað í þessu felst. Í skóla úti á landi var sú regla höfð að menn gátu gengið þar í ljósritunarvél og notað hana án þess að greiða nokkuð fyrir afnotin. Síðan var sú regla tekin upp að innheimta 10 kr. gjald fyrir afnot af ljósritunarvélinni og þá snarminnkaði notkunin. Þá kom í ljós að ekki var þörf fyrir alla þá ljósritun sem var stunduð í þessari vél. Þetta er meginatriðið með gjaldtökunni, að stuðla að því að aukin hagkvæmni verði í skólakerfinu og sérstaklega í áfangakerfinu þannig að fjármunirnir nýtist vel og ekki verði stofnað til þess að menn innriti sig í áfangana án þess að ætla raunverulega að stunda þar nám. Þetta kemur fram í greinargerðinni og þetta er megintilgangurinn með tillögunni.

Hitt er ljóst að tillagan felur í sér að það eigi að setja um þetta reglur. Þær reglur verða smíðaðar og í þeim reglum verður tekið tillit til fatlaðra, sjúkra og annarra sem geta af augljósum ástæðum ekki stundað nám með sama hraða og aðrir. En menn mega ekki gleyma meginmarkmiði tillögunnar og þess vegna held ég að hún eigi fullan rétt á sér og sé bráðnauðsynleg.

[15:59]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að ég og hæstv. ráðherra séum að tala um sama hlutinn. Ég er að tala um 2. gr. þessa frv. sem hér liggur fyrir, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, og þar er eingöngu talað um að innritast í próf eða áfanga í framhaldsskóla vegna þess að það er verið að tala um prófagjald. Það er ekki verið að tala um skólagjöld. Þau eru annars staðar og ég hef heyrt þau rök sem hér voru fram borin áður um það að skólagjöldin eigi að koma í veg fyrir það að menn séu „að óþörfu“ að innrita sig í áfanga sem þeir síðan annaðhvort geta ekki eða hafa ekki aðstöðu til þess að stunda nám í. Skólagjöldin eru annað mál.

Í 2. gr., og ég hef líka þaullesið þá greinargerð sem fylgir, er bara verið að tala um þessi prófagjöld. Það er verið að tala um það ef menn þurfa að endurtaka próf eða jafnvel að endurtaka áfanga til að endurtaka próf. Það er ekki verið að ræða um skólagjöld almennt séð í framhaldsskólunum sem hafa verið rökstudd sérstaklega með því að nemendur væru ekki að innrita sig í skóla eða ef þeir ætluðu sér ekki að mæta í skóla og vinna þar eins og ég sagði áðan.

[16:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ýmis ákvæði í þessu frv. eða nokkur þeirra eru tímabundin og kunnugleg en önnur sem verið er að leggja til eru öllu alvarlegri vegna þess að hér er verið að leggja grunn að bæði stefnubreytingu og meiri háttar skipulagsbreytingum til frambúðar.

Þau mál sem ég vildi gjarnan ræða snúa að heilbrrh. sem ég fagna hér við þessa umræðu og einnig félmrh. sem ég geri minna með að sé við umræðuna vegna þess að ég hef reynslu af því núna við fjárlagaumræðuna, af því ég var þá að ræða þau mál sem eru í þessum bandormi, starfsmenntunarmálin og málefni fatlaðra, að hæstv. ráðherra ber bara hausnum við steininn og segir að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Það er því algerlega tilgangslaust að ræða við hæstv. félmrh. Og jafnvel þó að það standi í þessum bandormi sem við erum að fjalla um frá hæstv. forsrh. að verið sé að skera niður Framkvæmdasjóð fatlaðra um 268 millj. þá segir hæstv. félmrh.: „Nei, nei. Það er ekki verið að skera neitt niður. Það er verið að auka í málaflokknum um 190 millj.“ Þannig að mér finnst nú, virðulegi forseti, alveg tilgangslaust að ræða við félmrh. og legg ekki nokkra áherslu á að hann sé við þessa umræðu.

(**Forseti** (ÓE): Nú, þá vitum við það.)

Ég hefði frekar viljað hafa hæstv. forsrh. við þessa umræðu vegna þess að hann hafði, a.m.k. meðan ég var félmrh., mikinn skilning á málefnum fatlaðra og ég trúi því ekki að hæstv. heilbrrh. hafi svo heilaþvegið hæstv. forsrh. að forsrh. hafi ekki eitthvað möglað þegar hann þurfti að fara að mæla fyrir bandormi þar sem var niðurskurður upp á 268 millj. í þann málaflokk sem hann stóð ágætlega við hlið mér í að verja á sínum tíma. Ég vildi því gjarnan hafa hæstv. forsrh. viðstaddan umræðuna.

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. forsrh. er í húsinu og forseti gerir ráðstafanir til að hann komi í salinn.)

Það hefur verið farið ítarlega yfir nokkrar greinar frv. þannig að ég get nú stytt mál mitt. Ég nefni t.d. greinina um framhaldsskóla þar sem verið er að skattleggja sérstaklega námserfiðleika ungmenna. Yfir það hefur verið farið ítarlega hér og ekki síst af hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, þannig að ég þarf ekki að eyða mörgum orðum í það. Ég lýsi því bara yfir að mér finnst forkastanleg vinnubrögð á ferðinni varðandi þennan þátt mála.

Varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu, sem ég ætla að taka fyrir meðan ég bíð eftir forsrh., þá hefur hana nokkuð borið á góma hér. Það sem þar er verið að gera og reyndar einnig í atvinnumálum kvenna, eru grundvallarbreytingar,

virðulegi forseti, frá því sem við höfum þekkt áður í fjárlögum. Það er alveg rétt sem hér hefur verið haldið fram að verið er að fella þessa mikilvægu þætti, starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna, undir eitthvað sem væri hægt að kalla félagsleg úrræði þar sem nú á að fara að fjármagna þetta úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það sýnir áherslu þessarar ríkisstjórnar á forgagsröðun að hún skuli setja þessa tvo mikilvægu málaflokka undir þennan hatt og um leið að steypa þessum málaflokkum fjárhagslega í algera óvissu vegna þess að áður voru þó bundnar í fjárlögum fjárhæðir sem renna áttu annars vegar til atvinnumála kvenna og hins vegar til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Nú er þessu bara vísað á Atvinnuleysistryggingasjóð og óvissan er alger. Enginn veit þegar við afgreiðum þessi fjárlög hvort starfsmenntun í atvinnulífinu fær 5 millj. á næsta ári úr Atvinnuleysistryggingasjóði eða 50–60 millj. eins og hefur verið áður. Það er ekki að undra að verkalýðshreyfingin gagnrýni meðferðina á þessu mikilvæga máli. Starfsmenntun í atvinnulífinu er auðvitað mjög mikilvægur þáttur í menntakerfi okkar og á að meðhöndlast sem slíkur í kerfinu. Það er ekki síst mikilvægt varðandi tækniváðingu og öra þróun í atvinnulífinu að vel sé búið að starfsmenntamálum. Ég er sannfærð um að hver einasta króna sem við látum til starfsmenntamála mun margfalt skila sér aftur inn í þjóðarbúið og inn í atvinnulífið. En hér er þessu bara stefnt út í algera óvissu. Ef stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs á einhvern afgang, þá má það gjarnan fara í starfsmenntamál.

Sama gildir um atvinnumál kvenna. Það hafa ekki miklir peningar runnið til þess málaflokks og það tók töluverðan tíma á árum áður að fá þetta viðurkennt inn í fjárlögin. Nú er þessu kippt út og sett inn í Atvinnuleysistryggingasjóð, þar í algerlega óvissu. Ég tel þetta óviðunandi og bið nú hæstv. forsrh. lengstra orða að skoða hvort það sé eðlilegt að afgreiða þessa tvo mikilvægu málaflokka, starfsmennun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna, raunverulega sem félagsleg úrræði en að þau skipi ekki þann sess í fjárlögum, í menntakerfinu og í atvinnumálum sem þau ættu að gera.

Í raun og veru gefur það tilefni til að fara yfir Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem verið er að setja þessi mikilvægu verkefni á þennan sjóð. Það er gert ráð fyrir töluvert mikilli skerðingu milli ára á framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Spáð er að atvinnuleysi verði 0,2% minna og af því leiðir að hægt er að lækka framlagið um 130 millj. milli ára. Síðan kemur fram í fjárlögum að 128 millj. kr. eigi að fást með hertum úthlutunarreglum sem enginn veit enn hvað þýðir, þ.e. hvort verið sé að skerða bætur hjá atvinnulausum. Þar að auki á að bæta við starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumálum kvenna sem hefur haft upp undir 70 millj. á fjárlögum þannig að það er raunniðurskurður, fyrir utan minna atvinnuleysi, upp á 200 millj. í þennan sjóð. Það skyldi því engan undra þó að ég viðhafi þau orð að verið sé að setja þessa málaflokka út í algera óvissu með því að ætla Atvinnuleysistryggingasjóði, sem hefur nóg með sitt, að fjármagna einnig þessa þætti. Og ég spái því að verkalýðshreyfingin muni ekki láta því ómótmælt að á þessum málum verði tekið.

Allir sem þekkja til vita að þau framlög sem hafa farið til atvinnumála kvenna hafa skilað sér aftur, hafa skilað miklum árangri, þar sem konur hafa um allt land haft frumkvæði á ýmsum sviðum varðandi nýjungar og nýsköpun í atvinnulífinu gegnum þetta litla fjármagn. Og það hefur verið mér mjög lærdómsríkt að fylgjast með hvernig konurnar hafa nýtt þetta framlag vegna þess að úr mjög litlum peningum, það var ekki mikið sem þær fengu, gerðu þær mjög stóra hluti. Ég vil því mótmæla þessu.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra, þá þakka ég hæstv. forsrh. fyrir að vera við þá umræðu. Ég lét þau orð falla áðan að hæstv. forsrh. hafði, meðan ég sat í hans ríkisstjórn sem félmrh., ávallt haft mikinn skilning á þeim málum þegar var verið að reyna að gera tilraunir til að skerða þann málaflokk. Þess vegna undraði mig, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra skyldi láta hafa sig í að þurfa að tala fyrir því að leggja hér nánast í rúst, leggja grunn að því að eyðileggja Framkvæmdasjóð fatlaðra. Ég veit að hæstv. félmrh. hefur engan skilning á þessu og þess vegna leita ég nú til hæstv. forsrh. og spyr hvort hann telji nú ekki tilefni til að endurskoða þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Hæstv. forsrh. minnist þess sjálfsagt að þegar ákveðið var að Framkvæmdasjóður fatlaðra fjármagnaði að hluta til rekstrarkostnað á stofnunum fatlaðra, var það áskilið og samþykkt — og ég man ekki betur en forsrh. hafi barist mér við hlið í því — að sjóðurinn hefði óskertar tekjur af erfðafjárskatti sem hann lögum samkvæmt á að hafa, lögum samkvæmt. Nú er verið að kippa grundvellinum undan þessum sjóði með því að taka um 260–270 millj. af erfðafjárskatti sem lögum samkvæmt á að renna í framkvæmdir í þágu fatlaðra, beint inn í ríkissjóð. Ég spái því a.m.k. meðan þessi ríkisstjórn situr, að það verði til frambúðar.

Því er haldið fram, ég man ekki hvort það var í fjárlagafrv. eða greinargerð með frv. sem hér er til umræðu, að engu að síður hafi sjóðurinn óbreytt framlög til framkvæmda eins og hann hefur á yfirstandandi ári, að hann hafi óbreytt framlög á næsta ári eins og hann hafði á þessu ári og er talað um 165 millj. Þetta er bara ekki rétt með farið. Ég get vitnað í formann Þroskahjálpar sem segir það sem satt og rétt er í þessu, að sjóðurinn hafði til þessara sömu verkefna á þessu ári til framkvæmda um 300 millj. en hefur eingöngu 165 millj. núna. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið hafa mjög mótmælt þessu og vita sem er að þarna er verið að fara inn á mjög hættulegar brautir varðandi framtíðaruppbyggingu í málefnum fatlaðra. Og maður spyr: Getur það verið að orsök þess að farið er út á þessa braut sé að verið er að undirbúa jarðveginn fyrir flutning á þessum málaflokki yfir til sveitarfélaganna, að það sé verið að skera þennan sjóð niður við trog þannig að þegar þessi málaflokkur flytjist yfir til sveitarfélaga, sem mér skilst að séu áform um, þurfi að finna fjármagn til þeirra? Maður veltir því fyrir sér vegna þess að hér er um svo stórfelldan niðurskurð að ræða. Og það er alveg ljóst að miðað við þessa stöðu núna munum við sjá biðlistana sem þó eru langir fyrir lengjast mjög ört á næstu mánuðum og missirum ef þetta á að ganga fram.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. um það sem fram kemur í 11. gr. frv. um að atvinnuleysisbætur eigi að hækka um 2%. Nú man ég ekki betur en það hafi yfirleitt verið að atvinnuleysisbætur hafi fylgt launaþróun í landinu. Er rétt að negla það niður í lögum að atvinnuleysisbætur eigi bara að hækka um 2%? Við skulum segja að launahækkanir yrðu eitthvað meiri. Það er a.m.k. gert ráð fyrir í fjárlögum að laun hækki um 3,5% á næsta ári. Er þá rétt að atvinnuleysisbæturnar eigi að hækka minna en nemur almennri launaþróun í landinu? Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. forsrh. mundi svara því vegna þess að ég hef ekki trú á því að hæstv. forsrh. hafi í huga að skerða bætur hjá atvinnulausum þannig að þeir fylgi ekki þeirri launaþróun sem verður.

Sama virðist vera varðandi gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Nú veit ég að sjálfstæðismenn vilja helst ekki kalla það sem heitir þjónustugjald eða gjaldtaka í einni eða annarri mynd, skattahækkun. En auðvitað er um að ræða skattahækkun þegar gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra sem er tekið í gegnum skattana á að hækka um 2%.

Virðulegi forseti. Þá ætla ég að snúa mér að stærsta málinu í þessum bandormi sem snýr að hæstv. heilbrrh. og vil nú reyndar í upphafi míns máls nefna að það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. forseti þingsins hefur lesið þau ákvæði sem þinginu er boðið upp á í þessum bandormi. Þá er ég aðallega að tala, virðulegi forseti, um 15., 17. og 19. gr. frv. Ég velti fyrir mér hvort það sé yfirleitt þingtækt að bjóða þingmönnum upp á það sem hér er gert. Ég hef oft gagnrýnt það hér að það sé og hafi verið á undanförnum missirum mikið framsal á valdi frá þinginu til framkvæmdarvaldsins. En ég minnist þess ekki að hafa séð annað eins og hér kemur fram. Ég velti því fyrir mér hvort hér sé verið að endurvekja af hálfu hæstv. heilbrrh., að vísu í öðrum búningi, frv. sem við ræddum á vordögum sem hæstv. ráðherra vildi hraða í gegnum þingið á einum eða tveimur sólarhringum sem var frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem ráðherra fór fram á að þingið mundi fela henni mjög mikið vald að því er varðar ýmsa þætti í sjúkrahúsrekstrinum, flokkun, starfssvið, þróun, fjárfestingaráætlanir og fleira sem þar var nefnt. Þar var þó verið að tala um Reykjavík og Reykjanes. En mér sýnist að ráðherrann sé að reyna að koma þeim ákvæðum sem eiga nú að ná til alls landsins núna inn í bandorm mun víðtækar en þó var gert á vordögum í þessu frv. — það náði til Reykjavíkur og Reykjaness. Þarna er ráðherrann að biðja um að Alþingi framselji það vald sitt til hennar að ráðherrann geti bara sisvona breytt skiptingu á heilsugæsluumdæmum, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæða þeirra með reglugerð. Og að ráðherra geti með reglugerð ákveðið flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu. Og að ráðherrann geti með reglugerð jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu.

Það er furðulegt að hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, skuli bjóða þinginu upp á þetta. Að biðja þingið raunverulega um heimild til þess að fara út í algjöra skipulagsbreytingu á heilbrigðismálum í landinu án þess að þinginu komi nokkuð við hvað ráðherrann ætlar að gera. Aldrei man ég eftir að hafa verið svona frökk í stól ráðherra að ég hafið farið fram á það við þingið að ég fengi allsherjarvald. (**ÖS:** Þú varst þó frek oft og tíðum.) Ég var þó frek oft og tíðum. Fengið allsherjarvald til að umbreyta heilbrigðisþjónustunni og skipan heilbrigðismálanna. Ekki með frv., heldur í þremur línum í bandormi.

Hvernig á að taka á þessum málum, hæstv. ráðherra? Það á auðvitað að gera með því að fyrst á að ræða stefnumörkun í heilbrigðismálum. Við í þingflokki jafnaðarmanna höfum lagt fram ítarlega þáltill. um nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum. Fyrst á að ræða stefnumörkun í heilbrigðismálum, hvert framkvæmdarvaldið óskar að fara í þeim efnum, það á að ræða það á Alþingi og framkvæmdarvaldið á að hlusta á vilja löggjafans og síðan á að koma með frv. og frv. með skýringu og greinargerðum. Hér segir ráðherrann að hann vilji allt þetta vald og það þýði 160 millj. kr. í sparnað. Það er ekki einu sinni sagt, virðulegi forseti, í greinargerðinni hvar á að ná þessum 160 millj. Nú spyr ég ráðherrann og óska eftir því að fá svör við því vegna þess að þessar 160 millj. eru varla teknar úr loftinu. Hvað er að baki þessum 160 millj. kr.? Hér var talað um að verið væri að biðja um heimildir til að leggja niður starfsemi sjúkrahúsa út á landi. Er það það, hæstv. ráðherra? Það er ekki boðlegt þinginu að afgreiða málin með þessum hætti, að óska eftir þessari heimild og setja ekki stafkrók um það inn í frv. hvar á að ná þessum 160 millj.

Virðulegi forseti. Ég held að forsn. þurfi að skoða það sérstaklega hvort þessar þrjár greinar frv. séu yfirleitt þingtækar. Ég óska eftir að forsn. skoði það sérstaklega hvort þinginu sé bjóðandi upp á þessi vinnubrögð.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Mér skildist áðan að ráðherra væri að biðja um þetta þannig að hún gæti verið í viðræðum við hina og þessa aðila, þess vegna þyrfti hún lagastoð. Ráðherrann þarf enga lagastoð til að vera í viðræðum við aðila. Ef einhver niðurstaða næst þá kemur hún auðvitað með það inn í þingið í þeim búningi sem það er þá útfært fyrir þingið.

Ég spyr ráðherrann líka að því af því að við erum að ræða hér heilbrigðismál, þetta er ein af stærstu breytingunum sem er verið að biðja um í þessum bandormi sem snýr að heilbrigðismálunum, það hefur verið í umræðunum og komið fram hjá formanni stjórnar Ríkisspítalanna að það eigi að stytta biðlistana við bæklunaraðgerðir. Ég fagnaði því mjög þegar ég heyrði þetta. En það stefnir þegar í 160 millj. kr. halla. Ég spyr ráðherrann að því og óska svara hvort hann styður þau áform formanns Ríkisspítalanna að stytta langan biðlista. Hann er að mig minnir um 50. Mun ráðherrann sjá til þess að útvegað verði fjármagn til að hægt sé að stytta þennan biðlista? Hefur formaður Ríkisspítalanna stuðning ráðherrans í þessu efni? Ég óska eindregið eftir því að ráðherrann svari þeim fyrirspurnum sem ég hef beint til hans. Ekki í stuttu andsvari, þetta er stærra mál en svo.

[16:21]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að mega gefa andsvar við ágætri ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. (**Gripið fram í:** Ágæta?) Ágæta ræðu, hv. þm. Hún spurði í lok ræðu sinnar hvort ég styddi það að stjórn Ríkisspítala hefur ákveðið að stytta biðlistana varðandi beinaaðgerðir. Ég styð það. Það hefur þegar verið ákveðið eftir því sem ég best veit.

Það voru ekki svo flóknar spurningarnar sem hún lagði fyrir að það er hægt að svara þeim í stuttu andsvari. Það er stefnumörkun í heilbrigðismálum og menn hljóta að vera sammála þeirri stefnumörkun að þar sem hægt er að ná hagkvæmni og hagræðingu með aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu þá stígum við auðvitað þau skref. Af því að hv. þm. gerði mjög lítið úr þeirri samvinnu sem er verið að vinna að með heimamönnum varðandi þessa sameiningu sjúkrastofnana er það nú þannig að sum þessara mála eru komin á framkvæmdastig og eru ekki á neinu rabbstigi. Til þess að sameina þær stofnanir þarf lagastoð. Ég sagði það áðan í andsvari að t.d. á Suðurnesjum erum við komin það langt varðandi samræmingu heilbrigðisstofnana að við munum að öllum líkindum sameina þær fáum við til þess lagastoð frá Alþingi. Þetta er ekki eins flókið mál eins og hv. þm. vildi vera láta. Þetta er bara eðlileg þróun. Eðlileg þróun í heilbrigðismálum að auka samræmingu og samhæfingu þessara stofnana.

Hv. þm. spurði hvar ætti að ná þessum 160 millj. kr. sparnaði sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að náist í sjúkra-

húsum út á landi. Það er með þeirri samhæfingu, hv. þm., sem á að ná þessum 160 millj. kr. Það er nefnd í gangi sem er að vinna að stefnumótun í því efni.

[16:23]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Ég spyr tveggja spurninga. Í fyrsta lagi fagna ég því að ráðherrann skuli styðja að stytta eigi biðlistann varðandi bæklunaraðgerðirnar. Ég spyr ráðherrann hvort gert hafi verið ráð fyrir viðbótarfjármagni. Það stefnir þegar í 160 millj. kr. í mínus um áramót. Mun það að stytta biðlistann koma niður á annarri þjónustu eða hefur ráðherrann þegar tryggt fjármagn til að stytta biðlistana fyrir bæklunaraðgerðir?

Hæstv. ráðherra verður að skilja hvað hér er á ferðinni. Það er enginn að tala um að ekki sé stuðningur við samvinnu og sameiningu sem getur bætt þjónustuna. Það er ekki verið að tala um það. Það er verið að tala um vinnubrögð ráðherrans. Að ráðherrann skuli ekki upplýsa þingið neitt um það hvað felst í þeirri samhæfingu sem hún ætlar að spara 160 millj. með. Er það með því að leggja niður starfsemi sjúkrahúsanna úti á landi? Er það ekki sanngjörn krafa, hæstv. ráðherra, að fá svör við því með hvaða hætti á að samhæfa, hvað á að sameina til þess að ná þessum sparnaði? Að ráðherra fái ekki bara blankó heimild án þess að þingið viti nokkurn skapaðan hlut um hvað ráðherrann ætlar að gera í þessu efni.

Ég minnist þess, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherra var hér þingmaður þá gerði hún eðlilega sínar kröfur um að fá svör við því frá ráðherrum sem þá voru hvað það væri sem þeir væru að biðja um heimildir til. Hér er farið fram á nákvæmlega það sama. Að ráðherrann sýni þinginu þá virðingu að gera þinginu ítarlega grein fyrir hvað felst í þessari samvinnu, sameiningu og samhæfingu sem hún er að tala um. Það er ekki annað að skilja á orðum ráðherrans en að þetta sé komið ansi langt. Þingið á heimtingu á því að vita hvað felst í þessu hjá ráðherranum og hvernig á að ná þessum 160 millj. Það er ekki boðlegt, herra forseti, hvernig hæstv. heilbrr. kemur fram við þingið.

[16:26]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi biðlistana sem hv. þm. spurði hvort ætti að leggja fram aukafjárveitingu til. Ég ætla að minna á það að aðeins eru tveir mánuðir síðan samþykkt var aukafjárveiting til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu upp á hálfan milljarð. Það eykur að sjálfsögðu svigrúm sjúkrahúsanna til starfsemi sinnar. Það hlýtur hv. þm. að sjá eins og flestir aðrir.

Hv. þm. sagði að það væri ekki boðlegt að ekki væri nákvæmlega uppi á borðinu hvaða stofnanir verða sameinaðar. Það verður upp á borðinu um leið og það er ákveðið af heimamönnum og þeir eru búnir að sætta sig við að samræma starfsemi sína á þann hátt sem að er unnið, þá verður þinginu auðvitað kynnt það. Mér finnst satt að segja að hv. þm. sé nú ekki svo ósammála mér í því að það sé hægt að ná verulegri hagræðingu með samræmingu sjúkrahúsa úti á landi ekki síður en á Reykjavíkursvæðinu.

[16:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú olli svar ráðherrans mér miklum vonbrigðum vegna þess að mér skilst að ráðherrann ætli að styðja það að fækka á biðlistunum og það sé hægt að hefja bæklunaraðgerðir á fólki sem hefur beðið lengi. En ráðherrann ætlar ekki að styðja að það verði veitt fjármagn til að það sé hægt. Ráðherrann ætlast greinilega til að þetta sé tekið af fjárveitingu sem sjúkrahúsin fengu til að mæta uppsöfnuðum halla og vanda. Það var ekki gert ráð fyrir neinum aðgerðum til að stytta biðlistana í því að því er ég best veit.

Virðulegi forseti. Ég heyri af orðum hæstv. ráðherra að sú heimild sem ráðherrann er að biðja um er alls ekki tímabær. Ég veit því ekki hvort við þurfum að ræða hana miklu meira. Það þarf bara að fella hana út. Efh.- og viðskn. þarf bara að fella hana út úr þessum bandormi og við þurfum að samþykkja það á þinginu vegna þess að það er ekkert upp á borðinu enn þá til að taka afstöðu til. Auðvitað verður þingið að taka afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem liggur fyrir. Ráðherrann getur verið í viðræðum um hugmyndir sem hún er með um samhæfingu og hagræðingu o.s.frv. Þegar niðurstaða liggur fyrir þá á ráðherrann að koma með það inn í þingið og þá fyrst er tímabært að taka afstöðu til þeirra tillagna sem ráðherrann kemur með hér inn á borðið en ekki núna að biðja um algjörlega opna heimild fyrir því að umbreyta öllu skipulagi á rekstri sjúkrahúsa á landinu án þess að Alþingi hafi nokkuð um það að segja.

[16:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér þykir hlýða að taka hér til máls og fara nokkrum orðum um málefni sem í þessum bandormi eru og varða mitt ráðuneyti. Sérstaklega í kjölfarið á hinni ljúfu og indælu ræðu hv. 13. þm. Reykv. sem er sýnilega í góðu skapi núna eins og ætíð. Hún fór ekki með rétt mál í ræðu sinni og ég neyðist til að fara aðeins yfir þetta.

Í fjárlögunum fyrir árið 1996 var varið til málefna fatlaðra samtals 2.124 millj. kr. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 er áformað að verja til málefna fatlaðra samtals 2.313 millj. kr. Í lögum um Framkvæmdasjóð fatlaðra segir að hann skuli fá óskertar tekjur erfðafjársjóðs. Í fjárlögum fyrir árið 1994 var að tillögu hv. 13. þm. Reykv., sem þá var félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, ákveðið að verja 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til rekstrarverkefna. Þetta var ákvarðað í bandormi. Áætlað var að erfðafjárskattur gæfi 300 millj. Í fjárlögum fyrir 1995 var að tillögu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar eða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þau voru bæði á þeim tíma sem fjárlög voru undirbúin, þá var ákveðið í bandormi að verja 40% af ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðs til rekstrar. Þá var áætlað að erfðafjárskattur gæfi 310 millj. Í fjárlögum fyrir árið 1996, þ.e. þetta ár, var með ákvæði í bandormi að tillögu minni ákveðið að verja 40% til rekstrarverkefna. Þetta gerði ég eins og fyrirrennari minn. Þá var framlag til framkvæmdasjóðs ákveðið 257 millj. kr. Þá var ákveðið með „þrátt-fyrir"-ákvæði að það sem erfðafjárskattur gæfi umfram 257 millj. gengi til ríkissjóðs. Á árinu 1996 fékk Framkvæmdasjóður 80 millj. sem var söluandvirði Sólborgarhúsanna. En að minni kröfu fékk sjóðurinn einnig á fjáraukalögum 1995 108 millj. og 90 millj. á fjáraukalögum 1996 en það voru eftirstöðvar af því sem erfðafjárskattur hafði gefið 1994 og 1995 umfram áætlun. Þetta var í fyrsta sinn sem félmrh. höfðu fyrir því að ganga eftir mismun áætlaðra tekna og rauntekna af erfðafjárskatti. T.d. hafði hv. 13. þm. Reykv. í félagsmálaráðherratíð sinni árin 1990 og 1991 ekki fyrir því að hirða 108 millj. sem erfðafjárskattur gaf umfram það sem rann í framkvæmdasjóð. Það var úthlutað úr sjóðnum árið 1996 141,9 millj. til rekstrarverkefna. Í fjárlagafrv. 1997 er að tillögu minni

lagðar til framkvæmdasjóðs 165 millj. en á móti kemur að af honum verður létt öllum rekstrarverkefnum nema stjórnarkostnaði sjóðsins og styrkjum til félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem samtals eru áætlaðar 13 millj., þ.e. 152 millj. ganga því óskertar til framkvæmda. Kostirnir við að sérmerkja framkvæmdafé eru m.a. að launahækkanir á næsta ári ganga þá ekki á framkvæmdafé sjóðsins.

Úthlutanir úr framkvæmdasjóði til rekstrar hafa oft ekki legið fyrir fyrr en í febrúar eða mars og það hefur gert svæðisskrifstofunum erfitt fyrir með áætlanagerð. Þetta hefur verið mjög bagalegt ekki hvað síst hvað varðar áætlanir um liðveislu og stuðningsfjölskyldur. Féð til rekstrarverkefna sem sjóðurinn hefur sinnt er nú ákvarðað í öðrum fjárlagalið. Af honum er létt samkvæmt fjárlagafrv. 1997 rekstrarverkefnum að upphæð 130 millj. Öllum rekstrarverkefnum sem Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur kostað verður jafn vel sinnt 1997 og var 1996 eða betur, t.d. hækkar frekari liðveisla um 25%.

Rétt er að hafa í huga að stofnkostur sambýlis er á bilinu 25–33 millj. Rekstur sambýlis kostar á ári að meðaltali 13 millj. þannig að rekstur sambýlanna svarar því að þau væru öll byggð frá grunni á tveggja til þriggja ára fresti. Ef fjárlög undanfarinna ára eru athuguð kemur í ljós að stöðugt er verið að auka fé til rekstrar í málefnum fatlaðra. Ég vil upplýsa hver aukningin hefur verið á verðlagi 1996. Árið 1991 var aukningin 143,6 millj., árið 1992 var aukningin 53,7 millj., árið 1993 89,8 millj., árið 1994 33,8 millj., árið 1995 var hún 70,4 millj., árið 1996 84,9 millj. og 1997 er aukningin til rekstrarverkefna 281,8 millj. kr.

Niðurstaðan í þessu máli er sú að til málefna fatlaðra var á þessu ári varið 2.124 millj. kr. en til málefna fatlaðra verður á fjárlögum 1997 varið 2.313. millj. kr. Hækkun til málefna fatlaðra á fjárlögum milli áranna 1996 og 1997 er samtals 190 millj. kr. Um þetta þarf ekkert að deila. Þetta á bæði hv. þm. og aðrir þeir sem vilja hafa það sem sannara reynist að geta skilið.

Gerð hefur verið athugasemd við það af hverju í 10. gr. frv. um bandorminn er verið að breyta lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu. Í þessari grein er kveðið á um það framlög til starfsmenntasjóðs komi úr Atvinnuleysistryggingasjóði á næsta ári. Framlög til sjóðsins hafa komið beint af fjárlögum og sjóðurinn hefur til ráðstöfunar í ár 47 millj. kr. og í áætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs er gert ráð fyrir sömu upphæð á næsta ári. Þá hefur líka verið gerð athugasemd við það að verja eigi fjármunum úr Atvinnuleysistryggingasjóði til starfsmenntunar og þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Í áætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs er gert ráð fyrir 20 millj. til þessa verkefnis og það er sama fjárhæð og ætluð var til þeirra í ár. En hvað er nú svo voðalegt við að gera þetta? Atvinnuleysistryggingasjóður hefur burði til að gera þetta. Atvinnuleysistryggingasjóður er að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, styrkja átaksverkefni og þvílíkt. Þessu er vel fyrir komið hjá honum.

Ég vil biðja hv. þm. að hafa ekki neinar sérstakar áhyggjur af Atvinnuleysistryggingasjóði vegna þess að ef þau tillög sem merkt eru til Atvinnuleysistryggingasjóðs duga ekki er ríkissjóður ábyrgur fyrir því sem á vantar til að halda uppi lögboðnum atvinnuleysistryggingum.

[16:39]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. var ekki kominn til þings þegar ég flutti ræðu mína áðan þannig að ég vil fá að ítreka spurningar og það sem ég sagði í þeirri ræðu. En megininntakið var það að mér finnst og ég er sammála Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu í því að með því að færa þessa liði, starfsmenntun í atvinnulífinu og styrki til nýsköpunar kvenna, undir Atvinnuleysistryggingasjóð sé verið að blanda saman alls óskyldum málum. Það er verið að létta ákveðnum verkefnum af Atvinnuleysistryggingasjóði, sem áttu þar reyndar alls ekki heima, sem eru kjararannsóknir og eftirlaun til aldraðra. Það er verið að flytja það frá sjóðnum en í staðinn koma tvö ný verkefni. Mér finnst að þarna sé verið að blanda saman hlutum sem eiga alls ekki saman. Starfsmenntun í atvinnulífinu kemur atvinnuleysi í sjálfu sér ekkert við. Ef menn vilja að atvinnulífið standi undir þessari starfsmenntun eru auðvitað aðrar leiðir til þess en að vera að færa þetta undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég tel að starfsmenntun í atvinnulífinu sé nauðsynleg. Það á eftir að kalla á miklu meira fjármagn. Þetta er spurning um menntastefnu og spurning um framtíðina. Atvinnuleysisvandinn er einfaldlega annað mál. Ég spyr hæstv. félmrh. hvort hann telji að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sé til þess fær að taka á þessu verkefni, þ.e. að úthluta styrkjum til starfsmenntunar og til verkefna kvenna eða er meiningin að starfsmenntaráðið starfi áfram og hvert er þá hlutverk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessu dæmi? En enn og aftur, það á ekki að blanda saman svo ólíkum þáttum. Ríkisvaldið á að styrkja starfsmenntun og standa undir starfsmenntun eins og annarri grunnmenntun. Menntakerfið er að breytast. Framtíðin kallar á stöðuga símenntun og endurmenntun og fólk er að bæta við sig nánast allan starfsaldur sinn. Ég skil ekki hugsunina á bak við þetta aðra en þá að koma þessu yfir á atvinnulífið.

[16:42]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki fallist á að það sé verið að blanda saman óskyldum hlutum. Atvinnuleysistryggingasjóður leggur þegar verulega peninga til námskeiðahalds og til fræðslu og starfsmenntun í atvinnulífinu fer mjög vel saman með þeim verkefnum og einnig fjármagn til atvinnumála kvenna.

Starfsmenntaráð kemur til með að starfa áfram. Sérstök nefnd sem hefur séð um úthlutun á kvennapeningunum kemur til með að starfa áfram. Ég ber hið fyllsta traust til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs en þetta verður svona. Peningarnir verða hins vegar í fjárhagsáætlun Atvinnuleysistryggingasjóðs.

[16:43]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mergurinn málsins að verið er að velta því yfir á atvinnulífið að standa undir þessari menntun. Það er alveg rétt að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur staðið fyrir námskeiðum og styrkt átaksverkefni fyrir atvinnulausa, það er lagalegt verkefni hans. Við erum ekki að tala um atvinnulausa í þessu dæmi. Við erum að tala um fólk í fullri vinnu sem er að bæta við sig á kvöldnámskeiðum og fær jafnvel hlé frá vinnu til að verða betri starfskraftur. Þetta er bara hluti af menntakerfinu. Eigum við að stefna að því, hæstv. félmrh., að láta Atvinnuleysistryggingasjóð taka við verkmenntun og starfsmenntun í landinu? Er það meiningin? Það er stefna ríkisstjórnarinnar að stórauka verkmenntun. Eigum við kannski að flytja það allt yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð?

[16:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki er ég að leggja það til. Þegar talað er um að þessum kostnaði sé velt yfir á atvinnulífið er rétt að hafa það í huga að ríkissjóður er baktrygging fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ef Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekki nóg fyrir þeim lögboðnu verkefnum sem hann á að sinna, ef atvinnuleysi yrði t.d. það mikið að fjármunir þeir sem merktir eru Atvinnuleysistryggingasjóði dygðu ekki til, þá mun ríkissjóður hlaupa undir bagga.

[16:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er sannarlega sniðug aðferð sem hæstv. félmrh. hefur komið sér upp. Hún er sú að velta á Atvinnuleysistryggingasjóð ýmsum algjörlega óskyldum verkefnum og svara gagnrýninni svo með því að ef að sjóðurinn eigi ekki fyrir þessu þá borgi ríkissjóður. Hverslags vitleysa er þetta? Veruleikinn í málinu er sá, hæstv. forseti, að verkalýðshreyfingin samdi um peningana í starfsmenntun á sínum tíma. Samdi um þá. Hæstv. félmrh. er núna enn þá einu sinni á sínum starfsferli að vega að samningum sem gerðir hafa verið við verkalýðshreyfinguna. Og það á að gera eins og hér hefur verið lýst. Þetta sýnir auðvitað lítilsvirðingu við verkalýðshreyfinguna en fyrst og fremst botnlausa forakt á öllu því sem heitir starfsmenntun og verkmenntun í landinu. Það er ótrúlegt hjá ríkisstjórn sem stundum í ræðuhöldum skreytir sig með því að menn vilji efla verkmenntun og efla starfsmenntun og tengja hana við skólana og að í framhaldsskólunum þurfi að vera stóraukin verkmenntun. En þegar verkalýðshreyfingin í landinu knýr fram fjármuni, örlitlar upphæðir, til styrkja og t.d. til stuðnings fiskverkafólkinu, sem hefur fengið stuðning af þessum peningum til starfsmenntunar í atvinnulífinu og menn hafa verið að fagna þessu, t.d. í frystihúsunum allt í kringum landið, verkalýðshreyfingin hefur verið að efna til funda og jafnvel hátíða í Háskólabíói til að fagna þessum mikla áfanga í verkmenntun á Íslandi, hvað gerir þá hinn framsækni félmrh. Framsfl.? Hann hendir verkefninu á Atvinnuleysistryggingasjóð. Þetta er ekki boðlegt, hæstv. forseti.

Ég ræddi í morgun við forseta Alþýðusambands Íslands. Hann lýsti miklum áhyggjum yfir þessu máli og það hefur hann einnig gert við hæstv. félmrh. Og forseti Alþýðusambands Íslands er enn að gera sér vonir um það að hæstv. félmrh. sjái að hann er að fara villur vega í þessu máli og að þessi grein verði strikuð út úr frv.

[16:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neita því alfarið að í þessu felist nokkur forakt á verkmenntun. Það er ekki verið að skera neitt niður. Til starfsmenntunar ganga sömu fjárhæðir og í fyrra og peningarnir eru ekkert verri þó þeir komi gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð heldur en þó þeir komi beint úr ríkissjóði.

[16:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í samræmi við þetta er ég með tillögu. Hún er sú að Atvinnuleysistryggingasjóður borgi ráðherralaunin og ef Atvinnuleysistryggingasjóður lendir í vandræðum þá verði ríkissjóður látinn hlaupa undir bagga. Það eru væntanlega ekkert verri peningar eða hvað hæstv. ráðherra? Ráðherrann á að venja sig af útúrsnúningum af þessu tagi sem eru ekki einu sinni fyndnir.

[16:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú hálfhræddur um að síðasti ræðumaður hafi dottið í það að fara með útúrsnúninga í þetta skiptið.

[16:48]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra fór hér með mikið talnaflóð varðandi fjármagn til fatlaðra, en ég er hætt að nenna, virðulegi forseti, að ræða við ráðherrann um tölur. Hann skilur ekki tölur. Hann snýr öllu á hvolf og hann segir niðurskurð vera aukningu á framlögum. Ráðherrann segir nefnilega nákvæmlega sisvona að svart sé hvítt og hvítt sé svart. Það er alveg tilgangslaust að eyða tíma þingsins í að rökræða við ráðherrann. Ráðherrann trúir mér ekki. Gott vel ég sætti mig við það. En hvað með hæstv. fjmrh.? Trúir hæstv. ráðherra fjmrh. eða forsrh. sem ber fram þetta frv.? Hann talar um sparnað í útgjöldum og hann talar um að í Framkvæmdasjóð fatlaðra sé niðurskurður upp á 268 milljónir. Sparnaður, þ.e. niðurskurður. Ég vil kalla einn annan til vitnis, þ.e. formann Þroskahjálpar. Ég man aldrei eftir í þau sjö ár sem ég var ráðherra að hafa fengið slíka grein frá formanni Þroskahjálpar þar sem niðurskurðurinn á næsta ári til málefna fatlaðra er gagnrýndur mjög og farið með tölur sem ráðherrann getur varla vefengt. Bæði forsrh. og formaður Þroskahjálpar. Látum vera þó ráðherrann trúi mér ekki. Hér er náttúrlega líka farið inn á það sem er mjög alvarlegt og ástæða er til að ræða við ráðherrann, þ.e. þegar hann var t.d. í sjónvarpi að tala um hvað fatlaðir gætu verið dýrir einstaklingar fyrir þjóðfélagið. Og formaður Þroskahjálpar talar einmitt um að það sé til skammar að ráðherrann sé að nota þetta fólk, sem þarf vissulega á dýrri þjónustu að halda, sem blóraböggul fyrir þjónustuleysi við aðra.

Og varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna þá munum við hvergi samþykkja hvaða upphæðir fara í þessa málaflokka heldur verður það undir hælinn lagt hér eftir, ef þetta nær fram að ganga, hvað stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs þóknast eða getur látið til þessara málaflokka.

[16:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt að eiga orðastað við hv. 13. þm. Reykv. Hún kvartar undan því að ég hafi farið með talnaflóð. Ég fór bara með þær tölur sem í fjárlögunum standa og hafa staðið. Þær sýna aumingjaskap hennar í ráðherradómi. Hún skyldi eftir 108 milljónir sem hún gat tekið til Framkvæmdasjóðs fatlaðra á árinu 1990 og 1991. Ég rakti söguna bara nákvæmlega upp úr fjárlögunum. Ég er ekki litblindur og ég veit alveg hvað er hvítt og hvað er svart og þarf ekki neitt að efast um það. Hún vitnaði til greinar eftir formann Landssamtakanna Þroskahjálpar sem birtist í Morgunblaðinu í morgun en formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar segir ekki alla söguna. Þar af leiðir að sú mynd sem hann dregur upp er ekki rétt. Hún er ekki rétt. Ég veit ekki hvort formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar ætlar að fara að reka Þroskahjálp sem stjórnmálaflokk í stjórnarandstöðu eða hvað. (Gripið fram í.) En þessi málflutningur hans og hv. 13. þm. Reykv. er ekki sæmandi.

[16:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess oft að þegar ég var ráðherra fékk ég stundum hól frá stjórnarandstöðunni. Það var

nú ekki oft en það kom fyrir. Og það var fyrir hvernig mér hefði alltaf tekist að verja málaflokkinn fatlaðir gegnum allan niðurskurðinn og þrengingarnar á þessum sjö árum sem ég var ráðherra. Og ég býst við að það séu ekki margir, hvorki í fatlaða geiranum eða þeir sem hafa kynnt sér þessi mál, sem geta tekið undir það sem ráðherrann — honum verður alltaf órótt þegar verið er að ræða þennan málaflokk — kallar aumingjadóm minn í þessum málaflokki þegar ég var félmrh. Ég gæti farið með tölur um þá raunaukningu sem varð í málaflokkinum, um hve mikið reis af sambýlum sem ég held að hafi verið 40 af 50 sem til eru á landinu, þau ár sem ég var ráðherra. Félagslegar íbúðir í págu fatlaðra voru teknar upp, liðveislan o.s.frv., o.s.fv. Þannig að þau orð dæma sig auðvitað sjálf að kalla það að ég hafi sýnt einhvern aumingjadóm í því að byggja upp þennan málaflokk meðan ég var ráðherra. Þau sýna bara hvað ráðherranum er órótt út af því hvernig hann hefur sjálfur staðið sig sem ráðherra þessa málaflokks.

[16:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf nú ekki að láta mér verða órótt út af því hvernig ég hef staðið mig í málefnum fatlaðra vegna þess að ég hef varið þennan málaflokk. Ég hef ekki gert það með illindum eins og hv. 13. þm. Reykv. gerði. Ég hef ekki verið með neinar upphrópanir eða skæting út í samstarfsmenn mína í ríkisstjórn. En ég hef fengið til þessa málaflokks aukið fjármagn. Þrátt fyrir að flestir aðrir liðir í fjárlögum ársins séu með svipaðar upphæðir og var í fjárlögum síðasta árs, þá er heildaraukning í málefni fatlaðra frá fjárlögum 1996 til 1997, 190 milljónir. (**JóhS:** Bölvað rugl.)

[16:54]

Útbýting þingskjala:

Greiðsluerfiðleikalán, 138. mál, fsp. JóhS, þskj. 153.

Lágmarksrefsing við alvarlegum líkamsárásum, 137. mál, fsp. VK, þskj. 152.

Möguleikar ungmenna til framhaldsnáms, 140. mál, fsp. ÓI, þskj. 155.

Samkeppnisstarfsemi á vegum Póst- og símamálastofnunar, 136. mál, fsp. VK, þskj. 151.

Útvarps- og sjónvarpssendingar, 139. mál, fsp. EKG, þskj. 154.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur tosað þessari umræðu upp á svo hátt málefnalegt plan að það er með hálfum huga að ég leyfi mér að taka þátt í þessari umræðu. Ég ætla þó ekki að vísa máli mínu til hans enda sýnist mér hann vera orðinn svo þrútinn af lamstri veðra eftir þessi síðustu orðaskipti að það er rétt að hann fái að hvílast um nokkra stund.

Það er jafnan svo, herra forseti, að þegar líður á haustið, kemur ríkisstjórn hverju sinni í þingið með þær ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hún telur nauðsynlegt að koma fram til að ná þeim markmiðum sem hún hefur sett sér með fjárlagafrumvarpinu. Þetta er í hæsta máta eðlilegt og það er rökrétt að menn neyti þeirra ráða sem hægt er að grípa til til að ná fram þessum markmiðum. Jafnan hefur það verið svo að menn hafa reynt að hafa þær breytingar sem lagðar eru til einungis tímabundnar þannig að verið sé að grípa til ráða vegna einhverra sérstakra aðstæðna sem hafa skapast í ríkisfjármálum. Það er með öðrum orðum yfirleitt venjan að menn reyna að forðast varanlegar breytingar. Ég viðurkenni það hins vegar að bæði síðasta ríkisstjórn og sennilega ríkisstjórnir þar á undan hafa í æ ríkari mæli fetað þá slóð að koma í slíku frv. fram með breytingar sem eru að kalla má varanlegar breytingar. Ég sé á þessu frv. sem hér liggur fyrir að gert er ráð fyrir því að 17 lagabálkum verði breytt. Þar af sýnist mér að einungis sé um að ræða fjórar tímabundnar breytingar, að það sé verið að breyta 13 lögum varanlega. Ég tel að það sé ansi hátt hlutfall sem fellur undir þann flokkinn. Ég vil líka segja það, herra forseti, að margar þessar breytingar koma ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við og koma ríkisfjármálum bókstaflega ekkert við. Ég vek til að mynda athygli á þeim lagabálki sem hæstv. heilbrrh. hefur bersýnilega óskað eftir að fái hér að fljóta með. Þar eru sumar greinar sem lagt er til að sé breytt og snerta ríkisfjármálin með engu móti.

En, herra forseti, ég ætla í frekar stuttu máli, vona ég, að gera grein fyrir þeim skoðunum sem ég hef á einmitt þeim kafla sem lýtur að heilbrigðismálunum. Áður vil ég þó drepa á þrjú önnur atriði sem ég tel nauðsynlegt að ræða lítillega. Í fyrsta skipti gerist það að refirnir eru skornir í fjárlagafrumvarpinu, í þetta skipti út úr frv. þannig að hið forna hugtak hefur fengið nýja merkingu. Ég vil hins vegar lýsa því yfir, sökum þeirrar umræðu sem hefur farið fram um 26. gr., þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður hætti að taka þátt í kostnaði vegna refaveiða, að ég er þessu fullkomlega sammála. Ég minni á að hér fetar hæstv. forsrh. gamla slóð. Hann markaði sín spor í þingsöguna fyrir nokkrum árum þegar verið var að greiða atkvæði um lög til verndar villtum dýrum. Þá var það svo að þegar hv. þm., Hjörleifur Guttormsson, lagði til að refurinn yrði alfriðaður, gerðist það sögulega atvik að hæstv. forsrh. tók afstöðu með refnum í baráttunni gegn sauðkindinni og tók undir tillögu hv. þm., Hjörleifs Guttormssonar. Það tókst ekki þá þrátt fyrir að þáv. umhvrh. styddi þá félaga í þessari viðleitni sinni við að friða villidýrin. En nú hins vegar kemur þetta fram í nýjum búningi og ég er hlynntur þessu. Ég tel þetta mjög til bóta. Ég er ánægður með að menn skuli hætta að elta refinn til þess að murka úr honum líftóruna og þetta er í anda þeirrar stefnu sem var mörkuð með flutningi veiðistjóraembættis til Akureyrar í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þar var lögð áhersla á að gerð yrði breyting á stefnu þess embættis og þess yrði freistað að einhenda atgervi embættisins til að útrýma öðrum og miklu verri vargi sem er minkurinn. Ég tek því undir þessa breytingu þó að ég geri mér fyllilega grein fyrir því að ýmsir félagar mínir í þingflokki jafnaðarmanna séu annarrar skoðunar eins og ég hygg að hafi raunar komið fram fyrr í dag.

Ég vil, herra forseti, geta þess sérstaklega að ég er afar óánægður með 25. gr. Þar er gert ráð fyrir því að nú verði tekinn upp sérstakur áfrýjunarskattur þegar menn ætla að reyna að ná rétti sem þeir telja sjálfsagðan gagnvart samkeppnislögunum. Það er gert ráð fyrir því að þeir sem vilja áfrýja niðurstöðu Samkeppnisstofnunar til sérstakrar áfrýjunarnefndar þurfi núna að greiða 120 þús. kr. áfrýjunargjald. Það er beinlínis tekið fram í greinargerð með frv. að það sé gert til þess að draga úr því að menn neyti þessa sjálfsagða réttar. Ég skil vel að sjónarmiðið sem liggur að baki er væntanlega að menn áfrýji sjálfkrafa þegar úrskurður fellur þeim í óhag. En það er líka þannig að í vaxandi mæli eru lítil fyrirtæki, einyrkjar og frumkvöðlar að notfæra sér þá vernd sem lögin um Samkeppnisstofnun gefa þeim og það er sjálfsagður réttur þeirra að þeir eigi kost á að skjóta málinu til

æðri nefndar, annarrar nefndar, ef þeir telja að úrskurðurinn sé ekki í samræmi við það sem staðreyndir máls bjóða. Og það á ekki að reyna að styggja þá frá því með því að leggja svo háan skatt á þá vegna þess að þetta er ekkert annað en skattur. Ég leggst gegn þessu. Þetta er hins vegar, herra forseti, kallað hagræðing í frv.

Aðra skylda hagræðingu gefur líka að lesa annars staðar í frv. Það er í 2. gr. þar sem lögð er til sú breyting á lögum um framhaldsskóla að innheimta eigi sérstakt endurinnritunargjald á þá sem innrita sig aftur til prófa eða í áfanga á nýjan leik. Veltum þessu örlítið fyrir okkur, herra forseti.

Í rauninni er þetta ekkert annað en skattur á þá sem falla á prófum. Hvers vegna á að leggja þennan sérstaka skatt á? Ég skil það vel því ákveðnir aðilar innan stjórnarliðsins vilja taka upp innritunargjöld í framhaldsskólunum. Ég minni á að þingmenn Alþfl. á síðasta kjörtímabili komu í veg fyrir að Sjálfstfl. næði fram þeirri fyrirætlan að leggja innritunargjöld á framhaldsskólann, sem var ekkert annað en skattur á ungt fólk í landinu. Hann átti alls að nema 140 millj. kr. Hér er vísir að slíkum skatti og (Gripið fram í.) nemur 32 millj. kr. Það er fróðlegt að lesa grg. með þessu. Þar er haldið fram að brottfall nemenda úr framhaldsskólum sé talið óeðlilega mikið. Svar hæstv. menntmrh. er að reyna að koma í veg fyrir að þetta fólk, sem fellur á prófum, freisti gæfunnar aftur, freisti þess að neyta atgervis síns aftur til að afla sér menntunar og gera sig að hæfari þjóðfélagsþegnum. Þetta er algerlega í andstöðu við þann anda sem Sjálfstfl. hefur a.m.k. fylgt í orði þar sem hann hefur talað um að nauðsynlegt sé að gefa öllum tækifæri til að efla þá hæfileika sem náttúran gaf þeim í vöggugjöf. Ég tel að hér sé verið að fæla nemendur út úr skólunum í nafni þess sem hér er kallað hagræðing. Ég spyr hæstv. menntmrh.: Hvaða rannsóknir hefur hann látið gera sem hafa leitt til þeirrar niðurstöðu að endurtekning prófa eða brottfall nemenda úr framhaldsskólum sé óeðlilega mikið? Við hvað miðar hæstv. menntmrh.? Miðar hann við Menntaskólann í Reykjavík þegar hann var þar í sinni tíð? Eða þegar ég var þar? Hver er viðmiðunin? Ég leyfi mér að draga í efa að hægt sé að setja fram svona fullyrðingu.

Við skulum líka velta fyrir okkur hvað veldur því að námsmenn ná ekki tilskildum áföngum í skólunum. Við höfum séð skýrslur um það, herra forseti, að í vaxandi mæli neyðast námsmenn í framhaldsskólum, fólk milli 15 ára og tvítugs, að leita sér vinnu til að sjá sér farborða vegna þess að fjölskyldan er ekki jafnöflug og áður. Menn hafa ekki jafnmikið aflögu til að koma börnum sínum til mennta. Ungt fólk í dag neyðist í vaxandi mæli til að afla sér tekna sjálft með því að stunda vinnu meðfram skólum og auðvitað gerist það, þegar slík staða er komin upp, að menn hafa því miður ekki jafna aðstöðu til að afla sér þekkingar, hafa ekki jafnmikinn tíma til að sinna náminu og það leiðir ef til vill til að einmitt þessu fólki er hættara við að falla en þeim sem koma frá efnameiri heimilum. Ég segi þess vegna, herra forseti: Það má halda því fram með nokkrum rökum að hér sé verið að skattleggja fátæktina. Það er verið að vega að þeim sem að öllum líkindum koma frá heimilum sem eru ekki jafn vel í stakk búin og ýmis önnur til að koma börnum sínum í gegnum framhaldsskólann. Ég tel þetta rangt, leggst gegn þessu og veit að þegar hæstv. menntmrh. skoðar þetta í tómi kemst hann að svipaðri niðurstöðu og ég að ekki er sanngjarnt að gera þetta með þessu móti.

Það sem ég vil þó aðallega ræða, herra forseti, eru þær breytingar sem lagt er til að verði gerðar á lögunum um heilbrigðisþjónustuna. Hér er verið að leggja til afskaplega veigamiklar breytingar. Það eru sex greinar sem sumar eru afskaplega djúpristar. Hæstv. heilbrrh. hefur fulla heimild til að hafa þær skoðanir sem koma fram í þessum greinum. Hann hefur fulla heimild til að neyta meiri hlutans sem hann hefur á þinginu til að reyna að koma þessari stefnu sinni í framkvæmd. En siðferðilega getur hann ekki komið hingað með breytingar sem fela í sumum atriðum í sér gjörbyltingu og ætlast til að menn ræði þær í bland við 16 aðra lagabálka. Það er enginn sem frýr hæstv. heilbrrh. vits, en meira er hann grunaður um að skorta áræði. Leggur hæstv. heilbrrh. ekki í það að koma fram með breytingar í sjálfstæðu frv. vegna þess að hann óttast afdrif þeirra hér í salnum? Verður hann að skjóta sér hjá heilbrigðri og algerlega eðlilegri umræðu? Getur verið að í hans eigin flokki, í stjórnarliðinu, sé ekki fullkomin sátt við þær breytingar sem koma fram þannig að nauðsynlegt sé að þrýsta þeim fram með þessu móti?

Ég mótmæli, herra forseti, að svo veigamiklum breytingum sem þessum sé nánast smyglað í gegnum þingið. Hér er um að ræða breytingar sem sumar hafa áður komið fyrir augu okkar í þessum sal. Í byrjun þessa árs og síðan í lok vorþingsins komu fram loforð í þingsal um að þessi mál kæmu fram í sjálfstæðu frumvarpsformi. Ég man ekki betur. Hér er samt sem áður verið að smygla fram efnum, sem menn vita að er ágreiningur um, ekki bara af hálfu stjórnarandstöðunnar heldur líka innan stjórnarliðsins. En það er auðvitað þess vegna sem menn eru að þvælast hérna.

Herra forseti. Sumt af þessum breytingum hæstv. heilbrrh. get ég tekið undir. Ég er til að mynda þeirrar skoðunar, og sýndi það í verki þegar ég var ráðherra í tíð síðustu ríkisstjórnar, að þegar verið er að skipa stjórnir og formenn stjórna á skipunartíminn að fylgja ráðherranum. Ég er þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar að hinn pólitíski vilji ráðherra eigi með því móti að koma fram.

Ég hins vegar mótmæli því þegar verið er að gera slíkar breytingar, eins og er í 18. gr. í tengslum við fjárlagafrv. Hvað sparar það í ríkisfjármálunum ef stjórnarformenn heilbrigðisstofnana, sem skipaðir voru í tíð síðustu ríkisstjórnar, eru reknir og aðrir settir í staðinn? Það þarf líka að borga þeim launin og þóknunina. Eina réttlætingin sem hæstv. heilbrrh. hefði í þessu máli væri sú að hún gæti bent á að einhvers staðar hefði ekki tekist að koma í gegn einhvers konar áformum um sparnað, sem hún hefur beitt sér fyrir, vegna þess að þessir tilteknu formenn hefðu staðið gegn þeim. Ég veit ekki dæmi þess í tíð þessarar ríkisstjórnar. Eitt slíkt dæmi kom upp í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það mætti með rökum halda því fram að hæstv. ráðherra hefði þá eitthvað til síns máls. Ef slík dæmi eru til hljóta þau að vera fá. Ég segi við hæstv. heilbrrh.: Ég er reiðubúinn til að fjalla um þessar breytingar, ræða þær og jafnvel samþykkja vegna þess að ég tel að þetta sé rétt. En ég vil ekki gera það í tengslum við fjárlagafrv. vegna þess að ekki er um neinn einasta sparnað að ræða, herra forseti.

Ég vil líka segja að 19. gr. orkar vægast sagt mjög tvímælis. Hugsunin á bak við hana er væntanlega að bæta fyrir vanhugsunina sem kemur fram í fjárlagafrv. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að náð sé fram 160 millj. kr. sparnaði á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Það er ekki einn einasti maður sem veit hvernig þessi tala er komin til. Hins vegar vill svo til að gert er ráð fyrir að náð sé 340 millj. kr. sparnaði með aukinni samvinnu sjúkrastofnana á höfuðborgarsvæðinu. Maður veltir fyrir sér, af því að þessi reglustikuvinnubrögð eru

þekkt úr ráðuneytunum, að menn hafi skellt þarna 160 millj. ofan á vegna þess að þá kemur upp þægileg tala, hálfur milljarður. Ég held að það sé skýringin. Þegar heilbr.- og trn. fékk fulltrúa heilbrrn. á sinn fund til að spyrja út í þetta mál voru engin svör. Það var ekki hægt að rökstyðja þessa tölu og ég skora á hæstv. heilbrrh. að koma hingað upp og segja okkur hvernig hún eða hennar starfsmenn komust að þessari tölu. Hún getur ekki farið og spurt til að mynda stjórn Landssambands sjúkrahúsa vegna þess að þeir vita það ekki. Heilbr.- og trn. hefur spurt þá, eins og varaformaðurinn úr stjórnarliðinu, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, getur borið vitni um. Þeir komu á fund nefndarinnar og sögðu einfaldlega: Við höfum ekki hugmynd um það.

Þegar spurt var: Eruð þið virkilega að segja okkur að hæstv. heilbrrh. hafi ekki leitað eftir afstöðu, skoðunum og reynslu þeirra sem sitja í stjórn Landssambands sjúkrahúsa? Þá er svarið nei. Heilbrrn. talaði ekki við einn einasta mann. Þetta er tala sem hæstv. heilbrrh. dró upp úr sínum fína hatti, hefur engan rökstuðning og byggist ekki á neinu. Og það sem meira er, herra forseti. Til að ná fram sparnaði og hagræðingu, sem á að gera með sameiningunni, með verkaskiptingunni þarf væntanlega að taka einhverjar ákvarðanir um uppsagnir. Við erum að tala um hluti sem varða fjárlagafrv. 1997, en það er það skammt til áramóta að þegar er orðið of seint að grípa til þessara ráða. Þetta er dæmi um handarbakavinnubrögð sem á ekki að þola og sem hæstv. forsrh. á ekki að þola sínum starfsmönnum, engum ráðherra.

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur skyggnst ofan í djúpin og gert sér grein fyrir að það er hæstv. forsrh. sem situr í þessari súpu alveg eins og samstarfsráðherra hans. Hann hefur staðið frammi fyrir því að ráðherrarnir hafa einfaldlega ekki getað unnið störf sín betur en þetta. Það er því ljóst, herra forseti, að verið er að breyta lögum til að skjóta undir lekann í heilbrrn. Til þess að reyna að bæta úr því illa unna verki sem tengist þessum sparnaði, þessu menntahagræði sem á að ná fram í sjúkrahúsum á landsbyggðinni.

Það kemur líka fram, herra forseti, í fskj. með fjárlagafrv. að fyrirhugað er að þetta séu einungis fyrstu aðgerðirnar. Í framhaldi af þessu, herra forseti, á að ná fram auknum sparnaði og maður veltir fyrir sér hvað sá sparnaður sé mikill? Getur verið að töfratalan 760 millj., sem datt út úr skýrslu sem unnin var fyrir nokkrum árum, sé takmarkið? Er þetta byrjunin á að ná fram sparnaði upp á 700–800 millj. kr.? Ég tel, herra forseti, að ekki sé hægt að ræða þetta mál til þrautar öðruvísi en að hæstv. heilbrrh. skýri hver sé hinn endanlegi lokaáfangi þessarar ferðar sem hún hefur núna lagt upp í. Eru þessar 160 millj. það eina sem hún ætlar að spara á landsbyggðinni? Eða ætlar hún að leggja spítalakerfið á landsbyggðinni í rúst með því að taka 700–800 millj.? Við verðum að fá að vita, herra forseti, hvað vakir fyrir hæstv. heilbrrh., þ.e. ef hæstv. heilbrrh. veit það sjálf.

[17:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er spurning hvort væri ekki hægt að tryggja að hæstv. forsrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég reikna með að hann sé í húsinu en finnst satt að segja enginn bragur á því að flutningsráðherrar mála séu ekki í salnum eða í grennd við hann þegar verið er að ræða mál. Þó að ég kunni vel að meta hæstv. heilbrrh. vil ég hafa orð á þessu og spyrja hæstv. forseta hvort hann gæti hugsað sér að láta hæstv. forsrh. vita að hans sé saknað úr þessum sal.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra komi í salinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gert viðeigandi ráðstafanir.

Þetta frv. ber að nokkru leyti merki þess að núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur tekið upp það sem kallað er rammafjárlög og gengur í grófum dráttum út á að hverjum ráðherra er ætlað að miða við tiltekinn ramma í sínum ráðuneytum. Ráðherrarnir eiga síðan að verja fjármunum samkvæmt þeim niðurstöðum. Niðurstöðurnar eru venjulega fengnar með því að haldnir eru ríkisstjórnarfundir og þar komast menn að tiltekinni pólitískri niðurstöðu um hvað hægt sé að miða við, bæði í tekjum og gjöldum.

Vandinn við þessa aðferð er hins vegar sá að aðrir ráðherrar vita ekki hvað hinir gera. Ég geri t.d. ekki ráð fyrir að hæstv. menntmrh. sé í einstökum atriðum inni í því hvernig hæstv. heilbrrh. ætlar að spara. Ég held líka að t.d. hæstv. heilbrrh. sé kannski ekki inni í því í einstökum atriðum hvernig hæstv. menntmrh. ætlar að spara. Þar af leiðandi eru þau mál sem koma inn í þessa virðulegu stofnun, Alþingi, munaðarlaus. Þau eru pólitískt munaðarlaus. Hver ráðherra reynir auðvitað að verja þau mál sem hann flytur, en þegar kemur að meðferð málanna í hv. efh.- og viðskn. hefur það gerst aftur og aftur á undanförnum árum að komið hefur í ljós að í raun og veru hefur ekki verið staða til að fylgja þeim eftir af því að þingmenn stjórnarflokkanna hafa, án þess að mikið bæri á, oft ýtt ýmsum þessum tillögum til hliðar og jafnvel út úr frumvörpunum. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því að þannig gerist það í ýmsum málum og þegar við lítum yfir frumvörpin um ráðstafanir í ríkisfjármálum og niðurstöðurnar á undanförnum árum hefur það aftur og aftur komið fyrir að þingmenn stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunnar auðvitað líka hafa komið vitinu fyrir ráðherrana í sambandi við einstök mál.

Þetta segi ég, hæstv. forseti, vegna þess að í frv. úir og grúir af svona málum og ég er alveg sannfærður um það að þegar frv. kemur til lokameðferðar í þinginu munu menn hafa viðurkennt að því verður að breyta. Í þessu sambandi kemur mér í hug í augnablikinu t.d. tillagan um 2 millj. kr. í tekjur af gjaldi sem á að taka vegna manna sem vilja áfrýja úrskurðum samkeppnisráðs. Þetta er alveg ótrúlega smátt, 2 millj. kr. fyrir þá sem vilja kannski kæra niðurstöður þessarar stofnunar, 2 millj. kr. í fjárlögum sem eru á annað hundrað milljarðar kr. Það er lítið sem hundstungan finnur ekki er stundum sagt. Það á kannski ekki við í þessu sambandi en manni kemur það þó í hug vegna þess að þetta breytir í raun-inni engu um heildarfjármál ríkissjóðs og þannig er verið að setja þessa grein inn undir fölsku flaggi. Ég er nokkuð viss um að menn munu sjá til þess í meðferð málsins á Alþingi að greinin verður tekin út, hún er vitleysa.

Önnur grein í frv., sem á ekki heima hér og ætti að taka út strax og ætti að vera ráðherranna að sjá til að verði tekin út vegna þess að hún tilheyrir ekki ráðstöfunum í ríkisfjármálum, er greinin að skipta um formenn í stjórnum heilsugæslustöðvanna. Út af fyrir sig getur maður skilið það að framsóknarmenn vilji losna við kratana úr stjórnum heilsugæslustöðvanna. Það getur verið keppikefli fyrir framsóknarmenn út af fyrir sig. En framsóknarmennirnir þurfa þá að sýna mér fram á að það spari að henda krötunum út. Auðvitað er hugsanlegt að það séu einhver dulin rök á bak við það að það spari verulega peninga að losna við kratana, ég skal ekkert um það segja. En það kemur ekki fram í

greinargerð frv. og hefur ekki komið fram í ræðu hæstv. forsrh. að það sé sérstaklega hagkvæmt fyrir ríkissjóð að henda krötunum út.

Þetta nefni ég hér, hæstv. forseti, vegna þess að þessi tillaga, eins og reyndar fleiri í frv., er algerlega á skjön við ráðstafanir í ríkisfjármálum og menn eiga að hætta svona vitleysu. Vitaskuld er það þannig, hæstv. forseti, líka þegar verið er að breyta lögum til langframa eins og verið er að gera tillögu um, þá á að breyta þeim með frumvörpum um viðkomandi lög en ekki í bandormi af þessu tagi. Það hefur gerst aftur og aftur á undanförnum árum og áratugum að menn flytja frumvörp um ráðstafanir í ríkisfjármálum með fjöldanum öllum af frumvörpum og breytingum á lögum þar sem gert er ráð fyrir því að um takmarkaðan tíma verði þessu breytt og þessu breytt og þessu breytt. Þannig hefur það verið. En í frv. eru menn ekki bara að því. Menn eru að breyta varanlega einum 16 lagabálkum þannig að þær breytingar sem verið er að taka á gilda ekki bara fyrir árið 1997 eins og oft hefur verið miðað við, að þau giltu fyrir næsta fjárlagaár, heldur gilda þessar breytingar varanlega. Þetta er fúsk með löggjafarvaldið. Það er ekki hægt að fara svona með mál. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir benti áðan á í þeim efnum.

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. er ekki kominn í salinn enn þá en ég held að öðru leyti áfram máli mínu og fer fram á að gerð verði tilraun til að láta hann aðeins vita af umræðunni. Alþingi er farið að haga störfum sínum eftir fjarveru ráðherra. Dagskrá Alþingis er búin til eftir fjarveru ráðherra. Það er ekki lengur búin til dagskrá Alþingis út af forgangi og því hvernig á að afgreiða þingmál og fara með þau. Það er fyrst gáð hvaða ráðherrar eru í burtu. Svo er dagskráin búin til. Þetta færist mjög í vöxt hjá núverandi ríkisstjórn þar sem lítilsvirðingin við Alþingi og framkvæmdarvaldsbragurinn á öllum hlutum hefur farið stórkostlega vaxandi. Ég endurtek að mér þætti sniðugt ef hæstv. forsrh. yrði jafnvel bara látinn vita aftur nema hann sé farinn.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. er rétt ókominn en hafði þurft að víkja sér frá um stutta stund þannig að forseti væntir þess að það líði ekki nema stutt stund þangað til hæstv. forsrh. verður hér.)

Út af fyrir sig gæti ég hugsað mér að fresta ræðu minni meðan beðið er eftir ráðherranum en ég mun þó halda áfram í trausti þess að tíminn sé ekki langur og víkja hér að einstökum atriðum sem snerta fagráðuneytin.

Ég ætla þá fyrst að víkja að 2. gr. Ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. einnar spurningar: Hver fann upp endurinnritunargjaldið í framhaldsskólunum? Hver er hinn mikli uppfinningamaður, nýsköpunarmaður í meðferð ríkisfjármála og menntamála á Íslandi? Hver fann þetta upp? Þar sem menn ætla sér að ná í hvað? Hvorki meira né minna en 32 millj. kr. og munar nú um minna þegar menn eru að taka á honum stóra sínum í sambandi við ríkisfjármálin. Hvernig á að fara að þessu? Það á að fara þannig að þessu að þeir sem þurfa að endurtaka próf þurfa að borga 1.500 kr. Svo er löng þvæla um það í fjárlagafrv. og ég skora á hv. þm. að lesa það á bls. 292 og 293 hvernig á að standa að þessu með mismunandi hætti, annars vegar í áfangaskólum og hins vegar í bekkjaskólum. Ég trúi því ekki að sú greinargerð hafi verið samin í menntmrn. Hún hlýtur að hafa verið samin einhvers staðar annars staðar.

Hverju mun þetta skila í raun? Spá mín er sú að þetta muni skila miklu lægri upphæð af því að menn munu horfast í augu við þann veruleika að það er erfitt fyrir nemendur og fjölskyldur þeirra að borga fyrir þetta. Og ætli það verði auðvelt fyrir nemanda sem á kannski í erfiðleikum í náminu að koma heim til sín og segja: Ég féll og þarf að taka prófið aftur og þarf fyrir það 1.500 kr.? Er verið að efla sjálfsvirðingu, traust og stolt nemenda með þessu gjaldi? Þetta er þvílík hugsun og þvílík niðurlæging sem þarna er verið að efna til, sérstaklega fyrir þá sem síst skyldi. Vita menn það t.d. að 10% nemenda í framhaldsskólum eiga við lestrarerfiðleika að stríða, m.a. af ástæðum sem eru algerlega óviðráðanlegar eða lítt viðráðanlegar og heita lesblinda? Allt þetta fólk er að berjast á mörkum þess að þrælast í gegnum framhaldsskólann oft og tíðum. Fjöldinn allur af þessu fólki neyðist af þessum ástæðum til að horfast í augu við það að þurfa að taka próf jafnvel aftur og aftur en lýkur þeim oft að lokum með glæsibrag og reynist vera fólk sem stendur sig með prýði og sóma t.d. í háskólanámi eins og við þekkjum dæmi um.

Hér er tillaga um að leggja stein í götu þessa fólks fyrir 32 millj. kr. Ég segi það alveg eins og er: Ef það rennur enn þá blóð í æðum þeirra þingmanna sem eru yfir höfuð í þessum sal fyrir stjórnarflokkana, þá skora ég á þá að taka þetta út. Ég skora á þingmenn stjórnarflokkanna að sjá sóma sinn í því að taka þetta út vegna þess að þetta er atlaga að þeim skólanemendum sem síst skyldi. Ég trúi því ekki að aðrir ráðherrar geri sér grein fyrir því hvað er verið að gera með þessu, ég trúi því ekki. Ég vona að hæstv. menntmrh. hafi verið að gera mistök og sé tilbúinn til þess að leiðrétta þau því að svona kemur maður ekki fram við það fólk. Svona gerir maður ekki, var einu sinni sagt, og það á við í þessu tilviki. Ég skora á hæstv. menntmrh. að henda þessari grein út og ég skora á þingmenn stjórnarflokkana að strika hana út ef ráðherrann sér ekki sóma sinn í því að taka hana út vegna þess að þetta er þvílík atlaga að sjálfsvirðingu þess fólks sem er að berjast í gegnum framhaldsskólanám við margvíslegar aðstæður sem eru oft erfiðar. En hæstv. menntmrh. setur þessa hluti þannig upp eins og hérna sé um að ræða einstaklinga sem af trassaskap nenna ekki að taka prófin sín. En þannig eru hlutirnir ekki. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er það þannig að framhaldsskólinn á að vera fyrir alla. Með þessu er verið að segja: Þeim sem hlekkist á einu sinni á að henda út. Það á a.m.k. að gera þeim eins erfitt fyrir og mögulegt er að halda áfram. Þetta er ekki hægt, hæstv. forseti.

Í öðru lagi vildi ég víkja að greininni um málefni fatlaðra. Já, hæstv. forseti. Það er mikill völlur á hæstv. félmrh. þegar kemur að málefnum fatlaðra (**Félmrh.:** Það er ekki að ástæðulausu.) og hann sér ekki einu sinni sóma sinn í að láta það vera að vera með frammíköll af því tagi sem hann var með núna sem sýnir að hann gerir sér enga grein fyrir því hvað hann er að gera. En samt er engin ástæða til að fyrirgefa honum vegna þess að hann ber ábyrgð á málinu. Í grein í Morgunblaðinu í dag segir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar, Guðmundur Ragnarsson, með leyfi forseta:

„Skerðing sjóðsins nú er hins vegar meiri en nokkru sinni fyrr og það þrátt fyrir að tekið sé tillit til þess að rekstri hafi verið létt af sjóðnum.“ Hann segir enn fremur: „Er um að ræða aukna skerðingu milli ára um a.m.k. 140 millj. kr.“ Og hann segir líka: „Nú hefur verið boðuð sú stefnubreyting að fresta því að íbúar Kópavogshælis fái aðra búsetu og er það

algerlega óviðunandi og svik við þá sem þar búa, aðstandendur þeirra og starfsfólk stofnunarinnar.“ Hann vitnar enn fremur í sjónvarpsviðtal við hæstv. félmrh. þar sem hæstv. félmrh. upplýsti það að þess væru dæmi að einn einstaklingur kosti 10 millj. á ári og það finnst mér mikið þegar litið er til þess að sumir hafa hér um bil ekki neitt.

Ég vil segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér þóttu þessi ummæli athyglisverð og ég vona að hæstv. félmrh. hafi beðist afsökunar á þeim einhvers staðar vegna þess að svona talar maður auðvitað ekki um þá sem njóta þjónustu á vegum málaflokksins fatlaðir og félmrn. Það gerir maður ekki. En þegar formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar gagnrýnir málin með þeim hætti sem hann gerir í Morgunblaðsgrein í dag, hvað segir þá félmrh. við hann? Tók hæstv. forseti eftir því? Hæstv. félmrh. sagði við formann Þroskahjálpar: „Er hann að stofna stjórnmálaflokk? Er maðurinn kominn í stjórnmálaflokk?“ Hann er með öðrum orðum að segja: Sá sem er ekki með mér er á móti mér. Hann er með öðrum orðum að segja: Sá sem leyfir sér að gagnrýna mig á vegum hagsmunasamtaka eins og Þroskahjálpar skal nú komast að því fullkeyptu þegar ég fæ tök á því að sýna valdið.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé næsta einstætt að ráðherra hafi með þessum hætti uppi orð og ummæli um forustumenn hagsmunasamtaka sem setja mál sín fram með rökum eins og formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar gerir í Morgunblaðinu í dag. Ég skora á hv. þm. sem hér eru viðstaddir og hafa ekki þegar gert það að lesa þessa grein.

Guðmundur Ragnarsson er vandaður maður og vandar þessa grein. Hún er málefnaleg og nákvæm. Hún segir hvernig er verið að fara með sjóðinn. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. félmrh. að það hefur verið farið illa með sjóðinn áður en það bætir ekki málið, það bætir ekki um fyrir hæstv. félmrh. Það er auðvitað rétt sem hæstv. félmrh. segir að það var slæmt þegar sjóðurinn var á síðustu árum var tekinn í rekstur að nokkru leyti. Það var mjög slæmt. Það var gagnrýnt af okkur talsmönnum Alþb. á þeim tíma og af talsmönnum Framsfl. mjög harðlega á þeim tíma og af talsmönnum Kvennalistans ef ég man rétt. En það breytir því ekki að veruleikinn er sá að Framkvæmdasjóður fatlaðra er að verða að engu. Miðað við þær skyldur sem hann hafði er hann að verða að engu, er að verða veikari og veikari og það ljóta í dæminu er það að með þessum vinnubrögðum er verið að svíkja fólk sem hafði fengið fyrirheit um aðra hluti samkvæmt þeirri grein sem birtist eftir Guðmund Ragnarsson í Morgunblaðinu í dag. Það er verið að svíkja, segir Guðmundur Ragnarsson, það fólk sem hafði treyst því að um breytingar yrði að ræða á heimilum margra þeirra einstaklinga sem hafa dvalist á Kópavogshælinu.

Að minnsta kosti nokkur okkar í þessum sal hafa tekið þátt í því að móta þá stefnu að það fólk sem var á Kópavogshælinu fengi aðstöðu annars staðar á sambýlum og víðar í samfélaginu. Það var full sátt um þá stefnu. Ég man eftir því að við vorum gagnrýnd fyrir það, m.a. við sem vorum í stjórnarandstöðu, að við vildum ganga of hægt fram í þeim efnum vegna þess að við vildum ekki gefa fyrirheit um annað en við gætum staðið við. Ég man eftir afar sárum fundi sem haldinn var um þessi mál á vegum Þroskahjálpar, einmitt suður í Kópavogi, fyrir fáeinum árum. Samt sem áður var það þannig að það var gengið frá tilteknum samningum, tilteknum yfirlýsingum, tilteknum loforðum. Og hvað er að gerast núna? Það er verið að skera sjóðinn þannig niður að verið er að svíkja þessi fyrirheit og það er slæmt, hæstv. forseti.

Ég hef senn lokið ræðutíma mínum, ég á eftir eina mínútu. Ég bað um það í upphafi ræðu minnar, sem hefur þá staðið væntanlega í 19 mínútur til þessa, að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur umræðuna. Hann er ekki kominn enn. Mér finnst það slæmt að málflutningi stjórnarandstöðunnar sé sýnd lítilsvirðing af þessu tagi, sérstaklega þegar beðið er um það að menn komi í salinn. Ég tek fram að ég á eftir að ræða ýmis mál í frv., t.d. alveg ótrúlegan kafla um heilbrigðismál sem er m.a. um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, en samkvæmt honum má heilbrrh. gera það sem henni sýnist. Það er afar nýstárleg lagasmíð svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti. Tíminn leyfir það ekki en mér þykir leitt að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér í salnum og bendi á þann möguleika að fresta þessum umræðum þar til hæstv. ráðherra kemur í salinn því að hann er flutningsmaður málsins.

[17:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemdir hv. þm. og forseti hefur eins og áður hefur komið fram óskað eftir upplýsingum um hvað líði komu hæstv. forsrh. og mun ganga eftir því aftur.

[17:33]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að endurtaka þá ósk mína að ég held að eðlilegt sé að umræðunni sé frestað þar til hæstv. forsrh. er kominn til umræðunnar. Ég fer eindregið fram á það, og ég tala a.m.k. fyrir hönd þingflokks míns og ég vona að aðrir geti tekið undir það, að óeðlilegt er að halda umræðunni áfram án þess að hæstv. forsrh. og aðalflutningsmaður málsins sé hér.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði ekki hafið ræðu mína áðan ef ég hefði vitað að hæstv. forsrh. var utan húss þannig að ég fer eindregið fram á það að hæstv. forseti taki fyrir einhver önnur mál á meðan því að það eru 17 mál á dagskrá, ef ég man rétt, þannig að við getum vel hinkrað og tekið annað mál fyrir á meðan verið er að leita að ráðherranum sem mér skilst að sé týndur.

[17:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á óskir hv. þm. Nú verður gert 10 mínútna hlé á fundinum og hefst hann að nýju um það bil korter fyrir sex.

[Fundarhlé. — 17:35]

[17:44]

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. svokallaður bandormur. Ég get sagt fyrir mig að mér finnst hann nokkuð sérstakur fyrir þær sakir að óvenjulítið er seilst í vasa sveitarfélaganna en það hefur verið gert árvisst svo langt sem ég man eða síðan ég fór að fylgjast með þessum málum. Á undanförnum árum hefur ítrekað verið gerð aðför að sveitarfélögunum ýmist með því að skerða tekjur þeirra eða með því að flytja verkefni til þeirra án þess að þau fái tekjur til að standa undir þeim. Þó hangir enn yfir smá angi í bandorminum sem bitnar hart á fámennum sveitarfélögum. Það er í 27. gr. þar sem ákvæði er um að hætta 50% þátttöku í refaveiði. Alls er þarna um að ræða 19 millj. kr. sem ríkissjóður ætlar að spara og um leið að velta yfir á sveitarfélögin. Ég ætla ekki að fara í umræður

um það hvort friða eigi refinn eða ekki, það finnst mér svo fráleitt. Þó menn komi hér og grínist með að hér eigi að friða refinn þá held ég að það sé eitthvað sem við hlustum varla á, að minnsta kosti ekki þeir sem þekkja til úti á landsbyggðinni og heyra í fólki sem býr í þeim sveitarfélögum þar sem eyðilegging af völdum refa er hvað mest. Málflutningur sumra Reykjavíkurþingmanna hér um að það eigi að friða refinn er fráleitur. Ég held að það væri hugsanlegt að þeir mundu fá sér ref í garðinn sinn en þó held ég að það sé of slæm meðferð á refnum.

Í fámennum sveitarfélögum getur það verið stór hluti af tekjum sem fer í þetta. Það var nefnt dæmi fyrr í umræðunni að í Þingvallasveit færu 10% af brúttótekjum sveitarfélagsins í að greiða þau 50% sem því ber að standa skil á. Með öðrum orðum að þegar ríkissjóður hættir að greiða sín 50% hækkar þetta um helming, þá fara 20% af brúttótekjum sveitarfélagsins í að greiða fyrir eyðingu refa. Ég ætla ekki að í þessum sveitarfélögum sé fólk að stunda refaveiðar að gamni sínu eingöngu. Ég hygg að þeir sem eru að hugsa um skepnur sínar séu fyrst og fremst að gera þetta vegna þess að refurinn er vágestur í högunum og honum ber að halda í skefjum. Friðun refsins mundi leiða mikinn vanda yfir þessi sveitarfélög.

Virðulegi forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um fleiri greinar í bandorminum. Ég vil taka til við 2. gr. þar sem er heimild til framhaldsskóla um að innheimta sérstakt 1.500 kr. endurinnritunargjald. Ég get upplýst að í þingmannarallýi á Norðurl. v. var þessum skatti gefið ágætt heiti, það var bágindaskattur. Þetta er mjög óréttlát skattheimta sem bitnar harðast á þeim sem af ýmsum sökum geta hugsanlega ekki stundað námið af kostgæfni. Þar vil ég t.d. nefna þá sem þurfa vegna efnahagsaðstæðna að vinna með námi en mjög stór hópur framhaldsskólanema er nauðbeygður til að vinna með námi til að geta framfleytt sér og stundað nám. Með öðrum orðum er verið að skattleggja fátæktina með þessum sannkallaða bágindaskatti. Auk þess get ég tekið undir orð hv. þm. Svavars Gestssonar um að þetta bitnar verulega illa á þeim sem eiga af öðrum ástæðum erfitt með nám, t.d. þeir sem eru lesblindir. Því er þessi skattur á allan máta mjög vondur og væri réttast að kasta honum út þegar í stað.

Ég vil líka fara nokkrum orðum um þær greinar sem snúa að heilbrigðisgeiranum, þ.e. 15.–20. gr. Í þessum greinum er byggð upp lagastoð m.a. til að geta staðið við ákvæði fjárlagafrv. um að skera niður um 160 millj. kr. á sjúkrastofnunum úti á landsbyggðinni. Mér finnst full ástæða til að mótmæla þeirri lagasetningu. Það er kominn tími til að hætta þessari göngu. Við erum komin á enda götunnar. Það verður ekki skorið meira niður hjá sjúkrastofnunum úti á landsbyggðinni nema skera niður þjónustuna. Því er eflaust haldið fram að skýrslur og greinargerðir sýni að spara megi á þessu sviði. Ég hef raunar heyrt af einni slíkri sem segir að það megi spara 320 millj. kr. hjá sjúkrastofnunum úti á landsbyggðinni en nú sé aðeins farið hálfa leið og það ætti þá væntanlega að vera létt verk. Því miður hafa allar þessar skýrslur verið í veigamiklum atriðum rangar, úr öllu samhengi við raunveruleikann og verið hraktar í veigamiklum atriðum.

Í þingmannarallýi sem ég nefndi hér áðan fóru m.a. þingmenn á Norðurl. v. í heimsókn á sjúkrahúsið á Sauðárkróki. Ég tel mig þekkja nokkuð vel til rekstrar heilsugæslunnar á Norðurl. v. og fullyrði að þar er mjög vel farið með, þar er ýtrasti sparnaður í rekstri og þar er ekki hægt að skera meira niður nema með því að skerða þjónustuna. Þá fer kannski vel á því að hugsa til þeirrar umræðu sem fór fram um byggðamál hér fyrr í dag í umræðu um skýrslu Byggðastofnunar. Í skýrslunni kom m.a. fram búsetuþróunin á landinu á síðustu tíu árum. Engum blöðum er um það að fletta að stanslaus umræða um niðurskurð í heilbrigðisgeiranum hefur afar slæm áhrif á alla búsetuþróun á landsbyggðinni. Sífellt vofir yfir að þessi þjónusta sé skorin það niður að þjónustan versni og það gefur auga leið að það hefur áhrif á búsetuna. Fólk, sem vildi hugsanlega setjast að úti á landsbyggðinni eða vildi búa þar áfram, hugsar sig tvisvar um þegar það heyrir sífellda umræðu um niðurskurð. Fólk vill ekki flytjast út á land þar sem yfirvofandi er niðurskurður í heilbrigðiskerfinu. Það sé kannski skorin af þessi deild eða hin deildin, fæðingar þurfi að fara fram á sjúkrahúsinu sem er í hundrað km fjarlægð frá þéttbýlisstaðnum o.s.frv. Þetta eru hlutir sem hollt er að hugsa um. Ég hygg að þetta sé einn af þeim þáttum sem hefur hvað mest áhrif á búsetuþróun á landinu.

Því hefur verið fleygt fram að tilflutningur á 3.000 manns af landsbyggðinni suður kosti þjóðfélagið 10 milljarða kr. Það kostar eitthvað að leggja byggðir í rúst. Það kostar eitthvað að skilja eftir mannvirki, fasteignir, íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði vegna þess að fólk vill ekki búa þar lengur. Þá þarf á sama hátt að byggja þetta upp á öðrum stað auk þess sem byggja þarf upp aukna þjónustu af sama tagi og skorin hefur verið niður á landsbyggðinni. Það þarf þá að byggja þjónustuna upp í Reykjavík ef flutningurinn er í þá átt. Það þarf að byggja umferðarmannvirki og margt þarf að gera til að taka á móti þessari búsetuþróun. Ég held því að það væri hollt fyrir hæstv. ráðherra Framsfl. að hugsa um það hvort þessi sífelldi niðurskurður úti á landsbyggðinni í heilbrigðismálunum er framlag flokksins til byggðastefnu.

[17:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur orðið um þennan svokallaða bandorm ríkisstjórnarinnar, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þær umræður hafa auðvitað ekki verið jafnumfangsmiklar og var hér fyrir ári enda voru greinarnar í frv. þá 63 eða svo en rúmlega 20 nú og þótti mörgum nóg um og var þá reyndar lofað að hafa þetta skaplegra næst og ef það yrðu svo margar greinar þá var því lofað að hafa þær í fleiri frv. Þetta er sem sagt með skaplegri bandormum sem hafa verið fluttir lengi þó ég sé ekki að biðja menn um að mæra endilega efni hans. Ég heyri á umræðunni að um efnið eru auðvitað skiptar skoðanir. Einstakir ráðherrar hafa gert grein fyrir þeim sjónarmiðum sem á bak við þær tillögur liggja er að þeirra ráðuneytum snúa.

Sá heildarsparnaður eða þau fjármálalegu tengsl sem tengd eru þessu frv. koma að hálfu leyti til vegna vegagerðar og öll önnur ákvæði frv. skila síðan helmingi. Það er rétt sem bent hefur verið á að sum þeirra skila ákaflega litlum beinum sparnaði í upphafi en eru til þess fallin þegar fram í sækir að leiða af sér verulegan sparnað og skilvirkari stjórnun, og að því er stefnt.

Ástæðan fyrir því að þessi bandormur er svo miklu minni en sá fyrri er sá að þegar hann var afgreiddur síðast var mörgum „þrátt-fyrir"-ákvæðum breytt varanlega, m.a. ákvæðum sem menn höfðu í tíu eða fimmtán ár á hverju einasta ári, hvaða flokkar sem voru í stjórn, frestað að uppfylla skil-

yrði í sérlögum vegna þess að þeir þurftu að koma saman fjárlögum. Að því leyti tel ég hreinna að breyta slíkum ákvæðum varanlega því þá hafa þingmenn, sem sitja á þingi á hverjum tíma, tækifæri til að beita áhrifum sínum til að koma fjármunum til þessara þátta eftir því sem þeir kjósa hverju sinni en eru ekki bundnir af ákvörðun þingmanna á árum fyrr um fjárhagsleg útlát. Ég tel það vera heilbrigðari stjórnunaraðferð.

Á nokkrum stöðum er ákveðin tilfærsla og skipulagsbreyting sem hefur ekki að þessu sinni áhrif á aðstæður þeirra sem lögin taka til eins og bent hefur verið á varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra og reyndar þá þætti sem snúa að Atvinnuleysistryggingasjóði og hæstv. félmrh. hefur gert glögga grein fyrir.

Ekki er meiningin með þessu frv. að friða refinn heldur er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin beri ábyrgð í þessum efnum og ábyrgðinni fylgi útgjöld. Ég veit að ég er ekki sérfræðingur í þessum efnum en ég hef þó á tilfinningunni að of mikið sé gert úr hættunni af refnum og það megi gjarnan fara varlegar í að farga honum en gert hefur verið en sveitarfélögin hafa sem sagt opnar heimildir til þess. Refurinn er af þeirri deild dýra sem fyrir var þegar forfeður okkar komu til landsins og ég held að við eigum að sýna honum nokkra virðingu enda er það svo að þegar menn vilja tala um stétt stjórnmálamannanna, sem er yfirleitt ekki í hávegum höfð í umtali, þá þykir það það skásta sem um okkur er sagt að við séum pólitískir refir. Þessir bræður okkar eiga því að eiga nokkurn skilning. Ég veit að um þetta kann að vera ágreiningur milli manna, mér sýndist það á svipnum á þeim sem fram hjá mér gekk í þessari andránni. En að öðru leyti verður þetta mál náttúrlega skoðað í nefnd. Það voru nokkur atriði í framsöguræðu minni sem ég bað um að nefndin mundi skoða sérstaklega. Síðan fá menn tækifæri til að ræða þetta á nýjan leik í þingsalnum.

[18:01]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi í máli mínu áðan spurningu til hæstv. forsrh. sem hann svaraði ekki þegar hann sté í ræðustól. Ég vil ítreka þá spurningu sem snertir 11. gr. frv. Þar er talað um að atvinnuleysisbætur hækki um 2%. Ég tel að atvinnuleysisbætur hafi hækkað til samræmis við launaþróun og ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í fjárlagafrv. að laun hækki meira en þetta á næsta ári. Því vil ég spyrja um þegar verið er að binda þetta svona niður hvort ekki sé hugmyndin að atvinnuleysisbætur hækki til samræmis við þá launaþróun sem verður í landinu á næsta ári.

Síðan spyr ég ráðherrann um afstöðu hans til þess að hækka skatta sem fram kemur í 14. gr. en þar er lagt til að gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra hækki um 2%. Ég hélt að það væri í stefnu ríkisstjórnarinnar að hækka ekki skatta. Eins finnst mér nauðsynlegt að fá afstöðu forsrh., sem flytur frv., til þeirrar gagnrýni sem helst hefur komið fram, þ.e. það mikla framsal á valdi sem hér er beðið um frá löggjafarvaldinu yfir til framkvæmdarvaldsins í heilbrigðismálum þar sem gert er ráð fyrir að heilbrrh. fái heimild til meiri háttar skipulagsbreytinga til frambúðar í heilbrigðiskerfinu og þarf ekki að lýsa því frekar en hér hefur verið gert.

[18:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef skoðuð eru lög um heilbrigðisþjónustu kemur þar fram að nú þegar hefur ráðherra allvíðtækar heimildir til að beita reglugerðum við útfærslu þeirra laga og breytingin er því ekki eins mikil og hér gæti virst þótt nokkrir þættir séu sérstaklega til nefndir. En ef lögin um heilbrigðisþjónustu eru skoðuð kemur fram í lokagrein þeirra að fyrir hendi eru allvíðtækar heimildir ráðherrans nú þegar til að beita reglugerðarvaldi við útfærslu laganna þannig að þarna verða engin kaflaskipti.

Ég svaraði heldur ekki hv. þm. varðandi það hvort verið væri að undirbúa jarðveginn varðandi 8. og 9. gr. vegna hugsanlegs flutnings málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaga sem hefur ekki verið neins staðar endanlega rædd þó að margir hafi látið í ljós þær skoðanir að vel gæti farið á því að sveitarfélögin önnuðust meira þennan málaflokk en nú er. Það er auðvitað ekki verið að stíga nein skref í því sambandi til þess að gera sveitarfélögunum slíka yfirtöku erfiðari ef til kæmi.

Um 11. gr. er það að segja að í gildandi lögum segir að við endurskoðun fjárlaga skuli endurskoða hámarksbætur atvinnuleysisbóta og verið er að uppfylla þessa lagaskyldu sem menn eru að fylgja fram hér og hækkunin er í samræmi við þær verðbreytingar sem orðið hafa á tímabilinu og það sama má reyndar segja um 14. gr.

Varðandi það sem vitnað var til fjárlaganna þá er sú tala, eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh., sem notuð er sem uppfærslutala í fjárlögunum eingöngu viðmiðunartala, reikningstala, og segir ekkert, spáir ekki einu sinni um það hvað ríkisstjórnin, Þjóðhagsstofnun eða aðrir aðilar, ímynda sér að launabreytingar muni verða á tímabilinu. Verði launabreytingar á tímabilinu sem verða úr takt við þetta þá hafa menn heimild til að grípa þar inn í og í síðasta lagi við næstu fjárlög ber mönnum að endurskoða taxtann.

[18:05]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sem fram kom hjá hæstv. forsrh. að ríkisstjórnin er ekki að binda sig í þessi 3,5% vegna þess að það er fjarri lagi að launabreytingar í landinu verði ekki meiri en 3,5%. En ég hafði áhyggjur af því, virðulegi forseti, að með því að vera að binda niður hámarksbæturnar hækki þær ekki nema um 2% og ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort hann teldi ekki eðlilegt að atvinnuleysisbætur hækkuðu til samræmis við launaþróun í landinu og hvort menn séu ekki að festa sig niður með því að binda þetta með þessum hætti.

Ég er ósammála hæstv. forsrh. um það að ekki sé um nein kaflaskipti að ræða í þeim heimildum sem hæstv. heilbrrh. óskar eftir. Ég held að verið sé að fara fram á miklu víðtækari heimildir en við höfum áður séð. En sjálfsagt mun nefndin sem fær þetta til meðferðar skoða það og mér býður svo í grun að ekki sé allt útsagt í þeim efnum. Það er alveg öruggt að þingið getur varla látið bjóða sér svona mikið framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins eins og hér er beðið um.

[18:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í ræðu minni áðan kom ég á framfæri athugasemdum varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra og fleiri þætti. Sömuleiðis minntist ég aðeins á heilbrigðismálaþáttinn sem hefur verið ræddur talsvert af öðrum þannig að ég ætla ekki að bæta neinu við það sem ég sagði áðan að öðru leyti en því að ég harma að ráðherrarnir skuli ekki hafa svarað fyrir sig, hvorki hæstv. félmrh. né hæstv. menntmrh., sem er vonandi til marks um að þeir séu sammála um þær ábendingar sem fram komu frá mér og séu að íhuga þær. (**Gripið fram**

í: Um hvað?) Um að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi aldrei verið verr leikinn en núna eins og formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar segir í Morgunblaðinu í dag. Sömuleiðis vænti ég þess að hæstv. menntmrh. taki 2. gr. frv. aftur. Hún er satt að segja algjörlega ófær.

Ég kvaddi mér hér aðallega hljóðs til að hvetja alla hæstv. ráðherra til að íhuga 2. gr. frv., um þetta prófa- og endurtekningargjald eins og ég held að það sé kallað. Þetta gjald gengur ekki. Þetta er mjög vont gjald. Þetta er gjald sem leggst á þá sem síst skyldi eins og hv. þm. Sigurður Hlöðvesson rakti hér áðan. Þetta leggst á þá sem af einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum með að taka próf við þau skilyrði sem búin eru á hverjum tíma. Stundum getur það verið af efnahagslegum ástæðum, stundum af öðrum ástæðum sem eru algjörlega óviðráðanlegar og ég rakti í máli mínu áðan. Stundum af báðum þessum ástæðum, þ.e. bæði af efnahagslegum ástæðum og því að viðkomandi séu fatlaðir eða eigi af öðrum ástæðum erfitt með að taka próf og verði að taka þau þess vegna aftur og aftur. Í fullri einlægni, hæstv. forseti, að ráðherrunum viðstöddum og ekki síst hæstv. forsrh., ég bið um að þetta verði strikað út. Ég fer fram á það að ráðherrarnir sýni þá sanngirni að þetta verði strikað út. Þetta gengur ekki, hæstv. forseti. Þetta væri þvílík skömm og þvílík smán fyrir ríkið, fyrir menntakerfið að innleiða þennan endurtekningarskatt að það gengur alls ekki. Ég skora á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að hafa vit fyrir ráðherrum sínum í ýmsum efnum, m.a. þessu, og strika greinina út. Hún er hneisa, hæstv. forseti.

[18:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég svaraði því rækilega áðan hv. 8. þm. Reykv. hvernig málefnum fatlaðra er háttað varðandi fjárlög næsta árs. Til málefna fatlaðra verður varið 190 millj. meira á árinu 1997 en gert er í ár. Að vísu er rétt að hægt er að finna það út að talan sem merkt er á Framkvæmdasjóð í fjárlagafrv. er lægri en talan sem var merkt á hann í fyrra, en það er líka létt af honum skyldum. Það sem máli skiptir er það að til málefna fatlaðra í heild fer 190 millj. kr. meira á næsta ári en í ár. Þessi málaflokkur hefur algeran forgang í félmrn. og er eini málaflokkurinn sem hækkar í líkingu við þetta því að þetta eru aðhaldssöm fjárlög og við erum ákveðnir í því að reyna að afgreiða þessi fjárlög hallalaus. Það er alveg þýðingarlaust að taka einn þátt úr úr og staglast alltaf á honum. Það er heildarmyndin sem menn verða að horfa á.

Ég veit ekki hvort ég á að fara að ræða svikabrigsl sem hv. 8. þm. hafði uppi í ræðu sinni fyrr í dag. Ég hef ekkert svikið. Það var gerður samningur um útskrift 37 vistmanna á Kópavogshæli af forvera mínum án þess að til þess væru neinir peningar merktir því. Þetta var gert í hita kosningabaráttunnar. Ég tel mig bundinn af þeim samningi og verið er að útskrifa þetta fólk af Kópavogshæli. Það er það eina sem loforð hefur verið um. Vangaveltur um það hverjar áherslurnar eigi að vera og það er stefnt að því að halda áfram útskriftum af Kópavogshæli en hins vegar er ekki búið að gera neina samninga þar um. Það er full ástæða til að velta vöngum yfir því hvort það er rétt, hvort fötluðum er meiri greiði gerður með því að útskrifa alla sem allra fyrst af Kópavogshæli eða hvort ástæða er til að sinna þeim sem enga þjónustu fá eða litla. Ég tók aldeilis við biðlistum þegar ég kom í þetta ráðuneyti, þeir hafa ekki orðið til í minni tíð. Þeir hafa styst í minni tíð. Mér er mjög umhugað um að reyna að bæta úr neyðarástandi sem sums staðar hefur komið í ljós. Það er t.d. verið að stofnsetja heimili fyrir einhverf börn upp í Tjaldanesi en í þeim málaflokki var neyðarástand og var reynt að bæta úr því. Þetta er bara spurning um forgangsröðun. Við erum ekki ósammála um markmiðið en þetta er spurning um forgangsröðun.

Ég gleymdi að minnast á það í ræðu minni áðan að það er náttúrlega deginum ljósara að sveitarfélögin taka ekkert við málefnum fatlaðra nema samkvæmt samningi þannig að þau fái borið uppi þá þjónustu sem þau þurfa að veita, það er alveg deginum ljósara. Við ætlum ekkert að taka einhliða ákvörðun um að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaga. Það gerist að sjálfsögðu í samningum. Hins vegar höfum við fjmrh. komist að samkomulagi við formann og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga um að stefna að því að þessi yfirfærsla fari fram 1. jan. 1999. Það er að sjálfsögðu undanskilið að samkomulag verði um yfirfærsluna alveg eins og var með grunnskólann um kostnaðarskiptinguna eða hvernig málið verði fjármagnað. En að þessu er stefnt. Ég vænti þess og sé það reyndar í hendi minni að sveitarfélögin eru ófáanleg að taka við málaflokknum nema fá með honum fé. Ég vil þakka hv. þm. Sigurði Hlöðvessyni fyrir að taka eftir því og nefna það hér að hlutur sveitarfélaganna er ekki fyrir borð borinn í frv. Það er að vísu skerðing á þátttöku ríkisins til refaveiða og það mál gæti þarfnast einhverrar endurskoðunar. Það er ekki verið að friða refinn með þessu frv. heldur er verið að ætlast til þess að sveitarfélögin ein beri þann kostnað sem af refaveiðunum hlýst og sum sveitarfélög fara ansi létt með það. En það hefur komið í ljós að þau sveitarfélög eru til þar sem þessi kostnaður er illviðráðanlegur eða óviðráðanlegur þannig að ekki verður mögulegt fyrir þessi sveitarfélög að halda jafnvægi í náttúrunni með því að fækka ref.

Herra forseti. Ég ætla að láta þetta nægja.

[18:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það að bregðast við ræðu minni. Ég tek hins vegar eftir því að hæstv. menntmrh. situr enn þá og segir ekkert við þeirri gagnrýni sem fram hefur komið á þessa ótrúlegu 2. gr. frv. en ég ætlaði að beina orðum mínum til hæstv. félmrh. og segja:

Veruleikinn er sá að það er verið að skerða framkvæmdasjóðinn, það er alveg óhjákvæmilegt að horfast í augu við það. Það er verið að gagnrýna það mjög harkalega af formanni Landssamtakanna Þroskahjálpar í Morgunblaðinu í dag. Hann segir að boðuð hafi verið stefnubreyting í þá átt að fresta því að íbúar Kópavogshælis fái aðra búsetu og er það algerlega óviðunandi og svik við þá sem þar búa, aðstandendur þeirra og starfsfólk stofnunarinnar. Þetta er algerlega skýrt að formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar kveður hér mjög sterkt að orði og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hæstv. félmrh. að átta sig á því að hér er um ákveðin tíðindi að ræða þegar málið er sett upp með þessum hætti.

Auðvitað getur hæstv. ráðherra félagsmála reynt að skýla sér á bak við forvera sína sem hafi byrjað á því að skerða framkvæmdasjóðinn og taka hann í rekstur. En það er í raun og veru engin lausn og ekkert svar. Það er ekkert svar fyrir hæstv. félmrh. Framsfl. að skýla sér á bak við forvera sína í þessu efni. Hann einn ber ábyrgð á þeim ákvörðunum sem nú er verið að taka og það er bersýnilegt að í þeim samtökum sem helst sinna þessum málum er mikil óánægja með

vinnubrögð ráðherrans að því er þessa hluti varðar.

[18:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Veruleikinn með Framkvæmdasjóð fatlaðra er sá að nú eru hlutirnir kallaðir sínum réttu nöfnum og rekstrarverkefnin eru tekin út úr framkvæmdasjóði en sett annars staðar undir aðra fjárlagaliði. Þar af leiðandi er hægt að finna það út að minna fé sé merkt á framkvæmdasjóðinn en í fyrra, en það eru líka verkefni sem honum er ætlað að vinna. Hlutirnir eru bara kallaðir sínum réttu nöfnum núna og það tel ég vera framför. Það tel ég vera skynsamlegt eins og ég hef rakið þrásinnis áður í dag.

Það hefur ekki nein stefnubreyting verið boðuð varðandi útskriftir á Kópavogshæli. Það sem hefur verið gert er að leitast við að standa við þann samning, þá ákvörðun, sem fyrirrennari minn, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, tók, að útskrifa í fyrsta áfanga 37 vistmenn af Kópavogshæli og er verið að gera það. Það er ekki alveg búið en það eru líkur til að það takist innan skamms. Engin önnur stefnubreyting hefur verið boðuð og það var enginn samningur gerður um meira á Kópavogshæli. Það eina sem ég hef látið frá mér fara eru vangaveltur um það hvort skynsamlegt sé að gera það á undan öðrum verkefnum sem bíða í málefnum fatlaðra.

[18:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða snýst náttúrlega ekki um verkefnin sem slík, sem ég efast ekki um að eru stór og mikil, og það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi einhverja allt aðra skoðun á þessu máli heldur en t.d. formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar. Ég skal ekkert um það segja. Málið snýst í raun og veru ekki um það.

Málið snýst um þann veruleika að það hefur komið fram í þessari umræðu og í grein í Morgunblaðinu í dag að Framkvæmdasjóður fatlaðra er skorinn meira niður en nokkru sinni fyrr.

Hæstv. félmrh. reynir að skýla sér á bak við Alþfl. í þessu máli en það er út af fyrir sig engin vörn fyrir ráðherrann því að ráðherrann ber einn ábyrgð á fjárlagatillögum ársins 1997. Og þau undur hafa nú gerst að hann viðurkennir að þetta sé rétt, að um meiri niðurskurð sé að ræða en nokkru sinni fyrr. Hann segir að vísu að hlutirnir snúi fyrst og fremst bara þannig að þeir séu núna kallaðir sínum réttu nöfnum. En hann viðurkennir að það sé minna fé í framkvæmdir á vegum framkvæmdasjóðsins en nokkru sinni fyrr. Og hvað þýðir það? Það þýðir minni þjónustu mjög fljótlega fyrir fatlaða í landinu, minni þjónustu en ella væri um að ræða. Það er alvarlegur hlutur að ráðast til atlögu við þennan hóp með þeim hætti sem þarna er gert og þess vegna skora ég á hæstv. félmrh., sem ég veit að er sanngjarn maður, að fylgja játningum sínum áðan eftir með því að leiðrétta þessi ákvæði frv. þegar þau koma til meðferðar í hv. efh.- og viðskn.

[18:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan snýst um þann veruleika að málefni fatlaðra fá 190 millj. kr. meira á næsta ári en þau fengu í ár. Ég ræðst ekki til neinnar atlögu við málefni fatlaðra, síður en svo. Þetta er forgangsmálaflokkur í mínu ráðuneyti.

[18:21]

Útbýting þingskjala:

Póst- og fjarskiptastofnun, 149. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 164.

Sala notaðra ökutækja, 148. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 163.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 143. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 158.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 147. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 162.

Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 161.

Tryggingagjald, 145. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 160.

Virðisaukaskattur, 144. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 159.

Vörugjald, 142. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 157.

[18:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og heyra mátti af þessum lestri hæstv. forseta af ræðustóli, þá eru frumvörpin að streyma frá ríkisstjórninni þannig að myndin í ríkisfjármálunum fer að skýrast. Ég fagna því að frumvörpin koma nú sæmilega snemma fram þannig að það gæti bent til þess að það tækist að ljúka þingi á þeim tíma sem áætlað er fyrir jól.

Það væri ástæða til þess að fara nánar ofan í þá umræðu sem orðið hefur um málefni fatlaðra en þar sem ég sit í félmn. ætla ég að geyma mér það þar til við höfum farið yfir þau mál í nefndinni.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég sakna þess mjög að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa komið í ræðustólinn til þess að skýra fyrir okkur það sem felst í 2. gr. frv. Mér finnst hann svo sannarlega skulda okkur skýringar vegna þess að það er sannast að segja erfitt að átta sig á því hver hugsunin er að baki þessari grein og í rauninni erfitt að trúa því að ríkisstjórnin ætli sér að leggja þennan skatt á þá nemendur sem erfiðast eiga í skólakerfinu því eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá eiga skólarnir auðvitað margvísleg ráð til þess að taka á þeim nemendum sem eru að slugsa, en þeir nemendur eru vissulega til, ekki ber að neita því.

Fyrsta spurning mín til hæstv. menntmrh., herra forseti, er þessi: Hvernig er talan 32 millj., sem á að auka sértekjur framhaldsskólanna um, fundin? Það segir í frv. að lausleg athugun bendi til þess að meira en 15% nemenda endurtaki próf. Það er væntanlega ekki mikið meira en 15% því að þá hefðu menn nefnt hér einhverja aðra tölu.

Samkvæmt því sem fram kemur í fjárlagafrv. er áætlað að innritaðir nemendur í framhaldsskólunum séu um 17.200 og liðlega 15% af því eru um 2.500–2.600 nemendur. Ef þeir borga 1.500 kr. hver fyrir hvert próf, þá fæ ég út úr því að það séu um það bil 3,7–3,8 millj. Er virkilega reiknað með því að hver nemandi falli á 8 prófum eða svo? Ég spyr bara: Hvernig er þessi tala fundin? Ég vildi fá upplýsingar um það.

Ég vil líka fá það skýrt hér út ... (Gripið fram í.) Já, það kann vel að vera til þess að auka fallið, það gæti verið skýringin. Ég vil fá skýringu á því hjá hæstv. ráðherra hvernig hann hugsar sér útfærsluna á þessu. Hvernig á að greina á milli áfangaskóla og bekkjaskóla því að það á að setja sitt hvora reglugerðina undir þessar tvær tegundir skóla? Það segir í fjárlagafrv. að í fyrsta lagi eigi að leggja 1.500 kr. gjald á nemanda, en síðan segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því að endurinnritun er jafnan meiri í áfangaskólum en bekkjarskólum er áætlun miðuð við 2.500 kr. á nemanda í áfangaskólum en 1.000 kr. í bekkjaskólum.“

Hvernig skýrir ráðherrann þetta? Er þetta að meðaltali miðað við 2.500 kr. í áfangaskólum þó að nemandi borgi 1.500 kr. eða hvernig á að skilja þetta? Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki á þessu. Það frv. sem við erum að fjalla um hér kveður á um 1.500 kr. gjald. Hver er skilningur ráðherra á þessari grein? Hér er um heimild að ræða til framhaldsskólanna. Er það skilningur ráðherra að skólunum sé þar með heimilt að sleppa ákveðnum hópi nemenda við að greiða þetta? Ég tók fyrr í dag dæmi af fötluðum nemendum í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem iðulega þurfa að endurtaka próf. Það kemur auðvitað oft fyrir að nemendur ætla sér of mikið þegar þeir eru að koma inn í framhaldsskóla, sérstaklega áfangaskólana, innrita sig í áfanga og átta sig svo á því að þeir eru búnir að hlaða of miklu á sig eða að undirbúningur er ekki nægilega góður og þeir kjósa að hætta í áfanganum, en samkvæmt þessu eiga þeir að borga fyrir þegar þeir svo innrita sig aftur í áfangann. En er það virkilega meining hæstv. ráðherra að það verði farið að skattleggja t.d. fatlaða nemendur eða nemendur sem, eins og var nefnt fyrr í dag, þjást af dyslexíu? Ég ætla að biðja menn að hafa það í huga að nemendur sem eru með dyslexíu hafa yfirleitt mjög góða greind, þetta er bara líffræðilegur galli sem erfitt er að ráða við og því miður hefur verið tekið allt of lítið á í okkar skólakerfi. Ég þekki sjálf dæmi um það og heyrði síðast dæmi í gær um nemanda sem hefur nýhafið nám í framhaldsskóla hér í borg og þá loksins á að fara að taka á vandanum. Ég vil biðja hæstv. menntmrh. af þessu tilefni að kanna það hvernig þjónustu við þessa nemendur er háttað í grunnskólunum. Ég held því miður að þar sé víða pottur brotinn og get tíundað dæmi um það. Samkvæmt frv. á t.d. þessi hópur nemenda að fara að borga fyrir það að þeir þurfa iðulega að fara oftar en einu sinni í gegnum áfanga. Þessum nemendum er vísað í áfangaskólana vegna þess að það eru meiri möguleikar á því þar að þeir komist hægt og bítandi í gegnum þetta.

Hver er eiginlega hugsunin í þessu? Mér finnst, herra forseti, að hæstv. ráðherra verði að skýra þetta fyrir okkur því að hér er um svo miklu, miklu meira að ræða en það að auka aðhald í skólunum. Þetta er miklu stærra og verra mál.

Ef þessi grein verður felld út úr frv., sem ég vona að gerist, þá vantar skólana þessar tekjur og það verður að bæta þeim það upp.

Ég hef, hæstv. forseti, tíundað þær spurningar og þau atriði sem mér finnst að hæstv. menntmrh. þurfi að skýra fyrir okkur og hann hefur nú kvatt sér hljóðs og ég vona að við fáum nú svör.

[18:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið stuttorður um þetta mál því að það skýrir sig sjálft í greinargerðinni og mín sjónarmið hafa komið fram í umræðunum, bæði um þetta frv. og líka áður. Það sem er aðalatriðið er að hugmyndin er sú að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og auðveldi skipulagningu í kennslu fremur en að leiða til útgjalda nemenda. Eins og hv. þm. nefndi eru fjárhæðirnar, ef hann reiknar þessar tölur eins og hann gerði, sem hann fær út og lenda í útgjöldum nemenda lágar. Aðalatriðið er: Tekst með þessum stjórnunarháttum að skapa það aðhald í skólunum að það verði sparnaður í rekstri þeirra og aukin hagkvæmni? Það er markmiðið með þessu eins og hér hefur margsinnis verið tekið fram og stendur í 2. grein. Og það eru mörg rök fyrir því eins og ég segi, menn geta tekið mörg dæmi úr daglegu lífi til þess að átta sig á því til hvers innheimta á gjöldum getur leitt og hvernig hún getur breytt viðhorfi fólks þegar ákvarðanir eru teknar um margvíslega hluti.

Þegar við veltum fyrir okkur stöðu íslenska skólakerfisins og framhaldsskólans þá stöndum við frammi fyrir því, eins og er imprað á í greinargerðinni einnig, að brottfall nemenda í framhaldsskólanum er óvenjuhátt. Því miður liggja ekki fyrir haldbærar nýjar rannsóknir á því hvað veldur þessu brottfalli og það er nauðsynlegt finnst mér að rannsaka það við núverandi aðstæður og mun ég beita mér fyrir rannsókn á því hvað veldur brottfallinu. Það er mjög misjafnt eftir skólum hvernig þessu brottfalli er háttað og hvaða ástæður eru fyrir því og það er sjálfstætt rannsóknarefni og nauðsynlegt að velta því fyrir sér. Ein ástæðan gæti verið að nemendur velji sér nám sem þeir ráða ekki við og þeir ætli að leggja of mikið undir í sínu námi og það valdi þessu brottfalli. Það eru ýmsar ástæður fyrir þessum hlutum sem sjálfsagt er að kanna, en ég tel að einmitt með þessum aðgerðum sé unnt e.t.v. og vonandi eins og hér er lýst að stýra þessu betur og ná fram hagkvæmari og betri nýtingu á fjármunum í framhaldsskólakerfinu. Þannig er þessi fjárhæð fundin með útreikningum sem menn geta kynnt sér þegar málið er rætt nánar við sérfræðinga í nefndinni sem ég ætla ekki að fara út í hér, en það er hægt að leiða rök að því að þessi tala geti komið út þegar menn leggja það saman og skoða áfangastærðir, fjölda manna í áföngum og hvernig það þróast eftir ákveðnum skólum. Þetta er alls ekki gert til þess að íþyngja nemendum um of, þvert á móti sem nauðsynlegt stýritæki í skólakerfinu miðað við þróun okkar framhaldsskólakerfis á undanförnum árum.

Það var spurt áðan: Hver fann þetta upp? Ég fann þetta ekki upp. Þetta eru hugmyndir sem hafa verið á döfinni og skólamenn hafa rætt um. Menn hafa velt fyrir sér úrræðum í þessu efni til þess að sporna við þessari þróun því að það er þróun sem skólamenn í sjálfu sér eru ekkert hrifnir af að þetta dreifist ... (Gripið fram í.) Ég nefndi það áður að það væri kannski hugsanlegt að hafa þetta hærra til að fælingarmátturinn væri meiri eins og ég orðaði það í umræðum hér í þinginu. Það er því hægt að velta þessu fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum eins og hv. þm. hefur farið að gera þegar hann skilur um hvað málið snýst. Hann virðist ekki hafa skilið það hingað til og kemur það mér í sjálfu sér ekki á óvart.

En það er þetta sem um er að ræða og málið er lagt þannig fram að ráðherrann fái heimild til þess að setja um þetta reglur, m.a. af því að menn vilja að sjálfsögðu taka tillit til þeirra sem búa við fötlun eða annað það sem hér hefur verið nefnt. Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að vandamál þeirra sem eru með lesblindu er vandamál sem er að verða skýrara og ótvíræðara í okkar skólakerfi heldur en áður. Lesblinda greinist nú betur en áður og ýmislegt sem menn hafa skýrt á þann veg að væri einkennileg hegðun á e.t.v. rætur að rekja til lesblindu. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að koma til móts við lesblinda nemendur og þarf að gera það betur. M.a. hefur Blindrabókasafnið verið eflt í því skyni og látið útbúa hljóðspólur fyrir lesblinda nemendur og það hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir. Á vegum menntmrn. verður gert enn meira til þess að koma til móts við þá sem eru með lesblindu.

Ég held, herra forseti, að fyrir þessu séu haldgóð rök. Eins og margsinnis hefur komið fram af minni hálfu er markmiðið ekki að íþyngja nemendum með greiðslum heldur að skapa stjórnkerfi í skólunum til þess að ná fram sparnaði og hagræðingu.

[18:35]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er eiginlega alveg gáttuð á þessu. Það á að ná inn 32 millj. með þessu gjaldi samkvæmt þeirri áætlun sem frv. byggir á. Samt sem áður á ekki að íþyngja nemendum. Hverjir eiga að borga þetta? Eru það ekki nemendur sem eiga að borga þetta? Ég er í raun og veru engu nær varðandi þessa tölu. Ég reiknaði þetta út lauslega áðan miðað við fjölda nemenda og miðað við það fall sem greint er frá í frv. til fjárlaga og ég fæ þessar tölur ekki til að ganga upp á nokkurn hátt nema reiknað sé með því að nemendur falli margfaldlega og það gera vissulega sumir nemendur. Og það er góð spurning hjá hæstv. ráðherra: Hvers vegna er allt þetta brottfall? Ég held að skýringin sé ósköp einföld.

Íslenskir framhaldsskólar bjóða nemendum ekki upp á nógu fjölbreytt nám. Það er allt of mikil áhersla lögð á bóknám, framhaldsskólarnir eru öllum opnir og það eru því miður allt of margir sem ráða ekki við það nám sem er boðið upp á. Það er ósköp einfalt. Auðvitað kunna aðrar skýringar að koma þarna til, sérstök vandræði, bæði félagsleg og líkamleg og ýmislegt sem hér hefur fléttast inn í umræðuna.

Málið er það, hæstv. forseti, að í fjölbrautaskólunum er það fyrst og fremst í kjarnagreinum sem nemendur falla. Það er í stærðfræði, efnafræði, eðlisfræði og íslensku og ýmsum þeim greinum sem teljast til kjarna. Það er það sem öllum er ætlað að taka þannig að það er ekki eins og menn falli í einhverju sem þeir eru að velja sér „af því bara" og af því að þeir velja vitlaust. Þetta eru kjarnagreinarnar sem fyrst og fremst er um að ræða. Við erum að fjalla um að það á að taka ákveðið gjald af þeim nemendum sem ráða ekki við það sem þeir eru að fást við.

[18:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins varðandi 2. gr. í þessum bandormi sem mörgum hefur orðið tíðrætt um, þ.e. 1.500 kr. endurtökugjald á prófum. Ég verð að segja að skólamönnum er ærinn vandi á höndum þegar þeir eiga að fara að leggja á þetta gjald. Nú kemur nemandi sem hefur verið veikur á önninni og tekur próf og nær ekki. Á hann að borga endurtökugjald? Hann var veikur. Nú koma þeir sem eiga við sérstaka örðugleika að glíma sem eru margvíslegir. Hér hefur verið nefnd t.d. lesblinda, en það er margt annað sem gerir fólki sérlega örðugt um nám þó það leggi sig allt fram. Eiga þeir sérstaklega að gjalda fyrir það að þurfa að endurtaka próf? Og nú er það svo að fólk þarf oft ekki að endurtaka eitt próf. Það eru kannski þrjú próf sem þarf að endurtaka. Og hvað á að gera í þeim tilfellum í áfangaskólum þar sem nemandi hefur verið í t.d. áfanga 301. Hann fellur þar. Þá innritar hann sig í hliðaráfanga sem heitir kannski 302 eða 303, tekur próf þar. Þá er hann kominn í annan áfanga. Á hann að borga það?

Ég held að þetta verði endalaust rugl og ég held að eina leiðin til að forða kaosi út af þessu og endalausum leiðindum sé að afnema þetta og drífa þennan kafla út úr frv.

Það hefur verið talað um hér að slíkt gjald kynni að hafa mikið uppeldisgildi og ráðgjafar hæstv. menntmrh. hafa hvíslað því að honum að sennilega mundi fólk hætta að falla á prófum ef það þyrfti að borga 1.500 kall fyrir. Ég verð að segja að ég efa það mjög. Ég held að það hafi ekkert með uppeldi að gera hvort fólk þurfi að borga þetta. Þetta kemur hart niður á þeim heimilum sem minnst hafa. Eiga kannski þau börn sem mest þurfa að vinna með skólanum og þurfa svo líka að fara að borga endurtekningargjald á prófum ofan á bækurnar og ofan á skólagjöldin, sem nú er búið að lögfesta? Og ofan á efnisgjöldin sem á kannski að fara að taka upp til viðbótar við skólagjöldin því að mörgum ráðgjöfum menntmrh. í skólamálum þykir ekki nóg að gert og vilja auk skólagjaldanna fá að innheimta efnisgjöld líka.

Það var talað um að brottfall mundi minnka sérstaklega ef skólagjöldin væru tekin upp. Ég hefði gaman af að heyra það hvort sú hafi orðið raunin, að skólagjöld hafi sérstaklega minnkað brottfall úr skólum. Þetta er nefnilega mikið vandamál hjá okkur, hversu miklu minna hlutfall nemenda lýkur framhaldsskólanámi á Íslandi heldur en í nokkru öðru nálægu landi. Og ég verð að segja það að ég sé aðrar leiðir til að koma í veg fyrir það heldur en að leggja sérstök gjöld og skatta á þá sem standa höllum fæti í skólakerfinu.

Enn eitt vil ég minna á. Kennarar eru nú misharðir, misvondir við nemendurna. (**Gripið fram í:** Misgóðir.) Og misgóðir, já. Svo kemur maður að því að það er nemandinn sem er á gráu svæði. Það er í sjálfu sér með hæfilegum góðvilja hægt að gefa honum 5, en hann hefði kannski afskaplega gott af því að lesa aftur yfir námsefnið þannig að e.t.v. ætti að gefa honum 4 og láta hann fara í endurtekningarpróf. En þá kemur spurningin: Þetta er fátækur strákur frá fátæku heimili og á ég kannski að gefa honum bara 5 svo að hann þurfi ekki að fara að borga fyrir endurtekningu á prófi ofan á allt annað?

[18:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessa umræðu sem hefur verið ágæt, en minna um svör frá hæstv. ráðherrum. Ég vil byrja á því að undrast 2. gr. sem hefur verið hér til umræðu undanfarnar mínútur. Ég furða mig á því að enn skuli ætlað að seilast í vasa þeirra sem minnst hafa því að eins og menn vita eru það oft þeir sem eru fatlaðir eða þeir sem minna mega sín sem eiga erfitt uppdráttar í skóla og hjá fátækum fjölskyldum þurfa börnin oft að vinna með skólanum. Við þekkjum það úr stórmörkuðunum, þangað sem börnin fara eftir skóla til að vinna fram eftir kvöldi jafnvel. Það eru oft þessi börn sem ná ekki að klára öll próf þegar þau eru að létta undir með fjölskyldunni. Ég furða mig því á þessari tillögu frá menntmrn., að ætla að fara að seilast í vasa þessara nemenda með greiðslum fyrir það að þurfa að endurtaka próf og ég vonast til þess að þetta ákvæði verði farið út úr bandorminum þegar hann kemur hér til lokaafgreiðslu.

Ég undrast líka 11. gr. bandormsins þar sem lagt er til að atvinnuleysisbætur hækki um 2%. Ég hefði talið eðlilegt að þær fylgdu launahækkunum og minni á að álíka ákvæði var inni í bandormi fyrir ári þar sem aðrar bætur, sem voru greiðslur til lífeyrisþega, átti að binda með álíka prósentum. Ég tel því eðlilegt að menn létu atvinnuleysisbætur fylgja launaþróun og því sem næst í kjarasamningum um áramót.

Ég gagnrýni einnig það að ákvæði eins og koma fram um heilbrigðismálin, komi inn í bandorm. Hér er verið að fara með stefnumótunarmál. Ég hefði talið að þetta ætti að koma inn í sérstöku frv. þar sem við gætum þá rætt stefnumótun í heilbrigðismálum og tekið afstöðu til þessara mála

samkvæmt því. Þessi mál eiga ekki heima í bandormi því að þetta eru ekki ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þessi ákvæði um heilbrigðismálin hafa ekkert að segja með ríkisfjármál. Það getur vel verið að það sé hagkvæmara að hafa eina stjórn yfir heilsugæslunni í Reykjavík. Ég ætla ekkert að segja um það hér. En ég hefði talið eðlilegt að menn skoðuðu það nánar. Ég sit í stjórn eins heilsugæsluumdæmis í Reykjavík og það hefur verið stefnan hjá borgaryfirvöldum að í stjórn heilsugæslustöðva sætu þeir sem búa í umdæminu og þekkja eðli starfseminnar og það er mismunandi starfsemi í mismunandi umdæmum í borginni. Það er t.d. annars konar starfsemi og aðrar áherslur í Vesturbæjarumdæmi en í Breiðholti eða í Grafarvogi og aðrar áherslur lagðar þar alveg eins og aðrar áherslur eru í sjávarplássi í heilsugæslu heldur en kannski í þjónustumiðstöð inni í landi. Það er því ekki óeðlilegt að heilsugæsluumdæmum í borginni væri skipt upp því að hér búa yfir 100 þúsund manns, tæpur helmingur þjóðarinnar og ekki óeðlilegt að þar fari ekki öll stjórn á heilsugæslunni á eina hendi eða undir eina stjórn. Það getur verið að það sé eðlilegt, en það þarf að ræða. Ég spyr, og ég hef ekki heyrt svar við því enn þá hjá hæstv. ráðherra, hvort haft hafi verið samráð við borgaryfirvöld þegar þessi tillaga var sett fram.

Eins og málum er nú háttað í heilsugæslunni í Reykjavík, eru fjórar stjórnir yfir hinum ýmsu heilsugæslustöðvum í borginni. Síðan er samráðsnefnd sem kemur saman eftir fundi stjórnana og samræmir milli þessara stjórna og leggur á ráðin sameiginlega. Ég sé því ekki rökin fyrir því sem kemur fram í þessum bandormi og skýringunum með honum að þetta eigi ekki að spara eða þetta eigi ekki að breyta neinu varðandi fjármál og velti því fyrir mér hvort þessi ákvæði eigi heima í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég hefði frekar talið eðlilegt að þetta kæmi undir sérstakt frv. og yrði rætt þar.

Einnig langar mig til að fá skýringar á 16. gr. hjá hæstv. heilbrrh. og þeim greinum þar sem verið er að tala um heilsugæsluna og sjúkrahúsin. Ég velti því fyrir mér og heyrði að um það var spurt fyrr í þessari umræðu, hvort þetta þýddi að Sjúkrahús Reykjavíkur og heilsugæslan í Fossvogi ættu að heyra undir sömu aðila og hefði gjarnan viljað fá svar við því. Ég heyrði að hæstv. ráðherra talaði um að þetta væri eðlilegt úti á landi og það getur vel verið að það sé rétt og ég get alveg ímyndað mér að það væri hagkvæmni í því. En ég velti fyrir mér hvort við séum ekki að opna á að þetta heyri undir sömu aðila í borginni með því að samþykkja greinarnar eins og þær standa hér. Það væri gagnlegt, áður en frv. fer til nefnda, að fá skýringar á því hjá hæstv. ráðherra hvort þetta er inni í myndinni hvað varðar þessi ákvæði.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. En vegna þess að ekki hafa komið svör við þessum atriðum þá hefði ég gjarnan viljað fá þau í þessari umræðu. Síðan munum við náttúrlega leita frekari skýringa á þessu þegar frv. kemur til umsagnar í heilbr.- og trn. og viðkomandi nefndum sem þessi ákvæði heyra undir.

[18:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þær fyrirspurnir sem hér hafa komið fram hafa verið til umræðu í dag og þeim hefur verið svarað áður. Varðandi heilsugæsluna í Fossvogi og Sjúkrahús Reykjavíkur, t.d. varðandi sameiginlega stjórn, þá er ekki verið að ræða um það í þessu tilviki. Það er verið að tala um smáar heilsugæslustöðvar sem eru reknar inni í sjúkrahúsum úti á landi. Það hefur komið fram a.m.k. tvisvar sinnum í umræðunni og er allt í lagi að það komi fram í þriðja skipti.

Varðandi stjórnirnar hér í Reykjavík er gert ráð fyrir að ein stjórn sé yfir heilsugæslunni í Reykjavík. Það er einmitt til að ná meira samræmi milli heilsugæslustöðvanna og er mjög eðlilegt. Og af því að hv. þm. kvartaði sérstaklega yfir því að þetta væri ekki sparnaður, þá er það auðvitað sparnaður að hafa eina stjórn í staðinn fyrir fjórar. Þar að auki er þetta mjög þungt í vöfum eins og þetta er nú og menn eru ekkert mjög nálægt vettvangi eins og þetta er nú. Þessu er skipt í fjórar stjórnir. Miklu eðlilegra að hafa stjórnina eina. Þess vegna er gert ráð fyrir því í frv. og sparar auk þess nokkrar krónur.

[18:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar athugasemdir. Ég hafði heyrt, herra forseti, svör ráðherrans vegna fyrri spurningar um Sjúkrahús Reykjavíkur og heilsugæsluna í Fossvogi. En ég spurði hvort þetta opnaði ekki jafnframt möguleikann á að samþykkja þessa grein að sett yrði sama stjórn yfir Sjúkrahús Reykjavíkur og heilsugæsluna í Fossvogi. Ég hafði heyrt svör ráðherrans um að það væri ekki í bígerð, a.m.k. þessa stundina. En opnar það ekki fyrir þann möguleika að samþykkja þetta? Ég veit að hæstv. ráðherra er með í huga að sameina stjórnir sjúkrahúsa úti á landi og heilsugæslustöðva.

Vegna umræðunnar um stjórnir heilsugæslustöðvanna í Reykjavík þá er ég ekkert að mótmæla því að það geti verið hagræði í því að hafa eina stjórn yfir. En ég vil að þetta verði rætt því að það er ákveðin breyting á stefnumörkun í heilsugæslunni í Reykjavík að hafa þennan hátt á. Ég tel ekki eðlilegt að slíkt fari fram í umræðu með bandormi eða frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég tel það fullkomlega óeðlilegt og hefði talið að sú umræða hefði átt að fara fram sérstaklega og í sérstöku frv. Hefði hæstv. ráðherra ekki þótt eðlilegt að þetta færi þannig í gegnum þingið og það færi fram sérstök umræða um þetta? Ég benti sérstaklega á það vegna þess að borgaryfirvöldum hefur þótt eðlilegt að í stjórnina komi einstaklingar sem búa í þessum umdæmum og þekkja svæðið og þekkja þá þjónustu sem veitt er í hverju heilsugæsluumdæmi. Þetta er bara innlegg í þessa umræðu og hún þyrfti auðvitað að verða miklu meiri og víðtækari áður en farið er út í svona breytingar.

[18:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi heilsugæsluna í Fossvogi þá er það forgangsverkefni í heilsugæslumálum að byggja yfir Fossvogsstöðina á útvarpshússlóðinni þannig að ekki er langt þangað til sú heilsugæslustöð flyst burt. Sú umræða sem hér hefur farið fram er því alveg út úr kortinu.

Varðandi það hvort það sé rétt að koma með sérstakt frv. um eina stjórn fyrir heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík, þá er þetta nú slíkt smámál og þarf ekki svo langa umræðu — enda heyri ég það að hv. þm. er alveg sammála mér um að þetta er skynsamleg lausn — að mér finnst engin ástæða hvorki fyrir hana né aðra að vera að flækja málið. Það er mikið samkomulag um þetta atriði.

[18:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef enn ekki fengið svar frá hæstv. ráðherra um það hvort haft hafi verið samráð við borgaryfirvöld

um þetta atriði. (**Heilbrrh.:** Það er samkomulag um þetta mál svona almennt.) Almennt? „Það er samkomulag um þetta mál svona almennt", segir hæstv. ráðherra. Var haft samráð við borgaryfirvöld um þessa skipan mála? Ég hefði gjarnan viljað fá svar við því hreint út frá hæstv. ráðherra. Borgaryfirvöld útnefna menn í stjórnir þessara heilsugæslustöðva og það er í umræðunni að heilsugæslan fari til sveitarfélaganna. Það er tilraunaverkefni í gangi annars staðar og jafnvel fram undan að heilsugæslan fari alveg yfir til sveitarfélaganna. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að haft hefði verið samráð við borgaryfirvöld og að fagleg stefnumótunarumræða færi fram um það hvernig þessum málum skuli háttað, en að ekki væri gripið til alls konar tillagna í formi bandorms eins og þess sem hér liggur fyrir og er til umræðu í þinginu nú.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. SvG, 50. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 50.
[19:00]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 50, 50. mál, flyt ég frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. 1. gr., sem er eina efnisgrein frv., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 81. gr. laganna bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Áður en kjósandi gerir grein fyrir sér getur hann óskað eftir því við kjörstjórn að umboðsmenn lista fái ekki að vita nafn hans og ber henni að verða við þeirri ósk."

Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skulu alþingismenn kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu. Samkvæmt kosningalögum er umboðsmönnum þeirra lista sem í kjöri eru heimilt að fylgjast með framkvæmd kosninga, m.a. með því að sitja í kjörfundarstofu. Með þessu fá flokkarnir upplýsingar um það hverjir þeirra sem á kjörskrá eru hafa neytt kosningarréttar síns. Þær eru síðan nýttar til þess að hafa samband við hugsanlega kjósendur listans sem ekki hafa kosið en listinn telur æskilegt að kjósi, þ.e. svokölluð kosningasmölun. Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylt að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki. Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning" nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frv. flutt. Er til þess ætlast að kjörstjórn tryggi kjósendum þann rétt sem hér er gert ráð fyrir og að hún beiti til þess þeim aðferðum sem æskilegar teljast.

Þetta frv. var flutt seint á seinasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu og ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[19:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að þessi regla verði upp tekin ef þess verður þá jafnframt gætt að viðkomandi leggi fram persónuskilríki því það skiptir náttúrlega höfuðmáli hvort sú leynd sem er um nafnið, byggist á því að að hann vilji leyna því með réttu hver hann er, eða hvort hann vill koma því á framfæri með röngu móti hver hann er. Ég vona að hv. flm. geri sér grein fyrir þessu því að það er staðreynd að sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu hefur það gerst, vegna þess hve fjölmenni er orðið mikið, að menn hafa kosið í stað annarra manna sem eru fjarstaddir, e.t.v. erlendis, út úr bænum og þar fram eftir götunum. Og ef það á að fara að breyta þessum lögum, tel ég rétt að þetta atriði sé tekið inn í líka til að tryggja að slíkir hlutir gerist ekki.

[19:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. frumvarpsflytjandi nefndi það sem meginröksemd máli sínu til stuðnings að þar sem ekki væri skylt að kjósa hér eins og sums staðar er skylt, megi af því draga þá ályktun að kjósandinn hljóti að eiga þann rétt að ekki sé með því fylgst og ekki sé haft eftirlit með því hvort hann kjósi eða ekki. Þar sem það er skylt að menn kjósi, þá er haft eftirlit með því. Og hver hefur eftirlit með því? Það hefur hið opinbera. Hjá okkur, þar sem ekki er skylt að kjósa — það er ekki þegnskylda eins og sums staðar er, ekki bara eins og var í austantjaldsríkjunum heldur er það þannig til að mynda, ef ég veit rétt, t.d. í Belgíu — hefur hið opinbera eftirlit með því hvort menn kjósi. Það er fært inn á skrá af hálfu þriggja manna, kjördeildarstjórans og tveggja aðstoðarmanna þannig að þeir hafa eftirlit með því að það sé kosið. Frumforsendan sem hv. þm. gaf sér er því ekki fyrir hendi. Það er bara merkt við. Ég veit ekki annað en skráin sé geymd. Ég hef reyndar ekkert spurst fyrir um það. En það er svo sannarlega haft eftirlit með því.

Númer tvö vil ég nefna, vegna þess að um þetta hefur stundum verið misskilningur, að þegar fulltrúar lýðfrjálsra landa hafa gerst eftirlitsmenn hjá ríkjum þar sem verið er að kjósa lýðræðislega í fyrsta eða annað sinn, þá skila þeir skýrslum. Yfirleitt er fyrsta atriðið sem nefnt er í þeim skýrslum að flokkar hafi fengið að hafa fulltrúa sína í kjördeild. Við erum hins vegar svo sósíalíseruð hér, Norðurlandabúar og Norður-Evrópumenn, að við treystum ríkinu fullkomlega. Það ætti mér sem einum helsta forsvarsmanni ríkisins að þykja vænt um. En þetta er ekki hinn sjálfgefni hlutur.

Eftirlitsmenn flokkanna í kjördeildum eru hafðir til þess að fylgjast með því að ríkisvaldið, sem áður hafði öll tögl og hagldir, fari rétt með. Fulltrúar frambjóðendanna fá sem sagt umboð til þess að fylgjast með því að ríkisvaldið sem á að sjá um kosningarnar eða sveitarstjórnarvaldið sem stundum er, fari að öllum lögum og gæti réttar. Ef það væri til að mynda bannað að hafa fulltrúa flokka, þ.e. fulltrúa frambjóðenda í kjördeildum, þá færi ekkert slíkt eftirlit þar fram. Þetta er hugsunin á bak við þetta. Þetta stunduðu allir flokkar hér mjög lengi. Síðan urðu sumir flokkar minni og félagslegar heildir þeirra minnkuðu og þeir höfðu ekki mannskap til að sinna þessu lýðræðislega starfi sem lagt er á flokkana. Þá breyttu þeir um afstöðu sumir hverjir og fóru að auglýsa að þeir ætluðu ekki að njósna í kjördeildunum og sögðu þar með að þeirra fyrrverandi forustumenn og þeir sjálfir hefðu setið og njósnað um fólk í kjördeildunum hér á árum fyrr. Ég er ekki að segja að flokkur hv. þm. hafi haldið þessu fram og ég hygg reyndar að sums staðar hafi sá flokkur menn í kjördeildum. En þetta var auglýst. „Við ætluðum ekki að njósna í kjördeildunum", sögðu þeir flokkar sem ekki höfðu lengur mannskap til að sinna þessu verkefni sem er nauðsynlegt að frambjóðendurnir hafi út frá meginreglum.

Öll þessi umræða hefur ruglast og ruglað menn í ríminu þannig að það fer fram eftirlit í kjördeildinni af hálfu þriggja opinberra aðila, hvort menn kjósi. Þær upplýsingar liggja fyrir þannig að viðbótarupplýsingarnar eru kannski ekkert mjög hættulegar þó að það séu fulltrúar frambjóðendanna sem viti hvort réttir aðilar séu að kjósa eða hvort til að mynda aðrir eru að kjósa fyrir menn eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson gat um áðan réttilega að því miður gerðist hér.

Þessu vildi ég koma að eins og stundum er sagt í fullri vinsemd, svona í þágu röksemdanna og má vel vera að ég hafi lengt umræður, en það getur ekki verið skaði. Þetta er þess háttar mál að það er þarft að ræða það.

[19:07]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim tveim hv. þingmönnm sem hér hafa kvatt sér hljóðs fyrir þær ábendingar sem þeir hafa komið með.

Í fyrsta lagi vil ég segja varðandi það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði að frv. byggist á því að menn leggi fram persónuskilríki. Annars er ekki hægt að framkvæma þau ákvæði sem hér er gert ráð fyrir. Og í kosningalögunum eru heimildir sem kveða á um að hægt sé að óska eftir persónuskilríkjum. En þetta er að sjálfsögðu óframkvæmanlegt nema því aðeins að menn sýni skriflega, með ökuskírteini eða öðrum hætti hverjir þeir eru, með því að leggja fram persónuskilríki. Það er alveg á hreinu.

Varðandi það sem hæstv. forsrh. sagði, þá er hér ekki verið að hrófla við því að flokkarnir geti haft fulltrúa í kjördeildum. Það er ekki verið að því. Ég hef aldrei tekið undir þennan söng um persónunjósnir og skráningu á einkahögum manna og þess háttar vegna þess að það er ekki það sem um er að ræða í þessu efni. Hér er um að ræða tiltekinn rétt, má segja, þeirra sem eru í framboði, að standa þannig að málum að kosningaframkvæmdin sé eðlileg á hverjum tíma. Í kjördeildinni geta þess vegna verið fulltrúar frambjóðendanna, fulltrúar framboðanna eða listanna og þar geta líka verið og eru kjörstjórnirnar sem eru einnig lýðræðislega kjörnar vegna þess að þær eru til orðnar í gegnum viðkomandi sveitarstjórnir, yfirkjörstjórn og landskjörstjórn þegar það á við. Í Reykjavík minnir mig — hæstv. forsrh. þekkir það nú betur en ég — ég held að það sé borgarráð sem gengur frá því hverjir eru í kjörstjórnunum á hverjum stað þannig að það er algerlega lýðræðislegt ferli á bak við það og mjög mikilvægt.

Það sem hér er verið að gera tillögu um er bara það að ef maður vill ekki að fulltrúar flokkanna viti um nafn hans eða hennar, þá geti þeir sloppið við það. Kjörstjórnin fær auðvitað að vita um þessa hluti en fulltrúar flokkanna eiga ekki að hafa möguleika á því að vita um það inni á kjörfundinum.

Nú er þetta auðvitað eins og gengur þannig að það er hægt að fara í kringum það ef menn vilja eins og liggur í augum uppi, er það ekki? Það er að segja þannig að ef menn kjósa og fulltrúar flokkanna kjósa t.d. að sitja fyrir dyrum úti á kjörstöðum og fylgjast með því hverjir koma inn og út. Það er auðvitað hægt að gera það í fámennari byggðarlögum en það er óframkvæmanlegt í Reykjavík.

Okkar flokkur, Alþb., hefur verið með fulltrúa í kjördeildum. Við höfum á undanförnum árum í Reykjavík verið með fulltrúa á öllum kjörstöðum sem fylgjast að vísu ekki með því hverjir kjósa eins og gert var í gamla daga heldur svona með því hvernig kosningin fer fram. En í einstökum byggðarlögum er það þó þannig að á okkar vegum er flokkurinn með fulltrúa inni í kjördeildum sem fylgist með og merkir við og sendir upplýsingar frá sér til viðkomandi skrifstofu flokksins um það hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Ég hygg t.d. að félagar mínir í Neskaupstað mundu kunna mér enga þökk fyrir það ef það yrði bannað að fulltrúar flokkanna kæmu þar að.

[19:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef ekki mikið við það að bæta sem hv. málshefjandi fór hér allt réttilega með. Ég vil aðeins nefna vegna þess að það hefur, ekki af hálfu málshefjanda, stundum verið nefnt í þessari umræðu að menn hafa talið að menn væru að koma í veg fyrir að kosningar væru leynilegar. En auðvitað eru kosningar jafnleynilegar eftir sem áður því að menn kjósa í einrúmi. Sums staðar hins vegar er ekki eftir því sem ég best veit heimilt að hafa leynilegar kosningar. Ég held að það sé rétt hjá mér að í þessum sal til að mynda sé ófært að fá fram leynilegar kosningar. Og stundum hefur því verið haldið fram að þegar ríkisstjórn hefur nauman meiri hluta, þá sé ekki endilega víst, ef kosningar væru hér leynilegar, að ríkisstjórnin héldi alltaf velli í hverju máli fyrir sig. Það má vel vera að mér þingreyndari menn segi að hér sé hægt að hafa leynilegar kosningar. Ég kannast ekki við það.

[19:12]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að hér í þessari stofnun er það þannig að það eru aldrei leynilegar kosningar nema þegar verið er að kjósa forustu þingsins, forseta. En það hins vegar styðst við þau rök að því er ég hef skilið að þegar menn eru fulltrúar, þingmenn eru fulltrúar fyrir einhverja, þá eigi þeir sem við erum fulltrúar fyrir að geta séð hvernig við greiðum atkvæði. Og það er litið þannig á að það sé hluti af því að gera þingræði gagnsætt. Þetta á t.d. við um Alþýðusambandsþing svo ég nefni dæmi, þar sem menn eru fulltrúar fyrir tiltekin samtök. Þar gilda ákveðnar reglur í þessum efnum.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til að taka undir það með hæstv. forsrh. að mér finnst ástæða til þess að ræða þessi mál mjög rækilega því að það hefur ótrúlega mikið magn af rugli þróast í kringum þessa kosningaumræðu á undanförnum árum. Ég vona að þetta litla frv. fái sanngjarna og eðlilega meðferð ásamt ýmsum öðrum tillögum um breytingar á kosningalögunum sem hér liggja fyrir. Ég teldi reyndar að það væri gott að skoða þessi mál í heildarsamhengi. Ég er ekki hrifinn af því að það sé verið að gera margar, kannski tiltölulega litlar breytingar á kosningalögunum, sundurslitnar á hverju kjörtímabili. Það getur oft verið mjög vafasamt að standa þannig að málum. Þess vegna teldi ég heppilegra ef þingið á einhvern hátt tæki utan um þær tillögur sem koma, annaðhvort með því að kjósa sérnefnd eða með því að fela allshn. að fjalla um málið sérstaklega.

Ég bendi á, hæstv. forseti, að nú er verið að tala um breytingar á kosningalögum, jafnvel mjög miklar breytingar á þessu kjörtímabili og þá er auðvitað eðlilegt að svona breytingartillögur eða hugmyndir eins og þessi séu skoðaðar í samhengi við heildina en ekki sundurslitið. Það er mín skoðun.

[19:14]

Viktor B. Kjartansson:

Virðulegur forseti. Aðeins út af þessu frv. því það kom fram í máli hv. þm., Svavars Gestssonar, við flutning hans á frv. að hann teldi að kosningar væru ekki með öllu leynilegar

ef fulltrúar fengju að sitja í kjördeildum. Í greinargerð með frv. stendur, með leyfi forseta: „Kjósandi hlýtur að eiga rétt á því, í landi þar sem ekki er skylda að greiða atkvæði við alþingiskosningar, að ekki sé haft eftirlit með því hvort hann nýti atkvæðisrétt sinn eða ekki.“

Mér finnst eins og að í umræðum hér hafi þessi afstaða svolítið mildast, að það sé eingöngu verið að ræða um að fulltrúar geti ekki fengið að fylgjast með því hverjir hafi greitt atkvæði, heldur sé í lagi að þeir séu þar til að fylgjast með framkvæmd kosninganna. Þess vegna finnst mér að greinargerðin sé kannski ekki alveg í samræmi við það sem hér hefur komið fram.

Ég held að það sé mjög auðvelt fyrir fólk, sem vill ekki að fylgst sé með því hvort það greiði atkvæði eða ekki, að sitja ekki við síma þar til kjörfundi er lokið ef það vill ekki verða fyrir neinni áreitni frá flokkum. Ég sé ekki að við þurfum að breyta lögum til að koma í veg fyrir það að einhverjir hafi samband við viðkomandi ef hann hefur ekki greitt atkvæði. Mér finnst grg. bera svolítinn annan keim en hefur komið fram í umræðunum. Og svo ég vitni aftur, með leyfi forseta, í grg. þá segir þar: „Taka verður allan vafa af um að hugtakið „leynileg kosning“ nái einnig til þessa atriðis og því er þetta frumvarp flutt.“

Mér finnst því svolítils ósamræmis gæta í grg. og þeim umræðum sem hafa farið fram.

[19:16]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að grg. sé ónákvæm en það sem hún á við er ósköp einfaldlega það að viðkomandi kjósandi geti leynst fyrir fulltrúum flokkanna en auðvitað getur hann ekki leynst fyrir öðrum. Það liggur í augum uppi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 116. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 127.

[19:17]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er það sett fram að hægt sé að kjósa með því fá sendan kjörseðil í pósti og póstleggja hann til baka til þeirrar kjördeildar sem á að fá hann. Ég tel ef þetta er tekið upp verði menn skilyrðislaust að snúa aftur til þess gamla kerfis að kjörseðillinn og nafn mannsins sé fast saman á einu blaði og afhent þannig kjörstjórn. Ef það er ekki gert og það á að fara að senda þetta með pósti þannig að ekki sé í sama umslagi, annars vegar nafn mannsins þar sem hann gerir grein fyrir sér og hins vegar seðillinn laus, þá eru menn að opna möguleika fyrir svindl. Og þessi þjóð á ekki tvisvar að þurfa að taka upp slíkt svindlkerfi. Þessu vil ég koma á framfæri. Þetta er skilyrðislaust, af minni hendi, grundvöllur fyrir því að þetta sé hægt og þetta sé vitsmunalegt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttur til launa í veikindaforföllum, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 16. mál (læknisfræðilegar aðgerðir, líffæragjafar, sjómannalög). — Þskj. 16.

[19:19]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga, um rétt til launa í veikindaforföllum, í fjarveru 1. flm. Hjörleifs Guttormssonar.

Frumvarp þetta var upphaflega flutt á 118. löggjafarþingi og aftur á 120. löggjafarþingi, með smávægilegum breytingum og er frumvarpið nú endurflutt nær óbreytt frá 120. þingi. Markmið með frumvarpinu er tvíþætt. Annars vegar er lögð til lagabreyting sem stuðlar að því að jafna rétt launafólks hér á landi til launa í veikindaforföllum. Hins vegar er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um rétt tiltekins hóps manna, heilbrigðra líffæragjafa, og þeim veittur lagalegur réttur til launa sem um veikindaforföll væri að ræða. Þessar breytingar eru lagðar til í ljósi þróunar hér á landi undanfarinn áratug.

Um rétt launafólks til launa í veikindaforföllum gilda lög nr. 19/1979, sem ná til landverkafólks, lög nr. 35/1985, sem gilda um sjómenn, og lög nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auk þess eru í flestum kjarasamningum ákvæði um rétt til launa í veikindaforföllum.

Í stuttu máli má segja að þróun undanfarinna ára hafi aukið misrétti milli einstakra hópa launafólks hvað varðar rétt til launa í veikindaforföllum. Það byggist annars vegar á því að lögbundinn réttur verkafólks og sjómanna á þessu sviði hefur verið túlkaður mjög þröngt fyrir dómstólum og hins vegar á því að þessum hópum hefur ekki verið tryggður réttur í samræmi við þróun á sviði nútímalækninga. Hvað varðar fjarveru af völdum tæknifrjóvgunar er langt frá því að verkafólk og sjómenn njóti sama réttar og starfsmenn ríkis og bæja og í raun hefur þróunin í heild leitt til þess að verkafólk og sjómenn hafa nú lakari rétt en almennt gerist og lakari rétt en ráða má af lagafyrirmælum. Þannig hafa hugtökin „sjúkdómur“ og „óvinnufærni“ í lögum nr. 19/1979 og sjómannalögum frá 1985 verið túlkuð afar þröngt af dómstólum og beinlínis hefur verið um misvísandi túlkanir að ræða sem gerir það að verkum að réttarástandið er tiltölulega óljóst á þessu sviði. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að lögin tryggi þeim ekki rétt sem að læknisráði gangast t.d. undir hjartaþræðingu eða rannsókn vegna magasárs. Fjarvistir vegna munnskurðaðgerðar, kjálkaaðgerðar eða ísetningar nýs gerviauga hafa ekki verið taldar veita rétt til launa í veikindaforföllum. Þá hefur tæknifrjóvgun ekki talist til greiðsluskyldra forfalla þótt ófrjósemi kunni að stafa af sjúkdómi, en eins og að framan er getið fá opinberir starfsmenn greidd laun í forföllum vegna tæknifrjóvgunar.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem tryggja eiga rétt launafólks til greiðslu launa í forföllum að læknisráði án þess að gert sé að ófrávíkjanlegu skilyrði að viðkomandi sé óvinnufær. Þá er einnig lagt til í frumvarpinu að réttur heilbrigðra líffæragjafa verði tryggður sérstaklega.

Eins og að framan greinir hafa opinberir starfsmenn fengið viðurkenndan rétt til greiðslu launa vegna forfalla vegna tæknifrjóvgunar sem eru að vissu leyti einnig aðgerðir sem einstaklingar velja sjálfir hvort þeir gangast undir. Heilbrigðir líffæragjafar hafa þó algera sérstöðu þar sem þeir gangast heilbrigðir undir aðgerð til hjálpar þriðja manni, ef til vill ekki beinlínis að ráði læknis, þó að um geti verið að ræða

að verið sé að bjarga lífi annarrar manneskju. Sú breyting, sem hér er lögð til, á því fyrst og fremst rætur að rekja til mannúðarsjónarmiða.

Herra forseti. Ég legg að lokum til að máli þessu verði vísað til hv. félmn. og ég hvet formann nefndarinnar sem er hér stödd, hv. þingkonu, Kristínu Ástgeirsdóttur, að gangast í að þetta mál verði afgreitt í nefndinni. Það kom til nefndarinnar í fyrra og var ekki afgreitt þar vegna djúps ágreinings sem kom upp milli annars vegar samtaka launafólks og hins vegar atvinnurekenda þegar umsagnir tóku að berast til nefndarinnar um málið og sá ágreiningur er væntanlega enn til staðar. Ég veit ekki til að nein breyting hafi orðið þar á. En réttaróvissan er fyrir hendi og löggjafinn verður að taka af skarið í þessu máli. Lögin eru óskýr, dómstólaframkvæmdin er misvísandi og hefur leitt til enn frekari óskýrleika og aðilar vinnumarkaðarins hafa verið algjörlega á öndverðum meiði í málinu og þar af leiðandi hefur ekki verið grundvöllur fyrir því að samkomulag náist. Ég hvet því hv. félmn. til að gangast í þetta mál og sjá til þess að það verði afgreitt út úr nefndinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. HG, 34. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 34.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður jafnréttismála, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

[19:24]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um umboðsmann jafnréttismála. Fyrsti flm. er Hjörleifur Guttormsson sem nú er fjarverandi. Aðrir flm. eru: Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Svavar Gestsson og sú sem hér stendur.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi hafa um langt árabil verið starfandi umboðsmenn jafnréttismála og er reynslan af störfum þeirra talin góð. Í Danmörku hefur verið rætt um að koma á hliðstæðri skipan en jafnréttislöggjöf þar er nú til endurskoðunar. Þegar lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru til endurskoðunar 1988–90 lagði fyrsti flutningsmaður frumvarpsins til í nefnd sem vann að endurskoðun laganna fyrir félagsmálaráðherra að stofnað yrði embætti umboðsmanns jafnréttismála. Það varð þó ekki niðurstaðan er lög nr. 28/1991 voru sett, en í umfjöllun um málið kom fram áhugi á að slíkt skref yrði stigið innan tíðar.

Með frumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns jafnréttismála frá ársbyrjun 1998. Skrifstofa jafnréttismála verði styrkt til að geta tekið við þjónustu við embættið. Með því næst fram ákveðin hagkvæmni er kemur í veg fyrir óeðlilega skörun verkefna.

Afar góð reynsla er af starfi umboðsmanns Alþingis þau ár sem liðin eru frá því að embættið var stofnað. Á árinu 1994 var stofnað til embættis umboðsmanns barna. Er sú starfsemi hafin og lofar góðu. Skynsamlegt er að stíga nú næsta skref í þessu efni með stofnun embættis umboðsmanns jafnréttismála. Nauðsyn góðrar og vandaðrar stjórnsýslu á sviði jafnréttismála er nú almennt viðurkennd og stofnun embættis jafnréttismála getur vegið þungt til að því markmiði verði náð.

Meginverkefni umboðsmanns eru sett fram í 3. gr. frumvarpsins, þ.e. að fylgjast með því að hvarvetna í þjóðfélaginu séu höfð í heiðri ákvæði laga, alþjóðasamninga og hliðstæðra samþykkta um jafnrétti kynjanna. Jafnframt skal umboðsmaður bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið sé gegn þessum ákvæðum, þar á meðal getur hann vísað máli til kærunefndar jafnréttismála. Fræðsla og kynning er einnig mikilvægur þáttur slíks embættis og gerð tillagna um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda um jafnrétti kynjanna.

Gert er ráð fyrir samstarfi embættis umboðsmanns jafnréttismála við aðra aðila stjórnsýslunnar er vinna að jafnrétti kynjanna, sbr. 5. gr. Skrifstofa jafnréttismála sem annast þjónustu við Jafnréttisráð og kærunefnd jafnréttismála skal jafnframt vera skrifstofa umboðsmanns jafnréttismála. Með því geta sparast fjármunir þar eð unnt verður að samnýta starfskrafta, hafa sameiginlegan gagnabanka og koma að öðru leyti við hagkvæmri verkaskiptingu.

Flutningsmenn telja að jafnframt því sem sett verði á fót embætti umboðsmanns jafnréttismála sé tímabært að hefja endurskoðun laga nr. 28/1991, um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Þótt gerðar hafi verið endurbætur á eldri löggjöf um jafnréttismál fyrir fimm árum varð margt út undan við þá endurskoðun. Síðan hefur fengist reynsla af þeim nýmælum sem þá voru tekin upp, m.a. af kærunefnd jafnréttismála, og af annarri réttarþróun á þessu sviði hér heima og erlendis. Úr öllu þessu þarf að vinna hið fyrsta til að löggjöf á þessu sviði sé í samræmi við réttarþróun og framsækin viðhorf um jafnrétti kynjanna.

Að lokum legg ég til að máli þessu verði vísað til hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:29]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 150. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 165.
Póstþjónusta, 151. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 166.

Lágmarkslaun, 1. umr.

Frv. GE o.fl., 87. mál. — Þskj. 89.

[19:29]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um lágmarkslaun á þskj. 89. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

1. gr. er svohljóðandi: „Heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skulu ekki vera undir 80.000 kr. fyrir fulla dagvinnu."

2. gr. er: „Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1997."

Já, herra forseti, ég mæli fyrir frv. um lágmarkslaun. E.t.v. ætti að ræða um lágmarkstekjur fyrir fulla dagvinnu í einn mánuð eða tekjusamsetningu launa fyrir átta stunda vinnudag. Ég hef fullyrt að fjöldi fólks nær ekki 55 þús.

kr. tekjum á mánuði fyrir dagvinnuna. Við það stend ég fullkomlega því að rannsóknir sýna að svo er og vísa ég til svara Félagsvísindastofnunar þar að lútandi. Það hefur verið sagt að örðugt sé að skilgreina hvað er fátækt. Menn hafa sagt að þarfir séu svo mismunandi að einn getur komist vel af með tekjur sem annar nær ekki saman endum með. Það getur verið rétt, þetta fer eftir aðstæðum. Ég vil samt fullyrða að sá sem þarf að greiða skatt af 60 þús. kr. tekjum er fátækur. Sá sem hefur svo lítið á milli handanna að hann getur ekki sparað er fátækur. Herra forseti, sá sem getur ekki leyft sér að fara í kvikmyndahús, leikhús, veitingahús fjórum til sex sinnum á ári er fátækur. Sá sem getur ekki leigt sér litla íbúð, haft sjónvarp og síma auk fæðis og klæðis er fátækur. Aðra skilgreiningu en þá sem ég hef sett hér fram þarf ekki. Ef laun eru svo lág að ekki sé unnt að fullnægja slíkum lágmarksþörfum er um fátækt að ræða.

Herra forseti. Útspil Vinnuveitendasambands Íslands miðvikudaginn 30. október er fullkomin ástæða til þess að verkalýðsfélögin, almenningur, þingmenn og ríkisstjórn landsins bregðist hart við. Hafi einhvern tíma verið ástæða til að setja lög um lágmarkslaun er hún til staðar núna. Vinnuveitendasamband Íslands boðar 3,5–4% launahækkun á almenn samningsbundin laun. Vita menn að lægstu samningsbundin laun eru 49.700 kr. fyrir fulla vinnu á byrjunartaxta í heilan mánuð? Vita menn það? Vita menn að þar sem kaupfélög eru enn til greiða þau flestum starfsmanna sinn laun sem eru undir 60 þús. kr. á mánuði? Sláturhús, ígulkeravinnslur og mörg atvinnufyrirtæki greiða lágmarkstaxta vegna þess að þeir eru til staðar.

Hver er svo viðbótarboðun Vinnuveitendasambandsins? Framkvæmdastjóri þess sagði í sjónvarpsþætti sl. vor að 50 þús. kr. lágmarkslaun væru siðferðislega verjandi. Ætli einhverjir hv. alþm. séu sammála því? Ef einhver finnst á Alþingi sem er sammála því að það sé siðferðislega verjandi að greiða 52 þús. kr. lágmarkslaun skora ég á hann að koma hér og svara fyrir það. Ég trúi því ekki, þegar einstaka þingmenn eru með í aukagreiðslur fyrir stjórnarsetu í hinum ýmsu ráðum eða stjórnum meira en lægstu laun verkamanns, að hér sé einhver á hv. þingi sem vill svara á sama máta og formaður Vinnuveitendasambands Íslands.

Í komandi kjarasamningum verður farið fram að leggja af neysluhlé eða breyta þeim. Það er farið fram á óskilgreinda hagræðingu, breytingu á vinnutíma og fjölmargt annað. En á sama tíma er stríðshanska kastað framan í verkafólk með tilboði um 3,5–4% launahækkun. Ef greidd eru mannsæmandi laun, sem ég met að séu 80 þús. kr. á mánuði fyrir átta stunda dagvinnu, mun fólk verða reiðubúið til ýmiss konar hagræðingar. En fyrir 52 þús. kr. laun eða tæplega það sem ná ekki einu sinni atvinnuleysisbótum fæst fólk ekki til vinnu.

Herra forseti. Ég hef fyrir því fulla vissu að verkalýðsforustan á Íslandi íhugar alvarlega að það verði að lögbinda lágmarkslaun á sambærilegan hátt og gert er í Frakklandi og í Bandaríkjunum miðað við þau skilyrði sem Vinnuveitendasamband Íslands boðar.

Herra forseti. Ég minni á að frambjóðendur til embættis forseta Íslands sögðu allir sem einn í kosningabaráttu sinni að það yrði að hækka lægstu laun verulega. Hæstv. forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, sagði í hátíðarræðu sinni 17. júní sl. að það yrði að hækka verulega lægstu laun og bæta kjör öryrkja og aldraðra. Það er heilög skylda allra aðila að standa við stóru orðin í þessum málum. Það er skylda sérhvers alþingismanns að taka undir þá kröfu að lægstu laun verði hækkuð verulega án þess að þeir sem hærra eru settir fái sömu prósentuhækkun á sín laun.

Herra forseti. Ég er ekki að slá mig til riddara með þessum málflutningi. Ég er ekki, herra forseti, að sýnast einhver frelsisengill enda hefur frv. um lágmarkslaun verið flutt áður en þó í öðru formi. Ég tel þvert á móti til skammar að þurfa að flytja svona mál á hinu háa Alþingi þó að málum sé svo komið að ekki verður undan vikist.

Virðulegi forseti. Í bók sinni Life begins at forty eftir Walter Boughton Pitkin er sagt, með leyfi forseta: „Eins og nú er málum háttað verður fólk að eyða ævidögum sínum í að hafa sér til hnífs og skeiðar. Einstöku sinnum fær fólk smáfrí sem ekki er annað en vökusvefn.“ Sú bók sem vitnað er í er skrifuð árið 1932. Ástandið er enn svo á Íslandi að fólk þarf að leggja nótt við dag til að hafa í sig og á. Því er ástæða til að spyrna við fótum. Þar að auki eru allt of margir sem ekki eiga þess kost að bæta við sig vinnu eins og hefur verið hægt fram til síðustu ára á Íslandi. Þess vegna er frv. flutt, herra forseti. Meginvandi í íslensku þjóðfélagi er fátækt sem stafar af lágum launum. Þau hafa því miður leitt til fólksflótta frá landinu. Einkenni íslensks hagkerfis eru hin lágu taxtalaun. Um nokkra hríð hefur ekki verið hægt að framfleyta fjölskyldu með lægstu taxtalaunum. Launakerfið á Íslandi hefur einkennst af umfangsmiklum feluleik með raunveruleg launakjör og þannig hafa ýmiss konar aukagreiðslur komið til viðbótar við taxtalaun. Annað einkenni á íslensku atvinnulífi er hve langan vinnutíma íslenskir launamenn hafa unnið eða vinna. Í samanburði sem gerður var milli Íslands og Danmerkur kom í ljós að launamaður hérlendis vinnur um 50 klst. á viku að meðaltali en danskur launamaður 39 klst. Þetta sýnir að íslenskur launamaður vinnur að jafnaði 10 vikum lengur en danskur launamaður á ári hverju. Lífskjörum hér á landi, sem eru betri en launin gefa til kynna, er þannig auðljóslega fyrst og fremst haldið uppi með löngum vinnudegi. Hjálparstarf hefur sífellt aukist innan lands vegna bágs ástands. Samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila hafa þúsundir einstaklinga notið matargjafa sökum fátæktar. Félagsleg aðstoð sveitarfélaga hefur aukist svo á síðustu árum að heita má að fjármunir til þessa málaflokks hafi gengið til þurrðar á hverju ári. Hvað segir þetta okkur?

Í alþjóðlegum samanburði kemur fram að óbeinir skattar hérlendis eru mun hærri en erlendis. Þá er verð á matvælum mun hærra hér en í nágrannalöndunum og leiðir það hugann að því að það er nauðsyn að stokka upp í kerfunum sem halda uppi háu matarverði.

Við gerð kjarasamninga undanfarin á hefur verkalýðshreyfingin oft talað um að nú væri kominn tími til að hækka lægstu launin. Það hefur ekki tekist. Á verðbólgutímunum var einna algengast að samið væri um kauphækkun sem átti að leiðrétta lægstu launin. Þá var reiknuð út prósentuhækkun þeirrar launahækkunar og hún gekk í gegnum allt kerfið. Láglaunafólk stóð þannig eftir í sömu sporum og áður og verðbólgan eyddi áhrifum hagstæðra kjarasamninga á skömmum tíma.

Við gerð kjarasamninga hin síðari ár hefur reynst einna best að semja um eingreiðslur til að hækka lægstu laun. Sú aðferð virðist hafa haldið nokkuð vel í undanförnum kjarasamningum. Þrátt fyrir það eru lægstu taxtalaunin svo lág að það er gjörsamlega óverjandi fyrir þjóðfélagið. Ekki má gleyma því að fjölmargir, eins og ég sagði áðan, fá greitt eftir

þessum töxtum og má þar nefna til viðbótar við það sem ég sagði áðan ófaglært starfsfólk, ekki hvað síst á vegum hins opinbera. Þetta launafólk hefur ekki tækifæri til að bæta sér upp lág laun með mikilli vinnu eða kaupaukakerfi. Það lifir því í raun í sárri fátækt og á fárra kosta völ.

Herra forseti. Ég vil víkja aðeins að gildistökutíma frv. Við flm. teljum að allt sem viðkemur kjarasamningum eigi að vera á forræði samningsaðila. Þar sem ekki hefur tekist með samningum að knýja fram hækkun lægstu launa undanfarin ár ber Alþingi Íslendinga skylda til að grípa inn í þessi mál með lagasetningu.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að heildarlaun á mánuði fyrir 16 ára og eldri skuli ekki vera undir 80 þús. kr. en 2. gr. kveður á um að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en 1. mars 1997. Ástæða þessa er að þannig skapast svigrúm fyrir aðila vinnumarkaðarins til að semja sjálfir um þá niðurstöðu sem frv. gerir ráð fyrir. Það er ljóst að 80 þús. kr. mánaðarlaun fyrir fulla dagvinnu eru ekki há laun. Allmargir launþegar hafa meiri tekjur með nokkurri eftirvinnu. Frv. er í rauninni fyrst og fremst ætlað að skapa vörn fyrir þá sem minnst mega sín.

Ég tel að rökin hljóti að vera augljós. Hækkun lægstu launa í 80 þús. kr. á mánuði mun auka velferð í íslensku þjóðfélagi, einkum hjá þeim sem verst eru settir og mun jafna laun og bæta afkomu margra einstaklinga. Engin ástæða er til þess að ætla að lagasetning af þessum toga muni kalla á óðaverðbólgu, allra síst ef aðilar vinnumarkaðarins setjast í alvöru niður til að semja um hækkun lægstu launataxta eins og þeir hafa margoft sagt undanfarin ár.

Að mati okkar flutningsmanna mundi lagasetning af þessum toga knýja samningsaðila til að finna leiðir til að gera það kleift að unnt sé að lifa mannsæmandi lífi af dagvinnulaunum. Þess vegna er frv. flutt. Þetta frv. mun verða dregið af borðum Alþingis náist sá árangur sem hér er verið að gera ráð fyrir.

Launaumræðan verður að vera í alþjóðlegu samhengi. Íslenskar vörur eru í samkeppni við erlendar hvort sem er um að ræða útflutningsvörur okkar eða vörur sem keppa við innflutning. Við verðum að standast þessa alþjóðlegu samkeppni og okkur hefur fyrst og fremst tekist það með löngum vinnudegi.

Ég bendi á að löggjöf um lágmarkslaun er til erlendis, t.d. í Ameríku og Frakklandi. Þess má geta að nokkur umræða um lágmarkslaun var í Bandaríkjunum í aðdraganda forsetakosninganna þar sem úrslit lágu fyrir, ef ég man rétt í gær.

Hægt er að sýna fram á að séu lágmarkslaun ákveðin of há geti það leitt til þess að það dragi úr vinnu í viðkomandi hagkerfi. Þetta eru helstu rök gegn lögbindingu lágmarkslauna. Þau eiga ekki við núverandi aðstæður hérlendis að mati okkar flm. Þau lágmarkslaun sem gert er ráð fyrir í þessu frv. eru ekki há og atvinnulífið á auðveldlega að geta ráðið við þau með aukinni framleiðni. Atvinnuástand hér á landi er einnig að mörgu leyti mun betra en í nágrannalöndunum.

Herra forseti. Það er liðin tíð að hægt sé að ætlast til þess af Íslendingum að þeir vinni allt að 30% lengri vinnudag en kollegar þeirra erlendis til þess eins að ná sambærilegum launum. Það mun ekki auka framleiðni íslenskra fyrirtækja ef þau eiga í auknum mæli að byggja á ódýru vinnuafli. Við verðum að snúa af þessari braut því að annars verður landflótti viðvarandi og Ísland verður áfram láglaunaland.

Frv. þetta er liður í þeirri stefnumörkun jafnaðarmanna að skapa hér mannsæmandi umhverfi fyrir launafólk og stuðla jafnframt að heilbrigðu og þróttmiklu efnahagslífi. Ef þessi leið er ekki farin og taxtalaunin látin eiga sig eina ferðina enn í næstu kjarasamningum mun sífellt stærri hópur launamanna sitja eftir á lágmarkstöxtum og eiga sér ekki viðreisnar von. Við megum ekki láta mál þróast á þann veg. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. félmn. til umfjöllunar. Ég gæti hugsað mér að það frv. sem hér er á borðum sem fjallar um launamál og styttri vinnutíma ætti samleið með þessu frv. Ég vil biðja um að hv. formaður félmn. skoðaði það um leið og málin koma til umfjöllunar.

[19:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta frv. er vafalaust flutt í góðri meiningu. Ég get tekið undir að það muni áreiðanlega vera erfitt að lifa af lægri launum en 80 þús. En því miður hafa margir í þjóðfélagi okkar lægri tekjur. En mér finnst hv. flm. vera kjarkmaður ef hann flytur þetta frv. í alvöru. Það verð ég að segja að ekki mundi ég þora að leggja það til að skipa launum með lögum. Ég er hræddur um að verkalýðsfélögunum þætti stigið illilega inn á verksvið sitt. Ég vil heiðra samningsréttinn og hafa kjarasamninga frjálsa. Ég er ansi hræddur um að það kæmi hljóð úr horni ef ég væri flutningsmaður þessa frv.

Verkalýðshreyfingin gagnrýndi lítillega í fyrravor að ég skyldi flytja frv. um breytingu á vinnulöggjöfinni en þetta frv. gengur miklu lengra heldur en það og undir engum kringumstæðum þyrði ég að leggja í svona frumvarpsflutning.

Hv. þm. segist ekki vera að slá sig riddara en ég tel nú að hann ætti að verða riddari fyrir kjark sinn og dirfsku.

[19:50]

Flm. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók sérstaklega fram að ég væri ekki að reyna að slá mig til riddara. Ég sagði að í raun væri til skammar að það ætti að draga mál af þessu tagi inn á hið háa Alþingi. Þetta meina ég og það innilega. En á sama tíma og launafólk fær 8 þús. kr. laun fyrir fulla vinnuviku þarf það að borga af því á áttunda þúsund kr., eða 7.860 kr. í fæði og uppihald, og heldur eftir níu krónum í laun eftir vikuna inngreitt á reikning. Ég er með bunka af launaseðlum frá fólki sem er með laun á bilinu frá 50 þús. upp í 57 þús. kr. Það er sama niðurstaðan alls staðar. Þetta er farandverkaflólk sem hefur farið milli staða til að reyna að halda sig í vinnu vegna þess að því hefur verið fyrirskipað að ferðast, fyrirskipað að fara í vinnu annað. Alls staðar er sama sagan. Fólk er að fá frá 400 kr. niður í níu krónur útborgað eftir fyrstu vikuna eftir að dregið hefur verið af þeim vegna fæðiskostnaðar og húsnæðis. Þetta eru vandamálin sem blasa við. Þess vegna er verið að flytja frv. um lögbindingu lágmarkslauna. Það er ekki verið að slá sig til riddara. Það þarf engan kjark, hæstv. félmrh., til að flytja frv. þegar aðstæður eru svo himinhrópandi í þjóðfélagi okkar.

[Fundarhlé. — 19:53]

[20:32]

Viktor B. Kjartansson:

Virðulegi forseti. Ég byrja á því að taka undir með flm. varðandi það frv. sem hann kynnir hér og tengist lágmarks-

launum. Eins og staðan er í dag held ég að varla sé hægt að framfleyta fjölskyldu fyrir 80 þús. kr. á mánuði og ég hefði helst viljað sjá þarna hærri tölu ef eitthvað væri. Hins vegar er spurning hvort það sé í raun hlutverk ríkisins að setja slík lög og taka þar með fram fyrir hendurnar á þeim samningsaðilum sem eiga að fjalla um þessi mál. Það er umhugsunarefni ef svo er komið fyrir þjóðinni að setja verður lög til þess að knýja á um slík málefni. Það hefur líka komið fram að þar sem slík lög hafa verið sett hafa ýmsir hlutir því miður fylgt með eins og aukið atvinnuleysi sem kemur til af því að fyrirtæki hafa þá þurft að segja upp starfsfólki vegna þess að þau hafa ekki getað greitt þau lágmarkslaun sem lögbundin hafa verið. En það þykir mér samt sem áður ansi ótrúlegt með þeim lágmarkstöxtum sem í gildi eru. Ég held að fyrirtækjum sé að verða það ljóst að taxtar og laun af þessu tagi ganga ekki öllu lengur og mér hefur sýnst að það sé að skapast skilningur á því að taka verði til hendinni og ég hef trú á því að í þeim kjarasamningum sem nú eru í uppsiglingu muni koma fram nýjar línur í þessum efnum og það muni skýrast að fyrirtæki muni treysta sér til að greiða hærri laun og samið verði um meiri launahækkanir en oft áður. Það er nú einu sinni þannig að það er ekki neinu fyrirtæki til góðs ef starfsfólkið getur með engu móti framfleytt sér eða sínum og þarf að lifa óhamingjusömu lífi og getur þá aldrei orðið góður starfskraftur fyrirtækinu til framdráttar.

[20:36]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni og fagna því að heyra sjónarmið hans hér. Það má segja að þau hafi komið úr óvæntri átt en sjónarmið hans sýna að sem betur fer er mörgum ljóst að ástand launamála hér er algerlega óviðunandi og allt of margt fólk sem hefur allt of lág laun og það er okkur til skammar og veldur landflótta og erfiðleikum. Ég get tekið undir það með honum að maður hefði nú gjarnan viljað sjá hærri tölur í þessu frv. en ég hygg að raunveruleikinn sé sá að erfitt sé að ganga lengra og jafnvel þurfi að ná upp í þessa tölu í áföngum. En það er auðvitað mjög gott mál að vekja athygli á því að staða launamála gengur ekki lengur og ef atvinnulífið hér getur ekki borgað fólki mannsæmandi laun þá erum við í mjög vondum málum.

[20:37]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Það er löngu tímabært að taka á þeim vanda sem er tilefni þessa frv. eins og síðasti ræðumaður tók sannarlega undir. Þingheimur ætti að muna að það hefur Kvennalistinn æ ofan í æ reynt að gera þótt þess sé ekki getið, a.m.k. ekki í greinargerð þessa frv.

Við kvennalistakonur fluttum fyrst frv. um lágmarkslaun fyrir 11 árum og endurfluttum það nokkrum sinnum á næstu árum með ýmsum tilbrigðum. Þá ættu a.m.k. alþýðuflokksmenn að muna að vorið 1987 áttum við í viðræðum um myndun ríkisstjórnar við alþýðuflokksmenn og sjálfstæðismenn, viðræður sem strönduðu loks á kröfu Kvennalistans um aðgerðir til að bæta kjör hinna lægstlaunuðu. En í því efni sáum við ekki annað vænna en lagasetningu þess efnis að óheimilt væri að greiða laun fyrir dagvinnu undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Því miður vildu hvorki sjálfstæðismenn né alþýðuflokksmenn þá fara þá leið og höfðu ekki aðrar leiðir fram að færa og því fór sem fór og Kvennalistinn fór ekki í ríkisstjórn.

Síðasta þingmálið um þetta efni var flutt á 118. löggjafarþingi af þáv. þingkonum Kvennalistans undir forustu Kristínar Sigurðardóttur varaþingkonu. Sú tillaga gerði ráð fyrir því að fela ríkisstjórninni að vinna að því að enginn launþegi í fullu starfi þyrfti að sæta launakjörum undir því marki sem reiknaður lágmarksframfærslukostnaður gefur. Það var ekki lagt fram frv. í það sinn en það gefið til kynna að markmiðinu mætti ná með lagasetningu, samningum eða öðrum ráðum og verkefninu lokið innan tveggja ára. Við höfum alltaf gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Í raun er það neyðarráðstöfun ef setja þarf lög um þessi efni því að auðvitað á það að vera hlutverk og verkefni vinnumarkaðarins en ekki löggjafans, ekki Alþingis, að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Eins og ástandið er nú er það óviðunandi. Við vitum að margir eru þannig settir að þeir rétt skrimta af launum sínum eða eiga alls ekki fyrir nauðþurftum og í landi þar sem nauðsynjavörur eru dýrar, félagsleg aðstoð að mörgu leyti ófullnægjandi, sérstaklega hvað varðar gæslu og umönnun barna, húsnæði er fremur dýrt og fleira mætti telja, þá er það í rauninni ógnvekjandi að dagvinnulaun skuli vera jafnlág og raun ber vitni. Að sjálfsögðu eru hinar ýmsu bætur meira og minna miðuð við þessi sultarkjör, lífeyrir aldraðra, öryrkja, atvinnulausra og annarra bótaþega. Þetta fólk hefur tæpast svarað brosandi spurningum í könnun um hamingju sem oft hefur verið vitnað til. Því miður er það nú svo að afkoma fólks á lægstu launum byggist yfirleitt á því að viðkomandi er á framfæri annarra eða þá að hann lifir beinlínis við skort og fátækt eða safnar skuldum. Þetta er auðvitað óþolandi ástand. Það er óþolandi að atvinnurekendur, sem ég vil heldur kalla vinnukaupendur, láti sér sæma að nýta fulla starfskrafta fólks án þess að greiða því laun sem duga til eðlilegrar framfærslu. Það er mikill misskilningur sem sumir telja að það sé styrkur fyrir hagkerfið að halda stórum hópum á lágum launum. Það er í rauninni alrangt og jafnvel þveröfugt. Það veikir beinlínis hagkerfið og þjóðfélagið allt, spillir heilsufari fólks og lamar efnahagslega hóp sem ætti að geta staðið undir verulegri veltu með neyslu sinni. Reyndar er ekki við atvinnurekendur eina að sakast. Allir þekkja hinn óformlega launastiga verkalýðshreyfingarinnar þar sem flestir hópar miða við ákveðið bil milli sín og annarra hópa bæði fyrir ofan sig og neðan í launastiganum og menn bregðast strax við ef einhverjum hópi tekst að fá laun sín hækkuð. Það hefst samanburður og togstreita milli hópa í anda hins fræga Mesópótamíulögmáls, sem nokkuð kom við sögu í viðræðum um myndun ríkisstjórnar vorið 1987 og hefur oft verið minnt á síðan. En við getum ekki beygt okkur undir slík nauðhyggjurök að þessu ástandi sé ekki hægt að breyta. Við verðum að leita allra leiða til þess að breyta því og ein leiðin er að setja lög um lágmarkslaun eins og frv. hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna kveður á um. Það er hins vegar ekki einfalt mál eins og ég drap áðan á því að það varðar mjög marga launahópa.

Að lokum vil ég aðeins koma því að Kvennalistinn hefur einmitt mikið velt því fyrir sér hvernig hægt sé að koma í veg fyrir óæskileg áhrif slíkrar lagasetningar og tryggja að hún nái tilætluðum árangri. Því er sífellt haldið á lofti, sem ég kom inn á áðan, að hættan er nokkur á miklum óróleika, víxlverkandi hækkun launa og þar fram eftir götum og jafnvel verðlagshækkunum. Þess vegna er mikilvægt að tryggja víðtækt samráð allra aðila vinnumarkaðarins um

framkvæmd lögbindingar lágmarkslauna. Ég minni í því sambandi á tillögu sem þingkonur Kvennalistans fluttu fyrir nokkrum árum, á 110. löggjafarþingi, einmitt í tengslum við frv. um lágmarkslaun. Efni þeirrar tillögu var að fela forsrh. að skipa samstarfshóp fulltrúa allra þingflokka og helstu samtaka vinnumarkaðarins og að starfshópurinn hefði það verkefni að finna og móta leiðir til að tryggja jákvæð áhrif lögbindingar lágmarkslauna. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera eitthvað slíkt ef þetta frv. yrði samþykkt því annars kynni svo að fara að betur væri heima setið.

Frv. er ákaflega blátt áfram og orðfátt, kannski svolítið snubbótt jafnvel. (**Gripið fram í:** Það á að vera það.) En ég vona sannarlega að þingnefndin sem fær frv. til meðferðar láti ekki hjá líða að taka það til ítarlegrar umfjöllunar og ræði það bæði hugmyndafræðilega og hvernig tryggja megi framgang þess þannig að það komi að gagni. Ég vil taka undir með hv. síðasta ræðumanni og ég vænti þess af öllum sem hér hafa talað að nú verði tekið til hendinni og þessari þróun snúið við. Þjóðfélagið allt mundi hagnast á því.

[20:47]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Viktori B. Kjartanssyni, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur fyrir undirtektir við þetta frv. Hv. þm. Viktor B. Kjartansson tók eindregið undir að 80 þús. kr. lágmarkslaun væru síst of há. Hann gerði sér reyndar vonir um að atvinnufyrirtækin væru búin að átta sig á því að þeir launataxtar sem gilda í landinu eru hættulega lágir. Ég vil ítreka þakkir mínar til hans vegna þessa. Ég tek undir með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að ef ekki koma fram nýjar línur er nauðsynlegt að binda lágmarkslaun sem öryggisnet vegna þess hvernig hugmyndir Vinnuveitendasambandsins eru settar fram núna. Ég vona að fólk geri sér grein fyrir því að þær hugmyndir um launabætur, um 3,5–4% eru eitthvað allt annað en rætt hefur verið um. Í hugmyndum þeirra, þó þær séu ekki nákvæmlega útfærðar, kemur fram að síðan átti að taka til hagræðingar og afnema neysluhlé og annað slíkt.

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir hennar umfjöllun. Ég gat þess í framsögu með þessu máli að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem frv. um lágmarkslaun væri flutt. Ég gat þess ekki að það hefði verið flutt af Kvennalista. Mér er ljúft og skylt að segja að það er rétt. En ég vil minna á það að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti líka frv. um lögbindingu lágmarkslauna fyrir nokkrum árum síðan og stílfærði það eftir frönskum lögum um bindingu lágmarkslauna.

Það er grundvallaratriði að einstaklingurinn geti framfleytt sér með launum fyrir átta stunda vinnu eða fyrir fulla dagvinnu á mánuði. Það er ekki hægt í dag, það er ekki hægt fyrir núverandi lágmarkslaun. Það er ekki heldur hægt fyrir 60 þús. kr. á mánuði.

Mér eru minnisstæð orð ungrar stúlku sem var í Þjóðarsálinni miðvikudaginn 30. október sl. Þar lýsti þessi unga stúlka því að hún var að stofna heimili ásamt unnusta sínum. Þau voru sameiginlega með 120 þús. kr. á mánuði. Þau eiga eitt barn og eru að basla við að fjárfesta í húsnæði. Hún lýsti því átakanlega hversu ómögulegt það væri að komast áfram á þessum lágu launum. Hún ásakaði að sjálfsögðu alþingismenn. Hún sagði, þessi ágæta stúlka: „Alþingiskarlarnir, það eru þeir sem ráða þessu. Ráðherrarnir, alþingiskarlarnir.“ Þetta er nefnilega ímyndin sem mjög margir hafa. Þeir átta sig ekki á því að samningar eru gerðir á milli aðila vinnumarkaðarins. En núna er orðin ástæða til að grípa inn í.

Ég velti því fyrir mér hvort fólk hefur áttað sig á því að það sem ég er með hér og heitir greiðslukort, spilar orðið mjög alvarlegan þátt í lífi launafólks. Fólk freistast til að taka sér greiðslukort. Það er mjög auðvelt að semja fram í tímann um að fresta greiðslu í tvo eða þrjá mánuði. Það eru fjölmargir íslenskir alþýðumenn komnir í greiðsluvanda út af greiðslukortum. Þeir hafa ekki efni á að fara í verkfall. Það er m.a. ein af ástæðunum fyrir því að undirritaður leyfir sér að leggja frv. fram og segir um leið að það er skammarlegt að þurfa að leggja þetta frv. um lágmarkslaun fram á hinu háa Alþingi, í velferðarríkinu Íslandi.

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til þeirra sem tóku undir flutning þessa máls. Ég vona svo sannarlega að það fái góðan framgang í meðhöndlun hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

[20:54]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna. Þessi tillaga var lögð fram á 120. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Það má öllum ljóst vera hvílíkt nauðsynjamál er hér á ferð og vonast ég til að fá mikinn stuðning við þetta mál og að það nái fram að ganga á þessu þingi. Það er ástæða til að ætla að svo geti orðið eftir þær miklu umræður sem hér urðu um jafnréttismál fyrr í vikunni, eftir samþykkt á landsfundi Sjálfstfl. sem ég mun vitna til á eftir, og eftir allar þær umræður sem orðið hafa um launamál kvenna ekki síst eftir að könnun Jafnréttisráðs kom fram snemma árs 1994 fyrir kosningarnar þá.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það frammi fyrir þingmönnum hvernig launamisréttinu hér á landi er háttað. Könnun eftir könnun hefur leitt í ljós að þegar borin eru saman meðallaun kvenna og karla eru laun kvenna um 60% af launum karla. Þessar tölur sveiflast örlítið til eftir árum en bilið hefur verið u.þ.b. þetta. Þegar búið er að skoða alla þætti launakjara kvenna, bera þau saman við laun karla, taka út þætti eins og yfirvinnu, aukagreiðslur og annað sem getur haft áhrif á launakjörin, er samt til staðar launamunur sem ekki er hægt að skýra með neinu öðru en kynferði.

Á nýafstöðnu jafnréttisþingi voru lagðar fram nýjustu tölur frá öllum Norðurlöndunum um þennan kynbundna launamun, þ.e. launamun sem ekki er hægt að skýra með neinu öðru en kynferði og reyndist hann vera um 14% hér á landi ef ég man rétt. Nú þori ég ekki alveg að fullyrða, hæstv. forseti, að ég fari rétt með þessar tölur. En það kom reyndar í ljós eins og þar var sagt að þessi munur er á bilinu 10–20% á Norðurlöndum. Ef ég man rétt þá var hann mestur í Danmörku. Þannig að við erum ekki endilega verst í þessum málum. Þetta er alþjóðlegt fyrirbæri og auðvitað getur atvinnuskipting valdið þar miklu. Það hefur t.d. komið í ljós í rannsóknum að launamunur hjá verkafólki er sáralítill þegar borin eru saman laun karla og kvenna en munurinn eykst eftir

því sem menntunin verður meiri, Þ.e. aukin menntun skilar konum ekki eins miklu og körlum. Allar þessar staðreyndir liggja fyrir, hæstv. forseti, og jafnframt það að margar þær stéttir þar sem konur eru í meiri hluta eru afskaplega lágt launaðar. Það tengist því máli sem hér var síðast til umræðu. Ef það næði fram að ganga fengi stór hópur kvenna verulega launahækkun. Það eru sérstaklega konurnar sem eru í umönnunarstörfunum, konur sem t.d. vinna sem aðstoðarkonur á leikskólum, konur sem eru í Starfsmannafélaginu Sókn, Verkakvennafélaginu Framsókn eða Verkakvennafélaginu Framtíðinni, eru á afskaplega lágum grunnlaunum en bæta þau reyndar oft upp með bónus eða vaktaálagi.

Í greinargerð þessarar tillögu er að finna nokkrar upplýsingar um slík laun. M.a. kemur fram að þrítug kona sem vinnur við umönnun og hefur sótt eitt námskeið fær í grunnlaun 64.226 kr. Reyndar eru grunnlaun stúlkna sem eru að byrja miklu lægri.

Í tillögunni eru lagðar til aðgerðir til að draga úr þessum launamun og til þess vonandi að afnema hann sem er auðvitað markmiðið. Við þekkjum frá ýmsum löndum að gripið hefur verið til markvissra aðgerða til að draga úr launamun kynjanna. En ég veit enn þá ekki nein dæmi þess að tekist hafi að afnema hann með öllu. Í Bandaríkjunum og Kanada og víðar hefur verið farin leið starfsmats sem hefur skilað verulegum launahækkunum í ákveðnum greinum. Á Norðurlöndunum hefur verið framkvæmt starfsmat en þar hefur einnig verið beitt launapottum, þ.e. að taka markvisst frá peninga til að bæta launakjör ákveðinna stétta. Síðan hafa ákveðnir hópar kvenna eða kvennastéttir, ég tek sem dæmi hjúkrunarfræðinga og reyndar fleiri, háð afar harða kjarabaráttu sem sums staðar hefur skilað árangri þannig að heldur hefur dregið úr launamun og þessar stéttir bætt stöðu sína. Málið snýst ekki aðeins um mun á launum karla og kvenna í sambærilegum störfum heldur einnig mat á þeim störfum sem konur hafa einkum og sér í lagi unnið, störfum sem áður fyrr voru unnin á heimilunum en hafa færst út í samfélagið. Þau hafa verið metin til færri fiska en önnur störf þar sem karlar hafa fyrst og fremst verið við vinnu.

Ég ætla að gera aðeins grein fyrir þessum tillögum sem eru í tólf liðum, hæstv. forseti.

Þar er fyrst að nefna að við leggjum til að framfærslukostnaður einstaklinga verði skilgreindur.

Það er svo sérkennilegt og tengist auðvitað þessum voðalega feluleik sem hér tíðkast í launamálum að það er ekki til nein skilgrening á nauðsynlegum launum, á framfærslukostnaði, á fátækramörkum, eða hvað við eigum að kalla það, eins og er til í öðrum löndum. Ég tek nokkur dæmi í greinargerðinni um mismunandi viðmiðanir við það hvað einstaklingur þarf að hafa. M.a. er viðmiðun Lánasjóðs íslenskra námsmanna sú að einstaklingur í leiguhúsnæði þurfi 54.600 kr. á mánuði. Þetta er það lágmark sem lánasjóðurinn miðar við. Ef námsmaðurinn á eitt barn þá hækkar framfærslan í 79.170. Nú á einungis að hækka atvinnuleysisbætur um 2% samkvæmt frv. sem var til umræðu hér fyrr í dag, en fullar bætur einstaklings eru 52.728 kr., ellilífeyrir og tekjutrygging eru 37.978 kr. Vonandi hafa flestir þeir sem eiga að lifa á ellilífeyri og tekjutryggingu eitthvað meira en þetta enda veit ég ekki hvernig í ósköpunum fólk ætti að komast af með þessa upphæð í vasanum mánaðarlega. Opinber skilgreining á nauðsynlegri upphæð til framfærslu á mánuði er því ekki til.

Kvennalistinn lét hins vegar reikna út fyrir sig eftir tilbúnu dæmi fyrir síðustu kosningar hver framfærslukostnaður einstaklings væri og sú könnun leiddi í ljós að einstaklingurinn yrði að hafa um 94 þús. kr. á mánuði til að lifa og var nú ekki mikill lúxus í því dæmi. Þetta þýðir að einstaklingur þarf að hafa um 121.500 kr. í tekjur á mánuði. Það er reyndar hærra en meðallaun á Íslandi í dag. Þannig að einhver mikil skekkja er nú í þessu öllu saman. Við vitum það auðvitað að margt fólk er í tvöfaldri og þrefaldri vinnu og hefur allar klær úti til að sjá sér farborða eða byggir afkomu sína á vinnu annarra. En í okkar kvennabaráttu er það lykilatriði að konur séu efnahagslega sjálfstæðar, geti séð sér farborða og séu ekki upp á aðra komnar.

Við leggjum til að lægstu laun verði hækkuð í áföngum og miðað við skilgreindan framfærslukostnað. Þannig að ekki verði greidd laun undir ákveðinni upphæð.

Með þessu viljum við leiðrétta laun, sérstaklega kvennastéttanna sem eru á svo hróplega lágum launum.

Við leggjum einnig til að þegar þeirri tilraun verður lokið sem félmrn. og Reykjavíkurborg ætla að beita sér fyrir varðandi starfsmat verði unnið starfsmat bæði fyrir ríki og borg.

Við eigum auðvitað erfitt á hinu háa Alþingi að segja vinnumarkaðnum almennt fyrir um það hvað honum ber að gera. En starfsmat hjá ríki og sveitarfélögum — reyndar hefur verið í gangi hjá sveitarfélögunum starfsmat sem hefur skilað konum launahækkunum — sem hefur það að markmiði fyrst og fremst að útrýma launamun kynjanna mun auðvitað hafa áhrif á almennum vinnumarkaði.

Við leggjum einnig til að í komandi kjarasamningum verði farin sú leið að leggja til hliðar ákveðna upphæð, t.d. 1 milljarð kr., sem verði varið til að bæta lægstu laun hjá stéttum þar sem konur eru yfir 75% starfsmanna og starfsmat sýnir að um vanmat á störfum þeirra sé að ræða.

Það má kannski segja að það sé nokkurt bráðlæti að ætlast til að þetta gerist í næstu kjarasamningum því auðvitað þarf starfsmatið að vera unnið fyrst. En það er til grunnur að starfsmati víðast hvar. Ég minni einnig í þessu samhengi á ákvæði í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna um sérstakar aukagreiðslur sem auðvitað væri hægt og á að beita til að bæta og draga úr launamun kynjanna en ekki að auka hann eins og margir óttuðust að gerast mundi í kjölfar breytinga á lögunum.

Við leggjum til að launakerfi ríkisins verði stokkað upp í því skyni að afnema launamisrétti sem m.a. er falið í ýmiss konar aukagreiðslum, að þetta kerfi verði einfaldað og gert gagnsætt.

Reyndar liggur hér fyrir sérstök tillaga um endurskoðun á launakerfi ríkisins á aðeins öðrum forsendum. En við vitum öll að mjög margar konur vinna hjá ríkinu og það kerfi sem þar viðgengst er orðið algjörlega óbrúklegt. Það bíður upp á þvílíkt misrétti og er orðið slíkt að það er bara ekki hægt að halda svona áfram með öllum þessum duldu greiðslum. Reyndar eru einstakar stéttir opinberra starfsmanna að átta sig á því að það kemur þeim í koll þegar þeir komast á eftirlaunaaldur að hafa grunnlaunin svona lág og byggja kaupið á ýmiss konar aukagreiðslum því að eftirlaunin byggjast fyrst og fremst á grunnlaununum.

Þá er lagt til að ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir en hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.

Því miður hefur harla fátt verið gert í því að grípa til sérstakra aðgerða. Eins og hér kom fram í umræðunni á

mánudaginn er það fyrst og fremst spurning um pólitíska vilja og að það verði tekið á því að ráðuneyti og opinberar stofnanir fylgi jafnréttislögunum eftir, jafnframt því að sjálfsögðu að fylgjast með því að vinnumarkaðurinn almennt virði lög og rétt. Ég hlýt að benda á það, hæstv. forseti, að það þarf að nota dómstólana meira en gert hefur verið til að knýja fram réttlæti. En það þýðir ekkert ef dómstólarnir líta svo á að jafnréttislögin hafi nánast ekkert gildi eins og mætti álykta af ýmsum dómum sem fallið hafa á undanförnum árum.

Við leggjum til sem félagslega aðgerð og jöfnunaraðgerð sem auðvitað skiptir bæði konur og karla máli að fæðingarorlof verði lengt í tólf mánuði í áföngum og að feðrum verði tryggður sjálfstæður réttur til þriggja mánaða orlofs.

Þetta er tengd aðgerð sem mundi auðvelda fjölskyldufólki að koma aftur út á vinnumarkaðinn. Þetta er svona fjölskylduvæn aðgerð.

Þá þarf að endurskoða vinnulöggjöfina og vinnuverndarlögin út frá þeim sjónarhóli að tryggja réttindi kvenna og stöðu þeirra á vinnumarkaði.

Það þarf að herða viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni og fylgja því miklu betur eftir að þau séu virt.

Það þarf að endurskoða tryggingakerfið og lífeyris- og skattamál út frá könnun á stöðu kynjanna og út frá því sjónarmiði að jafna stöðu kynjanna.

Síðan nefnum við tvær félagslegar aðgerðir sem eru þær að komið verði á einsetnum skóla, skóladagur lengdur og *sveitarfélögum tryggðir tekjustofnar til að grunnskólar geti* starfað samkvæmt lögum. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

Síðasta tillagan gengur út á að gerð verði tíu ára áætlun til að fullnægja eftirspurn eftir leikskólaplássum í samvinnu ríkis og sveitarfélaga.

Reyndar verð ég að taka það fram, hæstv. forseti, að Reykjavíkurborg hefur gripið til mikils átaks í þessum efnum og því er von um að kannski verði þörfinni fullnægt innan tíu ára ef okkur tekst að halda meiri hlutanum í Reykjavík sem við, hæstv. forseti, vonum að sjálfsögðu að muni verða. Kannski má því breyta þessu. En þarna tengjast saman beinar aðgerðir í launamálum og félagslegar aðgerðir sem styrkja stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.

[21:09]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um þáltill. um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna sem ég vil fagna vegna þess að þessi tillaga er allrar athygli verð. Raunverulega *finnst mér þó nafnið ekki rétt á tillögunni vegna þess að hún* er miklu umfangsmeiri og réttara væri að tala um þáltill. um opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar, svo víðfeðm er þessi tillaga og ég fagna henni. Og það er eitthvað slíkt sem ég hefði viljað að við hefðum verið að ræða í gær eða fyrradag þegar við vorum að fjalla um þáltill. ríkisstjórnarinnar um opinbera fjölskyldustefnu. Þar voru svona almennar fallegar markmiðslýsingar sem við sem höfum verið hér og þekkjum hvernig slíkt er framkvæmt, höfum kannski ekki mikla trú á. Þar var raunverulega ekkert sem hönd var á festandi, ekki neitt ákveðið sett fram nema að það átti að fara fram könnun á högum barnafjölskyldna sem þegar liggur fyrir. En það eru einmitt aðgerðir eins fram koma í þessari tillögu sem þarf til þess að bæta stöðu heimilanna og kynjanna á vinnumarkaðinum. Og það er einmitt slík stefna eins og hér kemur sem maður vildi sjá í framkvæmd.

Það er ýmislegt um þessa tillögu að segja. Það eru einstaka liðir sem ég vildi ræða á þessum stutta tíma sem ég hef.

Ég vil fagna því sem fram kemur um fæðingarorlof, þ.e. að það verði lengt í 12 mánuði í áföngum. Það sem ég tel brýnt að gert verði og ég held raunar að hafi verið fjallað um á landsfundi Kvennalistans, er að það þarf að breyta um fjármögnun á fæðingarorlofi. Það er algjörlega ófært hvernig þetta er, að konum á barneignaraldri skuli raunverulega vera refsað og þær stundum ekki teknar í vinnu ef það er einhver hætta á að þær eigi börn, af því það kostar fyrirtækið peninga ef þær fara í barneignarfrí. Þetta verður því að vera þannig að framlag komi úr einhverjum sameiginlegum sjóði sem atvinnurekendur og hið opinbera greiða iðgjöld til þannig að það á ekki að skipta máli hvort það karlinn eða konan sem tekur sér fæðingarorlof hjá vinnuveitenda. Ég held að það sé mjög brýnt að menn reyni að ná saman um slíka leið í fjármögnun á fæðingarorlofi.

Fimmti töluliðurinn er mjög mikilvægur, þ.e að launakerfi ríkisins verði stokkað upp og launakerfið almennt verði gert sýnilegt. Ég hef flutt margar tillögur um þetta mál á þingi og við höfum sýnt fram á hvernig þetta neðanjarðarkerfi sem er í launamálunum almennt er undirrótin að launamisrétti kynjanna. Þess vegna var farið að fela launamisrétti 1966 þegar loksins hafði náðst fram fullt lagalegt jafnrétti. Þá var bara fundin önnur leið sem hefur vaxið æ síðan þannig að það er ekki nema lítill hluti af laununum sem er uppi á borði og *sýnilegur og að finna í launatöxtum* sem verkalýðshreyfingin er að semja um. Mig undrar oft að verkalýðshreyfingin skuli ekki taka undir með ýmsum þingmönnum sem hafa margoft talað um það hve nauðsynlegt er að gera launakerfið sýnilegt. Ég hef sjaldan heyrt verkalýðshreyfinguna tala um það. Forsenda þess að breyta launastrúktúrnum og launakerfinu almennt er að fá það upp á borðið.

Varðandi sjötta liðinn þar sem talað er um að ákvæðum 3. gr. jafnréttislaganna verði fylgt eftir. Hún kveður á um tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna. Ég er alltaf að komast meir og meir á þá skoðun að menn verða að setjast yfir það hvernig hægt er nýta þetta ákvæði. Þegar lögin voru samþykkt 1991 náðist samstaða um að setja þetta inn og þetta var auðvitað sett inn til að þessu yrði beitt. Ég held að það þurfi að fara yfir það í fullri alvöru og þessi þáltill. gefi alveg tilefni til þess. Væntanlega fer hún til félmn. Ég hvatti til þess þegar opinbera fjölskyldustefnan var hér til umræðu og framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, að félmn. skoðaði sérstaklega hvort hún gæti náð samstöðu *um tillögur í þá veru hvernig hægt væri að beita* 3. gr. jafnréttislaganna. Það tel ég mjög mikilvægt og tel reyndar að konur á þinginu ættu að setjast saman yfir það hvort hægt sé að ná breiðri samstöðu um að beita henni.

Það að lægstu launin verði hækkuð í áföngum þá eru lægstu laun orðin svo mikill smánarblettur á þjóðfélaginu að maður skammast sín fyrir að vera stjórnmálamaður og geta ekki gert meira í að breyta þessum launum. Ég held að margir geri sér ekki grein fyrir hvaða þjóðfélagslegar afleiðingar þessi lágu laun hafa. Það er líka efnahagslegt vandamál þegar fólk hefur ekki efni á að kaupa vörur í búðunum og það sem fyrirtækin framleiða. Hvaða þjóðfélagslegar afleiðingar og félagsleg vandamál skapar slíkt í þjóðfélaginu sem blæs út í félagslega kerfinu og heilbrigðiskerfinu? Þótt við séum í einhverri uppsveiflu sem kölluð er og efnahagsbata hef ég aldrei orðið eins áþreifanlega vör við hvað mikil uppgjöf er

orðin í fólki og síðustu vikur og mánuði. Það er sorglegt að þurfa að viðurkenna þá staðreynd að við stöndum frammi fyrir því, eins og fram kom í blöðum nýlega, að 32 þús. einstaklingar lifi undir fátæktarmörkum þó Ísland sé sett á bekk með sjö ríkustu þjóðum heims. Ég tel að þurfi að skilgreina framfærslukostnað eða neyslustaðal, eins og hér kemur fram. Mér skilst að vænta megi öðru hvoru megin við áramót niðurstöðu í neyslukönnun frá Hagstofunni sem hún hefur verið að vinna að. Vera má að eitthvað megi nýta hana í því skyni sem hér er lagt til.

Ég vil spyrja hv. flm. um 9. tölul. þar sem fram kemur tillaga um að viðurlög við brotum á jafnréttislöggjöfinni verði stórlega hert, svo og eftirlit með að henni sé framfylgt. Hvað hugsar þingmaðurinn sér í þessu efni? Hvaða refsiákvæði eða viðurlög er þingmaðurinn með í huga? Það væri sennilega hægt að draga forstöðumenn annars hvers fyrirtækis fram og beita viðurlögum eða refsingu ef þetta ætti að virka. Og einnig hins opinbera og fjmrh. vegna þess að alls staðar viðgengst launamisréttið. Ekki síður hjá hinu opinbera. Fyrir nokkrum árum kom fram varðandi hlunnindagreiðslur og bílagreiðslur sem ríkið borgar, að um 90% rennur til karla en 10% til kvenna. Ég býst ekki við að það hafi mikið breyst frá þeim tíma sem þetta var kannað.

Tími minn er búinn en ég held að þetta sé hin merkasta tillaga sem er þess virði að skoða rækilega í þeirri nefnd sem fær hana til umfjöllunar.

[21:18]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir hennar orð. Vegna þess síðasta sem hún sagði um nefndina sem fengi þetta mál til umfjöllunar láðist mér í fyrri ræðu minni að greina forseta frá hvert ég vildi vísa þessari tillögu. Ég vil vísa henni til síðari umræðu og hv. félmn.

Hv. þm. kom inn á ýmislegt í sinni ræðu og ég get svo sannarlega tekið undir það allt og ekki síst þetta með lágu launin sem ég held að hafi haft og eigi eftir að hafa margvíslegar félagslegar afleiðingar fyrir einstaklingana sem eiga að lifa á lágum launum. Við vitum, eins og ég rakti í fyrri ræðu minni, að því miður eru afskaplega margar konur á mjög lágum launum, jafnvel konur sem eru einar með börn. Reyndar sýndu kannanir fyrir nokkrum árum að stór hluti einstæðra mæðra hefur afskaplega lág laun.

Eitt er athyglisvert að nefna í þessu samhengi að ein hinna félagslegu afleiðinga er sú að fólk sem hefur mjög lág laun verður að leita til sveitarfélaganna eftir félagslegri aðstoð. Það eru sláandi tölur sem hafa birst m.a. frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar yfir fullvinnandi fólk sem getur ekki séð sér og sínum farborða og verður að leita aðstoðar hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Það er náttúrlega svo makalaust að þetta skuli vera til að það er til háborinnar skammar. Það er alveg svakalegt að íslenskt atvinnulíf skuli komast upp með þetta og vekur upp margar spurningar um skipulag og hvernig borgað er fyrir vinnu hér á landi, sérstaklega í fiskvinnslu, iðnaði og víðar. Þetta hlýtur að verða að breytast ef við ætlum að vera samkeppnisfær við aðrar þjóðir. Við munum hreinlega missa fólk úr landi ef þetta heldur svona áfram, eins og við höfum reyndar gert. Afleiðingar hinna lágu launa eru auðvitað margvíslegar. Í öðrum löndum hefur verið talað um kvengervingu fátæktarinnar. Efnahagsörðugleikar hafa fyrst og fremst bitnað á konum. Þetta er óásættanlegt.

Hv. þm. spurði mig um 9. lið tillögunnar, þ.e. hvernig ætti að herða viðurlög. Það má hugsa sér margt í þeim efnum en spurningin er: Hvaða leiðir á að fara? Það má hugsa sér sektir. Það má hugsa sér að menn eigi einfaldlega málsókn yfir höfði sér og sektir ef þeir framfylgja ekki lögunum. Það má hugsa sér að taka stikkprufur og fara í heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki til að fylgjast með hvernig jafnréttislögunum er framfylgt. Þetta er gert í Bandaríkjunum. Þar er ákveðið kerfi á vegum atvinnumálaráðuneytisins þar sem stofnanir eru heimsóttar og tengist oft ákveðnum verkefnum. Eins og t.d. þegar sett var upp verkefni um glerþakið þar sem verið var að kanna hvernig á því stæði að svo fáar konur voru í æðstu stöðum í fyrirtækjum og er ég að tala um einkafyrirtæki í sjálfu landi frelsisins, Bandaríkjunum. Þar þykir ekki annað við hæfi en að lögum sé framfylgt og fyrirtæki eiga einfaldlega yfir höfði sér lögsókn og sektir ef þau fara ekki að lögum. Ef hægt er að sanna brot á jafnréttislögunum þar í landi þýðir það miklar sektir. Ég tala nú ekki um ýmis önnur brot gagnvart konum eins og kynferðislega áreitni þar sem hafa fallið þvílíkir sektardómar að mann rekur í rogastans. Dómar upp á fleiri hundruð milljónir. Það mætti hugsa sér að ríkisvaldið setti þau fyrirtæki og stofnanir í ákveðið bann sem ekki framfylgdu lögunum. Eigi t.d. ekki við þau viðskipti eða það mætti hugsa sér ýmislegt annað. Ég er ekki mjög refsiglöð en ýmsar aðgerðir eru til sem væri hægt að grípa til. Ég minnist þess þegar núv. forseti Íslands var fjmrh. fór hann í mikla herferð gegn þeim fyrirtækjum sem ekki stóðu skil á virðisaukaskatti og þeim var einfaldlega lokað. Við ættum kannski að taka okkur til og loka þeim fyrirtækjum sem ekki standa við jafnréttislögin. Það held ég að yrði aldeilis rekið upp ramakvein og víða yrði lokað. En það má alla vega gefa viðvörun og byggja þarf hér á landi upp meiri virðingu gagnvart lögum. En það er ekki von á góðu þegar við stöndum í því hér, þingmenn, að draga sett lög til baka með einhverjum „þrátt-fyrir"-ákvæðum og skerðingarákvæðum. Ákveðum fyrst að verja peningum til ákveðinna verkefna, komum svo nokkrum mánuðum síðar og skerðum það allt saman. Hvernig á fólk að bera virðingu fyrir lögunum þegar löggjafarstofnunin sjálf hagar sér svona?

Ég tek undir með hv. þm. varðandi 3. gr. jafnréttislaganna að gaman væri að leggjast yfir hana og koma með tillögur um aðgerðir beinlínis út frá þeirri grein. Segja má að sumt af því sem hér er lagt til séu tímabundnar aðgerðir. En það er svo víða. Það er um stöðuveitingar, það er um menntun, það er um sjóði og fjármagn til að styrkja konur í atvinnulífi, koma fyrirtækjum á fót og margt og margt sem rekja má til sérstakra hvetjandi aðgerða til að draga úr launamun og ójafnri stöðu kynjanna. Ég væri sannarlega til í að setjast með hv. þm. yfir tillögur um þessa tilteknu grein.

[21:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að svara þeim fsp. sem ég beindi til hennar. Það er nokkuð skýrara í mínum huga hvað hv. þm. hugsar sér varðandi viðurlögin. Það var líka athyglisvert sem fram kom hjá hv. þm. um 3. gr. jafnréttislaganna og ég held að gera eigi fulla alvöru úr því að skoða og beita þeirri grein.

Þegar verið er að tala um eitthvað sem snýr að heimilum í landinu eru alltaf mjög fáir hér inni til að taka þátt í umræðum. Það er mjög miður.

Það sem ég náði ekki að tala um varðandi þessa tillögu,

sem er mjög yfirgripsmikil, er 2. tölul. um að hækka lægstu launin í áföngum. Mér finnst að því hafi vaxið fylgi í þingsölum, og hafi gert á síðustu missirum, að virkilega þurfi að fara þá leið að lögfesta lágmarkslaun í landinu. Það er svo í kjarasamningum og við þekkjum það, að lægstu taxtarnir gjalda fyrir það hvernig samið er. Margar viðmiðanir eru bundnar þessum lágu launum, t.d. bótagreiðslur og lífeyrisgreiðslur og fleiri þættir. Það er eins og aldrei megi hækka lægstu launin og þess vegna fara menn í það, að hluti af því sem samið er um, er í gegnum ýmsa félagsmálapakka, sem vissulega eru góðra gjalda verðir, en hafa líka komið í veg fyrir að lægstu launin hafi hækkað. Hið opinbera greiðir raunverulega alltaf niður stóran hluta af því sem samið er um. Ég man eftir því að fyrir tveimur árum var a.m.k. þriðjungur eða um 4 milljarðar sem ríkisvaldið greiddi niður í kjarasamningunum til að geta haldið niðri þessum launum. Mér finnst vera sá tónn í verkalýðshreyfingunni núna að það verði launataxtarnir númer eitt, tvö og þrjú sem hafi forgang í næstu kjarasamningum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt.

Menn tala um að ekki sé mjög stór hluti fólks á þessum lágu launum. Sumir segja það. En auðvitað er hann allt of stór. Þá spyr maður af hverju allt fari um koll í þjóðfélaginu ef hækka á þessa lægstu taxta. Það virðist lítið hreyfast í efnahagskerfinu þótt verið sé að hækka laun þeirra sem eru ofar í kerfinu, þeirra sem fá laun samkvæmt kjaradómi og þar fram eftir götunum. Það virðist lítið hreyfa við efnahagsumhverfinu. Ég tel að ef ekki gerist mikið í næstu kjarasamningum og ekki verði veruleg hækkun á lægstu launum, þá held ég að skoða verði af fullri alvöru í þinginu að samþykkja löggjöf um lágmarkslaun.

Lægstu launin í þjóðfélaginu eru til skammar og það viðurkenna allir. Menn verða að leggjast á eitt að hækka lægstu launin í komandi kjarasamningum og ef það dugar ekki verður að setja löggjöf um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 11. mál (tekjutenging bótaliða). — Þskj. 11.

[21:30]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Það eru lög nr. 75/1981. Þetta mál fjallar um það sem í daglegu tali eru kallaðir jaðarskattar eða jaðaráhrif í skattkerfinu. (**Gripið fram í:** Nú vantar fjmrh.) Og vantar þá illa fjmrh. hæstv. eins og bent er á en hann mun vera fjarri góðu gamni eins og slökkviliðsstjórinn sagði forðum þegar hann var utan bæjar þegar kviknaði í.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Alþb. og óháðra, allir með tölu og í stafrófsröð eins og sjá má á þskj. 11. Tillögugreinin sjálf er fremur einföld þó að málið sé stórt og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

a. Við álagningu tekjuskatts árið 1997 skal, til að draga úr jaðaráhrifum tekjutengingar bótaliða í skattkerfinu, haga útreikningi tekjutengdra bótaliða þannig: Samanlagt hlutfall álagðra skatta og skerðingar bótaliða skal vera að hámarki 55%. Skal skerðing vaxtabóta eða húsaleigubóta reiknuð fyrst en síðan skerðing barnabótaauka að áðurnefndum mörkum.

b. Alþingi skal kjósa nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka, auk formanns sem fjármálaráðherra skipar, til að gera í samráði við samtök launafólks ítarlega úttekt á áhrifum tekjutengingar í skattkerfinu og samspili slíkrar tekjutengingar við aðra þætti, svo sem almannatryggingakerfið, lífeyrisréttindi, tekjutengdar afborganir námslána o.fl.

Nefndin skal skila tillögum um breytingar á skattalögum sem fela það í sér að komist verði hjá óhóflegum jaðaráhrifum vegna tekjutengingar bótaliða, í skattkerfinu og utan þess.

Fjármálaráðherra skal leggja tillögur nefndarinnar fyrir Alþingi haustið 1997.“

Þannig hljóðar það, herra forseti, og fjallar í sínum einfaldleik um að við álagningu tekjuskatts á næsta ári verði sett þak á svonefnda jaðarskatta. Og sömuleiðis verði nefndin, sem getið er um, sett á fót til að fara í vandaða úttekt á málinu með fulltrúum samtaka launamanna. Markmiðið verði að setja tekjutenginu skorður eða afmarka hana þannig að jaðaráhrifin í skattkerfinu og/eða utan þess verði aldrei óhófleg. Þær ógöngur sem menn eru nú komnir í stafa einfaldlega af því að á tilteknu árabili var gengið mjög langt í að tekjutengja ýmsa þætti innan skattkerfisins og reyndar utan þess einnig. Þó að hver og ein af þessum tekjutengingaraðgerðum gæti verið eðlileg sem slík þá verkar þetta þannig að jaðaráhrifin eða tekjutengingaráhrifin leggjast saman. Skerðingarnar hefjast við svipuð tekjumörk þegar í hlut eiga þættir eins og vaxtabætur eða húsnæðisbætur og tekjutengd skerðing barnabótaauka. Og þannig leggjast áhrifin hver ofan á önnur og úr verða hin illræmdu jaðaráhrif.

Tekjutenging getur átt fullan rétt á sér þegar verið er að reyna að stýra takmörkuðum fjármunum til þeirra sem mesta hafa þörfina þ.e. fólks með lægri tekjur. Þess vegna er efni þessa frv. síður en svo það að útiloka með öllu þessa aðferð en hitt er alveg ljóst að menn eru komnir í miklar ógöngur þegar svo er komið að jaðaráhrifin eru 70–80 af hundraði, með öðrum orðum það er orðin sáralítil breyting sem verður á ráðstöfunartekjum fólks þó að það reyni að auka tekjur sínar með aukinni vinnu sökum þess að fjórar krónur af hverjum fimm hverfa úr launaumslaginu aftur. Þá er ekki annað að gera en að horfast í augu við að í óefni er komið og bregðast við samkvæmt því.

Það er allnokkuð síðan mönnum fóru að verða þessar ógöngur í skattkerfinu ljósar og talsvert er búið að tala um þetta undanfarin missiri. Sá sem hér talar hefur ítrekað tekið þetta mál upp og flutt um það þingmál. En einhvern veginn hefur samt farið svo að sáralítið, nánast ekkert, hefur verið gert í því að ráða bót á þessu meini, ef frá er talið það, að lítillega var dregið úr tekjutengdri skerðingu barnabótaauka sérstaklega fyrir barnflestu fjölskyldurnar við álagningu tekjuskatts í fyrra.

Á þessum árum sem nú eru að líða er enn að bætast við nýr þáttur sem veldur því að tekjutengingargildran, jaðaráhrifin, eru að fara út yfir öll velsæmismörk bókstaflega talað og þá á ég við hina þungu tekjutengdu endurgreiðsluskyldu námslána. Með breytingum á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna 1992 var endurgreiðsluskyldan eða kvöðin hert mjög verulega og gerð tekjutengd þannig að fyrstu árin eftir að endurgreiðslur námslána hefjast eru það 5% af brúttótekjum

en hækkar síðan í 7%. Það þýðir að kannski 11%–12% af ráðstöfunartekjum, tekjutengt, renna til endurgreiðslu á þessu þætti einum. Þegar þessi jaðaráhrif leggjast við þau sem eru innan tekjuskattkerfisins getur myndin orðið óhugnanleg. Fræðilega má setja upp dæmi þar sem fjölskyldan er nógu stór og vaxtabæturnar það háar og námslánaendurgreiðslan svo þung, fyrir utan flata skatta sem teknir eru og slík gjöld, að nánast öll laun á tilteknu tekjubili hverfi aftur.

Í fskj. með frv. er sýnd mynd um tiltekna fjölskyldu. Hún á við fjölskyldu með tvö börn sem hefur fullar vaxtabætur en miðar að vísu við tekjutengda skerðingu barnabótaaukans eins og hún var á síðasta ári enda dæmið frá þeim tíma. En í reynd hefur það sáralítið breyst og nánast ekkert þó að tekjutengda skerðingin hafi lækkað um eitt prósentustig fyrir hvert barn. Myndin sýnir hins vegar ágætlega hvernig skattstiginn er eða jaðaáhrifin í skattkerfinu eru í dag fyrir venjulega fjölskyldu, dæmigerða íslenska fjölskyldu sem er rétt við það að vera vísitölufjölskyldan. Þá lítur málið þannig út að, — ég biðst nú forláts, herra forseti, dæmið í grg. með frv. er af fjölskyldu með tvö börn en dæmið í fskj. sem myndin sýnir er af fjölskyldu með þrjú börn svo örugglega sé öllu til haga haldið. En vegna tekjutengdrar skerðingar vaxtabótanna og barnabótaaukans fyrir þessi þrjú börn verða jaðaráhrifin á tekjubilinu 1,4 millj. til 2,7 millj. í heimilistekjur þessarar fjölskyldu tæp 70%. Það þýðir að aðeins 30 kr. af hverjum 100 kr., 30 þús. kr. af hverjum 100 þús. kr. sem menn reyna að bæta við sig með auknum launatekjum á þessu tekjubili koma launamanninum til góða, hinar hverfa í formi skatta eða vegna skerðingar bóta á móti.

Með því að setja inn þak og láta staðar numið við tiltekin mörk gagnvart tekjubilinu hverju sinni þá dreifist skattbyrðin á þá sem hærri hafa launin eins og sýnt er á myndinni. Enginn vafi er á því að þessi tekjuauki fjölskyldunnar, sem dæmið sýnir, 11 þús. kr. meira til ráðstöfunar á hverjum mánuði miðað við hverjar 100 þús. kr. kæmu sér afar vel. Það er enginn vafi á því, herra forseti, að þetta eru þær fjölskyldur í landinu sem í hvað mestum erfiðleikum eru um þessar mundir. Það eru lágtekju- og meðaltekjufjölskyldur, stórar barnafjölskyldur með nýlegar húsnæðisskuldbindingar á bakinu. Svo maður tali nú ekki um öll ósköpin ef til viðbótar eru þungar endurgreiðslur af námslánum. Þetta sýna allar kannanir. Þetta má lesa út úr skattkerfinu m.a. út úr myndum eins og þessari hér.

Aðferðin sem frv. leggur til er ofur einföld. Hún byggir í raun og veru á tvennu. Annars vegar á því að skerðingu bótaþáttanna er forgangsraðað og þak sett við tiltekin mörk. Fyrst eru skertar vaxtabætur eða húsaleigubætur en síðar eða síðast barnabætur. Í framkvæmd ætti þetta ekki að skapa neina umtalsverða erfiðleika. Ég tel að innan staðgreiðslunnar sé í raun og veru auðvelt að gera þetta með þessu móti og í öllu falli er ljóst að kæmu einhverjir annmarkar í ljós hvað það snertir er afar einfalt mál að gera upp eftir á þá sem leiðrétta kynni að þurfa enda eru barnabætur, barnabótaaukinn til að mynda ekki greiddur út nema nokkrum sinnum á ári og það einfaldar málin.

Ég tel, herra forseti, að ekki séu rök fyrir að fresta þessu máli ár eftir ár þrátt fyrir miklar umræður og að í orði kveðnu samkomulag um að núverandi ástand sé óþolandi með þeim einu aumingjalegu rökum að málið sé flókið og tæknilega erfitt og þurfi að skoða og setja í nefnd aftur og aftur. En þær viðbárur hafa verið notaðar sl. tvö til þrjú ár til að gera ekkert í málinu. Það hefur farið í taugarnar á mér, herra forseti, og ég lagði þess vegna í þá vinnu að útfæra leiðina sem hér er lögð til. Ég hef borið þetta undir ýmsa sérfræðinga í skattamálum og allir hafa staðfest að með ákveðnum af þessu tagi eigi að vera tiltölulega auðvelt mál að setja þak á hinn illræmda jaðarskatt. (**Gripið fram í:** Hvað kostar þetta?) Kostnaðaráhrifin, hv. þm., er dálítið erfitt að meta nema reikna út aragrúa af dæmum, þar sem settir eru inn tekjuhópar, til að reyna að átta sig á hver heildartekjuáhrifin yrðu. Á móti má reikna með því að eitthvað meiri launatekjur kæmu því almennt er viðurkennt að þessir háu jaðarskattar hafa fælingaráhrif og valda því að jafnvel er minni viðleitni hjá viðkomandi fjölskyldum að bæta stöðu sína með auknum launatekjum, svo maður nefni ekki það sem tæpast má nefna úr þessum virðulega ræðustóli, að flestir eru þeirrar skoðunar að þetta ástandýti, kannski meira en nokkuð annað, undir svarta atvinnustarfsemi. Það að menn reyni að ná með ýmsu móti einhverjum hluta tekna sinna fram hjá skattkerfinu af þeirri einföldu ástæðu að menn sjá ekki mikinn tilgang í að þræla sér út ef einungis ein króna af hverjum fimm kemur í launaumslagið. Það er sú staða sem fjölmargir eru í gagnvart þessu dæmi hér.

Herra forseti. Það er skaði að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér því auðvitað þyrfti ég helst og mest eiga orðastað við hæstv. fjmrh. vegna þess að hæstv. ráðherra segir oft að hann sé mér sammála um að jaðaráhrifin í skattkerfinu hafi gengið algjörlega úr hófi og bregðast þurfi við og grípa til aðgerða. En það hefur hins vegar vafist mjög fyrir vini mínum, hæstv. fjmrh., að gera eitthvað róttækt í málinu. Ég tel mig þess vegna vera að koma honum til hjálpar, og ætti ekki að þurfa að standa upp á mig í þeim efnum, með því að leggja smávinnu í að útfæra tiltölulega einfalda aðgerð, a.m.k. til bráðabirgða, til að taka á þessu vandamáli á meðan það er skoðað ofan í kjölinn. (**Gripið fram í:** Er ekki einhver andstaða í ríkisstjórninni?) Þá kemur að því hvort hæstv. fjmrh. sé ekki sjálfrátt. Þetta er nú valdamikill maður, hæstv. ráðherrann, og ætti að hafa sitt fram í málaflokki af þessu tagi sem beinlínis heyrir undir hann. En af einhverjum ástæðum er þetta mál að malla í kerfinu ár eftir ár og nú í nefnd, að mér er sagt. Sjálfsagt er það virðuleg og góð nefnd og allt gott um hana að segja. En ég sætti mig mjög illa við, herra forseti, og uni því mjög illa að menn komi þessu réttlætismáli ekki fram, sem allir eru sammála um að brýnt sé að ráða bót á. Að menn finni sér bjálfalegar viðbárur ár eftir ár til að gera ekki neitt í málinu. Og maður óttast að ástæðan sé einfaldlega sú að þetta kostar líklega einhverja peninga. Ég dreg enga dul á að líklegt er að þetta kosti einhverja peninga. En ég hef ekki aðstöðu til þess, ég hef ekki einu sinni nógu öfluga tölvu til að reikna út nákvæmlega hvað það er. Og aðstaða okkar stjórnarþingmanna er slík að við höfum ekki á bak við okkur sérfræðingastóð til að aðstoða okkur við að vinna slíka hluti. Og væri nú mál fyrir hæstv. virðulegan forseta að taka upp að stjórnarandstöðuþingmenn hefðu eitthvað jafnari aðstöðu á við kerfið þegar þeir eru að reyna að vinna mál af þessu tagi. Í reynd ætti, að mínu mati, að vera svo að fjárlagaskrifstofa fjmrn. væri ekkert síður skyldug til að gera kostnaðarmat á frumvörpum þingmanna og stjórnarandstöðunnar heldur en á ríkisstjórnarfrumvörpum.

Ég tel, herra forseti, að þetta sé leið sem sé tiltölulega auðvelt að fara. Ég er meira en reiðubúinn til að ræða að á móti þeirri tekjulækkun ríkissjóðs, sem þetta réttlætismál mun vissulega hafa í för með sér upp á a.m.k. nokkur hundruð milljónir króna, ég vil ekki nefna tölur, enda mundi ekki

muna mikið um það ef svo væri, er auðvelt mál að afla tekna á móti jafnvel innan tekjuskattkerfisins. Þannig að við getum þess vegna núllstillt tekjurnar, sem tekjuskattkerfið gerir, þó við færum skattbyrðina til. Íslenski skattstiginn er að mínu mati algjört hneyksli eins og hann er í dag. Það er algjört hneyksli að hann skuli fara lækkandi með tekjum, herra forseti, eins og sjá má á þessari mynd. Að þyngsta skattbyrðin skuli vera hér á launum á milli 1,4 og 2,7 millj. og fara síðan hraðlækkandi þangað til komið er upp á milli 3 og 4 millj. kr. að þetta kemst aftur í jafnvægi. Ég þekki hvergi í heiminum skattstiga sem er öfugur að þessu tagi. Venjan er sú að það er leitast við að hafa skattstigann í þrepum upp á við þannig að prósentan sé hærri á hærri laun en hér er þetta öfugt. Í reynd eru hlutirnir þannig að það er langþyngsta skattprósentan á lægri miðlungstekjur. Svo kemur alllangt bil þangað til það kemur þessi ræfilslegi hátekjuskattur upp á 5% sem ekki leggst á laun fyrr en 400 eða 450 þús. kr. heimilistekjur sem eru þá laun upp á um 5 millj. kr. á ári. Svona er þetta nú, herra forseti.

Ég sé ekki ástæðu til þess hér á þessum kvöldfundi að vera að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að það verði sem sagt eftir að þetta mál er komið til nefndar og liggur fyrir þinginu ekki hægt að segja oftar að ekki séu uppi tillögur um að taka með beinum hætti á þessu máli. Ég bið menn þá að sýna mér fram á það að sú aðferð sem hér er lögð til gangi ekki upp áður en þeir segja oftar að málið sé tæknilega flókið, erfitt og vandasamt og það þurfi að hafa það nokkur ár í viðbót í nefnd. Ég uni því ákaflega illa.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

[21:47]

Sigurður Hlöðvesson:

Virðulegi forseti. Ég tel að frv. það sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sé einfaldasta og besta kjarabótin sem við getum fært til þeirra verst settu eins og stendur. Ég held það væri ekki slæmt í komandi kjarasamningum ef tekið væri á því hróplega óréttlæti sem felst í þessum háu jaðarsköttum.

Staðreyndin er sú að fólk sem lendir í þessum tekjuhópi er má segja gíslar bágra kjara og getur sig hverki hreyft. Annars vegar eru það þessir jaðarskattar, þ.e. ef fólk reynir að auka við tekjur sínar með meiri vinnu þá fara, eins og sýnt er í greinargerð með frv., upp undir 70% af þeim tekjum í skatta, þessa svokölluðu jaðarskatta. Þannig að fólk getur ekki bætt hag sinn með aukinni vinnu. Það má segja að fólk sé einnig gíslar þeirra lágu launataxta sem það yfirleitt býr við. Fólk í þessum tekjuflokki treystir sér ekki til að standa í harðri kjarabaráttu. Það er gjörsamlega niður njörvað við að borga af íbúðum og framfleyta fjölskyldu, kosta börn í skóla og annað því um líkt og getur ekki fyrir nokkurn mun tekið þátt í harðri kjarabaráttu eða verkföllum vegna þess að högum þess er þannig háttað að ef það missir úr tekjur einhvern smátíma, þótt það sé ekki nema mánuður eða tveir þá á það á hættu að missa það sem það hefur þó verið að reyna að nurla saman, þ.e. hús og bíl og annað sem það hefur reynt að koma sér upp. Þetta er sem sagt samtvinnað af þessum lágu launum og háu jaðarsköttum.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá má segja að þetta sé öfugur skattstigi. Líklega einsdæmi í veröldinni að þannig sé farið að.

Það er einnig spurt hvað það mundi kosta ef þessi lög næðu fram að ganga. Það er eflaust hægt að finna út úr því. En ég held að jafnframt sé hægt að standa undir þeim kostnaði með því að spóla aðeins til baka varðandi fjármagnstekjuskattinn sem settur var á og koma hér á alvöru fjármagnstekjuskatti sem hygli ekki þeim sem mest eiga heldur taki af þeim sem mest eiga. Ég held að það ætti ekki að vera vandamál að koma þessu í framkvæmd.

Ég vil að lokum segja aftur að með því að samþykkja þetta frv. hið snarasta þá væri þar með verið að koma með einföldustu og bestu kjarabótina sem hægt væri nú á þessari stundu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

[21:52]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Sívaxandi skuldir heimilanna eru mikið til umræðu í þessum þingsölum og margir hafa á því máli skoðun. Nú þegar verið er að mæla fyrir tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þ.e. tillögu um það hvernig eigi að taka á því máli, þá eru færri viðstaddir og er það miður.

Hér er um að ræða mjög víðtækar aðgerðir sem taka bæði til hins opinbera, til lögmanna, til fjármálastofnana, til réttarstöðu ábyrgðarmanna, hvernig tryggja eigi efnalitlu fólki ókeypis lögfræðiþjónustu og fjármálaaðstoð vegna innheimtuaðgerða. Þannig að á þessu sést að hér er um mjög víðtækar aðgerðir að ræða.

Þessa tillögu flytja ásamt mér hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Gísli S. Einarsson.

Tillagan var flutt á síðasta þingi og var send til umsagnar ýmissa aðila. Verður að segja að flestar umsagnirnar voru mjög jákvæðar varðandi þá þætti sem ég hef hér greint frá þannig að ég bind vonir við að félmn., sem fær málið til umsagnar, taki þetta mál til ítarlegrar skoðunar og efnislegrar umfjöllunar og afgreiði málið aftur til þingsins þannig að þingmönnum gefist kostur á að taka afstöðu til þess.

Það vita allir að á því tímabili sem við höfum gengið í gegnum efnahagsþrengingar hefur verið mjög hert að heimilunum í landinu, bæði að því er varðar launakjörin, það hafa orðið litlar launahækkanir, og eins hefur verið þrengt mjög að velferðarkerfi fólksins. Það þarf því engan að undra þó að á þessum tíma líka í því atvinnuleysi sem við höfum búið við hafi skuldir heimilanna vaxið mjög. Því skýtur það mjög skökku við að á þessum tíma hefur hið opinbera grætt mjög á neyð heimilanna sem búa við mjög erfiða skuldastöðu.

Ef litið er til þjóðarsáttartímans frá 1990–1995 þá má áætla út frá svari fjmrh., sem ég fékk á síðasta þingi, að ríkissjóður hafi haft á þjóðarsáttartímanum í tekjur vegna gjaldtöku og skattlagningar af skuldum einstaklinga 17–18 milljarða kr. Maður hefði nú haldið að á þessum tíma hefði verið rétt að reyna að draga eitthvað úr þessari miklu gjaldtöku á heimilin. Einungis stimpilgjöld, þinglýsingagjöld og gjöld vegna fjárnáms og nauðungarsölu sem ríkið tekur eru áætlaðar um 2 milljarðar kr. Þá er ótalinn sá kostnaður sem fólk lendir í ef það getur ekki greitt sínar skuldir, ekki síst ef það lendir með skuldir sínar hjá lögmönnum, að lögfræðikostnaður er alveg gífurlegur. Sést það m.a. á þeim dæmum

sem tekin eru í greinargerðinni hversu gífurlegur lögfræðikostnaðurinn getur orðið. Tekið var t.d. dæmi af 1,5 millj. kr. höfuðstól þar sem um var að ræða tveggja ára gömul vanskil og var lögfræðikostnaðurinn á þeirri skuld um 170 þús. kr. Ég held að að því er varðar innheimtu lögmanna þá sé að vaxa skilningur á því, m.a. hjá ríkisvaldinu og dómsmrh., að á því þurfi að taka, gera eins og hér er lagt til, að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum. Þetta held ég að sé mjög brýnt mál og muni hjálpa mjög þeim heimilum sem búa við miklar skuldir og eiga í erfiðleikum með að greiða þær.

Eins er hér lagt til að settar verði reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark gjaldtöku vegna vanskila skuldara. Það þekkja allir sem eru í miklum skuldum og þurfa að leita til fjármálastofnana og lenda þar í vanskilum hve mikill kostnaður er vegna vanskila. Undir það er tekið í umsögnum frá mjög mörgum aðilum, svo sem Húsnæðisstofnun, ASÍ og Ráðgjafarstöð um fjármál heimilanna, að á báðum þessum þáttum þurfi að taka, þ.e. að setja þak á innheimtu lögmanna og setja reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark á gjaldtöku vegna vanskila.

Það er nokkuð athyglisvert að m.a. nefnd á vegum félmrh., sem hét samráðsnefnd um greiðsluvanda heimilanna og skilaði skýrslu 1995, tekur á mörgum þeim þáttum sem þessi tillaga fjallar um og styður þá og tekur undir mikilvægi þess að tekið sé á þeim þáttum sem hér eru nefndir. Það er einmitt athyglisvert í ljósi þess sem við vorum að samþykkja á síðasta þingi þar sem Framsfl. féll frá sínu aðalkosningaloforði, sem var greiðsluaðlögun fyrir heimilin í landinu og kom í stað þess með frv. um réttaraðstoð sem hjálpa mun mjög fáum einstaklingum, að nefndin á vegum félmrn. kemur með sína tillögu um greiðsluaðlögun sem hún rökstyður með líkum hætti og við höfum gert sem talað höfum fyrir greiðsluaðlögun sem hæstv. félmrh. taldi útilokað að koma á hér á landi. Þessi nefnd tekur mjög undir að nauðsynlegt sé að koma á greiðsluaðlögun, þeirri greiðsluaðlögun sem Framsfl. lofaði fyrir kosningar en sveik fólk um.

Það er með ógnarhraða raunverulega sem skuldir heimilanna vaxa og maður veltir auðvitað fyrir sér skýringum á því að bara á þessu eina ári er áætlað að skuldir heimilanna vaxi um 25 milljarða kr. Frá því að þessi ríkisstjórn settist að völdum, virðulegi forseti, hafa skuldir heimilanna aukist um 45 milljarða kr. og hefði ég frekar viljað sjá þann sem situr í stól forseta núna í sæti þingmanna til að geta tekið þátt í umræðunni vegna þess að enginn hefur talað eins mikið um það hvað brýnt væri að taka á þessum vanda.

Ég hef nýlega fengið svar frá hæstv. viðskrh. sem snertir skuldastöðu heimilanna sem olli mér mjög miklum vonbrigðum. Þar kom fram að Ísland er eina landið innan OECD sem verðtryggir skuldir heimilanna. Það sem mér fannst verra er að þrátt fyrir þennan stöðugleika sem við höfum búið við á undanförnum árum sem fyrst og fremst er að þakka launafólki eru engin áform uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar um að afnema verðtryggingu af skuldum heimilanna umfram það sem þegar hefur verið ákveðið af skammtímaskuldum. Það hlýtur að vera umhugsunarefni, að þegar ákveðið hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar, var gert á síðasta ári, að banna verðtryggingu á innlánum frá 1. jan. árið 2000, banna verðtryggingu á innlánum en ekki á útlánum, af hverju það er. Maður spyr bara hvaða sanngirni er fólgin í því að banna heimilunum að verðtryggja innlán sín í bönkum en leyfa bönkunum að verðtryggja útlán til heimilanna. Þetta er það sem er fram undan á árinu 2000. Maður spyr líka hvaða trú ríkisstjórnin hafi á stöðugleikanum þegar hún hefur engin áform uppi um að afnema vísitöluna. Við höfum heyrt dæmi um hve fáránleg vísitalan er og hvernig hún vindur upp á skuldir heimilanna án þess að þau eigi nokkra sök á því eins og þegar grænmeti eitt og sér hækkaði á einu og hálfu ári, grænmeti sem þessi skuldugu heimili höfðu jafnvel ekki efni á að kaupa en það hækkar skuldir þeirra um 1.300 millj. kr. og einhver tímabundin hækkun á kartöflum í sumar eykur skuldir heimilanna um 500 millj. kr. Það hlýtur að vera eitthvað að. Ég spyr hvað er öðruvísi á Íslandi en hjá öðrum þjóðum innan OECD sem eru ekki með verðtryggingu á skuldum heimilanna. Þar á ofan eru 2–3% hærri vextir sem heimilin þurfa að búa við. Þetta er þáttur sem ég tel að þingmenn verði að skoða af fullri alvöru hvort ekki sé hægt að fara hraðar í að afnema verðtrygginguna, ekki síst þegar áform eru uppi um að banna hana á innlánum á árinu 2000.

Ég tel út af fyrir sig, virðulegi forseti, að hægt væri að hafa miklu lengra mál um þetta og fara ofan í einstaka þætti þess en ég sé ekki ástæðu til þess miðað við hve fáir þingmenn eru staddir hér. Ég vil þó nefna eitt atriði í tillögunni sem er um að settar verði reglur sem tryggi betur réttarstöðu ábyrgðarmanna fjárskuldbindinga svo sem um skyldur lánveitenda til að upplýsa ábyrgðarmenn um hvað felst í sjálfsskuldarábyrgð og eða veðleyfi þeirra. Við munum að það kom nýlega fram í úttekt sem ráðgjafarstöðin gerði á ástæðunum fyrir skuldum heimilanna þar kom fram að það er stór hluti af skuldum heimilanna sem er tilkominn vegna þess að skuldir falla á ábyrgðarmenn. Í svari sem ég fékk á síðasta þingi kemur þetta berlega fram. Það kom fram í svari sem ég fékk að þriðjungur af skuldum eða 31,5% af fjárnámsbeiðnum beindust gegn ábyrgðarmönnum fjárskuldbindinga. Það er sem sagt þriðjungur sem fellur á ábyrgðarmenn. Ég held að þetta þurfi að taka til mjög alvarlegrar skoðunar. Við höfum lengst af búið við það að bankinn spyr ekki um greiðslugetu hjá fólki heldur spyr hann um: Hafið þið veð, hafið þið trausta ábyrgðarmenn? Ég held að bankastofnanir og lánastofnanir þurfi að breyta vinnubrögðum sínum í þessu efni.

Ég og vafalaust aðrir þingmenn sem hér eru inni þekkja margar sorgarsögur um það þegar ábyrgðarskuldbindingar falla á ábyrgðarmenn. Ég þekki fleiri en eitt og fleiri en tvö dæmi af eldri hjónum sem gengust í ábyrgð fyrir börn sín og síðan voru þau skilin eftir slypp og snauð og þau stóðu á götunni og tekin var af þeim íbúð sem þau áttu. Fleiri sambærileg dæmi þekki ég. Þetta er eitt af þeim atriðum sem vissulega þarf að skoða ef menn eru á annað borð tilbúnir að fara út í það að skoða víðtækar aðgerðir til að bæta skuldastöðu heimilanna eins og hér er lagt til.

Af því að ég sé að tími minn er að verða búinn vil ég í lokin undirstrika að þeir sem sendu inn umsagnir á síðasta þingi um þetta mál eins og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja taka undir öll atriði tillögunnar. Sömuleiðis Húsnæðisstofnun, sem þekkir kannski hvað best til skuldavanda heimilanna og hvaða aðgerðir það eru sem helst geta hjálpað skuldugum heimilum, en hún tekur nánast undir öll þau atriði sem eru sett fram í tillögunni. Sama gildir um Alþýðusambandið sem er með athyglisverðar breytingartillögur, að vísu að því er varðar stimpilgjaldið, sem ég hef ekki tíma til að fara nánar út í og ég veit að nefndin sem fær málið til umfjöllunar mun skoða sérstaklega. Ég legg áherslu á það af því að ég sé að formaður félmn. er í salnum að benda henni á að brýnt er að

setja reglur um innheimtuþóknun lögmanna. Undir það hefur raunverulega verið tekið í dómsmrn. Þó fram hafi komið andstaða við það hjá lögmönnum. Samkeppnisstofnun sem fjallað hefur um það mál telur ekkert því til fyrirstöðu að slíkar reglur verði settar sem ég tel mjög mikilvægt.

17 milljarðar hafa komið í hlut ríkissjóðs vegna skuldastöðu heimilanna, sem hann hefur haft af stimpilgjöldum og fleiri þáttum á þessum tíma. Ríkisvaldið ætti að manna sig upp í það að skoða hvort ekki megi slaka eitthvað á þessari skattakló, háum stimpilgjöldum og þeirri gjaldtöku sem skattleggur neyð heimilanna, virðulegi forseti. Vænti ég þess að ríkisstjórnin sjái nú að sér og skoði svolítið þann þátt málsins. Að lokinni umræðunni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. félmrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO og StB, 26. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 26.

[22:08]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég legg fram frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 45/1981, með síðari breytingum. Þetta mál er til þess að gera einfalt. Í 1. gr. er lagt til að við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

Hér er verið að leggja til að kostnaður við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði njóti skattafríðinda. Verður hér vikið nokkuð að rökstuðningi fyrir slíkum aðgerðum. Margir gera sér ekki grein fyrir því að þjóðarauður Íslendinga er að langmestu leyti fólginn í húsnæði.

Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m af íbúðar- og atvinnuhúsnæði að núvirði um 1.200 milljarðar kr. en til viðbótar eru um 13 milljónir m í ýmiss konar smærri húsum og útihúsum. Af þessum 1.200 milljörðum sem er núvirði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis á Íslandi eru um 773 milljarðar í íbúðarhúsum í einkaeign. Þjóðarauður Íslendinga er að mestu bundinn í þessum eignum og þessar eignir eru ekki gamlar. Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, bæði hjá einkaaðilum og opinberum aðilum. Ástæðurnar fyrir þessu eru margvíslegar en ég vil nefna hér tvær. Í fyrsta lagi hefur það byggingarefni sem hefur verið afar vinsælt hér á Íslandi, steinsteypan, ekki reynst sem skyldi. Í öðru lagi er ekki hefð fyrir því hér á Íslandi að halda við húsum á sama hátt og hefð er fyrir í ýmsum nágrannalöndum okkar. Við höfum t.d. í Noregi timburhús sem eru 400–500 ára gömul, hús sem er haldið við af mikilli natni og þau nýtast prýðilega til íbúar og atvinnu.

Að sjálfsögðu eru 200–300 ára gömul hús í notkun víðast hvar í Evrópu og njóta alla jafnan verulegra skattfríðinda í viðhaldi. Nýlega kynntist ég þessum málum í Frakklandi í borginni Lyon þar sem mikið átak hefur verið unnið til að gera upp elsta hluta Lyon-borgar en Lyon-borg hefur þá sérstöðu að þar var það ekki aðallinn sem byggi upp merkasta hluta borgarinnar heldur var það borgarastéttin. Af þeim sökum að sú stétt var ekki eins vel efnuð og aðallinn alla jafna þá voru þar komin upp meiri vandamál í sambandi við viðhald heldur en víða annars staðar í Frakklandi. Skattkerfið í Frakklandi er mjög vinsamlegt viðhaldsverkefnum einkum og sér í lagi á gömlum húsum og hefur tekist vel upp í mörgum tilfellum með slíkt.

Það hefur komið í ljós í könnunum sem gerðar hafa verið á viðhaldsþörf að Íslendingar gera sér afar rangar hugmyndir um viðhaldsþörf húseigna sinna. Mjög algengt er að þeir meti sjálfir hversu viðhaldsþörfin er mikil og í könnun sem Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands gerði fyrir fjórum árum kom í ljós að um helmingur húseigenda vanmat stórlega viðhaldsþörf húsa sinna. Hér er hins vegar um stórt mál að ræða ef þessu viðhaldi væri sinnt sem skyldi. Það eru til áætlaðar hundraðshlutatölur um viðhaldskostnað og ef viðhaldskostnaður er metinn um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Viðhaldsmarkaðurinn er nú áætlaður um 5–7 milljarðar kr. Ef menn bera saman þessar tölur, 5–7 milljarða annars vegar og hins vegar nauðsynina, þ.e. þörfina 24 milljarða, þá sjá menn hversu mikil verk eru hér óunnin. Menn sjá að þjóðarauður Íslendinga er að grotna niður án þess að gætt sé að halda þessum húsum við og vandamálin eru að safnast upp.

Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliðurinn um 750 þús. kr. með launakostnaði. Ríkið hefur af þessu verulegar tekjur. Tekjurnar má lauslega áætla af 1 millj. kr. viðgerðarvinnu um 250 þús. kr. Ef farið verður eftir hugmyndum þessa frv. að menn njóti 10% skattendurgreiðslu af heildarverkefninu, eða um 100 þús. kr. af hverri milljón, þá yrðu nettótekjur ríkissjóðs engu að síður um 150 þús. kr.

Þetta er mikilvægt vegna þess að það er vitað mál og er hægt að vitna sérstaklega í skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993, að í byggingariðnaði eru langmestu svörtu viðskiptin sem tíðkast í atvinnulífi Íslendinga. Það er áætlað að heildarumfang skattsvika sé um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Menn geta borið þetta saman annars vegar við það verkefni sem þarf að vinna í byggingariðnaðinum og það verk sem er unnið, sem er talið vera á milli 5–7 milljarðar kr., og síðan þessar hugmyndir um að 6,5 milljörðum kr. sé í raun og veru skotið undan í þessari atvinnustarfsemi. Þá sjá menn hvaða tölur eru þarna á ferðinni.

Gert er ráð fyrir því að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviðinu. Einkum og sér í lagi hjá einstaklingum og húsfélögum en miklu síður hjá fyrirtækjum að maður tali nú ekki um stofnanir. Það er afar brýnt fyrir okkur Íslendinga að reyna að grípa til aðgerða til þess að styrkja viðhald húseigna okkar, sem er vanrækt, en um leið að grípa til aðgerða sem kalla upp á yfirborðið þessi viðskipti til þess að skatturinn fái eðlilegar tekjur af þessari atvinnustarfsemi og til þess að þeir sem stunda þessa starfsemi séu ekki sífellt hreint að keppa við þá heiðarlegu í byggingariðnaðinum sem gefa allar sínar tekjur upp. Það er viðurkennt að heiðarlegir byggingaraðilar standa afar illa í þessari hörðu samkeppni við svarta markaðinn og eru mörg dæmi um að menn telji

sig vera að verða undir í þeirri samkeppni.

Þetta mál er því þannig vaxið að þó að það sé ávísun á skattaívilnanir fyrir þá sem stunda viðhald, er það engu að síður þannig vaxið að það skilar meiri tekjum til ríkissjóðs með því að kalla upp á yfirborðið þá starfsemi sem hingað til hefur verið undir yfirborðinu á svörtum markaði.

Ég vil því leggja áherslu á að hér er ekki um útgjaldafrumvarp að ræða heldur miklu frekar frv. sem ýtir undir betri skattheimtu en verið hefur. Það er reiknað með því að ávinningurinn af því að samþykkja frv. sem lög frá Alþingi geti verið fólginn í eftirfarandi: Endurgreiðslurnar hvetja til þess að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum. Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minni svartrar vinnu. Endurgreiðslurnar hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslu í atvinnuleysisbætur. Og þjóðarauður landsmanna að lokum verður betur varðveittur, en eins og ég tók fram þá er þjóðarauður landsmanna að verulega leyti bundinn í fasteignum.

Ég vil leggja til að lokinni 1. umr. um þetta mál verði því vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Alþingis.

[22:19]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að frv. sem hér er til umræðu sé allrar athygli vert og ég hlustaði með athygli á rökstuðning hv. þm. sem ég get tekið undir. Það er vissulega leið að auðvelda mönnum endurbætur og viðhald með 10% skattendurgreiðslu. En á sama tíma og hv. þm. Tómas Ingi Olrich og flokksbróðir hans Sturla Böðvarsson flytja þetta frv., er dreift á borð okkar þingmanna frv. frá flokksbróður þeirra, hæstv. fjmrh., um breytingu á lögum um virðisaukaskatt sem kveður á um eftirfarandi, með leyfi forseta: „Í þessari grein er lagt til að endurgreiðslur vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis verði lækkaðar í 60%". Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann styðji þetta ákvæði frv. í frv. hæstv. fjmrh.

[22:20]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að svara þessu. Þessi endurgreiðsla á virðisaukaskatti gildir reyndar fyrst og fremst um vinnu á vinnustað og er gölluð að því leyti til. Ég hygg að það sé betri aðferð að fara þá leið sem farin er í þessu frv., hún komi réttlátar fram gagnvart þeim sem eru að byggja á vinnustað en líka gagnvart þeim sem reka verkstæðisvinnu og njóta ekki að sama skapi þeirra endurgreiðslna sem rætt er um í stjfrv.

[22:21]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að þetta ákvæði sem ég vitnaði til í frv. fjmrh. gilti fyrst og fremst um endurgreiðslu vegna vinnu manna á vinnustað og þá við nýbyggingar. Frumvarp fjmrh. sl. vor var tvíþætt. Það ákvæði frv. náði fram að ganga á síðasta þingi en ekki þetta ákvæði um endurgreiðslu vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis. Þetta er nákvæmlega það sama. Það er verið að tala um endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis, að það verði lækkað í 60% úr 100 sem það var. Ég óttast þær afleiðingar og áhrif sem það hefur og einmitt með þeim rökstuðningi sem hv. þm. færði fram áðan og ég tek undir. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Styður þingmaðurinn frv. fjmrh. um þetta efni? Virðulegi forseti. Ef hv. þm. er að flytja hér þingmál sem hann ætlast væntanlega til að verði samþykkt á þinginu og er af nákvæmlega sama meiði og frv. hæstv. fjmrh. þar sem hann er lækka endurgreiðslurnar vegna endurbóta og viðhalds á íbúðarhúsnæði, þá er það tvískinnungur ef þingmaðurinn ætlar svo að styðja frv. fjmrh. um lækkun á þessum endurgreiðslum.

[22:22]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert launungarmál að sá sem hér talar hefur þungar áhyggjur af þessu frv. og málið sem hér er til umræðu ásamt öðru máli sem hefur verið lagt hér fram og snertir samningsbundinn húsnæðissparnað lýsa vel afstöðu minni til þessara mála og sérstaklega áhrifanna á skattkerfið.

[22:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að láta frv. um virðisaukaskatt bíða. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst að ákvæðið sem þar er um að lækka enn þessar endurgreiðslur er hið versta mál og auðvitað kolröng pólitík því að ganga þarf í þá átt að hvetja til þess að fólk fái afslátt fyrir viðgerðir á húsnæði. Ég vil taka undir efni þessa frv. sem hér er til umræðu. Ég held að bæði markmiðin séu mjög góð, annars vegar að auðvelda fólki og hvetja til viðhalds húsa, einkum það og ekki síður að reyna að grípa til einhverra ráða til að ná tökum á svarta markaðinum hér á landi sem við vitum að er mjög umfangsmikill, ekki síst á þessu sviði. Það er þjóðarskömm hversu margir taka þátt í því að stunda nótulaus viðskipti. Flestir sem koma nálægt slíkum viðgerðum vita að fólki er boðið upp á þetta í stórum stíl. Þarna er verið að svíkja fé undan skatti. En ég held einmitt að það að ríkisvaldið hefur meira og minna afnumið allan slíkan frádrátt einstaklinga og hefur verið að lækka endurgreiðslur til iðnaðarmanna, gangi alveg þvert á þau markmið sem verið er að setja hér

Ein spurning vaknaði í mínum huga vegna þessa frv. og það er varðandi þessi 10%. „100 þúsund af milljón", segir hv. flm.. Ég er einfaldlega að velta því fyrir mér hvernig þessi tala er fundin. Telur hv. þm. Tómas Ingi Olrich að þessi tala sé nógu hvetjandi? Ég velti því fyrir mér: Er þetta nóg til þess að vera hvetjandi, til þess að fólk gefi upp þessar viðgerðir sem þar með gefur skattayfirvöldum færi á að fylgjast með hvort viðkomandi verk sé gefið upp á öðrum stað? Þetta er óskaplega mikið mat og erfitt að átta sig á þessu.

Loks það sem fram kom í máli hv. 1. flm., varðandi það að húseigendur vanmeti viðhaldsþörf, þá svona skaut því upp í huga mínum hvort við búum enn þá við einhvern arf frá bændasamfélaginu eða frá þeim tíma er Íslendingar bjuggu í torfbæjum þar sem var þörf á miklu viðhaldi, að menn hafi haldið að þeir hefðu himin höndum tekið þegar þeir fluttu í steinhúsin og álitið að þau yrðu eilíf og þyrftu ekkert viðhald. Einhver lenska er þetta hér á landi að halda að steinhús þurfi ekki viðhald og í rauninni kallar það á skýringar hvernig á þessu stendur.

[22:27]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir innlegg hans í þessa umræðu. Fyrirspurnir hans tvær eru mjög eðlilegar og það er sjálfsagt að svara þeim. Ég ætla að svara þeim í öfugri röð miðað við það sem þær voru settar fram. Í fyrsta lagi tek ég undir það með hv. þm. að ég held að eftir að hafa byggt hér hús sem voru frekar forgengileg, öldum saman, hús sem entust raunar ekki mikið meira en í mannsaldur, þá þurfti að húsa allt upp. Það leiddi svo til þess

að þjóðin flakkaði mikið um landið. Þeir sem ekki treystu sér til að húsa upp keyptu gjarnan jarðir sem voru betur húsaðar og þannig var miklu meiri hreyfing á Íslendingum um landið en hjá öðrum þjóðum á sama tíma sem stunduðu þó svipuð störf, þ.e. bústörf. Ég held að þegar við förum að byggja úr varanlegum byggingarefnum eins og timbri og einkum og sér í lagi steinsteypu, þá höfum við álitið að við hefðum himin höndum tekið og þetta væri viðhaldsfrítt verkefni. En þetta er ekki eingöngu vandamál Íslendinga. Danir höfðu tröllatrú á steinsteypu og það er til ákveðin kenning um það að Danir lýstu lengi vel steinsteypunni þannig, ef ég má vitna í danska heimspeki. Danir sögðu um steinsteypuna, með leyfi forseta: Beton er bedre end man tror. Síðan liðu nokkrir áratugir og þá sáu menn fulla ástæðu til þess að endurskoða kenninguna og breyttu henni svona: Beton er bedre end man tror, tror man. Það kom reyndar í ljós að steinsteypan var ekki alveg eins góð og menn héldu og menn sáu ástæðu til þess að endurskoða þessa merku kenningu.

Að því er varðar 10%, er það hárrétt hjá hv. þm. að það er erfitt að ákveða þessi mörk. Forustumenn Samtaka iðnaðarins töldu að það hefði verið hagstæðara ef þessi mörk hefðu verið hærri. En þarna er engu að síður nauðsynlegt að fara milliveg því það er ekki hægt að sætta sig við að afsláttur inn éti upp tekjur ríkissjóðs af þessum framkvæmdum. Þá værum við að gefa ávísun á útstreymi úr ríkissjóði sem væri ekki í samræmi við þær hugmyndir sem við viljum vinna eftir nú með því að ná niður halla ríkissjóðs. Þannig að menn verða að takmarka þessa upphæð við einhver skynsamleg mörk sem eiga að uppfylla tvö skilyrði, annars vegar að þetta virki freistandi fyrir húsbyggjendur en á sama hátt verði ekki til þess að rýra tekjur ríkissjóðs. Auðvitað er þetta efamál. Ég velti fyrir mér hvort hin rétta upphæð væri 10% eða 15%. En ég held að ef þetta mál fær skilning í þinginu og stuðning, verði rétt að láta reyna á þetta og endurskoða málið síðan síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 13.–14. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 22:31.

21. FUNDUR

þriðjudaginn 12. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 11. mál, þskj. 11. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 16. mál, þskj. 16. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 26. mál, þskj. 26. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, þáltill., 33. mál, þskj. 33. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Sveitarstjórnarlög, frv., 34. mál, þskj. 34. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Umboðsmaður jafnréttismála, frv., 41. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Kosningar til Alþingis, frv., 50. mál, þskj. 50. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, þáltill., 56. mál, þskj. 56. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Lágmarkslaun, frv., 87. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Kosningar til Alþingis, frv., 116. mál, þskj. 127. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr.
12. Listamannalaun, stjfrv., 135. mál, þskj. 149. — 1. umr.
13. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
14. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
15. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
16. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Fyrri umr.
17. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Fyrri umr.
18. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 148. mál, þskj. 163. — 1. umr.
19. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 19. mál, þskj. 19. — 1. umr.
20. Olíuleit við Ísland, þáltill., 104. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
21. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 44. mál, þskj. 44. — 1. umr.
22. Almenn hegningarlög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100. — 1. umr.
23. Lögræðislög, frv., 49. mál, þskj. 49. — 1. umr.
24. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61. — 1. umr.
25. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.
26. Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, þáltill., 86. mál, þskj. 88. — Fyrri umr.
27. Aðbúnaður um borð í fiskiskipum, þáltill., 131. mál, þskj. 142. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Páll Pétursson félmrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. og óháðra í Norðurl. e., Árni Steinar Jóhannsson umhverfisstjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.“

Kjörbréf Árna Steinars Jóhannssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Árni Steinar Jóhannsson, 4. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Árni Steinar Jóhannsson hefur undirritað drengskaparheitið og er boðinn velkominn til starfa.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Flugskóli Íslands, 152. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 168.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 130. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 141.

Færsla aflaheimilda, 53. mál, svar sjútvrh., þskj. 123.

Landgræðsluverðir, 112. mál, svar landbrh., þskj. 150.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 141. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 156.

Athugsemd við 49. gr. þingskapa.

[13:36]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í sambandi við útbýtingu þessara þingskjala getur forseti ekki stillt sig um að nefna að í 49. gr. þingskapa segir m.a. um fyrirspurnir að þær skuli vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á — og eins og þar segir — „sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli.“ Nú hefur verið útbýtt svari á þskj. 123 frá sjútvrh. og er svarið 248 prentaðar blaðsíður. Þetta verður ekki kallað „í stuttu máli“. Hér er ekki við þingmanninn, sem fyrirspurninni beindi til ráðherra, að sakast en forseta finnst ástæða til þegar þessu þingskjali er útbýtt að minna okkur þingmenn á að hér þarf að gæta hófs og fara í hvívetna að þingsköpum.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 11. mál (tekjutenging bótaliða). — Þskj. 11.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Réttur til launa í veikindaforföllum, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 16. mál (læknisfræðilegar aðgerðir, líffæragjafar, sjómannalög). — Þskj. 16.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO og StB, 26. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 26.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 33. mál. — Þskj. 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. HG, 34. mál (heiti sveitarfélaga). — Þskj. 34.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Umboðsmaður jafnréttismála, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 41. mál. — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 50. mál (skráning kjósenda). — Þskj. 50.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðgerðir til að bæta stöðu skuldara, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 56. mál. — Þskj. 56.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Lágmarkslaun, frh. 1. umr.

Frv. GE o.fl., 87. mál. — Þskj. 89.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Kosningar til Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 116. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 127.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 7. mál (samtímagreiðslur o.fl.). — Þskj. 7. [13:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Á fundi Alþingis fyrir þremur vikum eða svo kom til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem er flutt af þingmönnum Alþb. og óháðra undir forustu formanns Alþb. Margrétar Frímannsdóttur. Nokkrar umræður urðu um málið þá en umræðunni varð ekki lokið m.a. vegna þess að ekki hafði tekist

að knýja fram svör frá hæstv. menntmrh. um það hvernig stæði endurskoðun laganna um Lánasjóð íslenskra námsmanna, þeirri endurskoðun sem stjórnarflokkarnir hafa verið með í gangi um nokkurt skeið. Því miður lauk fyrsta hluta 1. umr. án þess að hæstv. menntmrh. svaraði spurningum í þessu efni sem þó er óhjákvæmilegt að ætlast til að hann svari. Ég endurtek spurningar sem fluttar voru um það efni bæði frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og fleirum. Hvað líður þessari endurskoðun og hvenær er þess að vænta að niðurstöður hennar verði lagðar fyrir hið virðulega Alþingi?

Í svari hæstv. menntmrh. í andsvari við ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sagði ráðherra að þetta mál yrði lagt fyrir þingið. Nefndin er að ljúka störfum, sagði hæstv. ráðherra, og niðurstöður hennar verða kynntar á þinginu. Óhjákvæmilegt er að inna eftir því hvenær þess er að vænta að niðurstöður verði kynntar og einnig að spyrja hvort samstaða er í nefndinni. Er samstaða milli stjórnarflokkanna í nefndinni — og sakna ég vinar í stað sem er hv. þm. Hjálmar Árnason, sem hefur verið mikið í fjölmiðlum um þessi mál og sagt af því fréttir af og til síðustu missirin að samkomulag væri að nást í nefndinni eða þá að hann væri í þann veginn að beygja hæstv. menntmrh. undir vilja sinn og Framsfl. í þessu máli. En það er eins og við manninn mælt, það er eins og það sé náttúrulögmál í hvert skipti sem þetta mál kemur til umræðu þá snjóar þingmanninum úr salnum og hann sést ekki meir. Ég vildi kanna það, hæstv. forseti, hvort það væri hugsanlegt að finna hv. þm. Hjálmar Árnason ef hann mundi vilja vera hér viðstaddur því örugglega fleiri en ég sakna hans alveg sérstaklega á þessum örlagaríku tímum sem við erum stödd á í þessari umræðu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þingmaðurinn er í húsinu, sé ég.)

Þá væri spurning, hæstv. forseti, hvort mætti gera honum viðvart um að þessi hugðarefni hans væru til umræðu. Ástæðan er ekki síst sú að á undanförnum mánuðum hafa aftur og aftur komið fréttir um það í fjölmiðlum að þessi nefnd væri að störfum og fyrir nokkrum mánuðum, líklega þremur mánuðum, komu fréttir á ljósvakamiðlum um að meiri hluti hefði myndast á Alþingi um að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, koma á samtímagreiðslum á ný og breyta endurgreiðslureglunum. Hvað höfðu fréttamennirnir fyrir sér í þessu? Þeir höfðu það fyrir sér að hv. þm. Framsfl. hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það yrði að breyta reglunum og þeir ætluðu að snúast í lið með stjórnarandstöðunni í málinu. Hæstv. menntmrh. svaraði því til í umræðum um þessi mál í fjölmiðlum í sumar að hann vissi ekki til þess að orðinn væri til nýr meiri hluti. En aftur á móti fundust honum spurningar fréttamannanna skrýtnar og hirti þá alveg sérstaklega í einkamálgagni sínu sem birtist á alnetinu og er slegið inn „björn@centrum.is“ og er hið prýðilegasta gagn og til fyrirmyndar að hæstv. ráðherra skuli þannig koma hlutunum frá sér. En hann taldi ástæðu til þess að hirta þessa fréttamenn, sem sagt hann skammar sendiboðann eins og stundum er sagt að sé ekki góð latína. Fréttamennirnir voru að segja frá því að það væri orðinn til nýr meiri hluti á Alþingi og ég spyr: Hvar er hann? Ætla menn að halda áfram að láta námsmennina búa við þau kjör sem eru í stuttu máli með þeim hætti að þeir verða að fjármagna nám sitt í bönkum? Þeir þurfa að borga vexti af því sem þeir borga fyrir mjólk og brauð eins og formaður stúdentaráðs segir í viðtali í einhverju dagblaði í dag. Þess vegna er alveg óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar hvað hæstv. menntmrh. hyggst fyrir í þessu máli því hér er um að ræða stórmál.

Annað atriði sem ég vil sérstaklega víkja að er svo það, hæstv. forseti, að í máli hæstv. menntmrh. kom fram að í niðurskurðinum til Lánasjóðs ísl. námsmanna fælist stefna. Já, ný forgangsröðun, sú að skera niður lánasjóðinn til þess að hægt sé að reka skólana áfram. Hæstv. menntmrh. sagði það algjörlega fullum fetum í máli sínu, í andsvari við ræðu hv. þm., Kristínar Ástgeirsdóttur, að í þessu fælist stefna eða eins og sagði í andsvari hæstv. menntmrh.: Tekin var ákvörðun um að hlúa frekar að skólunum en lánasjóðnum ef menn vilja stilla málunum þannig upp og síðan tekið á málefnum lánasjóðsins þannig að hann er kominn í gott horf núna eins og hv. ræðumaður hefur bent á. Þetta er markviss stefna, segir hér. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hygg að þessi stefna hafi út af fyrir sig ekki farið fram hjá einstaklingunum sem eru að taka lán, einstaklingunum sem framfæra sig á bankalánum. En eins og kunnugt er þá verða námsmenn að framfæra sig á bankalánum af því þeir fá ekki útborgað fyrr en eftir hálft ár. Það kerfi er þarna uppi. En ég hygg að aldrei hafi verið sagt áður, hvorki af hæstv. núv. menntmrh. né heldur forvera hans, að það væri stefna að taka skólana og skólakerfið fram yfir Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég skil út af fyrir sig vel að menn skuli þurfa að forgangsraða í menntakerfinu eins og annars staðar, það á að gera það. En ég held hins vegar að heiðarlegra væri að viðkomandi ráðherrar lýstu því yfir að þetta væri stefnan frekar en að láta hana birtast einstaklingum eins og þetta gerist núna án þess að fólk vari sig á því að þessi stefna sé í framkvæmd með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Hæstv. forseti. Ég held að skynsamlegt hefði verið að fá umræðu í þessari virðulegu stofnun um stefnu í menntamálum og niðurröðun verkefna. Fróðlegt hefði verið að fá umræðu um stefnu í menntamálum og um það hvort á að taka upp skólagjöld eins og nú hafa verið tekin upp. Fyrsta frv. sem hæstv. núv. menntmrh. keyrði hér í gegnum þingið í fyrra var um skólagjöld við Háskóla Íslands. Það hefði verið fróðlegt að ræða það líka í almennu stefnusamhengi hvort það er rétt að lögfesta eins og gert var hér í fyrra skólagjöld í framhaldsskólum sem hafa verið hækkuð talsvert, úr 5 þús. kr. í 6 þús. kr., þó svo að það sé þannig að það hafi um leið verið sett takmörk á efnisgjöldin miðað við það sem áður var. Ég held að það hefði líka verið skynsamlegt að ræða hvort það er hluti af stefnunni í menntamálum að leggja á þessi ótrúlegu endurinnritunargjöld sem hæstv. menntmrh. beitir sér fyrir að séu lögð á og ég vona satt að segja að menn striki út vegna þess að endurinnritunargjöldin eru algjörlega fráleit sem skattur á fátækt nemenda og sérstök vandamál og gefa 32 millj. kr. inn í 4 milljarða framhaldsskólakerfi og skipta þar engum sköpum. En það hefði auðvitað verið gaman að ræða þetta sem hluta af heildarstefnu en það hefur aldrei verið lagt fyrir sem hluti af heildarstefnu. Ég hefði t.d. gaman af því að vita hvort framsóknarmennirnir hafi einhvern tímann samþykkt þetta sem hluta af heildarstefnu. Ég veit reyndar ekki til þess að þeir hafi yfirleitt haft nokkra skoðun á menntamálum í tíð þessarar ríkisstjórnar nema helst af og til í fjölmiðlum. Að öðru leyti láta þeir lítið á sér kræla að því er varðar menntamál og greiða atkvæði eins og vera ber og gegna prýðilega sýnist mér. Í dönsku er til orðið stemmekvæg en það er ekki til á íslensku almennilegt orð yfir það, almennileg þýðing á því og ég auglýsi eftir henni. En manni dettur það orð oft í hug úr danskri stjórnmálaumræðu, stemmekvæg, þegar menn birtast hér í þingsalnum og greiða

atkvæði eins og krafist er. Það þýðir kvikfé, kvikfénaður eða því um líkt en á tæplega við í þessu tilviki því það er lítið kvikt oft í kringum þetta fólk.

Hæstv. forseti. Ég held að fróðlegt hefði verið að fara yfir þá umræðu og ég auglýsi aftur eftir hv. þm. Hjálmari Árnasyni. Af hverju tekur þingmaðurinn ekki þátt í umræðu af þessu tagi sem er búin að vera hér í fjölmiðlum aftur og aftur í allt heila sumar og haust um það að hann sé í þann veginn að knésetja hæstv. menntmrh.? Hvar er nú Hrólfur og við allir, hinir miklu menn? Hvernig stendur á þessu, hæstv. forseti, þegar tækifæri gefst loksins til að brýna kutana og láta í sér heyra, safna liði og greiða kannski bara atkvæði og sýna hver valdið hefur, þá renna menn úr salnum? Það er ekki nógu gott, hæstv. forseti, þannig að ég verð að segja alveg eins og er að ég sakna sáran hv. þm., Hjálmars Árnasonar, og ég tel það ekki neina mannasiði að þegar hv. þm. er í húsinu skuli hann komast upp með það að taka ekki þátt í umræðunni. Það er alveg með ólíkindum. En ég endurtek spurningar mínar til hæstv. menntmrh.: Hvenær lýkur endurskoðuninni og er komið samkomulag á milli stjórnarflokkanna í málinu?

[13:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þegar litið er til frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 sést að framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs ísl. námsmanna er áætlað 1.500 millj. kr. sem er 50 millj. kr. hækkun frá fjárlögum þessa árs. Framlagið miðast við 52% af áætluðum útlánum sjóðsins eins og í fjárlögum þessa árs. Tekur hlutfallið mið af útreikningum Ríkisendurskoðunar af kostnaði við námsaðstoðina. Tillagan byggist á því að eiginfjárstaða sjóðsins haldist í horfi. Að mínu mati er það til marks um góða fjármálastjórn á síðasta kjörtímabili að Alþingi samþykkti árið 1992 nýja löggjöf um Lánasjóð ísl. námsmanna. Tel ég að þær ráðstafanir sem þá voru gerðar hafi í senn bjargað lánasjóðnum frá hruni og einnig skapað nauðsynlegt svigrúm til fjárveitinga á öðrum sviðum menntamála. Með ráðstöfun á opinberum fjármunum til menntamála er nauðsynlegt að taka ákvarðanir um forgangsröðun. Þegar takmarkaðir fjármunir eru til ráðstöfunar tel ég almennt skynsamlegra að skipa þeim stofnunum í fyrirrúm sem treyst er á til að veita góða opinbera þjónustu. Eins og fram hefur komið í umræðum á Alþingi um fjárlagafrumvarpið eru í því gerðar tillögur um auknar fjárveitingar til skóla á háskólastigi. Þar er einnig gert ráð fyrir auknu fé til Landsbókasafns – Háskólabókasafns sem er mikilvæg þjónustustofnun skóla. Enn fremur er lagt til að fjárveiting til að jafna námskostnað verði aukin og aukið fé muni renna í vísindasjóð Rannsóknarráðs Íslands. Að því er framhaldsskólana varðar hefur verið lagt til að þar verði hagrætt og sparað. Liggja fyrir tillögur um aukið samstarf milli skóla og sameiningu í því skyni að nýta fjármuni betur og tryggja betri aðstöðu til náms.

Eins og oft áður þegar slíkar tillögur eru gerðar mikla menn afleiðingarnar fyrir sér. Með öllu er ástæðulaust að líta þannig á að verið sé að kippa grundvelli undan skólastarfi í einstökum landshlutum. Mér finnst það til marks um lélegan málstað að hamra á því að í tillögum um svonefnt endurinnritunargjald í framhaldsskólum að þessu gjaldi sé sérstaklega stefnt gegn fötluðum. Höfuðmarkmiðið er að gera innritun nemenda raunhæfari þannig að skólastarfið verði markvissara. Ég hef margoft sagt að þessum reglum verður hagað með þeim hætti að tillit verði tekið til sérstakra aðstæðna.

Málflutningurinn um Lánasjóð ísl. námsmanna ber nokkur merki þess að þeir sem krefjast róttækustu breytinganna á útlánareglum sjóðsins beita næsta veikum rökum eða villandi máli sínu til stuðnings. Við myndun ríkisstjórnarinnar var ákveðið að lög og reglur um lánasjóðinn skyldu endurskoðuð. Var stofnað til nefndar með þátttöku fulltrúa beggja stjórnarflokkanna og námsmanna. Á vegum nefndarinnar hefur verið unnið mikið starf og er það von mín að þar takist samstaða um mörg álitaefni sem tengjast framkvæmd laganna frá 1992. Ljóst er að á borðinu eru tvær meginkröfur um breytingar á lögunum. Í fyrsta lagi að dregið verði úr endurgreiðslubyrði námslána og hins vegar að komið verði á svonefndum samtímagreiðslum lánanna.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að ljúka beri endurskoðun laganna með ákvörðun um að auknu fé verði veitt úr ríkissjóði til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ég tel að þessum fjármunum eigi fyrst og fremst að verja til að draga úr endurgreiðslubyrðinni. Þótt námslán séu niðurgreidd af ríkissjóði um helming er endurgreiðslubyrðin tilfinnanleg. Í umræðum um áhrif þess að hætt var svonefndum samtímagreiðslum árið 1992 hefur kostnaður námsmanna af breytingunni verið ýktur. Þar líta menn einkum á þann kostnað sem námsmaður ber af því að brúa bil þar til til greiðslu námsláns úr lánasjóðnum kemur og tala því um óhagræði af eftirágreiðslum. Raunverulegur vaxtakostnaður námsmanna vegna þessa er innan við 0,4% á ári vegna þess að ríkið greiðir niður vexti með framlögum til lánasjóðsins, tryggir hámark tekjutengdrar endurgreiðslu og námsmenn fá vaxtaauka sem nemur áföllnum vöxtum vegna eftirágreiðslu lánanna. Þetta framlag ríkisins reiknast nú rúmlega 50% af árlegum útlánum. Raunverulegur vaxtakostnaður námsmanns sem hefur lokið fjögurra ára námi er því aðeins 1.500 kr. af hverjum 400 þús. kr. Þetta kostnaðardæmi kemur aðeins hagstæðar út fyrir námsmann sem lokið hefur fimm ára námi og er að sama skapi aðeins óhagstæðara fyrir þann sem lokið hefur þriggja ára námi. Ýmsum vaxa í augum tekjur bankakerfisins af því að brúa þetta bil með lánsfé. En þær eru taldar nema um 40 millj. kr. á ári og greiðir ríkissjóður um helming fjárhæðarinnar. Hugsanlega mætti lækka fjárhæðina verulega með útboðum og samningum við banka og gætu lánasjóðurinn eða samtök námsmanna beitt sér fyrir því.

Þegar lögunum var breytt árið 1992 var sett krafa um námsframvindu. Í henni felst að lán er ekki greitt út úr lánasjóðnum fyrr en að uppfylltri þessari kröfu. Þess vegna er talað um eftirágreiðslu. Með hinni nýju skipan hefur tekist að spara hundruð milljóna og koma í veg fyrir hrun námslánakerfisins og tryggja festu í starfi Lánasjóðs ísl. námsmanna. Spyrja má hvort ekki sé verjandi að leggja á sig nokkurn aukakostnað til að ná þessu markmiði. Eins og sjá má af þeim tölum, sem ég nefndi hér að framan, er hér ekki um mikinn fórnarkostnað að ræða og getur hann ekki skipt sköpum um afstöðu manna til hinna ólíku greiðslukerfa. Það sem kallað hefur verið samtímagreiðslukerfi er í raun fyrirframgreiðslukerfi því námsmenn fá lán samkvæmt því áður en námsárangri er náð. Í hreinu samtímagreiðslukerfi í þessum skilningi felst að námsmenn sem sækja um lán fá mánaðarlegur greiðslur frá upphafi missiris. Ef halda á til streitu kröfu um námsframvindu í slíku kerfi verður að gera upp stöðuna eftir á, meta námsframvindu og krefjast endurgreiðslu á þeim hluta sem námsmaður hefur fengið umfram skil á árangri. Sá sem einungis hefur skilað 75% námsárangri greiðir 25% til baka og sá sem ekki hefur náð lágmarksárangri ætti að greiða allt til baka.

Í því kerfi sem gilti til 1992 var ekki gengið þannig til verks að innheimta ofgreidd lán af námsmönnum heldur var búið til hugtakið árangursskuld og gátu námsmenn ekki fengið námslán að nýju fyrr en árangursskuld hafði verið unnin upp með því að skila þeim einingum sem upp á vantaði. Mikill fjöldi námsmanna lauk námslánasögu sinni með þessari árangursskuld. Ég tel óskynsamlegt að hverfa aftur inn á þessa braut og afnema skýrar kröfur um námsframvindu áður en lánasjóðurinn innir greiðslu af hendi til námsmanns.

Núverandi kerfi gerir í senn kröfur til nemenda og skóla án þess að um nokkra ósanngirni sé að ræða. Svonefnt samtímagreiðslukerfi er flókið og erfitt í framkvæmd og raunar hefur ekki verið sýnt fram á með neinum lagatexta hvernig unnt er að ná markmiðum þess nema með því að stofna fjárhag lánasjóðsins á ný í mikla óvissu. Er það mat starfsmanna sjóðsins að útgjöld ríkissjóðs til hans mundu aukast um hundruð milljóna kr. yrði horfið frá núverandi kerfi. Miðað við þrönga stöðu ríkissjóðs og brýna þörf skólakerfisins fyrir aukna fjármuni tel ég glapræði að taka slíka fjárhagslega áhættu.

Herra forseti. Á árinu 1992 var vissulega gripið til úrræða sem þrengdu hag viðskiptavina Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Enginn neitar því. Þessar ráðstafanir fólust í því að taka upp vexti á námstíma, innleiða strangar kröfur um námsframvindu og herða reglur um endurgreiðslu. Við þetta minnkaði árleg fjárþörf lánasjóðsins úr ríkissjóði um nokkur hundruð millj. kr.

Tölur um virka nemendur í Háskóla Íslands á árunum 1988–1995 benda ekki til þess að breytingar á lánasjóðnum hafi raskað árlegri fjölgun þessara nemenda í skólanum. Jafnhliða hefur virkum nemendum við aðra skóla á háskólastigi einnig fjölgað, eins og t.d. við Háskólann á Akureyri.

Ég ætla síður en svo að oftúlka þessar nemendatölur enda er sá málstaður sem ég flyt hér þess eðlis að ekki þarf neinar ýkjur til að fegra hann. Auðvitað er ekki unnt að útiloka að nokkrir tugir námsmanna kunni að hafa horfið frá námi eða ekki hafið nám af ótta við hertar námslánareglur. En þegar málið er skoðað hlutlægt er hins vegar ekki unnt að komast að annarri niðurstöðu um málefni lánasjóðsins en þeirri að umræður um þungbær lánakjör hans hafi verið miklu neikvæðari en réttmætt er og efni standa til. Er ekki ólíklegt að þessar neikvæðu umræður hafi jafnvel ráðið meiru um ákvarðanir manna um að fara ekki í nám vegna reglna um lánasjóðinn en efni reglnanna sjálfra.

Að lokum vil ég árétta þá skoðun mína að ég tel nú sterk rök hníga að því að fjárveitingar skuli auknar úr ríkissjóði til Lánasjóðs íslenskra námsmanna í því skyni að létta enn frekar undir með viðskiptavinum hans. Þar tel ég mestu skipta að líta til endurgreiðslubyrðarinnar en hrófla ekki við þeim skynsamlegu meginreglum sem mótast hafa um útgreiðslu lána.

[14:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann hefur í raun og veru tekið undir veigamikla þætti í málflutningi Alþb. Það er ánægjuefni. Það á við um endurgreiðsluákvæðin og sömuleiðis að sjóðurinn þurfi nokkuð aukna fjármuni frá því sem verið hefur. Ég tel að það sé mikill árangur. Ég tel að það hljóti að vera einboðið með hliðsjón af yfirlýsingum hæstv. ráðherra og hv. þm. Hjálmars Árnasonar að þeir hljóti að beita sér fyrir því að a.m.k. hluti af frv. Alþb. og óháðra um þessi mál verði samþykktur núna fyrir áramótin þannig að hægt sé að taka eðlilega og þinglega á málinu. Ég vona að þeir séu ekki svo smáir í sálinni að þeir þoli ekki að samþykkja mál af því að það kemur frá stjórnarandstöðuflokki. Það liggur fyrir að það er greinilega samstaða um það, a.m.k. lýsir hæstv. menntmrh. yfir stuðningi við það, að endurgreiðslureglunum verði breytt og fjármunir verði auknir á nýjan leik.

Ég vil hins vegar spyrja í framhaldi af þessu: Hvað um samtímagreiðslurnar? Þær voru algjör snúningspunktur umræðunnar um Lánasjóð íslenskra námsmanna fyrir síðustu kosningar. Ég man t.d. eftir fjölmennum framboðsfundi sem var haldinn í Háskólabíói þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna töluðu. Þeir sögðu allir og þar á meðal Framsfl.: „Samtímagreiðslur verða teknar upp að nýju." Mér hefur heyrst á fréttaviðtölum við hv. þm. Hjálmar Árnason, sem ég held að sé í nefndinni sem er að endurskoða þessi lög, að hann sé þeirrar skoðunar að samtímagreiðslur eigi að taka upp. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Er öll nótt úti varðandi samtímagreiðslurnar? Ég spyr í fyrsta lagi hvort hann muni beita sér gegn þeim og þar með beygja Framsfl. í þessu máli. Í öðru lagi spyr ég: Hvenær verða þessar tillögur sýndar á Alþingi eða mun ráðherra hæstv. láta sér nægja að samþykkja tillögur Alþb.?

[14:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef lýst afstöðu minni til samtímagreiðslnanna í ræðu minni. Varðandi tímasetningar á þessu þá ætla ég ekki að fullyrða neitt um þær. Ég tel að frv. sem hér liggur fyrir sé svo meingallað að ég mun ekki leggja því lið. Það er verið að vinna að endurskoðun á lögunum á grundvelli samkomulags á milli stjórnarflokkanna og þær tillögur mun ég flytja hingað til Alþingis þegar þær liggja fyrir.

[14:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. mennmrh. sagði: „á grundvelli samkomulags á milli stjórnarflokkanna". Þá spyr ég: Hvert er efni þess samkomulags? Hefur námsmönnum verið kynnt það samkomulag og hvenær verður það birt í þessari stofnun? Það er óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar. Hvenær var þetta samkomulag gert? Hvenær verður það birt? Hverjir vita um samkomulagið? Ég vona að hæstv. menntmrh. sé ljóst að upp á framhald umræðu þessa máls er alveg óhjákvæmilegt að hann svari þessari spurningu: Hvenær var samkomulagið gert og innsiglað á milli stjórnarflokkanna? Hann orðaði það þannig að stjórnarflokkarnir hefðu komist að samkomulagi sem þýðir þá væntanlega að Framsfl. hafi gefið eftir í þessari stóru kröfu varðandi samtímagreiðslurnar. Er það svo?

[14:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt var núv. ríkisstjórn mynduð 23. apríl 1995 og þá var gefin út stefnuyfirlýsing hennar. Þar kemur fram að stjórnarflokkarnir eru sammála um að endurskoða beri lög og reglur um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er á grundvelli þess samkomulags sem sú nefnd starfar sem nú er vonandi að ljúka störfum. (**SvG:** Hefur hún lokið störfum?) Hún er vonandi að ljúka störfum.

[14:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er allnokkuð um liðið frá því að þessi umræða hófst og nokkuð vatn til sjávar runnið síðan. Við

höfum fengið inn á okkar borð frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem varpar enn skýrara ljósi á mennta- og skólastefnu þessarar ríkisstjórnar. Því nefni ég þetta að hæstv. menntmrh. notaði tækifærið til að nefna nokkur önnur mál áður en hann vék að lánasjóðnum og kom þar m.a. að lokun og sameiningu skóla sem væri ástæða til að ræða alveg sérstaklega. En þar sem þetta er síðari ræða mín í þessari umræðu hef ég ekki nema tíu mínútur og ætla að láta þá umræðu bíða þar til kemur að fjárlögunum. En ég hygg að varðandi sameiningu skóla, sérstaklega þar sem hússtjórnarskólarnir tveir sem eftir eru eiga í hlut, þá þurfi að skoða það mál býsna vandlega. Ég er ekki viss um að hæstv. menntmrh. sé þar á réttri braut.

Af því að hann nefndi fallskattinn svokallaða þá fagna ég þeirri yfirlýsingu að undantekningar eða undanþágur verði gerðar á honum gagnvart fötluðum nemendum. Ég skildi orð hæstv. menntmrh. þannig að reglurnar yrðu sveigjanlegar ef þessi skattur verður samþykktur sem ég vona að verði ekki því þetta er algjörlega óþolandi aðferð til að afla fjár til reksturs skóla.

Við erum að ræða Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég skil það svo að hæstv. menntmrh. sé sammála því að draga þurfi úr endurgreiðslubyrði lánanna samkvæmt núgildandi lögum. En það er náttúrlega orðinn dágóður hópur sem búinn er að ganga í gegnum kerfið eins og það er frá árinu 1992, fólk sem er með lán á þessum erfiðu kjörum. Þetta eru mjög erfið kjör og fulltrúar námsmanna, bæði frá stúdentaráði Háskóla Íslands og SÍNE, hafa haft samband við okkur þingmenn og bent okkur á sífellt fleiri dæmi sem eru að koma upp, dæmi um að launakjör fólks koma engan veginn heim og saman við greiðslubyrðina af námslánunum og hvað þá ef fólk þarf að afla sér húsnæðis. Þarna er að verða til hópur af menntafólki sem á í verulegum erfiðleikum. Og ég spyr: Hvernig verður tekið á málum þessa hóps? Það tíðkast yfirleitt ekki hér að lög séu afturvirk og þeir sem hafa tekið lán á þessum kjörum hafa skrifað undir þau. Ég veit ekki hvort menn ætla að grípa til einhverra ráðstafana til að reyna að létta á greiðslubyrðinni hjá þessum hópi. Ég heyri á fulltrúum og forustumönnum námsmanna að þeir hafa verulegar áhyggjur af því hvernig afkomu fólks er háttað. Það veldur því sem við ræddum við fyrri hluta umræðunnar að fólk veigrar sér við að taka námslán ef það mögulega kemst hjá því og leysir sín mál með því að vinna með námi sem auðvitað tefur það í náminu. Ég ítreka enn og aftur að fróðlegt væri að fá upplýsingar um það hvernig vinnu námsmanna með háskólanámi er háttað og reyndar öðru námi sem telst lánshæft.

Hæstv. menntmrh. sagði að með breytingunum frá 1992 hefði verið komið í veg fyrir hrun lánasjóðsins, hvorki meira né minna. Þetta var allt reiknað rækilega út á sínum tíma og staðreyndin er sú, hæstv. menntmrh., að þeim sem eru að greiða námslánin sín fjölgar stöðugt þannig að innstreymið í sjóðinn vex mjög hratt eins og kemur fram í frv. til fjárlaga þar sem segir, með leyfi forseta: „Árið 1992 voru greiðendur 13.519, en er áætlað að þeir verði 25.150 í ár og að þeim fjölgi um 10% á næsta ári.“ Þetta er gífurleg fjölgun greiðenda sem kemur í kjölfar þess hve lánshöfum fjölgaði hratt á þeim árum þegar námslánunum var breytt og þau voru kannski hvað viðráðanlegust og reyndar var nemendum að fjölga gífurlega. Endurgreiðslurnar aukast jafnt og þétt og greiðendum fjölgar þannig að staða sjóðsins er mjög að batna. Þetta var auðvitað fyrirséð þannig að ég hafna því að Lánasjóður íslenskra námsmanna hafi stefnt í hrun. Það voru vissir erfiðleikar sem menn sáu fyrir á tímabili, en að tala um hrun og að komið hafi verið í veg fyrir hrun er algjörlega út í hött.

Niðurstaðan af þessum breytingum er sú að hópur námsmanna hefur orðið að hætta við nám. Það er búið að gera öðrum hópi mjög erfitt fyrir. Ég get fullyrt að rektor Háskóla Íslands er ekki sammála hæstv. menntmrh. um að þær kröfur sem gerðar eru um námsframvindu séu sanngjarnar, það er langt því frá. Það hefur einmitt verið bent á það, m.a. í ræðum háskólarektors að þessar kröfur lánasjóðsins séu ekki í samræmi við það sem gengur og gerist í námsframvindu við Háskóla Íslands. Það leiðir til þess að nemendur lenda í vandræðum með lánin og þar með í vandræðum með að greiða og í vandræðum með sitt nám. Staðan hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og fyrst og fremst staða námsmanna er því alls ekki nógu góð. Það þarf að skoða þessar kröfur þannig að þær séu í raun sanngjarnar.

Það þarf að skoða samtímagreiðslukerfið. Ég minni á að það hefur aldrei tíðkast hjá lánasjóðnum að fólk fái lán — það er kannski of mikið að segja aldrei — en a.m.k. eftir að lögunum var breytt síðast fyrir 1992, þurfti fólk að sýna fram á árangur í námi áður en það fékk lánin. Fólk fékk ekki lán fyrr en að loknu fyrsta missiri eða að loknum fyrstu prófum með einstaka undantekningum þó. Það hefur því aldrei verið um það að ræða að þessar greiðslur komi fyrirhafnarlaust enda falla þær að sjálfsögðu í gjalddaga ef fólk stendur sig ekki.

Það kerfi sem nú hefur verið tekið upp er allt of þungt í vöfum. Mergurinn málsins er þessi, hæstv. forseti, að við bíðum hér eftir að nefnd hæstv. menntmrh. skili af sér og mér finnst biðin orðin býsna löng. Við erum komin á annan vetur á þessu kjörtímabili.

Ljóst er að Framsfl. setti breytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna sem forgang á verkefnaskrá sinni og erum við svo lánsöm að hæstv. viðskrh., sem er fyrrverandi formaður stúdentaráðs og mikill baráttumaður fyrir að lánasjóðurinn sinnti hagsmunum námsmanna sem best, er hér í salnum og hlýðir á umræðuna og lætur vonandi í sér heyra á eftir. Vonandi fullvissar hann okkur um að stefna Framsfl. að taka eigi vanda námsmanna hafi ekki breyst. Við bíðum eftir að frv. líti dagsins ljós. Þar eru fyrst og fremst tvö atriði sem þarf að taka á. Ég vil ítreka það enn og aftur. Það eru annars vegar breytingar á endurgreiðsluhlutfallinu svo það verði viðráðanlegt. Og hitt er að lánin séu í samræmi við raunverulega námsframvindu þannig að skilyrði séu ekki svo erfið að þau hrekji fólk frá námi, sem því miður eru of mörg dæmi um. Tölur sem námsmenn hafa tekið saman sýna að þetta hefur fyrst og fremst bitnað á einstæðum foreldrum sem eiga erfitt með að reka heimili, þ.e. vera einn fullorðinn með börnum. Ef eitthvað bregður út af, veikindi eða annað slíkt, er hætta á að námsframvindan raskist og þar með er allt í voða. Svona stíf kerfi eru ekki af hinu góða. Ég get þó tekið undir að kröfur eigi að gera til að fólk standi sig í námi. Ég vil líka minna á að árið 1992 var mikið talað um að koma upp styrkjakerfi við hliðina á lánasjóðnum. Ég hef ekki séð bóla á því að menn væru að byggja upp styrkjakerfi. Ég hef reyndar aldrei skilið hvers vegna má ekki setja ákveðið nám í forgang hér á landi. Að reyna að ýta undir að fólk stundi ákveðið nám þar sem við sjáum að okkur vantar fólk í framtíðinni. Það er eitthvað sem hefur aldrei mátt hér á Íslandi, að setja upp forgangsröðun.

[14:18]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að hér sé mál til umræðu sem hljóti að kalla á að menn hafi nokkuð mótaðar skoðanir á vissum hlutum. Persónulega er ég sannfærður um að mestu máli skiptir fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna að samtímagreiðslurnar verði teknar upp aftur. Og jafnframt hitt að námsframvindan sé byggð á eðlilegum kröfum. Þetta eru þau mál sem skipta höfuðmáli fyrir námsmanninn. Hitt atriðið hvernig greiðslubyrðin verður í framtíðinni er allt annað mál. Það er ekki vandamál íslenskra námsmanna og verður ekki. Það hlýtur að vera vandamál þeirra sem eru komnir út í lífið og farnir að vinna fyrir sér.

Ég ætla að vekja athygli á að eitt af því furðulega við íslenska skólakerfið er að manni finnst stundum að það sé svo sjálfstætt í þessum þremur pörtum að það passi ekki saman. Í fyrsta lagi erum við með grunnskóla sem á að skila mönnum upp í framhaldsskólann og framhaldsskólinn segir að brugðist hafi að kenna fólki í grunnskólanum. Svo erum við með framhaldsskóla sem á að skila nemendum upp í háskóla og háskólinn segir að brugðist hafi að kenna fólki í framhaldsskóla. En aftur á móti leiðir þetta hugann að því hvort kennslan í háskólanum sé með eðlilegum hætti. Og hvort hún sé nógu góð, hvort hún sé í samræmi við nútímakröfur og hvort nógu mikil hagsýni sé í þeirri vinnu sem þar er unnin af hálfu skólans. Þar tel ég að menntmrn. hafi brugðist með því að hafna þeirri beiðni Háskóla Íslands að háskólinn fengi sjónvarpsrás. Það var útgjaldalaust fyrir ráðuneytið að samþykkja það en grundvallaratriði þess að hægt væri að beita meiri fjarkennslu og minnka kennslukostnað í skólanum.

Ég ætla að víkja að seinna atriðinu og það er um greiðslurnar. Fullyrt er af öllum að nám sé góð fjárfesting. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann í þessum sal halda því fram að svo sé ekki. Ef ekki er hægt að standa að þeim endurgreiðslum sem verið er að tala um í dag, þá vantar mikið á að nám sé góð fjárfesting. Ég held að menn hljóti að vera sammála um það. Annars vegar þurfa menn líka að gera sér grein fyrir hinu atriðinu. Ef Lánasjóður íslenskra námsmanna tekur lán þarf að greiða lánið, hverjir koma til með að greiða það lán, hv. þm. Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.? Annaðhvort þeir sem fara í gegnum skólann eða þeir sem ekki hafa farið í gegnum skólann, þ.e. þeir Íslendingar sem hafa farið í gegnum háskólanám eða þeir sem ekki hafa farið í gegnum háskólanám. Það eru ekki aðrir sem koma til greina að greiða lánið vegna þess að skattþegarnir eru ekki aðrir. Ef þeir sem fara gegnum háskólanámið greiða það hlýtur sú spurning að vakna: Er ástæða til að þeir greiði líka kostnaðinn af námi þeirra Íslendinga sem flytja úr landi? Stór hluti íslenskra námsmanna í dag mun aldrei stunda vinnu hér á landi í framtíðinni vegna þess að ekkert samræmi er á milli þeirrar þarfar sem atvinnulífið hefur fyrir menntun og þess sem útskrifað er úr Háskóla Íslands. Þetta geta menn kynnt sér með því m.a. að fara yfir hversu margir voru í arkitektúr til að átta sig á því hver staðan er.

Þá kemur næsta atriði. Er rökrétt að taka upp sem stefnu að borga stórkostlegar útflutningsbætur með gáfuðum Íslendingum? Hverjar eru forsendurnar fyrir því? Þetta var gert í austantjaldslöndum, að mennta menn og hvert stefndu þeir þegar þeir voru búnir að mennta þá? Þeir stefndu í vestur til að fá hærra kaup og voru skotnir við Berlínarmúrinn. Hinir vildu halda í sína lækna sem þeir höfðu menntað og hafa þá í störfum heima. Ég skil ekki þá hugsun að það sé vandamál íslenskra námsmanna í sjálfu sér hver endurgreiðslukrafan er. Það hlýtur að verða vandamál launamanna í framtíðinni eftir að menn hafa lokið námi. Og hvað með þennan hagvöxt sem menn eru að boða að sé í augsýn? Og nýja öld sem taki við þegar allir eigi að hafa það betra ef niðurstaðan er sú að ekki sé hægt að borga af þessari fjárfestingu með ekki meiri kostnaði en þó er í vöxtum. Það er aldeilis bjartsýni inn í næstu öld ef svartsýnin er slík núna að menn eru sannfærðir um að geta aldrei borgað þetta. Ég fæ ekki séð að hægt sé að halda því fram að nám sé arðbært ef það er niðurstaðan. En ég er þeirrar skoðunar, og vil undirstrika að hún hefur ekkert breyst, að á sínum tíma, ekki við endurskoðunina sem var framkvæmd af Alþfl. og Sjálfstfl., heldur við endurskoðunina sem var þar á undan lýsti ég þeirri skoðun minni að óeðlilegt væri að hægt væri að spila á það kerfi að menn teldu hagkvæmt að stunda nám á Íslandi en óhagkvæmt að vinna hér. Það væri óeðlilegt að greiða stórkostlegar útflutningsbætur með gáfuðum Íslendingum og ég er enn þeirrar skoðunar. Þegar þeir lýstu saman skoðunum sínum, hæstv. menntmrh. og hv. 8. þm. Reykv., tel ég að hið merkilega hafi gerst að þeir hafi sæst, Heródes og Pílatus, en sáttin var eins og forðum. Hún var á kostnað einhverra. Hún var á kostnað þeirra sem eiga að búa í þessu landi áfram og hafa ef til vill lægri laun en þeir sem best verða launaðir og fara úr landi.

Ef menn vilja hafa eitthvert réttlæti í þessu hljóta menn annaðhvort að taka upp þá reglu að láta menn hafa misjafna endurgreiðslu á sínum lánum hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna eftir því hvort þeir vinna hér á landi í framtíðinni eða erlendis. Og rökin væru þá þau að þeir sem ynnu hér á landi væru að greiða lánin til baka með tveimur aðferðum. Annars vegar með sínum sköttum til íslenska ríkisins og hins vegar í gegnum greiðslurnar til lánasjóðsins. Og þeir sem færu af landi brott og borguðu aldrei skattana til íslenska ríkisins ættu þess vegna að greiða meira en hinir. Ég er ekki að halda því fram að þetta eigi að bresta á ef menn verða við störf erlendis kannski þrjú, fjögur ár eftir að þeir hafa lokið þar námi. En ég tel mjög óeðlilegt, eins og ég hef sagt áður, að sú stefna verði mörkuð að það eigi að vera sjálfsagður hlutur að greiða stórkostlegar útflutningsbætur með gáfuðum Íslendingum. Ég vil heyra rökin fyrir þeirri stefnu, einhver önnur en þau að útlit sé fyrir að þeir verði ekki matvinnungar á erlendri grund nema slík stefna verði tekin upp.

[14:27]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að fagna sérstaklega síðustu ræðu þó það sé kannski ekki beint dagskrármál. Því miður hefur hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ekki talað hér mikið í seinni tíð og ég hef oft saknað hans. Mér þótti miklu betra að heyra þessa skörulegu ræðu áðan heldur en ekki þó ég hafi kannski ekki verið sammála henni að öllu leyti. Ég veit að vísu að þetta tilheyrir ekki dagskrármálinu 100% en ég ætla að misnota aðstöðu mína til að segja að mér þótti heldur betra að hafa þennan skörulega málflutning hér í stólnum þessar tíu mínútur sem hv. þm. flutti mál sitt.

Að öðru leyti langar mig aðeins til að vekja athygli á því sem fram hefur komið frá námsmönnum, stúdentaráði Háskóla Íslands, að grunnframfærsla námslána hefur, til viðbótar við allt annað, lækkað sem hlutfall af ráðstöfunartekjum fólks, þ.e. launatekjunum hvort sem um er að ræða taxtakaup eða ráðstöfunartekjur. Það er dálítið alvarlegt umhugsunarefni. Með öðrum orðum, námslánin hafa fjarlægst

það viðmið, sem sett var í upphafi, að það fólk sem væri í námi gæti í grófum dráttum komist af með ekki ólíkum hætti og gengur og gerist hjá þeim sem eru þó í lægri kantinum í launum. Það er merkilegt, hæstv. forseti, að þetta gerist þannig að á árinu 1995, ef við tökum meðaltal ársins 1995, er grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna 84,7% af ráðstöfunartekjum, eins og þær höfðu þróast á jafnlöngu tímabili frá 1983, þ.e. ef grunnframfærslan er tekin annars vegar og ráðstöfunartekjurnar hins vegar hefur bilið stöðugt farið vaxandi allan tímann frá árinu 1992.

Með öðrum orðum hafa kjör námsmanna verið sett skör neðar en annarra í þjóðfélaginu þannig að verulega munar um. Þetta er dálítið umhugsunarefni vegna þess líka í öðru lagi, hæstv. forseti, að inn í grunnframfærslunni kemur ekki fram sá veruleiki að krakkarnir eru að borga vaxtakostnað af þessari grunnframfærslu. Hæstv. menntmrh. sagði að þau væru ekkert að borga það af því að það væri lánað fyrir því. Það er rétt, það er lánað fyrir því að hluta til en þau verða væntanlega að borga þau lán einhvern tímann seinna þannig að skuldirnar hjá þeim þegar upp er staðið verða meiri en ella væri um að ræða.

Mér finnst það vera mikil spurning hvort það er skynsamleg menntastefna að halda þannig á málum að þeir sem eru í námi séu, mér liggur við að segja víðs fjarri hverdagslegum kjörum frá degi til dags — enda uppfylli þeir nú öll skilyrði — þegar námi lýkur. Mér finnst það ekki. Ég held við eigum að líta þannig á að hérna sé um að ræða vinnu og meðhöndla málið þannig. Nú hafa hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. haldið því fram hins vegar að þeir hafi verið að bjarga Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það hefur verið hrakið af Ríkisendurskoðun. Það liggur fyrir í skýrslum Ríkisendurskoðunar að eiginfjárstaða Lánasjóðs íslenskra námsmanna á árunum 1991 og 1992 var sterk. Hún var mun sterkari en flestra annarra sjóða. Hún var jákvæð um 6 milljarða kr. En segjum samt sem svo að þáverandi ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hafi verið þeirrar skoðunar að það þyrfti að styrkja eiginfjárstöðuna enn þá frekar. Þá spyr ég: Batnaði eiginfjárstaðan, herra forseti, í tíð síðustu ríkisstjórnar? Hefur eiginfjárstaða Lánasjóðs íslenskra námsmanna verið að batna? Hefur staða hans verið að styrkjast á þessum tíma? Svarið er nei — svarið er nei. Ef við skoðun reikninga Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá árinu 1991, 1992, þá er eiginfjárstaðan nákvæmlega eins og hún var þennan tíma. Það hefur ekkert verið gert til að styrkja eiginfjárstöðu Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Algjörlega gagnstætt því sem fyrrverandi formaður Alþfl. hefur oft haldið fram, að síðasta ríkisstjórn hafi verið að bjarga sjóðnum. Það er göfugt í sjálfu sér að bjarga sjóðnum, ég skal taka undir það. Og það var ekki alltaf auðvelt að fá menn til að samþykkja að halda þessum sjóði uppi á sínum tíma þegar ég var að vinna í þessum málum. En eiginfjárstaðan styrktist ekkert þrátt fyrir í raun og veru þær aðgerðir sem efnt var til. Af hverju er það? Það er af því að framlögin hafa ekki hækkað heldur lækkað. Ef við skoðum framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins, samkvæmt upplýsingum sem ég hef í höndunum frá stúdentaráði og er byggt á ríkisreikningum, þá kemur fram, hæstv. forseti, að þróunin er þessi eins og sést — þeir sem hér eru í salnum, á þessu súluriti. Hlutfall framlaga til LÍN sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs var þetta 1989 og 1990 þetta en svo hrapar það svona. Með öðrum orðum hafa menn ekki verið að styrkja fjárhagsstöðu þessa sjóðs. Það er ósatt að hlutirnir séu þannig.

Mér fannst nauðsynlegt, hæstv. forseti, í þessari umræðu vegna þess að henni er greinilega ekki lokið, að koma þessum upplýsingum á framfæri og ítreka jafnframt það sem ég sagði áðan. Ég hlýt að líta þannig á að það sé komin niðurstaða á milli stjórnarflokkanna eða að koma. Þó fannst mér í raun og veru svör hæstv. menntmrh. nokkuð loðin. Hann sagði: Ég vona að það sé að koma samkomulag. Hefur ráðherrann upplýst á þessum fundi hvenær það samkomulag kemur? Ég þurfti að bregða mér frá í símann en ég hef ekki orðið var við það að hæstv. ráðherra hafi upplýst um það hvenær samkomulagið kemur. Hafa stjórnarflokkarnir núna innsiglað samkomulag? Ég er ekki að tala um stjórnarsáttmálann 23. apríl 1995. Ég er að tala um núna. Hafa stjórnarflokkarnir núna nýlega innsiglað samkomulag í þessum efnum og hvenær verður það kynnt á hv. Alþingi? Spurningarnar í þeim efnum liggja fyrir og ég skora á hæstv. menntmrh. að svara þeim núna. En ég skora líka á hæstv. forseta og þingheim allan að veita því athygli að einn af talsmönnum Framsfl. í þessari umræðu, reyndar sá eini, sem um árabil átti sæti í menntmn. Alþingis og hafði með þessi mál að gera og fjárln. reyndar líka — hvað var það sem þessi hv. þm. var að leggja áherslu á? Hann var að leggja á það áherslu að samtímagreiðslurnar yrðu teknar upp aftur. Það væri úrslitamál í dæminu og skipti miklu meira máli heldur en breytingar á endurgreiðsluákvæðunum.

Ég er eiginlega alveg sannfærður um það ef stúdentar, námsmenn, væru spurðir í hvaða röð þeir vildu raða þessu þá yrðu þeir sammála hv. 2. þm. Vestf. Það er ég líka. Og ef menn eru hér að ráðstafa tilteknum fjármunum í þessu efni þá eiga menn auðvitað að reyna að forgangsraða í þá röð sem þeir telja að sé skynsamlega óhjákvæmileg. Hv. 2. þm. Vestf. hefur gert það. Margir hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa gert það í umræðum aftur og aftur um þetta mál eins og á síðasta þingi. Þess vegna fyndist mér skynsamlegt hjá hæstv. menntmrh. að endurskoða afstöðu sína og fallast á að samtímagreiðslurnar verði teknar upp aftur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[14:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um fundahald í dag, af því hann hefur verið spurður, að þrjú mál verða tekin út af dagskrá nú. Það er 13., 14. og 15. mál vegna fjarveru 1. flm. Að öðru leyti verður haldið áfram samkvæmt dagskránni og að sjálfsögðu reynt að ljúka henni. Þau mál sem kunna að verða eftir færast þá yfir á fimmtudag þar sem dagskráin er raunar öll þéttskipuð fyrir.

Listamannalaun, 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (markmið, greiðslufyrirkomulag o.fl.). — Þskj. 149.

[14:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991. Við samþykkt

núgildandi laga um listamannalaun á árinu 1991 var kveðið á um það að lögin skyldu endurskoðuð eftir fimm ár frá gildistöku þeirra. Stjórn listamannalauna var falið að annast endurskoðunina og er frv. þetta byggt á tillögum stjórnarinnar. Við endurskoðunina hafði stjórn listamannalauna samráð við úthlutunarnefndir annarra sjóða samkvæmt lögum nr. 35/1991 með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna. Jafnframt var rætt við fulltrúa Bandalags íslenskra listamanna, Félags íslenskra leikara, Hagþenkis, Félags íslenskra tónlistarmanna, Samtaka kvikmyndaleikstjóra, Rithöfundasambands Íslands, Sambands íslenskra myndlistarmanna og Félags íslenskra leikstjóra.

Í frv. eru einvörðungu lagðar til fáeinar breytingar á lögum um listamannalaun í þeim tilgangi að sníða af þá vankanta á lögunum sem stjórnin telur að þörf sé á að lagfæra. Mun hér gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum frv.

Lagt er til að Listasjóður skuli einkum sinna þeim listgreinum sem ekki falla undir hina þrjá sérgreindu sjóði þ.e. Launasjóð rithöfunda, Tónskáldasjóð og Launasjóð myndlistarmanna. Reyndin hefur verið sú að enda þótt Listasjóður skuli vera almennur sjóður í þágu allra listgreina hafa starfslaun úr sjóðnum einkum verið veitt þeim listamönnum sem ekki eiga aðgang að hinum sérgreindu sjóðum og er hér einkum átt við tónlistarflytjendur, leikhúslistafólk og þá sem starfa með einhverjum hætti að kvikmyndum. Með tillögunni er þessum hópum listamanna veittur forgangur við úthlutun starfslauna úr Listasjóði umfram þá hópa sem heyra undir aðra sjóði samkvæmt lögunum og um þetta er fjallað í 2. gr. frv.

Í frv. er leitast við að kveða skýrar á um það en nú er gert að þeir listamenn sem njóta starfslauna teljast ekki launþegar í almennum skilningi þar sem þeir eru sjálfráðir um störf sín meðan á starfslaunatímanum stendur og lúta ekki verkstjórn eða vinnuskipulagningu annars aðila en sjálfs sín. Reynslan hefur verið sú að listamannalaun hafa verið greidd listamönnum sem verktökum en ekki sem launþegum. Nær undantekningarlaust hafa listamenn einhvern kostnað af listsköpun sinni á móti þessari þóknun. Um þetta er fjallað í 4. gr. frv.

Í frv. eru ákvæði laganna um fjölda starfslauna færð til samræmis við þær lögbundnu breytingar sem orðið hafa á fjölda mánaðarlauna og árslauna frá gildistöku laganna. Hér er því ekki um það að ræða að lagt sé til að breyting verði gerð á fjölda þeirra starfslauna sem veitt eru árlega. Vísast um þetta efni til 5. gr. frv.

Rétt er að vekja sérstaka athygli á þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði frá núgildandi lögum varðandi úthlutun starfslauna til leikhúslistafólks. Lagt er til að horfið verði frá þeirri skyldu að veita a.m.k. helming starfslauna úr Listasjóði til leikhúslistafólks. Hefur það sýnt sig miðað við innbyrðis skiptingu á fjölda umsókna að þessi skipting skerðir óeðlilega hlut annarra listgreina að mati stjórnar Listasjóðs. Engu að síður er hér lagt til að leikhúslist verði sérstakur gaumur gefinn við úthlutun starfslauna. Er í frv. lagt til að um veitingu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna, vegna þátttöku í uppfærslu leiksýninga á vegum leikhópa, verði fjallað af leiklistarráði og allt að þriðjungi fjárveitinga Listasjóðs varið til þess. Leiklistarráð starfar á grundvelli leiklistarlaga og hefur m.a. því hlutverki að gegna að fjalla um styrkumsóknir leikhópa til uppfærslu leiksýninga. Þessi skipan mála er nýmæli sem miðar að því að styrkja skilvirkari og faglegri umfjöllun um veitingu starfslauna til leikhúslistafólks. Rétt er þó að benda á að ef um er að ræða umsóknir einstakra leikhúslistamanna um starfslaun, sem ekki tengjast uppfærslu leiksýninga, geta þeir eftir sem áður komið til greina við úthlutun úr Listasjóði og er um þetta fjallað í 9. gr. frv.

Þá er lagt til að gerð verði breyting á lengd starfslaunatímans. Í núgildandi lögum er kveðið á um að starfslaun séu veitt til hálfs eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Í frv. er lagt til að framvegis verði ekki um það að ræða að veita starfslaun í fimm ár enda hefur það aldrei verið gert síðan lögin tóku gildi. Hins vegar verði heimilað að veita starfslaun í tvö ár og til skemmri tíma en hálfs árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða og er þetta hvort tveggja nýjung. Um þetta er fjallað í 10. gr. frv.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir efni frv. til laga um breytingu á lögum um listamannalaun og þeim meginforsendum sem að baki þessu frv. liggja, sem er, eins og áður segir, að sníða helstu vankanta af við framkvæmd laganna. Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[14:43]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis nota þetta tækifæri til að varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra vegna þessa frv. Eins og fram kom í máli hans er nýmæli í 9. gr. þess efnis að leiklistarráð fjalli um þann þriðjung fjárveitinga Listasjóðs sem þetta frv. gerir ráð fyrir að verði varið til starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Ég hlýt því að spyrja hér, ekki síst vegna þeirra umræðna sem fram fóru þegar lögin voru sett á sínum tíma, af hverju skrefið er ekki stigið til fulls að þessu sinni og búinn til sérstakur sjóður leikhúslistamanna innan lagaramma listamannalaunanna fyrst talin er ástæða til að fjalla um starfslaun leikhúslistamanna af aðilum utan Listasjóðs með sérstaka þekkingu á leiklist eða af aðilum sem hafa af því sérstaka hagsmuni hvernig þessum styrkjum er varið. Ég held það væri gagnlegt að það kæmi fram áður en að hv. nefnd fer að fjalla um málið af hverju sú leið var ekki valin fyrst leikhúslistamennirnir eru teknir út fyrir sviga eins og þar stendur.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það nýmæli sem felst í ákvæðum 9. gr. er að þarna er veitt heimild til að veita starfslaun til einstakra leikhúslistamanna vegna þátttöku í uppfærslu leiksýninga á vegum leikhópa. Það verður skilyrði fyrir því að menn fái þessi starfslaun að þeir séu þátttakendur í leikhópum sem eru að færa upp ákveðnar leiksýningar. Þar sem leiklistarráð fjallar um styrki til atvinnuleikhópa var talið eðlilegt að taka út allt sem um þetta er getið í frv. og fela það leiklistarráði til þess að það hafi heildaryfirsýn yfir styrkveitingar til leikhópa á vegum hins opinbera. Ég held því að þetta snúist nú ekki um það sérstaka mál sem hv. fyrirspyrjandi og þingmaður nefndi heldur er þarna verið að tryggja að leikhópar fái starfslaun til að setja upp ákveðnar sýningar. Þar sem leiklistarráð hefur það hlutverk að veita styrki til atvinnuleikhópa var talið rétt að hafa þennan hátt á varðandi þetta atriði af því að þarna er ekki verið að styrkja einstaklinga heldur í raun og veru uppfærslur.

[14:46]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa í heild stuðningi mínum við frv. og líka þakka það að frv. er endurskoðað núna í nánu samstarfi við þau félög eða hópa sem njóta góðs af þessum listamannalaunum. Mér finnst það einmitt vera rétta aðferðin til að vinna að slíkum málum. Mér skilst að þarna hafi verið tekið fullt tillit til athugasemda sem fram komu frá alla vega sumum þeirra hópa sem þarna eru nefndir eins og t.d. rithöfundum. Ég tel það vel. Og 6% álagið á starfslaunin þannig að þau verða greidd eins og verktakalaun mun vera breyting sem er gerð til að færa þetta að þeim hætti sem hefur verið praktíseraður en ekki mun hafa verið greitt beint í lífeyrissjóð þó það hafi staðið í lagatexta. Þó það sé sagt í lögum að listamenn eigi aðild að söfnunarsjóði lífeyrisréttinda mun það vera svo, því miður, að tiltölulega mjög fáir af þeim sem hafa notið listamannalauna hafa greitt í lífeyrissjóð af sínum framlögum og það er vissulega áhyggjuefni.

Það er aðeins eitt atriði sem ég hef svolitlar áhyggjur af og það er að hlutfall leiklistarfólks skuli vera minnkað niður í einn þriðja. Það verður væntanlega fjallað betur um þetta í hv. menntmn. og þar koma sjálfsagt fram skýringar.

Svo er annað sem mér finnst vert að athuga. Hér virðist vera verið að fastsetja þennan mánaðafjölda til starfslauna sem hér er tiltekinn. Mér finnst ekki líklegt að umsóknum muni fækka á næstu árum og ég teldi skynsamlegt að setja alla vega einhver endurskoðunarákvæði inn í þessi lög ef samþykkt verða.

[14:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning. Það er ekki verið að binda þetta við einn þriðja í sambandi við leikhúslistafólkið eins og hv. ræðumaður taldi heldur er verið að segja það að allt að þessari fjárhæð megi renna til uppfærslu á leiksýningum leikhópa. En það er skýrt fram tekið að einnig er hægt að styrkja einstaka leikhúslistamenn umfram þennan einn þriðja þannig að þetta er ekki bundið við það.

[14:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma var um þau mjög víðtæk samstaða meðal listamanna. Launasjóður rithöfunda hafði verið til um alllangt skeið. Hann var upphaflega til orðinn þannig að miðað var við að söluskattstekjur af bókum stæðu undir launasjóðnum. Þannig var hann stofnaður. En aðrir listamenn voru ekki með hliðstæða sjóði fyrr en þau lög voru sett um listamannalaun, nr. 35/1991, sem hér er verið að gera tillögu um að breyta.

Ég tel ástæðu til að geta þess að það var hv. þm. Ragnar Arnalds sem stýrði nefndinni sem hafði með samningu frv. að gera og ég tel að hún hafi tekið á málum með ákaflega farsælum hætti. Þannig komust myndlistarmenn og tónskáld inn í listasjóði. En áður höfðu ýmsir menntmrh. flutt frv. um aðskilda sjóði. T.d. var flutt á þinginu af hæstv. menntmrh. Birgi Ísleifi Gunnarssyni frv. til laga um tónskáldasjóð og fleira þess háttar. En hér var horfið að því ráði að taka alla þessa sjóði saman í einn lagabálk. Auk þess varð svo til Listasjóður sem er fjórði sjóðurinn en hann er almennur sjóður sem sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina eins og segir í frv. sem ég hugsa að sé lítið breytt frá gildandi lögum.

Hér er síðan gert ráð fyrir því, ef ég skil þetta rétt, að ætlunin sé að leiklistarráð komi að úthlutun þess hluta peninganna úr Listasjóði sem fara til leiklistar, þ.e. þriðjungur fjárveitingar Listasjóðs fari í þetta. Út af fyrir sig finnst mér ágætt að leiklistarráð sé kallað til ábyrgðar í þessu efni. Mér finnst það skynsamlegt. En ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort ætlunin er þá að fella niður aðrar fjárveitingar sem hafa farið til áhugaleikfélaga og til leiklistar af öðrum, að mig minnir tveimur, fjárlagaliðum, annars vegar til áhugaleikfélaga og hins vegar til atvinnuleikhópa. Ég vildi leyfa mér að inna hann eftir því hvort þetta mun að hans skoðun hafa sjálfkrafa einhverja breytingu í för með sér á því fyrirkomulagi sem hefur verið varðandi atvinnuleikhópa og áhugaleikfélög.

Þegar frv. var hér til meðferðar var mjög góð sátt um það í þessari stofnun. Þó gagnrýndi einn hv. þm. frv. mjög mikið. Það var hv. þm. Þórhildur Þorleifsdóttir. Hún taldi að þarna væri hlutur leikara og leikstjóra fyrir borð borinn. Síðan varð niðurstaðan samt sú að mig minnir að hv. þm. hafi fellt sig við niðurstöðuna. En mér finnst kannski rétt að rifja það upp sem bendir til þess að á þeim tíma töldu menn að ekki væri skynsamlegt að miða við að leiklistin fengi mikið minna en þá var reiknað með. Að lokum legg ég á það höfuðáherslu, hæstv. forseti, sem ég sagði að í upphafi. Um málið var sátt í upphafi þegar við fluttum þetta frv. sem stjórnarfrv. 1990–1991. Um það var full sátt við listamennina í landinu og mér finnst mikilvægt tryggt verði að hún verði áfram og breytist ekki þrátt fyrir þetta frv.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. um hvort þetta ætti að hafa áhrif á fjárveitingar til atvinnuleikhópa eða áhugaleikhópa þá snertir þetta fyrst og fremst atvinnuleikhópana. Ég vil vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er gerð tillaga um hækkun á fjárframlagi til atvinnuleikhópa um 2 millj. kr. ef ég man rétt. Sú tillaga er gerð enda þótt ég vissi að þetta frv. væri í smíðum. Ég lít því ekki þannig á að ætlunin sé að draga úr stuðningi við atvinnuleikhópana. Þvert á móti lít ég á þetta sem mikla aukningu í opinberum fjárstuðningi við atvinnuleikhópa og í góðu samræmi við þá gróskumiklu starfsemi sem nú er stunduð í leikhópum utan atvinnuleikhúsanna og hefur blómstrað mjög á undanförnum missirum. Ég tel að ef frv. verður samþykkt óbreytt og ef tillögurnar sem liggja fyrir í fjárlagafrv. verða samþykktar sé stigið mjög stórt skref til að treysta fjárhagslegar forsendur fyrir starfsemi atvinnuleikhópa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:55]

Útbýting þingskjala:

Jafnréttisfræðsla í grunn- og framhaldsskólum, 153. mál, fsp. SF, þskj. 169.

Tekjuviðmiðun lífeyrisþega, 154. mál, fsp. SJS, þskj. 170.

Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

[14:58]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. okkar þingmanna Alþb. og óháðra um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Þetta frv. er endurflutt.

Við lítum þannig á að frv. sé hluti af pakka ef svo mætti segja, málaflokki sem við kynntum í upphafi þings og köllúðum Fjölskyldan, lífskjörin og kjarabaráttan. Hér er eitt þeirra mála í þessum pakka sem snerta sérstaklega atvinnumál. Það er okkar skoðun að skort hafi verulega á að til væri áhættu- og nýsköpunarlánasjóður í landinu. Okkur finnst þess vegna nauðsynlegt að flytja frv. af þessu tagi og ekki kannski síst vegna þess að okkur hefur fundist að það virtist vera erfitt hjá stjórnarflokkunum að komast að niðurstöðu að því er varðar svokallaðan fjárfestingarbanka sem er mikið bitbein á milli stjórnarflokkanna. Það hefur verið ósætti á milli stjórnarflokkanna um þennan fjárfestingarbanka. Þrátt fyrir þriggja ára aðdraganda sér enn ekki fyrir endann á því máli. Það væri út af fyrir sig eðlilegt að hugmyndir um fjárfestingarbanka yrðu teknar til umræðu um svipað leyti og frv. okkar alþýðubandalagsmanna og óháðra um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð.

Frv. er endurflutt. Það var lagt fram seint á síðasta þingi og náði því ekki afgreiðslu. Í því er gert ráð fyrir að stofnaður verði sjóður sem starfi til loka ársins 2000. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og er vistaður í forsætisráðuneytinu. Sjóðurinn er undir fimm manna stjórn sem er tilnefnd þannig að einn er tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega, annar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega. Forsrh. skipar tvo án tilnefningar og er annar formaður stjórnarinnar.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar nýsköpun í atvinnulífi, en einnig þróunar- og tilraunastarfi og nýjum verkefnum sem virðast geta orðið arðsöm. Sjóðurinn skal sérstaklega sinna þörfum þeirra sem ekki hafa fullnægjandi aðgang að öðrum sjóðum né hefðbundnum lánastofnunum sem þó starfa í þágu atvinnulífsins. Sjóðurinn beinist ekki síst að því að styrkja þá einstaklinga og þau fyrirtæki sem ekki geta uppfyllt hefðbundnar kröfur um venjulega veðsetningu fyrir lánum eða skortir áhættufé í formi hlutafjár til að ráðast í ný verkefni.

Í 4. gr. er gerð grein fyrir tekjustofnum sjóðsins þar sem gert er ráð fyrir því að ríkissjóður leggi honum til 1 milljarð króna á ári á starfstíma sjóðsins eða samtals um 4 milljarða kr. Auk þess er gert ráð fyrir því að sjóðnum verði heimilt að afla sér tekna í samvinnu við aðra aðila.

Í 5. gr. segir að stjórn áhættu- og nýsköpunarlánasjóðsins geti ráðstafað fjármunum hans sem þar er greint. Það er til að kaupa hlut eða hluta í nýjum fyrirtækjum eða í eldri fyrirtækjum vegna nýrra verkefna sem efnt er til innan lands eða erlendis, enda selji sjóðurinn hlut sinn strax og viðkomandi fyrirtæki ræður eitt við verkefnið að mati sjóðstjórnar. Hér er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að sjóðurinn eigi hlut í fyrirtækjum til langframa. Við viljum það ekki. Við viljum að um leið og keyptur yrði hlutur í fyrirtæki til skemmri tíma þá verði jafnframt ákveðið hvenær sjóðurinn losaði sig við hlutabréf sín í fyrirtækinu. Við gerum í öðru lagi ráð fyrir því að það megi veita úr sjóðnum endurkræfan styrk, víkjandi lán eða vaxtalaus lán úr sjóðnum. Í þriðja lagi að veita megi lán úr sjóðnum jafnvel þótt fyrirtæki geti ekki veðsett eignir á móti lánunum með heðfbundnum hætti og það er mjög mikilvægt atriði. Í fjórða lagi má veita fé úr sjóðnum til að kosta sérfræðiaðstoð við markaðssetningu og þróunarstarfsemi fyrir fyrirtæki. Og í fimmta lagi má veita lán á venjulegum kjörum til viðbótar annarri fyrirgreiðslu annarra lánastofnana.

Í 6. gr. er talað um að stjórn sjóðsins sé skylt að ganga þannig frá málum að þar verði unnt að gera faglegar kröfur til fyrirtækjanna þrátt fyrir þessar óvenjulegu aðstæður og óvenjulegu aðferð. Hér er gert ráð fyrir því að menn geti fengið áhættulán jafnvel án þess að venjuleg steinsteypuveðsetning sé fyrir hendi í fyrirtækjunum.

Nú við höfum í greinargerðinni gert grein fyrir þessari hugmynd nokkuð rækilega. Við vitnum þar í útflutningsleið Alþb. sem var undirstaða kosningastefnuskrár okkar 1995 þar sem fjallað var rækilega um þessi mál og gerð ítarleg grein fyrir hugsuninni á bak við áhættulánasjóð. Ég ætla ekki að rekja það hér, hæstv. forseti, vegna þess að við erum að endurflytja málið. En það er spurning hvort að hæstv. iðn.- og viðskrh. sé kannski væntanlegur. Ég ætlaði að spyrja hann aðeins um þennan fjárfestingarbanka í leiðinni. Veit hæstv. forseti nokkuð hvort hæstv. iðn.- og viðskrh. sé væntanlegur?

(**Forseti** (RA)**:** Samkvæmt tölvu er hann kominn í húsið og er sennilega skammt undan.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar. Ég hinkra þá bara í tvær mínútur meðan hæstv. ráðherra er á leiðinni í salinn. Hæstv. iðn.- og viðskrh. er sem sagt á leið inn í salinn og ég hefði viljað inna hann aðeins eftir þessu máli. Ég held að við þurfum að rífa okkur út úr þessum gamaldags sjóða- og veðsetningarhugsunarhætti eins og hann hefur verið, þar sem hlutirnir hafa verið misjafnir eins og sést í ýmsum skýrslum sem menn hafa verið að ræða hérna að undanförnu, og menn eigi að taka á málunum með nýjum hætti. Þess vegna flytjum við þetta frv. um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem hæstv. iðnrh. þekkir út af fyrir sig. Ég ætla ekkert að fara að endurtaka ræðu mína um það hér en ég hef þegar gert grein fyrir þeirri hugsun. En ég vildi spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. um fjárfestingarbanka, því það er ekkert óskylt mál. Í þrjú ár hefur verið rætt um að sameina þrjá fjárfestingarlánasjóði iðnaðar og sjávarútvegs í einn fjárfestingarbanka.

Miklar deilur hafa verið um málið, m.a. innan stjórnarflokkanna. En fréttir bárust um það í september sl. að samstaða hefði náðst milli stjórnvalda og iðnaðarins um að steypa Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði og Fiskveiðasjóði í einn fjárfestingarbanka sem veitti langtímalán til atvinnulífsins og í tengslum við sameininguna verði varið 40% eigin fjár sjóðanna til að setja á stofn nýsköpunarsjóð. Þetta er svipað og við erum með í þessu frv. Það hafa verið tíðir fundir um þessi mál. Um þetta var fjallað í ríkisstjórninni samkvæmt blaðafréttum. Það náðist ekki niðurstaða þar og mig minnir að í sömu fréttum, einhvern tímann í ágúst eða september, hafi verið sagt frá því að þrír ráðuneytisstjórar ættu að fjalla um þessi mál og reyna að leysa þau ágreiningsmál sem uppi hafa verið. Ágreiningsmálin hafa ekki síst verið við iðnaðinn en í raun og veru einnig sjávarútveginn. Það kvað svo rammt að þessu, mig minnir að það hafi verið haustið 1994, að þá var sett sérstök sáttanefnd í þetta mál þar sem til voru kallaðir þeir sem jafnan bera gott að deilumálum eins og alþjóð veit, þ.e. að segja Jóhannes Nordal, Ólafur Davíðsson og fleiri höfðingjar. Þeim tókst nú ekki að leysa þetta og þess vegna var búin til þessi ráðuneytisstjóranefnd. Ég vil sem sagt spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. hvenær þess er að vænta að niðurstaða þessarar ráðuneytisstjóranefndar liggi fyrir þannig að það megi hafa það mál til hliðsjónar þegar frv. okkar alþýðubandalagsmanna kemur til afgreiðslu á Alþingi. En auðvitað mætti bara afgreiða það mál því það tekur náttúrlega á áhættulánaþættinum í fjárfestingarbankamálinu.

Ég er ekki með þessum orðum mínum, hæstv. forseti, að taka undir það að endilega verði stofnaður nýr ríkisbanki. Mér fyndist alveg eins sniðugt að halda þeim áfram sem eru til, í staðinn fyrir að selja þá og stofna nýjan. Ég held að það sé einfaldara. En það er utan við umræðu þessa. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvenær þess er að vænta að nefndin skili sínum niðurstöðum.

[15:07]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Efnislega ætla ég ekki að fjalla um það frv. sem hér er til umfjöllunar um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð frá hv. þm. Alþb. En af því hv. þm. Svavar Gestsson spurði um einstök atriði sem snúa að verkum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum þá er því til að svara að það hefur reyndar átt sér mjög langan aðdraganda að menn hafa verið að undirbúa formbreytingu fjárfestingarlánasjóðanna annaðhvort með því að breyta þeim í hlutafélög eða byrja á því að sameina þá og breyta þeim síðan í hlutafélög og að úr því verði síðan útbúinn áhættu- og nýsköpunarlánasjóður kannski að nokkru leyti með svipuðum hætti og lagt er til í því frv. sem hv. þm. mælti fyrir áðan. Deilur um málið kannast ég ekki við innan stjórnarflokkanna. Deilur við atvinnulífið sem hv. þm. var að rekja áðan kannast ég heldur ekki við. Hvort sem það eru fréttir sem hv. þm. hefur úr blöðum eða fjölmiðlum, kannast ég ekki við deilurnar sem hv. þm. er að vitna til.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er að að því skuli stefnt að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög og útbúa nýsköpunar- og áhættulánasjóð. Til að undirbúa það starf á vegum þessarar ríkisstjórnar — ég ætla ekki að tala um verk fyrri ríkisstjórnar í þeim efnum — voru ráðuneytisstjórar forsrn., sjútvrn. og iðn.- og viðskrn. settir í það verk fljótlega eða haustið 1995. Ráðuneytisstjórarnir hafa unnið að þessum skipulagsbreytingum. Tillögur liggja fyrir um það nú og nefnd er að störfum. Í henni sitja ráðuneytisstjórarnir með fulltrúum iðnaðarins og sjávarútvegsins. Ég tel að það sé tiltölulega gott samstarf og samkomulag um meginniðurstöðuna. Meginniðurstaðan er í stórum dráttum sú að tillaga liggur fyrir núna, án þess að nefndin hafi endanlega skilað af sér, um að þessi þrír lánasjóðir, Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður verði sameinaðir í Fjárfestingarbankann hf. sem yrði í eigu ríkisins vegna þess að ríkið á þessa fjárfestingarlánasjóði. Um það bil 40% af eigin fé þessara sjóða verði sett í nýsköpunar- og áhættulánasjóð til að standa að nýsköpunar- og áhættulánum fyrir atvinnulífið, til að styðja við vaxtarbrodda í atvinnulífinu, auka möguleika fyrirtækja til að ráðast í ný verkefni, auka verðmætasköpunina og fjölga störfum, sem er á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar og hefur tekist mjög vel til á undanförnum vikum og mánuðum og reyndar frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda.

Síðan má búast við og ég vonast til þess að fyrir áramót á þessu þingi verði hægt að leggja þetta frv. og þessi frv. bæði fyrir þingið þar sem gert er ráð fyrir því að þessi leið verði farin. Vonast ég til að þetta svari spurningum hv. þm. Og gerist það að frv. um þessi efni, þ.e. um fjárfestingarbanka atvinnulífsins og um nýsköpunarlánasjóð, verði lögð fyrir Alþingi fyrir jól, tel ég kjörið að ræða þetta mál í tengslum við þau.

[15:11]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Vorið 1996 greindi ráðuneytisstjórinn í iðn.- og viðskrn. frá því að það hefði orðið samkomulag í þessu máli að því er varðar fjárfestingarbankann og sameiningarleiðin sem svo var kölluð hefði orðið ofan á og að áform væru uppi um að sameina sjóðina þrjá sem ég nefndi hér áðan og hæstv. ráðherra nefndi einnig, í einn fjárfestingarbanka. Enn fremur, eins og sagði í blaðafréttum, væri ætlunin að stofna sérstakan nýsköpunarsjóð. Ráðuneytisstjórinn í iðnrn. sagði mikið meira. Hann tíundaði alveg nákvæmlega hvernig þetta væri. Hann sagði að ráðgert væri að eigið fé bankans yrði 6–8 milljarðar og útlán í upphafi 45 milljarðar eða nokkru meiri en útlán Búnaðarbankans eða Íslandsbanka þannig að menn voru heldur betur farnir að kortleggja þessa framtíð fyrir sér. Og hann sagði jafnframt að það ætti að stofna hlutafélag um bankann sem hér um ræðir. Málið náði þá ekki fram að ganga og ég dró þá ályktun að það væri andstaða við málið af hálfu fulltrúa sjávarútvegsins, aðallega við sameiningarleiðina. Þess vegna fóru menn í það að kanna hvort hægt væri að finna aðra leið og setja niður þessa ráðuneytisstjóranefnd. Og af þeim ástæðum dró ég þá ályktun að um málið hefðu verið veruleg átök og um málið hefði verið heilmikill ágreiningur. Ég held að það sé ekki hægt að skafa neitt af því og mér finnst það í sjálfu sér ekkert skrýtið heldur þó það taki menn smá tíma að velta fyrir sér máli af þessu tagi sem er upp á tugi milljarða og snertir í grundvallaratriðum hagsmuni allra aðila sem hér er um að ræða. Það hefur margoft verið reynt að hrófla við skipulagsmálum þessara sjóða og þeir sem telja sig eigendur sjóðanna hafa viljað ráða mjög miklu. En það hafa allaf verið skiptar skoðanir um það hver ætti þessa sjóði, hvort það væru greinarnar sjálfar, þ.e. útvegsmenn, nú eða ríkið, og að hve miklu leyti þessi og að hve miklu leyti hinn.

Ég vil þess vegna með þessum orðum mínum útskýra af hverju ég talaði um ágreining. Jafnframt vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin en spyrja hann að því um leið hvort hugmyndinni um sérstakan nýsköpunarsjóð sem ráðuneytisstjórinn í iðnrn. greindi frá í frægri ræðu sinni hér sl. vor, hafi verið kastað fyrir róða og hvort það sé þá bara gert ráð fyrir því að þessi 40% af fjármunum fjárfestingarbankans fari í þetta verkefni og þá hvernig.

[15:14]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Tillögur ráðuneytisstjóranefndarinnar, sem vann að þessum undirbúningi, lágu fyrir vorið 1996. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Í framhaldi af því voru teknar upp viðræður við iðnaðinn og sjávarútveginn um tillögur ráðuneytisstjóranefndarinnar. Auðvitað hljóta að vera skiptar skoðanir um svona stór mál, eins og kom fram hjá hv. þm. Það er ekki ágreiningur en mönnum sýnist kannski sitt hvað um hvaða leið skuli fara í þessum efnum. Ég tel hins vegar að um þetta geti myndast mjög víðtækt samkomulag þegar upp er staðið og tekið til þess að sjóðirnir þrír verði sameinaðir í sterkan fjárfestingarbanka. Af því að hv. þm. minntist á tölur í kringum 10 milljarða kr., þá eru það einfaldlega tölur sem teknar eru út úr efnahagsreikningum viðkomandi sjóða um síðustu áramót. Eigið fé þessara sjóða eru rétt rúmir 10 milljarðar kr. Þá hefur sú hugsun verið uppi í þeirri vinnu sem í gangi hefur verið að í kringum 60% af þessu eigin fé yrði lagt í fjárfestingarbankann, sem væri sér stofnun með sér stjórn, og um það bil 40% færu í nýsköpunarsjóðinn, sem væri sér stofnun með sér sjóð og hefði það hlutverk, sem ég held að ég og hv. þm. séum sammála um hvert á að vera. Þetta er sú leið sem er unnið að núna og ég vonast til að um

hana verði víðtæk samstaða. Og líka að hægt verði að leggja málið fram á þingi fyrir jól.

[15:17]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnaðar- og viðskrh. fyrir svörin. Ég tel að þau séu ágæt og ég er eiginlega sannfærður um að ef samstaða verður, þó það verði utan þings, með þeim hætti sem hæstv. ráðherra er að lýsa getur það orðið til þess að málið fái fljóta meðferð í þessari stofnun. Ég er þeirrar skoðunar að eitt af brýnustu hagsmunamálum atvinnuveganna á Íslandi sé að myndarlegur atvinnuvegasjóður verði til sem taki á málunum heildstætt og faglega og áhættu- og nýsköpunarlánasjóður verði til. Það er vonum seinna að við eignumst slíkan sjóð. Auðvitað verða menn að gera ráð fyrir að slíkir sjóðir muni ef til vill ekki skila mjög miklum arði í reikningum sínum. Menn verða að gera ráð fyrir að eitthvað af þessu þurfi að afskrifa eins og við höfum gert t.d. í sjóðum iðnaðarins. En það breytir því ekki að eiginlega er til skammar að Íslendingar skuli vera eina þjóðin á Vesturlöndum sem ekki hefur haft sjóð eins og við erum að gera tillögu um. Ef við ætlum að fylgjast með og tryggja að lífskjör á Íslandi séu samkeppnisfær við það sem gerist í samkeppnislöndum okkar, þá er áhættulánasjóður einn lykillinn að þeirri stöðu. Þess vegna er það mikilvægt sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðherra í þessu efni og athyglisvert er að þetta mikilvæga mál skuli vera rætt á Alþingi án þess að Sjálfstfl., sem einu sinni taldi sig talsmann atvinnuveganna í landinu, láti sjá sig í þessum ræðustól.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur ríkisstofnana, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:19]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana. Ásamt mér flytja þetta mál allir aðrir þingmenn Alþb. Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi af þeim sem hér talar en náði ekki langt þannig að full ástæða var til að flytja málið á nýjan leik og nú eru fleiri sem að því standa þar sem er allur þingflokkur Alþb. Ég vil taka fram að ekki var leitað til annarra þingflokka um meðflutning að málinu en allur stuðningur af hálfu þingheims við það er að sjálfsögðu afar vel þeginn.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta. Taki þær reglur m.a. á eftirfarandi þáttum:

a. aðstöðu stofnunar í nýju umhverfi,

b. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem flytja með stofnuninni,

c. kjörum og réttarstöðu starfsmanna sem ekki kjósa að flytja,

d. málsmeðferð gagnvart Alþingi áður en ákvörðun er tekin.

Haft verði samráð við samtök opinberra starfsmanna og önnur stéttarsamtök, eftir því sem við á, um mótun reglnanna. Niðurstöður verði kynntar Alþingi eigi síðar en vorið 1997 ásamt tillögum um lagabreytingar sem þörf er talin á."

Þetta er efni tillögunnar eins og það liggur fyrir á þskj. 17.

Í greinargerð með tillögunni er að finna rökstuðning fyrir henni og einstökum þáttum hennar. Þar er lögð áhersla á þýðingu þess að þessi mál verði tekin öðrum og ákveðnari tökum en hingað til með það að markmiði að færa þjónustu ríkisins með samræmdum hætti nær fólkinu og styrkja svæðisbundna umsýslu. Þannig má stuðla að betri stjórnsýslu, treysta stöðu landsbyggðar með fjölgun starfa og draga úr miðstýringu.

Í umræðu um þessi mál hefur hingað til skort verulega á umfjöllun um starfsaðstöðu þeirrar stjórnsýslu eða stofnana sem flytja á í nýtt umhverfi og enn óljósari hefur stefnan verið að því er varðar kjör og réttindi hlutaðeigandi starfsmanna. Hefur þetta í senn leitt til ómarkvissra vinnubragða og til óvissu og óánægju hjá starfsmönnum sem átt hafa hagsmuna að gæta vegna fyrirhugaðs flutnings.

Tilfinnanlega skortir á að til séu skýrar reglur m.a. um samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar, bæði þá sem vilja halda starfi sínu áfram og hina sem ekki kjósa að flytjast með stofnuninni.

Það hefur í reynd gerst afar lítið í sambandi við flutning stjórnsýslu ríkisins frá höfuðborgarsvæðinu út á land, ekki síst ef tekið er mið af tillögum sem fram hafa komið frá stjórnskipuðum nefndum. Til dæmis nefnd sem skilaði áliti haustið 1975 til forsrn. og nefnd sem skilaði áliti 1993 og starfaði undir formennsku Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, fyrrum alþingismanns og þingforseta.

Stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu og dreifingu opinberrar stjórnsýslu hefur að mínu mati lengst af verið afar óskýr. Hluti af ástæðunni að minna hefur gerst í þessum efnum en skyldi og vöntunin á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi, sem er til staðar annars staðar á Norðurlöndum, hefur gert málstökin erfiðari en ella. Of mikill kraftur hefur farið í viðræður um að flytja stórar og grónar ríkisstofnanir frá höfuðstaðnum út á land í stað þess, sem ég tel að ætti að vera meginatriðið í málinu, að byggja upp með samræmdum hætti þjónustu ríkisins við íbúa í hverju kjördæmi á helstu umsýslusviðum opinberrar stjórnsýslu. Ég er sannfærður um að ef lögð hefði verið áhersla á þessa leið og tekist hefði að skipta landinu skilmerkilega í umdæmi, fylki eða héruð, hefðu menn náð allt annarri fótfestu í þessum efnum með miklum árangri fyrir hina opinberu stjórnsýslu og íbúa viðkomandi svæða. Ég tel að nú eigi að halda þannig á málum við frekari mótun tillagnanna að það verði tekið þessum tökum þó ég sé engan veginn að mæla gegn því að menn velji ríkisstofnunum stað utan höfuðborgarsvæðisins eða höfuðborgarinnar ef um er að ræða nýjar stofnanir, stofnanir sem eðli máls samkvæmt geta átt heima á viðkomandi landsvæði og hef reyndar verið tillögumaður að slíkri uppbyggingu. Ég nefni í því sambandi svonefnda Norðurstofnun, kennda við Vilhjálm Stefánsson, sem staðfest verði á Akureyri en það mál kemst væntanlega í höfn áður en langt um líður eftir viljayfirlýsingu Alþingis. Það er skýrt dæmi. Flutningur Skógræktar ríkisins á sínum tíma austur á Fljótsdalshérað sem Alþingi fjallaði um og samþykkti áður en ráðist var í frekari aðgerðir er dæmi um flutning á stjórnsýslu sem hefur greinilega fótfestu á viðkomandi svæði og þannig rök fyrir því að ætla að byggja hana upp þar enda hefur mjög þokkalega til tekist í þeim efnum.

En vissulega má segja, virðulegur forseti, að þau málefni sem hér er rætt um geti varðað vinnumarkaðinn í heild

sinni. Það þarf auðvitað að líta til fleiri þátta en hinnar opinberu stjórnsýslu sem er þó málefni þessarar tillögu. Það eru mörg atriði um aðstöðu og staðsetningu fyrirtækja sem varða launafólk almennt og starfsmenn slíkra fyrirtækja sem og byggðarlögin þar sem þau starfa. Við erum hins vegar ekki að fjalla um það efni hér þó við minnum á, um leið og þessi tillaga er flutt, að einnig þarf að gefa gaum að slíkum málum og ef til vill verða flutt af hálfu þingmanna Alþb. sérstök mál sem varða hið víðara samhengi.

Hér á landi, virðulegur forseti, er ekki að finna neinar heildarreglur sem taka t.d. á réttarstöðu starfsmanna ríkisstofnana sem fyrirhugað er að flytja á milli landshluta. Það sjá allir að er óviðunandi. Ég tala nú ekki um ef teknar eru ákvarðanir, sem sagðar eru reistar á pólitískum forsendum, án þess að fyrir liggi skýrar og afmarkaðar reglur um hver réttarstaða þeirra er, sem starfa við þær stofnanir sem fyrir eru og ætlunin er að flytja.

Það er líka rétt, virðulegur forseti, að minna á að í áliti nefndar um flutning ríkisstofnana, þeirrar sem síðast starfaði og skilaði áliti 1993, kemur fram að leita eigi allra ráða til að stofnunum haldist á starfsmönnum sínum. Þá kemur þar einnig fram að starfsmenn sem láta af störfum vegna flutnings stofnunar ættu að hafa forgang að hliðstæðum störfum í öðrum ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar er að öðru leyti lítið fjallað um þennan undirstöðuþátt mála og engar skýrt afmarkaðar tillögur að finna varðandi starfsmenn en mörgum öðrum atriðum gerð veruleg skil í áliti nefndarinnar.

Við mótun þeirra reglna sem tillagan gerir ráð fyrir að settar verði er ástæða til að líta til annarra Norðurlanda þar sem mun stærri skref hafa verið stigin en hérlendis við dreifingu á stjórnsýslu ríkisins enda þar víðast hvar, a.m.k. Í Noregi, Svíþjóð og Danmörku að finna héraðaskipan eða fylkjaskipan, kölluð ömt í Danmörku, sem auðvelda slíkt mjög verulega. En til mikils baga í þessum málum og fyrir byggðamál í landinu almennt hefur ekki skapast hér pólitísk samstaða um slíka formlega svæðisskiptingu með uppbyggingu á svonefndu þriðja stjórnsýslustigi. Það má hins vegar ekki koma í veg fyrir að á þessum málum verði tekið og það er hægt að gera ef vel er að verki staðið.

Ég vil nefna til áréttunar því sjónarmiði að langsamlega vænlegast er að byggja skipulega upp svæðisbundna stjórnsýslu í hinum einstöku kjördæmum landsins sem geta verið grundvöllurinn að umdæmaskiptingu á sviðum þar sem verkefni er að finna og leysa þar stjórnsýsluverkefni á viðkomandi sviði. Þar er af nógu að taka. Í tillögu sem ég flutti þegar verið var að setja ný sveitarstjórnarlög árið 1986 um nýjan kafla um héruð, sem kalla mætti fylki mín vegna, og ítarlegar útfærðar tillögur um slíka héraðaskipan í landinu. Þar segir í tillögugrein, með leyfi forseta:

„Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni: húsnæðismál, almannatryggingar, skipulagsmál, byggðamál, menntamál, þjóðminjavernd, heilbrigðismál, vegamál, orkumál, opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi), ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu."

Þarna er þessi hugsun mótuð með skýrum hætti. Sum af þessum verkefnum hafa vissulega verið flutt út svæðisbundið en hafa ekki þá fótfestu í samræmdri stjórnskipan sem æskilegt væri. Dæmi um þetta er Vegagerð ríkisins sem hefur haldið uppi svæðisbundnum skrifstofum. Dæmi um þetta er líka uppbygging á vegum Byggðastofnunar á skrifstofum hennar á nokkrum svæðum og fleira mætti nefna í því sambandi. En stóru þættirnir, þar á meðal í heilbrigðismálum og menntamálum, hafa ekki fengið þá fótfestu sem skyldi og því miður voru fræðsluskrifstofurnar teknar undan ríkinu þegar grunnskólinn var fluttur til sveitarfélaganna og ekki byggðar upp sem rekstur af ríkisins hálfu til eftirlits og stuðnings við grunnskólann í héruðum landsins og kjördæmum landsins eins og æskilegt hefði verið að mínu mati.

Alþýðubandalagsmenn og sá sem hér talar hafa reynt að þoka þessum málum áfram. Ég minni á lög um iðnráðgjafa frá 1980 sem þá voru samþykkt og hafa orðið til þess að atvinnuþróunarstarfemi úti í kjördæmum landsins hefur styrkst verulega. Ég minni á lagasetningu frá 1993 um setur Náttúrufræðistofnunar Íslands sem er ný hugsun í sambandi við flutning eða skiptingu ríkisstofnana. Ég held að þar hafi verið farin mjög farsæl leið. Og ég minni á tillögu sem ég flutti á sínum tíma og samþykkt var á Alþingi um svæðisskrifstofur, um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Það hefur hins vegar ekkert gerst í því máli í reynd, því miður.

Virðulegur forseti. Það er mikið rætt í landinu um þessi mál af tilefni ákvarðana sem einstakir ráðherrar hafa gripið til, ekki síst umhverfisráðherrar bæði fyrrv. og núv., í tengslum við flutning Landmælinga ríkisins upp á Akranes. Ég minni aðeins á það umdeilda mál sem þar er á ferðinni án þess að taka það til sérstakrar umræðu. En þar er verið að flytja ríkisstofnun sem ekki hefur neina sérstaka svæðisbundna skírskotun, að því er verkefni varðar, til þess svæðis sem ætlunin er að flytja til. Þar hefur skapast slíkt uppnám m.a. vegna þess að samræmdar reglur skortir til að ganga út frá þannig að allir viti hverjar leikreglurnar eru, að það getur orðið til mikils baga fyrir þá starfsemi sem þar er um að ræða, því miður. Og ég held að menn þurfi að læra af þessu, læra af því hversu lítið hefur gerst og fara yfir aðferðafræðina í þessum málum til þess að ná því markmiði að færa þjónustu ríkisins skipulega og svæðisbundið út frá höfuðborginni til hagsbóta fyrir alla þegna landsins og koma í veg fyrir stimpingar sem engu skila í raun í byggðamálum í landinu ef ekki er staðið vel að þessum málum. Við þurfum auðvitað að gæta þess jafnframt að varðveita kosti höfuðborgar sem stjórnsýslumiðstöðvar, óneitanlega. Það er engin tilviljun að menn hafa byggt upp höfuðborgir. En það er hægt að komast hjá samhleðslu ríkisstarfseminnar þar með því að taka þannig á málum eins og ég hef mælt fyrir.

Ég legg til, virðulegur forseti, að þessari tillögu verði vísað til nefndar að umræðu lokinni. Hún mun ekki hafa farið til nefndar á síðasta þingi. Ég vil athuga það aðeins frekar áður en ég geri tillögu um það hvert tillagan fer. Ég hef ekki, satt að segja, alveg mótað það en málaflokkurinn heyrir undir umhvrn., það er að segja það sem ég var að víkja að hér síðast. Mér sýnist að um sé að ræða að annaðhvort taki forsrn. við tillögu af þessum toga eða að allshn. fjalli um málið sem er e.t.v. eðlilegasti farvegurinn.

[15:35]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja örfá orð í belg út af þáltill. sem er til umræðu og fjallar um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana og er út af fyrir sig hið þarfasta mál að taka til umræðu. Vegna síðustu orða hv. 1. flm. um vistun tillögu af þessu tagi er sjálfsagt rétt að slíkt mál, undirbún-

ingur að svona máli sem er stefnumarkandi mál pólitískt og fjallar um stefnu stjórnmálaflokka og ríkisstjórna, vistist hjá forsrn. og í þinginu hjá nefndum sem fjalla um mál af því tagi frekar en að þetta sé málefni einstakra fagráðherra eða fagnefnda. Ég læt það að öðru leyti liggja milli hluta. Mér finnst það ekki vera aðalmálið. Ég vil taka undir mjög margt sem kemur fram í þessari tillögu og í greinargerð hennar þó sérstaklega vegna þess að ég tel að verið sé að fjalla um mál sem miklu skiptir.

Þetta mál hefur lengi verið viljayfirlýsing í það minnsta, stjórnmálaflokka, a.m.k. þess sem ég starfa fyrir. Framsfl. hefur margsinnis í stefnumótum sinni lýst því yfir að hann telji að það beri að reyna að dreifa opinberum stofnunum öðruvísi en gert hefur verið, þ.e. að þær byggist allar upp og starfi allar á höfuðborgarsvæðinu, að það eigi að gera það öðruvísi ef kostur er og því verður við komið. Ríkisstjórnir sem ég hef tekið þátt í hafa einnig verið með þetta á stefnuskrá sinni. Og fleiri ríkisstjórnir, t.d. fjallaði sú sem starfaði næst á undan þeirri sem nú situr mikið um þetta mál, flutning stofnana. Að frumkvæði forsrh. starfaði nefnd á vegum þeirrar ríkisstjórnar til að fjalla um þessi mál. Hún skilaði áliti árið 1993 og hv. frsm. vitnaði til þess áðan. Þetta er því ekki nýtt mál. Þetta er mál sem stjórnvöld hafa fjallað um oft og lengi án þess að það hafi kannski skilað miklu. Ef til vill er það vegna þess að menn hafa ekki sett sér nægilega skýrar leikreglur eins og draga má ályktun af efni þessarar tillögu. Ég skal ekki rengja það eða deila um það við hv. flm. að kannski hefði verið auðveldara að standa að þessum málum í gegnum tíðina ef leikreglur hefðu verið nokkuð skýrar og meira unnið úr þessum viljayfirlýsingum sem menn hafa sett fram aftur og aftur, stjórnmálaflokkar og ríkisstjórnir.

Í mínum huga er það svo að ef við horfum eingöngu til þess að taka slíkar ákvarðanir þegar um er að ræða nýjar stofnanir, stofnanir sem verið er að móta og búa til og ákveða staðsetningu fyrir, þá gerist afar lítið. Um þessar mundir er það að minnsta kosti svo að við erum ekki að búa til margar nýjar ríkisstofnanir. Þvert á móti er verið að reyna að draga úr ríkisrekstri allnokkuð. Það er verið að reyna að gæta aðhalds og sparnaðar í hinum opinbera rekstri og ríkisstofnunum. Ég vil ekki segja að þeim fækki en það er verið að sameina stofnanir og ekki er um það að ræða að í miklum mæli sé verið að móta eða stofna nýjar. Þó er það ekki svo að það gerist alls ekki. Hv. frsm. nefndi eina stofnun sem heyrir undir umhvrn. Ég vonast til þess að geta komið með frv. inn í þingið áður en langt líður um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem svo hefur verið kölluð og gert er ráð fyrir að muni starfa á Akureyri ef löggjafinn samþykkir að setja þá stofnun á fót sem hann hefur nú þegar gefið viljayfirlýsingu um. Það er svo sem ekki hægt að segja að þetta gerist ekki en það er ekki mikið um það þannig að við tökum ekki stór skref með því einu. Við hljótum því að horfa til þess hvort við getum náð áföngum varðandi þær stofnanir sem til eru, sem eru starfandi, jafnvel þó þær séu gamlar og grónar og hafi haslað sér völl á ákveðnum stöðum. Þá hljótum við að þurfa að skoða mjög vel umfang, starfsvið og verkefni þessara stofnana.

Í þeim vangaveltum sem ég hef haft um þessi mál, bæði mínum eigin hugleiðingum um þetta og í umræðum við aðra, hef ég leyft mér að skipta opinberum stofnunum í þrjá eða fjóra flokka. Það eru í fyrsta lagi stofnanir sem ekki er um að ræða að séu fluttar. Þær eiga heima á höfuðborgarsvæðin og eiga að starfa hér. Slíkar stofnanir eru að sjálfsögðu fjölmargar og það er óeðlilegt að þær séu annars staðar. Við höfum ýmsar stofnanir sem geta rekið starfsemi sína á fleiri stöðum. Þær eru kannski með höfuðstöðvar hér eða annars staðar og reka síðan útibú eða starfrækja starsemi sína á fleiri stöðum. Gott dæmi um það er t.d. Vegagerðin sem hv. þm. nefndi í sínu máli. Í þriðja lagi eru stofnanir sem eiga beinlínis að vera annars staðar eðli málsins samkvæmt og eðli síns vegna eru betur komnar annars staðar en hér og eiga þá auðvitað að vera þar. Hv. frsm. nefndi líka eina slíka stofnun sem er Skógrækt ríkisins. Ég gæti nefnt fleiri sem ég tel að sé eðlilegt að starfi annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Svo held ég að megi segja að við gætum sett æði margar opinberar stofnanir í fjórða hópinn í þessu efni sem geta starfað hvar sem er, ekki eru bundnar við neitt ákveðið landsvæði. Þar hefur staðsetning ekki mikilvæg áhrif og kannski lítil eða jafnvel engin á það hvernig stofnunin starfar. Ég nefni t.d. í því efni stofnun sem hefur verið í umræðu og ég hef tekið ákvörðun um að flytja héðan af höfuðborgarsvæðinu upp á Akranes, þ.e. Landmælingar Íslands. Það er stofnun sem ég tel að geti starfað annars staðar en hér á þessu svæði.

Ég tel að þegar við veltum þessu fyrir okkur, þ.e. að flytja til stofnanir þá gerum við það á pólitískum forsendum. Það hefur stundum verið sagt, og e.t.v. stundum með lítilsvirðingu, að pólitísk ákvörðun í þessu efni sé ekki mikilsverð og það sé undarlegt að menn séu að taka ákvarðanir um svo mikilvæg mál á pólitískum forsendum einum saman. Það tel ég ekki að sé lítið mál. Ég tel að það sé afar stórt mál og mikilvægt og það er kannski fyrst og fremst á pólitískum forsendum sem við tökum ákvarðanir um það hvort rökrétt sé eða eðlilegt að flytja stofnanir til eða að þær starfi annars staðar en hér. Að minnsta kosti ef það skiptir ekki máli fyrir stofnunina sjálfa, hvort hún er hér eða annars staðar, eru það pólitískar forsendur ef við teljum af öðrum ástæðum en vegna verkefna stofnunarinnar sjálfrar eða viðfangsefna hennar að hún sé eins vel komin annars staðar. Í því sambandi vil ég nefna að á fjölmörgum smærri stöðum úti á landi er ekki mikið um opinbera starfsemi. Það er auðvitað það sem tilheyrir sveitarfélaginu sjálfu. Grunnskólar hafa til skamms tíma heyrt ríkinu til en heyra nú sveitarfélögunum til þannig að það er kannski að mestu leyti að verða starfsemi sem beinlínis heyrir til viðkomandi sveitarfélagi og er rekin á vegum þess. Í öðru lagi er það á nokkrum stærri stöðum þar sem við höfum skóla og heilsugæslustöðvar sem reknar eru — þá er ég að tala um framhaldsskóla og heilsugæslustöðvar — af hálfu ríkisins og geta skipt veruleg máli fyrir íbúaþróun og byggð á viðkomandi stöðum. En til þess að treysta hana enn frekar þurfum við líka að hafa þar stofnanir sem eru fyrir fólk sem hefur sérhæft sig á fleiri sviðum. Það er m.a. til þess að auðveldara verði fyrir maka að fá vinnu á viðkomandi svæði af ýmsum ástæðum og gefa fólki kost á fjölþættari möguleikum fyrir sitt starfssvið, ég tala ekki um ef það hefur sótt sérhæft nám með langskólanámi eða æðra námi eins og það er stundum kallað, utan sinnar heimabyggðar eða kýs að búa annars staðar en á höfðuborgarsvæðinu, þ.e. úti á landsbyggðinni.

Ég sé nú, hæstv. forseti, að tími minn er hlaupinn frá mér þannig að ég skal ljúka máli mínu. Ég vil undirstrika að þó við séum að tala um stofnanir eins og skólana og heilbrigðisstofnanir er mikilvægt að til séu fleiri kostir. Við eigum að nýta okkur þá kosti með því að horfa á þær stofnanir sem hið opinbera hefur möguleika á að setja niður annars staðar

og gefa með því miklu fjölþættari möguleika til starfa fyrir fólk sem hefur leitað sér menntunar utan heimabyggðar og treysta búsetuna og byggðina í landinu með öðrum hætti en er í dag.

[15:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér get ég tekið undir efni þessarar tillögu. Ég held að það sé nauðsynlegt að reglur séu til um það hvernig tekið er á breytingum á stofnunum og jafnvel flutningi þeirra en maður spyr sig náttúrlega hvort yfir höfuð sé þörf á slíkum reglum í ljósi þess hvernig staðið hefur verið að flutningi ríkisstofnana sem hefur verið nánast enginn. Þess eru afar fá dæmi að ríkisstofnanir hafi verið fluttar og maður spyr sig auðvitað hvers vegna. Hvers vegna hefur ekki verið meira um slíkan flutning stofnana? Fyrir því eru margar ástæður, herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu að stjórnsýslan hefur þróast hér í Reykjavík og verið byggð hér upp. Hér er auðvitað mesta fjölmennið. Hér er mest þörf fyrir opinbera þjónustu. Það breytir ekki því að ýmsar stofnanir geta alveg eins starfað annars staðar og eiga jafnvel heima annars staðar. Undir það get ég tekið. Mér hefur alltaf fundist að ef einhver stofnun ætti að vera staðsett út á landi væri það Byggðastofnun. En það hefur hvergi nokkurs staðar verið önnur eins tregða og þar við því að flytja stofnunina. Nú sé ég að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lítur upp undrandi á svip. Það vill nú svo til að ég var í nefndinni sem samdi tillögur árið 1993 um flutning ríkisstofnana og það var alveg ljóst að gríðarlega mikil andstaða var innan Byggðastofnunar við flutningi. Enda hefur Byggðastofnun farið þá leið að opna útibú. Þá leið held ég, herra forseti, að eigi að fara ef þörf er á vegna þess að við verðum að muna það í þessu máli eins og svo fjöldamörgum öðrum að við erum ekki nema 270 þús. manns í landinu. Mér finnst stundum að menn tali eins og hér búi milljónir sem þurfi á mikilli þjónustu að halda og hægt sé að byggja upp hér mikla stjórnsýslu, jafnvel talað um þriðja stjórnsýslustigið sem mér finnst algjörlega út í hött. Mér finnst miklu nær að stækka sveitarfélögin og að við reynum að einfalda þá opinberu þjónustu sem við rekum hér og þá miklu yfirbyggingu sem ég tel vera í kerfi okkar. Það getur ekki verið að svona lítil þjóð þurfi svona flókið og mikið kerfi. Ég held að við eigum að skoða það mjög alvarlega. Ég bendi á það að menn hafa nefnilega á sumum sviðum farið út í að dreifa þjónustunni og byggja upp miðstöðvar en á öðrum stöðum og í öðrum geirum samfélagsins er verið að stefna í öfuga átt vegna þess að nálægðin verður til trafala. Ég nefni þar t.d. barnaverndarmál. Ég minnist þess að ég átti sæti í nefnd sem var að endurskoða félagslega húsnæðiskerfið fyrir allmörgum árum og þá vorum við einmitt með hugmyndir um útibú frá Húsnæðisstofnun og miklu meiri ábyrgð húsnæðisnefnda en þar einmitt ráku menn sig líka á vegna nálægðarinnar. Við erum svo fá og kunningsskapur og skyldleiki getur oft skipt mjög miklu máli.

Hæstv. forseti. Við flutning ríkisstofnana, sem er auðvitað ekki það sem er á dagskrá heldur það að setja reglur um hvernig skuli staðið að slíku, er grundvallaratriði að starfsemi þeirrar stofnunar sem á að flytja sé ekki rústað og þessu vil ég beina til hæstv. umhvrh. Að stofnunin og starfsemi hennar sé ekki lögð í rúst. Það sýnist mér vera að gerast með flutning Landmælinganna. Ég vil á minna á að nefndin sem skilaði af sér árið 1993 lagði til að Landmælingarnar yrðu fluttar á Selfoss, ekki á Akranes heldur á Selfoss sem er allt öðruvísi atvinnusvæði. Þar kemur að þessu atriði að það er gríðarlega flókið mál að flytja ríkisstofnanir, ekki síst þar sem um er að ræða starfsmenn með háskólamenntun og þar sem makar eru líka með háskólamenntun. Við lifum einfaldlega í þannig umhverfi að fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu eru möguleikar fyrir fólk að nýta menntun sína sérstaklega ef hún er mjög sérhæfð. Þannig að þetta er gríðarlega flókið. Það er mjög mikill munur á því að búa í 100 þús. manna borg eða að flytja í 3.000–4.000 manna bæ úti á landi. (**Gripið fram í:** Á Selfossi?) Það er annað ef hv. þm. þekkir til á Suðurlandi þá er það svolítið annað umhverfi og t.d. með marga framhaldsskóla. (**Gripið fram í:** Sjávarútgerð?) Það er líka heilmikill sjávarútvegur. Það er allt öðruvísi atvinnusvæði en Akranes og Borgarfjörður. Það verður þingmaðurinn að horfast í augu við. Fyrir utan það að auðvitað verður alltaf að vega og meta hvort flutningur ríkisstofnana sé hagkvæmur því það getur heldur ekki verið tilgangurinn að leggja aukinn kostnað á ríkissjóð vegna þess eins að flytja ríkisstofnun. Menn verða að spyrja sig þeirrar spurningar hvort stofnunin geti sinnt hlutverki sínu jafn vel þar sem hún á að vera úti á landi eins og hún gerir í þéttbýlinu.

Það er eitt sem ég hafði ekki áttað mig á varðandi Landmælingarnar fyrr en ég ræddi við menn í Háskóla Íslands sem hafa miklar áhyggjur af flutningnum vegna þess að við erum auðvitað að tala um stofnun sem er í samvinnu við ýmsar aðrar stofnanir eins og stofnanir eða ákveðnar deildir innan Háskóla Íslands og menn leysa ekki öll mál í gegnum tölvur. Menn leysa ekki vísindalegar spurningar í gegnum tölvur þegar menn liggja yfir kortum og bera saman upplýsingar og reyna að komast að vísindalegum niðurstöðum. Það er verið að leggja á menn heilmikinn flutning og flutningskostnað og ferðir á milli staða enda kemur í ljós að fólk vill ekki flytja. Hvers vegna ættu Reykvíkingar að flytja frá Reykjavík? Ég bara spyr. Það hefur komið fram í máli hæstv. umhvrh. að þetta sé pólitísk ákvörðun og það virðist vera alveg sama hvað málið á að kosta, hvort það er varðandi uppsögn starfsfólks og það þá að það þurfi að byggja stofnunina nánast upp frá grunni upp á Akranesi eða hvernig þjónustunni verður háttað o.s.frv. Hún skal flutt hvað sem það kostar.

Ég minni á það að þegar nefndin var að störfum árið 1993 lagðist ég algjörlega gegn tveimur af tillögunum og ég skal alveg viðurkenna að mér fannst nokkrar tillögurnar ganga mjög langt og fannst þær ekki skynsamlegar þó ég féllist á að mæla með að þær yrðu skoðaðar. En mergurinn málsins er, hæstv. forseti, að tilgangur flutnings ríkisstofnana er sá að þær geti áfram sinnt þeirri þjónustu sem þeim er ætlað og að starfsemi þeirra sé ekki eyðilögð en því miður finnst mér það hvernig hæstv. umhvrh. hefur staðið að máli Landmælinganna vera skólabókardæmi um hvernig ekki á að standa að málum.

[15:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisverð ræða hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og eins og kom fram í hennar máli stóð hún að því að leggja til fyrir þremur árum að Landmælingar Íslands yrðu fluttar til Selfoss. Nú upplýsti hún í ræðu sinni að hún styddi ekki að sama stofnun yrði flutt til Akraness með þeim rökum að Selfoss væri allt öðruvísi atvinnusvæði svo ég vitni orðrétt í ræðu hv. þm. Nú langar mig að spyrja hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur: Hvað er svona allt öðruvísi við Akranes en Selfoss? Hvað er það við Akranes sem er svona miklu verra en er á Selfossi? Ég held

að landsmenn hljóti að bíða í ofvæni eftir því að fá svörin því að auðvitað verður að vara menn við að flytja til svo slæms staðar sem Akranes er, a.m.k. er hann miklu verri en Selfoss.

Fyrst þingmaðurinn setur þetta fram sem einu ástæðuna fyrir sinnaskiptum sínum í málinu verður að fara fram á að þingmaðurinn upplýsi þing og þjóð um ágalla þessa voðalega staðar, Akraness.

[15:56]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átti í greinarskrifum í sumar í DV við þann hv. þm. sem var í andsvari. Hann fór nú ekki alls kostar rétt með í þeim greinum svo ég nennti ekki að halda þeim skrifum áfram. Ég hef ekki látið í ljósi neitt álit á Akranesi. Það er eflaust ágætur bær og ágætt að búa þar. En þingmaðurinn getur ekki annað en viðurkennt að Akranes og umhverfi er öðruvísi atvinnusvæði. Við erum að tala um stofnun þar sem vinnur mestmegnis háskólamenntað fólk og í flestum tilvikum er það gift háskólamenntuðu fólki, ég hef að vísu ekki gert neina rannsókn á hjúskaparstöðu starfsfólksins en þar af leiðandi skiptir máli að fólk geti fengið vinnu einhvers staðar nálægt. Það skiptir marga máli að eyða mörgum klukkustundum á dag í það að fara á milli vinnustaða þrátt fyrir Hvalfjarðargöngin þegar og ef þau koma. Umhverfi Selfoss er öðruvísi atvinnusvæði. Ég tel að réttlætanlegt hefði verið að flytja Landmælingar ríkisins þangað en ég skal reyndar viðurkenna að ég er farin að efast mjög mikið um það. Framhaldsskóli er á Selfossi, framhaldsskóli er á Laugarvatni, það eru margir grunnskólar, það er sjúkrahús á Selfossi en það er líka sjúkrahús á Akranesi. (**Gripið fram í:** Og skólar líka. Ég gæti trúað að það væri grunnskóli á Akranesi.) Það er það að sjálfsögðu, hv. þm. En aðalatriðið er það að forsendan fyrir því að flytja ríkisstofnanir er að verulegur hluti starfsfólksins fylgi með, öðruvísi virkar stofnunin ekki nema mönnum finnist það réttlætanlegt að fara að eyða mjög miklu fé í að byggja heila ríkisstofnun upp frá grunni. Er það það sem þingmanninum finnst?

[15:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var afar fróðlegt. Ef við berum saman þessa tvo staði, Selfoss og Akranes sýnist mér að Akranes sé ívið fjölmennari staður en Selfoss. Á Akranesi eru grunnskólar, þar er framhaldsskóli, þar er sjúkrahús sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir taldi Selfossi til tekna sem væri það gott að það rökstyddi tillögu hennar um að flytja Landmælingar til Selfoss.

En ég vil nefna atriði sem er í nágrenni Akraness sem ekki er í nágrenni Selfoss. Það eru tvær stofnanir á háskólastigi í Borgarfirðinum. Miðað við þá áherslu sem þingmaðurinn lagði á háskólamenntað fólk gæti starfað með öðru háskólamenntuðu fólki en þyrfti ekki að umgangast ómenntað fólk hlýtur þetta að vega nokkuð þungt.

[15:59]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér blöskra þessir útúrsnúningar. Enginn er að tala um að fólk þurfi ekki að umgangast ómenntað fólk. Við erum einfaldlega að horfa á raunveruleikann, hvernig fólk velur sér störf og hvernig starfsmöguleikar eru. Mergurinn málsins, hv. þm., er sá að starfsfólk Landmælinga Íslands vill ekki flytja, það vill ekki fara með. Þar af leiðandi er flutningurinn ekki skynsamlegur, burt séð frá því hvaða kostir og gallar fylgja þessum stöðum hvort sem það er Selfoss eða Akranes.

[15:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. 14. þm. Reykv. hafi verið ótrúlega óheppinn þegar hann var að bera saman þessa tvo staði, Akranes og Selfoss. Því ef einhver rök eru fyrir að flytja stofnun eins og Landmælingar austur á Selfoss þá eru líka rök fyrir að flytja hana til Akraness. Hv. þm. nefndi sérstaklega skólastigið áðan. Þá er rétt að vekja athygli á því að Akranes sker sig úr öðrum stöðum víðast hvar úti á landi m.a. frá Selfossi að því leytinu að ekki er ein eða tvær heldur þrjár stofnanir á háskólastigi í nágrannasveitarfélögum Akraness. Kennaraháskólinn starfar á Varmalandi, Samvinnuháskólinn á Bifröst og háskólastig landbúnaðarmenntunar er á Hvanneyri, sem er á vissan hátt vagga og Mekka vísindastarfseminnar á því sviði. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, þegar maður fer að hugsa um þetta og velta fyrir sér, þá bendir flest til að þarna hafi einmitt verið hitt á réttan stað ef menn ætla á annað borð að flytja stofnanir af þessu taginu, að tala um Akranes í því sambandi. Ég taldi mjög eðlilegt, sjálfsagt og skynsamlegt að flytja Landmælingar austur á Selfoss og hefði stutt það á sínum tíma. En ég sé við þennan samanburð að margt mælir með því að flytja þessa stofnun frekar upp á Akranes en austur á Selfoss. Þess vegna held ég að hv. þm. hafi orðið á fótaskortur í hugsun sinni þegar hún var að reyna að færa rök að því að eitthvað sérstakt mælti með því að flytja stofnunina fremur austur í Flóa en upp á Akranes, ekki síst í ljósi þess að fram undan er stórkostleg bylting í samgöngumálum sem gerir samskipti við háskólafólk á höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík auðveldari.

[16:02]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að stórar skólastofnanir eru í grenndinni en ég hef hingað til litið svo á að Suðurlandið eða sá hluti Suðurlands sem er nær Reykjavík tilheyri meira því atvinnusvæði sem Reykjavík er. Það er mjög algengt að fólk sæki sér atvinnu yfir heiðina. En lengra er þó upp á Skaga alla vega enn sem komið er þó að göngin muni stytta þá vegalengd verulega ef fólk þorir að fara um þau. En við skulum ekki vera að eyða miklum tíma í landkosti og umhverfið. Starfsfólkið hlýtur að hafa vegið það og metið upp á hvaða kosti var boðið. Það hlýtur að vera það sem ræður. Fólk skoðar möguleikana og er bundið af ýmsu á sínum heimaslóðum. Fólkið sem vinnur hjá Landmælingum býr flest í Reykjavík eða nágrenni og gildar ástæður eru fyrir því að fólk vill ekki flytja. Í mínum huga er það grundvallaratriði, eins og ég hef margoft nefnt, að stofnun geti starfað áfram og henni sé ekki rústað á þennan hátt. Það getur verið að þetta sé einhver skynvilla að Suðurlandið sé svona miklu nær en Skaginn. (**GE:** Það er nokkuð ljóst.) Það segir hv. þm. Gísli S. Einarsson. En þegar nefndin var að vinna sínar tillögur á sínum tíma var Akranes aldrei inni í þeirri mynd, aldrei. Það kann vel að vera að það hefði mátt skoða betur. Ég skal alveg vera tilbúin til að endurskoða það. En í mínum huga enn og aftur — það sem skiptir máli er að fólk vill ekki fara og við hljótum að spyrja: Hvers vegna?

[16:04]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá held ég að við séum komin að ákveðinni niðurstöðu í málinu. Hv. þm. lýsir yfir að hann sé reiðubúinn að endurskoða afstöðu sína varðandi flutning ríkisstofnana (**KÁ:** Nei, þetta er bull.) út á land og ekki

síst til Akraness í ljósi upplýsinga sem hafa komið fram um hversu margs konar aðstaða er til staðar fyrir fólk einmitt í stofnunum af tagi Landmælinga á þessu svæði.

Úr því að rök voru í huga hv. þm. fyrir að færa stofnun eins og Landmælingar austur á Selfoss, þá er búið að sýna fram á að nákvæmlega allt hið sama á við varðandi flutninginn til Akraness nema að því leytinu að bent hefur verið á að margt í umhverfi Akraness er enn þá ákjósanlegra fyrir starfsfólk Landmælinganna en austur á Selfossi. Hafi rök verið fyrir því, sem hv. þm. sagðist hafa tekið undir á sínum tíma í þeirri nefnd sem hún starfaði í, að flytja þessa stofnun austur á Selfoss, þá eru auðvitað fullkomin rök fyrir að þessi stofnun fari upp á Akranes. Það er meginniðurstaðan í þessari umræðu.

[16:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nefndin sem skilaði af sér árið 1993 kom með nokkrar uppástungur um hvernig og hvert væri hægt að flytja nokkrar ríkisstofnanir auk þess að meira að segja var lagt til að búin yrði til ný stofnun á Ísafirði, í kjördæmi hv. þm. og þangað yrðu flutt verkefni. Það er eitt í viðbót sem ég hef ekki nefnt í þessum andsvörum en það var að styrkja sýslumannsembættið og færa þeim fleiri verkefni.

En höfuðmáli skiptir að vissar forsendur séu til staðar til að flutningur ríkisstofnana geti og eigi að eiga sér stað. Það þarf ákveðnar forsendur. Og ekki bara hvort fegurra sé á Selfossi eða Akranesi eða hvort þar er einum skólanum fleiri eða færri eða atvinnutækifærin betri eða meiri. Fyrst og fremst að þessar forsendur séu til staðar. Eins og þær að nógu mikill fjöldi starfsmanna vilji fara með svo að starfsemin raskist ekki. Að stofnunin verði þannig staðsett að hún geti áfram sinnt þeirri þjónustu sem henni er ætlað og fleiri forsendur sem verða að vera til staðar. Við þennan flutning eru þær það ekki. Þær eru það ekki vegna þess að starfsfólkið vill ekki fara.

[16:07]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í sambandi við þá umræðu sem hér fór fram eftir að hæstv. umhvrh. ræddi málið frá sínum sjónarhóli hefur umræðan snúist mjög um fyrirhugaðan tilflutning tiltekinnar ríkisstofnunar. Ég vil minna hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur á að eins og ég hef lagt málið fyrir sem 1. flm. þessa máls tel ég vænlegast að byggja upp svæðisbundna þjónustu. Ekki að vera að taka stórar eða grónar ríkisstofnanir í ríkum mæli upp úr sínu umhverfi heldur að færa þjónustuþættina með því koma þeim upp á skilgreindum svæðum í landinu við alla þá íbúa sem þar eru og færa þannig þjónustuna nær. Hv. þm. tjáði sig mjög lítið um þetta. Hins vegar hafði hv. þm. uppi mjög ákveðin orð varðandi hugmyndina um þriðja stjórnsýslustigið, og það er ástæðan fyrir því að ég bað um að veita andsvar. Orð sem komu mér verulega á óvart. Þingmaðurinn sagði að það væri algjörlega út í hött. Minnist ég þá tillagna sem voru til umræðu á vegum stjórnskipaðrar nefndar um þetta efni, síðast 1985, þar sem fulltrúi Kvennalistans, núv. hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, ef ég man rétt, tók þátt í að mæla með, ég held eindregið, að þriðja stjórnsýslustigið yrði sett á fót. Og ég minnist orða fyrrverandi hv. þm. Málmfríðar Sigurðardóttur sem mælti hér oft með að brugðið yrði einmitt á það ráð, ekki síst út frá þeirri hugsun að skapa traustan grunn til að koma stjórnsýsluþáttum ríkisins nær fólkinu.

[16:09]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kom ef til vill ekki nægilega vel að því í ræðu ræðu varðandi svæðisbundna þjónustu að ég get alveg tekið undir þá hugmynd þar sem hún á við. Mér finnst t.d. að Vegagerðin hafi farið inn á mjög réttar brautir í uppbyggingu sinni. Það er spurning um aðra þætti. Þingmaðurinn nefndi ýmislegt í fyrstu ræðu sinni, þætti sem mætti flytja út á land og eflaust væri rétt að skoða það. Þjónusta er víða til staðar og væri hægt að sameina slíka þjónustuþætti til að auðvelda fólki aðgang að upplýsingum og slíku. Reyndar er búið að gera margt í því, t.d. hjá Húsnæðisstofnun. Ég man ekki lengur eftir neinum sérstökum þáttum sem þingmaðurinn nefndi sem þyrfti ef til vill að skoða betur en mér fyndist rétt að gera það.

Hvað varðar þriðja stjórnsýslustigið þá finnst mér mergurinn málsins vera sá að miklu réttara sé að stækka sveitarfélögin, gera þau stærri og öflugri þannig að þau nái til fleira fólks og yfir stærri svæði fremur en að bæta við heilu stjórnsýslustigi í þessu 270 þús. manna þjóðfélagi. Ég held að við eigum að kunna okkur hóf í uppbyggingu á stjórnsýslu. Kvennalistinn hefur aldrei, svo ég muni, samþykkt neitt um þetta. Hins vegar hafa ýmsar af þingkonum og félögum í Kvennalistanum haft sterka skoðun á þessu atriði. Ég hef hins vegar alltaf verið því andvíg. Alltaf verið á móti því að koma upp þriðja stjórnsýslustiginu.

[16:11]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki að ástæðulausu að tillögur hafa verið uppi hjá þeim sem gerst þekkja til málefna landsbyggðarinnar, að komið verði á slíku stjórnsýslustigi með tilliti til þess að sveitarfélög í landinu munu seint verða endurskipulögð með þeim hætti að þau komi í staðinn fyrir það sem ætlað er að ná með þriðja stjórnsýslustigi. Nema menn setji í hættu þá kosti sem fylgja þurfa sveitarfélagi. Ef menn ætla að fara að þenja sveitarfélögin út yfir ákveðna stærð, láta þau t.d. spanna allt Austurland, eru menn komnir með sveitarstjórnina svo óralangt frá þeim sem hún á að þjóna, að þeir eru búnir að missa fótanna í því grundvallaratriði lýðræðislegrar uppbyggingar að fulltrúinn sé ekki mjög fjarri landfræðilega séð. Þetta er ástæðan og eiga sumir hér á þessu svæði kannski eðlilega svolítið erfitt með að skilja.

Þingmaðurinn nefndi hættuna af nálægð þjónustu við íbúa, hana væri hægt að misnota. Hvað um Reykjavík og Reykvíkinga? Er ekki stórhættulegt að vera með stjórnsýsluna hér alveg upp í nefinu á Reykvíkingum? Ég get ekki verið þeirrar skoðunar út af fyrir sig og óttast ekki mjög það sem hv. þm. sagði að því leyti.

[16:13]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um síðasta atriðið tók ég einmitt dæmi af t.d. barnaverndarmálum sem eru mjög nálægt fólki. Hæstv. heilbrrh. er með tillögur uppi um að sameina stjórnir heilsugæslustöðva og jafnvel að búa til stærri svæði, heilsugæslusvæði, vegna þess að menn sjá fram á að geta náð aukinni hagkvæmni og betri stjórn og betri nýtingu. En stundum er það svo, hv. þm., að nálægðin getur verið til trafala. Það þekkjum við eflaust dæmi um. Sem dæmi má taka félagslega húsnæðiskerfið. (Gripið fram í.) Já, því miður, hv. þm., er fjarlægðin milli fólks ansi mikil í Reykjavík og þekking á aðstæðum hópa og einstaklinga heldur lítil og mætti vera meiri. Ég gæti tíundað dæmi af sjálfri mér þegar

ég fór í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík, ef ég má aðeins syndga upp á náðina, hæstv. forseti. Þá opnaðist fyrir mér algjörlega nýr heimur í Reykjavík sem ég þekkti ekki þó ég sé búin að búa hér í 25 ár eða svo. Stærri bæjum fylgir oft að fjarlægðin milli fólks verður meiri og þekkingin of lítil á aðstæðum fólks. Það er auðvitað ókosturinn við stór sveitarfélög. En rekstur þeirra er sem betur fer hagkvæmari. (**HG:** Skipta Reykjavík upp í sveitarfélög.)

[16:15]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur verið sagt: Hvers vegna skyldu Reykvíkingar flytja út á land? Sé það á rökhugsun byggt þá lít ég svo á að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir líti svo á að Selfoss sé orðinn hluti af Stór-Reykjavíkursvæðinu. Því að í tillögunni sem lögð var fram var litið svo á að það væri allt í lagi að flytja á Selfoss og þá ætti líka að vera allt í lagi að sameina Akranes Reykjavík og hafa það sem eitt sveitarfélag og hafa þetta upp á Skaga út frá sömu rökum.

En það sem gerði það að verkum að ég ákvað að fara hér í andsvar var að Byggðastofnun á sínum tíma snerist hart gegn þeirri hugsun að hægt væri að líta svo á að hér væru tvær höfuðborgir. Akureyri væri höfuðborg landsbyggðarinnar en Reykjavík væri höfuðborg Íslands. Ef Akureyri væri orðin höfuðborg landsbyggðarinnar þá áttuðum við okkur margir hverjir ekki á því fyrir hvað Reykjavík væri þá höfðuborg — Seltjarnarnesið? — ef hitt svæðið væri orðið undir Akureyri. Og af því ég kem nú úr því kjördæmi sem sá maður var þingmaður sem lagði á það áherslu að Reykjavík yrði höfuðborg Íslands, þá taldi ég nú rétt að verja þær gömlu kenningar Jóns Sigurðssonar að breyta því ekki. Hins vegar lögðum við til að starfsemi Byggðastofnunar yrði flutt út á land. En í skýrslu svokallaðrar byggðanefndar þingflokkanna um það hvernig eigi að standa að flutningi stofnana og hvers vegna við þurfum þriðja stjórnsýslustigið, sem við þurfum, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til, þá kemur það alveg skýrt fram að það er til mikil reynsla á Norðurlöndum um hvernig eigi að standa að flutningi ríkisstofnana og við vildum byggja á henni. Og annað hitt er ástæðan fyrir þriðja stjórnsýslustiginu. Það er ekki upp á skraut sem það er haft, það er ekki spurning um hvort landið sé stórt eða lítið, það er spurning um það hvort sömu líffærin og eru í fílnum séu músinni nauðsynleg. Og það krefst umhugsunar að komast að niðurstöðu hvort ekki megi sleppa einhverju af því sem er í fílnum, t.d. maganum, láta músina sleppa við það á þeirri forsendu að hún sé miklu minni. En þetta gengur bara illa upp, hv. þm., og þess vegna er þriðja stjórnsýslustigið nauðsynlegt.

[16:18]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að svara þessari röksemdafærslu hv. þm. Hann kom annars vegar inn á það atriði hvers vegna Reykvíkingar vilja ekki flytja og fyrir því eru margvíslegar ástæður. Ég verð að segja að það kom mér á óvart hversu hörð andstaðan var innan Landmælinga Íslands við það að flytja. Ég rifja það upp enn og aftur að þær tillögur sem gerðar voru á sínum tíma byggðust á því að skoða hvaða möguleikar eru fyrir flutningi. Hvert er mögulegt að flytja, í rauninni án tillits til þess að skoða hvað starfsfólkið vill. Það er alveg þekkt frá þeim löndum þar sem flutningur ríkisstofnana hefur átt sér stað að þar er mikil andstaða meðal starfsfólks en yfirleitt hefur raunin orðið sú að einhver hluti þess fer með. Það er auðvitað forsendan fyrir því að starfsemin haldi áfram. Eins og nú horfir bendir allt til þess að það verði einungis forstjórinn sem flytur. Hann þarf þá að ráða nýtt fólk og byggja allt upp frá grunni. Það getur hvorki verið þjóðinni né þeirri þjónustu sem stofnunin veitir til hagsbóta að standa þannig að málum.

Ég hef ekki tíma til þess, hæstv. forseti, að fara út í þær aðstæður sem ráða því að fólk vill ekki flytja. Þeir sem eru fæddir og aldir hér upp vilja auðvitað vera hér alveg eins og Ísfirðingar vilja búa á Ísafirði ef þeir hafa það sæmilegt. Reyndar flytja þeir nú margir í burtu. En mýsnar og fíllinn verða að bíða betri tíma.

[16:20]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að það er ekki staðið að flutningnum á Landmælingum upp á Akranes samkvæmt þeim leikreglum sem vitlegastar eru taldar miðað við það sem gert hefur á Norðurlöndum. Það blasir við sem staðreynd. En við virðumst almennt heldur ekki telja okkur þurfa að fara eftir reynslu annarra þjóða. Við erum svo sérislenskt fyrirbrigði á öllum sviðum að menn vilja setja upp eigin kenningar og það þurfi að finna upp hjólið aftur og gera tilraunastarfsemi með það á öllum sviðum. Þessi kenning birtist m.a. í því að viljum ekki þriðja stjórnsýslustigið þrátt fyrir það að það sé grunnurinn að því að hægt sé að ná þeirri hólfun í samfélaginu sem vitsmunaleg er án þess að eyðileggja sveitarfélögin.

[16:21]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð eiginlega að skora á hv. þm. að fara í ræðustólinn á eftir og skýra þessi sjónarmið sín. Ég fæ ekki séð hvílík nauðsyn er á því að koma upp þriðja stjórnsýslustiginu. Hér er allþokkalegt og auðvelt samband milli sveitarfélaganna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Ég benti á það að ég teldi það réttari leið að stækka sveitarfélögin og styrkja þau þó að mér dytti nú ekki til hugar að ganga jafnlangt og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi að gera Austfirði að einu sveitarfélagi. Það sjá allir sem þekkja þar til að það væri mjög erfið eining við að eiga en víða annars staðar er hægt að stækka sveitarfélögin mjög auðveldlega og gera þau þar með að miklu sterkari einingum sem ættu miklu betur með að fóta sig og bjarga sér í heimi sem er að breytast mjög ört. En mér finnst að menn þurfi að færa nánari rök fyrir því hvers vegna þriðja stjórnsýslustigið er svona nauðsynlegt.

[16:22]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Við erum með til umræðu till. til þál. um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana. Ég má til með að svara hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og harma þann misskilning og þá vanþekkingu sem kom fram í hennar máli varðandi atvinnulíf, menntun fólks og aðstæður á Akranesi. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að bjóða hv. þm. í opinbera heimsókn til Akraness til að kynna sér aðstæður og er ég viss um að þar muni opnast hv. þm. nýr heimur, rétt eins og þegar þingmaðurinn kynntist ástandinu í húsnæðismálum í Reykjavík.

Sú tillaga sem er hér til umfjöllunar er góð og gegn og ég vil taka undir meginatriði hennar um að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana. Það skiptir miklu máli fyrir byggðaþróun að dreifa um landið þeim verkefnum sem til falla á vegum ríkisins. Það er engin spurning og ég tek undir þau rök sem sett eru fram í tillögunni. Hitt

er annað mál að það liggur alveg ljóst fyrir eftir ályktun Alþingis að ætlunin er að treysta byggðina þannig að gæði og auðlindir til lands og sjávar verði nýtt með hagkvæmum hætti. Það er engin spurning að í ályktun Alþingis er sagt að það skuli efla byggð á þeim svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags. Í þriðja lagi að draga úr, og nú er gott fyrir hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að hlusta, fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega. Þetta er eitt af meginmarkmiðum byggðastefnunnar samkvæmt ályktun Alþingis. Það hlýtur að vera markmið þeirra aðgerða sem eru brýnastar í byggðamálum að gera allt sem unnt er til að breyta samsetningu atvinnulífs á landsbyggðinni þannig að störfum í þeim greinum þar sem vöxtur er hvað mestur fjölgi og sú mikla aukning sem hefur orðið í þjónustugreinum hér á höfuðborgarsvæðinu stöðvist. Ég er þess fullviss að það geta flestir verið sammála um að byggðastefna sem byggir fyrst og fremst á því að viðhalda stöðu mikilvægustu undirstöðuatvinnugreinanna, landbúnaðarins og sjávarútvegsins, getur ekki orðið árangursrík. Þetta er skilgreining úr ræðu sem flutt var með þeirri ályktun sem ég ræddi um áðan.

Ég harma, herra forseti, framsetningu í ræðu hv. þingkonu Kristínar Ástgeirsdóttur sem sagði að starfsemi Landmælinga yrði lögð í rúst með flutningi til Akraness og gerði þar að auki þann samanburð á byggðarlögunum Selfossi og Akranesi að setja Akranes verulega skör lægra hvað varðar möguleika á menntun. Svoleiðis mátti lesa orð hv. þingkonu og ég harma það. (**GÁ:** Það á við rök að styðjast.) Það má vel vera að það sé skoðun hv. þm. Guðna Ágústssonar að þetta eigi við rök að að styðjast og þá er rétt að bjóða honum einnig í í opinbera heimsókn til Akraness til að kynna sér atvinnulíf, menntunarstig og möguleika á Akranesi. Ég vil koma aðeins inn á það að hæstv. umhvrh. Guðmundur Bjarnason hafði skoðað þetta mál af kostgæfni þegar hann tók þá ákvörðun að flytja stofnunina Landmælingar Íslands til Akraness. Hann tók þá ákvörðun að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Landmælingar eiga að koma til Akraness þann 1. júní 1999. Árið 1999, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, verður fjarlægðin milli Akraness og Reykjavíkur styttri en milli Reykjavíkur og Selfoss. Þar að auki verður fjallvegur sem oft er erfiður yfirferðar á milli Reykjavíkur og Selfoss þröskuldur sem ekki verður til staðar á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur. Það er sem sagt ákveðið að flutningurinn eigi að verða eftir tvö og hálft ár en þangað til á að vinna m.a. að málefnum starfsmanna. Ég tel að þessi ákvörðun umhvrh. sé skynsamleg og tryggi að það eigi að geta orðið samfella í starfi stofnunarinnar og gefur starfsfólki góðan tíma til að ákveða hvort það vilji eða geti fylgt stofnuninni.

Það er alveg ótvírætt að fyrir samfélagið Akranes hefur flutningur Landmælinga Íslands aðeins kosti í för með sér. Starfsemin breikkar grundvöll atvinnulífs á Akranesi og það verður góð viðbót, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, við önnur hátæknistörf sem unnin eru á staðnum. Við atvinnuflóru bæjarins bætist eftirsóknarverður atvinnukraftur sem þeir sem þar búa munu fagna. Það er mikilvægt að flutningur stofnunarinnar takist vel og þess vegna munu bæjaryfirvöld örugglega taka vel á móti því fólki sem kemur með stofnuninni. Rétt er að benda á að Landmælingar Íslands munu flytja inn í sérhannað húsnæði þar sem verður tekið sérstakt tillit til starfsemi stofnunarinnar og þetta húsnæði mun verða betur úr garði gert en núverandi húsnæði. Kostnaður Landmælinga vegna húsaleigu verði lægri en það leiguverð sem stofnunin greiðir í dag og annar húsnæðiskostnaður verður lægri. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar á ekki að þurfa að aukast við flutninginn. Hagræði í rekstri stofnunarinnar á að geta leitt til hins gagnstæða. Það hefur m.a. verið rætt um að skilja að kortasölu fyrirtækisins frá því og fá hana í hendur þeim sem auðveldlega geta sinnt þeim verkefnum samhliða annarri sölu.

Ég vil taka almennt undir þá hugmynd sem kom frá nefnd sem sett var á laggirnar til þess að athuga með flutning ríkisstofnana út á land. Ég tel að til viðbótar við það sem hér hefur verið rætt þá sé eðlilegt að skoða flutning stofnunarinnar RALA út á land. Það er eðlilegt að skoða flutning Landhelgisgæslunnar. Það er eðlilegt að skoða flutning Veiðimálastofnunar og það er eðlilegt að skoða flutning (Forseti hringir.) Byggðastofnunar. Herra forseti, ég hef nánast lokið máli mínu og það er ánægjulegt að verða var við það að nú er kominn í stólinn forseti sem slær í bjöllu við rauða ljósið.

[16:31]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi láta í ljós ánægju mína með að umræða um þetta mál skuli rata inn á Alþingi því ég held að það sé eitt af stóru málunum sem við þurfum að taka afstöðu til og ræða og komast að niðurstöðu hvernig við stöndum að flutningi ríkisstofnana út á land. Við getum auðvitað velt fyrir okkur hvers vegna við höfum ekki fyrr sett okkur reglur, markað vinnureglur um hvernig standa beri að því að færa ríkisstofnanir út á land. Ég held að svarið hafi verið fært áðan af fyrri ræðumönnum sem bentu á að hingað til höfum við staðið okkur illa í að færa ríkisstofnanir frá höfuðborgarsvæðinu út á land eða með öðrum orðum að staðsetja ríkisstofnanir úti á landi því ef við lítum yfir nokkurra ára tímabil hafa orðið til nýjar ríkisstofnanir sem allt eins hefðu getað verið settar niður úti á landi eins og hér í Reykjavík.

Ástæðan fyrir því að við höfum ekki sett okkur þessar reglur er einfaldlega sú að svo fá ríkisfyrirtæki hafa verið flutt út á land að menn hafa trúlega ekki talið mjög mikla þörf á að setja almennar reglur. En það er skynsamlegt í málum eins og þessum að til staðar séu almennar meginreglur um hvernig staðið sé að því að færa til stofnanir og fyrirtæki.

Í nefnd sem starfaði undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, fyrrv. alþm., voru þessi mál skoðuð nokkuð ofan í kjölinn og fór fram almenn umræða um þessi mál jafnframt því sem lagðar voru fram beinar tillögur um tiltekin flutning á ríkisstofnunum. Ég held að sú nefnd hafi unnið á margan hátt mjög gott starf þó deila megi um einstakar tillögur nefndarinnar sjálfrar. Engu að síður örvaði skýrslan, sem nefndin sendi frá sér, alla umræðu um þessi mál og er, eins og fram hefur komið í umræðunni t.d. um Landmælingar, á vissan hátt forsenda fyrir því að ákvörðun var tekin um að færa Landmælingar til Akraness þó að í nefndinni hafi verið lagt til að færa þær á Selfoss, eins og margfrægt er orðið af umræðunni í dag.

Ég held að menn verði að átta sig á að þó settar yrðu reglur af þessu tagi og þær almennt góðar, þá getum við ekki gert ráð fyrir að þær leysi allan vanda. Eftir sem áður er ég sannfærður um að í hvert skipti sem við förum að hyggja að því að færa ríkisstofnanir af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina munu koma upp álitamál. Það er einfaldlega þannig, eins og fram hefur komið, að starfsmönnum

er almennt séð fremur illa við allt rask sem fylgir flutningi stofnana jafnvel innan sveitarfélags. Við höfum kynnst því t.d. á þessu ári að menn hafa haft uppi efasemdir um tilflutning ríkisfyrirtækja á Reykjavíkur/Kópavogs-torfunni og hvað þá þegar færa á fyrirtækin eitthvað lengra. Þetta út af fyrir sig er vandamál sem við þurfum alltaf að standa frammi fyrir. Það breytir því hins vegar ekki að við hljótum eftir sem áður að stefna að því að færa ríkisstofnanir út á land og vinna skynsamlega að því að skapa sem mestan og lengstan umþóttunartíma alveg eins og verið er að leggja til með flutning Landmælinga frá Reykjavík til Akraness.

Þegar maður fer í gegnum umræðu um flutning ríkisstofnana eru oftast settar fram hálfgerðar gerviröksemdir. Menn segja: Það er ekki hægt að flytja þessa eða þessa stofnun vegna þess að hún er háð þessari og þessari starfsemi í Reykjavík. Þegar farið er að skoða þetta nánar er auðveldlega hægt að sýna fram á að starfsemi þessara stofnana getur allt eins farið fram á Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi eða á Vestfjörðum og í Reykjavík. Samgöngur eru að batna, fjarskiptin eru að skapa mikla byltingu og gerir það að verkum að engar raunverulegar röksemdir, nema í sárafáum tilvikum, eru gegn því að færa ríkisstofnanir út á land.

Engu að síður kostar ævinlega töluverð átök að færa ríkisstofnanir. Þessu kynntumst við varðandi veiðistjóraembættið, hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Þetta var líka þegar verið var að færa Skógræktina austur á Hérað. Þá urðu líka deilur um það mál þó mig reki ekki minni til að þær hafi verið jafnharðar eins og t.d. deilurnar um Landmælingarnar. Þess vegna velti ég því stöðugt meira fyrir mér hvort við eigum ekki líka að marka okkur meginreglur um að þegar ný ríkisstofnun verður til verði sérstaklega hugað að því að staðsetja hana úti á landi. Það er alltaf miklu einfaldara þegar verið er að búa til nýja stofnun, nýtt ríkisfyrirtæki, að velja því staðsetningu einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík. Ég held, því miður, þegar við skoðum fjárlagafrv. og lesum allan þann mýgrút og aragrúa af ríkisstofnunum sem þar eru tilteknar og gerum okkur grein fyrir hvað margar þeirra hafa orðið til á allra síðustu árum, þá sé ljóst að við höfum verið að missa af mjög mörgum skynsamlegum og góðum tækifærum. Þess vegna segi ég, virðulegi forseti: Við eigum líka að móta okkur stefnu um hvernig við stöndum að því að staðsetja nýjar ríkisstofnanir úti á landi og jafnframt að marka okkur meginreglu, eins og hér er verið að leggja til.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna að á landsfundi Sjálfstfl. voru þessi mál rædd. Þar komust menn að þeirri niðurstöðu, eins og ég hef þegar vakið athygli á m.a. í blaðagrein, að marka bæri slíka stefnu um staðsetningu nýrra fyrirtækja úti á landi.

Einnig er ástæða til að nefna annað og það er hvort ekki sé hægt að færa skipulega tiltekin verkefni einstakra ríkisstofnana sem núna eru í Reykjavík út á land. Það datt mér í hug um daginn t.d. þegar Hafrannsóknastofnun auglýsti eftir starfsfólki til skrásetningarvinnu og vinnu af því taginu, vinnu sem þess vegna mætti með nútíma fjarskiptatækni vinna hvar sem er, hvar sem er í veröldinni þess vegna. Af lestri auglýsingarinnar varð hins vegar ekki ráðið að ætlast væri til eða gert ráð fyrir að sú starfsemi færi annars staðar fram en við Skúlagötu 4 í Reykjavík þar sem höfuðstöðvar Hafrannsóknastofnunar eru. Við erum bundin klyfjum vanans sem við þurfum nauðsynlega að losna út úr.

Virðulegi forseti. Tími minn er bráðlega á þrotum. Ég vil með almennum orðum taka undir það meginsjónarmið sem sett er fram. En þó vil ég bæta þessu við: Það er auðvitað til lítils að vera að marka okkur meginreglur um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina nema að baki búi sá ásetningur okkar að flytja ríkisstofnanir út á land. Það er ekki nóg að setja okkur einhverjar meginreglur nema um leið fylgi sá ásetningur að færa ríkisstofnanir frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina. Ellegar er til einskis að setja okkur reglur. Ákvörðun Alþingis um að setja slíkar reglur er því eðli málsins samkvæmt líka ákvörðun um að herða sig upp í að færa fleiri ríkisstofnanir út á landsbyggðina.

[16:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið um margt merkileg og menn farið um víðan völl. Þegar verið er að tala um eðlilegan og réttan flutning ýmissa ríkisstofnana út á land talaði síðasti ræðumaður um að við séum að búa okkur til gerviröksemdir. Það hafi komið fram og við séum bundin klyfjum vanans. Það kann að vera en þegar grannt er skoðað skulum við athuga hver voru t.d. meginrökin fyrir að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur. Meginrökin voru þau að nú væri fyrirtækið Flugleiðir farið að annast eftirlit og viðhald Fokker Friendship flugvélarinnar og þess vegna væri eðlilegt að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur. Hvað þýddi þetta þegar grannt var skoðað? Þetta þýddi að flugvél Landhelgisgæslunnar færi á þriggja ára fresti í skoðun hjá Flugleiðum á Keflavíkurflugvelli. Þess vegna töldu menn að eðlilegt væri að flytja alla Landhelgisgæsluna, flugflota og skipakost til Keflavíkur. Þetta eru ekki nokkur rök. Því þegar betur er að gáð skulu menn athuga að skip Landhelgisgæslunnar hafa legið um áratuga skeið í Reykjavíkurhöfn án nokkurs endurgjalds. Reykvíkingar hafa kostað sérstaka hafnargerð þar sem Landhelgisgæslan hefur aðstöðu. Í Keflavík þyrfti að byggja nýja aðstöðu með tilheyrandi hafnargerð fyrir hundruð milljóna króna.

Menn eru að tala um að flytja eigi ýmis fyrirtæki. Af hverju má þá ekki flytja nýja Siglingastofnun núna? Hún er komin til Kópavogs. Siglingastofnun hefur flutt til Kópavogs og hefur sameinast Vita- og hafnamálastofnun. Er það ekki flutningur í sjálfu sér úr Reykjavík? Er það ekki það sem menn eru að tala um? Að leggja ofurkapp á að ríkisfyrirtæki skuli flutt úr Reykjavík. Meginmálið, sem hv. þm. er hér hafa talað gleyma, er hverjir það eru sem þurfa að njóta þjónustunnar. Hverjir ætla að njóta þjónustunnar? Það er fólk sem kemur víðs vegar að af landsbyggðinni. Og hvað þá? Eru hv. þm. dreifbýlisins að leggja til að þeir aðilar sem þurfa að koma og leita eftir opinberri þjónustu þurfi að fara í alla landsfjórðunga til að fá upplýsingar eða þjónustu hjá þessum ríkifyrirtækjum?

[16:41]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki er það af umhyggju fyrir landsbyggðarbúum sem þessi ræða síðasta hv. ræðumanns var flutt heldur er þetta dæmigert þröngt kjördæmapot þingmanns af frekar óvanalegu tagi sem hins vegar skýtur alltaf upp kollinum þegar farið er að ræða um flutning ríkisfyrirtækja út á land. Hv. þm. segir: Af hverju var verið að leggja til að flytja Landhelgisgæsluna suður á Suðurnes? En hv. þm. hefur ekki velt fyrir sér sérstaklega af hverju var verið að staðsetja Landhelgisgæsluna í upphafi í Reykjavík? Þegar við förum í gegnum þennan lista yfir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, sem birtist í fjárlagafrv., vaknar

auðvitað þessi spurning: Hvers vegna í dauðanum voru þessi tilteknu fyrirtæki og ríkisstofnanir settar niður í Reykjavík? (**Gripið fram í:** Já, af hverju?) Ég er alveg sannfærður um það og veit að aldrei fór fram nokkur umræða um hvar ætti að staðsetja þessi fyrirtæki einfaldlega vegna þess að menn gengu alltaf út frá því að þegar verið væri að setja niður nýjar stjórnsýslustofnanir skyldu þær vera í landnámi Ingólfs og hvergi annars staðar. Þetta er umræða sem er gjörsamlega ólíðandi og er dæmigerð þegar menn festa sig í klyfjum vanans. Það sem við erum að reyna að gera, við sem erum að fitja upp á að menn reyni að hugsa þessa hluti upp á nýtt og marka sér einhverjar meginreglur, er nákvæmlega það að við spyrjum áleitinna spurninga og segjum: Getur þessi stofnun ekki allt eins átt heima einhvers staðar annars staðar en í Reykjavík? Það væri auðvitað hægt út af fyrir sig að taka almenna umræðu um Landhelgisgæsluna. (Gripið fram í.)

En ég nefndi líka í ræðu minni áðan að einkennilegt væri að jafnvel þegar verið væri að flytja stofnanir nánast milli bæjarhluta á höfuðborgarsvæðinu, og hafði ég þá m.a. í huga þessa Siglingastofnun, var mér kunnugt um að gerðar voru veikburða tilraunir til að gera það tortryggilegt að hún færi frá Hringbrautinni og suður í Kópavog. Það sýnir auðvitað hvað menn geta lotið lágt í þessari umræðu.

[16:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn líta ekki lægra í þessari röksemd en þá sem síðasti ræðumaður kom hér að. Hann talaði ekki um merg málsins. Það eru þeir aðilar sem þurfa að njóta þjónustu ríkisstofnana. Hann minntist ekki einu orði á hana. Ef engir aðilar eru til að leita eftir þjónustu þessara ríkisfyrirtækja hafa þau í sjálfu sér ekkert að gera. En ég veit og *ég hef heyrt á fólki sem býr vítt og breitt um landið að því* þykir ekki verra að koma til Reykjavíkur og geta á einum og sama stað leitað til þeirra þjónustufyrirtækja ríkisins sem það á erindi við en þurfa ekki, eins og ég sagði áðan, að fara vítt og breitt um landið til að elta uppi þjónustu einstakra ríkisfyrirtækja.

Þegar talað er um gervilausnir á flutningi Siglingastofnunar til Kópavogs, þá getur það vel verið. En væri það gerviflutningur og gerviröksemd að flytja t.d. Siglingastofnun út í Grímsey? Er það gerviröksemd? Af hverju ekki? Hvar ætla menn að marka línur í flutningi ríkisfyrirtækjanna? Hvar á að staðsetja þær? Á að gera það bara á Ísafirði eða bara á Akureyri og Egilsstöðum og Seyðisfirði eða hvað? Er Grímsey þá ekki alveg eins inni í myndinni? Þegar menn eru að tala um að hér séu gerviröksemdir finnst mér þeir koma aftan að sjálfum sér í málflutningnum. Það getur hins vegar vel verið að ýmis ríkisfyrirtæki eigi eftir að fæðast og eðlilegt sé að staðsetja þau úti á landi. En ég held þó að þróun og sá málflutningur sem verið hefur í mínum flokki og hv. 1. þm. Vestf., Einars K. Guðfinnssonar, hefur tekið þátt í hafi verið að bæta ekki við ríkisfyrirtækjum. Þess vegna finnst mér nú ein gerviröksemdin enn koma fram hjá honum þegar hann ætlar að fara að horfa til framtíðar og (Forseti hringir.) ef ný ríkisfyrirtæki verða til að þá verði þau staðsett úti á landi. En meginmálið er þetta: Það eru gerviröksemdir (Forseti hringir.) að gleyma þeim sem þjónustunnar þurfa að njóta.

[16:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem hv. þm. festi sig í er stundum kallað nauðhyggja. Hann telur að vegna þess að þróunin sé einhvern tímann á einn veg verði hún aldrei stöðvuð. Þess vegna telur hv. þm. það einhvers konar þjóðfélagslegt náttúrulögmál að fólk flytji hingað inn á þetta svæði og geti ekki annað. Hvers vegna ættu Reykvíkingar að fara frá Reykjavík, var spurt fyrr í umræðunni. Ætli einhver hluti skýringarinnar á búsetuflutningunum á landsbyggðinni sé ekki sú staðreynd að ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum hefur verið valinn staður hér á höfuðborgarsvæðinu? Hversu stór hluti af atvinnustarfseminni á þessu svæði er til kominn einmitt vegna þess? Hversu margir íbúar landsbyggðarinnar standa frammi fyrir ákvörðun sem þeir geta ekki annað en tekið þegar þeir velja sér búsetu í Reykjavík einfaldlega vegna þess að þjónustunni er allri fyrir komið hér. Menntunartækifærin eru hér. Atvinnutækifærin eru hér. Vegna þess að ríkið, stærsti vinnuveitandi landsins, hefur ákveðið að langsamlega stærsti hlutinn af atvinnutækifærunum skuli vera hér. Það er alveg hárrétt athugasemd hjá hv. þm. að stærsti hluti þjóðarinnar býr hér og m.a. af þessum ástæðum. Nú spyr ég hv. þm. að því hvort hann telji þá eðlilegt, vilji hann vera sjálfum sér samkvæmur, að flytja þær fáu ríkisstofnanir sem eru til úti á landi til Reykjavíkur. Ég nefni t.d. starfsemi eins og Skógræktina, veiðistjóraembættið og og ég man ekki eftir miklu fleiri fyrirtækjum í svipinn. En ég spyr hv. þm. hvort hann vilji hann marka þá (Forseti hringir.) stefnu að færa þessi ríkisfyrirtæki til baka til Reykjavíkur.

[16:48]

Útbýting þingskjala:

Skerðing bóta almannatrygginga, 38. mál, svar heilbrrh., þskj. 146.

Skerðing bótagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna fjármagnstekna, 52. mál, svar heilbrrh., þskj. 167.

Skerðing uppbótar vegna umönnunar- og lyfjakostnaðar til lífeyrisþega, 51. mál, svar heilbrrh., þskj. 148.

[16:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er flutt til þál. um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana hefur leitt af sér mjög fjörugar umræður um stöðu landsbyggðarinnar gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Ég vek athygli á því að í tillögunni felst ákveðin afstaða þingflokksins sem flytur hana og kemur fram í fyrstu setningu ályktunargreinarinnar en er hún svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta reglur um málsmeðferð við flutning ríkisstofnana milli landshluta.“ Það þýðir að það er skoðun flutningsmanna að flytja eigi ríkisstofnanir milli landshluta. Það er afdráttarlaus og óumdeild skoðun þingflokksins sem flytur tillöguna að þessa leið eigi menn að fara. Það eigi að dreifa valdinu, það eigi að snúa við þeirri öfugþróun sem verið hefur í gangi undanfarin ár. Ég tek undir þessa skoðun enda er ég einn af flutningsmönnum og bendi á að það er eðlilegt til að greiða fyrir þessu máli að menn setji sér almennar reglur um það hvernig eigi að standa að því. Þá er fyrst til þess að taka að menn þurfa að gera upp við sig á hvaða þáttum þær reglur eiga að taka sem setja á. Það er talið upp í tillögugreininni hvaða atriði það eru. En ég vek athygli á einu atriði sem hefur ekki komið fram enn og það er að ég legg mikla áherslu á að menn einangri ekki þetta mál við ríkisstofnanir og opinbera

starfsmenn. Fyrirtæki eru flutt á milli landsvæða og það er í öðrum atvinnugreinum en opinberum rekstri sem fyrirtæki eru flutt á milli byggðarlaga og landsvæða og það er eðlilegt og sjálfsagt að starfsfólk í þeim atvinnugreinum búi einnig við ákveðið öryggi í lagabúningi ef með þarf rétt eins og þeir sem starfa hjá hinu opinbera. Ég vek athygli á málsgrein á bls. 2 með greinargerðinni sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Segja má að hér sé um að ræða málefni sem varðað geti vinnumarkaðinn í heild og þörf sé á að skoða í víðara samhengi sem viðfangsefni kjarasamninga eða í löggjöf. Til dæmis er full ástæða til að setja almennar reglur sem tryggi frekar rétt verkafólks til sjós og lands, við þær aðstæður að skip eða kvóti er seldur frá því fyrirtæki sem það starfar við. Flutningsmönnum þykir rétt að skipta málinu í tvennt, annars vegar setja reglur gagnvart starfsemi ríkisins, eins og lagt er til hér, og hins vegar um aðra atvinnustarfsemi, sem huga þarf betur að."

Ég legg einmitt áherslu á þetta sjónarhorn, að menn gleymi því ekki í umræðunni um þennan afmarkaða þátt málsins, ríkisstofnanir og opinbera starfsmenn, að menn verða að huga að stöðu annarra fyrirtækja og annarra starfsmanna. Sem dæmi er nefnd réttarstaða þeirra sem starfa á sjó. Við þekkjum öll dæmi um það að togarar eru seldir á milli landshluta, frá einum stað til annars, og menn missa vinnuna ef þeir kjósa ekki að flytja með, þ.e. standi þeim það til boða. Mér þykir eðlilegt að menn setji reglur um þessa hluti rétt eins og menn setja reglur um flutning á ríkisstofnunum. Mér þykir hins vegar ekki eðlilegt að menn setji bara reglur um flutning á ríkisstofnunum en ekki reglur um flutning á öðrum störfum eins og þeim sem fylgja rekstri útgerða.

Þá vildi ég vekja athygli á að mér finnst oft og tíðum í umræðunni um staðsetningu ríkisstofnana gæta töluverðrar þröngsýni af hálfu þeirra sem horfa á málið héðan af höfuðborgarsvæðinu. Þeim finnst mikil firn ef það eigi að flytja stofnun af Laugaveginum yfir á annan veg rétt hjá, jafnvel þó að sá vegur sé í öðru sveitarfélagi. Ég segi fyrir mitt leyti og skírskota þá til umræðunnar um Landmælingar Íslands að mér þykir ekki ástæða til að þessi þáttill. nái til þeirrar ákvörðunar vegna þess að um er að ræða sama atvinnusvæði við Faxaflóann. Ég tel enga ástæðu til að setja sérstakar reglur um flutning ríkisstofnunar frá Laugaveginum í Reykjavík til Keflavíkur eða Akraness eða Seltjarnarness. Þetta er eitt og hið sama svæði og flutningur stofnana þar á milli þarf ekki að lúta neinum sérstökum reglum. Þetta er eitt atvinnusvæði þar sem menn geta búið nánast hvar sem er á því og unnið hvar sem er á því. Menn mega ekki verða svo rígbundnir við hreppamörk eins og mér finnst oft gæta í máli þeirra sem búa í Reykjavík að líta svo á að allt það sem er utan Reykjavíkur sé langt í burtu. Þetta vildi ég árétta líka, herra forseti, og hvetja þingheim til þess að sýna meiri víðsýni í þessum efnum, einkum þá sem tala gegn ákvörðun hæstv. umhvrh. um flutning á Landmælingum Íslands. Ég hef lýst yfir stuðningi við þá ákvörðun og ítreka það hér. Hugsanlega má gagnrýna aðdraganda þeirrar ákvörðunar en að mínu viti er ekki hægt að gagnrýna ákvörðunina sjálfa. Hún var hárrétt. Þær reglur sem menn kunna að vilja setja verða að mínu mati að vera mjög skýrar og einfaldar. Þær verða að vera þannig úr garði gerðar að jafnræðis sé gætt eins og kostur er á milli starfsmanna hins opinbera og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Ég tel að draga verði úr þeim mun sem menn hafa búið til á milli launafólks í þessu efni. Ég sé ekki í fljótu bragði að þörf sé á öðrum reglum að sinni en þeim að stjórnvöld taki ákvörðunina að yfirlögðu ráði og tilkynni hana með góðum fyrirvara. Nákvæmlega það var gert varðandi Landmælingar Íslands og því tel ég að þar hafi verið alveg nægjanlega vel að málum staðið og ekki ástæða til að bera sig illa undan henni. Menn kunna að vera ósammála ákvörðuninni en það er annað mál. Hún verður ekki gagnrýnd á þeim forsendum að skort hafi á í undirbúningi.

Ég vil svo, herra forseti, segja það að lokum að hér hafa farið fram umræður um þriðja stjórnsýslustigið sem er eðlilegt því það er víðast hvar til erlendis og er nauðsynlegt að setja það upp til að dreifa valdinu. Málið snýst nákvæmlega um það að dreifa valdinu.

[16:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég fagna fram kominni tillögu um flutning ríkisstofnana. Ég vil þó segja að mér finnst umræðurnar bera vott um það sem ég hef haldið fram lengi og hef sannfærst um það enn þá frekar í dag að íslensk stjórnsýsla er heltekin af miðstýringaráráttu og hefur verið um áratuga skeið. Auðvitað eru tilhneigingar til þess að færa út aftur, það er bara afleiðing af því sem hefur farið ranglega í tímans rás og þess vegna hljótum við að fara dýpra ofan í þessi mál og tala ekki bara um Landmælingar Íslands heldur að fara í aðferðafræði. Ég fagna þessari tillögu vegna þess að ég held að það hafi verið svo rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að við verðum að horfa á Ísland í nýju ljósi. Það er 1996 og ekki er þörf á því að vera með þvílíka miðstýringu sem hér ríkir og við verðum að brjóta hana upp.

Þessi viðbrögð við því að flytja ríkisstofnanir út á land, almennt séð, verða til þess að menn horfa kannski ekki fram á við og setja hlutina ekki í samhengi. Það er fyrst og fremst ástæða til þess eins og hefur komið fram hjá fleirum að athuga þessar ríkisstofnanir og sjá til hvernig væri kannski hægt að koma þeim fyrir öðruvísi og hvernig væri hægt að veita þjónustu þeirra og reka starfsemi þeirra á annan hátt. En sú umræða fer aldrei fram vegna þess að frá miðstýrðu kerfi er flutningur ríkisstofnana út á land pólitísk aðgerð, ég er sammála því eins og hér hefur komið fram. Menn verða ánægðir, ég fæ þessa stofnun til mín, sjö ný störf, leigu á húsnæði. Þetta er á allt of lágu plani. Við verðum að fara í umræðuna í miklu víðara samhengi og þetta varðar stjórnsýsluna alla. Það er hlutverk þingsins. Það er ekki hlutverk okkar hér og það er dæmigert fyrir þetta miðstýrða kerfi að menn fara í hár milli kjördæma hver fær í þetta skiptið og hver fær ekki. Umræða verður að fara fram um stjórnsýsluna á öllum stigum. Hvernig ætlum við að deila út völdum og hvernig ætlum að reka nýtísku, nýmóðins samfélag. „Central"-stýrt kerfi sem flytur kansellíið frá Kaupmannahöfn og byggir á miðstýringu gerir það að verkum að þjóðin getur ekki efnast og við erum að súpa seyðið af slíku. Það tók Nígeríumenn 20 ár að eyðileggja innviði landsins eftir að þeir fluttu sína stjórnsýslu frá London til Lagos eins og við vitum. En þjóð okkar er blessunarlega betur menntuð þannig að enn um stund höfum við í okkur og á.

En þessi umræða verður að fara fram, eins og ég segi, hér í þinginu. Hvers vegna t.d. á að vera Vegagerð ríkisins? Ég nefni hana bara sem dæmi. Við hliðina á Vegagerð ríkisins á Akureyri er tæknideild bæjarins sem er fullfær um að byggja brú, við hliðina á Vegagerð ríkisins sem byggir brú á sömu á.

Af hverju ekki að skoða þetta í nýju ljósi og deila út völdum og verkefnum á raunhæfan hátt með minnkun á umsvifum þessa miðstýrða kerfis sem hér er. Það er mergurinn málsins og það er hlutverk þingsins að fara í þessi mál neðan frá, veita þjónustu heima fyrir. Gera það að verkum að menn geti unnið að þessum málum heima fyrir. Okkar verkfræðingar hjá Akureyrarbæ t.d., úr því ég nefndi Vegagerð ríkisins, eru alveg jafngóðir og verkfræðingar Vegagerðar ríkisins. Þeir vinna meira segja saman. Hvað með skipulagsmál? Vilja menn áfram hafa Skipulag ríkisins sem skipuleggur hér um bil um allt land? Ég fullyrði að svæðisbundnar skipulagsstofur eru fullfærar um að fara eftir skipulagslögum sem hér eru sett og e.t.v., svo ég nefni dæmi sem ég þekki, er ekkert mál fyrir skipulagsstofu Akureyrar að umbreyta sér í skipulagsstofu Eyjafjarðarsvæðis eða Norðurlands eystra. Af hverju ekki? Þarna erum við að tala um grunnbreytingar sem gera það að verkum að menn fá störf heima fyrir og hafa ábyrgð á því sem þeir eru að gera í daglega lífinu. En þetta vill þessi stofnun greinilega ekki. Hún vill hafa þessi völd og þessi áhrif og deila út og það verður til þess að menn koma alltaf að vestan og norðan og af Norðurlandi eystra og austan til þess að fá þjónustu. Þetta er óheilbrigt kerfi og ofan af þessu verður að vinda. Þess vegna lýsi ég eftir umræðum um aðferðafræði, miklu frekar heldur en að rífast svona og tosast um einstakar stofnanir eða einstaka mál. Þetta er miklu, miklu stærra dæmi.

Ég ætla aðeins að koma inn á þriðja stjórnsýslustigið af því minnst var á það. Það er algjörlega nauðsynlegt ef vilji er fyrir því hér að ná sameiningu sveitarfélaga. Þriðja stjórnsýslustigið var þessi samnefnari sem hægt var að koma á til að fá raunhæfa sameiningu þó að innan svæðisins væru margir hreppar. Og þeir sem þekkja til þessara mála vita vel að regnhlíf þriðja stjórnsýslustigsins yfir heilu héruðin hefði haft öll mikilvægustu málin. En þetta vildu menn ekkert fara í hér. Þeir vildu ekkert skoða þessi mál. Kannski er það vegna þess að menn er algjörlega fastir í miðstýringu og vilja ekki gefa frá sér völdin. Ef við getum ekki horft fram á nýja öld með grundvallarbreytingum á leikreglum þá efnumst við ekki. Þetta eru mín skilaboð til þingsins. Þjóðin getur ekki efnast ef hér á eina ferðina enn, með auknum framkvæmdum t.d., að stunda fólksflutninga í þúsundavís þar sem fjárfesting til grunnþarfa skiptir milljörðum. Það er ekki hægt. Við sjáum bjart fram undan ef við förum í grunnvinnu og ég krefst þess að þingið fari í aðferðafræðilega grunnvinnu.

[17:04]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú till. sem hér er til þál. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Tillaga til þingsályktunar um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana.“ Hér er ekki verið að slá því föstu að stofnanir verði fluttar. Ekki legg ég þann skilning í málið. Heldur hitt að ef þær verði fluttar eigi sér ákveðin vinnurás stað áður. Ég vil taka undir þetta vegna þess að það er hægt að standa þannig að flutningi ríkisstofnana að hreinlega verði komið óorði á það að fara í flutning á ríkisstofnunum, t.d. ef þær eru fluttar á þeim forsendum að ráðherra sem vill beita einhverjum tyftunaraðgerðum til að siða ákveðna stofnun til og stjórnanda hennar tilkynnir að hún verði bara flutt. Og það er eins og ég hugsi örlítið til fyrrv. umhvrh. þegar ég leiði hugann að þessu. Flutningur ríkisstofnana á ekki að fara eftir því hvort einhver þingmaður eða einhver ráðherra hefur áhuga á því að færa sig um set og fara í framboð annars staðar og flytja með sér heila stofnun í forgjöf inn á það svæði. Auðvitað verða að vera einhverjar vitsmunalegar reglur í þessum efnum og ég tel að það sem hér er sett fram sé allt til bóta í þeim efnum. En ég vil bæta því við, af því menn tala svo mikið um stækkun sveitarfélaganna og að hún sé lausnin á þessum vanda öllum — ég kalla það vanda ef íslensk þjóð þjappast svo mikið saman búsetulega séð að aðeins lítill hluti landsins verði byggður — þá finnst mér að við séum að gera efnahagslega vitleysu. Ég tel að róleg umræða um þetta þurfi að fara fram sem skiptir þjóðinni ekki í tvo flokka eftir því hvort menn búi úti á landi eða í Reykjavík. Það er ekki sakarefni að búa í Reykjavík og það er ekki sakarefni að búa úti á landi. Það er algjörlega út í hött að setja það þannig upp. Það sem við þurfum að átta okkur á er m.a. hvort við viljum hafa aðeins eina borg í landinu sem yrði þá eina borg landsins og vissulega yrði hún fjölmennari fyrst í stað en sú borg sem nú höfuðborg landsins. En þegar frá líði er hætt við því að afleiðingin af því tiltæki yrði sú að með því að þurrka út upplandið sem hverri höfuðborg er nauðsyn ef hún á að eflast, landið á bak við hana, þá biði hennar þau örlög að tapa sjálfstæði sínu og landið mundi að sjálfsögðu tapa sjálfstæði sínu um leið. Það eru hin almennu örlög borgríkja. Og því miður stefnir í það hjá okkur mjög ört að við lendum í þessari stöðu.

Ég tel þess vegna að menn þurfi að átta sig á því og gera það upp við sig, hvar sem þeir búa í þessu landi, hvort vegur Reykjavíkur er meiri að vera höfuðborg landsins eða vera eina borg landsins. Þar skilur á milli í mínum skoðunum og margra annarra. Ég tel að það sé meiri vegur fyrir Reykjavík, horft til framtíðar, að hún verði höfuðborg landsins. Þess vegna má ég ekki til þess hugsa að hún lendi í þeirri stöðu að upplandið sem í dag styrkir hana með aðflutningi margra mætra þegna verði af henni tekið og gert að eyðibyggðum. Menn geta sagt sem svo: Það er nóg að sameina sveitarfélögin og stækka þau. Ef þetta er svona mikil lausn hvers vegna eru menn þá ekki búnir að sameina Seltjarnarnes og Reykjavík? Er það ekki nærtækast? Eru einhver landfræðileg mörk sem mæla gegn því að það sé gert? Ég er aldrei viss þegar ég er á ferðalagi um hluta þessa svæðis hvort ég er í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi ef ég fer Ægissíðumegin út á nesið. Ég er aldrei viss. Auðvitað er erfitt að játa slíka vanþekkingu. Spurningin er aftur á móti: Yrði það lýðræðisleg framför að segja þeim á Seltjarnarnesi að þeir ættu að vera hluti af Reykjavík? Ég segi nei. Það væri ekki lýðræðisleg framför. Það væri lýðræðisleg afturför vegna þess að þá værum við að flytja hina kjörnu fulltrúa burt frá fólkinu. Alveg eins hefði ég talið mjög æskilegt að Reykjavík þróaðist stjórnsýslulega eins og London t.d., þ.e. að hin ákveðnu svæði fengju sína yfirstjórn en svo yrði auðvitað miðstýrt vald yfir höfuðborgarsvæðinu sem heild. Þannig hef ég hugsað mér þriðja stjórnsýslustigið á þessu höfuðborgarsvæði. Það mundi ná yfir Seltjarnarnes, Kópavog, Hafnarfjörð allt að Straumi og upp í Hvalfjörð. Ég held að það yrði stjórnsýsluleg framför ef þetta væri gert. Þá mætti m.a. treysta því að vegir pössuðu saman á milli sveitarfélaga sem manni virðist stundum að hafi verið ágreiningur um á þessu svæði.

En alveg eins og við værum í lýðræðislegri afturför á höfuðborgarsvæðinu gæti okkur farið lýðræðislega aftur úti á landi ef við stækkum sveitarfélögin það mikið landfræðilega að hinn almenni maður á vissum svæðum finnst raunverulega að hann tilheyri ekki þessu svæði. Honum

finnst raunverulega ekki skipta máli hvort hann tekur þátt í sveitarstjórnarkosningum eða ekki. Ég tala nú ekki um að firringin sé jafnmikil og þegar kosið er til Evrópuþingsins í Evrópu sem er vissulega áhyggjuefni fyrir lýðræðið, enda má segja að þeir séu komnir með ráðinn forseta. Hann er ekki kosinn. Framkvæmdastjóri Evrópusambandsins er ráðinn til starfa.

Það var skorað á mig að flytja ræðu um þriðja stjórnsýslustigið en sá sem skoraði á mig er horfinn úr salnum. Ég er eiginlega sannfærður um að þó ég flytti nú ræðu hér í trássi við öll þingsköp í svona tvo tíma, tækist mér ekki að sannfæra viðkomandi þingmann vegna þess að leiðin til þekkingarinnar liggur ekki í gegnum einhvern ræðuflutning frá ákveðnum aðila til annars (Forseti hringir.) heldur það að sá sem hefur áhuga á að kynna sér viðkomandi verkefni reyni að afla sér upplýsinga, t.d um það hvers vegna Norðurlandaþjóðirnar skyldu vera að álpast með þetta þriðja stjórnsýslustig. Af hverju eru þessar greindu (Forseti hringir.) og vel menntuðu þjóðir ekki búnar að leggja það niður og spara sér kostnað?

[17:13]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Sú þáltill. sem er til umræðu í dag fjallar, eins og hér var getið réttilega áðan, um undirbúning vegna flutnings ríkisstofnana. Tillagan felur í sér að settar verði reglur sem m.a. taki á þeim þætti sem lýtur að aðstöðu til að stofna til starfsemi eða setja á laggirnar stofnun í nýju umhverfi. Þessi fyrsti liður tillögunnar er athyglisverður og það einkum og sér í lagi í ljósi þess hvernig byggðaþróun hefur orðið á Íslandi.

Ef við lítum til nágrannalanda okkar getum við sagt með sanni að mjög erfitt sé að bera byggðaþróun á Íslandi saman við nágrannalöndin. Í fyrsta lagi eru ekki mörg þjóðríki eins fámenn og Ísland. Það er fyrsta staðreyndin og þar af leiðandi finnum við ekki hér á landi mörg bæjar- eða borgarsamfélög. Það er raunar aðeins eitt borgarsamfélag hér og það af smærri gerðinni. Og þær aðstæður sem bjóða upp á umhverfi fyrir ríkisstofnanir eru því í flestum tilfellum eingöngu í Reykjavík.

Sú hefur aftur á móti orðið þróunin í öðrum ríkjum Evrópu sem eru fjölmennari jafnvel þó smáríki séu að þar hefur ekki þróast þetta byggðamynstur sem hér hefur orðið. Ef við tökum sem dæmi lönd eins og Holland þá er höfuðborgin og aðalstjórnarsetur ekki sama borgin. Ef við tökum t.d. land eins og Frakkland, sem er að vísu í hópi stærri Evrópuríkja, þá hafa ríkisstofnanir, þar á meðal rannsóknarstofnanir, verið settar vísvitandi út um allt land. Þetta er ekki eingöngu gert til þess að vinna gegn aldalangri samþjöppun valds í París heldur er þetta gert af efnahagsástæðum. Það er talið ýta undir eðlilegri og hraðari efnahagslega þróun í Frakklandi að styrkja efnahagsstarfsemi og sérstaklega rannsóknarstarfsemi utan höfuðborgarinnar með þeim nánu tengslum sem eru á milli efnahags- og rannsóknarstarfseminnar og hrinda þannig af stað örari þróun í efnahagsmálum en ella yrði.

Hér á Íslandi hefur þróunin orðið sú á 20. öld að jarðvegur fyrir ríkisstofnanir er nánast eingöngu til í Reykjavík ef menn líta á þann þáttinn einan. Það er mjög erfitt að finna rök fyrir því að flytja stofnanir út á land ef menn einblína á þá aðstöðu sem er í hinu nýja umhverfi. Ef menn hefðu það alltaf að viðmiðunarefni að flytja eða setja á laggirnar stofnanir eingöngu þar sem þær hafa eðlilegustu starfsaðstöðuna þá yrðu engar stofnanir settar annars staðar en í Reykjavík. Svo einfalt er það. Það er hins vegar mikill misskilningur ef menn ímynda sér að ef byggðar eru upp stofnanir eða þjónusta út á landi þá vilji fólk ekki setjast þar að til að stunda þau störf. Að þessu leyti til er reynslan af Háskólanum á Akureyri mjög táknræn. Ekki var með góðu móti hægt að segja að hæfir aðilar væru fjölmennir á Akureyri til að taka að sér að stunda þau störf sem háskólinn byggðist á þó að þar væri vissulega að finna talsverðan mannafla sem gat sinnt þessum störfum. Það er rétt að geta þess að það var gerð skrá yfir þá sem kæmu til greina sem kennarar og sú skrá var athyglisverð. Engu að síður var það meginstaðreyndin í sambandi við stofnun Hásólans á Akureyri að mannaflinn kom þangað. Hann kom á staðinn þegar verkefnið var orðið til. Þannig er það einnig með fjölmörg verkefni sem við getum flutt út á land, stór og smá, að flutningurinn er forsenda fyrir því að aðstaðan verði til.

Ég vil þess vegna vara við því að leggja svo mikið upp úr a-lið þingmálsins vegna þess að hann beinir allri umræðunni inn á mjög hættulegar brautir þegar tekið er tillit til þeirrar byggðaþróunar sem hér hefur átt sér stað. Við megum ekki gleyma því að þróun íslensks samfélags er einstæð í Evrópu. Hún ýtir undir eins konar vítahring í þessum efnum. Af því að á þessu landshorni eru flestir íbúar landsins, hér er samþjöppuð mest þekking þá líta menn svo á að hvergi sé hægt að gera nokkurn skapaðan hlut nema í Reykjavík og hafa til þess gild rök. Þau rök sem ganga gegn þessum aðstöðumun eru fyrst og fremst pólitísk, þ.e. að menn segi skýrt og skorinort: Þessi þróun sem nú á sér stað og hefur átt sér stað undanfarið, sem beinir öllum kröftum þjóðfélagsins til Reykjavíkur, er óheillavænleg. Það er stjórnmálamannanna að taka á þessari þróun og breyta stefnunni. Það er kannski fyrst og fremst það sem hefur skort að menn hafi viljað taka eðlilega á þessu.

Fyrir til þess að gera fáum árum var sett fram hugmynd um flutning ríkisstofnana út á land. Að sumu leyti átti sú hugmynd erfitt uppdráttar vegna þess að þá var atvinnuástand í Reykjavík erfitt. Það batnaði ekki næstu tvö árin eftir að þessi skýrsla var birt. Nú eru hins vegar aðrir tímar. Það er fyrirsjáanlegt að í undirbúningi er veruleg fjárfesting hér á suðvesturhorninu þannig að nú er tími kominn til þess að menn geri það upp við sig hvort þeir vilja í raun og veru vinna að því að vinda ofan af þessari þróun sem eins og ég sagði áðan er orðin vítahringur og mun í fyllingu tímans verða mjög skaðleg fyrir íslenskt samfélag.

[17:21]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þáltill. okkar alþýðubandalagsmanna. Margt athyglisvert hefur komið fram. Umræðan hefur kannski að nokkru snúist um annað en efni tillögunnar þó að hún gefi auðvitað tilefni til þess að menn ræði um reynslu af flutningi ríkisstofnana hingað til og er ekkert óeðlilegt að það komi með inn í þessa umræðu.

Eins og menn hafa tekið eftir og ýmsir ræðumenn hafa fjallað um er þessi tillaga um að markaðar verði reglur og skýrari aðferðir í aðdraganda þess að ákvarðanir séu teknar um tilfærslu á ríkisstarfseminni. Það er sem sagt meginefni málsins. Mér finnst mjög ánægjulegt að heyra að það séu undirtektir við það að reyna að draga skýrari línur en verið hefur. Það hefur kannski skort mjög tilfinnanlega á það til

þess að ná meiri sátt um aðgerðir þegar í þær er ráðist og pólitískur vilji er til staðar. Ef það verður niðurstaðan af þessu máli við skoðun í þingnefnd, og það er hv. allsh. þingsins sem ég legg til að fái tillöguna til meðferðar, þá er mikið fengið að mati okkar flm.

Ég tel að einmitt litið til reynslunnar sé alveg ljóst að það þarf talsvert mikið að breytast að því er varðar viljann, pólitískan vilja, en einnig vinnubrögð til þess að það verði brotið í blað í sambandi við þessi mál og tekið stærra á í þessum efnum í þokkalegri sátt við fólk, óháð því hvar það er búsett. *Ég tek undir með þeim hv. þm. sem hér hafa talað*, og hafa einmitt lagt áherslu á það, að hér er ekki einvörðungu um staðbundið eða svæðisbundið vandamál að ræða, langt frá því, þ.e. samsöfnun ríkiskerfisins hér í höfuðborginni og starfsmanna þess, heldur er þetta vandamál þjóðarinnar allrar, þar á meðal höfuðborgar okkar. Ég deili áhyggjum með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sem mælti hér varnaðarorð í því skyni: Hver eru örlög höfuðborgar án lands, án baklands eða upplands? Það er mjög eðlilegt að þeirri spurningu sé varpað fram í umræðu sem þessari.

Ég vek athygli á því að það hefur gengið nokkuð þunglega þegar menn hafa ráðist í að færa ríkisstofnanir sem hafa haft aðsetur hér í höfuðborginni út til tiltekinna svæða. T.d. á hæstv. umhvrh. í verulegum erfiðleikum í framhaldi af ákvörðun sinni um að flytja Landmælingar ríkisins upp á Akranes. Ég hef áhyggjur af því að slíkar deildar meiningar um flutning ríkisstofnana geti leitt til þess að draga úr árangri á þessu sviði. En úr því verði hins vegar hægt að draga með skýrum og skilmerkilegum reglum. Þess vegna set ég fram þær hugmyndir að menn leggi meiri áherslu á það að skipta upp ríkisstarfseminni þannig að færð séu út verkefni sem eru þjónusta við fólkið á tilteknum svæðum. Þar er af nógu að taka: heilbrigðismál, húsnæðismál, menntamál o.s.frv. Fjölmarga þætti, sem falla til í öllum kjördæmum landsins, má til nefna sem eðlilegt er að skipulega séu færðir nær fólkinu. Og við talsmenn nýs stjórnsýslustigs höfum bent á hvaða kostur það væri að hafa slíka skýra skiptingu landsins til staðar til þess að ná skilmerkilegri árangri í svona tilfærslu. Ég tel að það sé miklu líklegra til árangurs með tiltölulega skjótum hætti ef menn byndust samtökum um aðferðafræði af þessum toga og reyndu að ná árangri þannig.

Menn skulu taka eftir því, virðulegur forseti, að þegar um hefur verið að ræða slíka svæðisbundna uppbyggingu þá hafa ekki orðið neinar teljandi stimpingar af þeim sökum eða vandræði, m.a. að fá fólk til starfa, vegna þess að það er ekki verið að rífa upp starfsemi sem fyrir er og færa hana til ásamt þeim mannafla sem því fylgir heldur er verið að hlúa að nýjum vaxtarsprotum. Auðvitað getur fylgt slíku að það dragi úr þörf fyrir starfsemi hér í höfuðborginni og það mun til lengri tíma litið óhjákvæmilega leiða til þess, ef menn ná sátt um slíka svæðisbundna skiptingu, að fólki fækki hér. En slíkt er hægt að gera skipulega og með mildari hætti heldur en þegar um það er að ræða að setja mönnum þá kosti að annaðhvort flytji þeir með viðkomandi stofnun eða er sagt upp störfum.

Það er hægt að fara margar leiðir í þessum efnum, t.d. þá að viðbótarstarfsemi á vegum ríkisins, að viðbótarstörf sem nauðsynleg eru talin, séu færð út á svæðin. Á þetta hefur verið minnst sem möguleika af ýmsum, t.d. þingmönnum úr öllum flokkum. Ég minnist ummæla sem hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, viðhafði í spjalli ekki alls fyrir löngu um þetta efni. Ég nefni það vegna þess að hann tók þátt í umræðunni. Ég tek undir það að þetta eiga menn að skoða vel og vandlega vegna þess að þar eru örðugleikarnir, þar eru hindranirnar ekki jafnsjálfgefnar eins og koma upp í sambandi við það að færa til heilar stofnanir úr sínu umhverfi, grónu umhverfi oft á tíðum ef þær hafa verið um langt skeið. Hitt er svo annað mál að það ber engan veginn að útiloka slíkt og alveg sérstaklega ber að nota færin þegar um er að ræða *nýja starfsemi, nýjar stofnanir* að velja þeim stað utan höfuðborgarsvæðisins. Það er gífurlega þýðingarmikið, og mætti fara um það mörgum orðum, að fá til starfa fólk bæði með þekkingu og sérþekkingu út í það sem við köllum hinar dreifðu byggðir landsins, hvort sem um væri að ræða nokkur þúsund manna byggðarlag eða fámennara sem fengi slíka blóðgjöf sem það er að fá ný verkefni af öðrum toga en hið oft því miður tiltölulega fábreytta atvinnulíf sem er hjá okkur víða úti um land og öðlast aukinn styrk við það að fá fjölbreytni í næsta nágrenni.

Ég hvet sem sagt eindregið til þess að menn skoði allar leiðir í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar að því betur sem hægt er að halda á þessum málum gagnvart því fólki sem er í störfum og í hlut á þeim mun meiri árangri í heild er líklegt að við náum. Það er ekkert gamanmál að þurfa að efna til deilna, ófriðar í kringum sérhæfða starfsemi. Það er ekkert gamanmál. Það er hætt við því að það bitni a.m.k. tímabundið á viðkomandi starfsemi. Og ef unnt er að komast hjá því með skýrum leikreglum og mildandi aðferðum sem liggi fyrir þegar kemur að því að taka ákvörðun því betra, þeim mun meiri líkur eru á því að viðkomandi ákvörðun fái staðist og leiði til farsællar niðurstöðu.

Þegar ég var að líta á *þessi mál og móta þessa tillögu* fyrir síðasta þing þegar hún kom fram þá leit ég auðvitað m.a. á það sem er gert í grannlöndum. Ég vil nefna sem *dæmi undirbúning að flutningi norsku* Norðurslóðastofnunarinnar, Norsk Polarinstitutt, frá Ósló til Tromsö en þangað á að flytja stofnunina, mig minnir að sá flutningur eigi að vera um garð genginn 1. janúar 1998, hef það þó ekki nákvæmlega fyrir mér, alla vega með rúmum aðdraganda því ákvörðunin mun hafa verið tekin 1994 um þetta efni. Þá lá fyrir skýr samningur milli aðila, ríkisins og viðkomandi ráðuneytis og viðkomandi starfsmannafélaga, fulltrúa viðkomandi starfsmanna, um það á hvaða forsendum þetta væri gert að því er varðaði þá og þeirra hagsmuni. Þennan samning hef ég hér fyrir framan mig sem heitir í yfirskrift Avtale om personellmessige forhold ved flytning af Norsk Polarinstitutt til Tromsø. Þetta er samningur sem er gerður við ekki bara eitt fagfélag heldur mörg stéttarfélög fólks sem starfar við viðkomandi stofnun sem á að flytja í nýtt umhverfi. Þetta er dæmi um leikreglur sem hér þurfa að verða til fyrr en seinna. Það sama gildir um lífeyrismálefni m.a., en hjá Norðmönnum liggja fyrir skýrar reglur að þessu leyti sem við getum vel litið til, og einnig um biðlaunarétt, *ef menn ekki flytja með stofnun*, þar sem um er að ræða það sem Norðmennirnir kalla forgöngurétt eða fortrinnsrett til ny stilling og ventelønn eins og það heitir á norskunni, þ.e. biðlaun og forgangur til nýrra starfa á vegum ríkisins ef um er að ræða flutning á ríkisstarfsemi. Allt þetta getur létt stórlega undir fæti í sambandi við það sem hér er um að ræða til að menn nái þeim pólitísku markmiðum sem verið er að framfylgja eða sækjast eftir.

Ég tek líka undir það sem hér kom fram í umræðunni og nefnt var af hv. 5. þm. Norðurl. e., en hann tók dæmi af Háskólanum á Akureyri. Það er lýsandi dæmi um það hvernig

tekst að koma fótum undir nýja ríkisstofnun sem ekki var á því stigi sem ákvörðunin var tekin að koma í staðinn fyrir einhverja aðra eða keppa við einhverja aðra stofnun þó að því miður hafi nokkrar ýfingar orðið á milli þeirra stofnana sem fyrir voru á sama sviði en það er önnur saga. Þetta held ég einmitt að renni stoðum undir þann málflutning sem hér hefur verið uppi hafður og ég vil þakka hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni fyrir ágætt innlegg í umræðuna en hann er í hópi þeirra sem að hafa frá sínum heimavettvangi verið að reyna að ýta að Alþingi Íslendinga m.a. hugmyndum um hina svæðisbundnu stjórnun og styrkingu byggðar með því að deila upp ríkiskerfinu og færa þjónustu nær umbjóðendum, nær fólkinu.

Varðandi það sem sagt hefur verið um sveitarfélögin í tengslum við þetta mál þá er þar um að ræða annað mál að vissu leyti um ýmsa möguleika sem eru á að færa verkefni milli stjórnsýslustiga ríkis og sveitarfélaga. Hins vegar kemur það að mínu mati ekki í staðinn fyrir það sem hér hefur verið mest rætt um, þ.e. að ríkið færi hluta af sinni starfsemi og haldi henni sem ríkisstarfsemi út svæðisbundið með skipulegum hætti því seint verða sveitarfélögin færð svo út og stækkuð það mikið að þau komi í staðinn fyrir svæðisbundna skipan þessara mála í stærri landfræðilegum ramma en skynsamlegt er að þenja út sveitarfélögin.

Ég ítreka, virðulegur forseti, þakkir mínar til þátttakenda í umræðunni fyrir það sem fram hefur komið og legg áherslu á að hér er um að ræða viðleitni til að fá mótaðar almennar reglur til að ná meiri árangri heldur en orðið hefur á langri tíð í sambandi við flutning á verkefnum ríkisins út til landshlutanna.

[17:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér vannst ekki tími til þess áðan í fyrri ræðu minni að fjalla um þriðja stjórnsýslustigið og það í samhengi við flutning ríkisstofnana og hlutverk ríkisins og starfsemi þess. Ég vil benda á að það eru ekki andstæður að dreifa starfsemi ríkisins um landið annars vegar og þriðja stjórnsýslustigið hins vegar. Með öðrum orðum tel ég ekki að menn eigi að gera annað og láta hitt vera. Mín skoðun er sú að menn eigi að gera hvort tveggja, menn eiga bæði að haga og skipuleggja starfsemi ríkisvaldisins þannig að hún sé sæmilega dreifð um landið og menn eiga einnig að koma upp þriðja stjórnsýslustiginu. Það eru nefnilega ekki sömu hlutirnir uppi á borðinu þegar við erum að tala um þriðja stjórnsýslustigið sem er vald heima í héraði, sem mönnum þar, kosnum eftir lýðræðislegum leikreglum, er falið samkvæmt lögum, og þeir fara með það vald og leysa úr þeim verkefnum sem þeim eru falin með þeim lögum. Það er þriðja stjórnsýslustigið. En ríkisstofnanir eða ríkisstarfsemi í einstökum byggðarlögum úti um land er ekki það sama. Því það er starfsemi á vegum ríkisins og undir stjórn miðstjórnarvaldsins hér í Reykjavík, þar sem þeir sem starfa við að inna af hendi einstaka þætti í starfsemi ríkisins lúta valdi hinna sem yfir þá eru settir og eru hér í Reykjavík. Það er nefnilega tvennt ólíkt.

Reynslan kennir okkur það að starfsemin hefur tilhneigingu til að verða þar sem ákvörðunarvaldið er. Stofnanirnar stækka þar sem ákvörðunarvaldið er, þær stækka ekki á öðrum stöðum. Þeir sem hafa ráðið hér um hvernig ríkisbúskapurinn hefur þróast á undanförnum áratugum hafa byggt hann upp þar sem þeir sjálfir hafa búið og starfað en ekki þar sem einhverjir aðrir hafa búið. Ég hygg að það verði ákaflega erfitt að breyta því nema að nota þessa aðferð þannig að fela öðrum ákvörðunarvald þar sem þeir búa annars staðar. Þá byggja þeir upp starfsemi þar sem þeir eru undir þau verkefni sem þeim eru falin af því þeir taka ákvörðunina en ekki aðrir sem eru hér við miðstjórnarvaldið. Þetta vildi ég leggja áherslu á.

Ég get nefnt sem dæmi um fremur hraklega reynslu af því að hafa ákvörðunarvaldið hér í miðstýrðri ríkisstofnun en setja upp starfsemi úti á landi út frá þeirri ríkisstofnun. Þar á ég við Ríkisútvarpið. Til þess að dreifa starfsemi þeirrar stofnunar út á land hafa menn ákveðið að setja upp svæðisútvörp á þremur stöðum á landinu. Svæðisútvörp sem starfa auðvitað undir stjórn yfirstjórnar Ríkisútvarpsins. Og hvert er hlutverk svæðisútvarpsins í dag? Það er ekkert annað en að segja fréttir af staðbundnum svæðum, af málefnum sem gerast einvörðungu á ákveðnum svæðum og annars staðar helst ekki. Það er ákaflega fátítt að þeim sem sjá um svæðisútvörpin sé falið það verkefni að fjalla um einstök þjóðmál út frá sínum sjóndeildarhring og sínum viðhorfum og varpa sinni sýn á þau mál. Það er vegna þess að þeir sem stýra þessum málum, fréttastofan, er hér í Reykjavík, hún vill gera þessa hluti sjálf út frá sínum viðhorfum. Þess vegna fáum við umfjöllun margra þjóðmála á þann veg að þau eru skýrð af mönnum með þessi viðhorf hér úr miðstjórnarvaldinu. Ég nefni sem dæmi umræðuna um veiðileyfagjald. Ætli sú umræða hefði ekki verið eitthvað öðruvísi ef þeim sem starfa á svæðisútvörpum hefði verið leyft að fjalla um það mál, búa til fréttaefni um það málefni, kalla til viðtals menn og fjalla um það á sínum stöðum og útvarpa því yfir landið allt en ekki bara útvarpa því yfir sitt hlustunarsvæði? Þetta er hraksmánarlegt dæmi um meðferð miðstjórnarvalds á útstöðvum eða starfsemi stofnana úti á landi. Ég held að þurfi að verða breyting á afstöðu Ríkisútvarpsins til starfsemi svæðisútvarpanna ef ekki á að kyrkja þá starfsemi algerlega á næstu árum.

Þeim mönnum, sem eru andsnúnir þriðja stjórnsýslustiginu með þeim rökum að með því sé verið að auka heildarkostnaðinn við stjórnsýsluna, bendi ég á það að þriðja stjórnsýslustigið býr ekki til neitt nýtt ákvörðunarferli eða nein ný verkefni á því sviði. Það færir bara ákvörðunarstaðinn til, þannig að þangað sem hann er færður, þar verður byggð upp starfsemi og á móti hverfur starfsemi annars staðar. Þannig á ekki að verða nein aukning í stjórnsýslunni eða neitt dýrara að reka hana fyrir það að hún sé dreifð á fleiri staði þar sem menn taka á hverjum og einum stað ákvarðanir um þau málefni sem þeim er ætlað. Ég vísa því þeirri gagnrýni alveg á bug enda er athyglisvert að það eru fyrst og fremst sveitarstjórnarmenn, og einkum af höfuðborgarsvæðinu, sem eru andsnúnir þriðja stjórnsýslustiginu. Það er mjög athyglisvert. Þeir vita sem er að það færir valdið frá þeim og auðvitað, eins og aðrir sem hafa vald, þá leggjast þeir gegn breytingum sem rýra þeirra stöðu. En menn verða að horfa á málið út frá hagsmunum landsmanna, taka ákvarðanir sem styrkja stöðu þeirra á hverjum og einum stað.

Herra forseti. Ég hygg að ég þurfi ekki að bæta miklu við þessa umræðu um þriðja stjórnsýslustigið og flutning ríkisstofnana. Ég legg að endingu áherslu á að það eru ekki andstæð málefni heldur hvort á sínu sviði. Og jafnvel þótt menn kæmu upp þriðja stjórnsýslustiginu þá eiga menn eftir sem áður að dreifa starfsemi ríkisvaldsins. Jafnvel þótt sú starfsemi yrði eitthvað minni í sniðum eftir að þriðja stjórnsýslustigi væri komið á legg þá er engin ástæða til annars en

að hafa sæmilega dreifingu á þeim hlutum eins og menn tala um að óbreyttu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 61. mál (hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar). — Þskj. 61.

[17:45]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum. Frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr.

72. gr. a laganna orðast svo:

Barn yngra en 15 ára skal nota hlífðarhjálm við hjólreiðar. Forráðamaður barns skal sjá um að barnið fylgi ákvæði þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997. Eigi skal þó refsa fyrir brot framin gegn 1. gr. fyrr en 1. júní 1999."

Svipuð frumvörp voru áður flutt á 111., 113., 117. og 120. löggjafarþingi en urðu þá eigi útrædd.

Síðastliðin tíu ár hafa verið lagðar fram slysaskýrslur hér á landi er sýna að höfuðslys við hjólreiðar eru mjög tíð meðal barna og ungmenna og að slík slys hafa jafnan alvarlegar afleiðingar. Þessum slysum hefur þó fækkað aðeins á síðastliðnum árum samhliða því sem notkun sérhannaðra hjólreiðahjálma hefur aukist hratt. Samkvæmt könnun er Umferðarráð stóð fyrir í júlí 1993 var hjálmanotkun við hjólreiðar í þéttbýli hérlendis þá um 20% en sambærileg könnun á þessu ári sýndi að þetta hlutfall var komið upp í 30%. Víða erlendis hafa verið gerðar athuganir er sýna að langflest börn, sem slasast alvarlega eða deyja vegna höfuðáverka er hlýst við hjólreiðar, hafa ekki borið hjálm á höfði. Sama niðurstaða kemur í ljós þegar skoðuð er slysaskráning á sjúkrahúsum hér á landi síðustu árin.

Árið 1990 voru sett lög um skyldunotkun hjólreiðahjálma í Ástralíu og í kjölfarið fækkaði alvarlegum höfuðmeiðslum hjólreiðamanna um 60–70% þar í landi. Sömu sögu er að segja frá nokkrum fylkjum Bandaríkjanna þar sem slík lög hafa verið sett. Fá lönd í Evrópu hafa hins vegar enn sem komið er sett slík ákvæði í löggjöf sína en samtök um öryggi evrópskra neytenda (ECOSA) ákváðu á fundi í Stokkhólmi í apríl 1992 að stefna að því að árið 2010 yrði hjálmanotkun orðin sem útbreiddust í öllum löndum Evrópubandalagsins og Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Skylda til bílbeltanotkunar var leidd í lög á Íslandi árið 1987, tíu árum eftir að fyrstu tillögur voru lagðar fram í því efni. Margir voru þá efins um ágæti þeirrar skyldu en nú efast fáir enda hefur slysum af völdum árekstra fækkað um nálægt 50% og framrúðuslys eru nánast algerlega horfin. Stjórnvöld hljóta að leitast við að tryggja öryggi borgaranna eftir fremsta megni og lögleiðing bílbeltanotkunar var heillavænlegt spor í þá átt. Nú er tækifæri til að halda áfram á sömu braut og huga þá í upphafi sérstaklega að yngstu vegfarendunum.

Á 116. þingi var samþykkt sú viðbót við umferðarlögin að dómsmálaráðherra gæti sett reglur um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar. Hér er hins vegar lagt til að gengið verði lengra og slík skylda lögleidd og því er gert ráð fyrir að framangreind breyting verði felld brott. Börn undir 15 ára aldri teljast ósakhæf og verður því ekki refsað. Heimilt er hins vegar að sekta forráðamann barns og fer um slíkar sektir eftir almennum reglum um meðferð ákæruvalds. Þó er ekki gert ráð fyrir að farið verði að sekta fyrir brot gegn lögunum fyrr en tveimur árum eftir gildistöku þeirra. Er þar farin svipuð leið og þegar bílbelti voru lögleidd á níunda áratugnum.

Gert er ráð fyrir að lögin sjálf taki gildi 1. júní 1997.

Loks skal bent á að þó að með þessu frumvarpi sé aðeins ætlað að lögleiða notkun hlífðarhjálma hjá ungum hjólreiðamönnum geta slíkir hjálmar bjargað miklu og komið í veg fyrir höfuðmeiðsl þeirra sem detta á hjólabrettum, hjólaskautum, línuskautum, skautum, skíðum og snjóþotum.

Tel ég eðlilegt að í framtíðinni verði hugað að lögleiðingu hjálmanotkunar hjá öllum hjólreiðarmönnum ásamt þessum hópum sem ég nefndi áðan og það verði þá skoðað fljótlega og gert fyrr en síðar.

Ég vil líka benda á að frv. þetta er lagt fram af þingmönnum allra þingflokka og ætti því ekki að vera mikill ágreiningur um það frá pólitísku sjónarmiði.

Ég vil að lokinni þessari umræðu vísa málinu til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

[17:51]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun á launakerfi ríkisins. Ég vil fagna því sérstaklega að hv. þm. Ögmundur Jónasson er í salnum en hann er mikill áhugamaður um launakjör ríksstarfsmanna eins og raunar allir hljóta að vera sem hér eru.

Þessi tillaga er nú flutt í fjórða sinn, hæstv. forseti, en hún hefur aldrei komist svo mikið sem til nefndar vegna þess að iðulega hefur margt legið fyrir og málum okkar þingmanna ýtt til hliðar þegar frv. ríkisstjórnarinnar hafa verið annars vegar.

Það má öllum ljóst vera að launakannanir undanfarinna ára, ekki síst kannanir sem gerðar hafa verið á launamun kynjanna, hafa leitt í ljós að launamunur er verulegur og að einkum karlmenn bæta upp laun sín með ýmiss konar aukagreiðslum, óunninni yfirvinnu og öðru sem er að því er manni skilst alveg einstakt í heiminum fyrir Ísland og þekkist hvergi annars staðar.

Þær miklu deilur og verkföll sem hér hafa átt sér stað meðal opinberra starfsmanna á undanförnum árum endurspegla einnig mikla óánægju í þeirra röðum og jafnframt það að samskipti ríkisvaldsins og samtaka ríkisstarfsmanna hafa verið í heldur nöturlegum farvegi. Ár eftir ár hafa hópar ríkisstarfsmanna átt í harðvítugum verkföllum. Við höfum séð að það er ekki sest að samningaborði fyrr en í lengstu lög og jafnvel daginn eftir að verkfall hefst. Reyndar er nú búið að gera breytingar á vinnulöggjöfinni. Menn hafa sest niður við að gera viðræðuáætlanir þannig að það verður væntanlega einhver breyting á þessu. En það verður fróðlegt að

fylgjast með því hvernig samninganefnd ríkisins mun haga sér í komandi samningum.

Meginástæðan fyrir þessari tillögu, hæstv. forseti, er annars vegar þær ógöngur sem launakerfi ríkisins er komið í þar sem grunnlaun eru afar lág en launakerfið byggist að meira og minna leyti á alls konar aukagreiðslum sem eins og ég sagði áðan dreifast afar misjafnlega. Uppbygging launakerfisins og sá feluleikur sem einkennir það tengist launamun kynjanna. Það er önnur ástæðan. Hin ástæðan er þau slæmu samskipti sem við höfum orðið vitni að milli ríkisins og stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem m.a. eiga rætur að rekja í þessu úr sér gengna launakerfi. Ég dreg ekki dul á það, hæstv. forseti, eins og kemur fram í greinargerðinni að ég geng svo langt að segja að þetta launakerfi sé orðið handónýtt.

Við sáum þegar heimilislæknar voru í verkfalli nú í sumar og fram á haust að eitt af því sem þeir voru að átta sig á var það hvernig þessir lágu grunntaxtar koma niður á þeim sem eftirlaunaþegum. Þetta er eitt af því sem fólk er að átta sig betur og betur á. Einn megingalli þessa launakerfis sem byggist að svona miklu leyti á yfirvinnu og aukagreiðslum er að það kemur niður á fólki þegar það fer á eftirlaun og fær aðeins hluta af grunnlaunum sínum. Við höfum séð að grunnlaunum hefur markvisst verið haldið niðri þannig að lægstu laun ríkisstarfsmanna eru á sultarmörkum. Ég vil taka svo fast til orða að lægstu laun sem greidd eru á vegum ríkisins eru sultarlaun og ekki mönnum bjóðandi.

Kjarasamningar eru fram undan en væntanlega þarf sú uppstokkun sem hér er verið að leggja til miklu lengri undirbúning. Menn þurfa að greina þetta kerfi í sundur og finna lausn á því hvernig því verði fyrir komið, hvernig menn færa yfirvinnugreiðslurnar og aukagreiðslurnar inn í föstu launin vegna þess að tilgangurinn er ekki að lækka fólk í launum heldur fyrst og fremst að kerfið sé gagnsætt og öllum ljóst fyrir hvað verið er að borga. Um leið og kerfið verður gagnsætt liggur fyrir hver fær borgað hvað og þar með verður líka auðveldara að taka á launamun kynjanna. Það er reyndar ekki í þessari tillögu verið að leggja til nýtt starfsmat. Við kvennalistakonur leggjum það til í annarri tillögu þar sem verið er að greina hvernig hægt verði að draga markvisst úr og útrýma launamun kynjanna. En þegar launakerfið er orðið gagnsætt held ég að það kalli mjög á nýtt starfsmat. Þegar menn hafa staðreyndirnar á borðinu kallar það á nýtt starfsmat. Og þegar ég segi: „Þegar við fáum staðreyndirnar á borðið", þá segi ég það vegna þess að það er afar erfitt að átta sig á því hvernig launakjörin eru og fyrir hvað verið er að greiða.

Ég hef sjálf, og fleiri þingmenn, margsinnis lagt fram fyrirspurnir um launakjör og skiptingu þeirra. Ég minnist þess að í tengslum við fyrirspurn sem ég lagði fram fyrir nokkrum árum kom einmitt þessi kynjaskipting mjög greinilega í ljós. Ég spurði um það hverjir hefðu laun yfir ákveðnu marki, mig minnir að það hafi verið 2,5 millj. kr. Og minni ég þá á nýjustu tölur frá Þjóðhagsstofnun sem sýna að meðallaun í landinu eru rúmlega 1.200 þús. kr. eða 106 þús. kr. á mánuði. Ég var að leita þar eftir mun hærri launum og svarið leiddi í ljós að það voru fyrst og fremst karlkyns stjórnendur sem eru með slík laun.

Í fylgiskjölum þessa frv. er að finna ýmis gögn sem rökstyðja og sýna hvers konar hringavitleysa er til orðin í þessu kerfi. Ég minni alveg sérstaklega á það, hæstv. forseti, að þegar íslensk stjórnvöld voru kölluð fyrir nefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem verið var að skoða framkvæmd barnasáttmálans, þá benti nefndin á að það þyrfti að gera viðeigandi ráðstafanir til að vinna gegn launamisrétti á milli karla og kvenna þar sem slíkt getur skaðað hagsmuni barna, einkum á heimilum sem einstæðar mæður veita forstöðu. Þessi staða launamála hér á landi er því orðin viðfangsefni nefnda Sameinuðu þjóðanna og er okkur til þvílíks vansa að ekki má bíða með að taka á þessu.

Ég get líka bent á að á 120. löggjafarþingi kom fram svar við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur, Ögmundar Jónassonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar um heildarlaun tekjuhæstu starfsmanna ríkisins. Það var afar uppýsandi að skoða þær tölur sem þar komu fram og hvar þeir eru sem hafa hæstu tekjurnar. Reyndar kemur ekki fram hér hvernig skiptingin var þar milli kynja, en örfáar konur voru í þessum hópi. Rökin fyrir því að taka á launamálum ríkisins eru því svo himinhrópandi og margvísleg að í rauninni þarf ekki að eyða mörgum orðum á þetta og ég held að flestum þingmönnum sé ljóst að á þessum málum þarf að taka.

Nú má spyrja að því hvernig eigi að breyta launakerfinu, hvernig eigi að raða í launaflokka, en ég held að það geti ekki gerst öðruvísi en fram fari nýtt starfsmat meðal ríkisstarfsmanna og að menn horfist í augu við staðreyndirnar, hætti þessum feluleik og dragi hinar raunverulegu tölur fram í dagsljósið. Þá minnist ég þess þegar Kjaradómur felldi sinn úrskurð 1992 og allt fór á annan endann. Þegar Kjaradómur ætlaði að gera tilraun til þess að gera yfirborganirnar að föstum launum ætlaði allt vitlaust að verða vegna þess að menn áttu erfitt með að horfast í augu við þær staðreyndir sem komu þar fram. Ég held að því miður hafi verið haldið uppi ansi miklum blekkingaleik á íslenskum vinnumarkaði, ekki síst til þess að halda grunnlaununum niðri sem er að koma í bakið á okkur á margvíslegan hátt. Eins og ég sagði eru þau lágu laun, sem við búum við hér og launamisréttið, með þvílíkum endemum að á þessu hljótum við að taka þó að ég telji raunsætt að sjá það fyrir sér í áföngum.

Hæstv. forseti. Tillagan gerir ráð fyrir því að skipuð verði nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins og að í þessari nefnd eigi sæti fulltrúar þeirra aðila sem að málinu koma, þ.e. samtaka opinberra starfsmanna og fjmrn. en það má hugsa sér aðra skipan slíkrar nefndar, fulltrúa frá fleiri ráðuneytum eða hvernig sem menn vilja haga því. Hér er skilgreiningin sú að hlutverk nefndarinnar verði að einfalda launakerfi ríkisins, auka hlut umsaminna grunnlauna, draga úr eða afnema með öllu yfirborganir og aukagreiðslur af ýmsu tagi og endurskoða röðun í launaflokka.

Við upplifðum það á síðasta þingi að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt. Þar er einmitt gert ráð fyrir heimildum yfirmanna til þess að beita aukagreiðslum. Við erum ekki enn farin að sjá neitt um það hvernig þeim aukagreiðslum verður beitt og væri fróðlegt að heyra hvort hv. þm. Ögmundur Jónasson getur flutt okkur einhverjar fréttir af því hvort einhverjar útfærslur hafi litið dagsins ljós eða hvort samtök opinberra starfsmanna hafa séð einhverjar útfærslur á þessu en vissulega er mikil hætta á því að lögunum verði beitt með sama hætti og hér hefur gerst um árabil, að það séu fyrst og fremst karlar sem njóta þessara aukagreiðslna.

Ég gæti farið lengra út í að rekja hinn þáttinn sem mér finnst skipta svo miklu máli í þessu öllu saman sem eru samskipti ríkisins við stéttarfélög opinberra starfsmanna sem mér finnst hafa verið með miklum endemum á undanförnum

árum og m.a. er birt fylgiskjal með tillögunni sem sýnir öll málaferlin sem opinberir starfsmenn hafa átt í gegn ríkinu á undanförnum árum. Það er alveg furðulegt þegar opinberir starfsmenn þurfa hvað eftir annað að leita til dómstóla til þess að ná fram rétti sínum. Ég efast um að þetta tíðkist í nokkru siðmenntuðu ríki eða lýðræðisríki að menn þurfi sífellt að leita til dómstóla. Látum vera þegar mikil og stór ágreiningsmál eru uppi eins og mál sem hafa farið fyrir dómstól Evrópusambandsins þar sem um prófmál er að ræða. En sá listi sem hér er að finna sýnir hvers konar stífni hefur verið ríkjandi af hálfu ríkisins og það er því til lítils sóma.

Stéttarfélögin hafa unnið mörg af þessum málum og hefur iðulega komið í ljós að þau hafa rétt fyrir sér. Minni ég þar síðast á nýfallinn dóm um biðlaunin sem á reyndar eftir að koma í ljós hvernig verður túlkaður af hálfu ríkisins.

Að lokum legg ég til, hæstv. forseti, að þessari tillögu verði vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:07]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir tillaga um að fjmrh. skipi nefnd til að endurskoða launakerfi ríkisins í þeim tilgangi að einfalda það, taka inn í það yfirborganir og aukagreiðslur og endurskoða röðun. Nefndinni verði einkum ætlað að benda á leiðir til að hækka lægstu laun. Efnislega get ég tekið undir markmið þessa tillöguflutnings þó að ég hafi takmarkaða trú á þeirri nefndarskipun sem hér er lögð til. Ég veit að vísu að þegar samningar ríkisstarfsmanna hafa verið til umfjöllunar og ég er náttúrlega ekki ein um þá vitneskju, það vita allir sem með mér hafa verið í samninganefndum ríkisstarfsmanna á undanförnum árum, þá hefur fyrirstaðan verið hvað hörðust hjá samninganefnd ríkisins þegar rætt er um að gera akkúrat þetta. Í fyrsta lagi að hækka lægstu laun og í öðru lagi að hækka grunnlaun, færa aukagreiðslur inn í grunnlaun. Þetta hefur verið eitur í þeirra beinum.

Ég tel það vera sjálfsagða leið að fjalla um leiðir til að ná þeim markmiðum sem hér hafa verið tilgreind í kjarasamningum sem nú standa fyrir dyrum og veit ég reyndar að opinberir starfsmenn eru nú þegar að brýna kutana með einmitt þessa hluti að leiðarljósi. Það liggur ljóst fyrir að á undanförnum árum hefur mjög sigið á ógæfuhliðina hvað varðar launajafnrétti innan opinbera geirans. Það fólk sem vinnur á strípuðum töxtum ber mjög skarðan hlut frá borði meðan aðrir hafa náð að bæta stöðu sína með sérsamningum af ýmsu tagi þar sem samið er um bílastyrki, ómælda yfirvinnu og fleira. Því miður er það staðreynd að það fólk sem situr eftir á strípuðum töxtunum er að stórum hluta konur sem virðast ekki eins harðar að ná sérstökum samningum fyrir sig og karlarnir.

Þar með hefur enn aukist sá launamunur kynjanna sem hefur reynst erfitt að kveða niður þrátt fyrir virðuleg fyrirheit á þá vegu en það verður varla hér eftir, a.m.k. eftir nýlegar yfirlýsingar hjá valdamesta flokki landsins. Ég held að það sem hafi kannski farið mest fyrir brjóstið á þeirri þingkonu, sem hér stendur, sé að launamunur kvenna og karla virðist hafa aukist eftir því sem menntun eykst en sem gamall grunnskólakennari hef ég löngum staðið og hvatt þær stúlkur, sem hafa verið í minni umsjá, til að afla sér endilega menntunar, þar með gætu þær staðið jafnfætis körlunum en því miður hafa málin ekki enn þróast á þann veg.

Ég held að það verði sérstaklega að hafa auga með þeirri grein sem var samþykkt á sl. vori um vald sem yfirmönnum stofnana var veitt til að greiða sérstakan launaauka til útvalinna starfsmanna því að þetta er einmitt það sem hefur gerst á undanförnum árum. Sporslur hafa verið greiddar til þeirra sem hafa verið sérstaklega í náðinni og hinir hafa gleymst. Þarna er akkúrat búið að lögleiða þessa aðferð og það væri einmitt eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér, fróðlegt að heyra hvort ríkisstarfsmenn hafa fundið upp þarna einhvern krók á móti bragði og hvort þeir geta kannski nýtt sér þessa grein sér til hagsbóta.

Í komandi kjarasamningum liggur fyrir að það þarf að gera mikinn uppskurð á launakerfi ríkisins á þann veg sem lagt er til í þáltill. Ég hef trú á að ókynbundið starfsmat, eins og flutningsmenn þeirrar tillögu sem hér er til umræðu hafa áður lagt til, gæti orðið mjög til hagsbóta. Ríkið getur að sjálfsögðu ekki greitt því fólki sem vinnur fullan vinnudag á þess vegum, jafnvel þó ófaglært sé, laun sem eru undir framfærslukostnaði einstaklings og liggur það þá fyrst fyrir eins og áður hefur verið bent á á hinu háæruverðuga Alþingi að það þarf þá að finna út óumdeilanlega hver sá framfærslukostnaður er. Ég sé ekki aðra leið til þess að gera launakerfi ríkisins réttlátara en það sé stokkað upp á nýtt, kerfið gert einfaldara og gagnsærra og sem flestar aukagreiðslur séu teknar inn í grunnlaun og þó með það sem aðalmarkmið að enginn sem starfar hjá ríkinu í fullu starfi fari með í launaumslaginu sínu laun sem fyrir liggur að ekki er hægt að lifa af.

[18:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna um launakjör hjá hinu opinbera. Ég tel hana vera mjög tímabæra og gagnlega þótt ég sé ekki sammála öllu því sem fram hefur komið hjá flutningsmönnum. Ég tel t.d. að gera eigi nauðsynlegar breytingar á launakerfinu og launakjörunum í gegnum kjarasamninga. Þar þurfi engin sérstök nefnd að koma til sögunnar, heldur eigi fyrst og fremst að fjalla um þessi mál í beinum kjarasamningum á milli aðila sem standa reyndar nú fyrir dyrum.

Ég er ekki heldur alveg sammála tali um að launakerfi hins opinbera sé handónýtt. Ég held að staðreyndin sé sú að launataxtar séu allt of lágir. Almennir launataxtar hjá hinu opinbera eru of lágir. Ef opinbera launakerfið er borið saman við það sem tíðkast á almennum vinnumarkaði er ekki saman að jafna. Ég held helst að hæstu taxtar hjá Verslunarmannafélaginu séu innan við 90 þús. kr. Það segir hins vegar litla sögu um raunveruleikann, einkum hjá þeim sem eru í efri kantinum. Það sem þar er ofan á er ekki samið um í kjarasamningum þannig að þar segir launakerfið og launataxtarnir okkur miklu minna en gerist almennt hjá hinu opinbera.

Hins vegar er verið að eyðileggja launakerfið hjá hinu opinbera. Það var yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, sem fram kom í tengslum við umræðu um lög um réttindi og skyldur sl. vor, að stefna ætti að því að viðbótarlaun, þar sem forstöðumenn stofnana og fyrirtækja á vegum hins opinbera, yrðu stór hluti í launamynduninni. Hugsunin var sú að grunnlaunin yrðu lág en síðan yrði launakerfið líkt og gerist víða á almennum vinnumarkaði í valdi einstakra forstöðumanna. Að þessu er stefnt leynt og ljóst.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort búið væri að semja um þær reglur sem ættu að gilda um viðbótarlaun. Svo er ekki. Það er ekki búið að ná samningum um þetta.

Það er annað í þróuninni nú um stundir sem veldur því að mér finnst rétt að fullyrða að verið sé að eyðileggja launakerfið og gera það ógagnsærra í raun. Það eru niðurstöður frá kjaranefnd frá því fyrr á þessu ári þar sem farið er að nota nýjar mælieiningar, starfseiningar held ég að það heiti. Þar er að finna eins konar blöndu af yfirvinnu og ábyrgð. Erfiðara er orðið að átta sig á hvað raunverulega er verið að greiða fyrir hverju sinni.

Það er eitt sem ég vil vara við í þessari umræðu þegar við erum að tala um yfirvinnu, ökutækjastyrki o.s.frv. Það eru þær alhæfingar sem einkenna umræðuna. Staðreyndin er sú að í flestum tilvikum er yfirvinnan unnin, í allflestum tilvikum er yfirvinnan unnin og ekið er fyrir þá ökupeninga sem menn fá greidda. Það er hin almenna regla. Hins vegar er farið að tala um jafnaðaryfirvinnu sem hvern annan ránsfeng. Þetta er af og frá. Staðreyndin er sú að unnið er fyrir þessar greiðslur og það er ekið fyrir þessa peninga. En það er líka staðreynd og er alveg rétt að þetta kerfi hefur verið notað til yfirborgana. Margir hjá hinu opinbera hafa verið í aðstöðu til að skammta sér og sínum nánustu samstarfsmönnum og í sumum tilvikum stærri hópum yfirborganir í gegnum þetta kerfi. Það er alveg rétt. Og það sporslukerfi ber að afnema. Það er skiljanlegt að því hafi verið mótmælt þegar átti að færa inn í launataxtann greiðslur sem hefðu verið fengnar með þessum hætti. Það er skiljanlegt vegna þess að þar með var verið að staðfesta, ekki bara í launakerfnu heldur í öllu réttindakerfinu, mismun sem var til kominn utan kjarasamninga og mismun sem jók muninn á milli karla og kvenna, þeirra sem stóðu hátt í launakerfinu og þeirra sem stóðu lágt í launakerfinu. Það sem ég tel að þurfi að gera er að semja í kjarasamningum um hækkun almennra launataxta. Það er það sem þarf að gera, það er verkefnið. Síðan þarf að afnema það misrétti sem er við lýði og er tilkomið vegna yfirborgana hvort sem er í gegnum yfirvinnugreiðslur eða ökutækjastyrki eða hvernig sem það er tilkomið, það á að afnema.

Því miður vakir það ekki fyrir stjórnvöldum. Að vísu á þetta eftir að koma betur í ljós í þeim kjaraviðræðum sem nú eru hafnar. En ég tel sýnt að ekki muni nást samningar fyrr en gengið hefur verið frá þessum málum.

[18:20]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim tveimur þingmönnum sem hafa tekið til máls. Vissulega hefði verið ástæða til að hafa langa og ítarlega umræðu um launakerfi ríkisins og hvernig beri að taka á því og hvert beri að stefna í þeim efnum. En dagur er að kvöldi kominn og hér hefur átt sér stað mikil umræða í allan dag. Við höfum mátt sætta okkur við það, þingmenn, að margir eru farnir þegar kemur að málum sem mér finnst vera spennandi og mikilvæg.

Hvað varðar það sem fram kom hjá þessum tveimur þingmönnum, þá lýstu þeir ákveðinni vantrú á þeirri leið sem hér er farin. Ég get tekið undir það meginmarkmið að auðvitað eiga stéttarfélög að semja um sín mál. En það sem verið er að leggja til er að menn skoði einhvers konar kerfisbreytingu. Menn fari markvisst í gegnum kerfi ríkisins, hvernig það er uppbyggt, hvernig það er í raun og veru og það sé yfirsýn á einum stað. Við erum með fjölda stéttarfélaga hjá opinberum starfsmönnum og misjafnt er hvort samið er fyrir heildina eða hvort það eru sérsamningar. Ég held að afar mikilvægt sé t.d. að það sé ákveðið samræmi þannig að hægt sé að auka réttlæti og draga úr launamun. Ég vil ganga lengra en hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem segir að verið sé að eyðileggja launakerfið. Mér finnst að búið sé að eyðileggja það. Mér finnst þetta vera handónýtt kerfi sem byggist upp á miklum duldum greiðslum og aukagreiðslum þó auðvitað sé unnin mikil yfirvinna og við skulum ekki gleyma því. Það er margt fólk sem vinnur mikla yfirvinnu, vaktavinnu og alls konar yfirvinnu, t.d. á spítölunum, stundum vegna þess að fólk kemst ekki heim vegna þess að það er enginn til að leysa það af. (**Gripið fram í:** Lögreglan.) Lögreglan, já. Það eru margar stéttir sem vinna mikla yfirvinnu. Og eins má ekki rugla saman greiðslum sem eru greiðslur fyrir raunverulegan kostnað eða óunna yfirvinnu sem við vitum að er til staðar. Þetta kerfi er því að mínum dómi komið í þvílíkar ógöngur að ekki verður hjá því komist að stokka það upp.

Aðeins hvað varðar launamuninn og það sem fram kom í máli hv. 8. þm. Reykn. Hún nefndi að konur væru ekki eins harðar í samningum. Ég vil bara mótmæla þessu. Við höfum horft upp á hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða, meinatækna í hörkudeilum þar sem þær hafa sýnt svoleiðis ótrúlega samstöðu og hörku að maður undrast það. Ég hef dáðst að þeim fyrir þrautseigjuna og vissulega hafa þær náð fram töluverðum kjarabótum, ekki síst hjúkrunarfræðingarnir og meinatæknarnir. (**Gripið fram í:** Sjúkraliðarnir.) Og sjúkraliðarnir líka já, það er rétt. Þeir náðu líka fram töluverðum bótum. Kannski eru það kennararnir sem því miður hafa ekki eins sterka stöðu einhverra hluta vegna.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að launakannanir hafa leitt í ljós að menntun hefur skilað konum miklu minna í launaumslagið en körlum. Þetta er ein af þeim þversögnum og eitt af því sem sýnir hvernig samfélagið er uppbyggt. En við megum passa okkur á því að senda ekki þau skilaboð út að menntun borgi sig ekki. Auðvitað hefur menntunin skilað okkur alveg geysilega miklu. Hún hefur skilað okkur meiri lífsgæðum og opnað fyrir okkur veröldina, vil ég meina, og gefið okkur marga nýja möguleika. Konur hafa farið inn á ýmsar nýjar brautir og við megum alls ekki vanmeta menntunina. Við vitum að aukin og bætt menntun er grunnurinn að betra og réttlátara þjóðfélagi. En vissulega er rétt að þarna þarf að taka á. Það þarf að knýja fram breytingar. Og nú hefur það gerst að meira að segja Sjálfstfl. hefur samþykkt taka þurfi á launamun kynjanna og var ekki seinna vænna að þeirra augu opnuðust. Ég fagna því auðvitað og við eigum þá von á stuðningi úr þeirri átt. Menn verða að láta verkin tala og sýna að þeir vilji breytingar í raun.

Hæstv. forseti. Það má segja að örlítill ágreiningur sé uppi um aðferðina sem felst í þessari tillögu. En ég segi fyrir mig að ég mundi hreinlega ekki treysta því að einhverjar grundvallarbreytingar kæmu út úr kjarasamningum fyrr en eftir langa mæðu vegna þess einfaldlega hvernig er hugsað á þeim bæ. Ég held því að mikil þörf væri á að nefnd settist yfir þetta mál og gerði samanburð og tillögur um hvernig megi breyta launakerfinu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hristir höfuðið og hefur heldur ekki trú á að nefnd gæti skilað árangri. En ég vil nú trúa því, kannski þarf að skipa hana öðruvísi, það má vera. Þessi tillaga er flutt til að vekja athygli á því að það þarf að taka á þessum málum. Uppstokkun þarf að eiga sér stað og ef hv. þm. treystir sér til að knýja fram breytingar í kjarasamningum fagna ég því.

[18:27]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að ég er algerlega sammála þeim meginmarkmiðum sem eru sett fram í frv. en ég get ekki sætt mig við þessa nefnd. Ég gæti aldrei samþykkt það,

sérstaklega undir þeim kringumstæðum sem nú eru, að fram undan eru kjarasamningar og þetta er auðvitað kjarasamningamál.

Ég virðist hafa talað eitthvað óljóst um hörku kvenna í samningaviðræðum. Ég hef dáðst að því, eins og Kristín Ástgeirsdóttir, hversu skeleggar konur hafa verið í kjarabaráttunni á undanförnum árum, en það sem ég var að meina er að sennilega erum við þannig gerðar að í því að ná fram kjarabótum fyrir okkur persónulega á vinnustað, þar erum við ekki eins harðar. Það var það sem ég meinti og eingöngu það. Ég hef einmitt upplifað þetta — að konur eiga mjög erfitt með að sækja kjarabætur fyrir sig persónulega.

Ég get algerlega tekið undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að auðvitað er ekkert mikilvægara en menntun. Ekkert hefur skilað okkur konum eins fram á við og aukin menntun á þessari öld. En því miður hefur menntunin ekki skilað okkur peningum í launaumslagið og því þurfum við að breyta.

[18:29]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af þessu síðasta þá hefur menntunin ekki skilað okkur eins miklu í launaumslagið og körlunum því auðvitað er það staðreynd að háskólamenntaðar stéttir kvenna, eða þar sem konur eru í meiri hluta t.d. hjúkrunarfræðingar, eru tiltölulega vel launaðar miðað við ýmsa aðra sem ekki hafa jafnmikla menntun.

En það er þessi nefnd sem vefst fyrir mörgum og spurning hvort hún skili árangri. Hluti af þessu eru kjarasamningar en menn geta komið sér saman um kerfisbreytingu. Við erum að tala um skoðun á kerfinu, um að menn vinni í sameiningu að kerfisbreytingu og ég held að það sé þvílíkt verkefni að það er meira en menn fá við ráðið í einum kjarasamningum. Ég ítreka einmitt að samningarnir eru margs konar, það eru svo margir sem koma að samningum, mismunandi félög. Við erum að tala um að menn komi sér saman um bygginguna í kerfinu, sjálfan grunninn. Ég held að það þurfi ansi mikla grunnvinnu, faglega vinnu til þess að gera slíkt launakerfi vel úr garði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra ökutækja, 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (leyfisbréf, eftirlit o.fl.). — Þskj. 163.

[18:31]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um sölu notaðra ökutækja, nr. 69/1994. Frv. er 148. mál þingsins og er á þskj. 163.

Fljótlega eftir gildistöku laganna kom í ljós að hnökrar voru á framkvæmd útgáfu leyfisbréfa og eftirlits. Þannig voru vandkvæði á framkvæmd í Reykjavík þar sem embætti sýslumanns og lögreglustjóra voru aðskilin. Var því augljóst að ekki mundi líða langur tími þangað til endurskoða þyrfti lögin. Haft var samband við hagsmunaaðila og kallað eftir hugmyndum þeirra varðandi þau atriði er þeir teldu að betur mættu fara í lögunum. Eftir að hugmyndir þessara aðila höfðu borist ráðuneytinu voru samin þar drög að frv. Ákveðið var að einblína ekki á þau atriði er lúta að leyfisveitingum og eftirliti í gildandi lögum heldur taka lögin í heild til endurskoðunar. Lágu drög fyrir síðla vetrar og voru þau send eftirfarandi aðilum til umsagnar: Neytendasamtökunum, dómsmrn., prófnefnd bifreiðasala, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, fjmrn. (vegna Ríkiskaupa), Verslunarráði Íslands, utanrrn. (vegna Sölu varnarliðseigna), Félagi íslensra bireiðaeigenda og Félagi löggiltra bifreiðasala. Umsagnir bárust fra öllum þessum aðilum nema utanrrn. og prófnefnd bifreiðasala. Áður en farið verður að lýsa einstökum greinum frv. tel ég rétt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um helstu nýmæli frá gildandi lögum.

Skýrar er nú kveðið á um gildistöku laganna. Er nú tekinn af allur vafi um það að þeir sem selja notaðar bifreiðar í atvinnuskyni, hvort sem það eru bílasalar, vátryggingasalar eða Ríkiskaup, falli undir lögin. Í stað þess að sýslumenn gefi út leyfi til að mega stunda starfsemina gerir frv. ráð fyrir að viðskrh. gefi þau út. Er það enda í samræmi við útgáfu annarra leyfisbréfa til miðlara svo sem vátryggingamiðlara og auðveldar mjög að halda utan um landsskrá fyrir bifreiðasala.

Hæfisskilyrði eru nokkuð þrengd. Er þar tekið mið af sambærilegum ákvæðum í hlutafélagalögum. Ákvæði um starfsábyrgðartryggingu er einnig lítillega breytt til samræmis við sambærileg ákvæði sem gilda um aðra miðlara.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir eftirliti sýslumanns með starfsemi bifreiðasala án þess þó að þeim séu tryggðar neinar tekjur til þess að standa undir kostnaði við eftirlitið. Frv. gerir ráð fyrir að eftirlitið sé í höndum lögreglustjóra og að lagt verði árlegt eftirlitsgjald á, 5.000 kr., á starfandi bílasala til þess að standa undir kostnaði við eftirlitið. Er það álit mitt að gjald þetta sé það hæfilegt að það eigi ekki að íþyngja neinum bifreiðasala sem á annað borð hefur með höndum starfsemi.

Þá er loks rétt að geta þess að skýrar er kveðið á um leyfisveitingu í frv. en gert er í lögum svo og um þau úrræði er lögreglustjórar geta gripið til ef starfsemi á sér stað án tilskilinna leyfa. Mun ég nú, herra forseti, víkja að einstökum greinum frv.

Eins og áður sagði er lagt til að gildissvið laganna sé gert skýrara. Þannig er í 1. tölul. 1. gr. kveðið á um hefðbundna starfsemi bifreiðasala, þ.e. milligöngu um sölu notaðs ökutækis sem fram fer á skipulagðan hátt sem þáttur í atvinnustarfsemi viðkomandi. Í 2. tölul. 1. gr. segir að lögin taki einnig til sölu notaðra ökutækja þó þau séu í eigu seljanda ef sú starfsemi er þáttur í atvinnustarfsemi viðkomandi.

Samkvæmt þessu gilda lögin t.d. um sölu bifreiðaumboða á notuðum bifreiðum hvort sem þær eru í eigu umboðsins eða viðskiptamanna. Einnig taka lögin til vátryggingafélaga sem selja tjónabíla, hvort sem þeir hafa verið formlega yfirteknir af vátryggingafélaginu eða eru enn í eigu þess sem fyrir tjóninu varð. Sama máli gegnir um skipulagða sölu Sölu varnarliðseignа á ökutækjum. Enn fremur fellur hér undir sölustarfsemi innkaupastofnana sveitarfélaga eða ríkis sem hafa það hlutverk að annast sölu notaðra ökutækja fyrir viðkomandi sveitarfélög eða ríki. Þá fellur undir lögin sala bílaleiga á þeim bifreiðum sem hafa verið notaðar til útleigu, enda er litið þannig á að sala og endurnýjun bifreiða á vegum bílaleigu sé eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi slíks fyrirtækis. Sama á við um beina sölu fjármálastofnana, svo sem banka og eignarleigufyrirtækja, á bifreiðum sem slíkar stofnanir hafa leyst til sín.

Lögin taka hins vegar ekki til milliliðalausrar sölu á einstökum bifreiðum eða milligöngu um sölu einstakra bifreiða sem ekki fer fram með skipulögðum hætti eða sem þáttur í atvinnustarfsemi. Þannig má nefna að sala stofnana eða fyrirtækja, eins og banka, eignarleigufyrirtækja eða vátryggingafélaga, á einstökum bifreiðum sem notaðar hafa verið í rekstri eða starfsemi viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis, fellur ekki undir gildissvið laganna.

Ástæða þykir til að láta lögin ekki taka til nauðungarsölu notaðra ökutækja, samanber núgildandi lög, enda verður að ætla að neytendamarkmiðum laganna sé nægilega vel borgið hjá opinberum sýslunarmönnum.

Í 2. gr. frv. er lagt til að sama fyrirkomulag verði á útgáfu leyfis til sölu notaðra ökutækja og er á útgáfu leyfa til verðbréfamiðlunar og vátryggingamiðlunar. Þannig er gert ráð fyrir því að þeir sem vilja stunda sölu notaðra ökutækja í atvinnuskyni hafi til þess leyfi viðskrh. Slíkt fyrirkomulag auðveldar að unnt sé að halda á einum stað landsskrá yfir leyfishafa.

Rétt þykir einnig að kveða skýrt á um það að leyfishafi geti lagt inn leyfi sitt verði breytingar á aðstæðum hans, án þess að missa við það nokkurn rétt.

Breytingar þær sem lagðar eru til í 3. gr. eru til þess að skýrar sé kveðið á um hæfisskilyrði umsækjenda um leyfi til þess að mega stunda bifreiðasölu. Þannig er nú gert ráð fyrir, auk þeirra ákvæða sem óbreytt standa, að umsækjendur séu lögráða og hafi eigi hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað á síðustu þremur árum. Er þetta ákvæði sett inn til samræmis við ákvæði hlutafélagalöggjafarinnar. Í samræmi við ákvæði um starfsábyrgðartryggingar verðbréfa- og vátryggingamiðlara eru ákvæði 3. gr. þar um einnig endurskoðuð.

Í 4. gr. er lagt til að upplýsingar þær sem bifreiðasala ber að afla sér skriflega frá seljanda fylgi afsali fyrir bifreiðinni þannig að ekki fari á milli mála að þeirra hafi verið aflað og kaupanda gerð grein fyrir þeim.

Kaupendur bifreiða virðast almennt ekki hafa vitneskju um þau sölulaun sem bifreiðasalar krefjast þegar um skipti á bifreiðum er að ræða, þ.e. þegar ódýrari bifreið er tekin upp í dýrari, enda hefur skort nokkuð á að vakin sé athygli á gjaldskrá fyrir söluþóknun vegna bifreiðaviðskipta. Þar sem kvörtunarmál vegna ofangreindra sölulauna eru tíð er lagt til í 5. gr. að bifreiðasala sé skylt að vekja athygli viðskiptamanna sinna á gjaldskrá fyrir söluþóknun áður en viðskipti eru gerð.

Í 7. gr. er lagt til að lögreglustjóri hafi eftirlit með þeim bifreiðasölum í hans umdæmi sem fengið hafa starfsleyfi. Skiptir hér engu hvort starfsstöðin er aðalstarfsstöð eða útibú frá aðalstarfsstöð sem staðsett er í öðru umdæmi. Sá sem veitir starfseminni forstöðu skal ætíð hafa starfsleyfi.

Jafnframt því er kveðið á um að lagt verði á starfandi bifreiðasala, eins og áður segir, sérstakt árlegt gjald til þess að standa straum af kostnaði við eftirlitið.

Virðulegi forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

[18:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ræðan verður stutt. Ég ætla að lýsa yfir stuðningi við frv. Ég held að í því séu gerðar nauðsynlegar endurbætur. Það hefur verið leitað umsagnar þeirra aðila sem málið varðar. Það eru góð vinnubrögð þegar lög er búin að vera í gildi nokkurn tíma að sníða af þeim þá vankanta sem hafa komið fram og það er gert með frv. Það er mikilvægt að löggjöf um sölu á notuðum bifreiðum sé vel úr garði gerð. Þetta eru viðkvæm viðskipti og bæði með leyfisveitingu og eftirliti, eins og hér er kveðið á um, held ég að mál séu færð til betri vegar.

Það er tvennt, sérstaklega að svokallaðir tjónabílar, þ.e. sala vátryggingabifreiða og sala bifreiðaumboða á notuðum bílum, fellur undir þessi lög og ég tel vera mjög til bóta og eðlilegt út frá samhengi málsins. Ég velti hins vegar upp tveimur spurningum sem ég vil biðja hæstv. viðskrh. að tjá sig um, hvort ástæða væri til að láta þetta ná yfir þá aðila sem selja bifreiðar. Í 3. mgr. athugasemdar við 1. gr. segir að þau taki ekki til milliliðalausrar sölu á einstökum bifreiðum eða milligöngu um sölu einstakra bifreiða hjá stofnunum og fyrirtækjum. Það er talað um banka, eignarleigustarfsemi og vátryggingafélög. Vitaskuld er þetta ekki meginþáttur í starfseminni. Hins vegar má hugsa sér hvort ákvæðin ættu að gilda almennt um þessa aðila sem oft og tíðum selja nokkurt magn af bílum því í fyrri málsgrein er þetta látið taka yfir innkaupastofnanir sveitarfélaga og ríkis sem hafa það hlutverk að annast sölu notaðra bifreiða. Ég velti því upp hvort mönnum finnist að það ætti kannski að gilda almennt um þessa aðila sem stunda nokkur viðskipti með notaðar bifreiðar, alveg eins og gert er með sölu hjá vátryggingafélögum á tjónabílum og hjá bifreiðaumboðunum á notuðum bílum sem er reyndar orðinn umfangsmikill þáttur í starfsemi bifreiðaumboða. Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra vildi aðeins tjá sig um það.

Seinna atriðið sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er það gjald sem lagt er hér á, 5.000 kr., á hvert leyfi. Það kemur ekkert fram í frv. um hvernig þetta gjald er fundið, hvort þetta er skot út í loftið. Í umsögn fjmrn. segja þeir einfaldlega að samþykkt frv. hafi ekki önnur fjárhagsleg áhrif. Það getur verið viðkvæmt mál hvort lagt sé á eftirlitsgjald sem er umfram þann kostnað sem embætti ber, lögreglustjóraembætti í þessu tilviki. Ég er fylgjandi því að menn greiði fyrir kostnað við eftirlit en ég spyr hvort hér er byggt á nákvæmu mati. Er alveg víst að gjaldtakan sé ekki meiri en nemur kostnaði við eftirlitið? 5.000 kr. er að vísu ekki mikið en ég teldi rétt ef hæstv. ráðherra gæti tjáð sig nokkuð um þessa tölu þannig að við gætum verið þess fullviss að við værum ekki á neinum mörkum varðandi þá gjaldtöku sem væri eðlileg í tengslum við frv.

[18:43]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er vert að velta því fyrir sér hvort lögin skuli taka til þessara milliliðalausu viðskipta þeirra fjármálastofnana sem hv. þm. nefndi. Ef sú ákvörðun hefði verið tekin hefði í sjálfu sér sú regla þurft að gilda líka almennt um sölu fyrirtækja á þeim atvinnubílum sem viðkomandi fyrirtæki ætti og hefði verið hluti af starfsemi þess. Sú leið var valin að láta í meginatriðum gilda um fyrirtæki og þær stofnanir sem nefndar voru sömu reglu og gildir þarna um milliliðalaus viðskipti milli einstaklinga. Ég tel fulla ástæðu til þess að nefndin skoði það sérstaklega og er síður en svo á móti því að það verði kannað og sérstaklega í hv. efh.- og viðskn.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um gjaldið. Það skal viðurkennt að að baki því liggur ekki nákvæmur útreikningur. Ástæðan er sú að mjög erfitt er að gera sér grein fyrir því hver kostnaður embættanna er af þessu eftirliti. Gjaldið var fundið með þeim hætti að það var rætt, eins og ég reyndi að gera grein fyrir í framsögu minni, við marga aðila og þar á meðal

bæði við sýslumenn og fulltrúa lögreglustjóraembættanna og reynt að áætla hver þessi kostnaður gæti verið. Það er alltaf viss hætta á að menn séu þá að leggja á hærra gjald og gjaldtakan sé því meiri en hinn raunverulegi kostnaður. En það var reynt að hafa þetta undir þeim áætlaða kostnaði sem að bestu manna yfirsýn, ef svo má orða í þessu tilfelli, gátu áætlað hver raunverulegur kostnaður yrði sem kemur þó ekki í ljós hver verður fyrr en eftir á. Komi það hins vegar í ljós að hann er meiri en gjaldið tel ég eðlilegt að gjaldið verði hækkað þegar á þetta reynir. En það gildir þá líka það sama ef það kemur í ljós að hann er minni. Þá er eðlilegt að gjaldið verði lækkað. En það er rétt að nákvæmir útreikningar liggja þar ekki að baki og því miður held ég að ekki sé hægt að fá þá nákvæmu útreikninga sem þyrftu að vera til staðar þegar svona gjald er lagt á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíuleit við Ísland, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 104. mál. — Þskj. 109.

[18:46]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Á þskj. 109 hef ég lagt fram till. til þál. um olíuleit við Ísland. Meðflutningsmenn mínir eru Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson og Tómas Ingi Olrich.

Þáltill. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stuðla að því að nú þegar verði hafnar markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Horft verði til þeirra svæða á landgrunninu sem fyrri rannsóknir benda til að séu líklegust til að geyma slíkar auðlindir og leitað samstarfs við erlenda aðila um rannsóknirnar."

Virðulegi forseti. Ég hef skoðað forsögu málsins eins og hún hefur þróast á hinu háa Alþingi í gegnum tíðina. Það er athyglisvert að skoða þau gömlu skjöl hvar tæpt er á þessu máli í nokkrum þáltill. og jafnvel í lagabálki. Þar hafa menn gjarnan rætt um að nauðsynlegt sé að kanna landgrunnið allt. Flutningsmenn telja að nú þegar hafi nokkurrar reynslu og þekkingar verið aflað af þeim erlendu aðilum sem hér hafa verið að rannsaka botnlag á landgrunninu þannig að rétt sé að einbeita sér að ákveðnu svæði. Svo segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Eftir því sem næst verður komist mun fyrsta fyrirspurn um leyfi til leitar að olíu og gasi hér við land frá erlendum aðila hafa borist til íslenskra stjórnvalda í mars 1970. Frá þessum tíma til ársloka 1974 bárust íslenskum stjórnvöldum sams konar óskir frá 25 erlendum aðilum. Íslenskum stjórnvöldum fannst fyrirspurnirnar ekki þess eðlis að rétt væri að veita þeim jákvæða afgreiðslu, með einni undantekingu þó. 1. desember 1970 lagði Shell International í Haag fram umsókn um vísindalega leit að olíu og gasi á hafsbotninum umhverfis Ísland. Með bréfi iðnaðarráðuneytis 10. febrúar 1971 var fyrirtækinu heimilað að framkvæma jarðeðlisfræðilegar mælingar á landgrunni Íslands. Aðrar rannsóknir voru ekki leyfðar né heldur vinnsla. Það skilyrði var sett að niðurstöður rannsókna yrðu sendar íslenskum stjórnvöldum og fulltrúi tilnefndur af iðnaðarráðuneytinu yrði um borð í rannsóknarskipinu. Sérstaklega var tekið fram að rannsóknarheimildin takmarkaðist ekki við hafsvæðið út að 200 m dýptarlínu heldur giltu íslenskar reglur á öllu nýtanlegu svæði. Rannsóknir Shell fóru fram 6.–8. september 1971. Voru mælingar framkvæmdar eftir 350 km langri línu sem Shell ákvað vestur af landinu. Dr. Guðmundur Pálmason var fulltrúi Íslands um borð í rannsóknarskipinu. Niðurstaða rannsóknanna varð sú að jarðlög þarna væru svipuð og undir landinu sjálfu og ekki talið líklegt að um olíulindir væri þar að ræða. Í umræðum um málið á Alþingi 1975 kom m.a. fram hjá þáverandi forsætisráðherra, Geir Hallgrímssyni, að áhugi þessara aðila benti til þess að þeir teldu ekki tilgangslaust með öllu að leita fyrir sér á yfirráðasvæði okkar. Hann sagði jafnframt: „Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að heildarrannsókn fari fram á landgrunni Íslands, svo að gengið sé úr skugga um það með þeirri tækni, sem menn ráða nú yfir, hvaða auðlindir kunna þar að finnast og hvort þar er að finna olíu eða gas. *Tækniframfarir við olíuvinnslu eru örar. Sá tími* kann að koma fyrr en varir að mikið hafdýpi útiloki ekki lengur vinnslu á þeim svæðum þar sem mestar líkur kunna að vera á, að olía finnist við Ísland. Hins vegar er rétt að vara við allri bjartsýni og leggja áherslu á að varlega sé farið í þessar sakir, um leið og áhersla er enn fremur lögð á það að rannsóknum sé haldið áfram."

17. ágúst 1978 heimilaði þáverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, rannsóknarfyrirtækinu Western Geophysical Co. að framkvæma rannsóknir og olíuleit á landgrunni Íslands, þ.e. á svæði út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa. Niðurstöður lofuðu mjög góðu um tilvist auðlinda á þessu svæði. Það voru að vísu frummælingar sem þarna voru gerðar, en í ljós kom að út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa mátti finna allt upp í 4 km þykk setlög, en setlög eru algjör forsenda fyrir því að um olíu eða gaslindir geti verið að ræða. Almennt er talin ástæða til að halda áfram rannsóknum ef setlögin ná 1 km að þykkt. Á þessu svæði voru þau frá 2 og upp í 4 km þykk og því má segja að ástæða hafi verið til að halda áfram þessum rannsóknum. Árið 1981 fóru fram frekari rannsóknir og þá rannsóknaboranir í Flatey á Skjálfanda að tilstuðlan nefndar sem með þessi mál fór. Þá fól þáverandi iðnaðarráðherra, Hjörleifur Guttormsson, Orkustofnun að framkvæma þar sérstaka rannsóknaborun sumarið 1982. Niðurstöðurnar voru staðfesting á tilvist setlaga þar. Borholan var hins vegar aðeins 554 m djúp en til að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í setlögum þar nyrðra þarf að bora niður á yfir 2.000 m dýpi.

Í október 1981 var gerður samningur milli Íslands og Noregs sem tók gildi 2. júní 1982 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Í þeim samningi var ákveðið að Ísland og Noregur mundu sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar yrðu reglur um hvernig hátta skyldi olíuleit á þeim ef til kæmi. Norðmenn áttu að kosta forrannsóknir á hafsbotninum, en skipulag að vera í höndum beggja aðila sameiginlega. Lítið hefur farið fyrir þessu samstarfi frændríkjanna, en sjálfsagt og eðlilegt er að endurvekja það og halda því áfram.

Rannsóknir á landgrunni Íslands, svo víðáttumikið sem það er, eru tímafrekar og ekki á færi Íslendinga einna. Því er eðlilegt að beina rannsóknum að ákveðnum svæðum og einbeita sér þá helst að svæðinu út af Eyjafirði og Skjálfandaflóa þar sem talin er nokkur von um auðlindir. Verði einskis látið ófreistað til að ná samningum við erlenda aðila um frekari rannsóknir þar sem fyllstu aðgæslu verði gætt

með tilliti til náttúruverndar. Nái þessi þingsályktunartillaga fram að ganga væri ekki óeðlilegt að ríkisstjórnin skipaði starfshóp vísindamanna er ynni að framgangi málsins og fylgdist með störfum erlendra rannsóknaraðila."

Eins og segir í niðurlagi greinarinnar, virðulegi forseti, er það að sjálfsögðu stórt mál í þáltill. sem hér er lögð fram að Íslendingum verði tryggður aðgangur að öllum rannsóknum og að stjórnvöld fái að fylgjast mjög grannt með því sem þarna gerist.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:54]

Útbýting þingskjals:

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, 155. mál, fsp. HG, þskj. 172.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 44. mál (fiskiðnaður). — Þskj. 44.

[18:54]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991, með síðari breytingum.

Á síðasta þingi var lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri breytt nokkuð. Annars vegar var verið að laga reglur um erlenda fjárfestingu að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og hins vegar var heimiluð óbein erlend eignaraðild í sjávarútvegi, innan tiltekinna marka þó, bæði í fiskveiðum og fiskvinnslu.

Með því að opna á óbeina eignaraðild í sjávarútvegi var í raun tekin ákvörðun um að því fortakslausa banni sem þágildandi lög gerðu ráð fyrir yrði ekki fylgt eftir. Það var verið að viðurkenna eða aðlaga löggjöfina þeim veruleika sem við höfum búið við um skeið, þ.e. að erlend fyrirtæki eiga og hafa átt óbeint í ýmsum íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, einkum í gegnum olíufélögin. Enda kom það fram í greinargerð með stjórnarfrv. frá í fyrra að fortakslaust bann mundi leiða til þess að fyrirtækjum í sjávarútvegi yrði áfram gert erfiðara með að afla sér eigin fjár en öðrum fyrirtækjum í landinu.

Það liggur fyrir að óbein fjárfesting á móti möguleikum til beinnar fjárfestingar mismunar líka eins og bent var á í umræðunni um það frv. Lengra varð ekki gengið þá nema að eftir nokkurn þrýsting varð einnig aðeins hnikað þeirri flokkun hvað væri sjávarútvegur og hvað iðnaður og þar með hvaða greinar fiskvinnslu eða fiskiðnaðar væru háðar sérstökum takmörkunum á fjárfestingu erlendra aðila.

Það frv. sem ég mæli fyrir gerir hins vegar ráð fyrir því að um allan fiskiðnað gildi sömu reglur og almennt um annan iðnað hvað varðar fjárfestingar erlendra aðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á gildandi lögum hvað varðar útgerðarþáttinn.

Herra forseti. Með því að heimila einungis óbeina eignaraðild í fiskiðnaði voru engir nýjir möguleikar opnaðir. Með heimild til beinna fjárfestinga erlendra aðila í íslenskum fiskiðnaði, eins og í öðrum matvælaiðnaði, geta hins vegar skapast ýmsir nýir möguleikar og sóknarfæri fyrir fiskvinnsluna. Þekking erlendra aðila á Íslandi er lítil, hvort sem um er að ræða aðila í matvælaframleiðslu eða fjárfesta, en mestar líkur eru á að sú þekking tengist sjávarútvegi í einhverri mynd. Heimild til beinnar þátttöku í fiskiðnaði gæti því laðað að aðila sem síðar, eða jafnframt, vildu gerast þátttakendur á öðrum sviðum matvælaiðnaðar.

Nú háttar þannig til að erlendir aðilar geta keypt fisk á innlendum mörkuðum en mega ekki taka þátt í vinnslu hans nema að mjög takmörkuðu leyti. Breyting í þá veru að heimilt yrði að fjárfesta beint í fiskvinnslu þýddi því ekki útflutning hráefnis miðað við reynslu okkar heldur gæti sú skipan mála eflt frekari vinnslu hérlendis. Og ekki trúi ég við núverandi stöðu fiskvinnslu í landinu að menn slái hendinni á móti slíku.

Fjölmörg veigamikil rök eru fyrir því að gera þessa breytingu á lögunum:

1. Óeðlilegt er að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða grein þau eru og fráleitt að mismuna fiskvinnslu eftir því hvaða geymsluaðferðum er beitt við meðhöndlun hráefnisins. En við erum, herra forseti, fyrst og fremst að tala um mismunandi geymsluaðferðir.

2. Mörg dæmi eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri og slík eignaraðild hefur styrkt íslenskt atvinnulíf.

3. Lengi hefur verið stefna stjórnvalda að fá erlenda aðila til að fjárfesta meira í íslensku atvinnulífi. Það hefur helst gengið í stóriðju hingað til en hættulega lítið verið um fjárfestingar í öðrum greinum. Jafnframt má ætla að ný sóknarfæri kynnu að skapast fyrir aðra matvælaiðju sem mjög er nú sóst eftir samstarfi við erlend fyrirtæki um.

4. Eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geta örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar.

5. Fiskiðnaðurinn gæti sótt sér áhættufé og yrði þá ekki eins háður erlendu lánsfé.

6. Samstarf við erlenda aðila með þátttöku þeirra í uppbyggingu fiskiðnaðar á Íslandi færi fram fyrir opnum tjöldum og samkvæmt eðlilegum leikreglum.

7. Íslendingar hafa fjárfest mikið í sjávarútvegi erlendis. Sú þróun er býsna sterk að fyrirtæki verði til þvert á landamæri ef atvinnurekstur og þjóðfélag hefur hag af.

8. Heimild til beinna fjárfestinga og þátttöku í fiskiðnaði getur verið lykill að frekari fjárfestingum í öðrum greinum. Þá geta orðið til hliðarfyrirtæki vegna nýrra umsvifa.

9. Lagabreyting sem þessi mundi styrkja samkeppnisstöðu Íslands. En eins og menn þekkja er nefnd samkeppnisstaða mjög í sviðsljósi um þessar mundir og í umræðu.

Ekki er um það að ræða að verið sé að skylda aðila til að aðskilja veiðar og vinnslu þótt óbreytt lög mundu gilda um útgerðarþáttinn. Ætlunin er eingöngu að bjóða upp á þann valkost að ef fyrirtækin vilja efna til samstarfs við erlenda aðila um fiskvinnslu þá sé það heimilt og að ekki þurfi að fara kringum lögin svo sem dæmi eru um. Þau fyrirtæki sem reka útgerð mundu þá stofna sérstakt fyrirtæki um þann vinnsluþátt sem þau hyggjast efna til samstarfs um.

Við höfum á undanförnum árum afnumið hömlur fyrir erlenda fjárfesta hérlendis á flestum sviðum. Afnám sérstakra takmarkana í fiskvinnslu er eðlilegt framhald þeirrar stefnu.

Í núgildandi lögum eru eftirtaldar vinnsluaðferðir þegar undanþegnar sérstökum takmörkunum: reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til

dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Ef frumvarp þetta yrði að lögum yrði jafnframt heimilt að erlendir aðilar fjárfestu í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu.

Þar sem sumar vinnsluaðferðir eru nú þegar undanþegnar lögunum um fjárfestingu erlendra aðila en í öðrum má eignaraðild einungis vera óbein verður framkvæmd laganna bæði flókin og erfið. Aðilar beina jafnvel samstarfinu í allt annan farveg en æskilegt væri þar sem erfitt getur verið að skipta vinnslunni upp eftir einstökum þáttum eða geymsluaðferðum. Má ætla að löggjöfin sé þannig að verulegum vandkvæðum sé bundið oft á tíðum að vinna eftir henni.

Herra forseti. Frá því hefur verið greint í fjölmiðlum að fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu hafi fundið sér aðra farvegi en þá sem lögin beinlínis gerðu ráð fyrir. Þannig munu vera dæmi þess að erlendir aðilar láni fé til kaupa á fiskvinnsluhúsi og eigi jafnframt vélar og tæki. Reksturinn sé að vísu í nafni íslensks aðila en erlendi aðilinn ráði alfarið framleiðslu og sölu afurðanna enda til samstarfsins stofnað til að framleiða tiltekna vöru fyrir tiltekinn markað. Ekkert í þessu er beinlínis ólöglegt en hlýtur að verða til þess að við veltum því fyrir okkur til hvers er verið að takmarka fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu eins og nú er gert þegar ekkert stöðvar þá sem til slíks samstarfs vilja stofna. Fyrirhöfnin við að búa til hinn nauðsynlega millilið ef um óbeina eignaraðild er að ræða tefur reyndar og svo er hin aðferðin, sem ég rakti áðan, þegar hinn erlendi aðili leggur til fjármagn og tæki svo tiltekið samstarf geti tekist um tiltekna vinnslu.

Það var rætt á síðasta þingi þegar breytingarnar voru gerðar á lögunum um erlendu eignaraðildina að aðalgallinn við að heimila einungis óbeina eignaraðild í sjávarútvegi væri sá að í raun væri ekki verið að leyfa neitt nýtt, að samþykkt slíkra laga gæfi ekki nein ný sóknarfæri. Við sjáum hins vegar af reynslunni að fjárfesting erlendra aðila finnur sér farveg ef grundvöllur er fyrir samstarfinu. Sá grundvöllur virðist víða vera fyrir hendi og við því þarf að bregðast.

Nú um stundir er lögð mikil áhersla á það af hálfu stjórnvalda að þeir landshlutar sem ekki fá erlendar fjárfestingar og þar með uppgang í gegnum uppbyggingu stóriðju verði skilgreindir sem matvælaiðjusvæði. Þar yrði matvælaiðja sú stóriðja sem íbúarnir ættu að vinna við og hafa sína lífsafkomu af. Það hefur t.d. verið lausnarorð iðnrh. bæði fyrir norðan og austan þar sem heimamenn hafa gengið eftir stefnu stjórnvalda varðandi erlenda stóriðjufjárfestingu.

Hæstv. ráðherra hlýtur að vera ljóst að sannarlega getur verið erfitt fyrir þá sem eru að vinna að aukinni fjárfestingu erlendra aðila í okkar matvælaiðnaði að geta ekki kynnt hugsanlegum áhugaaðilum annað en gildandi löggjöf sem eins og áður sagði er flókin og nánast óskiljanleg og þjónar fráleitt orðið öðrum tilgangi en þeim að tefja fyrir að erlent fjármagn komi sem eðlilegt hlutafé inn í þá stóriðju sem matvælaiðjan er víða um land, einkum og sér í lagi fiskiðnaðurinn.

Herra forseti. Það er ástæða til að rifja upp að á undanförnum árum hafa komið fram frv. á Alþingi sem gera ráð fyrir að erlendir aðilar hafi rýmri möguleika til fjárfestinga í fyrirtækjum í sjávarútvegi en núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Það má þess vegna gera að því skóna að innan þess sé víðtækur áhugi á því að auka slíka fjárfestingu. Það er líka ástæða til að nefna að á ráðstefnu sem viðskrn. og fjmrn. efndu til í haust um bætta samkeppnisstöðu Íslands kom ítrekað fram að gefa þyrfti erlendum fjárfestum meira svigrúm hérlendis, m.a. í sjávarútvegi og vinnslu. Svo ég vitni beint í ræðu hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Í stað þess að byggja eingöngu á erlendu lánsfé væri eðlilegt að leita eftir áhættufé frá erlendum fjárfestum sem í vissum tilvikum geta að auki lagt til tækni og markaðsþekkingu."

Í ljósi stöðu þessara mála treysti ég því að hv. efh.- og viðskn. muni nýta það tækifæri sem gefst við umfjöllun þessa frv. og kanna ítarlega þróun erlendrar fjárfestingar í fiskvinnslu undir þeim lagaákvæðum sem við búum við núna og höfum búið við.

Mér finnst ástæða til hér í lokin að vitna aftur í ræðu hæstv. fjmrh. á nefndri ráðstefnu þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Flestir viðurkenna nú að stjórnmálamenn búa ekki til störf." Mér fannst, herra forseti, ástæða til að nefna þetta fyrr í dag þegar hæstv. viðskrh. talaði um þau störf sem hann hafði skapað en á þessari ráðstefnu sem ráðuneyti hans stóð að segir hæstv. fjmrh. að flestir viðurkenni nú að stjórnmálamenn búi ekki til störf: „Hugmyndir um hlutverk stjórnmálamanna hafa breyst í því efni á skömmum tíma. Það eru fyrirtækin sem búa til störf en ekki stjórnmálamenn. Stjórnmálamenn geta hins vegar skapað gott rekstrarumhverfi fyrir fyrirtækin."

Ég álít, herra forseti, að það frv. sem ég mæli hér fyrir sé einkum til þess fallið að skapa gott rekstrarumhverfi fyrir fyrirtækin og er það tilgangur þessa frv. að skapa slíkt umhverfi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (vernd gegn mismunun). — Þskj. 100.

[19:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem snýr að vernd gegn mismunun.

Samkvæmt gildandi löggjöf telst það ekki refsiverð háttsemi ef aðili í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi mismunar fólki og neitar manni um þjónustu eða aðgang að samkomustað af þeirri ástæðu einni hver litarháttur hans er eða vegna þess að hann er samkynhneigður. Íslensk stjórnskipan og stjórnarfar eru byggð á þeirri grundvallarreglu að allir séu jafnir fyrir lögunum og skuli njóta jafnræðis án tillits til kynþáttar, litarháttar, trúarbragða og sambærilegra atriða. Þessi jafnræðisregla birtist skýrlega í 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaga. Þrátt fyrir þetta eru engin haldbær úrræði til staðar fyrir einstakling sem verður fyrir því að annar einstaklingur eða fyrirtæki mismuni honum á þessum grundvelli. Einmitt við þessar kringumstæður er hættast við að óvild og fordómar fólks í garð ýmissa minnihlutahópa í þjóðfélaginu birtist og er sérstaklega rík þörf á að reyna að uppræta slíka háttsemi.

Því miður þekkjum við dæmi þess hér á landi að fólk sem tilheyrir ákveðnum minnihlutahópum, svo sem samkynhneigðir og fólk af erlendum kynþáttum, hafi þurft að

þola mismunun af þessu tagi. Refsiákvæði sambærilegt því sem birtist í 1. gr. frv. var lögfest á öðrum Norðurlöndum í kringum 1970 vegna aðildar þessara landa að samningi Sameinuðu þjóðanna frá 1965 um afnám alls kynþáttamisréttis. Meðal skuldbindinga sem samningurinn leggur skýlaust á herðar aðildarríkja er að þau tryggi mönnum jafnan rétt til aðgangs að öllum stöðum eða þjónustu sem veitt er almenningi svo sem samgöngutækjum, hótelum, veitingahúsum, kaffihúsum, leikhúsum og almenningsgörðum.

Ísland er aðili að samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis en aðild að samningnum leiddi þó ekki til sambærilegra breytinga á íslenskri refsilöggjöf. Aðild að samningnum var þó tilefni til að bæta nýju ákvæði í almennu hegningarlögin, 233. gr. a., sem gerir refsivert að ráðast opinberlega með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar eða trúarbragða.

Umræða um hvernig unnt er að vernda einstaka menn gegn mismunun með löggjöf hefur hins vegar vaxið á undanförnum árum hér á landi. Með þessu frv. er ráðgert að auk þjóðernis, kynþáttar, litarháttar og trúarbragða, verði kynhneigð talin meðal þeirra atriða sem refsivert er að byggja mismunun á í þjónustustarfsemi eða atvinnurekstri, sbr. 1. gr. frv. Samhliða þessu er ráðgert í 2. gr. frv. að kynhneigð verði bætt í talningu á atriðum í 233. gr. a., almennra hegningarlaga. Fram til þessa hefur lítt reynt á 233. gr. a. í tengslum við kynþáttamisrétti eða árásir sem gerðar eru opinberlega á minnihlutahópa sem taldir eru í ákvæðinu og fela í sér háð, róg, smánun, ógnun eða sambærilegar athafnir. Hins vegar felst í þessari breytingu á hegningarlögunum skýr yfirlýsing um ótvíræð réttindi samkynhneigðra til fullrar aðildar að íslensku samfélagi.

Ég vil einnig vekja athygli á b-lið 2. gr. frv. þar sem lögð er sú viðbót við 233. gr. a. að refsinæmi verknaðar sé ekki aðeins bundið við að opinberlega sé ráðist á hóp manna heldur er einstaklingum sem tilheyra slíkum hópum einnig veitt refsivernd berum orðum.

Herra forseti. Með samþykkt á þessu frv. verður stigið mikilvægt skref til að tryggja frekari mannréttindi í landinu með því að veita jafnræði manna sérstaka refsivernd og veita lagaleg úrræði þeim sem þurfa að þola kynþáttamisrétti eða mismunun af öðrum ástæðum.

Ég hef nú gert grein fyrir aðalefni frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umræðu og til meðferðar hjá hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögræðislög, 1. umr.

Frv. JóhS og GGuðbj, 49. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 49.

[19:11]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögræðislögum sem ég flyt ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur.

Í frumvarpi þessu leggja flutningsmenn til að sjálfræðisaldur barna verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár.

Hækkun sjálfræðisaldurs hefur verið til umræðu á Íslandi um árabil og fagfólk verið mjög á einu máli um að hann beri að hækka.

Helstu rökin fyrir þessari lagabreytingu eru þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, miði að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og að auðvelda meðferð á ungum fíkniefnaneytendum.

Ég tel, virðulegi forseti, að þrýstingurinn á að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður fari vaxandi um þessar mundir. Ekki síst kemur sú ósk frá fagfólki sem vinnur að málefnum ungmenna, nú síðast í tengslum við fréttir um að hópur unglinga væri í harðri fíkniefnaneyslu. Ég tel að hækkun sjálfræðisaldurs sé vissulega mikilvæg til þess að auðvelda meðferð ungra fíkniefnaneytenda sem ella gætu neitað henni eins og nauðsynlegri meðferð á lokuðum deildum fyrir þá sem eru í harðri neyslu.

Ýmsir hafa haldið því fram að rökin varðandi unga fíkniefnaneytendur réttlættu þó ekki að svipta stóran hóp unglinga réttindum til sjálfræðis við 16 ára aldur til að vernda fámennan hóp, eins og þeir segja, ungmenna sem lent hafa í vandamálum.

Ekki má gleyma að rökin fyrir hækkun sjálfræðisaldurs eru miklu fleiri en að auðvelda meðferð ungra fíkniefnaneytenda. Árin frá 16–18 ára aldurs eru mikilvæg ár í þroska og félagsmótun barna. Inntak forsjárskyldu er uppeldisskylda. Með því að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár er verið að framlengja forsjárskyldu foreldra sem miðar gagngert að því að auka öryggi barna og undirstrika sameiginlega ábyrgð barnsins, foreldra og samfélagsins alls.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að barn á rétt á umsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs. Barnasáttmálinn, sem er brjóstvörn mannréttinda barna, mælir fyrir um réttindi og vernd barna aðildarríkjanna. Hugsunin á bak við 1. gr. samningsins er sú að skapa varnarmúr umhverfis réttindi barna til 18 ára aldurs, samtímis því að leggja ábyrgð á herðar foreldra og samfélagsins alls gagnvart ungviði þjóðanna. Hækkun sjálfræðisaldurs er því framlenging á ábyrgð og skyldum foreldra, forráðamanna og samfélagsins í heild gagnvart börnum.

Sextán ára sjálfræðisaldur gengur líka, að mínu mati, gegn lögum um vernd barna og ungmenna en markmið þeirra er að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar börnum þegar við á.

Hækkun sjálfræðisaldurs er því ekki fyrst og fremst úrræði vegna barna sem búa við vandamál og þurfa á meðferðarúrræðum að halda. Ekki síður mun hækkun sjálfræðisaldurs tryggja öryggi og vernd allra barna til 18 ára aldurs. Auðvitað geta verið á því undantekningar ef börn búa við slæmar heimilisaðstæður en á því þarf þá að taka sérstaklega.

Það þekkja allir að þjóðfélagsaðstæður hafa gjörbreyst frá því að 16 ára reglan var innleidd í lög. Börn eru háðari foreldrum sínum efnahagslega en áður var raunin með auknum kröfum um menntun og færni í nútímasamfélagi. Nú búa 80–90% barna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum. Lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Einnig hefur aukið atvinnuleysi á undanförnum árum gert það að verkum að atvinnuleysi meðal ungmenna hefur aukist. Það hefur haft þær afleiðingar að möguleikar barna og ungmenna til að standa á eigin fótum og vera efnahagslega sjálfstæð hafa minnkað. Börn þurfa því lengri tíma til að aðlagast sjálfræðisaldrinum en til 16 ára.

Það er líka þversagnarkennt að foreldrar eru forsjárskyldir gagnvart börnum sínum til 16 ára aldurs en framfærsluskyldir til 18 ára aldurs en þá verða þau fjárráða og lögráða. Það eitt út af fyrir sig mælir með því að sjálfræðisaldurinn og framfærsluskylda foreldra fari saman. Einnig er það íhugunarefni að greiðslum barnabóta til foreldra skuli ljúka við 16 ára aldur barns en ekki við 18 ára þegar börn verða fjárráða.

Því er líka stundum haldið fram að á þessum aldri gangi börn í gegnum ákveðið mótþróaskeið þar sem oft reynir mjög á foreldra að gegna upprunaskyldu sinni og sýna börnum sínum nauðsynlegan aga og aðhald. Einmitt á þessu viðkvæma mótunarskeiði barna öðlast þau sjálfræði sem gerir foreldrum erfitt um vik að hafa eftirlit með útivist og skólagöngu ungmenna eða beita þau aga ef þau leiðast á villigötur. Á það ber því einnig að líta að framlenging á forsjárskyldu foreldra um tvö ár sem eru svo mikilvæg fyrir þroska barna, felur í sér aukna vernd, öryggi og aðhald fyrir börnin.

Virðulegi forseti. Þetta mál var til umræðu á síðasta þingi og var þá sent til umsagnar fjölmargra aðila. Flestir þeir sem fengu málið til umsagnar voru mjög jákvæðir og fluttu fyrir því mjög sterk rök að það bæri að hækka sjálfræðisaldurinn. Má þar nefna Samband ísl. sveitarfélaga, Barnaverndarráð, Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, lögreglustjórann í Reykjavík, Landssamtökin Heimili og skóla, umboðsmann barna, Barnaheill og Barnastofu. Það væri út af fyrir sig ástæða til að fara yfir þessar umsagnir vegna þess að þær eru margar hverjar mjög fróðlegar og styrkja mjög að hækka beri sjálfræðisaldurinn umfram það sem kemur fram í þessari greinargerð.

Greinargerð umboðsmanns barna er mjög gagnleg fyrir það starf sem fer fram í nefndinni um þetta mál. Umboðsmaður barna bendir á ýmis lagaákvæði í öðrum lögum sem þurfi að skoða samhliða þessari lagabreytingu sem ég ætla ekki að fara nánar út í. En umboðsmaður barna bendir á að samfara breytingum á lögræðislögum um hækkun sjálfræðisaldurs sé ástæða til að tryggja í lögunum rétt barna til að tjá sig um persónuleg málefni sín og jafnframt að réttmætt tillit skuli tekið til skoðana þeirra eftir aldri þeirra og þroska.

Það er líka full ástæða til þess að benda á að í lögum um umboðsmann barna sem eru nýleg, er kveðið á um, að mig minnir í 1. eða 2. gr., að með börnum er í lögunum þar átt við einstaklinga til 18 ára aldurs.

Það sem ekki er tekið á í þessu frv. og þarf að skoða við meðferð málsins í nefnd er yfirgangstímabilið sem skapast ef frv. þetta verður samþykkt. Sjálfræði verður vitaskuld ekki tekið frá þeim sem eru á bilinu 16–18 ára og hafa öðlast fullt sjálfræði fyrir gildistöku laganna. Frá þessu þarf að ganga í gildistökugrein með lögunum.

Umsögn Barnastofu er mjög athyglisverð á margan hátt og nefndin sem fær málið til meðferðar mun ugglaust fara mjög yfir hana. Þar er tekið fram að Barnastofa veki athygli á lokaathugasemdum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslands á barnasamningnum, frá fundi hennar með fulltrúum íslenskra stjórnvalda sem var fyrr á þessu ári. Þar segir efnislega að skorta kunni á að samningurinn endurspeglist að fullu í landslögum og að gera þurfi ráðstafanir til að tryggja að þau réttindi sem talin eru í samningnum njóti fullrar verndar. „Hér á nefndin ugglaust við“ segir í umsögninni „hinn lága sjálfræðisaldur á Íslandi, en í bráðabirgðaathugasemdum nefndarinnar er sérstaklega hvatt til þess að hann verði tekinn til endurskoðunar.“

Virðulegi forseti. Það olli mér vissulega vonbrigðum og það skulu vera mín lokaorð, að sjá haft eftir hæstv. dómsmrh. þegar hann var spurður að því í Morgunblaðinu nýlega, að hann hefði ekki sannfærst um að rétt væri að gera þá lagabreytingu, þ.e. að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár. Ég veit að nefnd er að störfum á vegum dómsmrh. sem er að endurskoða þessi lög. Það er engu að síður von mín og trú að nefndin fallist á þau veigamiklu rök sem eru með hækkun sjálfræðisaldurs. Ég bendi einnig á að nefnd á vegum dómsmrh. skilaði niðurstöðum sínum í sumar, en það var verkefnastjórn sem var að vinna á vegum dómsmrh. að átaki til aðgerða gegn fíkniefnum. Hún mælir eindregið með því að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 árum í 18 ár.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[19:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður um tvö ár, þ.e. það á að fara að gera stóran hluta unglinga sem í dag eru orðnir fullorðnir menn, að börnum. Ég get ekki fallist á þessi rök. Rökin eru vandi fíkniefnaneytenda sem er óneitanlega mjög mikill vandi. En það er ekki nema örlítið brot af unglingum sem betur fer, sem er í þeirri stöðu. Það má segja að það sé 1% unglinga sem er í verulega slæmum málum og fyrir þá finnst mér óeðlilegt að breyta öllum réttindum þeirra 99% sem eftir sitja og flestir hegða sér mjög ábyrgt og mjög vel.

Nú er það svo að unglingar bíða í ofvæni eftir því að verða fullorðnir og taka á sig réttindi, ábyrgð og skyldur hins fullorðna manns. Við það að hækka sjálfræðisaldurinn er verið að halda unglingunum lengur sem börnum. Mér finnst að það eigi virkilega að skoða hvort ekki eigi frekar að vinna að því að auka ábyrgð þeirra sem fullorðinna manna þannig að þeir taki ábyrgð og hegði sér á ábyrgan hátt.

Það sem mætti gera til að leysa þennan vanda í stað þess að gera alla unglinga að börnum, þ.e. að hækka sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár, væri að gera auðveldara að svipta þá sjálfræðinu sem eru undir 18 ára aldri eða fresta og hækka sjálfræðisaldur, að það yrði gert mjög auðvelt. Foreldrar gætu t.d. óskað eftir því eða lögreglan eða aðrir aðilar, eða Barnastofa gæti óskað eftir því á einfaldan hátt að sjálfræðisaldrinum yrði frestað og hann hækkaður hjá einstökum einstaklingum. Þetta mundi líka leiða til þess að unglingarnir mundu sýna enn meiri ábyrgð því ef þeir ekki hegða sér skikkanlega, þ.e. fara út í vímuefnaneyslu eða eitthvað slíkt, þá taka þeir þá áhættu að verða sviptir sjálfræðinu og flokkaðir sem börn. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að taka þannig á málum að láta sjálfræðisminnkunina eða hækkun sjálfræðisaldurs ná til þeirra sem raunverulega eru í vanda, vanda sem menn ætla að reyna að leysa, en ekki til allra hinna unglingana sem hegða sér vel flestir mjög vel.

Ég kynntist dálítið unglingum í mínu starfi sem kennari hér áður fyrr. Unglingar hegða sér upp til hópa mjög vel og standa sig yfirleitt mjög vel og eru mjög ábyrgir í sínu starfi og námi. Og mér finnst óeðlilegt að gera alla þessa unglinga að börnum vegna þess að einhverjir örfáir, 1%, 2%, hegða sér illa og leiðast út á villigötur þannig að lögregla og aðrir aðilar eru í vandræðum með að ráða við þá. Ég held að með því að gera það auðveldara að svipta menn sjálfræði, væri fundin lausn á þeim vanda sem lögregla og foreldrar standa í gagnvart unglingum sem hafa leiðst út á villigötur. En mér finnst rangt að gera alla unglinga ábyrgðarlausa.

[19:25]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst til að byrja með taka undir efni þessa frv. sem ég held að sé hið besta mál og ekki síst vegna þess að þarna er verið að einfalda hlutina. Það er verið að leggja til að sjálfræðisaldur og lögræðisaldur verði sá sami. Sú skipting sem nú er við lýði er engan vegin réttlætanleg að mínu mati, enda gerir hún málin að mörgu leyti flóknari eins og kom fram í ræðu framsögumanns.

Vegna orða hv. þm. Péturs Blöndals vil ég taka það fram og segja þá skoðun mína að sjálfræðissvipting er mjög alvarlegt mál. Mér finnst mjög alvarlegt ef menn eru á þeirri skoðun á hinu háa Alþingi að það eigi frekar að auðvelda sjálfræðissviptingu og beita henni nánast í refsiskyni þegar börn ekki hegða sér, eins og kannski má skilja af orðum sumra sem um þessi mál tala. Sjálfræðissvipting er eitthvað sem manneskjan burðast með alla sína ævi og verður ekki aftur tekin af þeirri manneskju þó að hún öðlist sjálfræði einhvern tíma seinna á ævinni. Að mínum dómi er því mun eðlilegra að gert sé eins og lagt er til í þessu frv., þ.e. að þetta tvennt sé látið falla saman og það sé þá í anda þess sem tíðkast annars staðar, að þetta sé einn og sami hluturinn. Nánast engin rök eru fyrir því að hafa þessa tvískiptingu eins og hún nú er. Öll rök mæla þvert á móti með því, eins og hv. frsm. sagði áðan, að þarna sé miðað við 18 ára aldur og menn öðlist þá það sem því fylgir að verða fullorðinn. Það gerist afskaplega lítið við 16 ára aldurinn annað en að menn verða sjálfráða eins og sagt er, en í því felst afskaplega lítið af því hlutverki sem fylgir því að verða fullorðinn.

[19:27]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er undarlegt að heyra að sjálfræðissvipting sé mjög alvarlegur hlutur á sama tíma og lagt er til að svipta alla unglinga frá 16–18 ára sjálfræðinu. Ég fellst því ekki á þessi rök. Það sem ég er að tala um er ekki sjálfræðissvipting í þeim skilningi þegar fullorðið fólk er svipt sjálfræði, heldur einhver einföld sjálfræðissvipting á unglinga, bara tímabundin, bara frestun á sjálfræðinu fram til t.d. 18 ára aldurs eða 19 ára aldurs þannig að það yrði engan veginn eins alvarleg aðgerð og þegar fullorðinn maður er sviptur sjálfræði. Þessi svipting mundi að sjálfsögðu flokkast undir eitthvað allt annað og menn mundu ekki burðast með hana alla ævi því þetta er nákvæmlega eins og það sem flutningsmenn leggja til, að menn öðlist sjálfræði við 18 ára aldur. En það yrðu aðeins þeir einstaklingar sem hafa af einhverjum ástæðum farið út af sporinu. Ég get því ekki séð að þetta yrði alvarleg sjálfræðissvipting. Hún mundi ekki koma neitt niður á þeim einstaklingum sem yrðu fyrir henni.

[19:28]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hrædd um að hv. þm. Pétur Blöndal gæti fengið staðfestingu á því hversu alvarleg sjálfræðissvipting er víða hjá fagfólki sem hefur komið nálægt sjálfræðissviptingu unglinga sem lenda t.d. í þeirri ógæfu að rata í óreglu á þessu aldursbili þannig að ég held að hvað sem hv. þingmönnum finnist um þau rök að sjálfræðissviptingin sé eitthvað sem fólk burðast með alla sína ævi, þá held ég einfaldlega að sýnt hafi verið fram á að svo sé. Þarna er um mjög erfiðan hlut að ræða. Hér er hins vegar ekki verið að tala um að svipta alla unglinga sjálfræði. Þetta er náttúrlega oftúlkun á hlutunum. Það er verið að tala um að færa þetta norm, þ.e. hvenær maður verður fullorðinn úr 16 upp í 18 ár, m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á samfélaginu síðustu áratugina sem m.a. hafa gert það að verkum og haft það í för með sér að forsjárskyldur foreldra t.d. vara mun lengur en áður var. Fólk fer seinna að heiman o.s.frv. Þessi breyting er því fyllilega í takt við þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað. Og eins og bent er á í greinargerð með frv. er þessi aldur, 18 ára aldurinn, það sem almennt er miðað við í nágrannalöndum okkar.

Ég vil einnig ítreka það sem ég sagði áðan í fyrra andsvari, að það verður enginn fullorðinn af því einu að um það séu sett lög sem segja: „Þú verður fullorðinn við 16 ára aldur." Síðan eru einhver ákveðin atriði sem þú færð ekki uppfyllt, skyldur sem þú færð ekki að takast á við fyrr en við 18 ára aldur eins og t.d. fjárræði sem er megininntak þess að verða fullorðinn, ekki satt.

[19:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka enn að ég er að tala um að fresta sjálfræði þeirra ákveðnu einstaklinga til t.d. 18 ára aldurs og það er engan veginn það sama og svipting sjálfræðis eins og talað er um í sambandi við fullorðið fólk.

Varðandi samanburðinn við útlönd, þá hef ég einmitt dáðst að því með íslenska unglinga hvað þeir eru ábyrgðarfullir og sjálfstæðir miðað við það sem er erlendis. Ég vil ekki taka þetta af þeim, þetta sjálfstæði og þessa ábyrgð sem þeir taka á sig. Ég hygg að hækkun sjálfræðisaldurs mundi einmitt virka þannig að unglingarnir yrðu lengur börn og tækju ekki á sig þá ábyrgð sem þeir gera í dag. Ég vil endilega halda því að unglingarnir taki þá ábyrgð sem þeir gera.

[19:31]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rökstuðningur hv. þm. mjög sérkennilegur en hann virðist bara horfa á eina hlið á málinu en ekki líta á þetta út frá heildinni. Það er margtekið fram í greinargerð og framsögðuræðu líka að verið er að hugsa um þetta fyrir hinn breiða hóp 16–18 ára. Það er verið að framlengja ábyrgð og skyldur foreldra, forráðamanna og samfélagsins alls en forráðamenn hafa forsjárskyldu til 18 ára aldurs. Og ég spyr hv. þm.: Hvað er öðruvísi hjá okkur heldur en hjá öðrum þjóðum?

Fram til 1968 var sjálfræðisaldurinn 21 ár hjá öðrum Norðurlandaþjóðum en 1968 held ég að honum hafi verið breytt í 18 ár og er núna 18 ár og í flestum öðrum löndum einnig. Mjög mikið ósamræmi er í okkar löggjöf gagnvart börnum og unglingum. Til dæmis er ökuleyfisaldurinn 17 ár hjá okkur á meðan hann er hjá öðrum þjóðum yfirleitt 18 ár.

Þeir hópar sem hafa fjallað um þetta og fjalla almennt um málefni barna, ekki bara börn sem eru í vandamálum, t.d. Barnaheill, Landssamtökin Heimili og skóli, mæla eindregið með hækkun á sjálfræðisaldrinum og færa fyrir því mjög sterk rök. Ég hvet hv. þm. til að lesa nú rökin með því að hækka sjálfræðisaldurinn. Auðvitað er það fráleitt sem fram kom hjá hv. þm. síðast að hægt sé að fresta sjálfræðisaldrinum til 18 ára aldurs. Þetta er eitthvað sem er varanlegt. Hann getur ekki bara tekið ákvörðun um 16 ára aldurinn og frestað þessu hjá einhverjum ákveðnum hópi þannig að þetta er auðvitað fráleit tillaga sem þingmaðurinn kemur með.

Ég skora á hann að kynna sér rökin, líka hina hliðina á málinu sem hv. þm. hefur ekki gert. Hvernig stendur á

því að allir hópar, og þeir eru margir, líka Samband ísl. sveitarfélaga, sem hafa fjallað um málefni barna mæla með hækkun sjálfræðisaldurs? Hvað er öðruvísi á Íslandi en hjá öðrum þjóðum sem hafa sjálfræðisaldurinn í 18 árum?

[19:33]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Um að ekki sé hægt að fresta sjálfræðisveitingu þá getum við að sjálfsögðu sett þau ákvæði í lög að sjálfræðinu verði frestað. Við getum sett það í lög. Við getum breytt lögunum. Þetta er löggjafarsamkunda. Við getum breytt lögunum þannig að fresta megi sjálfræði fyrir ákveðna einstaklinga, ekki svipta þá heldur fresta því þannig að ekki yrði eins mikið átak fyrir menn að svipta þá sjálfræðinu.

En varðandi samanburð við útlönd sýnist mér samkvæmt upplýsingum hv. þm. að verið sé að lækka aldurinn erlendis væntanlega með þeim rökum að gera menn fyrr fullorðna og hvetja til meiri ábyrgðar. Það er nefnilega ákveðin ábyrgð sem fylgir því að verða fullorðinn og unglingurinn bíður í ofvæni eftir því að fá að nota þessa ábyrgð, vera ábyrgur fullorðinn maður og hluti af því að er að fá sjálfræði, geta valið sér búsetu, fá að ráðstafa sjálfsaflafé eins og felst í sjálfræðinu sem er heilmikið mál fyrir unglinga. Með því að vísa til útlanda, þá vil ég ekki líkja því saman hvað íslenskir unglingar eru miklu ábyrgari og sjálfstæðari en ég hef kynnst erlendis.

[19:35]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sjálfræðisaldurinn var lækkaður á þessu árabili sem ég sagði, 1968, úr 21 árs niður í 18 ára og þar er hann hjá flestum þjóðum. Hvað segir barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna? Hann segir að börn eru allt fólk í heiminum yngri en 18 ára. Þeir hafa gert athugasemdir við það hvernig sjálfræðisaldrinum er háttað hjá okkur.

Ég skil ekki þessa rökleysu þingmannsins hvað eigi að gera við börnin þegar þau verða 16 ára. Á að setja þau í einhverjar réttir og velja úr? Sjálfræðisaldrinum verður frestað hjá þér en ekki þér. Ég hef aldrei heyrt annað eins bull og fram kemur hjá hv. þm. í málinu og hvet hann enn og aftur til að kynna sér hina hliðina á málinu en vera ekki með slíka dóma fyrir fram. Það er ekki verið að breyta þessu bara út af þeim börnum sem eru í vandamálum. Það er álit þeirra sem best þekkja og helst hafa skoðað þessi mál, hafa faglega þekkingu á þessu, taka mið af þeim þjóðfélagsaðstæðum, hvernig breytingar hafa orðið í atvinnumálum, í námsmálum, í búsetumálum og annað, að þetta sé best fyrir hinn breiða, stóra hóp 16–18 ára. En það er ekki verið að gera þetta eingöngu vegna þeirra sem eru í vandamálum þó að þeir njóti vissulega góðs af þessari breytingu.

[19:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir orð framsögumanns í þessu mikilvæga máli og teldi það gott mál að við á Alþingi gætum í eitt skipti hleypt þingmannamáli hratt fram, eins og þessu, og sameinuðumst um að lögfesta þetta mál hið fyrsta. Þetta er mjög stórt mál og alls ekki rétt, sem hv. 16. þm. Reykv. bendir á, að við værum með því að gera stóran hluta unglinga að börnum.

Unglingar á Íslandi eru í flestum tilfellum mjög ábyrgir unglingar og hárrétt er að þeir eru í mörgum tilfellum fullorðinslegri en jafnaldrar þeirra erlendis. Það er ekki út af því að það sé 16 ára lögræðisaldur hér. Fæstir unglingar í dag eru að spá í það. Flestir unglingar sem eru að spá í eitthvað sem fylgir aldri eru að spá í það að verða 17 ára og mega taka bílpróf. Þau eru ekki að velta fyrir sér þegar þau eru 15 ára eða þar um bil hvað gerist þegar þau verða 16 ára. Það að íslensk ungmenni eru fullorðinsleg og ábyrg er vegna mótunar á uppvaxtarskeiði, mótunar sem hið íslenska samfélag hefur haft á þessi ungmenni og hefur ekkert að gera með það að í lögum segi að sjálfræðisaldur sé 16 ára.

Það er mjög óvanalegt í dag að ungmenni séu komin út á vinnumarkað eða farin að standa á eigin fótum 16 ára gömul. Þau eru í fæstum tilfellum farin að gera það fyrr en eftir tvítugt þó auðvitað þekkist einhverjar undantekningar þar á. Það er líka alveg rétt að flestir unglingar hegða sér mjög vel, sem betur fer, og það kom mjög vel fram í þáttum og viðtölum sem voru höfð við ungmenni sem stóðu að jafningjafræðslu á sl. vetri. Þau komu mjög prúðmannlega og fallega fram fyrir þjóðina og vöktu þá athygli á því að þeim fyndist erfitt í þessari umræðu og yfirleitt í umræðu um unglinga að yfirleitt væri verið að tala um unglinga eins og vandamál. Mjög sjaldan væri verið að tala um unglinga sem þann heilbrigða hóp, sem unglingar að stærstum hluta væru, sem stæði sig vel og væri ábyrgur og stundaði heilbrigt líferni. Þess vegna skiptir sjálfræðisaldurinn sáralitlu máli fyrir þennan stóra og góða hóp heilbrigðra ungmenna sem eru að taka ábyrgð á eigin lífi, eiga góð samskipti við foreldra sína og búa í því heilbrigða umhverfi sem fjölskylda gefur unglingum og taka á sínum málum í samvinnu og samráði við sína foreldra. Þess vegna skiptir litlu máli fyrir þennan hóp hver sjálfræðisaldurinn er. En það er þegar vandamálin fara að steðja að sem mjög miklu máli skiptir að við, öðruvísi en aðrar þjóðir, séum með þennan lága sjálfræðisaldur.

Virðulegi forseti. Ég ætla einmitt að gaumgæfa það nokkuð hvaða áhrif það hefur þegar sjálfræðisaldur er 16 ár þegar vandi steðjar að. Framsögumaður með þessu máli benti á að Samband ísl. sveitarfélaga mælti með að sjálfræðisaldur væri hækkaður. Af hverju gerir Samband ísl. sveitarfélaga það? Ég var að skoða ágætt rit Sambands ísl. sveitarfélaga, Sveitarstjórnarmál, og þar er grein sem heitir: Sambandið hvetur til átaks gegn fíkniefnavandanum. Samband sveitarfélaga hafði sett á vinnuhóp til að skoða þennan vanda vegna þess að hann hafði verið ræddur hjá sveitarfélögunum og þessi vinnuhópur setur fram tillögur eða niðurstöður sem hann kallar tíu punkta tillögur. Tillögurnar beinast að forvörnum þar sem fjallað er um aðstæður ungs fólks í þjóðfélaginu og komið er inn á þátt og ábyrgð foreldra, ábyrgð á skyldu sveitarfélaga, ábyrgð á skyldu ríkisins, fíkniefnalöggæslu og tollgæslu, upplýsingar um fræðslu og forvarnir, virkni og viðurlög og svo tíundu tillöguna sem er að sérhver sveitarstjórn líti sér nær og hugi vandlega að aðstæðum í sínu sveitarfélagi. Sjötta tillagan er sjálfstæð og sérstök og mjög afmörkuð, um hækkun sjálfræðisaldurs, þar sem vinnuhópurinn leggur til að Samband ísl. sveitarfélaga beiti sér þegar í stað fyrir því að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður úr 16 árum í 18 ár.

Virðulegi forseti. Það er ekkert undarlegt að starfshópur sem er að fjalla um þennan alvarlega vanda komist að þessari niðurstöðu vegna þess að þegar skoðaðar eru umsagnir þeirra sem fjalla um erfiðleikana, þegar erfiðleikar steðja að ungmennum á aldrinum 16–18 ára þá komast þeir aðilar einmitt að sömu niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Ég ætla í fáum orðum að víkja að umsögn Barnaverndarstofu sem framsögumaður fór lítillega inn

á en þar er einmitt fjallað um það, sem bæði sú sem hér stendur og hv. þm. Pétur Blöndal var að tala um, að ungmenni eru í raun og veru mjög ábyrg og dugleg en þau eru háðari foreldrum sínum en áður var. Það eru meiri kröfur um menntun og færni í nútímasamfélaginu en var áður fyrr. Ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Atvinnuleysi hefur aukist og því hafa möguleikar ungmenna til að standa á eigin fótum svo ung minnkað verulega og sjálfstæði þeirra þar með líka minnkað. Það má reikna með að 80%–90% ungmenna búi í foreldrahúsum og að flest ungmenni sem ekki búa í foreldrahúsum vegna náms eða atvinnu geri það í fullri sátt við foreldra. Þess vegna hafa núgildandi ákvæði lögræðislaga um sjálfræðisaldurinn litla þýðingu vegna breyttra þjóðfélagsaðstæðna fyrir allan þorra ungmenna.

Þá kemur þessi þversögn sem felst í lágum sjálfræðisaldri. Hún er fyrst og fremst sú að það sem felst í lágum sjálfræðisaldri er að hann hefur fyrst og fremst þýðingu fyrir þau ungmenni sem síst skyldi og þau ungmenni sem tæpast kunna með þessi réttindi að fara. Ef til ágreinings kemur á milli ungmennis og foreldra er hann venjulega leystur með samræðum og sameiginlegri niðurstöðu. Þess vegna hefur þessi lagalegi réttur litla þýðingu. En ef bjátar á fer hann að hafa verulega þýðingu. Þessi lági sjálfræðisaldur getur t.d. falið í sér, og hefur falið í sér, að stjórnvöld hafa ekki séð ástæðu til að stofna til sérstakra meðferðarheimila fyrir ungmenni að 18 ára aldri. Við vorum að fjalla um það í félmn. í morgun, og ég minni þingmann á það, hvaða vandi er að halda t.d. ungmennum yfir 16 ára í meðferð, kjósi þau sjálf að ganga út úr meðferðinni.

Það er engin heimild í hegningarlögum fyrir því að 16–18 ára afbrotaungmenni geti afplánað refsivist sína á stofnun sem bjóði upp á meðferð þeim til handa og í mörgum dómum sem fallið hafa hér á landi í fyrri tíð þar sem sakborningar hafa verið 16–18 ára hefur annaðhvort verið beitt ákærufrestun eða dómar hafi verið skilorðsbundnir. Þó hafa nokkur ungmenni hlotið fangelsisdóma árlega. Benda má á að 1990–1994 voru yfirleitt tvö 16–18 ára ungmenni dæmd í óskilorðsbundið fangelsi og hafa þurft að afplána refsivist í almennum fangelsum. Það er fullkomlega í blóra við 37. gr. barnasamnings Sameinuðu þjóðanna sem er þess efnis að ungum föngum skuli haldið aðskildum frá eldri föngum. Af hverju berum við ekki ábyrgð á að þetta gerist ekki? Af hverju höfum við ekki skyldur við þau ungmenni sem afvegaleiðast, af því að við vitum að heilbrigð ungmenni njóta forsjár foreldra og góðra ættingja? Þetta eigum við að líta á. Lágur sjálfræðisaldur gerir foreldrum og þjóðfélaginu í heild mjög erfitt fyrir að taka á stjórnlausri neyslu áfengis og vímuefna 16 til 18 ára ungmenna. Þá standa aðilar oft frammi fyrir því að ungmenni sem eru í áfengis- eða vímuefnameðferð fyrir 16 ára aldur neitar að halda henni áfram. Þá standa barnaverndaryfirvöld og foreldrar ráðþrota. Það er staðreynd sem blasir við. Þó að við sem erum meðmælt því að breyta sjálfræðisaldrinum leggjum á þetta áherslu er ekki verið að gera ungmenni ábyrgðarlaus heldur er það viðurkenning á því að ábyrgðin er ekki einungis þeirra heldur foreldranna og samfélagsins alls.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þessi fundur er farinn að verða nokkuð langur og þó að full ástæða væri til að fara mörgum orðum um vanda þeirra sem eru að fást við og taka á málefnum 16 til 18 ára sem lenda í erfiðleikum ætla ég að reyna að stytta mál mitt svo sem unnt er en ég vil gjarnan í lokin benda á hve hinn lági sjálfræðisaldur skapar mikla óvissu um framkvæmd barnaverndarstarfs. Lög um vernd barna og ungmenna taka til ungmenna á aldrinum 16 til 18 ára og því hafa barnaverndaryfirvöld margvíslegar skyldur gagnvart þeim. Í mörgum tilvikum reynast þær tilgangslausar þegar sjálfráða einstaklingar hafna afskiptum af högum sínum.

Það má líka nefna fósturráðstafanir. Það er mjög mikilvægur þáttur í barnavernd. Nokkur hundruð börn á Íslandi eru í varanlegu fóstri. Þegar barni er ráðstafað í fóstur er gerður fóstursamningur við fósturforeldra til 16 ára aldurs. Þó barnið sé þá orðið sjálfráða er það ekki í stakk búið til að standa á eigin fótum frekar en önnur börn á þessum aldri og þarfnast mjög oft fósturforeldranna áfram. Þrátt fyrir það getur fóstursamningur ekki gilt áfram hvernig sem ástatt er fyrir barninu. Þetta veldur bæði fósturbörnum sem og fósturforeldrum óvissu. Þetta skapar öryggisleysi, ekki síst ef kynforeldrar, sem ættu þá að hafa framfærsluskyldu, kalla eftir börnum sínum. Mér finnst það mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að við sem erum að fjalla um þessi mál ræðum um börnin sem eiga við vandamál að stríða. Við hrökkvum við þegar foreldrar hrópa á stjórnvöld og biðja um aðstoð vegna þess að þau meta aðstæður þannig að einhver hundruð barna séu í erfiðleikum og vímuefnaneyslu, stjórnlausri vímuefnaneyslu úti á götum höfuðborgarinnar. Sem betur fer virðist sem sá vandi hafi ekki verið svo stór sem fréttir bera með sér, en bara 10 börn, 20 börn, ég tala ekki um 50 börn er of mikill vandi til þess að við látum það eins og vind um eyru þjóta. Það hefur komið fram hjá þeim sem fjalla um þessi mál og eiga að leysa þau að vandinn er mjög mikill gagnvart 16 til 18 ára vegna sjálfræðis barnanna. 16 ára gömul börn hafa enga möguleika á að meta aðstæður sínar þegar þau hafa lent í erfiðleikum og annaðhvort komist í kast við lögin eða komin í fíkniefnaneyslu. Það er annarra að hjálpa þeim, það er fullorðinna að hjálpa þeim, það er barnaverndaryfirvalda að taka á þeirra málum. Við eigum að skapa barnaverndaryfirvöldum, foreldrum og öðrum sem vilja koma til hjálpar þau tæki sem þarf og eitt þeirra tækja er að hækka sjálfræðisaldurinn.

Virðulegi forseti. Ég hef vísað til umsagnar Barnaverndarstofu í máli mínu þó ég hafi ekki beinlínis lesið hana frá orði til orðs en ég hvet eindregið til þess að þetta mál verði gert að lögum á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðbúnaður um borð í fiskiskipum, fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 131. mál. — Þskj. 142.

[19:50]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. á þskj. 142 um aðbúnað um borð í fiskiskipum. Aðrir flm. eru hv. þm. Sigurður Hlöðvesson og Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það hlutverk að gera úttekt á aðbúnaði og starfsumhverfi skipverja um borð í íslenskum fiskiskipum og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um úrbætur í þeim efnum. Í nefndinni eigi sæti átta fulltrúar skipaðir af Vinnueftirliti ríkisins, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi

Íslands, Vélstjórafélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum úthafsútgerða, landlæknisembættinu og Félagi íslenskra heimilislækna.

Úttektin taki til allra fiskiskipa sem gerð eru út af íslenskum útgerðum og taki m.a. til eftirfarandi þátta:

1. öryggismála og alls aðbúnaðar í íbúðum og við störf um borð,
2. möguleika skipverja til líkamsræktar og tómstundaiðkunar með tilliti til þess tíma sem veiðiferðin tekur,
3. möguleika skipverja til að hafa samband við umheiminn, sérstaklega fjölskyldu sína,
4. lengd útiveru og hvenær slíkt sé í síðasta lagi ákveðið,
5. dvalartíma í landi milli veiðiferða og hvenær hann sé ákveðinn,
6. vaktafyrirkomulags og hvíldartíma.

Að lokinni úttekt skal nefndin gera tillögur um úrbætur á því sem betur má fara til ríkisstjórnarinnar. Skulu þær tillögur liggja fyrir skriflega eigi síðar en 1. júlí 1997 og leggi ríkisstjórnin þær fyrir Alþingi í upphafi þings haustið 1997."

Á undanförnum mánuðum hefur mikið verið rætt um aðbúnað skipverja um borð í fiskiskipum sem gerð eru út af íslenskum útgerðum. Gagnrýni hefur komið fram og því verið haldið fram að aðbúnaðurinn standist í mörgum tilvikum ekki nútímakröfur. Einkum hefur umræðan snúist um svonefnd úthafsveiðiskip þ.e. þau skip sem eru vikum saman á fjarlægum fiskimiðum en þeir túrar geta verið allt að tveggja mánaða langir. Því hefur verið haldið fram að skipin sem send eru til úthafsveiða séu mörg hver illa búin til langrar útiveru hvað varðar aðbúnað skipverja. Vistarverur séu þröngar, aðstaða til tómstundaiðkunar fábrotin ef nokkur. Aðstaða til líkamsræktar ófullnægjandi og samband við umheiminn takmarkað hvort sem er við fjölskyldu eða við aðra þætti mannlífsins. Þá bætist það ofan á að útiverutími er óöruggur í mörgum tilvikum og dvalartími í landi sömuleiðis en allir þessir þættir hafa að sjálfsögðu áhrif á andlega sem og líkamlega líðan skipverja. Rétt er þó að taka fram að nýjustu skip flotans eru flest hönnuð með það í huga að gera lífið um borð sem eðlilegast eftir því sem hægt er en aðstaðan er mjög mismunandi eftir skipum. Þess vegna er í tillögu þessari lagt til að úttekt verði gerð á þessum málum og tillögur lagðar fram til úrbóta.

Það er hreinlega lyginni líkast að heyra um svo slakan aðbúnað eins og dæmi hafa verið nefnd um hjá íslensku launafólki á ofanverðri 20. öldinni og verður að taka þessa gagnrýni til alvarlegrar skoðunar. Í umfjöllun í Vinnunni, tímariti ASÍ, 8. tbl. 1996, er fjallað um málefni úthafsveiðisjómanna og haft er eftir ungum sjómanni, sem hefur verið við veiðar á fjarlægum miðum í fjögur ár, að líðanin hafi verið skelfileg og þeir sem aldrei hafa verið á sjó við þessar aðstæður geti líklega aldrei skilið þessa líðan. Hann segir m.a., með leyfi forseta: „Á allra nýjustu skipunum eru sána, ljósabekkir og líkamsræktartæki en það er ekki þannig hjá okkur. Við getum haft samband við land en bara í gegnum loftskeytastöð sem allir geta hlustað á þannig að maður getur aldrei verið út af fyrir sig, á ekkert einkalíf. Fréttir eru líka lengi að berast. Stundum berast fréttir ekkert. Skipstjórinn heyrir kannski eitthvað í gegnum stöðina en svo segir hann manni þetta kannski nokkrum dögum seinna ef maður spyr. Maður er langt á eftir öllu, á allt annarri bylgjulengd þegar maður kemur í land. Maður nær ekki að gera neitt, reynir að fara út að skemmta sér, finnst maður eiga skilið að djamma en hugsar bara um næstu ferð. Líðanin er samt miklu betri í hléunum. Það er rosalega gott að koma í land."

Í sama tölublaði Vinnunnar er viðtal við Guðrúnu Guðmundsdóttur lækni en hún hefur starfað sem heimilislæknir í tveimur bæjum sem hafa gert út skip í Smuguna. Hún segist reglulega hafa fengið menn af Smuguskipum til sín og þar hafi oftast verið um að ræða unga, fullfríska menn sem sáu ekki fram á að geta lifað eðlilegu lífi eftir langan tíma í einangrun. Þeir þjást oft af mikilli vanlíðan, geta ekki haft samband við sína nánustu. Finnst þeir hafa misst tengslin við vini og fjölskyldur og vantar samfellu í það sem er að gerast. Þeim finnist þeir vera eins og áhorfendur en ekki þátttakendur í lífi fjölskyldunnar og eigin lífi. Guðrún segir einkennin vera þau sömu yfirleitt, að upphafið sé að menn verði framtaksminni og hafi sig ekki í að lesa eða hafa ofan af fyrir sér. Þessi andlega deyfð verði síðan að líkamlegum pirringi, menn ná ekki að sofna, finnst vera mikil ólga inn í sér og þeim líður eins og þeir séu fullir umframorku sem þeir geta ekki losnað við. Guðrún segi ástæðuna vera þá að enga örvun sé að fá og lífið um borð sé allt of einhæft til þess að menn geti langtímum saman þrifist í slíku umhverfi. Þá segir hún það vera mikið vandamál hversu stuttur tími gefist oft á milli túra til þess að jafna sig. Menn hafi þrjá til fjóra daga til þess að ná áttum og ná tengslum við fjölskylduna sem sé allt of stuttur tími. Alvarlegasta stig þunglyndis segir Guðrún koma fram í gífurlegri vanlíðan og þá geti farið á ýmsa vegu.

Í umfjöllun Vinnunnar segir einnig að reglur séu til um lágmarksaðbúnað hjá Siglingamálastofnun er kveði á um lágmarksstærð mannaíbúða og aðstöðu til matar og þrifa. Engar reglur séu til um lágmarksafþreyingu eða aðstöðu til líkamsræktar sem verður þó að teljast jafnmikilvægur aðbúnaður við þær aðstæður sem að ofan er lýst og starfsaðstaðan sjálf eða vistarverurnar sem slíkar.

Því hefur ekki verið mótmælt að aðbúnaðurinn sé í mörgum tilvikum slæmur, a.m.k. mjög misjafn um borð í íslenska fiskiskipaflotanum. Þess vegna er lagt til að reglu verði komið á þessi mál með ítarlegri úttekt og þar verði hinir ýmsu fletir málsins kirfilega kannaðir. Lagt er til að nefnd verði skipuð til að vinna að þessum málum en í henni eigi sæti fulltrúar frá Vinnueftirlitinu, Samtökum sjómanna og útgerðarmanna, fulltrúa frá landlæknisembættinu og Félagi íslenskra heimilislækna. Æskilegt væri að fulltrúarnir sem skipaðir væru af landlækni og jafnvel líka sá sem væri skipaður af Félagi íslenskra heimilislækna væru einstaklingar sem hefðu þekkingu og reynslu af vinnu með sjómönnum og/eða fjölskyldum þeirra. Reyndar gæti allt eins komið til að þeir einstaklingar væru sálfræðimenntaðir alveg eins og læknar þar sem að ég veit til þess að sálfræðingar hafa sérhæft sig á þessu sviði, m.a. með námskeiðum fyrir sjómenn og fyrir fjölskyldur þeirra. Eftir því sem ég best veit þá hafa þau námskeið reynst vel og hefur verið mikil eftirspurn eftir þeim.

Þessi skipan nefndarinnar ítrekar þá áherslu að hér sé ekki aðeins um vinnumarkaðsmál að ræða eða um kjaramál heldur allt eins um heilbrigðismál og þess vegna er mjög mikilvægt að að því komi fagaðilar úr þeim geira.

Eftir að þessi tillaga var lögð fram í þinginu eða dagana 6.–8. nóvember var haldið 20. þing Sjómannasambands Íslands og þar var aðbúnaður um borð í úthafsveiðiskipum m.a. tekinn til umfjöllunar. Í ályktun þingsins um þessi mál segir m.a., með leyfi forseta:

„20. þing Sjómannasambands Íslands bendir á að á undanförnum árum hafa veiðar Íslendinga sífellt farið vaxandi á fjarlægum miðum. Sem dæmi má nefna veiðar í Smugunni, í Barentshafi og á Flæmska hattinum. Fjöldi skipa, sem þessar veiðar stunda, er alls ekki búinn til langra útivista með tilliti til aðbúnaðar áhafnar. Sérstaklega á þetta við um minni og eldri skipin. Klefar eru litlir og sameiginleg rými mjög af skornum skammti. Af þessu leiðir m.a. að ekkert pláss er fyrir þá frístundaaðstöðu sem þykir eðlileg og sjálfsögð í nýjum skipum. Það er krafa 20. þings Sjómannasambands Íslands að samgönguráðherra láti nú þegar fara fram endurskoðun á reglugerð nr. 185/1995 um vistarverur, öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurými fiskiskipa til að tryggja sjómönnum sem þessar veiðar stunda mannsæmandi aðstöðu um borð."

Síðar segir í annarri ályktun sem samþykkt var á sama þingi:

„20. þing Sjómannasambands Íslands skorar á félagsmálaráðherra að láta nú þegar fara fram könnun á því hvaða áhrif löng útivist skipa hefur á sálarlíf þeirra sjómanna sem stunda veiðar utan lögsögu Íslands, andlegt og líkamlegt þrek þeirra og fjölskyldna þeirra. Þingið telur mikla nauðsyn að þessi athugun fari fram strax þar sem þessi útrás íslenskra útgerða fer mjög vaxandi.

20. þing Sjómannasambands Íslands ítrekar fyrri ályktanir til Ríkisútvarpsins og Pósts og síma um nauðsyn þess að stórbæta útvarpssendingar og símaþjónustu við sjómenn á miðunum umhverfis landið og á fjarlægum veiðislóðum."

Af þessu má sjá að Sjómannasamband Íslands ræddi málin á sínu þingi á mjög svipuðum nótum og lagt er til að gert verði í þessari tillögu. Það eru greinilega þau sömu mál sem þar er mest áhersla lögð á að tekið verði á og það er líka ítrekað að á þessum málum verði tekið hið allra fyrsta því eins og við vitum eru þessar löngu útiverur á úthöfunum tiltölulega nýtilkomið fyrirbrigði á þann hátt sem nú hefur verið á síðasta ári og mjög brýnt að á þeim málum sé tekið sem allra fyrst.

Í tillögunni sem hér liggur fyrir er lagt til að ríkisstjórninni verði í sameiningu falið að gera úttektina. Það kemur fyrst og fremst til af því að málið er af margvíslegum toga og ekki einhlítt eða ekki sjálfsagt að einum sérstökum fagráðherra verði falin framkvæmd tillögunnar. Þannig má t.d. segja að öryggismál sjómanna falli undir samgn. þingsins en einnig mætti segja að efnið ætti heima undir sjútvn. og í raun og veru líka félmn. Enn mætti halda því fram að þetta málefni gæti fallið undir heilbr.- og trn. Tillagan tekur á málaflokkum sem snerta allar þessar nefndir þar sem félmn. fer með öryggis- og aðbúnaðarmál almennt og t.d. málefni Vinnueftirlits ríkisins. Þetta tengist sjútvn. óneitanlega og heilbrigðisnefnd að einhverju leyti.

Ég legg til að máli þessu verði vísað til hv. samgn. þar sem hún hefur með öryggismál sjómanna að gera og þar sem hún hefur til umfjöllunar ef breytingar eru lagðar fram á sjómannalögum en óska þó eftir því að hinum þremur nefndunum, þ.e. sjútvn., félmn. og heilbr.- og trn., verði falið að gefa umsögn um málið þar sem það snertir óneitanlega verksvið þeirra.

[20:02]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég þakka þeim flutningsmönnum sem standa að tillögunni varðandi aðbúnað um borð í fiskiskipum og tek undir orð hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur um að þetta er dálítið vandmeðfarið mál. Eins og þingmaðurinn kom réttilega inn á var reglugerð um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnaður í vinnu- og vinnslurýmum endurskoðuð og gefin út að nýju 23. jan. 1995. Ég minnist þess að sem þáv. formaður Sjómannafélags Reykjavíkur átti ég sæti í nefnd sem var að endurskoða einmitt þessar reglur á árunum 1976 og 1977 en þá höfðu ekki verið gerðar neinar breytingar á reglugerðum um aðbúnað áhafna á fiskiskipum á þriðja áratug. Þá var t.d. heimilt að hafa sjó í stað vatns í sturtum þannig að ekki er langt síðan einhver þróun fram á við varð í þessum málum sem snýr að vistarverum áhafnar.

Vissulega er full ástæða til að skoða þessi mál en þau eru svo víðtæk eins og hv. þm. kom inn á sem tengjast bæði reglum um vistarverum áhafnar, tengjast sjómannalögum, siglingalögum og síðan koma þau fjögur fagráðuneyti sem hv. þm. nefndi réttilega áðan. Hins vegar er líka athyglisvert þegar skoðuð eru sjómannalögin að þar eru ýmis ákvæði sem segja beinlínis til um að samanber 8. gr. í sjómannalögunum, þar sem segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við ráðningu nýliða skal skipstjóri sjá um að nýliðanum sé leiðbeint um störf þau sem hann á að sinna. Enn fremur skal honum sýndur björgunarbúnaður sá og viðvörunarbúnaður sem á skipinu er og leiðbeint um grundvallaratriði við notkun þeirra."

Þetta er mál sem snertir vissulega það mál sem er hér til umfjöllunar, einkum og sér í lagi vegna þess að komið hefur í ljós að stór hluti áhafna þeirra skipa sem hafa farið í Smuguna hafa verið ungir menn sem jafnvel eru að stíga sín fyrstu skref á sjó og hafa þar af leiðandi fengið litla þekkingu eða reynslu. Allt stendur þetta þó til bóta svo langt sem það nær vegna þess að sú kennsla sem fer fram í Slysavarnaskóla sjómanna miðast fyrst og fremst að því hvernig menn eiga að bera sig að ef þeir þurfa að yfirgefa skip en reglunum sem viðkomandi sjómenn eiga að þekkja er aftur beint til yfirmanna sem eiga að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref á skipsfjöl, en nokkur misbrestur er þar á.

Enn fremur var sú regla til margra ára að þegar menn komu til skips voru þeir ekki ráðnir nema þeir gætu lagt fram læknisvottorð og síðan var árleg læknisskoðun allrar áhafnarinnar sem var kostuð af útgerð. Það segir í 8. gr. sjómannalaga að samgrh. setji nánari reglur um læknisskoðun en því miður er mikill misbrestur á því og virðist vera að sá góði siður sé alveg horfinn. Í fleiri greinum sjómannalaganna er vísað til samgrh., að hann eigi að setja frekari reglur eða reglugerðir o.s.frv. en nokkuð skortir á að svo sé gert sem nauðsynlegt er.

Í reglum um vistarverur áhafnar og öryggi um borð í skipum er t.d. talað um stærð klefa. Þar segir m.a., aðeins til þess að gefa mönnum innsýn í það hvaða kröfur eru gerðar til vistarveru áhafnar og þá er ég einkum að ræða um það með tilliti til þess þegar skip er að fara um langan veg til veiða og eru í 6–8 vikur í burtu hvaða áhrif þetta getur haft á sjómennina. Þegar þessar reglur voru samdar á sínum tíma var ekki litið til þeirrar staðreyndar sem nú blasir við, þ.e. svo langrar útveru fiskiskipa eins og raun ber vitni. En þar segir svo, með leyfi forseta, að í svefnklefum skuli lágmarksflatarmál gólfs fyrir hvern mann vera sem hér segir: Skip styttra en 24 metrar 0,75 fermetar, en í skipi sem er 24 metrar að lengd á að vera einn fermetri á mann í eins manns klefa. Og hér segir líka um minnstu fjarlægð á milli veggja: Sérhver skipverji skal hafa sína eigin hvílu. Aðkoma að hvílunni skal vera frá hlið. Innanmál hvíla á skipum skal vera a.m.k. 1,98 x 0,68 metrar. Þó eru á skipum styttri en

24 metrar heimilaðar hvílur 1,98 x 0,58 metrar. Síðan segir að fjarlægð að borðplássi megi ekki vera minna en 60 sm frá kojustokk og að næsta vegg, þ.e. þá er verið að tala um gólfflötinn. Hér er því eitt og annað sem þarf að endurskoða. Ég tek heils hugar undir með framsögumanni og það er margt sem hefur verið hægt að segja um þetta.

Herra forseti. Með tilliti til þess að nú er orðið áliðið ætla ég ekki að hafa málflutning minn lengri þó vissulega hefði verið margt um að tala og margar athugasemdir sem eðlilegt hefði verið að gera við ástandið eins og það er nú. Ég vildi þó segja að lokum að því miður hefur nokkuð verið fjallað um það í fjölmiðlum að sá aðbúnaður sem nú er um borð í þessum skipum sem stunda veiðar í Smugunni sé með þeim hætti að það hafi beinlínis leitt til fjölda sjálfsvíga. En þegar grannt er skoðað er ekki allt satt sem sagt hefur verið og í athugun hjá landlækni hefur komið í ljós að hugsanlega gæti verið um tvö tilfelli að ræða sem hægt væri að rekja til þessa ástands. Fjöldinn skiptir ekki máli. Hér verður að grípa til hverra þeirra úrræða sem hægt er til að sporna við þessu alvarlega ástandi.

Ég vildi sérstaklega taka þetta fram í fyrsta lagi vegna sjómannastéttarinnar sjálfrar og svo líka það að leiðrétta þann leiða misskilning sem hér hefur komið fram vegna þess að það er mjög alvarlegt mál þegar fjölmiðlar og aðrir aðilar gera svo mikið úr þessu máli sem er ekki rétt og satt því að auðvitað skulum við hafa það sem sannast er og réttast. En ég styð það mál sem hér hefur verið lagt fram og vona að það fái skjóta afgreiðslu og menn einhendi sér í að vinna þau verk sem megi leiða til þess að sjómönnum á fjarlægum miðum verði svo búinn aðbúnaður að þeim líði betur og fjölskyldum þeirra því að þeir eiga það skilið.

[20:10]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir undirtektirnar og ég tek undir það sem hann sagði áðan að þetta er mjög vandmeðfarið mál og ég gerði mér fyllilega grein fyrir því þegar ég fór að vinna þessa tillögu. Þess vegna varð niðurstaðan sú að ákveðinni nefnd þeirra sem til þekkja eða eiga til að þekkja yrði falið að gera tillögu um úrbætur, m.a. með það í huga að fá einhverja heildaryfirsýn yfir málið. Ekki var ætlunin með tillöguflutningnum að gera úlfalda úr mýflugu heldur þvert á móti að taka þessa gagnrýni alvarlega og gera raunhæfar tillögur um úrbætur.

Það er vandasamt að koma saman tillögu um þetta mál, ekki aðeins vegna þess að málið er flókið og fjölþætt mál og tekur til mjög margra sviða, heldur er þetta einnig mjög viðkvæmt mál m.a. af þeim orsökum sem hv. þm. nefndi hér áðan.

Ég ítreka að hér er ætlunin að fá heildaryfirsýn og ég tel nauðsynlegt ef fjalla á um andlega og líkamlega líðan skipverja um borð og möguleika þeirra til tómstundaiðkana og annað að hafa yfirsýn um það hvernig aðstaðan sé að öðru leyti, starfsaðstaða, öryggismál o.s.frv.

Ég vil líka nefna í lokin að í raun og veru hafa miklu fleiri spurningar vaknað en þær sem eru nefndar í þessari tillögu í tengslum við úthafsveiðarnar sem eru t.d. núna fyrir dómstólum og tengjast m.a. veikindarétti og ávinnslu og úttekt veikindaréttar hjá sjómönnum sem verða veikir í útiveru og hvernig með það eigi að fara. Ég ákvað að láta það vera algerlega fyrir utan þetta efni þar sem þar erum við komin inn á enn eitt atriði sem er nýtt og mundi bara flækja málin að hafa í tillögu sem þessari.

[20:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þeim síðustu orðum sem komu fram um víðfeðmi þessa máls vil ég upplýsa að ég var á þessu sjómannasambandsþingi og tók þátt í umræðunni og í störfum öryggis- og tryggingamálanefndar varðandi þessar tillögur frá sjómannasambandsþinginu.

En ég vildi líka geta þess að ég upplifði það sem formaður og starfsmaður Sjómannafélags Reykjavíkur að taka þátt í rannsóknum á störfum togarasjómanna og fjölskyldna þeirra fyrir allmörgum árum. Tómas Helgason prófessor stóð fyrir þeirri rannsókn. Þetta var ítarleg rannsókn sem fór fram á starfi sjómannsins og heilsufari og svo líka heilsufari fjölskyldna sjómanna og ber enn dálítinn keim af því sem nú er rætt um og var kannað þá fyrir einum 16–18 árum.

Það er líka rétt sem kom fram að málið er svo yfirgripsmikið að þó að, eins og hér hefur komið fram um öryggismál sjómanna annars vegar, það sé samgrh. og síðan félmrh. er ég eiginlega alveg sammála hv. 1. flm., hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, að þetta er mál sem þarf auðvitað að fara um hendur einnar nefndar og síðan aftur til þeirra aðila sem um málið fjalla. Sjómannastéttin þarf að búa við það að það eru fjölmargir fagráðherrar sem koma að þeirra málum með einum eða öðrum hætti, hvort sem litið er til menntunar, til öryggiskrafna eða fleiri þátta. Eins og ég gat um áðan vona ég að þetta mál fái fljóta og skjóta afgreiðslu í meðförum þingsins svo að hægt verði að gera hér betrumbót á.

Enn fremur vil ég geta þess að ég flutti till. til þál. fyrir einum þremur árum um að kanna réttarstöðu manna vegna slysa og það mál er líka í ólestri og þarf mikillar skoðunar við þannig að í mörg horn er að líta í málum sjómannastéttarinnar.

[20:15]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess strax að 26. mál verður tekið á dagskrá og til umfjöllunar þegar umræðu um það dagskrármál sem nú er til umræðu er lokið. Forseti hafði tekið málið út af dagskrá vegna fjarveru 1. flm. eins og hann orðaði það, en það hefur komið í ljós að hv. þm. var í þinghúsinu en samkvæmt tölvuskrá var hann það ekki.

[20:15]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með að þetta mál skuli komið fram. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að málið er mjög víðfeðmt og ég vil taka undir það. Ég held að nauðsynlegt sé að setja umræðuna í gang á sem breiðustum grundvelli. Þar sem ég kem úr sjómannsfjölskyldu og útgerðarfjölskyldu tel ég að ég hafi innsýn í að þarna er á ferðinni mál sem þarf virkilega að ræða.

Ég vil varpa því fram að við þurfum að spyrja okkur spurninga eins og hvernig við eigum að sækja í auðlindina, með hvaða aðferðum. Það er allt önnur staða uppi í dag að vera í vinnu út árið eða taka tarnir, eins og íslenskir sjómenn gerðu á árum áður, síldarvertíð, vetrarvertíð o.s.frv. Það eru allt aðrar kröfur sem samfélagið gerir í dag til fjölskyldumála og því um líkt þannig að öll þessi mál þurfa að koma upp á yfirborðið.

Ef til vill verðum við að spyrja okkur hvort gullgrafaramórallinn í þessum málum, eins og kannski á mörgum öðrum sviðum, sé að leiða okkur í ógöngur. Ég vil nefna að fyrir okkur, venjulega borgara, er kyndugt að hætt er t.d. að

tala í tonnum en bara talað í milljónum, svo ég nefni eitt dæmi. Við verðum að setja fram spurningar um lífsstíl til að rækta þessa auðlind. Það er alveg sama á hvaða sviði það er, hvort það er til sjávar eða sveita. Það er spurning um lífsstíl. Kannski kunnum við ekki og höfum ekki tileinkað okkur þann lífsstíl sem er nauðsynlegur þegar við förum langt í burtu frá heimahögum.

Ég minnist þess þegar ég var strákur og Færeyingar stunduðu veiðar við Ísland í salt, og voru langtímum í burtu að þá var hlegið að Færeyingum vegna þess að þeir veiddu ekki á sunnudögum. Þeir komu gjarnan til hafnar, klæddu sig upp, fóru í sitt fínasta púss, gengu upp að kirkju og við krakkarnir fengu kakó og beinakex á eftirmiðdögum. Maður hefur heyrt sögur af því úti á hafinu að Norðmenn eru miklu duglegri við t.d. að hætta veiðum eða taka sér pásu, heimsækja hver annan og ræða málin, þ.e. skipshafnir fara í heimsóknir á milli skipa eða inn á varðskip. Auðvitað eru dæmi um þetta hjá okkur líka. Þó að málið sé viðkvæmt, kannski sérstaklega viðkvæmt, vegna þess að sjómennirnir okkar eru hörkutól, vilja menn koma með það upp á borð hér. Og um viðkvæmnismál hefur alltaf verið erfitt að ræða á sjómannsheimilum vegna þess að það hefur kannski þótt merki um veikleika. Við verðum að ráðast í þessa umræðu þrátt fyrir það. Við höfum öll gott af henni, ekki bara sjómennirnir okkar, heldur við líka að nálgast hvert annað með breyttum viðhorfum.

Að þessu sögðu vil ég þakka fyrir að þetta mál hafi verið lagt fram þótt fyrr hefði verið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 86. mál. — Þskj. 88.

[20:18]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir till. til þál. um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði. Flm. ásamt mér eru Gunnlaugur M. Sigmundsson og Magnús B. Jónsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hvort hagkvæmt geti verið að vinna áburð eða fóðurblöndunarefni úr kalkþörungum sem m.a. finnast í allmiklu magni í Húnaflóa og Arnarfirði. Verði niðurstaðan jákvæð skulu þessi mið könnuð frekar, áætlað magn kalkþörunga og árleg endurnýjun. Enn fremur verði markaðir fyrir þessa framleiðslu kannaðir."

Í greinargerð segir svo:

„Um árabil hefur verið vitað að í Húnaflóa og Arnarfirði er að finna auðug mið kalkþörunga. Dr. phil. Helgi Jónsson segir frá þessu í ritum sínum um íslenska sæþörunga árið 1910. Sigurður V. Hallsson efnaverkfræðingur tók sýni úr Arnarfirði árið 1969 og Karl Gunnarsson sjávarlíffræðingur var þar einnig við rannsóknir árið 1975.

Árið 1979 var gerð könnun á Húnaflóa með svokallaðri Shipek-botngreip. Kjartan Thors og Guðrún Helgadóttir lýstu þessum leiðangri í grein sem nefnist „Kalkþörungar á Húnaflóa og hugsanleg nýting þeirra" í ritinu Íslenskar landbúnaðarrannsóknir árið 1980. Á vestanverðum Húnaflóa voru tekin 140 sýni. Tilgangur þeirrar ferðar var m.a. að kanna hvort þar mætti finna skeljasand sem nýta mætti til áburðar á ræktað land. Niðurstaða sýndi að „í Húnaflóanum, þ.e. á Miðfirði, Hrútafirði og Bitrufirði utanverðum, eru víðáttumiklar breiður af kalkþörungaseti. Ekki er unnt að segja til um þykkt þessa sets, en hin mikla útbreiðsla þess sýnir að um mikið magn er að ræða. Kalkþörungasetið er á litlu dýpi og því aðgengilegt til dælingar eða moksturs af hafsbotni."

Sýni sem tekin voru í Arnarfirði árið 1969 voru þurrkuð í fiskimjölsverksmiðju á Patreksfirði og síðan efnagreind hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Niðurstaða greiningarinnar var sem hér segir:

Kalsíumkarbónat var 79,3%, magnesíumkarbónat var 9,7%, vatn 0,7%, köfnunarefni 0,25% og sandur um 1,5%.

Sigurður V. Hallsson segir m.a. í grein sem hann skrifaði í blaðið Ísfirðing 11. október 1969 þar sem hann lýsir miðunum við Langanes í Arnarfirði: „Brún neðansjávarnessins var staðsett með sextant og kortlögð, og reyndist flatarmál kalkþörungamiðanna við Langanes um 2,4 km . Á þessu svæði ætti því samkvæmt mælingum á rúmþyngd kalkþörunga að vera um 2 millj. tonna af ferskum kalkþörungum í eins metra þykku lagi, en þykkt lagsins er enn ókönnuð. Ef miðað væri við að vöxtur þörunganna væri 1 sm á einu ári, en lifandi skel sem fannst innan í kalkþörungsmola gefur það til kynna, ætti framleiðslan að vera 20 þús. tonn af kalkþörungum á Langanessvæðinu einu saman. Framangreindum tölum er einungis ætlað að gefa til kynna í hvaða stærðarflokki mærlingsframleiðslan gæti verið samkvæmt þeim frumathugunum sem hér hafa verið gerðar." (Sigurður notar hér orðið mærlingur um þörungana.)

Frakkar taka árlega um 300.000 lestir af kalkþörungaseti (maerl) af hafsbotni við Bretagne-skaga. Úr kalkþörungasetinu vinna þeir kalkáburð til notkunar í landbúnaði, en einnig hefur því verið blandað í skepnufóður og það notað til síunar á súru neysluvatni.

Þar sem alllangt er síðan þessu máli hefur verið gefinn gaumur, en ástæða er til að ætla að hér geti verið um veruleg verðmæti að ræða, er þessi þingsályktunartillaga flutt nú. Það er skoðun flutningsmanna að athuga beri allar auðlindir sjávar og landgrunns sem nýtanlegar kunni að vera, ekki síst ef hægt er að nota aðstöðu og vélakost sem þegar er fyrir hendi til vinnslunnar."

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–15. og 25. mál.

Fundi slitið kl. 20:24.

22. FUNDUR

miðvikudaginn 13. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Samkeppnisstarfsemi á vegum Póst- og símamálastofnunar, fsp. VK, 136. mál, þskj. 151.

Til dómsmálaráðherra:

2. Lágmarksrefsing við alvarlegum líkamsárásum, fsp. VK, 137. mál, þskj. 152.

Til menntamálaráðherra:

3. Útvarps- og sjónvarpssendingar, fsp. EKG, 139. mál, þskj. 154.

4. Möguleikar ungmenna til framhaldsnáms, fsp. ÓI, 140. mál, þskj. 155.

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Forvarnasjóður, 36. mál, svar heilbrrh., þskj. 147.

Samkeppnisstarfsemi á vegum Póst- og símamálastofnunar.

Fsp. VK, 136. mál. — Þskj. 151.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 151 legg ég fram fyrirspurn til samgrh. um samkeppnisstarfsemi á vegum Póst- og símamálastofnunar. Samgrh. hefur beitt sér fyrir breytingu á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag og mun sú formbreyting eiga sér stað nú um áramótin. Þessari formbreytingu ber að fagna enda var hún skilyrði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og nauðsynlegur þáttur í að búa stofnunina undir komandi samkeppni. Það sem hins vegar hefur gerst á undanförnum mánuðum eru breyttar áherslur hjá stofnuninni þar sem hún er farin að keppa við einkafyrirtæki á samkeppnismarkaði um svokallaða innhringiþjónustu fyrir internet eða alnet. Um 10 ára skeið hafa einkafyrirtæki verið að hasla sér völl á þessu sviði og með framsækni sinni og áræði staðið þannig að málum að Íslendingar eru nú í fremstu röð þjóða í að nýta sér þessa nýju tækni. Póstur og sími hefur frá upphafi selt einkafyrirtækjum aðgang að dreifikerfi sínu jafnt innan lands sem og verið milligönguaðili um útvegun sambands frá Íslandi til annarra landa. Það er einmitt það hlutverk sem Póstur og sími á að einbeita sér að, að útvega öflugt og nútímalegt dreifikerfi fyrir upplýsingahraðbraut nútímans. Það er lykilatriði að Póstur og sími hf. skilgreini sig sem heildsala en ráðist ekki með yfirgnæfandi markaðsaðstöðu sinni að smásölumarkaði þar sem boðið er upp á þjónustu sem nýtir sér grunnkerfi Pósts og síma.

Því hefur verið haldið fram að Póstur og sími verði að fara inn á þessi svið og verða ríkjandi fyrirtæki á sviði internet-þjónustu til að geta mætt erlendri samkeppni. Þessi röksemdafærsla finnst mér á engan hátt ganga upp því með sömu rökum mætti halda því fram að Póstur og sími yrði að verða ríkjandi aðili á sölu símtækja og einkafyrirtæki yrðu að víkja til að Póstur og sími geti mætt erlendri samkeppni. Og í framhaldi mætti segja að ríkinu væri það nauðsynlegt að koma á fót einum öflugum ríkisbanka eða öflugu ríkistryggingafélagi til að geta keppt við erlenda aðila. Ég spyr hvaða stefna þetta sé. Þetta er ekki sjálfstæðisstefna og þetta er ekki sú stefna sem ég tel að sé best fyrir íslenskt efnahagslíf til að búa sig undir alþjóðlega samkeppni. Ég tel þvert á móti að ríkisfyrirtæki eigi að draga úr umsvifum sínum þannig að einkafyrirtæki fái pláss til að vaxa og dafna og verða þannig öflug fyrirtæki á alþjóðamarkaði. Ég hef ekki tíma til að fara út í einstök atriði varðandi útfærslu Pósts og síma á þessari þjónustu sinni sem þó gæfi tilefni til annarrar umræðu en vona þó að samgrh. varpi ljósi á þær spurningar í svari sínu.

[13:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég verð að segja til að byrja með að ég er mjög undrandi á málflutningi hv. þm. og átta mig ekki alveg á því út frá hvaða sjónarmiðum hann talar. (**Gripið fram í:** Sjálfstæðisstefnunni.) Það er svo að ég er yfirmaður Pósts og síma og mér ber sem slíkum að standa vörð um íslensku póst- og símaþjónustuna með sama hætti og ég hygg að ráðherra símamála í Þýskalandi eða ráðherra símamála í Noregi telji sína skyldu að standa vörð um þeirra símaþjónustu. Og væri fróðlegt, út frá ummælum hv. þm. að fá skoðun hans á því hvernig á því stendur að Deutsche Telecom, sem er að öllu leyti í eigu ríkisins, skuli vera dyggilega stutt af þeirri ríkisstjórn sem situr í Þýskalandi og það hafi búið sig undir það að geta selt hlutabréf á frjálsum markaði. Hið sama er raunar að segja í Noregi. Það hlutafélag er að öllu leyti í eigu norska ríkisins. Í því fyrirtæki var hlutafé aukið nú á dögunum og það var ríkið sjálft sem jók hlutafé sitt í símaþjónustunni. Ég hygg því að það sé alveg ljóst að Evrópuríkin eru hvert á fætur öðru að búa sig undir það að færa þjónustuna út á markaðinn og menn hafa sett sér 1. janúar 1998 til að gera það.

Þegar við á hinn bóginn erum að tala svo um internet, ég heyri að hv. þm. er vel að sér í interneti, þá liggur það fyrir í Bandaríkjunum, óskalandi einkakapítalismans, að bandaríska póstþjónustan, sem er ríkisrekin, er að búa sig undir það að taka upp internet-þjónustu vegna þess að það er forsenda fyrir pappírslausum viðskiptum að slíkur aðili geti komið bréfum til skila þannig að bæði sendandi og viðtakandi geti treyst því að rétt sé með farið og mun póstþjónustan bandaríska gera hvort tveggja í senn að dagsetja og stimpla bréfin. Þetta er sú þjónusta sem verið er að taka upp annars staðar og menn eru að búa sig undir líka í Evrópu. Ef menn eru að velta því fyrir sér hvort menn vilji vöxt og viðgang símastofnana þá er líka best að gera sér grein fyrir því að því er spáð að innan 15 ára muni 50% af viðskiptum fyrirtækja eins og símans vera í gegnum internetið. Væri fróðlegt að fá upplýsingar hjá hv. þm., sem ber líka íslenskt atvinnulíf og íslenskt verkfólk fyrir brjósti, hvernig hann hugsi sér að þrepa niður rekstur símans ef hann má ekki koma að þessum rekstri sem er hreinn fjarskiptarekstur og er líka kominn inn á póstþjónustuna því internet-þjónustan er að skilningi Bandaríkjamanna, einkakapítalistanna, ekki annað en framhald af venjulegri póstþjónustu. Internet-bréfin eru að taka við af venjulegum bréfum.

Spurt er: Hvernig var staðið að ákvörðun um það þegar Póst- og símamálastofnun hóf að selja almenningi aðgang að innhringiþjónustu fyrir internet á liðnu sumri?

Þetta hefur margoft komið fram hjá mér. Það var gert með því að aðskilja fullkomlega einkaréttarsvið og mark-

aðssvið Pósts og síma og með því jafnframt að stuðla að því að stofnuninni yrði breytt í hlutafélag sem verður 1. janúar næstkomandi. Og ég hélt að það væri stefna Sjálfstfl. en mér heyrðist að hv. þm. telji að ég sé ekki velkominn í þeim flokki.

Í öðru lagi er spurt: Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að Póst- og símamálastofnun hefur að undanförnu aukið umsvif sín í samkeppnisrekstri á ýmsum sviðum?

Póstur og sími hefur haldið áfram sínum rekstri með eðlilegum hætti, — og ég vil stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar — farið að íslenskum lögum og mun gera það áfram.

Í þriðja lagi er spurt: Mun ráðherra, sem handhafi hlutabréfa ríkisins í Pósti og síma hf., beita sér fyrir eða styðja frekari útþenslu fyrirtækisins í samkeppnisrekstri þegar hlutafélagið hefur tekið til starfa 1. janúar næstkomandi?

Útþensla er einhvern veginn neikvætt orð í þessu — útþenslustefna. Ég fór að velta fyrir mér t.d. hver væri útþenslustefna Lífstykkjabúðarinnar. Það sem maður er að tala um hér er hvort ég vilji stuðla að því að Póstur og sími haldi áfram að vaxa og dafna, og svarið er já.

Í fjórða lagi er spurt: Telur ráðherra að ríkið eða ríkisfyrirtæki ættu að beita sér fyrir samkeppnisrekstri á fleiri sviðum?

Ég hef verið talsmaður þess að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag en hv. þm. hefur ekki flutt tillögu um það heldur um önnur efni. (Gripið fram í.) Því miður hefur þm. ekki gert það og ég tek undir með honum að hann hefði betur staðið heill að því.

Í fimmta lagi er spurt: Er uppsetningu hnitpunkta á landsbyggðinni vegna innhringiþjónustu fyrir internet lokið?

Þeirri uppsetningu lauk um miðjan síðasta mánuð.

[13:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. segist standa vörð um Póst og síma. Nú er það þannig að Póstur og sími er langsamlega stærsta fyrirtækið á Íslandi, þ.e. það fyrirtæki sem hefur flesta starfsmenn. Það situr auk þess að öllum ljósleiðurum innan lands og til útlanda. Ég get því ekki séð hvernig í ósköpunum önnur íslensk fyrirtæki ættu að keppa við þetta fyrirtæki þegar þau þurfa að eiga öll viðskipti við það. Mig langar til að koma hérna smáleirburði á framfæri:

Póst og síma passar hann,
pempíulega, ráðherrann.
Samkeppnina setur í bann,
samgöngumálaráðherrann.

[13:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Póstur og sími lýsti því yfir á sínum tíma að uppsetningu hnitpunkta væri lokið. Síðan kom í ljós að þetta var ekki rétt og um stórfelldan kostnað var að ræða fyrir Póst og síma vegna niðurgreiðslu þjónustunnar. Hvernig réttlætir ráðherrann að slík ósannindi séu notuð í samkeppni og opinberum fjármunum varið til að gleypa markaðinn? Miðað við viðbrögð ráðherrans við gagnrýni hingað til má ætla að Sjálfstfl. telji það vænlega leið til nýsköpunar í atvinnulífinu að farið sé fram eins og Póstur og sími hefur gert gagnvart frumherjum í internet-þjónustu, að öflugum ríkisfyrirtækjum sé teflt inn á markað sem einkafyrirtæki hafa þróað og byggt upp. Ráðherrann reynir að verja sig með því að yfirvofandi sé meiri samkeppni að utan þegar fjarskipti verða gefin frjáls. Maður hlýtur að velta því fyrir sér hvort hann ætlar að vera búinn að hreinsa allt út af markaðinum áður en að því kemur. Rök ráðherrans, herra forseti, eru þau sömu og kaupfélagsstjóranna í gamla daga þegar þeir voru að leggja hramminn yfir smásöluverslunina úti á landi.

[13:42]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur haldið því fram að það hafi ekki verið fyrirtæki á markaðnum til að annast þessa þjónustu og þess vegna hefði Póstur og sími þurft að koma að. Ég fullyrði að þetta sé rangt. Það hefði verið athyglisvert í þessari umræðu að heyra sjónarmið hæstv. menntmrh. sem er notandi á internetinu og þekkir þessi mál og skiptir reyndar við annað fyrirtæki en Póst og síma. Ég held nefnilega að hér sé á ferðinni kerfisvörn samgrh. Það er stór aðili sem er næstum því einkaaðili, var einkaaðili, fákeppnisaðili, sem er að kreppa að smærri fyrirtækjum sem eru núna að koma inn á markaðinn á nýju sviði. Mér finnst þetta vera vond stefna. Það getur vel verið að þetta sé stefna Sjálfstfl. Ég kýs að líta svo á að ráðherra fari með stefnu Sjálfstfl. en e.t.v. er þetta eitt mál því málshefjandi, sem ég þakka fyrir að hefja þessa umræðu, er einnig sjálfstæðismaður. E.t.v. er þetta dæmi um málaflokk sem menn hefðu átt að ræða á landsfundi Sjálfstfl. en svo getur líka verið að það hafi verið bannað að ræða þetta mál þar eins og önnur mál á þeim vettvangi.

[13:43]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt hjá hæstv. samgrh., ef ég hef tekið rétt eftir, að það er hans hlutverk að gæta hagsmuna íslenskrar póst- og símaþjónustu, ekki íslensku póst- og símaþjónustunnar því það eru fleiri aðilar heldur en bara Póstur og sími sem eru hluti þessarar þjónustu. Mér hefur hins vegar alltaf þótt ógeðfellt þegar ríkisstofnanir hafa verið að ráðast inn á samkeppnismarkað þar sem einkaaðilar hafa verið að hasla sér völl og veita nýja þjónustu. Hitt er svo annað mál að þegar Póstur og sími hf. er orðinn að fyrirtæki þá verður harla erfitt fyrir hvort heldur er löggjafarvaldið eða framkvæmdarvaldið að stjórna því í hvers konar rekstri það fyrirtæki er því með tíð og tíma þá verða þessi hlutabréf vonandi seld og Póstur og sími hf. einkavæddur og þá þarf það fyrirtæki auðvitað að vera í stakk búið til þess að keppa á hinum frjálsa markaði.

[13:44]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það sem einkennir fyrst og fremst fjarskiptamarkaðinn um þessar mundir er að skil milli fjarskiptaþjónustu, símaþjónustu og jafnvel fjölmiðlunar eru orðin mjög óljós. Þess vegna hefur þróunin alls staðar úti um hinn vestræna heim orðið sú að fyrirtæki sem hingað til skilgreindu sig t.d. sem þröngt símafyrirtæki eða þröngt fjölmiðlunarfyrirtæki eru núna farin að starfa inni á sviði hvers annars. Og við skulum ekki láta okkur detta það í hug eitt andartak að tækniþróunin hér á landi leiði til nokkurs annars en hún hefur leitt í öðrum löndum í kringum okkur. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að Póstur og sími taki þátt í nýrri starfsemi eins og internet-þjónustu en þá þarf hann auðvitað að fylgja öllum almennum leikreglum. Það er stóra málið. Og það væri óeðlilegt að Póstur og sími notaði sitt mikla afl sem hann að hluta til nýtur vegna einokunaraðstöðu sinnar til þess að greiða þetta niður og bola þannig fyrirtækjum út

af markaðinum. En ekki eitt andartak skulum við ímynda okkur það að fyrirtæki á borð við Póst og síma geti leitt hjá sér stóran hluta af eðlilegri þjónustu á sviði fjarskiptamála og við skulum ekki gleyma því að innan skamms munum við mæta vaxandi samkeppni utan lands frá og hún verður líka á internet-sviðinu.

[13:45]

Fyrirspyrjandi (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að það hafi komið fram í henni hvar hinir andstæðu pólar liggja. Það er einmitt svo farið að hæstv. samgrh. styður að sjálfsögðu þá stofnun sem undir hann heyrir og er ekki óeðlilegt að hann vilji sjá vöxt og viðgang hennar sem mestan. Og ég undrast það ekki að starfsbræður hans í Evrópu styðji einnig þær stofnanir sem undir þá heyra.

En ég geri athugasemd við það að ég tel að Póstur og sími sé þarna að hasla sér völl á nýjum vettvangi sem hann hefur ekki starfað á áður. Hann hefur verið að reka dreifikerfið, hann hefur verið að reka ljósleiðarasambandið um allt land og ljósleiðarasambandið til útlanda og þar á hann að starfa og byggja sig upp sem öflugur aðili en ekki að ákveða það að stíga skrefið lengra og ná þar með að keppa við einkafyrirtæki sem eru búin við illan kost að byggja sig upp um nokkurra ára skeið. Nú fyrst eru þau að sjá fram á að eitthvað fari að skila sér af þessum tilkostnaði sem í hefur verið lagt og þá allt í einu birtist Póstur og sími og segir: Við ætlum að taka þetta yfir. Það er það sem ég tel vera rangt. Ég tel ekki óeðlilegt að Póstur og sími vaxi og dafni og verði sterkur í samkeppni við erlend fyrirtæki um rekstur á sínum dreifikerfum. Það er eðlilegt.

Hæstv. samgrh. minntist á pappírslaus viðskipti og að í Mekka einstaklingsframtaksins, Bandaríkjunum, væru fyrirtæki að fara inn á það svið og það er einmitt það sem er að gerast að verið er að leggja áherslu á dreifikerfin eins og í Bandaríkjunum, að byggja upp öflug dreifikerfi fyrir þessa þjónustu en ekki með þeim hætti að fara inn á samkeppnismarkað, það er ekki að gerast.

Hæstv. ráðherra beindi því til mín að mér væri nær að flytja tillögu um að breyta RÚV í hlutafélag. Það vill nú þannig til að þáltill. frá mér varðandi Ríkisútvarpið bíður umfjöllunar og ég vonast eftir stuðningi hans við það mál.

[13:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Því miður er tillagan ekki þannig vaxin að ég sé sammála henni, en ég hefði verið fylgjandi henni ef hún hefði verið um að breyta Ríkisútvarpinu í hlutafélag.

Ég get út af fyrir sig skilið það sjónarmið hv. þm. að hann beri fyrir brjósti, eins og ég geri raunar líka, nýjan vaxtarbrodd hér í atvinnurekstri. En þegar við erum að tala um alþjóðleg viðskipti þá er það alveg ljóst að það á enginn t.d. internetið. Það á enginn símann. Ég er hér með lista, að vísu orðinn svolítið gamlan, frá Svíþjóð. Þar kemur fram að á internet-markaðnum þar eru smásalar Telecom Finland, Transpack, sem er samstarf við franska símann, þar er svissneski síminn, spænski síminn, hollenski síminn, Unisource og fleiri á ferðinni. Bandaríkjamenn eru að keppa í Hollandi og þar fram eftir götunum þannig að internet-þjónustan er þjónusta sem verður rekin af þeim samkeppnisaðilum símans sem verður frjálst að stunda hér alhliða viðskipti 1. janúar 1998.

Sú samkeppni sem þessi litlu fyrirtæki óttast er ekki íslenski síminn. Það er heldur hvað mætir þeim eftir að algjört frelsi verður komið hér á landi 1. janúar 1998. Og á miðju næsta ári verður kominn nýr aðili inn á GSM-markaðinn. Það er því alveg ljóst að það er borin von að við getum búist við því að einhver lítil fyrirtæki hér heima fái að vera í friði við sinn garð vegna þess að hinir erlendu menn eru þegar farnir að þreifa fyrir sér. Og ef hv. þm. er kunnugur þessu þá veit hann að hér eru fyrirtæki sem að stórum hluta til eru í eigu erlendra fyrirtækja sem eru að keppa hér. Þar að auki hélt ég að það væru opinber fyrirtæki sem hefðu komið hér inn á internet-markaðinn, t.d. Skýrr. Og ég man ekki betur en SURÍS hafi verið opinbert fyrirtæki. Þó því hafi verið breytt í hlutafélag er það að meiri hluta til opinbert fyrirtæki og það er alveg augljóst og þarf ekki að fara mörgum orðum um það að síminn íslenski er fjarskiptafyrirtæki sem hlýtur að starfa á sama grundvelli og önnur fjarskiptafyrirtæki í veröldinni.

Lágmarksrefsing við alvarlegum líkamsárásum.

Fsp. VK, 137. mál. — Þskj. 152.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn til dómsmrh. sem hljóðar svo:

„Hyggst ráðherra leggja til breytingu á almennum hegningarlögum þannig að þar verði kveðið á um lágmarksrefsingu við alvarlegum líkamsárásum?"

Almenningur hér á landi hefur þungar áhyggjur af því að ofbeldi hefur aukist verulega í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Ofbeldisverkum hefur fjölgað og svo virðist sem hættulegri aðferðum sé iðulega beitt við brotin en áður tíðkaðist. Dómar fyrir alvarlegar líkamsárásir virðast ekki endurspegla það álit almennings að beita beri ströngum refsingum fyrir brot af þessu tagi og því vaknar sú spurning hvort ástæða kunni að vera fyrir löggjafann að breyta þeim ákvæðum almennra hegningarlaga sem hafa að geyma refsiheimildir fyrir brot af þessu tagi.

Ekki er síst ástæða til að skoða hvort hugsanlega megi breyta 218. gr. og að þar verði sett inn ákvæði um lágmarksrefsingu með sama hætti og þar er kveðið á um hámarksrefsingu. Samkvæmt greininni má dæma mann til fangelsisvistar í allt að 16 ár vegna alvarlegra líkamsárása en ekkert kemur fram um lágmarksrefsingu fyrir slík brot. Er ákvæðið að þessu leyti frábrugðið t.d. 194. gr. og 211. gr. þar sem kveðið er á um lágmarksrefsingu fyrir tiltekin brotn, t.d. nauðgunarbrot.

Samkvæmt 194. gr. er lágmarksrefsing fyrir nauðgun eins árs fangelsi og samkvæmt 211. gr. er lágmarksrefsing fyrir manndráp fimm ár. Ljóst er að innan ramma 218. gr. geta fallið mjög alvarleg ofbeldisverk. Virðist því full ástæða til þess að dómsmrn. taki til athugunar hvort ekki sé tilefni til þess að setja þar inn lágmarksrefsingu hafi slík athugun ekki þegar farið fram. Benda má á í því sambandi að umræður um lágmarksrefsingar hafa verið talsverðar að undanförnu í ýmsum nágrannalöndum okkar, t.d. Bretlandi.

Virðulegi forseti. Á undanförnum dögum höfum við orðið vitni að mjög alvarlegum ofbeldisverkum í þjóðfélaginu og það er ekkert launungarmál að margir eru orðnir mjög uggandi en svo virðist sem þessi þróun sé ekki að taka enda.

Líkamsárásir verða sífellt alvarlegri og því miður virðist sem gerendur séu að verða yngri. Ég held að það sé ástæða til þess ef dómstólar nýta ekki þann refsiramma sem nú þegar er í lögunum, þá verði að koma eitthvert frumkvæði frá Alþingi sem ýti á dómstóla og beinlínis segi fyrir um ákveðna lágmarksrefsingu þegar um svona alvarlega glæpi er að ræða.

[13:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er það svo samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga að refsihámark fyrir stórfellda líkamsárás er fangelsi allt að þremur árum. Hljótist hins vegar stórfellt líkams- eða heilsutjón af árás eða brot er sérstaklega hættulegt vegna þeirrar aðferðar, þar á meðal tækja sem notuð eru, svo og þegar bani hlýst af líkamsárásinni, varðar brotið allt að 16 ára fangelsi samkvæmt 2. mgr. 218. gr.

Eins og sjá má af þessu hafa dómstólar töluvert svigrúm til þess að ákvarða refsingu fyrir stórfellda líkamsárás innan þess refsihámarks sem 218. gr. setur. Ljóst er að stórfelld líkamsárás telst til alvarlegustu brota samkvæmt hegningarlögunum, sem má m.a. sjá af því að 16 ára refsimörkin eru hæsta tiltekna tímamark sem dæma má mann til fangavistar samkvæmt íslenskri refsilöggjöf fyrir utan ævilangt fangelsi.

Hingað til hefur þótt eðlilegt að dómstólum sé veitt þetta svigrúm þótt ákvæðið virðist aðeins veita takmarkaða vísbendingu um hver eigi að vera refsing fyrir stórfellda líkamsárás, þ.e. allt að 3 ár ef brotið er gegn 1. mgr. og allt að 16 ár ef brotið er gegn 2. mgr., má ekki gleyma því að svigrúm dómara í þessum efnum takmarkast nokkuð af því refsimati sem helgast hefur af dómvenju í þessum brotaflokki. Þannig verður að vera samræmi milli þeirra refsinga sem tveir einstaklingar eru dæmdir til ef brot þeirra eru sambærileg. Dómari er því í reynd ekki algjörlega frjáls til þess að dæma mann til 16 ára fangelsisvistar fyrir brot sem dómvenja hefur skapast um að varði 10 ára fangavist í refsidómum svo dæmi sé tekið.

Það getur þess vegna strítt gegn réttlætisvitund manna og reglum um jafnræði að þyngja refsidóma í stórum stökkum. Eðlilegt er að slíkt eigi sér stað með ákveðinni þróun í dómaframkvæmdinni. Hins vegar er eðlilegt að dómstólar bregðist við t.d. mikilli fjölgun brota í tilteknum brotaflokki með því að þyngja dóma. Almenn réttarvitund í þjóðfélaginu getur einnig haft áhrif í þessa átt og ég vil minna á í þessu sambandi að refsingar fyrir kynferðisafbrot eru nú almennt þyngri en þær voru fyrir 10–15 árum síðan.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé þörf á því að þyngja dóma fyrir líkamsárásir og hef áður lýst þeirri skoðun minni á þeim vettvangi þar sem dómarar hafa á hlustað.

Almennt hefur verið litið svo á að dómarar eigi að hafa svigrúm til að meta refsingar innan ákveðins refsiramma. Hefur refsistefna á Norðurlöndunum því verið sú að auka vald dómstóla til ýmiss konar ákvörðunar og mats í þessum efnum. Lögbundin lágmarksrefsing er því fremur undantekning í almennum hegningarlögum hér á landi eins og á öðrum Norðurlöndum, en þó finnast dæmi um slíkt varðandi til að mynda manndráp, nauðgun, brennu og rán þar sem lágmarksrefsingar eru ákveðnar. Það er æskilegt að varðveita svo sem kostur er sjálfstætt mat dómstóla í þessu efni. En skapist verulegt misræmi milli refsiákvarðana dómstóla í þessum og öðrum brotaflokkum annars vegar og almennrar réttarvitundar og siðamats fólks hins vegar, svo og ef brotum fjölgar á þessu tiltekna sviði, er það að mínu mati verkefni löggjafans að bregðast við með hertri löggjöf, t.d. með lögmæltri lágmarksrefsingu fyrir tiltekin brot. Það er kominn tími til þess að hefjast handa við heildarendurskoðun á hegningarlögunum, m.a. með tilliti til álitaefna eins og þeirra sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

Lögin eru komin til ára sinna. Þau eru að stofni til frá 1940 og hafa gengið í gegnum ótal breytingar á umliðnum áratugum sem þarf að skoða í samhengi og samræma svo betri heildarmynd fáist á þessa undirstöðu refsilöggjafarinnar. Það er einnig mitt mat að eðlilegt sé að starfandi sé sérstök fastanefnd sérfræðinga sem annist reglulega endurskoðun refsilaganna og jafnvel sérrefsilagaákvæða líka. Slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel, t.d. með starfi réttarfarsnefndar á sviði réttarfarslöggjafar og sifjalaganefndar á sviði sifjaréttarlöggjafarinnar. Ég hef falið lagasviði dómsmrn. að undirbúa stofnun slíkrar fastanefndar um réttarfarsmál og sú nefnd mun m.a. fá til umfjöllunar hvort nauðsynlegt sé að setja lágmarksrefsingar vegna líkamsárása.

[13:58]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að koma með þetta mál hér inn svo brýnt sem það er. Hæstv. dómsmrh. ræddi um ýtrustu kröfur dómstóla varðandi mál sem snúa að líkamsárásum. Við höfum nýlegt dæmi um það að unglingar eru að ráðast hver að öðrum með vopnum. Ekki er langt síðan ég átti erindi upp á Landspítala þar sem ég hitti unga stúlku bundna hjólastól sem hafði orðið fyrir líkamsárás jafnaldra sinna. Það vakti mig til umhugsunar um það hvort ekki sé rétt að taka upp þann hátt, þegar unglingar ráðast hver að öðrum eins og nýleg dæmi sýna, að dæma þá seku t.d. til þess að sinna ákveðnum skyldustörfum inni á spítölum, t.d. við hreingerningar eða til að heimsækja fórnarlömbin sem þeir hafa valdið svo miklum skaða.

Mér finnst það góð frétt sem dómsmrh. segir að í bígerð sé heildarendurskoðun á málum varðandi löggjöfina um sakborninga en ég veit að þau eru ákaflega vandmeðfarin þau mál sem snúa að því þegar unglingar brjóta svo alvarlega af sér eins og t.d. nú síðast voru fréttir um í fjölmiðlum fyrir tveim dögum. Það er a.m.k. umhugsunarefni hvort ekki sé eðlilegt að fara aðra leið en að dæma fólk til fangelsisvistar. Ég er sannfærður um að það mundi verða mjög áhrifaríkt ef ungir afbrotamenn hlytu þann dóm að mæta á spítala til ræstingastarfa eða til að heimsækja það fólk sem þeir hefðu valdið líkamsmeiðingum.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér og fagna því sérstaklega að hann tekur undir þau sjónarmið að það sé orðið tímabært að lágmarksrefsingar séu innleiddar inn í þennan kafla hegningarlaganna. Ég fagna því einnig að í bígerð sé að koma á laggirnar nefnd sem hefur í stöðugri endurskoðun hegningarlög og getur því gripið inn í þegar nauðsynlegt er talið.

Það kom hér fram hvort ekki væri heillavænlegra að fara aðrar leiðir varðandi refsingar heldur en fangelsisvist. En það sem ég tel grundvallaratriði í þessu máli er það að verið er að senda út röng skilaboð út í þjóðfélagið með þeim lögum sem nú eru í gildi eða þeim dómum sem falla þegar alvarlegar líkamsárásir fá ekki sambærilega meðferð og önnur ofbeldisverk. Þegar svona röng skilaboð berast út í þjóðfélagið, þá er kannski ekki að undra að við sjáum ekki fækkun á

þessum ofbeldisverkum. Því tel ég að þetta sé mjög brýnt mál og vonast eftir því að fljótlega verði tekið á málinu eins og reyndar kom fram hjá hæstv. dómsmrh.

[14:02]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þeirrar hugmyndar sem hér kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. vil ég aðeins segja að það getur verið gott uppeldisatriði að mínu mati að fólk, og ekki síst þeir sem brotið hafa af sér, kynnist afleiðingum brotanna með svo skýrum hætti sem hann var að gera tillögu um. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það eigi að vera hluti af refsilöggjöfinni. Refsingar samkvæmt hegningarlögum felast í frelsissviptingu og sektum, en hitt gæti verið þarft uppeldisatriði þegar þannig stendur á.

Ég vil einnig upplýsa það í tilefni af þeim atburðum sem hv. þm. minntist á að um nokkurt skeið hefur verið í undirbúningi frumvarp að nýjum vopnalögum þar sem m.a. á að kveða á um meðferð vopna á mun víðtækara sviði en gert hefur verið fram til þessa. Í gildandi lögum er einungis fjallað um skotvopn, en í drögum að nýju frv. sem er í lokaundirbúningi er fjallað um vopn í miklu víðtækari skilningi, m.a. hnífa og önnur eggvopn. Ég vænti þess að með nýrri og markvissri löggjöf á því svið verði hægt að taka ákveðnar á þeim vandamálum sem upp hafa komið í þessu efni, en þetta frv. er nú í lokaundirbúningi í ráðuneytinu.

Útvarps- og sjónvarpssendingar.

Fsp. EKG, 139. mál. — Þskj. 154.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er mjög brýnt að bæta skilyrði til útvarps- og sjónvarpssendinga sem ná til hafsvæðisins í kringum landið. Þetta er gríðarlega mikið hagsmunamál mjög margra og því er ekkert óeðlilegt að þessi mál hafi nokkrum sinnum komið til umræðu hér á Alþingi og ævinlega kallað fram talsverða umræðu í þingsölum vegna þess að hér er um að ræða mál sem er og hefur verið í miklum ólestri en snertir hagsmuni mjög margra, þ.e. allra íslenskra sjómanna. Á hverjum tíma er að störfum á hafsvæðinu í kringum landið mikill fjöldi sjómanna sem ekki nýtur með eðlilegum hætti þessarar þjónustu sem við teljum samt í nútímaþjóðfélagi eðlilegan hluta af þjóðfélagi okkar.

Ég hef hér t.d. undir höndum upplýsingar frá Slysavarnafélagi Íslands um sjósókn á Vestfjarðamiðum á árinu 1994 norðan við 65° 30' N og vestan við 22° vestlægrar breiddar og þar kemur fram að í októbermánuði 1994 var heildarsókn 1.869 bátar, þar af 589 undir 30 tonnum, í nóvember 1.858 bátar, þar af 392 undir 30 tonnum og heildarsókn 977 bátar, þar af 73 undir 30 tonnum. Það er því ljóst að hér er um að ræða hagsmunamál mjög margra og ekkert óeðlilegt að eftir því sé leitað hvað líði því að bæta úr skilyrðum til útvarps- og sjónvarpssendinga.

Á 116. og 117. löggjafarþinginu og síðar á því 118. var lögð fram þáltill. sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson var 1. flm. að, þar sem ályktað var um að ríkisstjórninni yrði falið að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið. Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok.

Það kom fram í umfjöllun menntmn. á þessum tíma að kannaðir hefðu verið möguleikar á kostnaði við útsendingar til alls landsins og helstu fiskimiða og niðurstaða slíkrar athugunar var kynnt menntmrh. í árslok 1991. Nefndin taldi hins vegar nauðsynlegt að fram færi ítarleg könnun á þeim kostum sem til greina kæmu varðandi framangreindar útsendingar þannig að sem fyrst liggi fyrir hvort finna megi viðunandi lausn og lagði því til að tillagan yrði samþykkt og hún var samþykkt í lok febrúar 1995.

Það er ekki að ófyrirsynju að þetta mál er rætt núna sérstaklega vegna þess að æ stærri hlut flotans er floti sem lengi er úti í einu þannig að það er stöðugt stærri hluti sjómanna sem er fjarri heimahögum sínum og nýtur þess vegna kannski ekki þessarar nauðsynlegu þjónustu í nútímaþjóðfélagi sem útvarps- og sjónvarpssendingar eru. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað hefur verið gert til þess að bæta skilyrði til útvarps- og sjónvarpssendinga sem nái til hafsvæðisins í kringum landið?

[14:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar var leitað eftir upplýsingum hjá Ríkisútvarpinu. Nú er unnið að endurnýjun langbylgjukerfis Ríkisútvarpsins, bæði á Gufuskálum og einnig á Austurlandi. Þegar þeirri endurnýjun lýkur, væntanlega fyrri hluta næsta árs, verður vel séð fyrir einni útvarpsrás til hafsvæðisins kringum landið og hlustunarskilyrði á miðunum verða ágæt. Jafnframt er unnið að mótun dagskrárstefnu fyrir þessa rás með blönduðu efni af Rás 1 og Rás 2 sem ætlað er að koma betur til móts við óskir sjómanna en hingað til.

Á sl. ári var samin á vegum Ríkisútvarpsins greinargerð vegna þeirrar þáltill. sem hv. þm. nefndi og samþykkt var í febrúar 1995, um könnun á þeim kostum sem í boði væru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar. Þessi greinargerð sem samin var að minni tilhlutan var m.a. send menntmn. Alþingis og þar er að finna yfirlit og kostnaðaráætlun um þær úrbætur sem unnt kann að vera að gera á þessu sviði. Reifuð er tækniþróunin, núverandi ástand sem er verið að bæta með endurnýjuninni sem ég gat um áðan og snertir langbylgjusendana og heildarlausnir og gerð er frumáætlun sem sýnir gróflega hvað úrbæturnar muni kosta.

Vönduð áætlun um stækkun dreifikerfis sjónvarpsins svo það nái út á fiskimiðin var gerð árið 1974. Var þá gert ráð fyrir dreifingu allt að 50–60 sjómílur undan landi. Framreikningur stofnkostnaðar er nú um 850 millj. kr. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður dreifikerfis sjónvarpsins mundi tvöfaldast miðað við núverandi rekstur auk afskrifta. Ef stækka á annað FM-kerfanna svo útvarp nái 60 sjómílur frá landi með góðum viðtökustyrk væri stofnkostnaðurinn 650 millj. kr. Ýmsar úrbætur er þó hægt að gera án þess að slíkt geti talist hluti af svo stórri heildarlausn eins og hér hefur verið reifuð.

Með því að nota aðstöðu sem nú verður til á fjallatoppum en byggja hvergi ný mannvirki má áætla að FM-útvarp náist á 50% miðanna í stað um 10% nú og að sjónvarp náist á 30–40% miðanna í stað 3–4% nú, en þá verður að gera ráð fyrir vandaðasta móttökubúnaði um borð í skipinu. Heildarkostnaður fyrir eina FM-rás til um 50% miðanna er áætlaður um 64 millj. kr. og rekstrarkostnaður á ári um 11

millj. kr. Gert er ráð fyrir um 16 nýjum sjónvarpssendum til þess að ein sjónvarpsrás næði til um 30–40% miðanna og er kostnaður áætlaður 310 millj. kr. og rekstrarkostnaður um 24 millj. kr.

Þetta eru þær tölur sem liggja fyrir í greinargerð frá Ríkisútvarpinu sem unnin var í desember á síðasta ári og send menntmn. og fleiri aðilum til upplýsinga. En eins og menn heyra á þessu er hér alls staðar byggt á landstöðvum og þeirri tækni sem notuð er til sendinga sjónvarpsgeisla og útvarpssendinga af landi en að sjálfsögðu hlýtur að koma til álita að velta fyrir sér að nýta gervihnattatæknina meira í þessu skyni. Íslensk skip eru nú meira en nokkru sinni áður í samskiptum við Ísland með gervihnattasambandi. Einnig vil ég geta þess að á vegum Ríkisútvarpsins hafa verið gerðar mjög vel heppnaðar tilraunir til þess að nota internetið í þágu útvarpssendinga. Og nú er svo komið að unnt er að nálgast yfirlit í fréttum hljóðvarpsins á internetinu og er sú þjónusta notuð í vaxandi mæli á hinum fjarlægustu stöðum þannig að tækifærin til þess að hlusta á útvarpið með nýrri tækni eru sífellt að aukast og dreifing á þessu efni sífellt að verða meiri.

[14:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf., fyrir að koma með þessa fyrirspurn. Í svari hæstv. menntmrh. komu fram athyglisverðar upplýsingar.

Á 20. þingi Sjómannasambands Íslands fór allmikill tími í umræðu um þetta málefni og það hefði kannski verið gott ef þingið hefði verið upplýst um þessa stöðu mála. Hitt er annað mál að það komu líka fram á sjómannasambandsþinginu umræður um það hvort ekki væri eðlilegt að nota þann búnað sem nú er til bæði á Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli en fullyrt er að þangað upp liggi ljósleiðari sem hljóti þá að afmynda þær tölur sem hér voru lagðar fram.

Það var athyglisvert líka að hlusta á það að síðast hefði þetta verið reiknað út 1974 varðandi sjónvarpið, en ég vænti þess að menntmrh. vinni áfram að þessu máli því að eins og kom fram í hans máli eru allar tölur í þessu dæmi orðnar svo afstæðar miðað við þá tækni sem nú er orðin.

[14:12]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á því máli sem hér hefur verið til umræðu. Það hefur dregist ár frá ári að bætt sé úr á þessu sviði og almennt má reyndar segja að dreifingar á útvarps- og sjónvarpsefni séu enn á mjög frumstæðu stigi hér á landi. Maður þarf ekki annað en að aka hringveginn til að uppgötva það að víða á hringveginum heyrist alls ekkert í útvarpi núna 65 árum eftir að útvarpi var komið á fót hér á Íslandi. Þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi ástand.

En verst er ástandið á miðunum. Ég skil satt að segja ekki af hverju þetta mál hefur ekki verið tekið miklu fastari tökum á undanförnum árum og þá sérstaklega eftir þeirri leið sem hæstv. ráðherra nefndi í lok síns máls, þ.e. með notkun gervihnattasendinga. Það eru bráðum 20 ár síðan til stóð að við Íslendingar eignuðumst aðild að gervihnattasendingum og ég skil eiginlega ekki af hverju sá þáttur málsins hefur ekki verið skoðaður miklu betur.

[14:14]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skuli hreyfa þessu máli og vil benda á að ég vil setja þetta í samhengi við það mál sem við vorum að ræða í gær um aðbúnað á fiskiskipum. Þetta er mál sem varðar sjómenn og það eru allir sammála um að þarna er verulegra úrbóta þörf.

Ég tel að við þurfum ekki að fara í tæknilegar vangaveltur. Það eru menn sem eru fullfærir um það að velja auðveldustu leiðina. Þetta verður að sjálfsögðu kostnaður við að nýta auðlindina. Ástandið er ófullnægjandi eins og allir vita sem þekkja eða hafa stundað sjóinn umhverfis Ísland og þetta er meginmál.

Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu. Ég legg áherslu á að það verði tekið föstum tökum, kannski í framhaldi af þeim tillögum að skoða aðbúnað á fiskiskipum og stöðu sjómanna í það heila tekið úti á hafinu.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. menntmrh. fyrir ákaflega skýr og greinargóð svör og þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Umræðan hefur enn undirstrikað mikilvægi þessa máls og hversu brýnt það er að ráða þarna bót á.

Ég fagna því sérstaklega sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að hægt væri að ráðast í ýmsar úrbætur sem ekki þyrftu að kosta hlutfallslega mjög mikið en gætu samt sem áður náð býsna miklum árangri. Mér er það mætavel ljóst að allsherjarlausn á þessu viðfangsefni getur kostað býsna mikla peninga. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra og þó að tölurnar sem hann væri með væru gamlar framreiknaðar tölur, er það engu að síður alveg ljóst að allsherjarlausn á þessu máli mun kosta talsvert fé.

En hitt vakti sérstaka athygli mína sem var það að hægt er að ná mjög verulegum og myndarlegum áföngum án þess að kosta svo miklu til. Það er, held ég, hlutur sem við þurfum alveg sérstaklega að skoða, að láta ekki hugfallast þó að við stöndum frammi fyrir stórum tölum við að leysa þetta mál svo fullnægjandi sé fyrir öll miðin, heldur reyna að ráðast í þá áfanga sem eru tiltölulega ódýrir en geta kannski skilað miklum árangri.

Ég hef oft fært það í tal hvort ekki væri hægt að nota mannvirkin á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi og tel alveg einboðið að við getum nýtt þessi mannvirki. Ég bendi á í þessu sambandi t.d. að Póstur og sími hefur fengið heimild ratsjárnefndar til að setja upp búnað fyrir farsíma út á miðin á Bolafjalli við Bolungarvík. Það kostaði tiltölulega mjög lítið en skilaði mjög miklum árangri fyrir mjög stóran hluta sjómanna. Við skulum ekki gleyma því að oft er það þannig að stór hluti báta og skipa er á tiltölulega afmörkuðum svæðum eða stór hluti sjómanna þannig að það er hægt að ná mjög miklum árangri í þessum efnum með því að horfa svolítið skilgreint og skilvirkt á einstök svæði.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar umræður. Ég vil aðeins ítreka að framkvæmdir við langbylgjusendana eru hafnar þannig að þar er verið að stíga mjög stórt skref í þá átt að tryggja að menn geti hlustað á hljóðvarp ríkisins á miðunum og ætlunin er að gera sérstaka dagskrá til að þjóna sjómönnum sem best með þeim búnaði.

Ég er alveg sammála hv. þm. Ragnari Arnalds að það kom mér sjálfum á óvart hve menn hafa verið jarðbundnir í þessu og ekki farið meira út í gervihnattatæknina. Þegar þetta mál

var til umræðu í menntmn. á sínum tíma og ég átti sæti í þeirri hv. nefnd, þá voru kallaðir til sérfræðingar til þess að fjalla um þennan þátt og sáu þeir meiri vankanta á því heldur en ég gerði mér grein fyrir áður en til þeirra viðræðna var gengið. En engu að síður held ég að þeirri tækni fleygi svo fram að menn eigi frekar að líta til hennar með heildarlausn í huga og þá er hægt að ná yfir miklu stærra svæði en það sem við erum að tala um frá jarðstöðvum hér á landi.

Ég vil láta þess getið við hv. þm. í þessum umræðum að viðræður hafa farið fram á milli Pósts og síma og Ríkisútvarpsins um dreifikerfið. Ég er þeirrar skoðunar að dreifikerfið eigi ekki að vera hluti af Ríkisútvarpinu heldur hluti af Pósti og síma og Ríkisútvarpið eigi síðan að vera afnotandi kerfisins. Póstur og sími byggir þetta kerfi þannig upp að ekki aðeins Ríkisútvarpið heldur allar útvarpsstöðvar geti notið sem bestrar þjónustu af einu góðu dreifikerfi því að það er líka atriði sem menn hafa ekki minnst á hér, að við erum einungis að tala um Ríkisútvarpið og þjónustu þess við sjómenn, en auðvitað eiga sjómenn rétt á að njóta fleiri útvarps- og sjónvarpsstöðva en þeirra sem ríkið rekur.

Möguleikar ungmenna til framhaldsnáms.

Fsp. ÓI, 140. mál. — Þskj. 155.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Ólafía Ingólfsdóttir):

Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. menntmrh. hljóðar svo:

1. Hefur ráðuneytið látið kanna hvaða áhrif aukakostnaður vegna búsetu hefur á möguleika ungmenna á landsbyggðinni til að stunda framhaldsnám?

2. Hefur ráðherra hugsað sér að gera tillögur um aðgerðir til þess að jafna möguleika ungmenna til framhaldsnáms?

Það er mikill aukakostnaður samfara því hjá fjölskyldum á landsbyggðinni að senda börn sín eða ungmenni í framhaldsnám, sérstaklega þar sem framhaldsskólar eru ekki staðsettir í byggðarlaginu. Dæmi eru um að fjölskyldur hafi ekki haft efni á því að reka tvö heimili, þ.e. ef ungmenni þeirra hafa farið til Reykjavíkur í nám, þá hefði þurft að reka heimili í Reykjavík fyrir börnin og síðan á heimaslóðunum. Þetta fólk hefur oft og tíðum brugðið á það ráð að flytja hreinlega af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðið þar sem flestir framhaldsskólarnir eru.

Ég veit dæmi um það að mikill námsmaður í afskekktu byggðarlagi las 9. og 10. bekk grunnskóla heima. Síðan tók hann próf og fékk 9 og 10 í einkunn á þeim prófum. Foreldrar þessa námsmanns hafa ekki efni á að senda hann í framhaldsskóla. Hann er kominn út á vinnumarkaðinn til að safna sér fyrir skólagöngu sem náttúrlega getur tekið einhver ár.

Ég óttast að svona sögur geti fleiri landsbyggðarmenn flutt okkur og hafa heyrt. Heildarútgjöld við að senda ungmenni í heimavistarskóla eru talin vera 500–800 þús. sem er heimavistarkostnaður, bókakostnaður og önnur þau gjöld sem framhaldsskólanemar inna af hendi. Þessi ungmenni búa alls ekki við jafnrétti til náms.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar fyrirspurnir. Um fyrri fyrirspurnina vil ég segja þetta: Ekki hefur verið gerð athugun á því hvaða áhrif búseta hefur á aðsókn ungmenna að framhaldsskólum. Skólasókn á framhaldsskólastigi er breytileg eftir landshlutum og það er mismunandi eftir umdæmum hvaða nám er unnt að stunda í hverju umdæmi fyrir sig. Ýmis atriði geta haft áhrif á aðsókn ungmenna að framhaldsskólum, svo sem námsframboð, fjarlægð frá heimili nemenda til skóla, hvati frá foreldrum, vinum og kunningjum til að afla sér menntunar eða starfsþjálfunar, svo og kostnaður. Brottfall úr skóla er tiltölulega mikið á framhaldsskólastigi og ekki er vitað hvaða þættir valda mestu. Kostnaður við námið getur valdið því í sumum tilvikum að nemandi hverfur frá námi en í meiri hluta tilvika er ástæðan trúlega önnur.

Nú er í undirbúningi á vegum menntmrn. að mínu frumkvæði sérstök athugun á brottfalli nemenda úr framhaldsskólum þar sem leitast verður við m.a. að leiða í ljós orsakir brottfallsins. Inn í þá athugun kemur að sjálfsögðu efnahagur og búseta nemenda og hvort þeir þættir hafa áhrif á skóladvöl nemenda.

Um síðari spurninguna, að því er varðar ráðstafanir til að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms, þá má tilgreina almenn atriði eins og uppbyggingu framhaldsskóla á landsbyggðinni, styrki til jöfnunar námsaðstöðu, skipulagðan skólaakstur í tengslum við framhaldsnám, aukna möguleika á lánum úr Lánasjóði ísl. námsmanna, aðstöðu á skólastað og heimavistir og síðast en ekki síst það nýjasta sem er fjarkennsla sem á áreiðanlega eftir að ryðja sér meira rúms en nú er. Þar hefur Verkmenntaskólinn á Akureyri haft mikla forgöngu og hefur það starf þróast með ólíkindum að mínu mati á undanförnum tveimur árum og menn eiga eftir að kynnast því, ef rétt verður á málum haldið, að það á eftir að hafa mun meiri áhrif í menntamálum en við gerum okkur grein fyrir á þessari stundu.

Til þess m.a. að jafna aðstöðu nemenda til framhaldsnáms hefur á undanförnum árum verið varið stærstum hluta fjárveitinga til stofnkostnaðar skóla til að byggja upp aðstöðu til framhaldsnáms utan höfuðborgarsvæðisins. Á síðustu 10–12 árum hefur orðið um 40–50% aukning nemenda í framhaldsnámi. Þrátt fyrir þessa aukningu hefur fjöldi þeirra námsmanna sem fá styrk til jöfnunar námskostnaðar lítið breyst eða verið um 2.100–2.400 á sama tíma. Fjárveitingar til jöfnunar á námskostnaði og til skipulags skólaaksturs á framhaldsskólastigi er í fjárlögum 1996 alls 111,5 millj., voru 110,2 millj. árið 1995 og verða samkvæmt frv. til fjárlaga 1997, verði það samþykkt, kr. 126,5 millj. eða hækka um 15 millj. frá gildandi lögum.

Styrkir til jöfnunar á námskostnaði grundvallast á lögum nr. 23/1989, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Samkvæmt lögunum eiga þeir rétt á styrk sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngilda. Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

Á þessu ári hafa um 2.300 einstaklingar hlotið styrk samkvæmt lögum þessum. Styrkgreiðslur eru nokkuð misháar eftir aðstöðu og námstíma. Styrkir sem nemendur fá skiptast í fæðis-, ferða- og húsnæðisstyrki. Fæðisstyrkir voru á þessu

ári 37 þús. kr. og fengu þá allir nemendur. Þeir sem ekki fengu aðstöðu í heimavist fengu um 14–16 þús. kr. styrk að auki. Þá hlutu nemendur sem höfðu verulegan ferðakostnað misháa styrki eðli málsins samkvæmt. Ætla má að meðalstyrkur til þeirra sem voru í fullu námi hafi verið um 50 þús. kr.

Jafnhliða beinum styrkveitingum hefur verið skipulagður skólaakstur á framhaldsskólastigi. Þar sem slíkum akstri er haldið uppi fellur réttur til styrks niður hjá þeim nemendum sem telja sig geta notfært sér aksturinn. Skipulagður skólaakstur á framhaldsskólastigi hefur því verið skoðaður sem eitt form af styrkjum til jöfnunar á námskostnaði.

Skipulagður skólaakstur er mestur á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Fjöldi þeirra nemenda sem nýta sér þennan akstur er um 450. Fyrirkomulag skólaaksturs er að nemendur greiða sem svarar afsláttargjaldi með almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu, en ríkissjóður greiðir umframkostnað. Árlegur kostnaður ríkissjóðs er á bilinu 20–30 millj. kr.

Menntmrn. er nú að vinna að úttekt sem nær yfir heimavistir allra framhaldsskóla utan Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis. Leitast verður við að greina þörf fyrir frekari byggingu heimavista eða nemendaíbúða. Stefnt er að frekari uppbyggingu á heimavistum í samvinnu við nemendasamtök og aðila að ferðamálum auk sveitarstjórna og með það að markmiði að skapa nemendum ódýrari og betri möguleika í húsnæðismálum.

[14:27]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda þá fyrirspurn sem hér er lögð fram um það mál sem hreyft er. Eins vil ég þakka hæstv. menntmrh. hans orð um væntanlegar kannanir, úttekt og vonandi snarpar og góðar aðgerðir í framhaldi af því. Ég tel að hér sé hreyft afar mikilvægu máli. Þegar við ræðum byggða- og atvinnumál, dettur okkur í hlut flutningur ríkisstofnana. Við tölum um styrk eða stuðning við atvinnulíf en við megum ekki gleyma því að e.t.v. er mesti stuðningurinn einmitt við fjölskyldurnar. Fólk vill hafa atvinnu, viðunandi kjör, öryggi og heilbrigðisþjónustu, gott félagslegt umhverfi, farsælan uppvöxt barna sinna og þá ekki síst menntunarmöguleika. Hér er því hreyft miklu réttlætis- og jafnréttismáli, fjölskyldustefnu og síðast en ekki síst góðri fjárfestingu því að að sjálfsögðu eru í þeim hópi sem um er að ræða margir efnilegir námsmenn sem munu skila þjóðfélaginu þörfum og góðum störfum er þeir hafa lokið sínu námi.

[14:28]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hér er minnt á mjög athyglisvert mál. Það er alkunna að tekjur fólks í dreifbýli eru víða lægri en í þéttbýli og þar á ofan bætist að fólki er það veruleg byrði að senda börn sín í heimavistarskóla.

Ég tel að núverandi jöfnun námskostnaðar sé algerlega ónóg og þar þurfi að gera betur. Ég held að það væri mjög verðugt viðfangsefni fyrir hæstv. menntmrh. að láta kanna hversu margir hafa beinlínis hrökklast frá námi á undanförnum árum vegna fjárskorts. Ef sú könnun hefur enn ekki verið gerð, held ég að hana ætti að gera hið fyrsta vegna þess að ég veit um allt of mörg dæmi um það, t.d. úr mínu kjördæmi, að fólk hefur ekki treyst sér til að halda börnum sínum öllum í framhaldsskólum vegna féleysis. Þetta er mikið vandræðamál sem við verðum að taka föstum tökum.

[14:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn og menntmrh. fyrir skýr svör. Staðreyndin er sú að við verjum minna fé til menntamála, búum kennurum og nemendum lakari vinnuaðstöðu og launum kennara verr en þekkist í flestum öðrum Evrópulöndum. Hvernig getum við svo ætlast til að menntun unga fólksins, að ég tali nú ekki um í dreifbýlinu þar sem aðstæður eru allar erfiðari vegna fámennis, sé sambærileg við það sem gerist í löndunum í kringum okkur við þessar aðstæður er fyrir ofan minn skilning jafnvel þó að einhverjir smástyrkir séu veittir.

Ég verð að segja að þeir styrkir sem um er að ræða og er verið að láta börn úr dreifbýlinu hafa sem sækja nám hingað til Reykjavíkur eru langt fyrir neðan allt velsæmi og langt fyrir neðan þann kostnað sem raunverulega fylgir slíku. Auk þess tekur fólk mikla áhættu með því að senda börnin sín burtu til náms á þéttbýlisstaði á viðkvæmum aldri.

[14:31]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Þetta er mjög mikilvægt og skiptir máli fyrir marga á landsbyggðinni. Ég vil einnig þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. En það er ljóst í mínum huga að mikið þarf að gera til að ná því sem við köllum jafnrétti eða jafna aðstöðu til náms á framhaldsskólastigi. Ég vil taka undir það sem hefur komið fram og gæti nefnt dæmi um að fólk hefur átt í erfiðleikum og nánast ekki getað sent sín börn til framhaldsnáms fjarri heimili. Hér er því hreyft mikilvægu máli og ég vil nota tækifærið og hvetja hæstv. menntmrh. til að koma af stað markvissum aðgerðum til að draga úr því aðstöðuleysi sem nú er, vil ég meina, fyrir landsbyggðarfólk eða unglinga á landsbyggðinni til að stunda nám í framhaldsskólum vegna þess að hér er, eins og ég sagði, aðstöðumunurinn mikill. Það fylgir þessu mikill kostnaður víða og fjölskyldurnar geta hreinlega ekki borið það oft og tíðum.

Ég vildi, herra forseti, ítreka þakkir til fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli.

[14:32]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þakkir til hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er ekki ofmælt að það er gífurlegt hagsmunamál fyrir fólk sem býr úti á landi að hafa sem bestan aðgang að framhaldsnámi og auðvitað er mikilvægt að búa þannig um hnútana að fólk fái til þess nauðsynlegan stuðning þar sem það á við.

En stærsta málið er að tryggja að fólk hafi aðgang að framhaldsnámi sem næst sínum heimahögum. Það er langmikilvægasta aðgerðin sem gerð er til að tryggja að íbúar landsbyggðarinnar njóti jafnréttis til náms. Við getum út af fyrir sig aukið þá styrki sem nú eru þegar veittir til jöfnunar á námskostnaði, en langstærsta málið er að fólk geti átt kost á því að sækja nám sem næst sinni heimabyggð. Sem betur fer hefur orðið jákvæð þróun í þá átt eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra. Þannig þurfum við að vinna áfram og að því þurfum við að stuðla og tryggja með öllum tiltækum ráðum. Ég þekki það mjög vel frá mínum heimahögum frá því að Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður fyrir aldarfjórðungi

síðan, og aðstæðurnar hafa breyst. En því miður er það í allt of miklum mæli að nemendur fari þrátt fyrir þetta annað til náms með tilheyrandi kostnaði.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Ólafía Ingólfsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og hv. þm. fyrir umræðuna. Það kemur í ljós í umræðum að þessi mál brenna mjög á fólki úti á landsbyggðinni og ég fagna því að menntmrh. ætlar að gera könnun á því hvers vegna brottfall er svo mikið í framhaldsskólum sem raun ber vitni. Það kæmi mér ekki á óvart að út úr þeirri könnun kæmi að aðalástæðan er að fólk hefur ekki efni á að senda börnin í framhaldsskóla, ég tala ekki um ef þau eru orðin tvö, þrjú eða fleiri.

Dreifbýlisstyrkurinn hefur ekki hækkað hin síðari ár. Núna á fjárlögum er reyndar hækkun um 15 millj. og mér sýnist að það gæti verið kannski hækkun um 5–6 þús. hækkun á hvern nemanda sem segir ekki mikið en er þó spor í rétta átt.

Mér sýnist af umræðunum að nauðsynlegt sé að með skoða þessi mál sérstaklega svo að ungt fólk á Íslandi, hvar sem það er búsett, hafi jafnan rétt til náms óháð efnahag.

[14:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þær ágætu ræður að bæta sem hér hafa verið fluttar og tek undir það sem fram hefur komið um nauðsyn þess að við könnum orsakir brottfallsins og gerum þá líka vonandi raunhæfar ráðstafanir til þess að tryggja sem flestum sem bestan aðgang að námi.

En ég vil sérstaklega taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þegar hann minnti á að uppbygging framhaldsskólanna úti um landsbyggðina er náttúrlega stærsta skrefið sem stigið hefur verið í þessu tilliti. Framhaldsskólarnir eru nú orðnir 37 og búnir að festa rætur víða um landið og skipta miklu máli fyrir byggðarlög sín.

Að lokum vil ég nota þann stutta tíma sem ég hef til að vekja athygli á því sem ég nefndi í ræðu minni í upphafi. Það er gildi fjarkennslunnar. Ég átti kost á því í gær að ræða við skólameistara Verkmenntaskólans á Akureyri og þá menn sem þar hafa unnið brautryðjendastarf í fjarkennslu á framhaldsskólastigi. Ég held að á þeim tæpu tveimur árum sem þeir hafa unnið hafi náðst ótrúlegur árangur á þessu sviði og að þar hafi tekist að byggja upp námsefni og koma því þannig fyrir tæknilega á tölvunum að með ólíkindum sé, enda stunda nú nemendur nám í verkmenntaskólanum eða fjarskóla Verkmenntaskólans á Akureyri, ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim. Ásóknin í þetta nám eykst án þess að skólinn hafi nokkuð í sjálfu sér kynnt þetta markvisst, enda hefur hann ekki talið sig í stakk búinn til þess á undanförnum missirum vegna þess að þetta hefur verið tilraunaverkefni sem unnið hefur verið á vegum menntmrn. og skólans. Þarna held ég, þegar við ræðum um aðstöðu til náms, að í þessu felist einhver mesta bylting sem við höfum staðið frammi fyrir og eigi eftir að skipta hvað mestu um það að draga úr aðstöðumun að þessu leyti. Ég vil því hvetja þingmenn til að fylgjast náið með því starfi sem unnið hefur verið í Verkmenntaskólanum. Ég hef fullan hug á því að hann verði þróunarskóli á þessu sviði hér á landi og að við leggjum skólanum lið við þessa uppbyggingu því að það er skynsamlegasta skrefið sem ég hef vitað um og heyrt um upp á síðkastið sem lýtur að raunverulegri jöfnun náms í landinu.

Fundi slitið kl. 14:37.

---

23. FUNDUR

miðvikudaginn 13. nóv.,
að loknum 22. fundi.

Dagskrá:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, frv., 7. mál, þskj. 7. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Listamannalaun, stjfrv., 135. mál, þskj. 149. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frv., 19. mál, þskj. 19. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Flutningur ríkisstofnana, þáltill., 17. mál, þskj. 17. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Endurskoðun á launakerfi ríkisins, þáltill., 32. mál, þskj. 32. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 148. mál, þskj. 163. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Olíuleit við Ísland, þáltill., 104. mál, þskj. 109. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lögræðislög, frv., 49. mál, þskj. 49. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Aðbúnaður um borð í fiskiskipum, þáltill., 131. mál, þskj. 142. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, þáltill., 86. mál, þskj. 88. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164. — 1. umr.
14. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165. — 1. umr.
15. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Jónas Hallgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skrifleg svör við fyrirspurnum.

[14:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna svars frá hæstv. heilbrrh. við tveimur fyrirspurnum sem ég lagði fram skriflega og hef fengið skriflegt svar við sem í raun er ekki neitt svar.

Fyrri fyrirspurnin er um afleiðingar ráðstafana í ríkisfjármálum frá því fyrir ári þegar ákveðið var að greiðslur til lífeyrisþega frá almannatryggingunum yrðu skertar gagnvart fjármagnstekjum. Nú eru liðnir tveir mánuðir, herra forseti, frá því að þessi lög tóku gildi og ég hef spurst fyrir um það hjá hæstv. ráðherra hversu margir lífeyrisþegar urðu fyrir þessari skerðingu og svörin eru engin. Hæstv. ráðherra veit greinilega ekki hversu margir lífeyrisþegar hafa fengið skertar bætur vegna fjármagnstekna.

Ég vil einnig gera athugasemd við aðra fyrirspurn þar sem ég spyrst fyrir um hverjar meðalgreiðslur lífeyrisþega, sem fengu skerta uppbót vegna lyfjakostnaðar og umönnunar, eru frá almannatryggingunum. Það er ekki hægt að segja annað, herra forseti, en að svar hæstv. heilbrrh. sem reyndar er ekki komin hér — ég var búin að láta hana vita að ég mundi gera athugasemdir við þessi svör — sé hreinn útúrsnúningur. Það er sagt að ekki séu til upplýsingar um meðalgreiðslur til þessara lífeyrisþega. Fleiri þúsund manns, yfir 2.000 manns fengu þarna skertar uppbætur og þegar beðið er um meðalgreiðslur þá eru hér upplýsingar um óskertar tekjur hina ýmsu bótaflokka almannatrygginga. Það þarf ekki að spyrja um það hér í þinginu því það er hægt að fletta því upp reglulega í dagblöðum. Það er ósvífni af hæstv. ráðherra að snúa út úr fyrirspurnum sem þessum. Í rauninni er þetta ekki nokkurt svar sem ráðherra hefur lagt á borð þingmanna.

[14:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég til taka undir það með hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að oft er það svo að skrifleg svör ráðherra sem berast hér inn á borð eru algjörlega úr takt við það sem um er spurt og vil ég taka sem dæmi svar á þskj. 108 við fyrirspurn Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um fátækt á Íslandi. Þar er hæstv. forsrh. spurður nokkurra spurninga, m.a. þess hvernig íslensk stjórnvöld skilgreini fátæktarmörk. Það eru engin svör í þessum svörum, nákvæmlega engin svör. „Hugtakið er afar afstætt" er sagt, „til að mynda þýðir fátækt í efnuðum ríkjum annað en fátækt í vanþróuðum ríkjum" o.s.frv. Þetta eru ekki svör við því sem spurt er um. Hér er líka spurt: „Hyggst ríkisstjórnin bregðast við áðurnefndum upplýsingum um fátækt á Íslandi?" Þá er vitnað í upplýsingar sem bárust frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og voru mjög alvarleg tíðindi að mörgu leyti og voru birt í Morgunblaðinu nýlega. Það eru heldur engin svör á þessu blaði við þessu. Jú, það er sagt að hagvöxtur sé ráðandi um þróun lífskjara og að stöðugleiki stuðli að bættum lífskjörum. Þetta er eitthvað sem flestir vita. En ekki er svarað þeirri fyrirspurn hvort ríkisstjórnin hæstv. hyggist gera eitthvað í þessum málum, gera eitthvað í málum þess fólks sem er fátækt hér á landi m.a. vegna aðgerða hæstv. ríkisstjórnar. En það er eins og henni komi ástandið ekki neitt við í þessu svari.

Ég verð að segja eins og er að ég tek fyllilega undir með þeim þingmanni sem hér kvaddi sér hljóðs. Ég spurði mig að því hvort það væri þá ekki lágmarkskrafa að hæstv. ráðherrar sýni þinginu þá virðingu að svara a.m.k. þeim fyrirspurnum sem til þeirra er beint, sérstaklega úr því að þeir eru á annað borð að leggja vinnu í að láta skrifa niður eitthvað sem á að heita svar við fyrirspurn.

[14:43]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur ekki svarað fyrir málatilbúnað hæstv. ráðherra. Svörin eru á þeirra ábyrgð. Þar sem viðkomandi ráðherrar eru ekki hér þá getur varla orðið um einhverja sérstaka umræðu að ræða um þetta efni.

[14:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil ítreka gagnrýni mína og taka undir með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur. Þetta eru auðvitað tengd mál, bæði það sem varðar fátæktina og þessar skerðingar sem eru í kjölfar bandorms frá því fyrir ári, ráðstafanir í ríkisfjármálum sem ég er hér að gera að umtalsefni og spurði hæstv. ráðherra um. Það er lágmark að gefin séu viðhlítandi svör. Það hefði í raun ekki átt að þurfa almennann þingmann til að spyrja um þessar upplýsingar því auðvitað hefði hæstv. ráðherra átt að kynna sér það hverjir verða fyrir þessum niðurskurði, hverjir lenda illa í þessum ráðstöfunum, hjá hverjum verið er að skerða hér, af hverjum verið er að taka umönnunaruppbót og af hverjum verið er að taka uppbót vegna lyfjakostnaðar. Það þýðir ekki að svara bara út í hött og kynna sér ekki málin. Auðvitað verða menn að láta vinna þessa upplýsingavinnu í sínum ráðuneytum. Ég fer fram á það hér formlega, herra forseti, að það komi viðbótarsvar frá hæstv. heilbrrh. þar sem þær upplýsingar koma fram sem verið er að biðja um hér.

Ég hef fengið upplýsingar um það að lífeyrisþegar sem hafa fengið uppbótina skerta eða jafnvel fellda niður búa við sárustu fátækt. Þeir hafa kannski 10–15 þús. kr. til að lifa af yfir mánuðinn þegar búið er að greiða húsaleigu og annan fastan kostnað. Það er lágmark að hæstv. ráðherra kynni sér hvar þessar skerðingar lenda og hvaða afleiðingar þessar lagabreytingar, sem menn hafa verið að beita sér fyrir og meiri hluti þingsins samþykkti um síðustu áramót við afgreiðslu fjárlaga, hafa og á hverjum þessar ráðstafanir lenda.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. ráðherrar munu vafalaust kynna sér þessa umræðu.)

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 7. mál (samtímagreiðslur o.fl.). — Þskj. 7.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁSJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, GE, GHall, HBl, HG, JóhS, JBH, JónK, KÁ, MS, ÓI, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, RG, SLJ, SighB, SJóh, SP, SvG, TIO, VK, VE, ÞorstP.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HjÁ, IP, JHall, KHG, KH, LMR, LB, MF, PP, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, VS, ÞSveinb, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Listamannalaun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 135. mál (markmið, greiðslufyrirkomulag o.fl.). — Þskj. 149.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Áhættu- og nýsköpunarlánasjóður, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 19. mál. — Þskj. 19.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Flutningur ríkisstofnana, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 32. mál. — Þskj. 32.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sala notaðra ökutækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 148. mál (leyfisbréf, eftirlit o.fl.). — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Olíuleit við Ísland, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 104. mál. — Þskj. 109.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 97. mál (vernd gegn mismunun). — Þskj. 100.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögræðislög, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og GGuðbj, 49. mál (sjálfræðisaldur). — Þskj. 49.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 61. mál (hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar). — Þskj. 61.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Aðbúnaður um borð í fiskiskipum, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH o.fl., 131. mál. — Þskj. 142.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:50]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 86. mál. — Þskj. 88.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Póst- og fjarskiptastofnun, 1. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164.

[14:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frumvarpi því sem ég mæli hér fyrir er lagt til að sérstök stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun taki að sér almennt eftirlits- og stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta og póstmála. Þessi verkefni hafa til þessa verið hjá samgönguráðuneyti, Póst- og símamálastofnun og Fjarskiptaeftirliti ríkisins.

Með afnámi einkaréttar og aukinni samkeppni á sviði fjarskipta og þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á sviði póstmála er nauðsynlegt að fela sérstökum aðila stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk á þessu sviði. Rökin fyrir því eru meðal annars þessi:

Eftir formbreytingu Póst- og símamálastofnunar og stofnun hlutafélags leiðir það af sjálfu sér að sú stjórnsýslustarfsemi sem þar var hverfur þaðan. Þar sem samgönguráðherra fer alfarið með eignaraðild ríkisins í Pósti og síma hf. er stofnuninni falið að annast umsjón með framkvæmd póst- og símamála og er ekki gert ráð fyrir að ráðuneytið hafi afskipti af afgreiðslu einstakra mála.

Þessi skipan mála er í samræmi við skuldbindingar okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem mikil áhersla er lögð á að sjálfstæð stofnun fari með stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk á sviði fjarskipta og póstmála.

Í 8. gr. frumvarpsins er ákvæði um sérstaka þriggja manna úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Til þeirrar nefndar geta aðilar skotið ákvörðunum og úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þeim verður með öðrum orðum ekki skotið til ráðuneytisins og eru úrskurðir nefndarinnar endanlegir á stjórnsýslustigi.

Helstu verkefni stofnunarinnar verða að veita leyfi til fjarskipta og póstþjónustu og hafa eftirlit með því að leyfishafar fullnægi skilyrðum slíkra leyfa; að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld á sviði fjarskipta- og póstmála og að hafa umsjón og eftirlit með alþjónustu og samtengingu fjarskiptaneta og fjarskiptabúnaði.

Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði að mestu eða öllu leyti fjármagnaður af leyfishöfum. Tekjur stofnunarinnar verða gjald fyrir útgáfu leyfisbréfa og skráningu póstrekenda, rekstrargjald sem verður ákveðið hlutfall af veltu leyfishafa og gjald vegna þjónustu sem Fjarskiptaeftirlit ríkisins veitir nú.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[14:54]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á þingi Alþfl., jafnaðarmannaflokks Íslands, sem haldið var nú um helgina var ályktað m.a. um fjarskiptamál. Á einum stað segir svo, með leyfi forseta: „Íslenskir jafnaðarmenn eru þeirrar skoðunar að óæskilegt sé að hið opinbera, ríki og sveitarfélög og fyrirtæki á þeirra vegum, stundi atvinnurekstur í samkeppni við einkarekin fyrirtæki. Því aðeins er réttlætanlegt að opinberir aðilar sinni atvinnustarfsemi að um sé að ræða starfsemi til að tryggja landsmönnum sem jafnasta og besta þjónustu á sértækum sviðum, svo sem í heilbrigðismálum, menntamálum, við vísindastarfsemi og rannsóknir. Einokun ríkisins í atvinnurekstri verður að aflétta þar sem því verður við komið eins og t.d. í rekstri fjarskiptaþjónustu og á sviði orkuframleiðslu og orkuviðskipta."

Í þessum ályktunum segir einnig svo, með leyfi forseta:

„Framfarir í upplýsinga- og samskiptatækni munu hafa víðtæk áhrif í náinni framtíð. Alþfl., jafnaðarmannaflokkur Íslands, álítur hlutverk stjórnvalda í hinni öru þróun vera tvenns konar. Annars vegar ber að virkja tæknina eftir föngum til að bæta þjónustu hins opinbera og fara betur með fé almennings og hins vegar að efla grunngerð þjóðfélagsins þannig að það sé í stakk búið að nýta þau tækifæri sem tæknin býður til aukinnar hagsældar og velferðar. Flokkurinn telur að m.a. eigi að nýta upplýsingatæknina til að færa opinbera þjónustu nær hinum almenna borgara og til að bæta aðgang aldraðra, fatlaðra og annarra sem ekki eiga heimangengt að henni. Þá telur flokkurinn mikilvægt að tryggja með lagaramma og leikreglum að Íslendingum bjóðist fullkomin fjarskiptaþjónusta með bestu tækni sem völ er á hverju sinni. Þar sé vænlegasta leiðin að efla opna samkeppni á fjarskiptamarkaði meðan þess er gætt að fáir aðilar eignist ekki markaðinn í krafti einokunaraðgangs að grunnbúnaði og flutningsleiðum.

Loks má nefna að forgangsmál er að tölvuvæða og nettengja skóla landsins og þjálfa kennara og annað starfsfólk í notkun og möguleikum tækninnar."

Hér lýkur tilvitnunum í nýsamþykktar ályktanir sem flokksþing Alþfl., jafnaðarmannaflokks Íslands, hefur gert. Af þessum ályktunum má marka að við styðjum í meginatriðum þá stefnu sem er verið að marka í þeim þremur frv. sem flutt eru hér í dag en hæstv. samgrh. hefur þegar mælt fyrir einu þeirra. En vissulega áskiljum við okkur rétt til að gera athugasemdir við einstök atriði og spyrjast nánar út í framkvæmd mála, svo sem starfsmannamála og fleiri þátta. En sú almenna stefna sem hér er mörkuð teljum við að sé rétt. Það er vissulega ánægjulegt að sjá að í þessum frv. er einmitt gert ráð fyrir því, svo ég ræði þau í einu slengi eins og fyrrverandi forseti á þessu hv. þingi tók oft til orða, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því bæði að efla grunnþjónustuna og þá ekki síst að efla þá þjónustu sem þetta mikilvæga kerfi getur veitt öldruðu fólki, fötluðum og þroskaheftum til þess að bæta lífi við árin.

Ég vil aðeins gera að sérstöku umtalsefni eitt atriði í þessu frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem hér er flutt. Það vakti athygli mína að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi, sem á að veita samkvæmt frv., þegar takmarka þarf fjölda rekstrarleyfa. Segir í skýringum, með leyfi forseta: „Getur stofnunin jafnvel ákveðið að gjald fyrir slík takmörkuð gæði skuli ákvarðast með útboði." Nú er mér skemmt, herra forseti. Þarna er verið að innleiða í þessa þjónustu veiðileyfagjaldtöku. Með öðrum orðum er verið að gera ráð fyrir því að þar sem ríkið selji takmarkaðan aðgang að þjónustu, eða að tekjuöflunarmöguleikum eins og í þessu felast, þá verði tekið fyrir það sérstakt gjald og jafnvel komi til greina að það gjald verði ákveðið með útboði. Höfundar frv. eru auðsjáanlega þeirrar skoðunar að þegar um það sé að ræða að ríkið veiti takmarkandi réttindi til tekjuöflunar á sviði þjónustu sem ríkisvaldið telur nauðsynlegt, stýra aðgangi manna, að þá beri að taka fyrir það takmarkaða aðgengi sérstakt gjald sem jafnvel verði ákvarðað í útboði.

Þetta er nú hvorki meira né minna en meginatriðin í þeirri stefnu sem kennd hefur verið við veiðileyfagjald af einum eða öðrum toga í fiskveiðum. Og markast einmitt af

nákvæmlega sömu viðhorfum, sumsé þeim að ríkið er þar að veita takmarkaðan aðgang, ekki almennan aðgang heldur takmarkaðan aðgang, að auðlind og tekjuöflunarmöguleikum sem ríkisvaldið fer með og er í dag veitt takmörkuðum hópi einstaklinga án þess að nokkurt gjald komi fyrir. Sú aðferð sem hér er kynnt er hins vegar í fullu samræmi við þá aðferð sem nú er notuð við úthlutun á takmörkuðum tollkvótum samkvæmt GATT. Þar er einnig verið að veita aðgang að takmörkuðum gæðum sem ekki allir geta notið heldur einn fær og annar ekki og þá er sá háttur hafður á að þau takmörkuðu gæði eru veitt gegn gjaldi eftir að útboð hefur farið fram.

Nú er verið að innleiða nákvæmlega sömu sjónarmið, herra forseti, í þessum þáttum póst- og símaþjónustu. Þar er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki gjald sem jafnvel verði ákveðið með útboði af tekjuöflunarmöguleikum fyrirtækja eða einstaklinga sem ríkið ætlar sér að skammta í krafti þess almannavalds sem ríkisvaldið fer með. Og styrkjast nú stoðirnar óðum undir þeim sjónarmiðum sem auðkennt hafa Alþfl., jafnaðarmannaflokk Íslands, og fjölmarga aðra aðila í þessu samfélagi, sem kallað er veiðileyfagjald. Að vísu er ekki talað um þessa gjaldtöku sem veiðileyfagjald í þessu frv. en það skiptir nú litlu máli enda ekki stunduð veiði í þessu sambandi en það kemur í sama stað niður, virðulegi forseti, því þarna er gert ráð fyrir því að fyrirtæki og einstaklingar greiði sérstakt gjald fyrir takmörkuð réttindi sem ríkið veitir þeim umfram aðra og ekki er á allra færi að fá.

Þetta er mjög athyglisverð stefnumörkun sem þarna fer fram og ég býð sérstaklega hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, velkominn í hóp veiðigjaldssinna eða öllu heldur þeirra sem telja að þegar handhafar ríkisvaldsins, framkvæmdarvaldið, úthluta takmörkuðum réttindum til einstaklinga sem geta orðið þeim að féþúfu að þá skuli ríkið taka sérstakt gjald sem jafnvel verði ákveðið á uppboðsgrundvelli. Og gerast nú fleiri vígamenn en ég hugði þegar hæstv. samgrh. er genginn í þennan hóp. (**Gripið fram í:** Nýr samstarfsflötur.) En ég ítreka, ja, það má nú segja að þarna komi upp óvæntur samstarfsflötur í pólitíkinni. Og átti ég nú á dauða mínum von en ekki því að sá nýi samstarfsflötur kæmi frá hæstv. samgrh., Halldóri Blöndal, en lengi skal manninn reyna.

Ég vil að lokum aðeins ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að ég álít að hér sé skynsamleg stefnumótun á ferðum í þessum þremur frv. og sú stefnumótun er í meginatriðum í samræmi við þá stefnu sem Alþfl. markaði sér á síðasta flokksþingi þó við áskiljum okkur auðvitað rétt til að gera athugasemdir við einstök atriði í þeim frv. sem hæstv. ráðherra mælir fyrir.

[15:04]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir 13. dagskrármálinu um Póst- og fjarskiptastofnun en það frv. er nátengt 14. og 15. dagskrármáli um póstþjónustu og fjarskipti. Frá sjónarmiði hæstv. ríkisstjórnar verður að viðurkenna að þessi frumvarpsflutningur og væntanleg lagasetning er í sjálfu sér í rökréttu framhaldi af því sem samþykkt var að tillögu hæstv. ríkisstjórnar á liðnu vori í fjarskiptamálum. Á hitt er rétt að minna að þau skref sem þá voru stigin voru umdeild hér í þinginu og á það bent að óþarflega langt væri gengið á þessu sviði. Það var t.d. mjög umdeilt hér á síðasta vori hvort rétt væri að breyta Póst- og símamálastofnuninni í hlutafélag. Á það var bent að reynsla frá nálægum löndum sýndi að slík breyting hefði ekki endilega í för með sér ódýrari þjónustu fyrir neytendur heldur jafnvel hið gagnstæða, að þjónustan yrði dýrari. Sérfræðingar Pósts og síma bentu hv. samgn. á það með greinargóðum upplýsingum sem þeir létu í té að t.d. væri reynslan frá Bretlandi einmitt á þann veg að þjónustan hefði orðið dýrari og slík breyting sem hér væri fyrirhuguð hefði ekki endilega mikla kostnaðarlækkun í för með sér fyrir neytendur. Einnig var á það bent að staða starfsfólks Pósts og síma yrði mjög í vindinum eftir að þessi breyting hefði verið gerð. Um er að ræða verulegan réttindamissi á vissum sviðum og réttindaskerðingar sem þó voru uppi áform um að reyna að bæta. Ég hef upplýsingar um það að starfsfólk Pósts og síma telur að enn vanti nokkuð á að það geti unað sátt við þá breytingu sem er að verða og í morgun komu fram upplýsingar í hv. samgn. um það efni sem eðlilegt væri að rifja hér upp og verður væntanlega gert af einhverjum þeim sem fundinn sátu. Ég átti þess ekki kost að sitja þann fund en mér er kunnugt um það að fram voru bornar verulegar umkvartanir um að það starf sem unnið væri á vegum starfsmannafélaga og ríkisins væri ekki í þeim farvegi sem æskilegt væri.

Nú ég vil leggja á það áherslu að endingu að aðstæður í litlu ríki eins og á Íslandi eru auðvitað allt aðrar en í stórum ríkjum þar sem eru starfandi stór og voldug sjálfstæð símafélög sem hugsanlega geta tekið upp samkeppni við fyrrverandi ríkisfyrirtæki. Í litlum fámennum ríkjum eru aðstæður allar og staðhættir töluvert öðruvísi og þar af leiðandi er ekki eins mikil þörf á því að gefa þar fjarskipti frjáls eins og kannski kann að vera í stærri ríkjum. Á þessu er nokkur munur og það sem verra er að kostnaðurinn við þessa breytingu verður hlutfallslega miklu þyngri í litlu ríki heldur en stóru. Það kemur fram í því frv. sem hér er til umræðu að kostnaður muni nema tæplega 90 millj. kr. á hverju ári. Þó er þetta bara hrein skriffinnskustofnun sem ekki mun skapa nein verðmæti af neinu tagi. Ég held að mörgum muni þykja að þessu fjármagni væri betur varið til annarra þarfra hluta í okkar þjóðfélagi heldur en að bæta nýrri stofnun við sem þarf að eyða svo miklu af almannafé. Ég held sem sagt að margvíslegar spurningar hljóti að vakna í tengslum við þau frv. sem hér er verið að flytja og þá þróun sem hér er gerð tillaga um að stuðlað verði að og að eðlilegt sé að málið sé rækilega skoðað í nefnd frá öllum hliðum áður en afstaða til þess er tekin. Ég vænti þess að í hv. samgn. gefist góður tími og aðstaða til þess að kanna málið frá öllum hliðum.

[15:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem hæstv. samgrh. hefur mælt fyrir er, eins og kom fram í máli hans, í rökréttu framhaldi af þeim skuldbindingum sem við höfum gengist undir með því að gerast aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í rökréttu framhaldi af lagabreytingum sem voru gerðar á þinginu í vor. Ég rak augun í það þegar ég fór í gegnum frv. að það hafa orðið ákveðin sinnaskipti hjá ríkisstjórninni í málefnum gjaldtöku fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind. Í fyrravetur vakti ég máls á úthlutun rása til útvarps- og sjónvarpssendinga og gagnrýndi hvernig staðið var að þeim úthlutunum. Ég vakti þá einnig máls á því að eðlilegt væri að greitt væri fyrir aðgang að slíkri auðlind. Þess vegna fagna ég því að í 9. gr. skuli vera tekið á þessu máli og menn tilbúnir til að fallast á, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi hér áðan, svokallað veiðileyfagjald í þessari grein. Það er greinilegt. Hér eru sömu rökin notuð og

við veiðileyfagjaldið, að það beri að greiða fyrir aðgang að takmarkaðri auðlind sem ríkið veitir aðgang að.

Eftir því sem ég hef skoðað þetta mál get ég nú ekki séð annað en að þetta sé svona eðlilegt framhald af því sem rætt hefur verið um breyttar aðstæður í fjarskiptum í framtíðinni. En mig langar aðeins vegna athugasemda fjmrn. að vekja athygli á því að í frv. til fjárlaga 1997 er ætlað að rekstur Fjarskiptaeftirlits ríkisins muni kosta 58 millj. kr., en þar eru 10 starfsmenn. Síðan er fjallað um að það megi ætla að kostnaður vegna reglubundinnar starfsemi stofnunarinnar verði 85–87 millj. kr. á ári sem verði fjármagnað með afmörkuðum tekjustofnum. Ég hef alltaf ákveðinn fyrirvara þegar talað er um markaða tekjustofna til rekstrar opinberra stofnana því það hefur nú verið reynslan að þessir mörkuðu tekjustofnar hafa oft ekki viljað skila sér í það sem þeim er ætlað. Við könnumst við það úr frv. sem koma hér inn árlega um ráðstafanir í ríkisfjármálum að þessir mörkuðu tekjustofnar eru iðulega teknir í annað og sömuleiðis við fjárlagagerð.

Það er einnig talað um í athugasemd frá fjmrn. að í frv. sé veitt heimild til þess að innheimta sérstakt rekstrargjald vegna rekstrarleyfa þar sem takmarka þarf fjölda leyfishafa. Í framhaldi af því er bent á að hér sé átt við annað GSM-farsímakerfi eða sambærilega þjónustu og tekið til þess að það sé gert ráð fyrir að kostnaður við væntanlegt útboð á nýju GSM-farsímakerfi verði um 32 millj. kr.

Ég ætla ekki að gera þetta frv. að frekara umtalsefni núna við 1. umr. en mig langar til að koma aðeins inn á atriði sem hv. þm. Ragnar Arnalds, sem nú situr í forsetastóli, nefndi hér áðan en það er hvernig háttað er málefnum starfsmanna Pósts og síma sem ég tel eðlilegt að minnst sé aðeins á hér úr því að þessi fjarskiptamál eru til umræðu. Í máli starfsmanna Pósts og síma á fundi með samgn. í morgun kom fram hörð gagnrýni á það hvernig staðið er að málum starfsmanna og réttinda þeirra og samningum við þá vegna breytinga á rekstri Pósts og síma. Þar kom fram að ekki hafa verið gerðir neinir samningar við háskólamenn hjá Pósti og síma en samkvæmt lögum eiga þeir að hafa sex vikna umþóttunartíma til að skoða samninga sem eru gerðir við þá áður en breyting verður á rekstrarformi Pósts og síma. Næstkomandi miðvikudag verða sex vikur til áramóta. Þá eru sex vikur þar til þessir samningar eiga að taka gildi og það er nánast umþóttunartíminn frá næsta miðvikudegi og þangað til þessir samningar eiga að taka gildi. Þarna eru nú samningamenn hæstv. ráðherra sem ég vona að sé að hlusta þó hann sé í símanum hérna frammi. Þá eru samningamenn hans frekar seinir með þessi samningmál.

Í morgun kom einnig fram að búið væri að senda út samninga til ýmissa starfsmanna en gagnrýnt var að yfir þeim samningum sem stöðvarstjórar sem hafa fengið senda að ríki alger leynd. Það var gagnrýnt í morgun og einnig að þeim er meinað að vera í stéttarfélögum sem er einnig sérkennilegt. Þar kom líka fram að það eru hópar sem hafa ekki fengið neina samninga og engin svör við spurningum um hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir þessa starfsmenn. Engin svör frá Pósti og síma um það hvað framtíðin beri í skauti sér.

Frá fulltrúa Rafiðnaðarsambandsins kom fram að greinilega væru fleiri en eitt stéttarfélag sem ætti að semja um kaup og kjör við fyrirtækið fyrir sömu stéttir. Bent var á að með því að Póstur og síми væri gert að einu hlutafélagi þá væri það komið inn á almennan vinnumarkað.

Ég spyr því hæstv. ráðherra hvort standi til að útiloka starfsmenn Pósts og síma hf. frá því að vera í stéttarfélögum eða verkalýðsfélögum. Er það meiningin? Því virðist hafa verið haldið að starfsmönnum við samningagerðina hjá þeim fulltrúum sem settir voru í þá nefnd sem á að vinna undirbúningsvinnuna að samningum við starfsmenn Pósts og síma. Hvernig er þessum málum háttað? Býst hann við að búið verði að semja við háskólamennina innan tiltekins tíma? Verða þeir komnir með samninga fyrir næsta miðvikudag þannig að þeir hafi þennan sex vikna umþóttunartíma? Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að svara þessum spurningum því menn voru fullvissaðir um það hér í umræðunni um breytt rekstrarform á Pósti og síma í vor að gengið yrði frá þessum málum í tíma. En það hefur greinilega dregist og það úr hömlu. Ég vil því fá skýr svör frá hæstv. ráðherra um málefni Pósts og síma áður en hann lýkur umræðum um fjarskiptamálin og póstmálin hér í dag.

[15:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni að þessi frv. sem við ræðum í einu slengi eru á sinn hátt eðlilegt framhald af því sem gerðist í vor þegar við samþykktum formbreytingu á Pósti og síma sem gerði það að verkum að fyrirtækið er ekki hluti af stjórnsýslunni eins og það hefur verið fram að þessu. Enn fremur er þetta mjög í samræmi við það sem hefur verið að gerast í nágrannalöndum okkar á vettvangi ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og þar fram eftir götunum. Í sjálfu sér ætti ekki að koma á óvart það sem hér er verið að lögfesta sem er fyrst og fremst að tryggja skýrar leikreglur á þessum mikilvæga fjarskiptamarkaði og koma á einhverjum eftirlitsaðila sem getur skorið úr ágreiningsefnum hjá fyrirtækjum sem starfa á þessum markaði.

Raunar kom skýrt fram í umræðum fyrr í dag að þetta er markaður þar sem tekist er mjög harkalega á. Þess vegna er ekki við öðru að búast en því að ýmis álitamál komi upp sem þurfi að skera úr. Við skulum ekki gleyma því að með þeirri breytingu sem er að gerast hér á landi hefur það nú gerst að í staðinn fyrir að hafa hér eitt stórt fjarskiptafyrirtæki, sem annaðist alla starfsemi á því sviði og hefði einkarétt á flestum sviðum til viðbótar, eru æ fleiri fyrirtæki að hasla sér völl á þeim vettvangi sem Póst- og símamálastofnun hefur starfað ein. Þess vegna er við því að búast að ýmis álitamál komi upp sem þurfi að skera úr um. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að allar leikreglur séu sem skýrastar og að hægt sé að tryggja að aðilar, sem séu að keppa á þessum viðkvæma markaði, geti skotið til úrskurðar álitamálum til stofnunar sem er sjálfstæð og því bær til þess að skera úr um álitamál. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið sem kemur fram í 8. gr. þessa frv. að við skiptum þessu í tvennt, við höfum annars vegar póst- og fjarskiptastofnun sem tekur á málinu á frumstigi og hins vegar höfum við sjálfstæða úrskurðarnefnd sem getur síðan tekið mál til meðhöndlunar ef upp kemur ágreiningur. Ég vek athygli á því að í 8. gr. er líka gert ráð fyrir því að úrskurður þessarar nefndar skuli að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því að kæra berst og að úrskurðir nefndarinnar skuli vera endanlegir á stjórnsýslustigi. Ef aðili vill ekki una þessum úrskurði getur hann borið þann úrskurð undir dómstóla en að öðru leyti er ekki hægt að skjóta þessu áfram til annars stjórnsýslustigs eins og ráðherra enda væri það óeðlilegt í ljósi þess að það er ráðherra sem fer með öll hlutabréfin í einu fjarskiptafyrirtækjanna, þ.e. Pósti- og

síma hf., eins og fyrirtækið mun heita eftir áramótin, og þess vegna væri það óeðlilegt að hann kæmi þar að.

Ég fagna því sem mér hefur virst vera að koma hér í ljós að breið samstaða er að myndast um þetta fyrirkomulag. Nýkjörinn formaður Alþfl., sem á þar með sæti í hinum stórkostlega sameinaða þingflokki jafnaðarmanna hefur, lýst yfir vilja síns flokks í þeim efnum. Það er nú ekki örgrannt um að þar sjáist svolítil áherslubreyting ef ekki stefnubreyting frá þeim málflutningi sem við heyrðum fyrr á þessu ári. Að minnsta kosti er ljóst að um þessi mál er að skapast miklu meiri friður og kyrrð en maður hefið getað ímyndað sér og það er eðlilegt vegna þess að hér erum við fyrst og fremst að fara inn í þróun sem er að eiga sér stað annars staðar í heiminum í kringum okkur. Markaðurinn er í eðli sínu þannig að þar eru engin landamæri og fjarskiptastarfsemi og fjölmiðlastarfsemi er að verða angi af hinu sama.

Það kom raunar fram fyrr í dag í máli hæstv. menntmrh. að einn kosturinn t.d. við að nálgast útsendingar útvarps og sjónvarps er að nota hið fræga internet og það sýnir okkur auðvitað og sannar að mörk milli þessara tveggja kerfa, fjölmiðlunar og fjarskipta, eru að verða óljós og það undirstrikar að þessi fjölmiðlafyrirtæki og fjarskiptafyrirtæki munu hasla sér völl hvert á annars sviði og það gerir enn þá mikilvægara að allar reglur séu sem skýrastar og möguleikar til málsskots séu sem bestir. Ég held að það sé tryggt með þessu frv. og þeim frv. sem mælt verður fyrir hér á eftir og þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að þetta komist áfram og verði leitt í lög. Ég ætla ekki annað en að það geti tekist nú á haustdögum, ekki síst í ljósi þeirrar samstöðu sem mér virðist vera að opnast um þetta mál.

[15:26]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vissulega er ástæða til að láta í ljós þakklæti fyrir góðar undirtektir formanns Alþfl. og raunar Alþfl. við það starf og þá löggjöf sem samþykkt hefur verið um breytingar á Pósti og síma og þá stefnu sem mörkuð hefur verið í grundvallaratriðum. Það er ástæða til að ætla að það nái einnig til hins nýja þingflokks jafnaðarmanna og Þjóðvaka. Ánægja er yfir þeirri stefnu sem mörkuð er með þessum frv. þar sem maður veit að þar ríkir mikil eining innan búðar sem á að geta þegar fram líða stundir orðið að miklu afli, vonandi ekki öflum sitt í hvora áttina.

Ég vil aðeins segja út af því sem hv. þm. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., sagði áðan og sömuleiðis 18. þm. Reykv. Ásta R. Jóhannesdóttir að samkvæmt viðræðuáætlun fara fram viðræður við starfsmenn Pósts og síma. Auðvitað eru uppi álitamál eins og ævinlega við undirbúning launaflokka og kjarasamninga. Ekki er ástæða til að ætla annað en að þær muni leysast í fyllingu tímans. Ég hygg að misskilningur sé að starfsmönnum sé meinað að vera í stéttarfélagi. Á hinn bóginn hefur komið upp að stöðvarstjórar hafa óskað eftir því að þeir hafi sjálfstæðan samningsrétt og með sama hætti liggur það fyrir að fjölmargir yfirmenn Pósts og síma hafa verið í svokallaðri ráðherraröðun hjá opinberum starfsmönnum. Raunar er það svo í einkageiranum að ekki er samið um öll stjórnunarstörf í almennum kjarasamningum. Ég veit að hæstv. þingmaður þekkir til að mynda kjarasamninga verslunarmanna og þar er það ekki gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjarskipti, 1. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Markmiðið með frumvarpi þessu um fjarskipti er að tryggja örugg og hagkvæm fjarskipti fyrir alla landsmenn á sambærilegum kjörum. Til að svo megi verða er m.a. lagt til að lögbundinn einkaréttur ríkisins verði afnuminn frá og með 1. jan. 1998 en að Pósti og síma hv. verði veittur einkaréttur til þess að reka almenna talsímaþjónustu og reka almennt fjarskiptanet til þess tíma. Er sú skipan mála í samræmi við ákvæði laga nr. 103/1966, um Póst- og síma hf. Þar með verður þeim sem þess óska heimilt að veita fjarskiptaþjónustu frá 1. jan. 1998 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem nánar er mælt fyrir um í lögunum.

Jafnframt er lögð á það áhersla að stjórnvöld geti lagt á svokallaða alþjónustu til að tryggja þjónustu um allt land.

Með frumvarpi þessu eru íslensk fjarskiptalög færð til samræmis við þær breytingar sem orðnar eru og sem boðaðar hafa verið í fjarskiptamálum í Evrópu.

Fram til ársins 1993 var einkaréttur ríkisins á fjarskiptum víðtækur hér á landi og undanþágur voru fáar. Þetta fyrirkomulag var talið réttlætanlegt meðan verið var að byggja upp grunnnetið og voru tekjur af fjarskiptaþjónustu gjarnan nýttar beint eða óbeint til öflugrar uppbyggingar almennra fjarskiptaneta.

Á síðustu árum hefur orðið mikil viðhorfsbreyting að þessu leyti. Uppbyggingu almennra fjarskiptaneta er að mestu lokið; tæknilegar breytingar og þarfir viðskiptalífsins kalla á breytt lagalegt umhverfi fjarskipta og svo mætti lengi telja. Frumvarp það sem hér er lagt fram endurspeglar þessa viðhorfsbreytingu.

Breyting á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar í hlutafélag er meðal annars gerð til að búa Póst og síma undir þær breytingar sem í vændum eru.

Einkaréttur ríkisins til að eiga og reka fjarskipti og fjarskiptaþjónustu var þrengdur verulega með breytingu á fjarskiptalögum árið 1993 og nær samkvæmt gildandi lögum eingöngu til talsímaþjónustu og til að eiga og reka almennt fjarskiptanet.

Fyrr á þessu ári var samþykkt tilskipun Evrópusambandsins sem mælir fyrir um fullt frelsi í fjarskiptaþjónustu og rekstri fjarskiptanetsins frá 1. janúar 1998. Þetta frelsi er þó ekki óheft því samhliða afnámi einkaréttar á fjarskiptaþjónustu er talið nauðsynlegt að tryggja að allir notendur eigi aðgang að lágmarksþjónustu á sviði fjarskipta á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Þetta er í frumvarpinu kallað alþjónusta. Samkvæmt því má leggja þá skyldu á þá sem fá leyfi til að reka almenna fjarskiptaþjónustu, t.d. almenna talsímaþjónustu, að þeir taki á sig slíkar skuldbindingar gagnvart notendum. Nokkur óvissa hefur verið um það, m.a. innan Evrópusambandsins til hvaða þátta fjarskiptaþjónustu alþjónusta nær og því þykir rétt að hafa ekki ítarleg ákvæði hér að lútandi í frumvarpinu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að nánar verði mælt fyrir um það í reglugerð. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lagt verði á rekstrarleyfishafa sérstakt jöfnunargjald til þess að fjármagna skyldubundna alþjónustu. Slíkt gjald verður þó ekki lagt á fyrr en fleiri en einn rekstraraðili verður kominn á viðkomandi þjónustusvið.

Frumvarpið byggir á því grunnsjónarmiði að stjórnvöld eigi ekki að takmarka fjölda þeirra sem fá leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að leyfi þurfi til að reka slíka þjónustu aðra en virðisaukandi þjónustu. Að frátalinni fjarskiptaþjónustu þar sem takmarka verður fjölda leyfishafa af tæknilegum ástæðum, eins og er um GSM-farsíma, er lagt til að þeir sem fullnægja ákveðnum hlutlægum skilyrðum fái leyfi til fjarskiptaþjónustu og til að reka almennt fjarskiptanet. Skilyrðin eru af ýmsum toga, ekki síst tæknilegum, og er tilgangur þeirra meðal annars að tryggja aðgang nýrra aðila að þeim fjarskiptanetum sem komið hefur verið upp og þar með jafnan aðgang rekstraraðila að markaðnum og að samtenging fjarskiptaneta sé tryggð, en einnig að tryggja að fjarskiptaþjónustu verði í raun haldið uppi. Er í síðastgreinda tilvikinu talið mikilvægt að öllum sé tryggður aðgangur að tiltekinni alþjónustu eins og ég greindi frá fyrr í máli mínu.

Þegar nauðsynlegt verður að takmarka fjölda rekstraraðila má samkvæmt frumvarpinu ákveða að rekstrarleyfi skuli veitt að undangengnu útboði.

Auk þessara nýmæla eru ýmis ákvæði í frumvarpinu, svo sem um leynd og vernd fjarskipta, þráðlaus fjarskipti, símatorgsþjónustu og fleira.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[15:34]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er farið að tíðkast í lagasmíði á Íslandi að byrja lög með því að gefa ítarlegar skýringar á ýmsum heitum og hugtökum, jafnvel heitum og hugtökum sem hafa unnið sér nokkurn þegnrétt í málinu og allir vita hvað átt er við með. Frægt er dæmið frá því í fyrra þar sem sjúklingur var skilgreindur sem hver sá sem leitaði þjónustu heilbrigðisstétta hvort sem sá hinn sami væri sjúkur eða heilbrigður. En nú bregður svo við að í öðrum kafla þessara laga, kaflanum um orðskýringar, kemur orðskýring á gömlu og góðu íslensku heiti sem gerir það að verkum að ég sem hélt mig hafa skilið þetta heiti botna hvorki upp né niður. En þar er útskýrt hvað sé talsímaþjónusta. Ég held að við Íslendingar höfum nú svona sæmilega hugmynd um hvað sé talsímaþjónustu. En það er skilgreint svona, með leyfi forseta:

„Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um sjálfvirkt fjarskiptanet þannig að notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda sem tengdur er við annan tengipunkt."

Nú spyr ég, virðulegi forseti, finnst mönnum virkilega ástæða til að leiða svona skýringar í íslensk lög? Barn sem væri t.d. spurt á prófi hvað væri talsímaþjónusta fengi ekki rétt svar nema það svaraði: Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um sjálfvirkt fjarskiptanet þannig að notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda sem tengdur er við annan tengipunkt. Hvaða ástæða er, virðulegi forseti, til að hafa svona samsetning í lögum? Eigum við ekki bara að leyfa fólkinu sjálfu að viðhalda skilningi sínum á því hvað talsímaþjónusta er? Ég er sannfærður um að maður sem talar jafnmikið í símann og hæstv. samgrh., sem þarf að nota símann þó hann tali hátt því öðruvísi heyrist ekki norður til hans, viti nokkurn veginn hvað talsímaþjónusta er og hann þurfi ekki að biðja hv. Alþingi um að festa þennan skilning á orðinu í sessi.

Ég tók það fram hér áðan að við jafnaðarmenn værum að meginefni sammála þeim breytingum sem er verið að gera og hæstv. ráðherra hefur lýst og koma vel fram í greinargerð með þessu frv. En það eru örfáar athugasemdir sem mig langar til að gera og m.a. er spurning til hæstv. ráðherra. Í greinargerðinni segir svo um V. kafla í frv. að í ákveðnum tilvikum kunni að vera nauðsynlegt að takmarka fjölda rekstrarleyfishafa á tilteknum sviðum fjarskipta. Ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðherra nánar hvað þarna væri átt við, þ.e. í hvaða tilvikum slíkt kæmi til greina og á hvaða sviðum fjarskipta slíkt kæmi til greina. Þetta er það opið og loðið orðalag að ómögulegt er að átta sig á því hvað vakir fyrir höfundunum. Þá ítreka ég það sem ég benti á áðan að þarna er gert ráð fyrir því að innheimt verði sérstakt gjald fyrir fjarskiptaleyfi þar sem fjöldi rekstrarleyfa er takmarkaður og gert ráð fyrir að það sé jafnvel gert með útboði. Það er að verða almenn regla í lögum að menn taki sérstakt gjald, jafnvel með útboði, fyrir takmörkuð réttindi til ábatavonar, sem hæstv. ríkisstjórn veitir þegnunum sem framkvæmdarvald, þar sem einn fær og annar ekki. Auðvitað styrkir það stöðugt sjónarmið þeirra sem vilja að sömu reglum verði fylgt hvað varðar nýtingarréttinn á helstu auðlind landsmanna, fiskveiðunum og fiskimiðunum, sem er takmarkaður. Það er búið að leggja hér ákveðnar línur sem varða ekki lengur bara úthlutun takmarkaðra tollkvóta til innflutnings á landbúnaðarvörum og búvörum hvers konar þar sem menn verða að greiða fyrir með útboði, sá fær sem hæst býður. Hér er verið að staðfesta sama kerfi í sambandi við póst- og símaþjónustu. Því má segja að menn séu að færa sig nær og nær meginatriðum málsins, sem sagt því að þegar takmörkuðum gæðum er varðar aðgang að auðlindinni, fiskimiðunum, er úthlutað sé sama regla í heiðri höfð.

Mig langar líka að spyrja hæstv. ráðherra út í það að hér er gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist þess að rekstrarleyfishafar þjónustu gefi upplýsingar um notendur sína og séð til þess að gefin verði út heildstæð skrá yfir notendur að síma- og fjarskiptaþjónustu um land allt. Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað um það kerfi sem er enn í gildi, þ.e. að einstakir notendur geta óskað eftir því að númer þeirra séu ekki skráð og þurfi ekki að greiða neitt sérstakt gjald fyrir? Er ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að halda þeim sið, þ.e. þeir notendur, sem óska ekki eftir því að númer þeirra séu skráð og veittar upplýsingar um þau, geti haldið þeim rétti sínum? Það er ekki sérstaklega tekið fram.

Þá vil ég einnig hrósa því sérstaklega sem talað er um í 7. gr. þar sem gert er ráð fyrir að tryggja alhliða fjarskiptaþjónustu við notendur með sérþarfir svo sem fatlaða eða aldraða sem oft og tíðum þurfa á mikilli þjónustu varðandi fjarskipti að halda. Það er rétt sem segir í greinargerð að miklar framfarir hafa orðið í fjarskiptum fyrir slíka hópa og ýmiss konar búnaður, sem tryggir öryggi þeirra, hefur séð dagsins ljós. En einnig er mikilvægt að sett séu ströng skilyrði í rekstrarleyfum fyrir fjarskiptaþjónustu við slíka hópa. Það er trú mín að með þeirri kerfisbreytingu sem hér er verið að gera geti skapast grundvöllur til að bæta mjög mikið þjónustuna við aldrað fólk, fatlaða og þroskahefta, sem þarf í vaxandi mæli á þjónustu fjarskiptanets að halda til þess að geta lifað sem eðlilegustu lífi, lífi eins og við hin lifum.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra um atriði í 14. gr. frv. þar sem rætt er um að rekstrarleyfishafi, sem gert er

skylt að veita alþjónustu samkvæmt rekstrarleyfi sem hann telur ekki arðbæra, geti leitað eftir því að honum verði tryggt eðlilegt endurgjald fyrir slíka þjónustu með fjárframlögum. Auðvitað þarf ekkert að segja það í lögum að menn geti leitað eftir fjárframlögum, það geta allir Íslendingar, menn þurfa ekkert leyfi til þess að skrifa t.d. bréf til hv. fjárln. og óska eftir því að þeir fái fjárfamlög til þess að veita einhverja sérstaka þjónustu er varðar samfélagið, t.d. við dreifðar byggðir eða einhverja tiltekna hópa. Engin lög eru í gildi sem banna mönnum það. Allir eru frjálsir að því að skrifa slík erindi eða bera þau fram á annan hátt. Ég spyr hvaða hald er í því að taka fram í lögum í slíku sambandi að aðili af því tagi, sem falið er að veita þjónustu sem ekki er talin borga sig, geti leitað eftir fjárframlögum. Er ekki eðlilegra að snúa þessu við og segja að ríkisvaldið skuli tryggja að slík þjónusta sem ríkisvaldið skyldar rekstraraðila til að veita og varðar t.d. þjónustu við dreifðustu byggðir landsins, þar sem ekki er um að ræða þjónustu sem getur staðið undir sér, og hafi skyldur í þeim efnum sjái svo um að viðkomandi rekstraraðili geti sinnt þeirri þjónustu eins og best verði á kosið? Það er engin vernd í þessum efnum að segja eins og sagt er í 14. gr. að viðkomandi aðili geti óskað eftir stuðningi því það geta allir borgarar á Íslandi án þess að það sé tekið sérstaklega fram í lögum.

Mig langar einnig til að spyrja hæstv. ráðherra og vitna þar í greinargerðina með frv. en þar er gert ráð fyrir því að í þeim tilvikum sem ekki er talið sanngjarnt eða eðlilegt að beita jöfnunargjaldi þar sem um er að ræða niðurfellingu á talsímagjöldum til aldraðra eða öryrkja skuli kostnaður af alþjónustu greiddur úr ríkissjóði. Mig langar til að spyrja: Þýðir þetta að þeir aldraðir eða öryrkjar, sem þurfa ekki að borga fastagjald af síma í dag, hafi tryggingu fyrir að þeim aðstæðum verði ekki breytt þrátt fyrir þá kerfisbreytingu sem fyrir dyrum stendur? Eða er hætta á að þeir aldraðir og öryrkjar, sem hafa lægstu tekjurnar og hafa síma sér að kostnaðarlausu, að það komi til álita að taka þau réttindi af einhverjum stórum eða smáum hópi þeirra við þær breytingar sem fyrir dyrum standa? Þetta vil ég gjarnan fá alveg skýrt, herra forseti, vilja hæstv. samgrh. í þeim efnum. Ekki vegna þess að ég haldi að fyrir honum sjálfum vaki að gera einhverjar breytingar í því efni. En vissara er að hafa það ljóst áður en frv. er afgreitt sem lög frá Alþingi hvað hæstv. ráðherra ætlast fyrir svo þeir aðilar sem kunna að fara með framkvæmd valdsins verði þá bundnir af þeim orðum sem hæstv. ráðherra segir um túlkun sína á málinu á hinu háa Alþingi.

[15:46]

Útbýting þingskjala:

Beingreiðslur til bænda, 156. mál, fsp. SvanJ, þskj. 173.

Upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, 158. mál, fsp. RG, þskj. 175.

[15:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. þm. vék að því þegar um takmörkuð gæði er að ræða og undir hvaða kringumstæðum búast megi við að farið verði út í útboð. Því er fljótsvarað. Þegar um sjónvarpsrásir er að ræða eða farsíma, t.d. GSM, verður í sambandi við útboðið ekki einungis tekið tilboði vegna fjárhæðar þess sem boðið er peningalega heldur einnig litið á gæði og þjónustu sem látin skuli í té. Við höfum auðvitað verið í vandræðum með þessa hluti. Ég var spurður að því í sjónvarpinu í gærkvöldi hvort ekki hefði verið rétt að láta bjóða í eina sjónvarpsrás sem laus var norður á Akureyri. Það hafði á hinn bóginn ekki verið gert við aðrar sjónvarpsrásir sem úthlutað hefur verið um ótakmarkaðan tíma þannig að það þótti ekki rétt í þessu sérstaka tilviki. En á hinn bóginn hlýtur það að koma til álita síðar meir þegar farið er inn á ný svið en eins og nú standa sakir er ekki gerlegt að átta sig á hvernig tæknin þróast.

Í sambandi við eftirlit með leyfishöfum er það rétt sem hv. þm. sagði að eftirlitsúrræði Pósts- og fjarskiptastofnunar eru mjög viðamikil, og er í samræmi við það sem er t.d. í Danmörku eftir því sem mér hefur skilist. Því er nauðsynlegt að átta sig á því hvort þeir aðilar sem annast póstþjónustu og fjarskiptaþjónustu fyrir almenning séu fjárhagslega sterkir og nokkur trygging sé fyrir að þeir geti látið þá þjónustu í té, sem þeir hafa skuldbundið sig til, og að þjónustan sé viðhlítandi og trúverðug.

Hv. þm. vék nokkuð að ákvæðinu um að greitt skuli úr ríkissjóði til símans og annarra sem hafa fjarskiptaþjónustu með höndum. Þá kemur upp sú spurning hvernig haldið skuli á þeim málum ef t.d. þykir rétt að halda því áfram að aldraðir fái símkostnað sinn greiddan að hluta, eins og nú er, og er þá miðað fjölda skrefa, mismunandi eftir landshlutum. Eins og frv. er byggt upp er gert ráð fyrir að greiðsla fyrir það komi úr ríkissjóði. Það hefur verið stefna, ég vil segja beggja þeirra ríkisstjórna sem ég hef setið í, að rétt sé að hafa greiðslur af þessu tagi inni í fjárlögum til að menn geti séð hvað fríðindi af þessu tagi kosti þótt því hafi ekki verið komið í verk af fyrirkomulagsástæðum. En ég hygg að ógjörningur sé að hafa þennan háttinn á. Þetta er ekki vandamál meðan hér er einungis eitt fjarskiptafyrirtæki, síminn, þá kemur þetta af sjálfu sér og hægt er að leggja kvaðir af þessu tagi á stofnunina eða fyrirtækið. En um leið og fleiri rekstraraðilar koma inn í dæmið verður óhjákvæmilegt að jafna samkeppnisstöðu þeirra með því annað tveggja að greiðslur af þessu tagi komi beint á ríkissjóð með fjárlögum eða með hinu að lagður sé skattur á veltu fjarskiptafyrirtækjanna og af þeim tekjum komi síðan greiðslur til símafyrirtækjanna. Það má hugsa sér hvort tveggja og hvort sem er í því sambandi.

Ég man ekki hvort eitt enn vantar. (**Gripið fram í:** Skilgreining á talsímaþjónustu.) Já, skilgreining á talsímaþjónustu. Hv. þm. var nú búinn að lesa tvisvar yfir mér skilgreiningu á talsímaþjónustu og ég er honum þakklátur því loksins var ég að byrja að átta mig á hvað í þessu fælist. Og ég geri ráð fyrir að læsi hann nú skilgreininguna í þriðja sinn fyrir mig héðan úr þessum ræðustól þá mundi ég loks skilja þetta til fullnustu.

[15:52]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ber þá að skilja ummæli hæstv. samgrh. svo að honum hafi ekki verið ljóst fram undir þetta hvað talsímaþjónusta væri? Þarf þá að lesa honum textann í þriðja sinn til að hann átti sig á því? Ég trúi því nú ekki. Ég held að hæstv. ráðherra hafi allan tímann farið nokkuð nærri um hvað talsímaþjónusta er þangað til ég hóf lesturinn hér áðan. Það er ekki rétt að ekki liggi fyrir hver kostnaður vegna símagjalda aldraðra og öryrkja er. Þeir fá aðeins fellt niður fastagjaldið af síma og það er nákvæmlega vitað hvaða einstaklingar þetta eru og hvað þeir eru margir. Það er nákvæmlega vitað hver upphæð fastagjaldsins er svo það er enginn vandi að finna út hvaða kostnað um er að ræða sem Póstur og sími ber í núgildandi kerfi. Og ég ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra hvort ekki megi treysta því að þeir

aldraðir og fatlaðir einstaklingar sem nú njóta þeirra kjara að hafa fastagjald niðurfellt muni njóta þess áfram. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi skýrt fram strax við 1. umr. málsins.

[15:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gleymdi að fletta skýringunum við 2. gr. upp í frv. en þar stendur raunar að hún þarfnist ekki skýringa og er ég þá að tala um skilgreininguna.

En á hinn bóginn vil ég gleðja hv. þm. með því að þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum þannig að hér er ekki um nýmæli að ræða heldur hefur talsímaþjónusta verið skilgreind með þessum hætti í lögunum. Ég hef ekki tekið það nógu skýrt fram en ég taldi að það væri skýrt í grg. að ekki er ætlunin að breyta réttindum elli- og örorkulífeyrisþega með frv. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að það liggur fyrir í ríkisreikningi og í reikningum Pósts og síma hvaða fjárhæðum eftirgjöfin til aldraðra og öryrkja nemur. En það sem ég var að víkja að var hvort ekki væri rétt að það kæmi fram í fjárlögunum sjálfum í staðinn fyrir að fela það í ríkisreikningi.

[15:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki tíma til þess áðan að benda á þá athyglisverðu staðreynd sem kom fram hjá hæstv. samgrh. Hann sagði: Almannavaldið ræður ekki yfir nema takmörkuðum fjölda sjónvarpsrása. Þess vegna verður að skammta aðganginn. Það geta ekki allir fengið. Og vegna þess að almannavaldið þarf að skammta aðganginn, sumir fá en aðrir ekki, er rétt að menn greiði fyrir sem hljóta og eðlilegt að verðið ákvarðist af markaði með útboði. Þetta eru nákvæmlega sömu grundvallarrökin og gilda um veiðileyfagjald. Þar er almannavaldið að skammta aðgang að tekjuöflunarmöguleikum sem ekki allir geta notið, sumir fá en aðrir ekki. Og aðgangurinn felur í sér mikil verðmæti. Þeir sem fá aðgang, fá aðgang að miklum verðmætum. Og er þá ekki með sama hætti eðlilegt að þeir greiði fyrir og að það verð ákveðist af markaði með útboði, eins og hér er lagt til. Ég sé engan eðlismun á þessu sem hér um ræðir.

[15:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna umræðu um niðurfellingu á fastagjaldi á síma hjá lífeyrisþegum, vil ég ítreka það, sem reyndar kom fram hjá hæstv. ráðherra áðan, að hvað eftir annað kom fram í umræðunni í vor, um breytingu á rekstri Pósts og síma, að ekki yrðu lögð niður eða hætt við þessi hlunnindi. Þeim yrði haldið áfram, þ.e. lífeyrisþegar sem eru með fulla tekjutryggingu fengju fastagjaldið af símanum lagt niður. Ég vil halda því til haga sem ráðherrann sagði fullum fetum, og hefur reyndar ítrekað það hér, og ég vona að staðið verði við að ekki verði fellt niður að þeir lífeyrisþegar, sem hafa hvað minnst að bíta og brenna, fái þessi hlunnindi áfram.

[15:58]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er mjög ljúft að svara hv. þm. að það stendur ekki til að skerða rétt elli- og örorkulífeyrisþega til að fá hluta af talsímanum ókeypis. Ég verð að segja að ég er glaður yfir því að í hinum mikla þingflokki jafnaðarmanna og Þjóðvaka skuli þó ekki vera fleiri flokkar því þá mundu fleiri þingmenn standa upp til að spyrja mig þessarar sömu spurningar. En ég get nú kannski svarað spurningunni í þriðja skipti hvort sem er. Við gerum ráð fyrir að elli- og örorkulífeyrisþegar verði áfram studdir til að hafa síma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166.

[15:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi og stjórn póstlaga til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í Evrópu á sl. árum.

Það sem er hvað mikilvægast í því sambandi er að einkaréttur ríkisins til póstmeðferðar er þrengdur verulega og afmarkaður mun nánar en verið hefur. Það mun þó ekki raska því markmiði frumvarpsins að tryggja eftir sem áður hagkvæma og virka póstþjónustu fyrir landsmenn alla, hvar á landinu sem þeir eru búsettir.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af tillögum að tilskipun um sameiginlegar reglur um þróun póstþjónustu Evrópusambandsins og aukin gæði póstþjónustunnar, sem lagðar hafa verið fyrir Evrópuþingið og ráðherraráðið.

Meðal merkilegra nýmæla í frumvarpinu er að í fyrsta skipti er stefnt að því í íslenskri löggjöf um póstþjónustu að skilgreina hugtakið grunnpóstþjónusta, en það orð er notað í frumvarpinu yfir það sem í nefndum tilskipunartillögum kallast universal service.

Grunnpóstþjónusta er í lögunum skilgreind sem viðtaka, flutningur, flokkun og skil á bréfum og öðrum sendingum með utanáskrift sem vega allt að 20 kg.

Gerir frumvarpið ráð fyrir skyldu ríkisins til að tryggja landsmönnum öllum nánar tilgreinda grunnpóstþjónustu, án tillits til búsetu og á viðráðanlegu verði. Er jafnframt gert ráð fyrir að ríkið tryggi aðra þjónustu, eins og þjónustu með fjármunapóstsendingar og sendingar með blindraletri.

Þessi ákvæði um grunnpóstþjónustu eru mjög mikilvæg fyrir afskekkt svæði á Íslandi sem og annars staðar innan EES.

Til þess að tryggja fjárhagslega afkomu grunnpóstþjónustu er í frumvarpinu skilgreindur samræmdur rammi fyrir þær þjónustugreinar sem hafa má í einkarétti. Verður einkaréttur til póstmeðferðar bundinn við bréf í umslögum eða öðrum sambærilegum umbúðum með sýnilegri áritun, allt að 350 g að þyngd, að því tilskildu að burðargjald slíkra sendinga sé ekki meira en fimmfalt burðargjald fyrir bréf sem falla undir lægsta burðargjald, sem er 35 kr. fyrir 20 g bréf samkvæmt núgildandi gjaldskrá Póst- og símamálastofnunar. Miðað við það verða póstsendingar þar sem burðargjald er hærra en 175 kr. utan einkaréttar.

Þá er að finna önnur nýmæli í frumvarpinu, sem eins og áður segir munu leiða til umtalsverðra breytinga á fyrirkomulagi og stjórn póstmála hér á landi.

Þannig má nefna að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að íslenska ríkið feli einstökum póstrekanda samkvæmt sérstöku leyfi að fara með fyrrgreindan einkarétt sinn. Má gera ráð fyrir að póstrekandi sem fer með einkarétt

ríkisins til póstmeðferðar muni einnig skuldbundinn til að inna af hendi áðurgreindar skyldur ríkisins.

Öðrum en þeim sem fengið hafa til þess sérstakt rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar verður einnig óheimilt að annast grunnpóstþjónustu.

Ráðherra verður þó heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu verði undanþegnir rekstrarleyfi. Er þá fyrst og fremst verið að horfa til aðila sem annast afmarkaða þætti þjónustunnar, t.d. einungis flutning frá einum stað til annars. Þeim verður þó gert skylt að skrá starfsemi sína hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Rekstrarleyfum til grunnpóstþjónustu munu fylgja skilyrði, sem skulu vera skýr og í samræmi við jafnræðisreglur. Sem dæmi um slík skilyrði má nefna að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, að skylt sé að annast sérstök verkefni þó þau séu ekki arðbær og að virtar verði uppgjörs- og bókhaldsreglur sem settar kunna að verða.

Má gera ráð fyrir að skilyrðin verði fleiri þegar rekstrarleyfi er víðtækara og tekur yfir fleiri þætti og að þau verði færri eftir því sem leyfið er takmarkaðra. Þannig verða sjálfsagt sett ítarleg skilyrði fyrir leyfi til að fara með einkarétt ríkisins, m.a. skilyrði er varða áðurgreindar skyldur ríkisins.

Að lokum má nefna að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lagt verði á rekstrarleyfishafa sérstakt jöfnunargjald til þess að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu þar sem slík þjónusta er óarðbær. Verður gjaldið lagt á til að tryggja að grunnpóstþjónustu verði sinnt í dreifðari byggðum landsins og annars staðar þar sem slík þjónusta mun augljóslega ekki skila arði.

Fleiri nýmæli er að finna í frumvarpinu, sem eins og fram hefur komið mun leiða til grundvallarbreytingar á fyrirkomulagi póstmála hér á landi til samræmis við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar á síðustu árum og fyrirsjáanleg er á næstu árum.

Hin nýja skipan á póstmálum sem er að finna í frumvarpi þessu mun auka samkeppni innan póstsviðsins verulega frá því sem nú er, þar sem stigin eru mörg mikilvæg skref í frjálsræðisátt.

Þó er gert ráð fyrir að grunnpóstþjónusta verði eftir sem áður sambærileg fyrir landsmenn alla að því er varðar verð og gæði. Mun það tryggt með skyldum ríkisins til að annast nánar tilgreinda þætti grunnpóstþjónustu um land allt, með jöfnunargjaldi og með takmörkuðum einkarétti ríkisins til póstmeðferðar.

Slík tilhögun er í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, en í fæstum aðildarríkja EES-samningsins hefur einkaréttur til póstmeðferðar verið með öllu afnuminn, til þess að tryggt sé að allir á svæðinu, hvar sem þeir búa, njóti sambærilegrar þjónustu. Er það einnig eitt meginmarkmið frumvarps til laga um póstþjónustu sem hér er lagt fram.

Ég legg til, herra forseti að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[16:05]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð og að þessu sinni eru þau ekki um efnisatriði frv. Mér finnst, herra forseti, og ég vildi gjarnan óska eftir því að hæstv. samgrh. hlustaði, að menn geti ekki lagt fram svona texta fyrir hið háa Alþingi. Hér er verið að skýra orð enn einn ganginn. Hér á að festa í lög að orðið póstþjónustuaðili eigi að skýra: Aðili sem veitir póstþjónustu. Hvaða ástæða er til að binda svona lagað í lög? Svo vil ég benda hæstv. ráðherra á að þegar fjallað er um orð eins og t.d. póstkassi, þá er það gert svona í greinargerð með frv., með leyfi forseta: „Hugtakið póstkassi kemur fram í 7. gr. frv." Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Hvenær varð póstkassi að hugtaki? Ég hélt að póstkassi væri hlutur en ekki hugtak. Síðan er hugtakið skýrt svona, með leyfi forseta: „Er hugtakið hér skilgreint [hugtakið póstkassi] sem kassi sem ætlaður er til viðtöku og uppsöfnun bréfapóstsendinga til frekari póstmeðferðar." Guð almáttugur hjálpi mér. Menn tala ekki lengur um að setja hluti í póst heldur að taka hluti til póstmeðferðar. Hæstv. samgrh. er orðhagur maður. Hann má ekki láta svona texta frá sér fara. Það er honum ekki samboðið að leggja svona texta fyrir Alþingi þó það varði kannski ekki meginefnisatriði málsins. En að ræða um póstkassa sem hugtak er alveg nýtt í sölum Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

24. FUNDUR

fimmtudaginn 14. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1995.
5. Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1995.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 161. — 1. umr.
7. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160. — 1. umr.
8. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157. — 1. umr.
9. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 158. — 1. umr.
10. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 159. — 1. umr.
11. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 147. mál, þskj. 162. — 1. umr.
12. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 118. mál, þskj. 129. — 1. umr.
13. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
14. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 120. mál, þskj. 131. — 1. umr.
15. Afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu, þáltill., 127. mál, þskj. 138. — Fyrri umr.
16. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr.
17. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 3. varaþingmaður Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi, Ingibjörg Sigmundsdóttir garðyrkjubóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar og forföllum 1. og 2. varaþingmanns listans í Suðurlandskjördæmi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Svavar Gestsson,
formaður þingflokks Alþb. og óháðra."

„Ég undirritaður varaþingmaður Alþb. og óháðra í Suðurlandskjördæmi get því miður ekki tekið sæti Margrétar Frímannsdóttur 5. þm. Suðurl. í fjarveru hennar nú. Ástæður þessa eru annir í starfi.

Virðingarfyllst, Ragnar Óskarsson."

Og hér er þriðja bréfið vegna sama máls:

„Ég undirritaður lýsi því hér með yfir að vegna anna get ég ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Margrétar Frímannsdóttur.

Virðingarfyllst, Guðmundur Lárusson."

Ingibjörg Sigmundsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa á ný.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Flutningur sendiherra og starfsmanna utanríkisþjónustunnar, 111. mál, svar utanrrh., þskj. 171.

Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi, 160. mál, beiðni ÁE o.fl. um skýrslu, þskj. 177.

Landmælingar og kortagerð, 159. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 176.

Olíuleit innan íslenskrar lögsögu, 157. mál, fsp. ÓÞÞ og GÁ, þskj. 174.

Samstarf um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi, 161. mál, þáltill. ÁSJ og SvG, þskj. 178.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í dag kl. 1.30 síðdegis fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson. Samgrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa og verður hálftíma umræða. Efni umræðunnar er fjárstyrkur til heilsárshótela á landsbyggðinni 1995.

Einnig fer fram utandagskrárumræða í dag kl. 14 síðdegis og verður þá málshefjandi Ólafur Þ. Þórðarson. Menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa. Hér er einnig um að ræða hálftíma umræðu og efni umræðunnar er einelti í skólum.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Fjarskipti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1995.

[10:38]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Fyrir hönd forsætisnefndar Alþingis mæli ég fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1995 en samkvæmt lögum um stofnunina ber henni árlega að semja skýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja hana fyrir Alþingi. Ársskýrslan var gefin út og birt í maímánuði sl. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir því helsta úr skýrslunni, auk þess sem ég mun gera að umtalsefni nokkur önnur atriði sem tengjast stofnuninni og verkefnum hennar.

Eins og rakið er í skýrslunni var starfsemi Ríkisendurskoðunar með hefðbundnu sniði á árinu 1995. Meginhlutverk hennar felast einkum í eftirtöldum þremur atriðum:

Í fyrsta lagi er henni falið að fara yfir og sannreyna hvort reikningsskil ríkissjóðs og ríkisaðila gefi glögga mynd af rekstri og starfsemi þessara aðila. Í þessum efnum er hlutverk stofnunarinnar í grundvallaratriðum sambærilegt starfi löggiltra endurskoðenda í einkarekstri.

Í annan stað ber henni að ganga úr skugga um að fjárráðstafanir og fjárskuldbindingar ríkissjóðs og ríkisaðila samrýmist lagaheimildum, starfsreglum eða viðteknum venjum í ríkisrekstri.

Í þriðja lagi ber henni að framkvæma hinar svokölluðu stjórnsýsluendurskoðanir en þær felast í að kanna hagkvæmni og skilvirkni í opinberum rekstri.

Á árinu 1995 sendi stofnunin frá sér alls 156 skýrslur og greinargerðir. Meiri hluti þessara skýrslna lúta að hefðbundinni fjárhagsendurskoðun og er í þeim að finna umfjöllun, ábendingar og athugasemdir við reikningshald ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Fjárhagsendurskoðunarskýrslur eru að jafnaði ekki gerðar opinberar heldur einungis sendar þeim aðila sem endurskoðunin tekur til og viðkomandi fagráðuneyti. Í árlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning er þó oft gerð grein fyrir meginefni þeirra. Skýrslur stofnunarinnar á sviði stjórnsýsluendurskoðunar eru langtum færri en skýrslur um fjárhagsendurskoðun, en þær eru viðameiri. Fimm stjórnsýsluendurskoðunarskýrslur voru birtar á sl. ári. Jafnframt hófst vinna við tvö verkefni á vettvangi stjórnsýsluendurskoðunar á árinu. Þá er að geta ársvissra skýrslna um framkvæmd fjárlaga, en þær voru þrjár í fyrra og loks skýrslunnar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1994.

Fastir starfsmenn Ríkisendurskoðunar á síðasta ári voru 43 eða jafnmargir og á árinu 1994. Útgjöld stofnunarinnar að frádregnum sértekjum námu rúmum 157 millj. kr. en tæplega 148 millj. á árinu 1994. Útgjöldin jukust um 4,9% á milli ára eða um 1% að raungildi. Rekstrarútgjöld Ríkisendurskoðunar hafa því verið mjög svipuð frá einu ári til annars og ætíð hafa þau verið vel innan fjárheimilda. Launagjöld eru að sjálfsögðu langstærsti útgjaldaliðurinn eða um 69%. Annar stærsti útgjaldaliðurinn er aðkeypt þjónusta löggiltra endurskoðenda, en hann nemur um 18% af heildargjöldunum. Samtals voru í gildi samningar við 27 endurskoðunarskrifstofur um fjárhagsendurskoðun á 95 ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sjóðum. Verkefnum þessum sinna skrifstofurnar í umboði Ríkisendurskoðunar og í samráði við hana. Kostnaðurinn er borinn af Ríkisendurskoðun ef um A-hluta er að ræða en annars af viðkomandi ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki.

Samkvæmt sérstöku yfirliti sem unnið er úr verkbókhaldi Ríkisendurskoðunar má ráða að samtals skiluðu starfsmenn stofnunarinnar 59.550 vinnustundum sem skráðar voru beint á einstök endurskoðunarverkefni. Sambærilegur vinnustundafjöldi á árinu 1994 var 55.549 stundir. Kostnaður stofnunarinnar af hverri vinnustund eigin starfsmanna í endurskoðunarverkefnum þessum nam á árinu 1995 rúmum 2.590 kr. og hefur þá verið tekið tillit til áfallinna lífeyrisskuldbindinga ríkisins vegna þeirra. Á árinu 1994 nam sambærilegum kostnaður 2.795 kr. Til samanburðar greiddi stofnunin 3.510 kr. að meðaltali fyrir aðkeypta sérfræðiþjónustu á sviði endurskoðunar á árinu 1995 og 3.552 kr. á árinu 1994. Miðað við þessa útreikninga munar tæpum 1.000 kr. eða um þriðjungi á kostnaði við vinnu starfsmanna stofnunarinnar og aðkeyptri sérfræðiþjónustu á þessu sviði.

Í upphafi hvers starfsárs gerir stofnunin áætlanir um endurskoðunarverkefni á árinu og helstu áhersluþætti í þeim efnum. Grunnur þessara áætlana er reistur á áðurnefndu verkbókhaldi sem stofnunin hefur komið sér upp og notað í nokkur ár. Á árinu 1995 var ákveðið að skoða mjög ítarlega ýmsa kostnaðarliði og ráðstöfun safnliða aðalskrifstofa ráðuneytanna. Sérstök athugun af þessu tagi hafði ekki áður átt sér stað og má segja að þegar á heildina sé litið hafi hún tekist nokkuð vel og skilað góðum árangri.

Í ræðu minni í fyrra um ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1994 var hin svokallaða umhverfisendurskoðun gerð að sérstöku umfjöllunarefni. Þessi tegund endurskoðunar er smám saman að verða fyrirferðarmeiri þáttur í starfi endurskoðunarskrifstofa og -stofnana og skiptir þá litlu hvort það sé á sviði opinberrar endurskoðunar eða endurskoðunar einkarekstrar. Segja má að umhverfisendurskoðun á sviði hins opinbera lúti fyrst og fremst að því að meta hvernig stjórnvöld framfylgi áætlunum sínum og verkefnum í umhverfismálum og hvernig þau fylgja eftir alþjóðlegum skuldbindingum sínum á sviði umhverfismála.

Auk umhverfisendurskoðunar eru ýmis önnur ný verkefni á sviði endurskoðunar að mótast og þróast. Má í því sambandi nefna endurskoðun upplýsingakerfa. Í kjölfar síaukinnar tölvuvinnslu hefur hin síðari ár orðið gríðarlega ör þróun í hvers konar upplýsingaöflun og upplýsingavinnslu hjá opinberum aðilum. Ljóst er að þessi þróun leggur fyrr en seinna ný og aukin verkefni á herðar þeirra er sinna opinberri endurskoðun. Gera verður þá kröfu til endurskoðenda að þeir hafi yfirgripsmikla þekkingu á þeim upplýsingakerfum sem rutt hafa sér rúm á undanförnum árum. Í reynd er að myndast nýr verkefnaflokkur á sviði hefðbundinnar, opinberrar endurskoðunar, þ.e. endurskoðun upplýsingakerfa. Þessi endurskoðun miðar í stórum dráttum að því að kanna og meta áreiðanleika upplýsingakerfanna sem ríkið hefur komið upp og notar. Þó að endurskoðun upplýsingakerfa hafi þróast allnokkuð á liðnum árum hjá sysurstofnunum Ríkisendurskoðunar á Norðurlöndum hefur því enn sem komið er ekki verið gefinn sérstakur gaumur hérlendis. Meginástæðan er auðvitað sú að önnur verkefni á sviði opinberrar endurskoðunar hafa til þessa verið talin brýnni. Fullur hugur er engu að síður á því hjá stofnuninni að taka þetta verkefni föstum tökum á næstunni og er undirbúningur þess þegar hafinn.

Ekki alls fyrir löngu var á ný lagt fram í þinginu frv. til laga um fjárreiður ríkisins. Ljóst er að þetta frv. mun gera auknar kröfur til endurskoðunar og eftirlits af hálfu Ríkisendurskoðunar ef það verður að lögum. Frv. felur í sér, svo sem kunnugt er, margháttaðar breytingar og endurbætur á gildandi löggjöf um fjárstjórn ríkisins, fjárlög, ríkisreikning og ríkisbókhald.

Þá geri ég að umfjöllunarefni hina svokölluðu þjónustusamninga sem eru nokkuð uppi á teningnum og ljóst að þeir færast í aukana á næstu árum og ekki hvað síst á sviði heilbrigðis- og félagsmála. Meðal þess sem einkennir samninga af þessu tagi er að með þeim taka sveitarfélög eða einkaaðilar að sér að sinna lögboðinni opinberri þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Sem dæmi um slíkt má nefna samninga um rekstur einkaaðila á heilsugæslustöð og heimilum fyrir fatlaða. Enn er margt óljóst um heimildir stjórnvalda almennt til þess að gera slíka samninga og um réttarstöðu þeirra sem þjónustunnar njóta. Á sama hátt liggur ekki nægjanlega skýrt fyrir hvernig staðið skuli að endurskoðun og eftirliti með framkvæmd þjónustusamninga. Í ljósi þessa er mjög brýnt að taka á óvissuatriðum sem tengjast samningsgerð þessari í lögum. Rétt er að geta þess að í nýframlögðu frv. til laga um fjárreiður ríkisins er að nokkru leyti fjallað um þessa samningstegund. Á sama hátt er í drögum að frv. að nýjum lögum um Ríkisendurskoðun, sem ég mun víkja að síðar, gerð tillaga um auknar og skýrar heimildir Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með þjónustusamningum.

Í framhaldinu er ekki úr vegi að hugleiða nokkuð í þessu sambandi þær breytingar sem verða á eftirlitshlutverki Alþingis við hlutafélagavæðingu ríkisfyrirtækja. Svo sem kunnugt er eru ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings sjálfkrafa háð sjálfstjórnarvaldi og eftirliti Alþingis. Nægir í þessu sambandi að benda á ríkisfyrirtæki eins og Póst

og síma. Segja má að fram til þessa hafi allar grundvallarákvarðanir um rekstur þessara fyrirtækja, fjárfestingar og arðgreiðslur verið teknar á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað reikninga fyrirtækja í B-hluta ríkisreiknings með sama hætti og gildir um aðrar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki í A- og B-hluta og haft eftirlit með að fjárráðstafanir B-hluta fyrirtækja samrýmist lagaheimildum, starfsreglum og starfsvenjum. Þá tekur heimild Ríkisendurskoðunar til stjórnsýsluendurskoðunar þessara aðila.

Í ljósi þessa má segja að Alþingi hafi viðunandi möguleika til að sinna eftirliti með fjárreiðum og rekstri ríkisfyrirtækja sem rekin eru sem hefðbundin B-hluta fyrirtæki. Um leið og þessum fyrirtækjum er breytt í hlutafélög, sem þó verða áfram að fullu eða verulegu leyti í eigu ríkisins, breytist á hinn bóginn eftirlits- og ákvörðunarvald Alþingis með fjárreiðum þeirra og rekstri verulega. Segja má að við breytinguna flytjist það vald til stjórnar félagsins og þess ráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Reyndar fer Ríkisendurskoðun eftir sem áður með umboð til þess að annast fjárhagsendurskoðun á reikningum fyrirtækisins, en telja verður að möguleikar stofnunarinnar til annars konar eftirlits takmarkist nokkuð við breytingar af þessu tagi.

Ég er ekki á nokkurn hátt að mæla gegn því að breyta þeim fyrirtækjum ríkisins sem starfa á markaðsforsendum yfir í hlutafélög en ég tel æskilegt að alþingismenn gefi því sérstakan gaum hvort þörf sé á því að Alþingi hafi sambærilegar eftirlitsheimildir gagnvart hlutafélögum sem eru að fullu eða meiri hluta í eigu ríkisins og það hefur nú í raun gagnvart B-hluta fyrirtækjum.

Rétt er að leggja þunga áherslu á það til þess að forðast misskilning að ég er hér einungis að ræða um eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart hlutafélögum í eigu ríkisins og hugsanlega eflingu þess, en alls ekki heimildir til að taka ákvarðanir er tengjast rekstri þeirra á nokkurn hátt. Slíkar ákvarðanir eru eðli og lögum samkvæmt hjá stjórn og stjórnendum slíkra félaga.

Í ræðu minni í fyrra um ársskýrsu Ríkisendurskoðunar vék ég að því að ýmislegt mælti með því að endurskoða lögin um stofnunina. Í því sambandi gat ég þess að breytingar á stjórnarskipunarlögum hefðu m.a. falið í sér að starf yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hafi verið lagt niður en þess í stað mælt fyrir um að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skuli fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess eftir nánari fyrirmælum í lögum.

Nú liggur fyrir í drögum frv. til nýrra laga um Ríkisendurskoðun og er vinnsla þess að komast á lokastig. Auk nauðsynlegra orðalagsbreytinga á gildandi lögum í kjölfar áðurgreindrar breytingar á stjórnarskipunarlögum er í frv. gerð tilraun til að lýsa hlutverki stofnunarinnar og heimildum með skýrari og fyllri hætti en gert er í gildandi lögum. Einkum á þetta við um heimildir Ríkisendurskoðunar til að gera stjórnsýsluendurskoðanir. Þá mun frv., eins og ég minntist á hér að framan, fela í sér skýrari og víðtækari heimildir Ríkisendurskoðunar til að endurskoða og hafa eftirlit með þjónustusamningum og framkvæmd þeirra.

Ég vonast til að víðtæk samstaða náist milli þingflokka um afgreiðslu frv. þegar það verður lagt fram. Þingflokksformönnum verður kynnt frv. nú á allra næstu dögum.

Áður hef ég, og aðrir þingmenn, gert að umtalsefni úr þessum ræðustól þörfina fyrir að marka skýrslum Ríkisendurskoðunar og umfjölluninni um þær ákveðinn farveg innan Alþingis. Eðlilegast er að taka þá umræðu upp við fyrirhugaðar breytingar á þingskapalögum. Ég vil þó við þetta tækifæri lýsa þeirri skoðun minni að heppilegast sé að stofna nýja þingnefnd sem hafi það hlutverk m.a. að fjalla um þær skýrslur Ríkisendurskoðunar sem sendar eru Alþingi og leggja fram nefndarálit um þær þannig að þær geti komið til umræðu með formlegum hætti í þinginu.

Hjá nágrannaþjóðum okkar, Svíum og nú nýlega Norðmönnum, eru starfandi þingnefndir sem kallast stjórnarskrár- og eftirlitsnefnd. Þeim er annars vegar ætlað að fjalla um þau þingmál sem varða æðstu stjórn ríkisins, þar á meðal stjórnarskrárfrumvörp og frumvörp sem varða þjóðþingið og stofnanir þess og hins vegar að sinna eftirlitshlutverki þingsins, þ.e. því sem fram fer í stofnunum þess, ríkisendurskoðun og hjá umboðsmanni þingsins og einnig öðru eftirliti sem það vill sinna hverju sinni.

Eins og þingheimi er kunnugt verða athugasemdir og úttektir Ríkisendurskoðunar á ríkisstofnunum og ýmsum þáttum ríkisrekstrarins oft tilefni opinskárrar umræðu um gagnrýni stofnunarinnar þegar svo ber undir og það sem betur má fara í ríkisrekstrinum. Með úttektum sínum og skýrslum er Ríkisendurskoðun fyrst og fremst að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Á hinn bóginn er hún sem slík ekki háð neinum lögskipuðum eftirlitsaðila, ef frá er talið þingið sjálft og endurskoðanda stofnunarinnar sem tilnefndur er af Alþingi. Það er hins vegar ekki þar með sagt að stofnunin hafi ekki, rétt eins og aðrar stofnanir ríkisins, fulla þörf fyrir að starfsemi hennar sé tekin til endurskoðunar endrum og sinnum í því skyni að kanna hvort stofnunin gegni því hlutverki sem henni er ætlað á sem hagkvæmastan hátt og gera tillögur um úrbætur eftir því sem við á. Í þessu sambandi vil ég geta þess að Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi fór sl. sumar þess á leit við breska ríkisendurskoðandann, sir John Bourn, að stofnum hans tæki út starfsemi systurstofnunar sinnar á Íslandi. Breski ríkisendurskoðandinn féllst á þessa málaleitan og eru horfur á að í úttektina verði ráðist fyrri hluta næsta árs. Vinna við undirbúning hennar og skipulagningu mun að öllu óbreyttu hefjast innan tíðar. Ég tel að hér sé um ákaflega merkilegt eða athyglisvert verkefni eða tilraun að ræða sem ég styð eindregið. Þess má geta að breska ríkisendurskoðunin er ein virtasta stofnun á sínu sviði í heimi og einn helsti brautryðjandi ýmissa nýjunga á sviði opinberrar endurskoðunar, t.d. stjórnsýsluendurskoðunar og umhverfisendurskoðunar svo að eitthvað sé nefnt. Væntanlega mun verða gefin út skýrsla um úttektina og verður hún birt með sama hætti og skýrslur Ríkisendurskoðunar um starfsemi annarra ríkisstofnana.

Að lokum vil ég flytja fyrir hönd forsætisnefndar ríkisendurskoðanda og starfsfólki Ríkisendurskoðunar þakkir fyrir vel unnin störf á því ári sem hér hefur verið fjallað um.

[10:56]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Aðeins nokkur orð inn í þessa umræðu um Ríkisendurskoðun. Það er oft svo þegar fjallað er um stofnanir eða ráðuneyti að umræðan er gagnrýnin og oft rætt um það sem miður fer. Ég ætla ekki að ræða neitt því um líkt í þetta skipti. Ég ætla að fjalla um starfsemi Ríkisendurskoðunar og hvernig hún virkar fyrir mig sem þingmann.

Ég tel að slík stofnun sé ákaflega mikilvæg og mjög nauðsynleg fyrir þingið. Ég veit satt að segja ekki hvernig ég kæmist áfram í því starfi sem ég vinn á þingi í fjárln. nema

hafa þær þörfu ábendingar sem koma tvisvar á ári um framkvæmd fjárlaga. Ég tel ákaflega mikilvægt að slík stofnun starfi. Það eru ákaflega mikilvæg og veigamikil atriði sem hafa komið fram, ekki síst hvað varðar framkvæmd fjáraukalaga. Ég tel að ástæður fyrir að verið er á ferðinni með frv. um fjárreiður ríkisins, að það komi vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar. Það hefur verið ákveðin tregða í kerfinu, hjá hæstv. ríkisstjórn að fara eftir þeim ábendingum, en nú er svo komið að við erum að fjalla um fjárreiður ríkisins út frá þeim athugasemdum, ekki síst hvað varðar fjáraukalög íslenska ríkisins. Og eftirminnileg er ábendingin vegna fjáraukalaga 1994, þær ábendingar sem komu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, og hvað þær hafa haft mikið að segja hvaða breytingar hafa orðið á meðferð mála hjá ríkinu bara vegna þessa.

Ég tel að skýrslurnar hafi nýst sem veigamikil gögn varðandi úttektir á stofnunum. Síðasta skýrsla sem við fjölluðum um var stjórnsýsluendurskoðun á Byggðastofnuninni og þar tel ég að hafi komið fram mjög margar gagnlegar ábendingar, bæði um það sem miður hefur farið, einnig um það sem hefur tekist vel til. Ég tek því ekki undir þá gagnrýni sem kom fram í máli hæstv. forsrh. að þetta sé, nánast að segja, nöldur. Ég er mjög ósáttur við þá framsetningu því þar er margt sem hefur tekist vel til í ábendingum um þá sérstöku úttekt. Það hefur reynst mér miklu auðveldara að fóta mig á þessum flóknu brautum sem eru fjármálastarfsemi ríkisins með aðstoð þessarar ágætu stofnunar. Ég held að við verðum að hafa svona apparat til úttektar á stofnunum, á ráðuneytum, á einstökum aðilum sem eru á vegum ríkisins. Einhver verður að vinna þessa vinnu en menn mega að sjálfsögðu búast við að sæta gagnrýni.

Ég tek undir með hæstv. forseta Alþingis, sem flutti skýrslu Ríkisendurskoðunar, að nauðsynlegt sé að fylgja eftir þeim úttektum sem gerðar hafa verið. Það má kannski segja að það sé ljóður á ráði þingsins að það hafa safnast upp skýrslur sem ég held að hafi ekki verið fylgt eftir nægjanlega vel. Fyrir tvö og hálft ár er ég með einar 15 skýrslur sem ég tel að ástæða væri til þess að skoða hvernig hefur verið farið að þeim ábendingum sem Ríkisendurskoðun hefur komið með í þeim.

Bara rétt til að rifja upp þá hefur Ríkisendurskoðun það hlutverk að fara yfir hvort reikningsskil ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja væru í samræmi við gildandi lög og reikningsskilavenjur og athuga hvort framlögum sem Alþingi veitir til einstakra viðfangsefna hafi verið ráðstafað í samræmi við lagaheimildir og síðan að veita, eins og ég kom inn á áðan, þingnefndum Alþingis og þingmönnum álit sem varðar upplýsingar og mat á tilteknum viðfangsefnum að beiðni þeirra. Þetta hefur verið gert og eins og ég nefndi áðan var síðasta úttektin stjórnsýsluendurskoðun hjá Byggðastofnun.

Nauðsynlegt er fyrir ráðuneytið að eiga möguleika á því að sækja til einhvers aðila eins og var gert á síðasta kjörtímabili þegar gerð var úttekt á utanrrn. Það getur verið nauðsynlegt fyrir ráðuneytin í varnaðarskyni að láta taka út starfsemi ráðuneyta þegar þau liggja undir einhverju ámæli og fá það fram hvort það er satt eða ósatt sem sagt hefur verið. Þess vegna er Ríkisendurskoðun nauðsynleg.

Ég vil ítreka það sem ég nefndi hér áðan að nauðsynlegt er að skipa nefnd og ég mælist til þess að hæstv. forseti þingsins beiti sér fyrir því að skipuð verði nefnd sem hefur það hlutverk að fara yfir og fylgja eftir þeim skýrslum sem gerðar hafa verið, hvort sem um er að ræða stofnun eða fjárlög eða hvað það nú er. Ég tel að það sé mjög mikilvægt. Sú nefnd ætti að hafa vald til þess að biðja um úttekt á t.d. B-hluta fyrirtækjum sem eru í æ ríkara mæli að fara í hlutafélagaform.

Ég minni á það að varðandi fjáraukalögin 1994 lýsti Ríkisendurskoðun því að flest mælti með því að fjáraukalög væru afgreidd fyrr á árinu en gert var 1994 og að fjáraukalögunum er ætlað að tryggja að formlegar heimildir Alþingis séu fyrir hendi vegna allra útgjalda ríkissjóðs áður en til þeirra er stofnað og jafnframt að áætlanir um tekjur séu færðar til samræmis við stöðu ríkisfjármála á árinu. Ég tel að þessi ábending sé ein af ríkustu ástæðunum fyrir því að ríkisstjórnin sá ástæðu til þess að breyta meðferð fjárreiðna ríkisins. Ég er nokkuð sannfærður um það. Ef ég minnist á fjáraukalagafrv. fyrir 1995, sem var grundvöllurinn að minnihlutaáliti fjárln. á síðasta ári, er það ein af ríku ástæðunum fyrir því að menn sáu að það varð að gera breytingar á meðferð ríkisfjármála.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fjalla mjög mikið um skýrsluna. Ég kom aðallega upp til þess að lýsa ánægju minni með starfsemina almennt og ég tek undir þakkir hæstv. forseta til starfsmanna og Ríkisendurskoðunar fyrir góð verk og mér þykir forvitnilegt að sjá hvernig fer með þá úttekt sem hæstv. forseti gerði grein fyrir í ræðu sinni sem leitað var eftir hjá enskri virtri stofu á sama sviði. En ég tel að þessari stofnun hafi tekist mjög vel upp að vinna sem óháð og sjálfstæð stofnun í þjónustu Alþingis.

[11:06]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég blanda mér í umræðuna eins og oft áður á undanförnum þingum um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir þá ræðu sem hann flutti. Ég tel að þar hafi komið fram mjög merkilegar stefnumarkandi yfirlýsingar um þróun Ríkisendurskoðunar á næstu árum sem skiptir mjög miklu máli að Ríkisendurskoðun fái tækifæri til þess að sinna. Í því sambandi nefni ég alveg sérstaklega umhverfisendurskoðunina sem var rædd hér þegar starfsskýrslan var til meðferðar á síðasta þingi en mér sýnist að hafi í raun og veru ekkert orðið úr. Mér þætti þess vegna mikilvægt að teknar yrðu um það ákvarðanir núna við ákvörðun um framlög til Ríkisendurskoðunar vegna ársins 1997 að gert verði ráð fyrir fjármunum til þessarar umhverfisendurskoðunar. Ég held að nauðsynlegt sé að beina því sérstaklega þeirra til fjárlaganefndarmanna sem hér eru að íhugað verði að Ríkisendurskoðun fái svigrúm til þess að sinna þessum nýja og mikilvæga þætti allrar endurskoðunar stofnana af hliðstæðu tagi í Evrópu um þessar mundir, þ.e. að umhverfisdæmið sé líka gert upp um leið og farið er yfir bókhald viðkomandi stofnana. Þetta er geysilega þýðingarmikið og þetta er undirstrikun á því, ef þetta verður gert af myndarskap, að við séum þeirrar skoðunar að öll mál séu græn, öll mál eru umhverfismál þegar upp er staðið vegna þess að þau snerta allt umhverfi sitt, bæði nærumhverfi og fjærumhverfi. Þess vegna vil ég nota tækifærið til þess að skora á hæstv. forseta og forustumenn fjárln. og aðra sem hér eru að beita sér fyrir því að á árinu 1997 fái Ríkisendurskoðun möguleika til þess að sinna þessum verkefnum sérstaklega. Mér finnst jafnvel hugsanlegt, hæstv. forseti, að fara í þetta að einhverju leyti sem tilraunaverkverkefni þannig að t.d. verði ákveðið að setja í það fjármuni vegna áranna 1997 og 1998 og svo verði málið metið í lok þess tímabils ef fólki finnst í of mikið ráðist að ákveða strax að verja til þess fjármunum til enn þá

lengri tíma með viðeigandi fastráðningu starfsmanna þó að verkefnið sé mikilvægt.

Í öðru lagi vek ég athygli á því sem kom fram í ræðu hæstv. forseta Alþingis, sem er mjög mikilvægt, að hann er þeirrar skoðunar að það þurfi að kanna hvort Ríkisendurskoðun eigi ekki að hafa skýrari möguleika til að fylgjast með ríkisfyrirtækjum sem eru í hlutafélagaformi. Þó að ríkið eigi þau eru þau í hlutafélagaformi og þetta finnst mér reyndar liggja alveg í augum uppi. Auðvitað á Ríkisendurskoðun að sinna þessum málum hvernig svo sem hlut ríkisins er varið í viðkomandi stofnunum og fyrirtækjum, hvort sem þetta eru venjuleg ríkisfyrirtæki eða ríkisfyrirtæki sem eru rekin í kompaníi við einhverja aðra eða hvort um er að ræða hlutafélög þar sem ríkið á meiri hluta eða kannski alla hlutina. Þetta er mjög stórt mál og ég segi við þá sem berjast gjarnan fyrir því að ríkisfyrirtæki verði hlutafélagavædd að þetta er lykillinn að því. Þetta er lykillinn að því að hægt sé að skapa traust í kringum ákvarðanir um breytingu á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög að tryggilega verði staðið að þessu. Þess vegna tel ég að hér sé um að ræða mál sem allir, hvaða afstöðu sem menn kunna að hafa til hlutafélagavæðingar, eiga að geta tekið undir og þess vegna fannst mér þetta mjög mikilvægt atriði sem fram kom í ræðu hæstv. forseta Alþingis.

Mér fannst það líka athyglisvert sem bent var á í sambandi við þjónustusamningana. Það verður auðvitað að ganga miklu betur frá þeim en fjmrn. ætlaði að gera. Ég held að eitthvert samkomulag hafi náðst milli fjmrn., embættismenn þar annars vegar og starfsmenn Ríkisendurskoðunar hins vegar um breytingu á frv. um þjónustusamninga sem var lagt fram í fyrra og unnið í fyrravetur en ég held þó að það samkomulag hafi ekki verið með öllu hnökralaust. Ég held að það þurfi að sinna því máli sérstaklega eins og hæstv. forseti benti áðan á.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því atriði sem fram kom í máli hæstv. forseta Alþingis varðandi drög að frv. um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun. Það er tímabært að það verði flutt og í því verði unnið. Ég vil einnig taka undir sjónarmið hans um að sérstök nefnd verði til í þinginu sem hafi með Ríkisendurskoðunarskýrslurnar að gera og vildi inna hann eftir því hvort hann sæi það þannig fyrir sér að um leið yrði gerð breyting á þingsköpum Alþingis og gerð yrði breyting á lögum um Ríkisendurskoðun því að þetta þyrfti helst að fara saman ef taka á á málunum með þeim hætti sem hæstv. forseti nefndi áðan. Ég er sammála honum um að það á að verða til ný þingnefnd og mér sýnist að það hljóti að fara þannig að breytingar á lögum um Ríkisendurskoðun verði fluttar í frv. af forsætisnefnd og komi þá væntanlega sem allra fyrst til meðferðar.

Það er rétt sem fram kom í máli hv. frsm. að það þarf líka að setja reglur um það hverjir eiga að fylgjast með Ríkisendurskoðun. Hvernig verður því fyrir komið hér? Mér finnst ekki að forsætisnefnd Alþingis eigi að líta á sig sem stjórn Ríkisendurskoðunar eða yfirstjórn hennar að neinu leyti sem hefur þó viljað bera við að mér hefur fundist að forsetar Alþingis fyrr á árum hafi jafnvel haft tilburði í þá átt að þeir ættu að vera eins konar húsbændur Ríkisendurskoðunar. Það er ekki og það má alls ekki vera þannig. Hins vegar verður einhver að hafa formlega möguleika til þess að fylgjast með starfi Ríkisendurskoðunar og því sem þaðan kemur því þó að vitavörðurinn sé góður þarf hann vekjaraklukku. Eins og staðan er núna er ekki gert ráð fyrir því að neinn sérstakur aðili fylgist með því sem kemur frá Ríkisendurskoðun og það er slæmt.

Ég fagna því að lokum sérstaklega, hæstv. forseti, að ákveðið hefur verið að fá menn frá bresku ríkisendurskoðuninni til að gera úttekt á Ríkisendurskoðun. Það er mjög mikilvægt. Breska ríkisendurskoðunin er sennilega ein sú besta sem til er. Hún hefur þróast í gegnum marga áratugi og er fræg í þessum hópum í heiminum fyrir ákaflega vandaða vinnu. Það er líka mikilvægt að hafa það í huga í sambandi við bresku ríkisendurskoðunina að hún lýtur þingnefnd sem er skipuð með alveg sérstökum hætti samkvæmt mjög ströngum ákvæðum í þingsköpum breska þingsins. Þar er um að ræða fastanefnd en ekki lausanefnd sem er sú algengasta þar og þessi fastanefnd er þannig skipuð samkvæmt beinum ákvæðum í þingsköpum að hún á að vera undir forustu stjórnarandstöðunnar. Undanfarin ár hefur hún t.d. alltaf verið undir forustu Verkamannaflokksins þann tíma sem Íhaldsflokkurinn hefur verið við stjórnvölinn í Bretlandi og hugsunin er auðvitað sú að þarna sé um að ræða raunverulegt lýðræðislegt aðhald. Ég held að það sé eitthvað sem við getum líka lært af, líka í þessari stofnun, að reyna að treysta hvert öðru þvert á múra stjórnar og stjórnarandstöðu. Að vísu hefur sést í seinni tíð viðleitni til þess að stuðla að því að fleiri kæmust að málum en áður var en ég held að það væri mjög mikilvægt ef við legðum okkur fram um það að læra eins og mögulegt er af bresku ríkisendurskoðuninni. Ég hvet til þess að ekki bara embættismenn verði látnir ræða við þá sem þaðan koma heldur verði þingmönnum líka kynnt það hvernig farið er með ríkisreikninga og skýrslur ríkisendurskoðunar í breska þinginu. Fyrir því er hefð í nærri heila öld og af henni getum við örugglega mjög mikið lært.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, segja út af því sem hv. 5. þm. Vesturl. nefndi að ráðuneyti eru að biðja um úttektir á sjálfum sér til þess m.a. að verja sig stundum fyrir árásum. Ég tel það út af fyrir sig gott en að ráðuneytin hafi þó á stundum gengið allt of langt í þeim efnum. Ríkisendurskoðun á ekki að vera nein þvottavél fyrir ráðherra sem eru í kröppum pólitískum dansi. Ég hef séð dæmi þess á undanförnum árum en ætla ekki að nefna þau hér nákvæmlega hver þau eru. Ég kann ekki að meta það. Ríkisendurskoðun á að vera algjörlega sjálfstæð. Ég varð hins vegar var við það fyrir nokkrum missirum að Ríkisendurskoðun taldi mjög að sér þrengt af því að ákveðin ráðuneyti vildu endilega fá endurskoðunina til að skoða sig vegna þess að þau voru í kröppum pólitískum dansi. Og Ríkisendurskoðun taldi sig nánast neydda til að verða við þessum óskum. Ég er algjörlega andvígur því að Ríkisendurskoðun sé sett í svona stöðu. Mér finnst að hún eigi alltaf sjálf og sjálfstætt að geta metið, ekki aðeins þörf heldur líka óskir sem koma frá öllum. Og ég tel að ráðuneyti og ráðherrar eigi ekki að hafa sterkari stöðu gagnvart Ríkisendurskoðun en t.d. þingmenn og hver einstakur þingmaður, hæstv. forseti, en ekki bara þingnefndir eða einhverjar slíkar stofnanir.

Hins vegar er alveg rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að þörf sé á að hægt sé að taka út ráðuneytin. Mér sýnist ekki vanþörf á að það sé gert miðað við t.d. svar sem ég fékk um starfsemi utanrrn. í dag frá utanrrn. Mér sýnist nú vera þörf á að láta skoða það mál aðeins betur, hæstv. forseti, en það er fyrir utan þessa umræðu sem ég að öðru leyti þakka fyrir.

[11:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka forseta þingsins fyrir mjög greinargóða framsögu í þessu máli. Ég tel starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar vera vel út garði gerða og skýra. Reikningar, sem eru birtir, eru vel og skilmerkilega upp settir. Það kemur í ljós í skýrslunni að unnið hefur verið skipulega sl. ár eftir áætlun Ríkisendurskoðunar að einstökum verkefnum. Sú áætlun sem upphaflega var gerð hefur staðist nokkurn veginn. Ég tel það vera til fyrirmyndar í stjórnsýslunni hvernig Ríkisendurskoðun hefur unnið. Sömuleiðis vinnubrögð hennar sem víkja að því að leggja sérstaka áherslu á tiltekna málaflokka og skoða þá vandlega fyrir utan hefðbundin störf. Þar tel ég sömuleiðis að um sé að ræða góð vinnubrögð. Enda held ég að það sé mat flestra sem til þekkja að Ríkisendurskoðun hafi unnið sér traust í þeim verkefnum sem hún hefur sinnt. Vitaskuld eru verkefni Ríkisendurskoðunar þess eðlis að í sumum tilvikum eru menn ef til vill ekki alltaf sammála. En ég fullyrði að Ríkisendurskoðun vinnur faglega og byggir sínar niðurstöður, þar sem álitamál eru, fyrst og fremst á faglegum forsendum.

Því ber að fagna sem rætt er um í skýrslunni og hefur verið gert hér að umtalsefni, þ.e. hið nýja svið innan endurskoðunarfræðanna, umhverfisendurskoðun, sem hefur rutt sér til rúms á undanförnum árum. Þetta er nátengt nýrri sérgrein innan hagfræðinnar og endurskoðun er hluti af þeim vísindum, sem kölluð eru umhverfishagfræði, sem við Íslendingar þekkjum ef til vill ekki mjög mikið til en miklar og vaxandi rannsóknir hafa verið stundaðar á því sviði einkum erlendis undanfarin 10–20 ár. Vafalítið á þetta eftir að ryðja sér meira til rúms hér á landi þ.e. vísindaleg vinnubrögð hvað varðar umhverfi okkar og eru þar fjölmargir þættir sem koma málinu við. Menn hefðu nú sjálfsagt ekki látið sér detta í fljótu bragði í hug að eitthvað væri yfirleitt til sem héti umhverfisendurskoðun. En hún er til og er þróuð grein innan þessara fræða. Áhersla Ríkisendurskoðunar á þann málaflokk sýnir að þeir fylgjast mjög vel með því sem er að gerast á alþjóðlegum vettvangi.

Einnig tel ég áherslu þeirra á upplýsingakerfi vera af hinu góða en þar er skoðun mín að ekki hafi tekist alveg nógu vel til í stjórnsýslu okkar. Ég tel að með útgáfu handbókar Ríkisendurskoðunar hafi verið unnið gott starf.

Það er rétt sem hæstv. forseti þingsins nefndi að erlend úttekt, sem hann ætlar að stuðla að, er mjög af hinu góða. Við þurfum sömuleiðis að tryggja betur framgang álita sem koma frá stofnunum þingsins og er það niðurstaða mín um þetta mál. Ég tel sjálfsagt að sérstök þingnefnd sé starfandi sem fjalli um málefni Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis. Það fellur mjög inn í þá umræðu sem er í gangi núna undir forustu forseta þingsins eða forsn. um endurskoðun á þingsköpum. Á það skortir í þinginu að betur sé fylgt eftir niðurstöðum stofnana sem heyra undir þingið. Við vitum að þeim niðurstöðum er ekki alltaf fylgt eftir af hálfu framkvæmdarvaldsins. Aðhald skortir líka af hálfu þingsins til að skerpa betur á þeim niðurstöðum og ganga eftir framkvæmd ýmissa mála. Ég tel að fullur vilji sé fyrir því meðal þingmanna að gefa þeim málum betri gaum. Ég held að reynsla þingsins af stofnunum af þessu tagi, þ.e. Ríkisendurskoðun og umboðsmanns Alþingis sé góð. Þær stofnanir eru ekki gamlar og ekki er mjög langt síðan Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi. Það ætti jafnvel að huga að fleiri þáttum sem ef til vill ættu að heyra undir Alþingi og gætu farið vel í umsýslu þess. Ég lít svo á að eftirlit sé að verða sífellt stærra verkefni af hálfu löggjafarvalds alls staðar í kringum okkur. Við erum ekki undanskilin þeirri þróun. Löggjöf á mörgum sviðum markast nú orðið af alþjóðlegum samningum, t.d. sem við kemur EES-samningnum, og við þekkjum vel á hinu háa Alþingi. Það gerir einmitt eftirlitshlutverk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu og vönduð vinnubrögð við löggjafarstörf enn brýnni en áður.

Það er rétt að taka fram í umræðunni að frv. um fjárreiður ríkisins, sem verður væntanlega til umfjöllunar seinna í dag, og var reyndar fjallað um á síðasta þingi, breytir starfsháttum Ríkisendurskoðunar og reyndar starfi þingsins verulega. Ég tel að þar sé mjög gott mál á ferðinni. Ríkisendurskoðun hefur komið að samningu þess máls og skerpt á þeim vinnubrögðum og eftirlitsþáttum sem eru nauðsynlegir við þá endurskoðun sem þar er. Alþingi verður vitaskuld að breyta starfsháttum sínum út frá væntanlegri samþykkt þessa frv. og það er vel við hæfi að einmitt slík endurskoðun falli jafnframt undir þá þingskapaendurskoðun sem er í gangi og ég nefndi áðan.

Ég hef talið nauðsynlegt að efla ýmsa þjónustu við löggjafarþingið sem tengist málefnum eins og Ríkisendurskoðunar. Ég hef áður varpað því fram í þessum ræðustól að ég teldi vera mjög af hinu góða ef Alþingi ræki það sem ég kalla litla hagdeild eða ráðgjafarþjónustu á sviði hagrænna málefna. Við höfum á að skipa mjög góðum nefndariturum í starfsemi nefnda sem eru vel menntaðir á sviði lögfræði. Ég teldi af hinu góða ef við gætum líka haft betri aðgang að hagfræðilegri þekkingu í starfsliði þingsins þó ég viti vitaskuld að til eru stofnanir sem heyra undir framkvæmdarvaldið og eru í sjálfu sér boðnar og búnar til ráðgjafar. Ég tel þó þennan málaflokk að mörgu leyti vera þess eðlis að heppilegt væri fyrir starfsemi þingnefnda að eiga aðgang að slíkri sérfræðiþjónustu. Það er hins vegar mál sem tengist þessu að hluta en yrði ef til vill að ræðast í víðara samhengi og þá við endurskoðun þingskapa.

Mín niðurstaða er sú að þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar sé góð og vel fram sett. Skýr framsaga forseta þingsins var greinargóð og þau sjónarmið og ábendingar hans um breytingar fannt mér allar vera af hinu góða og ég tek undir þær. Ég vænti þess að gott samstarf skapist í þinginu um að finna þessum málum þann allra besta farveg þannig að við munum gefa skýrslum og starfsemi þessara stofnana sem heyra beint undir Alþingi meira rúm í störfum okkar.

[11:26]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hér fer fram mikilvæg umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég vil byrja á að þakka Ríkisendurskoðun og starfsmönnum stofnunarinnar fyrir margvísleg samskipti sem hafa verið góð á liðnu ári eins og endranær. Ég kem að því síðar að fjárln. og ég, sem nefndarformaður, hef mikið saman við Ríkisendurskoðun að sælda. Ég vil einnig þakka forseta þingsins fyrir framsöguræðu hans. Ég tek undir að í henni komu fram mörg athyglisverð markmið sem vert er að staldra við og ræða.

Þegar hlutverki Ríkisendurskoðunar var breytt — það mun hafa verið árið 1988 sem löggjöfin um hana var mótuð og hlutverki hennar breytt og hún aðskilin frá framkvæmdarvaldinu — fól það í sér mikla og afgerandi breytingu. Það hefur áreiðanlega haft meiri áhrif í opinberri stjórnsýslu en liggur í augum uppi. Áður var Ríkisendurskoðun deild í fjmrn. Ég er ekki að segja að starfsemi hennar áður hafi

ekki verið til neins gagns, síður en svo, en eðli þessarar stofnunar var gjörbreytt. Hlutverk hennar er m.a. að gefa Alþingi skýrslur um hin ýmsu málefni. Þær eru tilkomnar af ýmsum ástæðum. Til dæmis eru stjórnsýsluúttektir tilkomnar að eigin frumkvæði, aðrar eru að beiðni forsvarsmanna stofnana eða alþingismanna eða þá þingnefnda og kunnum við dæmi um þær skýrslur allar.

Hins vegar, eins og kom fram í ræðu hæstv. þingforseta, þarfnast það meðferðar og breytinga hvernig fjallað er um þessar skýrslur í þessari stofnun og hvernig þær eru afgreiddar og yfirleitt að þær hljóti formlega afgreiðslu Alþingis.

Ég vil taka undir þær hugmyndir sem hafa komið fram um það efni. Ég hygg að það væri farsælt skref að breyta þingsköpum á þann veg að stofna sérstaka nefnd sem hefði þá stjórnarskrármálefni og fjallaði m.a. um skýrslur Ríkisendurskoðunar og gæfi frá sér formlegt nál. sem kæmi til umræðu og afgreiðslu í Alþingi. Það væri viðeigandi lokaafgreiðsla og lokapunktur, ef svo má segja, á þetta ferli sem varðar þingið. Hér eru kosnar sérstakar stjórnarskrárnefndir í hvert skipti sem kemur fram frv. til stjórnarskipunarlaga. Þessi hlutverk gætu fallið saman þannig að ég tek undir þær hugmyndir sem hafa komið fram um þetta efni.

Ég tek undir það sem hér hefur fram komið um eftirlitshlutverk með Ríkisendurskoðun en auðvitað mundi slík formleg afgreiðsla Alþingis á skýrslum Ríkisendurskoðunar veita stofnuninni visst aðhald, þ.e. að skýrslur hennar yrðu afgreiddar formlega og kæmu hér til umræðu.

Eins og ég drap á í upphafi er eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar að aðstoða þingnefndir og fjárln. hefur nýtt sér í nokkuð miklum mæli þá aðstoð. Ríkisendurskoðun gefur skýrslu um framkvæmd fjárlaga og ein slík skýrsla er nýkomin út. Fjárln. hefur beðið Ríkisendurskoðun um umsagnir um fjáraukalög hverju sinni og hefur það verið tekið upp núna á síðasta ári og nú skilar stofnunin inn skriflegri umsögn um fjáraukalagafrv. Þetta hefur verið nefndinni til hjálpar í hennar störfum og ég vil endurtaka þakkir til stofnunarinnar fyrir þau samskipti sem hafa verið með ágætum.

Fjárln. hefur tekið til umræðu skýrslur Ríkisendurskoðunar sem varða framkvæmd fárlaga og fjárhagsmálefni. Það var beðið um að skýrsla um stjórnsýsluúttekt á Byggðastofnun yrði tekin til umræðu í nefndinni og það var gert en það verður að segjast eins og er að síðan vantar afgreiðslu í framhaldi af því sem liggur ekki í augum uppi hvernig á að fara fram. Þetta er kannski skólabókardæmi um það sem upp kemur í þessum efnum. Þingið bað ekki um þessa skýrslu. Stjórnarformaður stofnunarinnar bað um hana. Þá er spurningin: Hvernig á Alþingi að taka þessa skýrslu til umræðu og hvernig á að draga strik undir afgreiðslu hennar? Ég hygg að ef slík nefnd væri komin á laggirnar eins og við töluðum um hér í þessari umræðu og eins og hæstv. forseti þingsins drap á í upphafi, væri eðlilegt að slík skýrsla færi til umfjöllunar í þannig nefnd.

Einnig var hér drepið á afar mikilvægt atriði um framtíðarhlutverk stofnunarinnar, þ.e. að hlutverk hennar verði m.a. að endurskoða starfsemi þeirra hlutafélaga sem ríkið á í og að því verði haldið til haga að það sé fortakslaust hlutverk Ríkisendurskoðunar að gera það og einnig að settar verði skýrar reglur um þjónustusamninga og það sé hlutverk Ríkisendurskoðunar að fylgjast með framkvæmd þeirra. Sú endurskoðun á lögum um stofnunina sem stendur yfir þarf að taka á þessum málum. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið hér um það efni og leggja mikla áherslu á mikilvægi þess.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um starfsemi Ríkisendurskoðunar að þessu sinni. Þær ábendingar sem hafa komið til fjárln. í þessari umræðu varðandi stofnunina verða teknar til umræðu í nefndinni. Ég hlusta á þær með athygli og fyrir þeim er gerð grein í skýrslunni, m.a. þeim atriðum varðandi umhverfisendurskoðun sem hv. 8. þm. Reykv. minntist á áðan. Ég vil ljúka þessu á því að leggja áherslu á mikilvægi þessarar stofnunar fyrir löggjafarvaldið í landinu. Reynslan af starfinu hefur verið góð en það er nauðsynlegt að móta löggjöf til framtíðar í samræmi við breytta tíma.

[11:37]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir ítarlega og yfirgripsmikla ræðu þar sem hann fylgdi úr hlaði þeirri starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar sem hér er til umfjöllunar. Það er afar mikilvægt fyrir þingið að fá slíka leiðsögn inn í þá umræðu sem er nauðsynleg og mjög mikilvæg þegar kemur að umfjöllun um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ég tel að sú skýrsla sem hér liggur fyrir sýni hversu mikilvægt starf Ríkisendurskoðunar er. Skýrslan ber þess glöggt vitni að þarna er á ferðinni vönduð vinna hjá Ríkisendurskoðun og skýrslan gefur greinargóða lýsingu á því á hvern hátt Ríkisendurskoðun starfar.

Það er þannig að verkefni Ríkisendurskoðunar eru mikilvæg eins og fram hefur komið. Það er nauðsynlegt að fram fari traust endurskoðun á rekstri einstakra stofnana sem eru á vegum ríkisins eða eru kostaðar af ríkinu. Þess vegna er nauðsynlegt að fara vel hverju sinni yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar, hvort sem um er að ræða starfsskýrsluna eða einstaka skýrslur sem koma frá Ríkisendurskoðun.

Það er jafnan þannig að skýrslur Ríkisendurskoðunar vekja oft töluverðar umræður. Bæði á það við um skýrslur um framkvæmd fjárlaga, stjórnsýsluendurskoðun og skýrslur sem Ríkisendurskoðun gerir um hinar ýmsu stofnanir. Ég tel að það sé af hinu góða. Ég tel að það sé nauðsynlegt að fram fari ítarlegar umræður um það sem Ríkisendurskoðun sendir frá sér. Auðvitað eru öll mannanna verk umdeild. En ef engar umræður væru um skýrslur Ríkisendurskoðunar tel ég að þær næðu á vissan hátt ekki tilgangi sínum sem er að vekja athygli á því sem betur mætti fara.

Eins og fram kemur í þessari starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar eru ýmsar nýjungar á sviði opinberrar endurskoðunar eru á ferðinni. Ég vil nefna tvennt. Annars vegar er það handbók sem gefin hefur verið út, en það er mjög mikilvægt að öllum sé ljóst sem starfa í ríkiskerfinu hverjar reglurnar eru sem á að fara eftir, hver eru lögin. Þess vegna er handbókin sem Ríkisendurskoðun hefur gefið út fyrir forstöðumenn og aðra sem sinna ríkisrekstri afar mikilvægt tæki til að bæta ríkisreksturinn og bæta störf þeirra sem fara með rekstur ríkisfyrirtækja og ekki síst fjármál þeirra.

Annað sem hér hefur verið nefnt er svokölluð umhverfisendurskoðun sem er nýtt viðfangsefni og ég tel að sé eðlilegt að koma á laggirnar. Hins vegar er ljóst að það er mjög vandmeðfarið viðfangsefni og það þarf að marka skýra ramma um það hvernig slík endurskoðun eigi að fara fram.

Eitt er það verkefni sem lítillega er drepið á í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Það er endurskoðun upplýsingakerfa. Í okkar þjóðfélagi er allt löðrandi, ef svo mætti að orði komast, í tölvukerfum og ýmiss konar upplýsingakerfum sem skipta

mjög miklu máli fyrir þjónustu einstakra stofnana og það er ærið verkefni að tryggja að slík upplýsingakerfi séu í lagi og þar fari fram gott verk. Þess vegna held ég að leggja beri mjög ríka áherslu á þann þátt í starfi Ríkisendurskoðunar sem lýtur að endurskoðun upplýsingakerfanna. Ég hefði talið að það þyrfti jafnvel að gera ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka skýrslu um upplýsingakerfin því tölvukerfin eru nánast að verða jafnmörg ríkisstofnunum og stöðugt er verið að breyta. Það er að verða hluti af framþróuninni og þessari miklu tölvuvæðingu að búa stöðugt til ný tölvukerfi. Þess vegna er það afar mikilvægt að vel sé fylgst með því starfi öllu. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, hvetja eindregið til þess að þegar fjallað er hér um þessa skýrslu að þeim skilaboðum sé komið til Ríkisendurskoðunar að fram fari ítarleg úttekt á því hvernig skuli endurskoða upplýsingakerfi.

Það kom fram í ræðu hæstv. forseta Alþingis að til stæði að fá virta aðila til að fara yfir störf Ríkisendurskoðunar. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt og muni verða styrkur Ríkisendurskoðunar ef svo verður. En ég vil vekja athygli á því að ég tel eðlilegt að það komist á formlegt samstarf á milli Ríkisendurskoðunar og Háskóla Íslands. Innan Háskóla Íslands er starfandi háskóladeild sem fer með viðskiptamálefni og kennslu í viðskiptafræðum, endurskoðun. Ég tel vel athugandi að þar yrði komið á samstarfi milli Ríkisendurskoðunar og háskólans. Og ég vil vekja athygli á því að Tryggingastofnun ríkisins hefur hafið samstarf við háskólann með þeim hætti að gert er ráð fyrir sérstöku rannsóknarstarfi hjá háskóladeild sem snýst um tiltekin verkefni Tryggingastofnunar. Ég tel að þetta sé til fyrirmyndar og Tryggingastofnun eigi eftir að geta nýtt sér rannsóknir og niðurstöður þeirra í því vandasama starfi sem þar fer fram. Eins teldi ég að ekki væri óeðlilegt að í tengslum við endurskoðunarkennsluna og það rannsóknarstarf sem hlýtur að fara fram á vegum Háskóla Íslands og varðar endurskoðun, kæmist samstarf á milli Ríkisendurskoðunar og þeirra aðila. Það gæti orðið öllum til gagns held ég.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um skýrsluna. Eins og ég sagði fyrr tel ég að hún gefi mjög glögga mynd af því mikilvæga starfi sem fer fram á vegum Ríkisendurskoðunar og tel að hún hvetji og eigi að geta hvatt okkur þingmenn til þess að fylgjast grannt með því starfi sem fer fram á vegum Ríkisendurskoðunar.

[11:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér fer fram gagnleg umræða um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1995 sem hæstv. forseti hefur fylgt út hlaði og ég tel innlegg hans mjög mikilvægt í þá umræðu sem fer fram. Ég held að það sé óumdeilt að starfsemi Ríkisendurskoðunar hefur, þau ár sem Ríkisendurskoðun hefur starfað, sannað gildi sitt. Ég tel að starfsemin sé mjög mikilvægur þáttur og stuðningur við það verkefni Alþingis að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og að starfsemi Ríkisendurskoðunar auðveldi þingmönnum mjög það starf.

Þeir þættir sem ég tel mikilvægasta í starfi Ríkisendurskoðunar eru þær stjórnsýsluendurskoðanir sem fram hafa farið auk eftirlits með framkvæmd fjárlaga. Ríkisendurskoðun hefur, eins og á umliðnum árum, tekið fyrir nokkrar stofnanir sem hefur verið gerð stjórnsýsluleg úttekt. Á því ári sem hér er verið að ræða, árið 1995, hafa þær einkum verið á sviði heilbrigðismála, menningar- og menntamála.

Ég held að ástæða sé til þess að taka undir það sem hér hefur verið sagt að það þarf að finna því farveg hvernig þingið getur fjallað um þær skýrslur og þær stjórnsýslulegu úttektir á stofnunum sem Ríkisendurskoðun gerir. Ég fagna því sem hefur komið fram að það er verið að athuga hvort ekki eigi að finna því fastan farveg í starfi nefndar að fjalla um þessar skýrslur. Vitaskuld geta nefndirnar haft frumkvæði að því að taka upp skýrslur með vísan til 26. gr. þingskapa. Ég tel einnig ástæðu til þess og beini því til forseta hvort ekki sé hægt að finna því farveg að taka skýrslur um stjórnsýsluendurskoðun til umræðu líka í þinginu þó vitaskuld sé líka mikilvægt að nefndirnar fjalli um þær. Ég nefndi t.d. nýlega stjórnsýsluendurskoðun á Byggðastofnun sem ég hef áhuga á að sé rædd hér í þingsölum. Ég finn því ekki annan farveg en að óska eftir utandagsskrárumræðu um þá skýrslu. Vissulega hafa margar skýrslur komið fram á umliðnum árum frá Ríkisendurskoðun sem full ástæða er til að ræða ítarlega í þingsölum og í nefndum þingsins. Því er mikilvægt að þetta mál sé skoðað sérstaklega nú við endurskoðun þingskapa.

Það hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum, m.a. 5. þm. Vesturl., að það er mjög mikilvægt að ábendingum Ríkisendurskoðunar sé fylgt eftir og ég hygg að flest ráðuneytin og stofnanir reyni að fylgja eftir þeim ábendinum sem fram hafa komið hjá Ríkisendurskoðun. Ég held að Ríkisendurskoðun hafi í starfi sínu öðlast traust og niðurstöður hennar eru mjög mikilvægar til þess að bæta vinnubrögð í stjórnsýslunni og gera hana skilvirkari. Ég tel að Ríkisendurskoðun sé almennt viðurkennd fyrir fagleg og hlutlaus vinnubrögð og ég held að það sé mjög sjaldgæft að niðurstöður og úttektir Ríkisendurskoðunar séu vefengdar. Þó höfum við dæmi um það og snertir nýlega úttekt á Byggðastofnun. Ég vil beina spurningu til hæstv. forseta sem fylgdi skýrslunni úr hlaði. Byggðastofnun kveinkaði sér mjög undan úttekt Ríkisendurskoðunar og skrifaði forsn. Alþingis bréf undir fyrirsögninni „Mistök Ríkisendurskoðunar í skýrslu um stjórnsýsluendurskoðun á Byggðastofnun". Þar gagnrýnir Byggðastofnun mjög vinnubrögð Ríkisendurskoðunar og segir orðrétt, með leyfi forseta: „Byggðastofnun telur hins vegar að Ríkisendurskoðun hafi gert alvarleg mistök í meðferð talna um fjárhagslegt umfang stofnunarinnar." Einnig segir, með leyfi forseta: „Stjórnsýsludeild Ríkisendurskoðunar var hins vegar með skýrslu sinni um Byggðastofnun að gera tilraun til að fara út fyrir hefðbundna endurskoðun í rekstri stofnunarinnar." Hér er látið að því liggja að Byggðastofnun hafi fengið allt aðra meðferð og stjórnsýsluendurskoðun en aðrar stofnanir sem Ríkisendurskoðun hefur gert stjórnsýsluúttekt á. Í niðurlagi í bréfi Byggðastofnunar segir, með leyfi forseta: „Undirritaður telur að Byggðastofnun hafi skaðast af þessum málatilbúnaði. Vegna þess er óhjákvæmilegt að snúa sér til yfirstjórnar Ríkisendurskoðunar [þ.e. forsn.] og óska eftir að hún hlutist til um að fenginn verði hlutlaus aðili til að fara yfir gagnrýni þá sem fram kemur í meðfylgjandi greinargerð eða með öðrum hætti að sjá til þess að stofnunin fái leiðréttingu sinna mála." Ég hef aldrei heyrt nokkara stofnun kveinka sér svona undir úttekt Ríkisendurskoðunar eða þá gagnrýni sem hún setur fram, sem ég tel að sé í alla staði byggð á faglegum vinnubrögðum. Því spyr ég hæstv. forseta: Hvert er álit hans á beiðni og ósk Byggðastofnunar. Telur hann eðlilegt að Byggðastofnun fari þá leið að hvetja til þess að forsn. láti fara fram hlutlausa úttekt á stjórnsýsluendurskoð-

un Ríkisendurskoðunar á Byggðastofnun? Mér finnst þetta afar sérkennileg tilmæli, fordæmisgefandi ef eftir þeim væri farið og því vil ég spyrja hsæstv. forseta um álit hans á því máli. Mér þótti öllu verra, af því þetta kom til umræðu þegar var verið að ræða skýrslu Byggðastofnunar, að hæstv. forsrh. tók undir gagnrýni Byggðastofnunar. Þó lá fyrir á sama degi að Ríkisendurskoðun hafði svarað Byggðastofnun þar sem Ríkisendurskoðun hrekur mjög skilmerkilega, lið fyrir lið, alla gagnrýni sem fram kom hjá Byggðastofnun og færir fyrir því mjög sannfærandi rök. Einmitt rök þess efnis að ekki hafi verið á neinn annan hátt farið með Byggðastofnun eða stjórnsýsluendurskoðun á henni en hjá öðrum stofnunum. Samt sá hæstv. forsrh. ástæðu til þess að taka undir alla gagnrýni Byggðastofnunar á Ríkisendurskoðun. Það fannst mér mjög vanhugsað af hæstv. forsrh., ekki síst í ljósi þess að hann hafði ekki kynnt sér svar Ríkisendurskoðunar við gagnrýni Byggðastofnunar.

Virðulegi forseti. Um leið og ég árétta spurningu mína til hæstv. forseta þakka ég fyrir skýrsluna og ítreka hvað mér finnst það starf mikilvægt sem fer fram hjá Ríkisendurskoðun og hvað hún sé gagnleg fyrir okkur þingmenn og allt eftirlit sem á að fara fram með framkvæmdarvaldinu.

[11:55]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um efni þessarar skýrslu því það yrði aðeins endurtekning á því sem hér hefur verið sagt. Ég lít á skýrsluna fyrst og fremst sem eins konar áminningu til okkar um mikilvægi þessarar stofnunar og tek undir það sem sagt hefur verið um ómetanlegan stuðning þessarar starfsemi við þingstarfið almennt en ekki síst við það sem ég þekki best til og það er starf okkar í fjárln.

Ég vil fara örfáum orðum um það sem er sagt í skýrslunni um nýjungar á sviði opinberrar endurskoðunar sem vekur sannarlega forvitni mína og áhuga, þ.e. nýjungar á sviði opinberrar endurskoðunar í sambandi við umhverfismál. Eins og sagt er í skýrslunni hafa umhverfismál sífellt meiri áhrif á athafnir stjórnvalda og við þekkjum það að sem betur fer hafa umhverfismál öðlast aukinn skilning meðal almennings og stjórnvalda og eru að nálgast þann sess sem þeim ber í rauninni í stjórnsýslunni. Að mínu mati er það að vísu meira á munnlega sviðinu ef svo má að orði komast, menn hafa fögur orð um umhverfismál og þau markmið sem menn vilja ná. Þau eru göfug og háleit og áætlanir stórbrotnar og verkefnin mörg og stór. Í skýrslunni er vikið að því starfi sem farið er að vinna að í öðrum ríkjum og er verið að taka upp í öðrum ríkjum. Þar kemur í ljós að umhverfisendurskoðun getur t.d. falist í því að meta hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum sínum og verkefnum í umhverfismálum og hvernig þau fylgja eftir alþjóðlegum skuldbindingum sínum í umhverfismálum.

Minnst var á þetta áðan. Ég held að það hafi verið hv. 8. þm. Reykv. sem ræddi þetta mál og taldi að Ríkisendurskoðun hefði ekki bolmagn til þess að taka upp þessa nýjung innan þess fjárhagsramma sem henni er búinn. Ég veit ekki til þess að erindi hafi borist til fjárln. þess efnis að Ríkisendurskoðun fengi aukið fjármagn til þess að taka upp þennan nýja þátt í starfsemi sinni og af fljótlegum yfirlestri er ekki ljóst hvort svo er eða hvort einungis sé verið að kynna eitthvað sem æskilegt sé að taka upp en sé ekki beinlínis á döfinni. Af þessu tilefni langar mig til að beina þeirri spurningu til virðulegs forseta Alþingis hvort hann telji að Ríkisendurskoðun geti tekið þennan þátt upp í starfsemi sinni innan þess fjárhagsramma sem henni er búinn núna eða hvort ætlunin er að taka á þessum þætti alveg á næstunni.

[11:59]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir mjög jákvæða umræðu sem hér hefur átt sér stað um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ekki hefur mörgum spurningum verið beint til mín en ég skal reyna að svara þeim og vona að ég hafi ekki tapað neinu sérstöku niður. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort breyting á þingsköpum yrði samferða nýrri löggjöf um Ríkisendurskoðun. Það var í sambandi við umræðuna um sérstaka nefnd sem fengi það hlutverk að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar og raunar fleiri skýrslur sem lagðar eru fyrir þingið. Svar mitt við því er: Já. Ég reikna með að forsn. muni leggja fram þessi frv., vonandi samtímis, um nýja löggjöf fyrir Ríkisendurskoðun og einnig um breytingar á þingsköpum. Ég tel að það þurfi að fara saman en það verður fyrst og fremst um að ræða ákvæði í þingsköpum sem ráða því hvernig farið verður með skýrslur Ríkisendurskoðunar.

Hv. þm. Svavar Gestsson gerði einnig nokkuð að umtalsefni hverjir ættu að fylgjast með Ríkisendurskoðun og taldi að það ætti ekki að vera forsn. Nú er það svo að forsn. skiptir sér ekki af beinum rekstri Ríkisendurskoðunar en hún fer eðlilega yfir fjárlagatillögur Ríkisendurskoðunar. Hún er sá aðili sem á að gera það. En hún hefur ekki bein afskipti af starfsemi stofnunarinnar enda held ég að menn séu almennt sammála um að Ríkisendurskoðun þarf að vera svo sjálfstæð stofnun sem hún er. Hins vegar skipar Alþingi endurskoðanda með stofnuninni og sem slíkur hefur hann þarna ákveðið eftirlit.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til mín ákveðinni fyrirspurn. Fyrst nefndi hún hvort skýrslur um stjórnsýsluendurskoðun sem gerðar eru gætu komið til umfjöllunar í þinginu og hvort það væri hægt að finna þeim ákveðinn farveg. Ég held að það sé mál sem við þurfum sérstaklega að athuga einmitt í sambandi við endurskoðun þingskapanna, þ.e. hvort það þykir rétt að finna þeim ákveðinn farveg í þingsköpum til þess að þurfa ekki að taka upp umræðu um slíkar skýrslur utan dagskrár í þinginu. Þetta er þörf ábending sem við munum taka til athugunar.

Þá var það fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um bréf Byggðastofnunar til forsn. Alþingis þar sem þess var óskað að forsn. hlutaðist til um að fenginn yrði hlutlaus aðili til að fara yfir þá gagnrýni sem komið hefur fram og kemur fram raunar í meðfylgjandi greinargerð Byggðastofnunar. Hv. þm. spurði um álit mitt á þessari beiðni. Því er til að svara að mér finnst beiðni forstjórans óeðlileg. Nú veit ég ekki nákvæmlega hvað forstjórinn hefur á bak við sig í þessu, þ.e. hvort það á að líta á þetta sem bréf frá honum eða hvort það á að líta á þetta sem bréf frá Byggðastofnun. Ég hefði talið eðlilegast í þessu tilviki að forstjórinn legði málið fyrir stjórn Byggðastofnunar. Ég veit að það er líka skoðun Ríkisendurskoðunar og ég fellst á þá skoðun að það ætti að vera mál stjórnar Byggðastofnunar hvernig við þessari gagnrýni yrði brugðist frekar en forstjórinn gerir í því bréfi sem hann hefur sent frá sér og greinargerð. Ég held að ég hafi ekki fleira um það mál að segja. Ég tel að það sé ekki eðlilegt að biðja forsn. um þessa hlutlausu aðila.

Ég vil að lokum ítreka þakkir til allra þeirra hv. alþingismanna sem hér hafa tjáð sig um þetta mál og undantekningarlaust lýst ánægju sinni með starfsemi Ríkisendurskoðunar og ekki síður þær fyrirætlanir sem ég gat um að væru uppi og bíða starfs Ríkisendurskoðunar í samræmi við breytta tíma.

Þessi umræða sýnir ótvírætt að alþingismenn eru vel meðvitaðir um mikilvægi þess starfs sem Ríkisendurskoðun vinnur og ekki síður mikilvægi þess að stofnunin starfar á vegum Alþingis til eftirlits með framkvæmdarvaldinu sem sækir umboð sitt til Alþingis.

[12:05]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að virðulegur forseti Alþingis hafi áttað sig á því að hann gleymdi að svara fyrirspurn minni varðandi umhverfisþáttinn.

[12:05]

Ólafur G. Einarsson:

Ég bið afsökunar, herra forseti. Ég gleymdi að svara hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur. Hún ræddi um það sem fram kom um nýjungar á sviði opinberrar endurskoðunar í sambandi við umhverfismál. Þetta hefur komið upp áður. Fyrir utan það að ég nefndi það í ræðu minni í dag, minntist ég á þetta í ræðu minni í fyrra þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar var til umfjöllunar í Alþingi. Ég tel að Ríkisendurskoðun geti sinnt þessu hlutverki núna innan þess fjárlagaramma sem hún hefur og vonandi fær á árinu 1997. En ég vek athygli á því að þetta hlýtur að verða vaxandi þáttur í starfsemi Ríkisendurskoðunar og þess vegna kann fjárþörfin að fara vaxandi einmitt í sambandi við þennan þátt endurskoðunarinnar. Ég tel að verði orðið við fjárlagabeiðni Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1997, þá sé það innifalið í fjárveitingunni til Ríkisendurskoðunar.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1995.

[12:07]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1995 var tekin fyrir á fundi allshn. þann 12. nóvember sl. Á fundinn kom til viðræðna við nefndina um efni skýrslunnar umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, ásamt Páli Hreinssyni, aðstoðarmanni umboðsmanns, og Þórhalli Vilhjálmssyni, lögfræðingi við embætti umboðsmanns.

Umboðsmaður starfar á grundvelli laga um umboðsmann Alþingis nr. 13/1987. Hlutverk hans er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Heimild umboðsmanns til eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga er þó takmörkuð, sbr. 3. gr. laganna, en þar segir að umboðsmanni sé aðeins heimilt að fjalla um stjórnsýslu sveitarfélaga ef um er að ræða ákvarðanir sem skjóta má til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

Fram kom á fundi nefndarinnar að eftirlit umboðsmanns með stjórnsýslu sveitarfélaga hefur verið nokkuð til umræðu undanfarið, m.a. með hliðsjón af dönskum reglum um sambærilegt atriði. Á árinu 1995 voru skráð 333 ný mál hjá embættinu og virðist vera að komast nokkurt jafnvægi á fjölda mála eftir að mikil aukning varð á málafjölda milli áranna 1993 og 1994. Í skýrslunni kemur þó fram að umboðsmanni Alþingis berast hlutfallslega meira en helmingi fleiri mál en umboðsmönnum þjóðþinga á hinum Norðurlöndunum. Telur umboðsmaður að skýringar á þessum málafjölda hérlendis séu helst þær að íslensk stjórnsýsla hefði í mörgum tilfellum verið mun lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóðanna. Þetta hefur þó breyst og síðustu níu ár hafa miklar réttarbætur verið unnar á sviði íslenskrar stjórnsýslu. Meðal þeirra laga sem hafa hvað mesta þýðingu að þessu leyti má nefna lög um umboðsmann Alþingis, lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, stjórnsýslulög, lög um mannréttindasáttmála Evrópu, stjórnarskipunarlög frá 1995 og nýsett upplýsingalög.

Það hefur ekki reynst stjórnvöldum hérlendis fyrirhafnarlaust að breyta starfsháttum sínum á svo stuttum tíma meðan stjórnvöld í nágrannalöndunum hafa gengið í gegnum sams konar breytingar á mörgum áratugum.

Annað atriði sem hefur áhrif á fjölda mála sem berast umboðsmanni er hvernig stjórnsýslunni tekst sjálfri að leysa þau vandamál sem upp koma. Þarna hefur það grundvallarþýðingu hvort unnt er að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds, til endurskoðunar. Þannig má efalaust rekja hluta þeirra mála sem berast umboðsmanni til þess að ekki hefur verið hugað að því við setningu laga að haga stjórnsýslukerfinu þannig að stjórnsýslan sjálf sé fær um að leysa á fljótvirkan og ódýran hátt þau vandamál sem upp kunna að koma. Loks má nefna að hér á landi eru ekki starfandi stjórnsýsludómstólar. Slíkir dómstólar starfa heldur ekki í Noregi eða Danmörku en þar er það almennt viðurkennt að umboðsmenn þjóðþinga koma að nokkru í stað slíkra dómstóla. Kom það fram í máli umboðsmanns á fundi nefndarinnar að hann teldi þróun hérlendis í rétta átt og að ekki ætti að vinna að stofnun sérstaks stjórnsýsludómstóls heldur styrkja þær stofnanir sem fyrir eru, bæði almenna dómstóla og umboðsmann Alþingis.

Fram kom í máli umboðsmanns að kærunefndir á einstökum málefnasviðum stjórnsýslunnar sem einstaklingar gætu leitað réttar síns hjá, gætu létt störfum af umboðsmanni. Hann bendir þó á hættuna af því að fjölga stjórnvöldum sem bæru nafnið „umboðsmaður" og taldi það bjóða heim hættu á ruglingi þar sem um væri að ræða stjórnvöld með allt annað hlutverk og önnur tengsl við framkvæmdarvaldið en um boðsmaður Alþingis. Betra væri að slík stjórnvöld bæru heitið talsmaður eða settar væru á stofn kærunefndir, svo sem kærunefnd jafnréttismála og kvörtunarnefnd heilbrigðisþjónustunnar. Aðalatriðið er þó að hlutverk slíkra stjórnvalda sé skýrt og réttaröryggi borgaranna þar með meira.

Undanfarið hefur einnig verið unnið mikið starf í kynningarmálum og haldin hafa verið námskeið, bæði fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og aðra, og miðar slík fræðsla einnig að því að auka réttaröryggi borgaranna. Fram kom fyrirspurn á fundinum um afskipti umboðsmanns af veitingu gjafsóknarleyfa. Kom fram í máli umboðsmanns að samkvæmt núgildandi lögum væri það aðeins í valdi gjafsóknarnefnda að veita slíkt leyfi. Möguleiki er á þessu í starfsreglum umboðsmanns sem samþykktar eru af Alþingi, en núgildandi lagarammi heimilar ekki að umboðsmaður leggi slíkt til. Umboðsmenn þjóðþinga á Norðurlöndum hafa slíkt leyfi og er það aðeins notað í undantekningartilvikum.

Á fundinum kom fram spurning um skiptingu kvartana eftir landshlutum. Kom fram í svari umboðsmanns að hlutfall heildarmálafjölda í Reykjavík væri 49% og 27,6% á Reykjanesi. Ekki er um að ræða mikinn mun miðað við mannfjölda en þó berast hlutfallslega flestar kvartanir frá höfuðborgarsvæðinu. Umboðsmanni berast á ári hverju mun fleiri mál en birt eru í skýrslunni því að mörg mál leysast

áður en þau koma til endanlegrar afgreiðslu. Þá getur umboðsmaður tekið upp mál að eigin frumkvæði og gerði hann það í fjórum tilvikum á árinu 1995. Er þá um að ræða mál sem lúta að almennum bótum í stjórnsýslunni. Skipting mála eftir viðfangsefnum er misjöfn milli ára. Ef teknar eru allar skráðar kvartanir á árinu 1995 beinast flestar þeirra, eða 57 að töfum hjá stjórnvöldum við afgreiðslu máls. 30 kvartanir beindust að málsmeðferð og starfsháttum stjórnsýslunnar, 25 að fangelsismálum, 24 að stöðuveitingum og svo mætti lengi telja. Að mati umboðsmanns eru mest áberandi mál er varða fanga og sjúklinga, einnig skattamál og mál er varða starfsréttindi. Um nánari upplýsingar vísa ég að öðru leyti til skýrslu umboðsmanns sem er efnismikil og vel úr gerði gerð.

Samkvæmt 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, svo og hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn, verði hann þess var að meinbugir séu á gildandi lögum. Árlega berst forseta Alþingis allnokkur fjöldi slíkra ábendinga og hefur allshn. jafnan fengið þær til umfjöllunar. Nefndin hefur síðan eftir að hafa farið yfir málin, sent þar sem það á við, tilmæli til hlutaðeigandi ráðuneyta þar sem óskað er eftir skriflegum upplýsingum um hvað þau hafi aðhafst í málinu. Á fundinum lýsti umboðsmaður yfir mikilli ánægju með þessi vinnubrögð nefndarinnar og taldi þau gefa álitum umboðsmanns meira vægi og hafa ábendingar almennt verið teknar til greina og nauðsynlegar lagfæringar gerðar. Meinbugir á lögum geta verið formlegs eðlis, svo sem prentvillur eða óskýr texti. Einnig geta meinbugir beinlínis verið fólgnir í efnisatriðum, svo sem að lög mismuni mönnum án þess að fyrir því séu viðhlítandi rök eða að reglugerðarákvæði skorti lagastoð. Þá teljast það meinbugir á lögum ef ákvæði laga rekast á eða ef íslensk lög eru ekki í samræmi við þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist samkvæmt alþjóðasáttmálum til verndar mannréttindum.

Allshn. tók einmitt fyrir sjö mál á fundi sínum síðasta þriðjudag og mun senda fjórum ráðuneytum bréf í framhaldi af því og óska eftir skriflegum upplýsingum um aðgerðir á grundvelli álitanna.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég þakka umboðsmanni fyrir greinargóða skýrslu og taka undir orð nefndarmanna í allshn. sem lýstu yfir mikilli ánægju með störf umboðsmanns á þeim árum sem liðin eru frá því að embættið tók til starfa.

[12:15]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Það fer ekki milli mála að á þeim árum sem umboðsmaður Alþingis hefur starfað hefur embættið svo sannarlega sannað gildi sitt. Hlutverk umboðsmanns er bæði mikilvægt fyrir Alþingi en umboðsmaður í umboði Alþingis á að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Ekki síður er embættið mikilvægt fyrir réttaröryggi borgaranna, en umboðsmaður á að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Það er mjög mikilvægt að búið sé mjög vel að þessu embætti þannig að það geti greiðlega sinnt skyldum sínum samkvæmt lögum.

Frá því að embættið var stofnað árið 1987 hefur málafjöldi til embættisins farið sívaxandi en vel á fjórða hundrað mála berast nú embættinu til úrlausnar. Það er vissulega athyglisvert sem fram kemur í skýrslu umboðsmanns að hlutfallslega berast umboðsmanni Alþingis meira en helmingi fleiri mál en hinum norrænu umboðsmönnunum. Rekur umboðsmaður í skýrslu sinni skýringar þess eins og dæmi séu um að nauðsynleg endurskoðun og endurskipulagning á starfsháttum stjórnvalda hafi ekki farið fram, að íslensk stjórnsýsla hafi lengst af verið lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóðanna, lög séu oft óskýr um stöðu stofnana og embætta í stjórnsýslukerfinu og einmitt það valdi oft vafa á því hvort aðila máls er heimilt að skjóta ákvörðun hlutaðeigandi stjórnvalds til ráðuneytis eða annars stjórnvalds. Bendir umboðsmaður á að rekja megi hluta mála sem embættinu berast til þess að ekki hefur verið hugað að því við setningu laga að haga stjórnsýslukerfinu þannig að stjórnsýslan sé sjálf fær um að leysa á fljótvirkan og ódýran hátt þau vandamál sem upp koma.

Einnig hefur á fjórða tug mála reynt á reglugerðarákvæði sem sum hver hafa tæpa lagastoð og fyrirmæli frá Alþingi óljós um hvað er heimilt að setja í reglugerð. Ég tel þetta mjög gagnlegar ábendingar sem nauðsynlegt er að skoða við lagasetningu þar sem það á við.

Einnig bendir umboðsmaður á sem ástæðu þeirra fjölda mála sem honum berast, sem hlutfallslega eru mun fleiri en á hinum Norðurlöndunum, að ekki séu hér á landi stjórnsýsludómstólar. Fram kemur að slíkir dómstólar séu þó ekki í Noregi og Danmörku, en þar er almennt viðurkennt að umboðsmenn þjóðþinganna koma að nokkru leyti í stað stjórnsýsludómstóla. Einmitt þess vegna að hér er ekki stjórnsýsludómstóll, en af og til koma fram raddir um að setja upp slíkan dómstól, er mikilvægt að Alþingi og fjárveitingavaldið hafi skilning á því að nauðsynlegt er að styrkja eins og kostur er embætti umboðsmanns Alþingis svo mikilvægt sem það er í okkar stjórnkerfi. Ég nefni í því sambandi að fram kemur í skýrslu umboðsmanns að sá málafjöldi, sem embættinu hefur borist síðustu þrjú árin, hefur orðið til þess að ekki hefur verið mögulegt að afgreiða með eðlilegum hraða málin sem leitt hafa til þess að þeir sem leita til embættisins þurfi að bíða þar lengur en æskilegt væri, eins og segir í skýrslunni. Ég tel því að skoða þurfi vandlega nú við fjárlagaafgreiðslu þær fjárveitingar sem renna til embættisins, en umboðsmaður Alþingis fór fram á 38 eða 39 millj. kr. í fjárveitingu, en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir rúmum 33 millj. kr. Þessi fjárveitingabeiðni embættisins er mjög vel rökstudd og með tilliti til mikilvægis þessa embættis fyrir borgarana hvet ég til að menn skoði með opnum huga að auka fjárveitinguna til umboðsmanns Alþingis umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Reynslan sýnir okkur hve gagnlegt og mikilvægt embættið er og því hlýtur að vera breið samstaða um að styrkja embættið fjárhagslega svo það geti greiðlega sinnt sínu hlutverki bæði gagnvart Alþingi og fólkinu í landinu. Ég bendi einnig á það sem fram kom, þegar umboðsmaður og tveir starfsmenn hans komu á fund allshn., að sl. vor lagði umboðsmaður Alþingis fram óskir til forsn. þingsins um lagabreytingar til að styrkja embættið, sem lutu að því að styrkja lagalega stöðu umboðsmanns, m.a. rannsóknarheimildir embættisins. Ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um það hjá hv. 1. þm. Reykn. og hæstv. forseta Alþingis hvaða afstöðu forsn. hafi til þessara lagabreytinga, í hvaða farvegi þessar óskir umboðsmanns Alþingis um lagabreytingar eru og hvort við munum eiga von á að forsn. flytji slíkar tillögur til breytinga á lögum um umboðsmann Alþingis og í hvaða veru þessar breytingar eru helstar sem forsn. hlýtur þá að

vera að fjalla um.

Ég vil sérstaklega taka upp eitt atriði sem umboðsmaður bendir á, sem ekki hefur verið framfylgt af framkvæmdarvaldinu og hv. formaður allshn., frsm. fyrir þessari skýrslu, kom nokkuð inn á. Þetta atriði er í skýrslunni flokkað undir meinbugi á lögum þar sem umboðsmaður hefur komið á framfæri ábendingum um lagabreytingar. Í þessu tilviki var það til hæstv. dómsmrh., en í september 1988 ritaði umboðsmaður dómsmrh. þess efnis að umboðsmaður Alþingis fengi heimild til þess að veita gjafsókn, þar sem um nýtt embætti var að ræða sem ætlað var að stuðla að réttarbótum í þjóðfélaginu og treysta rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Umboðsmaður bendir á að 1991 voru sett lög um meðferð einkamála, en þar var ekki að finna ákvæði sem veitir dómsmrh. heimild til að veita gjafsókn að tillögu umboðsmanns Alþingis sem, eins og fram kom í ræðu frsm., er hjá umboðsmönnum þjóðþinga á Norðurlöndum.

Allshn. tók á sínum tíma undir þessi tilmæli umboðsmanns og ég vil árétta hve mikilvægt það er að umboðsmaður hafi slíka heimild og tel reyndar, þar sem dómsmrh. hefur ekki orðið við þessari ósk, að allshn. ætti að skoða það sérstaklega. Ég beini því til formanns allshn. að flytja slíka tillögu sem veiti dómsmrh. heimild til að veita gjafsókn að tillögu umboðsmanns Alþingis.

Eins og frsm. nefndi fær allshn. árlega álit umboðsmanns um meinbugi á lögum og það sem vakti athygli mína í þeim sjö málum sem umboðsmaður leggur nú fyrir allshn. eru að tvö þeirra lúta að nauðungarvistun á sjúkrahúsum. Í báðum málunum beinir umboðsmaður Alþingis tilmælum til dóms- og kirkjumrh. að þetta sé sérstaklega skoðað varðandi undirbúning frv. til nýrra lögræðislaga. Hérna eru tvö mál sem umboðsmaður bendir á sem lúta að breytingum á lögræðislögum og ég held að þetta styrki það sem margir í þingsölum hafa talað fyrir, að breyta þurfi lögræðislögunum og hækka sjálfræðisaldurinn.

Það skulu vera *mín lokaorð og ég tel fulla ástæðu til* að þakka umboðsmanni Alþingis og starfsliði hans fyrir þá ítarlegu og vönduðu skýrslu sem hér er til umræðu og frsm. og formanni allshn. fyrir hennar innlegg í þessa umræðu.

[12:24]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að komið hefur fram ósk frá umboðsmanni um að gerðar verði ýmsar breytingar á lögunum um umboðsmann Alþingis. Forsn. fór þá leið að láta semja alveg nýtt frv., ekki eingöngu breytingar á gildandi lagagreinum heldur nýtt frv. sem verður vonandi lagt fyrir Alþingi á næstunni. Ég þori ekki alveg að nefna daginn. Forsn. hefur á nokkrum fundum sínum fjallað um þetta frv. og hefur að sjálfsögðu tekið tillit til ábendinga umboðsmanns um það sem betur megi fara í löggjöfinni og raunar stuðst fyrst og fremst við skoðanir hans sem auðvitað byggjast á þeirri reynslu sem fengist hefur á starfi umboðsmanns Alþingis á undanförnum árum.

Ég get ekki á þessu stigi greint frá hvað það er sem þarna er að breytast, en ítreka það að ég vonast til að við getum sýnt frv. núna á haustþinginu.

Ég vil aðeins bæta við í sambandi við það sem hv. þm. sagði um fjárveitingar til umboðsmanns. Það er rétt að í fjárlagafrv. er ekki sú upphæð sem umboðsmaður fór fram á. Ég hef nýlega skrifað fjárln. sem forseti Alþingis og óskað eftir því að fjárveitingin verði færð til þeirrar upphæðar sem ekki bara umboðsmaður óskaði eftir heldur forsn. samþykkti á fundi sínum í sumar.

[12:26]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir og fagna þeim svörum sem fram komu í máli hv. 1. þm. Reykn. og forseta þingsins. Það er mjög ánægjulegt að forsn. hafi beint þessu til fjárln., þeirri ósk að hækka fjárveitinguna og ég geri ráð fyrir og mun leggja til við allshn. að hún í áliti sínu til fjárln. styðji að þessi fjárveiting verði hækkuð sem ég tel mjög mikilvægt til að styrkja embætti umboðsmanns Alþingis.

Ég fagna því líka að á borðum forsn. er nýtt frv. um umboðsmann Alþingis sem byggir þá helst á ábendingum umboðsmanns. Ég tek því auðvitað að ekki er hægt að greina hér frá megintillögum eða breytingum sem fram koma í því frv. en geng út frá því að forsn. reyni að ná samstöðu allra þingflokka um málið áður en það verður lagt fyrir þingið vegna þess að mjög mikilvægt er að um þá löggjöf umboðsmanns Alþingis ríki sátt og samlyndi í þinginu. Ég geri því ráð fyrir að þau vinnubrögð verði viðhöfð og vænti þess að það sjái þá fljótlega dagsins ljós á þinginu. Ég þakka hv. þm. fyrir svörin.

[12:27]

Ólafur G. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta að þetta frv. verður að sjálfsögðu kynnt formönnum þingflokka og lögð rík áhersla á að sem breiðust samstaða náist um framgang þess.

[12:28]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1995, sem er til umræðu, er mikil að vöxtum og ég vil taka undir það sem hefur verið sagt áður, að á þeim stutta tíma sem umboðsmaður Alþingis hefur starfað hefur sannast að þörfin fyrir embætti af þessu tagi hefur verið mikil. Í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis hafa fjölmargar réttarbætur verið gerðar á íslenskri stjórnsýslu eins og frsm. minntist á áðan og enn er verið að vinna að slíkum endurbótum og mikil þörf er fyrir embætti á borð við umboðsmann Alþingis og verður væntanlega áfram.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1994 kemur fram að hlutfallslega berast embættinu á Íslandi meira en helmingi fleiri mál en sambærilegum embættum á Norðurlöndunum. Er þá miðað við fjölda kvartana á hverja 100 þúsund íbúa. Umboðsmaður víkur í skýrslu sinni fyrir árið 1995 örlítið að skýringum á þessu. Þær eru margar, eins og hann segir, en víkur einkum að þremur atriðum sem hann telur að hafi haft mikil áhrif á fjölda mála sem embættinu berast.

Í fyrsta lagi minnist hann á að íslensk stjórnsýsla hafi í mörgum tilvikum lengst af verið lausari í reipunum en stjórnsýsla nágrannaþjóðanna. Hann bendir hins vegar á að á síðustu níu árum hafi lög og reglur sem ber að fylgja í íslenskri stjórnsýslu tekið stakkaskiptum. Framsögumaður minntist líka áðan á að meðal þeirra laga sem hvað mesta þýðingu hafa að þessu leyti er löggjöfin um umboðsmann Alþingis. Einnig nefnir hann fleiri réttarbætur sem hafa verið gerðar á þessu sviði. Ég er alveg sammála þessari skýringu. Hann minnist líka á að í ýmsum tilvikum hafi það ekki verið stjórnvöldum hér á landi fyrirhafnarlaust að breyta á fáum árum starfsháttum við stjórnsýslu. Og að sambærilegar breytingar sem hafa verið gerðar á stjórnsýsluháttum

nágrannalandanna hafi í flestum tilvikum gerst á nokkrum áratugum. Hann bendir því á það að hér hafi þróunin verið mjög ör. Hann bendir á að það hafi verið mjög misjafnt eftir því hvaða stjórnvöld hafi átt í hlut hverra breytinga hafi verið þörf hér á landi, en breytingar hafi í ýmsum tilvikum í senn leitt til meira réttaröryggis fyrir almenning og aukinnar skilvirkni í störfum stjórnvalda. Síðan segir umboðsmaður, með leyfi forseta: „Dæmi eru hins vegar um það, að nauðsynleg endurskoðun og endurskipulagning á starfsháttum stjórnvalda hafi ekki farið fram. Vandamál af síðastgreindum toga skýra að nokkru aukinn fjölda mála, sem embættinu hefur borist sl. þrjú ár." Og hann bendir á að það sé mikilvægt að nauðsynlegum úrbótum verði komið í kring. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að mark sé tekið á þeim athugasemdum sem umboðsmaður gerir og hefur grundvallarþýðingu fyrir það að bæði geti úrbætur átt sér stað í stjórnsýslunni og eins að staða embættisins sé sú sem hún á að vera. Það virðist reyndar sem í flestum tilvikum, þegar skýrslan er skoðuð, séu athugasemdirnar teknar til greina. En svo er þó ekki alltaf. Eins og rakið var af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eru nokkur dæmi þess að enn hafi úrbótunum ekki verið sinnt.

Í öðru lagi telur umboðsmaður að ástæða fyrir fjölda mála hér á landi sé m.a. sú að stjórnsýslunni sé ekki gert kleift að leysa á fljótan og ódýran hátt þau vandamál sem kunna að rísa innan hennar. Lög um stöðu stofnana og embætta í stjórnsýslukerfinu séu oft óljós sem veldur m.a. vafa á því hvort aðila máls sé heimilt að skjóta ákvörðun til æðra stjórnvalds. Umboðsmaður telur ekki að á viðunandi hátt hafi verið staðið að því við setningu laga að haga stjórnsýslukerfinu þannig að stjórnsýslan sjálf sé fær um að leysa á fljótvirkan og ódýran hátt þau vandamál sem upp kunna að koma.

Þessi ummæli umboðsmanns ber að taka sérstaklega alvarlega tel ég og ekki síst með tilliti til þess hve ríkisvaldið hefur í síauknum mæli verið að velta veigamiklum hlutverkum, einkum á síðari árum, yfir á sveitarfélögin. Veigamikil verkefni sem áður voru í höndum ríkisins eru nú komin yfir til sveitarfélaga og vil ég þar nefna sem dæmi grunnskólann. Ábyrgð sveitarfélaganna er því að verða æ meiri og það er öllum ljóst að þau eru mjög misjafnlega í stakk búin til þess að axla þá ábyrgð. Ég tel að það beri að skoða þessi ummæli umboðsmanns svolítið í ljósi þessarar þróunar sem hefur verið að eiga sér stað undanfarin ár. Það er einnig í auknum mæli verið að leggja þjónustugjöld á einstaklinga sem nota þá þjónustu sem ríkið veitir. Þau skipta líka máli í þessu sambandi. En þetta hlýtur að kalla á endurskoðun laga og reglna um þessi mál og í raun og veru finnst manni eðlilegt að gengið sé í það mál samhliða því sem verið er að velta auknum verkefnum þarna yfir.

Við þekkjum nýleg dæmi um málsmeðferð sveitarfélaga sem minna óþyrmilega á það hversu vanhæf stjórnsýslan sjálf er oft og tíðum til að taka á innri málefnum. Og dæmin sanna líka að það er löngu tímabært að stofna hér á landi stjórnsýsludómstól eða sérstakan stjórnsýsluumboðsmann. En umboðsmaður nefnir einnig skort á slíku sem eitt af þremur meginatriðunum sem hafi áhrif á það hversu margar kvartanir berast umboðsmanni Alþingis hér. Hann bendir líka á, eins og framsögumaður ítrekaði, að í þeim nágrannalöndum okkar sem ekki hafa slíka dómstóla er almennt viðurkennt að umboðsmenn þjóðþinganna komi að nokkru í stað slíkra dómstóla.

Í leiðara Morgunblaðsins 29. október 1996 er fjallað um þessi mál og þar er m.a. vitnað í grein sem Þorgils Óttar Mathiesen, varabæjarfulltrúi Sjálfstfl. í Hafnarfirði, skrifaði í því sama blaði. Þar gagnrýnir hann málsmeðferð bæjaryfirvalda í Hafnarfirði á tilteknum málum þar, sem vissulega snerta íbúana og snúast að miklu leyti um rétt íbúanna til þess að skjóta málum eitthvað áfram innan stjórnsýslunnar. Í leiðara Morgunblaðsins segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðuneytið — sem lögum samkvæmt á að hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum taldi sig þá ekki hafa „almenna og víðtæka heimild til að rannsaka málefni sveitarfélags". Ríkissaksóknari taldi kæruefnin eingöngu varða ákvæði sveitarstjórnarlaga, sem ekki hefðu refsiákvæði að geyma, og að málið snerist um athafnir pólitískt kjörinna bæjarfulltrúa og embættismanns, sem starfaði á þeirra ábyrgð. Málinu varð trauðla vísað til dómstóla sem einkamáli, enda var það ekki þess eðlis. Ávirðingar á bæjarfulltrúa um að þeir hafi tapað fé skattgreiðenda vegna óeðlilegrar fyrirgreiðslu, snúast þvert á móti um reglur og vinnubrögð í opinberri stjórnsýslu og ábyrgð stjórnmálamanna á meðferð skattfjár.

Í þessu máli og mörgum svipuðum, sem upp hafa komið í sveitarfélögum víða um land, virðist staða almennra skattgreiðenda næsta vonlaus, eða eins og sagði í forystugrein Morgunblaðsins í maí í fyrra: „Þeim er ekki fært að fá fram efnislegan úrskurð um lögmæti stjórnarhátta sveitarstjórnarmanna, þrátt fyrir lagaákvæði um að félagsmálaráðuneytinu beri að hafa eftirlit með slíku.""

Síðar í leiðaranum segir, með leyfi forseta: „Með tilkomu stjórnsýsludómstóls eða sérstaks stjórnsýsluumboðsmanns fengjust niðurstöður hjá óháðum hlutlausum aðila og sannleikur hvers máls kæmi þá í ljós."

Og ég tek heils hugar undir lokaorðin í þessum leiðara þar sem segir, með leyfi forseta: „Kominn er tími til að hugmyndir um stjórnsýsludómstól, úrskurðarnefnd í sveitarstjórnarmálum og sérreglur um dómsmál, sem snúast um stjórnvaldsathafnir, fái raunhæfa umfjöllun hjá ríkisstjórn og Alþingi."

Umboðsmaður Alþingis gefur löggjafarvaldinu sem og framkvæmdarvaldinu þó nokkrar snuprur í skýrslu sinni sem fyllilega er ástæða til að taka alvarlega. Hann telur undirrót margra ágreiningsefna mega rekja til atriða sem ekki hefur nægilega verið hugað að við samningu laga. Hann nefnir sex atriði máli sínu til stuðnings en ég vil einkum gera eitt þeirra að umtalsefni. Það er 4. liðurinn sem umboðsmaður nefnir og fjallar um lögmætisregluna sem er ein af grundvallarreglum réttarríkisins. Þessi regla er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar verða ákvarðanir stjórnvalda að vera í samræmi við lög. Hins vegar verða ákvarðanir stjórnvalda að eiga sér viðhlítandi stoð í lögum. Af reglunni leiðir að stjórnvöld geta almennt ekki tekið ákvarðanir sem eru íþyngjandi fyrir borgarana nema að hafa til þess heimild í lögum. Meginreglan er sú að það er löggjafinn sem hefur vald til þess að mæla fyrir um það í lögum, innan þeirra marka sem stjórnarskrá heimilar, að hvaða leyti og með hvaða hætti stjórnvöldum sé heimilt að íþyngja almenningi með ákvörðunum sínum og athöfnum. Þá segir að við samningu laga verði, með þessa grundvallarreglu í huga, að taka í lög þær heimildir sem ætlunin er að veita stjórnvöldum — að taka í lög þær heimildir sem ætlunin er að veita stjórnvöldum.

Umboðsmaður segir um þetta síðan í skýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Í fyrsta lagi þarf því að taka afstöðu til þess, hvaða íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir stjórnvöldum verður heimilað að taka. Í öðru lagi þarf að hafa í huga, að sérstaka lagaheimild þarf til þess, ef ætlun er að veita stjórnvaldi rannsóknarheimildir, sem íþyngt getur borgurunum. Það sama á við, ef leggja á kvaðir á almenning um að veita stjórnvöldum upplýsingar. Í þriðja lagi ber að hafa í huga, að íþyngjandi ákvæði reglugerða verða að eiga sér skýra lagastoð. Í því sambandi nægir ekki almenn heimild í lögum til þess að mega setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga. Þannig þarf því að koma fram skýrt í lögum, ef heimild á að vera til þess að mæla nánar fyrir í reglugerð um viðurlög, þjónustugjöld og aðrar slíkar kvaðir."

Ég held að það sé fyllileg ástæða fyrir hið háa Alþingi að lesa rækilega þennan kafla í skýrslu umboðsmanns Alþingis og ekki síst með tilliti til þess að, eins og ég minntist á áðan, það hefur í síauknum mæli verið að gerast að lögð eru þjónustugjöld á, einkum í menntakerfinu og í heilbrigðiskerfinu. Ég man eftir umræðu um það við fjárlagagerðina í fyrra að þá var þá vægast sagt mjög umdeilt í mörgum tilvikum hvort slíkar álögur hefðu nægilega lagastoð. Þarna er um íþyngjandi ákvarðanir að ræða. Ég minnist t.d. ákvarðana á sviði heilbrrn. þar sem gert var ráð fyrir tilteknum sparnaði. Gert var ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpi að ná ætti fram tilteknum sparnaði. Síðan þegar spurst var fyrir um það fyrir umræðuna í Alþingi um fjárlögin, þegar leitað var svara við því hjá hinu háa heilbrrn. hvernig ætti að ná fram þessum sparnaði, hvernig ætti að leggja þessa tilteknu álögur á fólk, hvernig ætti að dreifa þeim, á hverja ætti að leggja þær o.s.frv., þá fengust engin svör. Það fengust engin svör í fjárln. áður en farið var í umræðuna. Það er ég viss um að fleiri sem þar sitja geta vitnað um og það fengust ekki svör *í tíma frá heilbrrn. um það hvernig ætti að gera þessa hluti.* Einu svörin sem fengust voru þau að þetta ætti eftir að útfæra nánar í reglugerðum, ætti eftir að útfæra nánar. Ég verð að segja eins og er að ég tel það vera stórvarasamt að Alþingi sé að veita slíkar heimildir þegar það liggur ekki skýrar fyrir hjá framkvæmdarvaldinu hvernig eigi að framkvæma þær. Og ég tel að með því sé löggjafarvaldið að framselja vald sitt til þess að leggja íþyngjandi álögur á borgarana, sem einungis á að gera með lögum. Og eins og umboðsmaður sagði þá þarf að koma skýrt fram í lögum hvernig þessar álögur eigi að vera lagðar á.

Hér erum við kannski að tala um lagasetningaraðferðir, um það hvernig löggjafinn eigi að sinna sínu hlutverki. Ég tel þennan kafla í skýrslu umboðsmanns Alþingis mjög gott kennsluefni fyrir okkur hér inni á hinu háa Alþingi um það hvernig við eigum að standa að því að setja lög. Ég veit að við erum oft á miklum hlaupum þegar við erum að því. Það er ekki heldur nógu gott, sérstaklega í tengslum við fjárlagagerð, þegar einmitt er verið að leggja álögurnar á, er verið að vinna hér á mjög miklum hraða sem alls ekki er nógu gott heldur. Ég held að hv. þm. ættu allir að skoða vel þennan kafla um lagasetningaraðferðirnar og einnig kaflann sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór nokkuð ítarlega ofan í, um meinbugi á lögum og athugasemdir umboðsmanns Alþingis í þeim efnum.

[12:42]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að koma með athugasemd, reyndar jákvæða, í tilefni af ræðu hv. þm. Ég tek undir þörf á stjórnsýsludómstól eða slíkum aðila fyrir sveitarstjórnarstigið vegna þess að það er alveg ljóst að sveitarstjórnarráðuneytið getur ekkert nema úrskurðað og komið með tilmæli.

Ástæða þess að ég kem í ræðustól eru orð þingmannsins um reglugerðarvaldið. Á borðum þingmanna liggur mál nr. 75. Það er um breyting á lögum um brunatryggingar með síðari breytingum. Þetta er lagagrein um að húseigendur skuli árlega greiða umsýslugjald af brunabótamati húseignar til að standa undir kostnaði Fasteignamats ríkisins. Þetta er ekki ný grein. Þetta er ekki nýr skattur sem verið er að taka upp. Þetta er skattur sem hefur viðgengist frá árinu 1994. En það er verið að finna skatti lagastoð sem ákveðinn var með reglugerð. Þetta er ekkert nýtt.

Af og til fáum við frv. hingað inn þar sem bent er á að umboðsmaður Alþingis hafi gert athugasemd, eins og í þessu tilfelli. „Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli viðskiptaráðherra á því að hann telji umsýslugjald samkvæmt lögum um brunatryggingar skatt í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar." Og hann gerir tillögu um það að þessari skattheimtu sé fundin lagastoð. Spyrja má því: Bregðast stjórnvöld fyrst og fremst við ábendingum og tilmælum umboðsmanns Alþingis og lagfæra það sem bent er á eða ná athugasemdir umboðsmannsins inn í stjórnsýsluna þannig að ráðherrar fari að skoða hvort í fleiri tilfellum sé skortur á lagastoð í reglugerðum? Við sem höfum setið árum saman í nefndum þingsins höfum oft fengið ábendingar um að reglugerðir gangi í raun lengra en þau lög sem viðkomandi nefndir áttu þátt í að setja. Ég held að það sé mjög mikilvægt að forseti Alþingis, hv. 1. þm. Reykn., beri þessar spurningar til ráðherranna: Hafa þeir notað þessar ábendingar til þess að skoða í víðara samhengi þær reglugerðir sem í þeirra ráðuneytum er að finna?

[12:44]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir ýmsar gagnlegar ábendingar frá hv. þm. og er sammála því að vissulega þarf *löggjafarvaldið að gæta þess við sín störf sem umboðsmaður* Alþingis bendir á einmitt í skýrslu sinni og hv. þm. vitnaði til.

En hér var sérstaklega vikið að stjórnsýsludómstólum *sem umboðsmaður nefnir í skýrslu sinni.* Ég vildi ítreka það sem ég sagði í minni framsögu að þetta atriði var einmitt rætt á fundi allshn. Þá taldi umboðsmaður þróun hérlendis vera í rétta átt og ekki ætti að vinna að stofnun sérstaks stjórnsýsludómstóls, heldur styrkja þær stofnanir sem fyrir eru, þ.e. bæði almenna dómstóla og umboðsmann Alþingis. Þetta atriði hefur áður komið til umræðu á fundum nefndarinnar.

Ég vildi líka aðeins fá að víkja að því sem hv. þm. vék að máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um einstök dæmi þar sem lagfæringar hafa ekki átt sér stað enn þá. Þar var m.a. nefnt til nauðungarvistun einstaklinga á sjúkrahúsum, en umboðsmaður víkur einmitt að þessu máli í lokum inngangsorða sinna í skýrslunni á bls. 14 og skýrir frá því að dóms- og kirkjumrn. hafi kynnt sér að í frv. til nýrra lögræðislaga, sem í ráði er að leggja fram á 121. löggjafarþingi, verði einmitt tekið á þessum vandamálum. Ég vildi að þetta kæmi fram.

[12:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Skýrsla umboðsmanns Alþingis, sem hér er til umræðu, er mikið plagg, en inniheldur þó aðeins fjórðung þeirra mála sem umboðsmaður Alþingis fjallaði um á sl. ári.

Ég vil þakka hv. formanni allshn. greinargóða umfjöllun um starfsemi skrifstofu umboðsmanns.

Sérstaklega er getið um það í skýrslunni að þar eru mál valin með tilliti til eðlis þeirra og þýðingu fyrir störf stjórnvalda, sérstaklega þar sem um er að ræða meinbug á lögum, eins og þar segir, sem þýðir með öðrum orðum galla á lögum eða þá að þeim sé áfátt. Þetta vakti sérstaklega athygli mína þegar ég var að fletta skýrslunni og skoða hana. Ég get reyndar ekki varist þeirri hugsun þegar ég var að skoða skýrsluna að með ólíkindum er hve mikill málafjöldinn er, sem umboðsmaður og hans starfsfólk þarf að taka og tekur til umfjöllunar.

Það var ýmislegt sem vakti athygli mína, m.a. hversu oft sömu atriði fara úrskeiðis og ég vil, með leyfi forseta, vitna til orða umboðsmanns Alþingis á bls. 12, þar sem segir:

„Í störfum mínum hefur það vakið eftirtekt mína, að undirrót margra ágreiningsefna í stjórnsýslu eru oft atriði, sem ekki hefur verið hugað nægilega að við samningu laga. Þetta þarf út af fyrir sig ekki að koma á óvart, þar sem almennt skiptir miklu fyrir starfsskilyrði stjórnsýslunnar, hvernig til hefur tekist um setningu laga. Aftur á móti kemur á óvart, hversu oft sömu atriði fara úrskeiðis, þar sem þeim hefur ekki verið nægilegur gaumur gefinn við lagasetningu. Eru þetta þó atriði, sem oft valda vanda í stjórnsýslu með tilheyrandi kostnaði, fyrirhöfn, skertu réttaröryggi og jafnvel tjóni fyrir almenning."

Það eru slík atriði, sem eru á nokkuð mörgum stöðum í skýrslu umboðsmanns, sem vekja athygli mína og hljóta að vekja athygli hv. Alþingis því að þarna er beinlínis gagnrýni á störf löggjafarvaldsins.

Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál þó rík ástæða sé til og ástæða til að vitna oft í skýrslu umboðsmanns Alþingis. En ég vil aðeins að gefnu tilefni spyrja hæstv. forseta Alþingis og jafnframt hv. formann allshn. um það atriði sem vekur hvað mesta athygli mína varðandi þessa skýrslu. Það eru ábendingar um seinagang kerfisins, sérstaklega hvað varðar ýmis mál þar sem fjallað er um forræðismál. Samskipti einstaklinga við ráðuneyti, dómskerfi, félagsmálaráð og barnaverndarnefndir. Samkvæmt ábendingum sem eru í skýrslunni er yfirleitt engum bréfum svarað eða erindum fyrr en í síðustu lög. Jafnvel á síðasta degi þeirra tímamarka sem lög kveða á um. Lög kveða reyndar á um að bréfum eða erindum skuli svarað þegar þau hafa fengið nægan umfjöllun. Það þýðir að það er í valdi þess aðila, sem situr með erindi ef til vill frá einstaklingi, að ákvarða hvenær viðkomandi aðila þóknast að svara. Ég tel að þessar ábendingar séu mjög alvarlegar. Og ég vil spyrja hæstv. forseta og formann hv. allshn. hvort unnt sé að beita sér fyrir breytingu á þessum starfsháttum t.d. með lagabreytingu. Ég tel fyllstu ástæðu til að þetta mál verði sérstaklega athugað eftir þær ábendingar umboðsmanns sem eru á fleiri, fleiri síðum í skýrslunni.

Ég vil minna á að í skjóli þess frests, sem er til að svara erindum, hafa orðið harmleikir innan fjölskyldna sem mér er þó kannski ekki heimilt að greina frá eða fjalla nánar um hér, en þetta eru mál sem varða fyrst og fremst forræði og samskipti foreldris eða foreldra við svonefnt kerfi. Ég hygg að flestum hv. alþingismönnum sé svo farið að þeir séu með upplýsingar um slík samskipti og hafa kannski ekki fundið réttar leiðir til þess að reyna að koma á lagfæringum. Því beini ég þessum spurningum til hæstv. forseta og hv. formanns allshn.

Herra forseti. Það er athyglisverð staðreynd að allt að því 360 mál berast til umboðsmanns Alþingis, venjulega mál sem snúa að ágöllum í samskiptum við stjórnvöld. Það er mjög merkilegt að þau skuli vera svo mörg og það er mjög merkilegt að aðeins skuli vera gerð grein fyrir einum fjórða þessara mála í þessari þykku og miklu bók, sem ég efast um að alþingismenn hafi haft aðstæður til þess að gegnumlesa, mjög vel alla vega.

Herra forseti. Ég má til með að nefna nokkuð sem heitir Mannréttindastofnun. Hennar hlutverk er fræðsla og upplýsingahlutverk aðallega. Það liggur fyrir að sú stofnun telur sig ekki geta sinnt því sem henni ber vegna fjárskorts og liggur fyrir beiðni þar að lútandi hjá hv. fjárln. Í skýrslu umboðsmanns Alþingis er einnig bent á fjárskort í fangelsisstofnunum og í fangelsum sé þörf á sálfræðingum, þörf á hvers kyns aðstoð og það má lesa óbeinar fjárveitingabeiðnir úr þessari skýrslu.

Ég má til með, herra forseti, að nefna að önnur stofnun, svonefnd mannréttindaskrifstofa, er starfrækt hér á landi. Sú skrifstofa reynir að veita þeim aðilum sem á einhvern hátt hafa lent á milli skips og bryggju, ef svo má að orði komast, með sín vandamál. Ég tel ríka ástæðu til að þeir aðilar sem ég hef nefnt, Mannréttindastofnunin, mannréttindaskrifstofan og umboðsmaður Alþingis eigi samráð um ýmis málefni, um sína starfsemi og helstu hlutverk. Þó skilgreint sé nákvæmlega hvert hlutverk umboðsmanns Alþingis er í lögum tel ég ástæðu til að þessir aðilar stilli sína strengi saman. Mannréttindaskrifstofan hefur verið sá aðili sem hefur reynt að aðstoða þá einstaklinga sem hafa á einhvern hátt lent í árekstrum við stjórnvöld — ég segi stjórnvöld vegna þess að um er að ræða samskipti við lögreglu, samskipti við ráðuneyti o.s.frv., — og mannréttindaskrifstofan hefur reynt að leiðbeina þeim einstaklingum sem þannig eru settir. Þessi sama mannréttindaskrifstofa býr við mikinn fjárskort, getur ekki sinnt málum vegna þessa nema að litlu leyti.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til að hæstv. dómsmrh. láti sig varða starfsemi mannréttindaskrifstofunnar og þau mál sem hún fjallar um og ég bið að lokum hæstv. forseta að beina þessari athugasemd rétta leið.

Að lokum vil ég þakka góðar ábendingar og greinargóða skýrslu umboðsmanns Alþingis og störf skrifstofu hans.

[12:57]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að undirstrika að mannréttindaskrifstofan gegnir mjög mikilvægu hlutverki í löggjafarstarfinu, alla vega í þeim málaflokkum sem allshn. fer með. Mannréttindaskrifstofu eru einmitt mjög oft send mál til umsagnar og oft tekið tillit til þeirra ábendinga. Hv. 5. þm. Vesturl. kom sérstaklega með ábendingar um seinagang kerfisins og þar voru einkum nefnd til mál eins og forræðisdeilumál og fleiri slíkir málaflokkar. Vafalaust getur upplýsingaöflun í málum og efnismeðferð almennt tekið stundum mislangan tíma og sjálfsagt er oft erfiðara að takast á við málefni á sviði sifjaréttar. En ég er sammála því að þetta er ekki nógu gott og þörf ábending hjá hv. þm. Í þessu sambandi vil þó ég nefna að þetta atriði er reyndar í stjórnsýslulögum nú þegar. Þar er málshraði í stjórnsýslunni ein af meginreglunum. Með leyfi virðulegs forseta segir í 1. mgr. 9. gr.:

„Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er." Og áfram er haldið er í 2., 3. og 4. mgr. þannig að þetta atriði

er þegar í stjórnsýslulögum. En engu að síður er ábendingin þörf hjá hv. þm.

[12:59]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni allshn. fyrir svarið og tilvitnunina í lagagreinina þar sem segir og undirstrikar það sem ég sagði: „svo fljótt sem unnt er." Það gefur viðkomandi aðila heimild til þess að draga eða við skulum kannski ekki segja að menn fái heimild til að draga, en það gefur færi á að það frestist eins lengi og mögulegt er, allt að sex mánuðum, allt að heilu ári að svara. Þess vegna, herra forseti, vil ég fá að vitna í ábendingu umboðsmanns Alþingis sem er svohljóðandi á bls. 124:

„Samkvæmt framansögðu er niðurstaða mín sú að barnaverndarnefnd [ótiltekins staðar] og félagsmálaráð [ótiltekins staðar] hafi dregið of lengi að skila umsögnum til sýslumanns ... Eru það tilmæli mín til þessara stjórnvalda, að þau hagi meðferð mála í samræmi við þau sjónarmið, er fram koma hér að framan, ..."

Ég get ekki og vil ekki, herra forseti, vitna nánar til þessara samskipta sem þarna er getið um, en ég tel að fyllsta ástæða sé til þess að hv. allshn. og hæstv. forseti Alþingis skoði þá möguleika að tímamörk séu sett í ákveðnum tilvikum, svo sem í forræðismálum, þar sem harmleikir hafa átt sér stað vegna þess að dregist hefur að svara og dregið eins lengi og mögulegt er að svara, ég vil segja, réttlætismáli í kerfinu.

[13:01]

Sólveig Pétursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get svo sannarlega tekið undir að það er mjög mikilvægt réttaröryggisins vegna að mál gangi hratt og fljótt fyrir sig, en ég vil líka benda á setningar eins og þessi í 9. gr.: „Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er." geta þjónað hagsmunum beggja aðila og þetta er atriði sem þarf líka að hafa í huga.

Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, aðeins fá að rifja upp önnur ákvæði þessarar greinar. Þannig segir í 2.–4. mgr.:

„Þar sem leitað er umsagnar skal það gert við fyrstu hentugleika. Ef leita þarf eftir fleiri en einni umsögn skal það gert samtímis þar sem því verður við komið. Stjórnvald skal tiltaka fyrir hvaða tíma óskað er eftir að umsagnaraðili láti í té umsögn sína.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Dragist afgreiðsla máls óhæfilega er heimilt að kæra það til þess stjórnvalds sem ákvörðun í málinu verður kærð til."

Virðulegi forseti. Ég vildi bara láta þessi atriði koma hér fram.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

Umræður utan dagskrár.

Fjárstyrkur til heilsárshótela á landsbyggðinni 1995.

[13:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Eins og kynnt hafði verið fer nú fram utandagskrárumræða. Það er hálftíma umræða. Málshefjandi er Lúðvík Bergvinsson. Samgrh. verður til andsvara. Efni umræðunnar er fjárstyrkur til heilsárshótela á landsbyggðinni 1995.

[13:31]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár er svar hæstv. samgrh. sem er að finna á þskj. 112 við fyrirspurn minni um markaðsstarfs heilsárshótela á landsbyggðinni og fjárstyrkir til þess. Í fyrirspurninni voru lagðar nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra þar sem þess var farið á leit að hann gerði grein fyrir því hvernig staðið hafi verið að úthlutun 20 millj. kr. til heilsárshótela á landsbyggðinni í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Svör hæstv. samgrh. voru þess eðlis að ekki verður við unað.

Virðulegi forseti. Áður en lengra er haldið tel ég nauðsynlegt að rifja upp þá hugmyndafræði sem hvílir að baki þrískiptingu ríkisvalds og kveðið er á um í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Markmiðið með þrískiptingunni er að ekki safnist of mikið vald á einn þátt ríkisvaldsins. Það er því eitt meginhlutverk löggjafarvaldsins, þ.e. alþingismanna, að fylgjast með og veita framkvæmdarvaldinu aðhald í störfum sínum.

Í 49. gr. þingskapa er þingmönnum heimilað að leggja fyrirspurnir fyrir ráðherra og krefjast svars um opinbert málefni sem eru á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Að baki þessari heimild hvílir sú hugsun að þingmenn geti sinnt því hlutverki sínu að fylgjast með og veita framkvæmdarvaldinu aðhald í störfum sínum. Til að gefa þingheimi dæmi um svör ráðherra má nefna sem svar við beiðni minni um rökstuðning fyrir úthlutun til einstakra hótela á sama svæði í sömu starfsgrein svarar hæstv. ráðherra því til að efnahagsleg þörf viðtakendanna ráði því að sum hótel fengu styrk en önnur ekki, þ.e. þau hótel sem ekki fengu styrk hafi ekki haft efnahagslega þörf fyrir styrki. Hvers konar rökleysa er þetta?

Annað dæmi: Hæstv. ráðherra er spurður um skilgreiningu á hugtakinu heilsárshótel sem virðist hafa verið lykilhugtak við úthlutun styrkja. Hann svarar því til að þau hótel sem hægt sé að kalla heilsárshótel séu forsenda frekari uppbyggingar ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Til þess að skýra hvað þetta svar þýðir má nefna að á Akureyri, í kjördæmi ráðherrans, fékk Hótel KEA eitt styrk. Því hljóta önnur hótel á svæðinu að vera afleiðing af auknu ferðamannastreymi en ekki forsenda.

Virðulegi forseti. Rökleysan er svo yfirgengilegt að hún gæti vart orðið meiri í leikhúsi fáránleikans.

Hér hafa aðeins verið nefnd tvö dæmi af handahófi um svör ráðherra. Mörgum spurningum lét hann á hinn bóginn ósvarað. Niðurstaða mín var því sú að þar sem ekki var mögulegt að fá rökstudd svör eftir venjulegum leiðum væri einn kostur fær, þ.e. sá að taka ráðherra upp í umræðum utan dagskrár og krefjast svara.

Tilefni fyrirspurnar minnar til hæstv. ráðherra var fyrst og fremst að reyna að fá fram svör ráðherra við þeirri spurningu hvers vegna sum fyrirtæki fengu ríkisstyrki á meðan önnur sambærileg fengu það ekki. Samkeppnisráð hefur áður fjallað um úthlutanirnar. Ráðið gerði tilraun til þess að fá rökstuðning ráðuneytisins fyrir ráðstöfun fjárins. Það tókst ekki. Til þess að skýra frekar gagnrýni mína á úthlutanir ráðherra er rétt að benda á að samkvæmt upplýsingum úr handbók Ferðamálaráðs Íslands eru heilsárshótel á landsbyggðinni 42. Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar eru 15 heilsárshótel í nálægð við þau hótel er fengu úthlutað styrkjum. Hér er því um fyllilega sambærileg hótel að ræða. Styrkjunum

var úthlutað án undangenginnar kynningar eða auglýsingar. Samkeppnisaðilum í rekstri heilsárshótela á landsbyggðinni var ekki gert kleift að sækja um þessa styrki og keppa um þá á jafnréttisgrundvelli. Hótel sem fengu styrki geta nýtt hann til markaðssóknar í heild, jafn innan sem utan háannatímans og því ljóst að með umræddum ríkisstyrkjum er verið að mismuna keppinautum. Styrkveitingin hefur skaðleg áhrif á samkeppni á þessu sviði.

Í áliti sínu telur Samkeppnisstofnun sérstaklega ámælisvert að styrkja frekar hin stærri hótel á landsbyggðinni en hin minni. Samkeppnisráð telur þá úthlutun fara þvert gegn markmiði og tilgangi samkeppnislaga.

Það sem vekur eftirtekt við þessar úthlutanir er að tveir hæstu styrkirnir fara til hótela sem er í kjördæmi formanns þeirrar nefndar sem gerði tillögur til ráðuneytisins um hvernig fénu skyldi útdeilt. Það vekur sérstaka eftirtekt í svari ráðherra við títtnefndri fyrirspurn að það hótel sem fær hæsta styrkinn er í miklum vanskilum við þann eina sjóð sem spurt er um og mikið umhugsunarefni hvort fyrirtæki sem er þannig ástatt um sé líklegt til stórafreka á sviði markaðssetningar.

Virðulegi forseti. Reynslan hefur fært okkur heim sanninn um að samkeppni er forsenda góðrar þjónustu, fjölbreytts vöruúrvals og lágs vöruverðs. Því er nauðsynlegt að vernda samkeppnina samkeppninnar vegna. Ríkisstyrkir eins og þeir sem hér um ræðir eru alvarleg atlaga að samkeppninni. Hv. þm. Pétur Blöndal orðaði þessa hugsun hér á Alþingi í umræðum um skýrslu Byggðastofnunar eitthvað á þessa lund: Hvernig eiga fyrirtæki og einstaklingar í heiðarlegum og góðum rekstri í samkeppni að geta keppt á markaði við slíka styrki? Það er óeðlilegt og ósanngjarnt.

Þessi aðför hæstv. samgrh. að samkeppni þarf ekki að koma neinum á óvart. Hann og aðrir forkólfar Sjálfstfl. aðhyllast svokallaða kampavínssamkeppni. Þeir mæla og dásama samkeppni í skálaræðum á tyllidögum en á virkum dögum hygla þeir keppinautum með ríkisstyrkjum og draga með aðgerðum sínum úr virkri samkeppni. Já, þeir sjá um sína. Spurningar mínar til hæstv. ráðherra eru því hinar sömu og lagðar voru fyrir hann í umræddri fyrirspurn: Hvernig rökstyður hæstv. ráðherra úthlutanir sínar? Ætlar samgrh. að fara að tilmælum samkeppnisráðs um að fara að lögum við úthlutun styrkja fyrir árið 1996? Hvar er að finna heimild fyrir samgrh. að ráðstafa fé úr ríkissjóði með þessum hætti?

[13:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér finnst lágmark ef menn fara með siðaprédikanir upp í þennan stól að þeir reyni að segja satt frá sjálfir. Hv. þm. var að tala um að þessu fé hefði verið úthlutað í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Hann virðist ekki hafa kynnt sér málið mikið. Þessu fé var úthlutað í janúar sl. Alþingiskosningar fóru fram þó nokkrum mánuðum áður. Flestir þingmenn muna hvenær þeir voru kjörnir.

Í annan stað hlýt ég að segja það vegna þess að hinn nútímalegi jafnaðarmannaflokkur, sem er svo mikið fyrir einkaframtakið og vill auðvitað vera nútímalegur í allri hugsun, ætti að muna að það var gamaldagsjafnaðarmaðurinn Sigbjörn Gunnarsson sem var formaður fjárln. þegar ákveðið var að veita 20 millj. kr. í þessu skyni og sú fjárveiting var ekki veitt að beiðni samgrh. Þegar hv. þm. talar um það nú í einhverjum yfirlætistón að það skuli vera vilji minn sem til þess standi að tekið sé tillit til efnahags hótela í sambandi við úthlutun þessara styrkja, þá tók Sigbjörn Gunnarsson, formaður fjárln., það sérstaklega fram í ræðu sinni hvort ekki væri rétt að úthluta þessum styrkjum til skuldbreytinga en ekki til markaðsátaks. Það er öldungis ljóst að sú hugsun var ekki hjá gamaldagsjafnaðarmanninum sem formaður fjárln. þegar þetta var lagt til, að fénu yrði varið til markaðsátaks.

Á hinn bóginn brá þannig við eftir að ný ríkisstjórn var tekin við völdum og nýr formaður fjárln. var tekinn við að hann gat þess í framsöguræðu sinni að rétt væri að veita þessa styrki til markaðsátaks eða eins og hann segir, með leyfi hæstv. forseta: „Meginhlutinn, eða 16 millj. kr., fer samkvæmt tillögu nefndarinnar til markaðsátaks hjá þeim hótelum sem helst uppfylla þau skilyrði að mati nefndarinnar og kallast heilsárshótel á landsbyggðinni.“ Ég hygg að nauðsynlegt sé að þetta komi skýrt fram.

Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram að það hefur oft borið við á hinu háa Alþingi að menn hafa haft áhyggjur af fjárhag heilsárshótela svokallaðra úti á landsbyggðinni. Sá háttur hefur oftast nær verið á hafður að Alþingi hefur veitt framlag til Ferðamálasjóðs sem hefur síðan verið falið að kaupa hlutabréf í tilteknum hótelum. Þannig á Ferðamálasjóður í Þór hf. 5.826.340 kr. síðan 1983, í Hótel Húsavík hf. 3,5 millj. kr. síðan 1988 og 15 millj. síðan 1989, í Hótel Valaskjálf 15 millj. síðan 1990, í Árey hf. 6 millj. síðan 1990. Auk þessa hefur sjóðurinn eignast hlut og selt aftur í Hótel Borgarnesi 25 millj., selt 1990, og Hótel Ólafsfirði 3 millj., selt 1991.

Ég hef á þskj. 112 gert grein fyrir því eftir hvaða reglum og sjónarmiðum sú nefnd vann sem úthlutaði þessum styrkjum og m.a. í þá tíð er spurt að því hvernig ráðuneytið fylgdist með því að féð væri notað eins og til var ætlast. Féð var veitt á þessu ári þannig að ekki var við því búist að reynsla væri komin á það fyrr en nokkuð liði á seinni hluta ársins hver árangurinn hefði verið en ég hef þegar ákveðið að það verði sent út bréf þar sem spurst er fyrir um það í hvað peningunum hafi verið varið og hvaða árangur hafi orðið af því markaðsátaki sem til var ætlast. Jafnframt hef ég ákveðið að farið verði að tilmælum Samkeppnisstofnunar eða tillögum í sambandi við úthlutun þeirra 15 millj. sem bíða og mun ég auglýsa það og á von á því að umsóknir þurfi að berast ráðuneytinu fyrir miðjan desember nk.

[13:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti leggur áherslu á að hv. þingmenn gæti tímamarka. Margir eru á mælendaskrá og eingöngu 30 mínútur eru ætlaðar í utandagskrárumræðuna.

[13:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að leitað sé eftir forsendum fyrir úthlutun á opinberu fé eins og hér er gert og ekkert óeðlilegt að spurningar vakni varðandi nýtingu á því fjármagni sem veitt var samkvæmt ákvörðun Alþingis í þessu skyni, aðallega til eflingar markaðsstarfi heilsárshótela á landsbyggðinni. Ég tel að það sem skiptir sérstaklega máli við slíkar aðgerðir til stuðnings tiltekinna fyrirtækja sé að ljóst sé í hvað á að verja fjármagninu, hvaða forsendur eru lagðar þar til grundvallar fyrir þá sem eiga að njóta. Mér sýnist kannski að það hafi ekki verið skýrt markað í sambandi við þetta fjármagn og ekki verður séð á svari ráðherra á þskj. 112 að auglýst hafi verið opinberlega eftir umsóknum í féð en það kann þó að vera án þess að ég viti það nákvæmlega. Mér finnst að það ætti að vera grundvallaratriði við ráðstöfun

fjár að óskað sé eftir umsóknum á skýrum forsendum þannig að í framhaldinu sé hægt að taka afstöðu til málsins með efnislegum rökum og fylgja síðan málinu eftir.

Ég hef ekki kannað það neitt til þess að dæma um það hvernig til hafi tekist við þessa úthlutun og ég vil ekki gerast dómari í því efni. En ég hef heyrt gagnrýni á þetta. Ég hef það heyrt frá fyrirtækjum í hótelrekstri sem telja að þau hafi verið hlunnfarin og ég legg áherslu á að reynt verði að vanda sem best úthlutun á slíku fé þannig að það standist eðlilega viðmiðun og séu þá sértækar aðgerðir eins og mér sýnist að hér hafi átt að vera um að ræða og þess vegna hafi átt að réttlæta að sumir fengu en aðrir ekki.

[13:44]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Svar hæstv. samgrh. við fyrirspurn Lúðvíks Bergvinssonar um opinbera fjárstyrki til heilsárshótela á landsbyggðinni er vissulega ástæða til gagnrýni. Það er dæmi um hvernig framkvæmdarvaldið lítilsvirðir löggjafarvaldið með því að reyna að koma sér hjá að svara eðlilega spurningu sem til þess er beint. Í þessu tiltekna svari er líka með ólíkindum að hæstv. ráðherra skuli leyfa sér að hunsa algerlega mikilvægasta atriði þessarar fyrirspurnar, þ.e. spurninguna um að við framkvæmd styrkveitinga á vegum samgrn. verði tekið mið af ákvæðum samkeppnislaga. Því svarar hæstv. ráðherra ekki einu orði en virðist ætla að bæta úr því nú við þessa umræðu. Í úrskurði Samkeppnisstofnunar um þetta mál kemur fram mikil gagnrýni á hvernig ráðuneytið hefur staðið að þessum styrkveitingum og hvernig styrkveitingar til heilsárshótela hafi veitt þeim forskot til markaðssókna umfram þau hótel sem ekki fengu neinn styrk. Þetta er alvarleg athugasemd sem ráðherrann virðist ætla að líta fram hjá og athyglisvert er að það sé ráðherra Sjálfstfl. sem heldur þannig á málum að mismuna aðilum í atvinnulífinu með því að skekkja samkeppnisstöðu annarra heilsárshótela sem ekki fengu styrkinn. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er ótvíræður áfellisdómur á ráðherrann. Styrkurinn virðist hafa verið veittur stærri hótelum. En Samkeppnisstofnun telur ástæðu að benda úthlutunarnefndinni og ráðherra einmitt sérstaklega á að í 13. gr. samkeppnislaga nýtur samvinna smærri fyrirtækja sérstakrar undanþágu frá bannreglu samkeppnislaga ef samvinna styrkir stöðu þeirra gagnvart stærri fyrirtækjum í sömu grein. Úthlutun á þessum styrkjum virðist ganga þvert gegn ákvæðum þessarar greinar samkeppnislaganna. Því er ástæða til að þakka Lúðvíki Bergvinssyni fyrir þessa umræðu sem rækilega hefur flett ofan af ámælisverðum vinnubrögðum ráðherrans, bæði gagnvart löggjafarvaldinu og með því að brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga. Vonandi lærir hæstv. ráðherra einhverja lexíu á þessu máli.

[13:47]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ekki er ljóst af þessari umræðu sem hér fer fram hvort tilgangurinn með henni sé að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur eða hvort umræðan sé til þess að skýra málið.

Það er rétt að segja frá því, vegna þess að sá sem hér talar hefur nokkuð komið að þessu máli, að hæstv. samgrh. skipaði á sínum tíma nefnd til þess að fara ofan í stöðu svokallaðra heilsárshótela. Nefndin skilaði tillögum og gerði m.a. tilteknar tillögur um aðgerðir til styrktar þessum hótelum. Ég hef ekki tíma til að fara nákvæmlega ofan í þær, en það var alveg ljóst að það var mikill vandi hjá mörgum svokölluðum heilsárshótelum sem hafa verið burðarásar við uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landinu. Og þeir sem eitthvað þekkja til þessara mála vita að þau hótel sem fá styrki hafa verið þessir burðarásar. Í hvaða samkeppni hafa þau verið? Þau hafa verið í samkeppni við aðila sem hafa fleytt rjómann af ferðaþjónustunni úti um landið yfir sumartímann sem er grundvöllurinn að uppbyggingu ferðaþjónustunnar í landinu í heild. Meðal þeirra sem fleyta rjómann eru aðilar sem fá, að ég tel, miklu meiri styrk úr opinberum sjóðum en þau hótel sem fá af þessum 20 millj. Þar má nefna Edduhótelin, en Edduhótelin sem eru einungis starfrækt yfir sumartímann og eru auðvitað mjög mikilvæg í ferðaþjónustunni, njóta óbeinna styrkja með niðurgreiddri húsaleigu. Ég veit ekki til þess að Samkeppnisstofnun eða hv. fyrirspyrjandi hafi gert tilraun til þess að láta skoða þá hluti.

Ég tel að heilsárshótelin svokölluðu sem fengu þessa styrki séu fyllilega vel að því komin að fá styrkina en auðvitað eru öll okkar verk umdeilanleg og allt orkar tvímælis þá gert er.

[13:49]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þær gagnrýnisraddir sem hafa komið fram. Þetta er dæmi um það hvernig við eigum ekki að standa að málum og er til stórtjóns fyrir ferðaþjónustuna því að ef það er eitthvað sem við þurfum ekki á að halda í ferðaþjónustu og þá sérstaklega úti á landi, þá er það að menn séu dregnir í dilka.

Allir sem standa að uppbyggingu ferðaþjónustunnar hafa eitt lykilorð í dag, þ.e. samstaða. Þetta mál er þess eðlis að menn agnúast hver út í annan vegna þess að einn fær og annar ekki og er svo dæmigert í okkar kerfi eins og svo margoft hefur komið fram og þetta þarf að laga. Við þurfum að styrkja ferðaþjónustuna úti um allt land. Ég er sammála því. Það er ástæða til þess að setja opinbert fé í slíka styrkingu, en þá verða allir að sitja við sama borð, sækja um eftir sömu leikreglum og það verða allir að njóta til þess að komast að þeim leiðarenda sem við viljum sjá, þ.e. samhæfingu á breiðum grundvelli.

Mér heyrist hæstv. ráðherra hafa áform um að breyta vinnuaðferðum og það er vel. Ég vonast til þess að þeir sem fara með þessi mál sjái að sér þannig að við gætum samhæfingar til samstillts átaks um uppbyggingu í ferðamálum, en ekki að hygla einstökum aðilum sem kannski mismunandi forsendur eru fyrir að gera. Varðandi hótel á landsbyggðinni, þessi stóru hótel, þá á þetta að heita réttum nöfnum ef um rekstrarstyrk er að ræða. Ef það er markaðsátak á það að heita því nafni. Það er þetta sem samkeppnisaðilar gagnrýna, þ.e. að vegna þess að engar skýrslur hafa verið gefnar og engar upplýsingar gefnar af öðru tagi, þá hafa þeir grunsemdir um að þetta hafi gengið inn í almennan rekstur viðkomandi fyrirtækis og skekkt samkeppnisstöðu. Það er óviðunandi fyrir alla.

[13:51]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum gera grein fyrir þeirri tilvitnun í ræðu formanns fjárln. sem hæstv. samgrh. fór með áðan og hvað lá að baki þeirri stefnubreytingu sem þar var frá því að fyrrv. formaður hafði fjallað um þetta mál. Það lágu einfaldlega að baki umræður sem höfðu orðið í fjárln. um að það sem helst vantaði í ferðaþjónustu úti á landsbyggðinni væri markaðsátak og að markaðsátak kæmi

allri ferðaþjónustu á viðkomandi svæði til góða. Þess vegna gat ég um þetta í fjárlagaræðunni á síðasta ári.

Ég vil taka það fram vegna þeirra umræðna sem hér hafa verið að þetta fjármagn eins og því er úthlutað á að fara til markaðsátaks og það er hlutverk samgrn. að ganga eftir því hvort eftir því hefur verið farið. Ráðuneytið hefur séð um úthlutun á þessu fé, en heildarupphæðin var ákveðin í meðförum fjárln. eins og komið hefur fram.

[13:53]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég er ekki alveg viss um það hvort hv. alþingismenn eða aðrir sem þessa umræðu heyra eru nokkru nær um svör eða niðurstöðu í þessu máli. Hæstv. ráðherra fær heimild til ráðstöfunar á fé í þágu ferðaþjónustunnar og spurningarnar virðast vera afar eðlilegar um það hvað hafi legið til grundvallar þessari úthlutun og hvernig ráðherrann hyggist bregðast við fram kominni gagnrýni á vegum Samkeppnisráðs. Var þetta fé ætlað til þess að skuldbreyta hjá einstökum fyrirtækjum eða var þetta fé eyrnamerkt til markaðsátaks fyrir greinina í heild? Var verið að hygla einhverjum einstökum aðilum innan greinarinnar og þá verið að mismuna aðilum í viðskiptum sem eiga í samkeppni?

Þetta eru í alla staði afar eðlilegar spurningar og þess vegna æskilegt að svörin verði sæmilega skýr og þá eins hvort eitthvað megi af þessu læra. Mér kemur í hug að í tengslum við EES-samninginn var í nokkur ár varið allhárri fjárhæð, 50 millj. kr., til markaðsátaks til þess að nýta þau tækifæri sem EES-samningurinn hafði upp á að bjóða í útflutningi og markaðsátaki. Hvernig var að því staðið? Fyrsta mál á dagskrá var að reyna að mismuna ekki samkeppnisaðilum. Það var sem sé sett upp nefnd. Auglýst var eftir umsóknum og fyrir fram voru settar fram reglur, þ.e. mælikvarði á það hvað yrði haft til hliðsjónar við úthlutun á þessum fjármunum. Þrátt fyrir að þannig var að málinu staðið komu upp álitamál og gagnrýnimál eins og ég man vel. En þetta er þó sú aðferðafræði sem ber að viðhafa.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra nefndi til sögunnar formenn fjárln., fyrrv. og núv. Mér er ekki ljóst af því sem hann þar sagði hver þeirra hlutur var að málinu. Var hæstv. ráðherra að gefa í skyn að formenn fjárln. hafi ráðið því hvernig þessu fé var úthlutað eða var það á ábyrgð ráðherra og ráðuneytis?

[13:55]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af því sem ég sagði fyrr í þessari umræðu held ég að alveg nauðsynlegt sé að fram komi að við tillögugerð til samgrh. um úthlutun á þessum fjármunum komu aðilar frá Ferðamálaráði og Ferðamálasjóði auk þess sem hér talar og kom berlega í ljós í upphafsræðu málshefjanda að aðalatriðið í málinu virtist vera að vekja athygli á því. Þessir einstaklingar sem sátu í úthlutunarnefndinni sem gerði tillögur leituðu sér að sjálfsögðu gagna og upplýsinga frá hinum ýmsu aðilum sem að ferðamálum koma og það var samdóma og sameiginleg niðurstaða að gera tillögur um að styrkja þessi tilteknu hótel til markaðsátaks. Aðferðin við úthlutunina var að metin var stærð viðkomandi hótela. Efnahagsleg geta þeirra til markaðsátaks fyrir svæðin í heild var metin og í þriðja lagi var reynt að leggja mat á möguleikana til þess að auka ferðaþjónustu á svæðinu. Þannig var á fullkomlega faglegan hátt reynt að leggja mat á það hvernig þessum fjármunum yrði sem best varið.

Að lokum vil ég vekja athygli á því sem hvergi hefur komið fram, að stórum hluta af þessum 20 millj. var varið til svokallaðra Regnbogahótela sem eru samtök hótela á landsbyggðinni og reyndar annars staðar, þannig að það er ekki einungis að þessir fjármunir hafi runnið til þessara tilteknu fyrirtækja.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Tilefni þessarar umræðu er fyrst og fremst að reyna að fá svör frá hæstv. ráðherra hvers vegna gert var upp á milli hótela við úthlutun á þessum styrkjum. Þau svör hafa því miður ekki fengist og af svörum ráðherra má ljóst vera að hótel hafa ekki setið við sama borð. Það hafa ekki gilt sömu leikreglur við úthlutun þessara styrkja og hótelin hafa ekki setið við sama borð.

Hins vegar vakti athygli mína í ræðu ráðherra að hann vitnaði til skuldbreytinga og ég get ekki annað en vitnað til athugasemda sem komu fram í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996, en þar segir, með leyfi forseta:

„Einnig fellur niður 20 millj. kr. framlag til Ferðamálasjóðs en á þessu ári var því framlagi varið til skuldbreytingar lána hjá hótelum á landsbyggðinni sem opin eru allt árið."

Því spyr ég: Er þarna verið að vísa til sömu fjármuna og ráðherra hefur til þessa sagt að hafi farið í að styrkja hótel til að bæta nýtingu og markaðssetningu utan háannatíma? Var aldrei um að ræða sérstakan styrk til markaðsrannsókna? Þetta held ég að hæstv. ráðherra verði að upplýsa. Er hugsanlegt að fjármunir ríkissjóðs hafi verið nýttir til þess að greiða niður fjárfestingarlán keppinauta í sama atvinnurekstri? Hvernig má það vera að í svari til mín og bréfi til Samkeppnisstofnunar segir ráðherra að „styrkja hafi átt viðleitni til heilsárshótela á landsbyggðinni og til að auka nýtingu utan háannatímans", þegar síðan segir í greinargerð með fjárlögum ársins 1996 að þessar 20 millj. hafi verið nýttar til skuldbreytinga? Þetta verður ráðherra að útskýra.

Það þarf því ekki að koma á óvart að mér hafi borist til eyrna að ætlun þeirra sem í hótelrekstri eru sé að kæra þessa málsmeðferð ráðherra til umboðsmanns Alþingis. Mál hafa verið borin undir hann af minna tilefni en þessu.

[14:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég kann raunar ekki að skilgreina hvort flokkur hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem ég kann raunar ekki að skilgreina, sé orðinn nútímalegur af því að hann hætti sem formaður eða hvort hann hafi kannski verið nútímalegur áður. (**GE:** Er nokkuð verið að spyrja um það?) Er nú von að maðurinn frá Skaganum spyrji.

Mér þótti vænt um að hv. þm. skyldi einmitt tala um það að veitt hefði verið fé, markaðsstyrkir, vegna inngöngu okkar í Evrópska efnahagssvæðið. Þeir styrkir mismunuðu að sjálfsögðu fyrirtækjum. Það er alls ekki rétt ef verið er að reyna að gefa það í skyn að menn hafi þar setið allir við sama borð eins og kom raunar fram hjá þingmanninum því að ýmsir voru óánægðir með úthlutun á þeim styrkjum og þeir runnu ekki með sama hætti til allra atvinnugreina eins og maður hefði þó getað búist við. Það fékk ekki mikla náð í þeirri ríkisstjórn hjá öðrum stjórnarflokkanna að landbrn. ætti aðild að því hvernig sem það nú svo fór.

Hér er auðvitað verið að tala um þá miklu klemmu sem mörg hótel eru í úti á landsbyggðinni vegna þess að viðskipti eru ekki nóg til þess að hægt sé að reka þau með góðum árangri allt árið um kring. Þessar 20 millj. sem veittar voru

að frumkvæði fjárln. voru tilraun til þess að koma til móts við þau hótel sem voru verst sett og eins og kom fram í svari *mínu* var tekið tillit til efnahagslegrar þarfar og þannig komið til móts við það sem fyrir fjárln. vakti.

Auðvitað er rétt hjá hv. þm. að ef menn fara út í markaðsátak er aldrei hægt að halda svo á því að það komi öllum jafnt til góða. En það sem menn eru að gera er að reyna að styrkja hótelstarfsemi úti á landi og það skiljum við svona flestir þingmenn sem kjörnir eru af landsbyggðinni.

Umræður utan dagskrár.

Einelti í skólum.

[14:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns leggja fyrir ráðherra þá spurningu sem mér brennur á hjarta en hún er sú: Mun menntmrh. beita sér fyrir rannsókn á umfangi eineltis í skólum? Þá á ég við á breiðum grunni, bæði varðandi það að nemendur stunda einelti gagnvart jafnöldrum sínum, nemendur stunda einelti gagnvart kennurum og kennarar stunda einelti gagnvart nemendum er upplýst en hitt er einnig þekkt að kennarar standi að einelti gagnvart kennurum.

Ég tel að þær fréttir sem okkur hafa borist frá Noregi í þessum efnum séu á þann veg að það sé vonlaust annað en taka þetta mál af miklu meiri alvöru en verið hefur. Sá sem stóð að þeirri vísindarannsókn þorði ekki að birta niðurstöðurnar í um 10 ár eða lengur. Hann vildi tryggja að allir nemendur væru farnir úr skólunum áður en hann birti niðurstöðuna og hann taldi að með því kæmi hann í veg fyrir að upplýsingarnar yrðu til þess að auka á ofsóknir á hendur einstökum nemendum.

Við Íslendingar búum ekki aðeins við fræðsluskyldu í landinu heldur líka skólaskyldu sem þýðir að nemendur eru skyldugir að mæta til ákveðins vinnustaðar, hvort sem þeim er það ljúft eða leitt, hvort sem þeir geta átt von á því að aðrir nemendur veiti þeim aðför á þeim vinnustað eða þá eins og upplýst er samkvæmt norsku könnuninni að það sé miklu algengara en nokkurn mann órar fyrir, að kennarar leggi nemendur í einelti.

Ég er ekki talsmaður þess að þessi norska rannsókn verði yfirfærð á íslenska kennara og sagt: Svona stór hópur kennara á Íslandi leggur nemendur í einelti. Það teldi ég högg fyrir neðan beltisstað. Ég tel að flestir kennarar, og þar tala ég af mikilli reynslu, séu menn sem hægt er að trúa fyrir því verkefni sem þeim hefur verið falið. En innan um virðast vera menn sem eru allsendis ófærir um að gegna því af þeirri trúmennsku sem til er ætlast. Vegna mikilvægis starfs síns sem er eitt af mikilvægustu störfum þessa lands verður alvara málsins enn þá meiri þegar þeir bregðast, þeir fáu sem eru ekki traustsins verðir.

Ég tel að hæstv. menntmrh. geri sér fulla grein fyrir því að með þeim málflutningi sem ég hef hér uppi er ekki á nokkurn hátt verið að vega að honum sem ráðherra. Hér er aðeins verið að fara fram á það að köllun tímans sé sinnt. Ég er sannfærður um að enginn hér inni hefði getað látið sér detta það í hug að það væri jafnalgengt eins og þessi norska skýrsla segir að einelti eigi sér stað á þann hátt að kennarar leggi nemendur í einelti. Sem betur fer vil ég segja það að ég tel að menningarheimur okkar Íslendinga sé það blandaður af norrænni menningu og það sem ég kalla menningu frá Ameríku að ég vona að þetta sé í miklu mæli hér, ég segi þetta ekki alveg út í bláinn vegna þess að sennilega eru Bandaríkin það land þar sem mest virðing er borin fyrir kennurum. Það fer enginn út í íslenska ritfangaverslun til að kaupa þar þakkarkort til kennara. Menn fara í íslenska ritfangaverslun til að kaupa afmæliskort eða eitthvað því um líkt, eða minningarkort e.t.v. En í bandarískum ritfangaverslunum geta menn keypt þakkarkort til kennara. Það segir dálítið um það að í þeim menningarheimi er borin viss virðing fyrir þessu starfi.

Annað hitt sem er kannski umhugsunarefni ef maður fylgist með sjónvarpinu að fyrst og fremst frá Bandaríkjunum sjáum við kvikmyndir þar sem kennari er talinn þess virði að vera aðalpersónan í kvikmyndinni og látinn kynna það á þann hátt hvernig góður kennari kemur fram eða þá öfugt. Ég tel að þetta segi dálítið um þessa hluti.

En nú blikkar ljósið og ég vil ekki níðast á þeim tíma sem mér er ætlaður en þessi spurning hefur ekki látið mig í friði eftir að ég heyrði þessa frétt í sjónvarpinu og ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé mér sammála um mikilvægi málsins.

[14:09]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli sem er rétt og skylt að ræða eins og önnur hér í hinu háa Alþingi. Hann spyr hvort menntmrh. muni beita sér fyrir rannsókn á einelti í landinu. Þegar þeirri spurningu er velt fyrir sér er nauðsynlegt að hafa í huga að umboðsmaður barna hefur þegar ákveðið að taka þetta mál til sérstakrar rannsóknar á næsta ári. Vísa ég þar m.a. til fréttar í Morgunblaðinu 25. okt. þar sem umboðsmaður barna segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólamálin virðast brenna á þeim [þ.e. börnum yngri en 18 ára] og einnig er mjög mikið talað um einelti, ekki bara frá börnum heldur kennurum líka í einstaka tilfelli. Ábendingar um einelti eru orðnar svo margar að ég ætla að taka málið upp á næsta ári.“ Það kemur einnig fram í fréttinni að umboðsmaður barna ætlar að beita sér sérstaklega í málinu á næsta ári að gefnu tilefni og ég lýsi því yfir sem menntmrh. að ég er reiðubúinn til þess að leggja umboðsmanni barna lið við að rannsaka málið eftir því sem ég má og ég tel víst að allar þær stofnanir sem að því máli þurfa að koma muni gera það sama. Það er mjög heppilegt að umboðsmaður barna taki þetta mál fyrir því að hann er hlutlaus aðili sem á að gæta hagsmuna barna og getur þess vegna með öðrum hætti aflað upplýsinga og komið að málum en einstök ráðuneyti.

Hins vegar er það ekki svo að þetta mál hafi ekki verið til umræðu áður en einmitt nú og má t.d. geta þess að dr. Sigrún Aðalbjarnardóttir hefur samið rannsóknarverkefni sem heitir samskiptahæfni skólabarna. Þar leggur hún m.a. áherslu á það að uppalendur, ekki síst foreldrar og kennarar, taki höndum saman um að stuðla að bættum samskiptum barna og unglinga og þar sé hugað að hlutverki skólans, ekki síst bekkjarstarfsins þar sem börnum gefist einstakt tækifæri til að fjalla um samskipti sín og fást við félagslegan ágreining á farsælan máta. Það er alveg ljóst að í skólunum er unnt að takast á við þessi verkefni markvissar en annars staðar í þjóðfélaginu þannig að nauðsynlegt er að mínu mati að líta til niðurstaðna eins og þessarar þegar það er metið hvernig skólarnir geta komið að þessu máli þó að menn leggi síðan þannig út af ýmsum atvikum í skólastarfi að þar sé eineltið raunar það hættulegasta sem ég ætla ekki að gera lítið úr en

mér finnst að það eigi að beita niðurstöðum rannsókna eins og þessara til að taka á þessu vandamáli í skólunum.

Ég vil einnig vekja athygli á því að þegar árið 1993 var gerð fræðslumynd um einelti í skóla sem heitir Saga Dóra og er 20 mínútna löng og fjallar um einelti og er ætluð til sýninga í grunnskólum. Það liggur því fyrir efni m.a. á kvikmynd sem styrkt var af Námsgagnastofnun, Rauða krossinum og skólaskrifstofu Reykjavíkur um þetta mál þannig að það hefur verið unnið efni til notkunar í skólum til þess að vekja athygli á þessum vágesti ef ég má orða það svo.

Ráðuneytið er ekki rannsóknarstofnun en mundi leggja rannsóknum lið. Á vegum ráðuneytisins starfa stofnanir eins og Rannsóknastofnun um uppeldis- og menntamál sem væri væntanlega einn þeirra aðila sem umboðsmaður barna kynni hugsanlega að leita til við öflun upplýsinga og athuganir sínar. Í grunnskólalögum er fjallað um hagsmuni nemenda og þar er m.a. mælt fyrir um í 39. gr. að við skóla sé heimilt að stofna nemendaverndarráð til þess að gæta hagsmuna nemenda og 26. júní sl. var sett reglugerð um nemendaverndarráð þar sem þess er getið um hvað þau eigi að fjalla og hvernig eigi að standa að málum í slíkum ráðum. Þar koma m.a. að sérfræðingar sem ættu að nýtast við mat á því í einstökum skólastofnunum hvort um einelti sé að ræða.

Einnig hefur verið sett á grundvelli grunnskólalaganna reglugerð um skólareglur og aga í grunnskólum þar sem m.a. er sérstaklega tekið fram að starfsmenn skóla skulu sýna kurteisi og sanngirni í samskiptum við nemendur og einnig sett ákvæði um það hvernig unnt er að bregðast við í skólum og hvernig ber að bregðast við í skólum ef sérstakt ástand skapast sem snertir hagsmuni nemenda, hvaða leiðir eigi að fara við úrlausn mála og hvaða aðilar eiga að koma að málum á hverju stigi. Við höfum sett ramma utan um þetta sem gefur okkur færi á að takast á við einstök tilvik en að því er rannsóknirnar varðar tel ég mjög heppilegt að umboðsmaður barna standi fyrir þeim.

[14:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Líklega er rétt að einelti í íslensku þjóðfélagi hafi aukist á undanförnum árum. Við opnum varla svo blað eða útvarp þessa dagana að ekki berist okkur fregnir af vaxandi ofbeldisverkum unglinga og einelti er ekki annað en ein tegund ofbeldis og ekki sú geðslegasta. En hvað veldur þessari óheillaþróun? Þar kemur margt til.

Ég minni t.d. á vaxandi framboð á grófum ofbeldismyndum í sjónvarpi og kvikmyndahúsum. En skýringanna er kannski líka að leita í því að við búum nú í samkeppnisþjóðfélagi. Stjórnvöld skera niður stuðning við alla þá sem standa höllum fæti í samfélaginu. E.t.v. mætti orða það svo að sjúkir, aldraðir og fatlaðir séu öðrum fremur lagðir í einelti af ríkisstjórninni.

Undanfarið hefur meint einelti kennara gegn nemendum nokkuð verið í umræðunni vegna könnunar sem gerð var í Noregi. Ekki ætla ég að mæla gegn því að slíkt verði kannað hér á landi þó ég hafi ekki orðið vör við þetta vandamál á löngum kennsluferli. Auðvitað verður að gera skýran greinarmun á einelti og á ögun og uppeldi, sem kennarar verða stunda eigi skólastarf að geta farið eðlilega fram nemendum til gagns.

Mig langar að lokum að vitna í könnun sem Ingvar Sigurgestsson gerði á viðhorfi til námsefnis og fleira í grunnskólum víðs vegar um landið á vegum Rannsóknastofnunar Kennaraháskóla Íslands 1988 en þar segir orðrétt í niðurstöðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir umsjónarkennarar sem fylgst var með virtust leggja sig fram og réðu vel við starf sitt. Það leyndi sér ekki að þeir báru hag nemenda fyrir brjósti. Yfirleitt ríkti þægilegt, óþvingað andrúmsloft í kennslustundum. Agavandamál voru fátíð og nemendur hlýddu kennurum sínum. Í viðtölum við nemendur kom skýrt fram að þeir báru mikla og að því er virtist einlæga virðingu fyrir flestum kennurum sínum. Nánast allir þeir kennarar er heimsóttir voru höfðu örugga stjórn á kennslunni. Sú ímynd agaleysis og óreiðu, sem oft er dregin upp af skólum á sér ekki stoð í þeim athugunum sem gerðar voru í tengslum við þessa rannsókn, en alls sá ég 120 kennara að störfum."

[14:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka málshefjanda vegna þess að það mál sem hér er tekið fyrir er mjög alvarlegt. Einelti virðist fyrst og fremst hefjast þegar börn byrja í skóla. Mér er ekki kunnugt um hvort einelti þekkist í leikskólum en ef svo er þá er vandamálið sem við blasir í dag enn þá alvarlegra.

Þegar börn byrja í skóla eru þau oftast eftirvæntingarfull og full tilhlökkunar. Nýr kafli er að byrja í lífi barnanna. Þetta eru tímamót og barnið hefur á forskólaaldri fengið óteljandi boð um þann nýja tíma sem hefst við upphaf skólagöngu. Öll boðin eru til þess fallin að skapa væntingar. Þess vegna verður stórt áfall fyrir barnið og foreldrana ef barnið er lagt í einelti. Oftast er það vegna þess að barnið verður af einhverjum orsökum bitbein jafnaldra eða eldri skólafélaga. Það sem átti að verða jákvætt tímabil í lífi barnsins verður að martröð.

Foreldrar hafa oft upplifað að skilningsleysis gæti hjá skólayfirvöldum þegar þeir bera sig upp vegna félagslegrar stöðu barnins í skólanum. En þær nýju upplýsingar að kennarar leggi börn í einelti í ríkum mæli valda óhug. Allir þekkja að nemendur eru í mismiklu uppáhaldi hjá kennurum en frá þeirri staðreynd að einelti er langur, alvarlegur vegur. Það er staðreynd varðandi ýmsar félagslegar kannanir að svipað hlutfall sé hérlendis og á Norðurlöndum. Það hefur átt við um sifjaspell, það hefur átt við um kynferðislegt ofbeldi og ofbeldi á heimilum. Ekkert gefur því til kynna að eineltið og nú einelti kennara sé minna hérlendis en kannanir á Norðurlöndum gefa til kynna.

Umboðsmaður barna hefur eftir því sem menntmrh. upplýsir ákveðið að taka málið upp og menntmrh. lofar að taka málið alvarlegum tökum. Þetta er mjög mikilvægt og við þingmenn munum fylgjast með.

[14:19]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja máls á þessu viðkvæma máli. Einelti hefur tíðkast hér um áratuga skeið, árhundraða skeið, er eitt af þeim viðkvæmu málum sem gjarnan hafa fengið að þrífast í skúmaskotum því að menn hafa veigrað sér við að ræða þau opinberlega. Ég fagna því að þetta skuli því komið sérstaklega til umræðu hér.

Þetta fyrirbrigði er líka vandmeðfarið. Hvaða skilning leggja menn í hugtakið einelti? Ég harma að það hefur komið fram í umræðunni hér að tilhneigingar gætir til þess að fletja það út og víkja frá þeirri vísindalegu skilgreiningu sem er fyrir hendi.

Við getum sett okkur í spor kennara sem hefur 30 unglinga í bekk sínum af öllum stærðum, gerðum og þroskastigum og þarf að hafa á þeim aga til þess að þau geti lært. Oft þarf kennari að grípa inn í. Viðbrögðin eru misjöfn. En stundum heyrast í þeim viðbrögðum einelti, það gengur til foreldra nemenda í milli og leiðir oft til misskilnings. Rannsóknir erlendis sýna að einelti á sér stað. Þær rannsóknir hafa ekki farið fram hér. Engin ástæða er til að ætla annað en einelti eigi sér stað á Íslandi líka. Það kemur fram í þeim sögusögnum sem við heyrum nánast daglega, fréttum sem við lesum. Ég get sjálfur vitnað til tveggja áratuga starfs í skólum þar sem ég hef orðið vitni að því af hálfu kennara, nemenda, foreldra, í skólum, í íþróttahúsum og þannig má áfram telja. Þess vegna fagnaði ég því að þessi umræða skuli eiga sér stað á hv. Alþingi. Ég fagna undirtektum hæstv. menntmrh. og vonast til að niðurstöður rannsókna leiði síðan til aðgerða þar sem skólakerfið á að gegna mikilvægu hlutverki en ekki síður samskipti skóla, foreldra, nemenda og raunar allra þeirra sem koma að uppeldi barna okkar.

[14:21]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta alvarlega mál upp utan dagskrár og þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans. Þetta er mjög alvarlegt mál og t.d. er vitað að margir þeir unglingar sem leiðast út í ofneyslu áfengis og annarra vímuefna hafa orðið fyrir einelti og jafnvel sjálfsvíg hafa verið rakin til eineltis. Það skiptir því miklu að vandinn sé greindur sem fyrst og brugðist við áður en í óefni er komið.

Aðgerðir gegn einelti eru fyrirbyggjandi starf sem varða samfélagið miklu jafnt og einstaklingana sem um ræðir. Kvennalistinn hefur ítrekað vakið athygli á þessu vandamáli og fékk reyndar samþykkta tillögu á 113. löggjafarþingi, tillögu sem Anna Ólafsdóttir Björnsson, fyrrv. þingkona Kvennalistans, hafði forgöngu um þess efnis að unnið yrði að áætlun um úrbætur og aðgerðir gegn einelti. Því miður hefur minna orðið úr framkvæmd en efni stóðu til og stendur til enn, en sennilega er þó kvikmyndin sem hæstv. ráðherra minnti á í orðum sínum komin til í framhaldi af þessari ályktun. En mér heyrðist reyndar á máli hæstv. ráðherra að hann vissi ekki um þessa samþykkt Alþingis fyrir rúmum sex árum og það er býsna athyglisvert.

Herra forseti. Oftast er um slíkt einelti að ræða sem hér er til umfjöllunar að börn eða unglingar leggja önnur börn eða unglinga í einelti. En vissulega geta fullorðnir átt hlut að máli og sé það rétt að kennarar geri sig seka um að leggja nemendur í einelti verður að bregðast hart við. Það verður að rannsaka þessi mál, ræða þau og gera skýrar kröfur um að slíkt eigi sér alls ekki stað.

Hv. málshefjandi minnti á þá staðreynd að ekki aðeins börn og unglingar verði fyrir einelti heldur einnig fullorðið fólk og einmitt þetta hefur orðið mér umhugsunarefni því að satt að segja man ég ekki eftir neinu tilviki alla mína skólagöngu þar sem nemendur urðu fyrir einelti, hvorki annarra nemenda né kennara, en ég minnist a.m.k. tveggja kennara á þessum árum sem nemendur lögðu í einelti. En það er önnur saga. Með þessu er ég síður en svo að gera lítið úr öðrum hliðum þessa máls, á því þarf að taka í heild.

[14:23]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það var eðlilegt þegar kynnt var 10 ára gömul könnun norsk um einelti kennara í norskum skólum að spurt væri jafnframt hvort ekki væri svipað komið í íslenskum skólum. En umræðan er svolítið erfið á meðan hún byggir fyrst og fremst á fullyrðingum og getgátum.

Sú umfjöllun, sem þegar hefur orðið í fjölmiðlum og þær getgátur sem henni hafa fylgt, ýta svo sannarlega undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kom með, að gerð verði rannsókn á þessu fyrirbæri í íslenskum skólum. Enda þótt einelti, sem er ofbeldi, sé alls staðar í þjóðfélaginu og sannarlega á fleiri vinnustöðum en í skólum er það svo að það er e.t.v. alvarlegast í skólunum vegna þess að þeir eru mjög fjölmennir vinnustaðir þar sem þeir aðilar sem þar starfa standa mjög mismunandi að vígi.

Kennarar hafa eðlilega áhyggjur af fréttaflutningi af svo viðkvæmum málum og meðan fréttaflutningur byggir á getgátum er hann þeim mun erfiðari. Það er gott að það hefur komið fram í þessari umræðu að íslenskir kennarar hafa verið meðvitaðir um þetta vandamál og mér er kunnugt um það að íslenskir kennarar leggja sig fram um það að ræða þetta vandamál við nemendur sína, reyna að koma í veg fyrir það einelti sem þeir sjá að kunni að vera í uppsiglingu. Hins vegar er það svo með þessa tegund ofbeldis eins og aðrar að í öllum hópum og öllum stéttum eru því miður skemmdir einstaklingar sem aðrir verða fyrir barðinu á og að þeim verðum við auðvitað að beina okkar athygli og hjálp.

[14:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að vekja athygli á þessu máli og það er til siðs að segja í öllum svona umræðum: Umræðan er til góðs og hver hefur þetta eftir öðrum, stundum dálítið vélrænt, finnst mér. Það er ekkert endilega víst að hún þurfi að vera til góðs nema hún leiði eitthvað með jákvæðum hætti.

Spurningin er: Til hvers getur umræða af þessu tagi leitt í þessari stofnun? Hvað getur hún gert? Hvað getur Alþingi gert? Í umræðu um einelti er best að byrja á því að segja, og ég geri það a.m.k. af minni hálfu, orð eru dýr, orð eru gríðarlega dýr. Orðið einelti er gríðarlega vandmeðfarið, hvort sem um er að ræða nemendur, kennara eða aðra í þjóðfélaginu. Ég held að það sé rétt sem hv. þm. Hjálmar Árnason sagði áðan að menn þurfa að gæta sín á því að fara vel með orð af þessum toga til þess að lenda ekki í ógöngum og því að breyta umræðunni í allsherjarflatneskju um hluti sem menn ráða ekki við og ná ekki utan um.

Einelti getur stafað af margvíslegum ástæðum. Það getur verið myndbirting félagslegra vandamála eins og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir drap á hér áðan. Það getur verið myndbirting þess að fólk ráði ekki almennilega við vinnuna sína af því að bekkirnir eru of stórir. Það getur verið myndbirting persónulegra vandamála einstakra kennara — og gerum okkur grein fyrir því að kennarastéttin á Íslandi telur mörg þúsund manns, sennilega 7–8 þúsund manns eða svo. Það er við því að búast að af og til komi vandamál í svo stórum hópi. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að segja það í þessari umræðu þó að ég taki undir nauðsyn hennar. Ég geri það af einlægni. Ég þekki til þessara mála dálítið, bæði sem starfsmaður í ráðuneytinu og sem kennari um margra ára skeið. Það á að fjalla um þessi vandamál, en við megum ekki breyta umræðunni í galdraofsóknir af neinu tagi. Við skulum halda ró okkar í mál af þessu tagi og ég segi: Ég er ekki alveg viss um að umboðsmaður barna sé rétti aðilinn til að rannsaka þessi mál. Ég mundi nefna Rannsóknastofnun

uppeldismála ef hún væri ekki kannski fullkennaravæn fyrir minn smekk að því er þetta sérstaka vandamál varðar. En ég hvet til þess að það verði farið í að rannsaka málið og haldið viturlega á því.

[14:28]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. og þeim sem hér hafa tekið til máls fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. En ég vil koma því skýrt á framfæri að ég tel að menntmrn. eigi að hafa forgöngu í málinu vegna þess hve eineltið er margþætt og menntmrn. hefur einnig með að gera uppeldis- og rannsóknastofnun skólamála. Henni stýrir einn fremsti félagsvísindamaður þessa lands, maður sem starfaði ungur m.a. við það að vera í útideild Reykjavíkurborgar til að elta uppi unglinga sem höfðu hrakist frá námi af ýmsum ástæðum. Kannski er það nokkuð góður bakgrunnur líka.

Ég vil taka það fram að ein af ástæðunum fyrir því að ég bað um þessa umræðu var sú að ég tel ekki rétt að yfirfæra erlenda könnun og segja: Svona er ástandið á Íslandi. Ég tel það ekki rétt. Ég vil að hér fari fram vönduð könnun á þessu máli og í framhaldi af því verði gripið til þeirra aðgerða sem þarf. Og ég undirstrika það að einelti er vissulega til á vinnustöðum en fullorðnir geta skipt um vinnustað. Það geta börnin aftur á móti ekki ein og óstudd. Þau eru skyldug að mæta dag eftir dag, ár eftir ár á sama stað. Þannig höfum við búið um leikreglurnar. Þau geta ekki sagt: Nú lofa ég að lesa heima og læra bara heima. Þau verða að mæta. Og það er sú alvara sem verður þess valdandi að við, hin fullorðnu, hljótum að bera fulla ábyrgð, hver og einn einasti Íslendingur, á því einelti sem á sér stað í skólum landsins, hvort heldur það er af völdum annarra barna eða af öðrum ástæðum.

[14:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef raunar engu við það að bæta sem hér hefur verið sagt nema ég vil taka undir orð þeirra sem hafa varað við að nota þetta orð — einelti — af gáleysi því það er mjög alvarlegt mál að ræða um einelti. Það er ekki hægt að yfirfæra það t.d. á stjórnmálastörf eða annað slíkt með þeim hætti sem var leitast við að gera í þessum umræðum. Hér er um viðkvæmt og vandasamt mál að ræða sem verður að taka á í því ljósi og ber að fjalla um af fullri alvöru. Eins og fram hefur komið snertir þetta einnig það umhverfi og það andrúmsloft sem skapast í kringum skólastarf hér á landi ef menn ætla að leggja höfuðáherslu á að einelti sé bundið við þær stofnanir þannig að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða. Ég ítreka það sem ég sagði að ég er reiðubúinn til að beita mér og aðstoða þá sem hafa frumkvæði að því að hrinda af stað rannsóknum um einelti og stofnanir á vegum menntmrn. verða það vafalaust líka. Á vegum Kennaraháskóla Íslands hafa einnig verið unnin rannsóknarverkefni sem snerta þessi mál þannig að við höfum allar forsendur fyrir að framkvæma hlutlæga athugun. Ég tel rétt, eins og málum er háttað og miðað við yfirlýsingar umboðsmanns barna, að sjá hvaða frumkvæði hann hefur í málinu. Við og aðrir, sem að því hljótum að koma, því ekki er þetta einvörðungu bundið við menntmrn., hljótum að taka þátt í að reyna að afla sem haldbestra upplýsinga um þetta mál. Um þetta snerist umræðan hér — hvort menn væru viljugir til að framkvæma rannsókn. Ég endurtek, ég er viljugur að beita mér fyrir því eftir því sem ég hef tök á.

Tilhögun þingfundar.

[14:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundarhaldið í dag vill forseti taka fram að ætlunin er að freista þess að ljúka umræðu núna um 5. dagskrármálið ef það tekur ekki margar mínútur. Síðan verður gengið á röðina eins og hún er á dagskránni og mikilvægt er að koma til nefndar 6.–14. dagskrármáli. Það eru allt saman mál sem hæstv. fjmrh. flytur og forseti óskar eftir góðu samstarfi við hv. þm. um að ljúka umræðu um þessi mál í dag eða kvöld. Ef ekki, þá verður að reikna með þingfundi á morgun, föstudag.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1995, frh. umr.

[14:34]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Herra forseti. Það er ekki ætlan mín að bæta miklu við þá greinargóðu umræðu sem fór fram um skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir matarhlé. Ég vil þó kveðja mér hljóðs og taka sérstaklega undir athugasemdir hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem komu fram áðan og að nefna tvö atriði sem fram hafa komið í umræðunni og ég vil gera ljóst að Kvennalistinn leggur einnig mikla áherslu á þau. Það fyrra er í raun að fagna orðum hæstv. forseta um að fjárveitingar til embættis umboðsmanns Alþingis verði viðunandi á næsta ári því það hlýtur að vera óumdeilt að embætti umboðsmanns beri fjárveitingar sem geri því kleift að rækja skyldu sína samkvæmt lögum óhikað og án tafa. Hitt atriðið er um meinbugi sem bent er á í títtnefndri skýrslu. Athygli vekur að strax í fyrstu skýrslu sem embættið sendi frá sér var bent á að breyta þurfti lagareglum um gjafsókn þannig að umboðsmaður geti vísað þeim kvörtunum er varða réttarágreining til dómstóla. Enn er ekki að finna í lögum ákvæði sem veitir dóms- og kirkjumrh. heimild til að veita gjafsókn að tillögu umboðsmanns. En allshn. hefur áður lagt áherslu á, í áliti sínu, að sú heimild verði veitt. Það skal ítrekað hér, herra forseti.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 161.

[14:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, en frv. þetta er að finna sem 146. mál á þskj. 161.

Breytingar þær sem hér eru fram lagðar eru af ýmsum tagi og tengjast að sumu leyti breytingum sem lagðar eru til í öðrum skattafrumvörpum sem ég hef lagt fram og eru á dagskrá þessa fundar. Ég mun í þessari ræðu stikla á stóru um helstu breytingar sem lagðar eru til í frv. og fjalla svo um einstakar greinar frv.

Ein helsta breytingin sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum er rýmkun heimildar til yfirfærslu rekstrartaps

milli ára. Á árinu 1991 var gerð sú lagabreyting á yfirfærslu rekstrartaps í atvinnurekstri sem myndar frádrátt frá tekjum að í stað þess að vera ótímabundin var yfirfærslan bundin við síðustu fimm ár á undan tekjuári. Eitt meginmarkmið með þessum breytingum var að fella niður heimild til að nýta rekstrartap sem myndaðist fyrir mörgum árum og jafnvel áratugum en verðuppfærsla þess hafði verið nokkuð umdeild. Lögin tóku gildi árið 1992, en samkvæmt þeim á heimild til að nýta rekstrartap sem myndaðist árið 1990 eða fyrr að falla niður í lok þessa árs.

Þegar við gildistöku laganna var bent á að fimm ára tímabil væri skammur tími, bæði í samanburði við þær reglur sem gilda víða annars staðar og ekki síður við íslenskar aðstæður þar sem í senn gætti meiri sveiflna í rekstri milli ára og eins næðu þær yfir lengra tímabil en víðast annars staðar. Að undanförnu hafa farið fram viðræður milli stjórnvalda og fulltrúa atvinnurekenda þar sem þessi sjónarmið hafa verið ítrekuð. Jafnframt hefur verið bent á að miðað við óbreytt lög verði ekki lengur heimilt að nýta rekstrartap frá erfiðleikaárunum 1988–1990 til frádráttar tekjum, en þessi ár hafi verið fyrirtækjum afar erfið og enn sé mikið ónýtt tap frá þessum árum.

Þessar ábendingar eru réttmætar og í frumvarpinu er lagt til að tímabilið til nýtingar rekstrartaps frá fyrri árum til frádráttar tekjum verði lengt úr fimm árum í átta ár til frambúðar. Vegna sérstakra aðstæðna er einnig gerð tillaga um að heimilt verði að nýta það rekstrartap sem myndaðist á árunum 1988–1990 fram til aldamóta, en tap ársins 1987 og fyrri ára falli niður um næstu áramót.

Í tengslum við þessa breytingu á tapsyfirfærslunni er nauðsynlegt að geta um tillögur um að samræma álagningu tryggingagjalds milli atvinnugreina og stefna að einu gjaldhlutfalli eftir fjögur ár, en það er nú í tveimur þrepum sem kunnugt er. Tillögur um þessa samræmingu eru í frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1990 og það er 145. mál þingsins. Samkvæmt þessum tveim tillögum mun tryggingagjald þeirra atvinnugreina sem nú eru í lægra þrepinu (landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður að verulegum hluta, hugbúnaðariðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og bílaleigur) hækka um tæplega 2% af stofni þ.e. af launum. Tryggingagjald annarra atvinnugreina mun hins vegar lækka um 1,35% af launum. Rýmri heimildir til að nýta rekstrartap fyrri ára koma ekki síst mörgum sjávarútvegs- og iðnfyrirtækjum til góða og vegur þannig á móti hækkun tryggingagjalds, en þessar greinar eiga verulegan hluta þess rekstrartaps sem enn er ónýtt frá þessum árum. Auk þess mun breytingin treysta nýsköpun í atvinnulífinu þar sem hún styrkir stöðu ungra fyrirtækja, en fyrstu rekstrarárin eru oft erfið meðan fyrirtækin eru að vinna sér stöðu á markaðnum og bera kostnað af fjárfestingum o.fl.

Það má kannski segja í örstuttu máli að verið sé að setja „átta árin" til frambúðar þar sem menn búist við að hagsveiflan hér á landi í efnahags- og atvinnulífinu sé um það bil átta ár og það getur auðvitað hreyfst til eins og menn þekkja.

Í öðru lagi er í frv. lagðar til breytingar á afskriftareglum og er lagt til að þær verði sveiganlegri en nú er. Með þessum breytingum eru möguleikar fyrirtækja til að bregðast við tímabundnum sveiflum í afkomu auknir og reksturinn þannig treystur án þess að vikið sé frá því meginsjónarmiði að afskriftir ráðist af verðrýrnun varanlegra rekstrarfjármuna.

Ég vona að hv. þm. kunni skil á þessum hagfræðilegu hugtökum eins og varanlegir rekstrarfjármunir. Það eru helst prófessorar í hagfræði sem gera það að sjálfsögðu. En þar mun vera átt við fjármuni sem ekki eru fasteignir en hafa þó tiltölulega varanlegt gildi fyrir atvinnureksturinn.

Veigamikil rök eru fyrir þessari breytingu. Bæði virðast afskriftareglur margra Evrópuríkja mun sveigjanlegri en hér á landi og eins sýnast sveiflur í efnahagslífi og atvinnurekstri meiri hér en víðast erlendis. Þessar breytingar hafa ekki áhrif á tekjur ríkissjóðs til lengri tíma litið, en gætu leitt til breytinga á greiðsluflæði einstakra ára og þá í báðar áttir væntanlega.

Í þriðja lagi er í þessu frv. lagt til afnám sérstaks hlutabréfafrádráttar einstaklinga. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að sérstök nefnd skipuð skipuð fulltrúum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins vinnur nú að tillögum um breytingar á tekjuskatti einstaklinga sem miða að því að draga úr svokölluðum jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins og vegna mismunandi skattþrepa og tekjutenginga ýmissa bótagreiðslna. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum fyrir áramót og eru því að svo stöddu engar tillögur gerðar er varða þau atriði sem ætla má að nefndin taki á nema um afnám skattafsláttar vegna hlutafjárkaupa. Til þess að skapa nefndinni svigrúm til lækkunar jaðarskatta er hér lagt til að felldur verði niður sérstakur skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa einstaklinga og er gert ráð fyrir að sú breyting taki gildi frá áramótum. Vegna afturvirknissjónarmiða er nauðsynlegt að lögfesta breytinguna fyrir áramót þannig að hún geti skilað fjármunum í ríkissjóð árið 1998. Hafa verður og í huga í þessu sambandi að breytingar sem verða á skattlagningu arðs af hlutabréfum á næsta ári stuðla væntanlega að meiri viðskiptum með hlutabréf og því eru ekki jafngild rök fyrir þessari ívilnun og áður. En sem kunnugt er þá var lögum breytt þegar fjármagnstekjuskatturinn var samþykktur á Alþingi og skattur á arð er núna 10% en áður var hann í sama skattþrepi og tekjuskatturinn en hins vegar sérstakur skattfrádráttur þegar um lægri upphæðir var að ræða og að ákveðnu prósenti sem arður var gefinn út á.

Aðrar helstu breytingar samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu eru í fyrsta lagi að skatthlutfall tekjuskatts einstaklinga vegna flutnings grunnskóla til sveitarfélaga lækkar. Hér er um að ræða flutning á tekjum frá ríki til sveitarfélaga til að standa undir kostnaði vegna flutnings grunnskólans. En það er samkvæmt samningi sem gerður var milli þessara aðila.

Í öðru lagi eru fyrirhugaðar breytingar á reglum er varða málsmeðferð samkvæmt tekjuskattslögunum.

Í þriðja lagi eru ákvæði sem gera réttarstöðu einstaklinga í staðfestri samvist þá sömu og gildir um hjón að því er varðar skattlagningu tekna og eigna og rétt til nýtingar þess skattalega hagræðis sem gildir um hjón. Með þessum breytingum eru ákvæði gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt löguð að lögum um staðfesta samvist.

Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða heldur verið að að kveða sérstaklega á um réttindi og skyldur þessara einstaklinga í skattalögum þar sem eðlilegt þykir að ákvæði um skattalega stöðu sé í þeim lögum frekar en í hinum ýmsu sérlögum.

Í fjórða lagi er lagt til að við útreikning verðbreytingastuðuls verði miðað við vísitölu neysluverðs í stað byggingarvísitölu.

Það er almennt talið, ekki síst hjá þeim sem starfa í atvinnurekstri, að sú viðmiðun, sú mælieining sé betri fyrir atvinnureksturinn í heild en byggingarvísitalan.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar er lúta að skattlagningu fjármagnstekna einstaklinga, þ.e. annars vegar að því er varðar hlutdeildarskírteini og hins vegar að því er varðar einstaklinga sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi. En hvort tveggja eru ívilnandi breytingar.

Þær breytingar munu síðan koma fram, þar á meðal sú sem varðar skattlagningu gengishagnaðar og hlutdeildarskírteini, í sérstöku frv. ef ég man rétt, virðulegur forseti, til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu tekjuskatts og mun ég gera frekari grein fyrir því máli þegar að því kemur. Það er sjálfsagt óþarfi við 1. umr. þessa máls að fjalla ítarlega um einstakar greinar frv. Ég vil þó fara örfáum orðum um greinarnar.

Í 1. gr. er verið að gera breytingu á 8. gr. laganna. Þetta er breyting til samræmis við frv. um staðgreiðsluskatt af fjármagnstekjum en þar er lagt til að staðgreiðsla hlutdeildarskírteina verði tekin við innlausn í stað þess að taka skattinn árlega. 1. gr. fjallar fyrst og fremst um þetta atriði og skýringar er að finna í frv. til breytinga á staðgreiðslulögunum.

Í 2. gr. er fjallað um verðbreytingastuðulinn. Það sem nú er byggingarvísitala verður neysluvöruverð. Vegna tekjuársins 1996 er ákvæði til bráðabirgða. Ég vek athygli á því.

Í 3. gr. er lagt er til að hlutabréfafrádrátturinn verði afnuminn.

Í 4. gr. er fjallað um rekstrartöpin þar sem almennt er gert ráð fyrir að fresturinn til að færa töp liðinna ára milli ára er lengdur úr fimm árum í átta ár. Í bráðabirgðaákvæði er að finna það sem ég hef áður minnst á um að hægt sé að nýta árin 1988, 1989 og 1990 allt til ársins 2000, hvað þetta snertir.

Í 5. gr. eru afskriftareglurnar rýmkaðar. Ég hef þegar lýst því hvernig það er hugsað.

Í 6. gr. er ákvæði um samsköttun einstaklinga í staðfestri samvist. Þetta er ekki efnisbreyting en breyting til samræmis við það sem samþykkt var á hinu háa Alþingi á síðasta þingi.

Í 7. gr. er að finna lækkun á tekjuskattshlutfalli en hækkun mun verða lögð til að sama skapi í öðrum lagafrv. sem hæstv. félmrh. mun flytja.

Í 8. gr. er fjallað um þá sem hafa takmarkaða skattskyldu hér á landi, fólk sem t.d. er búsett erlendis og verður að færa hlutfallið til samræmis við það sem er í fjármagnstekjuskattinum, úr 20% í 10%.

Í 9. gr. er ekki nein efnisbreyting, en engin ákvæði gilda í dag um þetta efni. Til þess að skýra afstöðu löggjafans er eðlilegt að setja inn ákvæði um stofnfjárbréf í sparisjóðum þannig að þau séu, ef ég skil þetta rétt, jafngild hlutabréfum og bréfum í samvinnufyrirtækjum.

Í 10. gr. er fjallað um málsferð. Þar eru nokkrar breytingar á reglum um frest til skattstjóra til að endurupptaka mál. Slíkar breytingar er einnig að finna í öðru frv. sem mælt verður fyrir síðar í dag, frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt.

Í 11. gr. er verið að heimila innheimtumönnum aðgang að opinberum skrám. Það hefur verið talið að aðgangur að slíkum skrám sé heimill en þó kemur í ljós að tölvunefnd hefur úrskurðað að skattyfirvöld hafi ekki aðgang að skrám Fasteignamatsins, fasteignaskrá. Hér er verið að taka af allan vafa um þann rétt.

Í 12. gr. er um ábyrgð samskattsaðila að ræða og það nær að sjálfsögðu til sameiginlegrar ábyrgðar einstaklinga í sambúð. Eins og réttindin eru sameiginleg þá mun ábyrgðin verða það líka. Sama gildir um sambúðarfólk og hjón.

Í 13. gr. er breyting í samræmi við gildandi framkvæmd, en það hefur verið talið að fjmrh. geti framselt frestsheimild til ríkisskattstjóra.

Óþarfi er að fjalla um 14. gr. Það hef ég gert áður.

15. gr. er gildistökugrein.

Í 16. gr. eru ákvæði til bráðabirgða sem ég hef gert að umtalsefni áður, annars vegar verðbreytingarstuðullinn fyrir yfirstandandi ár og hins vegar gömlu töpin.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Í því er að finna ýmsar breytingar sem taldar eru mikilvægar fyrir atvinnureksturinn auk þess sem nokkrar leiðréttingar eru gerðar á skattalögunum.

Að lokinni þessari umræðu mælist ég til þess að frv. verði afgreitt til 2. umr. og sent hv. efh.- og viðskn.

[14:53]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á því er brýn þörf að endurskoða tekjuskattskerfið. Það þarf að leiðrétta ýmsa agnúa sem á því eru, leiðrétta ýmiss konar ranglæti sem viðgengst og stuðla að jöfnun lífskjara.

Það frv. sem hér liggur fyrir er hluti af stærri skattapakka sem lagður hefur verið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og felur einkum í sér fjögur meginatriði, þ.e. í fyrsta lagi nýtingu rekstrartaps fyrri ára. Í öðru lagi afnám hlutafjárfrádráttar. Í þriðja lagi hækkun tryggingagjalds á sjávarútveg og landbúnað en um leið lækkun á flestar tegundir viðskipta og verslunar. Og í fjórða lagi breytingar á vörugjöldum. Auk þess er um að ræða nokkrar minni háttar breytingar.

Þessi frv. sem hér eru lögð fram varða einkum rekstur fyrirtækja. Sum þessi ákvæði eru verulega ívilnandi, eins og heimildin til að nýta rekstrartöp allt aftur til ársins 1988, en önnur eru íþyngjandi og má þá einkum nefna væntanlega hækkun tryggingagjaldsins. En yfirleitt snerta þessar tillögur og þessar skattbreytingar ekki fólk með lágar tekjur eða meðaltekjur nema þá helst afnám hlutafjárfrádráttarins sem virðist hafa verið nýttur af býsna stórum hópi skattgreiðenda svo og mikil hækkun á tryggingagjöldum á einyrkja, t.d. á trillusjómenn og bændur sem sannarlega hafa oft mjög lágar tekjur.

Nýlega kom fram að fjöldi þeirra skattgreiðenda sem skulda hærri fjárhæð en þeir eiga, þ.e. eiga minna en ekki neitt, hefur tvöfaldast á mjög skömmum tíma. Þetta sýnir betur en margt annað hvílík neyð ríkir í okkar þjóðfélagi. Þegar saman fara lág laun, dýr framfærsla og háir jaðarskattar, verður afleiðingin svo skelfileg sem raun ber vitni í allt of mörgum tilvikum. Ég tel að langbrýnustu endurbæturnar sem þarf að gera á tekjuskattskerfinu séu það sem ég vék að hér í upphafi. Jaðarskattarnir eru allt of háir. Þann vanda verður að leiðrétta. Og skattbyrði á lágar tekjur og meðaltekjur er allt of þung. Það þarf að auka skattlagningu á háar tekjur og miklar eignir og skattlagning fjármagnstekna er ranglát auk þess sem vel stæð fyrirtæki sem skila miklum hagnaði skila sannarlega mjög litlu, óeðlilega litlu, til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins.

Hæstv. ráðherra hefur upplýst að skipuð hafi verið nefnd sem í eigi sæti fulltrúar stjórnvalda og aðilar vinnumarkaðarins sem vinni að því að gera tillögur um lækkun jaðarskatta.

Ég hefði nú talið eðlilegast að allar þær skattalagabreytingar, allar breytingar á tekjuskattslögum sem fyrirhugaðar eru á þessu hausti hefðu komið fram á einu bretti og um þær hefði verið fjallað í einu heildarsamhengi frekar en að fara að slíta þær sundur í marga parta eins og hér er verið að gera. En hvað um það. Tillögurnar virðast ekki liggja fyrir og fer nú að verða mjög skammur tími að undirbúa það mál þannig að vel megi fara vegna þess að lögin eiga að taka gildi frá byrjun næsta árs. En ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvenær er þá von á þeim tillögum sem boðaðar hafa verið og um hvaða meginhugmyndir eru menn að ræða? Ég tel að nefndin sem fær þetta mál til umfjöllunar hljóti að verða að vita eitthvað um hvaða tillögur eru í bígerð af hálfu hæstv. fjmrh., um leið og hún fjallar um veigamikla þætti tekjuskattslaga í framhaldi af vísun þessa máls til nefndar.

Svo ég víki nánar að jaðarsköttunum þá er það alkunn staðreynd að margvíslegar bætur sem ríkið greiðir út, m.a. vaxtabætur og barnabætur, skerðast þegar tilteknum heildartekjum er náð. Þetta hefur leitt til þess að jaðarskattur getur orðið býsna hár hjá fólki með meðaltekjur. Ég vil láta þess getið að við alþýðubandalagsmenn höfum hreyft þessu máli á hverju þingi nú um margra ára skeið. Þetta er ekki eitthvað sem er alveg nýtilkomið og sem núverandi ríkisstjórn eða hæstv. fjmrh. hefur rekið augun í. Þetta hefur verið til umræðu í þinginu ár eftir ár. Ég minni t.d. á tillögu sem við alþýðubandalagsmenn fluttum á þinginu 1994–1995. Það var gert ráð fyrir að tekin væri upp sérstök regla varðandi jaðarskatta. Tillagan var þannig með, leyfi virðulegs forseta: „að sett sé þak á tekjutengda skerðingu bótaliða, svo sem vaxtabóta og barnabóta, þannig að jaðarskattshlutfall fari aldrei yfir 55%."

Það hafa sem sagt legið fyrir í þinginu býsna skýrar og ákveðnar tillögur um þetta efni og ég tel að það sé heldur ófugsnúið að hæstv. fjmrh. sé að vakna upp við vondan draum á síðustu mánuðum þessa árs til að fara að garfa eitthvað í þessu máli á allra seinustu stundu og hefði verið betur að hann hefði litið á þær tillögur sem hér hafa verið fluttar í þinginu og reynt að vinna þetta mál í tengslum við þær.

En háir jaðarskattar eru ekki eina ranglætið í tekjuskattskerfinu. Persónuafsláttur í tekjuskatti einstaklinga hefur ekki hækkað í eðlilegu hlutfalli við verð- og tekjubreytingar í þjóðfélaginu á mörgum undanförnum árum og persónuafslátturinn hefur því í raun verið að lækka. Alþb. leggur á það áherslu að skattleysismörk verði hækkuð á nýjan leik í nokkrum áföngum. Það er einnig sanngirnismál að foreldrar með lágar tekjur geti notað sér ónýttan persónuafslátt unglinga á aldrinum 16–20 ára sem dveljast í heimahúsum og eru því að mestu á framfæri foreldranna. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar voru við álagningu 1994, en það eru seinustu upplýsingar sem ég hef undir höndum, samtals rúmlega 20.000 framteljendur á aldrinum 16 til og með 20 ára. Persónuafsláttur þessara framteljenda nam um 5,8 milljörðum kr. Af þessum framteljendum voru rúmlega 16.000 sem ekki nýttu persónuafslátt sinn að fullu. Ónýttur persónuafsláttur þessara framteljenda var þá rétt um 2,5 milljarðar kr. Því miður lágu ekki fyrir upplýsingar um það fyrir einu ári síðan hversu mikið foreldrar þessara barna gætu nýtt af persónuafslætti þeirra. En þar sem heimildin sem við alþýðubandalagsmenn teljum að ætti að setja í tekjuskattslögin yrði bundin við lágar tekjur foreldra og veru unglinganna í heimahúsum þá er nokkuð ljóst að upphæðin sem þyrfti að verja í þessu skyni væri aðeins lítið brot af þeirri upphæð sem ég hef nú nefnt, þ.e. þessum 2,5 milljörðum kr. Þannig að ég tel að þetta viðfangsefni sé ekki óviðráðanlegt og komi mjög sterklega til greina við endurskoðun tekjuskattslaga nú á þessu hausti.

Eins og kunnugt er fellur ónýttur persónuafsláttur niður ef hann nýtist ekki til framfærslu eða frádráttar sköttum. Með því að greiða ónýttan persónuafslátt út væri fundin leið til þess að styðja sérstaklega þá fjöldamörgu í okkar þjóðfélagi sem eru með laun undir skattfrelsismörkum. Nokkur hluti þessa fólks er unga fólkið á aldrinum 16–20 ára sem þegar hefur verið nefnt.

Ég vil í þessu samhengi, úr því að hæstv. fjmrh. hefur ekki kosið þá leið að koma með allan sinn skattapakka hér á einu bretti og er að vinna í þessum málum þessa dagana, þá vil ég nota þetta tækifæri til að minna líka alveg sérstaklega á ranglætið sem viðgengst í skattkerfinu gagnvart öldruðum. Langflestir sem komnir eru á lífeyrisaldur hafa greitt af launum sínum í lífeyrissjóði áratugum saman. Og af þessu framlagi sínu hafa þeir greitt skatt að fullu. Þetta er því inneign þeirra rétt eins og sparisjóðsinnstæða sem tekin er út þegar hennar gerist þörf. Samt sem áður eru lífeyrisgreiðslur til aldraðra skattlagðar að fullu án nokkurs tillits til þess að um sé að ræða augljósa tvísköttun. Á árinu 1995 var á það fallist að lífeyrisþegar ættu rétt á sérstökum frádrætti af þessari ástæðu. En á þessu ári var þeirri ákvörðun kippt til baka og tvísköttun hafin á nýjan leik. Vissulega var þá jafnframt ákveðið að framlög fólks í lífeyrissjóði skyldu ekki framvegis skattlögð og það væri í sjálfu sér sanngjörn og ágæt ákvörðun, en hvers eiga aldraðir að gjalda? Það er spurningin. Þessi ósanngirni hvað varðar tvísköttun á hinum öldruðu heldur þar af leiðandi áfram. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra, sem var að grípa hér eitthvað fram í fyrir mér án þess að ég gæti numið hvers eðlis það var, hver hans svör séu í þessu efni og hvort hann muni ekki leitast við að leiðrétta það ranglæti sem í þessu er fólgið enda veit ég að fjöldamargir fulltrúar Samtaka aldraðra hafa einmitt leitað til hans og krafist leiðréttinga á þessum málum.

Um þær fáu breytingartillögur sem felast í þessu frv. hef ég út af fyrir sig ekki margt fleira að segja. Ég get fallist á að það eru heilmikil rök fyrir því að tryggingagjald sé samræmt og sé eins á allar stéttir manna en við hljótum að velta því um leið fyrir okkur hvort þetta sé sérstaklega sanngjarn skattur. Eins og menn vita er þessi skattur lagður á launagreiðslur og þetta er því veltuskattur. Skattbyrðin sem í þessu er fólgin er þeim mun þyngri þeim mun meira vinnuafl sem viðkomandi fyrirtæki hefur í sinni þjónustu. Skattbyrðin leggst því af auknum þunga á vinnuaflsfrekar atvinnugreinar. Því miður er það svo að okkar frumvinnslugreinar í sjávarútvegi og landbúnaði eru eðli sínu samkvæmt frekar vinnuaflsfrekar miðað við veltu. Þar af leiðandi eru þær viðkvæmari fyrir álagningu af þessu tagi heldur en þær greinar þar sem mikið fjármagn er saman komið og margt annað kemur inn í reksturinn heldur en hreint vinnuafl.

Það eru ekki liðin mörg ár síðan aðstöðugjald var afnumið. Það var afnumið vegna þess að það var talið ósanngjarnt. Þar væri um að ræða veltuskatt sem ekki tæki neitt tillit til afkomu fyrirtækjanna. En auðvitað gilda nákvæmlega sömu rök gagnvart tryggingagjaldinu að því leyti að fyrirtækin verða að borga tryggingagjald jafnvel þótt þau stórtapi í sínum rekstri og þar af leiðandi stöndum við frammi fyrir því að þetta er skattlagning sem í sjálfu sér er ekkert miklu sanngjarnari en aðstöðugjaldið. Það geta verið viss rök fyrir

mismunun eins og ég hef rakið þannig að mér fyndist á margan hátt eðlilegra að aflagning þessa gjalds í heild sinni yrði tekin til endurskoðunar og ég hef ekki mikla sannfæringu fyrir því að þessi skattur eigi að eiga langa framtíð fyrir sér.

Um afnám skattafsláttar á hlutafjárkaup vil ég segja það eitt að ég tel að þessi skattafsláttur hafi í sjálfu sér gert mikið gagn í þjóðfélagi okkar. Það eru tugir þúsunda manna í þjóðfélaginu sem hafa nýtt sér skattafslátt vegna hlutafjárkaupa. Það liggja fyrir tölur um að þarna er ekki um neitt fámennan hóp að ræða heldur hinn breiða massa í þjóðfélaginu, tugi þúsunda manna. Fólk hefur verið hvatt til þess að leggja fram áhættufé í atvinnurekstri sem það sennilega hefði ekki gert ef þessi hvatning hefði ekki komið til. Þetta held ég að gildi í mjög stórum stíl. Þetta hefur svo aftur leitt til þess að fjöldamörg stórfyrirtæki hafa opnað rekstur sinn og boðið hlutafé á almennum markaði. Þau hafa því styrkt sig verulega með stórauknu hlutafjárframboði og eigið fé þeirra hefur verulega aukist sem aftur hefur leitt til miklu betri rekstrarafkomu þessara fyrirtækja. Ég held að t.d. bætt afkoma margra stórra fyrirtækja í sjávarútvegi eigi m.a. rót sína að rekja til þess að eigið fé fyrirtækjanna hefur verið að vaxa í kjölfar þessara hlutafjárkaupa almennings.

Nú eru aftur á móti breyttar aðstæður vegna þess að ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn sem hér er hefur ákveðið að aðeins verði greiddur 10% tekjuskattur af greiddum arði. Áður var um að ræða ákveðið frítekjumark þannig að allir skattgreiðendur gátu haft vissan arð af fyrirtækjum og borguðu ekki neinn skatt af þeim arði en þegar kom upp fyrir þetta ákveðna frítekjumark lagðist skattur á að fullu. Þetta kerfi var að minni hyggju miklu heilbrigðara og eðlilegra heldur en það sem nú hefur verið tekið upp, þ.e. að það er ekkert frítekjumark, en aftur á móti hefur skattgreiðslan verið lækkuð verulega eða niður í 10%. Ég var andvígur þessum breytingum sem áttu sér stað á sl. vori og hlýt þar af leiðandi að hafa þennan fyrirvara á, ég hefði frekar kosið hið eldra kerfi að arðurinn væri skattlagður að fullu en þó leyft ákveðið frítekjumark og almenningur hvattur til þess að kaupa hlutabréf. En úr því að ríkisstjórnin hefur valið þessa leið þá hlýt ég að fallast á það með hæstv. fjmrh. að það gengur auðvitað ekki að gera hvort tveggja að lækka skattgreiðslur á arðinn og leyfa þar að auki skattafslátt vegna hlutafjárkaupa þannig að að því leyti er þetta skynsamleg ákvörðun út frá forsendum ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál en vænti þess að enn betra tækifæri gefist til að ræða skattamálin almennt þegar hæstv. fjmrh. kemur með stóra skattapakkann inn í þingið. Þetta er bara forskot á sæluna sem við fáum nú og ég læt þetta því nægja.

[15:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru örfá atriði. Í fyrsta lagi vil ég að það komi fram að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er tekið fram að sú nefnd, sem er að skoða áhrif jaðarskattsins og gera tillögur um breytingar, á að skila fyrir árslok 1996. Hún er undir stjórn Ólafs Davíðssonar. Ég talaði við formann nefndarinnar fyrir nokkru og hann áætlar að hægt sé að standa við það. Það er því ekki búist við því að fyrir jól komi frv. til breytinga í þá átt heldur geymist það til vorþingsins.

Hvað varðar persónuafsláttinn vil ég sérstaklega að það komi fram að við höfum nánast fylgt því fordæmi sem gefið var í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Þáverandi fjmrh., sem var næstur á undan mér, breytti lítils háttar lögum um persónuafsláttinn. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Það er forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson. Það færi kannski best á því að hv. þm. sneri sér til hans með þetta. Það bar að minnsta kosti ekki mikið á slíkum óskum á meðan hann sat hér á hinu háa Alþingi á sínum tíma.

Það er ljóst að okkar tekjuskattskerfi er gífurlega tekjujafnandi. (**SvG:** Er ráðherrann að lýsa þingmönnum og forseta lýðveldisins?) Ráðherrann hefur þegar sagt það sem hann ætlaði að segja um þessi mál.

Varðandi lífeyrissjóðina þá er það flókið mál og erfitt að skýra það í stuttu máli. Ég skal koma að því síðar. Ég tel að hv. þm. hafi ekki skoðað nægilega vel atriðið sem hann kallar tvísköttun vegna lífeyrisgreiðslna en ég mun ekki geta komið að því fyrr en í svarræðu minni sem verður væntanlega við lok þessara umræðna.

[15:15]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Það voru talsverðar fréttir fyrir mig og áreiðanlega marga aðra sem hæstv. ráðherra flutti hér rétt í þessu. Hann er sem sagt að segja okkur að það verði engin leiðrétting gerð á þessum ofurháu jaðarsköttum nú fyrir jólin og þar af leiðandi eigi ranglætið að vera við lýði í eitt ár enn. Það eigi ekkert að leiðrétta vegna tekna á næsta ári.

Ég get vissulega beðist afsökunar á því að hafa ekki náð þessu fyrr. Mér datt hins vegar aldrei annað í hug en til stæði að leiðrétta þetta nú á þessu haustþingi og get ekki skilið hvers vegna sú nefnd, sem hæstv. ráðherra hefur skipað, getur ekki skilað af sér í þessum mánuði þannig að okkur gefist tækifæri til að leiðrétta þetta áður en nýtt fjárlagaár hefst.

Varðandi rýrnun persónuafsláttar þá finnst mér það ansi léttvægt af hálfu hæstv. fjmrh. að bera það fyrir sig að núverandi forseti lýðveldisins hafi verið fjmrh. fyrir meira en fimm árum síðan og allt sé þetta honum að kenna. Hann er sjálfur búinn að vera í sæti fjmrh. í fimm ár og á þeim tíma hefur persónuafsláttur rýrnað mjög verulega ár frá ári. Og að ætla að segja okkur það að þetta sé allt þeim manni að kenna sem var fjmrh. fyrir fimm árum síðan, það finnst mér nokkuð djarft að ekki sé meira sagt. (**Fjmrh.:** Það er samt satt.)

[15:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði við hv. þm. áðan að fordæmið er frá fyrri fjmrh. Þar átti sér stað skerðing sem var kannski meiri en sú skerðing sem hefur átt sér stað á síðustu árum.

Ég fæ tækifæri til þess að koma að öðrum atriðum í ræðu hv. þm., t.d. að tryggingagjaldinu. Það er hárrétt hjá honum að það er gjald sem lagt er á laun og þess vegna á veltu. Tryggingagjald hér á landi er þó miklum mun lægra heldur en víðast hvar annars staðar og sá er munurinn á tryggingagjaldinu og aðstöðugjaldinu að tryggingagjaldið er lagt á vegna atriða mjög skyldum launum, þ.e. vegna atvinnuleysisbóta annars vegar og hins vegar vegna ýmissa trygginga sem bókstaflega má leiða af launum. Það er því ekki hægt að segja að þessi launatengdi kostnaður sé aldeilis út í bláinn því að kostnaðurinn er sannarlega launakostnaður sem var borinn af fyrirtækjum fyrr á öldinni og jafnvel á síðustu öldum eins og ég veit að hv. þm., sem er fyrrv. fjmrh., veit af því að hann er áreiðanlega vel að sér í Bismarck.

Varðandi hlutafjárafsláttinn var hugmyndin sú þegar þetta var sett í lög, ég var einn þeirra sem að því stóðu á sínum tíma, að þetta væri bráðabirgðalausn. Ég heyri að hv. þm. sættir sig vel við þessa breytingu miðað við þá breytingu sem gerð var á fjármagnstekjuskattinum.

Að allra síðustu, af því að ég veit ekki hvort hv. þm. hefur kost á því að hlusta á seinni ræðu mína hér í dag, þá vil ég staðhæfa það hér að það fer ekki saman að veita skattafslátt á greiðslum inn í lífeyrissjóði og úr þeim einnig. Og frá því fyrir árið 1988 er ekki hægt að tala um tvísköttun og í reynd má segja að í persónuafslættinum 1988 hafi falist jafngildi þess sem kom fram í 10% afslættinum í lögunum frá 1978–1988 í þessu máli þannig að ekki sé um neina tvísköttun að ræða í þessu sambandi.

[15:19]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ekki þurfi að fjölyrða frekar um persónuafsláttinn og skattfrelsismörkin. Hæstv. ráðherra viðurkennir með orðum sínum að í ráðherratíð hans hefur persónuafsláttur mjög lækkað og skattfrelsismörkin hafa sigið stöðugt niður. Og það er alveg tilgangslaust fyrir hann að reyna að koma ábyrgðinni yfir á einhvern annan hvort sem sá sem hann reynir að koma ábyrgðinni yfir á er forseti lýðeldisins, sem var fjmrh. fyrir fimm árum, eða Bismarck sem var kanslari Þýskalands fyrir rúmlega 100 árum.

Ég held að hæstv. ráðherra ætti miklu frekar að gera sér grein fyrir því að þetta ástand mála er með öllu óviðunandi fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekjur og einmitt leiðrétting á þessu atriði er eitt allra brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir í skattamálum.

[15:21]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú talað fyrir sínu fyrsta skattamáli í dag. Þetta eru fimm frumvörp sem tengjast fjárlagaafgreiðslunni. Veigamest af þeim er það frv. sem við erum að ræða hér, breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hin fjögur frumvörpin fjalla í fyrsta lagi um samræmingu á tryggingagjaldi, í öðru lagi lækkun á vörugjaldi, í þriðja lagi smávægileg lagfæring í sambandi við fjármagnstekjuskatt og í fjórða lagi breytingar á virðisaukaskatti þar sem ríkisstjórnin er að reyna að leiðrétta mjög alvarleg mistök sem hún stóð fyrir í vor. Ég kýs að ræða málin ekki saman, heldur fara yfir hvert þeirra þegar að þeim kemur í umræðunni. Það frv. sem við erum að ræða núna felur hins vegar í sér mjög veigamiklar efnisbreytingar á skattalögum.

Það er hægt að segja að meginefni og meginhugsun frv. komi fram í athugasemdum við einstakar greinar frv. Þar segir, bæði um 4. og síðan um 5. gr.: „Fulltrúar atvinnurekenda hafa ítrekað bent á ...“ Og: „Fulltrúar atvinnurekenda hafa um nokkurt skeið óskað eftir ...“ Þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum þessi skattafrumvörp hæstv. fjmrh. Það er hvergi talað um fulltrúa launafólks, að fulltrúar stéttarfélaganna hafi óskað eftir ... eða að fulltrúar Alþýðusambandsins hafi farið fram á ... Það er hvergi rætt um það hér í þessu frv.

Það er athyglisvert þegar maður skoðar þessi frumvörp að bera þau saman við skýrslu, þ.e. skattastefnu Vinnuveitendasambandsins, sem ýmsir þingmenn hafa undir höndum og einhverjir hafa e.t.v. lesið því að hér er ekkert verið gera annað en að setja í frumvarpsbúning skattastefnu Vinnuveitendasambandsins. Væri e.t.v. betra að Þórarinn Viðar Þórarinsson talaði fyrir málunum á Alþingi í stað þess að hæstv. fjmrh. geri það. Það færi kannski jafn vel á því.

Nú eigum við kannski ekki að fetta fingur út í það þó að tillögur komi frá Vinnuveitendasambandinu. Þær geta vissulega verið góðar og vera má að svo sé. En öll stefna ríkisstjórnarinnar tekur bara mið af einu sjónarhorni. Þetta er kunnuglegt. Það er samfella í þessum fimm frumvörpum sem ríkisstjórnin leggur hér fram, það er samfella í því þegar maður hugsar til baka hvaða hagsmuni hún hefur verið að verja allt frá því að hún tók við völdum. Það eru hagsmunir vinnuveitenda, atvinnurekenda eins og segir skýrt í frv. Það er ekki einu sinni reynt að fela það. Ríkisstjórnin reynir ekki einu sinni að fela það og segja: stefna ríkisstjórnarinnar, stefna Sjálfstfl., stefna Framsfl., eða hvað þeir heita sem standa formlega að ríkisstjórninni. Þeir eru í sjálfu sér ekkert að fara með þá stefnu hér, þeir fela þetta ekkert. Þeir segja: „Fulltrúar atvinnurekenda hafa óskað eftir ...“ og það er það sem ríkisstjórnarflokkarnir eru að bera fram.

Þegar þetta er rætt er ástæða til að vekja athygli á skýrslu sem kom út hjá Þjóðhagsstofnun fyrir nokkrum dögum sem fjallaði ekki um fyrirtækin, því að það eru til aðilar hér sem fjalla um skattamál einstaklinga. Þjóðhagsstofnun var að fjalla um skattamál einstaklinga. Þar kemur fram margt athyglisvert sem lýsir líka stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Tekjubilið í landinu hefur aukist. Skuldir hafa aukist og eignir hafa minnkað. Fólk í landinu hefur orðið fátækara. Það er hægt að lesa út úr þessari skýrslu, að vísu ekki allt fólk, ekki allir einstaklingar. Sumir hafa það mun betra, bæði tekjulega og eignalega hin síðari missiri. Við skulum ekkert ofmeta þetta eina og hálfa ár sem ríkisstjórnin hefur verið við störf, en það er greinilegt á hvaða braut er haldið.

Það kemur einnig fram í þessari skýrslu að tekjujöfnun í gegnum skatta- og bótakerfið hefur minnkað. Tekjubilið hefur aukist. Tekjur kvenna eru 50% af tekjum karla. Það kemur einnig fram í þessari skýrslu. Það fylgja að vísu ekki með upplýsingar um vinnutíma en við vitum um aðrar kannanir sem sýna að vinnutími er hér þriðjungi lengri en annars staðar. Meðaltekjur hæst launaða hópsins eru 3,5 sinnum tekjur lægsta hópsins. Fyrir 10 árum var þessi munur þrefaldur. Þetta sýnir okkur líka í hvaða átt við höfum verið að stefna.

Það eru 23 þúsund einstaklingar í landinu eignalausir, eiga ekki fyrir skuldum og skulda umfram eignir. Það eru 70 þúsund einstaklingar sem eru með framtaldar tekjur undir 58 þús. kr. á mánuði. Þarna er ekki velferð einstaklinganna eins og skattavelferð fyrirtækjanna sem er alltaf dregin upp af hálfu ríkisstjórnarflokkanna.

Það eru 3% af framteljendum með 11% af tekjunum. Það eru þeir sem best mega sín og þeir geta verið mjög svo ánægðir með skattastefnu ríkisstjórnarinnar bæði eins og hún birtist í þessum frumvörpum og hefur reyndar gert áður.

Lágt skatthlutfall fyrirtækja er staðreynd hér á landi. Íslensk fyrirtæki skila minna til samfélagsins sem hlutfall af landsframleiðslu heldur en gerist í öðrum löndum. Þau vilja samt áfram fá skattalækkanir í stað þess að leggja upp með aðferðafræði, hvernig menn geta hagrætt í rekstri, bætt framleiðni og bætt kaup og kjör og jafnframt sína afkomu. Nei, það er hvorki fjallað um það í þessum frumvörpum né öðrum. Hér er fyrst og fremst verið að tala um lagfæringar og lækkanir á sköttum.

1. gr. þess frv. sem við fjöllum um er fylgigrein fyrir breytingu á staðgreiðslu, þ.e. það á ekki að greiða staðgreiðslu

af gengishækkun hlutdeildarskírteina. Á það var bent við afgreiðslu fjármagnstekjuskattsins í vor að þetta yrði ekki framkvæmanlegt. Þetta er útfært betur í einu af frumvörpunum sem verður rætt hér á eftir. Þetta er ekki stórt mál. Hins vegar er þetta tilefni til að rifja upp alla sorgarsöguna í kringum fjármagnstekjuskattinn sem við upplifðum í fyrra. Því að hafi sú skattlagning eitthvað haft með fjármagnstekjuskatt að gera í upphafi, þá varð það síður en svo niðurstaðan. Það sem þá var gert var að lækkaðar voru skattbyrðar á þá sem betur mega sín, á hlutafjáreigendur í landinu, auk sérstakra ívilnana fyrir fyrirtækin. Þetta hafði ekki nokkurn skapaðan hlut með það grundvallarmál að gera, sem við jafnaðarmenn studdum, að það bæri að greiða sambærilegan skatt hvort sem menn hefðu tekjur sínar af vinnu eða af fjármagni. Það er ekki tími til þess að fara nána í þetta núna en það verður gert betur síðar í umfjöllun um það frv.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að nota við útreikning verðbreytingafærslu neysluvísitölu í stað byggingarvísitölu. Hæstv. fjmrh. útskýrði þetta held ég í einni setningu. E.t.v. veit hæstv. fjmrh. ekki nokkurn skapaðan hlut hvað þarna er á ferðinni. Þetta er stór breyting sem þarna er verið að gera. Þetta er vegna klúðurs ríkisstjórnarinnar frá því í vor varðandi endurgreiðsluna virðisaukaskatts á viðhaldi húsa og í tengslum við vörugjald. Við margbentum á það og reyndar allt atvinnulífið eins og það lagði sig. Það var lagst gegn þeim frumvörpum sem menn muna eftir þegar vörugjaldi var breytt sem var fjármagnað með því að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti við húsbyggjendur. Fyrir utan skattsvikin sem þetta kallaði á þýddi þetta stórkostlega hækkun byggingarvísitölunnar, sem gengur að vísu ekki lengur inn í lánin í landinu en hún gengur inn í útreikning verðbreytingafærslu hjá fyrirtækjum. Og nú er þetta kannski farið að verða dálítið flókið en þetta þýðir að tekjufærsla hjá íslenskum fyrirtækjum hefði orðið hundruð milljóna ef ekki milljörðum króna hærri í árslok ef þessi breyting er ekki gerð. Því byggingarvísitalan hækkar miklu meira en nemur neysluvöruvísitölu, sem á að miða við, og það var vegna þessa klúðurs sem var í því.

Ef hæstv. fjmrh. er að hlusta og vill taka niður spurningar væri mjög vel þegið að hann kæmi að því í sínu svari og léti af samtölum við sína flokksmenn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um muninn á hækkun byggingarvísitölu og neysluvöruvísitölu innan ársins. Hvað þýðir þetta í reynd í tekjufærslu hjá fyrirtækjum? Hvað hefði þetta þýtt í viðbótartekjuöflun fyrir ríkið ef lögin hefðu verið látin standa óbreytt? Nú felst ég, í sjálfu sér, alveg á að þetta var klúður að miða við byggingarvísitöluna í ár vegna þessara breytinga sem ríkisstjórnin gerði á endurgreiðslu virðisaukaskattsins en þá á ríkisstjórnin og fjmrh. að koma beint framan að fólki og útskýra af hverju þessi breyting er gerð. Það er nefnilega hægt að fara inn í aðra hluti í sambandi við ársreikning, sem þetta gæti líka haft áhrif á, því endurmat og fyrningar miðast við byggingarvísitölu og munu væntanlega gera það áfram. Menn verða að hafa samræmi þar á milli. Þetta er nefnilega ekki eins einfalt mál eins og hæstv. fjmrh. vill vera láta. En þá hefði verið betra að koma einfaldlega beint framan að mönnum um það efni.

Í 3. gr. frv. er afnuminn með öllu afsláttur vegna hlutafjárkaupa einstaklinga. Þessi afsláttur er mjög áberandi um áramót þegar keypt eru hlutabréf. Þetta var sett til að örva hlutafjárkaup, og var rétt á sínum tíma. En þetta er hins vegar orðið mjög umfangsmikið og ég tel rétt að þrepa þetta niður. Ég held að of harkalega sé farið í þetta og vildi fá álit hæstv. ráðherra á því hvort ekki kæmi til greina að þrepa þetta niður kannski á tveimur árum. Þetta tekur ekki gildi fyrr en 1997. Einstaklingar eru búnir að kaupa í ár til að nýta sér þetta og ekki er lagt til að fella það niður. Ég held að einnig eigi að vera einhver smávægilegur frádráttarmöguleiki í þessu kerfi. Ég held að hagkvæmt sé fyrir alla að einstaklingar fjárfesti eitthvað í hlutabréfum og það sé gott fyrir atvinnulífið og einstaklinga. Ég held að það sé ekki slæm aðferð þó við höldum henni ekki í því umfangi sem gert var hér á umliðnum árum en ég vil fá að vita hvað þetta þýðir í tölum fyrir fjmrh. því það kemur alveg skýrt fram hvað hann er að gera með þessu. Hann er að ná sér í tekjur fyrir nefndina sína — huldunefndina — sem stjórnarandstaðan fær ekki að koma að, nefndina, sem á að lækka jaðarskatta. Ég vil gjarnan fá að vita hvaða svigrúm hann er að kaupa sér með þessu. En hugmyndin er ekki slæm því þetta eru sams konar hugmyndir og við í þingflokki jafnaðarmanna höfum verið að velta fyrir okkur að væri ástæða til að breyta.

Í 4. gr. frv. er verið að auka yfirfæranlegt tap úr fimm árum í átta ár. Þetta er líka stórmál vegna þess að þetta er gert núna á þessu ári þegar það er að bíta. Þetta fer að skipta máli núna um áramótin. Um 80 milljarðar eru til í uppsöfnuðu tapi í kerfinu, kannski ekki allt nýtt. Það hefði átt að gera þetta fyrir ári eða tveimur árum ef menn hefðu viljað lengja þennan tíma sem eru í sjálfu sér alveg full rök fyrir. Það eru fimm ár hér á landi. Bretland er með ótakmarkaðan tíma, Þýskaland líka, fimm ár í Frakklandi, fimm ár í Danmörku, Noregur er með tíu ár og Svíþjóð ótakmarkaðan tíma. Þetta þýðir að menn geti flutt tap milli ára á misjafnan hátt. Mörg rök mæla með því að þessi tími eigi að vera lengri. Ég er fyrst og fremst að finna að því að hugmyndir um þessa breytingu skuli ekki hafa komið fram fyrr, fyrst þetta var stefna ríkisstjórnarinnar. Það sem ég óska eftir er að ráðherra upplýsi í þessari umræðu hvað það þýðir mikið tekjutap fyrir ríkið á næsta ári ef þessi framkvæmd nær fram að ganga. Ég vil líka benda á að meðhöndlun taps á milli fyrirtækja er mjög umdeilt mál. Menn voru að kaupa og selja tap fyrirtækja hér á árum áður. Og það var nú verið að rifja upp frægasta dæmið í blöðunum í dag þegar Vífilfell keypti tap Nú-Tímans af Framsfl. eða útgáfufélagi Framsfl. og þegar ríkið — Framkvæmdasjóður — seldi tap Álafoss, Vífilfelli reyndar líka. Þetta voru viðskipti sem vægt sagt orkuðu mjög tvímælis á þeim tíma. Nú er komið í ljós að þessi kaup voru ekki viðurkennd í skattkerfinu og er svo vel. Ég vil taka fram að reglur um þetta hafa verið þrengdar þannig að þeir keyptu köttinn í sekknum og ég græt það ekki. En ég vil gjarnan fá fram frá hæstv. fjmrh. hvort hann viti um þær sögusagnir, sem ganga í viðskiptalífinu, að menn hafi verið að fara fram hjá þessu tapi með því að selja eignir og mynda þannig hagnað til að nýta tap sem hefði fallið niður, kaupa síðan þessar eignir aftur og byrja síðan að afskrifa það. Sagt hefur verið að þekkist í sambandi við viðskipti með fiskveiðiheimildir. Ég vildi gjarnan fá að vita frá hæstv. ráðherra hvort eitthvað er til í þessu. Er einhver ástæða til að skoða þetta? Er þetta einhver hugmyndafræði í viðskiptum sem hann telur eðlilega? Þarna voru menn sem sagt að koma sér undan þessu sem átti raunverulega að ganga í gildi um áramót, — fimm ára reglan — og sýnir eiginlega betur en margt annað hvað verið er að leggja upp með slæma aðferð, þ.e. að breyta skattalögum örfáum mánuðum áður en árið rennur út. Þetta er slæmt þó ég geti alveg tekið undir að

breiðara bil eigi að vera í þessu máli. Það ætti jafnvel að taka upp þá reglu, sem þekkist mjög víða, að tekjuskattur gangi í báðar áttir, að menn geti fengið endurgreiddan tekjuskatt sem þeir eru búnir að greiða. Það þekkist t.d. í Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum, kerfi sem þyrfti lengri tíma til að útskýra. En fjmrh. verður að koma með tölur um hvað þessar breytingar þýða.

Í þessu frv. er afskriftareglunum einnig breytt. Þær eru rýmkaðar nokkuð. Þetta er breyting sem ég styð. Ég tel eðlilegt að gefa smá svigrúm í sambandi við afskriftir. Hægt er að færa rök fyrir því að gera eitthvað svipað og gert er á alþjóðlegum vettvangi. Svigrúm er ágætt þó svo almennt gildi vitaskuld um afskriftir að þær eigi að vera í samræmi við endingartíma.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um einn mikilvægan þátt í þessu sambandi. Ef fyrirtæki geta afskrifað með misjöfnum hætti, þ.e. varðandi samanburðarhæfni t.d. á verðbréfaþingi, því nú er farið að versla með hlutabréf það víða og ef menn nota mismunandi afskriftaprósentu, einn notar 5 og annar notar 15, þá sýnir það vitaskuld mismunandi afkomu sem þýðir að niðurstaða ársreikninga er allt önnur. Þetta hefur verið vandamál. Ég vildi gjarnan fá álit hæstv. ráðherra á því hvort þessi aðgerð, þó að öðru jöfnu sé allt í lagi með hana, geti ekki kallað einmitt á frekari vandamál varðandi þessa samanburðarhæfni á mörkuðum, sérstaklega þar sem erum farnir að versla með svo mikið af hlutabréfum á almennum markaði. Það mætti skoða það mál út frá þessum þætti.

Í þessu frv. er réttarstaða fólks í staðfestri sambúð gerð, í skattalegu tilliti, eins og hjá hjónum. Þetta lætur lítið yfir sér en ég fagna því að við staðfestum raunverulega þá löggjöf sem við gengum frá samhljóða á síðasta þingi, líka hvað varðar skattalögin. Þetta horfir til framfara. Sömuleiðis að mikilvæg breyting er gerð í frv. en það var umsamið að gerð yrði sú breyting að útsvarstekjur yrðu hækkaðar til sveitarfélaganna í sambandi við flutning til grunnskólans og fer vitaskuld vel á því að það sé gert með þessum hætti.

Þessi fyrirtækjafrumvörp, sem ég kalla svo, einkennast af velvild gagnvart fyrirtækjum, ekki gagnvart fólki. Það kemur fram í stefnuyfirlýsingu með þessum frumvörpum að fella eigi niður að greiða þennan vesæla 10% skatt af arði. Hann var lækkaður í vor úr 42% niður í 10%, sem var fjármagnstekjuskatturinn. Nú ætla þeir að fella það niður. Þeir eru að boða það að þessir menn eigi ekki að greiða skatt af arði. Að vísu fella þeir niður arðgreiðsluna sem frádráttarlið hjá fyrirtækjum. Ég veit ekki til þess að arðgreiðslur hjá fyrirtækjum séu annars staðar dregnar frá tekjum. Ég þekki það ekki nógu vel en ég held að almenna reglan sé sú að það sé ekki gert annars staðar. En það er alveg greinilegt hverjir eru vinir þessarar ríkisstjórnar.

Í þessum frumvörpum kemur ekkert fram um skattaívilnanir fyrir nýsköpun og þróun. Það er ekkert um það. Það eru engar ívilnanir til smærri fyrirtækja. Það eru hvergi gerðar sérstakar skattaráðstafanir vegna þróunar og rannsóknastarfsemi. Nú er ég bara að tala um fyrirtæki og auðvitað er hvergi getið um einhverjar ívilnanir eða leiðréttingar gagnvart einstaklingum. Hér er enn og aftur verið að ganga erinda stórfyrirtækjanna, fyrirtækjanna sem stjórna Vinnuveitendasambandinu. Það er verið að ganga erinda fákeppnisaðilanna sem við þekkjum vel í þessu þjóðfélagi. Ekki er einu sinni náð yfir smærri fyrirtækin og þau sem vaxtarbrodd bera í framtíðinni. Ekkert er gert í þessum skattafrumvörpum gagnvart þeim þó svo að nokkur atriði séu kannski í lagi þá er verið að púsla saman kerfi sem tekur einhliða afstöðu með útfærslu ríkisstjórnarstefnunnar. Ég er ekki sammála þessari stefnu. Ég tel að þessi frumvörp séu í heildina (Forseti hringir.) ekki góð og ekki frambærileg og hefði þurft að leggja þessi mál upp á annan hátt. Stjórnarandstaðan mun bæði við afgreiðslu þessara frumvarpa og við afgreiðslu fjárlaga útfæra betur og kynna þær tillögur í skattamálum sem við höfum unnið að.

[15:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var sérkennileg ræða og ég mun víkja að henni betur síðar. Það sem hv. þm. sagði um skýrslu Þjóðhagsstofnunar var líka nokkuð sérkennilegt, ekki síst ef hv. þm. hefur kynnt sér það sem er að gerast annars staðar. Það kemur nefnilega fram í frétt Þjóðhagsstofnunar mjög skýrlega að dreifing atvinnutekna hefur ekki breyst mikið undanfarin ár. En það er einmitt það sem hefur verið að gerast víðast hvar í heiminum. Og það stendur meira að segja, alveg orðrétt, í þessari frétt: „Þessi stuðull stendur hins vegar í stað milli áranna 1994 og 1995." Með öðrum orðum það er ekki meiri munur á þeim efstu og þeim lægstu á árunum 1994 og 1995 í þessum samanburði og ég staðhæfi það að munurinn á þeim efstu og lægstu í launum hér á landi og annars staðar er fyrst og fremst sá að líklega finnst ekki það land í heiminum þar sem er minni launamunur og tekjumunur á milli fólks eins og er hér á landi. Og ég bið hv. þm., sem er fyrrum prófessor í hagfræði, að benda mér á eitt einasta Evrópuríki þar sem munurinn er minni heldur en hér á landi. Mér þætti fróðlegt að heyra það. Ég hef ekki rekist á það og hef ég þó nokkuð kynnst þessum málum. Í þessari frétt er einmitt bent á hvernig álagning skatta og greiðsla barna- og vaxtabóta jafna mjög tekjudreifinguna. Um það fjallar þetta fréttabréf fyrst og fremst.

Áætlað er að byggingarvísitalan hækki líklega um 6% á þessu ári og neysluvöruverðsvísitalan um 2%. En ég bendi á að þetta virkar í báðar áttir, t.d. þegar maður lítur á söluhagnaðinn þá er það ívilnandi og þess vegna er mjög erfitt að segja til um hvað þetta kostar ríkissjóð eða hverju ríkissjóður verður af o.s.frv. Það er ekki hægt í þessu sambandi. En ég minni á að hlutabréfaafsláttur inn sem hefur verið mjög mismunandi mikill frá ári til árs var síðast um 650 millj. Hann hefur oftast verið á milli 400 og 500 eða 300 til 500 millj. kr.

[15:44]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ræddi í minni ræðu ekki um tekjumun á Íslandi og annars staðar. Ég benti á í minni ræðu, og vitnaði réttilega í þessa skýrslu, að fyrir tíu (**Gripið fram í:** Efstu og lægstu...) — efstu og lægstu já, ég ræddi um það og bar saman, eins og kemur fram í þessari skýrslu, að þessi munur er núna 3,5-faldur, fyrir tíu árum var hann þrefaldur. Ég ræddi ekki um breytinguna frá 1994 til 1995. Ég las nákvæmlega upp úr þessari skýrslu hvað þennan þátt varðar. Hins vegar þá get ég sagt hæstv. fjmrh. að munur milli hæstu og lægstu tekna á Íslandi er líklega einn sá lægsti sem um getur. (**Fjmrh.:** Hvar er hann lægri?) Eins og ég segi, ég fullyrði ekki hvort hann er einhvers staðar lægri. Ég veit hins vegar að í langflestum löndum, því ég treysti mér ekki til að fara með tölur fyrir allan heiminn, en ég veit ekki til þess að hann sé minni einhvers staðar annars staðar. Ég hef ekki heyrt nefnt það land. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál í íslensku þjóðfélagi að tekjujöfnun er mjög mikil miðað við

hvað gerist í nágrannalöndunum. Ég bendi hins vegar á, sem hér kemur fram, að tekjujöfnunaráhrifin hafa minnkað og ég bendi á að tekjumunur í þjóðfélaginu hefur verið að breikka hvort sem það er meira í öðrum löndum sem búa við aðra uppbyggingu en við. Það hafa menn vitað mjög lengi. Íslendingar hafa hins vegar ekki viljað hafa mjög mikinn mun í tekjum hjá fólki og hafa flestir stjórnmálaflokkar komið að því með einum eða öðrum hætti.

Ráðherra staðfestir raunverulega tölurnar mínar um það sem ég var að segja um muninn á byggingavísitölu og neysluvöruvísitölu, það eru 6% og 2% og (Forseti hringir.) áhrif þess á verðbreytingafærsluna. Þetta verður eitt að því sem hv. efh.- og viðskn. mun kanna sérstaklega og afla sér talnagagna um því um þetta snýst málið. Eins og ég nefndi er verið að færa til geysilega mikla fjármuni (Forseti hringir.) varðandi tekjufærslu hjá fyrirtækjum í ársreikningum.

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst langar mig til að minna hv. þm. á af því hann telur að allar þessar tillögur séu frá VSÍ að hann var sjálfur á fundi í efh.- og viðskn. og spurði sérstaklega hvort þetta mál kæmi ekki örugglega fram á haustþinginu og fékk jákvætt svar frá starfsmönnum ráðuneytisins. Mér er kunnugt um það. (**ÁE:** Hvaða mál?) Um tapsfrádráttinn, hvort ætti ekki að breyta honum í það horf sem hér er. Ég get því alveg eins haldið því fram að þetta sé frá hv. þm. komið. Enda var hann nú einu sinni nokkuð nátengdur VSÍ þannig að skylt er skeggið hökunni.

Í öðru lagi skal ég láta nefndina hafa allar tiltækar tölur varðandi tapsyfirfærsluna. Það er ekki til sundurliðað frá árunum fyrir 1991. En það skiptir þó mestu máli í þessu andsvari að vekja athygli á því sem hv. þm. viðurkenndi í svari sínu við andsvarinu. Hann viðurkenndi að hann hafi reynt að nota frétt frá Þjóðhagsstofnun með þeim hætti að gera mikið úr launamun þeirra hæstu og lægstu hér á landi þegar það er kannski stærsta fréttin í þessu fréttabréfi að þessi launamunur hafi ekki breyst á milli áranna 1994 og 1995 á sama tíma og vitað er að sá launamunur sem þarna er notaður og þessi Gini-stuðull er notaður um, hann hefur verið að vaxa í flestum öðrum löndum í heiminum. Þegar hv. þm. var spurður að því hvort hann gæti nefnt eitt einasta land í heiminum þar sem launamunur væri minni en hér á landi þá gat hann það ekki. Hann er prófessor í hagfræði. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að inngangsorð hv. þm. hljómuðu ekki þannig. Þau hljómuðu eins og þau væru spiluð á falska flautu. Því það er nefnilega þannig (Forseti hringir.) að sem betur fer búum við hér á landi við meiri jöfnuð í tekjum en víðast ef ekki alls staðar annars staðar.

[15:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fer hæstv. fjmrh. með rangt mál í báðum þeim athugasemdum sem hann gerir. Í fyrsta lagi spurði ég starfsmann fjmrn. um hvort frv. kæmi um breytingar á tapsfrádrættinum. Bolli Bollason svaraði því að þau mál væru til skoðunar í ráðuneytinu. Það var ekki sagt að frv. kæmi í haust. Rétt skal vera rétt. Engin slík yfirlýsing var gefin. Í öðru lagi er rangt sem hann er að segja varðandi launamun. Ég bar saman hvað hefði gerst á tíu ára tímabili úr skýrslunni. Launamunur hér á landi hefur aukist úr þreföldum upp í 3,5-faldan. Það er það sem ég sagði. Ég sagði ekkert um þróunina milli 1994 og 1995, hún hefur staðið nokkurn veginn í stað. Ég hef margoft sagt bæði hér og get sagt það víða annars staðar að launamunur hér á landi er mjög lítill miðað við önnur lönd. Það hefur alltaf legið fyrir. En hæstv. fjmrh. fer einfaldlega með rangt mál þegar hann segir að ég hafi verið að beita blekkingum. Ég sagði aldrei að launamunurinn hér væri miklu meiri en í öðrum löndum. Ég benti á, og hæstv. fjmrh. veit það ef hann hefur hlustað, að launamunur hér á landi hefur aukist sl. tíu ár. Það kemur fram í skýrslunni. Ég tel það ekki vera æskilega þróun. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. telji það vera æskilega þróun. Það er pólitískt matsatriði. En það er lágmarkskurteisi og það hefur gengið þokkalega hjá mér og hæstv. fjmrh. að hafa skoðanaskipti, og ég frábið mér að ráðherrann fari með rangt mál og brigsli mér um hluti sem ég hef ekki sagt. Hann er ekki vanur því og ég hef ekki gert það heldur gagnvart honum. Ég vil að rétt sé rétt og ég gerði ekkert annað en að vitna rétt í skýrsluna sem hér var gerð að umtalsefni.

[15:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er byrjuð árleg umræða um breytingar á skattalögum af ýmsu tagi. Ég velti því fyrir mér, skyldi það gerast í nokkru ríki eða nokkru lýðræðisríki svo ég fari ekki mjög langt að það sé verið að breyta skattalögum og það stórlega á hverju einasta ári? Þeir sem hafa komið á fund efh.- og viðskn. á undanförnum árum vegna skattamála hafa einmitt bent á það hvílíkt óöryggi fylgir því að eiga eða reka fyrirtæki og vita aldrei á hverju er von frá ríkisstjórninni að maður tali nú ekki um vinnandi fólk sem veit heldur aldrei við hverju er að búast. Að mínum dómi er þetta arfur frá verðbólgutímunum og ég held að ríkisstjórnin verði að fara taka sig á og hugsa lengra fram í tímann og að skapa stöðugt skattaumhverfi þannig að breytingar séu ekki gerðar á hverju einasta ári. Þetta eru ekki góðir stjórnarhættir.

Það er líka ástæða til þess að spyrja sig til hvers eru skattar. Þeir gegna einkum tvenns konar hlutverki, en það má eflaust tíunda fleiri. Við erum að innheimta skatta til þess að afla ríkinu tekna til þess að standa undir þjónustu hins opinbera. Við getum svo deilt um það hvaða þjónustu á að veita o.s.frv. Hinn tilgangurinn er auðvitað sá að nota skatta sem jöfnunartæki í samfélaginu og þar hefur ríkisstjórnin stórlega brugðist sínu hlutverki. Ef við horfum yfir undanfarin ár þá höfum við séð að sköttum hefur verið stórlega létt af fyrirtækjum sem hefur gert mörgum fyrirtækjum kleift að taka á vandamálum sínum og rétta reksturinn af og þar með auðvitað bæta stöðu fyrirtækjanna. En staða einstaklinganna, staða vinnandi fólks hefur ekki batnað að sama skapi heldur hefur skattbyrðin aukist. Það felst m.a. í því að persónuafslátturinn hefur lækkað og það sem er kannski það sorglegasta í okkar kerfi hvað fólk er að greiða skatta af lágum launum. Nú hef ég heyrt það og þykist svo sem vita að kannski séu til lægri viðmiðanir í öðrum ríkjum en þar á móti kemur að stuðningur við fólk svo sem húsaleigubætur, barnabætur og annar félagslegur stuðningur er meiri, sérstaklega við barnafólk. Megingallinn í skattkerfi okkar er að mínum dómi sá hvað fólk er að greiða skatta af lágum launum. Slíkt hvetur til þess að fólk stundi svarta atvinnu og við vitum það að hér eiga sér því miður stað gríðarleg skattsvik sem ríkisstjórnum undanfarinna áratuga hefur ekki tekist að ná neinum tökum á. Úr því ég nefni þetta beini ég þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvað sé að frétta af eftirliti með skattsvikum og hverju starf skattrannsóknastjóra og fólks hans hafi skilað að undanförnu. Stofnun þessa embættis

hefur vissulega skilað ákveðnum árangri en hér má miklu betur gera.

Í umræðunni hefur skýrsla Þjóðhagsstofnunar komið nokkuð til umræðu og þó að í henni sé ekki að finna miklar breytingar milli ára koma mjög athyglisverðar upplýsingar þar fram. Hún speglar þjóðfélag okkar eins og það er og kannski er það vegna þess að kjarasamningar eru fram undan sem úttekt Þjóðhagsstofnunar hefur vakið meiri athygli en undanfarin ár. Kannski höfum við hreinlega ekki gefið okkur tíma til þess á undanförnum árum að skoða þessar upplýsingar grannt en ég lagðist yfir þetta og finnst margt mjög athyglisvert en líka að þessar niðurstöður sýni ansi dökka hlið á íslensku samfélagi. Það er rétt sem kom áðan fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar að þegar litið er yfir lengri tíma hefur tekjubil aukist. Ekki hefur orðið mikil breyting milli áranna 1994 og 1995, enda hvers vegna hefði það átt að gerast? Hvað hefur verið á ferð sem hefði átt að skapa einhverja slíka breytingu? Við höfum heldur verið að rétta úr kútnum eftir margra ára samdrátt og milli áranna 1994 og 1995 urðu engar slíkar breytingar sem gæfu tilefni til þess að þetta bil væri eitthvað að aukast sérstaklega en ég held að við ættum að hafa augun vel opin núna og á næstu mánuðum vegna þess að þá má svo sannarlega búast við því að hér fari af stað töluvert launaskrið ef það er ekki þegar hafið. Til lengri tíma litið hefur launabil aukist og eins og kemur fram í frétt Þjóðhagsstofnunar segir þar að dreifingin hneigist í átt til meiri tekjumunar. Við verðum vör við meiri tekjumun og þetta höfum við auðvitað séð í samfélagi okkar á undanförnum árum.

Það sem vekur ekki síst athygli mína er það sem hér kemur fram um laun karla annars vegar og kvenna hins vegar sem eru alveg himinhrópandi tölur og er þá alveg sama hvort maður hugar að vinnutíma eður ei. Tölurnar endurspegla þau hrikalega lágu laun sem eru greidd í samfélagi okkar og ekki síst þau laun sem stórir kvennahópar hafa og það er mjög athyglisvert sem kemur hér fram að rúmlega þriðjungur framteljenda var undir skattleysismörkum. Í þessum hópi eru líka hátt í helmingur allra giftra kvenna í landinu en aðeins 11% kvæntra karla. Mér finnst mjög athyglisvert að helmingur giftra kvenna, sem telur fram, er undir skattleysismörkum og það segir okkur að sjálfsagt er stór hluti þeirra í hlutastörfum. Þetta segir okkur líka hve launin eru óskaplega lág eins og þetta kemur fram í meðallaunum í landinu sem eru nú 106 þús. kr. á mánuði. Þetta finnst mér lág tala. Ef við skoðun aðrar tölur yfir laun leiða þær í ljós að meðallaun giftra karla eru yfir 2 milljónir og ef sjómenn eru teknir sérstaklega, þ.e. þeir sjómenn sem eru töluverðan tíma á sjó, fara laun þeirra upp í 3,4 milljónir á ári. Allar þessar tölur endurspegla mikinn launamun og mikinn mun milli stétta. Það er líka mjög athyglisvert að skoða hvernig laun dreifast á landinu. Þar er nú þessi sérkennilega mótsögn að í þeim landshluta sem ár eftir ár missir meira og meira af sínu fólki hingað suður á bóginn, þ.e. Vestfjörðum, eru meðaltekjur hæstar á landinu og langt yfir landsmeðaltali. Það væri nú fróðlegt að vita hvernig menn skýra þetta. Ég hygg að það sé rétt sem fram kemur hjá sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu, að þeir sem verst standa á Vestfjörðunum flytja gjarnan hingað til höfuðborgarsvæðisins. Þetta eru allt mjög athyglisverðar tölur og endurspegla, hæstv. forseti, að það þarf að taka á skattamálum einstaklinga. Það gengur ekki að horfa endalaust á fyrirtækin og bæta stöðu þeirra en gera ekkert í málum einstaklinga. Það dugar ekki, hæstv. forseti, að hæstv. fjmrh. bíði eftir nefnd sem er að skoða jaðarskattana. Auðvitað skipta jaðarskattarnir mjög miklu máli og koma verst niður á barnafjölskyldum. En hvað um tekjuskattinn? Hvað um launakerfi ríkisins? Hvað ætlar fjmrh. að gera í þeim efnum? Við hverju er að búast? Við komum alltaf að þessu sama. Það eru lág laun í landinu sem koma í bakið á okkur aftur og aftur.

Ég ætla að víkja að einstökum atriðum frv. og gæti ég þó haldið lengi áfram að ræða almennt um skattana. Ég vil ítreka þær spurningar sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Mér finnst skorta mjög á eitt í þessu frv. og hefur maður þó iðulega ekki þurft að kvarta yfir útfærslu fjmrn. og fjárlagaskrifstofunnar, en í frv. er ekki greint frá þeim áhrifum sem hver tillaga hefur á tekjuöflun ríkisins. Ég spyr fyrst: Hvað áætla menn að breyttar reglur um yfirfærslu á tapi fyrirtækja kosti ríkissjóð? Hvaða áhrif mun þetta hafa á skatta fyrirtækjanna? Hverju breytir þetta varðandi þá breytingu sem hér á að gera á viðmiðunum varðandi vísitölur? Hverju mun þetta muna í skattheimtunni? Ég held að það sé rétt sem fram kom áðan að það hafa verið miklu meiri breytingar á byggingarvísitölu en á vísitölu neysluverðs sem af mörgum ástæðum hefur breyst fremur lítið. Hvað þýðir þetta? Mér finnst að hæstv. fjmrh. þurfi að skýra þetta fyrir okkur.

Það kemur fram að tekjuskattshlutfallið er lækkað í samræmi við þann samning sem gerður var við sveitarfélögin á sínum tíma vegna flutnings grunnskólans og það er gott að sjá það staðfest að staðið er við þann samning. Varðandi það atriði að fella niður afslátt vegna kaupa á hlutabréfum þá vil ég taka undir að það þarf að vera samræmi milli fjármagnstekjuskattsins og þessa afsláttar. En ég held að við hljótum að kanna hvort það sé ekki of stórt skref að fella þennan afslátt niður alveg á einu bretti. Við þurfum að átta okkur á því hvaða áhrif það muni hafa á markaðinn. Að vísu kemur fjármagnstekjuskatturinn og lækkun skatts þar á móti. En þetta er atriði sem þarf að skoða rækilega.

Ég ætla ekki að gera önnur atriði þessa skattafrv. að umræðuefni. Það verður farið rækilega í gegnum það í efh.- og viðskn. En ég vil ítreka að þessari ríkisstjórn er afar annt um fyrirtækin í landinu og allar hennar tillögur ganga út á það að bæta stöðu fyrirtækjanna. Auðvitað er það að mörgu leyti góð stefna. En það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að létta af fyrirtækjunum og velta yfir á einstaklingana. Það hefur verið gert á undanförnum árum með því að einstaklingar hafa ekki fengið leiðréttingu. Reyndar hefur Alþýðusambandið ár eftir ár lagt fram útreikninga á því hvað persónuafsláttur og skattleysismörk ættu að vera ef þau mörk hefðu fylgt öðrum verðbreytingum. Í því felst m.a. að skattheimta á einstaklinga hefur aukist.

Ég vona að hæstv. fjmrh. svari þessum spurningum sem ég hef borið fram. Jafnframt krefst ég þess að hann geri okkur grein fyrir því hvað ríkisstjórnin ætlast fyrir varðandi skattlagningu einstaklinga. Það kom fram í máli hans að nefnd er nú að störfum og eins og hér hefur verið sagt á stjórnarandstaðan engan hlut þar að máli. Nefndin á að skila af sér fyrir árslok. Hvað þýðir það? Hvað er það sem menn ætla sér að gera? Hvað á að draga mikið úr jaðarsköttunum? Hvert er markmið ríkisstjórnarinnar í þeim efnum? Í því samhengi, þó ég taki undir það markmið að draga úr jaðarsköttum þá þurfa menn náttúrlega að kanna hvaða hópar í samfélaginu standa verst að vígi. Það er ekki endilega þannig að meðaltekjufólkið og fólkið sem er með börnin sé sá hópur sem stendur

verst að vígi. Það geta verið aðrir hópar svo sem aldraðir sem ríkisstjórnin er sífellt að ráðast á ár eftir ár. Það geta verið fatlaðir og að ég nefni nú ekki einstæðar mæður sem koma náttúrlega inn í þessa bótaflokka eins og barnabætur og barnabótaauka. En menn verða að gera sér grein fyrir því hvernig dreifingin er. Hverjir eru það sem verða fyrir barðinu á skattheimtunni? Hvar eru mörkin? En enn og aftur eru það auðvitað hin lágu laun sem eru aðalbölvaldurinn í okkar kerfi.

[16:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar til að svara nú strax. Í fyrsta lagi kemst ég ekki hjá að benda á að atvinnuleysi hér á landi hefur orðið heldur minna en í öðrum löndum sem hafa orðið fyrir búsifjum eins og við, kannski fyrst og fremst vegna þess að við höfðum vit á því að laga til skatta fyrir fyrirtækin þannig að fyrirtækin gætu starfað og ráðið fólk eða haldið fólki í vinnu. Það er það sem skiptir afar miklu máli að við skiljum öll saman.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um eftirlit með skattsvikum. Það vill svo til að í hólfum þingmanna liggur núna fréttabréf frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana og í leiðara þess koma fram allar þessar upplýsingar. Átak hefur verið gert tvívegis og skilað verulegum árangri. Ég vil benda hv. þm. á að lesa leiðara þessa fréttabréfs mjög vel en fréttabréfið liggur í hólfum þingmanna.

Um tapsfrádráttinn er lítið hægt að segja annað en að í heildina er hann uppsafnaður um 75 milljarðar. Það sem er frá 1991 og eldra er um 30 milljarðar, en þeirri upphæð er ekki skipt upp milli ára þannig að það er ómögulegt að átta sig á því nákvæmlega hvað mikið tilheyrir árunum 1988, 1989 og 1990.

Loks vil ég taka fram að ég get ekki lýst í einstökum atriðum hver verður niðurstaða nefndar sem á eftir að skila störfum. Við höfum búist við því að til reiðu væru fjármunir sem fengjust með því að draga úr afsláttum tekjuskattskerfisins. Ég nefni til að mynda hlutabréfaafsláttinn í því sambandi. Hins vegar mætti nota í þessu skyni tekjur sem koma af fjármagnstekjuskatti, en ýmsir hafa bent á að þær ætti frekar að nota til að lækka eignarskatta.

[16:10]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í dagskrárkynningum Ríkisútvarpsins, gömlu Gufunnar, var ævinlega komist svo að orði að fastir liðir væru eins og venjulega. Nú er komið að föstum liðum eins og venjulega hjá hæstv. fjmrh. Fastir liðir eins og venjulega að koma með skattapakka að hausti og af því að þessi núv. hæstv. fjmrh. er nú búinn að sitja á sínum stól og hafa bærilegan vinnufrið nokkuð lengi, eru þetta líka fastir liðir eins og venjulega samkvæmt hans pólitísku forskrift. Það verður ekki sagt að neitt af þessu sæti sérstökum tíðindum. Við ræðum frv. til laga um breytingar á tekjuskatti og eignarskatti þar sem aðalatriðin eru tvö. Annars vegar er það rýmkun heimildar til yfirfærslu rekstrartaps milli ára sérstaklega til þess að auðvelda fyrirtækjum að yfirfæra áfram tap hinna erfiðu tapára 1988–1990 samkvæmt formúlunni í greinargerð: „Fulltrúar atvinnurekenda hafa ítrekað bent á ...“ Síðara atriðið er afnám hlutabréfafrádráttar sem styðst við þau rök að þegar hæstv. ríkisstjórn efndi til veislu fyrir fjármagnseigendur á sl. vori með afgreiðslu sinni og útfærslu á svokölluðum fjármagnstekjuskatti, var svo í lagt í þeirri veislu að ekki mundi líta fallega út ef því til viðbótar væri haldið þessum sérstaka frádrætti. Skynsamlegra hefði þó verið að halda honum þótt hann yrði kannski eitthvað takmarkaður en spara sér hins vegar þessa stórkostlegu veislu til hinna efnamestu í þjóðfélaginu sem fólst í skattalækkun úr 42%–47% niður í 10% að því er varðar fjármagnstekjur, arð og söluhagnað o.fl. sem kemur auðvitað fyrst og fremst til góða þeim 10% ríkustu einstaklingum í þessu þjóðfélagi sem eiga helminginn af þeim arði sem til fellur í formi fjármagnstekna.

Hér er svo sem verið að fitja upp á nokkrum öðrum breytingum sem hins vegar skipta minna máli. En það er ástæða til að vekja athygli á breytingum á útreikningum á verðbreytingarstuðlum, þ.e. að hverfa frá byggingarvísitölu yfir til verðvísitölu og eins að vekja athygli á breytingunum sem gerðar eru á útlagningunni á skattlagningu fjármagnstekna í staðgreiðslu. Hvort tveggja flokkast væntanlega undir mistök stjórnarliða við afgreiðsluna á síðasta þingi.

Í raun og veru ætti að ræða þennan pakka í einu. Það væri vinnusparnaður en stendur víst ekki til. Þó er ástæða til að nefna það að af þessum skattapakka er mál númer tvö um tryggingagjaldið sennilga það skynsamlegasta. En hvernig er það tilkomið? Það er ekki samkvæmt pöntun frá atvinnurekendum eins og mál númer eitt. Það er samkvæmt fyrirmælum frá Eftirlitsstofnun EFTA. Vegna þess að Eftirlitsstofnunin hefur einfaldlega gert alvarlegar athugasemdir við þá áráttu íslenskra stjórnvalda að mismuna atvinnugreinum á grundvelli tilbúinna og annarlegra sjónarmiða. Þessi samræming í gjaldtöku, í þessu tilfelli tryggingagjaldanna, er sjálfsögð og við jafnaðarmenn mælum að sjálfsögðu með því og teljum þetta rétta stefnu. Efasemdirnar eru kannski frekar um það af hverju verið er að mjatla þetta á fjórum árum vegna þess að hér er um að ræða brot á grundvallarreglu um jafnræði milli atvinnurekenda og fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum. Það eru gerðar við það réttmætar athugasemdir af Eftirlitsstofnun EFTA að þetta sé brot á samkeppnisreglum. Og þá á við hið fornkveðna að vont er þeirra ranglæti en verra þeirra réttlæti. Hvers vegna á þá að taka fjögur ár að leiðrétta þetta? Vörugjaldið á sér sama uppruna. Raunverulega var ríkisstjórnin neydd til að gera breytingar á síðasta þingi á vörugjöldunum einfaldlega vegna alvarlegra athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA um að það stæðist ekki vegna þess að það mismunaði atvinnurekendum eða mismunaði reyndar neytendum í þessu tilviki og reyndar milliliðum líka bæði vegna mismununar á greiðslufresti og mismunun á gjaldstofnum vörugjalds eftir því hvort um var að ræða innfluttar vörur eða vörur framleiddar innan lands. Hér er stigið hænufet í viðbót í þessu vandræðamáli til að lækka þetta tekjutap ríkissjóðs upp á 300 millj. en í raun og veru hefur verið á það bent að vörugjaldið er vandræðaskattlagning sem færi best á að leggja af og fella inn í virðisaukaskattinn.

Næsta mál er síðan þetta sem ég hef þegar vikið að um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, leiðrétting á mistökum og breytingin á virðisaukaskattinum og þá sérstaklega því sem er kannski aðalatriðið. Það er staðfest í athugasemdum við 9. gr. á þskj. 159 en þar segir, með leyfi forseta:

„Við breytingu sem gerð var á lögum um virðisaukaskatt sl. vor gætti þeirrar ónákvæmni“ — þeir eru kurteisir við sjálfa sig þarna í fjmrn. — „að lækkun endurgreiðslunnar náði einungis til vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis en ekki til vinnu við viðhald eða endurbætur.“

Smávægileg ónákvæmni sem hér með er leiðrétt. Svona til að undirstrika það er viðbót í þessum skattapakka al-

veg sérstakt mál sem er samkvæmt formúlunni. Ef það er ekki komið að utan þá er það komið samkvæmt pöntun frá kerfinu. Það varðar Lífeyrissjóð bænda þar sem verið er að leggja á skattgreiðendur 140 millj. kr. á ári til ótiltekins tíma og viðurkennt að það muni kosta skattgreiðendur 1 milljarð í viðbót. Aftur mismunun og sérstök meðhöndlun samkvæmt pöntun frá atvinnurekendum. Þetta er stefna ríkisstjórnarinnar, virðulegi forseti.

Nú er það svo að sá sem hér stendur er ekki þeirrar skoðunar að atvinnurekendur séu vondir og það eigi aldrei að hlusta á atvinnurekendur og ekkert tillit að taka til fyrirtækja, fjarri því. Ég minni á að í tíð fyrri ríkisstjórnar þegar við hæstv. fjmrh. vorum ágætir samstarfsmenn var kerfisbundið unnið að því að lagfæra starfsumhverfi fyrirtækjanna í landinu. Nauður rak til; atvinnuleysi fór vaxandi, ytri áföll höfðu dunið yfir og íslenskt atvinnulíf stóð höllum fæti. Fyrirtækin voru skuldug og skuldasöfnun fór vaxandi, ekki síst t.d. í sjávarútvegi. Með það að markmiði að vinna bug á atvinnuleysinu, draga úr atvinnuleysi og bæta samkeppnisstöðu atvinnuvega og fyrirtækja var kerfisbundið unnið að því að bæta stöðu fyrirtækjanna. Það var náttúrlega fyrst og fremst gert með því að vinna að því, og það tókst vel í framkvæmd, að skrá gengið rétt, að raungengið var gert hagkvæmt sérstaklega fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar. En í annan stað var það gert með leiðréttingum á skattaumhverfinu. Þar voru verulegar breytingar ekki síst þegar það tókst loksins að afnema aðstöðugjaldið sem flestum bar saman um að var ranglátur og óhagkvæmur skattur. En þó var mjög hörð andstaða sveitarstjórnarhagsmunamanna vegna þess að þetta var tiltölulega öruggur, einfaldur og auðveldur skattstofn fyrir sveitarstjórnirnar en ekki í samræmi við skynsamleg sjónarmið gagnvart atvinnurekstri. Það var svo sem fleira gert. Tekjuskattur fyrirtækjanna var lækkaður mjög verulega og breytingar gerðar á virðisaukaskatti, reynt að örva almenning til þátttöku í hlutafjárkaupum í atvinnulífi, þ.e. til þátttöku í áhættufjárfestingum frekar en einungis í öryggisfjárfestingum á vegum ríkissjóðs o.s.frv. Aðalatriðið er að þessar aðgerðir voru kerfisbundnar, þær höfðu skýr markmið, það var til þess að draga úr atvinnuleysi, það var til þess að bæta samkeppnisstöðu, það var til að treysta undirstöðuna, afkomu fyrirtækja, og það var gert vegna þess að ytri skilyrði kölluðu á þetta. Þetta bar árangur.

Nú er það hins vegar svo að sá árangur liggur fyrir. Afkoma fyrirtækja fer stórlega batnandi. Hagnaður fyrirtækja fer vaxandi. Fyrirtæki eru að greiða niður skuldir og það þýðir um leið að hagur eigenda fyrirtækjanna fer einnig batnandi. Þessi umskipti verða nánast á árinu 1994–1995 og við erum núna að minnsta kosti á öðru ári í góðæri. Með öðrum orðum hafa ytri skilyrði snúist við til hins betra fyrir fjármagnseigendur, fyrir fyrirtækin o.s.frv. Það sem eftir situr er hlutur launþega. Við stöndum frammi fyrir kjarasamningum. Á sl. vetri fóru fram miklar umræður undir formerkjum lífskjarasamanburðar launþega annars vegar hér á landi og hins vegar í grannlöndunum sem við viljum helst bera okkur saman við. Sá lífskjarasamanburður leiddi margt eftirtektarvert í ljós. Í fyrsta lagi það að laun vinnandi fólks á Íslandi fyrir dagvinnu eru mjög lág. Svo lág að við stöndumst engan samanburð við grannþjóðir og erum í launatöflum í OECD-samanburðinum á botninum. Þessi samanburður lagast þegar tekið er tillit til vinnutímans. Með því að íslenskir launþegar leggja á sig allt að þriggja mánaða lengri vinnutíma á ári hverju heldur en t.d. annars staðar á Norðurlöndum þá hala menn inn tekjur en ná þó hvergi nærri að jafna þetta. Þannig að lífskjarasamanburðurinn er okkur mjög í óhag og launþegar, sem áttu mjög mikinn þátt í því að það tókst að normalísera þetta þjóðfélag á sínum tíma 1990 með þjóðarsáttarsamningum, það verður ekki undan því kvartað, hafa nú lýst vonbrigðum sínum með það að þrátt fyrir þær fórnir sem þeir tóku á sig á samdráttarárunum þá virðist lítill skilningur á því af hálfu stjórnvalda nú að tími sé kominn til að fara að huga eitthvað að hlut ríkisvaldsins og þó fyrst og fremst í skattamálum til að rétta þeirra hlut.

Umræðan um það hvort launamunur á Íslandi og í öðrum löndum í alþjóðlegum samanburði er svona eða hinsegin skiptir ekki meginmáli í því sambandi. Það er auðvitað allt rétt og menn vita að launamunur ráðstöfunartekna eftir skatta er hér minni heldur en víðast hvar annars staðar á byggðu bóli, um það er ekki deilt. Hitt er annað mál að það er margt sem bendir til þess að það dragi mjög úr því, þ.e. að munurinn fari vaxandi, þ.e. að ójöfnuður bæði að því er varðar eignaskiptingu og tekjuskiptingu fari þrátt fyrir allt vaxandi. En í ljósi þessa er athyglisvert að líta á skattapakka hæstv. fjmrh. Vegna þess að hann er fastir liðir eins og venjulega. Hann er samkvæmt pöntun frá Vinnuveitendasambandinu, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sýndi hér fram á. Lagfæringar og leiðréttingar á hag fyrirtækja og fjármagnseigenda ofan í kaupið eftir veisluna miklu í sambandi við fjármagnstekjuskattinn á síðasta þingi. Þar stóðum við í miklum deilum um útfærslu. Hæstv. fjmrh. sagði auðvitað: Það er mál sem mér kemur ekkert við vegna þess að þetta fjármagnstekjuskattsfrv. var samið af nefnd og hann hefur gjarnan látið eins og honum hafi bara verið afhent þetta af einhverjum aðilum út í bæ og síðan hafi þetta verið lagt hér fyrir og hann hafi eiginlega engin áhrif á það haft. Deilan stóð hins vegar um útfærslu, hvort menn vildu fara þá leið, sem raunverulega hafði alltaf verið talað um, að fjármagnstekjuskatturinn ætti að vera ákveðin skilaboð út í þjóðfélagið um vilja stjórnvalda til aukinnar tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Flatur 10% skattur á alla, þar með á neikvæðan sparnað smásparifjáreigenda í bankakerfinu er auðvitað ekki tekjujöfnunarleið. Þeirri leið sem ríkisstjórnin fór, að hafna því að hafa þetta innan tekjuskattskerfisins og gera þar ráð fyrir að nýta tekjujöfnunartækið sem tekjuskattskerfið er með frítekjumörkum og lægri prósentu, var hafnað. Síðan var samkvæmt pöntun frá Vinnuveitendasambandinu höfuðið bitið af skömminni með því að bjóða ríkasta fólkinu á Íslandi, þessum tiltölulega fámenna hópi fjármagnseigenda sem fær í sinn hlut meira en helminginn af öllum fjármagnstekjum, upp á sérstaka veislu með því að lækka skattlagningu á fjármagnstekjur, arð og söluhagnað svona myndarlega, maximalt frá 47% niður í 10%, undir þeim falsrökum að þetta væri til að örva fjárfestingu í atvinnulífinu. Þetta er raunverulega þvert á móti, þetta er til þess að örva arðgreiðslur út úr fyrirtækjum til atvinnurekenda, til fjármagnseigenda, án þess að því fylgi nokkur trygging að það verði endurfjárfest út af fyrir sig í arðbærum fjárfestingum.

Þetta er í raun og veru gagnrýnin á núv. ríkisstjórn og þetta er kjarni málsins í almennum umræðum um þessi mál. Nefnilega að það eru fastir liðir eins og venjulega, það er haldið áfram, þótt í smáu sé að mestu leyti, að verða við óskum atvinnurekenda um leiðréttingu hér og leiðréttingu þar. Eða þá að ríkisstjórnin er að bregðast við nánast ákærum að utan um að hún hafi gert sig seka um mismunun milli atvinnugreina og hún verði að leiðrétta það þó það taki hana

langan tíma. En það er ekkert verið að taka tillit til sjónarmiða launþega. Hæstv. ráðherra kemur hér aftur núna alveg eins og hann gerði í fyrra og fer með nákvæmlega sömu ræðuna. Hagsmunir launþega eru nefndir. Það er nefnd að störfum og hún á ekki að skila af sér fyrr en eftir áramót og þær tillögur verða þá ekki lagðar fyrir fyrr en í fyrsta lagi á vorþingi. Þannig að ef sú nefnd skilar einhverju bitastæðu sem verður lagt fyrir þing og þingið nær að afgreiða þá mun það ekki skila neinum niðurstöðum fyrr en á þarnæsta ári. Samt sem áður er það svo að hæstv. fjmrh. og talsmenn Sjálfstfl., alveg eins og talsmenn okkar jafnaðarmanna og reyndar talsmenn allra flokka, sögðu fyrir kosningar: Það er eitt mál öðrum fremur sem er forgangsmál við breytingar á skattkerfinu. Hvað er það? Það er að draga úr svokölluðum neikvæðum jaðaráhrifum í tekjuskattskerfinu sem koma annars vegar fram gagnvart launþegum með lágar og miðlungstekjur og reyndar líka lífeyrisþegum og lýsir sér í því að viðleitni skuldugra barnafjölskyldna, yfirleitt með þungar húsnæðisskuldir, til þess að vinna sig út úr skuldum, nýta það að góðærið er komið, það hefur dregið úr atvinnuleysinu, nýta sér það að reyna afla meiri tekna með meiri vinnu, tekst ekki vegna þess að ríkið tekur í sinn hlut sívaxandi hluta af öllum viðbótartekjum. Vegna þess að ef hinn skuldugi launþegi aflar meiri tekna þá verður hann fyrir samsvarandi skerðingu í formi barnabóta, barnabótaaukans, vaxtabóta, húsnæðisbótanna og svo framvegis. Þetta var auðvitað forgangsmálið, þessu var lofað. Og það er ekki nógu gott að segja nú enn og aftur: Þetta er að vísu allt saman satt og rétt, þetta er mikill galli á kerfinu, þetta þarf að leiðrétta en svo er eins og það sé einhver reginmunur á því annars vegar sem hér segir í greinargerðum: Atvinnurekendur hafa bent á, atvinnurekendur hafa sett fram kröfur um. En þegar um er að ræða kröfur sem launþegar setja fram, sem verkalýðshreyfingin setur fram, eða jafnvel loforð sem stjórnmálamenn hafa lýst yfir að séu forgangsmál þá liggja þau eftir. Þau ná ekki inn í dagskrá Ríkisútvarpsins. Fastir liðir eru nefnilega eins og venjulega að hafa þessi mál bara áfram í nefnd.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að vera með margar spurningar sem beint er til hæstv. fjmrh. við 1. umr. Þessi mál, fimm eða sex talsins eða hvað þau eru, munu auðvitað koma til efh.- og viðskn. og þar munu þau fá rækilega umfjöllun ekki hvað síst þær tillögur sem helst eru bitastæðar, þ.e. fjögurra ára áætlunin um að samræma tryggingagjöldin og leiðréttingin á þessum mistökum sem hér er um að ræða miðað við afgreiðsluna frá fyrri tíð. Eftir stendur að hlutur ríkisvaldsins, hlutur hæstv. fjmrh., er ekki nógu góður þegar við erum að ræða það sem ég tel vera mikilvægara heldur en nokkuð af þessum leiðréttingum fyrir utan kannski samræminguna á tryggingagjöldunum, nefnilega að taka á jaðarskattavandamálinu. Og það verður að segjast eins og er að það veldur vonbrigðum að þessari nefnd skuli ekki hafa verið gert að skyldu að hraða sínum störfum. Það veldur vonbrigðum að við fáum sömu ræðuna og sömu svörin frá hæstv. fjmrh. annað árið í röð og fyrirsjáanlegt að það verða engar niðurstöður fyrr en þá í besta falli eftir eitt ár. Það er ekki nógu gott. Þetta er gagnrýni vert og þetta er ekki til þess að auðvelda t.d. samskipti ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins í því mikla kjaramálauppgjöri sem fram undan er.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði úr ræðu hv. þm., sem er nú mjög svipuð ræðunni sem hann flutti í fyrra reyndar og kannski ekki skrýtið. (**RG:** Fjmrh. man vel.) Hann man sumt vel. Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. um samstarf okkar í síðustu ríkisstjórn þá tek ég undir það. Það var unnið kerfisbundið að því að bæta hag atvinnulífsins í ákveðnu skyni. Nú er verið að gera aðra hluti, eðlilega þó. Það er verið að reyna draga úr hagsveiflunum hér á landi í gegnum skattkerfið. Það kemur fram í því frv. sem nú er um að ræða. Og það er verið að jafna samkeppnisskilyrði á milli atvinnugreina. Þetta er gamall draumur hv. þm., veit ég. Það er áfram unnið kerfisbundið í þessum málum þó að viðfangsefnin séu ekki nákvæmlega þau sömu.

Sem betur fer hefur það gerst, af því hv. þm. kom inn á það, að ráðstöfunartekjur, þ.e. tekjur manna eftir að tekið hefur verið tillit til skatta, hafa aukist á undanförnum árum og heldur meira en þjóðartekjurnar. Það þarf að koma fram hér því stundum er látið að því liggja að svo sé ekki. Loks ætla ég að minna hv. þm. á það, en hv. þm. er fyrrum formaður Alþfl., að fyrrv. varaformaður hans í Alþfl. sat í nefninni sem samdi frumvarpið um fjármagnstekjuskattinn og bar auðvitað ábyrgð á því starfi eins og aðrir nefndarmenn. Og loks, af því talað er um að samskiptin séu léleg við aðila vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfinguna, þá skal það tekið fram að í þeirri títtnefndu nefnd sem vinnur að jaðarskattsáhrifunum, sitja fulltrúar aðila vinnumarkaðarins þar á meðal fulltrúi ASÍ og þar er verið að vinna að málunum í hinu besta samkomulagi.

[16:33]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði nú út af því að það væru fastir liðir eins og venjulega í þessari umræðu og hæstv. fjmrh. segir, ja, þetta eru sömu umræðurnar eins og við höfðum í fyrra. Hvernig stendur á því, hvað er hann að tala um? Við erum að tala um það sem frá hæstv. fjmrh. kemur og það eru engin stórtíðindi sem frá honum koma. Og hann er ekki að taka á forgangsmálunum og aðalatriðunum, hann er að mjatla í aukaatriðum. Að öðru leyti segir hann: Málin eru í nefnd.

Hann minnir á það að fjármagnstekjuskatturinn var settur í nefnd, já, já. Og nú segir hann það að draga úr ranglætinu sem felst í jaðaráhrifum tekjuskattskerfisins er í nefnd. Og hæstv. fjmrh. segist ekki vita annað en starf nefndarinnar sé á sæmilegu róli, að sæmilega fari á með mönnum. Nú veit ég ekkert um það, en það er kannski ástæða til þess vegna þess að þetta nefndarstarf hefur dregist allt of lengi að beina því til hæstv. fjmrh., úr því hann hefur svona mikla tröllatrú á nefndum sem eiga að færa honum pakkana á silfurfati og með slaufu — hvernig væri nú að opna þessa nefnd úr því henni vinnst svona hægt og láta ekki bara aðila vinnumarkaðarins sjá um þetta heldur setja í þessa nefnd fulltrúa frá þingflokkum stjórnarandstöðunnar sem eru alltaf þýfga hæstv. fjmrh. um þetta því að það eru þau vinnubrögð sem hann helst óskar eftir, að fá þetta bara allt á borðið með slaufu.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég átti við er að þetta er sama ræðan og hv. þm. flutti við umræðuna um fjármagnstekjuskattinn í fyrra. Það var alveg sérstakt mál. En hann segir að nefndarstarf hafi dregist á langinn. Er það svo? Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar segir berum orðum nákvæmlega að nefndarstarfinu skuli ljúka fyrir árslok 1996. Það ár er ekki liðið. Ég veit ekki betur en að þetta starf sé nákvæmlega á

áætlun. Þá segir hv. þm.: Er nú ekki ráð fyrir fjmrh. að opna nefndina og bæta við fulltrúum Alþfl., Alþb., Kvennalistans o.s.frv.? Finnst nú hv. þm. það vera eðlilegt í ljósi reynslunnar frá því í fyrra þegar fulltrúar Alþfl. og Alþb. tóku þátt í samningu frv., skiluðu skýrslu og hlupu svo frá öllu saman? Það gerði reyndar ekki fulltrúi Kvennalistans. Ég held að sporin hræði.

[16:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau frv. fjmrh. sem hér liggja fyrir og eru til umræðu í dag varðandi skattamálin og vörugjald vekja sterk viðbrögð þingmanna. Ekki vegna þess sem í þeim stendur heldur vegna þess sem þau bera með sér. Ekki vegna þess sem ríkisstjórnin er að gera núna heldur vegna þess sem ríkisstjórnin gerir ekki og vegna þeirra mála sem ríkisstjórnin í raun þegir um þó fjmrh. reyni að klóra í bakkann og svara spurningum með því að vísa til nefndar um að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótagreiðslna. Það á ekki að lagfæra skattbyrði og svokölluð jaðaráhrif sem fjölskyldurnar í landinu bera næsta árið. Þegar loks á að lagfæra skattbyrði fjölskyldnanna og skoða það sem hefur þyngt svo mjög skattbyrðina, nefnilega jaðaráhrifin, verður langt liðið á kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar. Ef eitthvað verður gert með nefndarstarfið, sem ljúka á um þessi áramót og þýðir að væntanlega kemur það til fjmrh. einhvern tímann á útmánuðum, og frv. lagt fram, þá tekur skattbreyting í fyrsta lagi gildi um næstu áramót. Og þá, virðulegi forseti, eru 16 mánuðir, segi og endurtek 16 mánuðir eftir af kjörtímabili ríkisstjórnarinnar. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur allt sem segja þarf um forgangsmál ríkisstjórnarinnar og áherslu í skattamálum eins og rækilega hefur verið tíundað af félögum mínum í umræðunni hér í dag. Ég hlýt að spyrja fjmrh.: Hvenær var nefndin sett á laggir? Hvenær hófst það nefndarstarf sem boðað er að ljúki nú ef til vill um áramót og hefur tekið þann tíma væntanlega að ekki er unnt að gera breytingar á tekjuskatti einstaklinga fyrr en svo seint verður liðið á kjörtímabilið? Ég vek athygli þingmanna á því að það eru 19 mánuðir liðnir frá kosningum. Þessi ríkisstjórn er aldeilis ekki ný, það eru 19 mánuðir liðnir frá kosningum. Í kosningabaráttu fyrir þær kosningar lýstu allir flokkar því yfir að þeir vildu gera breytingar á jaðaráhrifum skattanna. 19 mánuðir liðnir og nú er vísað í nefnd.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vísa til upplýsinga sem fram hafa komið og samantektar sem gerð var í Viðskiptablaðinu þar sem vakin er athygli á því að tekjuskattur hefur tvöfaldast og er reyndar vakin athygli á því hversu vaxtakostnaður ríkisins hefur haft mikil áhrif til þyngingar á sköttum heimilanna í landinu. Svo ég vísi til þeirrar samantektar kemur fram að árið 1986 greiddi hver fjögurra manna fjölskylda 133 þús. kr. í tekjuskatt að meðaltali á verðlagi í október. Árið 1988 var staðgreiðsluhlutfallið 35,20% og þar af var hlutur tekjuskatts 28,50%. Á þessu ári er staðgreiðslan 41,93% og tekjuskatturinn er 33,15%. Á þessu ári greiðir hver fjögurra manna fjölskylda 303 þús. kr. í tekjuskatt eða 170 þús. kr. meira en 1986 á föstu verðlagi. Miðað við fjárlagafrumvarpið og að meðtöldum tekjum sem fara til sveitarfélaganna verður skattbyrði sömu fjölskyldu á komandi ári 318 þús. kr. Árið 1986 voru tekjuskattar einstaklinga tæplega 9% af heildarskatttekjum og fóru niður, takið eftir, fóru niður í 7,2% árið eftir. Á liðnu ári var tekjuskatturinn hins vegar kominn upp í 15,8% af skatttekjum og á þessu ári má ætla að hlutfallið verði 17,5% gangi áætlanir fjmrn. eftir. Síðan er vísað til þess hversu sértekjur ríkissjóðs hafa einnig hækkað. Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég hef á engan hátt reynt að sannreyna þær tölur sem hér eru settar fram enda reikna ég með að þetta virðulega blað hafi sett fram tölur sem óhætt er að vísa í.

Virðulegi forseti. Við í þessum sal erum aftur og aftur að ræða um jaðarskattinn. Það er fjöldi manna úti í þjóðfélaginu sem veit ekki hvað þetta orð, jaðarskattur, þýðir, sem skilur ekki hvað við erum að tala um. Vegna þess að oft erum við stjórnmálamenn að tala yfir höfuðið á venjulegu fólki, því venjulega fólki sem er með langa vinnudaginn, börnin og baslið, lélegan fjárhag og jafnvel skatta. Þess vegna, virðulegi forseti, ætla ég að leyfa mér það að flytja ræðu sem er á nokkurn hátt öðruvísi að þessu sinni. Ég ætla að segja fjmrh. söguna af Jóni og Gunnu og jaðarskattinum og jafnframt ætla ég að reyna að skýra með þessari sögu minni fyrir fólkinu úti í þjóðfélaginu, þeim sem hugsanlega hafa tækifæri til að fylgjast með umræðu úr þessum sal, hvað jaðarskattur þýðir. En fyrst og fremst er sagan hugleiðing til fjmrh. þannig að hann geri sér grein fyrir hversu mjög hann hefði átt að setja breytingar á þessum sköttum á oddinn.

Jón og Gunna voru nýgift með fyrsta barn sitt á leiðinni. Þau bjuggu í eigin blokkaríbúð og skulduðu 3 milljónir í húsbréfum. Þau þénuðu hvort um sig 60 þúsund, samtals 120 þúsund og afkoma þeirra var þokkaleg. Þau voru sparsöm og gátu leyft sér að eiga gamlan japanskan smábíl. Þeirra fjárhagsáætlun leit svona út: Föst laun 120.000, vaxtabætur 3.488 kr. Tekjur samtals 123.488, gjöld hin sömu. Fyrir utan rekstur bíls, afborganir og vexti, lánasjóð og stéttarfélög og staðgreiðslu, þá voru þau með útgjöld upp á 77.970 kr. Svo fæddist barnið og útgjöld fjölskyldunnar jukust um 25.000 kr. á mánuði. Gunna aflaði sér upplýsinga um barnabætur. Hvað mundi koma í þeirra hlut við þessa breytingu? Og fékk þær upplýsingar að með þeirra tekjur mundu þau fá 8.875 kr. á mánuði samanlagt í barnabætur og barnabótaauka. Þá sagði Jón: Okkur vantar bara 16.125 kr. til viðbótar til að endar nái saman. Í næsta mánuði vann Jón 10 tíma í eftirvinnu til að mæta auknum útgjöldum því hann var svo heppinn að vera á vinnustað þar sem hann hafði tækifæri til að bæta við sig. Gunna fór að skúra tvisvar í viku. Tekjurnar hækkuðu við þetta um þá upphæð sem Jón hafði nefnt. En þegar þau eftir smátíma gerðu upp heimilisbókhaldið var niðurstaðan þessi: Föst laun 120.000, eftirvinna og skúringar 16.126, barnabætur 3.200, barnabótaauki 4.546, vaxtabætur 2.520 kr. Til viðbótar við þau hefðbundnu útgjöld sem áður var greint frá kom framfærsla barnsins upp á 25.000 en nú var staðgreiðslan 9.125 kr. Þegar þau settu upp heildardæmið þá voru tekjur Jóns og Gunnu 146.392 kr. eins og að var stefnt en gjöldin voru 156.041 kr. Hallarekstur 9.649 kr.

Eitthvað varð að gera í þessu. Jón fór til frænda síns sem var skatthagur maður, sýndi honum heimilisbókhaldið og sagðist ekkert botna í þessu. Frændinn sagði: Þið hafið ekki tekið tillit til jaðarskattsins. Ég hef ekki verið rukkaður um neinn jaðarskatt, svaraði Jón. Það er ekki von, sagði frændinn, en þú hefur nú samt borgað hann. Í ykkar tilviki reiknast jaðarskatturinn svona: 41,84% staðgreiðsla + skerðing barnabótaaukans um 7% + skerðing vaxtabótanna um 6%. Þetta gerir samtals 54,84%. Svo má bæta launafrádrættinum til lífeyrissjóðs og stéttarfélags við en það eru 5%. Þá sagði Jón: Hvað þurfa tekjurnar þá, virðulegi fjmrh., að hækka mikið til að við getum séð fyrir barninu? Frændinn skoðar það og skrifar á miða: Um 40.152 kr. En útgjöldin

vegna barnsins eru bara 25 þúsund og við fáum barnabæturnar og barnabótaaukann á móti. Það getur ekki verið rétt, að við þurfum enn að auka tekjurnar um 24 þúsund. Næsta mánuð vann Jón 35 tíma í yfirvinnu og Gunna fékk vinnu við að skenkja bjór á kaffihúsi á laugardagskvöldum auk skúringanna. Þeim tókst að auka tekjurnar að tilsettu marki og þegar þau gerðu mánuðinn upp kom í ljós að endar náðu akkúrat saman og þá leit bókhaldið svona út: Föst laun 120 þúsund, aukavinnan samtals 40.152, barnabæturnar 3.200, barnabótaaukinn 2.864, vaxtabætur 1.078. Staðgreiðslan er komin í 19.178. stéttarfélagsgjöldin, afborgarnir og vextir, rekstur bíls, önnur útgjöld og framfærsla barnsins er samtals 167.295 kr. Tekjur og gjöld stóðust á 167.295 kr.

Mánuðir liðu, barnið óx og dafnaði. Jón og Gunna létu enda mætast og unnu og unnu og kvörtuðu ekki þó þau hefðu gjarnan viljað hafa meiri tíma til að sinna barninu sínu. Fjármálaráðherrann var líka mjög ánægður með þau hjónin því nú skiluðu þau 12 þús. kr. nettó í kassann á mánuði í stað þess að kosta hann 1.100 kr. eins og áður. Barnið hafði bætt stöðu ríkissjóðs um 10.900 kr. en ríkið hafði fengið sitt. Rúmu ári síðar ól Gunna annað barn. En þá hafði atvinna dregist mjög mikið saman. Upp úr því fór efnahagur þeirra Jóns og Gunnu hraðversnandi og fór svo að lokum að íbúðin var seld á nauðungaruppboði þegar yngra barnið var nýorðið tveggja ára gamalt. Hafa menn fyrir satt að fjárhagserfiðleikar þeirra hafi fyrst og fremst stafað af óeðlilegri skuldasöfnun heimilisins. En það er önnur saga og þó, og þó.

Þetta er sagan um jaðarskattana. Þetta er sagan sem fólk þekkir. Ótrúlega stór hópur úti í þjóðfélaginu þekkir þessa stöðu, þekkir hana á sjálfum sér, á buddunni sinni, á heimilinu sínu, á naumt skorna frítímanum sínum og því að reyna og reyna og reyna að láta enda ná saman og skila skattinum sínum, láta keisarann hafa það sem keisarans er. En fólkið sem er að vinna og fólkið sem rétt hlustar á fyrirsagnirnar í fréttunum, hleypur yfir blöðin og reynir að standa sig, veit ekki alltaf hvað við erum að tala um með jaðarskattinum. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég valið að segja þessa sögu og líka til að reyna að hafa áhrif á fjmrh. sem í 19 mánuði hefur látið sér nægja að undirbúa og e.t.v. bara að hugsa um að taka á jaðarskatti fjölskyldnanna í landinu. Ég geri ráð fyrir að nefndin fræga sem vísað er til sé ekki búin að vera að starfa í 19 mánuði vegna þess ef svo væri hefði fjmrh. fyrir löngu átt að kalla eftir niðurstöðu hennar og kappkosta að leggja fram frv. um skattalagabreytingar í þessa veru inn á þetta þing þannig að þær gengju í gildi um áramót.

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt að tengja persónuafslátt við fjölskyldustærð í stað núverandi kerfis barnabóta og tekjutengds barnabótaauka. Það er mjög mikilvægt að taka á þessum málum og horfast í augu við í hvert óefni er komið. Það eru tillögur sem við jafnaðarmenn munum bera fram inn á þingið og þó að við séum ekki búin að vera með nefnd í því máli jafnlengi og fjmrh. trúi ég því að tillögur okkar muni koma inn á þingið fyrr en hans. En ef hann á nokkurn kost á því að kalla eftir hröðum vinnubrögðum nefndar sinnar sem nú býr ekki við þau kjör að erfiðir einstaklingar, fulltrúar stjórnarandstöðu, séu að þvælast fyrir um vilja fjmrh. um niðurstöðu nefndarstarfs, þá ætti hann að geta kappkostað að koma með svo veigamikla skattbreytingu sem hér er kallað eftir og sem hann hefði átt að vera með efst á blaði á dagskrá þessa fundar.

[16:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afar athyglisverð ræða. Sérstaklega vegna þess að hún var flutt af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Þessi ræða hv. þm. gefur nefnilega tilefni til að rifja ýmsa hluti upp. Til að mynda fyrrverandi samstarf okkar í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili þegar fulltrúi Alþfl. lagði til að tekið yrði upp húsaleigubótakerfi sem hefði samkvæmt hennar tillögu sett jaðarskattinn yfir 100% vegna þess að það hafa verið ær og kýr Alþfl. og ýmissa forustumanna hans í gegnum árin að tekjutengja allar bætur, allt í nafni félagslegs réttlætis. Nú hefur hv. þm. komið upp í dag og opinberað fyrir almenningi sérstaklega algjöra kúvendingu Alþfl. í þessum málum. Ég ætla að fagna henni því með henni er lýst yfir að Alþfl. ætli sér að styðja þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún ætli að framfylgja og það er að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins. Og ég vænti þess svo sannarlega að þegar að því kemur að flytja slík frv. þá komi fulltrúar Alþfl. hér upp og rifji upp hvernig sagan hefur verið, m.a. í húsnæðiskerfinu sem hv. þm. þekkir mjög vel sem fyrrv. félmrh. þar sem tekjutengingar eru líka og þar sem vextirnir ráðast af tekjum manna. Hver skyldi hafa komið þessu kerfi á annar en einn af fyrrum forustumönnum Alþfl.? Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, sú ræða sem hér var flutt var stórmerkileg yfirlýsing um kúvendingu Alþfl. og ég fagna henni þess vegna.

[16:53]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef alltaf gert mér grein fyrir því að Alþfl. er feykilega mikilvægur flokkur og að hann hefur mikil áhrif þegar hann er í ríkisstjórn. En ég gerði mér ekki grein fyrir því að Alþfl. hefði haft svo mikil áhrif þegar hann var í ríkisstjórn með Sjálfstfl. að fjmrh. hefði ekki getað komið fram stefnu sinni og að Alþfl. hefði eyðilagt hugmyndafræði og stefnu Sjálfstfl. og í raun og veru beri ábyrgð á stefnu fjmrh. síðustu fimm ár. Ég man vel eftir nærri því öllum stóru málunum sem komu fram og ég kom að á síðasta kjörtímabili. Þau glöddu mig ekki öll jafnmikið. Ég vann í þeim, í sumum tilfellum gat ég haft áhrif til breytinga og í sumum ekki. Ég hef alltaf sagt úr þessum ræðustól: Ég stend við það sem ég gerði þá. Það þýðir ekki að mér geti ekki snúist hugur í málum og mínum flokki. Ráðherrann hlýtur að hafa verið í algjörum fílabeinsturni fyrir síðustu kosningar ef hann hefur ekki gert sér grein fyrir því að það kom fram í málflutningi allra þingmanna Alþfl. að þegar búið væri að taka saman jaðaráhrifin og áhrifin af ýmsum þeim breytingum sem við stóðum að, væri það óviðunandi niðurstaða. Við boðuðum það tímanlega fyrir kosningar og á fundum með fulltrúum fjmrh., þ.e. fulltrúum flokks fjmrh. hvaða breytingar við vildum gera. Ég held að ráðherrann ætti nú ekki að nefna húsaleigubæturnar vegna þess að útfærsla þeirra í samvinnu við flokk hans var þannig að í sumum bæjarfélögum fær fólk ekkert meðan fólk fær annars staðar skikkanlegan stuðning, samanber vaxtabæturnar. Og enn annað. Við erum alltaf í fjárlagavinnunni að gera breytingar þar sem ekki sést nægilega fyrir hvaða áhrif hafa hjá ýmsum hópum fólks. Þess vegna reyndust breytingarnar á vaxtabótakerfinu allt öðruvísi en útreikningar fjmrn. sýndu þegar við vorum að vinna þær.

[16:56]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara yfir þetta mál grein fyrir grein enda aðrir búnir að því og mjög margt komið fram um þessar breytingar sem lagðar eru til og ég ætla ekki að tala um jaðarskattana eins og flestir aðrir á undan mér. Þeim verður líklega ekki betur lýst en í máli hv. síðasta ræðumanns og ég þakka henni fyrir söguna sem hún sagði áðan.

Ég vil aðeins koma inn á örfá atriði sem varða frv. og þá endurskoðun sem unnið er að í sérstakri nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þar eiga þingflokkar stjórnarandstöðunnar ekki neinn hlut að máli og er það miður. Það virðist vera stefna og vinnubrögð núv. ríkisstjórnar í mjög mörgum málum að halda fulltrúum stjórnarandstöðunnar utan vinnu af þessu tagi þótt þar séu vissulega undantekningar á. En þeir koma sem sagt ekki að þessari vinnu nú og því eru ekki aðrar upplýsingar um þetta starf að hafa en það litla sem fram kemur í greinargerð og það er satt að segja afar takmarkað. Ef ekki kemur annað fram eða í ljós í þessari umræðu virðist verkefni fyrrgreindrar nefndar vera skilgreint fremur þröngt. Ég hefði viljað sjá hugmyndir og fyrirætlanir um miklu víðtækari endurskoðun sem ég tel alveg nauðsynlegt að fari fram til að stuðla að jafnræði skattgreiðenda.

Ég minni í þessu samandi á gamalt álita- og deilumál sem er samsköttun hjóna. Slíkri samsköttun var komið á 1985 ef ég man rétt frekar en 1986 og er að mínu mati ekki til þess fallin að treysta sjálfsmynd einstaklingsins. Þessi samsköttunarstefna er áréttuð í 6. gr. frv. sem hér er til umræðu þar sem einstaklingum í staðfestri samvist er gert skylt að telja fram og vera skattlagðir eins og hjón. Þetta er vafalaust hugsað og meint sem réttlætismál en þessi stefna er alls ekki af öllum talin réttlætismál eins og ég hygg að hæstv. fjmrh. kannist mætavel við. Þingflokkur Kvennalistans hafnaði þessari samsköttunarleið þegar hún var til umræðu og var lögfest árið 1985 og rökin fyrir þeirri afstöðu voru og eru fyrst og fremst tvenns konar:

Í fyrsta lagi er vegið að sjálfstæði einstaklinganna með því að tengja þá saman á þann hátt sem samsköttunarleiðin gerir. Reyndin er auðvitað sú að það eru nánast eingöngu konur sem þannig eru settar í þá stöðu að framselja persónuafslátt sinn til eiginmanna sinna en ekki öfugt. Ég veit dæmi þessi að þessi framsalsheimild hafi reynst kúgunartæki í höndum manna sem hafa ekki viljað missa þennan möguleika til frádráttar á sínum skattstofni og þar af leiðandi lagst gegn því að eiginkonur þeirra fari út á vinnumarkaðinn eftir tímabundna fjarvist þaðan til þess að sinna heimilisstörfum.

Í öðru lagi felst ákveðið óréttlæti í því að binda slíka samsköttun við hjón eða sambúðaraðila sem má jafna til hjóna eins og verið er að staðfesta með tillögunni í 6. gr. frv. Auðvitað eru til margs konar önnur sambúðarform en þau sem lögin taka þá til eftir að þetta hefur verið samþykkt, svo sem sameiginlegt heimilishald systkina, mæðgina og mæðgna, feðga eða feðgina. Þess vegna lögðum við þingkonur Kvennalistans ítrekað fram tillögur um útvíkkun þessarar lagaheimildar á þann veg að einstæðir foreldrar gætu nýtt ónotaðan persónuafslátt barna sinna sem ættu heimilisfesti hjá þeim. Þetta gerðum við á árunum 1989–1990 eða 1991, ef ég man rétt, og þá í ljósi þess að þetta heimildarákvæði var augljóslega ekkert á leið út úr skattalöggjöfinni. Við töldum þá skárra að fleiri gætu notið þessa skattalega hagræðis eins og það er orðað sem heimildinni er ætlað að vera í heimilishaldi. En ákvæðið þarf endurskoðunar við.

Auðvitað á að styðja heimili landsins en það á að styðja þau á annan hátt og svo sannarlega mætti stokka allt þetta kerfi upp með það að markmiði að styrkja heimilin, styrkja fjölskyldurnar en jafnframt að treysta sjálfstæði einstaklingsins. Í því sambandi vil ég benda á eitt atriði sem ég bið hæstv. fjmrh. og hv. þm. að íhuga vegna þess að það atriði varðar jafnrétti eða öllu heldur misrétti kynjanna. Það er hvernig framtalseyðublöð eru úr garði gerð. Í samræmi við aldagamla hugsun, hefðir og viðhorf eru þau þannig sett fram að konur eru sem tryggilegast gerðar viðhengi eiginmanna eða sambúðarmanna sinna því karlmaðurinn er alltaf aðalframteljandinn og að sjálfsögðu talinn fyrstur en konan er í hliðarsúffu. Verður fróðlegt að fylgjast með hvernig menn leysa þetta á framtalseyðublöðum fólks í staðfestri samvist samanber 6. gr. Hvernig ætla menn að ákveða hver er höfuð fjölskyldunnar í þeim tilvikum? Kannski kallar þessi nýja hlið málanna á nýja hugsun og þá er það auðvitað hið besta mál. Ég bið menn að íhuga og átta sig á þessari myndbirtingu vanabundinna viðhorfa til hlutverka kynjanna og stöðu þeirra í sambúð og á heimili. Það er ekki til þess að efla sjálfsmynd kvenna að vera afgreiddar sem viðhengi karla í sambúð. Auðvitað á hver skattskyldur einstaklingur að fá sitt eigið eyðublað og skattleggjast sem einstaklingur þótt síðan verði tekið tillit til aðstæðna af ýmsu tagi, m.a. umönnunar heimilisfólks, barna, aldraðra eða sjúklinga. Fróðlegt væri að vita hve mikið samsköttun sambúðaraðila kosti og hve margar konur eru í hópi þeirra sem nýta skattkort maka. Ef til vill hefur hæstv. ráðherra þær tölur ekki á hraðbergi. Mig minnir að ég hafi einhvern tímann heyrt að það sé um 1,5 milljarðar kr. sem ríkissjóður er þá tilbúinn að vera án og mætti nýta á annan hátt til þess að styrkja stöðu fjölskyldunnar eða einstaklinganna. En það mætti þá ef til vill fá þessar tölur síðar.

Ég vil að sjálfsögðu taka skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna með þessu að ríkissjóður komi til móts við þarfir einstaklinga eða heimila og létti undir með þeim. Þetta er spurning um leiðir og réttlæti í skattlagningu og þetta er spurning um sjálfstæði og sjálfsmynd einstaklinga. (**Gripið fram í:** Og hugarfarsbreytinguna.) Og hugarfarsbreytinguna margræddu og þá sem oft hefur verið leitað eftir og Sjálfstfl. er nú að bíða eftir. Auðvitað þarf að athuga mörg önnur atriði eins og niðurgreiðslu ríkisins á launakostnaði atvinnurekenda í sjávarútvegi sem birtist í skattfrádrætti sjómanna. Ef ég man rétt er þar um 1–2 milljarða að ræða sem er í raun og veru fáránlegt að ríkið sé að leggja útgerðarmönnum til. Þennan kostnað eiga útgerðarmenn að bera sjálfir rétt eins og aðrir launagreiðendur gera í sambærilegum tilvikum. Skattafslátturinn mun hafa komið til og verið lögfestur í tengslum við kjarasamninga fyrir allnokkrum árum og hafa haft þann tvíþætta tilgang að létta undir með útgerðinni sem þótti þá standa mjög höllum fæti og þann tilgang að taka tillit til aðstæðna sjómanna sem eru langdvölum frá heimilum sínum. Síðan hefur hvort tveggja gerst að hagur útgerðarinnar er allur annar og betri en ekki síður hitt að þessi skattafsláttur hefur færst til fjölmargra annarra en þeirra sem dvelja fjarri heimilum sínum. Menn sem bregða sér á sjó daglangt fá þennan afslátt, t.d. þeir sem sigla hér fram og aftur milli Akraness og Reykjavíkur, á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og fleira mætti nefna. Ég hef ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því að þessir menn hafi sómasamleg laun og satt að segja

sem allra mest og best. Þeir eiga auðvitað skilið að fá góð laun eins og reyndar allt launafólk í landinu. En ég sé ekki að ríkið eigi að létta launabyrði af vinnuveitendum sjómanna umfram aðra. Ég tel að þetta ákvæði beri að endurskoða og ná samkomulagi við málsaðila um að færa þennan kjaraþátt í áföngum frá ríkinu til vinnuveitenda. Það eru þeir sem eiga að greiða þetta en ekki ríkið.

Þessu vildi ég koma á framfæri við umræðuna þótt margt fleira mætti nefna sem þarfnast endurskoðunar. Því miður hef ég ekki trú á að ætlunin sé að taka á þeim í því nefndarstarfi sem er í gangi og sagt er frá í greinargerð með frv.

[17:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi strax fram varðandi sérsköttun og samsköttun og það er hárrétt hjá hv. þm. að tvær meginleiðir koma til greina. Sjálfur hef ég verið hallur undir sérsköttunarleiðina, ég held að hún sé betri og einmitt betri með tilliti til þess sem hv. þm. benti á, sjálfstæði einstaklinganna til að velja og hafna. Minn flokkur er ekki sömu skoðunar. Reyndar man ég þá tíð að Kvennalistinn sneri líka við blaðinu í þessum efnum og hér inn á þing kom mál sem var alls ekki í þá veru sem hv. þm. var að lýsa sem stefnu Kvennalistans. Það hefði verið fróðlegt að heyra þau sjónarmið líka þegar hv. þm. var að ræða málið. (**KH:** Þá hefur þú ekki hlustað.) Þá hef ég ekki hlustað nægilega vel og biðst afsökunar á því. Ég man eftir að hafa áður rætt þetta við fulltrúa Kvennalistans sem voru ekki sömu skoðunar og hv. þm. hér úr þessum ræðustól. Svo vil ég að það komi fram að ég vissi ekki betur en að búið væri að jafna þann mun sem kemur fram á framtalseyðublöðum. Breyting var gerð á yfirstandandi ári sem átti að jafna muninn. En ég skal viðurkenna að ég man ekki nákvæmlega hver röðin er í því sambandi en að minnsta kosti var gerð breyting á framtalseyðublaðinu, sérstaklega með tilliti til þess að ekki væri hægt að halda því fram að annar væri rétthærri en hinn. Því miður á ég engin svör við því þegar um fólk í sambúð er að ræða, þ.e. tvo einstaklinga af sama kyni, hvor verður skráður á undan. En ég held að hv. þm. sem kallaði fram í með því að benda á að stafrófsröð er oft notuð þegar skera þarf úr slíkum ágreiningi.

[17:10]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er augljóst að hæstv. ráðherra var eitthvað upptekinn á meðan á ræðu minni stóð því að ég fór einmitt nákvæmlega yfir það þegar þingkonur Kvennalistans lögðu fram þingmál í ljósi þess að þetta atriði, samsköttunarleiðin, var ekki á leið út úr skattalöggjöfinni m.a. vegna eindreginnar afstöðu Sjálfstfl. og raunar flestra ef ekki allra þingflokka á Alþingi. Þá lögðum við fram frv. þess efnis að einstæðir foreldrar gætu nýtt ónotaðan skattafslátt barna sinna sem byggju hjá þeim til þess einmitt að það væru þó fleiri sem nytu þessa afsláttar en aðeins hjón eða einstaklingar í sambúð. En með því vorum við ekki að snúa frá þeirri skoðun okkar og það var margtekið fram að í raun ætti þessi samsköttun ekki að vera fyrir hendi.

Hvað framtalseyðublaðið varðar þá kannast ég ekki við að uppsetningu þess hafi verið breytt þannig að það sé jöfnuður á milli kynjanna, alltént er karlmaðurinn alveg örugglega talinn fram á undan. Það er þá eitthvað sem við fáum að sjá á næsta ári ef gerð hefur verið breyting á. En hvernig sem því er varið þá er það það eina rétta að mínum dómi að hver fái sitt skatteyðublað og beri ábyrgð á því.

[17:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem við ræðum hér í dag er býsna víðfeðmt. Það tekur á ýmsum þáttum skattalaga en eins og hefur komið fram einkum þó þeim sem snúa að fyrirtækjunum í landinu. Einkum þeim sem Vinnuveitendasambandið hefur talið að þyrfti að lagfæra.

Hér eru breytingar sem snúa að einstaklingum og sveitarfélögunum sem leiða af fyrri lagabreytingum eins og ákvæði 6. gr. þar sem aðilar í staðfestri sambúð fá sambærileg réttindi og þeir sem í hjónabandi eru varðandi skattalögin annars vegar og hins vegar er hér verið að breyta lögum vegna yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég get ekki látið hjá líða fyrst í frv. er ákvæði sem snýr að sveitarfélögunum og grunnskólanum að nefna að ef til vill þarf ríkissjóður á meiri tekjum að halda á næsta ári en menn hugðu þegar fjárlagafrv. var lagt fram vegna þess að nú er fallinn dómur í biðlaunamáli kennara þar sem það liggur fyrir að þeim, sem neituðu flutningi og öðrum þeim sem hættu og voru með fyrirvara um biðlaun, hafa verið dæmd biðlaun. Hvað þetta þýðir fyrir aðra kennara er auðvitað ekki ljóst en ég held að þessi dómur og annar nýgenginn hljóti að sýna okkur fram á að stjórnvöld hafa vissulega verið á nokkrum villigötum þegar þau hafa haldið því fram hér í þingsölum og annars staðar að að þær breytingar sem hafa verið gerðar á stöðu opinberra starfsmanna og verið er að gera kalli ekki á biðlaun eða veki biðlaunarétt. En það er annað mál þó að við sjáum fyrir okkur að skattarnir fari til að greiða þessi ákveðnu biðlaun.

Það hefur komið fram í umræðunni í dag og verið fullyrt að Íslendingar vilji ekki mikinn mun tekna. Þeir þoli ekki ójöfnuð og snemma í umræðunni voru menn að tala um að launamunur á Íslandi væri til muna minni en víða annars staðar. Hér væri semsé í því tilliti meiri jöfnuður. En það er merkilegt að þjóð sem á svona bágt með að þola ójöfnuð og vill hafa svona mikinn jöfnuð skuli líða þann mikla ójöfnuð sem er í launakjörum kynjanna. Þegar við erum að tala um lagabreytingar á tekjuskatti og eignarskatti hljótum við að horfa til þess hvaða mynd kemur upp þegar búið er að leggja þessa skatta á. Hvað sýnir sú mynd? Samkvæmt þeirri skýrslu sem hér hefur verið vitnað til, skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem snýst um skattamál einstaklinga og fjölskyldna fremur en fyrirtækja, kemur í ljós að hlutfall atvinnutekna kvenna af tekjum karla er fyrir síðasta ár einungis 52%. Konur eru semsé með um það bil helmingi lægri tekjur en karlar eða 73 þús. kr. að meðaltali á mánuði á móti 140 þús. kr. Árið 1980 var þetta hlutfall 46,6% þannig að aðeins hefur miðað. En ef 15 ár hefur tekið að nurla inn þessum örfáu prósentum þá líst okkur ekki á blikuna. Á sama tíma og launin hafa þokast örfá prósent, þó þau séu enn einungis rétt um 50% af atvinnutekjum karla, hefur atvinnuþátttaka kvenna hins vegar stóraukist um mun fleiri prósent eða úr 63% árið 1984 í 80% árið 1994. Það er enn þá merkilegra að horfa til þess hversu mikil atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er eða 80% og sú mesta sem um getur, ef litið er til þeirra landa sem við berum okkur saman við og jafnvel þó víðar væri leitað af því að hér fara menn vítt um heiminn í samanburði, að ekki einasta vinna íslenskar konur meira utan heimilis en stallsystur þeirra í öðrum löndum heldur eiga þær líka fleiri

börn. Fæðingartíðnin hér er mun hærri en í öllum nálægum löndum og við þurfum að fara í aðra heimsálfu, til Mexíkó, til að finna hlutfall sem er hærra. Ef við viljum horfa okkur nær þurfum við að fara til Tyrklands til að finna tölu sem er hærri. En í öllum þeim löndum sem við alla jafna berum okkur saman við er fæðingartíðnin lægri.

Þess vegna má segja, herra forseti, að íslenskar konur sýni óvenjulegan dugnað. Kannski er það af því að þær sýna þennan óvenjulega dugnað að ekki hefur enn þótt ástæða til að umbuna þeim sem skyldi, eða hvað? Vegna þess að við erum ekki bara í dag að tala um hvað skattarnir sýna hvaða tölur koma upp þegar búið er að leggja á skattana og í ljós kemur hverjar atvinnutekjurnar voru. Við erum líka að tala um það hvernig búið er að fjölskyldunni og við erum að tala um jaðarskatta. Ég held að við séum öll sammála um það, sem hér erum, að barnafjölskyldan á Íslandi ríður ekki feitum hesti frá því kerfi sem er.

Við stærum okkur oft af því að þrátt fyrir launin og ýmsar umkvartanir launafólks og fjölskyldna á Íslandi sé það samt svo að Ísland sé í sjöunda efsta sæti OECD-ríkjanna miðað við landsframleiðslu á hvern einstakling, ef við erum að tala um fólk á vinnualdri frá unglingsárum og upp til 65 ára aldurs. Ef við tökum hins vegar með í dæmið að atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er mun hærri en annars staðar og ef við leiðréttum fyrir þeirri „skekkju" þá dettur Ísland niður í 20. sæti. Þá eru lífskjörin ekki lengur svona merkileg. Þannig að það er harðfylgi kvenna sem heldur lífskjörum þjóðarinnar uppi. Þetta er staðreynd sem ég held að við ættum að hafa í huga og hlýtur að hvarfla að manni og sækja nokkuð á þegar horft er til þeirra staðreynda sem fram koma í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um skatta einstaklinga og fjölskyldna, um tekjur, eignir og dreifingu þeirra.

Skattarnir skapa bæði fyrirtækjum og fjölskyldum ákveðið umhverfi. Ég held við séum öll sammála um að lág laun eru lítill hvati fyrir fyrirtækin til að auka sína framleiðni. Ég held að líka liggi fyrir að lágir skattar og þægilegt skattaumhverfi sé ekki heldur hvati á fyrirtæki til að hysja upp um sig og laga til hjá sér. Ég held því að ærin ástæða sé til að íhuga og fara yfir þær áherslur sem eru í skattamálum hjá okkur. Hafa þær skilað því sem vænst var? Hefur sá árangur orðið sem menn vildu sjá? Ég er ekki viss um að svo sé.

Ég fór yfir það áðan hversu hátt atvinnuhlutfall kvenna á Íslandi er. Það er merkilegt að atvinnuhlutfall kvenna helst svona hátt þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi verið hlutfallslega meira víða um land, einmitt meðal kvennanna. En þar komum við reyndar að svolítið merkilegum kafla sem snýr að atvinnuþátttöku og þeim breytingum sem eru að verða á okkar vinnumarkaði. Hagstofan hefur frá árinu 1991 verið með mælingar tvisvar á ári þar sem hún hefur kannað hvernig þessar breytingar hafa verið og hvaða breytingar eru að eiga sér stað. Úrtakið er 4.400 manns á hverjum tíma eða 8.800 manns á ári. Á árunum frá því að þessar mælingar byrjuðu, eða árið 1991, til 1995 hefur konum á vinnumarkaði fjölgað um 3.900 á sama tíma og körlum á vinnumarkaði hefur einungis fjölgað um 1.200. Það sem gerir þessar upplýsingar enn merkilegri er það að 3.000 af þessum 3.900 störfum kvennanna eru skipuð háskólamenntuðum konum. Á sama tíma hafa einungis bæst á vinnumarkað 200 ný störf fyrir háskólamenntaða karla. Þetta gerist á sama tíma og atvinnuleysi hefur verið viðvarandi og ástæðan fyrir þeim mun, sem hefur verið víða á atvinnuleysi karla og kvenna, ekki hvað síst á höfuðborgarsvæðinu, mun vera sú að karlar urðu atvinnulausir vegna þess að þeim var sagt upp enda hafa um 4.000 störf ófaglærðra tapast á þessu sama árabili en atvinnuleysi kvenna stafar frekar af því að þær eru nýjar á vinnumarkaði.

Við sjáum af þessu að þó að lítt hafi miðað í launamálum hjá konum og að við grátum það að menntun kvenna hafi ekki enn þá skilað sér í bættum launum er þó menntun kvenna að skila sér í því að hún skapar þeim vinnuna.

Þessi tilhneiging sem blasir við, þ.e. að þúsundir ófaglærðra starfa eru að tapast en konur með háskólamenntun eru að koma inn á vinnumarkaðinn er í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað annars staðar á Vesturlöndum undanfarin ár. Hún er hluti af þeirri mynd sem skapar þann vanda karla á Vesturlöndum sem ég vék að í umræðunni um jafnréttismál sem Kvennalistinn efndi til fyrir um það bil viku. Ég vísaði þar í grein í The Economist þar sem fjallað var um vanda karla og í rauninni hvernig sá vandi spilar inn í jafnrétti og jafnréttisviðleitni kvenna. Þar var sérstaklega fjallað einmitt um þennan þátt, hvernig karlarnir eru í ríkari mæli að missa þau störf sem þeir, ófaglærðir, áður gátu haft og fengið en hvernig aukin menntun kvenna og það hvernig þær sækja inn í þjónustustörfin, sem sífellt er að fjölga, gefur þeim hins vegar möguleika á fjölbreyttri atvinnu og mun gera það í fyrirsjáanlegri framtíð.

Sá vandi karla sem af þessu stafar er efni í aðra umræðu, herra forseti, þó ég hafi ekki getað látið hjá líða að nefna þetta vegna þess að ég held að full ástæða sé til að við íhugum þá tilhneigingu sem hér er á ferðinni í samhengi við það sem við þekkjum að er að gerast annars staðar vegna þess að afleiðingarnar hér verða nákvæmlega þær sömu og þær hafa orðið á öðrum Vesturlöndum. Þær sjást þegar m.a. í að brottfall pilta úr skólum er meira en stúlkna. Þær sjást m.a. að ýmis vandamál sem tengjast aga eru líklegri til að koma upp meðal drengja en stúlkna o.s.frv. Ég vænti þess að karlar taki betur við sér en þeir hafa gert hvað varðar stöðu sína og þá möguleika sem þeir þurfa að skapa sér til frjórra og betra lífs með því að styðja konurnar og taka þátt í þeirri viðleitni til frekara jafnréttis bæði á vinnumarkaðnum og inni á heimilunum, sem konur hafa verið að vinna að á undanförnum áratugum og árhundruðum væri líklega réttara að segja.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa fleiri orð um það mál sem hér er á dagskrá en ég gat ekki sleppt, vegna þess að skýrsla Þjóðhagsstofnunar um skattamál einstaklinga og fjölskyldna kom til umræðu, að tína til fleiri upplýsingar úr þeirri skýrslu, upplýsingar um hvað kemur í ljós þegar búið er að leggja á þá skatta sem leiða af þeim lögum sem hér er verið að fjalla um.

[17:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kannski fullmikið að tala um þetta sem beint andsvar. Ég held að ræða hv. þm. hafi átt hér erindi. Það liggur fyrir og hefur reyndar legið fyrir lengi að mikil atvinnuþátttaka hér á landi, bæði karla og kvenna og þó sér í lagi kvenna, veldur því að við höfum haldið uppi landsframleiðslu sem er áberandi há. En þegar litið er á unna tímaeiningu er framleiðnin mjög lítil. Þetta eru staðreyndir sem flestum eru ljósar. Það kann kannski að vera framlag í þessa umræðu að taka eftir því að líklega hefur atvinnuþátttaka kvenna vaxið á síðustu tíu árum þrátt fyrir að atvinnuleysi þeirra sé mikið. Þetta kemur nefnilega í ljós þegar tölur eru skoðaðar. Ef maður skoðar ekki atvinnuleysið

heldur atvinnuþátttökuna þá hefur hún vaxið hjá konum á undanförnum árum en því miður hefur vinnumarkaðurinn ekki getað tekið nægilega mikið við þannig að skráð atvinnuleysi kvenna er nú meira heldur en þá var. Þetta eru staðreyndir sem ég held að sé hollt að átta sig á og þurfi að koma fram um leið og þær upplýsingar komu fram sem hv. þm. var með og auðvitað hafa mikla þýðingu.

Ég fyrir mitt leyti held að það sama sé að gerast hér og hjá öðrum nágrannaþjóðum þar sem miklar breytingar hafa orðið í atvinnurekstri. Þess mun sjá stað á næstunni og er kannski óumflýjanlegt og kannski eðlilegt og sjálfsagt að ungar menntaðar konur munu verða eftirsóttari starfskraftar en miðaldra körlum og eldri mun fjölga á atvinnuleysisskrá. Þetta er sú þróun sem við höfum séð í öllum okkar nágrannalöndum og fela í sér bæði vondar og góðar fréttir.

[17:31]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara nota tækifærið og endurtaka þær tölur sem ég var með hér áðan því þær voru merkilegar og segja okkur að það er ekki einungis þannig að þróunin í þessum málum muni verða svona, því hún er orðin. Eins og hæstv. fjmrh. bendir á hafa 3.900 af þeim störfum sem hafa bæst við ný á vinnumarkaði verið störf sem konur hafa farið í og þar af 3.000 háskólamenntaðar konur. En það hafa einungis 1.200 ný störf skapast sem karlar hafa farið í og þar af einungis 200 háskólamenntaðir. Þessi tilhneiging er greinileg og mikil. Það eru háskólamenntaðar konur sem eru að koma inn á markaðinn af miklum þunga. Á sama tíma hafa farið út 4.000 störf ófaglærðra. Þetta er alveg sama tilhneiging. Því segi ég að við eigum að skoða þessa tilhneigingu af fullri alvöru með tilliti til þess hvernig við erum að vinna hér í launamálum, í málefnum fyrirtækja, atvinnulífsins og skólamálunum ekki síst, vegna þess að þar kemur þetta mjög inn.

[17:32]

Sigfús Leví Jónsson:

Herra forseti. Ég verð að vera svolítið einlægur í upphafi máls míns og segja og viðurkenna að mér er svolítið óðruvísi innan brjósts í þessum ræðustól heldur en öðrum þeim sem ég hef farið í áður. Ég verð að hafa svolítinn formála á þessari ræðu minni en ég vil reyna að vera stuttorður og gagnorður því umræður eru orðnar langar.

Mitt kjördæmi er Norðurland vestra. Það hefur komið ítrekað fram að þar eru laun hvað lægst á landinu. Minn málflutningur hlýtur að mótast af þeim aðstæðum.

Ég hef farið nokkuð víða um mitt kjördæmi bæði til fundahalda og að hitta einstaklinga og ég hef gjarnan haft það fyrir venju að spyrja: Hvað er það sem kemur ykkur best? Svarið er nær undantekningarlaust hærri skattleysismörk. Á Norðurlandi vestra eru laun svo margra á bilinu 60–100 þús. kr. Kannski skil ég þetta betur en aðrir því ég er atvinnurekandi á Hvammstanga, og ég reikna gjarnan laun minna starfsmanna út sjálfur svo ég sé sjálfur hvernig málin standa. Ég ætla ekki að vera með neitt skítkast þó ég segi að kannski væri það ekki verra að fleiri hv. alþm. væru í slíkum störfum líka. Ábyggilega eru einhverjir í atvinnurekstri en því miður held ég að þeir séu of fáir.

Svarið kemur eðlilega þegar um það er rætt hvað kemur mönnum best: Hækkun skattleysismarka. Ég ætla að útskýra það aðeins betur. Hjá fólki sem er með um það bil 60–100 þús. kr. á mánuði fer helmingur launanna í skatta þegar komið er yfir skattleysismörk. Við verðum að athuga að fólk sem er á þessum lágu launum nær þessari upphæð ekki nema með mjög mikilli vinnu. Það eru ekki nema heilir 24 tímar í sólarhringnum og þó það ynni allan sólarhringinn þá fer helmingurinn í skatt sem umfram er skattleysismörkin. Ungt fólk í dag hefur ekki möguleika á að vinna sig út úr erfiðleikunum, vinna sig upp eins og við gerðum í gamla daga. Þetta getur ekki gengið það verður að taka á þessu. Þetta er meinsemd í samfélaginu í dag sem verður að taka á.

Ég hef nú hálfundrast hvað skattleysismörkin hafa lítið verið til umræðu hér í dag. Ég veit ekki hvers vegna. Þetta er svo mikið mál og ég vona sannarlega að hv. efh.- og viðskn., sem mun taka þetta til skoðunar eftir daginn í dag, skoði þetta mál vel og rækilega og ég treysti þeim ágætu mönnum vel til þess. Það eru þessir tveir þættir, þ.e. jaðarskattarnir og svo skattleysismörkin, sem mér finnst brenna meir á mönnum heldur en nokkuð annað. Ég veit að vísu að þeir sem eru með mjög lág laun hafa alls konar bætur. En það eru ekki nærri því allir. Það er ófært að í dag skuli vera sú staða að þetta lendir fyrst og fremst á ungu fólki, við skulum athuga það. Þetta er ekki fólkið sem er komi vel til vits og ára heldur unga fólkið sem á ekki neitt nema kjarkinn og viljann til að gera eitthvað og er að reyna að berjast áfram. Við megum ekki leggjast á það með of þungum sköttum, það getur ekki gengið í þessu samfélagi.

Ég verð nú að vera svolítið kannski stráksleguir í lokin og segja það að fyrir mér sveitamanninum hefur það verið mjög mikil reynsla að vera þessa daga og ég hlakka til að vera með ykkur þessa daga sem eftir eru fram á miðvikudaginn. Fyrir mig, sveitamanninn þá verð ég að segja að þegar maður hlustar á ræðurnar þá er það eins og menn geti skiptst á ræðum hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Því miður verð ég að segja það að ég held að minn ágæti flokkur taki þátt í því ekki síður en aðrir. (**Fjmrh.:** Við erum svo sjaldan í stjórnarandstöðu.)

[17:38]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil taka undir seinustu orð hv. ræðumanns sem var hér á undan að þetta er allt of algengt. En þarna skilur kannski mest á milli hversu húsbóndahollir menn eru því framkvæmdarvaldi sem þeir þurfa að þjóna hverju sinni. Það er mesti veikleiki þingsins að búa við það að framkvæmdarvaldið hefur það sterk tök á þinginu að það má mjög um það deila hvort þingskipuð stjórn sitji yfir landinu eða hvort það sé þing sem sé bundið af framkvæmdarvaldinu. Og nú glottir hæstv. fjmrh. því ég hygg að hann skilji mætavel hvað ég er að tala um.

Ég held að hann hafi staðið sig nokkuð vel í sinni vörn hér í dag. Hann hefur þurft að standa í nokkuð mikilli vörn eins og oft vill verða með fjmrh. Þeir eiga að gæta ríkiskassans og verða að gera það því það er nú einu sinni svo að það vilja fleiri ná fé úr þeim kassa en leggja peninga í hann. Það var einu sinni sagt um fjmrh. í röðum Framsfl. að hann hefði haft það ráð að sitja á kassanum og lemja frá sér með lyklinum og varðist nokkuð vel. En hvað um það.

Það var kannski ein athugasemd sem var dálítið hæpin. Það var þegar hæstv. ráðherra tók undir með hv. þm. Agli Jónssyni að það gæti bjargað málum ef stafrófið yrði látið ráða hvor aðili ætti að skrást á undan á skatteyðublaðið. Vegna fámennis þá áttaði ég mig strax á því af því tilfelli sem umræðan snerist um að það bjargaði engu. Þannig getur

verið í sumum tilfellum að ekki aðeins séu karlarnir þetta hátt settir heldur líka á undan í stafrófinu.

Ég geri mér grein fyrir því að ég breyti ekki þeim texta sem hér er og því sem hér verður lagt til. Hins vegar ætla ég að ræða örlítið um það sem á bak við býr. Ég er sannfærður um að á sínum tíma var rétt að taka upp skattafslátt til að örva kaup á hlutabréfum. Og ég er sannfærður um að það er miklu betra fyrir íslenska hagkerfið að ekki sé hægt að skipta því alveg í launþega og fyrirtæki eins og menn eru að gera. Flestir eigendur fyrirtækja eru líka launþegar ef þetta er skoðað. Ég tel að það hafi verið kannski of rýmilega skammtað. En það þurfti að skammta mjög rýmilega til þess að koma mönnum af stað til að leggja fé í atvinnureksturinn. Ég hefði talið það betra ef hæstv. fjmrh. hefði ekki stigið þetta skref að fullu. Ef hann hefði þrengt þetta ákvæði en haldið þessu inni bara til þess að tryggja það hugarfar hjá íslenskri þjóð að það sé nauðsyn að setja peninga í atvinnurekstur.

Þetta segi ég vegna þess að það er búið að halda því að þjóðinni og launamönnum fyrst og fremst að þeir eigi að setja peninga í húsnæði. Kannski er það aðalmeinsemd hins íslenska efnahagslífs að við erum búnir að fjárfesta miklu meira í íbúðarhúsnæði en þjóðirnar í kringum okkur. Það er auðvelt t.d. að bera saman hvaða rými er á hvern einstakling í höfuðborg Finnlands og í íslensku höfuðborginni. Skekkjan er ekkert smáræði. Ég segi þetta hér vegna þess að þó vissulega sé ekki hægt að segja að það sé öruggt að allt það fé sem fer í íslensk fyrirtæki muni skila sér í möguleikum þeirra til þess að greiða fleiri aðilum laun eða greiða hærri laun, vegna þess að þeim er að sjálfsögðu frjálst að fjárfesta erlendis eins og búið er að ganga frá málum, þá er það samt svo að það er grunnurinn. Það er grunnurinn undir því að allt hitt haldi velli að atvinnurekstur í landinu sé svo öflugur að launþegahreyfingin hafi einhverja til þess að krefjast þess af að þeir greiði betri laun. Við ætlum launþegahreyfingunni að hafa þann styrkleika að hún geti fylgst með því að þar verði ekki slík auðsuppsöfnun að óeðlilegt geti talist en ég undirstrika það að ég vil að íslensk fyrirtæki eigi eigið fé og ég vil að sem flestir eigi í þeim. Það er miklu meira atriði en menn halda og þess vegna var þetta skynsamlegt á sínum tíma. Það var skammtað mjög rúmt. Ég hefði talið það mun betra ef þetta hefði verið þrengt en þessu hefði verið haldið.

Ég held að þegar menn standa hér upp og segja að allir flokkar hafi lofað lækkun á jaðarsköttum fyrir seinustu kosningar þá sé það út af fyrir sig hárrétt. Það er út af fyrir sig hárrétt að við höfum tekið mikinn tíma í þetta, ef til vil meiri tíma en æskilegt væri. Hluti af dæminu er kannski sá að ríkissjóður hefur verið rekinn með alvarlegum halla. En menn hafa líka sveiflast út í öfgana. Heill þingflokkur boðaði það einu sinni að það ætti að leggja tekjuskattinn af. Þess vegna verð ég að segja eins og er að mér brá illa á seinasta kjörtímabili að sjá það gerast að við hækkuðum þennan tekjuskatt. Við hækkuðum hann verulega. Og með því að bæta jaðarsköttunum við lokuðum við þeirri leið sem ungir og skuldugir menn höfðu áður til að vinna sig út úr skuldunum. Við lokuðum henni og við sögðum hreinlega við þessa menn: Annaðhvort verðið þið gerðir gjaldþrota eða að þið brjótið lög. Stór hluti hefur lent í því að verða gjaldþrota. En þeir eru líka margir sem hafa tekið þá ákvörðun að skynsamlegra sé þá að brjóta lögin. Í reynd höfum við komið okkur upp kerfi sem verðlaunar tvöfalt ef menn fara í það að komast hjá því að borga það sem þeim ber með svartri atvinnustarfsemi. Við launum það í fyrsta lagi með lækkun tekjuskattsins og við launum það líka í gegnum jaðarskattana mjög ríflega. Ég er sannfærður um að tekjuskatturinn er í prósentum of hár í þessu landi. Ég minnist þess einu sinni að faðir núverandi formanns Alþfl. stóð á sviðinu í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og sagði: „Sá sem vinnur verður ávallt að hafa stóran ávinning vinnu sinnar.“ Og það sem meira er þetta er undirstaðan þess að hið vestræna hagkerfi haldi velli vegna þess að meinsemd kommúnismans var sú að þar var kenningin hin: „Menn eiga að leggja fram eftir getu sinni og fá eftir þörfum sínum.“ Það var ekki til það fífl sem ekki vildi fá eftir þörfum sínum. En þeir voru ansi margir sem komu sér undan því að leggja fram sitt framlag eftir getu sinni. Jafnvel Stalín sem trúði á kerfið, sem betur fer var hann kannski ekki of trúaður, sá að þessi fjandi gekk ekki og útbjó svokallaða Stakanov-kenningu sem flestir kannast við, um kolaverkamanninn sem hann sagði að mokaði þrefalt á við hina. Og á hann að hafa sama kaup, spurði Stalín. Það kemur ekki til greina, hann á að hafa meira. Og út á þennan kolaverkamann komst hann að þeirri niðurstöðu að það væri réttlátt að hafa mismun og mismunurinn er driffjöðrin.

Ef menn aftur á móti halda að Íslendingar séu svo heimskir að þeir hagi sér ekkert eftir því hvernig skattarnir eru, þeir puði alveg jafnmikið og taki þessu bara þegjandi og hljóðalaust, þá þekkja þeir ekki íslenska þjóð. Íslenska þjóðin skoðar skattkerfið og hagar sér að verulegu leyti eftir því, að sjálfsögðu. Við værum ekki svona gáfaðir Íslendingar ef við reyndum ekki að gera það. Ég veit að hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir því að tekjuskattskerfið er komið út í öfgar. Það er komið út í öfgar. Ég er sannfærður um að hæstv. fjmrh. gerir sér grein fyrir því. Ég hef tekið eftir því meira að segja stundum að hann hefur sagt erfiða hluti fyrir Sjálfstfl. eins og þegar hann vakti athygli á því að stefna flokksins í ríkisfjármálum væri ekki beint raunhæf. Hún gengi ekki upp nema þegar menn væru í stjórnarandstöðu. Ég hef nú kannski málað þetta örlítið of sterkt en þó var það mætur stuðningsmaður Sjálfstfl. og skólastjóri til margra ára sem skrifaði sérstaka grein þar sem hann krafðist þess að fjmrh. gerði grein fyrir þessum orðum sínum og útskýrði hvað hann ætti við. Það er nefnilega hlutur sem við hinir höfum lengi vitað að stefna Sjálfstfl. í ríkisfjármálum gengur ekki að öllu leyti upp nema þegar hann er í stjórnarandstöðu.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ræða eitt atriði sem gerðist varðandi skattlagninguna. Fjmrh. var búinn að glíma við það sem mjög erfitt vandamál hvernig ætti að ná sáttum um fjármagnstekjuskatt. Það veit hver einasti Íslendingur sem eitthvað þekkir til í pólitík að það var ekkert auðvelt hjá hæstv. fjmrh. að vera fjmrh. fyrir Sjálfstfl. og fá niðurstöðu í það mál. Ég get þess vegna ekki láð honum það þegar fulltrúar atvinnurekenda og launþega og flokkanna komust að þeirri niðurstöðu að hann skyldi láta skynsemina ráða og fara eftir tillögunni þó vitlaus væri — þó vitlaus væri. Það hefði nú margur gert í hans sporum, ekki satt, að kjósa heldur frið um vitlausa tillögu heldur en að fara út í ófrið bæði innan síns flokks og einnig hér í þinginu því vafalaust hefði mönnum sýnst sitt hverjum. En hættan við þetta tiltæki liggur í því að hér á landi er fullt af litlum hlutafélögum. Og þessi litlu hlutafélög geta einfaldlega sagt og munu að sjálfsögðu gera það: „Það er miklu skynsamlegra að við borgum okkur út arð heldur en að við borgum okkur út laun. Höfum launin lág en borgum bara út góðan arð.“ Og hvað gerist þá? Jú, menn sleppa þokkalega frá þessum jaðarsköttum með tiltækinu og fá ekki nema 10% skatt á hitt sem þeir borga út

sem arð. Niðurstaðan er þess vegna sú að þetta kerfi hlýtur að ýta mjög undir að hin gáfaða íslenska þjóð stofni nú einkahlutafélög í stórum stíl. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. er ljóst. Og hví skyldu menn ekki gera það? Ég er ekki viss um að það sé auðvelt að stofna hlutafélag um hjónabandið en það getur vel verið að Kristín Halldórsdóttir, hv. þm., gæti fengið upplýsingar um það hvernig hægt væri að koma því fyrir og menn létu reyna á þetta í alvöru. Verktakastarfsemi er heimil þannig að að sjálfsögðu er hægt að ráða sig sem verktaka við hin ýmsu störf og það væri hægt að koma þessu skynsamlega fyrir. Ritstjóri getur alveg jafnt verið í verktakastarfsemi eins og hann getur verið launþegi. Það er ekkert sem mælir á móti því. Hann getur haft það sem verktaki að skrifa leiðara eða stjórna blaði. En við þingmenn búum við það stórkostlega vandamál að við yrðum sennilega að breyta þessu með mjög áberandi hætti þannig að ég er ekki viss um að það væri hægt að koma því í hlutafélagsform svo auðveldlega í ljósi þess að hæstv. fjmrh. mundi trúlega snúast gegn slíkum breytingum. (**Fjmrh.:** Er ekki ástæða til að krefjast útboðs?) Svo er það náttúrlega þetta með úboðin sem hér hefur komið fram og þá hluti alla að menn vilja ná auðlindaskatti og ætla að leggja sérstakan skatt á útvarpsrásir og sjónvarpsrásir. Þetta leiðir náttúrlega hugann að því að embættisveitingar voru einu sinni seldar. Það er hópur manna sem sækir um sum hæstlaunuðu embættin. Það mætti nú bjóða það út. Þannig að þetta er út af fyrir sig rökrænn tekjustofn ef menn horfa á þetta út frá þessu sjónarmiði. En það hefur ekki orðið sú stefna enn þá í Alþfl. að það sé boðið út hver verður formaður þar. Það eru kosningar hafðar innan flokksins þó sá möguleiki hafi verið ræddur í þingsölum af núverandi formanni, að auðlindaskatturinn væri kominn á ef menn færu að úthluta sjónvarpsrásum eftir sérstöku kerfi þar sem yrði látið greiða fyrir slíka hluti.

Ég ætla að staldra við eitt sem vafalaust á eftir að koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum og það er þessi blessaður persónuafsláttur. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er mikil spurning hvort ekki á alveg að afnema persónuafsláttinn. Og hvers vegna? Lækka prósentuna. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur hugleitt þetta. En það er nú einu sinni svo að eftir því sem prósentan er orðinn hærri, þeim mun ákveðnar leita menn að útgönguleiðum. Þeim mun lægri sem hún er, þeim mun fremur sætta menn sig við hlutina. Og það er líka að sumu leyti hollt að útrýma þeirri skoðun að verið sé að refsa mönnum með því að leggja skatta á. Það heyrist á ólíklegustu stöðum að skattar séu lagðir á til að refsa mönnum. Skattar eru lagðir á til þess að ríkið fái tekjur, ekki til refsingar. Og ef menn ætla að halda tekjuskattinum við þá þarf það viðhorf að vera til staðar að eðlilegt sé að menn þurfi að greiða eitthvað af sínum tekjum til ríkisins. En ef menn standa frammi fyrir því að með jaðarsköttum og öllu þessu dóti, húsaleigubótum og hvernig sem menn setja þetta upp, séu menn kannski komnir í 80% skatta til ríkisins, þá er nú ekkert skrýtið þó að menn fari nú að setjast niður og hugsa: Hvernig í dauðanum á ég að komast undan þessu og út úr þessu? (**Gripið fram í:** Finna nýtt starf.) Sumir hafa fundið nýtt land og komið sér upp skattaparadís erlendis. Það er út af fyrir sig staðreynd varðandi söluhagnað o.fl. En það sem ég held að menn verði að átta sig á er að íslenska skattkerfið hefur ekki náð þeirri fullkomnun að þar verði að hætta öllum breytingum. Við verðum að fara í stórtækar breytingar á þessu kerfi. Og við verðum að lækka virðisaukaskattinn og við getum ekki gert það nema með því að leggja virðisaukaskatt á fleira en við leggjum á í dag. En það er eins með þetta og fleira að það eru heilagar kýr sem enginn má hreyfa við jafnvel þó það sé sannað mál að hægt væri að tryggja að það færi allt í ríkissjóð. Við viljum ekki leggja skattinn á heitt vatn t.d. Það má ekki. Og til að kóróna þetta höfum við fundið okkur ótrúlegustu undankomuleiðir, t.d. er það upplýst að nektardansmeyjar séu skattlausar á Íslandi. Þær fara af landi brott eftir að þær eru búnar að vera þann tíma sem þær mega njóta þessara skattfríðinda og þær eru listamenn. Mér þætti vænt um að það yrði upplýst hvort það væri hæstv. fjmrh. sem sjálfur hefur úrskurðað hvort þær séu listamenn eða ekki, eða hvort einhver annar lægra settur í ráðuneytinu hefur komist að þeirri niðurstöðu.

Umræðu frestað.

Afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu, fyrri umr.

Þáltill. VK, 127. mál. — Þskj. 138.

[17:59]

Flm. (Viktor B. Kjartansson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um afnám skylduáskriftar Ríkisútvarpsins sem hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að leggja fram frumvarp um afnám skylduáskriftar almennings að Ríkisútvarpinu."

Í dag er málum þannig háttað að eigendur sjónvarpstækja eru skyldaðir til að greiða 2.000 kr. til Ríkisútvarpsins á mánuði hverjum eða 24.000 kr. á ári. Ekkert tillit er tekið til þess hvort viðkomandi nýtir sér að einhverju leyti dagskrá Ríkisútvarpsins. Ekki er því um þjónustugjald að ræða líkt og gerist með sams konar þjónustu er ríkið veitir almenningi. Á síðustu árum hafa orðið gjörbreytingar á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Í stað einnar ríkisrásar í hljóðvarpi og sjónvarpi getur almenningur valið um fjölda innlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins raska þannig eðlilegri samkeppni á þessum markaði og gengur sú skipan mála þvert gegn markmiðum samkeppnislaga og því almenna viðhorfi að gæta eigi jafnræðis á milli aðila í atvinnurekstri. Því má segja að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu sé dæmi um úrelta skipan mála í ríkisrekstri sem átti við þegar ríkið hafði einokun á þessu sviði. Ríkisútvarpið er í samkeppni við einkaaðila bæði á markaði fyrir áskriftir og auglýsingar. Almenningur er þannig þvingaður til áskriftar að Ríkisútvarpinu sem takmarkar svigrúm margra, einkum þeirra tekjulægri, til að kaupa áskrift að öðrum fjölmiðlum.

Það er þetta atriði, herra forseti, sem er meginatriði málsins. Að ríkið sé ekki að leggja hömlur á valfrelsi almennings. Það verður að teljast grundvallaratriði í frjálsu markaðsþjóðfélagi að almenningur hafi frelsi til að velja vöru og þjónustu í samræmi við þörf og áhuga. Niðurfelling afnotagjalda er því réttlætismál bæði í skilningi valfrelsis neytenda og jafnræðis milli keppinauta á sama markaði.

Nú hefur verið spurt: Hvernig á að fjármagna rekstur Ríkisútvarpsins? Og hvað verður þá um rekstur Ríkisútvarpsins? Ég tel að endurskilgreina þurfi rekstur Ríkisútvarpsins og aðgreina þá menningarlegu starfsemi útvarpsins sem menn telja að sé þess virði og eðlilegt að halda úti af ríkinu og greiða þá fyrir slíka starfsemi af fjárlögum. Það er hins vegar engin ástæða, herra forseti, fyrir ríkið að spila popptónlist

og vinsældalista sem aðrir geta boðið upp á. Ef ríkið á að halda úti slíkri starfsemi af hverju á þá ekki að halda úti ríkisdagblaði eða ríkisskipafélagi sem aðrir einkaaðilar geta boðið nú þegar? Það eru engin rök sem mæla með því að ríkið sé að halda úti einhvers konar dagskrá sem ekki telst hafa menningarlegt gildi eða það sérstaka gildi að menn telji ástæðu til að ríkið haldi úti slíkri starfsemi. Það er grundvallaratriði. Einnig gæti Ríkisútvarpið komið sér upp áskriftarkerfi líkt og einkastöðvarnar gera og keppa um þá starfsemi sem er í samkeppni nú þegar við einkastöðvarnar. Að keppa þá við þær með slíku áskriftarkerfi.

Með öðrum orðum við skulum ekki gera það að trúarbrögðum að ríkið sé að halda úti starfsemi sem einkaaðilar geta sinnt og sinna mjög vel. Við skulum heldur endurskilgreina rekstur Ríkisútvarpsins. Taka út þá menningarlegu starfsemi og þá sérstöku starfsemi sem ríkið vill halda í, greiða fyrir slíka starfsemi af fjárlögum en leyfa heldur einkaaðilum og þeim stöðvum, sem nú þegar starfa, að halda úti starfemi sem höfðar meira til almennings og þess meiri hluta sem nýtir sér þjónustu útvarps og sjónvarps. Við skulum láta slíka starfsemi ekki vera í höndum ríkisins.

[18:04]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því, þegar hv. þm. var að rökstyðja þá tillögu sína að áskriftargjöldum vegna Ríkisútvarps yrði *aflétt af þjóðinni, að hann vísaði til þess* að við byggjum í frjálsu markaðskerfi. Mér finnst þetta svolítið sérkennilegur rökstuðningur og vildi gjarnan inna flutningsmann frekar eftir þessu frjálsa markaðskerfi sem hann telur að við búum við. Við erum með víðfeðmt velferðarkerfi fyrir fólkið í landinu. Er það hluti af frjálsa markaðskerfinu hans? Sem betur fer erum við með nokkuð víðtækan stuðning við menntun og menningu. Ég veit ekki hvort hann flokkar það sem hluta af frjálsu markaðskerfi. Að auki er ótrúlega mikill stuðningur af hálfu hins opinbera við atvinnulífið. Ég vildi líka fá að vita hvort það er hluti af þessu frjálsa markaðskerfi sem hann notar sem rökstuðning í sínu máli.

[18:05]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e., Svanfríður Jónasdóttir, beindi þeim spurningum til mín eða kom með þá ábendingu að við byggjum í frjálsu markaðsþjóðfélagi en héldum úti annars konar starfsemi í þjóðfélaginu í senn. Og það er alveg rétt. Við höldum úti velferðarkerfi. Ég lít ekki svo á að rekstur Ríkisútvarpsins sé nauðsynlegur þáttur í velferðarkerfi þjóðarinnar. Ég tel ekki að það teljist til velferðarkerfis að halda úti ríkisútvarpi. Hún sagði einnig að við héldum úti menntun og menningu og hvort ég teldi að það væri hluti af hinu frjálsa markaðsþjóðfélagi. Og það var akkúrat það sem ég nefndi í ræðu minni. Ef menn telja ástæðu til að halda úti sérstakri mennta- og menningardagskrá á Ríkisútvarpinu þá á að endurskilgreina þá starfsemi og greiða fyrir þá starfsemi á fjárlögum ef menn líta á það sem nauðsynlegt menningarlegt gildi sem þar er flutt. Og það er nákvæmlega það sem ég benti á í ræðu minni. Einnig benti hún á að víðtækur stuðningur væri af hendi ríkisins til atvinnulífsins. Ég held að menn séu að færast óðum frá slíkum stuðningi og telji að það sé ekki í hlutverki ríkisins að mismuna fyrirtækjum eða einstaka atvinnugreinum með ríkisstyrkjum. Það kom mjög bersýnilega í ljós t.d. í umræðum um Byggðastofnun þar sem menn bentu á að eðlilegt væri að draga úr ríkisstyrkjum til atvinnulífsins.

[18:08]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki ég sem fullyrti að við byggjum í frjálsu markaðshagkerfi heldur var það flm. sem það gerði og notaði sem rökstuðning fyrir þessari tillögu sem hann ber hér fram. Ég lít þannig á að Ríkisútvarpið sé hluti af þeirri menningu sem við viljum varðveita, sem við viljum efla og sem við viljum þróa í okkar samfélagi. En af því að hv. flm. vísar í það að ef menn vilji hafa hlutina þannig því þá ekki að sækja til þess fé í ríkissjóð, þá minnir mig að það hafi ekki bara verið samþykkt á nýliðnum landsfundi Sjálfstfl. að afnema bæri afnotagjöldin heldur líka hitt að koma yrði í veg fyrir það að Ríkisútvarpið sækti fé í ríkissjóð og ég vænti að ég verði leiðrétt ef þetta er ekki rétt.

[18:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er athyglisvert að á sama tíma og eignarhald á fjölmiðlum hér á landi færist á færri hendur kemur fram tillaga um að afnema skuli skylduáskrift almennings að Ríkisútvarpinu. Og á sama tíma ályktar stærsti stjórnmálaflokkur landsins um þetta sama efni. Ríkisútvarpið er hluti af þeirri þjónustu sem hefur verið sátt um að greitt sé fyrir úr sameiginlegum sjóðum okkar landsmanna. Það er hluti af okkar opinberu þjónustu alveg eins og menntakerfið, heilbrigðiskerfið og annað það sem við greiðum úr sameiginlegum sjóðum. Ríkisútvarpinu eru lagðar ýmsar skyldur á herðar sem einkareknum fjölmiðlum eru ekki lagðar á herðar. Ríkisútvarpið skal þjóna öllum landsmönnum hvort sem er til sjávar eða sveita. Það hefur ákveðnu menningarhlutverki að gegna, upplýsingahlutverki og öryggishlutverki. *Því er ætlað að veita fræðslu og gerir það. Það er ein af* menningarstofnunum okkar landsmanna. Það hefur séð um tónlistaruppeldi og vil ég nefna klassíska tónlist. Það hefur rekið útvarpsleikhús svo ég nefni þetta sérstaklega en enginn fjölmiðill einkarekinn annast þetta. Og við ætlumst til að þessi menntun og menning berist til þjóðarinnar og Ríkisútvarpinu er ætlað það hlutverk.

Mér finnst athyglisvert að tillaga sem þessi komi fram eftir þá umræðu sem hefur verið um einkarekna fjölmiðla og þá samþjöppun valds sem átt hefur sér stað hjá einkareknum fjölmiðlum hér á landi. Nýverið var nokkur umræða eftir að fréttastjóra Stöðvar 2 var vikið úr starfi og í þeirri umfjöllun kom fram að ein af ástæðunum fyrir brottrekstrinum var talin vera afskipti eiganda fjölmiðilsins af fréttaflutningi fréttastofunnar undir hennar stjórn. Ég ætla ekki að leggja mat á hvort svo sé. En maður veltir fyrir sér hverra hagsmunir eru í fyrirrúmi við rekstur fjölmiðils. *Og það er alveg ljóst að* rekstur Ríkisútvarpsins hefur hagsmuni okkar allra, almennings, að leiðarljósi við sinn rekstur. Hagsmunir og skyldur einkarekinna fjölmiðla eru auðvitað við eigendurna. Þeim er ætlað að skila hagnaði til eigenda sinna.

Við skulum einnig velta því fyrir okkur í ljósi þess valds sem fjölmiðlar hafa. Og oft hefur verið talað um fjölmiðla sem fjórða valdið. Fjölmiðlum er ætlað að gegna upplýsingahlutverki og þeim er einnig ætlað að gegna aðhaldshlutverki sérstaklega gagnvart stjórnvöldum. Og þegar eignarhald hefur færst á fáar hendur, eins og gerst hefur í fjölmiðlum, einkareknum fjölmiðlum hér á landi, þá er mjög mikilvægt að við rekum hér öflugt ríkisútvarp þannig að raunveruleg samkeppni sé í fjölmiðlun á Íslandi. Ríkis-

útvarpið þarf að veita einkareknu fjölmiðlunum samkeppni alveg eins og það var nauðsynlegt fyrir Ríkisútvarpið að fá aðhald og samkeppni frá einkareknum fjölmiðlum á sínum tíma þegar rekstur útvarps var gefinn frjáls. Þess vegna er mikilvægt að Ríkisútvarpið hafi afnotagjöldin frá öllum landsmönnum. Menn eru tilbúnir að reka menntakerfi hvort sem þeir nota skólana eða ekki. Þeir sem eiga engin börn í skólum borga engu að síður fyrir rekstur skólanna. Ef þeir vilja síðan einhverja aðra skóla eða einhverja aðra þjónustu þá borga þeir sérstaklega fyrir einkaskóla. Alveg eins þarf Ríkisútvarpið á afnotagjöldunum að halda þannig að það sé ekki háð fjárveitingavaldinu. Ég tel mikilvægt að afnotagjöld séu en ekki fastmarkaður tekjustofn á fjárlögum. Nefskattar eða greiðslur á fjárlögum eru bornar til að skila sér ekki. Við þekkjum hvernig hefur verið gengið á slíka afmarkaða tekjustofna í fjárlögum.

Mig langar til að nefna sem dæmi að hluti lífeyrisþega fær afnotagjöld Ríkisútvarpsins felld niður ef þeir hafa ákveðnar bætur frá almannatryggingunum. Þennan kostnað þarf Ríkisútvarpið að bera sjálft. Ef hið opinbera væri tilbúið að greiða og styðja beint úr ríkissjóði rekstur Ríkisútvarpsins þá hefði verið rétt að þær greiðslur, sem Ríkisútvarpið verður af vegna þess að afnotagjöld þessara hópa eru felld niður, kæmu úr ríkissjóði. Auðvitað er þetta hluti af velferðarkerfinu sem þarna er verið að greiða nánast út úr Ríkisútvarpinu. Mér finnst það því vera rök fyrir því að við verðum að hafa afnotagjöldin þannig að Ríkisútvarpið haldi sjálfstæði sínu gagnvart fjárveitingavaldinu.

Ég legg sérstaklega áherslu á að það sé mikilvægt að við styðjum við Ríkisútvarpið og stöndum vörð um það og styrkjum það þannig að það geti veitt hinum einkareknu fjölmiðlum aðhald, sérstaklega í ljósi þess hvernig eignarhald hefur skipast hjá einkareknum fjölmiðlum eins og hefur gerst á síðustu tímum.

[18:16]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til þess að drepa á nokkrum punktum sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv., nefndi í ræðu sinni. Fyrst um þessa samþjöppun valds sem hv. þm. nefndi. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að fólk hefur í æ meira mæli aðgang að erlendum sjónvarpsstöðvum. Það er mjög fjölbreytt dagskrá sem hægt er að verða sér úti um og kemur ekki eingöngu frá íslenskum aðilum. Við erum nú þátttakendur í hinu Evrópska efnahagssvæði og heimurinn minnkar stöðugt og á gervihnattaöld eru ýmsir fleiri kostir í boði en eingöngu íslenskar stöðvar. Við megun ekki fyllast einhverri örvæntingu þrátt fyrir að í hlutafélagi, sem sér um sjónvarpsstarfsemi, séu einhverjir aðilar að kaupa sér stærri hlut frá mánuði til mánaðar. Við verðum að líta á þetta í stærra samhengi.

Hv. þm. nefndi að það væri sátt um að greiða úr sameiginlegum sjóðum fyrir Ríkisútvarp sem hefði öryggishlutverki að gegna, fræðsluhlutverki að gegna og tónlistaruppeldi og annað þess háttar. Tillagan gengur alls ekki út á það að leggja Ríkisútvarpið niður. Eingöngu er verið að ræða um skylduáskriftina sem slíka. Ef meiri hluti Alþingis telur að eðlilegt sé að ríkið haldi út menningarstarfsemi með þessum hætti þá á að sjálfsögðu að greiða fyrir það eins og aðra starfsemi sem ríkið telur eðlilegt að halda úti. Nú hv. þm. nefndi líka að lífeyrisþegar fengju fellt niður áskriftargjaldið og er það vel en ég tel að ef áskriftargjaldið færi inn á fjárlög þyrfti einmitt ekki að hafa áhyggjur af slíkum hópum og yfirleitt eru þeir ekki með það háa skatta að þeir lendi í því að greiða þetta gjald.

[18:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Flm. þessa þáltill. talar um erlendar sjónvarpsstöðvar og aukinn aðgang okkar að slíku efni og það er aðeins af hinu góða. En það gerir það enn og æ mikilvægara að styðja við Ríkisútvarpið og menningarhlutverk þess. Þegar æ fleiri áhrif utan úr heimi berast, sem er af hinu góða, þurfum við að rækta betur þetta menningarhlutverk sem Ríkisútvarpið sinnir. Ef við afnemum skylduáskriftina að Ríkisútvarpinu erum við nánast að veikja þessa stofnun mjög mikið. Við erum að kippa undan því rekstrargrundvellinum. Skylduáskriftin er forsenda þess að hægt sé að reka öflugt ríkisútvarp og ég hef ekki heyrt hv. þm. nefna hvaða tillögu hann er með í þeim efnum að hægt verði að hafa öflugt ríkisútvarp og sjá því fyrir tekjum. Ég hefði gjarnan viljað heyra það hér. Í máli hv. þm. kom einnig fram umræða um dagskrárstefnuna og Ríkisútvarpið ætti ekki að vera að leika hér létta tónlist eins og aðrar stöðvar. Dagskrárstefna er algjörlega óskylt því hvort hér eigi að vera skylduáskrift eða ekki. Auðvitað á dagskrárstefna Ríkisútvarpsins að vera í sífelldri endurskoðun, ég get alveg tekið undir það. En það kemur ekki skylduáskriftinni við. Aftur á móti er skylduáskriftin grundvöllur fyrir því að við getum rekið öflugt ríkisútvarp.

[18:21]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvernig rekstur Ríkisútvarpsins yrði tryggður ef afnotagjöldin yrðu afnumin. Eins og nefnt er í greinargerðinni verður afnám skylduáskriftarinnar og ákvörðunin um það hvaða starfsemi Ríkisútvarpsins á að halda úti og hvernig að fylgjast að. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni eru um ýmsa möguleika að ræða, t.d. að endurskilgreina þann þátt Ríkisútvarpsins sem við teljum að gegni menningarlegu hlutverki og greiða það úr ríkissjóði en taka út þá starfsemi sem við teljum að væri betur komin annars staðar. Þá er spurning hvort það yrði fjármagnað með áskriftarkerfi eða hreinlega lagt niður. Þetta þarf allt að fylgjast að í þeirri ákvörðun að afnema afnotagjöldin. Hv. þm. nefndi einnig að dagskrárstefnan kæmi málinu ekki við. En það er það sem ég sagði, að menn eiga að hafa það í huga þegar verið er að tala um Ríkisútvarpið að þar fer fram margs konar starfsemi sem tengist að sjálfsögðu dagskrárstefnunni. Þar eru ýmsir dagskrárliðir sem yrði ekki boðið upp á á frjálsum markaði. Það er akkúrat slík starfsemi sem Alþingi gæti þá endurskilgreint og haldið úti af fjárlögum. Þannig að dagskrárstefna kemur inn á þetta mál að sjálfsögðu.

[18:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir síðustu orð hv. þm. Ríkisútvarpið heldur úti ýmiss konar starfsemi sem einkareknir fjölmiðlar sinna ekki. Það eru auðvitað rökin fyrir því að ríkisútvarp er okkur nauðsynlegt. Hann talar um að það eigi að greiða reksturinn úr ríkissjóði. Ég spyr hv. þm. þó hann geti ekki komið fram aftur í andsvari hvort hann treysti því að Ríkisútvarpið muni fá fjármagn til þess að halda úti slíkri starfsemi úr ríkissjóði þegar við horfum upp á endalausan niðurskurð til þjónustustofnana, til heilbrigðiskerfisins, til menntakerfisins. Treystir hann því að ekki verði tekið af þessum fjármunum þegar litið verður til Ríkisútvarpsins?

Ríkisútvarpið er okkur nauðsyn. Sérstaklega litlu lýðræðissamfélagi. Það er vissulega nauðsyn að hafa Ríkisútvarpið og það á að vera rekið af okkur öllum, sérstaklega þegar litið er til allra þeirra þátta sem því er ætlað að sinna og þegar maður lítur til þess að það eru ýmsar skyldur sem það verður að sinna sem aðrir munu ekki gera. Ég er algjörlega andvíg því að það eigi að fella niður skylduáskriftina að Ríkisútvarpinu og ég býst við því að flestir sem velta þessum hlutum fyrir sér sjá hversu stórt og mikið þjónustuhlutverk Ríkisútvarpsins er séu mér sammála.

[18:25]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 163. mál, frv. ÁRJ og ÖS, þskj. 180.

Blönduvirkjun, 164. mál, fsp. KHG, þskj. 181.

Fornminjarannsóknir í Reykholti, 168. mál, fsp. SvG, þskj. 185.

Frákast á afla fiskiskipa, 167. mál, fsp. MS, þskj. 184.

Landsvirkjun, 165. mál, fsp. KHG, þskj. 182.

Móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, 169. mál, fsp. MS, þskj. 186.

Rekstur dagvistarheimila á vegum sjúkrahúsa, 166. mál, fsp. KHG, þskj. 183.

[18:25]

Þórunn Sveinbjarnardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Viktor B. Kjartansson hafi í raun byrjað á öfugum enda í tillöguflutningi sínum. Nær væri að leggja fram þáltill. um að leggja Ríkisútvarpið niður því ekkert annað felst í þessari tillögu en sú hugsun. Með því að afnema skylduáskrift að Ríkisútvarpinu er verið að kippa grundvellinum undan rekstri ríkisútvarps á Íslandi og það ber þá að viðurkenna það. Ganga hreint til verks og bera fram þá tillögu en koma ekki aftan að málinu með þessum hætti. Ég spyr eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir, hvernig hyggst þingmaðurinn bæta skaðann, 1.560 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs? Það er sjálfsagt að ræða þessi mál frá öllum hliðum og velta því fyrir sér hvernig best sé að reka ríkisútvarp á Íslandi. En þessi tillöguflutningur, þar sem aðeins er skoðaður afmarkaður þáttur í starfi og starfsemi Ríkisútvarpsins, leiðir að mínu viti ekki til heillavænlegrar niðurstöðu eða til niðurstöðu sem þjónar almannaheill og almannahag.

Eins og hv. þm. vita hafa verið settar saman ýmiss konar nefndir í gegnum tíðina til þess að skoða og skilgreina starfsemi Ríkisútvarps á Íslandi. Hver á fætur annarri hefur komist að þeirri niðurstöðu að óráðlegt sé að afnema afnotagjöldin og að þau séu þó illskársti kosturinn í stöðunni. Þetta er gert víða annars staðar í þessari álfu. Það eru ríkisstöðvar annars staðar í Evrópu sem eru reknar með svipuðum hætti. Aðalatriðið í málinu er auðvitað að með því að tryggja Ríkisútvarpinu tekjur í gegnum afnotagjöldin tryggjum við rekstur þess og við tryggjum líka sjálfstæði þess. Við tryggjum sjálfstæði stofnunarinnar og það skiptir mestu máli í umræðunni. Sjálfstæði stofnunarinnar til þess að vera sá lýðræðislegi miðill sem hún er og mun vonandi alltaf verða. Það er mergurinn málsins. Það verður að gera Ríkisútvarpinu kleift að uppfylla þær lagaskyldur sem það hefur samkvæmt útvarpslögum. Sé það hins vegar vilji hins háa Alþingis að leggja niður þennan ríkisútvarpsrekstur og sé það skýr og klár vilji Sjálfstfl. ber þeim flokki auðvitað að leggja fram tillögu um það og þá skal hún rædd. En þáltill. af þessu tagi leiðir okkur, held ég, aðeins inn í öngstræti í umræðu um Ríkisútvarpið og skoðar bara eina hlið á því húsi sem eins og við öll vitum hefur miklu fleiri hliðar.

[18:30]

Flm. (Viktor B. Kjartansson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það virðist vera mikill misskilningur í gangi í umræðunni um að þessi tillaga gangi út á að leggja Ríkisútvarpið niður. Ef það væri einlægur vilji flm. að gera slíkt mundi tillagan ekki hljóða eins og hún gerir. Ef hv. þm. lesa geinargerðina þá er verið að ræða um það óréttlæti sem ríkir á markaði.

Ef sá sem hér stendur væri að reka fjölmiðil eða ákvæði að opna útvarps- eða sjónvarpsstöð hlýtur það að vera óþolandi fyrir hvern þann sem í því stendur að þurfa að eiga í svona ósanngjarnri samkeppni. Það er miklu hreinlegra að taka út þá starfsemi sem almenn sátt ríkir um í þjóðfélaginu að halda úti og greiða hana úr sameiginlegum sjóðum. Það er mun skynsamlegra en að skylda fólk, sem ef til vill hefur ekki áhuga á að nýta sér þessa starfsemi, til þess að borga 2.000 kr. á mánuði burt séð frá því hvort það nýtir sér hana eða ekki. Það er þá mun hreinlegra að hafa þessa menningarlegu starfsemi og þá starfsemi sem sátt ríkir um á fjárlögum og leyfa annarri starfsemi að vera vistuð annars staðar.

Einnig benti hv. þm. á sjálfstæði stofnunarinnar og að hún yrði skert og vegið yrði að henni. Þessi tillaga gengur ekki út á það. Hún gengur eingöngu út á mjög afmarkaðan þátt sem er skylduáskrift. Ég vil ítreka það svo það valdi ekki frekari misskilningi í þingsal.

[18:32]

Þórunn Sveinbjarnardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hv. þm. lýsir því yfir að skoðun hans sé sú að ekki eigi að leggja niður ríkisútvarpsrekstur á Íslandi. En í upphafi skyldi endinn skoða. Með því að afnema skylduáskrift að Ríkisútvarpinu værum við í raun að stefna þeirri stofnun og grundvelli þess starfs sem þar fer fram í voða. Ég fer ekki ofan af þeirri skoðun minni. Það má hins vegar ræða það rekstrarform ítarlegar undir öðrum kringumstæðum en kannski hér og nú. Mér finnst kjarni málsins einfaldlega vera sá að ef við ætlum að halda úti ríkisútvarpi, samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru í landinu, verði að vera skylduáskrift að þeim miðli.

[18:33]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að þess hafi gætt nokkuð í umræðunni að menn hafi slitið þá till. til þál., sem hér er til umræðu, nokkuð úr samhengi við eðli málsins. Tillagan gengur út á að skorað er á menntmrh. að leggja fram frv. um afnám skylduáskriftar almennings að Ríkisútvarpinu. Þessi áskorun er studd með greinargerð sem kemur vissulega inn á mjög mörg vandamál sem eru því samfara að reka saman ríkisstofnun, sem fjármagnar sig annars vegar með áskrift, — ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv., Ástu R. Jóhannesdóttur, að Ríkisútvarpið er ekki greitt úr sameiginlegum sjóðum eins og hún sagði áðan, ég skrifaði það niður eftir henni. Þetta er greitt með afnotagjöldum sem eru nánast þjónustugjöld sem eru skilgreind miðað við eign á viðtækjum. Ýmiss konar vandamál koma upp þegar stofnun eins og Ríkisútvarpið er rekin annars vegar af slíkum tekjustofnum og hins vegar af auglýsingum og raunar líka af eins konar stuðningsframlögum, eins og Ríkisútvarpið nýtir sér, ásamt hinum frjálsu fjölmiðlum. Þessi vandamál eru sum

hver rakin í greinargerðinni réttilega en önnur sjónarmið koma þar ekki fram sem ég mun nú víkja að einnig.

Ekki er hægt að neita því að samfara áskriftargjaldinu eru margvísleg vandamál. Það gengur ekki að setja málið þannig upp að ef farin væri önnur leið til að fjármagna starfsemi Ríkisútvarpins værum við komin í öngstræti og því væri jafngott að leggja Ríkisútvarpið niður. Þessi umræða er allt of þröng miðað við eðli málsins.

Í tveimur nefndum sem ég hef starfað í, annars vegar svokallaðri útvarpslaganefnd sem tók þetta mál mjög til athugunar, reyndum við að gera okkur grein fyrir hverjir væru annmarkarnir við afnotagjaldið og hvað kæmi til greina að gera í staðinn. Annmarkarnir við afnotagjaldið hafa ekki komið mjög fram í þessari umræðu. Það virðast vera meiri annmarkar á innheimtu afnotagjalds á Íslandi en annars staðar. Ég hef ekki orðið var við, þó ég hafi leitað eftir upplýsingum um það, að afnotagjaldið sem BBC fjármagnar starfsemi sína á hafi valdið mikilli togstreitu í Bretlandi. Fjölmargir ríkisfjölmiðlar eru fjármagnaðir með afnotagjöldum í Evrópu en hafa, öfugt við BBC, einnig auglýsingatekjur. Svo er t.d. með þýsku ríkissjónvarpsstöðvarnar að þær hafa heimild til að afla auglýsinga en þær heimildir eru takmarkaðar vegna þess að menn telja, á nákvæmlega sama hátt og hv. flm. þessarar tillögu, að samkeppnin raskist. Voru þá settar hömlur á auglýsingastarfsemi til þess að vega upp á móti þessum samkeppnisaðstæðum sem ekki eru taldar eðlilegar. Ástæðan fyrir því að hér hefur risið mótmælaalda gegn áskriftargjaldinu, held ég að sé að hluta til, vegna þess að þetta er innheimt með nokkuð sérstökum aðferðum á Íslandi. Þar sem áskriftargjaldið tengist viðtækjaeign þá þarf í raun og veru Ríkisútvarpið að hafa mjög nákvæmar upplýsingar um viðtækjaeignina en jafnframt um það hvað verður um slíka viðtækaeign t.d. þegar hjónabönd leysast upp. Því miður gerist það æði oft á Íslandi að eignir manna skiptast mjög við tíða hjónaskilnaði. Þá hefur Ríkisútvarpið ekki um aðra möguleika að velja, að því mér sýnist, en að hefja yfirheyrslur um það hvernig fólk skiptir eignum sínum. Þessum eftirrekstri er stundum hægt að líkja við persónunjósnir. Þetta er mjög leiðinleg innheimtuaðferð og margir sneru sér til mín þegar ég var formaður útvarpslagnefndar og kvörtuðu undan þessu. Sögðu að þeir þyrftu að gera skil á opinberum skrifstofum fyrir sínum persónulegu málum til að hægt væri að innheimta af þeim þetta gjald. Fyrir utan það að oft hlóðust upp óheyrilegar skuldir af því að menn gerðu sér ekki grein fyrir hvernig þeir þyrftu að skýra Ríkisútvarpinu frá því hvernig þeir færu með eignir sínar við lögskilnað, svo ég taki sem dæmi. Þetta er eitt af því sem ég held að menn ættu að taka til athugunar í þessari umræðu, þ.e. að innheimta afnotagjaldanna hefur gengið verr hér en annars staðar. Hún hefur valdið meiri úlfúð. Og það er ekki að ástæðulausu að hér hafa komið upp samtök gegn þessum áskriftargjöldum.

Það er líka alveg hárrétt hjá flm. tillögunnar að samkeppnin milli einkamiðlanna og ríkisfjölmiðilsins er ójöfn. Hvernig dettur mönnum í hug að afneita þeirri staðreynd að t.d. einkahljóðvarpsstöðvarnar hafa engan möguleika til að fjármagna sig nema auglýsingar? Þær hafa engan annan möguleika. Áskrift er ekki til í þeim dæmum hjá hljóðvarpsstöðvunum. Hvernig standa þessar einkahljóðvarpsstöðvar í samkeppni við ríkisfjölmiðilinn sem er með fulla og óskerta auglýsingastarfsemi? Auðvitað standa þær mjög illa enda segja mér aðilar sem reka einkahljóðvarpsstöðvar, og það vill svo til að sumar þeirra eru býsna athyglisverðar þrátt fyrir þröngan fjárhag, að þeir standist ekki þessa samkeppni. Það sé ekki hægt. Hvers vegna ætla virðulegir þingmenn á Alþingi að tala um þetta eins og vandamálið sé ekki til? Hvers vegna vilja menn tala um það þannig að einkastöðvarnar geti ekki, ef þær fá til þess svigrúm, tekið þátt í því að gera starfsemi íslenskra ljósvakamiðla ríkari og betri m.a. vegna íslenskrar menningar og fyrir íslenska menningu ef hægt er að stuðla að því með einhverju móti? Mér finnst ekki ástæða til að þrengja umræðuna svona og loka augunum fyrir þessum vandamálum.

Tökum t.d. íslenska blaðaheiminn. Þar er ekki rekinn neinn opinber fjölmiðill. En þróunin hefur orðið þannig að íslenski blaðaheimurinn hefur vaxið upp í það að gegna mjög mikilvægu menningarhlutverki. Það er eiginlega sama hvort maður tekur Morgunblaðið eða DV eða þennan nýja sambræðing Dag og Tímann eða önnur blöð, þá verður að segjast eins og er, að þessi blöð gegna mjög mikilsverðu menningarhlutverki. Hvers vegna eigum við þá ekki að leita leiða til að efla einkastöðvarnar, einkaljósvakamiðlana, til að taka þátt með Ríkisútvarpinu í því að efla íslenska menningu? Ég held að við eigum að leita leiða til þess en ekki að loka leiðum. Ég hefði viljað láta það verða mitt hlutverk í ræðustól í dag að biðja menn að hugleiða hvort við getum ekki fundið leiðir til að efla starfsemi Ríkisútvarpsins en jafnframt að efla starfsemi einkamiðlanna og hlut þeirra í því menningarstarfi sem rekstur ljósvakamiðla vissulega er. Menn mega ekki gleyma því og hv. flm. má ekki heldur gleyma því að ljósvakamál eru annars vegar viðskiptamál en hins vegar menningarmál. Við getum aldrei fjallað um þessi mál án þess að hafa þetta tvennt í huga.

[18:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að ég hefði sagt að Ríkisútvarpið væri rekið af sameiginlegum sjóðum. Ég held að skýrt hafi komið fram í máli mínu að það væri rekið af afnotagjöldum og væri grundvöllur rekstrarins. (**TIO:** Nei, nei.) Það getur vel verið að ég hafi mismælt mig. Ég leiðrétti það. En ég talaði um að sátt væri í samfélaginu um að ýmis þjónusta væri rekin úr sameiginlegum sjóðum, minntist þar á menntakerfið, heilbrigðiskerfið, við getum sagt samgöngur, vegakerfið o.s.frv. Ríkisútvarpið er rekið af okkur öllum landsmönnum með áskriftarkerfi. Það getur vel verið rétt hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að annan hátt þurfi að hafa á innheimtunni. Það er alveg rétt að óviðeigandi er að halda uppi persónunjósnum um það hvort fólk eigi viðtæki eða ekki. Flestir eiga útvarps- eða sjónvarpstæki og það getur vel verið að einstaklingsgjald þurfi að vera sem greitt er beint til Ríkisútvarpsins. En að gjaldið fari í ríkissjóð sem nefskattur er ekki óhætt því slíkar tekjur skila sér ekki. Mig langar til að benda á eitt atriði. Það er Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins sem hafði markaðan tekjustofn, sem er aðflutningsgjöld viðtækja. Sá peningur hefur ekki skilað sér til Ríkisútvarpsins nema kannski einu sinni, eitt árið, ekki síðan. Ég vil líka benda hv. þm. á það að Ríkisútvarpið styrkir dagskrárgerð hjá einkastöðvunum. Þar eru peningarnir sem fara út Menningarsjóði útvarpsstöðva sem að megninu til samanstendur af auglýsingafé frá Ríkisútvarpinu sem síðan er úthlutað til dagskrárgerðar á einkastöðvunum. Við skulum hafa það hugfast, hv. þm.

[18:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir var ekki heppin í þessari tilvitnun sinni. Menningarsjóður útvarpsstöðva er þannig fenginn að teknir eru peningar af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins og einkastöðvanna, þ.e. Stöð 2 borgar í þann sjóð líka, og síðan gengur megnið af því fjármagni til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þannig að þessir fjármunir lenda, því miður, ekki til baka til stöðvanna nema að litlu leyti. Þetta er skattlagning. Ég vil hins vegar taka fram að það getur vel verið að hv. þm. hafi mismælt sig áðan þegar hann sagði að nauðsynlegt væri að viðhalda fjármögnun Ríkisútvarpsins úr sameiginlegum sjóðum, en hann sagði þetta orðrétt. Það getur vel verið að það hafi verið mismæli og ekki nema í besta lagi með að hann leiðrétti það.

Hins vegar langar mig aðeins til að benda á að það væri í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þótt Ríkisútvarpið yrði fjármagnað með nefskatti í staðinn fyrir afnotagjöld eða jafnvel af fjárlögum. Það þýddi þá að þegar samdráttartímar eru verði Ríkisútvarpið að haga sér eins og aðrar ríkisstofnanir og sýna hagkvæmni og sparnað en ekki að gera eins og hefur verið undanfarið, að á sama tíma og allar aðrar ríkisstofnanir og einkastöðvarnar líka verða að sýna sparnað er Ríkisútvarpið hafið yfir þennan heim.

Ég vil einnig geta þess að afnotagjöldin hafa ýmsa aðra galla. Þau leggjast t.d. þyngra á þá sem búa einir, einyrkjana, þyngra en t.d. á fjölskyldurnar sem skattur ef menn vilja líta á þau sem skatt. Ef Ríkisútvarpið væri fjármagnað af fjárlögum þá mundu miklu færri greiða fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins vegna þess að skattgreiðendur á Íslandi eru ekki nema helmingur þjóðarinnar.

[18:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að Menningarsjóður útvarpsstöðva er skattur á auglýsingatekjur þessara stöðva. Það er alveg rétt. En stærsti hluti tekna menningarsjóðsins kemur frá Ríkisútvarpinu og hann skilar sér minnst þangað. Hann fer til einkareknu stöðvanna að mun stærri hluta en til Ríkisútvarpsins. Þessi skattur sem tekinn er af auglýsingafé Ríkisútvarpsins skilar sér því ekki þangað til dagskrárgerðar.

Vegna umræðunnar um afnotagjöldin, og ég held að við gerum okkur fulla grein fyrir því að Ríkisútvarpið þarf að hafa afnotagjöld til að halda sjálfstæði sínu og vera óháð fjárveitingavaldinu, þá getum við rætt það að hafa annan hátt á með afnotagjöldin. Það er alveg fullkomlega rétt að ræða það hvort við eigum að innheimta afnotagjald sem byggist á fjölda einstaklinga í fjölskyldu eða á einhverjum öðrum grunni. Það getur vel verið að það sé rétt og það er bara eitthvað sem við þurfum að ræða á faglegum grunni. Ég ætla ekki að taka fyrir það. En Ríkisútvarpið þarf að fá sínar tekjur í gegnum afnotagjöld og ég tel rétt að við stöndum öll sameiginlega undir rekstri þess eins og kom fram í máli mínu áðan, alveg eins og við rekum sameiginlega menntakerfi og heilbrigðiskerfi þó svo að peningarnir þar komi úr ríkissjóði. Ríkisútvarpið þarf að fá sín afnotagjöld til að halda sjálfstæði sínu.

[18:47]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem greiða í Menningarsjóð útvarpssjóða fá það gjald ekki aftur. Þeir fá þessi framlög að einhverju leyti til baka en mjög rýrð. Það gildir um Ríkisútvarpið en það gildir líka um Stöð 2. Ástæðan fyrir því að útvarpslaganefnd lagði til á sínum tíma að Menningarsjóður útvarpsstöðva yrði lagður niður var einmitt sú að þarna var um að ræða beina refsingu gagnvart Ríkisútvarpinu og einkastöðvunum fyrir það að stunda auglýsingastarfsemi sína. Ég held að flestir séu sammála um að rekstur Menningarsjóðs útvarpsstöðva sé mjög óheppileg aðgerð til þess að styðja við dagskrárgerð í einka- og ríkisljósvakamiðlum, mjög óhentug. Og ég held að það væri full ástæða til að leita annarra leiða til að gegna þessu mjög mikilsverða hlutverki sem er að efla íslenska dagskrárgerð í ljósvakamiðlum almennt. Ég tel að ljósvakamiðlarnir gegni nú það miklu menningarlegu hlutverki og það miklu uppeldishlutverki með þjóðinni að ríkt ástæða sé til þess að leita leiða til að styrkja þessa starfsemi hjá ríkismiðlinum og ekki síður hjá einkamiðlunum.

[18:49]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka hv. 10. þm. Reykn., Viktori B. Kjartanssyni, fyrir þessa þáltill. um afnám skylduaðildar að Ríkisútvarpinu. Ég er ánægður með þessa tillögu en vil ganga lengra.

Herra forseti. Af hverju stendur ríkissjóður Íslands í útvarps- og sjónvarpsrekstri? Hvað með blaða- og bókaútgáfu? Hvað með internetið? Af hverju vill ríkissjóður Íslands ekki fara að stunda internetið og skylda alla Íslendinga til að keyra í gegnum sig á internetinu? (Gripið fram í.) Halldór ætlar að gera það, já. (**Gripið fram í:** Póstur og sími.) Það er nefnilega málið. Hvers vegna stendur ríkissjóður Íslands í þessu?

Herra forseti. Hér hefur verið rætt um skattheimtu til Ríkisútvarpsins og þetta er nefskattur, 24.000 kr. á ári. Hann er ákaflega andfélagslegur fyrir þá sem eru félagslega sinnaðir vegna þess að maður sem er með 48.000 kr. á mánuði borgar hálf mánaðarlaun fyrir þessa skylduaðild. Ef hann langar til að horfa á Stöð 2 verður hann að borga hálf mánaðarlaun til Ríkisútvarpsins fyrir að horfa á Stöð 2 af því að hann kaupir sér sjónvarp til þess. En mann sem hins vegar er með mjög háar tekjur munar ekkert um þetta. Þetta er andfélagslegt og þetta er skylda ef menn yfirleitt vilja horfa á sjónvarp.

Hér var áðan rætt um vandamálin sem koma upp við að innheimta þetta, þ.e. persónunjósnir og fylgst er með því hver fær hvað í skilnaði.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómas Ingi Olrich, kom réttilega inn á að þetta skerðir samkeppnisstöðu einkastöðvanna. Það virkilega drepur einkaútvarpsstöðvarnar. Hvernig geta þær stundað sína starfsemi á meðan Ríkisútvarpið fær styrk og trygg afnotagjöld? Þær geta það ekki. Þær hafa sýnt virkilega góða burði. Ég hlusta t.d. mikið á eina sígilda stöð sem sinnir „menningarstarfsemi". Þessi skylduaðild að Ríkisútvarpinu og sjónvarpi drepur niður einkastöðvarnar og gerir þeim miklu erfiðara að starfa.

Hér hefur líka verið rætt um vald fjölmiðla. Það er alveg yndislegt að heyra menn tala um vald fjölmiðla. Fyrir nokkrum árum var hér bara einn fjölmiðill það var Ríkisútvarpið. Og ég mátti gjöra svo vel og hlusta á það og hlusta á þær fréttir sem þaðan komu stýrt af pólitískum aðilum til að byggja undir vald pólitískra aðila. Alþingi Íslendinga kaus menn til að stjórna því hvað ég mátti horfa á og hvaða upplýsingar ég fengi. Hver kvartaði þá undan valdi fjölmiðla? Nú er þetta þó orðið þannig að ég get horft á fjöldann allan af sjónvarpsstöðvum bæði innlendum og erlendum þannig

að þetta vald er mikið að hverfa. Ég vil geta þess líka að í Sovétríkjunum gömlu var það meginkeppikefli ríkisvaldsins að hafa vald á sjónvarpsstöðvum og fjölmiðlum yfirleitt. Einasta dagblaðið sem þar var gefið út, Pravda, var líka á vegum ríkisvaldsins og að sjálfsögðu sjónvarps- og útvarpsstöðvar og internetið hefði orðið það líka ef þau hefðu lifað svo lengi. Þannig að það sem við búum hérna við eru gamlar leifar af sovétskipulagi og ekkert annað.

Menn hafa talað um hlutverk ríkisfjölmiðlanna, þ.e. Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps. Öryggishlutverk, upplýsingahlutverk, fræðsluhlutverk, menningarhlutverk. Uppeldishlutverkið gleymdist, þ.e. að sjónvarpinu er ætlað að ala mig fullorðinn manninn upp, kenna mér að meta sígilda tónlist væntanlega. (**SvG:** Þú getur alltaf slökkt.) Hvað er menning? Ég spyr: Hvað er menning? Er það menning þegar unglingar eru á popptónleikum? Einhver segir örugglega nei. Ég segi: já. Það er menning. Menning er það sem menn stunda almennt. En ríkisfjölmiðlarnir hafa verið að ala menn upp og segja mönnum: „Þetta er menning og hitt er ekki menning.“ Þannig hefur það verið vegna þess að þeir hafa svo mikið vald.

Ég er með lausn á þessu. Hún er sú að við einkavæðum Ríkisútvarpið, látum starfsmennina taka það yfir og sjónvarpið sömuleiðis. Þeir geta farið að senda út lyklaða dagskrá líka í samkeppni við Stöð 2 og Stöð 3. Það væri miklu betra og þá er búið að fullnægja öllum þessum skilyrðum um upplýsinga-, menningar- og fræðsluhlutverk því þessar stöðvar sinna því bara ágætlega. Öryggishlutverkið vantar og ég veit alveg hvað ég geri við það. Landhelgisgæslan sér hvort sem er um tilkynningarskylduna og Almannavarnir taka öryggishlutverkið yfir og svo hafa þessar stofnanir litla rás þar sem þær senda út t.d. þjóðlög. Og svo ef neyð ber að þá hafa þær heimild til að ryðjast inn á dagskrá hinna stöðvanna allra og gera það hvort sem er í dag. Þannig að þetta verður ljómandi góð aðferð.

Ég vil endurtaka það að þetta gjald sem nú er tekið er mjög andfélagslegt og þessi skattlagning er mjög slæm og ég skil ekki af hverju það þarf að gerast, ef ég vil horfa á einhverja stöð, segjum Stöð 2 eða Stöð 3, að ég þurfi að horfa á Ríkissjónvarpið líka eða borga fyrir það þó ég vilji ekki horfa á það. Nú er það reyndar þannig að ég horfi töluvert mikið á Ríkissjónvarpið. Það er bara ágætis stöð og ég er alveg sannfærður um að ég mundi kaupa áskrift að henni þegar hún væri komin í gang því hún er bara ágæt. (**Gripið fram í:** Þú gerir það hvort eð er.)

[18:56]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkuð langt gengur hv. þm. Pétur H. Blöndal í umræðu um þessa þáltill. því hann vill ganga miklu lengra en gert er ráð fyrir í henni. Það hefði raunar verið eðlilegt að hann hefði lagt fram sína eigin sjálfstæðu þáltill. um þau efni því þessi tillaga gengur ekki út á það. Hann talaði um að rekstur Ríkisútvarpsins á afnotagjöldum væri gamlar leifar af sovétskipulagi, ef ég skildi hann rétt. Það er nú einu sinni þannig að hin vestrænu Evrópuríki hafa öll kosið að taka enn á þessu máli, þ.e. ljósvakamiðlunum, með því að reka mjög öflugar ríkisstöðvar. BBC er mjög öflug stofnun sem gefur út afar mikið af vönduðu dagskrárefni sem reyndar hefur þá sérstöðu vegna þess hversu útbreidd ensk tunga er, að vera söluvara út um allan heim. Við erum lítið samfélag sem hefur ekki sömu stöðu til að framleiða vandað dagskrárefni innan ríkisstofnunar og koma því á markað en hefur hins vegar sömu skuldbindingar gagnvart sínum þegnum til að halda úti vönduðu dagskrárefni og fjölbreytilegu. Við komumst því fljótt að þeirri niðurstöðu að við getum ekki með góðu móti eins og ástandið er nú, trúað einkastöðvunum fyrir þessu hlutverki. Ef hv. þm. lítur nú yfir einkastöðvarnar í Evrópu, og undanskil ég þá íslensku stöðvarnar í þessu tilfelli, er þeirra dagskrárefni afskaplega fábreytilegt og ekki til þess gert að skapa þá breidd í dagskrárefni sem hlutverk þessara ljósvakamiðla gerir nauðsynlegt að þeir bjóði upp á vegna þess hvað þeir hafa mikil áhrif á menningu.

[18:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þetta atriði vil ég benda á að ríkisvaldið getur að sjálfsögðu gert þjónustusamninga við einkareknar stöðvar eins og það í rauninni gerir með menningarsjóðnum. Það getur jafnvel boðið út ákveðna menningarstarfsemi og fengið einkastöðvarnar til að bjóða í það. Þetta er enginn vandi að gera. Það mætti þá setja þennan nefskatt á alla Íslendinga, lækka hann kannski niður í 10–15 þús. kr. á ári og nota þá peninga til að fjármagna útboð á menningarstarfsemi, nákvæmlega eins og Menningarsjóði útvarpsstöðva er ætlað að gera. Þannig að það eru til margar leiðir. Það mætti líka láta menn borga fyrir að fá sjónvarpsrásir með því að skylda menn til að láta einhvern hluta af auglýsingatekjunum eins og gert er í dag, renna í ákveðinn sjóð sem síðan yrði notaður til að stunda menningarstarfsemi. Og það mætti gera með útboðum og með þjónustusamningum.

[18:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitthvað erum við hv. þm. Pétur H. Blöndal nú farnir að nálgast hvor annan og mér þykir vænt um það, því að á hreinum viðskiptagrundvelli er ekki hægt að reka menningarstarfsemi í ljósvakamiðlunum, það liggur alveg ljóst fyrir. Framleiðsla efnis fyrir sjónvarp er of dýr og fyrir svo lítinn markað sem Ísland er þetta ekki hægt. Menn verða að gera sér grein fyrir þessu. Ef Ríkisútvarpið verður gert að áskriftarsjónvarpi og rekið á sama grundvelli og Stöð 2, verður Ríkisútvarpið smám saman nákvæm eftirlíking af Stöð 2. Þannig hefur þetta gerst úti um allan heim að einkastöðvarnar eru hver annarri líkar. Það vantar feikilega margar víddir í starfsemi þessara stofnana sem menn hljóta að sakna en sakna ekki eins mikið vegna þess að þeir hafa ríkisstöðvarnar til að fylla upp í gatið. Auðvitað er hægt að ímynda sér margar leiðir til að virkja einkastöðvarnar til að taka á þessu hlutverki og þá getum við hv. þm. Pétur H. Blöndal verið sammála um að það ber að leita leiða til að virkja einkastöðvarnar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að halda sterkri starfsemi Ríkisútvarpsins áfram, einkum og sér í lagi vegna þess að þessar stofnanir stunda menningarstarfsemi og gegna uppeldishlutverki og á þeim grundvelli er ekki hægt að reka starfsemi þar sem menn spyrja um hvað fólk vill horfa á og hvað fólk vill hlusta á. Ég legg til að hv. þm. velti fyrir sér hvað mundi gerast í skólum landsins ef þar væri eingöngu sagt það sem mennhljómsveitarinnar. Þannig að þessir fjármunir lenda, því miður, ekki til vilja hlusta á eða sýnt það sem menn vilja horfa á. Það verður að meta starfsemi ljósvakamiðlanna í samræmi við þeirra tvöfalda hlutverk. Annars vegar stunda

þeir mjög mikilvæg viðskipti sem skipta miklu máli og eru þjóðinni mikils virði en að hinu leytinu stunda þessir miðlar mikilvæga menntunar- og menningarstarfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:01]

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 161.

[20:32]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hjó sérstaklega eftir því í ræðu hæstv. fjmrh. að kerfisbundið hefði verið unnið að því að bæta hag atvinnulífsins og því yrði haldið áfram. Við höfum upplifað á síðustu sjö árum röð sértækra aðgerða og kerfisbundinna breytinga og bóta fyrir atvinnulífið og ekki var vanþörf á. Ég vil fara svolítið aftur í tímann. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að á síðustu tíu árum höfum við verið að rétta kúrs í íslensku efnahagskerfi. Leiðréttingar til hagsbóta fyrir atvinnulífið hafa verið ofarlega á baugi síðustu ríkisstjórnar og þessarar og ég held að almennur skilningur hafi verið í samfélaginu og hjá þjóðinni á að leiðréttinga var þörf. Atvinnulífið á sér góða málsvara, sérfræðinga og kunnáttumenn sem streyma hingað inn með tillögur um úrbætur þannig að betur megi fara. Þannig eru þeir greinilega miklu betur settir varðandi allan málatilbúnað. Ég vil benda fólki á að þjóðin sætti sig við þrengingar vegna skilnings á stöðu atvinnulífsins en þjóðin var líka að vonast til þess að röðin kæmi að sértækum aðgerðum vegna ástands í fjármálum heimilanna. Sértækum aðgerðum vegna ástandsins í fjármálum heimilanna var lofað í síðustu kosningum. Eins og fram hefur komið í ræðum margra hér þá láta slíkar aðgerðir mjög á sér standa. Ríkisstjórnin hefur setið í 19 mánuði og ekkert bólar á því að menn fari kerfisbundið í þau mál sem brenna á fólkinu, lág laun, og leiðréttingar á skattkerfi, og þó svo að allir sem hafa talað hér virðast vera sammála um að höfuðmeinsemdin sé e.t.v. jaðarskattarnir þá treystast menn ekki til að fara í þá vinnu. Það hlýtur að vera Alþingis að vera málsvari almennings gagnvart þessu kerfi því eins og ég nefndi áðan þá hefur atvinnulífið, eðli málsins samkvæmt, miklu meiri möguleika á því að benda mönnum á og koma hér inn með þær sértæku aðgerðir og þær hugmyndir og tillögur sem þarf á að halda til þess að það geti styrkst og bætt stöðu sína.

Við síðustu kosningar gekk Framsfl. fram með kosningaprógramm, „Framsókn fyrir fólkið". Það ætlar að láta á sér standa. Almenningur viðurkennir að það var nauðsynlegt að fara í sértækar aðgerðir og rétta hag atvinnulífsins en almenningur krefst þess núna að fá sértækar aðgerðir og að farið verði af alvöru ofan í hag heimilanna og settar fram alvöru tillögur um það hvernig megi snúa ofan af þeirri óheillaþróun sem við höfum þurft að búa við á undanförnum árum. Ég held að málið sé þannig að ekki sé pólitískur vilji hjá ríkisstjórnarflokkunum fyrir því að fara í þetta mál. Kannski vilja menn enn um sinn að þrengt sé að heimilunum og að ekki séu gerðar úrbætur vegna þess að það sé allur hugur hafður bara við þá sem meira mega sín en hinn almenni borgari sé ekki kominn upp á dekk, ekki kominn á blað varðandi þær aðgerðir sem er þörf á.

Ég vil nefna þær gríðarlegu breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku efnahagslífi á undanförnum árum, sérstaklega síðustu sjö árin þegar bankakerfið þurfti að rétta af og dekka inn útlánatöp sín. Það er kannski ein af ástæðunum fyrir því að menn vilja núna lengja þann tíma sem menn geta afskrifað töp aftur í tíu ár, einmitt aftur fyrir þann tíma þegar flestir töpuðu sem mestu eða hlóðu upp sem mestum skuldum þegar verðbólga var lág og vaxtastigið í engu samhengi við það sem verðbólgan mældi í samfélaginu. Ég legg áherslu á að hér eru til tillögur ef pólitískur vilji er fyrir hendi. Lögð hafa verið fram frumvörp sem eru sennilega auðveldustu aðferðir til leiðréttinga fyrir hinn almenna launamann og fyrir almenning í landinu að ráðast á jaðarskattadæmið og gera þar raunhæfar tillögur til þess að vinda ofan af því kerfi sem allir viðurkenna og hefur komið fram í ræðum margra, að er orðið forskrúfað og er kannski undirrótin að mörgum þeim vandamálum sem koma svo oft upp hér og við erum að ræða í þinginu, heimilismálin, afborganir lána, húsnæðismálin o.s.frv. Kannski eru þetta meginmálin sem við þurfum að ræða um og fara í og ég vil hvetja hæstv. fjmrh. til þess að gefa okkur skýr svör um það hvenær ríkisstjórnin hyggist fara í kerfisbundnar sértækar aðgerðir til þess að rétta stöðu almennings sem hefur farið halloka í kerfinu með sömu formúlum og sama metnaði og hagur fyrirtækjanna hefur verið réttur og kerfisbundið er unnið að á öllum vígstöðvum.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið en beini þessum spurningum til hæstv. fjmrh.

[20:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem ég sé ástæðu til þess að fjalla um í ræðu minni enda líður nú sjálfsagt senn að lokum umræðunnar. Ég tek fram að það er rétt sem hefur komið fram í umræðunni og fyrst og fremst hjá einstökum hv. þm. að á undanförnum árum hefur verið gengið nokkuð kerfisbundið í að lagafæra skattalegt umhverfi fyrirtækja og atvinnureksturs hér á landi. Eins og ég hef reyndar sagt áður í umræðunni held ég að okkur hafi tekist nokkuð vel í þeim efnum, svo vel að atvinnuleysi hér varð öllu minna heldur en víðast í löndunum í kringum okkur þótt auðvitað séu fleiri skýringar þar á. Við megum aldrei missa sjónar á því hve mikilvægt það er að atvinnuleysið skjóti ekki rótum með sama hætti og gerst hefur t.d. hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndum þar sem atvinnuleysi er sums staðar yfir 10% og jafnvel upp í 14–17% eins og er í Finnlandi. Þar búast menn ekki við að sjá verulegan árangur í þeim málum fyrr en jafnvel um næstu aldamót. Þetta er grafalvarlegt því þegar fólk missir vinnuna þá er svo stutt í að fólkið missi sjálfsvirðinguna. Þegar við erum að tala um atvinnulífið megum við ekki gera eins og tíðkaðist fyrir nokkrum áratugum, að leggja svona mikið upp úr því að það sé munur á fólki og fyrirtækjum. Fyrirtæki þurfa á fólkinu að halda og fólk á fyrirtækjum. Fyrirtæki eru eins konar mjólkurkýr og ef þær eru ekki fyrir hendi fer að sjálfsögðu illa, það þekkjum við. Þess vegna er svo mikilvægt að sjá samhengi hlutanna í því að okkur ber að hafa skattalegt umhverfi fyrirtækjanna með þeim hætti að íslensk fyrirtæki standi erlendum fyrirtækjum snúning. Þannig tryggjum við best að fólk hafi atvinnu, hafi tekjur, launatekjur en þurfi ekki að lifa á styrkjum og bótum sem koma frá skattgreiðendum. Þetta er grundvallaratriði.

Hér er hins vegar verið að laga til í skattamálum án þess að verið sé að gefa nokkuð eftir í atvinnulífinu. Það er verið að gera skattkerfið sveigjanlegra, fyrst og fremst til þess að fyrirtækin geti betur fótað sig í sveiflukenndu efnahagslífi þjóðarinnar. Við þekkjum hve erfiðlega það hefur gengið fyrir okkur í miklum sveiflum að ná tökum á efnahagslífinu og með þeim breytingum sem hér er verið að gera er verið að jafna stöðu fyrirtækjanna þannig að þau geti haldið úti starfsemi sinni, greitt mönnum laun, haldið úti atvinnu hvort sem árar vel eða illa. Fyrst og fremst um þessi atriði snýst það frv. sem við ræðum hér. Það er ekki verið að gefa eftir einhverjar fjárfúlgur til fyrirtækjanna, síður en svo.

Við megum ekki gleyma því að fyrir örfáum árum ætluðum við að klippa gífurlega stóran hala af yfirfæranlegu rekstrartapi, nú höfum við aðeins lengt í spottunum en eftir sem áður erum við að tala um að yfirfæranlega tapið megi nýta í átta ár en hingað til hefur verið hægt að nýta allt tap frá upphafi. Þetta er mikil breyting og eftir að hafa skoðað málið vandlega varð niðurstaðan sú að lengja í tímabilinu sem má nýta til að færa yfir yfirfæranlegt tap á milli ára.

Hér koma síðan menn upp og segja: Hvað um einstaklingana? Það er alveg rétt, hér er ekki verið að fjalla um einstaklingana. Þetta snertir að vísu þann hóp einstaklinga sem gætu hugsað sér að kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, það eru væntanlega ekki þeir einstaklingar sem búa við verstan efnahag, ég á ekki von á því, heldur hinir sem hafa ráð á því að leggja til hliðar, spara. Við sem stöndum að þessum málum teljum að það fólk hafi áhuga á slíku sem hefur efni á því vegna þess að við höfum þegar breytt skattalögunum og lækkað skatthlutfall af arðstekjum. Þetta þarf að skoða í þessu samhengi. Við megum heldur ekki gleyma því að þegar afsláttur var settur í lög vegna hlutabréfakaupa var það bráðabirgðaráðstöfun. Það var ráðstöfun sem fyrst og fremst var gerð til þess að reyna að koma hlutabréfakaupum af stað. Til þess að búa til hlutabréfamarkað. Það þekki ég því að ég stóð að þessari tillögugerð sjálfur. Það stóð aldrei til að þessi afsláttur mundi gilda til eilífðarnóns. Ég rifja upp að á árinu 1991 eða 1992 var samþykkt lagafrumvarp á Alþingi flutt af stjórn sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna þar sem gert var ráð fyrir að trappa þennan afslátt niður á fimm árum og fyrsta skrefið var tekið enda stendur í lögum að 80% af ákveðinni upphæð megi draga frá. En það var hætt við vegna óska sem komu fram í tengslum við kjarasamninga einmitt á þeim tíma sem atvinnulífið stóð einna verst. Þess vegna var þessu frestað en nú þykir eðlilegt að taka skrefið og við höfum tekið það til fulls til þess að koma í veg fyrir að breytingar sem við þurfum að gera á næsta ári verði afturvirkar. Það hefur komið í ljós að þessa fjármuni, sem þeir hafa notað sem betur mega sín við hlutafjárkaup, á að nýta til að draga úr jaðaráhrifum skattkerfisins sem allir hér inni lýsa sig nú samþykka og ég fagna því.

Atriði sem hér hefur borið nokkuð á góma, kannski sér í lagi hjá hæstv. forseta, hv. þm. Ragnari Arnalds, og hefur verið nokkuð í umræðunni einkum og sér í lagi hjá eldri kynslóðinni er það sem menn hafa kallað tvísköttun lífeyris. Það er bráðnauðsynlegt enn einu sinni að skýra hvað hér er á ferðinni því það gætir nokkurs misskilnings hjá mönnum oft og tíðum. Fram til ársins 1988 var ekki um tvísköttun að ræða, menn gátu dregið lífeyrisgreiðslur, iðgjöldin, frá tekjum á skattframtölum sínum eða valið svokallaða 10% reglu. Á árinu 1988 var lögunum breytt og persónuafsláttur tekinn upp í staðinn og sá persónuafsláttur átti að ná til allra frádráttarliða sem áður þekktust í lögunum og þeir að hverfa brott. Það var ein meginstefnan í því frv. Því var lýst yfir að þessi persónuafsláttur næði líka til frádráttarins vegna lífeyrisgreiðslnanna. Það er hins vegar rétt sem hefur komið fram í þessari umræðu að smám saman varð persónuafslátturinn ekki eins mikill og til stóð í upphafi. Þær breytingar voru gerðar, ég ætla ekkert að nefna nöfn þeirra sem stóðu að því. (**Gripið fram í:** Það er búið að því.) Það er búið að því og ég þarf ekki að endurtaka það.

Þetta er ég að rifja upp vegna þess að þegar við á haustdögum 1994, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, þá utanrrh., sá sem hér stendur og fleiri ágætir menn í þeirri ríkisstjórn, ákváðum að koma til móts við þessar kröfur þá fannst okkur eðlilegt að gera það með þeim hætti að skattafslátturinn birtist í útgreiðslu úr lífeyrissjóðunum. Það var umdeilanlegt hvort ætti að fara þá leið og hvort yfir höfuð átti að gera eitthvað í þessa áttina. Það leið ekki sólarhringurinn frá því að frá þessu var sagt að forustumenn Alþýðusambands Íslands sögðu mér að þessi aðferð væri ekki sú sem þeir vildu fara. Þeir vildu nota þá aðferð að inngreiðslan í sjóðina yrði frádráttarbær og sögðu að þeir mundu taka málið upp í næstu kjarasamningum sem þeir og gerðu. Niðurstaðan varð, eins og flestir hér inni muna, að það var farið að þeirra ráðum. Það er útilokað að fara báðar leiðirnar. Það er að vísu stundum sagt um stjórnmálamenn þegar þeim er lýst að þegar þeir koma að krossgötum þá velji þeir báðar leiðirnar en í þessu málum er það ekki hægt. Það sem skiptir hins vegar máli er að hafi einhvern tíma verið réttur til þess fyrir einstaklinga að fá einhverjar bætur út á tvísköttun þá er það eingöngu fyrir þá sem borguðu inn í sjóðina á árunum 1988–1994. Engir aðrir hafa þennan rétt. En ég heyri í blöðum að menn eru að tala um að það sé einhver réttur þeirra sem jafnvel voru komnir yfir sjötugt árið 1988. Það getur engan veginn staðist. Þetta þarf auðvitað að koma skýrt fram því það lifir svo lengi í þessu einhvern veginn og erfitt að kveða þetta niður, eins og kannski eðlilegt er. (**JBH:** Það er vonlaust.) Það er vonlaust, segir einn af fyrrum fjármálaráðherrum þjóðarinnar hér úr sal.

Þegar kemur að tryggingagjaldinu hefur verið gagnrýnt að það skuli vera lagt gjald á þennan stofn. Ég get út af fyrir sig tekið undir að það er slæmt að þurfa að nota veltu sem skattstofn alveg án tillits til afkomu fyrirtækjanna. En það má ekki gleyma því að þessi skattur er svo tengdur launum að það réttlætir hvernig hann er lagður á. Þetta er reyndar gert í öllum okkar nágrannalöndum þar sem skatturinn er miklu hærri að Danmörku undanskilinni. Þar er skatturinn talsvert lægri, líklega ekki nema 2 eða 3%, hérna er hann 5,5% en víðast er hann u.þ.b. þrefaldur á við það sem við erum að tala um hér. Þetta mál er að vísu ekki verið að ræða núna, það kemur að því síðar, en það blandaðist inn í umræðuna enda má segja að þessi mál hangi að nokkru leyti saman.

Hér hafa orðið umræður um það sem ekki er í frv., kannski eðlilega, þar með almennt um tekjuskattskerfið og svokallaða jaðarskatta einstaklinga. Okkur gefst án efa betra tækifæri til þess síðar í vetur að ræða það mál en ég vil ekki láta minn hlut eftir liggja og hef reyndar flutt margar ræður um jaðarskattinn og áhrif hans og tek heils hugar undir það sem menn hafa sagt hér að þetta er eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Íslenska tekjuskattskerfið er ólíkt tekjuskattskerfum nágrannaþjóðanna. Það gefur miklu minna í ríkissjóð. Það eru miklu færri sem greiða skatt. Það eru mjög margir sem fá greitt út úr skattkerfinu. Það má

kannski skipta framteljendum í þrjá hópa, þriðjungur sem greiðir skatt, þriðjungur sem fær bætur út en greiðir enga skatta og þriðjungur sem hvorki fær bætur né greiðir skatta. Mjög gróft má skipta framteljendum í þessa þrjá hópa. Skattkerfið er mjög sérstakt því það er gífurlega tekjujafnandi. Það er svo tekjujafnandi vegna þess að bætur í kerfinu eru tekjutengdar, hlutföllin há og persónuafslátturinn óhemjulega hár miðað við það sem gerist hjá öðrum þjóðum.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að segja, ég hef að sjálfsögðu leitt hugann að því, að ég hygg að það sé skynsamlegra fyrir okkur í þessari stöðu að draga frekar úr persónuafslættinum og lækka hlutföllin og draga úr jaðaráhrifunum á móti. Það hygg ég að ætti að vera til skoðunar í þessu öllu saman.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ræddi einmitt um þetta og flutti okkur sögu af litlu Gunnu og litla Jóni og jaðaráhrifunum, allt saman satt og rétt, en frægasta dæmi Íslandssögunnar eru þó um húsnæðisbæturnar. Í frv. sem var flutt í upphafi og þáverandi félagsmálaráðherra lagði fram var jaðarskatturinn yfir 100%. Með öðrum orðum borgaði sig að draga úr tekjunum því þá fengu menn meira í bætur en sem nam tekjumuninum. Þannig var frv. í upphafi, allt í nafni félagslegs réttlætis. Ég ætla ekki, af sérstökum ástæðum, að þreyta hvorki sjálfan mig né aðra með því að rifja þessi mál upp. Þau gengu nærri mörgum í þeirri ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til, held ég, að fara fleiri orðum um málið við 1. umr. þessa máls. Það hafa þegar komið fram viðhorf, ég held flest viðhorf sem upp geta komið, gagnvart þessu lagafrumvarpi. Það fer síðan til nefndar og ég vil aðeins lýsa því yfir að við munum að sjálfsögu kappkosta eins og venja er að koma öllum þeim upplýsingum sem þarf að koma til nefndarinnar.

[20:54]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lokaorð hæstv. ráðherra um þetta skattafrumvarp voru kannski ekki mjög efnismikil. Hann kom ekki inn á öll þau atriði sem við spurðum um, gerði ekki neitt úr þeirri skuldaaukningu sem við höfum nú bent á t.d. hjá heimilunum einmitt á milli þessara tveggja síðustu ára. En látum það vera. Ég vil hins vegar knýja á um svör frá hæstv. ráðherra um tekjuáhrif þessa frv. Hann verður að svara því. Þetta eru þrjú atriði. Í fyrsta lagi skattahækkun gagnvart einstaklingum út af afnámi hlutabréfaafsláttarins. Það geta verið 500 til 800 milljónir, ég vil fá töluna nákvæmlega. Þetta þýðir skattahækkun einstaklinga. Hin tvö atriðin sem eru skattalækkun til fyrirtækja í landinu, annars vegar vegna lengingar úr fimm árum í átta, hann nefndi hér tölur upp á tugi milljarða sem falla niður. Það er erfitt að leggja mat á þetta. En ég ætlast til þess að hæstv. ráðherra geri það þegar hann leggur til lagabreytingu í þessum efnum. Hann verður að geta sagt hv. Alþingi eitthvað um tekjuáhrif frv. Þriðji hluturinn er tekjuáhrif ríkisins vegna vísitölubreytinganna, þ.e. að miða við neysluvísitölu í staðinn fyrir byggingarvísitölu. Eins og ég hef bent á þá þýðir þetta breytingu varðandi tekjufærslu á vöxtum fyrirtækja. Fyrirtækin greiða tekjuskatt af þessari tekjufærslu. Munurinn á vísitölunum er verulegur. Hæstv. ráðherra verður að svara því hvað þessi breyting þýðir fyrir tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Hann verður að koma hér, það er búið að spyrja um hann ítrekað í þessari umræðu. Hv. alþm. eiga kröfu á því að vita hvaða áhrif þetta frv. hefur á tekjur ríkissjóðs á næsta ári.

[20:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sumar spurningar eru þannig að það er nánast útilokað að geta svarað þeim og þess vegna verður hv. þm. að gera sér að góðu það svar sem nú kemur. Í fyrsta lagi er engin leið að sjá fyrir hve mikil hlutabréfakaup koma til með að eiga sér stað á yfirstandandi ári. Það eina sem ég get sagt er það að á undanförnum árum hefur hlutafjárfrádrátturinn verið á bilinu frá 300 milljónum upp í 650 milljónir. Ég hef ekki hugmynd um hve margir eiga eftir að festa kaup á hlutabréfum og fá frádrátt sem kemur þá fram á næsta ári. Og ég veit að því getur enginn svarað. Enginn. Það er ekki hægt vegna þess að hlutafjárkaupin eiga eftir að eiga sér stað.

Í öðru lagi er spurt um lengingu tapsins. Eðlilegasta svarið er að segja að ríkissjóður tapar engu vegna þess að í raun og veru var ekkert farið að reyna á gömlu ákvæðin. Ég hef hins vegar bent á að yfirfæranlegt tap sem er skráð í dag er í heild um 75 milljarðar og um 30 milljarðar eru frá árunum 1991 og fyrr. Ef við gefum okkur það að helmingurinn af því sé frá árunum 1988 til 1990, að báðum árum meðtöldum, þá sjáum við hve mikið við erum að stytta þetta óyfirfæranlega tap. Það er heldur engin leið að sjá núna eða nokkurn tíma hvort menn hafi getað nýtt sér allt þetta tap. Það veit enginn í dag og getur enginn vitað. Við verðum að fá forsendur fyrir spurningunni. Var miðað við þetta eins og þetta var áður? Lögin voru ekki farin að virka, áttu ekki að byrja að virka fyrr en um næstu áramót og það er ekki hægt að nálgast þetta nema með einhverjum spekúlasjónum.

Varðandi vísitölubreytingarnar er ekki heldur hægt að svara því. Því það virkar í báðar áttir eins og ég hef reyndar reynt að segja fyrr í þessari umræðu. Það virkar öðruvísi þegar um söluhagnaðinn er að ræða. Aðalatriðið er það að þessi mælistokkur er talinn vera eðlilegri heldur en byggingarvísitalan og ég veit að hv. þm. veit það. En hvort það hefur þýðingu í plús eða mínus fyrir ríkissjóð get ég ekki svarað, en það virkar í báðar áttir. Það er ljóst.

[20:59]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrsta liðinn um hlutabréfaafsláttinn þá er alveg ljóst að þessi ráðstöfun mun draga úr kaupum einstaklinga. Hér hefur verið talað um 300 til 650 milljónir. Það er því líklegt að þetta þýðir tekjuskattshækkun fyrir einstaklinga upp á kannski 100, 200 milljónir, áætla ég. Það er nú svo sem ekki meira. Ég benti á að það væri e.t.v. eðlilegra að þrepa þetta niður og skilja eftir einhvern hvata til hlutabréfaviðskipta. Það yrði skoðað í hv. nefnd hvort menn gætu ekki fallist á þá útfærslu. Ég held að eins og frv. er lagt upp með sé ekki gott.

Varðandi 30 milljarða tapið. Ef 15 væru hér á milli og menn greiddu tekjuskatt af því þá er þetta tekjutap fyrir ríkissjóð upp á 5,5 milljarða, þannig að menn átti sig á hvað um er að ræða ef menn gætu nýtt þetta tap að fullu og þyrftu ekki að greiða af því skatt. Nú getum við farið niður og sagt ja, eitthvað af þessu kemur kannski ekki til greiðslu í þessum mælikvarða. En ég vek athygli alþingismanna á því að við erum að tala hér um tölur sem eru líklega einhverjir milljarðar, kannski 1 eða 1,5 milljarðar, ég get ekki áætlað það. Ég gæti sett upp einhverjar forsendur en við erum að tala um verulegar upphæðir sem ríkið verður af við þessa breytingu úr fimm árum í átta ár. Menn skulu gera sér það alveg ljóst. Hér er um að ræða tekjuskattslækkun til fyrirtækja landsins gerða með örskömmum fyrirvara rétt fyrir áramót.

Það er það sem ég gagnrýndi í minni ræðu frekar en hitt, að lengja tímann. Hér eru menn að færa fyrirtækjum miðað við núverandi löggjöf tekjuskattslækkun upp á nokkur hundruð milljónir, til ef til vill 2 milljarða.

Varðandi vísitölutenginguna þá er það svo, hæstv. fjmrh., þó það virki að hluta til í tvær áttir þá vegur tekjufærslan til fyrirtækja mjög þungt í þessu dæmi. Ég gæti en hef ekki tíma til að sýna hæstv. ráðherra dæmi um að þetta eru verulegar upphæðir. Það er ekki svo, hæstv. ráðherra, að ekki sé hægt að svara þessu. Mér finnst þessi svör vera ámælisverð að því leyti til að ráðherrann skuli ekki hafa komið með dæmi um áhrif þess. Ég hefði gert þá kröfu að hann hefði gert það. Ég tel að með þessari breytingu, alveg burt séð frá hvað er eðlilegt eða ekki eðlilegt, verði menn alltaf að geta svarað því hvað lagabreyting þýðir í krónum og aurum. Það er eðlileg krafa alþingismanna óháð því hvort breytingin sé réttmæt út frá öðrum forsendum, en hér er um að ræða verulega skattalækkun til fyrirtækja þessa lands.

[21:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er stundum nokkuð undrandi á hvernig hv. þm. leggur mál hér upp. Nú þykist ég vita að hv. þm. sé áhugamaður vegna þess að hann þekkir vel til í atvinnulífi, á hlut í stórum fyrirtækjum, að hann vilji lengja í því tímabili sem má nota til að færa yfirfæranlegt tap. Ég held að hann sé áhugamaður um það. En nú kemur hann í ræðustól og gefur í skyn að ríkið sé að tapa 2 milljörðum á þessari breytingu. Það mætti jafnvel ímynda sér það. Væri ekki nær fyrir hv. þm. að taka heildardæmið og skoða heildarbreytinguna sem hefur orðið frá því að við snertum fyrst við þessu máli 1991 og núna og segja okkur hvað við erum að græða mikið þegar við vitum að heildaryfirfæranlegt tap er 75 milljarðar og það situr kannski eftir helmingurinn af því. Hugsum okkur það. Það eru 30 milljarðar eða eitthvað svoleiðis sem við erum að strika út. Á ég þá ekki að halda því fram að ég sé að taka 10 milljarða af atvinnurekstrinum í ríkissjóð með sömu rökum? Ég bið hv. þm. að vara sig þegar þeir eru að koma hér með tölur og byggja það þannig upp að þessi og hinn sé að græða þegar í raun og veru er ekki hægt að svara fyrirspurninni. Ef það er rétt hjá hv. þm. að möguleiki sé á því að ríkið tapi 2 milljörðum vegna þessa þá get ég sagt að ríkið sé að græða tugi milljarða á heildarbreytingunni sem er að verða á þessum áratug.

[21:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti notkunin á hugtakinu jaðarskattur hjá hæstv. ráðherra vera nokkuð útvötnuð og kannski ekki við hann einan að sakast í þeim efnum því að það hugtak hefur verið flatt út í daglegri umræðu eins og raun ber vitni. Jaðarskattur er í raun og veru enginn skattur. Þegar menn eru að tala um jaðarskatt þá eru menn ekki að tala um skattlagningu. Menn eru að tala um áhrif tekna á bótakerfið og kalla þau áhrif jaðarskatt. Þau áhrif verða mjög sterk í því kerfi sem við höfum búið við með verulegum persónuafslætti eða skattfrjálsum tekjum og tiltölulega fáum skattgreiðendum. Þegar upp er staðið þegar við dreifum hinni almennu skattheimtu á til þess að gera fáa skattgreiðendur og hver og einn hefur allnokkurn persónuafslátt þá verður óhjákvæmilegt að áhrif á bótakerfið verða mjög öflug. Menn verða að tekjutengja bótakerfið mjög mikið til þess að ráða við það í heild tekjulega séð.

Ég vil því, herra forseti, vekja athygli á því að menn ættu kannski að hugsa um bótakerfið á öðrum forsendum, að færa það allt sem tekjur hjá viðkomandi skattgreiðanda og skattleggja þær eins og aðrar tekjur. Með því móti mundu menn komast hjá þeirri gildru sem menn hafa lent í að þurfa að tengja bótakerfið svo sterkt við tekjur framteljandans.

[21:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög athyglisvert sjónarmið og ég get upplýst hv. þm. um að þetta er eitt af þeim sjónarmiðum sem verið er að skoða í þeirri nefnd sem hefur verið margítrekað að er að störfum, þ.e. hagfræðingar á vegum nefndarinnar hafa einmitt skoðað þetta. Það er hárrétt hjá hv. þm., enda er hann glöggur í skattamálum, að þetta mundi breyta heilmiklu og mýkja jaðaráhrifin, ef ég má komast svo asnalega að orði. Ég kalla þetta jaðaráhrif skattkerfisins, ég get skýrt af hverju ég geri það. Það er vegna þess að það er alveg spurning hvort maður á að kalla það jaðarskatta þegar menn missa bætur. Sumar bætur eru í skattkerfinu en aðrar ekki. Menn hafa notað þessi áhrif líka yfir hluti sem eru utan skattkerfisins eins og húsnæðisbætur og endurgreiðslur námslána o.s.frv. Málið er allmiklu flóknara en menn eru oft að gefa í skyn í umræðunum. Naktasta staðreyndin varðandi jaðarskatt er náttúrlega hærra skattþrepið sem hefur verið lagt á til bráðabirgða núna eitt ár í senn ár eftir ár og menn þekkja, svokallaður hátekjuskattur. Allt þetta er til skoðunar og ég held að það sé hollt að hlaupa ekki í einhverju bráðræði í að breyta þessu fyrirkomulagi. Að minnsta kosti eru það held ég hyggindi að eiga eitthvert fjármagn til að leggja í púkkið þegar af þeirri breytingu verður og því vildi ég koma til skila. Ég tek undir sjónarmið hv. þm. en vildi einungis benda á að þau eru til skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 160.

[21:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Tryggingagjald í þeirri mynd sem það er nú var tekið upp í ársbyrjun 1991. Þá voru sameinuð í eitt gjald launaskattur og ýmis smágjöld sem áður voru við lýði. Við undirbúning þeirrar löggjafar komu mjög sterkt fram þau sjónarmið að eðlilegt væri að jafna þessi gjöld og afnema það misræmi sem þá var á milli atvinnugreina en þau komu einkum fram í mismunandi háum launaskatti. Í þeim tillögum sem þá voru lagðar fram á Alþingi var gert ráð fyrir því að afnema þetta misræmi á nokkrum árum líkt og gert er í því frv. sem nú er til umræðu. Af því varð þó ekki og var því gjaldið lagt á upphaflega í tveimur gjaldþrepum. Sá sem hér stendur átti þá sæti í hv. fjárhags- og viðskiptanefnd, eins og hún hét þá, og frv. sem kom frá ríkisstjórninni var með áætlun um að falla frá þessu misræmi í nokkur ár en þessu var breytt og sagt að málið yrði tekið aftur upp að afloknum kosningum. En nú fyrst sést frv. sem gerir ráð fyrir slíkum breytingum.

Á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku þessara laga hafa verið gerðar nokkrar breytingar á gjaldinu. Annars vegar hafa komið til hækkanir á báðum gjaldþrepunum og hins vegar hafa nokkrar atvinnugreinar verið fluttar úr efra þrepinu í lægra þrepið. Samfara því hefur lægra þrepið verið látið hækka. Þannig hefur á undanförnum árum dregið nokkuð úr þeim hlutfallslega mun sem er á gjaldþrepunum. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir hv. þm. umræður sem urðu um þetta mál á síðasta þingi þegar ákveðið var að skipta gjaldinu í tvennt, þ.e. almennt tryggingagjald og hins vegar atvinnutryggingagjald. Þær almennu hækkanir sem gerðar hafa verið á gjaldinu hafa tengst öðrum ráðstöfunum í skattamálum og því að fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur vaxið mjög á þessum tíma en hluti af tryggingagjaldinu rennur til hans eins og ég var að segja. Þannig var hluti Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt upphaflegum tillögum 0,15% af gjaldstofninum en er á yfirstandandi ári 1,5%.

Tvískipting tryggingagjaldsins hefur alla tíð sætt gagnrýni. Lítil rök hafa þótt fyrir henni með tilliti til ráðstöfunar á gjaldinu en eins og kunnugt er er því auk þess að renna í Atvinnuleysistryggingasjóð varið til að kosta lífeyris- og sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins. Þá hefur einnig verið gagnrýnt að skatttaka sem þessi mismuni atvinnugreinum með tilliti til rekstrarskilyrða. Enn fremur hefur verið bent á að frá þjóðhagslegu sjónarmiði sé til langframa óheppilegt og óhagkvæmt að mismuna atvinnugreinum og beina þannig fjárfestingu í starfsemi sem ella væri óhagkvæmari en gera öðrum rekstri erfiðara um vik.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hóf að eigin frumkvæði athugun á því hvort álagning tryggingargjalds í EFTA-ríkjunum stæðist ákvæði EES-samningsins komst hún að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki. Í bréfi til íslenskra stjórnvalda í upphafi þessa árs greindi hún frá því að líta yrði á mismunandi tryggingaagjald sem ígildi ríkisstyrks til þeirra atvinnugreina sem eru í lægra þrepinu. Ríkisstyrkir af þessum toga, einkum ríkisstyrkir sem eru fólgnir í því að greiða niður rekstrarkostnað, eru algjörlega bannaðir samkvæmt samningnum. Í bréfi Eftirlitsstofnunarinnar er íslenskum stjórnvöldum kynnt þessi afstaða með tilliti til þeirra atvinnugreina sem falla undir samninginn og heyra undir verksvið eftirlitsstofnunarinnar. Ég tek fram að þetta gildir auðvitað einungis um þær atvinnugreinar sem falla undir verksvið Eftirlitsstofnunarinnar. Var óskað eftir því að úr þessu yrði bætt hið fyrsta og nauðsynlegum breytingum komið á fyrir byrjun næsta árs. Athugun á bréfi ESA leiddi til þeirrar niðurstöðu að ekki væru rök til þess að andmæla henni. Í umfjöllun ríkisstjórnarinnar var hins vegar ekki síður litið til hinna almennu sjónarmiða um óæskilegt misræmi milli atvinnuvega og þessarar gjaldtöku. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var því sú að stefna að samræmingu tryggingagjaldsins, eins og í upphafi var áformað, óháð því hvort slík samræming væri nauðsynleg vegna EES-samningsins eða ekki. Eftirlitsstofnun EFTA var kynnt afstaða ríkisstjórnarinnar og að hún mundi beita sér fyrir þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar væru. Hins vegar væri nauðsynlegt að hafa nokkurn aðlögunartíma í þessu efni og að breytingarnar yrðu gerðar í áföngum. Féllst stofnunin á þau sjónarmið þótt aðlögunartíminn samkvæmt þessu frv. sé hugsanlega lengri en stofnunin telur æskilegt.

Aðilum atvinnulífsins hefur verið kynnt efni þessa frv. og það rætt við þá. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um það einkum hafa menn áhyggjur af áhrifum á rekstrarafkomu einstakra atvinnugreina. Flestir taka þó undir þau sjónarmið að hæpin rök séu til að mismuna atvinnugreinum með þeim hætti sem nú er gert. Talsmenn sumra þessara atvinnugreina, þ.e. þeirra atvinnugreina sem fá munu á sig hærra gjald, mæla því með samræmingunni, sumir þeirra hafa lengi hvatt til hennar jafnvel þótt það kunni að hafa óæskileg rekstraráhrif þegar til skamms tíma er litið. Þeir leggja hins vegar mikla áherslu á að ekki megi hvika frá því að samræming verði altæk, þ.e. nái til allra atvinnugreina og að aðlögunartíminn verði eins fyrir alla.

Í umræðum um samræmingu tryggingagjaldsins hefur því verið hreyft að nokkur rök fyrir mismunandi gjaldi væru í því að launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur í mismunandi atvinnugreinum nytu í misjöfnum mæli þeirra trygginga sem gjaldi bæri uppi eða ekki í hlutfalli við laun sem eru gjaldstofninn. Við nánari athugun eru þessi rök ekki ýkja haldbær. Í fyrsta lagi er til þess að taka að tryggingagjaldið er í eðli sínu skattur sem lagður er á samkvæmt almennum reglum óháð því hvort greiðandinn fær notið þeirrar þjónustu sem það er notað til að kosta í meira eða minna mæli.

Í öðru lagi er á það að benda að meiri hluti tryggingagjaldsins rennur til lífeyristrygginga og sjúkratrygginga sem gera á engan hátt greinarmun á mönnum eftir því hvar þeir starfa. Minni hluti gjaldsins rennur til atvinnuleysistrygginga sem gera í eðli sínu ekki heldur mun eftir atvinnugreinum þegar um er að ræða launamenn. Hins vegar er rétt að aðrar reglur gilda um ýmsa sjálfstæða atvinnurekendur en launamenn og njóta því t.d. bændur ekki sama réttar til atvinnuleysisbóta og launþegar. Því hefur verið ákveðið að kanna málefni einyrkja sérstaklega með tilliti til þess að þeir njóti sambærilegra réttinda og aðrir þeir sem greiða til sjóðsins. Þau sjónarmið koma fram í sérstöku frv. sem félmrh. flytur og fjallar um atvinnuleysistryggingar.

Í samræmi við framangreint fjallar það frv. sem hér er til umræðu um samræmingu á tryggingagjaldinu og er gert ráð fyrir að samræmingin verði gerð í fjórum áföngum sem koma til framkvæmda í byrjun áranna 1997, 1998, 1999 og 2000 þannig að á því ári hafi full samræming náðst. Tryggingagjald er nú 6,85% í almenna þrepinu en 3,55% í sérstaka þrepinu. Af álögðu gjaldi rennur sem svarar 1,5% af gjaldstofni til atvinnuleysistrygginga en afgangurinn til trygginga hjá Tryggingastofnun ríkisins. Gjaldstofninn er um 223 milljarðar kr. og þar af eru um 30 milljarðar hjá ríkinu sem er í hærra þrepinu. Tekjur af gjaldinu er um 12,7 milljarðar, þar af um 10,7 milljarðar frá öðrum en ríkinu. Til þess að tryggja óbreyttar tekjur af tryggingagjaldinu eftir að tekið hefur verið tilliti til þess að ríkissjóður sparar okkur útgjöld með lækkun gjaldsins þyrfti samræmt gjald að vera um 5,5%.

Samkvæmt frv. verður gerð nokkur breyting á gjaldinu af tveimur ástæðum. Samkvæmt ákvörðun sem ríkisstjórnin tók í vor og kynnt var þá og lögð til grundvallar breytingum á vörugjaldi sem þá voru samþykktar á Alþingi var gert ráð fyrir að vörugjald yrði lækkað í tveimur áföngum og kæmi sá síðari til framkvæmda um leið og tryggingagjaldið yrði samræmt og var ráðgert að það yrði hækkað til að bæta upp lækkun á vörugjaldinu. Áætlað er að sú lækkun kosti um 350 millj. kr. Hin breytingin á gjaldinu stafar af því að fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári er áætluð minni en núverandi gjaldstofn gefur í tekjur. Samkvæmt lögum um tryggingagjald skal þeim hluta gjaldsins sem rennur til sjóðsins breytt í samræmi við þarfir hans. Samkvæmt fyr-

irliggjandi áætlun er unnt að lækka tekjur sjóðsins um 250 millj. kr. Af þessu leiðir að sá hluti tryggingagjaldsins sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs lækkar úr 1,5% af gjaldstofni í 1,35% en almenni hlutinn hækkar samsvarandi vegna hækkunar vörugjaldsins. Í heild hafa þessar breytingar engin áhrif á heildartekjur af gjaldinu og hið samræmda gjaldhlutfall sem verður 5,5% eins og áður er greint frá. Samkvæmt frv. mun lægra gjaldið hækka um 0,5% á ári næstu þrjú ár og um 0,45% á fjórða árinu. Það verður 4,05% á næsta ári, 4,55% á árinu 1998, 5,05% 1999 og að lokum 5,55% á árinu 2000. Hærra gjaldið sem nú er 6,85% mun lækka um 0,35% á ári nema í síðasta áfanga sem verður 0,3%

Til að varpa ljósi á einstakar atvinnugreinar má nefna eftirfarandi áætlaðar breytingar. Talið er að árleg hækkun landbúnaðar í krónum talið verði 23 millj. kr., samtals 89 millj. kr. þegar allt er talið við óbreyttan rekstur.

Fiskveiðar: Árleg hækkun verði 116 millj., samtals 453 millj. kr.

Fiskiðnaður: Árleg hækkun um 65 millj., samtals 255 millj. kr.

Almennur iðnaður: Árleg hækkun um 126 millj., samtals 489 millj. kr.

Byggingariðnaður og veitustofnanir: Árleg lækkun um 70 millj., samtals 268 millj. kr.

Verslun: Árleg lækkun 87 millj., samtals 336 millj. kr.

Hótel, veitingar, bílaleigur: Árleg hækkun um 24 millj., samtals 92 millj. kr.

Samgöngur: Árleg lækkun um 53 millj., samtals 203 millj. kr.

Bankar og tryggingar: Árleg lækkun 35 millj., samtals 136 millj. kr.

Þjónusta, menningarstarfsemi o.fl., nú í hærra þrepi: Árleg lækkun um 110 millj., samtals 431 millj. kr.

Þjónusta o.fl. nú í lægra þrepi: Árleg hækkun um 30 millj., samtals um 114 millj. kr.

Frv. þetta er í raun einfalt að gerð og þarfnast ekki ítarlegra skýringa. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[21:20]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu minni um það mál sem áður var á dagskrá, breytingar á tekjuskatti og eignarskatti vék ég að þessu máli og sagði að þetta væri kannski það jákvæðasta í skattapakka hæstv. fjmrh. Sennilega væri ofmælt að segja að þetta mál væri fram komið vegna pöntunar frá samtökum atvinnurekenda nema þá að hluta en ákvörðun er sem kunnugt tekin vegna þess að Eftirlitsstofnun EFTA fann mjög að því við ríkisstjórnina að atvinnugreinum væri mismunað með þessum hætti og taldi að það samrýmdist ekki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í ræðu hæstv. ráðherra kom fram að sú leið sem hæstv. ráðherra hefur valið, þ.e. að dreifa þessu á fjögur ár, væri lengri tími en fram hefði komið að æskilegt þætti af hálfu Eftirlitsstofnunarinnar. Spurningar mínar eru því fyrst og fremst þær hvers vegna er það að ráðherrann telur nauðsynlegt að dreifa þessu á svo langan tíma eða til ársins 2000?

Hér er því haldið fram að unnt sé að lækka vörugjald án þess að hækka tryggingagjaldið frá því sem nú er vegna þess að fjárþörf Atvinnuleysistryggingasjóðs sé fyrirsjáanlega sem því svarar minni en ætlað var. Á hvaða spám byggir það? Á hvaða rökum byggir það, hæstv. fjmrh.?

[21:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að þetta var rætt nokkuð í umræðu um síðasta mál. Ég tek skýrt fram að í raun og veru er sú ákvörðun sem frv. byggir á ákvörðun ríkisstjórnarinnar og þó tilefnið hafi verið að ESA hafi gert athugasemd þá er ákvörðunin önnur en þaðan kemur. Ákvörðun var tekin um að gera þetta að altækri aðgerð og hún nær til annarra þátta atvinnulífsins en þess sem heyrir undir evrópska efnahagssamninginn. Í upphafi var gert ráð fyrir því að hafa frestinn mislangan eftir atvinnugreinum en eftir að málið hafði verið skoðað rækilega var ákveðið að samræma gjaldið bæði til hækkunar og lækkunar í gegnum allar atvinnugreinar með nákvæmlega sama sniði. Enda þótt við vitum að ESA hafi viljað að það gerðist árinu fyrr teljum við að ástæða sé til að fara svona að og við bendum á það að ESA leggur meira upp úr að prinsippákvörðun sé fest í lög eins og stendur til að gera. Þar að auki stendur ESA í bréfaskiptum við nágrannaþjóðirnar, þar á meðal Norðmenn og líklega Svía líka, um mál af svipuðum toga. Það mun áreiðanlega taka nokkur missiri að fá úr því skorið hvort það þarf að breyta lögum í þeim löndum. Við teljum af þeim ástæðum að óhætt sé fyrir okkur að taka einu og hálfu ári lengri tíma en ESA hefur lagt til.

Lækkun á atvinnutryggingagjaldinu kemur til af því að í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði heldur minna á næsta ári en á yfirstandandi ári og munurinn byggir einfaldlega á þeirri spá eins og reyndar allt fjárlagafrv. hvílir á.

[21:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að víkja að almennu efni þessa frv. þó það sé ljóst að verið er að flytja hér talsvert miklar byrðar yfir á sjávarútveginn frá því sem verið hefur eða upp á um það bil 700 millj. kr. Það er nokkurt umhugsunarefni. En spurning mín er þessi, hæstv. forseti. Um þriggja ára skeið hefur verið nokkurt deilumál hvernig fara ætti með atvinnuleysisbætur til bænda, sjómanna sem róa á eigin fari, svonefndra trillukarla og bílstjóra. Ekkert bólar á niðurstöðu í þessu máli og nú segir hæstv. ráðherra að næstu daga muni félmrh. í tengslum við þetta mál leggja fram frv. um rétt þessa fólks til atvinnuleysisbóta. Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég teldi algjörlega fráleitt að reyna að afgreiða málið öðruvísi en það liggi alveg skýrt fyrir þá sem þarna er um að ræða sem telja mörg hundruð og hafa búið við afar krappan kost á síðustu árum vegna þess að þeim hefur verið gert að leggja inn virðisaukaskattsnúmer og leggja niður bíla og leggja niður trillur til að fá rétt til bóta. Nú er væntanlega tekið á þessu, segir hæstv. ráðherra. Ég spyr hann því: Hvenær kemur þetta frv. og er hann ekki sammála mér um það að þetta sé mál sem eigi að afgreiðast samhliða þessu frv.?

Ég vil að lokum segja að mér finnst satt að segja nokkuð glæfralegt að menn ganga ævinlega út frá því að Atvinnuleysistryggingasjóður hljóti að hafa þetta miklu minni fjárþörf á næsta ári. Það er svo mál sem við getum rætt við annað tilefni.

[21:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi vegna síðustu spurningarinnar skal tekið fram að atvinnuleysi hefur nokkuð breyst,

þ.e. skráð atvinnuleysi, og það eru fleiri sem eru kannski atvinnulausir að hluta til sem eru í heildartölunni og það breytir líka þörf sjóðsins.

Ég get tekið undir það sem hv. þm. sagði að ég tel að það þurfi að liggja skýrt fyrir hvernig farið er með réttindi þessara einstaklinga í atvinnurekstri, bænda, trillusjómanna og vörubílstjóra, út úr sjóðnum. Að öðrum kosti fyndist mér hreinlegra að kippa þeim út úr kerfinu eða taka 1,35% af og segja að þeir verði þá að leita annarra úrræða. Það verður enn að bæta við þetta að það eru ekki sömu sjónarmiðin uppi frá mínum sjónarhóli séð annars vegar hvað snertir bændur og hins vegar þær tvær greinar aðrar eins og vörubílstjórana og trillusjómennina því það er miklu auðveldara að leggja trillu og taka númer af bifreið en hætta að búa og láta frá sér kvótann. Það sjá allir í hendi sér. Í raun og veru finnst mér kannski að það sjónarmið sem varðar bændastéttina miklu alvarlegra því í raun og veru er verið að gera mönnum það að þeir geti ekki aftur horfið að búskap. Það er kannski auðveldara fyrir hina að byrja á nýjan leik.

Frv. sem ég hef verið að vísa til er frv. til breytinga á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð sem hefur þegar farið í gegnum þingflokka stjórnarflokkanna og ég hélt satt að segja að hefði verið lagt fram áður en þessi umræða fór fram en það hefur greinilega ekki tekist. Það frv. mun birtast alveg á næstu dögum. Gert er ráð fyrir því í 1. gr. frv. að ráðherra geti með reglugerð leyst úr málinu en í almennri greinargerð með frv. er sagt frá því að nefnd manna, m.a. skipuð fulltrúum bænda, trillusjómanna og vörubifreiðastjóra sé að vinna að lausn málsins og hún muni væntanlega sjá dagsins ljós innan tíðar og þá verður sú lausn væntanlega tekin inn í það frv.

[21:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Það er nokkuð umhugsunarvert ef það er þannig að þessi mál séu áfram í nefnd. Það þýðir að menn verða að fylgja þessu betur eftir þegar málið kemur hingað inn í þingið hvernig svo sem frv. er útbúið því að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að ganga skýrt frá þessu í lagatextanum. Við höfum mjög slæma reynslu af reglugerðarheimildum að því er varðar vörubílstjórana og trillukarlana. Reglugerð var sett vorið 1995 af hv. 12. þm. Reykv., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem þá var félmrh. eða hvort það var aðeins fyrr, að minnsta kosti hafði hún undirbúið þá reglugerð. Þar var gengið frá málunum með svo snúnum og knúsuðum hætti að niðurstaðan varð sú að í rauninni gat enginn sótt þennan rétt af því að það voru gerðar svo strangar kröfur um afskráningu bæði bátanna og bílanna að það var alveg fráleitt, sérstaklega að því er varðar vörubílana, vegna þess að verulegur hluti af vinnu vörubifreiðastjóra er svokölluð íhlaupavinna. Oft líður langur tími á milli þess að þeir fái vinnu og þess vegna er krafan um afskráningu bílanna alveg fráleit eins og hún var sett fram í reglugerðinni sem sett var fram af fyrrv. hæstv. félmrh. Ég endurtek að mér finnst að orð hæstv. fjmrh. hvetji til þess að farið verði nákvæmar í þetta mál en ég hafði ímyndað mér.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð ætla ég bara að bæta því við að fyrir utan það að verið er að skera dálítið niður tekjur til hans þá er verið að auka skyldur Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ekki bara með einyrkjunum, líka er verið að velta öllum kostnaðinum af starfsmenntun í atvinnulífinu yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Öllum þeim kostnaði sem hefur verið samið um á undanförnum árum að ríkissjóður bæri uppi en Atvinnuleysistryggingasjóður á núna að bera. Það er því verið að hlaða á Atvinnuleysistryggingasjóð nýjum pinklum um leið og menn eru að skera niður tekjur hans.

[21:31]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það á væntanlega eftir að fara fram umræða um þetta frv. í nefndum þingsins og þar af leiðandi ætla ég ekki að ræða það ítarlega við 1. umr. Ég vil þó benda á nokkur atriði sem mér finnst eðlilegt að komi fram við. Talað er um að verið sé að koma á jafnræði á milli atvinnugreinanna með því að stilla saman tryggingagjaldið. Ég vil í þessu sambandi minna á að auðvitað er tryggingagjaldið, í því formi sem það er núna, inni í töxtum þeirra atvinnugreina sem við það hafa búið. Það er aftur á móti ekki inni í töxtum eða rekstrargrundvelli þeirra atvinnugreina sem nú á að hækka tryggingagjaldið á. Ég vek sérstaklega athygli á að þessi breyting þýðir 700 millj. kr. gjaldahækkun fyrir sjávarútveginn. Ég hlýt að ætlast til þess að sá þáttur frv., sem sérstaklega lýtur að sjávarútveginum, verði tekinn til sérstakrar athugunar í sjútvn. með sama hætti og ég ætlast til þess um þann þátt sem að lýtur að landbúnaði, eins og raunar öðrum atvinnugreinum, að nefndirnar sem hafa forræði þeirra mála fjalli sérstaklega um þau.

Ég vil hins vegar vekja strax athygli á því við umræðuna að þessi mál eru býsna flókin í sambandi við landbúnaðinn. Álagningin miðast við reiknaðar tekjur en ekki rauntekjur. Tekjur í sauðfjárrækt, svo ég nefni þá grein sérstaklega, hafa lækkað um 40% á sl. fjórum árum. Það er nú hvorki meira né minna. Það þarf að athuga nákvæmlega hvort að reiknuðu tekjurnar, sem yrðu skattstofn eða eru skattstofn að tryggingagjaldinu, hafa verið eða séu í samræmi við þennan samdrátt í tekjum. Ég vil líka benda á að landbúnaðurinn, að stórum hluta, er samningsbundinn að því er varðar verðlagningu eða verðhækkanir. Það er því ekki sjálfgefið að þessi skattur gangi til gjalda, reiknist gjaldamegin í rekstri þessarar búgreinar. Það er svo annað mál ef menn líta til reynslunnar í þeim efnum, þá mundi það tæpast gera, því að landbúnaðarvörur í hefðbundnum greinum hafa ekki hækkað í fjögur ár gagnstætt því sem hefur gerst í öðrum liðum vísitölunnar. Þetta þarf auðvitað að athuga mjög nákvæmlega. Ég vil líka segja það sem mína skoðun, án þess að þau mál liggi fyrir, að ég hef efasemdir um atvinnuleysistryggingar inn í landbúnaðinn. Það má vel vera að eitthvert snilldarráð finnist til að framkvæma slíkar greiðslur en ég óttast að það sé nú ekki handbært. Nógu er það kerfi flókið þótt menn fari ekki með það inn í enn frekari ófyrirsjáanlegar ófærur. Þetta er ég að segja án þess að hafa nokkra einustu hugmynd um hvernig tillögur, þær sem hæstv. félmrh. er að vinna að, muni vera. En ég hef fullar efasemdir um að það sé góður kostur að ætla sér að fara með atvinnuleysisbætur inn í landbúnaðinn. Ég tek reyndar undir það sem hæstv. fjmrh. sagði áðan að athuga verður mjög nákvæmlega hvort landbúnaðurinn eigi ekki að vera undanþeginn þeim hluta gjaldsins sem fer sérstaklega til atvinnuleysistrygginga.

Ég hef komið þeim tilmælum á framfæri við form. landbn. að um þessi mál verði fjallað í nefndinni og gerð verði þar góð greining á áhrifunum sem landbúnaðurinn verður fyrir með þessari nýju skattlagningu því auðvitað er þetta skattlagning þó hér sé verið að láta orð að því liggja að greiðslurnar fari ekki beint í ríkissjóð. Og með því að sú um-

fjöllun fari fram lýk ég máli mínu að þessu sinni, virðulegi forseti.

[21:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af ræðu hv. þm. Egils Jónssonar vil ég geta þess að við mættum, samkvæmt löggjöf og EES-samningnum, viðhalda mismunandi tryggingagjaldi á landbúnað og sjávarútveg. Það er ekkert sem bannar okkur það. Þetta frv. gengur hins vegar út á samræmingu þessara gjalda milli atvinnugreina. Það er hin pólitíska ákvörðun sem felst í frv. Það er pólitísk stefna sem ég styð. Ég styð þetta frv. ríkisstjórnarinnar. Ég tel vera heilbrigt fyrir atvinnuvegina að sambærilegt skattaumhverfi sé því þetta er skattur. Tryggingagjaldið er skattur nákvæmlega eins og hæstv. fjmrh. vék að. Aðvitað skoða menn áhrif þessa á einstaka atvinnuvegi. Vitaskuld gera menn það í þinglegri meðferð en ég er andvígur því að búnar verði til undanþágur í þessari pólitísku stefnu.

Afstaða okkar jafnaðarmanna kom skýrt fram hjá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni að við styðjum þetta en okkur finnst þessi aðlögunartími, fjögur ár, vera býsna langur. Við sættum okkur hins vegar alveg við þá útfærslu en teljum að alveg hefði mátt stíga þessi skref hraðar. Þetta er eðlilegt og í samræmi við það sem menn hafa verið að gera, þ.e. að breyta löggjöf á undanförnum árum oh upphefja mismun í löggjöf gagnvart einstökum atvinnugreinum. Við eigum að halda áfram á því sviði. Þetta hittir sjávarútveginn vitaskuld mjög illa í augnablikinu en til lengdar er heilbrigt fyrir sjávarútveginn að búa við sama skattalegt umhverfi og aðrar atvinnugreinar og það á einnig við íslenskan landbúnað. Síðan verða menn vitaskuld að ræða ef til vill einhverjar frekari endurbætur á verðlagningarkerfi o.s.frv. Ég veit um sérstöðu landbúnaðarins um ýmsa þætti en það er annað mál. Hér er verið að taka prinsippákvörðun um hvort að gilda eigi sambærileg skattalög um einstaka atvinnuvegi og það er sú stefna sem ég styð.

[21:40]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort beri að líta á þessa síðustu ræðu sem andsvar. En ef ég ætti helst að ráða eitthvað í þau efni þá er meginmunurinn á hans skoðunum og mínum sá að ég tel eðlilegt að upplýsa málið fyrir fram þannig að menn sjái hvaða áhrif þetta kunni að hafa í stað þess, eins og kom fram í ræðu hv. þm., að fyrst ætti að taka ákvörðunina og leggja á skattana og líta síðar á afleiðingarnar.

[21:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu lætur meira yfir sér en frsm. lætur í veðri vaka og ætla mætti af þeim umræðum sem þegar hafa farið fram. Það er að vísu rétt, sem lagt er upp með sem aðalforsendu málsins, að um samræmingu er að ræða milli atvinnugreina. En þó er það ekki rétt nema að hluta til. Það er rétt að því leytinu til að menn eru að samræma prósentur. En menn eru ekki að samræma álögur á atvinnugreinar. Menn eru að ganga í þveröfuga átt varðandi álögur á atvinnugreinar. Menn eru að auka álögur á sumar atvinnugreinar og létta álögum af öðrum. Það þarf svolítið öfluga röksemdafærslu að halda því fram að það sé samræming að auka skatta á sjávarútveg um 700 millj. Ég spyr samræming við hvað? Er það einhver samræming að auka skatta á sjávarútveg og lækka skatta á verslun? Eins og ég sagði má halda því fram að það sé samræming að því leytinu til að menn eru að samræma prósentutölur. En prósentutölur eru ekki veruleikinn. Það eru fjárhæðir sem er veruleikinn fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Menn eru ekki að samræma fjárhæðir. Menn eru þvert á móti að misjafna frá því sem nú er. Þetta vildi ég draga fram, virðulegi forseti, þannig að þeir sem fylgjast með þessari umræðu standi ekki í þeirri meiningu og trúi því sem nýju neti að menn séu ekkert annað að gera en að samræma á milli aðila. Það felst meira í málinu, eins og ég hef rakið. Menn geta haft skoðanir á því hvort hlutirnir eigi að vera eins og lagt er til í frv. eða eins og þeir eru í dag. Það er auðvitað ekkert sjálfgefið eða endanlegur sannleikur í því að hlutirnir eigi að vera eins og þeir eru í dag. Ég er ekki talsmaður þess endilega að óbreytt ástand sé það sem eigi að vera um aldur og ævi. Því fer víðs fjarri. En ég er heldur ekki sannfærður um að hin rétta leið sé sú sem lögð er til í frv. Ég er ekki sannfærður um að það styrki mikið stöðuna í fiskvinnslu á Íslandi sem í dag er rekin með verulegu tapi og er að mæta því tapi með því að fækka störfum í atvinnugreininni, svipta fólk vinnu. Ég er ekki endilega viss um að það sé rétt leið í dag að auka álögurnar á þessa atvinnugrein um 65 millj. kr. á ári, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh. Ég er heldur ekki sannfærður um það, í þeirri stöðu sem landbúnaður er í hér á landi um þessar mundir, að það sé rétt leið að auka álögur á landbúnað um tugi milljóna á hverju ári. Og ber þá að hafa í huga að íslenskir sauðfjárbændur eru meðal fátækustu manna hér á landi og þurfa þingmenn ekki víða að fara til að sannfærast um þá staðreynd.

Það eru því, herra forseti, tvær hliðar á hverju máli og það eru þær líka í þessu tilviki. Ég er fjarri því sannfærður um að menn séu að stíga skref til góðs með að íþyngja frekar þeim atvinnugreinum sem í dag eru reknar með tapi eða reknar fyrir lág laun þeirra sem við þær starfa. Er líklegt að þessar atvinnugreinar, eins og t.d. fiskvinnsla, geti borgað hærri laun á næsta ári eftir að búið er að auka álögunar á þær fyrir kjarasamningana? Eru menn talsmenn þess, með stuðningi við þetta mál, að laun í atvinnugreinum eins og fiskvinnslu verði hækkuð minna í næstu kjarasamningum en laun annarra eins og t.d. laun í verslun? Og dreg ég ekkert úr því að starfsfólk í verslun þurfi sína kauphækkun. En ég spyr: Eru menn á þeirri skoðun að þeir sem starfa við landbúnað eða í fiskvinnslu eigi að fá minni launahækkun en hinir? Eru það skilaboðin frá hæstv. ríkisstjórn til launamanna í þessum atvinnugreinum? Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að það sé ásetningur manna í þessari virðulegu stofnun að búa svo um hnútana að þeir stýri málum til þeirrar niðurstöðu að kauphækkanir verði misjafnar eftir atvinnugreinum, því það eru verulegar líkur á því að svo geti farið eftir þá stefnubreytingu sem orðið hefur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands sem býður upp á atvinnugreinatengda samninga. Það heitir ekki samræming í mínum augum eða eyrum, herra forseti, að ganga svona fram í þessu máli.

Ég bendi mönnum á annan veruleika sem við búum líka við í dag sem þarf að hafa í huga þegar ríkisvald gengur frá sínum ákvörðunum í efnahagsmálum. Við búum við það ástand að þessar tvær atvinnugreinar sem helst er verið að íþyngja eru höfuðatvinnugreinar landsbyggðarinnar. Nær öll íþyngingin í þessari samræmingu hæstv. fjmrh. kemur fram úti á landi. Megnið af ívilninni kemur fram á höfuðborgarsvæðinu. Gott og vel með það. Við skulum ekki sjá ofsjónum

yfir því. En við bara búum við þann veruleika að ástandið í dag og á undanförnum mörgum árum hefur verið þannig að fólkið hefur verið að hrekjast utan af landi og hingað á höfuðborgarsvæðið. Og er þessi aðgerð góð inn í þetta samhengi? Ég hélt að stjórnvöld á Íslandi litu á það sem sitt hlutverk að reyna að stemma stigu við því að búa til skilyrði sem leiða af sér þá þróun sem við höfum búið við. Ég hef talið að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi væru um það sammála að vinna að því að skilyrði um land allt væru sem jöfnust þannig að menn mættu búa um landið við sem sæmilegust skilyrði óháð aðgerðum ríkisvaldsins til þess misjafna þau skilyrði. Staðan eins og hún er og hefur verið er afleit. Þessar aðgerðir gera bara vont verra í atvinnumálum. Það er ekki sama við hvaða aðstæður menn eru að starfa og við hvaða aðstæður menn eru að taka sínar ákvarðanir í einstökum málum. Ákvarðanir sem kunna að geta verið ásættanlegar við tilteknar aðstæður í atvinnumálum geta verið óásættanlegar við aðrar aðstæður. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að aðstæður eru að mörgu leyti óásættanlegar og jafnvel slæmar víða í þessum atvinnugreinum sem er verið að íþyngja. Ég tel ekki skynsamlegt að ganga fram eins og lagt er til í þessu frv. en með því er ég ekkert að segja að ég væri endilega ósammála þessum tillögum ef aðstæður væru öðruvísi. Það er ekki rétt að setja fram rígbundnar skoðanir í þeim efnum.

Herra forseti. Ég hef dregið fram þau áhersluatriði sem ég hef talið nauðsynlegt að kæmu hér fram þannig að þingheimur mætti vera þess meðvitaður að þessi sjónarmið til málsins eru til og ég tel mig hafa rökstutt þau bærilega.

[21:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Tryggingagjald er launaskattur. Þegar verið er að ræða um 5,5% skattlagningu er verið að tala um samræmdan launaskatt. Nú er launakostnaður mjög misjafn milli atvinnugreina. Við getum tekið tölvuiðnað sem er kannski með 80% launakostnað. Þetta lendir mjög þungt á honum. Við getum tekið saltfiskverkun sem er með 10 til 15% launakostnað. Skattlagning sem þessi lendir tiltölulega létt á slíkri atvinnugreinum. Ef við erum að skattleggja laun á annað borð þá ber að gera það á samræmdan hátt. Þetta er tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð. Það á að vera óháð atvinnugreinum. Það kerfi sem við höfum haft hingað til hefur mismunað greinum. Það hefur verið ívilnum gagnvart tilteknum greinum af sögulegum ástæðum. Það þarf ekkert að fara yfir það. Það er kerfið sem við höfum verið með núna. Þegar við hverfum af þeirri braut snúum við vitaskuld af ívilnun yfir til jöfnuðar á tilteknum tíma.

Nú er hins vegar hægt að segja og raunverulega ætti umræðan að snúast um það, að launaskattur eins og tryggingagjald er í sjálfu sér ekki hagkvæm skattlagning. Hún er ekki atvinnuskapandi skattlagning. Það eru til betri skattlagningaraðferðir en launaskattur. Við getum rætt um það lengi en við skulum ekki gera það núna. En úr því að við búum við þetta skattlagningarform og það liggja ekki fyrir tillögur um að breyta því í grundvallaratriðum, er réttmætt að þessi skattlagning eigi að vera samræmd milli atvinnugreina. En vitaskuld leggst hún misþungt á einstakar atvinnugreinar vegna þess að launakostnaður er mjög mismunandi í atvinnugreinum. Það erum við hins vegar ekki að skattleggja. Við erum að skattleggja af hálfu ríkisins það að greidd séu laun og það á að vera algjörlega og er samkvæmt öllum eðlilegum reglum, óháð því hvaða atvinnugrein um er að ræða. Það er grundvallarákvörðunin sem felst í þessu frv. og í umræðunni sjálfri. Ekki hefðbundin afkomuumræða.

[21:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki mikið um þetta andsvar að segja annað en að sjónarmið eru einfaldlega ólík. Ég legg áherslu á að það er ekki verið að jafna, það er verið að ójafna. Það er verið að láta þá sem fyrir bera tiltölulega há tryggingagjöld borga meira til þess að greiða niður hjá öðrum atvinnugreinum sem borga lægri laun. Það er verið er að gera. Það er verið að færa á milli atvinnugreina og þannig ójafna frá því sem nú er. Það er verið að íþyngja atvinnugreinum sem nú eru reknar með tapi, eins og fiskvinnslu. Það er verið að bæta við skattlagningu á þá atvinnugrein. Sú atvinnugrein getur ekki bætt sér þá skattlagningu með því að hækka afurðaverð eða útsöluverð sinnar framleiðslu. Það er bundið á erlendum mörkuðum og verður ekki hreyft þó að íslensk stjórnvöld hækki gjöldin á þennan atvinnuveg. Hann verður því að bera þennan skatt og getur ekki velt honum af sér. Það er ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að það bæti stöðu atvinnugreinar sem fyrir á í erfiðleikum, að hengja á hana fleiri bagga.

[21:56]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo þetta sé alveg ljóst. Hv. þm. talar um að ekki sé verið að jafna með þessu. Við skulum orða þetta öðruvísi. Með þessari aðgerð er verið að raska ríkjandi ástandi. Það er alveg ljóst. Það hefur verið mismunun í kerfinu og þessi skattlagning á laun í landinu verður færð til jöfnuðar, þessi 5,5% á fjórum árum. Það er verið er að gera. En vitaskuld er verið að raska ríkjandi ástandi sem hefur verið ívilnandi gagnvart tilteknum atvinnugreinum og eins og ég nefndi eru af sögulegum ástæðum rök fyrir því. Vitaskuld eru greinar sem koma til með að borga meira og aðrar minna. Sumar af þeim greinum sem borga meira eru illa staddar, sumar er vel staddar o.s.frv. En við verðum að hafa alveg skýrt í huga að það hefur verið mismunun í þessu launaskattskerfi sem hér er verið að breyta. Það er verið að leiðrétta. Menn geta haft sínar skoðanir og verið andvígir því þannig að það eigi að vera tiltekin mismunun í kerfinu eins og við höfum búið við. Ég er ósammála því en menn verða að hafa alveg skýrt í huga að hér er verið að jafna milli atvinnugreina. En ríkjandi ástandi er raskað þannig að vitaskuld geta einstakar atvinnugreinar, eðli málsins samkvæmt, komið vel út úr þessu en aðrar komið illa út úr þessu.

[21:58]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um breytingar á lögum um tryggingagjald með síðari breytingum. Af því tilefni vil ég segja nokkur orð. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir ástæðum þess að frv. er flutt og ég get út af fyrir sig fallist á þau sjónarmið að eðlilegt sé að sömu reglur gildi gagnvart öllum atvinnugreinum hvað varðar þessa skattlagningu. Hins vegar vil ég taka undir þau varnaðarorð sem hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, flutti um þessa breytingu. Það er alveg ljóst, þó að sé verið að jafna hér og gera skattlagninguna eins gagnvart öllum atvinnugreinum á tilteknu tímabili, að verið er að leggja tilteknar álögur á atvinnugreinar, sjávarútveg og landbúnað, sem verður að sjálfsögðu að taka tillit til. Það er óhjákvæmilegt. Í því felst minn fyrirvari gagnvart frv. að ég tel að það sé óhjákvæmilegt að hv. efh.- og viðskn. skoði

mjög rækilega hvernig, og það þarf hæstv. fjmrh. að hlusta á, verður komið til móts við þessar atvinnugreinar sem verið er að auka álögur á. Það er alveg ljóst að þessar greinar eru ekki sérstaklega í öllum tilvikum vel undir það búnar að greiða hærri gjöld þannig að um þetta verður að fjalla.

Hins vegar fer ekki hjá því að nokkrar efasemdir setur að manni þegar hv. þm. sem eru sérstakir talsmenn skattlagningar á sjávarútveg, hv. þm. jafnaðarmanna á Íslandi, og nota hvert tækifæri til að mæla fyrir veiðileyfasköttum og þvílíku, leggast í sérstakan stuðning við þetta frv. Það færir manni nokkrar efasemdir um það sem verið er að leggja til hér. En það má kannski segja að fyrir hæstv. fjmrh. er sama hvaðan gott kemur þegar um stuðning er að ræða. En ég vil vekja athygli á þessu og vænti þess að þeir hv. þm. sem hér hafa verið úr hópi þingflokks jafnaðarmanna, af því þeir sitja nú í hv. efh.- og viðskn., að þeir taki þátt í þeirri leit sem þarf að fara fram í þinginu — til þess erum við í nefndum — að lausnum á þessari lagabreytingu hvað varðar sérstaklega sjávarútveginn og landbúnaðinn þannig að þessi aðgerð verði ekki til þess að íþyngja þessum greinum. Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti.

Að öðru leyti vil ég endurtaka að ég tek undir þau varnaðarorð sem komu hér fram. Hæstv. fjmrh. veit vel um mína afstöðu. Ég hef haft þessi varnaðarorð yfir í mínum ágæta þingflokki.

[22:02]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki veit ég hvort það á að verða hlutskipti mitt hér í kvöld að verja frv. hæstv. fjmrh. en varðandi efni málsins ... (**Fjmrh.:** Ertu ekki helsti stuðningsmaður minn?) Ég er helsti stuðningsmaður þinn í þessu máli en ég fór í andsvar við hv. þm. Sturlu Böðvarsson vegna þess að hann gat um okkur þingmenn jafnaðarmanna að við værum sérstakir skattlagningarmenn á sjávarútveg. Ég vil ekki sitja undir því vegna þess að ég vil ekki láta segja það um mig að ég sé í einhverri krossferð gegn íslenskum sjávarútvegi. Það er síður en svo og ég held að þeir sem til þekkja viti betur. Við höfum lagt til heilbrigðara efnahagskerfi í sambandi við auðlindanýtingu og veiðileyfagjald og við skulum ekki ræða það hér. Hér er hins vegar um að ræða, eins og ég er margbúinn að ítreka, samræmingu á gjaldtöku og ég held að rökstuðningurinn sé alveg ljós. Ég þarf ekkert að fara yfir það aftur. Hv. þm. skilur alveg rök hvort sem hann er þeim sammála eða ekki. En ég spyr mig að því hvers konar frv. þetta er að verða þegar ég heyri efasemdir frá tveimur stjórnarþingmönnum og jafnvel fleirum varðandi prinsippákvörðunina í þessu máli. Þeir eru ósammála því að verið sé að jafna milli atvinnugreina eins og gert er. Þeir vilja áfram hafa sérstaka gjaldtöku fyrir sjávarútveg og landbúnað og við höfum leyfi til þess. Það er ekkert í EES-samningnum sem bannar það. En ég spyr hv. þm. Sturlu Böðvarsson: Þýðir þetta að sú útfærsla sem hæstv. fjmrh. er að leggja til njóti ekki stuðnings þingflokkanna sem um ræðir? Það er að vísu bara sjálfstæðisþingmenn sem hér hafa talað í þessu máli. Ég held að það sé mjög brýnt að upplýsa hvort eigi raunverulega að taka þetta mál í meginatriðum út af dagskránni og vera með óbreytt kerfi í sambandi við álagningu tryggingagjalds. Ég held það væri eðlilegt í umræðunni að það kæmi fram og fjmrh. gæti þá komið aftur upp og staðfest það í stað þess að við séum að hjakka í einhverju frv. sem ef til vill hefur ekki nokkurt einasta praktískt gildi vegna þess að það nýtur ekki stuðnings stjórnarflokkanna.

[22:04]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég mæli einungis fyrir skoðunum mínum og ég held að þær hafi komið skýrt fram hvað varðar þetta frv. Það er svolítið mikilvægt að það kom fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að það sé engin ástæða til þess að gera þessa breytingu, eins og þetta er sé þetta allt leyfilegt með tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Það er út af fyrir sig nauðsynlegt að það komi hér fram. En ég hef þessa afstöðu til málsins vegna þess að ég vil reyna að tryggja að við þessa kerfisbreytingu, sem ég get út af fyrir sig alveg samþykkt og ég er ekki á móti kerfisbreytingunni sem slíkri, best er að það gildi sömu reglur um allar atvinnugreinar hvað varðar skatta, leggjum við ekki meira á íslenskan sjávarútveg og landbúnað en hann fær risið undir. Það er mergurinn málsins. Ef hv. þm. Ágúst Einarsson telur hins vegar að hann geti mælt fyrir því að sérstakar álögur séu lagðar á þessar greinar þá þarf hann að færa fyrir því rök. Það er gert með þessari breytingu.

[22:05]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég upplýsa það að samkvæmt EES-samningnum mætti hafa mismunina alveg ótvírætt gagnvart íslenskum landbúnaði. Mjög líklega líka gagnvart útgerðinni. Það yrði sennilega að láta reyna á það en svona er EES-samningurinn þannig að það er ekki nauðsynlegt að breyta þessu út af því gagnvart þessum atvinnugreinum sem menn eru hér fyrst og fremst að tala um. Ég er ekki að tala fyrir þessu máli vegna þess að ég telji að sjávarútvegurinn geti sérstaklega borið þessar 700 millj. sem hann á að gera. Ég hef áhyggjur af ýmsu sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi, ekki hvað síst í botnfiskvinnslunni sem fær skattaaukningu upp á 255 millj. Ég hef áhyggjur af því. Ég tel hins vegar að við verðum að reyna að ræða málið á grundvelli þess hvort við eigum, eins og lagt er upp í frv., að stíga ákveðin skref til að draga úr þeirri mismunun og ívilnun sem hefur gilt gagnvart ákveðnum atvinnugreinum.

Ég nefndi áðan að þetta raskar núverandi stöðu. Vitanlega gerir það það. Sumar greinar tapa á þessu, sjávarútvegurinn alveg klárlega. Ég held hins vegar að til lengdar sé það heilbrigðara og betra fyrir sjávarútveginn að búa við sambærilegt skattaumhverfi og aðrar atvinnugreinar. Það á við um landbúnaðinn líka. Ekki hvað síst þegar við erum að tala um skattlagningu á laun, þ.e. einfaldan launaskatt í landinu. Það á ekki að vera mismunur af hálfu ríkisins hvort launin séu greidd í landbúnaði, sjávarútvegi, hugbúnaði, verslun eða öðru slíku. Við getum mismunað í öðrum þáttum skattkerfisins en við eigum ekki að gera það hvað viðvíkur launaskattinum. Það er ekkert heilbrigði fólgið í þeirri skattastefnu þótt svo ég hafi mjög miklar efasemdir um launaskattinn yfirleitt og get fært mörg rök fyrir því að við ættum í sjálfu sér að fella niður þetta tryggingagjald. Það væri hægt að gera það en á meðan við búum við það þá á það að vera jafnt milli atvinnugreina.

[22:07]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan að ég hef ekkert á móti kerfisbreytingunni sem slíkri. Ég er sammála hv. þm. hvað það varðar. En ég vil ítreka að það verður að tryggja það, og það þarf hv. efh.- og viðskn. að skoða, með hvaða hætti er hægt að koma til móts við

þessar greinar þannig að þetta virki ekki sem sérstök aðgerð til íþyngingar.

[22:08]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér sýnist að jafnvel þótt einhverjir stjórnarþingmenn mundu skerast úr leik í þessu máli þá sé tvöföld breiðfylking jafnaðarmanna á Íslandi búin að lýsa yfir stuðningi við það hvort sem það verður til að hraða málinu í gegnum þingið eða ekki. En hafi menn verið að hugsa um jöfnun á milli atvinnugreina og ekkert annað þá voru valkostirnir tveir. Það var einfaldlega að lækka á hinum og fá jöfnuð með því móti, jafneinföld leið. Það getur ekki verið hægt að segja að menn styðji þetta eingöngu vegna þess að þeir hafi viljað hafa sömu leikreglur. Hér hafa menn lýst yfir stuðningi af því að þeir vilja styðja þetta sem hækkun.

Nú stöndum við frammi fyrir því í dag að Seðlabanki Íslands hefur hækkað vexti í landinu vegna þess að útstreymi hefur verið á gjaldeyri umfram innkomu. Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja ef álögurnar eru auknar, m.a. á sjávarútveginn, hvort það þýði þá enn frekari vaxtahækkun í framhaldi af því.

Ég held að það séu að mörgu leyti fullgild rök að það sé réttlátt að hafa hliðstæða skattheimtu. Hins vegar er þessi skattur mjög líkur aðstöðugjaldinu. Hann er veltuskattur, í þessu tilfelli bara á laun. Hitt var skattur á allt þannig að ef atvinnurekandi fær sér, við skulum segja, fullkomið færiband eða fullkomna vél sem verður til þess að fækka mönnum þá á hann að fá sérstök verðlaun í skattafslátt fyrir tiltækið því að þetta er veltuskattur aðeins á laun. Hinn veltuskatturinn virðist hafa verið örlítið vitlegri sé þetta tvennt skoðað í samhengi. Ég held að það sé því miður svo enn þann dag í dag að það er svo ríkt í hugsun íslenskra ráðamanna að þeir vilji stjórna gengisskráningu krónunnar, þeir vilji ráða því hver hún er en ekki láta markaðinn ráða því hver gengisskráningin er, að það sé ákaflega hæpið að stilla þessum atvinnuvegum upp á sama veg. Hins vegar vil ég fullyrða það í þessum ræðustól að ég er ekki jafnviss um það og aðrir að lækkun á tryggingagjaldi á verslun t.d. væri allt tapað fé. Ég held nefnilega að íslensk verslun búi við verulega samkeppni erlendis frá og hluti af því sem skapar þá erfiðleika er allt of hár virðisaukaskattur. Og ef til vill þetta tryggingagjald líka. Þetta eru staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir.

Ég minnist þess einu sinni að ég flutti hér frv. til laga um að selja allan erlendan gjaldeyri á frjálsum markaði í landinu. Það hefur aldrei verið meiri þögn hjá markaðshyggjumönnum, hvort heldur þeir voru í mínum flokki, Sjálfstfl. eða Alþfl., en þegar ég flutti þetta frv. Þá setti gjörsamlega hljóða. Menn geta skoðað í þingtíðindum hversu mikla trú menn höfðu nú á markaðnum. Það er nefnilega því miður þannig að það gleymist að auðlindaskatturinn sem íslenskur sjávarútvegur hefur greitt í gegnum tíðina með kolvitlausu gengi er hár. En sá auðlindaskattur skaðaði íslenskan iðnað. Hann skaðaði íslenskan iðnað. Og það sem ég held að menn verði að skoða í samhengi ef þeir taka upp þessar leikreglur er hvort menn eru þá reiðubúnir að standa heiðarlega að því að það séu eðlilegar ákvarðanir sem ráða því hver gengisskráningin er eða láta menn sig enn dreyma um að það sé allt í lagi að fikta við þá hluti? Það hefði komið mun betur út fyrir sjávarútveginn að leiðrétta stöðu gengisins heldur en að hækka vextina. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það hefði komið verr út fyrir markmið okkar í efnahagsmálum að halda stöðugleika í landinu að velja þá leið og menn völdu þá leið, hagfræðingar okkar lands sem eru við stjórnvöl í Seðlabankanum með ráðleggingar, að það ætti að hækka vextina. Því segi ég þetta að ég lít svo á að allt tal um markaðsvæðingu fram og til baka sé hálfbarnalegt tal nema menn líti svo á að þeir séu reiðubúnir að láta markaðinn og ekkert nema markaðinn ráða gengisskráningunni. Þá er nefnilega engin hætta á ferðum þó að boðið sé upp á samninga við hina ýmsu atvinnurekendur því þá verður leiðréttingin sjálfkrafa í kerfinu. Menn eru einfaldlega að taka ákvörðun um það að þeir selji ekki sinn erlenda gjaldeyri á sama verði og áður. En ef frystihúsin í dag þurfa að taka á sig auknar álögur þá eiga þau ekki nema eitt svar og það er að tæknivæðast, sem ég veit ekki hvort þau hafa fjármuni til, eða að segja upp fólki og loka. Þannig er staðan.

Þess vegna finnst mér það dálítið skrýtið þegar það kemur frá prófessor og þingmanni Alþfl., ég bið afsökunar, ekki þingmanni Alþfl. heldur þingmanni jafnaðarmanna, 11. þm. Reykn., að þegar hann ræddi hér fyrr í kvöld um hvað ráðherrann væri að leggja til í skattamálum og hverjar væru afleiðingar þeirra hugmynda sem hann setti þar fram að núna hefur hann snúið þessu við og sagt: Merkingin er góð, stefnan er góð, þ.e. það á að vera það sama á alla atvinnurekendur en ég veit að það stefnir í strand vegna þess að ég hef áhyggjur af því að frystihúsin geti ekki tekið á sig auknar álögur. Það er einmitt það sem ég hef áhyggjur af líka. Mér er ekki alveg ljóst að það sé slíkt borð fyrir báru sem menn vilja vera láta í þessum efnum. Ég er heldur ekki jafnviss og aðrir hér inni að sú hækkun sem þetta mundi trúlega hafa á búvörur yrði til góðs. Og ég tek undir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hér: Íslenskir sauðfjárbændur eru ekki ofsælir af þeirri stöðu sem þeir eru í í dag.

Nú það má vel vera að það komi fram meiri upplýsingar um þetta mál í efh.- og viðskn. og er það vel ef svo væri. En óneitanlega er það nú svo að það er erfitt að samþykkja breytingar, rugga bátnum, nema maður sé nokkuð öruggur um að maður hvolfi honum ekki. Og þó að ég geti endurtekið það sem ég sagði áðan, ég tel að það markmið út af fyrir sig að hafa sömu skattlagningu sé rétt, þá voru tvær leiðir til að ná því fram. Það voru tvær leiðir til að ná því fram og menn völdu hækkunarleiðina sem tvímælalaust stuðlar að því að veikja stöðu íslensku krónunnar.

[22:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki beinlínis andsvar við ýmsum þeim bollaleggingum sem komu fram hjá hv. þm., sem kannski voru ekki beinlínis tengdar nákvæmlega þessu frv. en áttu erindi í umræðuna eigi að síður. Ég vildi einungis vegna orða hans undirstrika það í fyrsta lagi að hér er verið að leggja til samræmingu sem gerir ráð fyrir því að annars vegar hækki hlutfall og hins vegar lækki það. Það lækkar hjá sumum greinum en hækkar hjá öðrum. Ég ætla ekki að fara frekar út í það.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. og ég tek undir það, að í raun og veru er það slæmur kostur að leggja skatta á veltu án tillits til afkomu en réttlætingin hér, eins og víðast annars staðar, fyrir þessum skatti er að skatturinn er notaður til útborgunar til launamanna alveg sérstaklega. Annars vegar í Atvinnuleysistryggingasjóð sem einungis launamenn fá greitt úr, reyndar er hugmyndin að sjálfstæðir atvinnurekendur fái líka notið fjármuna úr þeim sjóði. Hins vegar er hugsunin sú að þessir fjármunir renni, ef hægt er að tala um að þeir renni í einhvern sérstakan farveg, til lífeyristryggingakerfisins og

sjúkratryggingakerfisins. En þeir duga ekki þannig að það þarf að bæta við, ríkissjóður þarf að bæta við fjármunum. En þetta atriði réttlætir það að launin eru notuð sem stofn, af því hv. þm. tók dæmi af manninum sem fækkaði starfsfólki og keypti vélina. Ef vélin yrði stopp þyddi lítið að fara í almannatryggingarnar eða Atvinnuleysistryggingasjóð og fá bætur úr þeim sjóðum til vélarinnar því þessar bætur eða útgjöld ganga einungis til launafólksins. Það er það sem réttlætir að álagningin sé á þennan sérstaka tiltekna stofn, bæði hérlendis og erlendis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (gjaldflokkar, lækkun gjalda). — Þskj. 157.

[22:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum. Þetta frv. er að finna á þskj. 157 og er 142. mál þingsins.

Með lögum nr. 89/1996, sem Alþingi samþykkti síðastliðið vor, voru gerðar ýmsar breytingar á vörugjaldslögunum. Með breytingunum var komið til móts við athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA hafði gert, bæði hvað varðar mismunandi greiðslufrest og mismunandi gjaldstofn vörugjalds, eftir því hvort um var að ræða innfluttar vörur eða innlendar framleiðsluvörur. Þannig var greiðslufrestur af innfluttum vörum og innlendum framleiðsluvörum samræmdur og ákvæðum um gjaldstofn vörugjalds breytt, þannig að gjaldstofninn er nú hinn sami hvort sem vara er innflutt eða innlend.

Í athugasemdum við frumvarp það sem lagt var fram til fyrrgreindra laga kom fram að ríkisstjórnin stefndi að lækkun vörugjalds í tengslum við samræmingu tryggingagjalds á milli atvinnugreina. Boðað var að breyting þess kæmi til framkvæmda í formi lækkaðra magngjalda, lækkunar á hæstu flokkum verðgjalds og fækkunar gjaldskyldra vara.

Í lagafrumvarpi því sem nú er lagt fram og er hér til umræðu eru lagðar til breytingar vörugjaldi í samræmi við framangreind fyrirheit ríkisstjórnarinnar þannig að vörugjald verði lækkað eða fellt niður af ýmsum vörum. Í fyrsta lagi er lagt til að 15% vörugjald af snyrtivörum og filmum og 20% vörugjald af ritföngum verði fellt niður. Í öðru lagi er lagt til að magngjald verði lækkað af sælgæti, drykkjarvörum o.fl. Í þriðja lagi er lagt til að vörugjald af þeim varahlutum í bifreiðar sem borið hafa 20% vörugjald lækki í 15% þannig að allir varahlutir bera þá 15% vörugjald. Í fjórða lagi er lagt að vörugjald af þeim vörum sem borið hafa 30% vörugjald lækki í 25%. Þarna er um að ræða mynd- og hljómflutningstæki, útvörp og segulbönd en þessar vörur eru nú í tveimur gjaldflokkum svo og byssur og skotfæri.

Gera má ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi lækki um 300 millj. kr. ef frv. verður að lögum en við það bætist að lækkun tekna vegna virðisaukaskatts verður um 50 millj. kr. Þetta eru því 350 millj. kr. alls. Í athugasemdum við frv. er gerð grein fyrir áhrifum breytinganna á tekjur ríkissjóðs af einstökum vöruflokkum.

Mér er ljóst að það þyrfti að taka fleiri skref til lækkunar á vörugjöldum og vonandi verður það hægt á næstu árum vegna þess að tekjusamsetning ríkissjóðs er hér með nokkuð öðrum hætti en í nágrannalöndunum og það er afar óheppilegt af ýmsum ástæðum eins og m.a. hefur komið fram í umræðum hér í dag um önnur skattbreytingamál.

Eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar voru tildrögin að breytingu á vörugjaldslögunum þau að Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hafði gert athugasemd við tvö atriði í framkvæmd þeirra í kjölfar athugunar á lögum vegna kæru innlendra aðila. Þar sem nokkurrar ónákvæmni hefur gætt í fréttaflutningi og frásögnum af þessu máli vil ég fara um það nokkrum orðum.

Þegar EES-samningurinn var gerður lá ljóst fyrir að fella yrði niður svokallaða fjáröflunartolla sem þá voru við lýði á grundvelli heimilda í þágildandi fríverslunarsamningum. Var þá þegar ákveðið að breyta þeim í vörugjöld eins og gert var með breytingum á vörugjaldslögunum á Alþingi árið 1993. Ég vil undirstrika að aldrei stóð til að fella þessa tekjuöflun ríkisins niður og fyrir lá að álagning vörugjalda væri í samræmi við EES-samninginn. Í þeim kærum sem beint hefur verið til ESA hefur því verið haldið fram að álagning vörugjalda út af fyrir sig sem slík sé ólögmæt og brjóti samninginn. ESA hefur hafnað slíkum sjónarmiðum og taldi einungis að tvö nánar tilgreind atriði samrýmdust ekki samningnum. Þar er annars vegar átt við 25% regluna svokölluðu þar sem í lögum var í raun og veru gert ráð fyrir 25% heildsöluálagningu, algjörlega burt séð frá því hvort hún var meiri eða minni. Hins vegar var greiðslufrestur ekki sá sami á innlendri framleiðslu og innflutningi. Það liggur ekkert fyrir hvor aðilinn hafi hagnast eða tapað, innflytjandinn eða innlendi framleiðandinn, og sjálfsagt getur það virkað í báðar áttir.

Það tók nokkurn tíma að koma í framkvæmd breytingu á vörugjaldslögunum sem fullnægði kröfum ESA. Það tók sjálfsagt rúmlega hálft ár að ná niðurstöðu sem flestir gátu sætt sig við og þau lög gengu í gildi 1. júlí sl. Í framhaldi af því var þess farið á leit við stofnunina að það mál sem stofnunin hafði þingfest fyrir EFTA-dómstólnum yrði látið niður falla. Í því máli var af hálfu ESA krafist staðfestingar dómstólsins á því að tiltekin ákvæði vörugjaldslaganna samrýmdust ekki ákvæðum samningsins. Tilmæli okkar voru studd þeim rökum að með breytingu á lögunum hefðum við bætt úr þeim atriðum sem ekki hefðu samrýmst samningnum og væri þess vegna lagalegur ágreiningur ekki lengur milli aðila og málarekstur því óþarfur. ESA féllst á þessi sjónarmið og var málið dregið til baka. Það var kannski stóra fréttin. En sá misskilningur virðist vera uppi að með þessu hafi verið viðurkennt að EES-samningurinn hafi verið brotinn. Það tel ég ekki hafa verið gert. Kæra ESA byggðist ekki á því að Ísland hefði brotið ákvæði samningsins í einhverju tilviki og kæran ekki studd neinum tilvikum um meint brot. Máli þessu var því lokið farsællega að því er ESA varðar. Hugsanleg áform um að krefjast skaðabóta af ríkinu vegna meintrar rangrar álagningar vörugjalda verða því alls ekki byggð á lyktum þessa máls heldur hafa alveg sjálfstæða tilveru og ég tel engar líkur fyrir því að slíkur skaðabótaréttur sé til staðar.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram í upphafi því að því hefur verið haldið fram í fyrsta lagi að það sé ólögmætt að leggja á vörugjöld og það hafi staðið til að leggja af öll aðflutningsgjöld þegar við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Meira að segja er þetta orðað eitthvað á þá leið í yfirlýsingu frá landsfundi Sjálfstfl. En þetta er rangt. Það er röng saga sem þarna er verið að reyna

að segja og það þarf að leiðrétta hana.

Í öðru lagi er því haldið fram að samningurinn hafi verið brotinn með þeim hætti að hægt sé að byggja skaðabótamál á hendur ríkinu á grundvelli niðurstöðu samkomulagsins við ESA. Ég tel svo ekki vera. Það sem hafði gerst var að ESA gerði athugasemdir við tvö tiltekin atriði í lögunum af því þau væru til þess fallin að hægt var að mismuna samkvæmt þeim greinum. Þessum atriðum hefur verið breytt. Málinu er lokið og eina fréttin sem hefði átt að slá í gegn var að Eftirlitsstofnun EFTA féllst á að kalla málið aftur frá dómstólnum en áður hafði verið gefið í skyn að það væri ekki hægt heldur yrði dómstóllinn að ákveða það sjálfur.

Þetta vil ég, virðulegi forseti, að komi mjög skýrlega fram í þessari umræðu. Það er síðan tillaga mín, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hæstv. efh.- og viðskn.

[22:30]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. gengur út á það að lækka vörugjald um 300 milljónir. Þetta er ekki EES-mál heldur í framhaldi af fyrri lækkun vörugjalds. Við erum í sjálfu sér fylgjandi lækkun vörugjalds, teljum það eðlilegt og í samræmi við ábendingar sem hafa komið fram um þessa málaflokka, m.a. af hálfu EES. Þó svo það megi velta fyrir sér rökstuðningi fyrir einstökum flokkum.

En það sem málið snýst um, herra forseti, er hvort eitthvað sé að marka þetta frv. vegna þess að það hangir við fyrra frv. um breytingu á tryggingagjaldi. Þessi tvö frv. tengjast. Annað minnkar tekjur ríkisins, hitt eykur tekjur ríkisins. Í fyrri umræðunni komu hér fram þrír stjórnarþingmenn sem töluðu gegn tryggingafrv. Þeir vildu viðhalda þeirri mismunun sem núna er í gildi varðandi tryggingagjaldið sem segir okkur að ef þetta er rödd meiri hluta ríkisstjórnarflokkanna er tekjuöflunin fyrir þetta frv. dottin niður. Ég vil því spyrja, herra forseti: Er nokkur ástæða sé til að ræða þessi mál eittvað frekar? Þarf ekki að liggja fyrir eitthvað skýrar af hálfu ríkisstjórnarinnar, vegna þess að málin hanga saman? Og hvað með þessar óvanalegu yfirlýsingar þriggja stjórnarþingmanna varðandi fyrra málið sem fjármagnar vörugjaldsmálið? Ég óska eftir því, herra forseti, að hæstv. fjmrh. geri betur grein fyrir pólitískri stöðu þessa máls. Það er ekki hægt að ætlast til að við séum, eins og við höfum nú reynt að gera, að ræða málin á faglegum forsendum og tekið meira að segja undir þætti í báðum þessum frv. ef síðan kemur í ljós að ekki er vilji ríkisstjórnarinnar eða meiri hluta í ríkisstjórninni að knýja á um að þessi mál nái fram.

Við vitum að sjávarútvegs- og landbúnaðarlobbíið í Sjálfstfl. fer hamförum gegn fyrra frv. Ég óska eftir að ég verði upplýstur um það hvort þessi umræða hafi einhvern tilgang.

[22:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að því leytinu ESA-mál að hér er verið að ljúka ákveðnu verki sem við tókum að okkur og lofuðum að ljúka og var byggt á víðtæku samkomulagi. Það er nú kannski fullmikið að segja að um það sé víðtækt samkomulag en það byggist að minnsta kosti á víðtækum skilningi margra aðila sem að því máli komu. Við höfum því ekki lokið afgreiðslu málsins af hálfu þingsins fyrr en þetta frv. er orðið að lögum.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. skal það tekið fram að bæði þessi frv. eru stjfrv. og ég er að mæla fyrir þeim sem slíkum. Mér var kunnugt um einstakar athugasemdir sem gerðar voru í þingflokki sjálfstæðismanna. Ég tel að því hafi verið svarað sem kom fram af hálfu hv. þm. Egils Jónssonar um að það þurfi að gæta að réttindum bænda og kannski fleiri sjálfstæðra atvinnurekenda í Atvinnuleysistryggingasjóði og ég fellst á það. Um það var rætt og var rætt í ríkisstjórninni og í þingflokkunum.

Hitt sem hv. þm. Sturla Böðvarsson minntist á tel ég að sé sjálfsagt að líta á. Ég tel að þegar tekið er tillit til þess sem kemur fram til að mynda í yfirfæranlega tapinu, þá sé komið verulega til móts við sjávarútveginn. Og sé það rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson hélt fram, þ.e. að það væri gjöf ríkissjóðs upp á 1,5–2 milljarða, hygg ég nú að sjávarútvegurinn eigi drjúgan hluta af þeirri gjöf. Ég hef ekkert á móti því að þessi mál séu skoðuð öll saman í einu en ítreka að bæði frv. eru stjfrv. eins og önnur stjfrv. sem hér hafa verið flutt.

[22:34]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. eru vissulega stjfrv. En það er óvanalegt að í umræðunni skuli þeir stjórnarþingmenn sem taka til máls hafa mjög mikla fyrirvara um meginefni frv. Það kom fram hjá þessum þingmönnum að þeir höfðu verulegar efasemdir um álögur á atvinnugreinina sem þetta mundi leiða til. Sú athugasemd mín að efast um getu ríkisstjórnarinnar til að ná þessu stjfrv. fram í þessu formi er því fyllilega réttmæt. Þetta er mikilvægt af því að það hangir við hitt frv.

Ég nefndi, svo við höfum það nú alveg á hreinu, varðandi yfirfæranlega tapið að ef við tækjum töluna sem fjmrh. nefndi sjálfur, um 15 milljarða, og tækjum einfaldlega skatta af því þá væri það 5,5 milljarðar sem hugsanlega væri tekjutap. Ég lækkaði þessa tölu frá nokkur hundruð millj. upp í 1,5–2 milljarða. Ég get ekki sagt á hvaða bili þetta liggur. Ég tel hins vegar fullvíst að hér er um að ræða umtalsverðar upphæðir, frá nokkrum hundruðum upp í 1,5–2 milljarða. Hvar það liggur veit ég ekki. Það getur vel verið að það liggi nær nokkrum hundruðum millj., svo fjmrh. festi sig ekki endalaust í tölunni 2 milljarðar. Ég efast reyndar um að það nái svo hátt en ég hef ekki forsendur til að meta það hér. En efasemdir mínar eru réttmætar og ég óska eftir því, herra forseti, að bæði málin verði skýrð í efh.- og viðskn. til að við getum fjallað eðlilega um þau. Við erum að tala um tilfærslu á 300 millj. kr. og það er því mikilvægt að menn viti nákvæmlega vilja ríkisstjórnarflokkanna í því efni. Það er mjög óvanalegt, herra forseti, þegar ráðherra mælir fyrir einum meginþætti í skattastefnu sinni og fjárlagastefnu, skuli þrír stjórnarþingmenn koma með mjög alvarlega fyrirvara við þá stefnu. Það sýnir kannski betur en annað að þegar á reynir segir gamla hagsmunagæslan vel til sín í þingflokkum stjórnarliða.

[22:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekkert að óttast í þessum efnum. Þau frv. sem hér hafa verið kynnt njóta stuðnings stjórnarflokkanna og stjórnarflokkarnir hafa góðan meiri hluta á þingi. Það breytir því hins vegar ekki að það er mjög gott að stuðningurinn kemur víðar að eins og á hefur verið bent í umræðunum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stuðning hv. þm. Ég met hann að sjálfsögðu mikils. Sér í lagi vil ég þakka honum fyrir að taka þátt í andsvörum hér áðan og skýra m.a. það út hvers vegna æskilegt er að samræma tryggingagjaldið

eins og hann gerði með ágætum í því máli sem áður var á dagskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 158.

[22:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Um næstu áramót koma til framkvæmda lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en þau lög voru samþykkt á Alþingi sl. vor. Síðan hefur framkvæmd laganna verið í undirbúningi af skattyfirvöldum í samráði við hina ýmsu aðila sem að skattframkvæmdinni munu koma. Í framhaldi af þeirri vinnu þykir nauðsynlegt að leggja til nokkrar breytingar á lögum þeim sem lúta að skattlagningu fjármagnstekna. Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á framkvæmd skattlagningar hlutdeildarskírteina. Þessar breytingar byggja á því að sú regla laganna að taka árlega skatt af hækkun hlutdeildarskírteina getur í ákveðnum tilvikum verið íþyngjandi, þ.e. þegar skírteini eru ekki leyst út og tekjurnar hafa því ekki á árinu raungerst í hendi eiganda hlutdeildarskírteinis. Íþyngingin felst í því að nokkrar sveiflur geta orðið á gengi skírteina af þessu tagi. Þannig getur hækkun á gengi eitt árið orðið að engu það næsta. Vegna þess að tekjur fyrra árið hafa verið skattlagðar enda þótt þær komi ekki til með að raungerast í hendi eiganda hlutdeildarskírteinisins getur hann orðið fyrir tapi vegna gengislækkunar sem kann að verða síðar. Í ljósi þessa er hér lögð til sú breyting á lögunum að skattur af hækkun hlutdeildarskírteina verði ekki innheimtur árlega í staðgreiðslu, heldur verði hann innheimtur við innlausn hlutdeildarskírteinis.

Það þarf líka að benda á að núna fer fram mikil undirbúningsvinna hjá skattyfirvöldum til að tryggja rétta framkvæmd staðgreiðslunnar og í þeirri vinnu kunna að koma fram ábendingar tæknilegs eðlis sem ástæða er til að taka tillit til. Þær gætu krafist lagabreytinga og ef til þess kemur þá óska ég eftir því við hv. efh.- og viðskn., sem væntanlega fær málið til meðferðar, að hún taki þær tillögur og ræði þær og geri breytingartillögur ef efni standa til.

Þetta er satt að segja ekki flókið mál. Þetta snýst um að hlutdeildarskírteinin geta í raun og veru lækkað í nafnverði ef gengið er óhagstætt en það gerist ekki ef menn leggja hins vegar inn fjárfúlgur í banka. Þá fá menn alltaf að minnsta kosti þá fjarhæð út úr bankanum eða af sínum bankareikningi. En eigi menn hlutdeildarskírteini sem lækkar þar sem gengi lækkar, þá gætu þeir þurft að taka út fjármuni sem eru lægri að nafnverði en þeir lögðu til eða keyptu fyrir í upphafi. Þetta veldur því að erfitt er að fara eins með gengishagnað og gengistap á þessum bréfum og gert er ráð fyrir að verði gert við fjármuni sem liggja í banka þegar vextir eru skattlagðir.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frv. og legg til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 159.

[22:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er 144. mál þingsins og er að finna á þskj. 159.

Í frv. eru fyrst og fremst lagðar til breytingar sem nauðsynlegt er að gera á lögunum vegna breytinga sem gerðar hafa verið á öðrum skattalögum. Helsta breytingin sem lögð er til í frv. er um málsmeðferðarákvæði laganna. Ef frv. þetta verður að lögum verða málsmeðferðarreglur í virðisaukaskattslögunum skýrari og aðgengilegri fyrir skattgreiðendur en verið hefur. Samkvæmt núgildandi lögum þarf að líta til ákvæða laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, vegna ákvæða um málsmeðferð. En það er æskilegt að sjálfstæð ákvæði séu um málsmeðferð í virðisaukaskattslögunum sjálfum.

Breytingar þessar eru í 3., 4. og 7. gr. frv. Aðalbreytingarnar á málsmeðferðarreglum eru þær að við endurákvörðun virðisaukaskatts er málsmeðferðin stytt um eitt kærustig og almennur frestur til endurákvörðunar er styttur úr sex árum í fjögur nema í þeim tilvikum sem skattgreiðandi hefur sýnt stórfellt gáleysi eða ásetning.

Fyrri breytingin er til samræmis við breytingar sem gerðar voru á síðasta þingi á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og sú síðari er til samræmis við breytingar sem lagðar eru til á lagafrumvörpum sem hafa verið til umræðu í dag.

Sú breyting er lögð til í 3. gr. frv. að felld verði saman í eina grein ákvæði 25. og 26. gr. laganna sem kveður á um reglulega ákvörðun virðisaukaskatts hvort sem um er að ræða virðisaukaskatt til greiðslu eða til endurgreiðslu. Breytingar frá núgildandi lögum eru m.a. þær að tekið er fram að skattstjóri skuli ákvarða virðisaukaskatt skráðra aðila á hverju uppgjörstímabili hvort sem um er að ræða álagningu skatts eða ákvörðun endurgreiðslu. Þetta hefur þýðingu með tilliti til kærufrests eins og kemur fram í athugasemdum við 7. gr. frv.

Í 4. gr. frv. er lagt til að 26. gr. laganna verði efnislega samhljóða 96. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þetta mun hafa nokkrar breytingar í för með sér.

Í fyrsta lagi eru reglur um fyrirspurn skattstjóra færðar inn í ákvæði virðisaukaskattslaga.

Í öðru lagi er tekin upp 15 daga lágmarksfrestur til andmæla við endurákvarðanir til samræmis við ákvæði tekjuskattslaganna ásamt því að tekið er upp almennt ákvæði um boðun breytinga.

Í þriðja lagi er lagt til að frestur skattstjóra til að endurákvarða skatta verði að jafnaði tveir mánuðir í stað þess að áður hafði skattstjóri 30 daga til að kveða upp úrskurð. Fresturinn er lengdur til samræmis við ákvæði tekjuskattslaganna.

Í fjórða lagi má nefna að samkvæmt núgildandi ákvæði virðisaukaskattslaga ber að gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi áður en virðisaukaskattur er reiknaður að nýju en slíkt ákvæði hefur ekki verið í lögum nr. 75/1981 og þykir því rétt að gæta samræmis hvað þetta varðar og fella út ákvæðið.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til að fara í fleiri þætti málsins en þó vil ég benda á að hér eru gerðar meiri skyldur til eigenda svokallaðra virðisaukaskattsbifreiða. Þeim er gert skylt að tilkynna til skattstjóra áður en þeir taka viðkomandi bifreið til einkanota. Þetta er gert til þess að styrkja framkvæmd og eftirlit með virðisaukaskattsbifreiðum og setja skýrari reglur um tilkynningarskylduna.

Í 9. gr. frv. er lagt til að endurgreiðslur vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis verði lækkaðar til samræmis við endurgreiðslur vegna vinnu manna við nýbyggingar. Ætlað hafði verið að þessi breyting yrði hluti af þeirri lagabreytingu sem gerð var á sl. vori til að mæta tekjutapi af lækkun vörugjalda en við nánara mat á þeim breytingum þótti tryggara að fresta þeim hluta sem að viðhaldi snýr og gera lagaheimildina skýrari. Það skal tekið fram að þetta hefur ekki í för með sér breytingar á byggingarvísitölunni. Sú breyting hefur þegar átt sér stað vegna þess að endurgreiðslum vegna vinnu manna við nýbyggingar var breytt með lögunum á sl. ári.

Í 1. gr. laganna er lagt til að felld verði á brott tilvísun í lög nr. 97/1987, um vörugjald á tilteknar vörur til manneldis, sem bera fullan virðisaukaskatt. Í stað þess kemur tilvísun í viðauka við virðisaukaskattslög, sbr. 10. gr. sem er efnislega samhljóða fyrrgreindum viðauka við vörugjaldslögin. Ástæður til þessara breytinga eru þær að með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á vörugjaldi er tilvísun milli laganna orðin torveldari og eðlilegra þykir að hafa fremur sérstakan viðauka við þessi lög.

Aðrar breytingar eru minni háttar og skýra sig að mestu leyti sjálfar. Þetta er um flest tæknileg atriði auk leiðréttinga sem verið er að gera. Ég mælist til þess að hv. nefnd skoði þetta mál, fái um það frekari upplýsingar þannig að frv. nái fram með eðlilegum hætti.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[22:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum við lagafrv. þetta, breytingar á lögum um virðisaukaskatt, segir að frv. sé lagt fram til nauðsynlegrar breytingar á lögum sem gera þarf vegna breytinga á öðrum skattalögum, eins og hæstv. fjmrh. tíundaði í fjórum greinum. Kannski væri nær að segja að frv. væri lagt fram til þess að bæta fyrir það sem síðar er kallað í athugasemd við 9. gr. ónákvæmni hæstv. fjmrh. eða embættismanna hans því hann ber ábyrgð á þessu.

Í þessari grein er lagt til að „endurgreiðslur vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis verði lækkaðar í 60% til samræmis við endurgreiðslu vegna vinnu manna við nýbyggingar." Síðan er þessi athyglisverða grein sem verðskuldar að verða fótnóta í skattasögunni:

„Við breytingu sem gerð var á lögum um virðisaukaskatt sl. vor gætti þeirrar ónákvæmni að lækkun endurgreiðslunnar náði einungis til vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis en ekki til vinnu við viðhald eða endurbætur."

Ég staldra við þetta orðalag, hæstv. fjmrh., „gætti þeirrar ónákvæmni". Við lagasmíð á sviði skattamála eru kannski gerðar meiri kröfur til nákvæmni en í flestri annarri lagasetningu eða ætti a.m.k. að vera svo. En að flokka það undir ónákvæmni að jafnvítt starfssvið eins og vinna við endurbætur á húsnæði hafi fallið út í ógáti. Það verðskuldar að því sé haldið til haga og spurningin er, hæstv. fjmrh.: Hvað hefur þessi ónákvæmni kostað hingað til?

[22:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að það getur alltaf gerst í flókinni lagasmíð og sérstaklega rétt fyrir jól eða rétt fyrir þinglok að vori að menn sjái ekki nákvæmlega alla þætti málsins og það er oft og tíðum auðvitað vegna þess að hlutir gerast á hlaupum. Ég man ekki hvernig það var þegar þessi breyting átti sér stað í vor hvort flutt var sérstakt frv. um virðisaukaskattinn ásamt vörugjöldunum eða hvort í þinginu var virðisaukaskattsfrv. til meðferðar en það gerist stundum þegar þeim er breytt.

Það mál vel vera að þetta orðalag í frv. sé kurteislega orðað og varfærnislega. Það er nú siður ... (**Gripið fram í:** Það var flutt sérstakt frv.) Það er kallað fram í að það hafi verið flutt sérstakt frv. en í meðförum þingsins hefur þessi klaufaskapur átt sér stað og er það auðvitað ekkert síður á ábyrgð fjmrn. sem leggur þingnefndum tæknilegt lið þegar verið er að gera slíkar breytingar. Hins vegar geta slíkir hlutir alltaf gerst og hefur svo sem gerst áður og margoft og því miður allt of oft.

Því miður get ég ekki svarað nákvæmlega hvað þetta hefur kostað ríkissjóð. Það hleypur sjálfsagt á einhverjum tugum milljóna ef gert er ráð fyrir að þetta haldist út árið. Það er þetta hálfa ár sem um ræðir, frá 1. júlí og til ársloka, en það tap hefur verið annarra gróði því að þeir sem hafa látið gera við húsnæði fengu 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu við endurbæturnar á þessum tíma. Nú breytist það í 60% þannig að ég get ekki svarað því nákvæmar. En sjálfsagt er að upplýsa það í nefndinni og vona ég að þar verði gætt mikillar nákvæmni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (iðgjöld, stigaútreikngur, ávöxtun o.fl.). — Þskj. 162.

[22:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er það 147. mál þingsins og á þskj. 162.

Frv. þetta var samið að frumkvæði stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en í henni eiga sæti fulltrúar lífeyrissjóðasambandanna, lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ríkisins. Í frv. eru lagðar til nokkrar breytingar á lögunum um sjóðinn. Breytingarnar lúta einkum að heimildum sjóðsins til að fjárfesta og að verðtryggingu lífeyris. Tvenns konar breytingar eru lagðar til á reglum um fjárfestingar. Annars vegar er lagt til að sjóðurinn fái heimild til að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum traustra fyrirtækja en það skilyrði sett að viðkomandi skuldabréf séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Þetta er sams konar heimild og flestir lífeyrissjóðirnir hafa haft um nokkurt skeið. Þess má jafnframt geta að sjóðurinn hefur í nokkur ár haft heimild til að kaupa hlutabréf af fyrirtækjum sem skráð eru á verðbréfaþinginu og má telja eðlilegt að sjóðurinn hafi heimild til að kaupa skuldabréf og víxla útgefna af þessum fyrirtækjum.

Hins vegar er lagt til að sjóðurinn fái heimild að leggja Speli hf. til viðbótarlánsfé þegar Hvalfjarðargöngin eru fullgerð í samræmi við viljayfirlýsingu sjóðsins. Með breytingu

sem gerð var á lögum sjóðsins árið 1995 fékk sjóðurinn heimild til að kaupa víkjandi skuldabréf, útgefin af Speli hf., fyrir 70 millj. kr. en hér er lagt til að hann geti keypt skuldabréf fyrir 100 millj. kr. til viðbótar. Eðlilegast þykir að heimild þessi sé í bráðabirgðaákvæði enda er eingöngu verið að veita heimild til tiltekinnar fjárfestingar.

Hin meginbreytingin sem lögð er til í frv. lýtur að því að verðtrygging lífeyris miðist við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í stað lánskjaravísitölu.

Í 3. gr. frv. er fjallað um grundvöll lífeyrisréttindanna, stigaútreikninginn, en í 4. gr. um úrskurðaðan lífeyri. Eðlilegt er að miða við neysluverðsvísitölu enda hefur hún, eins og kunnugt er, tekið við af lánskjaravísitölu þegar skuldbindingar eru verðtryggðar.

Loks má nefna að í 2. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að ákveða með reglugerð að sjóðurinn geti tekið við viðbótariðgjöldum umfram lögbundið 10% iðgjald og í 5. gr. frv. er lagt til að sjóðurinn endurgreiði iðgjöld sem berast eftir að sjóðfélagi hefur náð 70 ára aldri. Þessi síðarnefnda breyting er í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðum SAL-sjóða.

Virðulegi forseti. Eins og heyra má af ræðu minni er fyrst og fremst verið að leggja til breytingar á lögum sjóðsins í samræmi við þær reglugerðarbreytingar sem átt hafa sér stað hjá öðrum lífeyrissjóðum. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að sinni en óska eftir því að málið verði sent til hv. efh.- og viðskn. og verði síðan vísað til 2. umr.

[22:57]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að hér sé gott og eðlilegt frv. á ferðinni. Hér er verið að gera breytingar og laga Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda að breyttum aðstæðum.

Það er einungis ein spurning sem mig langar til að spyrja um þetta mál. Það er í sambandi við auknar heimildir til Spalar, þ.e. að bæta við 70 millj. Ef hæstv. fjmrh. gæti skýrt þetta aðeins betur. Af hverju er þessi sjóður eitthvað sérstaklega inni í fjármögnun við Spöl? Hverjar eru þessar yfirlýsingar og hvað kallar á viðbótarfjármögnun? Er einhver viðbótarfjárþörf á ferðinni? Er eitthvað að gerast í sambandi við þetta Spalarmál, sem rétt væri að upplýsa hér, úr því að beðið er um alveg sérstakar heimildir, en það er dálítið óvanalegt að sett séu inn í lög heimildir til að kaupa skuldabréf af einum tilteknum aðila. Þess er óskað að það væri upplýst betur. Sjálfsagt er mjög eðlileg skýring á þessu en þá væri betra að hún lægi fyrir.

[22:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fyrir framan mig upplýsingar frá stjórn sjóðsins en þar segir að lífeyrissjóðirnir, þar á meðal Söfnunarsjóðurinn, samþykktu að taka þátt í viðbótarfjármögnun vegna Spalar í lok maí 1995. En á þeim tíma var búið að afgreiða breytinguna á lögunum sem samþykkt var vorið 1995.

Þessi viðbót er háð sömu skilyrðum og upphaflega heimildin en það helsta er að göngin hafi verið í rekstri í 2–3 mánuði og hafi verið tekin út tæknilega. Landsbankinn gekkst í ábyrgð fyrir þessum hluta. Ástæðan fyrir að þetta er sett inn í frv. er sú að aðrir lífeyrissjóðir geta gert þetta með einfaldri samþykkt og reglugerð en Söfnunarsjóðurinn þarf að fá lagaheimild hjá Alþingi til að geta gert sömu hlutina. En þar sem svo framorðið var að ekki var hægt að ná lagaheimild þegar til átti að taka var ákveðið að fara þá leið að Landsbankinn brúi þetta bil en sótt yrði um heimildina síðar. Hér er um að ræða kaup á bréfum eftir að búið er að gera göngin og að áliti stjórnar sjóðsins er um að ræða mjög góða fjárfestingu sem ætti að skila sér vel til sjóðsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs). — Þskj. 129.

[23:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Þetta er 118. mál þingsins og er á þskj. 129.

Hér er um að ræða sams konar breytingar og við þekkjum úr öðrum lífeyrissjóði, lífeyrissjóði aldraðra, en hér er verið að leggja til að orðalagið „til ársloka 1996“ falli brott. Í athugasemdunum segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt gildandi lögum hafa ríkissjóður, Stofnlánadeild landbúnaðarins og lífeyrissjóður bænda borið útgjöld vegna lífeyrisgreiðslna skv. 17. og 18. gr. laganna sbr. 24. gr. þeirra.“

Í þessum ákvæðum er kveðið á um lífeyri til bænda sem fæddir eru fyrir árið 1914 eða fyrr, þetta er með sama hætti og lífeyrissjóður aldraðra. Samkvæmt gildandi lögum eiga útgjöld vegna þessara lífeyrisgreiðslna að vera borin af Lífeyrissjóði bænda frá og með 1. jan. 1997 en fyrir liggur að Lífeyrissjóður bænda hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka á sig þau útgjöld sem ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins hafa borið hingað til. Í ljósi þess og með þeim breytingum sem lagðar hafa verið til í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997 að því er varðar lög um eftirlaun aldraðra er lagt til að gildandi fyrirkomulag um kostnaðarhlutdeild ríkisins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins vegna lífeyrisgreiðslna til bænda sem fellur árið 1914 eða fyrr verði haldið óbreyttu. Þetta fyrirkomulag hefur verið framlengt til fimm ára í senn en nú er lagt til að fyrirkomulagið verði lögfest með þeim hætti til frambúðar.

Fólk sem fætt er 1914 og fyrr er orðið mjög fullorðið og í stað þess að vera að ýta málinu á undan sér til fimm ára í senn eða jafnvel til eins árs eins og ég held að hafi verið á tímabili er hér tekin ákvörðun sem er sama ákvörðun og tekin var um lífeyrissjóð aldraðra. Þær greiðslur sem koma frá viðkomandi aðilum munu smám saman lækka en í umsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. kemur fram að framlagið verði á yfirstandandi ári 140 millj. kr. en reikna megi með af eðlilegum ástæðum að það lækki talsvert frá einu ári til annars. Síðan verði byggt á ósköp einföldum forsendum en alls ekki á neinni tryggingafræðilegri úttekt, sett fram dæmi þar sem lækkunin er árleg með vaxandi hraða hlutfallslega. Þá er talið að eftir 15 ár muni heildarfjárhæðin, sem hefði fallið niður að óbreyttum lögum, alls hafa numið um 1 milljarði kr. Þetta kemur fram í umsögninni og hefur reyndar þegar verið vitnað til hennar í umræðum um annað mál fyrr í dag.

Það skal tekið fram að fyrir þessu máli er séð í fjárlagafrv. sem liggur fyrir og þarf að afgreiða fyrir jól en talið var

eðlilegt að fara þessa leið gagnvart því fólki sem á sínum tíma tryggði sig ekki í sérstökum lífeyrissjóði.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

[23:04]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í máli hæstv. fjmrh. kom fram að málið felur í sér framlög úr ríkissjóði og þá væntanlega Stofnlánadeild sem nemur 140 millj. kr. að áætlað er á þessu ári. Áætlað er að það fari síðan lækkandi en þó þannig að eftir 15 ár muni heildarfjárhæðin, sem hefði fallið niður að óbreyttum lögum, alls numið einum milljarði kr. sem kemur þá í hlut ríkissjóðs að standa undir og þá hugsanlega Stofnlánadeildar. Til skýringa á þessu er eftirfarandi sagt:

Fyrir liggur að lífeyrissjóður bænda hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að taka á sig þau útgjöld sem ríkissjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins hafa borið hingað til, en ráð var fyrir gert að lífeyrissjóðurinn bæri framvegis. Í skýringum segir: „Um forsendur vísast til almennra athugasemda."

Ég fæ ekki séð að almennar athugasemdir séu út af fyrir sig neinar og þess vegna þykir mér rétt að fara fram á það við hæstv. fjmrh. að hann útskýri ögn betur hvers vegna það er fyrirsjáanlegt að lífeyrissjóðurinn hafi ekki þetta fjárhagslega bolmagn.

Í annan stað: Hvernig er þeim virðum þá skipt almennt á ríkissjóð, þ.e. skattgreiðendur beint og hins vegar á Stofnlánadeild landbúnaðarins?

Í þriðja lagi: Þegar sagt er að Stofnlánadeild hafi borið þetta, er það þá ekki dulmál yfir það að þessum kostnaði hafi þá verið velt yfir í verðlag eða vaxtatöku Stofnlánadeildar eftir atvikum? Með öðrum orðum, spurningin er: Er þetta þá ekki kostnaður sem verið er að leggja annars vegar á skattgreiðendur og neytendur?

[23:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður get ég ekki svarað spurningum hv. þm. nægilega vel og verð að óska eftir því að svörin fái að ganga til hv. nefndar sem fjallar um málið. Ég tek þó fram að það er verið að skoða lögin um Lífeyrissjóð bænda þessa dagana. Það er ágreiningur á milli fjmrn. annars vegar og Bændasamtakanna hins vegar hve mikil greiðsluskylda ríkissjóðs á að vera til Lífeyrissjóðs bænda almennt og þá er um það að ræða hvort greiðsluskyldan nær eingöngu til hefðbundnu greinanna sem ríkið hefur afskipti af með beinum samningum við bændur eða hvort greiðslurnar eigi að miðast við stærri hluta landbúnaðarframleiðslunnar, þ.e. einstaklinga sem stunda aðra framleiðslu en þessa hefðbundnu. Niðurstaða er ekki enn fengin í því máli, en væntanlega mun verða flutt frv. um það innan tíðar.

Í öðru lagi held ég að það verði að líta þannig á að þær greiðslur sem hér ganga til sjóðsins vegna þessa fólks sérstaklega, sem er fætt fyrir 1914, þá sé ríkið einnig að spara útgjöld í kringum almannatryggingakerfið. Það verður að taka tillit til þess þótt sá sparnaður sé hvergi nærri því eins og útgjöldin verða.

Það er áreiðanlega rétt sem hv. þm. sagði um Stofnlánadeildina, sem er í eigu ríkissjóðs, nota bene, að framlög Stofnlánadeildarinnar hljóta að vera borin uppi af svokölluðum sjóðagjöldum þá annaðhvort af jöfnunargjaldi eða neytendagjaldi og kemur kannski í sama stað niður. Ljóst er að greiðslurnar eru bornar uppi af neytendum eða bændum og er erfitt stundum að greina þar á milli. En ég get því miður ekki svarað beint þeim spurningum er varða fjárhæðir og verð að biðja hv. þm. forláts á því en vonandi fást þær upplýsingar í nefndinni.

[23:09]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við munum áreiðanlega virða það á betri veg að svör berist til nefndarinnar og er ekki hægt að ætlast til þess kannski að þau liggi fyrir fyrirvaralaust. En af þessu tilefni er líka ástæða að spyrja spurninga eins og þeirra: Samrýmist svona sérmeðhöndlun á lífeyrissjóði einnar starfsstéttar þeim almennu reglum sem gerðar eru til annarra? Við vorum hér að ræða um frv. hæstv. fjmrh. um samræmingu á skattlagningu á launaþáttinn, þ.e. tryggingagjald á laun, og hér var reynt eftir föngum að kenna sumum stjórnarliðum, sem lýstu fyrirvara um stuðning við það mál, að ekki væru rök fyrir því að mismuna atvinnugreinum með þeim hætti. Erum við hér að fást við svipað mál? Sitja ekki allir við sama borð? Er um að ræða mismunun þar sem hluti af útgjöldum eins lífeyrissjóðs er færður sérstaklega yfir á ríkissjóð eða neytendur í formi annarra gjalda? Reyndar minnir mig frá fyrri tíð að stuðningur ríkisins eða hins opinbera við Lífeyrissjóð bænda komi fram á fleiri liðum í fjárlögum og hafi gert áður. Það kemur þá í hlut efh.- og viðskn. að kanna hvort þessar tillögur geti talist eðlilegar út frá jafnræðisreglu gagnvart starfshópum almennt.

[23:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki með góðu móti svarað þessari fyrirspurn beint hér en ég stend í þeirri meiningu að sams konar fyrirgreiðsla af hálfu ríkissjóðs eigi við þegar um er að ræða svokallaðan lífeyrissjóð aldraðra þar sem eru aðrir en bændur. Þetta er lífeyrissjóður fyrir fólk sem er fætt á árinu 1914 eða fyrr, þ.e. verður 83 ára á næsta ári. Eins og gefur að skilja fækkar í þessum hópi. Það var lagt af stað í upphafi með þeim hætti að ríkissjóður styrkti þetta og lífeyrissjóður og aðrir sjóðir á móti en smám saman hefur það gerst að þetta hefur að verulegu leyti lent á ríkissjóði. Ég kann ekki þetta kerfi nægilega vel til þess að geta sagt hver munurinn er á framlagi ríkissjóðs til þessara tveggja sjóða en tel mjög eðlilegt að í nefndinni verði farið ofan í það mál og skal gera það sem ég get til þess að koma upplýsingum til hennar um þessi tvö mál.

Prinsippbreytingin er kannski sú að í stað þess að ýta þessu á undan sér árlega, síðast á fimm ára fresti, þá er því hætt en eins og gefur að skilja, þá verður þessu sjálfhætt einhvern tíma á fyrri hluta næstu aldar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–14. og 16.–17. mál.

Fundi slitið kl. 23:13.

25. FUNDUR

föstudaginn 15. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Afhending á niðurstöðum úr samræmdum prófum, 170. mál, fsp. SvanJ, þskj. 187.

Atvinnuleysistryggingar, 171. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 188.

Fjöleignarhús, 174. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 191.

Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni, 162. mál, þáltill. EKG og TIO, þskj. 179.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 173. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 190.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 172. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 189.

Fjárreiður ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 103.

[13:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um fjárreiður ríkisins. Þetta er 100. mál þingsins og er að finna á þskj. 103. Þetta frv. eða frv. sama efnis var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Ýmsar breytingar voru þá gerðar á frv. og hafa reyndar verið gerðar síðan og mun ég víkja að þeim síðar í mínu máli. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til þess að hafa mjög langa framsögu um málið vegna þess að hv. þm. þekkja það frá fyrri tíð.

Vaxandi umsvif ríkisins undanfarin ár, svo og halli í ríkisbúskapnum, hafa leitt stjórnvöld margra ríkja inn á brautir nýrra hugmynda um opinberan rekstur. Kröfum um að viðhalda þjónustu eða auka hana verður ekki mætt nema með meiri hagkvæmni í rekstri og forgangsröðun verkefna. Í þessu skyni hefur í vaxandi mæli verið horft til þeirra aðferða sem beitt er í atvinnurekstri og reynt að yfirfæra þær í þágu hins opinbera. Í því samhengi má nefna lönd á borð við Kanada, Stóra-Bretland, Ástralíu og Nýja-Sjáland sem rutt hafa braut nýrra viðhorfa í opinberri stjórnsýslu. Þannig er nú meira lagt upp úr því að meta árangur af starfsemi hins opinbera fremur en að veita aukið fé til tiltekinnar starfsemi á grundvelli fyrirliggjandi reksturs. Stjórnendur í ríkisrekstri fá þannig hvatningu til frumkvæðis og meira svigrúm til athafna. Mikilvægt er að bókhald ríkisins og sú áætlanagerð sem þar er beitt geti svarað þessum nýju áherslum samhliða því sem upplýsingar um ráðstöfun fjármuna og árangur í starfi verða auðskildar og aðgengilegar. Um mál af þessu tagi er víða fjallað á alþjóðavettvangi, ekki síst á vettvangi OECD-ríkjanna, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og öðrum slíkum stofnunum sem láta sig þessi málefni varða.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um fjárreiður ríkisins, þ.e. um ríkisreikning, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkissjóðs. Gildandi löggjöf um þetta efni er brotakennd, jafnframt því sem skort hefur skýrar lagareglur um framkvæmd fjárlaga.

Frumvarpið felur annars vegar í sér endurskoðun á núverandi lögum, einkum lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Hins vegar eru í frumvarpinu ákvæði um framkvæmd fjárlaga. Að sumu leyti koma þau í stað eldri lagaákvæða, sbr. t.d. ákvæði laga nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, sem lagt er til að falli niður, en að öðru leyti er hér um nýmæli að ræða.

Á árinu 1990 fól fjármálaráðherra ríkisreikningsnefnd, sem starfar samkvæmt lögum nr. 52/1966, að endurskoða reglur um bókhald ríkisins, reikningsskil þess og gerð fjárlaga. Ríkisreikningsnefnd skilaði tillögum sínum í sérstakri greinargerð í nóvember 1994 er nefnist Fjárreiður ríkisins og var kynnt hv. þingmönnum. Frumvarpið byggir í megindráttum á þeim tillögum.

Frumvarpið er samið í kjölfar mikilla breytinga sem orðið hafa á gerð ársreikninga, bókhaldi, tölvutækni og hvers konar upplýsingastreymi. Á þetta jafnt við einkaaðila og hið opinbera. Þörfin fyrir upplýsingar um þjóðhagsstærðir, ríkisfjármál og peningamál hefur stóraukist og liggja þar margar ástæður að baki. Þá hafa sveitarfélög tekið bókhaldsreglur sínar til gagngerrar endurskoðunar mjög í hátt við það sem hér er verið að leggja til.

Helstu breytingar á núgildandi bókhalds- og fjárlagareglum sem lagðar eru til í frv. eru eftirfarandi:

1. Reikningsskil ríkisins verða færð sem næst því sem gerist hjá fyrirtækjum á almennum markaði. Á síðasta þingi voru samþykkt lög um ársreikninga og bókhald fyrirtækja og lagt er til að þau verði grundvöllur að reikningshaldi ríkisins. Með þessu á að vera tryggt að ríkisreikningur og uppgjörsaðferð hans fylgi því sem næst því sem almennt gerist og að alþjóðlegar reikningsskilaviðmiðanir verði leiðandi við túlkun og framkvæmd laga um fjárreiður ríkisins.

2. Umfang ríkisrekstrar verður skýrt afmarkað í ríkisreikningi sem á að skýra myndina af afskiptum ríkisins af efnahagsstarfseminni í landinu. Þannig verða ýmsir lögboðnir tekjustofnar og umsvif stofnana ríkisins sem legið hafa utan fjárlaga og ríkisreiknings tekin inn í skilgreininguna á ríkisreikningi.

3. Flokkun gjalda og tekna verður felld að alþjóðlegum stöðlum. Það er til þess gert að auðvelda samanburð út á við og skýrslugjöf til alþjóðlegra stofnana sem verður fyrirferðarmeiri ár frá ári. Þá er gerður skýrari munur en nú er á eiginlegum ríkisrekstri, þ.e. stofnunum í A-hluta ríkisreiknings og fyrirtækja eða sjóðum í eigu ríkisins sem kunna að starfa á almennum markaðsforsendum. Framsetning upplýsinga á að vera aðgengilegri en nú er þar sem framsetning reikninga einstakra stofnana ríkisins verður að mestu samræmd almennum ársreikningum fyrirtækja. Jafnframt verða lagðar ákveðnar kvaðir á fjmrh. að birta upplýsingar um ríkisfjármál innan ársins.

4. Stefnt er að því að ríkisreikningur verði á framtíðinni lagður fram á vorþingi og eigi síðar en í byrjun haustþings. *Sá háttur var reyndar hafður á strax á þessu ári því að nú* þegar hefur ríkisreikningur verið ræddur í 1. umr. og sendur hv. fjárln. En sú var tíðin að menn urðu að bíða árum saman jafnvel 4–5 ár eftir að ríkisreikningur kæmi fram í lagafrv. til hv. Alþingis.

5. Langtímaáætlanir eru mikilvægar til að gera Alþingi og almenningi grein fyrir ráðagerðum stjórnvalda í ríkisfjármálum. Lögð er skylda á fjmrh. að leggja fram á Alþingi, samhliða fjárlagafrv., áætlun um horfur og stefnumörkun í ríkisfjármálum til nokkurra ára.

6. Lagt er til að fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga verði sameinuð í eitt þingskjal og efnistökum þeirra breytt frá því sem nú er.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Fyrstu tveir kaflarnir fjalla um skilgreiningar, ríkisreikning og ársreikninga stofnana. III. kafli fjallar um frv. til fjárlaga. IV. kafli er um framkvæmd fjárlaga. V. kafli er um frv. til fjáraukalaga. Í VI. kafla eru ákvæði um ríkisreikningsnefnd, ríkisbókhald o.fl. Að lokum er í VII. kafla ákvæði um reglugerðarheimildir og gildistöku.

Það er ljóst að verði þetta frv. samþykkt munu gerast ýmsar breytingar í fjárreiðum ríkisins sem koma fram gagnvart Alþingi, eins og hér hefur verið sagt, með sameiningu tveggja frv. sem færu til sömu nefndar. Það er afar eðlilegt, enda hanga þau frv. algerlega saman, lánsfjárlög og fjárlagafrv. Það er gert ráð fyrir, svo að annað dæmi sé nefnt sem mikið hefur verið í umræðunni, ekki síst á hinu háa Alþingi, að framsetningin verður á svokölluðum rekstrargrunni þótt til að byrja með verði bæði greiðsluflæðið sýnt sérstaklega, þ.e. eins og fjárlög eru lögð fram þá, á greiðslugrunni, og hins vegar á rekstrargrunni þannig að tekið sé til skuldbindinga og þar með útistandandi skulda og eigna án þess að um beint greiðsluflæði sé að ræða innan ársins.

Önnur stór breyting sem nefna má er að skilgreiningin á gjöldum og tekjum mun breytast að einhverju marki. Til þess að lýsa betur eiginlegum ríkisumsvifum má gera ráð fyrir að umsvifin verði sýnd heldur meiri en má marka af fjárlögum eins og þau eru sett fram nú, því að þetta hefur það í för með sér að ýmis gjöld sem eru dregin frá tekjum og teknahlið fjárlaganna munu nú fara yfir á gjaldahliðina og ýmsar tekjur sem eru dregnar frá gjöldum og gjaldahlið fjárlaga *munu fara yfir í tekjubálkinn, yfir á tekjuhliðina.* Þetta þýðir að niðurstöðutölur fjárlaga geta hækkað, en þá væntanlega um svipaðar tölur, a.m.k. um sömu tölur á greiðsluflæðinu tekna- og gjaldamegin. Og eins ef um rekstrargrunn er að ræða, þá mun munurinn, afkoman vera sú sama eftir sem áður þótt gjalda- og tekjudálkarnir breytist og hækki. Ég skal ekki spá hve breytingin getur orðið mikil en það er hins vegar fróðlegt fyrir þá hv. þm. sem vilja kynna sér það nánar að skoða þá skýrslu sem gefin var út þegar nefndin lauk sínum störfum og það veit ég að margir þingmenn hafa reyndar gert.

Eins og ég sagði áður var frv. þetta fyrst lagt fram á síðasta þingi. Það varð ekki útrætt og er því lagt fram að nýju, ekki með miklum breytingum en þó nokkuð breytt. Á síðasta vetri gerði ég ítarlega grein fyrir efninu í framsöguræðu minni og sú umfjöllun liggur að sjálfsögðu fyrir í þingtíðindum. Ég ætla því ekki að endurtaka þá umfjöllun heldur fyrst og fremst gera grein fyrir þeim helstu breytingum sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var síðast lagt fram.

Eins og hv. þm. muna, virðulegi forseti, fékk sérstök þingnefnd málið til umfjöllunar og lagði fram við 2. umr. tilteknar breytingartillögur um efni þess.

Annars vegar voru gerðar kröfur um ítarlegri upplýsingar um ríkisfjármál auk orðalagsbreytinga og hins vegar ákvæði er draga fram sérstöðu æðstu stjórnar ríkisins og um samráð við fjárlaganefnd áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar. Við gerð þessa frumvarps, sem nú er lagt fram, hafa allar tillögur þingnefndarinnar, aðrar en þær sem snúa að sérstöðu æðstu stjórnar skv. 20., 30. og 32. gr., verið felldar inn í texta þess ásamt minni háttar breytingum sem gerðar eru vegna ábendinga sem borist hafa. Jafnframt var á síðasta þingi lagt fram frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri. Er efni þess nú fellt inn í frumvarp um fjárreiður ríkisins. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu efnisbreytingum sem lagðar eru til:

Í 1. umr. málsins á síðasta þingi benti hv. þm. Svavar Gestsson á að eðlilegra væri að fella lagafrv. um þjónustusamning og hagræðingu að þessu frv. en þá voru þetta tvö aðskilin frv. og nú hefur það ráð verið tekið. Það er auðvitað á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. En ég minni samt á að þessi sjónarmið hafa komið áður fram í þessum þingsal.

Lýsi ég nú, virðulegi forseti, helstu breytingunum sem gerðar hafa verið á frv. frá því það var lagt fram á sl. þingi.

Í fyrsta lagi. Í 8. gr. segir að reikningsskil ríkisins skuli vera í samræmi við viðurkenndar reikningsskilavenjur. Bætt er inn í ákvæði greinarinnar tilvísun til þeirra sérákvæða sem gilda um reikningsskil ríkisins.

Í öðru lagi. Í skýrslu ríkisreikningsnefndar (Fjárreiður ríkisins, nóvember 1994) er vakin athygli á nauðsyn þess að bókhald ríkisins gefi, auk fjármálalegra upplýsinga, jafnframt upplýsingar um verkefni stofnana og árangur af starfsemi þeirra. Bætt er inn í 18. gr. ákvæði sem kveður á um heimild ráðuneytis til að krefja stofnanir um að veita slíkar upplýsingar í ársskýrslu.

Í þriðja lagi. Athugasemdir höfðu borist um það að ýmis ákvæði frumvarpsins sköpuðu mikla óvissu um mikilvæga þætti í starfsemi lánastofnana eins og um ávöxtun fjár í hlutabréfasjóðum og hlutabréfaeign í einstökum fyrirtækjum svo og möguleika til fullnustu krafna. Felld er niður skylda ríkisfyrirtækja í B-hluta og lánastofnana í C-hluta að hlíta ákvæði 29. gr. til að afla fyrir fram heimilda til kaupa og sölu ýmissa eigna. Jafnframt eru ákvæði um þessa aðila í 31. gr. og 42. gr. felld út úr frumvarpinu og að hluta til úr 21. gr. Ríkisfyrirtæki og lánastofnanir þurfa eftir sem áður að gera grein fyrir fjárreiðum sínum í fjárlagafrumvarpi og í ríkisreikningi.

Það skal tekið fram að þessar ábendingar komu einkum frá viðskrn. og stofnunum ríkisins, lánastofnunum ríkisins sem undir það ráðuneyti heyra.

Í fjórða lagi má nefna að ákvæði 43. gr. í eldra frumvarpi sem verður 42. gr. í þessu frumvarpi er breytt þannig að eðlilegum hluta hagnaðar skuli skila sem arði í ríkissjóð í stað þess að miða við að allur hagnaður verði greiddur í ríkissjóð. Þetta ákvæði í eldra frumvarpinu þótti of fortakslaust þar sem rekstrarstaða fyrirtækja getur verið með þeim hætti, t.d. með tilliti til eiginfjárstöðu eða skuldsetningar, að ástæða þyki til að auka eigið fé í stað þess að skila öllum hagnaði sem arði í ríkissjóð.

Þetta ákvæði er sveigjanlegra og gefur kost á að skilja eitthvað eftir af hagnaðinum í fyrirtækinu og kann að vera full ástæða til þess, ekki síst ef um fyrirtæki í samkeppni er að ræða.

Í fimmta lagi. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri sem ekki varð útrætt. Vegna skyldleika efnisins við ákvæði 30. gr. í frumvarpi þessu, var ákveðið að fella það inn hér.

Loks er í 8., 17., 28., 40. og 45. gr. gerðar breytingar sem kveða á um ríkari upplýsingaskyldu fjármálaráðherra um framvindu og uppgjör ríkisfjármála en áður var.

Ég hef nú stiklað á helstu efnisþáttum sem frumvarpið felur í sér og áhrifum á reikningshald ríkisins og gert grein fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpið frá því það var lagt fram á síðasta þingi. Í lok máls míns vil ég leggja á það áherslu að viðhorfin til opinberra fjármála hafa breyst mjög mikið á síðari árum. Vitund löggjafarvaldsins, almennings og stjórnsýslunnar um gildi og áhrif opinberra fjármála á efnahagslífið eru nú sem betur fer mun meiri en áður var.

Á vettvangi stjórnmálanna hafa opinber fjármál og opinber starfsemi verið í brennidepli. Eins og kunnugt er hefur ríkisstjórnin, að tillögu minni, samþykkt stefnu um nýskipan í ríkisrekstri. Á undanförnum missirum hefur verið unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast framkvæmd þeirrar stefnu. Þannig voru á síðasta þingi samþykktar breytingar á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem gera starfsmannahaldið sveigjanlegra og nútímalegra og eykur ábyrgð forstöðumanna.

Gerðar hafa verið breytingar á skipan ríkisfjármála sem m.a. hafa birst í gerð rammafjárlaga, aukinni áherslu á rekstraráætlanagerð, tilraunum með samningsstjórnun og útgáfu verkefnavísa. Á næstu dögum mun svo nefnd, sem ég skipaði í byrjun þessa árs, skila af sér tillögum um samhæfingu þessara þátta undir merki árangursstjórnunar. En það eru stjórnunarhættir sem rutt hafa sér rúms víða annars staðar og verða og hafa verið í vaxandi mæli teknir upp hér á landi. Veigamikill þáttur þessarar stefnu er að koma á umbótum í reikningshaldi ríkisins. Frv. sem er til umræðu hefur verið samið af nefnd sem skipuð er fulltrúum allra þeirra stofnana sem málið mest varðar og hæfustu kunnáttumenn, hver á sínu sviði, hafa lagt sitt af mörkum. Samstaða er meðal þeirra um öll efnisatriði frv. en þeim er ítarlega lýst í sérstakri greinargerð sem kom út í nóvember 1994, eins og ég hefur a.m.k. tvívegis áður sagt í minni ræðu.

Það má bæta því við að í gær var því lýst yfir af hálfu fjmrh. og formanna starfsmannafélaga ríkisins að náðst hefði samkomulag um nýja skipan í lífeyrismálum fyrir nýja starfsmenn ríkisins. Það samkomulag byggir einnig á sömu hugmyndum um að ná tökum á ríkisfjármálunum og koma í veg fyrir að skuldbindingar hlaðist upp og reyna að ná tökum á ríkisfjármálunum. Fyrst með því að koma í veg fyrir halla á ríkissjóði, eins og gert er í fjárlagafrv. og eins að koma í veg fyrir að skuldir, framtíðarskuldir, hlaðist upp án þess að þær mælist á mælikvarða fjárlaganna. Og eitt stærsta atriði í þeim efnum er að koma í veg fyrir að haldið verði áfram á næstu árum og áratugum að hlaða upp nýjum skuldbindingum í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Um það mál verður ekki fjallað frekar hér en ég á von á að hægt verði að leggja málið fram á Alþingi innan tíðar.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að góð samstaða náist um þetta efni á Alþingi þannig að málið megi afgreiða á þessu þingi. Afgreiðsla sérstakrar nefndar á síðasta þingi gefur góð fyrirheit um að það geti tekist. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til sérstakrar nefndar sem skipuð verði skv. 32. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og hún fjalli síðan um málið.

[13:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hæstv. fjmrh. var að tala fyrir tel ég vera eitt merkasta mál sem þetta þing kemur til með að fjalla um. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og fékk þá þinglega meðferð þó að ekki tækist að afgreiða það á því þingi. Sú skilgreining þekkist innan stjórnmálafræðanna að hlutverk stjórnmálamanna sé fyrst og fremst að fjalla um málefni sem tengjast ríkisfjármálum. Og það má til sanns vegar færa að flest af því sem við erum að gera í þingsölum tengist ríkisfjármálum á einn eða annan hátt og þá skiptir vitaskuld meginmáli að sú umgjörð sem við búum sjálfum ríkisfjármálunum sé góð og heppileg til að vinna eftir.

Þetta frv. markar tímamót í ríkisfjármálum vegna ýmissa þátta. Gerð er tillaga um heildarlöggjöf um fjárreiður ríkisins. Það er tekið mið af alþjóðlegri þróun í gerð fjárlagafrumvarpa og þetta frv. tryggir að efnahagur ríkisins sé betur skýrður en áður hefur verið. Sömuleiðis eru fjárlög og lánsfjárlög, eins og við þekkjum þau í hefðbundnum skilningi, felld í ein lög. Öll þessi atriði eru mjög til bóta í ríkisrekstri. Það má segja að meginatriðið í frv. sé að færa uppgjörsaðferðir nær því sem þekkist í fyrirtækjaumhverfi. Það eru ef til vill tvö atriði sem eru með öðrum hætti og ástæða til að vekja athygli á, þ.e. að hjá ríkinu eru fjárfestingar yfirleitt gjaldfærðar á því ári sem þær falla til. Rætt hefur verið um að gera eignaskrá ríkisins fullkomnari og unnið er að þeim þáttum þannig að í framtíðinni má vera að við getum fært okkur betur yfir í þá útfærslu að eignfæra eignir og afskrifa þær, eins og við þekkjum í fyrirtækjaumhverfinu og hægt er að gera að nokkru leyti nú þegar.

Annað atriði, sem ég vakti athygli á í fyrra varðandi uppgjörsaðferðir, er meðferð vaxta. Ég hefði talið heppilegt, og ef til vill er það aðferð sem við getum skoðað núna í meðferð þessa frv. og ekki gafst tími til síðast, að velta því fyrir sér hvort ekki er kominn tími til að færa sig út úr verðbólgureikningsskilum, sem eru reyndar ekki nema að hluta til gagnvart ríki en eru allsráðandi í fyrirtækjaumhverfinu. Ég teldi koma mjög vel til greina að menn skoðuðu þann þátt. Þetta var rætt ítarlega í sérnefnd í fyrra og niðurstaðan var sú að fylgjast vel með þróun, einnig á alþjóðavettvangi, hvað þann þátt varðar og gefst þá tilefni til að skoða það í nefndarstarfi.

Sömuleiðis er mjög til bóta að fjárlög ríkisins verða sett upp á rekstrargrunni í stað greiðslugrunns. Það má telja fjölmörg önnur efnisatriði þessa frv. sem horfa til bóta en ég ætla ekki að fara í þau. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir nokkrum þeirra en einnig er umræðan okkur fersk í huga þar sem málið var mjög ítarlega rætt á síðasta þingi.

Ég vil hins vegar gera nokkuð að umtalsefni afgreiðslu málsins frá því í vor. Sérstök sérnefnd fjallaði um þetta mál. Samkomulag náðist í nefndinni um afgreiðslu málsins og einungis 3. umr. var eftir þegar ríkisstjórnin kippti málinu út af borðinu. Ástæða þess var sú að í þinginu var annað frv. í gangi um þjónustusamninga sem um varð pólitískur ágreiningur. Það mál náði ekki fram að ganga og þá ákvað ríkisstjórnin að taka þetta frv. út af borðinu og fella þjónustusamningafrv. inn í þetta frv. og leggja það síðan fram. Og þannig var málið kynnt af hæstv. ráðherra áðan.

Hér er ekki alveg rétt með farið vegna þess að ágreiningurinn sem var í vor um þjónustusamningafrv. gekk ekki út á

það að ekki væri skynsamlegt að setja löggjöf um þjónustusamninga. Það voru allir á því að það ætti að gera. Málið snerist um mjög víðtækar heimildir sem ráðherrum var falið í því frv. En í frv. um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri, eins og það kom frá meiri hluta efh.- og viðskn. sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, telji þeir það hagkvæmt:

að fela einni ríkisstofnun að annast framkvæmd þjónustuverkefna annarrar ríkisstofnunar,

að semja við sveitarfélög og einkaaðila um að veita tímabundið lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir.

Gera skal skriflegan samning milli hlutaðeigandi ráðherra og veitanda þjónustunnar."

Ágreiningurinn snerist um það að stjórnarandstaðan taldi að um væri að ræða mjög víðtækar heimildir til ráðherra og það svið þar sem hann gæti fært til verkefni innan ríkisrekstursins væri mjög vítt skilgreint. Nú hefur þetta mál fengið nokkurn farveg í þessu frv. en það lítur allt öðruvísi út en ríkisstjórnarflokkarnir gengu frá málinu í vor. Með leyfi forseta, sagði í 30. gr. frv. eins og það var í fyrra:

„Ráðuneytum er heimilt með samþykki fjármálaráðuneytis og að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs, enda sé verkefnið skilgreint í fjárlögum."

Þetta frv. sem ég er að tala um, þjónustufrv., er fellt inn í það frv. sem nú er til umræðu. Þar hljóðar þessi grein nú svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs við aðra ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Slíkir samningar skulu í engu breyta réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að."

Það er ljóst að eins og þetta er í frv. núna hefur það mjög lítið með þetta fyrra þjónustusamningafrv. að gera. Hér er fundið orðalag sem fellur miklu nær upprunalega orðalaginu í frv. um fjárreiður ríkisins og kemur einmitt til móts við athugasemdir stjórnarandstöðunnar frá því í vor um hið mjög svo víðtæka framsal sem sett var upp í þjónustufrv. Það er því ekki rétt að frv. sé fellt inn í þetta frv. Það eru tekin efnisatriði úr því og sett inn í þetta frv., en í allt annarri útfærslu en var í upprunalega frv. Ég fagna því að ábendingar okkar eða andstaða okkar hefur leitt til þess að menn hafa vitkast hvað þennan þátt varðar. Ég tel þetta orðalag vera þess eðlis að hægt sé að vinna skynsamlega út frá því í nefndinni sem fær málið til umfjöllunar. Einnig má geta þess varðandi þennan þátt málsins, sem vantar inn í frv. og þyrfti að koma og var reyndar inni í þjónustufrv. frá því í vor eftir útfærslu nefndarinnar, að slíkir samningar yrðu gerðir að undangengnum útboðum sem er mjög mikilvægur þáttur. Ef ríkið er að gera samninga á annað borð með þessum hætti, þ.e. að fela einkaaðilum verkefni sem vel getur komið til greina og getur að mörgu leyti verið hagkvæmt, þá er mjög skynsamlegt eins og var líka ákveðið í frv. í vor, að lögbinda að það skuli vera meginregla að hafa útboð. Einnig vantar inn í þessa útfærslu hlutverk Ríkisendurskoðunar í tengslum við þessa samninga. En þetta eru allt minniháttaratriði, e.t.v. ekki minniháttaratriði en atriði sem vafalítið verða tekin inn í umfjöllun um málið vegna þess að málin voru meðhöndluð í tveimur nefndum í fyrra, þ.e. fjárreiður ríkisins voru í sérnefnd en frv. um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri var í efh.- og viðskn. Ég geri þetta sérstaklega að umtalsefni vegna þess að ég er kunnugur málinu frá báðum hliðum því að ég sat í báðum nefndunum.

Ég tel mjög mikilvægt að þetta sé dregið skýrt fram vegna þess að í þinginu er að byrja pólitísk umræða um raunverulega sama efni og við gengum frá í þjónustusamningafrv., þ.e. framsal löggjafarvaldsins til einstakra ráðherra. Ég á við ákvæði sem er í bandorminum og viðvíkur auknum heimildum til heilbrrh., þ.e. að breyta skipulagi á ýmsan veg í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla ekki að leggja mat á það. En ég er að benda á að hér er um svipaðan hlut að ræða, þ.e. að löggjafinn þarf vitaskuld hverju sinni alltaf að vera á varðbergi og gæta þess mjög vel hvernig hann framselur vald og breytingar í ríkisrekstri til einstakra ráðherra. Stundum á það við. En heimildir verða að vera skýrar og þær mega ekki vera það ótakmarkaðar að hægt sé að snúa jafnvel við heilu stefnumálunum sem eru kannski bundin í öðrum lögum, án þess að atbeini Alþingis komi til því að vitaskuld hefur ríkisstjórn hvers tíma fullt vald á því að breyta þá þeim lögum sem þarf til að ná fram stefnu sinni hverju sinni. Sú aðferðafræði er ekki góð. Hún var ekki góð í vor, en hins vegar hafa menn góðu heilli sett þetta með skynsömum hætti inn í þetta merka frv. sem hér er til umræðu um fjárreiður ríkisins.

Ég vil gera aðra athugasemd varðandi þennan þátt og hún er, eins og hæstv. fjmrh. gat um, að allar breytingartillögur sérnefndarinnar voru teknar upp að undanskildum hlutum sem tengdust æðstu stjórn ríkisins. Það er vísað í 20., 30. og 32. gr. Ég held að þar sé misskilningur á ferðinni, þ.e. tilvísun í 30. og 32. gr. Æðsta stjórn kemur ekki þar að máli. En í 20. gr. er tilvísun sem er breytt frá fyrri tillögu sérnefndar, en í þeirri grein sagði, með leyfi forseta, eins og nefndin gekk frá henni:

„Alþingi og stofnanir þess skulu senda þessar upplýsingar til Ríkisbókhalds en aðrar stofnanir A-hluta til Ríkisbókhalds, viðkomandi ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar."

Hér er átt við það að draga fram, og sérnefndin taldi það mikilvægt, sérstöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Nú hefur framkvæmdarvaldið í þessari framlagningu dregið þetta nokkuð til baka og ég geri ráð fyrir því að þingið breyti þessu aftur í fyrra horf.

En annað er tekið úr frv. sem ég tel að þurfi einnig að skoða. Þegar gerðir eru verksamningar, þá er sagt í 30. gr. sem ég vitnaði til, að þetta yrði haft með samþykki fjmrn. Það er óbreytt, en í frv. núna er fellt út: „að höfðu samráði við fjárln. Alþingis." Þetta tel ég ekki góða aðferðafræði. Ég þekki ljónið á hramminum þannig að það er ekki óeðlilegt að þetta komi svona í fyrstu gerð frá hæstv. ríkisstjórn. En ég vænti þess að alþingismenn verði mjög vel á verði gagnvart einmitt þessum þætti því að ég tel vera einna mikilvægast í umræðu um þetta frv. að Alþingi marki sér mjög skýra sérstöðu gagnvart fjmrn. Það hefur verið svo að Alþingi hefur verið allt of mikið varðandi sínar eigin fjárreiður og umsýslu undir hælnum á fjmrn. eða framkvæmdarvaldinu. Ég tel að Alþingi þurfi að ganga þannig frá þessu frv. að skil séu mjög skörp og sjálfstæði Alþingis hvað varðar fjárhagsleg málefni séu hafin yfir allan vafa. Ég er þess fullviss að um það geti skapast bærileg samvinna.

Sennilega verða næstu fjárlög til eins árs en ég á mér þann draum að fjárlög verði afgreidd til tveggja ára, jafnvel til fjögurra ára. Ég tel í sjálfu sér engin vandkvæði á því

að vinna að því á fjögurra ára fresti. Það gæti farið vel við kjörtímabil að ríkisstjórn hvers tíma afgreiði raunverulega í meginatriðum fjárlög til fjögurra ára, þ.e. nákvæmar fjárhagsáætlanir eins og við gerum til eins árs, en síðan tiltölulega mjög nákvæma áætlanagerð hvað varðar einstaka liði einnig til næstu þriggja ára. Auðvitað geta menn tekið það upp en nútímaáætlunargerð býður upp á verkfæri til að gera þetta skynsamlega.

Hæstv. ráðherra gerði tillögu um að þetta mál fengi sömu þinglegu meðferð og í fyrra, þ.e. að kosin yrði sérnefnd til að fjalla um málið. Vel má vera að það sé rétta aðferðin. Það átti a.m.k. mjög vel við í fyrra því að málið er á verksviði tveggja nefnda þingsins, þ.e. fjárln. og efh.- og viðskn. Sérnefndin var skipuð mönnum úr báðum nefndum. Og ég vil vekja sérstaka athygli á að sérnefndin skilaði samhljóða áliti við afgreiðslu málsins. Málið var unnið þinglega í fyrra. Það er lagt fram nær óbreytt fyrir utan þessar smávægilegu breytingar sem ég nefndi og fyrir utan útfærslu á verksamningum sem er þannig að ekki ætti að skapast pólitískur ágreiningur. Vitaskuld þarf að lagfæra ýmsa þætti í frv. eins og gengur og gerist í þinglegri meðferð. Ég velti því upp hvort nauðsynlegt sé að kjósa sérnefnd til að fjalla um málið í þetta sinn með tilliti til þeirrar miklu vinnu sem var unnin í málinu í fyrra. Ég mun vitaskuld fara að tillögu forseta um það efni. Ég vil einungis biðja menn um að íhuga þetta. Sérnefndin í fyrra var undir stjórn hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, varaformanns fjárln. Varaformaður sérnefndar var hv. þm. Jón Kristjánsson. Þeir unnu þetta starf mjög vel, einkum formaður nefndarinnar þannig að mér fyndist vel koma til álita að málið fengi þinglega meðferð hjá fjárln. sem mundi leita umsagnar efh.- og viðskn. Þá er ég ekki persónulega aðili að málinu og það gefur kannski þessari tillögu ívið meira vægi vegna þess að ég geri tillögu um að málið komi ekki til formlegrar meðferðar í nefnd sem ég á sæti í, þ.e. efh.- og viðskn.

Ég bið menn að hugleiða hvort ástæða sé til að fara með málið á þennan hátt vegna hins mikla undirbúnings sem fram hafði farið. Hins vegar fellst ég fyllilega á þau rök og ekki hvað síst vegna þess að ég tel málið vera það mikilvægt að e.t.v. fer mjög vel á því að kjósa um það sérnefnd. Þá gætu jafnvel komið að því aðrir aðilar vegna þess að málið er, eins og ég nefndi, eitt mikilvægasta mál sem þingið fjallar um og þá fer vitaskuld vel á því að það fái sérstaka þinglega meðferð.

Síðasta atriðið sem ég vil nefna og við þurfum að hugsa fyrir á hinu háa Alþingi, eru breytingar á nefndarvinnu í kjölfar samþykktar þessa frv. Það er alveg ljóst að þegar frv. verður að lögum þurfum við að breyta vinnubrögðum og tengslum milli fjárln. og efh.- og viðskn. því efh.- og viðskn. hefur fjallað um tekjuhlið fjárlaga, þ.e. hefur fjallað um öll frumvörp fjmrn. nema fjárlagafrv. sjálft. Mér finnst koma til álita að fjárln. verði nefnd fjmrn., þ.e. fjalli um öll mál sem koma frá fjmrh., þar með talin hin nýju fjárlög og þau skattalegu mál sem tengjast þeim og önnur mál sem hafa áhrif á ríkisumsvif. Þetta er vitaskuld mjög mikil breyting. Ég veit að fjárlaganefndarmennirnir verða mjög ánægðir með þetta aukna vald sem þeim væri falið, en þetta kallar vitaskuld á allt annan hugsunarhátt varðandi nefndarvinnu, uppstokkun og þá skil á milli efh.- og viðskn. sem hugsanlega gæti þá tekið alfarið við verkefnum núv. iðnrn. og viðskrn. þannig að hægt væri að fella nefndir þar saman ef menn kysu svo.

Herra forseti. Ég tel að þetta þurfi að ræða mjög ítarlega í þeirri endurskoðun á þingsköpum Alþingis og er undir forustu forseta þingsins. Á þessu þarf að taka, þetta þarf að koma fram í umræðunni, e.t.v. ekki við 1. umr. en við þurfum að marka þá stefnu hvernig við ætlum að vinna með því nýja merka frv. sem við munum lögfesta á þessu þingi. Ég sé a.m.k. ekkert því til fyrirstöðu. Ég vænti þess að ekki hlaupi svona illur andi í ríkisstjórnina eins og gerði í vor að hún kippi þessu frv. til baka. Ég hef enga ástæðu til að ætla að svo sé og ég hef trú á því að við getum náð um þetta fullri samstöðu en þá er einnig mjög mikilvægt að við sköpum innan þingsins verðuga umgerð fyrir þetta merka mál.

[14:16]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um fjárreiður ríkisins og eins og hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. er hér endurflutt frv. með tilteknum breytingum. Ég ætla ekki að hafa langt mál að þessu sinni. Það er óþarfi því að um frv. fóru fram umræður þegar það var lagt fram á sínum tíma. Auk þess var búið að vinna mjög mikið í málinu eins og hér hefur komið fram og tækifæri gefst þá til þess að ræða við 2. umr. nánar um það.

Ég vil aðeins nefna að þetta frv. er afrakstur mjög vandaðrar og góðrar vinnu svokallaðrar ríkisreikningsnefndar sem undirbjó þetta mál á vegum hæstv. fjmrh. Sú vinna tók alllangan tíma. Nefndin skilaði mjög ítarlegri greinargerð um fjárreiður ríkisins og í framhaldi af þeirri vinnu varð síðan til það frv. sem er til umræðu.

Ekki þarf að hafa mörg orð um hve mikilvægt er að skýrar og ákveðnar reglur gildi um fjárreiður ríkisins og hvað varðar undirbúning fjárlaga og gerð ríkisreiknings þannig að nauðsynlegt er að frv. til laga um þau efni sé vel undirbúið og vel unnið. En eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. voru ekki gerðar miklar breytingar á frv. frá því eins og það var eftir vinnu sérnefndarinnar sem vann í þessu á síðasta þingi. Að vísu eru teknar inn nokkrar breytingar til viðbótar við þær tillögur sem sérnefndin gerði en auk þess eru gerðar aðrar breytingar. Síðan er ekki tekið tillit til þeirra brtt. sem sérnefndin gerði og sneri annars vegar að æðstu stjórn ríkisins og samráðsferlinu gagnvart fjárln. Samt sem áður tel ég að breytingar á orðalagi t.d. 2. gr. frv. eins og hún er núna og aðrar breytingar komi mjög til móts við þau sjónarmið sem sérnefndin hafði uppi um að það bæri að hafa mjög skýr ákvæði um sérstöðu annars vegar löggjafarvalds og hins vegar framkvæmdarvalds þegar kemur að uppsetningu að því er lýtur að fjárreiðum ríkisins og svo hins vegar nauðsyn þess að það sé klár og skýr farvegur um samráð og eftirlitshlutverk nefnda og Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Ég tel hins vegar að í þinginu þurfi að skoða rækilega frv. eins og það kemur fram og mælt er fyrir því af hæstv. fjmrh. Ég tel að sérnefnd, sem ég tek undir að eigi að kjósa til verksins, þurfi að skoða hvort ekki eigi að gera nokkrar breytingar til þess að koma til móts við þau sjónarmið sem voru uppi á síðasta þingi hvað þetta varðar. Ég ætla því ekki að hafa uppi mörg orð um það hvað ég tel að þurfi að gera fyrr en ég hef farið rækilega yfir frv. ef ég fæ tækifæri til þess við síðari umræður eða jafnvel í þeirri nefnd sem fjallar um málið þó það liggi ekki fyrir.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna það sem hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á og varðar 30. gr. frv. eins og hún er í frv. og varðar þjónustusamninga. Eins og kom fram bæði hjá hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ágústi Einarssyni voru mjög

deildar meiningar um litla frv. sem lá síðast fyrir þinginu um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri. Ég hafði verulegar efasemdir um frv. eins og það var. Niðurstaðan varð hins vegar sú að það var ekki afgreitt og síðan voru meginatriðin í hugmyndafræðinni sem þar voru á ferðinni felld inn í frv. um fjárreiður ríkisins.

Ég tel mjög mikilvægt að skýrar og klárar reglur gildi um þjónustusamninga sem ríkið gerir og að skýrar og klárar reglur gildi um eftirlit og framkvæmd alla. Ég tel mjög mikilvægt að gengið verði til verks, sem vonandi verður að þetta frv. verði að lögum með ákvæðum um þjónustusamninga, og komið verði á samningum við þær fjölmörgu stofnanir sem vinna fyrir ríkisvaldið, fá til þess fjármuni á fjárlögum án þess að samningar séu í gildi og gangi. Ég tel að þetta atriði, þ.e. þjónustusamningar sem 30. gr. gerði ráð fyrir, séu með allra mikilvægustu þáttum í þessu frv. Eins og 30. gr. í frv. er tel ég að þessu sé ágætlega fyrir komið en ég vil vekja athygli á því sem segir í greinargerð með frv. og skýringum við 30. gr. og það varðar einmitt samráðið sem hér var nefnt við fjárln. Það var einmitt mikil spurning með hvaða hætti fjmrn. eða framkvæmdarvaldið á að hafa samráð við þingnefndir. Það getur verið varasamt að það samráð sé með þeim hætti að framkvæmdarvaldið geti með því að hafa kannski óformlegt samráð við þingnefndir skákað í því skjóli að með því sé í raun búið að tryggja framgang framkvæmdar tiltekinna hluta. Ég tel að það þurfi að varast það því þá brestur e.t.v. eftirlitsskyldan að hluta sem þingið á að hafa með framkvæmdarvaldinu. Ég held að það þurfi að vera alveg klárt hvernig þetta samráð eigi að vera og í lok athugasemda við 30. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að fjmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um undirbúning, gerð, innihald og eftirlit með slíkum samningum [og þá er reyndar verið að tala um þjónustusamningana] að svo miklu leyti sem slík ákvæði eru ekki í reglugerð nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, en þar eru m.a. reglur um samskipti, stöðu og gagnkvæmar kröfur til verkkaupa og verksala. Þar verður jafnframt kveðið á um samráð við fjárln. eða fulltrúa hennar við undirbúning samninga um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein. Sérstök samráðsnefnd um ríkisfjármál sem skipuð er formanni eða varaformanni fjárln. Alþingis auk fulltrúum fjmrn. hefur starfað um árabil. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði staða nefndarinnar skilgreind og samráð um slíka samninga verði á þeim vettvangi. Fordæmi eru fyrir þess háttar samráðsvettvangi t.d. í lögum um skipan opinberra framkvæmda en þar á það sama við að samningar eru oft gerðir til lengri tíma en fjárlagaársins."

Ég vek sérstaka athygli á þessu vegna þess að ég tel að það þurfi að fara rækilega yfir það hvort festa eigi þetta samráð í löggjöf eða hvort gera eigi ráð fyrir því að það gerist með þeim hætti sem hér er lagt til, að sett sé reglugerð. Eins og ég sagði áðan skiptir þetta mjög miklu máli og ég tel að vel komi til greina að festa þetta í löggjöf en ég hef ekki miklar athugasemdir við þá aðferð sem lögð er til og tel að út af fyrir sig geti hún prýðilega gengið.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja umræðuna núna. Ég legg áherslu á að frv. nái fram að ganga og það takist að ljúka því fyrir áramót. Vegna orða hv. þm. Ágústs Einarssonar um hvort kjósa eigi sérnefnd eða vísa frv. til hv. fjárln. tel ég að eðlilegra sé að kjósa sérnefnd í þetta verkefni og það þurfi að sjá til þess að í þá nefnd veljist a.m.k. þeir hv. þingmenn sem vinna á vettvangi efh.- og viðskn. og fjárln.

Með þeim orðum læt ég umfjöllun minni lokið að sinni, virðulegi forseti, og vænti þess að málið fái góða afgreiðslu í þinginu.

[14:28]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég byrja á að þakka fyrir að þetta frv. er komið fram aftur. Ég lít á þetta sem mjög mikilvægan þátt í stjórnun íslenska ríkisins, enda grundvallaratriði.

Ég hef oft velt því fyrir mér hvernig fjárreiðurnar eru. Hvað eru fjárreiður? Ég velti því þá fyrir mér hvort það megi líkja fjárreiðum ríkisins við stórborg, hvort fjárreiður ríkisins eiga einhverja samlíkingu með stórborg sem er með höfuðstrætum, sem er með göngugötum, sem er með torgum, sem er með brautum og hverju því sem stórborg fylgir. Þeir sem geta fallist á þessa skilgreiningu hljóta að vera sammála mér um að það þarf stöðugt að vinna að skipulagi og endurskipulagi, endurnýjun og viðhaldi af hvaða tagi sem er við fjárreiður ríkisins, ekkert síður en þegar verið er að fjalla um stórborg.

Ekki var gerð ítarleg grein fyrir frv. í framsöguræðu hæstv. fjmrh. en kannski var ekki þörf á því þar sem við ræddum þetta mál hér á síðasta þingi en hæstv. ráðherra gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar. Ég ætla ekki að ræða mjög mikið um frv. eins og það liggur fyrir. Ég lít á frv. sem forsendur að því hvernig ætlast er til þess að menn starfi.

Þetta málefni hefur verið mér og fleirum mikið áhugamál á liðnum árum og ég fagna því skrefi sem er verið að stíga. Fjárreiður ríkisins eru flókið og viðamikið verkefni eins og þau hafa verið og eru, allt frá áætlunargerð til reikningsskila. Brýn nauðsyn er að gera átak í meðferð fjármuna ríkisins ef árangur á að nást. Hver er þá sá árangur sem við viljum sjá? Við viljum sjá sparnað og betri framkvæmd með meðferð fjárreiðna.

Ég sagði áðan að frv. væri ekkert nema forsendur og ég stend við það. Frv. er aðeins forsendur til þess að liðka fyrir um hvernig ber að vinna og hvað á að gera, þ.e. hvernig á að fara með bókhald, hvernig á að fara með eftirlit og hvernig á að fara með áætlanagerð. Útfærsla og tæknileg framkvæmd er allt annað mál en forsendur. Ég tel að gera verði átak í útfærslu í þeim efnum eins og ég viðurkenni reyndar að er byrjað á, hæstv. fjmrh. Ég tel að byrjað sé á breyttum vinnuaðferðum sem eru til hins betra en þó vantar að mínum skilningi töluvert á.

Ég tel að fjárreiður ríkisins þurfi að vera mjög aðgengilegar. Ég tel að fjárreiður ríkisins þurfi að vera þannig úr garði gerðar að þær séu settar í eitt aðgengilegt kerfi þar sem fjárhagsáætlun hvers og eins ráðuneytis sé skilgreind í lykli fyrir hvert og eitt þeirra með eins mörgum undirdeildum og þörf er á. Og ef vel á að vera, þó það samræmist kannski ekki lögum eins og þau eru nú, þarf fjmrn. sem yfirstjórn að geta átt aðgang að skoðun á rekstri hvers og eins aðila, þ.e. ráðuneyta, hvort sem menn vilja hafa daglegt eftirlit, vikulegt eftirlit eða eftir öðrum óskum. Fjárreiðurnar þurfa að vera mjög ljósar. En forsendurnar þurfa þá að vera lagðar út nákvæmlega eins og hjá hvaða fyrirtæki sem er. Það er brýn nauðsyn að eins gott aðgengi sé að fjárreiðum ríkisins og að heimilisreikningi, eins og að litlu eða stóru fyrirtæki. Þetta er kannski einfölduð mynd en ef menn horfa til þeirrar skilgreiningar, sem ég nefndi í upphafi, að við eigum að líta

á fjárreiður ríkisins eins og stórborg með öllu því sem henni fylgir, þá veit ég að menn skilja hvað ég er að fjalla um.

Mitt mat er nefnilega það að forsendur og framkvæmd séu svo nátengdar að ekki verði komist hjá því að hnýta þetta saman í einn pakka.

Ef ég tek eitt pínulítið atriði út úr sem er fjárlagafrv. og við þingmenn vinnum mest með þá þarf aðgengið að fjárlagaframsetningunni eða fjárlagafrv. að vera þannig að menn geti á einfaldan máta, án þess að fara í sérstakan skóla, áttað sig á hvað menn eiga við í framsetningu málefna í frv. Ég viðurkenni, herra forseti, að þetta hefur lagast verulega á síðustu árum en þó finnt mér, sem fjárlaganefndarmanni, að nokkuð vanti á. Það má auðvitað tilnefna fjölmarga þætti sem ég geri kannski ekki hér. En ég vil t.d. binda framsetningu við hvert ráðuneyti tengda lyklum sem læsa heildardæmi hvers ráðuneytis saman þannig að í hverjum kafla fjárlagafrv. sé hægt að klára raunverulega yfirferð hvers ráðuneytis svo menn þurfi ekki að fletta aftur á bak og áfram í sama plagginu til að reyna að átta sig á hvað verið er að fara með. Þetta tengist allt, herra forseti, fjárreiðum ríkisins. Þetta er bara einn lítill hluti.

Ég ætla að nefna eitt lítið dæmi sem ég veit að allir hv. þm. þekkja. Þegar farið er yfir fjárlagafrv. er venjulega einhvers staðar aðgengilegur talnadálkur en til að þingmenn geti áttað sig á hvað verið er að tala um, hækkun eða lækkun, þá þarf að leita mikið í skýringum. Ef einn dökkmálaður dálkur fylgdi með, við hliðina á talnasúpunni, sem greindi frá fjárlagatillögum síðasta árs eða kannski tveggja ára, þá gætu menn haft einhverja yfirsýn í fljótu bragði yfir það sem verið er að fjalla um. Þetta mundi auðvelda vinnubrögð og aðgengi. Ég tel að þetta hljóti að vera löglegt. Það hlýtur að mega setja þetta fram. Þó svo að frv. til fjárlaga sé auðvitað lagasetning, þá væri þetta ekki annað en skýring á lagasetningu sem þyrfti að vera með.

Herra forseti. Ég reyndi að setja fram einfalda skilgreiningu og samanburð á stórborg og fjárreiðum ríkisins. Ég er að hugsa um að setja þetta fram á enn einfaldari máta, fyrir hvert og eitt okkar, sem þurfum að hafa með fjárreiður ríkisins að gera. Við eigum að líta á fjárreiður ríkisins og hvert afleitt atriði þeirra eins og verkfæratösku, ef menn skilja hvað ég á við með því. Eins og verkfæratösku smiðs sem veit nákvæmlega hvað á að vera í hverju hólfi og veit hvaða verkfæri þarf fyrir hvert verkefni. Heildarkerfið þarf að vera eins aðgengilegt, gagnsætt og einfalt og mögulegt er og ég veit að það er hægt. Ég þekki kerfi þar sem unnið er á svo einfaldan máta með flókna fjármuni eins og t.d. Ålborg kommune, sem er auðvitað miklu einfaldara dæmi en íslenska ríkið. Þar náðu menn á ótrúlega skömmum tíma, tveimur eða þremur árum, umtalsverðum árangri og þeir sem fylgjast með blöðum, t.d. í Danmörku, geta séð að þetta hefur vakið hvað mesta eftirtekt af öllu í meðferð fjármuna danskra bæjarfélaga eða danskra amta, þ.e. hvað náðst hefur mikill árangur í þessu amti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög mál mitt. En ég vona að ég hafi komið því til skila sem ég er að meina með einfaldri framsetningu. Ég vonast til í framhaldi af þeirri vinnu, sem ég veit að á eftir að verða við frv., að menn nái að setja fram langtímaáætlanir, ekki bara til tveggja eða þriggja ára. Við þurfum að hafa fimm ára áætlun fyrir okkur til að geta séð hvert við erum að halda og til að geta haldið utan um fjárreiður hvers árs og til að geta rétt af. Þess vegna talaði ég um verkfæratösku og einfalda hluti eins og að skipta henni niður í hólf.

Herra forseti. Ég vil í lokin spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hugsi sér að bæta úr innra skipulagi í meðferð fjárreiðna ríkisins. Það sem ég á við er hvort hæstv. fjmrh. hugsi sér að í kjölfar þess að plaggið verði að lögum verði því fylgt eftir að allar fjárreiður verði settar í það einfalt form að unnt sé, ekki bara fyrir fjmrn. að hafa eftirlit og athugun, heldur fyrir hvert og eitt ráðuneytanna og jafnvel Alþingi að fylgjast með, nánast með því að hafa aðgang að kerfi, hvernig framvinda fjármála er fyrir hvert ár. Ég segi: Þeim mun einfaldara kerfi, þeim mun fleiri hafa aðgang að því og þeim mun betri verður reksturinn. Ég er sannfærður um að þetta þarf að koma. En hvort þarf að breyta lögum er önnur saga. Ég geri mér ekki grein fyrir hversu mjög þarf að breyta lögum í sambandi við þessar hugleiðingar mínar. En ég bið hæstv. fjmrh., ef hann getur, að gera grein fyrir hugmyndum sínum um raunverulega útfærslu og framkvæmd á meðferð fjárreiðna ríkisins.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það líður senn að lokum þessarar umræðu. Mig langar til að segja örfá orð í lokin en þau skulu ekki verða mjög mörg.

Umræðan í dag hefur auðvitað mótast nokkuð af því að frv. hefur verið flutt áður á hinu háa Alþingi og þess vegna óþarfi að endurtaka allt það sem þar var sagt. Það sem rekur mig fyrst og fremst í ræðustólinn nú er fyrirspurn síðasta hv. ræðumanns. Hann spurðist fyrir um það hvort þess mætti vænta í framhaldi af samþykkt þessa frv. að stærðir í fjárlagafrv. yrðu settar fram á auðveldan, einfaldan og skiljanlegan hátt. Hann vék í sínu máli að því hvort ekki mætti með myndrænum hætti, ef svo má að orði komast, vekja athygli á breytingum á milli ára sem orðið hafa eins og oft er gert í reikningum fyrirtækja og tiltölulega auðvelt er að gera með tilkomu tölvufyrirtæja. Við höfum leitast við á undanförnum árum að skila frá okkur upplýsingum á þessu formi og ég vil geta tvenns í því sambandi. Annars vegar má minnast á verkefnavísana, sem reyndar eru ekki settir upp á myndrænan hátt, en þó er um að ræða samanburð á tölum. Tölum sem ekki sjást í fjárlagafrv. en eru þó mælikvarðar um breytingu á starfsemi sem er á bak við tölurnar í fjárlagafrv. Þetta er mikilvægt þegar menn eru að bera saman starfsemi að átta sig á starfsmagni á bak við tölur. Stundum eykst starfsmagnið þótt tölurnar breytist ekki. Það þýðir væntanlega á mæltu máli að gera má ráð fyrir að framleiðnin sé meiri. Við erum á hverju ári að kappkosta að ná betri og meiri framleiðni í ríkisrekstrinum eins og allur almennur rekstur gerir.

Annað dæmi um nýja framsetningu er almenna hefti ríkisreikningsins sem kom út fyrr á þessu ári, reyndar óvenjusnemma í haust. Nú er ríkisreikningnum skipt upp í tvennt, annars vegar almennur hluti, þar sem öll uppsetning er mjög einföld fyrir þá sem vilja fá fljótteknar upplýsingar. Þar er þetta sýnt með breytingum frá ári til árs.

Það þriðja sem mætti nefna en hefur ekki enn komið fram er að um leið og fjárlög eru sett upp á sama grunn og ríkisreikningurinn þá verður allur slíkur samanburður miklu auðveldari. Ég á von á að unnið verði að því. Ég treysti mér ekki hér til að lofa því hvenær nákvæmlega það gerist því ég veit að það mun taka tíma. Það kostar fyrirhöfn að breyta fyrirkomulaginu í takt við það sem gert er ráð fyrir í frv. Það getur tekið eitt, tvö eða þrjú ár. En ég minni aðeins á að

þessu starfi lýkur ekki með þessu frv., ekki með því að það verði að lögum. Smám saman færumst við áfram og ég er sammála því sem hér hefur komið fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Það var reyndar rætt í fyrra líka að búast má við að fjárlagaafgreiðsla Alþingis verði með allt öðrum hætti í framtíðinni en hún er í dag. Sjálfsagt þannig að menn munu horfa á fleiri en eitt ár í senn, hafa a.m.k. tvö og jafnvel fleiri ár undir. Það þekkist nú þegar í sumum ríkjum, t.d. í Bandaríkjunum, að fjárlög eru samþykkt til tveggja ára og hin eiginlega fjárlagaumræða fer ekki fram nema annað hvert ár. Síðan eru bara gerðar leiðréttingar þess á milli. Það fer kannski of mikill tími í að ræða um fjárlög hvers árs fyrir sig. Ástæðan er sú að í raun og veru gera stjórnvöld ekki góðar áætlanir langt fram í tímann.

Með þessu frv., ef samþykkt verður, er það orðið lögbundið að fjmrh. er skylt að gera áætlanir lengra fram í tímann. Eftir því sem þær verða betri þeim mun minna skref verður að fara yfir í fjárlög til lengri tíma og gera síðan árlegar breytingar. Það mun að sjálfsögðu leiða til meiri vinnu, hygg ég, fyrir viðkomandi nefnd í þinginu en ætti að vera léttara fyrir allt annað starf.

Mér hefur verið sagt að t.d. á Írlandi komi þingið sem slíkt ekkert að fjárlögum fyrr en á lokastigi og taki þá endanlega afstöðu til málsins eftir að fjárlagafrv. hefur velkst um hjá ráðgefandi aðilum og loks hjá þingnefnd sem endanlega leggur það til atkvæða og þá standi menn frammi fyrir afarkostum þeim sem slíkar tillögur eru þegar að lokum kemur. Það hefur verið talinn galli á íslenska kerfinu hve auðvelt er að skilja í sundur ákvarðanir um tekjuöflun og gjaldfærsluna. Með öðrum orðum, menn geta samþykkt hér að tillögu meiri hluta fjárln. tölur í fjárlagafrv. sem stangast á við önnur lög sem aðrar nefndir eða nefndarmenn leggja til að samþykktar verði eða legga ekki til að samþykktar verði. Það er gagnslítið að gera ráð fyrir tekjum í fjárlagafrv. ef tekjulögum, skattalögum, er ekki breytt samsvarandi. Það er lítið gagn að því að taka niður útgjaldatölur, t.d. í heilbrigðismálum, sem byggjast á tilteknum aðgerðum sem kosta lagabreytingar ef þær lagabreytingar verða ekki. Með því að stilla saman bæði tekju- og gjaldahliðina hjá einni nefnd eru meiri líkur til að menn standi frammi fyrir því að þurfa að skoða heildardæmið og þá mun það varla gerast, sem var algengt áður fyrr, að lánsfjárlög voru ekki afgreidd fyrr en á nýju ári. Frægasta dæmið er frá 1991 þegar lánsfjárlög voru ekki afgreidd fyrr en í marsmánuði en kosið var í apríl. Þau lánsfjárlög voru kannski áhrifameiri fjárlög heldur en nokkurn tímann fjárlagafrv. sjálft. Sem betur fer hefur það ekki orðið, utan einu sinni, eftir það.

Virðulegi forseti. Það mætti teygja lopann og hafa mörg orð um það sem hefur komið fram. Ég hef kosið að gera ekki að umtalsefni ýmis atriði sem ég veit að eru viðkvæmari í þessu frv. eins og t.d. samskipti og samstarf löggjafarvaldsins eða fjárveitingavaldsins og framkvæmdarvaldsins. Ég bið menn hins vegar að skoða að það er ekki allt sem sýnist í þeim efnum. Nákvæmlega eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson benti á, þá kann að vera verra fyrir eftirlitshlutverk þingsins ef sífellt er gert ráð fyrir einhverju samráði við nefndina um hluti sem eiga að vera á forræði framkvæmdarvaldsins. Við megum aldrei gleyma því að samkvæmt stjórnarskránni ríkir hér þingræði sem felur í sér að meiri hlutinn ber ábyrgð á ráðherrum og ráðherrar bera ábyrgð á athöfnum sínum samkvæmt stjórnarskránni. Síðan er þetta nánar útfært í stjórnarráðslögunum og reyndar með sérstæðri reglugerð sem er undirskrifuð af forseta Íslands. Þessi lög og þessa reglugerð verðum við auðvitað að virða, allar stofnanir, ekki síður þingið en aðrar stofnanir, og sætta sig við að það er hlutverk eins ráðherrans, forsrh., að fara með í vissum tilvikum málefni sem snerta þingið, Hæstarétt og forsetaembættið, þó þau embætti séu alls ekki veigaminni en embætti forsrh. Þannig er þetta í þingræðisríki og þessa leikreglu þarf að virða. En á sama hátt ber líka að tryggja að vald þingsins sé það sem það á að vera.

Ég skil mjög vel þegar fjárln. er að fást við tiltekin verkefni á lokadögum afgreiðslu fjárlagafrv. og ekki tekst að ljúka verkefninu nægilega skýrt og afmarkað þannig að hægt sé að setja upp tilteknar tölur í frv. sem mæla fyrir um tilteknar aðgerðir, að þá skuli við 6. gr., sem er heimildargrein, vera sett inn ákvæði eins og þau að einhver tiltekin aðgerð sé leyfileg í samráði við fjárln. vegna þess að þar hefur fjárln. verið að fást við hluti á tilteknum forsendum. Ég tel hins vegar að það sé ósiður að hafa föst lagaákvæði þar sem fjárln. eða hluti fjárln. er í sífelldu samaráðshlutverki um mál sem eðli sínu samkvæmt eru framkvæmdarvaldsmálefni. Þá getur það gerst, eins og hv. þm. benti réttilega á, að samráðshlutverkið breytist í bönd þannig að framkvæmdarvaldið hafi í raun sterkari bönd á löggjafarvaldinu en löggjafarvaldinu finnst. Þetta verða menn að skoða mjög rækilega þegar um þessi mál er fjallað.

Nú hef ég syndgað því að ég ætlaði alls ekki að tala um þessa hluti. Ég veit að nefndin mun gera það þegar hún tekur málið í sínar hendur. Ég vildi aðeins þakka þingmönnum fyrir málefnalegar umræður og fyrir undirtektir þeirra við þetta frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 14:53.

26. FUNDUR

mánudaginn 18. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi, beiðni um skýrslu, 160. mál, þskj. 177. *Hvort leyfð skuli.*
3. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 161. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 158. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 159. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 147. mál, þskj. 162. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 118. mál, þskj. 129. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu, þáltill., 127. mál, þskj. 138. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 121. mál, þskj. 132. — 1. umr.
13. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Fyrri umr.
14. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
15. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
16. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr.
17. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Kristján Pálsson, 10. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get því ekki sótt þingfundi næstu þrjár vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykv., Ásta B. Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv."

Ásta B. Þorsteinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa.

[15:04]

Útbýting þingskjals:

Landsvirkjun, 175. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 194.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Endurskoðun laga um Lánasjóð ísl. námsmanna.

[15:05]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í ágúst 1995 hóf störf nefnd á vegum stjórnarflokkanna um endurskoðuna laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Tillögur frá Framsfl. lágu fyrir í apríl 1996 um að endurgreiðslubyrði námslána yrði 4,5% og samtímagreiðslur teknar upp. Ekki hefur enn borist svar frá Sjálfstfl. um þessar tillögur og í útvarpsþætti sl. sunnudag, og reyndar oftar í fjölmiðlum nýverið, var hæstv. menntmrh. ekki tilbúinn að lýsa því yfir hvað hann teldi endurgreiðslubyrðina eiga að vera. Um samtímagreiðslurnar bar hæstv. ráðherrann við að hann gæti ekki sagt til um þetta fyrr en hann sæi einhvern lagatexta um þetta efni. Hins vegar sagði hæstv. ráðherrann að samkomulagið um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði lagt fram á allra næstu dögum. Af þessu tilefni spyr ég hæstv. menntmrh.: Hvenær kom nefndin sem hefur það hlutverk að endurskoða lögin um lánasjóðinn síðast saman? Hvenær er fyrirhugað að næsti fundur verði haldinn í nefndinni? Er komið fullt samkomulag milli stjórnarflokkanna um breytingu á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna? Mun ráðherrann fallast á tillögu Framsfl. um samtímagreiðslur? Og að lokum: Hvenær mun hæstv. menntmrh. leggja breytingartillögur fyrir Alþingi um lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna?

[15:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Umræður urðu um þessi mál í Alþingi sl. þriðjudag, 12. nóvember, og þá gerði ég grein fyrir afstöðu minni í málinu. Hún hefur ekkert breyst frá því að ég fjallaði um það. Ég mun standa við það sem ég hef sagt að leggja málið fyrir Alþingi þegar nefnd sú hefur lokið störfum sem starfar á vegum stjórnarflokkanna.

[15:07]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. svaraði ekki öllum þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Ég spurði m.a. hvenær nefndin hefði síðast komið saman og hvenær væri fyrirhugað að næsti fundur yrði haldinn. Ég geri ráð fyrir að hæstv. menntmrh. hljóti að fylgjast með því af miklum spenningi þar sem hann hefur lýst því yfir að samkomulag muni liggja fyrir á næstu dögum þannig að hann hlýtur að hafa einhverja hugmynd um hvað sé fyrirhugað í nefndinni. Hann svaraði heldur ekki því sem ég spurði um: Er komið fullt samkomulag milli stjórnarflokkanna um breytingu á

lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna? Svör liggja ekki enn fyrir við þessum fyrirspurnum og ég óska eftir því að hæstv. ráðherrann svari þeim.

Nektardansstaðir.

[15:08]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og mörgum mun kunnugt, ekki síst eftir sjónvarpsþátt í síðustu viku, er rekin í höfuðstað landsins og kannski víðar starfsemi sem hlýtur að vekja allmargar spurningar. Ég á við nektarsýningar sem stundaðar eru á veitingahúsum í borginni. Mér er sagt á þremur stöðum, formlega séð, þar sem konur, því ég hygg að það sé einkum kvenfólk sem á þarna hlut að máli, eru látnar dansa naktar fyrir framan þá sem kaupa sig inn á þessa staði og sýna sig í raun naktar. Ekki með neinum hömlum í þeim efnum, eins og sums staðar í löndum þar sem starfsemi af þessum toga fer fram. Þó eru settar einhverjar hömlur þar á. Mér finnst eðlilegt að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann telji eðlilegt að heimila nektarsýningar af þessum toga sem starfsemi í veitinga- og skemmtistöðum í borginni og þá jafnframt annars staðar á landinu. Ég vil gjarnan, virðulegur forseti, heyra álit hæstv. dómsmrh. á því hvort hann telji að þessi starfsemi falli undir ákvæði um list eða skilgreiningu listar en ekki klám og þar með undir 209. gr. almennra hegningarlaga ef hið síðara væri niðurstaða framkvæmdarvaldsins í þessum efnum. Ég býst við að mörgum leiki hugur á að heyra svör hæstv. ráðherra í þessum efnum og eðlilegt að beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh.

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Spurning hv. þm. lýtur að því hvort eðlilegt sé að veita leyfi til þeirrar starfsemi sem hann gerði að umtalsefni. Svarið ræðst af því hvort starfsemin telst brjóta í bága við ákvæði hegningarlaga. Það er lögreglunnar að fjalla um þau mál. Ég get ekki svarað því að öðru leyti en því sem ég hef séð í fréttum að mér hefur skilist að málið sé til meðferðar þar á bæ og það er síðan mat ákæruvaldsins hvort þessi starfsemi telst brjóta í bága við hegningarlögin.

[15:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði nú vænst skýrari svara frá hæstv. ráðherra. Að ráðherrann hefði myndað sér skoðun á því hvort það teljist brjóta gegn landslögum að einstaklingar selji líkama sinn með þeim hætti sem hér er um að ræða til skemmtunar og tekjuöflunar og stundi þar með það sem á íslensku máli hlýtur að falla undir klám. En ekki eins og reynt er að halda fram, af þeim sem standa fyrir starfseminni, að hér sé um listdans að ræða, erótískan dans eins og það er kallað. Í 209. gr. almennra hegningarlaga segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hver sem með lostugu athæfi særir blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skal sæta fangelsi allt að 4 árum en varðhaldi eða sektum ef brot er smávægilegt." (Forseti hringir.) Ég held að ráðuneyti dómsmála þyrfti að hafa frumkvæði í því að taka þessi mál föstum tökum.

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég verð að játa það fúslega að ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér þessi mál á þann veg að ég geti lagt sjálfstætt mat á hvers konar starfsemi þarna fer fram né heldur hvort um er að ræða listræna viðburði. En aðalatriðið er þó hitt að ekki skiptir öllu máli, efnislega séð, vegna þess að það er ákæruvaldsins að taka um það ákvörðun hvort starfsemi eins og þessi brýtur í bága við hegningarlögin. Og síðan er það ákæruvaldsins, á grundvelli þess mats, að taka ákvarðanir um framhald málsins í ljósi og á grundvelli þeirra laga sem um ákæruvaldið gilda, og ég veit að hv. þm. þekkir, að byggja á sjálfstæði þess embættis í stjórnsýslukerfinu.

Atvinnuleyfi fyrir nektardansara.

[15:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég get sparað mér langan formála að þessari fyrirspurn. Hún varðar sama efni sem ég beindi til hæstv. dómsmrh. Hæstv. félmrh. hefur með höndum leyfisveitingar til erlendra ríkisborgara fyrir starfsleyfi hér á landi. Og þar á meðal til þeirra kvenna, því mér skilst að hér sé um að ræða konur eingöngu enn sem komið er, sem koma til landsins til þess að standa fyrir þeirri starfsemi eða ráða sig til þeirra veitinga- og skemmtistaða sem um ræðir, í fjórir vikur í senn og koma hér á færibandi í þessu sambandi, sleppa við venjulegar kvaðir varðandi skattgreiðslur og þess háttar að öðru leyti en því sem varðar listamenn og starfsemin er rekin undir því nafni.

Hæstv. félmrh. hefur ótvírætt valdið varðandi veitingu atvinnuleyfa og þarf kannski ekki að bíða með sama hætti og hæstv. dómsmrh. eftir því að taka af skarið. Því er mín spurning til hæstv. félmrh.: Ætlar hann að veita frekari atvinnuleyfi til þeirra einstaklinga sem hér er um að ræða undir því yfirskini að verið sé að sýna þeim list sem kaupa sig inn á þessa staði en ekki verið að stunda iðju sem fellur undir klám eins og mér sýnist augljóst m.a. í ljósi þess sem fram kom í sjónvarpinu í síðustu viku.

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að játa það að ég hef ekki mikla þekkingu á þessari starfsemi. Eftir því sem mér skilst þá mun vera um fólk að ræða sem telur sig listafólk. Nú er það ekki mitt að ákveða það hvað er list og hvað er ekki list, en listafólk þarf ekki atvinnuleyfi á Íslandi og þessar stúlkur eru ekki með atvinnuleyfi frá félmrn. Ef til þess kæmi að það væri úrskurðað mundi það gerast á vegum annars ráðuneytis en míns, það mundi væntanlega vera hæstv. menntmrh. sem ætti að úrskurða hverjir væru listamenn og hverjir ekki. Ef þarna teldust ekki listamenn á ferð, þá yrði viðkomandi að fá uppáskrift frá íslensku verkalýðsfélagi um að ekki fengjust Íslendingar til þessara starfa áður en til atvinnuleyfisveitinga kæmi. Ég á ekki von á því að til þess komi að ég fari að skipta mér af þessum stúlkum eða veita þeim atvinnueyfi. Það væri þá eingöngu að ég sem jafnréttisráðherra færi eitthvað að skipta mér af málinu í því falli að hér væri um starfsemi að ræða sem kynni að vera niðurlægjandi fyrir konur með einhverjum hætti eða niðurlægjandi fyrir viðkomandi konur ellegar þá að þær væru neyddar til þessara sýninga.

Að öðru leyti ætla ég ekki að skipta mér af þessari starfsemi.

[15:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér sýnist nú orðið alveg tilefni til þess að ríkisstjórnin eyddi nokkrum mínútum í málið. Ég fæ

ekki betur séð en hér sé um málefni að ræða sem m.a. samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh. heyrir ekki bara undir tvo hæstv. ráðherra heldur einnig hæstv. menntmrh. sem og auðvitað hæstv. fjmrh. í sambandi við skattheimtu. Ég andmæli því að hér geti verið um einhverja mismunun að ræða á milli karla og kvenna. Þessi starfsemi er að sjálfsögðu niðurlægjandi fyrir alla. Hún er niðurlægjandi fyrir landið, að heimila starfsemi af þessum toga undir röngum formerkjum og að ég tel gegn landslögum. Ég geri þar engan greinarmun á hvort karlar eða konur eiga í hlut. Auðvitað kemur mat hinna æðstu valdhafa í landinu til með að vera tóngefandi í þessum málum hversu langt er gengið almennt í landinu í einkasamkvæmum o.s.frv., hvað telst við hæfi í þessum efnum. Ég held að hæstv. ríkisstjórn og ráðherrar ættu að ræða málið sín á milli við fyrstu hentugleika.

Um fundarstjórn.

Svör ráðherra við óundirbúnum fyrirspurnum.

[15:20]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér áður var dagskrárliður sem var tekinn upp samkvæmt nýjum þingsköpum og gengur út á það að þingmenn geta lagt fyrir án undirbúnings fyrirspurnir til hæstv. ráðherra um einstök atriði. Þetta er mjög mikilvæg nýjung í þingsköpunum og hefur orðið til þess að skapa möguleika á snarpari skoðanaskiptum hér en oft er ella og er ástæða til þess að leggja á það áherslu að þessari nýjung verði við haldið.

Vandinn er hins vegar sá að hæstv. ráðherrar hafa stundum komist upp með það að svara engu í þessum fyrirspurnatímum og þeir hafa í raun og veru með vinnubrögðum sínum, áherslum og aðferðum haldið þannig á málum að þessi tími er að verða veikari og veikari þáttur í störfum þingsins. Ég tel að það hafi kastað tólfunum hér áðan þegar hæstv. menntmrh. „svaraði" fyrirspurnum frá hv. 12. þm. Reykv. um Lánasjóð ísl. námsmanna, þar sem hæstv. ráðherra sagði í raun og veru við þingmanninn var: Þingmanninum kemur þetta ekkert við. Ég ætla engu að svara. Þinginu kemur þetta ekkert við. Þetta er ekki mál þingsins. Þessi dónaskapur í garð Alþingis er afskaplega alvarlegur og sláandi og maður hlýtur að velta því fyrir sér hvaða aðferðum er hægt að beita til að tryggja það að hæstv. ráðherrar komi fram við Alþingi samkvæmt þingsköpum, þ.e. að þeir svari þeim fyrirspurnum sem bornar eru fram.

Ég fer fram á það sem formaður míns þingflokks við hæstv. forseta Alþingis að hann velti því fyrir sér hvaða úrræðum er hægt að beita þá ráðherra sem hunsa þingsköpin með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. gerði fyrr í dag.

[15:22]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að taka þetta mál upp og tek undir hvert orð hans þar sem hann gagnrýnir það að hæstv. ráðherrar svari ekki fyrirspurnum þó að þeir séu til þess komnir sérstaklega í þingsal.

Það er algerlega óþolandi að verða vitni að því trekk í trekk að hæstv. ráðherrar beinlínis svara ekki fyrirspurnum sem til þeirra er beint. Mér finnst það vera hreint með ólíkindum að þingið skuli ekki hafa einhver úrræði til þess að bregðast við þessu. Ég veit að erfitt er að koma við þvingunaraðgerðum en ég tek undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan að ástæða er til að fara fram á það við hæstv. forseta að hann a.m.k. beini því til viðkomandi ráðherra að fyrirspurnum sé svarað sem hér eru bornar fram. Ég vil um leið minna á að í síðustu viku var einmitt tekið upp að frumkvæði hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þetta sama mál þar sem hún vildi meina að skriflegri fyrirspurn sem hún hafði beint til hæstv. heilbrrh. hefði ekki verið svarað þó að það hafi verið lagt fram skriflegt svar.

Spurningin til hæstv. forseta er sú hvort ekki séu einhver úrræði sem þingið hefur til þess að krefja þessa æðstu ráðamenn framkvæmdarvaldsins svara þar sem beinlínis er gert ráð fyrir því í þingsköpunum að þeir komi hingað í þingsal til að svara fyrirspurnum þingmanna.

[15:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þingmanna sem hér hafa talað um fundarstjórn í þessari umræðu.

Fyrir 2–3 vikum síðan, rétt áður en ég fór á þing Sameinuðu þjóðanna í New York, barst mér skriflegt svar við fyrirspurn sem ég hafði lagt fram um fátækt á Íslandi. Mér gafst því miður ekki tækifæri til þess að gera skriflega athugasemd við það í blaðagreinum eða öðru en mun gera það á næstunni. Mér skilst að það hafi komið til umræðu í þinginu á meðan ég var í burtu og ég er innilega sammála því að það hafi verið umræðuvert svar þar sem reynt var að komast hjá því með öllum ráðum að svara því sem um var spurt.

Ég verð að taka undir að það svar sem hæstv. menntmrh. gaf áðan við fyrirspurn um Lánasjóð ísl. námsmanna var alls ekki bjóðandi. Maður veltir því fyrir sér til hvers verið er að bjóða upp á fyrirspurnatíma eða skrifleg svör við fyrirspurnum ef ekki er hægt að svara þeim betur en hér er gert.

[15:25]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér upp sem formaður þingflokks annars stjórnarflokksins og mér finnst að ef hv. þingmenn, eins og hér hefur komið fram, telja sig geta krafist þess að fá svör frá ráðherrum, þá verði ráðherrar að fá að vita fyrir fram um hvað hv. þingmenn ætla að spyrja. Það hefur komið til tals að hafa þann háttinn á að hæstv. ráðherrar fái að vita fyrir fram um spurningarnar og þá geta þeir eflaust gefið betri svör og það er mál sem við þurfum bara að ræða. En miðað við það form sem við höfum valið okkur geta hv. þingmenn ekki krafist þess að fá mjög ítarleg svör.

Ég ætla ekki að dæma um þetta einstaka tilfelli sem hér varð að umræðuefni, en ég get bent á það að núna á síðasta Norðurlandaráðsþingi var það fyrirkomulag tekið upp að það var fyrirspurnatími til ráðherra. Þá ræddum við það í þeim þingflokkum sem þar starfa, alla vega mínum, hvort fyrirkomulagið við ættum að hafa. Ef við veldum það fyrirkomulag að ráðherrar vissu ekki fyrir fram um spurningarnar, þá væri ekki hægt að eiga von á því að svörin yrðu jafnítarleg. Samt var það fyrirkomulag valið. Mér finnst að þetta sé mál sem snúist um þessi atriði og þau getum við eflaust rætt á fundum okkar formanna þingflokka.

[15:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er þörf umræða sem hér er tekin fyrir. Vissulega getur það að sjálfsögðu komið fyrir í óundirbúnum fyrirspurnum að þingmaður komi í ræðustól og beri upp fyrirspurn um málefni sem ráðherra þekkir ekki gjörla til og verður þá að svara fálega eða láta í ljós að hann þekki ekki málið. Í öðrum tilfellum er verið að bera fram fyrirspurn um mál eða málaflokka. Við getum nefnt það mál sem hér var vísað til. Ráðherra menntamála þekkir að sjálfsögðu mjög vel til Lánasjóðs ísl. námsmanna og allra þeirra þátta sem snúa að honum. Við ræddum þetta mál, ef ég man rétt að tilhlutan Svavars Gestssonar í síðustu viku, og þess vegna er það mál sem hér var spurt um eitt af þeim málum sem ráðherrann þekkir mjög vel og á ekki í neinum vandkvæðum með að svara vilji hann svara.

Þá erum við komin að því hvort þessar fyrirspurnir séu í raun og veru þess eðlis að við höfum leyfi til að bera fram fyrirspurnir til ráðherra og fá svör ef ráðherrann vill. Þetta hlýtur að vera kjarni málsins. Eigum við rétt á svörum eða eigum við bara rétt á svörum ef ráðherra vill svara?

Aðeins vegna þess sem þingflokksformaður Valgerður Sverrisdóttir nefndi um að gefa upp fyrir fram hvaða erindi við séum með, þá var það innleitt í fyrravetur að senda frá okkur miða með fyrirspurnum, efnisatriðum, til ráðherrans. Það getur auðvitað eitthvað gerst á þeirri helgi sem umliðin er sem vekur áhuga þingmanns á að koma með beina fyrirspurn og þess vegna eru þessir fyrirspurnatímar mjög áhugaverðir og nytsamlegir og mjög góður þáttur í okkar þingsköpum. Ég veit að forseti hefur svo mikinn áhuga á því að þinghald gangi vel og að þær reglur sem settar eru um þinghaldið og þingsköpin sjálf virki. Því tel ég það fullvíst að forseti muni taka þær athugasemdir sem hér hafa komið fram til skoðunar og til umræðu í sínum þingflokki.

[15:29]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vildi gera athugasemd vegna orða hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um að ráðherrar gætu svarað fyrirspurnum betur ef þeir vissu fyrir fram um hvað fyrirspurnirnar snerust. Þetta er rétt athugað hjá hv. þm. og ég get alveg tekið undir þessa athugasemd hennar að efni til, en ég vildi taka það fram sérstaklega að í því tilfelli sem er tilefni þessarar umræðu, Lánasjóður ísl. námsmanna, er um að ræða mál sem hæstv. ráðherra hefur beinlínis lýst því yfir að samkomulag liggi fyrir um á allra næstu dögum. Það er ekki spurt um stærra í þessu ákveðna tilviki heldur en það hvort samkomulag liggi fyrir og hæstv. ráðherra ákvað að svara því ekki. Mér finnst sú skýring sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er væntanlega að leita að eða gerir kannski ráð fyrir að sé ástæðan fyrir því að svarið barst ekki eigi á engan hátt við í þessu tilviki. Og gagnrýni sú sem hér hefur komið fram gæti virkilega átt rétt á sér ef hæstv. ráðherra mundi bera því við að það lægju ekki fyrir svör við þeirri spurningu, en hann er búinn að lýsa því yfir trekk í trekk í fréttum að samkomulagið muni verða kynnt á allra næstu dögum og það er ekkert óeðlilegt við að um það sé spurt hér þar sem þetta er mál sem er í deiglunni, stórmál sem hefur dregist á langinn án nokkurra skýringa, án þess að þingið hafi fengið við því nokkur skýr svör af hverju nefndin sem um ræðir hafi ekki komið saman í marga mánuði.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þetta eru mjög gagnlegar umræður og nauðsynlegt að menn brjóti það til mergjar hvernig þessum fyrirspurnatíma á að vera háttað. Það er alveg ljóst að ráðherrar ráða sínum svörum og ég svaraði á þann veg sem ég taldi mér fært og tel mér fært að svara á þessari stundu og vísaði til ítarlegrar ræðu um þetta mál sem ég flutti á Alþingi 12. nóvember sl. Það hefur ekkert gerst af minni hálfu síðan sem er í frásögur færandi þannig að ég vísaði hv. þm. til þess. Ég tel að þetta séu fullnægjandi svör hér á hinu háa Alþingi þegar vísað er til umræðna í þinginu og svara ráðherra þar. Ég tel því með öllu ómaklegt að gagnrýna mig fyrir að hafa ekki svarað þessari spurningu.

Hitt er annað mál að ef menn vilja að þessar umræður séu þannig að unnt sé að svara spurningum eins og fram komu nákvæmlega hjá hv. þm., þá þarf tvímælalaust að undirbúa það fyrir fram til þess að ráðherrann geti svarað og hafi þær upplýsingar haldbærar sem hann getur lagt fram og staðið við því að ráðherrar eiga ekki að koma hér og svara fyrirspurnum þingmanna nema þeir geti staðið við það jafnt í þingsalnum sem utan hans og það séu réttar upplýsingar sem gefnar eru.

Ég vísa aftur til þess sem ég sagði í umræðum um þetta mál 12. nóvember. Það eru þau svör sem ég get gefið. Ég hafði ekki tíma til að endurtaka þá ræðu og ég vísaði hv. þm. til þess.

[15:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það hefur komið í ljós að flestallir þingmenn eru sammála um það að umræðan er tímabær. Marggefið tilefni ráðherra í þessum umræðum hafa í raun og veru ýtt undir það að málin verði tekin til endurmats. Ég vil m.a. þakka hv. þingflokksformönnum sem hér hafa talað, hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, fyrir þeirra orð í þessum umræðum sem vísa til þess að mál af þessu tagi er sjálfsagt að taka fyrir á vettvangi formanna þingflokkanna og auðvitað forsætisnefndar því að það er alveg ólíðandi að mál af þessu tagi þróist með þeim hætti sem verið hefur.

Ég tel að í svarleysi ráðherrans hafi komið fram, með leyfi forseta, liggur mér við að segja, hroki í garð þingsins. Ég held satt að segja að það eigi ekki að þróa samskipti þingsins og stjórnvalda eins og mér finnst að þarna hafi komið fram.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að það er ekki hægt að ætlast til þess að ráðherrar hafi á reiðum höndum upplýsingar um einstök útfærsluatriði í svona fyrirspurnatímum, það er útilokað að ætlast til þess. Það er ekki sanngjarnt og það ætlast enginn til þess. Það sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir spurði um voru ekki einstök útfærsluatriði varðandi lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna eða framkvæmd þeirra. Það sem hv. 12. þm. Reykv. spurði um var í fyrsta lagi: Hvenær kom nefndin saman síðast? Hvenær kemur hún saman næst? Það liggur auðvitað í augum uppi að hæstv. ráðherra er að drepa málinu á dreif með því að svara ekki þessum einföldum spurningum, en hann veit svarið við þeim báðum, a.m.k. örugglega annarri. Það er bersýnilegt að ráðherrann er af pólitískum ástæðum að reyna að snúa sig út úr því að svara þessum spurningum og það er útilokað að bera því við að málið sé svo flókið að hann hafi þess vegna ekki getað svarað spurningunum. Ég

treysti hæstv. menntmrh. ágætlega til þess að svara þessum spurningum undirbúningslaust og hann þurfi ekki langan undirbúning í ráðuneytinu eða annars staðar til að svara spurningum af þessu tagi. Þetta eru þannig fyrirkomulagsatriði að ráðherrann á að geta svarað því.

Hitt er svo annað hvort þessir tímar eiga að ganga út á það að ráðherrarnir fái að vita kannski klukkutíma eða tveimur tímum áður hvernig spurningarnar eru. Það finnst mér alveg koma til greina út af fyrir sig. Ég tók eftir því að sumir stjórnarandstæðingar voru ósammála mér í þeim efnum þegar þetta var ákveðið síðast, en ég tel að sumu leyti að það geti bætt innihald þessara tíma ef spurningarnar kæmu til ráðherranna þó ekki væri nema klukkutíma áður en tíminn hefst en það er fyrirkomulags- og samkomulagsatriði sem við hljótum að taka á í sameiningu, m.a. á vettvangi formanna þingflokkanna og forsætisnefndar eins og hér hefur verið nefnt. En ég ítreka spurningu mína til hæstv. forseta: Hvaða úrræðum telur hann unnt að beita til að tryggja að í þessum tímum sé þannig á málum haldið að um sé að ræða spurningar þingmanna og svör ráðherra?

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst um það hvort eigi að breyta um form á þessum tíma. Ég var einn af upphafsmönnum þess að tekinn var upp svona fyrirspurnatími til ráðherra og ég er á móti því að breyta þeim. Ég tel að úr því yrði flatari umræða og minni spenna ef ráðherrum væri tilkynnt um það fyrir fram þannig að þeir gætu undirbúið svör sín. Það er önnur aðferð til þess að gefa ráðherrum kost á að undirbúa sín svör. Það er að leggja fram fyrirspurn sem ráðherrarnir síðan svara eftir að þeim hefur gefist tækifæri til þess að athuga málið.

Ég hef alltaf reynt að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint í þessum tímum eftir því sem ég hef haft þekkingu til. En iðulega er maður spurður um eitthvað sem maður veit ekki nógu gjörla og betra hefði verið að fá einhvern tíma til að kynna sér. En það er svo önnur saga.

Varðandi skriflegu svörin og skýrslugerðina. Þegar þingmenn biðja um skrifleg svör, þá finnst mér að það eigi að vera kappsmál þeirra að hafa spurningarnar þannig að unnt sé að svara þeim og það sé ekkert mjög mikið verk að svara þeim. Það hefur verið beint til mín spurningum sem krefjst mjög mikillar vinnu að svara skriflega og eins er það með skýrslugerðina. Það er verið að svara hér spurningum á kannski 250 blaðsíðum. Þetta er náttúrlega ekki nein smávinna og ég fer fram á það við herra forseta að hann vandi um það við þingmenn að unnt sé að svara spurningunum, spurningarnar séu afmarkaðar og þær séu í þá veru að það sé ekki mikil matsatriði sem ómögulegt er að svara með óyggjandi hætti.

Ég get líka notað þetta tækifæri til þess að biðjast afsökunar á því að það hefur orðið dráttur á svörum frá mínu ráðuneyti. Það er komið fram yfir tímamörk, en þau svör eru loksins að koma og ég biðst velvirðingar á því. Starfsfólk er yfirhlaðið í ráðuneytunum í öðrum daglegum störfum og þau verða þá að sitja á hakanum ef það á að hafa allt liðið í skýrslugerð.

[15:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill taka fram að hann er að sjálfsögðu reiðubúinn að athuga hvort hann eða þingið hefur einhver úrræði til þess að knýja fram svör ef menn eru ekki ánægðir með þau svör sem hæstv. ráðherrar gefa. Það þarf ekki að taka fram að það er munur á því hvort við erum að ræða óundirbúna fyrirspurn eða fyrirspurnir sem koma fram á þingskjali. Í fljótu bragði sér forseti ekki að hann geti knúið ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnum til þess að svara einhvern veginn öðruvísi en þeir gera.

Forseti bendir líka á, af því að hér hefur verið rætt um að hæstv. ráðherrar fái fyrirspurnirnar með einhverjum fyrirvara, að það var rætt í upphafi síðasta þings en ekki talið rétt að fara inn á þá braut, enda eru þetta þá ekki óundirbúnar fyrirspurnir eftir það. En það er sjálfsagt að taka þetta til umfjöllunar á vettvangi forsætisnefndar og með formönnum þingflokka.

Tilkynning um dagskrá.

[15:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Með samþykki 1. flutningsmanns 2. dagskrármáls, sem er beiðni um skýrslu, er málið tekið út af dagskrá. Málið verður á dagskrá á morgun.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vörugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 142. mál (gjaldflokkar, lækkun gjalda). — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 147. mál (iðgjöld, stigaútreikningur, ávöxtun o.fl.). — Þskj. 162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 118. mál (kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs). — Þskj. 129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárreiður ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 103.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Afnám skylduáskriftar að Ríkisútvarpinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. VK, 127. mál. — Þskj. 138.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:45]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 132.

[15:46]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 132 liggur fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að 15 nafngreindum útlendingum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Þeir fullnægja allir þeim skilyrðum sem allshn. hefur sett um veitingu ríkisborgararéttar.

Frv. gerir ráð fyrir því að lögin taki gildi 1. janúar 1997. Það á rætur að rekja til þess að þann dag taka gildi ný mannanafnalög þar sem felld er niður sú kvöð gildandi laga að útlendingar sem öðlast íslenskt ríkisfang þurfi að aðlaga nafn sitt að íslenskri málvenju. Það þykir því eðlilegt að þetta frv. sem er fyrra frv. sem lagt verður fram á þessu þingi um veitingu ríkisborgararéttar að venju, taki gildi þann dag þannig að hin nýju mannanafnalög taki til þeirra sem hér er gerð tillaga um að öðlist íslenskt ríkisfang.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stytting vinnutíma án lækkunar launa, fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

[15:48]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. og óháðra flytjum undir forustu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þáltill. á þskj. 4 um styttingu vinnutíma án lækkunar launa. Þessi tillaga er fyrsta málið sem við lögðum fram á þessu þingi og er hluti af fjölda mála sem þingflokkurinn flytur og lagði fram strax á fyrstu dögum þingsins og snerta fjölskylduna, lífskjörin og kjarabaráttuna. Við teljum að hér sé um að ræða mál sem skiptir sköpum um afkomu, möguleika og getu fjölskyldunnar til að lifa sæmilegu lífi í okkar landi. Þess vegna ákváðum við að flytja þetta mál inn í þingið sem er reyndar óvenjulegt vegna þess að margir eru þeirrar skoðunar að mál af þessum toga eigi að vera í höndum aðila vinnumarkaðarins einvörðungu. En við erum þeirrar skoðunar að um sé að ræða þýðingarmikið mál sem rétt sé að Alþingi hafi skoðun á með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um, en það gerist í tillögunni, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögu að áætlun til þriggja ára um raunverulega styttingu vinnutímans og við það miðað að í lok áætlunartímabilsins verði vinnutími hér á landi ekki lengri en er að jafnaði í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við, t.d. í Danmörku eða annars staðar á Norðurlöndum.

Jafnframt verði tekið til athugunar að skipta vinnu milli fólks sem lið í að draga úr atvinnuleysi og stytta vinnutíma.

Til samstarfs um þetta verkefni verði kallaðir aðilar frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna,

Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálasambandinu og Vinnuveitendasambandi Íslands. Áætlunin verði unnin undir forustu forsætisráðuneytisins.

Í áætluninni verði við það miðað að launatekjur lækki ekki þrátt fyrir styttri vinnutíma.

Nefndin skili niðurstöðum sínum fyrir lok ársins 1997."

Virðulegi forseti. Þingflokkur Alþýðubandalags og óháðra bað á síðasta þingi um skýrslu frá forsætisráðherra um muninn á lífskjörum á Íslandi og í Danmörku. Urðu umræður um þá skýrslu skömmu fyrir þinglok sl. vor að frumkvæði og undir forustu formanns okkar, hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Einstök atriði þessarar skýrslu voru rædd ítarlega í þessum sal við það tækifæri. Þau hafa verið tekin fyrir í blaðagreinum og þingflokkur Alþb. og óháðra flytur hér þegar í upphafi þings og hefur gert grein fyrir, fjölmörg þingmál sem tengjast skýrslunni beint eða óbeint. Niðurstaða skýrslunnar sýndi svo að ekki verður um villst að verulegur munur er á launum og lífsjörum hér á landi og í Danmörku okkur í óhag. Dæmi eru um hátt í 100% mun á ráðstöfunartekjum fyrir dagvinnu, t.d. hjá iðnaðarmönnum.

Munurinn hjá fiskverkafólki er einnig sláandi. Fyrir dagvinnu var munurinn 33% Dönum í hag ef miðað er við það sem var til ráðstöfunar. Miðað við kaupmáttarjöfnuð var munurinn 26%. Hjá bifreiðastjórum var munurinn jafnvel enn meiri, 53% fyrir dagvinnu, 45% ef miðað er við kaupmáttarjöfnuð. Munur á heildarlaunagreiðslum og heildarráðstöfunartekjum er þó ekki svona mikill. Það kemur til af því að Íslendingar vinna gífurlega mikla yfirvinnu í samanburði við Dani til þess fyrst og fremst að ná launatekjum sínum upp. Hér er nær útilokað fyrir launafólk að lifa eingöngu af dagvinnutekjum sínum eins og kunnugt er og stærsti hluti þess fólks sem er á almenna vinnumarkaðinum og hjá ríki og sveitarfélögum getur ekki lifað af þeim tekjum sem það hefur fyrir dagvinnu eingöngu.

Samanburðarskýrslan sem við báðum um sagði að að meðaltali væru lífskjörin á Íslandi væru nokkuð góð. Það segir okkur að bilið milli þeirra sem hafa mest fyrir sína vinnu og þeirra sem hafa minnst er býsna breitt hér á landi. En það segir okkur einnig að hér sé um óhóflega yfirvinnu að ræða og hafa ýmsir orðið til að benda okkur á að þessi skýrsla sé samanburður á lífskjörum og vinnutíma þar sem atvinnulífið hafi verið í kreppu og því ekki rétt að tala um þennan mun sem staðreynd í dag eftir að góðærið mikla hélt innreið sína. Það væri gott ef satt væri. En frásagnir fólks sem flutti héðan t.d. 1994 vegna lélegra kjara og langs vinnutíma eru í engu frábrugðnar frásögnum fólks sem leitað hefur annað eftir vinnu á þessu ári. Launin eru hærri en það sem meira er og seint verður í fjárhæðum talið, er að vinnutíminn er styttri, samverutími fjölskyldunnar eru mun meiri.

Þá hafa heyrst fullyrðingar þess efnis eins og eðlilegt er að ekki sé rétt að miða við eitt land og þá síst Danmörku. Samanburðurinn verði að ná til fleiri landa eigi hann að vera raunhæfur og það er út af fyrir sig rétt. En þó að skýrslan sem þingflokkur Alþb. og óháðra fór fram á, væri miðuð við lífskjör í Danmörku einni, eru til aðrar skýrslur, annar samanburður þar sem tekið er mið af lífskjörum og lengd vinnutíma hjá öðrum þjóðum. Samanburður við löndin í vestanverðri Evrópu sýnir að laun fyrir dagvinnu, hverja vinnuviku eru víðast hvar mun hærri en hér á landi. Við getum líklega helst sest á bekk með Ítalíu, Spáni og Frakklandi hvað þetta varðar.

Við eigum ekki samleið með frændþjóðum okkar í þessum efnum. Í Noregi og Danmörku eru launin mun hærri en hér á landi. Meðalvinnuvika í fullu starfi, þ.e. dagvinna og eftirvinna, er í Evrópusambandslöndunum rúmlega 38 stundir í samaburði við 47 stundir hér á landi samkvæmt könnun Hagstofu Íslands. Þarna erum við á bekk með Grikkjum, Portúgölum og Spánverjum sem eru með hvað lengsta vinnuviku innan Evrópusambandslandanna. Í Grikklandi er meðalvinnuvikan 44 tímar, en Grikkir eru næstir okkur í röðinni samkvæmt þessari úttekt. Flest lönd innan Evrópusambandsins hafa lögbundnar takmarkanir á vinnutíma fólks og 23. nóvember nk. er gert ráð fyrir því að svokölluð tilskipun Evrópusambandsins um hámarksvinnutíma gildi á Evrópska efnahagssvæðinu.

Ýmsir hafa, hæstv. forseti, haft uppi um það efasemdir hvort það sé hlutverk löggjafarvaldsins að skipta sér af lengd vinnutíma eins og hér er að nokkru leyti lagt til, og telja að aðilar vinnumarkaðarins eigi að semja um slíkt og um það erum við sammála. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að semja um slíkt. Við teljum hins vegar að það sé sjálfsagður hlutur að þjóðþingið ræði mál af þessu tagi. Það leggjum við áherslu á með þessari þáltill. en það gerum við líka með sérstakri beiðni um skýrslu þar sem farið er fram á að gerð verði úttekt af áhrifunum af löngum vinnutíma hér á landi, bæði á almennt líf launamannanna og ekki síst á líf fjölskyldnanna.

Við erum þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að ef það á að tala um raunverulega og skipulega styttingu vinnuvikunnar, jafnvel þó það gerist á mörgum árum eins og hér er gerð tillaga um, þá sé fásinna að tala um slíkt ef laun fyrir dagvinnu eiga að vera eins og þau eru núna. Þess vegna verður að fylgja þessu átaki ákvæði um kaupið sjálft og kaupmáttinn og einnig að því er varðar hin einstöku fyrirtæki og líka hina almennu stöðu þeirra. Þess vegna teljum við að það sé mjög nauðsynlegt að við köllum inn í þessa mynd fulltrúa atvinnurekendasamtakanna eins og við gerum tillögur um í þáltill. okkar.

Við leggjum á það mikla áherslu, hæstv. forseti, að þessi tillaga er hluti af mörgum tillögum sem þingflokkur Alþb. og óháðra flytur núna í upphafi þessa þings. Það eru 20–30 þingmál sem við höfum þegar lagt fram í þessari virðulegu stofnun og ýmist mælt fyrir eða sem bíða umræðu, sem snerta fjölskylduna, lífskjörin og kjarabaráttuna. Við lítum þannig á að þessi frv. séu innlegg í hina almennu kjaramálaumræðu sem núna er að hefjast í landinu, m.a. með hliðsjón af því að kjarasamningar eru að losna, viðræðuáætlanir hafa verið gerðar og í undirbúningi eru almennir kjarasamningar og kjarabarátta almennt.

Þau mál sem ég er hér með í huga, hæstv. forseti, eru fyrir utan þessa tillögu sem er á þskj. 4, skýrslubeiðni á þskj. 5 um afleiðingar langs vinnutíma hér á landi. Það er beiðni til hæstv. félmrh. um að hann gefi skýrslu um það mál. Hann getur kannski frætt okkur á því hér á eftir — ég tek eftir að hann hefur beðið um orðið eða andsvar — hvernig þeirri vinnu miðar. Á þskj. 6 er tillaga um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu. Við teljum að það sé einnig mikilvægt fjölskyldumál. Á þskj. 7 er frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna sem snertir samtímagreiðslur og eftirágreiðslur námslána og endurgreiðslur námslána. Síðan er á þskj. 9 frv. um almannatryggingar, sálfræðiþjónustu, sem hv. þm. Ingibjörg Sigmundsdóttir mun mæla fyrir á eftir Sömuleiðis er frv. um félagslega aðstoð, umönnunarbætur,

sem hv. þm. Ingibjörg Sigmundsdóttir mun einnig mæla fyrir á eftir. Við erum með frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem gengur út á það að tekið verði á jaðarskattavandamálunum sem eru að fara mjög illa með lífskjör fjölskyldnanna, ekki síst barnafjölskyldnanna, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur þegar mælt fyrir. Við erum með þingmál sem snertir fæðingarorlof feðra og rétt til launa í veikindaforföllum og fjöldamörg önnur slík mál sem beinlínis snerta lífskjörin sjálf, eins og fyrirspurnir t.d. um skerðingu bóta almannatrygginga sem hafa verið viðkvæðið undanfarin ár þegar menn hafa verið að fjalla um frumvörp um svokallaðar ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Fyrir utan þetta höfum við lagt fram nokkur frv. sem snerta hina almennu efnahagslegu undirstöðu í landinu, þ.e. hvernig á að tryggja þessi lífskjör fjölskyldnanna og einstaklinganna. Þar bendi ég t.d. á frv. um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð og ég bendi líka á frumvörp um jarðhitaréttindi og orku fallvatna sem skiptir verulegu máli í þessu sambandi. Og ég bendi líka á þingmál eins og beiðni um skýrslu um stöðu og þróun bolfiskfrystingar í landi sem er gríðarlega stórt lífskjaramál á verulega stórum hlutum landsins. Hér er sem sagt um að ræða samþættan málapakka sem við teljum að verðskuldi athygli. Þetta er eins og ég sagði áðan liður í því að reyna að ýta undir umræðu í kjölfar kjarasamninga, hjálpa til í aðdraganda kjarasamninga við að skapa umræður, þátttöku og skilning á stöðunni í landinu og er þannig séð almennt pólitískt framlag okkar til þeirrar umræðu.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að umræðunni lokinni verði þessu máli vísað til síðari umr. og það fari til meðferðar í hv. félmn.

[16:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil taka undir það að hér er hreyft mikilsverðu máli. Ég hef skoðun á þessu máli þó ég sé ekki að lýsa yfir stuðningi við tillöguna sem slíka, því að ég tel að við eigum að leitast við að breyta launauppbyggingunni í landinu. Það er náttúrlega engin hemja hvað grunnkaupið er lágt eða hvað taxtarnir eru lágir og hvað þeir eru lítill hluti af rauntekjunum. Fólk neyðist til að vinna yfirvinnu til þess að halda uppi tekjum. Og ég tel að það væri mikill fengur ef aðilar vinnumarkaðarins gætu komið sér saman um að hækka grunnkaupið á kostnað yfirvinnunnar og bónusgreiðslna og annarra aukagreiðslna. Það tel ég að væri mikill fengur og að því ætla ég rétt að vona að menn stefni. Ég er ódeigur að tala fyrir því hvar sem er. Ég tel hins vegar að lagasetning þar um sé ekki heppileg og það sé miklu heppilegra að aðilar semji um þetta atriði í kjarasamningum. Ég er alfarið á móti því að skipa launum með lögum. Ég tel að við eigum að virða samningsfrelsið og það eigi að vera bæði atvinnurekendum og verkalýðshreyfingu kappsmál að koma betra skikki á þessa hluti en er nú. Atvinnureksturinn getur, ef hann fær sömu afköst á styttri tíma, borgað það sem hann borgar í dag, og væntanlega verða nú einhverjar kauphækkanir í næstu samningum eða kaupmáttaraukning. Ég tel sem sagt að það væri mikill fengur að því að við styttum vinnudaginn og það væri bæði launþegum og atvinnurekendum til hagsbóta auk þess sem það væri einstaklega fjölskylduvænt og það er ekkert smáatriði í þessu máli því ég tel að margt af því sem aflaga fer í okkar þjóðfélagi sé beinlínis afleiðing af því að fjölskyldulíf er ekki í nógu góðu lagi. Einn þátturinn er það að vinnutími foreldra er í mörgum tilfellum of langur, og þá ganga krakkarnir sjálfala. Það er ætlast til þess af skólunum að þeir ali krakkana upp og skólarnir hafa ekki aðstöðu til þess. Fjölskylduna vantar í mörgum tilfellum þessa nauðsynlegu samkennd að viðkomandi einstaklingar finni sig tilheyra heild, tilheyra fjölskyldu, tilheyra einhverjum og hafi tilfinningu að aðrir tilheyri þeim. Ég tel að það væri fjölskylduvænt og gott að stytta vinnutímann en ég vil láta semja um það í frjálsum kjarasamningum.

Varðandi það atriði tillögunnar að skipta vinnu vegna atvinnuleysis þá er ég ekki jafnhrifinn af því. Ég tel að það séu ekki efni til þess að taka vinnu frá fólki. Flestir af þeim sem vinna langan vinnudag gera það vegna þess að þeir telja sig þurfa á þeim tekjum að halda sem vinnan gefur. Og sem betur fer er atvinnuleysið á verulegu undanhaldi hjá okkur. Þegar ég kom í félmrn. var atvinnuleysi um 7%. Nú hefur það á síðustu mánuðum verið niður undir 3%. Ég held að við séum á réttri leið. Þetta er orðið þó líklega næstlægst í Evrópu. Þeir gera betur í Lúxemborg. En við eigum ekkert að una þessu. Við þurfum að útrýma atvinnuleysinu eftir því sem nokkur kostur er. Það er sem betur fer orðið mikið framboð af störfum hvarvetna á landinu. Í Reykjavík er af einhverjum orsökum atvinnuleysi sem mælist upp á 4% og það er auðvitað allt of mikið. En í Reykjavík er líka skortur á fólki til margvíslegra starfa. Ég vil taka það fram að í þessum atvinnuleysistölum er enginn munur gerður á þeim sem hafa vinnu hálfan daginn eða eru atvinnulausir. Atvinnuleysistölurnar taka til þeirra sem njóta einhverra bóta. Nöfnin eru bara talin upp á þeim sem njóta bóta og reyndar þeirra sem fá félagslega aðstoð í Reykjavík og eru atvinnulausir, þeim er skylt að skrá sig. Í atvinnuleysistölunum eru því 800 til 900 manns sem njóta hlutabóta þannig að það má draga það frá tölunum og það er athyglisvert að konur á aldrinum 20 til 40 ára eru yfirgnæfandi á hlutabótunum og flestar með börn.

[16:08]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það sé alveg á hreinu að hér er ekki tillaga um lagasetningu. Það er alveg skýrt. Það er afstaða okkar alþýðubandalagsmanna að það eigi ekki að skipa þessum málum með lögum. Hins vegar er það jafnframt afstaða okkar að Alþingi eigi að fjalla um mál af þessu tagi og þess vegna er tillagan sett svona fram. Hún er tiltölulega opin miðað við það sem venja er í svona málum hér. Satt að segja lágum við lengi yfir orðalagi þessarar tillögu áður en við lögðum hana inn, einmitt af þeirri ástæðu að við óttuðumst að þessi viðbára kæmi fram.

Um önnur atriði hefði ég satt að segja gjarnan viljað heyra hæstv. ráðherra segja aðeins frá því í þessari umræðu hvernig hann sér fyrir sér stöðuna varðandi þessa vinnutímatilskipun og þar með hlut stjórnvalda að þessu máli þannig að þau koma að því, svo undarlegt sem það nú er, hvort sem okkur líkar betur eða verr bæði mér og hæstv. ráðherra.

[16:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að þessi tillaga er mjög opin. Hér er lagt til að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögu að áætlun. En hvað á að gera við áætlunina þegar búið er að semja hana? Mér finnst að ef Alþingi afgreiðir þess háttar, liggi í hlutarins eðli að Alþingi þurfi að gera einhverja samþykkt um það.

Varðandi vinnutímatilskipun Evrópubandalagsins þá hef ég farið fram á að aðilar vinnumarkaðarins reyni að semja um málið. Ef það hins vegar ekki gengur getur farið svo að

við verðum að setja lög sem kveða á um að óheimilt sé að vinna lengur til jafnaðar en 48 stundir á viku á hverju fjögurra mánaða tímabili nema, og ég undirstrika það, (Forseti hringir.) nema með samþykki starfsmannsins sjálfs.

[16:10]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, því þar með dytti ráðherrann hæstv. sjálfur í pyttinn. Hann yrði að setja lög um þetta. Auðvitað er það þannig að í lögum eru ákvæði t.d. um vinnutíma barna o.fl., sem talið hefur verið eðlilegt og sjálfsagt að hafa. Hvað á að gera við áætlunina sem þarna er gerð tillaga um? Ég tel að aðilar vinnumarkaðarins þurfi að koma sér saman um það sjálfir að framkvæma hana. Það er það sem við eigum við með tillögunni.

[16:11]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ber nú kannski ekki svo mjög mikið á milli. Við erum báðir á því að aðilar vinnumarkaðarins eigi að koma sér saman um hlutina. Ég vil taka það fram að þrátt fyrir að mjög mikill fjöldi Íslendinga vinnur lengri vinnuviku en 48 stundir að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili þá hygg ég nú að það væri fjölskylduvænna ef hægt væri að koma þessu eitthvað neðar en í 48 stundir því að það er talsverð vinnuvika samt.

[16:11]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að heyra viðbrögð hæstv. félmrh. við þessu máli. Hann leiddi örlítið í tal umræðu um lögbindingu lágmarkslauna. Sá sem hér stendur hefur flutt slíkt mál og sagði um leið: Ef viðunandi laun næst í samningum, sem ég tel vera 80 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu miðað við núverandi aðstæður, þá mun þetta frv. verða dregið af borðum þingmanna. Ég stend við það. En það er ástæða til að ræða þetta mál frekar þegar staðreyndin er sú að um 13 þúsund manns hafa í árslaun á bilinu frá 600 og upp í 720 þús. kr. fyrir fulla dagvinnu. Það er fyllsta ástæða til þess. Fólk er með frá 50 þús. kr. og upp í innan við 60 þús. kr. á mánuði. Þetta er með hreinum ólíkindum. Það er hægt að segja að það sé með ólíkindum að þetta eru minni árslaun en aukageta ýmissa sem sitja í stjórnum og ráðum á vegum ríkisins og stofnana.

[16:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka ákaflega mikið tillit til verkalýðshreyfingarinnar og aðila vinnumarkaðarins eins og menn vita. Og ég er andvígur því að skipa launum með lögum. Ég vil heldur tala um rauntekjur en laun vegna þess að í mörgum tilfellum þá er — ég er ekki að rengja þær tölur sem hv. þm. var að fara með, en ég held við ættum að miða okkur við rauntekjur og miða okkur við kaupmátt.

[16:13]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rauntekjur liggja nefnilega á þessu bili hjá mjög stórum hópi fólks og miklu stærri en ég held að menn geri sér grein fyrir. Þó svo að verið sé að reikna út meðaltekjur á mann sem voru um 106 þús. kr. á mánuði í fyrra, þá þarf ekki annað en að líta á svör frá liðnu ári þar sem 250 ríkisstarfsmenn, sem eru þó ekki viðurkenndir sem hæstlaunuðu starfsmennirnir, eru með lægstu laun tæpar 4 millj. kr. á ári og hæstu laun einhvers staðar í kringum 6 millj. kr. Hvað haldið þið að það hífi upp meðaltekjurnar? Og hvað haldið þið að standi svo í þessari skýrslu um meðaltekjur? Þeim er lyft upp með dagpeningagreiðslum. Dagpeningagreiðslur hafa hækkað um 28% á tveimur árum. Hvað þýðir þetta? Það þýðir að það er verið að fela launahækkanir. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Telur hann að það sé eðlilegt að bjóða 3,5% – 4% í kauphækkun á lægstu laun eða almennar launatekjur (Forseti hringir.) eins og gert var um daginn af Vinnuveitendasambandi Íslands?

[16:15]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í viðræður aðila vinnumarkaðarins um hvað sé hæfilegt að bjóða. Ég vonast eftir því að aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um einhverja hóflega launahækkun og þá vil ég gjarnan láta það koma fram að ég tel að mjög væri eftirsóknarvert að það væri fyrst og fremst á lægri flokkana. En laun segja út af fyrir sig ekki allt um efnahagsstöðu manna. Það var mjög athyglisverð niðurstaða sem kom fram í áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem ég lét dreifa til þingmanna fyrir nokkru síðan. Þar kemur í ljós að samanlagðar skuldir þeirra 317 fyrstu sem leituðu til Ráðgjafarstofunnar voru 2,5 milljarðar og meðalvanskil voru 1,5 millj. á fjölskyldu. En meðaltekjurnar voru 146 þús. kr. á mánuði.

[16:16]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli ráðherrans áðan að ef aðilar vinnumarkaðarins gætu komið sér saman um að setja yfirvinnu inn í taxta, þá væri hann hlynntur því og ánægður með það og um það hljótum við öll að vera sammála. Það væri mjög gott og að því ber að stefna. Það væri hins vegar fróðlegt að heyra hver er ástæða þess að þetta hefur ekki verið gert fyrr að mati félmrh. vegna þess að úr munni hans hljómaði þetta eins og eitthvað sem menn gætu tekið einfalda ákvörðun um við samningaborðið.

Nú hefur þetta verið mikið baráttumál mjög margra um langt árabil og þess vegna, eins og ég segi, væri fróðlegt að vita hvort eitthvað er breytt frá því er var, vegna þess að menn hafa tínt það til að veigamiklar ástæður væru fyrir því að þetta gengur svona illa hjá okkur, bæði kerfislegar og ekki síður efnislegar, og hafa þar m.a. vísað til þess að framleiðni íslenskra fyrirtækja er með því lægsta sem gerist í OECD-ríkjunum.

[16:17]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um að framleiðni íslenskra fyrirtækja mundi lagast með styttri vinnutíma. Mér finnst að það liggi í hlutarins eðli. Ég er vanbúinn að svara því hver ósköpin það eru sem standa í veginum fyrir því að menn geti samið um að stytta vinnutímann, þ.e. ef sömu afköst næst á styttri tíma. Mjög athyglisverðar tilraunir hafa verið gerðar, m.a. — ég held ég fari rétt með — hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þar fengu menn aðra launauppbyggingu og skila sömu vinnu og þeir gerðu áður á verulega skemmri tíma og halda svipuðum tekjum og þeir höfðu áður.

Ég sé ekki annað en það sé allra hagur, bæði vinnuveitenda og launamanna ef hægt er að ná sömu vinnu á skemmri tíma fyrir sömu peninga.

[16:18]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gæti ekki verið meira sammála félmrh. en bara með því að setja „ditto" undir þá ræðu sem hann flutti hér áðan. Hins vegar hlýtur það að vekja athygli þegar ráðherra í ríkisstjórninni flytur ræðu eins og hann gerði áðan þar sem þetta virðist allt vera svo auðvelt og einfalt, vegna þess að, eins og ég sagði áðan, menn hafa sett fram ákveðnar efnislegar ástæður fyrir því að þetta hefur ekki verið talið gerlegt og kerfislegar líka. Ég vil m.a. nefna þá taxta sem ákvæðisvinnan byggir á, t.d. í fiskvinnslu og víðar. Ég vil líka nefna Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem byggir á eftirmannsreglu. Gerir ráðherrann ráð fyrir því að þessi málefni sem hafa hingað til verið talin standa í vegi fyrir breytingum, verði upphafin frá og með næstu kjarasamningum? Það væri mjög fróðlegt ef það yrði upplýst hér.

[16:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona það. Ég þori ekki að spá en ég ætla bara að vona að menn feti sig inn á þá braut að draga úr vinnutímanum eða stytta vinnutímann eða minnka vægi aukagreiðslnanna og hækka grunnkaupið.

Ég átti þess kost og eyddi nokkrum tíma í það í fyrravetur, í framhaldi af ræðu sem formaður míns flokks, hæstv. utanrrh., hélt á Alþingi þar sem hann minntist á bætt siðferði í launamálum, að halda nokkra fundi með fulltrúum launamanna. Og það kom mér satt að segja á óvart hvað sumir þeirra tóku dauflega undir þessar hugmyndir um að reyna að auka vægi grunnkaupsins á kostnað aukagreiðslna. Ég geri mér ekki fullkomna grein fyrir því hvers vegna það var.

[16:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar afstöðu hæstv. félmrh. að vera andsnúinn lögbindingu á styttingu vinnutímans því að slíkt eigi að semja um, vil ég nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann er tilbúinn að standa að slíkum samningum fyrir hönd ríkisstarfsmanna eða hvort hann sér ríkisstjórnina koma inn í slíka samninga á einhvern hátt fyrir hinn almenna vinnumarkað í komandi samningum. Ég spyr vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að þetta þjóðfélag komist út úr þeirri vinnuþrælkun sem hér ríkir og hefur verið í langan tíma. Þetta er mjög mikilvægt bæði vegna fjölskyldnanna í landinu og til að dreifa þeirri atvinnu sem til staðar er sem jafnast á milli fólks.

Hæstv. félmrh. virðist vera mér sammála í orði. En hvað er hann tilbúinn til að gera sem aðili framkvæmdarvaldsins til að þetta geti orðið að veruleika í komandi samningum?

[16:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég sé búinn að gera grein fyrir skoðunum mínum hér. Nú er það reyndar ekki á mínu borði að semja við opinbera starfsmenn. Það er verkefni fjmrh. og það er fjmrh. sem fer með þau mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald þannig að þá þegar af þeirri ástæðu kem ég ekki beint að þessu máli.

Ég tel hins vegar, eins og ég hef margtekið fram, að þetta sé atriði og að þessu eigum við að stefna.

[16:22]

Útbýting þingskjala:

Hjúskaparlög, 176. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 195.

Umboðsmaður aldraðra, 177. mál, frv. GHall, þskj. 196.

Vinnueftirlitsgjald, 110. mál, svar fjmrh., þskj. 192.

Ökutækjastyrkir til fatlaðra íbúa á sambýlum, 105. mál, svar heilbrrh., þskj. 193.

[16:23]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er fyllsta ástæða til þess að ræða þetta mál. Það er af sama meiði og það frv. sem undirritaður mælti fyrir fyrir tíu dögum og það kemur í ljós að það er fyllsta ástæða fyrir stjórnarandstöðuna að vinna saman í málum sem tengjast málefnum fjölskyldunnar.

Ég vil minna á að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vann í sinni ráðherratíð að framsetningu fjölskyldustefnu og lagði hana hér fram. Það mál snýst um afkomumál fjölskyldunnar í víðasta skilningi og það má fagna því að slík mál skuli koma til umræðu hv. Alþingis.

Það er ástæða til, þegar hvert málið á fætur öðru ber á borð þingmanna eins og skerðingarnar eða upplýsingar um þær skerðingar sem fólk verður fyrir, að benda á þskj. 193. Þar er svar við fyrirspurn hv. þm. Sigurðar Hlöðvessonar um ökutækjastyrki og hjálpartæki fyrir fatlaðra íbúa á sambýlum. Hvað kemur þar í ljós? Ökutækjastyrkir hafa lækkað úr 160 millj. í 80 millj. Þetta er alvarleg skerðing. Það er m.a. af þessum ástæðum sem menn eru að tala um þessi mál enda er fyllsta ástæða til.

Herra forseti. Í þessari þáltill. er verið að ræða um um styttingu vinnutíma án lækkunar launa. Auðvitað ætti kannski að ræða um lágmarkstekjur sem þarf til að unnt sé að framfleyta einstaklingi, dagvinnutekjur eða tekjusamsetningu launa, þótt dagvinnutími á mánuði styttist. Ég hef fullyrt að fjöldi manna á Íslandi er með undir 55 þús. kr. í tekjur á mánuði fyrir dagvinnu. Ég tel að allur meðaltalstekjuútreikningur sem t.d. er verið að birta og kom til umræðu áðan, sé til þess að blekkja. Og til að fela hina raunverulegu skömm íslensks þjóðfélags sem er skammarlega lág lægstu samningsbundin laun og lágmarksbætur til ellilífeyrisþega og öryrkja. Við þetta stend ég fullkomlega og ég skora á þá sem neita að afsanna framsetningu mína.

Virðulegur forseti. Ég fagna þessari þáltill. Hún er nefnilega af sama toga og frv. til laga sem ég mælti fyrir fyrir tíu dögum, en mismunurinn er engu að síður sá að ég setti fram tillögu um lögbindingu lágmarkslauna. Og vegna hvers? Vegna þess að laun eru svo lág og vegna þess að Vinnuveitendasamband Íslands hefur gert tillögu um 3,5–4% hækkun á almenn laun. Þess vegna var sú tillaga sett fram.

Það hefur verið sagt að það sé örðugt að skilgreina fátækt. Menn hafa sagt í þessum stól: „Það eru svo mismunandi þarfir að einn getur komist vel af með tekjur sem annar nær ekki saman endum með." Það getur vel verið að það sé rétt að þetta fari eftir aðstæðum. En ég fullyrði að sá sem ekki getur leyft sér að fara í leikhús og á veitingahús, samtals 4–6 sinnum á ári, er fátækur. Sá sem ekki getur leigt sér 35 fermetra íbúð, haft sjónvarp og síma auk fæðis og klæðis, er líka fátækur. Ég tel að það þurfi ekkert aðra skilgreiningu. Ef launin eru svo lág að það sé ekki hægt að fullnægja svona lágmarksþörfum er um fátækt að ræða.

Ég hef gert að umræðuefni útspil Vinnuveitendasambandsins, miðvikudaginn 30. október sl. Ég tel að sú framsetning þeirra sé fullkomin ástæða til þess að verkalýðsfélögin, almenningur, þingmenn og ríkisstjórn bregðist við. Miðað við þessar aðstæður tel ég fyllstu ástæðu til að lög verði sett um lágmarkslaun. En ég ítreka það sem ég hef áður sagt um að draga það frv. af borði ef þannig kemur til.

Ég vil minna á, herra forseti, að frambjóðendur til embættis forseta Íslands sögðu allir í kosningabaráttu sinni að það yrði að hækka lægstu laun verulega. Hæstv. forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, sagði í hátíðarræðu sinni 17. júní sl. að það yrði að hækka verulega lægstu laun. Allir framantaldir aðilar og margir fleiri hafa sagt: „Það verður að hækka lægstu laun, bæta kjör öryrkja og aldraðra.“ Það er heilög skylda allra þessara aðila að standa við stóru orðin í þessum máli. Það er skylda sérhvers alþingismanns að taka undir þá kröfu að lægstu laun verði hækkuð verulega án þess að þeir sem best eru settir fái sömu prósentuhækkun. Ég tel, herra forseti, vera til skammar að aðstæður skuli vera slíkar á Íslandi að sífellt og stöðugt þurfi að vera að berjast í málefnum fjölskyldunnar á Alþingi. Það á að sjálfsögðu að semja um laun, almennileg lágmarkslaun, á vinnumarkaði. En meðan svo er ekki þá tel ég að ekki sé hægt að víkja sér undan því að fjalla mjög alvarlega um málefni fjölskyldunnar. Og ég minni á, herra forseti, að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um að það væri eðlilegt að þessi þáltill. og frv. til laga um lögbindingu lágmarkslauna færu sameiginlega að einhverju leyti til umfjöllunar hjá hv. félmn. og ég tek undir það. Þetta eru mál, eins og hv. þm. Svavar Gestsson rakti áðan, sem eru af sama toga og svo mörg fleiri. Það þarf svo sannarlega að bæta stöðu fjölskyldunnar á Íslandi í dag.

[16:30]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er svo sannarlega um þarft og gott mál að ræða sem við þingkonur Kvennalistans styðjum af heilum hug, svo sem vænta mátti, vegna þess að um nánast sama mál er að ræða og flutt var ítrekað á síðasta kjörtímabili undir forustu Önnu Ólafsdóttur Björnsson, hv. þáverandi þingkonu Kvennalistans í Reykjaneskjördæmi. Áður höfðu komið fram tillögur þessa efnis á Alþingi, ég held bæði frá þingmönnum Alþb. og frá þingmönnum Alþfl. þannig að ekki er um nýjung að ræða en góð vísa er aldrei of oft kveðin.

Tillaga Kvennalistans var samþykkt vorið 1994 en að vísu nokkuð breytt. Tillagan hljóðaði svo í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum.“

Þannig hljóðaði tillagan. Eftir umfjöllun í hv. félmn. varð samkomulag um breytingu á tillögunni þess efnis að gerð yrði skýrsla um þær aðgerðir sem gripið hefði verið til meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miðuðu að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa. Sú skýrsla kom út á síðasta þingi, þ.e. fyrr á þessu ári. Hún er á þskj. 1133 á 120. löggjafarþingi. Ég heyrði reyndar ekki minnst á hana í máli hv. flm. eða málshefjanda né annarra og má vera að menn hafi ekki skoðað þessa skýrslu mikið. Hún kom út á miklum annatíma þegar þingi var um það bil að ljúka. Efni hennar kann að hafa farið fram hjá ýmsum hv. þingmönnum. En hún geymir nefnilega fróðlegar upplýsingar sem má styðjast við í því starfi sem gert er ráð fyrir í þeirri tillögu sem við nú ræðum.

Ég varð undrandi á að heyra andúð eða höfnun hæstv. ráðherra og fleiri alþingismanna á því að setja vinnutímalengd í löggjöf. Á bls. 8 í þessari skýrslu er sýnd tafla um skipulag vinnutíma í ýmsum löndum og verður ekki annað séð en vinnutíma sé skipað með löggjöf í allmörgum löndum ESB, EFTA og Norður-Ameríku þannig að engin nýjung er að setja í löggjöf ákvæði um lengd vinnutíma.

Eins og búast mátti við kemur fram nokkur varfærni í texta skýrslunnar og yfirleitt er ekki kveðið fast að orði. Í samantekt í niðurlagi skýrslunnar er sagt nauðsynlegt að fram fari umfangsmikil könnun á áhrifum vinnutímastyttingar á íslenskt þjóðfélag áður en hún verður framkvæmd. Mér þótti reyndar ákaflega vænt um að sjá þannig tekið til orða „áður en hún verður framkvæmd“ en ekki áður en hún yrði framkvæmd og ég hlýt að reikna með því að skýrsluhöfundar kunni til hlítar muninn á þessum sagnmyndum. Þar er reyndar líka um athyglisverða fullyrðingu að ræða í niðurlaginu þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Almennt er talið að vikuleg vinnutímastytting hafi í för með sér aukna framleiðni.“ Þetta er mikilvæg athugasemd og fullyrðing sem hlýtur að skipta máli þegar reynt er að sannfæra vinnukaupendur um ágæti þess og réttmæti að stytta vinnutímann.

Í skýrslunni kemur fram að á Norðurlöndum hefur stytting vinnutíma lengst af verið hluti af velferðarstefnu stjórnvalda en með vaxandi atvinnuleysi hefur meiri gaumur verið gefinn að því að nýta vinnutímastyttingu eða breytt fyrirkomulag á vinnutíma til að fjölga störfum. Annars staðar í Evrópu mun stytting vinnutíma vera tengd möguleikum á fjölgun starfa.

Í tillögu Kvennalistans var lögð áhersla á styttingu vinnutíma sem lið í því að fjölga störfum og draga á þann hátt úr atvinnuleysi, en í greinargerðinni var hins vegar ekki síður lögð áhersla á félagslega þáttinn. Langur vinnudagur Íslendinga er staðreynd, eins og hér hefur margsinnis verið tekið fram, og lengri en víðast hvar í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Það er verulegt áhyggjuefni. Það er ekki nokkurt einasta álitamál að þessi langi vinnudagur hefur veruleg áhrif á möguleika fólks til að njóta tómstunda og þá ekki síður á samverustundir fjölskyldunnar þar sem um fjölskyldufólk er að ræða. Því miður hafa þessir þættir allt of lítið verið kannaðir. Þó eru til kannanir sem sýna viðhorf Íslendinga til þessa mikla vinnuálags og vilja þeirra til breytinga og þá fyrst og fremst til að geta betur sinnt fjölskyldu og börnum og áhugamálum af ýmsu tagi. En meginástæða þess að fólk telur sig eiga erfitt með að minnka við sig vinnu er auðvitað fjárhagurinn og þess vegna er afar mikilvægt að stytting vinnutíma leiði ekki til kjaraskerðingar.

Í samantektinni í niðurlagi skýrslunnar, sem birt var í framhaldi af samþykkt tillögu Kvennalistans, segir að óvissuþættir um áhrif vinnutímastyttingar á atvinnustigið séu margir og áhrifin breytileg eftir aðstæðum á hverjum stað og hverju sinni. Því skiptir máli hvernig atvinnuástandið er og um hvaða atvinnu- og starfsgreinar er að ræða. Þannig þurfi að líta til reksturstíma, framlegðar og fleiri þátta en síðar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestar rannsóknir hafa sýnt að framleiðni á klukkustund eykst mest við vinnutímastyttingu ef vinnutíminn er langur

fyrir, en fer minnkandi ef vinnutímastytting er gerð út frá styttri vinnutíma."

Þetta er athyglisvert innlegg í umræðuna, þar sem yfirleitt er um langan vinnudag að ræða hér á landi og lengri en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Við hljótum að leggja meiri áherslu á þennan þátt kjaramála hér á landi. Stytting vinnutíma hefur víða verið framkvæmd og Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga en áhersla hefur verið lögð á að tengja vinnutímastyttingu aðstæðum í hverju landi, bæði með tilliti til atvinnustefnu og tækniþróunar og út frá félagslegum og efnahagslegum aðstæðum.

Þá hefur vaxandi áhersla verið lögð á sveigjanlegan vinnutíma og um það efni hefur Kvennalistinn reyndar einnig flutt þáltill. sem að vísu hlaut ekki náð fyrir augum þingsins.

Ég sé að tími minn er búinn, en um þetta mætti reyndar segja ýmislegt fleira. En ég vil aðeins endurtaka að við þingkonur Kvennalistans styðjum þessa tillögu af heilum hug.

[16:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég fagna fram kominni tillögu og lýsi jafnframt yfir að ég er hissa á andstöðu hæstv. félmrh. Páls Pétursson á tillögunni, því efnislega í ræðum virðist hann vera svo sammála. Það er hlutverk opinberra aðila að koma að launamálum einfaldlega vegna þess að við skynjum það öll og vitum þegar við erum að ræða um launamál, að við búum við algerlega forskrúfað kerfi sem þarf að taka upp algerlega frá grunni til að bæta kjörin. Það er ekki bara vinnutíminn. Það eru líka margir aðrir hlutir.

Ég held að allir sem koma að vinnumálum, ekki síst í þeim opinbera geira sem ég þekki, viti að yfirvinna, sem eingöngu er byggð á því að menn þurfi meiri laun, er eyðileggjandi fyrir starfsemi margra fyrirtækja og stofnana og algerlega óþolandi. Stefna á að því að taka yfirvinnutíma af fólki þannig að stjórnendur fyrirtækja geti nú, kannski í fyrsta sinn á Íslandi, beðið um yfirvinnu á eðlilegum nótum vegna þess að þörf er á henni. Þetta er mergurinn málsins.

En nefndin eða tillagan er svo góð vegna þess að Ísland er í algerri sérstöðu varðandi stöðu launamála. Það er varla hægt að bera Ísland saman við aðrar þjóðir vegna þess að á síðustu 12–15 árum bjuggum við við óðaverðbólgu sem kallaði á það að við unnum í svokölluðum pakkalausnum um margra ára skeið.

Ég hef verið opinber starfsmaður í 16 ár og nánast allan þennan tíma hef ég fengið launahækkanirnar mínar með afföllum sem voru bundnar í pakkalausnum. Það voru opinberir aðilar sem studdu pakkalausnir og pakkalausnir voru keyrðar áfram. Stundum fékk maður þá ánægju að vera að borga í vegakerfið, stundum í húsnæðiskerfið en stundum voru pakkalausnir sem voru skrifaðar til hagsbóta fyrir mig sjálfan. Það er mjög mikil ástæða til að skoða allar þessar pakkalausnir.

Ég nefni eina pakkalausn, sem var sett inn í kjarasamninga, og það er matur á vinnustöðum. Ætli matur á vinnustað reiknist ekki sem 10 þús. kr. fyrir manneskju sem hefur 60 þús. kr. á mánuði? Það eru miklir peningar í þessu samhengi.

En við erum að tala um fjölskyldustefnu í hinu orðinu. Hvernig stendur á því að við höfum pakkalausn upp á mat fyrir hina fullorðnu í hádeginu þegar næstum öll skólabörnin okkar hafa engan mat í hádeginu? Er þetta fjölskyldustefna og er þetta pakkalausn sem dugar? Það er þess vegna sem þarf að taka öll þessi mál frá grunni. Að margra mati eru inni í pípunum vegna pakkalausna ef til vill 20–30 þús. kr. Og eru það þá ekki peningarnir sem einmitt vantar til að dekka kostnað, vandræðakostnað, sem við erum að ræða næstum á hverjum degi varðandi vandræðagang í húsnæðiskerfi, afborgun námslána o.s.frv.?

Ég bind miklar vonir við þessa tillögu og ég skora á hæstv. félmrh., Pál Pétursson, að taka tillöguna til endurskoðunar og veita henni brautargengi. Einmitt með það að markmiði að fá út úr nefndinni þessa nauðsynlegu grunnvinnu sem kortleggur sviðið og líta á þetta út frá íslenskum aðstæðum. Ég árétta einu sinni enn: Íslenskt launakerfi er forskrúfað í pakkalausnafyrirkomulagi síðustu 15 ára og ofan af því verður að vinda. Það er hlutverk opinberra aðila að koma að því máli. Það eru allir hér, flutningsmenn og ábyggilega allir þingmenn sammála því að auðvitað eiga aðilar vinnumarkaðarins að leysa sín mál. Það er ekki málið. En menn verða að fá heildarsýn og það er hægt á þessum vettvangi. Þess vegna á að veita þessari tillögu brautargengi og ég legg höfuðáherslu á að í þessa vinnu verði farið.

[16:44]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til að þakka fyrir þær undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið og sömuleiðis þær umræður sem hafa farið fram. Mér finnst mjög mikilvægt að þeir sem hér hafa talað lýsa í raun og veru stuðningi við efni málsins. Hv. þingmenn fallast á að um mikilvægt stórmál sé að ræða sem ekki sé neitt óeðlilegt við að Alþingi ræði. Ég tel einnig mikilvægt að efnislega kom fram stuðningur við málið hjá hæstv. félmrh. þó hann legði kannski aðeins aðrar áherslur en við hin, þá var það mikilvægt. Ég tel því að umræðan hafi verið til góðs og vona að hv. félmn. fjalli með svipað jákvæðum hætti um málið og fram hefur komið í umræðunni.

Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir stuðning, sem fram kom í máli hans, við þessa tillögu. Hann hefur flutt tillögu sem er á sama sviði þ.e. um lágmarkslaunin. Um það eru skiptar skoðanir hvort á að setja lög um lágmarkslaun. Ég hef t.d. alltaf verið heldur gagnrýninn á það vegna þess að þar með væri verið að taka frumburðarréttinn af verkalýðshreyfingunni í landinu. Ég er hins vegar sammála þeim áherslum sem hv. þm. er með að það er mér liggur við að segja siðlaust að borga fólki eftir þessum töxtum eins og þeir eru allra lægstir hér á landi. Það eru tugir þúsunda manna sem enn eru að taka laun á þessum hraklega lágu töxtum. Ég er því ekki hissa þó komi fram frv. um þetta mál í þessari stofnun. Ég tek einnig undir það sem fram kom hjá hv. þm., sem er mikilvæg ábending, að í umræðum sl. vor í tengslum við forsetakosningarnar blossuðu allt í einu einmitt þessir hlutir upp varðandi lágmarkslaunin og launakjörin sem verulegt umræðuefni í forsetakosningunum, sem í raun var mjög athyglisvert og sýndi fyrst og fremst að málið brennur á fólki.

Ég vil einnig þakka sérstaklega hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir að vekja athygli á þeirri skýrslu sem félmrh. lagði fram um styttingu vinnutíma, ég hygg á síðasta þingi á þskj. 1133. Það er afskaplega merkileg skýrsla og fróðleg og það er mjög margt í henni. Skýrslan fjallar um aðgerðir erlendis sem hafa verið ákveðnar til að stytta vinnutíma og fjölga störfum. Það er afskaplega fróðlegt yfirlit í skýrslunni. Hún er nokkuð ítarleg og er upp á 20 bls. Þar er farið yfir skipulag vinnutíma í flestum löndum Evrópu. Þar er farið

yfir sögulegt yfirlit í vinnutímalöggjöf t.d. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þannig að skýrslan, sem þingflokkur Kvennalistans hafði frumkvæði að að kalla fram, er mjög gagnlegt skjal við umræðu um þá tillögu sem fer fram á eftir. Ég tel að í þessum orðum og í því sem hv. þm. Árni Steinar Jóhannsson sagði áðan hafi komið fram mjög mikilsverð sjónarmið sem benda til að Alþingi eigi að geta fjallað um þessa tillögu, sem hefur nú verið rædd að frumkvæði Alþb. og óháðra, og að umfjöllun í nefndinni eigi að geta orðið jákvæð.

[16:48]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir undirtektir við minn málatilbúnað varðandi þáltill. þeirra alþýðubandalagsmanna. En ástæðan fyrir því að flutt er frv. um lágmarkslaun er að í komandi kjarasamningum er verið að fara fram á að leggja af neysluhlé. Hvað er neysluhlé? Neysluhlé eru matartími, kaffitími og pásur, sem hafa verði liðnar í ýmsum atvinnugreinum. Það er farið fram á óskilgreinda hagræðingu, breytingu á vinnutíma og fjölmarga aðra hluti. En á sama tíma er stríðshanskanum kastað framan í verkafólk með tilboði um 3,5% launahækkun á almenn laun. Ég ítreka það að ég er tilbúinn að draga frv. um lágmarkslaun til baka af borðum ef semst um viðunandi laun sem ég tel vera 80.000 kr. sem lágmarkslaun hjá verkafólki. 52 þús. kr. eru launin sem Vinnuveitendasamband Íslands er að bjóða upp á sem almenn lægstu laun. Hver er sá sem rís ekki upp á afturfæturna og mælir gegn slíku?

Herra forseti. Ég hef fyrir því fulla vissu að verkalýðsforustan á Íslandi íhugar alvarlega að grípa verði til þess óyndisúrræðis að lögbinda lágmarkslaun á sambærilegan hátt og gert var á sínum tíma í Frakklandi og gert er í Bandaríkjunum miðað við þau skilyrði sem VSÍ boðar. Ég ítreka þakkir við undirtektir, hv. þm. Svavar Gestsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. MF, 9. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 9.

[16:51]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar sem er á þskj. 9. Flm. er Margrét Frímannsdóttir.

Frv. þetta var lagt fram á fyrstu dögum þingsins en hefur nú verið prentað að nýju örlítið breytt. Í stað þess að í 1. gr. var áður aðeins kveðið á um þátttöku almannatrygginga í greiðslum vegna þjónustu sálfræðinga við börn að 18 ára aldri er nú kveðið á um þátttöku vegna sérfræðiþjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa.

Þegar um er að ræða svokallaða sérhæfða fjölskylduráðgjöf eða fjölskyldumeðferð felur það oft í sér þjónustu beggja þessara stétta. Félagsráðgjafar taka ekki síður en aðrir fagaðilar að sér meðferð og fjölskylduráðgjöf ásamt stuðningsviðtölum en þeirra hlutverk er m.a. að koma á framfæri ýmsum upplýsingum um réttindi og möguleika á annarri opinberri þjónustu.

Í frv. er gert ráð fyrir að binda þátttöku tryggingakerfisins við sérfræðiréttindi í þessum starfsgreinum. En samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef stendur yfir endurskoðun á lögum um félagsráðgjöf þar sem gert er ráð fyrir sérfræðiréttindum innan greinarinnar. Að þessari endurskoðun lokinni verða væntanlega gerðar kröfur um sérfræðiþekkingu á ýmsum sérsviðum t.d. hvað varðar fjölskyldumeðferð og þjónustu fyrir börn með sérþarfir. Það er einnig eðlilegt að binda frv. þetta við starfsemi sérfræðinga á þessu sviði til að takmarka þá útgjaldaaukningu sem fylgir samþykkt frv. fyrir tryggingakerfið. Auk þess ætti krafa um sérfræðiþekkingu að tryggja að hægt er að veita þá þjónustu sem sóst er eftir.

Nokkur hópur félagsráðgjafa hefur bæði almenn meðferðarréttindi og þjálfun til að stunda einstaklings-, foreldra- og fjölskyldumeðferð. Í Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er tveggja ára þverfaglegt nám í fjölskyldumeðferð fyrir reynt fagfólk. Þróunin í dag er í þá átt að spyrja um sérfræðiþekkingu án tillits til þess hver faghópurinn er, ekki síst þegar um sérhæfð verkefni er að ræða.

Margir sérfræðingar, sálfræðingar og félagsráðgjafar neyðast að eigin sögn til að vísa fólki frá af því að það getur ekki greitt kostnaðinn að fullu. Oft er þetta fólk sem ekki getur hugsað sér að leita til félagsmálastofnunar enda er þar löng bið og takmarkaða sérhæfða þjónustu að fá. Skólarnir hafa sömuleiðis lítið bolmagn og taka í reynd aðeins að sér greiningu vandans hjá börnum en ekki meðferð, eins og lesa má í bréfi frá skólaskrifstofu Suðurlands. Með leyfi forseta langar mig að vitna hér í bréf undirritað af Jóni Hjartarsyni, forstöðumanni skólaskrifstofu Suðurlands, og jafnframt í bækling sem hvort tveggja var sent hæstv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur, í byrjun síðasta mánaðar. Þar segir m.a.:

„Rétt er að geta þess hér að ráðgjafarþjónustu skóla er ekki ætlað að veita meðferð. Ein af ástæðunum fyrir því að undirritaður sendir yður bæklinginn til kynningar og í allar heilsugæslustöðvar á Suðurlandi er sú skörun sem á sér stað milli þessara aðila innan skólans þar sem heilsugæslan hefur margvíslegar lagaskyldur, samanber m.a. 53., 57. og 58. gr. reglugerðar nr. 160/1982. Nauðsynlegt er að skólastjórar geti reitt sig á þessa þjónustu heilsugæslustöðva og vísað nemendum þangað til meðferðar þegar við á. En víða er verulegur skortur á að heilsugæslan annist þessa þjónustu eins og reglugerðin mælir til um.

Undirritaður telur nauðsynlegt að hugað sé að þessum atriðum og beinir þeim eindregnu tilmælum til heilbrrh. að hann hlutist til um að þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar sé sinnt í samræmi við lög og reglugerðir."

Þá segir í bæklingnum sem þessu fylgir, sem er stefnumörkun og starfsemi skólaskrifstofu Suðurlands:

„Sérfræðiþjónusta fyrir grunnskólann tekur ekki að sér meðferð einstaklinga eða fjölskylduráðgjöf. Það er á verksviði félagsþjónustu sveitarfélaga, félags- og heilbrigðisþjónustu ríkisins og á ábyrgð forráðamanna."

Við vitum líka að þó fjölskylduþjónusta kirkjunnar anni talsverðu og nýstofnuð fjölskylduráðgjöf Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, Samvist, bætist nú við þá dugar það skammt. Með því að víkka út tryggingaákvæði mundi einnig það bil brúast sem hin ófullburða þjónusta innan skólans sjálfs, samanber grunnskólalögin, býður upp á. Sömuleiðis kynnu þar með að skapast fleiri möguleikar fyrir foreldra sem eru að skilja til að fá aðstoð við tilfinningalegt uppgjör og gerð skilnaðarskilmála.

Það er barnaverndarmál og mikilvægt forvarnastarf að tryggja börnum og foreldrum þeirra aðgang að þjónustu

félagsráðgjafa og sálfræðinga. Þörfin er til staðar, eins og sést í nýlegri könnun, sem var lokaverkefni sálfræðinema Elínar Jónsdóttur og Herdísar Einarsdóttur í Háskóla Íslands. Samkvæmt henni eru um 10% íslenskra barna á aldrinum 10–14 ára með þunglyndiseinkenni og um 20% barna á fermingaraldri sögðust hafa hugleitt sjálfsvíg. Í ritgerðinni koma fram athyglisverðar staðreyndir. Meðal annars að öll einkenni þunglyndis hjá fullorðnum geta komið fram þegar í bernsku og á unglingsárum.

Í tímaritinu Nýtt Líf er sagt frá ritgerðinni og niðurstöðum könnunar sem eru birtar í henni. Þar kemur fram að auk þessara einkenna þunglyndis, sem greina megi jafnt hjá fullorðnum sem börnum, bætist oft við, þegar um ungling er að ræða, árásargirni og andfélagsleg hegðun, sérstaklega hjá unglingsstrákum. Þá segir jafnframt í greininni að þunglynd börn undir 12 ára aldri þjáist þar að auki oft af sektarkennd og hafi miklar áhyggjur af framtíðinni.

Margvíslegir þættir auka hættu á geðlægð barna t.d. streita í fjölskyldum og neikvæð lífsreynsla, svo sem skilnaður eða togstreita foreldra, missir foreldris eða systkinis. Því miður benda rannsóknir til þess að ef þunglyndi kemur fram hjá barni séu miklar líkur á að það eigi við geðlægð eða aðra alvarlega röskun að stríða á fullorðinsárum. Mikilvægt er því að greina einkenni geðlægðar hjá börnum til að bregðast megi við þeim áður en þau ná að festast. Meðferð á börnum ber góðan árangur og er varanleg. Meðal þess sem hægt er að gera til að draga úr þunglyndi barna og unglinga er að veita þeim betri uppeldisskilyrði og grípa inn í um leið og geðræn vandamál gera vart við sig.

Þær Elín og Herdís segja fullvíst að streitan og hraðinn í þjóðfélaginu hafi neikvæð áhrif á andlega líðan íslenskra barna. Mörg börn búa við erfiðar aðstæður, verða að sjá mikið um sig sjálf og axla miklu meiri ábyrgð en þau standa undir með góðu móti. Börn hér á landi taka oft þátt í erfiðleikum og vandamálum foreldra sinna og þjást af öryggisleysi og sektarkennd yfir því að ráða ekki við aðstæður.

Umönnunarbætur og umönnunarstyrkur er greiddur vegna barna að 16 ára aldri sem þurfa á mikilli aðhlynningu að halda á heimilum sínum. Umönnunarbætur eiga að koma til móts við umönnun foreldra fatlaðra og sjúkra barna og útgjöld þeirra. Hæstu greiðslurnar eru vegna mikið fatlaðra og/eða barna með alvarlega langvarandi sjúkdóma, t.d. barna með krabbamein á meðan þau eru í meðferð. Vera þessara barna á leikskóla eða skóla lækka greiðslurnar verulega. Lægstar verða umönnunarbæturnar 2.907 kr. á mánuði en þær hæstu 5.212 kr. á mánuði. Það má velta því fyrir sér hvort þessum greiðslum er ætlað að dekka þann kostnað sem fjölskyldan þarf að bera vegna meðferðar hjá sérfræðingi á sviði félagsráðgjafar eða sálfræði. Það er mjög algengt að fjölskyldur þessara sjúklinga þurfi á þess konar aðstoð að halda. Í dag eru greiðslur umönnunarbóta, umönnunarstyrks og barnaörorku inntar af hendi vegna rúmlega 1.800 barna. Af þessum 1.800 börnum eru um 900 með þorskafrávik, eru misþroska og/eða ofvirk. Hin 900 eru börn haldin alvarlegum langvarandi sjúkdómum eða fötlun. Til þessa hefur verið látið nægja að fá læknisvottorð vegna misþroska barna svo foreldrar eigi rétt á greiðslum vegna umönnunar. Fullkomin greining fæst hins vegar ekki nema hjá sálfræðingi og slík greining kostar eftir því sem ég hef upplýsingar um í kringum 10.000 kr. Ekkert eða lítið hefur verið komið til móts við þarfir þeirra barna eða foreldra þeirra sem þurfa á aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa að halda vegna veikinda eða fötlunar barns. Þjónustan er vissulega til staðar en kostnaður vegna hennar er mikill og nær óviðráðanlegur efnalitlum fjölskyldum. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur ítrekað leitað eftir því við heilbrrn. að þátttaka vegna kostnaðar við þjónustu sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa verði viðurkennd. Þá hafa Landssamtökin Þroskahjálp ásamt félaginu Umhyggju, sem er félag til stuðnings sjúkum börnum, sent ráðherra erindi varðandi þessa þjónustu á barnadeildum sjúkrahúsanna.

Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í bréf sem þessir aðilar sendu heilbrrn. um miðjan júní sl. en þar segir m.a.:

„Landssamtökin Þroskahjálp og Umhyggja, félag til stuðnings sjúkum börnum hafa á undanförnum mánuðum haldið nokkra sameiginlega fundi til að ræða þörf og skort á sálfræðilegum stuðningi á barnadeildum sjúkrahúsa hérlendis. Fundina hafa setið auk fulltrúa frá ofangreindum samtökum ýmsir fagaðilar frá barnadeildum, þar með taldir yfirlæknar.

Eins og fram kemur í hjálögðu eru aðilar sem fundina hafa setið á einu máli um það sem hér er til umfjöllunar. Í stuttu máli, að fyrir löngu sé orðið tímabært að ráða félagsfræðinga og sálfræðinga við barnadeildir sjúkrahúsanna hér á landi. Nefndum aðilum er þó ljóst að slíkt gerist ekki í einu stökki og er því eftirfarandi tillögu komið á framfæri:

„Heilbrigðisráðherra sjái til þess að sem allra fyrst verði ráðinn einn félagsráðgjafi sem sinni báðum barnadeildunum í Reykjavík. Um 100% starf verði að ræða sem skiptist á milli deildanna tveggja í réttu hlutfalli við fjölda legudaga. Ráðning þessi verði til fimm ára og skoðist sem tilraun. Mat verði lagt á árangur í lok tímabilsins og framhald skoðað í ljósi þess."

Virðulegi forseti. Með bréfi þessu fylgir greinargerð sem ætluð er til að skilgreina og skýra þörf veikra og eða fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra fyrir þjónustu sálfræðinga og/eða félagsfræðinga. Þar kemur m.a. fram að rannsóknir víða erlendis og frásagnir foreldra, m.a. hér heima, sýna svo ekki verður um villst að foreldrar og í raun öll fjölskylda barns sem greinist með alvarlegan sjúkdóm eða fötlun þarf mikinn sálfræðilegan stuðning til að takast á við áfallið og þær afleiðingar sem greiningunni fylgja. Sama á auðvitað við þegar áfallið á sér stað við fæðingu barns eða þegar um alvarlegt slys er að ræða. Sjálfkrafa og eðlileg þátttaka sálfræðings og/eða félagsráðgjafa í meðferð barns og fjölskyldu þess auðveldar öllum viðkomandi að takast á við vandamálin.

Stór áföll, sem hafa langvarandi áhrif á fjölskyldur, móta fjölskylduna fyrir lífstíð. Það getur því haft afgerandi áhrif á hvern hátt fjölskyldan er studd fyrstu skrefin eftir að erfiðleikarnir dynja yfir. Ótalmargar fjölskyldur vitna um það að skortur á sálfræðilegum stuðningi hafi þegar á þurfti að halda haft varanlegar afleiðingar á fjölskyldulífið og þá ekki hvað síst sett mark sitt á framtíð barna innan þessara fjölskyldna. Niðurstöður rannsókna benda ótvírætt til þess að þar sem þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa er sjálfsagður hlutur þeirrar heilbrigðisþjónustu sem fötluð börn eða börn með langvarandi sjúkdóma og fjölskyldur þeirra njóta tekst fjölskyldum betur að vinna úr sameiginlega úr erfiðleikunum.

Á allt þetta hefur verið bent í viðtölum við hæstv. heilbrrh. og á fundum og ábendingarnar hafa borist frá fleiri aðilum en þeim sem áður eru nefndir. Samtökin Barnaheill héldu fund um stöðu barna og unglinga á Íslandi. Í skýrslu um niðurstöðu þess fundar kemur m.a. fram að Íslendingar eru

yngsta norðurlandaþjóðin, 30% Íslendinga eru undir 18 ára aldri. Við verjum hins vegar hlutfallslega minna fjármagni til félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir börn en annars staðar á Norðurlöndum. Þar kemur einnig fram að vaxandi skuldastaða heimilanna bitnar illilega á börnum. Börnin verða beinir og óbeinir þátttakendur í fjárhagserfiðleikum heimilanna sem kemur niður á andlegri líðan þeirra og bitnar oft á þátttöku þeirra í skóla- og félagsstarfi. Þá segir í skýrslunni að ætla megi að 20% íslenskra barna þurfi að leita aðstoðar vegna tilfinningalegra afleiðinga. Þar af megi búast við að um 4.000 börn hið minnsta eigi við verulega tilfinningalega erfiðleika að etja. Erfiðleikar þeirra hafa síðan áhrif á foreldra, systkini, skólafélaga og nágranna. Bægja þarf frá goðsögninni að vandamál barna séu léttvæg og að þau vaxi upp úr erfiðleikum sínum. Þessu er öfugt farið. Vandamál barna geta verið mjög alvarleg og afleiðingar þeirra sömuleiðis. Það er útbreiddur misskilningur að sérfræðiaðstoð skóla eigi að sinna meðferð þessara barna. Það er ekki rétt, sú aðstoð felst fyrst og fremst í því að greina vandann og vísa í áframhaldandi meðferð.

Heilsugæslan ætti að vera með á sínum snærum sálfræðinga og félagsráðgjafa sem sinni þessari þjónustu. Þar er hins vegar verulegur misbrestur á. Því verða foreldrar barna sem eiga við þessi vandamál og veikindi að stríða oftar en ekki að sækja þjónustu til sjálfstætt starfandi sérfræðinga þar sem tryggingakerfið tekur ekki þátt í kostnaði fyrir þjónustuna.

Fíkniefnaneysla barna og unglinga hefur vaxið gífurlega á undanförnum árum. Það er vandi sem oft hefur verið rætt um á Alþingi. Samt erum við í þeirri stöðu að sárlega vantar meðferðarúrræði fyrir unglinga sem hafa ánetjast fíkniefnum. Það sannaðist nú fyrir stuttu þegar ríkisstjórninni voru afhentar undirskriftir nokkur þúsund einstaklinga sem vildu knýja á um úrlausnir í þessum málum.

Það er nauðsynlegt að hafa meðferðarúrræði þar sem ungum fíkniefnaneytendum er hjálpað en einnig er nauðsynlegt að foreldrar og systkini þessara barna fái faglega aðstoð við að leysa úr þeim mörgu vandamálum sem upp koma í fjölskyldulífi þegar einn meðlimur fjölskyldunnar ánetjast eitrinu. Vandamálin verða jafnvel stærri og sárari þegar þessi einstaklingur er barn eða unglingur. Margir foreldrar, sem eru í þeirri stöðu að eiga barn í neyslu eða barn sem komist hefur út úr þessum vítahring, hafa sagt að litla sem enga aðstoð sé að fá eða ráðgjöf þar sem unnið er með vandamálið með allri fjölskyldunni. Utan stofnana sé afar erfitt að fá slíka ráðgjöf nema þá að greiða fyrir hana fullu verði. Í raun sé nauðsynlegt fyrir ungling eða barn, sem hefur neytt vímuefna, að fá stöðuga aðstoð til að aðlagast umhverfi sínu aftur. Slík aðstoð þurfi að vera til staðar í langan tíma eftir að meðferð inni á stofnuninni lýkur. Hins vegar er dýrt að kaupa sér þjónustu fyrir einstaklinginn eða fjölskyldu hans. Þjónusta sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa þyrfti að vera sjálfsagður hlutur félagsþjónustunnar og kostnaðarþátttaka ríkisins í samræmi við það. Sama vandamál hefur komið fram hjá þeim börnum og unglingum sem beitt hafa verið hvers konar ofbeldi. Þau þurfa á þessari þjónustu að halda oft í langan tíma, jafnvel árum saman.

Virðulegi forseti. Ef frv. um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna þjónustu sérfræðinga á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar fyrir börn og ungmenni verður samþykkt fylgja því að sjálfsögðu aukin útgjöld ríkisins. Erfitt er að segja til um hve mikil þessi aukning er. Hitt er þó alveg ljóst að sé tekið í tíma á þeim sálfræðilegu og/eða félagslegu vandamálum sem stór hópur barna og unglinga á við að etja er það vissulega forvarnastarf sem skilar sér í sparnaði innan heilbrigðiskerfisins þegar til lengri tíma er litið. Þjónusta sérfræðinga á sviði sálfræði og félagsráðgjafar ætti fyrir löngu að vera búið að viðurkenna sem sjálfsagðan hlut heilbrigðisþjónustunnar með eðlilegri þátttöku ríkisins í kostnaði sjúklings vegna þessarar þjónustu.

Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hæstv. heilbr.- og trn.

[17:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að leggja fram þetta frv. sem gerir ráð fyrir að sérfræðiþjónusta til barna og unglinga utan sjúkrahúsa á sviði sálfræði- og félagsráðgjafar verði greidd af Tryggingastofnun samkvæmt gjaldskrá.

Ég veit ekki hvort hv. alþm. sem hafa verið að samþykkja hver grunnskólalögin á fætur öðrum þar sem alls staðar eru ákvæði um skólasálfræðinga gera sér grein fyrir hve framkvæmd þessarar þjónustu hefur verið ábótavant á undanförnum árum, hve mörg byggðarlög, þar á meðal hér á suðvesturhorninu, hafa haft mjög takmarkaðan aðgang að slíkum sérfræðingum á undanförnum árum. Börn sem sum hver hafa haft ríka þörf fyrir aðstoð sálfræðings hafa oft og tíðum verið á biðlistum skólasálfræðinga árum saman án þess að fá nokkra úrlausn. Ekki er hægt að ráðleggja efnalitlum foreldrum að leita til sjálfstætt starfandi sérfræðinga vegna mikils kostnaðar sem hefur ekki fengist endurgreiddur. Auk þess hefur meðferð hjá skólasálfræðingum oft verið mjög endaslepp, takmarkast við mjög fá viðtöl og beinst að greiningu á námserfiðleikum. Kerfið afsakar sig með löngum biðlistum og að ekki sé hægt að taka erfið sálgæslutilfelli til raunverulegrar meðferðar. Ég veit t.d. til þess að börnum hefur ekki verið boðið upp á meðferð sálfræðings vegna fráfalls foreldis eða erfiðra skilnaðarmála.

Þegar rekstur grunnskóla hefur verið færður til sveitarfélaga vona margir að þessari viðvarandi sálfræðiþjónustukreppu muni nú linna. Það mun samt ekki breyta því að áfram munu koma upp tilfelli sem eru þess eðlis að þörf verður á meðferð, í sumum tilfellum langvarandi hjá börnum og unglingum og stundum mun meinið vart verða upprætt nema öll fjölskyldan verði tekin í meðferð. Það á ekki hvað síst við þegar börn hafa átt við langvarandi líkamleg veikindi að stríða sem hafa lagst þungt á alla fjölskylduna. Eins þegar börn eiga í hlut sem hafa lent í fíkniefnavanda en fátt leggst eins þungt á fjölskyldulífið og slíkt heimilisböl sem er vissulega þyngra en tárum taki og tekur langan tíma að hjálpa fjölskyldum á réttan kjöl sem hafa lent í slíkum hörmungum þótt slík hjálp væri í boði.

Hæstv. forseti. Ég vona að það frv. sem hér er til umræðu fái skjóta og góða meðferð í hv. nefnd og verði sem fyrst samþykkt á hinu háa Alþingi því um mjög brýnt er mál að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. MF, 10. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 10.

[17:16]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð sem er á þskj. 10. Flutningsmaður er Margrét Frímannsdóttir.

Eins og kemur fram í greinargerð með frv. eru í gildandi lögum um félagslega aðstoð ákvæði þess efnis að maki eigi rétt á bótum fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega í heimahúsi. Það er alkunna að það er ekki aðeins maki lífeyrisþega sem annast þá í heimahúsum. Hópurinn er töluvert stærri enda er maki í mörgum tilfellum ekki til staðar eða getur af einhverjum orsökum ekki veitt þessa aðstoð. Þar sem þannig er ástatt er algengast að systkini, börn eða tengdabörn veiti þessa umönnun. Í þessum hópi eru einnig foreldrar sem annast uppkomin börn sín en umönnunarbætur vegna barna falla niður við 16 ára aldur.

Með þessu frv. er lögð til sú breyting að ekki einungis maki hafi rétt til bóta heldur að hver sá sem heldur heimili með eða annast lífeyrisþegann eigi rétt á greiðslu fyrir umönnun, þó háð því skilyrði að viðkomandi geti ekki eða takmarkað vegna umönnunarstarfa stundað vinnu utan heimilis.

Það hefur lengi verið yfirlýst stefna stjórnvalda að stefnt skuli að því að aldraðir og öryrkjar geti dvalist sem lengst í heimahúsum og öll getum við sjálfsagt verið sammála um að það sé allt í senn hagkvæmasta, besta og manneskjulegasta leiðin varðandi aðbúnað þessa hóps þjóðfélagsþegna.

Þá hefur sífelldur samdráttur á sjúkrahúsum og fækkun sjúkrarúma aukið mjög þörfina fyrir að rýmkuð verði gildandi lög þannig að fleiri njóti umönnunarbóta en einungis maki. Fjöldi lífeyrisþega, sem þarfnast mikillar umönnunar, dvelst í heimahúsum. Sem dæmi má taka að á sl. ári var félagsleg heimilisþjónusta veitt á 3.355 heimilum í Reykjavík og heimahjúkrun veitt 1.450 sjúklingum. Í Kópavogi fengu 278 heimili heimilisþjónustu auk 332 einstaklinga heimilishjúkrun. Í Hafnarfirði eru heimilin eilítið fleiri en í Kópavogi og á Selfossi fengu 117 heimili félagslega þjónustu. Þeir eru þó mun fleiri sem veldu þann kost að dveljast heima ef þess væri kostur. Greiðsla umönnunarlauna til fleiri en maka mundi breyta þar miklu um.

Þá vil ég, með leyfi forseta, vitna beint í greinargerðina sem fylgir með frv. en þar stendur:

„Munur á lífskjörum einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu er mikill. Sumir hafa rúmar ráðstöfunartekjur og mikinn tíma fyrir fjölskylduna á meðan stór hópur þarf að vinna langan vinnudag en býr engu að síður við þröngan fjárhag. Vegna bágra kjara er því margri fjölskyldunni ókleift að annast lífeyrisþega inni á heimili."

Margir aðstandendur lífeyrisþega þurfa að leita eftir félagslegri aðstoð sveitarfélaga ef aðstæður eru erfiðar og reynist það mörgum þung spor. Hefur þessum einstaklingum fjölgað verulega á undanförnum árum. Ef þetta frv. verður að lögum þýðir það að aðstandendur lífeyrisþega eiga rétt á launum fyrir umönnunarstörf í heimahúsi, ekki einungis maki lífeyrisþega eins og nú er heldur foreldrar, börn, tengdabörn og aðrir þeir sem halda heimili með honum og veita þá hjúkrun og aðra umönnun sem viðkomandi þarfnast. Þetta mál hefur lengi verið baráttumál Öryrkjabandalagsins og á síðasta aðalfundi þess var eftirfarandi samþykkt gerð, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn 12. október 1996, skorar á Alþingi að samþykkja fram komið lagafrv. um umönnunarlaun. Nauðsyn slíkra umönnunarlauna er ótvíræð og má benda á að ákvæði þess efnis var í stjfrv. fyrir nokkrum árum en frv. fékk ekki afgreiðslu. Til framtíðar litið stuðlar þetta fyrirkomulag að aukinni heill fjölmargra sem þannig geta dvalið lengur á heimilum sínum, svo og að umtalsverðum sparnaði í heilbrigðiskerfinu þar sem umönnunarlaun eru svo miklu lægri en heildarkostnaður að hverju hjúkrunarrými."

Með þessari samþykkt tekur Öryrkjabandalag Íslands undir það sjónarmið að greiða skuli laun í stað bóta fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig að þessi störf skulu metin til jafns á við umönnunarstörf á öldrunarstofnunum.

Virðulegi forseti. Frv. líkt því sem hér er til umræðu hefur verið flutt, sbr. þskj. 81. Sá munur er þó á þessum frumvörpum að hér er gert ráð fyrir að greidd séu laun fyrir umönnun elli- og örorkulífeyrisþega í stað bóta. Hér er heldur ekki gert ráð fyrir að greiðsla verði að hámarki 50.212 kr. á mánuði líkt og gert er í hinu frv. Þess í stað er lagt til að fram fari mat á hjúkrunarþyngd þess sem í hlut á líkt og gert er á öldrunarstofnunum. Hér er lagt til að komið verði á samræmdu mati á heilsufari og aðbúnaði lífeyrisþega í heimahúsi sem gæti gefið raunsanna mynd af þörf á hjúkrun og annarri aðhlynningu og það mat verði lagt til grundvallar þegar launagreiðslur fyrir umönnunina verða ákveðnar.

Virðulegi forseti. Fyrir löngu er orðið tímabært að störf þeirra sem annast elli- og örorkulífeyrisþega séu metin að verðleikum og er mikið réttlætismál. Að lokinni umræðunni legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hæstv. félmn.

[17:23]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er um mjög brýnt og þarft mál að ræða og ég þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir framsöguræðu hennar og raunar við ræðu hennar líka fyrir síðasta þingmáli sem ég lét reyndar undir höfuð leggjast að koma og tala í en þar var líka um mjög þarft mál að ræða.

Vafalaust þekkja margir hv. þm. til heimila og fjölskyldna sem búa við þær aðstæður um lengri eða skemmri tíma að bera ábyrgð á umönnun aðstandenda á ýmsum aldri og af ýmsum ástæðum. Við þekkjum það að áherslan hefur verið að færast í þá átt að auka verulega heimahjúkrun og aðstoð við þá sem þurfa umönnunar við í heimahúsum og aðstoð við þá sem veita slíka umönnun. En þá aðstoð þarf að bæta verulega og efla og um það fjallar frv., þ.e. að hluta til og eflaust að þeim hluta sem hægt er að taka á í lögum.

Frv. tekur á mjög mikilvægum þætti en fleira þarf að koma til og ég hlýt að nefna það hér. Ég vil sérstaklega nefna möguleika á hvíldarinnlögn í eina til sex vikur og ég vil líka nefna aðstoð við gæslu í eina og eina kvöldstund um helgar eða aðra daga. Ekki eru allir svo vel settir að geta skipt með sér tíma þannig að fólk geti nánast ekki leyft sér að bregða sér í leikhús eða kvikmyndahús. Margir verða ákaflega bundnir yfir öldruðu og/eða heilabiluðu fólki eða einstaklingum á heimili og þeir þurfa að eiga möguleika á hvíld um skamman eða lengri tíma öðru hverju. Í þessu efni eru mjög fáir kostir og sem dæmi má nefna að mér er kunnugt um að í Reykjavík er t.d. aðeins eitt skammtímapláss á Skjóli, þ.e. pláss fyrir

hvíldarinnlögn sem mér finnst nú betra orð yfir þetta. Á öldrunardeild Ríkisspítalanna í Hátúni eru tvö slík, eitt fyrir konur og eitt fyrir karla. Það þarf aukna afleysingamöguleika því að margir vilja gjarnan taka aðstandendur inn á heimili sín og veita þeim þá þjónustu og þá umönnun sem þeir þurfa á að halda við þessar aðstæður en þeir eru kannski ekki tilbúnir að binda sig svo gersamlega að þeir geti varla um frjálst höfuð strokið. Þá er ég sérstaklega að hugsa um heilabilaða einstaklinga sem þurfa mjög mikla umönnun.

Eins og við vitum öll þarf miklu meira hjúkrunarrými og það þarf sérhæfðar einingar fyrir heilabilað fólk. En það er ekki svo að það dragi neitt úr mikilvægi þess sem tekið er á í frv. sem ég styð og tek undir af heilum hug.

[17:27]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Aðeins til að taka undir meginefni þessa frv. sem hér er til umræðu þá er þetta mál af sama toga og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flutti í síðustu viku eða vikunni þar áður um félagslega aðstoð og um umönnunarbætur. Þetta er því enn eitt málið af sama toga sem ég held að ástæða sé til þess að fólk skoði betur hvernig er rétt að setja mál af sama toga í einn farveg. Ég fagna þessu frv. eins og ég fagnaði tillögu hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur þar sem er talað um 5. gr. laganna á nákvæmlega sama máta, hvort tveggja frv. til laga, þar sem segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Maki eða sá sem heldur heimili með og annast ellieða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki stundað nema takmarkaða vinnu utan heimilis á rétt á umönnunarbótum sem nemi allt að 50.212 kr. á mánuði. Bæturnar eru heimildarbætur og því háðar öðrum tekjum bótaþega."

Þessi mál eru af nákvæmlega sama toga. Þetta frv. sem er 81. mál, sem hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flutti, er endurflutt frá fyrra ári og ég ítreka að öll þessi mál sem við höfum verið að ræða að undanförnu tengjast afkomu fjölskyldnanna og afkomumöguleikum í víðasta samhengi. Þess vegna vil ég taka undir þessi frumvörp, bæði tvö. Í frv. hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur stendur að þessi lagabreyting sé samhljóða grein í frv. til almannatryggingalaga sem Guðmundur Bjarnason, þáv. heilbrrh., núv. hæstv. umhvrh., lagði fram til kynningar vorið 1991. Nú hlýtur að vera kærkomið tækifæri fyrir Framsfl. að styðja þessi mál. Það liggur í augum uppi að þetta er eitthvað sem fjölmargir eru sammála um. Þess vegna lýsi ég eftir hvort einhver framsóknarmaður er hér til að svara fyrir það frv., sem ég vitnaði til, og vill kannski láta einhver orð falla um þessi mál sem falla svo vel að fram settum hugmyndum framsóknarmanna um fjölskylduna og manneskjuna í fyrirrúmi.

[17:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þau tvö frv., sem hafa verið flutt af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og mælt var fyrir af hv. þm. Ingibjörgu Sigmundsdóttur, staðfesti mjög vel hvað velferðarlöggjöfin og þá aðallega almannatryggingalöggjöfin er gölluð. Almannatryggingalöggjöfin gengur út frá þeirri grunnforsendu að þeir einir geti átt rétt á greiðslum í gegnum almannatryggingakerfið sem eru og flokkast mega undir heföbundnar heilbrigðisstéttir, þ.e. lækna og þá sem starfa undir faglegri stjórn lækna.

Í gildandi lögum er með öðrum orðum ekki gert ráð fyrir að möguleikar séu á því að aðrir komi þarna til. Ég held hins vegar að mjög mikilvægt sé að átta sig á því að nútímaheilbrigðisþjónusta getur ekki skilað árangri nema sálfræðingar og félagsráðgjafar komi að þeim vandamálum, sem fólk á við að glíma. Það er því gamaldagsnálgun að ganga út frá því að eingöngu læknismenntaðir aðilar eða aðilar á vegum hinna svokölluðu heilbrigðisstétta í þrengsta skilningi geti leyst þau mál. Þess vegna er frv. um almannatryggingarnar, sem var rætt áðan, gríðarlega stórt í þessu samhengi. En það er líka frv. um félagslega aðstoð, sem er á dagskrá, vegna þess að þar er hreyft stórmáli. Það sem hefur komið fram hjá hv. ræðumönnum er allt mjög umhugsunarvert. Ég held að nauðsynlegt sé að fólk geri sér grein fyrir að vandinn í þessum málum hefur kannski ekki síst stafað af stöðugri kostnaðartogstreitu milli ríkisins og sveitarfélaganna. Þau dæmi sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir nefndi áðan eru talandi um það. Aðstaða er fyrir hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimilum á nokkrum stöðum á Reykjavíkursvæðinu og væntanlega víðar, ég veit um fáeina aðra staði, en sú þjónusta sem hún er hins vegar að tala um, að því er varðar eina og eina kvöldstund eða eitthvað því um líkt, er þjónusta sem er til sums staðar og í einhverjum mæli, þó í litlu sé, og er kostuð af viðkomandi sveitarfélagi og er þá mál sem hefur í Reykjavík farið í gegnum Félagsmálastofnun Reykjavíkur. Auðvitað er það svo að Reykjavík, eins og eðlilegt er, reynir að halda utan um sitt og ríkið reynir að halda utan um sitt og endar með því að dálítil togstreita verður um þessa hluti, sem er mjög slæmt. Þess vegna er frv. afar mikilvægt því það tekur á þessu máli.

Grundvallarmunur er á frv. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur annars vegar og hv. þriggja þingmanna þingflokks jafnaðarmanna hins vegar vegna þess að í frv. þeirra hv. þm. er talað um rétt á umönnunarbótum sem nemi tiltekinni upphæð og þar með er þessi þjónusta sett inn í hið almenna bótakerfi. Aftur á móti er í frv. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur gert ráð fyrir að maki eða hver sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum ekki eða takmarkað stundað vinnu utan heimilis eigi rétt á greiðslum fyrir umönnunarstörf á heimili sínu. Það er sem sagt ekki verið að tala um umönnunarbætur í venjulegum skilningi heldur greiðslur sem eru greiddar þessum aðilum við sérstakar aðstæður samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Og eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Ingibjargar Sigmundsdóttur er með þessari aðferð komið til móts við þau sjónarmið sem m.a. hafa verið gerðar ályktanir um á vegum Öryrkjabandalagsins.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna, hæstv. forseti, er til umhugsunar. Þetta eru hvort tveggja og allt hin bestu mál og sömuleiðis þau mál sem hv. þm. Gísli Einarsson nefndi. En það er til dálítillar umhugsunar að í kerfinu hjá okkur, í þessari stofnun, lítur oft út eins og þingmenn séu að keppa um hin ágætustu mál og eru jafnvel að leggja fram frumvörp, tillögur eða annað svo að segja um sömu hlutina. Spurningin er hvort ekki er hægt að koma því þannig fyrir í vinnuferlinu í þinginu að það gerist ekki. Vegna þess að ég tel að það sé málum ekki til góða að það verki eins og kapphlaup sé í kringum þau. Ég held þvert á móti að nauðsynlegt sé að virkja samstöðuna þegar um hana er að ræða og hún er til staðar í þessu máli. Það er full samstaða í raun um grunnhugsun þessara mála og á þessu vil ég, hæstv. forseti, vekja sérstaka athygli. Hér er auðvitað hreyft gríðarlega stórum málum, bæði þessu og síðasta dagskrármáli sem bæði um sig mundu valda dálitlum kaflaskilum í velferðarkerfinu af

því að kallað er til nýrra og allt annarra skilgreininga en áður hafa verið notaðar í þeim kerfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 44. mál (fiskiðnaður). — Þskj. 44. [17:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vildi í upphafi máls míns rifja upp að mælt var fyrir málinu í síðustu viku og var umræðu þá frestað m.a. að beiðni hæstv. viðskrh. sem hafði lýst áhuga á að taka þátt í umræðunni. Ég vildi í upphafi spyrja hvort hæstv. viðskrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (RA)**:** Nei. Hann er ekki í húsinu.)

Skil ég ekki rétt, herra forseti, að hann hafi verið látinn vita af að þessi umræða, sem hann bað um frestun á?

(**Forseti** (RA)**:** Jú, mér er sagt svo.)

Ef ekki hafa borist, herra forseti, nein skilaboð frá hæstv. ráðherra vil ég ganga út frá því að hæstv. ráðherra sé á leiðinni til að taka þátt í þessari umræðu eins og hann óskaði sjálfur eftir í síðustu viku.

Þetta mál, sem búið er að tala fyrir, er flutt af fjórum þingmönnum úr þingflokki jafnaðarmanna og fjallar um það að sama gildi um fiskvinnslu hvað varðar fjárfestingu erlendra aðila og almennt gildir um fyrirtæki hér á landi. Rétt er að hafa aðeins formála og rifja aðeins upp söguna um þetta mál.

Á síðasta þingi lögðu þingmenn Þjóðvaka fram frv. um heimild til að útlendingar fjárfestu í íslenskum sjávarútvegi þó með þeirri takmörkun að um væri að ræða 25% hámark fjárfestingarmöguleika þeirra. Nokkru síðar kom fram stjfrv. núv. hæstv. ríkisstjórnar þar sem gert var ráð fyrir að heimila óbeinar fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi og í kjölfarið kom fram frv. fjögurra þingmanna Sjálfstfl. um að heimila fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi allt að 49% ef ég hef þetta rétt í minni. Talsverðar umræður urðu um þetta á síðasta þingi. Málinu lyktaði þannig að stjfrv. varð að lögum en frv. þingmanna Þjóðvaka og fjögurra þingmanna Sjálfstfl. voru ekki afgreidd á því þingi.

Þá var leitt í lög að óheimil væri óbein fjárfesting í sjávarútvegi og auðveldlega var hægt að sýna fram á að útlendingar sem höfðu hug á að eignast meiri hluta í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum þurftu að hafa tiltölulega lítið fyrir því að búa til eignarhaldsfélög þannig að þeir gætu með einföldum hætti náð milli 60%–70% eignarhlutdeild í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Þessi girðing fyrir óbeinu eignaraðildina reyndist e.t.v. ekki eins árangursrík og menn ætluðu í fyrstu. Þessir efnisþættir komu mjög skýrt fram í umræðu á síðasta þingi.

Hins vegar leggur þetta frv. upp með nokkuð aðra aðferðafræði en gert var á síðasta þingi. Hér er tekinn frá útgerðarþátturinn sem hefur hvað verið umdeildastur er varðar fjárfestingar erlendra aðila og ekki er gerð tillaga um að breyta því neitt í þessu frv. heldur eru takmarkanirnar um fjárfestingu við vinnslu sjávarafurða felldar niður. Þetta þýðir að ef frv. yrði að lögum mættu erlendir aðilar fjárfesta í frystingu, söltun, herslu, bræðslu og mjölvinnslu. Útlendingum hafa ekki verið heimilaðar beinar fjárfestingar í þessum aðalgreinum í sjávarútvegsvinnslunni. En það má geta þess að útlendingar hafa þegar heimild að fjárfesta í nokkrum vinnsluaðferðum eins og reykingu, súrsun, niðursuðu, niðurlagningu og innpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnslu afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu. Með þessu frv. væri látið sama gilda um íslenska fiskvinnslu og gildir almennt um iðnað.

Fjölmargir taka svo til orða að okkar fiskvinnsla sé okkar stóriðja, en stóriðja hefur einmitt einkennst af því að þar er nær eingöngu um að ræða erlendar fjárfestingar. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að ekkert nema sóknarfæri séu fólgin í því að lögfesta frv. í þeim búningi eins og það er núna. Það er óeðlilegt að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði. Útlendingar mega fjárfesta í öllum matvælaiðnaði hér á landi ef þeir kjósa svo. Við þekkjum fjölmörg dæmi um fjárfestingar útlendinga í íslensku atvinnulífi. Það hefur reynst vel. Við þekkjum líka í samstarfi útlendinga við íslensk fyrirtæki að markaðssamstarf hafi skapast sem reynst hafi hagkvæmt fyrir báða aðila þegar fram liðu stundir. Það er ekki að efa að íslenskur fiskiðnaður mundi geta nýtt sér þá möguleika eins og hann hefur reyndar gert á ýmsum öðrum sviðum.

Við þekkjum einnig dæmi þess að Íslendingar hafa fjárfest mjög verulega í sjávarútvegi erlendis og við teljum, flestir held ég, hin auknu umsvif Íslendinga erlendis vera mjög æskilega þróun. Það ber að styðja við þá þróun og hún leiðir þá til þess að bæði þekking og arður af slíkum fjárfestingum kemur inn í íslenskt þjóðarbú. Hægt er að rökstyðja það að óeðlilegt sé að mörgu leyti að aðrar reglur gildi fyrir fjárfestingar útlendinga hér á landi í íslenskum fiskiðnaði heldur en þær leikreglur eru sem við þurfum að búa við í erlendri fiskvinnslu.

Ég legg enn og aftur áherslu á að hér er ekki verið að tala um útgerðarþáttinn, því eins og við vitum eru fiskveiðiheimildirnar bundnar við útgerðarfyrirtæki. Hins vegar leiðir þetta til þess að ef menn kjósa samstarf við útlendinga í fiskvinnslu eða útlendingar kjósa að koma og reyna að reka verðmætasköpun hér á landi, annaðhvort í samstarfi við Íslendinga eða einir, mundu menn finna þann farveg í rekstri fyrirtækja sem þeir teldu vera skynsamlegastan, t.d. að stofna sameiginlegt félag með útlensku fyrirtæki um fiskvinnslu hér á landi þar sem væri um að ræða beina fjárfestingu bæði innlends og erlends aðila.

Í stjórnarfrumvarpinu voru afnumdar ýmsar heimildir til takmörkunar á fjárfestingum útlendinga hér á landi, takmarkanir sem menn telja vera til bóta en hafa verið afnumdar, t.d. í bankarekstri, í virkjanamálum o.fl. Allt eru þetta atriði sem stjórnarandstaðan studdi á sínum tíma og styður enn þá hugsun sem þar kom fram.

Ég held að reynslan af löggjöfinni frá því í vor mæli með að opna málið aftur, eins og hér er lagt til, og væri mjög athyglisvert í þessari umræðu að fá einmitt fram afstöðu þingmanna Sjálfstfl., ekki hvað síst þeirra þingmanna sem lögðu fram á sínum tíma frv. um 49% eignaraðild erlendra aðila. Það væri athyglisvert ef fram kæmi í umræðunni, herra forseti, hvort þeir þingmenn Sjálfstfl., sem vildu ganga lengra en stjfrv. lagði til, gætu stutt þetta frv., eins og það er lagt fram, því á það má benda að einn viðkvæmasti þátturinn, sem varðar eignaraðild útlendinga að útgerðinni, er tekinn út úr. Hins vegar er ekki sett nein takmörkun á hvað erlendir aðilar mættu fjárfesta mikið í íslenskri fiskvinnslu. Flm.

veltu því fyrir sér hvort eðlilegt væri að hafa einhverjar takmarkanir, kannski 50%, 49% þó bara væri um vinnsluþáttinn að ræða. Niðurstaða okkar varð sú að í sjálfu sér þjónaði það engum sérstökum tilgangi að setja slíkar takmarkanir. Við höfum fjölmörg dæmi einmitt um erlenda eignaraðild hér án þess að nokkuð annað hafi skapast af því en sóknarfæri fyrir íslenskt efnahagslíf bæði í formi atvinnu og aukinna útflutningstekna.

Herra forseti. Við flm. þessa frv. teljum að með þessari útfærslu, þ.e. að láta sömu reglur gilda um fiskiðnað og gildir um annan iðnað og aðra athafnastarfsemi hér á landi, sé þessu fundinn heppilegur farvegur, skynsamlegur farvegur sem býður upp á sóknarmöguleika fyrir íslenskan sjávarútveg. Það er ekki tekið á þeim þáttum sem snúa að útgerðinni og við erum þeirrar skoðunar að fjárfestingar erlendra aðila í fiskvinnslu hér á landi hafi í för með sér möguleika fyrir fiskvinnsluna að sækja fram í auknu samstarfi á erlendum vettvangi bæði hvað varðar sölu og vinnslu sjávarafurða.

[17:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á síðasta þingi voru lögin um erlenda fjárfestingu tekin til endurskoðunar. Það starf fór fram á vegum viðskrn. og sérstök nefnd sá um þá endurskoðun. Málið var lagt fyrir Alþingi til ákvörðunar. Á þeim tíma, eins og fram kom hjá hv. þm., voru gerðar ýmsar breytingar, mjög mikilvægar margar hverjar, sem sneru fyrst og fremst að því að opna heimildir fyrir útlendinga til að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Þau tvö svið voru nefnd, í orkunni og í fluginu eða samgöngunum. Ég tel að það hafi verið til bóta. Skiptar skoðanir voru um hversu langt skyldi ganga varðandi sjávarútveginn. Þetta var gert, eins og ég segi, á síðasta þingi er Alþingi fékk málið til umfjöllunar og samþykkti ný lög um erlenda fjárfestingu fyrir tæpu ári. Á þeim tíma treysti Alþingi sér ekki til að ganga lengra heldur en raun ber vitni. Það frv. sem hér er flutt er að mörgu leyti efnislega samhljóða þeim tillögum sem þá komu fram og ég veit að voru til umræðu í hv. efh.- og viðskn.

Það er hins vegar svo að lög um fjárfestingu erlendra aðila, þurfa sífellt að vera í endurskoðun. Það þarf að gá að sér í þeim efnum. Nefnd sú sem ég skipaði á sínum tíma til að endurskoða lögin er enn þá að vinna að því af þeirri ástæðu, eins og ég segi, að þetta eru lög sem sífellt þurfa endurskoðunar við. Vegna þess að mjög örar breytingar verða á þessum sviðum. Ég er ekki með þessu að boða að hér komi fram stjfrv. á þessu þingi sem kalli á breytingar á gildandi lögum en nefndin hefur það verkefni að fylgjast með þeim breytingum sem eru að gerast í löndunum í kringum okkur og um leið að gera tillögur um breytingar á þeim lögum sem núna eru í gildi. Ég mun fylgja því eftir að það geti gerst en ég er ekki með þessu að boða það að frv. um slíkt efni verði lagt fram á þessu þingi. En ég tel að menn þurfi að fylgjast með í þessum efnum og hugsanlega er ekki langt að bíða að breytingar geti orðið sem snúa að sjávarútveginum. En Alþingi var á sínum tíma ekki tilbúið til að ganga lengra. Það verðum við að hafa í huga.

[17:51]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli nálgast málið með opnum huga. Hann bendir réttilega á að lögin hafa ekki verið í gildi mjög lengi og að þau eru til skoðunar í ráðuneytinu og í nefnd. Því ber að fagna. Þó hann sé ekki reiðubúinn á þessum tímapunkti að gefa neinar yfirlýsingar um frekari breytingar, þá tel ég samt sem áður að hér sé skynsamlegt upplegg. Þessi hugmynd hefur verið rædd víða, eins og ráðherra gat um, m.a. í efh.- og viðskn. Við vitum að Íslendingar hafa fjárfest erlendis á undanförnum árum fyrir milljarða. Við getum líka verið sammála um þá skoðun að betra sé að fá inn erlent áhættufé til samstarfs í íslenskt atvinnulíf en erlent lánsfé og úr þessu geti skapast mikil sóknarfæri. Við vitum að alþjóðaviðskipti með sjávarafurðir eru að stóraukast og hafa verið að stóraukast á undanförnum árum. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að við megum ekki vera of varkár í breytingum á okkar löggjöf sem örva viðskipti og samstarf Íslendinga og útlendinga í atvinnulífinu. Allur heimurinn er á fleygiferð, einmitt í þessa átt, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. samvinna, fjárfesting milli landa. Hér er lagt upp með slíka útfærslu að ekki er á nokkurn hátt hægt að halda því fram að þetta geti kallað á einhverja misnotkun. Það er alls ekki í þessu tilfelli. Hér er um að ræða margvíslega sóknarmöguleika og ég kýs að skilja hæstv. ráðherra þannig að hann fylgist gaumgæfilega með því sem hin nýja lagasetning, eða frá því í vor, hefur í för með sér og sé reiðubúinn að skoða þau mál þegar koma fram fleiri rök og meiri reynsla varðandi þá þætti sem eru til umræðu.

[17:53]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Efnislega er ég að mörgu leyti sammála hv. þm. Sú nefnd sem hefur það verkefni að fylgjast með þróun á þessu sviði mun vitaskuld taka það frv. sem hér liggur fyrir í þingskjali til skoðunar. Það eru hins vegar margar aðrar breytingar sem ég tel að nauðsynlegt sé að gera. Það hefur komið í ljós eftir að lögin voru á sínum tíma samþykkt í þinginu fyrir tæpu ári að nauðsynlegt er að gera ýmsar breytingar og það mun nefndin einnig skoða. En ég hygg þó að menn séu almennt sammála því að það ber að koma í veg fyrir að erlend fjárfesting í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum geti leitt til þess að þeir aðilar sem hafa nýtingarréttinn á fiskveiðiheimildunum, að þau fyrirtæki sem þann rétt hafa, lendi í höndunum á erlendum aðilum.

[17:55]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist að ég og hæstv. viðskrh. séum á ýmsan hátt að tala svipað tungumál. Ég er þess fullviss að þegar sú endurskoðun sem hann boðaði eða ræddi um hefur farið fram verði vafalítið hægt að taka þessa hluti sem eru lagðir til í frv. til gagngerðrar skoðunar. Þetta frv. leggur upp með að koma í veg fyrir þá hugmyndafræði eða eins og hann orðaði það — að erlendir fjárfestar fái nýtingarrétt í íslenskri lögsögu. Það má eiginlega segja að það sé akkúrat nálgunin við framsetningu frv. vegna þess að við tölum bara um fiskvinnsluþáttinn. Núverandi lagaákvæði mun eftir sem áður gilda hvað varðar útgerðarþáttinn og það er jú útgerðin sem fær veiðiheimildir hér á landi. Ég held að engin hætta sé á ferðum. Ég veit að ráðherra var ekki að tala um að frv. leiddi til þess heldur miklu frekar að undirstrika mikilvægi þess þáttar og því er frv. m.a. lagt upp á þennan hátt, þó svo að menn geti haft misjafnlega þungar áhyggjur af þátttöku útlendinga í útgerð. Látum það liggja á milli hluta. En eins og frv. er lagt fram, að mínu mati, herra forseti, þá ætti að geta skapast samstaða um þá efnisþætti sem þar er fjallað um.

[17:56]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja áfram máls á erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi. Ég get verið sammála hv. þm. Ágústi Einarssyni um það að umræða og þróun í þessari grein er íslensku efnahagslífi mjög mikilvæg og nauðsynlegt að fylgjast með á þeim sviðum. Ég fagna því einnig að hæstv. ráðherra er enn með nefnd í gangi sem mun fylgjast með þeirri þróun er á sér stað annars staðar í heiminum sem og þeirri umræðu sem fer fram á Íslandi.

Eins og hv. þm. kom inn á í framsöguræðu sinni voru ýmsir aðilar á síðasta þingi með hugmyndir um hvernig best mætti þróa sjávarútveginn í þá átt að erlendir aðilar kæmu sem best að rekstri hans. Ég var einn af þeim fjórum sjálfstæðismönnum sem fluttu lagafrv. um að heimila 49% erlenda fjárfestingu í sjávarútvegsfyrirtækjum. Var þá ekki undanskilin útgerð eða einhver sérstök grein sjávarútvegsins heldur var gert ráð fyrir að erlendir aðilar mættu eignast 49% í sjávarútvegsfyrirtækjum eins og þau kæmu fyrir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðustu árum hefur orðið gríðarleg samrunaþróun í sjávarútvegsfyrirtækjum þar sem útgerð, fiskvinnsla, bræðslur og alls konar vinnsla í kringum sjávarútveg hefur þróast í einu og sama fyrirtækinu. Þau verða því sífellt fjölbreyttari og stærri með breiðari undirstöðu sem dregur úr sveifluáhrifum innan sjávarútvegsins og gerir þau almennt fýsilegri í augum fjárfesta á Íslandi. Tekist hefur með ágætum að sameina margs konar vinnslu innan eins sjávarútvegsfyrirtækis sem hefur leitt til mjög hækkandi verðs á fjármagnsmörkuðum á hlutabréfum í sjávarútvegsfyrirtækjum. Mér sýnist þróunin vera sú að þessi fyrirtæki stækki frekar en hitt. Ég tel að með því að heimila erlenda fjárfestingu einungis í fiskvinnslunni en ekki í útgerðinni séum við að kljúfa upp þessa þróun, sem er sannarlega mjög æskileg, þ.e. að breikka grundvöll sjávarútvegsins og fyrirtækja hans, og að það muni þýða veikari sjávarútvegsfyrirtæki og minna spennandi fyrirtæki fyrir fjárfesta almennt að koma nálægt. Þannig að ég er hræddur um að það verði ekki til þess að styrkja fyrirtæki. Við getum nefnt ýmis fyrirtæki eins og Harald Böðvarsson, Granda, fyrirtæki norður á Akureyri, sem er að hugsa sér að fara út á fjármagnsmarkaðinn, og mörg fleiri. Ég er alls ekki sannfærður um að frv. sem þetta mundi styrkja sjávarútveginn heldur gæti leitt til þess að áhugi fyrir honum mundi minnka. Við vitum að það sem skapar verðmæti í sjávarútvegsfyrirtækjum er að sjálfsögðu kvótinn. Og það mun hugsanlega freista erlendra aðila að geta komist eitthvað nær honum og þeir þröskuldar sem hafa verið hafa greinilega dugað til þess að erlendir aðilar hafa ekki áhuga á því að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Þó svo að þeir geti gert það með ýmsum hliðarráðstöfunum þá eru þær of flóknar.

Ég held því að miklu skynsamlegra sé að halda sig við þær aðferðir sem menn fóru að feta sig inn á á síðasta þingi, þ.e. að heimila í skrefum fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútveginum í heild. Ég tel óhætt að fara upp í 49% en að fara upp í 100% á einhverjum stigum og það í einu þrepi sé óráðlegt. Við megum nú ekki gleyma því að fiskvinnslan á stærsta hlutann í útgerðarfyrirtækjum og þar af leiðandi kvótann þannig að ég hugsa að það yrði mjög flókið ferli að skipta upp þessum fyrirtækjum aftur sem þegar hafa sameinast um rekstur margs konar sjávarútvegsvinnslu innan eins fyrirtækis. Ég er hræddur um að þetta mundi geta kallað á einhverjar ófyrirsjáanlegar fléttur sem ég held að mörgum finnist orðnar nógu margar í okkar útgerð nú þegar. Því tel ég að fyrir sjávarútveginn væri best að styrkja þá þróun sem þegar á sér stað, innan þess ramma sem er fyrir, og við stígum svo hin skrefin á sama hátt og við höfum þegar reynt að marka okkur stefnu um með frumvörpum þó ekki hafi náð fram að ganga. Eftir því sem mér heyrðist á hæstv. iðnrh. þá eru hugmyndir ráðuneytisins að breytast verulega. Ég skyldi hann sem svo að þar væru í skoðun alls konar hugmyndir sem við höfum ekki fengið að sjá enn þá en munum væntanlega sjá á þessu þingi í einhverju formi þó svo að það verði ekki í frumvarpsformi að svo stöddu.

[18:03]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru mér nokkur vonbrigði að hv. þm. Kristján Pálsson telji sig ekki geta lýst stuðningi við þetta frv. miðað við hvernig hann talaði um þætti málsins hér fyrir ári síðan. Það sem hann nefnir sem röksemd í þessu, sem ég er ekki sammála honum um, er að þetta muni veikja íslenskan sjávarútveg með því að aðskilja útgerð og vinnslu eins og hér er gert ráð fyrir. Það er einmitt það sem við gerum raunverulega ekki, þ.e. við skyldum ekki aðila til aðskilja veiðar og vinnslu því það gilda jú óbreytt lög um útgerðarþáttinn. Við erum hins vegar að bjóða upp á þann valkost, og þetta kemur skýrt fram í okkar geinargerð, að ef íslensk fyrirtæki vilja hafa samstarf við erlenda aðila, þá mega þau gera það fyrir opnum tjöldum og mundu þá stofna um það sérstakt fyrirtæki. Það eru eiginlega þau sóknarfæri sem við eru að tala um í frv. því þetta mun vafalítið leiða til þess að það yrðu samstarfsverkefni stofnuð hér á landi um fiskvinnslu, einhverja tiltekna fiskvinnslu í samstarfi við íslensk fyrirtæki. Það er engin hætta á því að erlendir aðilar komist að útgerðar- eða veiðiheimildaþættinum, en það eru svo mörg sóknarfæri. Og ég veit að hv. þm. gerir sér alveg fulla grein fyrir því að erlend eignaraðild, þó svo að takmörkuðu leyti yrði eða jafnvel full, mundi skapa mjög mikla möguleika einmitt í markaðsmálum á íslenskum sjávarafurðum. Og að verðmætasköpunin mundi verða hér á landi með þátttöku þessara erlendu aðila sem er mjög mikilvægt. Til allrar hamingju erum við nú ekki lengur að flytja út fiskvinnslu eins og við gerðum fyrir nokkrum árum, það er í takmörkuðum mæli sem slíkt á sér stað. Þessi útfærsla sem frv. leggur til mundi enn frekar styrkja íslenska fiskvinnslu þó svo að ég geti alveg verið sammála hv. þm. að ég er ekkert sérstaklega með miklar áhyggjur af því þó útlendingar ættu í íslenskri útgerð enda lögðum við það til í fyrra. En með þessu væri hægt að stíga skref sem gæti skapast kannski betri samstaða um heldur en aðrar útfærslur.

[18:06]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að mörgu leyti verið sammála hv. þm. um það að með því að hleypa erlendum aðilum inn í íslenskan sjávarútveg mundum við geta bætt markaðsstöðu okkar og hugsanlega aukið þekkingu á framleiðslu sjávarafurða á Íslandi. Að því leytinu til er ég alveg sammála. Það sem ég er hræddur um er ef við færum að heimila erlenda fjárfestingu og það 100% í einum þætti sjávarútvegsfyrirtækja í dag þá yrði það til þess að stöðva þá þróun sem er á hraðri siglingu að fyrirtæki sameini ýmsar greinar sjávarútvegsframleiðslunnar innan eins fyrirtækis og styrki þannig undirstöðuna. Ég þykist sjá það fyrir að ef það gerðist þá mundu þessi stóru fyrirtæki, sem núna eru mjög stöðug og öflug, kljúfa fiskvinnsluna út úr fyrirtækinu og stofna sér-

stakt fyrirtæki um það til þess hugsanlega að ná inn erlendri fjárfestingu og það mundi veikja heildina. Þess vegna tel ég réttara að fara þá leið að heimila erlendum aðilum að fjárfesta í sjávarútvegsfyrirtækjum með fjölþætta vinnslu og það sé óháð því hvort fyrirtæki séu með útgerð eða fiskvinnslu eða útgerð og fiskvinnslu saman. Það er eingöngu af þessum ástæðum sem ég óttast að þetta geti stöðvað mjög hagkvæma þróun sem er í dag og tefji þá að við getum komið að því áhugamáli, sem er okkar beggja að ég veit, okkar hv. þm. Ágústar Einarssonar, að erlendir aðilar fái heimildir til þess að fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi í heild sinni.

[18:08]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það kom fram áðan í máli hæstv. iðn.- og viðskrh. að hann væri enn með nefnd að störfum sem fylgdist með þróun og kæmi með tillögur um breytingar á lögunum um erlenda fjárfestingu þegar mönnum sýndist það tímabært. Þetta er mjög merkilegt í ljósi þess að lögunum var jú breytt fyrir tæplega ári síðan. Sérstaklega er það þó merkilegt fyrir þær sakir að þegar verið var að semja um Evrópska efnahagssvæðið áttum við Íslendingar í þó nokkrum átökum við viðsemjendur vegna þess að við töldum nauðsynlegt að undanþiggja íslenskan sjávarútveg öllum erlendum fjárfestingum en mér heyrist hér í dag að það hvarfli ekki að nokkrum manni heldur sé miklu frekar nú orðið spurningin um það hversu mikið og að hvaða leyti við leyfum fjárfestinguna. Hér hafa orðið miklar breytingar á viðhorfum manna gagnvart erlendri fjárfestingu í sjávarútvegi og menn eru farnir að ræða þessa hluti út frá allt öðrum forsendum en þeir gerðu bara fyrir nokkrum árum síðan. Og það er vel.

Vegna orða hv. þm. Kristjáns Pálssonar áðan vil ég undirstrika það að hugsunin í frv. er ekki sú að kljúfa sjávarútvegsfyrirtækin upp. Og ég held að við stöðvum enga þróun þó svo að þetta frv. yrði að lögum vegna þess að þetta frv. heimilar beina fjárfestingu í tilteknum greinum fiskiðnaðar. Nú þegar er heimilt að fjárfesta beint í öðrum greinum fiskiðnaðar eins og í öðrum iðnaði og öðrum matvælaiðnaði. Að mínu mati er hér miklu frekar um ákveðna leiðréttingu að ræða vegna þess að það er ákveðin mismunun í gangi eftir því hvaða vinnsluaðferð eða kannski öllu heldur hvaða geymsluaðferð er viðhöfð í vinnslunni. Ég er líka alveg viss um það að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki kljúfa ekki frá sér lífvænlega anga bara til að efna til samstarfs við útlendinga ef það veikir heildina. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa sýnt það á undanförnum árum að þau eru mjög aðlögunarhæf. Þau eru mjög dugleg að nýta sér þá möguleika sem eru í stöðunni hverju sinni. En þau hafa líka verið mjög dugleg við að ávaxta sitt pund og í rauninni að efla sína stöðu. Þau hafa haft til þess margs konar aðstæður á undanförnum árum en við sjáum af þeim tölum sem við erum að lesa um og heyra varðandi afkomu, varðandi stærðir þessara fyrirtækja að þau hafa mjög verið að eflast. Ef þessi fyrirtæki sjá sér hag í því að vera með alla þá breidd inni sem hv. þm. lýsti hér áðan þá munu þau gera það. Ef þau hins vegar sjá sér hag í því að efna til samstarfs við erlenda aðila um einhverja tiltekna þætti þá mun það áreiðanlega styrkja heildina.

Ég vil líka endurtaka það að hér sé um ákeðna leiðréttingu að ræða vegna þess að mitt mat er það að lögin eins og þau eru núna séu óskýr og erfitt að vinna með þau. Ég held að það sé ekki tilviljun að útlendingar kaupa ekki fisk á fiskmörkuðum hér og láta síðan vinna hann hérna. Ég held að það sé vegna þess að lögin eru óþjál. Ég veit það líka að þeir aðilar sem eru að leita fyrir sér erlendis um samstarf við aðila í öðrum matvælaiðnaði þar sem útlendingum er heimilt að fjárfesta eru auðvitað spurðir um fiskiðnaðinn vegna þess að menn vilja gjarnan eiga samstarf við Íslendinga um það sem lýtur að sjávarútvegi eins og við þekkjum en þessir aðilar eiga í erfiðleikum með lögin eins og þau eru núna. Það sem knýr á um að þetta sé skoðað er bæði það að við viljum gjarnan reyna að ná erlendu áhættufjármagni í annan matvælaiðnað. Við viljum ná inn þekkingu, við viljum ná inn þróun, við viljum ná inn samstarfi um markaðsmál en það knýr líka á að hér eru og hafa verið í gangi ákveðnar fjárfestingar, innan gæsalappa þó, erlendra aðila í fiskvinnslunni en þó ekki með hlutafjárkaupum. Ekki með þeirri nálgun sem menn reikna með þegar verið er að tala um fjárfestingar erlendra aðila. Við vitum dæmi þess að útlendingar hafa lánað íslenskum aðilum fé til þess að þeir geti keypt fiskvinnsluhús. Þeir lána og eiga tæki og vélar. Þeir hafa alfarið með markaðsmálin að segja og þar með hvað er framleitt. Þannig eru til fyrirtæki á Íslandi þar sem erlendir aðilar eru í raun eigendur án þess þó að þeir séu skrifaðir fyrir rekstrinum vegna þess að það er óheimilt. Ég held að löggjöf sem þessi mundi breyta þessu ástandi, hún yrði til þess að menn kæmu beint framan að þessum hlutum og við fengjum erlent áhættufjármagn inn í þennan atvinnurekstur með þeim hætti sem menn, að mínu mati, voru að tala um þegar þeir voru að tala um erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi.

Nú ég vil lýsa yfir ánægju minni með það sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. og jafnframt þá bind ég vonir við það að hv. efh.- og viðskn. fari mjög nákvæmlega yfir það við yfirferð frv. hvernig þróunin hefur verið að undanförnu varðandi fjárfestingar erlendra aðila í fiskiðnaði. Ég held að það sé nokkuð brýnt fyrir okkur að kortleggja hvernig veruleikinn er vegna þess að ég held að hann sé að sumu leyti dálítið öðruvísi en blasir við ef menn lesa bara lögin. Eins og ég sagði áðan þá hefur vilji manna til að taka upp samstarf fundið sér annan farveg en reiknað var með. Ég tel rétt að við bregðumst við því með einhverjum hætti.

Herra forseti. Ég vil aðeins í lok umræðunnar rifja upp helstu atriðin sem ég tel mikilvæg í þessu máli. Þá er það í fyrsta lagi að það er mitt mat að óeðlilegt sé að mismuna fyrirtækjum í matvælaiðnaði eftir því í hvaða greinum þau eru. Það sé í rauninni fráleitt að mismuna fiskiðnaði eftir því hvaða vinnsluaðferðir eru viðhafðar. Þetta gerir, eins og ég sagði áðan, lögin þannig að það er erfitt að vinna eftir þeim og kannski ekki auðvelt að útskýra fyrir erlendum aðilum af hverju má ekki fjárfesta í söltun en allt í lagi að fjárfesta í reykingu, bara svo ég taki dæmi. Þetta er dálítið snúið og erfitt að útskýra og eykur ekki samkeppnishæfni Íslands eins og þar stendur vegna þess að það er ekki verið að gera atvinnuvegi sem þarf að búa við svona löggjöf auðveldara fyrir eða að bæta starfsumhverfið sem ég tel að við þurfum að hafa augun á á Alþingi þegar við erum að tala um atvinnulífið, að reyna að bæta starfsumhverfið þannig að fyrirtækjunum okkar verði gert kleift að vinna.

Það eru mörg dæmi um erlendar fjárfestingar á Íslandi, þó ekki nógu mörg, en þau sem við þekkjum hafa yfirleitt verið til góðs. Menn hafa talað um að það væri hættulega lítið um fjárfestingar annars staðar en í stóriðju og af því að menn hafa áhuga á því núna að ná inn erlendu fjármagni í annan matvælaiðnað þá held ég að við eigum að leita þeirra

leiða sem hægt er vegna þess að það er jú stóriðja okkar og ekki síst stóriðja landsbyggðarinnar.

Menn hafa talað um að eignatengsl Íslendinga og útlendinga í fiskvinnslufyrirtækjum geti örvað markaðsstarf og leitt til nýsköpunar. Það kom fram áðan í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar að menn væru að sækja í kvótann. Það er ekki alls kostar rétt. Ég held að erlendir aðilar séu ekkert endilega að sækja í veiðiheimildir. Með því er ég ekki að segja að einhverjir þeirra væru ekki meira en viljugir til þess að komast inn í landhelgina en ég held að þeir séu í raun að sækjast eftir öðru. Ég held að margir þessara aðila séu að sækjast eftir afurðum til sölu erlendis. Þeir eru að sækjast eftir fiski til vinnslu vegna þess að þá vantar einhverjar tilteknar sérhæfðar afurðir inn á sinn markað. Í sumum tilfellum vilja þeir jafnvel hafa hönd í bagga með því hvernig þessar afurðir eru og hvernig þær berast inn á markaðinn. Við vitum um dæmi þess. Þannig að ég held að þarna kunni að liggja allt önnur sjónarmið að baki heldur en þau að menn vilji komast inn í útgerðina. Ég er ekki endilega viss um að hefðbundin erlend matvælavinnslufyrirtæki, sem væru tilbúin að taka upp samstarf við Íslendinga um matvælaiðnað, hafi endilega áhuga á því að fara í útgerð. Ég held að þetta séu sérhæfð fyrirtæki á sviði matvælaiðnaðar og hafi ekkert áhuga á að breikka sig þannig. Þó ég, eins og ég segi, þykist vita að menn væru fúsir til að komast inn í landhelgina ef það byðist stendur það ekki til með þessu frv. hér.

Ég talaði áðan um samkeppnisstöðu Íslands. Ég held að það skipti verulegu máli að við erum að einfalda löggjöfina og ég vænti þess að þegar bæði hv. efh.- og viðskn. og sú nefnd sem ráðherra er með á sínum vegum til að skoða þessi mál verða búnar að fara yfir þetta frv. þá muni það verða niðurstaða þeirra aðila eins og mín að hér sé frekar um ákveðna leiðréttingu að ræða en að um ákveðna stefnumörkun sé að ræða vegna þess, eins og ég sagði áðan, í sumum greinum fiskiðnaðar er þegar leyfilegt að vera með beina 100% þátttöku erlendra aðila.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 18:20.

---

27. FUNDUR

þriðjudaginn 19. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stytting vinnutíma án lækkunar launa, þáltill., 4. mál, þskj. 4. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, frv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Félagsleg aðstoð, frv., 10. mál, þskj. 10. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 44. mál, þskj. 44. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi, beiðni um skýrslu, 160. mál, þskj. 177. *Hvort leyfð skuli.*
6. Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.
7. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 188. — 1. umr.
8. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 189. — 1. umr.
9. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 173. mál, þskj. 190. — 1. umr.
10. Fjöleignarhús, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — 1. umr.
11. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 159. mál, þskj. 176. — 1. umr.
12. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 168. — 1. umr.
13. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.
14. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Stytting vinnutíma án lækkunar launa, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF o.fl., 4. mál. — Þskj. 4.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF, 9. mál (sálfræðiþjónusta). — Þskj. 9.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. MF, 10. mál (umönnunarbætur). — Þskj. 10.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. SvanJ o.fl., 44. mál (fiskiðnaður). — Þskj. 44.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi.

Beiðni ÁE o.fl. um skýrslu, 160. mál. — Þskj. 177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Beiðni leyfð með 41 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 188.

[13:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil fara fram á að fá að mæla fyrir tveimur frv. samtímis, þ.e. — um atvinnuleysistryggingar og og vinnumarkaðsaðgerðir.

(**Forseti** (RA): Komið hefur fram ósk um að 7. og 8. dagskrármálin verði rædd sameiginlega. En eins og þingsköp mæla fyrir um þá nægir að einungis einn alþingismaður andmæli því. Ég held að það þurfi engin ræðuhöld út af því, ég vildi bara fá á hreint hvort því er andmælt eða ekki. Ef einhver óskar eftir að rökstyðja mál sitt getur hann gert það. (**RG:** Við andmælum því að taka þessi mál saman.) Þessari ósk er andmælt og verður þá mælt fyrir 7. dagskrármálinu um atvinnuleysistryggingar.)

Herra forseti. Hér eru á dagskrá tvö mál sem eru ákaflega tengd. Þau eru byggð á starfi nefndar sem var skipuð sumarið 1995. Mér hefði þótt eðlilegra að fá að mæla fyrir þeim saman en geri svo sem enga athugasemd við það að þau séu sundur skilin.

Frv. á þskj. 188 um atvinnuleysistryggingar er hér til meðferðar. Mér finnst rétt að fara nokkrum orðum fyrst um eðli atvinnuleysisbóta. Ég tel að þær séu nauðsynlegt öryggisnet samfélagsins fyrir þá sem af einhverjum ástæðum hafa misst atvinnu sína eða hafa ekki fengið vinnu eða hafa hana svo litla að hún nægir þeim ekki til lágmarksframfærslu en eru að leita sér að vinnu, þ.e. vinnufærir einstaklingar sem vilja vinna en hafa ekki vinnu. Það er alveg tvímælalaus samfélagsleg skylda að veita einstaklingunum aðstoð í slíkum tilfellum. Atvinnuleysi er mikið böl, það er sálardrepandi og skaðar sjálfsvirðingu manna og ógnar lífshamingju viðkomandi. Atvinnuleysi var óþekkt hér um margra ára skeið eða nær óþekkt þangað til á þessum áratug. Það var allt að 7% á fyrstu mánuðum ársins 1995 en sem betur fer fer það minnkandi og hefur verið undanfarið rúm 3% og er í október 3,7%. En það er orðið allt annað viðhorf en þegar nefndin tók til starfa. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé ekki meira en þetta er það of mikið og við megum alls ekki sætta okkur við það. Það er einboðið að reyna að vinna gegn því eins og mögulegt er. Þessi frumvarpssmíð er byggð á því að reyna að koma betra skipulagi á vinnumál á Íslandi og jafnframt að hafa betra skikk á atvinnuleysistryggingum.

Ég skipaði nefnd sumarið 1995 og í henni var Hervar Gunnarsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Magnússon, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón Rúnar Pálsson, tilnefndur af Vinnumálasambandinu og Nikulás Einarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig áttu sæti í nefndinni alþingismennirnir Ögmundur Jónasson og Einar Oddur Kristjánsson. Formaður nefndarinnar var Hjálmar Árnason alþingismaður. Nefndin lauk störfum 21. mars 1996. Samhliða gerð þessa frumvarps vann nefndin að samningu frumvarps til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem gert er ráð fyrir nýskipan í skipulagi og framkvæmd vinnumiðlunar hér á landi. Nefndin stóð einhuga að baki frumvarpinu um vinnumarkaðsaðgerðir en ágreiningur var í nefndinni um þetta frumvarp og urðu lyktir þær að Hervar Gunnarsson og Ögmundur Jónasson gerðu fyrirvara um frv. um atvinnuleysistryggingar, þ.e. frv. sem hér er á dagskrá.

Meiri hlutinn skilaði áliti til mín. Þegar ég fór að athuga frv. fannst mér í mörgum tilfellum að þeir félagar, hv. þm. Ögmundur Jónasson og Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ, hefðu haft mikið til síns máls og breytti frumvarpsdrögum meiri hlutans í mörgum atriðum og reyndar flestum atriðum sem þeir höfðu skilað athugasemdum við í átt til þess sem minni hluti nefndarinnar hafði lagt til.

Stofninn að þessu frv. er náttúrlega þau lög sem við búum við. Þó er hér um nokkrar breytingar að ræða. Rétt er að taka það fram varðandi sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, þ.e. bændur, smábátasjómenn og vörubílstjóra, að í ráði er að flytja sérstakt frv. um atvinnuleysistryggingar þeirra. Það frv. er í smíðum í félmrn. og er að því komið að fá á því tryggingafræðilega úttekt. Þar er hugmyndin að setja á stofn sérstakan sjóð sem annist atvinnuleysisbótagreiðslur eða tryggingasjóð einyrkja eins og við höfum kosið að kalla hann sem sjái um málefni þessara stétta.

Eins og ég sagði áðan eru meginatriði þessa frv. byggð á gildandi lögum. Helstu breytingarnar frá þeim eru að rétt til bóta hafa menn á aldrinum 18 til 70 ára í stað frá 16 ára eins og í gildandi lögum. Það þykir æskilegt að ungmenni stundi nám á þessum aldri en þó er heimilt fyrir stjórn sjóðsins að veita 16 til 18 ára bótarétt ef sérstaklega stendur á. Ég vænti þess að það verði gert. Það yrði hlutverk stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að forma reglur sem ráðherra síðan mundi staðfesta. Í þessum tilfellum væri t.d. hægt að láta sér detta í hug að ef viðkomandi hefði stofnað heimili eða gætu ekki stundað nám af einhverjum orsökum o.s.frv.

Bótaréttur hefst samkvæmt frv. tveim vikum frá missi vinnu í staðinn fyrir, ég held, að það séu þrír dagar eins og nú er. En bætur greiðast frá því að vinna tapast. Þetta atriði þarfnast ef til vill nokkurrar skoðunar. Það eru mörg álitamál í þessu og ég vænti þess að hv. félmn. taki þau til athugunar og ef henni sýnist svo er mér ekki sárt um þótt einhverjum atriðum verði breytt og þetta er eitt af þeim sem eru tvær hliðar á.

Í frv. er gert ráð fyrir að menn haldi bótarétti í tvö ár ef þeir fara í nám eða þurfa að vinna heima af einhverjum ástæðum eða lendi í fangelsi eða standi í miklum barneignum. Það varðar missi bóta í 55 daga ef maður segir starfi lausu án gildra ástæðna eða missir vinnu af orsökum sem

hann á sjálfur sök á. Þarna er um annað álitamál að ræða. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að missir bóta yrði í 72 daga en minni hlutinn lagði til að það yrðu 40 dagar eins og nú er. Elli- og örorkulífeyrir og örorkustyrkur svo og lífeyrir úr almennum frjálsum lífeyrissjóðum skal koma til frádráttar atvinnuleysistryggingabótum.

Bótatímabil skal vera að hámarki fimm ár. Nýtt bótatímabil getur hafist að ári liðnu enda hafi viðkomandi unnið sex mánuði á bótalausa tímabilinu. Hér er um breytingu að ræða frá gildandi lögum sem reyndar eru frábrugðin lögum annars staðar þar sem ég þekki til því samkvæmt gildandi lögum má segja með nokkrum rétti að menn geti verið á atvinnuleysisbótum frá sextán ára til sjötugs. Það er náttúrlega ekki skynsamlegt fyrirkomulag. Það er eðlilegt að einhver hvatning sé til einstaklinganna að vinna fremur en vera á bótum.

Mér er það ljóst að það kann að valda sveitarfélögunum einhverjum viðbótarkostnaði ef eitthvað af þessu fólki fengi ekki vinnu þegar það missti bæturnar, en ég vænti þess að það verði ekki í stórum stíl.

Færeyingar hafa mikla reynslu af atvinnuleysi. Þar er reglan sú að bótaréttur fellur niður að 38 mánuðum liðnum. Reynslan þar er sú að helmingurinn fær vinnu strax en helmingur þeirra sem missa bæturnar lendir á félagslegu framfæri. Ég vil taka fram að fáir einstaklingar hafa verið lengur á bótum hér en í fimm ár og það eru reyndar um 900 eða voru um síðustu mánaðamót um 900 einstaklingar sem voru búnir að vera eitt ár eða lengur á atvinnuleysisbótum.

Það getur valdið missi bótaréttar að neita að taka vinnu og að neita að taka þátt í gerð starfsáætlunar. Andinn í þessum frv. er að reyna að fá hina atvinnulausu til að vera virkir í þjóðfélaginu, koðna ekki niður í atvinnuleysi og það eru tilraunir gerðar til að reyna að rjúfa þann vítahring sem fólk kemst í í langvarandi atvinnuleysi. Það er mikið upp úr því lagt að viðkomandi reyni að fá sér vinnu eða þjálfi sig til að verða hæfari á vinnumarkaði. Þeir sem taka þátt í starfsleitaráætlun þurfa ekki að skrá sig vikulega og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs getur einnig heimilað að á afmörkuðum svæðum fari skráning fram öðruvísi en vikulega.

Atvinnuleysistryggingasjóður lýtur níu manna stjórn. Tveir eru tilnefndir af ASÍ, tveir tilnefndir af VSÍ, einn tilnefndur af BSRB, einn af BHM, einn af Vinnumálasambandinu, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formaður verður skipaður af félmrh. samkvæmt frv. Þetta er breyting því að í þessari stjórn er ekki ætlast til að þingkjörnir fulltrúar sitji. Þetta er nokkuð stór stjórn en gert er ráð fyrir að þriggja manna framkvæmdaráð annist afgreiðslu mála sem ekki fela í sér stefnubreytingu.

Þá er að geta þess að þeir sem eru 16 til 18 ára við gildistöku laga þessara og á atvinnuleysisbótum missa ekki bótarétt og þeir sem hafa verið á bótum frá 1. júlí 1994 og eru samfellt á bótum munu missa þær 1. júlí 1999.

Frv. byggir á þeirri meginreglu að menn verði að vera reiðubúnir að ráða sig í fullt starf til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hins vegar er úthlutunarnefnd veitt heimild til að víkja frá þessu ef hinum atvinnulausa er ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus.

Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. eiga menn ekki að geta notið hærri bóta en sem svarar því starfshlutfalli sem þeir eru reiðubúnir að ráða sig í. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. frv. eiga þeir sem úthlutunarnefnd heimilar að ráða sig í hlutastarf ekki að geta notið bóta með launum í lengri tíma en 6 mánuði.

Herra forseti. Ég vænti þess að um frv. geti tekist sæmileg sátt. Ég tel að ég hafi reynt að gæta allra sjónarmiða nefndarinnar og þræða milliveg sums staðar. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn. og 2. umr. Ég tel að hér sé um merkilegt mál að ræða sem þurfi að ná fram að ganga en undirstrika það jafnframt að frv. um vinnumarkaðsaðgerðir sem hér er líka á dagskrá verður að vera samferða hinu því að annað frv. dugir ekki, það þarf að afgreiða þau bæði.

[13:53]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það að rétt hefði verið að ræða þessi tvö frv. saman. En það er mikið aðgæsluleysi hjá hæstv. félmrh. að fara ekki fram á það á eðlilegum tíma. (**Félmrh.**: Ég var búinn að því.) Það hafði ekki komið fram svo að mér væri kunnugt um.

Herra forseti. Ég vil svo sannarlega taka undir með hæstv. félmrh. að atvinnuleysið er böl. Svo sannarlega er það böl. Og ég trúi því og treysti að þessi tvö frv. séu til bóta. En að sjálfsögðu þarf að fara fram nákvæm vinna við þessi frv. Það sem ég hnýt um strax og finnst ástæða til að nýta þetta umræðuform til að spyrja um er 1. töluliður í 2. gr. þar sem mjög alvarleg breyting er á ferðinni. Hún lýtur að hækkuðum aldursmörkum til atvinnuleysisbótaréttar úr 16 árum í 18 ár. Ég spyr: Eru menn að leggja til að hækka skólaskyldualdur úr 16 ára aldursmörkunum í 18 ár? Hvers eiga þeir að gjalda sem vilja hvíla sig á námi eða eru ekki í stakk búnir til að halda áfram námi? Hvernig ætla menn að fara með þessi atriði? Mér nægir ekki að þar sé tekið svo á að um þessi mál verði sérstaklega fjallað af úthlutunarnefndum. Ég held að þarna sé mjög varasamur hlutur á ferðinni og ég held að menn þurfi að gá vel að sér. Ég bið hv. félmn. að skoða þetta atriði mjög vel.

[13:56]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess að gefnu tilefni að hæstv. félmrh. hafði óskað eftir því að þessi tvö mál yrðu rædd saman en þar sem ekki var vilji fyrir því og því var andmælt þá gat það ekki gerst.

[13:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil staðfesta það sem hæstv. forseti var að enda við að segja. Ég var búinn bæði að ræða við hann og hæstv. forseta þingsins, Ólaf G. Einarsson, um að taka þessi mál saman og eins nokkra þingmenn sem ég vissi að mundu taka til máls í umræðunni.

En varðandi hækkuð aldursmörk þá er það eitt af álitamálum þessa frv. Niðurstaðan varð sú að leggja 18 ár til en þó með opnun á að í sérstökum tilfellum gætu 16 ára eða yngri en 18 ára notið atvinnuleysisbóta ef þeir t.d. hafa stofnað heimili eða geta ekki stundað nám af einhverjum öðrum orsökum. Hugsunin í þessu er væntanlega að æskilegt sé að unglingar stundi nám til 18 ára aldurs. Það felst ekki í því nein skólaskylda enda væri það að mínu mati ekki skynsamlegt því það hentar ekki öllum að stunda nám. Ég tel hins vegar að það eigi ekki að hvetja menn til að hætta námi eða freista þeirra skulum við segja með bótarétti. Það sem reið baggamuninn í mínum huga, svo ég játi það hreinskilningslega því ég velti einmitt þessu atriði mikið fyrir mér, var

að fyrir þinginu liggur frv. sem ég flutti sem leggur nokkrar hömlur á vinnu ungmenna undir 18 ára aldri.

[13:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil orð hæstv. félmrh. á þann veg að hann telji að þarna sé atriði sem þurfi að skoða mjög vel. Í 13. gr. er annað atriði sem ég tel ástæðu að skoða mjög alvarlega. Ég vona að menn geri sér grein fyrir hvernig framkvæmd þessara mála hefur verið. Það stendur hér að það valdi missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt. Ég hef rakið dæmi fyrir hæstv. félmrh. þar sem um er að ræða tvo unga menn sem fóru gegnum vinnumiðlun frá stað A til staðar B til að vinna. Eftir fulla vinnuviku, að frádregnum fæðiskostnaði og uppihaldi, hafði annar þeirra 9 kr. eftir vikuna og hinn 18 kr. Það er ekki hægt að ætlast til þess á meðan laun eru á þennan veg að fólk fari eftir þessum reglum sem verið er að setja upp. Það þarf að hækka laun til að hægt sé að vinna svona.

Annað dæmi: Tvær konur fóru til vinnu frá Húsavík gegnum Reykjavík í flugi til Hornafjarðar og réðu sig í síldarvinnu. Eftir tíu daga vinnu var þeim sagt: „Vinnan er búin. Það er ekkert meira hér að gera fyrir ykkur." Launin sem konurnar höfðu unnið sér inn á tíu dögum gengu akkúrat upp í kostnað við ferðirnar. Er þetta eðlilegt? Það þarf að taka á þessum atriðum. Þetta er mjög varasamt mál sem er verið að fara hér út í, þ.e. að skikka fólk til að fara til vinnu eins og gert er. Og atvinnurekendur geta hagað sér eins og þeir vilja. Þeir láta fólk hætta vinnu þegar þeim sýnist. Þetta er margbúið að koma fyrir og ég tel ástæðu til að benda á þessi atriði.

[14:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti þetta ákvæði er nú ekki mjög frábrugðið því sem er nú þegar í lögum. Og það eru ekki gerðar breytingar á ákvæði um að heimilt geti verið að hafna vinnu fjarri heimili samkvæmt mati úthlutunarnefndar m.a. á grundvelli heimilisástæðna umsækjanda. Með heimilisástæðum er átt við fjölskylduástæður þar á meðal heilsufar fjölskyldumeðlima umsækjanda. Ég veit að það eru dæmi þess að starfsfólk hefur beinlínis verið hlunnfarið með þeim hætti sem hv. síðasti ræðumaður var að nefna en ég vona að þau dæmi séu fá og þeim hlutum verður að kippa í lag. Það er náttúrlega ekki meining þessa frv. eða mín að fara að standa í einhverju þrælahaldi, síður en svo. Það eru dæmi þess að atvinnurekendur hafi komið óforsvaranlega fram við starfsfólk en sem betur fer þá hygg ég nú að það sé fátítt.

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að ég hefði talið eðlilegra og heppilegra að ræða þessi tvö frv. í senn. Reyndar lít ég svo á að forsenda þess að gera breytingar á atvinnuleysistryggingalöggjöfinni sé sú að frv. um vinnumarkaðsaðgerðir verði samþykkt. Og þannig hefur verið litið á þessi mál í okkar þingflokki, þingflokki Alþb. og óháðra, að eðlilegt sé að taka heildstætt á þessum málum. Ég minni á í því sambandi að 1992 flutti Alþb. frv. á Alþingi sem var byggt á þessari heildstæðu hugsun.

Ég ætla ekki að ræða um vinnumarkaðsfrumvarpið að sinni en vil þó segja að ég tel að það sé mjög jákvætt, að því leyti að með samþykkt þess eru skapaðar betri forsendur til að vinnumiðlun í landinu verði samhæfðari og markvissari. Þá er byggt á hugsun sem um miðja öldina var við lýði og sums staðar meira að segja stjórnarskrárbundin en hún var á þá leið að einstaklingurinn ætti rétt til vinnu. Þannig vil ég leggja skilning í þessa löggjöf um vinnumarkaðsaðgerðir en ekki þann skilninginn að til standi að skylda atvinnulaust fólk til að þiggja atvinnuúrræði sem vinnumiðlun kemur til með að bjóða upp á og eru hinum atvinnulausa ekki samboðin eða honum ekki að skapi. Öllu máli skiptir hvernig til tekst hjá vinnumiðlunum að finna ný úrræði og raunveruleg störf. Ég tel að það sé mjög brýnt að réttur hins atvinnulausa verði jafnan hafður í fyrirrúmi. En ég vil í framhjáhlaupi geta þess núna að í 15. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir, og í tilefni af þeirri orðræðu sem fór fram hér áðan, er sérstaklega sagt að áætlanir sem gerðar eru skuli miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans og atvinnuhorfur í landinu, miðast við persónulegar forsendur atvinnuleitandans. En í sömu grein er þess einnig getið að svæðisvinnumiðlun skuli gera starfsleitaráætlun með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda. Með öðrum orðum: Þarna nálgast jafnréttháir aðilar til að finna í sameiningu úrræði.

Vík ég þá að því frv. sem hér til umræðu. Og til að halda mig við þetta efni vil ég fyrst vísa í 13. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta: „Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda." Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að á sama tíma og verið er að gera landið að einu vinnusvæði eru þessar áherslur uppi. Það er mjög mikilvægt að hafa það í huga.

Eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra áðan átti ég ásamt Hervari Gunnarssyni frá Alþýðusambandi Íslands sæti í nefnd sem vann að gerð þessa frv. En eins og fram kemur í athugasemdum með frv. sögðum við Hervar Gunnarsson okkur frá þessu starfi og sendum frá okkur minnihlutaálit sem er svohljóðandi:

„Nefnd sú, sem fjallað hefur um lög um atvinnuleysistryggingar og félagsmálaráðherra skipaði í júlí 1995, er nú að ljúka störfum og skilar af sér drögum að lögum um vinnumarkaðsaðgerðir auk draga að lögum um atvinnuleysistryggingar. Nefndin hefur frá upphafi verið sammála um að þessi málefni, þ.e. atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun séu óaðskiljanlegir þættir þrátt fyrir að sá minni hluti sem stendur að þessu áliti hafi jafnframt verið þeirrar skoðunar að ekki væri rétt að steypa þessum lögum saman í einn lagabálk. Þá hefur það verið álit okkar að ekki sé rétt að láta vinnumiðlanir úthluta atvinnuleysisbótum. Slíkt jafnast á við að rannsóknaraðili máls dæmi málið jafnframt og það ber að forðast.

Á fundum nefnarinnar hefur því oftar en einu sinni verið hreyft af okkar hálfu hvort ekki væri rétt að aðskilja framlagningu þessara frumvarpa með þeim hætti að leggja fyrst fram drög að lögum um vinnumiðlun, koma vinnumiðluninni í það horf sem vænst er af drögum um vinnumarkaðsaðgerðir og taka síðan afstöðu til nýrra laga um atvinnuleysistryggingar. Sú aðferð myndi bera vott um vilja stjórnvalda til að stíga með varúð niður, taka meðferð málsins skref fyrir skref og sýna þá ábyrgð og þann skilning sem einstaklingar sem búa við atvinnuleysi þarfnast. Á þetta hefur ekki verið fallist í nefndinni og megináherslan verið lögð á það að breyta sem allra fyrst lögum um atvinnuleysistryggingar í veigamiklum atriðum til þrenginga og verður það ekki skilið öðruvísi en að vandamálið séu þeir atvinnulausu en ekki atvinnuleysið sem þeir búa við.

Í starfi nefndarinnar höfum við jafnan tekið undir það sjónarmið að sníða þurfi þessi lög að þörfum þeirra sem í raun eru atvinnulausir. Við höfum einnig lýst þeirri skoðun okkar að efling vinnumiðlunar og fjölgun starfa væri það eina sem gæti komið í veg fyrir misnotkun kerfisins, ef einhver er. Þá er það skoðun okkar að það eina sem útrýmir atvinnuleysi sé nægjanlegt framboð starfa, allar aðrar aðgerðir miði einungis að því að fela atvinnuleysið.

Þegar starfið að þessari endurskoðun hófst var það sameiginlegt markmið nefndarmanna að sníða þessi lög að þörfum hins atvinnulausa. Því verður ekki á móti mælt að nefndarmenn hafa ekki alltaf verið sammála um einstök atriði. Þannig höfum við sem að þessu áliti stöndum á mörgum stöðum teygt okkur fram á brún hengiflugsins í þeirri von að geta haldið aðalatriðunum sem fýsilegustum fyrir þá sem atvinnulausir eru eða koma til með að verða. Það er því miður svo að meiri hluti hefur myndast í nefndinni um að ganga í grundvallaratriðum og á grófan hátt á rétt hins atvinnulausa og það getum við ekki sætt okkur við.

Með tillögunni er í grundvallaratriðum verið að skerða réttindi atvinnulausra á svo alvarlegan hátt að jafnvel þótt við værum að sjálfsögðu reiðubúnir að styðja þá þætti sem við höfum talið til bóta, þá vega hin atriðin það þungt að við treystum okkur ekki til að stuðla að framgöngu tillögunnar."

Herra forseti. Þetta er sagnfræðin. Þetta er sagnfræði sem betur fer vegna þess að eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. hefur verið tekið tillit til fjölmargra atriða sem við bentum á í þessu nefndarstarfi. Mér þótti hins vegar rétt að láta þetta koma fram þannig að mönnum sé samhengi hlutanna ljóst. Þar sem ég hef takmarkaðan tíma til umráða þá langar mig til að raða upp í eins konar forgangsröð þeim atriðum sem ég vildi vekja athygli á. Og ætla ég fyrst að geta þess að í frv. er að finna ýmis nýmæli sem eru mjög jákvæð. Ég vil nefna sem dæmi að í 1. gr. segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð."

Hér er — og það kemur fram í greinargerð með greininni — m.a. verið að fjalla um námsmenn og heimavinnandi fólk. Þetta er mjög mikilvægt atriði að mínu mati og mikilvægt að vel takist til um þessa framkvæmd.

Önnur atriði fjölmörg mætti nefna sem horfa til bóta í þessum lagabálki en nú vel ég vekja sérstaka athygli á nokkrum gagnrýniefnum. Fyrst vil ég nefna atriði sem er með öllu algerlega óásættanlegt, algerlega óásættanlegt. Í 7. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Lágmarksbætur eru 1/4 hluti sömu fjárhæðar [þ.e. 2.433 kr.]. Atvinnuleysisbætur launamanns skulu þó aldrei vera hærri en sem svarar dagvinnulaunum síðustu sex mánuði fyrir skráningu og atvinnuleysisbætur sjálfstætt starfandi einstaklings aldrei hærri en sem svarar reiknuðu endurgjaldi, sem tryggingagjald hefur verið greitt af, síðustu sex mánuði fyrir skráningu."

Með öðrum orðum, atvinnuleysisbætur skuli aldrei vera hærri en dagvinnulaun undanfarna sex mánuði. Og hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir kjararýrnun hjá lægstlaunaða fólkinu. Hér er verið að rýra kjör lægstlaunaða fólksins sem missir atvinnu sína. Byrjunarlaun í fiskvinnslu, hver skyldu þau vera? Þau eru 49.300 kr. Hverjar skyldu atvinnuleysisbætur vera? Þar eru dagpeningar 2.433 kr. Fyrir 23 daga eru það tæpar 56 þús. kr., 55.964 kr. Með öðrum orðum, í slíkum mánuði væri verið að skerða atvinnuleysisbætur um 6 þús. kr. Það er verið að skerða atvinnuleysisbætur um 6 þús. kr. hjá lægstlaunaða fólkinu. Þrátt fyrir að mörg athyglisverð og jákvæð nýmæli sé að finna í þessu frv. er þetta algerlega óásættanlegt og algerlega óaðgengilegt og þessu ber að hafna. *Í sömu grein, svo ég haldi mig við hana, segir á þessa leið,* með leyfi forseta:

„Elli- og örorkulífeyrir, svo og örorkustyrkur frá Tryggingastofnun ríkisins, skal koma til frádráttar atvinnuleysisbótum. Sama gildir um greiðslur úr almennum og frjálsum lífeyrissjóðum."

Frjálsum lífeyrissjóðum? Hvað eru frjálsir lífeyrissjóðir? Eru það ekki bankabækur? Hinir svokölluðu frjálsu lífeyrissjóðir eru bara bankabækur. Er verið að meina atvinnulausu fólki að taka út úr banka? Hvað er eiginlega hér á ferðinni? Þetta er atriði sem þarf að taka til athugunar.

Vil ég nú víkja að 9. gr. Þar er verið að stytta bótatímabilið niður í fimm ár. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra áðan var bótatímabilið í rauninni 54 ár en fer núna niður í fimm ár. Hér er um mikið álitamál að ræða. Það er ýmislegt gott við þetta. Það er ýmislegt jákvætt við þetta og það er ýmislegt sem getur verið mjög neikvætt við þetta. Við verðum að athuga hvað hér er að gerast. Hér er verið að færa greiðsluskyldu yfir á sveitarfélögin. Hið jákvæða í þessu er að það er farið eftir þennan tíma að endurskoða mál þess einstaklings sem hefur verið þetta lengi á atvinnuleysisbótum. Og eins og segir í frv. um vinnumarkaðsaðgerðir þá á hann rétt á því að fá aðstoð og hjálp frá vinnumiðlun við það. Þetta er hið jákvæða, þ.e. að í stað þess að daga uppi eða veslast upp í sinni óhamingju er þarna kominn réttur einstaklingsins til að hans mál séu tekin til endurskoðunar. Þetta er að mörgu leyti jákvætt. Á hitt ber að líta, og ég hef grun um það, að mörgum atvinnulausum einstaklingnum finnist að það sé verið að leggja sig til hliðar, þegar hann á þennan hátt tekinn út úr þessu kerfi.

Ég ætla nú að fara í þessa liði eftir því sem tími gefst til. *Ég er sammála því sem kom fram í andsvari fyrr í dag* að þetta er stór breyting sem þarna er verið að gera með því að hækka aldursmörkin. Ég tel mjög brýnt, því þarna eru sett heimildarákvæði um að hægt sé að veita undanþágu frá þessu, að sjóðstjórnin setji mjög ákveðnar reglur um það efni.

Í 3. gr. segir, með leyfi forseta:

„Sá sem fullnægir skilyrðum um bótarétt en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, svo sem vegna veikinda barna eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi."

Það er verið að þrengja þetta ákvæði. Áður var talað um heimilisástæður en hér er verið að þrengja þetta ákvæði því að þarna eru settar nánari skilgreiningar niður. Og ég skil ekki röksemdina á bak við þetta. Ég skil ekki hver það er sem yfirleitt tapar á því að hafa þessa heimild óskilyrta. Ég sé ekki hver tapar á því. Þó að þarna sé ekki verið að breyta mánaðafjöldanum sem einstaklingnum er heimilt að geyma rétt sinn, þá sé ég ekki hvers vegna hann þarf að vera þetta þröngur og ég skil ekki yfirleitt hvers vegna verið er að hafa þessa þrengingu.

Í 4. gr. segir undir lokin, með leyfi forseta:

„Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis á vinnufærni umsækjanda."

Trúnaðarlæknis hvers, spyr ég. Trúnaðarlæknis atvinnufyrirtækja? Ég tel brýnt að það verði kveðið á um að hér verði um að ræða trúnaðarlækni sjóðsins.

Nú í 5. liðnum í 5. gr. segir, með leyfi forseta:

„Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í jafnlangan tíma og eftir stendur af námsönn og skerðist bótatímabil sem því nemur."

Hér þyrfti einnig að mínu mati að vera heimildarákvæði og gilda um þetta reglur þannig að á þessu væri hægt að gera undantekningar. Í sömu grein í 4. liðnum segir, með leyfi forseta:

„Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á."

Og er þá verið að tala um einstaklinga sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Hér er þessi refsing þyngd. Hún er núna 40 dagar. Hún var 30 dagar fyrir árið 1994. Þarna er verið að þyngja þetta. Ég vara mjög við þessari breytingu. Hvenær segir einstaklingur upp? Hvenær eru gildar ástæður fyrir uppsögn? Þegar atvinnuleysi er mikið í einu landi þá eykst vald atvinnurekandans yfir sínu starfsfólki. Vald atvinnurekandans eykst yfir starfsfólkinu. Menn eru fastheldnari á vinnu sína. Þess vegna eru menn varkárari þegar að því kemur að forða sér úr vinnu sem þeir þola illa við í. Það er staðreynd. Og oft segir fólk upp starfi sínu vegna þess að það er illa komið fram við það á vinnustað af atvinnurekandanum. Ég tel að það sé mjög vafasöm breyting að vera að þyngja þessa refsingu.

Síðan vil ég víkja að 9. gr. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi sem ég er með hér. Hér segir undir lok 9. gr., með leyfi forseta:

„Þau tímabil, sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum, teljast hluti bótatímabils."

Hvað er hér verið að tala um? Í úrræðum svæðisvinnumiðlunar er að uppistöðu til verið að tala um launað starf. Og auðvitað á að taka þau sem launuð störf en ekkert annað. Þetta eru launuð störf sem á að taka sem slík og þetta á ekki að verða til skerðingar. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu.

Í 16. gr. undir lokin vek ég athygli á því þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að ákveða að fleiri en ein úthlutunarnefnd séu starfandi í umdæmi svæðisvinnumiðlunar ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til fjölda atvinnulausra í umdæminu."

Þarna mundi ég vilja bæta við: „og af landfræðilegum ástæðum." Þannig að unnt væri að taka tillit til slíks.

Það er farið að blikka á mig ljósið og ætla ég að hlýða þeim dómara sem þar er, en einmitt vekja athygli á því að í 17. gr. segir um úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta, að þar skuli sitja héraðsdómari, með leyfi forseta:

„Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar."

Hvers vegna í ósköpunum héraðsdómarar? Þessi lotning fyrir dómurum er farin að tröllríða þjóðfélaginu. Það skal troða lögfræðingum í hverja einustu nefnd. Það er eins og þjóðin sé ekki lengur læs á lög. Ég vil heyra skýringu á því hvers vegna dómarar eigi að sitja í þessari nefnd. Af hverju ekki einstaklingar sem hafa þekkingu og skilning á þessum málum?

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem ég veit að hv. þm. er upptekinn annars staðar vil ég nota þetta tækifæri og koma upp í andsvar þó ég hefði ef til vill áhuga á því að fara lengri og fleiri orðum um ræðu hans. Ég vil þakka honum fyrir jákvæðan tón og ég tel að margt af því sem hann sagði sé þess eðlis að eðlilegt sé að hv. félmn. líti á þetta. Það eru álitamál um marga þessa hluti. Þetta eru viðkvæmir hlutir og það er allt fullt af álitamálum í þessu. Ég er ekkert að halda því fram að endilega sé í þessu frv. alls staðar stórisannleikur. Það er ekki hugmyndin að fara að flytja fólk nauðungarflutningum með því skipulagi sem hér er lagt til.

Mér fannst út af fyrir sig söguskýringin ekki eiga alveg við hjá hv. þm. vegna þess að þetta er breytt frv. frá því sem meiri hluti nefndarinnar gekk frá því. Þau atriði sem voru listuð upp eftir þeim minnihlutamönnum og ég fékk í hendur eru hér um bil öll komin inn í þetta frv. Einstöku sinnum var farinn einhver millivegur.

Mér finnst ekki eðlilegt að menn hækki í launum við að fara á atvinnuleysisbætur. Það finnst mér ekki eðlilegt. Raunar finnst mér vanta, í núverandi ástandi, launalega hvatningu eða tekjulega hvatningu í sumum tilfellum til að menn fái sér vinnu. Í mörgum tilfellum koma menn betur út með því að vera á atvinnuleysisbótum.

Varðandi lífeyrisþegana þá blæðir mér það í augum að Atvinnuleysistryggingasjóður sé að borga fjórum flugmönnum og tveimur flugumferðarstjórum atvinnuleysisbætur, sem eru eftirlaunamenn. Þetta finnst mér ekki gott skipulag. Ég er sammála því að það er mjög nauðsynlegt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geri uppkast að reglum sem hér er getið um í frv. og ég mun ganga eftir því að það verði gert. Ég tel hins vegar að það sé ekki skynsamlegt (Forseti hringir.) að freista nemenda til að hætta námi á miðri námsönn.

[14:25]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hversu réttlátt mönnum finnst það að vegna fjögurra flugstjóra sem taki atvinnuleysisbætur megi atvinnulaust fólk ekki eiga bankabók og taka út af henni. Það var það sem ég var að vekja athygli á. Og ástæðan fyrir söguskýringunni var sú að þar sem á annað borð er verið að vitna í efnisatriði sem komu frá minni hluta nefndarinnar þá þarf að skýra hvernig þau urðu til, þ.e. að þau efnisatriði voru til orðin vegna málamiðlunar. Hitt vil ég taka undir að það hefur verið tekið tillit til þeirra atriða að verulegu leyti enda hef ég lagt áherslu á að ég tel margt í þessu frv. vera mjög jákvætt og til bóta. Hitt finnst mér algerlega óaðgengilegt að lægsta fólkið verði lækkað. Að lægsta fólkinu verði refsað. Að þeir sem eru hálaunamenn eða í hærri kantinum og missa atvinnu sína fái fullar atvinnuleysisbætur en láglaunafólkinu verði sérstaklega refsað. Staðreyndin er sú, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. félmrh. og þar er ég honum algerlega sammála, að verulegur þáttur launa hjá t.d. fiskverkunarfólki er bónusinn, launagreiðslur ofan á dagvinnutaxtann. Ég er sammála honum þegar hann segir að það eigi að vera kappsmál fyrir samfélagið allt að færa bónus og þessar aukagreiðslur, þessi viðbótarlaun eins og er í tísku að tala um núna, inn í launataxtana. En það að refsa lægst launaða fólkinu með því að skerða hjá því atvinnuleysisbætur er náttúrlega fullkomið siðleysi og algerlega óaðgengilegt.

[14:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kannski erum við að deila um ónauðsynlegan hlut. *Ég ætla nefnilega rétt að vona að niðurstaða næstu* kjarasamninga sem verða gerðir áður en þessi lög taka gildi, verði að launastrúktúrinn verði lagaður þannig að dæmi sem hv. þm. nefndi sé ekki hægt að búa til. Ég ætla að vona að grunnkaupshækkun verði það mikil að svona atriði þurfi ekki að koma til. Ég vil undirstrika það sem ég hef verið að segja undanfarna daga að ég tel að það sé mjög brýnt þjóðfélagslega að laga launastrúktúrinn í landinu. Ég tel að það þurfi endilega kjarabætur og kaupmáttaraukningu. En ég tel að það sé óháð því að grunnkaupið eigi að hækka á kostnað aukagreiðslnanna.

[14:28]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessu er ég sammála. Ég tel að þessum ábendingum eigi að vísa í fjmrn. til hæstv. fjmrh. og annarra viðsemjenda launafólks hvort sem það er hjá Reykjavíkurborg þar sem bónus og viðbótarlaun eru núna mjög í tísku eða hjá Vinnuveitendasambandinu. En allir þessir aðilar virðast nú tala einum rómi, því miður.

[14:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka fram að ég hef fullan skilning á beiðni félmrh. í upphafi fundar um að ræða þau mál sem hér eru á dagskrá saman. Málin eru tengd þó að sá grundvallarmunur sé á þessum tveimur málum að fulltrúar stjórnarandstöðuflokka voru fylgjandi öðru frv. en ekki hinu. Hins vegar eru þessi mál umfangsmikil og ef það hefði fyrir fram legið fyrir að mælt yrði fyrir þeim saman þannig að við sem ætluðum að taka þátt í umræðunni hefðum vitað það með einhverjum fyrirvara, þá hefðum við eflaust beðið um tvöfaldan ræðutíma. En okkar viðhorf var að gera það ekki til að umræðan yrði liprari og við mundum frekar koma aftur í ræðustól. Þetta er skýring mín á því að ég skyldi gagnrýna það og hafna því að þessi mál yrðu rædd saman.

Það er mjög jákvætt, virðulegi forseti, að lagfæra lög um atvinnuleysistryggingar. Þeim er í mjög mörgu ábótavant. Ég minnist þess að hafa setið á árinu 1994 í starfshópi um þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra og þá var fullur vilji til þess að fylgja þeirri skýrslu eftir og setja í gang vinnu við breytingu á lögunum. En því miður höguðu aðstæður því þannig að sú lagasmíð varð kannski leiksoppur annarra atburða í félmrn.

Það er mjög mikilvægt að félmn. taki þessi mál og þetta frv. til ítarlegrar skoðunar. Ég tek fram, eins og sá ræðumaður sem talaði á undan mér, að ýmislegt er þar að finna sem er jákvætt og mikilvægt og var mikilvægt að breyta. En það er ýmislegt í frv. sem vekur miklar áhyggjur og furðu þeirra sem lesa og spurning hver hugsunin er að baki og jafnvel spurningar um hvort nægileg þekking sé á þessum málum hjá þeim sem unnu frv. miðað við ýmislegt sem þar stendur.

Vegna orða félmrh. áðan um að atvinnuleysi hafi minnkað tek ég undir að fagna ber því þegar atvinnuleysi minnkar og það á að vera okkar meginviðfangsefni. En í hádegisfréttum var sagt að atvinnuleysi hefði aukist milli september og október þannig að við vitum ekki alveg hvar við stöndum í þeim efnum.

Ráðherra sagði að hann teldi að vera þyrfti betra skipulag og koma þyrfti skikki á atvinnuleysistryggingarnar og undir það tek ég. En ég ítreka að það er spurning hvort margt af því sem þarna er gert sé til betri vegar.

Nú er búið að prenta upp frv. með umsögn fjmrn. sem skorti í frv. sem var lagt fram á mánudag. Þar kemur fram hver kostnaðarauki og sparnaður er.

Virðulegi forseti. Ég ætla að vísa í lokalínur umsagnar fjmrn. en þar segir:

„Ætla má að sparnaður á árinu 1997 geti numið 40–50 millj. kr., 85–100 millj. kr. á árinu 1998 og 135–160 millj. kr. á árinu 1999."

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög háar upphæðir vegna þess að þetta er sparnaður sem er reiknað með að verði, væntanlega miðað við að menn gefi sér ákveðið atvinnuleysi. Þetta er ekki sparnaður sem verið er að gefa sér vegna fækkunar atvinnulausra. Þetta er sparnaður vegna breyttra reglna um atvinnuleysisbætur og þetta eru háar upphæðir. Af hverjum eru þessar háu upphæðir teknar? Af núverandi bótaþegum og það er það sem við ætlum að ræða — hvernig þessar upphæðir eru sóttar.

Hins vegar segir líka í lokaorðum umsagnar fjmrn.: „Frá þessum sparnaði dregst aukinn kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna útvíkkunar á rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta eða myndunar sérstaks sjóðs fyrir þá sem gæti numið á bilinu 75–150 millj. kr."

Þetta, virðulegi forseti, eru líka háar upphæðir sem þýðir að verið er að taka inn á sjóðinn hópa sem ekki hafa haft bótarétt áður. Það liggur í augum uppi. Því spyr ég félmrh.: Hverjir fá rétt til atvinnuleysisbóta, sem ekki hafa haft hann áður? Hér var vísað til athugasemda við 1. gr. en þar er talað um að sett yrðu skilyrði varðandi sjálfstætt starfandi einstaklinga, þ.e. hverju þeir skuli fullnægja til að geta notið bóta úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar verða að fullnægja til að teljast atvinnulausir. Ég vil spyrja ráðherra hver sé hugmyndin á bak við þetta, því það hlýtur að vera búið að setja eitthvað niður fyrir sér hvað þarna er á ferð. Einnig um það sem hv. þm., er á undan mér talaði, nefndi að mjög jákvætt væri að námsmenn og heimavinnandi gætu öðlast bótarétt úr sjóðnum með greiðslu iðgjalda til hans samkvæmt sérstökum reglum. Hvernig hugsar ráðherra sér þessar reglur? Og til umhugsunar: Er það hugsað þannig að t.d. kona sem er á vinnumarkaði eignast barn og fer út af vinnumarkaði og er ef til vill á atvinnuleysisbótum ákveðinn tíma. Hún ætlar síðan að vera heimavinnandi um sinn, greiðir í sjóðinn meðan hún er heimavinnandi til þess að eiga rétt þegar hún fer út á vinnumarkaðinn aftur en fær ekki vinnu strax. Til þess að hafa öðlast rétt til bóta þarf hún að hafa borgað í sjóðinn meðan hún er heimavinnandi. Það er erfitt að skilja við hvaða aðstæður heimavinnandi kona á að borga í Atvinnuleysistryggingasjóð, væntanlega varla meðan hún er kannski árum saman heimavinnandi.

Virðulegi forseti. Ég vil líka nefna að nú á landið að verða eitt vinnusvæði samkvæmt vinnumarkaðsfrv. Það er mjög jákvætt og mjög mikilvægt að draga það fram að ráðherra lýsi því yfir að fólk verði ekki flutt á milli staða. En texti þess frv. gefur til kynna að fólk geti verið í þeirri aðstöðu að því sé gert að fara á annan stað fjarri heimabyggð til að þiggja vinnu.

Virðulegi forseti. Ég get ekki stillt mig um að gagnrýna það þegar svona stór mál eru lögð fram, eins og þetta sem var sett fram á föstudaginn, að það skuli komið í umræðu strax á þriðjudag. Við eigum von á að stór frumvörp, sem

var dreift í gær og í dag, verði tekin til umræðu á fimmtudag. Þingmenn eru önnum kafnir. Þetta eru mjög stór mál og þeir sem vilja fjalla um þau af einhverri þekkingu verða að gefa sér tíma til að skoða þau og afla sér upplýsinga.

Ég vil líka taka undir það sem ráðherra sagði áðan, svo ég haldi því til haga sem jákvætt er, að atvinnuleysisbætur eiga að sjálfsögðu ekki að vera viðbætur við eftirlaunakerfi hálaunafólks. Ég tek undir það. Því styð ég þær aðgerðir sem hugsaðar eru til þess. En það má ekki vera þannig að til að koma í veg fyrir slíkt séu réttindi tekin af þeim sem þurfa mjög á þeim að halda og búa við allt aðrar aðstæður. Boðskapurinn í þessu frv. er að nú skuli taka á allri misnotkun. Frv. virðist því miður, þó jákvæðir punktar finnist í því, stefna að þrengingum á næstum því öllum sviðum. Ég hef tekið fram að ég er ekki á móti því að lagfæra ágalla en það er mjög alvarlegt, ef grunntónninn er að fólk sé almennt að reyna að svindla á þessu kerfi.

Mér sýnist að þetta frv. og vinnumiðlunarfrv. taki nokkuð mið af danska kerfinu. Danska kerfið er sniðið að því að þar hefur verið til langs tíma jafnvel 10–15% atvinnuleysi. Það kerfi tekur mið af því að ákveðnir hópar fólks vilja hreinlega ekki vera á vinnumarkaði. Ég hef efasemdir um að slíkt kerfi eigi við hjá okkur. Íslenska þjóðfélagið er öðruvísi. Það hefur verið rætt aftur og aftur við ýmis tilefni í þessum sal. Skólakerfið okkar hefur verið þannig, því miður, að allt að því helmingur framhaldsskólanema flosnar úr námi. Það er vanhugsað að ætla að lög geti haft þau áhrif að þetta unga fólk fari inn í framhaldsskólann á ný af því að búið er að setja í lög um atvinnuleysistryggingar að fólk fái ekki atvinnuleysisbætur fyrr en það er orðið 18 ára þó svo það sé ef til vill komið út á vinnumarkaðinn og búi ekki við það atlæti sem þarf til að geta setið á skólabekk. Það skortir fullkomlega skilning á því að ungt atvinnulaust fólk hafi öðlast fótfestu gegnum starfsmenntun í atvinnulífinu eða önnur fræðsluúrræði miðað við texta frv.

Ég minnist þess í umræðu um grunn- og framhaldsskóla síðasta vetur að þá var formaður þeirrar nefndar sem smíðaði þetta frv. mjög upptekinn af tveggja ára námsbrautum. Slíkar námsbrautir hefðu átt að vera komnar til áður en frv. sem þetta, er vísar ungmennum inn í skólakerfið á ný, er lagt fram.

Ég tek undir það og mér finnst jákvætt að virkni atvinnulausra er lykilorð í t.d. vinnumarkaðsfrv. og það er auðvitað tilvísun í þetta frv. sem við erum að ræða. En ég vil leggja áherslu á að sú virkni taki ávallt mið af virðingu gagnvart hinum atvinnulausa. Sjálf er ég mikill talsmaður þess að fræðsla og fræðsla og aftur fræðsla sé það sem skiptir máli fyrir þá sem verða atvinnulausir eða þá sem eiga í erfiðleikum með að skipta um störf. Þess vegna er hún afar mikilvæg en við megum ekki blekkja okkur með því að fræðslan ein eða skólaganga lækni atvinnuleysi. Fólk vantar vinnu í dag af því að ekki eru nægilega mörg störf í boði. Það er auðvitað kjarni málsins. Ég vil líka taka fram, virðulegi forseti, að ég hef mjög oft rætt þessi mál við það fólk sem er með námskeið og uppbyggingu atvinnulausra á sinni könnu og er með þessu fólki daglangt og vikurnar út í gegn. Mér er sagt að það sé staðreynd að 80–90% atvinnulausra eru með sannanlegan vinnuvilja. Því segi ég þetta að mér finnst lýsa í gegnum frv. að breyta þurfi og skerða vegna þess að allir séu að svindla sig inn á atvinnuleysisbætur. Ég hafna slíku. Ég hafna þeirri hugsun.

Mér finnst ákvæðin um 18 ára mörk og fimm ára hámarksbótatímabil mjög róttæk. Mér finnst þau neikvæð. Félmn. verður að leggja mikla vinnu í að skoða afleiðingu þessa ef fest verður í lög. Það er verið að ákveða að öll ungmenni yngri en 18 ára eigi að fara inn í skólakerfið á ný í umsjón mömmu og pabba. Nú virðast stjórnarflokkarnir vera á þeirri skoðun að eðlilegt sé að ungmenni séu í umsjón mömmu og pabba, eigi þar það skjól sem þarf til að geta verið í skóla óháð aðstæðum og minnist ég þá umræðunnar um lögræðisaldurinn í síðustu viku. Þá var annar tónn uppi.

Við vitum að slíkar aðstæður eru ekki hjá öllum að fólk búi við það atlæti að geta farið af vinnumarkaði og inn í framhaldsskólann. Það er líka verið að ákveða það að sá sem er kominn t.d. undir sextugt og missir vinnu, fer á öll hugsanleg námskeið og reynir að komast á vinnumarkað á ný, verði úrskurðaður út eftir fimm ár. Af hverju segi ég úrskurðaður út? Vegna þess að þrátt fyrir að okkar félagslega öryggisnet hafi tekið stakkaskiptum sl. fimm ár, sérstaklega með lögum sem sett voru um félagslega þjónustu sveitarfélaga, þá er langt í land með að okkar öryggisnet sé jafnvíðtækt og öflugt og t.d. öryggisnet í Danmörku. Ég er að vísa til þeirra réttinda sem einstaklingur á miðað við atvinnutekjur, miðað við fjölskyldustærð, miðað við erfiðleika sem koma upp þar sem búið er að leggja niður fyrir sér hvernig hjálp samfélagsins á að vera, á hvaða tíma og við hvaða aðstæður. Þetta skortir því miður enn þá hjá okkur.

Og hvað gerist ef 63 ára karl eða kona sem hefur reynt í fimm ár að fá vinnu án árangurs og er nú felld út úr bótakerfi atvinnulausra? Hvert á hún eða hann að fara? Í okkar félagslega öryggisneti virðist aðeins ein leið fær og það er framfærsla sveitarfélaganna. En það er misbrestur á því að öll sveitarfélög hafi sett sér reglur um fjárhagslega aðstoð sem dugar til framfærslu fjölskyldna þó sum sveitarfélög hafi gengið langt í þeim efnum og þar sé það ekki erfiðleikum bundið í raun og veru fjárhagslega fyrir viðkomandi. En við vitum líka að einmitt út af því hvernig þetta net okkar virkar er mörgum mjög erfitt að vera úrskurðaður út úr hefðbundnu, viðurkenndu bótakerfi inn á framfærslu sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja aðeins að greinum frv. og við 2. gr. eru þessi tvö atriði, sem ég hef nefnt, um 18 ára aldurinn. Þar vil ég vísa til bráðabirgðaákvæða sem eru í þessu frv. Þar segir að þeir sem í dag eru 16–17 ára og eru á atvinnuleysisbótum eigi að halda rétti sínum til 18 ára. Hinir sem verða atvinnulausir eiga að lenda inni á ákvæðum nýju laganna. Ég vil einnig spyrja og taka undir það, sem kom fram hjá þingmönnum sem ræddu á undan mér, hvort fiskvinnslan falli undir tveggja vikna biðtímann sem getið er um í 2. gr.

Mig langar líka að spyrja ráðherra: Hvers vegna á einstaklingur að vera reiðubúinn að ráða sig í fullt starf? Af hverju á einungis að vera heimildarákvæði til þess að greiða bætur ef viðkomandi er ekki tilbúinn til að fara í meiri vinnu en áður? Er hlutastarf t.d. fjölskyldufólks ekki viðurkennt? Ætli það sé ekki mjög algengt að skipting foreldra sín á milli á tekjuöflun sé þannig að annað vinni fullan vinnudag, oftast hann, hitt vinni hlutastarf og beri meiri ábyrgð á börnum og heimilishaldi, oftast hún? Í 2. gr. er fjallað um þá sem eiga rétt til bóta samkvæmt lögunum fullnægi þeir eftirtöldum skilyrðum og 6. tölul. er þannig:

„Eru reiðubúnir að ráða sig í fullt starf. Úthlutunarnefnd er heimilt að víkja frá þessu skilyrði ef hinum atvinnulausa er ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus, enda sé hann

reiðubúinn að ráða sig í a.m.k. hálft starf.“ Þetta vekur því upp mjög margar spurningar.

Varðandi 2. gr. og rétt 18 ára finnst mér að ekki eigi bara að vera heimildarákvæði hjá sjóðnum að setja reglur varðandi þann þátt heldur eigi það að vera skylda að sjóðurinn setji reglur. Þá er ég að vísa til þess sem hér segir að þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt og það er heimilt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs setji reglur þar um. Mér finnst að það eigi að vera alveg skýrt að það verði settar reglur. Það hlýtur að vera alveg ljóst að þessi dæmi koma upp.

Virðulegi forseti. Í 3. gr. segir:

„Sá sem fullnægir skilyrðum um bótarétt en tekur að stunda nám eða verður að hverfa frá vinnu af heimilisástæðum, svo sem vegna veikinda barna eða maka eða vegna umönnunar aldraðs foreldris, heldur í allt að 24 mánuði þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Sama á við um þá sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

Á sama hátt og kveðið er á um í 1. mgr. heldur sá sem fer í fæðingarorlof áunnum bótarétti í allt að sex mánuði.“

Eins og greinin er sett fram sýnist mér að hún sé þrenging frá núgildandi lögum og það væri miklu nær varðandi þessa hópa að opna greinina, opna þessi réttindi og gera þau almenn í stað þess að neyða þá sem kjósa að hverfa af vinnumarkaði um skamman tíma til að taka bætur að viðlögðum missi bótaréttar.

Ég vil taka undir athugasemdir sem komu fram um 5. gr. Hún er óásættanleg. Það leikur sér enginn að því að vera tekjulaus í tæpa tvo mánuði, hvað þá tvo og hálfan mánuð, þannig að þetta þarf félmn. að skoða mjög vel.

Hvað varðar 7. gr. þá finnst mér losaralegt hvernig tenging við laun er sett fram. Þetta ákvæði bitnar fyrst og fremst á þeim sem eru á lægstu töxtunum eins og hefur komið hérna fram burt séð frá því hverjar tekjur þeirra voru. Það er umhugsunarefni hvort í þessu ákvæði geti falist að fólk í fullri vinnu nái ekki atvinnuleysisbótum. Ég minni ráðherrann á að hann er sjálfur með yfirlýsingar um það að grunnkaupstaxtar séu allt of lágir. Óttast hann þá ekki að þarna sé hann með þessu lagaákvæði í sjálfu sér að rýra kjör þeirra sem höllum fæti standa? Hann gerir sér grein fyrir því og hefur lýst því yfir úr þessum ræðustól að grunnkaupstaxtar séu allt of lágir.

Ég ætla að láta mér nægja í þessari ræðu að nefna 9. gr. Ég hef afar miklar efasemdir um fimm ára tímabilið. Eins og ég hef þegar getið um er óljóst hvað tekur við. Þegar menn setja svona lög verður að liggja fyrir hvað tekur við hjá viðkomandi. Hvert er honum vísað? Þeir sem lenda í langvarandi atvinnuleysi glata öryggiskennd, fólk bognar við atvinnuleysi. Það jafnvel brotnar niður. Sjálfsmynd skerðist og ég fullyrði að stærsti hluti langtímaatvinnulausra kýs að komast í vinnu, kýs að verða virkir þjóðfélagsþegnar sem leggja sitt af mörkum og ég vona að þeir tímar fari í hönd að fólk verði ekki atvinnulaust í fimm ár. Það á að vera meginmarkmið okkar. Úrræði Framsfl. fara væntanlega að sjá dagsins ljós og loforðin um 12 þúsund störf því að á það ættum við að leggja áherslu núna að fjölga störfum þannig að þeir sem eru núna atvinnulausir og stefnir í að verði atvinnulausir jafnvel í fimm ár þrátt fyrir að vera í námskeiðum, þrátt fyrir að fara í fullgilda fræðslu, þrátt fyrir að fara í öll þau verkefni sem eru í boði, fái starf við sitt hæfi. Það á að vera markmið ríkisstjórnarinnar en ekki að henda fólki út hugsanlega eftir fimm ár á bótatíma.

[14:50]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 180. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 201.

Reglur um tæki sem senda rafsegulbylgjur, 179. mál, fsp. HG, þskj. 200.

Sjómannaafsláttur, 178. mál, fsp. KHG, þskj. 199.

[14:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða stórt og mikið mál sem snertir stóran hóp fólks í samfélaginu og er ástæða til að taka undir það með hæstv. félmrh. að við eigum að velta fyrir okkur atvinnuleysinu og orsökum þess og afleiðingum við umræður eins og þessar. Ég vil í því sambandi benda á það sem stendur í frv. til fjárlaga þar sem menn hafa á undanförnum árum verið nokkuð að velta fyrir sér orsökum atvinnuleysis. Ég vil taka undir það sem þar kemur fram að ég óttast mjög að það stig atvinnuleysis sem við erum að komast á núna, þ.e. í kringum 4%, sé það sem við munum horfa upp á á næstu árum. Það byggist á því að nútímahagfræði segir okkur að það er alltaf töluverður hópur fólks sem er á hreyfingu á vinnumarkaði, er að leita sér að störfum, er að koma á vinnumarkað, skipta um vinnu og því um líkt, fyrir utan þann hóp sem af ýmsum ástæum lendir í vandræðum. Það eru gjaldþrot fyrirtækja, það eru uppsagnir, það getur verið tímabundinn hráefnisskortur, eins og við þekkjum hér á landi, og fleira og fleira. Það eru uppi kenningar um að það atvinnuleysi sem við horfum nú upp á sé nokkurn veginn það sem við megum eiga von á. Menn þora að sjálfsögðu ekki að tala um „eðlilegt“ atvinnuleysi, enda eigum við aldrei að sætta okkur við það að atvinnuleysi sé eðlilegt ástand, heldur virðist þetta vera orðið eðli vinnumarkaðarins. Það þýðir að það öryggisnet sem á að umkringja atvinnulausa og tryggja þeim afkomu þarf að vera þétt og gott og vera þannig úr garði gert að það hvetji fólk til að skoða líf sitt, leita sér menntunar, leita að nýjum möguleikum og að reyna á sem allra mannúðlegastan hátt að koma í veg fyrir að þetta kerfi sé misnotað.

Ég vil taka undir þá hugsun, sem nefnd hefur verið í þessari umræðu, að það á að reyna að virkja hina atvinnulausu, það á að reyna að byggja upp trú á lífið og möguleika þess og reyna á sem fjölbreyttastan hátt að koma fólki til aðstoðar. Það sem menn segja nú um allan heim er það að menntun og símenntun sé sú leið sem best sé til þess fallin að taka á atvinnuleysinu, að gera fólk hæft til að breyta um til að leita sér nýrra möguleika vegna þess að vinnumarkaðurinn breytist gífurlega hratt með nýrri tækni.

Samkvæmt frv. til fjárlaga er reiknað með því að Atvinnuleysistryggingasjóður muni veita um 3 milljarða kr. í atvinnuleysisbætur. Inni í því eru reyndar ýmsir styrkir til átaksverkefna og annað slíkt og þessi tala hefur lækkað núna á tveimur árum um u.þ.b. milljarð sem sýnir þó að það hefur dregið verulega úr atvinnuleysinu.

En ef við lítum svo á það frv. sem er til umræðu, þá vil ég taka undir það að hér er margt sem þarf að skoða rækilega, margt sem orkar tvímælis og þarf að velta fyrir sér hvernig best verði fyrir komið. Þar vil ég fyrst víkja að því sem fram kemur í 2. gr. frv. Ég vil taka fram að ég ætla að einbeita mér að því sem mér finnst að menn þurfi að velta fyrir sér og að þeim atriðum sem ég vil gagnrýna því að tíminn er naumur.

Þá er það fyrst að nefna þessa grundvallarreglu að binda réttinn til atvinnuleysisbóta við aldurinn frá 18 ára til sjötugs. Það má segja að ef það væri grundvallarreglan hér að allir væru í skóla til 18 ára aldurs, þá gæti þetta talist eðlilegt, en ég spyr hæstv. félmrh.: Veit hann hversu margir á aldrinum 16–18 ára eru virkir á vinnumarkaði? Það er dágóður hópur. Fólk bæði hættir í skóla, flosnar upp úr skóla, fer ekki í skóla, tekur sér hlé af ýmsum ástæðum og ég vil leyfa mér að draga í efa þá hugsun sem hér kemur fram, að það sé endilega það besta fyrir alla að vera í skóla á þessum aldri. Auðvitað er það meiri hlutinn, það er mikill meiri hluti, sem betur fer, sem aflar sér menntunar, en það er líka hópur sem vill og þarf að fara út á vinnumarkaðinn. Og ég spyr: Hvað er þessum hópi á aldrinum 16–18 ára boðið upp á í íslensku skólakerfi? Menn eru að tala um það að koma upp tveggja ára brautum. Þær eru ekki komnar og hamingjan má vita hvenær þær líta dagsins ljós. Það er alltaf verið að tala um það að efla verkmenntun og starfsmenntun. Það eru engir peningar settir í það. Mér finnst ekki forsvaranlegt að skerða réttinn til atvinnuleysisbóta með þeim hætti sem hér er gert fyrr en búið er að kippa því í liðinn að þessi aldurshópur hafi eitthvert val, eigi raunverulega kost á því að afla sér starfsmenntunar. Það er ekki lausn fyrir alla að beina þeim inn í skólakerfið. Sumir eru einfaldlega búnir að fá svo yfir sig nóg af því kerfi og þá ekki síst þeir sem af ýmsum ástæðum hafa aldrei fundið sig þar og ekki ráðið við það sem þar er boðið upp á, en ég held að það verði að vera verulegur sveigjanleiki í þessum efnum. Fólk er orðið sjálfráða 16 ára gamalt og á meðan það er réttur fólks að velja milli þess að fara í skóla og fara í vinnu, þá er ekki hægt að svipta fólk á aldrinum 16–18 ára almennum réttindum á vinnumarkaði. Það verður að vera samræmi í því að menn hafi réttinn til að vinna fyrir sér og að njóta þá annarra réttinda sem vinnandi fólk hefur tryggt sér með langri baráttu.

Það eru ýmsir tímafrestir í þessu frv. og þar á meðal er þetta ákvæði um fólk sem er búið að vera atvinnulaust í tvær vikur. Ég get ímyndað mér að þetta geti gert mörgum afar erfitt fyrir. Af hverju á fólk að lifa sem er sagt upp skyndilega, t.d. fiskverkunarfólk sem allt í einu fær uppsagnarbréf með viku fyrirvara eins og þar tíðkast oft og tíðum, af hverju á fólk að lifa? Ég býst ekki við því að íslenskt launafólk yfirleitt safni miklu í sjóði til mögru áranna. Og í raun og veru gildir nákvæmlega sama um það ákvæði þar sem talað er um að ef fólk hefur haft meira en svo og svo miklar tekjur, tvöfaldar atvinnuleysisbætur, þá verði það fyrir skerðingu. Það er eins og menn reikni með því að fólk með kannski 110–120 þús. kr. laun á mánuði safni í sjóði. Þetta eru engin laun til þess að leggja til hliðar af, því miður. Það kemur alltaf að þessu sama, og kemur inn í þær viðmiðanir sem hér er að finna, að það eru launin sem eru svo lág sem einmitt speglast í því að það er hópur vinnandi fólks sem einfaldlega er undir atvinnuleysisbótum í launum. Þetta er þvílík hörmung að á þessu verður að taka.

Þá kem ég að því ákvæði að eitt af skilyrðunum til þess að fá atvinnuleysisbætur sé það að fólk sé tilbúið til þess að ráða sig í fullt starf. Þarna held ég að nefndarmenn, sem allir eru karlkyns, hafi ansi mikið gleymt sér yfir eðli íslensks vinnumarkaðar og því atriði að það er býsna stór hópur, og ekki síst konur, sem eru í hlutastörfum. Vil ég minna á það sem fram kom í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um vinnumarkaðinn sem sýnir að stór hluti giftra kvenna á vinnumarkaði er undir skattleysismörkum í tekjum, um helmingur giftra kvenna, sem segir okkur það að þessi hópur er yfir höfuð í hlutastörfum eða mjög lágt launuðum störfum. Og nú spyr ég: Er það stefna hæstv. félmrh. að ýta undir það að konur og þeir sem eru í hlutastörfum — það eru ekki eingöngu konur — ráði sig í fullt starf eða hvað er eiginlega verið að hugsa hér? Ef þessu yrði fylgt strangt eftir þá er ég hrædd um að við yrðum að taka okkur tak bæði í skólakerfinu og dagvistarkerfinu, ef það á að fara að skikka fólk til að taka sér fullt starf.

Það stendur reyndar í frv., með leyfi forseta: „Úthlutunarnefnd er heimilt að víkja frá þessu skilyrði ef hinum atvinnulausa er ókleift að ráða sig í fullt starf eða ef hann hefur verið í hlutastarfi áður en hann varð atvinnulaus, enda sé hann reiðubúinn að ráða sig í a.m.k. hálft starf.“

Viðmiðunin er þessi, að vera reiðubúinn til að ráða sig í fullt starf. En það á auðvitað að vera reglan að tekið sé tillit til þess að þeir sem eru í hálfu starfi eru væntanlega í því af ákveðnum ástæðum og ef fólk missir sitt starf, hvort sem það er hálft, 75% eða hvað það nú er, þá hafi fólk rétt á atvinnuleysisbótum og þegar það leitar að vinnu, þá sé ekki verið að skikka og skerða bara af því að ekki eru aðstæður eða vilji til þess að vera í fullu starfi. Þarna þarf að vera sveigjanleiki. Það þarf að skoða eðli vinnumarkaðarins.

Þá ætla ég að koma að 5. gr. Það hefur reyndar áður verið minnst á það atriði sem þar kemur fram, um þá sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum, en í 4. tölul. 5. gr. segir m.a. að þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Þetta getur verið afar erfitt að meta, þ.e. hvort fólk hafi sagt starfi sínu lausu af gildum ástæðum. Hvað eru gildar ástæður? Við skulum taka t.d. óánægju í starfi af einhverjum orsökum, en rétturinn til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í 55 bótadaga í fyrsta sinn. Fólki getur gengið mjög illa að aðlagast sínum vinnustað, það geta verið margar ástæður fyrir því að fólk segir starfi sínu lausu, að ekki sé talað um ef fólk lendir t.d. í einhverjum launadeilum eða einhverju sem það á kannski erfitt með að gefa upp, við skulum segja t.d. kynferðislegri áreitni. Viðkomandi vill ekki gefa upp ástæðuna eða það geta verið einhverjir erfiðleikar í því sambandi. Þetta getur verið afskaplega erfitt að vega og meta.

Þá er það 5. tölul. 5. gr., þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Þetta finnst mér vera afar þröngt. Við skulum hugsa okkur nemanda, hvort sem það er í framhaldsskóla, háskóla eða hvar sem er, sem hefur hugsanlega verið í sumarvinnu, er búinn að vera að vinna allt sumarið, ætlar að byrja í námi, áttar sig á því að námið á ekki við hann eða er þess eðlis — nemandi, sem t.d. byrjar í verkfræði, áttar sig á því að hann vantar þann grunn sem þarf, hættir í námi og ætlar að ráða sig í vinnu, leitar og leitar að vinnu en fær ekki neitt. Er þetta endilega ástæða til þess að útiloka fólk ef það uppfyllir skilyrðin að öðru leyti? Skilyrðin eru þau samkvæmt 2. gr. að fólk hafi á síðustu 12 mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf. Þetta getur átt við háskólanema sem hefur verið í fullri vinnu að sumri, hann hefur nám, ákveður að hætta námi og þar með rétturinn út í veður og vind. Mér finnst þetta ekki réttlátt, ég verð nú að segja það.

Þá ætla ég aðeins að koma að 7. gr. Inn í þá tölu sem menn ganga út frá og sem hér er birt vantar reyndar þá 2% hækkun sem er verið að sækja í öðru lagafrv. en samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í haust eru fullar bætur nú 52.728 kr. Það er fullur mánuður.

Þetta eru alveg óskaplega lágar bætur. Þetta eru óskaplega lágar tölur þó við horfumst í augu við þá nöturlegu staðreynd að það er til fólk sem hefur ekki einu sinni þessi laun. Ég vil spyrja um rökin fyrir því að halda í þessa viðmiðun frá gildandi lögum. Töldu nefndarmenn og hæstv. ráðherrar að það væri virkilega ekki ástæða til að reyna að hífa þessar bætur aðeins upp? Ég skil að miðað við ástandið á vinnumarkaði er það erfitt ef meiningin er sú að atvinnuleysisbætur séu ekki hvetjandi til þess að fólk sé frekar á bótum en í vinnu. Og meðan ástandið er svona á vinnumarkaðnum varðandi launin, þá er þetta erfitt við að eiga vegna þess að það er svo augljóst að það þarf að fara töluvert upp fyrir þessar bætur þannig að það borgi sig ekki að vera frekar á bótum heldur en vera að vinna ef fólk þarf að kaupa sér barnagæslu, maður tekur tillit til kostnaðar við það að ferðast til og frá vinnu o.s.frv. En þetta eru samt nöturlegar tölur að horfast í augu við.

Þá er það bótatíminn. Ég skil það að auðvitað er erfitt að finna einhverja eðlilega viðmiðun, fimm ár, sex ár, við hvað á að miða? En þarna þarf líka að vera sveigjanleiki og ég tek undir það sem fram kom í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að í þessu samhengi þarf sérstaklega að huga að þeim sem eru í eldri kantinum á vinnumarkaðnum og fólk sem raunverulega vill fá vinnu og leitar sér að vinnu en er því miður hafnað vegna ýmiss konar fordóma sem eru ríkjandi gagnvart þeim sem eru í eldri kantinum á vinnumarkaði. Það er ömurlegt að vera hafnað á vinnumarkaðnum. Ég þekki ekki hvaða reglur gilda um þetta í öðrum löndum. Það væri fróðlegt að við í félmn. öfluðum okkur upplýsinga um það við vinnslu málsins. Hv. þm. Hjálmar Árnason fræddi mig um það áðan að Danir væru að stefna niður í þessi fimm ár. Þeir hafa náttúrlega orðið mjög langa reynslu af langvarandi atvinnuleysi jafnvel þar sem kynslóð hefur tekið við af kynslóð. Svíar eru með miklu strangari takmarkanir, enda atvinnuleysi nýlega farið að segja til sín hjá þeim.

Ljósið er farið að blikka og nú er ég farin að sjá eftir því að við skyldum nú ekki biðja um tvöfaldan ræðutíma en það verður ekki aftur tekið. Það eru nefnilega býsna mörg atriði sem vert er að ræða, hæstv. forseti, ég vil nefna þar t.d. vikulega skráningu þeirra sem hafna úrræðum, þetta er hálfgert refsiákvæði, (Forseti hringir.) og t.d. hvort á að kveða eitthvað nánar á um skráningarreglur. En ég verð að geyma það, hæstv. forseti, til síðari ræðu minnar. Ég hef ekki nærri því komist yfir þau atriði sem ég vildi ræða, t.d. það hvort það sé rétt stefna að alþingismenn hverfi úr stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, eins og hér er gert ráð fyrir, (**Gripið fram í:** Þingkjörnir.) já, þingkjörnir fulltrúar Alþingis, þannig að enn er margt órætt, hæstv. forseti.

[15:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er mjög feginn því að við fórum ekki þá leið að biðja um tvöfaldan ræðutíma fyrir þau frumvörp sem hér eru undir því að ég held að það fari miklu betur á því og umræðan verði miklu skilvirkari og hnitmiðaðri ef við reynum að setja mál okkar fram í stuttu máli. Satt að segja eru það ekki mjög mörg atriði sem ég vil ræða hérna og ætla á þessu stigi málsins fremur að ræða það almennt.

Herra forseti. Það er löngu tímabært að menn taki til hendinni og endurskoði lög, bæði um vinnumarkaðinn og um atvinnuleysistryggingarnar. Ég vil segja það, því að ég get ekki verið í umræðunni síðar í dag um vinnumarkaðsfrv., að ég er ekki algjörlega sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni um að þar sé allt jákvætt. Ég vil sérstaklega koma því á framfæri hér að þar hafa t.d. fulltrúar Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar ekki sama aðgang og þeir höfðu áður. Þeir áttu fulltrúa í ráðgjafarnefndinni sem áður var til ráðgjafar félmrh. og vinnumálaskrifstofu ráðuneytisins, en í hinni nýju vinnumálastofnun sem verður sett á laggir er ekki gert ráð fyrir því að þessir aðilar eigi fulltrúa. Ég vil hins vegar nota tækifærið til þess, herra forseti, að benda á að samkvæmt frv. um vinnumarkaðinn er gert ráð fyrir því að hæstv. félmrh. skipi tvo fulltrúa án tilnefningar í stjórnina og ég vil gera það að tillögu minni að hv. félmn. velti því fyrir sér hvort ekki sé rétt að fækka þessum tveimur niður í einn og í staðinn verði það fulltrúar Öryrkjabandalagsins eða Þroskahjálpar, sameiginlegur fulltrúi þeirra sem fái sæti í þeirri stjórn.

Ég vil segja um það frv. sem hérna liggur fyrir um atvinnuleysistryggingar að mér finnst menn að mörgu leyti hafa tekið jákvætt á þessu máli. Ég tel að við eigum að skoða þetta með opnum huga, stjórn og stjórnarandstaða. Það er ljóst að margt í gildandi lögum þarfnast endurskoðunar. Við þurfum hins vegar að velta því fyrir okkur með hvaða hugarfari menn nálgast þessi mál. Eru menn að reyna að breyta lögunum til þess að koma í veg fyrir misnotkun? Eða eru menn einfaldlega að fara í endurskoðunina til þess að spara? Ég hjó eftir því í allt of stuttri framsöguræðu hæstv. félmrh. að tilgangurinn með þessari endurskoðun var næsta óljós. Og þó að athugasemdir við lagafrumvarpið séu mjög glöggar að flestu leyti þá sakna ég þess að ráðuneytið eða hæstv. ráðherra hafi með gleggra móti gert grein fyrir því hvers vegna menn lögðu í þessa endurskoðun. Hitt verð ég að segja að það er þá hægt að færa það hæstv. félmrh. til hróss að hann hefur í ýmsum efnum stigið miklu styttri skref en hv. þm. Hjálmar Árnason og sú nefnd sem hann stýrði og endurskoðaði lögin lagði til. Það eina sem ég vil segja að sé áfátt við þessar athugasemdir er að ekki er nægilega skýrt tekið fram að hvaða leyti hæstv. félmrh. vék frá tillögum nefndarinnar. Mér sýnist í fljótu bragði að það sé a.m.k. tvennt sem hæstv. ráðherra hefur gert. Það kemur fram í greinargerðinni að því er varðar 4. tölul. 5. gr., þar sem er fjallað um það fólk sem segir starfi sínu lausu án þess að fyrir því séu það sem menn kalla í frv. gildar ástæður eða hefur misst vinnu af ástæðum sem má rekja til þess sjálfs þá leiðir það til missis bóta sem svarar til 55 bótadaga. Það er niðurstaða frv. Hv. þm. Hjálmar Árnason hafði ekki jafnmeyrt og milt hjarta og hæstv. félmrh. vegna þess að undir hans forustu var lagt til að bótamissirinn næmi ekki 55 dögum heldur 72 dögum. Mér þætti vænt um að hæstv. félmrh. mundi í sinni ræðu síðar í dag skýra hvers vegna hann ákvað að draga úr þessu. Var það vegna þess að honum fannst þarna farið fram með allt of harðneskjulegu móti? Ef það var orsökin, hvers vegna féllst hæstv. ráðherra þá ekki á að hafa þetta óbreytt, hafa bótamissinn sem svaraði til 40 dögum? En manni sýnist að þarna hafi reglustikureglan enn einu sinni ráðið. Meðaltalið hafi verið tekið vegna þess að þarna er farið nákvæmlega *bil beggja milli núgildandi löggjafar og þess sem hið harða* hjarta hv. þm. Hjálmars Árnasonar lagði til. (Gripið fram í.) Hann hafði sverð í höndum en það hafði hv. þm. Hjálmar Árnason góðu heilli ekki.

Það er líka svo að hv. þm. Ögmundur Jónasson gagnrýndi harðlega eitt tiltekið atriði sem varðar 7. gr. frv. Þar er lagt til að bætur geti aldrei orðið hærri en sem svarar full-

um dagvinnulaunum einstaklings síðustu sex mánuði fyrir skráningu. Hv. þm. Ögmundur Jónasson færði fullgild rök að því að þarna er vegið að þeim sem eru lægst launaðir. Þarna er vegið að því fólki sem er á strípuðum töxtum. Hann tók dæmi af fiskverkafólki sem missir við þessa breytingu sem svarar 6.000 kr. á mánuði. Hv. þm. Hjálmar Árnason og nefndin, sem hann veitti forstöðu, vildu vera miklu harðari en hæstv. félmrh. Þeir lögðu nefnilega til að atvinnuleysisbætur launamanns gætu aldrei orðið hærri en sem svaraði 90% af dagvinnulaunum hins atvinnulausa síðustu sex mánuði fyrir atvinnuleysið. Í sjálfu sér tel ég ástæðu til þess að fagna því að hæstv. félmrh. hefur a.m.k. í þessum efnum tekið völdin af þeirri nefnd sem starfaði undir stjórn hv. þm. Hjálmars Árnasonar. Ég verð auðvitað að segja að mér finnst með ólíkindum að hv. þm. Hjálmar Árnason og fólk hans skuli hafa lagt nafn sitt við þær tillögur sem hér er lýst og sem hæstv. félmrh. tók til baka.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns að það væri óljóst af þeim athugasemdum sem frv. fylgja hvers vegna menn lögðu í þessa sjóferð. Er það vegna þess að menn óttast misnotkun á gildandi lögum? Ef svo er þá hafði hæstv. félmrh. a.m.k. ekki kjark til þess að segja það upphátt og hann hefur engin dæmi nefnt um misnotkun á kerfinu. Í greinargerðinni kemur heldur hvergi fram að einhvers staðar sé kvíðbogi innan stjórnkerfisins fyrir því að menn séu að misnota kerfið.

Þegar frv. er skoðað er ljóst að nánast alls staðar eru þrengingar fyrir hinn almenna launamann, á kjörum þeirra sem þingheimur allur er sammála um að býr við lakastan hlut í þjóðfélaginu, þeirra sem hafa ekki atvinnu, þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa tapað störfum sínum og ekki bara beðið fyrir vikið fjárhagslegan hnekki heldur líka hnekki á sálu sinni. Um þetta eru allir sammála. Ef það er svo að menn hafa með einhverjum ráðum verið að misnota þetta kerfi eiga menn að segja það hreinskilnislega og þá eiga menn að segja það í greinargerðinni. Menn eiga að gera þingheimi grein fyrir því af hverju er farið í þessa sjóferð.

Þegar ég skoða tillögurnar blasir það við að hér og hvar er verið að ástunda það sem ég kalla kropp, það er aftur verið að fara þá leið að í staðinn fyrir að breyta kerfum kroppa menn fjármuni héðan og þaðan og ævinlega af þeim sem eru illa settir fyrir. Ég sé í fljótu bragði, herra forseti, að í þessu frv. megi benda á átta greinar þar sem beinlínis er verið að spara fjármagn með þessu kroppi. Að minnsta kosti sex þessara breytinga koma beinlínis til þrenginga fyrir kjör fólks. Ein breyting er jákvæð og þar er um kerfisbreytingu að ræða sem sparar 20 millj. kr. Um aðra breytingu má segja að hún vegur a.m.k. ekki að framfæri þess fólks sem lifir illu heilli af atvinnuleysisbótum.

Mig langar aðeins að fara yfir þetta, herra forseti. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að lágmarksaldur þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum hækki úr 16 árum upp í 18 ár og það er vegna þess að talið er æskilegt að ungmennum á þessum aldri sé frekar beint inn til skólanna. Herra forseti. Ég segi nú bara: Drottinn minn dýri. Mikið óskaplega er ég sammála þessu. Auðvitað vil ég að sem flestir afli sér sem mestrar reynslu og menntunar. Auðvitað er æskilegt að sem flestir fari í langt nám og þroski hæfileika sína með því að afla sér menntunar. Auðvitað er æskilegt að ekkert atvinnuleysi sé til en það er ekki hægt, herra forseti, að koma með röksemdafærslu af þessu tagi. Það er ekki hægt að bjóða þingheimi upp á það að vegna þess að hv. þm. Hjálmari Árnasyni skólameistara finnst æskilegt að sem flestir fari í skóla eigi beinlínis að kúga fólk, þá eigi að meina fólki á aldrinum frá 16–18 ára að fá atvinnuleysisbætur. Ef það einhverra hluta vegna hefur kosið eða getur ekki farið í skóla er það einfaldlega svipt bótum. Það kemur hláturskjöltur úr stóli hæstv. félmrh. og hann mun væntanlega koma upp á eftir og segja að þetta sé ekki alveg rétt hjá þeim þingmanni sem hér stendur vegna þess að gert er ráð fyrir því að heimild sé til undanþágu. En þannig er þetta í hverri greininni á fætur annarri. Hæstv. ráðherra og hv. þm. Hjálmar Árnason mun koma upp á eftir og segja að þetta sé ekki allt saman rétt vegna þess að heimild sé í slíkum skerðingartilvikum sem frv. gerir ráð fyrir að bæta mönnum samt sem áður þrenginguna. En þetta er samt sem áður einungis heimild. Hægt er að benda á þetta á 4–5 stöðum þar sem þessir herramenn skerða kjör þess fólks sem hefur það verst í landinu því að þar er heimild til þess að hjálpa því aftur.

Menn eiga að tala skýrt. Ég veit að hæstv. félmrh. er mér sammála um það. Ræða þín skal vera já, já og nei, nei. Menn eiga að segja skýrt hvað þeir eru að gera hérna. Hvað ætlar hæstv. félmrh. með skósveinum sínum að spara af þessu? 48–56 millj. kr. Það kemur fram í frv. að á íslenskum ungmennum á aldrinum frá 16–18 ára á að spara 48–56 millj. kr.

Í 2. gr. er líka gert ráð fyrir því að til þess að öðlast rétt á bótum þurfi fólk að hafa verið atvinnulaust í tvær vikur en ekki í þrjá daga eins og núna er. Í sjálfu sér set ég mig ekkert sérstaklega upp á móti þessu atriði. Það getur vel verið að þetta sé skynsamlegt. En þarna er líka verið að kroppa og hvað er verið að kroppa? 8–16 millj. Er þetta þess virði, hæstv. félmrh. sem alla tíð hefur verið álitinn stórra sanda og sæva. Er þetta þess virði? Ég hygg ekki.

Það má halda áfram. Það kemur fram að þeim sem sækjast eftir fullu starfi beri að taka hlutastarfi ef úthlutunarnefndin telur litlar líkur á að viðkomandi fái fullt starf. Þetta er 13. gr. Í 2. gr. er sagt að viðkomandi verði líka að vera tilbúinn til þess að ráða sig í fullt starf. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir færði mjög þétt rök sem sýna fram á að þetta er óréttlátt ákvæði sem vegur sérstaklega að fjölskyldufólki, sérstaklega að konum með ung börn. Ég held að þegar menn skoða þetta til hlítar hljóti menn að vera sammála rökum hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur um þetta. Þarna er enn verið að plokka. Af þessu fólki á að plokka 40–56 millj. kr.

Ég hef lýst áður hinu vaska hugarfari hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem vildi að bótaréttur félli niður um 72 daga bil ef viðkomandi segir störfum sínum lausum af eigin hvötum. Hæstv. ráðherra fór að vísu bil beggja þannig að í dag falla einungis niður sem svarar 55 bótadögum. En eigi að síður skilar þessi breyting skilar 24–28 millj. kr. Mér finnst þetta illa rökstutt og ég á eftir að sjá a.m.k. sæmilega málafylgju fyrir þessu ákvæði.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á margvíslegar kringumstæður sem gætu valdið því að menn neyddust til þess að segja störfum sínum lausum eins og atriði sem erfitt er að sanna, erfitt er að sýna fram á og er vaxandi böl á ýmsum vinnustöðum, hlutir eins og kynferðisleg áreitni. Það er hægt að nefna margt fleira. Það er hægt að nefna einelti á vinnustöðum sem menn vita að er til staðar. Ef menn kjósa af einhverjum ástæðum að segja starfi sínu lausu gera menn það væntanlega ekki að nauðsynjalausu eins og árferði ríkir núna, þá er samt sem áður verið að þrengja rétt þessa fólks og plokka af því 24–28 millj. kr.

Í 6. gr. er líka verið að skerða bótarétt einstaklinga til samræmis við unninn stundafjölda. Ég segi út af fyrir mig að þarna er um að ræða ákvæði sem ég sé svolitla vitglóru í. Mér finnst ákveðin rökhugsun vera á bak við þetta. Hæstv. ráðherra fór að vísu ekki þá leið að útskýra þessi rök fyrir okkur og það kemur ekki heldur fram í greinargerðinni. Þarna er verið að plokka. Ef öll vinnan er dregin frá við viðbótarútreikning er verið að spara 4, kannski 8 millj. kr.

Í 9. gr., sem ég ætla að ræða sérstaklega á eftir, er líka verið að spara um það bil 50 millj. kr., þ.e. með því að setja fimm ára hámark á lengd bótatímans. Í ákvæði 16. gr. er eini sparnaðurinn sem ég get virkilega klappað fyrir og sagt að hv. þm. Hjálmari Árnasyni og hæstv. félmrh. tókst vel upp. Þar eru þeir að reyna að einfalda flókið kerfi og spara. Þar er verið að fækka úthlutunarnefndum úr 32 líklegast niður í 8, eina í hverju kjördæmi. Þetta er ágætt. Það er sparnaður af þessum lið, 18–20 millj. kr. Þetta er gott. Áfram og meira af þessu.

Herra forseti. Í annarri grein, sem ég man ekki alveg hver er, er gert ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði ekki lengur framlag til kjararannsóknarnefndar. Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að þarna sé um að ræða 20 millj. kr. Þetta leiðir til 20 millj. kr. lækkunar á útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs en það er auðvitað jafnljóst að einhver þarf að greiða þetta. Með einhverjum hætti þarf að fjármagna starf þeirrar nefndar sem hefur reynst okkur í þessum þingsölum og aðilum vinnumarkaðarins mikilvæg stoð.

Herra forseti. Ég vildi ræða sérstaklega 9. gr. frv. Það er sú grein sem ég tel að mest siðferðileg álitamál tengist. Þar er gert ráð fyrir því að sett verði fimm ára hámark á lengd bótatíma. Mér þótti hv. þm. Hjálmar Árnason tala af nokkru yfirlæti á síðasta vetri þegar hann var að kynna niðurstöður nefndar sinnar og hann talaði eins og þarna væri um eins konar lagahreinsun að ræða sem gerði það að verkum að menn gætu ekki verið upp í 54 ár á atvinnuleysisskrá.

Í fyrsta lagi: Hver hefur verið 54 ár á atvinnuleysisskrá? Hvern langar til þess að vera áratugum saman á atvinnuleysisskrá?

En ég fellst á það að hér er um ákveðinn vanda að ræða. Ég veit mörg dæmi þess að í byggðarlögum þar sem er bullandi vinna, þar sem vantar fólk inn á svæðið til starfa eru samt tugir manna á atvinnuleysisskrá. Fólk sem við eftirgrennslan kemur í ljós að hefur ekki getað unnið tiltekinn starfa eða hefur gefist upp á honum einhverra hluta vegna og með nokkrum rökum má segja hæpið að þetta fólk eigi heima á atvinnuleysisskrá. Þetta er fólk sem vegna heilsufars eða vegna einhverra félagslegra aðstæðna er einfaldlega ekki fært um að halda fullu starfi. Það er vandamál sem við verðum að horfast í augu við.

Ég get út af fyrir sig fallist á að þetta fólk á líklegast ekki heima á atvinnuleysisskrá. Ég veit ekki hvað þekkt er um hagi þessa fólks, hvað vitað er um fjölda þess. Ég sé á áliti fjárlagaskrifstofu fjmrn. að talið er að um 120 einstaklinga sé að ræða. En það er ekki hægt að setja lög sem beinlínis varpa þessu fólki út á guð og gaddinn en það er verið að gera með þessum frumvörpum. Hv. þm. Hjálmar Árnason hristir höfuðið til neitunar og ég vænti þess þá að hann muni útskýra þetta frekar á eftir.

Herra forseti. Hvar í frv. er hægt að benda á einhvers konar bjargræði fyrir þetta fólk? Það kemur að því eftir nokkur ár ef lögin taka gildi óbreytt að þessu fólki verður þokað af atvinnuleysisskrá. Hvað tekur þá við? Sveitarfélögin? Framfærsluskylda sveitarfélagsins á væntanlega að vera hjálpræði þessa fólks. En ekkert tryggir að þetta fólk fái bjargræðið frá sveitarfélögunum. Ég sakna þess í 9. gr. að þar skuli ekkert ákvæði vera inni um að gerð skuli sams konar áætlun fyrir þetta fólk þegar það er að þokast út af atvinnuleysisskrá eins og það kom inn á hana fyrsta sinni. Þá á samkvæmt öðru því frumvarpa sem hér eru undir að gera sérstaka vinnuleitarskrá og það er jákvætt nýmæli sem ég fagna.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt til að tryggja hag þessa fólks, að þegar að þeim tímamótum í lífi þess kemur að það þokast út af heimilaðri fimm ára vist á atvinnuleysislistum, verði áður að vera búið að gera viðlíka áætlun um það hvernig það getur bjargað sér í lífinu þegar það nýtur ekki lengur atvinnuleysisbóta. Það þarf að aðstoða það með því að benda því á rétt þess gagnvart sveitarfélögunum og mögulega gagnvart opinberum sjóðum sem það gæti leitað til. Við vitum að þarna er oft um að ræða fólk sem á verulega um sárt að binda, sem er orðið niðurbrotið eftir langvarandi atvinnuleysi. Það er ekki hægt að samþykkja þetta ákvæði nema gert verði ráð fyrir einhvers konar öryggishlíf fyrir það, einhvers konar fallhlíf. Ég sé ekki, eftir að hafa þaullesið þessi frv., að þetta öryggisnet sé nokkurs staðar að finna. Og það verða hv. þm. Hjálmar Árnason og hæstv. félmrh. að sýna okkur áður en þessari umræðu lýkur til þess að menn geti að minnsta kosti leyft sér að vona að í hjarta sínu hafi þeir svolítinn snefil af miskunn.

[15:31]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Því miður verð ég að taka undir það sem hefur komið fram hjá mörgum sem hafa talað fyrr í þessari umræðu að fátt er um ánægjuleg tíðindi fyrir launaflólk í því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það er enn verið að herða skilyrðin fyrir því að fá bætur úr atvinnuleysistryggingakerfinu og undirtónninn í frv. er sá að nú eigi að hefja refsivöndinn á loft og gera þá atvinnulausu enn meðvitaðri um stöðu sína. Þeir eru nefndir bótaþegar áfram eins og var í gömlu lögunum en það lýsir ákveðnum skoðunum á því hvað þeim sem semja frv. þykir um þá sem missa vinnuna.

Ég ítreka að ég tel löngu tímabært að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar en ég átti satt best að segja von á því að merkilegri endurskoðun kæmi út úr þessu nefndarstarfi en sú sem hér liggur fyrir eftir allan þann tíma sem nefndin starfaði. Ég átti von á einhverjum ferskari vindum, öðrum viðhorfum en þeim sem einkenndu gömlu lögin þar sem undirtónninn er sá að hinir atvinnulausu eru vandamál, klafi á kerfinu, þar sem kerfið bregst við með því að reyna að hrista hina atvinnulausu af sér rétt eins og hver önnur sníkjudýr.

Ég gerði mér vonir um að nefndin sem sett var í málið mundi ef til vill leggja áherslu á það í sinni vinnu að ríkisstjórnin reyndi á einhvern hátt að viðurkenna vandamálið sjálft sem er atvinnuleysið og að ef til vill mundi hún um leið viðurkenna á einhvern hátt ábyrgð sína á því að atvinnuleysi skuli vera til staðar. En allt annað hefur komið í ljós í þessu frv. Hæstv. félmrh. mælir hér fyrir frv. til laga um atvinnuleysistryggingar þar sem, ég vil nánast segja, gamla ruslið er dregið fram og þær breytingar sem eru gerðar ganga helst í þá átt að herða að þeim sem þurfa á þessari samfélagsaðstoð aðhalda.

Hæstv. félmrh. segir að andi lagabreytinganna sé sá að það eigi að virkja hina atvinnulausu, koma þeim í vinnu

með einum eða öðrum hætti. Nú þykist ég vita að hæstv. félrmh. vill vel með þessu. En er þetta svona einfalt? Það er eitthvað til staðar sem heitir atvinnuleysi og þessi tilvitnun mín í ræðu ráðherra hér áðan um að það ætti að virkja hina atvinnulausu með þessum lögum, styður þá kenningu mína að hæstv. félmrh. líti svo á að meginvandamálið séu hinir atvinnulausu, þ.e. að ekki sé hægt að virkja þá, en ekki að það sé eiginlegt atvinnuleysi. Það er grundvallaratriði í þessu máli. Það læðist að manni sá grunur að veikindin frá því í vor hafi kannski tekið sig upp í hæstv. félmrh. en þá þverneitaði hann því að hann hefði brugðist trausti samtaka launafólks með samráðið margumrædda þrátt fyrir að heilt alþýðusambandsþing væri komið á Austurvöll til að lýsa gremju sinni með störf hans. Lærði hæstv. félmrh. ekkert af þessum hremmingum eða hefur hann formlega lýst yfir sambandsslitum við samtök launafólks?

Ég tel það að minnsta kosti mjög alvarlegt mál sem hér hefur gerst að fulltrúar samtaka launafólks hafi sagt sig frá þessu nefndarstarfi vegna þess, að því mér skilst, hversu djúp gjá hafi verið á milli þeirra og sjónarmiða hæstv. ráðherra og ef til vill annarra nefndarmanna í málflutningi þeirra vegna þess að ég tel það vera mjög alvarlegt mál þegar samtök launafólks sjá sér ekki fært að starfa í nefndum af þessu tagi sem beinlínis varða mjög brýna hagsmuni fyrir launafólk. Ég verð að segja eins og er að þrátt fyrir mikinn vilja þá sé ekki marga jákvæða hluti, herra forseti, í þessu frv. og ég ítreka að ég er fyrst og fremst að horfa á það út frá hagsmunum þeirra sem eru atvinnulausir, hagsmunum launafólks.

Ég vil enn og aftur benda hæstv. félmrh. á það, vegna þess að hann minnist gjarnan á, m.a. áðan þegar hann mælti fyrir frv., að hann hafi vilja til að bæta stöðu fólks sem er atvinnulaust, að til eru ýmsar leiðir sem hæstv. ráðherra hefur ekki farið í þeim efnum og það er af nógu að taka. Hæstv. ráðherra getur gert heilmikið til að laga kjörin hjá launafólki þó hann geti ekki beitt valdi til að hækka launin, ég geri mér grein fyrir því. Hann gæti t.d. lagt fram tillögu um fullgildingu á samþykktum um starfsöryggi sem ég hef viðrað við hann áður í ræðustóli og hann tók reyndar mjög vel í í vor og sagðist mundi vilja gera fyrir haustið. Það er grundvallaratriði sem þarf að tryggja áður en farið er að þrengja enn frekar að kostum launafólks hvort sem er þeirra sem verða fyrir því að verða atvinnulausir eða þeirra sem eru í starfi. En hæstv. félmrh. getur væntanlega ekki gert það með því að fá atvinnurekendasamtökin í lið með sér vegna þess að þau hafa lýst því yfir að þau eru ekki tilbúin til að styðja slíkar breytingar. Hann þyrfti að stilla sér upp við hliðina á samtökum launafólks og launafólki sjálfu gegn atvinnurekendasamtökunum. Ég bíð enn eftir því og vil gjarnan nota tækifærið og spyrja hæstv. félmrh. hvað hann hafi gert í því máli sem hann lýsti yfir í vor að hann mundi beita sér fyrir, þ.e. að samþykkt um starfsöryggi yrði fullgilt þannig að við gætum komið okkur á blað með siðmenntuðum þjóðum varðandi starfsöryggi launafólks.

Fleira mætti hæstv. félmrh. gera. Hann gæti t.d. lagfært kolómögulega löggjöf um veikindarétt launafólks sem er algjörlega götótt og orðin liðónýt fyrir fólk sem lendir í því að þurfa á henni að halda. Hann gæti lagt fram hugmyndir um atvinnulýðræði þar sem launafólki væri gert kleift að taka þátt í stjórnun fyrirtækjanna, gera því meðal annars mögulegt að koma að stjórnuninni í stað þess að láta það einungis axla ábyrgðina á efnahagslegum stöðugleika, eins og hér hefur verið gert á undanförnum árum, án þess að nokkur réttindi launafólks séu bætt eða kjörin að öðru leyti. Það gengur ekki lengur að vaða alltaf á skítugum skónum yfir réttindi og yfir kjör fólks. Ég verð því miður að segja að mér finnst enn og aftur þetta frv. sýna að ekkert er verið að gera til að laga stöðu þeirra sem verst eru settir, því miður.

Ég átti von á því að það væri a.m. eitthvað jákvætt sem skipti máli í frv. Mér líkar mjög illa sá tónn sem frv. virðist byggja á. Hann snýst um að í þjóðfélaginu sé hópur fólks sem lifi eins og sníkjudýr á kerfinu. Frv. er m.a. ætlað að koma í veg fyrir þetta. Hæstv. félmrh. heyrist trekk í trekk segja sögur af óprútnum flugumferðarstjórum sem leiki á kerfið og hann undrast líka af hverju fólk flykkist ekki í verbúðir út á land til að vinna í fiski á ómögulegum kjörum. Við erum kannski að tala um fjölskyldufólk. Við erum að tala um fólk sem er með börn í skóla. Við erum að tala um fólk sem á maka sem er kannski í vinnu hér í bænum. Og við erum aftur komin að því, herra forseti, að málið snýst líka um starfsöryggi fiskvinnslufólks. Hvers vegna í ósköpunum ætti fólk að rífa sig upp með rótum, flytja búferlum út á land þegar hægt er að segja því upp með svo til engum fyrirvara? Hvers vegna í ósköpunum ætti fólk að gera það vitandi að það fær ómöguleg kjör og það er hægt að segja því upp með engum fyrirvara eins og mörg dæmi voru rakin um áðan?

Hæstv. félmrh. verður að byrja á að taka á þessum málum og tryggja launafólki einhver grundvallarréttindi áður en farið er að tala um að fólk eigi að flytjast á milli héraða fyrir vinnu sem kannski er einn, tveir, þrír eða fjórir dagar.

Það er einu sinni svo að vandamálið sem hæstv. félmrh. er að fást við er atvinnuleysi eins og reyndar hefur komið fram í umræðunum. Það á sér m.a. rætur í vitlausri hagstjórn. Vandamálið er ekki hinir atvinnulausu fyrst og fremst. Þeir eru fórnarlömb vitlausrar hagstjórnar en ekki rót vandans. Mér finnst kannski vanta í þetta frv. að gera sér grein fyrir því.

Hvað varðar einstök efnisatriði frv. þá tel ég nokkur þeirra að minnsta kosti vera mjög umdeilanleg. Þau hafa flest verið nefnd fyrr í umræðunum. Ég vil sérstaklega nefna lengingu refsitímabilsins í 4. tölul. 5. gr. þar sem segir að þeir eigi ekki rétt á bótum sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Þetta er svipað ákvæði og var áður. En síðan fellur réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið niður í 55 bótadaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Þetta tímabil var áður 40 dagar. Þarna er verið að lengja það. Ég tel þetta vera óæskilegt því það liggur ekki ljóst fyrir hvert þetta fólk á að leita um framfærslu á meðan það tekur út þessa refsingu sína sem ég tel að hafi verið nógu mikil fyrir. Og mörg félagsleg vandamál hafa leitt af henni. Spurningin er: Hefur hæstv. félmrh. einhver úrræði fyrir það fólk sem er að taka út þessa refsingu? Hefur hann einhver úrræði fyrir fólk um það hvernig það eigi að framfæra sér þessa 15 daga sem þarna er bætt við? Er félagslega kerfið tilbúið til að taka á móti þessu fólki eða er því bara vísað á guð og gaddinn þar til það hefur afplánað sinn dóm fyrir að hafa misst vinnu af ástæðum sem það sjálft á sök á?

Ég vil líka taka undir það sem hér hefur komið fram að það er vægast satt mjög teygjanlegt hvenær fólk missir vinnu af ástæðum sem það sjálft á sök á. Þar erum við líka með ýmis vandamál í kerfinu sem hæstv. félmrh. mætti beita sér fyrir að laga. Ég vil nefna sem dæmi manneskju sem hættir á vinnustað vegna eineltis, vegna skorts á starfsöryggi. Og vegna þess að tilteknar málsmeðferðarreglur vantar um

það hvernig taka skuli á slíkum hlutum, mundi manneskja sem hættir vegna eineltis, sem er að verða stærra og stærra vandamál og hefur m.a. verið skoðað uppi í Vinnueftirliti, — ég veit að hæstv. félmrh. þekkir þann vanda sem fer óðum stækkandi og að það þarf að taka á honum — eða að henni verður óvært í vinnu vegna þess að hún er lögð í einelti, mundi væntanlega vera talin hafa hætt af sjálfsdáðum nema hún haldi það það lengi út að hún geti beðið eftir að verða sagt upp af einhverjum orsökum. Aftur og aftur komum við að því að ekki er hægt að setja svona reglur með sanngirni nema tryggður sé einhver lágmarksréttur launafólks.

Aftur komum við að starfsörygginu. Við búum við þannig umhverfi í dag varðandi uppsagnir að atvinnurekanda er heimilt að segja fólki upp án þess að gefa nokkra ástæðu fyrir því sem er algjörlega óviðunandi. En að auki vantar ýmis úrræði þegar um er að ræða t.d. það sem að snýr að eineltinu, það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi áðan varðandi kynferðislega áreitni og fleira sem getur gert fólki óvært á vinnustað.

Ég tel óæskilegt að gera það að reglu að bótaréttur þeirra sem hætta námi, sem talað er um í 5. tölul. 5. gr., skuli falla sjálfkrafa niður það sem eftir er námsannar. Það er gert ráð fyrir að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið fellur niður í jafnlangan tíma og eftir stendur af námsönn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Nú er ég alveg innilega sammála hæstv. félmrh. í því að við eigum frekar að hvetja ungt fólk til að vera í námi en hvetja það til að fara á atvinnuleysisbætur. En munurinn á okkar sjónarmiðum er kannski fyrst og fremst sá að ég efast stórlega um að ungt fólk sæki í það í stórum stíl að komast inn í þann „forréttindahóp" að vera atvinnulaust. Ég efast um að fólk sæki beinlínis viljandi í það í stórum stíl. Án þess að brjóta algerlega niður vilja hæstv. félmrh. um að vilja hafa fólk frekar í námi en á bótum, mætti setja þarna svipað ákvæði og er varðandi þá sem eru 16–18 ára, þ.e. að það þetta fólk geti í vissum tilvikum sótt um undanþágu og farið þannig inn á bætur. Ég tel að það væri eðlilegra að hafa slíka reglu heldur en hafa þetta undantekningarlaust.

Það er heldur ekki hægt annað en að skoða þetta ákvæði í samhengi við það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera í málefnum menntafólks. Um daginn var haldinn stór útifundur um þar sem verið var að mótmæla úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar varðandi fólk í námi. Það er verið að þrengja að framhaldsskólunum, það er verið að setja á aukin gjöld og álögur á nemendur þannig að það er ekki heldur svo gott að hæstv. ríkisstjórn sé að auðvelda fólki að stunda nám því unga fólki sem vissulega er miklu betur komið í menntakerfinu, einhvers staðar inni í skóla en á bótum á meðan ekki eru til störf fyrir það. Ég held því að við verðum að skoða þetta allt í samhengi og ég mundi treysta þessum vilja hæstv. félmrh. mun betur ef ég sæi að hæstv. ríkisstjórn væri jafnframt að vinna í því að reyna að halda ungu fólki að námi og gera því auðveldara að stunda nám. En í staðinn höfum við ómögulegar reglur um endurgreiðslubyrði námslána og fleira sem hefur verið margrætt á seinustu dögum og fallskatt og ýmislegt sem hæstv. ríkisstjórn getur státað sig af í þeim efnum.

Ég tek undir gagnrýni á það að með því að miða bótafjárhæð við dagvinnulaunin sé verið að skerða rétt þeirra sem búa við bágust kjörin og það tel ég ekki vera æskilega þróun. Ég bendi hæstv. félmrh. á að það eru engir flugumferðarstjórar í þeim hópi, held ég. Lögfesting hámarksbótatíma í fimm ár veldur mér nokkrum áhyggjum. Ég get tekið undir það sjónarmið að það sé óeðlilegt að fólk sé svona lengi atvinnulaust eða á atvinnuleysisbótum og má spyrja sig að því þegar fólk hefur verið atvinnulaust í fimm ár hvort kannski sé þannig komið fyrir því að það eigi heima einhvers staðar annars staðar í kerfinu en ég held að á þessu ástandi, þegar fólk hefur verið atvinnulaust í svo mörg ár, þurfi stjórnvöld að taka ábyrgð. Enn og aftur komum við að því að ég sé hvergi úrræði hjá hæstv. félmrh. um hvert þetta fólk á síðan að fara.

Ég tel jákvætt að verið sé að auka virkni vinnumiðlana eins og verið er að gera með frv. um vinnumarkaðsaðgerðir varðandi starfsleitarkerfið en ég held að mjög mikilvægt sé að hafa það í huga að ekki er nóg að hjálpa fólki sem hefur verið atvinnulaust lengi að fá vinnu. Það er ekki nóg að hjálpa því að leita að vinnunni heldur þarf fólk sem búið er að vera mjög lengi atvinnulaust líka á stuðningsaðgerðum að halda. Það held ég að allir geri sér grein fyrir sem hafa kynnst því hvernig það fer með fólk að vera atvinnulaust mjög lengi.

Ég vil líka segja í lokin að ýmis atriði þessa frv. eru óljós. Reyndar tel ég sum þeirra fela í sér nánast óeðlilegt framsal löggjafarvalds til hæstv. ráðherra og jafnvel til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vil í þessu sambandi nefna 2. mgr. 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir."

Hvað væri hið háa Alþingi að samþykkja með slíkri lagagrein? Við höfum í raun og veru ekki hugmynd um það. Ég nefni fleiri greinar, t.d. 3. mgr. 1. gr. þar sem segir:

„Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð."

Hér er verið að heimila ráðherra mikið vald til þess að opna á einhverja tiltekna hópa. Ég tel engan veginn vera nægilegan öryggisventil að fengin sé umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessum efnum. Þarna ættu að vera skýrari reglur um þetta í lögunum. Til þess erum við hér að fjalla um það hvernig þessar reglur eigi að vera.

Ég vil líka nefna 3. mgr. 2. gr. þar sem segir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóða er heimilt, ég ítreka heimilt, ekki skylt, að setja reglur um það að þeir sem eru á aldrinum 16–18 ára skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt og að reglurnar skuli síðan hljóta staðfestingu félmrh. Þarna teldi ég aðlilegra að kveðið væri skýrar á um það í lagatextanum hvaða sérstöku kringumstæður þetta væru. Ég tel það vera nauðsynlegt.

Í lokin vil ég máli mínu til stuðnings vitna í það sem var til umræðu hér í síðustu viku um lagasetningaraðferðir á hinu háa Alþingi. Þá vorum við að ræða skýrslu umboðsmanns Alþingis þar sem hann gagnrýnir harðlega að því er ég tel í skýrslu sinni fyrir árið 1995 að Alþingi sé oft og tíðum mjög óskýrt í lagasetningu. Þetta valdi oft ákveðnum túlkunarvanda og ákveðnum vandamálum þegar síðan á að fara að túlka þessar reglur í hinum ýmsu nefndum og ráðum

og hér og þar í stjórnsýslunni. Umboðsmaður ítrekar og leggur mikla áherslu á að Alþingi hafi skýra og skilmerkilega löggjöf fyrir þá sem eiga eftir henni að fara. Líka er varað sérstaklega við því í skýrslu umboðsmanns að þegar nánast er verið að framselja löggjafarvaldið, t.d. í hendur t.d. framkvæmdarvaldsins með því að kveða á um að tiltekin atriði skuli vera í reglugerð þá komi það skýrlega fram hver þau eigi að vera í megindráttum síðan er hægt að kveða á um það í reglugerð. Það er allt annar hlutur en að setja ákvæði í lög sem segir — ég get ekki fallist á svona ákvæði: „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem eru á aldrinum ... " Þarna tel ég að Alþingi, sem hefur löggjafarvaldið þrátt fyrir allt þurfi að setja skýrari ramma utan um það um hvað þessar reglur eigi að vera. Við getum síðan falið hæstv. félmrh. í samráði við stjórnir og nefndir, sem starfa á vegum hans, að útfæra þær reglur nánar. Ég tel að þessum skýrleika laganna sem umboðsmaður Alþingis hefur lagt áherslu á sé ekki nægilega framfylgt með þessum ákvæðum.

[15:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. varð tíðrætt um hækkun aldursmarka í 18 ár. Fyrir utan að það er væntanlega tómt mengi vegna þess að það eru mjög fáir sem eru komnir með þá starfsreynslu að þeir fái atvinnuleysisbætur á þessum aldri vil ég benda á að þetta er rökrétt með hliðsjón af 13. gr. barnalaga, nr. 20/1992, en þar er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra til 18 ára aldurs og jafnvel til 20 ára aldurs ef barnið er í námi eða starfsnámi. Það er því mjög rökrétt að menn séu ekki á atvinnuleysisbótum á sama tíma og þeir eru á framfærslu foreldra sinna.

Herra forseti. Ég skil ekki hvers vegna flugstjórar fá atvinnuleysisbætur þegar gæslufólk vantar á barnaheimili. Það yrði örugglega vinsælt hjá krökkunum að fá sögur fyrrverandi flugstjóra af störfum sínum.

[15:53]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur ofurtrú á flugstjórasögum og það er kannski gott og blessað. En ég vil gera athugasemd við það að hann talaði um að mér hefði orðið tíðrætt um að það ætti að hækka aldursmörkin í 18 ár. Það sem ég sagði var það að ég teldi eðlilegra að skýr rammi væri um þetta og ef þetta væri gert ætti tilgangurinn að vera sá að ýta fólki inn í menntakerfið frekar en að það færi frá menntakerfinu yfir á bætur. Þá þyrfti menntakerfið að vera í stakk búið til að taka við því fólki. Það var fyrst og fremst það, herra forseti, sem ég sagði um þessi aldursmörk. Ég gagnrýndi þau aðallega út frá þessu sjónarhorni en ekki að óæskilegt væri í sjálfu sér að börn væru á framfæri foreldra sinna til 18 ára aldurs eða í skóla. Ég tel það þvert á móti mjög æskilegt þannig að það er ekki rétt að ég hafi gagnrýnt þetta harðlega eða að mér hafi orðið tíðrætt um þetta ákvæði. Ég kannast ekki við það.

[15:54]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Í upphafi þykir mér rétt að leiðrétta það sem mátti skilja af máli hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur að hv. þm. Ögmundur Jónasson, jafnframt formaður BSRB, og Hervar Gunnarsson, einn af varaforsetum ASÍ, hefðu sagt sig frá starfi nefndarinnar. Það er rétt að taka fram að nefndin hélt, ég held ég fari rétt með, 28 fundi og þeir félagar sem ég nefndi áðan störfuðu allan tímann, sátu þessa 28 fundi en hins vegar skiluðu þeir séráliti um annað frv. Nefndin stóð öll að frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir en þeir sem ég nefndi áðan skiluðu hins vegar séráliti um nokkur tiltekin atriði. Þá kom jafnframt fram í máli hæstv. félmrh. að hæstv. félmrh. hefði tekið inn í það frv., sem hér er til umræðu, flest af þeim atriðum sem þeir fjölluðu um í minnihlutaáliti sínu. Mér þykir því rétt í upphafi að minna á þetta og leiðrétta þann misskilning sem kom fram í ræðu hv. þm.

Ég harma einnig að ekki skyldu þessi frv. vera rædd bæði saman, þ.e. frv. um vinnumarkaðsaðgerðir og frv. til laga um Atvinnuleysistryggingasjóð, því í rauninni tel ég útilokað að fjalla um annað án hins. Eins og m.a. hefur komið fram í ræðu hæstv. félmrh. og í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar var litið svo á í nefnd þeirri sem skilaði tillögum til hæstv. félrmh. að frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og þær ráðstafanir sem þar er gert ráð fyrir væru forsenda þess sem fylgdi í hinu frv.

Það er rétt að líta aðeins nokkra áratugi aftur í tímann og má segja að í það heila tekið hafi Íslendingar borið gæfu til að hafa næga vinnu frá síðari heimsstyrjöldinni. Þó hefir ávallt komið tímabundið atvinnuleysi sem gjarnan hefur mátt tengja við tímabundnar sveiflur tengdar vertíð, sláturtíð og hinum hefðbundnu atvinnugreinum sem voru lengst af og eru ráðandi hér í dag. Með öðrum orðum hefur atvinnuleysið eins og Íslendingar hafa þekkt það á þessari öld verið háð sveiflum í hinum hefðbundnu atvinnugreinum. Má segja að þau lög og þau úrræði sem við höfum starfað eftir hafi tekið mið af þessum bakgrunni, tímabundnum sveiflum tengdum vertíðum, sláturtíð og þar fram eftir götunum. Það er líka ljóst að atvinnulíf okkar er að breytast. Segja má að við séum núna að fara um sumt í gegnum róttækt breytingaskeið í atvinnulífi þjóðarinnar. Við sjáum hvað hefur verið að gerast í sjávarútvegi. Sú hagræðing sem þar er að nást fram hefur m.a. leitt til þess að störfum hefur fækkað, bæði sjómannsstörfum og í fiskvinnslu. Það fylgir tækniþróun, hagræðing og áfram má telja. Öllum er í fersku minni það sem hefur verið að gerast í landbúnaði og þeirri byggðaþróun sem hefur átt sér stað á síðustu áratugum má segja þar sem fólk hefur hægt og bítandi verið að flytja úr sveitum og sjávarþorpum landsins á mölina eða til höfuðborgarinnar þar sem núna býr um það bil helmingur þjóðarinnar.

Við erum til allrar hamingju að upplifa að upp spretta nýjar atvinnugreinar. Ég nefni ferðaþjónustu, ég nefni tölvuiðnaðinn og áfram má telja að ógleymdri þjónustunni sem líklega má kalla mannfrekustu atvinnugrein í landinu. Þessu fylgir hér eins og annars staðar stöðugt vaxandi krafa um aukna menntun, sérstaklega þó starfsmenntun. Þetta þýðir með öðrum orðum að þjóðin er á viðkvæmu og erfiðu breytingaskeiði í atvinnulegu tilliti og ég tel að framkvæmd og hugmyndafræði um atvinnuleysi hafi ekki tekið mið af þeim breytingum sem hafa verið að eiga sér stað og eru að eiga sér stað.

Hins vegar, eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. í dag, m.a. hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, er atvinnuleysi að verða varanlegt. Við erum að upplifa að jafnvel önnur kynslóð fólks, ungt fólk, elst upp við atvinnuleysi foreldra sinna og lendir sjálft í þeim hörmungum sem atvinnuleysið er. Ef við lítum hins vegar á umhverfi núgildandi laga og framkvæmd þeirra kemur mjög glögglega fram hvað sá þáttur hefur lítið fylgst með þróun er ég gat áðan um hér í atvinnulegu tilliti.

Segja má að lög um Atvinnuleysistryggingasjóð eins og þau hafa verið framkvæmd að undanförnu hafi að mestu verið rekin á þeirri hugmyndafræði að um sé að ræða skráningu og eftirlit. Miklu minna um skipulega leit, atvinnuleit fyrir það fólk sem hefur lent í þeirri ógæfu að verða atvinnulaust. Til allrar hamingju eru á þessu nokkrar undantekningar. Ég nefni sérstaklega Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar og það sem hefur verið unnið þar á síðustu missirum undir forustu Oddrúnar Kristjánsdóttur. Ég nefni vinnumiðlun sem verkalýðsfélagið á Akranesi hefur staðið fyrir. Ég nefni það sem Akureyrarbær hefur staðið fyrir og nokkra slíka staði. En í heildina tekið er um að ræða skráningu og eftirlitsþátt í stað þess að vera vinnuleit og koma fólki af atvinnuleysisskrá. Vitaskuld er ekki hægt að útrýma atvinnuleysi með lögum. Það segir sig sjálft en mér finnst eiginlega hafa gætt þeirrar tilhneigingar í ræðu nokkurra hv. þm. að með lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð væri hægt að afnema atvinnuleysi. Það gerist á öðrum stað. Hér er einungis verið að fjalla um frv. sem fjallar um Atvinnuleysistryggingasjóð en það er eitt af þeim tækjum sem samfélagið hefur ákveðið að nota til þess að styðja þá sem lenda í hörmungum atvinnuleysis.

Fólk hefur verið mjög rígbundið við svæði á landinu. Ég nefni sem dæmi að þegar skipaiðnaðurinn tók að rétta úr kútnum norður á Akureyri og vantaði fólk í málmiðnaði voru þó nokkur dæmi um atvinnulaust fólk í málmiðnaði sunnan lands. Vitaskuld er erfitt að taka á þessu en við þurfum samt að skoða landið. Hvar er vinnu að fá og hvernig fylgir byggð því. Við verðum líka að viðurkenna það sem hefur komið fram í viðtölum, m.a. í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. Í viðtölum við fólk sem starfar á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs og við hinar ýmsu vinnumiðlanir landsins, er mjög algengt að fólki sem er boðin vinna neitar þeirri vinnu af ýmsum ástæðum og starfsfólk vinnumiðlana hefur í rauninni átt mjög erfitt með að bregðast við eða rengja þær ástæður sem fólk hefur gefið upp við neitun.

Við skulum líka ræða það opinskátt, þó ekki hafi verið gerð vísindaleg úttekt á því, að mjög sterkur grunur leikur á því að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi verið misnotaður. Fólk vinni svonefnda svarta vinnu en sé á bótum. Og það særir réttlætiskennd fólks sem stritar daglangt fyrir skítakaupi, lágu kaupi, horfir síðan upp á nágranna sína vinna svarta vinnu en njóta stuðnings úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er auðvitað viðkvæmt mál en við þurfum samt að ræða það opinskátt. En ég hygg nú engu að síður að dálítillar tilhneigingar gæti til þess að ofgera þennan þátt en hann er óréttlátur eigi að síður.

Þá er vert að hafa í huga að atvinnuleysi er mest meðal þeirra sem eru ófaglærðir, þeirra sem ekki hafa notið skólagöngu eða aflað sér starfsmenntunar. Enda kemur fram í skýrslum frá OECD, í skýrslum frá ESB og fleiri alþjóðlegum stofnunum að sem úrræði til að leysa atvinnuleysi er lögð mjög þung áhersla á að efla starfsmenntun sem vopn í baráttu einstaklings gegn atvinnuleysi.

Það hefur líka verið vandamál að mörg grá svæði hafa myndast þar sem nokkuð óljóst hefur verið hver fer með þessi málefni. Um sumt er það ríkið, um sumt eru það sveitarfélög, um sumt eru það verkalýðsfélög en heildarsýnin hefur ekki verið til staðar. Undan þessu hefur verið kvartað af ýmsum aðilum.

Þá er rétt að benda á stöðu svonefndra einyrkja, sérstaklega trillukarla, vörubílstjóra og bænda, að lagarammi hefur ekki verið tilbúinn til að taka við þeim þegar þeir missa sinn atvinnurekstur. Áfram má telja en þetta er í rauninni sá bakgrunnur sem málefni atvinnuleysis eru byggð á í dag og sá bakgrunnur sem núgildandi lagarammi er sprottinn upp úr.

Markmið frv. er að reyna að taka á þessu máli. Þetta eru viðkvæm mál, þetta eru erfið mál en ég hygg að allir séu sammála um að koma þurfi á breytingum. Hér hafa ýmis stór orð verið látin falla og ég geri mér fyllilega grein fyrir því að nefnd sú, sem oft hefur verið gerð að umtalsefni í þessari umræðu, er ekki með patentlausnir en það þori ég að ábyrgjast að hver einasti nefndarmanna lagði sig fram um að skila sínu besta og ég efast ekki að hv. félmn. mun skerpa á ýmsum ákvæðum sem hafa komið fram í umræðunni og er lagfæringa þörf. Meginatriði er að hreyfa þessu máli. Um það eru allir sammála.

Mig langar aðeins, á þeim stutta tíma sem hér er til ráðstöfunar, að nefna nokkur þau atriði sem ég tel skipta mestu máli við þessi frv. Það er í fyrsta lagi að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að sérstök stofnun, ekki deild í ráðuneyti heldur sérstök stofnun undir yfirstjórn aðila vinnumarkaðarins fari með þessi mál. Ég tel það vera afskaplega mikilvægt til þess að heildarsýn náist og skilvirkni aukist. Þetta tel ég afskaplega mikilvægt.

Í öðru lagi er vert að benda á það að gert er ráð fyrir svæðisvinnumiðlunum og þar er í rauninni, ef svo má segja, grasrótin í þeirri stofnun sem um er að ræða. Og til að fyrirbyggja þann misskilning að um miðstýrða stofnun verði að ræða þá er gert ráð fyrir að hver svæðisvinnumiðlun á hverju svæði hafi sérstaka stjórn skipaða heimamönnum. Heimamönnum úr atvinnulífi og úr framhaldsskólum þess svæðis vegna þess að það eru heimamenn — fulltrúar atvinnulífsins, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda sem hafa besta sýn yfir stöðu mála, atvinnumála á sínu svæði og eru líklega færastir um að leysa þau mál sem upp koma.

Það var lögð mikil áhersla á það í nefndarstarfinu og í tillögum nefndarinnar að starfsfólk svæðisvinnumiðlana verði mjög virkt í heimsóknum til fyrirtækja til að skapa gagnkvæmt traust á milli þessara svæðisvinnumiðlana og þeirra fyrirtækja og fólks sem býr á því svæði. Það tel ég vera afskaplega mikilvægt og kannski lykilatriðið. Og hér er ekki einungis verið að ræða um vinnumiðlun fyrir atvinnulaust fólk heldur líka fyrir það fólk sem vill skipta um atvinnu. Það er rétt að skjóta því inn að gert er ráð fyrir að allar svæðisvinnumiðlanir og undirstofnanir þeirra verði tölvutengdar þannig að einstaklingar eigi að geta komið inn á hvaða svæðisvinnumiðlun sem er og fengið yfirlit um þau störf sem vonandi verða í boði á landinu öllu. Ég nefni líka gildi þess að litið verði á landið sem eitt vinnusvæði og verið er að fjalla um fólk sem er á vinnumarkaðinum, þ.e. bæði þá sem eru starfandi og þá sem hugsanlega eru atvinnulausir.

Ég get tekið undir þá gagnrýni sem fram hefur komið að sá styrkur eða þær bætur eða hvaða orð menn vilja nota sem ætlaðar er hinum atvinnulausu eru skammarlega lágar. Þar er auðvitað ákveðinn vandi sem snertir þá launastefnu sem almennt er í landinu og um það eru flestir sammála. Lægstu laun eru skammarlega lág. En við þurfum samt að horfast í augu við að það hlýtur að vera í alla staði eðlilegt að hvetjandi sé fyrir einstakling að stunda vinnu frekar en að vera ekki í vinnu. Um það hygg ég að flestir séu sammála.

Ég vil líka nefna það ákvæði sem er fjallað um í frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem reynt er að benda á þau úrræði sem tengjast svokallaðri skylduvirkni. Það er

rétt að leggja verulega þunga áherslu á það, ef tekst að framkvæma þetta þá er það kannski eitt af þeim atriðum sem skipta hvað mestu máli, þ.e. í fyrsta lagi að vera með skilvirka vinnumiðlun. Í öðru lagi að þjónustan þar verði mjög styrkjandi fyrir einstaklinginn og hverjum einstaklingi sé hjálpað og hann aðstoðaður og hvattur til að gera vinnuleitaráætlun. Takist ekki að finna hefðbundin launuð störf er gert ráð fyrir því að svæðisvinnumiðlun með fyrirtækjum og atvinnulífi á svæðinu bjóði störf af ýmsum toga sem ekki er tími til að rekja hér en ég vísa til skýringar við 10. gr. í frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Þar er fjallað um nýsköpun. Við erum að reyna að tengja þátt nýsköpunar inn í þetta, leita að nýjum tækifærum, endurmenntunarstefnu fyrirtækja, tilraunir með sveigjanlegan vinnutíma o.s.frv. Ég vísa til þessa þáttar.

Hér hafa ýmsir hv. þm. gert töluvert úr ákvæðunum um fimm ára hámarkstíma. Vitaskuld er það viðkvæmt atriði og verður örugglega lengi umdeilt. En ég bendi á hvað er í gildi í okkar nágrannalöndum. Danir eru á sömu leið, Svíar eru með innan við tvö ár hjá þeim sem eru undir 60 ára. Ég bendi á Þjóðverja, Hollendinga og okkar helstu samkeppnisþjóðir. En ég bendi líka á að við erum ekki að tala um samfelld fimm ár. Við getum tekið dæmi af einstaklingi sem hefur verið atvinnulaus í eitt ár, fær síðan vinnu í hálft ár og missir þá vinnu, hann hefur þar með bætt þessu hálfa ári við rétt sinn til bóta. Þannig að við erum ekki að tala um samfelld fimm ár.

Ég vil líka leiðrétta þann misskilning sem hefur komið fram í ræðum nokkurra hv. þm. um 18 ára ákvæðið. Það er ekki verið að banna fólki að vinna. Hins vegar er verið að leggja þá meginstefnu að unglingur, segjum 17 ára gamall sem missir atvinnu, hvort er hann betur kominn á bótum eða að afla sér starfsmenntunar? Ég vil vitna til þess sem er m.a. að gerast í skólakerfinu. Ég bendi á þær starfsmenntabrautir sem eru að koma upp í Borgarholtsskóla, hinum nýja, í Reykjavík. Ég bendi á það sem er að gerast í Menntaskólanum í Kópavogi, í Fjölbrautaskóla Suðurnesja, þar sem er að koma inn fjöldi af nýjum starfsmenntabrautum og þær munu verða komnar innan fárra missira í flesta skólana. Og ég segi: Það er hiklaust heppilegra fyrir ungan mann eða konu að vera í starfsnámi að afla sér starfsréttinda en að vera á atvinnuleysisbótum.

Tími minn er að renna út og mér gefst ekki tími til að fara yfir alla þætti en meginatriðið er að gert er ráð fyrir því að byggja upp og styrkja einstakling til að vera virkan í stað þess að einangrast félagslega. Allar rannsóknir sýna að sá sem lendir í ógæfu atvinnuleysis (Forseti hringir.) hefur slæm félagsleg áhrif á skömmum tíma og meginhugsun nefndarmanna er sú að byggja upp, styrkja og hvetja og ég vonast til að félmn. muni fordómalaust og af jákvæðum huga skerpa á þeim þáttum (Forseti hringir.) sem þarf að skerpa á.

[16:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 7. þm. Reykn. fyrir þessa ræðu því hann var formaður í nefndinni sem samdi frv. Satt að segja hefði ég viljað spyrja hann að því í fyrsta lagi, sem kom ekki fram í máli hans, hvað er gott í frv. fyrir hinn atvinnulausa. Það er eiginlega alveg nauðsynlegt að vita það hvaða skoðun formaður nefndarinnar hefur á því máli því ekki hækka atvinnuleysisbæturnar sem eru þó svínslega lágar eins og hann viðurkenndi. Það er verið að lækka atvinnuleysisbætur. Eins og kom fram kom í ræðu hv. þm., Ögmundar Jónassonar, þá sýnist mér að það sé verið að lækka atvinnuleysisbætur einhvers staðar á bilinu 5–10% þegar um lágmarkskauptaxta er að ræða, t.d. taxtann sem er núna lægstur talinn og er rétt liðlega 49 þús. kr. á mánuði. Þetta fólk gæti í dag, eins og staðan er eftir því hvað virkir dagar eru margir í mánuðinum, verið með um 51 til 53 þús. kr. en það er verið að lækka þetta kaup. Og hv. þm. og hæstv. ráðherra, ef hann væri hér, skulda þinginu skilagrein á því hvernig stendur á því að það er verið að lækka þetta kaup hjá þeim allra allra lægstu á Íslandi. Hvaða efnahagslegu, félagslegu og pólitísku rök eru fyrir því að það verði að lækka kaupið hjá þessu fólki? Það verður að svara því. Hvaða brýna nauðsyn ber til að lækka einmitt þetta fólk í kaupi?

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. hver er afstaða einstakra aðila til þessa frv. úti í þjóðfélaginu sem komu þó nærri málinu. Var fjallað um það í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs? Var fjallað um það á vegum sveitarfélaganna að það er í raun og veru verið að taka vinnumiðlunarmálin af þeim? Þetta nefni ég sérstaklega að því varðar t.d. Reykjavík þar sem menn hafa verið að byggja upp mjög virka vinnumiðlun á vegum sveitarfélagsins. Var haft samráð eða rætt við fulltrúa borgarstjórnar Reykjavíkur og/eða annarra sveitarfélaga áður en þetta frv. var hér lagt fyrir?

[16:17]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurt var um hvort rætt hefði verið við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og Vinnumiðlun Reykjavíkur og fulltrúa Reykjavíkurborgar. Því er til að svara að nefndin sem skilaði tillögum til ráðherra hélt einn sérstakan fund hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar og fékk þar að auki Oddrúnu Kristjánsdóttur á sinn fund sérstaklega. Ég vitnaði til þess í ræðu minni hér áðan. Starfsmaður Reykjavíkurborgar, Nikulás Einarsson, var einn af nefndarmönnum, starfsmaður Atvinnuleysistryggingasjóðs var ritari nefndarinnar og starfsmaður.

Hvað er svona gott við þetta frv.? Um það má lengi deila. Ég tel að það sem meginmáli skiptir og reyndi að færa fyrir því rök, kannski ekki með nógu skilmerkilegum hætti hér áðan, fyrir hinn atvinnulausa er í fyrsta lagi það að skilvirkri atvinnumiðlun skuli verða komið á ef það tekst. Það er gífurlega mikilvægt fyrir hinn atvinnulausa. Það hefur ekki verið skilvirkt hér á landinu í dag með undantekningum þó sem ég nefndi áðan. Það er mjög gott. Í annan stað nefni ég þær hugmyndir sem eru kynntar og ég vitnaði til í skýringum með 10. gr. í frv. um vinnumarkaðsaðgerðir. Ef tekst að koma þeim störfum á sem þar eru tilgreind og hinn atvinnulausi fær störf í stað þess að vera í félagslegri einangrun þá er það mjög jákvætt. Það er uppbyggjandi og það er styrkjandi og það er fátt sem mun hjálpa einstaklingum jafnmikið til þess að komast aftur inn á vinnumarkað.

[16:19]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór því miður eins og mig grunaði að það eru engin svör til við þeim spurningum sem ég bar fram áðan vegna þess að afstaða þeirra aðila sem ég spurði um liggur ekki fyrir þó það hafi kannski verið rætt við þá á einhverju stigi málsins. Og það sem verra er þá komu ekki fram svör við þeirri spurningu hvaða nauðsyn rak formann nefndarinnar og ríkisstjórnina til þess að lækka kaup atvinnuleysingja á Íslandi. Hvaða nauðsyn rak nefndina til þess að

gera tillögu um það með þeim hætti sem hér liggur fyrir? Og að lokum, hæstv. forseti, sem er nauðsynlegt að nefna við hv. þm. líka því hann kemur einnig að því sviði, hvaða skýring er á því að sama ríkisstjórn og leggur til að 16 til 18 ára unglingum sem af einhverjum ástæðum hafa hrökklast út úr skóla og inn á vinnumarkað, sem getur svo ekki tekið við þeim, er ætlað að fara aftur í skóla vegna þess að það sé útilokað fyrir þá að komast inn í þetta atvinnuleysisbótakerfi? Skóla sem hv. þm. gerir tillögu um að skera niður fjármuni til á því sama þingi og í þeim sama mánuði og við erum að fjalla um þessi mál. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að þingmenn stjórnarflokkanna sem taka að sér að bera ábyrgð á þessari ríkisstjórn reyni að setja hlutina upp í eitthvert rökrænt samhengi. Það gengur ekki að líða það að menn komi hér með frv. af þessu tagi sem gerir ráð fyrir því að henda unga fólkinu út úr atvinnuleysisbótaréttindakerfinu, því sama unga fólki og sömu menn eru að henda út úr skólunum í landinu.

[16:20]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að málflutningur af þeim toga sem síðasti ræðumaður viðhafði sé ekki mjög málefnalegur og töluvert slitinn úr samhengi. Ég vil líka vekja athygli hv. þm. á því að hér liggur fyrir frv. Hv. þm. spurði um afstöðu einstakra aðila, ég nefndi að þessir aðilar hefðu átt ýmist fulltrúa í nefndinni ellegar þeir hefðu komið á fundi nefndarinnar. Og það ætti þingreyndur maður eins og hv. þm. Svavar Gestsson að vita að hér er verið að ræða um frv. sem fer væntanlega til nefndar og eins og þingmenn vita þá senda nefndir mál út til umsagnar. Þannig að allir þeir aðilar eiga eftir að koma til umsagnar í þessu máli.

Hvað varðar unga fólkið þá skal ég ekkert fara dult með þá skoðun mína að skólamenn víða hafa veitt þeirri þróun athygli að ungt fólk tekur þá ákvörðun á miðri önn að hætta námi til þess ýmist að fara að vinna eða þá að komast á bætur. Það sjónarmið hefur vaxið ótrúlega hratt. Og mér þykir ástæða til þess að hafa áhyggjur af því og ég held að með hagsmuni ungs fólks í huga sé eðlilegt að þrengja rammann þannig að þau sitji út önnina, enda er önnin í rauninni ekki nema þrír til fjórir mánuðir. Það er eðlilegra, tel ég, fyrir ungt fólk að sitja önnina til enda. Og ég held að það aðstoði marga foreldra sem vilja að börn þeirra stundi nám til loka annar. Síðan geta nemendur tekið sér frí frá námi.

[16:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hérna frv. um atvinnuleysistryggingar en jafnframt liggur fyrir þinginu frv. um vinnumarkaðsaðgerðir sem er mjög nátengt og er eiginlega útilokað að ræða annað frv. án hins en sú var ákvörðun var tekin að það yrði ekki gert.

Herra forseti. Atvinnuleysi er persónulegt böl sem oft á tíðum verður að persónulegum harmleik. Skilaboðin sem hinn atvinnulausi einstaklingur fær eru þau að hann sé óþarfur, hann sé ekki fullgildur borgari í landinu. Hann taki ekki þátt í því að skapa verðmæti. Jafnvel þegar menn stofna til átaksverkefna til þess að veita þessum einstaklingi vinnu þá hefur hann það á tilfinningunni að hann sé í rauninni eingöngu að vinna til þess að vinna en ekki til þess að búa til verðmæti. Allt þetta leiðir til niðurbrots á sjálfsvirðingu einstaklingsins sem oft innan ekki mjög langs tíma, jafnvel innan sex mánaða, leiðir til þess að maðurinn verður öryrki. Maðurinn sem var fullvinnandi er orðinn öryrki vegna þess að hann er búinn að missa allt sjálfstraust. Hann þarf á hverjum degi að horfa á eftir maka sínum og börnum í vinnu og sitja eftir heima aðgerðarlaus og bíða eftir því að fá vinnu. Þetta er niðurbrjótandi.

Herra forseti. Í öllum kerfum sem búin hafa verið til kemur upp misnotkun. Misnotkun sem gerir það erfitt að veita þá félagslegu þjónustu sem við í rauninni viljum. Þá þarf oft að taka til hendinni og skerða og takmarka til þess að koma í veg fyrir misnotkunina. Og minnka þannig í rauninni þá þjónustu sem við vildum gjarnan veita. Við horfum upp á raunverulega atvinnulaust fólk. Það er sérstaklega eldra fólk sem hefur staðnað í vinnu sinni, störfin eða iðnin sem það stundaði hefur verið lögð niður eða er orðin úrelt eða henni hefur verið breytt. Við horfum líka upp á staðbundið atvinnuleysi á ýmsum minni stöðum þar sem fyrirtækjum er lokað eða umsvif minnka. Svo horfum við upp á unglinga sem detta út úr skóla og fá enga starfsmenntun og geta í rauninni hvergi unnið. Þetta er hið raunverulega atvinnuleysi. Og þetta er það atvinnuleysi sem við viljum bæta. Svo horfum við upp á það að í núverandi kerfi er nokkuð um fólk sem í rauninni er ekki fært til að vinna. Þetta er fólk sem er sjúkt, getur ekki unnið nema mjög takmarkað eða viss störf og er í rauninni ekki atvinnulaust í þeim skilningi að það sé tilbúið að taka að sér hvaða starf sem er. Svo horfum við upp á ofnotkun á kerfinu. Það er fólk sem er ekkert á vinnumarkaði, ætlar sér ekkert á vinnumarkað. Það er fólk sem er t.d. að sinna börnum sínum og telur sér ekki henta að fá vinnu en þiggur engu að síður atvinnuleysisbætur eins og kerfið er í dag. Og svo horfum við upp á hreina misnotkun. Misnotkun felst í því að maður sem tekur atvinnuleysisbætur er jafnframt í vinnu annars staðar sem þá er væntanlega svört og ekki gefin upp og ekki borgað af henni skattar og skyldur. Ég ætla ekki að leggja dóm á það hvernig skiptingin á milli þessara hópa er en margir hafa sagt mér og ég hef trú á því að misnotkunin og ofnotkunin sé umtalsverð. Hér eru í húfi miklir fjármunir, 3.000 milljónir á ári, og ef tækist að minnka ofnotkunina þá mundu sparast hundruð milljóna ef ekki milljarðar.

Herra forseti. Við erum að búa til fátækragildrur. Sú misnotkun sem ég nefndi áðan grefur undan siðferði og veldur gremju hjá þeim sem eru að vinna. Hvatinn til að vinna hjá manni sem er með atvinnuleysisbætur er oft á tíðum mjög lítill vegna þess að launataxtar hér á landi eru of lágir miðað við atvinnuleysisbæturnar.

Menn kunna að velta fyrir sér orsökum atvinnuleysis og það hefur allt of lítið verið gert af því. T.d. hafa lágmarkslaun áhrif á atvinnuleysi. Ef lágmarkslaun í landinu væru 1.000 kr. á mánuði þá væri ekkert atvinnuleysi. Þá fengju allir störf — ég er engan veginn að leggja það til. Ef lágmarkslaunin væru 1 milljón á mánuði þá væru allir Íslendingar atvinnulausir, hver einn og einasti. Hvert einasta fyrirtæki mundi leggja upp laupana. Atvinnuleysi er mjög háð lágmarkslaunum.

Uppsagnarfrestur hefur líka áhrif á atvinnuleysi. Við skulum hugsa okkur að við séum með verktakafyrirtæki og við erum með verkamenn og iðnaðarmenn og með verkefni til þriggja mánaða og verkefnin dragast saman. Þá segjum við að sjálfsögðu upp öllum iðnaðarmönnunum því þeir eru með þriggja mánaða uppsagnarfrest en ekki verkamönnunum því þeir eru með viku uppsagnarfrest. Svo fáum við verkefni og þá munum við láta þá iðnaðarmenn sem eftir sátu vinna mikla yfirvinnu til þess að taka ekki áhættuna að sitja uppi með iðn-

aðarmenn sem hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest. Þannig veldur uppsagnarfrestur atvinnuleysi. Þannig má segja að öll félagsleg úrræði, lágmarkslaun, uppsagnarfrestur o.s.frv. geri vinnumarkaðinn stífan og hann er ekki lengur sveigjanlegur og það veldur atvinnuleysi. Þetta sjáum við í Evrópu. Þar er viðvarandi atvinnuleysi, að mínu mati, vegna þess hve vinnumarkaðurinn og reglur á vinnumarkaðinum eru stífar. Þar kemur líka til skattlagning fyrirtækja og sitthvað fleira.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér er til bóta. Margt er þar gert til þess að koma í veg fyrir þá misnotkun og ofnotkun sem ég gat um áðan oft á tíðum til hins verra fyrir hinn atvinnulausa, eins og ég nefndi. Oft þarf að minnka félagslega kerfið til þess að koma í veg fyrir misnotkun. T.d. er biðtíminn lengdur úr þremur dögum í tvær vikur. Það er að sjálfsögðu slæmt fyrir hinn atvinnulausa en mun minnka atvinnuleysi umtalsvert. Síðan er horfið frá því sem tíðkast nokkuð núna að veita fólki atvinnuleysisbætur sem er í hálfu starfi, sem þekkist hvergi annars staðar.

Í frv. er auk þess gert ráð fyrir að menn hækki ekki í tekjum við að fara á atvinnuleysisbætur sem að sjálfsögðu er ákaflega óeðlilegt en getur komið til í dag. Svo er líka gert ráð fyrir því að bætur úr lífeyrissjóðum og aðrar bætur komi til frádráttar sem er sjálfsagt mál — ég mun leggja til í hv. félmn. að tekjuhugtakið almennt verði skoðað nánar — og að frá atvinnuleysisbótum dragist alls konar tekjur.

Það sem er galli við frv. er í rauninni kannski nafnið á því, atvinnuleysistryggingar. Ég mundi vilja umorða heiti frv. og láta það heita: Frumvarp til laga um atvinnutryggingar, því að það er jákvætt að tryggja fólki atvinnu í staðinn fyrir að tryggja það gegn atvinnuleysi eða tryggja það þegar það er orðið atvinnulaust.

Í frv. eru nokkrir gallar. Í fyrsta lagi finnst mér vanta sveigjanleika til að hafna starfi. Mér finnast fjórar vikur ekki vera nóg til að geta hafnað starfi. Mér finnst of stutt að maður sem hefur starfað í fjölda ára í einhverri ákveðinni grein þurfi að skipta um starf af því að hann fær ekki vinnu á fjórum vikum þannig að það mætti jafnvel lengja það í sex vikur eða eitthvað slíkt. Svo vantar inn í frv. ákvæði um það að menn þurfi að hafa fjárhagslegan ávinning af því að skipta um starf. T.d. að ef menn þurfa að fara út á land, þá sé tekinn inn í myndina kostnaðurinn sem því fylgir og það sé tryggt að maðurinn fái vinnu í hæfilega langan tíma til að ferðir og annað borgi sig. Þetta vantar.

Herra forseti. Fólki er núna tíðrætt um alls konar jaðarskatta, þ.e. þegar bætur frá hinu opinbera skerðast þegar tekjur hækka. Í þessu frv. er haldið við einni mestu tekjutengingu sem til er, jaðarsköttum. Tökum sem dæmi: Ef kona er með 200 þús. kr. á mánuði áður en hún varð atvinnulaus fær hún ekki bætur í sex mánuði, þ.e. hún missir 300 þús. kr. í bætur. Þessi kona var þó búin að borga skatta af þessum tekjum sínum. Hún var búin að missa sérstakar barnabætur ef það átti við og hún var búin að missa vaxtabætur. Og þarna missir hún 300 þús. kr. til viðbótar. Atvinnurekandi hennar hafði greitt hennar vegna mjög hátt tryggingagjald en þrátt fyrir að hennar vegna hafi verið borgað mjög mikið inn í kerfið, þá fær hún ekki bætur í sex mánuði. Þessu er haldið við. Ég legg til að hv. félmn. skoði hvort ekki megi fella niður þessa tekjutengingu. Mér finnst eðlilegt að fólk sem hefur borgað inn í kerfið af miklu hærri launum fái þó a.m.k. þessar atvinnuleysisbætur sem eru óháðar launum.

Í frv. um vinnumarkaðsaðgerðir eru margar reglur um hvernig virkja megi hinn atvinnulausa. Það er mjög jákvætt, verulega jákvætt og kemur í veg fyrir þá félagslegu eymd og böl sem einstaklingurinn lendir í. En mér finnst þær reglur ekki vera nógu ákveðnar, ekki vera nógu fastar. Það er ekki kveðið á um að maðurinn sé í þessum aðgerðum frá kl. 8–4 eða eitthvað slíkt, að það sé full vinna. Ef svo væri þá væri ég mjög ánægður með það frv. En það frv. ræðum við ekki núna.

Herra forseti. Í sambandi við önnur frv. sem við erum að ræða hér, þ.e. frv. um tryggingagjald, hefur verið ákveðið að iðgjald í atvinnuleysistryggingar verði 1,35% af launum allra landsmanna og þá má fara að líta á þetta sem tryggingaiðgjald en ekki skatt, þ.e. að tryggingagjaldið verði ekki lengur skattur heldur tryggingaiðgjald í Atvinnuleysistryggingasjóð. Þá finnast kannski lausnir á öðrum vandamálum sem við höfum verið að tala um, þ.e. t.d. atvinnuleysisbætur til bænda og sjálfstætt starfandi einstaklinga. Það er mjög erfitt að borga bændum atvinnuleysisbætur. Sauðfjárbóndinn sem er að gefa sauðfé á veturna er greinilega ekki í fullu starfi. Síðan um sauðburðinn um vorið er þessi sami maður í fjórföldu starfi. Á hann að fá atvinnuleysisbætur fyrir hálft starf meðan hann gefur eða hvað? Þetta er ákaflega erfitt viðureignar. Ég mundi leggja til að þessi maður gæti hreinlega sagt sig úr atvinnuleysistryggingum. Þá borgar hann ekki tryggingagjaldið 1,35% og er ekki tryggður og sama á við um aðra sjálfstætt starfandi menn þar sem erfitt er að koma við bótum.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður er orðinn þannig að 1,35% af öllum tekjum renna til hans, þá liggur næst við að fara að tekjutengja bæturnar þannig að menn sem eru með hærri tekjur og hafa borgað meira inn í sjóðinn fái þá líka hærri atvinnuleysisbætur. Það mætti mjög vel skoða það. Þetta er víða við lýði enda má segja að hjá manni eða konu sem er með 200 þús. kr. á mánuði og er búinn að venja sig og fjölskyldu sína á þær tekjur, verður höggið miklu meira við það að verða atvinnulaus en hjá öðrum manni eða konu sem er með 100 þús. kr. á mánuði þannig að ég legg til að menn skoði þann möguleika.

[16:36]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni og getið er um í athugasemdum við þessi frv., er ég einn af þeim sem sátu í nefndinni sem undirbjó þau bæði og fannst því rétt og skylt að koma hér við 1. umr. og gera lítillega grein fyrir því hverjum augum ég horfði á þetta og hvernig ég leit á starf nefndarinnar.

Ég er sammála því sem hefur komið margsinnis fram að þessi tvö frv. eru óaðskiljanleg heild. Þau eru því miður ekki lögð fram saman en það er ekki hægt að mínum dómi að ræða málið nema fjalla um þau bæði í einu.

Eins og ég leit á þetta og ég held flestir nefndarmenn þá var það þannig að þegar við breyttum hinum ýmsu ákvæðum var hugsunin alls ekki sú að verið væri að þrengja hag nokkurra manna í sjálfu sér, heldur var fyrst og fremst verið að reyna að tryggja að Atvinnuleysistryggingasjóður væri fyrir atvinnulaust fólk, fólk sem væri raunverulega á vinnumarkaði. Og þannig ber að líta á frv. tvö því að frv. um vinnumiðlun snýst einmitt um að reyna af fremsta megni að einbeita sér að vandamálum þessa fólks. Atvinnulaust fólk sem vill vinna og er sannanlega á vinnumarkaði er þjóðfélaginu óskaplega dýrmætt og því er ástæða til þess að leita allra leiða svo að það fái vinnu og starfskraftar þeirra nýtist samfélaginu. Þannig er þetta hugsað í heild.

Það er engin launung á því, af því að eftir því hefur verið spurt, hvað varð til þess að menn fóru í þessa vinnu og ég held að hæstv. félmrh. hafi gert grein fyrir því. Það er engin launung á því að ekki hefur beint verið hægt að orða það þannig að framkvæmd atvinnuleysistryggingannna hafi verið einbeitt. Við vitum alveg, allt frá 1955, að það hefur reynt á þetta á ýmsum stöðum og við vitum að framkvæmdin hefur verið ákaflega breytileg frá einum stað til annars. Við vitum líka að hjá sjóði eins og Atvinnuleysistryggingasjóði liggja í reyndinni ákaflega óljós mörk. Hvenær er verið að tryggja atvinnulausum bætur og hvenær taka hinar félagslegu bætur við? Það er staðreynd sem við getum ekki annað en horfst í augu við og verðum bara að viðurkenna og er ekkert feimnismál að þannig er í okkar þjóðfélagi, því miður, eins og ég ætla í flestum öðrum ef ekki öllum vestrænum þjóðfélögum, að það eru mjög mikil og vaxandi félagsleg vandamál og vaxandi erfiðleikar hjá ýmsu fólki sem valda því að það á erfitt og getur nánast ekki verið á vinnumarkaði.

Með því að skerða og skerpa ákvæðin um það hverjir séu atvinnulausir, er alls ekki verið að segja að við ætlum ekki að koma til móts við þetta fólk. Það er mjög mikil nauðsyn einmitt að rétta því hjálparhönd, en það verður að gera það á viðeigandi hátt. Það eru félagsleg vandamál í þessu landi og við eigum að takast á við þau og kalla þau félagsleg vandamál og meðhöndla þau eins og félagsleg vandamál og reyna þannig að hjálpa fólki. En það fer ekki saman við það að hjálpa þeim sem eru atvinnulausir og sannarlega vilja vinna. Þess vegna er rétt að skera þarna á milli, hafa þetta skýrt. Atvinnuleysistryggingasjóður er fyrir atvinnulausa og vinnumiðlunin á og skal hjálpa þeim með öllum tiltækum ráðum að fá vinnu og komast inn á vinnumarkaðinn. Hin félagslega aðstoð samfélagsins er annað og þar þarf önnur ráð, allt önnur ráð, þannig að mjög brýnt er að menn átti sig á því að við erum að fást við tvenns konar vandamál og verðum að nota við það tvenns konar meðul.

Þessi umræða hefur verið eins og gengur. Menn hafa gagnrýnt ýmis atriði eins og fram hefur komið. Ég veit ekki hvort það er beint þörf á því að fara ofan í þá gagnrýni. Frv. á eftir að fara til félmn. og fær þar ábyggilega viðamikla og vandaða meðferð. Og eins og kom fram í máli hæstv. félmrh., er það auðvitað svo að í lagafrumvörpum sem þessum er margt sem orkar tvímælis. Auðvitað er svo, það fer ekkert á milli mála. En í heildina tekið var þetta hugsunin á bak við frv. og í heildina tekið er ég viss um að með þeirri nýskipan sem verið er að koma á, munum við vera betur í stakk búin til að einbeita okkur að þessu starfi sem er mjög brýnt. Það er aðalmálið og til þess eru frv. lögð fram.

[16:43]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Mín fyrstu viðbrögð við þessu frv. voru að ræða um það atriði 2. gr. frv. sem lýtur að breyttum aldursmörkum úr 16 árum í 18 ár, og í annan stað þá skyldu að taka því vinnutilboði sem svæðisvinnumiðlun úthlutar atvinnulausum þar sem viðkomandi aðili verður að fara landshluta á milli án nokkurra trygginga fyrir því hversu lengi vinnan varir. Þar er gat sem þarf að fylla upp í.

Öryggi launþega er nánast ekkert. Til eru óteljandi úrræði til að láta fólk hætta störfum. Það kostar mikið að fara á milli landshluta til að fá stopula eða takmarkaða vinnu jafnvel háða duttlungum atvinnurekenda. Ég spyr, herra forseti: Hvar er öryggisnet verkamannsins sem fer á milli staða við aðstæður sem ég gat hér um? Starfskostnaður í slíkum tilvikum felst t.d. í hlífðarfatnaðarkaupum, ferðakostnaði og skammtímauppihaldi og er gjarnan jafnmikið og skammtímalaunin.

Herra forseti. Ég held að áður en unnt er að þrengja ákvæði varðandi atvinnuleysisbætur verði að skoða þessi atriði sem ég var að nefna. Það er því miður þannig að ýmsir þeirra sem hafa atvinnu og jafnvel forustumenn í þjóðfélaginu láta að því liggja að orsakir atvinnuleysis séu vegna þess að fólk nenni ekki að vinna. Það má vitna til greinar Ólafs Ólafssonar landlæknis í Morgunblaðinu í dag um ástandið á vinnumarkaðinum. Greinin heitir: Er leti aðalorsök atvinnuleysisins? Ég tel ástæðu til að lesa, með leyfi forseta, meginhluta þessarar greinar sem lýtur að niðurskurði helsta vandamáls á Íslandi, þ.e. atvinnuleysi. Það þarf að skera niður. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Meðal sumra er atvinnu hafa og jafnvel meðal leiðandi manna heyrist oft að rekja megi orsakir atvinnuleysis að verulegu leyti til leti og framtaksleysis fólks. Ef satt reynist fellur atvinnuleysi undir „letifaraldur" eða farsótt sem gengur yfir þjóðfélögin í bylgjum. Fljótlega eftir 1930 hófst þessi letifaraldur í Bandaríkjunum og barst til Evrópulanda, þar á meðal til Íslands. Fjöldi manns lá heima á meltunni, slæptust á kvöldin, gengu seint til náða og nenntu því ekki til vinnu á morgnana. Vel heppnað stríð og Bretavinnan hvatti menn til dáða. Karlar og konur hættu að sofa út á morgnana og gengu galvösk út á vinnumarkaðinn."

Herra forseti. Ég gríp enn niður í þessa sömu grein: „Letifaraldur hefur gengið yfir landið á síðustu árum. Faraldurinn hrjáir mest vissar stéttir og aldurshópa. Má þar helst nefna ungt fólk, fólk yfir fimmtugt, Sóknarkonur, sjúkraliða, starfsmenn í bönkum og í skipaiðnaði, suma háskólaborgara að ógleymdum Slippurum á Akureyri!"

Herra forseti. Ég gríp enn niður í umrædda grein sem fjallar um fólk 50 ára og eldra: „Faraldurinn birtist í margs konar mynd. Nú er svo komið í velferðarríkjum Evrópu að milli 30–40% fólks á vinnufærum aldri er annaðhvort lamað af faraldrinum eða hefur fengið snert af honum. T.d. gefast menn og konur nú alfarið upp við störf 55–57 ára að aldri og eru sett á örorkustyrk eða öðru nafni letistyrk. Á Íslandi hafa velrekin fyrirtæki brugðist vel og rösklega við þessum ósóma og neita alfarið fólki yfir fimmtugt um störf, ef það dirfist að sækja um slíkt. Öllu verra er að margt ungt fólk, jafnvel með langa skólagöngu að baki, sem hefur fasta vinnu, nær ekki sökum leti að vinna sér inn nægilegt fé sér til framfærslu og þarfnast því félagslegrar aðstoðar, eða öðru nafni félagslegs letistyrkjar. Til lítils er því þeirra langa skólaganga og engin ástæða til þess að styðja kennara þeirra í kaupkröfum."

Þrátt fyrir þessa grein og þrátt fyrir gagnrýni mína skil ég mætavel tilraunir hæstv. félmrh. Mér er jafn vel kunnugt og honum að stöðugt er verið að leita eftir heimildum til að fá atvinnuleyfi fyrir útlendinga meðan greiddar eru verulegar atvinnuleysisbætur. Ég veit að hæstv. félmrh. er kunnugt um að sumt af því farandverkafólki sem hingað kemur til að vinna, er farandverkafólk sem kemur til vertíðarvinnu og oft eru atvinnufyrirtækin tilbúin að greiða ýmsan kostnað fyrir þá farandverkamenn þó þeir vilji ekki íslenska farandverkamenn til vinnu á þeim kjörum.

Umræddir útlendingar eru oft reiðubúnir til að búa við allt aðrar aðstæður en íslenskt farandverkafólk. Ég ætla ekki að fara mjög nákvæmlega ofan í þessi mál en þetta er lítil dæmisaga um svona mál: Vélaverkfræðingur frá Póllandi var við fiskvinnu í sjávarplássi hér á landi. Laun fyrir mikla vinnu á verkamannslaunum eru eftirsóknarverð fyrir hann

vegna gengisstöðu, atvinnuástands og fleira í heimalandi hans. Fyrir útgerðarmann er slíkur maður eftirsóknarverður því að sá hinn sami er einnig reiðubúinn að fara í vélarupptöku eða spilviðgerð á verkamannslaunum bara ef hann getur fengið nógu mikla vinnu meðan hann stoppar á Íslandi. Menn ættu að velta þessum málum fyrir sér um leið og velta fyrir sér stéttvísi og faglegum rétti. Hvar er hann í slíkum tilvikum?

Herra forseti. Ég óska eftir skilgreiningu á orðinu „trúnaðarlæknir" í 4. gr. þessa frv. sem við erum að ræða. Við hvaða trúnaðarlækni er átt? Er átt við trúnaðarlækni launþegans eða atvinnurekandans? Ég hef einnig áhyggjur af ógreinilegum ákvæðum í 4. tölul. 5. gr. frv. Hér geta komið upp mörg mál sem þarf að fara mjög gætilega með. Ég hef nefnt tvö dæmi um aðila sem hafa verið sendir til vinnu á milli staða þar sem eftirtekjan eftir vinnu að frádregnum fæðis- og húsnæðiskostnaði var í öðru tilvikinu 9 kr. og hinu tilvikinu 18 kr. Báðir þessir aðilar hættu vinnu og sátu frekar við þann kost að fara á framfæri foreldra sem þeir voru svo lánsamir að eiga á lífi og búa við atvinnuleysisbætur í 40 daga. Með sömu aðstæðum, með þessu frv. samþykktu, sætu þessir umræddu aðilar bótalausir í 55 daga skv. 4. tölul. umræddrar 5. gr.

Ég nefni dæmi um tvær konur úr Bárðardal sem þágu vinnu gegnum atvinnumiðlun og fóru til síldarvinnu á Hornafirði. Þar átti að vera mikil vinna, miklar tekjur og góður aðbúnaður. Niðurstaðan úr þeirra dæmi var vinna í 10 daga. Ferðakostnaður og viðeigandi vinnufatnaður og uppihald þennan tíma kostaði það sama og miklu tekjurnar fyrir tveggja vikna dvöl og vinnu. Þessar konur máttu hafa sig heim og ég fæ ekki betur séð en ólíkt betur hefðu þær verið settar á atvinnuleysisbótunum heima en að fá enga krónu út úr því sem ég vil kalla þrælaferðalaginu.

Herra forseti. Ég veit ekki hverju ég átti von á með frv. um atvinnuleysistryggingar. En ég veit hver staða fjölmargra heimila er. Ég tel ástæðu til þess að vitna í áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Ég vitna, með leyfi forseta, til kafla sem heitir Vandi umsækjenda:

„Síðustu 10 árin hafa greiðsluerfiðleikar íslenskra heimila farið vaxandi. Vandinn í dag er annar en hann var fyrir um áratug. Segja má að rætur vandans hafi áður fyrr einkum falist í skorti á lánsfé til lengri tíma er leiddi til þess að fólk réðist í húsnæðiskaup með mikið af skammtímalánum. Í dag eru orsakir greiðsluerfiðleika aðrar, þær má rekja til lántöku umfram greiðslugetu, tekjulækkunar, atvinnuleysis, óráðsíu í fjármálum, veikinda og gylliboða á lánamarkaði." Ég vek athygli á að það er sérstaklega minnst á atvinnuleysi í þessum kafla.

„Lánamarkaðurinn hefur breyst mikið á þessum tíma, nú er framboð af lánsfé meira en eftirspurnin. Heimilin í dag eru umvafin tilboðum um að eignast skuldir með einföldum hætti. Tilboðsgjafarnir spyrjast ekki alltaf fyrir um greiðslugetu lántaka heldur biðja um ábyrgðir. Bílalán sem tíðkast í dag eru glöggt dæmi um slík vinnubrögð. Dæmi eru um að eignalaust fólk fái 100% lán fyrir bíl. Lánið er veitt gegn tryggingu í bílnum og á ábyrgð tveggja fasteignareigenda. Hjá Ráðgjafarstofu eru dæmi um kornungt, algerlega eignalaust fólk sem hefur á skömmum tíma eignast stórar skuldir gegn ábyrgðum foreldra, vina og ættingja. Að mati Ráðgjafarstofu má rekja stærsta hluta vandans til þeirrar útlánastefnu sem tíðkast hér á landi, þ.e. að fólk taki lán gegn ábyrgð þriðja manns án tillits til eigin greiðslugetu. Slík óraunhæf lántaka hefur leitt marga á algerar villigötur skuldbreytinga. Lánum sem tryggð eru með ábyrgð þriðja manns er skuldbreytt aftur og aftur og vandinn hleðst upp eins og snjóbolti. Lántakendur skuldbreyta lánum vegna þess að greiðslugeta þeirra leyfir ekki afborgun af láninu, skuldbreytingin er í fjölmörgum tilfellum óraunhæf leið til þess að fría ábyrgðarmann um stundarsakir fyrir því að taka á sig lán sem hann hefur ábyrgst."

Herra forseti. Þetta dæmi tengist þeim aðstæðum sem við höfum verið að ræða í dag. Verst eru þeir settir sem hafa misst tekjumikla vinnu og eru að safna skuldum í of langan tíma í von um betri kjör. Afleiðingar eru fjölskylduharmleikir, hjónaskilnaðir, gjaldþrot og niðurlæging. Þetta mál sem við eru að ræða er hluti af vandamálum fjölskyldunnar og er hluti þeirra aðstæðna sem við þurfum að gera betri. Ég þakka það að m.a. er tekið að nokkru á aðstæðum atvinnulausra einyrkja og ég tel að þar sé rétt að farið. Ef um er að ræða að fólk nær atvinnuleysisbótum á fölskum forsendum þarf að ráða bót á því en það má ekki bitna á þeim sem í raun og sann þurfa atvinnuleysibætur.

Það eru nokkrar greinar sem ástæða er til þess að biðja um skýringu á til viðbótar. Ég nefni 17. gr. laganna sem fjallar um úrskurðarnefnd. Hvers vegna þarf héraðsdómararéttindi til þess að geta orðið formaður eða varaformaður umræddrar nefndar? Af hverju dugar ekki víðtæk þekking á vinnumarkaði og lögum tengdum honum? Vegna hvers þarf héraðsdómararéttindi?

Ástæða er til að nefna að í 16. gr. þarf raunverulega heimild til að fjölga í nefndum í miklu atvinnuleysi. Það er fjallað um það. En ég tel að það vanti heimild til þess að fjölga í nefndum vegna landfræðilegra staðhátta og ég bendi vinsamlegast á þessi atriði.

Ég læt hér máli mínu lokið, herra forseti, með þeim orðum sem ég hef hér. „... mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið" segir í Íslandi Jónasar Hallgrímssonar og ég vona, herra forseti, að hér miði nokkuð á leið.

[16:58]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég hef mál mitt á því að taka sérstaklega undir málflutning hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur í þessu máli, Bryndísar Hlöðversdóttur og Össurar Skarphéðinssonar og ætla ekki að fara ofan í þau mál sem ég er sammála um í framsetningu þeirra en vil segja efnislega um frv. að mér finnst alveg ótækt þegar menn stilla málum upp þannig að hér sé verið að vinda ofan af kerfi sem sé eitthvað í líkingu við danska kerfið. Það er svo af og frá að við getum líkt íslensku atvinnuleysisbótakerfi við danska kerfið þar sem menn hafa átt kost á því að halda lífsstíl sínum um nokkurn tíma meðan þeir huga að úrbótum, þ.e. að fá atvinnu til þess að geta haldið lífi sínu áfram. Það er svo óviðeigandi að líkja þessu kerfi okkar við það kerfi sem Danir komu upp með og hafa verið að vinna að því undanfarin ár að sníða af agnúa. Það er svo langur vegur frá að við getum notað þetta til samanburðar.

Á sama hátt er ósmekklegt að setja málin þannig fram að við séum í góðum málum miðað við Færeyjar. Eru menn ekki kunnugir því að fyrir nokkrum árum höfðu Færeyingar yfir höfuð ekkert tryggingakerfi og voru vegna vandamála sinna að koma á kerfi sem er allsendis ófullkomið vegna þess að menn voru að leysa bráðavanda. Þetta er alveg ótækt í umræðunni og samanburði hér. Það sem stendur upp úr í

mínum huga í þessu frv. eru sparnaðarráðstafanir án þess að menn hafi heildarsýn og það er meginmálið.

Ég ætla sérstaklega, af því að ég er búinn að lýsa yfir stuðningi við málflutning annarra hérna, að taka eitt atriði sem mér finnst þurfa að koma mjög skýrt fram. Menn þekkja ekki samfélagið sitt, Ísland, ef menn gera sér ekki grein fyrir því hér í þingsölum að við eigum hulduher í þessu samfélagi. Það eru 16–18 ára unglingar sem hafa engar tekjur og eru á framfærslu foreldra í heimahúsum. Þetta eru hundruð manna, þetta eru tugir í litlum samfélögum. Þetta er eyðileggingarástand fyrir allt fjölskyldulífið á þeim heimilum þar sem þetta ástand ríkir. Ég kalla þetta hulduherinn vegna þess að þetta er fólkið sem sefur á daginn og fer á kreik á kvöldin því það skammast sín fyrir að geta ekki tekið þátt í samfélaginu og guð veit hvað það tekur sér fyrir hendur eftir að það fer út um fjögur eða fimmleytið þegar hinn hluti fjölskyldunnar er kominn í hús. Með því að hækka aldurinn úr 16 ára í 18 ár verða menn að skoða afleiðingarnar. Er það ósk manna með svona frv. að bæta við hulduherinn? Setja fleiri í hús sem enga framfærslu hafa og hvernig ætlum við að taka á þeim vandamálum sem það hefur í för með sér? Það verður að svara þessum spurningum.

Ég bendi á að Einar Oddur Kristjánsson kom inn á það í ræðu sinni áðan að auðvitað yrðum við að skapa öllum framfærslu en langur vegur er frá að það hafi verð gert. Ýmis vandamál á götum bæja og borga eru afleiðingar þess að við höfum ekki tekið á þessum málum einmitt fyrir þennan aldursflokk. Þess vegna vil ég taka það alveg sérstaklega upp.

Að lokum vil ég segja þetta. Frv. er meingallað og hefur það komið fram hjá langflestum sem hafa talað hér í dag, líka hjá stjórnarliðum. Félmn. verður að gera á því grundvallarbreytingar. Grundvallarbreytingar sem miða að úrbótum á þeim atriðum sem hafa komið fram. Það eru örfá atriði í frv. sem horfa til bóta en þetta varðar framfærsluna á kerfi sem ekki að gera neitt sérstaklega vel við neinn og, eftir minni þekkingu á þessum málum, er ótækt.

Ég legg til að félmn. fari ofan í málið á ný og það verði tekið upp í algjörlega nýju ljósi. Það er engin lausn að ætla að spara einhverja tugi milljóna og taka út með ómældum tilkostnaði og mannraunum annars staðar í kerfinu.

[17:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á að danska atvinnuleysiskerfið er tvöfalt. Það er þetta lögbundna kerfi sem allir ganga í og síðan eiga menn kost á að kaupa sér aukin réttindi. Mjög margir og flestallir danskir launþegar gera það. Þegar menn bera saman þessi kerfi átta menn sig yfirleitt ekki á því að þeir eru að bera saman bæði kerfin. Það er þetta sem gerir hinn mikla mismun.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á þeirri breytingu sem er í frv., þ.e. að færa 16 ár upp í 18 ár, að í engri atvinnuleysislöggjöf í Evrópu er kveðið á um að menn geti fengið atvinnuleysisbætur 16 ára, engri. Lægstu aldursmörk eru 18 ár og mjög víða 20 ár vegna þess að menn líta ekki á unglinga sem hluta af vinnumarkaðnum neins staðar í Evrópu. Þegar við ákváðum að koma með þessa tillögu lá það fyrst og fremst til grundvallar að mjög hættulegt væri, herra forseti, fyrir ungmenni svo ung, að félagsleg opinber aðstoð væri valkostur fyrir þau. Vegna þess að þó félagsleg aðstoð sé lífsnauðsynleg í öllum samfélögum fyrir þá sem á einhvern hátt eru með skerta getu, er það fátæktargildra ef fullfrískt ungt fólk verður þarna fast. Og það eru mörg dæmi þess en ekki hins gagnstæða. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir það.

[17:05]

Árni Steinar Jóhannsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um það í máli mínu áðan að við yrðum að sjá fyrir endann á því hvort verið væri að færa vandann úr einu kerfinu í annað. Þessi samanburður við Evrópu sýknt og heilagt á ekki rétt á sér vegna þess að staða fjölskyldnanna í Evrópu er allt, allt önnur en staða fjölskyldna á Íslandi á seinni tímum. Fólk sem er með 16 ára unglinga eða 18 ára unglinga hefur ekki nándar nærri sömu möguleika á framfærslu þessa fólks eins og gefinn er kostur á í Evrópu. Það er staðreyndin. Og það er lífsstíll í Evrópu í gegnum áratugi að þetta fólk er heima og hefur ekki verið úti á vinnumarkaði. En ef menn ætla að gera þetta með patentlausnum sem við Íslendingar erum þekktir fyrir þá leiðir það til harmleikja annars staðar. Það er það sem ég er fyrst og fremst að benda á.

Danska kerfið er ekki samanburðarhæft við íslenska kerfið hvorki þetta fína né það sem er fyrir þá venjulegu. Það er mergurinn málsins. Ég held að allir séu sammála um það. Mönnum í Danmörku er gert kleift að rétta sig af um stundarsakir en íslenska kerfið byggir á því að ef við verðum atvinnulaus verðum við að taka sénsinn og safna skuldum ef við ætlum að halda húsinu, íbúðinni, bílnum og því sem við höfum eignast. Þessir möguleikar eru ekki fyrir hendi. Þetta er því ekki samanburðarhæft. Ég hrópa húrra fyrir því og vildi sjá samhliða einhverjar aðgerðir fyrir þetta unga fólk sem er í heimahúsum því viti menn ekki hvað þetta er stór hópur eru menn ekki í takt við þjóðina sína.

[17:07]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi eru þeir unglingar á aldrinum 16–18 ára sem þiggja atvinnuleysisbætur til allrar hamingju mjög fáir.

Í öðru lagi eru fjölskyldutekjur á Íslandi mjög svipaðar og í Norður-Evrópu, nokkurn veginn þær sömu. Þannig að það eru alveg sambærileg lífskjör hér miðað við Evrópu og Vestur-Evrópu í heild.

Í þriðja lagi er það svo að með þessum tveimur frv. er einmitt verið, og það verður að líta á það sem heild, að reyna að einbeita sér að því að finna vinnu fyrir þá sem verða fyrir þeirri ógæfu að missa vinnu. Finna vinnu og gera allt sem í okkar valdi stendur til að þeir geti aftur snúið sér inn á vinnumarkaðinn, það er mergurinn málsins.

[17:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðlegi forseti. Í fyrri ræðu minni vék ég að nefndarstarfi sem fram fór á árinu 1994 og skýrslu um þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra sem lögð var fram í lok þess nefndarstarfs. Ég átti sæti í þessari nefnd og vil reyndar láta það koma fram að aðstæður höguðu því þannig að ég átti ekki þátt í lokaniðurstöðu nefndarinnar og sat ekki í nefndinni undir lokin.

Ég hef gagnrýnt að miklar skerðingar séu í frv. sem hér er til umræðu. Það sé óvissa um hvað tekur við hjá þeim sem lendi utan við kerfið vegna þeirra nýju ákvæða sem nú eru sett í lög. Hvað gerist hjá þeim sem missa rétt? Vegna þeirrar gagnrýni vil ég gjarnan, virðulegi forseti, nota tækifærið og benda á þýðingarmikil atriði í þeirri skýrslu sem ég hef vísað

til. Ég hefði talið að sú nefnd sem hv. þm. Hjálmar Árnason sat í hlyti að hafa tekið þá skýrslu til gagngerrar skoðunar og reynt að nýta þær hugmyndir sem fram komu í henni vegna þess að sú nefnd var búin að eiga viðtöl við fjöldann allan af aðilum sem þekkingu hafa á því vandamáli sem hér er til umfjöllunar.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að vísa nokkuð til þessa nefndarstarfs. Ég tek fram að niðurstaða nefndarinnar varð sú að heildarendurskoðun yrði að gera á lögunum þar sem lögin, sem við höfum stuðst við fram að þessu, gera einungis ráð fyrir atvinnuleysi til skamms tíma. Líka var talið mjög mikilvægt að gera nauðsynlegar breytingar á núgildandi lögum um vinnumiðlun vegna þess að hvor lögin um sig styðja við hin og gott samræmi þarf að vera á milli þessara laga.

Ég ætla að telja upp nokkur atriði í þeim köflum sem mér finnst mikilvægt að komi fram hvaða hugmyndir nefndin var með. Helstu niðurstöður starfshópsins voru t.d. þessar:

„Starfshópurinn telur auk þessa nauðsynlegt að afla frekari upplýsinga um atvinnulausa á Íslandi í dag, afmarka betur hóp atvinnulausra, greina hann upp í smærri hópa og leita úrræða fyrir hvern hóp fyrir sig."

Ég spyr: Hafði nefndin þetta að leiðarljósi? Var reynt að skoða þessa hópa, skoða hve ólíkar þarfir hinna einstöku hópa yrðu og setja fram hugmyndir þar að lútandi? Hafi það verið gert skilar það sér illa í framsetningu þessa frv.

„Sníða af annmarka á reglum um meðlagsgreiðslur þannig að þær virki ekki atvinnuletjandi. Samtímatengja reglur um barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur og auka möguleika sveitarfélaga á eftirgjöf opinberra gjalda til handa atvinnulausum."

Það blandast engum hugur um að slíkar aðgerðir væru mjög þýðingarmiklar fyrir langtímaatvinnulausa sem eru að burðast við að standa skil á öllu því sem að þeim stefnir, t.d. barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur, allt eru þetta opinber framlög sem koma kannski ári síðar í hendur hins atvinnulausa.

„Að sveitarfélög setji sér öll reglur um fjárhagsaðstoð sem nægi til framfærslu."

Ég hlýt að spyrja hæstv. félmrh.: Hefur hann beitt sér fyrir því á þessu rúma einu og hálfu ári, sem hann hefur verið í þessum stól og þar sem hann hefur væntanlega fylgst með þessu nefndarstarfi, að þetta gerist? Að það öryggisnet sem á að taka við þegar menn eru settir út úr bótakerfinu sé virkt.

„Að stórauka menntun til handa atvinnulausu fólki, sérstaklega ungu fólki, sem hefur litla skólagöngu að baki. Enn fremur endurskipuleggja átaksverkefni sveitarfélaga og koma á markvissri starfsþjálfun fyrir atvinnulausa og koma á frumkvöðlastyrkjum og efla starfsmenntun."

Auðvitað þekki ég sumt af þessu í frv. en annað skortir átakanlega.

„Efla skilvirkni í framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins."

Við áttum viðræður við Sigurð Snævarr hagfræðing sem vann ákveðna úttekt fyrir starfshópinn og ég ætla líka að fara yfir sex punkta sem eru nokkurs konar yfirlit yfir það sem hann nefndi.

„Atvinnuleysisbætur skera sig úr. Þær miðast við tiltekinn umsaminn launaflokk en taka hvorki mið af tekjum þess sem missir vinnu né framfærslubyrði nema að litlu leyti. Samspil atvinnuleysisbóta og meðlagsgreiðslna kann að virka atvinnuletjandi [aftur tekið þarna fram] þar sem meðlag er ekki tekið af bótum og skuld safnast upp. Gefa þyrfti út reglur um innheimtu meðlagsskulda hjá þeim sem hafa verið atvinnulausir."

Nú má spyrja hæstv. félmrh. Ég þekki að sjálfsögðu þau heimildarlög sem sett voru síðasta vetur varðandi meðlagsskuldir. En hefur hann beitt sér á einhvern hátt fyrir því hvernig farið sé með meðlagsskuldir hjá atvinnulausum?

„Huga þarf að samspili atvinnuleysisbóta og tekjutengdra bóta með tilliti til framfærslu þannig að bæturnar séu ekki vinnuletjandi. Skattalegar bætur, svo sem barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur þarf að greiða strax svo þær geti komið hinum atvinnulausa til góða þegar á því ári sem hann er atvinnulaus en ekki eftir á, ári síðar eins og nú er. Meðaltekjur lækka um 56,7 þús. kr. á mánuði, [þetta er árið 1994] eða um 42%, ráðstöfunartekjur um 29,6% við það að verða atvinnulaus. Mjög er mismunandi eftir stéttum og tekjum hversu mikil tekjurýrnun fylgir atvinnuleysi. Þegar litið er til áhrifa atvinnumissis á afkomu hjóna skiptir sköpum hverjar atvinnutekjur maka eru."

Þetta eru áminningar og helstu punktar þó að sjálfsögðu sé farið inn á mjög marga ólíka þætti í greinargerð Sigurðar Snævarrs. Sú spurning er sett fram í skýrslunni: Hvernig má tryggja betur framfærslumöguleika langvarandi atvinnulausra? Þar er nefnt t.d. að bregðast strax við tekjuskerðingu og flýta tekjutengdum greiðslum, vaxtabótum og barnabótum og taka strax tillit til breyttra forsendna hjá atvinnulausum. Hægt væri að rýmka heimildir atvinnulausra til að nýta sér ónýttan persónuafslátt í staðgreiðslukerfi skatta frá því sem nú er. Hægt yrði að opna möguleika á eftirgjöf fasteignagjalda eins og nú er um elli- og örorkulífeyrisþega með breytingu á lögum. Ekkert af þessum úrræðum sem mundu verða mjög virk hjá fjölskyldum atvinnulausra er að finna í þeim tillögum sem eru settar fram.

Varðandi tilboð um skólavist og af því að ég er mjög fylgjandi öllu sem lýtur að eflingu fræðsluþáttarins, ekki eingöngu fyrir atvinnulausa, heldur almennt í atvinnulífinu hljótum við að koma inn á það í fylgifrv. og líka það sem hjá Norðurlöndunum hefur verið kallað „livslanglæring" og er nú erfitt að þýða. Það er í raun og veru yfirlýsing um nauðsyn þess að þeir sem eru á vinnumarkaði séu sífellt að bæta við þekkingu sína, sífellt að halda við þekkingu og afla sér fræðslu og þekkingar í gegnum skólakerfi, námskeið og starfsmenntun. Í þessari skýrslu var m.a. gerð tillaga um að Atvinnuleysistryggingasjóður gæti heimilað að einstaklingur stundaði nám á atvinnuleysisbótum enda mæli ráðgjafi með því. Hér væri ekki um almennan rétt að ræða heldur sérstaka samþykkt stjórnar sjóðsins. Reyndar náðist ekki alhliða samstaða um þessa tillögu vegna þess að sumir nefndarmenn töldu það ekki hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að sjá um svo víðtæka menntun. En menn voru upptekni af því að einstaklingar gætu verið í þeirri stöðu að leita yrði sértækra ráða til að viðkomandi gæti verið í námi með sérstakan stuðning.

„Að sveitarfélög styrki bótaréttarlaust ungt fólk sem ekki hefur lokið formlegri skólagöngu til náms ef til vill með þeim hætti að það sé ráðið til náms og á námstímanum afli það sér því atvinnuleysisbótaréttar." Hugsanlegt væri að rétturinn til bóta færi stighækkandi samtímis náminu. „Að sveitarfélög og Atvinnuleysistryggingasjóður móti samstarfsform sín á milli um tíu mánaða starfsreynslubrautir fyrir atvinnulaust ungt fólk með tiltekinn lágmarks atvinnuleysistíma að baki."

Það er alveg ljóst að í þessu nefndarstarfi gerðu menn sér grein fyrir mikilvægi þess að samspil væri á milli þeirra aðila sem ættu að koma að vanda hins atvinnulausa. Talað er um að fyrir fram verði að móta samstarfsform og að aðilar komi sér saman um hvað sé hægt að gera. En í frv. sem við erum að fjalla um er eingöngu talað um réttinn. Réttinum lýkur, fólk missir réttinn og þá fer það annað. Það er mikill hugmyndafræðilegur mismunur á þessu tvennu.

Virðulegi forseti. Nú er að ljúka þeim tíma sem ég hef til umráða í síðari ræðu minni en ég ætla aðeins að nefna eitt. Eftirfarandi spurning var lögð fram: Hverjir ættu fremur að vera á öðrum bótum en atvinnuleysisbótum? Starfshópurinn lagði til að örorkuhugtak almannatryggingalaganna yrði endurskoðað hið allra fyrsta. En ekkert bólar á því, í þeim tillögum sem eru kynntar í dag, að slík endurskoðun hafi verið sett í gang.

[17:19]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ágætu yfirliti hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, þar sem hún vitnaði til hugmynda þeirrar nefndar sem hún starfaði í, kom margt athyglisvert fram. Ég fæ ekki betur séð en að margar af þeim hugmyndum sem hv. þm. reifaði megi sjá í þeim frv. sem eru til umræðu og komu mjög til umræðu í nefndinni sem vitnað hefur verið til. En af því að hv. þm. beindi sérstakri spurningu til mín varðandi nefndarstarfið, hvort skoðaðar hefðu verið aðstæður einstakra hópa og úrræði fyrir þá, þá var það vissulega gert og gefinn góður tími til þess. Svar nefndarinnar er í rauninni þetta, og um það var einhugur innan nefndarinnar, að vitna til hinnar skilvirku vinnumiðlunar sem við trúum að hægt sé að koma á, — skilvirka vinnumiðlun um landið allt sem þjónustustofnun undir stjórn heimamanna úr atvinnulífinu, þeirra sem hafa bestu yfirsýn yfir atvinnulíf á hverjum stað. Það sér nefndin sem uppsprettu úrræða, uppsprettu hugmynda og þjónustustofnanirnar skoði hagsmuni hvers einstaklings og finni úrræði á forsendum hvers einstaklings fyrir sig en ekki bara einstakra hópa. Ég tel afskaplega mikilvægt að hver einstaklingur fái að njóta sín.

[17:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist sem þessi setning: „Uppspretta úrræða heima í héraði" þýði í raun að ákveðnum þýðingarmiklum þáttum hafi verið vísað inn í framtíðina og heim í hérað á meðan öðrum þáttum var gert skilmerkilega skil og festir í þann lagatexta sem er til umfjöllunar. Það sem ég átti við var ekki sú hugsun að fylgja eftir einstaklingi, sem ég held að sé ágæt, við munum að sjálfsögðu ræða vinnumarkaðsúrræðin fyrir næsta frv., heldur einmitt að afmarka hina mismunandi hópa og reyna að átta sig á hvaða þörf kemur í ljós hjá ólíkum hópum og miða síðan lagatextann við það. Ég þekki í vinnumarkaðsfrv. ýmislegt og ýmsar hugmyndir sem eru settar fram í þessari skýrslu en það sem ég var að draga fram voru sérstök tækifæri sem hið opinbera hefur til að koma með skilvirkar úrlausnir hinum atvinnulausu til handa eins og ég hef þegar bent á t.d. samtímagreiðslur o.fl. Þessa gætir hvergi í umfjöllun nefndar þingmannsins og ég sakna þess að ekki sé tekið á þessum þáttum. Ég sakna þess og harma að í yfirferðinni á þessu máli skuli ekki hafa verið reynt að kryfja betur til mergjar ýmsa hópa og aðallausnirnar séu þær að vísa ákveðnum hópum, eins og þeim yngstu og sennilega þeim elstu, út úr bótakerfinu án þess að tryggja að aðrar farsælar lausnir finnist.

[17:23]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ef til vill rétt að rifja upp að árið 1955 voru háðar mjög harðar vinnudeilur í landinu og stóðu í sex vikur. Sex vikna verkfallið var það kallað. Þetta voru hinar hörðustu vinnudeilur sem hér hafa farið fram lengi. Niðurstaðan úr þeim vinnudeilum varð m.a. sú að menn samþykktu að fallast á að aflétta þeim með 12%–15% launahækkunum en auk þess var gert ráð fyrir að stofna Atvinnuleysistryggingasjóð. Þá var litið svo á að þessi sjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður væri stór sigur fyrir verkalýðshreyfinguna. Og það var litið þannig á æ síðan að þessi sjóður væri eign verkalýðshreyfingarinnar. Hann væri hluti af kjörum hennar. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. í upphafi máls míns: Hvernig lítur hann á þessa sögu? Lítur hann á að verkalýðshreyfingin eigi þennan sjóð? Lítur hann á að skylt sé að bera það undir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ef grundvallaratriðum í starfsemi sjóðsins er breytt, eins og gerð er tillaga um? Liggur fyrir afstaða stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs?

Ég vil einnig rifja upp, herra forseti, að aftur og aftur á þinginu hafa komið fram tillögur á undanförnum árum og áratugum um breytingar á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Sem betur fer reyndi ekki mikið á þessi ákvæði. Við breyttum lögunum í grundvallaratriðum árið 1981 og sömdum um þær breytingar við ASÍ og VSÍ á þeim tíma. Það var alveg ljóst að um þær breytingar var full samstaða. Þær breytingar sem síðan voru gerðar á lögunum, t.d. með því að taka þar inn opinbera starfsmenn, urðu einnig samkomulagsatriði. Mér sýnist að menn hafi umgengist lögin með allt öðrum hætti núna. Ég vil spyrja sérstaklega að því og endurtek: Liggur það fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi fallist á þær breytingar sem hér er gerð tillaga um í þessu frv.?

Ég vil einnig, hæstv. forseti, rifja upp að á þinginu árið 1992 fluttum við alþýðubandalagsmenn frv. til laga um rétt þeirra sem eru að leita sér að vinnu. Þar gerðum við ráð fyrir að endurskrifuð yrðu þrenn lög. Í fyrsta lagi lög um atvinnuleysistryggingar, í öðru lagi lög um vinnumálaskrifstofu félmrn. og þriðja lagi lög um vinnumiðlun. Á þessu máli var tekið heildstætt og, eins og getið var um fyrr í dag, hefur það verið okkar afstaða að það þyrfti að gera. Ég tel hins vegar að menn hafi kannski ekki tekið nægilega heildstætt á þessum málum úr því að farið er að hrófla við þeim á nýjan leik.

Ég vil síðan víkja að einstökum almennum atriðum og fyrst að því sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar að Atvinnuleysistryggingasjóður hefði verið misnotaður. Hv. þm. lét þess getið að erfitt væri að halda uppi slíkum málflutningi en það væri þó óhjákvæmilegt vegna þess að um það væru einhver dæmi. Ég spyr hv. þm. og hæstv. félmrh.: Var þetta rannsakað? Fóru fram sérstakar rannsóknir á misnotkun á Atvinnuleysistryggingasjóði? Hversu víðtækar voru þær rannsóknir? Hversu víða náðu þær? Hve margir voru þeir og hve oft misnotuðu þeir Atvinnuleysistryggingasjóð? Ég tel óhjákvæmilegt að þær upplýsingar komi fram undir umræðunum vegna þess að þær þungu ásakanir eru bornar fram af formanni þeirrar nefndar sem undirbjó frv.

Í öðru lagi vil ég víkja að einyrkjum og segja: Mér finnst afgreiðslan á þeim mjög sérkennileg í þessu frv. Við erum búin að berjast um á hæl og hnakka í mörg ár í umræðum um að tryggja þurfi bændum, trillusjómönnum og vörubíl-

stjórum öruggan sess inni í þessu kerfi. Sá maður sem hefur haft stærst orð um þetta í þingsögu síðustu ára er hæstv. félmrh. Hann sagði reyndar við forvera sína, tvo frekar en einn held ég, að þetta væri mál sem væri hægt að leysa fyrir kvöldfréttir einn góðan veðurdag. Því miður hefur hann ekki fundið þá leið sem hann sá þá. Nú er talað um að búa til sérstakan sjóð fyrir einyrkjana. Ég verð að segja eins og er, hæstv. forseti, að ég tel algjörlega útilokað annað en að það frv. komi líka hingað núna. Ég vil beina því til hv. þm. sem sitja í hv. félmn. að mér finnst eðlilegt að ætlast til að um það mál verði fjallað jafnhliða þessum frv. Það er alveg óhjákvæmilegt. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvenær hann hyggist leggja það frv. fyrir. Ég vil einnig taka fram að ég tel að vel mætti hugsa sér að það yrði tekið fyrir í nefnd í drögum ef þannig slæst því það er útilokað að skilja þennan hóp eftir einu sinni enn. Mér sýnist reyndar að ef þetta frv. verður að lögum, án þess að samþykkja nýtt frv., verði staða einyrkjanna verri en hún hefur nokkru sinni áður verið vegna þess að samkvæmt þessu frv. verið að henda þeim út úr atvinnuleysisbótakerfinu. Þetta var spurning tvö; hvenær kemur það frv. og er hæstv. félmrh. sammála því að það þurfi að taka sérstaklega til meðferðar um leið og þetta?

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. félmrh. og hv. þm. Hjálmar Árnason: Hvað er fyrir atvinnulausa í þessu frv.? Hvað er það nákvæmlega í þessu frv. sem er fyrir atvinnulausa? Hvar er komið til móts við atvinnulausa í þessu frv.? Ég mundi vilja fá svo sem örfá dæmi því að ég hef ekkert heyrt, ekki eitt einasta dæmi um að tekið sé á kjörum atvinnulausra sem slíkra. Menn tala um að í hinu frv., sem er næst á dagskrá, sé virkari vinnumiðlun en verið hefur til þessa. Það er út af fyrir sig gott ef það er. Ég segi samt, hæstv. forseti, og fullyrði að ég tel að engin vinna sé í þessum frumvörpum jafnvel þó að þau verði að lögum, vegna þess að ekki er tekið þannig á málum.

Hins vegar er góðra gjalda vert að stilla saman vinnumiðlunina en ég verð þó að segja að ég tel orka tvímælis að setja alla vinnumiðlun undir ríkið. Þar er ég t.d. með í huga Vinnumiðlun Reykjavíkur sem hefur verið virk og hefur verið tiltölulega góð. Borgarstjórn Reykjavíkur, bæði meiri hluti og minni hluti, hefur lagt sig fram um að þróa þá hluti með sem allra jákvæðustum hætti, eins og við þingmenn Reykvíkinga reyndar þekkjum, sem heimsóttum Vinnumiðlun Reykjavíkur á sl. vetri.

Í fjórða lagi vil ég taka undir þá gagnrýni sem fram hefur komið hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og ef til vill fleirum. Það er alveg ótrúlegt að skipa nefnd með þessum hætti. Að í henni séu eingöngu karlmenn, eingöngu annað kynið. Þetta er jafnréttisráðuneyti. Þetta er ekki hægt. Ég held að dálítið sé til í því hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að frv. beri þess merki, sérstaklega að því er varðar þann veruleika að konur eru gjarnan sá hópur á launamarkaði sem er í hlutastarfi eða broti úr starfi. Mér finnst að tæknileg uppbygging frv. sé allt of mikið miðuð við fólk í fullu starfi og ekki reynt að horfast í augu við þann veruleika að lög af þessu tagi þurfa að vera sveigjanleg ef þau eiga að endurspegla raunveruleikann á vinnumarkaðinum.

Í fimmta lagi vil ég spyrja þá forráðamenn og talsmenn frv. um afstöðu einstakra aðila. Ég hef spurt um afstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég spyr um afstöðu Alþýðusambands Íslands. Hefur þetta verið borið upp í miðstjórn Alþýðusambands Íslands og samþykkt? Ég spyr: Hefur þetta verið borið upp og samþykkt í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga? Ég spyr vegna þess, hæstv. forseti, að gert er ráð fyrir algerri miðstýringu á vinnumiðlun í landinu. Það er gert ráð fyrir að taka hana úr höndum sveitarfélaganna og menn geta fengið stuðning hjá mér við það að skipulag vinnumiðlunar hefur að sumu leyti ekki verið nægilega gott. Og sum sveitarfélög hafa sjálfsagt staðið sig slælega í þeim efnum. En ég held að líka sé óskynsamlegt að taka frumkvæði og ábyrgð úr höndum heimaaðila með þeim hugmyndum sem hér eru uppi vegna þess að þrátt fyrir allt þekkja þeir oft betur til en aðrir.

Í sjötta lagi varðandi almennan aðdraganda þessa frv. og efni þess vil ég segja: Ég vara við því að menn séu að líkja þessu kerfi, sem á að taka hér upp, við Danmörku og Svíþjóð. Ég vara við því fyrst og fremst vegna þess að hið félagslega þjónustukerfi, sérstaklega sveitarfélaganna, er miklu lakara, miklu brotakenndara og miklu ófullkomnara en gerist í Danmörku og Svíþjóð. Staðreyndin er auðvitað sú að það fólk, sem hér um ræðir, á oft og tíðum engan kost á að velja á milli skóla, bóta eða félagslegrar aðstoðar. Það á engan kost og þess vegna tel ég að fráleitt sé að henda unglingunum út af þeim möguleikum sem þrátt fyrir allt geta falist í þessu kerfi.

Síðan vil ég víkja aðeins að einstökum efnisatriðum eftir að hafa gert grein fyrir sex almennum atriðum og segja í fyrsta lagi: Ég mótmæli því að taka unglingana út. Það er ranglátt. Og mér finnst skjóta skökku við að ríkisstjórn sem er að skera niður framhaldsskólakerfið í einu frv. skuli leggja til í öðru að unglingarnir verði teknir út af hugsanlegum atvinnuleysisbótum og þeim vísað inn í skóla sem eru að loka eða leggja á fallskatta eins og við höfum rætt. Þetta gengur ekki upp, hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstjórn gengur á ótrúlega óskammfeilinn hátt fram í þessu efni og treystir því að við þingmenn munum ekki hvað gerist á milli umræðna. Fyrir örfáum dögum vorum við að ræða um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hvað er í því? Í því er gert ráð fyrir að lækka framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í því er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður beri kostnað við starfsmenntun í atvinnulífinu, sem til þessa hefur verið hjá ríkissjóði. Starfsmenntun í atvinnulífinu sem samið var um af aðilum vinnumarkaðarins. Það gengur auðvitað ekki, hæstv. forseti, að taka svona á málum og því vil ég mótmæla mjög harkalega. Ég tel fyrir neðan virðingu Alþingis að reyna að blekkja þingið með málflutningi af því tagi sem hér hefur heyrst: Já, þessir krakkar hafa nú ekki gott af því að vera á atvinnuleysisbótum. Þeir eiga bara að fara í skóla. Hvaða skóla? Skóla sem eru lokaðir eða hvað?

Í annan stað um einstök atriði í frv., sem ég vildi nefna, vík ég að litlu máli sem snertir það að þeir sem þurfa að borga meðlög standa auðvitað oft og tíðum þannig að atvinnuleysisbæturnir fara í meðlög. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysisbæturnar fari beint í meðlög og í raun gert ráð fyrir að þær séu teknar í heilu lagi og þeir aðilar sem hér um ræðir þurfa kannski ekkert endilega að vita að þeir hafi fengið þessar bætur vegna þess að þær eru ekki meðhöndlaðar sem laun. Með öðrum orðum, litið er á atvinnuleysibæturnar sem félagslegan styrk í uppsetningu þeirra mála. Mér finnst þessi meðferð á málum, sem kemur fram í athugasemdum með frv., í tölul. 9 á bls. 10 í greinargerðinni, ekki vera skynsamleg. Mér finnst hún niðurlægjandi og mér finnst líka niðurlægjandi, hæstv. forseti, að hver einasta króna sem viðkomandi maður kann að fá í ellilífeyri eða örorkulífeyri eða úr lífeyrissjóði kemur til skerðingar atvinnuleysisbótum.

Með þessu er verið að undirstrika að atvinnuleysisbæturnar séu í raun félagslegur styrkur. Þetta er ekki gott, hæstv. forseti.

Það er stundum talað um að breyta þurfi jaðarsköttum, þ.e. *jaðarskattaáhrifum ýmissa bóta eins og t.d. í sambandi* við vaxtabætur o.fl. Hér er ekki verið að tala um 52% skatt eða 54% skatt. Hér er verið að tala um 100% skattlagningu á atvinnuleysisbætur vegna þess að fyrir hverja krónu sem fólk fær í ellilífeyri, örorkulífeyri eða lífeyri úr lífeyrissjóði lækkar um krónu í atvinnuleysisbótakerfinu. Þetta er ekki sanngjarnt. Ég er á móti þessu, hæstv. forseti, vegna þess að með þessu er verið að meðhöndla atvinnulaust fólk á annan *hátt en réttlætanlegt og eðlilegt er.*

Loks vil ég koma að einu atriði sérstaklega sem ég er alveg gáttaður á. Það er lækkunin á atvinnuleysisbótunum. Er tími til þess núna í miðju góðærinu að lækka atvinnuleysisbætur? Atvinnuleysisbætur geta verið núna að jafnaði 52.723 kr. á mánuði. Þá er miðað við að um sé að ræða 21,67 virka daga að meðaltali í mánuði. Það er venjulegur útreikningur á launum og hefur lengi verið. Um er að ræða 52.723 kr. *á mánuði í bætur, eins og þetta er núna.* Hvað á þetta að fara í? Fiskvinnslutaxtinn, eins og hann er, sem menn tala um að gæti verið miðað við þegar um er að ræða sérstaklega tekjulága einstaklinga, sem eru á lægstu töxtum, er 49.300 kr. Það er verið að lækka þetta fólk um 3.423 kr. á mánuði. Þetta er höfðingleg jólagjöf, verð ég að segja. Hæstv. félmrh. kemur helst ekki í ræðustólinn án þess að láta þess getið að þegar hann byrjaði í ráðuneytinu hafi atvinnuleysið verið 7% *og núna sé það 3% eða 4%, eins og það sé allt saman honum* að þakka að breytingin hafi átt sér stað. Það er að sjálfsögðu ekki heldur eru það hinar almennu kringumstæður í þjóðfélaginu. Þótt ég hafi þráspurt hv. þm. Hjálmar Árnason hver rökin séu fyrir að lækka hjá þessu fólki hef ég engin svör fengið. Og ég spyr aftur um þau. Hver er hin brýna félagslega, þjóðfélagslega réttlætisnauðsyn á að lækka þetta fólk? Ég skora á hæstv. félmrh. að sýna mér fram á að brýn *nauðsyn sé fyrir efnahagslega framtíð íslensku þjóðarinnar,* hvorki meira né minna, að svína af þessu fólki 3.500 kr. á mánuði. Hvað er það sem veldur því?

Þegar lögin um atvinnuleysistryggingar voru sett árin 1980 og 1981 var gengið út frá því að atvinnuleysisbæturnar væru miðaðar við dagvinnutaxta plús eitthvert meðaltal í yfirtíð plús einhver hluti af orlofi þannig að þrátt fyrir atvinnuleysið gætu menn gengið um uppréttir vegna þess að kaupið væri svipað hvað varðar láglaunafólkið og kostur væri á að fá annars staðar. Mér sýnist stefnan greinilega vera sú af Framsfl. og Sjálfstfl. að halda eigi þannig á málum að þetta fólk finni alveg örugglega að það sé sett skör lægra í þjóðfélaginu. Að það fari ekki á milli mála í tilfinningalífi þessara einstaklinga að þeir séu settir skör lægra í þjóðfélaginu. Þetta er ekki gott. Þetta er ekki skynsamlegt og kemur auðvitað af því sem nefnt var fyrr í dag að menn líta þannig á að hinn atvinnulausi sé vandamálið, hann eða hún sé vandamálið en ekki atvinnuleysið, sem er afleiðing af hinu efnahagslega kerfi sem við öll í þessari stofnun berum ábyrgð á og eigum þess vegna að hafa þá lágmarksreisn í okkar starfi að reyna að tryggja að þeir sem verða fyrir atvinnuleysinu, sem er afleiðing af því efnahagskerfi sem við kjósum að hafa, þurfi ekki einir að líða fyrir að verða atvinnulausir. Af því að atvinnuleysið er á okkar ábyrgð allra en ekki þeirra sem lenda í því.

[17:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég á sæti í hv. félmn. og hef fylgst með þeirri umræðu sem farið hefur fram í dag um þetta frv. sem *hæstv. félmrh. hefur lagt fram um breytingar á lögum um* atvinnuleysisbætur. Mér kemur verulega mikið á óvart að við þetta frv. eru gerðar athugasemdir við nánast hverja einustu grein sem einhverju máli skipta og hefði mátt gera ráð fyrir að einhver veruleg vinna hefði verið lögð í. Ég er ekkert á móti því að einstakar nefndir eins og hv. félmn. vinni mikla vinnu og sú nefnd hefur á síðasta ári unnið alveg gríðarlegt starf til að koma frumvörpum í það form að hægt væri að *koma þeim í gegnum þingið. Ég lýsi yfir vonbrigðum mínum* með það að þetta frv. sem búið er að vinna með í eitt og hálft ár skuli koma með þeim endemum að við sjáum fram á að þurfa að sitja yfir því í félmn. í næstu mánuði.

Ég tek svo sannarlega undir þá gagnrýni sem komið hefur fram hjá hv. þingmönnum um að það ákvæði skuli vera hér inni að það eigi að lækka atvinnuleysisbætur hjá fólki. Ég get lýst því yfir hér og nú að ég mun ekki taka þátt í því. *Og ég velti því fyrir mér til hvers verið er að koma með* þetta hér inn á borð og hvort það sé vegna þess að hv. formaður nefndarinnar, hv. þm. Hjálmar Árnason, lýsti því yfir í blaðaviðtali í vor að megintilgangur þessa frv. væri að afnema letingjabætur. Það hefur kannski verið tilgangurinn eða verið andinn sem sveif yfir vötnunum þegar verið var að vinna að þessu máli. Ég er mjög hissa á því að þetta skyldi koma út með þessum hætti og furða mig í sjálfu sér ekkert *á því að verkalýðsforingjarnir skyldu þá ganga út.* En virði það að hæstv. félmrh. tók til greina þær athugasemdir sem frá þeim komu. Það hefði greinilega þurft að taka mun meira á þeim athugasemdum sem eftir lágu því að mér sýnist, af því sem fram hefur komið hér og því sem komið hefur fram hjá hæstv. ráðherra nú þegar og hv. formanni nefndarinnar, að beðið sé um að félmn. taki meira og minna á þessu máli og reyni að leiðrétta það sem aflaga hefur farið. Mér finnst sorglegt að þetta skyldi koma svona inn. Ég er ekki að fría mig af þessari vinnu, síður en svo, en hefði talið að betra hefði verið að fá að málinu fólk úr félagsstörfum, sveitarstjórnarmenn sem hafa unnið að þessu og jafnvel einhverja nefndarmenn sem hafa setið í félmn. og hafa kynnt sér þessi mál. En ég vona að þær breytingar sem koma frá hv. félmn. hljóti hljómgrunn og ég mun að sjálfsögðu vinna með allri nefndinni að því máli.

[17:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég átti nokkur atriði eftir þegar ég flutti fyrri ræðu mína. Sú umræða sem hér hefur átt sér stað hefur leitt í ljós hversu flókið og mikilvægt þetta mál er sem hér er til umræðu og margt hefur komið fram sem er mjög upplýsandi. Þar vil ég fyrst nefna það sem ég kom ekki inn á í minni ræðu en er alveg grundvallaratriði, þ.e. að með þeim breytingum sem verið er að gera er auðvitað verið að leita leiða til sparnaðar. Það er verið að ganga þannig frá þessum lögum að þau leiði til sparnaðar og samkvæmt fjárlagafrv. er það sparnaður upp á 128 millj. kr. á næsta ári. Það tengist því sem ég vil koma sérstaklega að og vil fá nánari skýringar á. Það er varðandi 22. gr. þessa frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæðisvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita styrki til

þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga vegna atvinnutilboða."

Þetta er hin almenna stefnuyfirlýsing varðandi styrki Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama tíma er verið að leggja til að starfsmenntun í atvinnulífinu, sem er allt annar hlutur en styrkir til atvinnulausra, fari inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og ég spyr: Hvernig kemur þetta heim og saman? Er meiningin sú að starfsmenntun í atvinnulífinu hverfi inn í hítina? Þá er vísað til þess að hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs sé að veita styrki vegna atvinnulausra en ekki að standa að starfsmenntun í atvinnulífinu. Er það það sem við megum eiga von á á næsta ári eða þar næsta ári? Maður verður að skoða allt þetta samhengi. Ríkisstjórnin hlýtur að vita hvað hún er að gera. Hún er ekki bara hér að leggja fram eitt frv. og svo annað þannig að ekkert samhengi sé þar á milli. Þetta er stefnan. Hér er verið að skilgreina hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs jafnframt því sem verið er að flytja liði sem hafa verið sjálfstæðir innan félmrn., starfsmenntun í atvinnulífinu og styrk til sérstakra þróunarverkefna og atvinnusköpunar fyrir konur, yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er verið að færa þarna til og ég get ekki annað en lýst ótta mínum um hvað verði um þessi verkefni. Ég endurtek það og ítreka að að mínum dómi er hér um alger mistök að ræða sem ég mótmæli, þ.e. að verið sé að blanda saman óskyldum hlutum. Það er verið að færa til hluta af menntakerfinu. Þetta er menntunin, símenntunin, endurmenntunin, það sem verið er að bæta ofan á menntun vinnandi fólks, það sem við höfum kallað starfsmenntun í atvinnulífinu og hefur verið sér. Nú er ég farin að dauðsjá eftir því að hafa stutt það á sínum tíma að þetta verkefni færi inn í félmrn. Ég held að við stæðum betur að vígi ef svo hefði farið sem margir vildu, að skilgreina þetta sem menntamál sem ætti heima í menntmrn. Ég hygg að við hefðum jafnvel staðið betur að vígi ef málið hefði verið þar því að þeim í félmrn. er í lófa lagið að flytja þetta bara inn í Atvinnuleysistryggingasjóð. Svo er ekkert í þessum lögum hér sem tryggir að þetta haldi áfram því að ráðstafanir í ríkisfjármálum gilda til eins árs í senn og það er hægt að kippa þessum tilflutningi til baka áður en við er litið. Við höfum tækifæri til að breyta þessari grein í félmn. og ég spyr: Hver er stefnan? Hver er meiningin með þessu?

Aðeins um meðlagsgreiðslurnar. Ég skil vel það markmið ríkisvaldsins að reyna að ná inn fyrir meðlagsgreiðslum. Þar hafa safnast miklar skuldir. En menn eru að gefa með annarri hendinni og taka með hinni. Í vor voru samþykkt lög sem veittu heimildir til þess jafnvel að strika út meðlagsskuldir hjá mönnum sem lent hafa í sérstökum vandræðum. En hér er meiningin að taka af atvinnulausum, af þeim litlu bótum sem þeir hafa. Og menn fá bætur vegna þess að þeir hafa börn á framfæri þó að þeir eigi önnur meðlagsskyld börn og það er auðvitað spurning hvernig með þetta eigi að fara. Er ég að misskilja eitthvað, hæstv. félmrh.? (**Félmrh.:** Já.) Ég skildi það þannig að það ætti að taka af þeim sem fá atvinnuleysisbætur. Hvaða grein er þetta nú? Þetta er svo sem ekki stórt atriði. (**Gripið fram í:** Grein 8.) Grein 8, er upplýst hér. Ég hef ekki tíma til þess að fara ofan í þetta atriði en ég mun kanna það betur.

Svo er það sem hefur reyndar komið hér fram og varðar mörkin milli þess að vera á atvinnuleysisbótum og þess að fara yfir á örorkubætur eða félagslega aðstoð. Ég hef þegar heyrt þau sjónarmið hjá fulltrúum sveitarfélaganna að þeir óttast að þessar breytingar sem verið er að gera geti leitt til þess að í staðinn fyrir að tilhneigingin sem hefur kannski verið sú hjá sveitarfélögunum að koma fólki inn á atvinnuleysisbætur sem telja má vinnufært, þá muni dæmið nú snúast við og í auknum mæli verði farið að koma fólki yfir á sveitarfélögin og félagslega aðstoð með þeim takmörkunum sem hér er verið að taka upp. Þetta þurfum við að skoða alveg sérstaklega og reyna að átta okkur á því hvað þetta hefur í för með sér. Það má kannski segja að það skiptir svo sem ekki öllu máli hvorum megin hryggjar fólk liggur. Aðalatriðið er að fá framfærslu. En það kann að skipta máli fyrir einstaklingana hvort þeir eru á atvinnuleysisbótum eða hvort þeir verða að leita til sveitarfélaganna um félagslega aðstoð.

Aðeins um það sem fram kom í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar varðandi það að erlendis væri ekki litið á 16–18 ára unglinga sem hluta af vinnumarkaðnum, þá er ástandið einfaldlega allt öðruvísi hér. Hér er miklu algengara að fólk vinni frá unglingsaldri fyrir launum og hér er þetta sérstaka ástand í skólakerfinu að brottfall er miklu, miklu meira en tíðkast í ýmsum okkar nágrannalöndum. Við eigum auðvitað taka á því vandamáli. Við eigum að bæta skólakerfið, ekki að þrengja rétt fólks á vinnumarkaði. Mér finnst þetta svo öfugar aðfarir að ég á eiginlega ekki orð yfir þetta og þessi hugsun að allir séu eiginlega betur komnir í skóla en nokkus staðar annars staðar. Mér finnst þetta afar sérkennilegt. Þó að ég hafi sjálf mikla reynslu af því að vinna í skólakerfinu, held ég að ýmsir hafi bara nokkuð gott af því að taka sér hlé frá skóla og einmitt að fá tækifæri til að fara út á vinnumarkaðinn. Vonandi fá þeir þar vinnu. En það er erfitt ef þeir eru jafnframt sviptir réttinum til atvinnuleysisbóta.

Hæstv. forseti. Ég hef líka orðið vör við það hjá þeim sem koma nálægt þessum málum, að spurningin er um það hvernig það ákvæði verði framkvæmt að landið sé eitt vinnusvæði og sá réttur sem gert er ráð fyrir í þessum lögum, að fólk verði að taka vinnu annars staðar á landinu. Hæstv. félmrh. lýsti því yfir í andsvari fyrr í dag að ekki væri meiningin að fara að taka upp hreppaflutninga eða nauðungarflutninga. Ég vil leggja mjög mikla áherslu á þann rétt fólks að fá að búa í sínu sveitarfélagi og vera heima hjá sér og að það sé ekki verið að taka upp einhverjar þvingunaraðferðir í þeim efnum.

Allra síðast, herra forseti, vil ég vekja athygli á grein sem birtist í Alþýðublaðinu í dag þar sem fangi segir frá því hvernig það er að koma út á vinnumarkaðinn eftir að hafa setið í fangelsi. Það er því miður ófögur lýsing sem einmitt minnir okkur á að það þarf aðgerðir til þess að aðstoða fólk sem er að koma út á vinnumarkaðinn, þá sem hafa lent í erfiðleikum og lenda svona milli skips og bryggju eins og því miður vill verða um sumt fólk.

[17:58]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafi hitt naglann á höfuðið þegar hún sagði að það yrði að skoða hlutina í samhengi og vísa ég til þess að það þarf að skoða bæði þessi frv. samtímis. Í stuttu andsvari er ekki hægt að fara ítarlega út í þá sálma, en ég vil þó vekja athygli á því sem þingmaðurinn gerði að umtalsefni, þ.e. um þætti styrkja og samhengi þeirra við annað.

Séu þær hugmyndir skoðaðar sem kynntar eru með skýringum á 10. gr. frv. um vinnumarkaðsaðgerðir, er þar sérstaklega fjallað um möguleika hinna atvinnulausu til að sækja um á sviði nýsköpunar. Til þess þurfa hugsanlega að koma

styrkir. Ef einstaklingar vilja t.d. fara í fyrirtækjastofnun eða annað því um líkt eða fylgja eftir sinni nýsköpun, er nauðsynlegt að geta veitt styrki til þess að koma hugsanlegum fyrirtækjum eða verkefnum af stað. Það er hugsunin á bak við þetta.

Ég er jafnframt sammála því sem þingmaðurinn sagði um að það yrði að skoða þessi mál í tengslum við menntakerfið og ég vil mjög vara við því sem hefur komið fram í málflutningi sumra ræðumanna — á ég þó ekki við síðasta hv. ræðumann — um að um það bil sé verið að loka framhaldsskólum landsins. Mér þykir þar með lítið gert úr því merka þróunarstarfi sem á sér stað í mjög mörgum framhaldsskólum einmitt þessar vikurnar og þessa mánuðina og ég vék að í ræðu minni fyrr í dag. Við þurfum einmitt að skoða þessa hluti í samhengi við það sem er að gerast í skólakerfinu þar sem áherslan er á starfsmenntun.

Ég get hins vegar tekið undir það meginsjónarmið sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti að mjög sé eðlilegt að skoða hvort starfsmenntasjóður sé ekki betur vistaður í menntakerfinu, enda eru fræðslumiðstöðvar framhaldsskóla og atvinnulífs í sameiningu víða um landið að komast á koppinn, ef þannig má til orða taka, og því er eðlilegt að eitt ráðuneyti sé með menntunina. Undir það sjónarmið get ég tekið.

[18:01]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einfaldlega staðreynd að frá því að lögin um starfsmenntun í atvinnulífinu voru samþykkt hefur mjög margt gerst á vinnumarkaði okkar. Bæði gerðist það að atvinnuleysi fór mjög vaxandi og kallaði það á nýjar aðgerðir, nýjar hugmyndir og ný viðbrögð en hins vegar hefur mikil þróun átt sér stað í menntun og nýjar kröfur um símenntun og endurmenntun og fleira slíkt. Ég held að við ættum í alvöru að skoða þetta þó að það ætti í sjálfu sér ekkert að koma í veg fyrir samvinnu á milli félagsmálaþáttarins í samfélaginu og menntakerfisins. En ég er eiginlega að sannfærast um það að þetta er fyrst og fremst hluti af menntun, við þurfum að hugsa algerlega upp á nýtt í þessu samhengi og vera sífellt að hugsa um að gefa öllum kost á endurmenntun hvort sem þeir eru lögfræðingar, sagnfræðingar eða hvað þeir nú eru.

En lögin um vinnumarkaðsaðgerðir eru eitt og einhvers staðar þarf að fá peninga í þær aðgerðir. Lögin um atvinnuleysisbætur eða Atvinnuleysistryggingasjóð eru önnur lög og skv. 22. gr. er þar skilgreint þetta hlutverk að veita styrki til úrræða fyrir atvinnulausa. Hitt sem við erum að tala um er ekki fyrir atvinnulausa heldur fyrir atvinnulífið almennt. Þess vegna er ég að velta því fyrir mér hvað verður um starfsmenntun í atvinnulífinu sem hingað til hefur fengið hátt í 50 millj. á ári í sinn hlut. Í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum til næsta árs verður þetta flutt yfir í Atvinnuleysistryggingasjóð og gert er ráð fyrir því að þarna verði ákveðin upphæð en hvað svo þegar þau lög falla úr gildi og þessi lög standa eftir?

[18:03]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rétt er að geta þess að þó að með þessu frv. fylgi greining fjmrn. á kostnaðarminnkun hjá ríkissjóði tel ég rétt að taka fram að ég vil hafa allan fyrirvara á því. Ég efast stórlega um að á næsta ári muni verða svo mikil kostnaðarminnkun við sjóðinn.

Hins vegar er ég alveg handviss um að mjög mikil kostnaðarminnkun mun verða af allt öðrum ástæðum en fjmrn. greinir, einmitt vegna þess að á næstkomandi árum, þegar menn beina athygli sinni að því og vinna skipulega að því að koma hinum atvinnulausu í vinnu og þeim sem vilja vinna og geta unnið en eru í þeirri hörmulegu stöðu að fá ekki vinnu, þá mun það minnka kostnað þessa samfélags stórkostlega við að útvega þeim vinnu. Það kann að vera rétt hjá hv. þm. að þarna sé um að ræða tilflutning á kostnaði, að verið sé að færa fjármuni frá Atvinnuleysistryggingasjóði á næstu árum yfir í hið félagslega kerfi. Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. Það er ekki gert vegna þess að verið sé að hugsa þá hugsun að sveitarfélögin eigi að taka á sig meiri bagga. Það er verið að hugsa þá hugsun fyrst og fremst vegna þess að ekki fer saman sú umönnun sem atvinnulaust fólk þarf á að halda og þeir sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda. Þess vegna er rétt að kalla hlutina sínum nöfnum. Atvinnulausir eru meðhöndlaðir sem atvinnulausir. Við verðum að beita allt öðrum ráðum við þá sem eiga við hin margvíslegu félagslegu vandamál að stríða. Þess vegna er það.

[18:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir næsta ár segir, með leyfi forseta: „Stefnt er að því að ná fram 128 millj. kr. sparnaði hjá sjóðnum með endurskoðun á starfsemi hans og úthlutunarreglum.“ Þetta eru þau markmið sem er verið að setja og ég hef gengið út frá því að það frv. sem við erum að ræða sé miðað við að ná þessum sparnaði. Það kann hins vegar rétt að vera hjá hv. þm. að það nái ekki fram að ganga.

Þeir sem eru atvinnulausir og eru í atvinnuleit eru útgangspunkturinn í þessari lagasetningu. Við erum að tala um það fólk sem hefur misst vinnu eða er að koma út á vinnumarkaðinn og er raunverulega í atvinnuleit, það er ákveðinn hópur. Síðan er auðvitað annar hópur, t.d. þeir sem hafa lent í því að vera atvinnulausir lengi. Þeir geta verið orðnir mjög illa á sig komnir félagslega og fólk missir sjálfsálitið, sjálfsvirðinguna og lendir jafnvel í óreglu og guð má vita hvað. Margt getur gerst enda vitum við að atvinnuleysi er afar erfitt þeim einstaklingum sem í því lenda. En hvar eru þessi mörk? Það er það sem við erum kannski að glíma við, hvenær er einstaklingurinn og hver úrskurðar hann öðru hvorum megin, sem sagt að hann eigi að leita til sveitarfélaganna og hvað þýða þessar lagabreytingar sem við erum hér að ræða í þessu samhengi? Það er verið að afmarka atvinnuleysistímann við fimm ár og við spyrjum hér: Hvað þýðir þetta fyrir þá sem eru í eldri kantinum? Við erum að tala um að þrengja neðri mörkin fyrir þá sem eru á aldrinum 16–18 ára. Hvað þýðir það fyrir þann hóp? Erum við t.d. að senda einhvern hóp á bilinu 16–18 ára inn í félagslega kerfi sveitarfélaganna? Ég held að það sé ekki æskilegt.

[18:08]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal uplýsa að til allrar hamingju eru mjög fáir unglingar á aldrinum 16–18 ára á atvinnuleysisskrá á Íslandi, til allrar hamingju. Það því ekki um neina stórkostlega breytingu að ræða í reyndinni heldur erum við að samræma þetta.

Ég tek fram að það er bara skoðun mín að við munum ekki ná fram þessum sparnaði enda er það ekki beint markmið lagasetningar að ná sérstaklega fram sparnaði. Ég tel líka, og það er persónuleg skoðun mín, að ríkisstjórnin sé að fara fram úr sér með því að ákveða að lækka núna gjaldið til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held að það sé ekki tímabært

og ég met þetta öðruvísi. Ég leit aldrei á þetta starf þannig að við værum raunverulega að spara í þessu sambandi heldur að reyna að einbeita okkur að þessu vandamáli sérstaklega, skilgreina það og hafa það skýrt þannig að hægt væri að koma að því, hægt að taka á því, hægt að vinna og einbeita sér að því að finna á því lausnir.

[18:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður. Menn hafa farið vítt um frv. og um víðan völl, reynt að tína til það sem þeim hefur getað dottið í hug að gæti verið ábótavant eða hægt að finna að og ég treysti því að búið sé að minnast hér á öll þau atriði sem nokkur leið væri að krítísera. Sumt af þessari krítík hefur verið stutt einhverjum rökum því að hér er um álitamál að ræða sem hægt er að haga með ýmsum hætti. En sumt af því hefur verið byggt á misskilningi og jafnvel á hótfyndni.

Varðandi þetta fimm ára tímabil sem menn hafa gagnrýnt hér var það tillaga bæði hv. þm. Ögmundar Jónassonar og varaforseta ASÍ, Hervars Gunnarssonar, að hámarksbótatímabilið yrði fimm ár. Meiri hluti nefndarinnar lagði til að það yrði þrjú ár. Mér fannst það vera nokkuð stórt stökk frá 54 árum niður í þrjú og kaus heldur að fara á flot með frv. með fimm árum í. Þessi fimm ár voru ekki mín hugmynd. Það var hugmynd þeirra hv. þm. Ögmundar Jónassonar og Hervars Gunnarssonar.

Hv. 5. þm. Reykn. spurði hverjir fá rétt og vitnaði þá til 1. gr. hverjir það væru sem fengju rétt. Það eru námsmenn og það eru t.d. heimavinnandi sem geta keypt sér rétt í sjóðnum með því að greiða iðgjald. Það er hugmyndin að slíkir aðilar geti fengið rétt í sjóðnum með iðgjaldagreiðslu. Innan þessa ramma hefðu líka getað fallið sjálfstætt starfandi og bændur, smábátasjómenn og vörubílstjórar. Ákveðið var að það væri skynsamlegra að taka þá út úr sjóðnum og setja sérstakan sjóð, tryggingasjóð einyrkja, upp fyrir þá. Því máli er þannig háttað, og kem ég þá til með að svara hv. þm. Svavari Gestssyni, að frv. er tilbúið í félmrn. Verið er að vinna að greinargerð frv. og nefndarstarfi er að ljúka um þá niðurstöðu. Síðan þarf það frv. að fara í fyrsta lagi í tryggingafræðilega úttekt. Ég þori ekki að fara á flot með það mál nema tryggingafræðileg úttekt liggi fyrir á hugmyndinni og síðan fari það í kostnaðarmat og náttúrlega sinn gang fyrir þingið. Það mál verður á borðum þingmanna áður en hitt frv. verður afgreitt, það er deginum ljósara, en sjálfsagt ekki fyrr en í desember héðan af. Ef það gengur ekki eftir yrði að breyta þessu frv. ef það frv. ætti ekki að ná fram að ganga eða ég hefði ekki tryggingu fyrir því að það næði fram að ganga því að ég ætla ekki að yfirgefa það mál öðruvisi en koma því í höfn.

Hvernig verða þær reglur sem settar verða? Það er rétt að dálítið reglugerðarvald er í þessu frv. Þó er ekkert hjá því sem maður hefur stundum horft upp á. Ég er ekki tilbúinn að segja hvernig þær yrðu í smáatriðum vegna þess að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem er ekki búið að skipa, á að gera tillögur að því og ég get ekki farið að gefa henni forskrift um það hvernig þær eigi að vera. En t.d. hvað varðar 16–18 ára og reyndar í öllum þeim tilfellum þar sem gert er ráð fyrir reglugerðarákvæðum, tel ég einboðið að það verði að setja reglur um það. En ég get ekki sagt í smáatriðum hvernig stjórn sem ekki er búið að skipa kemur til með að vilja hafa reglurnar. Ég hef varpað fram þeim hugmyndum að óhjákvæmilegt sé annað en veita rétt t.d. þeim nemendum eða unglingum sem geta ekki stundað nám af einhverjum ástæðum og líka unglingum sem eru búnir að stofna heimili.

Ég lít svo á að að þessum lögum samþykktum um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar sé torveldara að misnota atvinnuleysistryggingarnar. Gerð hefur verið athugun í a.m.k. einu sveitarfélagi sem ég veit um á hugsanlegri misnotkun atvinnuleysisbóta og það er niðurstaða þeirrar athugunar að nokkuð sé um svarta vinnu þ.e. fólk sem er á atvinnuleysisbótum vinni að einhverju marki og hafi talsverðar tekjur sem ekki komi fram. Ekki er um neinn gífurlega stóran hóp að ræða en þetta fyrirfinnst. Það er líka niðurstaða þeirrar athugunar að á atvinnuleysisskrá sé nokkuð af fólki sem ekki er vinnufært og þannig að heilsu búið eða ástatt um að það geti ekki unnið.

Ekki er mikill sparnaður í þessu frv. eða við þessar skipulagsbreytingar enda var það ekki hugmyndin og ég fer ekki á flot með þetta til að spara neitt sérstaklega fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur verið með veltu upp undir fjóra milljarða en sem betur fer eitthvað minna núna. Í kostnaðarmati, sem ég tek fram að er frá fjmrn., má lesa, með leyfi forseta: „Samantekið má ætla að frumvarpið, verði það óbreytt að lögum, muni leiða til 185–205 millj. kr. sparnaðar þegar það er að fullu komið til framkvæmda á árinu 2000." Og síðan segir: „Frá þessum sparnaði dregst aukinn kostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna útvíkkunar á rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta eða myndunar sérstaks sjóðs fyrir þá sem gæti numið á bilinu 75–150 millj. kr."

Sparnaðurinn sem af þessu gæti orðið er mismunurinn á 150 millj. og 200 millj., þ.e. 50 millj. Þetta eru grófar tölur og birtar án ábyrgðar. En það er ekki um stóran hlut að ræða, 50 millj. kr., í þriggja til fjögurra milljarða pakka.

Það er rétt að minna á það þegar menn tala um atvinnuleysi að inni í atvinnuleysistölunum er líka hlutabótafólkið. Í lok október voru á hlutabótum, ef ég man rétt, 866. Það eru langflest konur á aldrinum 20–40 ára og yfirleitt með börn. Það er rétt að hafa það í huga þó að sé 4,4% atvinnuleysi talið í Reykjavík eða skráð, þá er hlutabótafólkið inni í þessu. Sem betur fer fjölgar störfum ört í þjóðfélaginu og út af fyrir sig á stórum svæðum landsins vantar verulega vinnuafl og meira að segja í Reykjavík er talsvert mikið af lausum störfum. Það er mikil eftirspurn eftir vinnuafli og við finnum það glögglega í félmrn. því mikil ásókn er í að flytja inn erlent vinnuafl. Og hér eru að störfum, með leyfi frá okkur, í kringum 1.200 manns og þar fyrir utan er hér töluvert af fólki sem er heimilisfast á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur sama rétt til vinnu og við og þarf ekki að biðja um atvinnuleyfi.

Ég neita að fallast á það sem hefur komið fram að hér eigi að vera viðvarandi 4,4% atvinnuleysi. Það er óásættanlegt og ekki ástæða til að búast við því, annað eins framboð og er af störfum núna, að 4% þurfi að vera atvinnulaus. Síðan er hægt að velta því fyrir sér, ef við hugsum um hlutabæturnar, hvort á að borga fólki fyrir að sinna heimilisstörfum. Það er vel hægt að hugsa sér það og hafa nú konur á Íslandi, til skamms tíma, látið sig hafa að vera heima yfir börnum sínum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hægt sé að borga atvinnuleysisbætur allt niður í 25% þ.e. í 75% starfi bæti Atvinnuleysistryggingasjóður við þangað til komið er upp að launaupphæð atvinnuleysisbóta. Menn hafa velt fyrir sér hvers vegna fólk hættir í vinnu án gildra ástæðna og lagði meiri hluti nefndarinnar til að um 72 daga bótalaust tímabil

yrði að ræða. Minni hlutinn lagði til 40 daga og ég var nú að reyna vera eins og Salómon og ákvað að stinga upp á 55 dögum og fara milliveginn. Það er að vísu langur tími til að vera án framfærslu, ég viðurkenni það. En viðkomandi getur rekið réttar síns ef hann hefur verið neyddur eða knúinn með einhverjum hætti til að hætta vinnu, t.d. með kynferðislegri áreitni, einelti eða óþolandi móral að öðru leyti á vinnustað, og snúið sér til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta sem mundi þá meta hans ástæður. Ef hann er ekki fáanlegur til að bera hönd fyrir höfuð sér er ekki þægilegt að hjálpa honum.

Í framhaldi af þessari umræðu um bætur til fólks á aldrinum 16–18 ára vil ég taka fram að í Evrópusambandinu eru mjög strangar reglur um hömlur á vinnu ungmenna á þessum aldri. Og vera kann að við fengjum nótu frá ESA eða Birni Friðfinnssyni um að við færum nú ekki nógu vel eftir Brussel-reglunum ef við færum að gera það að reglu að þeir ættu rétt á atvinnuleysisbótum. Þó að atvinnuleysisbótatímabil sé ekki nema fimm ár sem er yfirleitt, að mínu mati, alveg yfirdrifið nógu langur tími til að vera atvinnulaus, er engum varpað út á guð og gadd. Í fyrsta lagi búum við svo vel að þeir sem eru óvinnufærir eiga rétt á tryggingabótum. Félagsþjónusta sveitarfélaga er alveg afdráttarlaus. Sveitarfélögunum ber skylda til framfærslu ef menn hafa ekki lágmarksframfærslu. Og það er spurning hvort eðlilegt er að láta atvinnureksturinn kosta, í gegnum tryggingagjaldið, framfærslu fólks sem ekki getur unnið.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði nokkurra spurninga. Ég hef reynt að hafa gott samband við launafólk við frágang þessa máls. Ég hef rætt ítarlega við Hervar Gunnarsson hvað eftir annað og hv. þm. Ögmund Jónasson enda heyrðuð þið að ræða hans var jákvæð og miklu jákvæðari heldur en Alþb. Það virðist svo sem óháðir taki þessu máli betur en alþýðubandalagsmenn. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég á eftir eina setningu eða tvær. Það hefur ekki verið borið undir ASÍ eða sveitarfélögin en þau áttu fulltrúa í nefndinni sem samdi málið bæði Samband íslenskra sveitarfélaga og ASÍ. Og svo hefur mér ekki dottið í hug að bera það undir VSÍ.

[18:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu en örstuttar athugasemdir. Fyrst um fimm ára tímabilið og fullyrðingu félmrh. um að þetta hafi verið tillaga frá Ögmundi Jónassyni og Hervari Gunnarssyni. Ekki þekki ég það en mér er hins vegar kunnugt um að þær hugmyndir sem þeir studdu eða komu með voru háðar því að sátt yrði um frv. um atvinnuleysistryggingar í heild og um þær aðgerðir sem frv. ber með sér. Þetta tjáði Hervar Gunnarsson mér sérstaklega þegar ég ræddi við hann í morgun. Mér finnst það óviðkunnanlegt varðandi tillögur af þessu tagi þegar hlaupið er undir pilsfald annarra. Hins vegar vaknar með mér nokkur bjartsýni út af orðum ráðherrans vegna þess að ég tel að með þessari yfirlýsingu hljóti að vera auðsótt mál að fella fimm ára tímabilið út ef tillagan á upphaf sitt hjá stjórnarandstöðunni.

Það kom fram að torveldara yrði að misnota þetta kerfi og það væri nokkuð um svarta vinnu og að fólk væri á atvinnuleysisbótum með tekjur sem ekki koma fram. Það er alveg ljóst að við munum standa að því að skoða hvað þarf til svo ekki sé verið að misnota kerfið. Sú gagnrýni sem við höfum haft uppi á Alþingi er ekki í þá veru að við viljum vera með kerfi sem er misnotað. Það á við um þetta kerfi, það á við um öll félagsleg kerfi þó manni sé ljóst að oft er hægt að misnota góð kerfi en það má aldrei eyðileggja þau af ótta við misnotkunina.

Það er auðvitað verið að spara. Að minnsta kosti 15 millj. sparast á næsta ári og sjóðurinn er í ár, ef ég man rétt, 2,8 milljarðar en ekki 4 milljarðar.

Virðulegi forseti. Ég ætla líka að hafa uppi þau orð við ráðherrann að margar konur í dag hafa ekki efni á því sem kynsystur þeirra áttu kost á á sínum tíma, nefnilega að vera heima hjá börnunum. Það þarf í flestum tilfellum núna tvo til að framfleyta fjölskyldu. (Forseti hringir.) Og í lokin, 16 ára unglingar í Evrópu vinna ekki. Þar eru aðrar hefðir, annars konar þjóðfélag. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði að mjög fáir ungir væru á bótum. (Forseti hringir.) Ég treysti því að samstaða verði um að fella það ákvæði út í nefndinni og félmrh. styðji það.

[18:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. (Gripið fram í.) Já, hæstv. ráðherra hefur þegar talað talsvert og má gjarnan tala miklu meira mín vegna. En það er eitt atriði sem ekki hefur verið rætt og ég ætla aðeins að drepa á í andsvari. Það er breytingin á stjórn sjóðsins. Ég sé engin rök fyrir þessari breytingu á stjórn sjóðsins — að vera að fjölga fulltrúum atvinnurekenda, sýnist mér úr einum í þrjá, en setja í staðinn út þá sem kosnir hafa verið af Alþingi. Það virðist vera stefna, sérstaklega ráðherra Framsfl., að Alþingi megi aldrei kjósa menn í ráð eða nefndir og þar með hverfur eftirlitshlutverk Alþingis út úr myndinni þó um sé að ræða stofnanir og fyrirtæki sem telja milljarða og aftur milljarða króna. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé eitt af meginatriðunum, að hans mati, í þessu frv. að þarna fara út fulltrúar sem kosnir eru af Alþingi.

Í öðru lagi vil ég nota þetta andsvar til að biðja hann um að rökstyðja fyrir mér nauðsyn þess að lækka atvinnuleysisbætur um 6,5%.

[18:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjóðurinn lýtur núna ellefu manna stjórn. Ég held að það sé óþarflega stór stjórn fyrir sjóðinn. Það var ekki ég sem fann upp þetta skipulag á sjóðstjórninni. Þetta var í tillögum nefndarinnar að hætta að hafa þingkjörna fulltrúa. Ég tek fram að jafnmargir eru frá ASÍ og VSÍ. Þar er líka fulltrúi frá BHM. Þar er fulltrúi frá BSRB, fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fulltrúi frá Vinnumálasambandinu. Þetta var um stjórnina og ég sé ekki að það sé neitt óeðlilegt.

Bótafjárhæðin er líka tekin upp úr nefndarstarfinu, það sem nefndin hafði komið sér saman um og ég held að menn ættu að fara varlega í þessum reikningskúnstum sem menn hafa verið með á æfingum í dag og er ég tilbúinn að fara ofan í það síðar. En varðandi bótafjárhæðina þá stendur hún nákvæmlega eins og gengið var frá henni í frv. meiri hlutans að öðru leyti en því að meiri hlutinn lagði til að einungis væri um að ræða 90% af þessari upphæð. Ég leit svo á að hin upphæðin hefði samþykki þeirra minnihlutamanna.

[18:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Ögmundar Jónassonar þá mótmælti hann sérstaklega þessari lækkun á bótafjárhæðinni og taldi hana vera það sem væri gagnrýniverðast í frv. Ég er reyndar þeirrar skoðunar líka að

það sé eitt það alvarlegasta vegna þess að ekki hafa komið fram nein rök frá hæstv. ráðherra fyrir því að það sé endilega nauðsynlegt að klípa af þessari upphæð. Þess vegna fer ég fram á að það mál verði skoðað aðeins betur en mér heyrist að hafi verið gert. Ég heyri a.m.k. ekki betur en að rökin vanti.

Í sambandi við þingið, hæstv. forseti, vil ég bara segja að ég sé engin rök fyrir því að ævinlega eigi að henda fulltrúum kjörnum á Alþingi út úr stjórnum, ráðum og nefndum af því tagi sem hér er um að ræða. Þá eru menn, finnst mér, fangar tækniræðisins og eru að víkja frá forsendum þingræðisins á mörgum sviðum. Ég tel að það sé a.m.k. óhjákvæmilegt, ef þetta verður gert og ríkisstjórnin heldur uppteknum hætti í þessu máli og öðru, að þá verði að taka það fram í sömu lögum að Ríkisendurskoðun fari yfir reikninga viðkomandi stofnana vegna þess að það má ekki létta af eftirlitshlutverki og eftirlitsskyldu Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:32]

Útbýting þingskjals:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 181. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 202.

Tilhögun þingfundar.

[18:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill taka fram um fundarhaldið að samkomulag er um að fresta 8. og 9. dagskrármáli og verða þau á dagskrá á fimmtudag. Þau eru þar með tekin út af dagskrá. En ætlunin er að afgreiða nú á þessum fundi 10., 11. og 12. dagskrármálið og e.t.v. gefst tími fyrir 13. mál. Við sjáum til með það.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 191.

[18:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er fljótmælt fyrir þessu frv. Það er á þskj. 191 og þar er um orðalagsbreytingu að ræða eða að í stað „1. janúar 1997“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðbirgða í lögunum kemur: 1. janúar 1999.

Það voru sett flókin lög um fjöleignarhús og í þeim var kveðið svo á að eignaskiptayfirlýsingum fjöleignarhúsnæðis í landinu skyldi hafa verið þinglýst fyrir 1. janúar 1995. Í fyrra afgreiddum við breytingu á þessu því það var svo mikið eftir af þinglýsingum og frestuðum til 1. janúar 1997. En enn er eftir mjög mikið verk við að koma eignaskiptayfirlýsingum á og þinglýsingum þannig að Fasteignamat ríkisins, Félag fasteignasala, byggingarfulltrúinn í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík komu að máli við mig og óskuðu eindregið eftir því að fá aftur frest og töldu að ekki dygði minna en tvö ár. Þess vegna er þetta frv. fram komið og ég legg til að það fari til félmrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 176.

[18:35]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um landmælingar og kortagerð. Frv., sem er 159. mál þingsins, flutt á þskj. 176, var samið af nefnd sem skipuð var 21. febrúar 1995 til að fara yfir og endurskoða starfsemi Landmælinga Íslands, samanber lög nr. 31/1985, um Landmælingar Íslands. Nefndinni var sérstaklega ætlað að fjalla um eftirfarandi atriði:

1. Að skilgreina framtíðarhlutverk Landmælinga Íslands í stjórnsýslu og framkvæmd kortagerðar á vegum ríkisins og tengsl stofnunarinnar við innlenda og erlenda aðila sem annast landmælingar og kortagerð.

2. Að gera tillögur um hentugt rekstrarform stofnunarinnar með hliðsjón af framtíðarhlutverki.

3. Að fjalla um höfundarrétt stofnunarinnar á kortum sem hún framleiðir og hvernig best megi tryggja þann rétt.

4. Að vinna frumvarp til laga um Landmælingar Íslands með hliðsjón af breyttu hlutverki stofnunarinnar.

Nefndin lagði áherslu á að ná til þeirra stofnana sem háðar eru landmælingum og kortagerð í störfum sínum, auk þess sem sérstaklega var leitað til starfsmanna Landmælinga, sérstaklega forstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra. Kallað var til fundar með forsvarsmönnum Landsvirkjunar hf., Vegagerðarinnar, Orkustofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skipulags ríkisins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. En þessir aðilar eru helstu notendur korta í landinu. Í framhaldi af fundum með áðurnefndum aðilum voru þeim send drög að frv. til athugasemda og þeir sem á annað borð skiluðu skriflegum athugasemdum eða óskuðu eftir að fá að hitta nefndina voru kallaðir á fund þar sem farið var yfir athugasemdirnar lið fyrir lið. Það er því skoðun mín að frv. það sem hér um ræðir hafi verið unnið á fagmannlegan hátt og í góðu samráði við bæði starfsmenn Landmælinga Íslands sem og þær stofnanir sem eru helstu notendur korta hér á landi. Til að fyrirbyggja misskilning vil ég að það komi skýrt fram þegar í upphafi máls, að tilurð frv. sem og framlagning tengist alls ekki þegar ákveðnum flutningi á starfsemi Landmælinga Íslands til Akraness, enda fjallar frv. um landmælingar og kortagerð sem málaflokk en ekki aðeins starfsemi stofnunarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara náið yfir gildandi lög og sögulega þróun landmælinga og kortagerðar enda góð grein gerð fyrir þeim þætti í athugasemdum við lagafrv. Ég vil frekar staldra við framtíð landmælinga og kortagerðar. Að mati þeirrar nefndar sem samdi frv. er helsti galli gildandi laga sá að þau fjalla ekki um málaflokkinn sem slíkan, þ.e. landmælingar og kortagerð, heldur eingöngu um stofnunina Landmælingar Íslands. Þannig skortir ákvæði um málaflokkinn í heild auk þess sem ákvæði laganna um stjórnsýsluhlutverk Landmælinga eru ófullnægjandi. Þannig er t.d. ekki ljóst hver eru markmiðin með framkvæmd landmælinga þar sem lögin taka eingöngu á þeim verkefnum sem Landmælingum er ætlað að vinna og skyldum annarra aðila til þess að afhenda Landmælingum gögn. Ákvæði laganna um höfundar- og útgáfurétt eru ekki í samræmi við meginreglur höfundarréttarins og ákvæðin um fjármögnun starfsemi

Landmælinga Íslands eru þar að auki ekki í samræmi við núverandi framkvæmd. Þá telur nefndin þann galla vera á framkvæmd laganna að ákvæði þeirra um gerð verkáætlana hefur aldrei verið framfylgt. Á öllum þessum atriðum er tekið í frv.

Nefndin leggur ekki til að rekstrarformi stofnunarinnar verð breytt. Hún verður áfram ríkisstofnun. Í staðinn leggur hún til að verkefni ríkisins á sviði landmælinga og kortagerðar, sem Landmælingum Íslands er falið að vinna að, verði skilgreind ítarlegar, þ.e. skyldur ríkisins til þess að reka tiltekna starfsemi. Ég tel rétt að benda á að nefndin leitaði upplýsinga um starfsemi landmælinga- og kortastofnana í nágrannalöndunum en þar hefur verið horfið frá fyrri ætlunum um að breyta rekstrarformi þeirra t.d. í hlutafélagaform og verða þær áfram reknar sem ríkisstofnanir. Byggist þetta á að ríkisvaldið verði að vera í forsvari og ábyrgt á sviði landmælinga og kortagerðar þótt hægt sé að fela framkvæmdina öðrum aðilum svo sem á hinum frjálsa markaði. Þannig ber þess að geta að ýmis verkefni og viðhald grunnupplýsinga er kostnaðarsamt og erfitt að velta því yfir á einstaka kaupendur þjónustunnar.

Endurskoðunarnefndin fjallaði sérstaklega um höfundarrétt Landmælinga Íslands á kortum sem stofnunin framleiðir og leggur til að hann verði eign ríkisins en ekki stofnunarinnar eins og er í dag auk þess sem lagt er til að fylgt verði reglum höfundarréttarins, sbr. lög nr. 73/1972, með síðari breytingum, svo sem um fyrningu höfundarréttar.

Það er ljóst að hin öra þróun landmælinga og kortagerðar mun auka þörf fyrir kort og landfræðilegar upplýsingar á stafrænu formi. Þannig munu landfræðileg gagnasöfn á stafrænu formi verða grunnur í landfræðilegum upplýsingakerfum en þau gegna mikilvægu hlutverki við skipulag og stjórnsýslu. Framtíðarhlutverk Landmælinga Íslands, sem lagt er til að verði stjórnsýslustofnun á sviði landmælinga og kortagerðar, verður fyrst og fremst öflun, úrvinnsla og geymsla landfræðilegra gagna. Einnig verður það hlutverk stofnunarinnar að sinna þörfum samfélagsins fyrir landfræðilegar upplýsingar, svo sem stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, og tryggja gæði gagnanna. Stofnunin yrði þannig að taka virkan þátt í upplýsingasamfélaginu og bera ábyrgð á því sviði innan landmælinga og kortagerðar sem eru sameiginlegur grunnur fyrir landupplýsingakerfi og jafnframt að taka þátt í að tengja landfræðileg gagnasöfn við önnur gagnasöfn þjóðfélagsins.

Þannig yrðu Landmælingar Íslands grunnstofnun í tengslum við skipulagsmál og skipulag sem byggja á landmælingum og kortagerð. Það yrði hlutverk Landmælinga að viðhalda stafrænum kortum og landfræðilegum gagnasöfnum, þróa möguleika á samtengingu við önnur gagnasöfn og vera miðstöð þekkingar og aðferðafræði á sviði landmælinga og kortagerðar. Sem framleiðandi yrðu Landmælingar að bjóða vörur og þjónustu, svo sem kort og landfræðileg gögn, samkvæmt óskum viðskiptamanna.

Á fáum sviðum er eins nauðsynlegt að treysta tengsl við útlönd og á sviði landmælinga og kortagerðar og yrði stofnunin að stuðla að samvinnu við erlenda aðila á sviði kortagerðar og landfræðilegra upplýsinga. Koma fram sem fulltrúi Íslands í slíku samstarfi, vernda hagsmuni landsins og skiptast á vitneskju á þessu sviði.

Helstu nýmælin sem felast í frv. eru að lögin ná til málaflokksins alls, þ.e. landmælinga og kortagerðar og kveðið er á um yfirstjórn málaflokksins og skal hún vera í umhvrn. en Landmælingar Íslands skulu vera stjórnsýslustofnun málaflokksins.

Verkefni Landmælinga eru skilgreind ítarlegar en áður og heimilað að gerðir verði samningar við aðra aðila um framkvæmd einstakra verkþátta og verkefna. Þannig kæmi vel til greina að ákveðnir verkþættir svo sem loftmyndataka, heildsala og smásala korta og gagna yrði í höndum annarra aðila.

Gert er ráð fyrir sérstakri stjórn yfir stofnuninni sem yrði skipuð þremur aðilum og byggist það á því að Landmælingar og hvers konar landfræðileg gagnaöflun verður stöðugt mikilvægari þáttur í stjórnsýslunni og að notkun upplýsinga snertir fjölmarga málaflokka, stofnanir og ráðuneyti og því ástæða til að efla stefnumörkun á þessu sviði frá því sem nú er.

Kveðið er á um skyldur til samræmingar vinnslu og vistunar gagna er tengjast landmælingum og kortagerð. Lögð er af sú skylda að leggja verkefnaáætlanir fyrir Alþingi, enda hefur slíkt aldrei verið gert þrátt fyrir ótvíræð lagaákvæði, en þær skulu í staðinn lagðar fyrir umhvrh.

Kveðið er á um höfundar-, afnota- og útgáfurétt ríkisins á því sem Landmælingar Íslands vinna og er vísað til höfundalaga, nr. 73/1972, eftir því sem við á, en ástæðulaust er að aðrar reglur gildi um höfundarrétt í þessu tilviki. Fjármögnun og gjaldskrárákvæði eru gerð skýrari og færð til nútímans.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. en vil ítreka að ég tel að vel hafi verið staðið að gerð þess. Ég leyfi mér að leggja til að frv., verði að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. umhvn.

[18:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. til laga um landmælingar og kortagerð sem hæstv. umhvrh. hefur mælt fyrir er mikilsvert mál. Það er leitt að umræða um þetta frv. skuli hefjast hér þegar komið er fram undir kvöldmatartíma, málsins vegna. Þátttaka í umræðum um frv. mun væntanlega markast af því að orðið er heldur fátt af þingmönnum sem eru viðstaddir í þinghúsi. Það er mjög miður, satt að segja, því hér er um mjög mikilvægt málefni að ræða sem hefur notið allt of lítillar athygli og allt of lítils skilnings hjá framkvæmdarvaldi og að mínu mati einnig hjá ráðandi meiri hluta oft og tíðum á hv. Alþingi, að því er varðar fjárveitingar m.a. og aðbúnað að þessari starfsemi.

Það er fagnaðarefni að hér skuli flutt frv. um þetta mál. Þó get ég ekki legið á þeirri skoðun minni að ég hefði viljað sjá innihaldið nokkuð annað og myndugra en fram kemur í þessu stjfrv. Ég mun reyna að rökstyðja þá skoðun um leið og ég vænti þess að takast megi af þessu tilefni að bæta lagaramma um þessa starfsemi af hálfu Alþingis í góðri samvinnu við hæstv. umhvrh. sem ég efa ekki að hafi áhuga á því að skila þokkalegu verki í höfn á lagasviði um þetta málefni. En til þess að svo geti orðið tel ég að sitthvað þurfi að breytast við meðferð þingsins.

Ég mun stikla á nokkrum atriðum í upphafi sem mér sýnist að hefðu þurft að fá skýrari meðferð af hálfu þeirra sem sömdu þetta frv. en auðvitað er það hæstv. ráðherra sem ber síðan ábyrgð á málinu.

Þá er það fyrst að mér finnst að verulega skorti á að það sé sæmilega skýrt markað í frv. hver vera skuli hlutur meginstofnunarinnar sem er ætlað að sjá um þetta af hálfu ríkisins, þ.e. Landmælinga Íslands í þeim verkefnum og vinnu sem

er talin nauðsynleg og vikið er að í frv., ekki síst í 5. gr. þess en það er mjög fljótandi í frv. hvað sé hvers, hvert eigi að vera hlutverk ríkisins og hvert eigi að vera hlutverk þessarar stofnunar, Landmælinga Íslands annars vegar og hins vegar hugsanlega annarra aðila á þessu sviði. Þetta þyrfti þó að mínu mati að vera burðarás í lagasetningu um þetta efni þannig að löggjafinn og framkvæmdarvaldið á hverjum tíma átti sig á því til hvers er ætlast af ríkinu og hvað það er sem menn telja skynsamlegt að ráðstafa til einkaaðila eftir atvikum eða annarra aðila, þar á meðal sveitarfélaga og opinberra stofnana utan Landmælinga Íslands á þessu sviði.

Mér finnst það svífa mjög yfir vötnunum í þessu máli að hugsunin sé að þessi mörk eigi að vera mjög fljótandi og jafnvel eigi að koma þessum verkefnum í auknum mæli í hendur annarra aðila en Landmælinga Íslands, þá væntanlega út frá þeim sjónarmiðum að létta á kostnaði af hálfu ríkisins. En ég er ansi hræddur um að það geti orðið á kostnað þeirra markmiða sem sett eru fram í 1. gr. frv. Og mér sýnist að hér sé talsvert öðruvísi á máli haldið en í nágrannalöndum okkar, sem við berum okkur gjarnan saman við í þessum efnum, en þar fór fram endurskoðun mála í kringum 1990, t.d. í Noregi og Danmörku og Svíþjóð líka. Það eru innan við 10 ár síðan þessi starfsemi var endurskoðuð þar og hefði auðvitað þurft að gerast hér miklu fyrr. Enda þótt viðleitnin með lagasetningu 1985 hafi verið góðra gjalda verð var hún engan veginn stefnumótun til framtíðar og því er full þörf á því að taka öðruvísi á málum. Þó verður að segjast að það sem mest hefur skort er kannski ekki löggjöf heldur fjármagn af hálfu ríkisins um margra ára skeið. Ég harma það vegna þess að ég tel fjölmörg starfsemi, sem reynir á kortagerð í landinu og landmælingar og upplýsingar af þeim toga, hafi goldið þess og orðið ófullkomnari en ella hefði verið ef aðgengileg grunngögn hefðu legið fyrir, sem æskilegt væri, og leitt til mikils kostnaðarauka, m.a. af hálfu opinberra aðila annarra en Landmælinga Íslands sem hafa þá orðið að leysa málin hverju sinni með því að kosta þar til og hefur Orkustofnun verið þar stórvirkasti aðilinn sem má segja að hafi orðið landmælingastofnun Íslands að því er varðar miðhálendið og hefur framkvæmt þar á sinn kostnað, og á undan Raforkumálaskrifstofan, fyrir utan Vegagerðina. Einu sinni voru Landmælingar vistaðar hjá Vegagerðinni ef ég man rétt. Þessir aðilar hafa verið að leggja í kortagerð og fjölmargir aðrir. Ég minni á gróðurkortagerðina sem var lengi vel vistuð hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, unnin upp í kvarðanum 1:40.000 sem óvíða var notað annars staðar til baga varðandi samræmingu við aðra kortagerð í landinu, starfsemi sem nú hefur verið vistuð hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, að ég best veit, en ekki er mikið um fjallað í þessu frv. Þetta ósamræmi, þetta reiðuleysi af hálfu ríkisins hefur verið mjög tilfinnanlegt þegar maður lítur til baka og mér finnst að þetta nýja frv. leysi ekki vandann og marki ekki þá stefnu sem nauðsynleg er til framtíðar í þessu afar þýðingarmikla máli.

Ég vil nefna það sem dæmi frá liðinni tíð að ég hafði uppi tilburði um það þegar ég var í ríkisstjórn í kringum 1980 að stuðla að því að málefnum Landmælinga væri meira sinnt. Ég gerði tilraun til þess 1988 þegar Alþb. tók saman með Framsfl. og Alþfl. að mynda ríkisstjórn í skyndingu í september um haustið 1988 að koma málefnum Landmælinga Íslands inn í stjórnarsáttmálann. Tillaga um það fór af hálfu Alþb. inn í þá samningsgerð en það þótti nauðsynlegt að strika eitt og annað út þegar farið var ritstjórnarhöndum um stjórnarsáttmálann og eitt af því sem féll var þetta, í raun afdrifaríkt atriði því að skort hefur áhuga og festu af hálfu ríkisstjórnar hverju sinni til að sinna þessum málaflokki. Skilninginn hefur skort og margt er til vitnis um það og því miður ekki leyst varðandi þetta frv.

Mér finnst frv. mjög metnaðarlítið af hálfu yfirstjórnar umhverfismála í landinu og ég sé það ekki endurspegla mikið nauðsyn þess að treysta og tengja upplýsingasöfnun á sviði umhverfismála og kortlagningu þar að lútandi inn í starfsemi Landmælinga Íslands eða tengja það a.m.k. við landmælingagerð og kortlagningu í landinu. Til dæmis í Noregi hefur upplýsingasöfnun, sem kölluð er miljödata, kortlagning á slíkum þáttum, verið tekin skýrt inn sem gerist margvíslega, m.a. með fjarkönnun. Ég hef ekki séð þess getið hér að það væri eitt af hlutverkum Landmælinga Íslands og varð ekki var við það við lestur á greinargerð að það væri gert.

Það eru fjölmörg atriði, virðulegur forseti, sem ég hef athugasemdir að gera við texta frv. Sum eru meiri háttar, önnur minni háttar. Það er ekki verkefni 1. umr. að fara ofan í saumana á minni háttar atriðum í sambandi við mál eins og þetta en ég get nefnt hér fáein dæmi um þetta þar sem skilið er nokkuð óljóst við málið. Það segir hér í 2. gr.:

„Ríkið rekur stofnun er nefnist Landmælingar Íslands og heyrir undir umhvrh. Stofnuninni er falið að vinna að þeim verkefnum sem eru á ábyrgð stjórnvalda og lögin kveða á um."

Þetta er í 2. gr. En hvar er ábyrgð stjórnvalda mörkuð í frv. að öðru leyti? 5. gr., sem ætti að leysa þetta, er ekki skýrari en svo að upphaf greinarinar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Verkefni á sviði landmælinga og kortagerðar eru samkvæmt lögum þessum:" Og svo kemur upptalning í 8 liðum. Ekkert er fjallað um það út af fyrir sig hvar mörkin eiga að liggja milli Landmælinga Íslands og annarra aðila sem segir í 6. gr.: „Ráðherra getur falið öðrum en Landmælingum Íslands að annast ákveðna verkþætti skv. 5. gr." Hvergi eru skýr fyrirmæli um það hvað eru grundvallarþættir sem er þó kveðið ljóst á um með með lagasetningu þar sem ég þekki til. Ég hef m.a. farið yfir Stortingsmeldingu, þ.e. skýrslu til Norska Stórþingsins frá árinu 1988–1989, Om Statens kartverk eins og hún heitir, þar sem rakin er skipun þessara mála í nágrannalöndum, annars staðar á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Þarna blasir alls staðar við skýr afmörkun á þeim grundvallarþáttum sem eðlilegt er að ríkið kosti og hins vegar þáttum sem eðlilegt er að sé aflað eða staðið undir með tekjuöflun af hálfu viðkomandi stofnunar með sölu á þjónustu og starfsemi. Þetta skortir í frv.

Síðan er þess að geta, með tilliti til þess að hæstv. ráðherra hefur ákveðið af sinni hálfu að Landmælingar Íslands skuli fluttar upp á Skaga, að í öllum nágrannalöndunum og Bretlandi er þessari starfsemi skipt upp milli miðstöðvar og svæðisstöðva í einstökum deildum eða landshlutum og sums staðar er meiri hluti starfsmanna starfandi í þessum svæðisstöðvum sem tengjast auðvitað aðalmiðstöðinni. Það er aðferðin sem ég hefði ráðið hæstv. umhvrh. að viðhafa um Landmælingar Íslands, að vera ekki að glíma við það verkefni að færa Landmælingarnar um set innan höfuðborgarsvæðisins því að Skaginn verður senn innan höfuðborgarsvæðisins þegar jarðgöng undir Hvalfjörð hafa verið byggð, en reyna frekar að koma upp starfsemi sem tengist þessum viðfangsefnum á nokkrum stöðum á landinu til hagsbóta fyrir viðkomandi svæði.

Í 8. gr. eru frekar óskýr fyrirmæli í lagaformi:

„Hverjum þeim er lætur mæla land, mynda eða gera uppdrætti þannig að gögn fáist sem hafa gildi fyrir landmælingar eða vísindagreinar tengdar landmælingum er skylt að skila fullkomnum mæligögnum til Landmælinga Íslands ef óskað er eftir."

Ekkert stendur um skyldur stofnunarinnar til þess að varðveita gögn. Það er lagt alveg í hendur hennar og fer þá kannski eftir húsnæðinu, hvernig það er búið hvað hún treystir sér til að gera í þessum efnum. Auðvitað er ekki skynsamlegt að safna öllu, ég fellst alveg á það. Hins vegar væri eðlilegt að skilgreina þetta öðruvísi og setja a.m.k. reglur um það en ekki skilja þetta eftir úti í vindinum.

Hæstv. ráðherra upplýsir að framið hafi verið lögbrot hér langt til baka litið. Það er bara ekkert minna. Það hefur ekki verið staðið við lagafyrirmælin um að koma með lögboðna áætlun fyrir þingið. Og af því að það hefur ekki verið gert skal brugðið á það ráð að slík áætlun frá Landmælingum Íslands skuli ekki fara lengra en inn á skrifborð ráðherra. Er þetta skynsamlegt? Mér finnst það ekki skynsamlegt. Af hverju fær þingið ekki svona áætlun? Virðulegur forseti, er ekki skynsamlegt að viðkomandi ráðuneyti noti slíka áætlunargerð til þess að koma fótum undir óskir sínar um fjárveitingar í viðkomandi þætti?

Æskilegt væri að hæstv. ráðherra upplýsti þetta með höfundarréttinn því að eitt af því sem gert er er að færa höfundarréttinn frá Landmælingum Íslands beint til ríkisins. Það getur vel verið í fullkomnu lagi en ég sé ekki rökstuðninginn fyrir því að það sé gert. Ég ætla alls ekki að hafa á móti því ef skýr rök eru fyrir því að breyta þannig til en mér finnst þau vanta.

Margt fleira mætti telja upp varðandi fjármögnun sem er stór þáttur í þessu. V. kafli, 12. gr. og 13. gr., fjallar um hana. Þar er kostnaður ríkisins talinn síðastur upp. Síðasta málsgrein 12. gr. er um það, jú, ríkið á að greiða það sem út af stendur. Er verið að fela það að kostnaður við landmælingagerð hlýtur eðli máls samkvæmt að talsverðum hluta að falla á ríkið? Frá þeim löndum sem ég hef fengið upplýsingar er það minni hlutinn sem tekst að afla með þjónustutekjum og sums staðar mikill minni hluti þó æskilegt sé auðvitað að láta viðskiptalegar forsendur virka varðandi þjónustu við ýmsa aðila. Ég er síst á móti því. Og vil ég ekki gleyma því sem eru kannski hin pólitísku tíðindi við þetta frv. að ekki er lagt til að „háeffa" stofnunina, eins og sagt er. Það eru svolítið pólitísk tíðindi og ég gef hæstv. ráðherra plús fyrir að bregða ekki á það ráð heldur að viðhalda þessari starfsemi undir forsjá ríkisins en ekki að fylgja þeirri frjálshyggjulínu að allt verði að „háeffa" í sambandi við það sem verið hefur á verksviði ríkisins.

Síðan er ljóst að taka á gjöld og er það skynsamlegt. Það er búin til sérstök lagagrein um það að gjaldskrá skuli liggja frammi. Það segir ekki hvar en á hverjum tíma skal hún háð samþykki ráðherra. Þetta er auðvitað ekki stórt atriði en mér finnst þetta nánast of smátt til að búa til heila lagagrein um það þó eðlilegt sé að gjaldskrá sé til um útselda þjónustu.

Í 15. gr., virðulegi forseti, segir: „Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara." Hversu rúm er þessi heimild? Ég hefði nú viljað orða það — með stoð í þessum lögum, nánari reglur með stoð í þessum lögum sem er auðvitað mjög eðlilegt, reglugerð á grundvelli laganna. En þarna er verið að opna fyrir einhverja óskilgreinda heimild til reglugerðarsetningar sem mér finnst ekki mjög eðlileg.

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherra bregðist við því sem ég hef komið fram með af athugasemdum. Mér finnst skorta mjög á skilgreiningar á hugtökum sem hér eru. Sum eru nýmæli og ég bið hæstv. ráðherra að skýra nokkur fyrir mér. Til dæmis eru í greinargerð á bls. 6 þrenns konar hugtök uppi. Það eru landfræðileg upplýsingakerfi, það eru landfræðileg gögn og það er landupplýsingakerfi. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra lesi úr þessum hugtökum og skýri fyrir áheyrendum í þingsal, okkur hæstv. forseta að minnsta kosti, hvað felist í þessum hugtökum. Það hefði verið æskilegt að einhverjar skilgreiningar á hugtökum hefðu fylgt með, eins og hefur verið brugðið á með ýmis frv., og eru oft til bóta ekki síst þegar um ný hugtök og ný verksvið er að ræða.

[19:04]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er a.m.k. ekki fjölmennið að tala yfir. Það er þó gaman að tala yfir mönnum sem hafa fengist við málaflokkinn og hafa þá trúlega innsýn í það hvað verið er að fjalla um.

Aðeins út af upphafsorðum hv. 4. þm. Austurl. um að hér sé um mikilvægan málaflokk að ræða, þá get ég tekið undir það. Ég held að engum blandist hugur um að það er mikilvægt hlutverk fyrir hið opinbera að fást við þennan málaflokk og efni sem þar er fjallað um í góðu formi og sýna því tilhlýðilega, eigum við að segja, virðingu eða gefa því gaum eins og vera ber. Auðvitað er svo með sum mál að þau eru vinsælli í hv. Alþingi en önnur en ég veit ekki hvort þetta flokkast undir að vera með þeim vinsælli. Líklega sýnir þátttakan í umræðunum að svo er ekki.

En burt séð frá þessu gerði hv. þm. nokkrar athugasemdir. Hv. þm. beindi ekki mörgum fyrirspurnum til mín beint en hann gerði nokkrar athugasemdir við frv. og á auðvitað eftir að koma að því aftur síðar þar sem hann á sæti í hv. nefnd sem fær málið til meðhöndlunar og kemur þá áfram þeim athugasemdum sem hann vildi ekki taka tíma í að fara yfir núna, en taldi þær vera nokkrar, m.a. um texta og önnur efnisatriði.

Hv. þm. finnst frv. ekki nógu háreist eða málaflokknum nægur sómi sýndur, eins og það er lagt fyrir. Ég tel, og ítreka það sem kom fram í framsögu minni, að vel hafi verið staðið að undirbúningi.

Af því að hv. þm. ræddi sérstaklega um að sjálfsagt mætti finna dæmi þess að aðrar stofnanir væru að fara inn á verksvið Landmælinga og ekki væri skýrt á um það kveðið hvar skil væru, verkefni stofnunarinnar og verkefni annarra, þá vil ég minna á að haft var samband og viðræður fóru fram við allar þær stofnanir sem mest hafa gagn af og þörf fyrir Landmælingar og kortagerð. Ég taldi upp Landsvirkjun, Vegagerðina, Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Skipulag ríkisins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Samband ísl. sveitarfélaga. Allir þessir aðilar komu að frv., fengu það síðan sent í drögum og gerðu athugasemdir. Þeir sem töldu sig hafa ástæðu til að gera athugasemdir gerðu það. Ég leyfi mér því að fullyrða að nokkuð vel hafi verið að máli staðið.

Um textann, hvort hann er fullkominn eða ekki, þá er það sjálfsagt þannig með öll okkar mannanna verk að eflaust á það oft við og er ég þá ekki að tala um þetta frv. sérstaklega. Vafalaust á það oft við í frumvarpssmíð og jafnvel í lagasmíð þegar frv. koma til baka frá nefndunum til þingsins til samþykktar, að ýmislegt mætti betur fara í texta. Ég ætla ekki að fara út í ágreining um það en vil geta þess að oftast eru

frumvörp frá umhvrn. send til málnefndar til yfirlestrar og yfirferðar þannig að reynt er eftir því sem tök eru á að vanda textasmíð. Svo getur menn auðvitað greint á um efnisatriði textans, hvort allt er tekið fram sem þar ætti að vera og hvort nægilega skýrt að kveðið.

Það er stundum sagt líka að það sé lagasmíð ekki til framdráttar að hafa hana svo niður njörvaða að allt sé tínt til í smáatriðum. Lagasmíð eða lög eru oft skoðuð sem rammi um starfsemi og þarf ekki að vera til tjóns fyrir þá starfsemi sem verið er að fjalla um eða þær stofnanir að svo sé háttað. Um það eru sjálfsagt skiptar skoðanir hvernig ber að standa að því í hverju einu tilviki.

Ég held að hér hafi verið vel að staðið. Það sem menn settu fram og gerðu grein fyrir er efnislega það sem umhvrn. og þeir sem unnu að málinu ætluðu sér. Við yfirlestur þeirra tillagna, nefndarálits og þess frv., sem nefndin síðan smíðaði og sendi frá sér, hef ég ekki séð ástæðu til að gera við það umtalsverðar athugasemdir. Ég hef því lagt þetta fram í því formi sem það er. En eins og ég hef oft áður tekið fram þegar ég hef lagt frumvörp fram og sent til nefndar, tel ég að sjálfsagt sé og eðlilegt að nefndirnar vinni vel og vandi sitt verk. Ef eitthvað hefur yfirsést í ráðuneyti eða við undirbúning að frumvarpssmíð þykir mér fyrst og fremst vænt um það og gott ef nefnd telur ástæðu til að gera þar bót á. Ég geri ekki athugasemdir við það ef efnisatriðum er ekki umtalsvert breytt eða a.m.k. sé það þá gert í samráði við þann sem leggur málið fram, í þessu tilfelli umhvrh.

Hv. þm. talaði einnig um að aðrar stofnanir færu ef til vill inn á verksvið Landmælinga, kannski vegna þess að verkaskipting væri óljós eða þá að Landmælingar, sem stofnun, hefðu ekki fjármagn eða bolmagn til að sinna sínum verkefnum eins og vera bæri, og þá er það auðvitað verkefni fjárveitingavaldsins, löggjafans, á hverjum tíma og hefur það verið niðurstaða löggjafans að búa þá þannig að viðkomandi stofnun. Sjálfsagt hafa Landmælingar þurft að búa við það, eins og svo margar aðrar stofnanir, að vera þröngt skammtað úr hnefa og ef til vill ekki fengið sínu framgengt í öllu, sem sú stofnun hefur viljað, rétt eins og tvímælalaust á við um margar aðrar stofnanir og við þekkjum fjölmörg dæmi um. Ég get tekið um það dæmi þar sem öðruvísi hefði mátt standa að en gert hefur verið og þróunin hefur orðið. Það á reyndar ekki við um starfsemi Landmælinganna. Það dæmi sem ég ætla að taka og heyrir reyndar undir umhvrn. líka er Veðurstofan. Við höfum nokkur dæmi þess að aðrar stofnanir hafa verið að setja upp búnað sem kalla má veðurathugunarstöðvar, eins og t.d. Vegagerðin hefur gert. Vegagerðin hefur komið uppi á fjallvegum og víðar aðstöðu sem kannski má segja að hefði ekkert síður átt að heyra undir Veðurstofuna en Vegagerðina þó það skipti kannski ekki öllu máli. En sjálfsagt má finna ýmis dæmi um að verkefni skarist og einstaka stofnanir telji að þær verði, starfa sinna vegna, að koma upp einhverri þjónustu sem löggjafinn hefur kannski álitið að ætti að vera annars staðar en þetta hefur nú þróast svona.

Ég nefni þetta sem dæmi en get tekið undir þessa athugasemd frá hv. þm. Ég veit ekki hvort athugasemdin á endilega erindi inn í umræðuna um þetta frv., hvort það skiptir einhverju máli þar heldur hvernig búið er að stofnununum í starfsumhverfi þeirra og fjárveitingum þannig að þær geti sinnt sínum verkefnum.

Hv. þm. orðaði líka hugmyndir sínar eða tillögur um að Landmælingum Íslands mætti skipta upp á fleiri staði, þ.e. stofnunin starfaði með annaðhvort útibúum eða skipti verkþáttum á milli landshluta. Það má auðvitað segja að slíkt geti átt við um ýmsar stofnanir. Nokkrar stofnanir sem ríkið rekur starfa á þann hátt. Við höfum áður talað um starfsemi Vegagerðarinnar sem er dreifð um landið, starfsemi Pósts og síma og sjálfsagt á það við um fleiri opinberar stofnanir. En það eru yfirleitt mjög stórar stofnanir, miklu stærri en sú sem við erum að tala um og spurning hvort skynsamlegt er í þeim tilvikum þegar um smærri stofnanir er að ræða, þó ég telji alls ekki útilokað að þannig sé háttað með stofnanir. Ég er þá ekki að tala sérstaklega um Landmælingar Íslands heldur almennt það viðhorf að vel getur verið að þó að stofnun sé ekki mjög fjölmenn, 10, 20, 30 manna, þá geti hún ekki af fullum krafti og skipulega deilt upp starfsemi sinni og starfað á fleiri en einum stað. Ég tel að það geti vel átt við þó að það hafi ekki verið niðurstaða mín í sambandi við þá hugmynd eða þá tillögu sem ég hef lagt fram og þá ákvörðun sem tekin hefur verið síðan og samþykkt í ríkisstjórn að flytja Landmælingar Íslands af Reykjavíkursvæðinu og upp á Akranes. En það mál er ekki hér sérstaklega til umræðu og ég ætla þess vegna ekki að fara fleiri orðum um það.

Hv. þm. nefndi að ef til vill væru ekki rétt viðbrögð við því að verkáætlanir stofnunarinnar hafi ekki verið lagðar fram fyrir þing eins og lög kveða á um að hverfa frá því að slík verkáætlun skuli lögð fyrir þingið og hana skuli leggja fyrir ráðherra eða ráðuneytið og ráðherra síðan staðfesta ef ástæða þykir til. En ég vil leyfa mér að fullyrða að það sé ekki vegna þess að verkáætlanir hafa ekki verið lagðar fyrir þingið að þessi tillaga er hér uppi. Það er hins vegar fyrst og fremst vegna þess að ég tel að skynsamlegt sé að slík verkáætlun fari til ráðuneytisins. Hún á ekki endilega erindi inn í þing eða verkáætlanir fyrir hinar ýmsu stofnanir. Það kemur síðan fyrir þingið að ákveða fjárveitingar til stofnananna og það er auðvitað verkefni fjárveitingavaldsins, löggjafans, á því sviði. En að verkáætlanir um hinar einstöku eða ýmsu framkvæmdir og þau verk sem eru í gangi á hverjum tíma eigi í öllum tilfellum erindi hingað inn í þing, það tel ég ekki.

Við höfum nokkur dæmi um það, t.d. áætlanagerð í vegagerð sem er mjög stórt mál. Þar er fjallað um mikla fjármuni og í þeim ályktunum sem lagðar eru fyrir þingið er fjallað um fjárveitingar til einstakra verkefna. Þetta á við líka í sambandi við hafnaráætlanir sem hafa verið lagðar hér inn. Eitt sinn var það a.m.k. svo þegar ég átti sæti í fjárveitinganefnd, sem svo hét fyrir nokkrum árum, að í fjárlagafrv. birtust líka fjárveitingar til verkefna á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, á vegum Pósts og síma o.fl., svo ég nefni einhver dæmi. Ég held að það sé aflagt núna, fylgi ekki sundurliðun í fjárlagafrv. eða í fjárlögum þegar þau eru samþykkt. Ég tel því að það sé ekki mál sem á sérstaklega erindi hingað inn og þess vegna er gerð tillaga um breytingu á því efni. Þó að þetta megi að sjálfsögðu flokkast undir lögbrot sem það auðvitað er, að fylgja ekki eftir lögum og leggja ekki áætlanir fyrir þingið, held ég að það brot sé í fyrsta lagi kannski ekki mjög alvarlegt, en í öðru lagi hafi þetta þróast svo og helgast af því að menn töldu að það ætti ekki sérstakt erindi hingað.

Hv. þm. spurði um og ræddi breytingarnar varðandi höfundarréttinn. Ég hef kannski ekki skoðað það svo sérstaklega að ég hafi á því aðra skoðun en þá sem maður hlýtur að lesa út úr frv., þ.e. að talið sé eðlilegt að ríkið sem slíkt sé eigandi að þeim gögnum og upplýsingum sem Landmælingarnar vinna og komast yfir. Landmælingar Íslands eru aðeins stjórnsýslustofnun á vegum ríkisins og ríkið þess vegna eigandinn að

þessum gögnum þó að þetta sé svona árétting á því hvernig að þessu beri að standa. Kannski tengist þetta líka því — ég segi kannski vegna þess að ég hef ekki skoðað þetta mál sérstaklega eða velt því fyrir mér — að stofnunin skuli nú heyra undir ráðuneyti sem fjallar um allan málaflokkinn í heild. Áður var þessi stofnun hluti af — ég held að það hafi verið rétt sem kom fram hjá hv. þm. — Vegagerðinni og heyrði undir samgrn. næst á undan umhvrn. Þetta er fyrsta lagabreytingin sem gerð er eftir að stofnunin færist undir umhvrn. svo að það hefur verið talin eðlileg gjörð eða þróun að kveða skýrt á um höfundarréttinn þó að mér finnist það kannski ekki vera stóra málið.

Ég sé að tími minn er að hlaupa frá mér. Það hafa ef til vill verið fleiri atriði sem hv. þm. velti hér upp og vildi heyra skoðanir ráðherra á. Það kemur þá væntanlega í ljós ef ég hef gleymt einhverju.

En rétt að lokum man ég eftir því að hv. þm. var að tala um fjármögnun stofnunarinnar. Mér finnst einu gilda í hvaða röð það er talið upp. Hér er talað um að stofnunin skuli afla sér ákveðinna sértekna með sölu á þjónustu sinni, en að öðru leyti skuli starfsemi stofnunarinnar greiðast af framlögum á fjárlögum. Núna er það svo að af um 150 millj. kr. veltu minnir mig að um 100 millj. séu frá ríkinu en 50 millj. í sértekjum þannig að það er enginn minni hluti og engin aukastærð í þessu dæmi, síður en svo.

[19:19]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en svarað ákalli hæstv. umhvrh. um að taka til máls í þessari umræðu. Ég hafði ekki ætlað mér það en þar sem hann saknaði áheyrenda og ég var hér alveg við höndina, þá náttúrlega kom ég og varð við þessu ákalli.

Það er verið að breyta lögum frá 1990. Núgildandi lög fjalla eingöngu um stofnunina Landmælingar Íslands, en þetta frv. felur í sér ákvæði um landmælingar og kortagerð í heild sinni. Ég tel að það sé vel. Það er gert ráð fyrir að ríkið reki þessa stofnun sem ber áfram heitið Landmælingar Íslands og að hún heyri undir umhvrh. Ég tel að það sé af hinu góða. Í 6. gr. er fjallað um heimildir til þess að Landmælingar Íslands þurfi ekki að annast öll verkefni og megi gera samninga þar að lútandi og ég tel að það sé gott mál.

Ég lít svo á að samstarf verði á milli Vegagerðar, Landmælinga, Landsvirkjunar og Orkustofnunar og að um þau verkefni í kortagerð, sem eðlilegt er að þessar stofnanir vinni saman, verði eins og verið hefur. Ég spyr hvort ráðherra sé sammála því að það sé eðlilegt framhald þeirrar vinnu.

Aðeins um stofnunina sjálfa og búnað hennar. Ég get sagt að ég hef áhyggjur af búnaði svo sem tölvum og ýmsum tæknibúnaði. Ég held að hann sé gamall og ég held að hann sé úr sér genginn að sumu leyti. Sum tækin eru t.d. 30 ára gömul og ég held að úr því verði að bæta. Ég spyr um álit hæstv. umhvrh. á þessu efni.

[19:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka áhuga þessa hv. þm. sem hér tók til máls. Það var kannski ekki endilega svo að ég væri að hvetja menn til þess að tala hér eða halda langar ræður. Ég vil hins vegar lýsa ánægju minni með að fram skuli koma áhugi á málefninu — og hann geta menn náttúrlega sýnt á ýmsan hátt — og áhugi á þessari starfsemi sem hið opinbera þarf og ber að inna af hendi og sinna. Ég veit t.d. að hæstv. fyrrv. umhvrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sýnir málinu áhuga því eins og fram kom í framsöguræðu minni var nefnd sú sem gerir tillögur að þessu frv. sett á laggirnar 21. febrúar 1995. Hæstv. fyrrv. umhvrh. hefur þess vegna staðið að því. Enda er þetta ekki fyrsta málið sem ég ber inn í hv. Alþingi sem hann hefur átt frumkvæði að að vinna.

Hv. þm. spurði m.a. um tækjabúnað og aðstöðu stofnunarinnar. Vissulega þyrfti þar að gera betur. Stofnunin þyrfti að vera betur búin hvað þetta varðar og í tillögum stofnunarinnar til ráðuneytisins um fjárveitingar til tækjakaupa, er því ekkert að leyna, enda hygg ég að hv. nefndarmenn í umhvn. hafi fengið um þetta upplýsingar, að stofnunin gerði tillögu um allmiklu hærri fjárveitingu til tækjakaupa en bæði fjárlög í ár og fjárlagafrv. næsta árs gera ráð fyrir.

[19:24]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi því yfir að ég mun taka þátt á mjög jákvæðan hátt í vinnu við þetta frv. eins og ég reyndar hafði sagt áður. Það nýmæli að skipa stjórn yfir stofnuninni er mjög eðlilegt. Þetta er stofnun sem er með um 124 millj. í rekstrarkostnað á ári og það er ekkert óeðlilegt að stjórn sé sett yfir svo stórt fyrirtæki.

En vegna orða hæstv. umhvrh. um fámenni, er rétt að vekja athygli á því að utan forseta er aðeins einn þingmaður frá hv. stjórnarliði í salnum og við umræðuna. Það er kannski ástæða til þess að geta þess að hér eru aðeins stjórnarandstæðingar, hæstv. forseti og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og nú birtist aldeilis óvænt hæstv. samgrh. (**Gripið fram í:** Þá getur þú hætt.)

[19:25]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða um að fáir séu í salnum, þá er það rétt. Núna eru skráðir 13 þingmenn í húsi. Þeir voru áðan þegar fundið var að um tæpur þriðjungur þingmanna þannig að ljóst er að sumir fylgjast með á skrifstofum sínum og víðar.

[19:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að bregðast við ýmsu sem ég nefndi. Mér fannst hins vegar skorta allverulega á að þar væri vikið að aðalatriðum sem ég taldi mig hafa reynt að koma til skila. Hæstv. ráðherra fór tiltölulega lauslega yfir sviðið. Það er kannski vegna þess að ég hafði ekki orðað hugsun mína nógu skýrt.

Ég ítrekaði því þá gagnrýni mína hversu óljós skilin eru varðandi hvað Landmælingum Íslands er ætlað að sinna annars vegar og hins vegar sem eftirlátið yrði öðrum stofnunum eða einkaaðilum að annast. Það finnst mér mikilvægt atriði. Ég náði ekki hvað hæstv. ráðherra sagði í framsögu þannig að mér væri ljóst hvort það stæði til að draga úr einhverju af því sem er núverandi starfsemi Landmælinga Íslands, t.d. að því er varðar útgáfu og sölu á kortum. Ég bið hæstv. ráðherra að skýra það aðeins nánar þar sem ég náði ekki hvað fólst í orðum hans í framsögu um þetta efni, en þetta er svona hluti af þessari afmörkun sem ég er að víkja að.

Ég er ekki að biðja um að farið sé í lagatexta að útfæra smáatriði. Ég er ekki að biðja um það þó að ég hafi nefnt dæmi um að það væru búnar til heilar lagagreinar um það sem mér sýndist vera tiltölulega léttvæg atriði. En það skortir mjög á að meginlínur séu markaðar með frv. Það er aðalgalli frv. og ég tel mig hafa fært fyrir því nokkur rök nú þegar.

Hæstv. ráðherra talaði um verkáætlun. Hann var að afsaka þá tillögu að hún ætti ekki að fara lengra en inn á borð hæstv. ráðherra eða inn í ráðuneyti, en ekki til þingsins. Mér er með öllu óskiljanlegt hvers vegna hæstv. ráðherra vill ekki nota þessa áætlun, sem ætlað er að móta til fjögurra ára í senn og endurskoða árlega, sem tæki til að koma á framfæri upplýsingum um stefnu Landmælinga Íslands og eftir atvikum með athugasemdum ráðuneytisins við þá stefnumörkun, til Alþingis Íslendinga. Ég veit ekki hvaða tregða það er að koma slíku efni á framfæri við þingið. Ég sé í rauninni engin skynsamleg rök fyrir því að mæla svo fyrir. Það sem gerst hefur í þessum efnum er síst af öllu til eftirbreytni. Það er hægt að lagfæra það öðruvísi en breyta því sem til var ætlast á sínum tíma. Ég vona, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra muni fallast á að þetta mætti betur fara.

Ég þakka fyrir ábendingar sem fram komu hjá hæstv. ráðherra um að breytingar megi gjarnan verða á þessu frv., enda séu þær unnar í samvinnu við hæstv. ráðherra og ég treysti því að það geti orðið til þess að styrkja það málefni sem ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra hefur áhuga á að fái traustari lagaramma og bætta undirstöðu, svo mikilvægt mál sem hér er á ferðinni.

En fáein atriði vildi ég nefna frekar, virðulegur forseti, sem snerta málið og vildi gjarnan fá viðbrögð hæstv. ráðherra þar að lútandi. Ég tel ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af stöðu Landmælinga Íslands eins og hún er nú og því sé þörf á því að treysta stofnunina, bæði hvað snertir verkefnin, þ.e. hvaða verkefnum á að sinna, og fjárhagsstöðu hennar í framtíðinni. Það leysum við út af fyrir sig ekki með lögum í eitt skipti fyrir öll en það skiptir samt miklu máli.

Hvers vegna hefur verið sú tregða að framkvæma og leggja út í öfluga stafræna kortagerð í mælikvarðanum 1:25.000 og byggja undir það landfræðilega upplýsingakerfi sem því átti að fylgja og hafði aðeins verið lagt út í sem tilraunaverkefni og var markað á þeim tíma sem þessi mál heyrðu undir samgrn.? Nú er eins og það eigi að draga í land með þetta. Það yrði hálfkarað verk sem varðar Fljótsdalshérað svo dæmi sé tekið. Það hafa verið leyst ákveðin verkefni fyrir höfuðborgarsvæðið en það yrði hálfkarað verk austur á Héraði sem tengist einmitt þessari vinnu og er mjög brýnt er að koma í höfn þó ekki yrði lengra haldið í bili að ljúka því verkefni. Og ég inni eftir því.

Ég tek líka eftir því að nú munu menn ætla sér að einbeita sér að stafrænni kortagerð í mælikvarðanum 1:50.000 en það kostar fjármagn. Það væri æskilegt að fram kæmi hvort hæstv. ráðherra hafi áhuga á því að skila því verki í höfn á afmörkuðum tíma og til þess þarf áætlun og þá áætlun á að leggja fyrir Alþingi að mínu mati.

Það eru líka fjölmörg önnur stór verkefni sem þarf að sinna og alþjóðleg verkefni eins og þátttakan í GPS-mælingum á komandi ári, sem er verkefni sem verið er að vinna að á Evrópumælikvarða og Landmælingar Íslands þurfa auðvitað að vera burðugur þátttakandi í, og ekki um stórupphæðir að ræða. Þetta eru dæmi um mjög brýn verkefni sem vísa til framtíðar og nauðsynlegt er að styðja. Ég ítreka spurninguna: Hvað ætlar ríkið sér að gera varðandi landfræðilegt upplýsingakerfi sem áhugasamtök stofnana hafa verið að reyna að þoka fram en engin trygging er að verði samræmd eins og þörf er á að gerist? Þar þarf löggjafinn og framkvæmdarvaldið að tryggja samræmingu verka og veita náttúrlega forustu í málinu.

Ég get ekki látið hjá líða, virðulegur forseti, að gera við það athugasemd þó að það sé sagnfræðilegs eðlis. En við eigum líka að halda til haga því sem varðar sögu málaflokksins og gera það gjarnan í minningu þess manns sem reist hefur kortagerð á Íslandi úr öskustó að því er varðar söguna, þ.e. Haralds heitins Sigurðssonar bókavarðar sem stóð að því stórvirki sem er Kortasaga Íslands og vel sé honum fyrir það stórvirki sem hann vann í þeim efnum. Ef menn hafa kynnt sér það mál, og það vænti ég að nefndin sem vann málið hafi gert, hefði verið ástæða til að geta þess sem unnið var á 18. öldinni. En í rauninni eru bara nefndir tveir til sögunnar litið til fyrri alda. Það er Guðbrandur Þorláksson biskup sem vann vissulega þrekvirki á sínum tíma og síðan Björn Gunnlaugsson. En hvað veldur því að Magnús Arason liggur óbættur hjá garði? (Gripið fram í.) Frá Haga á Barðaströnd. En hann tók að sér það verkefni að vinna kortagerð við hinar erfiðustu aðstæður sem var grunnurinn að því verki sem síðan var lokið af Tómasi Knopf á árunum 1731–1733. Ég bið um að menn haldi slíku til haga sem þarna var unnið auk margra annarra sem mætti kalla til sögunnar ef grannt er skoðað.

Það rétt eins og hæstv. ráðherra vék að að nefndin greinir frá því í skilagrein sinni að hún hafi haft samband við marga og ég spyr: Mun hæstv. ráðherra tryggja að þingnefndin fái aðgang að þeim gögnum sem aflað var á vegum nefndarinnar í samskiptum við þessar opinberu stofnanir og þá aðila sem um var rætt, rannsóknastofnanir og opinberar stofnanir sem eru tíundaðar í greinargerð á bls. 4?

Ég lýsi að lokum, virðulegi forseti, eftir skilagrein varðandi fyrsta lið sem nefndinni var falið að skilgreina, framtíðarhlutverk Landmælinga Íslands í stjórnsýslu og framkvæmd kortagerðar á vegum ríkisins og tengsl innlendra og erlendra aðila. Þessu er því miður ekki haldið til skila í því stjfrv. sem hér liggur fyrir og er því ærið verk fram undan að mínu mati fyrir þá þingnefnd sem fær þetta frv. að tillögu hæstv. ráðherra. Ég mun glaður taka þátt í því verki að reyna að bæta um betur það frv. sem ég hef gert allnokkrar athugasemdir við.

[19:36]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ítreka að hjá mér er fullur vilji til að skila góðu verki á sviði lagasetningar. Ég undirstrika að við sem eigum hér sæti hljótum að hafa áhuga á því að þannig sé gengið frá málum. Það sem okkur greinir kannski á um í þessu efni er það hvernig hér sé staðið að verki. Ég hef leyft mér að halda því fram að nefndin hafi skilað góðu verki og frv. fullnægi því sem til var ætlast þegar nefndin hóf störf sín samkvæmt því erindisbréfi sem fyrir hana var lagt. En hv. þm. er mér kannski ekki alveg sammála um það og vonandi náum við þá saman um að skoða þá hluti sem e.t.v. mættu fara betur.

Í beinu framhaldi af því held ég að það hljóti að vera auðsótt og eðlilegt að fá fyrirliggjandi upplýsingar og gögn. Ég hygg að þingnefndir fái jafnan þá fyrirgreiðslu hjá ráðuneytum að fá aðgang að þeim gögnum sem fyrir liggja varðandi frumvarpssmíð og ég skil ekki í að þar geti verið einhver þau plögg að þau megi ekki sýna. Ég tel því eðlilegt að nefndin fái þau gögn sem hún óskar eftir af hálfu ráðuneytisins til þess að vinna vinnu sína.

Gagnrýni hv. þm. beindist m.a. að því hversu óljóst er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar og verkaskiptingu og heimildir ráðherra til þess að fela öðrum stofnunum eða hugsanlega einkaaðilum ákveðin verkefni. Ég ítreka það

sem ég nefndi í framsögu minni að e.t.v. mætti fela öðrum að annast ljósmyndun fyrir stofnunina og það væri mjög líklegt eftir að stofnunin hefur verið flutt upp á Akranes að öðrum væri falin sala á kortum, bæði heildsölu og smásölu í stað þess að láta stofnunina sjá um það. Þetta voru þeir tveir þættir sem ég nefndi í framsögunni þannig að því sé haldið til skila. Og án þess að ég sé með sérstakt eða fleira afmarkað í huga finnst mér að það komi til greina að líta til þess um einstaka verkþætti. Þá á ég ekki við þau markmið sem stofnuninni ber að sinna og þau gögn sem hún þarf að halda utan um, þær upplýsingar sem hún þarf að búa yfir og veita öðrum. En ljósmyndunina t.d. tel ég að megi fela öðrum.

Fyrst ég er að tala um ljósmyndun vil ég nefna það og segja hv. þingmönnum og þingheimi frá því að á nýliðnu sumri kom t.d. upp samkeppnisaðili varðandi ljósmyndun. Það er auðvitað mjög erfitt við því að gera og kannski ekkert við því að segja að stofnunin hafði gert ráð fyrir því að veita t.d. sveitarfélögum þjónustu. Kannski hafa verið fleiri aðilar sem þurftu á hliðstæðri þjónustu að halda sem sneru viðskiptum sínum annað en til stofnunarinnar og einkaaðili veitti þá þjónustu. Ég veit ekki hvort í raun er nokkuð við því að segja en þá þýðir það að stofnunin þarf að öllum líkindum að leggja út meiri kostnað við að afla sér upplýsinga og halda utan um gagnabanka sinn en ef hún hefði getað gert það með sölu á gögnum og aflað sér sértekna. Það er því miður ljóst að á þessu sumri hafa tapast einhverjar sértekjur miðað við þá áætlun sem stofnunin hafði áður gert ráð fyrir.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði um verkefnaáætlunina áðan. Ég tel að vel geti komið til greina að ráðherra telji styrk í því að með fjárlagabeiðni eða öðrum upplýsingum, sem ráðuneytið telur skylt að koma til þingsins, komi verkáætlunin frá ráðuneytinu til þingsins í einu formi eða öðru. Þá tel ég það ekki bara við þessa stofnun heldur fleiri stofnanir svo að mér finnst að það geti ekki verið ágreiningsefni að það beri að skila verkáætluninni til ráðherrans en ekki til þingsins.

[19:42]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég saknaði þess mjög úr máli hæstv. ráðherra að ekki var vikið að þeim stóru verkefnum sem varða stafræna kortagerð, stafræn landfræðilegt upplýsingakerfi í mælikvarðanum 1:25.000 sem og önnur þau stóru verkefni sem bíða en alveg sérstaklega þetta. Eins það sem ég nefndi í fyrri ræðu minni varðandi það að ætla Landmælingum Íslands einhvern verulegan hlut í umhverfisvöktun og kortlagningu sem snertir þau mál sem ég sé að engu getið í frv. Ég vona að hæstv. ráðherra geti aðeins varpað ljósi á þau efni.

[19:43]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er rétt hjá hv. þm. en tíminn hljóp frá mér þannig að ég var ekki einu sinni kominn að því minnisatriði sem ég var þó með hér varðandi kortagerðina. Hv. þm. spurði í fyrri ræðu sinni hvers vegna svo mikil tregða væri á þessu verkefni. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki sé tregða á því í öðru formi en því að við þurfum náttúrlega að forgangsraða þessum verkefnum. Stofnunin hefur ekki frekar en aðrar stofnanir ótakmarkaða fjármuni. Fullur vilji er á því hjá stofnuninni og hjá ráðuneytinu að halda þessum verkefnum áfram eftir því sem við fáum til þess fjármuni. Mér er kunnugt um það verkefni sem hv. þm. vitnaði til á Austfjörðum. Forstjóri Landmælinganna hefur nýlega rætt við mig og ég fékk upplýsingar um það á fundi sem ég var á austur á Héraði fyrir nokkrum vikum, kannski mánuðum að þetta væri verk sem hefði því miður verið hætt við í miðju kafi. Þetta er verk sem ég tel að þurfi að reyna að koma í höfn þó að það geti tekið eitthvað lengri tíma en áætlunin gerði í upphafi ráð fyrir.

Hv. þm. nefndi fleira í fyrri ræðu sinni eins og hlutverk Landmælinga Íslands í sambandi við GPS-staðsetningarkerfið. Ég er alveg sammála honum að það er kerfi sem landmælingamenn þurfa að taka þátt í og fylgjast með. Það er hlutverk þeirra en eins og önnur verkefni stofnunarinnar takmarkast það því miður af fjárveitingum og verður að forgangsraða líkt og svo víða í okkar kerfi.

Að lokum varðandi umhverfisvöktunina þá eru það náttúrlega svo margar stofnanir sem bæði heyra undir umhvrn., og reyndar önnur ráðuneyti, sem hafa hlutverk á því sviði. Ég tel að Landmælingarnar eigi að sinna því eftir því sem það er á þeirra færi og á að vera þeirra verkefni. En það eru, eins og ég segi, margar fleiri stofnanir sem koma að því máli og þurfa að samræma starf sitt.

[19:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka orð hæstv. ráðherra. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra greiði fyrir því og leggi á það nokkra áherslu við fjárlagaafgreiðslu að Landmælingum Íslands verði gert kleift að standa við þann samning sem gerður var milli sveitarfélaga á Héraði og fleiri aðila þar varðandi kortagerð í mælikvarðanum 1:25.000. Enn skortir 7,4 millj. kr. á að Landmælingar hafi möguleika á að ljúka því verki sem þær höfðu samningsbundið sig til. Hér er mikið í húfi, m.a. það sem snýr að skógrækt og fleiri þáttum austur þar og landnotaskipulagi á Fljótsdalshéraði sem miklu skiptir að fari vel úr hendi. En slík verkefni bíða mjög víða og ég ítreka að við þurfum að gera þessari ríkisstofnun, sem við gerum kröfu til um ákveðna grunnþætti, fjárhagslega mögulegt að sinna því, m.a. til þess að aðrir aðilar hlaupi ekki inn í verkefnin vegna þess að stofnunin er fryst úti varðandi eðlilega þróun, tækjabúnað og annað og er ekki fær um að sinna því í eðlilegri samkeppni við þá sem ella gætu boðið. Ég er ekki að segja að það megi ekki til slíkrar samkeppni koma. Auðvitað getur hún átt fullan rétt á sér á ákveðnu sviði.

Við lok þessarar umræðu, hæstv. forseti, get ég ekki látið hjá líða, af því að hér hefur sagnfræði borið á góma, að minnast ánægjulegra stunda fyrir margt löngu sem ég átti með hæstv. forseta og mörgum fleiri vöskum mönnum nálægt straumvötnum Íslands eins og Þjórsá og Tungná, nálægt „lands vors titrandi hjarta".

[19:47]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að blanda mér í þessa umræðu. Ekki vegna flutnings stofnunarinnar upp á Akranes, um það hef ég látið skoðanir mínar í ljós áður. Ég vildi aðeins koma inn á það sem snýr að kortagerð. Enn kemur það í ljós þegar menn ræða um störf hjá ríkisstofnunum að oft vill brenna við að menn eru að vinna jafnvel á tvennum vígstöðvum í tveim mjög svipuðum störfum. Koma þá einkum til þau lög sem nú er verið að ræða, frv. til laga um landmælingar og kortagerð.

Þegar litið er til framkvæmdar kortagerðar og þessa lagabálks sem hér er lagður fram koma upp í huga mér laga-

fyrirmæli um sjókortagerð. Það er athyglisvert að skoða þau mál þegar litið er á það að á einum stað í lögum er fjallað um sjókortagerð en það er í lögum um Landhelgisgæslu Íslands. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Landhelgisgæslan á að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum."

Þetta er allt sem sagt er um sjómælingar og kortagerð varðandi hafið umhverfis Ísland. Enda kemur það fram sem oftar, en hefur ekki komið fram þegar verið er að ræða um ríkisfyrirtæki eða jafnvel samruna þeirra, hagræðingu, þá er eins og það sé mjög erfitt að koma á samstarfi slíkra fyrirtækja ef þau falla undir sitt ráðuneytið hvort. Það er enginn lagabálkur til um sjókortagerð. Kemur það mér mjög á óvart að tvær stofnanir, þar sem annars vegar er unnið að sjókortagerð og hins vegar að landmælingum og kortagerð, skuli ekki starfa náið saman eða að ekki skuli vera unnið að samruna þessara fyrirtækja. Við vitum að um mjög dýr tæki er að ræða sem þarf til kortagerðar og því kemur það mér mjög á óvart að umræðan skyldi ekki snúast neitt um samruna þessara fyrirtækja einkum með það í huga, eins og ég gat um áðan, að það eru dýr og mikil tæki sem þarf að kaupa til þessara stofnana en þau starfa hvort í sínu horninu og virðast ekki vita hvort um annað. Það finnst mér í sjálfu sér athyglisvert. Mér finnst það líka segja það, sem því miður ber of oft á, að eins og fram hefur komið segir nánast ekkert um sjókortagerð við Ísland í lögum. En við erum nú að fjalla um mikinn lagabálk um kortagerð, þ.e. landkortagerð, og því kemur það mér aftur mjög á óvart og vildi ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvort engin umræða hafi farið fram í hans ráðuneyti um það hvort ekki hefði verið eðlilegt að sameina þessi tvö fyrirtæki og gera þau að mjög öflugu fyrirtæki. Það eru fjölmörg hafsvæði og fjölmörg svæði á landgrunninu sem þyrftu miklu betri og meiri athugunar við en raun ber vitni um. Jafnvel hafa sum sjókort ekki fengið nánari ígrundun frá því að Danir sáu hér um sjómælingar fyrir nokkrum tugum ára.

Ég ætla að stytta mál mitt, hæstv. forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að það er nánast aðeins ein setning sem fyrirfinnst í íslenskum lögum varðandi sjókortagerð og er það kannski eitt með öðru sem snýr að okkar sjávarútvegi.

[19:52]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir hans innlegg í þessa umræðu og tel að hann hafi hreyft þar máli sem full ástæða væri til að skoða og hefði ef til vill átt að skoða í tengslum við þessa frumvarpssmíði. En það er einu sinni svo að þegar málaflokkum er með þessum hætti skipt milli ráðuneyta þá vill oft brenna við að málaflokkar, sem þó eiga afar margt sameiginlegt og ættu að skoðast í samhengi, lenda í þeim farvegi að menn ná ekki saman um málið. Ég vil þó segja það út af þeirri fyrirspurn sem hv. þm. beindi til mín, hvort ekki hefði komið til umræðu að sameina þessar stofnanir, að það hefur það vissulega gerst. Það hefur verið rætt um að sameina stofnanir og reyndar voru það fleiri stofnanir sem komu inn í þá umræðu. En það er því miður eins og oft sé æðimikil tregða á því að stofnanir, sem heyra undir hin ýmsu ráðuneyti og þar með mismunandi málaflokka, nái saman. Því miður vilja menn standa dálítið fast hver á sínu í þessu efni. Eins má kannski nefna, þó það sé ekki aðalatriði, að ekki er örgrannt um að mér finnist stundum eins og nokkurrar tregðu gæti líka þegar ný verkefni eru að færast undir umhvrn. og sumum finnist kannski að það hafi nú þegar nóg á sinni könnu.

[19:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka umhvrh. fyrir svar hans hér. Það er alveg rétt sem fram kom í hans máli og ég hef áþreifanlega rekið mig á að það gætir dálítillar tregðu hjá ráðuneytum. Mig undrar það satt best að segja. Ég minnist umræðunnar sem hér fór fram um hugsanlega sameiningu Vitastofnunar og Landhelgisgæslu en í því máli sköruðust verkefni tveggja ráðuneyta, annars vegar dómsmrn. og hins vegar samgrn. Hér er enn einn málaflokkurinn og ég trúi því ekki í allri umræðunni um hagræðingu í rekstri ríkisins að það séu ráðherrarnir sem séu tregastir til þess að vinna að sameiningu ýmissa ríkisfyrirtækja. Ég ætti betra með að trúa því að það væru embættismennirnir sem vildu halda fast um sín embætti og vildu ógjarnan láta nokkurn spón úr sínum aski. En auðvitað gengur það ekki á sama tíma og við erum að gera kröfur til opinberra starfsmanna um hagræðingu og sparnað í ríkisrekstri þá má það ekki henda að ráðherrar láti það yfir sig ganga sem auðsjáanlegt er hvar hægt er að hagræða og betrumbæta í rekstri. Enda þótt flutt séu fyrirtæki á milli ráðuneyta þá trúi ég ekki öðru en hér sé að verða stefnubreyting og verði stefnubreyting í starfi núverandi ríkisstjórnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 168.

[19:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er endurflutt. Samgn. sendi frv. á sl. vori til umsagnar og í framhaldi af því tók ráðuneytið þær umsagnir sem bárust til athugunar og má segja að frv. sé árangur af þeirri vinnu og er það unnið í samráði við lögfræðing Flugmálastjórnar og flugmálastjóra.

Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að kostir hlutafélagsformsins séu verulegir umfram ríkisrekstur á þessu sviði. Þar sem loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð og Flugmálastjórn fer með framkvæmd og umsjón prófa og útgáfu atvinnuskírteina er talið rétt að höggva á þau nánu rekstrarlegu tengsl sem verið hafa milli Flugmálastjórnar og skólans með stofnun hlutafélags um Flugskóla Íslands.

Annars staðar á Norðurlöndunum hafa ríkisreknir flugskólar ýmist verið lagðir niður eða yfirteknir af einkaaðilum eða her viðkomandi ríkja, nema í Noregi þar sem er ríkisrekinn flugskóli fyrir atvinnuflugmenn, en áform eru uppi um að leggja hann niður.

Þetta frv. er þingmönnum kunnugt og ástæðulaust að hafa fleiri orð um það. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 8.–9. og 13.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19:58.

28. FUNDUR

miðvikudaginn 20. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.
2. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 188. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjöleignarhús, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 159. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 168. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Félagslegar íbúðir, 64. mál, svar félmrh., þskj. 197.

Íbúðir í félagslega kerfinu og á almennum markaði, 63. mál, svar félmrh., þskj. 198.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna utandagskrárumræðu. Hún hefst kl. 15.30 síðdegis. Málshefjandi er Ágúst Einarsson. Viðskrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða. Efni umræðunnar er rekstur bankakerfisins í alþjóðlegum samanburði.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skrifleg svör við fyrirspurnum.

[13:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég geri alvarlegar athugasemdir við ámælisverð og ófyrirleitin svör félmrh. við fyrirspurn minni um félagslegar íbúðir sem dreift er til þingmanna í dag. Þar koma fram villandi og beinlínis rangar upplýsingar þannig að við jaðrar að um beina fölsun á staðreyndum sé að ræða. Svör Húsnæðisstofnunar ríkisins við fyrirspurninni, sem látin hefur verið í hólf þingmanna og ráðherrann hunsar í veigamiklum atriðum, staðfestir þetta. Hér er um svo alvarlega hluti að ræða að jafna má við hreina valdníðslu. Ráðherrann víkur sér hjá að svara þeim spurningum sem um er beðið og gefur löggjafanum langt nef og ber saman svo ólíka hluti að niðurstaðan verður hrein afskræming á veruleikanum, líklega í von um að skapa sér stöðu til að slá af félagslega íbúðarkerfið. Þegar spurt er um verð og greiðslubyrði á nýjum félagslegum íbúðum samanborið við sambærilegar fullbúnar nýjar íbúðir á almenna markaðinum leyfir ráðherrann sér að bera verð á nýjum félagslegum íbúðum saman við verð á gömlum notuðum íbúðum á sex stöðum úti á landi þar sem markaðsverð er mjög lágt. Síðan sleppir hann alveg Reykjavík þó 70% félagslegra íbúða séu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er fráleitur samanburður en samkvæmt svari Húsnæðisstofnunar til ráðherra er 90 m² félagsleg íbúð allt að einni millj. kr. ódýrari en ný sambærileg íbúð á almenna markaðinum. Samt ber ráðherrann það á borð fyrir þingmenn að verð á almenna markaðinum sé miklu hagstæðara. Útreikningar Húsnæðisstofnunar, sem svarar því sem um er spurt, sýna að greiðslubyrðin á nýrri íbúð á almenna markaðinum er um 70 þús. kr. á mánuði fyrsta árið en ekki rúmar 18 þús. kr. eins og ráðherrann gefur sér. Greiðslubyrði af félagslegu íbúðinni er því um 13 þús. kr. á móti 70 þús. kr. á almennum markaði. Ráðherrann vill ekki svara spurningunni um greiðslubyrði ef kaupendur eiga ekkert eigið fé „af því samanburðurinn er svo óhagstæður fyrir félagslegar íbúðir", segir ráðherrann. Svar Húsnæðisstofnunar sem ráðherrann notar ekki sýnir líka að þegar kaupendur eiga ekkert eigið fé er greiðslubyrðin helmingi lægri í félagslegum íbúðum en á almennum markaði.

Ósvífnin í svörum ráðherrans virðist takmarkalaus og hér fátt eitt talið. Þetta svar, herra forseti, er algjör hneisa að bera fyrir þing og þjóð og stappar nærri fölsun á staðreyndum. Ég hlýt að íhuga alvarlega að fara fram á við forsn. að Ríkisendurskoðun leggi mat á svar ráðherrans og jafnframt að félmn. rannsaki það og gefi Alþingi skýrslu um málið.

[13:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alvarlegt umhugsunarefni fyrir þingheim allan að þingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir fái slík svör sem hún hefur greint frá hér. Það hefur verið gagnrýnt úr ræðustól Alþingis að undanförnu hvernig svör sumra ráðherra við fyrirspurnum þingmanna eru. Þetta svar er sýnu verst. Samanburði sem beðið er um er sleppt þrátt fyrir að upplýsingar um efnið liggi fyrir. Annar samanburður er settur á blað sem ekki er beðið um, samanburður sem vekur tortryggni. Við hljótum að spyrja: Hvers vegna?

Það á að vera sameiginlegt keppikefli okkar allra að varpa sem skýrustu ljósi á húsnæðismálin. Þess vegna eiga þingmenn að geta kallað eftir þeim svörum, upplýsingum og samburði sem þeir kjósa til að átta sig á stöðu mála og það hvernig svör þingmenn hafa fengið eru fullkomlega óásættanleg vinnubrögð. Ég hlýt að spyrja: Hvað hyggst forseti Alþingis gera í slíku máli?

[13:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með nokkurra daga millibili hafa þingmenn komið hingað í ræðustól til þess að kvarta yfir svörum sem borist hafa frá ráðherrum þar sem þingmenn telja sig alls ekki fá svör við því sem spurt er um. Ég vil taka undir þetta. Það svar sem hér er til umræðu er vægast sagt afar sérkennilegt. Þingmaður spyr um ákveðin atriði og í svarinu segir:

„Með tilliti til þess hversu óhagstæður þessi samanburður er fyrir félagslega íbúðarkerfið er ekki talin ástæða til að setja hér upp dæmi nema fyrir b-lið."

Þingmaðurinn er að leita eftir ákveðnum upplýsingum og hæstv. ráðherra neitar hreinlega að svara á þeim forsendum sem ég var að lesa upp. Mér finnst þetta afar sérkennilegt og ástæða til þess að fara nánar ofan í þetta en ég get upplýst það að við í hv. félmn. höfum verið að fara yfir fjárlögin eins og aðrar nefndir og þar hefur staðan í félagslega íbúðarkerfinu að sjálfsögðu verið til umræðu og staða Byggingarsjóðs verkamanna. Það er því einfalt að skoða það mál nánar.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég líka nefna það að hér er verið að taka sérstaklega mið af Bolungarvík og verið að bera saman íbúðarverð þar í félagslega kerfinu og á almennum markaði. Í umræðum hér á undanförnum árum hefur komið fram að ástandið hefur verið sérdeilis erfitt í Bolungarvík. Þar hefur mikill fjöldi félagslegra íbúða staðið auður þannig að sá samanburður, það dæmi er líka afar sérkennilegt í þessu máli öllu.

[13:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Sú ósvífni sem við höfum orðið vitni að hér í dag er eitthvað sem hefur viðgengist í ríkjum sem ég hef bara lesið um til þessa. Það er með ólíkindum að ráðherra skuli leyfa sér, þegar hann fær spurningar um tiltekið efni, að svara í rauninni allt öðru, koma með upplýsingar um það sem ekki er beðið um og velja síðan sjálfur hverju hann sleppir. Og það er enn furðulegra vegna þess að það er svo gegnsætt hvað hæstv. ráðherra er að reyna að gera. Hann er að þjóna sinni pólitísku lund með þessu. Er það stjórnarfar sem við viljum viðhafa hér? Eru það vinnubrögð sem við teljum samboðin? Sem dæmi um þessi vinnubrögð þá kemur fram í svari ráðherrans sem er dreift á borð alþingismanna að vegna þess hve félagslega kerfið komi illa út í samanburði, ef kaupandi eigi ekkert fé, þá vilji hann ekki svara spurningunni. En hvað kemur í ljós þegar skoðuð eru svör Húsnæðisstofnunar við sömu spurningu? Þá kemur í ljós að nákvæmlega þessir kaupendur koma svo margfalt betur út í félagslega kerfinu að það skiptir tugum þúsunda á mánuði. Hver er tilgangurinn með svona blekkingum? Við hljótum að spyrja okkur, þegar við stöndum frammi fyrir staðreyndum af þessu tagi í framkomu ráðherra, í framkomu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi, hvert mun þetta leiða okkur ef ekki verður tekið á því? Hvað næst? Alþingi hlýtur að taka á þessu máli þannig að eftir verði tekið og ekki þurfi að koma til þess aftur, alla vega ekki á næstunni, að menn komi hér upp vegna þess að ráðherrar sýna þann hroka að þeir svari ekki einu sinni spurningum alþingismanna.

[13:42]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég hef ekki kynnt mér svörin. En hvað er að gerast hér á hinu háa Alþingi? Viku eftir viku eru ádeilur á hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar fyrir ónákvæm svör, engin svör og núna beinlínis röng svör. Í tilefni af þessu hlýt ég að krefjast þess að hv. forsn. og hæstv. forsetar þingsins taki þessar alvarlegu ásakanir til athugunar og geri hv. Alþingi grein fyrir þeim niðurstöðum sem hv. forsn. kemst að.

Virðulegur forseti. Eru ásakanir á hendur hæstv. ráðherrum á rökum reistar eða ekki? Ég hlýt að treysta hv. forsn. til að gefa skýringar.

[13:43]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt ef það er orðin samstaða um það í Alþfl. að ráðherrar eigi að upplýsa þingið um það sem þeir vita og segja satt. Ég minnist þess að ég spurði á sínum tíma þáv. hæstv. ráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, um launaskrið hjá forstjórum á Íslandi þegar þjóðarsáttarsamningarnir voru í gildi. Aumara svar hef ég aldrei fengið. Undirstofnanir ráðherrans neituðu að svara, neituðu að upplýsa hver staðan væri. Og ráðherrann leyfði sér að koma hér í ræðustól þá og halda því fram að hann hefði ekki vald til þess að krefja þessar stofnanir um svör.

Ef þetta félagslega kerfi er svona miklu hagstæðara en allt annað í landinu þá vil ég eindregið hvetja þá sem svona grimmt hæla því til að fjárfesta í félagslegum íbúðum á Vestfjörðum. Það er nóg af þeim til sölu þar, mikið magn. Það er sagt að þetta sé mjög hagstætt fyrir þá sem eiga enga peninga og þeir ættu að kaupa. Ástæðan fyrir því að það selst ekki þar er sú að það er á miklu hærra verði en það sem er á frjálsa markaðnum.

[13:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þetta fer að verða daglegur viðburður í þinginu að hæstv. ráðherrar bjóði þingmönnum á hinu háa Alþingi upp á það að leggja hér fram „svör" sem alls ekki eru svör við því sem um er spurt. Á síðustu dögum hafa verið gerðar athugasemdir við svör hæstv. menntmrh. um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, við svör hæstv. félmrh. um skilgreiningu á fátækt og einnig var gerð nýlega athugasemd við svör hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur.

Málið snýst nefnilega ekki bara um það efni sem hér er til umræðu, sem er í sjálfu sér alvarlegt mál eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri hafa bent á, ef beinlínis er verið að bera saman vitlausa hluti og eins og hv. þm. sagði, að nánast væri um falsanir að ræða, þá er það mjög alvarlegt mál. En málið snýst líka um framkomu hæstv. ráðherra gagnvart þinginu og upplýsingaskyldu þeirra gagnvart þinginu.

Það hefur líka komið fram hjá hæstv. forseta að það er lítið sem þingið getur gert í þessum málum, ef ég skildi hæstv. forseta rétt síðast þegar þessi mál voru rædd hér. En ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður að Alþingi hlýtur á einhvern hátt að bregðast við svona framkomu, ella tel ég að löggjafarvaldinu væri veruleg hætta búin ef ekki er á einhvern hátt hægt að grípa til ráða sem duga þannig að hér séu lögð fram svör við því sem um er spurt.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hef ekki frekar en sumir þeir sem hafa gagnrýnt svör ráðherra kynnt mér sérstaklega það svar sem hér liggur fyrir og hefur orðið að umræðuefni. Sumir hv. gagnrýnendur hafa lýst því yfir að þeir hafi ekki kynnt sér málið, (Gripið fram í.) þar á meðal sá sem nú kallar fram í. Ég vil hins vegar að það komi hér fram að ráðherrann er staddur á ráðstefnu sveitarfélaga og þarf að vera þar vegna embættis síns og það veit ég að ýmsir skilja sem til máls tóku.

Ég vil að það komi hér fram að ég veit ekki betur heldur en ráðherrar reyni eftir bestu getu að gefa þau svör sem um er beðið en það er auðvitað engin trygging fyrir því að fyrirspyrjendur fái þau svör sem þeir vilja fá, það er engin

trygging fyrir því. Og eins og menn sjá á þessum svörum byggja þau á gögnum frá tveimur stofnunum, annars vegar Húsnæðisstofnun og hins vegar Fasteignamati ríkisins.

Það er sjálfsagt að ræða hér, og ég veit að forsætisnefndin gerir það, tilhögun fyrirspurna og svara á hinu háa Alþingi. Það hafa menn gert áður úr þessum ræðustól og var t.d. rætt á mánudaginn. Hins vegar er ekki ásættanlegt að menn séu hér í efnislegum umræðum og allra síst að ráðherra fjarstöddum. Það eru til úrræði, það má biðja um skýrslu, það er hægt að biðja um utandagskrárumræðu og ræða málið við slík tækifæri efnislega en ekki gera það að ráðherra fjarstöddum eins og hv. þm. sem hóf þessa umræðu gerði með því að fara efnislega í svarið. Ég vil eingöngu segja og ítreka það að ég tel að ráðherrar og ráðuneyti reyni eftir bestu getu að svara fyrirspurnum, en stundum eru fyrirspurnir þingmanna þannig að ákaflega erfitt er að gera það í stuttu og skýru máli.

[13:49]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég hef ekki borið saman spurningar hv. þm. við svör hæstv. ráðherra þannig að ég ætla ekki að tjá mig á nokkurn hátt um hvernig svarað hafi verið eða hvort yfirleitt hafi verið svarað fyrirspurnum. En ég vil biðja hv. þingmenn að íhuga aðeins betur sitt mál. Hér hefur verið spurt hvað forseti Alþingis ætli að gera vegna svara ráðherra við fyrirspurnum, svara sem þingmenn af einni eða annarri ástæðu eru ekki ánægðir með. Það hefur jafnvel verið sett fram krafa um að forsætisnefnd gefi skýringar á því hvers vegna svör ráðherra eru með þessum hætti sem hefur verið gagnrýndur.

Hv. alþm. hljóta að vita að ráðherrar eru ábyrgir gerða sinna og það getur ekki á nokkurn hátt verið í verkahring forsætisnefndar Alþingis að hafa áhrif á hvernig eða hvort hæstv. ráðherrar svara einstökum spurningum eða hvernig svör hæstv. ráðherra eru úr garði gerð.

Það er sjálfsagt að ræða þetta mál sem hefur ítrekað komið hérna upp, óánægja með svör ráðherra, það er sjálfsagt að ræða það í forsætisnefnd Alþingis, en ég ítreka að það eru auðvitað ráðherrarnir sjálfir sem ráða því hvernig þeirra svör eru úr garði gerð og forsætisnefndin getur ekki haft áhrif á þau svör.

[13:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nefna það hér að auðvitað þarf að gera glöggan greinarmun á því þegar hv. þingmenn spyrja ráðherra út úr, hvort verið er að leita eftir viðhorfum eða skoðunum viðkomandi hæstv. ráðherra eða hvort verið er að leita eftir tölulegum eða efnislegum staðreyndum mála. Þarna verður að gera glöggan greinarmun á.

Í því máli sem hér um ræðir er einfaldlega verið að biðja um tilteknar klárar upplýsingar en ekki meint viðhorf hæstv. ráðherra til þeirra mála. (**Fjmrh.:** Þetta er rangt.) Þetta er auðvitað alveg hárrétt. (**Fjmrh.:** Það stendur hérna ...) Ég ætla að biðja hæstv. forseta um að ég fái frið í ræðustóli fyrir hæstv. fjmrh.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn og hæstv. ráðherra að gefa ræðumanni hljóð.)

Ég skil það ósköp vel að hann sé órólegur undir þessari umræðu en svona er veruleikinn. Í besta falli gæti það meinta svar sem hér liggur fyrir passað í blaðagrein en það á auðvitað ekki heima hér að stærstum hluta til sem þingskjal. Þetta er mál sem þingið í heild sinni og þar með forsætisnefnd þarf að ræða, ekki hér á stuttum tíma undir liðnum Athugasemdir um störf þingsins, heldur gegnumheilt og í öllum stofnunum þingsins.

Þessi samskipti framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins þurfa að vera algjörlega skýr hvað sem líður öllum meintum skoðanaágreiningi og fyrirspyrjendur þurfa að geta treyst því að þau svör sem þeir fá séu veitt samkvæmt bestu vitund og samkvæmt bestu upplýsingum en ekki samkvæmt einhverjum sérskoðunum. Það eitt sem hér hefur komið fram að menn skuli tína hér út í sínu svari til að mynda ágætan kaupstað vestur á fjörðum til að sýna fram á tiltekna hluti er svo fjarri lagi að engu tali tekur. Það þarf ekki sérfræðing í félagslega kerfinu eða húsnæðismarkaðnum á Íslandi til að sjá að hér er gersamlega verið að snúa út úr hlutum og koma þeim á hvolf til þess að draga fram einhverjar sérskoðanir hæstv. ráðherra.

[13:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér að kalla fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns sem hélt því fram að hér væri eingöngu verið að spyrja um talnalegar staðreyndir. Ég leyfi mér að lesa hluta af þessum fyrirspurnum. Ein er svohljóðandi á þskj. 64:

„Hver er ástæða þess að ekki er hægt að selja þær eða leigja?"

Er þetta spurning um talnalegar staðreyndir?

Önnur fyrirspurn hljóðar svona:

„Hverjar eru helstu ástæður greiðsluerfiðleika fólks" o.s.frv.

Ég spyr, virðulegi forseti: Er þetta ósk um talnalegar upplýsingar frá stofnuninni?

[13:54]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér upp öðru sinni vegna orða hæstv. fjmrh. um það að verið sé að spyrja um skoðanir ráðherra á því máli sem um ræðir. Spurt var hverjar væru ástæður fyrir greiðsluerfiðleikum fólks og hverjar væru ástæður fyrir því að félagslegar íbúðir seljist ekki. Ég veit ekki betur en það hafi verið gerð hver könnunin á fætur annarri á vegum hæstv. félmrh. til þess að skoða þessa hluti og að þetta hafi verið til skoðunar í Húsnæðisstofnun ríkisins og víðar. Þannig er einungis verið að biðja um upplýsingar sem eiga að liggja fyrir og það er verið að biðja um að þeim sé safnað þarna á einn stað. Það er ekki verið að biðja um skoðanir hæstv. ráðherra á þessu tiltekna máli, því fer fjarri.

[13:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að það er full þörf á því að fara yfir þetta mál og gera glöggan greinarmun á því gagnvart hæstv. ráðherrum hvenær verið er að biðja um þeirra skoðanir og hvenær ekki. Í því sambandi af því að ég á hér orðastað við hæstv. fjmrh. vil ég minna á að hann er með í sínu ráðuneyti til umfjöllunar fyrirspurn frá undirrituðum um skatttekjur af viðskiptum með aflaheimildir þar sem annars vegar er spurt um tölur og hins vegar beint spurt um það álit ráðherrans hvort hann telji að þær skatttekjur skili sér að fullu og öllu. Þar eru því alveg glögg skil á milli.

Í þeirri fyrirspurn sem hér til umræðu eru hreinar og klárar spurningar um tölfræði og það er augljóst mál — það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að hrista hausinn yfir því. Við skulum bara setjast yfir það og ég skal lesa þetta fyrir hann. (Gripið fram í.) Jú, jú, hann getur hrist hausinn eins

og hann vill ef það hjálpar honum, en þetta er bara veruleiki málsins. Ég hef ekki tíma í þessari umræðu til að fara yfir þær spurningar sem hér eru. En þetta liggur fyrir á þessu þskj. Ef hæstv. ráðherra er í vandræðum með að lesa úr því hvort verið er að spyrja um skoðanir viðkomandi ráðherra eða tölfræði og efnislegar staðreyndir þá er eitthvað alvarlegt á seyði í þessum sal. Þá eru skoðanaskipti og boðskipti milli þings og framkvæmdarvalds á mjög hálum ís, svo ekki sé meira sagt. (**Fjmrh.:** Það stendur það sem ég sagði.)

[13:56]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur komið fram að fyrirspurnir ráðherra séu raunverulega ekki fyrirspurnir til ráðherra heldur virðist það vera hugsað þannig að þær eigi að vera að nafninu til til ráðherra en í reynd eigi stofnun úti í bæ að svara. Þessi uppsetning á slíkum fyrirspurnum finnst mér dálítið skrýtin. Hérna er t.d. fyrirspurn frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur: „Hvert er viðhorf ráðherra til þeirra samninga um sölu lambakjöts ...?" Hvaða stofnun á að lýsa viðhorfum ráðherrans ef það er ekki hann sjálfur?

Ég held að þegar þingmenn taka sig til og koma með svona lagað, þá verði þeir náttúrlega að átta sig á því að það er ekki víst að þó að einhver stofnun sé að mestu leyti mönnuð krötum, að það sé öruggt að menn lesi það hrátt upp sem viðkomandi kratar svara öðrum krötum sem ákveða að spyrja um hlutina hér í þinginu. Ef þetta væri þannig, þá væri þetta ákaflega einfalt mál. Þá mættu ráðherrarnir ekki hugsa. Þá væri bara hægt að senda þetta á faxi hingað niður eftir. Þá ætti líka að hætta að spyrja ráðherrana. En það er hægt að orða þetta þannig að þeir fái svörin frá krötunum með því að spyrja bara: Hvert er viðhorf Húsnæðisstofnunar til þessara hluta? Orða spurninguna þannig að það komi fram hvað þeir eru að biðja um. (Gripið fram í.) Þeir eru að biðja um að ráðherrann lesi upp það sem kratarnir í Húsnæðismálastofnun segja. (**SvanJ:** Ertu að verja þessi vinnubrögð?) Ég er að tala hér. Er hv. þm. það ekki ljóst? Hér talar hv. þm. eins og hann einn viti allt um öll heimsins þing, hér rétt áðan. Það er aldeilis að það er völlur á viðkomandi. Ég veit ekki til þess að viðkomandi hafi verið þingmaður í öðru landi en þessu. Ég hef ekki verið þingmaður annars staðar í það minnsta.

[13:58]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Út af orðum hæstv. fjmrh. og síðasta ræðumanns er ástæða til að spyrja hvort það sé tilviljun að þegar verið er að spyrja um tölulegar upplýsingar og ráðherra beinir því til Húsnæðisstofnunar, sem svarar skýrt og skilmerkilega öllum spurningum sem til hennar er beint á örfáum dögum, skilar áliti sínu til ráðherrans 25. okt., að tæpum mánuði seinna kemur svo ráðherra með svör sem ganga í þveröfuga átt við það sem sú stofnun sem hefur með málið að gera og hefur flestar upplýsingar segir. Öll svör frá Húsnæðisstofnun ganga í þá átt að það sé miklu léttari greiðslubyrðin í félagslega kerfinu heldur en á almennum markaði, verðið sé miklu hagstæðara á félagslegum íbúðum heldur en á almennum markaði. Síðan koma svör ráðherra sem ganga í allt aðra átt, þar sem hann hefur einhvers staðar úti í bæ fengið svör. Til hvers? Ég held, herra forseti, að tilgangurinn sé sá að koma óorði á félagslega íbúðarkerfið og fela hvernig hann hefur sjálfur eyðilagt félagslega íbúðarkerfið með því að skera verulega og gífurlega niður ríkisframlög. Hann sleppir því t.d. sem kemur hér fram hjá Húsnæðisstofnun þegar spurt er um stöðu kerfisins miðað við ríkisframlag á næsta ári, þá kemur fram að það vanti 4–5 milljarða til þess að sjóðurinn sé í jafnvægi. Ráðherrann strikar hreinlega út þá setningu og svarar henni ekki. Svona er um annað í þessu. Og þegar ráðherrann þykist vera að hlífa mér og vilja ekki svara hver greiðslubyrðin í félagslega íbúðarkerfinu er og á almenna markaðnum miðað við það að kaupendur eigi ekkert eigið fé, þá kemur fram í svari Húsnæðisstofnunar að það sé helmingi ódýrara hjá þeim sem eiga ekkert fé að kaupa íbúð í félagslega íbúðarkerfinu. Þar munar, herra forseti, hvorki meira né minna en það er 31 þús. kr. í félagslega íbúðarkerfinu en 67 þúsund á almennum markaði. (Forseti hringir.) Hæstv. ráðherra svarar ekki þeirri spurningu um hagstæðasta kostinn sem um er spurt, þ.e. þegar sveitarfélög lána 10% sem vantar upp á 100, þá kemur það langhagstæðast út fyrir kaupendur félagslegra íbúða og því svarar ráðherrann ekki. Og það er full ástæða til að fara fram á utandagskrárumræðu til þess að ræða þetta mál ítarlega hér. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn hefur vitað svarið.)

[14:01]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Umræðum um störf þingsins er lokið. Forseti hefur hlýtt á umræðurnar og mun meta þær í ljósi þess sem hér hefur farið fram.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Stjfrv., 174. mál (eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 191.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Landmælingar og kortagerð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 176.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Flugskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 14:06.

---

29. FUNDUR

miðvikudaginn 20. nóv.,
að loknum 28. fundi.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Sala á lambakjöti, fsp. SvanJ, 117. mál, þskj. 128.

Til umhverfisráðherra:

2. Veðurspár, fsp. HG, 123. mál, þskj. 134.

3. Staðlar fyrir gistirými í fjallaskálum, fsp. HG, 124. mál, þskj. 135.

4. Þátttaka ríkisins í náttúrustofum í kjördæmum, fsp. HG, 125. mál, þskj. 136.

Til menntamálaráðherra:

5. Jafnréttisfræðsla í grunn- og framhaldsskólum, fsp. SF, 153. mál, þskj. 169.

6. Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, fsp. HG, 155. mál, þskj. 172.

7. Fornminjarannsóknir í Reykholti, fsp. SvG, 168. mál, þskj. 185.

8. Móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, fsp. MS, 169. mál, þskj. 186.

9. Afhending á niðurstöðum úr samræmdum prófum, fsp. SvanJ, 170. mál, þskj. 187.

Til sjávarútvegsráðherra:

10. Frákast á afla fiskiskipa, fsp. MS, 167. mál, þskj. 184.

Sala á lambakjöti.

Fsp. SvanJ, 117. mál. — Þskj. 128.

[14:07]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum ber sexmannanefnd að ákvarða verð afurðastöðva til bænda á lambakjöti og fimmmannanefnd að ákvarða verð til smásala. Það urðu því tilefni blaðaskrifa sl. sumar þegar bændur fóru að gera samninga við einstöku verslanir eða sláturleyfishafa á verðum sem ekki voru ákvörðuð af þessum lögbundnu nefndum. Þá kom fram að í umræðu innan sexmannanefndar hafi komið í ljós að menn töldu þessi viðskipti ólögleg. Nefndinni bæri að ákvarða verðið og gæti ekki vikist undan því. Sama virtist eiga við þegar röðin kæmi að fimmmannanefnd og samningi við verslanir.

Enn virðist, herra forseti, það sama upp á teningnum þegar farið er að bjóða búvöru, sem er undir verðlagsákvæðum þessarar nefndar, upp á markaði, eins og nú hefur gerst. Það virðist hins vegar enginn aðili vilja taka að sér að sjá til þess að lögunum sé framfylgt, eða hvað?

Löggjöfin um verðlagningu búvara er úrelt og langt frá því að vera í takt við tímann. Flest litum við í raun með velþóknun til þess sem bændurnir voru að gera og hafa verið að gera til þess að losa sig undan þessum lögum og vildum sjá lögunum breytt þannig að verð landbúnaðarafurða réðist í ríkara mæli á markaði og að framleiðslan aðlagaðist þannig þörfum neytenda og greiðslugetu okkar og ríkissjóðs. En fyrst lögin eru vond, á þá framkvæmdin að vera háð geðþótta?

Í fréttum af þessum málum hefur reyndar komið fram að fulltrúar bænda vildu halda í þessi úreltu lög og síðan nota þau að vild, enda fari þeir út fyrir þau þegar þeim hentar hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Fulltrúar neytenda í verðlagsnefndunum standi varnarlausir gagnvart því og raunar hefur komið í ljós að Alþýðusambandið telur að hér sé um lögbrot að ræða. Vegna þessara álitaefna er nauðsynlegt að fram komi:

1. Hvert er viðhorf landbrh. til þeirra samninga um sölu lambakjöts sem bændur hafa gert beint við afurðastöðvar eða verslanir, og nú síðan á uppboði, á öðru verði en fyrrgreindar lögbundndar nefndir hafa ákvarðað?

2. Telur ráðherra, eins og aðrir aðilar sem hér er vitnað til, að um lögbrot sé að ræða? Ef svo er, til hvaða ráðstafana hyggst hann grípa?

[14:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hefur borið fram fyrirspurn til landbrh. í tveimur töluliðum. Vegna fyrri töluliðar vil ég segja að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. búvörulaganna er verðlagsnefnd búvöru, svokallaðri sexmannanefnd, skylt að ákveða afurðaverð til búvöruframleiðenda eins og reyndar kom fram í máli hv. þm. áðan. Verð búvöru til framleiðenda er ákveðið með svonefndum verðlagsgrundvelli meðalbús í nautgripa- og sauðfjárrækt. Í 2. mgr. 8. gr. búvörulaganna er sérstaklega tekið fram að sé sauðfé slátrað utan tímabilsins 1. sept. til 30. nóv. geti Bændasamtök Íslands og samtök framleiðenda, þ.e. í þessu tilviki Landssamtök sauðfjárbænda, óskað eftir því við verðlagsnefnd að nefndin ákveði sérstakt verð til framleiðenda. Skal nefndin þá ákveða slíkt verð er gildi fram til næstu reglulegrar verðlagningar.

Samkvæmt áðurnefndu ákvæði 2. mgr. 8. gr. búvörulaganna er unnt að leita eftir öðru og hærra verði á sauðfjárafurðum heldur en kveðið er á um í verðlagsgrundvelli. Sú leið mun ekki hafa verið farin í því tilviki sem hér um ræðir og því er ekki hægt að segja að samningar sláturleyfishafa og verslana við einstaka framleiðendur eða félög þeirra í einstökum landshlutum, þar sem mun vera kveðið á um reglubundna afhendingu kjöts gegn greiðslu hærra verðs en skráð er, séu lögmætir.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er nú þegar að renna út. Getur verið að ég eigi eitthvað lengri tíma en sett var inn á klukkuna í upphafi? (Gripið fram í.) Já, það er líka beðið

um það að ráðherrar svari mjög ítarlega fyrirspurnum. Það hefur sérstaklega verið tekið fram í umræðum hér á undan.

(**Forseti** (StB): Forseti getur upplýst að hæstv. ráðherra á enn þá þrjár mínútur.)

Takk fyrir. Verðlagsnefnd landbúnaðarins tók þetta mál fyrir á fundi þann 18. júlí sl. Samkvæmt upplýsingum fjölmiðla var um að ræða fjóra samninga um sumarslátrun. Fulltrúar bænda í nefndinni gerðu ekki tillögu um að sumarverðlagning færi fram sem er þó heimilt. Nefndin ræddi hins vegar möguleika á því að gefa sumarverðlagningu frjálsa. Niðurstaða þess varð sú að til þess vantaði heimildir samkvæmt búvörulögunum.

Sumarverðlagning hefur átt sér stað í allmörgum tilvikum, þó ekki nokkur seinustu ár. Sú verðlagning hefur ávallt verið nokkru hærri en hin reglulega verðlagning þar sem við verðákvörðun er tekið tillit til þess að dilkar eiga eftir að þyngjast um 10–20% frá sumarslátrun og fram að haustslátrun. Telja verður að það verð, sem samið var um og engin athugasemd var gerð við, hvorki af hálfu einstakra bænda, samtaka þeirra né fulltrúum bænda í verðlagsnefnd, hafi verið ásættanlegt og í samræmi við það sem ætla má að orðið hefði ef verðlagsnefnd hefði ákveðið það.

Varðandi síðari töluliðinn, um viðhorf eða afstöðu ráðherra til málsins, vil ég segja að samkvæmt ákvæðum samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. okt. 1995 verður verðlagning sauðfjárafurða til bænda gefin frjáls frá og með 1. sept. 1998 þannig að við erum á nokkuð hraðri leið til þess forms sem hv. fyrirspyrjandi sagði í máli sínu áðan að væri það sem við öll vildum, hvort sem hún hefur fullkomið umboð til að tala fyrir hönd allra, (**SvanJ:** Flest.) en flest, við skulum hafa það þannig hafi ég tekið skakkt eftir, en á þeirri leið erum við. Telja verður að samningar sem gerðir eru fram að þeim tíma og hljóta ekki staðfestingu verðlagsnefndar landbúnaðarins séu í ósamræmi við ákvæði búvörulaganna. Þannig eiga bændur ekki lögvarða kröfu til að fá hærra verð greitt en verðlagsnefnd hefur ákveðið þó svo að þeir telji sig hafa gert samning við afurðastöðvar eða verslanir um hærra verð.

Hins vegar er rétt að minna á að ekki er um opinbera verðskráningu að ræða í smásölu á dilkakjöti. Því er verslun heimilt að taka það verð fyrir einstaka hluta kjöts sem hún telur að markaðurinn vilji greiða. Af því leiðir að ekki er unnt að sjá í hvaða mæli umræddar verslanir hafa velt hærra innkaupsverði á sumarslátruðu kindakjöti yfir á neytendur.

Af því sem að framan er rakið verður að telja að ekki hafi verið farið að lögum við þá samningsgerð sem spurt er um. Þar sem á hinn bóginn komu engar athugasemdir, kvartanir eða kærur vegna málsmeðferðar þessarar, svo sem áður er getið, og ætla má bændur hafi fengið ívilnandi samninga en ekki íþyngjandi miðað við lögbundna verðákvörðun mun ég ekki hafa afskipti af þessum samningum. Hins vegar tel ég að sömu niðurstöðu hefði mátt fá fyrir framleiðendur sauðfjárafurða og neytendur innan ramma laganna sem sé sú leið sem tvímælalaust bar að fara lögum samkvæmt.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör sem ég met bæði góð og heiðarleg. Það kemur fram í svari hans að hann tekur undir með þeim sem hafa metið það svo að þessir samningar væru ekki í samræmi við lögin og staðfestir þannig í rauninni það álit sem m.a. fulltrúar neytenda í þessum nefndum hafa sett fram.

Mér finnst það svolítið sérkennilegt, og þar kann nú að valda mitt reynsluleysi, að ráðherrar komi hér upp og segi að það sé jú um lögbrot að ræða en hann hyggist ekki bregðast við. Við alþingismenn hljótum þá að líta á það sem ögrun gagnvart okkur varðandi það að við verðum þá til þess að bregðast við með frv. til breytinga á þessum lögum.

[14:15]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst þakka hv. þm. fyrir það að telja að ég hafi reynt að svara nokkuð ítarlega, enda var það meining mín, og segja frá málinu nákvæmlega eins og það þróaðist á sl. hausti og þeim viðhorfum sem komu upp í landbrn. Auðvitað er það ekki góð fyrirmynd að framfylgja ekki lögum, en spurningin er kannski hver á að gera það. Í landbrn. er a.m.k. ekkert lögregluyfirvald og ekkert dómsvald, það eru önnur ráðuneyti sem fara með það. Og það viðhorf sem kom fram bæði í verðlagsgnefndinni og ég reyndi að skýra frá um það að þó að menn gerðu athugasemdir við þessa málsmeðferð þá kom ekki fram nein sérstök ósk fram um það, a.m.k. ekki formleg ósk þó að gerðar hafi verið athugasemdir og málið tekið til umræðu, en engin formleg ósk kom fram um það að breyta öðruvísi en niðurstaða varð um í nefndinni og síðan í kjölfar þess sú afstaða ráðherra að láta kyrrt liggja. Því er það sú niðurstaða sem liggur fyrir í dag, komi ekki eitthvað annað upp af hálfu annarra aðila sem telja sig hafa verið órétti beitta og vilja krefjast þess að öðruvísi verði tekið á málinu.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, segja að ég tel í raun, eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda og ég hef reyndar lýst hér yfir áður í umræðum um landbúnaðarmál, markaðsmál landbúnaðar og verðlagningu og samninga við hið opinbera, að við séum á leið til breytinga á þessu formi. Ég hef líka lýst því yfir, sem kannski kann að vera ágreiningsefni innan veggja í þessari hv. stofnun, hversu hratt á að fara í því ferli og hversu stór skref á að stíga. En ég tel að brautin eða leiðin hafi verið mörkuð nokkuð með þeim búvörusamningum sem ég beitti mér fyrir á síðasta ári og voru staðfestar á síðasta löggjafarþingi.

Veðurspár.

Fsp. HG, 123. mál. — Þskj. 134.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 134 hef ég flutt fyrirspurn til umhvrh. um veðurspá í fjórum liðum:

1. Hvernig er staðið að veðurspá hjá Veðurstofu Íslands, spá fyrir næsta sólarhring og langtímaspá, og hverjir bera ábyrgð á spá hverju sinni af hálfu stofnunarinnar?

2. Hver hefur verið fylgni spásagnar og veruleika í langtímaspá hérlendis til þessa, t.d. sl. fjóra mánuði, um helstu veðurfarsþætti, þar á meðal vindáttir og skýjafar?

3. Hefur Veðurstofan og ráðuneytið reynt að gera sér grein fyrir gildi og áhrifum langtímaspár, m.a. fyrir atvinnulíf, hættu á náttúruhamförum og viðbúnaði við henni og á ferðaáætlanir fólks innan lands?

4. Gefur reynsla af langtímaspá hér á landi tilefni til endurskoðunar á framsetningu hennar af hálfu Veðurstofu Íslands?

Veðurspá og flest það er veður varðar hefur mikil áhrif á líf fólks sem ekki þarf að fjölyrða um og mikill áhugi er á veðurspám hjá almenningi sem eðlilegt er. Það er eitt vinsælasta hlustunarefni, hygg ég, og eðlilega hjá þeim fjölmörgu sem eiga mikið undir hvernig viðrar þó að nokkuð hafi kannski dregið úr þeim áhrifum sem veðráttan hefur á atvinnulíf frá því sem áður var. Mestu varðar væntanlega spá fyrir næsta sólarhring og það sem almenningur á auðveldast með að bera saman er það sem sagt var kvöldið áður og hvernig rættist þegar sólarhringurinn er liðinn þannig að þar hafa menn nokkurt yfirlit. En sú nýbreytni, sem tekin var upp fyrir ekki löngu síðan að hefja langtímaspár sem svo eru kallaðar, 6–10 daga fram í tímann, vekur upp ýmsar spurningar. Þar er erfiðara fyrir menn að henda reiður á því hvað gengur fram, en ég held að almenningur treysti þessari spásögn í rauninni meira en efni standa til og það getur því verið svona misvísandi og ekki sú leiðbeining sem þessum spám er ætlað að vera og framsetningin oft með þeim hætti af hálfu Veðurstofu Íslands eins og við heyrum þetta að líklegt sé að treysta megi spánum. Ég vil ekki fullyrða að þær séu fram settar í framsöguhætti að jafnaði en oft þannig að menn hafa kannski ástæðu til að ætla að gildi þeirra sé meira en forsendur gefa tilefni til.

Til þess að varpa ljósi á þessi mál hef ég borið fram þessa fyrirspurn til umhvrh.

[14:21]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er reyndar erfitt að svara ítarlega eða svo vel sé gert í stuttu máli, fimm mínútum, svo viðamiklum spurningum sem hér eru bornar fram af hv. 4. þm. Austurl. en ég mun gera mitt besta eða reyna það.

Svar við 1. spurningu: Grundvöllur hverrar veðurspár eru athuganir á ástandi lofthjúpsins. Þessum athugunum er safnað saman og unnið úr þeim á kerfisbundinn hátt hjá Veðurstofu Íslands með það fyrir augum að segja fyrir um hvernig ástand muni breytast í næstu framtíð. Þessi úrvinnsla fer þannig fram að langmestu leyti að notuð eru flókin reiknilíkön í öflugum tölvum þar sem varma- og aflfræðilögmálum er beitt til að reikna væntanlegar breytingar.

Niðurstaða: Reiknigildi ýmissa veðurþátta, svo sem þrýstings, raka og vinds við yfirborð jarðar og í háloftum er í daglegu tali nefnd tölvuspá.

Hin eiginlega veðurspá, lýsing á væntanlegum veðrabrigðum, sett fram fyrir notendur sem texti, tölur eða með myndrænum hætti er unnin úr tölvuspánum með hliðsjón af öðrum tiltækum gögnum, svo sem nýjustu veðurathugunum og myndum frá veðurtunglum og veðursjám.

Segja má að lokastig í þróunarferli veðurspár geti verið með tvennum hætti: Annars vegar hlutlægt mat veðurfræðings sem skoðar öll tiltæk gögn og setur niðurstöðurnar fram á þann hátt sem hentar hverju sinni. Og hins vegar tölfræðileg úrvinnsla og niðurstaða sett fram með sjálfvirkum hætti, þó stundum undir eftirliti veðurfræðings.

Ekki eru gerðar langtímaspár hér á landi heldur skammdrægar og meðaldrægar spár, en skammdrægu spárnar gilda í allt að 48 klukkustundir en meðaldrægu spárnar í allt að 10 daga fram í tímann. Spár sem ná lengra fram í tímann en 10 daga kallast langtímaspár.

Veðurstofa Íslands er sem stofnun ábyrg fyrir þeim verkefnum sem þar eru unnin. Forstjóri stofnunarinnar er veðurstofustjóri og ber hann ábyrgð á starfseminni gagnvart umhverfisráðherra.

Svar við 2. spurningu: Mjög erfitt er að sannreyna veðurspár. Jafnvel þótt spáð sé fyrir einstakt spásvæði er veður oft mjög breytilegt innan svæðisins og ekki hægt að ætlast til þess að öllum tilbrigðum sé lýst í ágripskenndum texta sem oftast verður að vera mjög stuttur. Veðurspár fyrir nokkra daga eru gerðar fyrir landið í heild og hljóta því að vera enn erfiðari viðfangs. Gæðaprófun á spám af þessu tagi krefst mikillar vinnu og leggja þarf hlutlægt mat á bæði spár og athuganir og bera þetta tvennt saman á samræmdan og markvissan hátt. Í þessa vinnu hefur ekki verið ráðist af hálfu Veðurstofu Íslands og ljóst er að svo verður ekki á næstu árum. Kemur þar tvennt til. Bæði kostar slíkur samanburður verulega fjármuni og hins vegar er mjög erfitt að fá veðurfræðinga til starfa og mjög fáir leggja fyrir sig veðurfræðinám í dag.

Ýmsar aðrar spár, t.d. spár fyrir einstaka staði settar fram sem spárit eru hins vegar þannig gerðar að auðveldara er að prófa þær. Þessar spár eru bornar reglulega saman við athuganir frá þeim stöðum sem þær eru gerðar fyrir. Spáaðferðirnar eru hins vegar enn í þróun þótt farið sé að nota spárnar og niðurstaða úr prófunum liggur enn ekki fyrir í samræmdu formi. Til að gefa nokkra hugmynd um þessar aðgerðir og samanburð á spám við athuganir vísa ég til skýrslu Veðurstofu Íslands um meðaldrægar spár til Evrópsku veðurreiknimiðstöðvarinnar í Reading á Englandi, en heiti hennar er skammstafað ECMWF, sem gerð var á þessu ári en ætlast er til þess að þær veðurstofur sem nota gögn reiknimiðstöðvarinnar geri árlega grein fyrir hvernig þau eru notuð og hvernig spárnar reynast. Ég er með skýrsluna í höndunum og vil afhenda hv. fyrirspyrjanda hana, en of langt mál yrði að gera henni skil hér.

Svar við 3. spurningu: Veðurstofunni og ráðuneytinu er ljóst að þörf og áhugi er til staðar á veðurspám til nokkurra daga. Alls konar skipulagning og framkvæmdir til sjávar og sveita, ferðaáætlanir og fleira taka mið af slíkum veðurspám. Enn fremur er ljóst að lengri spár, svo sem mánaðarspár sem verið er að gera tilraunir með, bæði í Evrópu, í Evrópsku veðurmiðstöðinni í Reading og víðar geta komið að gagni. Þær spár eru að sjálfsögðu öðruvísi en hinar daglegu spár þar sem þær eru settar fram í líkum á að hver þáttur veðurspár verði yfir eða undir skilgreindu meðalástandi.

Veðurstofan og ráðuneytið gerir sér fyllilega grein fyrir gildi og áhrifum veðurspár. Ætíð verður þó að hafa í huga að ekki má oftúlka spárnar, ekki síst vegna þeirrar tilhneigingar sem gætir að líta á veðurspá sem nákvæma forsögn um komandi veður þ.e. lýsingu á óorðnum veðuratburðum.

Svar við 4. og síðustu spurningu, hæstv. forseti: Eins og áður hefur komið fram eru svokallaðar langtímaspár ekki framkvæmdar hér á landi. Í mörg ár eða allt þar til á fyrri hluta síðasta árs var gerð almenn veðurspá fyrir þrjá daga í senn, en 3. maí 1995 var með breytingu á flutningi veðurfregna í útvarpinu farið að vinna veðurspár fyrir allt að 6 daga fram í tímann. Miðað er við þann dagafjölda sem kannanir frá veðurspárstofunni í Reading sýna að mörkin fyrir því að spá frá degi til dags eru nothæfar, liggja við 6–7 daga. Augljóst er að áreiðanleiki veðurspár minnkar með fjölda daga sem spáð er fyrir og því er eðlilegt að setja

síðustu daga spárinnar fram með öðrum hætti en þá fyrstu, enda er það gert.

Ekki liggja fyrir endanlegar ákvarðanir um þetta sem stendur, enda þarf að athuga fleiri þætti í tengslum við veðurspár, bæði fyrir útvarp, blöð og aðra. Þannig gefur sú reynsla sem fengin er af framsetningu veðurspáa til nokkurra daga tilefni til endurskoðunar auk þess sem þróun í spágerð og upplýsingamiðlun almennt er svo ör að sífellt verður að endurskoða þennan þátt.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, svo langt sem þau ná, og að eiga von á frekari gögnum. Það eru nokkur atriði til viðbótar eftir að hafa hlýtt á svar hæstv. ráðherra. Það er hvernig staðið er að veðurspá. Gerð var nokkur grein fyrir því í svarinu og að veðurstofustjóri væri ábyrgur fyrir spá hverju sinni gagnvart ráðherra. En ég vildi gjarnan fá að vita hvernig menn vinna þetta innan Veðurstofunnar. Er þetta hópverkefni eða er einn og einn á vakt að fitla við þetta einn? Leggja menn saman þá reynslu sem þarna er til þess að hafa veðurspár sem gleggstar og ábyggilegastar? Það skiptir miklu, ekki síst ef um náttúruvá er að ræða og slæmar veðurhorfur, að sem nákvæmast sé spáð og að því megi treysta.

Varðandi langtímaspá hef ég kannski ekki notað rétt hugtök. Ég hafði í rauninni í huga 6 daga spána þegar ég var að tala um langtímaspá. Hún blasir við mér sem slík miðað við það sem hægt er að reikna með. Ég hef lagt eyra við og oft borið þetta saman og mér finnst fylgnin vera næsta lítil oft og tíðum, ekki síst að sumarlagi þegar maður hlustar kannski meira með tilliti til eigin ferðaáætlana o.s.frv., og mjög valt að treysta þannig að ég hvet til þess að menn endurskoði það hvort ástæða er til að hafa þennan lestur uppi. Þetta mun vera komið allt saman frá Reading í Englandi og endurtekið hér og ég er ekki viss um að það sé sú gagnrýna skoðun á því sem skyldi. Mér finnst að framsetningin gefi tilefni til að ætla að það sé áreiðanlegri forsögn að baki heldur en síðan reynist. (Forseti hringir.) Ég held að það sé mikil ástæða til þess, virðulegur forseti, að reyna að tryggja sem best gæðaeftirlit innan Veðurstofu Íslands eins og auðvitað í öðrum stofnunum þannig að menn læri af reynslunni og haldi sem best á málum. Margt annað fróðlegt kom fram í svari ráðherra en tíminn leyfir ekki umræðu um það.

[14:30]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins út af því hvernig staðið er að veðurspánni á stofnuninni þá verð ég að lýsa því yfir að ég hef ekki um það nákvæmar upplýsingar og veit ekki hversu veðurfræðingarnir okkar haga sínu samstarfi eða vinnu á stofnuninni. Mér þykir þó sennilegra, en það er bara persónuleg skoðun, að þessir ágætu menn vinni saman og beri saman bækur sínar a.m.k. þegar þeir hafa tök á því. En svo kann auðvitað að vera að á ákveðnum tímum sólarhrings sé aðeins einn slíkur á vakt og beri þá aðeins einn ábyrgð á spánni. En þetta er algjörlega byggt á hugmyndafræði þess sem hér stendur en ekki á vitneskju frá stofnuninni. En eins og kom fram í svari mínu er starfsemi Veðurstofu Íslands í heild á ábyrgð veðurstofustjóra og þarf ekki að tilgreina það frekar.

Varðandi hugtök þá skiptir það kannski ekki öllu máli, en rétt skal vera rétt, og af hálfu vísindamanna kalla þeir langtímaspá þá spá sem er lengri en 10 dagar, okkur finnst oft 6–10 daga spá vera langtímaspá og spá langt fram í tímann í veðurfari eins og tíðkast hér hjá okkur sem er síbreytilegt og þess vegna sjálfsagt rétt gagnrýni hjá hv. fyrirspyrjanda að upplýsingar sem koma frá veðurspárstofum erlendis geti ekki alltaf sagt til um það hvernig veður og vindar blása í þröngum dölum og fjörðum hér á Íslandi. Ef til vill þyrfti að reyna að skoða það betur af okkar hálfu hvort tök eru á nákvæmari spám fyrir einstaka staði þ.e. minni landfræðileg svæði eða veðurspársvæði eða hvað við köllum það til þess að spárnar gætu verið nákvæmari en þá hygg ég líka að það sé erfiðara að gera þær til lengri tíma hvort sem það er nú skammtímaspá eða meðaldræg spá eins og hér var talað um.

Staðlar fyrir gistirými í fjallaskálum.

Fsp. HG, 124. mál. — Þskj. 135.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 135 flyt ég svohljóðandi fyrirspurn til umhvrh. um staðla fyrir gistirými í fjallaskálum:

1. Hvaða reglur gilda um gistirými og aðra aðstöðu í fjallaskálum og sæluhúsum hérlendis?

2. Hver eru rökin fyrir settum reglum?

3. Telur ráðherra ástæðu til að reglum þessum sé breytt?

Ástæðan fyrir því að ég ber fram fyrirspurn um þetta efni hér á Alþingi er sú að á ráðstefnu sem Ferðafélag Íslands efndi til nýlega varðandi ferðamál og ekki síst skipulag á miðhálendi Íslands urðu nokkrar umræður um þetta mál. Þar kom fram að uppi væru kröfur um það af hálfu stjórnvalda að fylgja ákveðnum stöðlum varðandi gistirými, þar á meðal rúmmetratölu á hvern þann sem gistir í skálum á vegum Ferðafélags Íslands. Ég geri ráð fyrir að það gildi þá um alla slíka gistiskála eða sæluhús í óbyggðum. Það sýndist mjög snúið að uppfylla þessar kröfur. Svo dæmi sé tekið hefðu þessar kröfur þær afleiðingar hvað varðar möguleika á fjölda þeirra sem gista mega í skála Ferðafélagsins við Drekagil við Öskju, en þar gerir Ferðafélagið nú ráð fyrir að rúmist 20 manns, að ef fylgt væri þeim stöðlum sem fram hafa verið bornir þá væri aðeins heimilt að þar gisti fjórir. Og sjá menn þá hver vandi er á höndum. Nú ætla ég ekki að draga í efa að það sé nauðsynlegt að gæta fyllsta hreinlætis og að kröfur um hreinlæti og sorphirðu og hvaðeina af þeim toga þurfi að vera uppfylltar og í góðu lagi. En ég er ekki alveg viss um að það sé rétt að yfirfæra staðla á gistirými, t.d. í bændagistingu, yfir á gistingu í fjallaskálum. Það hefur það nú verið hluti af rómantíkinni jafnvel að tveir sofi í sama fleti, svona upp á gamla mátann, og væri það þá aftekið ef krafan um 5 eða 6 m^3 rými fyrir gest yrði uppfyllt.

Það liggur líka fyrir, ég hef fengið upplýsingar um það frá Ferðafélagi Íslands, að kröfurnar eru mjög óskýrar sem Ferðafélaginu berast, hvaða skilyrði þurfa að vera uppfyllt til þess að þessi rekstur fái starfsleyfi á hinum einstöku stöðum. Það mun ekki vera nema í Þórsmörk þar sem skáli Ferðafélagsins hefur raunverulega starfsleyfi. Annars staðar er þetta ekki frágengið. Þetta er auðvitað mjög bagalegt og nauðsynlegt að marka skýra stefnu og ég vona að það skýrist af svari hæstv. ráðherra.

[14:36]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Tímans vegna ætla ég að hafa það eins og áðan að endurtaka ekki spurningarnar.

Svar við 1. tölul. fyrirspurnar hv. 4. þm. Austurl. hljóðar svona: Um gistirými í fjallaskálum og sæluhúsum er að finna ákvæði í nokkrum reglugerðum. Í 6. gr., tölul. 10.7.8. í byggingareglugerð, nr. 177/1992, segir að um sæluhús, fjallaskála, veiðihús, skíðaskála, svefnskála og vinnubúðir, leitarkofa, björgunarskýli og þess háttar hús gildi ákvæði byggingareglugerðar, brunamálareglugerðar, heilbrigðisreglugerðar, reglugerðar um veitinga- og gististaði og reglur um húsnæði vinnustaða eftir því sem við á. Þannig að ýmislegt er nú upptalið sem skuli framfylgja. Í öllum framangreindum reglugerðum eru gerðar nokkuð strangar kröfur til gistirýma í fjallaskálum.

Í 69. gr. heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, eru gerðar kröfur til þess að gistiskálar skuli hafa baðaðstöðu fyrir gesti svo og salerni fyrir karla sér og konur sér. Ekki skuli svefnrými gistiskála miða við minna rými 6 m³ á hvern gest en heilbrigðisnefnd er þó heimilt að leyfa 5 m³ á hvern gest séu notaðar kojur.

Í reglugerð um veitinga- og gististaði, nr. 288/1987, en sú starfsemi heyrir reyndar undir samgrn., segir í 23. gr. að gistiskálar séu gististaðir með svefnpokagistingu með eða án rúmfata, ýmist í herbergjum eða svefnsölum. Í 24. gr. segir að í gistiskála skuli vera svefndýnur og gestir skuli eiga aðgang að viðeigandi salernis- og hreinlætisaðstöðu sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Í 11. gr., 1. tölul. 2., um brunavarnir og brunamál, nr. 269/1978, en sú reglugerð heyrir undir félmrn., segir að hús með svefnplássum fyrir 10 manns eða færri skuli a.m.k. uppfylla öryggiskröfur fyrir íbúðarhús. Sé um timburhús að ræða gildi strangari kröfur en þegar um steinhús er að ræða með hliðsjón af stöðlum sem byggjast á stærð og umfangi húsanna. Byggingar með svefnplássi fyrir allt 20 manns þurfa sérstaka úttekt eldvarnaeftirlitsins og gera þarf brunatæknilega hönnun á öllum byggingum með fleiri en 20 svefnplássum og þarf samþykkt Brunamálastofnunar ríkisins.

Svar við 2. tölul. fyrirspurnarinnar er: Rökin fyrir þeim reglum sem ég hef lýst eru einfaldlega þau að sömu reglur eigi að gilda um þess konar byggingar og almennt húsnæði og sömu kröfur eigi að gera til umhverfis slíkra húsa og annarra húsa. Er það gert til þess að ekki hljótist af heilsutjón og umhverfisspjöll og að í boði sé viðunandi aðstaða með tilliti til almenns hreinlætis og annars aðbúnaðar. Það eru því öryggissjónarmið sem hér búa að baki bæði gagnvart þeim sem sækja slíka skála heim og eins gagnvart umhverfinu. Hafa verður í huga að í mörgum tilvikum er seldur aðgangur að slíkum skálum.

Enn fremur er rétt að geta þess að við gerð heilbrigðisreglugerðar á sínum tíma var sá skilningur lagður í ákvæði um gistiskála að þau ættu að ná yfir þær gerðir skála sem almennt tíðkast sem einfaldir svefnskálar. Er þar átt við ýmiss konar fjallaskála og skíðaskála sem oft er nefnt svefnpokapláss.

Sem svar við 3. tölul. fyrirspurnarinnar, sem fjallar auðvitað nokkuð um persónuleg viðhorf ráðherrans, vil ég segja að sjálfsagt má segja að þær reglur sem hér hefur verið vitnað til séu ásættanlegar þó eflaust sé pottur brotinn víða varðandi framkvæmdina og vissulega mikil spurning hversu langt á að ganga í því að gera ströngustu kröfur til t.d. baðaðstöðu, salerna og slíkra hluta í gistiskálum til fjalla eða fjallaskálum þó ég ætli ekki að gera lítið úr þörf fyrir slíka aðstöðu. En sjálfur hef ég reynslu af því að gista í skála eða kofa svipuðum þeim sem hv. fyrirspyrjandi var að lýsa þar sem a.m.k tveir þurftu að sofa í kojum og ég hygg að þegar 20 voru komnir þar inn hafi nú ekki verið 6 m³ og ekki einu sinni 5 m³ á hvern sem þar gisti þá nótt.

Hugsanlegt er því að endurskoða meginreglur um gistirými almennt, miðað við breyttar aðstæður frá þeim tíma sem núgildandi reglur voru settar, en þar eru reglurnar um brunavarnir og brunamál elstar eða frá 1978. Í slíkum tilvikum þyrfti þá að skoða gistiskála sem nú eru í notkun og hugsanlega flokkun þeirra með tilliti til mismunandi kröfugerða. Í þessu tilviki vil ég upplýsa að starfshópur á vegum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga mun á næstunni fjalla um gistiskála á hálendinu með hliðsjón af ákvæðum heilbrigðisreglugerðarinnar. Ég vænti þess að fá tillögur þessara aðila fyrir næsta vor en tek fram að það eru eingöngu málefni Hollustuverndar og heilbrigðiseftirlitsins og svo Skipulags ríkisins og byggingareftirlitsins, sem heyra undir umhvrn., sem ég á færi á að breyta. Ég vek einnig athygli á að frv. til skipulags- og byggingarlaga er til meðferðar hér á hv. Alþingi. Í framhaldi af því verður sett ný byggingarreglugerð og gefst þá tækifæri til þess að taka á byggingarþætti þessa máls. En varðandi reglugerðir sem heyra undir önnur ráðuneyti verða aðrir ráðherrar að svara fyrir.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Margt fróðlegt kom hér fram. Mitt ráð til hæstv. ráðherra varðandi þessi mál er að ég tel að þau þurfi að taka mun heildstæðari tökum heldur en verið er að gera þó að góðra gjalda sé vert að þarna séu tveir aðilar á vegum umhvrn. sem eru að fara yfir málin. Ég tók ekki eftir að það væri neitt samráð tilskilið þar við þá sem standa að viðkomandi rekstri. Og vegna þess að hér eru mál sem heyra undir mismunandi ráðuneyti þá hvet ég hæstv. umhvrh. til þess að efna til samstarfs við þau ráðuneyti sem í hlut eiga, fá þaðan aðila og leiða alla þessa aðila saman og fá inn í skoðun málsins hagsmunaaðilana, ferðafélögin, hvort sem þau heita Ferðafélag Íslands, Útivist eða öðrum nöfnum, og aðra þá sem hlut eiga að máli því þarna eru leitarskálar líka, það eru þá samtök bænda, þetta eru gangnamannakofarnir sem þarna falla undir. Mér sýnist að þetta sé allt saman í hers höndum miðað við þær reglur sem settar eru að því er varðar rými þannig að hæstv. ráðherra grípur sennilega til lokunar í stórum stíl ef hann ætlar að framfylgja settum reglum. Ég er ekki að hvetja til þess. Ég hvet til þess að þetta sé skoðað, það sé lagt raunsætt mat á það, menn séu kannski ekki með of miklar og harðar kröfur varðandi rými. Ég held að hreinlætiskröfurnar séu þýðingarmiklar. Ég hvet til þess að litið verði til nágrannalanda t.d. Noregs. Það er fullyrt að svona kröfur, varðandi t.d. rými, séu ekki uppi hafðar í því mikla fjalla- og ferðamannalandi Noregi og hvers vegna ekki að leita fanga þar? Ég hef ekki heyrt neinar kvartanir þar. Ég hef sjálfur gengið svolítið um það góða land og notað skála þar og mér sýnist að þar sé nokkuð vel á málum haldið. Ég hvet hæstv. ráðherra eindregið til þess að taka málin heildstæðum tökum og efna til nauðsynlegs samráðs um málið og það hið fyrsta áður en til ónauðsynlegra árekstra

þurfi að draga vegna þess að ekki séu tengsl milli aðila eða eðlileg málstök.

[14:43]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, eins og fram kom í svarinu, að hér er um margar reglugerðir að ræða og settar fram kröfur sem ég sagði áðan að ég teldi að kannski mætti endurskoða. En það er eins og stundum áður þessi spurning um að fá menn til að vinna saman, ná utan um málaflokkana í heild sinni og ekki síst þá sem ganga þvert á ráðuneyti. Ég geri ekki lítið úr þörf á því og þigg gjarnan góð ráð og vil segja við hv. fyrirspyrjanda og aðra hv. þm. að ég hef lagt á það áherslu í sambandi við þau störf sem unnin hafa verið á vegum umhvrn. — t.d. í sambandi við þá nefnd sem vinnur að tillögum um skipulag miðhálendisins, að hún hafi gott samstarf við alla aðila sem hún telur að mál varði. Það hef ég rætt ítrekað við formann nefndarinnar og það mun ég reyna að gera í þessu máli líka — að haft verði samráð við þá aðila sem helst geta talist hagsmunaaðilar í þessu efni, t.d. ferðafélög og ýmis áhugamannafélög um hvers konar útivist. En það er afar erfitt að búa til samstarfshóp eða nefnd með öllum þessum aðilum því þeir eru fjölmargir. Þetta er gríðarstór hópur. Ég hef að vísu reynt að beita mér fyrir því að þeir vinni saman um einstök málefni og má þar t.d. nefna væntanlega endurskoðun á lögum um náttúruvernd þar sem ég sendi fjölmörgum slíkum hagsmunaaðilum eða félagahópum samhljóða bréf og bað þá að koma sér saman um mann í nefnd til að fjalla um það mál og ég fékk reyndar sameiginlega tillögu um fulltrúa í endurskoðunarnefndina frá ég held níu félagasamtökum þannig að ég hef viljað beita mér fyrir slíku.

Þátttaka ríkisins í náttúrustofum í kjördæmum.

Fsp. HG, 125. mál. — Þskj. 136.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 136 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um þátttöku ríkisins í náttúrustofum í kjördæmum.

1. Hvaða kröfur telur ráðuneytið að heimaaðilar þurfi að uppfylla um aðstöðu og annan undirbúning áður en heimild fyrir aðild ríkisins að náttúrustofu í kjördæmi er notuð, sbr. II. kafla laga nr. 60/1992?

2. Hvaða ástæður getur ráðuneytið haft til að blanda sér í deilur heimamanna um staðarval fyrir náttúrustofur í kjördæmi?

Tilefni þess að ég ber þessa fyrirspurn fram er að sem betur fer hefur í vaxandi mæli verið notuð sú heimild sem veitt var með lagasetningunni í tilvitnuðum lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Þannig hafa risið upp í nokkrum kjördæmum náttúrustofur sem hafa lögbundnum verkefnum að sinna. Þessi þróun hefur verið bærilega ör frá því að lögin voru sett. Hér er um að ræða, þar sem náttúrustofurnar eru, starfsemi sem heimaaðilar bera í raun ábyrgð á, eru rekstraraðilar að þessum stofum, en ríkið leggur til skilgreindan stuðning samkvæmt 10. gr. nefndra laga. Sá ríkisstuðningur er veruleg hvatning og hefur greitt fyrir því að þessar stofur hafa risið ein af annarri undanfarin ár. Ég rakst þann 4. nóv á frétt um það að í Norðurlandi vestra væru uppi deilur um staðsetningu náttúrustofu. Í blaðafréttinni sagði ma.a., með leyfi forseta: „Umhvrn. hefur ákveðið að þriggja manna starfshópur verði skipaður til að velja stofunni stað." Síðan er um það fjallað. Þetta varð hvatinn til þess að spyrja um það sem kemur fram í 2. lið. Ég tel mig nú eiga nokkuð í þessari lagasetningu, án þess að fara frekar út í það, og tel ég ástæðu til að vekja athygli á því að í lögunum er í raun gert ráð fyrir því að rekstraraðilar komi sér saman, þ.e. heimaaðilarnir komi sér saman um staðsetningu og tilhögun starfseminnar en ríkið veiti ákveðinn stuðning. Ég var satt að segja mjög undrandi á því að umhvrn. færi að hlutast til um að verða einhvers konar sáttasemjari eða að ganga á milli nokkurra staða á Norðurlandi vestra sem hefðu áhuga á að fá þessa starfsemi og hélt að þannig væri um hnúta búið í lögunum að ríkið gæti bara dokað við og látið menn koma sér saman og sagt: Það er skilyrði þess að þið fáið þennan ríkisstuðning.

[14:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Enn skal ég reyna að svara eins ítarlega og ég get þessum spurningum frá hv. 4. þm. Austurl. í tveimur töluliðum.

Við fyrri tölulið er svarið á þessa leið: Samkvæmt 9. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, er umhvrh. heimilt að leyfa starfrækslu einnar náttúrustofu með ríkisaðild í hverju kjördæmi. Slíkar náttúrustofur starfa í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og getur starfsemi þeirra verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Einnig er kjördæmunum heimilt að sameinast um eina náttúrustofu. Samkvæmt 10. gr. er gert ráð fyrir því að héraðsnefndir, sveitarfélög eða aðrir heimaaðilar geti átt og rekið náttúrustofur með stuðningi ríkisins. Framlag ríkissjóðs til náttúrustofu takmarkist við laun forstöðumanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og bóka- og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum.

Samkvæmt þeirri stefnu sem umhvrn. hefur mótað um uppbyggingu náttúrustofa í kjördæmum er við það miðað að ein náttúrustofa verði tekin í notkun á ári frá árinu 1994 til og með 1999. Árið 1994 tók til starfa Náttúrustofa Austurlands í Neskaupstað, árið 1995 Náttúrustofa Suðurlands í Vestmannaeyjum og í ár Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Um hlutverk og starfsemi þessara náttúrustofa er nánar kveðið í reglugerð fyrir hverja og eina þeirra. Á næsta ári tekur til starfa Náttúrustofa Vesturlands í Stykkishólmi. Á árinu 1998 væntanlega Náttúrustofa Norðurlands vestra en staðsetning hennar er enn óákveðin eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, og 1999 Náttúrustofa Reykjaness og er staðsetning þar enn fremur óákveðin.

Lengra ná áform ráðuneytisins ekki en hafa verður í huga að bæði í Reykjavík og í Norðurlandskjördæmi eystra á Akureyri eru rekin setur Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að ráðuneytið hefur metið þröfina meiri annars staðar fyrir náttúrustofurnar.

Þær kröfur sem ráðuneytið gerir til heimaaðila í tengslum við rekstur náttúrustofu er að formleg beiðni um rekstur berist ráðuneytinu t.d. frá sveitarfélagi og að um staðsetninguna sé sátt í kjördæminu. Sú varð raunin á Austurlandi, Suðurlandi og á Vestfjörðum. Þó má segja um Suðurland að fram hafa komið fyrirspurnir um það hvort náttúrustofan geti

starfað á fleiri en einum stað, þ.e. í Vestmannaeyjum eins og er nú. Hins vegar náðist ekki samkomulag innan Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi um staðsetningu náttúrustofunnar þar. Ráðuneytinu barst formleg beiðni frá Stykkishólmsbæ. Ráðuneytið leitaði sérstaklega eftir því að Samband sveitarfélaga á Vesturlandi gerði tillögu um staðsetningu en sambandið tók ekki afstöðu í málinu. Þar sem ekki hafði borist formleg beiðni eða tillaga um staðsetningu náttúrustofu á Vesturlandi frá öðrum aðilum en Stykkishólmsbæ var ákveðið að setja stofuna niður í Stykkishólmi. Á Norðurlandi vestra náðist ekki samkomulag um staðsetningu náttúrustofu en umsóknir bárust frá Skagaströnd, Sauðárkróki og frá Hólum í Hjaltadal. Hins vegar varð að samkomulagi að settur yrði á fót tillöguhópur skipaður fulltrúum ráðuneytisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og heimamanna og mun hann gera tillögur um staðsetningu stofunnar. Auk samstöðu í héraði og þeirra atriða sem lög gera beinlínis ráð fyrir, svo sem tryggingu um jafnhátt framlag frá heimaaðilum, hefur ráðuneytið lagt á það áherslu að stofnun náttúrustofu byggist á reglugerð þar sem fram komi hvert skuli vera hlutverk hennar og sérstaða t.d. út frá náttúrufari viðkomandi svæðis og ætlunin er að leggja áherslu á í störfum hennar. Enn fremur þarf hlutaðeigandi aðili að útvega hentugt húsnæði sem ráðuneytið og Náttúrufræðistofnun Íslands telja fullnægjandi, ráða sér þar hæfan framkvæmdastjóra, taka að sér bókhald og útréttingar fyrir stofnunina og þess háttar.

Varðandi síðari tölulið fyrirspurnarinnar vil ég fyrst segja að mér finnst gæta í spurningunni sjálfri ef til vill nokkurs misskilnings, að ráðuneytið sé að blanda sér í deilur heimamanna. Við viljum auðvitað ná sátt um málið. Og út af því og í sambandi við þennan þriggja manna starfshóp, sem ég nefndi í svari við fyrri tölulíðnum, vil ég segja að eins og þegar má ráða af því sem kom fram í því svari hefur ráðuneytið lagt á það áherslu að samstaða náist milli hlutaðeigandi sveitarfélaga um stofnun og rekstur náttúrustofu í kjördæmum. Í einu tilviki hefur ráðuneytið þurft að taka ákvörðun án þess að fyrir lægi samstaða milli sveitarfélaga en það er á Vesturlandi. Þar lá þó eins og áður segir aðeins fyrir ein formleg beiðni. En samband sveitarfélaga á svæðinu vísaði málinu frá sér. Þegar svo var komið var annaðhvort um það að ræða að hætta við stofnun náttúrustofu á svæðinu á árinu 1997 eins og þegar hafði verið stefnt að eða breyta forgangsröðun. Að vel íhuguðu máli sá ráðuneytið ekki ástæðu til þess að grípa til slíkra ráðstafana, ekki síst vegna þess að Náttúrustofu Vesturlands tengist önnur starfsemi sem bundin er í lögum nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar. Hafa verður einnig í huga að starfsemi náttúrustofu getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Þannig er ekki loku fyrir það skotið að reknar verði fleiri náttúrustofur í hverju kjördæmi en ein þegar fram líða stundir.

Sú niðurstaða sem fékkst í Norðurlandskjördæmi vestra byggðist á samkomulagi við samband sveitarfélaga í kjördæminu þannig að samkomulag er um þessa málsmeðferð. Ráðuneytið mun aldrei blanda sér í deilur heimamanna um staðarvalið. Hins vegar kann málum að vera þannig háttað að ráðuneytið verði að taka af skarið.

[14:55]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka skilmerkileg svör hæstv. ráðherra. Ég ítreka það að ég er mjög ánægður með þann gang mála sem hefur verið í þessu, hversu mörg kjördæmi hafa hagnýtt sér lagaákvæðin um þessi efni og að bæði núv. og fyrrv. hæstv. umhvrh. hafa veitt þá heimild sem þarna er í lögum. Þetta tel ég allt mjög til bóta og hafa gengið fyllilega að vonum að koma þessu á. Ég vænti talsvert mikils af þessari starfsemi. Ég er líka sammála því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að eðlilegt sé að þau kjördæmi, sem njóta þess að hafa setur Náttúrufræðistofnunar Íslands, mæti frekar afgangi eða komi þá síðar en rekstur náttúrustofa með ríkisstuðningi.

En varðandi deiluefnið þá er ég ekki alveg viss um að við séum hundrað prósent sammála, við hæstv. ráðherra. Ég legg nefnilega mikið upp úr því að heimaaðilar finni að þeim ber skylda til þess, ef þeir gera kröfu til framlags af ríkisins hálfu, að setja niður deilur sínar og komast að skynsamlegri niðurstöðu og málamiðlun án íhlutunar ríkisins eða umhvrn. í þessu tilviki. Og sem einn af höfundum þessara laga á undirbúningsstigi taldi ég að þannig væri um hnútana búið að þessi svokallaða gulrót, þessi hvatning ætti að nægja til þess að menn kæmu sér saman með eðlilegum hætti og svo þetta ákvæði um að hægt væri að koma svona starfsemi á víðar en á einum stað í kjördæminu ef svo bæri undir að menn vildu deila upp rekstrinum. En ríkisstuðningurinn er bara einn og tilgreindur í lögum að hámarki eða reyndar lögbundið hver hann skuli vera. Vonandi leysast þessi mál og ekki ætla ég út af fyrir sig að leggjast neitt á móti því að hæstv. ráðherra og hans ráðuneyti leggi sig fram um að þarna náist ásættanleg niðurstaða. Hitt hefði ég talið betra að doka við og segja: Þið verðið að koma ykkur saman, þá skal ég nota heimildina.

[14:57]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Örstutt í tilefni umræðnanna. Ég vil árétta þá fyrst að við erum á stórkostlegri framfarabraut í náttúruverndarmálum með tilkomu nýrra laga um Náttúrufræðistofnun Íslands. Stofnun setranna á Akureyri og í Reykjavík lofar mjög góðu og þar er uppbygging í fullum gangi. En ég vil almennt séð ítreka og brýna fyrir mönnum, og þar með hæstv. ráðherra, að skilaboð stjórnsýslunnar um málsmeðferð verða að vera skýr. Ef menn fá það á tilfinninguna úti um land, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur bent á, að það dugi að menn sæki um að fá þetta til sín, þá fær ráðuneytið að sjálfsögðu umsókn frá Skagaströnd, Sauðárkróki og Hólum í Hjaltadal. Ef skilaboðin eru alveg skýr um það að menn eigi að koma sér saman heima fyrir um hvernig þeir vilji haga þessum málum og sækja síðan um eins og lögin gera ráð fyrir, og það er tvímælalaust lögð á það áhersla, þá eflum við valddreifingu og komumst hjá hnútum í stjórnkerfinu.

[14:59]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Fegnastur væri ég að sjálfsögðu, og tek undir með tveimur hv. þm. sem hér hafa tjáð sig í máli þessu, að heimaaðilar kæmu sér saman um málið og auðvitað má segja að þeim beri kannski til þess skylda. En þegar samnefnari fyrir sveitarfélögin á viðkomandi svæði, eins og gerðist á Vesturlandi, hafnar afskiptum af málinu og beinlínis vísar því frá sér þá er kannski úr vöndu að ráða. Að vísu var það tiltölulega auðvelt fyrir ráðherra í því tilviki af því að það var ekki nema ein formleg umsókn sem lá fyrir, þ.e. frá Stykkishólmi. Hins vegar höfðu borist óformleg erindi og hugmyndir um að setja stofuna upp víðar, t.d. í Borgarnesi, á Hvanneyri og nú síðast í Grundarfirði.

Reyndar kom formlegt erindi frá þeim en það var eftir að ákvörðun hafði verið tekin þannig að ég var seinast í dag að svara því ágæta sveitarfélagi um það hvernig að þessari ákvörðun hefur verið staðið. Ég er því miður ekki með þau bréfaskipti en hefði getað gefið hv. þm. upplýsingar um það álit og þá afstöðu sem kom fram hjá Sambandi sveitarfélaga í Vesturlandi varðandi málið. Ég álít enn að um staðsetningu stofunnar í Norðurlandi vestra geti orðið samkomulag eða samstaða og þá hafi þar auðvitað mest að segja afstaða heimamanna en það er Samband sveitarfélaga í Norðurlandi vestra sem á fulltrúa í nefndinni. Það er stjórn þeirra samtaka sem hefur tilnefnt þann fulltrúa til þess að vinna þetta verk. Þá væri enginn ánægðari en ég ef um það næðist samkomulag og ég þurfi ekki að taka á einhverjum öðrum forsendum afstöðu til þess hvar stofuna eigi að reisa, ef það á þá ekki hreinlega að hætta við það sem ég held að væri nú ekki rétt. En þar sem ég er afar lítill lögregluaðgerðamaður og vil gjarnan að málum sé stýrt með öðrum hætti, helst með góðu samkomulagi, eins og fram hefur komið hér í svörum við öðrum fyrirspurnum í dag, þá væri ég því fegnastur og vona það enn að um það náist samkomulag og sátt hvar náttúrustofa í Norðurlandi vestra muni rísa.

Jafnréttisfræðsla í grunn- og framhaldsskólum.

Fsp. SF, 153. mál. — Þskj. 169.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 169 legg ég eftirfarandi spurningu fyrir hæstv. menntmrh. varðandi jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum úr nýlegri könnun ráðuneytisins um framkvæmd og skipulagningu jafnréttisfræðslu í grunn- og framhaldsskólum sem sýnir að jafnréttisfræðsla er ekki skipulögð sérstaklega í 85–90% skólanna?

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um jafnréttisfræðslu í skólum. Þar segir í III. kafla um menntun, með leyfi forseta:

„Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal kynjum ekki mismunað. Skylt skal að gæta þessa í námi og kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur. Á öllum skólastigum skal veita fræðslu um jafnréttismál, m.a. með því að leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Gæta skal þess sérstaklega að kennslutæki og kennslubækur séu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skal leitast við að kynna bæði piltum og stúlkum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin karla- eða kvennastörf.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessarar greinar í samráði við Jafnréttisráð. Ráðuneytið skal fylgjast með þróun jafnréttismála í skóla- og uppeldisstarfi, m.a. með reglubundnum rannsóknum."

Eins og flestir vita hefur menntmrn. á undanförnum árum unnið að því að móta stefnu og setja markmið um jafna stöðu kynja í skólum. Það er mjög jákvætt. Skýrslur og rit hafa verið send skólunum, m.a. til að veita upplýsingar og vera kennurum til leiðbeiningar í jafnréttismálum. Því miður kemur fram í ofangreindri könnun sem ég vitna hér til að þessi rit eru ekki notuð eða lítið sem ekkert notuð. T.d. var skýrslan um jafna stöðu kynja í skólum, stefnu, markmið og leiðir, í 45% tilfella ekki notuð eða nýttist fremur illa í 20% tilfella og er það mjög alvarlegt.

Fyrir ári síðan sendi menntmrn. út spurningalista til að fá upplýsingar um hvernig skólarnir stæðu að jafnréttisfræðslu. Niðurstöðurnar eru að mínu mati mjög sláandi. 85% grunnskóla skipuleggja ekki jafnréttisfræðslu sérstaklega. Framhaldsskólarnir standa enn verr en 90% þeirra skipuleggja ekki jafnréttisfræðslu.

Þeir örfáu skólar sem skipuleggja jafnréttisfræðslu sérstaklega gera það nánast allir með skólanámskrá eða námsvísi. Að mínu mati er mjög óeðlilegt hve fáir skólar skipuleggja slíka kennslu af því að við vitum öll að það er viðhorfið sem mótast einmitt í náminu hjá börnum. Því langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggst bregðast við þessum niðurstöðum. Og þar sem nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á skólanámskrá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort til greina komi að sú nefnd sem vinnur að því að endurskoða skólanámskrá fái það í veganesti að skipuleggja sérstaklega jafnréttisfræðslu í skólum.

[15:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti það er rétt sem fram hefur komið að í könnun sem framkvæmd var á vegum menntmrn. kemur fram að 84,7% grunnskóla og 89,5% framhaldsskóla skipuleggja ekki jafnréttisfræðslu sérstaklega og aðeins um 17% skóla segjast fjalla um jafnréttisfræðslu í skólanámskrá eða námsvísi. Það er athugandi að 77% grunnskóla og 76,9% framhaldsskóla svöruðu könnuninni. Þetta þýðir ekki að skólarnir sinni ekki einhverri jafnréttisfræðslu. Í þeim grunn- og framhaldsskólum þar sem jafnréttisfræðsla fer fram er hún tekin fyrir í ákveðnum námsgreinum eða í ákveðnum verkefnum eða þemum. Í grunnskólum er algengast að bekkjarkennari sinni jafnréttisfræðslunni, 80,2% þeirra sem svara. En í framhaldsskólum er algengara að ákveðinn eða ákveðnir kennarar sinni henni, 51,3%. Í grunnskólum er algengast að flétta jafnréttisfræðslu inn í samfélagsfræði eða samfélagsgreinar og íslensku. Jafnréttisfræðsla fer því fram í mörgum skólum þótt hún sé ekki skipulögð sem sérstakt verkefni.

Í könnuninni var m.a. spurt um hvort veitt væri jafnréttisfræðsla til að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi eins og kveðið er á um í jafnréttislögum. Fram kemur að um 60% skóla segja að talsverð fræðsla sé veitt en um 30% skóla að um litla fræðslu sé að ræða.

Um þessar mundir er verið að ljúka við samantekt úr niðurstöðum könnunarinnar til að senda öllum grunn- og framhaldsskólum. Könnunin og niðurstöður hennar eru í sjálfu sér áminning til þeirra sem þurfa að taka sig á í jafnréttisfræðslu. Full ástæða er til að hvetja skólana til að gera sérstaka jafnréttisáætlun eins og margar opinberar stofnanir hafa raunar gert. Í skólanámskrá hvers skóla þyrfti að fjalla um markmið og leiðir í jafnréttisfræðslu. Sú umfjöllun ætti bæði að vera almenn samkvæmt ákvæði 10. gr. jafnréttislaga um menntun og einnig að tengjast hverri námsgrein. Könnunin sýnir að það sem skólarnir telja helst að hindri jafnréttisfræðslu sé skortur á fræðsluefni, fræðslu til kennara og tímaskortur. Fræðsluefni um jafnrétti kynjanna er nú í tilraunakennslu í nokkrum framhaldsskólum og gert er ráð fyrir að allir framhaldsskólar geti nýtt sér efnið á næsta skólaári.

Í undirbúningi er útgáfa handbókar um jafnréttisfræðslu fyrir kennara á öllum skólastigum. Menntmrn. og jafnréttisráð hafa staðið fyrir og styrkt þessar útgáfur. Nauðsynlegt er að kennurum og öðru starfsfólki skóla standi stöðugt til boða námskeið og fræðslufundir. Þetta á við um alla kennara á öllum skólastigum og þyrfti að koma bæði inn í grunn- og endurmenntun. Námskeið sem haldin hafa verið á undanförnum árum hafa tvímælalaust skilað sér í auknu jafnrétti í starfi í nokkrum skólum.

Endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla stendur nú yfir. Þeir sem vinna að því verki munu fá sérstök fyrirmæli um að jafnréttisfræðsla fái verðugan sess í *námskránni*.

[15:08]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa fyrirspurn og ráðherra fyrir skýr svör. Sú könnun sem hér er gerð að umtalsefni var send til 263 skóla og svörun var um 75%. Það er dálítið undarlegt við niðurstöðurnar, eins og fram kom reyndar í svari ráðherra, að þó að meiri hluti kennara eða svarenda segist sinna jafnréttisfræðslu — reyndar segja um 30% að það sé mjög lítil eða engin fræðsla í sínum skóla — þá segja samt yfir 85% grunnskólakennara og tæp 90% framhaldsskólakennara að jafnréttisfræðslan sé ekkert skipulögð. Hvorki virðast skólanámskrár né jafnréttisáætlanir vera mikið notaðar í þessum tilgangi.

Sú sem hér stendur hefur kynnt sér þessi mál mjög vel og staðið að því að fræða kennara um þau og mér er alveg ljóst að það gengur mjög erfiðlega að koma þessu inn í skólana. Eins og fram kom í svari ráðherra er aðallega nefnt þrennt sem kennarar telja að komi í veg fyrir að þessum málum sé sinnt, þ.e. tímaskortur, skortur á fræðsluefni og ónóg fræðsla. Mér sýnist að þar sem mál grunnskólans hafa færst yfir til sveitarstjórna þá verði mikið átak að eiga sér stað þar og ég er mjög bjartsýn á að svo verði gert, samanber nýlega ráðstefnu um þessi mál í Keflavík og öflugt starf jafnréttisfulltrúa í Reykjavík og á Akureyri. En mér sýnist að í framhaldsskólunum verði að eiga sér stað sérstakt átak af hálfu ráðuneytisins þar sem ríkið rekur framhaldsskólana *og vil því hvetja og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann muni* reyna að fylgja þessu eftir betur, sérstaklega með tilliti til framhaldsskólanna. Ég er sammála honum um að það að senda skýrsluna út til skólanna ætti að ýta á eftir þessu máli, en ég tel að það þurfi meira að koma til og þá ekkert minna en átak frá ráðherra sjálfum sem ekki síst þarf að beinast að skólastjórnendum framhaldsskólanna.

[15:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í tengslum við þessa fyrirspurn og svar hæstv. ráðherra koma fram verulegar brotalamir í sambandi við jafnréttisfræðslu sem svo er kölluð og mikil þörf á því að ráða þar bót á.

Ég tel að ýmislegt af því sem hæstv. ráðherra kom að í sínu svari vísi á réttar leiðir í þessum efnum og gefi vonir um að þarna sé verið að vinna að endurbótum. Á það ekki síst við ef þessi mál verða tekin föstum tökum í sambandi við námskrárgerð, endurskoðun á námskrám og útgáfu fræðsluefnis til kennara sem ég held að sé einn þátturinn sem skortir á að hafi legið fyrir sem skyldi. En ég held að eitt meginatriðið í sambandi við svona fræðslu, eins og marghátttaða fræðslu sem er svona sértæk eða varðar tiltekið svið — við þekkjum umræðu um fíkniefni, við þekkjum umræðu um kynfræðslu svo dæmi séu tekin sem oft vill lenda út undan ef ætlast er til að hún sé tekin fyrir sem eitthvert sérstakt efni — sé það að samþætta þetta efni í námsgreinar þar sem það á heima, inn í margar námsgreinar, eins og hæstv. ráðherra raunar vék að í sínu svari, þannig að það falli eðlilega inn í skólastarfið. Það er ekki hægt að byggja upp skólastarf með því að ætla að hafa 20 sértæk efni sem sjálfstæð viðfangsefni í stundaskrá. Það er mjög erfitt að gera það. Ég held því að svona samþætting sé það sem þurfi að koma og muni skila mestu til lengri tíma litið.

[15:13]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við séum okkur meðvituð um það að jafnréttisfræðsla þarf að vera innan skólanna, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla. En það nægir ekki að segja börnum og unglingum að iðka jafnrétti. Þetta fólk þarf að hafa þær fyrirmyndir í daglega lífinu að fræðsla um jafnrétti rími nokkurn veginn eðlilega við þær upplifanir sem það fær bæði innan skóla og utan.

Það var mér mjög dýrmæt reynsla fyrir nokkuð mörgum árum síðan reyndar þegar ég var með jafnréttisfræðslu í 10. bekk og það var einhvers konar viðhorfskönnun sem ég hafði lagt fyrir, þar sem spurt var m.a. um viðhorf til konu sem verkstjóra, að einn drengjanna leit á mig og hann hreinlega skildi ekki af hverju hann átti að vera að hafa viðhorf til þessa *allt í einu. Málið var nefnilega* það að þessi drengur hafði aldrei kynnst öðru. Hann var frá sjómannsheimili og móðirin var verkstjóri á heimilinu. Hann hafði farið í unglingavinnu á sumrin og þar var kona verkstjóri. Hann hafði alltaf haft konu sem kennara, alla sína skólatíð, og þarna var ég, kona, verkstjóri við þessa vinnu og hann leit á mig og skildi hreinlega ekki um hvað var verið að tala og af hverju var verið að spyrja svona asnalegra spurninga. Honum hafði aldrei verið gefinn kostur á öðru. Þannig að þarna rímaði klárlega ekki það sem verið var að reyna að kanna eða segja við þann veruleika sem þessi drengur bjó við. Ég held að það skipti öllu máli fyrir okkur núna að fara að skoða hver veruleikinn er sérstaklega innan skólanna varðandi þær fyrirmyndir sem ekki síst drengir fá þar.

[15:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og láta þess getið að ég er þeirrar skoðunar að til þess að ná árangri í jafnréttisfræðslu í skólum þurfi að efna til sérstaks átaks í þeim efnum og verja til þess fjármunum. Það þýðir ekki að setja almenn ákvæði inn í aðalnámskrá. Það dugir ekki. Í minni tíð sem menntmrh. réðum við tvo kennara til þess að annast þessi verkefni í fræðsluumdæminu Reykjanesi og það skilaði talsvert miklu þar. Ég held að vandinn sé sá að menn hafa ekki gert sér grein fyrir því að þessi starfsemi þarf að vera viðvarandi og alltaf því að ég held að það eigi ekki að líta á jafnréttismál eins og eitthvert verkefni sem menn hlaupa í þegar svo stendur á, heldur eigi að líta á það sem sífellt verkefni sem er alltaf á dagskrá. Það er mikið umhugsunarefni hvort könnun sú, sem nú er vitnað til og hv. fyrirspyrjandi nefndi, gefur alveg rétta mynd af veruleikanum inni í skólunum í þessum efnum. Ég er ekki alveg viss um það án þess að ég geri lítið úr vandanum. En hitt er aðalatriði í mínum huga: Mér finnst að ráðuneytið eigi stöðugt að vera með fólk í þessu því að þetta er verkefni sem verður alltaf að vera í gangi.

[15:16]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspurnina og ráðherra fyrir hans ágæta svar. Ég fagna því að nú fer fram mjög ítarleg vinna í ráðuneytinu varðandi þetta mál. Það kom einnig fram í svari ráðherra að viðhorf hans til þessa málefnis er að það sé mjög nauðsynlegt að koma því í gott horf. Það er afskaplega mikilvægt að slík viðhorf ríki. Ég vil auk þess árétta nauðsyn þess að þessi fræðsla fari fram vegna þeirrar viðhorfsbreytingar sem er nauðsynleg í þjóðfélaginu. Viðhorf ungmenna mótast í námi og starfi í uppvextinum og þess vegna er þetta eitt af þeim grundvallaratriðum sem við þurfum að horfa til í fræðslumálum hjá ungviðinu.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka kærlega fyrir þær miklu umræður sem hafa orðið um þessa fyrirspurn. Síðasti ræðumaður kom inn á að það yrði að verða viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu og það er alveg rétt. En maður spyr sig: Hvernig í ósköpunum á sú viðhorfsbreyting að eiga sér stað hratt og vel ef skólarnir standa sig svo illa í jafnréttisfræðslu sem raun ber vitni?

Mig langar líka að koma inn á það sem nefnt var áðan varðandi þær afsakanir sem skólarnir bera fram, hvað þeir segja, af hverju þeir standa sig ekki. Þeir hafa nefnilega engar sérstakar afsakanir, það er málið. Við skulum taka sem dæmi framhaldsskólann. Það er spurt: Hindrar eitthvað framkvæmd jafnréttisfræðslu? Ónóg fræðsla, hindrar hún? Nei, segja 69% framhaldsskólanna. Tímaskortur, hindrar hann jafnréttisfræðslu? Nei, segja 66,7%. Skortur á fræðsluefni, hindrar hann kennsluna? Nei, segja 55,6%. Þannig eru engar sérstakar afsakanir. 90% skólanna eru ekki með sérstaka jafnréttisfræðslu, en þeir geta ekki gefið neinar sérstakar skýringar á því. Þeir virðast bara ekki hugsa nógu mikið um þessi mál og hafa engin haldbær rök.

Ég vil hins vegar að lokum þakka þau svör sem hæstv. ráðherra gaf og taldi að það væri full ástæða til þess að hvetja skólana til að gera sérstaka jafnréttisáætlun. Það kom líka fram í máli hæstv. ráðherra að nefnd sú sem mun endurskoða skólanámskrána mun fá þau fyrirmæli að jafnréttisfræðsla fái verðugan sess í skólanámskránni.

Mig langar þá að lokum að spyrja hvað það þýði nákvæmlega „að fá verðugan sess í skólanámskránni". Stendur til að skylda skólana til þess að taka upp sérstaka jafnréttisfræðslu sem er skipulögð? Á ráðherrann við það? Ég hefði sjálf viljað sjá að það væri skylda af því að ég held að annars verði þessum málum ekki nógu vel fyrir komið.

[15:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Verði jafnréttisfræðsla hluti af aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla þá er fræðsla í þessum málum hluti af þeirri starfsskyldu sem menn sinna sem starfa í skólunum, það er alveg ljóst, og það er mín ætlan. Ég tel að það sé til frambúðar skynsamlegasta leiðin í þessu máli að jafnréttisfræðslan fái verðugan sess í aðalnámskránni, bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastigið, þannig er best að þessum málefnum verði sinnt í skólunum.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

Fsp. HG, 155. mál. — Þskj. 172.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 172 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um framtíð hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Fyrirspurnin er tvíþætt:

1. Hvaða ástæður hefur ráðuneytið til að leggja til við fjárlagagerð að miða skuli við, eins og segir í texta fjárlagafrumvarps, „að starfsemi Hússtjórnarskólans á Hallormsstað verði hætt í núverandi mynd um mitt næsta ár og húsnæði hans afhent Menntaskólanum á Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að skólinn geti m.a. starfrækt þar nám í samráði við hagsmuna- eða áhugahópa sem greiðist af þátttakendum"?

2. Er ráðherra reiðubúinn, með tilliti til þess að nám í hússtjórnarfræðum er nú óvíða í boði á framhaldsskólastigi og Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað annar ekki eftirspurn, að stuðla að því að skólinn geti orðið hagkvæmari rekstrareining með því að kennslurými við hann verði aukið?

Þessi fyrirspurn snertir mál sem hefur talsvert verið rætt að undanförnu og borið fyrir í fjölmiðlum og hæstv. ráðherra, sem hefur nýlokið heimsókn á Fljótsdalshéraði og kannski víðar á Austurlandi, er vafalaust vel upplýstur um málið.

Það er mikið áhugaefni fólks víða á landinu er mér kunnugt að málefnum Hússtjórnarskólans á Hallormsstað verði skipað með réttsýnum hætti og að ekki verði horfið að því ráði sem tilvitnaður texti, sem á uppruna sinn í menntmrn., gefur tilefni til. Ég vænti þess að hann sé ekki frá hæstv. ráðherra kominn þó hann beri formlega ábyrgð á tillögum sem þaðan koma.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað er mjög sérstæð stofnun með langa sögu að baki frá því að skólinn var stofnaður árið 1930 og rækir fræðslu, sem af ýmsum orsökum leið undir lok en hefur haldið velli og náð að blómstra nú upp á síðkastið með námsframboði í hússtjórnarfræðum og samstarfi við nágrannaskóla sem er Menntaskólinn á Egilsstöðum þannig að þar geti farið fram fræðsla á tilteknum brautum. Þannig hefur á milli þessara skóla tekist samstarf sem lengi hefur verið talað um að væri sjálfsagt og eðlilegt og er það sannarlega vel. Ég legg áherslu á að í grundvallaratriðum verði af hálfu stjórnvalda ekki hróflað við þeim ramma sem Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað starfar innan og að hlúð verði að skólanum þannig að ná megi meiri hagkvæmni og að sinna vaxandi eftirspurn eftir því námi, fyrst og fremst verknámi, sem þar fer fram í greinum sem er óvíða sinnt og alls ekki með þeim hætti sem þarna er boðið.

Ég treysti því að hæstv. menntmrh. hafi skilning á þessum málum og að fljótlega náist ásættanleg niðurstaða í málinu.

[15:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að því er fyrri fyrirspurnina varðar er því til að svara að lengi hefur verið um það rætt bæði á Austurlandi og annars staðar hvort ekki bæri að sameina þar framhaldsskóla og vinna að því að gera þá sterkari með aukinni sameiningu. Er þess skemmst að minnast að Menntaskólinn á Egilsstöðum og Alþýðuskólinn á Eiðum hafa verið sameinaðir og einnig hafa verið hugmyndir um frekara samstarf skólanna á Austurlandi. Í þeim tillögum hafa komið fram hugmyndir oftar en einu sinni um sameiningu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað við aðra framhaldsskóla á svæðinu

þannig að þær hugmyndir sem liggja að baki tillögum í fjárlagafrv. næsta árs eru ekkert nýmæli í sjálfu sér og ættu ekki að koma neinum á óvart sem um þessi mál hefur fjallað sem ég veit að hv. þm. hefur gert. Hann veit vel hvernig þróunin hefur verið varðandi hússtjórnarskólann. Þar hafa verið eins og ætíð skin og skúrir, en nú er svo komið að mikil aðsókn er að skólanum eins og við vitum og það er greinilegt að námið í honum höfðar til fleiri en áður.

Þá er einnig spurning hvort ekki sé heppilegt að skólinn verði formlega séð hluti af stærri heild og, ef þörf er fyrir aukna fræðslu í hússtjórnarfræðum eða handverki, að nýta þá skólann á Egilsstöðum í því skyni því að á Eiðum er t.d. mikið ónýtt húsnæði sem mætti vel hugsa sér að yrði nýtt til handverkskennslu. Þannig gæti Menntaskólinn á Egilsstöðum orðið þessi miðstöð og hússtjórnarskólinn hluti í samstarfi við hann. Ég held að menn hafi velt þessum hugmyndum fyrir sér með auknu samstarfi. Það eru raunar slíkar hugmyndir sem að baki þessum tillögum búa og liggja til grundvallar því að þær hafa verið settar fram.

Það er rétt sem hv. þm. bendir á að áhuginn á því að hússtjórnarskólinn starfi sjálfstæður og óbreyttur er mjög mikill og er sjálfsagt að reyna að virkja þann áhuga með öllum tiltækum ráðum. Ég hef varpað fram þeirri hugmynd hvort menn vilji þá e.t.v. hverfa til þess skipulags sem var á árum áður þegar skólinn var stofnaður 1930 og um nokkurt árabil, að hann verði sjálfseignarstofnun með sérstökum samningi við ríkisvaldið um sína starfsemi og geti þá þróast á eigin forsendum og notið betur þess mikla stuðnings sem hann nýtur miðað við undirtektir sem hugmyndir um sjálfstæði hans hafa fengið að undanförnu.

Að því er varðar uppbyggingu í tengslum við skólann þá ítreka ég að ég tel að í sjálfu sér skorti ekki húsnæði á Austurlandi til handverkskennslu og hússtjórnarkennslu, ef litið er til húsnæðisins að Eiðum og þeirrar aðstöðu sem þar er, en það er að sjálfsögðu ekki nýting á því húsnæði sem er á Hallormsstað og setur þessum skóla mjög sérstakan ramma eins og ég fékk síðast að kynnast í gærkvöldi þegar ég var þar og kynnti mér starfsemi skólans.

Hvað varðar uppbyggingu og framkvæmdir við hússtjórnarskólann vil ég láta þess getið að samþykktar hafa verið tillögur um það að bæta húsnæðið, byggja við húsið og koma þannig í veg fyrir leka sem á því hefur orðið og einnig að bæta aðstöðuna og auka húsrými, en í sjálfu sér er þar ekki gert ráð fyrir auknu kennslurými. Í nágrenni við skólann er ætlunin á næstu mánuðum að rísi nýtt hótel og skólinn hefur menntað fólk til þess að sinna framreiðslustörfum þannig að það kann að vera að þær framkvæmdir auðveldi mönnum að veita betri þjónustu í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, ég ætla ekki að segja neitt um það.

Þetta eru þau almennu svör sem ég get gefið. Ég tel að þær tillögur sem við setjum fram séu vel rökstuddar. Ég tel að það sé rangt að leggja þær þannig upp að við séum að eyðileggja starfið á Hallormsstað eða svipta hina nýju sameinuðu skólastofnun, ef hún yrði til, tækifæri til þess að veita það nám sem veitt er í hússtjórnarskólanum núna. Raunar tel ég að það liggi fyrir að gert verði samkomulag á milli ráðuneytisins og skólanna tveggja um aukið samstarf á grundvelli framhaldsskólalaganna.

[15:30]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og umræðu. Ég fagna yfirlýsingu ráðherra um að samningar verði teknir upp um aukið samstarf og samvinnu skólanna á Héraði og það tryggir þá þar með tilveru Hússtjórnarskólans á Hallormsstað og það merkilega skólastarf sem þar fer fram.

Hugmyndir um sjálfseignarstofnun eru mjög athyglisverðar og nauðsynlegt að skoða málið út frá þeim sjónarhóli því að það er skoðun flestra sem fjallað hafa um málefni Hallormsstaðaskóla að undanförnu að nauðsynlegt sé að tryggja sérstöðu hans. Meginatriði í þessu máli er að það sé vilji allra sem um málið hafa fjallað að skólastarf fari fram í Hallormsstaðaskóla á þeim grunni sem verið hefur allt frá árinu 1930 þegar skólinn tók til starfa með eðlilegri þróun í samræmi við nútímakröfur og skólakerfi.

Það er ljóst að mikill hlýhugur, velvild og áhugi fylgir skólanum víða um land og þess bera merki ályktanir sem borist hafa frá mörgum aðilum. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt skólanum að undanförnu.

[15:31]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Á hinu háa Alþingi voru í gær miklar umræður um frv. um atvinnuleysisbætur. Í þeirri umræðu kom glöggt fram að hv. alþm. höfðu af því verulegar áhyggjur að þær breytingar sem boðaðar eru í frv. með tilliti til hækkunar á aldri þeirra sem eiga rétt á bótum upp í 18 ár næðu fram að ganga. Áhyggjur manna beindust fyrst og fremst að þeirri staðreynd að hvorki menntakerfið né félagslega kerfið hér á landi væri jafn vel í stakk búið og í okkar næstu nágrannalöndum til þess að aðstoða fólk í atvinnuleysi og var einmitt vitnað til þessara næstu nágranna okkar af hálfu flutningsmanna og fulltrúa meiri hlutans í gær.

Nú er hér til umræðu áform hæstv. menntmrh. um að starfsemi Hússtjórnarskólans á Hallormsstað verði hætt í núverandi mynd. Þessi skóli er einn af fáum slíkum skólum á landinu og annar ekki eftirspurn. Enn fremur hefur komið fram í máli formanns skólanefndar að það hefur verið einlægur vilji skólayfirvalda þar til að taka inn í skólann nemendur sem á einhvern hátt mega sín minna í þjóðfélaginu og með núverandi fyrirkomulagi hefur verið hægt að hlúa að þeim nemendum, t.d. þroskaheftum nemendum eða öðrum sem hafa flosnað upp úr námi. Einnig hefur komið fram að þetta nám nýtist mjög vel sem undirbúningur í annað stafstengt nám.

Herra forseti. Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt mikla áherslu á það þrátt fyrir fjárhagsþrengingar, sem þær hafa gengið í gegnum, að standa vörð um ólík námsframboð, m.a. lýðháskóla og hússtjórnarskóla og það er viðurkennt að slíkt gagnist mörgum nemendum sem höllum fæti standa. Því vil ég beina þeirri fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. hvort hann telji ráðlegt í ljósi hins háa brottfalls nemenda úr framhaldsskólum landsins að leggja niður námsframboð af þessari tegund.

[15:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn. Hússtjórnarskólar landsins voru um tíma sú fræðsla sem í boði var fyrir konur í samanburði við bændaskólana fyrir karla, samanber hugmyndir 18. aldar manna eins og t.d. Björns úr Sauðlauksdal um menntun þeirra Atla og Arnbjargar. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, bæði kynin sækja í almenna framhalds- og háskóla og velflestir hússtjórnarskólar landsins hafa verið lagðir niður. Það er þó staðreynd að mjög seinlega hefur tekist til við að byggja upp

verklegt nám í landinu þannig að lítið framboð hefur verið á verknámi almennt og þá sérstaklega verknámi sem höfðar til stúlkna.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað nýtur mikilla vinsælda, hann er skipulagslega í tengslum við Menntaskólann á Egilsstöðum. Þar er kennd matreiðsla, framreiðsla og ræsting annars vegar og fatagerð, fatahönnun og vefnaður hins vegar. Námið hefur reynst vel sem almennt nám eða sem undirbúningur fyrir þjónanám, kokkanám, klæðskeranám og sem nám til undirbúnings heimilisfræðideild Kennaraháskólans. Skólinn annar ekki eftirspurn og nemendur hans eru að meiri hluta úr öðrum fjórðungum. Ég tel það mjög mikilvægt að auka verknám sem höfðar til stúlkna og ég vil því hvetja menntmrh. til að endurskoða þá fyrirætlan sína að loka þessum skóla. Í stað þess ætti að breyta rekstri hans þannig að hann verði hagkvæmari rekstrareining og þjóni þeim tilgangi að verða sérhæfður verknámsskóli fyrir stúlkur og drengi.

[15:35]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrir nokkrum árum voru húsmæðraskólar reknir sem heils árs skólar víða um land og ég minnist 10 slíkra skóla á mínum uppvaxtarárum, þ.e. á Varmalandi, Staðarfelli, Ísafirði, Blönduósi, Akureyri, Laugalandi í Eyjafirði, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Hallormsstað, Laugarvatni og Reykjavík. Nú eru aðeins tveir þessara skóla eftir og það er nauðsynlegt að tryggja að þeir geti haldið áfram starfi sínu og þróað það í takt við tímann án þess að tapa tengslum við fortíðina.

Fræðsla af því tagi sem þarna er í boði er því miður alger hornreka í þeim framhaldsskólum sem þó teljast bjóða eitthvað samsvarandi og stór hætta er á að það starf sem unnið er í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað verði hornreka ef hann verður hluti af Menntaskólanum á Egilsstöðum. Það er kjarni málsins.

[15:36]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það skýtur skökku við að nú er þrengt mjög að því verkefni sem blasir við að er brýnast í íslensku framhaldsskólakerfi, þ.e. að auka veg styttra starfsnáms til að hægt sé að bjóða sem flestu ungu fólki nám við hæfi, en um þessar mundir er þrengt að ýmsum þeim kostum sem áður voru þó fyrir í kerfinu. Ekki er hægt að kenna því um að aðsókn hafi ekki verið nægjanleg í þá tvo húsmæðraskóla sem eftir eru því að undanfarin ár hefur langt í frá verið hægt að fullnægja eftirspurn.

Ekki er um það deilt að mjög vel hefur verið staðið að skólanum á Hallormsstað og hafa nemendur náð sér í fleiri námseiningar á önn þar en almennt gerist í öðrum skólum. Mér finnst lágmark ef sameina á þennan skóla skólanum á Egilsstöðum verði stjórnendum skólans a.m.k. gefið ráðrúm til að aðlaga sig breyttu skipulagi og legg til að sameiningu verði frestað um t.d. þrjú ár eins og skólanefnd skólans hefur lagt til.

[15:37]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft þörfu málefni sem þakka ber hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni. Mikilvægi þessarar öldnu og mikilvægu skólastofnunar, Hússtjórnarskólans á Hallormsstað, hefur raunar sannað sig og þarf ekki að hafa mörg orð um því að stofnunin hefur bæði sýnt sig vera síung og nútímaleg í störfum. Sú menntun sem þar hefur verið veitt um áratuga skeið í hússtjórnar-, verkmennta- og uppeldisfræðum er löngu viðurkennd og raunar þjóðkunn.

Virðulegur forseti. Það er krafa Austfirðinga og raunar fjölmargra annarra utan fjórðungs, sem þekkja til starfsemi stofnunarinnar, að hún fái afl til að starfa og dafna hér eftir sem hingað til en til að svo megi verða þarf skólinn að fá nægar fjárveitingar og jákvæða umfjöllun og athygli stjórnvalda og því verður að treysta. Undir engum kringumstæðum má henda að sjálfstæði skólans verði skert eða starfsemi hans breytt á þann hátt að hlutverk hans verði rýrt eða skert frá því sem nú er.

[15:39]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég fagna fsp. hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Nú er búið að leggja niður flesta hússtjórnarskóla, setja þá í sumum héruðum inn í verkmenntaskóla eða menntaskólakerfi. Það hefur reynst þannig að ekki er fullnægjandi og eftirsókn eftir plássi, m.a. á Hallormsstað er mikil, einmitt fyrir fólk í biðstöðu í menntakerfinu, 16–18 ára, kannski upp í tvítugt. Ég tel að þessi skóli ætti að hafa stórt hlutverk í leiðbeiningarþjónustu, varðveislu á menningarverðmætum, svo sem á handverkssviði, iðnaði og matargerð og miðla því út til annarra skóla sem kenna þessi fög meira í námskeiðaformi. Þess vegna tel ég mikilvægt að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því að starf skólans verði tryggt sem sjálfstæðast og honum verði ekki fórnað á altari hagræðingar heldur verði hlutverk hans í framtíðinni styrkt með framsýn í huga.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur þegar veitt varðandi fyrirspurn mína og ég þakka hjartanlega þær miklu undirtektir og samhljóma sem hafa komið fram á þinginu af tilefni fyrirspurnarinnar.

Ég les það út úr máli hæstv. ráðherra að hann hafi hug á að hlúa að því starfi sem fer fram í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað og sú heimsókn sem hann gat um í gær að hann átti til skólans hafi orðið til að styrkja viðhorf hans að þessu leyti. Ég fagna sérstaklega að komin sé heimild fyrir því að bæta húsnæði skólans og auka þar við rými fyrir nokkra nemendur í viðbót og aðra aðstöðu. Eftir stendur það sem ég tel vera kjarna málsins varðandi þá umræðu sem fram hefur farið, þ.e. að ekki verði horfið að því ráði að fella starfsemi skólans undir Menntaskólann á Egilsstöðum. Skýr rök hafa verið leidd að því að það leiði ekki til fjárhagslegs sparnaðar. Augljóst er að það mun stefna því starfi sem þarna fer fram í ákveðna hættu. Samstarf er fyrir hendi sem unnt er að styrkja þó að stofnanirnar séu báðar sjálfstæðar skólastofnanir sem slíkar.

Ég hef síst á móti því að það styrki samstarf á milli framhaldsskóla á Austurlandi og náist sem hagfelldust skipun og verkaskipting þeirra á milli og ég vænti þess að hæstv. ráðherra sjái svo til að þessi starfsemi geti farið fram með eðlilegri samræmingu og samhæfingu. Hugmyndir hæstv. ráðherra um sjálfseignarstofnun eru þess virði að þær verði athugaðar. Til þess þarf ráðrúm og ekki ráð að hrófla í neinu við starfsemi skólans á meðan frekari athugun slíkra kosta fer fram en staðan er breytt frá þeim tíma þegar sýslur á Austurlandi, Múlasýslur, stóðu að rekstri skólans. Sýslur eru ekki lengur fyrir hendi sem slíkar og allt þetta þarf að gaumgæfa.

Ég vænti þess að niðurstaðan af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram og víðar verði sú að skólinn fái að starfa sem sjálfstæð skólastofnun og verði efldur í góðu samstarfi við aðra framhaldsskóla í fjórðungnum.

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að láta þess getið fyrir þá sem vita ekki nákvæmlega um þá hluti að við erum að tala um skóla sem eru með 21–25 nemendur. Við erum ekki að tala um stærri stofnun í sjálfu sér og þess vegna hafa menn rætt um það hvort þessi stofnun geti ekki dafnað betur í samvinnu við stærri skólastofnun. Það eru hugmyndir um hagræðingu, sem hafa verið á döfinni, sem menn hafa verið að velta fyrir sér hvernig að þessu skuli staðið með ekki stærri stofnun.

Í Reykjavík hefur verið starfandi hússtjórnarskóli sem hefur óskað eftir því að taka upp nánara samstarf við Menntaskólann í Kópavogi, m.a. af því að skólinn telur að það sé til þess að styrkja starfsemi sína. Örlög hússtjórnarskólanna sem voru rakin eru sögulegar staðreyndir sem eiga rætur að rekja til þess að menn töldu á tímabili að hússtjórnarnámið væri ekki mjög eftirsóknarvert og væri næsta ámælisvert af mörgum að leggja stund á slíkt nám og það væri ekki í tísku að fara í slíka skóla og þeir flosnuðu upp og heyra sögunni til. Komið hefur í ljós í umræðunum um Hússtjórnarskólann á Hallormsstað að mikill áhugi er á því að hann fái að starfa áfram og það starf sem þar hefur þróast frá 1930 verði ekki rifið upp með rótum. Ég tel að í tillögum menntmrn. hafi ekkert komið fram sem stefni að því að rífa það starf upp með rótum. Hins vegar eru þar hugmyndir um að laga það að breyttum aðstæðum á Héraði en málið verður áfram til athugunar. Ég hef sagt að núna væri æskilegast að ráðuneytið og skólarnir tveir gerðu með sér samkomulag um framtíðarstarfsemi á þeim forsendum sem fellur að fjárheimildum og menn skoðuðu einnig hugmyndir um hvort það væri stofnuninni til framdráttar til lengri tíma að hún yrði sjálfseignarstofnun eins og hún var á sínum tíma.

[15:45]

Útbýting þingskjals:

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, 182. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 203.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur bankakerfisins í alþjóðlegum samanburði.

[15:46]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Loksins höfum við alþjóðlegan samanburð um íslenska bankakerfið og það fékk falleinkunn. Það er ekki nóg að Íslendingar greiði mun hærri vexti en erlendis heldur greiða þeir einnig mun meira fyrir þjónustu bankakerfisins. Íslenskar bankastofnanir eru óhagkvæmar, illa reknar, mannfrekar og hafa tapað meiru en sambærilegar stofnanir erlendis. Rekstrarkostnaður er hár hér miðað við önnur lönd. Ef miðað er við niðurstöðutölu efnahagsreiknings sem er að mörgu leyti eðlileg viðmiðun þá er rekstrarkostnaður hér 5% en 2–3% á Norðurlöndunum. Hvað skýrir þennan mun að mati hæstv. viðskrh. og hyggst hann beita sér fyrir úrbótum og þá hverjum?

Vaxtamunur er mismunur á innláns- og útlánsvöxtum og er ein helsta tekjulind banka. Síðustu fimm ár höfum við skorið okkur úr með miklum vaxtamun eða allt að tvöfalt hærri en í bönkum nágrannalanda. Því hefur oft verið haldið fram að þótt vaxtamunur væri hér mikill þá væru þjónustugjöldin mun hærri erlendis. Það er rangt. Einnig í þjónustugjöldunum er okrað á landsmönnum og helmingi hærri gjöld en í nágrannalöndunum eru algeng.

Það er nauðsynlegt að vita hvort allir séu hér jafnslakir, þ.e. viðskiptabankarnir þrír og svo sparisjóðirnir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er munur milli einstakra íslenskra bankastofnana í þessum alþjóðlega samanburði og þá hver? Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til þess að Íslendingar, einstaklingar og fyrirtæki, búi við sambærilegan mun á inn- og útlánum og þjónustugjöld eins og er erlendis?

Smæð íslenskra bankastofnana, lítil þátttaka í húsnæðislánakerfi og í fjárfestingalánasjóðum og mikill fjöldi útibúa skýrir að nokkru leyti slæman rekstur íslenskra banka. En umfangsmikið starfsmannahald og miklar afskriftir benda til þess að stjórnun íslenska bankakerfisins sé ábótavant. Afskriftir eru mun hærri hér, þær voru hæstar hér síðustu þrjú árin. Hér hefur tapast mikið vegna óvarkárni í útlánum og enginn er látinn bera ábyrgð á því. Starfsmannakostnaður er einnig hæstur hér sem er ekki vegna hárra launa bankastarfsmanna heldur vegna mikils fjölda starfsmanna. Það eru landsmenn sem greiða fyrir þetta.

Það er altalað í viðskiptalífinu að ýmsir íslenskir bankar séu illa reknir. Stjórnun bankakerfisins og hæfni bankastjóra kemur landsmönnum við. Almenningur á stærstan hluta bankakerfisins og greiðir þessum mönnum laun. Það hefur ekki vafist fyrir ýmsum í bankakerfinu að hafa eina milljón króna í laun á mánuði og því getur sá sem greiðir gert kröfu um hæfni og árangur. Það virðist ekki vera fyrir hendi og því spyr ég: Hver ber ábyrgð á þessum afleita rekstri og hyggst ráðherra grípa til aðgerða til að bæta stjórnun í ríkisviðskiptabönkunum, t.d. með því að stuðla að uppsögnum bankastjóra?

Það er nokkuð sama hvaða mælikvarði er tekinn og hægt er að taka þá marga, íslenskar bankastofnanir koma illa út í alþjóðlegum samanburði. Arðsemi þeirra er lítil þrátt fyrir ótæpilega gjaldtöku af viðskiptavinum bæði í formi vaxtamunar og þjónustugjalda. Þótt ástandið hafi batnað nokkuð er það langt frá því að vera viðunandi. Samkeppni erlendis frá er engin. Erlendir bankar vilja ekki koma hingað vegna smæðar markaðar. Fyrirtæki, og einkum þau stærri, reyna að hafa helstu bankaviðskipti sín í útlöndum hjá ódýrari og betur reknum bönkum. Almenningur verður hins vegar að skipta við þetta innlenda staðnaða og óhagkvæma kerfi sem hann á sjálfur.

Að lokum, herra forseti. Hvenær leggur ráðherra fram frv. um hlutafjárvæðingu ríkisviðskiptabanka og hyggst hann leggja til við Alþingi að eignarhluti ríkisins í þeim verði seldur að hluta eða að öllu leyti á kjörtímabilinu?

[15:51]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hvað skýri, að mati ráðherra, þann mun á rekstrarkostnaði í bönkum hér á landi og erlendis og hvað ráðherra hyggist gera til úrbóta á því.

Það eru margar ástæður fyrir því að rekstrarkostnaður bankakerfisins er hærri hér á landi en víðast hvar annars staðar. Hér eru litlir bankar með stórt útibúanet sem veita

víðtæka þjónustu á litlum markaði í stóru landi. Með öðrum orðum, fámennið kostar sitt eins og dæmi sanna. En íslenska bankakerfið er hins vegar of dýrt. Á síðasta ári var rekstrarkostnaður íslenska bankakerfisins um 13 milljarðar kr. Það er allt of mikill kostnaður miðað við það að miðla fjármagni í okkar fámenna landi. Rekstrarkostnaður banka og sparisjóða í Danmörku og Noregi er um 2,5% af eignum en hér á landi er rekstrarkostnaðurin nálægt 5% eða nær tvöfalt hærri en í nágrannaríkjum okkar. Það er óviðunandi til lengdar. Nauðsynlegt er að draga úr rekstrarkostnaði til að bankakerfið geti varist ásókn erlendra keppinauta í sífellt harðnandi samkeppni á alþjóðlegum vettvangi. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur einmitt markast af nauðsyn þess að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar á fjármagnsmarkaði til að markaðurinn sé betur í stakk búinn til að mæta erlendri samkeppni. Þær skipulagsumbætur sem ríkisstjórnin fyrirhugar eiga að stuðla að aukinni hagkvæmni, greiðari aðgangi að fjármagni og lægri vöxtum. Allt þetta leiðir til bættrar samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs. Mikilvægt er fyrir íslenskan atvinnurekstur að geta fengið vaxtakjör sem eru sambærileg við það sem gerist og gengur í nágrannaríkjunum. Bandaríska fyrirtækið Standard & Poor's sem á síðasta vetri hækkaði lánshæfismat Íslands á erlendum lánum greindi frá því að víðtæk afskipti hins opinbera á fjármagnsmarkaði stæði lánshæfiseinkunn Íslands á alþjóðlegum markaði fyrir þrifum. Aukin samkeppni á fjármagnsmarkaði mun leiða til meiri hagkvæmni og þar með til betri samkeppnisstöðu og hærra lánsmats.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa til þess að Íslendingar, einstaklingar og fyrirtæki, búi við sambærilegan mun á inn- og útlánsvöxtum og þjónustugjöldum og eru erlendis?

Ef skýrsla bankaeftirlits Seðlabankans um rekstur lánastofnana árið 1995 er lögð til grundvallar voru hreinar vaxtatekjur Landsbankans lægstar eða 4,23% af heildareignum. Íslandsbanki var með 4,38% vaxtamun, Búnaðarbanki 4,61% og sparisjóðirnir 5,18%. Rekstrarkostnaður var minnstur í Landsbankanum í hlutfalli við heildareignir, 4,4%. Rekstrarkostnaður sparisjóðanna var 4,81% af eignum, Íslandsbanka 5,16% og Búnaðarbankans 5,23%. Framlög í afskriftareikning voru hins vegar hæst í Landsbankanum 1,34%, því næst kom Íslandsbanki með 1,28%, Búnaðarbankinn með 1,06% og minnst voru framlögin á afskriftareikningi í sparisjóðunum 0,9%.

Brýn þörf er á hagræðingu í íslenska bankakerfinu. Hagræðing í bankakerfinu á komandi árum mun sjálfsagt að mörgu leyti felast í aukinni tækni með því að ýta undir notkun rafrænna greiðslumiðla af ýmsu tagi. Auk þess má búast við að útibúanetið breytist að einhverju marki. Hlutverk ríkisvaldsins er fyrst og fremst að móta umgjörðina í kringum þessa starfsemi. Brýnt er því að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög. Umgjörðin sem stjórnvöld búa markaðinum á að vera þannig að samkeppni sé sem virkust því samkeppnin leiðir til hagræðingar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hver beri ábyrgð á þessum afleita rekstri og hvort ráðherra hyggist grípa til aðgerða til að bæta stjórnun í ríkisviðskiptabönkunum, t.d. með því að stuðla að uppsögnum bankastjóra, eins og hv. þm. orðaði það.

Framlög bankastofnana á afskriftareikningum eru vissulega há en allt bendir til þess að það versta sé yfirstaðið í útlánaafskriftunum. Sú reynsla sem við höfum frá Norðurlöndunum sýnir að bankar þar gengu í gegnum svipuð töp og bankar hér, en það er margt sem bendir til þess að við séum að komast yfir það versta í þessum efnum. Með því að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög er stigið mjög mikilvægt skref í þá átt að samræma samkeppnisstöðu lánastofnana. Eigendur hlutafélaga gera jafnan ríkari kröfur til stjórnenda þeirra. Því er við búið að kröfur ríkisins til banka sinna muni aukast í kjölfar hlutfélagavæðingarinnar. Það er síðan á valdi stjórnenda bankanna að taka ákvörðun um starfsmannahald.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Hvenær leggur ráðherra fram frv. um hlutafélagavæðingu ríkisviðskiptabankanna og hyggst hann leggja til við Alþingi að eignarhlutar ríkisins í þeim verði seldir að hluta eða öllu leyti? (Forseti hringir.)

Ég vonast til að á þessu þingi verði hægt að samþykkja formbreytingu ríkisviðskiptabankanna. Ég tel það ekki vera forgangsverkefni að selja eignarhlut ríkisins í ríkisviðskiptabönkunum heldur hitt að auka eigið fé ríkisviðskiptabankanna með því að gefa nýjum aðilum möguleika á að kaupa sig inn til að styrkja (Forseti hringir.) eiginfjárstöðu þeirra og þar af leiðandi að bæta samkeppnisstöðu þeirra.

[15:57]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég deili þeirri skoðun með hv. málshefjanda og hæstv. ráðherra að það þurfi að gera breytingar á íslensku bankakerfi og því fyrr því betra. Því fagna ég því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að hann hyggist leggja fram á þessu þingi frv. um að gera ríkisbankana að hlutafélögum. Og því fyrr sem viðskipti verða með hlutabréf í viðskiptabönkunum á hlutabréfamarkaði á Íslandi, þeim mun betra því þannig verður bönkunum veitt best aðhald.

En ég get ómögulega skilið að málflutningur eins og hjá hv. málshefjanda þar sem snúið er út úr tölum og ónotum hreytt í bankakerfið, sé þessum málstað til framdráttar. Hann er að vísa til talna úr skýrslu OECD þar sem borinn er saman rekstur íslenskra banka og erlendra fram til ársins 1994. Þar er raunverulega verið að bera saman epli og appelsínu því íslenskir viðskiptabankar eru mjög litlir bankar með litla markaðshlutdeild á sínu svæði en þeir bankar sem verið er að bera saman við eru stærri og hafa mun stærri hlutdeild í fjármálamarkaði síns heimalands, eins og t.d. í húsnæðiskerfinu. Ef húsnæðiskerfið væri tekið inn í þessar tölur kæmi út allt önnur mynd. Þess vegna er mun skynsamlegra, ef bera á þessa banka saman, að bera saman tekjur þeirra og reikna hlutföll út frá því heldur en út frá því að bera saman efnahagsreikninginn, því efnahagsreikningur íslenskra banka er mun minni en þeirra erlendu banka sem um er að ræða. Þá kemur í ljós að starfsmannakostnaður á Íslandi er mjög svipaður og hann er í þessum erlendu bönkum og hann fer sem betur fer minnkandi. Hagnaður bankanna er ekki nægjanlega mikill og hann fæst einungis með því að minnka framlög í afskriftareikninga og lækka kostnaðinn.

En ég skil ekki að hv. málshefjandi (Forseti hringir.) skuli tala eins og hann gerði hér í dag því hann var fram til ársins 1994 formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands sem átti að hafa eftirlit með þessum bönkum sem hann er nú að gagnrýna.

[16:00]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mikil hagræðing hefur átt sér stað í íslensku bankakerfi á síðustu árum. 600 færri störf á átta árum vitna um þetta. Á atvinnuleysistímum leita bankarnir

enn allra leiða til að fækka starfsfólki og hagræða í öllum liðum. Ég vil nefna nokkur atriði sem geta breytt miklu í þeim efnum. Álagið í bankakerfinu er mest á þremur fyrstu dögum hvers mánaðar. Þetta álag og fjöldi afgreiðslna er tvöfaldur þessa daga, þetta á við um inn- og útborganir. Er hægt að jafna þetta álag? Það væri stórt skref til að lækka kostnað. Ríkið gæti ráðið miklu í þessu efni, enda stærsti launagreiðandinn í landinu.

Ég vil spyrja þegar þessi samanburður er gerður: Hvar er íbúðalánakerfið vistað í samanburðarlöndunum? Er það í bankakerfi viðkomandi lands? Ef íbúðalánakerfið og fjárfestingarlánasjóðirnir væru inni í bankakerfinu, væru efnahagsreikningar bankanna stærri í sniðum og hlutföll hagstæðari. Hér eru fjárfestingarlánasjóðirnir, allir nema Stofnlánadeild landbúnaðarins, reknir sem bisniss og bankastofnanir (**Gripið fram í:** Allir.) en gætu og ættu að vera hluti af bankakerfinu. Slíkt væri hagstætt fyrir bæði launþega og atvinnulífið.

Að lokum þetta. Oft snýst umræðan hér um að allt sé verst og standist ekki samanburð við það sem gerist erlendis. Eitt skal þó viðurkennt. Hér er allt smátt og dálítið öðruvísi. Hér gerist það á öld frelsis í peningamálum að bæði einstaklingar og fyrirtæki segja: „Heim vil ég", á þessum síðustu og verstu tímum sem málshefjandi vitnaði til. Menn vilja heim með sínar erlendu skuldir, heim í íslenskan banka, heim í íslenskar krónur. Þetta geta menn séð ef skoðuð er uppgreiðsla erlendra lána á síðustu missirum. Hvers vegna leita menn heim þegar allt er svo gott annars staðar? Er kannski tvískinnungur í umræðunni? Kannski segir þetta eitthvað um íslenska bankakerfið. Hins vegar legg ég á það áherslu, hæstv. forseti, að fram fari áframhaldandi hagræðing í íslenska bankakerfinu, íslenskum launþegum og íslensku atvinnulífi til framdráttar.

[16:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er, þá styðjum við alþýðubandalagsmenn það að allt verði gert sem hægt er til þess að taka niður kostnað í bankakerfinu eins og margar tillögur okkar á seinni árum og fyrr bera vott um. Við höfum bent á óhóflegan vaxtamun. Við höfum bent á gríðarlega há þjónustugjöld og við höfum bent á þennan heiftarlaga afskriftakostnað sem lagst hefur á bankakerfið og þar með á þjóðina á undanförnum árum. Jafnframt höfum við bent á það að við teljum ekki endilega að málið sé þannig vaxið að hlutafélagavæðing bankanna leysi þennan vanda. Það hefur ekkert komið fram sem sýnir fram á að hlutafélagavæðingin leysi vandann, ekki neitt. Hæstv. viðskrh. vitnar gjarnan í þessu sambandi í erlent fyrirtæki sem heitir Standard & Poor's og ég kýs að kalla Staðlar og fátækt. Þó að þetta fyrirtæki, Staðlar og fátækt, hafi komist að þeirri niðurstöðu að það sé hagstæðara að breyta bankakerfinu á Íslandi, þá tel ég það ekki viðhlítandi dóm. Það liggur ekkert fyrir í þeim efnum að nauðsynlegt sé að gera bankana að hlutafélögum.

Við alþýðubandalagsmenn höfum bent á að til greina kæmi í þessu sambandi að sameina t.d. ríkisviðskiptabankana þannig að um verði að ræða einn öflugan banka sem gæti á virkan hátt tekið þátt í hinni alþjóðlegu bankasamkeppni á komandi árum sem mun í vaxandi mæli halda innreið sína hér á Íslandi. Við erum með öðrum orðum ekki sammála því að einkavæðing og hlutafélagavæðing leysi allan vanda. Við bendum líka á það höfuðatriði í þessu máli að það kostar dálitla fjármuni að búa við þær aðstæður sem við gerum í okkar landi og okkur finnst að það verði að viðurkenna það og ekki eigi að reyna að sníða á Ísland stakk eftir vexti margra milljóna þjóðar.

[16:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessa umræðu sem ég tel vera mikilvæga. Það vekur hins vegar athygli að enn og aftur bregður hæstv. ráðherra því fyrir sig að hlutafélagavæðing ríkisbankanna sé allra meina bót. Ég spyr í sakleysi mínu eftir talnarunu hans hér áðan, í ljósi þess að eini einkabankinn sem er á markaði hérlendis, Íslandsbanki, virtist ekki skera sig sérstaklega úr hvað varðaði rekstrarhæfni og lágan rekstrarkostnað, hvort hann hafi með höndum einhverjar aðrar vísbendingar sem sýni okkur og sanni að þessi hlutafélagavæðing lækki sjálfkrafa rekstrarkostnað bankanna. Síðan vildi ég gjarnan ganga enn og aftur eftir því sem hér var um spurt í upphafi, þar sem ráðherra svarar því út og suður: Er það á stefnuskrá ráðherrans að setja þessa hluti á markað á kjörtímabilinu eftir að hlutafélagavæðingin hefur gengið yfir og undir hvaða formerkum?

Ég las athyglisverða grein í DV í dag þar sem Íslandsbanki er að ræða við annað stórfyrirtæki um sameiningu. Er það þetta sem koma skal, þ.e. að stóru fyrirtækin í landinu renni saman í eitt, tvö eða þrjú? Eða hvernig öðruvísi hyggst ráðherrann, ef til sölu á þessum hlutum kemur — sem ég geng að sem vísu þó það hafi ekki verið tímasett enn þá — tryggja hið efnahagslega lýðræði? Hvernig hyggst hann tryggja eðlilegt og dreift eignarhald í þessum mikilvægu fjármálastofnunum þjóðarinnar? Þetta verður auðvitað að liggja algerlega kýrskýrt fyrir áður en af stað er farið. Það er ekki hægt að ræða þessi mál öðruvísi en að æðsti yfirmaður viðskipta- og bankamála í þessu landi, hæstv. viðskrh., skýri þessi grundvallaratriði að fullu.

[16:06]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða upplýsingar sem við fáum eftir að samanburður hefur verið gerður á íslensku bankakerfi og því bankakerfi sem er í öðrum OECD-ríkjum. Og það kemur fram sem marga grunaði að rekstrarkostnaður hér er um það bil helmingi hærri sem og vaxtamunur og þjónustugjöld. Það er ekki bara slaki í daglegum rekstri heldur virðast þeim sem stjórna okkar bankastofnunum vera einkar mislagðar hendur við lánveitingar því að afskriftir eru hér hærri en annars staðar. Okkar bankar hafa sem sé tapað meira en sambærilegar stofnanir erlendis (Gripið fram í.) þrátt fyrir það, hv. þm., að fyrir örfáum árum var skuldbreytt með ríkisábyrgð í gríðarlega mörgum sjávarútvegsfyrirtækjum og þannig var enn dýpri bankakreppu afstýrt hér á landi en ella hefði orðið.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra gat þess að hér hefði bankakreppan verið af svipaðri dýpt og á hinum Norðurlöndunum. En af hverju varð hún ekki verri? Vegna þess að ríkið tók á sig ákveðna ábyrgð af skuldbreytingum sem farið var í, ella hefði verr farið.

Það er fleira sem íslenskir bankar hafa iðkað fram yfir þá sem verið er að bera þá saman við núna. Þeir hafa nefnilega í mörgum tilfellum, af miklu siðleysi, varpað af sér ábyrgð á gerðum sínum með því að kalla þriðja aðila til ábyrgðar. Þetta er alsiða þegar um einstaklinga er að ræða. Þetta er líka einstakt hér á landi. Og hvað gerum við svo við svona bankakerfi? Hverjir bera ábyrgð? Mér heyrist að fulltrúar þeirra flokka sem nú ráða í landinu vilji helst búa til fleiri

banka. Það á ekki að setja fjárfestingarsjóðina inn í bankakerfið eins og hér er talin ein þeirra leiða til þess að bæta það. Nei, það á að búa til nýjan fjárfestingarbanka og enn eru menn að tala um sjóði.

Ég vil ítreka: Hverjir bera ábyrgð og hvað er hægt að gera til að tryggja að þeir sem bera hér ábyrgð bregðist við til hagsbóta fyrir almenning í landinu, því að almenningur í landinu á skilið betra bankakerfi?

[16:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Slæm útkoma íslenskra banka og sparisjóða í skýrslu OECD þarf ekki að koma á óvart, sérstaklega þegar það er virt að frá því á 19. öld, er sú skipan bankastarfsemi sem nú þekkist var hvað algengust í heiminum í kjölfar iðnbyltingarinnar, hefur bankastarfsemi verið með arðsömustu atvinnugreinum í heiminum annars staðar en á Íslandi eins og flestir þekkja. Þrátt fyrir að bankar hér á landi hafi lengst af verið í eigu ríkisins hefur eigandi þeirra, ríkissjóður, haft af þeim litlar sem engar tekjur í formi arðgreiðslna. Þvert á móti hefur ríkissjóður oft þurft að hlaupa undir bagga með stofnunum sínum og veita fé inn í þær samanber gamla Útvegsbankann og Landsbankann nú nýverið.

Ástæður þess að íslenskum viðskiptabönkum hefur ekki vegnað of vel eru margvíslegar og engin ein augljós skýring í augsýn. Hitt er jafnljóst að afskipti stjórnmálamanna hafa ekki gert rekstur þessara stofnana arðsamari en ella. Sú staðreynd að stjórnmálaflokkar hafa oft notað lausar stjórnunarstöður í bönkum til að leysa sín innri vandamál hafa ekki verið bankastarfsemi hér á landi til framdráttar. Það bera miklar afskriftir vitni um. Auk þessara ástæðna má benda á að hérlendis er stór hluti langtímalána í atvinnurekstri í fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna utan bankakerfisins, þ.e. í sérstökum fjárfestingarlánasjóðum sem gera eininingarnar óhagkvæmari en ella, og skekkir í einhverju samanburðinn við útlönd auk mikils fjölda óhagkvæmra útibúa. Hvað sem því líður er vaxtamunur á innláns- og útlánsvöxtum hér á landi hærri en þekkist í öðrum OECD-ríkjum. Þá eru rekstrartekjur og þjónustugjöld hærri hér en í samanburðarríkjum og ljóst að ekki verður gengið lengra á þeirri braut. Því er vart að vænta verulegra breytinga á íslensku bankakerfi nema til komi aukin hagræðing. Slík hagræðing næst varla fram nema núverandi ríkisbönkum verði breytt í hlutafélög þar sem tryggður verði ákveðinn fjöldi viðskiptabanka og dreift eignarhald á þeim. Það er því full ástæða til að hvetja hæstv. viðskrh. að fara að sýna á Alþingi frumvörp um hlutafélagavæðingu ríkisbankanna svo takast megi að gera íslenska bankastarfsemi samkeppnishæfa við það sem best gerist erlendis því sagan hefur kveðið upp sinn dóm um pólitísk afskipti af bankastarfsemi og ríkisrekstur á bankastofnunum. Þeim dómi verður ekki áfrýjað.

[16:11]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég þakka þessa umræðu, hún er mjög nytsöm. Staðan er sú að bankakerfið er dýrt, óhagkvæmt og óarðbært fyrir eigendur sína þrátt fyrir að stórvirki hafi verið unnin á undanförnum árum í hagræðingu og sparnaði. Miklu varðar fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi sem og starfsmenn þeirra að fjármagnskerfið sé ódýrt og skilvirkt. Sú staða sem við upplifum í dag, að bankakerfið er bæði dýrt og óskilvirkt, kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar.

Hver er ástæðan fyrir þessu? Bent hefur verið á að meginhluti íslenska fjármagnskerfisins sé í ríkiseign og að miðstýring fjármagnsmarkaðarins valdi þessari stöðu. Við erum með fjöldann allan af opinberum sjóðum sem flestir eru staðnaðir og ber þar hæst húsnæðiskerfið sem allt er í einum sjóði og rekið af ríkinu.

Samkeppni er að stóraukast, bæði innláns- og útlánsmegin og bæði í langtíma- og skammtímalánum. Stærstu og bestu fyrirtækin leita fyrir sér erlendis eða á markaðinn, hverfa frá bankakerfinu. Við sjáum hraða þróun í internetinu sem gerir það að verkum að eftir nokkur ár geta menn farið að leggja inn á banka út um allan heim. Það er að fjara undan bönkunum. Þetta eru allt of litlar einingar, eigið fé flestra ríkisbankanna á Íslandi er um 6 milljarðar eða sem svarar fjórum Guggum, þ.e. Guðbjörginni á Ísafirði. Þetta eru allt of litlar búðir. Ég hygg að það dugi ekki að hlutafjárvæða bankana. Það verður að stækka þá með sameiningu við hina ýmsu fjárfestingarsjóði og einkavæða þá. Það er það eina sem dugar. Það kann svo að fara að við eigum enga banka til að einkavæða eftir fimm ár.

[16:13]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég held að það væri mjög hollt fyrir menn að íhuga að hve miklu leyti afskriftir og töp í bankakerfinu stafa af ítökum og áhrifum stjórnmálamanna á lánveitingar bankanna, bæði beint og óbeint. Ég held að það sé líka ástæða til þess að íhuga hvort það sé rétt og eðlilegt að 70% af fjármálakerfi þjóðarinnar sé rekið með ríkisábyrgð. En ég vil leggja áherslu á að það er auðvitað ekki sama hvernig hlutafjárvæðing banka og fjármálakerfisins á sér stað og hvernig að henni er staðið. Eru menn að gera það í þeim tilgangi að auka styrk þessa kerfis, auka lýðræði í meðferð fjármuna og ábyrgð eða eru menn að gera það í því skyni að færa þær eignir sem eru í þessu kerfi á hendur tiltölulega fárra einstaklinga? Það skiptir miklu máli hvernig að þeim framkvæmdum er unnið.

Mig langar til þess að leggja fyrir hæstv. viðskrh. tvær spurningar. Hann sagði að erfiðleikar ríkisbankanna stöfuðu m.a. af takmörkuðu eigin fé. Þá er spurningin þessi: Hyggst ríkisstjórnin og ráðherrann styrkja eiginfjárstöðu bankanna með því að leggja þeim til fé beint eða óbeint úr opinberri eigu? Fyrri spurningin er: Hyggst ríkisstjórnin gera það með því að færa bönkunum með einhverjum hætti fjárfestingarsjóði atvinnuveganna að hluta eða öllu leyti? Hver er afstaða ráðherra til þess? Og hyggst ríkisstjórnin styrkja eiginfjárstöðu bankanna með því að breyta reglum um húsnæðiskerfið þannig að viðskiptabankarnir taki að einhverju leyti við þeim byggingarsjóðum sem nú eru í vörslu Húsnæðisstofnunar ríkisins? Ef ríkisstjórnin hefur ekki mótað afstöðu sína í þeim efnum, hver er þá afstaða hæstv. ráðherra?

[16:16]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Mér hefur virst að grundvallarmálið í umræðu um bankamál sé ekki hvort bankarnir eru hf. eða ríkisbankar. Þeir virðast vera á svipuðu róli. Er grunnurinn að öllum þessum vanda ekki sá að verið er að gera upp áralangan subbuskap í efnahagskerfinu? Er það ekki meginmálið sem við erum að kljást við? Og hvernig staðið er að þessu uppgjöri? Er það ekki mál málanna? Og ættum við ekki heldur að líta á hvernig staðið hefur verið að uppgjöri

tugmilljóna skuldayfirfærslu inn á afskriftareikninga bankanna og af þeim sem skulda í núinu þegar gengið var til verks og inn á þau heimili í landinu þar sem voru til veð. Það er þetta sem er mál málanna í bankakerfi Íslendinga þ.e. hvernig staðið hefur verið að þessum málum og er grunnvandinn að mörgu því sem við erum að tala um í sambandi við samfélagsreksturinn á hvaða sviði sem er — þetta hræðilega uppgjör.

Á síðustu sjö árum hefur bankakerfið með offorsi gengið til verks við að rétta sig af. Ég fullyrði að þessar íslensku aðferðir hefðu ekki dugað í nokkru öðru landi því að hér hefur átt sér stað rán aldarinnar. Það er verið að ganga að fólki sem aldrei nokkurn tíma hefur stofnað til þeirra skulda sem það nú stendur fyrir. Það eru þessi mál sem þarf að ræða í grunninn í sambandi við rekstur bankakerfisins og það er að mínu mati „billegt" að fara í rekstrarmál í einhverjum prósentum og mannahaldi þegar svo djúpstæður vandi er fyrir höndum.

Ég vil spyrja hæstv. bakamálaráðherra hvort hann hyggist láta gera úttekt og kortleggja þetta rán aldarinnar.

[16:18]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans, sérstaklega hvað varðar undirtektir um hinn háa rekstrarkostnað í íslensku bankakerfi, 13 milljarðar, sem er miklu hærri en í nágrannalöndunum. Við skulum átta okkur á því hvað umræðan snýst um. Hún snýst um að Íslendingar hafa borgað mun meira í vaxtamun og greiða mun hærri þjónustugjöld en gert er í nágrannalöndunum. Þetta er vegna slaks reksturs íslenskra banka þótt tekið sé út fyrir sviga, eins og ég gat um, smæð kerfisins, húsnæðismálin, afskriftirnar, jafnvel bankakreppan og annað slíkt, þá stendur eftir og menn þurfa að vita það að íslenskt bankakerfi hefur um mjög langan tíma verið illa rekið og neytendur hafa þurft að borga. Og ég vil benda á að það er almenningur í landinu sem á bæði Landsbankann, Búnaðarbankann, og sparisjóðina svona óbeint, þeir eiga sig sjálfir. Það er reyndar athyglisvert sem ráðherra svaraði raunverulega: Úrbæturnar verða að koma í gegnum hlutafjárvæðinguna. Ég er hlutafjárvæðingarmaður. Ég er hins vegar ekkert viss um að það leysi þennan rekstrarvanda sem við erum að tala um því hægt er að benda á að Íslandsbanki hf. sem er bæði hf. og einkabanki er með þriðja hæsta rekstrarkostnaðinn af fjórum. Vandamálið er fyrst og fremst fákeppni og við þurfum að taka á því. Við höfum þetta mjög víða. Það er stjórnunarvandi í bönkunum. Það er ekki tekið á honum og ég nefndi töluna. Það vita allir um hvað verið er að tala og þó svo bankaráðsmennirnir í Búnaðarbanka hv. þm. Árni Mathiesen og Guðni Ágústsson vilji taka til varnar fyrir sínar stofnanir, þá er það gott og blessað. Staðreyndin er samt sem áður sú að íslenskir þegnar eru að borga miklu meira en þeim ber. Það er alvarlegt mál þegar íslensk fyrirtæki eru að fara til útlanda með kaup á bankaþjónustu og almenningur, sem á ekki tök á því, er skilinn hér eftir. Það er alvarlegast í þessari stöðu og menn eiga að ræða þetta á þeim grunni. Ég hef margoft brýnt fyrir íslenskum bönkum að hagræða í rekstri sínum. Það er aðalniðurstaðan í þessari skýrslu. Þó maður setji alla fyrirvarana um fámennið er einungis eitt eftir til að ná tökum á þessu. Það er að hagræða og endurbæta bæði stjórnun og skipulag í íslenska bankakerfinu og ef menn gera það ekki, þá höldum við einfaldlega áfram að borga hér hærri gjöld og hærri skatta en nágrannaþjóðirnar gera.

[16:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Allur svona samanburður, eins og hér hefur komið fram við þessa umræðu, er erfiður vegna þess að menn eru oftast að bera saman hluti sem eru mjög mismunandi þó að það sé ekki nema bara landfræðilega mismunandi.

Það er ekki alls kostar rétt að fjárfestingarlánasjóðirnir og húsnæðislánakerfið sé inni í þessum samanburði hjá þeim löndum sem við erum að bera okkur saman við eins og Norðmenn og Dani. Staðreyndin er sú að í Danmörku og Noregi er fyrirkomulagið mjög svipað og hér. Þar eru sjálfstæðir fjárfestingarlánasjóðir, þar er sjálfstætt húsnæðislánakerfi þannig að í þessu tilfelli eru menn að bera saman tiltölulega sambærilega hluti.

Hins vegar er alveg rétt að ef fjárfestingarlánasjóðirnir og húsnæðislánakerfi væru komin inn í bankana væri efnahagsreikningurinn stærri og samanburðurinn öðruvísi. Það er auðvitað endalaust hægt að leika sér með slíkar tölur.

Af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði hvað stæði til varðandi húsnæðislánakerfið, þá er það svo, hv. þm., að félmrh. hefur skipað nefnd til að kanna leiðir til að koma húsnæðislánakerfinu inn í bankakerfið. Ríkisstjórnin er að vinna að því að sameina fjárfestingarlánasjóðina, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóð og þar með að einfalda og fækka lánastofnunum. Það er ekki rétt sem kom fram áðan hjá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að með þessu væri verið að fjölga lánastofnunum heldur hið gagnstæða, það er verið að fækka lánastofnunum með þessari hagræðingu.

Það eru skiptar skoðanir um það hvort lánasjóðirnir eigi að fara inn í bankakerfið eða vera sjálfstæðir. Þau sjónarmið eru ríkari á mörgum stöðum í Evrópu að það eigi að vera mikill veggur á milli viðskiptabankaumhverfisins og fjárfestingarlánasjóðakerfisins.

Það er rétt að hlutafélagavæðingin ein og sér mun ekki leysa úr þessum vandamálum sem hér eru uppi enda hefur enginn talað um það. Breytingin með hlutafélagavæðingunni verður sú að komið verður á sambærilegum samkeppnisskilyrðum milli þessara viðskiptabanka. Með því að auka hlutafé í bönkunum, ekki með því að selja eigur ríkisins heldur með því að auka hlutafé í bönkunum er verið að styrkja eiginfjárstöðu þessara stofnana, gera þær samkeppnishæfari en þær eru í dag. Með því getum við náð niður reksturskostnaði. Með því getum við líka boðið minni vaxtamun en menn eru að bjóða í dag. Hins vegar, eins og hv. þm. Svavar Gestsson mælti fyrir áðan, stöðlum við fátæktina hjá fyrirtækjunum og einstaklingunum með því að ætla að láta íslensk fyrirtæki og íslensk heimili búa við verri samkeppnisaðstöðu. Þessi skýrsla sýnir að við búum við það og ef við ætlum að halda áfram á þeirri braut þá erum við að staðla fátæktina.

Út af dagskrá voru tekin 7.–10. mál.

Fundi slitið kl. 16:24.

30. FUNDUR

fimmtudaginn 21. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 181. mál, þskj. 202. — 1. umr.
3. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 189. — 1. umr.
4. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 194. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:32]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 183. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 204.

Kosning sérnefndar skv. 32. gr. þingskapa.

[10:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseta hefur borist einn listi með nöfnum ellefu þingmanna, svohljóðandi:

Sturla Böðvarsson,
Jón Kristjánsson,
Ágúst Einarsson,
Sighvatur Björgvinsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Pétur H. Blöndal,
Kristín Ástgeirsdóttir,
Árni M. Mathiesen,
Vilhjálmur Egilsson,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Gunnlaugur M. Sigmundsson.

Þar sem ekki eru fleiri nöfn en kjósa skal lýsi ég áðurtalda alþingismenn réttkjörna í sérnefnd til að athuga frv. um fjárreiður ríkisins.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 181. mál. — Þskj. 202.

[10:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins hefur þann tilgang að afla fjár til kaupa á nýju hafrannsóknaskipi. Eins og kunnugt er þá er skipakostur Hafrannsóknastofnunar kominn til ára sinna. Tvö meginrannsóknaskipin eru nálega 30 ára gömul og eru þar að auki lítil og vanbúin til þess að taka þátt í nauðsynlegum rannsóknum, ekki síst utan fiskveiðilögsögunnar. Það er orðin mjög brýn þörf á að Hafrannsóknastofnun eignist öflugt rannsóknaskip sem hefur togkraft á við það sem nútímatogarar hafa til þess að geta sinnt nýjum verkefnum og betur ýmsum þeim verkefnum sem Hafrannsóknastofnun hefur unnið fram til þessa.

Í athugasemdum með frv. fylgir greinargerð Hafrannsóknastofnunar um þá brýnu þörf sem er á kaupum á nýju skipi. Jafnframt er úttekt tæknideildar Fiskifélagsins á núverandi skipakosti og kostnaði við kaup á nýju skipi. En áætlað er að það skip sem hér um ræðir, sem er 65 m langt skip, kosti einhvers staðar á bilinu frá 1,1 milljarði upp í tæplega 1,4 milljarða kr. Í byggingarsjóði nýs hafrannsóknaskips eru um 265 millj. kr. en viðbótarfjármagn samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja í þessu frv. kæmi úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins. Gert er ráð fyrir að í stað þeirra verkefna sem sjóðurinn hafði fjárráð til að takast á við á næstu árum, þ.e. úreldingarstyrkja til kaupa á fiskiskipum, komi þetta verkefni. Það er með öðrum orðum ekki verið að auka umsvif sjóðsins heldur að færa þau verkefni sem sjóðurinn átti að hafa með höndum á næstu árum yfir í kaup á nýju hafrannsóknaskipi. Meginverkefni sjóðsins eru að baki. Þau voru hugsuð sem tímabundið átak. Á næstu árum hefðu verið til ráðstöfunar samkvæmt þáverandi greiðsluáætlun um 100 millj. kr. á ári til úreldingarstyrkja og það kemur nokkurn veginn heim og saman að á einum áratug hefðu menn haft fjármuni til úreldingarstyrkja sem samsvara kaupum á einum nýjum togara. Það var því alveg ljóst að fram undan í þessum efnum voru ekki stórar aðgerðir. Meginaðgerðin er að baki og því þótti eðlilegra að skipta um verkefni og nota fjármunina til kaupa á hafrannsóknaskipi. Þetta hefur ekki í för með sér að gera þurfi breytingar á þróunarsjóðsgjaldinu. Það verður óbreytt áfram. En hér er síðan gert ráð fyrir því að starfsemi sjóðsins verði lokið árið 2009 og þá verði allar skuldbindingar sjóðsins uppgreiddar og lögin falli úr gildi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[10:39]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er helst að skilja að hér séum við að fjalla um frv. um kaup á hafrannsóknaskipi og ættum þess vegna, miðað við framsöguræðu hæstv. ráðherra, að skella okkur í umfjöllun um skipið. Eins og málið er lagt upp mætti af því skilja að ákvörðun lægi fyrir og nú væri einungis eftir það ánægjulega verkefni að velja. En svo er ekki. Það frv. sem hér liggur fyrir er frv. um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Það kemur reyndar fram í 1. gr. frv. að það á að henda út gömlu 1. gr. og setja nýja inn í staðinn og breyta hlutverki sjóðsins þannig að eitt þessara hlutverka verði að fjármagna kaup eða smíði á skipi fyrir Hafrannsóknastofnun. Það er ekki alveg það sama og að fjalla um kaup á nýju skipi. Við erum að fjalla um lagabreytingar sem gætu gert kleift að kaupa hafrannsóknaskip með þeim fjármunum sem koma inn í þróunarsjóðinn vegna þess að þeir fjármunir eru ekki settir í þetta verkefni af fjárlögum ríkisins. Ég held að við ættum að hafa þetta nokkuð á hreinu þannig að það sé alveg ljóst hvað verið er að gera.

Þegar þróunarsjóðurinn tók fyrst til starfa vorið 1994 var hlutverk hans „... að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegsfyrirtækjum með því að auðvelda þeim að losna við

umframafkastagetu í veiðum jafnt sem vinnslu". Þetta er bein tilvitnun, herra forseti. „Í því skyni veitir sjóðurinn styrki til að úrelda fiskiskip, kaupir fiskvinnslustöðvar og framleiðslufyrirtæki. Enn fremur veitir sjóðurinn lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis."

Það lá sem sé greinilega ekkert smáræðis nýsköpunar- og þróunarverkefni fyrir og þess vegna voru þessi lög væntanlega samþykkt á Alþingi.

Það hefur orðið nokkur árangur af úreldingarhlutverki sjóðsins að því er lýtur að bátum og skipum. Ég mun koma nánar að því á eftir. En það væri fróðlegt á þessum tímamótum í starfi sjóðsins þegar hann hverfur frá þessum verkefnum og tekur að sér að fjármagna stórverkefni á sviði rannsókna, að fá yfirlit yfir árangur af því starfi sem fjallað er um í greinargerð og snýr að nýsköpun, þróunarverkefnum, verkefnum erlendis og fleira þess háttar sem ég minnist nú ekki að hafi verið rætt hér. Menn hafa farið yfir úreldingarþáttinn en ég minnist þess ekki að við höfum fengið yfirlit eða skýrslu um þátttöku sjóðsins og afrek á þessum sviðum. En væntanlega er hægur vandinn að fá slíkt yfirlit.

Það er líka merkilegt með Þróunarsjóð sjávarútvegsins að þó hann sé ungur að árum þá hafa verið gerðar á honum sífelldar breytingar. Hann er sjóðurinn sem hefur verið notaður til að bregðast við ef eitthvað kemur upp á. Þegar menn þurftu að hemja stækkun krókabátaflotans var sjóðurinn notaður og lögunum var breytt. Þegar síðan þurfti að ganga fetinu framar var lögunum um sjóðinn aftur breytt og nú þegar okkur vantar fjármagn til að byggja rannsóknaskip er lögunum um sjóðinn enn breytt. Kannski væri ástæða til að breyta lögunum enn meira en hér er gert og hreinsa þá betur til. Það væri hægur vandi að hreinsa út ýmsa hortitti og annað í lögunum og gera þau þar með einfaldari og skilvirkari.

Herra forseti. Ég vil endilega koma því að strax að ég hef enga trú á þessu sólarlagsákvæði sem er í frv. Mér sýnist að saga sjóðsins, sem eins og ég sagði áðan hefur verið nýttur til að bregðast við, verði sú hin sama áfram. Þarna er sem sé komin ákveðin leið til að fjármagna tiltekna hluti í útgerð sem varða sjávarútveg og stjórnvöld hafa lært að nota þessa leið. Nú síðast með þessari tillögu um kaup á rannsóknaskipinu og ég sé ekki fyrir mér að það muni breytast. Ég get t.d. séð það fyrir mér, herra forseti, að innan mjög skamms tíma verði áhyggjur manna af sjómannamenntun og niðurskurði í framhaldsskólakerfinu orðnar slíkar að sú spurning komi upp að greinin sjálf í gegnum Þróunarsjóð sjávarútvegsins taki á því máli og fari að fjármagna menntun sjómanna. Af hverju ekki það eins og kaup á rannsóknaskipi? Er það ekki líka spurning um tiltekna þróun og jafnvel nýsköpun? Ég gæti séð ýmislegt fleira fyrir mér í þessum efnum og því segi ég að ég held að þetta sólarlagsákvæði sé blekking, hugsanlega til að fá einhverja trega til fylgilags við frv. En ég held hins vegar að ég sé sannspá um að ýmislegt fleira eigi eftir að koma upp á sem ástæða er til að fjármagna.

Víkjum aðeins að því hvernig þessi sjóður hefur starfað. Tekjur hans hafa verið af gjaldi sem í sumum tilfellum er kallað þróunarsjóðsgjald og þetta gjald hefur hvað varðar skip og báta í fyrsta lagi verið innheimt af brúttótonni eða brúttólest skipa og báta, þó aldrei fyrir hærri upphæð en fæst af skipum sem eru um það bil 350–400 tonn, þar stoppar það og stærri skipin greiða aldrei hærri upphæð þannig að eins og stundum fyrr er þeim hlíft sem skyldi, eða hvað? Á næsta ári er gert ráð fyrir að eftir þessum leiðum innheimti sjóðurinn 84 millj. kr. en 80 millj. kr. á ári eftir það fram til ársins 2006 eða alls 804 millj. kr. Þetta er tiltölulega flókin innheimtuleið og hún skilar 804 millj. kr. til ársins 2006 þegar þessum hluta sjóðsins verður lokað.

Þá er í öðru lagi frá því fiskveiðiári sem hófst 1. sept. sl. innheimt ein króna af hverju þorskígildiskílói. Þessari innheimtuaðferð er ætlað að skila 500 millj. á næsta ári og 558 millj. ári eftir það eða alls tæpum 5 milljörðum til ársins 2006. Ef menn ekki greiða þessa krónu fyrir úthlutað þorskígildiskíló liggur við svipting veiðileyfis. Ég bið menn að athuga það. Árangurinn af þessu, sem þykir það góður að nú er ástæða til að loka fyrir þá starfsemi sem þessi innheimta átti að fjármagna og fjármagnaði, er sá að líklega verður um 20–25% fækkun krókabáta að ræða með þátttöku sjóðsins ef allt gengur fram sem fyrirséð er. Á sama tíma hefur veiðileyfum einnig fækkað um 20–25% og að einhverju leyti hefur sjóðurinn komið þar inn, m.a. með uppkaupum á aflamarksbátum og skipum. Þetta var um skip og báta.

Þá komum við að fiskvinnsluhúsunum. Þegar ákveðið var að innheimta þróunarsjóðsgjald var líka ákveðið að innheimta af fiskvinnsluhúsunum. Og þar á líka að halda áfram að innheimta sérstakt gjald til ársins 2006. Þetta gjald er 0,75% af gjaldstofni sem er fasteignamatsverð á fasteign og tilheyrandi lóð sem notuð er til fiskvinnslu. Þetta sérstaka gjald á að gefa 67 millj. kr. í ár en upp frá því á þetta gjald að gefa 75 millj. kr. á ári eða í allt 742 millj. til ársins 2006, 742 millj. kr. Árangurinn þarna er hins vegar sá að sjö fiskvinnsluhús hafa verið úrelt. Sjö fiskvinnsluhús hafa verið úrelt og kostnaður sjóðsins við það eru 19 millj. kr. Þessi sjö fiskvinnsluhús voru úrelt fyrir 75 millj. kr. og seld aftur fyrir 56 millj. þannig að kostnaðurinn af úreldingunni er í raun orðinn 19 millj. og verður væntanlega ekki meiri. En til að ná þessum 19 millj. kr. árangri í úreldingu fiskvinnslustöðva þurftu þær að greiða inn í sjóðinn á árinu 1995 66 millj. kr. og munu á árunum til 2006 borga alls 742 millj. kr. Verða þær þá samtals búnar að greiða yfir 800 millj. inn í þetta kerfi svo úrelda mætti fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki fyrir 19 millj. kr. Þetta er skattlagning í lagi. Fiskvinnslan borgar hundruð milljóna til að úrelda megi báta og skip og kaupa rannsóknaskip fyrir Hafrannsóknastofnun. Það er makalaust, herra forseti, að lesa þetta frv. og hugsa svo til þeirra sem ekki mega til þess hugsa að útgerðin, sem í dag er rekin með bullandi hagnaði — menn heyrðu nú húrrahrópin á landsfundi útvegsmanna þar sem hver maður gekk undir annan í því að hrósa hinni góðu afkomu — greiði meira fyrir sín veiðileyfi. Þeir ætla nú að láta fiskvinnsluna í landinu, fiskvinnsluna sem rekin er með tapi og menn þykjast hafa verulegar áhyggjur af, greiða skatt til útgerðarinnar. Þar fundu menn þó matarholu.

Þetta er hreinasta snilld og skattastefna ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Hér er gamli Hrói höttur rétt eina ferðina mættur með öfugum formerkjum. Fjármagn er flutt frá illa staddri fiskvinnslu til vel staddrar útgerðar frá smásparendum til stóreignarmanna eins og í fjármagnstekjuskattinum og áfram mætti telja.

Herra forseti. Ég hef mælt fyrir veiðileyfagjaldi á útgerðina. Þeir hafa verið býsna margir í þessum sal sem hafa mótmælt því vegna þess að þeir vorkenna svo fiskvinnslunni í landinu. Á þeirri forsendu hafa þeir mótmælt veiðileyfagjaldi. Það hafa þeir gert þó svo að alltaf hafi legið ljóst fyrir að aldrei hefur staðið til að leggja veiðileyfagjald á fiskvinnslu. Hún fær einfaldlega ekki úthlutað veiðileyfum.

Auðvitað er það útgerðin sem greiðir. En þessir höfðingjar, þeir eru ekki mættir hér eða hvað? Ég sakna þeirra sumra úr salnum, þessara miklu vina fiskvinnslunnar sem verða vinir hennar þegar veiðileyfagjald er á dagskrá en ekki þegar það er á dagskrá að skattleggja fiskvinnsluna um hundruð milljóna til að þjóna útgerðinni. Við skulum bara skipta þessu svona vegna þess að hafrannsóknaskip er auðvitað mikilvægt fyrir okkur öll. En ef menn ætla að fara að velta vöngum yfir því fyrir hvern það er mikilvægast, þá getum við allt eins flokkað það þannig að það sé mikilvægast fyrir útgerðina því þeir veiða fiskinn. Þeir njóta þeirra forréttinda að fá að nýta auðlindina í kringum landið. Við hin, þar með fiskvinnslan í landinu, sitjum á allt öðrum bekk. Og fyrst okkur er ekki ætlað að greiða sérstaklega fyrir þetta hafrannsóknaskip með okkar sköttum þá finnst mér furðulegt að það skuli eiga að taka fiskvinnsluna í landinu, fiskiðnaðinn, fram yfir annað og skattleggja hann sérstaklega til þess að fara í þessi kaup. Ég auglýsi aftur eftir vinum fiskvinnslunnar. Og það verður fróðlegt að fylgjast með því við afgreiðslu þessa máls hvernig þeir standa sig núna þegar þeir fá tækifæri til að sýna hlýhug sinn í verki.

Ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst, fyrst verið er að hreinsa til í þessum lögum, að skynsamlegt væri að fella út 4. gr. sem fjallar um gjaldið sem lagt er á brúttótonn eða brúttórúmlest. Það er svo merkilegt með það gjald að það á að hækka samkvæmt byggingarvísitölu sem er nú brandari út af fyrir sig þegar við erum að tala um þessa hluti. Mér fyndist að það ætti að fella þá grein út. Það er einungis til að flækja málin að vera að innheimta gjald eftir þeirri aðferð auk þess sem gjaldið hefur mikla annmarka. Mér finnst líka að það ætti að fella út 5. gr. laganna eins og ég hef verið að undirstrika í mínu máli, en það er greinin sem snýr að innheimtu gjalda af fiskvinnslunni. Mér finnst hún fráleit og það á að fella hana út.

Mér finnst líka, af því að þessi byggingarvísitöluviðmiðun er út í hött, að það ætti að fella út 2. mgr. 6. gr. þar sem talað er um þetta byggingarvísitöluviðmið. Það er reyndar líka varðandi þá hækkun sem á að koma til á því gjaldi sem miðað er við þorskígildi. Þar er miðað við byggingarvísitölu. Það er ekki miðað við verð á veiðiheimildum á markaði eða eitthvað þess háttar. Nei, byggingarvísitölu. Það væri fróðlegt að fá útskýringar á því af hverju það viðmið var valið.

Herra forseti. Ef við felldum út þessar greinar, þ.e. innheimtuna á skip og báta eftir brúttótonnum eða brúttórúmlestum, eftir stærðinni sem sagt, og ef við felldum út gjaldið á fiskvinnsluna, hvað ætli við þyrftum þá að hækka krónuna mikið, þessa krónu sem samkvæmt 6. gr. er innheimt á þorskígildiskílóið? Við þyrftum að hækka hana um 27 aura til að ná sama árangri. Það er verið að halda úti flókinni innheimtu fyrir 27 aura. Af hverju breyta menn þessu ekki? Af hverju einfalda menn ekki þessa hluti, setja örlitla hækkun inn í 6. gr. þannig að í stað krónunnar komi 1,27 kr. og felli út 4. og 5. gr.? Það fyndist mér skynsamlegt að hv. nefnd tæki sér fyrir hendur þegar hún fær frv. til meðhöndlunar. Sú leið er einfaldari og hún er líka réttlátari. Það er þá alveg ljóst að þeir eru að greiða sem til þess ættu að hafa burði. Stærð skipa segir ekkert um það og stærð fiskvinnsluhúsa ekki heldur, fyrir utan það sem ég sagði um fiskvinnsluhúsin áðan og hversu fráleitt það er að vera að láta þau áfram borga inn í þennan sjóð þegar ekki er gert ráð fyrir neinni úreldingu fiskvinnsluhúsa. Það er lafhægt að taka þau út fyrir sviga rétt eins og okkur hin öll sem ekki eigum að taka þátt í að fjármagna rannsóknaskip í gegnum skattana okkar.

Herra forseti. Ég er ekki á móti því að Þróunarsjóður sjávarútvegsins greiði fyrir hafrannsóknaskip. Ég er hins vegar á móti því að þegar farið er í að breyta lögunum þá skuli það vera gert svona, þ.e. að þá skuli menn ekki ganga rösklega til verka og gera þetta almennilega. Ég er búin að benda á það sem ég tel að betur mætti fara og ég vænti að það verði tekið til athugunar í hv. nefnd. Ef ekki verður meiri hluti fyrir því í nefndinni munu að sjálfsögðu koma fram breytingartillögur þegar kemur að afgreiðslu málsins.

Ég ítreka í lokin, herra forseti, að ég held að sólarlagsákvæðið sé blekking. Ef menn vilja hafa slíkt inni í lögum er það sjálfsagt öllum að meinalausu eða meinalitlu en það er karlmannlegra að horfast í augu við þann veruleika að í fleiri verkefnum á næstu árum mun verða uppi krafa um að sjávarútvegurinn greiði sjálfur fyrir þá þjónustu eða þá starfsemi sem að honum lýtur en ríkið hefur borgað til þessa.

[11:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil ekki tefja tímann með miklum ræðuhöldum við þetta mál en vekja athygli á því að ákveðin kaflaskil verða í rannsóknarmálum Íslendinga ef þetta frv. verður að lögum. Með því er ætlunin að láta sértekjur af einni atvinnugrein kosta grunnrannsóknir. Það eru satt að segja mjög alvarleg kaflaskil vegna þess að það er meginmál í uppbyggingu mennta- og rannsóknakerfis á Íslandi að grunnrannsóknir séu kostaðar af almannafé. Grunnrannsóknir eru svo dýrmætar, bæði sem þáttur í rannsóknunum almennt og líka almennt í okkar menningarmálum að mínu mati, því ég lít á rannsóknir sem hluta af menningu, að ég tel að það sé stórkostlega varasamt að ákveða að fjármagna grunnrannsóknir greinabundið. Það geti orðið til þess að rannsóknirnar miðist við hagsmuni greinarinnar í þrengsta skilningi en ekki heildarhagsmuni. Þess vegna tel ég að farið sé inn á mjög vafasama braut að ákveða það að þessi þróunarsjóður, með þeirri aðferð sem hann byggist á, fjármagni grunnrannsóknir með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir því auðvitað er hafrannsóknaskip líka grunnrannsóknir þó þær séu að einhverju leyti hagnýtar rannsóknir. Þetta er undirstöðuþáttur gagnrýni minnar á þetta frv., hæstv. forseti.

Í öðru lagi bendi ég á að ég sé ekki betur en að með ákvörðun þessa frv., ef það verður að lögum, sé þessi þróunarsjóður orðinn með neikvæðan höfuðstól um 4 milljarða kr. Það er náttúrlega mjög sérkennilegt og menn hafa mikið talað um sjóðasukk fyrri ríkisstjórna, þ.e. forustumenn núverandi og síðustu ríkisstjórnar, það sé nú eitthvað annað núna en það var þegar sjóðasukkið réði lögum og lofum. Nú er staðan þannig, hæstv. forseti, að lagt er til að þróunarsjóðurinn kosti þetta verkefni upp á um það bil 1.000 millj. kr., taki að láni og endurláni, og verði þar með með neikvæðan höfuðstól í lok þeirra aðgerða upp á 1.000 millj. kr. til viðbótar við þær 2.855 millj. sem höfuðstóll sjóðsins var neikvæður um um síðustu áramót. Þetta er algjörlega fráleitur frágangur á málinu. Miklu hreinlegra hefði verið, hæstv. forseti, að viðurkenna það að verkefni af þessu tagi á bara að kosta í gegnum ríkissjóð vegna þess að að nokkru leyti er frv. og uppsetning þess sett svona upp í þeim tilgangi að plata ríkisreikning og reyna að láta ekki sjást hvað er verið að gera. Það er verið að segja: Við ætlum að koma þessum hlutum fyrir til að ríkisreikningarnir fyrir árin 1996 eða 1997 líti

aðeins skár út en þeir hefðu ella gert. Þetta er raunverulega tillaga um að afgangurinn að ríkissjóði, sem hæstv. fjmrh. er að hreykja sér af upp á rúmlega 1 milljarð kr., verði tekinn í þetta verkefni þó að það eigi svo að fjármagnast sérstaklega í gegnum Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

Ég tel þess vegna að frv. verðskuldi ítarlega umræðu í þeirri hv. nefnd sem fær það til meðferðar. Ég geri ráð fyrir að tillaga hafi verið gerð um að það færi til sjávarútvegsnefndar. Ég tel engu að síður að það kæmi vel til greina að málið verði skoðað í hv. menntmn. því að þetta er rannsóknarmál og væri þess vegna eðlilegt að það væri skoðað með hliðsjón af öðrum rannsóknum, einkum grunnrannsóknum, og almennt séð vara ég við því að tekjustofnar af þessu tagi séu notaðir til að kosta grunnrannsóknir, hæstv. forseti.

[11:05]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vildi gera athugasemd við það að gert er ráð fyrir því að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs verði heimilt að taka að láni og endurlána Þróunarsjóði sjávarútvegsins allt að 1.000 millj. kr. Þetta tel ég að eigi heima í lánsfjárlögum en ekki í svona lagasetningu þar sem verið er að skuldbinda ríkissjóð og á þar af leiðandi heima í lánsfjárlögum. Þá vildi ég gjarnan koma inn á það að við þurfum að sjálfsögðu ný rannsóknaskip en við þurfum líka varðskip og það er verið að tala um það á sama tíma. Ég vildi gjarnan að það yrði skoðað hvort ekki mætti nýta skip í hvort tveggja og spara þar með jafnvel milljarða því að rannsóknaskip sigla um höfin en varðskip þurfa sömuleiðis að sigla um höfin.

Við erum að tala um ákveðinn vísi að auðlindaskatti. Þetta er auðlindaskattur, þetta er skattur á kvótann. Ég vil að menn horfi á það raunverulega með þeim augum. Ef við ætlum að taka upp auðlindaskatt, sem ég er í prinsippinu á móti, vil ég að það sé gert með opnum augum og horft sé á það. Ég vil miklu frekar að arðurinn af auðlindinni renni til þjóðarinnar en ekki í formi skatts í gegnum ríkið. Ég vil að menn horfi á það raunhæfum augum. Ég er hins vegar hlynntur því að greinin borgi þær rannsóknir sem eru beint í hennar þágu og eru ekki í reynd grunnrannsóknir eins og þær eru stundaðar almennt. Verið er að framkvæma mjög hagnýtar rannsóknir beint í þágu viðkomandi greinar. Mér finnst því eðlilegt að hún borgi það. Ég vil að jafnframt sé skoðað hvort við séum að fara út í auðlindaskatt og þá sé horft til þess að hv. efn.- og viðskn. fjalli um það eins og um aðra skatta. Ég tek undir með hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur að ég hef ekki trú á þessu sólarlagsákvæði. Við höfum oft upplifað sólarlagsákvæði sem hafa orðið varanleg þannig að ég hef ekki trú á því. Einnig tek ég undir það með henni að þessi álagning er furðu flókin og ég væri mjög fylgjandi því ef menn ætla að taka upp auðlindaskatt og láta borga fyrir hvert kíló af þorskígildi sé það gert á einfaldan máta eins og hv. þm. benti á.

[11:08]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Loksins dró að því að ég og hæstv. sjútvrh. yrðum sammála um eitthvað. Ég sat með hæstv. ráðherra í ríkisstjórn í nokkur ár og studdi hann með ráðum og dáð, stundum gegn betri vitund, en mér fannst hann vera seinn til lærdóms. Nú hefur það gerst að hann leggur fram frv. sem í megindráttum tekur undir þá stefnu sem ég og flokkur minn höfum fylgt um langt skeið. Við teljum að að því er varðar sjávarútveginn eigi að leggja á ákveðið gjald, sem við höfum kallað veiðileyfagjald en hann hefur kallað auðlindaskatt, og þetta gjald eigi að nota til að fjármagna þann kostnað sem hið opinbera hefur af rekstri greinarinnar. Því er stundum haldið fram að sjávarútvegurinn á Íslandi sé eini sjávarútvegurinn í heimi sem sé ekki ríkisstyrktur. Það er auðvitað rangt. Grunnrannsóknir hafa verið kostaðar af ríkinu og hagnýtar rannsóknir líka. Nú gerist það hins vegar að hæstv. sjútvrh. tekur undir það viðhorf sem ég lýsti áðan, að gjald sem tekið er af greininni sjálfri er notað til að standa undir kaupum á hafrannsóknaskipi. Það er tímabært að keypt sé nýtt hafrannsóknaskip þótt auðvitað hefði hæstv. sjútvrh. átt að vera fyrr á ferðinni með þetta ágæta frv. Ég held að þess vegna sé óhætt að taka undir að minnsta kosti þann hluta frv. sem lýtur að því að þróunarsjóðsgjaldið, sem er ekkert annað en veiðileyfagjald eins og var margsinnis túlkað af þeim sem sátu með hæstv. ráðherra í ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, sé nú tekið til að standa undir kaupum á nýju hafrannsóknaskipi. Þó að ég sé ósammála því atriði sem kemur fram í bráðabirgðaákvæði frv., að sjóðnum eigi að loka 2009, vænti ég þess að hæstv. sjútvrh. verði kannski ekki eilífur í embætti sínu. Aldrei að vita nema hann verði kallaður til annarra og æðri verka á sviði þjóðmálanna. Það kunna að koma aðrar ríkisstjórnir og önnur viðhorf í ríkisstjórn Íslands þannig að ég hef ekki neitt sérstakar áhyggjur af því þó hæstv. sjútvrh. leggi til að sjóðnum verði lokað eftir meira en áratug. Hann verður sökum fortíðar sinnar í þessu máli að hafa eitthvert slíkt ákvæði inni. En ég lýsi því yfir, herra forseti, að þótt sitthvað kunni að vera að smáatriðum þessa frv. er meginhugsunin sú að þarna verði tekið gjald, veiðileyfagjald, til þess að standa straum af því að kaupa nýtt hafrannsóknaskip. Þarna er hæstv. sjútvrh. að leggja út á braut sem ég tel afskaplega farsæla og ég óska honum til hamingju með að hafa loksins séð ljósið í þessum efnum.

[11:12]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og hefur fyrst og fremst verið til umræðu það ákvæði til bráðabirgða sem lýtur að kaupum á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnun Íslands. Fyrir mitt leyti fagna ég því sérstaklega að með frv. er tekið á mjög erfiðri stöðu Hafrannsóknastofnunar hvað varðar rannsóknahlutverk hennar og að mæta þeim brýnu kröfum sem hljóta að brenna eilíflega á slíkri stofnun eins og Hafrannsóknastofnun. Það er ekki bara það að skip Hafrannsóknastofnunar eru orðin gömul, 25–30 ára, heldur eru þau orðin mjög illa farin og þarf jafnvel að setja hundruð milljóna í viðgerðarkostnað á þessum skipum bara til að halda þeim úti.

Það er einnig alvarlegt hvað varðar stöðu Hafrannsóknastofnunar í dag að skipin hafa ekki þann möguleika að geta farið í rannsóknaleiðangra á þau svæði sem eru órannsökuð í dag, t.d. suður af landinu þar sem fundist hafa mjög verðmæt karfamið. Smokkfiskur og túnfiskur hafa fundist á þessum svæðum og annar úthafsfiskur sem skip okkar hafa ekki stærð til að sinna að því marki sem ætlast verður til og leiðangrar hverju sinni þurfa að sinna vísindalega. Einnig má segja að leit Hafrannsóknastofnunar að loðnu, til að mynda norður í höfum, hafi reynst mjög erfið með bergmálsdýptarmælingum vegna þess að skipin eru svo lítil og hafa átt erfitt með að athafna sig í veðrum sem eru oft mjög válynd norður í höfum. Það er einn nauðsynlegi þátturinn í að styrkja þessar

rannsóknir að hafa til þess stærri og öflugri skip sem geta verið að veiðum í öllum veðrum og leitað að fiskstofnum eins og loðnu sem er svo mikilvæg fyrir okkar afkomumöguleika þannig að ég fagna því sérstaklega að þetta mál skuli vera komið svo langt sem raun ber vitni. Mér finnst algert aukaatriði í sjálfu sér hvernig þetta er fjármagnað. Þetta er gert með eðlilegum hætti að láta sjávarútveginn taka þátt í því. Mér finnst ekkert athugavert við það að sjávarútvegurinn taki þátt í grunnrannsóknum og taki þátt í þeim kostnaði sem felst í því að þróa upp leitarkerfi og gagnakerfi sem nýtist náttúrlega sjávarútveginum fyrst og fremst og þá um leið þjóðinni allri. Mér finnst þetta hafa þróast mjög vel í höndum hæstv. sjútvrh. og fagna því að það sér fyrir endann á þeirri löngu bið Hafrannsóknastofnunar eftir skipi sem við getum sagt að standi, við skulum segja, á sporði því besta sem þekkist í heiminum og verður okkur til sóma og okkar starfsmönnum í Hafrannsóknastofnun tæki sem getur nýst okkur í leiðöngrum og rannsóknastörfum með öðrum þjóðum. Eins og menn vita höfum við þurft með samningum við aðrar þjóðir að leita eftir því að setja okkar menn um borð í önnur skip, sem eru þá erlend, en við ekki verið í stakk búnir til að taka þátt í því með afgerandi hætti.

[11:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég hafði vænst þess að hæstv. sjútvrh. tæki til máls og lýsti afstöðu sinni til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram, ekki aðeins vegna þess sem ég sagði áðan, en efnislega var það á þá leið að ég teldi að hæstv. sjútvrh. væri með þessu frv. farinn að troða þá farsælu slóð að láta sjávarútveginn taka þátt í kostnaði við grunnrannsóknir.

Ég tel að þetta séu nokkur kaflaskil í sögu þessa hæstv. ráðherra. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi áður komið fram með þingmál sem svo afdráttarlaust tekur í rauninni undir þá stefnu sem jafnaðarmenn hafa haft í þingsölum. Ég hygg hins vegar að það sé enn frekar ástæða til þess að hæstv. sjútvrh. láti sína afstöðu koma fram vegna þess að hér talaði mætur hv. þm. Kristján Pálsson áðan og tók undir málflutning minn og jafnaðarmanna. Hv. þm. sagði að hér væri verið að festa kaup á hafrannsóknaskipi sem væri tímabært. Hann sagði jafnframt að það væri gert með eðlilegum hætti því að sjávarútveginum væri falið að taka þátt í kostnaðinum og hann sagði: „Ég sé ekkert athugavert við það að sjávarútvegurinn taki þátt í kostnaði vegna grunnrannsókna."

Ég tek undir hvert einasta orð sem hv. þm. Kristján Pálsson hefur sagt. Ég minnist þess ekki, og er þó ekki tiltakanlega tekinn að reskjast, að nokkur þingmaður Sjálfstfl. hafi áður sagt þetta svo afdráttarlaust. Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort hann sé sömu skoðunar og flokksbróðir hans af Suðurnesjum, hv. þm. Kristján Pálsson.

[11:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur ekki verið ágreiningur um það að meginuppistaðan í þróunarsjóðsgjaldinu er gjald á aflaheimildir. Í allri umræðu um auðlindaskatt hefur rækilega verið á það bent af mér og fleirum að þessi skattlagning hefur verið við lýði alveg frá byrjun kvótakerfisins. Fyrst til þess að greiða að fullu kostnað við veiðieftirlit og stjórnun veiðanna og síðan þetta gjald sem greitt er í þróunarsjóðinn. Deilurnar um þetta hafa fyrst og fremst staðið um það hvort tilefni væri til það hækka og auka þessa skattheimtu á sjávarútveginn.

Varðandi spurninguna um það hvort gjaldtaka af þessu tagi ætti að renna til verkefna á sviði hafrannsókna eða ekki, þá hef ég því aðeins flutt þetta frv. að ég tel það vera verðugt verkefni fyrir sjóðinn. Hins vegar er það ekki svo að þetta séu nýmæli. Eins og hv. 15. þm. Reykv. man var það svo að á síðasta kjörtímabili var með lögum ákveðið að greiða hluta af rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar með sölu á aflaheimildum sem gamli hagræðingarsjóðurinn hafði. Þessari skattlagningu í formi sölu á aflaheimildum var síðan breytt og hún lögð niður og í staðinn kom þetta gjald sem fór á undanförnum árum alfarið til úreldingarstyrkja. Það eru ekki nýmæli að nota þetta gjald vegna Hafrannsóknastofnunar. En ég tel fullkomlega eðlilegt að nota þessa fjármuni í þessu skyni og því aðeins hef ég flutt þetta frv. Deilan um auðlindaskattinn hefur fyrst og fremst snúist um það hvort það ætti að leggja á meiri skatta en gert er í dag.

[11:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir kveða við nýjan og miklu bjartari tón í máli hæstv. sjútvrh. Ég man ekki betur en í tíð síðustu ríkisstjórnar hafi einmitt verið uppi a.m.k. skoðanamunur ef ekki beinn ágreiningur um það hvort sjávarútvegurinn ætti að taka þátt í kostnaði við grunnrannsóknir. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi markað hérna nýja braut, a.m.k. af hálfu síns flokks, þegar hann leggur fram frv. sem gerir ráð fyrir því að hætt sé að nota þetta fjármagn sem tekið er í gegnum þróunarsjóðsgjald, sem við höfum kallað vísi að veiðileyfagjaldi, til að úrelda. Í staðinn er það veitt til þess að fjármagna ný tæki sem eiga að sinna grunnrannsóknum. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Telur hann ekki að til greina komi þegar búið er að fjármagna þetta skip að halda uppteknum hætti og nota gjaldtöku með þessum hætti til þess að fjárfesta í öðrum nauðsynlegum rannsóknatækjum sem tengjast grunnrannsóknum fyrir þessa atvinnugrein, til að mynda rannsóknaskipum annarrar gerðar, smærri til að mynda, sem gætu með hagfelldari hætti t.d. sinnt málum sem tengjast línuveiðum á djúpslóð sem aðrar þjóðir hafa tekið upp með jákvæðum árangri?

[11:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins minna á að það er ekki nýmæli af minni hálfu að leggja til að þessu gjaldi verði varið til hafrannsókna. Ég flutti sjálfur um það frv. á síðasta kjörtímabili. Því var svo aftur breytt í það form sem verið hefur eftir að þróunarsjóðurinn tók við og núna er lagt til að þróunarsjóðurinn sinni þessu afmarkaða verkefni. Hér er ekki verið að leggja til að hækka gjöld eða leggja á ný gjöld. Það gjald sem ákveðið var að leggja á með þróunarsjóðslögunum á sínum tíma er óbreytt þannig að hér er ekki um að ræða nýja skatta.

Það vill svo til að það ráðstöfunarfé sem sjóðurinn fær á næstu árum umfram það sem hann þarf til þess að greiða fyrirliggjandi skuldbindingar hrekkur fyrir þessu verkefni. Ég er ekki að leggja til að þessi gjöld verði aukin til þess að standa undir nýjum verkefnum. Það er ekki mín tillaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 1. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 189.

[11:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir á þskj. 189. Ég hafði vonað í fyrradag að fá tækifæri til að mæla fyrir þessu máli og ræða þetta saman með frv. um atvinnuleysistryggingar af því að málin eru mjög skyld og verða að tengjast saman. Þetta frv. kemur að takmörkuðu gagni nema hitt frv. verði samþykkt og öfugt.

Þetta frv. er samið af nefnd sem skipuð var sumarið 1995 til þess að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar. Í þeirri nefnd áttu sæti hv. þm. Hjálmar Árnason, sem var formaður nefndarinnar, hv. þm. Ögmundur Jónasson, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Hervar Gunnarsson, varaforseti ASÍ, Jón Rúnar Pálsson, lögfræðingur hjá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Jón H. Magnússon, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, og Nikulás Einarsson, viðskiptafræðingur, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Frv. er flutt óbreytt í því formi sem þessi nefnd skilaði því. Hún var einhuga um frv.

Þessu frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er ætlað að leysa af hólmi lög um vinnumiðlun, nr. 18/1985, með síðari breytingum. Helstu breytingarnar, herra forseti, sem frv. felur í sér eru þessar:

Lagt er til að vinnumiðlun verði rekin alfarið á vegum ríkisins. Það var einhugur í nefndinni sem samdi frv. um að unnt sé að efla og samhæfa vinnumiðlun betur en nú er ef rekstur hennar er á einni hendi.

Lagt er til að vinnumálaskrifstofa félmrn. verði gerð að sjálfstæðri stofnun sem nefnist Vinnumálastofnun. Stofnunin fari með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu. Hún lúti stjórn nefndar sem verði skipuð aðilum vinnumarkaðarins, en fulltrúi félmrh. gegni formennsku í nefndinni. Auk umsjónar- og eftirlitshlutverks með stofnuninni hafi stjórnin það hlutverk að fylgjast með ástandi vinnumarkaðarins á hverjum tíma, gefa félmrh. skýrslu þar að lútandi og gera tillögur til hans um vinnumarkaðsaðgerðir.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn vinnumálaskrifstofunnar verði starfsmenn hinnar nýju stofnunar. Þykir rétt að fela sjálfstæðri stofnun yfirstjórn vinnumiðlunar fremur en hafa hana deild eða skrifstofu í ráðuneytinu. Stofnunin á að hafa með höndum stjórn vinnumiðlunar á landinu öllu. Þetta er í samræmi við þá stefnu að færa hrein stjórnsýsluverkefni frá ráðuneytunum sem annast sem mesta stefnumótun.

Stefnt er að því að efla opinbera vinnumiðlun og þáttur í því er að rekstur vinnumiðlananna verði verkefni ríkisins en ekki sveitarfélaganna eins og nú er. Talið er að með því fáist betri heildarsýn yfir vinnumarkaðinn en það hefur þótt brenna við að starfsemi vinnumiðlunar sveitarfélaga einskorðist um of við eigið sveitarfélag og jafnframt er nauðsynlegt að efla yfirstjórn málaflokksins. Með því að svæðisvinnumiðlanir verði reknar á vegum ríkisins verða tengsl vinnumiðlunar og Vinnumálastofnunar skýrari og nánari en á milli vinnumálaskrifstofu og félmrn. og Vinnumiðlunar sveitarfélaga. Það verður væntanlega auðveldara fyrir Vinnumálastofnun að framfylgja nauðsynlegu eftirliti og samræmingu milli vinnumiðlana heldur en nú er.

Ég tel einboðið að vinnumiðlanir sem eru vel reknar á vegum sveitarfélaganna geti orðið verktakar hjá ríkinu ellegar þá að gerast ríkisstofnanir ef það þykir betur henta. Mér dettur í hug Vinnumiðlun Reykjavíkur t.d. sem hefur verið rekin með miklum ágætum og verið mjög virk í aðgerðum í vinnumarkaðsmálum. Ég tel mjög mikilvægt að nýta þá reynslu og þekkingu sem þar er saman komin í þágu þessa verkefnis áfram.

Gert er ráð fyrir því að ríkið verði eitt vinnusvæði. Það er úrelt fyrirkomulag að skipta landinu niður í mörg vinnusvæði og það eru leifar frá gamalli tíð. Gert er ráð fyrir að svæðisvinnumiðlanir annist opinbera vinnumiðlun hver á sínu svæði undir yfirstjórn Vinnumálastofnunar. Nefndin taldi nauðsynlegt, og það geri ég líka, að a.m.k. ein svæðisvinnumiðlun verði starfandi í hverju kjördæmi. Til þess að tryggja nauðsynlegt aðgengi íbúa svæðis er gert ráð fyrir að samið verði við aðila eins og sveitarfélög eða sýslumenn eða verkalýðsfélög um að annast skráningu atvinnulausra.

Eitt af nýmælum frv. er að svæðisvinnumiðlanir eigi að sjá atvinnulausum fyrir ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi og starfsþjálfun til þess að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra.

Lagt er til að í tengslum við svæðisvinnumiðlanirnar starfi sérstakar ráðgjafarnefndir sem í frv. eru nefndar svæðisráð og þær verði skipaðar fulltrúum aðila vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum sveitarfélaga og framhaldsskóla. Þessum svæðisráðum er ætlað að fylgjast með atvinnumálum á svæðinu og gefa Vinnumálastofnun skýrslu þar um, og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og fá aðila á svæðinu til samstarfs um slíkar aðgerðir.

Það skal áréttað, herra forseti, að það er hugmyndin að gera landið að einu vinnusvæði en í því felst að vinnumiðlunin skuli vera rekin á landsvísu. Það er tekið fram að mönnum geti verið skylt að taka vinnu utan heimabyggða sinna samkvæmt nánari ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, en þar segir að ef hafnað er vinnu fjarri heimili þá meti úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá m.a. gætt heimilisástæðna umsækjenda. Þetta ákvæði, sem kom til umræðu í fyrradag, er reyndar samhljóða 6. tölul. 21. gr. gildandi laga um atvinnuleysistryggingar. Þar er áréttað að með heimilisástæðum sé átt við fjölskylduaðstæður, þar á meðal heilsufar fjölskyldumeðlima umsækjenda.

Hverri svæðismiðlun er ætlað að þjóna fyrst og fremst sínu umdæmi en þeim síðan ætlað að miðla upplýsingum sín á milli. Nú lifum við á mikilli tölvuöld og það er búið að tölvutengja landið þannig að þetta eiga að verða nútímaleg vinnubrögð.

Þrátt fyrir að það sé orðað svo í frv. að svæðisvinnumiðlanir skuli vera í hverju kjördæmi landsins, þá er ekki endilega skylda að þær fylgi kjördæmamörkum nákvæmlega. Það er hægt að hugsa sér í því einhvern sveigjanleika. Það er líka nauðsynlegt að í a.m.k. víðlendari kjördæmum séu skráningarstaðir fleiri en einn og e.t.v. fleiri en tveir. Þetta mun svæðisráðunum gert að ákveða.

Mikilvægustu nýmælin varðandi svæðisvinnumiðlarnir met ég vera þau að þeim er ætlað að sjá atvinnulausum fyrir ráðgjöf og úrræðum sem miða að því að auka starfsgetu og starfsmöguleika þeirra. Með úrræðum er átt við að gerður sé samningur við hinn atvinnulausa um að hann sinni ákveðnu verkefni daglega í tiltekinn tíma, annaðhvort á almennum launakjörum eða á atvinnuleysisbótum. Þessi verkefni geta falið í sér nám, störf eða samtvinnun á námi og störfum og þau verða að taka mið af einstaklingsbundnum aðstæðum og þörfum hins atvinnulausa og miða að því að auka starfsgetu hans og starfsmöguleika. Ég minni á merkilega

tilraun sem gerð hefur verið með svokallaða vinnuklúbba í Reykjavík sem virðast gefa ágæta raun. Í Kópavogi hafa einnig verið uppi tilraunir í þessa átt sem einnig hafa tekist mjög vel þannig að ég tel alveg einboðið að við eigum að ganga þessa leið lengra. Félmrn. hefur beitt sér fyrir ýmsum nýmælum í þessum málum. Við höfum staðið fyrir námskeiði fyrir byrjendur í fiskvinnslu í samráði við Samtök fiskvinnslustöðva. Það gaf afar góða raun. Við eigum þátt í því með Verkakvennafélaginu Sókn að efna til námskeiða um heimilisaðstoð sem einnig hafa gefið góða raun.

Gert er ráð fyrir því að hinn atvinnulausi geti valið um nokkur úrræði, en það að hafna alfarið slíkum úrræðum geti haft sömu viðurlög í för með sér og að hafna vinnu samkvæmt ákvæðum í lögunum um atvinnuleysistryggingar. Það er von manna að með þessu sé hægt að virkja hinn atvinnulausa til athafna sem auki raunverulega atvinnumöguleika hans í stað þess að hann sé aðgerðalaus sem hefur auðvitað þveröfug áhrif. Þá vinnst það einnig að hægt er að hafa eftirlit með því að hinn atvinnulausi sé ekki í „svartri vinnu" sem einhver dæmi munu finnast um.

Þá vil ég líka, herra forseti, taka fram að gert er ráð fyrir því að svæðisvinnumiðlun annist atvinnuleit fyrir fatlaða og það er einnig mikilvægt.

Í 16. gr. er tekið á því að atvinnulausir, sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum eða sæta missi bóta, skuli einnig eiga rétt á sérstakri aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna hugsanlegan rétt sinn til aðstoðar samkvæmt öðrum lögum og reglum. Þá eru í fyrsta lagi höfð í huga lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð. Af þessu hlýst talsverður kostnaður og ég vísa til kostnaðarumsagnar frá fjmrn., sem er birt sem fskj. með frv., en þar segir að gera megi ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af lögfestingu frv. verði 190–215 millj. fyrsta árið, en 160–175 á ári eftir það. Jafnframt er náttúrlega gert ráð fyrir því að þetta verði liður í verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru sífellt að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu og það er eðlileg og gleðileg þróun. Ríkið leggur fjármuni með þeim, en þessi skipulagsbreyting gengi upp í þessi fjármálasamskipti.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að svæðisvinnumiðlununum er ekki einungis ætlað að veita atvinnulausum, þeim sem eru á atvinnuleysisbótum, þjónustu. Bótalausir eiga einnig að fá þarna þjónustu og þeir sem vilja skipta um vinnu. Þeir geta skráð sig þarna og atvinnurekendur sem vantar starfskrafta eiga að geta snúið sér til vinnumiðlana og fengið að vita það á svipstundu hvaða vinnuafl er á lausu.

Mér finnst það nýmæli í frv. að mjög mikið er gert úr því að reyna að auka virkni hinna atvinnulausu og reyna að hjálpa þeim til að brjótast út úr þeim vítahring sem atvinnuleysið er og reyna að sjá til þess að einstaklingarnir festist ekki í atvinnuleysinu. Það er lögð áhersla á ráðgjöf og virkni til þess að verða hæfari til þátttöku í atvinnulífinu.

Herra forseti. Að endaðri þessari umræðu leyfi ég mér að óska eftir að þessu máli verði vísað til hv. félmn., sem þegar hefur fengið frv. um atvinnuleysistryggingar, og að þessi frumvörp verði skoðuð samhliða í nefndinni og afgreidd þaðan og fái að verða samferða í gegnum þingið.

Eins og ég sagði í umræðunni í fyrradag er eitt frv. enn tengt þessu máli væntanlegt. Það er því miður ekki alveg fullbúið. Það er frv. um tryggingasjóð einyrkja sem á að verða öryggisnet fyrir smábátasjómenn, bændur og vörubílstjóra. Ég vænti þess að það mál verði komið til hv. félmn. áður en til lokaafgreiðslu hinna tveggja frumvarpanna kemur á Alþingi.

[11:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns nefna að það er mjög slæmt að það frv. sem ráðherra gat um í lok framsögu sinnar um tryggingasjóð einyrkja skuli ekki hafa komið inn jafnt og þau tvö sem við höfum verið að ræða. Þessi frumvörp eru svo tengd, frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð og vinnumiðlun og tryggingasjóð einyrkja, að það er mjög slæmt að tryggingasjóður einyrkja muni koma síðar til umræðu vegna þess að þau mál hefðu átt að ræðast hér samtengt.

Virðulegi forseti. Það er óhætt að segja að það frv. sem hér er til umræðu er mun jákvæðara en hið fyrra sem við ræddum í fyrradag. Það er mjög margt í þessu frv. sem ég get tekið heils hugar undir og sérstaklega þau markmið sem er að finna í frv. um að koma hinum atvinnulausa í ríkum mæli til aðstoðar og leggja með honum áætlanir um hvernig hann megi brjótast út úr erfiðleikum atvinnuleysis. Sú hugsun er hin besta og ég styð þau markmið heils hugar. Hins vegar er ýmislegt sem ég vil gjarnan koma inn á í þessu frv., bæði koma með spurningar og vekja til umhugsunar um.

Í fyrsta lagi verð ég að lýsa því yfir að ég er ekki sannfærð um að þessum málum, vinnumiðlum og ráðgjöf, sé betur komið á hendi ríkisins. Ég held að í raun og veru séu þetta þau verkefni sem eru svo nátengd sveitarstjórnarverkefnunum og úrræðunum heima í héraði að það kemur mér svolítið á óvart að það er litið svo á að þörf sé á að flytja þennan þátt til ríkisins. Það er viðurkennt að í öllum nærverkefnum fjölskyldunnar sé málum best komið hjá sveitarfélaginu. Það hefur þekkingu á öllum aðstæðum, það þekkir einstaklingana, það er með úrræðin sem hafa verið byggð upp í sveitarfélögunum. Í þeim sveitarfélögum sem eru með félagslega stjórn hafa verið byggð upp mjög góð úrræði heima fyrir og þess vegna finnst mér að þessi þáttur hefði átt að vera í höndum þeirra eins og önnur fjölskyldutengd verkefni. Ég skil þess vegna ekki alveg hvað rak menn til þess að flytja þennan þátt yfir til ríkisins þó ég geri mér grein fyrir því að að einhverju marki verður þetta unnið heima fyrir þó hætta sé á að það sé einmitt af stærri vettvangi heldur en sveitarfélagavettvangi og kem ég að því síðar.

En ef það verður niðurstaðan, ef þetta frv. verður að lögum og þessi málaflokkur, vinnumiðlun, flyst til ríkisins, þá styð ég það að stofnuð verði sérstök vinnumálastofnun. Ég tel það hárrétt að stjórnsýsluverkefni séu flutt frá ráðuneytum og til undirstofnana. Ráðuneyti á fyrst og fremst að vera stefnumarkandi og úrskurðaraðili í hinum ýmsu málum en ekki að vera í framkvæmdunum þannig að með þessari breytingu er tekin hárrétt ákvörðun að mínu mati.

Í inngangi að umfjöllun um greinar frv. er bent á eitt af nýmælum frv. sem er að svæðisvinnumiðlanir eigi að sjá atvinnulausum fyrir ráðgjöf og úrræðum, svo sem námi og starfsþjálfun. Það er afskaplega gott mál, en það mun skipta öllu máli hvernig haldið verður á því máli og hvernig þetta verður gert. Það dugir ekkert að setja þetta niður í falleg markmið í frv. ef framkvæmdin verður ekki nægilega sterk og úrræðin eru ekki fyrir hendi. Það er einn af stóru veikleikunum í frv. að úrræðin eru ekki nægilega skilgreind og úrræði hinum atvinnulausa til handa eru ekki lögfest í frv. Það eru fyrst og fremst hugmyndir sem settar eru fram þannig að hvernig þetta verður gert er lykilatriði í því að hér

séu sett lög sem eiga eftir að koma hinum atvinnulausa til góða.

Það eru líka nefndar ráðgjafarnefndir eða réttara sagt svæðisráð sem eru ráðgjafarnefndir sem eiga að vera skipaðar fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fulltrúum sveitarfélaga að sjálfsögðu og framhaldsskóla á svæðinu. Þau hafa það hlutverk að fylgjast með atvinnumálum, gefa Vinnumálastofnun skýrslu, gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og fá aðila til samstarfs. Þarna komum við að punkti sem ég set mikla spurningu við. Nú má enginn skilja orð mín þannig að ég sé á móti skólakerfinu íslenska, síður en svo. Skólakerfið er einhver mikilvægasta grunnstoð í okkar þjóðlífi. Það skulum við öll hafa á hreinu. En þarna birtist þessi ofurtrú þeirra sem sömdu frv. að lausnin sé að senda ungt fólk inn í skólakerfið. Það á ekkert að vera að þvælast á vinnumarkaði og lenda í atvinnuleysi. Ungt fólk innan 18 ára á bara að vera í skólakerfinu. Og þess vegna er verið að draga framhaldsskólana sem fulltrúa inn í þessi svæðisráð. Ég hef miklar efasemdir um að framhaldsskólarnir eigi nokkurt erindi þangað inn. Ég held að það eigi að hafa mikið samráð við framhaldsskóla og alla aðra sem geta verið með úrræði fyrir atvinnulausa en mér finnst í þessu birtast þessi ofurtrú á því að senda unga fólkið bara inn í framhaldsskólana. Og ég spyr: Hver á að koma þarna inn? Það er sagt: „fulltrúi framhaldsskólanna". Á það að vera skólastjóri? Á það að vera kennari? Hvað með það sem stendur í 8. gr. að það eigi að vera svæðisráð að minnsta kosti í hverju kjördæmi en að mörkin þurfi ekki endilega að vera kjördæmi? Þar sjáum við að það er hugsanlegt að í heilu kjördæmi sé eitt svæðisráð. Í þessu kjördæmi eru margir framhaldsskólar og hvernig í ósköpunum á að nálgast það að vera með fulltrúa framhaldsskólanna þarna inni? Ég skil hugsunina. Á litlum stað þar sem er framhaldsskóli og hann er kannski það fræðsluúrræði ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið hv. þm. um að spara aðra fundi í salnum.)

Ég þakka forseta mjög vel fyrir. Þessar samræður voru satt að segja farnar að angra mig nokkuð. En þessir ágætu félagar mínir voru eflaust að ræða þetta brýna mál svo ég sat á mér að kvarta, en ég þakka forseta.

Það er mjög skiljanlegt á litlum stað þar sem framhaldsskóli er og fá önnur fræðsluúrræði að þá sjái menn að þarna þurfi einhverja tengingu. En á öllum þeim stóru svæðum sem mesta atvinnuleysið er eins og á Suðvesturhorninu erum við að tala um svo stórt net framhaldsskóla að það er dálítið ankannalegt að sjá þessa setningu. Og ég vara við þessari ofurtrú á að framhaldsskólinn leysi mál unga fólksins.

Virðulegi forseti. Ég ætla að fjalla fyrst og fremst um greinargerðina og það sem sagt er um hinar einstöku greinar. Efst á bls. 7 er talað um að það verði væntanlega auðveldara fyrir Vinnumálastofnun að framfylgja nauðsynlegu eftirliti og samræmingu milli vinnumiðlana en nú er með því að þessi þáttur fer til ríkisins. Þetta eru að mínu mati eiginlega helstu rökin fyrir því að ríkið axli ábyrgð á vinnumiðlunum, eiginlega einu rökin þannig að það er nú jafngott að ríkinu takist að samræma og framfylgja eftirlitinu út frá þeim sjónarhóli að samræmingin og eftirlitið sé til þess að gera hið besta fyrir hinn atvinnulausa sem ég tel að eigi að vera það markmið sem þessi löggjöf setur sér. Allar aðrar aðgerðir, eins og ég hef áður sagt, tel ég að séu betur komnar hjá sveitarfélögunum.

Hér er nefnt að hugsanlegt sé að ráðherrann neyti heimildar til að fela stofnuninni útgáfu atvinnuleyfa og þau verkefni sem þjónustustofnun þarf að hafa samkvæmt EBE-reglugerð og það held ég líka að sé mjög gott mál.

Þar sem fjallað er um stjórn Vinnumálastofnunar er verið að ákveða að Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalagið verði ekki lengur aðilar að þessari stjórn og ég ætla ekkert að fjalla nánar um það. Ég býst við að það verði gert á eftir. En í 6. gr. er lögð áhersla á að stjórnin haldi reglulega samráðsfundi með fulltrúum sem tengjast vinnumarkaðinum og þeim sem ekki eiga fulltrúa í stjórninni. Ég legg bara áherslu á að það er afar brýnt að atvinnuleit fyrir fatlaða verði ekki út undan í þeirri löggjöf sem verið er að setja. Það er mjög mikil hætta á því þegar harðnar á dalnum í atvinnumálum, eins og við höfum kynnst á liðnum árum, að þeir sem búa við skerta starfshæfni verði út undan á vinnumarkaði. Það er fólkið sem missir vinnuna fyrst, þ.e. þeir sem ekki eru samkeppnisfærir. Þeir sem eru ekki með öfluga framleiðsluhæfni o.s.frv. víkja fyrst af vinnumarkaði. Þá erum við komin að sértæku úrræðunum. Og af því að við erum mjög upptekin af því að fötluðum sé gert kleift að stunda vinnu á almennum markaði þá er afar brýnt að þeim sé tryggður réttur í þessum lögum.

Í 8. gr. er verið að tala um það að mönnum — takið eftir því þetta er einn af stóru þáttunum í frv. — mönnum getur verið skylt að taka vinnu utan heimabyggðar sinnar samkvæmt nánari ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar, sbr. 13. gr. frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. Og hvað segir 13. gr. í atvinnuleysistryggingafrv. sem við ræddum í fyrradag: „Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980." Og nokkru neðar: „Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a. heimilisástæðna umsækjanda." Mér finnst þetta óhugnanlegt ákvæði. Mér finnst þetta óhugnanlegur texti í stjfrv. Úthlutunarnefnd á að hafa úrskurðarvald um það hvort einstakling sem hefur verið atvinnulaus eigi að senda úr sinni heimabyggð. Hann hefur e.t.v. lent í því að brotna niður þess vegna, eins og gerist með þá sem lenda í langtímaatvinnuleysi, er búinn að reyna og reyna að fá vinnu í sínu heimaumhverfi, í sinni heimabyggð, á þar sína fjölskyldu, börn í skólum o.s.frv. Hann þráir að komast á vinnumarkað. Hann bognar yfir því að eiga ekki kost á atvinnu og nú bætist eitt við óttann við atvinnuleysið, óttinn við það að þegar vinnumiðlunin leitar úrræða fyrir hann og segir honum hvaða úrræði sé að finna, hvar vinnu sé að hafa, þá sé hann bara sendur annað. Ég veit að ráðherrann sagði í umræðunni um atvinnuleysistryggingafrv. að fólk yrði ekki flutt hreppaflutningum. En hér stendur að úthlutunarnefndin eigi að meta hvort — þegar hinn atvinnulausi segir: „Ég get ekki hugsað mér að fara í annað bæjarfélag, í annan landshluta að vinna." Þá er það ekki hann sjálfur sem á að meta það — hagir atvinnulausa mannsins séu þannig að honum sé leyft að bíða um sinn eða hvort hann eigi bara að fara. Mér finnst, með fullri virðingu, að við séum í sumum ákvæðum þessara tveggja frv. að hverfa langt aftur í tímann varðandi félagslegan hugsanagang og virðingu fyrir einstaklingnum og virðingu fyrir hinum vinnandi manni. Enn minni ég á það að sennilega 90% þeirra sem eru atvinnulausir þrá að komast í vinnu. Það getur vel verið að einhverjir hugsi sem

svo að það sé gott að vera atvinnulaus. En það er svo mikill minni hluti og það er svo lítil tala að það má ekki miða heila löggjöf við hana.

Ég benti á það áðan að í 8. gr. segir að hver svæðismiðlun eigi að þjóna sínu umdæmi og að svæðismiðlanir þurfi að vera starfandi í hverju kjördæmi en skiptin eru ekki endilega bundin við kjördæmi. Þetta segir okkur að við erum að víkja nokkuð frá sveitarfélagastörfunum með vinnumiðlunum. Það getur verið að vinnumiðlanir nái yfir mjög stór svæði og séu mjög fjarlæg úrræðunum.

Svo ætla ég að nefna eitt, virðulegi forseti, þar sem segir um 9. gr.: „Í starfsáætluninni verði gerð áætlun um áherslur og markmið í starfi svæðisvinnumiðlunar, innan ramma gildandi laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla." Mér finnst þetta eiginlega algjör textaþvættingur, ef ég á að segja alveg eins og er, vegna þess að ég hef alltaf upplifað ylhýra málið þannig að maður setur sér markmið, maður setur sér markmið og síðan býr maður til áætlun til að ná því markmiði. En hér stendur að gerð verði áætlun um áherslur og markmið. Þetta er eitt af því sem ég gagnrýni í þessu frv., virðulegi forseti, þ.e. að í því er svo mikið talað um markmið og eitthvað sem á að gera en það skortir beinhörð úrræði fyrir þá sem vinnumiðlun á að fjalla um og gera starfsleitarsamninga fyrir. Hins vegar endurtek ég það enn og aftur eins og kemur fram í 10. gr. að það er lögð áhersla á að svæðisvinnumiðlanir verði virkar og að þær hafi upp á víðtæka ráðgjöf og úrræði að bjóða fyrir atvinnulausa og það er gott. En gleymum því ekki að vinnumiðlanirnar hafa verið hjá hverju sveitarfélagi en verða núna e.t.v. ein í heilu kjördæmi. Það á að gera samning við hinn atvinnulausa og þannig að hann sinni ákveðnu verkefni daglega í tiltekinn tíma. Verkefni geta falið í sér nám, störf, samtvinnun á námi og störfum en þau verða að taka mið af einstaklingsbundnum aðstæðum og þörfum hins atvinnulausa og miða að því að auka starfsgetu og starfsmöguleika hans. Þetta hljómar mjög vel þó reyndar komi önnur hugsun í ljós í umfjöllun um þessa grein í hugmyndum formanns nefndarinnar. Ég spyr af því þetta er alvara. Ef hinn atvinnulausi fær úrræði eða tækifæri, hvort fer hann þá á laun eða er hann settur í úrræði eða störf á atvinnuleysisbótum? Ég spyr ráðherra: Er hugsanlegt að einstaklingur sé settur til vinnu á atvinnuleysisbótum? Ég ætla að koma betur að þessu í umfjöllun um hugmyndirnar.

En áður en ég kem að því ætla ég að nefna það sem líka kemur fram í greinargerðinni efst á bls. 9. Þar segir: „.... að hinn atvinnulausi muni geta valið um nokkur úrræði, en það að hafna alfarið slíkum úrræðum geti haft sömu viðurlög í för með sér og að hafna vinnu samkvæmt nánari ákvæðum laga um atvinnuleysistyggingar." Og nokkru neðar: „Einnig er með þessum hætti unnt að hafa eftirlit með því að hinn atvinnulausi sé raunverulega atvinnulaus og hafi vilja til þess að fá atvinnu." Þetta gefur til kynna neikvæðar hugmyndir um atvinnulaust fólk á vinnumarkaði. Það gefur til kynna að öll frumvarpssmíðin snúist um það að þeir sem eru atvinnulausir séu að svindla, vilji svindla og vilji ekki vinna.

Þá kem ég að úrræðunum sem mér skilst á nefndarmönnum að séu fyrst og fremst hugarsmíð formannsins enda er þetta í greinargerð. Takið eftir að engin af þessum úrræðum eru beinlínis tiltekin sem lögfest ákvæði. Það er ekki tekin afstaða til þeirra öðruvísi en að nefna þær sem hugmyndir. Ég vil taka það fram, til að fyrirbyggja misskilning, að ég hef ekkert á móti skylduvirkni. Ég hef alls ekkert á móti skylduvirkni ef útfærslan er ásættanleg. En það er slæmt ef hún fyrst og fremst tekur mið af viðhorfunum um svindl og eftirliti með að viðkomandi sé nú örugglega að leita að vinnu.

Ef við skoðun lið 7, um endurmenntunarstefnu fyrirtækja. Þar er bent á að fyrirtæki geri sér endurmenntunaráætlun og verði einstaklingar ráðnir af atvinnuleysisskrá. Og ég bið ráðherrann að staðfesta það við mig að ef það gerist, þá fái hinn atvinnulausi laun en fari ekki á atvinnuleysisbótum til starfa til að létta á fyrirtækinu.

Ég vil líka nefna varðandi 10. lið, sem er svona sænsk leið til að fólk fái vinnu og flendist, að ef fólk er fastráðið í Svíþjóð, þá er vinnulöggjöf þeirra þannig að fólk er fyrst fastráðið og mikið þarf til að fólki sé sagt upp. Ég flutti frv. í fyrra og mun endurflytja það, sem er þessi sænska leið, til að kanna hvort virkilega er vilji til að fara þá sænsku leið vegna þess að þar er ríkið að gefa ákveðinn afslátt af gjöldum ef ráðið er af langtímaatvinnuleysisskrá og starfsmanni gefið tækifæri til að sanna sig.

Rétt í lokin, virðulegi forseti, af því að tími minn er að renna út. 16. liður þessara hugmynda er aukin opinber þjónusta og þar er talað um að auðvelt sé að skilgreina ný verkefni á sviði umönnunar, m.a. fyrir aldraða, fatlaða og sjúka, að ýmsum félagslegum þáttum megi sinna betur og talað er um ýmislegt í opinbera geiranum sem hægt sé að ráða atvinnulaust fólk til. Hárrétt. En hvað þýðir þetta? Á að senda fólk á atvinnuleysisbótum til að sinna umönnunarstörfum fyrir hið opinbera til að spara hefðbundna starfskrafta? Það er ekki óeðlilegt að ég spyrji, virðulegi forseti, vegna þess að ríkið er búið að vera að spara í opinberum rekstri, draga saman og draga saman og hvað er það sem sparast? Það er reksturinn, það er starfsfólkið. Það er starfsfólk á launaskrá sem er þungi kosturinn hjá ríkinu og ef á að ráða fólk af atvinnuleysisskrá í auknum mæli inn til ríkisins, þá væri alveg eins hægt að segja: Því er þá ekki dregið úr þessari opinberu stefnu að fækka starfsfólki hjá hinu opinbera í umönnunarstörfum?

[12:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er sannast að segja nokkuð hugsandi yfir þessu frv. og ég vil spyrja fyrst: Hvar eru þingmennirnir sem sátu í nefndinni sem samdi þetta frv., þeir hv. þm. Ögmundur Jónasson, Hjálmar Árnason og Einar Oddur Kristjánsson? Ég hefði gjarnan viljað sjá þá við þessa umræðu því ég held að mjög gott hefði verið að fá viðhorf þeirra og skýringar á þessari smíð. Þó að ráðherrann sé að sjálfsögðu fullfær um að svara flestu sem spurt er um þá hefði ég gjarnan óskað þess að þeir tækju þátt í umræðunni.

Það sem ég er mest hugsandi yfir er sú stefna sem dúkkar allt í einu upp og gengur þvert á allt það sem við höfum verið að gera í ríkiskerfinu og í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og í verkaskiptingu þar á milli, þar sem menn hafa stefnt að því jafnt og þétt að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga. Samkvæmt núgildandi lögum er sveitarfélögum, sem hafa fleiri en 500 íbúa, skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum, en hér er verið að færa vinnumiðlunina yfir til ríkisins. Það verður ríkið sem hefur yfirumsjón með vinnumiðlun og það gerist í gegnum þessa nýju ríkisstofnun, Vinnumálastofnun, sem ætlunin er að setja á fót.

Ég vil, eins og hv. síðasti ræðumaður, taka undir að ég held að mjög þarft sé og gott að efla ríkið að því leytinu að hafa yfirsýn yfir vinnumarkaðinn, átta sig á þróun hans, átta sig á til hvaða aðgerða þurfi að grípa. Þar sakna ég alveg

sérstaklega eins, sem ég vil nefna, og það eru vinnumarkaðsrannsóknir sem ég tel vera mjög litlar hér á landi og þurfi mjög að efla. Það á ekki að tala um einhverjar aðgerðir um að safna tölum og fylgjast með heldur raunverulegar rannsóknir á eðli og þróun vinnumarkaðarins. Ég tek sem dæmi að í Svíþjóð er mjög öflug slík stofnun sem er að einum þriðja í eigu ríkisins, einum þriðja í eigu vinnuveitenda og einum þriðja í eigu sænska alþýðusambandsins. Þetta skiptist í þrennt. Þar eru stundaðar mjög öflugar rannsóknir á vinnumarkaðnum en á slíkt skortir mjög hér á landi. Ég get því tekið undir það að við þurfum að efla upplýsingastreymið um vinnumarkaðinn en ég hef mjög miklar efasemdir um að taka þessi verkefni frá sveitarfélögunum.

Nú er það auðvitað mjög mismunandi hvernig málum er háttað, eftir því hvernig við lítum á stórt og öflugt sveitarfélag, eins og Reykjavík, að ekki sé talað um höfuðborgarsvæðið í heild, þar sem eru auðvitað margar vinnumiðlanir ef við tökum allt það svæði. Ég fæ ekki betur séð en að þó að við gerðum ráð fyrir að þessi stofnun gerði eins konar samning við Vinnumiðlun Reykjavíkur þá skarist verkefnin mjög mikið, þ.e. þau verkefni sem Vinnumiðlun Reykjavíkur hefur nú með höndum og þau verkefni sem þessari stofnun er ætlað að sinna.

Ég á í rauninni erfitt með að sjá hvernig menn ætla að framkvæma þetta. Nú eru starfandi margar vinnumiðlanir á landinu. Við erum líka með frjálsar vinnumiðlanir á frjálsum markaði. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þessi lög takmarki það neitt að menn setji upp sjálfstæð fyrirtæki á því sviði en mér finnst mjög erfitt að átta mig á því hvernig þessi breyting á að gerast, þ.e. að vinnumiðlunin fari alfarið undir ríkið, og hvert verður þá hlutverk þeirra vinnumiðlana sem sveitarfélögin reka. Er meiningin að fækka þeim verulega ef við tökum t.d. Reykjaneskjördæmi sem dæmi? Þar er vinnumiðlun eða þar fer fram skráning í Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ o.s.frv. en gert er ráð fyrir að sett verði upp ein miðstöð í hverju kjördæmi. Er hugsunin t.d. varðandi Reykjavík að Vinnumiðlun Reykjavíkur verði þessi miðstöð? En hvað um starfsmennina? Hvað um réttindi starfsfólks? Því í 9. gr. segir:

„Forstjóri Vinnumálastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar ..." Það verður forstjóri þessarar nýju stofnunar sem á að ráða forstöðumann á þessa svæðisvinnumiðlun. Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Hefur þetta mál, þessi breyting verið rædd sérstaklega við Reykjavíkurborg? Ég var nefnilega að afla mér upplýsinga um það og allir þeir sem ég hef talað við hjá borginni komu hreinlega af fjöllum. Því miður er borgarstjóri staddur erlendis (**Gripið fram í:** Fresta umræðunni.) Það getur verið full ástæða til þess en við getum kannað málið nánar. Það kemur mér sannast að segja mjög á óvart að algert samkomulag skyldi vera í þessari nefnd og í nefndinni er að finna fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. En ég átta mig hreinlega á hvaða samráð hefur verið haft af hálfu Samband ísl. sveitarfélaga við t.d. borgarstjórn Reykjavíkur. Eins og ég segi, menn komu gersamlega af fjöllum og hafa ekki áttað sig á þessari breytingu. Ég hef enga sannfæringu fyrir því að Reykjavíkurborg sé tilbúin til að afsala sér því valdi að hafa yfirumsjón með og í raun og veru stjórn á þeim úrræðum sem hér er gripið til. Þar vísa ég til þess ákvæðis sem er að finna í 8. gr. og tengist frv. um atvinnuleysistryggingar þar sem gert er ráð fyrir því að landið verði eitt vinnusvæði.

Við erum að tala um nokkuð mikið kerfi. Við erum með Atvinnuleysistryggingasjóð og það kerfi sem tengist honum þar sem menn ákveða hverjir fá bætur og hvaða skilyrði þurfi að uppfylla í samræmi við lög. Síðan kemur þetta vinnumiðlunarkerfi og það skiptir óskaplega miklu máli hvernig menn túlka og vilja fara með lögin eins og það ákvæði að heimilt sé að svipta fólk bótum ef það ekki þiggur atvinnu á Raufarhöfn eða Kópaskeri af þeim einföldu ástæðum að það geti bara ekki hugsað sér að fara þangað þó að það séu ekki beinlínis fjölskylduástæður sem ráði. Og ég tek undir það að ég er mjög gagnrýnin á þetta ákvæði, að hægt sé að skikka menn til vinnu hvar sem er á landinu nema af fjölskylduástæðum. Það getur verið svo margt annað sem veldur því að fólk er ekki tilbúið til að fara í aðra landshluta. Þarna þarf því að ríkja sveigjanleiki.

Það er spurningin um svæðisskiptinguna. Hér er gengið út frá því að kjördæmin séu nokkurn veginn viðmiðunin. En hvernig á að ákveða þetta? Hvernig á að ákveða hvað telst vera eitt svæði? Ég velti því fyrir mér hvort ekki væri nauðsynlegt að skilgreina það betur í lögunum. Auðvitað getur verið full ástæða til að gera t.d. Norðurland að einu svæði eða eitthvað annað. Og þá kemur að skipan svæðisráðsins. Þar er gengið út frá að samtök vinnuveitenda og samtök launþega verði á svæðinu. Síðan eiga sveitarfélögin að koma sér saman um tvo fulltrúa. Ef við tökum Reykjanes eða Norðurl. e. sem dæmi þar sem fjöldi sveitarfélaga er, þá hljóta að koma upp spurningar eins og: Á hvaða vettvangi eiga sveitarfélögin að koma sér saman um þessa fulltrúa? Ef ég man rétt er eitt, gott ef það er ekki meira eða minna dottið upp fyrir, Samband sveitarfélaga sem var á Norðurlandi. Ráðherrann getur kannski upplýst það. Á hvaða vettvangi eiga sveitarfélögin að taka ákvörðun um það hverjir verða fulltrúar þess svæðis? (**Félmrh.:** Samband sveitarfélaga t.d. ...) Samband sveitarfélaga í hverju kjördæmi, já, þá gengur ráðherrann sem sagt út frá því að fyrst og fremst sé þá miðað við kjördæmin.

Sama gildir um framhaldsskólana. Tökum Reykjavík sem dæmi. Ég taldi lauslega það sem flokkast undir framhaldsskóla í Reykjavík, það eru hvorki meira né minna en 17 skólar. Og eftir því sem ég best veit er enginn samstarfsvettvangur skólanna í Reykjavík. Það er til Skólameistarafélag Íslands. Það er stjórn yfir hverjum skóla en hvernig eiga allir þessir skólar að koma sér saman um fulltrúa og hvernig hugsa menn þetta? Hvernig tengjast framhaldsskólarnir endilega atvinnumiðlunum? Þeir eru ákaflega mismunandi. Sumir þeirra eru verkmenntaskólar og eru að bjóða upp á starfsmenntun en aðrir, og flestir, eru fyrst og fremst bóknámsskólar sem eru að útskrifa stúdenta. Mér finnst þetta bera svo mikinn keim af starfi skólameistarans á Suðurnesjum sem hefur verið að vinna gagnmerkt starf þar í því að tengja saman skóla, atvinnulíf og starfsmenntun en þetta á bara ekkert við annars staðar. Þetta á ekkert við í öllum kjördæmum landsins. Ef ég tek t.d. Suðurland sem dæmi. Það er framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, framhaldsskólinn á Selfossi, Menntaskólinn á Laugarvatni og það er Garðyrkjuskólinn, sem ég flokka sem framhaldsskóla. Þetta eru afskaplega ólíkir skólar. Mér finnst að það þurfi að skoða þetta mjög rækilega. Ég tek líka undir það að ég hef miklar efasemdir um þessa hugsun, sem gengur í gegn, að halda fólki í skólum. Það eru ekki allir sem eiga heima í framhaldsskólum og það sem meira er og kannski það sem skiptir öllu máli er það að framhaldsskólinn býður ekki nemendum upp á neina kosti.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra um vinnumiðlanir og tengslin við sveitarfélögin, sem mér finnst í raun og veru vera stóra málið í þessu, að það mætti hugsa sér að þeir gerist verktakar. Nú er Vinnumiðlun Reykjavíkur hrein og klár borgarstofnun og ef ég man rétt, þá hóf hún starf samkvæmt lögum frá 1935. Ég á mjög erfitt með að sjá það hvernig það kemur heim og saman að þessi borgarstofnun gerist verktaki hjá ríkinu. Mér finnst að við þurfum að fá betri skýringar á því, og eins og ég kom aðeins inn á áðan, hver er staða starfsmanna í því samhengi, borgarstofnun sem allt í einu verður verktaki hjá ríkinu. Þetta kemur mér heldur undarlega fyrir sjónir.

Aðeins að markmiðum þessarar stofnunar og þeim verkefnum sem hún á að sinna. Ég vil ítreka það aftur að mér finnst það gott og gilt að taka þessi mál út úr ráðuneytinu og reyna að efla yfirsýnina yfir vinnumarkaðinn eins og hægt er. Ég get tekið undir það að hér er margar góðar hugmyndir að finna um hvað sé hægt að gera og hvað þurfi að gera en það er mjög margt sem hér er nefnt sem kallar á mjög góð tengsl bæði við verkalýðshreyfinguna, samtök vinnuveitenda og fyrirtæki og slíkt. Hér kemur skörunin við starfsmenntun í atvinnulífinu. Hér komum við inn á það, en hér er fyrst og fremst verið að hugsa út frá atvinnulausum og spurningin er, ef ráðherra ætlar að halda fast við það að flytja starfsmenntun í atvinnulífinu undir Atvinnuleysistryggingasjóð og síðan er þessi nýja stofnun þar við hliðina sem er að sumu leyti með hliðstæð verkefni þó að þau séu fyrst og fremst fyrir atvinnulausa, þá erum við komin þarna með ákveðinn tvíverknað. Eða hvernig kemur þetta allt heim og saman? Ég vil þó undirstrika að þarna er að mínum dómi um tvenns konar verkefni að ræða og ég sé fram á að það sem við köllum símenntun og endurmenntun í atvinnulífinu á eftir að vaxa alveg gífurlega á næstu árum og ég held að við eigum að hafa þann málaflokk alveg sér. En eins og þetta er sett upp, undir 9. tölul., menntun og námskeið, þá segir á bls. 10, með leyfi forseta:

„Gildi starfsmenntunar fer stöðugt vaxandi í atvinnulífinu. Í ábendingum frá OECD og ESB er hvatt til að þessi þáttur verði efldur til muna sem leið út úr varanlegu atvinnuleysi."

Hér er verið að hugsa út frá atvinnuleysinu. En hér er einnig minnst á starfsmenntasjóð: „Hins vegar er lagt til að Starfsmenntasjóður annist greiðslur fyrir undirbúning og kennslu slíkra námskeiða." Þ.e. námskeið sem eiga að reyna að fyrirbyggja varanlegt atvinnuleysi. Þar með eru menn komnir inn á þá braut að Starfsmenntasjóðurinn, sem hingað til hefur sinnt allt öðrum verkefnum, á að fara að greiða fyrir verkefni fyrir atvinnulausa. Þá spyr maður enn og aftur: Hvað verður um hina raunverulegu starfsmenntun eða endurmenntun í atvinnulífinu þar sem fólk er að byggja ofan á sína þekkingu sem er það sem menn telja að sé og verði miklu, miklu meiri þörf fyrir í framtíðinni?

Hæstv. forseti. Ef ég reyni að draga saman það sem ég hef verið að að segja þá finnst mér það gott og blessað að menn setji þessi mál í skýrari farveg og afmarki þessa nýju stofnun og verkefni hennar. En þessi tengsl við sveitarfélögin, og það hvernig menn hugsa þau og þessi stefna að færa verkefnin frá sveitarfélögunum til ríkisins veldur mér heilabrotum og sú skilgreining að gera landið að einu vinnusvæði, hvernig menn ætla að túlka það og framfylgja því. Þó að sveitarfélögin væru áfram með skráningu og úrræði, þá geta menn auðvitað eflt tengslin þar á milli, sameiginlega skráningu og upplýsingastreymi. Það er ekkert sem kemur í veg fyrr það að menn vinni betur saman á þessu sviði til þess að fá yfirsýn. En mér finnst að það skorti mjög á röksemdir fyrir því hvers vegna menn fara þá leið að setja þessi mál alfarið undir ríkið og hvernig það er hugsað að færa þau frá sveitarfélögunum til ríkisins, hreint praktískt hvernig menn hugsa það, hvernig það á að gerast.

[12:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mín viðbrögð við ræðu þingmannsins eru ekki beint andsvar eða andmæli heldur vil ég nota tækifærið og taka undir aðvörunarorð þingmannsins um Starfsmenntasjóðinn og þá hugmyndafræði sem birtist í fjárlögum og ríkisfjármálafrumvarpinu og nú í þessu frv., um að gera Starfsmenntasjóðinn að úrræði Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vara ráðherrann eindregið við því að flytja Starfsmenntasjóðinn undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Það hefur komið fram að það er jafnframt þannig að aðilar vinnumarkaðarins leggjast mjög gegn því. Þessi sjóður er mjög mikilvægur, hann hefur veitt þúsundum manna á vinnumarkaði starfsmenntastyrki og hann er eitt af góðu, sterku úrræðunum okkar í uppbyggingu í atvinnulífinu og að flytja hann undir Atvinnuleysistryggingasjóð gefur til kynna að hægt og sígandi eigi þessi sjóður að verða úrræði fyrir atvinnulausa, eigi að renna inn í úrræði Atvinnuleysistryggingasjóðs um úrræði fyrir þá sem eru á atvinnuleysisskrá. Þessi hugsun er mjög röng og hún er varhugaverð og ég hvet ráðherrann eindregið til þess, og það eru mín góðu ráð til ráðherrans, að hann hverfi af þeirri braut að flytja Starfsmenntasjóð undir Atvinnuleysistryggingasjóð.

(**Forseti** (ÓE): Þetta var svona á mörkum þess að vera andsvar.)

[12:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér liggur undir í umræðunni er merkilegt að mörgu leyti. Það er þarft að því leyti til að þar er loksins verið að endurskoða úrelta löggjöf um vinnumiðlanir sem var frá árinu 1985.

Ég verð að taka undir það sem hér hefur komið fram í máli þeirra sem hafa talað fyrr í dag að mér finnst með ólíkindum að það skuli hafa orðið svona mikil sátt sem raun bar vitni í nefndinni um þær tillögur sem hér liggja fyrir. Margar þeirra orka tvímælis og það er óhætt að segja að það er ekki nægilega dyggur rökstuðningur fyrir mörgum þeirra.

Ég sakna þess auðvitað eins og aðrir sem hér hafa talað í dag að þeir tveir hv. þm., annar þeirra er nú kominn í salinn, en formaður nefndarinnar, hv. þm. Hjálmar Árnason, skuli ekki vera hérna þannig að hægt sé að spyrja hann út úr ýmsum atriðum þó að ég viðurkenni það að vísu að hæstv. félmrh. er sá sem ber ábyrgð á þessu frv. En það kom fram bæði í framsögu hans fyrir þessu frv. og öðru frv. sem við vorum með til umræðu um daginn að hæstv. ráðherra eru ekki sjálfum með öllu ljósar þær röksemdir sem liggja til grundvallar sumum tillögunum.

Það er einkum tvennt sem menn hljóta að staldra við. Í fyrsta lagi er verið að hverfa frá þeirri stefnu að færa verkefni til sveitarfélaganna. Verkefni á borð við atvinnumiðlun finnst mér dæmigert verkefni sem ætti að vera á höndum sveitarfélaganna í landinu. Ég geri mér að vísu grein fyrir því að með svæðisráðunum sem lagt er til að komi upp í kjölfar þessara laga er sveitarfélögunum gert talsvert hátt undir höfði, þ.e. þau hafa tvo fulltrúa af hverjum níu sem

mynda eitt svæðisráð. En óneitanlega orkar þetta tvímælis og hefur komið fram að það virðist sem lítið samráð hafi verið haft við sveitarfélögin og alls ekkert við stærstu sveitarfélögin, þ.e. hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég óttast að þetta gæti orðið til þess að draga úr frumkvæði sveitarfélaganna til þess að skapa atvinnu, til þess að koma upp einhvers konar átaksverkefnum, sem miða að því að draga úr atvinnuleysi á þeirra svæðum.

Sömuleiðis tek ég undir að það er í hæsta máta vafasamt að gera ríkið að einu vinnusvæði með þeirri tilhögun sem hér er lögð fram í frv. Þá er það sérstaklega eitt atriði sem ég er að velta fyrir mér: Hvað gerist ef mönnum er skipað á milli landshorna? Hvað gerist ef fjölskyldufólki er bókstaflega skipað á milli landshorna? Hvað gerist ef Vestfirðingi er sagt að það sé vinna á Höfn í Hornafirði? Það er heimild, en bara heimild, í frv. til þess að taka tillit til fjölskylduhátta viðkomandi.

Herra forseti. Ég tel að þetta sé alls ekki nægilegt. Ég tel að það sé nauðsynlegt að hv. félmn. velti því fyrir sér hvort það eigi ekki að setja inn skilyrðislaust og fortakslaust ákvæði um að það beri að taka tillit til fjölskylduhátta viðkomandi þegar úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um það hvort hann skuli missa bætur ef hann hafnar flutningi. Ég held að það sé ekki nóg að treysta bara á miskunn og gott hjartalag viðkomandi manna. Ég held að löggjafinn eigi að taka miklu skýrar á þessu efni.

Það er eitt ákvæði hérna sem ég vil fagna sérstaklega. Það er 16. gr. Þar er gert ráð fyrir því að sá sem er atvinnulaus og á ekki rétt á bótum eða sá sem fellur út af atvinnuleysisskrá og þá er væntanlega átt við það ákvæði m.a. sem við ræddum í tengslum við frv. um atvinnuleysistryggingarnar um daginn, þ.e. sá sem er búinn að vera fimm ár á atvinnuleysisskrá fellur út af henni. Í frv. er gert ráð fyrir því að viðkomandi eigi rétt á aðstoð svæðisvinnumiðlunar við að kanna hvaða möguleika hann á til annarrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi. Þetta finnst mér vera mjög jákvætt ákvæði og sakna þess að svipað hugarfar og liggur að baki því skuli ekki vera annars staðar að finna í frv. við ýmis ákvæði sem eru vægast sagt umdeilanleg.

Ég nefndi í umræðunum um daginn um atvinnuleysistryggingarnar að það væri sér í lagi eitt sem mér fyndist ábótavant við það frv. sem við erum að ræða í dag. Það er stjórn hinnar nýju Vinnumálastofnunar sem á að setja upp. Þar er gert ráð fyrir níu fulltrúum. Þar á hæstv. ráðherra að fá að skipa tvo án tilnefningar og annar þeirra á að vera formaður. Í hinni gömlu ráðgjafarnefnd sem var í tengslum við vinnumálaskrifstofu félmrn., sem verður lögð af með þessu frv., áttu fulltrúar tveggja félagasamtaka sæti, þ.e. fulltrúi frá Þroskahjálp og frá Öryrkjabandalaginu. Við vitum það að hvergi er atvinnuleysisvandinn jafngeigvænlegur og einmitt í röðum fatlaðra. Ég minnist þess að þegar ég sat í atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar á síðasta áratug þá var það höfuðverkur okkar. Það var þess vegna sjálfsagt að þessi samtök sem eru fulltrúar þessa fólks ættu aðild að ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofunnar, en ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað veldur því að ekki er gert ráð fyrir því að a.m.k. önnur þessara samtaka eigi fulltrúa í stjórn Vinnumálastofnunarinnar? Þetta sama gengur eftir þegar við skoðum síðan svæðisráðin svokölluðu. Þar er gert ráð fyrir fulltrúum frá ASÍ, frá atvinnurekendum, tveimur fulltrúum frá sveitarfélögum og einum frá framhaldsskólum.

Nú er ég ekki á móti því að haft sé samráð við framhaldsskóla, við ungt fólk í tengslum við þetta málefni, en ég deili þeim efasemdum sem komu fram m.a. í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um þau rök sem liggja því til grundvallar. Ég skil þau ekki alveg. Og það er ágalli á þessu frv. eins og hinu frv. að rökin finnast ekki fyrir þessu og ýmsum öðrum umdeildum frumvarpsgreinum. Þau er ekki að finna í greinargerðinni með frv. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Af hverju eiga framhaldsskólar að hafa fulltrúa í svæðisráðunum en t.d. ekki fulltrúar Þroskahjálpar eða Öryrkjabandalagsins eða einhverjir sem telja megi fulltrúa fatlaðra einstaklinga sem við vitum öll að eru verst sett í þessum efnum?

Með samþykkt þessa lagafrv. yrðu numin úr gildi lögin frá 1985, lög um vinnumiðlun. Þar var tekið afskaplega laust á málum sem varða einkareknar atvinnumiðlanir. Nú er að vísu í 21. gr. nokkuð skýrt ákvæði um að einkaaðilum sé heimilt að annast milligöngu um ráðningar og þar er sagt að það sé fortakslaust skilyrði að það sé gert á kostnað atvinnurekenda. Mig langar þá að spyrja hæstv. félmrh.: Er með einhverjum hætti gengið úr skugga um það þegar verið er að ráða erlent vinnuafl inn í landið að það sé gert með þeim hætti að tryggt sé að engir aðilar notfæri sér neyð þessa fólks í heimalandinu og taki fyrir gjald frá þessu fólki þannig að eitthvert tiltekið hlutfall af launum þess renni til einkaaðila sem að vísu eru utan landsins? Ég spyr hæstv. ráðherra um þetta vegna þess að það hafa komið upp dæmi um þetta.

Ég minni líka á að í 14. gr. laganna frá 1985 er talað um að ráðherra geti sett með reglugerð kvöð á alla þá sem hafa atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli með höndum svo fremi sem fjórir eða fleiri starfsmenn í þjónustunni tilkynni hlutaðeigandi vinnumiðlunum um laus störf. Nú hefur þróunin verið sú að fyrirtækin hafa í vaxandi mæli snúið sér til þessara einkareknu vinnumiðlana og orðið sér úti um vinnuafl með þeim hætti. Ég tel hins vegar að, sérstaklega í ástandi eins og við búum við núna sé nauðsynlegt að þessi kvöð sé áfram fyrir hendi. Þar með er a.m.k. þeim sem sækja einungis til þessara opinberu vinnumiðlana gert kleift að sitja við sama borð og hinum. Möguleikar þeirra til þess að finna sér störf eru aukin og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála því að rétt sé að halda þessu ákvæði inni í lögum og þar með að hv. félmn. íhugi að taka það inn við umfjöllun sína.

[12:32]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í umræðunni um atvinnuleysistryggingar er það náttúrlega bagalegt að ræða ekki bæði þessi frumvörp samtímis en ég fór þó yfir það hvaða hugsun hefði átt sér stað. Þetta væru náttúrlega samtvinnuð frumvörp og það sem menn væru að hugsa með því að setja þetta allt undir einn hatt, miðstýra þessu, var einmitt það að ná tökum, geta einbeitt sér að hinum atvinnulausu. Menn töldu að í því formi sem þetta hefði verið, með því að dreifa því svona út, væri engin heildarsýn yfir það, ráðin sem menn væru að nota væru mjög ómarkviss og enginn fylgdi því eftir hvort einhver árangur yrði af starfinu. Við töldum að það væri hinn raunverulegi ávinningur. Hinn raunverulegi hagnaður lægi í því í framtíðinni að geta einmitt beitt öllum ráðum til þess að þeir sem eru atvinnulausir, vilja vinna og eru vinnufúsir fái tækifæri til að starfa. Eingöngu þessi hugsun varð til þess að við lögðum fram þetta frv., tillögu að þessu frv. til að ná tökum á þessu.

[12:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efa ekki að það var jákvæður tilgangur hjá þeirri nefnd sem fjallaði um þessi mál og bjó til þessi frumvörp. Það var ekkert annað sem vakti fyrir þeim. Ég bendi samt á að þær aðstæður geta verið uppi hjá fólki sem vill vinna að það á erfitt með að fara á milli landshorna til þess að sækja vinnu.

Þegar bæði frumvörpin eru lesin saman gefa þau hins vegar hinu opinbera skýlausan rétt til þess að skipa fólki á milli landshorna. Ég hef skilið lögin þannig og það hafa fleiri gert. Enginn hefur mótmælt því í þessum sölum, ekki heldur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann hefur að vísu bent á það áður að það er heimild hjá úthlutunarnefndum til þess að taka tillit til fjölskylduhátta. Þar með er það lagt alfarið undir hjartalag og miskunn viðkomandi manna sem sitja í úthlutunarnefndum hvort og hve mikið þetta tillit er. Ég tel hins vegar að það eigi fortakslaust að vera hluti af þessum lögum að kveðið sé á um að tekið verði tillit til fjölskylduhátta.

Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er allt í lagi í erfiðu árferði að gera mönnum skylt að flytja sig til svo fremi sem fjölskylduhagir þeirra bjóði upp á það, t.d. þeim sem eru einhleypir, en alls ekki fjölskyldufólki. Það er einungis við alveg sérstakar aðstæður sem það er hægt. Ég tel að framkvæmdarvaldið geti ekki með þeim hætti raskað högum fólks og jafnvel rifið upp þær rætur sem hefur tekið langan tíma að festa í þeim jarðvegi sem viðkomandi fólk er sett í.

[12:35]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi ekki öðru en öllum sé ljóst að aldrei hefur staðið til að flytja fólk nauðugt milli landshluta, það er engin slík hugsun. Ákvæðið um að þetta sé heimilt er vegna þess að við lítum þannig á að það yrði að meta það á hverjum tíma og í hvaða tilfelli. Það er ekki spurning um hjartalag manna heldur að allir vita að aðstæðurnar verða að metast á hverjum tíma. Hins vegar ef skylt væri að flytja alla gæti slík vinnumiðlun náttúrlega þegar orðið að skelfilegri ferðaskrifstofu og það er alveg ómögulegt að setja slíkt inn í lög. Það gengur bara ekki í praxís. Þess vegna verður löggjöfin að vera þannig að heimilt sé að meta hlutina og taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Það er bara ekki hægt að ganga frá textanum öðruvísi.

[12:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi í rauninni verið að segja að sú nefnd sem hér hefur verið til umræðu hafi einfaldlega ekki unnið sitt starf nógu vel vegna þess að það er nákvæmlega öfugt sem þetta hefði átt að vera.

Ef ekki stendur til að flytja neinn nauðungarflutningi átti auðvitað að skjóta loku fyrir það í þessu frv. Ég vænti þess að ef þetta er viðhorf hv. þm. sé hann því sammála að hv. félmn. taki nákvæmlega svo á þessu. Ég er sammála því viðhorfi sem hv. þm. setti fram. En það kemur dagur eftir þennan dag og það kemur maður eftir mann en það kemur enginn Einar Oddur þegar þessi er farinn og ég er ekki viss um það að einhver ótiltekinn Einar Oddur eða svipaður einstaklingur eigi sæti í öllum úthlutunarnefndum sem munu véla um þessi mál. Þess vegna tel ég að nauðsynlegt sé að miklu skýrar sé kveðið að orði um þetta.

Ég er sannfærður um að það vakir hvorki fyrir hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni né hæstv. félmrh. að flytja nokkurn nauðungarflutningi. En eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði fyrr í dag er algerlega að ósekju, ofan á allt annað sem atvinnulaust fólk býr við, að líka sé settur sá kvíði að menn kunni að þurfa að flytjast landshornanna á milli með fjölskyldu sína eða sæta ella missi atvinnuleysisbóta. Það er algerlega ónauðsynlegt að hafa það inni í frv. og ég held að við eigum að sameinast um það að breyta þessu máli þannig að ljóst sé að enginn þurfi að eiga þetta á hættu. En eins og frv. er í dag er það ljóst að stór hópur manna á þetta á hættu.

[12:38]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. sem hafa talað á undan mér og lýsi áhyggjum mínum af því frv. sem liggur fyrir til umræðu. Hæstv. félmrh. hefur ítrekað óskað eftir því við hv. þingmenn að þeir ræði þetta frv. um vinnumarkaðsaðgerðir í samhengi við frv. um atvinnuleysistryggingar og svo sannarlega skal ég verða við þeirri áskorun.

Hins vegar tek ég undir þau orð sem hafa verið sögð fyrr í dag að það er miður að tryggingasjóður einyrkja skuli ekki vera hér til umræðu samhliða þessu máli því að þetta mál er það nátengt.

Herra forseti. Ég tek undir þær áhyggjur sem hafa verið nefndar tengdar því sem margir lesa út úr þessum frumvörpum að í rauninni sé verið að opna á þá möguleika að flytja fólk hreppaflutningum á milli landshluta ef einhverjum sýnist svo. Enda er það svo að fulltrúar launþega í þessari nefnd treystu sér ekki til þess að standa að frv. um atvinnuleysistryggingar þannig að þarna er greinilega verið að beita valdi gegn hinum vinnandi stéttum.

Herra forseti. Ég geri 5. og 6. gr. þessa frv. um vinnumarkaðsaðgerðir sérstaklega að umtalsefni. Með þessu frv. er enn á ný brotið í blað í samskiptum ríkisvaldsins og hagsmunasamtaka fatlaðra á Íslandi. Frá því að hæstv. ríkisstjórn tók til starfa hefur því miður örlað of oft á hroka gagnvart þeim sem standa höllum fæti en það eru einmitt fatlaðir og öryrkjar sem eiga þar í vök að verjast.

Fyrir rúmlega ári sáum við að í tengslum við fjárlagagerð á hinu háa Alþingi var farin sú leið að rjúfa kaupgjaldstengingu sem var við lýði og tengd því að almennar kauphækkanir skyldu endurspeglast í kjörum elli- og örorkulífeyrisþega. Þarna var brotið í blað í samskiptum þessara aðila við stjórnvöld. Þetta var gert án samráðs við þá og þrátt fyrir kröftug mótmæli var lítið farið eftir því. Mig langar, herra forseti, að fá að upplýsa hæstv. félmrh. um grundvallaratriði í kjörum fatlaðra og öryrkja og sem tengjast atvinnulífinu.

Fatlaðir eiga í mjög fáum tilvikum aðgang að verkalýðsfélögum. Það eru ekki nema örfáir fatlaðir sem hafa verið svo lánsamir að fá að nýta þann rétt, sem er talinn til grundvallarmannréttinda, að ganga í verkalýðsfélag þar sem þeir geta varið kaup sín og kjör. Ég minni hæstv. félmrh. á það að stór hluti fatlaðra stundar vinnu á vernduðum vinnustöðum, þ.e. ef þeir á annað borð hafa vinnu. Þar eru þeir líka sviptir þeim grundvallarmannréttindum að semja um kaup og kjör. Þar eru handahófskenndar ákvarðanir ráðandi um það hvaða kjör þetta fólk býr við. Þess vegna hefur það verið andi laga og andi allra alþjóðasáttmála sem Ísland hefur undirgengist og undirritað að samráð og samskipti við hagsmunasamtök fatlaðra skuli virt á sama hátt og réttindi verkalýðsfélaga til samskipta við stjórnvöld hafa verið

virt. Þetta hefur endurspeglast í lögum um málefni fatlaðra, þetta hefur endurspeglast í grundvallarreglum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra, þetta hefur endurspeglast í alþjóðasamþykktum sem og í samþykktum á vettvangi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins.

Fram að þessu hefur virðing í garð þessara hópa ríkt og stjórnvöld hafa lagt sig fram um það að eiga jákvæð samskipti við þessa aðila og virða rétt þeirra til ákvarðanatöku um eigin hagi. Með þessu frv. er enn á ný brotið í blað í *þessum samskiptum til verri vegar.* Í athugasemdum við 5. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir að stjórn Vinnumálastofnunar verði skipuð á sama hátt og ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu félmrn., sbr. 3. gr. laga nr. 18/1985, að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjubandalag Íslands eigi fulltrúa í stjórninni."

Herra forseti. Ég segi aftur að þarna er brotið í blað í samskiptum við þessi samtök sem hafa hingað til átt þann skýlausa rétt að koma að öllum málum sem varða umbjóðendur þeirra.

Atvinnumál fatlaðra ættu að vera hæstv. félmrh. áhyggjuefni því að svo mikla brotalöm er þar að finna. Ég minni hæstv. ráðherra á að í félmrn. starfaði nefnd sem hafði það verkefni að gera tillögur til úrbóta í atvinnumálum fatlaðra. Þessi nefnd skilaði áliti í mars árið 1995. Ég harma að sjá að ekkert af þeim tillögum sem nefndin skilaði inn til ráðuneytisins hafi ratað inn í þau frumvörp sem hér eru til umræðu svo mikilvæg sem þau mál nú eru. Ég spyr því hæstv. ráðherra hvað hann hyggist gera í þeim málum og með þær tillögur sem nefndin lagði til að yrði unnið með og hefði eðlilega átt að rata inn í þetta frv.

Með leyfi forseta vil ég nefna eina tillögu nefndarinnar en hún var á þá leið að félmrh. skipi samninganefnd sem semji um laun, réttindi og skyldur starfsmanna í verndaðri vinnu. Nefndina skipi fulltrúar hagsmunasamtaka fatlaðra, vinnumarkaðarins, fjmrn. og félmrn. Svo mörg voru þau orð.

Allir sem hafa komið að þessum málum fram að þessu hafa virt þennan rétt hagsmunasamtaka fatlaðra til að fara með samninga fyrir þeirra hönd þar til nú. Ég skora á hæstv. félmrh. að tryggja það að horfið verði til fyrri samskipta við þessi samtök og þeim verði gert að fá sömu ábyrgð og aðrir aðilar sem þarna koma að máli, aðilar vinnumarkaðarins og launþegar. Í raun og sanni eru þessi hagsmunasamtök fatlaðra ekkert annað en sambærileg samtök og launþegasamtök í landinu. Ég vil ítreka áskorun mína til hæstv. félmrh. að taka upp ný og bætt samskipti við þessi samtök.

[12:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. er náskylt og snertir að hluta til nákvæmlega sömu svið og það frv. sem var rætt í fyrradag um atvinnuleysistryggingar. Frv. sem rætt er nú hefur örlítið skárri ásýnd en frv. um atvinnuleysistryggingar. En þótt yfirbragðið sé skárra en á hinu fyrra frv. eru margar hættur sem leynast í þessu frv. og mjög margt sem þarf að varast og margt af því hefur þegar komið fram í umræðunni.

Markmið laganna er að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu, eins og frv. segir. Því er ætlað að sjá atvinnulífinu fyrir hæfu starfsfólki rétt eins og það sé nóg vinna þarna úti. Það þurfi bara að koma fólki út úr bótakerfinu og yfir á vinnumarkað.

Þegar maður les þetta frv. fær maður sömu tilfinningu og við að lesa frv. um atvinnuleysistryggingar. Það er helst að halda að stærsta orsök aukinna útgjalda vegna atvinnuleysistrygginga sé leti launafólks en ekki úrræðaleysi ríkisstjórnarinnar í að vinna bug á atvinnuleysinu og í því að endurmennta vinnuaflið til að það sé hæfara að takast á við þær þarfir og þær kröfur sem atvinnulífið gerir.

Í þessu frv. sem hér liggur fyrir er jákvæður punktur sem snýst um að auka virkni vinnumiðlana þannig að þær aðstoði fólk í raun og veru við starfsleit. Það er mjög jákvæður punktur. En það er ekki margt annað jákvætt að finna í frv. Kannski mætti öllu heldur tala um það sem vantar inn í það miðað við markmiðið sem því er ætlað að sinna. Hver er aðferðin sem hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin ætlar að nota við að ná fram þessum markmiðum sínum? Það á að stofna Vinnumálastofnun ríkisins og ráðherra ætlar að skipa forstjóra þeirrar stofnunar. Vinnumiðlun á að vera rekin á vegum ríkisins í stað sveitarfélaganna. Það er sem sagt verið að leggja til algera miðstýringu þessara mála þrátt fyrir það að með hinni hendinni sé ríkisstjórnin að færa verkefni af ríki yfir á sveitarfélög. Til að tryggja nauðsynlegt aðgengi íbúa alls landsins að þessari þjónustu er gert ráð fyrir að samið verið við aðila eins og sveitarfélög, verkalýðsfélög eða sýslumenn um að annast skráningu atvinnulausra og síðan eiga sérstakar ráðgjafarnefndir að starfa í tengslum við svæðisvinnumiðlanir sem hafi það hlutverk að fylgjast með atvinnumálum á svæðinu og gera tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir.

Samkvæmt frv. á landið að vera eitt vinnusvæði sem þýðir að allt er opið fyrir það að mögulegt sé að skipa fólki, senda fólk hreppaflutningum á milli staða á landinu jafnvel þó það þurfi að flytjast búferlum. Ég hef ekki getað séð þess stað í frv. sem hæstv. ráðherra hefur verið að halda fram að þetta sé einhver misskilningur í mér og fleirum sem hafa túlkað þetta svo. Það eru ekki nægilegir öryggisventlar í frv. eða í hinu frv., sem við ræddum í fyrradag, til að hægt sé að segja að það sé tryggt að ekki sé virkilega illa farið með launafólk í þessum efnum. Ég tel þetta algerlega óviðunandi og algerlega óraunhæft markmið með öllu sem hæstv. ráðherra hefur verið að benda á trekk í trekk að ekki sé viðunandi að atvinnuleysi sé á einum stað og þar sé fólk á bótum og á öðrum stað sé nóg vinna.

Út af hverju eru þessar tillögur óviðunandi? Í fyrsta lagi er vinnan, sem hæstv. ráðherra er að leggja til að fólk eigi að fara í, að miklum hluta til fiskvinna. Það fólk sem í henni vinnur býr við þannig kjör að engan veginn er hægt að gera *þær kröfur að fólk flytjist á milli landshluta til að fara í þá* vinnu. Það verður að segjast alveg eins og er. Við búum við lög um uppsagnarfrest sem eru sett á hinu háa Alþingi þannig að hæstv. ráðherra getur beitt sér fyrir breytingu á því ákvæði ef hann hefur áhuga á því, en það hefur ekki verið vilji til þess hingað til, en þessi lög gera ráð fyrir því að þegar um er að ræða fiskvinnslu og um er að ræða hráefnisskort, sem hefur verið túlkað vægast sagt mjög rúmt af dómstólum, sé hægt að víkja frá ákvæðum laganna um uppsagnarfrest. Launafólk í þessum geira á ekki uppsagnarfrest eins og annað fólk þannig að það er hægt að segja því upp daginn eftir að það kemur á staðinn.

Við vitum hvernig launin eru, þau eru lág. Þau eru ekki beinlínis aðlaðandi. Við getum líka bent á atriði eins og það að það hljóta að vera grundvallarmannréttindi að geta valið sér búsetu. Fólk er bundið af ýmsum öðrum ástæðum

en fjölskylduástæðum, eins og hér hefur komið fram. Það er svo margt, m.a. fjárhagsástæður, sem getur gert það að verkum að fólk getur ekki farið. Það á kannski íbúð í bænum sem það þarf að koma í leigu en þarf jafnframt að kosta undir sig húsnæði úti á landi.

Ég get bent á fleiri atriði þó aðalatriðið sé ótrygg atvinna sem hlýtur að vera lykillinn að öllu saman. Fólk gerir ráð fyrir að það geti unnið sér inn alla vega fyrir flugfarinu eða rútufarinu, en það eru ýmis fleiri atriði sem hefur verið bent á að á mörgum stöðum, því miður, úti á landi og örugglega ekki bara úti á landi, er aðbúnaður óviðunandi fyrir þetta fólk. Og fyrir farandverkafólk er alþekkt að aðbúnaður er mjög víða algerlega óviðunandi þó hann sé sums staðar mjög góður. Þetta þarf hæstv. ráðherra að laga. Þetta þarf hann að tryggja launafólki áður en hann sendir það hreppaflutningum á milli fjarða. Það er grundvallaratriði og þar sem hæstv. ráðherra hefur margoft lýst því yfir að hann sé sérstakur vinur launamanna og vinur litla mannsins, þá held ég að hann ætti að byrja á þessu. Hann er ráðherra félagsmála og það er gersamlega með ólíkindum að trekk í trekk skuli koma upp hvert frv. á fætur öðru þar sem aftur og aftur er vegið að sama hópnum. Við getum í þessu sambandi minnt á umræðurnar um atvinnuleysistryggingarnar í fyrradag þar sem verið er að lækka bætur til lægst launaða fólksins. Það er algerlega út í hött.

Maður skyldi ætla að verið væri að spara með þessu vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur hreykt sér hátt af því hvað hún sé dugleg í að spara og hér hafi náðst svo góður árangur í ríkisfjármálunum. En þegar maður skoðar umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem fylgir með frv. kemur í ljós að það virðist ekki vera sparnaður heldur er gert ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af lögfestingu frv. verði 190–215 millj. kr. fyrsta árið en 160–175 millj. kr. á ári eftir það. Ég hugsaði þá með mér þegar ég sá þetta: Það hlýtur að vera út af því að bæta á stórlega þjónustuna við hina atvinnulausu og fara út í stuðningsaðgerðir við þá til að hjálpa þeim að fá sér vinnu og það hlýtur að vera aðalkostnaðaraukinn. Ónei, alls ekki. „Gera má ráð fyrir", segir hér, „að kostnaður af Vinnumálastofnun verði nokkru meiri en kostnaður af vinnumálaskrifstofu félmrn. og felst hækkunin í auknum verkefnum þar sem stofnuninni er ætlað að hafa eftirlit með svæðisvinnumiðlunum, samræma starfsemi þeirra og veita starfsfólki þeirra faglega aðstoð og fræðslu." Síðar segir: „Gert er ráð fyrir að stofnuninni verði skipuð sjö manna stjórn og áætlað er að kostnaður vegna hennar verði 0,5–1 millj. kr. á ári." Í frv. er lagt til að ráðgjöf og úrræði svæðismiðlana verði víðtækari en annarra miðlana nú og þar segir: „Af þessu má ljóst vera að kostnaður af ráðgjafarstarfsemi svæðisvinnumiðlana verði meiri en af starfsemi vinnumiðlana sveitarfélaga nú en áætlað er að hann verði um 70–80 millj. kr. árið 1996." Mér sýnist aðalatriðið ekki vera það, í þessum kostnaði sem verið er að benda á, að verið sé að bæta þjónustuna. Það er t.d. bent á að stofnkostnaður svæðisvinnumiðlana verði um 30–35 millj. kr. Það þarf að fara út í miðstýrða, tölvutæka atvinnuleysisskráningu o.fl. Spurningin er sú: Er þjónustan það miklu betri eftir þetta að það réttlæti þennan kostnaðarauka? Það leyfi ég mér að efast stórlega um að svo verði.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga hefur verið nefnd sem eitt meginatriði sem fólk hefur minnst á og ég vil taka undir þær efasemdir sem hafa komið fram. Stefnan hefur verið sú undanfarin ár, og að mörgu leyti hefur sú stefna að mínu mati átt rétt á sér, að æskilegt sé að færa þjónustuna nær fólkinu. Að sveitarfélögin taki við verkefnum sem geti fært þjónustuna nær fólkinu. Nú skyldi maður ætla að þjónustan við atvinnulausa væri einmitt dæmi um þetta þar sem þjónustan þyrfti að vera nálægt fólkinu og það væri óæskilegt að hún væri mjög miðstýrð. Ég hef ekki enn þá heyrt þau rök hjá hæstv. ráðherra sem spyrna við þessum rökum. Maður áttar sig ekki alveg á hvað hæstv. ríkisstjórn er að gera með þessu vegna þess að manni sýnist að þetta séu dæmigerð verkefni sem ættu að vera hjá sveitarfélögunum.

Við getum líka bent á að ríkisstjórnin og hið háa Alþingi hefur nýlega samþykkt lög um reynslusveitarfélög. Ýmis verkefni eru í gangi á vegum þessara sveitarfélaga og má eiginlega segja að á vegum reynslusveitarfélaganna sé að verða svona fyrsti vísir, viðkvæmur vísir að virkri vinnumiðlun. Hjá Reykjavíkurborg hafa verið í gangi verkefni t.d. fyrir ungt fólk, sem reyndar á að fara að setja út úr bótakerfinu að hluta til, í Hinu húsinu og vinnumiðlun Reykjavíkur hefur verið með ýmiss konar aðgerðir í gangi sem hafa þótt skila árangri. Við getum líka tekið sem dæmi annað reynslusveitarfélag sem er Akureyri. Ekki er annað að sjá í raun og veru en frv. gangi gersamlega í berhögg við hugmyndir um að færa verkefni ríkisins í auknum mæli yfir til sveitarfélaganna og ef við tökum Akureyri sem dæmi, þá er þar um að ræða reynslusveitarfélag sem hefur nýlega yfirtekið þjónustu við fatlaða frá ríkinu. Við yfirtökuna var nauðsynlegt fyrir Akureyrarbæ að gera ákveðnar skipulagsbreytingar innan bæjarkerfisins til að fella þjónustuna við fatlaða inn á hið almenna þjónustukerfi bæjarins. Í þeim tilgangi var m.a. ákveðið að setja á laggirnar nýja deild innan félags- og fræðslusviðsins, sem er atvinnudeild og hún ber ábyrgð á þjónustu, atvinnuleit fyrir fatlaða, endurhæfingar- og starfsþjálfunarvinnustöðum, vernduðum vinnustöðum og hæfingarstöðum.

Með þessu frv. sé ég ekki betur en verið sé að slíta úrræðin, sem verið er að búa til, úr tengslum hvert við annað. Og ég vil gjarnan óska eftir því að hæstv. félmrh. leiðrétti þetta. Ef það er misskilningur að frv. storki þessum viðkvæmu — ég vil segja þessum aðgerðum sem eru á viðkvæmu stigi í reynslusveitarfélögunum, þá væri ágætt að fá það út úr myndinni strax, ef svo er ekki, og ef tryggt er að þessum verkefnum verði ekki raskað. En það er alla vega ljóst að þarna stangast markmiðin í raun og veru á. Á meðan verið er á einum stað að færa þetta yfir til sveitarfélaganna og rétt byrjað að byggja upp þá starfsemi, þá á að brjóta allt saman niður, nei, nú er það miðstýringin sem við ætlum að láta gilda.

Það er von að margir spyrji: Hver er í raun og veru stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum? Það er eins og hver höndin sé uppi á móti annarri og maður er alveg hættur að skilja upp né niður í þessum hlutum.

Herra forseti. Ég vil líka segja að ég sakna mjög að sjá ekki einhver merki þess í frv. á sama hátt og ég sakna þess í frv. um atvinnuleysistryggingar, að hæstv. félmrh. ætli atvinnurekendum eitthvert hlutverk í þeim aðgerðum sem fram undan eru. Að hann ætli atvinnurekendum á einhvern hátt að koma meira að bæði uppbyggingu endurmenntunar og ekki síður hreinlega kostnaðarþátttöku vegna slíkrar uppbyggingar. Ég get ekki séð í þessu frv. frekar en annars staðar að þeim sé ætlaður stór hlutur. Það er alltaf sama sagan. Það er horft á atvinnulausa og á vinnuaflið sem er til staðar og er

ekki nógu menntað og ekki nógu hæft fyrir vinnumarkaðinn. *Það er litið á það sem vandamál og reynt að tukta það til.*

Í öðrum Evrópuríkjum taka vinnuveitendur mjög virkan þátt m.a. í endurmenntuninni, í markmiðslýsingu náms fyrir atvinnulausa. Þar eru rekin sérstök starfsþjálfunarnámskeið hjá einstökum fyrirtækjum. En íslensk lagasetning a.m.k. gerir ekki ráð fyrir slíku. Það má vel vera að það tíðkist hjá einhverjum fyrirtækjum eða einhverjum fyrirmyndaratvinnurekendum að gera slíkt. En hvar er línan frá stjórnvöldum hæstv. félmrh.? Hún liggur ekki fyrir ég bíð alltaf eftir að hún komi einhvers staðar fram.

Gerð hefur verið mjög umfangsmikil skýrsla á vegum atvinnurekendasamtaka Evrópu um atvinnumál ungs fólks og hún er kannski táknræn fyrir þátttöku atvinnurekenda í umræðunni erlendis. Í þessari skýrslu er að finna yfirlit yfir menntakerfi aðildarríkjanna, atvinnuástand og þau ráð sem þjóðirnar hafa brugðið á til lausnar atvinnuleysisvandanum. Við getum nefnt sem dæmi úr þessari skýrslu nokkur lönd. Ég vil nefna t.d. Þýskaland. Starfsþjálfun og iðnnám fara aðallega fram á vinnustað. Átta til tólf kennslustundir eru á viku og fólki undir 18 ára aldri er beint inn í löggiltar iðngreinar. Starfshluti þessa náms er skipulagður af atvinnurekendum og reyndar verkalýðsfélögum í sameiningu og síðan ræðir tækninefnd á vegum sérstakra ríkisstofnana námsbrautina og leggur blessun sína yfir hana. Atvinnurekendur bera stærstan hluta kostnaðarins. Atvinnurekendur í járn- og rafiðnaði í *Þýskalandi hafa sett upp miðstöðvar víðs vegar um landið* þar sem tekið er á móti nemendum og þeim kynnt störf í greininni. Úttekt á árangri verkefnisins leiðir í ljós að 20% gestanna velja sér starf í járn- eða rafiðn. Skólaatvinnulífsfélag er net 450 starfsgreinafélaga sem með útgáfu blaða og námsefnis og heimsóknum til nemenda og kennara í skólum vinnur að endurmenntun og símenntun.

Við getum tekið sem dæmi Danmörku. Þar er ýmislegt í gangi og komið hefur lína frá stjórnvöldum um málið, eins og hagnýt starfsþjálfunarnámskeið, starfsþjálfun í vaxtargrein svo sem þjónustu og ferðamennsku, auk þess sem atvinnumálaráðuneytið lætur fara fram skipulegt mat á námskeiðum fyrir atvinnulausa. Auk þess hefur mikil áhersla verið lögð á starfsráðgjöf í danska skólakerfinu og utan þess hin seinni ár. En það hlýtur að vera mjög mikilvægur hlekkur í þessu öllu saman að námsráðgjöfin sé virk þannig að fólki sé beint þangað sem það mögulega getur átt von á að fá vinnu.

Ég get líka nefnt sem dæmi Austurríki þar sem ýmiss konar aðgerðir hafa verið í gangi auk hefðbundinna valkosta í menntun, m.a. fjölbreytt starfsþjálfunarnám á hinum ýmsu sviðum. Þessa línu, hæstv. forseti, verður hæstv. ríkisstjórn að leggja á einhvern hátt. Hún er ekki lögð í þeim frv. sem hér eru lögð fram. Línan frá ríkisstjórninni er fyrst og fremst sú að það þurfi að koma fólkinu í vinnu — það virðist ekki vera gert ráð fyrir því að vinnan sé ekki til — og að það þurfi að tukta þetta launafólk til.

Ég vildi líka vekja athygli á samantektinni úr þessari skýrslu sem ég nefndi áðan. Hún er eiginlega sú að almennt virðist það gilda í öðrum löndum, annars staðar en hér, að ábyrgðin á því að koma ungu fólki á vinnumarkaðinn hvílir aðallega á ríkisvaldinu, aðilum vinnumarkaðarins og öðrum stofnunum á landsvísu og að hlutverk samtaka vinnuveitenda virðist vera að tryggja nú og í framtíð að fyrirtækið hafi aðgang að vinnuafli. Þetta finnst mér vera mjög mikilvægur punktur. Það hlýtur á einhvern hátt líka að vera hlutverk vinnuveitendanna, atvinnurekendanna, að taka þátt í því að vinnuaflið sé hæft til að takast á við þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaðnum, t.d. þessa öru tækniþróun. En það er a.m.k. öruggt mál að á meðan þessi ríkisstjórn situr er ekki gerð mikil krafa til atvinnurekendasamtakanna í þessum efnum enda hefur þeim gengið mjög vel og mjög samhliða lína hefur komið annars vegar frá hæstv. ríkisstjórn og hins vegar frá atvinnurekendasamtökunum.

Að lokum, herra forseti, verð ég að segja að mörgum er farið að blöskra yfirlýsingar hæstv. félmrh. sem hann hefur haft í frammi að undanförnu og meira og minna frá því að hann tók við störfum sem félmrh., um atvinnulausa, um misnotkunina, um það að til sé nóg vinna, það þurfi bara að senda fólkið þangað sem vinnan er o.s.frv. Fólki þykir þetta sýna mikla vanvirðingu gagnvart þeim sem eru atvinnulausir og sýna mikið skilningsleysi á þeirra aðstöðu. Ég er ein af þeim sem get tekið undir það. Ég verð að segja eins og er að mér blöskrar oft og tíðum.

Ég vil benda á grein, sem reyndar var minnst á í umræðunum í gær um þessi mál, sem Ólafur Ólafsson landlæknir skrifaði í Morgunblaðið í gær. Ég get ekki séð annað en að í henni séu mjög hörð skot á þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur verið að reka og þess málstaðar sem hæstv. félmrh. m.a. hefur tekið að sér að flytja. Yfirskrift þessarar greinar er spurning: Er leti aðalorsök atvinnuleysis? Í þessari grein landlæknis er nánast í hæðnistóni gert grín að því að aðalorsök og rót vandans hljóti að vera leti launafólks og vanhæfni *en vel rekin fyrirtæki hafi hins vegar brugðist vel og* rösklega við þessum ósóma og neitað alfarið fólki yfir fimmtugt um störf vegna þess að það sé ekki nógu hæft o.s.frv. Ég hef því miður ekki meiri tíma en það mætti virkilega vitna víðar í þessa grein landlæknis. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara að taka alvarlega þessar glósur sem beint er til hans frá landlækni og það sem fleiri hafa bent á hér í umræðunni að það gengur ekki lengur að nota þessa taktík sem birtist m.a. í þessu frv.

[Fundarhlé. — 13:07]

[13:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir sem lagt er fram af hæstv. félmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar. Ég vil strax taka fram að í þessu frv. eru ýmis atriði sem til bóta horfa eins og að atvinnulausir séu aðstoðaðir við að gera starfsleitaráætlun, en margt annað sem lagt er til í frv. orkar tvímælis. T.d. það að samkvæmt 3. gr. er lagt til að rekstur vinnumiðlunar verði verkefni ríkisins en ekki sveitarfélaganna eins og nú er. Ég verð að játa að ég hef efasemdir um þessa tilhögun. Ég hef þá trú að flest þessi vandamál verði betur og örugglegar meðhöndluð á vegum sveitarfélaganna þar sem starfsfólk hefur nánari tengsl við þann vanda sem hver á persónulega við að etja, en eins og annað fólk eru atvinnulausir eins misjafnir og þeir eru margir. Þó held ég að alvarlegasta atriðið sem hér er lagt til sé í 8. gr. þar sem áréttað er að landið sé eitt vinnusvæði sem þýðir einfaldlega að manni getur verið skylt að taka vinnu utan heimabyggðar ef hún býðst, annars geti það varðað missi bótaréttar.

Það vill svo til að ég þekki vel fólk sem hefur þurft að sæta því að þiggja atvinnuleysisbætur langtímum saman. Ég verð að segja að það fólk hefur ekki lifað neinu bílífi en það hefur þó reynt að láta það ganga fyrir öllu öðru að halda sín

heimili, hvort sem um er að ræða leiguhúsnæði — og þess má geta að þó húsaleigubætur séu mjög góðar þar sem þær eru falar, þá eru þær alls ekki í öllum byggðarlögum heldur hefur það verið geðþóttaákvörðun byggðarlaganna hvort húsaleigubætur hafa verið greiddar eða ekki og er þarna fólki mismunað mjög — eða eitthvert það húsnæði sem það hefur af fullkominni bjartsýni aflað sér áður en það missti atvinnuna. Ungt atvinnulaust fólk býr oft heima hjá foreldrum og nýtur þannig félagslegs öryggis þó atvinnulaust sé og hafi úr litlu að spila. Það er slík röskun á högum þessa fólks að senda það á fjarlæga staði, þar sem reynslan hefur sýnt að sú atvinna sem oftast er í boði er erfiðisvinna á lægstu töxtum og fólk þarf auk þess sem það þarf að kosta flutninga á staðinn að borga offjár fyrir verbúðarpláss og mötuneyti, að ekki er hægt að kalla slíkt annað en hreppaflutninga sem hæstv. félmrh. vill þó síst standa í eftir því sem hann sagði í gær. En það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, eins og þar stendur.

Í 10. gr. eru mjög lofsverð nýmæli, að sjá skuli atvinnulausum fyrir úrræðum og ráðgjöf sem miði að því að auka starfsgetu þeirra og starfsmöguleika. En Adam var ekki lengi í paradís. Þegar lesið er lengra þá er markmiðið með þessu að ná sérstökum tökum á þeim sem hafna slíkum úrræðum og þeim sem hafna þessum úrræðum verði gerður bótamissir. Ég varð mjög hrifin og ánægð þegar ég sá þetta ákvæði en ég verð að segja að ég held að það væri rétt að gefa fólki ákveðið val um hvort það þiggur slík úrræði. Það er sjálfsagt að hvetja það til þess en mér finnst líka að þegar það er búið að vinna sér inn rétt til atvinnuleysisbóta þá eigi það að hafa ákveðinn rétt til að geta valið það að hafna slíkri aðstoð þó góð sé að annarra mati. Ég verð að leggja á það áherslu að í endurskoðun þessa frv. í félmn. verði athugað hvort ekki er mögulegt að tryggja rétt fólks til að hafa sjálft val um slíka hluti.

[13:40]

Árni Steinar Jóhannsson:

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir margt af því sem lagt er til varðandi hjálp við fólk sem er í atvinnuleit og styrkingu á margan hátt í frv. sem nú er til umfjöllunar um vinnumarkaðsaðgerðir. Það eru ákvæði þar inni sem eru mjög til bóta. En ég geri alvarlegar athugasemdir í grundvallaratriðum við uppsetningu á vinnumiðlunum. Ég hélt satt að segja að við værum komin á árið 1996, á tölvuöld. Það er alveg eins og miðstýringarpúkinn svífi yfir vötnunum í einu og öllu sem við erum að gera. Vinnumiðlun ríkisins er að mínu mati algjör tímaskekkja. Ég get sæst á að til séu vinnumiðlanir sem séu svæðisbundnar eða héraðsbundnar eða eitthvað í þeim dúr en ég fullyrði að það er enginn vandi að stunda vinnumiðlun í þessu landi án þess að setja upp nýja ríkisstofnun með nýrri stjórn. Stjórnkerfið verður að hugsa alltaf og ávallt um valddreifingu þegar það er að fjalla um ný lög og nýjar aðgerðir. Stjórnkerfið á ekki að setja sig í þá stöðu að vera verkstjóri í einu og öllu. Stjórnkerfið á að verkstýra.

Ég held, þegar maður fer yfir mál, ekki bara þetta mál, að þessi miðstýringarpúki sé bara ígildi víruss inni á hinu háa Alþingi. Það er eins og menn sjáist ekki fyrir. Ég fer fram á að þessi þáttur laganna um vinnumiðlun verði endurskoðaður með þetta að meginmarkmiði. Öll námskeið sem verið er að senda menn á til að bæta stýringu, hvort sem það er á sveitarstjórnarsviði eða ríkisrekstrarsviði, kenna mönnum að deila út völdum og framkalla það besta í hverjum og einum í staðinn fyrir að gera allt sjálfir. Kannski ættum við öll að haska okkur á námskeið um verkstjórn. Þetta kemur fram alls staðar þar.

Það er vont fyrir félmrn. og hæstv. félmrh. að vera ábyrgur fyrir allri vinnumiðlun. Hlutverk hæstv. félmrh. er að hafa yfirlit og nema hvað er að gerast í landinu á hinum ýmsu vinnumiðlunum og hafa yfirlit sem eins og ég sagði áðan ætti að vera ákaflega auðvelt mál á tölvuöld.

Að svo mæltu vona ég að menn í félmn. taki til alvarlegrar athugunar þennan þátt málsins. Frá mínum bæjardyrum séð er algjör nauðsyn að stokka þar gjörsamlega upp á nýtt.

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum í dag er um margt til bóta. Ég hygg að það muni að einhverju leyti koma í veg fyrir þá miklu misnotkun sem talið er að viðgangist. Það mun líka vonandi bæta félagslega stöðu þeirra sem raunverulega eru atvinnulausir og eru í dag dæmdir til aðgerðaleysis. Ég held að það sé mjög mikilvægt að virkja hinn atvinnulausa. Ekki bara að skrá hann og leita að vinnu handa honum heldur að virkja hann til að leita sér að vinnu, virkja hann til að gera eitthvað, mennta sig, læra eitthvað og þá ég ekki endilega við bóknám heldur verknám. Jafnvel þó það sé dýrt fyrir þjóðfélagið að virkja og mennta hinn atvinnulausa, er það skoðun mín að þeim peningum sé mjög vel varið fyrir utan það að það mundi koma í veg fyrir misnotkun.

Í 10. gr. þessa frv. er getið um nokkur verkefni sem svæðismiðlanir hafa. Þar á meðal er talað um að sjá til þess að atvinnulausir eigi kost á ráðgjöf og úrræðum svo sem námi eða starfsþjálfun sem miðast við þarfir eða aðstæður hvers og eins og hafa það að markmiði að auka starfsgetu og starfsmöguleika hins atvinnulausa. Þetta er gott mál en mér finnst það ekki nógu afdráttarlaust. Ég vildi sjá það sterkara í lögunum að hinum atvinnulausa sé skylt að taka að sér slík verkefni gegn því að fá atvinnuleysisbætur. Þá mætti líka breyta lögunum um atvinnuleysisbætur og atvinnuleysistryggingar og kalla það atvinnutryggingar þannig að hinum atvinnulausa séu útveguð verkefni, ígildi vinnu og það sé í formi náms eða þess að stofna fyrirtæki.

Í greinargerðinni eru talin upp þó nokkuð mörg atriði og úrræði sem eru öll af hinu góða — en þau eru í greinargerðinni. Ég hefði viljað sjá þau í frumvarpinu. Það stendur ekki svart á hvítu hvernig slík skylduvirkni skuli fara fram. Það má kannski segja að nauðsynlegt sé að kanna hvernig slík skylduvirkni geti farið fram og þess vegna sé ekki hægt að setja það í lög strax að menn skuli t.d. vera átta tíma á dag í slíkri skylduvirkni. Ég hefði viljað sjá sterkar tekið til orða í lögunum þannig að hinum atvinnulausa sé gert að stunda nám, hann sé aðstoðaður við að sækja um vinnu og taka þátt í nýsköpun eða öðru slíku sem hér er nefnt. Þetta sé skylda hans gegn því að fá bætur. Þá er búið að laga þá félagslegu og sálfræðilegu stöðu hans sem er ömurleg í dag þar sem hinn atvinnulausi er óvirkur, mætir einu sinni í viku og horfir á eftir öðrum fjölskyldumeðlimum hverfa til vinnu og fær það mjög hratt á tilfinninguna að hann sé óþarfur og ekki sé gert ráð fyrir honum í þjóðfélaginu. Það er mjög slæm staða en ef honum aftur á móti er gert að mæta einhvers staðar þá mundi hann fara þangað fullur af hug og vera í starfi nákvæmlega eins og allir aðrir. Ég hef séð fólk verða atvinnulaust og segja má að eftir sex mánaða atvinnuleysi og óvirkni, aðallega óvirkni, sé fólkið orðið ófært um að vinna.

Það er svo niðurdregið og hefur verið brotið svo mikið niður að það er orðið ófært til vinnu. Ég vil ekki sjá slíkt gerast. Ég vil að fólk sé virkjað og að aðalmálið í þessu frv. sé að virkja menn.

[13:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér talaði fyrsti sjálfstæðismaðurinn í umræðunni og mig fýsir mjög að fá að vita hvort það er stefna Sjálfstfl. að það eigi að flytja verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins og þar með að auka miðstýringu. Er það stefna Sjálfstfl.? Í öðru lagi, og þingmaðurinn er kannski ekki fær um að svara því: Eru landsbyggðarþingmenn Sjálfstfl. á því að það kerfi virki sem hér er verið að koma á fót verði til bóta fyrir hina atvinnulausu þar sem meiningin er að koma upp miðstöð í hverju kjördæmi? Ef við hugsum okkur mjög dreifbýl kjördæmi, hvernig á fólk t.d. að leita sér ráðgjafar? Er þetta stefna Sjálfstfl.?

[13:49]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert sem segir til um það hvað þessi miðstýrða vinnumálastofnunin á að vera mannmörg eða stór því að hún er deildaskipt út um allt land og ég reikna með því að þar fari aðalstarfið fram. Meginstarfið eða hlutverk miðstýringarinnar felst í því að búa til samræmdar reglur og hafa eftirlit. En það hefur skort á það í framkvæmd laganna eins og þau eru í dag.

[13:49]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú kemur í ljós að þingmaðurinn hefur alls ekki lesið frv. Hér er verið að koma á fót nýrri ríkisstofnun sem á að vera yfir öllum þessum málum á öllu landinu. Forstjóri þessarar stofnunar á m.a. að ráða forstöðumenn svæðismiðlana alls staðar á landinu þannig að hér er auðvitað um nýja ríkisstofnun að ræða, mjög miðstýrða ríkisstofnun. Ég spyr enn hvort það sé í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að auka miðstýringu, færa valdið frá fólkinu en ekki til þess. Hvað er hér eiginlega á ferð? Hafa sjálfstæðismenn ekki kynnt sér þetta mál?

[13:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er dálítið skondin umræða vegna þess að í umsögn um 3. gr. stendur að hin nýja stofnun, Vinnumálastofnun, eigi að taka við verkefnum vinnumálaskrifstofu félmrn. Þar starfar fullt af fólki við þetta akkúrat í dag.

[13:51]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan leggja nokkur orð í belg varðandi það frv. sem hér er til umræðu og byrja á því að fara nokkrum orðum um þá stefnumörkun sem hér er að finna og lýtur að þætti sveitarfélaganna í landinu í vinnumarkaðsaðgerðum. Mér sýnist að með þessu frv. sé enn verið að hnykkja á því að vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumarkaðsmál skuli alfarið lúta forsjá ríkisvaldsins en koma sem minnst nálægt verkefnum sveitarfélaganna. Skref í þessa átt voru vissulega tekin fyrir nokkrum árum þegar aðstöðugjaldið var afnumið og nú með þessu frv. er ábyrgð að fullu létt af sveitarfélögunum í landinu hvað varðar skráningu atvinnulausra og aðstoð við útvegun atvinnu. Þetta þýðir með öðrum orðum að við erum að stíga það skref að sveitarstjórnirnar og sú þjónusta sem þar er innt af hendi verði að miklu leyti slitin úr tengslum við atvinnulíf viðkomandi staða. Það er mjög slæmt. Það er ákaflega slæmt.

Vissulega er ég meðvitaður um það að margar sveitarstjórnir, sérstaklega úti á landi, hafa kvartað mikið yfir því að pressan á þeim af hálfu atvinnufyrirtækja á viðkomandi stöðum til að koma til hjálpar og aðstoðar hafi verið þeim ofviða og þau séu mörg hver að kikna undan því. En það breytir því ekki að eðlilega hljóta sveitarstjórnarmenn og sveitarfélögin í landinu að láta sig það varða með hvaða hætti atvinnulífið á viðkomandi stað gengur fram. Atvinnulífið hlýtur eðlilega að vera snar þáttur í öllu mannlífi og í rauninni undirstaða þjónustu, að fólk vilji vera þarna og að sveitarfélögin eigi sér einhverja framtíð. Þá spyr maður sig auðvitað og með nokkrum áhyggjum hvort það sé þá rétt stefna að taka þetta hlutverk formlega, ég undirstrika það, að fullu og öllu úr höndum sveitarstjórnanna og segja einfaldlega: Þetta er verkefni sem á að vera á hendi ríkisvaldsins. Ég hef áhyggjur af þessu. Auðvitað er það þannig, og ég undirstrika orðið formlega, að sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórnirnar munu hér eftir sem hingað til, einfaldlega vegna þess að fólk mun sækja til þeirra, auðvitað ekkert komast hjá því að láta sig ekki varða þróun atvinnumála í viðkomandi sveitarfélagi.

En formlega er auðvelt fyrir viðkomandi sveitarstjórnir að segja: Nei, nei, elsku vinur þetta er ekki á okkar færi, það er annars vegar hann Páll í félmrn. sem sér um þetta og síðan er það hann Friðrik sem leggur skattana á fyrirtækin í bæjarfélaginu.

Þetta er hættuleg þróun og hún gengur þvert á það sem ég hélt að væri nokkuð almenn samstaða um í þessari hv. samkundu, að menn vildu dreifa valdi, vildu þvert á móti fara í hina áttina. Að færa vald úr höndum miðstýrðs ríkisvalds heim í hérað til sveitarstjórnanna og efla þau sem stjórnsýslustofnanir. Menn úr öllum flokkum hafa farið hátt og mikinn í umræðum í þá veruna. Hér er algerlega verið að fara í þveröfuga átt. Ég átti satt að segja ekki von á því úr þessari áttinni frá hæstv. félmrh. Páli Péturssyni að hann væri sérstakur aðdáandi þessa miðstýrða kerfis sem hann er að mæla fyrir.

Vissulega veit ég að nokkuð skiptar skoðanir eru um það milli flokkanna hvernig skuli haga valddreifingunni, þessari útdeilingu valds og ábyrgðar út í dreifðari byggðir. Ég veit að margir framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn hafa kannski mun fremur en aðrir bent á mikilvægi amtanna eða fylkjanna og þessa þriðja stjórnsýslustigs en flokksbræður mínir hafa aftur á móti talað um stærri einingar á sveitarstjórnarstiginu en það er kannski aukaatriði í þessu sambandi. Hér er ekki verið að ræða á þeim nótum heldur þvert á móti veri að styrkja ríkisvaldið og raunar gera það allsráðandi og alfarið ábyrgt á þessum vinnumarkaðsmálum. Þetta er verulegt áhyggjuefni.

Mér er kunnugt um að það hefur verið erfiðleikum bundið að reka vinnumiðlanir sveitarfélaganna fram undir það síðasta eins og nauðsynlegt er. Á því eru margar skýringar. Sumir hafa haldið því fram að nálægðin væri of mikil, sérstaklega á minni stöðum, þegar kemur að samskiptum við það fólk sem á í erfiðleikum og er að leita eftir atvinnu. Nálægðin væri of mikil og erfitt væri að taka með kaldri skynsemi á þeim erfiðleikum sem þar væru heldur réðu tilfinningar þar og kannski vinatengsl stundum of miklu um þær ákvarðanir sem teknar væru. Ég held að það sé engin lausn á þessu vandamáli að láta pendúlinn slá algerlega í

hina áttina. Með öðrum orðum að þeir sem höndla með málefni þessa fólks og fjölskyldur þeirra hafi nákvæmlega enga þekkingu á högum fólksins, raunar engan áhuga á því hvernig hagir þessa fólks muni verða. Mér finnst farið rangt í upphafi að því að leysa úr þeim sannanlegu agnúum sem hafa verið á vinnumiðlunum sveitarfélaga. Ég hefði frekar kosið að sjá að undirbúningsnefnd hæstv. ráðherra, sem hefur samið þetta frv. að stærstum hluta til og er sammála, hefði skoðað nákvæmar hvar hægt hefði verið að berja í brestina, hvar hægt hefði verið að lagfæra sannanlega þá vankanta sem hafa verið á þessu fyrirkomulagi, m.a. þá að styrkja vinnumiðlanir sveitarfélaganna í sessi og skapa þeim víðtækara og rýmra umboð til þess að nálgast þau viðfangsefni sem þeim eru og hafa verið falin lögum samkvæmt. Þá á ég við auðvitað þessa jákvæðu uppbyggingu sem er að finna í frv. og ég þakka sérstaklega fyrir varðandi það að aðstoða fólk við leit að starfi, koma því til aðstoðar með jákvæðum og uppbyggjandi hætti. Þetta hefðum við vel getað gert í eldra kerfinu og hefðum kannski átt að gaumgæfa miklu betur áður en farið var í þennan farveginn, þennan gamalkunna ríkisfarveg og búa til enn eina ríkisstofnunina.

Það er auðvitað ekki óeðlilegt að hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur bregði eilítið í brún þegar hún heyrir í einkavæðingarsinnanum, hv. þm. Pétri H. Blöndal, mæra þetta frv. og þessa nýju ríkisstofnun alveg sérstaklega. Öðruvísi mér áður brá. Og lítið var á andsvörum hv. þm. að græða í þeim efnum enda gengur hann nú á dyr. En þetta er líka aukaatriði.

Ég hlýt að leita eftir því af hálfu hæstv. ráðherra hvernig hann sjái að þessu frv. samþykktu hlutverk sveitarstjórnanna í þessum efnum. Mér er kunnugt um að þessi svokölluðu svæðisráð, svæðisstjórnirnar eða hvað þetta heitir nú, svæðismiðlanirnar, eiga að sækja til sveitarstjórnanna, verkalýðsfélaganna eða hverra annarra um að veita tiltekna þjónustu, skráningu á atvinnulausum og vafalaust eitthvað meira. Með öðrum orðum sveitarfélögin eða verkalýðsfélögin, sem hafa borið hitann og þungann fram að þessu í vinnumiðlun sveitarfélaganna, eiga núna að vera eins konar verktakar hjá þessum svæðismiðlunum, hjá þessari undirstofnun ríkisstofnunarinnar sem heitir Vinnumálastofnun. Með öðrum orðum bera enga ábyrgð en vera eins konar verktakar ríkisins. Er þetta það fyrirkomulag sem mun auka sveitarfélögunum og verkalýðsfélögunum áhuga og kraft til þess að sinna þessum málum eins og raunveruleg þörf er á? Ég hef mínar efasemdir um það.

Í fljótu bragði má eiginlega segja að fyrirkomulagið hafi ekki tekið neinum stökkbreytingum, þ.e. þessi rammi utan um starfsemina. Eftir sem áður er það einhver stofnun hjá ríkinu, nú á hún að heita Vinnumálastofnun, áður var það vinnumálaskrifstofa ráðuneytisins. Síðan er komið þarna milliapparat sem á að heita svæðismiðlun. Það er nýtt apparat. Ég fæ ekki séð að til að mynda í mínu kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, muni þær breyta einhverju stórkostlegu varðandi atvinnuþróun.

Ég sé fyrir mér að fyrsta deilumálið verði hvar hún eigi að vera. Það er ekki flóknara en það. En sveitarfélögin þar eru vel í stakk búin til að geta sinnt þessu hvert og eitt. (**Félmrh.:** Það er hægt að hafa fleiri en eina.) Það má víst hafa fleiri en eina þannig að þá sjáum við það fyrir okkur að hægt er að leysa það vandamál sem skapast milli Kópavogs, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Grindavíkur. Þær verða a.m.k. fjórar í Reykjanesbæ. Ég er að tala um svæðismiðlanir. Ég hafði nú skilið þetta þannig að það væri ein í hverju kjördæmi en þær gætu hins vegar skarast út yfir kjördæmi eftir hendinni. En látum vera með það. Svæðisráðin munu koma í staðinn fyrir vinnumiðlanir sveitarfélagana eins og við höfum þekkt þær. Nema það að svæðisráðin hafa enga ábyrgð. Þau hafa engin völd og þeir sem þau eiga að rekja, sem hljóta að vera eðli máls samkvæmt sveitarfélögin eða verkalýðsfélögin samkvæmt einhverjum verktakasamningi við ríkið, munu auðvitað ekki taka á þeim málum eins og áður var gert því að nú eru þau einfaldlega þjónustuaðilar fyrir ríkið. Mér er dálítið til efs að þetta skapi þann anda og vilja sem menn vilja gjarnan sjá í þessum mikilvægu störfum.

Ég vildi því gjarnan að ráðherrann færi yfir það hvernig hann sér þetta allt færast til betri vegar með því einu að ríkið beri hundrað prósent ábyrgð á þessu og að sveitarfélögin komi að þessu sem einhvers konar verktakar eða þjónustuaðilar. Ég hef áhyggjur af því og það vil ég undirstrika, virðulegi forseti.

Mér er kunnugt um það, og ég veit ekki hvort þetta frv. kemur til með að breyta nokkru í því sambandi og það veit hæstv. ráðherra líka, að það er að sumu leyti kalt stríð í gangi milli sveitarfélaganna og ríkisins þegar kemur að greiðslum til þeirra sem höllum fæti standa. Það skiptir verulegu máli fyrir báða þessa aðila hvort viðkomandi einstaklingur sem stendur höllum fær atvinnuleysisbætur eða hvort hann nýtur aðstoðar hjá félagsmálastofnun í bænum með venjubundnum framfærslustyrkjum. Annars vegar er það ríkið sem borgar brúsann og hins vegar sveitarfélögin. Þessi sama togstreita mun verða til eftir sem áður, því er nú verr og miður. Þetta frv. leysir ekki þá togstreitu sem þar er að finna. Ekki meira um þetta virðulegi forseti, en þetta veldur mér áhyggjum.

Ég er sveitarstjórnarmaður í (**Gripið fram í:** Í hjartanu.) hjartanu. Þakka þér fyrir, hv. þm. Það er að segja ég lít þannig á að sveitarfélögin hafi mikilvægu og vaxandi hlutverki að gegna. Mér finnst þetta þess vegna skref í vitlausa átt.

Það sem ég vil að lyktum nefna við þessa fyrstu umræðu málsins er 8. gr. sem menn hafa eðlilega staldrað við, þ.e. að landið sé eitt vinnusvæði. Auðvitað hef ég eins og aðrir skilning á því að menn eigi að nálgast viðfangsefnið á þennan hátt. En ég hygg að hæstv. ráðherra viti það nákvæmlega jafn vel og ég, miðað við þann tíma sem hann hefur starfað í félmrn. og raunar áður sennilega líka, að það er auðveldara um að tala en í að komast. Auðvitað verða ekki fjölskyldufeður eða fyrirvinnur, feður eða mæður, sendar landshorna á milli. Það gerist ekki þannig. Menn hafa lesið um það í blöðum á síðustu mánuðum þegar hæstv. ráðherra sjálfur gekk fram í því með talsverðum krafti að koma fólki í vinnu og fluttar voru fréttir af því að fólk var að fara að norðan og austur á Hornafjörð á vertíð, í verbúðir og hafði ekki annað upp úr krafsinu en erfiðleika og tár og tapaði stórum fjármunum á öllum þeim tilraunum. Það þurfti að borga háar upphæðir í gistikostnað og launin voru lægri en lofað var og svo fram eftir götunum. Ég ætla ekki að útlista það mikið nánar. En auðvitað er þetta svona. Þar er allt annað vandamál sem við leysum ekki í þessari umræðu. Það er láglaunastefnan í þessu landi sem skapar það. Lítill mismunur á atvinnuleysisbótum og bótakerfinu annars vegar og greiddum launum hins vegar.

En ég hef áhyggjur af því og bið hæstv. ráðherra hér að lokum þessarar 1. umr. að fara nokkrum orðum það hvort hann sjái þetta gerast í raun og sanni, þ.e. að landið verði allt eitt vinnusvæði, að hans sveitungar úr Húnavatnssýslunni frétti af starfi á Fáskrúðsfirði og fari þangað glaðir, keikir

og kátir frá sinni fjölskyldu. Þetta gerist ekki svona og við vitum það sem hér erum inni þannig að ég held það sé rétt að við horfumst í augu við þetta vandamál hvað svo sem okkur þykir æskilegt og nauðsynlegt í þessum efnum. Þessi vegna er það hárrétt sem komið hefur fram við umræðuna að það verður að vera nokkuð skýrt í lagatexta að þegar aðstæður eru þannig að fjölskyldufyrirvinna á ekki heimangengt, að það er ekkert fjárhagslegt eða efnahagslegt vit í því að reka hann landshornanna á milli, þá auðvitað þarf hann ekkert að fara. Það er ekki til bóta hvorki fyrir þá fjölskyldu né fyrir þjóðarbúið í heild að stunda þannig nauðungarflutninga á fólki landshorna á milli. Það hygg ég að hæstv. ráðherra viti manna best sjálfur. Ég held að hann hljóti að vera mér sammála um að það þurfi að gera skýra grein fyrir því í þessu frv. að það er ekki tilgangur þessarar greinar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta en vænti þess og reikna með því að nú eins og fyrr, komi hv. félmn. hæstv. félmrh. til hjálpar og geri úr þessu það sem menn vilja og lagfæri þetta frv. þannig að við það sé búandi.

[14:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að segja margt um þetta frv. því það hefur allt komið fram sem mér finnst að skipti kannski aðalmáli. En það sem ég rek augun í er að annars vegar er um að ræða mjög mikið af dágóðum fyrirheitum um betri tíð í þágu þeirra atvinnulausu í landinu sem eru opinberuð á bls. 9 og 10 í frv. og í greinargerðinni með 10. gr. þar sem talin eru upp fjölmörg atriði sem eru öll út af fyrir sig góð, frómar óskir, en því miður óttast ég að á bak við það sé lítið annað en að það sé sjálfsagt góður hugur í málinu.

Ég tók eftir því að hv. þm., Einar Oddur Kristjánsson, sem ég hygg að sé einn af höfundum frv., tók þannig til orða í gær eða fyrradag þegar við vorum að ræða um þetta mál að hér væri verið að koma hinum atvinnulausu í vinnu. Ég kallaði þá fram í fyrir þingmanninum og bað hann að nefna mér dæmi um að það væri vinna í þessu frv. Það er sjálfsagt ekkert dæmi til um það. Það er engin vinna í þessu frv. Það er aldrei vinna í svona pappírum. Það er ekki þannig. En ég held í sjálfu sér að það sé góðra gjalda vert að menn fari vel yfir það hvernig hægt er að virkja hina atvinnulausu og koma á því sem kalla má virk vinnumiðlun. Ég held að það sé góðra gjalda vert og þakkarvert.

Mér sýnist hins vegar að menn hafi lent á hrapallegum villigötum í einu máli. Ég er alveg sammála hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni varðandi þessa ríkisstofnun. Satt best að segja sýnist mér að það sé alveg út í hött. Ég vil nefna það hvort hv. félmn. hefur ekki aðstöðu til að skoða það aðeins betur hvort málið er ekki þannig að það væri hægt að breyta þessu í nefnd af því að þetta er vitleysa. Ég er alveg sannfærður um að þetta er vitleysa. Þessi stofnun er dýr og hún mundi þenjast út á komandi árum vegna þess að það mundi verða mjög erfitt fyrir stjórnvöld að standast þær kröfur sem gerðar yrðu á stofnun af þessu tagi. Hér eru menn að tala um stofnun upp á 200 millj. á ári. Það er ekki lítil stofnun. Ég var mikið að velta því fyrir mér hvaðan hæstv. félmrh. hefði töluna með Atvinnuleysistryggingasjóðsfrv., sem er á milli 150–200 millj. kr. Og ég sé að það rímar. Það er bersýnilegt að hann er að skera niður í atvinnuleysisbótunum til að standa undir þessu nýja ríkisbákni sem hann ætlar að koma upp.

Í frv. sem við alþýðubandalagsmenn fluttum á Alþingi fyrir nokkrum árum gerðum við tillögu um samræmda vinnumiðlun. Við gerðum það með því að við fluttum tillögu sem var svona, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög starfrækja vinnumiðlun hvert hjá sér eða í sameiningu eftir nánara samkomulagi samkvæmt lögum þessum. Sveitarfélögin reka í sameiningu Landsskrifstofu vinnumiðlana sem nær yfir landið allt og safnar saman upplýsingum um atvinnuástand af landinu öllu."

Á því er grundvallarmunur hvort um er að ræða landsskrifstofu vinnumiðlana og þannig séð samstarfsverkefni allra sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins eða hvort um er að ræða ríkisstofnun af því tagi sem hér er á ferðinni. Það er heldur engin smá ríkisstofnun sem hér er um að ræða. Hún er upp á 200 millj. kr. Það er talað um að kostnaðurinn sé þessi og að starfandi hjá þessari stofnun verði sýnist mér um 60 manns fyrir utan svo þann fjölda sem virðist bætast við hjá vinnumálaskrifstofu félmrn. Út af fyrir sig má segja að þarna sé atvinna en það er líka eina vinnan sem er í þessu frv. eins og það er, hæstv. forseti.

Ég vil í fullri vinsemd skora á hæstv. félmrh. að beita sér fyrir því að þetta verkefni fái að vera hjá sveitarfélögunum. En ég er þar ekki að tala um að það þurfi endilega að vera óbreytt hjá sveitarfélögunum. Mér finnst alveg koma til greina að breyta því talsvert frá því sem nú er og ýta undir frekara samstarf á milli þeirra. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra og öðrum um að það er skynsamlegt að ýta undir það. Ég bendi hins vegar á, hæstv. forseti, að í því byggðarlagi sem við erum stödd, Reykjavík, er starfrækt mjög myndarleg vinnumiðlun. Það hefur verið metnaðarmál borgarstjórnar Reykjavíkur, bæði meiri hluta og minni hluta nú og á síðasta kjörtímabili að gjörbreyta svokallaðri ráðningarstofu Reykjavíkur og þróa hana yfir í það sem kalla má nútímalega vinnumiðlun miðað við þær hörmungar sem þjóðin stendur frammi fyrir eins og ýmsar aðrar þjóðir sem eru með markaðshagkerfi, að fjöldinn allur af fólki er atvinnulaus. Þessi vinnumiðlun Reykjavíkur hefur þróast mjög myndarlega og ég vona að sem flestir þingmenn hafi gefið sér tækifæri til að skoða vinnumiðlun Reykjavíkur. Ég held satt að segja að hún sé prýðilega og myndarlega rekið fyrirtæki undir forustu forstöðumanns sem tók þar við ekki alls fyrir löngu. Þá er ég ekki að varpa rýrð á vinnumiðlun eins og t.d. vinnumiðlunina í Kópavogi sem ég þekki nokkuð til og veit að þar hafa menn verið með virkar tilraunir í gangi. Ég er ekki að varpa rýrð á vinnumiðlunina t.d. á Húsavík sem hefur unnið mjög vel með verkalýðsfélaginu sérstaklega. Það má því nefna mörg dæmi um vinnumiðlanir sem hafa sannarlega skilað talsverðu til samfélagsins og hinna atvinnulausu. Ég óttast að þessi starfsemi yrði svipt frumkvæði sínu og þar með lífsvilja og áhuga ef þetta yrði gert að einni ríkisstofnun. Ég segi því eins og er, hæstv. forseti, að ég hef tilhneigingu til þess að vera andvígur því að gera þetta að ríkisstofnun. Ég hef engin rök heyrt fyrir því að það eigi að taka þetta mál af sveitarfélögunum.

Ég tek það fram, hæstv. forseti, að ég er ekki einn af þeim sem alltaf hrökkva upp og klappa lengi fyrir því að flytja verkefni til sveitarfélaga. Ég hef ekki verið mikill aðdáandi þess í gegnum tíðina, ég segi það alveg eins og er og ég hef miklar áhyggjur af þessu kasti sem menn fá alltaf þegar þeir eru að flytja verkefni til sveitarfélaga, eins og það þurfi nú endilega að vera gott bara af því að það eru sveitarfélög en ekki ríki, hvort það er skólinn eða málefni fatlaðra eða hvað það nú er. Um það höfum við hv. þm. Guðmundur

Árni Stefánsson háð margar sennur um ævina. Það skiptir öllu máli í þessu sambandi að það sé öruggt að jöfnuður sé tryggður í þjónustunni. Ástæðan fyrir því að við höfum mörg verið treg til þess að flytja verkefni til sveitarfélaga hefur verið sú að við höfum talið að það væri vafasamt að lítil sveitarfélög réðu við þá þjónustu við fatlaða og börn sem þyrfti að vera og þarf að vera og stóru sveitarfélögin eins og Reykjavík ráða við.

En þar á móti kemur hins vegar það, hæstv. forseti, að ég sé enga þörf fyrir að taka þetta verkefni af sveitarfélögunum, og búa til ríkisstofnun. Það er mjög skrýtið að menn sem þykjast í öðru orðinu vera á móti ríkisstofnunum, á móti ríkisbákninu og öllu því, eru allt í einu með frv. í skammdeginu um að stofna nýja ríkisstofnun upp á 200–300 millj. kr. strax á næsta ári. Lög þessi taka þegar gildi, stendur í þessu frv. frá hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórn. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel mjög vafasamt að ríkisstofnun leysi þetta verkefni eins vel og dreifð stofnun á vegum byggðarlaganna og í tengslum við byggðarlögin getur gert. Ég held að ef menn hafa áhuga á að bæta stöðu hinna atvinnulausu, sem menn vafalaust hafa, sé skynsamlegra að nýta það frumkvæði sem til er í byggðarlögunum og þá þekkingu á vinnumarkaðnum sem þar er, bæði að því er varðar atvinnutækifærin og almennar félagslegar aðstæður. Hvaða ástæða er til þess að ætla, hæstv. forseti, að ríkisstýrð vinnumiðlun úr Reykjavík sjái betur yfir atvinnumarkaðinn en svæðisvinnumiðlunin sjálf jafnvel þó að svæðisvinnumiðlunin sé sett í verkefni?

Ég segi alveg eins og er að ég kann vel að meta þær góðu hugmyndir sem settar eru fram með 10. gr. frv. Mér finnst þær skynsamlegar og mér finnst mikilvægt að menn reyni að hugsa nýjar leiðir í sambandi við þessi atvinnuleysismál, það hroðalega böl sem atvinnuleysið er. Hitt er hins vegar óhjákvæmilegt að menn velti því alvarlega fyrir sér, og ég fer fram á það í fullri vinsemd, að menn skoði það alvarlega að þessi ríkisstofnun verði ekki til eins og þarna er gert ráð fyrir heldur verði um að ræða verkefni á vegum sveitarfélaganna og á vegum aðila vinnumarkaðarins í sameiningu rétt eins og við alþýðubandalagsmenn gerðum tillögu um í okkar frv. sem lagt var fram á síðasta kjörtímabili þegar atvinnuleysið var að halda innreið sína á Íslandi. (**Gripið fram í:** Það var áður en óháðir komu inn í myndina.) Þetta er eitt.

Hitt atriðið, hæstv. forseti, sem ég tel að sé mikilvægt að nefna í þessu sambandi er það að ef ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu og meiri hlutinn í þinginu að setja verði þessa stofnun upp, þá held ég að tíminn sé of stuttur. Ég held að tíminn til áramóta sé vissulega of stuttur. Mér finnst satt að segja ekki boðlegt að senda sveitarfélögunum skeyti, eins og hér var gert af hæstv. félmrh. í morgun, um að sveitarfélögin geti orðið verktakar í þessu máli ef þau vilja, eins og t.d. Reykjavík. Þetta er mál sem þarf að semja um við sveitarfélögin og það tekur sinn tíma. Ég held að líka sé nauðsynlegt að fara rækilega yfir það hvernig þessar áherslur ríma við þau verkefni sem unnið er að samkvæmt lögunum um tilraunasveitarfélög.

Þetta var það atriði sem ég vildi nefna í sambandi við frv., hæstv. forseti. Það er fyrst og fremst þessi ríkisstofnun sem ég set spurningarmerki við og ég hef tilhneigingu til þess að draga í efa að nokkurt vit sé í að hafa hana nákvæmlega eins og þarna er gert ráð fyrir. Ég hvet hv. nefnd til að breyta því.

Hitt atriðið sem mig langar til að nefna er í sambandi við fatlaða og er í 5. gr. frv. Ég fer fram á að það verði skoðað betur. Mér finnst að fara þurfi aðeins betur yfir það. Ég tel að vinnumiðlun fatlaðra, t.d. sú sem hefur verið rekin víða í landinu, hafi sums staðar verið góð og annars staðar ekki. En þar er talsverð reynsla og ég held að það eigi að nota þá reynslu, bæði hjá Öryrkjabandalaginu og Þroskahjálp, og hefur það verið rakið hér af nokkrum ræðumönnum í morgun. Þetta eru þær tvær aðalathugasemdir sem ég hef að gera, hæstv. forseti, við þetta frv.

[14:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera hæstv. félmrh., alvarlegt umhugsunarefni hvaða viðvaranir hann fær frá þingmönnum í umræðu um frv. og reyndar um bæði frv., um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar. Vegna þess að hér hefur talað fólk sem hefur mjög mikla þekkingu á málum. Hér hefur talað fólk sem hefur reynslu af framkvæmd þessara mála og bendi ég m.a. á ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, fyrrv. bæjarstjóra í Hafnarfirði, sem þekkir þessi mál mjög vel. Þau aðvörunarorð sem hér hafa verið sett fram hljóta að vekja ráðherrann til umhugsunar.

Hér hafa farið fram orðaskipti um hlutverk svæðisráða og vinnumiðlana sveitarfélaga. Hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um að vinnumiðlun ætti fyrst og fremst að vera samræmingaraðili. Þetta er alrangt miðað við það sem við erum búin að vera að fjalla um í dag. Vinnumiðlanirnar og svæðisráðin eiga aldeilis að hafa meira hlutverk en það. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég sakna þess að hv. þm., Hjálmar Árnason, formaður þeirrar nefndar sem smíðaði frv., skuli ekki vera hér og taka þátt í umræðunni. Ég sakna þess að menn skuli vera fjarri en ég fagna því að Ögmundur Jónasson, sem þekkir mjög vel til starfa eftir að hafa verið í nefndinni, sé kominn hingað og geti tekið þátt í umræðunni með okkur.

Það stendur í frv. að setja eigi á svæðisráð og vinnumiðlanir. Það er talað um kjördæmamörk, virðulegi forseti, þó að það sé ekki beinlínis bundið niður en það er hugsunin að baki, og þar með sú hugsunin að svæðisráðin og vinnumiðlanirnar, svæðisvinnumiðlanirnar, nái yfir stór svæði. Sagt er í frv. að skráning eigi að vera hjá sveitarfélaginu eða verkalýðsfélagi eða sýslumanni og í umsögn um 8. gr. segir: „Hugmyndir nefndar sem samdi drög að þessu frv. eru þær að svæðisvinnumiðlanir þurfi að minnsta kosti að vera starfandi í hverju kjördæmi landsins, þó þannig að umdæmi þeirra fylgi ekki endilega kjördæmamörkum nákvæmlega. Til þess að tryggja greiðan aðgang íbúa er nauðsynlegt að skráningarstaðir séu fleiri og því er í ákvæðinu kveðið á um að svæðisráð ákvarði nánar fyrirkomulag skráningar innan svæðis. Er gert ráð fyrir að aðilar eins og sveitarfélög, sýslumenn og verkalýðsfélög geti annast þau verkefni á grundvelli óska svæðisráðs."

Ég heyrði ekki betur en að ráðherrann kallaði fram í til ræðumanns, sem talaði rétt á undan mér, um það að vinnumiðlanir yrðu í sveitarfélögunum. Ef ég hef skilið það rétt, þá er ég aldeilis ringluð í þessari umræðu. Þá er verið að tala um allt annan hlut en lagatextinn segir til um og, virðulegi forseti, við hljótum að gera þær kröfur á okkur sjálf að við setjum lög miðað það hvernig framkvæmd laganna á að vera. Og ef vinnumiðlanir eiga að verða hér eftir sem hingað í sveitarfélögunum þá á að setja það í lagatextann. Það er aldeilis óbærilegt að við séum að fjalla um texta og svo komi í ljós að hlutirnir eigi kannski að vera einhvern veginn allt öðruvísi þó um það sé ekki eitt orð í lögunum.

Við vorum að velta fyrir okkur hvernig það yrði í stórum kjördæmum. Við getum tekið fyrir Austurland, vinnumiðlunin væri uppi á Héraði og einhver niðri á fjörðunum væri atvinnulaus. Það á væntanlega að búa til starfsleitarsamning fyrir viðkomandi, það á væntanlega að skoða þekkingu viðkomandi, starfsreynslu og bakgrunn einstaklingsins vegna þess að búið er að tala um að leita eigi að því sem hentar þörfum þessa einstaklings. Og ég spyr ráðherrann: Hver útfærir samningana? Hvar eru tengslin við hinn atvinnulausa? Þetta sem verður svo mikilvægt til að finna einstaklingsúrræðin sem áherslan er á í frumvarpstextanum. Á að senda það með faxi á milli aðila? Á að fara með það í gegnum símann við einstaklinginn? Það skortir öll svör um þessi atriði.

Virðulegi forseti. Ég nefndi í fyrri ræðu minni að óskiljanlegt væri að Starfsmenntasjóður og starfsmenntun í atvinnulífi væri sett undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Það á kannski ekki að vera óskiljanlegt miðað við hugmyndir þess manns sem var formaður nefndarinnar vegna þess að ég hef hlustað á formann nefndarinnar setja fram þau sjónarmið að ríkið eigi ekki að kosta námskeið nema fyrir atvinnulausa. Og þess vegna fannst mér mjög mikilvægt og hafði búið mig undir að geta borið fram spurningar til hv. þm. um hver hans skoðun sé á því að ríkið og atvinnurekendur saman séu að standa undir starfsmenntun í atvinnulífinu og Starfsmenntasjóði, en hv. þm. er ekki hér. Hann er ekki hér til að eiga við okkur orðastað. Ég hef sagt að mér finnist þennan sjóð setji niður við að vera felldur undir Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að þetta er ekki sjóður fyrir atvinnulausa en hann verður það fyrr en seinna ef hann fer þarna undir. Þetta er sjóður með allt annað hlutverk.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér aðeins að vísa til umfjöllunar sem félmn. fékk á liðnum vetri þegar hún var að kynna sér starfsmenntun í atvinnulífinu og fór í heimsókn til þeirra aðila sem um hana véla. Þar er m.a. sagt að þrjár leiðir eigi að vera opnar í starfsmenntun: Starfsmenntun í atvinnulífinu, starfsnám í skólakerfinu og framhaldsnám í skólakerfinu. Að starfsmenntanámskeið á að skipuleggja í þannig samfellu að þau geti uppfyllt kröfur um stöðugt nám, sínám. Og ég ætla mér, virðulegi forseti, á þeim örfáu mínútum sem ég hef til umráða, að nefna hvað felst í og hver sé sérstaða starfsmenntunar í atvinnulífinu borið saman við menntakerfið. En hún sker sig á ýmsan hátt frá starfsnámi í skólakerfinu. Starfsmenntun í atvinnulífinu er fyrir fólk í starfi eða fólk sem vill komast í vinnu eftir að hafa farið af vinnumarkaði. Markmið laganna er að starfsmenntaráð félmrn. hefur lagt áherslu á að þau verkefni sem hljóta styrk feli í sér nýjungar og framþróun í starfsmenntun, treysti stöðu þeirra hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum sökum lítillar eða engrar verkmenntunar í skólakerfinu eða starfsmenntunar í atvinnulífinu. Og starfsmenntun í atvinnulífinu verður að vera tiltæk og aðgengileg hvenær sem er, hvar sem er og fyrir hvern sem er og sveigja að ríkjandi þörfum og aðstæðum í starfsgrein. Starfsmenntun í atvinnulífinu byggist ekki á skólaskyldu nemenda heldur á því að fyrirtæki, stofnanir, starfsfólk og stéttarfélög telji að um raunhæft og gagnlegt nám sé að ræða. Og framkvæmd laganna er í höndum ASÍ, BSRB, VSÍ, VMS og félmrn.

Virðulegi forseti. Það er mjög brýnt að koma þessu á framfæri og undirstrika það að starfsmenntun í atvinnulífinu er skipulögð og framkvæmd þannig að fólkið með skemmstu skólagönguna, sem er óvanast að læra og nema af bók, geti nýtt sér fræðsluna. Þess vegna undirstrika þessi stuttu atriði, sem ég hef farið yfir, að þetta eru ekki úrræði atvinnulausra, þetta eru allt önnur og afar mikilvæg úrræði.

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem við erum að fjalla um, verði það að lögum, verður því aðeins virkt tæki í baráttu við atvinnuleysið að í fyrsta lagi verði fleiri störf sköpuð. Þau er hægt að skapa m.a. með því að stytta vinnutíma, eins og rætt var um í vikunni sem leið, en þó þannig að grunnlaun hækki, og að ný störf verði til. Þar bíð ég og kalla enn á ný eftir aðgerðum Framsfl. sem enn og aftur bendir á hagvöxtinn sem á að búa til störfin en það er annar málflutningur en var fyrir síðustu kosningar. Þá var ekki talað um hagvöxtinn sem við vorum búin að berja fram. Og í öðru lagi verða þau því aðeins virk að ráðgjöf, fræðsla og starfsleitarsamningar verði virkir hjá svæðismiðlunum og að þau hjálparúrræði séu til staðar sem er talað um í lögunum en eru ekki útfærð og það er einn stærsti ókostur laganna. Mér finnst því, virðulegi forseti, margt óljóst í þessu frv. sem er fullt af góðum markmiðum og hugmyndum en útfærslurnar og lögfestingu úrræða skortir tilfinnanlega. Þau eru fyrst og fremst góð markmið en þyrfti að taka mjög vel á ef þessi lög eiga að vera það virka tæki í baráttu við atvinnuleysið sem þeim er ætlað.

[14:29]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá atriði. Ég vil fyrst fagna því að hv. þm. Ögmundur Jónasson skuli mættur til umræðunnar þó ég sjái hann ekki í svipinn því ég er sannast að segja afar undrandi á hans afstöðu og því að nefndin skyldi komast svona einróma að samkomulagi og bíð eftir að fá skýringar hans á þessum málum. En það sem olli því að ég bað aftur um orðið voru fyrst og fremst orðaskipti mín við hv. þm. Pétur Blöndal áðan. Ég ítreka það enn og aftur að ég botna bara ekkert í stefnu Sjálfstfl. eða hvað Sjálfstfl. er að hugsa í þessu máli. Ég auglýsi eftir því að sjálfstæðismenn lýsi afstöðu sinni til þess sem hér er að gerast. Við stöndum í því daga og nætur að verja velferðarkerfið gegn niðurskurði í menntamálum og heilbrigðismálum en hér er verið að leggja til stofnun nýrrar ríkisstofnunar sem verður með útibú út um allt land. Ég spyr að því og vitna til orðaskipta minna við Pétur Blöndal hér áðan: Er eitthvað að framkvæmd sveitarfélaganna? Er það skoðun þeirra sem voru í þessari nefnd og þeirra sem bera ábyrgð á frv. að sveitarfélögin hafi brugðist í þessum málum? Liggur það að baki? Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu því þetta sagði þingmaðurinn Pétur Blöndal. Hann sagði þetta í salnum áðan. Sveitarfélögin hafa brugðist. Ég spyr: Er það skoðun ríkisstjórnarinnar? Ef það er raunin að menn séu að gera þessa breytingu vegna þess að þeir telja að sveitarfélögin hafi ekki staðið sig í stykkinu þá vil ég mótmæla því. Við megum ekki gleyma því að þar til fyrir um það bil fimm árum var atvinnuleysi svo til ekki neitt hér á landi. Það var sáralítið. Síðan brast það á og fór vaxandi um nokkurra ára bil. Nú hefur sem betur fer dregið úr því og ég veit ekki betur en að sveitarfélögin hafi flest brugðist við, og ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu, og gripið hefur verið til átaksverkefna og menn hafa smám saman verið að þróa þetta. Sveitarfélögin voru einfaldlega vanbúin og óviðbúin þessu ástandi. Ég ítreka: Liggur það til grundvallar að menn treysti sveitarfélögunum ekki í þetta verkefni, að menn telji að þau hafi brugðist? Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram. Ég er ekki á þeirri skoðun.

Síðan aðeins eitt atriði til viðbótar og því vil ég beina til

hæstv. félmrh. og að hann svari í ræðu sinni á eftir. Það er um 14. gr. En áður en ég kem að því, vegna frammíkalls hæstv. ráðherra hér áðan þá skil ég það svo að hann túlkar 8. gr. eins og hér stendur að „svæðisvinnumiðlanir starfa á ákveðnum svæðum. Félagsmálaráðherra ákveður umdæmi þeirra og staðsetningu að fengnum tillögum stjórnar Vinnumálastofnunar". Nú langar mig að spyrja hæstv. ráðherra í ljósi þess sem kom fram í frammíkalli, þ.e. að þær gætu verið fleiri en ein í hverju kjördæmi: Hversu margar miðstöðvar sér hann fyrir sér? Ég hafði einhvern veginn gengið út frá því að menn væru fyrst og fremst að tala um eina miðstöð í hverju kjördæmi. En maður sér að í framkvæmd, tökum Austfirði sem dæmi eins og gert var áðan, getur það verið býsna erfitt að hafa aðeins eina miðstöð. Það væri gott ef ráðherrann gæti komið inn á það í sinni ræðu hvað hann sér fyrir sér að svæðisvinnumiðlanirnar verði margar.

Þá er það atriðið sem ég ætlaði að spyrja út í um 14. gr., sem kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir en kannski tengist þessum tengslum við framhaldsskólann. Það er það sem segir hér, með leyfi forseta:

„Svæðisvinnumiðlun er skylt að aðstoða alla þá sem hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi við atvinnuleit og val á starfsnámi."

Val á starfsnámi? Er það meiningin að hjá þessum svæðisvinnumiðlunum starfi fólk með það mikla þekkingu og reynslu að það geti stundað námsráðgjöf? Ég lít á þetta sem námsráðgjöf. Hvernig er þetta hugsað? Ég vildi gjarnan fá skýringu á þessu. Eru menn að hugsa það þannig að skólarnir komi inn í þetta eða hvað? Mér finnst það ekki vera hlutverk vinnumiðlunar að veita ráðgjöf um val á starfsnámi. Það er flókið fyrirbæri. Fólk hefur verið að sérmennta sig í ráðgjöf við námsmenn og aðra sem eru að leita fyrir sér að nýjum leiðum og eins og ég sé það fyrir mér, þá kallar þetta á töluverða sérhæfingu. Það kemur fram í uppprentun á þessu frv. — þegar ég fór fyrst í gegnum þetta þá vantaði umsögn fjárlagaskrifstofunnar — að reiknað er með því að það verði 60 störf á þessum svæðisvinnumiðlunum og það er nú ekkert smáræði. Spurningin er hvernig þau muni deilast niður á svæðin því þessi vinnumiðlunarsvæði verða náttúrlega afar misstór því þar er íbúatalan ákaflega mismunandi. Ég spyr því: Hvernig eiga þessar svæðisvinnumiðlanir að vera færar til þess að stunda námsráðgjöf eða ráðgjöf til fólks sem er að leita fyrir sér um starfsnám? Mér finnst enn og aftur í þessu máli eins og ýmsum fleirum að verið sé að blanda saman nokkuð óskyldum verkefnum. Ég mundi vilja sjá að þessi ráð gætu vísað fólki til námsráðgjafa. Það er mjög mikið mál að byggja upp námsráðgjöf sem er náttúrlega þegar til staðar í flestum framhaldsskólum. En ráðherrann skýrir það kannski fyrir okkur hvernig þetta er hugsað.

[14:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gat þess áðan að ég hefði sagt úr ræðustóli að sveitarfélögin hefðu brugðist. Ég sagði áðan í tveggja manna tali að svo hefði verið og það er ekki venjan að vitna hér í tveggja manna tal. Ég sagðist halda að sveitarfélögin hefðu brugðist og ég er á þeirri skoðun að einhver þeirra kunni að hafa brugðist. Enda kom það skýrt fram í ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar þar sem hann ræddi um þann vanda sem sveitarfélögin eiga við að etja vegna návígis við fólkið sem er að leita að vinnu og er hugsanlega ekki alveg vinnufært. (**RG:** Hann kom með mörg önnur sjónarmið ...) Þannig að það er ekki bara ég sem hef grun um þetta heldur eru það fleiri.

Um það að hér sé verið að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins þá er það ekki alls kostar rétt. Verkefni vinnumálaskrifstofu félmrn. eiga að flytjast þarna yfir þannig að sama fólkið mun vinna áfram hjá ríkinu. Það mun minnka sem stéttarfélögin hafa verið að gera í sambandi við eftirlit og annað slíkt sem þau hafa fengið greitt fyrir mjög myndarlega þannig að ég hygg að þetta fyrirkomulag muni frekar spara útgjöld ríkissjóðs heldur en hitt.

[14:38]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau orð þingmannsins sem ég vitnaði til féllu í þingsalnum en ég biðst afsökunar ef hann meinti það þannig að þau ættu ekki að fara á milli annarra. Það voru auðvitað vitni að þessum orðaskiptum en ég biðst afsökunar á því ef hann ætlaðist ekki til þess að til þeirra væri vitnað.

En hvað varðar það sem verið er að gera þá finnst mér enn og aftur eins og þingmaðurinn hafi alls ekki kynnt sér málið. Hér fylgir umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem það kemur vel fram hvílíkur aukinn kostnaður fylgir þessu máli. Þetta er ný ríkisstofnun. Við erum að ræða um 60 störf á þessum svæðisvinnumiðlunum plús það sem þarf náttúrlega að bæta við hjá því sem nú heitir vinnumálaskrifstofa félmrn. sem verður að þessari sjálfstæðu stofnun. Við þurfum því ekkert að deila um það að þessu fylgir aukinn kostnaður. Það er kannski ekki málið. Við vitum að það þarf að grípa til aðgerða og vera með stöðuga vinnu í gangi til að vinna bug á atvinnuleysinu og gefa atvinnulausum kost á menntun og starfsþjálfun og allt það. Spurningin er hvort þetta kerfi sem hér er verið að setja upp muni virka. Er þetta rétta leiðin sem er verið að fara, með þessari miðstýringu, með því að færa verkefnin frá sveitarfélögum til ríkisins sem vissulega er verið að gera? Ég hvet þingmanninn til að lesa 8. og 9. gr. frv. Það kemur m.a. fram í 9. gr., með leyfi forseta, að: „Forstjóri Vinnumálastofnunar ræður forstöðumann svæðisvinnumiðlunar ..." Þetta getur ekki skýrara verið.

[14:40]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hin nýja stofnun á að taka yfir miklu víðtækara verkefni sem er það að virkja hinn atvinnulausa. Þar í liggur kostnaðurinn. Hann liggur ekki í því að gera það sem gert hefur verið hingað til. Þar verður ekki aukinn kostnaður af miðstýringunni heldur er aðalkostnaðurinn fólginn í því að það á að virkja hinn atvinnulausa. Það kostar að sjálfsögðu sitt. En á móti tel ég að upphæðir muni sparast vegna þess að misnotkun verður svo miklu erfiðari. Ég hygg að þær áætlanir um sparnað, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. t.d., muni heppnast betur þegar upp er staðið, þ.e. að það verði meiri sparnaður af þessu fyrirkomulagi en menn reikna með.

[14:41]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þarna greinir okkur einfaldlega á. Það verður náttúrlega heilmikill sparnaður hjá sveitarfélögunum. Þar verður sparnaðurinn fyrst og fremst því að þau hætta væntanlega að reka þessar vinnumiðlanir eða gerast verktakar og ríkið borgar. Hv. þm., ríkið borgar. (**PHB:** Eins og verkalýðsfélögin í dag.) Hæstv. forseti. Nú kom þingmaðurinn illilega upp um sig. Veit hann ekki að það er til stofnun hér í borginni sem heitir Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar

sem kostar tugi milljóna í rekstri? Við erum að tala um að færa starfsemi þeirrar stofnunar undir ríkið eða að gerður verði verktakasamningur við Vinnumiðlun Reykjavíkur og það er ríkið sem borgar. Það er hið augljósa í málinu. Það skiptir kannski ekki öllu máli, það er ekki kjarni málsins, ég segi það enn og aftur, hver borgar eða hvað þetta kostar. Ég held reyndar að það þurfi að veita aukið fé til að vinna bug á atvinnuleysinu. Mergurinn málsins er þessi, enn og aftur, hæstv. forseti: Virkar þetta kerfi sem verið er að koma upp? Er það betra en það sem við höfum nú þegar? Er ekki betra að vera nær fólkinu og að þeir sem eru að vinna í málunum þekki til og að byggt sé á þeirri reynslu sem menn hafa aflað sér, en að vera að búa til nýtt ríkisbatterí?

[14:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér þykir ástæða til að leggja orð í belg einkum í ljósi þess að umræður eru nú farnar að þróast í átt til þeirrar gagnrýni sem ég setti fram um þetta frv. þegar það var rætt í þingflokki Alþb. Ég vil því leggja því sjónarmiði lið sem sú gagnrýni byggist á og gera um leið grein fyrir minni afstöðu til málsins.

Ég vil fyrst segja um málið að mér finnst það í sjálfu sér virðingarverð viðleitni að menn leitist við að breyta gildandi ástandi til betri vegar. Ég hef ekkert nema gott eitt um það að segja þegar menn leitast við að finna leiðir til að auðveldara verði fyrir atvinnulausa menn að fá vinnu. Atriði sem eru með því hugarfari lögð fram í þessu frv. eru því að mínu viti ekki sett fram af öðrum hug en góðum einum. Jafnvel þótt ég gagnrýni þau þá er það ekki á þeim forsendum að ég gagnrýni viðleitnina sem slíka til þess að bæta stöðu þeirra sem eru atvinnulausir.

Hins vegar þykir mér býsna margt í þessu máli vera afleitt, sér í lagi öll hugmyndafræðin sem leynist á bak við málið. Það er fyrst til að taka að menn ganga út frá því að sú leið sem best sé að fara til að bæta úr sé að láta ríkið vinna verkið. Ég er ekki sammála þeirri skoðun að það eigi að ganga út frá því að vilji menn láta breyta því sem verið hefur þá eigi menn að breyta þannig að ríkið eigi að taka þetta að sér. Ég er einfaldlega ekki sammála þeirri skoðun.

Í öðru lagi byggir frv. á því að til þess að ríkið geti náð árangri og það er kannski forsendan fyrir því að menn eru þeirrar skoðunar að ríkið eigi að hafa þetta með höndum, eigi að byggja uppsetningu málsins á mikilli miðstýringu. Ég er andsnúin þessu líka. Ég tel að í þessu máli sem og flestum öðrum leysi miðstýringin engin vandamál. Hins vegar skapar hún yfirleitt fleiri vandamál en voru fyrir áður en hún var tekin upp. Og ég hélt að menn hefðu í nálægri sögu nægileg dæmi um afleiðingar mikillar miðstýringar til að menn forðuðust að nota hana sem úrræði hér á landi. Þá er ég að vísa bæði til reynslu manna erlendis og hér á landi.

Ég bendi mönnum líka á að þeir straumar sem helst eru uppi í erlendum ríkjum, a.m.k. í Evrópuríkjum um þessar mundir, eru byggðir á valddreifingu. Þeir eru byggðir á því að færa verkefnin nær þeim sem verkefnið á að sinna hvort heldur menn gera það með því að fara niður ákvörðunarstigann eða hvort menn færa landfræðilega frá höfuðborg til fólks. Þessir vindar blása helst um í Evrópu, þ.e. valddreifingin.

Hér ganga menn aðra leið. Hér ganga menn út frá því að þeir sem hafa verið að fást við þessi mál eigi helst að gera minna af því en þeir gera í dag ef ekki alveg að hætta því. Ég get ekki fallist á að reynslan af störfum manna við þetta verkefni fram til þessa sé svo slæm að ástæða sé til þess að taka þetta þeim tökum sem lagt er til í frv.

Ég heyrði hæstv. félmrh. segja það í ræðu í gær á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga að ástæðan fyrir því að það ætti að færa þetta verkefni til ríkisins væri sú að sums staðar hjá sveitarfélögum hefði þetta ekki gengið nógu vel. Ég skal ekki draga það í efa að ráðherra kunni að hafa dæmi um það að einstaka hreppar hafi ekki sinnt sínum verkum nægilega vel hvað þetta varðar. En ég get ekki fallist á að ályktun af því sé sú að það eigi að taka verkefnin úr höndum sveitarfélaga og færa þau til ríkisins af því að ég er ekki endilega sannfærður um að öll verkefni sem ríkið hafi með höndum séu vel af hendi leyst. Og hvert ætlar hæstv. ráðherra að færa þetta verkefni þegar hann sér að það er ekki leyst af hendi hjá ríkinu sem skyldi? Það væri fróðlegt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það.

Þá vil ég segja að lokum um þennan þátt málsins, sem mér þykir slæmur, að hann er gegnsýrður af miðstýringu og stofnanahyggju, greinilegt að hann er sniðinn að þeim sem hafa tröllatrú á að stofnanir leysi mál og til þess að mál séu unnin skipulega og vel þurfi þau að vera í höndum stofnana. Þessi stofnanahyggja í íslensku þjóðfélagi er satt að segja alveg óþolandi fyrir utan það að vera íslensku ríkisvaldi afar dýr eins og menn eru að komast að raun um um þessar myndir þegar menn eru að leitast við að breyta stofnunum eða jafnvel að leggja þær niður, þá gengur það ekki vel.

Sem dæmi um þessa stofnanahyggju er gert ráð fyrir því að stofnunin Vinnumiðlun ríkisins eða hvað hún á að heita standi fyrir allt landið. Síðan eigi að vera á einhverjum svæðum, bara einhverjum svæðum, það er ekkert ákveðið hvaða svæði það eigi að vera, undirstofnanir og við hlið þeirra starfa svæðisráð alveg eins og yfir stofnuninni starfar einhver stjórn. En svæðisráðið úti á landsbyggðinni á ekki að hafa sama vald yfir sinni svæðisstofnun og stjórn Vinnumálastofnunarinnar á að hafa yfir stofnuninni sjálfri. Nei. Þá vantreysta menn stjórninni og embættismennirnir í miðstýrðu stofnuninni eiga að ráða svæðisstofnuninni. Það er sérstaklega tekið fram í greinargerð með frv. svo að menn velkist ekki í vafa um að það sé ekki gert ráð fyrir því að svæðisráðin séu of mikið að skipta sér af þessum málum. Hverjir eru það aðrir en embættismennirnir í stofnuninni í Reykjavík sem treysta ekki mönnum úti á landi til þess að stýra þessum málum? Það eru nákvæmlega þeir sem treysta engum nema sjálfum sér og sinni stofnun.

Nóg um þetta, herra forseti. Ég vil þá víkja að öðru sem ég er ekki sannfærður um að sé í alla staði til góðs og hef a.m.k. verulegan fyrirvara á og það er ákvæðið um að landið verði eitt vinnusvæði. Ég hef verulegan fyrirvara á því máli og vil hvetja hv. þingnefnd til þess að huga mjög vandlega að þessu. Ég óttast mjög að þetta ákvæði verði notað til eins atriðis, bara notað til þess eins að gera mönnum erfiðara fyrir að vera atvinnulausir á sínum stað, að mönnum verði gert að sækja vinnu um landið þvert og endilangt (**Gripið fram í:** Og sviptir bótum.) og sviptir bótum ef menn hafna því að fara í ver eins og menn gerðu áður fyrr. Ég óttast það. Það þarf ekki að vera svo. Ég skal ekkert vera með þær hrakspár uppi að ég sé sannfærður um að menn beiti þessu til ills eins, en ég óttast það og sé engan annan tilgang með þessu ákvæði en að sauma að hinum atvinnulausa í þessum efnum. Ég held að það sé alveg óþarfi að vera að opna fyrir það mál. Ég trúi því að hæstv. ráðherra muni segja að það sé ekki hans hugsun og þá segi ég á móti: Ef svo er ekki þá

getum við verið sammála um að vera ekkert að bjástra við þetta lagaákvæði.

Þriðja atriðið sem mig langar að nefna er hugtak sem er nýtt fyrir mér og er skilgreint í 2. gr. frv. og heitir „vinnumarkaðsaðgerðir". Það finnst mér mjög merkilegt hugtak. Og það sem mér finnst merkilegt við það er að þar er ekki lögð áhersla á að útvega atvinnulausum vinnu þar sem þeir eiga heima eða þar sem þeir eru. Í 2. gr. frv. er lögð áhersla á allt annað orð en að útvega vinnu. Þar er lögð áhersla á orðið jafnvægi. Það á að skapa jafnvægi. Það á ekki að skapa vinnu, það á að skapa jafnvægi. Það á að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli. Það er nefnilega dálítið annað að leggja áhersluna á jafnvægi heldur en leggja áhersluna á vinnuna. Því menn skapa jafnvægi með tvennum hætti: Með því að færa hinn atvinnulausa til þangað sem atvinnan er ef hún er annars staðar. Hin leiðin er að færa atvinnuna til hins atvinnulausa. Á það hafa menn lagt áherslu hingað til að freista þess að vinna verði til þar sem atvinnulaust fólk býr.

Byggðaþróun í landinu er ekki það glæsileg um þessar mundir að ástæða sé til þess að mínu mati að taka upp orðalag í frv. af þessu tagi sem beinlínis ýtir undir að fólkinu verði ýtt í burtu af því að við vitum það vel að núv. hæstv. ríkisstjórn er ekkert sérstaklega að leggja sig fram um það að skapa atvinnu víða um landið, ekkert sérstaklega að leggja sig fram um það. Ég er ekkert að halda því fram að hún sé sérstaklega að vinna gegn því en hún er ekkert sérstaklega að vinna að því að dreifa þeim störfum sem hún hefur þó a.m.k. tök á að dreifa sjálf nokkuð jafnt um landið eða milli landsvæða og vísa ég þar til hvernig þau störf dreifast eða öllu heldur dreifast ekki sem hafa myndast hér á vegum hins opinbera á undanförnum árum.

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér líst ekki á 2. gr. frv. og hefði viljað sjá orðalag á henni sem gerir stjórnvöldum skylt að vinna að því að útvega fólki vinnu á því svæði sem það býr en ekki að stjórnvöld hafi það verkefni að skapa jafnvægi. Ég get svo sem nefnt það í þessu samhengi svona til áréttingar á því ástandi sem er og hefur verið undanfarin ár, og því er ekkert að linna þar sem fólksflutningar innan lands eru með ólíkindum miklir, að á fyrstu 9 mánuðum þessa árs fjölgaði hér um liðlega 1.000 manns og að sama skapi fækkaði nánast alls staðar annars staðar á landinu. Því miður var fólksfækkunin mest á Vestfjörðum, nærri 4%, og hygg ég að aldrei í Íslandssögunni séu dæmi þess að jafnfáir hafi þar búið eins og gera nú um þessar mundir. Kannski finnst ríkisstjórninni þetta bara vera eitthvað sem hún eigi ekki að skipta sér af, kannski jákvætt af því að það skapi jafnvægi. Ég skal ekki um það fullyrða. En það er fljótgert að skapa jafnvægi með þessum hætti og þetta er einmitt leið sem ég vil ekki sjá að menn skrifi inn í lagatexta. Ég tel það ekki vera réttar áherslur í þessu máli.

Að lokum, herra forseti, vil ég víkja að fáeinum atriðum sem ég hef staldrað við í frv. og vildi nefna áður en umræðunni lyki. Það fyrsta er ákvæði í 7. gr. frv. þar sem kveðið er á um að stjórn Vinnumálastofnunar skuli vera umsagnaraðili um lagafrumvörp og stjórnvaldsreglur sem snerta vinnumarkaðinn. Mér finnst þetta satt að segja nokkuð sérkennilegt ákvæði, að Alþingi ákveði það með lögum að ákveðin ríkisstofnun skuli vera umsagnaraðili lagafrv. Ég tel að það sé á valdi þingnefndar sem hefur þingmál til meðferðar hverju sinni hverjum hún sendir málið til umsagnar og tel ekki rétt að binda það í lög að sumar ríkisstofnanir skuli vera lögbundnar sem umsagnaraðili. Með því er verið að segja að þessi stofnun sé svo merkileg að hún sé öðrum fremri í þessum málefnum og menn eru þá fyrir fram auðvitað að gera upp á milli umsagna. Ég tel rétt að fella þetta burt. Hins vegar býst ég við því að verði það gert muni viðkomandi þingnefnd sem á næstu árum mun fjalla um breytingar á lögum af þessu tagi væntanlega hafa samband við þessa stofnun ef hún verður til og bjóða henni að leggja inn umsögn. Ég býst frekar við því en ég tel rétt að það verði á valdi þingnefndarinnar og að ekki sé verið að binda þetta í lög.

Í öðru lagi vil ég nefna um 8. gr. að ég gagnrýni það að fyrst menn vilja hafa þetta skipulag sem upp er sett, þá skuli menn ekki skrifa það í lagatextann að öllu leyti. Það er ekki tekið fram í lagatextanum hvaða svæðisvinnumiðlanir eiga að vera til. Það er ekki tekið fram hvert starfssvæði þeirra á að vera. Það mál er algerlega í höndum ráðherra. Ég tel óeðlilegt að ráðherra hafi þetta vald, tel að menn eigi þá að setja það niður í lagagreinina ef Alþingi eða alþingismenn vilja hafa fyrirkomulagið með þessu móti.

Þá bendi ég á setningu sem er í 8. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Staðarval skal miðast við að sem flestir íbúar umdæmisins eigi greiðan aðgang að þjónustu svæðisvinnumiðlunar."

Með þessu orðalagi er beinlínis sagt að löggjafinn eða sá sem leggur þetta frv. til geri ekki ráð fyrir að allir geti átt aðgang að þessari merku stofnun. Það finnst mér slæmt ef menn gefa sér strax í upphafi að aðgangur eigi að vera takmarkaður eða geti verið takmarkaður. Yfirleitt er þróunin sú að menn eru að berjast við að koma í veg fyrir meiri takmarkanir. Ég nefni sem dæmi Vestfjarðakjördæmi en miðað við grg. frv. má ætla að það sé hugmynd ráðherra að starfandi sé ein svæðisvinnumiðlun á Vestfjörðum en ég vek athygli á að það stendur ekki í lagafrv. en það virðist vera ætlun ráðherra að þar starfi ein vinnumiðlun.

Þannig háttar til, eins og ráðherra er kunnugt, að kjördæmið er ekki auðvelt yfirferðar og hlutar þess eru aðskildir hver frá öðrum þó nokkuð marga mánuði ársins vegna þess að samgöngur eru ekki í lagi. Og ætlar ráðherra, ef við gefum okkur að þessi svæðisvinnumiðlun verði á Ísafirði, að ákveða að íbúarnir í Vestur-Barðastrandarsýslu eigi ekki að komast á þennan merka stað og njóta starfskrafta þeirra sem þar vinna í þágu hinna atvinnulausu? Þetta er alveg óþolandi fyrirkomulag.

Mér finnst það ekki gott þegar menn ganga út frá því að menn eigi að hafa mismunandi góða þjónustu. Ég gagnrýni því líka þetta ákvæði í 8. gr. frv. og vil segja að lokum, herra forseti, af því að ég sé að tíminn er á þrotum að ég sé ekki annað í 10. gr. frv., sem er greinin um verkefnissvæði vinnumiðlunar, en að þessi verkefni sé meira og minna hægt að vinna þar sem þau hafa verið unnin hingað til í megindráttum og menn þurfi ekki að standa í einhverjum byltingum til að breyta þeim.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Hættuleg eggvopn, 187. mál, fsp. HG, þskj. 208.

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stjórnmálaflokkanna, 186. mál, fsp. KHG, þskj. 207.

Menningarráð Íslands, 184. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 205.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að segja að það liggur býsna vel á mér núna. Hér hafa farið fram gagnrýnar umræður á frv. en ég sé ekki að hér hafi verið bent á nein vandamál sem ekki séu leysanleg. Mér finnst að ekki hafi verið hreyft andmælum við frv. sem ástæða er til að óttast að geri frv. ómögulegt. Ég held að við getum verið sammála um að hægt sé að bæta skipulag á vinnumiðlunum. Ég tel að við getum sameinast um að hægt sé að bæta úrræði fyrir atvinnulausa og það er meiningin með frv.

Við megum náttúrlega ekki alltaf ætla hvert öðru hinar verstu tilfinningar og búast við hinu versta af náunganum. Ef við temjum okkur slíkt endar það með því að við verðum að illmennum sjálf.

Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykn., Guðmundi Árna Stefánssyni, varaforseta þingsins, fyrir að láta það í ljósi úr ræðustólnum að menn mundu auðvitað ekki framfylgja þessu frv. til hins ýtrasta. Auðvitað mundu menn reyna að haga sér mannlega við það að framfylgja þessum lögum. Menn hafa stundum farið offari í gagnrýninni og ég vil nota þetta tækifæri til að leiðrétta eitt atriði sem mér láðist að leiðrétta í umræðum um atvinnuleysistryggingar. Þar var einn hv. ræðumaður sem hélt því fram að það ætti að taka atvinnuleysistryggingapeningana upp í barnsmeðlög. Það er ekki tilfellið. Það er ekki hugmyndin að breyta því. Atvinnuleysistryggingaupphæðin fer til hins atvinnulausa og ekki er dregið af atvinnuleysisbótum hvorki nú né heldur er hugmyndin að gera það í framtíðinni til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Innheimtustofnun sveitarfélaga gengur ekki í atvinnuleysisbætur eins og hún gerir í barnabætur.

Hins vegar fær hinn atvinnulausi hækkun á sínum atvinnuleysisbótum um 4% fyrir hvert barn sem hann hefur á sínu framfæri. Ef hann hefur ekki barn á framfæri sínu gengur það upp í meðlagið. Hinn atvinnulausi nýtur ekki peningalegs ágóða þó hann eigi börn sem hann ekki borgar með.

Það var mjög gott samkomulag um þetta frv. í nefndinni sem samdi það. Nefndin var skipuð valinkunnum mönnum og með mikla pólitíska breidd. Það var mjög gott samkomulag. Í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem hann flutti um frv. um atvinnuleysistryggingar vitnaði hann til bókunar sem hann gerði við lok nefndarstarfsins, ásamt Hervari Gunnarssyni, þar sem þeir lögðu alveg sérstaka áherslu á að þetta frv. yrði samþykkt. Það var rekið mjög á eftir þessu frv. og ég ætla að biðja hv. stjórnarandstæðinga, hv. jafnaðarmenn, sem hér hafa talað, að gefa sér tóm til að fá til viðtals við sig varaforseta ASÍ, Hervar Gunnarsson, sem færi yfir þetta með þeim í góðu tómi. Ég veit að Alþb. gæti fengið hv. þm. óháðan Ögmund Jónasson til að skýra málið í þeirra herbúðum. (**Gripið fram í:** Hefur ekki tekist enn þá.) (Gripið fram í.) Ég verð að játa að ég hefði getað hugsað mér einhver atriði í þessu frv. öðruvísi ef ég hefði skrifað það. En það var mjög gott samkomulag um málið í nefndinni. Hún var heil um málið og ég vildi ekki fetta fingur út í atriði sem ég gat hugsað mér öðruvísi.

Ég hef verið spurður hvort gengið sé úr skugga um að ekki sé svínað á atvinnuleyfum útlendinga, þ.e. að þeir hafi orðið að borga fjárhæðir fyrir að vera útveguð vinna hér. Það vill svo til að ég hef beðið Rannsóknarlögregluna að athuga þetta í einstökum tilfellum. Meðan ég hef verið í ráðuneytinu hefur a.m.k. tvisvar komið upp sá orðrómur að þarna væri um misferli að ræða. Þau svör sem ég hef fengið voru á þá leið að svo væri ekki. Það hefur ekki sannast að um misferli væri að ræða en það hafa komið þarna tortryggilegir hlutir fyrir, þ.e. að grunur vaknaði um að milligöngumenn kynnu að hafa þegið fé fyrir sína milligöngu.

Eins er það með einkareknar atvinnumiðlanir fyrir Íslendinga. Það hefur vaknað grunur í einhverjum tilfellum að þær hafi selt sína þjónustu með óeðlilegum hætti.

Ég held að mjög mikilvægt sé að auka veg vinnumiðlunar í landinu. Það segi ég vegna þess að ég hef orðið var við að sumir atvinnurekendur virðast fremur forðast að ráða fólk sem hefur verið á atvinnuleysisskrá. Ég tel reyndar að við þurfum að breyta því viðhorfi sem mér finnst að hér hafi komið fram í ræðum sumra hv. ræðumanna, að það liggur við að verið sé að tala niður til hinna atvinnulausu og búast við að þetta sé fólk sem ekki er neitt sérstaklega hæft. Nú vill svo til að í félmrn. hafa komið til mín allmargir atvinnulausir, þar á meðal hámenntaðir menn og mjög hæfileikaríkir, áreiðanlega stórgáfaðir, sem af einhverjum ástæðum hafa dottið út af vinnumarkaði og átt erfitt uppdráttar að komast inn á vinnumarkaðinn aftur af orsökum sem ég kann ekki að skýra. Ég held að við eigum að bera virðingu fyrir hinum atvinnulausu, eins og öðrum, og passa að tala ekki niður til þeirra.

Ef við tölum um nauðungarflutningana þá er það ekki hugsað þannig að fara eigi að flytja fólk nauðungarflutningum. Hins vegar er í frv. opnað fyrir það að unnt sé að greiða flutningastyrki ef fólk er að flytja búferlum til þess að sækja sér vinnu. Og að tala um jafnvægi, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, þá sé ég ekki að það sé nein goðgá. Margir hafa flutt frá Vestfjörðum og hingað suður og ég get alveg séð fyrir mér að einhverjir flytji að sunnan vestur. Ég get alveg séð það fyrir mér því þar eru tekjumöguleikar, þar er stórbrotin náttúrufegurð, þar er ódýrt húsnæði og þar eru, að mörgu leyti, skilyrði til góðrar þjónustu. Ég hef nefnilega kynnt mér þjónustuna á Ísafirði. Ég þekki hana best vegna þess að þangað sendum við flóttamenn, sem við buðum til landsins, og gengum úr skugga um að þarna er um að ræða fyrsta flokks bæjarfélag sem býður upp á hina bestu þjónustu á öllum sviðum.

Menn hafa vitnað til hrakfara og nefnt dæmi um það. Dæmi finnast um fólk sem hefur farið hrakreisu til að leita sér að vinnu. En ég vil líka taka fram að ég þekki mörg dæmi þess að fólk hafi aflað sér fjár og frama í að sækja vinnu utan sinnar heimabyggðar þannig að ekkert er einhlítt í þessu efni.

Um tryggingasjóð einyrkja, sem menn spurðu um fyrr í dag, þá tek ég undir að vont er að hafa það mál ekki undir í umræðunni með þessu frv. en það stendur þannig á að það frv. er í tryggingafræðilegri úttekt og var ekki tilbúið, því miður, en það verður vafalaust komið fyrir þingið áður en þetta mál hlýtur lokaafgreiðslu, hin tvö frumvörpin.

Mér finnst að vinnumiðlun eigi ekki og geti ekki verið staðbundið verkefni einstakra sveitarfélaga. Það er nauðsynlegt að samhæfa verkefni vinnumiðlananna og ég tel alveg tvímælalaust að skynsamlegt sé að landið sé eitt vinnusvæði. Það er aftur úr forneskju að mismuna fólki eftir búsetu ef það vill sækja vinnu. Það kom nýlega upp dæmi þess að mönnum var sagt upp vinnu í Reykjavík vegna þess að þeir voru búsettir á Selfossi. Þetta finnst mér ekki gott. Þetta er ákvæði sem mér finnst að við eigum ekki að sætta okkur við.

Menn hafa gagnrýnt þátt framhaldsskólanna eða tengsl framhaldsskóla við svæðisvinnumiðlanir. Ég lít þannig á að það sé til bóta að hafa framhaldsskólana með í ráðum. Ég er aldeilis ekki að halda því fram að það eigi að fara að reka hina atvinnulausu í skóla. En það getur verið að hægt sé að nota þá aðstöðu sem í skólanum er t.d. til að halda þar námskeið fyrir atvinnulausa. Það er hægt að hugsa sér að atvinnulausir taki þátt í einhverjum kennslustundum þó þeir stundi þar ekki reglulegt nám. Mér finnst þetta vera heldur til bóta.

Það hefur verið gagnrýnt að þar sem margir framhaldsskólar eru í sumum kjördæmum muni verða einhver vandræði við að tengja þar á milli. Mér finnst að það verkefni hljóti að vera leysanlegt þar sem um fleiri en einn framhaldsskóla er að ræða. Þetta þurfa ekki endilega að vera skólameistarar. Þetta geta verið skólanefndarmenn eða kennarar eða einhverjir sem hafa áhuga á starfsmenntun. Varðandi Reykjavík get ég vel hugsað mér einhver tengsl annaðhvort við Iðnskólann, Borgarholtsskóla eða Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Það eru ýmsir möguleikar í þessu og ég vil ekki loka neinum dyrum á það. Enda er það ekki mitt að halda þeim opnum því þetta er væntanlegt verkefni stjórnar vinnumiðlunar sem ekki er búið að skipa.

Ég er á móti því að lögfesta starfsáætlunarúrræðin vegna þess að þau hljóta eðli sínu samkvæmt að vera einstaklingsbundin og það er ekki víst að þau séu öll til reiðu alls staðar. Því miður verða þau alls ekki öll til reiðu alls staðar. Það er ekki aðstaða til að stunda öll þessi atriði sem listuð eru upp í greinargerð frv. á öllum stöðum.

Það er gert alveg sérstaklega ráð fyrir því að svæðisráðin hafi samráð við samtök fatlaðra. Það er einmitt mjög mikilvægt atriði að gleyma því ekki að fatlaðir þurfa að vera á vinnumarkaði líka. Það er mjög æskilegt að þeir sem hafa getu til en búa við fötlun séu ekki settir hjá. Ég held hins vegar að það sé æskilegra að þeir séu á venjulegum vinnustöðum heldur en á vernduðum vinnustöðum og að því ber að keppa. Ég þekki dæmi þess úr mínu kjördæmi að þar eru fatlaðir í vinnu í frystihúsi Þormóðs ramma og gera það bara gott. Á Siglufirði telst það bara sjálfsagður hlutur að hinir fötluðu, ef þeir hafa á annað borð líkamlega færni til að stunda vinnu, séu úti á vinnustöðunum. Eins er það víðar um land. Þetta tel ég æskilegustu þróunina þó að auðvitað komi verndaðir vinnustaðir líka inn í myndina.

Mönnum hefur þótt það óhugnanlegur texti að það gæti varðað missi bóta að neita úrræðum eða neita að fara í vinnu. En þetta er bara nákvæmlega upp úr gömlu lögunum. Þetta er nákvæmlega tekið upp úr gildandi lögum þannig að ef þetta er óhugnanlegt eða fer fyrir brjóstið á einhverjum þá hefði það átt að gera það fyrr.

Það eru engir nauðungarflutningar fyrirhugaðir. Mér finnst það ekki nein goðgá að fara fram á það við t.d. Kópavogsbúa að hann taki vinnu í Reykjavík, alls ekki. Menn hafa verið að tala um að það væri ekki bundið við kjördæmamörk og þetta væri óskýrt. Ég sé alveg fyrir mér að Seltjarnarnesi geti verið þjónað af vinnumiðlun í Reykjavík.

Ég vil taka undir þau viðurkenningarorð sem hér hafa fallið um starfsfólk vinnumiðlunar í Reykjavík. Ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt að nýta þá starfskrafta áfram og bjóða upp á að annaðhvort verði þetta áfram borgarfyrirtæki og verktaki hjá ríkinu eða að ríkið yfirtaki vinnumiðlunina og nýti þá starfskrafta og hæfileika sem þar eru ef svo um semst.

Ég vil taka það fram að gildistökuákvæði þessa frv. er 1. júlí 1997, þannig að (Forseti hringir.) — herra forseti, ég er að ljúka máli mínu — það gefst tími til að semja um þessa hluti.

[15:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um að það hafi verið sátt í nefndinni, valinkunnir menn og pólitísk breidd og að við eigum að kalla í okkar fulltrúa í nefndinni, þá vil ég bara geta þess að varaforseti ASÍ tók sérstaklega fram í samtali við mig að það hefði legið fyrir að það hefði verið fullkominn stuðningur við þetta frv. m.a. vegna þess að menn töldu að sátt næðist um hitt frv. og það hafi verið mjög erfitt að horfast í augu við að það varð frá því að hverfa.

Aðeins vegna þess að ráðherrann er að gefa til kynna að við sem hér höfum talað berum ekki virðingu fyrir atvinnulausu fólki. Ég mótmæli þessu. Ég mótmæli því harkalega. Í fyrsta lagi hefur ekki eitt orð fallið hér af hálfu stjórnarandstæðinga sem gefur slíkt til kynna. Í öðru lagi ber ég virðingu fyrir fólki, virðulegi forseti, og öðruvísi en ráðherrann. Það skiptir ekki máli hvort viðkomandi er hámenntaður eða hefur aðra stöðu. Ég ber virðingu fyrir fólki óháð starfsstétt og hvað þeir eru með af prófum. En að sjálfsögðu geta allir lent í því að verða atvinnulausir, bæði menntaðir og ómenntaðir.

Vegna þess sem ráðherrann nefnir, að það sé óbreytt frá fyrri lögum að menn missi bætur ef þeir fara ekki út á land, þá minni ég bara á að með þessum lögum er verið að gera landið að einu atvinnusvæði. Það gjörbreytir stöðunni. Að sjálfsögðu er mikilvægt að auka rétt manna. Hins vegar gagnrýni ég það hversu miklar skyldur og gagnrýni kemur einmitt á hinn atvinnulausa og hve gífurleg áhersla er lögð á að allir hljóti að vera að svindla.

Virðulegi forseti. Ég spurði um sveitarfélögin og vinnumiðlanirnar. Það hafa ekki komið svör við því. Ég spurði á hvaða laun fólk ætti að fara, t.d. í störf hjá hinu opinbera og inn í þau ýmsu verkefni sem boðað er að fólk eigi að fara í, hvort það eigi að vera á atvinnuleysisbótum eða á launum hinna sem fyrir eru? Það hafa ekki komið svör við því.

[15:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var sátt í nefndinni um þetta frv. jafnvel þó að ljóst væri að ekki væri sátt um hitt frv.

Það hefur ekki bara verið talað niður til atvinnulausra í þessum umræðum. Hv. gagnrýnendur frv. hafa sumir talað niður til okkar landsbyggðarmanna. Það er eins og heimsendir sé við Elliðaárnar.

Það eru ekki allir að svindla sem betur fer. Hins vegar er eitthvað til um að menn hafi misnotað þetta kerfi.

Hv. þm. spurði um sveitarfélögin og þátttöku þeirra í vinnumiðlununum. Ég hafði bara ekki tíma til að svara því ég var ekki kominn það langt í ræðu minni áðan. Stjórn Vinnumálastofnunar er með þátttöku frá sveitarfélögunum og í stjórn hverrar svæðisvinnumiðlunar eru tveir fulltrúar frá sveitarfélögum.

Varðandi það hversu margar væru í hverju kjördæmi þá segir í greinargerð, a.m.k. í hverju kjördæmi, og það skil ég svo að það sé opinn möguleiki fyrir því að hafa fleiri en eina svæðisvinnumiðlun í einstökum kjördæmum.

[15:25]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið snýst nákvæmlega um þetta. Við höfum verið að ræða fram og til baka um að verið

sé að rýra stöðu vinnumiðlana og stöðu hins atvinnulausa með því að sveitarfélögin hætti að vera með vinnumiðlun. Nú er það ljóst að það verða kannski ein til tvær í stórum kjördæmum og þrátt fyrir að sveitarfélögin eigi fulltrúa í svæðisráði þá snýst þetta um það að markmið laganna segir að það á að búa til einstaklingsáætlun fyrir hvern og einn, það á að skoða hans aðstæður, það á að leiðbeina honum í nám o.s.frv. Hvernig í ósköpunum á þetta að gerast? Ég veit að til er tækni. Á þetta gerast í gegnum síma og fax? Þetta er veikleiki frv., virðulegi forseti.

[15:26]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mergur þessa máls er sá hvort það kerfi sem verið er að koma upp virki, hvort það þjóni þeim tilgangi sem því er ætlað, þ.e. að aðstoða atvinnulausa og koma með tillögur um það hvernig hægt sé að leysa atvinnuleysisvandann. Sú gagnrýni sem fram hefur komið snýst um það hvort sú leið sem hér er farin dugi til þess, fyrir utan ýmis atriði sem hér hefur verið spurt um og snerta framkvæmdina. Það er m.a. þetta atriði með skipan svæðisráðanna og framhaldsskólana og tengslin við þá í því samhengi. Þess er getið í 11. gr. að fulltrúar framhaldsskóla á svæðinu skuli eiga fulltrúa. Svo flettir maður upp í athugasemdum við 11. gr. til að fræðast um hvernig eigi að velja þessa fulltrúa úr skólunum og maður er engu nær. Það er ekki minnst á þá. Ráðherrann nefndi varðandi Reykjavík, Borgarholtsskóla og Iðnskólann. Það er hárrétt að þar er kannski mesta verkmenntunin innan borgarinnar. En hvernig á að gera þetta? Þarf ekki að koma fram í frv. hvernig að þessu skuli staðið? Mér finnst þetta frv. mjög óljóst að þessu leyti. Það segir reyndar eitthvað um það að ráðherra geti skorið úr, en aðferðafræðin hvað þetta varðar er afar óljós.

Ráðherrann nefndi að ríkið gæti hugsanlega yfirtekið vinnumiðlun Reykjavíkur. Við skulum gefa okkur að samningar takist ekki. En ég spyr: Hver er vilji sveitarfélaganna? Hver er vilji sveitarfélags eins og Reykjavíkur sem rekur þessa öflugu og gömlu, rótgrónu borgarstofnun? Það finnst mér vera mikilvægt atriði í allri þessari umræðu. Og eftir því sem ég best veit hefur ekkert verið rætt við Reykjavíkurborg.

Að lokum, hæstv. forseti. Ég mótmæli því að hér hafi verið talað niður til atvinnulausra eða landsbyggðarinnar. Við erum einfaldlega að velta því fyrir okkur hvað þetta frv. þýðir, hvað þessi leið þýðir sem hér er verið að fara. Að mínum dómi er hún röng. Það er verið að auka miðstýringu, það er verið að fara frá fólki í stað þess að fara nær því og reyna að sinna þörfum atvinnulausra betur.

[15:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði ekki lagt þetta frv. fram hefði ég ekki trú á því að það kerfi sem hér er verið að byggja upp virkaði. Ég tel að fulltrúar frá sveitarfélögunum og fulltrúar frá framhaldsskólum eða tengsl við framhaldsskóla eigi að geta stuðlað að því að þetta virki til þess að aðstoða hina atvinnulausu. Ekki bara til að aðstoða þá heldur einnig þá sem vilja skipta um vinnu.

Spurt var um vilja sveitarfélaganna. Þetta hefur ekki verið borið undir öll sveitarfélög á landinu, það er fjarri því. Hins vegar var í nefndinni fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og það vildi svo til að hann er starfsmaður Reykjavíkurborgar og heitir Nikulás Einarsson og er viðskiptafræðingur. Það er alls ekki svo að sveitarfélögin hafi verið sniðgengin. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að hv. nefnd sendi þetta frv. til umsagnar hjá sveitarfélögunum og það finnst mér vera hin rétta leið. Frv. hefur ekki verið borið undir Vinnuveitendasamband Íslands eða Vinnumálasambandið og ekki heldur ASÍ eða BSRB, en allir þessir aðilar áttu fulltrúa við samningu frv. Ég geri ráð fyrir því að ekkert meiðandi standi í frv. fyrir þessi samtök eða félög úr því að um það varð fullkomin samstaða.

Hér hefur verið talað eins og landsbyggðin sé eitthvað hræðileg. Hún er ekki hræðileg.

[15:30]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. félmrh., landsbyggðin er fögur, víðast hvar, og þar er víða gott og gjöfult mannlíf en hér hefur verið til umræðu hvort með þeim breytingum sem er verið að gera með þessu frv. og frv. um atvinnuleysistryggingar sé verið að svipta fólk bótum á þeirri forsendu að það vilji ekki flytjast á milli landshluta. Um það snýst málið og í því felst enginn áfellisdómur gagnvart landsbyggðinni. Það getur verið þveröfugt, að það eigi að skikka fólk til að flytja til Reykjavíkur eða hingað á höfuðborgarsvæðið. Málið er að það á að virða vilja fólks.

Hér gefst ekki tími til að ræða öll þessi atriði en varðandi Samband íslenskra sveitarfélaga lentum við í því í fyrra í hv. félmn. að þar kom upp mál þar sem Samband íslenskra sveitarfélaga hafði alls ekki komið því til skila á nógu skilmerkilegan hátt til félagsmanna sinna hvað þeir höfðu verið að gera í ákveðinni nefnd. Ég dreg í efa að fulltrúi þeirra hafi haft umboð til þeirra breytinga sem verið er að leggja fram og því miður skortir oft á samráð við undirbúning mála eins og þessara.

[15:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur verið spursmál hve víða eigi að senda frv. meðan þau eru ekki fullgerð. Það er hin þinglega venja að viðkomandi fagnefndir sjái um það að afla umsagna.

Á síðustu áratugum hefur hvorki meira né minna en þriðjungur þjóðarinnar flutt á höfuðborgarsvæðið utan af landi þannig að þjóðin hefur verið á faraldsfæti. Enda þótt ekkert sé í þessu frv. sem fyrirskipar að flytja fólk héðan og út á land finnst mér það engin goðgá því það er ekkert lengra frá Reykjavík út á land en utan af landi til Reykjavíkur.

[15:32]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi máli mínu til hæstv. ráðherra fyrr í dag og varpaði fram nokkrum spurningum um það hvernig hann hygðist treysta rétt fatlaðra til atvinnuþátttöku og hvernig hann hygðist tryggja rétt hagsmunasamtaka þeirra til að verja réttindi þeirra eins og annarra verkalýðsfélaga. Að vísu komu engin svör við spurningum mínum í svari hæstv. ráðherra. Ég fagna því að vísu að við séum sammála um eitt atriði, að auðvitað sé heppilegast að fatlaðir séu í vinnu á almennum vinnumarkaði. Þess vegna hefði ég vænst þess fyrst ráðherrann er mér sammála um þetta atriði að sá vilji endurspeglaðist að einhverju leyti í því frv. sem er til umræðu. En þvert á móti er þar farið akkúrat í gagnstæða átt. Þar eru áhrif og möguleikar hagsmunasamtaka fatlaðra til þess að auka atvinnuþátttöku fatlaðra á almennum vinnumarkaði sem annars staðar skertir verulega. Ég sagði í morgun að fatlaðir hafa enn ekki fengið rétt til þess að semja um kaup sín og kjör. Þeir eiga ekki rétt til að eiga aðild að verkalýðsfélögum. Með þessu frv. eru áhrif þeirra

til þess að hafa áhrif á vinnumarkaðinn með tilliti til þarfa þeirra fötluðu algjörlega tekin frá þeim. Áður fyrr áttu þeir sæti í ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu en nú er því breytt þannig að í þessari nýju stjórn Vinnumálastofnunar munu þeir ekki eiga sæti. Mér finnst það vera andblær liðinna tíma sem birtist í frv. sem og öðrum frv. sem við höfum séð og breytingum á högum þessara hópa í þjóðfélaginu. Þá minni ég á það enn á ný þegar kaupgjaldstengingin var afnumin við örorku- og ellilífeyri. Mér finnst þetta vera umhugsunarvert og ég vona að ráðherrann taki þessum ábendingum og breyti frv. til þess vegar sem hefur verið ráðlagt og taki fullt tillit til þess að þetta eru talsmenn og fulltrúar þeirra fjölmörgu sem standa höllum fæti á vinnumarkaðnum.

[15:34]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að réttur samtaka fatlaðra eigi að vera sæmilega tryggður með því að það er sérstaklega kveðið á um það að svæðisráðin skuli hafa samráð við samtök fatlaðra. Ég vil ástunda hið besta samstarf við fatlaða og þau hagsmunasamtök sem berjast fyrir málefnum þeirra. Það er vilji minn. Hitt er svo annað mál að einstöku sinnum hefur komið fyrir að þau hafa ekki haft neinn áhuga á því að hafa gott samband við mig.

[15:35]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það komu engin svör við spurningum mínum frekar en endranær. En ég spyr hæstv. félmrh. enn á ný hvort einhverjar vonir séu til þess að hann hafi í hyggju að gera eitthvað með þær tillögur nefndar, sem vann að úrbótum á atvinnuþátttöku fatlaðra, og hafa ekki ratað inn í þetta frv. til hagsbóta fyrir hina fötluðu atvinnulausu í landinu.

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að sennilega hefur sú nefnd sem vann að frv. ekki haft skýrsluna undir höndum sem skilað var til félmrn. Eitthvað kann að vera til í því. Hún er til athugunar í félmrn. og mér lýst vel á sum úrræðin sem þar eru, aftur sé ég tormerki á öðrum en það mál er vakandi.

[15:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég árétta það að ég tel farsælast í þessu máli að í þeim nýjungum sem menn vilja koma fram verði þær þannig úr garði gerðar að byggt sé ofan á það sem fyrir er í stað þess að rífa það af mönnum undir þeim formerkjum að þeir sinni því misjafnlega vel.

Í öðru lagi vil ég segja við hæstv. félmrh. að hversu mikið sem hann og ég viljum að fólk flytji til Vestfjarða mun það aldrei gerast undir hnútasvipu hótunar um að það verði svipt atvinnuleysisbótum ef það afþakkar vinnu þar. Ég hef því enga trú á því að þetta sé farsæl leið til þess að ná því ágæta markmiði fram.

Í þriðja lagi tek ég fram að ég lít svo á að þar sem kveðið er á um í frv. um að landið sé eitt vinnusvæði sé átt við að það sé eitt vinnusvæði gagnvart atvinnuleysistryggingum en ekki að öðru leyti. Enda væri fráleitt ef þetta lagaákvæði ryddi burtu ákvæðum kjarasamninga um forgangsrétt félaga í einstökum verkalýðsfélögum til vinnu á félagssvæði sínu. Sé þetta rangur skilningur fer ég fram á að það komi hér fram því það er mikið mál ef ríkisstjórnin ætlar að kollvarpa forgangsréttarákvæði kjarasamninga.

Herra forseti. Í fjórða lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra af því að í fskj. frá fjmrn. með frv. kemur fram að á móti þessu verkefni sem ríkið ætlar að taka til sín eigi að semja við sveitarfélögin um að þau taki við öðrum verkefnum í staðinn af ríkinu. Ég spyr hvort þessar viðræður hafi farið fram. Ef svo er, hvaða verkefni eiga sveitarfélögin að taka að sér?

[15:39]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er skipt um hlutverk. Ég er úthrópaður eins og einhver miðstýringarmaður en það er Kristinn H. Gunnarsson, hv. þm. Vestf., sem er frjálshyggjumaðurinn í þessu dæmi. Ég hefði frekar átt von á því að þingmenn Sjálfstfl. kæmu og býsnuðust yfir miðstýringu en ekki hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Og það er enginn að reka fólk með hnútasvipu. Hv. þm. talaði um jafnvægi sem hann var að hneykslast á í 2. gr. frv. Það var ágæt útlistun hjá honum svo langt sem hún náði, að jafnvægi er hægt að ná á tvennan hátt. Það er annaðhvort hægt að færa fólkið til vinnunnar eða freista þess að fólkið flytji þangað sem vinnuna er að hafa eða þá að flytja atvinnutækifærin til fólksins. Nú hefur fólk flutt frá Vestfjörðum í of miklum mæli en ég vil að það sé á hreinu að ég vil ekki ganga í það að fara að taka atvinnutækifæri af Vestfirðingum til þess að flytja þau hingað suður á eftir fólkinu.

[15:40]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ánægjulegt að heyra það að hæstv. félmrh. ætlar að beita sér fyrir því að þeim störfum sem fyrir eru á Vestfjörðum og kannski á landsbyggðinni almennt verði haldið þar eftir því sem föng eru á og þá frekar bætt við en af tekið. Einmitt vegna þessa sjónarmiðs ráðherrans finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að breyta orðalagi 2. gr. frv. því að menn eiga ekki að skrifa texta sem gefur möguleika á öðru en því sem menn vilja. Menn eiga ekki að gera það.

En ég vil svo ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra um viðræður við sveitarfélögin um verkefni sem þau munu taka að sér í stað þessa verkefnis sem ríkið ætlar að taka við.

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vantar fólk á Vestfjörðum. Í félmrn. hafa verið gefin út atvinnuleyfi svo hundruðum skiptir til erlendra verkamenna til að starfa á Vestfjörðum. Ég sæi fyrir mér fleiri íslenska verkamenn fara þangað til starfa. Varðandi verkefnaskipti á milli ríkis og sveitarfélaga höfum við ákveðið að stefna að því í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélögin yfirtaki húsaleigubæturnar alfarið eftir rúmt ár. Það verður hins vegar að breyta lögunum um húsaleigubætur áður og vinna er að hefjast við það og þar þarf að fara fram fjárhagslegt uppgjör. Það eru líka áform uppi um það að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Þetta kemur inn í þann verkaskiptapakka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsvirkjun, 1. umr.

Stjfrv., 175. mál (arðgreiðslur, skipun stjórnar o.fl.). — Þskj. 194.

[15:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Fyrir liggur eftirfarandi bréf frá Svavari Gestssyni, formanni Alþb. og óháðra:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkun með síðari breytingum, verði tvöfaldaðar vegna mikilvægis málsins."

Við þessu er orðið sem þýðir að hæstv. ráðherra hefur 60 mínútur til umráða í 1. umferð. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa 40 mínútur í fyrri umferð og 20 mínútur í þeirri síðari.

[15:43]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 194, sem er 175. mál þingsins, um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjum, með síðari breytingum. Frv. þetta er flutt til að staðfesta samkomulag milli ríkisins, borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akureyrar um breytingu á sameignarsamningi þessara aðila um eignarhald og rekstur Landsvirkjunar. Viðræður um breytingu á sameignarsamningi hófust að frumkvæði Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem óskuðu eftir því í byrjun þessa árs að teknar yrðu upp viðræður um eignarhald, rekstrarform og hlutverk fyrirtækisins. Í framhaldi af því skipaði ég 23. febr. sérstaka viðræðunefnd eignaraðila til að yfirfara þessi mál. Í nefndinni sátu tveir fulltrúar hvers eignaraðila og nefndin skilaði samhljóða áliti 28. okt. sl. Iðnrh., borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri undirrituðu í framhaldi af því sérstakan viðauka við sameignarsamninginn og sameiginlega bókun þar sem staðfest var samkomulag eignaraðila um efni þessa frv. sem hér er mælt fyrir. Frv. er flutt sem stjfrv. Bæjarstjórn Akureyrar og borgarráð Reykjavíkur samþykktu samkomulagið samhljóða en lokaafgreiðslu borgarstjórnar Reykjavíkur á málinu var frestað og er á dagskrá borgarstjórnarfundar síðar í dag.

Ekki verður annað af þessu ráðið en að víðtæk pólitísk samstaða sé um þetta mál þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka hafa fjallað beint eða óbeint um málið. Ég vil í upphafi gera grein fyrir meginatriðum þess samkomulags sem tekist hefur milli eignaraðila en það er eftirfarandi:

1. Langtímastefnumótun um lækkun orkuverðs í landinu.

2. Endurmat á eigendaframlögum og samkomulag um greiðslu arðs af endurmetnum eigendaframlögum.

3. Skýrar kröfur gerðar um arðgjöf af rekstri fyrirtækisins.

4. Samkomulag um óbreyttan rekstur Landsvirkjunar til ársins 2004 en breytt stjórnarfyrirkomulag.

Á liðnum árum hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að ræða breytt eignarhald að Landsvirkjun án þess að niðurstaða hafi fengist. Að þessu sinni var hins vegar brugðist við óskum sveitarfélaganna af mikilli alvöru og fenginn óháður aðili, einn stærsti fjárfestingarbanki í heimi, J.P. Morgan, til þess að vera ráðgefandi aðili um verðmætamat, lánshæfi og stöðu fyrirtækisins á alþjóðlegum mörkuðum. Ráðning slíks aðila var nauðsynleg forsenda fyrir viðræðum í málinu. Niðurstaða J.P. Morgans lá fyrir um miðjan september og var sú að ef fyrirtækið yrði sett á markað gætu verðmæti Landsvirkjunar á markaði verið um 24,5 milljarðar kr. Það var því ljóst að verðmæti Landsvirkjunar var nokkuð nálægt eigin fé þess. J.P. Morgan byggði mat sitt á virði Landsvirkjunar á eftirtöldum forsendum:

Að orkuverð til almenningsveitna héldist óbreytt á föstu verðlagi til og með ársins 2000.

Að orkuverð lækkaði um 3% á ári frá 2001–2010.

Að árleg aukning eftirspurnar á almennum markaði yrði um 2% á ári.

Að verðbólga verði að meðaltali 3%.

Að orkuverð til stóriðju fylgdi núgildandi samningum en J.P. Morgan notaði bæði eigin spá og spár ráðgjafarfyrirtækis um álver til að meta þróun orkuverðs til stóriðju.

Að fyrirtækið verði áfram undanþegið greiðslu skatta.

Að einkafjárfestar geri a.m.k. 7% raunávöxtunarkröfur.

Eins og áður segir gengur samkomulagið út á langtímastefnumótun um lækkun orkuverðs í landinu. Verðmætamatið og forsendur fyrir arðgreiðslum byggja á óbreyttu orkuverði að raungildi til aldamóta og að tryggja megi um 3% raunlækkun á raforku árin 2001–2010. Útreikningar allir eru byggðir á þessu. Hins vegar er ljóst að raunveruleikinn getur orðið annar en forsendur sem lagðar eru til grundvallar. Þróun álverðs, gengisbreytingar og verðlagsbreytingar innan lands geta haft veruleg áhrif á afkomu Landsvirkjunar. Þess vegna þótti ekki eðlilegt að semja um markmið um arðgreiðslur eða lækkun orkuverðs upp á einn aukastaf. Því er í samkomulaginu stefnt að því að lækkun á raforku geti verið á bilinu 2–3%. Markmiðin eru skýr en eðlilegt er að hafa ákveðið svigrúm.

Í samkomulaginu var sæst á mun hóflegri arðgjafarmarkmið fyrir fyrirtækið, þ.e. um 5–6% af eigin fé, en alþjóðlegi fjárfestingarbankinn hefði talið að einkaaðilar mundu setja sem lágmark, þ.e. 7% af eigin fé. Lægri arðgjafarmarkmið en 5–6% er ekki hægt að setja. Eigið fé, sem bundið er í atvinnurekstri, á ekki að skila lægri arði en hægt er að fá með því að kaupa áhættulaus ríkistryggð skuldabréf. Þetta ætti öllum að vera ljóst. Arðgjafarmarkmið Landsvirkjunar verði að jafnaði 5–6% á ári. Þar sem sett eru markmið varðandi rekstur Landsvirkjunar er ekki talin þörf á umsögn Þjóðhagsstofnunar áður en tillaga um gjaldskrárbreytingar er gerð eins og nú hefur verið. Hafa ber í huga að endanleg ákvörðun um arðgreiðslur hvers árs verður tekin af eigendum á ársfundi. Markaðsvirði fyrirtækisins var eins og áður sagði metið á 24,5 milljarða kr. Eigendanefndin gerði hins vegar tillögu um að stofn til arðgjalds til eigenda yrði mun lægri eða 14 milljarðar kr. Var sú hóflega leið farin að framreikna verðmæti eigendaframlaga til verðlags í dag með 3% raunávöxtun. Þetta er verulega lægri raunávöxtun en fengist hefur á íslenskum verðbréfamarkaði síðustu 10 árin. En með hliðsjón að tiltölulega lágu raunvaxtastigi á hluta tímabilsins frá 1996 þótti ekki óeðlilegt að uppreikna verðmætin miðað við 3% raunávöxtun. Sá hluti eigin fjár, sem telst ekki eigendaframlag, þ.e. mismunur á núverandi eigin fé Landsvirkjunar, sem er 25,7 milljarðar, og 14 milljarða eigendaframlögum, verði nefnt annað eigið fé.

Varðandi eigendaframlög og fjárhagsleg atriði er þess að geta að samkvæmt lögum um Landsvirkjun skal greiða arð af uppreiknuðum eigendaframlögum einvörðungu, þ.e. peningaframlögum eigenda. Ljóst er að verðmæti fyrirtækisins er orðið mun meira en þessi stofn til arðgjafar var. Því var algjörlega nauðsynlegt að fá óháð mat á fyrirtæk-

ið. Vandað mat liggur nú fyrir og á því eru samningar um arðgjöf og eigendaframlög byggð. J.P. Morgan telur að æskileg skuldastaða Landsvirkjunar sé sú að hreint veltufé úr rekstri sé a.m.k. 15% af heildarskuldum. Fyrirtæki sem þannig er ástatt um eigi að geta fengið lánshæfiseinkunnina A á eigin forsendum. Vaxtagjöld er helsti rekstrarkostnaður Landsvirkjunar og því er afar mikilvægt að þeirri lánshæfiseinkunn sé náð. Með hliðsjón af þessu var samið um að miða við mjög hóflega útgreiðslu arðs. Skilgreint er í samkomulaginu með hvaða hætti Landsvirkjun greiði eigendum sínum arð. Eigendaframlög mynda stofn til útreiknings arðs eins og áður segir sem miðast við 5,5% af endurmetnum stofni og kallast reiknaður arður. Gert er ráð fyrir að arðgreiðslur til eigenda verði sem hér segir:

Á meðan hreinar rekstrartekjur án afskrifta sem hlutfall af heildarskuldum er undir 12% komi 25% af reiknuðum arði til útborgunar en 75% bætist við eigendaframlög og hækka þá eigendaframlög og um leið arðgreiðslustofn. Þegar ofangreint hlutfall verður á bilinu 12–15% nemur útborgaður arður 40% af reiknuðum arði og 60% koma til hækkunar á eigendaframlögum. Eftir að hlutfallið nær 15% nemur útborgaður arður 60% af reiknuðum arði en 40% bætast við eigendaframlög. Með þessu móti taka arðgreiðslur tillit til skuldsetningar á hverjum tíma og þess er gætt að þær stefni ekki í hættu fjárhagslegum styrkleika fyrirtækisins.

Í frv. er lagt til að staðfest verði samkomulag eignaraðila um afmarkaðar breytingar á stjórn fyrirtækisins sem hafa það að markmiði að færa stjórnskipulag fyrirtækisins til samræmis við ákvæði hlutafélagalaga. Helstu breytingar á stjórnskipulagi eru þessar:

Í fyrsta lagi skal árlega haldinn ársfundur Landsvirkjunar og skal tekið tillit til ákvæða hlutafélagalaga um slíkan fund. Helstu verkefni ársfundar verða:

1. Skýrsla um starfsemi og afgreiðsla ársreiknings.
2. Skipun stjórnar.
3. Ákvörðun um arðgreiðslur.
4. Kjör endurskoðenda.

Í öðru lagi er verksvið stjórnar og framkvæmdastjóra skýrð betur og eru þau ákvæði í fullu samræmi við ákvæði hlutafélagalaga.

Í þriðja lagi er samið um að stjórn Landsvirkjunar skipi sjö menn. Þeir verða skipaðir þannig:

Af hálfu ríkisins tilnefnir iðnrh. þrjá menn og þar af einn sem stjórnarformann. Komi til atkvæðagreiðslu í stjórninni hefur stjórnarformaður tvöfalt vægi atkvæða. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá menn. Bæjarstjórn Akureyrar kýs einn mann. Þessi niðurstaða er í samræmi við tillögur einstakra eignaraðila um meðferð við val á fulltrúum sínum í stjórn Landsvirkjunar. Þar sem gert er ráð fyrir að iðnrh. skipi í stjórn Landsvirkjunar er ekki talin þörf á sérstökum áheyrnarfulltrúa frá ríkinu á stjórnarfundum. Varðandi stjórnarkjör skal bent á eftirfarandi:

Nú sitja tíu manns í stjórn Landsvirkjunar ef talinn er með áheyrnarfulltrúi ríkisins sem situr alla stjórnarfundi. Með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að verða á markaði og því að fyrirtækið verður að starfa í auknum mæli á næstu árum í samkeppnisumhverfi er eðlilegt að stjórnin sé ekki fjölmennari en sjö menn. Það hefur verið skýr stefna ríkisvaldsins síðustu tíu árin við formbreytingar í ríkisrekstrinum að færa skipun stjórnar til framkvæmdarvaldsins frá löggjafarvaldinu. Mörg dæmi mætti nefna um slíkt. Öll réttarframkvæmd á Íslandi hefur verið í þá átt á liðnum árum að skerpa skil milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og virða þar með betur anda stjórnarskrárinnar. Fyrirliggjandi tillaga um stjórnarkjör tekur mið af þessum sjónarmiðum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að í kjölfar ársfundarins verði haldinn samráðsfundur með fulltrúum eigenda, sveitarfélaga og tiltekinna gesta þar sem kynnt yrði starfsemi Landsvirkjunar. Þessi fundur mun verða með sama sniði og núverandi ársfundur.

Loks er þess að geta að eignaraðilar eru sammála um endurskoðun sameignarsamnings sem fram eigi að fara fyrir 1. jan. 2004. Skal sú endurskoðun á sameignarsamningi um Landsvirkjun m.a. taka til þess hvort ástæða þyki til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun. Í frv. er lagt til að staðfest verði samkomulag eignaraðila um að auka heimildir fyrirtækisins til að taka þátt í verkefnum erlendis. Í frv. er lögð til sú breyting að Landsvirkjun verði heimiluð þátttaka í fyrirtækjum á sviði orkumála en til þessa hefur skort á að fyrirtækið hafi haft lagaheimildir sem gerðu það að verkum að það gæti stuðlað að útflutningi í íslenskri verkkunnáttu á sviði virkjanamála

Herra forseti. Nokkuð hefur verið rætt um hraða málsmeðferð í þessum viðræðum. Í því sambandi má benda á að málsmeðferðin nú var sambærileg og málsmeðferð við síðustu endurskoðun á lögum um Landsvirkjun árið 1983. Það voru fulltrúar eignaraðila utan stjórnar sem ræddu meginatriði varðandi eignaraðild. Stjórn Landsvirkjunar kom þar hvergi að. Stjórnin er skipuð til þess að fara með málefni fyrirtækisins innan ramma laga og sameignarsamnings. Hins vegar er ljóst að ríkisstjórnin og sveitarfélögin semja beint um lagalega umgjörð fyrirtækisins.

Viðhorf til orkumála í heiminum hafa breyst. Í upphafi aldarinnar var litið á orkuframleiðslu og dreifingu sem þjónustusvið sem hið opinbera ætti að rækja gagnvart almenningi. Í tímans rás hafa þessi sjónarmið breyst. Starfsaðstæður hafa þróast þannig m.a. með aukinni samkeppni að líta verður á orkuframleiðslu sem eðlilegan hluta af atvinnustarfsemi í landinu.

Sú mikla breyting sem er að verða á orkumálum í heiminum þýðir að orkufyrirtækin verða að lúta sömu lögmálum og annar almennur atvinnurekstur. Þessi breyting þýðir að ekki verður komist hjá því að innleiða viðskiptaleg sjónarmið í rekstri þessara fyrirtækja. Þetta tekur til allra þátta þar á meðal til stjórnskipulags, arðsemi, fjárfestinga, arðgreiðslna og aukins sveigjanleika í rekstri til þess að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði hverju sinni.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðunni vísað til hv. iðnn.

[16:00]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Á síðasta Alþingi lögðum við nokkrir þingmenn fram tillögu þar sem m.a. var lagt til að í þeim viðræðum sem þá voru fram undan milli eignaraðila Landsvirkunar yrði skorað á iðnrh. að taka sérstaklega upp til viðræðu við aðra eignaraðila þá breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar að henni yrði breytt í hlutafélag. Það sem sem hér er að gerast og er niðurstaða úr viðræðum eignaraðila, sem óskað er eftir að Alþingi staðfesti, er að það er stigið fyrsta skrefið og nokkuð stórt skref í þá átt að gera þessa breytingu á rekstri Landsvirkjunar, rekstrarformi hennar, þó að ekki sé stigið alla leið. Er vissulega ástæða til þess að fagna því að þó þetta skref í þá átt hafi verið stigið. Það er líka ástæða til að

vekja athygli á því að það hafa að ég held allir stjórnmálaflokkar á Íslandi komið að málinu í þeim afgreiðslum sem átt hafa sér stað á vegum sveitarfélaganna tveggja sem eru meðeigendur ríkisins í Landsvirkjun, þ.e. Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Á Akureyri varð niðurstaðan sú að þetta samkomulag var samþykkt samhljóða með atkvæðum allra flokka sem þar eiga fulltrúa. Þá hefur komið fram hjá Reykjavíkurborg að allir fulltrúar Reykjavíkurlistans styðja þetta samkomulag. Þess er að vænta eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra að endanleg ákvörðun af hálfu borgarstjórnar liggi fyrir innan skamms. Þannig virðist vera veruleg samstaða um það skref sem hér er verið að stíga. Þó vissulega megi kannski gera athugasemdir við smærri efnisatriði þá virðist liggja fyrir sæmileg sátt í málinu.

Það mætti líka ætla að hér innan þingsins væri þó nokkur sátt um meginefnisatriði þessa máls. Ég vil í því sambandi t.d. benda á hvað segir í mjög athyglisverðu riti sem út kom ekki alls fyrir löngu eftir hv. þm. Svavar Gestsson og heitir Sjónarrönd. Þar er lýst ýmsum viðhorfum sem hann telur að jafnaðarmenn eigi að hafa í heiðri við skoðun á breytingum og viðfangsefnum í íslenskum stjórnmálum. Þar segir svo, með leyfi forseta, í kafla sem heitir Lýðræðislegt aðhald. 9.:

„Unnið verði markvisst að því að breyta ríkisrekstrinum. Stundum á að selja opinber fyrirtæki en einnig getur ríkið stofnað ný fyrirtæki þegar það á við, allt eftir aðstæðum."

Þetta er að sjálfsögðu alveg laukrétt og þetta er nákvæmlega það sem hér er verið að gera. Hér er verið að vinna markvisst að því að breyta ríkisrekstrinum. Að vísu er ekki verið að gera ráð fyrir því að selja opinbert fyrirtæki, sem Landsvirkjum er því hún er í eigu opinberra aðila. En gert er ráð fyrir að rekstrarfyrirkomulaginu verði breytt í þá átt sem samstaða hefur orðið um meðal fulltrúa þeirra flokka sem að málinu hafa komið í sveitarstjórnum. Síðan útskýrði hv. þm. þennan punkt nokkru betur og segir orðrétt, með leyfi forseta, svo í undirlið a.:

„Eðlilegt væri að hefjast þegar handa við að opna allan orkugeirann fyrir fjölbreyttri eignaraðild þar sem viðskipti um langt skeið skapi tiltekinn áhrifarétt" o.s.frv. Það er nákvæmlega þetta sem verið er að gera. Það er verið að hefjast handa til þess að opna orkugeirann fyrir fjölbreyttri eignaraðild þar sem viðskipti um langt skeið skapa tiltekinn áhrifarétt — nákvæmlega svona. Síðan spyr hv. þm.:

„Á að gefa þjóðinni allri Landsvirkjun með því að senda hverjum manni hlutabréf í fyrirtækinu?" Það er spurning sem út af fyrir sig er ekki svarað í þessu frv. því það er ekki stigið svo langt að breyta Landsvirkjun í hlutafélag. En hv. þm. segir líka:

„Það á reglulega að efna til umræðu um einkavæðingu fyrirtækja og um félagseign annarra fyrirtækja. Það á hvorki að vera sjálfgefið að fyrirtæki séu í einkaeign né í félagseign." Þetta er alveg laukrétt hjá hv. þm. og ég er honum algjörlega sammála um það sem hann segir hér. Við erum að hefjast handa með svipuðum hætti og hv. þm. leggur til og það er auðvitað meiginatriði málsins. Um einstaka þætti í framkvæmdinni geta menn síðan að sjálfsögðu verið ósammála, talið að eitt fari betur en annað, en það verður ekki annað séð en að menn séu nokkuð sammála í meginatriðum um það skref sem hér er verið að stíga eins og kemur fram í afstöðu fulltrúa allra stjórnmálaflokka í sveitarstjórnum þeim sem þegar hafa afgreitt málið og í tilvitnunum sem hér hafa verið tilfærðar. Ég get með sama hætti vitnað í samþykktir flokksþings Alþfl. um orkumál sem gerðar voru á síðasta flokksþingi þar sem stutt er einnig við þetta meginsjónarmið sem hér er verið að framkvæma. Þannig sé ég satt að segja ekki annað, virðulegi forseti, en það sé sæmileg samstaða meðal þings og þjóðar um meginefnisatriði málsins.

Það eru hins vegar einstök atriði í þessu frv. sem ástæða væri til að staldra aðeins við og ef til vill að spyrja hæstv. ráðherra um. T.d. hvort það sé að hans áliti æskilegt fyrirkomulag þegar menn eru að sníða fyrirtæki eins og Landsvirkjun umhverfi hlutafélags. Þótt ekki sé gengið alla leiðina þá eru menn þó að sníða fyrirtækinu umhverfi hlutafélags þar sem ársfundur t.d. tekur veigamiklar ákvarðanir o.s.frv., þar á meðal um arðgreiðslur alveg eins og á sér stað í hlutafélagi. Hvort það sé að hans áliti æskilegasta stjórnskipun í slíkum rekstri að aðilar hafi þar neitunarvald. Þarna er gert ráð fyrir að stjórnin sé skipuð þremur fulltrúum frá ríkinu og fjórum fulltrúum frá sameignaraðilum ríkisins, sveitarfélögunum tveimur, þ.e. sjö stjórnarmenn, en að atkvæði formanns vegi tvöfalt. Þetta þýðir með öðrum orðum að það getur komið upp sú staða að einfaldur meiri hluti nægi ekki, t.d. samstaða fjögurra fulltrúa sveitarfélaga, og þá hafi fulltrúar ríkisins stöðvunarvald þó þeir séu aðeins þrír vegna þess að atkvæði formanns gæti þá vegið tvöfalt. Og þá verði fjögur atkvæði gegn fjórum þannig að niðurstaða í hinni sjö manna stjórn fæst ekki.

Mér finnst það ekki skipta meginmáli í því sambandi hvort Alþingi kýs stjórnarmenn ríkisins eða hvort ráðherra skipar stjórnarmenn ríkisins, menn geta haft mismunandi skoðanir á því. Ég er út af fyrir sig jafnreiðubúinn að sættast á breytingu í þá veru að Alþingi kysi þessa stjórnarmenn eins og að ráðherra skipaði þá en mér finnst þetta ekki vera neitt meginatriði í því máli sem við erum að fjalla um. Mér finnst meginatriðið vera það sem ég vék að í upphafi að þarna erum við að stíga skrefin til þess eins og ég vitnaði til hér áðan að hefjast þegar handa um að opna allan orkugeirann fyrir fjölbreyttri eignaraðild. Það er auðvitað mergurinn málsins.

Þá vil ég gjarnan fá að ræða eilítið um galdskrárákvarðanir sem fjallað er um m.a. í athugasemdum á bls. 5 og í frekari skýringum við 8. gr. á bls. 8 í athugasemdum. En þar eru ákvæði sem gera ráð fyrir því, sem er mjög eðlilegt, að raforkuverð skuli við það miðað eins og segir í athugasemdunum: „... að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins." Þetta eru hinar eðlilegu rekstrarforsendur félags sem rekið er sem hlutafélag eða í slíku umhverfi. Nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað nú um ákvæðið þar um að ekki skuli heimilt að hækka orkuverð til almenningsveitna vegna þarfar sem ef til vill skapast af óhagstæðum samningum um orkusölu til stóriðju? Hvernig harmónerar það við þessa almennu stefnu sem hér er framsett, sem er mjög eðlileg í hlutafélagsumhverfi, að ákvörðun um galdskrá sé tekin miðað við eðlilega kröfu um arðsemi eign fjár? En hvernig gengur það saman við það markmið sem ég var hér að lýsa, sem líka er í lögum, að orkuverð til almenningsveitna megi ekki hækka jafnvel þó svo óhagstæðir samningar um orkusölu til stóriðju skuli vera gerðir? Ég sé ekki betur en þarna rekist markmiðin hvort á annað og þá er spurning hvort vegur sterkara.

Auðvitað má spyrja sig að því hvort þessi breyting sem hér er verið að gera geri með einhverjum hætti torveldara að tryggja öllum sem við Landsvirkjun skipta jöfnunarverð á orku. Það mál munum við takast á við á öðrum vettvangi, þ.e. þegar hæstv. ráðherra leggur væntanlega fram tillögur til breytingar á orkulögum í samræmi við nýjar tilskipanir

frá Evrópusambandinu, þannig að það mál á eftir að koma til sérstakrar umfjöllunar hér á Alþingi Íslendinga ef ég veit rétt og er ekki til umfjöllunar í þessu frv. sem hér um ræðir. Ef ég veit rétt þá er þannig frá tilskipun Evrópusambandsins gengið að hún bannar alls ekki jöfnun á raforkuverði að því tilskildu að sú jöfnun sé sýnileg, þ.e. að það komi fram að þarna sé um sérstakar aðgerðir að ræða til stuðnings hinum dreifðu byggðum og að þær jöfnunaraðgerðir séu sýnilegar. Hin nýja orkutilskipun Evrópusambandsins mun koma til umræðu hér á Alþingi síðar, um þau mál er ekki fjallað í þessu frv. Þar verður m.a. fjallað um jöfnun orkuverðs og þar eru allir möguleikar á því fyrir Alþingi Íslendinga ef það svo kýs að varðveita það ástand sem nú er að heildsöluverð á orku frá Landsvirkjun sé hið sama alls staðar án tillits til þess hvaða aðili kaupir. Ef einhver er þeirrar skoðunar að í þessu frv. sé verið að hnekkja möguleikum til jöfnunar á orkuverði þá er það rangt.

Ég vil einnig víkja sérstaklega að því sem kveðið er á um í 1. gr. frv., þ.e. að Landsvirkjun sé heimilt að selja þá þekkingu sem fyrirtækið hefur aflað sér og er að sjálfsögðu hið eðlilegasta mál að svo sé gert. Í því sambandi langar mig til að spyrja ráðherra um afstöðu hans til annarra hluta sem sé afstöðu hans til þess hvort verktakar sem unnið hafa á vegum Landsvirkjunar hafi heimild til að selja þriðja aðila niðurstöður sem byggjast á upplýsingum sem þeir hafa sjálfir aflað sér sem verktakar í ákveðnum þáttum fyrir Landsvirkjun og fengið fullt gjald fyrir. Ég varð þess áskynja að ýmsir erlendir aðilar sem hingað komu til viðræðna við stjórnvöld um orkumál höfðu átt næsta auðvelt með að afla sér allra grunnupplýsinga sem Landsvirkjun hafði yfir að ráða um kostnað við raforkuöflun á þeim virkjunarsvæðum sem helst komu til greina til virkjana og gerðu það með þeim hætti að þeir gátu keypt þær upplýsingar frá einkaaðilum sem höfðu verið verktakar í þágu Landsvirkjunar til þess að vinna trúnaðarupplýsingar fyrir Landsvirkjun um kostnað á hverja selda orkueiningu frá slíkum virkjunum. Þetta er náttúrlega með öllu óþolandi. Að aðilar sem hafa selt sérþekkingu sína með þessum hætti til fyrirtækis eins og Landsvirkjunar skuli í krafti þeirrar sérþekkingar sem þeir hafa aflað sér geta gerst ráðgjafaraðilar þeirra sem ætla að skipta við þessa sömu Landsvirkjun og geta selt þeim nákvæmar upplýsingar um það hvert er kostnaðarverðið í orkuframleiðslunni sem seljandi orkunnar, Landsvirkjun, hefur yfir að ráða. Þessir aðilar virtust vera nákvæmlega jafn vel heima í virkjunarmöguleikum okkar Íslendinga og kostnaði við útfærslu þeirra eins og Landsvirkjun sem átti að sjá um orkusöluna.

Þarna voru hinir íslensku verktakar að selja þekkingu sem þeir voru búnir að selja öðrum, þ.e. Landsvirkjun. Á þessu þarf að taka og ætti að taka í því frv. sem hér liggur fyrir, þ.e. að eins og Landsvirkjun var heimilt að selja þekkingu sína þá væri tekið á því að þeim sem gerðust verktakar fyrir Landsvirkjun í tilteknum viðfangsefnum væri óheimilt að selja ráðgjöf byggða á þeirri þekkingu til annarra, þ.e. að ekki yrði samið við slíka aðila.

Þá er mjög áhugavert í þessu frv. þar sem rætt er um framlög stofnaðila og hvernig með skuli fara eins og gert er t.d. á bls. 4 í almennum athugasemdum og miklu nánar í skýringu við 2. gr. Þar er með málið þannig farið að lagt er til að greiða beri eigendum Landsvirkjunar arð af öllum framlögum sem þeir hafa lagt og munu leggja Landsvirkjun til, óháð hvernig þeir leggja Landsvirkjun til umræddar eignir. Þar er gert ráð fyrir því að arð skuli greiða af endurmetnum eigendaframlögum og þá í fyrsta sinn miðað við 31. des. 1995. Þar er talið að þessi framlög, endurmetin eigendaframlög, nemi 14 milljörðum kr. á móti eigin fé Landsvirkjunar sem nam þá 25,7 millj. kr., þ.e. af þessum endurmetnu eigendaframlögum að fjárhæð 14 milljörðum kr. á að greiða eigendum arð sem reiknast skal á hverju ári 5,5% en síðan tekur ársfundur eins og ársfundur hlutafélags ákvörðun um hve mikið af þessum reikningsfærða arði eigi að greiða út til eigenda. En það sem er athyglisvert í þessu sambandi er að inni í þessum eigendaframlögum eru reiknuð vatnsréttindi. Hver leggur fram vatnsréttindi? Það er íslenska ríkið sem keypti þessi vatnsréttindi á sínum tíma af Títanfélaginu á vatnasvæði Þjórsár. Þetta er metið sem hluti af eign ríkisins í Landsvirkjun og af því skal greiðast arður. Hvað eru menn hér að gera? Menn eru að taka auðlindaskatt af vatnsréttindum. Menn eru að eignfæra vatnsréttindi sem eign hjá ríkinu og taka síðan arð af þessari eign sem reikna skal 5,5% á ári. Menn eru sem sé að stíga það stórmerkilega skref að innleiða auðlindaskattshugtakið inn í orkubúskap landsmanna og eru það engin smátíðindi. Menn reikna sem eign í þessu fyrirtæki vatnsréttindin sem ríkið hefur lagt fram. Menn gera kröfu um að arður skuli greiðast af vatnsréttindum 5,5% á ári af þeirri endurmetnu eign. Menn eru sem sé að innleiða auðlindaskattshugtakið í nýtingu orkulinda, þ.e. inn í nýtingu vatnsréttinda. Þegar svo verður komið, sem væntanlega gerist á þessu ári ef guð lofar, að það verði skorið endanlega úr um vatnsréttindi og dregin mörkin milli einkaaðila og almenningsréttinda, þá liggur fordæmið fyrir: Greiða skal 5,5% arð á ári fyrir að nýta réttindi í eigu almennings til virkjunar vatnsfalla. Fer nú að þrengjast um þá sem enn reyna að verjast því að sömu reglur verði teknar upp hvað varðar nýtingu á hinni meginauðlind þjóðarinnar, fiskimiðunum, þegar búið er að setja í lög á Íslandi að nýtingarrétturinn á vatnsréttindum skuli eignfærast hjá þeim fyrirtækjum í opinberri eigu sem hafa fengið slík réttindi og síðan skuli ríkið fyrir hönd almennings í landinu gera kröfu um arðgreiðslu af þeim sem nýta þessi réttindi. Það er verið að innleiða þetta viðhorf í hverri löggjöfinni á fætur annarri. Það var innleitt hvað varðar útboð takmarkaðra tollkvóta samkvæmt GATT að fyrir slík réttindi sem ekki er hægt að veita öllum landsmönnum og ríkið ráðstafar og skammtar, skuli greiða gjöld. Það er verið að leiða þessa sömu hugsun í lög um fjarskipti og póstþjónustu sem hæstv. samgrh. kynnti hér á Alþingi fyrir skömmu. Þar var gert ráð fyrir því að þegar eigi að úthluta takmörkuðum réttindum af hálfu framkvæmdarvaldsins til aðgangs t.d. að sjónvarpsrásum sem eru takmörkuð réttindi og ekki allir geta fengið en gefa tækifæri til þess að hagnast umtalsvert á nýtingu réttinda sem almannavaldið skammtar, þá skuli fyrir það koma gjald. Nú er verið að innleiða í þessum lögum þá stórmerku nýjung að meta skuli til verðs vatnsréttindi sem ríkið leggur fram jafnvel til fyrirtækja sem ríkið sjálft á meiri hlutann í og að það skuli vera gerð krafa til þess að fyrirtækið greiði 5,5% arð til eigenda sinna, íslensku þjóðarinnar, fyrir nýtingu á þessum réttindum. Stöðugt er því að styrkjast staða þeirra sem vilja og hafa fært rök fyrir því að þjóðin eigi að njóta arðs af sameign sem ráðstafað er til einstaklinga í skömmtunarkerfi eins og t.d. ríkir í kvótakerfinu til sjávarins og eins og ríkir í því kerfi sem við notum til úthlutunar á takmörkuðum virkjunarréttindum. Þetta er stórmerkilegt nýmæli og mjög ánægjulegt.

Hins vegar væri ef til vill eðlilegara að takast á við málið eins og við nokkrir þingmenn lögðum til í fyrra, m.a. vegna

þeirra skipulagsbreytinga sem eiga eftir að verða í orkumálum þar sem mun verða, eins og hv. þm. Svavar Gestsson ræddi um, opnun fyrir fjölbreyttari eignaraðild að orkugeiranum en á sér stað í dag, þ.e. fleiri aðilar, fjölbreyttari eignaraðilar munu öðlast rétt til að ganga inn í orkugeirann og nýta orkulindir Íslands en bara fyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaga. (**Iðnrh.:** Er talað um útlendinga?) Ja, það veit væntanlega hæstv. ráðherra betur en ég (**Iðnrh.:** Ég hef ekki lesið þetta.) vegna þess að hæstv. ráðherra er væntanlega að undirbúa hvernig eigi að bregðast við tilskipun Evrópusambandsins á Íslandi. Hann ætti frekar að geta svarað þeirri spurningu en ég hvort gert er ráð fyrir því að útlendingar gætu átt þar aðild að. En ég bendi honum á það sem hann auðvitað veit, að nú þegar hafa útlendingar rétt til að festa fé í íslenskum orkufyrirtækjum. Það eru væntanlega engin stórtíðindi í hans huga. En hv. þm. Svavar Gestsson bendir á það og leggur það til að opna skuli allan orkugeirann fyrir fjölbreyttari eignaraðild, þ.e. að fleiri aðilar gætu komið að því verki en Landsvirkjun, Rarik, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Hitaveita Reykjavíkur, Orkubú Suðurnesja og hvað það nú heitir. Þá er mjög eðlilegt að ríkið, sem heldur áfram að skammta á einhvern hátt aðgang að þessari auðlind, ef til vill með lagasetningu frá Alþingi í hverju tilviki, geri þá kröfu til þessara aðila sem fá þá heimild ríkisins til að nýta réttindi í almannaeigu, að þau greiði gjald fyrir, að þessi fyrirtæki greiði beinlínis gjald fyrir nýtingarréttinn hvort sem um er að ræða jarðgufuvirkjanir eða vatnsaflsvirkjanir og að sú greiðsla renni til almannasjóða. Auðvitað verða menn að bregðast svo við því að það er ekkert víst að ríkið eigi beina eignaraðild að slíkum fyrirtækjum og geti sótt sér arðgreiðslur af sameiginlegum auðlindum eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þ.e. að ríkinu séu færð til eignar þessi vatnsréttindi og síðan sé gerð arðgreiðslukrafa af þeim. Því þegar fleiri aðilar koma inn á þennan markað, eins og hv. þm. Svavar Gestsson ræðir um í bók sinni, þegar allur orkugeirinn verður opnaður fyrir fjölbreyttari eignaraðild, þá er það náttúrlega eðlilegasti mótleikur ríkisins að gera ráð fyrir því að allir þessir fjölbreyttu eignaraðilar þurfi að greiða gjald til almannasjóða fyrir nýtingu almannaeignar.

Herra forseti. Ég tel að menn ættu að undirbúa sig undir að stíga það skref til fulls sem stigið er til hálfs í þessu frv. og bendi á að það er líklegt að menn þurfi jafnvel að skoða rekstrarform Landsvirkjunar, að minnsta kosti viðfangsefni Landsvirkjunar, innan mjög skamms tíma, þ.e. þegar menn þurfa að taka tillit til nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins í orkumálum þar sem meðal annars verður áskilið að greint sé á milli þeirra aðila sem afla rafmagns eða virkjunaraðilans, þess sem flytur rafmagn frá einum smásala til annars og þess sem selur á almennum markaði. Þá strax þurfa menn að velta við því frv. sem hér er verið að afgreiða og að minnsta kosti skilja í milli annars vegar virkjanastarfsemi Landsvirkjunar og hins vegar orkusölu og flutningsstarfsemi Landsvirkjunar, þannig að þarna sé alveg aðskilið. Þegar menn hugleiða það og þar á meðal hvernig menn eiga að koma fyrir t.d. rekstri byggðalína sem eiga að tryggja að jafnt orkuverð geti orðið hvar sem er á landinu á starfssvæði slíkra lína, hver á að greiða þann félagslega kostnað og hvernig á að framkvæma þann jöfnuð, það er mjög eðlilegt að um leið skoði menn aftur hvort ekki sé rétt að stíga skrefið til fulls og gera Landsvirkjun, hvort sem það yrði þá fyrirtæki í tveimur aðskildum rekstrarlegum hlutum eða tvö fyrirtæki, að hlutafélagi.

Það er sagt í aðfaraorðum frv. á bls. 4 að nefndin sem vann þetta samkomulag og lauk störfum í október 1996 hafi lagt til að rekstrarform Landsvirkjunar yrði óbreytt að sinni, en fyrir 1. janúar árið 2004 færi fram athugun á því hvort ástæða væri til að stofna hlutafélag um Landsvirkjun. Mér segir svo hugur að sú athugun fari nú e.t.v. fram fyrr vegna nýrra aðstæðna í skipulagi orkumála. En ég hefði talið ákjósanlegt að kveðið yrði á um þetta í frv. sjálfu þannig að við ákvæði til bráðabirgða í frv. kæmi nýtt ákvæði II þar sem t.d. segði að fyrir árslok árið 2003 skuli stjórn Landsvirkjunar í samráði við eignaraðila hafa lokið undirbúningi að því að breyta Landsvirkjun í hlutafélag og frv. til laga um slíkar breytingar yrði þá lagt fyrir Alþingi í byrjun árs 2004 þannig að málið gæti hlotið afgreiðslu Alþingis fyrir lok þess árs. Fyrst viljayfirlýsingin liggur fyrir í aðfaraorðum frv. þá er ekkert óeðlilegt að sú viljayfirlýsing sé gerð ákveðin með því að setja hana í ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. þannig að það liggi fyrir að áður en sá frestur rennur út sem rætt er um í aðfaraorðunum — en hann rennur út fyrir 1. jan. 2004 — gefist Alþingi kostur á að fjalla um þessa breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar og eignaraðilar geri sér það ljóst að fyrir þann tíma verði þeir að hafa náð samkomulagi um útfærslu á því og að leggja þá útfærslu fyrir Alþingi, sem síðan að sjálfsögðu er ekkert bundið því hvort það samþykki þá breytingu eða ekki. En Alþingi fær þó að minnsta kosti að fjalla um málið á þeim tíma sem tiltekinn er.

Í fylgiskjölum með frv. kemur m.a. fram allviðamikið álit J.P. Morgans um breytingu á rekstrarformi og hvað slík breyting mundi hafa í för með sér til að breyta rekstrarumhverfi Landsvirkjunar, þar á meðal möguleikum Landsvirkjunar til að lána og á ávöxtunarkröfum sem gerðar yrðu til Landsvirkjunar. Þar er sagt, sem út af fyrir sig er engin frétt, að í öllum tilvikum er auðveldara að fá lán hvort heldur er erlendis eða innan lands á hagstæðum kjörum ef um fyrirtæki er að ræða sem nýtur ríkisábyrgðar en það er bara ekkert sem á við Landsvirkjun sérstaklega. Það á við öll fyrirtæki á Íslandi. Og ef menn væru að hugsa um hagsmuni fyrirtækjanna per se án þess að líta á hagsmuni þjóðarheildarinnar, þá yrði niðurstaðan eflaust sú að hagkvæmast yrði að öll fyrirtæki á Íslandi yrðu rekin meira eða minna með ríkisábyrgð vegna þess að þá fengju þau hagstæðustu lánskjörin. En ég held að menn hljóti að sjá að þegar það væri skoðað frá sjónarmiði skattborgara og þjóðfélagsins í heild væri það ekki það æskilegasta að fyrirtæki á Íslandi færu í vaxandi mæli yfir í ríkisábyrgð og er nú nóg að um eða yfir 70% af öllu fjármálakerfi þjóðarinnar sé rekið á ábyrgð skattborgara. Sú breyting sem gera þarf og rætt hefur verið um að gera eigi á Landsvirkjun og öðrum ríkisfyrirtækjum hlýtur að kalla á að einhverjar breytingar verði á þessum þætti í rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Það verður þá bætt upp af öðrum atriðum.

Það kemur fram hjá J.P. Morgan að Landsvirkjun sé það öflugt fyrirtæki að þó að ríkisábyrgð væri aflétt og fyrirtækið gert að hlutafélagi yrði lánshæfiseinkunn fyrirtækisins samt sem áður því sem næst hin sama og hún er í dag, þ.e. lánshæfi fyrirtækisins yrði þá metið A til A í staðinn fyrir A eins og íslenska ríkisins, og að kostnaðurinn, ef ég man rétt, eða breytingin á ávöxtunarkjörum eða ávöxtunarkröfu í garð slíks fyrirtækis eftirnákvæmlega breytinguna næmi aðeins um 0,03%. Þannig að óhagkvæmnin vegna lánsfjáröflunar og vaxtakröfu af lánum af því að breyta fyrirtækinu úr opinberu fyrirtæki eða fyrirtæki í opinberri eigu, sem rekið er meira og minna á ríkisábyrgð, og yfir í hlutafélag er ekki svo mikil.

Óhagræðið er ekki svo mikið en tvímælalaust yrði hagræði af þeirri breytingu fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækisins og fyrir almennan rekstur þess.

Það kemur líka fram hjá J.P. Morgan á bls. 13 í greinargerð með frv. að hann sé þeirrar skoðunar að óbreytt rekstrarform og hlutverk Landsvirkjunar, sem fyrirtækis sem hefur með höndum bæði framleiðslu og flutning raforku, tryggi því greiðastan aðgang að fjármálamörkuðum og þar með lægstan fjármagnskostnað. En það er alveg ljóst, eins og ég sagði áðan, að það rekur að því og það fyrr en seinna að Landsvirkjun mun ekki geta gegnt þessu tvíþætta hlutverki, þ.e. annast í senn bæði framleiðslu og flutning raforku því það brýtur í bága við tilskipun Evrópusambandsins sem íslenskur orkubúskapur verður að aðlagast. Þá er líka fallin brott sú ábending J.P. Morgans að þetta rekstrarform sem er í dag tryggi Landsvirkjun lægri fjármagnskostnað og betri aðgang að fjármagnsmörkuðum en ef fyrirtækinu yrði breytt í hlutafélag, því að það er augljóst, og menn verða að horfast í augu við þá staðreynd, að þessi samrekstur á orkuvinnslunni og dreifingunni verður ekki til frambúðar. Ég vil því hvetja til þess að í þeirri nefnd, sem ég á raunar sæti í, sem fær frv. til skoðunar verði hert á ákvæðunum í samkomulagi eignaraðila um endurskoðun á rekstrarformi eigi síðar en í ársbyrjun 2004 þannig að ákvæði þar um kæmu inn í bráðabirgðaákvæði frv. sem stefna löggjafans.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi rætt þýðingarmestu atriði þessa frv. Auðvitað koma ýmis framkvæmdaratriði til skoðunar sem menn þurfa að setjast yfir en ég held að menn séu sammála um meginatriðin í þeirri breytingu sem hér er verið að gera enda er sú breyting óhjákvæmileg m.a. vegna þeirra samninga sem við höfum undirritað sem hluta af okkar EES-skuldbindingum og raunar kalla þær skuldbindingar á miklu meiri breytingar á starfsháttum Landsvirkjunar og skipulagi orkumála en verið er að gera. Þess vegna ætti þetta frv. væntanlega að eiga greiða leið í gegnum Alþingi þar sem mikil samstaða er um meginefni þess.

[16:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að óska hv. þm. til hamingju með að hafa verið kjörinn formaður Alþfl. og tel að það hljóti kannski að einhverju leyti að vera skýringin á því að hann hafi ekki fylgst sem skyldi með umræðunum um þetta mál að undanförnu. Það er talsvert mikill ágreiningur um það og hann er pólitískur. Ég væni hv. þm. ekki um að gera það lítið úr samherjum sínum í stjórnarandstöðunni að hann hafi ekki orðið var við þann málflutning og þær aðvaranir sem uppi eru af okkar hálfu en einnig af hálfu fjölmargra þingmanna stjórnarflokkanna. Það er því augljóst að málið þarfnast verulegrar umræðu.

Ég tel t.d. að hér sé ekki markvisst stefnt að því að breyta þessu fyrirtæki. Ég tel að ekki sé tekið á aðalvandamálum Landsvirkjunar í frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel að mikið meira þurfi að koma til og ég heyri á hv. þm. að hann er tilbúinn til að vinna að því að breyta þessu samkomulagi í hv. iðnn. og ég mun leggja mig fram um það að stuðla að sem víðtækustu samkomulagi.

Ég tel að ekki sé verið að opna orkugeirann fyrir fjölbreyttri eignaraðild með þessu frv. Ég tel að þvert á móti sé verið að frysta hlutina eins og þeir eru þó nokkuð fram á næstu öld. Þannig tel ég málið liggja og ég er viss um að hv. þm. sannfærist um það um leið og hann lítur aðeins betur á málið.

Jafnframt vil ég þakka honum sérstaklega fyrir að auglýsa bók mína, Sjónarrönd, aftur og aftur í þessum ræðustól en önnur prentun er nú senn á þrotum.

[16:39]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vel vissi ég það að ágreiningur hefur verið uppi um ýmis mál, eins og um að stjórn Landsvirkjunar hafi ekki verið höfð með í ráðum og menn þar í stjórninni, þar á meðal hv. þm., hafi ekki verið hafðir með í ráðum um þær breytingar sem var verið að gera. Menn hafa líka deilt um hvort t.d. Alþingi bæri að kjósa í stjórn þessara fyrirtækja, þ.e. ríkisfulltrúana eða hvort þeir eigi að vera skipaðir af iðnrh. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir og ýmislegt fleira. En ég tel þetta ekki vera meginatriði málsins. Ég er alveg jafntilbúinn til að styðja það t.d. að Alþingi kjósi þessa stjórnarmenn eins og iðnrh. skipi þá og ég get fúslega viðurkennt að það hafi kannski verið betra að hafa hv. þm. Svavar Gestsson og aðra stjórnarmenn í Landsvirkjun með í þeirri vinnu sem fram fór. En ég verð að segja eins og er að ég tek mark á því þegar fulltrúar allra flokka, t.d. í borgarstjórn Reykjavíkur, þ.e. allra meirihlutaflokkanna sem hafa tjáð sig, frá forseta borgarstjórnar og til allra þeirra aðila sem um málið hafa fjallað, þegar þeir lýsa yfir samstöðu um afgreiðslu. Ég tek mark á því þegar allir flokkar í bæjarstjórn Akureyrar gera hið sama. Og ég tek líka fullt mark á því sem segir í þeirri ágætu bók sem ég er að lýsa, Sjónarrönd, sem ég vitnaði til áðan. Ég er sannfærður um að hv. þm. meinar það sem hann segir þar og ég tek auðvitað orð hans eins og þau eru skrifuð og nota þetta tækifæri til að lýsa mig hjartanlega sammála því meginefni sem þar kemur fram sem að mínu viti er í fullu samræmi við þær breytingar sem hæstv. iðnrh. er að gera þó ég vildi gjarnan sjá þær breytingar ganga svolítið lengra.

[16:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að stjórnarspursmálin í sambandi við þetta frv. eru aukaatriði, enda hef ég aldrei einu orði tjáð mig um það mál en mun hins vegar gera grein fyrir þeim sjónarmiðum á eftir.

Aðalgallinn við málið finnst mér vera sá, eins og það er sett upp, að þar er lögð höfuðáhersla á að eignaraðilar, eins og þeir eru kallaðir, fái útborgaðan arð. Það sem ég óttast er að það komi niður á hinum almennu orkunotendum í landinu og skapi þar með ófrið um Landsvirkjun. Það er það sem ég hef áhyggjur af, hæstv. forseti.

[16:42]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrlega mjög eðlilegt að eigendur fyrirtækja hvort sem þeir eru í opinberum rekstri eða einkarekstri geri kröfu um að eigandinn fái einhvern arð af rekstrinum hvernig svo sem hann er fenginn. Ég held að allir flokkar þingsins hafi komið að slíkum málum. Við gerðum á sínum tíma, þegar ég var formaður fjárveitinganefndar í ágætri ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, kröfu um að Póstur og sími greiddi arð til ríkisins. Um það var full samstaða okkar allra sem studdum þá ríkisstjórn þó svo við vissum að sú krafa gæti orðið til þess að Póstur og sími þyrfti ef til vill að hækka gjaldskrá sína. En það varð samt ekki til þess að við hyrfum frá þeirri kröfu og slík krafa um arðgreiðslur ríkisfyrirtækja hefur verið rauði þráðurinn í ríkisbúskapnum allar götur síðan. Ég veit ekki til að nokkur stjórnmálaflokkanna sem hefur átt sæti í Stjórnarráðinu frá

þeim tíma að sú krafa var innleidd hafi beitt sér fyrir því að fella arðgreiðslukröfuna niður.

[16:43]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir alltaf gaman þegar vinir mínir gleðjast en mér þykir jafnsárt þegar þeir vaða í villu. Og þannig held ég að sé komið fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þegar hann telur að verið sé að innleiða auðlindaskatt.

Ef Títanfélagið ætti enn þá vatnsréttindin í Þjórsá og hefði lagt þau sem verðmæti inn í orkufyrirtæki, Landsvirkjun eða eitthvert annað fyrirtæki, og ætti að fá greiddan út arð samkvæmt því upp á 5,5% þá væri það arður sem væntanlega yrði skattlagður með 10% fjármagnstekjuskatti. En það væri ekki auðlindaskattur frekar en ríkið fengi arð af sömu eign sem Títanfélagið hefði fengið arðinn af.

Mig langar til þess að spyrja hv. þm. Sighvat Björgvinsson þar sem hann gerir athugasemdir við þær tillögur sem eru í frv. um hvernig bæri að skipa í stjórnina og honum fannst ekki eðlilegt að ríkið eða þá sveitarfélögin sameiginlega gætu haft neitunarvald með því að fella tillögur að jöfnu væntanlega. Fyndist honum eðlilegt að sá aðilinn, sem ætti jafnmikið, 50%, í fyrirtækinu og ríkið að sveitarfélögin hefðu fleiri atkvæði, réðu meiru í fyrirtækinu heldur en ríkið gæti ráðið. Finnst honum eðlilegt að minnihlutaaðili hafi meiri hluta atkvæða í fyrirtæki eða er hann að gera tillögu um einhverja aðra skipan að eignaraðildinni?

[16:45]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað síðara atriðið varðaði í spurningum hv. þm. þá vakti ég einfaldlega athygli á því að þessi skipan mála væri öðruvísi en gerist og gengur í því rekstrarumhverfi hlutafélaga sem verið er að búa þessu fyrirtæki þó skrefið sé ekki stigið alla leið. Ég spurði hæstv. iðnrh. einfaldlega þeirrar spurningar hver væru hans viðhorf til þess framgangsmáta að eignaraðilar gætu í raun beitt neitunarvaldi gagnvart ákvörðunum, þ.e. að stjórnin væri þess ekki bær að skera úr með venjulegri atkvæðagreiðslu eins og stjórn hlutafélags gæti gert um slík mál því það er alveg ljóst að ef um hlutafélagavæðingu væri að ræða þá mundi þessi staða tæpast koma upp. Ég spurði hæstv. ráðherra að því og gerði ekki aðrar athugasemdir en það.

Um fyrra atriðið í hans málflutningi liggur það ljóst fyrir að vatnsréttindi, virkjunarréttindi, eru nú eignfærð og gerð krafa um arðgreiðslu af þeim og það er ríkið sem það gerir. Með sama hætti mun ríkið væntanlega gera kröfu um vatnsréttindi vegna Blönduvirkjunar sem munu væntanlega falla í hlut ríkisins að lokinni dómsmeðferð sem nú stendur yfir. Og það sem ég sagði var einfaldlega þetta:

Ríkið hefur markað þessa stefnu hvað varðar nýtingu vatnsréttinda í fyrirtækjum sem ríkið á hlutdeild að: Að eignfæra það framlag sitt og krefjast arðgreiðslu fyrir. Þá er eðlilegt þegar þær breytingar verða gerðar sem fyrir dyrum standa og í skipulagi orkumála að ríkið marki þá almennu stefnu að hver sá sem fær réttindi til að virkja vatn þar sem ríkið á vatnsréttindi og virkjunarréttindi skuli greiða fyrir það greiðslur í sameiginlega sjóði. Það heitir auðlindaskattur.

[16:47]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt á svari hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að hann gerir ekki greinarmun á arði og skatti.

[16:47]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar um er að ræða í þessu tilviki útgreiðslu úr fyrirtæki sem ríkið á fyrir nýtingu réttinda þá heitir það arðgreiðsla, 5,5% af eignfærðum réttindum vegna nýtingar vatnsréttinda. Þegar slíkt er greitt af fyrirtæki sem ríkið á ekki en nýtir sömu verðmæti þá er það ekki arðgreiðsla til ríkisins heldur auðlindaskattur eða gjald fyrir nýtingarrétt, eða hvaða heiti sem hv. þm. velur á því. En það breytir ekki því að menn eru að fara að taka gjald fyrir nýtingarréttindi af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar í orkubúskap landsmanna. Menn eru að fara að innleiða það með atkvæði hv. þm. sem hér var að tala og ég óska honum til hamingju með sinnaskiptin og vona að þau nái til hinnar auðlindarinnar líka fyrr en seinna.

[16:49]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýddi með athygli á ræðu hv. 4. þm. Vestf., Sighvats Björgvinssonar, og það ber auðvitað að fagna því þegar forustumenn í stjórnarandstöðunni leggjast á sveif með frumvörpum ríkisstjórnarinnar. En það var þrennt sem vakti sérstaka athygli mína.

Í fyrsta lagi voru yfirlýsingar hans um hina miklu samstöðu, sérstaklega væntanlega hjá borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík, um þetta mál sem hefur auðvitað vakið athygli og svo hins vegar tilvitnanir hans í pólitískar kenningar hv. þm. Svavars Gestssonar sem mér fannst svona jaðra við það að vera hálfger ógnun vegna þeirra staðreynda sem lúta að afstöðu þess hv. þm.

Í annan stað er það tal hv. þm. um auðlindaskatt sem er náttúrlega alveg út úr kortinu og er ekki raunveruleiki.

Í þriðja lagi var umræða hv. þm. um arðgreiðslurnar. Ég vil spyrja hv. 4. þm. Vestf. hvort hann telji eðlilegt að greiða nánast óháð öllu 5,5% arð af því eigin fé sem er upp reiknað samkvæmt samkomulagi eignaraðilanna, hvort það sé eðlilegt út frá sjónarhorni orkukaupenda á Vestfjörðum að greiða 5,5% arð til eigendanna. Það er grundvallaratriði í þessari umræðu.

[16:51]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú finnst mér ástæða til þess að ég bæti einni spurningu við og spurningin er þessi: Er þetta ekki stjfrv.? Veit hæstv. iðnrh. eða hefur hann fengið að vita að einhverjir tilteknir þingmenn, kannski í báðum stjórnarflokkunum, kannski bara í öðrum stjórnarflokknum, geri athugasemdir af þessu tagi við það samkomulag sem hann hefur gert við tvö sveitarfélög? Liggur það ekki alveg fyrir að hér sé um stjfrv. að ræða? (**Iðnrh.:** Jú, jú.) Og liggur það ekki fyrir að það hefur stuðning stjórnarþingmanna? (**Iðnrh.:** Jú, jú.) (**EgJ:** Það þarf nú ekki endilega að vera.) Það er nú akkúrat það. Kemur nú Sjálfstfl. eina ferðina enn með tvær skoðanir. Það gat nú verið. (**EgJ:** Ég sagði að það þyrfti ekki endilega að vera.) Ég held að það ætti nú bara að fara að leggja auðlindaskatt á þennan tvískinnung Sjálfstfl. Það yrði góð tekjulind fyrir ríkissjóð (Gripið fram í.) vegna þess að það er varla nokkurt meiri háttar mál sem þessi „ágæta ríkisstjórn" leggur fram þar sem sjálfstæðismenn hafa ekki a.m.k. tvær skoðanir og í mjög mörgum efnum kemur það ekki fram við ráðherra samstarfsflokksins fyrr en í 1. umr. um málið eftir að þeir hafa lagt það fram hér á Alþingi í góðri trú. Það yrðu því miklar tekjur af þeim auðlindaskatti sem lagður yrði á tvískinnungsháttinn.

En auðvitað er það alveg ljóst, herra forseti, að þeir hv. þm. sem greiða atkvæði með því samkomulagi sem hér er verið að gera, eru að greiða atkvæði með því að af virkjunar- og vatnsréttindum í eigu ríkisins skuli greiða arð til þjóðarinnar. Það er ekki gert ráð fyrir því að arðgreiðslan sé 5,5%, heldur að menn taki ákvörðun um það á hverjum ársfundi eins og í hlutafélagi og einungis er gert ráð fyrir því að hluti þessa reiknaða arðs geti komið til útborgunar á næstu árum. Og ég spyr aftur, virðulegi forseti: Hver er afstaða varaformanns fjárln. til arðkröfu gagnvart Pósti og síma? Póstur og sími gæti notað það sem hann er látinn greiða til þess að jafna símkostnað landsmanna. Er þá varaformaður fjárln. reiðubúinn til þess að hverfa frá greiðslukröfu arðs á hendur Pósti og síma gegn því að Póstur og sími lýsi því yfir að hann muni nota arðgreiðslufé til þess að jafna símkostnað landsmanna?

[16:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Vestf. reyndi með öllum ráðum að snúa sér undan því að svara þeirri spurningu sem ég lagði fyrir hann, þ.e. hvort hann telji eðlilegt að greiða 5,5% arð. Það finnst mér að skipti mjög miklu máli.

Hins vegar eru orðræður hv. þm. um afstöðu einstakra þingmanna til mála. Það er þannig, held ég, að við erum hér á Alþingi til þess að fjalla um mál. Afstaða okkar á að koma hér fram. Við erum ekki múlbundin, hvorki í einu né neinu máli, við eigum að taka afstöðu á grundvelli eigin sannfæringar. Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé að reyna að ná niðurstöðu um skynsamlegar leiðir til þess að reka orkufyrirtæki okkar landsmanna.

Varðandi afstöðu mína til arðgreiðslu Pósts og síma þá er það kannski einfaldara vegna þess að ríkið á það fyrirtæki eitt. Ég hef ekki sýnt neina andstöðu við að það sé greiddur arður af því fyrirtæki og ég tel einnig að það sé eðlilegt, hv. 4. þm. Vestf., að það sé greiddur arður hjá Landsvirkjun. Ég tel það eðlilegt. En það verður að taka um það ákvörðun e.t.v. á öðrum forsendum en það samkomulag sem eigendur Landsvirkjunar hafa gert sín á milli. Um það snýst málið.

[16:55]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það læddist að mér sú hugsun áðan þegar hv. þm. var að tala hvort það gæti virkilega verið að afstaða þessa sjálfstæðismanns væri sú að það væri í lagi að greiða arð ef ríkið ætti fyrirtæki aleitt. Þeim mun minna sem ríkið ætti í því, þeim mun óeðlilegra væri að arðs yrði krafist af rekstri viðkomandi fyrirtækis. Til allrar hamingju leiðrétti hann sig í lokin og sagði að ekkert væri óeðlilegt að krefjast arðgreiðslu af Landsvirkjun. Ég er honum sammála um það. Það er ekkert óeðlilegt. Það er eðlilegra að krefjast greiðslu arðs af fyrirtæki eins og Landsvirkjun en af þjónustufyrirtæki eins og Pósti og síma, það er miklu eðlilegra. Og ef ég ætti að velja á milli hvort væri betra fyrir kjósendur mína og hv. þm. á Vesturlandi og Vestfjörðum, að greiða ekki arð af þjónustu Landsvirkjunar eða vera ekki krafðir um arð af þjónustu Pósts og síma, þá er ég þeirrar skoðunar að það síðarnefnda væri betra.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Fasteignir sem ríkisbankar hafa leyst til sín, 185. mál, fsp. ISigm, þskj. 206.

Mengunarvarnareglugerð, 188. mál, fsp. HG, þskj. 209.

[16:57]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að víkja aðeins að þeim ræðum sem hér hafa síðast verið haldnar, þ.e. fyrst ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og síðan ræðu hæstv. iðnrh. en síðar mun ég víkja aðeins að almennum atriðum þessa frv. og almennri stöðu mála og almennri stöðu Landsvirkjunar sérstaklega.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér fannst ekki koma fram hjá hv. 4. þm. Vestf. mikill skilningur á þeim vanda sem ég tel að Landsvirkjun og orkuiðnaðurinn á Íslandi sé í. Sá vandi stafar m.a. af því að í seinni tíð og síðustu mánuðum og missirum hafa menn í vaxandi mæli sett spurningarmerki við það sem kalla má hugmyndaleg grundvallaratriði fyrir rekstri Landsvirkjunar. Hvað er það? Það er verðjöfnun og sátt með öllum landsmönnum. Og mér fannst hv. þm. gera allt of mikið úr því að hér væri verið að breyta rekstri þessa fyrirtækis í grundvallaratriðum. Í raun og veru er ekki um það að ræða. Þvert á móti má halda því fram að það sé verið að taka ákvörðun um að hafa reksturinn að nokkru leyti, þýðingarmiklu leyti, fyrir utan arðgreiðslurnar óbreyttan um nokkurra ára skeið. Ég tel að ekki sé hægt að halda því fram að í þessu frv. séu menn að opna orkugeirann fyrir fjölbreyttri eignaraðild til frambúðar.

Ég held hins vegar, hæstv. forseti, að fari svo að frv. fari óbreytt í gegn, fari svo að menn haldi áfram að hrista undirstöðurnar undir raforkumálum á Íslandi með þeim hætti sem menn eru að gera núna með því að tefla verðjöfnuninni í tvísýnu, þá geti farið svo að menn telji óhjákvæmilegt ekki aðeins hér heldur líka víðar í landinu að kljúfa orkugeirann á Íslandi í hluta og menn segi sem svo: Við skiptum ekki einasta orkugeiranum í tvennt eftir framleiðslu annars vegar og dreifingu hins vegar, heldur skiptum við orkugeiranum í landshluta, landshlutaveitur og landshlutaframleiðslufyrirtæki. Og ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég tel að málið liggi þannig að núna verði Alþingi og hv. iðnn. að taka afstöðu til þess hvort það á að gerast að landshlutarnir telji sig nauðbeygða til þess að segja: Við stofnum hér okkar eigið orkuframleiðslufyrirtæki af því að verðjöfnunin sem Landsvirkjun byggðist á heldur ekki.

Ég sé hér ekki fjarri mér hv. þm. Egil Jónsson. Ég bendi á að t.d. á Austurlandi hafa menn verið að tala um gríðarlega miklar virkjanir. Halda menn að það muni ganga að sá landshluti sem við erum stödd á lækki hjá sér orkuverð en aðrir landshlutar framleiði handa okkur orku sem er seld á sama verði en viðkomandi landshluti njóti einskis í því? Ætlar jafnaðarmannaflokkur Íslands að ganga gegn verðjöfnunarstefnu á raforku? Ég trúi því ekki að það sé svo. En það er það sem ríkisstjórn Framsfl. í orkumálum er að gera og ég segi Framsfl. af því að ég er sannfærður um að það eru aðallega þeir framsóknarmenn sem beita sér í þessu máli eins og mér sýnist staðan vera. Við jafnaðarmenn erum ekki á móti verðjöfnun, við erum með verðjöfnun eins og fram kemur í bókinni Sjónarrönd sem áður var vitnað í.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt, hæstv. forseti, að svara hæstv. iðnrh. áður en ég kem að meginmáli mínu nokkrum orðum. Hann sagði: Þetta er að frumkvæði Reykjavíkur og Akureyrar. Ráðherrann nefnir þetta vegna þess að hann er að skjóta sér á bak við það og hann veit að ég er afar traustur stuðningsmaður meiri hlutans í Reykjavíkurborg og hæstv. ráðherra er að vona að þessi orð hans verði til þess að veikja málflutning minn. Þetta er málefnalegt innlegg hans í

umræðuna. Það er ekki mjög drengilegt og ekki mikið ris á því, hæstv. forseti.

Veruleikinn er auðvitað sá að auðvitað hlutu Reykjavík og Akureyri að óska eftir skoðun á eignarhlut sínum og hvernig mætti tryggja arð af honum. Auðvitað hlutu þessir aðilar að gera það. Það er ekki þar með sagt að niðurstaðan hafi átt að vera nákvæmlega sú sem hér liggur fyrir og mér sýnist vera aðallega skrifuð niður af ráðherra Framsfl.

Hæstv. ráðherra sagði að ekki verði annað ráðið af umræðunni en víðtækt pólitískt samkomulag sé um málið. Það eru veruleg spurningarmerki við þetta mál. Af hverju er ráðherrann að blekkja sig í þessu máli? Til hvers er hann að því? Af hverju er hann að reyna að gera lítið úr þeim sem gagnrýna þetta mál á málefnalegum forsendum? Af hverju spyr hann menn spurningar eins og þeirrar: Í umboði hvers eru slíkir þingmenn að tala? Þingmenn tala í umboði samvisku sinnar, hæstv. ráðherra. Það ættu allir þingmenn að vita.

Hæstv. ráðherra lagði á það megináherslu sem fyrsta atriðið í skjalinu að um væri að ræða 3% verðlækkun eftir aldamót sem höfuðatriði og fremsta atriðið. Slík uppsetning mála er, með leyfi forseta fölsun af því að fyrsta atriðið í þessu samkomulagi eins og það liggur fyrir eru arðgreiðslur til eignaraðila. Svo kemur hitt. Það liggur fyrir, hæstv. forseti, í öllum skjölum málsins að sveigjanleikinn er aðallega í verðinu. Ég fékk upplýsingar frá Landsvirkjun í dag um hvaða munur er á því hvort verðið lækkar um 2% frá aldamótum eða 3%. Það er gríðarlegur munur á því í verðinu sjálfu hvenær það fer að skila sér niður á það stig sem má kalla eðlilegt og auðvitað munar það gríðarlega miklu líka að því er varðar skuldsetningu fyrirtækisins. Það er því augljóst mál, hæstv. forseti, að þegar hæstv. ráðherra dregur þessa 3% verðlækkun fram er hann að reyna að gefa aðra mynd af málinu en raunverulega er. Hann er að reyna að selja málið á fölskum forsendum.

Hver er veruleikinn í þessu efni, t.d. ef við skoðum þetta tímabil sem er um að ræða til ársins 2010? Hann er sá að ef farin er 2% raunlækkunarleiðin er verðið á kwst. um 2,30 kr. í lok tímabilsins en 2 kr. ef farin er 3% verðlækkunarleiðin. Það er geysilegur munur á þessu tvennu. Það er líka ljóst að ef farin er sú leið sem gert er ráð fyrir í hugmyndum eignaraðilanna að miðað er við að skuldin í lok tímabilsins verði 17,5 milljarðar, en ef farin er 2% leiðin er það 14,4 milljarðar. Þetta er aldrei sagt. Það er aldrei sagt að með því að fara þá leið sem hæstv. ráðherra er að tala um eru menn líka að taka ákvörðun um það að skuldirnar geti orðið hærri en ella.

Hæstv. ráðherra leggur á það áherslu í máli sínu að þessar spár byggi allar á ýmsum forsendum sem hann rakti eftir manni sem heitir í þessum íslenska ræðustól „Djei Pí" Morgan en ég hélt að héti J.P. Morgan og samkvæmt því er gert ráð fyrir því að verðið á tonni á áli sé 1.750 dollarar. Hvaða fréttir eru að koma núna um þau efni? Hvaða fréttir birtast í dag í Financial Times um verð á áli? Það eru fréttir um að verðhrun kunni að verða á áli innan fjögurra ára þegar aukin álframleiðsla þrýstir verðinu niður. Í fréttum Ríkisútvarpsins í hádeginu í dag segir svo, með leyfi forseta:

„Í fjármálaviðskiptablaðinu Financial Times er bent á að gangi allar fyrirætlanir um nýjar álbræðslur eftir megi búast við miklu verðhruni á áli á heimsmarkaðnum um aldamótin."

Nú er ég ekki, hæstv. forseti, að segja að þetta verði svona. En ég er að segja: Mér finnst ekki heiðarlegt gagnvart Alþingi á sama tíma og svona fréttir birtast í Financial Times og er sagt frá í öllum fréttum útvarpsstöðvanna á Íslandi í dag að þess skuli ekki getið. Hér er greinilega um að ræða kaflaskil í þessum málum og menn hljóta að velta því fyrir sér hvort skynsamlegt sé að hafa öll eggin í sömu körfunni og miða verðlag á orku eingöngu við heimsmarkaðsverð á áli. Ég segi þess vegna, hæstv. forseti: Mér fannst málflutningur hæstv. iðnrh. ekki vera þannig að hann vildi ná þessu máli í samkomulagi í gegnum þingið. Mér fannst hann vera að reyna að storka, bæði með persónulegum skotum og almennum pólitískum skotum af ýmsu tagi. Það er mjög sérkennilegt ef ráðherrar vilja endilega efna til illinda um mál sem þeir flytja inn í þessa stofnun. Þá er ég ekki að tala um þá gagnrýni sem hann hefur uppi á mig heldur einnig á gagnrýni samstarfsmanna hans sem ég hélt að styddu núverandi ríkisstjórn. Það er sérkennilegt að hann skuli beita sér gegn einstökum þingmönnum stjórnarflokkanna með þeim hætti sem hann gerði í ræðu sinni áðan.

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að hafa það í huga í þessu máli að mjög miklar breytingar standa yfir og geta orðið á orkumálum í landinu. Við höfum verið að fara yfir breytingar á Orkustofnun. Mjög umdeildar hugmyndir ráðherra voru uppi í þeim efnum en þær hafa verið settar til hliðar og unnið er eftir öðrum leiðum. Það var skipuð mjög fjölmenn orkumálanefnd og engin sátt var um niðurstöðu hennar. Í rauninni skrifaði enginn undir álit nefndarinnar og fyrirvarar voru hjá þeim sem þá skrifuðu undir um svo að segja alla hluti. Í þriðja lagi er greinilegt að Landsvirkjun er að ganga í gegnum talsverð tíðindi, sérstaklega ef það gerist að samningar náist við erlend stórfyrirtæki um stofnun álvera hér á landi. Þá getur það haft í för með sér miklar breytingar að því er varðar Landsvirkjun. Það er t.d. verið að tala um það, herra forseti, að Nesjavallavirkjun verði nýtt í þessu skyni og að um það hafi verið gerð samningsdrög og á þeim forsendum eru menn farnir að undirbúa framkvæmdir þar.

Ég bendi á, hæstv. forseti, að það er mikilvægt að hafa það í huga að með samningnum um Nesjavallavirkjun er verið að breyta verðjöfnunarstefnunni sem hefur verið hrygglengjan í orkupólitíkinni á Íslandi. Þetta segi ég verandi þingmaður Reykvíkinga vegna þess að Reykvíkingar hafa vanið sig á það að reyna að horfa til landsins alls og það eiga þingmenn Reykvíkinga að gera.

Ég held að veruleikinn sé sá, hæstv. forseti, að þessi mál séu öll á mjög mikilli hreyfingu. En til viðbótar koma svo þau tíðindi, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði þráfaldlega til hér áðan, að verið er að undirbúa aðild Íslands að orkutilskipun Evrópu sem getur haft einhverjar breytingar í för með sér en þó miklu minni en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi áðan og hæstv. iðnrh. hefur einnig gert á opinberum vettvangi. Þess vegna hefði ég talið, hæstv. forseti, að skynsamlegt væri að vinna þannig að málinu að um það skapaðist sem best og víðtækust sátt í þjóðfélaginu meðal flokkanna og annarra aðila en það hefur ekki verið gert.

Kem ég þá að þessu frv. sem hér liggur fyrir og efni þess og segi í fyrsta lagi: Ég tel að nefndin sem vann að þessu máli fyrir eignaraðilana með ágætum einstaklingum innan borðs hafi ekki verið hyggilega skipuð miðað við það að menn ætluðu að ná samstöðu. Í þeim efnum geta menn gagnrýnt bæði ríki, Reykjavíkurborg og Akureyri en ég tel að það hafi ekki verið hyggilega að þeim málum staðið og

það viðurkenna allir sem koma að þessu málum og þekkja til þeirra, bæði hjá borg, ríki og Akureyri að það hefði þurft að standa öðruvísi að málinu. Ráðherrann kaus hins vegar að keyra þetta í þrengsta farvegi stjórnarflokkanna þrátt fyrir að boðið væri upp á annað og ég harma það því að þetta er alvörumál sem við erum að tala um.

Efni niðurstöðunnar er svo það, hæstv. forseti, að Reykjavík vill fá það á hreint hvað eignarhlutur Reykjavíkur gefur í þessu fyrirtæki. Ég tel eðlilegt að Reykjavík vilji fá það á hreint. Það er farið af stað með tiltekna vinnu og niðurstaðan verður sú að stefnt er að arðgjöf og að arðgjöf eigin fjár verði að jafnaði milli 5–6% á ári. Það er stefnt að því að gjaldskráin verði svo óbreytt til ársins 2000 og lækki svo um 2–3% á ári frá 2001–2010. Síðan eru settar tilteknar reglur um útreikning arðs og forsendur hans og settar eru tilteknar reglur og sérreglur um Akureyri. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðherra í leiðinni: Hvaða rök eru fyrir sérreglum um Akureyri í þessum drögum? Um þessi mál ætla ég að fjalla aðeins seinna í ræðu minni en segja við hæstv. ráðherra: Ef hann hefði viljað vinna þannig að málum hygg ég að hægt hefði verið að komast alllangt með þessa hluti ef hann hefði viljað án þess að breyta lögum. Það hefði verið hægt að nálgast þær breytingar sem hæstv. ráðherra er að gera tillögur um varðandi arð, verðlag og fleira án þess að breyta lögum. Það er mikið umhugsunarefni og ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra, af hverju kannaði hann a.m.k. ekki fyrst hvort unnt var að ná samstöðu um eitthvað í líkingu við þetta á vettvangi stjórnar fyrirtækisins áður en hann kom með málið inn í þingið með þeim hætti sem hann gerði.

Nú er ég ekki að segja að hægt hefði verið að samþykkja þessa hluti nákvæmlega eins og þeir liggja fyrir. En það er alveg ljóst að miðað við núgildandi lög og það vald sem stjórnin hefur í dag hefði verið hægt að ná þessu að óbreyttum lögum. Ég ætla að spyrja ráðherrann: Vantreystir hann fulltrúum stjórnarflokkanna eða úr stjórnarflokkunum í stjórn Landsvirkjunar? Vantreystir hann þeim? Treystir hann þeim ekki til þess að fylgja fram þeirri stefnu sem hann vill greinilega fylgja fram vegna þess að það þarf engar lagabreytingar til þess að taka á þessum málum eins og hann er að gera?

Herra forseti. Til hvers er þá þetta frv.? Ég bið ráðherrann að rökstyðja nauðsyn þess að flytja frv. að því er þetta varðar. Til hvers er þá frv.? Er það bara til að breyta stjórninni? Er það bara til þess að breyta stjórn Landsvirkjunar af því að þar sé um að ræða aðila sem eru honum óþægir ljáir í þúfu? Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um þetta: Hver er ástæðan til þess að hann kýs að fara þessa lagaleið í þeim átökum (**Iðnrh.:** Hvaða átökum?) sem hann vill efna til í trausti þess (**Iðnrh.:** Hvaða átökum?) að á öðrum vettvangi sýni menn meiri sanngirni en hann hefur tamið sér að gera? Hæstv. ráðherra. Ég vil aðeins nefna það, auk þess sem það er ljóst, að ég hef orðið. Þá munu vera einir 6–8 menn á mælendaskrá þannig að ég geri ekki ráð fyrir því að þeir ætli allir bara að syngja hallelúja en kannski veit ráðherrann það betur en ég.

Í öðru lagi ætla ég síðan, hæstv. forseti, að víkja að skýrslunni sjálfri og þá fyrst því sem fram kemur á bls. 8 um forsendur eiginfjárútreikningsins. Í skýrslunni stendur efst á bls. 8, með leyfi forseta:

„Með því að beita þeim aðferðum sem hér hefur verið lýst á þær sjóðstreymisáætlanir sem Landsvirkjun hefur látið honum [þ.e. J.P. Morgan] í té kemst bankinn að þeirri niðurstöðu að heildarvirði fyrirtækisins sé 71,8 milljarðar kr. og að virði eigin fjár sé því 24,3 milljarðar kr. þegar búið er að taka tillit til heildarskulda sem eru að fjárhæð 47,5 milljarðar kr."

Að eiginfjárstaða fyrirtækisins sé 24,3 milljarðar kr. Síðan segir, með leyfi forseta, í skýrslu eignaraðilanna:

„Ofangreint mat byggist á þeirri forsendu að gjaldskrá fyrirtækisins verði nægilega há til þess að leyfa viðunandi arðsemi eigin fjár að meðaltali til 2010. Þetta þýðir að Landsvirkjun verður að skila mjög hárri arðsemi á árunum eftir 2005 til þess að vega upp á móti lágri arðsemi sem fyrirsjáanleg er á næstu árum miðað við þær gjaldskrárforsendur sem þegar er lýst."

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er þessi mjög háa arðsemi? Og ég spyr hann líka: Er hann tilbúinn til þess að leggja fram þær sjóðstreymisáætlanir sem þessar áætlanir eru byggðar á og vitnað er til í upphafi skýrslunnar? Því að það er algerlega óþolandi að svona mikilvægar grunnforsendur málsins séu lokaðar inni í skjóli trúnaðar.

Ég bendi einnig á það, hæstv. forseti, að á síðu 12 í skýrslunni segir svo:

„Ekki hefur verið gerð nákvæm athugun á því hvernig eigið fé skiptist á milli ofangreindra þátta. Hins vegar hefur endurskoðandinn reiknað út að eigendaframlögin hafi numið um 7,2 milljörðum kr. á árslokaverðlagi 1995 metin með byggingarvísitölu og að árleg raunávöxtun eigin fjár eigenda Landsvirkjunar hafi því verið 5,42% ef miðað er við að unnt sé að selja fyrirtækið fyrir upphæð sem jafngildir bókfærðu eigin fé."

Hvað segir svo endurskoðandinn um þetta? Hann segir, með leyfi forseta:

„Að mati endurskoðandans er unnt að leiða rök að því að ofangreind meðaltalsávöxtun sé fullhá miðað við rekstrarafkomu fyrirtækisins á undanförnum áratugum."

Fullhá miðað við hvað? Ég segi, hæstv. forseti: Hvaða vísindi eru nú þetta? Hvaða vísindi eru nú þetta sem eru þannig að annars vegar kemur það út úr bókum fyrirtækisins og sjóðstreymisáætlunum að eignin sé 25 milljarðar en hins vegar kemst hann að þeirri niðurstöðu að hún hljóti að vera í kringum 14 milljarðar eftir að menn hafa bætt 3% vöxtum ofan á byggingarvísitöluhækkun eiginfjárframlaganna frá upphafi og stofnun fyrirtækisins? Ég segi: Undirstaðan undir þessum arðsemisútreikningum sem hér er verið að gera tillögu um er slumpreikningur sem er ólíðandi af því að hér eru menn að hreyfa til milljarða kr.

Ég tek fram, hæstv. forseti, að ég byggi m.a. á viðtölum sem ég hef átt við fjölda endurskoðenda sem telja að þessi vinnubrögð séu ekki nægilega fagleg af hálfu þeirra sem unnu fyrir eigendanefndina.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt í þessu sambandi að gera kröfu til þess að við meðferð málsins í hv. iðnn. verði farið mjög rækilega yfir eignamyndun í Landsvirkjun frá upphafi, alla eignamyndun, virkjanirnar, hver átti hvað og hver lagði hvað fram. Það verður að vera alveg skýrt hvað menn eru þar að tala um. Ég held með öðrum orðum að það sé mikið starf sem bíður hv. iðnn. ef hún á að vinna þessa hluti eðlilega og málefnalega eins og henni er skylt að gera.

Ég vil síðan í þriðja lagi, hæstv. forseti, víkja aðeins að stjórn fyrirtækisins og segja: Hér er gerð tillaga um að breyta henni. Mér þykir slæmt að hér skuli ekki vera hv. 1. þm. Reykn., hæstv. forseti Alþingis, því að fyrir nokkrum dögum flutti hann ræðu um nauðsyn þess að Alþingi hefði eftirlitsvald með ríkisfyrirtækjum. (**Gripið fram í:** Þeim sem eru

í eigu.) Að Alþingi hefði eftirlitsvald með ríkisfyrirtækjum (**Gripið fram í:** Ekki með sjálfu sér?) Að Alþingi hefði eftirlitsvald með ríkisfyrirtækjum og benti á að á tímum þeirra breytinga sem eru að ganga yfir hjá einstökum aðilum, ríkisfyrirtækjum, þá sé nauðsynlegt að setja um þetta skýr ákvæði. Og það fóru mjög margir hv. þm. upp í ræðustólinn á eftir hæstv. forseta og lýstu stuðningi við þetta sjónarmið hans. Ég ætla að benda á það, hæstv. forseti, að í fyrsta lagi er verið að taka beina fulltrúa Alþingis út úr stjórninni. Það kann að hafa sín rök. Ég hef ekki langa reynslu af því að sitja í stjórn Landsvirkjunar, en ég segi það alveg eins og er að ég óttast að þeir sem koma þarna inn sem fulltrúar eignaraðilanna eins og þeir væru af hálfu framkvæmdarvaldsins, borgarinnar og Akureyrar, mundu líta á það sem höfuðskyldu sína að dæla arði út úr fyrirtækinu. Ég óttast að það verði enginn á vakt fyrir hina almennu raforkunotendur í landinu ef Alþingi væri tekið út í þessu dæmi. Ég óttast það. Og ég spyr hæstv. ráðherra, hvort hann eigi einhver önnur svör við þessu máli en glottið því það skiptir máli að þarna séu einhverjir sem tala máli hins almenna raforkunotanda.

Í öðru lagi bendi ég á að fyrir utan það að breyta stjórninni — látum það nú vera að menn ætli að fella stjórnina undir þetta tækniræði sem er að yfirtaka þjóðfélagið, látum það vera — er það svo ótrúlegt að heimild til þess að eignaraðilarnir tilnefni endurskoðendur til að endurskoða reikningana er felld út líka. Í 7. gr. frv. er lögð til breyting á 12. gr. laganna þannig að þessi ákvæði fari út: „Enn fremur er eignaraðilum hverjum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana.“ Þessi málsliður er ekki í frv. Af hverju er verið að taka Ríkisendurskoðun og hugsanlega Borgarendurskoðun út úr frv.? Hvaða hugsun er á bak við það? Að manni læðist sá grunur að menn vilji ekki hafa yfir höfði sér þá krítísku endurskoðun sem gæti hugsanlega falist í því að hafa þessar stofnanir þarna inni. Ég tel reyndar að ef það verður niðurstaða þingsins að taka stjórnina út, að því er varðar kosningu Alþingis, þá eigi jafnframt að setja inn ákvæði um beina heimild fyrir Ríkisendurskoðun til að skoða þetta fyrirtæki. Ríkisendurskoðun á að hafa beinan aðgang að fyrirtækjum af þessu tagi þar sem ríkið á svona stóran hlut.

Nú geta menn sagt sem svo: „Það er þannig að Ríkisendurskoðun hefur samkvæmt sínum lögum þessa almennu heimild eins og sakir standa.“ Já, það hefur hún þegar um er að ræða endurskoðun sem leiðir af endurskoðun á öðrum ríkisfyrirtækjum. Það er ekki um það að ræða að Ríkisendurskoðun geti í dag farið beint inn í fyrirtæki eins og t.d. Landsvirkjun og ákveðið að endurskoða hana, hvorki ein né í samvinnu við borgarendurskoðun. Ég tel að ef menn ætla að létta eftirliti Alþingis af þessu með því að breyta stjórnarkjörinu, þá eigi menn að vera með Ríkisendurskoðun þarna inni.

Í þriðja lagi varðandi breytingar á stjórninni þá óttast ég það eins og ég sagði áðan að arðgreiðslan verði aðalatriðið en hagsmunir raforkukaupenda aukaatriði.

Í fjórða lagi segi ég líka, hæstv. forseti, í sambandi við þessa breytingu og spyr hæstv. ráðherra: Hver eru rökin fyrir fækkun ríkisfulltrúanna eða breytingunni á ríkisfulltrúum? Hver eru rökin? Ég vil fá einhver rök önnur en þau að það eigi að breyta þessari stofnun í eitthvert hlutafélagalíki. Ég vil fá einhver önnur rök en þau. Það eru engin önnur rök sem liggja hér fyrir. Hvaða rök eru það? Ég er tilbúinn til að hlusta á þau þó þau hefðu ekki komið hér áðan sem þau hefðu náttúrlega átt að gera.

Í fimmta lagi verð ég að segja það alveg eins og er að ég óttast að ef menn breyta stjórnskipulagi fyrirtækisins, eins og verið er að tala um hér, geti það haft í för með sér að minni friður verði um Landsvirkjun en verið hefur. Ég ætla að benda á eitt dæmi, hæstv. forseti. Á síðasta þingi var samþykkt frv. til laga um orkusölu til stækkaðs álvers í Straumsvík. Við þær umræður létu menn sig hafa það að orkuverðið til fyrirtækisins kæmi ekki upp á borðið hér í umræðum m.a. með þeim rökum að Alþingi ætti aðgang að þeim annars staðar, t.d. í stjórn Landsvirkjunar. Ég segi, hæstv. forseti: Verði sú leið farin sem hér er gerð tillaga um er algerlega óhjákvæmilegt, þegar að því kæmi að gera þyrfti nýja stóriðjusamninga, að gerðar yrðu stífar kröfur um að orkuverð til nýrrar stóriðju kæmi til meðferðar á Alþingi með algerlega opnum hætti. Þegar svo er að Alþingi er ekki lengur treyst til þess að kjósa fulltrúa þarna inn, Alþingi er ekki lengur treyst til þess að láta Ríkisendurskoðun skoða fyrirtækið, þá er það algert lágmark að þannig verði á hlutunum haldið, þ.e. að verð til stóriðju yrði opið og það yrði opnað fyrir það hér.

Ég held, hæstv. forseti, að þessi breyting á stjórninni orki tvímælis, en það er mál sem ég út af fyrir sig er alveg tilbúinn til þess að skoða og mér finnst alls ekkert aðalatriði í þessu máli. Þó segi ég að það má ekki svipta Alþingi eftirlitsmöguleikum sínum. Ég mundi leggjast gegn þessari breytingu nema menn féllust á að taka Ríkisendurskoðun þarna inn sem eftirlitsaðila.

Að lokum, hæstv. forseti, af minni hálfu. Spurningin er þessi: Hvað á að gera við Landsvirkjun? Ég get tekið undir það með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að ég væri tilbúinn til að standa að því að setja inn bráðabirgðaákvæði í þetta frv. við meðferð málsins í hv. iðnn. um að skoða þessi mál mikið nánar en þegar hefur verið gert. Mér finnst reynslan af þeirri skoðun sem fram hefur farið ekki vera góð og mér finnst ágæt hugmynd hjá hv. þm. að kanna hvort hægt er að ná samstöðu um einhverjar formúlur í þeim efnum um iðnn.

Ég tel að þetta frv. taki ekki á vanda Landsvirkjunar. Það leysir engan vanda í sjálfu sér. Ég óttast að það skapi vanda. Ég held að það þurfi hins vegar að skoða nýjar leiðir. Ég tel ekki að í þeim efnum eigi menn að horfa einvörðungu á hlutafélagavæðingu sem ég útiloka þó ekkert fyrir mitt leyti. Ég tel að deilan um eignarhald á fyrirtækjum af þessu tagi eigi ekki að snúast um form heldur um markmið fyrirtækisins. Niðurstaðan núna er sú að ekki sé skynsamlegt að reyna að selja ríkishlutann eða borgarhlutann af því að enginn sé til að kaupa hann. Það er eiginlega niðurstaðan og þá eiga menn auðvitað að horfast í augu við það eins og það er.

En hvað á þá að gera, af því að það er ekki sátt um fyrirtækið eins og það er? Hvað á þá að gera? Eitt atriði hefur ekki verið nefnt hér svo ótrúlegt sem það nú er og það er sú staðreynd að Landsvirkjun hefur sjálf þegar tekið ákvörðun um að aðskilja algerlega bókhaldslega framleiðslu og dreifingu. Það er gríðarlega mikilvægur þáttur þannig að Landsvirkjun hefur sjálf ákveðið að laga sig að nýju rekstrarumhverfi og það gerir Landsvirkjun án þess að fá um það fyrirskipun ofan úr iðnrn. Það er ákvörðun sem fyrirtækið tekur sjálft.

En í annan stað eiga menn að velta því fyrir sér, hæstv. forseti, hvernig á að vera háttað í framtíðinni samskiptum Landsvirkjunar og t.d. Rafmagnsveitna ríkisins. Er það svo að þau mál eigi að vera eins og þau eru? Á að skilja þar

öðruvísi á milli, t.d. með því að verðjöfnunin fari í gegnum stofnlínukerfi sem verði í eigu sjálfstæðs fyrirtækis, eða hvað? Eða á að sameina Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins og halda þannig á málum að þar verði algerlega aðskilið bókhald, en að öðru leyti verði fyrirtækin kannski að einhverju leyti sameinuð?

Í þriðja lagi hljóta menn að velta því fyrir sér hvort skynsamlegt er að vera með svona stóra neytendur í fyrirtækinu eins og Reykjavík og Akureyri. Menn hljóta að velta því fyrir sér hvort það gæti ekki verið alveg eins skynsamlegt fyrir Landsvirkjun, fyrir þjóðina, Reykjavík og Akureyri og ríkið að þetta væri þannig að ríkið eitt eða einhverjir á þess vegum, hverjir sem það væru, hefðu með þetta fyrirtæki að gera og ættu það. Vandi Reykjavíkur í því að reka svona fyrirtæki er mjög mikill. Reykjavík er svo stór neytandi og þess vegna getur verið erfitt fyrir Reykjavík að taka þátt í þessu fyrirtæki með venjulegum hætti og þess vegna skil ég alveg þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá Reykjavíkurborg að það geti verið eðlilegt að Reykjavík losi sig út úr fyrirtæki af þessu tagi, selji það jafnvel í hendur ríkisins og hið sama eigi við um Akureyri.

Herra forseti. Ég held satt best að segja að staðan núna bjóði upp á flækju og vesen og ég gagnrýni ráðuneytið fyrir það að hafa ekki tekið á því máli.

Ég spyr mig líka, hæstv. forseti, ef menn eru engu að síður þeirrar skoðunar að þessir hlutir eigi að vera áfram óbreyttir, þ.e. að borgin eigi að vera þarna inni, Akureyri eigi að vera inni, hvort ekki geti komið til greina að breyta fyrirtækinu enn þá meira. Það sem ég er með í huga er að hafa stofnlínurnar sér og láta verðjöfnunina ganga þar í gegn, vera með almenningsveiturnar sér, almenningsraforkusöluna algerlega sér í sjálfstæðu fyrirtæki og stóriðjusöluna í sjálfstæðu fyrirtæki. Rök mín fyrir þessu eru þau að það að vera með stóriðjusöluna og almenningsrafveiturnar í einu fyrirtæki getur haft það í för með sér að hlutirnir séu ekki nægilega gagnsæir og menn rugli saman hagsmunum almennings og hagsmunum stóriðjufyrirtækjanna. Það valdi tortryggni og leiðindum á milli aðila og þess vegna tel ég að mál eins og þetta eigi að skoða.

Herra forseti. Ég hef farið yfir allmörg efnisatriði málsins. Ég hef farið aðeins yfir stjórnarbreytinguna og hlut Alþingis að þessu fyrirtæki. Ég hef farið yfir hvað ég teldi rétt að gera í sambandi við þessi mál og ég tek fram að þetta eru mínar eigin hugleiðingar sem við höfum út af fyrir sig verið að ræða á vettvangi flokks okkar en við höfum ekki mótað endanlegar hugmyndir um en erum opin fyrir að ræða og teljum þörf á að ræða.

Niðurstaða mín er þess vegna sú, hæstv. forseti, að málið þurfið miklu betri skoðunar við og ég get lýst því yfir fyrir hönd þingflokks okkar að við erum tilbúin til þess að taka þátt í þeirri skoðun.

[17:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur hv. þm. Svavars Gestssonar í umræðunni dæmir sig að nokkru leyti sjálfur eða þá það að hv. þm. var ekki viðstaddur þá framsögu sem ég flutti með málinu og ætla ég að fara yfir nokkur atriði.

Allar þær forsendur sem eru lagðar til grundvallar við þetta mat byggja á því að breytingar geti átt sér stað eins og á álverði og á gengi og verðlagsþróun verði önnur. Þetta kom allt saman fram í framsögu minni. Ég held að hv. þm. hafi ekki gert það að gamni sínu, en hann reyndi að gera þessa hluti tortryggilega, en gert er ráð fyrir þessu öllu til að breytingarnar geti átt sér stað. Þess vegna byggja þær ákvarðanir sem eigendur fyrirtækisins munu taka um útgreiðslu arðs á því að þær forsendur séu til staðar og á þeim hafi ekki orðið breyting því árlega er tekin ákvörðun um hvort arður skuli greiddur út eða ekki og það hlýtur að byggja á því hver afkoma fyrirtækisins er á hverjum tíma.

Hv. þm. gerði mikið úr því að mikil átök væru í orkumálunum og dró til nokkur sérstök mál. Hann byrjaði á Orkustofnun, þar hefðu verið mikil átök. Það er rangt, hv. þm. Það var nefndarálit sem kom fram um að hugsanlega mætti breyta Orkustofnun. Það var kannað hjá orkufyrirtækjunum hvort menn vildu standa að slíku. Eftir miklar samningaviðræður og umfjöllun á réttum stöðum var niðurstaða mín að rétt væri að gera tillögu um að koma fyrirtækinu, sem er Orkustofnun í dag, í þann farveg sem nú er verið að endurskipuleggja. Það bréf og þær tillögur ritaði ég til stjórnar Landsvirkjunar og það veit ég að hv. þm. veit.

Hv. þm. gerði orkulaganefndina að umtalsefni og ég heyrði það í lok máls hans að hann er sammála meginniðurstöðunni í tillögum orkulaganefndarinnar. Að því var staðið með þeim hætti að í henni eru 20 nefndarmenn valdir frá ýmsum hagsmunaaðilum, allir sammála um meginniðurstöðuna og ég heyri á hv. þm. að hann er líka sammála um meginniðurstöðuna. Það koma athugasemdir frá fjórum aðilum í orkulaganefndinni sem sendar eru iðnrn. en meginniðurstöðuna skrifa allir upp á.

[17:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er ekki kostur á því að fara yfir einstök atriði varðandi forsendur málsins í andsvaratíma en það var alveg greinilegt að hæstv. ráðherra gerði allt sem hann gat til að fegra málið og hann dró aldrei fram þau tíðindi sem eru að gerast t.d. einmitt þessa dagana varðandi hrun á álverði svo ég nefni dæmi. Ég tel að heiðarlegra hefði verið af hæstv. ráðherra að gera grein fyrir málunum öðruvísi en hann gerði en ég hlustaði af athygli á ræðu hans þó að hugsanlegt sé að eitthvað af henni hafi farið fram hjá mér. Ég held þó að svo hafi ekki verið því að ég reyndi að leggja mig eftir því að fylgjast vel með.

Varðandi það, hæstv. forseti, hvort mikil átök eru í orkumálunum held ég að það verði að viðurkenna að svo sé og ég tel að staðan sé þannig að mikil ókyrrð sé í kringum orkubúskapinn á Íslandi. Það eru miklar áhyggjur af þeim málum, sérstaklega á landsbyggðinni en einnig miklu víðar. Ég gæti t.d. nefnt í því sambandi þá ókyrrð sem er í sambandi við Hitaveitu Suðurnesja, ég get nefnt í því sambandi þá ókyrrð sem var bersýnilega í kringum orkulaganefndina og ég gæti nefnt þá ókyrrð sem var í kringum Orkustofnun. Ég held því að ekki sé nokkur leið önnur en að halda því fram, hæstv. forseti, að hæstv. iðnrh. hefði mátt vanda sig aðeins betur í þessum málum. Ég held að það sé þannig.

[17:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að talsverð ókyrrð er í kringum orkumálin og ástæðan er sú að nú er það í fyrsta skipti að gerast í mjög langan tíma í áraraðir að verulegar breytingar eru að eiga sér stað í orkumálum fyrir utan það að núna er áhugi aðila í orkufrekum iðnaði meiri á Íslandi en kannski í langan tíma. Þau umbrot sem núna eiga sér stað eru vegna þess að framkvæmdir eru meiri. Það er meira að gerast á þessu sviði en nokkru sinni fyrr.

Það er líka verið að kanna ýmsar leiðir til skipulagsbreytinga en þetta eru ekki átök, hv. þm., þetta eru hreyfingar og þetta er vegna þess að það er meira að gerast á þessu sviði en í langan tíma. Kyrrstaðan hefur verið rofin.

Varðandi skipun þeirrar nefndar sem fór yfir Landsvirkjunarmálið veit hv. þm. að það var val borgarstjórnar Reykjavíkur hvaða fulltrúa þeir settu í nefndina. Það var val bæjarstjórnar Akureyrar hvaða fulltrúa þeir settu í nefndina. Það var síðan val stjórnarflokkanna hvaða fulltrúar væru settir í nefndina. Fulltrúar stjórnarflokkanna eru ekki pólitískir aðilar. Þeir eru embættismenn, hv. þm., úr iðnrn., ráðuneytisstjórinn í iðnrn., formaður nefndarinnar, og deildarstjóri í fjmrn. Þetta eru fulltrúar ríkisins, þ.e. eignaraðildar ríkisins í nefndinni, og þarna var ekki um póltíska fulltrúa að ræða valda af stjórnarflokkunum. Hins vegar var ákvörðun bæjarstjórnar Akureyrar og Reykjavíkurlistans hjá Reykjavíkurborg að setja í nefndina pólitíska fulltrúa en sú meginregla höfð að skipta jafnt milli stjórnar og stjórnarandstöðu hjá Reykjavíkurborg og hjá Akureyrarbæ. Er hægt, hv. þm., að gera athugasemdir við það?

[17:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri athugasemd við það. Ég tel að þessi nefnd hafi verið illa skipuð að því er þetta varðar, hún hafi verið pólitískt þröngt skipuð. Hæstv. ráðherra veit alveg um hvað ég er að tala. Niðurstaðan varð sú að öllum þeim aðilum sem eru t.d. fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi eða slíkum flokkum var haldið fyrir utan þessa nefnd, hvort sem því olli röð af óheppilegum tilviljunum eða ekki. Ég tel það mjög slæmt og ég tel að ráðherrann eigi einfaldlega að viðurkenna það og horfast í augu við að þar var ekki rétt staðið að málum.

Varðandi síðan það að kyrrstaðan hafi verið rofin er það ekki að þakka einum eða neinum í þeirri stöðu. Það eru hinar almennu kringumstæður sem valda því. Staðreyndin er sú að mjög margt er að breytast í orkumálum. Þær breytingar eru mjög dýrmætar og mjög miklar og það er ljóst að á Íslandi er vaxandi skilningur á því að orkan hlýtur að verða, mér liggur við að segja, ásamt sjávarútveginum hrygglengjan í batnandi lífskjörum á næstu öld. Ef menn ætla að halda þannig á máli þarf að treysta tvennt: Annars vegar arð og hins vegar umhverfi og að arðurinn skiptist af sanngirni milli allra landsmanna.

Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, mér finnst að ráðherrum Framsfl. hafi verið mislagðar hendur við að skapa þá samstöðu um að tryggja arðinn og bæta umhverfið til þess að þessi nýja sýn, nýtingar orkumála á Íslandi, gæti orðið til þess að skapa almennt séð jákvætt andrúmsloft í landinu. Mér finnst að ráðherra Framsfl. hafi valið að mörgu leyti aðferðir gömlu viðreisnarstjórnarinnar að halda þannig á málum, að halda spilunum upp að andlitinu á sér og flokkum sínum en reyna að berja aðra frá eins og mögulegt er. Mér finnst það ekki skynsamlegt, hæstv. forseti.

[17:41]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem er til umræðu varðar eitt af okkar allra mikilvægustu fyrirtækjum, þ.e. Landsvirkjun. Ég byrja á því í umræðunni að þakka hæstv. iðnrh. fyrir ágæta framsögu fyrir þessu frv. og vasklega framgöngu eins og hans er von og vísa við að vinna að þeim málum sem stjórnarflokkarnir leggja áherslu á, m.a. að efla orkufyrirtækin og styrkja stöðu okkar á þeim vettvangi. Á það höfum við vissulega lagt ríka áherslu.

Það frv. sem er til umfjöllunar er út af fyrir sig með þeim hætti að ég geri ekki athugasemdir við frv. Ég tel að þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir á skipulagi Landsvirkjunar séu liður í þeim breytingum sem eru nauðsynlegar og ásættanlegar þó að aðdragandi og undirbúningur þessa frv. og það samkomulag eignaraðila sem það byggir á sé með þeim hætti að ég hef gagnrýnt það nokkuð og er út af fyrir sig ekkert um það að segja. Ég vil samt taka fram vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði undir lok ræðu sinnar þegar hann talaði um að ekki hefði verið haft samráð við stjórn Landsvirkjunar um þær breytingar sem hér er verið að leggja til og að út af fyrir sig þurfi ekki á því að halda að ég get tekið undir það. Það er allt saman eðlilegt. Stjórn Landvirkjunar hefur ekkert sérstaklega með þessi skipulagsmál að gera en ég vil samt segja að ég tel að það skipti hins vegar geysilega miklu máli að bærilega sé haldið á spilum í stjórn Landsvirkjunar, bæði varðandi það að halda fram hagsmunum fyrirtækisins í erfiðum viðskiptaheimi orkumálanna en ekki síður að standa þannig að málum að sátt geti ríkt um þetta fyrirtæki.

Þá er komið að mjög mikilvægum þætti sem er verðlagning og möguleikar fyrirtækisins til þess að lækka orkuverðið til innanlandsneyslunnar sem er það deiluefni sem hefur verið og verður væntanlega og er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að deilt sé um verðlagningu á þeirri afurð, sem er raforkan, eins og öðru. Ég tel samt að það skipti út af fyrir sig ekki mjög miklu máli hvernig stjórn fyrirtækisins er skipuð, hvort hún er kosin hér á Alþingi eða hvort iðnrh. skipi stjórnina. Aðalatriðið er að þarna sé vel unnið. Ég vil undirstrika að ég styð það frv. sem hér er til umfjöllunar.

Landsvirkjun var stofnuð 1965 og er ekkert óeðlilegt þó að nú sé kominn tími til að huga að einhverjum breytingum. Hlutum hefur verið breytt á skemmri tíma en það. Fyrirtækið var stofnað með það fyrir augum að koma á fót öflugu raforkufyrirtæki allra landsmanna þannig að hægt væri að standa bærilega í fæturna við það erfiða og vandasama og mikilvæga viðfangsefni sem er að nýta okkar vatnsorkulindir og reyna að ná samningum til þess að selja þá orku til iðnaðar, byggja þannig upp okkar atvinnulíf og efla hagsæld í landinu. Þetta hefur verið viðfangsefnið og hlýtur að verða viðfangsefni þess fyrirtækis.

Eins og ég sagði fyrr skiptir á hinn bóginn geysilega miklu máli að um þetta fyrirtæki geti ríkt bærileg sátt í landinu. Hvers vegna getur ríkt ósátt? Það er fyrst og fremst ef okkur tekst ekki að halda þannig á málum að orkuverðið í landinu sé viðunandi eftir svæðum. Lítum nú aðeins á það hvernig þetta er í dag.

Það er ekkert óeðlilegt að orka til húshitunar sé mjög mismunandi. Mesti munurinn liggur í því að sums staðar hafa byggðarlög verið svo lánsöm að búa nærri jarðhita þannig að virkjanlegur sé og þar með hægt að ná orku til byggðanna á mjög hagstæðu verði. Hins vegar liggur vandi margra byggða í því að eiga ekki annarra kosta völ en kaupa raforku m.a. til húshitunar. Og ef við lítum á hvað er verið að tala um þarna og hvers vegna menn eru að deila þá getum við nefnt tölur. Ef hæstv. iðnrh. byggi nú í sinni gömlu byggð, Vík í Mýrdal, og væri í 300 rúmmetra íbúðarhúsi þar, þá þyrfti hann að greiða, miðað við það að hann keypti raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins, 70% hærri orkureikning af sambærilegu húsi en gert er í höfuðborgarsvæðinu. Auðvitað er það Hitaveitu Reykjavíkur og þeirri framsýni

sem Reykvíkingar sýndu að þakka, en engu að síður er það þannig að stjórnendur orkumála, stjórnendur Landsvirkjunar og dreifiveitnanna verða að taka tillit til þessara staðreynda. Ef á hinn bóginn litið er til almennrar raforkunotkunar heimilanna þá er þessi munur hjá hæstv. iðnrh., ef hann byggi í sinni gömlu byggð en ekki í borginni, þyrfti hann að greiða 14% hærra raforkuverð til þess að sjóða sínar kartöflur, eins og margir þurfa að gera, en íbúar hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er það umhverfi sem við búum við og þetta eru þær staðreyndir sem valda áhyggjum margra þegar verið er að gera breytingar á skipulagi Landsvirkjunar. Þetta eru þau atriði sem kjósendur mínir a.m.k. lýsa fyrir mér sem mikilvægu hagsmunamáli sem við þingmenn hljótum að líta til þegar verið er að fjalla um Landsvirkjun.

Ég nefndi það áðan að auðvitað þurfum við að endurskoða löggjöf sem varðar Landsvirkjun, löggjöf sem varðar orkuvinnslu, dreifingu og það allt saman og líta til þess með hvaða hætti má betur gera. Stór og mikil nefnd hefur starfað á vegum hæstv. iðnrh. og unnið prýðilegt starf. Hún hefur horft til framtíðar, reynt að meta hvernig þessir hlutir hafa best gerst annars staðar og ég tel að þær tillögur sem þar koma fram í ágætri skýrslu séu með þeim hætti að við hljótum að líta til þeirra og ég lít svo á að það frv. sem hér er til umfjöllunar sé fyrsta skrefið á þeirri leið okkar að nýta markaðskerfið á sviði orkumála eins og best hefur gerst annars staðar. Við hljótum að gera það.

Hins vegar megum við ekki bara ganga til þess verks til þess eins að breyta. Við verðum að stíga hvert skref varlega og vera sannfærð um að árangur verði af breytingunum sem við göngum til. Þess vegna er þetta frv. m.a. til umfjöllunar en e.t.v. fyrst og fremst vegna þess að það komu fram kröfur frá Reykjavíkurborg og frá bæjarstjórn Akureyrar um að teknar yrðu upp viðræður milli eignaraðila. Það sem hér hefur verið að gerast síðan á þessu sviði má segja að séu afleiðingar þeirrar kröfu borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík að auka arð sinn af eign í Landsvirkjun en selja hlut sinn ella.

Viðbrögð hæstv. iðnrh. voru eðlileg að efna til viðræðna við þessa eignaraðila en ég tel að þrátt fyrir það að miklir ágætismenn hafi verið tilnefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess að ganga í þetta erfiða verk þá er það mín skoðun með fullri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum sem iðnrh. og fjmrh. tefldu fram að það hefði verið nauðsynlegt að í þessari viðræðunefnd af hálfu ríkisins væru aðilar sem bæru pólitíska ábyrgð. Þessir ágætu embættismenn sem fengu þetta erfiða viðfangsefni voru að ganga inn í viðræður við fjóra einhverja harðsnúnustu talsmenn sveitarfélaga sem um getur og mín niðurstaða þegar ég lít til þessa samkomulags er sú að fulltrúar ríkisvaldsins hafi orðið undir í þessum viðræðum. Hvers vegna segi ég það? Jú, ég met það þannig að þegar ég lít á niðurstöðu af þessu samkomulagi sem frv. byggist á og ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. leggi mikið upp úr að nái fram að ganga, þá er það þannig að stöðugt hefur verið rætt um það, m.a. í stjórn Landsvirkjunar, svo ég leyfi mér að nefna þá ágætu stjórn, að frá og með árinu 2001 beri að stefna að 3% lækkun á raforkuverði til almenningsrafveitna. Hver er niðurstaðan af þessu samkomulagi þegar búið er að ná samkomulagi um það að greiddur skuli 5,5% arður eftir frekari ákvörðun stjórnarinnar? Niðurstaðan er að það skuli slegið af þessum fyrirætlunum, það skuli slegið af þeirri stefnu að lækka raforkuverðið um 3%, í 2–3%. Og í þessu sambandi skiptir geysilega miklu máli hvort raforkuverðið lækkar um 2% eða 3% eins og hér hefur komið fram fyrr í þessari umræðu. Þess vegna tel ég að fulltrúar sveitarfélaganna, þeirra eignaraðila sem leggja mjög mikið kapp á að ná auknum arði út úr þessu fyrirtæki, hafi náð þessum árangri.

Auðvitað hlýt ég að vekja athygli á þessu jafnframt því að segja að ég styð það frv. til breytinga á skipulagi Landsvirkjunar sem hér er verið að fjalla um. Það er tvennt ólíkt. Það er ekki sami hluturinn og ég tel að þrátt fyrir þetta samkomulag þurfi að ganga til þess verks með einum eða öðrum hætti að tryggja að það markmið að lækka raforkuverðið um 3% en ekki 2–3% náist. Það er grundvallaratriði í mínum huga. Hvernig það verði gert verður væntanlega að ná samkomulagi um hér.

Annað sem ég vil nefna í þessu sambandi og gerir þessa stöðu alla erfiðari er samningurinn sem gerður var við Reykjavíkurborg um virkjun á Nesjavöllum. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hann. Hann er ekki til umræðu út af fyrir sig en ég tel að framganga meiri hlutans hjá Reykjavíkurborg í þeim samningum hafi verið með þeim hætti að mjög erfitt var um vik hjá samningamönnum Landsvirkjunar vegna þeirrar stöðu sem þar var staðið í. Þeir samningar, sem þýðir ekki að fást um úr því sem komið er, auðvelda þetta verk ekki og gera það erfiðara fyrir Landsvirkjun að ná þessu marki um lækkun á raforkuverðinu. En nú þurfum við auðvitað að vera bjartsýn og horfa til þess að okkur takist að virkja meira, að selja meira af raforku þrátt fyrir þá stöðu sem við höfum verið í, stöðugri vörn.

Ég tek undir það með hæstv. iðnrh. að kyrrstaðan er rofin, sem betur fer, og hann er mikill lukkunnar pamfíll að fá það ánægjulega verkefni að fást við iðnaðarmálin þegar betur árar og vissulega hefur hann allan minn stuðning til þeirra verka sem hann þarf að vinna á þessum vettvangi svo að hagsæld okkar megi verða betri. (**ÖS:** Er þetta ekki honum að þakka?) En til þess að það megi verða, hv. þm. Össur Skarphéðinsson, þá þarf að tryggja það að meðeigandi ríkisins í Landsvirkjun, þ.e. m.a. Reykjavíkurborg gangi ekki allt of harkalega fram í því að njóta betri og meiri réttinda en aðrir. Og það er auðvitað mergurinn málsins, við þurfum að ná sátt, við þurfum að ná samkomulagi um þessi mál og ég treysti hæstv. iðnrh. til að hugleiða þessi mál rækilega eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram og sjá til þess að svo verði.

[17:57]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili að vissu leyti áhyggjum mínum með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni í þeim efnum að okkur þarf að miða betur fram á við til að ná fullkominni jöfnun orkuverðs í landinu öllu. Tilgangurinn með skipun orkulaganefndarinnar var einmitt sá að ná fram aukinni jöfnun á orkuverði í landinu og ég tel að uppi séu tillögur um það frá nefndinni og þegar fram líða stundir muni okkur takast það. En ég tel líka að við séum með þeim tillögum sem hér liggja fyrir að stíga rétt skref í þá átt.

Það eru lagðar ákveðnar forsendur fyrir því að hægt sé að þetta samkomulag ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrar gangi eftir. Að því stefnt að halda óbreyttu orkuverði að raungildi fram til ársins 2000. Að því stefnt að lækka orkuverð um 3% að raungildi frá 2001–2010. Við það er miðað að um 2% árleg eftirspurnaraukning verði á almenna markaðnum. Gengið er út frá því að verðbólga verði 3% og að þeir stóriðjusamningar sem nú eru í gildi skili ákveðnum tekjum miðað við ákveðnar forsendur.

Nú kann auðvitað svo að fara að þessar forsendur breytist og það fór ég rækilega yfir í minni ræðu áðan. Álverð breytist, verðlagsbreytingar verði aðrar en gert er ráð fyrir, gengisbreytingar verði sem hafi áhrif á rekstur fyrirtækisins. Þá þýðir þetta einfaldlega það að þegar eigendur fyrirtækisins þurfa að taka ákvörðun um útgreiðslu á arði hjá fyrirtækinu á ársfundi hverju sinni þá verður að taka tillit til afkomu fyrirtækisins á hverjum tíma. (Forseti hringir.) Og hafi þessar forsendur allar breyst þá er auðvitað ekki hægt að gera ráð fyrir því að greiddur verði arður úr fyrirtæki sem er verulega að tapa.

Það er hins vegar rétt að ef arðurinn er greiddur út munu Reykjavíkurborg og Reykvíkingar njóta, Akureyringar munu njóta. (Forseti hringir.) Ég er þeirrar skoðunar að það eigi þess vegna að ráðstafa arði Landsvirkjunar eða sambærilegri upphæð til aðgerða á þeim stöðum í landinu sem ekki munu njóta arðgreiðslnanna frá Landsvirkjun.

[18:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er sammála hæstv. iðnrh. um allt sem hann sagði og það er vissulega rétt að hafa þarf allan fyrirvara. Forsendur þurfa að standast sem gefnar eru þegar lagt er af stað. Ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hans að það beri að nýta þann arð sem ríkissjóður kann að fá til sérstakra aðgerða á þeim svæðum sem ekki njóta arðs frá sveitarfélögunum. En ég óttast hins vegar að þetta verði mjög harðsótt leið. Ég óttast það vegna þess að margar eru matarholurnar hjá blessuðum ríkissjóði en vissulega fagna ég þeirri yfirlýsingu engu að síður og er reiðubúinn til, eins og kom fram í ræðu minni, að standa við bakið á hæstv. ráðherra um þær aðgerðir hans og ríkisstjórnarinnar að ná fram þessum markmiðum.

[18:01]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að milli stjórnarflokkanna getur myndast sú pólitíska samstaða sem þarf til að nýta arðinn út úr fyrirtækinu sem ríkið fær, sem er helmingurinn af útgreiddum arði hver sem hann verður á hverjum tíma fyrir sig, til beinna aðgerða á þeim svæðum sem ekki njóta arðsins vegna eignaraðilda annarra sveitarfélaga. Það er hins vegar ekki skynsamlegt að binda arðgreiðslur Landsvirkjunar beint við tiltekin verkefni á þessu sviði en sambærileg upphæð og ríkissjóður fær af arði Landsvirkjunar ætti að nýta til þessara verkefna til atvinnusköpunar.

[18:02]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðurlegur forseti. Ég vil nefna aðeins í sambandi við það sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. að ég tel mikilvægast fyrir þá sem ekki njóta hins lága orkuverðs að fá lækkun á orkuverðinu. Bæði á það við um heimilin og ekki síður um atvinnufyrirtækin. Það er langmikilvægast í þessu og er kannski auðveldast. Ég vil bara nefna það að úr því að gefinn var slaki með þá fyrirætlun að ná 3% orkuverðslækkun frá árinu 2001 í 2–3% þá átti auðvitað jafnframt að gefa slaka á arðfyrirheitinu þ.e. að arðurinn gæti þá verið allt að 5,5%. En auðvitað er það síðan stjórnar og aðalfundar fyrirtækisins að taka endanlega ákvörðun um arðgreiðslurnar. Ég tel að það skipti mjög miklu máli og aðalatriðið sé að lækka orkuverðið eins og nokkur kostur er án þess að veikja fyrirtækið. Því það er hin hliðin á málinu. Við megum ekki ganga svo hart að þessu mikilvæga fyrirtæki að það veikist. Það þarf að standa sterkt.

[18:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var um margt athyglisvert að hlusta á hv. þm. Sturlu Böðvarsson frá Vesturl. og ég skil vel þær áhyggjur sem hann túlkaði í sínu máli. Mér finnst hins vegar að hann dragi kannski ekki af þessu þær ályktanir sem eðlilegt væri miðað við þær áhyggjur sem hann viðraði. Hann fann að því að hæstv. ráðherra hefði sett embættismenn sem ekki hefðu gætt til allra átta, ekki horft til veðurs þegar þeir voru að glíma við hina harðdrægu fulltrúa sveitarfélaganna. Það er mjög alvarlegt mál og mjög alvarleg ásökun sem kemur fram í þessu. En mér sýnist að hv. þm. hafi nokkuð til síns máls um það miðað við niðurstöðuna. Og hann nefnir það, virðulegur forseti, að ríkið hafi staðið frammi fyrir tveimur kostum: Að sveitarfélögin seldu hlut sinn eða fallist yrði á kröfu þeirra um tilteknar arðgreiðslur. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvarflaði ekki að honum að það gæti verið hin rétta leið í málinu? Að bregðast við þessari kröfu með því að ríkið byðist til að leysa inn eignarhlut þessara fyrirtækja til að styrkja stöðu almennra fyrirtækja, sem sagt Landsvirkjunar og þau almennu sjónarmið sem gæta ber? Það væri fróðlegt að heyra svar við því, sem og hitt: Hvernig telur hv. þm. að í raun verði tryggt, með samþykkt þessa frv. og þeirri stefnu sem uppi er að öðru leyti, að hægt verði að ná frekari verðjöfnun í landinu en að málin þróist ekki til verri vegar eins og mér sýnist allt benda til?

[18:06]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði ekki í ræðu minni að tveir kostir hefðu verið um það í viðræðum að annaðhvort fengju sveitarfélögin aukinn arð eða selt yrði. Ég veit ekki hvernig viðræður fóru þarna fram en þetta kom fram áður en viðræður hófust þannig að ég vil að því sé til haga haldið.

Mikilvægustu aðgerðirnar hjá okkur til að tryggja framvinduna í jöfnun orkuverðs og lækkun orkuverðs er ekki skipulag fyrirtækisins sem við erum að fjalla um heldur hvaða árangri nær fyrirtækið í að bæta sína rekstrarstöðu með hagræðingu og betri rekstri og árangri í að selja orku sína sem virkjuð er og ná góðum samningum um stóriðjukosti. Það eru hin mikilvægustu verkefni, ekki skipulag Landsvirkjunar sem við erum í rauninni að fjalla um. En eitt allra mikilvægasta viðfangsefnið, sem ég lít á að sé fram undan, er endurskipulagning á dreifikerfinu í landinu, þ.e. að sjá til þess að dreifingin út um landið fari fram með sem allra hagkvæmustum hætti og ég lít mjög til þeirra tillagna sem fram hafa komið frá orkunefndinni undir formennsku þjóðhagsstofuforstjórans. Það þarf að skoða þær tillögur. Ég vil minna á mjög mikið vandamál sem við höfum verið að glíma við í sambandi við dreifingu um byggðirnar, þ.e. sveitarafvæðingin. Það er mjög dýrt að halda úti því kerfi. Hvernig á að leysa það? (Forseti hringir.) Á að gera það með því að Rarik greiði eingöngu það viðhald og uppbyggingu þess kerfis eða verða ekki allir að koma þar að?

[18:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. staðfesti það sem ég sagði að þetta sjónarmið hefði legið til grundvallar áður en til viðræðna var gengið. Annaðhvort að verða við þessari hörðu arðsemiskröfu sveitarfélaganna eða að þeir seldu hlut sinn í fyrirtækinu. Ég held að menn hefðu betur gætt sín áður en út í þetta var lagt og horft til þess möguleika að auka hlut ríkisins í Landsvirkjun ef átti að ræða málin á þessum

forsendum. Síðan í sambandi við möguleikann til að ná þeirri lækkun sem hv. þm. hefur eðlilega lagt áherslu á en sýnist í hættu stefnt, og ég tek undir það með hv. þm., að vonin um að geta lækkað raforkuverðið upp úr aldamótum svo og svo mikið verður minni m.a. eftir að fallist er á þá háu arðsemiskröfu og útgreiðslu á arði til sveitarfélaganna sem gerð hefur verið. Ég held að það sé alveg ljóst. Það er því uppistaðan í því máli sem lagt var upp með sem við erum að fá í bakið. Síðan kemur matið á framtíðinni sem hv. þm. vék að. Ég les ekki út úr nefndaráliti orkulaganefndarinnar, sem þjóðhagsforstjóri veitti forstöðu, þá möguleika sem hv. þm. túlkaði hér. Þvert á móti sýnist mér að þar horfi til verri vegar varðandi þau markmið sem við ölum sameiginlega í brjósti fyrir okkar umbjóðendur á hinum köldu svæðum, og væntanlega almennt séð í landinu, vegna þess að þar er verið að kippa fótunum undan möguleikum til að halda uppi lögboðinni jöfnun á orkuverði í landinu. Það sýnast mér vera hinar köldu staðreyndir í sambandi við innihald í því nefndaráliti (Forseti hringir.) sem vissulega hefur á bak við sig tilskipun Evrópusambandsins í orkumálum.

[18:11]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Austurl. vil ég taka fram að ég tel að ekki hefði verið neitt sérstaklega skynsamlegt að ganga til viðræðna t.d. við höfuðborgina og bjóðast til að kaupa eignarhlut borgarinnar í Landsvirkjun. Afstaða mín byggist á því að ég tel ekkert óeðlilegt að höfuðborgin, með allt sitt uppsetta afl, svo við tölum nú eins og rætt er um í orkugeiranum, sé svo stór þátttakandi í uppbyggingu orkufyrirtækjanna. Á meðan Sjálfstfl. réð hjá Reykjavíkurborg með meiri hluta, sem vonandi gerist fljótt aftur, var metnaður forustumanna borgarinnar sá að standa þannig að málum að borgin væri í forustusveit og þannig gekk það fyrir sig. Það hafa orðið miklar breytingar eftir að R-listinn tók þar við. Þetta er staðreynd máls. Ég tek alls ekki undir að eðlilegt sé að ríkið kaupi höfuðborgina, svo sterk sem hún er og öflug, út úr þessu samstarfi. Reykvíkingar hafa sýnt mikla fyrirhyggju í sambandi við orkumál og ég tel að þeir eigi að njóta þess að sjálfsögðu en þeir eiga líka að átta sig á því að þeir hafa forustuhlutverki að gegna á þessu sviði sem öðrum og eiga að leggja sitt til og sjá til þess að þjóðin klofni ekki upp út af orkumálunum. Og það á vera metnaðarmál höfuðborgarinnar að standa þannig að málum að þátttaka þeirra í Landsvirkjun sé styrkur Landsvirkjunar en ekki veikleiki.

[18:13]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Nýlega skilaði áliti nefnd sem hæstv. iðnrh. hafði skipað til að horfa til nýsköpunar í framtíðinni um skipan orkumála og hvernig við stæðum best að því. Sú skýrsla sem nefndin skilaði er mjög athyglisverð og ég tel að hún sé mjög í anda þess sem ég vissi ekki betur en væri stefna okkar í efnahagsmálum almennt. Að við ætluðum að reyna af fremsta megni, þessi ríkisstjórn, að leita allra leiða til að auka hagvöxt og auka samkeppni svo við gætum tryggt örugga og farsæla þróun til betri lífskjara. Í skýrslunni er mjög á það bent að leiðin til að ná árangri á þessu sviði liggi einmitt þann veg að við nýtum markaðsöflin til að ná meiri árangri til að geta látið orkufyrirtækin skila meiri árangri, vera hagkvæmari og þjóðinni til meiri framtíðarbata. Þess vegna var það að þegar ég las frv. vakti það strax mjög mikla tortryggni mína. Það vakti mjög mikla tortryggni mína þar sem ég gat ekki komið þessu heim og saman. Ég lít nefnilega þannig á að þetta frv. sé fyrst og fremst og nær eingöngu til þess að treysta í sessi þá skipan sem hér er og hefur verið að hér er mónópól, hér er einokun í heildsölu á rafmagni. Og ég hef þekkt það nokkuð lengi sem forsvarsmaður atvinnurekanda að í öllum viðræðum við þetta góða fyrirtæki hefur mér þótt mjög erfitt að fá það til að átta sig á því að raforkuframleiðslan, orkuframleiðslan, er náttúrlega hluti af efnahagslífinu hér. Það skiptir máli fyrir Ísland, það skiptir máli fyrir lífskjör hér, það skiptir máli fyrir samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Það skiptir máli að við séum samkeppnisfærir.

Í dag erum við að borga tiltölulega mjög hátt verð fyrir orku, mun hærra en samkeppnisiðnaðurinn í Evrópu þarf að gera. Þetta er nákvæmlega sama málið og var rætt í gær um íslenska banka. Þeir eru mjög dýrir og það skemmir og það skaðar samkeppnishæfni Íslendinga. Það er mjög mikið atriði að koma bankakostnaðinum niður til að bæta stöðu fyrirtækjanna. Alveg eins er mjög þýðingarmikið fyrir okkur að orkuframleiðslan hér sé hagkvæm þannig að fyrirtækin geti keypt ódýra orku til að geta keppt. Þetta er allt einn vefur, lifandi vefur og verður ekki sundur skilinn.

Það sem vakti fyrst tortryggni mína þegar ég fór að blaða í þessu var þetta svokallaða eigið fé hinna svokölluðu eigenda. Nú ætla ég að taka það fram, herra forseti, að ég hef ekkert á móti því, síður en svo, ég tel það sjálfsagðan hlut að menn fái arð af eign sinni, alveg sama hver sú eign er. En til þess að svo sé þurfa menn náttúrlega að ganga úr skugga um það fyrst að það sé einhver eign og í öðru lagi að eignin skili þá einhverjum arði. (**KHG:** Og þeir fái aðeins meira.) Lítum á endurmatið. Það er þannig gert að það er sett 3% og stofngreiðslurnar, sama hvernig þær urðu til, það er sett á það mælikvarði, byggingarvísitala. Ég furðaði mig mjög á þessu lengi vel. Hverjum dytti í hug að nota þessa aðferðafræði á einhverja peninga sem einhvern tíma eru settir í atvinnurekstur? Setja mælikvarða byggingarvísitölu og 3% ofan á og reikna svo bara upp og segja: Þetta er eignin. Ég þarf ekki að taka það fram, herra forseti, að við erum að ræða hér um einokunarfyrirtæki.

Í fyrsta lagi er byggingarvísitala afkáralegur mælir, kolvitlaus. Hann er kolvitlaus og mundi engin þjóð nema Íslendingar nota hann. Hann mælir plús hita úti þegar er frost, samanber t.d. verð á steinsteypu sem byggingarvísitalan mælir upp núna síðustu sjö árin plús 7% þó hún hafi að raungildi lækkað um 10–11%. En það er aukaatriði. Ef það væri eitthvert sannleikskorn til í því að nota svona aðferð við að meta eignir sem færu í atvinnurekstur, eitthvert sannleikskorn, þá hef ég einmitt bent mönnum á það að ef við færum svona 30–40 ár aftur í tímann og færum að reikna þetta, þá hefðu Sovétríkin aldrei hrunið. Þá væri blómaríki sósíalismans þar við lýði í dag. En þau hrundu nú samt vegna þess að svona útreikningur er bara út í hött. (**SvG:** Það er af því að þá vantaði byggingarvísitölu.) Þetta er bara bull og engum manni dettur þetta í hug í alvöru. Þegar ég var búinn að skoða þetta smátíma þá rann upp fyrir mér ljós. Auðvitað er enginn svona vitlaus. Ástæðan fyrir því að þetta er gert þennan veg er einfaldlega sú að það er verið að reikna aftur á bak. Það var bara gert svona. Það var ákveðið 14 milljarðar og síðan er ekki örskotsstund í góðri tölvu og góðum reikni að finna sér prósentu og finna sér einhverja mælistiku og þá er dæmið gengið upp. Þetta tekur 1–2 mínútur. En þetta var nú aðferðin sem notuð var, það var enginn svona vitlaus.

Í sama frv. er sagt frá því að Landsvirkjun vildi hafa vönduð vinnubrögð. Sem sagt, þessi aðferð er ekki vönduð, það er þar með sagt. Þeir vildu hafa vönduð vinnubrögð, fengu virtan erlendan banka, J.P. Morgan, til þess að vinna fyrir sig. Og þessi Morganbank, sem er mjög virtur, notaði ákveðna aðferð sem er sagt hér og ég efast ekki um að allt sé rétt, er mjög virt í heiminum við að virða svona fyrirtæki, sjóðstreymismat. Og eins og segir hér frá varð niðurstaða bankans að virði þessa fyrirtækis væri 71 milljarður. En það segir líka frá því, það er rétt að átta sig á því að það er enginn að efast um að Morganbank kunni að reikna, það er enginn að efast um það. En það segir líka frá því hvað Morganbank var að reikna. Morganbank var að reikna 15 ára áætlun Landsvirkjunar, áætlun sem Landsvirkjun gerði um afkomu sína á árunum frá 1996 til 2010. Það var það sem Morganbank var að reikna. *Og í þeirri áætlun gerir Landsvirkjun ráð fyrir því* að hagur hennar muni stórkostlega batna vegna þess að nú sé að koma sú tíð að hún sé að komast í þá aðstöðu að fá loksins að selja raforku sína. Þetta var reiknað og eflaust er þetta allt saman hárrétt reiknað. En hefðu menn beitt sömu aðferð, þ.e. sjóðstreymisaðferðinni hjá Morganbank við þetta fyrirtæki í dag og tekið kannski síðustu árin eins og oft er gert við að meta fyrirtæki, þá eru tekin nokkur ár aftur í tímann og reynt að meta stöðu þess, þá ætla ég að fullyrða það, herra forseti, og heyri nú mál mitt þingheimur, að útkoman hefði orðið sú að eigið fé Landsvirkjunar væri sáralítið í dag, sáralítið. Fyrirtækið skuldar rúma 50 milljarða og það hefur alveg nóg með sig, því miður. Það hefur alveg nóg með það að renta þessa 50 milljarða, því miður.

Þetta fyrirtæki er búið að lenda í ýmsum hremmingum og það er kannski ekki við stjórnendur fyrirtækisins að sakast. Þetta háa Alþingi hefur aldeilis komið þar nálægt með ýmsum ákvörðunum sínum og valdið því miklum búsifjum. Það ber að taka fram.

En ég spyr: Hvers vegna erum við að gera þetta? Er þetta hluti af þessum óraunveruleika sem er að heltaka allt þjóðfélagið að við erum að reikna upp núna eiginfjárstöðu fyrirtækis með um 15 ára áætlun fram í tímann til þess að mynda eigið fé til að gera samning um það að borga arð og það engan smáræðis arð, 700 millj. á ári, kringum það, ef áætlunin gengur eftir.

Í fyrsta lagi, herra forseti, tel ég þetta ákaflega óvarlegt, ákaflega óvarlegt að gefa sér svona spá og ætla að mynda á henni samning um það að byrja að borga arð til eigenda. Ekkert einkafyrirtæki á markaði mundi leyfa sér svona vitleysu. Það mundi bara aldrei gera það. Fyrirtækið hefur verið að tapa, því miður. Ég verð því að segja að það er einhver maðkur í þessari mysu. Þegar ég les þennan samning þá dettur mér helst í hug að það fólk sem gerir hann hafi aldrei nálægt markaði komið, aldrei nálægt samkeppni komið, aldrei komið út úr fílabeinsturni þeirra sem lifa í mónópól-fyrirtæki, aldrei. Annars hefðu þeir aldrei gert svona samning, bara aldrei. Þetta eru einmitt vinnubrögð þeirra sem hafa aldrei út í kuldann komið, hafa alltaf verið í hlýjunni, þeim dettur þetta í hug.

Hvað segja þeir líka í viðbót? Þeir gera samning um að allt sem bætist við skuli upp reiknast á byggingarvísitölu og bera arð alveg burt séð frá því hvort einhver arður verður af því. Þetta er nú fínn heimur að lifa í. Það er alveg sama hvað þú gerir. Ef þú tekur einn milljarð, hvort þú notar hann til að moka einhverri mold eða grafa skurð eða byggja einhverja steinsteypu, allt í lagi, skiptir engu máli, þú færð arð. Það gefur þér arð, 5–6%. Þetta var nú fína lífið að fá að reka svona fyrirtæki. Það voru ekki áhyggjurnar þar. (**Gripið fram í:** Það var Undraland.) Já, það var í Undralandi, það var einmitt í Undralandi, hv. þm., sem þeir voru, erlendu sérfræðingarnir þarna tveir, hattarinn og hérinn. Þeir höfðu oft ýmislegt til málanna að leggja.

Ég lít þannig á að það sé mjög slæmt fyrir íslenskan iðnað, fyrir íslensk fyrirtæki, fyrir íslenska samkeppni og samkeppnisstöðu Íslands, svo og líka fyrir íslenskan almenning að lesa það hér að þetta stóra og mikla fyrirtæki ætlar ekki næstu árin að taka þátt í því að bæta kjör. Eins og lesa má af þessu blaði á verð á rafmagni að vera óbreytt að raungildi næstu fjögur árin og nú eru allir Íslendingar, allir launþegar að safnast saman til að gera kröfur um bætt kjör, 3–4% á ári, þykir lítil krafa og auðvirðileg. 40–50% er talið *sýna meiri hreysti þegar menn koma með slíka kröfu.* En hvað sem verður ofan á úr því þá er það vitað hér með að Landsvirkjun, heildsölufyrirtæki á rafmagni, ætlar ekki að taka þátt í því að bæta kjör Íslendinga næstu fjögur árin. Þá liggur það nú alveg fyrir og það er mjög slæmt ef aðrir *eiga að geta hagrætt hjá sér, gert betur og betrumbætt,* skilað meiri og betri rekstri en Landsvirkjun á ekki að geta gert það. Hún er stikkfrí. Hún er nefnilega alveg stikkfrí og hefur alltaf verið stikkfrí. Einokunarfyrirtæki í opinberri eigu eru alltaf stikkfrí og það á engin breyting að verða á því. Að vísu ætla þeir að gera þar stórvirki *eftir aldamótin,* að lækka raforkuverð um 2–3%. Þá ætla þeir að byrja, eftir fjögur ár hér frá munu þeir hefja þátttöku sína í betri kjörum Íslendinga.

Herra forseti. Ég lít svo á fyrir íslenska framleiðslu og íslenska þegna að þetta sé mjög vondur samningur sem gerður hefur verið við meðeigendur ríkisins, alveg skelfilega vondur og það sem meira er, það eru engar forsendur fyrir honum. Ef það myndast arður og ef það myndast eigið fé, þá er sjálfsagt að borga þeim sem eiga fyrirtækið arð. En við skulum bara bíða þangað til. Við skulum bara sjá hvernig spárnar rætast og við skulum líka vona að þær rætist því ekki veitir okkur af. Þetta fyrirtæki hefur síðustu 30 árin gegnt hér mjög þýðingarmiklu hlutverki, mjög þýðingarmiklu, en það á nú allt sinn tíma.

Ég hefði haldið það, herra forseti, að það sem við þyrftum á að halda núna væri ekki að treysta þetta fyrirtæki svo í sessi, heldur alveg þveröfugt, við eigum að koma því til hjálpar með því að afnema einokunarheimildir þeirra.

Ég veit ósköp vel að Reykjavíkurborg átti þennan góða valkost að virkja uppi á Nesjavöllum. Og það var bara mjög leitt að þeir skyldu ekki fá að virkja. Ég veit líka að Hitaveita Suðurnesja á mjög góða valkosti um virkjun og það á að leyfa þeim að virkja. Við fáum aldrei hagkvæmni í raforkuframleiðsluna án þess að fá samkeppni. Við skulum ekki láta okkur detta það í hug. Það skiptir engu máli hversu góðir menn eru saman komnir í stjórn eins fyrirtækis. Ef það er einokunarfyrirtæki í eigu opinberra aðila skiptir það engu máli. Það verður alltaf óhagkvæmt, stenst aldrei samanburð. (Gripið fram í.) Hann hefur löngum verið ötull talsmaður atvinnurekstrarins, (Gripið fram í.) sjaldan skipt um skoðun og engin kaflaskil væntanlega í hans lífi eða afstöðu, herra þingmaður.

En ég rek líka augun í 8. gr. sem er mjög stutt og smá. Hún er líka mjög athyglisverð og ber að skoða hana í þessu samhengi. Og um hvað er nú þessi 8. gr.? Jú, hingað til hefur þetta einokunarfyrirtæki verið þó í þeirri leiðsögn að Þjóðhagsstofnun hefur haft umsagnarrétt um gerðir þess þegar

það hefur verið að verðleggja afurð sína, rafmagn. Nú á í þessu frv. að afnema þá leiðsögn og í staðinn kemur það bara einfaldlega þannig: Landsvirkjun ákveður taxta sína, ein og sér, eitt fyrirtæki á markaðnum, ræður eitt. Og í skýringum með 2. gr. er einmitt á það bent hver leiðsögnin er. Jú, leiðsögnin er sú að búið er að gera samning um það við eigendurnar hver arðgreiðslan verður og hann á að vera leiðarljósið. Hver á svo að borga? Íslensk fyrirtæki og íslenskur almenningur á að borga til einokunarfyrirtækisins sem eitt og sér setur sína gjaldskrá að höfðu samráði. Við hvað? Við þann samning sem það gerði við sjálft sig um að arðgreiðslan skyldi ganga fyrir. Þetta er fínt kerfi, þetta er mjög fínt kerfi. Það var haft eftir Adam gamla Smith á 19. öldinni að hvenær sem tveir kaupmenn hittust, gerðu þeir samsæri gegn almenningi um að reyna að koma á mónópólí. Það hefur enginn þrætt fyrir það að þetta hafi verið rétt hjá karlinum. Hver vill ekki vera í þessari aðstöðu? En við sköðumst öll á þessu, allir. Þetta er gegn okkar hagsmunum. Þetta er gegn hagsmunum þjóðarinnar vegna þess að ef við ætlum að tryggja samkeppnishæfni Íslands, þá verða allir aðilar, jafnt bankar sem orkufyrirtæki að taka þátt í því. Það er ekki nóg að segja að konurnar í frystihúsunum eigi að vinna meira og betur. Króna er króna alveg eins og sentímetri er sentímetri og kíló er kíló og hvar sem hún fer í súginn, þá verður tjónið jafnmikið fyrir samfélagið. Og ef við erum að borga miklu hærra orkuverð en við þurfum, ef við erum að borga hærri vexti og meiri kostnað í banka en við þurfum, þá erum við að skaða okkur. Ég hef trúað því og treyst að það væri markmið og stefna og einbeittur vilji þessarar ríkisstjórnar sem ég fylgi svo stíft, að berjast fyrir aukinni samkeppni til að ná meiri árangri þannig að við gætum bætt lífskjör þessarar þjóðar, bætt stöðu fólks og fyrirtækja. Þess vegna er ég mjög ósáttur við þetta frv. því ég sé ekki betur en það gangi þvert á þetta markmið. Ég sé engan árangur í málinu, engan, ekki nokkurn.

Ég held að við eigum að taka þessa nefnd, sem nýlega skilaði áliti, nefnd iðnrh. um stefnumörkun í raforkuiðnaði og orkumálum, mjög alvarlega. Við eigum að fylgja hennar ráðum vegna þess að það er einmitt sú stefna sem þessi ríkisstjórn hefur verið að berjast fyrir. Og við eigum að byrja á því strax á morgun að vinna á róttækan hátt þó það væri ekki nema til að svara kröfum þessarar þjóðar um bætt lífskjör sem gerast nú mjög háværar, kannski ekki alltaf raunsæjar.

Ég hef farið nokkrum orðum um þessar helstu greinar. Ég held að ég mundi gera athugasemdir við þær allar og ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt að ég tel ákaflega óvarlegt að afnema stjórnarþátttöku frá hendi Alþingis í fyrirtæki sem er „mónópólfyrirtæki", á meðan það er það, og hefur slík heljaráhrif á þjóðfélagið. Þarna eru gríðarlegir hagsmunir í húfi og það er mjög slæmt ef Alþingi hættir að hafa afskipti af stjórn þess. Það eru miklir hagsmunir í húfi. Fólkið sem býr víða úti um landið, ég tala ekki um á hinum svokölluðu köldu svæðum hefur ástæðu til að tortryggja þetta. Það hefur mikla ástæðu til þess og það hefur langa reynslu að baki í því að það er ástæða til að tortryggja. Það er ekki af því að þessir stjórnendur séu ekki góðir menn. Auðvitað eru þeir góðir menn, auðvitað er þeir hæfir menn, enginn er að bera brigður á það. Það er bara þannig og hefur alltaf verið í öllum löndum og á öllum tímum að stjórnendur einokunarfyrirtækja hafa alltaf leiðst út í ákveðna, stundum mjög mikla, kannski á öðrum tíma minni, veruleikafirringu. Þeir eru ekki í þessum heimi. Þeir falla alltaf í þá gryfju að telja sig óháða þessu. Það er bara þannig að það er ekkert illa meint til. (**Gripið fram í:** Segðu það við Svavar.) Ég þykist vita að þingheimur hefur veitt orðum mínum athygli, allir sem einn og þakka fyrir hljóðið.

[18:38]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði samkeppnina sem þyrfti að vera til staðar í orkugeiranum að meginatriði ræðu sinnar og vísaði í nefnd sem iðnrh. skipaði og nú hefur skilað af sér. Niðurstaða þeirrar nefndar er sú að í áföngum skuli innleiða samkeppni í orkugeiranum. Ég tek undir þessi sjónarmið. Þær breytingar sem verið er að gera á Landsvirkjun ganga ekki þvert á slíkt, heldur hið gagnstæða. Þær eru áfangi á þeirri leið og það skýri ég með því að ekki verður hægt á einni nóttu að innleiða samkeppni í orkugeirann. Það mun taka langan tíma og það er best að að taki nokkurn tíma, einfaldlega vegna þess að þær umfangsmiklu skipulagsbreytingar sem gera þarf þurfa tíma til undirbúnings. Og af því að hv. þm. Svavar Gestsson minntist á það áðan að Landsvirkjun eins og sér og sjálfstæð væri farin að undirbúa aðskilnað vinnslu, flutnings og dreifingar í bókhaldi sínu, þá er það fyrsta skrefið á þeirri leið að fara að innleiða hægt og bítandi samkeppni í orkugeirann. Ég tek undir það með hv. þm. að það er afskaplega mikilvægt.

Hins vegar er með þessum samningi líka verið að ákveða — og það er misskilningur hjá hv. þm. — að Landsvirkjun taki þátt í bættum lífskjörum í framtíðinni, bættum kjörum bæði fyrirtækja og almennings vegna þess að með þessum samningi er ákveðin orkuverðlækkunarstefna tekin eftir aldamót. Og af því að fyrirtækið, samkvæmt þeim forsendum sem gefnar eru, mun skila hagnaði og mun skila arði, þess vegna, eins og hv. þm. gerði svo glögga grein fyrir áðan, er þetta hægt. Fyrirtæki sem tapar mun ekki geta skilað arði og það mun ekki geta lækkað taxta sína. Þess vegna er það frumskilyrði að halda rekstri fyrirtækisins réttu megin við núllið, að það skili arði, að hluti af arðinum renni til eigenda og það leiðir til þess að orkuverð í landinu lækkar.

[18:40]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri yndislegt ef önnur fyrirtæki á Íslandi nytu þeirrar náðar að ekki væru gerðar kröfur til þeirra um að taka þátt í lífskjarabata og lífskjarakröfum Íslendinga öðruvísi en þau skiluðu fyrst arði í fjögur til fimm ár. Mikið væri það gott líf og þægilegt fyrir þá stjórnendur.

Ég ætla bara að vona að hæstv. iðnrh. hafi rétt fyrir sér og ég rangt fyrir mér. Ég á þá ósk heitasta. En ég ætla að halda því fram að milli þeirrar hugsunar sem er í skýrslunni um framtíðarskipan orkumála og þess hugsunarháttar sem má lesa úr gerðum þeirra manna sem stóðu að því að búa til samninginn milli Reykjavíkurborgar, Akureyrar og Landsvirkjunar um að borga sér arðinn fyrst, er himinn og haf þannig að ég vona þá að betri tíð sé í vændum. En það eru engin merki um hana enn þannig að ég hef fullkomna ástæðu, herra forseti, til að vera mjög tortrygginn.

[18:42]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þannig er í þessu máli að við höfum báðir rétt fyrir okkur vegna þess að við erum sammála um að nauðsynlegt sé að innleiða samkeppni í orkugeirann. Það hins vegar þarf að gerast í áföngum.

Eins og kemur fram í frv. er gert ráð fyrir því að eignaraðilar Landsvirkjunar hafi endurskoðað rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins fyrir 1. janúar árið 2004. Það kann að vera að sú niðurstaða og sú endurskoðun leiði til þess að opnað verði fyrir fleiri aðila til að koma inn í fyrirtækið. Einmitt á þeim tíma er líka sá möguleiki að búið verði að afnema einkarétt þann sem fyrirtækið hefur í dag til þess að virkja og hleypa fleiri aðilum að til þess að auka samkeppnina. Og ef við erum sammála um að skynsamlegt sé að draga samkeppnina inn í orkugeirann og að það leiði til þess að verð geti lækkað sem ég er sannfærður um, þá erum við sammála um að þetta sé skynsmaleg leið. En þrátt fyrir að ekki sé búið að innleiða samkeppnina, er framlag Landsvirkjunar núna strax um aldamót, verulegt framlag til lífskjarabótar á íslandi.

[18:43]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, ég ætla að vona að við getum einhvern tíma orðið sammála, ég og hæstv. iðnrh. Og séum við sammála, þá spyr ég: Hvað dvelur hann að ætla að bíða fram yfir aldamótin að afnema þennan einkarétt? Af hverju er ekki hægt að gera það á morgun eins og ég hef lagt til? Hvað dvelur hann? Hví á að bíða með það? Ég veit að það tekur langan tíma. Ég veit að það verður mjög erfitt. Það tekur langan tíma. Ég spyr: Af hverju ætti að draga það til ársins 2004? Til hvers ætlum við að draga það? Til þess að halda þessu áfram þangað til? Ég kem því ekki heim og saman og þess vegna tortryggi ég frv. Þess vegna finnst mér þetta frv. ganga þvert á þá stefnu sem ég vissi best að væri stefna ríkisstjórnarinnar.

[18:44]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ósköp vel áhyggjur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar af einokun á þessum markaði. En það kerfi er einfaldlega á undanhaldi vegna þess að 20. júní sl. náði „kommisariat" Evrópusambandsins samkomulagi um nýja tilskipun sem sennilega mun ganga í gildi um næstu áramót. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir afnámi einkaréttar starfandi orkufyrirtækja til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi að aðskilja vinnsluflutning og dreifingu raforku. Í þriðja lagi að veita þriðja aðila aðgang að flutningskerfum. Þetta mun m.a. kalla á þær breytingar á Íslandi að breyta þarf ákvæðum orkulaga um að samþykki Alþingis þurfi fyrir öllum virkjunum sem eru stærri en tvö megavött, en í staðinn að setja opin og gagnsæ skilyrði fyrir alla aðila sem óska eftir að fá að virkja. Þannig að það er bara tímaspursmál hvenær þessi frjálsa samkeppni verður ráðandi og ríkjandi á íslenskum orkumarkaði. Við munum að sjálfsögðu fá einhvern aðlögunartíma til að tryggja það en þetta er framtíðin. Þetta er það sem koma skal þannig að ótti hv. þm. við einokun í þessu sambandi, þ.e. að Landsvirkjun sitji ein að orkuvinnslu á Íslandi, er ástæðulaus.

[18:46]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það þó ég sé ekki vel kunnugur fundarsköpum að ég skildi ekki í hverju þetta andsvar var fólgið. Ég náði því bara ekki. Hv. þm. náði að fara aftur með dálítin hluta af langlokunni sem hann fór með í dag og ég óska honum til hamingju með það. Mér er mjög vel kunnugt um þetta. En ég er bara að krefjast þess að menn bregðist við strax. Við megum ekkert við því að bíða. Við megum ekkert við því, nógu lengi bíðum við samt. Það er það sem ég hef verið að reyna að segja hér í þessum ræðustól.

[18:47]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert sem bannar okkur að bregðast við strax. Ríki eins og t.d. England, Noregur, Svíþjóð og Finnland hafa þegar brugðist við og raunar gengið lengra en þessi tilskipun gerir ráð fyrir. Ef við kærum okkur um þurfum við ekkert að bíða eftir því að þessi tilskipun gangi í gildi. Við getum gert þetta strax. (Gripið fram í.) Það er að sjálfsögðu ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar og þingmeirihluta hennar hvort svo skuli gert þannig að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gæti haft einhver áhrif á það, ætla ég, ef það er hans vilji. En mér leikur hugur á að vita, hæstv. forseti, út af þeim ummælum sem hann hafði áðan um tortryggni sína í garð þess samkomulags sem umrætt frv. byggist á þá vildi ég gjarnan fá að vita eftirfarandi:

Í fyrsta lagi. Hyggst hann standa að samþykkt frv. eða ekki? Er hann fylgjandi því eða ekki?

Í öðru lagi. Gerði hv. þm. hæstv. iðnrh. grein fyrir afstöðu sinni áður en hann flutti ræðu sína úr ræðustól, þannig að hæstv. iðnrh. vissi að það væru fleiri en hv. þm. Sturla Böðvarsson í liði sjálfstæðismanna sem hefðu einhverjar áhyggjur af þessu máli?

Ég vildi gjarnan spyrja hv. þm. líka hvort það eru fleiri í þingflokki Sjálfstfl. sem honum er kunnugt um að hafi svipaða afstöðu og hv. þm.

[18:48]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó hv. þm. komi það harla lítið við þá get ég svo sem sagt honum að hæstv. ráðherra vissi um afstöðu mína. Hann vissi um að ég væri mjög tortrygginn í garð þessa frv. Þetta frv. fer að sjálfsögðu til athugunar í iðnn. Það er ástæða til að fara mjög gaumgæfilega ofan í það. Það er ástæða til að skoða þá útreikninga sem Morgan-banki hefur gert. Ég reikna með að hv. iðnn. fái þá skýrslu og þeir geti gert sínar athuganir og kannanir á því. Ég treysti þingnefndinni til að meta þetta mál, fara í gegnum það og skila um það sinni skýrslu. Ég mun á þeim tíma gera öðrum mönnum en hv. þm. Sighvati Björgvinssyni grein fyrir afstöðu minni.

[18:49]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er lagt fram í framhaldi af samkomulagi sem eigendur Landsvirkjunar gerðu sín á milli um arðsemi og verðlag á raforku fram á næstu öld og um hvernig stjórnskipan fyrirtækisins skyldi vera. Að mínu mati þarf að samþykkja einungis hluta af þessu frv. til að skilyrðum samkomulagsins verði fullnægt. Þá á ég við þann hluta sem varðar stjórnskipan fyrirtækisins. Eins og lögum er háttað í dag getur stjórn fyrirtækisins ákveðið þann arð sem eigendum er útgreiddur og það eru engin sérstök takmörk á það sett nema hvað sá arður skal reiknaður frá stofni þeirra eiginfjárframlaga sem eigendur hafa lagt inn í fyrirtækið. Það framlag er ekki mjög hátt miðað við þær tölur sem hér hafa verið til umræðu í dag, þannig að ef þær upphæðir sem fyrirhugað er að greiða sem arð á næstu árum væru reiknaðar af þeim stofni þá eru það háar prósentutölur.

Það hefur verið látið að því liggja að þetta frv. væri eitthvað í ætt við einkavæðingu. Svo er ekki, því miður. Það gæti hins vegar verið ef vel tekst til að þetta gæti að einhverju leyti undirbúið það að fyrirtækið yrði einkavætt, gert

auðveldara að einkavæða fyrirtækið í framtíðinni, en einkavæðingarfrumvarp er frumvarpið ekki. Það fyrirkomulag á stjórnskipan, sem lagt er til í frv. hefur þær breytingar í för með sér að það eykur til muna áhrif framkvæmdarvaldsins á stjórn fyrirtækisins, þ.e. áhrif iðnaðar- og orkuráðherra. Það dregur að sama skapi úr áhrifum annarra eigenda þeirra sveitarstjórna sem aðild eiga að fyrirtækinu, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Jafnframt dregur það úr áhrifum löggjafarvaldsins, Alþingis, á stjórn fyrirtækisins. Um það má auðvitað deila hvaða fyrirkomulag sé heppilegast á stjórn fyrirtækisins og ég gæti vel ímyndað mér að ef þetta fyrirkomulag hefði verið á stjórn fyrirtækisins á síðustu áratugum hefði því ekki farnast eins vel og því virðist samkvæmt þeim tölum sem fram koma í fskj. með frv. En þessar breytingar eru hins vegar nokkurn veginn í takt við þær breytingar sem verið er að gera á stjórnarfyrirkomulagi annarra þeirra fyrirtækja, sem ríkið á stóra aðild að. Því ætla ég ekki að þessu sinni að gera miklar athugasemdir að öðru leyti en því að óska þess að þetta stjórnskipulag reynist eins farsælt, eins og tölur í fskj. virðast benda til að hið fyrra stjórnskipulag hafi reynst.

(**Forseti** (GÁ): Ég bið hv. þm. að fækka fundum í salnum.)

Það sem ég vil gera að aðalumræðuefni eru arðgreiðslurnar. Það má hins vegar enginn skilja það svo að ég sé á móti því að eigendur fái greiddan arð af því fé sem þeir hafa lagt í eða eiga í tilteknum fyrirtækjum. Það skiptir hins vegar máli hvernig það eigið fé myndaðist. Forsaga fyrirtækisins Landsvirkjunar skiptir því máli í þessu sambandi.

Það má segja að saga fyrirtækisins nái allt aftur til ársins 1937 þegar Ljósafossvirkjun var tekin í notkun. En Ljósafossvirkjun, Írafossvirkjun og Steingrímsstöð ásamt því starfi sem hafði verið unnið í Búrfellsvirkjun var grunnurinn að Landsvirkjun í upphafi. Allar þessar stöðvar sem ég nefndi á undan sem og Landsvirkjun hafa verið reknar sem svokölluð „public utilities" eða almenningsveitur eða almenningsþjónustuveitur. Slík fyrirtæki eru ekki rekin eða hafa ekki verið rekin eins og hlutafélög. Þau hafa í flestum tilfellum verið rekin nánast á þeim grunni að jafnvægi væri í sjóðstreymi inn og út hjá fyrirtækjunum á hverjum og einum tíma. Enda var það svo og hefur verið svo að öll þessi stóru orkumannvirki hafa nánast eingöngu verið fjármögnuð með lánum. Eigið fé hefur verið sáralítill hluti í fjármögnun þessara bygginga. Síðan hafa lánin verið greidd niður með raforkugjöldum sem neytendur hafa greitt. Því hefur jafnframt verið haldið fram að nauðsynlegt væri að greiða lánin niður hratt og að raforkugjöldin yrðu að vera há til að byrja með, því þegar lánin væru greidd upp þá mundu neytendur njóta mjög lágra orkugjalda um ókomna framtíð því að vatnsaflsvirkjanir væru það næsta við eilífðarvélina. Þær gætu enst áratugi ef ekki árhundruðum saman með réttu viðhaldi. Því skýtur það skökku við að nú ætli menn að krefjast arðs af þessum fyrirtækjum og þeirri eignamyndun sem þar hefur átt sér stað. Mér finnst það vera nánast eins og neytendur væru látnir greiða, ekki bara einu sinni fyrir raforkuna heldur tvisvar sinnum. Fyrst við uppbyggingu mannvirkjana og síðan sem arð af þeirri eiginfjármyndun sem þeir hafa sjálfir greitt með raforkugjöldunum. Ég vil hins vegar ekki segja að ekki sé hægt að breyta almenningsveitu í hlutafélag. Það getur meira að segja verið bæði rétt og skynsamlegt, það sé nútímalegra og passi betur í okkar markaðsbúskap. En þá er grundvallaratriðið að það sé gert á réttan hátt og að gerð sé grein fyrir eiginfjármynduninni sem nákvæmast og að þeir sem eiga rétt á að njóta ávaxtanna geri það en ekki einhverjir aðrir.

Þetta er kannski í flestum tilfellum tiltölulega auðvelt þar sem það eru sömu aðilar sem eiga almenningsveiturnar og hafa greitt notendagjöldin fyrir raforkuna eða heita vatnið, svo dæmi sé tekið úr aðeins öðrum geira. En í tilfelli Landsvirkjunar er það ekki svo. Það eru ekki nákvæmlega sömu eigendur að Landsvirkjun og notendur raforkunnar. Ekki á öll þjóðin hlutfallslega jafnmikið í Landsvirkjun. Þess vegna finnst mér það vera grundvallaratriði að hv. iðnn. sem væntanlega á að fara yfir þetta mál skoði mjög gaumgæfilega hvernig eigið fé hefur myndast og hvernig hægt sé að breyta þessu fyrirtæki í það að skila arði til þeirra sem eru skráðir eigendur á réttlátan og skynsamlegan hátt. Því samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef getað aflað mér þá eru eiginfjárframlögin einungis um 2 milljarðar kr., uppreiknaðir. Eigendaframlögin eru hins vegar 7 milljarðar kr. Þá eru virkjanirnar sem lagðar voru til í upphafi taldar með en þær var búið að greiða niður með raforkugjöldum notenda. Ef reiknaður er síðan arður af 7 milljörðum fæst hinn títtnefndi arðstofn, 14 milljarðar kr. Þá þarf að reikna sjóðstreymið 15 ár fram í tímann eða nota einhverja enn þá flóknari aðferð sem lesa má um í fskj. til að reikna eigið fé Landsvirkjunar upp á 24–26 milljarða. Mér er reyndar sagt af vísum mönnum að ef raforkuverð í Evrópu væri lagt til grundvallar rekstri Landsvirkjunar mundi eigið fé Landsvirkjunar vera á núlli. Vera nákvæmlega eins og ég var að lýsa að almenningsveitur væru tíðast reknar, að jafna innstreymi og útstreymi úr sjóðsbókinni. Ég legg á það ríka áherslu við hv. iðnn. að hún skoði þetta gaumgæfilega og hafi þá jafnframt í huga að fyrirtækið hefur alla tíð búið við de facto einokunar- og einkaleyfisaðstöðu.

Eins og fram hefur komið þá skiptir gjaldskrá fyrirtækisins í framtíðinni gríðarlega miklu máli bæði fyrir afkomu fyrirtækisins og þær tölur sem hægt er að leggja til grundvallar á útreikningi á arði og þess vegna held ég að það þurfi að fara mjög varlega í það að gera breytingar á því hvernig gjaldskrá fyrirtækisins er ákveðin. Eins og það er í dag þá þarf tillögu Þjóðhagsstofnunar eða þjóðhagsstjóra til þess að ákvörðun geti farið fram innan stjórnar Landsvirkjunar en samkvæmt frv. á stjórn Landsvirkjunar að ákveða raforkuverðið einhliða. Ég tel að það sé fullkomlega eðlilegt að það sé verðlagseftirlit með verðlagningu fyrirtækja sem hafa einkaleyfi og einokunaraðstöðu. Það getur vel verið að í hinni nýju hugmynd að stjórnskipun Landsvirkjunar felist þetta verðlagseftirlit og að framkvæmdarvaldið, ráðherrann, ætli sér að beita sínum fulltrúum þremur með fjögur atkvæði til þess að stjórna verðlaginu því eins og fram hefur komið í umræðunum í dag þá mynda þeir með fjórum atkvæðum neitunarvald í stjórn fyrirtækisins. Ef sú er raunin þá þyrfti það að koma fram en þetta væri ekki æskilegasta verðlagseftirlit sem ég gæti hugsað mér. Ég tel jafnframt að ef þetta frv. nær fram að ganga og að arðgreiðslur verða þær í framtíðinni sem samkomulagið segir til um, það þarf að vísu ekki að vera tengt eins og ég sagði áðan, þá verði breytingar á fyrirkomulagi orkuframleiðslu og orkudreifingu í landinu, ekki einhver tímann á næstu öld heldur mjög fljótt. Það eru fleiri fyrirtæki í landinu sem framleiða og dreifa orku en Landsvirkjun og þau hafa verið eins og mýs undir fjalaketti vegna hinar yfirgnæfandi stöðu Landsvirkjunar á markaðinum. Það verður þá að losa um þessi fyrirtæki og gefa þeim frekari heimildir til virkjunar og til dreifingar. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort

hann telji að þetta frv. leggi nokkrar hömlur á það að tillögur nefndarinnar, um endurskipulagningu raforkumarkaðar, geti náð fram að ganga fljótt og vel.

Ég held líka að það sé vert að íhuga, fyrir þá sem standa að Landsvirkjun, hvaða áhrif þessar breytingar á arðgreiðslum hafa á afstöðu þjóðarinnar til fyrirtækisins. Ég fór nýlega um hálendið norðan Vatnajökuls til þess að skoða þar hugsanleg virkjunarstæði. Virkjun á þessum slóðum mundi hafa í för með sér gríðarlegan umhverfiskostnað. Ég efast stórlega um að íbúar Austurlands mundu nokkurn tímann sætta sig við að það yrði virkjað á þessum slóðum af fyrirtæki sem á að greiða arð að helmingi til til Reykvíkinga og Akureyringa og ég tali nú ekki um ef orkan væri síðan seld til útlanda með kapli. Ég held að það sé skynsamlegt fyrir forsvarsmenn fyrirtækisins að íhuga framtíð þess út frá þessu sjónarmiði.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira, herra forseti, en ég vil ítreka óskir mínar til hv. iðnn. og ég sé að hv. form. nefndarinnar, Stefán Guðmundsson, hefur hlustað hér gaumgæfilega á, að það verði farið ofan í það hver og hvernig eiginfjármyndun fyrirtækisins hefur verið og hvort og hvernig sé hægt að haga þessum breytingum þannig að það sé gert á réttlátan hátt fyrir alla landsmenn, ekki bara þá sem hafa lagt inn í fyrirtækið afskrifaðar eignir á sínum tíma.

[19:06]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. þm. Árna M. Mathiesen hvort þær breytingar sem núna er verið að gera á stöðu fyrirtækisins, verði þetta frv. að lögum, hafi einhver áhrif á þau áform sem fram koma í áliti þeirrar nefndar sem ég skipaði til þess að fara yfir skipulag orkumálanna þá er það svo að ég tel að þær breytingar sem þarna er verið að gera, þar sem leitast er við að færa fyrirtækið meira að því eins og hlutafélög starfa þá falli það mjög vel að þeim hugmyndum sem uppi eru um að leiða inn samkeppni í orkugeirann í áföngum. En það er, eins og ég hef sagt hér áður, meginniðurstaða þessarar nefndar og ég tek undir þau sjónarmið sem þar eru. Það skiptir þó hins vegar meginmáli hversu hratt menn fara í þetta. Það skiptir ekki bara Landsvirkjun máli, það skiptir líka mjög miklu máli fyrir öll önnur orkufyrirtæki eins og Orkubú Vestfjarða, Rarik, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Rafmagnsveitu Reykjavíkur og önnur þau fyrirtæki sem eru að framleiða orku og eru að vinna orku í dag. Það skiptir máli að menn innleiði samkeppnina í áföngum þannig að allir þessir aðilar hafi bæði tíma og ráðrúm til að aðlaga sig að þeim breyttu aðstæðum sem taka við á tilsettum tíma. Ég tel að þær breytingar, og til að ítreka það, sem við erum nú að gera á Landsvirkjun, falli mjög vel að þeim hugmyndum sem uppi eru um breytt fyrirkomulag á skipulagi orkumálanna en það er mál sem síðar mun koma til kasta Alþingis að fjalla um en er ekki núna til umfjöllunar. Bara til að staðfesta það þá fellur þetta, að mínu viti, nákvæmlega að þeim hugmyndum sem þar eru uppi.

[19:08]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil það svo að það sé vilji hæstv. iðnrh. að þetta frv. eða þetta samkomulag, sem þar liggur á bak við, hindri ekki aukið frjálsræði í orkugeiranum. En ég vil ítreka og legg áherslu á að það verði ekki beðið með það, í framhaldi af þessu, að gefa hinum minni orkufyrirtækjum eins og Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða og Rarik meira svigrúm á þessum markaði en þau hafa haft að undanförnu.

[19:09]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað þetta varðar þá er það auðvitað svo að það er eftirspurnin eftir raforkunni sem hlýtur að ráða því hvaða heimildir verða veittar til þess að virkja og fara af stað með ný fyrirtæki eða stækka þau fyrirtæki sem fyrir eru og heimildir þeirra til þess að vinna orku. Landsvirkjun hefur þennan rétt í dag. Önnur fyrirtæki hafa fengið rétt líka í þessum efnum. Það gæti sjálfsagt orðið vandamál þegar kemur að því að velja hvaða leið á að fara þegar þessum takmörkuðu réttindum verður úthlutað. Það er eitt af því sem menn þurfa að taka hér til umræðu í tengslum við skipulagsbreytingar í orkumálunum hvaða aðferðir verði notaðar við úthlutun á þessum takmörkuðu gæðum sem þarna verða til skipta.

[19:10]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að eftirspurnin ræður hér miklu ef ekki mestu en nú er staðan hins vegar sú að Landsvirkjun á í erfiðleikum með að sjá hugsanlegum notendum fyrir þeirri raforku sem þeir þurfa á þeim tíma sem þeir þurfa að fá hana. Þess vegna ítrekaði ég að þeim aðilum sem ég nefndi áðan verði gert kleift að taka þátt í því að leysa þann vanda sem þannig hugsanlega skapast.

[Fundarhlé. — 19:11]

[20:31]

Útbýting þingskjals:

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 210.

[20:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er haldið áfram umræðu um frv. til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. sé skammt undan og vænti þess að hann verði í sal þegar ég flyt mál mitt. En það frv. til breytinga á lögum um fyrirtækið mun vera fyrsta breytingin sem einhverju skiptir a.m.k. á lögum sem samþykkt voru um Landsvirkjun, lögum nr. 42/1983, og samþykkt voru í þinginu 23. mars það ár. Ég held að það hafi aðeins lítilfjörlegar breytingar ef einhverjar verið gerðar á lögunum frá þeim tíma umfram það sem fólst í lögum um raforkuver eða breytingu á lögum um raforkuver sem samþykkt voru 1990 og felld voru inn í lögin um Landsvirkjun þar sem um var að ræða verulega aukningu á virkjanaheimildum til fyrirtækisins og þá í tengslum við ráðgerð áform um orkufrekan iðnað af hálfu þáv. ríkisstjórnar og sérstaklega þá starfandi iðnrh.

Ég held að það sé rétt að ég fari yfir örfá atriði sem tengjast þeirri miklu breytingu sem varð á Landsvirkjun á árunum um og eftir 1980 vegna þess að það hefur verið degið nokkuð inn í umræðu um þessi mál og m.a. af hæstv. iðnrh. Ég bið virðulegan forseta að gera gangskör að því að fá hæstv. ráðherra í þingsal vegna þess að það er erfitt að eiga tal við ráðherrann í fjarska.

(Forseti (StB)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að fá hæstv. ráðherra í salinn.)

Eins og menn væntanlega minnast var Landsvirkjun fram að þessum tíma sem ég gat um þangað til nýr sameignarsamningur var myndaður, fyrst og fremst raforkufyrirtæki

sem starfaði á suðvesturhluta landsins sem sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar eins og frá því var gengið í sameignarsamningi á árinu 1965 að mig minnir. Aðrir önnuðust raforkuöflun í öðrum landshlutum og þá sérstaklega Laxárvirkjun með eignaraðild Akureyrarbæjar á móti ríkinu og Rafmagnsveitur ríkisins. En með samkomulagi sem tengdist störfum ríkisstjórna 1978–1979 og 1980–1983 sem voru sum hver byggð inn í stjórnarsáttmála þeirra ríkisstjórna sem þá sátu, var gerð mjög veigamikil breyting á þessu fyrirtæki sem góð samstaða tókst um að lokum þó að nokkrar deilur væru uppi um skeið hvernig á skyldi haldið. Það sjónarmið sem stjórnarflokkar sem mynduðu ríkisstjórn 1978 sameinuðust um í þessum efnum var að gera Landsvirkjun að meginraforkuöflunarfyrirtæki landsmanna og freista þess að nýta þá breytingu sem þannig næðist til þess að tryggja verðjöfnun á raforku í landinu. Gerður var sameignarsamningur sumarið 1979 milli eignaraðila ríkisins og tveggja sveitarfélaga sem nú eiga aðild að Landsvirkjun á móti ríkinu. Þessi samningur náði því miður ekki fram að ganga og ég segi því miður af því að það var viss söknuður að sjá hann felldan í borgarstjórn Reykjavíkur af meiri hluta sem skapaðist þar með því að fulltrúi Alþfl. í borgarstjórn sameinaðist Sjálfstfl., þá í minni hluta í borgarstjórn, og felldi þennan sameignarsamning. Ég held að það hafi verið á þeim tíma sem minnihlutastjórn Alþfl. sat í nóvembermánuði 1979 sem þessi atburður varð þannig að ég sat ekki í ráðherrastóli á þeim tíma en hafði gengið frá samningnum fyrir ríkisins hönd þá um sumarið.

Þær deilur sem þá voru uppi voru að nokkru leyti pólitísk leikflétta, kannski meira heldur en það að Sjálfstfl. hafi greint svo stórkostlega á við þáv. ríkisstjórn. En það voru auðvitað mjög harðar innbyrðis deilur í borgarstjórn Reykjavíkur eftir það áfall sem Sjálfstfl. varð fyrir í sveitarstjórnarkosningunum 1978 um þau efni. Og þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens tók við völdum í febrúar 1980, var málið tekið upp á nýjan leik á sama grunni, á grundvelli stjórnarsáttmála og þá tókst að leiða það mál til lykta í alveg bærilegu samkomulagi og var jafnhliða gerð geysileg breyting á hlutverki Landsvirkjunar sem fólst í því að sett voru ný lög um raforkuver sem gengu síðan inn í lögin um Landsvirkjun, þ.e. heimildir til virkjana sem Landsvirkjun yfirtók og breytingar á lögum um Landsvirkjun sem voru innsiglaðar í marsmánuði í mjög þokkalegum friði með fáum undantekningum á Alþingi undir lok stjórnartímabils þessarar ríkisstjórnar sem ég nefndi.

Ég er nú að rifja þetta upp, virðulegur forseti, vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur dregið það fram að haldið sé hliðstætt á málum af hans hálfu nú og gert var á þeim tíma þegar sú Landsvirkjun sem síðan hefur starfað í rauninni varð til með samningum og lögum og er mönnum kunnuglegt fyrirtæki, eitt þýðingarmesta fyrirtæki í landinu. Það er ekki með öllu rétt að bera þessa hluti saman eins og hæstv. ráðherra gerir. Ég hef engan ágreining uppi um það að að formi til er farið með málið á hliðstæðan hátt að því er varðar tilnefningu aðila af hálfu eignaraðila. En það sem mér sýnist að muni á málsmeðferð allverulega er að stjórn Landsvirkjunar hefur lítið verið höfð með í ráðum að því er virðist varðandi samningsgerðina. En þegar þessi mál voru til umfjöllunar fyrir 15 árum eða vel það, var mjög náið samráð við Landsvirkjun á þessu tímabili og hlaut að vera m.a. vegna þeirra miklu skuldbindinga sem fyrirtækinu var ætlað að taka á sig. Stjórnarformaður Landsvirkjunar átti mjög drjúgan hlut í að leiða ýmis mál til lykta sem byggð voru inn í þetta heildarsamkomulag um fyrirtækið. Þetta er auðvelt að sýna fram á með bréfum. Ég fór ekki djúpt í gagnasafn af þessu tilefni, hafði ekki ráðrúm til þess. En ef menn líta á hverjir voru t.d. í samninganefnd sem skipuð var upphaflega í mars 1979 til að fara með þessi mál, þá var þar ekki gripið til þess ráðs eins og hér var nefnt af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og gagnrýnt af hans hálfu, að embættismenn hefðu verið settir í málið, að lítið pólitískt samráð hefði verið haft. En á þessum tíma fyrir nærri 17 árum síðan voru trúnaðarmenn þeirra flokka sem störfuðu í ríkisstjórn í samninganefndinni og reyndar trúnaðarmenn stjórnarandstöðu. Ég leyfi mér bara að nefna þetta af því að þetta hefur verið til umræðu. Það skiptir máli fyrir þessa málsmeðferð. Það voru reyndar allir tilnefndir af hálfu ráðherra. Tryggvi Sigurbjarnarson leiddi starfið ríkisins megin. Pálmi Jónsson sem ég man ekki betur en væri þá í stjórnarandstöðu — þetta er 1979 — þingmaður Sjálfstfl. var í stjórninni og Helgi Bergs trúnaðarmaður Framsfl. og mjög fær maður og ötull. Hann lét sig mikið m.a. orkumál skipta. Og þáv. framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, ef ég man rétt, Magnús E. Guðjónsson — þetta eru handritaðar undirskriftir — var þarna til að tryggja samstarf við samtök sveitarfelaga.

Ég vek athygli á þessari málsmeðferð. Svipað var síðan uppi þegar málið var endurunnið, má segja, og leitt til lykta þremur árum síðar, 1982 held ég að það hafi verið. Þá var reynt að hafa um það sem best pólitískt samráð og ekki fylgt þar stífustu flokkslínum eða stjórnarlínum í sambandi við málið. Stjórnarformaður Landsvirkjunar um áratugi var trúnaðarmaður ráðuneytisins í ýmsum þýðingarmiklum hliðarsamningum sem gerðir voru um yfirtöku á eignum ríkisins sem færðar voru undir Landsvirkjun, færðar frá Rafmagnsveitum ríkisins sem hafði þær undir tímabundið og tók við þeim. Allt þetta leiddi til þess að bærileg sátt varð um þennan sameignarsamning á þessum tíma að lokum sem og lagasetninguna. Þannig tókst það sem verið var að leggja áherslu á af stjórnarliðum sem hér töluðu, þ.e. þýðing þess að ná sem bestri sátt um þetta stóra fyrirtæki okkar landsmanna þar sem ríkið fer með 50% eignaraðild og hæstv. iðnrh. hverju sinni er vörslumaður almannahagsmunanna með sveitarfélögunum sem auðvitað líta á sína hagsmuni öðru fremur.

Ég sé það í skjölum m.a. að það voru uppi, og sé ástæðu til að nefna það hér vegna þess að það er verið að breyta stjórnarformi á Landsvirkjun, að hugmyndir voru uppi frá iðnrn. hálfu á þessum tíma, 1982, þegar heildarlögin um Landsvirkjun voru undirbúin, að breyta stjórnarkjöri nokkuð frá því sem áður hafði verið ætlað, færa það jafnvel að nokkru leyti í ekki ósvipað form og hæstv. ráðherra er nú að leggja til að gert verði, stytta stjórnartíma og að ríkið tilnefni formann. Þessar hugmyndir voru uppi, voru bréfaðar, en það komu viðbrögð frá þessu og borgarstjórinn í Reykjavík ritaði þeim sem hér stendur, eða þáv. iðnrh. bréf og fór kurteislega fram á að þær hugmyndir sem ráðuneytið hafði sett fram yrðu teknar til endurskoðunar og vitnaði til bráðabirgðaákvæða sem voru í samningi eignaraðila frá 26. febr. 1981 sem kvað á um að aðilar væru sammála um að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnarkjörs Landsvirkjunar og nauðsynlegri lögfestingu á samkomulagi þar að lútandi. Þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur, nú hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, segir í framhaldi af því:

„Enginn vafi er á að þetta ákvæði var sett inn í samninginn og hafði töluverð áhrif að samkomulag náðist þar sem vitað

var að sveitarfélögin, sem hlut eiga að máli, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, una illa núverandi ákvæði laga um stjórnarkjör eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun. Nú er mjög langt liðið á aðlögunartímabil samningsins og því er hér með óskað eftir af borgarinnar hálfu að gengið verði til formlegra viðræðna milli aðila í þeim tilgangi að vinna að þeirri endurskoðun sem 5. gr. kveður til."

Samhljóða bréf sent bæjarstjóranum á Akureyri, Helga Bergs, undirritað af Davíð Oddssyni.

Þetta rifja ég hér upp fyrir þingheimi. Tekist var á við Sjálfstfl. um ýmis efni á þeim tíma sem ég fór með þessi mál og það voru að mörgu leyti ekkert óskemmtileg átök þannig séð. Þau voru á ákveðnum forsendum og þau voru leidd til lykta. Það vannst allfarsællega úr þeim málum. Þau tengdust talsvert spurningunni um raforkuverð til stóriðju á þessum árum og margar ræður voru haldnar í þessum stól um það en sem leiddu til þess að það tókst að brjóta upp þann harðsnúna innrammaða raforkusamning sem átti að gilda um áratugi við Alusuisse um raforkusölu til álversins í Straumsvík, tókst að brjóta þann samning upp, knýja gagnaðilann til þess að fallast á endurskoðun og að lokum undir forustu Sjálfstfl., ráðherra hans tókst 1984 að uppskera það sem Landsvirkjun hefur búið að síðan og hefur haldið styrk sínum og náð að halda stöðu sinni þó að móti hafi blásið í efnahagslegu tilliti hjá fyrirtækinu vegna ýmissa breyttra forsendna, m.a. í sambandi við markaðsmál á undanförnum árum, sérstaklega í kringum 1990 er verulegur taprekstur var á raforkusölu fyrirtækisins og fjárfestingar skiluðu sér ekki eins og ráðgert var. Þetta var allt saman tiltölulega farsælt að lokum þó að nokkuð deildar meiningar væru um hvernig á málum var tekið og það átti alldjúpar sögulegar og pólitískar rætur sem hér verða ekki raktar og ekki ástæða til að fara út í en héldu þó um þá miklu hagsmuni að lokum sem þarna voru í húfi, efnahagslega hagsmuni fyrir Ísland og skiluðu sínu.

Það skyldi nú vera að þeir aðilar sem eru að gera hvað stífastar kröfur um arðgreiðslur frá fyrirtækinu séu ekki að nokkru leyti að byggja á þeirri stöðu sem þarna vannst og þarna skapaðist. Inn í lögin um Landsvirkjun 1983 voru sett ákvæði um arðgreiðslur en þau voru á allt öðrum grunni en nú er gert. Mér finnst að hér sé verið að fara inn á mjög hæpna braut svo að ég kveði ekki fastar að orði. Ég get að mörgu leyti tekið undir það sem hv. þm. Árni M. Mathiesen mælti áðan í þessari umræðu að mér finnst sú krafa vera bæði efnislega og siðferðilega á veikum grunni byggð sem sett var fram og sem hæstv. iðnrh. lét undan af hálfu viðkomandi sveitarfélaga um mjög stíf og ákveðin ákvæði um arðgreiðslu byggt á nýjum formúlum að þessu leyti sem kallaði á lagabreytingar og byggt er inn í þennan nýja sameignarsamning.

Ég harma þau veðrabrigði sem orðið hafa á þessum tíma af hálfu sveitarfélaganna. Sveitarfélögin gengu inn í endurnýjað samstarf um Landsvirkjun 1982 og studdu frv. um Landsvirkjun á þeim tíma en venda nú kvæði í kross með þeim hætti sem gerst hefur og hæstv. iðnrh. lætur undan þeim kröfum. Ég óska eindregið eftir því, virðulegi forseti, að þessi mál verði skoðuð mjög vandlega af hálfu þingsins í frekari málsmeðferð og það samkomulag um arðgreiðslukröfur til eigenda fyrirtækisins, sem prentað er sem fskj. með frv., verði ekki af einhverju fljótræði innsiglað á Alþingi. Eins og margir sem hér hafa talað, einnig stjórnarliðar, óttast ég að svo geti farið að þeim hugmyndalega grunni sem byggt hefur verið á varðandi þetta fyrirtæki verði rift og allt annað andrúmsloft skapist í kringum fyrirtækið, engum til góðs og síst af öllu þjóðinni til góða, og það eigi að færa mjög ljósa markaðshugsun inn í afstöðu til fyrirtækisins af hálfu eignaraðila. Ég gef ósköp lítið fyrir það að menn ætli að reyna að þrýsta þessu máli í gegn með einhverjum óljósum þokukenndum loforðum um að ríkið kunni að verða svo gjöfult og myndarlegt og sáttfúst gagnvart landsbyggðinni sérstaklega að það væri til með að deila út þeim arði sem það innheimti til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni eins og það er kallað. Hvernig líst mönnum á þær hugsanir á sama tíma og á leiðinni eru hugmyndir, sem ég skal ekkert fullyrða um hversu langt fara, en óttast þó vissulega að eigi eftir að ganga yfir m.a. stuðdar af ákvæðum sem ættuð eru frá Evrópusambandinu, tilskipuninni um orkumál frá júní sl., sem verði til þess að rifta þeim megingrunni sem var undir sáttinni um endurnýjaða Landsvirkjun 1982–1983 að festa í sessi þá stefnu og lögfesta þá stefnu að eitt og sama heildsöluverð skyldi vera á raforku frá fyrirtækinu miðað við hliðstæða spennu á öllum afhendingarstöðvum út frá byggðalínu.

Þetta var eitt meginatriðið sem sameinaði menn og sem menn bundust samtökum um og sem meiri hluti Sjálfstfl., sem var í stjórnarandstöðu, studdi að lokum heils hugar. Ég fagna því að sú hugsun og sá skilningur skuli lifa hjá sjálfstæðismönnum sem tala hér og væntanlega mörgum fleiri að það beri að standa vörð um þessi sjónarmið um leið og ég verð að lýsa bæði hryggð og nokkurri undrun yfir því að Framsfl., sem ábyrgðaraðili í orkumálum og iðnaðarmálum í landinu, skuli ganga fram fyrir skjöldu til að rifta þessum grundvelli eða a.m.k. setja hann í mjög mikla hættu svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Framsfl. vildi ekki síður en Alþb., það var viss samkeppni um það, eigna sér þær breytingar í sambandi við raforkumál í landinu sem voru innleiddar fyrir hálfum öðrum áratug og átti mjög mikið í því, m.a. fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson sem var sá sem mikið lagði til orkumála af hálfu flokksins á þeim tíma ásamt Helga Bergs bankastjóra, þeim greinargóða manni, sem var einn elsti ráðgjafi flokksins í þessum málum og fylgdist þar mjög náið með og var í forustu í Rafmagnsveitum ríkisins ef ég man rétt í lengri tíma.

Síðan er annað atriði, sem ég leyfi mér að tengja inn í þetta mál, virðulegi forseti, og það snertir stöðu annarra sveitarfélaga í landinu en Akureyrarbæjar og Reykjavíkur. Sú hugsun var uppi þegar lögin voru sett um Landsvirkjun árið 1983 að í framtíðinni fjölgaði þeim sveitarfélögum og samtökum sveitarfélaga sem gerðust eignaraðilar að Landsvirkjun og lögin voru miðuð við það að þessum sameignaraðilum á móti ríkinu fjölgaði. Það var viðurkennt af þeim sveitarfélögum sem áttu í hlut, Reykjavík og Akureyri á þessum tíma, að slíkt væri eðlileg þróun. Skref í þá átt var ársfundur Landsvirkjunar með fulltrúaaðild frá samtökum sveitarfélaga en einnig var gert ráð fyrir því að aðilar sem eignuðust og keyptu sig inn í fyrirtækið og það var allt opið um það, með 2% eignaraðild að mig minnir, fengju aðild að stjórninni. Ég vil ekki fullyrða þetta án athugana en menn þyrftu a.m.k. að reiða fram ákveðinn lágmarkshlut og miðað við ákveðnar forsendur fengju menn einnig aðild að stjórn fyrirtækisins. Einmitt þessi hugsun var þarna uppi og það var þetta sem menn hefðu átt að reyna að þróa áfram og styðja við til þess að þetta landsfyrirtæki stæði á þeim fótum sem því var ætlað og þeir sem að fyrirtækinu stóðu vildu að gæti gerst en það hefur því miður ekki gerst á þessu tímabili og það

var kannski ekki sá hugur eða efnahagslegu burðir af hálfu sveitarfélaga til þess að láta þessar hugmyndir rætast og það er vissulega leitt að skuli hafa gerst.

Nú er sótt að þessu fyrirtæki úr allt annarri átt, stutt af hersveitum sunnan úr Evrópu, stutt af ákvörðunum sem teknar eru af Evrópusambandinu. Það er verið að nota það til þess að innleiða breytingar í raforkumál okkar sem eru víðs fjarri að þjóna hagsmunum Íslendinga. Hér er á ferðinni eitthvert ljósasta dæmi um það hvernig menn með aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið binda sig til þess að lúta ákvörðunum sem eru teknar langt í burtu af aðilum sem hugsa ekki nokkurn skapaðan hlut hvernig þetta virki fyrir aðstæður eins og á Íslandi, leiða ekki hugann að því, og það er svo sem ósköp eðlilegt, en við göngum í gapastokkinn.

Svo koma hér ýtrustu markaðskröfumenn, talsmenn Alþfl., og eru að nota þennan samning sem þeir knúðu upp á Íslendinga og fengu Sjálfstfl. að lokum í lið með sér, illu heilli, til þess að koma í gegn á Alþingi Íslendinga. Ég hugsa það séu ýmsir sem hugsa til baka að það hefði betur verið látið ógert að gangast undir það jarðarmen sem páv. formaður Alþfl. knúði upp á Sjálfstfl. og hann fór inn í ríkisstjórn, á þeim forsendum varð sú ríkisstjórn til 1991. Því að þær ákvarðanir eiga eftir að verða Íslendingum dýrkeyptar þegar fram í sækir og við erum hér með eitt mjög ljóst dæmi þar sem nýkjörinn formaður Alþfl. kemur í stólinn og notar ákvarðanirnar, teknar í fjarska af embættismannavaldinu í Brussel, því engar ákvarðanir eru þar teknar með lýðræðislegum hætti. Það er ekki byggt inn í þetta draumaland sem Alþfl. ætlar að koma Íslendingum inn í. Þar er lýðræði, í þeim skilningi sem Íslendingar hafa lagt í það orð og Norðurlandaþjóðir, ekki fyrir hendi, síst af öllu í sambandi við ákvarðanatöku. Og eina stofnunin sem hefur heimildir til þess að leggja fram lagafrv. er embættismannalið kommissara og enginn annar. Enginn annar má leggja fram tillögur um lög fyrir samkvæmið. Og það er fallegt veganesti sem þessi nýkjörni formaður Alþfl. er að leggja hér inn á sama tíma og verið er að gera gælur við að sameina það sem kallað er einhverju nafni, því skrýtna mengi sem fellur undir jafnaðarmennsku og væri nú ástæða til að pakka aðeins utan af því hugtaki miðað við þann málflutning og þann skilning sem fremstu menn í Alþfl. virðast leggja í það hugtak.

Virðulegur forseti. Það var mjög sérstakt að hlusta á þá messu en ég ætla nú ekki að eyða frekari orðum að því. En ég spái ekki góðu fyrir Alþfl. ef þetta er inntakið og þetta er aðferðafræðin sem beita á til þess að laða menn til samstarfs og kemst ekki hjá því að nefna það hér vegna þess að það er ástæða til þess og gefið tilefni til þess.

Ég ætla síðan, virðulegur forseti, eftir að hafa aðeins farið yfir þessi mál, og ég vona að menn misvirði það ekki að aðeins hefur verið stiklað hér á þessum bakgrunni fyrirtækisins sem við erum að ræða um breyta lögum fyrir og ég tel að það sé ástæða til þess, þá ætla ég aðeins að minnast á fáein atriði sem tengjast með beinum hætti frv., og þá fyrst það sem snertir 1. gr. um verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til annarra aðila hér á landi og erlendis. Þetta er nú ekki stóra málið kannski í þessu samhengi en ég er svolítið efins um að þetta sé það verkefni sem við eigum að fara að fela Landsvirkjun og gera fyrirtækið upptekið af því að fara að selja tækniþekkingu og sérþekkingu til útlanda. Þar er að vísu undanskilin mannvirkjagerð, þátttaka í mannvirkjagerð er ekki innifalin heldur eins og þarna stendur. Ég er svolítið undrandi á því að þessi markaðshyggjusæknu leiðtogar sem nú verma stjórnarstóla o.fl. sem í stjórnarandstöðu eru, sumir hverjir, að þeir skuli endilega vilja láta þetta opinbera fyrirtæki, ríkisfyrirtæki, vera að sinna þessum málum og þá í beinni samkeppni væntanlega við aðra sem gjarnan vilja reka slíka starfsemi. Ég nefni það jafnframt að ég held að orkufyrirtæki almennings í landinu, ég er ekki að segja Landsvirkjun því hún hefur ekki gengið langt í þessum efnum, en ég nefni önnur orkufyrirtæki sem hafa einkaleyfi til að selja sína afurð sem þau eru mynduð til að starfa að, þ.e. að framleiða orku hvort sem það er raforka eða jarðvarmi, t.d. Hitaveita Suðurnesja, ágætt fyrirtæki, öflugt fyrirtæki sem hefur blómstrað en hefur farið að færa starfsemi sína langt út fyrir eðlilegt starfssvið sem aðili sem er að starfa með einkaleyfi til markaðssetningar á heitu vatni og raforku, þó í takmörkuðum mæli sé, og er farið að spekúlera og leggja fjármagn í alla mögulega óskylda hluti á sínu svæði. Ég held að þetta séu siðir sem þykja ekki mjög góðir sums staðar í löndum þar sem menn leita þó fordæma. Og ég vara við því að ganga þessa braut. Ég gerði það þegar verið var að gera breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja til að opna fyrir svona heimildir eins og gert var. Það þarf að vera gagnsætt og ljóst að einokunaraðili í þessu tilviki, ég segi það ekkert í neikvæðri merkingu, sem hefur þarna einokun gagnvart ákveðnum markaði, sé ekki að sýsla við óskyld atriði og enginn hendir reiður á því hvernig kostnaðurinn fellur til og hvort orkuverð sem verið er að selja endurspeglar eitthvað rekstrarstöðu eða möguleika fyrirtækisins til orkuafhendingar. Þetta er mjög einkennilegt. Og hinir markaðstrúuðu sem eru hér að reiða fram samkeppnislögin, oft á tíðum, stundum með réttu, til að gagnrýna ýmsa skrýtna þætti út frá markaðssjónarmiði koma hér og vilja að þetta fyrirtæki okkar fari að sýsla við sölu á þekkingu út í lönd o.s.frv. En þetta er kannski ekki stóra málið.

Í 2. gr. frv. er svo þessi samningur og eigendaframlög. Ég hef þegar gagnrýnt það hvernig þar er að verki verið og ég tel að þar hafi verið illa á máli haldið. Það er leitt til þess að vita að svokallaður, fyrirgefið ég segi svokallaður, vinstri meirihluti í Reykjavík, alla vega meiri hlutinn sem stendur að R-lista í Reykjavík, en undir forustu framsóknarmanns, Alfreðs Þorsteinssonar, skuli ganga fram fyrir skjöldu með þessar kröfur og Nesjavallavirkjun að auki. Brjótast undan Landsvirkjun til þess að rjúfa í rauninni þá sátt sem hefur verið um orkuöflun á þeim grunni sem Landsvirkjun var reist á, útvíkkuð Landsvirkjun, til þess að taka fyrir sína umbjóðendur aukinn hlut af auðlindinni til hagsbóta fyrir takmarkaðan hóp. Ég skal ekkert segja um það hvort þessi minni hluti í borgarstjórn hefði staðið öðruvísi að málum. Það var látið liggja að því að þeir hefðu viljað halda öðruvísi á málum. Það verður erfitt að sjá það fyrr en sagan þá dæmir það eða sýnir það. En betur væri að menn hefðu spurningarmerkin uppi og létu bjöllurnar aðeins hringja í sambandi við þessa málsmeðferð. Og það fær mig enginn til þess að greina þar á milli út frá því hver á heldur, heldur er það efni máls sem hlýtur að ráða afstöðu okkar í þessum efnum.

Síðan er það stjórnarkjörið sem 3. gr. kveður á um og hæstv. ráðherra leggur mikið upp úr því að með þessari tilhögun sé verið að greina svona með skýrum hætti, jafnvel í anda blessaðrar stjórnarskrárinnar, á milli löggjafar- og framkvæmdarvalds. Já, já, það kann að vera gott markmið á stundum en þá þyrfti líka að vera samkvæmni í hlutunum að því leyti. Og hvaða samkvæmni er í sambandi við þessa uppsetningu mála að hérna í þessum röðum hér hægra

megin, virðulegur forseti, og vinstra megin sitja handhafar framkvæmdarvaldsins með atkvæðisrétt á Alþingi Íslendinga og eiga hlut að því að setja lögin, koma með frv. ofan úr ráðuneytunum og reyna að beisla sitt lið til þess að setja lögin. Af hverju standa þeir ekki upp úr stólum og láta aðra taka við á meðan þeir eru að sýsla uppi í ráðuneytum? Það væri aðgreining á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds sem menn tækju eftir. Svo koma sömu menn hér heilagir á svipinn og segja: Jú, við ætlum greina hérna í sambandi við stjórn Landsvirkjunar, burt með alþingismenn úr stjórninni og við ætlum að skipa okkar menn eða menn sem við veljum. Hér er ekki tími, virðulegur forseti, til að fara yfir þann lista, þær embættisveitingar og skipanir. Það er fróðlegt samt að líta yfir sitthvað sem snýr að orkusviðinu í þessum málum. Það vill svo til, virðulegur forseti, að þar hefur Framsfl. hentað að setja sitt fólk til verka sem víðast. Menn geta litið um garða. Þeir bera ábyrgðina á meðferð orkumálanna með mjög skýrum hætti og hafa gengið þar langt í þeim efnum. Ég er ekkert að segja að það geti ekki farið saman hæfileikar og flokksskírteini. Jú, jú, það getur farið saman en það er ekki alltaf sem það fer saman. (**Gripið fram í:** Og þá ræður skírteinið.) Og þá er stundum hætt við því að skírteinið ráði, já. Ég er ekki að segja að framsóknarmenn séu einir um það. Það er svo langt frá því. (**Iðnrh.:** Hvar eru dæmin?) Hvar eru dæmin, spyr hæstv. ráðherra. Virðulegur forseti, það er nú hægt að fara yfir sviðið ef sérstaklega er óskað eftir því í þessum málum.

Að lokum, virðulegur forseti. Ég treysti því að menn skoði sinn gang hér á Alþingi og iðnn. þingsins vandi yfirferðina á frv. og þeim gögnum sem því fylgja. Ég hefði talið að menn hefðu átt að halda á því eins og hér var nefnt af hv. þm. Svavari Gestssyni og fleirum að leita leiða til að ná ásættanlegum breytingum í samkomulagi við iðnrh. hæstv. m.a. án þess að fara út í stórar lagabreytingar varðandi fyrirtækið, ekki síst með það í huga að áform eru uppi um það að grípa til langtum róttækari breytinga sem varða stöðu þessa fyrirtækis, innan ekki langs tíma, og hefði nú verið æskilegt að líta á hlutina í samhengi og doka við.

[21:13]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég hef nú svarað nokkrum þeirra spurninga hér í andsvörum sem beint hefur verið til mín við þessa umræðu en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði beinnar spurningar sem sneri að því hvernig ég liti á neitunarvald ríkisins í stjórn Landsvirkjunar ef þessi áform gengju eftir sem í frv. eru, það er að segja að af raunverulega átta stjórnarmönnum þ.e. ef formaður er talinn tvisvar að þá geti atkvæði fallið á jöfnu. Eignarhlutar í fyrirtækinu eru þannig að Reykjavíkurborg á 44,5% og Akureyrarbær 5,5% en ríkið á 50%. Þannig að ríkið á akkúrat helminginn og það hlýtur því að teljast eðlilegt að eignaraðili sem á helminginn hafi möguleika á því að nýta atkvæðisrétt sinn í samræmi við það. Í raun hefur þetta verið með sama hætti eins og stjórn Landsvirkjunar er skipuð í dag vegna þess að formaður stjórnarinnar er sameiginlega valinn af eigendum, iðnrh., borgarstjóra og bæjarstjóranum á Akureyri. Þannig að þarna er í raun og veru ekki um neina breytingu að ræða að öðru leyti en því að það er fækkað um þrjá stjórnarmenn samkvæmt þessari tillögu vegna þess að ríkið hefur átt þarna inni áheyrnarfulltrúa frá 1983. Fyrir utan það að það er ekki sjálfgefið að sveitarfélögin þurfi endilega að mynda blokk gegn ríkinu. Það er ekki alltaf víst að hagsmunir sveitarfélaganna fari nákvæmlega saman innan stjórnar fyrirtækisins. Það getur alveg eins verið að hagsmunir ríkisins og annars sveitarfélagsins fari saman eða eins og oftast er nú sem betur fer að hagsmunir allra fari saman í þessum efnum. Þarna er því ekki um neina efnisbreytingu að ræða.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom inn á jöfnun orkuverðs og setti fram þá skoðun sína að ekki væri um að ræða neina breytingu með þessu samkomulagi á jöfnun orkuverðs. Það er rétt hjá hv. þm. Þetta samkomulag hefur engin áhrif á það hlutverk sem Landsvirkjun hefur haft til þess að jafna orkuverð í landinu og það er engin breyting fyrirhuguð í þeim efnum. Hv. þm. spurði líka hvað liði því atriði sem fram kemur í lögum um Landsvirkjun að það þurfi að bera stóriðjusamninga sem gerðir eru fyrir fyrirtækið undir iðnrh. til að tryggja að ekki væri um að ræða að stóriðjusamningar leiddu til hækkunar á verði til almennings. Aðalatriðið í þessu sambandi er að það á ekki að gera stóriðjusamninga af hálfu Landsvirkjunar sem leiða til hækkunar á orkuverði til almennings. Þannig hefur verið haldið á að undanförnu að slíkir samningar hafa ekki verið gerðir. Þarna er því engin hætta, fyrir utan það að þetta ákvæði í 13. gr. laganna stendur.

Hv. þm. lýsti áhyggjum sínum yfir því að einstakir verktakar sem væru að vinna fyrir Landsvirkjun gætu selt þá þekkingu sem þeir öðluðust í starfi fyrir fyrirtækið og selt upplýsingar sem þeir kæmust að í rekstri fyrirtækisins þegar þeir væru að vinna fyrir fyrirtækið. Það er skýrt tekið fyrir að slíkt geti gerst í samningum sem Landsvirkjun gerir við þessa verktaka. Ég tel að fyrir það hafi verið girt hafi sú hætta einhvern tímann verið til staðar.

Varðandi arðgreiðslurnar og að arður skuli reiknaður af eigendaframlögum þá skiptast eigendaframlögin í þrennt. Í fyrsta lagi er um ákveðin vatnsréttindi að ræða, eins og hv. þm. kom inn á, sem gætu verið að núvirði í kringum 300 millj. kr. Í öðru lagi eru það bein peningaframlög frá eignaraðilum og í þriðja lagi fasteignir sem eignaraðilar lögðu inn í fyrirtækið.

Vatnsréttindin er hægt að meta á 300 millj. kr. að núvirði. Það var hins vegar svo að þegar ríkið lagði þessi vatnsréttindi inn í fyrirtækið, var það orðið eigandi að þessum vatnsréttindum. Það hafði keypt þau af fyrirtækinu. Ég er ekki með framreiknaðar tölur um þessi eigendaframlög nákvæmlega hver þau eru, ekki á núvirði. En eins og þau stóðu í reikningum 1. jan. 1966, þegar skiptin fóru fram var eigendaframlag ríkisins og Reykjavíkurborgar í Sogsvirkjununum, endurmetnar eignir á verðlagi þess tíma, 101 millj. kr. Það skiptist til helminga á milli Reykjavíkurborgar og ríkisins sem voru helmingseignaraðilar að Sogsvirkjuninni. Sú eign er ekki þannig tilkomin að þar hafi einhverjir styrkir legið að baki. Fyrirtækið varð til vegna þess að aðilar tóku lán og fengu lán með hagstæðum kjörum sjálfsagt á þeim tíma til að byggja upp fyrirtækið en ábyrgð eigenda, þ.e. ríkisins og Reykjavíkurborgar var að baki þessum lánum. (**Gripið fram í:** Marshall-aðstoðin.) Marshall-aðstoðin fólst í því að þeir fengu lán á hagstæðum kjörum til að byggja upp fyrirtækin. En ábyrgð beggja aðila var á þeim lánum sem tekin voru. Síðan var framlag Reykjavíkurborgar 20 millj., síðan voru ákveðnar fasteignir upp á 80 millj. kr., framlag ríkisins í peningum var 20 millj. kr., undirbúningskostnaður upp á 39 millj. og vatnsréttindi metin þá á 42 millj. kr. sem núna eru uppreiknuð upp á 300 millj. kr. Þannig féllu þessi eigendaframlög til. Auðvitað verða öll þessi gögn opin fyrir iðnn. til að skoða þegar hún fer yfir málið.

Ef ég hef skilið hv. þm. Sighvat Björgvinsson rétt þá hefði hann kannski viljað ganga lengra en gengið er í þessu samkomulagi milli eignaraðila. Ýmsum hugmyndum var velt upp eins og lýst er í greinargerð frv. og skýrslu nefndarinnar sem ég ætla ekki að fara að tíunda hér frekar. Meðal annars var velt upp þeirri hugmynd að gera félagið strax að hlutafélagi og hugsanlega fá nýja eignaraðila inn. Þetta varð hins vegar niðurstaðan. Menn töldu að þetta væri gott skref í fyrsta áfanga og ákveðið var að endurskoða samkomulagið fyrir 1. jan. árið 2004.

Það er hins vegar full ástæða til að fylgjast með hvað er að gerast. Það eru mjög hraðar breytingar í orkugeiranum. Menn hafa gert talsvert að umræðuefni þá tilskipun sem í undirbúningi er hjá Evrópusambandinu og þær kröfur sem hugsanlega munu koma á okkur þaðan. Hún mun að mínu viti ekki setja þær kröfur á okkur að við þurfum að skipta fyrirtækinu upp. Það mun verða nóg, að ég hygg, að skipta rekstri fyrirtækisins upp bókhaldslega séð, þ.e. að greina skýrt á milli vinnslu, flutnings og dreifingar. Og eins og fram kom hjá stjórnarmanni fyrirtækisins fyrr við þessa umræðu þá skilst mér að hann sé búinn að undirbúa þetta allt hjá fyrirtækinu. Þannig að það er sjálfsagt í mjög góðum höndum eins og flest annað hjá því ágæta fyrirtæki.

Ráðstöfun á arðinum. Lagðar eru ákveðnar forsendur til grundvallar því hvernig arður er útreiknaður. Hann er reiknaður af eigendaframlögum og síðan er honum skipt með ákveðnum hætti. Hluti af honum er greiddur út og hluti af honum fer til þess að hækka eigendaframlög fyrirtækisins.

Hv. þm. Svavar Gestsson fullyrti að sú breyting sem þarna væri um að ræða leiddi til þess að jöfnun orkuverðs væri í hættu. Ég fullyrði hins vegar að svo er ekki. Samningurinn á ekki að leiða til þess. Ekki nema þá að hv. þm. fari að beita sér fyrir því í stjórn Landsvirkjunar að farið verði að draga úr jöfnun orkuverðs. Það er auðvitað leið sem hv. þm. hefur ef þær fyrirætlanir eru uppi. (**SvG:** Ráðherrann ... að setja mig af.) Ég veit ekki hversu forspár hv. þm. er (**SvG:** Mjög forspár.) en það mun auðvitað koma í ljós (Gripið fram í.) þegar fram líða stundir. Ég veit ekki hvernig ég á að skilja hv. þm. í þessum efnum. En vafalítið á hv. þm. eftir að sitja einhvern tíma enn í stjórn Landsvirkjunar. Hann getur enn beitt áhrifum sínum í þessa veru hafi hann áhuga á því en ég trúi nú að svo sé ekki. En samningurinn sem slíkur, þessi samningur, mun engin áhrif hafa á jöfnun orkuverðs, ekki nokkur, hv. þm.

Enn ætla ég að koma að því sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði einna mest úr í umræðunni hér fyrr í dag og það var hvernig að málinu var staðið. Það er reyndar leiðinlegt að þurfa hvað eftir annað að vera að tyggja upp það sama af því ég veit líka að hv. þm. veit miklu betur en hann vill vera láta. Sú beiðni kom frá Akureyri og Reykjavíkurborg sameiginlega til iðnrh. að þessi nefnd yrði skipuð til að endurskoða fyrirkomulag fyrirtækisins. Niðurstaðan af því varð sú að þessir eignaraðilar hver um sig tilnefndu sína fulltrúa. Iðnrh. hafði engin áhrif á það hvernig fulltrúar Reykjavíkurborgar voru valdir. Og ég er ekki frá því að ef þar hefði verið uppi ágreiningur, að hv. þm. Svavar Gestsson hefði haft meiri möguleika á að beita áhrifum sínum á það hvernig fulltrúar Reykjavíkurlistans í þessari endurskoðun voru valdir heldur en sá sem hér stendur, hafi hann haft sérstakan áhuga fyrir því að beita áhrifum sínum í þeim efnum. (**SvG:** Málefnalegt að vanda.) Hins vegar varð niðurstaðan sú að Reykjavíkurlistinn og Sjálfstfl. komust að samkomulagi um það í borgarstjórn að það væri skynsamlegt og það væri lýðræðislegt að skipta fulltrúum á milli sín í þessari nefnd til endurskoðunar á verkum fyrirtækisins og stjórnskipulagi fyrirtækisins þannig að minni hlutinn hefði einn fulltrúa og meiri hlutinn einn. Sama regla var í gildi þegar valið var í hópinn af hálfu Akureyrarbæjar.

Hv. þm. sagði að það væri algjört aukaatriði, ef ég man rétt, hvernig stjórn fyrirtækisins væri valin og hver veldi. En drýgstur hluti ræðu hans fór í þá umfjöllun samt og vitnaði hann þar í forseta þingsins, að ég hygg, þar sem hann taldi vera afskaplega mikilvægt að eftirlitshlutverk Alþingis með fyrirtækjum í eigu ríkisins væri mikið. Undir þessi orð tek ég alveg heils hugar. En til þess að eftirlitshlutverk þingsins geti verið mjög virkt og trúverðugt þá hlýtur það líka að vera svo að þingið eigi ekki að kjósa í stjórn fyrirtækisins. Við höfum mjög gott dæmi fyrir framan okkur núna um það hvaða hættur eru þarna á ferðinni. Hv. þm. Svavar Gestsson er kosinn af Alþingi í stjórn Landsvirkjunar. (**KHG:** Og Stefán Guðmundsson í stjórn Byggðastofnunar.) Nú erum við, hv. þm., að tala um Landsvirkjun sérstaklega og ég tek þetta dæmi af því að hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í orð forseta þingsins um mikilvægi þess að hafa eftirlit með fyrirtækjum í eigu ríkisins. Það gildir allt annað um Byggðastofnun. Hún er ekki fyrirtæki í eigu ríkisins. Hún er stofnun sem gegnir ákveðnu hlutverki og er mikill munur þar á. Hv. þm. hefur verið kosinn af Alþingi í stjórn fyrirtækisins og á þar af leiðandi að bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins. En komi nú eitthvað upp í þeim efnum sem gerir það að verkum að Alþingi finnist vera sérstök þörf á að rannsaka það sem gerist í fyrirtækinu, væri þá trúverðugt að Alþingi kysi síðan þennan sama Svavar Gestsson til að fylgjast með því hvað hefði raunverulega gerst? Þetta eru hætturnar ef Alþingi og alþingismenn eiga að hafa eftirlit með sjálfum sér eins og ég skildi að hv. þm. væri að leggja til.

Staðreyndin er sú að á undanförnum tíu árum, í öllum þeim formbreytingum sem hafa verið að eiga sér stað á stjórnum í fyrirtækjum sem ríkið hefur verið að breyta formi á — dæmi eru til og nærtækust er kannski Sementsverksmiðja ríkisins — hefur framkvæmdarvaldinu verið falið það hlutverk að fara með eignarhaldið og þar af leiðandi að tilnefna stjórnarmenn í fyrirtækið. Nú kann auðvitað svo að vera að þeir sem eru í stjórnarandstöðu vantreysti ráðherra sem fer með þetta vald á hverjum tíma alveg sérstaklega. Við því er ekkert að segja. En ég held að Alþb. þurfi ekki að hafa sérstaka vantrú á þeim sem hér stendur af þeirri reynslu sem af hans störfum eru fenginn í þessum efnum þar sem að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði í alla þá framsóknarmenn, sem ég hef nú ekki enn þá komið auga á, sem settir hafa verið í stjórnir, nefndir og ráð í orkugeiranum á vegum iðnrh. (**Gripið fram í:** Ég hélt það væru laumukommar.)

Þegar síðast var valin stjórn fyrir Sementsverksmiðju ríkisins sátu þar tveir kratar sem skipaðir voru af fyrrv. iðnrh. En til þess að fullkomið jafnvægi væri milli allra pólitískra flokka sem sæti eiga á Alþingi, af því að fyrirtækið er 100% í eigu ríkisins, þá fannst mér eðlilegt að gera breytingu þar á því að Alþb. hafði verið útilokað áður og inn í stjórn fyrirtækisins á síðasta aðalfundi fyrir mína tilstuðlan var settur alþýðubandalagsmaður, fyrrv. alþm. Alþb. í Vesturl. Ég held því að ekki sé bein ástæða til mikillar hræðslu hjá hv. þm. sem mér fannst kristallast í orðum hans áðan að hann væri hræddur um að verða settur út úr stjórn Landsvirkjunar. Auðvitað er ekki hægt að gefa neinar slíkar yfirlýsingar um

það hverjir muni sitja í stjórn Landsvirkjunar eftir næsta ársfund.

Hv. þm. Svavar Gestsson hafði áhyggjur af því að endurskoðendur yrðu ekki lengur kjörnir. Nú væri það tekið út. Ef hv. þm. hefði kynnt sér all rækilega þau þingskjöl sem liggja að baki þessu máli ætti hann að sjá að gert er ráð fyrir að endurskoðendur Landsvirkjunar séu kjörnir á aðalfundi eins og í hlutafélögum. Það er breytingin. Við höfum verið að reyna að segja það eiginlega í allan dag að það er verið að færa fyrirtækið úr þeim farvegi sem það er í í dag í áttina að því hvernig hlutafélög starfa. Ríkið á 50% í fyrirtækinu og það er ekkert sem bannar Ríkisendurskoðun að fylgjast með starfsemi þess fyrirtækis sem ríkið á svo stóran hlut í.

Eins og ég sagði áðan voru ákveðnar forsendur lagðar til grundvallar því hvernig menn gætu náð fram þeirri orkuverðslækkun sem áætlað er að ná fram frá árinu 2001 til ársins 2010. Það eru líka sömu forsendur sem liggja til grundvallar því hvernig arður verður greiddur út. Og allar ákvarðanir um arðgreiðslur verða teknar á ársfundi fyrirtækisins hverju sinni. Eins og ég hef margoft ítrekað við þessa umræðu eru engar forsendur fyrir því í þessu fyrirtæki né öðrum að greiða út arð ef fyrirtækið er að tapa peningum. Það hlýtur að vera ákvörðun eigenda hverju sinni þegar komið er til ársfundar. Menn þurfa að takast á um hvort vegur þyngra arðgreiðslur til eigenda eða lækkun orkuverðs. Að minnsta kosti er alveg klárt í mínum huga að lækkun orkuverðs, séu forsendur til þess í rekstri fyrirtækisins, vegur mun þyngra en útgreiðsla á orkuverði vegna þess að lækkun orkuverðs kemur öllum landsmönnum til góða. Það hlýtur að vera markmið númer eitt.

Hitt er svo annað mál að allar þessar áætlanir og þau markmið sem menn eru að setja sér núna um hvernig arður skuli greiddur út og hvernig orkuverð geti hugsanlega lækkað í framtíðinni geta auðvitað brugðist. Hv. þm. Svavar Gestsson minntist áðan á eina af ástæðunum fyrir því að ef álverð lækkar mjög hefur það skaðleg áhrif á rekstur fyrirtækisins vegna þess að stór hluti af tekjum Landsvirkjunar er tengdur álverði. Ef verðbólga fer af stað og verður meiri en 3% hefur það skaðleg áhrif á rekstur fyrirtækisins. Ef gengisbreytingar verða og menn ná ekki að halda stöðugu gengi eða gengisfellingar ríða hér yfir þá hefur það áhrif á rekstur fyrirtækisins. Þá hefur öllum þessum forsendum sem menn eru að setja sér, með því samkomulagi sem var gert milli eignaraðila, verið kippt burtu. En samkomulagið milli eignaraðila er stefnumótun sem sett hefur verið á blað þar sem þessum verkefnum er raðað í forgangsröð. Og það er það sem skiptir höfuðmáli.

Hv. þm. spurði hvers vegna Akureyri fengi sérstaka 10 millj. kr. viðbót á ári. Það skal viðurkennt að þarna liggja ekki að baki neinir útreikningar upp á prósentubrot heldur er þarna um ákveðna samningsniðurstöðu að ræða milli eignaraðila en hún er tilkomin vegna þess að frá árinu 1983 hefur arður í fyrirtækinu verið minni en árin þar á undan. Það var erfitt að áætla nákvæmlega hvernig ætti að reikna út þessa upphæð en þetta varð samningsniðurstaða. Ég þykist viss um að hv. þm. Svavar Gestsson kannast mjög vel við samningsniðurstöður.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson minntist á og sagði reyndar að formið væri nákvæmlega það sama nú og árið 1983. Ekki veit ég hvort hv. þm. gerði það viljandi að vitna í röng bréf eða öllu heldur bréf sem tengdust ekki endurskoðun á lögunum 1983 heldur miklu frekar sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar 1980 af þeirri nefnd sem þá var skipuð. Þarna er mikill munur á, það er alveg ljóst. En staðreyndin er sú að nákvæmlega eins er til verka gengið nú og var árið 1983. Fyrirmyndin að því sem við erum að gera núna, hvernig nefndin var skipuð, er fengin frá árinu 1983. Ekki bara að formi til heldur er að flestu leyti valið með svipuðum hætti. Það er og var mjög náið samstarf við Landsvirkjun í þessum viðræðum eignaraðilanna vegna þess að forstjóri fyrirtækisins og einn af framkvæmdastjórum fyrirtækisins unnu allan tímann með nefndinni. Landsvirkjun vissi nákvæmlega hvað um var að vera. Og hefði maður tekið formann stjórnar Landsvirkjunar inn í þessar viðræður þá væru þær umræður uppi núna, að ég hygg, að það hefði auðvitað ekki verið nóg, það hefði átt að taka einhvern annan stjórnarmann, einhvern úr minni hlutanum. (**SvG:** Minni hlutanum í...?) Í Landsvirkjun. Minni hlutinn á Alþingi á fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar, já. Ég vonast til að hv. þm. þekki þann mann.

Hins vegar var nefndin, sem skipuð var 12. maí 1980, til að fjalla um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar skipuð Helga Bergs bankastjóra, Tryggva Sigurbjarnarsyni verkfræðingi og Pálma Jónssyni ráðherra. Það var ekki fulltrúi Sjálfstfl., hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Pálmi Jónsson var ráðherra í ríkisstjórn þeirri sömu og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var í sem iðnrh. Hann var í þeirri ríkisstjórn og enginn fulltrúi stjórnarandstöðunnar á Alþingi var í þessari nefnd. En síðan í maí 1980 finnst páv. iðnrh. nauðsynlegt að fjölga í nefndinni og þá setur hann embættismenn í nefndina, m.a. Pál Flygenring ráðuneytisstjóra. Síðan 1983 eru í nefndinni Tryggvi Sigurbjarnarson, Helgi Bergs og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri. Ég held að þeir menn hafi skilað alveg gríðarlega góðu verki. Ég heyrði að hv. þm. lofaði það áðan og ég held að það sé hárrétt. En einn var til viðbótar í þeirri nefnd og það var Halldór J. Kristjánsson, lögfræðingur í iðnrn. á þeim tíma. Mér fannst því sjálfgefið að setja þann mann núna sem formann þessarar nefndar þannig að svipuðum vinnubrögðum væri haldið og 1983. Það var ástæðan fyrir því að hann var valinn sem formaður þessarar nefndar nú.

Það er hins vegar fróðlegt að vitna í það bréf sem páv. iðnrh. skrifaði bæjarstjórninni á Akureyri til að leggja línurnar um hvernig þetta skyldi nú vera. (**SvG:** Hver var ráðherra?) Iðnrh. var núv. hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Þegar hann var að tilkynna bæjarstjórninni á Akureyri hverjir væru í nefndinni, þá væri nú rétt að leggja línurnar um hvernig hann vildi hafa þetta. Með leyfi forseta ætla ég að fá að vitna í það bréf:

„Ráðuneytið telur því nauðsynlegt að rekstrarleg tengsl Landsvirkjunar við yfirstjórn orkumála í landinu verði sem traustust. Slík tengsl mætti styrkja með breyttu fyrirkomulagi stjórnarkjörs frá því sem nú er. Til dæmis með því að ráðherra orkumála tilnefni stjórnarformann og einn eða fleiri fulltrúa ríkisins í stjórnina. Eðlilegt virðist einnig að auka tengsl stjórnar fyrirtækisins við handhafa eignaraðila hverju sinni. Skref í þá átt væri að stytta kjörtímabil stjórnar, jafnvel að velja stjórn árlega. Slíkt fyrirkomulag stjórnarkjörs er einnig meira í samræmi við almennar reglur og venjur um fyrirtæki í eigu fleiri en tveggja aðila. Mikilvægt atriði í framtíðarskipulagi Landsvirkjunar eru möguleikar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar til að verða eignaraðilar sem gera þarf ráð fyrir við nýja lagasetningu þó þannig að ríkið sé áfram helmingseigandi."

Þannig lagði þáv. hæstv. iðnrh. línurnar ekki bara fyrir þá fulltrúa sem hann setti í þá nefnd sem fór í að endurskoða hlutverk og rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins heldur var hann líka að segja hinum eignaraðilunum hvernig þetta ætti allt að vera. Það var ekki gert núna, hv. þm.

Deilur við Sjálfstfl. voru miklar 1983, eins og fram kom hjá hv. þm. áðan. Hann sagði: Þær voru ekki óskemmtilegar. Þær deilur sneru að því hvernig eignaraðilar í Landsvirkjun vildu fara með sinn hlut. Deilur iðnrh. þá voru við Sjálfstfl. í meiri hluta Reykjavíkurborgar. Það voru ekki deilur hér innan dyra. (**Gripið fram í:** Eins og nú.) Eins og núna. Hins vegar er það svo að nú eru engar deilur, hv. þm., milli eignaraðila um hvernig þetta skuli vera. (Forseti hringir.) Nú eru eignaraðilar sammála um að hverju skuli stefnt með rekstri fyrirtækisins, hver sé framtíðarsýn eigenda á fyrirtækinu og koma því í þann farveg.

[21:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt að hreyft sé við skipan mála í þessari grein þjóðlífsins, orkumálum. Ég er að sumu leyti sammála hæstv. iðnrh. um að breytinga er þörf í þessum efnum. Hins vegar er ég ekki sammála því sem fram kom hjá ráðherranum í upphafi máls hans að með því frv. sem hér er verið að ræða væri engin breyting fyrirhuguð varðandi jöfnun orkuverðs. Fyrst vil ég segja um þetta frv. að það fjallar um fátt annað en greiðslur til eigenda. Þar er veruleg breyting fólgin í því að það er beinlínis gert ráð fyrir því að þeir sem kaupa orkuna, viðskiptavinir fyrirtækisins, njóti ekki lækkunar á orkuverði í kjölfar bættrar stöðu fyrirtækisins því að það er tekið fram að það eigi ekki að lækka verðið fyrr en eftir árið 2000. Ástæðan er sú að eigendur fyrirtækisins og fyrst og fremst sveitarfélögin hafa knúið á um það að fá meiri peninga til sín og það er meginefni þessa frv. Þetta er rukkarafrv. Þetta er frv. frá eigendum þar sem þeir eru að rukka orkukaupendur um meiri peninga handa sér en tekur ekki á þeim atriðum sem hafa stundum verið nefnd í umræðunni og er nauðsynlegt að huga að um skipulag og stefnu í orkumálum, ekki hvað síst í stóriðjumálum. Ég vil láta það koma fram, herra forseti, að ég er ósammála því að hér sé ekki verið að gera breytingar varðandi orkuverðsjöfnun. Þvert á móti er verið að gera breytingar orkukaupendum í óhag.

[21:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í gildandi lögum er ákvæði um jöfnun orkuverðs, að orkuverðið skuli vera það sama á afhendingarstöðum. Þetta frv. sem hér liggur fyrir gerir engar breytingar á þeim ákvæðum þannig að ekki er hægt með neinu móti að halda því fram að það standi til með því samkomulagi sem hefur náðst milli eignaraðila eða því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu, og er til þess að staðfesta þetta samkomulag, að breyta jöfnun orkuverðs. Það er einfaldlega ekki rétt.

[21:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er þessi: Það á að veita meiri peninga til eigenda fyrirtækisins á næstu árum en verið hefur. Það er kjarni málsins. Þessum peningum eiga menn að sjálfsögðu ef menn meina eitthvað með því að þetta fyrirtæki sé eign þjóðarinnar, að verja til verðjöfnunar orku. Menn eiga að verja þessum peningum til að lækka orkureikninginn hjá þeim sem kaupa orkuna dýrustu verði. Það er orkuverðsjöfnun sem menn fórna með þessum samningi. Menn velja það að verja peningum ekki til þess að lækka orkuverðið þar sem það er hæst heldur til þess að borga í galtóma hreppssjóði á ákveðnum stöðum á landinu.

[21:48]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að fyrirtækið er í eigu allrar þjóðarinnar en fyrir þeim eignarhlutum er ríkið skráð að 50%, Reykjavíkurborg í kringum 45,5% og Akureyri fyrir því sem eftir stendur. Með þessu samkomulagi er sú stefna mótuð að lækka orkuverð þegar menn horfa til framtíðar um 3% á ári og það er áfangi út af fyrir sig. Sú stefnumótun hefur ekki fyrr komið frá eigendum þessa fyrirtækis að að þessu skuli stefnt. Eftir sem áður stendur í lögunum hvert sé hlutverk Landsvirkjunar í orkujöfnuninni.

Hitt er svo aftur annað mál að vel kann að vera ef afkoma fyrirtækisins verður mjög góð og er mjög góð að þar skapist svigrúm til þess að ná fram enn frekari orkuverðslækkun. Eignaraðilarnir hver um sig geta síðan ákveðið hvernig þeir vilja ráðstafa þeim fjármunum sem þeir fá af arði fyrirtækisins.

Ég sagði fyrr við umræðuna að ég tel eðlilegt að ríkið nýti þá fjármuni sem það fær til atvinnusköpunar á þeim svæðum sem njóta ekki þeirra arðgreiðslna sem munu koma út úr fyrirtækinu í framtíðinni.

[21:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður eru ekki aðstæður til þess að fara djúpt í söguna en það var athyglisvert sem kom frá hæstv. ráðherra hér áðan þegar hann ætlaði að hrekja það sem ég hafði haldið fram um meðferð mála á þessum tíma og hefði lítið hugsað um stjórnarandstöðuna og Sjálfstfl. í þessum efnum og ætlaði með einhverri tilvitnun að hnekkja því sem ég las upp úr ræðustól varðandi samninganefndir sem gerðu hinn upphaflega samning 1979. Það voru undirskriftir þeirra sem ég las upp en ekki samningamanna frá 1980 eða síðar sem voru tilvitnaðar og það er 27. mars 1979, þar á meðal Pálmi Jónsson svo að ég sé ekki að fara yfir fleiri nöfn. Ég minnist þess ekki að hann hafi verið kominn í ráðherrastól þá né heldur að hann hafi stutt ríkisstjórn þá, heldur verið óbreyttur þingmaður Sjálfstfl. Um þetta eigum við því ekki að þurfa að deila. Ekki heldur hitt sem ég vitnaði einnig til að margar þær tillögur sem ráðuneytið var með varðandi hugmyndir um stjórn Landsvirkjunar hafi verið af svipuðum toga og hér voru fram lagðar. Þetta rakti ég hér. En ég rakti jafnframt að borgarstjórinn í Reykjavík hefði brugðist við og óskað eftir annarri meðhöndlun mála og tillit var tekið til þess. Það var þetta sem ég var að segja hér þannig að mér finnst ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að ætla að vera með einhverjar aðrar útleggingar.

Deilur við Sjálfstfl., sem ég var að vitna til, voru ekki um lög um stjórn Landsvirkjunar. Það voru deilurnar um verðlagningarstefnu Landsvirkjunar á liðinni tíð varðandi orkuverð til stóriðju. Það var það sem ég orðaði með þeim hætti sem ráðherrann vitnaði til og skiptu miklu en voru til lykta leiddar í rauninni í þeim anda sem var haldið fram af ráðuneytinu á þessum tíma.

Svo ætla ég ekkert að fara að þakka hæstv. ráðherra það þó hann fari ekki að setja borgarritarann í Reykjavík inn í samningaviðræður við ríkið þar sem sami aðili er formaður stjórnar Landsvirkjunar. Þökk sé framkvæmdarvaldinu og að það rugli ekki svo rækilega reytum.

[21:53]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í þessu sambandi séu engar deilur milli mín og hv. þm. Við vorum að vitna í sitt hvort bréfið. Við umræðuna hef ég lagt áherslu á að þegar þetta nefndarstarf var sett af stað var fyrirmyndin fengin frá árinu 1983 og við hana var stuðst.

Þegar ég vitnaði í deilur þáv. iðnrh. við Sjálfstfl. var ég aðeins að undirstrika með því að núna eru engar deilur milli eignaraðila Landsvirkjunar um með hvaða hætti þessum málum skuli skipað. Í raun og veru hafa einu deilurnar við umræðuna verið við einn hv. þm. sem svo vill til að er líka í stjórn Landsvirkjunar. Hvaða ástæður liggja þar að baki veit ég ekki.

[21:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mikill mannasættir í stóli iðnrh. nú um stundir. Eftir að nokkrir af yfirlýstum stjórnarliðum hafa komið með mjög harða gagnrýni á þá stefnu sem hér er fylgt sér hæstv. ráðherra ástæðu til þess að meta málið svo að um þetta ríki fróðafriður mikill og það sé aðeins við einn einasta mann, hv. þm. Svavar Gestsson. Hann nefndi hann ekki með nafni en hann lét að því liggja að hann væri sá eini sem væri með einhvern uppsteit í málinu. Það væri bjart fram undan hjá hæstv. ráðherra ef þetta væri staðan í málinu. En ég held að þeir sem hafa fylgst með umræðunum í dag hafi fengið nokkuð aðra mynd og ég held að margfalda megi nokkuð tölu þeirra hv. sjálfstæðisþingmanna sem hafa talað við umræðuna. Það kynni svo að vera að talsvert fleiri leyndust þar í flokki og mér kæmi ekki á óvart þó að eitthvað af liðsmönnum úr flokki hæstv. ráðherra væri með böggum hildar yfir þeirri stefnu sem hér er á ferðinni og er þó aðeins hluti af ísjakanum kominn sem stendur upp úr. Það er margt sem er dulið og er ég þá að vísa til þess nefndarálits sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins og hæstv. ráðherra hefur boðað að verði dregið fram og sett í lagabúning.

[21:56]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef setið og hlustað á umræðuna eins og hv. þm. Staðreyndin er sú og það er rétt að hér hafa menn verið með varnaðarorð og spurningar sem ég tel að hér hafi verið svarað og þau varnaðarorð hafa snúið að því að menn hafa haft áhyggjur af að verðjöfnunin sem slík væri í hættu og að verðlækkunaráformin næðust ekki fram út af því að eigendur ætluðu sér að greiða sér arð út úr fyrirtækinu. Ég tel að hvort tveggja sé tryggt einfaldlega vegna þess að eignaraðilar munu ekki greiða arð út úr fyrirtæki sem er ekki rekið með hagnaði. Þau hljóta á hverjum tíma að hafa verðlækkunarsjónarmiðin að leiðarljósi og verðjöfnunin er tryggð. Það voru þessi varnaðarorð sem komu fram hjá einstökum þingmönnum sem hafa talað við umræðuna í kvöld.

Reyndar vildi einn þingmaður ganga miklu lengra en þetta frv. gerði ráð fyrir og innleiða strax samkeppni í orkugeirann sem ég tel að sé ekki framkvæmanlegt að gera með mjög skjótvirkum hætti en þegar fram líða stundir held ég að það sé sú staða sem uppi muni verða að samkeppni mun verða innleidd í orkumálin og það mun leiða til þess að mínu viti að orkuverð mun fara lækkandi.

[21:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið athyglisvert að hlusta á umræðurnar, sérstaklega í framhaldi af orðum hæstv. iðnrh. fyrr í dag um að full samstaða væri um málið. Í rauninni styddu allir málið og enginn gerði neinar athugasemdir við þetta nema kannski einn sérvitringur. Síðan kemur í ljós að þrír þingmenn Sjálfstfl. tala í dag. Ég held að það hafi ekki verið nema þrír sem töluðu í dag. Þeir voru allir mjög gagnrýnir á þetta frv. og vinnubrögðin í kringum málið.

Ég hygg að ein sterkasta ræðan á móti frv. hafi verið ræða hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. Ég held að hún hafi verið öflugri stjórnarandstöðuræða en flestar aðrar ræður sem voru fluttar í dag. Ég bendi á að í málflutningi mínum lagði ég áherslu á að þetta frv. væri svo að segja frá upphafi til enda á misskilningi byggt og rakti það nokkuð í máli mínu og þegar upp er staðið og dagurinn er gerður upp sé ég ekki betur en hæstv. ráðherra hafi einn mann með sér og það er kannski sá eini maður sem hann var sérstaklega að nefna hér áðan, þó með öfugum formerkjum. Hann hafði einn mann með sér. Það er Sighvatur Björgvinsson, hv. 4. þm. Vestf. Ég heyrði ekki aðra með langvarandi lófatak í salnum fyrir þessum pappír. Mér finnst það athyglisvert og mér finnst leitt til þess að vita að hæstv. iðnrh. skuli ekki skilja merkin betur en mér finnst hafa komið fram hjá honum í dag.

Mér finnst hann líka óþarflega typpilsinna yfir þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram og viðkvæmur vegna þess að það er einu sinni hlutverk ráðherra að taka við gagnrýni og hlusta á hana. Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra lagði sig fram um það að reyna að formúlera hlutina talsvert öðruvísi þegar leið á umræðurnar en hann gerði í upphafi. Hann lagði t.d. á það mjög mikla áherslu að verðjöfnunin væri ekki í hættu, arðurinn og arðsáherslurnar væru ekki númer eitt heldur verðlækkanirnar. Þetta sagði ráðherrann. Þetta sagði hann í lok umræðunnar en ekki í upphafi hennar. Þetta er gríðarlega mikið atriði en því miður stendur þetta ekki í pappírunum svona. Ef hæstv. ráðherra væri tilbúinn til að fara í frv. þannig að það væri beinlínis skrifað niður í lagafrv. að verðlagsmálin væru fremst, arðurinn þar aðeins aftar, þá tel ég að það væri verulega stórt skref í samkomulagsátt, a.m.k. við mig.

Hæstv. ráðherra segir hér aftur og aftur að það fari nú enginn að borga arð út úr fyrirtæki sem sé rekið með tapi. Ég held að ég verði að uppljóstra því að þær kröfur komu upp í stjórn Landsvirkjunar fyrr á þessu ári að arður yrði borgaður út á síðasta ári þó að það væri tap á því ári. (**Gripið fram í:** Hjá ríkinu.) Þær kröfur komu fram í stjórn Landsvirkjunar. Ég er svo sem í engri aðstöðu til þess að játa eða neita þeirri spurningu sem kemur fram frá hæstv. ráðherra. En sú staðreynd sem ég tel að hæstv. ráðherra hafi kvalið út úr mér í þessari umræðu gerir það að verkum að ég er uggandi. Ef eingöngu eru þarna fulltrúar sem líta á það sem sitt fremsta hlutverk, með fullri virðingu fyrir öllu því fólki sem þar lendir, að tékka út arð fyrir viðkomandi sjóði þá tel ég það áhyggjuefni.

Ég tel ástæðu til að nefna það líka að ég tel að þær umræður sem þar hafa verið í gangi að undanförnu, m.a. um verðbreytingar hjá fyrirtækinu á komandi árum, staðfesti að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af málinu. Ég er algerlega sammála hæstv. iðn- og viðskrh. um að það getur verið afar snúið fyrir þingmenn t.d. að vera í stjórninni eða fyrir menn sem eru kosnir af Alþingi. Það getur verið afar snúið. Það

er alveg hárrétt. En ég held þó að staðan sé þannig að það sé að mörgu leyti nauðsynlegt að horfa aðeins öðruvísi á þetta fyrirtæki en ýmis önnur þar sem fletirnir á því eru a.m.k. þrír. Það er í fyrsta lagi sá flötur að þetta fyrirtæki skuldar 50 milljarða. Það er í öðru lagi sá flötur að það framleiðir mjög mikilvæga afurð sem er óhjákvæmileg fyrir allt nútímaefnahagslíf í landinu og það er í þriðja lagi sá flötur að það borgar arð eða getur borgað arð ef það ber sig. Á þessa hluti verður að horfa í samhengi og það finnst mér að hæstv. iðnrh. hafi ekki gert sem skyldi. Mér finnst að hann sé að gera mér upp persónulega einhverjar sérstaklega neikvæðar hugmyndir gagnvart Landsvirkjun og gagnvart hinni almennu orkustefnu í landinu. Hann veitist óvenjulega persónulega að mér í andsvari sínu. Hann er með skæting um það að ég sé að tala um málið eins og ég geri af því að ég hafi hagsmuna að gæta af því að vera í stjórn fyrirtækisins. Ég segi, með leyfi forseta: Mér finnst þetta ferlega lúalegt vegna þess að ég hef verið að reyna að tala eins málefnalega um málið og ég get, eins og ég hef vit til og þroska og reynslu. Ég reyni að horfa á málið eins og það lítur út og það lítur svona út fyrir mér. Og ég endurtek að ég er alveg sammála því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan. Ég óttast um verðjöfnunarmálið. Það stendur ekkert í frv. um verðjöfnunarmálið, það er alveg rétt. En ég óttast um það ef arðsþátturinn er framar en verðjöfnunin. Þess vegna finnst mér það mikilvægt sem hæstv. ráðherra sagði áðan að verðjöfnunin ætti að vera framar, verðlagsmálin framar. Mér finnst það mikilvægt. En þá mundi ég geta hugsað mér að það stæði niðurskrifað einhvers staðar í tengslum við málið.

Hæstv. ráðherra fór enn einu sinni með þessa messu um það hvernig að valinu á mönnum í undirbúningsnefndina var staðið. Þar reyndi hann aftur að koma að mér persónulega. Það var líka dálítið lúalegt verð ég að segja. Auðvitað er veruleikinn sá að borgarstjórn Reykjavíkur velur sína tvo menn. Hún hlýtur að velja formann stjórnar Veitustofnunar. Hún hlýtur að gera það. Það fannst mér alla vega. Og auðvitað velur Sjálfstfl., minni hlutinn í Reykjavík, sinn mann. Síðan kemur að því að það eru valdir inn í þetta menn frá Akureyri og þar liggja hlutirnir eins og við þekkjum. Þá kemur málið inn á borð ráðherrans. Þá finnst mér að hann hefði átt að velja menn til þess að tryggja stjórnmálalega breidd fremur en embættismenn með fullri virðingu fyrir þeim. Ég er þeirrar skoðunar og ég held að það hefði verið affarasælla fyrir framhald málsins ef þannig hefði verið á málinu haldið.

Ég sagði áðan og endurtek að það sé út af fyrir sig aukaatriði hvernig stjórn er valin. Aðalatriðið er hinar lagalegu skyldur hennar og hinn almenni rammi sem hún á að stafa eftir. Ég legg mjög mikið upp úr eftirlitshlutverki Alþingis og ég er mjög orþódox í þeim efnum og vil ganga mjög langt í þeim efnum. Og ég segi að það er ekki nóg fyrir mig að Ríkisendurskoðun sé heimilt samkvæmt almennum lögum að fara inn í þetta fyrirtæki ef það vill svo til að endurskoðun Ríkisendurskoðunar á einhverju almennu ríkisfyrirtæki leiði hana inn í þetta fyrirtæki. Það er ekki nóg að mínu mati. Ég tel að ef vel á að vera þá ætti að setja inn í landsvirkjunarlögin ákvæði um að Landsvirkjun og borgarendurskoðun eftir atvikum, geti farið þarna inn, pósitíft ákvæði þannig að eftirlitshlutverk Alþingis sé að því er þetta fyrirtæki varðar á sínum stað, mér liggur við að segja, hvort sem Alþingi kýs þarna inn menn eða ekki. Mér finnst það mikilvægt og það er mikill galli á málinu að í frv. eins og það lítur út núna, er gert ráð fyrir því að taka borgarendurskoðun og bæjarendurskoðun og Ríkisendurskoðun út og það er ómögulegt að skilja það öðruvísi en ríkisstjórnin vilji henda Ríkisendurskoðun út úr þessu máli og mér finnst það ekki gott.

Ég vil taka fram að gefnu tilefni að það eru fleiri fulltrúar Alþingis í stjórn þessa fyrirtækis en ég. Þar situr sá ágæti maður Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Þar situr hv. þm. Sturla Böðvarsson og þar situr Árni Grétar Finnsson sem hefur setið í stjórn þessa fyrirtækis, ég hygg, frá upphafi. Ég leyfi mér að halda því fram að allir þessir menn hafi vandað sig svo sem fremst þeir mega við að sitja í stjórn þessa fyrirtækis og ég bið hæstv. ráðherra að láta þá hina þrjá ekki gjalda þess að ég er þar líka þó að honum kunni að vera í nöp við þann sem hér stendur. Ég fullyrði að allir þessir menn hafa gert hvað sem þeir geta til þess að halda vel á málum Landsvirkjunar í einu og öllu og þar eiga þeir algerlega óskiptan hlut. Og ég hváði þegar hæstv. ráðherra sagði: „minni hlutinn" og var að tala um stjórn Landsvirkjunar en reyndist svo eiga við minni hlutann á Alþingi. Það er hvorki til minni hluti eða meiri hluti í stjórn Landsvirkjunar og hefur ekki verið á þeim tíma sem ég hef setið þar. Menn hafa náð sameiginlegum niðurstöðum og vandað sig svo sem kostur er.

Ég vil síðan, hæstv. forseti, þakka ráðherranum fyrir þau svör sem hann veitti við nokkrum af spurningum mínum. Ég kemst ekki hjá því að nefna það að hann segir: „Ef formaður stjórnar Landsvirkjunar hefði verið þarna, þá hefði kannski kveðið við annan tón og verið heimtað eitthvað í viðbót." Ég segi við hæstv. ráðherra: Það hefði verið allt annað að sjá snittið á þessu máli ef formaður stjórnar Landsvirkjunar hefði verið í verkinu, að mínu mati. Það hefði verið mikið betri svipur á málinu fyrir Landsvirkjun og fyrir alla aðila málsins þannig að ég vísa því algerlega á bug að ef Helga Jónsdóttir hefði verið í þessari nefnd og í þessu verki, þá liti það eins út eins og það lítur út í dag vegna þess að veruleikinn er, hvað sem ráðherrann vill gjarnan halda, sá að málið er umdeilt og það er umdeildara, hæstv. forseti, en það sýnist vera, ekki aðeins hér á Alþingi heldur einnig annars staðar. Ég harma það að hæstv. ráðherra skyldi ekki hafa látið sér detta það í hug fyrr að hafa borgarritara og formann stjórnar Landsvirkjunar með í þessu verki.

Ég vil síðan segja að ég tel að margt hafi skýrst í þessum umræðum. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir ýmislegt sem hér var sagt. Ég held að ég hafi ekki verið búinn að þakka fyrir þessa stórskemmtilegu ræðu hv. 3. þm. Vestf. Hún ætti skilið að vera til á spólu á sem flestum heimilum í landinu því að hún var svo óskaplega skemmtileg. Hann dró upp mynd af Landsvirkjun sem er dálítið umhugsunarefni. Þessa mynd: Opinber fyrirtæki eru alltaf stikkfrí. Þetta er auðvitað ekki satt, en samt er það nú þannig, hæstv. forseti, að við umræðu eins og þá sem hér fer fram þar sem eigendaframlögin eru framreiknuð með byggingarvísitölu — en eins og kunnugt er hrundu Sovétríkin af því að þar var ekki til nein byggingarvísitala, eins og fram hefur komið í þessum umræðum hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og er snjallasta söguskýring sem ég hef heyrt — og 3% vöxtum er bætt ofan á þau, ekki 2,8 og ekki 3,2. Enginn veit af hverju þau eru 3. Út úr þessu koma 14 milljarðar kr. og svo er ákveðið að reikna arð af því á tiltekinn hátt og það er sett niður á blað. Þetta gerir það auðvitað að verkum að fleirum en hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni dettur í hug að það sé dálítið sérkennilegt umhverfi sem svona fyrirtæki búa við og við búum til handa opinberum fyrirtækjum. Við gerum það sem sitjum hérna.

Þetta er dálítið umhugsunarefni, ég segi það alveg eins og mér og mér fannst hann útmála þetta mjög vel.

Ég tel líka að það sé rétt sem hann sagði. Ég hef verið þeirrar skoðunar að Landsvirkjun eigi að hafa sjálfstæði við að ákveða sína taxta. Ég tel engu að síður að hún verði að hafa eftirlit. Og þetta þjóðhagsstofnunarákvæði, mér gest ekki að því eins og það er. Það er sett við allt aðrar kringumstæður heldur en nú eru. Ég held að þarna þurfi að koma inn ákvæði sem tryggir það að fyrirtækið í skjóli einokunar geri ekki það sem því sýnist. Hv. 4. þm. Vestf. segir að það eigi að leysa með samkeppni, en þá er vandinn sá að Ísland er eyland eins og kunnugt er, a.m.k. enn um sinn, þó að auðvitað sé hægt að horfa á það að reyna að samkeppnisvæða orkugeirann að einhverju leyti jafnvel á eyjunni sjálfri.

Ég held að það eigi að reyna að finna einhverjar leiðir til að hafa hemil á hækkanaþörf fyrirtækisins. Og tóku þingmenn eftir því að við uppgjör á fyrirtækinu á bls. 8 í skýrslunni, kemur í ljós að fyrirtækið á 25 milljarða, en á bls. 12 er niðurstaðan framreiknuð þannig að það er talið að eigendaframlagsstaðan sé upp á 14 milljarða. Mismunurinn á þessu er 10 milljarðar. Það er verðmæti sem er til orðið inni í fyrirtækinu eins og menn orða stundum, eiginvirði fyrirtæksins. Og hvernig er það til orðið? Það er m.a. orðið til með þeirri einokunaraðstöðu sem þetta fyrirtæki hefur haft. Þess vegna tel ég sjálfsagt og eðlilegt að það sé haft strangara eftirlit með þessu fyrirtæki en öðrum fyrirtækjum og ég er viss um að Landsvirkjun er tilbúin til þess fyrir sitt leyti að sætta sig við hvað sem er í þeim efnum og getur tekið því.

Ég held líka, hæstv. forseti, ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar að það eigi að lækka verðið, þá eigi að byrja núna strax. Mér finnst að fyrirtækið og ríkisstjórnin eigi að sýna þann vilja í verki að beita sér fyrir því að verðið fari strax að lækka, það verði ekki beðið fram á næsta árþúsund eftir því að verðlagið fari að lækka á raforkunni. Mér fyndist það mikilvægt pólitískt framlag í stöðunni að fyrirtækið sýndi lit og lækkaði verðið sem fyrst en það yrði ekki beðið eftir því eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson útmálaði svo vel í dag.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði að það þyrfti aðeins að samþykkja hluta af frv. Það er mál sem ég nefndi í minni fyrri ræðu líka, fyrr í dag. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju var ekki kannað hvort unnt var að tryggja framgang þeirra ákvarðana sem eignaraðilar sömdu um að einhverju leyti í stjórninni sjálfri án þess að breyta lögunum? Þurfti endilega að breyta lögunum? Hvað er það í lagafrv. sem er þannig að það sé algerlega óhjákvæmilegt? Ekki eru það eignaraðilarnir því að hv. þm. Árni Mathiesen sagði: „Það þarf vegna eignaraðilanna í raun og veru ekki að samþykkja neitt í þessu nema breytingarnar á stjórninni." En hvernig stendur það mál, hæstv. forseti? Það stendur þannig að fulltrúar borgarstjórnar Reykjavíkur og Akureyrarbæjar sögðu sig frá þessu máli og sögðu: „Hvernig ríkið velur sína fulltrúa kemur okkur ekki við." Það er því ljóst að ekki er verið að uppfylla neinn samning við Reykjavíkurborg eða Akureyrarbæ að stjórninni er breytt með þeim hætti sem hér er gert. Þegar upp er staðið hygg ég að megi segja að kannski eitt atriði, þó að það geti verið umdeilt, þyrfti að vera í lagafrv. og það er 1. gr., um hugsanlegar heimildir Landsvirkjunar til að taka þátt í sölu á tækniþekkingu og því um líku.

Ég hef í þessari seinni ræðu minni, hæstv. forseti, lagt nokkrar nýjar spurningar fyrir hæstv. iðnrh. Ég rifja upp þá spurningu af hverju Ríkisendurskoðun, borgarendurskoðun — þeir möguleikar eru teknir út. Mér finnst mikilvægt að fá að vita rökin fyrir því. Ég vil spyrja með hliðsjón af efnisatriðum málsins til hvers frv. er flutt. Af hverju var ekki frekar reynt að ná þessu fram einhvern veginn öðruvísi? Og í þriðja lagi spyr ég: Má ekki byrja að lækka strax? Þarf að bíða fram á næsta árþúsund eftir því? Af hverju má ekki skella sér í að lækka strax?

Ég vil að lokum segja við hæstv. iðnrh. að ég er sannfærður um að sú umræða sem hefur farið fram í dag getur verið að flestu leyti gagnleg fyrir fyrirtækið og fyrir þjóðina. Mér finnst mikilvægt að menn taki henni með opnum, skynsamlegum, rólegum og yfirveguðum hætti. Það verður auðvitað reynt að fara vandlega yfir málið í hv. iðnn. en ég fullyrði miðað við upphafsorð ráðherrans um hvað kyrrt væri í kringum þetta mál hlýtur fleirum en mér að hafa komið á óvart að í rauninni hefur ráðherrann verið ótrúlega einn um að tala fyrir þessu máli í kvöld þó að margir aðrir stjórnarliðar hafi tjáð sig um málið.

[22:18]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Eigið fé Landsvirkjunar er talið vera 26 milljarðar kr. Það er mikið fé. Hvernig hefur þessi eign myndast? Ég held að mjög mikilvægt sé að menn átti sig á því. Í fyrsta lagi hafa menn reiknað út að framlög eigenda uppreiknuð með byggingarvísitölu séu 7 milljarðar. Þessi framlög voru að hluta til fundin með Marshall-aðstoð, með ódýrum lánum á sínum tíma, sem í reynd er styrkur til ríkisins. Auk þess er mjög rausnarlegt að reikna með 7% verðbólgu ef við reiknum með verðtryggingu í öll þessi ár meðan allir aðrir landsmenn þurftu að búa við óðaverðbólgu, neikvæða vexti og hrun á eignum. Síðan er reiknað með 3% vöxtum ofan á þessi framlög og þá fær maður 7 milljarða í viðbót. Það er líka mjög rausnarlegt. Eins og ég gat um áðan þurftu aðrir að sætta sig við neikvæða ávöxtun á flestöllum eignum þennan tíma. Þannig komast menn upp í 14 milljarða og það er talin vera eign og framlög eigenda. Það vantar 12 milljarða til að ná upp í þá 26 milljarða sem er eignin. Og hvernig hefur hún myndast? Þessi eign hefur myndast þrátt fyrir nokkrar mjög misheppnaðar fjárfestingar. Ég nefni Kröflu. Ég nefni Blöndu. Samt er þetta svo mikið dúndurfyrirtæki að það á enn þá eftir 12 milljarða þrátt fyrir 3% vexti og byggingarvísitölu.

Herra forseti. Hvernig urðu þessir milljarðar til? Í fyrsta lagi vantar arð til eigenda. Þeir hafa ekki fengið neinn arð af sinni fjárfestingu. Í öðru lagi vantar skatta til ríkisins. Öll önnur fyrirtæki með svona arð hefðu þurft að borga 30–40% af þessum arði til ríkisins í formi skatta. Þá vantar einokunargjald. Þetta fyrirtæki hefur verið í þeirri stöðu að geta ákveðið orkuverðið algjörlega eitt og sér. En á móti kemur að sjálfsögðu félagslegt verð. Oft hefur orkuverði verið haldið niðri af félagslegum ástæðum og verðjöfnun kostar náttúrlega mjög mikið. Línur um allt land þó það í rauninni beri sig ekki. Í fjórða lagi vantar ábyrgðargjald til eigenda. Eigendur hafa ábyrgst lán Landsvirkjunar, allir fyrir einn og einn fyrir alla og það er náttúrlega mjög mikils virði að geta fengið lán með ríkisábyrgð. Og ég held að sá hagnaður sem þar myndast sé aðallega til ríkisins því það er langsterkast af þeim þremur aðilum sem að þessu fyrirtæki standa. En svo vantar fimmta liðinn og það er ókeypis orka. Þetta fyrirtæki hefur aldrei borgað fyrir orkuna, aldrei. Og þá komum við

kannski að öðru máli sem er auðlind en ég ætla ekki að fara inn á það.

Herra forseti. Frv. er að því leyti til bóta að tekið er eðlilegt tillit til arðgreiðslna til eigenda. Það er mjög óeðlilegt að Reykvíkingar og Akureyringar sem lögðu inn í þetta fyrirtæki, sérstaklega Akureyringar, mjólkurkýr — gullgæs, hafi ekki séð neinn arð af sinni eign. Og það er eðlilegt að þeir krefjist arðs þannig að frv. er að því leyti gott. En ég er hræddur um að þetta samkomulag hindri þróun til nauðsynlegrar samkeppni. Ég var samt ánægður að heyra að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir áðan að koma yrði á samkeppni hér á landi eins og er erlendis. Hann fór reyndar ekki inn á hvernig það yrði gert. Og hann talaði jafnframt um það að fyrirtæki yrði að gæta félagslegra sjónarmiða við ákvörðun orkuverðs, að sjálfsögðu vegna þess að þetta er einokun. Fyrirtækið getur nánast sett hvaða orkuverð sem er, fólk yrði að kaupa. Það gæti náttúrlega hætt að nota rafmagn að einhverju leyti, slökkt ljósin o.s.frv. en menn ættu ekki kost á því að kaupa aðra raforku annars staðar frá.

Nú vil ég, herra forseti, lýsa nokkuð sjónarmiðum mínum, þ.e. hvernig ég sé fyrir mér samkeppni. Hún er fólgin í því að stofnað er fyrirtæki Blanda hf., Búrfell hf., Sog hf., Nesjavellir hf. og þetta væri selt eftir atvikum. Þannig mundu menn ná inn feiknamiklum peningum til hagsbóta fyrir ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Ef einhver vill virkja — segjum að útlendingar komi sem vilji virkja. Þá bara bjóða þeir í viðkomandi foss og borga fyrir orkuna. Og svo gætu þeir dundað við að byggja sínar virkjanir, sín álver og hvað þeir vilja og þeir ættu þetta allt saman og tækju alla áhættu af því. Svona sé ég þetta fyrir mér. Ég sé aftur á móti fyrir mér að ríkið sæi um flutningsleiðirnar þ.e. vegina. Og þeir sem vilja nota þessa vegi, þ.e. kaupendur og seljendur orkunnar. Ef Akraneskaupstaður vill kaupa orku af t.d. Blöndu hf. mundu þeir gera samning sín á milli, af því Blanda býður Akraneskaupstað ódýrustu orkuna, að kaupa tiltekna mikla orku á tilteknum tíma yrðu þeir að borga bensíngjald fyrir veginn sem notaður er þ.e. strenginn sem er þarna á milli og hann er í eigu ríkisins nákvæmlega eins og aðrir vegir. Svona sé ég þetta fyrir mér. Þarna yrði samkeppni, virkileg samkeppi í þessari grein. Þetta er módel sem er að koma upp erlendis og það er þróun sem veldur samkeppni í þessari grein eins og í öðrum greinum. Við höfum fylgst með því undanfarið hvernig samkeppni í lyfjaversluninni veldur stórkostlega bættum kjörum fyrir neytendur, reyndar bara einstaklingana, ekki enn þá fyrir ríkið. Og þessi samkeppni er nauðsynleg og ég ætla að vona að þetta frv. tefji ekki þá þróun sem hefur komið erlendis og vonandi verður hér líka til hagsbóta fyrir neytendur og til að auka samkeppnisstöðu þjóðarinnar í samkeppni við önnur lönd.

[22:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs áðan vegna þess að ég vil vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hv. 16. þm. Reykv. sem sýnir hvað þetta mál er flókið, þ.e. hvernig verður eignin til, á hvaða tíma og á hvaða forsendum. Vonandi hafa þeir, sem hafa ekki tekið allt of mikið mark á því sem menn hafa verið að segja hér fyrr í dag, lagt eyrun við því að hv. þm. er stærðfræðingur og þekkir þessa hluti ákaflega vel. Hann vísaði m.a. til þess að hluti af fjármögnun þessara fyrirtækja hefði verið að nokkru leyti á pólitískum forsendum, almennum pólitískum forsendum. Það er umhugsunarvert. Auðvitað varð til samkomulag um eignarhlutinn þegar Landsvirkjun var stofnuð á sínum tíma en aðdragandinn var í raun og veru sá að tekin voru lán, almenn lán til þjóðarinnar á pólitískum forsendum. Og ég ætla að lesa fyrir þingheim, með leyfi forseta, eina setningu úr stórmerkilegri bók sem heitir Í eldlínu kalda stríðsins eftir Val Ingimundarson, þar sem bandarískur sendiráðsfulltrúi segir frá því hvað hann telji nauðsynlegt að gera á Íslandi, einmitt í dag. Hann segir, með leyfi forseta: „Ég mæli eindregið með því að Íslendingum verði boðið upp á bestu kjör í sambandi við Sogsvirkjun. Við ættum ekki að sýna nísku eða áhugaleysi í þessu máli.“ Tilgangur Bandaríkjamanna var auðvitað sá á þessum tíma að breyta og hafa áhrif á tilteknar pólitískar aðstæður. Hver á arðinn af þessu láni, hæstv. forseti?

[22:26]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Mér finnst rétt að fara aðeins fleiri orðum um þetta mál en ég gat komið að áðan í andsvari við ræðu hæstv. iðnrh. Ég vil fyrst árétta skoðun mína almennt á þessu þingmáli sem við erum að ræða. Ég verð að segja að í raun er ákaflega skýrt hvað er í þessu þingmáli og það er ekki viðamikið mál. Það er aðeins eitt atriði sem gerir það að verkum að það er lagt fram. Það eru peningar til eigenda fyrirtækisins. Það er eina atriðið sem veldur því að þetta þingmál er lagt fram. Það snýst um að hluti eigendanna, þ.e. sveitarfélög, gera meiri kröfur um að fá meiri peninga til sín. Síðan snúast aðrar tillögur í málinu einfaldlega um útfærslu til að koma því í kring. Það er verið að breyta ákvæðum til að gera stjórninni kleift að setja þá gjaldskrá sem þarf svo hún geti rukkað inn þá peninga sem þarf til að mæta þessum kröfum. Síðan er breytt ákvæðum um stjórnina þannig að tryggt sé að stjórnin framfylgi þessu markmiði að rukka inn peninga. Annað er það ekki, virðulegi forseti, sem er í þessu frv. nema sett er í 2. gr. frv. reiknireglu ákvæði til að tryggja að hægt sé að búa til eigendaframlög sem kölluð eru, sem eru bara reikniæfingar. Það er hægt búa til alls konar formúlur til að reikna út alls konar niðurstöður. Ef þjóðin væri svo gæfusöm að eiga einhvers staðar fulltrúa til að láta reikna út fyrir sig hvað hún ætti í þessu fyrirtæki þá hefði ekki verið nokkurt vandamál fyrir þjóðina að fá þessa fulltrúa sína til að reikna út að þjóðin ætti þetta allt saman og sveitarfélögin ekki neitt. Annað er ekki í þessu þingmáli. Þetta er einfaldlega rukkarafrumvarp fyrir þá sem vilja meiri penginga fyrir sig. Ég legg áherslu á það, virðulegur forseti, að um þetta snýst málið og annað ekki. Og til að árétta þetta þá er þetta rækilega skrifað inn í athugasemdir við 2. gr. frv. Það er rækilega tekið fram að áhersluatriði númer eitt eru arðgreiðslurnar. Það er ekki orkuverðsjöfnunin sem er áhersluatriðið. Það eru ekki framfarir í þessum málaflokki eða breytingar á skipulagsmálum sem er aðalatriðið. Það er bara eitt atriði — arðgreiðslur og aftur arðgreiðslur.

Ég vil benda þingheimi á upphaf athugasemda um 2. gr. frv. en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Í grein þessari er lögð til sú breyting að greiða beri eigendum Landsvirkjunar arð af öllum framlögum sem þeir hafa lagt og munu leggja Landsvirkjun til ...“ o.s.frv. Síðar segir: „Skv. 5. gr. gildandi laga greiðir Landsvirkjun eigendum sínum einungis arð af sérstökum eiginfjárframlögum.“

Þessi athugasemd er til að draga það fram að menn ætla að reikna arðinn af stærri tölu en hingað til hefur verið gert vegna þess að arðurinn er aðalatriði málsins. Og þetta er enn undirstrikað í niðurlagi athugasemda með 2. gr. þessa

frv. þar sem er verið að gera grein fyrir annarri breytingu. Í greinargerð stendur, með leyfi forseta:

„Loks felst í greininni sú breyting að auk þess sem arðgreiðslur skulu ákveðnar með hliðsjón af afkomu Landsvirkjunar eins og nú er skal hafa hliðsjón af yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum."

Þetta er viðbótin: Skal hafa hliðsjón af yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. Síðan segir, virðulegi forseti:

„Verður því eins og í fyrirtækjum almennt unnt að taka ákvörðun um arðgreiðslur, þótt fyrirtækið hafi verið rekið með tapi árið á undan, ef hagnaði fyrri ára hefur í nægjanlegum mæli verið haldið eftir í fyrirtækinu."

Hæstv. iðnrh. sagði í andsvörum áðan og lagði höfuðáherslu á að það ætti ekki að borga arð ef það væri tap á rekstrinum. Það stendur bara allt annað hér. Það stendur að það eigi stundum að gera það, þ.e. ef til er gamall hagnaður sem menn geta brúkað til þess að lyfta tapi ársins upp fyrir núllið, þá skulu menn borga arð. Hver er áherslan með þessari grein? Hún er auðvitað ekkert önnur en sú að borga eigendunum peninga, meiri peninga en þeir hafa fengið hingað til. Og til að tryggja að það sé unnt, er greint frá því að fyrirtækið ætlar ekki eða á ekki að lækka gjaldskrá sína fyrr en eftir árið 2000 þannig að allar breytingar sem þetta mál hefur að geyma lúta að þessu eina atriði, tryggja framgang þess.

Þetta eru ekki réttar áherslur að mínu viti, virðulegi forseti. Þetta eru ekki áherslur sem við viljum sjá sem tölum fyrir því að það beri að jafna lífskostnað hér á landi og þar með talinn kostnað í orkuverði. Ef menn ætla sér að láta orkusölufyrirtæki innheimta meiri pening, rukka meiri pening af orkukaupendum, þá teljum við að það beri að verja þeim peningum sem innheimtir eru aukalega til þess að lækka orkureikninginn hjá þeim sem bera hann hæstan fyrir. Það teldi ég vera orkuverðsjöfnun. En það er ekki tilgangurinn með þessu þingmáli. Það er ekki stefna ríkisstjórnarflokkanna að lækka orkuverð þar sem það er hæst. (**Gripið fram í:** Það er í stjórnarsáttmála.) Það er í stjórnarsáttmála, er upplýst, en það er ekki í þessu stjfrv. Það væri fróðlegt ef hæstv. iðnrh. upplýsti þingheim um það hvenær hann muni leggja fram þingmál um að auka orkuverðsjöfnunina og fullnægja ákvæðum stjórnarsáttmálans. Hvenær er von á því? Er það þegar „eigendur fyrirtækisins", þ.e. sjóðirnir þrír, ríkissjóður, borgarsjóður og bæjarsjóður Akureyrar verða sammála um að þeir vilja ekki meira að sinni og samþykkja að fyrirtækið megi verja eitthvað af sínum peningum til að lækka reikninginn hjá þeim sem kaupa orkuna? Hvenær þóknast fyrirtækinu og hæstv. iðnrh. að láta það koma til framkvæmda, sem þeir hafa gefið út að eigi að verða, að lækka orkuverðið? Það er ekki það sem hér er verið að leggja til. Það má eiginlega segja að það sé þvert á móti, verið að koma í veg fyrir að það verði orkuverðsjöfnun á næstu árum. Framsfl. gengur til síns landsþings með það á bakinu að tilkynna sínum 600 þingfulltrúum að þeir ætli ekki að lækka orkuverðið á landsbyggðinni næstu fjögur árin. Það eru skilaboðin sem þeir senda frá sér héðan í dag úr þessari umræðu til síns þingheims á morgun.

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað að í þessu frv. hefði verið fjallað um það sem ég tel vera brýnna að takast á við í orkumálum og það er hvernig menn vilja þróa þessi mál frá því sem nú er. Mér er það alveg ljóst að miklar breytingar hafa orðið í íslensku þjóðlífi frá þeim tíma er menn leystu vandamál sín og þjóðarinnar með sameiginlegu átaki í gegnum fyrirtæki og stofnanir sem störfuðu á landsvísu. Og þó að slíkar hugmyndir haldi enn að mörgu leyti gildi sínu, er mér vel ljóst að það er mikill andróður við það sjónarmið. Ég held að menn verði að vera tilbúnir til að hugleiða breytingar frá núverandi fyrirkomulagi eins og það er með skipan Landsvirkjunar. Ég er ekki viss um að breytingar séu í alla staði óhollar fyrir landsbyggðina. Þvert á móti get ég vel séð fyrir mér breytingar sem væru líklegar til að gagnast fólki og atvinnurekstri þar ekkert síður en núverandi fyrirkomulag.

Ég tel hins vegar að sú breyting sem menn eiga að gera fyrst sé að greina stóriðjuþáttinn frá annarri virkjun, dreifingu og orkusölu. Það er áhættuþáttur og þó að það sé sjálfsagt að ríkið standi að því, eigum við að sjálfsögðu að leitast við að fá aðra aðila með okkur til þess að fjármagna og kosta og eiga með okkur slík áhættufyrirtæki. Ég tel að reynslan sýni okkur að það er líklegra að heimilin hafi verið að borga niður raforku fyrir stóriðju heldur en hitt sem menn lögðu upp með, að stóriðjan gagnaðist heimilunum með því að skila peningum í púkkið. Ég er því kominn á þá skoðun að betra sé að halda almenningssölunni sér og aðskilinni frá stóriðjunni.

Ég er líka á þeirri skoðun að verðjöfnun eigi mjög undir högg að sækja í íslensku þjóðlífi. Ég tel að pólitískir vindar sem blása um þessar mundir séu andstæðir því sjónarmiði að það beri að jafna. Og ég óttast að menn muni eiga mjög í vök að verjast að verja verðjöfnunarsjónarmið hvort heldur það er í gegnum Landsvirkjun eða á öðrum sviðum, eins og reyndar má segja að dæmin sanni. Ég hygg því að þeir sem vilja verðjöfnun, jafna stöðu milli fólks, eigi að huga að öðrum úrræðum sem geti dugað eða menn trúa að geti dugað nokkuð vel til þess að þjóna sama tilgangi.

Ég bendi á að ætli menn að virkja hér á landi, þá verða menn að sækja þann virkjunarrétt út á land. Það er ekkert óhugsandi að mínum dómi að rétturinn til að nýta land, og þar með talinn virkjunarréttur, sé ekki hjá ríkinu heldur hjá öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Þar er ég fyrst og fremst með í huga héraðsstjórnir eða fylkisstjórnir. Væri það fyrirkomulagið, yrðu aðilar sem vildu virkja og koma upp stóriðju að semja um það við þá sem ættu réttinn. Þeir yrðu væntanlega að borga fyrir þann rétt og það gæfi mönnum stöðu til þess að sækja sér lífskjör að mínu viti til jafns við það sem núverandi fyrirkomulag býður upp á.

Þá er ég tiltölulega hlynntur því að veita fleiri aðilum heimild til að virkja, frá því sem nú er. Ég er ekki sannfærður um að þetta einokunarfyrirkomulag með gífurlega stóru fyrirtæki eins og Landsvirkjun er, sé það besta og er alveg tilbúinn að ræða hugmyndir um breytingar á þeim þætti.

Það er hins vegar ekki viðfangsefni þessa frv., því miður, að fjalla um stefnuna í þessum veigamikla þætti. Ég hefði kosið að hæstv. iðnrh. hefði komið með frv. um það mál fyrst áður en farið væri að útdeila þeim peningum sem finnast kunna í þessu fyrirtæki með öðrum hætti en verið hefur. Það er að mínu viti ekki forgangsatriði í þessum málaflokki að tryggja að eigendur þess eða svokallaðir eigendur þess geti sótt sér aukið fé frá því sem nú er til sinna þarfa sem sjálfsagt eru allar margar og merkilegar og er ekkert nema gott eitt um það að segja. En tilgangurinn með Landsvirkjun var ekki sá að tryggja eigendum skotsilfur. Hann var sá að tryggja þjóðinni rafmagn. Og það á ekki að taka fyrir það rafmagn hærra verð en þarf til þess að sinna þessu hlutverki.

[22:43]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Nokkrar spurningar hafa vaknað síðari hluta umræðunnar. Menn hafa verið með vangaveltur um það hvort svo gæti farið að verðjöfnun yrði ekki tryggð þegar þetta frv. hefur orðið að lögum. Það er alveg ótvírætt í núgildandi lögum um Landsvirkjun í 13. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Sama gjaldskrá skal gilda um afhendingu rafmagns til almenningsrafveitna á afhendingarstöðum Landsvirkjunar."

Á þessu eru engar breytingar gerðar þannig að verðjöfnunin er algerlega tryggð og menn eiga ekki að þurfa að velkjast í vafa um það.

Þá er spurning um í hvaða röð menn raða þessum markmiðum sem menn hafa mikið velt fyrir sér. Það er ákvörðun aðalfundar hverju sinni hver sá arður verður sem greiddur verður út úr fyrirtækinu. Með þessu samkomulagi er þessi verðlækkunarstefna eigenda fyrirtækisins mótuð. Arðkröfurnar eru líkar settar fram og leikreglur settar um það hvernig arðurinn skuli reiknaður og hvernig hann skuli greiddur út. Í mínum huga er það því alveg ljóst að verðlækkunarstefnan og verðlækkunarsjónarmiðið kemur fyrst þessara markmiða og ástæðan er auðvitað sú að það kemur öllum landsmönnum til góða.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði: „Af hverju er þá ekki farið í að lækka strax?" Það hélt ég að hv. þm. væri alveg kunnugt um vegna þess að eitt af því sem hann gerði að umtalsefni í þessari umræðu, sem er alveg eðlilegt, er að fyrirtækið er mjög skuldugt og það er full ástæða til að hafa áhyggjur af því. En árið 2000 er gert ráð fyrir því, ef öll þessi áform ganga eftir, að hreint veltufé af heildarskuld verði orðið meira en 12% og það er þá fyrst sem menn geta tekið fyrsta skref í að lækka sem leiðir af því að menn hafa þá greitt niður skuldir. Það er þess vegna sem ekki er hægt á þessu stigi að fara strax í að lækka verðið, en að því er stefnt.

Ég ætla ekki frekar að elta ólar við þessa umræðu um af hverju stjórn fyrirtækisins hafi ekki verið höfð með í ráðum þegar eignaraðilar tóku þá ákvörðun að setja málið í þessa skoðun í þeirri nefnd sem skipuð var. Ástæðan er ekki sú að ég hafi ekki fullt traust á þeim mönnum sem sitja í stjórn Landsvirkjunar heldur hin að það er hlutverk stjórnar Landsvirkjunar að bera ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, sjá um að rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við sameignarsamninginn og í samræmi við lög. Það er síðan ákvörðun eigendanna sjálfra með hvaða hætti þeir taka ákvörðun um rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins.

Varðandi það að Þjóðhagsstofnun komi ekki lengur að ákvörðun eða umsögn um gjaldskrá þá held ég að menn séu sammála um að það sé ekki eðlilegt eftir að þessi stefna hefur verið mótuð um verðlækkun og arðgreiðslurnar og þá hlýtur það að vera stjórnar fyrirtækisins að taka þær ákvarðanir í samræmi við stefnu eigenda. En eftir sem áður hefur Samkeppnisstofnun alla burði og alla möguleika á því að fylgjast með rekstri fyrirtækisins vegna þess að fyrirtækið er einokunarfyrirtæki og það er m.a. hlutverk Samkeppnisstofnunar.

Hverju eru menn þá að breyta með þessum lögum? Er það nema eitt atriði sem snýr bara að stjórnarkjörinu? Jú, ef menn fara yfir frv. þá er verið að breyta ákveðnum atriðum með öllum greinum frv. Í 1. gr. er verið að auka heimildir fyrirtækisins til starfsemi. Á öðrum stað er verið að ákveða hvernig stjórn fyrirtækisins skuli skipuð. Í þriðja lagi er verið að skilgreina eigendaframlögin þannig að arður sé reiknaður af ákveðnum eigendaframlögum. Í fjórða lagi er verið að færa stjórn fyrirtækisins og rekstur til samræmis við rekstur hlutafélaga með aðalfundi. Eftir sem áður verður haldinn eigendafundur og kynningarfundur fyrir þá aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Verkaskipting stjórnar fyrirtækisins og framkvæmdastjóra fyrirtækisins eru skilgreind í þessu frv. Þannig að allar greinar frv. eru nauðsynlegar til þess að tryggja það samkomulag sem eignaraðilar hafa orðið sammála um að stefnt skuli að með sameignarsamningnum.

[22:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara endurtaka það að ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið hægt að fara mjög langt með að ná þessu samkomulagi fram án lagabreytingar. Mér finnst merkilegt að menn skuli ekki hafa komið að því hér, og hæstv. ráðherra, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um að hann fjallaði aðeins um það. Þannig að ég hef satt að segja ekki enn þá heyrt rök fyrir því að leggja frv. fram með þeim hætti sem hér er gert fyrir utan ákvæði 1. gr. sem er enginn verulegur ágreiningur um þó menn kunni að hafa mismunandi sjónarmið í þeim efnum. Ég tel að ákvæðin varðandi ársfund og samráðsfund séu hrein fyrirkomulagsatriði og skipti ekki stóru máli. Þannig að þegar upp er staðið þá held ég nú að það sé stjórnarbreytingin sem er aðalbreytingin í frv. og það er engin krafa um það af hálfu eignaraðilanna annarra en ríkisins að því ákvæði verði breytt. Það er því dálítið sérkennilegt að ráðherrann skuli setja málin upp með þeim hætti sem hann gerir hér.

Hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna í þessu andsvari er það að hæstv. ráðherra sagði: „Verðjöfnunin er tryggð." Það er ekki rétt. Þegar það liggur fyrir að orkan frá Nesjavöllum verður seld við lægra verði en önnur orka, það er alveg ljóst, og þegar orkan frá Hitaveitu Suðurnesja er seld á lægra verði en önnur orka þá er verðjöfnunin ekki lengur tryggð. Þá verður að fara í þau mál. Annaðhvort með því að setja ný ákvæði um verðjöfnun með einhverjum öðrum hætti eða að henda þessum verðjöfnunarprinsippum gjörsamlega fyrir róða. En hæstv. ráðherra þykist ekki vilja það og segir aftur og aftur að verðjöfnunin sé tryggð. En ég endurtek að ég tel að ég hafi full rök fyrir því að halda því fram að hún sé því miður ekki tryggð. Hún er ekki tryggð.

[22:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki enn að vitna í lögin um Landsvirkjun því ég veit að hv. þm. þekkir þau. Í 13. gr. er þetta fyrirkomulag tryggt. Þetta frv. breytir engu um verðjöfnunina.

Aðeins varðandi einstakar greinar frv. sem snúa að þeim breytingum sem þarna eru gerðar. Það er meira en bara stjórnin, hv. þm., sem verið er að gera breytingar á. Það er ekki rétt að einstakir eignaraðilar geri ekki athugasemdir við stjórnarkjör. Það er samkomulag milli eignaraðila um að fækka stjórnarmönnum úr tíu í sjö. Einstakir eignaraðilar gera síðan ekki athugasemdir við það með hvaða hætti eignaraðilar velja sína fulltrúa í stjórnina og þar er mikill munur á. Endurskoðendur fyrirtækisins sem í dag eru valdir af stjórninni — stjórnin velur endurskoðendur til að hafa eftirlit með sjálfri sér. Sú breyting er gerð nú að aðalfundur fyrirtækisins velur endurskoðendur og það eru eigendurnir sem mæta til aðalfundar sem velja endurskoðendurna. Greiðsla arðs gæti núna verið tekin af stjórn fyrirtækisins. Á hvaða

forsendum? Þær forsendur eru ekki til staðar. Í framtíðinni þegar það fyrirkomulag er komið á sem frv. gerir ráð fyrir þá er það aðalfundurinn eins og í hlutafélögum sem tekur ákvörðun um hverjar arðgreiðslurnar eru og þá miðað við þær forsendur og stefnumótun sem átt hefur sér stað af hálfu eigenda. Þannig að allar þessar breytingar sem frv. gerir ráð fyrir eru nauðsynlegar til að ná þeim markmiðum sem eigendur fyrirtækisins hafa sett sér með því samkomulagi um sameignarsamninginn sem gert hefur verið.

[22:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram að hvorki Reykjavíkurborg né Akureyrarbær skipta sér af því hvernig ríkið velur sína fulltrúa, það er alveg augljóst mál og liggur alveg fyrir. Þannig að það er ekki hægt að skjóta sér á bak við það. Þess vegna endurtek ég spurninguna. Ég sé í raun og veru ekki hvað það er sem rekur ríkisstjórnina til þess endilega að flytja þetta frv. eins og það er ef það er bara til þess að uppfylla það sem snýr að sameignaraðilunum. Ég ætla líka að endurtaka það að auðvitað eru í þessu frv. ýmis önnur atriði sem ég tel algjörlega fráleit. Eins og það að henda út Ríkisendurskoðun. Það er hent út kjörnum fulltrúum Alþingis og það er líka hent út eftirliti Ríkisendurskoðunar. Það er mjög alvarlegt mál. Það er stórpólitískt mál og brýtur í bága við þá stefnu sem hæstv. forseti Alþingis hefur kynnt hér nýlega í umræðum um skýrslu um starfsemi Ríkisendurskoðunar.

Síðan bara þetta um verðjöfnunina. Það er ekkert í þessu frv. sem breytir því að verðjöfnun haldi áfram. Það er alveg rétta hjá hæstv. iðnaðar- og orkuráðherra. Það er alveg hárrétt. En veruleikinn sem verður til í kringum þetta frv. með aukinni áherslu á arðgreiðslur til eignaraðila þýðir það að verðjöfnunin er í uppnámi. Og það er dálítið merkilegt að í aðdraganda 80 ára afmælisþings Framsfl. skuli iðnrh. Framsfl. beita sér fyrir því með mikilli hörku að knýja hér fram mál sem bersýnilega breytir mikilvægu grundvallaratriði sem Framsfl. hefur alltaf lagt áherslu á í sínu starfi og sinni pólitík, þ.e. verðjöfnun á orku. Það eru dálítið merkileg kaflaskil á þessum tímamótum sem munu hefjast í fyrramálið þar sem spennan mun aðallega verða um það hver verður þriðji varagjaldkeri flokksins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 181. mál. — Þskj. 202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:57]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 22:58.

31. FUNDUR

þriðjudaginn 26. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, stjfrv., 182. mál, þskj. 203. — 1. umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Flutningur Landmælinga Íslands, 106. mál, svar umhvrh., þskj. 211.
Landgræðsla, 190. mál, frv. HG o.fl., þskj. 212.
Sóttvarnalög, 191. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 213.

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, 1. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 203.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 13:32.

32. FUNDUR

mánudaginn 2. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, stjfrv., 182. mál, þskj. 203. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sóttvarnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 213. — 1. umr.
4. Stefnumörkun í heilbrigðismálum, þáltill., 114. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
5. Almannatryggingar, frv., 163. mál, þskj. 180. — 1. umr.
6. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 177. mál, þskj. 196. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Bandalagi íslenskra listamanna.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Afsláttarkjör á póstdreifingu Pósts og síma, 195. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 219.

Beingreiðslur til bænda, 156. mál, svar landbrh., þskj. 220.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga, 193. mál, fsp. RG, þskj. 217.

Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa, 194. mál, fsp. RG, þskj. 218.

Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi, 192. mál, frv. HG o.fl., þskj. 216.

Upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda, 158. mál, svar heilbrrh., þskj. 215.

Útleiga leikhúsa og samkeppni leikfélaga, 113. mál, svar menntmrh., þskj. 214.

Tilkynning um dagskrá.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í dag fara fram utandagskrárumræður um þrjú málefni. Þær verða teknar fyrir að lokinni atkvæðagreiðslu um 2. dagskrármálið.

Fyrsti málshefjandi er Hjálmar Árnason, til andsvara er hæstv. sjútvrh. Efni umræðunnar er fjárfestingar sölusamtaka í sjávarútvegi erlendis.

Í öðru lagi er málshefjandi Árni Johnsen, til andsvara er hæstv. sjútvrh. Efni umræðunnar er málefni Þróunarsjóðs og fiskvinnslufyrirtækja.

Í þriðja lagi er málshefjandi Ingibjörg Sigmundsdóttir, til andsvara er hæstv. landbrh. Efni umræðunnar er staða garðyrkjunnar.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Starfsemi ÁTVR.

[15:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það hefur vakið athygli að í fjölmiðlum hafa stjórnarmenn ÁTVR, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, verið með mjög afdráttarlausar yfirlýsingar varðandi framtíð ÁTVR. Þannig hefur varaformaður stjórnar ÁTVR, sem er krabbameinslæknir, hvatt til þess að innkaup og dreifing á tóbaki verði tekin úr höndum ÁTVR og falin markaðsöflunum. Þessar yfirlýsingar krabbameinslæknisins hafa vakið athygli enda gengur þetta þvert á stefnu Krabbameinsfélagsins. Stjórnarformaður ÁTVR tekur í sama streng varðandi tóbakið auk þess sem hún lýsir því yfir margítrekað að sá háttur sem Íslendingar hafa haft á við sölu á áfengi, og er þá væntanlega átt við þá áfengisstefnu sem fylgt hefur verið og gengið út á að takmarka aðgengi að áfengi, sé í engu samræmi við nútímaviðskiptahætti.

Það er ekkert við það að athuga að einstaklingar eða fulltrúar samtaka á borð við Kaupmannasamtökin og Verslunarráð komi fram með kröfur um að koma brennivíni inn í matvörubúðir og sjoppur í landinu. En spurning vaknar hins vegar um hlutverk stjórnarmanna í ÁTVR. Hefur hæstv. fjmrh. falið þeim að marka nýja stefnu í áfengis- og tóbaksvarnamálum? Hvernig kemur þessi stefnumótandi vinna stjórnarmanna í ÁTVR í áfengis- og tóbaksvarnamálum heim og saman við yfirlýsingu hæstv. fjmrh. á ráðstefnu sem hann stóð fyrir í síðustu viku þar sem hann sagði að skilja bæri að ábyrgð á rekstri og pólitíska stefnumótun?

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér á landi fer Áfengis- og tóbaksverslunin með einkaleyfi á innflutningi og verslun með áfengi og tóbak. Það er nokkuð sérstakt þegar miðað er við nágrannalöndin því að ég hygg að hvergi á Norðurlöndum a.m.k. og þó víðar sé leitað sé um að ræða einkaleyfi ríkis á innflutningi og dreifingu á tóbaki.

Ég vil að það komi fram að af minni hálfu er í undirbúningi, hefur reyndar verið til um nokkurt skeið frv. í fjmrn. sem gerir ráð fyrir að þessi starfsemi flytjist frá ríkinu og gjald verði sett á tóbak í tolli eins og gerist núna með áfengi og að dreifingin eigi sér stað með öðrum hætti heldur en nú er, enda fæst tóbak á mjög mörgum stöðum á landinu, í matvöruverslunum, sjoppum og nánast hvar sem er eins og menn þekkja. Mín skoðun er sú að það sé betra fyrir tóbaksvarnir í landinu að nota verð til þess að koma í veg fyrir það að fólk reyki eða varna því að fólk byrji að reykja og eins megi gjarnan taka tillit til innihalds tóbaksins, svo sem tjöru og nikótíns, þegar um þetta mál er fjallað. Ég hef beðið stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um að skoða fyrirliggjandi frv. auk þess sem það frv. hefur verið

sent til heilbrrn. Ég vonast til þess að hægt verði á yfirstandandi þingi að flytja frv. og þá mun að sjálfsögðu koma í ljós hvers efnis það er.

[15:10]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er mál sem þarf að taka til nánari umræðu á næstunni. Ég hef ekki fengið svör við því hvort stjórn ÁTVR hafi veri falið að móta sjálfstæða nýja stefnu í áfengis- og tóbaksvarnamálum því að yfirlýsingar stjórnarmanna hafa gengið í þá átt. Hins vegar vil ég vekja athygli á að stjórnin vinnur ekki í þeim anda sem hæstv. fjmrh. lýsir hér vegna þess að ÁTVR hafði áður sett sér að takmarka tjöruinnihald í sígarettum við 12 milligrömm nú um næstu áramót en stjórn ÁTVR hefur sett aðrar reglur. Samkvæmt þeim regluflokkum sem núna verða við lýði eru boðnar sígarettur með 19 milligramma tjöruinnihaldi. Það væri nær að mínu mati fyrir stjórn ÁTVR að einbeita sér að þessum málum sem hæstv. ráðherra segir að stjórnin eigi að vinna að í stað þess að koma tóbaki í hendur markaðsaflanna.

[15:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum var rætt mikið um þessi mál hér á hinu háa Alþingi. Þá komu fram upplýsingar vegna þess að verið var að breyta eða réttara sagt búa til nýjar innkaupareglur fyrir tóbak en þær reglur höfðu ekki verið til. Áður hafði reglan eingöngu verið sú að forstjórinn gat sagt nei eða já og þurfti ekki að gera frekari grein fyrir sínum skoðunum. Okkur var ljóst eftir að hafa skoðað málið mjög rækilega að slík regla stóðst ekki íslensk lög.

Öllum pappírum varðandi þetta mál hefur verið dreift til þingmanna þar á meðal til heilbrn. sem ég veit að hefur að einhverju marki fjallað um þetta mál. Mér finnst það vera eðlilegasta niðurstaðan eftir það sem á undan er gengið að láta á það reyna hvort ekki sé rétt að stíga skrefið til fulls. Ég lýsi því sérstaklega yfir hér að með því er alls ekki verið að lina varnir ríkisins í þessum málum, síður en svo, því að eftir sem áður er það verðið fyrst og fremst sem ræður því hvort fólk reykir eða byrjar að reykja.

[15:13]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er lýst stefnu sem gengur þvert á það sem mótað var á flokksþingi Framsfl. í síðustu viku. Ég vek athygli á því að þessar yfirlýsingar ráðherrans ganga þvert gegn því sem Krabbameinsfélagið hefur ályktað um þessi efni. Ég leyfi mér að lesa úr ályktun Krabbameinsfélagsins, með leyfi forseta. Í ályktun formannafundar Krabbameinsfélagsins sem var haldinn 16. nóv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Fundurinn mótmælir nýjum reglum um innkaup á tóbaki og öðrum áformum um að auka frelsi í tóbakssölu og varar við afleiðingum þess. Þvert á móti ber að setja eins miklar skorður við tóbakssölu og frekast er unnt."

Svo mörg eru þau orð.

[15:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill vekja athygli á því að eins og hv. þm. vita mega þeir tala þrisvar, fyrirspyrjandi og viðkomandi ráðherra, tvær mínútur, eina mínútu og eina. Ef allir notfæra sér þann rétt er hæpið að sá síðasti komist að sem óskað hefur eftir að beina fyrirspurn til ráðherra. Forseti mælist því til þess að menn tali eingöngu tvisvar þannig að allir komist að.

Virkjun Héraðsvatna í Skagafirði.

[15:14]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. iðnrh. Allar líkur benda til þess að ný stóriðjuver muni á næstu árum rísa hér á landi sem aftur kallar á verulega aukna þörf fyrir raforkuframleiðslu. Þegar Landsvirkjun lýkur stækkun Kvíslaveitu, lagfæringu á Búrfellsvirkjun og virkjun við Sultartanga þarf næsti virkjunarkostur að vera tilbúinn. Því vil ég spyrja: Hver er hann? Hver er hagkvæmasti virkjunarkosturinn þegar allt er metið sem meta þarf áður en að ákvörðuninni kemur?

Ég vil vekja athygli á því að rannsóknir Orkustofnunar benda til þess að virkjun Héraðsvatna í Skagafirði sé mjög hagkvæmur virkjunarkostur. Þar eru ýmsir ótvíræðir kostir eins og sá að umhverfisröskun er lítil, hlutfall lindarvatns nokkuð hátt í skagfirsku ánum, og þær því tiltölulega tærar, og ekki síst nefni ég þann kost að allt svæðið er utan eldvirkra landsvæða. Reyndar er um tvo kosti að ræða og möguleika á áfangaskiptum í virkjunaraðgerðum, annars vegar allt að 110 Mw virkjun í byggð við Villinganes og hins vegar allt að 180 Mw virkjun ofan byggðar með miðlunarlóni hjá Eyfirðingavaði, Bugslón, svonefnd Merkigilsvirkjun í vinnuplöggum Orkustofnunar. Því vil ég spyrja hæstv. iðnrh.: Hversu langt er komið rannsóknum á virkjun Héraðsvatna í Skagafirði? Vill hæstv. iðnrh. beita sér fyrir því að rannsóknum og hönnun verði hraðað vegna virkjunar skagfirsku vatnanna?

[15:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ef það gengur eftir sem ég tel að flestir voni að geti gerst — reyndar hefur ákvörðun verið tekin um stækkun Ísals — þ.e. það áhersluatriði stjórnvalda að stækka Járnblendifélagið og ef samningar takast milli íslenskra stjórnvalda og Columbia Ventures Corporation, sem ekki er þó hægt að segja til um á þessari stundu hvort verði, þá er ljóst að þeir virkjunarkostir sem munu fara til að mæta þeirri orkuþörf sem þar skapast eru Nesjavellir, stækkun Búrfells, Kvíslaveitur, stækkun Blöndulóns, Krafla og Bjarnarflag ásamt Sultartanga.

Þessar virkjanir duga til þess að anna þeirri eftirspurn sem frá þessum áformum kæmu. Í hvað verður ráðist næst hlýtur hins vegar að ráðast af því hversu mikil eftirspurnin verður, þ.e. hversu stór og orkufrekur iðjukosturinn yrði sem um væri að ræða. Ef um mjög stóran og orkufrekan iðjukost væri að ræða, er ekki nokkur vafi að Fljótsdalsvirkjun væri mjög framarlega í þeirri röð. Ástæðan er sú að Fljótsdalsvirkjun er tilbúin til útboðs og er langlengst komin í undirbúningi allra þeirra virkjunaráforma sem Landsvirkjun hefur á prjónununum ef frá eru taldir þeir kostir sem ég minntist á í upphafi.

Varðandi Héraðsvötnin, þá verð ég fúslega að játa að ég þekki ekki nákvæmlega hversu langt Landsvirkjun er komin í undirbúningsrannsóknum á Héraðsvötnunum. Það er hins vegar allt saman rétt sem hv. þm. benti á með staðsetningu þeirrar hugsanlegu virkjunar. En ég segi bara: Ég er tilbúinn til þess að skoða það.

[15:18]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og hvet hann til að kynna sér einmitt þennan virkjunarkost og þá vinnu sem í gangi er hjá Orkustofnun og víðar um virkjun Héraðsvatna. Ég vil benda á þann aukaávinning af því að velja skagfirskan virkjunarkost sem er dreifing opinberra framkvæmda í landinu. Þenslan sem er að skapast er einkum á suðvesturhorninu og stjórnvöld þurfa af alvöru að gæta þess í fjárfestingum ríkisins að stýra framkvæmdum einkum þangað sem þenslan er lítil eða engin. Því legg ég á það þunga áherslu að vel sé staðið að undirbúningi og kostirnir kannaðir í þaula með þetta í huga.

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á þessum sjónarmiðum, þ.e. þeim að mikilvægt sé að geta dreift opinberum framkvæmdum um landið og þá með tilliti til þess hvar uppsveiflan er á hverjum tíma. Það sem menn hins vegar hafa að leiðarljósi þegar tekin er ákvörðun um næsta virkjunarkost er eins og ég sagði áðan, hversu mikil eftirspurnin er eftir þeirri orku sem hugsanlega er hægt að selja og þá vega menn og meta: Hversu stór þarf virkjunin að vera sem ráðist er í að byggja?

Oft og tíðum er stór virkjun mjög hagkvæm en hún er ekki hagkvæm þegar til lengri tíma er litið ef menn sitja uppi í ár eða áratugi með ónýtta afkastagetu. Þess vegna reyna menn að stilla saman það magn orku sem verið er að biðja um og hversu stór og afkastamikil virkjunin skuli vera sem ætti að mæta þeirri eftirspurn sem þar væri til staðar. Það er þetta sem menn þurfa að hafa í huga og meta saman þegar slík ákvörðun er tekin.

Tollgæsla í höfnum í Reykjavík.

[15:21]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Í dagblaði 29. október sl. kom fram að samningum hefur verið sagt upp við tollverði í Reykjavík og að þar með muni væntanlega verða hætt kvöld- og næturvöktum í höfnum í Reykjavík. Ég beini spurningu minni til hæstv. fjmrh. Nú þegar aðeins mánuður er þangað til að þessi gjörningur tekur gildi liggur ekki enn ljóst fyrir hver hin endanlega niðurstaða verður um kvöld- og næturvaktir í Reykjavíkurhöfnum. Á sama tíma berast okkur æ alvarlegri tíðindi um smygl á fíkniefnum og nýjar smyglleiðir inn til landsins.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það má vera rétt og ég býst við að rétt sé að sagt hafi verið upp vaktafyrirkomulagi hjá Tollgæslunni í Reykjavík, tollstjóranum í Reykjavík og kannski víðar. Ástæðan er sú að verið er að reyna að vinna að skipulagsbreytingum hjá tollinum til þess að freista þess að ná fram hagræðingu hjá þeirri stofnun eins og svo mörgum öðrum ríkisstofnunum.

Ég get ekki staðfest það sem hv. þm. nefndi og komið hefur fram í blöðum að kvöld- og næturvaktir verði lagðar niður. Því miður get ég ekki staðfest það hér og skal ekki um það segja hvort af því verður. En ég veit að það er verið að skoða þessi mál og eitt af því sem verið er að skoða er hvort að hugsanlegt sé að greitt sé sérstaklega fyrir þær skipakomur sem eiga sér stað utan venjulegs vinnutíma. Það kann að vera nauðsynlegt og er í sjálfu sér ekkert við því að segja að fyrir þjónustu á þeim tíma sólarhringsins, sem er auðvitað dýrari, sé greitt eitthvað aukalega til að hægt sé að halda henni úti.

Þá vil ég vegna orða hv. þm. og það mun einnig hafa komið fram í þeirri frétt sem vitnað var til, að það komi sérstaklega fram hér að þetta mun að sjálfsögðu ekki bitna á fíkniefnaeftirliti tollsins. Þvert á móti er nú unnið að því að styrkja þá starfsemi og verður væntanlega hægt að greina frá því sérstaklega innan tíðar.

[15:24]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil skilja orð hæstv. fjmrh. svo að ekki verði slakað á tolleftirliti í höfnum í Reykjavík heldur sé hér fyrst og fremst um skipulagsbreytingu að ræða. Ég vil þó í þessu sambandi láta þess getið að meðalstarfsmaður hjá tollgæslunni í Reykjavík hefur um 20 þús. kr. í laun að frádregnum sköttum vegna yfirvinnu og er því hér að sjálfsögðu líka um kjaraatriði að ræða sem vert er að hafa í huga við endurskoðun málsins. Ég hvet hæstv. fjmrh. til að beita sér í þessu efni þannig að öryggis verði gætt í tollgæslu og um leið hugað að kjörum og aðstæðum starfsmanna.

Sleppibúnaður gúmmíbáta.

[15:25]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég er með fyrirspurn til hæstv. samgrh. um sleppibúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Árið 1988 voru felldar niður viðurkenningar sem tvær gerðir sleppibúnaðar höfðu fengið og reglugerð um öryggisatriði fiskiskipa hvað varðar þennan búnað tekin úr gildi. Í framhaldi af þessu fóru fram rannsóknir í Iðntæknistofnun á hæfni og getu þessa búnaðar. Búin var til ný prófunaraðferð til að prófa hæfni þeirra og virkni. Það er skemmst frá því að segja að annar þessa búnaðar hlaut aftur viðurkenningu átta árum síðar eða 6. mars 1995 þrátt fyrir að engar breytingar hafi verið gerðar á búnaðinum. Á sama tíma var verið að endurskoða reglur um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa og lauk þeirri endurskoðun með því að gefnar voru út nýjar endurskoðunarreglur 21. mars 1994. Voru þá allir hagsmunaaðilar búnir að fá þær til aflestrar og voru þeir sáttir við þær eins og þær voru, enda búið að leggja mikla vinnu í þessa endurskoðun á reglunum.

Þann 22. desember 1995 var gefið út umburðarbréf af Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 032/1995, um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta þar sem segir m.a.:

„Frestur sem veittur hefur verið til að uppfylla ákvæði 2.–5. tölul. 7. gr. reglnanna rennur út 1. janúar 1996. Að þessum tíma liðnum skal skipunum ekki veitt haffærniskírteini nema samþykktur losunar- og sjósetningarbúnaður samkvæmt framangreindum reglum sé til staðar um borð. Þó er heimilt að veita allt að þriggja mánaða frest með uppsetningu á nýjum losunar- og sjósetningarbúnaði."

Þetta umburðarbréf var samið eftir því sem ég best veit í samráði Siglingamálastofnunar og samgrn.

Strax eftir áramót 1996 var þetta umburðarbréf afturkallað að beiðni LÍÚ og reglugerð enn einu sinni frestað til 1. júlí 1996. Skipuð var átta manna nefnd sem átti að yfirfara reglurnar enn einu sinni. Mér vitanlega hefur reglugerðin

ekki tekið gildi. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvar stendur þetta mál í dag? Er nefndin búin að skila af sér áliti þegar liðnir eru 11 mánuðir frá því að frestur var gefin um áramótin 1996?

Nú þegar þessi fyrirspurn er sett fram hafa 22 sjómenn bjargast vegna þessa búnaðar. Nú síðast björguðust fjórir menn af Mýrafelli ÍS þegar því hvolfdi 26. júní 1996 í mynni Arnarfjarðar. Sjómenn eru orðnir ópolinmóðir og langþreyttir að bíða eftir þessari pappírsvinnu því mörg skip hafa ekki þennan búnað í dag.

[15:28]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Um síðustu áramót lágu málin þannig fyrir að fjöldi skipa hafði ekki þennan sleppibúnað um borð og hann var ekki til í landinu og ógjörningur að fá hann. Af þeim sökum fannst mér sjálfgefið sem ráðherra þessara mála að fresta því að gildistakan yrði hinn 1. janúar sl., enda hefði það leitt til þess að það hefði orðið nauðsynlegt fyrir Siglingamálastofnun að stöðva hluta flotans því ekki gátum við látið það viðgangast að skip væru með ólöglegan björgunarbúnað um borð ef við á annað borð gerðum kröfu um að slíkur búnaður yrði um borð. Ég held að þetta sé augljóst mál. Það voru þess vegna ekki LÍÚ eða útgerðarmenn sem fóru fram á að gildistöku yrði frestað heldur var það algerlega mín ákvörðun og alls ekki tekin að óathuguðu máli.

Hinn 1. júlí sl. endurtók sagan sig, þ.e. að sleppibúnaður var ekki kominn um borð í skipin og lá ekki fyrir. Á hinn bóginn mun ég fá skýrslu frá þeim starfshópi sem er að athuga þessi mál nú í næstu viku og ég geri mér vonir um það, án þess að geta fullyrt, að ekki þurfi aftur að koma til frestunar á gildistökunni hinn 1. janúar nk. Það er þess vegna alveg ljóst að reglugerðin hefur verið í gildi, en spurningin er hvenær afdráttarlaus krafa verður gerð um sleppibúnaðinn. Eins og nú standa sakir gæti það orðið 1. janúar nk. Ég hef ekki endanleg gögn í höndum til að vita hvort svo geti orðið.

[15:30]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. samgrh. að eins og málum var komið var ógerningur annað en gefa frest í málinu. En síðan hefur ekkert gerst í framkvæmd málsins og ekki verið ýtt á eftir því. Í vöruafgreiðslu er til búnaður sem enginn spyr um og enginn leitar eftir. Pantanir hafa engar verið þannig að þar stendur upp á útvegsmenn að ganga til þess að fylgja því sem til er ætlast svo að nú ætti það ekki að vera vandamál, a.m.k. ekki fyrir hluta flotans. Þó hygg ég að hæstv. samgrh. þurfi enn að veita ákveðinn umþóttunartíma til þess að knýja á um að þessi búnaður komist um borð í skipaflota landsmanna því að það tekur ákveðinn tíma að framleiða hann, a.m.k. það sem á vantar, og ekki eðlilegt að framleiðandi gangi til slíks nema hann hafi tryggingu fyrir því að varan sem hann er að framleiða verði keypt.

Brot á lögum um framleiðslu landbúnaðarvara.

[15:31]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þann 20. nóv. sl. spurði hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir hæstv. landbrh. um viðhorf hans til samninga um sölu á lambakjöti sem bændur, t.d. í Húnavatnssýslu, hafa gert á öðru verði en sex- og fimmmannanefnd hefur ákvarðað samkvæmt lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og hvort ráðherra teldi að hér væri um lögbrot að ræða og til hvaða ráðstafana hann ætli að grípa ef svo væri. Í svari hæstv. landbrh. kom fram að heimildir í lögum vantar fyrir þessum viðskiptum, og ég vitna orðrétt í svar hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Af því sem að framan hefur verið rakið verður að telja að ekki hafi verið farið að lögum við þá samningsgerð sem spurt er um.“ Enn fremur sagði hæstv. ráðherra, með leyfi forseta: „Auðvitað er það ekki góð fyrirmynd að framfylgja ekki lögum en spurningin er kannski hver á að gera það. Í landbrn. er a.m.k. ekkert lögregluyfirvald og ekkert dómsvald. Það eru önnur ráðuneyti sem fara með það.“ Spurning mín til hæstv. dómsmrh. er hvort hann muni beita sér í þessu máli, þ.e. að lög verði virt með lögsókn og ef svo er á hendur hverjum, eða hvort lögum verði breytt. Ég vil einnig vita hvort hæstv. dómsmrh. geti sætt sig við þá stöðu að samráðherra hans segi að lög í landinu séu brotin og hann hyggist ekki gera neitt í þeim málaflokki sem heyrir undir ráðuneyti hans.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þekki ekki gjörla til þeirra viðskipta sem þarna er vísað til. Ég get aðeins sagt að það er almenn réttarregla í landinu að menn geta farið með mál fyrir dómstóla ef þeir telja að á þá sé hallað. Enn fremur eiga menn rétt á því, ef þeir telja að hegningarlög hafi verið brotin, að kæra þau mál til saksóknara eða lögreglustjóra og þá er það hlutverk rannsóknarlögreglu að rannsaka og upplýsa mál og síðan ákæruvaldsins, ýmist lögreglustjóra eða saksóknara að taka ákvarðanir á þeim grundvelli. Þetta eru grundvallaratriði í stjórnskipun landsins. Dómsmrn. fer ekki með ákæruvald og dómsmrn. hlutast ekki til um að höfða einkamál fyrir aðila úti í bæ.

[15:34]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hæstv. dómsmrh. telur ekki ástæðu til að koma að þessu máli. Þetta snýst um það að lög nái fram að ganga eða að lögum verði breytt þannig að um þessa stefnu sem ég reyndar styð, samninga bænda í þessu tilviki, verði sett lagaumgjörð. Það er pólitísk spurning. Hins vegar finnst mér ekki geta átt sér stað að hæstv. ráðherra lýsi því yfir að lög séu ekki virt, að þau séu brotin. Hæstv. dómsmrh. fór vitaskuld alveg rétt með réttarfarsreglur, ég kann þær líka, en að hæstv. ríkisstjórn skuli ekki ætla að taka á þessu máli með neinum öðrum hætti og láti viðgangast að lög sem varða þennan málaflokk séu brotin finnst mér alvarleg yfirlýsing hér á hinu háa Alþingi.

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvert hv. þm. er að fara með þessari orðræðu því það liggur í augum uppi, og hv. þm. viðurkennir það í síðari ræðu sinni, að það er ekki á verksviði dómsmrn. að hafa milligöngu um höfðun einkamáls. Það er ekki á verksviði dómsmrn. að fara með ákæruvaldið og þegar það liggur fyrir í síðari ræðu hv. þm. að hann viðurkennir þekkingu sína á þessum grundvallaratriðum þá skil ég ekki hvers vegna hann er að halda málinu að dómsmrn.

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, frh. 1. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Fjárfestingar sölusamtaka í sjávarútvegi erlendis.

[15:38]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur umræða um sjávarútvegsmál verið nokkuð fyrirferðarmikil hér í sölum Alþingis, í fjölmiðlum og úti í þjóðfélaginu öllu. Sú umræða hefur fyrst og fremst snúist um annars vegar það sem menn kalla veiðleyfagjald eða auðlindaskatt og hins vegar fregnir af því sem virðist særa réttlætiskennd þjóðarinnar, það sem nefnt hefur verið kvótabrask, frásagnir af einstaklingum sem stunda lítið útgerð en eru að selja þjóðareignina fyrir milljónir og tugi milljóna. Umræðan um þessi mál hefur verið nokkuð fyrirferðarmikil en minna hefur farið fyrir öðrum þætti í sjávarútvegsstefnu, þ.e. vinnslunni.

Sjávarútvegur snýst ekki eingöngu um veiðar heldur og um vinnslu og markaðssetningu. Ég hygg að allir stjórnmálaflokkar hafi haldið því fram árum saman að efla bæri fullvinnslu á sjávarafla hér innan lands. Um þetta hefur verið að því er virðist þjóðarsátt og þverpólitísk samstaða. Og hvers vegna hafa menn verið sammála um þetta? Það er vegna þess að sjávarútvegur er mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og það eru þjóðhagslegir hagsmunir að gera sem mest verðmæti og skapa sem flest störf úr þeirri auðlind sem sjórinn er. Hins vegar má segja að þrátt fyrir þessa samstöðu, þverpólitísku samstöðu, þá hafi gengið hægt á þessu sviði. Það eru til allrar hamingju nokkur fyrirtæki að fikra sig í átt að fullvinnslu sjávarafla víða um landið en óhætt er að segja að eitt einkennir þau öll, og talsmenn þeirra kvarta undan því, að fá lítinn sem engan stuðning eða hvatningu í þeim tilraunum sem þeir eru að gera.

Samhliða þessu er svo vert að skoða þá þróun sem á sér stað erlendis á vegum Íslendinga. Samkvæmt fréttum fjölmiðla á síðustu missirum má áætla að hin svonefndu stóru sölusamtök í sjávarútvegi hafi á tiltölulega skömmum tíma fjárfest erlendis fyrir 4–6 milljarða króna í fullvinnsluverksmiðjum bæði austan hafs og vestan. Enda hefur ekki staðið á viðurkenningum og þökkum erlendra sveitarfélaga m.a. fyrir þetta framsýna framtak Íslendinga á erlendri grund sem koma þar af myndarskap upp fullvinnsluverksmiðjum sem skapa verðmæti og mörg hundruð störf. Þetta er umhugsunarefni og ég vil taka skýrt fram að með þessu tali mínu er ég ekki að veitast að sölusamtökunum sem hafa unnið afskaplega merkilegt og þarft starf.

Hins vegar er vert að hafa í huga hvað samtímis er að gerast hér innan lands. Ég nefndi áðan hversu hægt gengur að þróa fullvinnslu sjávarafurða hér innan lands. Við heyrum samtímis fregnir af því að landvinnsla er rekin með tapi og þróunin virðist vera sú að í vaxandi mæli færist landvinnslan, vinnsla sjávarafla, úr landi og út á sjó. Það er ástæða, herra forseti, fyrir þingið að ræða þetta vegna þess að þetta snertir þjóðarhagsmuni. Það er eðlilegt að velta upp ýmsum spurningum samfara þessu. Hvaða áhrif hefur það á þróun fullvinnslu hér heima þegar fjárfest er, fjármagn flutt úr greininni fyrir um 4–6 milljarða úr landi til uppbyggingar og þróunar starfa erlendis? Spurningin snýst um hvar við viljum að fullvinnslan fari fram. Viljum við að hún fari fram hér heima eða viljum við leggja áherslu á að skapa þessi störf erlendis? Málið er auðvitað ekki einfalt en við þurfum að velta þessu upp. Vegna þess að fullvinnsla felur í sér aukna verðmætasköpun. Hún felur í sér aukin störf og snertir þar af leiðandi efnahagsmál og hún snertir byggðamál. Það er fátt sem snertir byggðir landsins, sjávarplássin, jafnmikið og vinnsla í sjávarútvegi. Hvar á krafturinn í uppbyggingu sjávarútvegsins og fullvinnslu að vera? Á hann að vera hér heima eða erlendis? Það má spyrja þegar stór sölusamtök hafa fjárfest verulega erlendis, hvort þau muni ekki með kjafti og klóm verja þá fjárfestingu sína, tryggja að sú fjárfesting fái nauðsynlegt fjármagn, nauðsynlegt hráefni til að starfsemin geti haldið áfram. Hvaða áhrif hefur það á uppbygginguna hérlendis? Fleiri atriði mætti nefna.

Ég sé að tími minn er á þrotum og ég hefði gaman af að heyra viðbrögð hæstv. sjútvrh. við þessum málum og þessari þróun vegna þess að þetta snertir þjóðarhagsmuni og Alþingi hlýtur að þurfa að velta þessari spurningu fyrir sér.

[15:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að einn helsti vaxtarbroddur í íslenskum sjávarútvegi um þessar mundir er að auka fullvinnslu afurða og gera meira úr markaðsstarfi. Það hafa orðið mjög miklar breytingar í þessa veru á undanförnum árum. Það er rangt að það hafi miðað hægt í því efni. Það hafa orðið mjög miklar breytingar í íslenskri fiskvinnslu á undanförnum árum þar sem fyrirtæki eru í mjög auknum mæli að vinna afurðir beint inn á neytendamarkaði. Ég geri ráð fyrir að það sé ein helsta leið þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem nú eiga í erfiðleikum varðandi vinnslu á botnfiski að auka frekar vinnslu og komast með öflugra markaðsstarfi nær neytendum á erlendum mörkuðum. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki og sölusamtök hafa á hinn bóginn fjárfest erlendis um margra áratuga skeið. Og ég geri ráð fyrir því að þeir sem til þekkja viti að einmitt sú fjárfesting hefur verið lykillinn að aðgangi þeirra og sterkri stöðu víða á mörkuðum. Margt af þeirri fjárfestingu sem nú fer fram er lykill að öflugra markaðsstarfi, öflugri þátttöku íslenskra fyrirtækja í heimsverslun með fisk. Er lykill að nýjum mörkuðum fyrir íslensk iðnfyrirtæki. Það er ljóst að þessi útrás íslensks sjávarútvegs hefur verið veruleg lyftistöng fyrir íslenskan iðnað og hafa nýlega verið fluttar fregnir af iðnfyrirtækjum sem eru að margfalda framleiðslu sína einmitt í beinum tengslum við útrás íslensks sjávarútvegs á erlendum mörkuðum.

Ég átta mig ekki alveg á því hvert hv. þm. er að fara með hugleiðingum sínum. Okkur greinir ekki á um hversu mikilvægt það er að við vinnum okkur út úr ákveðnum vanda varðandi vinnslu á botnfiskafurðum með aukinni fullvinnslu afurða. Á hinn bóginn velti ég því fyrir mér hvort hv. þm. er að ýja að því að hér eigi að taka upp opinbera fjárfestingarstýringu til þess að hafa áhrif á þessa þróun. Ég ætla ekki að leggja honum í munn þau orð eða gera honum

upp þær hugsanir en maður hlýtur að spyrja í kjölfar slíkrar ræðu hvort hv. þm. er að leiða hugann að því eða opna fyrir umræðu um opinbera fjárfestingarstýringu.

Ég get svarað því ef það vakir fyrir hv. þm. Það er ekki á dagskrá þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr að taka upp opinbera fjárfestingarstýringu í þessu efni. Hún mun hins vegar hvetja til þess hér eftir sem hingað til að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki sinni frekari fullvinnslu og öflugra markaðsstarfi og hún mun fyrir sitt leyti greiða fyrir sókn sjávarútvegsins út á við vegna þess að það er okkar mat að það sé alhliða lyftistöng fyrir sjávarútveginn og iðnaðinn í landinu.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er þarft í sjálfu sér að taka þetta mál upp til umræðu en hitt er kannski ekki alveg jafnljóst hvað vakir fyrir hv. þm. og hver er afstaða hv. þm. til þess máls sem hann sjálfur tók hér upp. Markmiðið um að auka fullvinnslu sjávarafurða hér heima er að sjálfsögðu gilt og þess vegna hefði maður glaðst yfir því ef stjórnarsinnar hefðu t.d. komið hér upp og boðað aðgerðir til þess að taka á vanda landvinnslunnar eða a.m.k. falla frá þeim hugmyndum sem nú eru uppi um að stórauka skattpíningu og álögur á fiskvinnsluna í landinu í formi þróunarsjóðsgjalds og hækkunar á tryggingagjaldi.

Varðandi fjárfestingar íslenskra söluaðila erlendis er ekki að öllu leyti einfalt að meta það mál. Kaup íslenskra fyrirtækja á vinnslu- og dreifingarfyrirtækjum erlendis styrkja stöðu þeirra á markaðnum. Um það verður ekki deilt. Ég fullyrði t.d. að kaup Íslenskra sjávarafurða, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda á slíkum fyrirtækjum í Evrópu á síðustu missirum hafa styrkt stöðu íslenskrar framleiðslu á þeim markaði verulega. Við höfum komist nær neytendunum og við höfum komist í aðstöðu til að þróa vinnslu á fullunnum neytendavörum með takmarkað geymsluþol og dreifa þeim með þeim hætti um meginland Evrópu sem nauðsynlegt er að gera ef við ætlum okkur að vera fullgildir þátttakendur um samkeppni á þeim markaði. Við höfum yfirtekið starfsemi sem áður var í höndum erlendra milliliða og ég tel það engan vafa, herra forseti, að þetta hefur styrkt okkar stöðu á þessum markaði. Mér er ekki kunnugt um að hægt sé að benda á dæmi í þessari fjárfestingu þar sem störf hafi í raun flust frá Íslandi og út. Þvert á móti ef eitthvað er, þá er það hið gagnstæða, að við höfum í gegnum slík markaðssambönd getað þróað frekari fullvinnslu heima heldur en áður var til staðar. Ástæðan fyrir því að starfsemin verður að vera erlendis í einhverjum mæli en ekki hér heima er fyrst og fremst tvíþætt: Það er annars vegar nauðsyn þess að vera nálægt markaðnum en í hinu tilvikinu eru enn í vissum tilvikum tollagirðingar sem við þurfum að komast inn fyrir með því að vinna vöruna á Evrópumarkaði. Ég held að það sé ekki rétt að stilla umræðum um þessi mál upp eins og hér sé á ferðinni fjárfestingar erlendis sem séu andstæðar markmiðum um að auka fullvinnslu sjávarafurða á Íslandi.

[15:50]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tek undir með öðrum sem hér hafa talað að ég átta mig ekki alveg á uppleggi hv. þm. Ég held hins vegar að áhyggjur hans af þessari þróun, þ.e. fjárfestingum Íslendinga erlendis, séu ástæðulausar. Ég kýs einnig að benda á að menn ræða ekki lengur í sjávarútvegi út frá hugtakinu „fullvinnsla" eins og gert var áður fyrr heldur er talað miklu frekar um smásölupakkningar, þ.e. pakkningar sem komast nær neytanda. Þessi áhersla og vinnsluaðferð hefur stóraukist á undanförnum árum. Hefðbundin blokkaframleiðsla til frekari úrvinnslu erlendis hefur mjög látið undan síga á síðari árum. Ég bendi á að útflutningur á ferskum fiski til frekari vinnslu erlendis hefur stórminnkað síðustu 10 ár, m.a. vegna innlendu fiskmarkaðanna. Fjárfestingar íslensku fisksölufyrirtækjanna erlendis hafa verið Íslendingum mjög notadrjúgar og verðmætasta eign Íslendinga, ef horft er yfir 50 ára sögu, eru einmitt fjárfestingar íslensku sölufyrirtækjanna erlendis sem hafa staðið að mörgu leyti undir lífskjörum okkar Íslendinga.

Ég vil einnig upplýsa í þessari umræðu að það er sérstök vinna í gangi með formlegum hætti, sem bæði SH og ÍS eiga aðild að, þ.e. að styrkja enn frekar úrvinnslumöguleika hérlendis innan sjávarútvegsins. Menn geta kallað það fullvinnslu ef menn vilja svo. Fjárfestingar íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja erlendis eru mjög af hinu góða og skila okkur verðmæti í íslenskt þjóðarbú bæði með markaðsnálægð, peningum og fólki starfandi á þessum vettvangi. Heimurinn er eitt markaðssvæði. Það eina sem við getum e.t.v. sagt í þessari umræðu er að við höfum farið of seint inn á alþjóðamarkað með fjárfestingar í þeim kröftuga mæli sem við höfum gert núna síðustu ár og e.t.v. of lítið. Það er kannski í þá áttina frekar sem ég hef áhyggjur af. Og ég vil benda á það að fjárfestingar Íslendinga hér á landi í sjávarútvegi nema nú tæpum 10 milljörðum á þessu ári svo ekki vantar fjármagn til að standa að góðum og öflugum fjárfestingum í greininni.

[15:52]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir að hefja umræðu um þetta mál. Ég held að það sé nauðsynlegt að velta þessu máli fyrir okkur. Ég vil einnig þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör.

Þessi mál sem hér um ræðir eru fyrir margar sakir athyglisverð fyrir okkur hér á landi. Bolfiskvinnslan á víða um landið við erfiðleika að glíma og fiskvinnslustöðvum hefur verið lokað. Dæmi eru um það og þar með hefur fólk misst sína atvinnu. Þetta hefur neikvæð áhrif á viðkomandi byggðarlög og sú hætta hlýtur að vera fyrir hendi að um viðvarandi ástand geti orðið að ræða, ekki síst vegna þess að frumvinnsla á bolfiski hefur í síauknum mæli verið að færast af landi og út á sjó um borð í vinnsluskip.

Það er hins vegar jákvætt að mörg vinnslufyrirtæki í landinu hafa náð að byggja sig upp með fjárfrekum fjárfestingum til frekari fullvinnslu og sú starfsemi hefur tryggt grundvöll þessara fyrirtækja, en því miður er ekki nema hluti vinnslufyrirtækja með forsendur fyrir slíkri fjárfestingu og uppbyggingu. Þetta sýnir þó að mögulegt er að byggja íslensk sjávarútvegsfyrirtæki upp til frekari fullvinnslu á sjávarafla og mörg þeirra hafa gert það mjög myndarlega eins og ég hef nefnt.

Það sem er ekki síst athyglisvert í sambandi við sölusamtökin sem hér eru til umræðu er að þau eru í mörgum tilfellum orðin eigendur í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og er ekki laust við að það geti talist óeðlilegt. Það sýnir hvernig sölusamtökin sem eiga að þjóna framleiðslufyrirtækjunum hafa fitnað af því og eru nú farin í krafti síns fjármagns smám saman að eignast sjávarútvegsfyrirtækin í

landinu. Þar með eru sölusamtökin einnig komin með ítök í stóran hluta aflaheimildanna.

Á sama tíma og mjög kreppir að í fiskvinnslunni í landinu virðast sölusamtökin sjá sér hag í því að flytja hráefni úr landi í verksmiðjur sínar erlendis þar sem úrvinnsla og fullvinnsla fer fram. En ég get tekið undir það sem sumir hv. þingmenn hafa sagt að það er ekki að öllu leyti neikvætt. Við höldum þar með áfram að flytja út hráefnið til fullvinnslu í öðrum löndum og það hlýtur að vera til umhugsunar af hverju sölusamtökin beita sér ekki enn frekar fyrir því að leggja sína fjármuni í fjárfestingar í fullvinnslu hér á landi þannig að arður þeirra af sjávarútvegi nýtist frekar til uppbyggingar atvinnulífs hér á landi heldur en erlendis. Ég tel þó, herra forseti, að með þessari umræðu sé ekki verið að leggja til að tekin verði upp opinber fjárfestingarstýring, eins og hæstv. sjútvrh. nefndi, en ég vil að lokum segja það sama og ég byrjaði mál mitt á, ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við ræðum þessi mál í þingsölum.

[15:55]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni. Tilgangurinn var, eins og ég gat um í upphafi, annars vegar að vekja athygli á þeirri þróun sem á sér stað í fullvinnslu erlendis og hins vegar þeim umkvörtunum sem heyrast frá innlendum aðilum þar sem þeir kvarta undan litlum stuðningi og lítilli hvatningu á þessu sviði.

Ég tek undir það með hæstv. sjútvrh. að miklar breytingar hafa átt sér stað, en miðað við hvernig menn hafa talað árum saman tel ég þrátt fyrir allt að þessar breytingar séu afskaplega hægar innan lands. Ég tek einnig undir það, og ítrekaði það í tvígang í mínum inngangi, að starf sölusamstakanna erlendis er afskaplega mikilvægt og hefur dugað okkur vel. En tilgangurinn með þessari umræðu er ekki síst sá að vekja athygli á því hvar áherslan kann að liggja. Viljum við að hún liggi erlendis í fullvinnslu eða viljum við að hún liggi hér? Ég tel ýmis merki þess að áherslan sé í auknum mæli að færast úr landi.

Menn segja gjarnan að við þurfum að komast sem næst mörkuðum. Mér finnst sú röksemd vera tiltölulega hæpin á tímum nútímatölvusamskipta og samskiptatækni nútímans og þegar flugsamgöngur eru jafngóðar og raun ber vitni þannig að við erum orðin hluti af heiminum og erum ekki í nema örskotsfjarlægð frá helstu mörkuðum okkar. Það sem eftir stendur er: Hvernig mun samkeppnin um hráefnið verða milli fjárfestinga okkar erlendis og þeirra sem eru að feta sig inn á þó þessa athyglisverðu braut sem er fullvinnsla sjávarafla? Það snýst um sjávarútvegsstefnu og þess vegna er eðlilegt að málið sé rætt á Alþingi án þess að dómur sé upp kveðinn.

[15:58]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það var fagnaðarefni að það kom mjög skýrt fram af hálfu hv. 3. þm. Vesturl. að hann var ekki að tala fyrir opinberri fjárfestingarstýringu í þessu efni. Ég fagna því að það liggur fyrir í þessari umræðu. Hann vakti hins vegar athygli á því að það kynni að vera óeðlilegt að sölufyrirtæki ættu hlutafé í útgerðarfyrirtækjum eða fiskvinnslufyrirtækjum. Ég ætla ekki að leggja dóm á það. Hins vegar hefur það verið að gerast á mörgum undanförnum árum vegna veikrar fjárhagsstöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna að þjónustufyrirtæki þeirra hafa þurft að leggja fjármagn í sjávarútvegsfyrirtækin.

Nú hafa hins vegar þau gleðilegu umskipti orðið á allra síðustu árum að fjárhagsstaða sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur verið að styrkjast á nýjan leik og þeir eru nú eftirsóknarverður fjárfestingarkostur. Á sama tíma fer fram mikil umræða um það í þjóðfélaginu að það verði, eins og hv. málshefjandi vakti athygli á, að breyta sjárvarútvegsstefnunni til þess að koma í veg fyrir að sjávarútvegsfyrirtækin geti haft þann styrk sem þau hafa verið að öðlast nú á allra síðustu missirum. Þannig ganga oft hugmyndirnar hver á móti annarri. Ég tel að í þessu samhengi sé það einn mikilvægasti árangurinn sem við höfum verið að ná, að fjárhagsstaða fyrirtækjanna í sjávarútvegi er að verða það sterk að þau eru að verða eftirsóknarverður fjárfestingarkostur og þurfa ekki að vera upp á náð og miskunn eigin þjónustufyrirtækja. Ég tel að það væri mikið glapræði að breyta um stefnu sem kippti þessum grundvelli undan þessum höfuðframleiðslufyrirtækjum landsins.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Þróunarsjóðs og fiskvinnslufyrirtækja.

[16:01]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Nokkrar deilur hafa verið að undanförnu og fjölmiðlafár vegna sölu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins á eignarhlut í fiskvinnslufyrirtækjunum Búlandstindi og Meitlinum. Þorri starfsmanna Meitilsins sendi stjórn Þróunarsjóðsins áskorun þar sem þeirri skoðun var komið á framfæri að ekki hefði verið rétt staðið að kauptilboði fimm aðila á hlutafjáreign sjóðsins í Meitlinum. Óskað er eftir því af hálfu starfsfólksins að hluthöfum og starfsmönnum verði aftur gefinn kostur á að nýta sér lagalegan forkaupsrétt að téðu hlutafé í Meitlinum. Þá kemur fram í bréfi starfsfólksins ótti við það að sameining Meitilsins í Þorlákshöfn og Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum leiði af sér óöryggi í atvinnu og búsetu í Þorlákshöfn, eða eins og segir í bréfi starfsfólksins, með leyfi forseta: „.... með afsali dýrmætra aflaheimilda sem félaginu hafa áunnist með útgerð í gegnum árin fyrir atbeina starfsmanna sinna við sjómennsku og fiskvinnslu."

Málið er í raun þríþætt. Í fyrsta lagi málið sem varðaði Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem nú hefur skipt um skoðun þar sem komið hefur í ljós við nánari athugun að það var handvömm þegar stjórnarmönnum var boðinn forkaupsréttur að eignarhlut í Meitlinum og Búlandstindi. Samt virðist vanta samræmi hjá ríkisvaldinu í þessum efnum því til að mynda var stjórnarmönnum Lyfjaverslunar ríkisins boðinn forkaupsréttur að hlutabréfum þegar það fyrirtæki var selt. Í öðru lagi er um að ræða ótta við sameiningu Meitilsins og Vinnslustöðvarinnar með tilliti til atvinnuöryggis. Og í þriðja lagi vaxandi tortryggni vegna ýmissa þátta í fiskveiðistjórnunarkerfinu sem mikið er deilt um og á við um land allt þar sem gífurlegir hagsmunir eru í húfi.

Sameining fyrirtækja vítt og breitt um landið á undanförnum missirum hefur styrkt þau í sessi í mikilli samkeppni en eftir stendur að oft er grunnt á tortryggni og óvissu hjá landverkafólki og sjómönnum varðandi atvinnuöryggi. Þess vegna er mjög slæmt að upp skuli koma vandamál eins

og gerst hefur hjá Þróunarsjóði sjávarútvegsins því mistökin hafa leitt til mikils ruglings þar sem ýmsum málum er blandað saman.

Í viljayfirlýsingu stjórnar Vinnslustöðvarinnar og Meitilsins frá 30. sept. sl. er lögð áhersla á að með sameiningunni sé verið að auka arðsemi rekstrareininga og ná betri árangri í veiðum og vinnslu ásamt því að auka framleiðslu á fullunnum afurðum og að stefnt sé að því við sameininguna að ekki verði fækkað störfum í vinnslu hvorki í Vestmannaeyjum né í Þorlákshöfn. Þá hafa fulltrúar VÍS, SO og ÍS í stjórn Meitilsins margítrekað að sameinað fyrirtæki muni tryggja jafnræði á báðum vinnslustöðunum og félagsleg skylda í þeim efnum fari ekkert á milli mála.

Aðalvandi Meitilsins á þessu ári hefur verið hráefnisskortur en ekki er langt síðan Meitillinn fór í gegnum niðurfærslu á skuldum vegna slæmrar stöðu. Hins vegar er það sjónarmið forsvarsmanna sameiningarinnar að auka vinnslu í Þorlákshöfn um 1.200 tonn af karfa umfram það magn sem þegar hefur verið unnið þar á ári. En þessi 1.200 tonn eru sá karfaafli sem vinnslustöðin hefur hingað til flutt út af óunnum karfa á ári. 1.200 tonna aukning þýðir um 40 daga vinnslu í húsi Meitilsins. Einnig er stefnt að því að sögn forsvarsmanna fyrirtækjanna að vinna í sameinuðu fyrirtæki ríflega 1.200 tonn af fiski sem hefur verið seldur árlega á mörkuðum innan lands. Talið er að með aukinni vinnslu í Þorlákshöfn megi auka veltu úr 500 í 700 millj. kr. eða ná um 4% framleiðniaukningu.

Talsmenn fyrirtækjanna segja augljóst að sameining fyrirtækjanna og sérvinnsla muni styrkja atvinnulífið, bæði í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum, fyrst og fremst á kostnað atvinnulífs í Bremerhaven eða skapa um 80 daga á ári í vinnslu með 2.500 tonn fyrir 70 starfsmenn. Markmið sameiningarmanna er að þeirra sögn að byggja upp stórt og öflugt sunnlenskt sjávarútvegsfyrirtæki sem geti keppt við þá bestu í greininni og ef tekið er dæmi um áætlun sameinaðs fyrirtækis þá er stefnt að því að vinna um 2.000 tonn af úthafskarfa næsta vor en það skapar 150 manns vinnu í þrjá mánuði í landi og 30 mönnum á sjó á sama tíma.

Spurning er, hæstv. sjútvrh.: Hvernig stendur á því að svona hringlandaháttur kemur upp hjá Þróunarsjóði sjávarútvegsins, hringlandaháttur sem hefur skapað flókið vandamál og mikla tortryggni þar sem menn, hvorum megin borðsins sem þeir sitja, eru að freista þess að ná árangri sem er ásættanlegur fyrir sem flesta er hagsmuna eiga að gæta?

[16:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst vil ég taka fram að það er ekki hlutverk Þróunarsjóðsins að hlutast til um rekstur einstakra sjávarútvegsfyrirtækja eða áform þeirra um samstarf eða sameiningu. Lögum samkvæmt ber sjóðnum að bjóða þau hlutabréf sem hann á til sölu einu sinni á ári a.m.k. þangað til þau eru öll seld. Í því tilviki sem hér um ræðir bárust tilboð frá Ísfélaginu í Vestmannaeyjum í tvö fyrirtæki. Lögum samkvæmt var eignaraðilum og starfsmönnum boðinn forkaupsréttur. Formaður stjórnar annars fyrirtækisins, Búlandstinds, óskaði eftir því að stjórnarmenn yrðu skoðaðir sem starfsmenn í skilningi laganna. Starfsmenn Þróunarsjóðs segja mér að þeir hafi komist að þeirri niðurstöðu þó að lögin séu ekki skýr í þessu efni að rétt væri að láta stjórnarmennina njóta vafans í því og þess vegna ákváðu þeir að láta forkaupsréttinn ná til stjórnarmanna. Þegar það kom til vitundar stjórnar Þróunarsjóðsins taldi hún að hér væri um lagalega óvissu að ræða og vildi ekki að málið gengi frekar fram fyrr en fyrir lægi lögfræðiálit óháðs aðila. Það liggur nú fyrir og er á þann veg að það samrýmist ekki túlkun á lögunum um Þróunarsjóðinn að stjórnarmenn séu taldir starfsmenn í skilningi þeirra laga. Fyrir þá sök ákvað sjóðurinn að draga til baka tilboð til þeirra sem það höfðu fengið um að neyta forkaupsréttar á þeim grundvelli að þeir hefðu verið stjórnarmenn. Þetta hefur ekki valdið neinni óvissu eða röskun gagnvart öðrum. Allir aðrir sem forkaupsrétt áttu fengu tilskilinn frest og eðlilegan tíma til þess að taka um það ákvörðun og kusu margir hverjir að neyta ekki forkaupsréttarins. Aðrir sem forkaupsréttinn áttu kusu að neyta hans og þá standa þau tilboð. Ég geri ráð fyrir að málinu verði lokið á þeim grundvelli nema einhverjar aðrar aðstæður komi upp sem ég þekki ekki til.

Það er ekki rétt að þessi mistök hafi valdið neinum óróa eða misskilningi eða raskað stöðu annarra sem áttu forkaupsrétt. Þeir fengu sinn tíma til þess að taka afstöðu og tóku hana hver fyrir sig þó sumir hafi kosið að neyta réttarins ekki en aðrir hafi kosið að neyta forkaupsréttarins.

[16:09]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Kannski er þessi utandagskrárumræða nokkuð sérstök hér á hinu háa Alþingi. Maður áttar sig ekki alveg á um hvað hún snýst. Ég hygg að flestum sé það þó ljóst að sala hlutabréfa Þróunarsjóðs og síðan sameiningin á þessum miklu fyrirtækjum eru tvö óskyld mál. Ég vil leggja áherslu á það hér að ég tel mikilvægt að allri óvissu í þessu máli sé eytt. Það verða stjórnendur og eigendur Vinnslustöðvarinnar og Meitilsins að gera með starfsfólki sínu. Miklar breytingar eru að eiga sér stað í íslenskum sjávarútvegi og ég verð að trúa því að forráðamenn þessa nýja sameinaða fyrirtækis meini það sem þeir segja og standi við það.

Í bréfi sem mér hefur borist segir m.a., með leyfi forseta:

„Staðreyndin er sú að sameining félaganna mun styrkja atvinnulíf í Eyjum sem og Þorlákshöfn á kostnað atvinnulífs í Bremerhaven. Ætlunin er að auka vinnslu á bolfiski í húsunum tveimur um sem nemur 2.500 tonnum á bolfiski eða um 80 vinnsludaga á ári miðað við um 70 manns í vinnu."

Þar kemur líka fram að ekki standi til að flytja kvótann sem er í Þorlákshöfn til Vestmannaeyja. Hann verður áfram skráður á staðnum og það tel ég mikilvægt að verði staðið við. Hinu gerum við okkur svo grein fyrir að breytingin í sjávarútveginum er að verða með þeim hætti að stærri og færri fyrirtæki takast á og eigast við á hlutabréfamarkaði, safna almenningsfé til að styrkja sig, og þetta mikla fyrirtæki verður eitt af sterkari fyrirtækjum landsins á þeim markaði. Ég vona að þetta muni styrkja atvinnulíf á Suðurlandi — og ég veit að það mun gera það. En ég legg áherslu á að það verður að vinna málið innan frá með starfsfólki fyrirtækjanna og eyða allri óvissu.

[16:12]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans sem undirstrikuðu mikilvægi þess að þessu máli verði lokið hið fyrsta og að sem mest sátt náist um það.

Hv. þm. Guðni Ágústsson sagðist ekki skilja alveg um hvað þessi umræða snerist. Umræðan snýst fyrst og fremst um óvissu fiskverkafólks, óvissu um atvinnuöryggi. Óvissa er vondur hlutur, hvort sem hún kann að vera byggð á

misskilningi eða rökum, um það ætla ég ekki að dæma en óvissan er slæm. Á því byggist þessi umræða.

Þegar þorri starfsfólks skrifar undir áskorun eins og send var til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins þá þarf að tala um það og taka á því. Það hefur Þróunarsjóðurinn gert fyrir sitt leyti. Hann hefur skipt um skoðun og hlýtur að fara þar að lögum. Til þess er ætlast að umræða sem þessi hnykki á því að menn verði að fara að lögum. Hún snýst í öðru lagi um þann þáttinn sem víkur að Þróunarsjóðnum, sölu hlutabréfa og nú á það deilumál að vera úr sögunni, a.m.k. lagalega séð.

Þetta er spurning um viðkvæmt hagsmunamál, um atvinnu og öryggi og stöðu byggða. Það verður að taka fullt tillit til þeirra efasemda sem uppi eru og freista þess að eyða misskilningi eða tortryggni eða misbeitingu ef hún er. Spurningin er um jafnræði, að menn nái jafnræði í slíkum hlutum, og þá er ekkert vafamál að það mun skila árangri. Víst er spennandi verkefni að styrkja atvinnu og uppbyggingu á þeim svæðum sem um er talað, bæði í Þorlákshöfn og í Vestmannaeyjum. Hvort eða hvernig það er staðfest, með ákveðnum samningum, ákveðnum yfirlýsingum sem eru til á blaði hjá viðkomandi aðilum, það er þeirra mál. En það er engin spurning að það skiptir miklu máli að gengið sé til verka sem fyrst og að óörygginu sé eytt.

[Fundarhlé. — 16:16]

Umræður utan dagskrár.

Staða garðyrkjunnar.

[16:33]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þessarar utandagskrárumræðu er í fyrsta lagi sú neikvæða umfjöllun sem hefur verið um eina stétt manna undanfarið, þ.e. garðyrkjubændur og í öðru lagi það erfiða rekstrarumhverfi sem þeir eiga við að búa sem hefur skapast m.a. vegna breyttrar löggjafar svo sem EES og GATT-samninga og ótryggrar afhendingar á raforku.

Þessi neikvæða umræða hefur ekki einungis verið úti í þjóðfélaginu heldur líka inni á hinu háa Alþingi samanber utandagskrárumræðu í síðasta mánuði um GATT-samninginn að ósk hv. þm. Ágústs Einarssonar. Þar kom fram í málflutningi að hækkun skulda heimila um 1,3 milljarða mætti rekja til hækkunar á grænmeti og kartöflum.

Það er nokkuð ljóst að hægt er að fá mismunandi útkomur eftir því hvar borið er saman og rétt að velta því fyrir sér hvort og hvaða áhrif hver þáttur hefur á vísitölu neysluverðs. Velta má fyrir sér hvort vísitölurnar eigi að vera tvær, þ.e. framleiðsluvísitala og smásöluvísitala svo hægt sé að fylgjast með breytingum á neyslukrónunni. Sannleikurinn er nefnilega sá að ef tekin er hækkun neysluverðs eftir uppruna frá nóvember 1992 til nóvember 1996 kemur í ljós að innlendar matar- og drykkjarvörur vega ekki nema 4% af þeirri hækkun, en bíllinn, bensín og varahlutir 30% og þjónusta háð opinberum verðlagsákvörðunum og önnur þjónusta 32% svo dæmi sé tekið. Á þessum fjórum árum vega innlendar matar- og drykkjarvörur 1 milljarð í hækkun skulda heimilanna en bíllinn og rekstrarkostnaður hans 8 milljarða og þjónusta 8,6 milljarða. Ekki yrði ég hissa á því þó það kæmi í ljós að sá sem hagnast mest af hækkun bíla og opinberrar þjónustu væri ríkið sjálft.

Í Ríkisútvarpinu á dögunum var tekið dæmi um verð á grænmetiskörfu í Brussel, Kaupmannahöfn, Reykjavík og Ísafirði. Þar kemur fram rúmlega 100% munur á verði hér og erlendis á jöklasalati þrátt fyrir núlltolla og óheftan innflutning.

Annað sem þingmenn verða að hafa í huga þegar fjallað er um garðyrkjuna er að þessi grein hefur verið notuð sem skiptimynt í alþjóðlegum samningum. EES-samningurinn er einhliða, þ.e. einungis er gert ráð fyrir innflutningi en ekki útflutningi á garðyrkjuafurðum. GATT-samningurinn opnar enga möguleika á útflutningi þessara vara vegna verndarmúra annarra ríkja.

Eitt brýnasta hagsmunamál garðyrkjunnar er raforkuverð. Meðan á Alþingi er fjallað um arðgreiðslur Landsvirkjunar er ástandið þannig hjá garðyrkjunni að í lok nóvember er skerðing eða roftími til lýsingar orðinn 214 tímar og hefur mest af þessum tíma verið í nóvember sl. Þetta ástand er náttúrlega ólíðandi og ljóst að þessi krónuafsláttur sem bændur áttu að fá í lok ársins er allur uppétinn og meira til því að núna þarf að lýsa á refsigjaldi sem er þrefalt venjulegt verð. Ef garðyrkjubændur eiga að hafa einhverja möguleika á að standast samkeppni við erlenda aðila og framleiða úrvalsvöru allt árið um kring er lækkun raforkukostnaðar krafa númer eitt. Því spyr ég hvort hæstv. landbrh. hyggst beita sér fyrir bættum kjörum á raforku til garðyrkjubænda og hvernig sér ráðherrann orkusölu til þeirra eftir ár þegar núverandi samningur rennur út og ekki er hægt að semja lengur um umframorku.

Skýrsla starfsskilyrðanefndar sem landbrn. lét vinna og lögð var fram í febrúar sl. er vel unnin og gefur nokkuð rétta mynd af stöðu greinarinnar. En jafnframt eru í skýrslunni tillögur til úrbóta. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort og þá hvernig standa eigi að þeim úrbótum sem þar eru lagðar til.

Í fyrsta lagi. Hvaða aðlögunartíma eru stjórnvöld tilbúin til að gefa greininni til aðlögunar að opnara starfsumhverfi og hvaða ráðum verður beitt?

Í öðru lagi vil ég vita hvað ráðherrann hyggst gera varðandi þær tillögur sem koma fram í skýrslunni um Garðyrkjuskólann og þá garðyrkjumiðstöð sem gert er ráð fyrir í tengslum við skólann.

Í þriðja lagi hafa garðplöntuframleiðendur lengi gagnrýnt hið opinbera fyrir að beita ekki útboðum í ríkara mæli. Nú standa opinberir aðilar, og þá sérstaklega ríkið, fyrir framleiðslu á skógar- og garðplöntum í beinni samkeppni við garðyrkjubændur. Finnst ráðherranum það eðlilegt eða ætlar hann að beita sér fyrir breytingum?

[16:38]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka hv. málshefjanda, hv. þm. Ingibjörgu Sigmundsdóttur fyrir að taka til umræðu málefni, stöðu og starfsskilyrði garðyrkjunnar. Það gefur mér kærkomið tækifæri til að segja ofurlítið frá því í framhjáhlaupi að fyrir rétt einu ári skipaði ég nefnd til að skoða þessi starfsskilyrði sérstaklega og skilaði sú nefnd af sér snemma á þessu ári og síðan höfum við, eins og kom fram í máli hv. málshefjanda, reynt að vinna að ýmsum þáttum sem komu fram og bent var á í skýrslunni að nauðsynlegt væri að taka á.

Mig langar einnig að segja að sú neikvæða umræða sem hv. þm. nefndi um málefni garðyrkjunnar er a.m.k. ekki komin úr landbrn. Það er alveg skýrt þannig að ég tel ekki að það hafi verið sérstök gagnrýni á mig eða ráðuneytið

sem hefur ef til vill orðið kveikjan að þessari umræðu hjá hv. málshefjanda. Við höfum þvert á móti reynt að hafa þar uppi ýmsar aðgerðir til að styrkja stöðu þessarar greinar sem hefur kannski staðið sig hvað best hvað varðar sjálfstæði í landbúnaðinum að standa á eigin fótum og glíma við það að sæta og sætta sig við þær aðstæður sem markaðurinn hefur skapað og gefið á hverjum tíma.

Hvað viðvíkur raforkuverðinu þá höfum við átt í viðræðum við iðnrn. og málsaðila aðra á þessu ári. Fyrir nokkru var beðið um tilnefningar í sérstaka nefnd til að fjalla um þau mál frekar í framhaldi af ábendingum í skýrslunni. Tilnefningar voru reyndar að berast fram eftir sumri og sú seinasta nýlega eftir að gengið var eftir svari. Viðræður hafa þrátt fyrir þetta verið í gangi. Ég er um þessar mundir að skipa nefndina þar eð fulltilnefnt er í hana nú. Þeir sem munu sitja í henni eru Ólafur Friðriksson, deildarstjóri í landbrn., sem verður formaður, Benedikt Árnason frá iðnrn., Guðmundur Guðmundsson, deildarstjóri hjá Rarik, og Elías B. Elíasson frá Landsvirkjun. Þetta eru þeir aðilar sem koma að málinu. Það sem ég hef lagt fyrir þá að skoða sérstaklega eru áframhaldandi kjör eftir að umfram orkuafsláttur fellur úr gildi í árslok 1997, hvernig hægt sé að fækka þessum svokölluðu stýritímum eða roftímum sem hv. málshefjandi talaði um sérstaklega og/eða lækka verð til þeirra meðan á stýringu stendur. Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru að skapast, þegar umframorka verður minni, kannski engin, í kerfinu verða kannaðir möguleikar á að breyta sölufyrirkomulagi á raforku til garðyrkjunnar með það að markmiði að aðlaga eftirspurn eftir framboði eftir því sem kostur er svo og að yfirfara aðra þá þætti sem leitt geta til betri nýtingar og lækkunar á raforkuverði til garðyrkju. Þetta mál er í vinnslu hjá okkur þó kannski sé ekki mögulegt að svara á þessu stigi hvað út úr því kunni að koma en það er fullur vilji hjá ráðuneytinu til að fylgja því eftir.

Um starfsskilyrðin er fyrst að segja að í gangi er í ráðuneytinu vinna við að endurskoða sjóðagjöldin svokölluðu. Sjóðagjöldin eru eitt af því sem garðyrkjubændur hafa nokkuð kvartað undan. Í skýrslu starfsskilyrðanefndar kemur fram að misvel hefur gengið að innheimta þessi gjöld og sérstaklega erfitt í þessum svokallaða græna geira þannig að verið er að yfirfara það mál. Ég vona að áður en langt um líður komi tillögur frá þessum starfshópi um gjörbreytt skipulag um sjóðagjöldin. Jafnframt er á borðum hjá mér nýtt frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins þar sem gert er ráð fyrir því að lækka sjóðagjöld til þeirrar starfsemi um helming eða úr 2% í 1% en garðyrkjubændur hafa m.a. lagt mikla áherslu á það.

Ég veit ekki hvort hv. málshefjandi átti einnig við GATT-málið af því talað er um það í starfsskilyrðanefndinni að ekki verði á þessu stigi a.m.k. horfið frá þeirri vernd sem GATT-fyrirkomulagið gerir ráð fyrir og engar hugmyndir eru uppi um það hjá mér að fara fram með neina lagabreytingu á því. Ég vil hins vegar nefna að nokkurt svigrúm er í tollalögunum og rúmar heimildir sem hægt er að nýta til að reyna að draga úr verðsveiflum og það höfum við reynt að gera varðandi verðlagninguna og beitingar verndartollanna.

Tíminn er því miður að hlaupa frá mér. Ég á enn eftir að svara mörgu af því sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda eins og t.d. um rannsóknirnar og leiðbeiningarnar. Ég vil segja í örstuttu máli að vinna er í fullum gangi hjá okkur að því að breyta skipulagi hvað varðar Garðyrkjuskólann. Það verður sett reglugerð um starfsemi hans. Það verður sett skólanefnd yfir skólann og samráð er í gangi við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og tilraunaráð eða fagráð garðyrkjunnar um það hvernig staðið verður að uppbyggingu þjónustunnar þar. Ég hef kannski möguleika á því, hæstv. forseti, að koma aðeins að því aftur í síðari ræðutíma mínum hér.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp. Sú þróun sem hefur orðið innan garðyrkjunnar síðastliðin ár er að flestu leyti og raunar öllu leyti ánægjuleg. Það sem hefur gerst í grófum dráttum er það að fjölbreytni framleiðslunnar hefur aukist. Það tímabil sem innlend framleiðsla fullnægir eftirspurn og þörfum markaðarins hefur lengst og síðast en ekki síst hefur orðið lækkun á framleiðsluverðinu. Það hefur orðið raunlækkun á þessari vöru. Það er óumdeilanlegt og óhrekjanlegt þannig að þegar þetta allt er haft í huga verður sú umræða sem á köflum fer fram um stöðu þessarar greinar nokkuð sérkennileg. Hún hlýtur að teljast nokkuð sérkennileg. Garðyrkjan er að skapa meiri verðmæti og fleiri störf í landinu en nokkru sinni fyrr og það skyldi maður ætla að væri mönnum ánægjuefni og ekki síst þeim sem telja sig og eru umbjóðendur launamanna í landinu.

Það er einnig nokkur sérkennilegt að þáttur sem ekki vegur meira en raun ber vitni þrátt fyrir allt í útgjöldum vísitölufjölskyldunnar, eins og innlent grænmeti gerir, skuli vera gert að aðalmáli og dæminu jafnvel stillt þannig upp að lífskjör almennings í landinu ráðist að meira og minna leyti af verðlagi þessarar vöru á sama tíma og aðrir þættir sem vega margfalt þyngra hafa hækkað gífurlega, að hluta til vegna beinna aðgerða stjórnvalda í formi skattahækkana, t.d. á bifreiðarekstur, en umferðin í landinu er nú skattlögð um tæpa 20 milljarða kr. Það kemur auðvitað hressilega niður á útgjöldum fólks t.d. þegar það er að kosta rekstur á sínum heimilisbíl. En þessum þætti, sem vegur margfalt í prósentum á við innlenda matvöru svo að ekki sé talað um grænmetið eitt, er iðulega sleppt.

Varðandi samkeppnisskilyrðin hlýtur að vera lag til þess nú þegar á enn einu sinni að fara að falbjóða orkuna útlendingum í stóriðjuver á lágu verði að taka þá garðyrkjuna a.m.k. með í leiðinni og gera eitthvað róttækt í því að lækka orkukostnað þessarar greinar og auka afhendingaröryggið þannig að hún geti notið þess að búa við sæmilega hagstætt orkuverð.

[16:46]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Sigmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga málefni. Það vill þannig til að ég sat einmitt í nefnd skipaðri af landbrh. um rekstrarskilyrði garðyrkjunnar í landinu. Í þeirri nefnd voru m.a. fulltrúar garðyrkjubænda, fulltrúar fagráðs, tveir fulltrúar úr landbrn. og reyndar fleiri. Það voru einkum fjögur atriði sem við ræddum í þessari nefnd og skiluðum frá okkur skýrslu eins og fram hefur komið. Það var í fyrsta lagi varðandi raforkumálin, í öðru lagi varðandi GATT-verndina, sjóðagjöldin og síðan varðandi leiðbeininga- og þjónustumiðstöð garðyrkjunnar. Þessi skýrsla liggur fyrir og hefur ráðherra þegar kynnt niðurstöður hennar.

Við komum einnig örlítið inn á framtíð garðyrkjunnar og möguleika hennar á útflutningi sem er ekki endilega svo fjarlægur draumur þegar fram í sækir.

Umræðan um landbúnaðarmál er ákaflega sérkennileg í landinu. Það er alveg sama hvort við erum að tala um græna geirann svokallaða eða hefðbundinn landbúnað. Það er ljóst að í sambandi við vísitölufjölskylduna skipta þessir þættir orðið ótrúlega litlu máli í heildarkostnaði eins og fram hefur komið, en umræðan er öll hin neikvæðasta. Þegar við kaupum okkur dauða hluti eins og hljómtæki, sjónvörp, bíla, föt eða þess háttar, þá erum við gjarnan tilbúin að greiða fyrir það sem við köllum gæði. Við erum tilbúin að greiða fyrir ákveðin merki, við erum tilbúin að greiða heilmikið fyrir það sem við köllum gæði. Þegar þetta lýtur að neysluvenjum okkar, þegar við þurfum að kaupa okkur matvöru, þá er allt í einu allt önnur umræða í gangi. Við erum jafnvel að flytja inn grænmeti sem alls ekki er nægilega gott. Við komumst að því í þessari nefnd að það eru dæmi þess að heilu förmunum af t.d. ávöxtum hefur verið hent á ruslahaugana vegna þess að þeir hafa verið úðaðir ýmiss konar efnum til þess að draga úr rotnun þeirra. En ég legg áherslu á að við þurfum að vera vel á verði hvað varðar málefni garðyrkjubænda og vonandi tekst okkur að ná fram þeirri áætlun okkar sem við gerðum í skýrslunni sem ég vitnaði til.

[16:49]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Garðyrkjan er eitthvert vistvænasta stóriðjuver landsins. Það eru 130–140 garðyrkjubændur í landinu og þeir veita atvinnu rétt tæplega þúsund manns þannig að hér er um mikilvæga atvinnugrein að ræða sem þarf að huga vel að.

Það er svo að garðyrkjubændur hafa barist hetjulegri baráttu á undanförnum árum við erfiðar aðstæður og það verður líka að segjast að sú barátta hefur náð verulegum árangri því að umhverfisstaða greinarinnar er mun betri í dag heldur en hún var fyrir fáum árum. Þó er margt enn óunnið sem bæta þarf úr og þar brennur mest á raforkuverðinu. Lækkun raforkuverðsins er nánast lykillinn að vænlegri framtíð garðyrkjunnar á Íslandi. Eins og kom fram hjá hæstv. landbrh. er unnið að skoðun á þessum málum, til að mynda hvernig má ganga fram með lausn á umframorku þegar samningurinn sem nú er í gildi við Landsvirkjun gengur yfir á næsta ári.

Það verður líka að segjast eins og er að eitt af því sem áunnist hefur er að Rarik hefur sýnt miklu eðlilegri samskipti og viðbrögð gagnvart garðyrkjunni nú á síðustu missirum en um langan tíma áður. Þannig hefur Rarik sagt sem svo að það skipti máli að hinir litlu kaupendur fái líka þjónustu en ekki bara hinir stóru. Allt hjálpast þetta að þannig að það er margt sem hefur beinst í rétta átt, afnám ýmissa gjalda í garðyrkjunni og nokkuð haganlegra fyrirkomulag í raforkunni en eins og ég sagði, grundvallaratriðið er lækkun raforkunnar.

Það hefur verið fjárfesting í landinu upp á rétt um 2,5 milljarða í garðyrkju og greinin veltir um 1,3 milljörðum á ári, 1.350 millj. kr. ef ég man rétt. Í þessum efnum verðum við að vera vel á verði, huga að. Það verður vikið að ræktun og útboðum t.d. trjáplantna og ég bendi á að ágætis fyrirtæki á Egilsstöðum, Barri, er að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en veitir einkaaðilum mikla samkeppni. Þar þarf líka að huga að. Af hverju ekki að selja Barra til einkaaðila sem eru mjög sterkir og dugmiklir um allt land í greininni?

[16:52]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Garðyrkjan er mikilvæg atvinnugrein. Framleiðsluverðmæti græna geirans er rúmlega 1 milljarður kr. á ári, garðyrkjubýli á Íslandi eru um 115 og ársverk í garðyrkju talin vera um 450 eða um 7% af ársverkum í landbúnaði. Það er talið að störf í þjónustu tengdri blóma- og grænmetisframleiðslu séu um 800 og garðyrkjan er reyndar eina grein landbúnaðar þar sem ársverkum hefur fjölgað verulega á síðustu árum.

Það hefur verið sýnt fram á að 85–88% af framleiðslukostnaði innlendra blóma og grænmetis séu innlend aðföng. Það má því ljóst vera að það skiptir miklu máli hvernig íslensk framleiðsla mun þróast á komandi árum. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem hæstv. landbrh. skipaði fyrir ári og hér hefur verið minnst á. Nefndin skilaði skýrslu í febrúar sl. Nefndin fór mjög ítarlega yfir stöðu greinarinnar og ræddi við marga þar að lútandi. Það virtust vera tvö mál sem væru höfuðáhyggjuefni þeirra sem við greinina starfa. Annars vegar raforkuverðið og hins vegar sjóðagjöldin.

Áhyggjur manna af orkuverði stafa fyrst og fremst af því að samningur um afslátt á raforku til garðyrkju, sem gerður var árið 1992, rennur út í árslok 1997 og það hefur komið skýrt fram hjá bæði Landsvirkjun og Rarik að sá samningur verði ekki framlengdur. En sá samningur sem gerður var 1992 hefur leitt til stóraukinnar raflýsingar í garðyrkjunni eða úr 1,3 gwst. árið 1985 í 13,5 árið 1995 og talið að hún verði komin í 34 gwst. árið 2000. Nefndin lagði á það mikla áherslu að komið verði í veg fyrir að afsláttur á raforku falli niður og einnig að tekið verði á sjóðagjöldunum þannig að þau verði ekki lögð á garðyrkjubændur á þeim tíma árs sem þeir eru í samkeppni við innflutning. Ég legg mikla áherslu á að lausn fáist á þessum tveimur atriðum og treysti hæstv. landbrh. vel til þeirra verka.

[16:54]

Ingibjörg Sigmundsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka undirtektir þingmanna og svör ráðherra. Ég heyri á þeim svörum og undirtektum að það er fullur vilji til þess að orðum fylgi athafnir og er mjög sátt við það sem hér hefur komið fram. Það var einni spurningu ósvarað sem hv. þm. Árni Johnsen kom inn á líka. Það var um samkeppni garðplöntuframleiðenda og ríkisins. Ég vona að ráðherra fjalli um það hér á eftir. En það er alveg rétt að það er raforkan og það ótrygga ástand sem er í raforkumálum sem brennur heitast á garðyrkjunni. Til upplýsingar má segja það að garðyrkjan sé nánast eins og stóriðja. Heildarraforkunotkun í garðyrkju núna eru 16 gwst. á ári, en það er reiknað með að á næstu fimm árum fari hún í 30 gwst. Það má upplýsa það hér að 1985 var notkunin 1,5 gwst., þannig að aukningin á raforku hefur orðið mjög mikil í þessari grein. En það er þetta óöryggi sem garðyrkjubændur eiga við að búa. Það er útilokað að gera nokkrar langtímaáætlanir meðan alltaf vofir yfir að samningur er bara gerður til eins árs eða tveggja ára og hvað svo?

Til upplýsingar líka út af þessu refsigjaldi sem þarf að borga núna, þá er verð til garðyrkjulýsingar 2,89 kr. í dag fyrir kwst. en á refsigjaldi þegar rof er keypt, þá er það 9,68 kr. Þetta er mjög mikill munur og mikið réttlætismál að þetta nái fram að ganga.

[16:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er rétt að það var eftir hjá mér að svara varðandi garðplöntuframleiðsluna og það ákvæði sem greint frá í starfsskilyrðanefndinni þar sem segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur leggur nefndin til að ríkisvaldið hlutist til um að framleiðsla garð- og skógarplantna fari í auknum mæli fram á frjálsum samkeppnismarkaði."

Þetta er mál sem hefur ekki verið í forgangi hjá okkur í úrvinnslu á skýrslunni en sjálfsagt að skoða það eins og aðra þætti sem skýrslan tekur á. Ég held að vísu að við þurfum líka að hafa í huga að sums staðar skiptir þetta nokkru fyrir atvinnulífið. Ég er ekki að segja að aðrir geti ekki tekið þessi verkefni að sér en veit þó að á ákveðnum stöðum þar sem þessi starfsemi er rekin af hálfu t.d. Skógræktar ríkisins hafa komið andmæli heiman úr héraði um það að skógræktin hætti þessari starfsemi. En þetta er mál sem ég er fús til þess að skoða líka og taka upp eins og aðra þætti úr skýrslunni.

Mig langar aðeins að geta frekar um það sem ég komst ekki yfir að svara varðandi fræðsluna, rannsóknirnar og leiðbeiningarnar. Í samræmi við þær hugmyndir sem koma fram í skýrslunni hef ég sett fram varðandi endurskoðun reglugerðar um skólann í fyrsta lagi að sköpuð verði skilyrði til þess að sú aðstaða til kennslu, rannsókna og leiðbeininga sem er til staðar á Reykjum nýtist atvinnugreininni sem best í breyttu starfsumhverfi. Í öðru lagi að auka möguleika garðyrkjunnar og tengdra aðila til þess að hafa áhrif á stefnumörkun varðandi fræðslu og rannsóknir og í þriðja lagi að opnaðir verði möguleika til þess að Reykir geti orðið faglegur samstarfsvettvangur allra þeirra sem vinna að fræðslu, rannsóknum og leiðbeiningum sem þarna er gert ráð fyrir.

Það er gert ráð fyrir því að reglugerðin verði færð til samræmis við það sem tíðkast í öðrum framhaldsskólum og í meginatriðum verði höfð hliðsjón af ákvæðum laga um framhaldsskóla. Svo langar mig að nefna það að e.t.v. er veigamesta breytingin sú sem lýtur að rannsóknum, tilraunum og leiðbeiningum að verið er að reisa núna við skólann á Reykjum 1.100 fermetra fullkomið tilraunagróðurhús og gert ráð fyrir að það hús verði tilbúið til notkunar á miðju næsta ári. Ég held því að á þessu sviði sé merkilegir hlutir að gerast og legg áherslu á það að við höldum áfram að vinna eftir því sem starfsskilyrðanefndin lagði til. Ég hef þegar greint frá því sem við erum að reyna að gera varðandi raforkumálin sem tvímælalaust eru mikilvægur þáttur í starfsskilyrðum greinarinnar. Og allra seinast að auðvitað eigum við möguleika á því að flytja út. Það er ekkert sem bannar okkur að flytja út grænmetisafurðir, tómata, gúrkur og hvað það nú er, en þar eigum við við það að etja að aðrar þjóðir eru að verja sig með tollum, það eru ekki bara Íslendingar heldur eru aðrar þjóðir að því ekki síður og það kemur jafnvel í veg fyrir að við getum flutt út eins og við vildum gjarnan gera af því að við höfum góða vöru til þess að selja.

Sóttvarnalög, 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 213.

[17:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til sóttvarnalaga. Frv. var upphaflega samið af nefnd embættismanna og sérfræðinga sem heilbr.- og trmrh. skipaði árið 1988 til að endurskoða sóttvarnalögin frá 1954, farsóttalögin frá 1958 og ýmis sérlög um varnir gegn tilteknum smitsjúkdómum, svo sem berklavarnalög frá 1939 og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Nefndin lauk störfum haustið 1989. Frumvarp til sóttvarnalaga, sem hún samdi, var lagt fram á 112. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með því frumvarpi fylgdu sem fylgiskjöl yfirlit sem nefndin tók saman um þróun íslenskrar löggjafar á sviði sóttvarna og samantekt um stöðu löggjafar á sviði sóttvarna á Norðurlöndunum. Frumvarpið var síðan lagt fram nokkuð breytt á 113. þingi í ljósi umsagna sem bárust við meðferð málsins á 112. löggjafarþingi og að nýju á 115. og 116. löggjafarþingi nánast óbreytt að öðru leyti en því að 17. gr. frumvarpsins var breytt. Þá var frumvarpið lagt fram á 119. löggjafarþingi með breytingum á 6. gr., um skipan sóttvarnaráðs, og 14. og 15. gr., sem fjalla um þvingunarúrræði, með það að markmiði að treysta réttarstöðu hins smitaða. Síðast var frumvarpið lagt fram á 120. löggjafarþingi með breytingum sem gerðar voru að teknu tilliti til hluta þeirra athugasemda sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis sem sendi frumvarpið til umsagnar í lok 119. löggjafarþings. Má þar nefna breytingu á 6. gr. þess efnis að heilsugæslulæknir og hjúkrunarfræðingur ættu sæti í sóttvarnaráði, kveðið var á um kæru til Hæstaréttar í 3. mgr. 15. gr. og í 17. gr., sem fjallar um greiðsluhlutdeild sjúklinga, var kveðið á um frekari heimild til undanþágna frá þeirri meginreglu en var í fyrra frumvarpi. Þá taldi ráðuneytið við endurskoðun rétt að kveða á um að ákvarðanir skv. 14. gr. væru kæranlegar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis en ekki til landlæknis.

Frumvarp þetta er að mestu óbreytt frá frumvarpi því sem lagt var fram á 120. þingi. Þó hefur verið tekið tillit til nokkurra athugasemda sem bárust heilbrigðis- og trygginganefnd við það frumvarp, m.a. er bætt inn í 6. gr. ákvæði þess efnis að þegar fjallað er um mál sem tengjast Hollustuvernd eða embætti yfirdýralæknis skuli fulltrúar þeirra sitja fundi sóttvarnaráðs, ákvæði 2. mgr. 9. gr. um skyldur rannsóknastofa er gert skýrara og gerðar eru breytingar á 11. gr. frumvarpsins til að tryggja betur gagnkvæma tilkynningarskyldu sóttvarnalæknis, héraðslækna, heilbrigðisnefnda og dýralækna. Loks er gerð breyting á 14. gr. og lögð meiri áhersla á að leitað sé samstarfs við aðila áður en gripið er til þvingunaraðgerða. Fylgiskjölin, sem birtust með frumvarpinu er það var lagt fram á 112. löggjafarþingi, hafa ekki verið endurbirt.

Frv. felur í sér rammalöggjöf þar sem fyrirkomulag sóttvarna er fært til nútímahorfs og löggjöf á þessu sviði samræmd þannig að unnt sé að sinna sóttvörnum með fullnægjandi hætti. Gert er ráð fyrir að lögin leysi af hólmi berklavarnalög frá árinu 1939, lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt frá árinu 1940, sóttvarnarlög frá árinu 1954, farsóttalög frá árinu 1958 og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Mörg hinna eldri laga, sem lagt er til að falli úr gildi, fjalla um sérstakar sóttkveikjur og aðrar aðstæður sem áður voru fyrir hendi en eiga ekki við nú. Frv. er m.a. ætlað að tryggja að unnt sé að bregðast við nýjum aðstæðum og nýjum sóttum sem reynslan sýnir að ávallt má búast við. Einnig er því ætlað að tryggja heildaryfirsýn smitsjúkdóma á landinu og að brugðið sé við með samræmdum aðgerðum. Þess vegna er lagt til að ráðinn verði sérmenntaður sóttvarnalæknir við embætti landlæknis sem m.a. fylgist með útbreiðslu farsótta, skipuleggi aðgerðir gegn þeim m.a. með ónæmisaðgerðum og fylgist með árangri þeirra en gera má ráð fyrir mikl-

um breytingum á fyrirkomulagi ónæmisaðgerða á komandi árum.

Einnig er gert ráð fyrir að sérstök göngudeildarstarfsemi verði styrkt m.a. til að hafa eftirlit með fólki sem sækir um dvalarleyfi hér á landi en talið er að nokkur misbrestur sé á því. Þess má geta að Norðurlöndin hafa eins og flestar aðrar þjóðir sérstaka sóttvarnalækna sem hafa þekkingu á faraldsfræði smitsjúkdóma og umsjón með sóttvarnaráðstöfunum. Norrænir sóttvarnalæknar hafa með sér náið samstarf og er ekki að efa að Íslendingar gætu haft verulegt gagn af að taka þátt í slíku samstarfi.

Frv. til sóttvarnalaga skiptist í fimm kafla. Í I. kafla eru skilgreiningar. Í 2. gr. er skilgreint hvað átt er við með smitsjúkdómi en það er sjúkdómur eða smitun sem örverur, eiturefni (toxín) þeirra eða sníkjudýra valda.

Í 1. gr. er fjallað um sóttvarnir sem annars vegar skiptast í almennar sóttvarnir sem ávallt skal beita og hins vegar opinberar sóttvarnir sem grípa skal til vegna hættulegra smitsjúkdóma. Samkvæmt frv. er nýjum sóttvarnalögum ætlað að ná til smitsjúkdóma sem valdið geti farsóttum og ógnað almannaheill og annarra alvarlegra næmra sótta. Með reglugerð skal ákveða hvaða smitsjúkdómar séu skráningarskyldir. Síðan er gert ráð fyrir að tilkynningarskyldir séu þeir skráningarskyldu sjúkdómar sem ógnað geta almannaheill. Ráðherra skal að fengnum tillögum sóttvarnaráðs sömuleiðis ákveða með reglugerð hvaða smitsjúkdómar eru á hverjum tíma tilkynningarskyldir.

Með frv. er fylgiskjal um flokkun smitsjúkdóma eftir meginsmitleiðum. Þar eru smitsjúkdómar flokkaðir annars vegar í þá sem verða skráningarskyldir samkvæmt reglugerð og hins vegar í þá sem verða tilkynningarskyldir. Fylgiskjalið gefur því vísbendingar um efni þeirra reglugerðar sem ráðherra fær heimild til að setja samkvæmt 3. gr. frv. Skrá yfir skráningarskylda smitsjúkdóma verður með þeim hætti að persónueinkenna sjúklinga verður ekki getið en skrá yfir tilkynningarskylda smitsjúkdóma verður einstaklingsbundin.

Í II. kafla frv. er fjallað um yfirstjórn sóttvarna. Gert er ráð fyrir að ábyrgð á sóttvörnum verði áfram hjá embætti landlæknis. Samkvæmt gildandi lögum eru héraðslæknar sóttvarnalæknar hver í sínu héraði og auk þess skulu sóttvarnanefndir starfa í öllum kaupstöðum og er tollstjóri á hverjum stað formaður.

Í ljósi gerbreyttra samgangna þykir eðlilegt að leggja sóttvarnanefndir niður. Á hinn bóginn þykir nauðsynlegt að við embætti landlæknis verði ráðinn til starfa sérstakur læknir, sóttvarnalæknir, sem hefur sem aðalstarf að vinna að sóttvarnamálum. Þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja samræmi í sóttvörnum um landið allt en að sjálfsögðu bera héraðslæknar eftir sem áður ábyrgð á sóttvörnum hver í sínu héraði undir yfirstjórn sóttvarnalæknis og heilsugæslulæknar og aðrir læknar eftir því sem við á.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að sérstakt sóttvarnaráð verði sett á laggirnar til að móta stefnu í málum sóttvarna og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til varnar útbreiðslu smitsjúkdóma. Í þessu frv. er breyting frá fyrra frv. þess efnis að þegar fjallað er um mál í sóttvarnaráði sem tengjast starfssviði Hollustuverndar ríkisins eða embætti yfirdýralæknis skulu fulltrúar þeirra stofnana sitja fundi ráðsins eftir því sem við á með málfrelsi og tillögurétt.

Í III. kafla er fjallað um almennar sóttvarnaráðstafanir og eru ákvæði þar að mestu í samræmi við gildandi löggjöf. Í frv. sem nú er lagt fram hefur verið bætt við ákvæði í 11. gr. til að tryggja betur gagnkvæma tilkynningarskyldu sóttvarnalæknis, héraðslækna, dýralækna og heilbrigðisnefnda.

Í IV. kafla er fjallað um opinberar sóttvarnaráðstafanir og viðbrögð við yfirvofandi farsóttum. Opinberar sóttvarnaráðstafanir eru ónæmisaðgerðir, einangrun smitaðra, sótthreinsun, afkvíun byggðarlaga eða landsins alls, lokun skóla eða samkomubann og skal ráðherra ákveða til hvaða aðgerða er gripið að tillögum sóttvarnaráðs.

Í 14. og 15. gr. frv. er nánar fjallað um aðgerðir vegna hættu á útbreiðslu smits frá einstaklingum og er þar einkum fjallað um aðgerðir þegar ekki tekst samstarf við hinn smitaða. Í þeim tilfellum er heimilt, gegn vilja hins smitaða, að einangra hann en þá skal bera ákvörðunina skriflega undir dómstóla innan tveggja sólarhringa. Dómari skal taka málið fyrir án tafar og kveða upp úrskurð um hvort einangrun skuli haldast eða falla niður. Einangrun má ekki vara lengur en 15 sólarhringa í senn en ef talið er nauðsynlegt að framlengja einangrun skal að nýju bera kröfu um slíkt undir héraðsdóm. Með þessum ákvæðum er réttarstaða smitaðs tryggð mun betur en samkvæmt gildandi lagaákvæðum.

Í V. kafla frv. er ákvæði um göngudeildir vegna tilkynningarskyldra smitsjúkdóma, um aðstöðu til einangrunar, hugsanlegra smitbera og ábyrgð á greiningu örvera eða sníkjudýra, sbr. 16. gr. Í 17. gr. er kveðið á um kostnað vegna sóttvarna sem fjallað var um hér á undan.

Eins og fram kemur með meðfylgjandi kostnaðarmati fjmrn. er gert ráð fyrir viðbótarútgjöldum ríkissjóðs vegna embættis sóttvarnalæknis og vegna göngudeildar fyrir smitsjúkdóma við Sjúkrahús Reykjavíkur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú í nokkuð ítarlegu máli fjallað um frv. til sóttvarnalaga. Ég tel að hér hafi vel til tekist við að endurskoða og einfalda löggjöf um smitsjúkdóma og sóttvarnir. Flestir munu sammála um að löngu sé tímabært að breyta lögum um sóttvarnir í samræmi við breytta tíma. Ég tel brýnt að samþykkt verði heildarlöggjöf um sóttvarnir og bendi á að frv. hefur hlotið mjög ítarlega og vandaða meðferð. Það er því von mín að frv. fái jákvæðar undirtektir og hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumörkun í heilbrigðismálum, fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 114. mál. — Þskj. 122.

[17:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna. Það markmið sem að er stefnt með þessari tillögu er að mótuð verði ný stefna í heilbrigðismálum sem feli í sér aukna áherslu á forvarnir, slysavarnir og heilsuvernd til að bæta heilsufar þjóðarinnar og til að stuðla að meiri hagkvæmni í útgjöldum til heilbrigðismála. Þannig er í tillögunni lögð áhersla á frumheilsugæsluna og á öflugri heilbrigðis- og félagsþjónustu utan stofnana en með því mætti auka fjölbreytni í þjónustunni og gera hana þar með markvissari og betri. Einnig væri

hægt að draga úr dýrari úrræðum í heilbrigðisþjónustunni eins og sérfræðilæknisþjónustu og innlögnum á sjúkrahús, stofnanir eða vistheimili.

Ég held að flestir geti verið sammála um að mjög brýnt er að hafa skýra og markvissa stefnumótun í heilbrigðismálum, skýrari heldur en hún er nú en áætlað er að útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála á næsta ári muni nema rúmum 52 milljörðum kr. eða 46% af útgjaldalið fjárlaga. Útgjöld til heilbrigðismála hafa farið vaxandi á umliðnum árum, eins og allir vita, en hlutfall heilbrigðisútgjalda var 7,94% af vergri landsframleiðslu árið 1990 en var orðið 8,14% árið 1995, en þá eru ekki meðtalin útgjöld til almannatrygginga og annarra velferðarmála. Hlutur heimila í útgjöldum til heilbrigðismála hefur einnig vaxið mjög en á árinu 1990 voru 13,24% af heildarheilbrigðisútgjöldum sem lentu á heimilunum en 15,86% árið 1995.

Það er ljóst að mikil uppbygging hefur orðið í sjúkrahúsþjónustunni og er fjöldi sjúkrarúma hér á landi á hvern íbúa með því hæsta sem gerist ef treysta má tölfræðilegum upplýsingum sem um það liggja. Sama á við um vistrými aldraða. Þrátt fyrir langa biðlista á stofnanir aldraða eru vistrými hér hlutfallslega fleiri en gengur og gerist meðal nágrannaþjóða. Á þessu eru vissulega skýringar en hjá nágrannaþjóðum okkar hefur oft verið lagt meira upp úr aðgerðum til að koma í veg fyrir stofnanavist svo sem með víðtækri heimahjúkrun og heimaþjónustu fyrir aldraða. Einnig má telja næsta öruggt að öldrunarþjónusta hér á landi sé mun dýrari en hún þyrfti að vera ef hún væri á einni hendi en öldrunarþjónustunni er nú skipt milli ríkis og sveitarfélaga og á það er einmitt lögð áhersla í þessari þáltill. að öldrunarþjónustan ásamt heilsugæslunni flytjist til sveitarfélaga. Í töflu með tillögunni, sem hér er fram borin, má sjá hvað hlutur til öldrunar og endurhæfingar hefur vaxið mjög á sl. 15 árum eða úr 6.500 kr. á mann í 17.000 kr.

Þótt heilsugæslu hafa víða verið komið á fót hefur aukið fjármagn til heilbrigðismála, eða um 75–80%, runnið til rekstrar sjúkrahúsa. Meiri áhersla hefur verið lögð á meðferð sjúkdóma en forvarnastarf. Auk þess hefur kostnaður vegna sérfræðiþjónustu vaxið mjög mikið þó að talið sé að heimilislæknar geti sinnt 75–80% þeirra sem þurfa að leita sér læknisaðstoðar.

Þróunin hefur orðið sú á umliðnum árum að sérfræðilæknisþjónustan hefur þanist út en þjónusta heimilis- og heilsugæslulækna hefur nánast staðið í stað. Því hefur m.a. verið haldið fram af heimilislæknum að sérfræðingar vinni meira og meira á sviði frumþjónustu í heilbrigðiskerfinu þótt slíkt sé bannað samkvæmt samningi þeirra við ríkið. Einnig hafa heimilislæknar bent á og vitnað til þess að á árunum 1991–1994 hafi komum sjúklinga til heimilis- og heilsugæslulækna fækkað um 11% en til sérfræðinga um 3% á sama tíma og einnig að á árunum 1993–1994 hafi komum til heimilis- og heilsugæslulækna fækkað um 0,6% en fjölgað um 6% hjá sérfræðilæknum á sama tíma. Ég tel að þær tölur sem hér eru settar fram séu allrar athygli verðar og hljóta að leiða hugann að því hvort við séum á réttri braut að því er varðar uppbyggingu á heilbrigðiskerfi okkar. En erlendar rannsóknir sýna að kostnaður heilbrigðisþjónustunnar er allt að þriðjungi lægri í ríkjum þar sem verkskipting lækna er skýr sem vissulega er ekki fyrir hendi hér.

Uppbygging heilugæslunnar í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu á langt í land, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, en talið er að á næstunni þurfi að veita 700–800 millj. kr. til að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík á sama hátt og gert hefur verið annars staðar á landinu. Ég held að það sé líka alveg ljóst að þróunin frá 1991, þegar samþykkt var þál. um íslenska heilbrigðisáætlun, hefur heldur ekki verið í samræmi við þá stefnu sem þar var mörkuð. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir auknum forvörnum og heilsuvernd en ef bornar eru saman nokkrar tölur úr fjárlögum áranna 1991 og 1996 kemur í ljós að hlutur heilsuverndar og forvarnastarfs heilsugæslunnar hefur rýrnað en sjúkrahúskostnaður aukist. Í tillögunni er gert ráð fyrir að undirbúin verði ný stefnumörkun Alþingis í heilbrigðismálum með víðtækri endurskoðun og umbótum á íslensku heilbrigðisáætluninni frá 1991. Áhersla er lögð á að við þá stefnumörkun verði m.a. tekið mið af nýjum aðstæðum, breytingum á þróun sem orðið hefur í heilbrigðismálum frá því áætlunin var samþykkt fyrir fimm árum og af framkvæmd hennar. Það er alveg ljóst að sú áætlun fól ekki í sér heildstæða stefnumörkun á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar heldur náði aðallega til þátta sem falla undir heilbrigða lífshætti, manneldis- og neyslustefnu til að bæta heilsufar þjóðarinnar, sem vissulega er mikilvægt að hafa skýra stefnumörkun í, en engu að síður er mjög brýnt að hafa heildstæða stefnumörkun í heilbrigðismálum sem nái til allra þátta hennar og við það er þessi tillaga miðuð.

Virðulegi forseti. Tillagan er mjög ítarleg og ekki gefst færi á þeim stutta tíma sem ég hef til umráða, til að fara yfir hvern og einn þátt hennar. Ég vil því aðeins leyfa mér að staldra við tvo eða þrjá meginþætti. Ég fer yfir í stuttu máli helstu áherslur í þessari tillögu.

Í fyrsta lagi að könnun fari fram á árangri slysavarna og forvarna og ný stefna mótuð í samræmi við niðurstöður hennar.

Í öðru lagi að uppbyggingu heilsugæslustöðva verði lokið fyrir árið 2000 og heilsugæslu- og heimilislæknirinn verði sá sem gætir hagsmuna sjúklings í heilbrigðisþjónustunni.

Í þriðja lagi að hlutur heilsugæslunnar verði aukinn sem hlutfall af heildarútgjöldum til heilbrigðismála sem og fjármagn til heilsuverndar og forvarnastarfs.

Í fjórða lagi að tannheilbrigðisþjónusta verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem þar er veitt og á sömu kjörum en útgjöld heimilanna vegna tannlæknaþjónustu hefur þrefaldast á sl. 15 árum. Ég vil aðeins stoppa við þennan þátt sem ég tel mjög mikilvægan einmitt til að draga úr útgjöldum til heimilanna vegna tannlækinga sem hefur þrefaldast á tiltölulega stuttum tíma. Hér er lagt til að þessi stefnumörkun nái til tannheilbrigðisþjónustu og þannig verði það hlutverk heilsugæslustöðva að sinna tannheilsugæslu til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu sem er veitt og á sömu kjörum. Sú leið sem hér er lögð til getur dregið verulega úr útgjöldum vegna tannheilsugæslu. Tannheilsugæsluþjónusta gæti falist í fyrirbyggjandi aðgerðum og minni háttar viðgerðum og yrði veitt á sömu kjörum önnur þjónusta heilsugæslustöðvanna. Á þennan þátt legg ég mikla áherslu.

Í fimmta lagi er lagt til að rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu, þar á meðal heimahjúkrun aldraða og öryrkja, verði flutt til sveitarfélaganna.

Í sjötta lagi. Sérstaða og hlutverk aðalaðgerðasjúkrahúsanna verði viðurkennd og fjárhagsgrundvöllur þeirra tryggður. Þjónusta og einstaka rekstrarþættir sjúkrahúsanna verði samhæfðir eða sameinaðir.

Í sjöunda lagi að allt launakerfi í heilbrigðisþjónustunni verði endurskoðað með það að markmiði að samræma og einfalda launakerfi sem þar gilda. Skilin milli einkarekstrar og opinbers rekstrar eru ekki nægilega skýr, t.d. er launakerfi lækna sambland af fastlaunakerfi og kerfi einkarekstrar. Þannig getur einn og sami aðilinn sinnt sama sjúklingi bæði sem fastur starfsmaður á föstum launum hjá ríkisstofnunum og á einkarekinni stofu sinni úti í bæ eða jafnvel sem einkarekstraraðili í húsnæði stofnunarinnar og þá gegn greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins og beint frá sjúklingi. Ég tel að að greiða þurfi úr þessum frumskógi. Þetta er ófremdarástand sem bitnar raunverulega á eðlilegri og skipulegri heilbrigðisþjónustu. Þetta leiðir til óeðlilegra hagsmunaárekstra og mikils launamismunar í kerfinu milli þeirra sem vegna aðstöðu sinnar sem fastlaunamenn á ríkisstofnunum eiga möguleika á því að stunda sjálfstæðan rekstur til hliðar við aðalstarf sitt í þjónustu við sömu sjúklinga og hinna sem ekki eiga þess kost.

Það hefði verið ástæða til þess að fara yfir þetta nánar en ég sé að tími minn rennur fljótlega út. Ég vil því víkja að kaflanum um eflingu vísinda og rannsókna sem ég legg mikla áherslu á en þar er lagt til að kannað verði hvort rétt sé að koma á fót rannsóknastofnun heilbrigðismála sem starfi í tengslum við háskóla landsins og aðra aðila að heilbrigðis- og faraldsfræðilegum rannsóknum sem og forvörnum og samræmingu þeirra.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. um álit hennar á því sem hér er lagt til. Í fyrsta lagi gagnvart því sem lagt er til um tannheilbrigðisþjónustuna sem ég nefndi áðan. Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um þá tillögu um að koma á fót rannsóknastofnun heilbrigðismála sem starfi í tengslum við háskóla landsins og aðra aðila að heilbrigðis- og faraldsfræðilegum rannsóknum sem og forvörnum og samræmingu þeirra.

Í tillögunni er lögð áhersla á rétt sjúklinga og ítarlega farið ofan í það m.a. varðandi sjúkraskrár og lagt til að hraðað verði gerð samræmdrar sjúkraskár og hún tekin í notkun sem fyrst. Um það atriði vil ég einnig spyrja hæstv. heilbrrh. vegna þess að hér er mjög mikilvægt atriði á ferðinni. Ég tel einnig áríðandi, og á það er lögð áhersla í tillögunni, að settir verði samræmdir opinberir staðlar um gæði heilbrigðisþjónustunnar. Auk þess að skipulega verði unnið að því að nýta upplýsingatæknina til að bæta þjónustuna og gera hana hagkvæmari. Þetta tel ég mjög mikilvægt þ.e. að opinberar staðlar verði notaðir sem viðmið um gæði heilbrigðisþjónustunnar, en þeir hafa ekki verið settir, og í vöxt hefur færst að fagfólk innan heilbrigðisstofnana hafi tekið mið af erlendum stöðlum í því skyni að auka gæði þjónustunnar. En slíkir staðlar þjóna mjög mikilvægu hlutverki í að meta gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og um það vil ég spyrja hæstv. ráðherra.

Síðan kem ég í lokin að mjög mikilvægu atriði sem eru biðlistar. Í tillögunni er lagt til að settar verði reglur um hámarksbið eftir þjónustu líkt og gert var á Norðurlöndunum. Þetta er orðað svo, með leyfi forseta: „Reglur verði mótaðar og settar um hámarksbiðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu.“ Það gefst ekki tími til að fara ítarlega ofan í þá löngu biðlista sem eru eftir læknisaðgerðum og ég hef lagt, ásamt þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna, fram beiðni um skýrslu um úttekt á þessum biðlistum. Ég vænti þess að hún varpi nokkru ljósi á þetta mál.

Ég held að ljóst sé að biðlistarnir leiða ekki til sparnaðar í heilbrigðiskerfinu þegar grannt er skoðað. Við munum eftir því sem fram kom hjá Ríkisendurskoðun um að sumarlokanir sem lengdu biðlistana leiða ekki til sparnaðar. Og eins er ljóst að þetta felur auðvitað í sér mjög mikið óöryggi og óvissu fyrir sjúklingana og þetta kemur verulega niður á framfærslu heimilanna þegar sjúklingur sem er kannski framfærandi þarf að bíða langtímum saman eftir að fá aðgerð. Ég hygg að mjög veigamikil rök séu fyrir því, virðulegi forseti, að hugað verði sérstaklega að því og reglur verði settar um hámarksbið eftir læknisaðgerðum. Um þetta vil ég spyrja hæstv. ráðherra. Hver er hennar skoðun á því? Ég teldi það mjög mikilvægan áfanga í okkar heilbrigðisþjónustu ef slíkar reglur yrðu settar.

Í lokin, virðulegi forseti, af því tími minn er að renna út, er líka lögð til nýjung sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um og það er að mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem orðið hefur í hátækni og nýjum lyfjum, til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, sem leitt geti til aukinna afkasta og lækkunar kostnaðar vegna meðferðar við sjúkdóma. Í tillögunni eru færð mjög mikilvæg rök fyrir því að nauðsynlegt sé að gera þetta og ég hef ekki tíma til að fjalla um en ég mun frekar nýta tíma minn á eftir til að fara nánar ofan í það.

Að lokum, virðulegi forseti, er lagt til að þessi stefnumörkun sem lögð er til verði gerð í samráði við samtök sjúklinga, heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstarfsfólk sem gerst þekkir til mála. Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. heilbr.- og trn.

[17:28]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að mæla fyrir þessu brýna máli sem allur þingflokkur jafnaðarmanna stendur að. Heilbrigðisþjónustan er eins og við vitum einn veigamesti hornsteinninn í velferðarkerfi okkar. Við vitum líka að gæði hennar hér á landi hafa verið að þróast í átt að því besta sem gerist hjá ríkustu þjóðum heims. Ísland hefur skipað 8. sæti þegar gæði heilbrigðisþjónustunnar eru metin á mælistiku OECD og það er athyglisverður árangur, einkum þegar skoðað er að við höfum ekki varið meira fjármagni til heilbrigðisþjónustunnar en nágrannaþjóðir okkar, sérstaklega á Norðurlöndunum, og við höldum samt forskoti okkar langt umfram þær.

Það er mjög mikilvægt að móta stefnu sem hefur það að leiðarljósi að allir landsmenn eigi jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á á hverjum tíma. Við vitum að vegna þrenginga í þjóðarbúinu á undanförnum árum og vegna kostnaðaraukningar í heilbrigðisþjónustunni hefur verið nauðsynlegt að huga alvarlega að kostnaði og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu landsmanna. En það er mjög mikilvægt ef við ætlum að bæta heilbrigðisþjónustu okkar á sama tíma og kostnaði er haldið í skefjum, að mörkuð sé skýr stefna um hvert við ætlum að halda og hvernig við viljum sjá heilbrigðisþjónustu okkar best borgið. Það þarf að móta stefnuna til skemmri og lengri tíma þannig að enn betur takist til við nýtingu fjármuna sem þessi málaflokkur tekur til sín. Mannauð, þekkingu og tæknigetu heilbrigðisþjónustunnar þarf að virkja þannig að sjónarmið hagkvæmni og skynsemi ráði ferðinni í áframhaldandi uppbyggingu heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn.

Virðulegur forseti. Það verður að huga að því að á sama tíma og við setjum okkur markmið um aukin afköst og skil-

virkni í heilbrigðisþjónustunni verður að tryggja gæði hennar með hagsmuni sjúklinganna að leiðarljósi. Sérhagsmunir byggðarlaga og einkaaðila þurfa að víkja fyrir sameiginlegum hag allra landsmanna.

Allt of oft hefur umræðan um heilbrigðismál verið dregin niður í kapp á milli kjördæma án þess að hlutlaus úttekt fái að ráða uppbyggingu í heilbrigðismálum sem og að umræðan um gæði þeirrar þjónustu sem verið er að veita á hverjum tíma sé skilgreind. Starfsmenn í heilbrigðisþjónustunni eru oft gerðir tortryggilegir sem hagsmunagæsluaðilar sjálfra sín í stað þess að líta á þá sem það sem þeir í raun og sanni eru, réttindagæslumenn sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Ef litið er til eins af stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík, Landspítalans, og skoðað hvaðan sjúklingar þess í raun koma þá sést auðvitað skýrt að þetta er í raun og sann sjúkrahús allra landsmanna og það þarf að njóta sannmælis sem slíkt. Rétt rúmlega 50% allra sjúklinga sem þangað koma til meðferðar eru Reykvíkingar. Aðrir sjúklingar koma úr öllum öðrum kjördæmum landsins og í mjög líku hlutfalli og búsetuskipting landsmanna.

Virðulegi forseti. Okkur er öllum ljóst að heilbrigðisþjónustan hér á landi kostar verulega fjármuni. Opinber þjónusta kostar nú um 31 milljarð kr. Þessi kostnaður skiptist á 267 þús. íbúa landsins þannig að segja má að kostnaðurinn sé um 116 þús. kr. á hvern íbúa. Þetta eru vissulega miklir fjármunir og því mikilvægt að skoða gaumgæfilega hvernig við verjum þeim. En það þarf að gera án þess að höfuðborg og landsbyggð sé att saman í kappi um takmarkað fé. Umræðan þarf að grundvallast á skýru og vel skilgreindu hlutverki sjúkrastofna, aðgengi fólks að nauðsynlegri þjónustu, m.a. bráðaþjónustu sem þarf að vera til staðar í hinum ýmsu byggðarlögum og gæðum þjónustunnar ekki síst.

Virðulegi forseti. Ég veit að mér er ætlaður takmarkaður tími við þessa umræðu en ég hefði gjarnan viljað staldra við eitt atriði til viðbótar því sem hér hefur verið tæpt á í þeirri stefnumótunartillögu sem hér hefur verið mælt fyrir og það eru réttindi sjúklinga. Miklar vonir voru bundnar við það að nefnd sem vann á vegum heilbrrn. á sl. ári skilaði frv. til hins háa Alþingis um raunhæfar réttarbætur á stöðu sjúklinga hér á landi. En eins og við vitum flest sem hér erum olli þetta frv. þó nokkrum vonbrigðum. Að mati þeirra sem best hafa um það fjallað gekk það ekki nógu langt til að tryggja réttindi sjúklinga. Mér finnst veruleg ástæða til að endurtaka spurningar sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir beindi til heilbrrh. og spyrja: Hvað líður því að þetta frv. komi aftur til meðferðar Alþingis og er það hennar vilji að taka þeim ábendingum sem fram hafa verið bornar um það hvernig væri hægt að tryggja enn frekar réttindi sjúklinga? Þá vil ég staldra við réttindi sjúklinga til þess að njóta þjónustu heilbrigðisstofnana innan ákveðinna tímamarka á sama hátt og okkar helstu nágrannaþjóðir hafa gert. Þær hafa skilgreint þennan rétt sjúklinga.

Þá langar mig fyrst til vitna til Noregs sem hefur nýlega sett sér skýrari viðmið. Þar í landi á sjúklingur rétt á því að fá meðferð við bráðasjúkdómi innan þriggja mánaða frá því að hann er greindur með þennan sjúkdóm. Svipaðar viðmiðanir hafa verið settar í öðrum löndum, þar á meðal í Bretlandi og Danmörku og það hlýtur að vera nauðsynlegt að við horfum svona til þessara réttinda sjúklinga því okkur öllum er kunnugt að biðlistarnir sem hafa skapast á stóru sjúkrahúsunum hafa ekki sparað neinar fjárhæðir, þvert á móti. Það er mat manna að þeir hafi kostað meira fé en þeir hafa sparað. Biðlistar kosta sjúklingana ómæld óþægindi og ómældar fjárupphæðir. Þess eru dæmi að fólk hafi hreinlega misst aleigu sína í bið eftir nauðsynlegri læknisþjónustu. Þeir kosta þjóðfélagið mikla fjármuni og þeir kosta atvinnulífið mikla fjármuni.

Því spyr ég: Ætlar hæstv. heilbrrh. að tryggja það með þessu nýja frv., sem vonandi verður aftur til meðferðar hér í Alþingi í vetur, að biðtími sjúklinga eftir þjónustu, hámarksbiðtími eftir þjónustu verði settur.

Það væri vert að staldra við mörg fleiri atriði í þessari þáltill. til stefnumörkunar sem hér hefur mælt fyrir en tími minn leyfir það ekki að sinni. En að lokum held ég að það verði þó að staldra við tvö til þrjú atriði. Það sem mig langar til að gera hér að mínum lokaorðum er að ég vona að það verði vilji Alþingis og hæstv. heilbrrh. að tryggja það enn skýrar en gert hefur verið að sjúklingar njóti þjónustu innan þeirra tímamarka sem við þurfum að setja okkur á réttum stöðum við þær bestu aðstæður sem völ er á á hverjum tíma.

Barnaspítali hefur verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu og það hefur dregist úr hófi að hann rísi. Þetta hefur verið talið forgangsmál af þeim sem fjalla um réttindi veikra barna. Því er það mjög mikið kappsmál foreldrum og börnum þeirra að þessi brýna sjúkrastofnun rísi hið fyrsta.

Ég vil að lokum beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh., hvort við megum vænta þess að barnaspítali rísi innan tíðar.

[17:37]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa stuðningi við þessa ágætu tillögu til þingsályktunar sem gervallur þingflokkur jafnaðarmanna flytur. Það er sérstaklega einn hluti hennar sem ég vil ræða sérstaklega. Það er sá þáttur sem lýtur að uppbyggingu heilsugæslunnar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hert sé á því að heilsugæslan verði í framtíðinni grunneining í heilbrigðisþjónustu hér á landi. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn skyggnist aðeins yfir farinn veg og reyni að sjá hvað hefur farið úrskeiðis frá því Alþingi markaði stefnu í þessum málum árið 1991 og hvernig megi bæta. Það er ekki síður nauðsynlegt að við horfum yfir farinn veg og sjáum t.d. að verkfallinu tókst mjög bærilega að grafa verulega undan heilsugæslunni í landinu. Það verkfall, sem stóð því miður í einar fjórar til fimm vikur, var fyrst og fremst vegna þess að menn höfðu ekki nægilega skýra stefnu í málefnum heilsugæslunnar. Það er nefnilega þannig að það er eins og við Íslendingar séum iðnir við að samþykkja og semja lög sem við förum síðan ekkert eftir. Lögin eru oft og tíðum í okkar augum einhvers konar leiðarvísir um það hvernig hlutirnir eigi að vera en við förum ekki nægilega mikið eftir þeim.

Þess sér auðvitað stað í heilsugæslunni. Ég legg áherslu á það, herra forseti, að eitt af því sem við teljum mjög mikilvægt að verði tekið í framtíðinni miklu fastari tökum en hingað til er auðvitað forvarnastarfið. Í gildandi lögum er talað um að eitt af því sem heilsugæslan á að sinna séu forvarnir og sennilega hefur enginn núlifandi stjórnmálamaður ítrekað jafnmikið gildi forvarna og einmitt hæstv. heilbrrh. og það að makleikum. Hins vegar hefur heilsugæslan, þrátt fyrir hinn skýra lagabókstaf í þessum efnum, ekki haft burði til að sinna forvörnum, hún hefur ekki fengið fjármagn til þess. Það er því alveg nauðsynlegt að þegar menn leggjast yfir málin og marka stefnu til framtíðar þá verði líka hugað

að því að útvega nægilegt fjármagn til þess að framfylgja stefnunni.

Verkfallið sem háð var var með vissum hætti runnið undan rifjum stjórnvalda. Ég segi þetta, herra forseti, vegna þess að það var ljóst að stjórnvöld kusu að fylgja ekki þeim lögum sem í gildi voru. Það sköpuðust sérstakar aðstæður sérstaklega hér í Reykjavík þar sem annars vegar fjölgaði verulega ungum læknismenntuðum einstaklingum, sérfræðingum, sem ekki gátu eins og áður fundið starfa við sitt hæfi innan sjúkrahúsanna og hins vegar gerðist það að uppbygging heilsugæslunnar fylgdi ekki eftir þróun byggðar hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það skapaði þetta undarlega ástand sem leiddi til verkfalls vegna þess að verkaskipting var óskýr milli annars vegar heilsugæslunnar og hins vegar sérfræðinganna sem í æ ríkari mæli hafa reynt að hasla sér völl á lögskipuðu verksviði heilsugæslunnar. Það er nauðsynlegt að það ríki pólitísk sátt um heilsugæsluna í framtíðinni. Til að svo sé þá held ég að það sé mjög mikilvægt að lögð verði fram áætlun um hvernig eigi að byggja upp heilsugæsluna sérstaklega hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég tel að til þessa hafi með góðum rökum verið veitt mjög mikið fjármagn til að byggja upp heilsugæslustöðvar úti á landsbyggðinni. Fyrir því liggja byggðapólitísk rök sem ég sem Reykvíkingur hef sætt mig við. En nú tel ég að það sé mjög mikilvægt að menn ráðist í að byggja upp heilsugæsluna með viðunandi hætti hér á Reykjavíkursvæðinu.

Fyrr á þessu ári var kynnt áætlun sem a.m.k. gagnvart heilbrn. þingsins var lögð fram með þeim hætti að litið var svo á að það væri um að ræða samning milli heilbrrn. annars vegar og heilsugæslunnar hins vegar. Þessi áætlun laut einmitt að uppbyggingu heilsugæslunnar hér í Reykjavík. Og ég verð að segja sem Reykvíkingur að hún hljómaði eins og fegursti söngur í mínum eyrum. Samkvæmt henni átti að byggja nokkrar nýjar heilsugæslustöðvar á næstu tíu árum, það átti að stækka nokkrar stöðvar til viðbótar og það átti jafnframt að fjölga stöðugildum sem svaraði 25 nýjum heilsugæslulæknum á þeim tíu árum sem áætlunin náði til. Þessu var almennt fagnað. Þessu var afskaplega vel tekið.

En nú hefur Læknafélag Íslands mótmælt þessum samningi og það er mjög nauðsynlegt fyrst hæstv. ráðherra er hér viðstödd umræðuna að hún gefi yfirlýsingu um það hvort þessi samningur sé í gildi eða eigum við Reykvíkingar enn og aftur að velkjast í vafa um það með hvaða hætti heilsugæslan í Reykjavík þróast á næstu árum. Það eru að byggjast upp ný stór hverfi þar sem heilsugæslan er mjög vanbúin og til þess að það skapist sátt um heilsugæsluna þá er nauðsynlegt að þetta liggi fyrir. Ég vil líka, herra forseti, segja það skýrt og skorinort, eins og ég er viss um að hv. 1. flm. þessarar tillögu hefur ítrekað í málafylgju sinni í upphafi, að það er skoðun þingflokks jafnaðarmanna að heilsugæslan eigi í framtíðinni að vera á verksviði sveitarfélaganna. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þeirri stefnu verði hrundið í framkvæmd hið fyrsta. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að reyna að tvinna betur saman heilsugæslustöðvarnar og hjúkrunarheimilin. Við megum heldur ekki gleyma því að tengt þessu og raunar vaxandi þáttur sem sveitarfélögin hafa á hendi sinni í dag er heimilishjálpin þó í flestum tilvikum annist heilsugæslan heimahjúkrunina. Það er nauðsynlegt og farsælt, held ég, að allir þessir þættir séu undir sömu stjórn, á einni hendi til að fá sem besta yfirsýn yfir reksturinn og ná fram sem mestri hagræðingu. Og það er alveg ljóst að sú hönd á að vera sveitarfélaganna. Þetta er stefna sem ég hygg að engin stjórnmálahreyfing hafi lagt fram jafnskýrt og Alþfl. og jafnaðarmenn. Ég tel að þetta sé eitt af því sem er hvað mikilvægast í framtíðinni. Þess vegna spyr ég hæstv. heilbrrh. einnig: Hvaða afstöðu hefur hún til þessa? Telur hún að það sé farsælt fyrir heilsugæsluna í landinu að hún verði færð yfir til sveitarfélaganna? Ef hæstv. ráðherra er annarrar skoðunar þá þætti mér vænt um ef hún gæti fært rök fyrir því.

[17:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni afar mikilvægt og merkilegt mál og vel unnið. Ég vænti þess að heilbrrh. sjái sér fært að koma inn í þessa umræðu og taka þátt í henni og hafa skoðun á þeim ýmsu mikilvægu atriðum sem hér eru sett fram og sem hefur verið svo vel farið í gegnum, m.a. af framsögumanni tillögunnar og öðrum sem hér hafa talað. Það að setja fram nýja stefnumörkun á Alþingi í heilbrigðismálum er mjög mikilvægt mál og í henni felst að það fari fram víðtæk endurskoðun og umbætur á íslensku heilbrigðisáætluninni sem samþykkt var á Alþingi 1991. Það verður að geta þess að sú áætlun fól ekki í sér heildstæða stefnumörkun á öllum sviðum heilbrigðisþjónustunnar heldur náði sú áætlun aðallega til þátta sem falla undir heilbrigða lífshætti og manneldis- og neyslustefnu til að bæta heilsufar þjóðarinnar. Það er afar mikilvægt mál, en þó að sú stefna hafi verið mótuð, er alveg ljóst að betur má ef duga skal. Í þeirri áætlun var lögð mikil áhersla á heilsugæslustöðvarnar og frumheilsugæsluna eins og hér er gert og er ástæða til að dvelja við það. Össur Skarphéðinsson hefur farið mjög vel í gegnum þátt heilsugæslustöðvanna í okkar heilbrigðisþjónustu og við höfum í málflutningi okkar á Alþingi lagt mjög mikla áherslu á þátt heilsugæslunnar og ekki síður sveitarfélaganna. Sá þáttur endurspeglast í þessari tillögu þar sem lagt er til að lögð verði áhersla á að það verði framtíðarmarkmið að sveitarfélögin taki við og sjái um heilsugæsluna. Það er ekki síst vegna þess hversu mikilvægt það er að bæði stofnanaþjónustan og umönnunarþjónustan sem felst í heimahjúkrun og heimaþjónustu sé á sömu hendi. Þannig leiðir umræðan um velferðar- og heilbrigðismál okkur aftur og aftur að stjórnsýslu sveitarfélaganna þó að við gerum okkur fulla grein fyrir því að það er við vanda að etja hvað varðar minni sveitarfélögin.

Ég ætla ekki að dvelja mikið við heilsugæslustöðvarnar, virðulegi forseti, en ég ætla þó að nefna að í þessari tillögu er mjög fjallað um hvernig á að tryggja lykilhlutverk heilsugæslunnar og það er aftur og aftur komið að forvarnamálum, heilsuvernd og endurhæfingu. Þetta eru þeir þættir sem því miður hafa orðið út undan þrátt fyrir miklar yfirlýsingar og góð markmið sem núverandi heilbrrh. setti fram þegar hún tók við starfi heilbrrh. Það er gífurlega mikil áhersla lögð á öfluga heimilisþjónustu og bætta heimahjúkrun og mikilvægi þess að taka upp viðræður við sveitarfélögin um rekstur heilsugæslu og öldrunarþjónustu. Það er mjög mikilvægt að staldra við þetta í umfjöllun um heilsugæsluna, öldrunarþjónustuna, þar á meðal heimahjúkrun aldraðra og öryrkja og að þessir þættir verði á hendi sveitarfélaganna. Það er skoðun flutningsmanna að með því að öldrunarþjónustan sé í heild sinni á einni hendi en ekki bæði hjá ríki og sveitarfélögunum, þá verði hún skilvirkari, hagkvæmari og betri.

Við skulum staldra aðeins við aldraða í þessu efni. Aldrað fólk er að verða hlutfallslega stærri hluti þjóðarinnar. Það

er vegna betri afkomu og efnahags og vegna bættrar heilbrigðisþjónustu og forvarna af ýmsu tagi. Þeir sem hafa náð 67 ára aldri eru núna um það bil 10% þjóðarinnar og því er spáð að innan skamms aukist hlutfall þeirra umtalsvert. Um 12% aldraðra á Íslandi búa á sérstökum stofnunum en að meðaltali búa einungis 5–6% á stofnunum hjá hinum Norðurlandaþjóðunum. Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur vegna þess að við búum við það að enn er verið að kalla eftir stofnanaþjónustu á ýmsum stöðum og mikil og góð rök færð fyrir því að hennar sé þörf. Það hlýtur því að vera þannig að það sem gerir þessa þörf svo mikla sé að annaðhvort erum við með stofnanir fyrir aldraða á vitlausum stöðum, svo sem inni á sjúkrahúsum eða annars staðar, eða að það er vegna þess að heimaþjónusta við aldraða er ekki nægilega uppbyggð. Það er mjög mikilvægt að endurskoða þjónustu við aldraða frá grunni með framtíðarþörf fyrir vistun á hjúkrunar- og dvalarheimilum, heimahjúkrun og heimilisaðstoð í huga og fyrst og fremst með virðingu og reisn eldra fólks í huga þannig að við tryggjum að þeir sem ná ellilífeyrisaldri fái lifað með reisn.

Virðulegi forseti. Hér eru tilgreindir í þessari tillögu þættir í 10 liðum þar sem farið er inn á forvarnastarf, uppbyggingu, sjúkrahúsmálin, símenntun og vísindi, réttindi sjúklinga, gæðastjórnun og biðlista. Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um biðlistana. Það hefur komið fram í nýlegri úttekt á biðlistum eftir aðgerðum á stóru sjúkrahúsunum að sparnaðaraðgerðir hafa valdið því að þeir eru sífellt að lengjast. Í mars voru á fjórða þúsund manns á biðlistum, þar af um 1.300 manns á biðlistum bæklunardeildar sjúkrahúsanna. Það er dregið í efa að sífellt lengri biðlistar leiði til sparnaðar. Þvert á móti er líklegt að bið sjúklinga eftir nauðsynlegum aðgerðum skapi gríðarleg útgjöld. Það má ekki gleyma því að þeir sem illa eru haldnir þurfa oft á heimahjúkrun, heimaþjónustu og jafnvel vistunarplássi að halda á meðan á bið stendur og sá kostnaður bætist því við kostnað við aðgerð og sjúkrahúsvist. Biðin kostar ríkissjóð fjármuni og er einungis frestun á útgjöldum sem aðgerðum fylgja. Biðin kostar fyrirtækin einnig fjármuni vegna fjarvista og vinnutaps sjúklinganna þó að verst sé biðin fyrir sjúklinginn sjálfan og fjölskyldu hans.

Það hefur líka komið fram að sá sem er í langan tíma óvinnufær vegna veikinda verður mjög fljótlega fyrir miklu tekjutapi og miklir erfiðleikar fjölskyldna hafa oft komið í ljós í kjölfar langvarandi veikinda því sjúkradagpeningar eru einungis um 17 þúsund á mánuði. Í Svíþjóð voru settar reglur um þriggja mánaða hámarksbiðtíma eftir aðgerðum á sjúklingum með tiltekna sjúkdóma. Svipaðar reglur voru settar í Danmörku. Í Noregi var miðað við að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma ættu rétt á nauðsynlegri meðferð eða aðgerð innan sex mánaða og í okkar tillögu er gert ráð fyrir að það verði settar reglur hér á landi um hámarksbiðtíma eftir þjónustu. Slíkar reglur, virðulegi forseti, geta bæði auðveldað skipulagningu í heilbrigðisþjónustunni og leitt til sparnaðar fyrir samfélagið allt, að ekki sé minnst á að þær geta eytt þeirri óvissu sem margir sjúklingar búa við sem bíða eftir aðgerðum og vita ekki hvenær að þeim kemur.

[17:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ekki skal lítið úr því gert að þörf sé á því að endurskoða áherslur og móta stefnu í heilbrigðismálum. Þvert á móti er það svo að manni virðist heilbrigðiskerfi landsins því miður á köflum vera meira og minna í upplausn þessi missirin og það er því miður ekki eingöngu bundið við stjórnartíma núv. hæstv. heilbrrh. Satt best að segja hefur meiri og minni óvissa og árlegar hremmingar gengið yfir heilbrigðiskerfi landsmanna núna samfellt í fjögur, fimm, sex ár. Það má leiða hugann að því hvernig það hefur verið fyrir starfsfólk í heilbrigðisstéttum á þessum tíma að starfa að þessum málaflokki þegar árlegar þrengingar í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, niðurskurðar- og sparnaðaraðgerðir og ýmiss konar, mér liggur við að segja þvingunaraðgerðir, hafa gengið yfir næstum að segja eins og árlegar plágur. Það er ekki nokkur vafi á því að vinnuálag hefur stóraukist á stofnunum á heilbrigðissviðinu og þar mætti áfram telja.

Þess vegna, herra forseti, vakna vissulega nokkrar spurningar um það hvort það sé heppilegasti þingflokkurinn sem standi að flutningi þessarar tillögu, þ.e. þingflokkur Alþfl. eða jafnaðarmanna, því hann á vissulega nokkra sögu í þessum efnum frá síðustu árum. Hér er í hópi flutningsmanna hæstv. fyrrv. heilbrrh. og núv. hv. formaður Alþfl., Sighvatur Björgvinsson. Mér finnst tillagan líka gölluð að vissu leyti vegna þess, þó að ýmislegt sé þar ágætt sagt, að það vantar það mikilvægasta að mínu mati í heilbrigðisstefnuna ef hún ætti að grundvallast á tillögu af þessu tagi, þ.e. sjálfa grundvallarskilgreininguna á rétti manna, óháð efnahag og búsetu, til þess að njóta þessarar þjónustu. Það hefði ég viljað sjá sem útgangspunkt málsins og í beinu framhaldi hefði verið eðlilegt að fjalla um hluti eins og til að mynda þjónustugjöld, sjúklingaskatta, aukinn kostnað sjúklinga vegna lyfjanotkunar og annað því um líkt þannig að menn settu því einhverjar skorður í tillögu af þessu tagi. Ég lýsi eftir því ef Alþfl. eða þingflokkur jafnaðarmanna vill á metnaðarfullan hátt móta sér áherslur eða leggja því lið að Alþingi móti áherslur í þessum efnum: Hvar er þá tekið á þessum hlutum?

Ég held að það sé ekki heilbrigðisstefna sem nái máli í ljósi reynslunnar frá undanförnum árum, í ljósi þeirrar sífelldu glímu sem er við að koma saman fjárlögum og þeirrar tilhneigingar sem er að velta kostnaði yfir á neytendur, að ekki sé tekið á þessu grundvallarúrslitaatriði. Ætlum við eða ætlum við ekki að byggja heilbrigðisþjónustuna á Íslandi upp á þeirri grundvallarreglu að hún skuli standa öllum til boða óháð efnahag og að það verði ekki farið út á þá braut að velta kostnaðinum yfir á notendurna þannig að efnahagur fari að skipta sköpum um aðgang manna að þjónustunni. Það er óhjákvæmilega það sem gerist ef farið er út í gjaldtökur eins og reynslan sýnir alls staðar frá og er að mínu mati þegar byrjuð að sýna að nokkru leyti á Íslandi.

Ég er sammála ýmsu sem þarna er lagt til grundvallar, að ný stefnumörkun í heilbrigðismálum skuli hafa til hliðsjónar. Skárra væri það nú. Hér er allt fullt af fallegum markmiðum og undir þau getum við flest öll tekið. Við annað set ég frekar spurningarmerki.

Varðandi staflið c í lið 2 um uppbyggingu heilsugæslunnar, þá tek ég heils hugar undir það að eitt það allra brýnasta í heilbrigðismálum er að ljúka uppbyggingu heilsugæslustöðvakerfisins. Ein meginbrotalömin í heilsugæslu okkar er sú að aldrei var lokið áætlunum um að byggja upp heilsugæslustöðvakerfið. Þær brotnuðu fyrst og fremst niður á Reykjavíkursvæðinu illu heilli og fyrir vikið búa menn að mínu mati við bæði lakari þjónustu og miklu dýrari en ella þyrfti að vera ef hér væri skilvirkt, vel upp byggt heilsugæslustöðvakerfi sambærilegt við það sem best gerist annars staðar í landinu. Ég nefni eins og ég hef oft gert áður í

umræðum um þessi mál hvernig þessum málum er skipað á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu þar sem rekin er stærsta heilsugæslustöð landsins sem samræmir alla þjónustu á þessu sviði og fyrirbyggjandi aðgerðir og forvarnastarf og skilar að mínu mati mönnum miklu betri þjónustu á því svæði en ella væri. Þarna þarf vissulega að taka á, en mönnum hefur því miður ekkert miðað undanfarin ár og ekki heldur í valdatíð Alþfl.

Ég spyr: Hvað er átt við í staflið e undir lið 2, þegar sagt er, með leyfi forseta: „Við uppbyggingu og rekstur heilsugæslustöðva verði reynd mismunandi fjármögnunar- og rekstrarform þannig að samanburður valkosta fáist ...“ Út á hvaða braut er þarna verið að fara eða vísa? Er það stefna Alþfl., jafnaðarmannaflokksins, að það eigi að keyra einkareknar heilsugæslustöðvar við hliðina á opinberum heilsugæslustöðvum í tilraunaskyni? Ég geld varhug við slíkri uppsetningu mála, ef það er það sem þarna er á ferðinni. Ef það er misskilningur og verið að vísa í eitthvað annað, þá bið ég um útskýringar á því. Ég er ekki mjög hrifinn af hugsunarhætti af því tagi að það eigi að vera með tilraunastarfsemi, einhver „experiment“ í jafnviðkvæmri grundvallarþjónustu og heilsugæslan og heilbrigðisþjónustan er.

Ég held að það sé mjög þarft sem nefnt er í lið 4 um sjúkrahúsin, í c-, d- og e-staflið, að viðurkenna sérstöðu og hlutverk stóru sjúkrahúsanna tveggja í Reykjavík og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri sem hafa óumdeilanlega mikla sérstöðu. Ég minni á í því sambandi að FSA er til að mynda enn, samkvæmt þeirri heilbrigðisstefnu sem ég veit réttasta vera í gildi, skilgreint sem varasjúkrahús á öðru landsvæði við stóru sjúkrahúsin hér, þar sem hægt er að veita nokkurn veginn alla sömu þjónustu ef á bjátar, t.d. af almannavarnaástæðum og ef eitthvað kæmi upp á með samgöngur til stofnananna hér eða beinlínis á þessu svæði. En það er ekki síður mikilvægt að taka á því hvert eigi að vera hlutverk minni sjúkrahúsanna og sjúkrahúsa í einstökum landshlutum og byggðarlögum. Og sú óvissa sem menn búa við þar er óþolandi. Ég minni í því sambandi á frv. hæstv. heilbrrh. sem liggur fyrir þingi í bandorminum. Það sem hér er lagt til og er skynsamlegt er í algerri himinhrópandi mótsögn við það að hæstv. heilbrrh. fái geðþóttavald, algert geðþóttavald um skipulag þessara mála eins og er innihald stjfrv. sem á sömu dögum liggur fyrir þinginu og þessi tillaga er hér til umræðu.

Ég vil svo að lokum á síðustu mínútunni sem ég hef til umráða nefna lið 10, herra forseti. Þar er ákaflega fallega sagt, með leyfi forseta:

„Mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem hefur orðið í hátækni og nýjum lyfjum til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, sem leitt getur til aukinna afkasta og lækkunar kostnaðar vegna meðferðar við sjúkdómum.“

Það vantar algerlega þann þátt, sem er meginvandamálið, að þetta snýr öfugt í langflestum tilvikum. Það er því miður staðreynd sem við verðum að horfast í augu við að hátæknin, nýju lyfin valda auknum útgjöldum í mjög ríkum mæli og einn meginvandinn í heilbrigðiskerfinu í dag er að taka á því að tæknin er í raun komin langt fram úr fjárveitingunum eða pólitískum vilja til að leggja til þessara málaflokka. Þyngsti kross sem faglegir og fjárhagslegir stjórnendur í heilbrigðismálum í heiminum í dag bera á sínum herðum er að glíma við þessa mótsögn og finna þar einhvern færan meðalveg sem gerir mönnum kleift að reyna að nýta þessa tækni og þá miklu möguleika sem hátæknin og ný lyf bjóða upp á án þess að missa útgjöldin algerlega úr böndunum. Um það þyrfti auðvitað að fjalla með pósitífum hætti í heilbrigðisstefnu af þessu tagi en ekki gefa undir fótinn óraunhæfum væntingum um að einmitt þessar framfarir séu líklegar til þess að skila okkur sparnaði. Ég held að í meginatriðum snúi það öfugt. Glíman er einmitt að missa ekki útgjöldin úr böndunum vegna þeirra.

[18:02]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki efnislega í umfjöllun ræðumannsins, en ég ætla þó að geta þess að ég var með væntingar um að Alþb. tæki undir með okkur í þessu góða máli og að Alþb. mundi taka þátt í umræðunni og vilja vera með okkur í að skoða þessi mál. Ég á dálítið erfitt með að skilja af hverju það er svona ríkur þáttur hjá Alþb. þegar við erum að tala um mál sem okkur eru mikilvæg að koma fyrst og fremst með hnútukast en skoða ekki efnislega það sem þarna er á ferð. Ég held að ég geti fullyrt fyrir hönd okkar allra að ekki muni standa á okkur að skoða þessi mál með Alþb. ef til þess kemur að við eigum möguleika á að ná þessari tillögu í gegnum nefnd og fá til þess stuðning stjórnarflokkanna. Margt af því sem þarna er að finna hefur átt hljómgrunn hjá heilbrrh. í hennar ræðum á þessu þingi.

Ég get alveg tekið undir það að heilsugæslustöðvarnar eru gott mál og sérstaklega ætla ég að taka undir með hv. þm. varðandi Akureyri. Ég hef skoðað og farið í gegnum þá uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Hún er til fyrirmyndar. Ég get líka nefnt að á sínum tíma var heimilishjálp og heimahjúkrun í Kópavogi mjög vel byggð upp. Það var ótrúlegt að bera saman kostnaðinn við stofnanavist og heimaþjónustu hjá t.d. Kópavogi og öðrum stöðum sem fyrst og fremst nýttu stofnanaþjónustu af því að hún var byggð þar upp. Heimaþjónustan var það sem fólkið vildi og kostnaðurinn lenti á sveitarfélaginu meðan stofnanaþjónustan lenti hjá ríkissjóði að mestum hluta. Þetta hefur oft skapað ójafnvægi sem hefur gert það að verkum, eins og við þekkjum, að stjórnsýslustigin hafa verið að kasta á milli sín verkefnunum. Þess vegna er svona mikilvægt að setja fram stefnu sem er til hagsbóta fyrir neytandann, í þessu tilfelli sjúklinginn eða þann sem höllum fæti stendur. Ég held að við ættum að sameinast um það, hv. þm.

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég skil ekki þessa ofurviðkvæmni hv. þingmanna Alþfl. þó farið sé yfir heilbrigðismálin. Það stendur einmitt í þessari tillögu að taka eigi mið af breytingum sem orðið hafi sl. fimm ár. Það sem ég gerði í ræðu minni var að fara lítillega yfir það. Ég sagði auðvitað kost og löst á tillögunni og lýsti mig sammála ýmsu en ósammála öðru eftir atvikum. Er það ekki efnisleg nálgun og í sjálfu sér jákvæð þátttaka í umræðu? Um hvað er hv. þm. að biðja? Að sagt sé bara já og amen við öllu? Málið snýr ekki þannig. Ég hef mínar áherslur og við í mínum flokki til þessara mála. Við erum að sjálfsögðu alltaf tilbúin til efnislegrar umfjöllunar um þessi mál og eigum líka ágætisfortíð í þeim efnum sem við getum miðlað af.

Það má ekki vera svo, hv. þm., að svo viðkvæmt sé fyrir Alþfl. nú nokkrum árum síðar að nefna t.d. þjónustugjöld eða sjúklingaskatta, svo ég tali ekki um að nefna nafn hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í þessu sambandi, að allir fuðri bara upp. Ég held að Alþfl. verði þá að fara í vissa meðferð

og reyna að komast frá þessari fortíð sinni þannig að hann verði ekki svona ofurviðkvæmur fyrir því að við sem störfum í öðrum stjórnmálaflokkum og höfum að einhverju leyti aðrar áherslur og berum ekki ábyrgð á þessari arfleifð Alþfl. í heilbrigðismálum, að við fáum að hafa okkar sjálfstæðu skoðanir og áherslur í þeim efnum.

[18:06]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að beina orðum mínum að efnislegri umfjöllun hv. þm. Ég var að vekja athygli á því sem mjög oft hefur komið fyrir að þegar við erum að fjalla um þingmál sem við erum að flytja er farið að gera málið ótrúverðugt með tilvísun í einhverjar aðgerðir á fyrri stjórnartíma. Mér finnst alveg eins og þingmanninum að tími sé til kominn eftir 20 mánuði að við fáum að njóta þess sem við höfum vel gert og margt er hægt að benda á í þessari tillögu. Það má benda á útgjöld heimilanna sem hafa lækkað á tímanum sem taflan tekur til. En það sem ég var fyrst og fremst að beina orðum mínum að var þessi tilhneiging til að koma sífellt með þau sjónarmið að það sem við höfum fram að færa sé ótrúverðugt af því að við vorum í ríkisstjórn.

[18:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að þetta jafnar sig ef við ræðum málið í rólegheitum og ég heyri strax að hv. þm. dregur nokkuð í land með að það hafi verið einhver ósvinna af minni hálfu að leyfa mér að minnast aðeins á fortíðina í þessum efnum. Staðreyndin er sú að erfitt er að slíta þetta úr samhengi við það sem hefur verið að gerast í þessum málaflokki síðastliðin ár. Það er meira að segja beinlínis talað um það í tillögunni að taka mið af breytingum og þróun sem orðið hafi í heilbrigðismálum á sl. fimm árum. Þá vandast nú málin því að fjögur af þeim fimm árum voru alþýðuflokksmenn með þessi mál.

Ég vil að sjálfsögðu að menn njóti þess sem þeir hafa vel gert og hafa jákvætt fram að færa og lýsi mig reiðubúinn til að skoða það. En ég vil þá líka benda á að Alþfl. eða þingflokkur jafnaðarmanna valdi í þessu tilviki þá leið að flytja einn flokkslega tillögu um þetta mál en leita t.d. ekki eftir samstöðu innan stjórnarandstöðunnar um áherslur í þessum efnum. Það kemur því pínulítið úr glerhúsi að kvarta undan því að aðrir hafi sjálfstæðar meiningar um þessi mál úr því að Alþfl. valdi þá leið að fara í hreinan flokkslegan farveg með málaflutning sinn á þinginu í stað þess t.d. að leita eftir samstöðu stjórnarandstöðunnar á þessu sviði. Það hefði orðið spennandi að láta á það reyna hvort til að mynda Alþb. og Alþfl. hefðu náð saman um tillögu til stefnumótunar á þessu sviði við þær aðstæður sem nú eru og þarf ekki að vísa í hvers vegna.

[18:08]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir hans góðu ábendingar og segi hér og nú að ég er ekkert viðkvæm fyrir þeim. Hins vegar vil ég benda honum á að lesa nýsamþykkta stefnuskrá Alþfl. í heilbrigðismálum og vonandi er hann okkur sammála í öllum veigamestu atriðunum þar.

Batnandi mönnum er best að lifa og ég held að það verði að skoðast virðingarvert að jafnaðarmenn telji nauðsynlegt að skoða hvort við höfum ekki gengið of langt í að færa kostnað af heilbrigðisþjónustunni yfir á sjúklinga. Það er nákvæmlega það sem við höfum margoft bent á og viljum gjarnan ræða.

Varðandi það að við höfum ekki talað mikið um hvernig við eigum að tryggja réttindi sjúklinga langar mig til að benda hv. þm. á tvær staðreyndir. Í fyrsta lagi á stjórnarskrá landsins að vera ákveðin trygging fyrir því að allir njóti sama réttar óháð kynferði, búsetu eða greiðslugetu eða þjóðfélagsstöðu að öðru leyti. Á hinn bóginn langar mig til að benda á þessa ágætu þáltill. Þar er einmitt verið að leggja þunga áherslu á að réttindi sjúklinga verði tryggð með lagasetningu þannig að þarna erum við hjartanlega sammála.

Annað sem við erum hjartanlega sammála um er það að einmitt þarf að marka heildarstefnu núna til að við lendum ekki í þeim ógöngum að ráðherrum sé falið óskorað vald í að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna eftir geðþótta sínum á hverjum tíma.

[18:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn fer þetta batnandi því nú upplýsir næsti ræðumaður Alþfl. í andsvari að þessi tillaga sé að hluta til ákveðin yfirbót og sjálfsgagnrýni. Menn vilji virkilega fara yfir það hvort ekki hafi verið gengið of langt í því á undanförnum árum að velta kostnaði yfir á notendur eða sjúklinga og ég er hæstánægður með slíka yfirlýsingu frá einum af talsmönnum Alþfl. og ég fagna því að menn vilji líka líta í eigin barm. Meiri var glæpur minn ekki en sá, að ég minnti á að stefnumótun í heilbrigðismálum yrði líka að taka til þessa stóra grundvallarmáls — hversu langt viljum við eða viljum við yfir höfuð leggja út á þá braut að láta menn að einhverju leyti greiða fyrir þjónustuna til viðbótar því sem þeir gera með sínum sköttum eða á það að vera eins og er mín grundvallarsannfæring útgangspunkturinn að þessi þjónusta, eins og önnur mikilvægasta undirstöðuþjónusta á sviði heilbrigðismála, menntunar, félagslegrar þjónustu og annarra slíkra þátta, eigi að vera ókeypis vegna þess að með þeim eina hætti sé unnt að tryggja að efnahagsleg staða manna valdi ekki mismunun þegar að því kemur að fá þessa mikilvægu þjónustu. Ég vil fá að búa áfram í landi sem tryggir öllum án tillits til efnahags, búsetu, aldurs, kynferðis o.s.frv. fyrsta flokks heilbrigðisþjónustu. Ég tel að það sé eitt aðalsmerki norrænu velferðarríkjanna eins og þau voru a.m.k. upp á sitt besta og eru sum enn að bjóða upp á þetta. Og guð forði okkur frá því að lenda út á þá óheillabraut sem til að mynda þjóðir eins og Bandaríkjamenn og fleiri hafa gert einmitt vegna þess að þeir hafa lent lengra og lengra út á braut þessarar kostunar einstaklinganna eða notendanna og sitja svo að lokum uppi með dýrasta heilbrigðiskerfi í heimi þar sem næstum fjórðungur þjóðarinnar býr í raun og veru við engan rétt. Það eru víti til varnaðar á að horfa og ég fagna því að Alþfl. skuli að nokkru leyti iðrast gerða sinna á síðasta kjörtímabili og bjóða upp á endurskoðun á þeim áherslum.

[18:13]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka heils hugar undir þessar góðu yfirlýsingar hv. þm. og sé að við eigum meiri samleið en hann gaf í skyn áðan. Með leyfi forseta vil ég gjarnan fá að lesa upp úr stefnu Alþfl. í heilbrigðismálum til að upplýsa hv. þm. um hversu sammála við erum. Hér segir, með leyfi forseta:

„Endurskipulagning stjórnsýslunnar er nauðsynleg. Jafnaðarmenn vilja koma á einu sjúkrasamlagi fyrir alla lands-

menn sem m.a. yfirtaki að einhverju leyti verk núverandi verkefni sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggt verði að slík breyting dragi ekki úr réttindum sjúklinga til að eiga aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags. Til sjúkrasamlagsins renni ákveðnir fjármunir af núverandi skattheimtu."

Við erum auðvitað að segja það, virðulegi forseti, að gera eigi þetta kerfi gagnsærra, að fólkið í landinu sjái með eigin augum hvaða fjármunum það ver í heilbrigðiskerfið og njóti þess án tillits til efnahags. Ég sé því að jafnaðarmenn og Alþb. eru auðvitað sammála um þetta í meginatriðum.

[18:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að það liggi þannig að við getum að mestu leyti verið sammála um þessi fallegu grundvallarmarkmið sem þarna voru lesin upp. Í raun saknaði ég aðeins eins úr þessum upplestri eða þessari tillögu og það var spurningin um tilvísunarskyldu, sem menn verða líka að fara yfir í þessu sambandi, eða tilvísunarkerfi eða kannski öllu heldur með hvaða hætti menn ætla að efla þjónustuna á grunnstigi eða undirstöðustigi heilsugæslunnar þannig að sem allra mest af vandamálunum séu leyst þar. Það er bjargföst sannfæring mín að þannig verði heilsugæslan best og ódýrust. Ég hef þess vegna alla tíð, jafnvel þegar mestir stormar stóðu hér um hv. þm. Sighvat Björgvinsson, staðið með honum í því að ég vildi sjá einhvers konar kerfi í gangi sem væri hvetjandi í þessu sambandi, sem beindi viðskiptum sjúklinga eða landsmanna í fyrstu umferð inn á undirstöðuþrep þjónustunnar, heilsugæslukerfið, og þar væri reynt að sortera málin upp og eftir atvikum vísa þeim áfram innan kerfisins. En því miður var ekkert um þetta í upplestrinum hjá hv. þm. og fróðlegt væri að heyra þá í frekari umræðum um þessi mál hvar afstaða Alþfl. liggur í þeim efnum nú.

[18:16]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér þrátt fyrir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að halda því fram að Alþb. og jafnaðarmenn eigi samleið í þessum stjórnmálaflokki sem eru heilbrigðismál og að báðir vilji vinna að því að allir eigi óháð efnahag jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustunni. Það kemur fram í þessari tillögu og vil ég að það komi skýrt fram af því að mér fannst þingmaðurinn draga það í efa. Mér finnst það þjóna ósköp litlum tilgangi að vera í einhverjum metingi um það hvaða flokkur það er sem hefur lagt mest útgjöld í heilbrigðismálum á heimilin í landinu. Ég held að allir flokkar nema Kvennalistinn, sem ekki hefur átt sæti í ríkisstjórn, hafi komið með einum eða öðrum hætti að því máli að auka útgjöld heimilanna. Frá 1980–1995 hafa útgjöldin til að mynda aukist verulega, t.d. að því er varðar tannlæknaþjónustuna úr 479 millj. kr. á sama verðlagi í 1.667 millj. kr. og það leggjum við áherslu á í þessari tillögu, og ég vek athygli á því, að lækka þau útgjöld með því að flytja tannlæknaþjónustuna meira inn í heilsugæsluna. Það er þó miklu meiri aukning í útgjöldum heimilanna heldur en hefur verið í heilsugæslunni. Alþb. leggur til að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslunni, sem er gott og blessað. Ég tók undir það þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson mælti fyrir því að það ætti að skoða. En það eru þó ekki nema 200–250 millj. kr. á sama tíma og útgjöldin til tannlæknaþjónustunnar hafa aukist um 1.100 millj. kr. Það væri leið til þess að lækka útgjöld heimilanna til heilbrigðismálanna að skoða þá leið sem við erum að leggja til, kannski í staðinn fyrir það að fella niður þjónustugjöldin í heilsugæslunni vegna þess að það skilar miklu meiru til bættrar stöðu heimilanna. Þetta eru miklu hærri útgjaldaliðir. Mér finnst að þetta eigi hvort tveggja að koma til skoðunar og menn eigi ekki að vera að metast um fortíðina í þessu efni. Það eru allir flokkar sem hafa komið að því að hækka útgjöld heimilanna til heilbrigðismála.

Ég nefni lyfin bara í lokin. Þau voru 1.033 millj. kr. á árinu 1998, ég man ekki hver var heilbrrh. þá, var það ekki hv. þm. Svavar Gestsson? En núna 1995 eru þau ekki nema 752 millj. þannig að þar höfum við náð árangri.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég tek þessum, mér liggur við að segja ástarjátningum þriggja hv. þingmanna Alþfl. sem hér hafa talað eða jafnaðarmanna bara ágætlega og vel. Ég ætla síður en svo að vera talsmaður þess að þarna sé uppi einhver óskaplegur ágreiningur í sjálfu sér. Ég fór einfaldlega yfir það frá minni hlið hvar ég sæi kost og löst á þessari tillögu og það finnst mér vera umræða eins og hún á að vera, nákvæmlega eins og hún á að vera, að menn lýsi skoðunum sínum til hlutanna. Þetta er allt mjög samhangandi og eins og ég enn minni á er tekið fram í tillögunni að það eigi að taka mið af þróun og breytingum í heilbrigðismálum sl. fimm ár og við komum umsvifalaust þar með að pólitískum ákvörðunum um einstaka þætti sem teknar hafa verið. Hv. þm. nefndi réttilega að eitt allra mikilvægasta verkefni í þessu sambandi væri að verja heimilin fyrir óhóflegum útgjöldum í þessu sambandi og setja því mörk að þarna væri ekki gengið of langt í íþyngjandi átt. Ég held nú það. Það er nákvæmlega það sem við erum að tala um, að menn lendi ekki inn á óheillabraut einhverra þjónustugjalda eða sjúklingaskatta eða óhóflegrar þátttöku heimilanna t.d. í lyfjakostnaði og þá var nefndur tannlæknakostnaður. Hvers vegna ætli það sé sem menn hafa svona miklar áhyggjur af honum núna? Það er af því að hann var hækkaður. Um það var tekin pólitísk ákvörðun á síðasta kjörtímabili, því miður, að draga verulega úr þátttöku ríkisins í endurgreiðslu tannlæknakostnaðar, þar á meðal hjá skólabörnum. Og það er af þeim sökum sem menn núna horfa á þann þátt og sjá sem betur fer að hann er orðinn óhóflega mikill og ég fagna því að menn séu þá tilbúnir til þess að endurskoða það einnig.

Varðandi svo að síðustu samanburð til lengri tíma litið, aftur til 1980 eða eitthvað af því tagi, þá er það fínt, ég er alveg til í það og þar bera ýmsir ábyrgð, þar á meðal þáv. heilbrrh. og ríkisstjórn. En þá minni ég líka á að ef við erum að fara yfir sviðið svo langt aftur í tímann þá verðum við auðvitað að hafa til hliðsjónar og í huga ýmsar áherslubreytingar sem orðið hafa einfaldlega á faglega grunninum í heilbrigðisþjónustunni, t.d. það að lyfjakostnaður hefur kannski hlutfallslega aukist á sama tíma og handlækningakostnaður eða aðgerðakostnaður eða legukostnaður hefur lækkað o.s.frv. Við vitum að ýmsar slíkar breytingar hafa orðið sem þarf þá líka að horfa til.

[18:21]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri það núna á þessari ræðu hv. þm. að við erum alls ekki svo fjarri hvort öðru í þessum málum. Ég held að þetta sé raunverulega nákvæmlega sú sama stefna sem við viljum fylgja, og það vil ég árétta, að fólk hafi

aðgang að þjónustunni óháð efnahag. Við höfum áhyggjur af útgjöldum heimilanna vegna heilbrigðismála og við viljum skoða alla þætti í því sambandi, líka tannlæknaþjónustuna og líka þjónustugjöldin í heilsugæslunni. Það er bara spurning hvort er betra og hagkvæmara fyrir heimilin, hvaða leið við eigum að fara í því efni.

[18:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram þó að mér sé málið skylt að þessi orðaskipti mín við hv. þingmenn Alþfl. og jafnaðarmannaflokksins hafa verið upplýsandi. Til að mynda hefur komið fram í umræðunni að þar á bæ eru menn nú tilbúnir til þess samkvæmt yfirlýsingum hér að endurskoða tvo veigamikla þætti sem flokkurinn tók pólitískar ákvarðanir um á síðasta kjörtímabili, þ.e. annars vegar þjónustugjöldin eða hversu langt eigi að ganga í því. Hv. þm. upplýsti það áðan. Og hins vegar að endurskoða á sama hátt útgjöld heimilanna við tannlæknakostnað. Ég tel þetta markverð tíðindi og verulegan árangur sem orðið hafi af þessari umræðu.

[18:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur orðið um tillögu hv. þm. jafnaðarmanna, um nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum, gefur tilefni til að fara yfir það sem er að gerast í þessum málum í heilbrrn. Í fyrsta lagi vil ég minna á að það er verið að endurskoða heilbrigðisáætlun og það er þverpólitísk nefnd og þverfaglega verið að vinna að því og þessi tillaga fellur ákaflega vel undir þá endurskoðun og gæti komið þar að góðu gagni. Ég hef lagt á það áherslu sem heilbrrh. að hafa þverpólitíska samstöðu um þessi mál eins og mögulegt er.

Hér hefur verið rætt mikið um stefnumörkun í heilsugæslunni sem er grunneining heilbrigðisþjónustunnar og samþykkt var stefnumörkun í 21 lið í sumar og menn náðu þá ákveðinni sátt um það hvernig við ætlum að byggja upp heilsugæsluna. Ég vil leiðrétta hv. þm. Össur Skarphéðinsson þegar hann sagði að um þetta hafi deilan staðið þegar heilsugæslulæknarnir gengu út. Þessari stefnumörkunarvinnu var lokið þrem vikum áður en heilsugæslulæknar gengu út. Það var um kjaramálin sem var deilt og það vil ég að sé rifjað upp hér. Það er enginn bilbugur á okkur varðandi það að að þessari stefnu verði unnið. Eina ágreiningsmálið við læknafélagið er valfrjálst stýrikerfi. Það kemur við buddu manna og það er þar sem við höfum ekki enn þá náð sáttum við læknafélagið. Mig langar að ítreka spurningu, sem kom fram áðan hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hvort það sé tilfellið að jafnaðarmenn séu ekki með í sinni stefnuyfirlýsingu lengur tilvísunarkerfið sem var þeirra ær og kýr fyrir stuttu síðan. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram í þessari umræðu.

Varðandi heilsugæsluna þá var að því spurt hvort ég telji rétt að heilsugæslan fari yfir til sveitarfélaga. Ég get vel ímyndað mér að eftir fimm, sex ár eigum við að skoða það. En í dag á heilsugæslan að vera hjá ríkinu því að mér sýnist að sveitarfélögin hafi nóg með grunnskólana sem þeir eru að taka yfir núna, það sé nógur biti að kyngja. Ég held að við værum að setja heilsugæsluna í vissa upplausn með því að færa hana yfir til sveitarfélaganna á þessum tímapunkti.

Hvað varðar aðra stefnumótun í heilbrigðismálum þá er verið að endurskoða málefni geðsjúkra og þar koma að máli bæði sérfræðingar og samtök sjúklinga. Það er verið að samhæfa starfsemi sjúkrahúsanna og það kemur inn á þann þátt sem hér er um rætt varðandi tækjakaup og nýjungar, að þar sé ákveðið á hvaða stað hátæknin er, við séum ekki að dreifa henni á fleiri en einn stað. Að þessu sama erum við vinna úti á landi, að samhæfa sjúkrahúsin betur en gert hefur verið.

Undir stjórn landlæknis er verið að vinna að stefnu um forgangsröðun og ég býst við því að upp úr áramótum muni sú nefnd skila áliti. Ég endurtek það sem ég sagði um heilbrigðisáætlun. Hún er í endurskoðun og þessar tillögur gætu þess vegna farið inn í þá endurskoðun.

Biðlistana þarf að skilgreina betur en gert er. Núna er það þannig að hver og einn fer á biðlista. Segjum t.d. að hv. þm. fari í magaspeglun í dag og að hann eigi að mæta aftur eftir hálfan mánuð, þá er hv. þm. kominn á biðlista. Þannig er það. En það eru líka alvarlegir biðlistar í ýmsar aðgerðir og þá sérstaklega beinaaðgerðir en við höfum náð geysilegum árangri varðandi hjartaaðgerðir. Um mitt sumar í fyrra biðu tæplega 300 sjúklingar eftir hjartaaðgerð. Í dag eru það sem betur fer örfáir. Þetta er árangur sem vert er að geta.

Á síðasta þingi var lagt fram frv. um réttindi sjúklinga. Það voru 40 sjúklingasambönd sem komu að gerð þess frv. en það komu nokkrar athugasemdir í meðferð heilbr.- og trn. og hefur verið unnið að því að bæta þetta frv. frá því að það var lagt fram í fyrra og ég á von á því að það verði lagt fram í þinginu innan tíðar.

Hvað varðar vísindi og rannsóknir sem hér eru gerðar tillögur um er rétt að geta þess að fyrir fáum vikum var opnuð ný rannsóknastofa á Landspítalanum í gigtarrannsóknum. Talið er að Íslendingar geti náð langt í gigtarrannsóknum. Gigtin ein er talin kosta 8–10 milljarða árlega í vinnutapi, sjúkrahúslegu og endurhæfingu. Ef til vill geta Íslendingar leyst gigtargátuna, þó það gerist kannski ekki á okkar ævi, en það er tilfellið að verði sú gáta leyst þá gerist það trúlega í landi eins og hér. Við höfum því lagt fjármagn í að auka rannsóknir á sviði gigtarsjúkdóma.

Um það að heilsugæslan hafi borið skarðan hlut frá borði varðandi fjármagn undanfarin ár vil ég segja að fjárstreymið er þannig að á síðustu fimm árum hefur þjónusta heilsugæslunnar hækkað um 14,6% á meðan þjónusta héraðssjúkrahúsanna hefur hækkað um rúmlega 10% en stóru sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu aðeins um 4,6%.

Nauðsynlegt er að samhæfa forvarnir og setja þær meira undir einn hatt og þá er ég að tala um tannvernd, áfengis- og vímuefnavarnir, tóbaksvarnir o.s.frv. Það er mikilvægt að marka skýra stefnu í forvörnum. Það er ekki nægilegt eins og gert hefur verið á þessu kjörtímabili að leggja verulega meira fjármagn til forvarna. Það þarf líka að samræma betur störf þeirra hópa sem vinna að forvörnum. Ég á von á því að innan tíðar verði lagt fram á þingi frv. til áfengis- og vímuefnavarna þar sem þessi samhæfing nær fram að ganga.

Gert er ráð fyrir í þeim tillögum sem fyrir liggja að tannlækningarnar flytjist á heilsugæsluna. Það er þannig úti á landi að heilsugæslan er með tannlækningar innan síns húsnæðis. Þar eru tannlækningar alls ekkert ódýrari þó þær séu inni í heilsugæslustöðinni heldur en í almennum praxís. Ég þyrfti því að fá aðeins betri skýringar á því hvað þarna er átt við.

Hvað það varðar að mæla árangur af slysavörnum, þá hefur það verið gert. Það sýnir sig að með átaki í slysavörnum barna höfum við náð verulegum árangri, bæði hvað varðar varnir gegn eitrunum og í almennum slysavörnum.

Hér hefur mikið verið rætt um öldrunarmálin, eðlilega, og ég vil taka það fram að á fjárlögum næsta árs verður gert verulegt átak varðandi öldrunarmálin. Í Suður-Mjóddinni verður opnað nýtt hjúkrunarheimili og er ætlað til þess fjármagn af rekstri í kringum 86 millj. kr. Það er verið að gera átak í starfsemi Landakotsspítala sem er fyrir aldraða. (Forseti hringir.) Og af því tíma mínum er lokið þá vil ég að lokum segja varðandi börn og réttindi barna að unnið er að því að byggja upp barnaspítala. Og eins og fram hefur komið erum við selja eignir þannig að við getum farið af stað með þá framkvæmd.

[18:31]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ýmislegt í máli hæstv. heilbrrh. gefur mér tilefni til stutts andsvars. Varðandi tilvísanakerfi og stefnubreytingu Alþfl. í þeim efnum langar mig til þess að upplýsa þingheim og hæstv. heilbrrh. um það að til eru margs konar stýrikerfi á heilbrigðisþjónustunni og aðgengi að henni. Sum lönd hafa farið út í það að hafa sjúkrasamlögin sem þetta stýrikerfi og það leggjum við einmitt til í Alþfl., jafnaðarmannaflokki Íslands. Við leggjum það til í þeim tilgangi að aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustunni verði gert betra og að réttur þess verði skilvirkari og við teljum að það geti einmitt náðst fram með því að hér verði innleitt á nýjan leik sjúkrasamlag sem landsmenn greiða til og njóta réttinda óháð efnahag og búsetu.

Fleiri mál væri fróðlegt að staldra við og spyrja nánar út í. Hæstv. heilbrrh. kom inn á biðlista. Við vitum að sumir þeirra hafa lengst verulega. Það hefur ekkert átak verið gert í því að stytta biðlista. Hins vegar hafa sjúkrastofnanir sjálfar, án þess að hafa fengið það neitt leiðrétt eða umbunað, reynt að gera það sem þær geta. Á biðlista eftir hjartaaðgerð eru vissulega ekki nema um 30 manns, en á hinn bóginn má ekki gleyma því að það bíða nokkur hundruð manns eftir hjartaþræðingu sem er oft aðdragandi að hjartaaðgerð. Þá hefur töluvert verið talað um hversu mikið hefur áunnist og verið nefnd Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum sem er vissulega mikill áfangi og ber að fagna því að þar réð ferðinni framsækni þeirra sérfræðinga sem þar koma að málum. Að þeirra frumkvæði og atorku reis þessi glæsilega rannsóknastofa.

[18:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur að Alþfl. hefur hopað í tilvísanamálinu og talar nú um sjúkrasamlag. Þó svo að við kæmum á sjúkrasamlagi þá kemur það ekki beint tilvísanakerfinu við þannig að ég heyri að Alþfl. er ekki lengur með tilvísanakerfið á sinni stefnuskrá. Ég sakna þess ekkert sérstaklega vegna þess að ég hef áhuga á að koma á valfrjálsu stýrikerfi.

Hvað það varðar að ekkert átak hafi verið gert í biðlistamálum þá minni ég á þær 40 milljónir sem sérstaklega voru settar í hjartaaðgerðir á Landspítalanum á sl. ári til þess að létta á biðlistunum. Og sem betur fer þurfa ekki allir sem fara í hjartaþræðingu að fara í hjartaaðgerð.

Um þá miklu framsækni sem gigtarlæknar hafa sýnt á Landspítalanum þá er það alveg rétt. En fyrir þremur árum lagði sú sem hér stendur fram þáltill. um rannsóknir á gigtarsjúkdómum sem var samþykkt hér á Alþingi og eftir henni hefur verið unnið.

Ég ætla að minna á nokkur atriði sem við höfum náð geysilegum árangri í bara á þessu ári. Við höfum enduruppbyggt gjörgæsludeild á Landspítalanum. Opnuð hefur verið ný glasafrjóvgunardeild og ný göngudeild krabbameinssjúklinga. Rannsóknastofan sem hér var áður getið. Hjartaaðgerðir barna verða fluttar heim. Þannig er ágætt að minna á það í þessari umræðu að sem betur fer erum við á réttri leið.

[18:36]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aftur að stýrikerfi í heilbrigðisþjónustunni. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. heilbrrh. sé það kunnugt að það eru margar leiðir til að stýra aðgengi og notkun landsmanna að heilbrigðiskerfinu. Eitt er tilvísanakerfið. Það er bara ein aðferð af mörgum. Alþfl. hefur sett skýra stefnu fram um það að við teljum að hag sjúklinga væri best borgið með því að koma á öflugu sjúkrasamlagi þannig að fólk geti tekið upp þann gamla hátt sem var á hér áður að greiða sín sjúkrasamlagsgjöld og hafa þar með áskilið sér rétt til þess að njóta þjónustunnar í stað þess sem nú gildir að við greiðum þessa fjármuni í skatta og sjáum aldrei hvert framlag okkar rennur. Þetta hefur ekkert að gera með að hopa eða ekki hopa. Þetta er bara ný og nánari útfærsla á sama peningi og ég vona að hæstv. heilbrrh. kunni að meta það.

[18:37]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að fara yfir ýmislegt sem fram kom í ræðu hæstv. ráðherra og ég mun gera það á eftir í síðari ræðu minni. En ég verð þó að freista þess að leggja aftur fyrir ráðherra eina spurningu sem hún svaraði ekki í von um að ég fái skýrari svör vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að fá fram afstöðu ráðherrans til þess atriðis. Það er það atriði í þessari tillögu sem segir, með leyfi forseta: „Reglur verði mótaðar og settar um hámarksbiðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu." Mér fannst ráðherrann fara úr og í og reyna að koma sér hjá því að svara þessari spurningu þannig að ég legg bara þessa einu spurningu fyrir ráðherrann í þessu andsvari.

[18:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fyrra svari mínu er nefnd í gangi sem er að skilgreina betur biðlista því að þeir eru margs konar og við getum ekki notað þá sem stjórntæki eins og við viljum geta gert. Þegar þessi nefnd hefur lokið störfum munum við taka ákvörðun um það hvernig við reynum að leysa það biðlistamál sem við viðurkennum svo sannarlega að er til staðar.

[18:39]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst svarið örlítið skýrara núna. Nefnd sem er að skoða og skilgreina biðlistana. Það er gott og vel. Ég minni á það að ég hef lagt fram beiðni um skýrslu einmitt til þess að menn geti frekar áttað sig á þeirri stöðu. Í framhaldi af því, segir ráðherrann, verður tekin ákvörðun um hvernig er hægt að taka á þessum biðlistum. Ég vil þá orða þetta svona: Nú hefur ráðherrann væntanlega kynnt sér það hvernig það er á hinum Norðurlöndunum og því spyr ég hvort ráðherrann telji að það komi til greina í framhaldi af þessari skilgreiningu að mótaðar verði reglur og settar um hámarksbiðtíma eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu.

[18:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það afar erfitt að lögfesta hámarksbiðtíma eftir aðgerðum. Þau Norðurlönd sem hafa farið út í það en þau hafa ekki öll gert það, hafa ekki getað staðið fullkomlega við það. Mér finnst aðalatriðið að þegar við setjum lög þá getum við staðið við þá lagasetningu.

[18:40]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil fara yfir í lok þessarar umræðu sem ég þakka fyrir og tel að hafi verið gagnleg. Hæstv. ráðherra sagði áðan að þessi tillaga kæmi að góðu gagni og félli vel að þeirri endurskoðun sem nú fer fram á vegum ráðherra. Ég fagna því og tel mig þá mega líta svo á að ráðherrann geti fallist á mörg þau atriði sem sett eru fram í tillögunni. En hvenær lýkur þessari endurskoðun? Það væri fróðlegt að fá það fram og gagnlegt fyrir nefndina sem fær þetta mál til umfjöllunar að vita um hvenær áformað er að þeirri endurskoðun, sem ráðherra nefndi áðan, ljúki.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með það að hæstv. ráðherra telji að sveitarfélögin séu ekki í stakk búin til þess að taka alveg yfir heilsugæsluna. Ég kýs að skilja orð ráðherrans svo að hún telji eðlilegt að heilsugæslan fari yfir til sveitarfélaganna en þau séu ekki í stakk búin til þess. Það leiðir hugann að stærra máli sem er sameining sveitarfélaga. Vafalaust eiga lítil sveitarfélög í erfiðleikum með að taka yfir heilsugæsluna en þá mætti hugsa sér að gera það í samvinnu fleiri sveitarfélaga, að það sé samvinnuverkefni. Það er ekki alltaf hægt að vísa þessu í þennan farveg vegna þess að sum sveitarfélög geta mjög auðveldlega tekið yfir heilsugæsluna, tekið yfir öldrunarþjónustuna og þá er mjög slæmt að þau þurfi að líða fyrir það að ekki gangi nægilega hratt að sameina sveitarfélögin.

Er það líka skoðun ráðherrans varðandi öldrunarþjónustuna, sem hér er lagt til, að hún verði einnig að bíða þar til sveitarfélögin hafa stækkað og eru orðin stærri einingar til að taka við þessum verkefnum? Ég er sannfærð um að það er mikill sparnaður fólginn í því að öldrunarþjónustan sé á einni hendi. Það er ekkert vit í því að heimahjúkrun sé hjá ríkinu og heimaþjónustan sé hjá sveitarfélögunum o.s.frv. Ég held að þetta leiði til mikils óhagræðis og leiði jafnvel til þess að sveitarfélögin séu kannski að bjóða öldruðum upp á úrræði sem eru þá hjá sveitarfélögunum sem þau gætu ósköp vel sinnt ef þetta væri allt á þeirra hendi og þau hefðu öll getað lagt mat á alla þá þjónustuþætti sem eru til boða fyrir aldraða. Ég held að það sé t.d. ein skýringin á því af hverju okkar heimaþjónusta og heimahjúkrun er kannski vanmegnugri heldur en víða annars staðar að þetta er með þessum hætti. Þess vegna spyr ég sérstaklega um öldrunarþjónustuna. Ráðherrann hefur svarað þessu varðandi heilsugæsluna.

Um biðlistana kom það fram áðan að erfitt sé að setja reglur um hámarksbiðtíma. Ég treysti því að ráðherrann skoði þetta ögn betur áður en endanlega verður afráðið hvað verði gert til þess að stytta þessa biðlista. Ég er ekki svo sannfærð um að það sé rétt sem hæstv. ráðherra segir, að þetta hafi gefist illa þar sem það hafi verið reynt. Við erum ekki að ræða um það að setja lög um þetta, það er bara verið að tala um að móta reglur sem vinna má eftir til þess að stytta biðlistana. Ég held að þau rök, sem t.d. eru sett fram í tillögunni fyrir því að setja slíkar reglur, séu mjög góð og gild. Það er mjög dýrt fyrir heimili sem lenda í því að framfærandi þarf að bíða í kannski eitt, tvö eða þrjú ár eftir að komast í aðgerð. Við vitum að mörg heimili eru þannig stödd að það má ekkert fjárhagslega út af bera til þess að fjármálin fari ekki úr skorðum og bara það getur stefnt heimili í gjaldþrot ef framfærandi heimilis er frá um langan tíma vegna þess að hann er að bíða eftir aðgerð. Ef við lítum bara á þátt ríkisins, hvort þetta sé yfirleitt nokkur sparnaður fyrir ríkið, þá held að það sé nokkuð ljóst að svo er ekki vegna þess að það kallar kannski á aukin lyfjaútgjöld á meðan beðið er eftir aðgerð. Aðgerðin verður hugsanlega umfangsmeiri, erfiðari og dýrari þegar að henni kemur þannig að þar er einungis verið að fresta útgjöldum sem aðgerðinni fylgja og sem jafnvel getur líka orðið dýrari ef um langa bið er að ræða. Sjúklingar þurfa ef til vill líka á vistunarplássum að halda á meðan verið er að bíða eftir aðgerð. Þegar allt þetta er talið, herra forseti, leyfi ég mér að draga í efa, ef við tölum bara um ríkið, að þessir löngu biðlistar séu nokkur sparnaður fyrir ríkið. Það gefur auga leið að þetta er mjög bagalegt fyrir heimilin í landinu. Ég vænti þess að á þessu máli verði tekið.

Ég spyr ráðherrann um biðlistana sem ég hef miklar áhyggjur af. Stjórn Ríkisspítalanna, ef ég skil málið rétt, hefur ákveðið að fara út í aðgerðir til að stytta bið eftir bæklunaraðgerðum. Fá Ríkisspítalarnir aukið viðbótarfé á þessu ári til að grynnka á biðlistum, mun þetta koma niður á annarri þjónustu eða mun þetta aðeins verða til þess að auka hallann hjá Ríkisspítölunum?

Því hefur verið haldið fram og að því ég best veit ekki verið mótmælt af hæstv. ráðherra að bara í fjárlög næsta árs eins og fjárlagafrv. lítur út núna, vanti um 1 milljarð kr. til að stóru sjúkrahúsin geti haldið uppi svipaðri þjónustu á næsta ári og þau nú gera. Þess vegna er ástæða til að spyrja um það, af því ég veit að ráðherrann lýsti sig í umræðunum sammála því sem stjórn spítalans var að gera, hvort til þess sé þá tryggt fjármagn.

Ég vil líka ræða um barnaspítalann sem ég tel mjög stórt og mikilvægt verkefni. Því var ýtt úr vör í ráðherratíð hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar. Hvers má vænta í því efni varðandi barnaspítalann? Verður tryggt fjármagn í barnaspítalann á næsta ári eða er það ef til vill á árinu 1998? Hafa verið teknar ákvarðanir sem hægt er að treysta í því sambandi? Hér er um stórt mál að ræða og ég veit að margir í heilbrigðisþjónustunni eru sammála um að þetta sé forgangsverkefni í framkvæmdum í heilbrigðisþjónustunni.

Varðandi tannlækningarnar sem ráðherrann ræddi hér um og lagt er til að verði hluti af grunnþjónustunni — ráðherrann sagðist kannski ekki ná því að þetta mundi leiða til minni útgjalda heimilanna — er lagt til í tillögunni á lið 2. g, með leyfi forseta:

„Stefna ber að því að tannheilbrigðisþjónusta verði boðin á heilsugæslustöðvum til jafns við aðra grunnheilbrigðisþjónustu...“ Hún er það ekki alls staðar og það sem er lykilatriði: „sem þar er veitt og á sömu kjörum“, eins og önnur þjónusta heilsugæslunnar.

Fyrir grunntannlæknaþjónustu yrði því bara fast gjald eins og núna er í heilsugæslunni og það yrði greitt líkt og greitt er fyrir aðra þjónustu á heilsugæslustöðvum. Það er lykilatriði í þessu.

Mér fannst ráðherrann ekki svara nægilega skýrt varðandi þá rannsóknastofnun sem hér er lögð til og vitnar í góða, merka stofnun sem er Rannsóknastofa í gigtarsjúkdómum.

En við erum í þessari tillögu að tala um öðruvísi rannsóknastofnun, þ.e. að komið verði á fót rannsóknastofnun heilbrigðismála sem á að starfa í tengslum við háskóla og aðra aðila að heilbrigðis- og faraldsfræðirannsóknum, sem og forvörnum og samræmingu þeirra sem ég tel vera lykilatriði þannig að þetta er hugsað allt öðruvísi en sú rannsóknastofa sem ráðherrann vitnaði í.

Tvö atriði fundust mér heldur ekki koma nægilega skýrt fram í máli ráðherrans, þ.e. afstöðu hennar til þess að settir verði opinberir staðlar eða viðmið um gæði heilbrigðisþjónustunnar. Ég spyr aftur um afstöðu ráðherrans til þess. Er það kannski eitt af því sem kemur inn í þessari heildarendurskoðun sem ráðherrann er að vitna í og gæti hún upplýst þingheim eitthvað nánar um það atriði sem ég tel mjög mikilvægt.

Við leggjum áherslu á nýjungar í lækningartækjum og lyfjum í þessari þáltill. Skildi ég ráðherrann rétt að ráðherrann sé sammála því að mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem hefur orðið í hátækni og nýjum lyfjum til að meðhöndla og fyrirbyggja sjúkdóma, sem leitt getur til aukinna afkasta og lækkunar kostnaðar vegna meðferðar við sjúkdómum.

Ég tal að þetta sé mjög mikilvægt og ég tel að við séum kannski á margan hátt töluvert á eftir öðrum þjóðum í endurnýjun á lækningartækjum okkar. Ég hef af því áhyggjur að ef ekki verður brugðist við og breytt um stefnu og sjúkrahúsunum gert kleift að fylgjast með þessari þróun, að það getur stefnt í óefni svo ég taki ekki fastar til orða úr þessum ræðustól þó það sé komið fram á varir mínar. Þess vegna verðum við að hafa einhverja stefnu sem hægt er að treysta og hægt er að fylgja um nýjungar í lækningartækjum og lyfjum. Mér finnst þetta það mikill liður í nýrri stefnumörkun líkt og staðlarnir, líkt og biðlistinn, að ég vil árétta það hér í lokin.

Ég vil, virðulegi forseti, bara rétt í lokin nefna, af því að mér gafst ekki tími til þess í framsögu minni, að við leggjum mjög mikla áherslu í þessari tillögu og veit ég að hæstv. ráðherra tekur undir það, á símenntun heilbrigðisstarfsfólks. Það er nauðsynlegt í nýrri stefnumörkun að leggja áherslu á símenntun heilbrigðisstarfsfólks og eflingu vísindastarfsemi og rannsókna í heilbrigðismálum. Þetta er áréttað mjög í þessari tillögu.

Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengur. Ég vil þó nefna að ég held að það sé mjög mikilvægt sem fram kemur í þessari tillögu — ég veit að hæstv. ráðherra er að vinna að því og hæstv. ráðherra hefur nefnt það þegar heilbrigðismálin ber hér á góma — og það er að ný stefnumörkun taki til skipulagsmála sjúkrahúsanna og lögð verði áhersla á og viðurkennd verði í reynd sérstaða og hlutverk aðalaðgerðahúsa landsmanna. En það er alveg ljóst að fjárveitingar hafa alls ekki tekið mið af því eða verið í samræmi við þá þjónustu sem stóru sjúkrahúsin veita eins og hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir kom inn á áðan. Það er mjög mikilvægt að hlutverk heilbrigðisstofnana verði skilgreint miklu nánar en nú er gert og það á við um þjónustusvið heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, vistunarstofnana og sérfræðinga með eigin rekstur. Þar leggjum við til að unnið verði að einföldun, samhæfingu og sameiningu einstakra rekstrarþátta og þjónustu sjúkrahúsanna. Það skulu vera mín lokaorð að ég veit að þarna fara skoðanir okkar og ráðherrans saman sem vinnur að því máli. En ég ítreka þessar grundvallarspurningar, virðulegi forseti, sem ég beindi til ráðherrans.

[18:54]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Það væri freistandi að staldra við nokkur atriði sem fram komu í máli hæstv. ráðherra áðan. Ég mun reyna að tefja þessa umræðu ekki en mig langar samt að taka á örfáum atriðum sem hæstv. ráðherra tæpti á.

Mig langar fyrst að tala um málefni geðsjúkra. Það kom fram í máli ráðherrans að verið væri að vinna að málefnum geðsjúkra. Mér leikur forvitni á að vita hvernig verið er að gera það. Því vildi ég varpa þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún telji lagalegum réttindum geðsjúkra og geðfatlaðra á Íslandi ekki nægjanlega vel borgið. Mig langar til að minna á í því samhengi að auðvitað eiga allir landsmenn jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Það á við um geðsjúka sem og aðra sjúklinga. Auk þess var árið 1992 lagalega tryggt að þeir sem voru skilgreindir geðfatlaðir fengju ótvíræðan rétt til að njóta þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra. Þá var einmitt lögð sérstök áhersla á að taka þyrfti á í þeirra málum og byggja upp félagslega þjónustu sem tæki við þegar sjúkrahúsdvöl lyki. Nú er það staðreynd að ekki hefur verið lögð nein áhersla á það í fjárlögum fyrir næsta ár að ljúka við þau áform og loforð sem þar voru gefin um að bæta hag geðfatlaðra. Því langar mig til að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort þess sé að vænta að hæstv. heilbr.- og félmrh. hyggist endurskoða fyrri áform sem endurspeglast í fjárlagagerðinni fyrir næsta ár og tryggja betur en nú lífsskilyrði geðfatlaðra. Þetta eru mjög einfaldar spurningar.

Mig langar enn fremur til að staldra við annað. Það eru stóru sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu. Legurúmum hefur stórlega fækkað á bráðadeildum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Að mati margra hefur þeim fækkað of mikið. Á bráðadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, lyflækningadeildum hefur rúmum fækkað um 37% og á handlækningadeildum fækkað um 40%. Á Ríkisspítölum hefur sama þróun átt sér stað, en þar hefur t.d. á handlækningasviði rúmum fækkað um rúmlega 25% á undanförnum árum. Þetta tengist ótvírætt umræðunni um réttindi sjúklinga og ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með að heyra að hæstv. heilbrrh. hefur ekki trú á því að það megi bæta þjónustu með lagaramma sem skilgreinir skýrt hver réttindi sjúklinga eiga að vera. Það hefur vakið áhyggjur manna að miðað við núverandi ástand og fjárskort, t.d. á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík, sé verið að bjóða hættunni heim og stefna öryggi sjúklinga í hættu. Hraði og álag hefur stöðugt aukist á starfsfólk sjúkrahúsanna og álag á hjúkrunarfræðinga á einstökum deildum er svo mikið að það jaðrar við að vera óforsvaranlegt.

Annað hlýtur að vekja okkur til umhugsunar um réttindi sjúklinga og það eru hinar margumtöluðu gangalagnir. Vegna þessa hve rúmum hefur fækkað stórlega á undanförnum árum er orðið æ algengara að bráðveikir sjúklingar þurfa að vistast á göngum sjúkrahúsanna við alls ófullnægjandi aðstæður. Ég leyfi mér að fullyrða, herra forseti, að þetta er brot á mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað og ég tel líka að við gætum með skýrum lagasetningum um réttindi sjúklinga reynt að koma í veg fyrir slíkt. Því veldur það auðvitað vonbrigðum að heyra að hæstv. heilbrrh. hefur ekki trú á því úrræði að setja lög um réttindi sjúklinga. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þar sem það hefur verið gert hefur það skilað sér í ótvíræðum árangri og bættum hag sjúklinga. Ég leyfi mér að nefna, herra forseti, þó svo að hæstv. heilbrrh. sé gengin úr sal — ég get líka beðið örlítið

eftir að hún komi aftur svo hún heyri mál mitt. Ég tel það mikilvægt.

(**Forseti** (GÁS): Forseti stoppar klukkuna.)

Herra forseti. Þá get ég haldið áfram máli mínu þar sem hæstv. heilbrrh. gengur nú á ný í salinn.

Ég vil staldra enn frekar við lagasetningu um réttindi sjúklinga og taka aftur til umræðu það frv. sem var lagt fyrir Alþingi á sl. ári. Það var vissulega unnið með þátttöku margra aðila og margir hópar sjúklinga komu að málinu einhvern veginn, en því verður ekki neitað að þetta frv. er ekkert annað en endurskilgreining á réttindum sem sjúklingar hafa notið samkvæmt öðrum lagabálkum. Í reynd er það mat margra að jafnvel skerði frv. ef eitthvað er réttindi sjúklinga til að njóta þjónustu á heilbrigðisstofnunum. Ég vil því endurtaka spurningu mína til hæstv. ráðherra, hvort við megum vænta þess að þetta frv. komi aftur til meðferðar í Alþingi í vetur og þá undir breyttum formerkjum og með styrkari réttarstoðum sjúklinga en var í fyrrnefndu frv.

Herra forseti. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við förum að marka heildarstefnu í heilbrigðismálum og að það verði gert þannig að full sátt verði um það verk milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á það hefur skort fram að þessu að það ríki full pólitísk sátt og samráð við alla hlutaðeigandi aðila um það hvernig þetta mál verður unnið. Hér er lagt til að unnið verði að merkri stefnumótun og ég vona að hæstv. heilbrrh. taki því vel og láti þessa þáltill. fá viðeigandi meðferð. Ég held að það væri farsælla í stað þess að færa víðtækt vald til heilbrrh. með bandorminum svokallaða þannig að það yrði algerlega háð geðþótta hæstv. ráðherra hvernig á málum verður haldið án nokkurs samráðs við þá sem hlut eiga að máli.

[19:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég ítreka að ég tel rétt að þessi tillaga fari til umfjöllunar í nefnd sem er að fjalla um heilbrigðisáætlun. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði að því hvenær sú nefnd ætti að ljúka störfum. Gert er ráð fyrir því að hún ljúki störfum fyrri part næsta árs.

Það var rætt um öldrunarþjónustu og að rétt væri að hún væri á einni hendi, þ.e. það sé ekki gott að heimaþjónusta sé ekki á sömu hendi og heimahjúkrun og ég er alveg sammála því. En hv. þm. sem var ráðherra félagsmála kom þessu ekki undir einn hatt og ég hef heldur ekki enn þá komið þessu undir einn hatt. Við erum þó sammála um að það er rétt að reyna það því að það er miklu hagkvæmara og býður upp á miklu samfelldari þjónustu.

Varðandi það hvort sveitarfélögin eigi að taka öldrunarþjónustuna á sínar herðar, þá er staða sveitarfélaganna mjög mismunandi til að gera það. Mér finnst mjög athugandi að eftir þá reynslu sem kemur út úr þeim tveim reynslusveitarfélögum sem eru með öldrunarþjónustu og heilsugæslu, þ.e. Akureyri og Höfn í Hornafirði, þá munum við skoða mjög alvarlega hvort það sé rétt leið.

Áðan var minnst á nefnd um stefnumótun um málefni geðsjúkra og var samþykkt 10. október að fara af stað með stefnumótun. Ég tel að það vanti vissa samhæfingu í málum geðsjúkra hér á landi og þess vegna ákvað ég að hleypa af stokkunum þessu nefndarstarfi sem bæði sjúklingasamtökin koma að og sérfræðingar. Ég tel að geðsjúkdómar séu allra erfiðustu súkdómar sem menn glíma við, bæði aðstandendur og sá er þolir þennan erfiða sjúkdóm.

Um það hvort eitthvert sérstakt fjármagn sé eyrnamerkt vegna þessa nefndarstarfs, þá er svo ekki í fjárlögum, ekkert sérstakt eyrnamerkt framlag. En við höfum opin augun fyrir því að komi fram eitthvað í þessari stefnumótun um þjónustuna sem við teljum brýnt að bæta, þá verður það sérstaklega tekið fyrir. Og ég vil benda á að einmitt nú um þessar mundir stendur Geðhjálp fyrir námskeiði fyrir aðstandendur geðsjúkra sem heilbrrn. styrkir.

Þá eru það málefni Barnaspítala Hringsins. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. að meðan sá sem situr nú í forsetastól, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson og hæstv. forseti, sat í stóli heilbrrh. sýndi hann mikinn áhuga á uppbyggingu Barnaspítala Hringsins. En framkvæmdum var ekki hrint af stað vegna þess að ekki var fjármagn fyrir hendi. Þess vegna höfum við unnið að því að selja eignir til þess að geta komið þessum framkvæmdum af stað og um leið og við komum þeim af stað, verða næstu skref ákveðin hvenær við ljúkum þessum framkvæmdum.

Hér hefur verið talað um réttindi sjúklinga og hér hefur verið talað um að það ætti að vera skýr lagarammi um hvaðeina. Ég tel að lög eigi að vera skýr. En þau eiga að vera þannig að við getum staðið við þau og undir þeim væntingum sem lögin setja. Ég tel óraunhæft að festa í lög hve biðtími eftir aðgerðum eigi að vera langur. Þetta eru mismunandi áríðandi aðgerðir og ég veit að það er róið að því öllum árum inni á stóru sjúkrahúsunum sem gera þessar aðgerðir að hafa biðtímann sem allra stystan. Kem ég þá að fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur varðandi þann flýti sem á að gera varðandi beinaaðgerðir og hvort til þess komi aukaframlag úr ríkissjóði. Þá minni ég enn og aftur á þann hálfa milljarð sem sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu fengu sem aukaframlag núna um mánaðamótin ágúst/september.

Um menntun heilbrigðisstarfsmanna á Íslandi, fullyrði ég að við erum með best menntaða starfsfólk í heilbrigðisþjónustu jafnvel í heimi. Það er fyrst og fremst vegna þess að hér hafa menn menntað sig víða í heiminum og fróðleikur kemur víða utan úr heimi á einn stað og hér er mikil símenntun. Bæði læknar og hjúkrunarfræðingar fá til þess sérstakan styrk að endurmennta sig og fleiri heilbrigðisstarfsmenn þannig að ég tel að menntun starfsmanna í heilbrigðisþjónustunni sé með því besta sem gerist í heiminum.

[19:09]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fékk ekki alls kostar svar við spurningu minni til hæstv. heilbrrh. um málefni geðfatlaðra og geðsjúkra. Árið 1992 voru geðfötluðum tryggð lagaleg réttindi samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og lögð áhersla á að það þyrfti að samræma þjónustu við þá og byggja sérstaklega upp félagslega þjónustu. Lokanir geðdeilda hafa verið þessum sjúklingahópi þungbærar eins og öðrum sjúklingahópum en það er ekki síst vandamál að félagslega kerfið er ekki í stakk búið til að taka á móti þeim að lokinni sjúkrahúsdvöl. Það voru miklar væntingar bundnar við að átak sem lög um málefni fatlaðra boðuðu fyrir geðfatlaða mundi skila einmitt þessum árangri. Ég spurði ákveðinnar spurningar um það hvort einhver áform væru um það í ríkisstjórninni að uppfylla þær lagaskyldur sem eru samkvæmt lögum um málefni fatlaðra um að þessu átaksverkefni verði lokið. Ég er ekki viss um það, með allri virðingu fyrir nefndarskipan hæstv. heilbrrh., að sú nefnd muni koma með raunhæfar úrbætur fyrir geðfatlaða á skömmum tíma. Lagaleg réttindi

þeirra eru mjög skýr. Það eina sem vantar er að þau verði uppfyllt.

[19:11]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málefni fatlaðra eru ekki á verksviði heilbrrh. heldur hæstv. félmrh. en það breytir því ekki að mikilvægt er að uppfylla lagaramma og komum við þá aftur að því að við eigum ekki að setja okkur þannig lög að við stöndum ekki við þau. Það er unnið að því og í öllum meginatriðum er lögum um málefni geðfatlaðra fullnægt. En á því eru hnökrar sem þeir sem um þessi mál fjalla hafa bent mér sérstaklega á. Það er einmitt þessi nefnd sem mun taka saman þá hnökra sem á málaflokknum eru og við munum reyna að hnýta þá enda saman sem lausir eru og samhæfa betur en gert er nú. Ég bind miklar vonir við þessa nefnd og það gera þeir sem vinna að þessum málum.

[19:12]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. komst svo sannarlega að kjarna málsins í þessu stutta andsvari sínu, þ.e. að málefni geðfatlaðra og geðsjúkra heyra undir tvö ráðuneyti. Og það er alveg nauðsynlegt að þessi tvö ráðuneyti tali a.m.k. saman um málefni þessa hóps sem hefur mjög viðkvæma stöðu í þjóðfélaginu. Þess vegna var mín spurning til hæstv. heilbrrh. hvort þess væri að vænta að þessi tvö ráðuneyti reyndu að vinna saman að nauðsynlegum lausnum.

[19:12]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi tvö ráðuneyti vinna saman að málefnum þessa hóps og trúlega betur en áður var.

[19:13]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að ég er þrívegis búin að reyna að fá fram afstöðu ráðherrans til tveggja atriða í þessari tillögu sem hér er til umræðu, en það gengur ekki. Ég hlýt að gera núna úrslitatilraun til þess að fá fram skoðanir ráðherrans í fyrsta lagi á því hvort hún telji að setja eigi samræmda opinbera staðla um gæði í heilbrigðisþjónustunni og í öðru lagi á því að mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum. Mér finnst ráðherrann ekki hafa svarað þessu þannig að viðunandi sé.

Ég kem aðallega upp til að spyrjast nánar fyrir um áform ráðherrans um barnaspítalann. Mér finnst ekki hægt að ljúka þessari umræðu um heilbrigðismálin þar sem allir eru sammála um að barnaspítalinn sé stærsta framkvæmdin sem eigi að ráðast í á næstunni, án þess að ráðherrann svari því nánar en hún hefur gert. Það er ekki hægt að segja að þetta sé trúverðugt, herra forseti, nema ráðherrann svari því hvernig hún ætlar að tryggja sér heimild á fjárlögum til þess að ráðherrann geti staðið við sín áform. Ráðherrann ræðir um að selja eignir til að fá fjármagn í barnaspítalann. En þarf ráðherrann þá ekki heimild, a.m.k. í 6. gr. fjárlaga — nú er tækifærið, núna við afgreiðslu fjárlaga, ef áform ráðherrans eiga að ganga eftir á næsta ári — og líka að tryggja sér að fjármagn fari þá í það með sölu á þessu landi? Ráðherrann tryggir það væntanlega með því að nýta tækifærið nú við afgreiðslu fjárlaga. Annars er ráðherrann bara ekki marktækur í þessu efni. Þess vegna verða það mín lokaorð hér, herra forseti, að reyna að spyrja ráðherrann frekar um þessi áform varðandi barnaspítalann. Og ég er að tala um fjármögnunina, herra forseti, til þess að við getum metið hvort ráðherrann er trúverðugur í sínum málflutningi eða hvort hann sé einungis að gefa væntingar út í þjóðfélagið sem svo verður ekki staðið við.

[19:15]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er oft búin að svara hv. þm. hér í kvöld, (Gripið fram í.) byrjaði á því í dag og ég svaraði hv. þm. mjög skýrt og get áfram haldið við það sama starf að svara henni skýrt. En ég mun aldrei gera hv. þm. ánægðan því það er ekki hægt. Ég held að það hafi engum tekist.

Hv. þm. var að tala um samræmda stefnu í tækjakaupum. Ég hef margsinnis sagt að mikilvægt er að samræma rekstur sjúkrahúsanna í landinu, í þessu litla landi, einmitt til að ná utan um þessa hátækni og það gerist af sjálfu sér um leið og við erum búin að samhæfa starfsemi sjúkrahúsanna.

Hvað varðar gæðastaðla og annað í þá veru sem hv. þm. hefur þráfaldlega spurt um hvort ég sé sammála vil ég segja að ég ætla að kynna mér betur hvað að baki býr, enda finnst mér að hv. þm. hafi ekki almennilega getað skýrt hvað hún átti við. Og þó að maður lesi þetta fram og til baka þá er bara ekki nógu skýrt kveðið á um þetta þannig að ég get ekki svarað því sem er ekki skýrt í þáltill. frá hv. þm.

Um Barnaspítala Hringsins ætla ég ekki að hafa fleiri orð. Ég mun láta verkin tala þar. En um þau mál hefur í mörg ár verið mikið talað hér í þinginu án þess að framkvæma og það verða mín síðustu orð við þessa umræðu.

[19:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra segir að hún muni láta verkin tala varðandi barnaspítalann. En ég spyr ráðherrann: Telur ráðherrann sig ekki þurfa atbeina Alþingis til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir við barnaspítalann á næsta ári? Ég held að atbeina fjárveitingavaldsins hljóti að þurfa til þess að ráðherranum sé það kleift. Við erum að sigla inn í 2. umr. fjárlaga. Ég hef ekki séð að gert sé ráð fyrir þessu í fjárlögum eða í heimildargreinum um 6. gr. Og þá spyr ég: Telur ráðherrann að fjármögnunin sé tryggð í 6. gr.? Mér finnst þetta þurfa að vera skýrt, hæstv. ráðherra, og mér finnst alveg óþarfi, herra forseti, af hæstv. ráðherra að vera með útúrsnúning þegar til hennar er beint eðlilegum spurningum, t.d. varðandi gæðastjórnunina sem ég er alveg hissa á að ráðherrann hafi ekki áttað sig á hvað er mikilvæg. Mér finnst þetta mjög ítarlega skýrt í þessari tillögu ef ráðherrann hefur lesið þetta. Þetta er eitt af þeim mikilvægustu tækjum sem við höfum til þess að tryggja hér góða heilbrigðisþjónustu.

Varðandi nýjungar í lækningatækjum og lyfjum, þá er ekki alltaf hægt að vísa til þess — sem mér finnst ráðherrann gera allt of mikið af, alveg sama hvað um er spurt — að þetta komi þegar búið sé að samhæfa rekstur sjúkrahúsanna. Það er ekki hægt að sleppa svona einfaldlega frá því að svara skýrum spurningum sem til hennar er beint. Það er brýnt að móta samræmda stefnu varðandi kaup á dýrum lækningatækjum og lyfjum óháð því hvernig til tekst með samhæfingu á rekstri.

Ég geri ekki fleiri tilraunir til að spyrja ráðherrann, herra forseti, nema varðandi barnaspítalann. Telur ráðherrann að svo sé frá málum gengið í fjárlagafrv. nú að ráðherranum sé gefið grænt ljós á fjármögnun á barnaspítala á næsta ári? Ég ítreka spurningu mína, herra forseti. Og ég verð að segja það

að ef ráðherrann ætlar bara að sitja fast í sínu sæti og svara ekki þeirri lokaspurningu, þá finnst mér það dónaskapur af hæstv. ráðherra.

[19:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nú búin að ákveða að taka ekki aftur til máls, en ég vil alls ekki vera dónaleg við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég ber mikla virðingu fyrir henni sem þingmanni og fyrrum ráðherra. Af því að henni finnst ekki nægilega skýrt það sem stendur í 6. gr., að heimilt sé að selja eignir, þá þarf að sjálfsögðu að koma ... (Gripið fram í.) Ég má tala núna, hv. þm. Þú ert búin að tala nóg í bili að mínu mati. — Það þarf að koma til í leiðinni í þessari 6. gr. heimild til að nýta söluna til framkvæmda. Það sjá allir. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður aldraðra, fyrri umr.

Þáltill. GHall, 177. mál. — Þskj. 196.

[19:21]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 196 hef ég lagt fram svohljóðandi till. til þál. um umboðsmann aldraðra:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna forsendur fyrir stofnun embættis umboðsmanns aldraðra sem sinni gæslu hagsmuna og réttinda aldraðra.“

Í greinargerð kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Með hliðsjón af þeim staðreyndum að Íslendingar verða elstir allra þjóða, að 26.300 Íslendingar eru 67 ára og eldri (31. desember 1995) og að hlutfall aldraðra af heildaríbúafjölda fer vaxandi er mikil nauðsyn á að stjórnvöld taki tillit til hagsmuna aldraðra þegar teknar eru ákvarðanir sem þá varða.

Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Því er nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra. Í auknum mæli eru byggðar fyrir aldraða sérstakar íbúðir sem verða að fullnægja ákveðnum skilyrðum. Á því hefur því miður orðið misbrestur þótt löggjafinn hafi reynt að hafa þar nokkur áhrif á.

Fjöldi aldraðra á lögheimili sitt á dvalar- og hjúkrunarheimilum þar sem félagsleg og persónuleg vandamál geta skapast, jafnvel deilumál milli nánustu ættingja um fjármál og eignir. Oft þurfa forstöðumenn og starfsfólk að blanda sér í slík mál til að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna og því væri augljóslega léttir fyrir þá að geta vísað þeim til umboðsmanns.

Umboðsmanni aldraðra væri ætlað að vinna að málum sem snerta sérstaklega hagsmuni aldraðra, fylgjast með því að stjórnvöld og einkaaðilar tækju fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna aldraðra og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur í málum er snerta hag aldraðra á öllum sviðum samfélagsins.

Einnig væri umboðsmanni aldraðra ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra og stuðla að úrbótum á réttarreglum og stjórnsýslufyrirmælum er snerta aldraða.“

Virðulegi forseti. Ég legg til að þáltill. verði að lokinni umræðu vísað til síðari umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 19:23.

---

33. FUNDUR

þriðjudaginn 3. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sóttvarnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 213. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Stefnumörkun í heilbrigðismálum, þáltill., 114. mál, þskj. 122. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Umboðsmaður aldraðra, þáltill., 177. mál, þskj. 196. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 201. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Lögskráning sjómanna, 203. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 229.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í dag fara fram tvær umræður utan dagskrár. Hin fyrri er um niðurstöður alþjóðlegar könnunar um raungreinamenntun íslenskra skólabarna. Málshefjandi er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson og hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Hin síðari er um skýrslu námsmanna um Lánasjóð ísl. námsmanna. Málshefjandi er hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og hæstv. menntmrh. verður til andsvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Alþjóðadagur fatlaðra.

[13:32]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins í tilefni af því að í dag er um allan heim þess minnst að 3. des. er alþjóðadagur fatlaðra. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna árið 1992 var helgað fötluðum um allan heim og þar var samþykkt að 3. des. ár hvert skyldi helgaður þessu málefni. Þar voru einnig kynntar grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna þar sem aðaláherslan er lögð á jafnrétti fatlaðra, jöfn lífsskilyrði og jafna þátttöku á öllum stigum þjóðlífsins. Þessar grundvallarreglur voru síðan samþykktar í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna árið 1993 og eru bundnar vonir við að þær verði undanfari alþjóðalaga um málefni fatlaðra á svipaðan hátt og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er.

Hagsmunasamtök fatlaðra um allan heim líta á þær sem mikilvægt baráttutæki. Það styrkir einnig stöðu fatlaðra að sérstakur umboðsmaður þeirra var skipaður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í því skyni að kanna aðbúnað þeirra og koma með tillögur um með hvaða hætti megi bæta lífskjör fatlaðra um allan heim. Um grundvallarreglur Sameinuðu þjóðanna var fjallað á sérstakri og fjölmennri ráðstefnu um málefni fatlaðra sem haldin var af Sameinuðu þjóðunum, íslenskum stjórnvöldum og hagsmunasamtökum fatlaðra á Íslandi í júní 1994.

Herra forseti. Sameinuðu þjóðirnar hafa beint þeim tilmælum til þjóðþinga aðildarríkja sinna að þau taki málefni fatlaðra til umræðu og skoðunar á þessum degi ár hvert þannig að hægt sé að meta stöðuna og leggja fram raunhæfar áætlanir til að jafna stöðu þessa fjölmenna þjóðfélagshóps. Kjörorð Sameinuðu þjóðanna er eitt samfélag fyrir alla. Hvatt er til þess að aðildarríki vinni að því að gera samfélagið sem aðgengilegast fyrir alla og stefnt að því að koma á samfélagi sem er laust við mismunun og fordóma. Hagsmunasamtök hafa beint því til hæstv. félmrh. að hann gefi Alþingi skýrslu um stöðu málaflokksins sem og áform ríkisstjórnarinnar til úrbóta í málefnum fatlaðra. Þótt ekki hafi tekist að verða við þessari ósk í dag er mikilvægt að kalla eftir umræðu um þessi mikilvægu mál hér á Alþingi og hvetja hæstv. ráðherra og alþingismenn til að gefa þessum málum enn frekari gaum með ítarlegri umfjöllun síðar í þessari viku.

[13:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. 9. þm. Reykv. Ég tel eðlilegt að á þessum degi fari fram umræða um málefni fatlaðra og ég tel að við eigum að halda þannig á málum á næstu þingum að það verði með þeim hætti. Það er sérstaklega brýnt líka að taka umræðulotu á málefnum fatlaðra núna eins og hagar til í þeim málaflokki sem er vægast sagt mjög umdeildur eins og staðan er um þessar mundir og ætla ég ekki að fara út í að hér í umræðum um störf þingsins. Ég vil þess vegna taka undir þá ósk sem fram kom hjá hv. þm. um að fram fari umræða um málefni fatlaðra utan dagskrár sem fyrst og helst í þessari viku. Þá er ég að tala um umræðu sem yrði í tvo tíma eða svo þannig að það gæfist kostur á því að fara dálítið rækilega yfir málaflokkinn jafnframt því sem menn hljóta að ræða þessi mál ef frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra kemur hingað inn einhvern tíma á næstunni. Mitt erindi í ræðustólinn var því að taka undir óskir hv. þm. og undirstrika það að ég tel að það sé brýnna nú en það hefur lengi áður verið að ræða um málefni fatlaðra í þessari virðulegu stofnun.

[13:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að vekja athygli á því að í dag er dagur fatlaðra og að þeim tilmælum hefur verið beint til þjóðþinga að ræða málefni þess hóps sem er afar stór og fjölbreyttur. Mér finnst leitt að við skyldum ekki vera meira vakandi yfir þessu en raun ber vitni en við bætum vonandi úr því fljótlega með umræðu.

Mig langar til að minnast á það í þessu samhengi að kannanir á Norðurlöndum hafa sýnt að þeir hópar sem einna helst verða út undan í samfélaginu, hvort sem litið er á menntakerfið, atvinnulífið eða heilbrigðiskerfið, eru aldraðir, fatlaðir og geðsjúkir sem eru greindir þannig í sundur og ég efast ekki um að það sama gildir hér. Það er af nógu að taka og því vil ég taka undir þá ósk að við finnum tíma fyrir umræðu um málefni fatlaðra en jafnframt væri eðlilegt að árlega yrði lögð fram skýrsla um málefni fatlaðra, en ég hygg að síðasta skýrslan hafi komið fram á síðasta vetri.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er ánægja að greina frá því að í morgun var samþykkt í ríkisstjórninni að senda til stjórnarflokkanna frv. um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þetta frv. kemur vonandi til umræðu alveg á næstu dögum og þá gefst út af fyrir sig gott tækifæri til þess að ræða þennan málaflokk. Ég er hins vegar ekkert að færast undan því að ræða þetta utan dagskrár eða efna til umræðu um málið ef hæstv. forseta býður svo við að horfa að það passi inn í dagskrá þingsins sem á þessum tíma eins og menn vita er mjög þétt sett. En ég tel að ástæða sé til að ræða þessi mál og í þessu frv. um málefni fatlaðra er mörkuð sú stefna að málaflokkurinn færist yfir til sveitarfélaganna 1. janúar 1999. Að vísu þarf að undirbúa það mjög vel og ýmislegt að gera áður en af því getur orðið því að ekki taka sveitarfélögin við málaflokknum öðruvísi heldur en samkvæmt samningum og við þurfum að gera ýmislegt áður en af því verður, m.a. að fella saman lögin um málefni fatlaðra og lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Verið er að leggja lokahönd á úttekt á málefnum fatlaðra, stöðu málanna hér í Reykjavík og ég vonast eftir að sú skýrsla liggi fyrir áður en þessi umræða færi fram á Alþingi því að á skýrslunni er mikið að græða. Þetta er vönduð úttekt og hugmyndin er að reyna að gera svona úttekt í öðrum kjördæmum landsins á næsta ári þannig að málið liggi ljósar fyrir.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að vitna til framkvæmdastjóra Öryrkjabandalagsins, Ólafar Ríkharðsdóttur, sem lýsti því yfir í gær að Norðurlöndin væru í fararbroddi í þessum málaflokki. Íslendingar voru að taka við verðlaunum úti í Brussel í gær. Lundarskóli á Akureyri fékk gullverðlaun og silfur kom í hlut Hamrahlíðarskóla.

[13:40]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti er reiðubúinn, í samráði við þingflokksformenn og hæstv. ráðherra, að finna tíma síðar fyrir frekari umræðu um þetta mál.

Umræður utan dagskrár.

Niðurstöður alþjóðlegrar könnunar um raungreinamenntun íslenskra skólabarna.

[13:42]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Íslensk þjóð situr nú hnípin þegar hún gerir sér grein fyrir niðurstöðum alþjóðlegrar könnunar á menntun skólabarna í raungreinum. Sú nöturlega staðreynd blasir við að við erum ekki meðal þeirra fremstu, við erum ekki í góðu meðallagi heldur höfum við hlotið lélega einkunn. Í þeirri kappgöngu þjóðanna til bættrar menntunar erum við aftarlega í lestinni. Þeir sem hafa forustu voru komnir á fætur löngu fyrir dagrenningu og við sjáum ekki einu sinni til þeirra fyrir ofan okkur í brekkunni því að þeir eru horfnir yfir brekkubrún. Við Íslendingar höfum vaknað um miðjan dag og erum á náttfötunum. En við erum ekki í slæmum félagsskap. Við erum meðal frænda. Við erum meðal norrænu frændþjóðanna. En höfum við e.t.v., ættarlaukarnir sjálfir, Íslendingar, valið okkur rangan hóp til þess að miða við? Norðurlöndin eru e.t.v. ekki í þeirri forustu sem við héldum að þau væru.

Þessar niðurstöður eru afrakstur vandaðrar könnunar Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála en forstöðumaður hennar, Þórólfur Þórlindsson prófessor, barðist lengi fyrir því að fá könnunina gerða og hélt henni gangandi í tvö ár án þess að fjármagn fengist til hennar. Það reyndi hann þó m.a. með því að knýja dyra hér hjá hv. þingmönnum án þess að þar væri upp lokið og sýnir það nokkuð um viðhorf manna til rannsókna í menntamálum. Það er þá ekki fyrr en núverandi forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, tók af skarið og veitti fé til könnunarinnar, en hann var þá menntmrh., þrátt fyrir að þá væru margir sem drægju kjarkinn úr mönnum hvað þetta varðaði. Hæstv. menntmrh. Björn Bjarnason hefur ötullega haldið þessu starfi áfram.

Ég ætla ekki að rekja hér talnalega niðurstöðu könnunarinnar, þær eru flestum kunnar. En ég ætla að draga af könnuninni nokkrar almennar ályktanir.

Meginniðurstaðan hlýtur að vera sú að það menntakerfi sem við höfum búið til og sú menntastefna hefur ekki skilað árangri í raungreinakennslu. Eftir þessu kerfi hafa kennarar, nemendur, foreldrar og allt skólastarf orðið að sveigja sig en þegar horft er til einstakra atriða blasir við að kjör raungreinakennara eru með þeim hætti að þangað sækir ekki hæfasta fólkið. Það fer annað þar sem kjörin eru betri. Einn af reyndustu og bestu skólastjórum Reykjavíkur sagði mér að á 27 ára starfsferli sínum hefði það aðeins verið í tvö ár, þegar atvinnuástand var hvað verst í þjóðfélaginu, að hægt væri að segja að aðsókn að starfi í raungreinum væri viðunandi. Kennsluefni er gamalt, sumt úrelt, kennslustofur eru ekki sniðnar að raungreinum. En þessir efnislegu þættir eru ekki afgerandi. Það er hins vegar sá andi sem kemur fram í skólastefnunni og það er hann sem ræður úrslitum. Og hver er sá andi? Hann lýsir sér í skorti á aga, skorti á metnaði og skýrum markmiðum, skorti á hvatningu og eðlilegum kröfum til nemenda. En þó er ótalinn sá þátturinn sem mestu ræður. Það er stefna meðalmennskunnar, meðalmennskukerfi þar sem öllum nemendum hefur verið blandað saman, enginn hefur mátt skara fram úr, enginn hefur heldur mátt sitja eftir. Allir skulu ganga jafnhratt og ekki má blaka við óróaseggjum í skólakerfinu.

Grunninn að þessu kerfi er að sjálfsögu allvíða að finna. En hvergi er forskriftin jafnátakanlega skrifuð og í aðalnámskrá frá árinu 1989, í tíð þáv. menntmrh., hv. þm. Svavars Gestssonar, en þar segir í aðalnámskrá, með leyfi forseta: „Æskilegt er að ólíkir nemendur séu saman í bekkjardeildum. Því ber að forðast einhæfa röðun í bekki eða hópa til lengri tíma, t.d. út frá getu, hæfileikum eða kynferði.“ Ég fagna því að hæstv. menntmrh., Björn Bjarnason, hefur byrjað endurskoðun á þessari úreltu námskrá úr fortíð hv. þm. Svavars Gestssonar.

En, virðulegi forseti, hvað er nú til ráða? Sterk viðbrögð meðal þjóðarinnar lýsa sér í miklum vonbrigðum og ráðleysi. Við slíkar aðstæður er brýnast að til skjalanna komi skjót og örugg forusta. Við sem hér sitjum eigum ekki að leita að þeirri forustu eða því frumkvæði annars staðar en í þessum þingsal. Alþingismenn, ríkisstjórn og menntmrh. eiga nú að láta frá sér fara skýra og afdráttarlausa afstöðu og aðgerðir. Ef slík afstaða og viðbrögð koma ekki héðan úr þessum þingsal munu margir telja að þar sannist enn einu sinni að ekki sé mark takandi á orðum stjórnmálamanna, þar séu aðeins innantóm orð og fleipur eitt.

Ég veit að hæstv. menntmrh. mun taka duglega til hendinni við endurmat og bætta menntun í raungreinum. Hann getur treyst stuðningi mínum til þess verks.

Virðulegi forseti. Eins og það er ljóst að við höfum setið eftir þá er það ljóst að Íslendingar munu ekki sætta sig við þá stöðu. Við skulum ferðbúast að nýju. Árangurinn mun ekki skila sér strax. Og jafnvel þegar við erum komin upp á brekkubrúnina og brekkan er að baki, þá skulum minnast þess að fjallið sjálft er fram undan. Við munum enga skyndisigra vinna en ef við náum upp góðum hraða munum við ná þeim fljótt sem lengst eru komnir.

[13:48]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að það margir hv. þm. eru á mælendaskrá að gæta verður tímamarka. Til þess að allir megi komast að verður ekki hægt að leyfa nema eina ræðu fyrir hvern þingmann, tvær mínútur.

[13:48]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir að hefja þessa umræðu um stöðu íslenska skólakerfisins. Á undanförnum árum hefur verið lögð áhersla á að Íslendingar taki í auknum mæli þátt í alþjóðlegum rannsóknum á árangri nemenda. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur haft veg og vanda af slíkum rannsóknum hér á landi. Nýlega gerði stofnunin opinberar niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar svonefndu sem er fjölþjóðleg rannsókn á námsárangri nemenda í stærðfræði og náttúrufræðigreinum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar eru áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga þar sem árangur nemenda hér á landi var ófullnægjandi. Líta ber á niðurstöðurnar af mikilli alvöru, finna skýringar og bregðast rétt við. Gerðar hafa verið fleiri fjölþjóðlegar samanburðarrannsóknir sem Íslendingar hafa tekið þátt í, m.a. tókum við þátt í alþjóðlegri rannsókn á læsi árið 1991. Athugaður var meðalárangur 9 ára og 14 ára barna. Niðurstöðurnar voru þær að íslensk 9 ára börn voru í 8. sæti meðal barna í 27 löndum en 14 ára börn voru í 6. sæti meðal barna í 32 löndum. Af því sjáum við að íslensk börn standa sig vel í læsi og mun betur en í stærðfræði og náttúrugreinum. Því er alls ekki hægt að draga þá ályktun að TIMSS-rannsóknin sýni að íslenskir nemendur standi sig jafnilla í öllum greinum og stærðfræði og náttúruvísindum.

Því miður eru ekki til nægilega viðamiklar upplýsingar um stöðu íslenskra nemenda til að hægt sé að fullyrða um árangur þeirra á öllum sviðum. Því er ekki hægt að svara þeirri spurningu hvort staðan á öðrum sviðum sé líkari lestrargetunni en náttúrufræðigetunni. Þó má telja að staðan í skólakerfinu almennt sé líkari niðurstöðu TIMSS-rannsóknarinnar. Sú ályktun er m.a. dregin af því að engin námsgrein hér á landi hefur haft jafntraustar stoðir og lestrarkennslan.

Mikilvægt er að Íslendingar taki þátt í fleiri alþjóðlegum samanburðarrannsóknum. Á vegum alþjóðlegra samtaka rannsóknastofnana á sviði uppeldis- og menntamála er t.d. fyrirhuguð rannsókn á notkun upplýsingatækni í skólum hjá ólíkum þjóðum. Það er einn af þeim málaflokkum þar sem við einsetjum okkur að standa vel að vígi og því er mikilvægt að við fylgjumst vel með framgangi mála á því sviði.

Ljóst er að kannanir og mat skipta litlu máli ef ekki fylgja leiðir til úrbóta. Á þessu stigi er of fljótt að slá því föstu til hvaða aðgerða þarf að grípa til að bæta stærðfræði- og raungreinaþekkingu íslenskra nemenda. Eftirtalin atriði eru þó meðal þeirra sem nefnd hafa verið sem dæmi um það sem þarf að bæta:

Skoða inntak kennaramenntunar.

Athuga hvort aðstæður hér á landi séu hvetjandi eða letjandi fyrir fagmennsku í störfum kennara.

Lögverndun kennarastarfsins verði sveigjanlegri en nú.

Námsaðgreining verði ríkari, t.d. með auknu vali nemenda þar sem tekið er tillit til getu.

Fyrirkomulag námsbókaútgáfu verði endurmetið.

Þessi atriði og fleiri hafa verið nefnd um úrbætur en ég tel ekki tímabært að tekin verði endanleg afstaða til þeirra. TIMSS-gögnin undirstrika að það eru engin einföld svör þegar t.d. er spurt: Hvernig geta skólar bætt námsárangur nemenda?

Það er ekki fylgni á milli bekkjarstærðar og árangurs svo dæmi sé tekið. Ekki kemur heldur fram skýrt samband eða mynstur í tengslum á milli þess tíma sem varið er til kennslu námsgreina og námsárangurs. Mín niðurstaða er fyrst og fremst sú að áður en endanlegar ályktanir verði dregnar þurfi að greina TIMSS-gögnin betur þannig að þau geti vísað okkur veginn. Í þeim er að finna mun meira af upplýsingum en nú hafa verið gerðar opinberar. Að sögn forsvarsmanna hjá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ætti slík greining að geta legið fyrir innan hálfs árs eða níu mánaða ef vel gengur.

Við sitjum þó ekki auðum höndum. Nú þegar er hafin vinna að því á vegum menntmrn. á mörgum sviðum sem eiga að styrkja stöðu íslenskra nemenda. Í fyrsta lagi er hafin endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla en gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki sumarið 1998. Í öðru lagi hafa verið stigin fyrstu skrefin til aukins samræmds námsmats hér á landi. Samræmd könnunarpróf hafa verið tekin upp í 4. og 7. bekk og í nýjum framhaldsskólalögum er kveðið á um samræmd stúdentspróf. Ef þessi vinna hefði ekki verið hafin hefðu niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar kallað á að það gerðist sem fyrst.

Því miður getum við ekki fært íslenska skólakerfið til betri vegar á einni nóttu. Það getur tekið okkur mörg ár að bæta námið þannig að viðunandi sé. Sú staðreynd á þó ekki að draga úr okkur kjark heldur hleypa í okkur krafti til þess að við getum státað okkur af betri niðurstöðum í næstu TIMSS-rannsókn sem ætlunin er að gera eftir fimm eða sex ár. Það verður enn verra fyrir okkur að sitja þá á sama stað eftir að hafa fengið tækifæri til að bæta okkur.

[13:54]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Umræðan í þjóðfélaginu síðustu vikuna sýnir að sú könnun sem hér er til umræðu er stórmál í augum þjóðarinnar. En því miður reyndist ekki unnt að ræða hana hér í þingsölum fyrr en nú. Það er mjög miður svo og það að umræðunni eru skammtaðar 30 mínútur eða tvær mínútur á mann í stað þess að orðið væri við beiðni minni um tveggja tíma umræðu.

Það gefst ekki tími til þess að fara ofan í hvað er athyglisverðast við niðurstöðurnar en þar vil ég ekki síst benda á með hvaða löndum við lendum í þessum neðstu sætum og þar á ég við hin Norðurlöndin, Bandaríkin og lönd Suður-Evrópu. Hvaða lönd skipa sér í fremstu röð og ekki síst það hvað það eru hlutfallslega fá börn á Íslandi sem fá efstu einkunnir. Það er mjög umhugsunarvert. Þá finnst mér einnig mjög athyglisvert að það kemur ekki fram kynjamunur í stærðfræði, hvorki hér né erlendis og enginn kynjamunur er hér í eðlisfræði og líffræði.

En hvað veldur og hvað ber að gera? Þegar skoðaðar eru rannsóknir á því hvað hefur áhrif á námsárangur þá er yfirleitt bent á niðurstöður sem tengjast nemendunum sjálfum, kennurum þeirra, skólakerfinu í víðri merkingu og þar er meðal annars átt við námskrá, vægi einstakra greina, kennslutíma og gæði kennslugagna. Rannsóknir, vestrænar að vísu, sýna hvorki beint samband á milli námsárangurs og röðun í bekki né hvort í skólastarfinu er lögð meiri áhersla á samvinnu eða samkeppni. Í ljósi þessa er athyglisvert að fylgjast með viðbrögðum þjóðfélagsins við þessum niðurstöðum. Ekki síst viðbrögðum menntmrh. sem virðist telja að röðun í bekki, aukin samkeppni, einkaskólar og það að hætta að kenna kennurum uppeldis- og kennslufræði sé svarið. Það er mikilvægt að allir átti sig á að þessar niðurstöður réttlæta engan veginn að tekin verði upp sú ómannúðlega stefna (Forseti hringir.) í skólamálum sem ráðherra hefur talað fyrir.

[13:56]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Það er ávinningur af því fyrir Íslendinga að taka þátt í alþjóðlegum skólarannsóknum. Niðurstöðurnar af kunnáttu grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræðigreinum koma ekki á óvart. Þær staðfesta það sem margir hafa haldið fram að raungreinakennslan hjá okkur væri í ólestri. Staða Íslands er óviðunandi. Við eigum að taka niðurstöðurnar alvarlega og bregðast við með því að beina kröftum okkar að því að bæta menntakerfið, gera meiri kröfur til árangurs og leggja þá sérstaka áherslu á raungreinar.

Stærðfræði er ein af undirstöðugreinunum í öllu námi og það skiptir auðvitað höfuðmáli fyrir þjóð sem leggur áherslu á menntun, rannsóknir, efnahagslegan árangur og velferð að vel sé að verki staðið í stærðfræðikennslu. Það er unnt að bregðast strax við og leggja þá sérstaka áherslu á stærðfræði. Það mætti t.d. efna til stærðfræðikeppni í grunnskólum og sumarnámskeiða í stærðfræði.

Margt sker í augu þegar rannsóknin er rýnd, t.d. hvað algebran kemur illa út og hve framfarir íslenskra nemenda eru litlar milli bekkja. Einnig vekur athygli að minni tíma er varið í próf og yfirferð þeirra hér en hjá öðrum þjóðum. Einungis 1% okkar nemenda eru í hópi þeirra 10% nemenda sem ná bestum árangri í stærðfræði. Í náttúrufræðigreinunum

erum við nokkuð skárri. Ástæður fyrir slökum árangri okkar eru eflaust margar og margvíslegar og á þessari stundu er tæpast hægt að fullyrða um eina fremur en aðra.

Brýnt er að vinna hratt úr niðurstöðum rannsóknarinnar og fara ofan í mörg atriði svo sem námsmat, menntun kennara, kennsluefni, aga og vinnubrögð, nýtingu fjármagns, röðun í bekki og viðhorf foreldra og samskipti þeirra við skólann.

Með nýrri lagasetningu um grunn- og framhaldsskóla er vinna þegar hafin við að bæta ástandið. Nú er unnið af krafti að endurskoðun aðalnámskrár en skýr markmið eru undirstaða í öllu skólastarfi. Rannsóknin er gott veganesti fyrir þá vinnu og herðir á henni.

[13:58]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Niðurstöður TIMSS-rannsóknar sem birtist nú á dögunum virðast, svo undarlegt sem það er, koma ýmsum Íslendingum í opna skjöldu. Þó erum við á ákaflega svipuðu róli og þær Norðurlandaþjóðir sem við höfum tekið okkur helst til fyrirmyndar í uppbyggingu námsefnis þó að við verjum margfalt minni peningum en þær til námsefnisgerðar og flestir 13 ára íslenskir nemendur hafi ekki fengið neina kennslu í eðlis- og efnafræði sem þarna var þó verið að prófa og raunar hefur það verið á allra vitorði hér lengi að áhersla á kennslu í raungreinum hefur verið allt of lítil.

Ég held að fáum kennurum komi þessar niðurstöður á óvart. Ég held reyndar að ýmsar aðrar greinar en stærðfræði og náttúrufræði, ef prófaðar væru, gæfu ekki mikið betri niðurstöður og má þar t.d. nefna mannkynssögu og landafræði.

Kennarar hafa um langa hríð bent á að of litlu fé sé varið til skólans á Íslandi og lengst af talað fyrir daufum eyrum. Það hefur lengi verið plagsiður hér á landi að skera niður fé til skólamála þegar vantað hefur upp á jafnvægið í ríkisfjármálum. Kennarar eru líka verr launaðir hér en annars staðar, hafa meiri kennsluskyldu, fjölmennari bekki og gríðarlega yfirvinnu ef þeir ætla að lifa af sínum kennaralaunum. Þetta mikla vinnuálag er svo sem ekki bara á kennurum. Foreldrar vinna líka langan vinnudag og hafa ekkert aflögu til að hjálpa börnum við heimanám, dauðþreyttir á síðkvöldum.

Það er óskandi að niðurstöður þessarar rannsóknar, fyrst þær leggjast svona illa í menn, verði til þess að þeir skilji að til þess að árangur náist í skólastarfi þarf að kosta meiru til skólans en hingað til hefur verið gert hér á landi. Sem betur fer er nú verið að auka skólatímann sérstaklega hjá yngstu nemendunum en það þarf að gera enn betur. Það þarf að skoða vægi milli námsgreina, auka framboð af kennsluefni og launa kennara betur þannig að starfið verði eftirsóknarverðara.

[14:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. menntmrh. að hann beindi mjög sjónum að inntaki kennaramenntunar þegar hann reyndi að svara því hvað bæri að gera í þessum málum. Vissulega er það rétt að það þarf að beina sjónum að því hvernig menntun kennara er og hvaða áherslur þar eru lagðar. En þetta mál er svo miklu stærra.

Árið 1974 voru gerðar mjög miklar breytingar á íslensku skólakerfi. Ég hygg að hægt sé að fullyrða að þeim breytingum hafi aldrei verið fylgt eftir sem skyldi, m.a. að fækka í bekkjum og sjá til þess að þeim markmiðum sem þá voru sett yrði náð. Ég vil í þessari umræðu sérstaklega beina sjónum að stöðu kennarastéttarinnar því að ég er alveg sannfærð um að það sem ég vil kalla hrun kennarastéttarinnar og kennslu á Íslandi á sér langan aðdraganda og ég er sannfærð um að við náum ekki árangri í því að bæta íslenskt skólakerfi án þess að virkilega verði tekið á kjörum og stöðu kennara. Það er algjört grundvallaratriði. Því að þegar einu sinni er búið að brjóta niður vinnuandann í heilli stétt þá gerist það ekki með einhverjum nýjum kennslubókum eða breytingum á kennaramenntun að ástandið batni. Það mun taka okkur langan tíma að byggja upp aftur.

Ég vara við því, hæstv. forseti, að verið sé að kenna konum sérstaklega um þetta ástand. Að vísa til þess hve konur eru orðnar fjölmennar í kennarastétt er engin skýring og við hljótum líka hér og nú að spyrja um afstöðu þjóðarinnar til þess sem verið er að gera í skólanum. Hver er afstaða fólks og hvernig stendur á því að það er svona lítil áhersla lögð á raungreinar hér? Hver er afstaða almennings? Það er ekki síst hún sem þarf að breyta.

[14:02]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Kynning á fyrstu niðurstöðum TIMSS-rannsóknarinnar á námsárangri í stærðfræði og náttúrufræði er mikið umhugsunarefni fyrir Íslendinga. En niðurstöðurnar og frekari úrvinnsla þeirra gefur okkur jafnframt einstakt tækifæri til að vega og meta skólakerfi okkar, líta um farinn veg og meta það sem gert hefur verið en einnig að líta fram á veginn og undirbúa það sem koma skal. Það er þá full ástæða til að leggja áherslu á að það er flókið úrlausnarefni að átta sig til fulls á niðurstöðum könnunarinnar.

Þótt varfærni sé ráðleg og ekki megi hrapa að niðurstöðunum er samt með öllu ástæðulaust að horfast ekki í augu við þann raunveruleika sem könnunin veitir okkur innsýn í. Það er ljóst að í niðurstöðum könnunarinnar er að finna uppgjör við þær áherslur og þann anda sem ríkt hefur í menntamálum undanfarin rúm 20 ár.

Á árunum um og eftir 1970 voru innleidd í skólamálum ný viðhorf sem drógu stórlega úr faglegum kröfum og aðhaldi í skólastarfi. Þessar breytingar ollu mörgum foreldrum og kennurum áhyggjum og hugarangri þegar þær héldu innreið sína. Þær hafa orðið skaðlegri en ella vegna þess að aðstaða fjölskyldunnar til að sinna menntun barnanna hefur á þessu tímabili veikst. Þær niðurstöður sem nú eru kynntar sýna aðeins toppinn af þeim ísjaka sem fleytt var af stað á áttunda áratugnum. Það tekur langan tíma að valda breytingum á skóla- og menntamálum og það mun taka okkur talsverðan tíma að lagfæra það sem aflaga hefur farið. Það tekur ekki síst langan tíma vegna þess að þetta snertir menntun kennaranna og þau viðhorf sem ríkja innan þeirra stofnana sem annast menntun kennara. Það tekur einnig langan tíma vegna þess að menntun þjóðarinnar er mjög háð viðhorfi fjölskyldunnar til lífsgæðanna og þess hlutverks sem menntun gegnir í hugum fólksins og verðmætamati. Það er m.a. af þessum sökum sem við höfum flutt grunnskólann til sveitarfélaganna í þeirri trú að nær vettvangi þar sem vandamálin brenna á mönnum muni þeir takast á við þau með árangursríkari hætti. Það er af þessum sökum sem við höfum samþykkt ný lög um framhaldsskóla þar sem innra og ytra eftirlit er aukið og kröfur hertar. Og það er til þess að undirbúa framtíðina sem valkostum í kennaramenntun hefur verið fjölgað.

[14:05]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að þessi umræða er hér hafin. Mér fannst hins vegar málflutningur hv. þm. Ólafs Arnar Haraldssonar og fjallgöngusamlíkingar hans ekki ákaflega upplýsandi í þessu samhengi. Ég tók eftir að hann lagði inn hjá mér persónulega alveg sérstaklega — og ég vil kvitta fyrir það að ég tók eftir því innleggi. Mér fannst það hins vegar ekki mjög upplýsandi eða hjálpa mikið til við að taka á þessum málum. Því veruleikinn er nú einu sinni þannig samkvæmt mörgum hundruðum alþjóðlegra rannsókna að það að raða í bekki leysir ekki þau vandamál sem hér eru uppi. Það liggur fyrir. Þess vegna lýsi ég því yfir í tilefni af orðum hv. þm. að mér finnst ræða hans og þetta innlegg hans ekki hjálpa til heldur spilla fyrir vitrænni niðurstöðu í þessu alvarlega máli. Málið er alvarlegt og á því á að taka og fara skynsamlega og yfirvegað yfir það. Ég er að mörgu leyti sammála ýmsum sem hér hafa talað í þeim efnum. Ég held að við eigum að horfa til þess sem við gerum vel. Börnin okkar í skólum Íslands komu mjög vel út í þeirri alþjóðlegu lestrarrannsókn sem fór fram fyrir nokkrum árum og hæstv. menntmrh. nefndi. Ég held að við eigum líka að hafa það í huga að það er rík húmanísk hefð á Íslandi sem í raun bitnar á raungreinum og spurning hvort við þurfum ekki að horfast í augu við það og ef til vill að reyna að breyta því pínulítið. Ég tel að við eigum núna að láta reyna á vilja þingmanna til að taka á þessu máli með því, í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, að veita Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fjármuni til að undirbúa víðtækt raungreinaátak þannig að við svörum þessari könnun tafarlaust með myndarlegum hætti bæði að því er varðar rannsóknir í þessari könnun og aðrar rannsóknir, að því er varðar Námsgagnastofnun og möguleika hennar, að því er varðar möguleika Kennaraháskólans sérstaklega og líka að því er varðar það sem er höfuðverkefni menntmrn., að stilla saman öll fræðsluyfirvöld á Íslandi í þessu efni því að við viljum taka á þessu máli. Um það eru allir sammála.

[14:07]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Íslenska þjóðin hefur orðið fyrir áfalli. Segja má að úrskurður hafi komið þar sem þjóðin gekk undir alþjóðapróf og niðurstöður þess prófs var fall. Hin gáfaða og menntaða íslenska þjóð hefur fengið þann úrskurð að hún sé jafnvel ekki jafngáfuð og menntuð og hún hefur ávallt talið sig. Við fengum niðurstöður og þær eru gagnlegar. Upp hefur gosið mikil umræða um menntamál og ég fagna þeirri umræðu. Allt of lengi hefur umræða um menntamál hér á Íslandi einkennst af því að einangruð fyrirbrigði tengd þessu hugtaki eru rædd og blásin upp en sjaldnar í víðu samhengi. Nú á sér stað umræða í fyrsta sinn í langan tíma meðal þjóðarinnar allrar um gildi menntunar og stöðu skólakerfisins. Þess vegna ber að fagna þessum niðurstöðum. Þær segja okkur að við stöndum illa og þær segja okkur að við höfum vanda sem við þurfum að ráðast á. En niðurstöðurnar hafa líka leitt til umræðu.

Ég vara mjög við einföldun. Skólamál eru flókin. Þau snúast fyrst og fremst um það hvernig nemendur læra og hvar. Þá er vert að hafa í huga að nemendur læra ekki einungis í skólum, þeir læra í umhverfi sínu öllu, í samskiptum við fullorðna, á götum úti og ekki síst inni á heimilunum. Og þegar víkur að þætti heimilanna þá er rétt að hafa í huga hinn langa vinnutíma, lítil samskipti barna og unglinga við foreldra sína, þannig að draga má í efa að nemendur búi við hvetjandi og skapandi umhverfi þar sem margmiðlunin hefur tekið við foreldrahlutverkinu.

Það er mikilvægt fyrir okkur að búa ungu fólki agað umhverfi. Ungt fólk á rétt á því að vita til hvers er ætlast af því og við þurfum að geta fylgt því eftir þannig að ungt fólk alist upp við sjálfsaga og öryggi sem er grundvöllur alls þroska þeirra. Ég hvet hæstv. menntmrh. til að vinna ötullega að málinu og leita reynslu erlendra þjóða.

[14:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. En hann var líka harður dómur málshefjanda hér í upphafi umræðunnar. Hann gerði að umtalsefni skilningsleysi á rannsóknastörfum, vakti athygli á lélegum kjörum raungreinakennara, gömlu kennsluefni og meðalmennskukerfinu. Nú á að leita leiða til úrbóta og ég vara við því að varpa fyrir róða hugsun jafnaðar til náms. Ber að skilja hv. þm. þannig að hann vilji koma á skipulagi þar sem tossabekkir eru endurvaktir?

Við skulum halda því til haga í umræðunni sem nauðsynlegt er. Framlög til menntamála eru lægri hér en annars staðar. Skipulag skóla er víða bágborið, kennslumagn minna og skólaárið hefur verið að styttast ár frá ári. En ætli niðurstöður skýrslunnar sem við erum að ræða séu ekki vitnisburður um stærri og víðtækari vanda en eingöngu skólakerfisins? Við höfum verið að sjá mörg dæmi þess að undanförnu að erfiðleikar eru hjá fjölskyldum, þróunin hefur verið fjölskyldunum óhagstæð. Mikil vinna beggja foreldra og ákveðið los á börnum og ungmennum. Það væri sorgleg afgreiðsla á stóru máli ef niðurstaðan yrði eingöngu sú að sinna afburðanemendum og slökum nemendum betur. Það væri mikil einföldun. Ég tek undir það að Alþingi þarf að bregðast við í þessu máli bæði með framlögum til Rannsóknastofnunar menntamála, með því bregðast við í skólakerfinu og með stuðningi við fjölskyldurnar.

[14:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mjög mikilvæga niðurstöðu sem hefur fengist í alþjóðlegri könnun á stöðu íslenskra nemenda í raungreinum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að vinna úr þessari könnun. Í fyrsta lagi er mikilvægt að menn átti sig á því um hvað þessi könnun snerist. Þetta var ekki heildstæð athugun á árangri nemenda í öllum námsgreinum. Þetta var eingöngu athugun á árangri nemenda í raungreinum. Það þurfum við í fyrsta lagi að dvelja við. Við skulum ekki láta sem svo að þetta sé allsherjaráfellisdómur yfir íslensku menntakerfi. Það kom fram í máli hæstv. menntmrh. áðan að Íslendingar standa sig vel á ýmsum öðrum sviðum og við höfum heldur ekki þekkingu til þess að fullyrða um það hvernig við komum út á ýmsum öðrum sviðum. Þessu þurfum við að átta okkur á.

Í öðru lagi er það mjög mikilvægt að við höfum í huga að staða okkar er mjög svipuð og staða annarra Norðurlandaþjóða. Það vekur ákveðnar spurningar. Getur verið að við höfum verið að leita okkur fyrirmynda á röngum stöðum? Það er kunnara en frá þurfi að segja að við höfum mjög leitað fyrirmynda meðal annars í uppbyggingu skólakerfisins til Norðurlanda. Þess vegna vekur staða Norðurlandanna athygli. Þrátt fyrir að menn hafi flutt mikinn lofgerðaróð um

uppbyggingu menntamála á Norðurlöndunum þá er staða Norðurlandanna á þessu sviði alls ekki mikið betri heldur en hjá okkur.

Síðan er það stóra spurningin: Hvaða ríki eru það sem skara fram úr? Jú það eru ríki Suðaustur-Asíu. Þá þurfum við að velta því fyrir okkur hvort við viljum stefna í nákvæmlega sömu átt og ríki Suðaustur-Asíu hafa verið að stefna. Hvað vitum við um þessi skólakerfi? Þekkjum við það hvort því fylgja einhverjir fylgikvillar sem okkur eru ekki ljósir? Mér er sagt að skólakerfi Suðaustur-Asíu byggi fyrst og fremst á tveim atriðum. Í fyrsta lagi aga og í öðru lagi samkeppni. Þetta hvort tveggja er nauðsynlegt að sé til staðar í skólakerfinu. (Forseti hringir.) En því geta líka fylgt fylgikvillar sem við ekki þekkjum. Ég held að það sé mikilvægt að við byggjum á þessari könnun til frambúar og reynum að kalla til sérstaklega starfandi kennara á þessu sviði til leiðsagnar inn í framtíðina.

[14:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að hann hefur fengið athugasemd frá tveim hv. þm. um að þeir hafi beðið um orðið og þykir slæmt að nöfn þeirra hafa ekki komist til skila. Forseti biður hv. þm. að taka tillit til þess að forseti verður að reyna að raða á mælendaskrá á takmörkuðum tíma. Forseti reynir að miðla tímanum á milli þingflokka þannig að sem mest jafnræði verði milli flokka og hefur einnig tekið tillit til þess þegar fulltrúar í menntmn. þingsins hafa beðið um orðið og hefur orðið við því.

Tíminn sem ætlaður var fyrir þessa umræðu er liðinn. Venjan er að gefa málshefjanda og viðkomandi ráðherra færi á að tala að nýju ef þeir óska.

[14:15]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka góð svör hæstv. menntmrh. og fagna því að hann nefndi nú þegar nokkur ákveðin atriði sem hann telur líkleg til árangurs þó svo að ég taki undir það líka að við breytum þessu ekki á einr óttu. Ég vil hvetja til sátta og samstarfs við viðeigandi aði. ., kennara, foreldra og skólafólk. Við þurfum einnig að efla rannsóknir í menntamálum og ná þannig frekari tökum á viðfangsefninu.

Ég ítreka það að við skulum líta í eigin barm. Í þessum þingsal er ríkisstjórn, menntmrh. og Alþingi. Frá okkur verður frumkvæðið og upphafið að koma. Við þurfum að gerbreyta viðhorfum okkar til rannsókna í menntamálum. Ríkisvaldið þarf að taka heimili landsins til fyrirmyndar í afstöðu sinni til menntunar hvað fjárveitingar snertir. Jafnvel efnalítil heimili víða um land láta menntamálin hafa forgang með því að senda einn, tvo eða jafnvel þrjá unglinga til náms jafnvel þó svo að það kosti hundruð þúsunda og börnin þurfi að vera fjarvistum frá heimilum sínum. Þjóðarheimilið, sem við höfum nokkuð með að gera á þessum bæ, á að draga ályktanir af þessum skýru og ljósu áherslum heimilanna í landinu.

[14:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið stuttorður í lok þessarar umræðu. Ég vil þó andmæla því að ég hafi boðað ómannúðlega stefnu í menntamálum. Það að tala um aga og markmiðssetningu í skólakerfinu er ekki ómannúðlegt heldur miðar það að því að ná þar árangri eins og annars staðar þar sem menn eru að vinna ákveðin verk. Og að leggja mál þannig upp að þær hugmyndir sem hér hafa verið settar fram varðandi endurbætur á skólakerfinu feli í sér mannvonsku er algerlega út í hött og sýnir hve langt menn geta seilst í umræðum um þessi mál til þess að koma þeim á vitlausar brautir.

Ég tel einnig að það sem hér hefur verið sagt um fjárskort í menntakerfinu falli ekki að þeim niðurstöðum sem hér er um að ræða. Það er ekkert sem bendir til þess að með auknum fjárveitingum náum við endilega betri árangri í raungreinum. Það er ekkert sem kemur fram í þessari rannsókn sem sýnir það. Það er heldur ekkert í rannsóknninni sem sýnir að við stöndum fjárhagslega verr að vígi eða okkar skólakerfi heldur en skólakerfi í þeim löndum þar sem árangurinn er bestur þannig að við verðum að passa okkur mjög vel á því þegar við tökum þetta mál til umræðu að við vörpum fram réttum spurningum til þess að fá þau svör sem duga til þess að komast að réttri niðurstöðu. Og ég hef m.a. sagt það hér að við skulum sjá betur hvernig niðurstaðan verður skilgreind af rannsóknastofnuninni. Ég er sammála þeim sem hafa tekið undir störf þessarar stofnunar og lagt til að starf hennar verði eflt. Ég held að það sé nauðsynlegt. En gleymum því ekki að á undanförnum árum hefur Alþingi samþykkt nýja löggjöf um grunnskólastigið, um framhaldsskólastigið og komið á nýjum stjórntækjum í skólakerfinu sem eiga að gera okkur kleift betur en áður að mæla árangur og þá að bregðast rétt við.

Um fundarstjórn.

Mælendaskrá utandagskrárumræðu.

[14:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér hafa farið fram mjög alvarlegar umræður. Forsetinn segir að þeir menn sem eru í réttum flokki fái að tala en aðrir ekki og að þeir sem eru í menntmn. þingsins fái að tala frekar en aðrir. Ég mótmæli því að þingmenn hafi ekki jafnan rétt til málfrelsis hér á hinu háa Alþingi.

Hér fóru fram í byrjun fundar umræður um stjórn þingsins þar sem rætt var um allt annað en stjórn þingsins og það var leyft. En það var ekki leyft að tala hér um alvarleg mál þar sem var beðið um orðið og forseti þingsins hefði haft möguleika á því annaðhvort að takmarka ræðutímann í eina mínútu eða lengja umræðuna.

[14:20]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur heyrt þessa gagnrýni en ítrekar það að hann verður að styðjast við eigið mat en ekki annarra hvernig hann raðar á mælendaskrá. Það er misskilningur hjá hv. þm. að hér hafi verið í upphafi fundar talað um stjórn þingsins, það var talað um störf þingsins eins og þingsköp gera ráð fyrir.

Sóttvarnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stefnumörkun í heilbrigðismálum, frh. fyrri umr.

Þáltill. JóhS o.fl., 114. mál. — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umboðsmaður aldraðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall, 177. mál. — Þskj. 196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.
Skýrsla námsmanna um LÍN.

[14:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í síðustu viku lagði samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna fram skýrslu um áhrif þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna vorið 1992 eftir langar og harðar umræður á hinu háa Alþingi. Skýrsla námsmannanna sem var yfirfarin af Ríkisendurskoðun og Hagfræðistofnun háskólans sýnir og sannar að allt það sem spáð var á sínum tíma um afleiðingar breytinganna hefur ræst en flestar þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni hafa birst áður.

Skýrslan leiðir í ljós að einstæðum foreldrum og barnafólki almennt hefur fækkað verulega í námi. Hún sýnir að námsmönnum erlendis hefur fækkað, einkum í þeim löndum þar sem skólagjöld eru há þótt það gildi einnig um önnur lönd, t.d. þar sem námsskipulag kemur ekki heim og saman við kröfur lánasjóðsins. Þá sýnir skýrslan það sem á sínum tíma var eitt helsta deilumálið að endurgreiðslur lánanna verða námsmönnum svo þungar í skauti að þeim eru nánast allar bjargir bannaðar. Það er sýnt að þeir sem ljúka námi með námsskuldir á baki geti ekki eignast húsnæði nema tekjur séu því meiri en sem kunnugt er lenda áhrif jaðarskatta mjög þungt á þeim sem hafa meðaltekjur og þaðan af meira. Ákveðinn hópur verður fram á grafarbakkann að greiða lánin sín og greiðslubyrðin er það þung að hún mun hafa veruleg áhrif á kjör þessa hóps. Allt þetta var vitað, útreiknað og fyrirséð en allt kom fyrir ekki. Þáverandi meiri hluti Sjálfstfl. og Alþfl. keyrði breytingarnar í gegn m.a. með loforðum um námsstyrki sem hvorki hefur sést tangur né tetur af.

Eftir að hafa farið í gegnum þessa skýrslu velti ég því fyrir mér hver tilgangur breytinganna á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna var í raun og veru. Hann var sagður sá að fækka lánþegum og draga úr eftirspurn eftir lánum. Það hefur gengið eftir á þann veg að ákveðnir hópar hafa horfið frá námi og má þar minna á að áhrifin eru mismunandi eftir því hvaða kjördæmi á í hlut. Nemendum við Háskóla Íslands hefur haldið áfram að fjölga þrátt fyrir fjársvelti skólans en skýringin á því er m.a. sú að stórir árgangar hafa verið á leið í gegnum framhaldsskólana þótt yfirvöld menntamála virðist alltaf jafnhissa á fjölgun nemenda. Sá hópur sem ekki tekur lán fjármagnar nám sitt með öðrum hætti en ekki liggja fyrir upplýsingar um hvernig það er gert og hvort það er með vinnu eða aðstoð foreldra.

Tilgangur breytinganna á sínum tíma var einnig sá að draga úr framlögum ríkisins til sjóðsins og sannarlega hefur það gerst því að sjóðnum hefur í æ ríkara mæli verið beint út á almennan lánamarkað með þeim afleiðingum að verulegur hluti fjármagns hans fer til greiðslu afborgana lána og vaxta.

Ég fullyrði, hæstv. forseti, að tilgangur breytinganna hafi einnig og kannski ekki síst verið sá að þróa Lánasjóð ísl. námsmanna yfir í það að veita lán eins og hver önnur útlánsstofnun á markaðsvöxtum þannig að hugsanlegt verði að afhenda bankakerfinu þennan lánaflokk heldur fyrr en síðar í anda frjálshyggju Sjálfstfl. eins og samþykktir hans reyndar bera með sér. Slíkt gengur að sjálfsögðu þvert á þau markmið um jafnrétti til náms sem til skamms tíma voru aðalsmerki lánasjóðsins.

Hæstv. forseti. Ég ætla að sleppa því hér að deila um það hvort lánasjóðurinn hafi stefnt í þrot árið 1992 en í skýrslunni eru leidd sterk rök að því að svo hafi ekki verið eins og reyndar var haldið fram af þáverandi stjórnarandstöðu 1992. Það sem skiptir máli er það hvernig verður brugðist við þeim nöturlegu staðreyndum sem verða æ ljósari um alvarlegar afleiðingar breytinganna á lánasjóðnum. Þar er annars vegar um að ræða þunga endurgreiðslubyrði lána sem tekin voru frá og með haustinu 1992 og hins vegar það hve námsmönnum er gert erfitt fyrir með að stunda nám sitt með oft og tíðum óraunhæfum kröfum um námsframvindu og því að þeir fá ekki lán fyrr en prófum er lokið ár eftir ár alveg sama þótt ljóst sé að þeir stunda nám sitt af fyllstu alvöru sem reyndar flestir gera.

Hæstv. forseti. Svo sem kunnugt er hafa stjórnarflokkarnir deilt hart um breytingar á núgildandi lögum um LÍN. Þeim breytingum er að einhverju leyti og vonandi ætlað að bregðast við þeim miklu erfiðleikum sem námsmenn standa frammi fyrir en þær munu koma niður á sjóðnum sjálfum og heimilum námsmanna á komandi árum verði ekki að gert. Landsfundur Framsfl. gerði harðar samþykktir um málið og stendur flokkurinn vonandi við það sem hann lofaði fyrir síðustu kosningar. Ekkert bólar þó á niðurstöðum og því er eðlilegt að spyrja: Á hverju stendur?

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann hyggist bregðast við skýrslu námsmannahreyfinganna og þeim upplýsingum sem þar koma fram, ekki síst þeim sem snúa að einstæðum foreldrum sem eru að miklum meiri hluta ungar konur, barnafólki og þeirri fækkun sem orðið hefur á námsmönnum erlendis sem við hljótum að vera sammála um að er framtíð íslensks samfélags ekki til góðs.

[14:29]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 14. þm. Reykv. fyrir að hefja máls á málefnum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Umræðan er þörf, ekki síst til að leiðrétta ýmsar þær rangfærslur sem settar hafa verið fram á undanförnum dögum um áhrif og afleiðingar breyttra laga um lánasjóðinn. Fjölmörg atriði í umræddri skýrslu eru gagnrýnisverð, en ég hef einungis tækifæri til að drepa á nokkur þeirra við þessar umræður.

Því hefur verið haldið fram að breytingarnar sem gerðar voru árið 1992 hafi dregið úr ásókn í nám. Staðreyndin er

hins vegar sú að tölur um virka nemendur í Háskóla Íslands benda ekki til þess. Skólaárið 1996–1997 er gert ráð fyrir að virkir nemendur í Háskóla Íslands séu um 4 þúsund talsins en skólaárið 1991–1992 voru þeir 3.646. Þetta sýnir aukningu en ekki fækkun. Jafnhliða hefur virkum nemendum við aðra skóla á háskólastigi fjölgað, t.d. við Háskólann á Akureyri. Útgjöld lánasjóðsins hafa dregið saman vegna þess að lánþegum hefur fækkað. Það getur hins vegar ekki verið gagnrýnisvert að færri taka lán þegar fleiri stunda nám. Það sýnir fyrst og fremst að í hinu eldra kerfi tóku fjölmargir námslán sem höfðu ekki þörf fyrir það eða gátu komist hjá því með einhverju móti.

Því hefur einnig verið haldið fram að breytingarnar hafi mest bitnað á þeim sem höllum fæti standa og barnafólki í námi hafi fækkað verulega eftir breytingarnar. Þessar fullyrðingar eru mikil rangtúlkun á tölum um fjölda barnafólks í námi. Hlutfall nemenda með börn hefur lítið sveiflast undanfarin ár. Á árunum 1992–1994 voru rétt rúmlega 30% nemenda með börn sem er svipuð tala og árið 1988. Hlutfall barnafólks var um 34% árið 1990–1991. Af þeim gögnum sem unnin hafa verið hjá Hagstofu Íslands var hlutfallið lægst árið 1985 eða 22,7%. Samantekt Hagstofunnar sýnir svo ekki verður um villst að stór hópur barnafólks stundar sitt nám án þess að taka lán og þessi hópur hefur farið stækkandi eftir lagabreytinguna.

Þegar kjör námsmanna með börn eru skoðuð kemur í ljós að einstætt foreldri með tvö börn getur fengið rúmlega 103 þús. kr. í lán á mánuði og verið með tæplega 160 þús. kr. ráðstöfunarfé á mánuði þegar tillit hefur verið tekið til lána, barnabóta og meðlaga. Einstætt foreldri sem ekki er í námi þarf að hafa tæplega 160 þús. kr. í laun á mánuði til þess að hafa sama ráðstöfunarfé á milli handanna. Þetta sýnir að það er enginn fótur fyrir því að núverandi lánakerfi geti hrakið barnafólk frá námi. Dæmi eru um að ráðstöfunartekjur fólks með börn á framfæri lækki þegar viðkomandi hættir námi og fer út á vinnumarkað.

Í skýrslunni er lögð mikil áhersla á aðstöðumun kynslóða og borin eru saman endurgreiðslukjör þeirra sem luku námi um 1975 annars vegar og hins vegar námsmanna sem stunda nám um þessar mundir. Samanburðurinn er hinni yngri kynslóð mjög í óhag. Hins vegar virðist höfundur skýrslunnar gleyma að geta þess að námslán á 8. áratugnum voru nær helmingi lægri en þau eru nú. Námsmenn á þeim tíma þurftu því á námstímanum sjálfum að leggja fram mismuninn til að búa við sömu kjör og námsmenn gera nú. Gera má ráð fyrir því að einstaklingar sem höfðu ekki ráð á því að brúa þetta bil hafi á þeim tíma hrökklast úr námi. Núverandi kerfi er betra að því leyti að það tryggir öllum sem hafa vilja, hæfileika og þrótt, möguleika til að ljúka náminu.

Námsmenn segja að umræður um erfiðan fjárhagsvanda lánasjóðsins hafi verið goðsögn. Staðreyndin er sú að sjóðurinn tók samtals lán með 7–9% vöxtum að upphæð 4,5 milljarðar en veitti vaxtalaus námslán á árunum 1989–1991. Augljóst er að sjóðurinn stefndi í gjaldþrot á örskömmum tíma ef útlán hefðu haldist í rúmlega 5 milljörðum og ef hann *hefði verið fjármagnaður með allt of litlum fjárveitingum.*

Herra forseti. Líkt og ég hef margítrekað þarf að breyta lögum um lánasjóðinn til að létta undir með viðskiptavinum hans. Til að það sé unnt verður að auka fjárveitingar til sjóðsins. Þótt námsmenn endurgreiði að meðaltali ekki nema um helming lána þeirra sem þeir fá hjá Lánasjóði ísl. námsmanna er endurgreiðslubyrði þeirra tilfinnanleg. Þess vegna legg ég áherslu á að auknu fé úr ríkissjóði eigi fyrst og fremst að verja til að draga úr endurgreiðslubyrðinni. Það er mikilvægt fyrir þá sem höllum fæti standa að endurgreiðslubyrðin sé létt, ekki síst til að þeir geti fjárfest í eigin húsnæði að námi loknu. Í því sambandi þarf einnig að huga að því hvort ekki þurfi að breyta reglum í húsnæðiskerfinu við mat á greiðslugetu fólks til að koma í ríkari mæli til móts við þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð.

Þegar málefni lánasjóðsins eru skoðuð hlutlægt er ekki unnt að komast að annarri niðurstöðu en þeirri að umræðurnar um þungbær lánakjör hans hafi verið neikvæðari en réttmætt er. Er ekki ólíklegt að þessar neikvæðu umræður hafi jafnvel ráðið meiru um ákvarðanir manna um að fara ekki í nám vegna reglna um lánasjóðinn en efni reglnanna sjálfra. Slík umræða er ekki til þess fallin að hvetja ungt fólk til að hefja háskólanám. Og að gefnu tilefni vil ég taka það fram að Ríkisendurskoðun hefur enga blessun lagt yfir þessa skýrslu sem hér er til umræðu.

[14:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Um það er ekki deilt að menntun þjóðarinnar er sú fjárfesting sem helst mun skila okkur umtalsverðum ábata fyrir alla þjóðina í framtíðinni. Hins vegar gengur ýmsum illa að skilja að til þess að verðmætasköpunin verði í samræmi við væntingar þarf að kosta miklu til í skólakerfinu. Hér á landi höfum við ekki lagt fram umtalsverðar fjárhæðir til beinna námsstyrkja handa efnilegum nemendum í framhaldsnámi, heldur hefur verið farin sú leið að lána framfærslueyri. Með þeirri breytingu sem gerð var á námslánakerfinu 1991 var kerfið gert mjög óaðgengilegt með því að taka upp svonefndar eftirágreiðslur. Auk þess var námsmönnum gert að greiða bankavexti af framfærslufé og kröfur um námsframvindu mjög hertar, stundum umfram það sem sanngjarnt má teljast. Þetta hefur m.a. haft það í för með sér að hlutfall námsmanna undir fátækramörkum jókst mjög á árunum 1994 og 1995 sérstaklega. Má leiða getum að því að þeir sem veikjast á námstímabili, eignast börn eða falla á prófum lendi einkum í þeim hópi, enda kom það fram í könnun á vegum Hagstofunnar að barnafólk hefur beinlínis hrakist frá námi.

Hvaða fjárfestingarstefna er það til framtíðar að hrekja fólk sem lendir t.d. í barneignum frá námi, einkum þar sem endurgreiðslur á námslánum eiga eftir að skila sér með rentum á næstu árum, auk þess þjóðhagslega ávinnings sem við hefðum af námi þessa fólks? Gerum námslánakerfið þannig úr garði að það hvetji fólk til frekara náms, gefi því möguleika á sveigjanleika ef það lendir í áföllum og hættum að reiða refsivönd yfir hvern þann sem það hendir.

[14:37]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni eru málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna til umræðu hér á Alþingi og enn einu sinni höfum við heyrt rangfærslu námsmanna við undirleik stjórnarandstöðunnar. Árið 1991 var svo komið eftir viðskilnað Svavars Gestssonar, sem hækkaði námslán umfram laun og verðlag *rétt fyrir kosningar og dró úr framlögum ríkisins* til sjóðsins, að sjóðurinn stefndi í gjaldþrot. Það vantaði milljarð til að hann gæti staðið við skuldbindingar sínar. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar brást við, sjóðnum til bjargar, með 700 millj. kr. framlagi og ýmsum öðrum aðgerðum. Ef ekkert hefði verið gert hefði sjóðurinn einfaldlega farið á hausinn við óbreyttar aðstæður þar sem vaxtalaus útlán

úr sjóðnum voru í stórum stíl fjármögnuð með óhagstæðum lánum sem báru allt að 9% vexti. Slík óráðsía gat ekki gengið til lengdar og mátti öllum ljóst vera á þessum tíma. Ný lög voru síðan sett í kjölfarið á vordögum 1992 til að tryggja framtíð lánasjóðsins. Námsmenn hafa gagnrýnt harkalega það sem þeir kalla eftirágreiðslu námslána og enn fremur endurgreiðslureglur. Öllu máli skiptir í þessu sambandi að námsaðstoð sé fyrir hendi fyrir þá sem uppfylla skilyrði til að fá hana. Til þess að svo megi verða þurfa menn að sýna fram á að þeir stunda nám sitt með árangri. Annað væri óeðlilegt. Þess venga hljóta námslán að greiðast eftir að árangri er skilað.

Um endurgreiðslu námslána eru staðreyndir þær að launþegi greiðir að hámarki 5% af bruttótekjum af láni sínu eftir tvö ár frá námslokum samkvæmt gildandi lögum um LÍN. Lánin eru vaxtalaus á námstíma en bera síðan 1% vexti. Ef launþegi hefur t.d. 2 millj. í tekjur, greiðir hann fasta greiðslu um það bil 100 þús. á ári. Eftir fimm ár greiðir hann að hámarki 7% eða um það bil 140 þús. á ári. Þessum greiðslum er hægt að jafna á mánuði, t.d. með greiðsluþjónustu banka. Í síðara tilvikinu greiddist þá innan við 12 þús. kr. á mánuði en í hinu fyrra rúmlega 8 þús. kr. Málflutningur þeirra sem halda því fram að slík kjör séu afarkostir eru hreinar ýkjur.

[14:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Vandamál námsfólks í samskiptum við ríkisvaldið eru ekki einkamál þess. Málefni lánasjóðsins eru einungis hluti vandans í menntamálum. Námsmenn hafa í vandaðri skýrslu bent á fjölmörg atriði sem þarf að bæta og mörg þeirra kosta ekki mikið. Núverandi kerfi fælir frá námi og leiðir til misréttis. Það er óréttlátt að ekki séu samtímalán fyrir þá námsmenn sem eru komnir yfir fyrstu hindrun í námi. Það á að afnema kröfur um ábyrgðarmenn lána í LÍN. Það er ósvinna að námsmenn séu með einna minnstu framfærslu hérlendis. Það er til vansa að veikindi barna námsmanna geti komið fram í stórauknum bankakostnaði.

Námsmenn eru að hrökklast frá námi hérlendis og erlendis en menntastefna menntmrh. er ljós, þ.e. stöðnun. Við erum að berjast við menntastefnu Sjálfstfl. Það eru sjálfstæðismenn sem hafa haft menntmrh. nær óslitið um mjög langt skeið. Afleiðingarnar eru slakt menntakerfi í samanburði við útlönd.

Björn Bjarnason hefur verið menntmrh. í eitt og hálft ár. Hvað stendur eftir hann? Ef hann hætti á morgun, hvers væri að minnast? Einskis. Það er ekkert gert í því að setja menntamál í fyrirrúm. Það eru innantóm slagorð af hálfu hæstv. ráðherra Björns Bjarnasonar. Hin raunverulega áhersla sést í fjárlögum: Stöðnun og afturför. Það er ekkert hugsað til þess að menntun muni ráða lífskjörum næstu áratuga. Það er brýnt að koma Sjálfstfl. út úr menntmrn. og reyndar fjmrn. einnig. Ekki svo að Framsfl. geti gert betur. Þeirra sérhæfing hefur verið svik kosningaloforða gagnvart námsmönnum og öðrum. Það hæfir skel kjafti í samstarfi stjórnarflokkanna.

[14:42]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að áhrif lagasetningarinnar einnar og sér um Lánasjóð ísl. námsmanna frá árinu 1992 séu ofmetin í þessari umræðu. Vilji Alþingis eins og hann birtist í frv. gerði ráð fyrir að framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna yrði á árinu 1992 rúmlega 2,3 milljarðar og hækkuðu í að verða 2,8 milljarðar á árinu 1996. Þróunin hefur orðið allt önnur. Það er því eðlilegt að spurt sé: Hvers vegna stöndum við frammi fyrir þessum veruleika úr því að vilji Alþingis stóð til annars? Því er til að svara að lögin kveða á um víðfeðmt framsal Alþingis á löggjafarvaldi til hæstv. menntmrh. og stjórnar LÍN. Að mínu mati eru lögin eins og óútfyllt ávísun í þessum efnum. Þó að það gefist ekki færi á því hér að fjalla um það leyfi ég mér að draga í efa að sum ákvæði þeirra standist ákvæði stjórnarskrár. Sem dæmi um þetta framsal má nefna 3. mgr. 3. gr. laganna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins setur nánari ákvæði um úthlutun námslána."

Með öðrum orðum, stjórn sjóðsins er falið að setja reglur um úthlutun námslána sem ráðherra staðfestir. Það eru einmitt þessar ákvarðanir stjórnar sjóðsins um þrengingu útlánareglna sem hafa haft mest áhrif á það að fjárþörf sjóðsins er ekki meiri en raun ber vitni. Lánþegum hefur fækkað og má nefna sem dæmi að fækkun lánþega LÍN erlendis nemur um það bil 30% á tímabilinu. Ég tel því eðlilegt að varpa fram þeirri spurningu í þessu samhengi, hvort löggjafinn hafi ekki vanrækt við setningu laganna þær skyldur sínar sem hann hefur að stjórnlögum, með því að flytja ákvörðunarvald frá lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar til starfsmanna stjórnsýslunnar. Að mínu mati ber að gjalda varhug við *lagasetningu af þessu tagi.*

Í þessu máli eigum við að líta til framtíðar en ekki fortíðar. Það leysir engan vanda að reyna að finna upp eða búa til blóraböggul í þessu máli. Kjarni málsins er sá að menntun er ekki aðeins fjárfesting fyrir einstaklinginn heldur þjóðfélagið í heild. Aukin menntun og þekking styrkir lífskjör þjóðarinnar og sjálfstæði, dregur úr stéttaskiptingu og skapar íslensku efnahagslífi möguleika til framtíðar til að standa sig í samkeppni við erlendar þjóðir. Það má rökstyðja það að á samdráttarskeiðið sé rétt að sporna við útgjöldum, einnig til menntamála. En í þeirri uppsveiflu sem íslenskt efnahagslíf virðist vera í nú ef marka má orð ráðamanna á það að vera forgangsverkefni að auka fjárfestingu í menntun landi og þjóð til heilla. Það er því tímabært að snúa af þessari braut og fyrsta skrefið í þá átt er að endurskoða lögin um LÍN.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Reynslan sýnir að það er þörf á því að halda mönnum við efnið í lánasjóðsmálinu.

Rangfærsla námsmanna við undirleik stjórnarandstöðunnar. Það var framlag formanns menntmn. Alþingis til þessarar umræðu. Það var innleggið frá helsta talsmanni Sjálfstfl. að frátöldum menntmrh. Það væri það sem við værum að upplifa í umræðunni þessa dagana, það væru rangfærslur námsmanna við undirleik stjórnarandstöðunnar. Svo er endurtekið gamli rógurinn um stöðu LÍN í kringum 1990 þar sem valinn er sá tímapunktur í viðmiðun þegar endurgreiðslur verðtryggðra námslána voru aðeins að litlu leyti farnar að skila sér og þegar yfir stóð mjög mikil fjölgun námsmanna.

Eitt af ótalmörgum kosningaloforðum Framsfl. og mál sem Framsókn talaði sig upp í mikinn hita um á flokksþingi sínu nýlega var lánasjóðsmálið. En nú ber hins vegar svo við að Framsókn er gufuð upp. Það hefur enginn tekið til máls fyrir hönd Framsfl. í þessari umræðu. Tvö baráttumál eru

efst á lista námsmanna um þessar mundir. Það eru annars vegar samtímagreiðslur námsmanna og hins vegar vægari endurgreiðslukröfur. Þetta eru einföld mál og það á ekki að þurfa margra vikna eða mánaða baktjaldamakk og hrossakaup til að fá niðurstöðu í þetta mál. Nýjar upplýsingar sýna það að staða lánasjóðsins, sem notuð hefur verið sem grýla í þessum efnum, gefur ekki tilefni til og hefur aldrei gefið tilefni til að skemma námslánakerfið eins og gert hefur verið. Sú blekking hefur verið afhjúpuð. Það er nú svo komið, herra forseti, að sandurinn er runninn út í stundaglasi Framsóknar og við neyðumst til að fara að lýsa eftir þeim í tapað/fundið eina ferðina enn ef ekki fer að heyrast eitthvað frá þeim. Nú er um tvennt að velja: Fá niðurstöðu í þessi einföldu baráttumál námsmanna eða kyssa á vönd menntmrh. og fjmrh. með tilheyrandi niðurlægingu fyrir Framsfl.

[14:47]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem er fróðleg og skýrslan líka vegna þess að í henni kemur það fram, hæstv. forseti, sem hefur reyndar verið staðfest áður að Lánasjóður ísl. námsmanna stóð vel 1991. Hann var með jákvæða eiginfjárstöðu á þeim tíma reiknað á núvirði upp á 3 milljarða kr. og stóð betur en aðrir hliðstæðir sjóðir á vegum ríkisins. Þess vegna var umræðan um það að sjóðurinn stæði sérstaklega illa í raun og veru algerlega tilefnislaus og það hefur nú verið staðfest í fyrsta lagi af Ríkisendurskoðun, í öðru lagi af Hagfræðistofnun háskólans og í þriðja lagi í þessari skýrslu sem hér liggur fyrir.

Það er einnig ljóst, hæstv. forseti, að það er almannavilji að lögunum verði breytt. Framsfl. lét sig hafa það að láta síðasta flokksþing sitt snúast um það að þessum lögum ætti að breyta, að það ætti að taka upp samtímagreiðslur aftur hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Í síðustu kosningum lýsti Framsfl. því yfir að hann mundi berjast fyrir því að það yrðu teknar upp samtímagreiðslur og talsmenn Framsfl. lýsa því hér yfir úr þessum ræðustól aftur og aftur að taka eigi upp samtímagreiðslur í lánum.

Þegar umræðan fer svo fram núna, þá gufa allir fulltrúar Framsfl. úr salnum. Hér voru þeir fjöldamargir í síðustu umræðu, m.a. með árásir á þann sem hér stendur og einnig í raun og veru á núv. hæstv. menntmrh. Þegar kemur að umræðum um LÍN, þá hleypur Framsókn úr salnum. Af hverju er það, hæstv. forseti? Er það vegna þess að hæstv. menntmrh. er búinn að hafa Framsfl. undir í málinu? Er það vegna þess að Framsfl. ætlar að lúffa og láta Sjálfstfl. skipa sér fyrir verkum í þessum efnum? Ég dreg ályktunina af því að í ræðu hæstv. menntmrh. áðan færðist hann allur í aukana við að snúast gegn samtímagreiðslum. Það bendir því allt til þess að Framsfl. sé að beygja sig í svaðið eins og hæstv. menntmrh. þóknast og það er dapurlegt, bæði fyrir lýðræðið í landinu en þó sérstaklega fyrir námsmenn, menntakerfið og þjóðina alla.

[14:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég verð þó að segja að mér fannst hæstv. menntmrh. koma fram með mjög alvarlegar ásakanir á hendur námsmönnum. Hann heldur því blákalt fram að þessi skýrsla sé uppfull af rangfærslum. Hann segir að Ríkisendurskoðun hafi ekki lagt blessun sína yfir skýrsluna. Það kemur reyndar fram á titilsíðu að Ríkisendurskoðun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hafa yfirfarið efni skýrslunnar og þau gögn sem í henni birtist. Er báðum stofnunum þakkaðar gagnlegar ábendingar sem tekið var fullt tillit til, segir, með leyfi forseta, á titilsíðu. Hér eru því atriði sem þarf að fara betur ofan í.

En hver er niðurstaða þessarar umræðu, hæstv. forseti? Hún er í raun og veru sú að hæstv. menntmrh. situr við sinn keip. Hann segir einfaldlega: Þetta er rangt. Það sem gerst hefur í kjölfar breytinganna 1992 er bara ekkert alvarlegt. Það er allt í lagi. Jú, kannski er hægt að skoða byrðina af greiðslu lánanna, hvað sem það nú þýðir, en allt annað er bara í lagi og það hefur verið haldið upp heldur neikvæðri umræðu að hans mati. En hér eru þessar tölur svart á hvítu á bls. 50–51, t.d. um einstæða foreldra, um barnafólk í lánshæfu námi, um samband lánþega og námsmannafjölda meðal barnafólks. Það er vitnað í tölur frá Lánasjóði ísl. námsmanna og frá Hagstofu Íslands og þetta eiga að vera ábyggilegar heimildir. Hverju er eiginlega verið að halda hér fram? Það er staðreynd og þær upplýsingar höfum við fengið á undanförnum árum að lánþegum hefur fækkað og við hljótum að spyrja: Hvernig fjármagna þeir námsmenn sitt nám? Þeir gera það að miklum hluta til með vinnu. Og hvað þýðir það fyrir lengd námsins? Það þýðir því miður að þeir verða lengur í sínu námi. Hæstv. menntmrh. kom ekkert inn á fækkun námsmanna erlendis sem ég vil ítreka að ég tel mjög alvarlegt mál. Það er alveg ljóst að þessar breytingar hafa haft alvarlegar afleiðingar og það þýðir ekkert að neita því.

[14:51]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í sjálfu sér held ég að við nálgumst ekki kjarna málsins frekar í þessum umræðum því að það þarf að brjóta einstaka þætti þessarar skýrslu betur til mergjar heldur en við getum gert á þeim skamma tíma sem um er að ræða. Það er rangt að ég hafi talað um rangfærslur í þessari skýrslu. Ég sagði að ýmis atriði í henni væru gagnrýnisverð og skárra væri það nú ef það mætti ekki halda slíku fram, að ýmis atriði í skýrslu jafnlangri og þessari væru gagnrýnisverð.

Það er einnig rangt að draga þá ályktun af því sem stendur á titilblaði skýrslunnar að Ríkisendurskoðun hafi lagt einhverja blessun sína yfir niðurstöðurnar í þessari skýrslu. Það hafa einstakar tölur verið bornar undir þá stofnun, en hún hefur enga blessun lagt yfir þessa skýrslu.

Ég verð að leyfa mér að segja það, herra forseti, að hvað sem líður störfum mínum sem ráðherra í tilefni af orðum hv. þm. Ágústs Einarssonar, þá held ég að það standi meira eftir af mínum störfum heldur en af Þjóðvaka á þeim tíma sem þingmaðurinn hefur starfað á hinu háa Alþingi. Ef það yrði gengið til vitnis nú um það hvernig menn hafa starfað á þeim mánuðum sem liðnir eru frá síðustu kosningum þá gæti ég fremur gengið fram fyrir mína umbjóðendur heldur en þeir sem buðu sig fram í nafni Þjóðvaka. Það fer þingmanninum ekki vel að vera að leggja dóm á störf manna með þessum hætti.

Ég er sammála hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það er æskilegt við endurskoðun á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna að taka fleiri atriði sem nú eru í úthlutunarreglunum inn í lagatextann sjálfan. Ég held að það sé rétt ábending sem hann er með að lagatextinn er að ýmsu leyti of heimildarmikill til stjórnar lánasjóðsins og það er óeðlilegt að þingmenn afsali sér valdi með þeim hætti sem gert er í lögunum. Þetta er eitt af því sem við höfum verið að skoða við endurskoðun

á lögunum og reglunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og er sjálfsagt að taka til skoðunar.

Í tilefni af orðum hv. þm. Svavars Gestssonar sem fullyrti að ég hefði hert á andstöðu minni við samtímagreiðslur í ræðu minni, þá minntist ég aldrei á það með einu orði. Allar hans ályktanir sem dregnar eru af þessum tilbúningi hans eru því jafnmikill tilbúningur og upphafið sjálft.

[14:54]

Útbýting þingskjals:

Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, 200. mál, þáltill. BH og RG, þskj. 226.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 201.

[14:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins sem er stjfrv. Það er 180. mál þingsins og er að finna á þskj. 201. Þetta frv. er sett fram með svokölluðu bandormssniði því verið er að breyta tvennum lögum, annars vegar lögum um Lífeyrissjóð ríkisstarfsmanna og hins vegar um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Þess vegna er uppsetningin á frv. eins og hún er en mér er kunnugt um að starfsmenn þingsins ætla sér að laga þennan frumvarpstexta að núgildandi lögum fyrir hv. nefnd þannig að auðveldara sé fyrir nefndina að kynna sér þær breytingar sem er verið að leggja til að gerðar verði. Þær eru auðvitað mikilvægar og nauðsynlegt að hv. nefndarmenn kynni sér rækilega í hverju þessar breytingar eru fólgnar.

Með lagafrv. þessu er fyrirhugað að endurnýja löggjöf um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins en núgildandi lög eru að mestu leyti byggð á lögum nr. 101/1943 og því að stofni til meira en 50 ára gömul. Frv. tengist nýrri starfsmannastefnu sem ríkisstjórnin hefur sett sér og miðar að því að laga fyrirkomulag starfsmannahalds og launamála að breyttum aðstæðum. Markmið frv. er þó ekki síður að draga úr þeirri óvissu sem nú ríkir um fjárhag Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, LSR, og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, LHK. Hún stafar af því að samkvæmt gildandi lögum ávinna ríkisstarfsmenn sér lífeyrisréttindi sem eru verulega umfram samanlagðar iðgjaldagreiðslur þeirra og ríkisins til sjóðsins. Að óbreyttum lögum verður ekki unnt að uppfylla skuldbindingar sjóðanna nema komandi kynslóðir taki á sig umtalsverðar skattahækkanir. Frv. miðar því að því að koma í veg fyrir að þessi vandi haldi áfram að stigmagnast. Það verði gert með því móti að allur áunninn lífeyrisréttur nýrra starfsmanna verði eftirleiðis fjármagnaður með hærri samtímagreiðslum iðgjalda frá launagreiðendum og launþegum. Þannig verði tryggt að eignir og skuldbindingar haldist jafnan í hendur.

Annað helsta markmið frv. er að færa lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna nær því sem gildir fyrir flesta aðra launþega í landinu. Í meginatriðum verði þetta gert með því að reikna réttindaávinning nýrra starfsmanna og núverandi starfsmanna sem það kjósa miðað við stigakerfi líkt og hjá almennu lífeyrissjóðunum þannig að réttindin ráðist af iðgjaldagreiðslum sem inntar hafa verið af hendi. Þá verða lífeyrisiðgjöldin ekki aðeins greidd af föstum launum heldur einnig af öllum öðrum launum, svo sem yfirvinnu. Jafnframt verður fallið frá því að miða lífeyrisgreiðslur við laun eftirmanns lífeyrisþega þar sem þær mundu nú ráðast af meðallaunum sem iðgjöldin voru greidd af. Í þeirri breytingu felst einnig að lífeyrisbæturnar verða verðtryggðar með neysluvöruvísitölu í stað þess að fylgja launabreytingum hjá eftirmönnum. Loks fer fram nokkur tilfærsla á réttindum frá makalífeyri yfir í elli- og örorkulífeyri.

Þótt reglur um lífeyrisréttindin verði þannig hliðstæðar þeim sem gilda hjá almennum lífeyrissjóðum verða verðmæti þeirra eftir sem áður talsvert meiri. Það birtist m.a. í því að hlutfall ellilífeyris af heildarlaunum yfir starfsævina verður hærri hjá Lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna auk þess sem ellilífeyrisaldur verður lægri. Fyrirhugaðar breytingar á lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna byggja á þeirri meginforsendu að þegar á heildina er litið verði lífeyrisréttindi samkvæmt frv. sambærileg við þau sem ákvörðuð eru í núgildandi lögum. Úttekt tryggingafræðinga í fylgiskjali með frv. bendir til að sú forsenda geti staðist. Ég hvet hv. alþm. til að kynna sér sérstaklega fylgiskjalið þar sem tryggingafræðingarnir gera samanburð á réttindum í nýja og gamla kerfinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að hið nýja fyrirkomulag lífeyrismála verði starfrækt sem sérstök A-deild í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og gildi fyrir alla þá sem hefja störf hjá ríkinu eftir að það verður að lögum. Eldra fyrirkomulagið verður fellt undir B-deild sjóðsins og verður nær óbreytt frá því sem nú gildir. Núverandi sjóðfélagar geta valið um að halda áfram að ávinna sér lífeyrisréttindi þar eða að færa sig yfir í nýja fyrirkomulagið, án þess að glata þeim réttindum sem þeir hafa þegar áunnið sér. Sama verður látið gilda um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna.

Rétt er að benda á að frumvarpið tekur ekki á því misvægi sem er á milli núverandi eigna LSR og þeirra lífeyrisskuldbindinga sem þegar eru áfallnar nema að takmörkuðu leyti. Sama gildir um skuldbindingar sem eiga eftir að myndast vegna þeirra ríkisstarfsmanna sem kjósa að eiga áfram aðild að B-deild sjóðsins.

Með frv. er eins og áður hefur komið fram lagt til, að núverandi réttindakerfum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum starfsmönnum. Samhliða verði settar reglur um nýtt réttindakerfi sem nýráðnir starfsmenn greiði iðgjald til.

Í frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verði skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar deildir sem kallaðar verða A-deild og B-deild. Nýir sjóðfélagar og þeir sem kjósa að færa sig úr eldra kerfi í nýtt greiði til A-deildar sjóðsins. Þeir sem aðild eiga að sjóðnum við gildistöku laga samkvæmt þessu frumvarpi verði hins vegar í B-deild sjóðsins, svo fremi þeir kjósi ekki að færa sig yfir í A-deildina.

Réttindareglur í B-deildinni verða að meginstofni til óbreyttar frá gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó verða gerðar nokkrar breytingar á lögum sjóðsins að því er varðar deildina. Breytingar þessar eiga það flestar sammerkt að þær eru til þess fallnar að taka á ýmsum framkvæmdarörðugleikum og túlkunarvandkvæðum sem komið hafa upp við framkvæmd núgildandi laga sjóðsins.

Helsta breyting, sem í frumvarpi þessu er lögð til á réttindum í B-deildinni, lýtur að framkvæmd svokallaðrar eftirmannsreglu. Lagt er til að í stað þess að miða lífeyri við þau laun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast verði breytingar á lífeyri miðaðar við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra

starfsmanna fyrir dagvinnu. Lífeyrisréttur við upphaf lífeyristöku verði eftir sem áður reiknaður samkvæmt launum við starfslok. Á þennan hátt verður þessi breytta regla jafnverðmæt fyrir sjóðfélaga þegar á heildina er litið. Núverandi sjóðfélögum verði þó gefinn kostur á að velja um óbreytta eftirmannsreglu.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að gerðar verði ráðstafanir til að styrkja B-deildina þannig að hún verði betur í stakk búin til þess að mæta skuldbindingum sínum. Í fyrsta lagi er lagt til að eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt 32 ára eða 95 ára reglu muni launagreiðendur greiða 10% iðgjald til sjóðsins. Samkvæmt gildandi lögum hefur iðgjald launagreiðanda hins vegar fallið niður samtímis niðurfellingu iðgjalda sjóðfélaga. Í öðru lagi er lagt til að sú grein í lögum sjóðsins verði felld brott sem kveður á um að sjóðurinn eigi að verja hluta af ávöxtun sinni til greiðslu á lífeyrishækkunum sem launagreiðendur væru ella krafðir um. Báðar þessar breytingar eru til að styrkja B-deildina. Gagnvart launagreiðendum hefur breytingin hins vegar fyrst og fremst þau áhrif að flýta greiðslum til sjóðsins.

Það er auðvitað galdurinn í þessu öllu saman að geta greitt inn meira samtímis af hálfu launagreiðendanna til þess að koma í veg fyrir þá uppsöfnun skuldbindinga sem ella verður og hefur orðið í tímans rás.

Eins og að framan greinir er með frumvarpinu lagt til að Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna verði lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á sama hátt og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Nýráðnir hjúkrunarfræðingar fara samkvæmt frumvarpinu í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Jafnframt verður núverandi sjóðfélögum gefinn kostur á að flytja sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Samhliða þessu er lagt til að lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna verði breytt til samræmis við ákvæði sem gilda munu áfram um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hefur nánast ekkert verið breytt síðan árið 1965. Ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á undanförnum árum, hafa fram að þessu ekki verið gerðar til samræmis á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Með þessu frumvarpi er lagt til að reglur sjóðanna verði samræmdar að þessu leyti.

Við gerð tillagna í frumvarpi þessu um nýtt réttindakerfi, þ.e. A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, var það meginsjónarmið haft að leiðarljósi að verðmæti réttinda í A-deild sjóðsins væru þegar á heildina er litið sambærileg réttindum samkvæmt núgildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hins vegar eru reglur um A-deildina í verulegum atriðum frábrugðnar eldri réttindareglum.

Ég tel ástæðu í þessu sambandi enn á ný til að vísa til fylgiskjals II þar sem þessu er lýst m.a. í yfirliti þeirrar skýrslu sem skrifuð er af fulltrúum Talnakönnunar og Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, en þar eru sýndar forsendur og útreikningar sem benda til þess að þessi niðurstaða sé rétt.

Þannig eru útreikningsreglur lífeyris í þessum tveimur kerfum mismunandi. Samkvæmt gildandi lögum fer lífeyrisréttur sjóðfélaga eftir því hversu lengi þeir hafa greitt iðgjald til sjóðsins, í hvaða starfshlutfalli þeir hafa verið á hverjum tíma og því starfi sem þeir gegna við starfslok. Hafi þeir fyrr á iðgjaldagreiðslutíma sínum verið í hærra launuðu starfi en því sem þeir gegndu síðast eru lífeyrisgreiðslur reiknaðar samkvæmt því starfi, enda hafi viðkomandi gegnt því í a.m.k. í 10 ár. Eftir að taka lífeyris hefst taka lífeyrisgreiðslur síðan þeim breytingum, sem verða á launum fyrir viðmiðunarstarf.

Eins og heyra má á þessu er hér ekki um raunverulegan lífeyrissjóð í venjulegum skilningi að ræða heldur kannski frekar eftirlaunasjóð þar sem eftirlaunin taka mið af launum eftirmanns þess sem lætur af starfi.

Í frumvarpinu er hins vegar lagt til að lífeyrisréttur í A-deild verði reiknaður eftir stigakerfi, þar sem réttindaávinningur ársins fari eftir fjárhæð iðgjalda á hverjum tíma. Eftir að taka lífeyris hefst er síðan lagt til að hann breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs eins og gerist hjá öðrum sjóðum. Samhliða þessari breytingu er lagt til að sjóðfélagar í A-deild greiði iðgjald af öllum launum alla starfsævi sína.

Í frumvarpinu er lagt til að réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ásamt rétti til barnalífeyris verði ákveðinn í lögum sjóðsins. Jafnframt er iðgjaldahluti launþega lögbundinn 4% samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar er lagt til að iðgjald launagreiðenda verði breytilegt og endurskoðað árlega. Samkvæmt frumvarpinu á iðgjald launagreiðenda á hverjum tíma að vera við það miðað að iðgjöld til sjóðsins dugi til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í frumvarpinu er lagt til að iðgjaldaprósenta launagreiðenda — þeir eru fleiri en einn og ríkið sífellt að verða minni og minni hluti þeirra — verði 11,5% af heildarlaunum sjóðfélaga á árinu 1997. Með greiðslu iðgjalda samkvæmt þessu hafa launagreiðendur þá staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart sjóðnum.

Nokkur umræða hefur átt sér stað um rekstrarábyrgðina og meira að segja hefur því verið haldið fram að verið sé að hverfa frá rekstrarábyrgð á sjóðnum, að verið sé að leggja á ríkið aukna rekstrarábyrgð á sjóðnum. Þetta er auðvitað ekki rétt því ef eitthvað er þá er rekstrarábyrgð sjóðsins aukin stórlega, a.m.k. miðað við það sem nú er. Það er t.d. um það fullt samkomulag að eignir sjóðsins verði ávaxtaðar eins og gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum og það er fyrirhugað að staðfesta það í samþykktum sjóðsins. Því til viðbótar verða sömu vísitöluviðmiðanir notaðar á eignir og skuldbindingar um leið og horfið verður frá svokallaðri eftirmannsreglu. Þannig má halda því fram ef eitthvað er að það sé verið að færa meiri ábyrgð yfir á sjóðinn frá ríkinu þótt vissulega sé það svo að ríkið beri að lokum eins og hingað til, endanlega ábyrgð. Það verður að segjast eins og er að það var ekki samningsgrundvöllur fyrir því á þessu stigi. En með því að fara þá leið sem hér er valin má gera ráð fyrir því að á síðari stigum verði auðveldara að semja um slíkt þannig að sjóðurinn verði sambærilegur í alla staði öðrum sjóðum þótt hjá því verði að sjálfsögðu ekki komist að viðurkenna að í gegnum tíðina hefur það verið svo að sjóðurinn er mun verðmætari en aðrir sjóðir. Eins og kemur fram má áætla að verðmæti lífeyristrygginga sjóðsins séu 55% meiri en hjá öðrum sjóðum. Það skýrist með því að greitt er 15,5% af launum í stað 10% venjulegast hjá öðrum sjóðum. Það er ekki neitt nýtt. Það eru hlutir sem hafa verið í gangi í mörg undanfarin ár og það er ekki verið að gera neinar breytingar. Það er fyrst og fremst verið að gera þetta gagnsærra þannig að það sé ljóst hvað þarf að greiða inn samtímis til að menn haldi þeim réttindum sem þeir hafa fengið í dag. Réttindaaukningin sem verður hins vegar nú er fólgin í því að starfsmenn leggja 4% af launum sem þeir fá fyrir yfirvinnu, til hliðar en það hafa þeir ekki gert hingað til. Það er að sjálfsögðu þeirra eign og það er fagnaðarefni að þar verður til sparnaður sem ég held

að sé hagkvæmur fyrir þjóðfélagið og það veitir auðvitað meiri réttindi en áður enda er þar um að ræða ráðstöfun á fjármagni sem er af hreinum launum launþegans og kemur ríkinu að sjálfsögðu lítið við.

Þessu skaut ég inn vegna þess að nokkuð hefur borið á því hjá sumum, meira að segja þeim sem ég veit að hv. þm. hafa skammað mig mest fyrir að vera fulltrúi fyrir — síðast þegar ég var í ræðustólnum að ræða önnur mál stóð hver hv. þm. upp á fætur öðrum og sagði að ég væri fulltrúi ákveðinna afla í þjóðfélaginu, nánar tiltekið Vinnuveitendasambandsins. En nú er ég að vitna til þeirra og sýnir þetta kannski ágæta vel að sá sem hér stendur er ekki alltaf fulltrúi sömu aflanna í þjóðfélaginu eins og sumir hv. stjórnarandstæðingar vilja vera láta. Vona ég að ræður þeirra breytist eitthvað í þessari umræðu frá því sem var í umræðunni sem við áttum hér fyrir hlé sem varð vegna nefndastarfa í þinginu. (**SJS:** Ráðherrann er fjölhæfur.) Bregður sér í alla kvikinda líki, sá ég á þingmanninum að hann vildi sagt hafa, virðulegi forseti.

Í frumvarpinu eru lagðar til verulegar breytingar á útreikningsreglum elli-, örorku- og makalífeyris hjá A-deildinni miðað við núgildandi lög sjóðsins. Að hluta til eru þessar breytingar til komnar vegna útreiknings samkvæmt stigakerfi, en að hluta til er um tilfærslu á milli einstakra tegunda lífeyris að ræða. Þannig má almennt segja að réttur til elli- og örorkulífeyris sé aukinn samkvæmt frumvarpinu, en á móti dregið úr makalífeyrisréttindum. Fyrir því eru fyrst og fremst tryggingafræðileg rök.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi lífeyrissjóða, ýmist í kjölfar lagasetningar um lífeyrismál eða vegna breytinga á lögum og reglugerðum einstakra lífeyrissjóða. Mikil breyting hefur einnig orðið hjá lífeyrissjóðnum í fjárhagslegum efnum og á starfsumhverfi. Þá hefur á síðustu árum verið tekinn upp sá háttur að gjaldfæra og skuldfæra lífeyrisskuldbindingar í reikningum opinberra aðila, fyrst og fremst ríkisins þó en einnig ríkisfyrirtækja. Þrátt fyrir þetta hafa þó litlar breytingar verið gerðar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna á undanförnum árum.

Samkvæmt gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna hvílir sú ábyrgð á launagreiðendum sem tryggt hafa starfsmenn sína í sjóðunum að endurgreiða lífeyrissjóðunum hluta af lífeyrisgreiðslum. Framlag launagreiðenda samkvæmt þessu fer eftir hækkunum, sem verða á lífeyrisgreiðslum og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eftir tekjum sem sjóðurinn hefur af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu.

Vegna þessa hvíla verulegar skuldbindingar á ríkissjóði og öðrum launagreiðendum sem greitt hafa iðgjöld til þessara sjóða. Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fyrir árið 1995 voru skuldbindingar alls metnar vera 123 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Í efnahagsreikningi sjóðsins kemur hins vegar fram að bókfærðar eignir voru á sama tíma 22,2 milljarðar kr., en samkvæmt endurmati voru eignirnar 24,7 milljarðar króna eða 20% af skuldbindingum reiknað á þessum grunni. Það skal tekið fram strax að það hefur auðvitað úrslitaþýðingu hvaða upphæð kemur út úr dæminu eftir því hver ávöxtunin verður. Auðvitað er þessi tala afskaplega næm fyrir vaxtabreytingum í framtíðinni. Það skiptir t.d. tugum milljarða hvort ávöxtunin breytist um 0,5% til eða frá.

Samkvæmt ársreikningi Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna fyrir árið 1995 voru skuldbindingar sjóðsins metnar vera 13,4 milljarðar króna ef miðað var við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Samkvæmt efnahagsreikningi sjóðsins voru bókfærðar eignir á sama tíma 3,5 milljarðar króna, en samkvæmt endurmati voru eignirnar 4 milljarðar króna eða u.þ.b. 30% á þennan mælikvarða.

Við skoðun á þessum fjárhæðum eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðanna verður að líta til þess að við mat á eignum sjóðsins hefur ekki verið tekið tillit til krafna sjóðsins á hendur launagreiðendum um að þeir endurgreiði lífeyrissjóðnum í framtíðinni hluta af lífeyrisgreiðslum. Þó svo launagreiðendur hafi á undanförnum árum í auknu mæli tekið upp þá reglu að bókfæra skuldbindingar sínar í ársreikningum, eins og t.d. er gert í ríkisreikningi, hafa Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna og Lífeyrisjóður hjúkrunarkvenna ekki fært þessar kröfur til eignar í sínum reikningum.

Eins og að framan greinir fer greiðsla launagreiðenda á hverjum tíma vegna þessara skuldbindinga annars vegar eftir þeim hækkunum sem verða á lífeyrisgreiðslum og hins vegar eftir tekjum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins af skuldabréfum sem keypt hafa verið af ríkinu. Greiðsla launagreiðenda á hverju ári umfram iðgjaldagreiðslu fer því hvorki eftir raunverulegri þörf sjóðanna fyrir fé til greiðslu lífeyris né heldur eftir þeim skuldbindingum sem myndast hjá sjóðunum á hverjum tíma.

Þær skuldbindingar, sem rætt er um hér að framan, hvíla að hluta til á ríkissjóði vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna hjá A-hluta ríkisstofnunum, að hluta til hjá B-hluta ríkisstofnunum og að hluta til hjá ýmsum öðrum launagreiðendum sem fengið hafa aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna samkvæmt heimild í lögum sjóðanna þar að lútandi. Meðal síðastgreindu launagreiðendanna má nefna rúmlega 50 sveitarfélög, nokkur samtök sveitarfélaga, stéttarfélög, líknarfélög, sjálfseignarstofnanir o.fl. Á öllum þessum launagreiðendum hvíla verulegar skuldbindingar gagnvart sjóðunum.

Það er ástæða til þess að benda á þetta og reyndar var gerð úttekt á sjóðnum á sínum tíma í vor, sem ekki er birt sem fylgiskjal en nefndin getur auðvitað fengið aðgang að, þar sem farið var mjög rækilega yfir hvernig staða sjóðsins var.

Eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna hefur öðrum launagreiðendum en ríkissjóði, sem greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fjölgað verulega. Sú breyting undirstrikar því enn frekar nauðsyn þess að breyta reglum um ábyrgð launagreiðenda á skuldbindingum sjóðsins.

Mér er sagt að það séu u.þ.b. 3.700 grunnskólakennarar sem fara þá úr ábyrgð ríkisins, þ.e. frá þessum tímapunkti. Auðvitað ber ríkið ábyrgð á þeim hluta sem nú þegar eru orðnir. Starfsmenn Pósts og síma eru 2.000 og ekki ljóst hvar þeir lenda. Eftir næstu áramót, þegar þessir aðilar hverfa úr ábyrgð ríkisins, þá verða einungis 50–55% af rúmlega 21.000 iðgjaldagreiðendum til sjóðsins starfsmenn hjá ríkinu. Með öðrum orðum verða 45–50% virkra sjóðfélaga starfsmenn annarra launagreiðenda en ríkissjóðs. Það er mikilvægt að þetta komi fram því þetta undirstrikar nauðsynina á því að breyta lögunum til þess að aðrir launagreiðendur en ríkið geti greitt inn samtímis og því farið að safna upp í þessum sjóð og komið í veg fyrir skuldbindingaupphleðslu.

Þegar gerð hefur verið breyting á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hafa iðulega komið upp vandkvæði vegna gildandi reglna um útreikning lífeyris. Til dæmis komu þau berlega í ljós við verkaskipti sem urðu á árunum 1990 og

1991 samkvæmt lögum nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, og lögum nr. 75/1990, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Ýmsum spurningum, sem fram komu um lífeyrisréttindi starfsfólks við þau verkaskipti, er í raun enn ósvarað.

Samsvarandi vandamál hafa komið upp í tengslum við einkavæðingu og verkefnaflutning til einkaaðila. Einstaklingar, sem skipta um starf, koma til starfa hjá ríkinu eða hefja starf hjá öðrum launagreiðanda eftir að hafa unnið hjá ríkinu, hafa einnig orðið fyrir óþægindum og tapað eða misst af réttindum.

Verði þetta frv. samþykkt auðveldar það allar tilfærslur milli ríkis og annarra aðila.

Loks má benda á erfiðleika við túlkun á svokallaðri eftirmannsreglu. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna gildir sú regla að lífeyrisréttur sjóðfélaga er reiknaður sem tiltekinn hundraðshluti af launum sem greidd eru fyrir það starf, sem sjóðfélagi gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris hefst fylgja lífeyrisgreiðslur þeim breytingum sem verða á launum fyrir þetta tiltekna starf. Lífeyrisgreiðslur breytast þannig í hlutfalli við breytingar á launum eftirmanna í starfi.

Þessi regla er mjög erfið í framkvæmd og í raun illframkvæmanleg. Störf breytast og verkefni launagreiðenda breytast. Gerðar eru sífellt meiri kröfur til manna í eftirmannsstörfunum sem skekkja grundvöllinn. Í mörgum tilfellum er því erfitt að segja til um hver sé eftirmaður viðkomandi lífeyrisþega. Þá er samkvæmt verklagsreglum lífeyrissjóðanna leitast við að láta lífeyrisgreiðslur fylgja launaþróun hliðstæðra starfa. En slíkt mat verður alltaf erfitt í framkvæmd.

Ég hef nú minnst á nokkrar ástæður þess að nauðsynlegt er að breyta gildandi lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Nánar verður fjallað um þessi atriði í greinargerð með frv.

Ég vil þó áður en ég lýk máli mínu, virðulegi forseti, nefna það að forsendur fyrir fjármögnun á lífeyrisréttindum grunnskólakennara og skólastjórnenda hafa breyst nokkuð frá því gengið var frá samkomulagi við sveitarfélög um þau atriði sl. sumar. Skýrist það af því að þau frumvarpsdrög sem þá var miðað við gerðu ráð fyrir að breytingar á lögum um LSR yrðu með öðrum hætti en stefnt er að með þessu frv. Þar má t.d. nefna að ekki var gert ráð fyrir að hluti sjóðfélaga gæti áfram átt aðild að núverandi lífeyriskerfi og að iðgjaldaþörf var metin miðað við 5,5% raunvexti í stað 3,5% nú. Að teknu tilliti til breyttra forsendna er nú miðað við að iðgjöld sveitarfélaga vegna þessara starfsmanna verði 15,5% af föstum launum í stað 6% áður til þess að þau standi að fullu undir áunnum réttindum með samtímagreiðslum. Talið er að færa þurfi nærri 380 millj. kr. úr tekjuskatti yfir í útsvar til að mæta þessum útgjaldaauka hjá sveitarfélögunum. Á móti kemur að samkvæmt frv. dregst viðbótarframlag sveitarfélaganna frá ábyrgð ríkissjóðs á greiðslu uppbóta á lífeyrinn. Þessar breytingar ættu ekki að valda útgjöldum hjá ríkissjóði fyrr en þessir sjóðfélagar hefja töku lífeyris.

Virðulegi forseti. Það má fjölyrða margt um þetta frv. Reyndar hefur það verið kynnt í fjölmiðlum og um það hafa orðið nokkrar umræður. Það hefði að sjálfsögðu verið freistandi að fjalla um fleiri atriði. Ég hef aðeins minnst á ábyrgð launagreiðenda og bent á að í raun og veru er verið að auka ábyrgð sjóðsins sjálfs þó að sjálfsögðu sé endanleg ábyrgð hjá ríkinu. Það er ljóst að ekki hefði orðið um það samkomulag á þessu stigi, að hverfa frá þessari ábyrgð, en ég bendi á að með því að færa sjóðinn í þennan búning sem að er stefnt ætti slíkt að verða auðveldara á síðari stigum ef samningar takast.

Ég vil einnig taka fram að það hefur alltaf verið litið á það af hálfu ríkisvaldsins, a.m.k. hjá þeim sem hér stendur, að hér sé um að ræða mál mjög tengd kjaramálum sem ekki sé hægt að gera verulegar breytingar á án þess að bera undir okkar samningsaðila. Auðvitað er mér ljóst að Alþingi hefur löggjafarvaldið og Alþingi getur að sjálfsögðu breytt þessu frv. eins og Alþingi telur hentast. En afleiðingarnar kunna þá að verða þær að slík mál verði tekin upp í kjarasamningum á milli aðila sem annaðhvort leiðir til þess að fram komi óskir um nýjar breytingar á lögum um sjóðinn, eins og við þekkjum frá fyrri tíð, eða þá að fram komi kröfur um breytingar á launakjörum til að vega upp þær breytingar sem gerðar verða á reglum um sjóðinn.

Mér er þó ljóst að sum atriði í frv. eru þess efnis að auðvitað er hægt að breyta þeim án þess að það raski þeim samningum sem viðkomandi aðilar hafa náð. Það verður auðvitað að meta það og nefndin verður að gera það hverju sinni. Ég treysti því að nefndin muni hafa gott samstarf við bæði fjmrn. annars vegar og þá fulltrúa opinberra starfsmanna sem að þessu máli vinna.

Það hefði verið ástæða til þess, virðulegi forseti, að fjalla einnig um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda en það er gert ráð fyrir því að þeir sem eru í BHM og BSRB verði fluttir úr söfnunarsjóðnum yfir í A-deildina. Það á ekki að vera óhentugt fyrir A-deildina því þarna er yfirleitt um yngra fólkið að ræða sem er verðmætt fyrir sjóðinn sjálfan en auðvitað er það alltaf spurning hvernig með á að fara ekki síst þegar um viðkvæm réttindi eins og lífeyrisréttindi er að ræða. Ég hef ekki komið að því hér, ekki haft tíma til þess í minni ræðu. Mér skilst, virðulegi forseti, að tímanum sé u.þ.b. að ljúka. Það hefði einnig verið fróðlegt að fara frekar yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Um val einstakra aðila að fara á milli deilda o.s.frv. En til þess vinnst ekki tími að þessu sinni en vonandi kem ég þeim sjónarmiðum á framfæri síðar í umræðunni.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, óska eftir því að þetta mál verði afgreitt til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[15:26]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í vor reyndi ríkisstjórnin að þrengja mjög að lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna. Það tókst að hrinda þeirri atlögu og það var vel. Þessi ríkisstjórn hefur reyndar ekki verið mjög vönd að virðingu sinni gagnvart réttindum launþega. Vitaskuld þarf ekki að hafa mörg orð um það að lífeyrisréttindi eru stjórnarskrárvarin réttindi einstaklinga þannig að aldrei getur komið til greina að breyta lífeyrisréttindum núverandi starfsmanna ríkisins þannig að þau séu þrengd eða skert á einhvern máta. Þetta frv. lýsir stefnubreytingu af hálfu stjórnvalda og ástæða er til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessi stefnumörkun eigi að gilda fyrir alla launþega hérlendis.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á þremur meginstoðum, þ.e. skylduaðild, sjóðsöfnun og samtrygging. Það er niðurstaða t.d. Alþjóðabankans að einmitt slík uppbygging sé farsæl þegar litið er til lengri tíma. Það er hins vegar mikill munur á opinberu lífeyriskerfi og því á almennum vinnumarkaði. Þannig hefur t.d. verið greitt af öllum launum

í sjóði á almenna markaðinum en einungis af dagvinnulaunum hjá ríkinu. Ábyrgð hefur verið öðrum hætti. Ríkið hefur borið ábyrgð á skuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en lífeyrissjóðir á almennum markaði hafa orðið að axla ábyrgð af sínum skuldbindingum sjálfir.

Lífeyrissjóðsaldur er mismunandi í þessum kerfum. Almenna reglan er sú að á almennum markaði byrja menn að taka lífeyri 67–70 ára en hjá því opinbera hefur það verið 65–70 ára en verður í hinni nýju deild sem almenn regla við 65 ár.

Það er oft sagt að staða íslenska lífeyrissjóðakerfisins sé slæm. Það er ekki rétt. 32 af 38 sjóðum hérlendis eiga fyrir skuldbindingum sínum og það hefur orðið gjörbreyting á fjárhagsstöðu þeirra síðustu ár. Þeir sjóðir sem eru sístir eru einmitt opinberir sjóðir, þ.e. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, en tekið er á þeim sjóðum í þessu frv. Þriðji sjóðurinn er Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þó að það vanti á sjóðsmyndun hjá opinberum lífeyrissjóðum þá er það ekkert annað en skuldbinding á skatttekjum framtíðarinnar. Það er því allt öðruvísi þótt um fjárvöntun sé að ræða í opinberum sjóðum heldur en vöntun á sjóðsmyndun á almennum vinnumarkaði. Það er tvennt ólíkt þar sem opinberir aðilar hafa burði til þess að taka á sig fjárskuldbindingar langt fram í tímann af þeirri einföldu ástæðu að skattlagningarvaldið er í þeirra höndum.

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki hafa á undanförnum árum verið látin góðu heilli færa til gjalda skuldbindingar og mynda þannig sjóð í stofnunum til að mæta lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sinna. Þessi sjóðsmyndun hefur reyndar ekki verið eignfærð innan Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Staða íslenska lífeyrissjóðakerfisins er að mörgu leyti mun betri en erlendis. En lífeyrissjóðir eiga mjög víða í erfiðleikum einkum í Evrópu.

Skuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna eru þó 135 milljarðar miðað við 2% vexti en eignir eru 29 milljarðar. Á þessu sést að vöntun á sjóðsmyndun í þessum lífeyrissjóðum er mjög veruleg og brýnt var að taka á þeim vanda. Eitt meginatriði þessa frv. er m.a. að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins verður skipt upp í tvær deildir, A-deild fyrir nýja starfsmenn og B-deild fyrir eldri. Lífeyrisréttindin eiga að vera sambærileg í báðum deildum og það er ein af hinum mikilvægu pólitísku ákvörðunum sem tengjast þessu frv. Jafnframt eru gerðar ýmsar aðrar breytingar eins og að í hinni nýju deild verður greitt lífeyrisiðgjald af öllum launum og að fjárhagur eldri deildar verði styrktur með tilteknum reglum eða útfærslu sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir. Einnig er til bóta að felld er niður svonefnd eftirmannsregla og áfram mun verða greitt í sjóðinn fyrir þá launþega sem hafa lokið greiðslu til sjóðsins samkvæmt 32 og 95 ára reglu. Þetta eru ákvæði sem er til bóta í þessu frv. og sömuleiðis að taka með sambærilegum hætti á Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna.

Eitt af meginatriðunum frv. er hins vegar það að launagreiðandi mun greiða þá prósentu sem þarf til að standa undir lífeyrisskuldbindingum, þ.e. lögbundið er 4% iðgjald launþega, en í stað þess að greiða í sjóðinn 6% eins og er á almennum markaði mun ríkið greiða fyrst um sinn 11,5%. Áhrif þessarar útfærslu á almennan lífeyrissjóðamarkað geta orðið umtalsverð. Þessi 11,5% greiðsla af opinberri hálfu í hina nýju deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins mun hugsanlega hafa fordæmisgildi í viðræðum, við uppstokkun í lífeyrismálum á almennum markaði. Réttur til elli- og örorkulífeyris er bættur í hinni nýju deild lífeyrissjóðsins en á kostnað makalífeyris. Hins vegar verður að hafa í huga að ekki liggur fyrir mjög nákvæmt mat á hvað þetta þýðir miklar fjárskuldbindingar fyrir hina nýju deild sjóðsins. Þannig er ýmislegt sem bendir til að þessi úrfærsla á örorkulífeyri í hinu nýja kerfi sé með þeim hætti að skuldbinding ríkisins verði umtalsverð á næstu árum og áratugum.

Það er rýmkaður aðgangur að sjóðnum. Þannig er gert ráð fyrir að lausráðnir starfsmenn ríkisins gerist aðilar að honum og um helmingur þeirra sem nú eiga aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda geta gerst aðilar að hinum nýja lífeyrissjóði. Áhrif þessa á sjóðinn eru ekki nægjanlega könnuð eins og frv. liggur fyrir nú. Fjölgað er í stjórn sjóðsins, bætt við fulltrúum Kennarasambands Íslands, og er það eðlilegt. Það hefði hins vegar farið mun betur á því að frv. hefði verið lagt fram sem heildarlöggjöf um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, í stað þess að vera í bland ný löggjöf og breyting á eldri löggjöf. Það hefði veitt mun betri yfirsýn yfir málið.

Meginatriði frv. er þó að það staðfestir að tvenns konar lífeyriskerfi er í landinu. Það er kerfi sem gildir fyrir starfsmenn á opinberum vinnumarkaði, þó aðeins fyrir þá aðila á sem eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Þetta lífeyriskerfi hefur lengi verið ívið betra en það sem launþegar á almennum vinnumarkaði búa við. Ókostir þess fyrir ríkisstarfsmenn hafa hins vegar verið að þeir hafa oft á tíðum búið við lægri laun en almennt tíðkast á almennum vinnumarkaði. Betri lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna hefur þó verið misskipt, því þeir sem lægri hafa haft launin í opinberri þjónustu búa margir við greiðslu úr almannatryggingakerfinu fyrir utan lífeyri, t.d. í formi tekjutryggingar þegar komið er á lífeyrisaldur. Þannig hefur þessi betri lífeyrisréttur í reynd ekki þýtt betri stöðu í ellinni miðað við aðra launþega en hins vegar hafa margir orðið að gjalda þess á starfsævi sinni að búa við lakari kjör en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði.

Það sem er ef til vill mest til umhugsunar í þessu frv. er hvort hinu tvöfalda lífeyrissjóðskerfi verði viðhaldið. Það hefur verið markmið mjög margra sem hafa komið að lífeyrismálum undanfarin ár að samræma lífeyrisréttindi, þannig að menn byggju við sambærilegt lífeyriskerfi hvort sem þeir störfuðu hjá opinberum aðilum eða hjá öðrum. Síðari ár hefur þeirri skoðun einnig vaxið fylgi að með því að bæta við lífeyrisgreiðslur mætti tryggja sig enn betur og menn gætu komið sér upp einstaklingsbundnum lífeyrisréttindum sem væru betri en lágmarksréttindi í skyldukerfi. Flestir eru þeirrar skoðunar, og ég er þeirra á meðal, að það sé mjög brýnt að öllum launþegum á Íslandi sé skylt að greiða til lífeyrissjóðakerfisins. Hins vegar finnst mér athugandi hvort ekki eigi samhliða greiðsluskyldunni að heimila launþegum að velja milli lífeyrissjóða. Þessi hugmynd nýtur nokkurs fylgis en einnig mikillar andstöðu. Ég hvet til þess að í tengslum við endurskoðun á lífeyriskerfinu fari fram ítarleg umræða um þennan þátt. Þetta er ekki einfalt mál því það þarf að huga að mörgu áður en menn slá því föstu að valfrelsi milli lífeyrissjóða sé rétt stefna.

Það er athyglisvert að velta fyrir sér þeirri leið, sem reyndar hefur verið farin annars staðar, að nýir starfsmenn séu ráðnir á sambærilegum lífeyrisréttindum og á almennum markaði og eiga þá aðild að slíkum lífeyrissjóðum, en þá gegn því að þeir væru á hærra kaupi.

Í frásögn af undirbúningi frv. kemur fram hjá aðstoðarmanni fjmrh. í Morgunblaðinu 23. nóv. að sú leið að hækka

laun nýráðinna starfsmanna til samræmis við þá réttindaskerðingu, þ.e. aðlögun að lífeysissjóðskerfi á almennum markaði, hafi ekki verið skoðuð af neinni alvöru vegna andstöðu opinberra starfsmanna. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hér sé rétt með farið. Hvort forustumenn opinberra starfsmanna hafi hafnað því að hækka laun nýrra umbjóðenda sinna gegn þrengingarákvæðum í lífeyrissjóðsmálum. Mjög lengi hefur verið rætt um að einmitt sú leið gæti verið meginþátturinn í uppstokkun lífeyrismála á opinberum markaði og ekki hvað síst til samræmingar við almennan markað.

Sérstök ástæða er, herra forseti, að vekja athygli á ummælum hæstv. fjmrh. í Morgunblaðinu 16. nóv. sl. þar sem hann segir að hann vonist til að frv. sem við erum að ræða hér verði afgreitt á Alþingi fyrir áramót. Hann segir að það skipti miklu máli að samkomulag sé um breytingarnar milli samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda. Síðan segir fjmrh. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi verði að hafa þetta í huga og leitast við að gera ekki aðrar breytingar á frumvarpinu en þær sem samkomulag er um við opinbera starfsmenn."

Hér er að mínu mati um forkastanlega yfirlýsingu að ræða. Að fjmrh. og ríkisstjórnin séu að binda hendur Alþingis varðandi afgreiðslu lagafrv. Ég vil benda á það að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. fara ekki með löggjafarvaldið í þessu landi og heldur ekki samtök opinberra starfsmanna né nokkur önnur samtök. Þetta hefur ekkert með eðli eða efni frv. að gera. Hér er lögð fram tillaga sem Alþingi tekur til umfjöllunar. Það eru margir kostir á henni, ýmis álitamál og vafalítið eitthvað sem má betur fara. Alþingi mun breyta þessu frv. eftir sínu höfði. Vitaskuld má búast við því þar sem málið er stjfrv. að breytingarnar verði ekki veigamiklar vegna þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn stendur jú að málinu og málið nýtur auk þess velvildar stjórnarandstöðunnar. Ég vil hins vegar vita afstöðu hæstv. forseta Alþingis gagnvart slíkum ummælum um störf þingsins. Hér er verið að segja að það eigi ekki að breyta frv. sem fram koma vegna þess að það hafi verið gert samkomulag við þriðja aðila um tiltekna útfærslu. Mér finnst þetta ekki góð vinnubrögð og ummæli og skýringar fjmrh. hér áðan fundust mér ekki bæta stöðu málsins.

Það sem er einna alvarlegast varðandi þetta frv. er staða launþega sem eiga ekki aðild að stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Hér er átt við starfsmenn ASÍ-félaga eins og t.d. Sóknar. Það eru 5.000–6.000 launþegar sem vinna hjá ríkinu en eru félagar í ASÍ. Mismunandi útfærsla á lífeyrisréttindum eins og staðfest er í þessu frv. getur kallað á vandkvæði við samningsgerð fyrir þennan hóp. Ég sé ekki betur en að hér séu brigðir gagnvart t.d. starfsmönnum Sóknar sem stóðu í þeirri meiningu þegar lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru afgreidd í vor að þeir mundu njóta þeirra lífeyrisréttinda sem gilda hjá opinberum starfsmönnum.

Sömuleiðis þýðir þetta frv. mikla óvissu hjá Pósti og síma sem breytt var í hlutafélag. Það má benda á að fjölmargar starfsstéttir vinna bæði hjá ríki og einkaaðilum og má þar nefna t.d. Rafiðnaðarsambandið. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að þetta frv. eigi eftir að flækja málin verulega hjá Pósti og síma og bendir á að það félag hefur óskað eftir einum kjarasamningi fyrir sitt starfsfólk. Staðreyndin er hins vegar sú að hluti starfsfólksins er í lífeyrissjóði sem veitir betri réttindi en annað starfsfólk fyrirtækisins býr við. Hvernig á þá að bæta úr þessu öðruvísi en að fólk sé þá á mismunandi launum hlið við hlið? Þetta getur kallað á veruleg vandkvæði við næstu kjarasamningagerð og virðist gerð frv. hafa verið með þeim hætti að Alþýðusambandið, sem er jú einn talsmaður stærsta hlutans af þeim starfsmönnum sem vinna hjá hinu opinbera, hafi ekki verið kallað mjög til að veita ráðgjöf varðandi þennan þátt. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hyggist halda á lífeyrismálum gagnvart Alþýðusambandinu í framtíðinni. Sömuleiðis má benda á að sjóðurinn mun bera með óbeinum hætti ábyrgð á lífeyrisgreiðslunum þar sem reikna verður út á hverju ári út það iðgjald sem nauðsynlegt er af hálfu launagreiðanda. Þessi útfærsla er álitamál en á almennum markaði bera sjóðirnir þessa ábyrgð. Þar hefur það gerst að þurft hefur að skerða réttindi í sjóðum sem ekki hafa haft nægilegt fjárhagslegt bolmagn þó það sé vonandi liðin tíð. Einnig er hugsanlegt að þetta kalli á vandkvæði hjá ýmsum öðrum fyrirtækjum eins og Áburðarverksmiðjunni og Sementsverksmiðjunni. Sú staða getur komið upp að Vinnuveitendasambandið semji við stéttarfélög um lífeyrisréttindi í sjóðum sem þeir hafa engin tengsl við og þurfa þessi mál að skoðast í víðara samhengi.

Það sem ég tel vera einna mest til íhugunar við þetta frv. er að með því er ef til vill sú hugmynd að samræma lífeyriskerfi landsmanna gefin upp á bátinn, nema, og það er ef til vill það mikilvægasta í sambandi við frv., þetta nýja kerfi á opinberum markaði verði fyrirmyndin á almenna markaðnum. Vitaskuld þarf að fara mjög vandlega yfir hina tryggingafræðilegu útreikninga sem fylgja frv., einkum forsendur þeirra, en ýmislegt bendir til að reiknað sé út frá öðrum forsendum en eru á almenna markaðnum. Mér finnst vera álitaefni, og það þurfi þá betri rökstuðning fyrir því, að hugsanlegt er að fjárskuldbindingar sem bætast á sjóðinn vegna þeirra aðila sem eiga kost á því að fara úr eldra kerfi yfir í hið nýja geti orðið verulegar. Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hyggist beita sér fyrir breytingum á ýmsum sérsjóðum sem hafa verið í gangi í lífeyrismálum. Hér ber hæst Lífeyrissjóð alþingismanna og Lífeyrissjóð ráðherra. Ef hann vísar á frumkvæði Alþingis í þeim efnum tel ég rétt að það komi fram yfirlýsing forseta þingsins eða formanna þingflokka stjórnarliðanna, þeirra hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur og Geirs H. Haarde um að þau muni beita sér fyrir því að löggjöf um þá sjóði verði breytt með sambærilegum hætti og hér er lagt upp með.

Það þarf vitaskuld að huga vel að því hvernig lífeyrissjóðunum er háttað hér á landi. Ég vil benda á það að sjóðsmyndun í lífeyrissjóðakerfinu er nú vel yfir 200 milljarða kr. Það liggja fyrir spádómar um að sjóðsmyndunin gæti orðið 700 milljarðar kr. Hér er um að ræða vitaskuld mjög mikið umfang í okkar efnahagslífi. Það kallar á það sérstaklega ef lífeyrissjóðirnir halda áfram í auknum mæli að fjárfesta í íslensku atvinnulífi að gæta að því hvernig farið er með það vald sem þessi sameiginlega eign veitir okkur. Það þarf bæði að tryggja hina faglegu stjórnun og lýðræðislegu aðkomu að þessum málum en fámennisvald í lífeyrissjóðakerfinu íslenska hefur verið regla frekar en hitt.

Vitaskuld eru aðrar almennar endurbætur mögulegar í lífeyrissjóðakerfinu, t.d. að lífeyrisréttindi séu sameign hjóna eða fólks í sambúð og skiptist til helminga við skilnað eða búskipti, og að við fráfall gangi réttindi til barna fram að 20 ára aldri við sérstakar aðstæður. Það er hægt að færa rök fyrir slíkum breytingum og einnig því að við fráfall maka fái sá

sem eftir lifir ekki minni rétt heldur en sá eða sú sem fallið hefur frá hefur aflað sér. Þannig eru ýmsar réttarbætur sem hefði komið til álita að gera samhliða þessum breytingum.

Einnig hefði verið ástæða til að skoða skattalög gagnvart lífeyrissjóðssparnaði. Víða um heim er reynt að færa sparnað yfir í lífeyrissparnað á frjálsum grundvelli og þá er rétt að skattalegar aðgerðir séu látnar gæta jafnræðis á þeim vettvangi. Við verðum að fylgjast vel með því sem er að gerast erlendis á þessu sviði og laga löggjöf okkar að því. Í grundvallaratriðum er lífeyrissjóðakerfi okkar gott. Það hefur þurft endurbóta við einkum hvað varðar opinberan vinnumarkað og þessi útfærsla sem frv. gerir ráð fyrir bætir vissulega núverandi ástand.

Það er mikilvægt að um frv. hefur orðið friður og samstaða við stéttarfélög opinberra starfsmanna. Vitaskuld er mikilvægast að það sé samstaða við launþega við endurbætur á lífeyrissjóðakerfinu, ekki síst í ljósi atburðanna í vor. Það er vert umhugsunar hvort þessi útfærsla fresti eða flýti fyrir samræmingu lífeyriskerfa hérlendis. Það þarf að skoða vandlega áhrif þessa á vinnumarkaðinn og stöðu ASÍ-félaga því þeirra rétt þarf einnig að tryggja vel í þessu máli.

Við jafnaðarmenn munum greiða fyrir opinni og hreinskiptinni umræðu um málið og því að það fái vandaða og skjóta meðferð hér á hinu háa Alþingi.

[15:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði. Í fyrsta lagi vil ég segja að það hefur ekki orðið stefnubreyting hjá stjórnvöldum frá því í vor hvað snertir það atriði að við höfum ávallt talið að við yrðum að skila jafnverðmætum lífeyrisréttindum til starfsmanna. Það sem gerðist hins vegar á liðnu vori var að þegar reynt var að breyta sjóðnum án þess að loka honum og stofna til nýrrar deildar, þá reyndust við útreikning fyrstu hugmyndir ríkisvaldsins — það frv. var aldrei lagt fram á Alþingi — vera þannig að það vantaði á réttindin. Það stóð að sjálfsögðu aldrei til að taka réttindi af starfsmönnunum, þessi réttindi sem snúa að lífeyrissjóðunum.

Spurt var hvort þessi sjóður standi opinn fyrir alla starfsmenn ríkisins. Með þessari breytingu er lagt til að þeir sem geti verið aðilar séu fyrst og fremst þeir sem eru í BHM og BSRB og það er tekið ákveðnar á því í þessum lögum heldur en var í gömlu lögunum. Ég útilokaði það ekki neitt að aðrir geti komist að þessum sjóði einhvern tíma en menn þurfa þá að hafa í huga að það ætti að framkalla launamun í kerfinu. Það er alveg beint samband á milli launakjaranna og lífeyriskjaranna, getur ekki orðið annað. Og mín skoðun er sú að þetta frv. eitt út af fyrir sig breyti engu hvað snertir lífeyrissjóði ASÍ.

Spurt var að því og vitnað til aðstoðarmanns míns hvort ekki hefði verið kannað að fara þá leið að bæta mönnum þetta upp í launum. Ég vil að það komi fram að forsendan fyrir þessum breytingum var sú að við værum að skila jafnverðmætum lífeyrisréttindum.

Um sérsjóðina vil ég einungis láta það koma fram að ég er þeirrar skoðunar og hef sagt það áður að það eigi að breyta bæði ráðherrasjóðnum og alþingismannasjóðnum. En ég tel rétt, eins og með biðlaunin í vor, að þingið sjálft taki upp þær breytingar og ég minni á að Alþingi eða forsetar Alþingis og formenn þingflokka gerðu það þegar biðlaunaréttinum var breytt til samræmis við það sem nú er í nýju starfsmannalögunum.

[15:47]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. að veita nokkur svör við ýmsu af því sem ég spurði. Ég nefndi sérstaklega þessa aðferð, þ.e. að fara þá leið að hækka laun nýrra starfsmanna og skerða lífeyrisréttindi. Ég spurði hvort hún hefði verið skoðuð og spurði álits á ummælum aðstoðarmanns hans. Kannski var ekki svarað skýrt. Ég geri mér alveg fulla grein fyrir að menn fóru aðra leið í þessu frv. Ég hefði kosið að fá aðeins skýrari svör við spurningu minni um þau ummæli sem þarna voru höfð eftir, en þau geta komið síðar.

Það sem ég vildi hins vegar nefna og minni á að hæstv. ráðherra svaraði því ekki — hann gerir það e.t.v. síðar í umræðunni — eru áhrif frv. á Alþýðusambandið og á þá sjóði sem þar eru og mat hans á áhrifum á lögfestingu þessa frv. á kjarasamningagerð almennt á vinnumarkaðinum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn skoði alla þætti sem hér liggja til grundvallar. Það þarf vitaskuld að fara vel yfir þá tryggingafræðilegu útreikninga sem þarna eru lagðir til grundvallar. Ég vil að upplýsa að hv. efh.- og viðskn. hefur beinlínis ráðið tryggingafræðing til starfa við að fara yfir þetta mál vegna þess að menn taka þetta í fullri alvöru. Hér er um eitt mikilvægasta mál þingsins að ræða og ég tel nauðsynlegt að ráðherra upplýsi nú eða síðar mat hans á því hvort þetta kerfi eða þessi útfærsla geti hugsanlega orðið leiðin að því samræmda lífeyriskerfi sem við höfum verið að glíma við og kannski óskað eftir í mörg ár, þ.e. hvort hér sé þá komið það líkan sem hann ætli að tala fyrir gagnvart öðrum stéttarfélögum í landinu.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi, virðulegi forseti, vil ég taka fram að launahækkunarleiðin var í raun og veru ekki könnuð vegna þess að menn gengu út frá því í upphafi að lífeyrisréttindin yrðu jafnverðmæt og í því felst að ekki var hægt að breyta launum því að þá hefðu orðið launabreytingar sem ekki þössuðu inn í þetta starf, en um þær yrði hins vegar fjallað í kjarasamningum.

Í öðru lagi er spurt um áhrifin á almenna vinnumarkaðinn. Ég vil fyrst taka fram að nú fer fram starfsemi þar sem reynt er að breyta lögunum um almennu lífeyrissjóðina, þ.e. á markaðnum. Frumvarpsdrög liggja fyrir og vonandi tekst að gera einhverjar breytingar á næstunni. Ég tel að þetta frv. breyti í sjálfu sér ekki miklu á almenna markaðnum. Hér er aðeins verið að framkalla á gagnsæjan hátt þann mun sem hefur verið um langan aldur á þessum tveimur kerfum, þ.e. hver munurinn er á verðmæti réttindanna. Það getur hins vegar verið að almennu áhrifin verði óbein, þ.e. að aðilar á vinnumarkaði verði tilbúnir til þess að leggja meira til hliðar, semja um að stærri hluti launa eða launaígildis verði lagður til hliðar í lífeyrissjóði vegna þess að sparnaður er dyggð. Menn lifa lengur en áður og menn sjá að þjóðin eldist. Það eru færri vinnandi menn á bak við ellilífeyrisþegana og það er nauðsynlegt þess vegna og framtíðarinnar vegna að leggja meira til hliðar. Það getur verið að það gerist. En ég á ekki von á því til að mynda að þetta frv. verði til þess að launþegar á almennum vinnumarkaði muni krefjast atvinnurekendaábyrgðar á lífeyrissjóðunum því að sú ábyrgð var alltaf hjá ríkinu. Ég tel að við séum að taka skref út úr því kerfi jafnvel þótt það verði ekki tekið fyrr en jafnvel eftir fimm eða tíu ár þegar við sjáum upphleðsluna eiga sér stað í þessum sjóði.

Ég vona, virðulegi forseti, að mér hafi tekist að svara þessum fáeinu spurningum sem til mín var beint.

[15:51]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin. Það má vel vera að það sé einmitt rétt hjá honum að e.t.v. hafi frv. ekki mjög mikil áhrif á almenna vinnumarkaðnum, að fyrirkomulagið sem við búum við nú þegar sé einfaldlega staðfest, þ.e. tvöfalt lífeyrissjóðakerfi. Það var þetta sem ég benti á í minni ræðu og hef vissar áhyggjur af, þ.e. að sú útfærsla sem staðfestir tvöfalt lífeyrissjóðakerfi hefur leitt til þess að opinberir starfsmenn hafa oft á tíðum verið á lakari launakjörum vegna betri lífeyrisréttinda en á almennum markaði, hefur kallað á sambúðarvandamál í íslenskri launþegahreyfingu. Ég er hins vegar bjartsýnn á að e.t.v. leiðir þetta frv. til nánari samvinnu stéttarfélaganna í þessu landi og jafnvel sameiningar þessara stéttarfélaga sem nú starfa á opinberum markaði og almennum markaði og nokkrar viðræður hafa svo sem farið fram í þá átt. (**Fjmrh.**: Ég er sammála því.) Ég heyri að hæstv. ráðherra er sammála því og erum við þá sammála um mat á þessum þætti málsins. Ég tel að þetta gæti verið mjög af hinu góða og er nú komin upp nokkuð skrýtin staða þegar við fjmrh. erum sammála um hlut sem ég er fullviss um að ýmsir forustumenn til að mynda opinberra starfsmanna gætu líklega fellt sig við og einnig á almennum markaði. Það er því hugsanlegt að þetta frv. leiði til meiri uppstokkunar en einungis í lífeyrismálum og það væri vel.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hljóta að teljast þó nokkur tíðindi í ljósi þess hversu mikið og lengi hefur verið rætt um endurskoðun lífeyrismála og þá ekki síst lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna, að hér skuli nú mælt fyrir frv. sem byggir á samkomulagi úr nefndarstarfi þar sem báðir málsaðilar, launagreiðendurnir og fulltrúar launamanna, hafa náð saman um endurskoðun og nýskipan þessara mála.

Ég vil segja það strax að ég held að sú nálgun málsins sem hér hefur verið valin sé og hafi alltaf verið eina færa leiðin, þ.e. að draga strik gagnvart þeim réttindum sem þegar eru áunnin og hafa myndast og svo þeirri nýskipan mála sem varðar framtíðina þegar áunnin réttindi og staða þeirra manna sem fyrir eru í tilteknu lífeyrisumhverfi eru óumdeilanlega lögvarin réttindi viðkomandi og verða ekki af þeim tekin bótalaust. Þar af leiðandi hefur mér lengi þótt blasa við og liggja í augum uppi að þetta væri sú leið sem ein væri í rauninni fær til að koma á nýrri skipan.

Ég fagna í öðru lagi því að samkomulag tókst í því nefndarstarfi sem liggur til grundvallar frv. Hvað sem mönnum að öðru leyti finnst um efni þess og geta haft á því ýmsar meiningar og á því verið skiptar skoðanir, þá hlýtur það að breyttu breytanda að vera fagnaðarefni að vinnubrögðin, aðferðin er sú að laða fram samkomulag málsaðila um breytingarnar. Það hlýtur þar af leiðandi að vigta þungt þegar við tökum þetta mál til meðferðar á hinu háa Alþingi að um jafngífurlega viðkvæmt og vandasamt mál með jafnmikilli skírskotun eða tengingu við launakjör og lífskjör þúsunda manna, hefur náðst samkomulag.

Eins og rakið var í framsöguræðu og óþarfi er að tíunda aftur í löngu máli, þá byggir þessi niðurstaða í aðalatriðum á því að núverandi lífeyrissjóði er lokað og það kerfi starfrækt áfram í svonefndri B-deild en nýja kerfið tekur til starfa í fjárhagslega aðskilinni A-deild sjóðsins. Meginbreytingin sem að launamönnum snýr er sú og vegur þar auðvitað þyngst, að nú verður tekin upp sú skipan að greitt verður af öllum launum eða heildarlaunum og að haldið verður áfram að greiða af launum allt til starfsloka. Hvort tveggja er að sjálfsögðu til þess fallið að styrkja stöðu sjóðsins. Af því sem snýr að launagreiðendum er langveigamest sú breyting að upp eru teknar, ef svo má að orði komast, samtímagreiðslur launagreiðandans til að standa undir skuldbindingunum, í stað þess að þær hlóðust upp og ekki var lagt til hliðar fyrir þeim eins og kerfið hefur verið. Þetta kallar að sjálfsögðu á að framlag launagreiðandans hækkar og verður á næsta ári samkvæmt mati eða á að verða 11,5% í stað 6% áður. Þetta mun að sjálfsögðu hafa þau áhrif á útgjöld ríkissjóð að þau aukast strax á næsta ári og í framhaldinu, að mati fjárlagaskrifstofu fjmrn. samkvæmt fylgiskjali með frv., um 600 millj. kr. á næsta ári og allt að 1.200 millj. á því þar næsta, þ.e. á árinu 1998 og framvegis. En það er rétt að vekja athygli á því og undirstrika að hér er ekki í sjálfu sér um ný útgjöld að ræða heldur flýtingu á greiðslum frá þeirri ábyrgð sem ella hefði verið og legið hjá launagreiðendunum.

Ég tel mikilsvert að í þessu nýja frv. er áfram í hinni nýju deild búið þannig um réttindaumhverfið að því er skipað með lögum hvað varðar ellilífeyri, örorkubætur, makalífeyri og barnalífeyri. Örorkubótarétturinn er gerður fyllri en hann hefur verið og sambærilegur við það sem almennt gerist, en eldri ákvæði gilda að mestu áfram fyrir B-deildina.

Það er, herra forseti, held ég óþarfi að flytja mikið af rökum fyrir þessum breytingum. Það er held ég öllum ljóst og hefur lengi verið að mjög brýnt er að taka á þessum málum. Þar ber margt til. Mér eru þar efst í huga fyrst og fremst ýmsar lagfæringar sem nauðsynlegar voru á réttindaumhverfinu sjálfu og að gera það meira í takt við nútímann. En það er einnig eðlilegt að tekið sé mið af breytingum sem orðið hafa annars staðar, þ.e. hvernig réttindin hafa verið að breytast og meðferð mála hjá öðrum lífeyrissjóðum hafa breyst, hvernig meðferð ríkisfjármálanna sjálfra hefur verið að breytast, uppfærsla skuldbindinga og annað þar fram eftir götunum. Einnig mætti nefna og er reyndar gert í rökstuðningi með frv., hluti eins og verulegar breytingar í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einkavæðingin blessuð er nefnd þarna til sögunnar. En síðast en ekki síst, og ég held það langmikilvægasta, er að það hefði verið afar óskynsamlegt að reka þetta kerfi að óbreyttu áfram inn í framtíðina með þeirri miklu uppsöfnun skuldbindinga sem þar var á ferðinni án þess að leggja til hliðar fyrir því.

Í reynd má segja að lífeyriskerfi landsmanna hafi að þessu leyti, að þessum hluta sem varðar Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, verið gegnumstreymiskerfi en ekki uppsöfnunarkerfi hvað varðaði það sem skorti á að lagt væri til hliðar fyrir skuldbindingum framtíðarinnar. Þessu er nú breytt og því fagna ég þar sem ég er orðinn enn sannfærðari um það en ég hef áður verið að uppsöfnunarkerfi lífeyrisréttinda er mikil blessun fyrir okkur borið saman við hitt að lenda í því að byggja þar á gegnumstreymiskerfi. Og rétt til að upplýsa það, herra forseti, þá hefur ræðumaður algjörlega skipt um skoðun í þessu efni á svona 5–10 árum því ég var óskaplega hrifinn af því í gamla daga að þetta ætti að vera gegnumstreymiskerfi en nú hef ég sem sagt vitkast og er orðinn þeirrar skoðunar — og þarf svo sem ekki mikla speki til í ljósi þeirra hluta sem nú blasa við í lífeyris- og skuldbindingum víða um lönd og ekkert síður í framtíðinni hér á Íslandi og

liggur í breyttri aldurssamsetningu í þjóðfélögunum o.s.frv. — að það er miklu betra að mynda lífeyrisréttindin með þeim hætti að þau endurspegli það sem á hverjum tíma hefur verið lagt til hliðar til að standa straum af þeim útgjöldum.

Herra forseti. Ég lít svo á að hér sé á ferðinni mjög mikilsverður áfangi hvað varðar nýskipan lífeyrismála í heild sinni, ekki bara hvað varðar opinbera starfsmenn heldur líka áfangi á vonandi vegferð okkar til þess að koma á framtíðarlífeyriskerfi allra landsmanna með vel vörðum og tryggum réttindum. Það er að sjálfsögðu ljóst að þetta frv. og þessi tilhögun breytir í sjálfu sér ekki miklu hvað varðar það að samræma lífeyrisréttindin yfir allan vinnumarkaðinn og ég tel ekki rétt að draga neitt undan í þeim efnum. Það hefur þegar komið fram í orðaskiptum að í sjálfu sér breyta þessar breytingar ekki miklu hlutfallslega um þá stöðu sem þar er uppi, enda varla við því að búast. Það er þó þannig að því marki sem umbúnaður þessa frv. eða hins nýja fyrirkomulags á lífeyrisréttindum starfsmanna hins opinbera verður meira í samræmi við það sem gerist annars staðar, að þá er þar að sjálfsögðu samræming á ferð, hvað umbúnaðinn snertir, og það hlýtur að vera jákvætt. En ég segi alveg hiklaust að ég tel að mestu máli skipti að þessi niðurstaða verði mönnum hvatning til þess að sækja þau réttindi á komandi árum sem annars staðar eru lakari og jafna lífeyrisréttindin almennt yfir íslenska vinnumarkaðinn þannig, þ.e. jafna þau réttindi upp á við ef svo má að orði komast því að við höfum séð allt of mikið af hinu á undanförnum mánuðum og missirum að breytingar á sviði félagslegra réttinda ýmiss konar eða vinnuréttinda hafa verið niður á við og í afturför frá því sem við höfum búið við.

Það liggur í hlutarins eðli að félagsmenn í öðrum lífeyrissjóðum og forustumenn þeirra hljóta að meta sína stöðu að einhverju leyti í ljósi þessarar niðurstöðu og ég tel ekki ástæðu til að tala neinni tæpitungu um það. Það liggur algerlega í hlutarins eðli að það mun gerast. Og varðandi félagsmenn í lífeyrissjóðum almennu verkalýðshreyfingarinnar, þá hlýtur það að snúa hvort tveggja að starfsmönum í almennum verkalýðsfélögum sem vinna hjá sömu vinnuveitendum og opinberir starfsmenn en einnig yfir vinnumarkaðinn allan og almennt. Ég endurtek að ég vona að þessi niðurstaða verði mönnum fyrst og fremst hvatning til þess að sækja fram til aukinna réttinda yfir allan íslenska vinnumarkaðinn hvað þetta snertir.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, segja að mér finnst niðurstaðan í þessu máli og þá kannski fyrst og fremst hvernig að henni hefur verið unnið á síðustu mánuðum vera nokkuð merkileg í ljósi þeirra samskipta sem uppi voru milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins á sl. vori. Við erum komin býsna langan veg frá framgangi hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. hvað varðar frumvörpin á sl. vori sem keyrð voru fram í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna og þá á ég að sjálfsögðu við að hér hefur verið lögð fram samkomulagsniðurstaða og því fagna ég. Mönnum ber sannmæli og það er sjálfsagt að fagna því að hæstv. fjmrh. er hér í öðru ljósi og segja má að einhverju leyti kannski í öðru hlutverki, enda maðurinn fjölhæfur eins og fram hefur komið, heldur en hann var á sl. vori þegar hann var að troða í gegnum Alþingi með stjórnarliðið handjárnað á bak við sig ásamt hæstv. félmrh. frumvörpunum um vinnumarkaðinn.

Ég tel að þetta mál sé í allt öðru og jákvæðara ljósi og á ég þar við innihaldið þar sem hvorki er gerð tilraun til þess að hrófla við þegar áunnum réttindum, og skárra væri það nú, né heldur því lífeyrisréttindaumhverfi eða samhengi sem ætlað er að byggja upp með þessum nýja sjóði inn í framtíðina en þar er grundvallarviðmiðunin sambærilegt heildarréttindakerfi og við búum við í dag.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál þó mikilsvert sé. Eðli málsins samkvæmt hlýtur það að þurfa að koma til ítarlegrar skoðunar í viðkomandi þingnefnd og ég á þess kost að taka þátt í þeirri vinnu þar þannig að ég læt máli mínu lokið að þessu sinni.

[16:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur dásamað mjög gjafir hæstv. fjmrh. til opinberra starfsmanna og lýst sig hjartanlega sammála þeim. Vildi hann gera svo vel að svara mér því: Hver borgar þetta?

[16:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. ræðumann að leggja mér ekki orð í munn. Ég held að ég hafi alls ekki nefnt á nafn þetta hugtak sem hv. þm. virðist vera ofarlega í huga, þ.e. gjafir eða örlæti og mildi hæstv. fjmrh., enda snýst þetta fyrir mér ekki um það. Það hefur einmitt komið fram í mjög málefnalegri umræðu nákvæmlega á hvaða grunni þetta samkomulag er reist, sem sagt þessum, sem ég vona að hv. þm. hafi meðtekið og skilið og sé ekki að vefengja, að annars vegar sé ekki hróflað við þegar áunnum réttindum og hins vegar byggi frv. á sambærilegum réttindagrunni og nú er fyrir hendi í samskiptum þessara aðila, opinberra starfsmanna við vinnuveitendur sína. Þar er auðvitað um fleiri en ríkið að ræða og í vaxandi mæli, eins og hæstv. fjmrh. minnti á, er þetta málefni annarra opinberra aðila, og þá fyrst og fremst sveitarfélaganna, en hugsanlega og að nokkru leyti einnig fleiri ríkistengdra aðila að greiða. Og þá kemur þar með svarið við spurningu hv. þm.: Það eru launagreiðendurnir og starfsmennirnir sem mynda þessi réttindi, annars vegar starfsmennirnir sem nú taka að greiða af heildarlaunum sínum, breiðari stofni en áður var og greiða allt til starfsloka, og svo auðvitað vinnuveitandinn rétt eins og það hefur verið. Um það er þetta frv. að sjálfsögðu engu að breyta því að á bak við skuldbindingarnar hefur staðið ábyrgð launagreiðendanna. Að þessu leyti er því ekki verið að hrófla við því fyrirkomulagi sem í gildi hefur verið.

[16:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að það séu sveitarfélögin og aðrir launagreiðendur sem greiða þessa gífurlegu skuldbindingu. Ég vil minna hann á það að tekjur sveitarfélaganna eru að mestu leyti skattur á borgara landsins og tekjur ríkissjóðs sömuleiðis. Og það eru skattar á hinn almenna skattgreiðanda, þ.e. 80% landsmanna sem ekki eru opinberir starfsmenn. Þeir munu borga þetta.

[16:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kunna að vera alveg nýjar upplýsingar og ný upplifun fyrir hv. ræðumann að átta sig á því að opinberir starfsmenn vinna hjá okkur. Þeir vinna hjá okkur og fyrir okkur, hjá þjóðinni. Og þar af leiðandi hefur þjóðin að sjálfsögðu borgað þeim laun, þeir sem greiða skatt

til ríkisins og þeir sem greiða skatt til sveitarfélaganna. Er hv. þm. á því að þetta geti verið einhvern veginn öðruvísi? Að sjálfsögðu hefur þetta verið svona og verður svona. Á meðan opinberir starfsmenn eru ráðnir af hinu opinbera til að sinna opinberum störfum og skyldum og samfélagslegum verkefnum, þá hljóta kaupgreiðslurnar að koma þaðan. Lífeyrisréttindi þessa hóps eru að sjálfsögðu hluti af kjörum hans og um þau hefur verið samið og er verið að gera hér með tilteknum hætti. Mér finnst það satt best að segja ekki vera nýjar upplýsingar sem erindi eigi inn í þessa umræðu að þetta sé hluti af þeim útgjöldum sem þar með stofnast til vegna samneyslunnar eða opinberrar umsýslu í landinu, að þeir sem greiða þeim kaup inni sömuleiðis þessar greiðslur af hendi.

[16:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að óska opinberum starfsmönnum til hamingju með frv. sem hér er til umræðu. Hér er um ræða hreina kúvendingu af hálfu fjmrh. frá áformum hans sem uppi voru sl. vor en þá voru uppi hugmyndir um verulega skerðingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna frá því sem nú er. Engu að síður kallar sú niðurstaða sem hér er fengin á ákveðnar spurningar sem ég vil gera að umtalsefni auk þess sem ég tel brýnt að fara nokkru orðum um lífeyriskerfi landsmanna almennt.

Það hefur lengi verið uppi í þjóðfélaginu mjög hörð krafa um samræmingu á lífeyrisréttindum sem eru mjög mismunandi eins og allir þekkja. Það hafa margir orðið til að tala fyrir nauðsyn á uppstokkun og endurskipulagningu lífeyriskerfisins í landinu og að eitt brýnasta verkefni sem við blasi sé að ráðast í róttæka uppstokkun á lífeyriskerfi þjóðarinnar. Ég tel að það hafi allt of lengi dregist að móta framtíðarskipan lífeyrismála sem tryggi fjárhagslega sterkt lífeyriskerfi sem og jöfnuð og samræmi í lífeyrisréttindum landsmanna. Kerfið sem við búum við er flókið, án nokkurrar heildarsýnar eða samræmingar, og það hefur leitt til þess að sumir eiga réttindi í mörgum lífeyrissjóðum, en það er nokkuð algengt að fólk eigi rétt í fjórum til sex lífeyrissjóðum. Þetta misrétti í lífeyrisgreiðslum er orðið óþolandi og tilraunir til að grisja þennan frumskóg sem lífeyrisréttindakerfið er komið í hafa litlu skilað og því miður held ég að við séum ekki miklu nær því að samræma lífeyrisréttindin í þjóðfélaginu með því frv. sem hér er til umræðu, kannski miklu frekar að festa það í sessi nema þá — og ég vona að hæstv. ráðherra sé að hlusta á mál mitt — að hér sé um að ræða stefnumarkandi atriði, sem koma fram í þessu frv., stefnumarkandi þátt varðandi framtíðarskipan lífeyrismála í landinu. Mér finnst að hæstv. ráðherra þurfi að fara nokkuð nánar yfir það hvort hér sé um stefnumörkun fyrir framtíðarskipan lífeyrismála í landinu sem við erum hér að fjalla um.

Staða þeirra 60 lífeyrissjóða eða svo sem starfandi eru er misjöfn til þess að standa við sínar fjárhagslegu skuldbindingar inn í framtíðina og eins eru lífeyrisréttindin mjög misjöfn. Það er engin löggjöf til um starfsemi lífeyrissjóðanna og fjárreiður þeirra. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort slík löggjöf sé á döfinni, hvort við megum vænta þess að hún sjái dagsins ljós fljótlega í þinginu.

Það þarf að vera löggjöf um þetta eða samræmt lífeyriskerfi. Það gengur ekki, ekki síst í ljósi þess að lífeyrissjóðirnir eru stærsta uppspretta sparnaðar í landinu, að hafa málin eins og þau eru í dag. Hlutur lífeyrissjóða í heildarsparnaði fer sífellt vaxandi og er að nálgast það að vera helmingur af öllum sparnaði landsmanna og eignir lífeyrissjóðanna hafa því samfara vaxið gífurlega og er áætlað að þær geti numið um 260 millj. kr. samanborið við 90 milljarða á árinu 1986. Margir lífeyrissjóðir eru ungir að árum þannig að heildargreiðslur lífeyris hafa verið tiltölulega litlar. Það er ljóst að þegar fram líða stundir mun greiðslubyrðin leggjast með fullum þunga á þessa sjóði og þeir munu eiga fullt í fangi með að standa undir útgjöldum sínum að óbreyttu. Þess vegna er brýnt að taka á þessu máli í heild og marka hér heilsteypta stefnu varðandi lífeyriskerfið og lífeyrisréttindin almennt. Hæstv. fjmrh. þekkir vissulega hvernig mannfjöldaspáin er inn í næstu öld þar sem áætlað er að það verði miklu færri einstaklingar sem standa undir útgjöldum, t.d. vegna lífeyrismála. Hafa útreikningar, miðað við þau réttindi sem hér eru lögð til, tekið mið af þeirri spá?

Það sem ég tel að gera þurfi er að fara í uppstokkun á lífeyriskerfinu og að réttindasöfnun fari fram á sömu forsendum fyrir alla. Þetta þýðir þá að forréttindasjóðir ráðherra, þingmanna, bankastjóra o.fl. eigi að leggjast af og verða þar allir að lúta sömu reglum og aðrir í þjóðfélaginu. Ég tel því að forréttindasjóði, sem færa æðstu embættismönnum, bankastjórum, alþingismönnum og ráðherrum o.fl. margfaldan lífeyri á við aðra, beri að leggja niður. Háar og margfaldar lífeyrisgreiðslur til forréttindastétta í þjóðfélaginu eru úr öllu samhengi við það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum. Og það ber að afnema ef tryggja á einhverja sanngirni í lífeyrismálum þjóðarinnar. Maður spyr hvort að sé einhver sanngirni falin í því eða réttlæti að bankastjórar ríkisbankanna fái 350 þús. kr. á mánuði í lífeyri eftir fimm ár sem bankastjórar, auk lífeyris sem þeir eiga hugsanlega í öðrum sjóðum, á meðan algeng lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna eru kannski tæp 40 þús. kr. eftir 25 ára starf. Ég spyr hæstv. fjmrh. um afstöðu hans til þessa misréttis: Eru einhver áform uppi um að taka á margföldum lífeyrisréttindum sem hér hafa verið nefnd, topparnir í kerfinu, — að bankastjórar o.fl. geti þegið lífeyrisréttindi sem gefa þeim hundruð þúsunda, 300–400 þús. kr. á mánuði, meðan sumir þurfa að búa við 20–40 þús. kr. lífeyrisréttindi?

Mig langar að nefna nokkur atriði sem tengjast þeim breytingum sem hér er verið að gera og ætla fyrst að nefna lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks sem ég tel að sé brýnt að taka á. Ég sé ekki að það sé gert í því frv. sem hér er til umræðu. Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur þó að mikil breyting hafi orðið þar á, það skal vissulega segjast, og þeir sem vinna hlutastarf búa við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi sínar lífeyrisgreiðslur og afkomu sína í ellinni. Ég spyr hvort einhver áform séu um að taka á því máli sérstaklega, til þess að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi.

Það hafa verið uppi tillögur um að lífeyrisréttindi hjóna og/eða sambúðarfólks séu skoðuð sem sameign meðan hjónaband eða sambúð varir sem skiptist til helminga við skilnað eða búskipti milli aðila. Slík hugmynd og tillaga hefur margoft komið fram hér á þinginu. Eins að lífeyrisréttindi eftirlifandi maka skuli ákvarðast eigi lægri en lífeyrisréttindi þess aðila sem við fráfallið hefur aflað meiri lífeyrisréttinda. Ég teldi það mjög mikla breytingu og tryggja mjög réttindi þeirra sem eru heimavinnandi eða eru í hlutastarfi á vinnumarkaðnum og því með lítil lífeyrisréttindi ef lífeyrisréttur eftirlifandi maka ákvarðist eigi lægri en lífeyrisréttur þess aðilans sem við fráfallið hefur meiri lífeyrisréttindi. Þess vegna spyr ég hæstv. fjmrh. mjög ákveðið um það hvort einhver

áform séu þar uppi. Ég nefni að opinberir starfsmenn búa að vissu leyti við meira öryggi að því er þetta varðar vegna þess að þar eru ákvæði um skiptingu á lífeyrisréttindum ef sá sem fellur frá hefur verið t.d. tvígiftur.

Í frv. kemur fram að vægi elli- og örorkulífeyris er aukið á kostnað makalífeyris. Það er vissulega sjónarmið að þjóðfélagsbreytingar eru mjög miklar frá því makalífeyrir var ákveðinn í lífeyrissjóðakerfinu sérstaklega með því að konur eru almennt á vinnumarkaðinum en því frekar ef breyta á makalífeyrinum er ástæða til þess að huga að réttindum heimavinnandi. Samkvæmt frv. er makalífeyrir í nýju deildinni einungis greiddur í fimm ár og ef barn er á framfæri þá greiðist óskertur makalífeyrir til 22 ára aldurs barns. Auk þess er greitt í barnalífeyri 10 þús. kr. á mánuði miðað við ákveðna réttindaöflun þar til barn verður 22 ára. Þannig virðist mér að heimavinnandi fólk sem ekki hefur nein lífeyrisréttindi nema í almannatryggingakerfinu eða er einungis í hlutastarfi, sé verr sett eftir þá breytingu sem hér er gerð, því áður hafði það makalífeyri — að vísu lægri en ótímabundinn. En nú er hann tímabundinn til fimm ára nema ef börn eru á framfæri þá er greitt þar til barnið nær 22 ára aldri. Ég tel því að sú nefnd sem fær þetta til skoðunar þurfi sérstaklega að huga að því og ég spyr ráðherra hvort hann líti svo á að verið sé að skerða réttindi þeirra sem búa við lítil lífeyrisréttindi með þessari breytingu á makalífeyrinum. Það má vel vera að þetta sé röng hugsun hjá mér en mér sýnist í fljótu bragði að þar sem rétturinn er tímabundinn, makalífeyrir aðeins í fimm ár, að verið sé að skerða réttindi t.d. heimavinnandi kvenna.

Mig langar aðeins að fara í barnalífeyrinn sem er breytt verulega hér og ég fagna því að það sé verið að tryggja barnalífeyri til 22 ára aldurs. Ég tel það mikið framfaraspor og vonandi á þetta eftir að verða stefnumörkun sem fylgt verður eftir hjá öðrum lífeyrissjóðum. Þarna skapast mikið misræmi gagnvart barnalífeyri hjá þeim sem taka rétt sinn úr opinberu sjóðunum og hinna sem taka rétt sinn úr almennu sjóðunum sem er einungis til 18 ára aldurs.

En það sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni er misrétti sem ég tel að þurfi að skoða alveg sérstaklega. Þá er ég að tala um að ég tel að lífeyrissjóðirnir í landinu tryggi ekki foreldralaus börn nægilega vel eftir lát foreldra. Þá er ég sérstaklega að tala um einstætt foreldri, ef það fellur frá er barn þess miklu verr sett heldur en þar sem um er að ræða að annað foreldrið er á lífi. Við getum verið að tala um tvær manneskjur sem vinna hlið við hlið, annars vegar einstætt foreldri og hins vegar t.d. konu sem er gift eða í sambúð. Staða þeirra er gjörólík þó þær borgi nákvæmlega sömu fjárhæðina inn í lífeyriskerfið og hér er oft um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.

Við getum tekið dæmi af sjóðfélaga í lífeyrissjóði með 70 þús. kr. í mánaðarlaun og hann hefur greitt eftir 25 ár í sjóðinn um 840 þús. kr. af launum sínum. Með mótframlagi atvinnurekandans hefur hann fengið 2,1 millj. kr. eftir þessi 25 ár. Við skulum segja að hér sé um einstætt foreldri að ræða sem hefur greitt þetta inn í sjóðinn. Barn þess fær ekki neinn makalífeyri, fær bara einfaldan barnalífeyri. Við getum tekið dæmi af þeim sem greiðir nákvæmlega sömu upphæðina af nákvæmlega sömu launum, hvernig er fjölskyldan eða börnin tryggð ef þessar tvær manneskjur falla frá. Jú, einstæða foreldrið, sem hefur greitt kannski 2,1 millj. kr. á 25 árum inn í sjóðinn — barn sem þetta foreldri skilur eftir fær ekkert nema barnalífeyrinn en ef annað foreldrið er á lífi þá kemur makalífeyrir til sögunnar til viðbótar barnalífeyri. Ef tvær manneskjur hafa greitt jafnmikið jafnlengi af sömu launum inn í lífeyrissjóðinn þá fær barn einstæða foreldrisins um 10 þús. kr. á mánuði við fráfall þess en fjölskylda konunnar, sem greiddi nákvæmlega það sama í lífeyrissjóðinn, hefur yfir 40 þús. kr. á mánuði við fráfall hennar. Ég tel þetta mikið misrétti. Að þau réttindi sem kona hefur t.d. áunnið sér gangi beint inn í sjóðinn við fráfall hennar en barnið heldur bara eftir barnalífeyri. Þá mætti hugsa sér af hverju ætti hún þá ekki eins að hafa getað ávaxtað þá peninga sem hún lét inn í lífeyrissjóðinn á frjálsum markaði en þá hefði barnið, við fráfall hennar, getað gengið að ákveðnum fjármunum þar. Mér finnst þetta vera mál sem ætti að vera aðeins til umhugsunar fyrir sjóðina. Ég er ekki viss um að þeir hafi velt svo mikið vöngum yfir þessu óréttlæti: 2,1 millj. kr. sem greidd hefur verið í lífeyrissjóð gengur bara inn í sjóðinn við fráfall þessarar einstæðu móður ef hún hefur ekki hafið töku lífeyris og barnið er skilið eftir með 10 þús. kr. Þetta tel ég að þurfi að skoða sérstaklega og vildi vekja athygli á því við þessa umræðu.

Það mætti segja margt fleira um þetta mál sem hér er til umræðu. Það er náttúrlega ekki bara að við séum að tala um, virðulegi forseti, mismun í réttindum og lífeyrisgreiðslum á almenna markaðnum annars vegar og hjá hinu opinbera hins vegar heldur eru við að tala um þá tryggingu eða þá ábyrgð sem stendur að baki því að sjóðirnir geti greitt sínar lífeyrisgreiðslur. Þannig hafa t.d. sjóðirnir á almenna markaðnum sem ekki hafa staðið vel verið að reyna að tryggja sína stöðu. Þeir hafa auðvitað gert það með góðri ávöxtun sem þeim hefur staðið til boða en þeir hafa líka gert það með því t.d. að skerða makalífeyri. Og það sem þar sparast hefur farið til þess að bæta stöðu sjóðsins en ekki til þess að bæta önnur réttindi eins og örorkulífeyrisréttindi, eins og barnalífeyri sem hér er gert. Í þessu frv. er verið að skerða makalífeyrinn en bæta aftur á móti barnalífeyrinn og örorkulífeyrinn alveg öfugt við það sem gert er í almennu sjóðunum, þeir hafa þurft að nota það til að bæta stöðu sjóðsins. Mér sýnist að hér sé, sem er mjög gott og ég fagna, verið að festa þessi réttindi í sessi í lögum þannig að ekki sé hægt að breyta þeim. Ef 11,5% framlag atvinnurekandans dugir ekki þá er ekki hægt að fara í það að skerða réttindin nema koma með það þá aftur hingað inn í þingið heldur er það ríkissjóður sem verður að borga það sem upp á vantar. Þannig eru það ekki barna réttindin heldur er það líka mismunurinn varðandi ábyrgðina sem stendur á bak við réttindin.

Ég spyr hvort til sé einhver samanburður á því hvað megi meta þessi lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, þessar breytingar sem nú er verið að gera, hvað megi meta þær mikið til launa. Hefur farið fram samanburður á lífeyrisréttindum í þessari nýju deild eins og þau liggja fyrir hér og réttindum sem almennt tíðkast á almenna markaðnum? Ef sá samanburður liggur fyrir hvað má þá meta hann til mikils í launum? Mér þætti ekki undarlegt þó aðilar vinnumarkaðarins á almenna markaðnum skoðuðu eitthvað þennan þátt mála. Annaðhvort með því þá að reyna að tryggja í kjarasamningum aukin réttindi í lífeyrismálum til síns fólks, þá væntanlega með auknu framlagi atvinnurekendanna, eða þá að menn horfi til þess að það verði bætt með öðrum hætti.

Eins er náttúrlega verið að breyta hér verulega greiðslum til öryrkja sem ég fagna mjög. Það er verið að bæta stöðu öryrkja en um leið er verið að mismuna öryrkjum sem þiggja sín lífeyrisréttindi annars vegar á almenna markaðnum og

hins vegar hjá hinu opinbera. Það sem maður óttast er að verið sé að festa þennan mismun í sessi. Eða er verið að byggja til framtíðar? Erum við að fara hér inn í stefnumörkun sem aðrir munu svo fylgja á eftir? Ef svo er þá er það vissulega vel.

En í heild, virðulegi forseti, er ekki verið að fara þá leið sem margir hafa talað fyrir, að afnema misrétti sem er í lífeyriskerfinu, t.d. að í embættismannakerfinu sé hægt að þiggja margföld lífeyrisréttindi þannig að munar hundruðum þúsunda króna á mánuði og ég ítreka spurningu mína til fjmrh. varðandi þann þáttinn. Það er ekki verið að byggja upp heildstætt samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggi öllum verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum þannig að t.d. verði tryggðar samræmdar lágmarkslífeyrisgreiðslur og það er ekki verið að afnema margföld lífeyrisréttindi.

Einnig spyr ég um það sem manni finnst mjög skrýtið í þessu frv., það er stór hópur sem starfar hjá ríkinu sem virðist ekki fá þessi réttindi, t.d. Sóknarkonur. Mér er sagt að þetta sé mjög stór hópur, skipti einhverjum þúsundum sem starfi hjá ríkinu en eru í Sókn og öðrum félögum á almenna markaðnum. Og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort ég hafi skilið hann rétt hér áðan að það ætti þá að lækka laun hjá Sóknarkonum ef þær ættu að fá hærri lífeyrisréttindi. Ég veit ekki betur, ef mínar upplýsingar eru réttar, en að þær séu á hliðstæðum kjörum að öðru leyti þannig að ég held að það væri mjög gott að fá það fram. Ég spyr um það í lokin, og vil fá skýrara svar um það heldur en fram kom í svari við spurningu hv. þm. Ágústs Einarssonar: Er heimild fyrir því að þessir starfsmenn sem starfa hjá ríkinu en eru í félögum á almennum markaði geti gengið inn í þessi réttindi?

[16:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar mikilvægt að það komist til skila að hér er ekki um að ræða neina kúvendingu af hálfu stjórnvalda. Það hefur aldrei staðið til, og ég hef margoft lýst því í þessum ræðustól, líka á síðasta þin að hafa lífeyrisréttindi af opinberum starfsmönnum. Það .m gerðist á sl. vetri var ósköp einfaldlega það að lagt var af stað með breytingar. Þegar þær lágu fyrir kom í ljós að þær voru ekki jafnverðmætar en það stóð aldrei til annað en að breyta þeim þannig að um jafnverðmæt lífeyrisréttindi væri að ræða. Margoft var þessi yfirlýsing gefin úr þessum ræðustól.

Í öðru lagi tel ég að almennu áhrifin af þeirri breytingu sem hér er verið að gera séu fyrst og fremst þau að það er hvatning til þess að þeir sem semja um þessi mál í kjarasamningum leggi meira til hliðar. Við megum ekki gleyma því að hvert prósent sem fer í lífeyrissjóð er jafngildi launaprósentu, menn mega ekki gleyma þessu. Kerfin eru núna sambærileg, gagnsæ en þau eru ekki eins. Hv. þm. spurði: Hver er þá launamunurinn? Hann kemur auðvitað fram í því núna miðað við gefnar forsendur þegar fólk er á svipuðum aldri, tiltölulega ungt og gengur í sinn sjóðinn hvort að þá er launamunurinn augljóslega um 5,5%. Þetta er ekkert flóknara. Við skulum segja fólk tæplega þrítugt eða eitthvað þar um bil, þá er það u.þ.b. munurinn. Það væri sem sagt hægt að borga 5,5% eða þar um bil.

Hér er ekki verið að taka á vandamálum heimavinnandi fólks vegna þess einfaldlega að hér er verið að tala um lífeyrissjóð þar sem iðgjaldagreiðslur standa undir réttindum. Það er aðalatriðið í þessu. Og vegna sameignaraðila skal það tekið fram að það hefur verið í lögum um langt skeið hjá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna að þegar sjóðþegi fellur frá, þá skiptast lífeyrisréttindin á milli eftirlifandi maka.

[16:33]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin en ég vænti þess að hann hafi ekki talið sig þar með vera búinn að svara öllum þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann sem voru miklu fleiri og mun auðvitað ganga eftir þeim síðar hér í umræðunni ef þeim verður ekki svarað, t.d. varðandi margfaldan lífeyri hjá ákveðnum hluta embættismanna o.s.frv. Ráðherrann svaraði því heldur ekki hvort það væru þá einhver áform uppi um það að tryggja betur réttarstöðu heimavinnandi fólks sem mér sýnist að sé verið að setja í verri stöðu með þessari breytingu heldur en áður.

Ég veit ekki hvernig á að skilja orð hæstv. fjmrh. þegar hann talar um að þetta sé launamismunur upp á 5,5% sem megi meta þessi réttindi. Gott og vel. (**Fjmrh.:** Að gefnum tilteknum forsendum.) Já, og hæstv. fjmrh. segir þá: Ef á að semja um þetta á almennum markaði, þá verða þeir að leggja meira til hliðar. Er hæstv. ráðherra að segja að ef þeir á almenna markaðnum eigi að tryggja að fá sömu lífeyrisréttindi og hér er verið að fjalla um fyrir opinbera starfsmenn, þá samsvari það því að þetta fólk verði að lækka í launum sem þessu nemur? Mér fannst erfitt að skilja orð ráðherrans þannig að ég bið um frekari skýringu á þessu.

[16:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. vil ég segja að það má líka hugsa sér það að lífeyrisréttur komi í stað launahækkunar. Það er ekkert flóknara en það. Að í stað þess að fá 2% launahækkun gætu aðilar komið sér saman um það að greitt sé 2% meira í lífeyrissjóð. Það mætti hugsa sér þá nálgun.

Ég ætlaði ekki að fara hér inn á einhver tæknileg atriði. Ég hef þegar rætt um embættismenn og um alþingismenn og ráðherra og þarf ekki að endurtaka það. Það hef ég gert fyrr í mínum ræðum.

Hvað varðar fjárreiður lífeyrissjóða, þá er frv. í vinnslu þar sem tekið verður á þeim þáttum og jafnvel fleiri þáttum og ég vænti þess að það geti séð dagsins ljós á næstu vikum. Það sem allt starfið byggist á er að réttindasöfnunin verði á sama grunni, þ.e. myndi einhverja samtryggingu en síðan geti menn lagt til hliðar í viðbótarsjóði, eins konar séreignasjóði. Þetta er sú mynd sem ég held að blasi við öllum sem láta sig þessi mál varða.

Varðandi heimavinnandi fólk held ég að það mál verði ekki tekið upp nema í tengslum við almannatryggingakerfið. Það er nauðsynlegt að samræma annars vegar lífeyrisbótakerfið og hins vegar lífeyrissjóðakerfið. Það skiptir miklu máli í framtíðinni að sá samruni eða samræming verði eins lipur og hugsanlegt er.

Hv. þm. minntist á Sóknarkonurnar. Þær í ASÍ og þess vegna eru þær ekki aðilar að þessum sjóðum. Það er verið að ganga frá því með þessu frv. að þessir sjóðir séu einungis fyrir þá sem eru í BHM og í BSRB eins og verið hefur á undanförnum árum.

[16:37]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er að leggja línurnar fyrir komandi kjarasamninga með orðum sínum áðan þegar hann talaði um að það mætti hugsa sér

að aukin lífeyrisréttindi á almenna markaðnum kæmu í stað launahækkana. En mér finnst, herra forseti, að hæstv. fjmrh. geti ekki sloppið við að svara því hvort hann vilji beita sér fyrir því að taka á margföldum lífeyrisréttindum toppanna í kerfinu og vísað bara til þess að Alþingi geti endurskoðað lífeyriskjör alþingismanna. Það nægir ekki. Við tökum ekki hér í gegnum lög um lífeyrisréttindi alþingismanna á margföldum lífeyriskjörum bankastarfsmanna svo dæmi sé tekið. Ég vil því fá skýrari svör við því þó síðar verði í þessari umræðu hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að taka á margföldum lífeyri þessara manna. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það að sumir séu með 300–400 þús. í lífeyrisgreiðslur á mánuði á meðan aðrir fái 20–40 þús. Það er óþolandi misrétti sem misbýður réttlætiskennd fólksins.

Varðandi heimavinnandi fólk, þá hafa margoft komið fram tillögur hér um að taka á því máli. Hæstv. ráðherra vísar í að það þurfi að skoða þetta í samhengi við lífeyri almannatrygginga. Ég er ekkert að segja að það þurfi ekki. Það má vel vera að það þurfi að skoða þetta saman, þetta spilar að mörgu leyti saman. En þá er spurning mín: Er verið að vinna að því og verður á því tekið? Það sem skiptir máli er hvort þessu fólki verði tryggð lífeyrisréttindi, til dæmis að hægt sé að skipta lífeyrisréttindum þannig að litið verði á þetta sem sameign og ef annað hjóna fellur frá þá séu það lífeyrisréttindi þess sem meira hefur sem gildi. Mér finnst hæstv. ráðherra skauta mjög létt fram hjá því að svara þessum spurningum.

[16:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. óskaði opinberum starfsmönnum til hamingju með þennan samning og þá væntanlega vegna þess að þeir áttu í baráttu við illskeyttan hæstv. fjmrh. og ég skil ekkert í hæstv. fjmrh. að hafa bara ekki látið þá fá hálfa milljón á mánuði í lífeyri alla saman. Hvers vegna er það ekki hægt? Vegna þess að einhver þarf að borga. (**ÖJ:** Milljón eins og sumir hafa.) Já, eða milljón eins og sumir hafa. Það er ekki hægt vegna þess að aðrir þurfa að borga, hv. þm. Og það eru skattgreiðendur sem þurfa að borga. Það er alltaf önnur hlið á medalíunni og ég er alltaf að reyna að minna menn á þetta. Menn óska ekki opinberum starfsmönnum til hamingju með einhvern samning af því að það er einhver sem þarf að borga.

Hv. þm. gat þess einnig að við fráfall einstæðrar móður fengi barn hennar eingöngu 10 þús. kr. á mánuði og það væri mjög óréttlátt. Ég vil endilega leiðrétta þetta. Málið er það að lífeyrissjóðir tryggja menn gegn örorku, dauða fyrir aldur fram og gegn elli. Þeir sem ekki lenda í þessum óhöppum fá ekki neitt, enda er þetta trygging. Maður sem keyrir bíl í 20 ár og lendir aldrei í tjóni verður ekki fyrir neinum skaða þó hann sé búinn að borga iðgjald í 20 ár og fái ekkert fyrir það. Þessi einstæða móðir sem féll frá var tryggð gegn örorku, ef hún hefur orðið öryrki áður, hún var tryggð gegn fráfalli og barnið hennar fékk barnalífeyri og hún var líka tryggð gegn elli. Ef hún hefði orðið 107 ára og tekið ellilífeyri í 37 ár, þá hefði það verið tryggt.

[16:41]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að síðasti ræðumaður er mjög góður með reiknivélina, þá vil ég spyrja hv. þm. hvort hann hafi reiknað það út að ef afnumin yrðu margföld réttindi hér í kerfinu, þar sem sumir þiggja 300–400 þús. í lífeyrisgreiðslur en aðrir 30 þús., og þetta yrði jafnað út, hvað það mundi spara til þess að jafna lífeyrisréttindin í landinu. Hefur hv. þm. reiknað það út þegar hann spyr um hvar eigi að ná í tekjur til þess að bæta réttindi þeirra sem hafa hvað minnst?

Varðandi dæmið um einstæðu móðurina með barnið, ef einstæða móðirin fellur frá og barnið fær einungis 10 þús. kr., mér finnst ekkert réttlæti í því þegar hún er búin að borga 2 millj. kannski inn í kerfið, sama og kona sem stendur við hliðina á henni sem tryggir sína fjölskyldu, kannski þrisvar sinnum meira fyrir 40 þús. kr. á mánuði falli hún frá. Mér finnst þetta dæmi sem sé vert að skoða og ég hef orðið vör við það þegar ég hef rætt þetta við fólk í lífeyriskerfinu sem þekkir vel til þessara hluta, skoðar það af fyllstu sanngirni að það telur mjög rétt og áhugavert að skoða hvort ekki sé hægt að gera hér breytingar á.

[16:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þá menn sem fá mjög háan lífeyri, bankastjóra og aðra, þá er ég hjartanlega sammála hv. þm. að það er mjög brýnt að taka á þeim vanda, þar sem menn öðlast mjög háan lífeyrisrétt á örstuttum tíma. Ég hef margoft bent á það og ég lagði fram frv. á síðasta Alþingi sem átti að afnema lífeyrisréttindi þingmanna og ráðherra en það náði ekki fram að ganga.

Varðandi þetta dæmi sem hv. þm. kom með, þá er það þannig að lífeyriskerfið í dag er félagslegt. Þeir sem engin eiga börnin borga jafnhátt iðgjald og þeir sem eiga mörg börn. Þannig er kerfið uppbyggt. Þeir sem eru ungir að árum borga jafnhátt iðgjald og öðlast jafnmikil réttindi og þeir sem eru gamlir þrátt fyrir að þeir sem yngri eru ættu í rauninni að fá miklu meiri réttindi af því að það er lengra til þess að þeir fái lífeyri og vextirnir sem reiknað er með gera það að verkum að þeir ættu að fá töluvert hærri réttindi fyrir hverja krónu heldur en þeir sem eru eldri. Þetta er félagsleg jöfnun í lífeyriskerfinu hér á landi.

[16:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Ég lít á það svo, herra forseti, að með lífeyrisgreiðslum og lífeyristryggingum séu fjölskyldurnar líka að hugsa um þá sem eftir standa ef sá sem greiðir inn í lífeyrissjóðinn fellur frá. Einstæða móðirin er auðvitað að hugsa um sitt barn eða sín börn, hvernig staða þeirra verður ef hún fellur frá. Hún hefur til einskis að horfa þó að hún borgi 4% af sínum launum inn í lífeyriskerfið nema það að þau fá barnalífeyri með sama hætti og greitt er fyrir önnur börn, hverra fjölskyldur fá líka makalífeyri.

Mér finnst réttlæti hv. þm. mjög sérkennilegt í þessum efnum, mjög sérkennilegt vegna þess að með lífeyriskerfinu er einnig verið að tryggja stöðu þeirra sem eftir standa. Réttarstaða barna einstæðra foreldra í lífeyriskerfinu er margfalt verri þannig að börn einstæðs foreldris standa uppi með þrisvar sinnum minni framfærslu heldur en börn þeirra ef makinn er eftir. Mér finnst þetta mjög sérkennileg röksemdafærsla. Og þegar verið er að tala um mörg börn eins og hv. þm. gerði, að það sé verið að tryggja það. Jú, en makalífeyririnn kemur. Síðan kemur barnalífeyrir með hverju barni samkvæmt þessu kerfi, 10 þús. kr. með hverju barni og það er alveg óháð því hvort um er að ræða einstætt foreldri eða hvort sá sem eftir stendur hefur einnig makalífeyri. Ég heyri að þetta er mál sem þarf frekari umræðu við á Alþingi og full ástæða er til að huga að því hvort ekki sé rétt að flytja þingmál um þetta mál eða jafnvel að gera brtt. við það frv. sem hér er til umræðu.

[16:46]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Frv. það sem við ræðum í dag varðar tvo lífeyrissjóði, þ.e. Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á þessum sjóðum miðað við síðustu áramót var samtals áunnin skuldbinding 111 milljarðar kr., miðað við ákveðnar forsendur. Hvernig sjáum við fyrir okkur slíka upphæð? Þetta er t.d. tekjuskattur ríkissjóðs í fjögur til fimm ár eða 12 þúsund íbúðir, 10 millj. kr. hver, t.d. allar íbúðir á Vestfjörðum, á Norðurl. v., á Norðurl. e. og jafnvel á Austurlandi. Þetta er skuldbindingin, áunnin skuldbinding nú þegar. Eða þetta eru 800–900 þús. kr. á hvern vinnandi mann í landinu, um það bil 1,7 millj. á hverja fjögurra manna fjölskyldu ef við gerum ráð fyrir tveimur vinnandi og tveimur börnum.

Krafa opinberra starfsmanna á hendur ríkinu eru 4 millj. á hvern opinberan starfsmann. Þetta er krafan. Þessi skuldbinding jókst á síðasta ári um 9–10 milljarða kr. Þar fór Selfoss. Allar íbúðir á Selfossi samsvara aukningunni á skuldbindingunum á síðasta ári, eða opinberir starfsmenn fengu hálfa milljón hver í aukningu á skuldbindingu á síðasta ári. Þetta stafar náttúrlega af launahækkunum sem þeir fengu sem auka skuldbindingu sjóðsins. Þessa skuldbindingu munu Íslendingar, þ.e. þeir sem ekki eru opinberir starfsmenn, þurfa að greiða. Þetta er eign opinberra starfsmanna og þetta er skuld hinna. Ég skil ekki í því að forusta almennu verkalýðshreyfingarinnar, ASÍ, skuli ekki líta á málið frá því sjónarhorni að þetta eru skattar sem eftir er að innheimta. Þetta eru áunnu réttindin.

Ef við reiknum með því að núverandi opinberir starfsmenn fái að auka réttindi sín áfram, þá kemur fram í þessari sömu tryggingafræðilegu úttekt sem ég gat um áðan, að skuldbindingin vex upp í 158 milljarða kr., þ.e. að 45 milljarðar kr. bætast við ef opinberum starfsmönnum er heimilt að halda áfram að ávinna sér þessi réttindi. Þar bætast við tæplega 2 millj. kr. á hvern opinberan starfsmann. Þetta eru gífurlegar tölur og menn þurfa að hafa þetta í huga og líta á dæmið í heild sinni.

Herra forseti. Inn í þetta dæmi kemur og flækir það verulega, tekjutrygging almannatrygginga, samspil lífeyrissjóðanna og almannatrygginga. Þar er nefnilega tekið til baka það sem veitt er í lífeyrissjóðunum að einhverju leyti. Þetta á við um alla lífeyrissjóði, ekki bara LSR og þessi munur á milli lífeyrissjóðanna fer minnkandi eftir því sem öðrum lífeyrissjóðum vex ásmegin. En þarna er óneitanlega þessi mikla skuldbinding að hluta til tekin til baka.

Herra forseti. Á þessu vandamáli eru nokkrar hugsanlegar lausnir eða aðallega tvær. Vandamálið sem um er að ræða er í mínum huga að stöðva aukningu á skuldbindingu sem ekki hefur verið greidd. Í öðru lagi er vandamálið sem getið er um hvernig við getum skipt þessari skuldbindingu hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins á launagreiðendur sem verða sífellt fleiri. Sveitarfélögin borga inn, starfsmenn stjórnmálaflokka og nokkrir sparisjóðir. Hvernig getum við skipt þessum skuldbindingum sem hingað til eru eingöngu á ríkinu á hina ýmsu launagreiðendur?

Síðan er þriðja vandamálið og það er mismunurinn á vinnumarkaði sem bent hefur verið á. Við erum ekki með einsleitan vinnumarkað. Fólk sem vinnur hjá ríkinu er með allt önnur kjör í lífeyrismálum og það er ekki borgað fyrir það vegna þessara kjara. Þar eru auk þess bara dagvinnulaunin tryggð sem er óhagkvæmt fyrir opinbera starfsmenn, en til hagsbóta borga þeir bara iðgjöld í 30 ár. Þessi sjóður er á skjön við aðra sjóði á hinum almenna vinnumarkaði og ruglar dæmið.

Svo eru geysilega flóknar reglur um lífeyri frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Hann starfar í reynd samkvæmt þremur reglugerðum. Það eru í fyrsta lagi venjulegar reglur, iðgjald greitt í 30 ár, 2% iðgjaldaréttindavinnsla á hverju ári og lífeyrisaldur 65 ára. Þetta er fyrsta reglan. Önnur reglan er svokölluð 95 ára regla sem er svo flókin að ég ætla ekki að hafa hana eftir og þriðja reglan er fyrir vaktavinnuálag og vaktavinnukaup þar sem gilda stigareglur eins og í almennu sjóðunum, reyndar með 2% fyrir hvert ár. Þetta eru mjög flóknar reglur og ákaflega erfitt að átta sig á þeim.

Á þessu máli sé ég tvær lausnir og önnur er það frv. sem ég flutti um lífeyrissjóð alþingismanna og ráðherra á síðasta þingi sem fólst í því í stuttu máli að menn gætu valið um að hafa hærri laun og venjulegan lífeyrisrétt eða núverandi laun og góðan lífeyrisrétt. Ég fór af stað með lífeyrissjóð þingmanna vegna þess vandkvæðis að allir sem um þetta mál fjalla eru opinberir starfsmenn, allir. Þingmenn hafa þessi sömu réttindi og allir í ráðuneytunum eru með þessi sömu réttindi þannig að allir sem um þetta mál véla hafa þessi sömu réttindi. Og hver gætir þá hagsmuna þessara 80% Íslendinga sem ekki eru opinberir starfsmenn?

Samkvæmt niðurstöðum ofangreindrar tryggingafræðilegrar úttektar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þyrfti iðgjaldið til framtíðar, burt séð frá áunnum réttindum, bara framtíðariðgjaldið, að vera 22–26% af dagvinnulaunum. Nota bene, það fer eftir forsendum, hvort maður notar 2% eða 3% ávöxtunarkröfu umfram laun, hvort iðgjaldið þarf að vera 22% eða 26%. Þarna vantar 12–16% á núverandi iðgjald og það er þá mjög auðvelt bara hreinlega að láta ríkissjóð og launagreiðendur greiða inn þetta 22–26% iðgjald. Þannig mætti leysa þann vanda.

Sú lausn sem við erum að ræða í dag leysir ekkert af þessum vandamálum, ekkert. Skuldbindingin heldur áfram að vaxa. Það er ekkert sem hindrar það að hún vaxi. Opinberir starfsmenn munu halda áfram að afla sér mjög góðra lífeyrisréttinda án þess að þeir hafi verið spurðir hvort þeir vilji það. Það að geta skipt skuldbindingunum á milli launagreiðenda er heldur ekki leyst vegna þess að hjá þeim starfsmönnum sem velja að vera áfram með gömlu réttindin er borgað inn 10%. Ekkert er því leyst í því sambandi að skipta skuldbindingum milli launagreiðenda.

Mismunur sem á vinnumarkaðinum helst enn frekar. Flestir háskólamenn munu meira að segja geta átt aðild að sjóðnum umfram það sem er í dag. Allir félagsmenn í BHM, ekki BHMR, BHM eiga rétt á að borga í sjóðinn. Það eru verkfræðingar, læknar og arkitektar sem ekkert vinna hjá ríkinu. Þeir munu eiga rétt á að borga í sjóðinn ef launagreiðendur þeirra samþykkja það. Þetta mun valda miklum óróa á vinnumarkaðinum. Nú munu þessir aðilar fara að gera kröfu um að vinnuveitandinn borgi inn í þennan nýja sjóð af launum í stað þess að fá launahækkanir. Þó að mönnum sé gert að borga þetta miklu hærra iðgjald eða launagreiðenda sé gert að borga hærra iðgjald inn í lífeyrissjóðinn sé ég ekki að menn muni sætta sig við lægri laun fyrir bragðið. Ég sé ekki að opinberir starfsmenn muni meta það að iðgjöld þeirra þyrftu að vera 16–26% og sætta sig við lægri laun sem því nemur. Þeir segja: „Ég kæri mig ekkert um þessi miklu lífeyrisréttindi. Ég vil bara hafa almenn lífeyrisréttindi. Ég

horfi bara á það sem kemur í budduna." Þeir munu því ekki sætta sig við lækkun á launum vegna þessa samkomulags.

Reglurnar verða enn flóknari. Nú er komin enn ein reglugerðin fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þannig að það vandamál er ekki leyst heldur. Þetta samkomulag leysir ekkert. Það er mikill galli við þetta samkomulag að iðgjaldið, þ.e. ríkisábyrgðin, helst. Iðgjaldið er breytilegt. Það mun hækka mjög mikið ef annaðhvort dánarlíkur Íslendinga minnka eða þá að vextir lækka sem getur haft mjög afdrifarík áhrif á allt lífeyriskerfið.

Núverandi starfsmenn geta ekki valið og það er einn versti ókostur við núverandi kerfi, um hærri laun og venjulegan lífeyrisrétt eða lakari laun, núverandi laun og betri lífeyrisrétt. Þeir eru ekki spurðir. Þetta frv. byggir á forsjárhyggju. Það er haft vit fyrir mönnum. Mér finnst mjög miður að fulltrúar opinberra starfsmanna treysti þeim ekki betur en þetta til að leyfa þeim að velja eða hafa vit á því að velja hvort þeir vilja góðan lífeyrisrétt og venjuleg laun eða lakari laun og betri lífeyrisrétt. Þeir mega ekki velja um það. Það finnst mér aðalvandamálið í þessu kerfi.

Frv. er auk þess, ef maður lítur á stjórnina, þá er það mjög miður. Það er gert ráð fyrir því að einn fulltrúi frá BSRB komi inn í sjóðstjórnina, þ.e. 12% af stjórnarmönnum. En þeir eru samt sem áður 75–80% af greiðendum. Af hverju í ósköpunum var bara ekki tekin inn kosning í stjórn þannig að sjóðfélagarnir megi kjósa sér stjórn á þeim aðalfundi sem á að halda? (Gripið fram í.) Eru það tveir fulltrúar? Já, þá eru það 24%, fyrirgefðu. Takk fyrir.

Þá finnst mér líka mjög miður að opinberir starfsmenn eru ekki spurðir hvort þeir vilji fórna einum til tvennum mánaðarlaunum á ári alla starfsævina til þess að geta farið á lífeyri fimm árum fyrr. Þeir eru ekki spurðir að því. Það getur vel verið að fólk hafi meira við peningana að gera þegar það er að koma sér upp húsnæði og ala upp börn heldur en seinna þegar það er komið á eftirlaun og einhver kynni nú að velja það.

Ef þetta frv. nær fram að ganga mun það hindra að hægt verði að velja á milli lífeyrissjóða. Hvernig eiga menn að geta valið á milli lífeyrissjóða eins og margir hv. framsóknarmenn hafa lagt áherslu á? Þeir geta ekki valið á milli lífeyrissjóða þegar einn sjóðurinn er með miklu hærra iðgjald og veitir miklu betri réttindi. Þessi réttindi eru ekki háð aldri eins og þyrfti að vera þannig að ég sé ekki annað en að þetta frv., ef það nær fram að ganga, muni bæði negla niður þessi miklu réttindi sem um er að ræða og koma í veg fyrir að tekið verði upp það kerfi að menn geti valið milli lífeyrissjóða.

Það hefur verið rætt að þörf sé á auknum sparnaði. Hæstv. utanrrh. nefndi að þörf væri á auknum sparnaði í þjóðfélaginu og þess vegna er gott að menn borgi meira í lífeyrissjóð. En þetta er þvingaður sparnaður. Þetta er ekki sparnaður sem fólk vill heldur er hann þvingaður fram. Eins og ég benti á áðan, munu menn ekki meta þetta háa iðgjald sem þeir eru skyldaðir til að borga inn í lífeyrissjóð sem launahækkun, heldur munu þeir líta á peningana sem koma í budduna í komandi kjarasamningum sem launahækkun.

(Forseti (GÁ)**:** Ég bið hv. þingmenn að hafa hljóð í þingsal. Þetta er truflandi fyrir ræðumann.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Herra forseti. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar samkvæmt lögum frá hinu háa Alþingi. Hið háa Alþingi hefur óskorað vald til þess að breyta þeim lögum sem og öðrum lögum, en það hefði að sjálfsögðu áhrif á kjarasamninga opinberra starfsmanna sem standa fyrir dyrum ef kerfinu verður breytt. En er ekki í lagi að borga opinberum starfsmönnum það iðgjald sem ríkið ætlar að fara að borga inn í lífeyrissjóðinn, er það bara ekki í lagi? Er ekki í lagi að hækka laun opinberra starfsmanna um u.þ.b. 10% vegna þessara miklu lífeyrisréttinda sem þeir eru að fá óbeðið? Þeir vilja það ekki. Það mætti hækka laun allra ríkisstarfsmanna um u.þ.b. 10% ef þeir nytu venjulegra lífeyriskjara burt séð frá öðrum hækkunum.

[17:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja að það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. að það er hægt að kalla fram lausn á þessu aðkallandi vandamáli með ýmsum hætti. Hann hefur nefnt til sögunnar aðferðir sem duga sannarlega, hefur flutt um það frumvörp á hinu háa Alþingi og á þakkir skildar fyrir það frumkvæði sitt. En við verðum að hafa það í huga þegar hv. þm. talar um áunnin réttindi sjóðsþega að þau verða ekki af mönnum tekin. Þau eru lögvarin eignarréttindi samkvæmt stjórnarskránni. Ef það á síðan, eins og hv. þm. hefur lagt til, að leyfa fólki að velja á milli þess hvort það hefur aukin lífeyrisréttindi, eins og sú leið sem hér er farin, eða að fá launahækkun þá verður reikningurinn auðvitað hvergi sendur annað heldur en til skattgreiðendanna. Það er því ekki verið að hlífa skattgreiðendunum með þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá hv. þm. Það er verið að senda reikninginn bara í öðrum búningi en það má reikna með að upphæðirnar verði mjög svipaðar. Þetta verðum við að hafa í huga þótt ég virði vissulega margt af því sem hv. þm. sagði.

Varðandi ábyrgðina þá er það alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er vissulega galli, og mér finnst það vera galli, að ekki hafi verið hægt að taka það skref til fulls. En þá hefðum við sjálfsagt þurft að fórna einhverjum fjármunum til þess að kaupa menn frá slíkum rétti sem þeir hafa í dag. Ég er alveg handviss um það og ég veit að hv. þm. er mér sammála, að það er auðveldara að semja um slíkt skref síðar þgar búið er að safna upp eignum í þessum sjóði sem nú er verið að mynda. Þannig að ég held að þegar á heildina er litið sé ekki svo ótalmargt sem skilur sjónarmið okkar að. A.m.k. getum við verið sammála um að hér er á ferðinni vandamál sem var nauðsynlegt að leysa, vandamál sem ekki var leyst nema í samningum á milli ríkis og fulltrúa ríkisstarfsmanna.

[17:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég hef aldrei lagt til að áunnin réttindi opinberra starfsmanna verði af þeim tekin, enda eru þau stjórnarskrárvarin. Hins vegar mætti gera mönnum tilboð um að kaupa þau á einhverri ávöxtunarkröfu sem þeim finnst þeir geta ávaxtað peningana betur heldur en ríkið og þannig gæti ríkissjóður hagnast.

Það að borga út launin sem launahækkun eða sem iðgjald kemur í nákvæmlega sama stað fyrir skattgreiðendur og ríkissjóð. Það breytir engu nema því að menn eru komnir með sambærileg lífeyrisréttindi og sambærileg laun og á almennum vinnumarkaði. Þar með væri búið að ná fram því markmiði að hafa ein lífeyrisréttindi, almenn lífeyrisréttindi, og einn vinnumarkað. En það næst ekki fram með þessu frv.

Ég gleymdi að geta þess áðan að það að geta valið á milli deilda í sjóðnum kostar óhemju marga milljarða. Ég veit ekki hve marga, það hefur ekki verið reiknað út. Tryggingafræðingar hafa ekki reiknað það út og það mun kosta marga

milljarða sem segir okkur að þessi nýja lausn er dýrari heldur en sú sem var til staðar áður, hún er dýrari til framtíðar. Ég skil því ekki af hverju í ósköpunum hæstv. fjmrh. féllst á það að borga eitthvert lausnargjald fyrir það að veita mönnum jafngóð réttindi og þeir höfðu haft áður, að fullu leyti jafngóð og sambærileg.

[17:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og heyra má þá erum við hv. þm. ákaflega sammála um marga hluti þó að við höfum orðið að fara aðrar leiðir í þessu máli en hv. þm. vildi. Ég þekkti hans leiðir að sjálfsögðu því að þær liggja fyrir í frumvörpum hér á hinu háa Alþingi.

Ég held hins vegar að öllum sé ljóst að við erum að taka hér skref í rétta átt. Við erum að taka skref í átt til þess að auðveldara verði að samræma lífeyriskerfi allra landsmanna. Það er auðveldara eftir þessa breytingu að taka fleiri skref í átt til eins vinnumarkaðar. En það er hins vegar hárrétt sem hv. þm. segir að það er ekki gert með þessu skrefi sem hér er tekið.

Við getum líka ímyndað okkur að það verði breytingar á hinum almenna vinnumarkaði, t.d. að meiri fjármunir verði lagðir til hliðar og mönnum tryggð betri réttindi ef þeir kjósa svo. Það kann líka að gerast á næstu árum að opinberir starfsmenn vilji minni réttindi og hærri laun vegna þess að þeir séu oftryggðir. Það á eftir að koma í ljós. Það sem hins vegar skiptir öllu máli nú er að kerfin eru gagnsæ, það er auðvelt að gera samanburð og það er augljóst að hægt er að taka fleiri og fleiri skref úr báðum áttum til samræmingar, enda veit hv. þm. að um þessar mundir hafa verið haldnir fundir fulltrúa opinberra starfsmanna og launþega á vinnumarkaðinum þar sem verið er að ræða um frekari samvinnu í framtíðinni. Ég mundi fagna því ef af slíkri sameiningu yrði því að það gerði ríkisrekstrinum mjög gott og mikið gagn, gerði hann að mínu mati hreyfanlegri og sveigjanlegri.

[17:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála því sem hæstv. fjmrh. heldur fram að það sé auðveldara að taka frekari skref. Núna er einmitt tækifærið til þess að taka skref sem virkilega gæti breytt einhverju, þ.e. að leyfa opinberum starfsmönnum og treysta þeim til þess að velja sér sín lífeyrisréttindi. Það er tækifæri sem við höfum haft og erum að glutra niður með þessu frv. því með því er þeim gert að ávinna sér réttindi og ef breyta á frá því aftur, þá þarf aftur að setja ný lög um að menn geti valið. Ég tel að menn séu að missa af tækifæri núna. Sjóðfélagar geta ekki valið og þetta frv. gerir réttindin ekkert gagnsærri. Í gömlu deildinni, gömlu starfsmennirnir sem ekki munu velja að fara í A-deildina, veit enginn hvað iðgjaldið er hátt. Auðvitað er enginn vandi að reikna það. Það þarf að vera 22–26% samtals. En það er jafnógagnsætt eftir sem áður. Þar er ekki reiknað út iðgjaldið. Ég er þess vegna ekki sammála því að þetta kerfi auðveldi að taka frekari skref né að það geri kerfið gagnsærra. Þvert á móti er ég sannfærður um það að ef þetta frv. verður að lögum, þá verði mjög erfitt að taka það upp aftur og sérstaklega að ná til baka þeim yfirréttindum sem felast í því að menn geti valið á milli deilda. Það eru mjög góð réttindi og ég mun leggja áherslu á það í starfi mínu í efh.- og viðskn. að það verði skoðað mjög gaumgæfilega að þau réttindi nái ekki fram að ganga.

[17:08]

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, 199. mál, þáltill. RG og BH, þskj. 225.

Beingreiðslur til bænda eftir kjördæmum, 196. mál, fsp. KHG, þskj. 221.

Brunatryggingar, 75. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 242.

Grunnlínupunktar við Svalbarða, 208. mál, fsp. ÖS, þskj. 247.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 71. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 240.

Lífeyrissjóður bænda, 118. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 238.

Löggildingarstofa, 74. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 241.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 143. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 232; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 233.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 147. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 239.

Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 230; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 231.

Umönnun aldraðra, 201. mál, þáltill. GMS, þskj. 227.

Virðisaukaskattur, 144. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 234; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 235.

Vörugjald, 142. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 236; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 237.

[17:11]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál sem hér er til umræðu er að mínu mati afar athyglisvert og jafnvel eitt hið athyglisverðasta sem lagt hefur verið á borð hjá okkur á þessu þingi. Málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa mjög lengi verið áhyggjuefni þar sem fyrirkomulagið hefur verið í þeim búningi að skuldbindingar ríkisins hafa hlaðist upp og engan veginn verið tryggt hvernig með þær yrði farið. Það er mjög mikils virði að nú hefur tekist samkomulag milli launagreiðenda og launafólks um þetta mál.

Eins og ég skil þetta, þá er í rauninni ekki verið að auka réttindi opinberra starfsmanna umfram það sem þeir ávinna sér með meiri greiðslum í þann nýja sjóð sem stofnaður verður. Þ.e. þeir greiða af heildarlaunum í stað grunnlauna áður. Í því sambandi vil ég benda á að það er mjög mikils virði því að þar með verður auðveldara og fæst mjög mikilvæg stoð fyrir því að auka vægi dagvinnulauna í heildarlaunum. Það er nokkuð sem hefur verið um rætt lengi en verið mikil tregða að koma á, fyrst og fremst vegna þess að launagreiðendur hafa ekki viljað þurfa að taka á sig hærri lífeyrisgreiðslur. Þegar þessar lífeyrisgreiðslur verða af heildarlaunum þá er sá þröskuldur úr veginum.

Þær tillögur sem hér koma fram eru því í rauninni stuðningur við hugmyndir um styttingu vinnutíma án lækkunar dagvinnulauna í því sambandi sem jafnframt fengju aukið vægi í heildarlaunum.

Vitaskuld er það rétt að verði þetta frv. að lögum, þá greiða launagreiðendur hærri prósentu, stærri hlut í sjóðinn en þeir hafa gert. Það er að mínu viti aðeins annað form á þeim skuldbindingum sem nú eru tengdar sjóðnum og voru aðeins ávísanir á framtíðina. Það kerfi stefndi einfaldlega í

glötun og varð að taka á því og ég tel að það kerfi sem hér er lagt til sé þess vegna mun farsælla en það sem nú gildir, það sé heilbrigðara og ábyrgara á flestan máta.

Menn gagnrýna við þetta væntanlega kerfi eins og núverandi fyrirkomulag að með því sé starfsmönnum hins opinbera tryggður meiri og betri réttur en á almenna markaðinum og það er rétt. Það er auðvitað álitamál hvort það sé réttara og betra og eðlilegra að allir hafi sömu réttindi og þá sömu skyldur í þessu tilliti. Ættu menn t.d. eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni heldur að sækja á um hærri laun og selja fyrir það lífeyrisréttindin sín að einhverju marki a.m.k., þ.e. betri réttindi en í almenna kerfinu. Mér var ekki alveg ljóst hvernig hv. 16. þm. Reykv. hugsaði sér það því að mér virtist hann vilja hafa þetta fullkomlega frjálst, þ.e. menn mættu velja um hærri laun eða meiri réttindi í lífeyrisgreiðslum. Það getur auðvitað ekki verið bundið við einstakling hverju sinni. Það hlýtur að þurfa heildarlausn í þessu máli. Þetta er álitamál og hefur alltaf verið það og það má færa rök fyrir því að þróunina í þá átt að betri lífeyrisréttindi séu hjá starfsmönnum ríkis og bæja megi rekja til afstöðu ríkisvaldsins sem hefur tregðast við að samþykkja hækkun launa en fremur fengist til að bæta það upp á öðrum sviðum, m.a. með lífeyrisréttindum, með fyrirframgreiðslu launa, betri kjörum í fæðingarorlofi en gildir á almenna markaðinum, með sérstökum ráðningarréttindum og með biðlaunum og fleiru eins og menn þekkja úr umræðunni á liðnum vetri og vori þegar við vorum að ræða breytingar á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Þannig hefur þróunin verið og þess vegna voru átökin svo hörð á síðasta þingi um þessar lagabreytingar sem gerðar voru á réttindum og skyldum opinberra starfsmanna.

Ég sé enga skilyrðislausa ástæðu fyrir því að kjör og réttindi alls launafólks í landinu eigi að vera nákvæmlega ein og hin sömu þótt það væri út af fyrir sig þægilegt og auðveldaði t.d. allan samanburð. En ég er ansi hrædd um að slíkt næðist ekki um sinn því hætt er við að alltaf nái ákveðnar stéttir eða hópar að tryggja sitt umfram aðra, þó ég taki sannarlega undir það með hv. 13. þm. Reykv. að ýmislegt í því efni er óþolandi og þarf skoðunar við.

Hvort það samkomulag sem er undirstaða þessa frv. hefur fordæmisgildi gagnvart almenna markaðinum skal ekkert fullyrt en ég skil ekki hvers vegna svo ætti að vera frekar en með núgildandi kerfi. Ég sé ekki að þetta breyti eiginlega neinu. Við skulum ekki gleyma einu í þessu sambandi, sómasamleg kjör ellilífeyrisþega eru ríkissjóði afar verðmæt. Þau eru ríkissjóði mjög verðmæt. Formúlan er í megindráttum sú að búi menn við sæmileg kjör á elliárunum er þeim mun ólíklegra að þeir þurfi stuðning ríkisvaldsins vegna bágra aðstæðna, en eins og við vitum þá leiða bágar aðstæður og léleg kjör oft til erfiðleika. Þau geta leitt til sjúkdóma og annars og þá kemur til kasta hins opinbera, þá kemur til kasta heilbrigðis- og tryggingakerfisins og félagslega kerfisins þannig að ég legg áherslu á það aftur að það skiptir máli og er ríkissjóði beinlínis mikils virði og hagkvæmt að aldraðir búi við góð lífeyriskjör.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta frv. Þetta mál verður yfirfarið mjög rækilega í nefnd og þar með talin öll þau atriði sem hv. 13. þm. Reykv. ræddi um áðan og ég ætla ekki að fara að endurtaka. Ég vil þó sérstaklega taka undir það sem hún nefndi um börn einstæðra foreldra sem missa foreldri sitt. Þessi dæmi verður að skoða rækilega og athuga hvort þessu er fyrir komið eins og réttmætt er. Hún ræddi líka um stöðu heimavinnandi fólks, sem er sjálfsagt að athuga líka hvort sem það verður leyst í sambandi við þetta mál eða ekki. Þó vil ég benda á það sem stendur í fylgiskjalinu þar sem skýrsluhöfundar fara yfir og gera samanburð á núverandi réttindum og réttindum fyrirhugaðrar A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þar segja þeir undir lokin:

„Það er skoðun skýrsluhöfunda að reglur fyrirhugaðrar A-deildar um lífeyrisréttindi veiti sjóðfélögum góð réttindi og vægi lífeyristegunda sé eins og nú er algengast hérlendis. Ef maki sjóðfélaga er heimavinnandi geta ráðstafanir til að tryggja makanum sjálfstæðan lífeyrisrétt verið nauðsynlegar vegna þess að makalífeyririnn í A-deildinni er tímabundinn."

Ég vil sérstaklega beina því til hv. efh.- og viðskn. að taka þau atriði fyrir sem hér hafa verið nefnd og skoða þau rækilega. Það verður að gera það, það verður að sækja upplýsingar í nefndina og dæmi og leita leiða til lausnar. Nú er ábyrgðin komin til Alþingis. Ég tel þetta mál í heild sinni gott og það er ákaflega mikils virði hvernig að því hefur verið staðið, þ.e. að það skuli hafa verið unnið og sé byggt á samkomulagi við samtök þess launafólks sem það varðar. Mér virðist að fyrirkomulagið sem hér er lagt til tryggi á viðunandi hátt hag bæði launafólks og launagreiðenda og gæti orðið fyrirmynd af víðtækari sátt í þessu efni.

Það eru margir þeirrar skoðunar að æskilegt sé að auka sparnað í þjóðfélaginu og þá er ekki síst litið til lífeyrissjóðanna. Hér er vissulega stigið skref á þeirri braut. Ég tel þetta kerfi miklu ábyrgara en núgildandi kerfi en eins og ég hef sagt, má vel vera að finna megi á því hnökra sem megi sníða af í meðförum þingsins.

[17:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með það frv. sem hér er til umræðu og hvernig staðið hefur verið að öllum vinnubrögðum í tengslum við smíði þess. Lífeyrismál eru viðfangsefni kjarasamninga eins og margoft hefur komið fram í umræðum um þetta mál og ekki síst af hálfu þeirra sem hafa sett fram gagnrýni á þetta frv. Nefni ég þar hv. þm. Pétur Blöndal sem spurði ítrekað hvort ekki hefði fremur komið til álita að semja um önnur launakjör en þau lífeyrisréttindi sem kveðið er á um í þessu frv.

Með frv. erum við komin langan veg frá þeirri umræðu sem fram fór á Alþingi síðasta vor því gagnstætt því sem gerst hefði með því frv. sem þá lá fyrir er núna tryggt að réttindi þeirra sem þegar hafa hafið greiðslu til sjóðsins verði ekki skert og einnig eru varin réttindi þeirra sem þegar eru komnir á lífeyri. Með þessu frv., ef af lögum verður, er tryggt að þegar á heildina er litið eru réttindi í nýja kerfinu jafnverðmæt og þau voru í því gamla. Það sem þar er umfram er til komið vegna aukinna greiðslna af hálfu launamannsins því nú verða dregin 4% af yfirvinnu hans, en fjmrn. vildi hins vegar ekki fallast á að það framlag sem kæmi frá hendi launagreiðandans af yfirvinnu starfsmanna yrði til þess að auka réttindin.

Af hálfu fjmrn. hefur verið unnið vel að þessu máli í sumar og haust og er ljóst að sú mikla samstaða sem skapaðist með launafólki í vor gerbreytti og styrkti samningsstöðu samtaka launafólks þannig að báðir aðilar voru reiðubúnir að ræða þessi mál af sanngirni og á jafnréttisgrundvelli.

Það er margt sem mælir með því að gera breytingar á lífeyriskerfinu. Þannig er ljóst að það kerfi sem við höfum búið við gefur ekki möguleika á þeim sveigjanleika sem nauðsynlegur er, t.d. vegna tíðra breytinga eða verkefnaflutnings sem

á sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga svo dæmi sé tekið eða vegna breytinga sem gerðar eru á rekstrarformi opinberra stofnana þegar þær eru t.d. gerðar að hlutafélagi. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur að sönnu, samkvæmt þeim lögum sem hann starfar eftir, heimildarákvæði til að taka aðskiljanlega aðila inn í sjóðinn en það heimildarákvæði hefur ekki verið nýtt síðustu árin. Fyrir því hefur einfaldlega ekki verið meiri hluti í sjóðnum. En með þessum breytingum er opnað fyrir aukinn sveigjanleika.

Það er margt annað sem veldur því að mikilvægt er að gera breytingar á sjóðnum. T.d. hefur lengi verið brýnt að bæta örorkuréttinn, en hjá opinberum starfsmönnum hefur hann verið mun lakari en gerist á almennum vinnumarkaði. Það sem þó kannski veldur því fyrst og fremst að mikill þrýstingur hefur skapast á því að gera breytingar á sjóðnum er að menn vildu tryggja samtímagreiðslur til sjóðsins, að jafnan stæðust á greiðslur sem renna inn í sjóðinn og þær skuldbindingar sem sjóðurinn tekur á sínar herðar. Hins vegar vil ég segja og ekki síst í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram og ekki aðeins hér heldur einnig í þjóðfélaginu almennt á liðnum mánuðum, missirum og árum, að vandi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í gegnum tíðina hefur verið stórlega ýktur. Hér áðan fengum við að heyra að skuldbindingarnar væru vel yfir 100 milljarða, 111 milljarðar voru nefndir. En ég vil minna á að við erum að tala um líkindi, þetta er líkindareikningur. Svo dæmi sé tekið, þá breytir sú ávöxtunarprósenta sem lögð er til grundvallar verulega miklu, t.d hvort miðað er við 2% ávöxtun eða 3%, þ.e. 1% vegur þarna 20 milljarða í slíkum reikningum eftir því hvort við notum ávöxtunarprósentuna 2% eða 3%. En þess má geta að eignir sjóðsins á síðasta ári voru ávaxtaðar með 6,2% raunávöxtun, miklu meiri en þær hlutfallstölur sem eru lagðar til grundvallar sýna.

Það er annað sem veldur því að ástæða er til þess að ætla að þessi halli og þessi bága staða lífeyrissjóðsins sé ýkt. Menn gleyma því nefnilega að líta heildstætt á þetta dæmi. Við erum sífellt að tala um skattborgarana í þessu efni og því verðum við líka að líta á stöðuna alla eins og hún blasir við frá þessum sama skattborgara. Ef við lítum á lífeyriskerfið annars vegar, ef við lítum á almannatryggingakerfið og í þriðja lagi ef við lítum á hagsmuni ríkisins sem launagreiðanda, þá held ég að muni koma í ljós þegar þetta er allt saman skoðað í einu samhengi að staðan er ekki svo ýkja bágborin. Sannleikurinn er sá að vegna sterkrar stöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins hafa sparast á undanförnum árum og áratugum tugir milljarða kr. í almannatryggingakerfinu, tugir milljarða. Þetta er aldrei tekið til greina í þessum útreikningum. Og hafa menn íhugað þá staðreynd að ríkið, opinberar stofnanir, hafa ekki greitt af heildartekjum, einvörðungu af dagvinnu og vaktaálagi? Þar erum við einnig að tala um stórar upphæðir, sennilega 600–700 millj. kr. á ári þannig að ef dæmið er allt skoðað í heild sinni, þá hafa hagsmunir skattborgarans verið bærilega tryggðir með því kerfi sem við búum við núna.

Við erum hins vegar að fara núna inn í nýtt umhverfi þar sem launagreiðslur og réttindi eru í síauknum mæli settar á ábyrgð einstakra stofnana. Það er nokkuð langt síðan farið var að heimfæra skuldbindingar lífeyrissjóðsins á einstakar stofnanir og hið sama er að gerast um önnur réttindi. Sú krafa er að vaxa að einstakar stofnanir, einstakir launagreiðendur, verði látnir standa skil á þeim skuldbindingum sem þeir takast á herðar. Allt þetta veldur því að mikilvægt er að gera breytingar á þessu kerfi.

Þegar menn eru að bera saman það kerfi sem við búum við núna við það sem við erum að fara inn í, er mjög varasamt að einblína á iðgjaldagreiðslurnar einar. Það er rétt eins og hér hefur komið fram að það hafa verið greidd 10% af föstum launum og vaktaálagi í sjóðinn. Nú verður greitt af heildarlaunum. En greiðslur í sjóðinn hafa komið með öðrum hætti einnig. Þær hafa komið með verðbótum frá launagreiðandanum. Og þegar verðbólgan var mikil, voru þessar verðbótagreiðslur einstakra launagreiðenda — og við skulum ekki gleyma því að við erum ekki bara að tala um ríkið. Við erum að tala um sveitarfélög sem eiga aðild að sjóðnum og við erum að tala um fjölmargar stofnanir sem hafa átt aðild að sjóðnum sem hafa greitt þessar verðbætur — í mikilli verðbólgu fyrir tíu árum námu þessar verðbætur um 80% af útgreiddum lífeyri. Nú eru þessar verðbætur orðnar miklu minni, komnar sennilega niður í um 25%.

Ég er að vekja athygli á því að þær breytingar sem hér er verið að gera eru ekki eins byltingarkenndar og þær hljóma. Það er verið að tryggja greiðslurnar í sjóðinn með öðrum hætti. Þær komu áður í iðgjaldagreiðslum og verðbótum. Núna verður þetta tryggt með samtímagreiðslum í gegnum iðgjöldin og þetta tel ég vera til mikilla framfara.

Það hefur líka verið hamrað á því í umræðunni hér að ríkið verði áfram í ábyrgð. Þetta er rangt. Þetta er ekki rétt. Það er verið að afnema ríkisábyrgð á sjóðnum. Við núverandi kerfi er ríkissjóður endanlega ábyrgur gagnvart öllum þeim aðilum sem eiga aðild að sjóðnum, hvort sem það eru sveitarfélög, stjórnmálaflokkar eða einstakar stofnanir. Ríkið er endanlega ábyrgt. Það er verið að afnema þetta núna. Það er verið að breyta fyrirkomulaginu á þann veg að hver einstakur launagreiðandi, ekki einvörðungu ríkið heldur sveitarfélögin einnig og þær stofnanir sem koma til með að eiga aðild að sjóðnum, verður ábyrgur. Ríkisábyrgðin er afnumin. (**Gripið fram í:** Af hverju þá að vera að takmarka aðganginn?) Að sjónum? (**Gripið fram í:** Að sjóðnum.) Það er spurning sem er rétt að velta fyrir sér með lífeyriskerfið í heild sinni hvers vegna lífeyrissjóðirnir yfirleitt takmarka aðgang að lífeyrissjóðunum, hvort sem við erum að tala um Lífeyrissjóð verslunarmanna eða Lífeyrissjóð rafiðnaðarmanna eða hvaða sjóð sem við nefnum. Það er umhugsunarefni og umræða út af fyrir sig hvernig aðgangur skuli vera veittur að sjóðnum. En ég vek athygli á því að í lögunum er heimild sem veitir möguleika á rúmri aðild að þessum sjóði.

Ég vil nefna ýmis nýmæli sem ég tel vera mjög til framfara í þessum lögum. Örorkurétturinn er þannig bættur. Hann var mun lakari hjá opinberum starfsmönnum en gerðist innan annarra lífeyrissjóða. Starfsmenn sem misstu starfsorku sem ekki var beinlínis rakið til starfsins á vinnustaðnum áttu ekki rétt til framreiknings á örorkulífeyri. Nú er girt fyrir þetta og ég tel það vera mikla framför. Það er gerð breyting á makabótaréttinum. Hann er þegar á heildina er litið skertur. Þegar á heildina er litið er makabótalífeyririnn skertur. En ég tel þær breytingar sem gerðar eru á makabótalífeyrinum vera skynsamlegar innan þess fjárhagsramma sem menn hafa og hugsunin er sú að eftirlifandi maki fái dágóða summu í skamman tíma. Hann fær framreiknaðan örorkulífeyri í þrjú ár og helminginn af þeirri upphæð í tvö ár til viðbótar nema ef hann hefur börn á framfæri, þá heldur hann þessum réttindum þar til yngsta barn er orðið 22 ára gamalt. Eftirlifandi maki sem er með mörg börn á framfæri eða réttindi barnafjölskyldu sem missir aðra fyrirvinnu eru tryggð. Það er

alveg rétt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék að áðan að málið horfir öðruvísi við barni einstæðra foreldra sem missir foreldri sitt og ég tek undir að það er brýnt að skoða þau mál en spurning hvort það verði gert innan lífeyrissjóðakerfisins eða í gegnum almannatryggingar sem ég hallast fremur að sjálfur. En varðandi rétt heimavinnandi fólks og lífeyrisréttindi þeirra hafa menn velt því mikið fyrir sér hvernig verði komið til móts við eldri kynslóðina í þessu efni vegna þess að við þær þjóðfélagsbreytingar hafa orðið í landinu á síðustu áratugum, gagnstætt því sem áður tíðkaðist að ein fyrirvinna væri fyrir fjölskyldu, það tíðkaðist hjá stórum hluta þjóðfélagsþegnanna, hefur það færst í vöxt hjá yngra fólki að báðir aðilar vinni úti. Það er frekar hin almenna regla. En til að koma til móts við eldri tíma í þessu efni, er sett inn í frv. sú regla að elsta kynslóðin, þeir sem eru fæddir 1925, fá fullan framreikning á makabótum út ævina og síðan skerðist sá réttur í stigum þar til hann fellur út gagnvart þeim sem fæddir eru eftir 1. janúar 1945. En sú kynslóð, sá aldurshópur sem er þarna á milli, nýtur framreiknaðs makabótaréttar út ævina enda þótt ekki sé um börn að ræða.

Ég ætla ekki að víkja að einstökum efnisþáttum frv. nánar, en vakið var máls á því hvort ekki hefði komið til álita að í stað þess að bæta lífeyrisréttinn eða öllu heldur að varðveita lífeyrisréttinn, semdu menn um hærri laun. Ég held að það þurfi að gera hvort tveggja. Ég held að það þurfi að gera þetta í senn. Það þarf að tryggja fullorðnu fólki góðan lífeyri og um leið þarf að semja um betri launakjör. Við skulum ekki gleyma því að menn hafa tekist á um það hvers konar lífeyriskerfi við eigum að búa við. Annars vegar eru þeir sem eru fylgjandi samtryggingarsjóðum, lífeyrissjóðum og síðan eru hinir sem vilja að menn ávaxti sitt pund hjá fjárfestingarsjóðum eða hreinlega í bönkum. Þessum aðilum er mikið kappsmál að sjálfsögðu að lífeyrisréttindin og greiðslur í samtryggingarsjóðina séu sem allra lægstar þannig að þeir fái meira í sinn hlut, hjá Fjárfangi og Kaupþingi og fjárfestingarsjóðunum og hvað þetta heitir nú allt saman. Hér erum við aftur komin inn í grimma hagsmunabaráttu þeirra sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta en það er önnur saga. Það sem menn hafa litið á sem verkefni í þessu efni, þeir sem hafa komið að þessum málum, er að tryggja sem best lífeyrisréttindin. Og ég vil í lokin vekja athygli á því þegar um það er fjallað að verið sé að lögbinda réttindin, það sé verið að festa réttindin launafólki í hag gagnstætt því sem gerist hjá ýmsum öðrum lífeyrissjóðum og flestum lífeyrissjóðum í landinu þar sem réttindin eru breytileg, þá vil ég vekja athygli á því að víða um heim eru lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði þar sem réttindin eru föst og fastákveðin eins og hér er gert.

[17:45]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. síðasta ræðumann um tvennt. Í fyrsta lagi: Hvað meinar hv. þm. þegar hann var að ræða um fjárhagsstöðu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þegar hann segir að lífeyrissjóðurinn hafi sparað tugi milljarða í almannatryggingakerfinu? Ég vil líka spyrja hann: Hve marga telur hann munu ganga inn í nýja lífeyriskerfið sem nú eru í eldra kerfinu? Og hann talar um að verið sé að afnema ríkisábyrgð með þessu. Ég get ekki fengið það heim og saman vegna þess að atvinnurekandinn ábyrgist nú 11,5% og það á að endurskoða árlega þannig að ef ekki er jafnvægi í stöðu sjóðsins þá er það bætt með auknu iðgjaldi atvinnurekandans, þ.e. ríkisins. Það tel ég vera nokkurs konar ríkisábyrgð.

Varðandi lífeyrisréttindi barna einstæðra foreldra, þá er ég sammála honum að auðvitað þurfi að taka á því en ekki í gegnum almannatryggingakerfið vegna þess að ég tel að lífeyriskerfið hafi þar ákveðnar skyldur. Réttarstaða barna og framfærsla barnanna er lakari hjá einstæðum foreldrum. Þeir greiða jafnmikið og aðrir í sjóðinn en við fráfall þessa einstæða foreldris, ef hann fellur frá fyrir ellilífeyrisaldur, rennur eignin til sjóðsins á sama tíma og það nýtist hinni fjölskyldunni miklu betur þar sem ekki er um einstætt foreldri að ræða, þ.e. bæði í gegnum makalífeyri og barnalífeyri. Þess vegna hefur lífeyriskerfið þarna ákveðnar skyldur að mínu mati.

[17:47]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Lífeyrissjóðir í landinu eru ekki ýkja gamlir. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er hins vegar kominn til ára sinna. Hann var stofnaður árið 1919 og það er langt síðan lífeyrisréttindin þar á bæ voru orðin nokkuð traust.

Þegar fram liðu stundir smíðuðu menn sér sæmilegt almannatryggingakerfi til að tryggja fólki framfærslu. En svo er búið um hnútana að fengju menn framfærslu frá öðrum sjóðum eða öðrum aðilum, þá skertist rétturinn til töku eða til framfærslulífeyris frá almannatryggingakerfinu. Ég er ekki með nákvæmar tölur þar að lútandi en ég fullyrði að með þessu hafi sparast tugir milljarða í almannatryggingakerfinu. Með traustum lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna er þessu þannig farið án þess að ég hafi um það neinar nákvæmar tölur.

Hvað varðar ríkisábyrgðina þá er hún afnumin. Ríkisábyrgðin sem slík er afnumin. Hins vegar er launagreiðandanum, hvort sem launagreiðandinn heitir ríkið, sjúkrahús eða þingflokkur jafnaðarmanna eða BSRB eða sveitarfélögin eða hvaða aðili sem það er, gerður ábyrgur. Í núverandi kerfi hins vegar er ríkissjóður endanlega ábyrgur gagnvart öllum þeim sem aðild eiga að sjóðnum, sveitarfélögum, þingflokki jafnaðarmanna og hverjum sem er, öllum. Þetta er afnumið, þessu er breytt.

Varðandi stöðu þeirra barna sem missa báða foreldra sína og annar hafi átt aðild að sjóðnum, þá er það alveg rétt að staða þess barns er lakari en hinna og ég tek undir það með hv. þm. að á það þarf að líta, en ég tel að það sé fremur viðfangsefni almannatryggingakerfisins þó að mér finnist koma mjög vel til álita að skoða þau mál þegar fram líða stundir.

[17:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin við spurningum mínum. Hv. þm. náði ekki að svara því hvaða mat hann leggur á það hve margir mundu flytjast úr gamla kerfinu yfir í hið nýja.

Skýringin og rökin sem þingmaðurinn setur fram varðandi það að sparast hafi tugir milljarða í almannatryggingakerfinu er að með réttindum og þá hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skertist rétturinn hjá almannatryggingakerfinu. En við hvað var þá miðað, réttindin í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða þar sem hann er lakari, þ.e. hjá SAL-sjóðunum eða í almannatryggingakerfinu? Hefur þetta þá ekki bitnað á félögunum í almannatryggingakerfinu ef viðmiðið hefur verið Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins?

Síðan veit ég ekki hvað á að nefna það, ábyrgð, ríkisábyrgð eða hvað á að kalla það. Alla vega er það klárt að lífeyrisréttindin eru tryggð, fest með þessu frv. ef að lögum

verður. Ef það vantar jafnvægi í stöðu sjóðsins þá er það gert með auknu framlagi atvinnurekandans, þ.e. ríkisvaldsins. SAL-sjóðirnir hafa þurft að búa við það að til þess að ná jafnvægi í stöðu sjóðsins þá eru réttindin skert hjá félögunum. Það hefur verið gert t.d. með makalífeyrinn. Hann hefur verið skertur án þess að bættur hafi verið barnalífeyrir eða makalífeyrir þannig að tryggingin er allt önnur í þessum sjóði heldur en í hinum sjóðnum þannig að ég skildi ekki nákvæmlega hvað þingmaðurinn meinti með því að það væri verið að afnema þessa ríkisábyrgð. Ég tel að hún sé þegar það er atvinnurekandans að bæta það ef sjóðurinn stendur sig ekki eða vantar fjármagn í hann en félagarnir í lífeyrissjóðnum þurfa ekki að búa við skert réttindi þar á móti.

[17:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um það hversu margir komi til með að flytja á milli kerfa eða hvert sé mat þeirra sem hafa komið að þessum málum þar að lútandi, þá renna menn nokkuð blint í sjóinn. Ég tel hins vegar að það verði mjög almenn hreyfing í þessa átt en hún verði aldursbundin, að eldra fólkið fari síður en yngra fólkið hins vegar líti svo á að þarna sé verið að búa til framtíðarkerfi sem það sæki í. Hvort þetta fjárstreymi í rauninni, óbeina fjárstreymi úr lífeyriskerfi opinberra starfsmanna yfir í almannatryggingakerfið hafi bitnað á þeim sem fá greiðslur úr almannatryggingakerfinu, þá held ég að það sé síður en svo. Þvert á móti er verið að létta greiðslubyrði annarra aðila með þessari sjóðsöfnun.

Varðandi síðan ríkisábyrgðina þá er það misskilningur að ríkisábyrgðin sé enn við lýði. Hún er afnumin. Hins vegar verður þingflokki jafnaðarmanna gert að standa skil á samtímaiðgjaldagreiðslum og enn sem komið er alla vega er ekki samasemmerki á milli þingflokks jafnaðarmanna og ríkisins. Ábyrgð ríkisins er afnumin ef þetta frv. verður að lögum.

Þriðja atriðið, um það að lögbinda og festa réttindin, þá er það rétt að þarna er ekki saman að jafna gagnvart þessum lífeyrissjóði og því sem gerist í almenna kerfinu. En ég hefði haldið að þingmanninum þætti það þá eftirsóknarvert að treysta og tryggja lífeyrisréttindi sjóðfélagans og eins og ég nefndi áðan tíðkast það víða um heim, ekki bara hjá ríkissjóðum, síður en svo, hjá lífeyrissjóðum almennt að fastbinda réttindi sjóðfélaganna en hafa breytilegt iðgjald.

[17:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hv. þm., sem er formaður BSRB, hvort ekki hafi komið til greina í hans samtökum að treysta eigin félagsmönnum til þess að velja sér hvort þeir vilji góðan lífeyrisrétt og lág laun eða hærri laun og lakari og venjulegan lífeyrisrétt.

Einnig vil ég spyrja hann að því hvort hann hafi ekki treyst sjóðfélögum sínum til þess að kjósa stjórn sjóðsins lýðræðislegri kosningu.

Varðandi það sem hv. þm. gat um, að vandamálið hefði verið samtímagreiðslur í sjóðinn, þá er það þegar leyst. Ég er hér með tryggingafræðilega úttekt sem segir að iðgjald vegna samtímagreiðslna þyrfti að vera 26% ef miðað er við 2% vexti umfram laun og 21% ef miðað er við 3% vexti umfram laun þannig að þetta er leyst. Það er enginn vandi. Það þarf bara að breyta reglunum um iðgjald launagreiðanda í það að vera útreiknað af tryggingafræðingi og það mundi þá vera 22% iðgjald til launagreiðanda ef sjóðurinn nær 2% ávöxtun umfram laun eða þá 17% iðgjald launagreiðanda ef ávöxtun sjóðsins er 3% umfram laun.

En varðandi vaxtaprósentuna vil ég geta þess að laun opinberra starfsmanna hækkuðu umtalsvert á árinu 1995, sem betur fer, umfram verðlag, umfram vísitölur þannig að sú ávöxtun sem sjóðurinn náði fram, var ekki 6,8% eins og nefnt var heldur eitthvað miklu lægra, jafnvel að ávöxtunin hafi verið núll þegar tekið er tillit til launahækkana og launaskriðs hjá opinberum starfsmönnum innan ársins.

[17:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvort forsvarsmenn í samtökum opinberra starfsmanna hafi ekki treyst félagsmönnum til að taka ákvörðun, þá vil ég upplýsa um það að á undanförnum árum hefur verið mjög mikil umræða um lífeyrismál innan samtaka opinberra starfsmanna. Það á við um BSRB, það á við um BHMR, það á við um Kennarasamband Íslands, það á við um hjúkrunarfræðinga sem hafa átt aðild að sjálfstæðum sjóði og þar hefur verið farið mjög rækilega yfir það hvernig menn vildu standa að breytingum á lífeyriskerfinu þannig að þetta eru ekki umræður sem hafa orðið til í einhverju tómarúmi, síður en svo.

Hvort menn vilji fá góð réttindi og léleg laun? Ég held að þetta sé ekki uppstilling sem menn séu vanir að setja fram. Menn vilja hvort tveggja. Menn vilja góð réttindi og menn vilja góð laun og fyrir því ætlum við að berjast í komandi kjarasamningum.

Um þessa útreikninga sem hv. þm. setti fram og eru gamlar tölur um hvernig eigi að verðleggja sjóðinn, þá er rétt að þetta var verðlagt upp á 27% reyndar þegar reiknað var af dagvinnulaunum og vaktaálagi. Síðan hafa menn verið að snúa þessu yfir í aðrar stærðir þegar tekið er mið af allri launasummunni. Það sem menn hafa verið að gera í leiðinni er að gera ýmsar tiltektir í þessu lífeyriskerfi, færa það í nútímalegt horf, tryggja samtímagreiðslur inn í kerfið en mönnum hefur auðnast að búa til lífeyriskerfi þar sem lífeyrisréttindin eru jafnverðmæt þegar á heildina er litið. Ég hélt sannast sagna að það yrði fagnaðarefni hjá þingmönnum eins og það er annars staðar í þjóðfélaginu en menn mundu ekki leita allra leiða til að rífa þetta ágæta verk niður.

[17:58]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gat þess að málin hefðu verið rædd hjá BSRB og BHMR, væntanlega hjá stjórnum og trúnaðarmannaráði og öðrum þeim tengdum. Það sem ég spurði um var hvort hinum einfalda sjóðfélaga, hinum einfalda félagsmanni BSRB sé ekki treystandi til þess að velja hvort hann vilji fórna einum mánaðarlaunum eða tveimur á ári til þess að geta tekið lífeyri 65 ára í stað þess að fara sjötugur á lífeyri, hvort honum sé ekki treystandi til þess að velja þetta sjálfur, hvort hann vilji þessi góðu réttindi, hvort hann þurfi ekki frekar á peningum að halda, 10% launahækkun eða þar um bil til þess að standa undir neyslu sinni í dag, undir því að koma upp húsnæði og koma upp börnum. Þetta var spurningin.

En svo vildi ég lýsa yfir ánægju minni yfir því að formaður BSRB hefur lýst því yfir að ríkisábyrgðin hafi verið afnumin og ég mun þá leggja til að það ákvæði í lögunum sem stendur enn verði líka afnumið.

[17:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hv. þm. á við þegar hann er að tala um hinn einfalda mann í BSRB, BHMR, í Kennarasambandi Íslands eða meðal opinberra starfsmanna. Það sem ég er að segja er að í okkar samtökum, á þingum, á fundum sem sérstaklega hefur verið boðað til, á vinnustöðum og almennt innan okkar vébanda hefur verið mikil umræða um lífeyrismál. Hins vegar gefst mönnum að sjálfsögðu kostur á því að greiða atkvæði um kjarasamninga þar sem menn taka mið af öllum þessum þáttum áður en langt um líður. (Gripið fram í.) Já, já, þökk sé skynsamlegum vinnubrögðum að þessu máli. Ég vona að menn muni draga rétta lærdóma af þessum vinnubrögðum þegar menn setjast niður, reyna að sameinast um forsendur og vinna síðan vel og skynsamlega að lausn mála. Ég vildi óska að ríkisstjórnin léti sér þetta að kenningu verða fyrir framtíðarstarf gagnvart samtökum launafólks, því ekki veitir af.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 97. mál, nál. allshn., þskj. 250.

Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, 210. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 249.

Fasteignir í eigu banka og sparisjóða, 205. mál, fsp. GHall, þskj. 244.

Meðferð opinberra mála, 30. mál, nál. allshn., þskj. 251.

Smáfiskaskiljur, 207. mál, fsp. ArnbS, þskj. 246.

Tekjur og gjöld vatnsveitna, 204. mál, fsp. KHG, þskj. 243.

[18:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það kemur ekki mjög á óvart að fram hafi farið viðræður milli ríkisvaldsins annars vegar og ríkisstarfsmanna hins vegar um breytingar á skipan lífeyrismála. Þau vandamál sem hrannast hafa upp á undanförnum árum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eru það mikil að það hlaut að leiða til þess að menn leituðu leiða til að komast frá þeim vandamálum eða a.m.k. að komast frá því að auka við þau frá því sem orðið er.

Í þessu frv. er tekið lítið skref að mínu viti til þess að breyta núverandi fyrirkomulagi og leysa úr þeim vanda sem safnast hefur upp. En vandinn er fyrst og fremst tilkominn af einni ástæðu, þ.e. þeirri að iðgjöld hafa ekki verið í samræmi við skuldbindingar. Það segir í sjálfu sér ekkert til um það hvort menn meti að skuldbindingarnar séu of háar eða of lágar, það segir bara til um það að menn hafa gefið út skuldbindingar sem eru meiri en menn voru tilbúnir að innheimta fyrir. Þetta geta menn gert um ákveðinn tíma en að því kemur að það verður að taka á því vandamáli eins og öllum öðrum sem menn fresta.

Eins og fram hefur komið eru skuldbindingar lífeyrissjóðsins orðnar mjög miklar. Það fer dálítið eftir því hvað menn reikna með mikilli ávöxtun þess fjár sem í sjóðnum er á hverjum tíma hversu háar menn ætla að þær verði en þær nema mjög háum fjárhæðum. Það má orða það þannig að menn hafi frestað skattheimtu og í staðinn safnað skuldbindingum. Að því kemur að menn verða að innheimta þann skatt sem þeir hafa frestað á undanförnum árum og áratugum að innheimta og innheimta þennan skatt þegar kemur að því að borga út skuldbindingarnar.

Ég er ekki að gera athugasemdir við skuldbindingarnar sjálfar. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé almennur skilningur manna að þær séu of miklar fyrir hvern og einn sem þær fær. Það sem ég hef áður gagnrýnt í þessu máli er að menn hafi ekki samræmi á milli þess sem þeir lofa og þess sem þeir innheimta.

Í þessu frv. er gengið að nokkru leyti til móts við þessi sjónarmið sem ég hef sett fram og reyndar margir fleiri að því marki að reynt er að stöðva það að í framtíðinni haldi áfram að hlaðast upp skuldbindingar á sama hraða og verið hefur. Þetta er skref í rétta átt að mínu viti. En þetta er líka allt of stutt skref sem skilur eftir stór vandamál. Það skilur í fyrsta lagi eftir fortíðarvandann sem við búum við og hefur verið gerð grein fyrir fyrr í umræðunni og það skilur í öðru lagi eftir það vandamál að þeir sem nú þegar eru aðilar að umræddum lífeyrissjóði og munu verða í svokallaðri B-deild, þar munu halda áfram að safnast upp skuldbindingar umfram það sem iðgjöld standa undir. Og gróft á litið má ætla að menn séu að lofa tíu krónum fyrir hverjar tvær sem innheimtar eru í iðgjöld. Út frá öllum eðlilegum sjónarmiðum í rekstri eða skattheimtu er þetta óæskilegt fyrirkomulag sem menn eiga að leggja af sem fyrst, að eyða meira en þeir afla til að standa undir þeirri eyðslu sem menn ráðgera.

Í öðru lagi, og það er að mínu viti einnig ávinningur af þessu máli umfram það að stöðva vaxandi skuldasöfnun að nokkru leyti, tel ég það kost að færa strax skuldbindingarnar hjá viðkomandi stofnun þannig að sjá megi hvað hver stofnun kostar í reynd. Það er grundvallaratriði þeirra sem vilja halda uppi skilvirkri og glöggri fjármálastjórn, hvort sem það er á opinberum rekstri eða atvinnufyrirtækjum, að kostnaðurinn sé mjög sýnilegur og að mönnum sé ævinlega ljóst á hverjum tíma hver hann er. Þetta atriði skiptir því allverulegu máli og ég hygg að það sé þýðingarmeira en menn ætla við fyrstu yfirsýn.

Þá vil ég víkja að atriðum sem mér finnst ekki vera tekið á eða ekki vera til bóta. Ég hef þegar nefnt í fyrsta lagi að ekki er tekið á þeim vanda sem þegar er orðinn. Í öðru lagi er heldur ekki tekið á þeim vanda sem mun verða áfram í svokallaðri B-deild. Þessi tvö stóru mál eru skilin eftir óleyst. Í þriðja lagi tel ég það ekki skynsamlegt fyrirkomulag í sjóði — en menn verða að muna að lífeyrissjóður er sjóður sjóðfélaga þar sem menn sameinast um að tryggja hver annan eftir ákveðnum reglum með ákveðnum hætti — að ákvarða réttindin og síðan að leitast við að laga iðgjöldin að réttindunum. Mér finnst það fyrirkomulag ekki skynsamlegt og það er heldur ekki skynsamlegt vegna þess að almenna lífeyrissjóðakerfið notar það ekki. Það er óskynsamlegt að hafa í grundvallaratriðum ólíka útfærslu á þessu atriði vegna þess mismunar sem skapast við það og þeirrar óánægju sem mun spretta fram og hefur ævinlega verið fyrir hendi út af þessu atriði.

Það er almennt séð óskynsamlegt að búa sér til einhvern veruleika og reyna að tryggja sig fyrir öllum hugsanlegum breytingum í þjóðfélaginu um ókominn tíma eins og menn ætla með því að fastsetja réttindin óháð framtíðinni. Þetta er svipað fyrirkomulag og ekki síður óskynsamlegt en menn viðhafa í því frv. sem við ræddum fyrir nokkru um Landsvirkjun þar sem fram kemur að eigendur Landsvirkjunar hafa búið sér til svona veröld um þá peninga sem þeir segjast hafa lagt fram inn í það fyrirtæki einhvern tímann fyrir 30, 40 eða 50 árum og reikna þá peninga upp eins og aldrei hafi verið til nein áhætta í lífinu og allar fjárfestingar hafi skilað einhverju eftir einhverjum fullkomnum áhættulausum brautum. Það er óskynsamlegt að mínu viti að menn festi

sig inni í svona veröld. Sú veröld getur aldrei verið raunveruleiki nema hún gildi fyrir fáa og margir séu látnir standa utan við hana og bera hana uppi. Þess vegna tel ég það ekki skynsamlegt fyrirkomulag sem hér er í frv. um föst réttindi og breytileg iðgjöld. Ég tel það farsælla að hafa það öfugt að menn fastsetji iðgjaldið og ákvarði síðan réttindin út frá þeim. Þeir sem eru í sjóðnum ákvarða sér sín réttindi út frá þeim verðmætum sem í sjóðnum eru og þeir taka þá áhættu að sjóðnum stýrir stjórn og starfsfólk sem á að ávaxta féð og iðgjöldin eiga síðan að ráðast af því hvernig til tekst með þá ávöxtun.

Í þriðja lagi finnst mér ekki eðlilegt, a.m.k. ekki til lengri tíma, ég skal ekki segja að það sé endilega óeðlilegt eins og staðan er nú þar sem menn eru að fikra sig frá tilteknu ástandi, að undanskilja ákveðna ríkisstarfsmenn réttindum til að vera í sjóðnum. En það er gert með þessu frv. að áfram er eins og verið hefur að ákveðnir ríkisstarfsmenn eiga þess ekki kost að vera aðilar að þessum sjóði. Verður þetta atriði enn frekar óeðlilegt þegar haft er í huga að síðan eru ákvæði sem heimila mönnum sem ekki eru ríkisstarfsmenn að vera í sjóðnum. Það verður að hafa í huga að þessi sjóður er býsna góður eins og fram hefur komið. Réttindi hans eru býsna góð. Almennt eru þau betri en menn geta tryggt sér í almennum lífeyrissjóðum. Það er því ávinningur af því að eiga aðild að þessum réttindum. Ég get ekki verið sammála því að það eigi að mismuna starfsmönnum ríkisins hvað varðar þessi réttindi.

Loks vil ég nefna eitt atriði sem ég hef ekki fengið fullnægjandi skýringar á í þessari umræðu og tel að hv. efh.- og viðskn. verði að skoða vandlega og það er kostnaðaraukinn sem er áætlaður að verði vegna þess að menn geti flutt sig á milli deilda. Mér finnst þetta dálítið grunsamlegt ákvæði, a.m.k. átta ég mig ekki alveg á því hvaða ávinningur er af því fyrir ríkissjóð að hafa þennan möguleika. Miðað við þær skýringar sem eru í frv. og hér hafa komið fram er nokkuð ljóst að það virðist vera ávinningur af því fyrir einstaka sjóðfélaga að flytja sig á milli. En ég hef ekki alveg áttað mig á því hver hagur ríkissjóðs er af þessu og hæstv. fjmrh. mætti gjarnan reifa það mál hér á eftir og útskýra fyrir okkur hver hagur ríkissjóðs er af þessari breytingu út frá sjónarhóli fjmrh.

Þá vildi ég vekja athygli á því að mér finnst líka vera óljóst hvað verður um stöðu sjóðfélaga þegar ríkisstofnun er lögð niður eða henni er breytt í hlutafélag eða jafnvel seld. Það er ekki að finna svo ég hafi séð í frv. sæmilegar skýringar á því hvernig ætlast er til að tekið verði á réttindum sjóðfélaga sem starfa í slíkum stofnunum. (Gripið fram í.) Já, hæstv. ráðherra gerir þá grein fyrir því hér á eftir hvernig með það mál verður farið.

Að lokum vil ég nefna eitt atriði sem ég tel að verði að breytast og hygg að muni verða þegar fram líða stundir og það er að afnema ríkisábyrgð á þessum sjóði. Ég er á þeirri skoðun að það sé farsælt og nauðsynlegt að vinna að því að samræma stöðu launþega og draga úr þeim mun jafnt og þétt sem er á milli opinberra starfsmanna og launþega á almennum vinnumarkaði, þeirra sem starfa innan félaga hjá Alþýðusambandi Íslands. Þetta frv. er að nokkru leyti skref í þá átt eins og ég hef getið um og það er svo sem ekki gott að ráða í hvernig þróunin verður hér eftir. En ég er sannfærður um að þetta mál er enginn endapunktur á þeirri leið. Mér sýnist að mál muni þróast frekar þannig að þetta verði aðeins áfangi og muni ekki standa um langa hríð. Það verður knúið á um breytingar á þessum málum til enn frekari samræmingar en er í því frv. sem við erum að ræða núna, m.a. vegna þess að frv. gerir betur sýnilegt þann mun sem er á þessum tveimur lífeyriskerfum. Ég spái því að mönnum reynist erfitt að sætta sig við að búa við mjög mismunandi kerfi en vinna á sama stað og jafnvel mjög svipuð störf. Því sé ég ekki fyrir mér aðra þróun en þá en að þetta sé fyrsta skref til frekari samræmingar á þessum kjörum. Það er svo erfiðara að spá fyrir um það hvort sú samræming þýðir að þeir sem hafi lakari stöðuna bæti sína stöðu upp í þá sem hinir hafa eða hvort mál ganga að einhverju leyti þannig að þeir sem hafa betri kjörin láti af sínu að einhverju leyti til að bæta stöðu hinna sem hafa lakari stöðu. Það er erfiðara að ráða í það en öll jöfnun felur auðvitað í sér að einhver lætur af sínu og einhver fær. Það er erfitt að jafna þannig að enginn láti af sínu og allir fái. Það verður því fróðlegt að sjá hvernig þetta þróast í framtíðinni en mér kæmi ekki á óvart þó að breytingin yrði í þá veru að kjörin mundu jafnast hvað þetta varðar á þann hátt að hvort tveggja gerist — það batnar hjá þeim sem eru taldir hafa verri stöðu og hinir sem hafa betri stöðu munu missa eitthvað af sínu. En þetta er svo sem ekki það sem fjallað er um hér heldur vangaveltur um það sem kunni að gerast. Ég held að nauðsynlegt sé að menn hafi það í huga því menn verða að hafa augun á því hvert þeir vilja stefna. Í mínum huga er ekkert vafamál að ég tel nauðsynlegt, og ég sagði það hér fyrir ári síðan, að færa vinnumarkaðinn úr þessum tveimur hólfum sem hann er í í dag og færa launþegahreyfinguna saman. Ég tel að hún verði sterkari þannig og þá fyrst og fremst sterkari fyrir þá sem standa lakar.

Herra forseti. Ég hef svo sem ekki meira við þetta að bæta en ég hef þegar látið koma fram. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. skýri betur stöðu ríkisábyrgðar á þessum sjóði eftir að frv. verður orðið að lögum og stöðu sjóðfélaga sem starfa við stofnanir sem verða lagðar niður eða breytt að formi til eða jafnvel seldar.

[18:20]

Útbýting þingskjals:

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, 209. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 248.

[18:20]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessu frv. og því samkomulagi sem býr að baki á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisins og BHMR þannig að ég mun auðvitað styðja þetta frv. Ég tel mikilvægt að menn nái á sem flestum sviðum samkomulagi og dragi úr óvissu á sem flestum sviðum. Það er enginn vafi að á tímabili óttuðust menn mjög stöðu lífeyrissjóðanna og töldu að þar væri hrikaleg vá fyrir dyrum. Við gerum okkur grein fyrir því að á síðustu 10 árum, en á þeim tíma hafa vextir verið mjög háir vextir á Íslandi, hafa sjóðirnir náð að fá vind í sín segl og eru nú margir á hinum almenna markaði orðnir sterkir og stærsti og jafnvel eini sparnaður landsins liggur í gegnum lífeyrissjóði.

Ég gat þess í mínum þingflokki þegar þetta mál var þar til umræðu að ég saknaði eins við þetta samkomulag. Ég hefði viljað sjá svolítið aðra niðurstöðu hvað eitt atriði varðar. Ég ætla að nefna það í þessari umræðu og biðja nefndina að íhuga það atriði. Ég vil segja það fyrst að helst hefði ég kosið að við Íslendingar hefðum náð allsherjarsamkomulagi í lífeyrissjóðsmálum þar sem við sætum allir við sama borð.

Því hver maður kemur nakinn í þennan heim og fer nakinn úr honum aftur.

En það atriði sem ég ætlaði að minnast á og sakna að skuli ekki vera í þessu samkomulagi og frv. er þá atriði númer tvö sem mér finnst skipta miklu máli. Ég held að skipti afskaplega miklu máli að einstaklingurinn hafi það á tilfinningunni að hann eigi sjóðinn og beri ábyrgð á honum og að honum sé fljótlega í lífinu kennt að spara peninga. Þess vegna hefði ég kosið að sjá að hluti af þeim viðbótargreiðslum sem nú renna í þetta hefði farið í eigin eftirlaunasjóði eða séreignarsjóði eins og þeir eru nefndir nú.

Ég hef margsinnis flutt í þinginu mál um þetta atriði og sé það fyrir mér að þetta er að gerast í þjóðfélaginu hjá mörgum aðilum að þessir séreignarsjóðir, þ.e. þeir sem iðgjaldið er greitt af, eru eigendur þessara peninga og fara þannig með þá og vaka þannig yfir þeim undir ákveðnum reglum. Ég hygg að t.d. ýmsir aðilar eins og sparisjóðirnir, Íslandsbanki o.fl. hafi leyst sín lífeyrissjóðsmál með þessum hætti, að um leið og þeir reyndu að auka öryggi síns starfsfólks þá mynduðu þeir slíka séreignarsjóði. Og þetta hefur gerst víðar í þjóðfélaginu. Ég hefði kannski talið æskilegt að 3–4 % af þessum 15,5% hefðu runnið í séreignarsjóð á nafn viðkomandi manns og verið hans eign. Ég flutti að vísu mínar tillögur hér um að skoða það hvort þetta væri ekki kerfið sem menn ættu að taka upp í landinu, en get vel fallist á að blandað kerfi með þessum hætti geti verið heppilegt. Þetta er það sem ég vildi minnast á við þessa umræðu, hæstv. forseti, og biðja nefndina að íhuga því þegar til lengri tíma er horft þá held ég að fleiri muni vilja fara þessa leið. Ég er sannfærður um að hún er gagnleg fyrir þjóðfélagið í heild því að hvar í flokki sem við erum þá þykir okkur nú mjög vænt um okkar eigið veski — og það er mikill kennari veskið. Þetta er sú framtíðarmúsík sem mér finnst að hljóti að blasa við innan einhvers tíma í þessum málum.

Auðvitað ber að fagna því við þessar aðstæður, bæði hvað ríkið varðar og atvinnulífið, að sú svarta spá sem var á þann veg að til þess að mæta vanda lífeyrissjóðanna þyrfti að taka 18–22% af launum til þess að greiða inn í sjóðina. En menn eru í lægri tölum í dag sem er vegna þess að staða lífeyrissjóðanna hefur batnað vegna vaxtatöku og ekki síður af hinu að þeir hafa hagrætt mjög í sínum rekstri. Rekstrarkostnaðurinn er minni sem er mjög mikilvægt og þessu ber að fagna. En ég lýsi því yfir, hæstv. forseti, að ég mun styðja þetta frv. og þessa niðurstöðu og fagna henni.

[18:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það líður sjálfsagt senn að lokum þessarar umræðu. Mig langar til að gera örfá atriði að umtalsefni í þessari síðari ræðu minni. Ég vil strax segja það að ég á von á því að nefndin kanni mjög rækilega, enda hefur það komið fram hér í ræðum manna að nauðsynlegt sé að gera það, þetta málefni, þetta frv. Hv. efh.- og viðskn. hefur þegar haft samband við tryggingastærðfræðing sem verður nefndarmönnum innan handar en auk þess er nefndin svo vel skipuð mönnum að þar er að finna prófessor í hagfræði og tryggingastærðfræðing sem ásamt nokkrum fleiri ónefndum reikningshausum geta lagt lóð á vogarskálina þegar að þessu kemur.

Ég vil líka segja strax að auðvitað liggur það í augum uppi að það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir. En við höfum reynt að skýra það út hvers vegna þær voru ekki farnar, hvers vegna þessi var valin og af hverju var gengið út frá þeim forsendum sem gert var í þessu samstarfi.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson spurði hvað gerðist ef ríkisstofnun yrði að hlutafélagi. Það má kannski svara þessari spurningu í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er það svo að ef starfsmenn eru í B-deildinni, þ.e. í þeirri deild sem er nánast óbreytt frá núverandi kerfi, þá gilda að flestu leyti núgildandi lög og má bara vísa til þeirra, þ.e. þar er engin veruleg breyting á réttarstöðu þessa fólks. Ef hins vegar um það er að ræða að stofnun eins og t.d. Póstur og sími, ef við tökum dæmi því það er stofnun sem við höfum haft fyrir framan okkur í vinnu hér á hinu háa Alþingi, tekur þá ákvörðun í samningum við sitt starfsfólk að óska eftir því að mega greiða inn í þennan sjóð, þá er það hægt fyrir þá sem eru í BHM og BSRB. En sjálfkrafa geta þeir sem starfa hjá fyrirtæki eins og Pósti og síma hf. ekki gengið í sjóðinn og verið aðilar að A-deild sjóðsins. Samþykki launagreiðanda þarf að koma til. Þetta er því tiltölulega skýrt varðandi A-deildina enda eru ekki önnur vandkvæði þar en þau sem eru í öllum venjulegum lífeyrissjóðum í landinu. Þetta er sjóður þar sem réttindin hækka samkvæmt ákveðnum stigaútreikningi eins og gerist hjá öðrum sjóðum þótt réttindin séu í sjálfu sér meiri. En varðandi gömlu deildina, B-deildina, þar stöndum við frammi fyrir sams konar vandamálum og við höfum staðið frammi fyrir allan tímann og sum eru mjög erfið, það verður að segjast eins og er. Það er rétt sem hér hefur komið fram að við erum ekki að leysa vandamál þeirrar deildar í einu vetfangi, það væri rangt að halda því fram. Þessi lausn sem er á borðum hv. þingmanna gerir ráð fyrir því að það taki alllangan tíma fyrir ríkissjóð að koma þessum hlutum í eðlilegt jafnvægi.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og reyndar fleiri þingmenn hafa rætt um nauðsyn sparnaðar. Ég vil taka undir það. Það er auðvitað erfitt að gefa einhver ráð eða lýsa því yfir hver sparnaðurinn þarf að vera, en það er þó talið að það þurfi að vera nokkuð gott jafnvægi á milli fjárfestingar og sparnaðar. Og nú þegar fjárfesting hér á landi fer að nálgast meðaltal OECD-ríkjanna og fer jafnvel fram úr því meðaltali, yfir 22% af vergri landsframleiðslu, þá þyrfti sparnaðurinn að ná því hlutfalli líka. Það vantar talsvert á það því að sparnaður hefur ef eitthvað er farið minnkandi á undanförnum árum. Ég get ekki sagt hér og nú hve mikið vantar en ég get ímyndað mér, til þess að nefna einhverja tölu, að sparnaður íslensku þjóðarinnar þyrfti að vera 20 milljörðum meiri en hann er í dag miðað við fjárfestingar. Það er einhvers staðar á því bili þótt auðvitað sé þetta ekki nein lógísk fræði sem hér er verið að fjalla um. Reyndar hafa aðrir hér í salnum og annars staðar meira vit á þessu en sá sem hér talar.

Ég er sammála hv. þm. Ögmundi Jónassyni að með því að leggja meira til hliðar erum við að spara í almannatryggingakerfi framtíðarinnar. Við höfum ekki notað það sem rök en það hlýtur að vera sparnaður að því þegar fólk leggur meira til hliðar og ætlar sér að lifa á tekjum sem verða vegna lífeyrissparnaðar í ellinni. Það léttir á almannatryggingakerfinu. Það er bráðnauðsynlegt fyrir okkur að samræma þessi tvö kerfi og reyna þannig í framtíðinni, það tekur auðvitað áratugi, að létta á greiðslum ríkissjóðs til almannatryggingakerfisins og gera það með því að launamenn séu tilbúnir til þess að leggja meiri fjármuni til hliðar þegar þeir eru á vinnualdri. Það sem kallar á slíka afstöðubreytingu er auðvitað sú augljósa staðreynd að þjóðin er að eldast og færri vinnandi menn eru á bak við þá sem eru utan vinnumarkaðar

af eðlilegum ástæðum eins og t.d. fullorðið fólk.

Hér urðu nokkrar umræður um hvernig ríkisábyrgðin væri og ég tek undir það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði. Ríkisábyrgðin er minni og ætla ég að skýra það út með einföldu dæmi. Í dag er það svo að ríkið ber ábyrgð á því að allir ríkisstarfsmenn fái jafngildi hlutfalls launa miðað við eftirmenn sína. Við þessa breytingu gerist það í A-deildinni að samtíma inngreiðslur launagreiðendanna allra, ríkisins og fjölda annarra, líklega 50 annarra launagreiðenda sem greiða í þennan sjóð, duga fyrir framtíðarútgjöldum. Nú skulum við setja upp dæmi. Segjum sem svo að sjóðnum yrði lokað. Svo gerist það eftir að sjóðnum, A-deildinni, er lokað að innstæðan, eignin í sjóðnum dugir ekki fyrir réttindunum sem sjóðfélagar eiga. Þá kemur ríkið ekki til skjalanna og greiðir muninn. Þetta verður öllum ljóst. Ef hitt gerist við lokunina að eignirnar eru forvaltaðar með þeim hætti að þær skila meiri ávöxtun, þá mun ríkið ekki geta hirt það. Frá þessu er gengið þannig að ábyrgð sjóðsins er miklu meiri en hún var. Ég vil að þetta komi skýrt fram vegna þess að þessu hefur kannski ekki verið nægilega hampað. (**ÖJ:** Það er mögulegt að skerða réttindin.) Það er engin trygging fyrir því til eilífðarnóns að réttindin verði nákvæmlega þau sem hérna er verið að tala um, en það liggur ljóst fyrir að ríkið og aðrir launagreiðendur taka að sér að greiða þá summu í sjóðinn sem nægir samkvæmt tryggingafræðilegu mati byggt á ákveðnum forsendum til þess að þessi réttindi standi. Það sem ég sagði hins vegar er að verði sjóðnum lokað, t.d. vegna samninga um nýtt kerfi sem gæti komið að kannski eftir 10–20 ár, þá ber ríkið ekki ábyrgð á þeim mun sem upp kynni að koma né heldur hirðir út úr sjóðnum ef sjóðurinn á meira en framtíðarskuldbindingunum nemur.

Hv. þm. Guðni Ágústsson ræddi síðan um bankana og sérstaklega Íslandsbanka sem hefði leyst sín mál með tilteknum hætti sem er alveg rétt hjá honum. Ég vil hins vegar minna á að margir sparisjóðanna eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. En hann minntist á það, sem áreiðanlega verður til umræðu síðar í vetur, sem eru hugsanlegar breytingar sem gætu orðið á almenna lífeyrissjóðakerfinu. Það stendur fyrir dyrum að gera breytingar á fjárreiðum lífeyrissjóðanna og reyndar fleiri efnisatriðum sem ákveðin nefnd vinnur. Án þess að ég geti fullyrt um það hver verður niðurstaða nefndarinnar sýnist mér að nefndarstarfið sé að taka þá stefnu að hugsanlegt verði lagt til að annars vegar verði samtryggingarsjóðir þar sem menn verða að greiða iðgjöld til sjóða þar sem greiðslurnar standa undir ákveðnum tryggingum, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri, makalífeyri o.s.frv. Hins vegar sé hægt að stofna til séreignasjóða með ákveðnum skilyrðum þó því að þar er um að ræða skattfrádrátt og í slíkum sjóðum séu varðveittir peningar sem eru einkaeign, er eign þess sem leggur inn og hann tekur út en enginn samtrygging er á bak við það kerfi. Þetta þarf að gerast og þarf að gerast til að tryggja t.d. rétt heimavinnandi fólks eins og hér hefur verið talað um. Þar sem kannski annar vinnur úti og hinn ekki mundi þetta ekki hjálpa til við slíkt og þetta auðvitað er nauðsynlegt til þess að kynda undir meiri sparnaði heldur en gert er með samtryggingarlífeyriskerfinu.

Það var spurt um þá sem hafa mikil réttindi eins og t.d. bankastjóra og slíka. Í raun og veru get ég ekki svarað því hér og nú vegna þess að þeir taka laun samkvæmt ákvörðun bankaráðs og þeir taka sín lífeyrisréttindi einnig samkvæmt ákvörðun bankaráðs í ríkisviðskiptabönkunum og eru aðilar að, að því er ég best veit, lífeyrissjóðum bankastarfsmanna viðkomandi banka. Það kann vel að vera ósanngjarnt hve mikið þeir fá í lífeyri en það er hluti af þeirra kjörum og þýðir þá með öðrum orðum að hv. þm. er óánægður með hvað kjör þeirra eru góð. Það þarf auðvitað að ræða á þeim vettvangi sem það passar, en um það erum við ekki að fást í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna og hjúkrunarkvenna því að þeir eðli málsins samkvæmt eiga ekki aðild að þeim sjóði. (**JóhS:** Hver er skoðun ráðherrans á því?) Ja, skoðun ráðherrans er að það eigi að koma fram með sem allra gleggstum og gagnsæjustum hætti hver raunveruleg kjör manna eru. Ég hef sagt það áður í dag að ég met t.d. hv. þm. Pétur Blöndal mikið fyrir það að hann hefur lagt fram frv. á þinginu, gerði það í fyrra, þar sem gert er bókstaflega ráð fyrir að menn séu í venjulegum lífeyrissjóðum en fái muninn greiddan í hærri launum. Hefði það verið gert hefðu laun þingmanna eða ráðherra heldur betur hækkað.

Við erum að fara hér aðra leið. Aðalatriðið frá mínum bæjardyrum séð er að þetta séu gagnsæ og sambærileg réttindi. Sé það gert erum við að taka skref í áttina til kerfis sem er það sambærilegt að við getum búist við því að innan ekki mjög langs tíma verði þau að fullu sambærileg. En þá verðum við að gæta okkur á því að þetta eru kjarasamningamál, bæði á hinum almenna vinnumarkaði og eins hjá hinu opinbera og það höfum við virt og það höfum við alltaf viljað virða. Ég skal gera þá játningu hér, virðulegi forseti, að sjálfsagt lögðum við of mikið undir á sl. vetri þegar við vorum að fást við starfsmannalögin. Það var of stór biti að taka lífeyrismálin líka vegna þess að þær breytingar sem við vorum að leggja til í starfsmannamálum voru þess eðlis að opinberir starfsmenn gátu ekki sætt sig við þær breytingar sem þar komu fram. Það var kannski eðlilegt að það myndaðist tortryggni þegar farið var að ræða lífeyrismálin, en ég tók það margoft fram þá að það væri ekki ætlun ríkisstjórnarinnar að taka af mönnum réttindin nema það kæmu þá jafnverðmæt réttindi í staðinn, annaðhvort í formi launa eða í lífeyrisréttindum. Það er hins vegar rétt sem sagt hefur verið að þau drög að frv. sem fyrst lágu fyrir nægðu ekki í þessu sambandi. Þegar útreikningur fór fram á réttindaávinnslu í því frv. kom í ljós að þau réttindi sem þar hefðu orðið til nægðu ekki til þess að vera jöfn þeim sem voru fyrir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það stóð aldrei til, þótt sumir héldu því fram sjálfsagt í ábataskyni fyrir sinn málstað í starfsmannalögunum, að ganga á þessi réttindi, þ.e. lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Menn geta lesið í Alþingistíðindum orðrétt allt saman sem hefur verið sagt um þetta atriði.

Svo vil ég koma að því sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallaði einnig um: Hvað um þá starfsmenn ríkisins sem ekki eru í BSRB og ekki eru í BHM t.d. Sóknarkonur? Hún spurði: Vinna ekki Sóknarkonur sambærileg störf og aðrar konur í öðrum félögum hjá ríkinu? Jú, það kann vel að vera er mitt svar en það hefur alltaf legið fyrir að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins sem BSRB-fólkið átti aðild að var verðmeiri heldur en Lífeyrissjóður Sóknarkvenna sem eru aðilar að ASÍ. Það er því eðlilegt að álykta sem svo að munurinn hefði átt að koma fram í launum. Og þetta frv. breytir að mínu áliti engu um það að allt í einu núna eigi að sækja launahækkun eða aukinn lífeyri fyrir þá sem ekki hafa verið í þessum sjóði. Það væri algerlega rangt mat. Hitt er svo annað mál að það getur vel verið að menn kjósi að hafa lífeyrisréttindin meiri og launin lægri. Um það geta menn auðvitað rætt.

Ég skal nefna ágætt dæmi, sem ég veit að hv. þm. þekk-

ir mjög vel, og það eru rafiðnaðarmenn sem eru bæði í BRSB og í Rafiðnaðarsambandi Íslands, tveimur félögum. Annars vegar er Rafiðnaðarsambandið sem er í ASÍ með sínn lífeyrissjóð, sem er einn af lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði, og hins vegar eru BSRB-starfsmenn sem eru í Lífeyrissjóði BSRB. Ég hygg að þegar grannt er skoðað komi í ljós að laun BSRB-fólksins séu yfirleitt lægri heldur en hinna sem eru í Rafiðnaðarsambandinu en ég býst við að sá munur sé jafnaður þegar menn taka tillit til lífeyrisgreiðslnanna. Þetta er auðvitað ekki nákvæm jafna, ég skal auðvitað viðurkenna það, en það eru hugmyndin á bak við þetta. Þetta verður að vera skýrt og koma mjög skýrt fram hér.

Virðulegi forseti. Það er ekki hugmynd mín að teygja lopann í þessu máli. Ég þakka fyrir þessar umræður. Ég virði það að sjálfsögðu að einstakir þingmenn úr a.m.k. tveimur flokkum hafa talið að frv. sé ekki nægilega gott að þeirra áliti og meira að segja talið að það ætti að fara aðrar leiðir og ég virði það og skil það. En þetta frv. er búið til í samningi. Alþingi á síðasta orðið. Alþingi getur breytt þessu frv. eins og því sýnist en áhrif af slíkum breytingum gætu orðið þau að við lentum í vandræðum með kjarasamninga sem fram undan eru hjá BSRB eðlilega vegna þess að þessi réttindi eru nátengd þeim réttindum sem þar er um samið.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum ítreka ég tillögu mína um frekari framgang þessa máls.

[18:46]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem hér hefur komið fram um ríkisábyrgðina og hvernig réttindin eru tryggð til frambúðar, þá vil ég spyrja hvernig sveitarfélögin hafi komið að þessu máli. Nú er það svo að ýmis sveitarfélög eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og vænti ég að ráðherra sé að hlusta á mig. Ég spyr: Er það tryggt að starfsmenn þessara sveitarfélaga njóti þessara nýju réttinda og þá áframhaldandi réttar ef þeir svo kjósa í eldra kerfi?

Ég vil einnig spyrja um kennarana. Nú hefur grunnskólinn flust til sveitarfélaga. Ég geng út frá því og vil bara fá það staðfest hér að þeir njóti þessara sömu ... (**Fjmrh.:** Hverjir?) Ég er að spyrja um kennarana út af yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna, hvort ekki sé tryggt að þeir njóti þeirra réttinda sem eru boðuð í þessu frv. og það til frambúðar.

Einnig vil ég spyrja út af orðum hæstv. ráðherra hér áðan. Hann sagði varðandi almenna markaðinn að t.d. væri hægt að semja um það að í stað launahækkana komi aukin réttindi á almenna markaðinum. Má líta á það svo með hliðsjón af þessum orðum ráðherrans að ráðherrann telji sig hafa verið að semja, að þessi auknu réttindi sem hér eru boðuð bæði varðandi barnalífeyri og örorkulífeyri sé hluti af komandi kjarasamningi við opinbera starfsmenn?

[18:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi ber að skilja orð mín þannig að þessi samningur sem hér er gerður byggir á gömlum kjarasamningum, síendurteknum kjarasamningum milli aðila og reyndar yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar á þeim tíma áður en opinberir starfsmenn fengu samnings- og verkfallsrétt. Þegar rætt er um ASÍ-fólkið, þá er ég ekki að bjóða upp á aðild þeirra að þessum sjóði. Ég er einungis að segja að ég er ekki að loka leiðum til þess að gerðir verði samningar milli ríkisins eða hvers annars launagreiðanda og viðkomandi ASÍ-fólks sem starfar hjá þeim launagreiðendum, þar á meðal ríkinu, að í stað launabreytinga komi breytingar á iðgjöldum í lífeyrissjóð. Ég tel það vera jafngilt.

Varðandi alla þá sem eru starfsmenn launagreiðenda sem eiga aðild að sjóðnum, þá halda þeir áfram aðild sinni að sjóðnum. Það gildir um kennara og alla aðra.

Varðandi nýja kennara minni ég á að til þess að þeir geti orðið aðilar að sjóðnum þarf launagreiðandinn að samþykkja slíka aðild. Það var í lögunum á sínum tíma ef ég skildi það rétt. Það var að vísu loforð um að þeir yrðu áfram í sjóðnum og kennararnir geta verið áfram í sjóðnum, en þá þurfa sveitarfélögin auðvitað að greiða í sjóðinn með sama hætti og ríkið þarf að gera. Af því að það var spurt beint um sveitarfélögin, þá á ég von á því að þau hafi fylgst með gangi mála en þau hafa í sjálfu sér ekki haft mikil áhrif á þau lög sem hér er verið að setja, enda megum við ekki gleyma því að þessi lög eru lög um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hjúkrunarkvenna sem eru fyrst og fremst sjóðir sem urðu til í samningunum milli ríkisins og starfsmanna ríkisins en aðrir hafa fengið aðild að með einhvers konar leyfi eða sérstökum lögum.

[18:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á miðað við svör hæstv. ráðherra að það sé nokkur óvissa um hvort starfsmenn ýmissa sveitarfélaga, sem hafa átt aðild að lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, fái þessi réttindi vegna þess að hæstv. ráðherra bendir á að launagreiðandinn þurfi að samþykkja slíka aðild. Er ekki hugsanlegt að þeir gætu dregið sig út úr þessu þegar þeir eiga nú aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þegar búið er að breyta þessum réttindum?

Rétt í lokin af því að hæstv. ráðherra sagði áðan að þetta hlyti að leiða til þess að létt yrði af ríkissjóði til frambúðar skuldbindingum í almannatryggingakerfinu, er það ekki skilningur ráðherrans að ekki sé hægt að létta neinu af almannatryggingum fyrr en almenni markaðurinn er kominn með sambærileg réttindi og við erum hér að fjalla um? Ráðherrann nefndi að þetta hlyti að leiða til þess að það væri hægt að létta greiðslum af ríkissjóði út af almannatryggingakerfinu til framtíðar litið, en ráðherrann er þá væntanlega að meina að þá fyrst sé hægt að skoða það þegar réttindin á almenna markaðinum og hjá opinberum starfsmönnum eru orðin sambærileg.

[18:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á varðandi sveitarfélögin að eins og kom fram í minni framsöguræðu í dag er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin fái greiðslur frá ríkinu í gegnum breytingar á tekjuskatti og útsvari til þess að standa undir auknum samtímagreiðslum til sjóðsins. Það á að vera trygging fyrir því að kennarar njóti þeirra réttinda sem um var samið og lög bjóða. Reyndar tel ég að kennarar hafi í mörgum greinum fengið meiri réttindi heldur en aðrir opinberir starfsmenn af ýmsum ástæðum.

Þegar ég er að tala um sparnað hjá almannatryggingakerfinu er ég eingöngu að minnast á það að eftir því sem fólk hefur hærri tekjur, t.d. lífeyristekjur að lokinni vinnuævi, þeim mun minna þarf af fjármunum frá ríkinu á þeim tíma. Vegna skerðingar, sem ég veit að hv. þm. þekkir mjög vel sem er sérfræðingur í almannatryggingakerfinu, þá greiðir ríkið þeim mun minna í gegnum bætur eftir því sem tekjur manna vaxa og sá sem tekjurnar fær er kominn yfir vinnualdur.

[18:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi umræðu um ríkisábyrgð verður að vera alveg ljóst að í 25. gr. frv. er gert ráð fyrir því að reiknuð sé út árlega iðgjaldaþörf. Hún er reiknuð út fyrir árið 1997 11,5%. Ef forsendur fyrir útreikningi breytast mun iðgjaldaþörfin hækka upp í 17%, 20% eða hvað sem er, ég veit það ekki. Það er skuldbinding sem launagreiðandi tekur á sig, ríkið og aðrir aðilar. Þetta er algerlega ljóst. Ríkisábyrgð með þessari útfærslu er ekki hefðbundin ríkisábyrgð en það verður að vera alveg ljóst að ef t.d. útreikningsvextir breytast, þá getur þessi prósenta rokið upp. Þetta þarf að liggja alveg ljóst fyrir.

Í öðru lagi þarf líka að átta sig á því að flutningur úr B-deild í A-deild þýðir skuldbindingar á launagreiðanda. Í stað þess að greiða 6% af dagvinnu eins og sveitarfélög gera mun hann greiða 11,5% á næsta ári af öllum tekjum. Þetta þýðir ákveðnar skuldbindingar og sveitarfélög velta fyrir sér hvort þau eigi að stofnsetja nýjan lífeyrissjóð.

Menn verða líka að átta sig á því að í 3. gr. frv. er kveðið á um að stéttarfélög opinberra starfsmanna geta samið um aðild að Lífeyrissjóði ríkisins. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir að slíkar heimildir séu fyrir önnur verkalýðsfélög eins og t.d. ASÍ-félög. Það þarf að skoða hvort þessi þrenging sé um of. En það verður að vera alveg ljóst með hvaða hætti skuldbindingar ríkisins og launagreiðenda í sjóðnum verða. Þær eru einsdæmi í okkar lífeyrissjóðakerfi.

Ég bið menn að hártoga ekki hvort það er ríkisábyrgð eða ekki ríkisábyrgð. Það er ríkisábyrgð að því leyti að það er lögbundið að reikna út einu sinni á ári og iðgjaldið getur þess vegna farið upp á við. Það gæti þess vegna líka lækkað ef því er að skipta, en það er þetta sem er ólíkt í þessu kerfi miðað við það sem er á almenna markaðnum.

[18:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem ég vil árétta án þess að fara í hvert einasta atriði sem kom fram hjá hv. þm. Í fyrsta lagi þarf ég að vera nákvæmari í því sem ég hef sagt fyrr í kvöld. Það er lögbundin aðild kennara að þessum sjóði þannig að það liggur fyrir sveitarfélögin væru að brjóta lög ef kennararnir ættu ekki aðild að sjóðnum eða fengju ekki aðild að sjóðnum og reyndar ríkið þá líka eftir atvikum.

Í öðru lagi þegar talað er um ábyrgðina, þá höfum við sagt að auðvitað er ábyrgðin fyrir hendi. Ábyrgðin er einmitt fólgin í því sem hv. þm. var að lýsa, að sjá til þess að inngreiðslan sé eftir þessari reikniformúlu sem hann lýsti. Það er rétt hjá honum að hlutföllin geta breyst frá ári til árs og sjálfsagt er stærsta breytan í því ávöxtun sjóðsins. Nú er reiknað með, ef ég man rétt, 3,5% en ef t.d. væri hægt að reikna með ávöxtun til frambúðar eins og hún hefur verið að undanförnu, þá væri framlagið miklum mun lægra. Hins vegar er rétt að það komi fram að margir tryggingafræðingar telja að það eigi að reikna með lægri ávöxtun sem þýddi þá að það sem ríkið legði inn þyrfti að vera enn hærra. Þetta getur breyst og ríkið og aðrir launagreiðendur bera ábyrgð á því að leggja sjóðnum til nægilega upphæð til að standa undir þeim framtíðarskuldbindingum sem byggjast á þeim réttindum sem er lýst í lögunum. En það sem ég sagði er að ef einhvern tíma kemur að því, sem ekkert er ólíklegt, að sjóðnum verði lokað vegna þess að menn vildu taka upp nýtt kerfi, kannski að sameina ASÍ og BSRB og taka upp eitt kerfi, þá á sjóðurinn sjálfur að standa undir skuldbindingunum og ríkið kemur þar ekki nærri. Það mun því bitna á réttindunum eða réttindin gætu aukist eftir atvikum þegar slík lokun á sér stað. Það er sem sagt ekki um frekari ábyrgð ríkisins að ræða heldur en þá sem hér hefur komið fram og hv. þm. lýsti reyndar.

[18:56]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil staðfesta þennan skilning varðandi kennara. Aðild þeirra og tryggður réttur í þessu máli er alveg ótvíræður. Það er enginn efi í mínum huga varðandi það. Það sem mér gekk til og ég held að sé mjög mikilvægt er að draga fram ákveðna óvissu sem fylgir þessari breytingu. Hún felst í því að þó svo við reiknum núna 11,5% þá getur þetta tekið breytingum af ástæðum m.a. vegna þess að skuldbindingunum við samningsaðila hefur verið breytt og sem ríkið hefur ekki nema að hluta til kannski áhrif á. Það getur líka gerst af ásettu ráði af hálfu ríkisins. Það getur einnig gerst við aðra viðmiðun vaxta. Það þarf að vera alveg ljóst að við erum að ganga inn í kerfi sem felur í sér, við getum kallað það umtalsverða áhættu. Ég er ekki að leggjast gegn þessari útfærslu en ég vil hins vegar að það sé alveg ljóst á hvaða braut við erum að feta okkur með þessu. Þetta er öðruvísi heldur en á almenna markaðnum. E.t.v. verður niðurstaðan í okkar uppstokkun í lífeyriskerfinu sú að menn þoki sér meira inn á þessa braut sem hér er, þ.e. tryggi aukinn lífeyri og þá með auknum greiðslum. Ég veit ekki um það, en við skulum vera þess fullmeðvitaðir í hvað við förum með þessari útfærslu.

[18:58]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá atriði. Í fyrsta lagi rifjaði hæstv. fjmrh. upp umræðu um lífeyrismál sl. vor. Ég vil aðeins segja það eitt að við erum komnir langan veg frá þeirri umræðu. Ég ætla að gera líkt og hann að vísa í það sem sagt var við það tækifæri, en þá vorum við með frv. sem hefði rýrt lífeyrisréttindin verulega.

Hæstv. fjmrh. fannst mér skýra það mjög vel út áðan að það er ekki verið að fastsetja réttindi óháð framtíðinni vegna þess að í útreikningum verður jafnan tekið mið af þessari framtíð og brugðist við árlega með iðgjaldagreiðslum. Það er alveg sama hvað menn hamra oft á því að ríkisábyrgðin er úr sögunni. Það eru margir aðrir sem eiga aðild að þessum sjóði en ríkið og ríkisstofnanir. Það eru sveitarfélög, það eru þingflokkar t.d. Það eru starfsmenn þeirra aðila sem hafa verið að tjá sig í þessari umræðu og ríkið mun ekki taka ábyrgð á lífeyrisgreiðslum starfsmanna ríkisins.

En aðeins varðandi hina endanlegu ríkisábyrgð því að hæstv. fjmrh. vék að því hvað gerðist ef sjóðnum yrði lokað, þá kæmi ríkið ekki til sögunnar. Það mun ríkið hins vegar gera í gegnum almannatryggingakerfið á nákvæmlega sama hátt og það hefur gert og mun gera gagnvart öllum lífeyrissjóðum í landinu vegna þess að ef illa færi þá mundi ríkið endanlega standa sína vakt en í gegnum almannatryggingakerfið eins og gagnvart öllum lífeyrissjóðum í landinu.

[19:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það hefði verið samband á milli þeirra kjara sem lífeyriskerfið veitir og kauphækkana eða með öðrum orðum að stundum hefðu menn samið um minni kauphækkanir út á það að hafa

betra lífeyriskerfi. Þetta hefur svo sem allt heyrst áður og skal ekkert dregið í efa að menn hafi sjálfsagt gert þetta bæði fyrr og síðar. En ég vek athygli á því að ASÍ-starfsmenn sem vinna hjá ríkinu, sem upplýst var á sl. vetri að væru um 7 þúsund, hafa verulega lakari lífeyrisréttindi. Frá 1990 liggur fyrir að laun þeirra hafa hækkað mun minna en laun opinberra starfsmanna. Séð hef ég tölur um það að laun opinberra starfsmanna hafi á þessu árabili hækkað að raungildi rúmlega 9% meira en laun ASÍ-félaga. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig má það vera að þeir sem hafa lakari lífeyrisréttindi fái líka lakari kauphækkanir? Eða ber að skilja hæstv. ráðherra þannig að úr því að hann leggur ekki til að frv. sem hér um ræðir sé þannig úr garði gert að ASÍ-félagar sem starfa hjá ríkinu geti verið aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hljóti hann að meina það að í komandi kjarasamningum beri að hækka kaup ASÍ-félaga hjá ríkinu alveg sérstaklega til að vega upp þennan mun?

[19:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er alltaf ánægja af því að svara mínum ágæta gamla nemanda þegar hann fer með tölur af því ég tel að mér hafi látið ágætlega að kenna honum þegar hann var í skóla hjá mér í gagnfræðadeild Hlíðaskóla á sínum tíma. Það mun vera rétt hjá honum að fjöldi ASÍ-starfsmanna er eitthvað í kringum 7 þúsund manns. Það er líka rétt hjá honum og hefur verið ljóst lengi að lífeyrisréttur þeirra er lakari en ríkisstarfsmanna. En það er hins vegar ekki rétt hjá honum að kalla fram launamun á einhverjum tilteknum stuttum tíma og segja að hann sanni að nú eigi að hækka annan hópinn á kostnað hins. Það verður að fara mjög langt aftur og skoða það rækilega og nákvæmlega og vísindalega, kannski áratugi aftur eða alveg frá því þessi lífeyriskerfi urðu til, til þess að sjá hver breytingin hefur verið. Sannleikurinn er sá, og það veit ég að hv. þm. er sammála mér um, að það liggur í eðli hlutanna að þegar kreppa er í þjóðfélaginu þá hækka laun á almennum vinnumarkaði minna en laun ríkisstarfsmanna en um leið og þensla verður má gera ráð fyrir hinu gagnstæða. Þetta liggur í því að kjarasamningar opinberra starfsmanna eru þess eðlis að þar er verið að semja um kaup og kjör og laun sem borgað er eftir en á hinum almenna vinnumarkaði er verið að semja um lágmarkslaun en síðan geta vinnuveitendur og einstakir launþegar komið sér saman um hvers konar launabreytingar sem þeim sýnist. Hagsaga Íslands sýnir okkur að það er ekki nóg að skoða örfá ár — menn verða að fara langt aftur í tímann og þá er ég ekki viss um að niðurstaðan verði sú sama og ef skoðuð eru örfá síðustu árin. En ég get vel ímyndað mér að opinberir starfsmenn hafi fengið sæmilegar launahækkanir á undanförnum árum. Ég hef að minnsta kosti haldið því fram þótt ekki séu allir sammála mér í þeim efnum.

[19:04]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftirfarandi liggur þá ljóst fyrir. ASÍ-félagar hafa lakari lífeyriskjör hjá ríkinu en opinberir starfsmenn. ASÍ-félagar hafa fengið minni kauphækkanir að raungildi frá árinu 1990 en opinberir starfsmenn. Þensla er fram undan á næsta ári. Með öðrum orðum er hæstv. ráðherra búinn að segja að þeir eigi að fá meiri kauphækkanir í komandi kjarasamningum en opinberir starfsmenn til að vega upp misgengið á undanförnum sex árum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá hreinskilni að segja það með svo berum orðum að það beri að hækka kaup ASÍ-félaga sem starfa hjá ríkinu um þennan mun sem myndast hefur á undanförnum árum.

[19:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að menn þurfi að ræða þetta betur á fundum hjá Alþb. og óháðum hvort menn séu sammála þessari túlkun og yfirleitt sammála þessari skoðun sem kom fram hjá hv. þm. um þetta mál. En ég las um daginn ágæta grein í Vísbendingu sem þingmenn fá. Þar var verið að lýsa því að nú allt í einu hefðu ýmsir séð að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna væru betri en annarra og þá væri allt í einu farið að gera út á þetta og segja: Nú þarf að jafna þessi réttindi og þetta liggi bara í hlutarins eðli. Fyrirsögnin á þessari grein var „Blindir fá sýn" og það er nákvæmlega það sem hefur gerst. Með því að stilla málinu eins og gert er í þessu frv. þá er það orðið gagnsætt hve lífeyrisréttindin eru betri hjá opinberum starfsmönnum en öðrum. Það er mikilvægur áfangi í mörgum skilningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:07.

---

34. FUNDUR

miðvikudaginn 4. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til ráðherra norrænna samstarfsmála:

1. Aðgerðir gegn útlendingaandúð, fsp. PBald, 91. mál, þskj. 93.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Tekjuviðmiðun lífeyrisþega, fsp. SJS, 154. mál, þskj. 170.

Til sjávarútvegsráðherra:

3. Frákast á afla fiskiskipa, fsp. MS, 167. mál, þskj. 184.

Til menntamálaráðherra:

4. Fornminjarannsóknir í Reykholti, fsp. SvG, 168. mál, þskj. 185.

5. Móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi, fsp. MS, 169. mál, þskj. 186.

6. Afhending á niðurstöðum úr samræmdum prófum, fsp. SvanJ, 170. mál, þskj. 187.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Ingibjörg Sigmundsdóttir getur ekki gegnt störfum sem varamaður Margrétar Frímannsdóttur, 5. þm. Suðurl., er þess hér með óskað að Guðmundur Lárusson bóndi, 2. varaþm. Alþb. og óháðra á Suðurl., taki sæti á Alþingi í veikindaforföllum þingmannsins.

Svavar Gestsson, þingflokksform. Alþb. og óháðra."

Guðmundur Lárusson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðinn velkominn til starfa hér í dag.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 198. mál, frv. SvG, þskj. 224.

Almenn hegningarlög, 29. mál, nál. allshn., þskj. 256.

Innstæður í ríkisbönkum, 206. mál, fsp. GHall, þskj. 245.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 71. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 255.

Sala afla á fiskmörkuðum, 202. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 228.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 143. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 254.

Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 252.

Vegalög, 197. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 223.

Virðisaukaskattur, 144. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 253.

Aðgerðir gegn útlendingaandúð.

Fsp. PBald, 91. mál. — Þskj. 93.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Petrína Baldursdóttir bar fram á Alþingi í október tvær fyrirspurnir varðandi útlendingaandúð eða kynþáttafordóma. Það hefur komið í minn hlut að fylgja þeim úr hlaði þar sem henni gafst ekki tækifæri til að fylgja þeim eftir sjálf.

Varðandi þá spurningu hvort unnið væri eftir verkefnaáætlun gegn útlendingaandúð í skólum landsins hefur menntmrh. upplýst að engin slík verkefnaáætlun sé í skólum, einungis sú markmiðssetning í lögum um gru skóla að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Jafnframt að við endurskoðun aðalnámskrár verði þessi lagaákvæði túlkuð. Sú spurning sem hér er borin fram er um átakið „Norðurlönd gegn útlendingaandúð" og hvað hafi verið gert hér á landi.

Virðulegi forseti. Mér er ekki óljúft að fylgja þessari spurningu eftir fyrir Petrínu Baldursdóttur því sem formaður menningarmálanefndar Norðurlandaráðs á sínum tíma var ég einn af frumkvæðisaðilum málsins. Þetta átak tengdist tilsvarandi átaki Evrópuráðsins og á sínum tíma bar þessar ákvarðanir ráðanna á góma í umræðum um utanríkismál á Alþingi og bundnar voru væntingar við framkvæmd þeirra.

Í allri Evrópu hefur það vakið ugg og óhug hversu þeim sem hafa uppi áróður gegn útlendingum og sýna kynþáttafordóma hefur vaxið fiskur um hrygg. Norðurlandaþjóðirnar leggja áherslu á að innflytjendur og flóttafólk finni sinn sess í samfélaginu, að því og menningu þess sé sýnd virðing. Nágrannar okkar hafa haft af því verulegar áhyggjur að þessir hópar hafa átt undir högg að sækja. Umræðan leiðir í ljós áhyggjur af vexti og fyrirferð útlendingahaturs. Með sérstöku átaki eða herferð birtist vilji til að vinna gegn því að útlendingaandúð og kynþáttafordómar festi sig í sessi með þjóðunum. Í undirbúningi átaksins var talið þýðingarmikið að skólar á Norðurlöndum og kennarar yrðu virkjaðir. Jafnframt yrði athugað með námsefni. Þarna væri unnt að hafa mikil áhrif.

Við höfum opnað landið okkar fyrir nýbúum og mörg ættleidd börn af framandi kynþáttum hafa borist í faðm eftirvæntingarfullra foreldra hérlendis. Við stöndum frammi fyrir þeirri áleitnu spurningu hvort við Íslendingar séum fordómalausir gagnvart öðrum kynþáttum. Hér hafa gerst þeir atburðir, m.a. hér handan Austurvallar er hörundsdökkum manni var meinaður aðgangur að skemmtistað, að full ástæða er til að taka á að efla skilning ungra og aldinna og vinna gegn fordómum, ekki síst uppvaxandi kynslóðar. Því er spurt: Hvernig komum við Íslendingar að norræna átakinu? Og þá ekki síður: Hvernig munum við fylgja því eftir heima fyrir? Það var eitt af meginmarkmiðum að virkja til átaks sem fylgt yrði eftir í þjóðlöndunum á ýmsan hátt.

[13:37]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Átak norrænu ráðherranefndarinnar sem nefnt hefur verið „Norðurlönd gegn útlendingaandúð" og sem fram fór að mestu á árinu 1995 var hluti stærra verkefnis á vegum Evrópuráðsins gegn mismunun og misrétti. Norræna ráðherranefndin veitti í allt á áttunda tug millj. ísl. kr. til þessa átaks sem við Íslendingar nutum góðs af. Til að sjá um framkvæmd átaksins skipaði norræna ráðherranefndin samnorræna nefnd en fulltrúar Íslands í henni voru þau Guðjón Magnússon og Kristín Njálsdóttir. Kristín sat jafnframt í landsnefnd þeirri sem menntmrh. hafði skipað til að hafa umsjón með verkefni Evrópuráðsins hér á landi, en sá háttur var hafður á til að tryggja upplýsingastreymi og samhæfingu í verkefnavali og framkvæmd. Áhersla var lögð á að velja stór verkefni og að virkja eftir mætti æskulýðsfélög og æskulýðssamtök við framkvæmd þeirra.

Helstu verkefni sem ráðist var í hérlendis eru þessi: Rannsókn á högum nýbúa, en þessu verkefni sem unnið er af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála á að ljúka fyrir árslok 1996. Verkefnið er unnið að frumkvæði íslensku framkvæmdanefndarinnar.

Íslensk ungmenni, 29 talsins á aldrinum 18–22 ára, tóku þátt í evrópskri lestarferð um Evrópu. Verkefnið sem gekk undir nafninu Evrópska ungmennalestin fólst í því að eitt þúsund ungmenni lögðu á svipuðum tíma í lestarferð um Evrópu og áttu lestirnar viðdvöl í ýmsum borgum á leið sinni til Strassborgar þar sem farþegarnir vöktu mikla athygli á verkefninu. Íslensku þátttakendurnir voru með í norrænu lestinni og var för hennar og þátttaka ungmennanna í þeirri evrópsku ungmennaviku sem á eftir fór kostuð af verkefnafé norrænu ráðherranefndarinnar. Markmiðið var að vekja athygli og auka skilning bæði þátttakenda og annarra á jafnrétti og umburðarlyndi gagnvart mismunandi menningu og þjóðerni. Verkefni þetta vakti mikla athygli og þótti takast vel.

Á Íslandi var efnt til ritgerðasamkeppni meðal ungmenna 20 ára og yngri undir kjörorðinu: Með pennann að vopni. Ritgerðirnar skyldu fjalla um kynþáttafordóma, útlendingahræðslu eða togstreitu vegna mismunandi trúarbragða. Sjö ritgerðir hlutu viðurkenningu og var sú ritgerð sem hlaut fyrstu verðlaun birt á sínum tíma í Morgunblaðinu.

Tvær ráðstefnur, önnur fyrir æskulýðsleiðbeinendur og hin fyrir fjölmiðlafólk um vandamál tengd kynþáttafordómum, voru haldnar með þátttöku Íslendinga.

Norræna ráðherranefndin stóð fyrir gerð tveggja sjónvarpsmynda um þetta verkefni sem hafa verið sýndar á Norðurlöndum annars staðar en á Íslandi en Ríkisútvarpið – sjónvarp hefur því miður ekki enn þá séð sér fært að taka þær til sýningar sem vonandi getur staðið til bóta.

Öll þessi verkefni að undanskilinni rannsókninni á kjörum nýbúa voru kostuð af norrænu ráðherranefndinni. Þetta voru helstu þættir átaksins en áhersla hefur verið lögð á að þar með sé þó afskiptum ráðherranefndarinnar ekki lokið. Samstarfsráðherrar Norðurlanda fólu skrifstofu ráðherranefndarinnar í júní á þessu ári að leggja fram yfirlit um það á hvern hátt sé unnið gegn útlendingaandúð á Norðurlöndunum og tillögur um frekari samnorrænar aðgerðir. Þessarar tillögu er að vænta nú fyrir árslok og verður þá tekin afstaða til hennar.

Ég vænti þess, herra forseti, að með þessu hafi ég svarað því sem að hér var borið fram.

[13:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn en jafnframt leyfa mér að nefna að í sumar hófst nokkur umræða meðal almennings um þessi mál á Íslandi, útlendingahatur, vegna þess fyrst og fremst að talið var að manni hefði verið vísað af veitingastað á grundvelli litarháttar. Í framhaldi af því voru einhver viðtöl í fjölmiðlum við ráðherra, ég hygg hæstv. félmrh. og líklega hæstv. dómsmrh. líka, þar sem rætt var um að á þessu máli þyrfti að taka og hvort ekki þurfi að skapa úrræði til þess að almannavaldið taki upp mál af þessu tagi, því það er auðvitað bersýnilega um að ræða stjórnarskrárbrot ef mönnum er vísað burt, hvaðan sem það er, á grundvelli litarháttar. Og ég vil leyfa mér, þó það sé óvenjulegt í fyrirspurnatíma að nefna hvort hæstv. ráðherrar gætu eitthvað upplýst hvar hugsanlegt lagafrv. er á vegi statt sem tæki á málum af þessum toga.

[13:42]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka samstarfsráðherra Norðurlanda fyrir þessi svör og ég vil jafnframt taka undir athugasemdir hv. þm. Svavars Gestssonar um að þetta alvarlega mál verði tekið upp af almannavaldinu.

Varðandi svörin frá ráðherra þá er það strax eitt sem vekur athygli. Evrópulestin og sjónvarpsþáttur um lestina eru mál sem vöktu athygli og komu í fjölmiðlum og einhverja vitnesku höfðum við um ritgerðasamkeppnina og það er mjög gott mál að hafa haft ráðstefnu fyrir æskulýðsfulltrúa og ritgerðakeppnir. En það er mjög mótandi að sýna myndbönd eða taka sjónvarpsþætti til sýningar. Ég hef heyrt af þessum myndböndum og hef skilið það þannig að annað sé sjónvarpsþáttur en hitt sé myndband til þess að setja í umferð og slíkt myndband mundi ég telja að ætti erindi inn í skóla landsins sé það þannig úr garði gert að það sé upplýsandi og fræðandi og til þess fallið að höfða til barna eða unglinga. Ég heyri á ráðherra að í júní var kallað eftir því að tillögur um frekari samnorrænar aðgerðir yrðu e.t.v. gerðar. En það sem ég er að kalla eftir með því að fylgja eftir fyrirspurn Petrínu Baldursdóttur hér í dag er: Hvað ætlum við að gera á Íslandi? Hvernig vakti þetta átak okkur til vitundar um það sem þarf að gera hjá okkur óháð því hvað Norðurlöndin gera saman? Og það er alvarlegt að heyra að sjónvarpsþáttur sem unninn var og sýndur, eftir því sem ég hef upplýsingar um, sl. haust og vor eða vetur á hinum Norðurlöndunum skuli enn ekki hafa verið tekinn til sýningar hjá sjónvarpinu og að ekkert sé að frétta hvernig myndbandið verður notað.

[13:44]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar. Fyrir allshn. hefur legið frv. til laga um breytingu á hegningarlögum um vernd gegn mismunun og fjallar um þetta efni er hann benti á. Allshn. hefur nú lokið meðferð á þessu máli þannig að nefndarálit er væntanlegt fljótlega hér í þingsal.

[13:45]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er aðeins tvennt sem hefur komið fram í þessari umræðu sem þarf að svara. Því fyrra hefur hv. þm. Sólveig Pétursdóttir þegar svarað, þ.e. það hefur ekki verið refsivert að hafa í frammi slíka framkomu eins og hv. þm. Svavar Gestsson gat hér um en samkvæmt því frv. sem ríkisstjórnin lagði fyrir var tekið á því máli og það er að sjálfsögðu viðbrögð almannavaldsins við slíkri framkomu. Ég held að það sé nú þannig í okkar þjóðfélagi sem betur fer að almenningur þolir ekki að svona sé komið fram við fólk og það aðhald sem hefur t.d. verið af hálfu fjölmiðla í þessu máli hefur vakið menn til umhugsunar um það. Við skulum þess vegna vona að slíkt komi ekki fyrir aftur í okkar samfélagi þó við getum aldrei verið tryggir um það og þess vegna nauðsynlegt að taka það inn í löggjöf.

Að því er varðar frekari vinnu í þessu máli þá tók ég það fram að því er ekki lokið af hálfu norrænu ráðherranefndarinnar. Það verður áfram unnið að þessu máli sem ég veit að mun gagnast okkur og þessum málstað.

Að því er varðar sýningu sjónvarpsins á þessu efni þá getum við í sjálfu sér ekkert fyrirskipað sjónvarpinu að gera eitt né annað í þeim efnum en ég vænti þess að þessi umræða verði til þess að það mál verði tekið til athugunar hjá þeim á nýjan leik og vonandi leiðir til þess að þeir muni verða við því að sýna þessa mynd sem ég tel eðlilegt og ég lít svo á að fyrir því sé mikill vilji á Alþingi eins og hefur komið fram í umræðum.

Frákast á afla fiskiskipa.

Fsp. MS, 167. mál. — Þskj. 184.

[13:47]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Frákast á afla fiskveiðiflotans innan og utan fiskveiðilögsögunnar er mikið rætt meðal manna, enda er hér um mjög alvarlegt mál að ræða sem varðar umgengni og nýtingu okkar helstu auðlinda sem eru fiskstofnarnir í hafinu. Það er viðurkennd staðreynd að veiddum afla er kastað í sjóinn í einhverjum mæli, en menn greinir mjög á um hve mikið magn sé að ræða. Ýmsar frásagnir hafa komið fram um þessi mál, einstaka sjómenn hafa sagt frá sinni reynslu og myndefni hefur komið fram í fjölmiðlum sem sýnir hvernig afla er kastað í hafið. Það er viðurkennd staðreynd að þetta á sér stað og leiða má líkur að því að langmest af þeim fiski sem kastað er drepist og þar með er í raun verið að veiða úr fiskstofnum umfram það sem gert er ráð fyrir við stjórn fiskveiða hvað leyfilegan heildarafla varðar.

Þegar leitað er skýringa á því af hverju þetta á sér stað eru ýmsar ástæður nefndar. Sumir vilja kenna fiskveiðistjórnunarkerfinu um en aðrir nefna aðrar ástæður. Ekki er hægt að

segja að fiskveiðistjórnarkerfið valdi þessu eitt og sér því að útgerðir eiga að geta stjórnað veiðum út frá sínum veiðiheimildum þannig að við veiðar á einni fisktegund sé borð fyrir báru með aðrar tegundir sem meðafla. Þá má einnig benda á að við veiðar skipa utan fiskveiðilögsögunnar mun afla vera kastað í einhverjum mæli oft og tíðum ef marka má frásagnir sjómanna og þar gildir ekkert kvótakerfi.

Herra forseti. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Útgerðin í landinu hefur í umboði þjóðarinnar heimildir til þess að nýta auðlindir í hafinu sem eru sameign þjóðarinnar. Það er því eðlileg krafa þjóðarinnar að vel sé gengið um auðlindina og henni sýnd tilhlýðileg virðing. Það að kasta veiddum fiski í hafið samrýmist því ekki. Í tengslum við stjórn fiskveiða og ákvarðanir um leyfilegan heildarafla hverju sinni er eðlilegt að velta því fyrir sér hvort og hvernig fiskifræðingar taka tillit til frákasts á afla í forsendum sinna tillagna um heildarafla. Þetta hlýtur að skipta máli þar sem ein af forsendum fiskifræðinga við mælingar á stofnstærðum eru aflaskýrslur fiskveiðiflotans. Ef afli sem kastað er á hafi úti er ekki talinn með eða hann vanmetinn í forsendum fiskifræðinga má leiða líkur að því að veiðistofnar séu vanmetnir og leyfilegur heildarafli verði þar með minni en vera mætti.

Herra forseti. Á þskj. 184 legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

1. Hefur ráðuneytið látið gera úttekt á hve miklum veiddum afla er kastað af fiskiskipum í hafið í stað þess að færa hann að landi eins og lög gera ráð fyrir?

2. Ef upplýsingar liggja fyrir, hvaða aflatölur er um að ræða?

3. Ef upplýsingar liggja ekki fyrir, hefur ráðherra þá áform um að lagt verði mat á frákast á afla?

4. Taka fiskifræðingar tillit til áætlaðs frákasts á afla fiskiskipa við gerð tillagna um leyfilegan heildarafla einstakra fisktegunda?

[13:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa varpað þessu umræðuefni fram og tek undir með honum að hér er um að ræða mjög alvarlegt mál sem mikilvægt er að stjórnvöld og þeir sem ábyrgð bera á fiskveiðunum taki höndum saman um að leysa. Sem betur fer er það svo að á undanförnum árum hefur mjög margt verið gert, bæði af hálfu stjórnvalda og þeirra sem í sjávarútvegi starfa til þess að tryggja góða umgengni um fiskimiðin og væri sérstök ástæða til þess að gera heildaryfirlit yfir það og þann árangur sem það hefur skilað. En því miður er enn of mikið um það að fiski er hent.

Sem svar við spurningum hv. fyrirspyrjanda má segja að sjútvrn. sem slíkt hefur ekki sjálft staðið fyrir könnun á umfangi útkasts af fiski. Aftur á móti hafa tvær nefndir, sem ég hef skipað á undanförnum árum, gert tilraun til að leggja mat á umfang útkasts og enn fremur hefur Hafrannsóknastofnun staðið fyrir slíku verkefni sem nú er í gangi. Rannsóknir sem þessar geta ekki gert meira en að lýsa ástandinu eins og það er á hverjum tíma. Það er því ekki rétt að framreikna tölur um útkast m.a. vegna þess að viðhorf manna til þessara hluta breytast og aðstæður eru misjafnar frá einu ári til annars. T.d. má nefna að í júní sl. voru samþykkt lög um umgengni um nytjastofna sjávar sem hljóta að hafa áhrif á afstöðu manna til að kasta fyrir borð og önnur atriði er varða umgengni um auðlindir sjávar svo sem lokun veiðisvæða og þróun veiðarfæra.

Árið 1992 var gerð úttekt á vegum nefndar sem þá starfaði um bætta umgengni. Sú úttekt miðaði að því að meta hversu miklu væri fleygt af fiski og gerð grein fyrir niðurstöðum í skýrslu samráðshóps um bætta umgengni um auðlindir sjávar. Niðurstöðunum var skilað í janúar 1993. Í fyrsta lagi var reynt að leggja mat á útkast frá netabátum en ekki var unnt að sýna fram á að fiski væri hent í verulegum mæli frá netabátunum í þeirri könnun sem þarna fór fram. Í öðru lagi var reynt að meta útkast frá togurum og helstu niðurstöður voru að rúmum 4% af heildarafla væri kastað fyrir borð. Af fiski innan kvóta var hlutfallið 2,4%. Ef litið var á einstakar tegundir var niðurstaðan sú að 0,4% af þorskafla væri hent en verst var ástandið í karfaveiðunum þar sem 13% var fleygt. Fyrir aðrar kvótabundnar tegundir var hlutfallið 1–2,5%. Það er rétt að minna á að þessar niðurstöður voru birtar í janúar 1993 við allt aðrar aðstæður en við búum við í dag.

Í maí 1994 var svo skipuð nefnd til að fjalla um umgengni um auðlindir sjávar. Það var samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Sú nefnd sendi 1.000 sjómönnum spurningalista þar sem m.a. var spurt um atriði er varða útkast. Því miður var svörunin ekki nema 27% þannig að ekki reyndist unnt að vinna úr þessum spurningum eins og vonir stóðu til. Nefndinni bárust eigi að síður margar góðar athugasemdir og merkilegar upplýsingar sem nýttust henni í starfinu við umfjöllun og undirbúning að lagafrv. um umgengni um nytjastofna sjávar sem var samþykkt, eins og kunnugt er, á sl. vori.

Varðandi útkast er helst að nefna niðurstöðu spurningar um það hvort breytingar hafi orðið á útkasti á fiskveiðiárinu 1993–1994 miðað við fiskveiðiárið þar á undan. Það er athygli vert að niðurstaðan var á þann veg að þeir sem töldu að útkastið hefði aukist voru jafnmargir og þeir sem töldu að það hefði minnkað. Hafrannsóknastofnun hefur svo jafnframt í samvinnu við trúnaðarmenn verið að vinna að slíkri könnun og hún hefur verið unnin í trúnaði við sjómenn um borð í fiskiskipum. Það er mat Hafrannsóknastofnunar að áhrifin á fiskveiðiráðgjöfina komi fyrst og fremst fram í því hvort verulegar breytingar verða frá einu ári til annars vegna þess að fiskveiðiráðgjöfin byggist á hlutfallslegum breytingum á milli ára og stærð fiskstofna og þess vegna eru áhrifin fyrst og fremst í því fólgin ef breytingar verða á milli ára.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin. Það fór reyndar eins og mig grunaði að það er ekki einfalt mál að kveða upp úr um það hve miklu er hent af fiski á miðunum. Engu að síður er þetta mál sem er mjög mikilvægt og nauðsynlegt að halda vakandi og fylgjast með því. Við erum hér að fjalla um okkar helstu auðlind sem er fiskstofnarnir í hafinu og við verðum auðvitað að gera þá kröfu til þeirra sem um hana ganga að umgengnin sé í lagi því við verðum að horfa til framtíðar í þessum málum og það samrýmist einnig hagsmunum sjómanna og útgerðarmanna sjálfra.

Ég ítreka það, herra forseti, að ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svörin og tel að fyrirspurninni sé svarað að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Fornminjarannsóknir í Reykholti.

Fsp. SvG, 168. mál. — Þskj. 185.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Í Morgunblaðinu 10. nóvember sl. birtist frétt með yfirskriftinni: „Snorragöng að hruni komin". Inni í blaðinu sama dag er viðtal við staðarhaldarann í Reykholti, séra Geir Waage, þar sem hann segir að göng sem talið er að hafi legið frá Snorralaug inn í kjallara bæjar Snorra Sturlusonar á fyrri hluta 13. aldar voru grafin upp á um tveggja metra kafla á fjórða áratugnum. Þau eru nú að hruni komin og troðningar hafa myndast umhverfis laugina vegna ágangs ferðamanna. „Staðarhaldarinn í Reykholti, Geir Waage," segir orðrétt, með leyfi forseta, „er harðorður í garð Þjóðminjasafns og segist hafa talað fyrir daufum eyrum um lagfæringar og frekari upppgröft á þessu helsta höfuðbóli Vesturlands í mörg ár. ...

Í skýrslu sem Guðmundur Ólafsson fornleifafræðingur vann sl. sumar þar vestra segir m.a. að ástand fornminjanna sé svo slæmt að það sé Þjóðminjasafni og Reykholtsstað til vansa." Síðar í sömu grein í Morgunblaðinu þann 10. nóvember sl. er, með leyfi forseta, vitnað í Þór Magnússon þjóðminjavörð. Hann segir:

„Næsta vor verður það lagað sem úr lagi er gengið í göngunum." Síðan er það rakið nokkuð hvernig þessi göng eru tilkomin og hvaða þýðingu þau í raun og veru hafa í menningarsögu lands og þjóðar. Geir Waage, staðarhaldari, bætir um betur í sama viðtali síðar og segir, með leyfi forseta:

„Algert metnaðarleysi virðist vera ríkjandi innan Þjóðminjasafnsins um fornleifarannsóknir í Reykholti og fleiri höfuðbólum á Íslandi eins og t.d. Hrafnseyri við Arnarfjörð þar sem ekkert hefur verið gert með rannsókn á gamla kirkjustæðinu og rústum virkis og bæjar Hrafns Sveinbjarnarsonar. Nefna mætti Skálholt á seinni árum, Hóla í Hjaltadal, Odda á Rangárvöllum og nánast alla sögustaði landsins."

Í framhaldi af þessu kemur það fram að það muni kosta 10–15 millj. kr. að ljúka uppgreftri á bæjarhólnum í Reykholti. Svo mikið er haft við þessi mál í Morgunblaðinu að um þau er skrifaður sérstakur leiðari í blaðinu 14. nóvember þar sem lögð er á það áhersla að fjármagn til fornleifarannsókna, sem standi í raun og veru afar illa að mörgu leyti fyrst og fremst vegna fjárskorts, verði aukið verulega hér á landi. Þeir sem hafa farið yfir þessi mál með einhverjum hætti á undanförnum árum kannast við að fornleifarannsóknir hafa verið dálítil hornreka í menningarstarfsemi okkar, því miður, og úr því þarf að bæta. Af þessum ástæðum hef ég, hæstv. forseti, flutt fyrirspurn til hæstv. menntmrh. á þskj. 185 í þremur liðum, um fornminjarannsóknir í Reykholti.

[14:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er:

1. Hvernig verður háttað fornminjarannsóknum í Reykholti á næsta ári og hve miklum fjármunum verður varið til þeirra?

2. Liggja fyrir áætlanir um tilhögun fornminjarannsókna þar á næstu árum?

3. Telur ráðuneytið að einhverjar fornminjar hafi eyðilagst í Reykholti á undanförnum árum eða áratugum?

Svarið er þetta: Samkvæmt þjóðminjalögum fer Þjóðminjasafn Íslands með yfirstjórn og annast eftirlit rannsókna á fornleifum í landinu. Því var óskað upplýsinga frá Þjóðminjasafni vegna fyrirspurnarinnar.

Í svari þjóðminjavarðar kemur fram að engar fornleifarannsóknir séu fyrirhugaðar í Reykholti á næsta ári og ekki séu uppi áætlanir um fornleifarannsóknir þar á næstu árum. Á árunum 1987–1989 fóru fram nokkrar forrannsóknir á hluta gamla bæjarstæðisins í Reykholti. Síðan hafa fornleifarannsóknir annars staðar gengið fyrir rannsóknum þar. Þjóðminjavörður segir enn fremur í svari sínu að ekki sé vitað til þess að fornleifar hafi verið eyðilagðar í Reykholti á undanförnum árum nema hvað skemmdir urðu á gufu- og vatnsstokkum er grafið var með skurðgröfu gegnum gömlu stokkana frá hvernum Skriflu að Snorralaug árið 1984. Vatnsstokkunum hefur verið komið í lag aftur og rennur vatn um þá til laugarinnar.

Þjóðminjavörður bendir einnig á að mikil þörf sé á að lagfæra umhverfi Snorralaugar því það líði fyrir mikla umferð ferðamanna sem koma og skoða hana. Í þessu sambandi er vert að nefna að í skipulagsskrá Snorrastofu í Reykholti sem staðfest var haustið 1995 er ákvæði þar sem kveðið er á um heimild til að fela Snorrastofu að hafa umsjón með fornminjum í Reykholti undir yfirumsjón Þjóðminjasafns Íslands að fengnu samþykki þjóðminjaráðs. Nú þegar Snorrastofa hefur tekið til starfa tel ég fulla ástæðu til að kanna hvort ekki sé rétt að koma þeirri skipan á og tryggja þar með daglegt eftirlit með fornminjum á staðnum.

Í bréfi þessu sem hér hefur verið lesinn útdráttur úr kemur fram það mat þjóðminjavarðar að það geti ekki verið forgangsverkefni að grafa eftir fornleifum í Reykholti því að frá sjónarmiði fornleifafræðinnar sé flókið bæjarstæði eins og ætla má að sé í Reykholti ekki hið vænlegasta til fyllsta árangurs í fornleifarannsóknum. Það er því augljóst af bréfi þjóðminjavarðar að hann lítur ekki þannig á að fornleifarannsóknir í Reykholti séu forgangsverkefni þó þær geti verið forvitnilegar vegna staðarins. Hins vegar er ljóst að það er forgangsverkefni að mati þjóðminjavarðar að gera við þau göng sem urðu tilefni blaðagreinarinnar sem hv. þm. vísaði til og er þess að vænta að ráðist verði í þær framkvæmdir næsta vor. Ég tel að með þessu sé fyrirspurnunum svarað.

Almennt vil ég segja um fornleifarannsóknir sem hv. þm. vék að í máli sínu að ég er sammála honum um að ástæða sé til að velta fyrir sér framkvæmdum á því sviði. Þær hafa nú verið þó nokkrar. Menn hafa bent á Viðey og menn hafa bent á rannsóknir sem fara fram á Bessastöðum. Á verkefnaskrá Þjóðminjasafnsins eru fornleifarannsóknir, t.d. á Neðra-Ási í Hjaltadal og fornbæjar í Svignaskarði, þannig að uppi eru áform um fornleifarannsóknir að sjálfsögðu þó að sögustaðirnir séu ekki sérstaklega tíundaðir í þessu bréfi sem sérstakt viðfangsefni. En það er alveg augljóst að gildi sögustaðanna ræðst m.a. af því hvað mikið er af upplýsingum þar um hinn forna menningararf og þá sögu sem staðirnir tengjast og á það við um Skálholt, Reykholt, Hóla og fleiri sögufræga staði eins og við vitum. Og ég get, ef ég má bregða mér í gervi formanns Þingvallanefndar, greint frá því að á vegum þeirrar nefndar hafa menn velt því fyrir sér hvernig best verði staðið að því að vinna að fornminjarannsóknum á Þingvöllum. Það er viss þróun í þá átt í landinu einnig að þessi verkefni séu ekki alfarið á vegum Þjóðminjasafns Íslands og vissulega eru þau það ekki í framkvæmd þó að Þjóðminjasafnið og þjóðminjaráð gegni hér mikilvægu hlutverki sem og fornleifanefnd. Hér hafa einkaaðilar stofnað stofnun sem heitir Fornminjastofnun Íslands og það er m.a.

til athugunar hjá Þingvallanefnd að taka upp samstarf við þá aðila um þjóðgarðssvæðið. Ég tek því undir með hv. þm. að ástæða er til að velta þessu fyrir sér almennt. Ég tel að almennt sé líka meiri skilningur á því að gildi staða er meira eftir því sem rannsóknir hafa verið gerðar og upplýsingar liggja fyrir og menn eigi að beita sér fyrir því í framtíðinni.

[14:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég efast um að nokkur sjálfstæð þjóð sé jafnskammt á veg komin að kanna fornleifar í sínu landi og við Íslendingar. Eftir því sem ég best fæ séð vantar hér algerlega alla stefnumótun í þeim málum. Mér finnst nokkuð furðuleg sú stefna sem fram kom í bréfi þjóðminjavarðar um að sögustaðirnir væru ekki það sem skipti mestu máli. Fræðimenn getur auðvitað greint á um það hvar beri að byrja, en að mínum dómi skiptir það mjög miklu máli, til þess að hægt sé að byggja upp á sögustöðunum þjónustu við ferðamenn og tengja þá við sögu þjóðarinnar, við skólana o.s.frv., að þessir staðir séu kannaðir og því lýsi ég furðu minni á þessu. Við eigum mjög mikið eftir í að kanna alla helstu sögustaði þjóðarinnar. Það er sama hvort við tökum Skálholt, Hóla, Reykholt, Þingvelli, það er nánast sama hvað er, við eigum þetta allt eftir. Því vil ég skora á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir því að móta stefnu í fornleifarannsóknum. Ég held að það sé algerlega nauðsynlegt að það verði sett upp forgangsröð. Það er ágætt að fornleifafræðingar myndi sín eigin fyrirtæki og sinni rannsóknum, t.d. fyrir sveitarfélög, en ríkisvaldið á að móta stefnu í þessum efnum, herra forseti.

[14:07]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir þessa fyrirspurn sem vekur athygli á mikilvægu máli. Hann vitnaði til viðtals í Morgunblaðinu á sínum tíma og sem vakti verulega mikla athygli. Á þessum stutta tíma hér gefst ekki mikið tækifæri til að ræða þetta efnislega. En vegna þess að ég hef nokkuð komið að málum Þjóðminjasafnsins vil ég segja í fyrsta lagi að það er fjarri lagi að þar ríki metnaðarleysi hvað varðar fornleifarannsóknir. Þjóðminjaráð hefur markað þá stefnu að fornleifaskráning sem er auðvitað aðalatriði málsins og mikilvægasta atriðið í fyrstu, og fornleifarannsóknir verði forgangsverkefni á vegum Þjóðminjasafnsins. Í því sambandi var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri sem sinnir skipulagi og undirbúningi fornleifaskráningar á vegum Þjóðminjasafnsins. Auk þess koma aðrir að því verki.

Einnig vil ég nefna að á vegum þjóðminjaráðs hefur verið unnið að mjög viðamikilli stefnumótunarvinnu til þess að styrkja m.a. fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir.

[14:08]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrirspurnina og þá umræðu sem hér hefur farið af stað um fornminjar á Reykholtsstað og reyndar víðar um landið. Þær fornminjar hljóta að vera dýrmætar þjóðinni og þarf að gæta þess að þær verði ekki fyrir hnjaski þangað til kemur að rannsókn þeirra í þeirri röð sem sett hefur verið upp. Það er þröngt um fé á þessum liðum í útgjöldum ríkisins. Ég vil ekki segja að það sé metnaðarleysi heldur peningaleysi sem veldur að ekki er búið að gera miklu meira í þessum málum eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson gat um.

Ég tek undir það álit sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að mikilvægt er að taka þau verkefni sem hægt er að ljúka í einum áfanga en ekki fara út í flókin verkefni með litla peninga milli handa.

[14:10]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og þakka hv. þingmönnum sem hafa talað fyrir undirtektir þeirra og áhuga þeirra á málinu. Það er greinilegt að talsverður áhugi er á því að taka á þessum fornleifamálum, fornleifarannsóknum og fornleifaskráningu og það er fagnaðarefni sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. í þeim efnum að að þessum málum er unnið.

Ég held þó að veruleikinn sé sá að við þurfum á því að halda að Þjóðminjasafnið standi hina faglegu vakt og geri áætlanir til lengri tíma um þessi efni. Það er skoðun margra fornleifafræðinga að fornleifar séu best geymdar í jörðinni vegna þess að oft á tíðum vilji henda þær slys að þegar þær eru komnar upp úr henni eins og kunnugt er og það er sjónarmið út af fyrir sig. Ég held þó að það verði að viðurkenna að þarna vantar samþættingu þessarar stefnumótunar til lengri tíma, bæði að því er varðar fornleifarnar annars vegar og hins vegar tengsl þeirra sérstaklega og fornleifarannsóknanna við sögustaðina til þess að gera þessa hluti, fornleifarannsóknirnar og gömlu söguna alla, lifandi í augum þjóðarinnar. Ég held að það eigi að taka á því máli alveg sérstaklega út af fyrir sig. Og ég man ekki betur en að um það hafi verið fluttar þingsályktunartillögur, m.a. af þingmönnum Kvennalistans eða öðrum þingmönnum fyrir nokkrum árum, um þau efni að tengja þetta ferðamannaiðnaðinum sérstaklega. Aðrir þingmenn hafa einnig flutt svipuð mál þannig að mér sýnist að það sé áhugi á málinu hér og ég vil láta það koma fram að þó að ég sé ánægður með umræðuna, þá er ég ekki ánægður með svar Þjóðminjasafnsins.

[14:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil andmæla því að metnaðarleysi ríki hjá þjóðminjavörslunni eða Þjóðminjasafni Íslands á þeirra starfsvettvangi. Hitt er ljóst að þegar við ræðum um þessa staði og þegar við ræðum um sögustaðina og veltum fyrir okkur forræði á þessum stöðum og hver á að hafa frumkvæði í málefnum þeirra, þá er ekki unnt að kasta ábyrgðinni að öllu leyti yfir á Þjóðminjasafnið eða þjóðminjavörsluna. Kirkjan fékk Skálholt afhent. Þingvellir eru undir sérstakri nefnd, Þingvallanefnd, sem er að velta fyrir sér hvernig hún getur staðið að þessu og Hólar eru með sínum hætti o.s.frv. Við sjáum að þegar Reykjavíkurborg tók við Viðey og fékk hana að gjöf, þá var ráðist í mjög skipulegar fornleifarannsóknir þar. Við sjáum líka að þegar uppbygging fer fram á Bessastöðum, hefur verið ráðist í mjög yfirgripsmiklar fornleifarannsóknir þar. Það þarf líka að velta fyrir sér hug forráðamanna staðanna í hverju tilviki, þ.e. hvaða hug þeir bera til þess að efna til slíkra rannsókna og hvernig þeir vilja byggja staðina upp. Og við vitum að í Reykholti hefur á undanförnum árum verið lögð áhersla á annað en fornleifarannsóknir í uppbyggingu þess staðar.

En það gefast tækifæri til þess kannski á næsta ári að endurskoða hlutverk Reykholts almennt og hvaða starfsemi þar á að fara fram. Minn hugur stendur til þess, ef þau tækifæri gefast, að tengja starfsemina í Reykholti betur hinni

fornu menningu sem þar var og nafni Snorra Sturlusonar og þá liggur í augum uppi að menn munu einnig leggja aukna rækt við fornleifarnar og það sem í jörðinni er falið.

Móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi.

Fsp. MS, 169. mál. — Þskj. 186.

[14:14]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Það er gjarnan sagt að Ríkisútvarpið sé útvarp allra landsmanna og ríkissjónvarpið sé sjónvarp allra landsmanna. Nú er það hins vegar svo að landsmenn virðast ekki allir sitja við sama borð hvað varðar aðstöðu til hlustunar á rás Ríkisútvarps og móttöku sjónvarpssendinga ríkissjónvarpsins. Þá virðist öryggi hlustunar- og móttökuskilyrða vera misjafnt eftir svæðum landsins. Samt sem áður sitja landsmenn allir við sama borð þegar kemur að innheimtu afnotagjalda til Ríkisútvarpsins.

Sveitarstjórnir og aðrir aðilar á Vesturlandi hafa gert athugasemdir þess efnis að aðstaða til hlustunar og móttöku Ríkisútvarps og sjónvarps séu ekki viðunandi á ákveðnum svæðum í kjördæminu. Þá hafa einnig verið gerðar athugasemdir þess efnis að til að mynda hlustunarskilyrði útvarps séu ekki nægilega örugg á ákveðnum svæðum, t.d. þegar verstu veður geisa á vetrardögum. Þar með geti þetta ástand varðað öryggi fólks á viðkomandi svæðum. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 186:

„Hefur verið gerð úttekt á móttöku- og hlustunarskilyrðum Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og 2 og sjónvarpsins, á Vesturlandi?"

[14:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið hjá Ríkisútvarpinu hefur heildarúttekt á móttöku- og hlustunarskilyrðum Ríkisútvarpsins, Rásar 1 og 2, og sjónvarpsins ekki verið gerð nýverið fyrir allt Vesturland. Nokkuð ber á að kvartað sé til tæknideildar Ríkisútvarpsins og hafa ástæður kvartana verið kannaðar af tæknimönnum þess og telja þeir sig hafa yfirsýn yfir ástand dreifikerfisins í þeim landshluta. Kvartanir hafa aðallega borist frá vestanverðu Snæfellsnesi vegna sjónvarps og útvarps, Borgarness og nágrennis vegna útvarps og frá nokkrum sveitabæjum, t.d. efst í Kolbeinsstaðahreppi og nokkrum dölum Dalasýslu vegna sjónvarps.

Hlustunarskilyrði Rásar 1 og Rásar 2 eru sambærileg hvað varðar FM nema í Borgarnesi og nágrenni, þar sem sendir Rásar 1 er í Gyrðisholti en sendir Rásar 2 er í Þjóðólfsholti. Þetta veldur þeim mismun sem kvartað er undan á þessu svæði. FM-dreifikerfið var í upphafi hannað með það fyrir augum að ná til heimila fólks. Ekki voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að ná þjóðvegum samfellt og hafa eyður í dreifingu ætíð verið fyrir hendi. Langbylgjudreifing hefur séð fyrir nauðsynlegri holufyllingu dreifikerfisins en endurnýjun langbylgjustöðvanna mun ljúka á fyrri hluta næsta árs.

Að því er varðar dreifikerfi sjónvarpsins þá hefur á utanverðu Snæfellsnesi verið kvartað undan ótryggri dreifingu á svæðinu kringum Hellissand og jafnframt undan því að þörf sé óvenjustórra loftneta sem erfitt sé að halda við í þeim vetrarveðrum sem þar eru. Nýlega var ákveðið að setja upp endurvarpa fyrir Hellissand til að bæta úr ástandinu þar. Vonast er til að hann verði settur upp um eða eftir áramótin. Þá eru nokkrir sveitabæir á Vesturlandi sem búa við slæm eða ónothæf móttökuskilyrði. Engar endurbætur eru fyrirhugaðar fyrir þessa bæi á árinu, en móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins eru í sífelldri athugun hjá tæknideild stofnunarinnar og nýlegar ábendingar íbúa á svæðinu verða til athugunar hjá Ríkisútvarpinu á næstunni.

[14:17]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Móttökuskilyrði útvarps og sjónvarps eru víða afleit á Vesturlandi, t.d. í sveitunum sunnan jökuls, í Dalasýslu, Grundarfirði, uppsveitum Borgarfjarðar og víðar. Þessi mál voru ítarlega rædd á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi í hittiðfyrra þar sem útvarpsstjóri sat fyrir svörum og hann hafði það eitt að segja að úr þessu yrði ekki bætt nema Ríkisútvarpið fengi meira fé á fjárlögum. Þetta finnst mér ekkert svar vegna þess að Ríkisútvarpið hefur úr miklum fjármunum spila og það er spurning um forgangsröð hvernig menn raða verkefnum á þeim bæ. Ég lít á það sem algert forgangsverkefni hjá Ríkisútvarpinu að sjá til þess að allir landsmenn sitji við sama borð hvað varðar útsendingar útvarps og sjónvarps og reyndar einnig þeir sem starfa á fiskimiðunum í kringum landið. Þar horfa mál að vísu til betri vegar þegar nýi langbylgjusendirinn á Gufuskálum verður tekinn í notkun í byrjun næsta árs, en eftir stendur að mikill fjöldi Vestlendinga og annarra landsmanna verður að sætta sig við það ár eftir ár að vera annars flokks borgarar hvað varðar möguleika á að njóta útsendinga útvarps og sjónvarps og það er með öllu óviðunandi.

[14:18]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég hef undanfarin ár talsvert kynnst málefnum Ríkisútvarpsins og iðulega gert athugasemdir við hlustunarskilyrðin. Það er nú svo komið að ég tek mér aldrei í munn orðasambandið eða heitið „útvarp allra landsmanna", því miður, í mesta lagi „útvarp flestra landsmanna".

Eins og þeim hv. þm. Vesturlands hugsa um sitt kjördæmi eru mér efstir í huga norðlenskir dalir og norðlensk nes sem hafa slæm eða engin skilyrði til hlustunar eða áhorfs jafnvel líka og því vil ég segja: Út með textavarpið og allar nýjungar þangað til Ríkisútvarpið verður útvarp allra landsmanna.

[14:19]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir það svar sem hér kom fram en auðvitað vekur það ekki miklar vonir um skjótar úrbætur sem eru nauðsynlegar. Það hlýtur að vera okkur þingmönnum nokkurt umhugsunarefni að stjórnendur Ríkisútvarpsins skuli ekki leggja meiri áherslu á það að sú kostnaðarsama dagskrárgerð sem Ríkisútvarpið stendur fyrir nái til allra landsmanna. Svo virðist sem meiri áhersla sé lögð á dagskrárgerð en að tryggja það að hún komist til hlustenda og þeirra sem horfa á sjónvarp.

Í mörg ár hefur sú fyrirspurn sem hér er til umræðu verið borin upp án þess að viðbrögð hafi orðið í verki hjá Ríkisútvarpinu og það er mikið umhugsunarefni á sama tíma og við þekkjum það að geta náð mun betur útsendingum t.d. Bylgjunnar á Vesturlandi. Þetta er mikið umhugsunarefni fyrir stjórnendur Ríkisútvarpsins.

[14:21]

Fyrirspyrjandi (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Einnig vil ég þakka öðrum hv. þm. fyrir þátt þeirra í þessari umræðu. Svar hæstv. menntmrh. staðfestir það sem ég talaði um í framsögu minni og staðfestir það sem íbúar víða á Vesturlandi hafa sagt m.a. við okkur þingmenn kjördæmisins. Svarið sýnir líka hve slæmt ástand er á dreifikerfi Ríkisútvarpsins.

Ég vil nota tækifærið og hvetja hæstv. menntmrh. til að beita sér fyrir því af fullri hörku að gerðar verði úrbætur í þessum málum því að það hlýtur að vera eðlileg krafa íbúanna að þeir geti notið útsendinga útvarps og sjónvarps á við aðra landsmenn svo ég tali ekki um öryggisþáttinn í þessu máli. Ég þekki það af eigin raun frá Grundarfirði að það hefur komið sér mjög illa við slæmar aðstæður þegar sendingar Ríkisútvarpsins detta út og fólk verður sambandslaust við umheiminn við slæmar aðstæður. Ég vil hvetja hæstv. menntmrh. til að beita sér fyrir því að úrbætur verði gerðar hið allra fyrsta í þessum málum.

[14:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að sjálfsögðu hlýtur það að vera markmið Ríkisútvarpsins að sendingar þess náist um landið allt og þarf ekki að árétta það frekar. Ég hef hins vegar viljað beita mér fyrir því að Ríkisútvarpið hætti sjálft að reka dreifikerfið og það liggja fyrir hugmyndir um að Póstur og sími taki að sér þetta dreifikerfi og tryggi landsmönnum aðgang að sendingum jafnt frá Ríkisútvarpinu sem öðrum útvarpsstöðvum hvar sem er í landinu. Það held ég að sé markmið sem við eigum að vinna að að Ríkisútvarpið verði þá viðskiptavinur Pósts og síma eða þess aðila sem sér um dreifikerfið og það eigi ekki endilega að vera hluti af Ríkisútvarpinu. Ég held að það séu starfshættir sem ekki ber að ýta undir heldur að þarna sé um verkaskiptingu að ræða og Ríkisútvarpið kaupi þá þessa þjónustu í stað þess að reka þetta kerfi sjálft. Að því mun ég vinna og að því hef ég verið að reyna að vinna og koma í framkvæmd, en viðræðurnar milli þessara tveggja ríkisstofnana hafa staðið í langan tíma án þess að niðurstaða hafi fengist. Ég gerði mér vonir um að það lægi ljósar fyrir núna í haust heldur en raun ber vitni, en þetta er málefni, held ég, sem mundi leysa þetta til frambúðar. Einnig hef ég verið sannfærður um það að önnur tækni en sú sem beitt er núna við útsendingu á útvarps- og sjónvarpsefni ætti betur við fyrir okkur hér á mörgum stöðum í landinu heldur en þær stöðvar sem nú eru reknar. Mig brestur tækniþekkingu til þess að leggja endanlegan dóm á það en mér finnst að í þessu máli öllu hafi þróunin verið mjög hæg og það hljóti að vera unnt að taka upp nýja starfshætti að þessu leyti.

Afhending á niðurstöðum úr samræmdum prófum.

Fsp. SvanJ, 170. mál. — Þskj. 187.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla öðlast gildi 1. janúar nk. Reglugerðin er að stærstum hluta útfærsla á reglum um framkvæmd samræmdra prófa eins og lögin ætla en það skýtur skökku við þegar kemur að 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir, með leyfi forseta:

„Láta skal öðrum aðilum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa ef þeir óska þess en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum."

Já, láta skal öðrum aðilum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa úr einstökum skólum. Þess vegna spyr ég hæstv. menntmrh.:

Hver er tilgangur þess að heimila öðrum en skólayfirvöldum, nemendum og forráðamönnum þeirra aðgang að niðurstöðum prófanna?

Þegar niðurstöður einstakra skóla verða birtar, og það verða birtir listar yfir bestu og verstu skólana eins og fréttamaður Stöðvar 2 orðaði það, þegar sá stóridómur liggur fyrir um skólana, byggður á niðurstöðum á skriflegu prófi í íslensku og stærðfræði 9 og 12 ára barna t.d., þá spyr ég hæstv. menntmrh. aftur:

Gerir ráðherra ráð fyrir að foreldrum verði gert kleift að flytja börn sín milli skóla eða skólahverfa og það jafnvel í önnur sveitarfélög eftir að almenningsálitið hefur flokkað skólana eftir þessum þrönga mælikvarða?

Niðurstöður samræmdra prófa úr 10. bekk hafa verið birtar eftir fræðsluumdæmum. Sömu umdæmi hafa ítrekað komið lakast út. Ástæður þess hafa m.a. verið taldar tíð kennaraskipti og skortur á sérmenntuðum kennurum vegna fámennis. Auðvitað hefur verið reynt að bregðast við en gengið misjafnlega og ekki með sýnilegum árangri hvað varðar niðurstöður úr prófum.

Það þarf ekki að taka það fram, herra forseti, að þetta eru þau svæði landsins sem mestur fólksflótti hefur verið frá. Hvernig halda menn að einstökum bæjum og þorpum gangi eftir að niðurstöður verða birtar úr stærðfræði og íslensku 12 og 9 ára gamalla barna og skólinn dæmdur og samfélagið eftir því? Ég fullyrði, herra forseti, að þetta var aldrei hugsunin þegar ákvæðið um fjölgun samræmdra prófa var sett í grunnskólalögin.

Hlutverk grunnskólans samkvæmt 2. gr. eða markmiðsgrein laganna er, með leyfi forseta: „að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun ... temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á kjörum fólks og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og á skyldum einstaklingsins við samfélagið."

Hvar er þetta prófað? Ráðherrann segist byggja reglugerð sína á 46. gr. grunnskólalaga. Þar segir einungis að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa. Ekkert um hverjum skuli afhenda niðurstöður. Það sem ráðherra er að gera með reglugerð sinni er að mínu mati ekki í anda grunnskólalaganna og þá ekki heldur 46. gr. laganna.

[14:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil mótmæla því í upphafi að ég hafi brotið grunnskólalögin með þeirri reglugerð sem til var vitnað. En spurt er:

„Hver er tilgangur þess að heimila að öðrum en skólayfirvöldum, nemendum og forráðamönnum þeirra verði afhentar niðurstöður úr samræmdum prófum í grunnskóla, en í vetur hafa þegar verið haldin samræmd próf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk?"

Tilgangurinn með því að kveða á um í reglugerð að sá aðili, er falið er að sjá um framkvæmd prófanna, skuli eigi

síðar en þremur mánuðum eftir að próf eru haldin gefa út yfirlit yfir heildarniðurstöður samræmdra prófa og dreifa til grunnskóla, foreldraráða, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda er sá að gera umræðu um niðurstöðu samræmdra prófa markvissari en verið hefur og gera auðveldara fyrir almenning að átta sig á stöðu einstakra skóla. Slíkt leiðir til opinnar umræðu um einstaka skóla og getur leitt til umbóta í skólastarfi ef nægilegra skýringa er leitað. Þessi afstaða leiðir enn fremur af grundvallarviðmiðun upplýsingalaganna um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Auk þess var áður en þetta ákvæði var sett í reglugerðina leitað álits umboðsmanns barna um málið sem taldi að með þessu væri alls ekki verið að vega að rétti barna. Þvert á móti mætti komast þannig að orði að það væri réttur barna að þessar upplýsingar lægju fyrir.

Í öðru lagi er spurt:

„Gerir ráðherra ráð fyrir að foreldrum verði gert kleift að flytja börn sín milli skóla ef niðurstaðan verður sú að skólar verða dæmdir góðir eða slæmir eftir samanburð á niðurstöðum úr samræmdum prófum?"

Samkvæmt 13. gr. grunnskólalaga ber skólanefnd að sjá til þess að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Komi upp sú staða að foreldrar óski eftir flutningi milli skóla er það alfarið í höndum viðkomandi sveitarstjórnar hvort hægt er að verða við óskum foreldra þar að lútandi. Jafnframt má benda á að ýmsar aðrar ástæður geti haft áhrif á val foreldra um skóla, en einkunnir á samræmdum prófum. Því er engin ástæða til að ætla að niðurstöður samræmdra prófa einar sér hafi áhrif á val foreldra. Til dæmis getur andrúmsloft innan skólans, líðan barna, ýmsar aðstæður, félagahópur, sérkennsla og sérfræðiþjónusta einnig haft afgerandi áhrif en nauðsynlegt er að fram fari opin umræða um gæði skóla á öllum sviðum skólastarfs.

Ég vil við þessi svör bæta því að það væri alfarið í andstöðu við nýsett upplýsingalög og þær kröfur sem eru almennt í þjóðfélaginu um það að stjórnvöld upplýsi almenning um þau atriði sem hagsmuni almennings varða að halda þessum upplýsingum leyndum. Og ég sé ekki hvernig unnt væri að standa á því af hálfu menntmrn. hvað sem umræddri reglugerð líður að standa gegn óskum um slíkt. Óskir um slíkt eru mjög algengar gagnvart ráðuneytinu. Þess vegna er sú leið farin með þessari reglugerð að taka af skarið, setja reglurnar um það hvernig beri að standa að upplýsingamiðluninni og ég tel fráleitt að ætla að það sé brot á grunnskólalögunum og örugglega er það a.m.k. í samræmi við upplýsingalögin. Hér erum við að sinna upplýsingaskyldu sem á stjórnvöldum hvílir og alls ekki vega að hagsmunum barna og síður en svo að gera skólakerfið verra.

[14:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Um það er ekki deilt að nauðsynlegt er að leggja fyrir nemendur í grunnskólum samræmd könnunarpróf svo kennarar geti áttað sig á hvar þeir standa með sinn hóp miðað við heildina og einkum hvaða atriði það eru sem þarf að fara betur í. En slík próf sem hér um ræðir og alltaf eru lögð fyrir í sömu fögum hljóta að virka mjög stýrandi á kennsluna þegar það er jafnframt yfirlýst að meðaltal úr skólum skuli gert opinbert og því gefið undir fótinn að þar með geti foreldrar og fjölmiðlar þá líka borið saman gæði skóla. Þessi áform eru vægast sagt mjög óréttlát þar sem nemendur koma úr mjög mismunandi umhverfi og það vita allir skólamenn að nemendur, sem koma upp til hópa af heimilum vel menntaðra foreldra sem eru efnahagslega vel staðir, stunda skólanám af meiri marksækni en hinir sem koma af heimilum sem verr standa að þessu leyti.

[14:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Gæðaeftirlit og samkeppni hefur vantað í menntakerfið. Upplýsingar úr þessari könnun munu leiða til eftirfarandi: Foreldrar munu gera kröfur fyrir hönd barna sinna, en flestum foreldrum er mjög annt um framtíð barna sinna. Skólastjórnendur munu gera kröfur til starfsmanna sinna og bæta skipulag og ná fram virkari vinnubrögðum. Metnaðarfullir kennarar fá umbun verka sinna. Dugmiklir nemendur fá raunhæfan samanburð við aðra nemendur í öðrum skólum.

Herra forseti. Niðurstaða könnunar um kunnáttu íslenskra barna í raungreinum sem rædd var hér í gær, og mér var meinað að taka þátt í, sýnir okkur að breytinga er þörf. Meðalmennskudýrkunin og sú stefna að gera alla Íslendinga jafngáfaða hefur beðið skipbrot.

[14:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Já, það hvílir á hv. þm. að hafa ekki komist að í gær, heyrir forseti. (**Gripið fram í:** Það hvílir ekki á forseta?) Nei, það gerir það nú ekki.

[14:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina og ráðherra fyrir svörin. Ég held að mjög mikilvægt sé að fólk átti sig á hverjir valkostir fólks eru þegar svona einkunnir koma til með að liggja fyrir, ekki síst eftir að grunnskólinn er kominn til sveitarfélaganna og væntanlega hafa allir þeir sem búa í litlum sveitarfélögum eingöngu kost á að senda börn sín í einn skóla. En það er ekki síður umhugsunarvert hér í Reykjavík, þar sem eru margir skólar, hvort að fólk kemur til með að flytja börn sín í þá skóla sem best koma út og hvort það verður heimilt. Ég tel að þarna sé farið út á mjög athyglisverðar brautir og verður fróðlegt að fylgjast með hver niðurstaðan verður, væntanlega liður í samkeppnisstefnu ráðherra í menntamálum. Vissulega er jákvætt að slíkur samanburður kemur upp að því leyti að það ætti að vera keppikefli fyrir sveitarfélögin að gera vel við sína skóla en það má öllum vera ljóst að þarna standa þau ekki jafnt að vígi.

[14:35]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og menntmrh. fyrir svörin. Ég vil hins vegar segja það að svör hans róa að líkindum ekki þá sem hafa áhyggjur af þessu máli. Fram kom í máli ráðherrans að það muni verða í höndum viðkomandi sveitarfélaga hvort börnum verður leyft að sækja skóla í öðrum sveitarfélögum eða skipta um skóla innan sveitarfélaga. Ég bið hv. þingheim að reyna nú að setja sér þessa stöðu fyrir hugskotssjónir, hvernig slíkt getur farið fram. Lögmál viðskiptalífsins eru ágæt þar sem þau eiga við. Ég hef hins vegar ekki verið sannfærð um það að þau eigi við í skólunum eða inni á sjúkrastofnunum. Ég hef ekki verið sannfærð um það enn þá. Og það er [illegible] dálítið langt í að það verði, einfaldlega vegna [illegible] gilda allt allt önnur lögmál, lögmál umhyggj[illegible] — ekki þau hörðu lögmál viðskiptalífsins [illegible] skírskota gjarnan til. Þar gildir nefni[illegible]

að foreldrum er annt um börnin sín. Og þegar ráðherra er að fara hér yfir það hvað það er sem ræður vali foreldra á skólum fyrir börn sín og þar með vali á búsetu, þá get ég alveg fullyrt að svona niðurstöður munu verða einn af stóru þáttunum sem hafa afgerandi áhrif á byggðaþróun á Íslandi á næstu árum. Ég treysti mér til að fullyrða það og ég vildi gjarnan að fram kæmi viðhorf menntmrh. gagnvart þessari fullyrðingu.

[14:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það sem við erum hér að ræða um er réttur fólks til upplýsinga. Við erum að ræða um rétt til upplýsinga. Við erum að ræða um það að fólk fái upplýsingar um það hvernig ástandið er í skólunum þar sem börnin þeirra stunda nám. Ef menn telja að með því að veita slíkan rétt sé vegið að menntun og verið að gjörbreyta og kollvarpa öllu skólakerfinu í landinu, þá held ég að fyrir löngu hefði átt að upplýsa fólk um þetta. Ef menn eru svo hræddir við þær upplýsingar sem munu út úr þessu koma að það verði til þess að byggðaþróun verði með allt öðrum hætti heldur en hún hefur verið og svo fram eftir götunum eins og hér hefur verið sagt, þá segi ég: Því fyrr því betra sem við getum upplýst fólk um þessa hluti. Og ég dreg ekki þá ályktun af þessu að við séum að skaða byggðir, að við séum að vega að börnum, að við séum að vega að fjölskyldum. Við erum að veita upplýsingar um það hvernig skólar standa í samanburði hver við annan og um það hvaða starf fer fram í skólunum. Og ef þetta er slík bylting í þjóðfélaginu að það muni raska allri byggð í landinu þá finnst mér nú fólk seilast heldur langt í umræðum, eins og svo oft þegar skólamálin ber hér á góma, og draga upp þá dökku mynd að breytingar frá núverandi skipan muni leiða af sér einhverjar gífurlegar hörmungar. Ég held að svo verði ekki. Það er liður í nútímavæðingu okkar þjóðfélags að veita þessar upplýsingar, að fólk hafi aðgang að þeim og sjái hvernig skólarnir standi sig.

Tekjuviðmiðun lífeyrisþega.

Fsp. SJS, 154. mál (eingreiðsla skaðabóta). — Þskj. 170.

[14:38]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Sl. vor var gerð sú breyting á almannatryggingalögum að við 10. gr. laganna bættist ný málsgrein sem varð 3. mgr. þeirrar greinar og hljóðar svo:

„Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga þessara, er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis."

Það er forsaga þessa máls að vegna þeirra breytinga sem gerðar voru áður á 10. gr. laganna um að fjármagnstekjur voru þá teknar inn í tekjugrunn við útreikning örorkulífeyrisbóta þá geta þær nú skert rétt hinna slösuðu til örorkulífeyris og tekjutryggingar. Með því væri skertur bótaréttur örorkuþega sem þegar hafa sætt lækkun fébóta vegna þeirra réttinda sem þeir voru taldir eiga hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta kemur til af því að það er venja hér, bæði dómvenja og eins liggur það í ákvörðun tryggingafélaga þegar bætur eru greiddar, að bætur eru miðaðar við ákveðna framtíðarávöxtun en til frádráttar koma áætluð réttindi manna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það lá því fyrir þegar ákveðið var að taka fjármagnstekjur að hluta sem tekjur inn í skerðingarákvæði almannatryggingalaganna að með því gæti orðið um tvöfalda skerðingu vegna sömu fjárhæðanna að ræða nema sérstaklega yrði tekið á því máli og það var ætlunin að gera með þessari breytingu á 10. gr. almannatryggingalaganna sem staðfest var með lögum frá Alþingi sl. vor, lögum nr. 95/1996.

En nú ber svo við að þrátt fyrir að lög um skattlagningu fjármagnstekna í þessum skilningi, þ.e. bótaþeganna, hafi tekið gildi nú þegar, 1. sept. ef ég man rétt, þá hefur heilbrrn. ekki, eða hafði a.m.k. ekki þegar fyrirspurn þessi var lögð fram, gefið út þá reglugerð sem gert er ráð fyrir sem forsendu þessa réttar. Það hlýtur að teljast mjög ámælisvert að það skuli stranda á því að þessi sjálfsagða leiðrétting sé gerð í kjölfar upptöku fjármagnstekjuskatts.

Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja eftirfarandi fyrirspurn fyrir hæstv. ráðherra:

„Hvað líður setningu reglugerðar um tekjuviðmiðun lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku á grundvelli 3. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar, sbr. lög nr. 95/1996?"

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, spyr um að hvað líði setningu reglugerðar um tekjuviðmiðun lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku á grundvelli 3. mgr. 10. gr. laga um almannatryggingar.

Með lögum nr. 144/1995, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, á árinu 1996 var m.a. gerð breyting á 10. gr. laga um almannatryggingar þess efnis að 50% fjármagnstekna skyldu teljast til tekna við ákvörðun lífeyris. Bent var á að fjármagnstekjutenging lífeyris gæti leitt til óeðlilegrar skerðingar á bótum til þeirra sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku. Til skýringar skal þess getið að við ákvörðun bóta vegna framtíðarörorku hefur yfirleitt verið beitt þeirri aðgerð að meta heildartjón og draga síðan frá áætlaðar vaxtatekjur af bótum og áætlaðri greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins. Því ákvað ég að flytja frv. um viðbót við 10. gr. almannatryggingalaga þess efnis að ráðherra væri heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu og að ráðherra setti reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis. Frv. var samþykkt og gildir breytingin frá sama tíma og skerðing bóta vegna fjármagnstekna kemur til framkvæmda eða frá 1. sept. 1996.

Fyrrgreind heimild hefur verið kynnt m.a. á sambandsstjórnarfundi Sjálfsbjargar og hvatt til þess að þeir sem hún gæti átt við sæktu um hækkun tekjuviðmiðunar. Sömuleiðis hafa þeir sem hafa haft samband við Tryggingastofnun vegna þessarar heimildar verið hvattir til að sækja um, þó ekki væri búið að setja reglur um útfærslu hennar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins hefur hins vegar aðeins ein umsókn borist.

Bent er á að einungis 50% fjármagnstekna koma til skerðingar. Sé ekki um að ræða atvinnutekjur eða tekjur frá lífeyrissjóðum auk bóta frá Tryggingastofnun ríkisins þurfa fjármagnstekjur að vera mjög háar til þess að um skerðingu verði að ræða. Þannig mega örorkulífeyrisþegar, sem einungis hafa tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins, hafa 36 þús. kr. á mánuði til að tekjutrygging skerðist. Miðað við 5% ávöxtun jafngildir það fjármagnseign sem nemur 8,6 millj. kr. og 140 þús. kr. á mánuði til að örorkulífeyrir skerðist eða 3,6 millj. kr. miðað við sömu ávöxtun.

Setning reglugerðar um framkvæmd 3. mgr. 10. gr. hefur dregist nokkuð og eru ýmsar ástæður fyrir því. Í fyrsta lagi er óframkvæmanlegt að aðgreina fjármagnstekjur vegna bóta frá öðrum fjármagnstekjum og erfitt að finna sanngjarna og einfalda reglu sem nær þeim markmiðum sem stefnt er að. Í öðru lagi virðist þörf fyrir heimildarákvæði ekki vera jafnbrýn og ætlað var. Fenginn var tryggingastærðfræðingur til þess að gera tillögur um reiknireglu sem tryggir að lífeyrisþegar sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta verði ekki fyrir tvöfaldri skerðingu. Drög að reglugerð um beitingu slíkrar reiknireglu liggja fyrir og verður hún gefin út alveg á næstu dögum þannig að um tvísköttun verður ekki að ræða.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og leyfi mér að fullyrða að þessi fyrirspurn hafi kannski þegar þjónað tilgangi sínum ef hún hefur orðið til þess að ýta aðeins við þeim í heilbrigðisráðuneytinu. Ég fagna því að þessi reglugerð skuli nú loksins vera í bígerð og verða sett innan skamms.

Að mínu mati er það ekki aðalatriði málsins hversu margir koma til með að njóta hennar í einhverjum umtalsverðum mæli heldur hitt að það væri óumdeilanlega fráleit útkoma úr þessum skattalagabreytingum að menn yrðu fyrir skerðingu í tvígang vegna sömu fjármunanna. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli þannig að jafnvel þó svo að hér væri fyrst og fremst um fræðilegt mál að ræða, þá stendur það eftir sem áður upp á menn að sjá til þess að slíkt sé ekki í gangi í skattkerfinu eða í samspili skattkerfisins og almannatryggingakerfisins. Og þó svo að menn hafi ekki sótt enn þá í miklum mæli um þessa leiðréttingu, enda kannski málið ekki verið mjög ítarlega kynnt, þá breytir það ekki hinu að þetta þarf að lagfæra.

Ég held einnig að sú óvissa sem hefur ríkt í málinu frá því að lögin voru sett sl. vor, svo ég ekki tali um frá því að fjármagnstekjuviðmiðunin tók gildi 1. sept., hafi haft sín áhrif á það. Ég hef orðið þess var a.m.k. og það var reyndar tilefni þessarar fyrirspurnar í og með að menn höfðu samband við mig sem spurðu hvar þetta mál væri á vegi statt. Menn hafa væntanlega að einhverju leyti verið að bíða átekta með það hvort þeir hefðu tilefni til að sækja um undanþáguna þangað til þeir sáu reglugerðina og þá útfærslu á tekjuviðmiðuninni sem þar yrði lögð til grundvallar. Fyrr gátu menn að sjálfsögðu ekki áttað sig á rétti sínum í þessu sambandi þannig að eftir stendur að það er ámælisvert að þetta skyldi dragast fram yfir gildistöku laganna 1. sept., en betra er seint en aldrei og ég þakka ráðherra fyrir svörin.

Fundi slitið kl. 14:47.

---

35. FUNDUR

miðvikudaginn 4. des.,
að loknum 34. fundi.

Dagskrá:

1. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 201. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 161, nál. 230 og 252, brtt. 231. — 2. umr.
3. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 158, nál. 232 og 254, brtt. 233. — 2. umr.
4. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 159, nál. 234 og 253, brtt. 235. — 2. umr.
5. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157, nál. 236, brtt. 237. — 2. umr.
6. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 118. mál, þskj. 129, nál. 238. — 2. umr.
7. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 147. mál, þskj. 162, nál. 239. — 2. umr.
8. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 71. mál, þskj. 71, nál. 240 og 255. — 2. umr.
9. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 241. — 2. umr.
10. Brunatryggingar, stjfrv., 75. mál, þskj. 75, nál. 242. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, FI, GuðjG, GHall, GL, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, VE, ÞorstP.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HG, ÍGP, JóhS,

KH, LMR, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SvG, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 161, nál. 230 og 252, brtt. 231.

[14:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum og nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingartillögurnar eru á þskj. 231 og nefndarálitið á þskj. 230.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu fékk nefndin á sinn fund allmarga aðila og sendi málið einnig víðs vegar til umsagnar. Allt þetta er rakið á þingskjali því sem geymir nefndarálitið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til allnokkrar breytingar á frv. Þær eru í fimm liðum og mun ég nú gera grein fyrir efni þessara breytinga.

Í 1. lið brtt. er lagt til að í stað þess að frádráttur vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri verði felldur niður í einu lagi um áramót verði hann lækkaður í áföngum á þremur árum. Eftir árið 1999 verði síðan enginn frádráttur heimilaður vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri. Er þessi breyting gerð til að milda þau áhrif sem niðurfelling þessa frádráttarliðar kann að hafa á hlutabréfamarkaðinn.

Þá er lítillega breytt ákvæðum um stofnfjárbréf í sparisjóðum. Er þetta gert vegna þess að í lögum nr. 9/1984 er ekkert fjallað um fjárfestingu í slíkum bréfum og þykir því nauðsynlegt að taka fram að skilyrði þau sem sett eru í þeim lögum eigi ekki við um stofnfjárbréf í sparisjóðum. Það hefur einnig verið rætt töluvert í umfjöllun nefndarinnar að, eins og lögin standa nú, heimilt er að kaupa fimmfalda þá fjárhæð sem heimilt er að draga frá á hverju ári. Það er mikil spurning hvort yfirleitt sé hægt að afnema þá heimild í einu vetfangi. Ef það yrði gert er ljóst að það mundi vekja upp ýmis málaferli vegna slíkra breytinga þar sem hæpið er að það standist afturvirkniákvæði stjórnarskrárinnar um skatta. Því tel ég að skynsamlegra sé þegar á allt er litið að þrepa þennan afslátt niður eins og gert er í tillögu meiri hlutans. Það breytir því þó ekki að eflaust munu ýmsir telja sig hafa tilefni til þess að fara í mál gegn ríkissjóði vegna þess að þetta ákvæði er afturvirkt en á það verður sjálfsagt látið reyna.

Í 2. lið breytingartillagnanna er gert ráð fyrir því að sett séu í lögin ákvæði um skiptingu hlutafélaga. Í nýlegum lögum um hlutafélög er að finna ákvæði um skiptingu hlutafélaganna og í grófum dráttum sett eins konar samasemmerki á milli samruna félaga og skiptingar félaga. Í skattaréttinum hefur ekki verið tekið á þessu atriði en með þeim breytingartillögum sem hér hafa verið lagðar til er gert ráð fyrir því að það sama eða svipað sé látið gilda þegar félög eru sameinuð eða þeim skipt. Um þetta er fjallað í 2. lið breytingartillagnanna.

Í 3. lið breytingartillagnanna er kveðið svo á að ríkisskattstjóri geti heimilað lögaðilum og einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að skila skýrslu á tölvutæku formi og eru þessar tillögur í a- og b-staflið í 3. lið.

Í 4. lið breytingartillagnanna er gert ráð fyrir að 10. gr. falli einfaldlega niður í núverandi mynd, en þess í stað verði fjallað um fresti sem skattstjóra eru settir varðandi endurákvörðun mála. Með hliðsjón af því að í greinargerð frv. er boðað að síðar á þinginu verði flutt frv. þar sem kveðið verði á um forúrskurði skattamála og þar sem fyrir liggur að taka upp staðlað framtal lögaðila, þykir rétt að fresta verði að svo stöddu að gera breytingar á 97. gr., og það mál verði tekið til skoðunar að nýju í tengslum við framangreindar breytingar. Í þessari 10. gr., sem verður 14. gr., er hins vegar lagt til að breytingar verði gerðar á 101. gr. að því er varðar kærur á ákvörðun ríkisskattstjóra og er lagt til að í stað þess að þær ákvarðanir verði fyrst kæranlegar aftur til ríkisskattstjóra og síðan til yfirskattanefndar, verði þær kæranlegar beint til yfirskattanefndar og kæruleiðin þannig stytt að þessu leyti. Þetta er efni brtt. sem sett er fram í 4. lið.

Í 5. lið breytingartillagnanna er lögð til breyting á 12. gr., sem verður 16. gr., og fjallar um breytingu á 114. gr. laganna og tengist þeim almennu breytingum sem verið er að gera, þ.e. að láta skiptingu hlutafélaga njóta sömu réttinda og skyldna og samruni þeirra.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir breytingartillögum meiri hluta efh.- og viðskn. á þessu frv.

[14:58]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir afstöðu minni hluta efh.- og viðskn. í 146. máli, þ.e. stjfrv. um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, en hv. formaður efh.- og viðskn. gerði áðan grein fyrir áliti meiri hluta. Þetta minnihlutaálit er á þskj. 252. Ég hvet hv. þingmenn að kynna sér það því þar er ítarlega farið yfir málið og afstaða okkar í minni hlutanum dregin vel fram. Að álitinu standa auk mín hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk þessu minnihlutaáliti.

Þetta frv. sem er nú til 2. umr. er einn meginþáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, en hún markast af nokkuð mörgum frv. nú á haustdögum. Þar ber vitaskuld hæst frv. til fjárlaga og til lánsfjárlaga. En fleiri frv. koma að efnahagsstefnu stjórnvalda eins og frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þ.e. bandormurinn svokallaði. Önnur frv. sem við erum að fjalla um í dag að nokkru leyti eru frv. um tekjuskatt og eignarskatt, síðan er frv. um tryggingagjald og vörugjald, tvö mál sem reyndar ríkir víst ágreiningur um enn þá innan stjórnarliðsins, þ.e. um tryggingagjaldið þannig að það mál er ekki fullafgreitt í efh.- og viðskn. Jafnframt er frv. um virðisaukaskatt sem verður gert að umtalsefni á eftir.

Ég sé ástæðu til þess að drepa á nokkur atriði í tengslum við þetta frv. Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki brtt. við 1. gr. frv. en þar eru ákvæði sem tengjast staðgreiðslu á fjármagnstekjur en það er sérstakt frv. sem verður til umræðu síðar í dag. Hér um að ræða samræmingu á ákvæðum í lögum um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts og í tekjuskattalögum. Það er eðlilegt að samræming sé á milli laga í þessum efnum. En þessi grein sem þarna er til breytinga í lögum um tekjuskatt og eignarskatt staðfestir hins vegar mjög vel það sem við í stjórnarandstöðunni sögðum á vordögum þegar var verið að lögfesta fjármagnstekjuskatt, að það mál krefðist

allt meiri undirbúnings en lagt var upp með þá. Og nú er verið að leiðrétta hluta af því máli og eru boðaðar frekari leiðréttingar. Sú sorgarsaga sem við eigum vafalítið eftir að ræða nokkuð oft í vetur á hinu háa Alþingi í tengslum við fjármagnstekjuskattinn mun sjálfsagt halda áfram.

Eitt meginatriðið í þessu frv. er sú breyting sem gerð er á skattalögum, þ.e. að taka upp vísitölu neysluverðs í stað byggingarvísitölu í tilteknum þáttum skattalaganna. Nú er það ekki svo að hæstv. ríkisstjórn hafi séð ljósið eða meiri hluti efh.- og viðskn. eða fjmrn. sjái að allt í einu sé orðið nauðsynlegt að breyta um visitöluviðmiðun. Það er ekki svo heldur er þetta ákvæði frv. byggt á því að í vor þegar ríkisstjórnin þurfti að fjármagna vörugjald fann hún ekki annan tekjustofn en að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti hjá einstaklingum í tengslum við íbúðarhúsnæði. Að vísu tókst ekki alveg vel til með framkvæmd þeirrar lagasetningar af hálfu meiri hlutans og eitt af þeim frumvörpum sem við fjöllum um í dag er einmitt lagt fram til að tryggja betur þá stefnu sem var að mati minni hlutans alröng varðandi fjármögnun á lækkun vörugjalds á sínum tíma. Þessi breyting á endurgreiðslu virðisaukaskatts hafði ekki einungis það í för með sér að gjöld hækkuðu á einstaklingum og skattsvik hafa líklega aukist í kjölfar þessa, heldur leiddi þetta til mjög mikillar hækkunar á byggingarvísitölu, mun meiri hækkunar á byggingarvísitölu en nam verðlagsbreytingum.

Nú gengur byggingarvísitalan inn í skattalögin sem segir okkur að hækkun á byggingarvísitölu umfram verðlagsbreytingar kemur mjög þungt fram á lið í uppgjörum fyrirtækja sem kallast verðbreytingafærsla. Verðbreytingafærsla er bókhaldsfærsla í rekstrarreikningi fyrirtækja þar sem leitast er við að endurspegla verðlagsþróun innan ársins hvað varðar skuldir og eignir, peningalegar skuldir og eignir fyrirtækja. Það má segja eiginlega að verðbreytingafærslan sé grundvallaratriði í því sem við köllum verðbólgureikningskil sem við erum með hér á landi og byggist á því að við erum að mæla áhrif verðbólgunnar inni í bókhaldslögum og í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Nú var þetta mjög réttmætt á tíma óðaverðbólgu. Við Íslendingar höfum gengið lengra í notkun á slíkum verðmælingum í uppgjörum fyrirtækja og í skattalögum en aðrar þjóðir. Það er hins vegar ekki verið að fjalla um grundvallaratriði í sambandi við verðbreytingafærslu og verðbólgureikningsskil með þessu frv. og breytingartillögum meiri hlutans, heldur er verið að fást við þá staðreynd að byggingarvísitalan hækkaði um 6% út af þessu klúðri ríkisstjórnarinnar sem ég nefndi áðan, en neysluverðsvísitalan sem mældi mun betur verðbólgu hækkaði ekki um nema 2%. Þá sáu menn að þetta mundi leiða til mjög mikillar tekjufærslu hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Nú getur þetta að vísu virkað í báðir áttir og það getur verið um að ræða gjaldfærslu en ekki er óalgengt í íslenskum fyrirtækjum, sem skulda nokkuð mikið og fer það vitaskuld nokkuð eftir samsetningu þeirra skulda, að þessi verðbólgufærsla komi út í formi tekjufærslu. Þetta hefði leitt til þess að íslensk fyrirtæki, ef ekkert hefði verið að gert, hefðu sýnt mun meiri skattskyldar tekjur á þessu ári en e.t.v. hefði verið sanngjarnt miðað við það upplegg að mæla hinar raunverulegu verðlagsbreytingar innan ársins. Það mælir því svo sem ekkert á móti því í grundvallaratriðum að í stað þess að miða við byggingarvísitölu að taka frekar inn í skattalögin breytingar á vísitölu neysluverðs. Það má benda á að við höfum þegar tekið út byggingarvísitölu sem mælikvarða í sambandi við verðtryggingu lána. Byggingarvísitalan er gallagripur í okkar þjóðfélagi og hefur verið það lengi vegna þess að hún er e.t.v. ekki að mæla breytingar mjög skýrt heldur ganga inn í hana breytingar á t.d. uppmælingu og öðru slíku sem byggist á fornum reiknigrunni ef svo má að orði komast.

Ég hefði viljað skoða með ríkisstjórninni, fyrst hún vildi breyta þessum lið, að gera þetta þannig að byggingarvísitalan yrði tekin út úr íslensku skattkerfi, að hún yrði ekki notuð lengur sem verðmælir í viðskiptum sem tengjast lögum. En ekki er farin sú leið heldur einungis kippt út úr þáttum sem hefðu haft veruleg íþyngjandi áhrif á uppgjör eða álagningu fyrirtækja á næsta ári. Það var svo sem augljóst hvar verið var að bera niður og eftir hvaða óskum verið var að fara varðandi þennan þátt.

Ég sé hins vegar ástæðu til þess, herra forseti, að vitna til einnar umsagnar sem barst efh.- og viðskn. um þetta mál vegna þess að hún kemur að nokkru leyti inn á það sem ég hef verið að fjalla um, um verðbólgureikningskil og umræðu um þann þátt. Hv. efh.- og viðskn. ákvað að óska eftir umsögn frá Stefáni Svavarssyni, dósent við Háskóla Íslands, sem er fyrrv. formaður reikningsskilaráðs og fyrir utan að vera aðalkennari Íslendinga í endurskoðun og reikningsskilafræðum, býr hann yfir mikilli reynslu og er einn þekktasti fræðimaður okkar Íslendinga á þessu sviði. Þegar hann er búinn að fara aðeins yfir frv. í sinni umsögn vill hann vekja athygli á öðrum þáttum málsins og segir, með leyfi forseta:

„Hitt er svo annað mál að tímabært er að mínum dómi að ræða hvort ekki séu efni til að gera þá breytingu á skattalögunum að fella brott verðleiðréttingar, þ.e. framreikning á kostnaðarverði fastafjármuna en afskriftir eru teknar af því verði og verðbreytingafærslu, enda eru breytingar á almennu verðlagi hér á landi ekki lengur meiri en í nágrannalöndunum og þar eru slíkar verðleiðréttingar ekki gerðar. Fyrir vikið er erfitt að gera raunhæfan samanburð á afkomu og efnahag íslenskra fyrirtækja og erlendra fyrirtækja. Í þessu sambandi má benda á að afleiðing þess að nota verðleiðrétt reikningsskil er m.a. sú að arðsemi íslenskra fyrirtækja sýnist vera miklu verri en fyrirtækja, t.d. í OECD-löndunum. Óráðlegt er að hætta verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum, þó að verðbólgan sé lítil, þar sem ákvæði skattalaga gera enn ráð fyrir verðleiðréttingum. Verðleiðréttingar hófust með breytingum á skattalögunum 1979 og þeim verður ekki bætt við gerð reikningsskila að óbreyttum skattalögum. Rétt þykir að taka fram að einnig má færa rök fyrir því að skynsamlegt geti verið að hætta ekki verðleiðréttingum í íslenskum reikningsskilum en því máli verða ekki gerð skil hér."

Þetta eru merkileg ummæli og vel hugsuð. Við verðum að hafa í huga í fyrsta lagi að munur er á skattalögum og lögum um reikningsskil fyrirtækja. Samræming er náttúrlega á velflestum sviðum, en ekki á öðrum þannig að ef menn vilja hætta við verðbólgureikningsskil eins og við þekkjum þau, ætti vitaskuld að gera það á báðum vígstöðvunum, þ.e. í skattalögum og í lögum um reikningsskil.

Ég hef áður vakið athygli á þessu máli og mér finnst vera tímabært fyrir Íslendinga að færa sig út úr verðbólgureikningsskilunum sem eru barn síns tíma þó reyndar megi færa bæði praktísk og fræðileg rök fyrir hinu gagnstæða. En allur samanburður við útlönd sýnir að verðbólgureikningsskil þekkjast í mjög litlum mæli og nú þegar verðbólga hefur um nokkur ár verið hér jafnvel flest árin minni en í nágrannalöndunum, er ástæðulaust fyrir okkur annað en samræma löggjöf á þessu sviði því sem gerist í nágrannalöndunum. Það er full ástæða til að taka þetta til nánari skoðunar.

Ég varpaði því fram, herra forseti, á síðasta þingi þegar var verið að ræða frv. um fjárreiður ríkisins hvort ekki væri athugandi fyrir ríkið að ganga á undan með góðu fordæmi á þessu sviði og hætta verðbólgureikningsskilum. Uppgjör ríkisins eru með nokkuð öðrum hætti og þarna væri ákveðið tilefni og tiltölulega auðvelt mál að ganga fram fyrir skjöldu og hætta verðbólgureikningsskilum á þeim vettvangi. Í kjölfarið mundi síðan almenni markaðurinn fylgja á eftir því að vitaskuld þarf mikla athugun og skoðun við útfærslu á þessari breytingu. Þetta sjónarmið náði ekki fram að ganga í vor en frv. kemur til skoðunar aftur. Hins vegar eru menn opnari mjög fyrir umræðu um þennan þátt en var fyrir nokkrum árum.

Ég geri þetta að sérstöku umtalsefni við 2. umr. þessa máls af því að ég tel að ástæða sé að skoða þessi mál í fullri alvöru. Ríkisstjórnin eða meiri hluti efh.- og viðskn. kaus í þetta sinn að hlusta ekki á nein yfirveguð rök eða mótrök í þessu máli heldur einfaldlega breiða yfir sitt klúður með einfaldri breytingu og taka byggingarvísitölu út úr hluta skattalaganna. En það má benda á að byggingarvísitala er víða notuð og mun hafa veruleg áhrif á þessu ári eins og t.d. við leigu á atvinnuhúsnæði. Það er mjög algengt að miðað sé við breytingar á byggingarvísitölu og víst er að margir leigjendur atvinnuhúsnæðis eiga eftir að verða hæstv. ríkisstjórn lítið þakklátir þegar þeir fá reikning fyrir hækkun leigu. Jafnframt má benda á að mjög algengt er að verksamningar eru tengdir byggingarvísitölu og mun það sama verða uppi á teningnum því að það er alveg ljóst að með þessari klaufalegu breytingu í vor um endurgreiðslu söluskatts, var byggingarvísitalan gerð enn galnari en hún var fyrir og hækkaði langt umfram verðlagsþróun.

Eitt meginatriði í uppleggi ríkisstjórnarinnar við öll þessi frumvörp kemur vel fram í tengslum við frv. sem við erum að ræða hér, þ.e. að hvers ósk þessi frumvörp eru lögð fram. Það kemur skýrt fram í greinargerðinni og sagt beinlínis að fulltrúar atvinnurekenda hafi um nokkurt skeið óskað eftir þessari og þessari breytingu. Við gerðum þetta að sérstöku umtalsefni við 1. umr. málsins vegna þess að okkur í minni hlutanum fannst þessi blygðunarlausa tilvísun til hagsmuna atvinnurekenda við gerð og framlagningu frumvarpa hér á hinu háa Alþingi skjóta skökku við. Það er nefnilega svo, herra forseti, að stéttarfélögin í landinu hafa líka samþykkt skattastefnu. Það er ekki bara Vinnuveitendasambandið sem hefur útfært skattastefnu heldur líka launþegasamtökin, en það er hvergi í neinni grein í þessu frv., né öðrum í tengslum við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, komið inn á eitthvað af skattamálum launþegahreyfingarinnar, hvergi nokkurs staðar. En mjög víða má lesa út úr stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum frumvörpum stefnu Vinnuveitendasambandsins og ef menn gera sér það nú til dundurs að lesa skattastefnu Vinnuveitendasambandsins sem öllum þingmönnum var send ekki alls fyrir löngu, skýrt plagg og margar góðar ábendingar, þá kemur í ljós að mikill hluti þeirrar stefnu endurspeglast í frumvörpum ríkisstjórnarinnar. Hér er um að ræða einfalda breytingu með 2. gr. frv. Það tókst að leggja á einstaklinga skattahækkanir í vor við fjármögnun á vörugjaldi. Síðan kom í ljós að það leiddi óvart til skattahækkana á fyrirtæki sem ég hef verið að lýsa með áhrifum byggingarvísitölunnar. Þá voru höfð snar handtök við að kippa byggingarvísitölunni út úr reikningsskilum fyrirtækja þannig að þau þurftu ekki að blæða fyrir þessi mistök sem höfðu átt sér stað af hálfu stjórnvalda. Það var ekki verið að bíða neitt með framkvæmd þessa máls. Ríkisstjórnin veit ósköp vel hvaða hagsmuni hún er að verja hverju sinni.

Ein af breytingartillögum meiri hlutans, sem hv. formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson, gerði ágætlega grein fyrir áðan, er varðandi afnám á afslætti við hlutafjárkaup. Við í minni hlutanum viljum benda á að í umræðu um málið kom strax fram það sjónarmið hvort ekki væri rétt að þrepa þetta niður. Það eru nokkrar ástæður fyrir því. Minni hlutinn tók undir að það yrði að skoða svona niðurþrepun og eru e.t.v. þrjár ástæður fyrir því.

Vitaskuld er afnám þessa afsláttar í okkar huga skattahækkun á einstaklinga.

Í öðru lagi komu fram ábendingar sem verður að taka mark á, að hugsanlega varðar þetta bann við afturvirkni á skattalögum þannig að óþarfi er fyrir ríkisvaldið að kalla á málssókn á hendur sér út frá ekki stærri lið í skattalögum en hér er verið að ræða.

Í þriðja lagi má vitaskuld færa rök fyrir því að e.t.v. eru svona breytingar betur gerðar í áföngum heldur en í einum spretti vegna áhrifa á hlutabréfamarkað. Hins vegar eru full rök fyrir því að fella þennan afslátt niður. Við styðjum það, en líka að hann sé felldur niður í áföngum, þannig að sú útfærsla sem hér er lögð til er okkur að skapi, enda að hluta til komin vegna ábendingar af hálfu minni hlutans auk fjölmargra umsagnaraðila.

Hins vegar er ástæða til að draga fram varðandi þennan lið, að röksemdin fyrir því að fella niður hlutafjárafsláttinn var ekki nein sérstök manngæska af hálfu ríkisstjórnarinnar eða stór stefnubreyting, heldur fyrst og fremst leið til að afla tekna til að lækka jaðarskatta. Ekki ætlum við að hafa á móti því að haft sé borð fyrir báru varðandi jaðarskatta. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar minni hlutans í nefndinni og við önnur tækifæri, hefur ekkert verið upplýst af hálfu meiri hlutans hver stefna hennar er varðandi jaðarskatta. Það hefur hins vegar komið í ljós að nefnd er starfandi á vegum stjórnarflokkanna með aðild fulltrúa á vinnumarkaði sem er að vinna að breytingum á jarðarsköttum. Við fáum ekki að vera þátttakendur í þessu, stjórnarandstaðan. Látum það vera. Ríkisstjórnin verður að gera það upp við sig hvernig hún vill vinna sína stefnu. En við hefðum gjarnan viljað vita hvað er í farvatninu. Þessar breytingar þarf væntanlega að gera strax eftir áramót. Það var sagt að ekkert væri hægt að upplýsa. Hvort það þýðir að engar tillögur séu til eða menn vilja ekki sýna spilin veit ég ekki um, en okkur í minni hlutanum finnst forgangsröðun ríkisstjórnarinnar koma mjög skýrt fram. Það hefur ekki staðið á henni að útfæra lög og lagabreytingar sem ívilna fyrirtækjum þessa lands. En þegar kemur að einstaklingunum er farvegurinn allur lengri og erfiðari og ekkert uppi á borðinu hvernig eigi að útfæra hlutina, á sama tíma og fyrirtækjaumhverfið, sem er alls góðs maklegt, þarf ekki að bíða lengi eftir úrbótum af hálfu þessarar ríkisstjórnar. Minni hlutinn leggur sérstaka áherslu á að jaðarsköttum hér á landi verði breytt og ég vil benda á að minni hlutinn hefur þegar lagt fram frv. um þetta efni. Þar er ég að vísa til frv. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram og bíður umræðu á hinu háa Alþingi. Einnig má benda á að verið er að vinna í þingflokki jafnaðarmanna þar sem ég þekki til, að útfærslu á frv. sem tekur á jaðarsköttum og sköttum einstaklinga. Þannig er það meira forgangsverkefni í okkar huga en fyrirtækjaumhverfið, að fara skipulega yfir skattamál einstaklinga.

Eitt meginatriðið í frv. sem meiri hlutinn breytti ekki,

var rýmkun heimilda til að færa tap á milli ára. Gildandi lög gera ráð fyrir að það sé heimilt að færa tap milli ára í allt að fimm ár. Breytingartillögu ríkisstjórnarinnar, sem kom fram í frv., og var ekki breytt af hálfu meiri hlutans í nefndarstarfinu þrátt fyrir mikla umræðu, er sú að lengja þennan tapsfrádrátt í átta ár, eða möguleika á að draga tap frá í átta ár. Þetta er mjög mikilvæg breyting því að þessi ákvæði hefðu bitið harkalega einmitt um næstu áramót. Þannig var mjög mikilvægt að það yrði lagt gott mat á þetta af hálfu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar og þá nefndarinnar, til að hægt væri að átta sig vel á hvaða áhrif þetta hefði á tekjur ríkisins. Það var enginn útreikningur sem fylgdi þessu frv., herra forseti, og hæstv. fjmrh. var margspurður í 1. umr. um þennan lið og kunni fá svör. Það var ekki fyrr en að kröfu minni hluta efh.- og viðskn. að embættismenn fjmrn. skiluðu inn til nefndarinnar skýrslu eða mati á áhrifum ýmissa þeirra breytinga sem hér er verið að gera á lögum um tekjuskatt. Það var fyrst þá, þegar minni hluti nefndarinnar knúði á um svör um áhrif þessa á tekjur ríkisins, að orðið var við þeim sjálfsögðu óskum að menn glöggvuðu sig á áhrifum þessa á tekjur ríkisins.

Það kom nefnilega í ljós, þegar tölurnar sem við báðum um lágu fyrir, að ónotað tap í íslensku fyrirtækjaumhverfi eða fyrirtækjaflóru er 80 milljarðar. Og 80 milljarðar er engin smátala. Fjárlögin okkar eru 125 milljarðar, landsframleiðsla eitthvað rúmir 450 milljarðar, en það er ónotað tap í íslensku fyrirtækjaumhverfi upp á 80 milljarða. Öll meðhöndlun á þessu mikla tapi er vitaskuld stórmál. Tölurnar eru það stórar að það þarf að velta fyrir sér nákvæmlega hvaða áhrif breytingar á þessum lið hafa.

Það kom í ljós eftir þeim gögnum sem minni hlutinn gat knúið fram varðandi þennan þátt, að ef ekki hefði verið gerð nein lagabreyting, hefðu klippst af þessum 80 milljörðum um það bil 30 milljarðar. Það klippist aftan af þessu árlega. Nú kemur hins vegar tillaga stjórnarinnar, sem er ekki breytt í meðförum nefndarinnar, um að lengja þann tíma sem menn mega flytja tap úr fimm árum í átta ár, sem sagt bæta við þremur árum sem menn geta dregið tapið lengur með sér. Mat fjmrn. var að þegar þetta verður að lögum mundu 22–24 milljarðar falla niður um áramót í stað 30. Þessi lagabreyting þýðir að íslensk fyrirtæki geta flutt með sér 6–8 milljörðum meira í tapi um næstu áramót, heldur en núgildandi lög gera ráð fyrir. Ef þessar taptölur væru allar raunverulegar og þetta þýddi lækkun skatta íslenskra fyrirtækja, kannski ekki á næsta ári heldur á þar næsta ári, þetta færist á milli, þá væri hér verið að tala um skattalækkun fyrirtækja upp á 2–2,5 milljarða, ef maður tæki einfaldlega skattprósentuna af þessari tölu. Fjmrn. mat þetta ekki svona. Fjmrn. mat að hér gæti verið um að ræða skattalækkun hjá fyrirtækjum upp á 300–500 millj. kr. Ég skildi það svo að það væru skammtímaáhrif af þessu. Það er mjög erfitt að leggja mat á þetta og ég ætla ekki hér, herra forseti, í þessum ræðustól, að halda því fram að þetta sé skattalækkun fyrirtækja upp á 2–2,5 milljarða. Ég get ekki fullyrt það. Ég get hins vegar sagt að álit fjmrn. upp á 300–500 millj. finnst mér vera mjög varlegt. Við erum því að tala um umtalsverða skattalækkun hjá fyrirtækjum á næsta og næstu árum miðað við núgildandi lög. Vitaskuld er hægt að færa rök fyrir því. Það voru erfið ár. Menn þurfa lengri tíma til að ná sér upp úr niðursveiflunni og við eigum ekki að íþyngja fyrirtækjum um of sem eru að rétta úr kútnum. Menn tilgreina sjávarútvegsfyrirtæki sérstaklega sem gengu inn í erfiðan tíma fyrir nokkrum árum. Allt má það vera rétt í þessari umræðu og ég ætla ekki að útiloka að skynsamlegt geti verið að lengja svigrúm á tapi í fyrirtækjum. Við höfum fjölmörg dæmi um það, það er gert víða. Það eru fimm ár hér. Það eru fimm ár í Frakklandi og í Danmörku alveg eins og hjá okkur. Þetta eru 10 ár í Noregi, þetta er ótakmarkað hjá sumum þjóðum, Bretlandi, Þýskalandi og Svíþjóð. Þannig eru mismunandi skattareglur um yfirfærslu í einstökum löndum. Það hefur að vísu enginn fundið upp átta árin sem íslenska ríkisstjórnin vill lögfesta þannig að ég veit ekki hvernig sú tala var fundin því að það hafa engin ríki sem mér er kunnugt um dottið niður á þá tölu.

Burt séð frá því hefði minni hlutinn verið reiðubúinn að skoða breytingar á tekjuskattsumhverfi íslenskra fyrirtækja, því að vitaskuld er það alvarleg staðreynd að íslensk fyrirtæki greiða ekki mikinn tekjuskatt til samfélagsins. Það eru um það bil 4,8 milljarðar sem gert er ráð fyrir á næsta ári og það er ekki mjög mikið miðað við 125 milljarða kr. veltu ríkissjóðs. Þetta segir okkur að annaðhvort er afkoma íslenskra fyrirtækja svona slök, því að þetta er tiltölulega lítið miðað við það sem gengur og gerist sem skattlagning til hins opinbera ef maður miðar við nágrannalöndin, eða að skattareglur hér eru svona hagkvæmar fyrirtækjum miðað við það sem gengur og gerist erlendis.

Nú er því til að svara að skattareglur hér landi eru nokkuð hagkvæmar miðað við fyrirtækjaumhverfi erlendis. Meginvandinn er e.t.v. lítil arðsemi íslenskra fyrirtækja sem er vitaskuld áhyggjuefni en það á aldrei að hugsa út frá fyrirtækjaumhverfinu þannig að þar sé alltaf hægt að bæta við skattlagningu. Ég lít ekki á það sem hlutverk löggjafarvaldsins að elta aðila uppi á þeim vettvangi heldur miklu frekar að reyna að búa til sanngjarna og eðlilega umgjörð um tekjustofna hins opinbera. En á það var ekki fallist vegna þess að þetta mál var einfaldlega tekið í tengslum við afgreiðslu fjárlaga af hálfu meiri hluta nefndarinnar þannig að ekki var hægt að útfæra nánari skoðun á þessum þætti. Það verður að bíða seinni tíma. Það sem okkur finnst vera umhugsunarefni er að breytingar skuli vera gerðar með svona skömmum fyrirvara. Að fara úr fimm árum í átta ár nokkrum mánuðum fyrir raunverulega gildistöku. Þetta eru mjög stórar tölur sem eru að falla niður í tapi fyrirtækja og hafa fjölmörg fyrirtæki hér á landi verið að gera ýmsar vafasamar ráðstafanir, skattalegar ráðstafanir, á þessu ári einmitt til að reyna að firra sig því að missa niður tap og framkvæma því aðgerðir sem lækka tekjuskatt þeirra fyrirtækja. Það er vitaskuld óþægilegt þegar við höfum á tilfinningunni, og þetta þekkja allir sem hafa komið að viðskiptalífinu, að verið sé að reyna að nýta allar þær smugur, og fyrirtæki eru jafnvel á gráu svæði á því sviði til að reyna að komast hjá tekjuskattsgreiðslu.

Það má minna á einn þátt, og er gert í nál. minni hlutans, sem hefur oft vakið deilur hér á landi. Það eru viðskipti með töp á milli fyrirtækja. Nokkuð rúmar heimildir voru fyrir slíkum viðskiptum á árum áður þar sem verslað var milli óskyldra aðila í óskyldum atvinnurekstri með töp sem miðuðu öll að því að lækka tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja. Vitaskuld er eitt aðalmálið að við viljum að íslensk fyrirtæki hafi góðar tekjur en við viljum líka að greitt sé sanngjarnt af þeim til samfélagsins eins og gert er víðast annars staðar.

Annað atriði, það síðasta af meginatriðunum í frv., sem ég vil gera að umtalsefni, er að í 5. gr. frv. eru afskriftir rýmkaðar nokkuð og ekki er gerð breyting á því í brtt. meiri hlutans. Minni hlutinn er í sjálfu sér ekki á móti því að sveigjanleiki í uppgjörum sé aukinn. Hins vegar bendum við

á og gerðum það í nefndarstarfinu við meiri hlutann og ýmsa umsagnaraðila og gerum grein fyrir í nál. ákveðnum áhyggjum af því að hægt er að senda mjög misvísandi upplýsingar frá einstökum fyrirtækjum samkvæmt gildandi lögum. Öll sveigja í uppgjörum fyrirtækja, t.d. á sviði afskriftareglna, getur leitt til þess að menn geri upp á mismunandi hátt, afskrifi annaðhvort hratt eða hægt og þá getur komið allt önnur niðurstaða út úr rekstri fyrirtækisins. Hagnaður getur með því verið hækkaður eða lækkaður í hinu bókhaldslega uppgjöri fyrirtækisins sem það síðan kynnir t.d. á verðbréfamarkaði. Fyrirtæki á Íslandi eru mörg skráð bæði á verðbréfamarkaði og á opna tilboðsmarkaðnum, þ.e. hér hefur orðið virkur hlutabréfamarkaður hin síðari ár og er það vel. Hins vegar er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að hægt er að senda misvísandi skilaboð inn á slíkan markað. Hagnaðartölur ráðast af því hve mikið menn nýta þennan sveigjanleika þannig að samanburður milli fyrirtækja verður mjög erfiður. Einstaklingar sem kaupa hlutabréf á þessum markaði eru í langfæstum tilfellum færir um og/eða hafa aðstöðu til að greina raunverulega þær stærðir sem þarna eru á bak við. Allur samanburður milli fyrirtækja getur því orðið mjög erfiður. Það getur hins vegar aftur leitt til þess að sum fyrirtæki eiga hægara með t.d. að sækja sér nýtt hlutafé, gengi þeirra getur hækkað eða lækkað eftir því hvaða útfærslu þau kjósa á sínum uppgjörsaðferðum.

Það kom fram þegar við ræddum þetta við umsagnaraðila að Verðbréfaþing Íslands er einmitt að hugleiða hvernig hægt sé að tryggja samræmdar upplýsingar handa viðskiptaaðilum á íslenskum hlutabréfamarkaði. Ég fagna því að menn virðast vera í baklandi viðskipta með hlutabréf farnir að hugsa um þennan þátt sem minni hluti efh.- og viðskn. leggur mikla áherslu á, þ.e. að upplýsingagjöf á svona viðkvæmum markaði, eins og hlutabréfamarkaður er, sé eins gegnsæ og hægt er. Það má minnast þess að síðustu daga hafa menn einmitt verið að ræða innherjaviðskipti og tengsl á hlutabréfamarkaði og þó að það snerti ekkert þetta frv., þá sýnir það samt að þessi mál eru mjög viðkvæm í okkar litla þjóðfélagi. Við hefðum því kosið að þetta mál hefði ekki verið afgreitt nema menn hefðu sett skýrari reglur um þennan þátt og sett hann í betri farveg. En eðli málsins samkvæmt er málið er liður í fjárlagastefnu ríkisstjórnarinnar og ekki var hægt að verða við því að þessi þáttur málsins yrði unninn betur.

Ég tek brtt. saman með því að gera grein fyrir meginafstöðu okkar í frv. til að flýta fyrir í umræðunni. Í frv. er gert ráð fyrir að réttarstöðu fólks í staðfestri samvist sé fylgt eftir með löggjöf sem við stóðum að í vor og er það vel. Það hefur verið gerð smávægileg brtt. hjá meiri hlutanum um þann þátt þ.e. að styrkja hana enn frekar og minni hlutinn styður þá hugmynd sem þar er lögð til grundvallar. Einnig er tilgangur 3. brtt. meiri hlutans að skýra nánar að ríkisskattstjóri getur heimilað lögaðilum að skila skýrslu í tölvutæku formi. Þetta er tæknileg breyting sem horfir til bóta og minni hlutinn gerir ekki athugasemd við.

Ástæða er til að vekja athygli á því að í brtt. meiri hlutans var kippt til baka hugmyndum um að breyta málsferli varðandi skattamál, þ.e. gagnvart skattanefnd, endurálagningu, kærufrestum og öðru slíku. Hugmyndir voru uppi um að breyta þeim þáttum og rökstuðningurinn var upphaflega í frv. sá að þetta mundi horfa til bóta. Ekki var annað að sjá á þeirri umræðu sem átti sér stað í nefndinni, sérstaklega við fjármálaráðuneytismenn sem þurfa að vinna með þessu, en að snert væri á máli sem hægt væri að útfæra í því formi sem lagt var til í frv. Það komu hins vegar athugasemdir frá ýmsum aðilum, fyrst og fremst tengdum vinnuveitendahlið vinnumarkaðarins og svar meiri hlutans var að kippa þessum þáttum til baka og endurmeta þá síðar í öðru formi. Það er hins vegar alltaf vandmeðfarið hvernig þessari málsmeðferð, frestum og öðru slíku, er hagað en í fljótu bragði fannst mér það upplegg sem var upphaflega í frv. tryggja vissa sanngirni í þeim málum en ríkisstjórnin kaus að falla frá því.

Eitt er hins vegar athyglisvert sem kom fram í frv. og er fyrirhugað af hálfu ríkisstjórnarinnar, þó að það sé ekki í frv., þá er talað um fella eigi niður skatta af arðgreiðslum. Nú er þetta nokkuð stórt mál vegna þess að arðgreiðslur voru fyrir ári síðan skattlagðar með 42%. Síðan kom hinn frægi fjármagnstekjuskattur og þá var þessi skattur á arð færður niður í 10%. Nú á að gera betur og fara með þennan skatt ofan í núll. Það er boðað í þessu frv. Að vísu á þá líka að hætta að hafa tekjuskattinn frádráttarbæran hjá fyrirtækjum sem þekkist reyndar hvergi að menn geti dregið frá útborgaðan arð hjá fyrirtækjum og þannig myndað yfirfæranlegt tap. Menn sjá því vel á þessu stefnumiði ríkisstjórnarflokkanna, sem kom fram í frv. og var rætt aðeins í nefndinni hverra hagsmuni þessi meiri hluti er að verja.

Okkur finnst athyglisvert og við leggjum upp með það að gera grein fyrir að í okkar þjóðfélagi er verið að takast á um skattastefnu Vinnuveitendasambandsins, sem ríkisstjórnin fylgir vel eftir og að ekki er tekið tillit til skattahugmynda sem t.d. launþegasamtökin eða hinn pólitíski minni hluti hefur uppi. Okkur finnst samt athyglisvert að velta því fyrir okkur að Vinnuveitendasambandið, — ég hef svo sem ekkert á móti Vinnuveitendasambandinu, ég þekki það alveg ágætlega og skattastefnu þess, eins og ég nefndi áðan og hefur verið sett mjög skýrt fram, — að sá félagsskapur sem fer með allt vald atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði einkennist fyrst og fremst af hagsmunum stórfyrirtækjanna sem margir hverjir eru á fákeppnismarkaði. Okkur finnst það umhugsunarefni að í þessum skattabreytingum, er ekkert, — ekki í neinu af þessum frumvörpum — tekið á sérstökum hagsmunamálum smærri fyrirtækja. Það er hvergi gert ráð fyrir einhverri ívilnun til nýsköpunar og þróunar, eflingar rannsókna, stuðning við smærri fyrirtækja sem gæti bætt umhverfi þeirra. Við höfum í stjórnarandstöðunni oft flutt mál og gert að umtalsefni einmitt þá sóknarmöguleika sem eru fólgnir í smærri fyrirtækjum. Ég vil nefna það til upplýsingar að mesta sókn er í smærri fyrirtækjum í Bandaríkjunum sem stýrð eru af konum. Það er mjög merkileg þróun sem hefur verið að eiga sér stað einmitt á því sviði. Hvar erum við að búa til umgjörð og örva þennan kraft sem vitaskuld býr líka í íslensku þjóðfélagi? (Gripið fram í.) Við erum hvergi að gera það í skattalögunum, eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa verið að gera. Ef eitthvað er þá erum við frekar að fara í öfuga átt með þeim breytingum sem var verið að gera á öðru frv. sem við höfum rætt bæði í efh.- og viðskn. og á hinu háa Alþingi. Allt yfirbragð þessarar skattastefnu, þó maður geti sagt að það taki mið af fyrirtækjunum, þá tekur það ekki mið af smærri fyrirtækjum, ekki af litlu fyrirtækjunum og ekki af sóknarfyrirtækjunum sem eiga eftir að skapa hagvöxt og eru alls staðar í kringum okkur að standa undir hagvexti í nágrannalöndunum. Nei, það er fákeppnin, það eru stóru aðilarnir, það eru fákeppnisaðilarnir, það eru aðilarnir sem stjórna VSÍ, hagsmunir þeirra hvort sem það er í skattalögunum, hlutafjárútfærslunni, fjármagnstekjuskattinum sem ráða. Það eru alls staðar þessir hagsmunir sem ganga eins og rauð-

ur þráður í gegnum stefnu þessarar ríkisstjórnar. (**SJS:** Hvar er ríkisstjórnin?) Ríkisstjórnin, herra forseti, er náttúrlega horfin og við í stjórnarandstöðunni orðnir alveg uppgefnir að vera að kalla eftir því að ráðherrar séu viðstaddir alvarlega umræðu. Þeir eru að sýna þinginu lítilsvirðingu með þessum vinnubrögðum en við ráðum því ekki. Þeir kjósa að haga sinni framkomu á þann hátt og ef forseti gerir ekki athugasemd við það mál þá er ég eiginlega búinn að gefast upp á því að kalla til ráðherra í alvarlegri umræðu.

Ég tel hins vegar ástæðu til að draga örstutt fram það sem í nefndaráliti okkar minni hlutans er reyndar gerð betri grein fyrir og það er að bera saman þetta sem við erum að fjalla um, þ.e. fyrirtækjaumhverfið og það sem viðkemur einstaklingum í landinu. Nú liggur fyrir skýrsla Þjóðhagsstofnunar um tekju- og eignadreifingu þar sem ýmsir athyglisverðir þættir koma fram og við höfum áður bent á hér í umræðum. Það kemur nefnilega skýrt fram að hin síðari ár hefur tekjumunur verið að aukast, tekjumunur í þjóðfélaginu er að verða meiri, skuldirnar eru að aukast og fátækir hafa orðið fátækari. Það er margt sem bendir til þess að þeir sem betur voru staddir fyrir tíu árum séu enn betur staddir. Tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins eru minni en áður. Að vísu er launamunur hér á landi mjög lítill miðað við nágrannalönd og það þekkjast varla dæmi um lönd, ég þekki þau ekki, þar sem er minni launamunur heldur en hér. En það er alveg sama. Það sem má lesa út úr þessari skýrslu sýnir ákveðna þróun í okkar samfélagi og vitaskuld er ástæða að velta því upp við umræðu um þennan þátt hvort hér sé um æskilega þróun að ræða eða ekki.

Aðalatriðið í nefndaráliti meiri hlutans varðar 2. brtt. Þar er dálítið sérstakt á ferðinni vegna þess að þar er lagt til að sambærileg ákvæði gildi ef hlutafélagi er skipt og því slitið. Nú botnar kannski enginn af hv. þm. í því hvað ég er að fara. Þetta er ákveðið hátæknilegt atriði í sambandi við hlutafélög, þ.e. hvernig með ákvæði um slit þeirra skuli fara og tengingu við önnur lög. Það er í sjálfu sér hægt að finna rökstuðning fyrir því að hér hafi hlutir verið að breytast, m.a. í tengslum við EES-samninginn og þessu öllu þurfi að finna útfærslu í skattalögum. Ekki erum við á móti því í minni hlutanum. En kom þetta upp núna? Hvernig bar þetta að? Þetta er nefnilega alveg nýtt ákvæði í skattalögunum. Þetta bar ekki þannig að að nefndin hafi rætt þessi mál og komist að því að það vantar ákvæði um þennan þátt. Ráðherra kom ekki með nein skilaboð við 1. umr. um að hér væri sérstakt efni sem þurfi að taka afstöðu til. Færustu embættismenn fjmrn. sem sátu með okkur á öllum fundunum sögðu aldrei: „Hér er hlutur sem við hefðum gjarnan viljað hafa í þessu frv. en ekki vannst tími til. Er ekki hægt að fella þennan þátt inn í?" Við erum ekki að tala um einhverja breytingu á þáttum sem eru í þessu frv. sem við erum að ræða, heldur erum við raunverulega að ræða nýja útfærslu í skattalögum á þessu sviði.

Nei, þetta bar ekki þannig að. Enginn kom með þetta. Við sendum hins vegar alltaf út okkar frumvörp til umsagnar. Í einni umsögn kom fram ábending um að æskilegt væri að finna þessum efnisatriðum form í löggjöf um tekju- og eignarskatt og gerð tillaga að lagabreytingu. Þetta var í umsögn frá Verslunarráðinu. Nú ætla ég ekkert að mótmæla því að lagabreytingin, tillagan og hugmyndin sé eitthvað verri af því að hún kemur frá Verslunarráðinu, síður en svo. Verslunarráðið má eiga það, þrátt fyrir tengsl hv. formanns efh.- og viðskn. við þá stofnun, að álitsgerðir og umsagnir sem koma frá Verslunarráði — sem hann vitaskuld hefur engin áhrif á, þær gera starfsmenn sem vinna þar — eru yfirleitt mjög vandaðar og góðar. Maður þarf ekkert að vera sammála þeim, ekkert frekar en menn vilja en þetta eru vel unnin verk. Þessi tillaga og hugmynd og annað slíkt voru allt í lagi og ekkert er út á vinnubrögðin að setja. En ég er að setja út á að við skulum á hinu háa Alþingi samþykkja að taka nýjan efnisþátt inn í lög eða við 2. umr. sem hefur ekki verið ræddur á neinu stigi málsins, hvorki innan stjórnmálaflokkanna né þingflokkanna, í ríkisstjórn eða annars staðar, grípa upp þessa ábendingu, sem þarf ekkert að vera slæm, ég er ekkert að leggja mat á efnisþættina, í stað þess að taka þennan efnisþátt út úr, flytja um hann sérstakt frv. sem fengi sína eðlilegu meðferð í þinginu. Það var ekkert svo brýnt í sambandi við þetta mál að ekki mætti gefa því þá málsmeðferð. Hv. formaður efh.- og viðskn. lofaði reyndar þegar ég kvartaði yfir þessum vinnubrögðum að þetta yrði skoðað og reynt yrði að kalla einhverja aðila til milli 2. og 3. umr. Menn ná oft í samkomulagi í þinginu og ekki ætla ég að gera lítið úr vilja formanns nefndarinnar til að gefa þessu þann gaum sem þarf að vera fyrir hendi.

Ég vil hins vegar gagnrýna í þessu að við skulum hér á hinu háa Alþingi viðhafa slík vinnubrögð þegar hægt hefði verið að taka þetta mál út úr. Ef það var brýnt, þá hefðum við í stjórnarandstöðunni liðkað fyrir um framgang þess máls. Við höfum gert það á fjölmörgum sviðum alveg eins og formaður og meiri hluti hv. efh.- og viðskn. veit ósköp vel. Mér finnast ekki góð vinnubrögð að um leið og einhverjar óskir koma frá tilteknum aðilum í þjóðfélaginu, þá sé þeim umsvifalaust rennt í gegn í lagaformi í stað þess að þær fái þá eðlilegu meðhöndlun að vera sent til umsagna sem hefði þurft að vera því að málið og allt sem viðkemur skattamálum er mjög flókið. Það eru engin einföld atriði í skattalögum þannig að ég hefði kosið að þessu hefði verið gefinn meiri gaumur heldur en raun ber vitni.

Herra forseti. Ég nefndi áður að að álitinu standa auk mín Steingrímur J. Sigfússon og Ásta B. Þorsteinsdóttir auk þess sem Kristín Ástgeirsdóttir sem sat fundi nefndarinnar er samþykk þessu áliti. Við lítum svo á að þetta frv. og mörg önnur, þetta frv. og breytingartillögur, lýsi efnahags- og skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Við erum ósammála þessari stefnu ríkisstjórnarinnar. Það hefur komið fram. Við höfum kosið að gera ítarlega grein fyrir tilteknum meginþáttum í þessu máli.

(**Forseti** (RA)**:** Ég vil vekja athygli hv. ræðumanns á því að við þurfum að fresta þessum fundi ekki seinna en eftir eina mínútu þannig að æskilegt væri að annaðhvort fyndi hann góðan stað til þess að gera hlé á ræðu sinni fljótlega ellegar hann lyki máli sínu. En við frestum fundinum eftir eina mínútu.)

Herra forseti. Ég hef sennilega fundið þetta á mér. Ég var einmitt að koma að lokum minnar ræðu þannig að mér dugir þessi eina mínúta.

Við erum ósammála meginatriðum í stefnu þessarar ríkisstjórnar. Við erum þeirrar skoðunar að það sé mun brýnna að skoða skattamál einstaklinga en skattamál fyrirtækja. Við hefðum kosið að unnið hefði verið að því að festa í lög ýmsa þætti sem snúa að skattamálum einstaklinga í stað þess að halda áfram á þeirri braut, sem við sáum vel í fyrra, að enn og aftur er verið að tryggja ívilnandi ákvæði fyrir fyrirtæki ríkisstjórnarflokkanna. Við erum ósammála þessari stefnu þó svo einstök atriði í málinu séu okkur að meinalausu. Örfá

styðjum við, en meginþættir þessa máls er ekki í anda okkar sjónarmiða.

[Fundarhlé. — 15:54]

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Endurskoðendur, 214. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 261.

Fjöleignarhús, 174. mál, nál. félmn., þskj. 257.

Íslenski refastofninn, 211. mál, fsp. GMS, þskj. 258.

Rannsóknir á náttúrufræðikennslu í grunnskólum, 212. mál, fsp. SvanJ, þskj. 259.

[18:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það var vakin athygli á því í dag að bekkur ríkisstjórnarinnar væri nokkuð þunnskipaður. Mér sýnist enn vera svo. Mér finnst tæpast annað við hæfi en a.m.k. hæstv. fjmrh. sé fenginn hingað á fundarstað. Ég beini þeim vinsamlegu tilmælum til hæstv. forseta að hann geri hæstv. fjmrh. aðvart að umræðan fari fram að honum fjarstöddum. Það hlýtur að vera gáleysi hjá hæstv. ráðherra en ekki neitt annað sem veldur.

(**Forseti** (GÁ): Forseti verður því miður að upplýsa að hæstv. ráðherra er veikur í dag. Hins vegar skal forseti verða við því að hnippa í ráðherra sem munu vera á þingflokksfundum og segja þeim að umræðan sé hafin.)

Herra forseti. Mér var ekki ljóst að þessi umræða færi fram við þær aðstæður að hæstv. fjmrh. væri óvígur og ekki til staðar þannig að það eru nýjar upplýsingar. Ég ætla svo sem ekki að tjá mig um það frekar hvort við hæfi sé að umræðan fari þá fram en lágmark finnst mér nú að viðstaddur sé einhver fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar þannig að umræðan fari ekki fram í því tómarúmi að enginn sé til staðar til svara af hálfu hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að hér er mættur hv. formaður efh.- og viðskn.)

Já, mér er það ljóst, herra forseti, og veit að það munar um minna. En engu að síður er það svo að venja er að ekki fari fram umræður um meiri háttar stjórnarfrumvörp án þess að einhver ráðherra sé viðstaddur. En auðvitað legg ég þetta í vald forseta eins og allt annað og veit að ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að aðvara ráðherra um að umræðan sé hafin.)

Þá hef ég trú á því að úr þessu rætist fljótt, herra forseti.

Um frv. er það að segja, herra forseti, að það telst kannski ekki til stærstu tíðindanna í skattamálum hæstv. ríkisstjórnar, en þó er það auðvitað hluti af þeirri stefnu, ef stefnu skyldi kalla, sem hæstv. ríkisstjórn er smátt og smátt að móta í skattamálum á ferli sínum. Við fengum smjörþefinn af ýmsu á síðasta þingi sem lýtur að skattamálum og áfram er haldið meira og minna á sömu braut á þessum vetri samanber þau frv. sem fyrir liggja um skattamál og önnur, hverra koma er boðuð, m.a. í grg. með þessu frv. Það verður að segja eins og er að allt er þetta heldur dapurlegt miðað við góð orð og fögur fyrirheit, til að mynda annars stjórnarflokksins, Framsfl., sem ætlaði hvers manns vanda að leysa þegar hann kæmist til valda samanber loforðin fyrir síðustu kosningar. Það var ekki síst í skattamálum og hvað varðaði afkomu fjölskyldnanna og fólksins í fyrirrúmi sem þá átti að róa fyrir.

Hér koma svo frumvörpin hvert á fætur öðru. Eins og ágætlega var gerð grein fyrir í framsögu ræðumanns minni hluta, hv. 11. þm. Reykn., Ágústs Einarssonar, er þetta frv. meira og minna allt á aðra hliðina. Að því leyti sem það er til ívilnunar eða hagsbóta fyrir einhvern þá er það undantekningarlaust á fyrirtækjahliðina eða þeirra sem stóreignirnar eiga í landinu, en það litla sem að almenningi snýr er í formi skerðingar á frádráttarheimildum sem hann hefur haft. Þannig snýr það nú og eftir stendur að þessi ríkisstjórn, báðir stjórnarflokkarnir, hafa haft uppi stór orð um að þeir hygðust taka á ýmsu óréttlæti í skattamálum sem mönnum er orðið ljóst og snýr að almenningi, t.d. eins og hinum illræmdu jaðaráhrifum í skattkerfinu og sérstaklega beinast að barnafólki og húsbyggjendum, námsmönnum og öðrum slíkum. En það örlar ekki á neinu af því tagi nema verið er að íþyngja almenningi með breytingum sem víðs vegar eru rökstuddar með því að síðan eigi að nota þá fjármuni til að taka eitthvað af jaðarskattavandanum en það örlar hvergi á efndum á þeirri hlið, hvergi. Það virðist svo að skattapakki ríkisstjórnarinnar fari í gegnum þingið í vetur fyrir áramótin, því að eins og menn þekkja þarf að afgreiða þau mál áður en skattárið hefst, án þess að nokkur skapaður hlutur verði gerður á þessu þingi í þeim efnum. Í fyrra var þó til málamynda örlítið dregið úr tekjutengdri skerðingu barnabótaauka fjölskyldna með fleiri en eitt barn, bara lítillega þannig að það mældist. Það var ekki mikið meira en það. Það var þó lítillega í þá átt en hér er ekki neitt á dagskrá og menn skjóta sér á bak við nefnd sem sé að möndla með þetta úti í bæ og það virðist eiga að drepa tímann meira og minna út þetta kjörtímabil.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, herra forseti, að ef við missum þetta skattár fram hjá okkur sem í hönd fer, þá verður kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar, sem guð forði okkur frá að sitji nema eitt kjörtímabil, hálfnað þannig að það fer að verða kort um tímann til efndanna á þessum stóru loforðum, að maður tali nú ekki um hinum miklu kosningaloforðum Framsfl. sem er týndur eins og kunnugt er um þessar mundir, herra forseti, og hefur ekki komið fram þrátt fyrir ítrekaðar eftirgrennslanir og auglýsingar í dálkunum Tapað/fundið og annars staðar þar sem venjan er að leita að týndum munum.

Um efni þessa frv. get ég í sjálfu sér haft styttri ræðu vegna ágætrar framsöguræðu fyrir áliti minni hlutans sem var flutt áðan. Ég vil þó ræða um nokkra þætti sem málið varðar sérstaklega og staldra fyrst við 2. gr. frv. Þar er nokkuð sérkennilegt möndl á ferðinni þar sem ákveðið er skyndilega að um útreikninga á svonefndri verðbreytingafærslu verði horfið frá að nota byggingarvísitölu og farið yfir í neysluverðsvísitölu. Það er því verið að leggja hana til grundvallar verðuppreikningum í bókhaldi fyrirtækjanna og má spyrja ýmissa spurninga í því sambandi.

Nú er ekki endilega þar með sagt að byggingarvísitalan sem slík sé heilög og hún eigi að vera einhver viðmiðun eða grundvöllur í skattkerfinu. Það kæmi mjög til greina að til væri einhver skattvísitala eða verðuppfærsluvísitala sem væri sérstaklega færð í því skyni en það hefur heldur verið á þá leiðina að menn væru að banna slíka hluti. Ég man ekki betur en hér væru sérstaklega sett lög um það í fyrra að banna skattvísitöluna, sem einhvern tímann var til og notuð. Hér liggur auðvitað, eins og víðar, fiskur undir steini og ástæðan er ósköp einföld. Það er verið að hlífa fyrirtækjunum við þeirri hækkun á byggingarvísitölu sem orðið hefur að undanförnu. Það er ekkert annað verið að gera. Og í staðinn fyrir að þessi uppfærsla yrði upp á 6%, sem nemur hækkun byggingarvísitölunnar, þá verður hún 2%. Þetta er eins gersamlega tært og nokkuð getur verið. Þeir geta að því er virðist eftir pöntunum frá fyrirtækjahliðinni eða hið háa

Vinnuveitendasamband eða að hið háa æruverðuga Verslunarráð mætir á sviðið og pantar eitt stykki breytingu af þessu tagi, þá koma þær umsvifalaust fram í brtt. meiri hlutans ef ekki í frumvarpsformi frá ríkisstjórn. Herra forseti. Ég vildi að þetta væri svona þægilegt fyrir ýmsa aðra í þjóðfélaginu. Ég minni t.d. á að verkalýðshreyfingin hefur barist fyrir því ár eftir ár að fá persónufrádráttinn uppfærðan um áramót eins og var. Þó að ekki sé mikil breyting sem í því felst í lítilli verðbólgu munar samt um það. Það er alveg morgunljóst að með þeirri aðferð sem tekin var upp, að vísu í tíð fyrri ríkisstjórnar en haldið er hér, að hætta að uppfæra persónufrádráttinn um árabót eru skattleysismörkin tekin niður frá því sem ella væri. Það er ljóst. Þannig verkar það. Og halda menn að verkalýðshreyfingin hafi getað mætt á fund í efh.- og viðskn. eða sent eitt stykki bréf og fengið svona beiðnir umsvifalaust teknar inn í frv.? Nei, aldeilis ekki. Þessu hefur ekki verið ansað jafnsjálfsagt leiðréttingar- eða réttlætismál og þar er á ferðinni þ.e. að persónudrátturinn sé færður upp þannig að hann fylgi verðlagi og rýrni ekki af þeim sökum. Að hann sé ekki reiknaður upp fyrr en á miðju ári við álagningu skatta eða festur í krónutölum án tillits til verðþróunar milli skattára. En því er ekki ansað.

Hér er hins vegar á ferðinni ágætisdæmi um möndl af þessu tagi, möndl í skattkerfinu sem er ákveðnum aðilum til hagsbóta. Og auðvitað er þetta allt of algengt að verið sé að hringla með svona hluti, möndla með þá þegar menn vilja koma fram einhverju pólitísku markmiði af þessu tagi, eins og hér er á ferðinni þ.e. að hlífa fyrirtækjunum við þessari uppfærslu, sem ég skal ekkert um segja að væri ekki alveg jafneðlileg út frá aðstæðum að þarna væru notuð 6% en ekki 2%. Ég hygg að byggingarvísitalan mæli jafnvel frekar ýmsa þætti sem mælast í verðlagi til fyrirtækja en neysluverðsvísitalan. Það má um það deila, held ég, hv. þm., formaður efh.- og viðskn., sem nú tjáir sig hér úti í salnum með því að hrista ákaft höfuðið. Ég tel rétt að það komi fram í þingtíðindum af því að það heyrist ekki þar.

Ég held, herra forseti, að þarna sé eitt dæmið af mörgum og það fyrsta í þessu frv. um möndl af þessu tagi. Það er alveg hárrétt sem bent var á í framsöguræðu fyrir minnihlutaáliti að ef farið er yfir pöntunarlista hagsmunagæslumanna, stóratvinnurekenda og fjármagnseigenda frá undanförnum árum og þeir bornir saman við skattbreytingar í tíð þessarar ríkisstjórnar, þá er það einn og sami hluturinn meira og minna. Það má segja að allt sé látið eftir þeim í stóru sem smáu að mestu leyti. Við erum því enn þá á þeirri braut að verið er að búa til skattaparadís gróðafyrirtækja, ekki endilega þeirra fyrirtækja sem eru að byggja sig upp eða eru að fjárfesta í þekkingu og rannsóknum því það eru engar sérstakar ívilnanir í skattalögum til þeirra. En það eru gróðafyrirtækin sem sérstaklega hafa notið breytinganna undanfarin ár þegar aðstöðugjaldið var fellt niður, þegar skattprósentan á hagnaði fyrirtækja var stórlækkuð þannig að hún er til muna lægri en á launum launamanna og enn eru á ferðinni ýmsar lagfæringar, sem ég kem betur að síðar, lagfæringar í þágu þessara aðila. Það er von að þeir uni hag sínum nokkuð vel um þessar mundir. Á því eru að vísu undantekningar, eins og til að mynda það sem snýr að fiskvinnslunni, í frv. til laga um tryggingagjald og verður það væntanlega rætt síðar, herra forseti.

Í öðru lagi í 3. gr. frv. var ætlun meiri hlutans að fella með öllu brott þann frádrátt á skattgreiðslu manna vegna hlutafjárkaupa sem verið hefur í gildi um nokkurra ára skeið. Má segja að mörg efnisrök séu orðin fyrir því að taka þennan frádrátt burtu og þar kemur til sá vísir að skattlagningu fjármagnstekna sem þó komst á hér sl. vor þó skammt gangi. Þá ætti að breyttu breytanda að verða frekar hvatning fyrir hendi fyrir þá sem laust fé hafa til fjárfestinga að setja það yfir í hlutafé en liggja kannski með það á skattfrjálsum reikningum eins og áður var. En eftir stendur að álit margra sem að þessu komu var að óskynsamlegt væri að standa svona að þessari niðurfellingu og jafnvel beinlínis stórvarasamt vegna þess að í eðli sínu væri um afturvirk ákvæði laga að ræða ef sá frádráttur sem verið hefur í lögum með heimild til að dreifa yfir fimm ár væri afnuminn á einu bretti. Á þetta hefur meiri hlutinn fallist að nokkru leyti og er lögð fram brtt. með nál. um að þrepa þetta niður í áföngum. Ég vil strax lýsa ánægju minni með að sú tillaga er þó flutt. Ég tel mun skárra að ganga þannig frá málinu án þess að það eyði endilega réttaróvissu um hvort menn geti hugsanlega á grundvelli gildandi laga keypt fyrir áramótin, áður en lagabreytingin verður, skammt sem dugir til næstu fimm ára og látið síðan reyna á rétt sinn fyrir dómstólum til að draga hann frá skatti næstu fimm ár. Það er margt sem bendir til þess að staða manna væri sterk með slíkt mál fyrir dómstólum.

Þá kemur í 4. gr. að atriði sem ástæða er til að staldra lítils háttar við. Ég vil reyndar áður en ég hverf frá þessu með hlutafjárkaupin minna á að rökstuðningur akkúrat fyrir þeirri breytingu kemur til með að spara ríkinu umtalsverða fjármuni frá því sem verið hefur undanfarin ár, því það er ljóst að þessi frádráttur vegna hlutafjárkaupa hefur kostað ríkið allmörg hundruð milljóna á undanförnum árum. Menn hafa í sjálfu sér verið að láta ríkið borga þetta fyrir sig að miklu leyti, rúmlega $^1/_3$ eða svo. Þetta hefur auðvitað verkað þannig að tiltölulega mikill fjöldi hefur keypt fyrir lágmarksupphæð til að nýta þennan frádrátt og í sjálfu sér er allt gott um það að segja. Úr því að hann er fyrir hendi er ekkert nema gott um það að segja að fjármagn beinist inn í atvinnulífið til uppbyggingar þar. Auk þess sem hluthöfum hefur fjölgað í mörgum almenningshlutafélögum og margt mætti jákvætt um þá þróun segja. En röksemdir ríkisstjórnarinnar fyrir breytingum á þessum lið eru þær helstar, herra forseti, að afla eigi tekna upp í lækkun jaðarskatta og það á að gera það. Það á að afla teknanna. En útgjöldin eiga ekki að fylgja. Það hefur gleymst. Það er ekkert með í þessum málum sem varðar ráðstöfun þessara tekna í það verkefni að lækka jaðarskattana. Ég vil lýsa eftir því, herra forseti. Þess vegna væri gott að ríkisstjórnin færi nú að birtast. Að vísu sé ég hilla undir hæstv. utanrrh. sem er eins og kunnugt er maður afar vel að sér um skattamál þó að hann sérhæfi sig í öðru um þessar mundir — að maður fengi einhver svör um hvar áform ríkisstjórnarinnar standi um þetta mál. Ætla menn að skjóta sér á bak við þann bjálfadóm, liggur mér við að segja, að einhver nefnd úti í bæ sé að velta þessu fyrir sér ár eftir ár, sömu svör og við fengum í fyrra? Það er ekki mjög frambærilegt. Halda menn að fólkinu þyki það mjög merkilegar skýringar þegar spurt er um efndir í þessum efnum — að nefnd úti í bæ sé að vinna að málinu, eins og í fyrra og hittiðfyrra? Ég sé að hæstv. forseti er brúnaþungur yfir þessu og það er von. Þetta er ekki mjög merkileg frammistaða.

Herra forseti. Það er enginn vandi tæknilega að verja tilteknum fjármunum í það verkefni að lækka jaðarskatta, ekki nokkur vandi. Fyrir þinginu liggur frv. um það mál þar sem lagt er til að þetta verði gert með ákvæði til bráðabirgða sem bætist við tekjuskattslögin og taki a.m.k. til næsta árs á

meðan menn skoða málið betur hvað framtíðarfyrirkomulag snertir. Þetta verði einfaldlega gert með því að forgangsraða hinum tekjutengdu bótaþáttum þannig að þeir séu ekki skertir allir samtímis. Þessa útfærslu hef ég borið undir sérfræðinga í skattamálum víða í kerfinu, bæði í fjmrn. og hjá ríkisskattstjóra og ég hef fengið þau svör að þetta eigi í sjálfu sér ekki að vera neinum sérstökum vandkvæðum bundið hvað framkvæmd snertir. Það er farið að fara í taugarnar á mér, herra forseti, þetta væl um að sumir hlutir séu svo óskaplega tæknilega erfiðir að ekki sé hægt að framkvæma þá. En öðru, sem er kannski mjög flókið og erfitt, er stundum þröngvað í gegnum þingið á nokkrum sólarhringum án nokkurrar skoðunar. Það hef ég oft upplifað, því miður, og þetta eru ekki frambærileg rök. Það er miklu hreinlegra að koma til dyranna eins og menn eru klæddir og segja að því miður sé ekki pólitískur vilji fyrir því, menn telji sig ekki hafa efni á því eða hvað það væri annað sem menn vildu bera fyrir sig. Ég óska eftir því, herra forseti, að einhver talsmaður ríkisstjórnarinnar svari því áður en þessari umræðu lýkur hvar áformin um að lækka jaðarskattana eru á vegi stödd. Ef engin úrlausn verður á þessum málum áskil ég mér allan rétt til að flytja við 3. umr. málsins brtt. þannig að menn standi frammi fyrir því svart á hvítu í umræðunni um þetta megintekjuskattafrv. fyrir árið 1997 hvort pólitískur vilji sé til þess á þingi að gera eitthvað í þessu máli. Það er búið að tala og tala og tala. Málið liggur alveg skýrt fyrir. Það er búið að sýna fram á það með ýmiss konar útreikningum og dæmum hvernig þetta kemur við þúsundir barnafjölskyldna í landinu sem hafa verið að reyna að koma sér upp húsnæði á undanförnum árum. Það hrópar algerlega í himininn að fjölskyldurnar eru í þeirri stöðu í stórum stíl að ekki nema kannski ein króna af hverjum fjórum eða fimm sem aflað er í tekjur á tilteknu launabili verður eftir í umslaginu. Afgangurinn hverfur í þessi jaðaráhrif í skattkerfinu, í tekjuskatt, útsvar, í skerðingu á tekjutengdum barnabótaauka, vaxtabótum, í tekjutengdar afborganir námslána og guð má vita hvað. Staða þessa hóps er því gersamlega óbærileg. Hún er vonlaus. Menn eru fastir í vítahring sem búið er að búa til af kerfinu með misráðnum aðgerðum þar sem eitt hefur lagst ofan á annað.

Tekjutenging getur vel átt rétt á sér sem slík þegar verið er að ráðstafa tilteknum fjármunum til ákveðinna hópa og menn vilja stýra þeim t.d. til tekjulægra barnafólks sérstaklega. Upp að vissu marki getur það verið skynsamleg ráðstöfun en reynslan hefur sýnt okkur annað og það eru menn loksins sem betur fer farnir að viðurkenna. Lengi vel talaði maður fyrir daufum eyrum um þær ógöngur sem við erum komin út í. Ég man eftir því strax snemma á síðasta kjörtímabili þegar ég var að reyna að halda uppi umræðum um þessi mál í sambandi við skattapólitík á þingi eða skrifa um það blaðagreinar, þá fékk það satt best að segja ekki miklar undirtektir en mikil og ánægjuleg breyting hefur orðið þar á síðustu missirin. Menn sjá auðvitað af þeim dæmum sem hafa verið reidd fram hversu óréttlátt þetta ástand er og hættulegt og menn vita að þetta eru þær fjölskyldur sem eru að lenda í mestum erfiðleikunum, eru að lenda í vanskilum með húsnæðislán og ráða ekki við greiðslubyrðina. Þeim mun bjálfalegra er að koma með aumingjalegar afsakanir, fyrst og fremst sér til málsbóta, gagnvart vandamáli af þessu tagi sem allir eru farnir að viðurkenna í raun. Og ekkert er gert. — Hér kemur hv. þm. Pétur Blöndal og ég skora á hann að tjá sig lítillega um þetta mál því ég hef trú á að hv. þm. kunni eitthvað á þetta.

Þá kem ég, herra forseti, að 4. gr. frv. þar sem fjallað er um tapfrádrátt fyrirtækjanna. Hér er nú ein snilldin á ferðinni, þessi tapfrádráttur fyrirtækjanna. Það er sem sagt þannig að mönnum þykir ekki nóg að mega nota þann tapfrádrátt upp á fimm ár sem ætlunin hefur verið að fyrirtækin hafi á eftir sér á hverjum tíma, heldur þurfi nú að breyta þessu og rýmka sérstaklega. Það er auðvitað alveg ljóst að hér er um mjög stóra ákvörðun að ræða vegna þess að þarna eru miklir fjármunir á bak við. Uppsafnað tap fyrirtækjanna er, samkvæmt upplýsingum sem okkur í minni hlutanum í efh.- og viðskn. tókst að toga út, 80 milljarðar kr. eða tæplega það. Af þeim var gert ráð fyrir, hefði fimm ára reglan gilt, að fella niður 30 milljarða nú um næstu áramót, sem þar af leiðandi hefðu ekki orðið fyrirtækjunum nýtanlegir til að draga frá skattskyldum tekjum.

Þá kemur að því að það hefur borist pöntun frá réttum stöðum um að þessu verði kippt í liðinn. Að sjálfsögðu var ákveðið að verða við henni af meiri hluta ríkisstjórnarinnar af því að hún kom frá vinnuveitendum eða Verslunarráðinu þessi pöntun. Það er athyglisvert að sjá rökin sem færð eru fram, að þetta sé svona fullskammt tímabil, þessi fimm ár og sérstaklega í ljósi íslenskra aðstæðna. Auk þess sé það svo að rekstrartap frá erfiðleikaárunum 1988–1990 nýtist ekki lengur að óbreyttum lögum. En þarna er bara hálf sagan sögð, herra forseti. Það er athyglisvert að þetta er orðað svona vegna þess að sleppt er að skýra frá því í greinargerð, að með þessari lengingu eru í raun endurvakin til frádráttar hjá fyrirtækjunum árin áður en tapsyfirfærsluheimildirnar voru þrengdar. Með þessari breytingu sem hér á að leggja til, er endurvakið það sem var við lýði þangað til 1989 eða 1990, ég man ekki alveg um hvor áramótin það breyttist, að fyrirtæki gátu keypt upp tap frá öðrum fyrirtækjum, þess vegna í alveg óskyldum rekstri. Menn gátu verið í sjávarútvegi og keypt sér tap sem vídeóleigur höfðu orðið fyrir einhvers staðar í Breiðholtinu eða guð má vita hvað. Og fræg eru auðvitað dæmin af því þegar hið glæsilega gjaldþrot Nútímans, hét hann það ekki, herra forseti, Nýi Tíminn, NT, sem *fór myndarlega á hausinn með mig minnir eitthvað* um 80 millj. gjaldþroti einmitt á þessum árum, var keypt af ónefndu gróðafyrirtæki hér í bænum rétt fyrir áramótin áður en þetta breyttist.

Með þessari breytingu er opnað aftur fyrir það að þau fyrirtæki sem eiga gamalt tap vegna starfsemi í alls óskyldum atvinnurekstri geta nýtt það. Var það sérstaklega það sem vakti fyrir mönnum, að halda þessu opnu? (**VE:** Nei, það er verið að hjálpa þessum litlu fyrirtækjum sem er verið að setja af stað.) Já, það er verið að gera það já. Er það Vífilfell hf. og slík fyrirtæki? Mig minnir að ýmsir hafi verið býsna athafnasamir við þessi tapkaup þarna fyrir áramótin áður en þetta breyttist. Ætli það hafi verið litlu fyrirtækin sem voru stofnuð nokkrum árum seinna? Ég held ekki, hv. þm. Þau voru ekki mætt á sviðið til að kaupa þá. Og ég er ekkert viss um að það sé gáfulegasta ráðstöfunin til þess að hvetja til nýsköpunar í atvinnulífinu að lokka menn út í slíkt með því að segja: Svo megið þið tapa alveg eins og þið mögulega getið fyrstu árin því þið getið notað það seinna. Er nú ekki heldur betra að segja við menn: Þið skuluð svo reyna að græða og við munum þá frekar taka á málinu frá þeirri hlið.

Ég held að þetta sé mjög sérkennilegt mál, herra forseti. Þarna er ríkisstjórnin allt í einu að leggja til að bakka aftur í fortíðina og opna fyrir að gróðafyrirtæki nútímans

geti lækkað skattgreiðslur sínar vegna þess að þau höfðu einhvern tíma fyrr á öldinni keypt sér eitthvert tap. Þetta er sullumbull í skattamálum sem á ekki að sjást. Eða er þetta kannski nútímavæðing à la ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, 2. ráðuneyti, sem menn eru þá stoltir af, því að menn taka sér stundum það orð í munn að menn séu að nútímavæða hlutina eins og hæstv. menntmrh. gerði í dag? Það er þá sennilega nútímavæðing að mega nota tapið af NT og Álafossi.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að þetta er meinsemd í skattkerfinu í dag. Hún veldur því að fyrirtækin sem hagnast vel skila alls ekki sínum hlut af skatttekjunum í dag og nærtækasta sönnunin er skattskil fyrirtækjanna á líðandi ári. Ég man ekki betur en samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar eða endurskoðun á tekjuhlið ríkissjóðs fyrir þetta ár hafi það komið fram í sumar eða haust, að tekjuskattsgreiðslur fyrirtækjanna verða minni en menn ætluðu. Í besta falli standa þær í stað í góðærinu miðju, á sama tíma og tekjuskattur einstaklinganna verður langt umfram áætlun, af því að það hefur vissulega orðið ákveðið skrið og meiri hagvöxtur en spár gerðu ráð fyrir. Það hefur ekki síst komið fram í miklum gróða fyrirtækjanna sem hafa verið að skila ársreikningum fyrir síðasta ár og milliuppgjöri og átta mánaða uppgjöri á þessu ári með verulegum hagnaði sum hver. Þau fyrirtæki skipta núna nokkrum tugum sem eru að gera upp með hagnaði mældum í hundruð millj. kr. og alveg upp undir milljarði kr. þau stærstu. T.d. óskabörn þjóðarinnar sem skiluðu glæsilegri útkomu á síðasta ári og samkvæmt fréttum horfir allvel með á þessu ári ef ég man rétt. Nokkur stærstu sjávarútvegsfyrirtækin eru að hagnast myndarlega og ég sé ekkert að því, þegar svo er komið, að þau leggi þá sitt til samneyslunnar. Ástæðan fyrir því að þau gera það ekki, borga jafnvel minni tekjuskatt á þessu ári en í fyrra, er fyrst og fremst sú að þau eiga í fórum sínum svo ríflega gamla tapfrádrætti. Er það þá eðlileg ráðstöfun við þær aðstæður sem við erum nú stödd í, menn eru að reyna að loka fjárlögunum og stoppa upp í gatið, að bakka þá aftur í fortíðina og endurvekja sem frádráttarheimildir tap sem sum þessi fyrirtæki keyptu á grundvelli heimskulegra reglna sem í gildi voru og heimiluðu þeim að kaupa tap úr alls óskyldum rekstri? Hvers konar skynsemi er það í skattamálum og réttlæti yfir höfuð, herra forseti? Þetta er að mínu mati alveg fráleitt.

Ef menn hefðu viljað lengja þetta tímabil vegna framtíðarinnar, eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gaf í skyn í frammíkalli, þá átti að gera það þannig að halda árinu 1990 sem viðmiðun en bæta þá við einu ári á næstu þremur árum til að lengja tímabilið, þannig að tapi frá og með tímanum sem búið var að ákveða og því sem myndast á næstu árum, yrði hægt að jafna yfir lengra tímabil, ef mönnum er þessi regla svona heilög og mikilvæg. Þetta auðvitað alltaf spurning um hvernig skattamálum eigi að skipa almennt og þarna er eitt af því sem er svo himinhrópandi ólíkt skattalegri meðferð einstaklinganna annars vegar og fyrirtækjanna hins vegar. Ég er ansi hræddur um að margur launamaðurinn mundi þiggja það að mega t.d. færa ónýttan persónuafslátt milli ára, er það ekki? Ég er hræddur um að það gæti komið sér víða vel ef menn verða fyrir skyndilegu tekjufalli, áföllum og óhöppum. Í raun væri það alveg sambærileg aðgerð gagnvart einstaklingunum og lögaðilunum, að þeir gætu dreift áföllum í tekjum sínum eða afkomu sinni yfir eitthvert lengra tímabil, en væru ekki gerðir miskunnarlaust upp á hverju ári eins og launamennirnir eru. Svo maður tali nú ekki um, að þeir gætu yfirleitt dregið tapið sitt frá í sköttum, t.d. taprekstur inn á heimilum sínum ef hann er fyrir hendi. En því er nú ekki aldeilis að heilsa, herra forseti.

Það er mjög merkilegt að ríkisstjórnin skuli vera það óforskömmuð liggur mér við að segja að koma hér með aðgerð sem mun lækka tekjuskatt gróðafyrirtækjanna í landinu eftir allt sem á undan er gengið gagnvart þeim. Eftir lækkun á prósentunni, eftir niðurfellingu aðstöðugjaldsins á sínum tíma um nokkur hundruð millj., sennilega a.m.k. hálfan milljarð, því það er farið mjög vægt í sakirnar þegar verið er að meta þetta af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar. Hún lækkar sem sagt þessa 4–5 milljarða sem fyrirtækin þó eru að borga í tekjuskatt af hreinum hagnaði sínum, á sama tíma og einstaklingarnir eru að borga hátt í 20 milljarða í tekjuskattinn einan. Þarna er satt best að segja um mjög sláandi og lýsandi dæmi að ræða, herra forseti, um það hvar samúð ríkisstjórnarinnar liggur, hvar ríkisstjórnin sér breiðu bökin í þjóðfélaginu annars vegar, hjá hinum almenna launamanni, barnafjölskyldunum og húsbyggjendunum, og hins vegar hverjum hún telur að þurfi alveg sérstaklega að hlífa um þessar mundir. Það verður fróðlegt að fara yfir það þá á næsta ári við skattauppgjörið hvernig þessi breyting hefur til að mynda lækkað tekjuskatt ýmissa einstakra greiðenda, hverjum er verið að gefa gjafirnar hér, hverjir fá mest af þessum hálfa milljarði sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að færa gróðafyrirtækjunum í landinu sem viðbótarjólapremíu, færa þó þeim fyrirtækjum sem yfirleitt eru einhvern tekjuskatt að borga eða gætu lent í því að borga einhvern tekjuskatt.

Svo er það eitt enn, herra forseti, sem er rétt að nefna í þessu sambandi, að ákvæði af þessu tagi hefur þann ókost að menn fara að spila á þessa hluti. Það er auðvitað opinbert leyndarmál að fjöldinn allur af fyrirtækjum hefur verið að spila á þetta ákvæði núna síðustu eitt, tvö árin vegna þessarar fimm ára takmörkunar. Hvernig hana menn gert það? Menn hafa búið sér til mikinn hagnað með ýmsum aðferðum, t.d. eignasölu í fyrirtækinu á meðan tapið væri nýtanlegt. Síðan ætla þeir í fjárfestingar á nýjan leik þegar komið væri út fyrir tímabilið og mynda þá afskriftarstofn og jafnvel færa afkomuna úr fyrirtækjunum úr hagnaði yfir í tap. Þetta sjá menn vel ef þeir skoða t.d. að sum fyrirtæki hafa verið að gera upp með bókhaldslegum miklum hagnaði á undanförnum einu, tveimur árum, þó að hagnaður úr rekstri væri ekki mikill. Þá er verið að spila á þetta. Þá er verið að búa sér til innstæður í raun, forsendur til þess að greiða lægri skatta í heild á tilteknu tímabili. Þannig að það má vel segja að það orki verulega tvímælis að hafa svona reglur í raun og veru mjög rúmar í skattkerfinu yfir höfuð. Ég er þeirrar skoðunar að það sé að mörgu leyti miklu æskilegra að hafa þau ákvæði, sem menn vilja búa um í skattalögum gagnvart fyrirtækjum og eiga að hvetja til nýsköpunar og fjárfestingar og auðvelda þeim þá hluti eða til sveiflujöfnunar, hafa þau með pósitífum hætti. Þá á ég fyrst og fremst við það að menn fái sérstaka frádrætti vegna slíks kostnaðar, menn fái jafnvel flýtifyrningar vegna nýfjárfestinga og/eða menn geti lagt í varasjóði að einhverju leyti áður en til skattgreiðslna kemur og sveiflujöfnunin sé á því formi en ekki hinu að menn geti dregið með sér eldgamalt tap misjafnlega vel fengið endalaust inn í framtíðina. Það er heldur ógeðfellt að mér finnst og ekki jákvæð nálgun í málinu.

Herra forseti. Hvernig gengur þetta með ríkisstjórnina? Er henni svipað komið og þessu tapi sem hér er til umræðu, mikill halli á ríkisstjórninni? Hún er alla vega ekki hér í salnum. Ég vek athygli á þessu, herra forseti. Það er nokkuð

umliðið síðan forseti af myndugleik sínum sendi út skilaboð um að það væri lýst eftir ríkisstjórninni. (**SvG:** Það er tekið frekar lítið mark á forsetanum.) Ja, það getur ekki verið, myndugleiki forseta hlýtur að vera óumdeildur hér gagnvart þessu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að það eru þrír hæstv. ráðherrar í húsinu og skal nú enn og aftur ítrekuð sú beiðni, ekki rétt, að þeir gangi í salinn.)

Ég þakka forseta mjög og aftur fyrir góð viðbrögð. Ég veit að forseti getur ekki meira aðhafst en mælast til þess að ráðherrarnir mæti. Honum er ekki heimilt að beita öðrum aðferðum en þeim að þeir komi hingað sjálfviljugir.

Herra forseti. Það eru nokkur önnur atriði sem ég ætla lítillega að nefna og hlaupa þá yfir margt sem ég sé ekki ástæðu til að gera að miklu umtalsefni, eins og afskriftareglurnar sem hér er lítillega verið að möndla við. Það er ekki stórt mál og má segja að þar sé um eðlilegar lagfæringar að ræða. Vissulega er sitthvað í þessu frv. og fleiri skattamálum af slíkum toga að þar er um eðlilegar tæknilegar lagfæringar að ræða eins og gengur og ekkert nema gott um það að segja.

Í 6. gr. er ákveði sem rétt er að nefna bara til að fagna því að þar er í samræmi við aðrar breytingar sem hér hafa verið gerðar á þingi að undanförnu á réttarstöðu einstaklinga í staðfestri sambúð, samkynhneigðra sem búa saman, ákvæði sem felur í sér að heimilt verði eftirleiðis að skattleggja þá eins og um hjón væri að ræða. Að sjálfsögðu er það eðlileg og löngu tímabær breyting og þó fyrr hefði verið. En hana hefur tæplega verið hægt gera fyrr en málin voru komin í það horf sem þau eru nú loksins.

Þá vil ég lítillega nefna það, herra forseti, að það er boðað í athugasemdum með frv. að til standi að fella niður skattgreiðslur af arði, það litla sem eftir er af þeim, þ.e. þessi 10%. Rökin eru að mér skilst þau að þá eigi að vísu að fella niður frádráttarbærni arðgreiðslnanna hjá fyrirtækjunum en hún hefur verið sérístenskt fyrirbæri — að það væri heimilt að draga frá sköttum þann arð sem borgaður væri út til eigendanna áður en til slíks kæmi. Þess vegna gætu menn lækkað skatt sinn eða myndað yfirfæranlegt tap jafnvel við þær aðstæður. Hér er bara á ferðinni enn ein ívilnunin af þessum toga sem ég hef gert hér áður að umtalsefni. Þær eru að verða býsna margar þegar það er lagt saman hér í frv. þar sem verið er að lagfæra hitt og þetta gagnvart fyrirtækjunum, en það sem snýr að launamönnunum er íþyngjandi. Og af því að hæstv. ráðherrar eru komnir hér í gættina þá vil ég endurtaka það að ég lýsti áðan eftir áformum ríkisstjórnarinnar hvað varðaði það að lækka jaðaráhrifin í skattkerfinu, vegna þess að það er beinlínis fært fram hér sem röksemdir fyrir tiltekinni tekjuöflun á kostnað almennra skattgreiðenda að það eigi að nota þær tekjur og þá fjármuni til að draga úr jaðaráhrifum í skattkerfinu. Það bólar hins vegar hvergi á efndunum og það er ekki líðandi að ríkisstjórnin komist í gegnum þessa umræðu annað árið í röð án þess að svara nokkru til um það hvar þessi áform eru á vegi stödd, hvort sem það verður hæstv. dómsmrh., hæstv. utanrrh. eða einhver annar sem verður til svara, skal ég taka það gott og gilt, svo lengi sem einhver angi ríkisstjórnarinnar er hér til staðar, svona eins og 10% af henni að minnsta kosti. Þá meina ég í tölum talað en ekki endilega í þyngd, ekki í líkamsþyngd endilega því þá gæti það orðið mjög snúið mál að finna út hver það ætti að vera, hver væri akkúrat meðalþyngd. (**Gripið fram í:** Gæti orðið brot úr ráðherra.) Já, gæti kallað á hluti sem við viljum helst ekki ræða hér í þessum stól.

Í nál. minni hlutans er, að gefnu tilefni, herra forseti, farið nokkuð ítarlega yfir skýrslu Þjóðhagsstofnunar um tekju- og eignadreifingu í þjóðfélaginu. Af hverju erum við að gera þetta að umtalsefni? Jú, það er auðvitað vegna þess að þar eru dregnir fram hlutir sem maður skyldi ætla að hefðu haft einhver áhrif á þá stefnu sem hæstv. ríkisstjórn tekur með þessi skattamál. Að mönnum hefði t.d. verið einhver alvara í því að reyna að taka eitthvað á málum, við skulum segja lakast settu 10% sem þar eru dregin fram, hvað varðar afkomu, eignastöðu og stöðu í skattkerfinu, stöðu gagnvart hinum margnefndu jaðarsköttum o.s.frv. En það er nú aldeilis ekki. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn viti ekki af því ef eitthvað er alveg þveröfugt. Hafi ákveðið að snúa hlutunum á haus og gera eitthvað sem frekar veldur því að þarna mun enn draga í sundur. Bilið milli ríkra og fátækra mun halda áfram að aukast í landinu. Launamunurinn mun halda áfram að aukast eða ráðstöðunartekjumunurinn, milli t.d. vel stæðra eignahjóna á góðum aldri sem eru búin að koma börnum sínum á legg, ef einhver hafa verið, og bera ekki lengur kostnað af húsnæðisskuldbindingum. Þau þurfa að hafa hátt í 500 þús. kr. á mánuði til að reka sig upp í hið lága hátekjuskattþrep sem að nafninu til er í skattkerfinu. Þessi hjón eru á löngu launabili skattlögð mun vægar í heldur en önnur, t.d. með börn og húsnæðisskuldbindingar á sínum herðum, sem hafa miklu lægri tekjur. Svona er íslenska skattkerfið. Eignakönnunin sem nú hefur verið gerð og afkomukönnunin sýnir þetta auðvitað mjög vel. Hún endurspeglar akkúrat hvernig þarna er að draga í sundur milli þeirra sem sitja uppi með allar sínar skuldbindingar, verðtryggðar á háum vöxtum, og verða fyrir barðinu á jaðarsköttunum. Og vantar þó enn að mestu leyti inn í mælingarnar þann hóp sem mun eiga allra erfiðast á næstu árum. Það er fólkið sem er að koma úr námi. Það þarf ekki flókna útreikninga til að sýna fram á að sá hópur mun lenda í enn vonlausari stöðu en nokkur hefur gert fyrr þegar hann kemur heim og fer að reyna að koma undir sig fótunum og þræla sjálfum sér út myrkranna á milli, vinna hérna 1 $^1/_2$–3 mánuði umfram það sem menn gera í nágrannalöndunum til þess að reyna að lifa og missa svo frá 7–8% og upp í 11–12% ráðstöfunartekna sinna í tekjutengda afborgun námslána einna. Það leiðir af endurgreiðslukröfunum í námslánakerfinu eins og þær eru núna. Þegar menn eftir tiltekinn árafjölda hækka úr 5 í 7% af bruttótekjum þýðir það augljóslega fyrir fólk, sem er farið að greiða skatta, skerðingu á ráðstöfunartekjum sem þessu nemur. Þetta er auðvelt að reikna út en við þessu er ekkert gert. Og ætla menn að bíða eftir því að þetta fólk brotni niður því það getur að mínu mati ekkert annað gerst. Það getur hver sem er sem á sæmilega vasatölvu og kann nokkurn veginn margföldunartöfluna og samlagningu, frádrátt og deilingu, sest niður og tekið svona fjögurra, fimm manna fjölskyldu sem er á 4., 5. eða 6. ári eftir langskólanám með full námslán, með bruttótekjur heimilis einhvers staðar á bilinu 150–200 þús. kr. á mánuði og reiknað það dæmi. Það er alveg augljóslega þannig að það gengur ekki upp. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að bíða þangað til slík mál eru farin að valda hruni hjá þúsundum heimila í landinu heldur eigi menn, þegar þeir sjá hlutina fyrir, þegar blasir við hvað mun gerast, þá eigi menn að taka á þeim. Af hverju þarf þetta alltaf að vera þannig hér hjá okkur að menn geri aldrei neitt í málunum fyrr en komið er í hreinasta óefni og þúsundir fjölskyldna eru komnar í þrot? Sagan segir því miður, t.d. í endurteknum kollsteypum í húsnæðiskerfinu, að þannig hefur þetta viljað

gerast hjá okkur. Það er ekki fyrr en mörg þúsund manns eru komin í bullandi vanskil, komin á nauðungaruppboð, að menn vakna til lífsins og fara þá að reyna að klóra í bakkann. Er nú ekki skynsamlegra að reyna að hafa kerfið þannig frá byrjun að menn eigi einhverja möguleika, geti bjargað sér?

Ég lýsi alveg sérstaklega eftir því að farið verði yfir þá stöðu sem blasir nú við þeim árgöngum námsmanna sem eru núna akkúrat á þessu ári og hinu næsta fyrstu hóparnir sem koma heim og taka til við að borga af námslánum með fullum þunga á grundvelli hinna nýju endurgreiðslureglna. Það mun fara mjög illa fyrir þeim kynslóðum ef ekkert verður að gert. Og hver er staðan í því máli? Jú, það er í nefnd. Það situr allt fast hjá stjórnarflokkunum og það var ekki að heyra hér á hæstv. menntmrh. í gær í utandagsskrárumræðum að það væru neinar góðar fréttir af því að færa. Auðvitað mætti laga þetta mál þeim megin og það er kannski nærtækast að gera það í gegnum endurgreiðslurnar sjálfar hjá lánasjóðnum en ekki lagfæra á móti því í skattkerfinu. En eitthvað verður að gera í öllu falli, herra forseti, það er alveg á hreinu.

Herra forseti. Að lokum þetta. Það sem mér finnst mjög einkenna framgöngu þessarar ríkisstjórnar í skattamálum, eins og hún hefur birst okkur það sem af er þessa kjörtímabils, er tvennt. Það er annars vegar það sem við höfum farið nokkuð rækilega yfir, ég og hv. þm. Ágúst Einarsson, sem snýr að algjörri undirgefni þessarar ríkisstjórnar undir fjármagnseigendurna og fyrirtækin í landinu hvað varðar skattamál, þar sem farið hefur verið yfir listann frá Verslunarráðinu og vinnuveitendum nánast eins og eftir pöntun og allt látið eftir þeim. Hins vegar er það mjög tætingsleg skattstefna, mjög tætingslegar aðgerðir á víð og dreif í skattkerfinu. Ég þykist hafa sæmilega aðstöðu til að dæma um það mál því ég hef auðvitað fylgst með því og vegna vinnu minnar í efh.- og viðskn. fengið flesta þessa pappíra til meðferðar á þessum vetri og hinum síðasta. Mér finnst vinnubrögðin vera tætingsleg og ekki vera þar á ferðinni nein heildarsýn eða samræmd stefna, a.m.k. ekki hvað varðar það sem snýr að launamönnum og almenningi, en hann er jú eins og kunnugt er sá sem ber hitann og þungann af skattbyrði í landinu. Því það er satt best að segja ekki mjög merkilegt sem aðrir borga — fjármagnseigendurnir og fyrirtækin.

Það er þess vegna þannig, herra forseti, að við viljum ekki, sem minni hlutann skipum, bera ábyrgð á þessari skattstefnu. Við vísum því frá okkur og styðjum ekki það frv. sem hér er til umræðu.

[18:56]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla rétt aðeins að koma inn á það atriði hjá hv. þm. sem varðar eftirstöðvar rekstrartapa. Þar verður meginbreyting á. Samkvæmt VII. lið bráðabirgðaákvæða sem í gildi eru í núgildandi lögum stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 4. gr. er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa, eins og þær voru 31. desember 1990, frá skattskyldum tekjum næstu fimm ára talið frá gildistöku laga þessara."

Þetta segir þar og þetta er það sem hefur verið að valda svo miklum misskilningi og hefur sært réttlætiskennd mjög margra manna. Að rekstrartap sem var ekki raunverulegt rekstraratap og hafði myndast á verðbólguárum, þegar menn gátu meira að segja dregið neikvæða raunvexti frá skatti í fyrirtækjunum, hefur verið hægt að draga frá þessi síðustu fimm ár. Það er náttúrlega ekki raunverulegt rekstrartap. Eftir að verðbólgureikningsskilin voru tekin upp er tap fyrirtækjanna nánast alltaf raunverulegt tap, sem er borgað með hlutafé hluthafanna, og er raunverulegt tap þar sem menn hafa lagt fram fé í atvinnurekstur og tapað því. Og það er meiningin að menn megi draga það tap frá sköttum áfram. Núgildandi reglur sem ná átta ár aftur í tímann, frá 1988, þar er bara rekstrartap hvers árs og það eru búin að vera verðbólgureikningsskil allan tímann þannig að það er búið að laga þetta.

Ég vil benda hv. þm. á að hugbúnaðarfyrirtæki, sjávarútvegsfyrirtæki, lyfjafyrirtæki og önnur slík fyrirtæki sem þurfa að stunda þróun í mörg ár — ég nefni Fiskeldi Eyjafjarðar — verða að geta dregið frá tap undangenginna átta ára til þess yfirleitt að geta stundað rekstur, því tekjurnar koma oft átta eða níu árum eftir að rannsóknirnar hófust og þróunin fór af stað.

[18:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög skynsamlegt að reyna að gera skýran greinarmun á annars vegar þessari fortíð og hins vegar því hvaða fyrirkomulag við teljum að eigi að vera á þessum málum gagnvart framtíðinni. Og ég geri mjög mikinn greinarmun á því hvort t.d. fyrirtæki sem stundar hreinar grunnrannsóknir og er í margra ára ferli að byggja upp þekkingu og ná tökum á framleiðslu á einhverju tilteknu afmörkuðu sviði, eins og hér var nefnt, Fiskeldi Eyjafjarðar, sem svo fer að hagnast eftir langan tíma og hluthafarnir hafa lagt inn mikið fé að það fái að nýta það tap. Enda er þar um samfellt ferli innan sömu greinar að ræða og engar æfingar af neinu tagi. Þar er ekki verið að kaupa gamalt tap frá einhverjum öðrum úr óskyldum rekstri. Það sem ég held að sé sérstaklega varhugavert, og ég er ekki sammála, er að endurvekja það að menn geti notað þetta gamla tap áfram, vegna þess að hvað sem segja má um verðbólguna á þessum tíma og erfiðleikaárin, þá voru reglurnar að mínu mati út í hött þangað til að þær voru þrengdar 1990. Þess vegna er ég ekki sammála því að það eigi að taka aftur inn undir þennan frádrátt tap sem menn gátu búið sér til með þessum hætti. Ég hefði viljað standa við það sem búið var að ákveða þ.e. að þetta dæi út eins og ætlunin var en menn tækju þá frekar á því gagnvart framtíðinni hvernig þeir vildu hafa þessar reglur og hvaða svigrúm þeir vildu hafa í þessu.

[19:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Umrætt bráðabirgðaákvæði, sem ég las úr rétt áðan, tók inn allt rekstrartap liðinna ára alveg frá upphafi vega, þar með talið rekstrartap vegna verðbólgutaps sem var ekki raunverulegt tap. Eftir að verðbólgureikningsskil voru tekin upp er um raunverulegt verðbólgutap að ræða, raunverulegt tap hluthafanna. Og það er akkúrat það sem er tekið inn núna. Þar verður reginbreyting á því nú á þetta bráðabirgðaákvæði væntanlega að falla út og hafi það ekki verið fellt út vonast ég til að það verði gert, því þar er þessi froða sem myndaðist af skattalegu tapi sem var ekki raunverulegt tap sem við höfum heyrt margar sögur af. Það er búið að taka það í burtu. Og núna er verið að tala um raunverulegt verðbólgureikningstap sem hægt er að draga frá í átta ár, og er að mínu mati of stutt. Þetta þyrftu að vera tíu ár því mörg fyrirtæki hafa það langan fæðingartíma á framleiðsluvörum sínum. Þegar það er komið erum við búin að setja íslensk fyrirtæki á sama grunn og víðast erlendis.

[19:01]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi nokkuð um skattamál atvinnulífsins. Ég hygg að við hv. þm. hljótum að vera sammála um að atvinnulíf okkar Íslendinga hlýtur að þurfa að vera samkeppnisfært í skattalegu tilliti við atvinnulíf annarra þjóða. Ekki síst hlýtur atvinnulífið að þurfa að búa við slík rekstrarskilyrði í skattalegu tilliti að því sé kleift að auk sína framleiðni og bæta sína verðmætasköpun og hækka laun í landinu. Eins og hv. þm. veit er unnið mikið starf hjá samtökum fyrirtækjanna í landinu einmitt til að skilgreina hvað þarf að koma til hvernig hægt er að styrkja samkeppnishæfni atvinnulífsins og ekkert óeðlilegt að þær hugmyndir og þær leiðir sem þar eru ræddar skili sér til ríkisstjórnarinnar og þingsins og tekið sé tillit til þeirra ef mönnum sýnist að verið sé að gera góða hluti.

Annað mál sem hann kom inn á og verið er að fjalla um í nefnd á vegum stjórnarflokkanna eru jaðarskattarnir. Það er stórt vandamál sem ég held að þurfi að leggjast vel yfir til að finna botn í. Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. hefur sagt í þeim efnum og hann hefur lagt fram ágætis tillögur sem ég tel að séu fyllilega skoðunar virði í því sambandi. Nefndin hefur verið að störfum um nokkurra mánaða skeið og vonandi fer að sjá að einhverju leyti fyrir endann á því starfi en ég held að okkur sé öllum ljóst að nauðsynlegt er að taka á þeim málum.

[19:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst um skattalegt umhverfi fyrirtækjanna. Auðvitað er alveg rétt að við getum ekki ætlast til að þau standi í samkeppni við fyrirtæki á erlendri grund nema þau búi við nokkuð sambærilegar aðstæður enda er deilan ekki um það. Þau ættu þá líka að borga sambærileg laun. Það virðist, því miður, bara vera sumt sem menn vilja hafa sambærilegt en ekki allt. Við skulum þá ekki horfa fram hjá því að búið er að stórbæta skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi á síðustu árum. (Gripið fram í.) Það er búið að gera það með því að fella niður á einu bretti allt aðstöðugjaldið. Ég studdi það, ég lagðist ekki gegn því af því aðstöðugjaldið var óskynsamlegur flatur skattur án tillits til afkomu fyrirtækjanna. Ég hafði að vísu talið að það hefði verið eðlilegt að taka þá upp á móti einhverja afkomutengda skatta eða umhverfisskatta. Það er búið að lækka tekjuskattinn á hagnaði fyrirtækjanna úr 45% niður í 33% og munar um minna. Samtals eru þarna á ferðinni hlutir af stærðargráðunni 5 milljarðar króna eða svo. Það hefur verið gert ýmislegt fleira. Settar voru inn sérstakar flýtifyrningar til að hvetja fyrirtækin til fjárfestinga og er ég búinn að rekja í þessu frv. ýmislegt smávægilegt sem verið er að lagfæra og allt meira og minna í þágu fyrirtækjanna. Enda er svo komið að Ísland, eins og reyndar flest hin Norðurlöndin, eru að verða nánast skattaparadís fyrirtækja. Það er vel varðveitt leyndarmál. Staðreynd er engu að síður að skattalegt umhverfi fyrirtækja á Norðurlöndum er að verða það hagstæðasta í Evrópu. Þetta hef ég m.a. farið yfir á stórri ráðstefnu erlendis ekki fyrir löngu síðan. Um jaðarskattana segi ég bara: Já, auðvitað þarf að gera eitthvað í því máli og ég vil ná einhverjum áfanga í því nú. Ég sætti mig afar illa við að enn eitt ár fari í vaskinn hjá okkur af því mér finnst rökin sem menn færa fram ekki frambærileg. Ég er sannfærður um að ef efh.- og viðskn., sú góða nefnd, fengi leyfi til þess frá hinum háu herrum (Forseti hringir.) í ríkisstjórninni að vinna í málinu þrjá til fjóra daga mundum við leysa það.

[19:06]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að enginn ágreiningur sé milli okkar hv. þm. að íslensk fyrirtæki ættu að geta greitt sambærileg laun og erlendir keppinautar. Helst ættu íslensk fyrirtæki að geta staðið betur. Ég er alveg tilbúinn til að taka höndum saman með hv. þm. til að finna leiðir þannig að það geti orðið. Ég vil, hæstv. forseti, upplýsa hv. þm. um að sú lækkun tekjuskatts sem var gerð fyrir nokkrum árum, þá er ég að tala um tekjuskatt fyrirtækjanna, hefur orðið til þess að fyrirtækin í landinu skila meiri tekjum af tekjuskatti inn í ríkissjóð en áður. Það tel ég vera til marks um hvað þessi ákvörðun var skynsamleg á sínum tíma.

En varðandi jaðarskattana þá liggur fyrir að þær aðgerðir sem þing og ríkisstjórn hafa verið að gera á undanförnum árum, fyrst og fremst til að koma til móts við þá sem hafa lægstar tekjur, hafa búið til of stífar tekjutengingar og það er ekki einfalt mál að komast út úr slíkum vanda. Þetta er ekki bara vandi sem við glímum við á Íslandi heldur er þetta sígilt vandamál þar sem menn eru að reyna að styðja þá sem lægstar tekjur hafa. Það er víðar en hér sem menn velta þessum jaðaráhrifum fyrir sér. Aðilar vinnumarkaðarins hafa komið að þessu starfi í nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar og ég hygg að menn vilji ræða eitthvað um þau mál í tengslum við gerð næstu kjarasamninga. Ég deili að sjálfsögðu með hv. þm. fullri trú á efh.- og viðskn. (Forseti hringir.) en ég held við ættum líka að sjá til hvaða innlegg kemur í málið frá jaðarskattanefndinni.

[19:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig heldur snautlegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga að fá svona svör. Okkur er sagt: Það er nefnd úti í bæ að vinna í þessu og í henni eru meira að segja aðilar vinnumarkaðarins, svo þið skuluð bara bíða rólegir. Og þetta eru svör sem eiga að fullnægja okkur í stjórnarandstöðunni á Alþingi Íslendinga. Með öðrum orðum stjórnarandstaðan kemur hvergi að málinu og það á að leysa þetta mál annars staðar en á vettvangi löggjafans. Það getur vel verið að mönnum takist að gera þetta að kröfugerð í kjarasamningum og ná þar einhverjum árangri en svona mál ætti að mínu mati ekki að þurfa að leysast þar — í viðræðum milli aðila vinnumarkaðarins þar sem eiga fyrst og fremst að vera að semja um kaupið í landinu en ekki lagfæringar á skattkerfinu, húsnæðismálum eða einhverju öðru eins og þetta hefur því miður alloft orðið. Hér ættum við sem berum hina pólitísku ábyrgð og setjum lög um skatta að taka á og leysa svona mál. Ég tala ekki um þar sem allar upplýsingar liggja í raun og veru fyrir.

Og aðeins örstutt um tekjutengingargildruna sjálfa, þá þurfa menn að vanda sig þegar þeir formúlera þessi mál. Þetta er mjög oft sett svona fram eins og hv. þm. gerði áðan — að vandinn sé sá að menn séu að reyna að koma til móts við tekjulága fólkið og það valdi vandanum. Ég held að megi alveg eins segja að þetta sé öfugt. Vandinn skapast af því að til þess að draga úr útgjöldum ríkisins þá auka menn tekjutengingu þátta eins og húsnæðisbóta og barnabóta og sagan sýnir okkur að það var það sem gerðist. Menn vildu draga úr kostnaði við barnabætur og menn settu inn tekjutengingu. Það var ekki fyrir lágtekjufólkið því það

hafði sínar barnabætur fyrir. Nei, það var til þess að draga úr útgjöldum ríkisins og svo lenda þessi jaðaráhrif allt of langt niður í tekjuskalann og þá fer jafnilla og raun ber vitni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 158, nál. 232 og 254, brtt. 233.

[19:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og sent það til umsagnar til aðila sem getið er á þskj. 232 þar sem nál. meiri hlutans er. Meiri hlutinn leggur til brtt. við frv. í þremur liðum og mun ég gera grein fyrir efni þeirra.

Í 1. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga á 2. gr. frv. sem lýst er á þskj. 233. Þar er um að ræða breytingar á 5. gr. laganna. Í a-lið er gert ráð fyrir að samræmt verði orðalag staðgreiðslulaga og laga um tekjuskatt og eignarskatt. Staðgreiðsla verði þannig tekin af öllum eignfærðum vöxtum og verðbótum í bönkum og sparisjóðum.

Í c- og d-lið er lagt til að skattlagning ávöxtunar á lífeyristryggingum, söfnunartryggingum, verði samræmd því sem lagt er til varðandi hlutdeildarsjóði. Í stað þess að skattleggja frá ári til árs verði ávöxtun tryggingartakans skattlögð þegar tryggingin kemur til útborgunar. Með þessari breytingu skapast jafnframt samræmi á tímamarki við skattlagningu innlendra og erlendra tryggingabóta.

Í f- og g-lið er lagt til að í stað beinnar skráningar á skuldaviðurkenningar og verðbréf geti fyrirtæki sem hafa með höndum umsýslu viðskipta nýtt sér tölvu í því skyni að halda utan um upplýsingar. Þessi breyting leiðir til einföldunar í framkvæmd. Um leið er lagt til að ótvírætt sé tekið fram að skrá beri kaupverð allra krafna.

Í 2. lið brtt. er lagt til að komi inn ný grein í frv. er orðist þannig, með leyfi forseta:

„Í stað 3. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir er orðast svo: Aðili, sem fellur undir 1. mgr. 3. gr., getur sótt til ríkisskattstjóra um að verða ekki færður á skrá um skilaskylda aðila, enda hafi hann að óverulegu leyti með höndum innheimtu á eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Árlega skulu þeir gefa skattyfirvöldum upplýsingar um þær fjármagnstekjur einstaklinga sem þeir hafa innheimt, á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður."

Hæstv. forseti. Hér er um það að ræða að aðilar svo sem lögmenn sem hafa fyrst og fremst umsýslu með kröfur og innheimtu fyrir aðila sem eru lögaðilar og greiða fullan skatt af sínum fjármagnstekjum, þurfi ekki að standa í viðamikilli innheimtustarfsemi og skilagreinastarfsemi vegna slíkrar innheimtu. Það væri hægt að líkja slíkri innheimtu við það að þessir ágætu menn væru uppteknir við það, í óeiginlegum skilningi, að grafa skurði og moka ofan í þá aftur vegna þess að slík starfsemi hefur nákvæmlega engin áhrif á tekjur ríkissjóðs og því ekki eðlilegt að leggja á þá sérstakan kostnað.

Í 3. lið breytingartillagnanna er gerð tillaga til breytinga á 3. gr. frv. Við bætist ákvæði til bráðabirgða í stað þess texta sem er í núverandi 3. gr. frv. Ákvæðið orðast þannig:

„Við ákvörðun á fjárhæð áfallinna vaxta á kröfu og verðbréf skal þess gætt að færa uppreiknað verð, þ.e. eftirstöðvaverð, með áföllnum verðbótum og vöxtum á viðkomandi skjal við greiðslu eða fyrstu afborgun eftir 1. janúar 1997.

Uppreiknað verð á verðbréfum sem uppfylla skilyrði um skráningu á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, skal miðast við vegið meðaltal viðskipta í einstökum flokkum verðbréfa sem fram fara á tímabilinu 15. nóvember til 15. desember 1996 á Verðbréfaþingi Íslands, þar með talið tilkynnt viðskipti fyrir sama tímabil.

Uppreiknað verð á kröfu eða verðbréfi sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. V. kafla laga nr. 11/1993, og bera lægri nafnvexti en 5% skal ákvarðað sem nafnverð kröfunnar eða eftirstöðvar verðbréfsins 31. desember 1996, að teknu tilliti til 5% ávöxtunar á ári til loka lánstíma. Ef rétthafi vaxta getur sýnt fram á að ávöxtun kröfu eða verðbréfs sé lægri en greinir í 1. málsl. þessarar málsgreinar getur hann farið fram á leiðréttingu til samræmis við raunverulega ávöxtun. Slík leiðrétting skal gerð við álagningu að tekjuári liðnu. Þannig ákvarðað og uppreiknað verðmæti kröfu eða verðbréfs telst upphafsverð 1. janúar 1997 við staðgreiðslu fjármagnstekna. Krafa eða verðbréf sem bera nafnvexti 5% eða hærri skulu skattlögð samkvæmt því.

Skuldaviðurkenningar sem teknar eru sem greiðsla söluandvirðis samkvæmt kaupsamningi og eru í eigu seljanda skulu metnar á uppreiknuðu verði í árslok 1996."

Hæstv. forseti. Hér er um það að ræða annars vegar að það þurfi að skilgreina upphafsverð krafna eins og þær standa þegar fjármagnstekjuskatturinn leggst á. Hins vegar eru kröfurnar flokkaðar eftir því hvers eðlis þær eru.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir breytingartillögum og nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn.

[19:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. í 143. máli, sem er stjfrv. um breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Auk mín standa að nefndarálitinu tveir hv. þm., Steingrímur J. Sigfússon og Ásta B. Þorsteinsdóttir.

Þetta mál hefur aðeins komið til umræðu í tengslum við fyrra mál hér á fundinum, þ.e. hinu fyrsta stóra skattamáli ríkisstjórnarinnar þannig að ég mun ekki hafa mjög mörg orð um þetta frv. Efnisatriði þess eru tiltölulega einföld. Þetta fjallar um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og er fylgihlutur frumvarpa sem voru afgreidd á síðasta vori um svokallaðan fjármagnstekjuskatt. Þá var bæði afgreidd löggjöf um skattlagninguna sjálfa, svo og um staðgreiðslu af þessum skatti og það eru breytingar á þeim lögum sem verið er að gera með þessu frv. Í reynd má segja að einmitt þær ábendingar sem við vorum með í vor varðandi undirbúning þess máls hafi allar komið fram í því að núna nokkrum mánuðum eftir lögfestingu þessara frumvarpa um fjármagnstekjuskatt og staðgreiðslu af þeim, skuli þurfa að endurbæta þær verulega, fyrst í frv. ríkisstjórnarinnar eins og það var lagt fram og síðan í breytingartillögum meiri hluta efh.- og viðskn., en þær eru þegar allt er tekið til meiri að umfangi en stjfrv. eins og það var lagt fram á hinu háa Alþingi. Þetta segir meira en margt annað um hvernig

undirbúningnum var háttað við málið í upphafi og rætast nú þau viðvörunarorð sem við höfðum við í þessum ræðustól þegar málið var upphaflega til umræðu.

Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um fjármagnstekjuskattinn sjálfan. Það mál var að vísu upprunalega unnið í nefnd sem þingflokkar og aðilar vinnumarkaðarins komu að. Niðurstaða þeirrar umræðu sem endurspeglaðist síðan í frv. sem afgreitt var á síðasta þingi var fyrst og fremst sú að með því voru verulega léttar byrðar af stórum hlutafjáreigendum og það sem fyrst og fremst mátti lesa út úr því var hagkvæmni fyrir fyrirtækin í landinu, miklu frekar en hér væri um að ræða samræmda skattlagningu á fjármagnstekjur eins og við í minni hluta efh.- og viðskn. lögðum mikla áherslu á í umræðunni í vor. Það er hins vegar ástæðulaust, herra forseti, að fara mjög nákvæmlega yfir þá umræðu. Við lýstum okkur andvíga þessari útfærslu sem lagt var upp með af hálfu stjórnarinnar og meiri hluta þingsins í vor. Við lögðum þá fram annað frv., svokallað formannafrv. sem var lagt fram af formönnum þriggja stjórnmálaflokka, þ.e. formanni Alþfl., Alþb. og Þjóðvaka. Náin samvinna þessara, þá þriggja, þingflokka var um málið í vor. Afstaða flokkanna hefur ekki breyst neitt hvað varðar þetta mál þó að þingflokkunum hafi fækkað nú á þessu þingi, enda er samstaða um það nefndarálit sem ég er að gera grein fyrir.

Fyrir utan hið ranga upplegg á fjármagnstekjuskattinum að okkar mati, bendum við á að fjölmargir þættir í tengslum við staðgreiðslu af því eru þannig útfærðir að erfitt mundi verða að vinna eftir þeim. Þetta studdist ekki aðeins við álit okkar nefndarmanna og stjórnarandstæðinga velflestra hér í vor, heldur komu einnig fram mjög alvarlegar ábendingar frá embættismönnum í fjmrn. varðandi þennan þátt. Við skildum mjög vel áhyggjur þeirra manna sem áttu að vinna eftir þessum málum um það hvernig að yrði staðið.

Það hefur komið í ljós að áhyggjur okkar voru á rökum reistar. Nefnd hefur verið starfandi alveg frá því að þessi frumvörp voru afgreidd, nefnd á vegum ríkisskattstjóra með þátttöku embættismanna í ráðuneytum til að betrumbæta og fara yfir þessa löggjöf og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar og fjmrn. um hvað betur mætti fara. Frv. sem nú er til umræðu er einmitt niðurstaða frá þessari nefnd. Það lýsir málinu vel að frá því að frv. var afgreitt í vor — og það er ekki komið enn til framkvæmda — að flokkur embættismanna skuli hafa verið að störfum í allt sumar við að reyna að koma einhverri heilli brú í útfærslu þess máls.

Sama má segja um þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til sem eru allar tæknilegs eðlis fyrir utan eina, að fyrst og fremst er um að ræða ábendingar frá umsagnaraðilum og þessari nefnd og skattyfirvöldum um tæknilega útfærslu á hinum og þessum þáttum sem sýnir líka að málið er enn hálfkarað. Hins vegar er athyglisverð, herra forseti, ein af þeim breytingartillögum sem hv. þm. og formaður efh.- og viðskn., Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir, þ.e. 2. brtt. nefndarinnar um sérstaka ívilnun til handa lögmönnum, að undanskilja þá staðgreiðslu þannig að þeir geti sótt um að vera ekki á skrá yfir skilaskylda aðila ef þeir hafa ekki nema að óverulegu leyti með höndum innheimtu eða milligöngu með peningalegar eignir einstaklinga. Hér er verið að útbúa ívilnandi farveg fyrir lögmannastétt þessa lands og það kemur svo sem ekki mjög á óvart að það skyldi verða fyrsta verkefni í meiri hluta efh.- og viðskn. í afgreiðslu þessa máls, þegar ábendingar koma úr þeirri áttinni, að gera allt sem hægt er að finna því lagafarveg, og það hefur tekist eins og sést hér í tillögu meiri hluta nefndarinnar. Málið er ekki þannig vaxið eins og formaður efh.- og viðskn. lýsti áðan að verið væri að koma í veg fyrir að menn græfu fyrst skurð og mokuðu síðan ofan í hann aftur. Skattalög eiga að vera almenns eðlis og menn reyna alltaf að hafa þau almenn og reyna að fækka undanþágum og undanþáguferlum eins mikið og hægt er. Hér er opnaður möguleiki fyrir innheimtuaðila. Ef þeir uppfylla tiltekin skilyrði þá gildir ekki um þá skilaskylda. Það má benda á að það eru ekki bara sjálfstætt starfandi lögmenn sem þetta gæti átt við heldur er alveg hægt að hugsa sér að hið sama gæti alveg gilt um innheimtu sem er á vegum bankastofnana eða kreditkortafyrirtækja. Menn hafa alveg tök á því að skipta innheimtuferli sínu til að fría sig frá þessari skilaskyldu, því að vitaskuld er það svo að skilaskyldan í þessu tilfelli, þ.e. staðgreiðsla skattsins, hefur ekki áhrif á og nær ekki til nema einstaklinga. Við erum því náttúrlega að reyna að ganga frá löggjöfinni þannig að hún sé í sem almennustu formi þó svo vitaskuld geti það komið fyrir að hin almenna útfærsla hitti menn mjög mismunandi fyrir. En það hefði ekki á nokkurn hátt verið íþyngjandi þó svo að lögin hefðu verið óbreytt að þessu leytinu. Hins vegar viðurkenni ég fúslega að þetta gæti verið til þægindaauka fyrir þá sem hafa atvinnu af því að innheimta vanskilaskuldir og eru í því fyrst og fremst gagnvart fyrirtækjum að þurfa ekki að hafa áhyggjur af lögum um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur. Þeir eru leystir undan þeirri kvöð hér eða geta sótt um að verða leystir undan henni með þessari útfærslu stjórnarflokkanna. Ég álít að þessi útfærsla sé fingurbrjótur í skattkerfi og menn hefðu getað látið kyrrt liggja varðandi þennan lið. Og ekki fékk ég á tilfinninguna að þessi breyting væri eitthvert kappsmál embættismanna í fjmrn. Það var síður en svo. Þeir eru býsna passasamir á hluti sem viðvíkja grundvallaratriðum í skattalöggjöf og reyna að viðhalda hreinni mynd á þeirri uppbyggingu. Ég tel og er ekki einn um það, að þarna hafi eitthvað brugðist eilítið í í uppbyggingunni.

Þetta frv. er liður í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og er fyrst og fremst útfærsla á stefnu hennar með fjármagnstekjuskatt, þ.e. staðgreiðslu og álagningu fjármagnstekjuskatts, efni sem við vorum andsnúin í vor, stjórnarandstaðan eða sá hluti stjórnarandstöðunnar sem stendur að nefndarálitinu. Við bentum á að strax mundu koma upp framkvæmdaerfiðleikar eins og framlagning þessa frv. og breytingartillögur meiri hlutans sanna. Við vorum ósammála grundvallaruppleggi ríkisstjórnarflokkanna og töldum að ívilnandi útfærsla gagnvart stórum hlutafjáreigendum og fyrirtækjum þessa lands hefði ekki verið hugsunin sem menn lögðu upp með þegar þeir ætluðu að samræma skattlagningu á fjármagnstekjur hér á landi. Við lýsum okkur andsnúna þessari stefnu í grundvallaratriðum. Ríkisstjórnarmeirihlutinn knúði hins vegar fram löggjöfina í vor gegn okkar vilja. Við því er ekkert að segja. Þeir hafa meiri hluta á Alþingi. Hins vegar kjósum við að taka ekki nokkra ábyrgð á framkvæmd þessarar stefnu sem við erum andsnúnir. Þetta frv. og breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur hér fyrir er ekkert annað en staðfesting hluta af framkvæmd á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Við erum andsnúnir þessari stefnu og lýsum ábyrgð á hendur ríkisstjórninni við framkvæmd hennar. Það er hennar að knýja í gegn breytingar á lögum og útfærslu á þeirri stefnu sem hún hefur valið sér og þarf ekki frekar en hún vill taka tillit til þeirra varnaðarorða sem við höfum flutt í þessu máli.

[19:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hafði töluverðar áhyggjur af því að verið væri að undanþiggja lögmenn skilaskyldu á skatti sem yki í sjálfu sér ekkert tekjur ríkisins heldur kæmi sem uppígreiðsla upp í annan skatt. Ég held að það hljóti að vera almenn sjónarmið varðandi uppbyggingu á skattkerfi að það sé eins ódýrt og hægt er í rekstri, að því gefnu að öryggi sem skatturinn býr við sé ekki fórnað. Það er nákvæmlega það sem hér er á ferðinni. Það er verið að lækka kostnaðinn við innheimtu fjármagnstekjuskattsins án þess að öryggisins sé fórnað með nokkrum hætti.

Ég hygg að hv. þm. sé þannig gerður og ég hygg að það sé líka hans stefna, hann getur þá leiðrétt það hér, að það sé ástæða til þess að lækka byrðar skuldara sem allra mest í okkar þjóðfélagi. Þannig vill nú til að lögmenn sem eru að innheimta kröfur eru óvart í vinnu hjá þeim sem skulda. Þess vegna tel ég að það sé full ástæða til þess að vera ekki sérstaklega að íþyngja þeim sem skulda og eru að greiða kröfurnar, með því að gera þjónustu lögmanna dýrari heldur en hún þarf að vera með skattalegum aðgerðum sem ekki skipta nokkru einasta máli fyrir tekjur ríkisins og fórna engu í öryggi á þessu kerfi.

[19:32]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að benda hv. formanni efh.- og viðskn. á að það var grundvallaratriði við álagningu virðisaukaskattsins að hann skyldi innheimtur í staðgreiðslu. Það var almenna reglan sem var ákveðin. Vitaskuld er hægt að leggja á skatt og oft eru lagðir á skattar sem eru ekki teknir í staðgreiðslu heldur með álagningu eftir á. Skýrasta dæmið er fyrirtækjaálagning hér á landi. Það var hins vegar ákveðið að láta þá almennu reglu gilda um þessa skatta að þeir væru innheimtir í staðgreiðslu.

Nú háttar svo til með þá aðila sem hér eiga kost á að sækja um, að þeir stunda bæði viðskipti gagnvart einstaklingum og gagnvart fyrirtækjum. Það sem ég er hér að draga fram, og ég vona að hv. þm. geti verið mér sammála um, er að almenna reglan er staðgreiðsla. Það er ekki góð aðferðafræði að menn geti sótt um að vera ekki inni í þeirri almennu reglu jafnvel þó að menn geti, eins og hann bendir réttilega á, fært rök fyrir því að þetta hafi ekki praktíska þýðingu fyrir ríkissjóð. Ég benti hins vegar á í því sambandi að þetta mundi hugsanlega leiða til þess að það gildi um þá aðra aðila sem vilja skipta sínu innheimtuformi, eins og bankastofnanir og kreditkortafyrirtæki. Ég tel að menn eigi að fara mjög varlega í allar slíkar opnanir gagnvart skattalögum. Ég er sammála hv. þm. um það að hafa innheimtukerfið skilvirkt og ódýrt. Það er mín meginstefna. En ég legg mjög mikið upp úr því að það sé samræmi í því og það var það sem var tekist á um. Ég veit að hv. þm. veit einnig að þeir embættismenn sem komu að þessu máli voru ekki hrifnir af þessari útfærslu, vegna þess að það mátti mjög vel lifa við hina útfærsluna og þurfti ekki að gera þessa undantekningu.

[19:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er þess fullviss að ef hv. þm. hugsar þetta mál aðeins betur, hlýtur hann að komast að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til þess að leyfa ákveðinn sveigjanleika í uppbyggingu í skattkerfum okkar, einmitt ef það mætti verða til þess að lækka kostnaðinn við framkvæmd kerfisins. Ég hygg að það hljóti að þurfa að skoða það í framtíðinni hvort ekki sé hægt að auka þennan sveigjanleika í innheimtu fjármagnstekjuskattsins enn þá meira, m.a. gagnvart þeim aðilum sem hv. þm. nefndi.

Ég get ekki séð annað en það hljóti að vera öllum í hag, sérstaklega þeim sem skulda, að innheimta krafna og starfsemi þeirra aðila sem að þessum málum koma sé eins hagkvæm og ódýr og hægt er, ef ekki er verið að fórna neinu í öryggi á kerfinu sem ég tel að sé að sjálfsögðu úrslitaatriði. Ég tel að við megum ekki gerast þvílíkir kerfisþrælar að við látum fagurfræðileg sjónarmið í uppbyggingu skattkerfisins skipta meira máli heldur en praktísk atriði sem hægt er að taka upp til þess að lækka kostnað við kerfið og gera það þjálla fyrir alla.

[19:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll kerfi hafa gott af sveigjanleika. Það á við skattkerfið eins og önnur. En það er dálítið merkilegt, herra forseti, að í hvert skipti sem ríkisstjórnin vill auka einhvern sveigjanleika í skattaumhverfi, er það alltaf gert þannig að það er aukinn sveigjanleiki fyrir fyrirtæki og fyrir þá aðila sem betur mega sín í þjóðfélaginu, nákvæmlega eins og gert er í þessari útfærslu. Hér eru settar fram ákveðnar ívilnandi ráðstafanir gagnvart vinum ríkisstjórnarinnar, sérstökum vinaflokki ríkisstjórnarinnar, lögmönnum. Ég er að sjálfsögðu ekkert á móti því. Menn eiga að gæta hagsmuna vina sinna. Þá er hins vegar jafn réttur okkar að benda á þegar það er gert. Það er einmitt þetta sem er gert. Þessi ríkisstjórn hefur aldrei sett inn sveigjanleika fyrir launafólk í þessu landi, hvorki við útfærslu á fjármagnstekjuskatti né staðgreiðslu á honum eða önnur skattalög. Um það snýst þetta mál. Í hvert skipti sem réttu aðilarnir koma með ábendingar og kvartanir um eitthvað sem gæti nú farið betur og ef það eru réttu aðilarnir sem kvarta og koma með ábendingar um breytingar á skattalögum, þá er umsvifalaust orðið við þeim. En það er aldrei hugsað um þetta ef það snýr að hinum almenna launamanni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 159, nál. 234 og 253, brtt. 235.

[19:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

Brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. leggur til er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er við 4. gr. frv., 26. gr. laganna. Þar er verið að gera tilraun til breytingar til samræmingar við lögin eins og þau eru í dag, en dregin er til baka tillaga sem var lögð til í frv. eins og það var upphaflega lagt fram. Síðan er lagt til að 3. málsl. 5. mgr. falli niður. Þarna er fyrst og fremst um að ræða atriði sem varða kærufresti.

Í öðru lagi er lögð til tillaga til breytinga á 7. gr. frv. sem fjallar líka um kærufresti og kæruleiðir. Fyrir þessu er gerð grein á þskj. 234 í nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn.

[19:40]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta efh.- og viðskn. Undir það skrifar ásamt mér hv. þm. Ágúst Einarsson og auk þess er áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, aðili að því áliti eða samþykk því.

Efni þessa frv. er má segja í aðalatriðum tvíþætt. Það er annars vegar tæknilegs eðlis og hins vegar pólitískt. Tæknilegi hlutinn lýtur að ýmsum breytingum, m.a. á málsmeðferðarreglum í virðisaukaskattslögum eins og hér var rakið af frsm. meiri hluta áðan. Að hinu leytinu til er þetta frv. tengt þeirri pólitísku ákvörðun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá sl. vetri að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna viðhalds og endurbóta úr 100% niður í 60%.

Hvað fyrra atriðið snertir, sjáum við í minni hlutanum ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær breytingar sem leiða beint af breytingum á öðrum skattalögum eða eru hreinar tæknilegar lagfæringar. Segja má að þar sé ýmislegt sjálfsagt og annað jafnvel til bóta, eins og til að mynda ákvæði 2. gr. um bætta málsmeðferð hvað varðar svonefndar virðisaukaskattsbifreiðar.

Efh.- og viðskn. bárust erindi frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga á Norðurl. v. sem lúta að lagfæringum á virðisaukaskattsuppgjöri sveitarfélaganna. Ég vil fara fáeinum orðum um það, herra forseti, hvað þar er á ferðinni. Þar er annars vegar um að ræða óskir sveitarfélaganna um að breytt verði skilgreiningu á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem sveitarfélögin fá vegna söfnunar, meðhöndlunar, flutnings og förgunar úrgangs. Þannig er að gildandi túlkun ríkisskattstjóra er þröng og viðurkennir eingöngu neysluúrgang en ekki allan úrgang sem sveitarfélögin bera lögum samkvæmt ábyrgð á að farga. Þar af leiðandi koma upp ankannaleg dæmi þegar þetta mál er skoðað eins og ágætlega er rakið í umsögn Sambands sveitarfélaga á Norðurl. v. og birt er með áliti okkar.

Það getur sem sagt orðið þannig að mismunandi förgunarleiðir sama úrgangs valdi því að í öðru tilvikinu sé um endurgreiðslu að ræða en í hinu tilvikinu ekki. Frá umhverfissjónarmiðum séð hlýtur það að teljast heppilegra að notuð sé skattaleg hvatning, ef á annað borð er fyrir hendi, til þess að bætt sé framkvæmd förgunarmála og ýtt undir til að mynda hluti eins og endurvinnslu plasts eða brotmálma. Ástandið eins og það er í dag gerir það ekki. Við í minni hlutanum teljum að það hefði verið skynsamlegt að skoða miklu betur en gert var, hvort ekki væri unnt að verða við þessu erindi sveitarfélaganna. Fyrir því eru mörg rök, þó svo að fjmrn. eða þeir sem halda utan um kassann kunni að segja að þetta sé hluti af tekjusamskiptum ríkis og sveitarfélaga og það eigi ekki að raska því, þá er það ansi hart ef ekki má taka afstöðu til svona hluta eða skoða þá út frá efni máls. Ég hygg að þeir sem kynna sér þessi erindi frá sveitarfélögunum, bæði Sambandi ísl. sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra, hljóti að fallast á að það séu veruleg málsrök fyrir hendi eins og þau eru þar fram sett.

Að hinu leytinu óska sveitarfélögin eftir því að virðisaukaskattur af slökkvi- og björgunarbúnaði verði endurgeiddur. Það er fyrst og fremst rökstutt með því að mjög mikil þörf sé á að endurnýjan slíkan búnað um allt land. Hann er kostaður af sveitarfélögunum og er mörgum þeirra þungur baggi að ráðast í þær fjárfestingar sem þarf að gera. Sömuleiðis teljum við í minni hlutanum að þessa ósk hefði átt að athuga mjög vandlega a.m.k. hvort ekki væri unnt að koma eitthvað til móts við sveitarfélögin í þessu efni.

Ég minni á að okkur í efh.- og viðskn. hefur einnig borist í þessu sambandi samþykkt eða upplýsingar frá svonefndri tækjakaupanefnd Félags slökkviliðsstjóra, Sambands ísl. sveitarfélaga og Brunamálastofnunar. Það er í framhaldi af því að slökkviliðsstjórar um land allt hafa snemma á þessu ári sent þingmönnum, að ég hygg úr öllum kjördæmum áskorunarskjal og í framhaldinu hefur þessi tækjakaupanefnd starfað. Í henni sitja Hrólfur Jónsson, slökkviliðsstjóri í Reykjavík, bæjarstjóri Borgarbyggðar, deildarstjóri hjá Brunamálastofnun og er þá e.t.v. upptalið. Þessi ágæta nefnd hefur farið á fund fjmrh. og kynnt honum áherslur sínar, eins og rakið er í erindinu. Þetta erindi styður að sjálfsögðu þær óskir sveitarfélaganna að virðisaukaskatturinn af þessum kostnaði sé endurgreiddur. Enda hlýtur það eðli málsins samkvæmt að orka nokkuð tvímælis að búnaður af þessu tagi hjá sveitarfélögunum sé að fullu virðisaukaskattskyldur.

Því miður, herra forseti, var það svo að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. ákvað að verða við hvorugri ósk sveitarfélaganna, slökkviliðsmanna og Brunamálastofnunar. Það gagnrýnum við í minni hlutanum.

Hið stóra pólitíska mál þessa frv., herra forseti, eru hins vegar ákvæði 9. gr. Það er hluti þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað og vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði, eins og áður sagði, úr 100% niður í 60%. Þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi og minni hlutinn barðist þá hart gegn þessum áformum og varaði mjög við þeim og sú afstaða stendur óhögguð. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á sínum tíma, eins og menn eflaust muna, tekin í tengslum við breytingar á vörugjöldum og í raun til þess að fjármagna tiltekna lækkun á þeirri hlið. Með því var skattbyrði flutt yfir á þann hóp sem er að byggja eða endurbæta húsnæði. Sú ráðstöfun almennt í skattapólitísku tilliti hlýtur að teljast fráleit. Það eru engar vísbendingar um það af neinum toga, herra forseti, að húsbyggjendur í landinu séu öðrum landsmönnum færari um að taka á sig skattahækkanir. En verst er þó kannski það að þessi lækkun virðisaukaskattsins er mjög líkleg, og nánast öruggt, að hún kemur til með að koma fram í stórauknum undanskotum frá skatti og aukinni svartri atvinnustarfsemi. Reynslan sýnir það svo ekki verður um villst. Það er reyndar mat þeirra sem til þekkja að nú þegar sjái þess stað í verulegum mæli að tekið sé að draga úr því að reikningum sé skilað. Og þar með hverfa að sjálfsögðu ekki einungis virðisaukaskattskilin af þessum hluta heldur og launatekjur sem myndast í tengslum við viðkomandi starfsemi og þar fram eftir götunum. Þetta mál er reyndar allt hið vandræðalegasta fyrir meiri hlutann, herra forseti, vegna þess að breytingin sem er á ferðinni er í raun afleiðing af því að málinu var algjörlega klúðrað við lagasetninguna á Alþingi á sl. vori. Þó Alþingi allt beri þar sameiginlega ábyrgð hvað varðar vinnubrögð þá hlýtur að skoðast að brtt. meiri hlutans, sem meiri hlutinn einn greiddi atkvæði, reyndust síðan svo meingallaðar að vilji ríkisstjórnarinnar gekk ekki eftir. Menn treystu sér ekki eftir að úrskurðir sérfræðinga í skattamálum lágu fyrir, annað en að halda áfram að endur-

greiða virðisaukaskatt vegna viðhalds og endurbóta að fullu út allt þetta ár. Af því að breytingunum var klúðrað á Alþingi á síðasta vetri. Þess vegna verður að grípa til þess að bæta um betur og koma þessari endurgreiðslu úr 100% niður í 60% hvað varðar endurbætur og viðhald húsnæðis einnig. Eftir stendur það að við teljum þessa ráðstöfun óskynsamlega og óréttláta og við leggjumst eindregið gegn henni. Við munum því greiða atkvæði gegn þessu ákvæði frv. og frv. í heild verði það engu að síður samþykkt með þetta ákvæði inni.

Það er rétt að vekja athygli á því, herra forseti, að efh.- og viðskn. fékk umsagnir frá ýmsum aðilum sem varða þetta mál og má þar nefna að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja leggst eindregið og mjög hart gegn þessari breytingu og varar við henni með sömu rökum að mestu leyti og við höfum flutt og sama má segja um Samtök iðnaðarins. Þar er því mótmælt mjög ákveðið sem fyrr að gera þá breytingu sem felst í 9. gr. frv. Samtök iðnaðarins segja fullum fetum að þessi breyting auki mjög hættuna á svartri atvinnustarfsemi og leiði þess vegna alls ekki til betri stöðu ríkissjóðs eins og höfundar frv. virðast reikna með. Því er með öðrum orðum haldið fram af Samtökum iðnaðarins að þessi ráðstöfun sem slík hafi alls ekki jákvæð tekjuáhrif fyrir ríkissjóð þegar upp er staðið þannig að það hafist ekkert upp úr krafsinu. Það sem gerist er fyrst og fremst það að hluti þessarar starfsemi hverfur undir yfirborðið og er þá að sjálfsögðu miklu verr af stað farið en heima setið og breytingin öll til óþurftar og óheilla.

Herra forseti. Að öðru leyti er í sjálfu sér ekki mikil ástæða til að fjölyrða um þetta mál. Í því er ekki margt annað en þetta tvennt sem hér hefur verið rakið. Annars vegar þessar tæknilegu lagfæringar og ýmsar breytingar á málsmeðferðarreglum og hins vegar þetta pólitíska atriði sem við leggjumst eindregið gegn og veldur andstöðu okkar við þetta frv.

[19:53]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á sl. vori voru þær ráðstafanir boðaðar af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti á byggingarstað til að vinna upp það tekjutap sem áætlað var vegna breytinga á vörugjöldum sem gerðar voru vegna úrskurðar frá Eftirlitsstofnun EFTA. Þessari aðferð til tekjuöflunar var ákaft mótmælt m.a. af Samtökum iðnaðarins og fram kom fjöldi ábendinga um aðrar leiðir sem væru vænlegri til að vinna upp þetta tekjutap t.d. að leggja aukna skatta á fyrirtækin í landinu og fleira var nefnt.

Viðvaranir komu fram um að þessi ráðstöfun mundi hækka vísitölu byggingarskostnaðar og þar með verðlag á íbúðarhúsnæði í landinu og var þó vart á bætandi því nú er svo komið í þessari paradís eignaríbúðanna að ungt fólk á venjulegum launum á í miklum erfiðleikum með að komast yfir íbúðir og er vart á þá erfiðleika bætandi. Einnig komu fram í umræðunni í vor mjög ákveðnar viðvaranir vegna lækkunar endurgreiðslu vegna vinnu við viðhald og endurbætur húsnæðis. Við samþykkt frv. mátti ætla að hv. efh.- og viðskn. hefði brugðist við þessum ábendingum og fellt þessi atriði út en nú liggur fyrir að svo var ekki. Frv. er endurflutt, ekki síst til að koma þessu atriði til skila. Ég vil því ítreka viðvörunarorð mín frá síðasta þingi varðandi þessi atriði.

Það liggur fyrir að almennt er viðhaldi á húsnæði á Íslandi ábótavant ekki hvað síst vegna mikils kostnaðar við að fá verktaka til slíkra verka, svo mikils kostnaðar að fólk sem ekki treystir sér til að vinna slík verk sjálft og hefur ekki annað til viðurværis en venjulegar launatekjur treystir sér ekki í slíkar framkvæmdir. Til að koma til móts við húseigendur sem þurfa að ráðast í viðgerðir var virðisaukaskattur endurgreiddur og munaði það fólk miklu auk þess sem það hamlaði gegn svartri atvinnustarfsemi í þessum geira og jók þannig skatttekjur ríkissjóðs. Það er mat margra þeirra er gerst til þekkja að þessi breyting sem hér er lögð til að lækka endurgreiðslur niður í 60% verði til að taka burt þann hvata sem endurgreiðsla var á viðhaldsviðgerðir auk þess sem hún leiðir mjög líklega til aukinnar svartrar atvinnustarfsemi sem var þó ærin fyrir.

Ég legg því til við hv. efh.- og viðskn. að hún haldi uppteknum hætti og láti þessi atriði brott falla úr frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, 2. umr.

Stjfrv., 118. mál (kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs). — Þskj. 129, nál. 238.

[19:56]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 50/1984, um lífeyrissjóð bænda, með síðari breytingum. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum en nefndin hefur engu að síður fjallað um það og fengið á sinn fund aðila úr fjmrn. Þá fékk nefndin einnig sendar umsagnir um málið frá Bændasamtökunum og frá Landssambandi lífeyrissjóða.

Hæstv. forseti. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (iðgjöld, stigaútreikningur, ávöxtun o.fl.). — Þskj. 162, nál. 239.

[19:58]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fulltrúa fjmrn. og fékk einnig sendar umsagnir frá Bandalagi háskólamanna og Landssambandi lífeyrissjóða. Nefndin leggur til örlitla breytingu á frv. Sú breyting er í 6. gr. frv. en í henni, eins og hún er í frv., er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins sé heimilt að gera samning við Spöl hf. um kaup víkjandi skuldabréfa, útgefnum af Speli hf., í samræmi við viljayfirlýsingu lífeyrissjóðsins, dagsettri 13. desember 1993, og yfirlýsingu dagsettri 22. maí 1995. Nefndin gerir þá tillögu að þetta ákvæði verði almennt og orðist svo: „Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf fyrir allt að 100 millj. kr.“ Fyrirtækið Spölur hf. verði ekki sérstaklega tiltekið í þessum texta en niðurstaða af þessum ákvæðum á engu að síður að vera sú sama.

[19:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla að koma inn á atriði sem kemur fram í 2. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins, að lífeyrissjóðurinn taki við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 1. mgr."

Allir lífeyrissjóðir á Íslandi starfa samkvæmt þeirri reglu að iðgjaldið er fast. Það er yfirleitt 10% eins og í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda í dag og greiðir atvinnurekandinn 6% og launþeginn 4%. Einstaka lífeyrissjóður er með hærra framlag atvinnurekanda, til að mynda Samvinnulífeyrissjóðurinn sem er með samtals 11,5% og Lífeyrissjóður flugmanna þar sem vegna mjög lágs ellilífeyrisaldurs, þ.e. 63 ára, iðgjaldið er 20 plús 2%, 22% samtals. En þeir hafa allir þá grundvallarreglu að iðgjaldið er ákveðið fast.

Hér er verið að fara inn á nýja braut með því að lífeyrissjóðum verði heimilt að taka við viðbótariðgjaldi og ekki er sagt neitt um það hvað eigi að gera við þetta viðbótariðgjald, hvort það eigi að veita réttindi eins og annað iðgjald eða hvernig með skuli fara. Mér finnst þetta vera ákveðið stílbrot á núverandi lífeyrissjóðakerfi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er eins konar sameiningarsjóður annarra sjóða því að hin stóru samtök lífeyrissjóðanna, Samband almennra lífeyrissjóða og Landssamband lífeyrissjóða, tilnefna menn í stjórn þessa sjóðs þannig að hann er eins konar vettvangur þessara tveggja samtaka lífeyrissjóða. Það er mikið horft til reglugerðar þessa sjóðs. Þess vegna finnst mér það ákveðin stefnubreyting sem hér á sér stað í þá veru að heimila að taka inn viðbótariðgjald og ég vil að fram fari miklu meiri umræða um slíka breytingu ef hún á að vera almenn í gegnum allt lífeyriskerfið.

Herra forseti. Í þessu sambandi vil ég minna á að nefnd á vegum fjmrn. er að störfum sem er að endurskoða einmitt þetta atriði, þ.e. lífeyriskerfið í heild. Og mér finnst mjög undarlegt að á sama tíma og þessi nefnd er að störfum, skuli vera sett inn svona ákvæði sem getur verið túlkað þannig að viðbótariðgjaldið eigi að vera eins konar séreign — það mætti hugsa sér það — eða að menn geti borgað viðbótariðgjald, og það er ekki einu sinni sagt hvað það má vera hátt. Má það vera 10% af launum eða 50% eða hvað? Það eru engin takmörk sett á vald ráðherra í þessu máli.

Ég vil að menn skoði svona hluti miklu betur. Við Íslendingar höfum áður hlaupið á okkur í lagasetningu um lífeyrissjóði. Ég minni þar sérstaklega á lagasetninguna 1974 um skylduaðild að lífeyrissjóði án þess að nokkuð væri tekið fram um það að þessir sömu lífeyrissjóðir gætu yfirleitt borgað það sem þeir lofuðu, og sömuleiðis lagasetninguna frá 1980 þar sem öllum þeim sem taka laun á Íslandi, sjálfstæðum atvinnurekendum líka, var gert að borga í lífeyrissjóð. Slík lagasetning er ákaflega ljót, að setja í lög að allir eigi að vera í lífeyrissjóði og ekkert gengið út frá því hvort lífeyrissjóðirnir geti staðið við þær væntingar sem eru gerðar til þeirra eða staðið við þau loforð sem þeir veita.

Hér er aftur verið að gera grundvallarbreytingu á öllu lífeyriskerfinu með einni lítilli setningu og ég get ekki annað en verið á móti henni því ég vil að þetta verði rætt mikið ítarlegar og ég mun greiða atkvæði á móti þessu ákvæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 71. mál (leiga, sala embættisbústaða). — Þskj. 71, nál. 240 og 255.

[20:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 240 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 27/1968, um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund fulltrúa úr fjmrn. Auk þess sendi nefndin frv. til umsagnar allvíða og barst umsögn frá Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að gerð verði ein breyting á frv., þ.e. að í 4. gr. frv. verði vísað til sömu vaxta og á húsbréfum Húsnæðisstofnunar ríkisins. Nefndin reiknar ekki með því að þetta hafi áhrif á þau kjör sem kaupendur þessa íbúðarhúsnæðis munu búa við þegar upp er staðið vegna þess að verð á íbúðarhúsnæðinu fer að sjálfsögðu eftir þeim vöxtum sem hvíla á þeim lánum sem tekin er til kaupanna. Þegar upp er staðið á þessi breyting því ekki að vera til íþyngingar heldur til samræmingar.

Þá vill meiri hluti nefndarinnar taka sérstaklega fram að þrátt fyrir orðalag 2. gr. frv. um að húsaleiga skuli miðast við markaðsleigu, verði leigugjaldið ekki sett svo hátt að erfitt reynist að fá hæfa starfsmenn til starfa úti á landi. Meiri hluti nefndarinnar vekur sérstaklega athygli á því að þar sem eðlilegur húsaleigumarkaður er ekki fyrir hendi skuli miða húsaleigu við brunabótamat, staðsetningu og notagildi. Og meiri hluti nefndarinnar leggur sérstaka áherslu á að þessu ákvæði frv. verði beitt þannig að það hamli ekki gegn því að hæft starfsfólk fáist til starfa úti á landi þar sem þetta á við.

[20:06]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. Undir þetta nefndarálit tekur ásamt mér áheyrnarfulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, í efh.- og viðskn.

Við í minni hlutanum skiljum að sjálfsögðu rökin fyrir því að endurskoða geti þurft meðferð mála hvað varðar íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. En því er nú þannig háttað að undirbúningi þessa máls virðist vera að ýmsu leyti leyti ábótavant. Það er eins og menn hafi ekki gert sér nægilega grein fyrir því að í húsnæði sem ríkið leggur starfsmönnum sínum til í sumum byggðarlögum er hluti af starfskjörum þeirra og sérstaklega er það svo þegar í hlut eiga byggðarlög þar sem erfiðlega hefur gengið að manna stöður. Ríkið hefur jafnvel þurft og þarf í dag að beita annars konar hvatningu jafnframt þeirri að bjóða upp á húsnæði, til að manna störf og nægir í því sambandi að menn benda á t.d. staðaruppbætur sem greiddar eru á ákveðnum stöðum í læknishéruðum. Að þessu samhengi málsins er að okkar mati nauðsynlegt að hyggja mun betur en gert hefur verið. Það er ekki séð að það hafi verið gert. Það kemur ekki fram í anda frv. og allra síst í greinargerðinni. Og þó að meiri hluti hv. efh.- og viðskn. virðist hafa fengið einhverja bakþanka út af þessu máli, samanber orð sem hv. þm. lét falla um nauðsyn þess

og mikilvægi að standa þannig að málum að það yrði ekki til þess að torvelda mönnun embætta út um landið, þá er undirbúningur málsins hvað þann þátt snertir er ófullnægjandi að okkar mati. Engin sérstök stefna virðist hafa verið mótuð önnur en sú að miða þarna við byggðakjarna þar sem íbúar eru fleiri en 1.000 og síðan skjóta menn sér á bak við í textanum hugtök eins og þau að þar sem eðlilegur markaður, og það er ekki einu sinni innan gæsalappa, hafi skapast fyrir íbúðarhúsnæði, þá skuli o.s.frv.

Þetta er að okkar mati ekki alveg svo einfalt mál að hægt sé að finna einhverja skilgreiningu sem dugi til að mæla hvað sé eðlilegur markaður. Hér geta staðbundnar aðstæður verið mjög breytilegar og ýmis önnur atriði en markaðlögmálin ein eða viðskiptalegar aðstæður þurfa þarna að koma til skoðunar, svo sem kvaðir sem fylgt geta viðkomandi embættum eða störfum og bent er á af ýmsum aðilum sem komið hafa að málinu.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt markmið, herra forseti, að takmarka útgjöld ríkisins vegna íbúðarhúsnæðis í þess eigu. Um það er ekkert að deila. Það má hins vegar aldrei bera hitt meginmarkmiðið ofurliði sem á að ráða og það er að tryggja þá þjónustu sem í hlut á og ekki síst í afskekktari byggðarlögum þar sem helst má ætla að erfiðleikar séu á slíku. Það þarf að koma mun betur fram en hingað til hefur gerst í þessu máli hvert sé meginmarkmiðið og hvað verði að víkja þegar svo ber undir. Í okkar huga er enginn vafi að það á ekki að vera mönnum neitt heilagt keppikefli að reyna að selja endilega allt það húsnæði sem ríkið mögulega getur losað sig við. Þvert á móti, ef það sýnir sig vera mikilvæg forsenda þess að unnt sé að manna stöður sem tengjast mikilvægri, opinberri þjónustu að unnt sé að bjóða upp á tryggt húsnæði á góðum kjörum fyrir þá starfsmenn, er að sjálfsögðu rétt og skylt að sinna því.

Ég vil í þessu sambandi sérstaklega víkja að umsögnum sem nefndinni hafa borist. Þegar þetta mál var til meðferðar í fyrra ritaði héraðslæknir Austurlands, Stefán Þórarinsson, nefndinni og varaði mjög við áhrifum af lögfestingu frv. hvað snertir til að mynda mönnun læknishéraða í sínu umdæmi. Nú á þessu hausti hafa nefndinni borist umsagnir frá Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Þar er sömuleiðis hvatt til þess að við framkvæmd málsis verði farið gætilega hvað það snertir að frv. verði ekki til þess að skortur verði á embættismönnum í mikilvægum störfum úti um landið. Einnig hefur stjórn Læknafélags Austurlands ritað efh.- og viðskn. bréf og þar er gengið svo langt að skora á þingmenn að beita sér fyrir því að frv. nái ekki fram að ganga. Í umsögn stjórnarinnar sem fylgir bréfinu er farið um það nokkrum orðum og færð fram fyrir því nokkur veigamikil rök að mjög varhugavert geti verið að gera breytingar af því tagi sem frv. gengur út á og það geti leitt til stórfelldra erfiðleika í framtíðarmönnun í heilsugæslu á landsbyggðinni. Það er minnt á þær samfélagslegu skyldur sem læknisstarfinu fylgja, eins og þær að búa nálægt heilsugæslustöð í einmenningshéruðum, að vera ávallt til reiðu til að sinna kalli ef það kemur. Einnig benda þeir á að svonefnt fimm ára ákvæði, þ.e. að innlausnar- eða endurkaupaskylda á húsnæði sem selt hefur verið innan fimm ára kunni að skapa lausung og hættu á brottflutningi, þ.e. að menn nýti sér þá ákvæðið áður en fimm ára tímabilið er úti til þess að nota kaupskylduna.

Ég vísa í þessar umsagnir, herra forseti, sem frekari rök fyrir þeirri afstöðu okkar í minni hlutanum að málið sé ekki nægilega þroskað til þess að það nái fram að ganga og hyggilegast sé að fresta afgreiðslu þess og skoða það miklu betur og móta eftir atvikum vandaða stefnu um það hvernig með þessi mál skuli fara. Hér er alls ekki stórmál á ferð í neinum þeim skilningi að það varði einhver mikil útgjöld ríkisins eða að bráð nauðsyn kalli á að þessum málum verði breytt. Þar af leiðandi ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að líta á vel rökstuddar umsagnir þar sem varað er við afleiðingum af breytingum í þessa veru. Vissulega skiptir miklu máli hvernig á málum verður haldið. Lögin sjálf eru vissulega aðeins ramminn utan um framkvæmdina en það er samt ljóst að þau boða þann tíðaranda og er ekki farið dult með það í greinargerð og framsögu, að selja sem allra mest af húsnæðinu og losa það úr eigu ríkisins. Því vakna strax verulegar efasemdir um að þeir sem þannig hugsa hafi nægan skilning á því hversu vandasamt og mikið verk getur verið að tryggja víða um landið þá opinberu þjónustu sem tengist opinberum embættismannabústöðum. Við munum því ekki, herra forseti, greiða þessu frv. atkvæði.

[20:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis vekja athygli á því að þetta frv. var lagt fram á þinginu í fyrra og fékk þá allmikla umfjöllun í efh.- og viðskn. þannig að ekki er hægt að segja að menn hafi rasað um ráð fram í meðferð málsins. Það sem kemur fram hjá hv. þm. er að sjálfsögðu umhugsunarvert og var rætt í nefndinni í meðferð málsins. Eins og ég skil það frv. sem hér er á ferðinni gengur það fyrst og fremst út á að selja embættisbústaði á tiltölulega stórum stöðum þar sem eignarhald ríkisins á þessum bústöðum skapar oft ákveðna mismunun á milli þeirra starfsmanna sem í hlut eiga og er hvorki eðlileg né sjálfsögð.

Á hinn bóginn tek ég alveg fyllilega undir það með hv. þm. að á ákveðnum stöðum er nauðsynlegt að ríkið eigi embættisbústaði. Ég held að það sem muni ráða þessu fyrst og fremst þegar til lengri tíma er litið sé ekki lagatextinn sem slíkur hvernig sem hann er heldur sú framkvæmd sem verður í gildi. Ég treysti því að mönnum muni takast að feta þarna skynsamlega leið og geti náð fram ákveðnum sanngirnismálum um sölu á íbúðarhúsnæði og ákveðinni skynsemi í því hvenær ríkið eigi að eiga húsnæði og hvenær ekki því það er heldur ekki eðlilegt að einhvers konar sjálfsafgreiðslustefna sé í því eða það sé sjálfsagt mál á stöðum þar sem ekki þarf á því að halda að ríkið eigi íbúðarhúsnæði.

[20:17]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt og ég lét það koma fram í mínu máli að framkvæmdin skiptir að sjálfsögðu meginmáli og lagatextinn sem slíkur er meira í formi heimilda til að selja húsnæði en að það sé skylda. En sú er m.a. ástæðan fyrir því að tortryggni hefur vaknað og ekki bara hjá okkur í minni hlutanum í efh.- og viðskn. heldur mörgum fleiri sem skoðað hafa þetta frv. að andi þess er auðvitað eða var í hinni upphaflegu gerð mjög ákveðið í þá átt að selja bæri sem allra mest af þessu húsnæði. Og maður óttast einfaldlega að farið verði offari í því. Menn sjá ekki að sér fyrr en um seinan að reynt verði að selja húsnæði til þeirra sem sitja í því á hverjum tíma. Þeir hverfi síðan á braut og valdi þeirri röskun sem því fylgir eða húsnæðið verði selt á almennum markaði,

jafnvel á mjög lágu verði af því að stefnan í tilteknum bæjum sé sú að losna við þetta húsnæði umfram allt.

Staðreyndin er sú að þegar lesið er t.d. með hvaða hætti hæstv. fjmrh. lagði línurnar fyrir starf nefndar sem undirbjó þetta mál, þá segir þar beinlínis að nefndin geri tillögur um það til ríkisstjórnarinnar hvernig fækka mætti embættismannabústöðum markvisst. Það var alveg ljóst í hvaða farveg málið átti að fara frá byrjun og um það var pólitísk leiðsögn gefin. Það er í því ljósi m.a. sem við höfum lýst hér áhyggjum, sem og ýmsir aðrir sem málið hafa skoðað.

[20:19]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég á aðild að meirihlutaáliti sem var kynnt af hv. formanni efh.- og viðskn. Ég gerði hins vegar við 1. umr. málsins athugasemdir við tiltekna þætti og þá fyrst og fremst við það ákvæði í frv. þar sem var gert ráð fyrir að veitt yrðu lán varðandi sölu á þessu íbúðarhúsnæði á niðurgreiddum vöxtum, þ.e. 3%. Ég taldi óhæfu að lögbinda slíkt ákvæði að hafa niðurgreidda vexti í slíkum viðskiptum eða öðrum. Hér ætti að miða við hefðbundna markaðsvexti og menn ættu að ívilna kaupendum ef svo bæri undir öðruvísi, t.d. lánum til langs tíma eða upphæð skuldabréfa sem gefin væru út.

Meiri hluti efh.- og viðskn. féllst á þetta sjónarmið og við nánari athugun fannst þeim rétt að standa að brtt. sem kemur fram í nefndarálitinu, að miðað skuli við vexti Húsnæðisstofnunar, þ.e. almenna markaðsvexti. Hér er um miklu eðlilegra fyrirkomulag að ræða og þess vegna taldi ég rétt að styðja framgang þessa máls þó svo ég hafi vissar áhyggjur. Það kom einnig fram við 1. umr. málsins að menn verða að hafa fullan vara á sér um að þetta leiði ekki til vandkvæða við að manna mikilvægar stöður á vegum ríkisins á landsbyggðinni. Ég treysti því að menn gæti þess við framkvæmd laganna enda er þess getið sérstaklega í nál. um leiguupphæðir að þær hækki ekki um of og skyndilega. Þetta nefndi ég líka við 1. umr. Ég tel því þegar á heildina er litið að meiri hluti eða stjórnarliðar í efh.- og viðskn. hafi þannig tekið tillit til athugasemda minna og ég tel rétt að fylgja þessu máli í því formi sem það liggur nú fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[20:21]

Útbýting þingskjals:

Umboðsmenn sjúklinga, 213. mál, þáltill. ÁÞ o.fl., þskj. 260.

Löggildingarstofa, 2. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 74, nál. 241.

[20:22]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Löggildingarstofu á þskj. 241.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund nokkra aðila og einnig fékk nefndin umsagnir frá nokkrum aðilum og alls þessa er getið á þskj. 241.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frv. Fyrri tillagan er sú að í 2. málsl. 3. gr. verði gerð sú breyting að í stað þess að stjórn stofunnar „yfirfari gjaldskrá", þá „geri hún tillögu til ráðherra um gjaldskrá."

Síðan er lagt til að 2. mgr. 4. gr. frv. falli brott en þar er kveðið svo á að heimilt sé að stofna nefndir sérfróðra manna til að vera stofnuninni til ráðuneytis um stofnun einstakra fagsviða. Efh.- og viðskn. telur að slíkt sé sjálfsagt mál ef á þarf að halda og ekki þurfi neina sérstaka lagastoð til og enn fremur að hægt sé að kalla til einstaklinga en ekki þurfi að stofna heilar nefndir ef Löggildingarstofan þarf á sérfræðiaðstoð að halda. Þetta sé því atriði sem ekki er þörf á að hafa í lögum.

Til skýringar á hugtökum í 2. gr. frv. skal tekið fram að lögmælifræði tekur til löggildingar á mælitækjum sem eru löggildingarskyld en hagnýt mælifræði til meðferðar landmæligrunna og kvörðunarbúnaðar.

Hæstv. forseti. Við meðferð málsins í hv. efh.- og viðskn. varð allmikil umfjöllun um löggildingu yfirleitt eða starfsemi þessarar stofnunar. Þessi starfsemi hefur orðið fyrir allmikilli gagnrýni og að Löggildingarstofan væri að eyða tíma, orku og peningum í að löggilda allt of oft alls kyns mælitæki sem hafa iðulega ekki þýðingu fyrir viðskipti milli aðila heldur einungis þýðingu í innri rekstri fyrirtækja og enn fremur væri verið að löggilda mælitæki einu sinni á ári þar sem eftirlit með mælitækjunum væri fullnægjandi að mörgu leyti og bæði kaupandi og seljandi vöru hefðu mikinn hag af því að mælitækin væru sem réttust. Því var það rætt við meðferð þessa máls hvort nefndin ætti að flytja sjálfstætt frv. um breytingu á lögum um vog, mál og faggildingu þar sem tekið væri fram að takmarka bæri þá starfsemi sem þarna fer fram. Nefndin lét útbúa slíkt frv. sem hún hefur í fórum sínum en á vegum ráðuneytisins er verið að vinna að endurskoðun á þessum málum og meiningin af hálfu nefndarinnar var að bíða aðeins eftir því hvernig slíkri endurskoðun reiddi af eða hvaða stefnu hún tæki og taka þá ákvörðun um að flytja frv. um breytingu á vog, mál og faggildingu á síðari stigi málsins.

[20:26]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í hv. iðnn. er nú til meðferðar frv. til laga um raforkuvirki og fleira sem kemur inn á efni þessa máls. Ég hefði talið æskilegt að þessi tvö frumvörp yrðu samferða í gegnum þingið og ég harma að ekki skuli hafa verið athugað fyrr að tryggja það, en ég áttaði mig ekki fyrr en ég sá að þetta mál var komið á dagskrá. Ég nefni það þess vegna hvort ekki er hugsanlegt að atkvæðagreiðslu um þetta mál eftir 2. umr. verði frestað þannig að málin geti orðið samferða að lokum ef tekst að afgreiða bæði málin, þ.e. raforkuvirkjafrv. úr hinni nefndinni. Ef það tekst ekki þá færi þetta væntanlega eitt í gegn en alla vega yrði gefið hlé um sinn til að kanna hvort þau gætu orðið samferða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (umsýslugjald). — Þskj. 75, nál. 242.

[20:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum. Nefndin sendi frv. til umsagnar til nokkurra aðila og fékk á sinn fund aðila eins og getið er um í nál.

Nefndin leggur til tvær breytingar á frv. Fyrri breytingin er sú að lokamálsliður 1. gr. frv. falli brott. Þar er verið að mæla svo fyrir að fella brott málslið um að eigi skuli greiðast þóknun vegna innheimtu umsýslugjalds. Með þessu er nefndin ekki að leggja til að félögin eigi að fá þóknun fyrir innheimtuna, heldur þvert á móti er það afstaða nefndarinnar að ekki beri að greiða þóknun fyrir innheimtu á slíkum skatti frekar en af öðrum sambærilegum sköttum sem vátryggingafélög innheimta fyrir ríkið enda hefur fram til þessa einungis verið greidd þóknun fyrir innheimtu á viðlagatryggingargjaldi.

Þá er enn fremur gerð tillaga af hálfu nefndarinnar um breytingu á 2. mgr. 4. gr. laganna og hún orðist svo:

„Séu brunatryggingariðgjöld og önnur gjöld og skattar sem ákvörðuð eru sem hlutfall af brunabótamati og innheimtast eiga samhliða innheimtu iðgjalda, svo og matskostnaður, eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að krefjast nauðungarsölu á hinni vátryggðu eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Önnur gjöld og skattar samkvæmt þessari málsgrein eru brunavarnargjald, umsýslugjald, forvarnargjald, viðlagatryggingargjald og álag á viðlagatryggingargjald."

Hæstv. forseti. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að tryggja að eignir séu tryggðar og að kröfuhafar og veðhafar lendi ekki í því að eignir sem þeir eiga kröfur í séu ótryggðar og því geti kröfuhafar orðið fyrir því að ógreidd gjöld leiði til að eignir sem brenna séu ótryggðar og því verði veðin að engu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 20:30.

---

36. FUNDUR

fimmtudaginn 5. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 161, nál. 230 og 252, brtt. 231. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 158, nál. 232 og 254, brtt. 233. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 159, nál. 234 og 253, brtt. 235. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 118. mál, þskj. 129, nál. 238. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 147. mál, þskj. 162, nál. 239. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 71. mál, þskj. 71, nál. 240 og 255. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Brunatryggingar, stjfrv., 75. mál, þskj. 75, nál. 242. — 2. umr. (Atkvgr.)
8. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210. — 1. umr. (Atkvgr.)
9. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 173. mál, þskj. 190. — 1. umr.
10. Fjöleignarhús, stjfrv., 174. mál, þskj. 191, nál. 257. — 2. umr.
11. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204. — 1. umr.
12. Almenn hegningarlög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100, nál. 250. — 2. umr.
13. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 30. mál, þskj. 30, nál. 251. — 2. umr.
14. Almenn hegningarlög, stjfrv., 29. mál, þskj. 29, nál. 256. — 2. umr.
15. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 203. mál, þskj. 229. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 2. varaþm. Framsfl. í Reykv., Vigdís Hauksdóttir blómakaupmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Reykv.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Finnur Ingólfsson, 7. þm. Reykv."

Þá hefur enn fremur borist svofellt bréf:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Finns Ingólfssonar, 7. þm. Reykv., á Alþingi sem 1. varaþm. Framsfl. í Reykv.

Virðingarfyllst, Arnþrúður Karlsdóttir."

Kjörbréf Vigdísar Hauksdóttur hefur verið samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Vigdís Hauksdóttir, 7. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[10:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vigdís Hauksdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:36]

Útbýting þingskjals:

Rekstur dagvistarheimila á vegum sjúkrahúsa, 166. mál, svar heilbrrh., þskj. 222.

Tilkynning um dagskrá.

[10:36]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Kl. hálftvö í dag, eða að loknu hádegishléi, fer fram utandagskrárumræða um lokun póststöðva. Málshefjandi er hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, en hæstv. samgrh. verður til andsvara. Umræðan mun standa í hálftíma.

Þá er þess að geta að um kl. 2, að lokinni utandagskrárumræðunni, fara fram atkvæðagreiðslur um fyrstu sjö dagskrármálin.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 210.

[10:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Flutningur frv. þessa var reyndar boðaður í framsöguræðu hæstv. fjmrh. með frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á síðasta þingi og kom þá fram án þess að fyrir því væri mælt á meðan óljóst var hvernig starfsmannalagafrv. reiddi af. Það tók nokkrum breytingum í meðferð þingsins og hefur þetta frv. verið endurskoðað með hliðsjón af því.

Flestöll lög um stofnanir ríkisins mæla með einhverjum hætti fyrir um skipulag þeirra og þar á meðal hvernig yfirmenn og stundum aðrir starfsmenn skuli koma að störfum sínum. Það er hins vegar eðli starfsmannalaganna, sem almennra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að ákvæði þeirra víkja fyrir slíkum sérákvæðum í öðrum lögum en með sérákvæðum er átt við sérstök lög eða lagaákvæði sem aðeins eiga við um tilteknar stofnanir, embætti eða hópa starfsmanna. Á þessu er reyndar hnykkt í 3. gr. starfsmannalaganna til að leggja áherslu á almennt gildi þeirra.

Til að markmið og ýmsar meginreglur hinnar nýju starfsmannastefnu ríkisins eins og þær birtast í starfsmannalögunum nái að fullu fram að ganga er því nauðsynlegt að færa slík sérákvæði þeim til samræmis og er það meginmarkmið þess frv. sem hér er til umræðu eins og heiti þess vísar til. Út af fyrir sig þarf því fátt í þessu frv. að koma hv. alþm. á óvart eða nýstárlega fyrir sjónir. Markmið starfsmannastefnunnar voru rædd í þaula á síðasta þingi og hér getur aðeins nánari útfærslu þeirra að líta. Samhengisins vegna er þó rétt að fara um þau nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi er það markmið starfsmannastefnunnar að auka hreyfanleika starfsmanna, sér í lagi í æðstu stjórnunarstöðum hverrar stofnunar og jafna réttarstöðu starfsmanna ríkisins og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Þessi markmið birtast í starfsmannalögunum með tvennum hætti. Annars vegar þannig að talin eru tæmandi talningu og fækkað þeim störfum sem veitt eru með skipun, þ.e. embættin, og þau almennt bundin við æðstu stjórnendur stofnana og aðra þá sem af sérstökum ástæðum þykir rétt að séu skipaðir í störf svo sem vegna stjórnunarstöðu eða af öðrum orsökum, t.d. vegna öryggisgæslu, þ.e. þeir sem falið er að halda uppi lögum og reglu í þjóðfélaginu. Hins vegar er skipunartími þeirra sem þannig koma að starfi sínu bundinn við fimm ár í senn í stað svokallaðrar æviráðningar áður en ráðning í önnur störf almennt ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarrétti með þriggja mánaða fyrirvara.

Í öðru lagi er vert að árétta það markmið starfsmannastefnunnar að fela forstöðumönnum stofnana aukin völd í starfsmannahaldi en tilgangur þess er m.a. að gera þeim betur kleift að stýra stofnunum ríkisins eins og til er ætlast, bæði þjónustu og rekstri. Þannig fylgir auknu sjálfstæði þeirra bæði auknar kröfur og aukin ábyrgð. Ráðherra ber eftir sem áður hina endanlegu pólitísku ábyrgð á rekstri þeirra stofnana sem undir hann heyra að því marki sem hún er ekki frá honum tekin með lögum eins og stundum vill gerast. Samhliða þessu voru ráðherra því færð ný tæki til að hafa áhrif í þessu skyni í 38. gr. starfsmannalaganna en samkvæmt fyrri málsgrein þess ákvæðis mótar ráðherra helstu markmið og áherslur í rekstri sérhverrar stofnunar í erindisbréfi til forstöðumanns hennar jafnframt því sem honum eru í síðari málsgrein sömu greinar veittar heimildir til að bregðast við gagnvart þeim sem ekki tekst til sem skyldi.

Framgangi þessara markmiða í frv. er glögglega lýst í almennum athugasemdum við frv. Til að setja þau í samhengi við það sem áður er sagt tel ég rétt að fara yfir þau jafnframt úr þessum ræðustóli.

Þá er þess fyrst að geta að lagt er til að meginreglan um tímabundna skipun í þau embætti sem talin eru í 1. mgr. 21. gr. starfsmannalaganna verði alls staðar fest í sessi með því að geta þess sérstaklega í þeim sérákvæðum sem um þau gilda utan embætti dómara og ríkissaksóknara sem lagt er til að áfram verði veitt ótímabundið. Að því er dómarana varðar kemur það til af því að 61. gr. stjórnarskrárinnar virðist gera ráð fyrir að svo skuli vera með því að mælt er svo fyrir að þeim verði ekki úr störfum sínum vikið nema með dómi og þeim þannig tryggt ákveðið sjálfstæði gagnvart öðrum handhöfum ríkisvaldsins. Svipuð sjónarmið þykja eiga við um sjálfstæði ákæruvaldsins í embætti ríkissaksóknara og er því lagt til að skipun í það embætti verði jafnframt ótímabundin.

Í annan stað er lagt til að nokkrum ákvæðum sem mæla fyrir um að forstöðumenn stofnana skuli ráðnir til starfa tímabundið eða ótímabundið, stundum af öðrum en ráðherra, verði breytt í tímabundna skipun ráðherra í samræmi við meginreglur þess efnis í 2. mgr. 5. gr. starfsmannalaga og heimildir 38. gr. sem áður er lýst.

Hér vil ég enn fremur geta þess að við undirbúning frv. þessa hefur verið farið yfir hvaða embætti það eru sem löggjafinn hefur falið forseta Íslands að veita skv. 1. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar. Við þá yfirferð hefur komið í ljós að ákvæðin eru dreifð og ósamstæð og a.m.k. á sumum

sviðum virðist markvisst hafa verið að því stefnt að afnema þennan hátt á stöðuveitingum sem á stundum hefur viljað valda misskilningi um veitingarvald forseta, jafnvel hjá embættismönnunum sjálfum. Sama þróun virðist hafa orðið hjá Dönum sem búa við áþekka stjórnskipun og við og þar hefur reyndar verið gengið lengra í að fækka stjórnunarathöfnum og formsatriðum í kringum þjóðhöfðingjann, þ.e. þau störf sem unnin eru í ríkisráðinu. Þannig hafa Danir horfst í augu við hástemmdar yfirlýsingar í stjórnarskrá um hlutverk ríkisráðs, að lög um mikilvægar stjórnarráðstafanir skuli bera upp í ríkisráði, hafi enga raunverulega þýðingu lengur á tímum lýðræðis og þingræðis og fækkað þeim stjórnarathöfnum sem atbeina þjóðhöfðingja þarf til í tvo meginflokka: Framlagningu stjórnarþingmála og undirritun samþykktra lagafrumvarpa. Á meðan eru í ríkisráði Íslands tekin fyrir á milli 400–500 mál á ári sem í öllu verulegu teljast hreint formsatriði, svo vitnað sé í ekki ómerkari rit en Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, stjórnlagaprófessor og fyrrum forsætisráðherra.

Af þessum ástæðum er í frv. lagt til að atbeini forseta við að veita önnur embætti en hæstaréttardómara og biskups yfir Íslandi falli á brott en þau embætti hljóta eðli málsins samkvæmt að njóta nokkurrar sérstöðu.

Þá er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. starfsmannalaganna lagt til að ákvæðum, sem fela ráðherra eða stjórnum stofnana að skipa eða ráða annað starfslið, verði breytt og forstöðumönnum falin ráðning þess nema sérstök rök standi til annars. Það á t.d. við um lögreglumenn og að jafnaði um aðra þá sem fela má lögregluvald lögum samkvæmt, starfsstéttir sem talist hafa til embættismanna og ekki þykir rétt að breyta að svo stöddu, svo sem presta. Og loks hefur í nokkrum tilvikum þótt rétt að leggja til að ráðherra komi að ráðningu staðgengla eða annarra næstráðenda forstöðumanna.

Loks er í samræmi við meginreglu 1. mgr. 41. gr. starfsmannalaganna, um ótímabundna ráðningu, lagt til að sérákvæði um tímabundna ráðningu verði almennt felld niður nema sérstök rök standi til annars en þá bundið við tveggja ára hámark, sbr. 2. mgr. 41. gr. starfsmannalaganna.

Að því er einstakar greinar frv. varðar vil ég aðeins geta þess að í 73. gr. er leitað eftir staðfestingu Alþingis á því samkomulagi sem tekist hefur á milli stjórnvalda og heilsugæslulækna annars vegar og stjórnvalda og prófessora hins vegar um að fela kjaranefnd að ákveða laun þessara starfshópa enda þótt þeir teljist ekki til embættismanna í skilningi starfsmannalaga en launaákvörðun þeirra er nær allra í höndum kjaranefndar. Þetta er yfirlýstur eindreginn vilji beggja þessara starfshópa og lýsti ríkisstjórnin sig reiðubúna að leggja því lið á þann veg sem hér er lagt til.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til, herra forseti, að víkja sérstaklega að einstökum greinum frumvarpsins að svo stöddu. Ég hef þegar lýst í megindráttum því sem þær eiga sameiginlegt en að öðru leyti er hér ekki um að ræða samstæðan lagabálk eins og gefur að skilja. Athugasemdir við annars illskiljanlegar frumvarpsgreinar hafa á hinn bóginn verið teknar saman með það fyrir augum að það geti staðið sem sjálfstæð og nákvæm skýring á þeirri breytingu sem leitað er eftir í hverri grein og eiga því að geta varpað á þær fullnægjandi ljósi. Ég er hins vegar reiðubúinn til þess að ræða einstakar greinar nánar eftir því sem umræðan hér gefur tilefni til en ætla ekki að reyna að stýra því frekar hvar hv. þm. kann að bera niður í því efni.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[10:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér liggur fyrir er fram komið í framhaldi af þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna en eins og hv. þm. muna urðu miklar deilur um það mál á síðasta þingi og þær breytingar sem þá voru gerðar voru í óþökk félaga ríkisstarfsmanna þannig að hér erum við að halda áfram með afar umdeilt mál.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. er hér verið að útfæra starfsmannastefnu ríkisins og verið að breyta öllum þeim lögum um einstakar stofnanir og embætti sem undir ríkið heyra. Það sem ég var að reyna að átta mig á í sambandi við þetta frv. var það hver reglan væri. Hver er sú regla sem gengur í gegnum þetta frv.? Það er býsna erfitt að átta sig á því hver eru rökin á hverjum stað og það eru ýmsar spurningar sem vakna varðandi sjálfstæði stofnana og vald ráðherra í einstaka tilvikum. Ég ætla ekki að fara að rifja upp þær breytingar sem voru gerðar á lögunum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þar var markmiðið það að gera stofnanir sjálfstæðari, auka vald yfirmanna, gefa þeim meira svigrúm til þess að ráða fólk og reka ef þannig horfir við og við yfirferð þessa frv. var ég að reyna að átta mig á því hvernig þetta kemur fram.

Meginreglan er sú að þeir sem eru flokkaðir sem embættismenn eru að jafnaði ráðnir til fimm ára og samkvæmt lögunum endurnýjast sú ráðning einu sinni nema eitthvað komi upp á. En þetta gildir ekki um alla. Það er einkum einn hópur sem er tekinn út úr og mér finnst að í þessu samhengi eigum við reyndar að velta því fyrir okkur hvort sú skipan er rétt. Hér er átt við hæstaréttardómara en þeir eru skipaðir ótímabundið. Það er rökstutt með því að það sé í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Nú er ég ekki að draga það í efa og ég tel að hæstaréttardómarar eigi að vera algjörlega óháðir framkvæmdarvaldinu þó að þeir séu það náttúrlega ekki af því að þeir eru skipaðir af framkvæmdarvaldinu. Ég hef áður nefnt að í ýmsum löndum og í tengslum við ýmsar alþjóðastofnanir er annað fyrirkomulag þar sem það eru þingin sem kjósa hæstaréttardómara. Það er ein af grundvallarspurningum lýðræðisins hvernig dómarar verði best skipaðir, en hér er sem sagt tekinn aðeins einn hópur embættismanna ríkisins sem er skipaður ótímabundið og væri fróðlegt ef farið væri nánar út í rökin fyrir því. Þau rök að menn séu sjálfstæðir og óháðir eru ekkert sterkari hér en annars staðar. Til dæmis eru dómarar í Bandaríkjunum kosnir af almenningi en reyndar hæstaréttardómarar skipaðir af forseta að undangenginni rannsókn þingsins. Hér kemur þingið ekki að skipan hæstaréttardómara á nokkurn hátt. Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hver séu rökin hér að baki, hvort menn hafi á einhvern hátt hugleitt breytingar á þessu eða hvort stjórnarskráin bindur hendur okkar algjörlega að þessu leyti. Ég vil taka það fram, hæstv. forseti, að hæstaréttardómarar eru skipaðir af forseta Íslands.

Annar embættismaður er skipaður með sama hætti og það er biskupinn yfir Íslandi. Hann er skipaður af forseta en til fimm ára í senn. Og spurningin er: Hvaða ástæða er til að taka biskupinn þarna sérstaklega út úr? Forseti Íslands skipar biskupinn þó að það fylgi þeirri meginreglu sem hér er verið að taka upp og skipa embættismenn til fimm ára í senn. Ég ætla að koma betur inn á þetta á eftir vegna þess

að mér finnst að það þurfi að skoða stöðu kirkjunnar alveg sérstaklega og sjálfstæði stofnana í því samhengi þó að það sé kannski ekki rétt að tala um íslensku þjóðkirkjuna sem stofnun eða ríkisstofnun.

Að mínum dómi hefur kirkjan mjög sérstaka stöðu í öllu þessu dæmi. Við vitum að prestastéttin er alls ekki sátt við það hvernig að málum hefur verið staðið þó að um það sé reyndar ekki eining. Ég hitti prest í gær sem kom í heimsókn hingað í þingið, reyndur klerkur á höfuðborgarsvæðinu. Hann var mjög sáttur við þessar breytingar og taldi að þetta yrði aðhald fyrir prestastéttina En þau rök, sem borin voru fram á síðasta þingi þegar lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna voru til umræðu, voru ekki síst af guðfræðilegum toga út frá guðfræði Lúters og Ágsborgarjátningunni eins og menn minnast. En ýmsir telja að það samrýmist ekki köllunarhlutverki presta að þeir séu skipaðir eins og hverjir aðrir embættismenn til fimm ára. Ég kýs að líta þannig á að þetta mál sé alls ekki frágengið hvað varðar prestana. Þetta eru dæmi um fyrirkomulag sem hefur bæði kosti og galla.

Samkvæmt þessu lagafrv. er gert ráð fyrir því að forseti skipi biskup til fimm ára að undangenginni kosningu presta, en það er einnig gengið út frá því að ráðherra, síðan kemur vald ráðherra, skipi vígslubiskupa til fimm ára í senn. Hér vil ég velta upp spurningunni um sjálfstæði kirkjunnar. Er það eðlilegt að framkvæmdarvaldið sé að ákveða hverjir það eru sem ganga næstir biskupi? Hjá öðrum ríkisstofnunum, og nú líki ég kirkjunni við þær með fyrirvara, er reglan sú að ráðherra skipar yfirmann stofnunar til fimm ára en síðan hefur sá yfirmaður eða forstöðumaður það vald að ráða þá sem næstir koma. En það eru undantekningar á þessu. Það er varðandi kirkjuna og það er varðandi háskólana sem ég ætla að koma hér að á eftir.

Ég hlýt að spyrja, hæstv. forseti, hvaða rök séu fyrir því. Það er ekkert minnst á rektorinn eða rektora háskólanna, hvernig þeir skuli valdir og skipaðir, og ég hygg að það tengist endurskoðun á lögum m.a. um Háskóla Íslands. En hér er kveðið mjög ákveðið á um það að ráðherra skipi prófessora og nú spyr ég: Hvert er samræmið? Hvers vegna á ráðherra að skipa prófessora sem eru kennarar í einstökum greinum í ákveðnum deildum innan háskólans? Hvers vegna fer ráðherrann allt í einu að fara þarna niður á næsta stig, prófessorana í háskólanum, en ekki í öðrum stofnunum. Ég spyr: Hver er reglan? Hvert er prinsippið sem þetta byggist á? Það er þannig samkvæmt gildandi lögum að háskólaprófessorar hafa verið skipaðir af forseta Íslands. Ég hygg að þarna sé um fortíðararf að ræða en mér finnst að við þurfum að skoða hvert samhengið er þarna á milli.

Jafnframt er verið að færa prófessora undir Kjaradóm og kjaranefnd og ásamt heimilislæknum. Ég get ekki látið hjá líða að harma þá þróun að fleiri og fleiri hópar meðal embættismanna ríkisins eru færðir undir Kjaradóm. Þessir hópar eru þar með að afsala sér samningsrétti og mér finnst það afar öfugsnúin þróun að fólk hætti að semja um eigin kjör. Mér finnst þetta afar slæm þróun. Og ég spyr um rökin fyrir því að prófessorar skuli fluttir undir Kjaradóm og kjaranefnd. Er það að beiðni þessara hópa? Hæstv. forsrh. kinkar kolli, en er það eitthvað sjálfsagt að verða við því? Hvaða rök eru fyrir því að allir prófessorar landsins sem eru skipaðir af ráðherra, og við það set ég spurningarmerki, séu jafnframt settir undir kjaranefnd?

Það er sem sagt reglan í þessu sem mér finnst vera meginatriðið. Það kann að vera að hér sé ýmislegt fleira á ferð sem þeir sjá sem fyrst og fremst vinna í viðkomandi stofnunum, en ég ætla þá að víkja að einstökum greinum. Það er þá fyrst 4. gr. Þar segir, með leyfi forseta, undir lok greinarinnar:

„Nú er starfsmaður ráðuneytis ráðinn deildarstjóri og þarf þá eigi að auglýsa stöðuna sem hann er fluttur í."

Samkvæmt lögum er meginreglan sú að störf skuli auglýst. Hér er um það að ræða að verið er að flytja menn til í starfi. Í athugasemd við 4. gr. segir að hér sé verið að leggja til að undanþágan, það hefur verið ákveðin undanþága í gildi, haldist um stöðu deildarstjóra og þjóni áfram hlutverki sem hluti af eðlilegu framgangskerfi starfsmanna ráðuneytanna. Þarna kemur enn þá spurning um regluna þegar þetta skarast. Hvað á að auglýsa og hvað er eðlilegt framgangskerfi? Er það eitthvað eðlilegt að menn séu fluttir, hækkaðir í tign án þess að stöður séu auglýstar? Mér finnst reglan svo óskýr í þessum lögum. Svona regla gildir um einstaka aðila og hver eru rökin? Hvað um aðra hópa? Hvers vegna er verið að undanskilja þetta tiltölulega háttsetta embættismenn?

Aðeins betur um biskup og það að skipa biskup til fimm ára í senn en það kemur fram í 26. gr. frv. Það verður mjög fróðlegt að heyra hver viðbrögð kirkjunnar verða við þessu og ég spyr hæstv. forsrh.: Finnst honum eðlilegt að framkvæmdarvaldið skipti sér af málefnum kirkjunnar með þessum hætti? Nú hefur sú regla verið í gildi frá því að fyrsti biskupinn var settur í embætti á Íslandi árið 1056, ef ég man rétt, að biskupar hafa verið kjörnir ótímabundinni kosningu og það kom fram í samtali mínu við klerkinn sem ég vitnaði til áðan að hann taldi að meðalseta biskupa á undanförnum áratugum hafi verið um 12 ár, þeir hafi að jafnaði setið um 12 ár. En við fundum dæmi um biskup sem sat 22 ár. Er biskupinn yfir Íslandi, höfuð íslensku þjóðkirkjunnar, eins og hver annar embættismaður sem á að skipa til fimm ára eða ber manni, karli eða konu, í slíku embætti að hafa aðra stöðu? Mér finnst þetta vera spurning sem þarf að velta mjög vel fyrir sér út frá stöðu kirkjunnar í íslensku samfélagi og íslensku stjórnkerfi. Þetta stingur mig. Ég er ekki sátt við þetta, fyrst og fremst vegna þess að mér finnst að kirkjan eigi sjálf að stjórna því hvernig hún velur sína æðstu embættismenn og hvernig að því er staðið. En auðvitað hafa atburðir síðustu ára sýnt að það eru mjög miklir veikleikar í stjórnkerfi kirkjunnar.

Ég held að ég sé búin að koma inn á allmörg þeirra atriða sem koma í næstu greinum, en hér er eitt atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. um í 77. gr. Það er einfaldlega orðalag sem ég staldraði við. Þar er verið að breyta lögum frá 1919. Samkvæmt lagasafninu eru líklega fyrstu lög um Hagstofu Íslands frá árinu 1913, en efnismgr. 77. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hagstofunni stýrir hagstofustjóri skipaður af ráðherra til fimm ára í senn. Vanalega hefur sá einn rétt til þess starfa er lokið hefur háskólaprófi í stjórnfræði."

Nú spyr ég hæstv. forsrh.: Hvað er stjórnfræði? Ég gekk á milli lögfræðinga í gær og spurði þá hvað þetta væri og þeir komu alveg af fjöllum. Ég hygg að hér sé um mjög gamalt orðalag að ræða, sennilega er þetta eitthvert gamalt heiti yfir hagfræði þó að ég sé alls ekki viss um þetta. Fyrst verið er að endurskoða þessi lög og breyta lögum er þá ekki ástæða til að taka þetta alveg sérstaklega og skýra hvað þarna er átt við? Ég fletti upp í lögunum og það er ekki nokkur leið að átta sig á því hvað þetta er. Hvað er stjórnfræði? Það er alveg örugglega ekki lögfræði, en þetta gæti alveg

eins verið stjórnmálafræði í dag, menn sem hafa þekkingu á stjórnkerfinu og slíku. Ég beini því til nefndarinnar, þar sem ég er reyndar áheyrnarfulltrúi, og spyr hæstv. forsrh. hvort nokkuð mæli gegn því að þessu orðalagi verði breytt. Og af því að ég var að kíkja yfir þessi lög, þá sýndist mér að ekki væri vanþörf á því að endurskoða lögin um Hagstofu Íslands í ljósi allra þeirra breytinga sem orðið hafa á tækni og með tilkomu nýrra stofnana eins og Þjóðhagsstofnunar. Það er greinilegt að þetta skarast mjög mikið og ég vil beina því til hæstv. forsrh. að kíkja aðeins á það hvort ekki sé ástæða til að endurskoða þau lög. En alla vega tel ég að það þurfi að skýra þetta orðalag. Ég hef ekki hugmynd um hvað þetta þýðir.

Í 78. gr. kemur fram að ráðherra skuli skipa sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut til fimm ára í senn og ég átta mig ekki á því hvort eingöngu er um það að ræða að skipunin verði tímabundin eða hvort þetta tengist breytingum á þessum málum og þarf að skoða þetta nánar, breyta þessu nánar í samræmi við þær tillögur sem ríkisstjórnin var að setja fram varðandi vímuefnavarnir, áfengisvarnir og fleira slíkt. Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvað hér er á ferð.

79. gr. snertir Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Þar er uppbyggingin sú að þar er framkvæmdastjóri, og nú á ráðherra allt í einu að fara að skipa framkvæmdarstjóra en síðan á framkvæmdastjórinn að ráða yfirlækni. En hvaða hæfniskröfur eru gerðar til þessa framkvæmdastjóra? — Nú er ljósið farið að blikka á mig, herra forseti, ég verð að reyna að ljúka máli mínu. Hvaða skilyrði á þessi maður að uppfylla? Ég hefði haldið að það væri eðlilegt að hann væri læknir, en ég átta mig ekki alveg á því. (Forseti hringir.)

Að síðustu, herra forseti, vil ég benda á að það er búið að afgreiða út úr efh.- og viðskn. frv. um löggildingarstofu og það tengist 99. gr. um Rafmagnseftirlit ríkisins þannig að við þurfum að vera vakandi yfir því að samræma þá breytingu þessum lögum. En tíma mínum er lokið og ég kem kannski með fleiri spurningar síðar.

[11:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi 78. gr. þá er þar um að ræða tímabundna tilfærslu eða tilfærslu um tímabindingu eins og víðast hvar annars staðar.

Hv. þm. var með fyrirspurn um 77. gr., Hagstofu Íslands. Þetta orð mun vera talið tákna almennt samfélagsvísindi en ekki var markmið þessarar lagabreytingar að skerpa á slíkum hugtökum eða breyta þeim. Ég get hins vegar sagt um Hagstofuna að ég tel rétt að huga að breytingum í þeim efnum. Til að mynda tel ég eðlilegt í ljósi þróunar að Hagstofan hætti að vera ráðuneyti, verði stofnun með sama hætti og Þjóðhagsstofnun. Einnig mætti huga betur að skilunum milli þeirra stofnana. Mér finnst það vera hluti af fortíðinni að halda Hagstofunni sem sérstöku ráðuneyti, það sé ástæðulaust.

Varðandi dómstólana og tillit til stjórnarskrárinnar, þá er það mat manna að stjórnarskráin byggi á því að hæstaréttardómarar og reyndar aðrir dómarar séu skipaðir ævilangt. Hugsunin er sú að aðrir handhafar ríkisvaldsins geti ekki haft áhrif á störf þeirra eða það a.m.k. geti ekki litið þannig út að þeir geti haft áhrif á störf þeirra.

Hvað varðar biskup Íslands þá er eingöngu verið að tala um tímalengdina á skipun hans. Það er ekki verið að ræða neitt um fyrirkomulagið, það verður alveg með sama hætti og áður, atbeina presta og vígðra manna hvað það varðar.

Varðandi deildarstjórastöðuna þá er þar um að ræða breytingu. Áður var bæði hægt að ráða í stöðu deildarstjóra og skrifstofustjóra án auglýsingar en þarna er verið að þrengja þetta. Það verður auglýst í stöðu skrifstofustjórana en deildarstjórarnir eru skildir eftir sem ákveðinn framgangsmáti og möguleiki á framgangi starfsmanna innan ráðuneytanna.

Ég hel að þetta séu helstu atriðin sem hv. þm. kom inn á í ræðu sinni, en síðar get ég fjallað í lengri ræðum um önnur atriði.

[11:08]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var svo mikið að leita eftir þegar fór yfir þetta frv. var samræmið og hver væri reglan. Hér segir hæstv. forsrh. um deildarstjórana að hann hafi verið að þrengja ákvæðin, það eigi að vera til eðlilegt framgangskerfi. En hvernig kemur það svo heim og saman við það sem er verið að gera í háskólanum? Jú, þar er framgangskerfi og þar hafa menn farið upp í stöðu prófessora en núna er það alveg ljóst að prófessorar verða skipaðir af ráðherra og ég gef mér það einfaldlega að allar slíkar stöður verði auglýstar. Reyndar kemur það ekki fram hér og þarf að athugast nánar.

Hvað varðar biskupsembættið, þá var ég fyrst og fremst að velta fyrir mér hvort það sé hlutverk framkvæmdarvaldsins að breyta með þessum hætti skipan biskups. Er það í sátt við kirkjuna? Væri það ekki miklu eðlilegra að kirkjan sjálf ákvæði það hvernig hún vill hafa sitt skipulag? Þetta er að mínum dómi slík stofnun að hún á sjálf að ákveða slíkt skipulag. Og ég spyr þá: Eru kirkjunnar menn sáttir við þessa breytingu?

[11:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu tilfelli er það ekki framkvæmdarvaldið sem er að breyta þessari skipun mála. Hér er lagt til að löggjafarvaldið geri það með lagabreytingu. Á því er nokkur munur, en fyrirkomulag um biskupskjör er allt markað af löggjafarvaldinu og lýtur lögum þannig að hér er aðeins um litla breyting á löggjafarrammanum um val á biskupi Íslands og þar er þá verið að ákvarða að þetta skuli gert til fimm ára. En það er löggjafarvaldið sem hefur markað þessu bás. Ég veit ekki til þess að það sé ósátt um þetta við kirkjuna. Ég hef ekki orðið var við það.

[11:10]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í upphafi er ástæða til að rifja aðeins upp á hverju þetta frv. byggist, þ.e. lögunum um og réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, frv. sem var afgreitt frá Alþingi í vor. Þetta er fylgifrv. þess og var boðað að það mundi koma hér á haustdögum. Mikil andstaða var við það frv., bæði af hálfu stjórnarandstæðinga og stéttarfélaganna í landinu, mjög hörð gagnrýni sem gekk m.a. út á það að með frv. var gerð breyting á umgjörð kjarasamninga og þannig höfð óbein og að hluta til bein áhrif á laun. Það voru einkum tveir þættir nefndir í því sambandi. Það var svokölluð æviráðning og sú spurning sem þar var velt upp, þ.e. minni réttur fyrir sömu laun. Í þessu frv. er raunverulega staðfestur sá vilji eða sú útfærsla sem lögin frá því í vor lögðu upp með. Annað atriði sem var mjög mikið rætt voru svokölluð biðlaun, sem eins og hv. alþingismenn vita hefur að hluta til farið fyrir dómstóla alveg nákvæmlega eins og stjórnarandstaðan spáði fyrir á sínum tíma.

Með lögunum frá síðasta vori töldum við og stéttarfélögin að viss réttindamál væru veikt, svo sem veikindaréttur,

fæðingarorlofsréttur, málskotsréttur. Þetta var á mörkum alþjóðlegra samninga, var alla vega í andstöðu við anda þeirra alþjóðlegu samninga sem hafa verið gerðir um vinnumál á undanförnum árum.

Það væri hægt að nefna nokkur atriði sem voru gagnrýnd sérstaklega varðandi þennan þátt, en ég ætla ekki að gera mikið í því, aðeins að reyna að tilgreina þau atriði sem tengjast þessu frv. Það má segja að frv. frá því í vor og þetta frv. staðfesti að það verða til a.m.k. þrenns konar flokkar af opinberum starfsmönnum, það eru embættismenn án samningsréttar sem lúta Kjaradómi eða kjaranefnd. Það eru sérstakir embættismenn, lögregluþjónar, tollverðir og fangaverðir. Það eru embættismenn sem hafa samningsrétt en síðan eru það almennir starfsmenn sem eru með gagnkvæman uppsagnarfrest, samningsrétt og verkfallsrétt eftir öðrum lögum. Þetta er orðin dálítið viðamikil flóra starfsmanna hins opinbera og svo má náttúrlega benda á að það eru fjölmargir starfsmenn sem vinna hjá opinberum aðilum sem eru í stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði og er það sérstakt áhyggjuefni hvernig samræma á þá þætti og erum við einmitt að glíma við það í tengslum við lífeyrissjóðsfrv. sem hér var til umræðu í gær en við segjum ekkert nánar um það á þessu stigi málsins.

Það sem gert er hér er að það er afnumin svokölluð æviráðning í þessu frv. Það var nokkuð tekist á á sínum tíma. Forsetaskipun er afnumin nema gagnvart hæstaréttardómurum og biskup. Ég tek undir með hæstv. forsrh. varðandi hæstaréttardómarana. Ég tel að þeir hafi sérstöðu í okkar þjóðlífi og stjórnskipun. Eins og hér hefur reyndar komið fram er það e.t.v. meira spurning hvort biskup eigi að vera forsetaskipaður eða hvort hann eigi að vera skipaður á sama hátt og aðrir. Það er matsatriði. Almenna reglan er hins vegar sú að það er ótímabundin ráðning almennra starfsmanna með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Það hefði e.t.v. þurft að kanna hvort uppsagnarfrestur ætti í einhverjum tilvikum að vera lengri. Þetta eru málefni sem verða skoðuð í nefndinni.

Það vakna hins vegar ýmsar spurningar upp sem ég vil spyrja hæstv. forsrh. Í frv. er slitið sundur það sem verið hefur varðandi Þingvallanefnd og Þingvallaprest sem hefur verið þjóðgarðsvörður. Getur ráðherra rökstutt af hverju það er gert í þessu frv.? Í 4. gr. kemur fram að ekki verða auglýstar stöður deildarstjóra í ráðuneytum við tilfærslur. Ég tel að þarna sé verið að leggja út á vafasama braut. Menn eiga að hafa almennu regluna að auglýsa stöður. Með 7. gr. frv., sem ég er andvígur, eru aðstoðarmenn ráðherra gerðir að skrifstofustjórum. Skrifstofustjórar eru æðstu menn ráðuneyta fyrir utan ráðuneytisstjóra. Ég tel ekki ástæðu til að menn sem eru pólitískir aðstoðarmenn ráðherra fái stöðu skrifstofustjóra. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað taka þátt í því að búa þeim sérstaka stöðu í stjórnsýslunni en ekki tengja þá skrifstofustjórastöðu í hefðbundnu ráðuneyti. Þeir eru núna deildarstjórar, þeir eru settir aðeins ofar með þessari breytingu, en ég tel að það sé ekki rétt form á því að gera þá að skrifstofustjórum.

Síðan kem ég að því sem ég er mjög ósáttur við í þessu frv. Það er í 11. og 15. gr. frv. þar sem beinlínis er hægt að segja að það sé kássast upp á Alþingi. Þar er fjallað um þætti sem tengjast Alþingi. Ég veit ekki betur en í undirbúningi séu breytingar á lögum af hálfu forseta Alþingis. Mér finnst að Alþingi eigi að hafa frumkvæði um breytingar á stjórnskipun og starfsmönnum þess en það eigi ekki að koma frá framkvæmdarvaldinu í frv. Meðal annars er það fellt út að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis og rökstuðningur ráðuneytis að þetta sé bara eðlilegt. Þetta er náttúrlega fráleitt því að ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og svona á ekki að taka á málum gagnvart löggjafarvaldinu.

Það er fellt niður að umboðsmaður Alþingis taki mið af reglum Alþingis. Þetta er fráleitt. Hann er umboðsmaður Alþingis og á að taka mið af reglum Alþingis. Alla vega ef nauðsynlegt er að gera breytingar, þá á Alþingi að gera það, en þær eiga ekki að bera að með þessum hætti. Í 15. gr. er breyting varðandi skipun skrifstofustjóra Alþingis. Það er einungis breyting á ráðningartíma sem er gerð þarna, en mér finnst að hún eigi að koma frá forseta þingsins en ekki frá forsrh. og ég vildi gjarnan fá afstöðu hæstv. forsrh. til þess hvort það sé að frumkvæði forseta þingsins, og hann getur þá beint þeirri áskorun til forseta og ég vil að frumkvæðið komi þaðan varðandi breytingar á því sem við kemur Alþingi.

Annað atriði sem ég vil vekja athygli á er að mjög víða er gert ráð fyrir skipun á varamönnum æðstu embættismanna, t.d. vararannsóknarlögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, varalögreglustjóra, varasáttasemjara. Það eru fleiri. Það eru pikkuð út nokkuð mörg embætti sem eru skipuð alveg sérstaklega, t.d. tveir aðstoðarforstjórar Hafrannsóknastofnunar, einn aðstoðarforstjóri RF. Svo er annars staðar forstjóri sjálfur látinn skipa alla sína undirmenn og staðgengla. Hér er ósamræmi í löggjöf og ekki góð vinnubrögð. Sums staðar er full ástæða til að hafa skipunina með sérstökum hætti, þ.e. ráðherraskipun. Á öðrum vígstöðvum er mjög eðlilegt að það sé yfirmaðurinn sem er ráðherraskipaður sem ráði þá sína undirmenn.

Það þarf að skoða sérstaklega öll ákvæði sem snerta lögreglumenn, tollverði og fangaverði. Í vor var mikið mál að finna því farveg og ég mun óska eftir því við efh.- og viðskn., sem fær þetta, að haft verði alveg sérstakt samráð við stéttarfélög þessara aðila vegna þess að þau koma til með að njóta og eiga að njóta vissrar sérstöðu í okkar stjórnskipun vegna eðlis starfs þeirra.

Ég nefndi hér varamenn áðan. Það er tekið t.d. út skipunarvald forstjóra Fangelsismálastofnunar að skipa forstöðumenn fangelsa. Menn þurfa að velta aðeins fyrir sér, ef menn hafa yfirmenn fangelsismála á annað borð, alveg burt séð frá því hver það er hverju sinni, hvort hann eigi þá að vera forráðamaður þeirra stofnana sem heyra að hluta til undir hann. Þetta er matsatriði. Mér finnst ekki vera samræmi í uppsetningu frv. hvað þennan þátt varðar.

Í 39. gr. er lögfest sú skipan að prestar séu skipaðir í fimm ár. Það er meginreglan. Ég minni á það að í vor vildu prestar fá skipun, vera embættismenn, vera ótímabundið skipaðir og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann geti upplýst mig um það hvort fyrirhugaðar eru einhverjar breytingar á réttarstöðu presta, aðrar en koma fram í þessu frv. Ég held að það sé mjög mikilvægt ef það stendur til að breyta lögum um presta þannig að ráðning þeirra verði þá ekki bundin til fimm ára eða eitthvað þess háttar, ég veit ekki um það. En ég tel rétt að hæstv. ráðherra upplýsi í umræðunni hvort einhverjar aðrar breytingar varðandi þá starfsstétt séu fyrirhugaðar.

Það er líka hlutur sem þarf að skoða sérstaklega, ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. getur svarað nokkru um það hér, en það er varðandi starfsmenn á sviði málefna fatlaðra. Sá málaflokkur verður núna yfirtekinn af sveitarfélögunum og ég vil spyrja hvort réttarstaða þessara starfsmanna sé alveg að fullu tryggð með þessu frv., hvort ekki gæti skapast þar einhver óvissa einmitt út af þessum flutningi. Ég vildi mjög

gjarnan ef hæstv. forsrh. getur þá gefið yfirlýsingar um að þess verði gætt að fullu að sú yfirfærsla gagnvart starfsmönnum muni gerast þannig að sátt verði um. Vitaskuld er alltaf visst réttaróöryggi og óöryggi starfsmanna við tilflutning á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga sem ég að öðru leyti styð mjög að skuli eiga sér stað, en það hafa vaknað upp spurningar um þennan þátt.

Í 68. gr. er felldur brott tölul. þar sem taldar eru upp þær starfsstéttir sem ekki geta farið í verkföll. Ég vil spyrja hvort hér sé um einhverjar efnisbreytingar að ræða. Þetta eru ákvæði sem tengjast Félagsdómi. Ég væri mjög þakklátur ef hæstv. ráðherra gæti skýrt 68. gr. betur, hvort þar sé um að ræða efnisbreytingar frá núverandi stöðu. Það kemur ekki glöggt fram í greininni né í skýringum.

Annað varðandi 74. gr., þar sem er líka bætt við í embættismannahópinn, það er bætt við hópinn í 22. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ég vildi gjarnan fá rökstuðning af hverju þessir einstaklingar eru þarna komnir inn, það eru komnir þarna yfirskattanefndarmenn og nokkrir aðrir, hvort þetta var geymt í vor eða hvort það eru sérstök rök fyrir því.

Einnig vildi ég fá skýringar á 11. og 12. tölul. því að þar er sagt: Þeir sem þar eru taldir, og vitnað í 83. og 111. gr. frv. Ég er hræddur um að hér sé einhver misskilningur eða óljóst orðalag á ferðinni því að það er ekki hægt að lesa greinarnar þannig á milli að úr því verði samfelldur lagatexti. Alla vega tókst mér það ekki í fyrstu umferð og væri gott ef skýring gæti fengist á því.

Í 78. gr. er fjallað um skipun áfengisvarnaráðunauta og gert svipað ákvæði og um aðra. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra, vegna þess að nú voru kynntar tillögur um breytingar á þessum þætti af hálfu dómsmrh. og heilbrrh., hvernig þessi grein komi til með að hafa áhrif á þær ráðagerðir, hvort hér sé um eitthvað að ræða sem menn verði þá að skoða betur í því samhengi.

Í 86. og 87. gr. eru stór mál á ferðinni vegna þess að þar eru gerðar efnisbreytingar varðandi heilsugæslu eða skipulag sjúkrahúsa. Valdsviði forstjóra og stjórnar sjúkrahúsa er breytt. Forstjóri mun ráða fólk til starfa en ekki stjórnir. Þetta er að mörgu leyti í samræmi við annað sem er í löggjöfinni en það sem ég vildi spyrja um er hvort haft hafi verið samráð við heilbrigðisstéttirnar um þennan þátt. Öll málefni sem snerta heilsugæslu eða heilsumál eru mjög viðkvæm. Sömuleiðis er getið um stöðu yfirlækna og hjúkrunarforstjóra. Það eru breytt ákvæði hvað þá aðila varðar gagnvart stjórnum og yfirmönnum stofnana og ég held að það sé mjög mikilvægt að þessi málaflokkur sé skýrður alveg sérstaklega.

Ég vek athygli á 88. gr. sem fjallar um skipun forstjóra Tryggingastofnunar og um það er í sjálfu sér ekki neitt sérstakt að segja. Samkvæmt þessari grein skipar ráðherra „að fengnum tillögum tryggingaráðs". Ég vil benda á að þetta orðalag þýðir að ráðherra getur skipað í sjálfu sér hvern sem er þegar hann er búin að fá tillögurnar. Það er spurning hvort menn eiga ekki að taka þetta fyrirkomulag upp, hvort menn gera það núna eða í sérstökum lögum, þannig að annaðhvort skipi ráðherra úr hópi þeirra sem tryggingaráð tilnefnir eða gera þetta með einhverjum öðrum hætti. Orðalagið á þessu er skýrt en ég er ekki alveg viss um að framkvæmdin sé einmitt sú sem tryggi nauðsynlegt samráð við tryggingaráð úr því að það er starfandi í stofnuninni. Þetta á reyndar við fleiri opinberar stofnanir, þetta sama orðalag.

100. gr. fjallar um rafmagnseftirlitið. Í þinginu hefur verið til afgreiðslu frv. um sameiningu á Rafmagnseftirliti og Löggildingarstofu og því vil ég spyrja hvort þetta ákvæði í 100. gr., um rafmagnseftirlit og skipun þar, hafi áhrif á framgang þess máls. Ég held að það sé mjög mikilvægt því að það er verið að vinna að því máli annars staðar hér í þinginu.

Sömuleiðis vil ég spyrja hæstv. ráðherra út í 139. gr. Af hverju á ráðherra að skipa framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins? Þarna er eitt dæmi um það að sumt er ráðherra látinn skipa. Af hverju skipar þá ekki útvarpsstjóri, sem er vitaskuld yfirmaður útvarpsins, ekki framkvæmdastjórann? Þetta finnst mér vera vont í þessu frv. Mér finnst það eðlilegt að útvarpsstjóri skipi framkvæmdastjóra, þeir eru hans undirmenn. Og ég spyr: Af hverju er þetta haft þarna sérstaklega gagnvart Ríkisútvarpinu? Því að það er hægt að benda á sambærilegt ákvæði um þjóðminjasafn, sem er 148. gr. Þar skipar þjóðminjavörður sína undirmenn. Það er kannski ekki alltaf hægt að bera stofnanir saman að öllu leyti, en það verður að vera samræmi og það þarf þá alla vega að rökstyðja af hverju menn vilja hafa sérstakt vald eða aðkomu ráðherra að undirmannaskipun með þessum hætti eins og er víða í frv.

Eins og ég nefndi er þetta frv. eðlilegt framhald af lögunum frá því í vor sem við vorum mjög ósáttir við í stjórnarandstöðunni og gerðum athugasemdir við á mörgum sviðum. Hins vegar eru matsatriði, álitamál sem ég hef gert að nokkru að umtalsefni og óskað frekari skýringa á. Ýmislegt er vitaskuld til bóta í þessu frv. Það á ekkert að draga úr því að ýmislegt er til bóta. Þar sem ég gagnrýndi m.a. hvað harkalegast í frv. sl. vor var að ríkisumsvifum var ekki búin nútímaleg, stjórnunarleg umgjörð. Þetta var gamaldags frv. hvað þann þátt varðar. Það heldur að nokkru leyti áfram í þessu frv. og er svo sem ekkert við því að gera. Þetta er stjórnarstefnan sem hér kemur fram og það er þá alla vega skynsemi í því að það sé samræmi á milli þessara tveggja frumvarpa. Þetta frv. þarf hins vegar mjög vandaða umfjöllun í þinginu vegna þess að þetta snertir það margar starfsstéttir. Ég veit ekki hver er vilji hæstv. ráðherra með afgreiðslu málsins, en ég held að það væri farsælt að sem flestir kæmu að því að leggja til mála ef um breytingar verður að ræða því að hér erum við að ræða um einn viðkvæmasta þátt í samskiptum ríkisvaldsins við þegna sína sem er hin lagalega umgjörð fyrir starfsmenn sína. Og þó svo hér sé einungis fjallað um hluta starfsmanna, yfirmenn, þá kallar það á að við veitum þessu máli alveg sérstaka athygli hér í þinginu.

[11:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun ekki reyna að svara öllum spurningum hv. þm. Þær eru mjög ítarlegar og sumt af því þarf nauðsynlega að skoðast í nefndinni sjálfri. Ég vil þó nefna sérstaklega og vekja athygli á bls. 25 í frv., með leyfi forseta, þar sem segir:

„Frumvarpið miðar við gildandi lög þegar það er lagt fram. Í einhverjum tilvikum eru lagðar til breytingar á lögum sem ríkisstjórnin undirbýr viðameiri breytingar á eða eru til endurskoðunar í einstökum ráðuneytum. Meðan slík frumvörp eru ekki komin fram og ekki er ljóst hvaða afgreiðslu þau fá á Alþingi þótti þó ekki önnur leið fær en að halda í þessu frv. öllum þeim breytingum sem nauðsynlegt þykir að gera að svo stöddu."

Þetta snertir eitt atriði sem hv. þm. nefndi sérstaklega varðandi áfengismálin og reyndar þjóðkirkjuna og stöðu

presta en það hefur komið fram hjá hæstv. kirkjumálaráðherra að það stendur til að leggja fram ítarlegri frumvörp um stöðu og starfsskipun þeirrar stéttar í framtíðinni.

Varðandi afgreiðslu málsins þá held ég að það komi í ljós þegar maður skoðar það, að málið er ekki eins flókið og þessi langi bandormur gæti gefið til kynna en á hinn bóginn er eðlilegt að þingið taki sér þann tíma til að afgreiða málið sem það telur sig þurfa og er auðvitað nauðsynlegt.

Ég er ósammála því sem hv. þm. sagði um það að ekki ætti að láta fylgja hér í lögum atriði er snerta skipun þingsins. Ég tel fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að það sé samræmi hvað alla þessa þætti varðar í frv. og ekkert að því. Ég tel reyndar að það sé misskilningur varðandi stöðu þingsins að telja að ekki beri að leggja fram tillögu með þessum hætti sem lúta að eða snerta þingið. Ég tel að ákvæði um það að ríkisendurskoðandi skuli vera starfsmaður þingsins sé algjörlega þýðingarlaust ákvæði, hortittur sem er felldur á brott með þessari tilhögun.

Þetta eru nokkrir almennir þættir en svo vil ég að lokum nefna Ríkisútvarpið sérstaklega af því að það er stór þáttur. Ég tel eðlilegt að ráðherra skipi áfram framkvæmdastjóra þeirrar stofnunar. Eins og menn vita er stofnunin, þó að hún heyri undir útvarpsstjóra, mjög deildaskipt. Sjónvarpið er afar sjálfstætt til að mynda og útvarpið með vissum hætti líka þannig að miðað við þunga þessarar stofnunar, þá tel ég eðlilegt að þessi skipun haldist áfram.

[11:31]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Ég er honum að vísu ósammála, bæði hvað varðar aðkomu Alþingis að þeim lagagreinum sem ég nefndi og Ríkisútvarpið sem hann svaraði hér beint. Ég ætlaðist ekki til að hann svaraði öllum spurningunum hér í andsvörum við mig. Hins vegar voru fjölmargar af þessum spurningum þess eðlis að ég óskaði eftir því að hann mundi fjalla um þær í lokaræðu sinni. Ég geri ráð fyrir að hann hafi hér til hliðar aðstoðarmann sem hefur eitthvað farið yfir þá þætti. Ég ætla ekki að endurtaka spurningarnar, þær voru ekki mjög margar en mjög brýnt að fram kæmi afstaða gagnvart einstökum þáttum sem ég nefndi. Hins vegar hef ég fullan skilning á því að það eru ekki andsvörin endilega sem eru rétti vettvangurinn til að svara spurningum mínum. Þetta voru eitthvað sjö eða átta spurningar, en ég vænti þess að þær hafi verið teknar þannig niður að ráðherrann gæti áður en þessari umræðu lýkur komið og fjallað nokkuð um þá þætti því að vitaskuld er mjög mikilvægt fyrir umfjöllun í nefndinni að skilaboð hæstv. forsrh. liggi ljós varðandi þær spurningar sem við höfum hér við 1. umr.

[11:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum öðrum þáttum sem hv. þm. nefndi eins og aðstoðarmenn ráðherra þar sem reynt er að tryggja stöðu þeirra innan ráðuneytanna betur en áður hefur verið. Það er ljóst og er alveg óhætt að ræða það opinskátt hér að það var ákveðin fyrirstaða í ráðuneytunum gagnvart aðstoðarmönnum, pólitískum aðstoðarmönnum eins og það var nú kallað, ráðherranna. Ég held hins vegar að það hafi sannað sig að það er kostur fyrir ráðherra sem koma inn í ríkisstjórn að hafa með sér sérstaka aðstoðarmenn og það skaðar alls ekki ráðuneytin og starfsemi þeirra nema síður væri og ég tel eðlilegt að staða þessara aðila sé styrkt. Þetta eru tímabundin störf. Aðstoðarmenn hverfa úr ráðuneytum með ráðherrunum og ég tel þess vegna eðlilegt að styrkja þann þáttinn.

Hv. þm. spurði líka um deildarstjórana. Ég hef áður sagt að ég tel eðlilegt að deildarstjórastöðurnar verði ekki endilega auglýstar ef aðeins er um að ræða tilflutning innan ráðuneyta. Þarna erum við að þrengja frá núverandi skipan. Áður voru það hvorki stöður deildarstjóra né skrifstofustjóra sem þurfti að auglýsa. Nú teljum við rétt að skrifstofustjórastöður séu auglýstar en teljum ekki rétt gagnvart eðlilegum framgangi innan ráðuneyta að deildarstjórastöður séu auglýstar. Það á ekki að auglýsa stöður bara til að plata fólk. Ef það er algjörlega ljóst að það er eingöngu um framgangsmál að ræða innan ráðuneyta, þá erum við bara að plata almenning með því að vera að auglýsa slíka stöðu og það er ekki í þágu eins eða neins að mínu viti.

[11:34]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Svörin koma hægt og hægt hjá hæstv. forsrh. og það er vel. Ég vil minna á að ég spurði um þætti sem tengjast heilbrigðisþjónustunni, ég spurði um þætti sem tengjast málefnum fatlaðra, yfirtöku sveitarfélaganna á þeim þætti. Þetta eru atriði sem ég óska eftir að gerð verði skil síðar í umræðunni af hæstv. forsrh. Ég spurði m.a. um hvort fyrirhugaðar væru breytingar á löggjöf um presta. Ég spurði um ástæður fyrir þeirri uppstokkun sem er að eiga sér stað á Þingvöllum. Þó að það sé ekki stórmál væri fróðlegt að vita af hverju það er. Ég spurði um efnisbreytingar varðandi 68. gr., um verkfall og annað slíkt, þ.e. þá hópa sem teknir eru inn í embættismannahópinn. Það voru nokkrar mjög skýrt orðaðar spurningar fyrir utan það líka að ég óskaði eftir skýrari línu varðandi varamannsskipun og ráðherra hefur svarað því um nokkrar stofnanir sem ég spurði um. En ég bendi á að það eru nokkrir þættir sem er mjög brýnt að komi skýrari svör við eða hæstv. ráðherra fjalli um síðar í umræðunni, en ég þakka þó fyrir þau svör sem komin eru.

[11:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er kynnt með sakleysislegri inngangsræðu af hæstv. forsrh. um að þetta séu mest tæknileg samræmingaratriði og í raun og veru ekki mikil tíðindi í því. En staðreyndin er sú að það eru talsvert mikil tíðindi í þessu frv. Ég hafði ekki aðstöðu til þess að fara yfir málið í einstökum atriðum löngu áður en umræðan hófst en verð að segja að ef ég hefði gert það, þá hefði ég óskað eftir því að umræðutíminn hefði verið lengdur vegna þess að það er nánast útilokað að fara yfir þetta frv., 186 greinar, í þeim andarteppustíl sem oft er viðhafður hér í þessari stofnun eftir að skeiðklukkan fór að ráða þingræðum í vaxandi mæli vegna þess að það eru svo mörg atriði, bæði almenn og einstök sem þarf að ræða að það hefði verið full ástæða til þess að taka í þetta tvöfaldan tíma að mínu mati og hefði kannski ekki einu sinni orðið skaplegt með þeim hætti. Ég mun hins vegar reyna að nota þennan tíma eins og mér er gefið.

Í fyrsta lagi vil ég segja almennt um málið: Mér finnst að allir starfsmenn ríkisins, líka yfirmenn stofnana og ráðuneytanna, eigi skilið að þeim sé sýnd virðing og sanngirni. Mér finnst skipta miklu máli að ganga út frá þessu atriði vegna þess að upp til hópa eru starfsmenn ríkisstofnananna gott starfsfólk. Ég held að það eigi með öðrum orðum að fara í málið á þeim grundvelli til þess að mönnum sé sýnd tilhlýðileg virðing og farið vandlega yfir mál hvers og eins.

Þess vegna er ekki hægt að afgreiða alla toppana hjá ríkinu, eins og það er gjarnan orðað, í einhverjum löngum bandormi. Það er ekki þannig. Það verður að fara nákvæmlega yfir hvert einasta mál eins og ég geri fastlega ráð fyrir að þeir embættismenn sem hafa unnið þetta frv. hafi gert, bæði gagnvart stofnunum en einnig gagnvart sínum ráðherrum.

Í öðru lagi vil ég segja að ég er hlynntur ákveðnum atriðum í samræmingunni sem hér er burt séð frá afstöðu minni til starfsmannafrv. í fyrra. Þar á ég t.d. við endurnýjunarregluna í öllum æðstu stöðum. Það hefur lengi verið stefna Alþb. að það ætti að vera þannig og um það mál hafa verið flutt fjölmörg frumvörp á okkar vegum á undanförnum áratugum, yfirleitt við litlar undirtektir. Nú er það greinilega að breytast og ég er út af fyrir sig ánægður með að það grundvallaratriði er virt þó að ég hefði kannski viljað standa aðeins öðruvísi að því en hér er gert.

Í þriðja lagi vil ég segja, og taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni, að það er ekki samkvæmni í frv. Það er ekki þannig að það sé einn þráður í gegnum það allt. Þar á ég t.d. við varamennina og við þá sem eru næstir á eftir forstjórunum sem fá mjög sérkennilega meðferð sums staðar í frv. Þar er ég ekki bara að tala um Ríkisútvarpið og aðrar þær stofnanir sem hv. 11. þm. Reykn. taldi upp. Ég er líka t.d. að tala um stjórnkerfi Ríkisspítalanna, hvernig það er dregið inn í frv. sem ég satt að segja botna ekkert í hvaða rök eru fyrir að gera eins og hér er gert.

Í síðasta lagi er það svo þannig, hæstv. forseti, að verið er að smygla inn í frv. alls konar skipulagsbreytingum í ráðuneytunum og stofnununum sem eru algjörlega óskyldar því máli sem hér er lagt upp með að við séum að fjalla um. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fara í smáatriðum í hvert einasta ráðuneyti, en það ráðuneyti sem ég vann í síðast, þ.e. menntmrn., ég skoðaði það aðeins, þar er verið að breyta heilmiklu fyrir þá sem þar vinna. Nú er ég í sjálfu sér ekki að segja að það sér rangt að breyta því, en það er verið að breyta heilmiklu, og það er ekki innbyrðis samræmi í þeim breytingum sem verið er að gera í menntmrn. Það er því greinilegt að ráðherrann hefur viljað koma hlutum fyrir með mismunandi hætti í ráðuneytinu og það er falið í þessu 186 greina frv. Og ég spyr: Er þetta svona í fleiri ráðuneytum? Ég þekki að vísu aðeins til í öðrum ráðuneytum en ég hef bara ekki haft aðstöðu til að skoða það í smáatriðum.

Það sem ég á við hérna með menntmrn. er t.d. það hvernig farið er með fjögur embætti sem eru í ráðuneytinu. Það er íþróttafulltrúi ríkisins, það er námsstjóri í tónlistarfræðslu, það er æskulýðsfulltrúi ríkisins og það er bókafulltrúi ríkisins. Menn geta alveg haldið því fram að það sé óeðlilegt að hafa þessi embætti og sérstaklega hafa þau í ráðuneytinu. Það eru leifar frá gömlum tíma og hefur lengi verið mín skoðun að ætti að henda því alveg út eins og þetta er. En það er ekki gert í frv. með samræmdum hætti og ekki gerð sérstök grein fyrir því af hálfu menntmrn. að hér er bersýnilega verið að gera talsverðar skipulagsbreytingar á þeim málum sem þessir fulltrúar fjalla um og þá hefði átt að flytja um það sérstakt frv. og væri ekkert sjálfsagðara en að taka hér til meðferðar. Ég kalla það svo, hæstv. forseti, að í frv. sé smyglgóss frá ráðherrum, smyglgóss af því að þeir hafi í leiðinni viljað taka til, hafi í leiðinni viljað fara með kúst og ryksugu í hvert einasta horn og henda því svo hér fyrir þingið undir þessu sakleysislega yfirvarpi sem hæstv. forsrh. flutti í sinni mildilegu landsföðurræðu hér áðan: Samræmi. En það er ekki svoleiðis vegna þess að undir því yfirbragði er verið að breyta ýmsum hlutum.

Svo loks aðeins almennt atriði gagnvart þinginu. Ég tel að það sé ekki nokkur hemja hvernig fjallað er um Alþingi í frv. Látum nú vera þó að menn fjalli um þingið með þessum hætti í frv. sjálfu en hvernig þetta er afgreitt í greinargerðinni, t.d. að það að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis sé hortittur eins og hæstv. forsrh. sagði áðan. Það er bara grundvallaratriði í augum okkar margra sem viljum halda uppi virðingu Alþingis og sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er grundvallaratriði að umboðsmaður Alþingis og ríkisendurskoðandi séu á vegum Alþingis tvímælalaust að öllu leyti.

Ég vil líka segja það, hæstv. forseti, að mér finnst ekki sjálfgefið, og ég vil láta það koma fram, að mál af þessu tagi fari bara rétt si svona til hinnar önnum köfnu efh.- og viðskn. Ég tel að það sé a.m.k. lágmark að þetta mál verði afgreitt þannig að fagnefndirnar fái allar að fjalla um einstök atriði sem undir þær heyra, algjörlega allar, hver einasta fagnefnd, félmn., menntmn., sjútvn., allshn., og að fulltrúar þeirra stofnana sem hér eru nefndir verði allir, ég endurtek, allir kallaðir fyrir, hver einasti, til þess að mönnum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sanngirni. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun þó að ég muni ekki flytja um það tillögu að ég tel koma til greina að mál af þessu tagi, og það eigi að gera meira af því, fari til sérnefndar. Þetta er gríðarlega mikið mál sem snertir hverja einustu smugu í stjórnkerfinu. Að mínu mati erum við í þessari stofnun allt of íhaldssöm við að kjósa sérnefndir og m.a. af þeim ástæðum er efh.- og viðskn. yfirhlaðin af störfum. Ég hefði jafnvel talið koma til greina að velta því fyrir sér að mál af þessu tagi færi til allshn. sem ég mun heldur ekki flytja tillögu um vegna þess að þetta frv. eins og það er snertir Stjórnarráð Íslands og allt sem unnið er á þess vegum. Þess vegna fyndist mér koma vel til greina að mál af þessu tagi færi til allshn. Ég ætla ekki að flytja neinar tillögur um þetta, en mér finnst það ekkert sjálfgefið að svona mál fari svo að segja vélrænt til efh.- og viðskn. eins og eiginlega flestöll önnur stærri mál sem koma inn hér af þessum toga þó svo að efh.- og viðskn. hafi fjallað um starfsmannalögin sl. vor.

Ég ætla síðan að víkja að einstökum atriðum eftir því sem ég hef tíma til og það verður þá bara að ráðast hvað stendur út af því miðað við ræðutímann. Í fyrsta lagi vil ég nefna 4. gr. þar sem stendur að skrifstofu ráðuneytis stýri skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra. Ég er ósammála þessu. Ég tel að sá deildarstjóri sem þarna er um að ræða eigi ekki endilega að vera undir ráðuneytisstjóra, eins og hér er kveðið á um, heldur geti hann verið undir skrifstofustjóra og mér finnst þetta vera dæmi um mál sem ekki er neitt samræmingarmál. Hér er verið að vinna að strúktúrbreytingum í ráðuneytunum og ég hefði viljað sjá þetta þannig að deildarstjóri gæti alveg eins heyrt undir skrifstofustjórann og sé engin rök fyrir því að hann heyri undir ráðuneytisstjórann eins og hér er gerð tillaga um.

Í öðru lagi af því að ég verð að hafa hér hratt á hæli út af tímatakmörkunum, hæstv. forseti, ætla ég síðan að víkja að greinunum um Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis og þingsköp Alþingis og segja að ég fer fram á það að menn ræði sig algjörlega í gegnum þessa hluti, að hér er um að ræða stórmál fyrir Alþingi. Og ég bið um það að menn leggi alvarlega vinnu í þetta. Ég tel að ef reynt verður að fara í gegn með þetta mál með þessum hætti, þá setji Alþingi ofan. Það kann að vera að einstakir talsmenn ríkisstjórnarinnar

eins og hæstv. forsrh. sé ósammála mér í þessu efni, en þá fer ég fram á það að menn virði engu að síður það viðhorf sem hér er uppi varðandi sjálfstæði Alþingis og hvað það er mikilvægt að þessu leytinu til. Ég teldi langeðlilegast að þessar greinar væru alls ekki hérna, 11.–16. gr., burt með þær, sérstaklega, hæstv. forseti, vegna þess að það liggur fyrir í öllum þingflokkunum að þar er verið að ræða um frumvörp um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun og um umboðsmann Alþingis hvort eð er þannig að það væri langhreinlegast að taka málin þar í gegn ef menn treysta sér ekki til þess að kveða upp úr með þessa deilu í þinginu núna í tengslum við þetta frv. En ég segi það alveg eins og er að ég tel að þetta eigi að fara út úr frv. Það væri kjaftshögg á Alþingi ef þetta yrði afgreitt eins og það lítur hér út. Það er verið að gera lítið úr sjálfstæði Alþingis og verið að gera það að eins konar undirdeild í Stjórnarráðinu sem Alþingi er ekki og hefur aldrei verið. Framkvæmdarvaldsþing var einhver að tala um hér um daginn, ég held að það hafi verið hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ég mótmælti því þá og ég mótmæli því enn. Þetta er tiltölulega sjálfstæð stofnun. Þingmenn stjórnarflokkanna vinna þannig líka og allir þingmenn leggja saman í þeim efnum. En ef þingið tæki við þessum skammti, þá veit ég ekki nema þetta orð passaði, framkvæmdarvaldsþing, vonandi ekki.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, varðandi einstök atriði, þá ætla ég bara að taka undir það sem hér hefur verið sagt varðandi biskupskosningar og breytingu á lögunum um veitingu prestakalla. Ég get tekið undir það sem þar hefur verið sagt. Þar hefur verið mjög undarlega að málum staðið.

Í fjórða lagi ætla ég að víkja að 51. gr. Mér finnst hún taka dálítið á málum þar sem mér finnst að við séum að seilast inn á starfssvið annarra. Það er forstjóri Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlit ríkisins er mjög sérkennileg stofnun. Hún varð til á grundvelli kjarasamnings alveg í smáatriðum og þegar forstjóri Vinnueftirlitsins var skipaður, þá var það þannig að ráðherrann féllst á niðurstöður stjórnar Vinnueftirlitsins. Mér finnst að Vinnueftirlitið eigi að hafa sjálfstæði í þessu efni. Og mér finnst að þó að menn séu búnir að uppgötva að það eigi að hafa þessa tímatakmörkunarreglu á ráðningum forstjóra ríkisstofnana yfirleitt, þá megi menn ekki ganga eins og með reglustiku í gegnum allt stjórnkerfið heldur eigi að skoða sérstaklega stofnanir sem eru afbrigðilegar, og það er Vinnueftirlit ríkisins, líka vegna þess að það er fjármagnað af mörkuðum tekjustofnum. Í raun hefur ríkið aldrei komið nálægt þeim tekjustofnum heldur er vinnueftirlitsgjald lagt á laun með tilteknum hætti og það rennur svo að segja beint til Vinnueftirlitsins. Mér finnst því að 51. gr. sé dæmi um það að menn ganga óþarflega langt í því að elta uppi svo að segja hverja einustu ríkisstofnun. Mér finnst að sumar eigi einfaldlega að fá að ráða þessu sjálfar.

Í fimmta lagi ætla ég að spyrja um það sem er í 71. gr. um tollverðina. Ég sé engin rök fyrir því fyrirkomulagi að ráðherra skipi tollverðina. Það kann að vera að það hafi komið fram í umræðu núna á síðustu mínútum af hverju það er, en ég spyr: Eru einhver rök fyrir því? Ég sé það ekki.

Síðan ætla ég að víkja að þessu með stjórnfræðiháskólaprófið sem mér finnst skemmtilegt og ég geri þá tilgátu að þetta orð, stjórnfræði, eigi við Klemens Tryggvason, og mér finnst fínt að hafa það bara áfram í lögum í heiðursskyni við þann mæta mann. (**Gripið fram í:** Hvað þýðir það?) Það þýðir Klemens Tryggvason og allt sem hann getur. (**Forsrh.:** Samfélagsvísindi.) Samfélagsvísindi í heild eins og þau leggja sig.

Í sjötta lagi ætla ég að víkja að 86. gr. og spyrja út í Ríkisspítalana. Ég fæ ekki alveg séð hvernig á þessu er haldið þarna. Hérna finnst mér vera um að ræða dæmi um það sem ég kalla smyglgóss. Hérna er verið að setja inn aðra hluti en beinlínis snerta þessa samræmingu og að ráðherra ráði, eins og það er orðað, meðlimi framkvæmdastjórnar Ríkisspítalanna samkvæmt stjórnskipulagi Ríkisspítala til fimm ára í senn. Þetta finnst mér alveg út í hött. Ég tel að forstjóri Ríkisspítalanna eigi að ráða þetta fólk og það á að ráða forstjóra Ríkisspítalanna í takmarkaðan tíma eins og hér er gert ráð fyrir, en að öðru leyti finnst mér að hann eigi að hafa með þessi mál að gera.

Í sjöunda lagi nefni ég dæmi um hlut sem mér finnst vera algjörlega út í hött og það er 91. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að ráðherra ákveði deildaskiptingu í rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Hvað á það eiginlega að þýða, hæstv. forseti? Þetta er fornöld forræðishugarfarsins sem gilti í Stjórnarráðinu um áratuga skeið. Þetta á að fara burt úr 91. gr. og á ekkert erindi hér, hæstv. forseti.

Í áttunda lagi tek ég undir það sem sagt hefur verið um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Í níunda lagi sem dæmi um mál sem mér finnst að eigi ekkert erindi hérna en er þó verið að breyta í frv. er í 109. gr., með leyfi forseta, þar sem stendur:

„Ráða má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun."

Hvað er nú þetta? Af hverju mega menn ekki bara ráða bústjóra við skólabúin eins og þeim rétt sisvona sýnist sem í þessum málum eru? Hérna er dæmi um leifar í fornu fari en þó líka breytingar sem eiga ekkert erindi inn í þetta frv.

Ég gæti sagt svipað um aðfangaeftirlitið í RALA sem fjallað er um í 115. gr.

Ég vík síðan aftur að æskulýðsfulltrúa ríkisins. Þannig er að æskulýðsfulltrúi ríkisins er í menntmrn. Hann starfar í menntmrn. Ég hefði viljað spyrja hæstv. forsrh.: Er meiningin að breyta því? En æskulýðsfulltrúi ríkisins er, ef ég man rétt, jafnframt deildarstjóri í menntmrn. og mér sýnist að æskulýðsfulltrúahatturinn væri tekinn af honum. Út af fyrir sig finnst mér það vel koma til greina. Ég sé engin rök fyrir því að embættismenn í menntmrn. frekar en annars staðar séu með tvöfalda titla í sínum störfum, það er alveg út í hött. En ég hefði viljað vita í ellefta lagi hvaða hugmyndir eru þarna á bak við.

Sama er að segja í tólfta lagi um bókafulltrúa ríkisins, í 128. gr. og síðan nefndi ég þetta með námsstjóra tónlistarfræðslunar áðan.

Þá ætla ég í þrettánda lagi að spyrja um Blindrabókasafnið. Það finnst mér líka vera dæmi um að það er verið að ganga óþarflega langt með þessa reglustiku. Ég nefndi áðan Vinnueftirlitið. Ég nefni núna Blindrabókasafnið. Blindrabókasafnið er merkileg stofnun og hún er rekin í samvinnu við Blindrafélag Íslands. Það er mjög nauðsynlegt að ákvarðanir um breytingar á skipulagi Blindrabókasafnsins séu ákveðnar í tengslum og samráði við Blindrafélagið. Nú veit ég ekkert um hvort það hafi verið gert en ég tel að það sé mjög brýnt. Þetta sé dæmi um mál þar sem ekki er nóg að kalla fyrir embættislega forráðamenn Blindrabókasafnsins heldur verði þarna líka að kalla fyrir félagasamtök eins og það er nauðsynlegt í sambandi við Vinnueftirlitið líka að kalla fyrir verkalýðshreyfinguna og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið í fjórtánda lagi um framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins. Ég sé engin rök fyrir því. Mér fannst reyndar örla á því í svari hæstv. forsrh. hér áðan að uppi væru hugmyndir um að festa enn þá frekar tvískiptingu Ríkisútvarpsins og það væri sú hugsun á bak við þetta að það ætti að festa enn þá frekar í sessi en þegar er orðið tvískiptingu Ríkisútvarpsins.

Ég vil einnig víkja sérstaklega að 154. gr. sem snertir prófessorana þar sem verið er að breyta reglum um skammtímaráðningu þeirra úr fimm árum í tvö ár. Ég veit ekki hvort um það hefur verið fjallað.

Og í sextánda lagi kem ég að lokum, af því að tími minn er búinn, að utanrrn. Þar er greinilegt og kemur fram, hæstv. forseti, að það er ekki hægt að framkvæma þetta mál, þ.e. í gegn vegna þess að menn skipa ekki sendiherra til fimm ára í senn. Eða hvað, hæstv. forseti?

[11:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þó að í flestum greinum sé reynt að auka samræmið hvað skipun starfsmanna í stöður snertir, þá næst það ekki alls staðar fram og sums staðar eru sjónarmið sem verður að taka tillit til sem ganga í aðrar áttir eins og í samskiptum okkar við erlend ríki og erlenda þjóðhöfðingja. Þar verða menn samkvæmt sérstökum skráðum og óskráðum reglum að una því að ráðstafa ekki einir hverjir séu til að mynda sendiherrar í viðkomandi löndum. Það þarf að fá samþykki viðkomandi gistilands o.s.frv. Af sömu ástæðum þarf að hafa meira svigrúm en gerist á öðrum stöðum varðandi skipunartíma þeirra.

Varðandi tollverði þá kom fram í upphafsræðu minni að menn telja eðlilegt að með þá sem fara með lögregluvald eða ígildi þess, sé sérstaklega farið. Ég gat þess sérstaklega í inngangsræðunni.

Ég vil hins vegar nefna hér tvennt varðandi ræðu hv. þm. Ég tel eðlilegt að málið fari til efh.- og viðskn. þar sem þetta mál var þar til meðferðar þegar öll grunnvinnan og stærstu deilumálin voru í raun afgreidd og samhengisins vegna tel ég það rétt. En ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að það er fullkomlega eðlilegt að nefndin hafi náið samstarf við aðrar nefndir þingsins þar sem það á við og það á mjög víða við eins og augljóst er.

Varðandi Alþingi þá ber á því í umræðum hér, afar skrýtinni umræðu og ekki mjög lögfræðilegri, það eru allt önnur sjónarmið sem þar eru, um þingið að sjálfstæði þingsins, þá er eins og menn séu að tala um húsið en ekki þingmenn. Alþingi og sjálfstæði þess eru þingmennirnir. Hvernig getur það verið að ganga á rétt þingsins ef 40 þingmenn, góður meiri hluti þingsins ákveður eitthvað? Er verið að móðga þingið? Það er ekki verið að móðga þinghúsið þannig að umræður um þingið og sjálfstæði þess eru á algjörum villigötum hér og ég hef ekki heyrt slíka umræðu nokkurs staðar annars staðar í nokkru landi sem ég þekki til.

[11:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það sé margt sérkennilegt á Íslandi, m.a. það að hæstv. forsrh. detti í hug að flytja svona frv. um Alþingi eins og hér er flutt. Ég hygg að það sé alveg viðurkennt af öllum ríkisstjórnum, t.d. í grannlöndum okkar, að ríkisendurskoðanirnar eins og þær eru bæði í Danmörku og í Noregi, og ég tala nú ekki um embætti umboðsmanns þingsanna, njóti tiltekins sjálfstæðis og sérstöðu gagnvart þinginu. Ég tel að þetta snúist um grundvallaratriði stjórnskipunarinnar, þ.e. það að Alþingi, löggjafarvaldið haldi sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Ef hins vegar meiri hluti þingsins ákveður að breyta einhverju, þá gerir meiri hlutinn það. En það breytir ekki því að ég er þeirrar skoðunar, og ég veit að það eru mjög margir þingmenn bæði í meiri hluta og minni hluta sem telja að ef þetta færi fram, ekki síst eftir orð hæstv. forsrh. um að fyrirkomulagið núna sé hortittur, að þetta geri það að verkum að menn hljóta að skoða sína stöðu og Alþingis mjög rækilega í þessu samhengi. Það er algjörlega útilokað annað.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði sem hæstv. ráðherra nefndi. Mér finnst mikilvægt að hann viðurkenndi að á bak við sumar að þessum greinum væru önnur sjónarmið. Það væri t.d. ekki hægt að kveða eins á um sendiherra og aðra út af erlendum samskiptum og er allt gott um það að segja. En ég segi að þá þurfum við líka að sýna innlendum stofnunum sömu virðingu vegna þess að sumar eru settar saman á félagslegum grundvelli í samningum ríkisvalds við t.d. aðila vinnumarkaðarins eins og Vinnueftirlit ríkisins eða stofnun eins og Blindrabókasafnið eins og ég nefndi.

Og svo ætla ég bara að bæta því við að auk þess eru inni í þessu atriði þar sem bersýnilega er verið að smygla inn í frv. lagfæringum á ráðuneytunum sem hefðu átt að koma í sérfrumvörpum.

[12:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að gera neina breytingu á því gagnvart ríkisendurskoðanda að hann heyri undir Alþingi, það er ekki verið að gera breytingu á því. Og að hann sé skipaður af forseta þingsins, það er ekki verið að gera breytingu á því þannig að það er misskilningur. En umræða um sjálfstæði þingsins og um framkvæmdarvaldið hefur stundum gengið svo langt að menn gera því skóna að 40 þingmenn, sem styðja ríkisstjórn á hverjum tíma af því að við búum við þingræði, séu allir hluti af framkvæmdarvaldinu þannig að þingið samkvæmt þeirri skilgreiningu er þá bara orðin stjórnarandstaðan. Þannig er það ekki. Ef framkvæmdarvaldið væri að gera breytingar eitt og sér án þess að fá stuðning þingsins, þá ætti þingið að móðgast, þá ætti þingið að berja í borðið. Það er enginn að biðja um eitt eða neitt slíkt. Menn eru að leggja til að þingið með öllu sínu sjálfstæði taki ákvörðun. Þingið er ekki þinghúsið, það eru þingmennirnir sem hér starfa. Og það er enginn að biðja um neitt annað. Ég tel það að vísu klókt hjá hv. þm. að tala í umræðunni eins og stjórnarandstaðan sé þingræðið en stjórnarmeirihlutinn á hverjum tíma sé bara framkvæmdarvaldið. Það er algjörlega skakkur skilningur á því hvað í þingræði felst.

[12:01]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að þingmenn stjórnarflokkanna eru líka þingræðið og ég tel mjög mikilvægt að við gerum okkur öll grein fyrir því sem hér eru, líka hann, vegna þess að það er veruleikinn í málinu að hér snýst þetta um það að allir þingmenn, líka þingmenn stjórnarflokkanna, haldi tilteknu sjálfstæði gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þegar breytingartillaga er kynnt með þessum hætti, með leyfi forseta: „Þá er einnig lagt til að brott falli úr þessari grein þýðingarlaust ákvæði um að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis og beri ábyrgð gagnvart því, enda bætir það engu við það sem þegar er komið fram ... og er til þess fallið að valda ruglingi eins

og það er staðsett í 2. gr.“ Svo er því bætt við að þetta sé hortittur. Sem sagt, það sem Alþingi hefur verið að fjalla um á undanförnum árum til að styrkja stöðu sína gagnvart framkvæmdarvaldinu í þágu þjóðarinnar allrar á hverjum tíma, það er talið hortittur. Umboðsmaður Alþingis hortittur, ríkisendurskoðandi hortittur númer tvö. Ég er sannfærður um það, hæstv. forseti, að það á ekki bara við þingmenn stjórnarandstöðunnar heldur alla þingmenn og einnig hæstv. forsrh., ef hann skoðar hug sinn vandlega, sem sjá að það gengur ekki að setja hlutina svona upp. Hér er komið að mjög viðkvæmu úrslitaatriði í samskiptum þingsins, allra þingmanna og ríkisstjórnarinnar, og ég hvet hæstv. forsrh. til að leggja vinnu í það að finna lausn á því ágreiningsefni.

[12:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er fróðleg umræða sem hér fer fram og þá ekki síst orðaskiptin á milli manna. Ég vil leyfa mér í upphafi máls míns að segja við virðulegan hæstv. forsrh. að þó að Alþingi sé virðuleg bygging og hafi mikinn sess með þjóðinni, þá erum við þingmenn ekki að tala um húsið þegar við erum að tala um Alþingi og virðingu þess, Alþingi og *sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er af og* frá og það er útúrsnúningur að reyna að halda því fram.

Það er heldur ekki hægt að neita því að þegar 40 þingmenn ákveða eitthvað á Alþingi Íslendinga sem telur 63 þingmenn, þá er það meiri hluti. En það getur verið annað mál og umhugsunarefni hvað þessir 40 þingmenn láta yfir sig ganga af hálfu framkvæmdarvaldsins og á hvern hátt þeir eru tilbúnir að lúta því sem komið er með inn á borð þingmanna og að láta það renna í gegn óátalið. Þess vegna er það, virðulegi forseti, að ef viðbrögð þingmanna í miklum meiri hluta eru farin að slævast, þá er það hlutverk stjórnarandstöðu að bregðast við og minna á gildi Alþingis og sjálfstæði þess gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Virðulegi forseti. Ég er eiginlega að tala til forsrh. svo ég vona að hann hlýði á mál mitt vegna þess að ég vil gjarnan segja við ráðherrann að bandormur er í eðli sínu óþingræðislegt fyrirbæri. Hann er eins konar hagræðingarmál framkvæmdarvaldsins og það hagræðingarmál á að fara varlega með. Það er hefð að bandormur er fluttur um ríkisfjármálin í tengslum við fjárlög þegar gerð fjárlaga er þess eðlis að hún tengist lagabreytingum. Og þann tíma sem ég hef verið á þingi hefur slíkur bandormur komið fram hverju sinni með fjárlögunum og þess vegna hef ég staðið að því að flytja og styðja slíkan bandorm. En bandormurinn sem settur var fram í desember sl. fyrir ári var að mínu mati á mörkum siðferðisins. Vegna hvers? Vegna þess að þá voru aftengd á einu bretti lagaákvæði um að ákveðnir tekjustofnar skyldu renna til fastra verkefna. Um 30–40 lögum var breytt varanlega í einum bandormi og það er allt, allt annað mál en áður hefur verið fylgifrv. fjárlaganna vegna þess að það er grundvallarmunur á að breyta varanlega lögum sem á *sínum tíma fengu* hefðbundna, góða umræðu hér á þinginu og ástæður þess að verkefnum eða framkvæmdum skyldi fenginn sérstakur tekjustofn fengu sterka og djúpa umræðu í þessum sal. En þegar bandormur með breytingum á 30 eða 40 lögum kemur með þessum hætti og slík lagaákvæði, sem mörg hver eru mjög mikilvæg, eru bara aftengd eins og ekkert hafi í skorist, þá erum við komin alveg á mörk siðferðisins. Það er grundvallarmunur á þessu eða því að flytja bandorm með „þrátt-fyrir“-ákvæðum. Þetta, virðulegi forseti, var um eðli bandorma og varnaðarorð mín um að fara varlega með þau mál.

Bornar hafa verið fram ýmsar athyglisverðar spurningar við einstakar greinar frv. og hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson, hefur sem talsmaður þingflokks jafnaðarmanna farið mjög ítarlega yfir frv., borið fram spurningar og fengið svör við sumum þeirra af hálfu hæstv. forsrh. En mér finnst að spurningunum um 86. og að hluta 87. gr. sé enn þá að nokkru ósvarað hjá ráðherranum og bið þess vegna um að betur verði farið í þessar greinar. Það er verið að gera breytingar, sérstaklega með 86. gr., sem er erfitt að höndla. Í umsögn um 86. gr. segir, með leyfi forseta:

„Breyting á gildandi ákvæði samkvæmt a-lið felst í að tímabinda skipun forstjóra Ríkisspítala í samræmi við meginreglu 1. mgr. 23. gr. stml. og fela ráðherra að ráða þá er mynda framkvæmdastjórn Ríkisspítalanna.“ Þetta er mjög einfalt og auðskilið. En síðan kemur: „Samkvæmt gildandi stjórnskipulagi er hún [þ.e. framkvæmdastjórnin] mynduð af framkvæmdastjóra lækninga, hjúkrunarforstjóra, framkvæmdastjóra tæknisviðs og framkvæmdastjóra stjórnunarsviðs.“ Síðan segir:

„Samkvæmt gildandi ákvæði eru framkvæmdastjórar *sjúkrahúsa ráðnir til starfa. Sem forstöðumenn* stofnana er í samræmi við stefnumið“ — og svo er vísað í málsgreinar „lagt til að þeir komi að störfum sínum með skipun til fimm ára.“ Allt í lagi með það. Og svo segir:

„Heilbr.- og trmrh. hefur staðfest sérstakt stjórnskipulag Ríkisspítala. Með vísan til þeirra starfsmanna, sem lagt er til að ráðherra skipi samkvæmt a-lið, þykir rétt að lögin geri ráð fyrir að slíkt stjórnskipulag sé fyrir hendi. Í d-lið er því lagt til að tekið sé upp ákvæði um það og hvernig að setningu þess skuli staðið.“

Því endurtek ég spurningarnar sem fram hafa komið varðandi 86. gr. og árétta: Hverju breytir það fyrirkomulag sem nú hefur verið staðfest um stjórnskipulag Ríkisspítalanna? Hverja mun ráðherrann ráða þegar upp er staðið samkvæmt lagabreytingum um 86. gr.? Og ég bið um það, virðulegi forseti, að forsrh. greini okkur frá því hverju er verið að breyta nákvæmlega með 86. gr. og af hverju verið er að gera þessa breytingu umfram það að breyta skipunartímanum sem er það sem verið er að gera almennt hjá yfirmönnum stofnana ríkisins.

En ástæða þess, virðulegi forseti, að ég kvaddi mér hljóðs eru aðrar greinar, þ.e. 11.–15. gr. og ég ætla að víkja að 11. gr. Hún er um ríkisendurskoðanda. Í umsögn um greinina segir að ríkisendurskoðandi sé ráðinn af forsetum Alþingis í sameiningu til sex ára í senn. Ég ætla ekkert að fjalla um það, *virðulegi forseti, hvort ég sé sammála þeirri tillögu* að breyta ráðningartímanum vegna þess að ég ætla að ræða það á öðrum vettvangi. En það sem ég vil leggja áherslu á er að ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis, hann er ráðinn af forsetum Alþingis. Á vegum Alþingis endurskoðar hann ríkisreikninga. Á vegum Alþingis hefur hann eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Á vegum Alþingis hefur hann eftirlitshlutverk gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þetta er stórt mál og þetta er meginmál varðandi ríkisendurskoðanda og þær tillögur sem er að finna í þessu frv. vegna þess að Ríkisendurskoðun er óháð.

Virðulegur forseti. Ég ætla að leyfa mér að halda því fram að Ríkisendurskoðun komi ríkisstjórninni ekkert við nema að því leyti að ráðherrar eru jafnframt þingmenn. Hún á ekki að falla undir framkvæmdarvaldið. Fjmrn. á t.d.

ekki að vera boðvald um fjárlög Alþingis. Í samvinnu við þingflokksformenn er forsætisnefnd með frv. í vinnslu um Ríkisendurskoðun. Virðulegi forseti og ágætir alþingismenn. Það frv. verður ekki flutt sem stjfrv. Það verður flutt af forsn. Þess vegna er mjög óeðlilegt að mínu mati að setja í stjfrv. ákvæði sem varða þessa stofnun. Það er algjörlega sérmál hvort það verður niðurstaða þeirra sem um véla að Alþingi fari sömu leið varðandi skipunartíma embættismanna sem um er fjallað í 11.–15. gr. Það má nefnilega segja það sama um umboðsmann Alþingis. Hann er samkvæmt núgildandi lögum kjörinn til fjögurra ára í senn á Alþingi að loknum hverjum kosningum til Alþingis. Í 12.–14. gr. er fjallað um embætti umboðsmanns Alþingis og hvernig um það skuli fara, og reyndar í 15. gr. um skrifstofustjóra Alþingis. Og þegar maður les þessar greinar, 11.–15. gr., hlýtur sú spurning að vakna hvort Alþingi heyri undir framkvæmdarvaldið.

Virðulegi forseti. Þetta er stóra spurning mín til forsrh. sem gengið hefur inn í hliðarherbergi. Heyrir Alþingi undir framkvæmdarvaldið? Mitt svar er nei, aldeilis ekki. Ætli því sé ekki öfugt farið? Greinar 11–15 gefa það til kynna og ég er þeim algjörlega mótfallin. Ég tel að þessar greinar eigi ekki heima í frv. Ég ætlast til þess að sú nefnd sem fær frv. til umfjöllunar felli 11.–15. gr. út úr frv. Það á síðan að vera verkefni forsn. að yfirfæra þau lög sem eiga við Ríkisendurskoðun, umboðsmann og skrifstofustjóra Alþingis. Það mun ekki standa á undirritaðri, þeirri sem hér stendur og er formaður þingflokks jafnaðarmanna, að koma af heilum hug að því máli, er reyndar þegar farinn að fjalla um frv. um Ríkisendurskoðun og umboðsmann. En þessar greinar, virðulegi forseti, eiga ekki að vera í þessu frv. og ég endurtek spurningu mína til forsrh.

[12:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er algjör misskilningur á stjórnskipan landsins og þinginu sem mér finnst eiginlega dapurlegt að heyra úr þessum ræðustól, að menn skuli vera svona algjörlega úti á þekju með hvernig þingræðinu er farið í landinu. Hver heldur hv. þm. að hafi sagt hér að Alþingi heyrði undir framkvæmdarvaldið? Það hefur ekki nokkur maður, nokkru sinni, nokkurn tímann látið þau orð út úr sér. Hvað er þá verið að tala um það úr þessum ræðustól? Hver heldur hv. þm. að hafi sagt þetta? Það vita allir að í landinu er þingbundin stjórn. Ríkisstjórn situr það lengi sem þingið vill. Spurningar af þessu tagi eru því afskaplega barnalegar, svo ekki sé nú meira sagt, og alveg út í himinblámann að koma með slíkar spurningar inn í umræður hér á þinginu.

En varðandi Ríkisendurskoðun þá er líka talað um það og talað rétt eins og í frv., eins og í bandorminum, sé verið taka Ríkisendurskoðun og færa undir framkvæmdarvaldið. Í 1. gr. laga um Ríkisendurskoðun segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga."

Er einhver að breyta þessu? Er einhver brtt. við þetta?

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan að ég hefði nefnt ríkisendurskoðanda og umboðsmann Alþingis hortitti. Það gerði ég aldrei og þetta hefði hann ekki átt að leyfa sér. Þetta eru svona málfundaæfingar þegar menn gera stundum aðeins meira en þeir ættu að gera. Það hef ég aldrei nefnt, að sjálfsögðu ekki, þá virðulegu embættismenn. Það er enginn að breyta neinu um eðli Ríkisendurskoðunar og sjálfstæði hennar eða umboðsmanns Alþingis. Þarna er einhver reginmisskilningur á ferðinni. Ég skil ekki alveg í hvaða far umræðan hér innan húss hefur farið um Alþingi því það er ekki í samræmi við lög og stjórnskipun landsins og þá þingræðislegu venju sem við búum við.

[12:17]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað segir það enginn að Alþingi heyri undir framkvæmdarvaldið vegna þess að Alþingi heyrir ekki undir framkvæmdarvaldið. En hvað gefur þingmanni tilefni til að bera þá spurningu fram? Jú, það, virðulegi forseti, að orð og athafnir eiga að fara saman en gera það ekki. Þær gera það ekki, virðulegi forseti, í svörum forsrh. Það dugir ekki að forsrh. komi hér og svari mér með þeim orðum og útúrsnúningi að þetta séu barnalegar spurningar. Auðvitað kviknar strax í huga manns spurningin: Vegna hvers er forsrh. að nota lýsinguna barnaleg spurning? Það er alveg óþarfi að nota þau orð við mig þó að ég sé ekkert að móðgast yfir því, en mér finnst það bara ekki sæma.

Ég spyr: Mun forsrh. flytja frv. um Ríkisendurskoðun þegar það kemur fram? Svarið er nei. Mun forsrh. flytja frv. um umboðsmann Alþingis? Svarið er nei. Og ef ég ber þessar spurningar fram til forsrh. þá verða væntanlega svör hans líka — nei og nei. Þess vegna segi ég: Þetta eru mál á vegum Alþingis, um Alþingi, um störf Alþingis og hvernig Alþingi útfærir sitt hlutverk. Og ef það er Alþingi sem flytur þessi frv. þá er það Alþingi sem gerir breytingar á þeim. Þetta verða ekki stjórnarfrv. Þess vegna eiga breytingar á lögunum ekki að koma fram í stjórnarfrv., svo einfalt er það. Og ég vona og treysti því að forsrh. komi hér í stólinn aftur og svari mér — bara með eðlilegum hætti en ekki útúrsnúningi. Við berum fullt skynbragð á hlutverk Alþingis. Við velkjumst ekki í vafa um hlutverk Alþingis. En svörin gefa það til kynna að það sé snúið úr út málum fyrir okkur.

[12:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við velkjumst ekki í vafa um hlutverk Alþingis, sagði þingmaðurinn. En í ræðu sinni hér áðan sagði þingmaðurinn: Alþingi mun flyta frumvarpið. Alþingi mun flytja frv. um Ríkisendurskoðun. Alþingi mun flytja frv. um umboðsmann Alþingis. (Gripið fram í.) Nei, þú sagðir Alþingi, hv. þm. En það flytur enginn frv. nema þingmaður sé, nema þá maðurinn sé ráðherra og hafi því möguleika á því að sitja á þingi án atkvæðisréttar en með öðrum réttindum. Alþingi flytur ekki frv. Þetta er algjör reginmisskilningur. Hvaða þingmaður sem er getur flutt frv. og auðvitað getur ríkisstjórn flutt frv. Ríkisstjórnin getur að sjálfsögðu flutt frv., ef hún kýs, um Ríkisendurskoðun eða umboðsmann Alþingis. Það er ekkert sem bannar það nema síður sé. Þannig er umræðan á einhverju óskaplega undarlegu stigi hér. Það þyrfti að fara fram einhver lágmarkskynning á stjórnskipun landsins gagnvart sumum þingmönnum.

[12:21]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta nokkrum atriðum við ræðu mína frá því áðan og jafnframt víkja aðeins að þessu umræðuefni sem hér var í gangi síðustu mínúturnar og við áttum orðaskipti um, ég og hæstv. forsrh., fyrir nokkrum mínútum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hæstv. forseti, að það frv. sem hér er á ferðinni er ekki eins sakleysislegt að innihaldi og það var kynnt. Vegna þess

að hérna er verið að draga inn í frv. alls konar breytingar á lögum sem hafa ekkert með samræmingarnauðsynina að gera. Þar eru ákvæði sem ég kalla smyglgóss. Það eru ákvæði sem snerta einstök ráðuneyti, og ég nefndi hér nokkur dæmi úr menntmrn. varðandi einstakar stöður manna sem eru í því ráðuneyti og eru mjög sérkennileg fyrirbæri og leifar frá gömlum tíma og má breytast. En hér er gerð tillaga um breytingu þar sem mér sýnist að ekki sé gætt samræmis og það er tortryggilegt vegna þess að það bendir til þess að þar hafi ráðherrann sjálfur eða einhverjir með honum ákveðið að nota þetta tækifæri til þess að taka til í ráðuneytinu hjá sér, með kúst og ryksugu eins og ég orðaði það áðan. Og þar er gert þetta við suma en annað við aðra og ekki gætt samræmis. Þetta ákvæði plús nokkur atriði t.d. í heilbrrn., sem ég tók eftir t.d. varðandi Ríkisspítalana, eru með þeim hætti að mér sýnist að þarna sé verið að breyta býsna miklu, miklu meira en menn vilja vera láta. Og það er ekki gott þannig að auðvitað mætti hugsa sér að fara höndum um þetta frv. og strika út úr því allt annað en það sem er bein samræming á lögum, gildandi lögum, við það sem ákveðið var í starfsmannalögunum almennt sl. vor. En eins og sakir standa eru þarna inni fjöldamörg önnur ákvæði eins og hæstv. forsrh. viðurkenndi reyndar í máli sínu hér áðan.

Varðandi hins vegar umræðuna um Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis og þau orð hæstv. forsrh. áðan að sú umræða um stöðu Alþingis væri á undarlegu stigi, þá segi ég bara takk sömuleiðis. Mér finnst ummæli hæstv. forsrh. í þessu samhengi á mjög undarlegu stigi, ég segi það alveg eins og er. Ég man svo langt, sitjandi hér á þingpöllum sem blaðamaður fyrir allmörgum árum, þegar umræðan hófst um umboðsmann Alþingis. Ég man satt að segja ekki hverjir hófu þá umræðu en ég hygg t.d. að Ólafur Jóhannesson hafi lagt þar mjög margt gott til mála en að því komu margir fleiri. Mér liggur við að segja að það hafi verið eins og uppgötvun fyrir Alþingi þegar þetta mál var rætt. Þarna væri verið að setja stöðu stjórnkerfisins undir alveg nýtt ljós og opna fyrir það að þingmenn þyrftu að taka sér tak til að tryggja tvímælalaust sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og sérstaklega stjórnsýslunni og þeim stjórnsýsluákvörðunum sem teknar eru á vegum framkvæmdarvaldsins. Þetta var gríðarlega mikið skref og til að undirstrika þetta skref enn frekar var ákveðið að kjósa umboðsmann hér í þessari stofnun. Hann var svo kosinn í sameinuðu þingi og seinna á Alþingi og um hann gilda þess vegna algjörlega sérstakar reglur. Og það er alveg ljóst að það er úrslitaatriði um sjálfstæði umboðsmanns og trúverðugleika hans að hann standi svo að segja eins og klettur í hafinu og það hríni ekkert á honum frá þeim aðilum sem hann á kannski aðallega að fjalla um, þ.e. ákvarðanir ráðherra og ráðuneyta og ríkisstofnana um einstök mál.

Allmörgum árum síðar kom upp þessi umræða um Ríkisendurskoðun. Eins og menn muna var Ríkisendurskoðun áður undir fjmrn. Ég held að það hafi verið hv. þm. Halldór Ásgrímsson sem flutti frv. fyrst um það að Ríkisendurskoðun yrði sjálfstæð stofnun en það var í rauninni frv. sem allir hefðu út af fyrir sig getað flutt vegna þess að um það var orðin allmikil samstaða. Ég man eftir þeim umræðum þegar þær fóru fram í efri deild Alþingis fyrst vegna þess að hv. þm. var þá þar. Þar töldu menn þetta skipta gríðarlega miklu máli og svo fór að lokum að fyrir Alþingi var lagt frv. um þetta efni og um það var fjallað í fjárhags- og viðskiptanefndum deildanna, í neðri deild undir forustu hv. þm. Páls Pétursonar. Í þeirri nefnd átti einnig sæti þá hv. þm. Friðrik Sophusson. Ég man vel eftir því að við fórum mjög vandlega yfir þetta frv., alveg línu fyrir línu og orð fyrir orð, til að reyna að treysta eins og mögulegt var trúverðugleika Ríkisendurskoðunar, öryggi hennar gagnvart framkvæmdarvaldinu og um leið það, sem er líka mikilvægt í þessu máli, að Ríkisendurskoðun héldi eins miklu sjálfstæði og mögulegt er sem sjálfstæð stofnun, t.d. ákváðum við að kjósa henni ekki sérstaka stjórn. Um það var rætt þá hvort yfirskoðunarmenn ríkisreiknings, sem voru þá kosnir samkvæmt stjórnarskránni, ættu að vera í stjórn Ríkisendurskoðunar en við vikum því frá okkur vegna þess að við töldum svo mikilvægt að ríkisendurskoðandi hefði mikið embættislegt sjálfstæði.

Þess vegna tel ég, hæstv. forseti, að það sé kominn alveg nýr kafli í þessa sögu, sem hófst með umræðunum um umboðsmann Alþingis fyrir kannski 20 árum eða svo og hefur staðið til dagsins í dag, þar sem allir þingmenn hafa tekið eindregið undir þau viðhorf sem uppi voru við setningu laganna um umboðsmann Alþingis og um Ríkisendurskoðun, að það ætti að treysta sjálfstæði Alþingis. Nýjasta umræðan sem fór fram um þetta með fulltrúum allra flokka hér í þessari stofnun, ítarleg umræða, var umræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna ársins 1995 þar sem hæstv. forseti Alþingis, 1. þm. Reykn., flutti framsögu fyrir skýrslunni og ég man ekki betur en í þeirri umræðu tækju þátt þingmenn úr öllum flokkum sem tóku undir nauðsyn þess að Ríkisendurskoðun væri sjálfstæð stofnun. Nú segir hæstv. forsrh. að með þessu frv. sé ekki verið að breyta stöðu Ríkisendurskoðunar. Ég er ósammála því þó það sé ekki nema bara vegna þess, hæstv. forseti, að lagt er til að brott falli úr 5. gr. laganna ákvæði um að ríkisendurskoðandi sé starfsmaður Alþingis. Þetta er ekki þýðingarlaust ákvæði. Þetta er gríðarlega mikilvægt ákvæði fyrir Alþingi og það má að mínu mati ekki hrófla við því. Ef meiri hluti Alþingis tekur hins vegar ákvörðun um að hrófla við þessu ákvæði, þá hefur það sinn gang, og þingræðið er auðvitað það, eins og hæstv. forsrh. benti á áðan og ég hef kynnst, að meiri hlutinn ræður í málunum. En ég er alveg viss um það, og hef leyfi til þess jafnvel þó ég lenti í minni hluta, að þó að þetta yrði samþykkt þá er það vitlaust því það veikir stöðu stofnunarinnar gagnvart Alþingi. Það veikir stöðuna og gerir Alþingi sem sjálfstæðan aðila gagnvart framkvæmdarvaldinu ekki eins trúverðugt og það þyrfti að vera.

[12:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta var nú ágætur kafli í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan en tilefnið var ekki fyrir hendi engu að síður. Það er enginn ágreiningur um það milli ríkisstjórnarinnar og þingsins að Ríkisendurskoðun eigi að vera sjálfstæð. Það er enginn ágreiningur þar. Ég tel að það fyrirkomulag hafi tekist afar vel að hafa Ríkisendurskoðunina heyrandi undir Alþingi og ríkisendurskoðanda ráðinn héðan. Ég tel það hafa tekist afar vel og ég tala nú ekki um umboðsmann Alþingis eins og heitið ber með sér, þannig að ræðan var óþörf hvað þetta varðar. Það er ekkert í frv. sem breytir þessu. Ég er með það sjónarmið að þetta orð um starfsmann þingsins miðað við það sem segir í lögunum sé hortittur, það verð ég að segja. En kjósi þingið, meiri hluti þingsins eða allt þingið að hafa þann hortitt inni af einhverjum ástæðum, þá mundi ég láta mér það í léttu rúmi liggja, en hortittur er það. En vilji menn af einhverjum misskildum metnaði hafa hortitt þarna inni, það gera skáldin ekki nema þau komist

ekki hjá því, þá mundi ég ekki gera minn hamagang út af því, það verð ég að segja.

Í annan stað vil ég nefna að hv. þm. og reyndar fleiri þingmenn sögðu að ekki væri alveg samræmi í öllum greinum frv., til að mynda varðandi næstráðendur, hvort þeir eru skipaðir af ráðherra eða ekki. En þá verða menn að hafa í huga, af því að þetta er réttmæt athugasemd, ég er ekkert að draga úr því, að sums staðar erum við að fjalla um stofnanir sem kannski velta eða fara með 20, 40, 50, 100 millj. kr. með tiltölulega fáa starfsmenn. Annars staðar erum við að ræða um stofnanir eins og Ríkisspítalana sem eru með þúsundir starfsmanna og milljarða króna undir og það er ekkert óeðlilegt við það þó að til að mynda heilbrrh. telji eðlilegt að við þær aðstæður sé nokkur munur á hvort heilbrrh. á hverjum tíma ráði forstjórann einn eða næstu framkvæmdastjóra líka.

Það sama gildir um Ríkisútvarpið. Það er engin smáræðisstofnun þar sem fer með mikið peningavald og mikið mannaforræði þannig að þó að þarna séu ákveðin skil á milli, þá er það samt visst samræmi, að menn gæta þess að þar sem er um gríðarlega stórar stofnanir að ræða, þar geti verið fullkomlega eðlilegt og er raunar fullkomlega eðlilegt að ráðherrarnir skipi ekki eingöngu forstjórann einn heldur næstu menn og ég held að það sé skynsamleg ráðstöfun sem ekki þurfi að verða gerð tortryggileg. Og ég held að 68. gr., eins og hún er útbúin af hálfu heilbrrh., sé því í eðlilegum búningi hvað þetta varðar. Nefndirnar, hv. efh.- og viðskn. og þær fagnefndir sem fá málið til athugunar, munu auðvitað skoða það mál mjög nákvæmlega.

Varðandi Þingvallanefnd sem var reyndar nefnd hér í upphafi, þá hefur skipan mála gagnvart Þingvallanefnd verið dálítið sérstök eins og menn vita og ráðningu framkvæmdarstjóra Þingvallanefndar. Að málunum hafa komið í raun þrír aðilar, Þingvallanefndin sjálf, biskup landsins og síðan kirkjumrh. Síðan hefur verið tenging, að vísu dálítið óljós, í tvennum lögum varðandi þennan starfsmann alveg sérstaklega. Ég tel að þetta hafi ekki verið til bóta.

Nú hefur það hins vegar gerst síðar að söfnuðurinn, Þingvallasöfnuður hefur minnkað og það er mjög fátt fólk sem þar býr og er í sókninni. Ég tel þess vegna eðlilegt að þarna geti menn gert breytingar í framtíðinni. Ég tel að það geti farið afar vel saman að þjónandi prestur sé þjóðgarðsvörður. Ég tel líka að það geti farið vel saman að skipta þeirri starfsemi nokkuð. Starfsemi þjóðgarðsins er að aukast ár frá ári. Þjóðgarðsvörður hefur umsjón á sumrin með tugum ef ekki hundruðum unglinga sem eru þar í starfi. Það má vel vera að betur geti farið á því að hafa einn aðila framkvæmdarstjóra slíkrar starfsemi og hinn umboðsmann Þingvallanefndarinnar og staðarhaldara og þjóðgarðsvarðar. Tímarnir hafa breyst og umsvifin þarna hafa einnig breyst.

Það hafa verið nefndar allmargar aðrar greinar. Ég vil fullyrða að í öllum meginatriðum, þó að einhverjar lagfæringar hafi verið gerðar í leiðinni eins og gjarnan er gert eins og hv. þm. Svavar Gestsson hefur bent á sem ég sé ekkert að, í öllum meginatriðum er eingöngu um þetta að ræða að menn eru að gera stjórnsýsluna skipulegri með því að marka hver skipar hvern og hver ræður hvern og auka sjálfstæði forstjóranna og forstöðumannanna sem er bein afleiðing af þeim lögum sem voru sett sl. vor og hitt að tímabundna ráðningu og skipun í langflestar æðstu stöður þjóðfélagsins sem er mál sem margir hafa haft sem baráttumál og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi sérstaklega sinn flokk sem hefði sett þetta mál í öndvegi hér á árum fyrr og gerir enn. Ég tel þess vegna að þær breytingar sem í frv. eru séu mjög til bóta og ekki sé ástæða til þess að ætla að um þetta frv. þurfi í raun að verða miklar deilur þegar menn hafa haft tíma til þess að lesa það rækilega yfir.

[12:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að opna fyrir þann möguleika að hann lenti í minni hluta í þessu máli um hortittinn því að það gæti væntanlega farið alveg eins fyrir honum og mér þannig að ég held að við ættum kannski að reyna að greiða úr þessari umræðu á þeim forsendum að það sé hægt að lenda málinu skikkanlega og sómasamlega, bæði fyrir þingið og aðra.

Mér finnst nauðsynlegt í þessu samhengi að rifja það upp, alla vega láta það koma fram sem mína skoðun, hvað sem aðrir segja um það, að mér finnst að það séu þrenn lög sem séu eins og innri stjórnarskrá Alþingis og jafnframt svona fáni fyrir sérstöðu Alþingis. Það eru lögin um Ríkisendurskoðun, það eru lögin um umboðsmann Alþingis og það eru þingskapalögin. Þingskapalögin eru lög sem Alþingi setur sér sjálft og mér finnst það vera dæmi um kannski fljótfærni eða eitthvað, ég veit það ekki, eða mistök að þarna skuli vera t.d. tillaga um breytingar á þingskapalögunum. Það er alveg rétt, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. forsrh. geti átt til að svara mér í þessu efni, að það sé ekkert verið að vega að sjálfstæði þingsins með því að breyta ráðningartíma skrifstofustjóra. Það er alveg rétt að það breytir ákaflega litlu. En mér finnst bara óeðlilegt að það sé framkvæmdarvaldshafinn sem gerir tillögu um breytingar á skipan mála samkvæmt þingsköpum. Og ég spyr: Hvar endar það ef ríkisstjórnin fer að flytja hérna tillögur um breytingar á þingsköpum? Ætlar hún þá að taka fyrir aðra hluti eins og t.d. nefndir eða eitthvað þess háttar? Ég óska því eftir að menn leggi af sanngirni vinnu í það að henda þessum hortittum, eins og ég vil kalla þetta að fyrirmynd hæstv. forsrh., út úr frv. Ég tel að það væri til bóta.

Um önnur atriði sem hér hafa verið nefnd ætla ég ekki að fjalla. Mér finnst þetta t.d. með þjóðgarðinn sem hér er nefnt alveg sjálfsagt mál, ég er þeirrar skoðunar að skilja þarna á milli. En það breytir ekki því að þarna er komið annað efnisatriði heldur en í orði kveðnu er sagt að eigi aðallega að vera í frv.

[12:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. forsrh. og ekki hvað síst að hann taki undir athugasemd okkar eða kallar hana réttmæta, að ekki sé samræmi við ráðningu næstráðanda. Það var einmitt það sem við vöktum athygli á. Mér er fullkomlega ljóst að það eru mismunandi aðstæður í ríkisrekstrinum, til að mynda Ríkisútvarpið og heilbrigðisþjónustan eins og ráðherra tilgreindi sérstaklega, en ég benti einmitt á að það er ráðherra sem skipar tvo aðstoðarforstjóra að Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þarna eru hlutir sem þarf einfaldlega að taka á. Það þarf að fara vel yfir frv. að því er þetta varðar því að það er hægt að koma vissri samræmingu í þetta þó svo að menn láti sérstöðu stofnananna ná fullu gildi sínu.

Ég legg áherslu á það, og gerði það í fyrri ræðu minni, að forræði Alþingis til breytinga á þingsköpum eða öðru sem varðar Alþingi, og frumkvæðið á að vera Alþingis. Það er þetta sem ég er að gagnrýna. Það er málsmeðferðin að þetta skuli bera að með þessum hætti. Ég er ekki að gera

athugasemdir við greinarnar út af fyrir sig, en hér hefði farið miklu betur á að þingforseti eða forsn. hefði flutt tillögur um þær nauðsynlegu lagabreytingar sem leiddu af samþykkt laganna frá því í vor.

Ég bendi hins vegar á að ósvarað er nokkrum af fyrirspurnum mínum. Ég óskaði sérstaklega eftir því að fá að vita hvort fyrirhugaðar væru breytingar á tímaráðningu presta þó að gert sé ráð fyrir fimm árum hér. Er eitthvað á döfinni sem hugsanlega breytir þessu ákvæði? Hvað með breytingarnar í heilbrigðisþjónustu sem eru gerðar í þessu frv.? Ekki hefur komið nein skýring á því af hverju og hvers eðlis þær eru. Ekki heldur varðandi málefni fatlaðra sem ég óskaði eftir hvort yrði ekki tryggt við yfirfærslu til sveitarfélaganna. Þetta er atriði sem þurfa að koma skýrar fram við þessa 1. umr.

[12:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það í svari, það hefur kannski farið fram hjá hv. þm., varðandi prestana að hæstv. kirkjumrh. hefði lýst því yfir að hann hygðist flytja frumvörp um þá þætti alla. Varðandi málefni fatlaðra sem ríkisstjórnin vill gjarnan að færist yfir til sveitarfélaganna, þá verður þess auðvitað gætt að hagsmunir starfsmanna við þann flutning verði ekki fyrir borð bornir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (sumarhús o.fl.). — Þskj. 190.

[12:41]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. á þskj. 190, um tekjustofna sveitarfélaga. Þannig er, herra forseti, að málefni sumarhúsaeigenda hafa valdið nokkrum deilum á undanförnum árum og sumarhúsaeigendur hafa verið óánægðir með gjöld sem þeim hefur verið gert að greiða og þeim hafa fundist ósanngjörn. Mér var ljóst að það þurfti að leita samkomulags og leysa þennan ágreining. Ég skipaði nefnd í samráði við hæstv. umhvrh. og formaður þeirrar nefndar var Ólafur Örn Haraldsson alþm. Tveir fulltrúar voru í nefndinni frá sveitarfélögunum og tveir fulltrúar frá sumarhúsaeigendum. Nefnd vann gott starf, varð einhuga um tillögur og þetta frv. er byggt á þeim tillögum.

Efni frv. er að breyta álagsprósentu fasteignaskatts og flokka sumarhús hliðstætt útihúsum í sveitum, en ekki eins og íbúðarhúsnæði eins og nú er gert. Rökin fyrir þessu eru þau að sumarhúsagestir eiga yfirleitt ekki lögheimili í sumarbústöðum sínum og þurfa ekki sömu þjónustu og íbúar í sveitarfélaginu. Þeir eiga ekki rétt á félagsþjónustu í viðkomandi sveitarfélagi, ekki leikskólaplássum eða grunnskóla. Mér finnst að þetta séu sanngirnismál og því er þetta frv. flutt. Ég vil taka það fram að gott samkomulag var í nefndinni um málið og við Samband ísl. sveitarfélaga.

Það er ástæða til að nefna það að hér er ekki verið að létta byrðum sérstaklega af lúxusfólki. Venjulegur sumarhúsaeigandi á Íslandi er ekki endilega einhver ríkisbubbi heldur er hér um almenning að ræða. Það er fremur að lúxusfólkið eigi sér sumarhús í öðrum löndum eða fari til útlanda í sínum frítíma.

Ég geri tillögu um að frv. fari til meðferðar í hv. félmn., að lokinni þessari umræðu.

[12:44]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Til að spara tíma ætla ég bara að nota minn andsvarsrétt, ekki beinlínis til þess að gera athugasemd við frv. heldur fá það upplýst hjá hæstv. félmrh. hvort von er á fleiri tillögum frá þessari nefnd. Skildi ég það rétt að hér væri aðeins um hluta af þeirra tillögum að ræða? Er von á meiru? Og er það ljóst hvaða tekjutap þessi breyting hefur í för með sér fyrir þau sveitarfélög þar sem mikið er um sumarhús? Við getum tekið t.d. Grafninginn eða ýmis sveitarfélög á Suðurlandi. Liggur það fyrir?

[12:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki að vænta fleiri tillagna frá þessari nefnd. Hún er búin að ljúka störfum og það er ekki að vænta fleiri tillagna um málefni sumarhúsaeigenda frá henni. Vera kann að fleira þurfi að hreyfa til í lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, það er svo aftur annað mál. Það er verið að athuga þar ákveðin atriði sem ekki er búið að fullvinna. En þetta mál er sjálfstætt og ég vænti þess að það geti fengið greiða meðferð í þinginu og geti tekið gildi um áramót.

Varðandi tekjutap einstakra sveitarfélaga, þá hef ég ekki heildaryfirlit yfir það. Ég hef hins vegar fregnir af einstökum sveitarfélögum sem hafa verið að meta hverju þetta muni hjá sér og það er vissulega um tekjuskerðingu að ræða hjá einstökum sveitarfélögum, ekki samt tekjuskerðingu sem ég tel ástæðu til að hafa áhyggjur af. Þeir hafa að vísu enn í hendi sér að leggja á þjónustugjöld og mér finnst eðlilegra að borgað sé fyrir þá þjónustu sem veitt er heldur en taka hana beinlínis í gegnum fasteignaskatt. Mér finnst ekkert athugavert við það þó að sumarhúsaeigendur gjaldi fyrir þá þjónustu sem þeir fá í viðkomandi sveitarfélagi eins og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Ég tel hins vegar að það sé sanngirnismál að lækka þessa álagsprósentu með vísan til þess sem ég sagði áðan.

[12:47]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég tek undir efni þess og er sammála félmrh. um að það var mikilvægt að taka á málum þessa hóps, málum sumarhúsaeigenda. Ég þekki nokkuð til málsins og veit hversu stórt þetta mál er þeim. Þeir hafa lengi verið ósáttir við að greiða að þeirra mati umtalsverð gjöld til sveitarfélaga og fá fyrir þessi gjöld mjög litla þjónustu þannig að segja má að inntak álagningargjalda eins og þau eru á þéttbýlisstöðum sé í raun og veru að verið sé að greiða gjöld og fá fyrir þau ákveðna þjónustu sveitarfélagsins. Eðli málsins samkvæmt hafa sumarhúsaeigendur ekki fengið þessa þjónustu fyrir sín gjöld.

Þessi mál voru komin til skoðunar í tíð fyrri ráðherra, og ég segi þá ráðherra í fleirtölu, og var vísað til nefndahópa, sennilega tveggja, sem fjölluðu um tekjustofna sveitarfélaga og það komu ekki viðunandi niðurstöður úr þeirri skoðun. Því tel ég að það hafi verið mjög gott mál að ráðherrann setti á nefnd með umhvrn. og vil gjarnan nota tækifærið af því að oft er ég að takast á við félmrh. um frumvörp og áherslur, að mér finnst að það hafi verið mjög gott að ráðherrann setti

á þessa nefnd með umhvrn. og að tekið var á þessu máli. Þetta er brýnt hagsmunamál stórra hópa og ég tek undir það að þetta eru ekki einhverjir efnahópar í þjóðfélaginu. Þetta er í mörgum tilfellum fólk sem hefur lagt mikið á sig til að koma sér upp athvarfi úti í náttúru landsins og leyfir sér ekki mikið og fyrir þetta fólk voru þessi gjöld mjög erfiður baggi.

Ég mun því leggja mitt af mörkum til þess að þetta mál fái greiða leið í gegnum þingið og þakka ráðherranum fyrir að hafa komið því svo fljótt fram og vona að sú vinna sem þegar var búið að setja í gang í ráðuneytinu hafi að einhverju leyti nýst í störfum nefndarinnar sem um málið fjallaði.

[12:50]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir góðar undirtektir við frv. Mér þykir rétt að það komi fram í þessari umræðu að annar fulltrúinn sem tilnefndur var í nefndina af Sambandi ísl. sveitarfélaga er fyrirsvarsmaður í dreifbýlissveitarfélagi þar sem eru margir sumarbústaðir og því kunnugur þeirri hlið málsins og hann heitir Loftur í Haukholtum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 191, nál. 257.

[12:51]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, með síðari breytingum. Allir nefndarmenn skrifa undir álitið.

Þetta er afar einfalt mál. Hér er verið að leggja til að framlengdur verði frestur á því að 4. mgr. 16. gr. laganna taki gildi, en í ljós hefur komið að það þarf lengri frest. Þetta mál snýst um það að skylt er að útbúa eignaskiptayfirlýsingar og að þær skuli vera skilyrði fyrir þinglýsingu á eignayfirfærslu í fjöleignarhúsum. En í ljós hefur komið að hér er um miklu flóknara mál að ræða en virtist í fyrstu og tekur langan tíma að sjá svo til að nógu margir séu færir um að gera þetta. Félmrn. barst beiðni frá Fasteignamati ríkisins, Félagi fasteignasala, byggingarfulltrúanum í Reykjavík og sýslumanninum í Reykjavík um að gildistöku þessa ákvæðis yrði frestað. Hér er lagt til að gildistöku verði frestað til 1. jan. 1999, en félmn. telur öll rök hníga til þess að svo verði gert.

[12:52]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ræða mín verður stutt. Ég vil bara þakka hv. félmn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204.

[12:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. þetta lýtur að vörnum gegn peningaþvætti og ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni. Lagðar eru til ýmsar lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðasamninga á þessu sviði. Þetta er samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni frá 20. des. 1988, svokallaður fíkniefnasamningur, og samningur Evrópuráðsins um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum frá 8. nóv. 1990, svokallaður þvættissamningur.

Ísland er eitt örfárra ríkja á Vesturlöndum sem ekki hafa fullgilt fíkniefnasamning Sameinuðu þjóðanna. Aðildarríki að samningnum voru 133 24. júní sl. Með fíkniefnasamningnum er stefnt að því að berjast gegn fíkniefnabrotum og fíkniefnaverslun með hertri refsilöggjöf aðildarríkja og alþjóðlegri samvinnu við rannsókn mála og refsiframkvæmdir. Samningurinn mælir fyrir um aðgerðir gegn peningaþvætti í tengslum við fikniefnabrot, þ.e. aðgerðir sem beinast að því að ná til og gera upptækan ágóða af fíkniefnabrotum og koma í veg fyrir að þeir sem fremja slík brot eða aðrir geti leynt, komið undan eða notið ávinnings af þeim. Markmiðið er að uppræta aðalhvatann að afbrotum af þessu tagi og skipulagðri glæpastarfsemi í tengslum við þau, ávinninginn sem fæst með brotunum.

Mikilvægt er að fíkniefnasamningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu sem fyrst vegna vaxandi alþjóðasamvinnu um varnir gegn fíkniefnabrotum. Aðildarríki að þvættissamningi Evrópuráðsins voru níu 1. sept. sl. en unnið er að fullgildingu í sex eða sjö ríkjum. Önnur Norðurlönd hafa fullgilt samninginn nema Danmörk, en nauðsynlegar lagabreytingar hafa þegar verið samþykktar í Danmörku og stendur fullgilding fyrir dyrum þar. Markmið þvættissamningsins er að sporna við peningaþvætti með samvinnu aðildarríkja við rannsókn mála og upptöku ávinnings af afbrotum. Ákvæði þvættissamningsins eru víðtækari en ákvæði fíkniefnasamningsins að því leyti að þau ná ekki aðeins til þvættisávinnings af fíkniefnabrotum heldur til þvættisávinnings af öllum afbrotum.

Með frv. þessu er í fyrsta lagi stefnt að því að gera refsivert þvætti ávinnings af öllum brotum á hegningarlögum og ákveðnum sérrefsilögum. Í 4. gr. frv. er lagt til að í 264. gr. almennra hegningarlaga komi nýtt ákvæði er mæli fyrir um refsingu fyrir viðtöku og öflun ávinnings af afbroti og aðstoð við að umbreyta ávinningi í því skyni að fela ólöglegan uppruna hans. Það er því gert ráð fyrir að peningaþvætti verði gert sjálfstætt refsivert brot en sú leið var valin í Noregi og Svíþjóð vegna aðildar að þeim samningum sem hér um ræðir. Lagt er til að ákvæði verði í XXVII. kafla laganna sem lýtur að ýmsum brotum er varða fjárréttindi.

Gert er ráð fyrir því að sérregla 173. gr. b, um þvætti í tengslum við fíkniefnabrot, verði felld brott, sbr. 3. gr. frv., en þessarar sérreglu verður ekki lengur þörf þar sem almenna reglan í 264. gr. nær til allra brota á lögunum.

Þá er gert ráð fyrir því að brot á 264. gr. geti varðað varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum eða allt að fjórum árum ef brot er ítrekað eða stórfellt.

Lagt er til að sérrefsimörk gildi um ávinning af stórfelldum fíkniefnabrotum svo að þau brot geti varðað fangelsi allt

að tíu árum eins og mælt er fyrir um í 173. gr. b í núgildandi lögum. Hér er um að ræða það svið þar sem mest hætta er á að reyni á peningaþvætti. Við mat á því hvaða sérrefsilög ættu að geyma heimild til þess að refsa fyrir þvætti ávinnings af afbrotum var m.a. litið til þess hvaða brot eru líklegri en önnur til að skapa ávinning svo sem fíkniefnabrot, ólögleg sala lyfja, áfengis og smygl. Samkvæmt núgildandi löggjöf er peningaþvætti refsivert í tengslum við brot á lögum um ávana- og fíkniefni, samanber ákvæði 2. mgr. 5. gr. þeirra laga. Lagt er til að slík háttsemi verði einnig gerð refsiverð í lyfjalögum, áfengislögum og tollalögum.

Í öðru lagi er með frv. þessu stefnt að því að rýmka og gera skýrari lagaákvæði sem lúta að heimildum til upptöku ávinnings af brotum og upptöku jafnvirðis slíks ávinnings. Í 2. og 7. gr. frv. er að finna reglur að þessu leyti. M.a. er gert ráð fyrir því að 3. tölul. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga verði breytt á þann veg að í þeim tilvikum er ekki tekst að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings verði dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Þess eru dæmi að dómarar hafi hafnað kröfu ákæruvalds um upptöku þótt hinn brotlegi hafi sannanlega hlotið ávinning þar sem sönnunargögn hefur skort til þess að ákveða fjárhæð þessa ávinnings. Samkvæmt norskum og dönskum hegningarlögum er dómurum heimilt að áætla fjárhæð ávinnings í tilvikum sem þessum. Lagt er til að íslenskum dómurum verði veitt sambærileg heimild til mats á umfangi ávinnings. Er hér m.a. tekið mið af tillögum verkefnisstjórnar sem dómsmrh. skipaði í janúar 1996 vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum en tillögur verkefnastjórnarinnar birtust í lokaskýrslu hennar í júní sl.

Í þriðja lagi er stefnt að því með frv. þessu að gera refsiverða vörslu og meðferð tækja, hluta og efna sem notuð eru til framleiðslu á fíkniefnum. Með 6. gr. frv. er lagt til að við lög um ávana- og fíkniefni bætist ný grein, 4. gr. a er taki til þessarar háttsemi. Er það í samræmi við skilgreiningu og fíkniefnasamnings Sameinuðu þjóðanna á fíkniefnabrotum en ný efni sem samningurinn tekur til eru talin upp í viðauka með honum. Í nýlegri dómaframkvæmd hér á landi eru þess dæmi að ekki hefur verið hægt að refsa fyrir meðferð efna sem hér um ræðir vegna þess að skort hefur beina refsiheimild.

Í fjórða lagi er svo stefnt að því með frv. þessu að setja skýrar lagaheimildir sem grundvöll fyrir fullnustu á erlendum beiðnum um upptöku eigna hér á landi, fyrir beiðni íslenskra stjórnvalda um eignaupptöku erlendis.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingum á lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma þar að lútandi. Þetta er í samræmi við markmið fíkniefnasamningsins og þvættissamningsins að efla alþjóðlega samvinnu til að uppræta fíkniefnabrot og peningaþvætti.

Herra forseti. Ég hef nú í meginatriðum gert grein fyrir efni og markmiðum þessa frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[13:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þessu frv. Ég vil fagna því að það skuli komið fram. Ég held að það sé mjög brýnt að við áttum okkur á þeim miklu breytingum sem eru að verða á fíkniefna- og afbrotaheiminum og að við erum ekkert utan hans, því miður. Eins og þeir sem fylgjast með fjölmiðlum urðu varir við, var hér í heimsókn í síðustu viku fulltrúi frá Interpol. Hann kom m.a. á fund til okkar í félmn. og það var eins og að vera viðstaddur spennandi leynilögreglusögu að hlusta á hann. Þar kom margt mjög athyglisvert fram og sýndi okkur fram á það að við þurfum svo sannarlega að opna augun og herða allt eftirlit og jafnframt refsingar, sérstaklega við fíkniefnabrotum, en auðvitað tengist ýmislegt annað alþjóðlegri glæpastarfsemi.

Aðalerindi mitt í þennan ræðustól var það að óska eftir því við hæstv. dómsmrh. eða beina því hreinlega til ríkisstjórnarinnar, að hún geri okkur hér á Alþingi grein fyrir þeim aðgerðum sem verið var að samþykkja í ríkisstjórninni. Ég teldi það mjög æskilegt að við fengjum stutta skýrslu um það þannig að okkur gæfist kostur á því að ræða þessi mál sem eru mjög í umræðunni úti í þjóðfélaginu. Síðast í morgun var fréttaþáttur í útvarpinu þar sem m.a. var verið að tala við skólanema. Allt sýnir þetta okkur hvað, því miður, þessi mál eru komin á alvarlegt stig. Ég held að bæði þing og ríkisstjórn eigi að sameinast um að setja svolítinn kraft í umræðu sem þarf að halda vakandi og að við tökum þá undir með ríkisstjórninni varðandi þær aðgerðir sem hún ætlar að efna til.

[13:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég fagna því frv. sem hér er fram komið. Þó að ekki sé um margar greinar að ræða, fylgir mjög ítarleg greinargerð þessu frv. Ég hef ekki haft tök á að kynna mér efni frv. til hlítar en hef tækifæri til þess að fjalla um þetta mál í allshn. sem fær málið til umfjöllunar.

Ég vil þó gjarnan spyrja hæstv. ráðherra um það sem lýtur m.a. að 2. gr. Þar skilst mér að verið sé að kveða á um að gera megi upptæka hluti sem keyptir eru fyrir ávinning. Nú vil ég spyrja hvort áform séu um að upptækur ávinningur eða hagnaður renni til forvarna í fíkniefna- eða áfengismálum? Ég minni í því sambandi á það sem ég hef áður rætt í þessum ræðustól, að fyrir ekki allmörgum árum var heimild í 6. gr. fjárlaga, sem stóð að vísu ekki lengi, um að upptækur hagnaður eða ávinningur sem gerður var upptækur vegna fíkniefnamála skyldi renna til forvarna og hann gerði það um tíma. En eftir því sem mér skilst hefur hann á umliðnum árum ekki gert það. Það má vera að í greinargerðinni sé að finna svar við spurningu minni, en ég leita eftir því við hæstv. dómsmrh. hvort ákvörðun liggi fyrir um slíkt.

[13:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. 13. þm. Reykv. skal tekið fram að í frv. eru engin ákvæði um það hvernig þeim fjármunum verður ráðstafað sem hugsanlega falla til vegna upptökuávinnings. Á móti er rétt að benda á að gerðar hafa verið og samþykktar ráðstafanir sem fela í sér mjög aukna fjármuni til forvarnastarfs. Á þessu ári var talsverð aukning á fjármunum til forvarnastarfs og samkvæmt þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur nú tekið um heildstæðar aðgerðir í þessum efnum, verður enn aukning þar á á næsta ári. Í sjálfu sér skiptir kannski ekki öllu máli hvort verið er að aðgreina sérstaklega fjármuni sem hugsanlega falla til vegna upptökuávinnings eða að taka ákvarðanir um að verja fé úr hinum sameiginlega sjóði til þessara verkefna. Aðalatriðið að minni hyggju er að það verði gert þannig að trúverðugt sé og á þann veg að við ætlum að það skili nokkrum árangri.

Vegna óska hv. 14. þm. Reykv. um að hér fari fram umræða um þessi mál og að ríkisstjórnin leggi fram skýrslu um þær ákvarðanir sem teknar voru á dögunum, þá get ég tekið

jákvætt í það. Ég held að þær umræður sem fram hafa farið í þinginu um þessi efni á undanförnum missirum hafi verið jákvæðar og átt þátt í að vekja fólk til umhugsunar um þessi efni. Þess vegna held ég að það sé af hinu góða að ræða þessi mál og er fyrir mitt leyti fús til að leggja fram skýrslu um þessar ákvarðanir sem síðar gætu orðið umræðuvettvangur um þetta mikilvæga og alvarlega mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:07]

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Kynferðisleg misnotkun á börnum, 215. mál, fsp. JóhS, þskj. 262.

Umræður utan dagskrár.

Lokun póststöðva.

[13:31]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Sl. vor voru samþykkt á hinu háa Alþingi lög er kváðu á um breytingar á rekstrarformi Pósts og síma. Var stofnuninni breytt í hlutafélag sem er alfarið í eigu ríkisins. Gildistími þeirra laga er þann 1. janúar næstkomandi. Við umræður um þau mál var lögð á það rík áhersla að ekki væri gert ráð fyrir því að breyta í neinu högum starfsfólks og að það fengi tilboð um endurráðningu. Við umræðurnar lagði stjórnarandstaðan þunga áherslu á þetta atriði og hæstv. samgrh. og aðrir stjórnarliðar tóku undir það og gáfu skýr og klár fyrirheit um þetta. Í samræmi við þetta hefur Póstur og sími dreift upplýsingariti til handa starfsfólki þar sem m.a. kemur fram að áhersla er lögð á að allir fastir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar muni halda áunnum réttindum, þeir muni njóta sambærilegra kjara eftir þessar breytingar og að öllu leyti verði þeirra hagur ekki síðri eftir hlutafélagavæðinguna en fyrir hana. Nú er við stjórn fyrirtækisins ákveðin undirbúningsnefnd sem lögum samkvæmt á að undirbúa þessa hlutafélagavæðingu og hún hefur verið býsna stórtæk. Hún hefur gert miklum mun meira heldur en að undirbúa hlutafélagavæðinguna því hún hefur farið í ákveðnar breytingar á mannahaldi, á rekstrarformi og þjónustu þessa stóra og mikilvæga fyrirtækis. Og af þeim sökum hef ég óskað eftir því, herra forseti, að eiga orðastað við hæstv. ráðherra samgöngumála.

Fyrir liggja upplýsingar um að nú þegar hafi, að undirlagi þessarar undirbúningsnefndar sem að minni hyggju hefur farið dálítið út fyrir sitt valdsvið, verið skipt um yfirmenn. Starfslokasamningar hafa verið gerðir við þá sem fyrir voru, um nýráðningar hefur verið að ræða og þá einkanlega á toppi fyrirtækisins. Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort þar hafi verið breytt um kjör. Borist hafa fregnir af því sem er raunar lenska og þekkt þegar hlutafélagavæðing á sér stað, að laun þeirra sem efstir tróna á pýramídanum hækka en fólkið á gólfinu er látið bíða. Um þetta vil ég spyrja sérstaklega.

En meginástæða þess að ég vil staldra við og ræða þessi mál eru þær fréttir sem borist hafa og m.a. komið fram í fjölmiðlum, um að lagðar hafi verið niður einar sex umdæmisskrifstofur, þar af þrjár úti á landi, á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum, sem hafa verið snar þáttur í þjónustu þessa mikilvæga fyrirtækis, Pósts og síma, um langt árabil. Þetta hefur þýtt að tugir starfsmanna hafa þar með misst vinnuna, þ.e. þá atvinnu sem þeir hafa haft með höndum um langt árabil. Jafnframt hafa birst upplýsingar um að póststöðvum hefur verið lokað bæði í Reykjavík og á Suðurlandi og raunar voru fréttir að berast um að einnig hafi það gerst nú á Austurlandi. Með öðrum orðum þá er ekkert lát á. Enn þá eru þessar breytingar í fullum gangi. Verið er að loka þessum mikilvægu þjónustustofnunum úti um landsbyggðina. Það er augljóst hvað hér er á seyði. Hér er verið að færa valdið, áhrifin, hingað til Reykjavíkur. Og það er athygli vert að hæstv. samgrh. skuli beita sér sérstaklega fyrir þeirri strúktúrbreytingu og skuli gera það með liðsinni samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn og samstarfsaðila sinna hér á hinu háa Alþingi, þar á meðal hv. form. samgn., Einars K. Guðfinnssonar, 1. þm. Vestf., svo ég nefni nú ekki hv. þm. Framsfl. sem hafa á hátíðarstundum a.m.k. rætt mjög um nauðsyn þess að halda landinu í byggð og þjónustu þar í hinu besta lagi.

Virðulegi forseti. Ég lét þess ógetið að á sama hátt liggur fyrir að strandstöðvum verði lokað um næstu áramót og augljóst er í hvaða farveg öll þessi mál eru að fara. Þjónustan á að færast til Reykjavíkur, valdið sömuleiðis, fækka á störfum úti á landi. Því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Er hér verið að segja upp starfsfólki til frambúðar? Gefið hefur verið til kynna að því fólki sem hefur haft þessi störf með höndum víða um land verði boðin önnur störf. Er verið að bjóða fólkinu störf í Reykjavík eða hvar á að koma þessu fólki fyrir úti á landi? Er verið að færa til innan kjördæmis eða er verið að færa þetta hingað til Reykjavíkur?

Í öðru lagi vil ég spyrja: Er þessari lokunarhrinu lokið eða er von á meiru?

Í þriðja lagi vil ég spyrja: Hversu margir starfsmenn Pósts og síma, sem eru u.þ.b. 2.500 talsins, hafa gengið að þeim tilboðum um samninga sem hafa verið í gangi á síðustu (Forseti hringir.) vikum? Eru margir sem hafa neitað því? Ég hygg að full ástæða sé til þess að hæstv. ráðherra, þegar betra tóm gefst, gefi okkur yfirgripsmikla og skýra skýrslu um framgang þessara mála. Ég hef áhyggjur.

[13:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn., Guðmundur Árni Stefánsson, hefur áhyggjur og er það ekki nýtt hér í hinum háu sölum enda var málflutningur hans slíkur að ég var eiginlega hálfáhyggjufullur yfir því hversu langt hann mundi fara út fyrir mörk sannleikans eða réttra upplýsinga í sínum málflutningi. Það er t.d. algjörlega úr lausu lofti gripið sem hann sagði að strandstöðvum verði lokað nú um næstu áramót. Það er rétt á hinn bóginn að við höfum haft þungar áhyggjur af þeim halla sem verið hefur á þeim rekstri, kannski 200 millj. kr. á ári, og kannski er eðlilegt þess vegna að hv. þm. telji sjálfgert að loka strandstöðvunum. Þessi mál eru til umræðu í sérstakri nefnd sem er að reyna að vinna úr því hvernig hægt sé að draga úr þessum halla.

Í öðru lagi sagði hv. þm., sem rétt er, að umdæmisskrifstofurnar í sinni gömlu mynd hefðu verið lagðar niður. Hitt er auðvitað úr lausu lofti gripið og farið út fyrir vegi sannleikans þegar hann heldur því fram að það hafi þýtt að tugir starfsmanna hafi misst vinnuna. Fyrir því er ekki fótur. (**Gripið fram í:** Hvað voru þeir margir?)

Hv. þm. spyr hversu margir af 2.500 starfsmönnum Pósts og síma hafi skrifað undir samstarfssamninga nú við hið nýja fyrirtæki. Ég fékk ekki aðvörun um að svara spurningu af þessu tagi. Auðvitað breytist það frá degi til dags. Það er verið að ganga frá samningunum. Það hefur ekki unnist tími til að gera það að öllu leyti, en að því er unnið og frá því verður gengið fyrir áramót.

Það er auðvitað óvenjumargt á seyði nú um áramótin. Í fyrsta lagi ganga í gildi eða eru á döfinni lög um samskipti aðila á frjálsum vinnumarkaði og ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóðsmálin eru í undirbúningi og á mikilli hreyfingu og nýir kjarasamningar eru um næstu áramót. Það fellur því óvenjumargt á þennan eina punkt sem gerir þessi mál flóknari en ella mundi.

Hv. þm. spurði hvort lokahrinunni væri lokið og átti þá við hvort ekki yrði lokað fleiri pósthúsum, eins og ég skyldi hv. þm. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu ákvörðun um að loka fleiri pósthúsum en fram hefur komið. Þá er ég að tala um í umferðarmiðstöðinni, í Lóuhólum, — en þeirri starfsemi verður sinnt í Mjóddinni — Þykkvabæ og Fljótum og svo á Keflavíkurflugvelli. Ég kannast ekki við að tekin hafi verið ákvörðun um að loka pósthúsi á Austurlandi.

Það er svo hér á landi sem og í öðrum löndum að þessi mál eru öll í stöðugum undirbúningi. Sums staðar vex póstþjónustan í nýjum hverfum. Það gefur tilefni til að opna ný pósthús. Annars staðar dregst byggð saman sem auðvitað dregur úr þörfinni, fyrir svo utan það að internet og fax og annað þvílíkt hefur tekið við af bréfunum sem hefur þýtt að þjónustusviðið færist á milli og sú þróun á sér stað á sama hátt hér á landi og erlendis.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort menn hefðu fengið atvinnu sem hefðu misst hana eða verið sagt upp. Yfirleitt hefur tekist að gera það, þó mun svo ekki vera um Fljótin og Þykkvabæ.

Um það að við séum að draga frá landsbyggð og færa valdið til Reykjavíkur vil ég að síðustu aðeins segja, þar sem tími minn er að renna út, að það er rétt að það á að loka sex umdæmisskrifstofum. Þar af voru þrjár úti á landi. Í staðinn verða settar upp svokallaðar svæðisskrifstofur og það er nýtt að svæðisskrifstofa verður t.d. í Keflavík, ein á Suðurlandi og ein á Vesturlandi. En öllum þessum svæðum var áður stjórnað frá umdæmisskrifstofunni í Reykjavík. Svo það er glöggt dæmi um að hér er ekki um eitthvert einstreymi að ræða frá landsbyggð og hingað suður. (Forseti hringir.) Þetta er eðlilegur misskilningur hjá hv. þm. Hann hefur ekki áttað sig á þeim breytingum sem verið er að gera.

[13:42]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ekkert er nýtt undir sólinni en það þýðir samt ekki að maður eigi að hræðast hið nýja tungl. Hitt skiptir miklu máli, þrátt fyrir það, að menn standi rétt að málum. Ég velti því fyrir mér eftir ræðu hv. málshefjanda hvort bráðabirgðastjórnin sem undirbýr formbreytinguna sé farin að ráðskast með hlutafélagið sjálft. Ég tel að slík vinna þurfi að bíða stefnumörkunar af hálfu hinnar sjö manna stjórnar sem kjörin verður nú yfir Póst og síma um áramót og tel mikilvægt í þessu að eyða óvissu. Vissulega er það svo við svona breytingar að það hangir yfir mikil óvissa og vissulega finnur maður það á landsbyggðinni að menn óttast að þetta sterkríkasta fyrirtæki landsmanna muni hverfa frá þjónustu við byggðarlög, við fólk, og breyta starfsháttum sínum í allt aðra átt heldur en verið hefur. Ég vil trúa því og vil að hæstv. samgrh. og hin nýja stjórn virði þær miklu skyldur sem Póstur og sími hefur sýnt í störfum sínum í gegnum áratugi við fólk á fjarlægum stöðum, við landsbyggðina, og gæti þar jafnræðis. Það held ég að sé mjög mikilvægt. Nú styttist í að stjórn þessa fyrirtækis, hin raunverulega stjórn, taki við og það tel ég af hinu góða. Yfirfrakkar eru ekki góðir sem bráðabirgðastjórn. Ég er því talsmaður þess að þeir sem eiga að bera ábyrgð á fyrirtæki, þegar því er formbreytt, eigi að koma sem fyrst að störfum. En ég vænti þess að þessari óvissu (Forseti hringir.) verði eytt og að Póstur og sími standi að málefnum landsbyggðarinnar með sama myndarskap og hann hefur gert á undanförnum áratugum, hæstv. forseti.

[13:45]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Að sumu leyti endurspeglar þessi umræða ólíka stöðu og aðstöðu annars vegar ríkisstofnunar á borð við Póst- og símamálastofnun og hins vegar almennra fyrirtækja. Við vitum það auðvitað að í heimi sem tekur sífelldum breytingum og þar sem rekstrarumhverfi fyrirtækjanna breytist mjög hratt þá verða fyrirtækin að aðlaga sig þessu. Við sjáum í viku hverri frásagnir af því að fyrirtæki stór og smá séu að endurskipuleggja starfsemi sína. Póstur og sími, eitt af stærstu fyrirtækjum landsins, er ekkert öðruvísi. Póstur og sími þarf líka að endurskipuleggja sína starfsemi ekki síst vegna þess að hann starfar á markaði sem er að ganga í gegnum gríðarlega miklar breytingar. Ef við tökum pósthlutann sérstaklega þá blasir við núna, ekki á morgun eða á næstunni heldur núna, að hafin er samkeppni í póstþjónustu og póstdreifingu í landinu. DHL-hraðflutningar og Póstdreifing ehf., svo ég taki tvö dæmi, eru fyrirtæki sem eru farin að taka að sér umsvifamikla póstdreifingu hérlendis sem erlendis. Og það eru tiltekin stórfyrirtæki sem nota eingöngu þjónustu þessara fyrirtækja, t.d. í því að senda sendingar til útlanda. Auðvitað þarf Póstur og sími að bregðast við þessu á ýmsan hátt, draga úr tilkostnaði og gera starfsemi sína skilvirkari.

Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. sagði að verið er að leggja niður þessar tilteknu umdæmisskrifstofur en önnur starfsemi kemur í staðinn og m.a. að aukin ábyrgð verður færð á hendur þeim sem reka núna hin einstöku pósthús. Að lokum vil ég ítreka og vekja athygli á því að gert er ráð fyrir því í frv. til laga um póstþjónustu sem liggur fyrir þinginu og er til meðhöndlunar í samgn. Alþingis, að íslenska ríkið skuli tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu eins og það er nánar skilgreint. Og þegar við lesum þá skilgreiningu sjáum við auðvitað að það tekur til allrar almennrar póstþjónustu í landinu.

[13:47]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég er einn þeirra sem hafa orðið varir við að starfsmenn hjá Pósti og síma hafa talsverðar áhyggjur af stöðu sinni við þessar breytingar og einnig íbúar á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að leggja niður t.d. pósthús. Það er alveg ljóst að lögin taka gildi þann 1. janúar og mörgum finnst reyndar að stjórnin sem starfar núna, þ.e. þessi undirbúningsstjórn, fari jafnvel hraðar en menn bjuggust við. Mig langar til í þessu sambandi að spyrja, vegna þess að þetta mál er til umfjöllunar: Hvernig er fyrirhugað að hátta þeirri þjónustu sem hefur verið á þessum stöðum eins og á pósthúsinu í Fljótunum eða í Þykkvabænum? Fá íbúar þessara svæða póstinn sinn daglega eða sjaldnar og þar

fram eftir götunum? En ég legg auðvitað mikla áherslu á að menn fari sér ekki svo hratt í breytingum að starfsemi þessa fyrirtækis raskist meira en þegar hefur orðið.

[13:49]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft máli um Póst og síma sem hefur verið til umfjöllunar í vetur. Þeirri umfjöllun er ekki lokið og hér hafa komið fram upplýsingar sem við þurfum auðvitað að velta fyrir okkur. Það vill nú svo vel til að það er einmitt fundur í samgn. þingsins á morgun þar sem áætlað er að fjalla um þessi mál. Ég vil að það komi hér skýrt fram að með því að breyta Pósti og síma í hlutafélag var aldrei meiningin að í því fælist að minnka þá þjónustu sem Póstur og sími hefur veitt. Það vil ég að komi skýrt fram að með því að breyta Pósti og síma var ekki og átti ekki að fela í sér þær aðgerðir sem hér hafa verið boðaðar með því að skerða þjónustu við landsmenn. Það vil ég að komi hér skýrt fram. Og eins og ég segi, hér hefur ráðherra sagt þau orð sem við þurfum að sjálfsögðu að fá skýringar við á fundi nefndarinnar á morgun.

[13:50]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði að minnast á eitt atriði til viðbótar í þessari umræðu sem eru landpóstarnir. Ég hef tekið eftir því á síðustu árum að Póstur og sími hefur tekið upp á því að fara mjög misjafnlega með sitt starfsfólk og sitt þjónustufólk. Landpóstar eru mjög mikilvæg starfsstétt á landsbyggðinni og í þeirri starfsstétt eru líklega 100 manns sem sinna þessu mikilvæga starfi með miklum skyldum um dreifðar byggðir. Nú hefur verið tekið upp á því í seinni tíð að bjóða þessi störf út. Það gerist með margvíslegum hætti og þannig að vart er hægt að una við og kemur niður á þjónustu. Það er engin leið að ætlast til þess að svona mikilvæg stétt búi við það að hafa hvorki í sig eða á eins og útboðin hafa gengið fyrir sig. En ég undrast, í fyrirtæki sem hefur á að skipa 2.500 manns, að einn mikilvægasti hlekkurinn er tekinn og hafður á allt öðrum kjörum. Ég minnist á þetta hér hæstv. ráðherra. Ég vil líka segja að lokum að ég tel mjög mikilvægt í öllum svona breytingum sem eru að ganga yfir þetta mikilvæga fyrirtæki og eru óhjákvæmilegar á mörgum sviðum, að þar verði haft rækilegt samstarf við starfsmannafélögin sem eru sterk félög og skipta miklu máli. Og það skiptir eitt fyrirtæki mestu máli á breytingatímum að hafa fólkið með sér í því sem á að gera.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það voru lokaorð hæstv. ráðherra áðan að ég áttaði mig ekki á þeim breytingum sem nú eiga sér stað. Það er alveg hárrétt. Þess vegna er ég að taka þetta til umræðu. En það sem verra er, ég deili þeirri upplifun augljóslega með hæstv. ráðherra því hann hefur ekki hugmynd um það sjálfur hvað hér er á seyði og ber því við í sínu svari, sínu meinta svari sem var nú ákaflega tætingslegt, að ég hefði rangar upplýsingar. Ég hef upplýsingar úr fjölmiðlum, úr Ríkisútvarpinu 28. og 29. nóvember sem að meginefni til eru grundvallaðar á upplýsingum frá formanni póstmannafélagsins sem raunar kvartar mjög yfir því að ekkert samráð sé við hana eða stjórnina haft. Þar kemur skýrt fram að um er að ræða 30–40 manns á pósthúsunum sex, þ.e. störf sem eru í uppnámi, og tugir starfa á umdæmiskontórunum. Á Austurlandi einu, svo ég nefni það sérstaklega, er verið að ræða um að leggja þar niður umdæmisskrifstofu upp á sex manns. Það er sem ég sæi hv. 1. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson, sýna sömu víðsýnina í þessum efnum ef um hefði verið að ræða Bolungarvík, eins og hann talaði hér áðan. Ég bið hv. þingheim um að biðja hann að svara sér. Hér er ekki um nein gamanmál að ræða. Hér er um störf fólks að ræða, í mörgum tilfellum fólks sem hefur verið þarna um langt árabil. Það er verið að hrista það fram og til baka og í sumum tilfellum er ekki hægt að útvega því starf hjá félaginu og allra síst á sama stað. Ég held því að þessi umræða undirstriki nauðsyn þess að nú á næstu vikum fáum við ítarlega skýrslu frá hæstv. ráðherra um framgang þessara mála og stöðu þeirra, þjónustuumfang og réttarstöðu starfsmanna. Ég mun beita mér fyrir því að ná tilskildum fjölda alþingismanna og óska formlega eftir slíkri skýrslu. Ég held að full ástæða sé til þess því það er augljóst mál að það eru ekki aðeins starfsmennirnir sem um ræðir sem vita ekki um sína framtíð og stöðu, hæstv. ráðherra fer líka villur vegar og er í einhverju limbói.

[13:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í lokaorðum hv. þm. kom glögglega fram andúð hins nútímalega jafnaðarmanns á að breyta opinberum rekstri í hlutafélagarekstur og má segja að það komi ekki á óvart. Ég held að nauðsynlegt sé að ég fari nokkrum orðum um þá breyttu skipan sem verið er að taka upp sem mér gafst ekki tími til áður.

Póst- og símstöðvunum verður skipt í tvo flokka, svæðisstöðvar sem skipa munu ákveðna sérstöðu í þjónustukerfinu og þjónustustöðvar, þ.e. almennar afgreiðslur. Þetta kerfi mun byggja meira á markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavini en áður. Ráðgert er að sérstakir sölustjórar póstsins sem og sérstakir sölu- og þjónustustjórar símans muni sinna samskiptum við stærri viðskiptavini. Þeir munu hafa aðsetur á svæðisstöðvunum. Um leið og áhersla er lögð á að efla sölu- og þjónustustarfsemi fyrirtækisins á þessum lykilstöðvum er starfsemi umdæmisskrifstofunnar að hluta til felld inn í starfsemi svæðisstöðvanna. Svæðisstöðvar verða væntanlega sex, þ.e. á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og í Keflavík sem og á Suðurlandi og Vesturlandi þó það liggi ekki fyrir hvar þær verða staðsettar. Og eins og ég sagði áður eru þrjár þessara stöðva nýjar, sem mér heyrist að hv. þm. Reykn. sé á móti. Svæðisstöðvarnar munu skipa ákveðna sérstöðu í þjónustukerfi Pósts og síma. Auk þess að annast samræmingu og eftirlit með þjónustu fyrirtækisins á viðkomandi svæði munu svæðisstöðvarnar annast ýmiss konar upplýsingamiðlun, fræðslu og leiðbeiningar til annarra stöðva á svæðinu, taka þátt í skipulagningu póstflutninga og annast samskipti og eftirlit með landpóstaþjónustunni á svæðinu sem auðvitað mun taka yfir í Þykkvabæ og í Fljótum. Þá munu svæðisstöðvarnar veita aðstoð við tímabundna mönnun nærliggjandi stöðva, t.d. vegna veikinda. Sérstakir starfsmenn póstþjónustunnar verða staðsettir á svæðisstöðvunum. Hlutverk þeirra er að annast kynningu og sölumál sem og önnur samskipti við stærri viðskiptavini á viðkomandi svæði. Sölustjórarnir vinna með viðskiptavinum að útfærslu á þjónustuþörf þeirra. Þannig að þarna erum við að tala um nýja starfsemi sem færist út á landið og mun auðvitað auka afköst og bæta þjónustu fólksins á landsbyggðinni.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 203. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 229.

[13:58]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að yfirmenn á skipum hafi gengist undir sérstaka öryggisfræðslu. Nú hefur skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna tjáð mér að tími hafi ekki unnist til þess að ljúka þessari kennslu, láta hana taka til alls flotans. Því er lagt til að frestur verði lengdur um eitt ár og treystum við því þá eða munum reyna að koma því til vegar að sjómenn sæki námskeiðin á næsta ári þannig að þessum ákvæðum verði fullnægt. Samkvæmt upplýsingum skólastjórans eru námskeið sem skólinn heldur til áramóta fullbókuð og ekki unnt að koma fleiri nemendum á þau. Ljóst er að ef umræddur frestur ekki fæst verður ekki unnt að lögskrá á mörg skip. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 161, nál. 230 og 252, brtt. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:03]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er að hefjast atkvæðagreiðsla um frumvörp sem hv. efh.- og viðskn. klofnaði í afstöðu sinni til. Okkar skoðun, minni hlutans í efh.- og viðskn. og stjórnarandstæðinga, er sú að frv. sé meingallað og að breytingartillögur meiri hlutans bæti þar litlu úr. Stjórnarandstaðan er andvíg þeirri efnahagsstefnu sem kemur fram í þessu frv. Einstaka greinar horfa þó til bóta, aðrar eru meinlausar, en aðrar auka misrétti. Það er fyrst og fremst skattastefna VSÍ sem hér er verið að lögfesta. Hvergi er tekið tillit til sjónarmiða launþega eða samtaka þeirra í frv. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein frv.

[14:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem hv. 11. þm. Reykn. viðhafði hér áðan að í þessu frv. og öðrum sem hér eru til meðferðar núna, og eru dagskrárliðir 1 – 5, er verið að framkvæma skattastefnu sem við erum ósátt við, en að öðru leyti er um að ræða ýmsar tæknilegar leiðréttingar sem er í sjálfu sér ástæðulaust að gera miklar athugasemdir við. Hins vegar vil ég leggja á það áherslu fyrir okkar hönd, þingflokks Alþb. og óháðra, að við teljum að í tekjuskattslagabreytingum núna hefði átt að taka á skattamálum einstaklinga. Það alvarlega við þær tillögur sem hér liggja fyrir er að þar er hvergi komið nálægt jaðarskattavandamálum einstaklinganna, sem eru að sliga heimilin og þess vegna áskiljum við okkur rétt til að taka þau mál sérstaklega til meðferðar við 3. umr. málsins.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 231,1 (ný 3. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VH, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, TIO, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. er verið að koma til móts við þá gagnrýni sem kom fram við 1. umr. um þetta mál. Hér er nú verið að þrepa niður þann afslátt sem fólk fær vegna kaupa á hlutabréfum. Við í stjórnarandstöðunni erum ánægð með þetta og samþykkjum þessa grein.

4. gr. samþ. með 30:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það að hafa sem almenna reglu í skattalögum að lengja yfirfæranlegt tap úr fimm árum í átta ár. Það hefur ekki komið skýrt fram í efh.- og viðskn. hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa á ríkissjóð. Fyrir liggja ónákvæmar áætlanir um þennan þátt mála. Við teljum að hér sé enn og aftur gengið erinda fyrirtækja í landinu í stað þess að skoða nánar

skattamál einstaklinga. Það er matsatriði hins vegar hvort greiða eigi atkvæði gegn þessari útfærslu eða sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Við stjórnarandstæðingar munum kjósa sumir að greiða atkvæði gegn þessu máli, aðrir sitja hjá, í þeirri von að betri útfærsla á málinu fáist milli 2. og 3. umr. eða við seinni upptöku þessara skattalaga.

5. gr. samþ. með 29:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: GGuðbj*.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 231,2 (þrjár nýjar greinar, verða 6.–8. gr.) samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG*, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið, að tillögu meiri hluta efh.- og viðskn., að taka algerlega nýtt ákvæði inn í skattalögin. Það er um skiptingu hlutafélaga. Þetta kom inn á síðustu stundu í nefndarstörfum, ekki að ósk fjmrh., ekki fjmrn., ekki meiri hluta í efh.- og viðskn. né minni hluta. Þessi hugmynd kom fyrst fram í umsögn frá Verslunarráði Íslands og er í sjálfu sér ekkert verri fyrir það. Málið er hins vegar illa undirbúið og það kom fram á nefndarfundi efh.- og viðskn. í morgun, þar sem við fengum Ólaf Nilsson og Árna Tómasson, tvo af virtustu endurskoðendum landsins, að þetta mál væri ekki nógu vel undirbúið og útfært. Þeir bentu á að lögfesting í þessu formi gæti kallað á fjölmörg undanskot frá skatti. Þessi vinnubrögð ganga ekki. Þess vegna segi ég nei.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VH, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, KH, LMR, RA, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í 6. gr. þessa frv. er verið að samræma skattalögin eða laga skattalögin að nýsamþykktum lögum um staðfesta samvist. Þetta er eðlileg breyting og við í stjórnarandstöðunni styðjum hana.

7. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VH, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi og fleiri greinar frv. og brtt. lúta að málum sem samkomulag er um og eru tæknilegs eðlis. Hið sama á við brtt. sem síðar kemur til atkvæða á þskj. 231, 3. tölul. Við styðjum að sjálfsögðu slíkar breytingar og þessi er í rauninni þannig að samið hefur verið við sveitarfélögin um efni hennar og því sjálfsagt að styðja hana.

8. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 231,3 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 231,4 (ný 10. grein, verður 14. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 29:14 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG.

2 þm. (GÁS, StG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í 11. gr. er verið að heimila innheimtuaðilum aðgang að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá í því skyni að sannreyna eignarstöðu einstakra gjaldenda. Tölvunefnd lagðist gegn því að innheimtuaðilar fengju aðgang að fasteignaskrá. Hér er um að ræða mál sem hefði þurft að athuga miklu betur og við í stjórnarandstöðunni greiðum atkvæði gegn þessari breytingu.

Brtt. 231,5 (ný 12. gr., inngangsmgr. og a-liður, verður 16. gr., inngangsmgr. og a-liður) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 231,5.b (nýr b-liður 12. gr. verður b-liður 16. gr.) samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

13.–14. gr. (verða 17.–18. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

15. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG*, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

16. gr. (inngangsmgr. og ákvæði til brb. I, verður 20. gr., inngangsmgr. og ákvæði til brb. I) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II samþ. með 30:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:19]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um ákvæði til bráðabirgða II. Hér er verið að auka tapsfrádrátt fyrirtækja í allt að þrettán ár. Það er nýbúið að samþykkja fyrr í þessari atkvæðagreiðslu að auka almennt tapsfrádrátt úr fimm í átta ár. Hér er hins vegar bætt við ákvæði til bráðabirgða um að þessi frádráttur getur við tilteknar aðstæður dugað í allt að þrettán ár. Við teljum, samanber rökstuðning minn áðan, að ekki liggi skýrt fyrir hvaða áhrif þetta hafi á tekjur ríkissjóðs. Við teljum að ekki hafi verið staðið nægilega vel að upplýsingaöflun varðandi þennan þátt með því að lögfesta þetta svona. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 158, nál. 232 og 254, brtt. 233.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Frv. sem hér kemur til atkvæða er tæknilegs eðlis og lýtur að útfærslu á fjármagnstekjuskatti stjórnarflokkanna. Það fjallar um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Minni hluti efh.- og viðskn. var andvígur málinu þegar það var lögfest í vor, þ.e. útfærslu ríkisstjórnarflokkanna á fjármagnstekjuskattinum, og er það enn. Öll varnaðarorð okkar um slæman undirbúning hafa ræst sem sést vel á tilurð þessa frv. þar sem verið er að lappa upp á löggjöf sem enn hefur raunverulega ekki tekið gildi. Frv. og breytingartillögunum er ætlað að lappa upp á ónýtt kerfi að okkar mati. Við munum sitja hjá við einstakar greinar frv. enda eru það stjórnarflokkarnir sem bera ábyrgð á þessari útfærslu. Ég greiði ekki atkvæði.

Brtt. 233,1 (ný 2. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 233,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 233,3 (ný 3. gr., verður 4. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 159, nál. 234 og 253, brtt. 235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KHG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nú er að koma til atkvæða stjfrv. um breyting á lögum um virðisaukaskatt. Efh.- og viðskn. klofnaði í þessu máli. Stjórnarandstaðan lítur svo á að frv. sé hluti af efnahagsstefnu stjórnvalda. Stjórnarandstaðan er andvíg tilteknum greinum frv. en styður aðrar sem horfa til bóta. Enn aðrar eru ekki nægilega vel útfærðar og við sitjum hjá við atkvæðagreiðslu um þær. Meginefni frv. varðar endurgreiðslu á virðisaukaskatti til húsbyggjenda og munum við gera nánari grein fyrir afstöðu okkar hvað þann lið varðar þegar kemur að því í atkvæðagreiðslunni. Ég greiði ekki atkvæði um þessa 1. gr. frv.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 235,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 235,2 samþ. með 45 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gert ráð fyrir lækkun á endurgreiðslu virðisaukaskatts til einstaklinga vegna húsbygginga. Eins og fram kom í umræðu um þetta mál sl. vetur erum við andvíg þessu fyrirkomulagi. Rökin eru í fyrsta lagi þau að þetta getur þýtt aukin skattsvik frá því sem ella væri, í öðru lagi lakara viðhald húsnæðis og í þriðja lagi minni atvinnu í landinu. Því greiðum við atkvæði gegn þessari tillögu, hæstv. forseti.

[14:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Við erum andvíg þessari tillögu. Hún snýr að þeirri framkvæmd að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts til húsbyggjenda frá því í vor. Framkvæmd málsins var klúðrað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það er leiðrétt hér að hluta til. Þetta þýðir skattlagningu á einstaklinga. Þetta þýðir aukna möguleika til skattsvika. Þessu ákvæði hafa allir aðilar vinnumarkaðarins lagst gegn, ekki einungis verkalýðshreyfingin heldur öll samtök vinnuveitenda, vegna hættunnar sem fólgin eru í því ákvæði sem verið er að greiða atkvæði um. Ég segi nei.

[14:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni ótrúlega óskynsamleg tillaga. Það er ljóst að hún mun hafa í för með sér aukna svarta atvinnustarfsemi og skattsvik og því greiðum við kvennalistakonur atkvæði gegn þessari tillögu.

10. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VH, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I–II samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 118. mál (kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs). — Þskj. 129, nál. 238.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 147. mál (iðgjöld, stigaútreikningur, ávöxtun o.fl.). — Þskj. 162, nál. 239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VH, VE, ÞorstP.

nei: PHB.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er ákveðin fyrirmynd allra annarra lífeyrissjóða í landinu. Allir lífeyrissjóðir á Íslandi starfa með föstu ákveðnu iðgjaldi, yfirleitt 10%. Með frv. þessu er tekin upp sú nýbreytni að heimila ráðherra að taka upp viðbótariðgjald án þess að sagt sé til hvers það verði ætlað eða hvort greiðslan verður valkvæð. Ég get ekki stutt slíka kerfisbreytingu á öllu lífeyriskerfinu án þess að fram fari ítarleg umræða.

3.–5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 239 (ný 6. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 71. mál (leiga, sala embættisbústaða). — Þskj. 71, nál. 240 og 255.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:40]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að ef þetta frv. verður að lögum geti það leitt til kjaraskerðingar ákveðins hóps opinberra starfsmanna og einnig að það geti orðið erfitt að fá embættismenn út á land. Ég tel að meiri hlutinn á Alþingi og ríkisstjórnin verði að bera ábyrgð á þessu frv. og mun því ekki greiða atkvæði.

[14:39]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hlutans á þskj. 255, sem er undirritað af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, teljum við að þetta mál sé illa undirbúið. Við teljum að vel komi til greina að gera endurskoðun á þessum málum sem lúta að íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins en okkar skoðun er að málið hafi ekki verið nægilega vel undirbúið og þess vegna sé nauðsynlegt að hyggja að því frekar. En þar sem ekki hefur verið orðið við þeirri ósk okkar sitjum við hjá við afgreiðslu málsins.

[14:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég stend að áliti meiri hluta efh.- viðskn. í þessu máli vegna þess að komið var til móts við óskir okkar sem við gerðum grein fyrir í umræðu að ekki yrði lögbundið niðurgreiddir vextir í íslensku samfélagi. Því var breytt. Það er miðað við sömu vexti og húsbréf Húsnæðisstofnunar. Þetta teljum við vera mikilvægt mál og eins og kemur fram í nál. að húsaleiga skuli miðast við markaðsleigu og þá eigi leigugjald ekki að vera sett svo hátt að erfitt reynist að fá hæfa starfsmenn til starfa úti á landi. Við teljum að tekið hafi verið tillit til þeirra sjónarmiða og ábendinga sem við höfðum uppi um þetta mál. Við höfum að vísu vissar áhyggjur af því en í trausti þess að framkvæmd málsins verði með þeim hætti að ekki muni koma niður á landsbyggðinni þá lítum við svo á að þetta frv. sé að öðru leyti þannig að hægt sé að vinna með því. Ég segi já.

2.–3. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 240 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SP, StB, SvanJ, TIO, VH, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, FrS, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HG, KH, LMR, LB, SighB, SF, StG, SJS, VS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál (umsýslugjald). — Þskj. 75, nál. 242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:43]

Brtt. 1 í nál. 242 samþ. með 44 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 2 í nál. 242 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.

[14:45]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég fer fram á að atkvæðagreiðsla fari fram um þetta mál. Ég hreyfði því í umræðunum að eðlilegt gæti verið að mál af þessu tagi færi til sérnefndar því að þetta er óvenju viðamikið frv. sem hér er á ferðinni með 186 greinum. Annar möguleiki væri líka sá að málið færi til allshn. því að þetta snertir Stjórnarráð Íslands og allar stofnanir á vegum þess. Hins vegar gerði hæstv. forsrh. tillögu um að þetta mál færi til efh.- og viðskn. sem mér finnst orka tvímælis en ég vil þó taka fram að fari svo að hv. efh.- og viðskn. vísi málinu til fagnefnda til meðferðar þá tel ég að við það megi una og í trausti þess að það verði gert mun ég styðja það að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. og þar með fallast á tillögu hæstv. forsrh.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 41 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 173. mál (sumarhús o.fl.). — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, frh. 2. umr.

Stjfrv., 174. mál (eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 191, nál. 257.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:48]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (vernd gegn mismunun). — Þskj. 100, nál. 250.

[14:49]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 250 um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum sem fjallar um vernd gegn mismunun.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir sem henni bárust á 120. löggjafarþingi um mál sem að hluta til var sambærilegt.

Frumvarpið felur í sér tvíþætta breytingu á almennum hegningarlögum. Annars vegar snýr breytingin að því að samræma löggjöf alþjóðlegum skuldbindingum um afnám kynþáttamisréttis og hins vegar felur frumvarpið í sér sambærilega refsivernd fyrir fólk gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar.

Samkvæmt f-lið 5. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja öllum, án nokkurs greinarmunar vegna kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða þjóðlegs uppruna, jafnan rétt til aðgangs að öllum stöðum eða þjónustu sem veitt er almenningi, svo sem að samgöngutækjum, hótelum, veitingahúsum, kaffihúsum, leikhúsum og almenningsgörðum. Engar breytingar hafa verið gerðar á íslenskri löggjöf til samræmis við framangreint ákvæði andstætt þeirri þróun sem átt hefur sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Því þykir eðlilegt að leggja til í 1. gr. frumvarpsins að veita réttindum til jafns aðgangs að þjónustu og opinberum stöðum sérstaka refsivernd. Samhliða því að koma með þessu til móts við þjóðréttarlegar skuldbindingar er einnig lagt til að mismunun á grundvelli kynhneigðar verði gerð refsiverð, líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar.

Allir nefndarmenn allshn. skrifa undir þetta nál. og leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 30. mál (réttarstaða handtekinna manna o.fl.). — Þskj. 30, nál. 251.

[14:52]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 251, um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þá studdist nefndin við umsagnir sem henni bárust á 120. löggjafarþingi frá Lögmannafélagi Íslands, lögreglustjóranum í Reykjavík, Fangelsismálastofnun ríkisins og Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Frumvarpið miðar fyrst og fremst að því að bæta réttarstöðu handtekinna manna. Í frumvarpinu felst heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um hvenær synja megi handteknum manni um að hafa samband við nánustu vandamenn sína og um skráningu á atriðum er varða vistun á handteknum mönnum. Í nefndinni urðu nokkrar umræður um hvort orðalag 2. gr. frumvarpsins um „nánustu vandamenn" væri nægilega skýrt. Svo virðist sem ekki hafi komið upp vandamál við skýringu þess.

Í öðru lagi felur frumvarpið í sér að dómarar ákvarði þóknun handa dómtúlki og þýðanda og að sú þóknun greiðist úr ríkissjóði. Í þriðja lagi er í frumvarpinu gert ráð fyrir að lögfest verði að gæsluvarðhaldsföngum sé heimilt að senda tilteknum aðilum bréf án þess að efni þeirra sé athugað.

Mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt og það eru allir nefndarmenn í allshn. sem undirrita þetta nál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 29. mál (barnaklám). — Þskj. 29, nál. 256.

[14:54]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Allshn. hefur fjallað um 29. mál, frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, um barnaklám, og mæli ég fyrir nál. hennar á þskj. 256 og meðfylgjandi brtt. Allir nefndarmenn allshn. standa að þessu áliti.

Við meðferð málsins fékk nefndin á sinn fund Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Ágúst Þór Árnason frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kristínu Jónasdóttur frá Barnaheillum og Þórhildi Líndal, umboðsmann barna. Þá bárust nefndinni erindi frá Lögmannafélagi Íslands, umboðsmanni barna, Barnaheillum og Mannréttindaskrifstofu Íslands, auk þess sem stuðst var við umsagnir frá 120. löggjafarþingi.

Með frv. er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 210. gr. hegningarlaganna en í því ákvæði er m.a. birting, sala og dreifing á klámi lýst refsiverð. Í frv. er lagt til að bætt verði við 210. gr. ákvæði þar sem varsla barnakláms er sérstaklega gerð refsiverð þannig að hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum.

Einnig varðar það sektum að hafa í vörslum sínum eitthvað sem sýnir börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt. Með lögfestingu ákvæðisins er jafnframt mótuð afstaða gegn hvers kyns og hvers konar kynferðislegri misnotkun á börnum.

Árið 1994 var lögfest í Danmörku ákvæði er gerir vörslu á myndefni með barnaklámi refsiverða. Svipaðar reglur voru lögfestar í Noregi árið 1992 þar sem m.a. varsla og innflutningur á myndum, kvikmyndum, myndböndum eða sambærilegu efni, þar sem einhver sem er eða virðist vera yngri en 16 ára er sýndur á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Samkvæmt sænskum lögum er ekki refsivert að hafa rit eða annað efni sem sýnir barnaklám í vörslu sinni. Þó er sá refsiábyrgur sem sýnir barn í klámmynd sem dreifa á eða dreifir slíkri mynd ef verknaðurinn telst ekki forsvaranlegur.

Mál þetta var ítarlega rætt í allshn. og beindist umræðan m.a. að því við hvaða aldursmörk ætti að miða í þessu sambandi. Í texta frv. er talað um börn án þess að aldur þeirra sé tilgreindur. Var rætt um það hvort setja ætti ákveðin aldursmörk inn í frumvarpstexta. Varð niðurstaðan sú að slíkt yrði ekki gert. Einnig urðu nokkrar umræður um hvort miða ætti við 16 eða 18 ára aldur. Niðurstaðan varð að eðlilegast væri að miða við 16 ára aldur sem er sjálfræðisaldur. En í athugasemdum með frv. er miðað við lög um vernd barna og ungmenna en þar er skilgreinilng á börnum miðuð við 16 ár.

Ljóst er að upp geta komið erfið sönnunarvandamál þegar ákvarða á hvort einstaklingur á mynd er 16 ára eða yngri. Verður sönnunarstaða þessi enn erfiðari ef aldur er miðaður við 18 ár. Það sem mestu máli skiptir er þó að alvarlegustu tilfellin falla án efa undir þessi aldursmörk. Í tengslum við umræðu um aldursmörk er einnig rétt að minna á önnur ákvæði hegningarlaga er lýsa kynferðisbrot gegn börnum refsiverð og almenn ákvæði laganna um bann við birtingu, sölu og dreifingu á klámi. Því er ljóst að á þessu sviði er það ekki refsilöggjöfin sem er ófullnægjandi heldur frekar að refsiramminn er ekki fullnýttur.

Í nefndinni var einnig rætt nokkuð um dreifingu barnakláms, vörslu þess og friðhelgi einkalífsins. Ljóst er að mikið er af barnaklámi á internetinu og við athugun í sumar kom fram að þar fundust tæplega 5.500 atriði tengd barnaklámi en þetta var upplýst á ráðstefnu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Stokkhólmi í sumar. Er ljóst að leita þarf allra leiða til að koma í veg fyrir dreifingu barnakláms á netinu, en jafnframt stöndum við frammi fyrir því að erfitt er að koma lögum yfir hvað er sett inn á internetið.

Þá hafa þær gagnrýnisraddir heyrst að rannsóknir á brotum gegn ákvæðum frv. geti gengið nærri grunnreglunni um friðhelgi einkalífsins. Þarna er m.a. komin ein ástæða fyrir því að ekki hafa verið sett lög í Svíþjóð sem banna vörslu barnakláms. Þegar ákvörðun er tekin um að gera vörslu barnakláms refsiverða byggist hún á mati á hagsmunum og er það niðurstaðan að verndun barna gegn kynferðislegu ofbeldi er talin mikilvægari og ganga framar öðrum hagsmunum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga.

Nefndinni barst ábending frá Barnaheillum um mikilvægi þess að lagasetningu þessari verði fylgt eftir með stuðningi og fræðslu við löggæslumenn og dómstóla og að lögð sé áhersla á alþjóðlega samvinnu um þessi efni. Taka verður undir þessi sjónarmið og leggja þarf áherslu á að talað sé opinberlega um málefni eins og barnaklám og að árvekni almennings sé efld hvað varðar þessi mál.

Nefndin leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frv. Annars vegar er lögð til sú breyting á 1. gr. frv. að orðin „grófan" er fellt brott þannig að það varði refsingu að sýna börn nota hluti á klámfenginn hátt, en slíkt verði ekki bundið við grófan klámfenginn hátt. Þannig verður ákvæðið víðtækara án þess þó að ná yfir eðlilegar myndir af börnum. Hins vegar leggur nefndin til að gerð verði breyting á gildistöku laganna þannig að þau öðlist gildi 1. janúar 1997 í stað 1. júlí sama ár. Telur nefndin að það sé nægilegur frestur.

Allshn. leggur til að frv. verði samþykkt með ofangreindum breytingum.

[15:00]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég á sæti í allshn. og stend því að því áliti sem frsm. hefur talað fyrir og þeirri brtt. sem hér er lögð fram. Ég tel þó ástæðu til að fara um þetta mál nokkrum orðum.

Ég hef helst gert athugasemdir við það að ekki er kveðið á um í frumvarpsgreininni við hvaða aldursmörk barna er miðað og einnig varðandi gildistökuákvæðið um að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. júlí og nefndin er alveg sammála um þá breytingu að gildistakan verði 1. janúar nk. í stað 1. júlí, sem ég tel mjög gott.

Varðandi aldursmörkin hefði ég viljað sjá, og ég talaði fyrir því í nefndinni, að miðað yrði við 18 ára aldurinn en ég geri mér fulla grein fyrir því að sá sjálfræðisaldur sem við nú miðum við, 16 ára aldurinn, er þar nokkur þröskuldur. Ég nefni í þessu sambandi að umboðsmaður barna segir í umsögn sinni að hún telji að það sé réttast að miða við sjálfræðisaldurinn, þ.e. börn yngri en 16 ára. Ég hefði viljað sjá í frv. sjálfu eða 1. gr. frv. að miðað væri við sjálfræðisaldurinn þannig að ef hann mundi hækka, sem maður vonar að geti orðið, þá mundu aldursmörkin hækka sjálfkrafa sem því næmi.

Ég minni á í því sambandi að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að börn séu 18 ára og yngri. Ég minni

einnig á að lög um umboðsmann barna taka til einstaklinga fram til 18 ára aldurs. Það er einnig vert að geta þess að í ákvæðum almennra hegningarlaga, 210. gr., þar sem verið er að fjalla um refsingar við klámi, segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Það varðar enn fremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti."

Ég hefði því talið að öll rök stæðu til þess að miða við 18 ára aldur. Ég tel þó mikilvægt að samstaða sé um þetta mál í nefndinni og stend að þessu áliti og mun ekki flytja brtt. hér um. Ég tel þó mikilvægt að í nefndarálitinu er minnst á að eðlilegt sé að miða við sjálfræðisaldurinn, þ.e. 16 ára aldur eins og hann er nú.

Ég hefði líka talið að eðlilegast væri að setja aldursviðmiðun inn í lagatextann sjálfan vegna þess að þegar um er að ræða refsilög, þá hefur því yfirleitt verið haldið fram að þau þurfi að vera skýr og ótvíræð.

Ég hefði líka gjarnan viljað fá meiri og ítarlegri umfjöllun í nefndinni um hvernig barnaníðingar hafa nýtt sér alnetið, m.a. til þess að miðla barnaklámi og hvort og þá hvaða leiðir séu færar til þess að sporna gegn því eða draga úr því. Það er vissulega rétt að erfitt og nánast ógerningur er að koma í veg fyrir barnaklám á internetinu en það eru til leiðir til að draga úr því og það hefði ég gjarnan viljað að nefndin fjallaði nánar um. Í nefndaráliti allshn. er vakin athygli á ábendingum frá Barnaheillum um mikilvægi þess að lagasetningu þessari verði fylgt eftir með stuðningi og fræðslu við löggæslumenn og dómstóla og að lögð sé áhersla á alþjóðlega samvinnu um þetta efni. Þetta er vissulega mjög góð ábending sem þarna kemur fram hjá Barnaheillum og allshn. bendir á í sínu nefndaráliti og það er mjög brýnt að hæstv. dómsmrh. fylgi henni eftir.

Það kemur vissulega fram mjög mikilvægur rökstuðningur varðandi þetta atriði í umsögn Barnaheilla sem ástæða væri til skoða alveg sérstaklega, en ég skal ekki fara nánar út í hér. Ég bendi líka á það sem fram kemur í umsögn Barnaheilla þar sem bent er á að búið sé að setja allvíða í nágrannaríkjum lög sem teljast mjög mikilvæg til þess að ná kynferðisafbrotamönnum, en í umsögn Barnaheilla segir um það efni:

„Í sem stystu máli fela þessi lög í sér að yfirvöld í heimalandi afbrotamannsins geta kært viðkomandi eftir að heim er komið þó svo að afbrotið sé framið í öðru landi. Vegna mismunandi reglna er gilda um skuldbindingu ríkja að þjóðarrétti er þetta flókið í framkvæmd fyrir mörg ríki og að auki hefur sönnunarbyrðin sérstaklega verið nefnd í því sambandi."

Ég held að það sé mikilvægt að huga að þeirri ábendingu sem þarna kemur fram einnig hjá Barnaheillum.

Það hefur orðið mikil umræða í þjóðfélaginu um barnaklám á internetinu og kynferðisafbrot á börnum í kjölfar frétta af máli manns á Akureyri sem sakaður var um vörslu og dreifingu barnakláms og að barnaklám hafi fundist á alnetinu hjá viðkomandi. Varðandi það að stemma stigu við barnaklámi á internetinu og dreifingu þess tel ég tvær leiðir geta verið árangursríkar. Önnur tengist þeirri ábendingu sem um er getið í nefndaráliti allshn. um stuðning og fræðslu við löggæslumenn og dómstóla. Vil ég í því sambandi vitna í fróðlega grein sem birtist í Morgunblaðinu í vikunni undir heitinu „Ósómi á alnetinu" en þar er bent á eftirfarandi sem ég tel að tengist þessari ábendingu frá Barnaheillum og því sem nefndin tekur upp. Í Morgunblaðinu nú í vikunni segir, með leyfi forseta:

„Barnaníðinga má aftur á móti hremma með „tálbeitum", þ.e. útsendari löggæslunnar getur tengst inn á spjallrás helgaða barnaklámi og „veitt" níðinga sem lögregla í heimalandi viðkomandi handtekur síðan. Ólíklegt verður að telja að barnaníðingum hafi fjölgað með tilkomu alnetsins, frekar er að þeir hafa orðið sýnilegri og þá um leið auðveldara að hafa hendur í hári þeirra."

Ég tel, virðulegi forseti, að einmitt með slíku skipulögðu eftirliti löggæslunnar eins og hér er ýjað að með barnaklámi á internetinu, sé hægt að ná umtalsverðum árangri til að stemma stigu við barnaklámi og dreifingu þess á internetinu og tel ég að það ætti að vera fastur liður í starfsemi löggæslunnar að fylgjast reglubundið með þessu.

Í annan stað hafa vaknað spurningar í mínum huga, raunar eftir að málið kom úr nefndinni. Eftir að ég las ýmislegt um þetta sem fram hefur komið í fjölmiðlum, vaknaði spurning í mínum huga hvaða rannsóknarúrræði séu helst notuð þegar um er að ræða meinta kynferðislega misnotkun á börnum og þá hvort það sé sérstaklega kannað hvort gerandi eða kynferðisafbrotamaðurinn hafi haft í fórum sínum barnaklám eða dreift því. Það er mín skoðun að það eigi að skoða það af fullri alvöru að gera slíkt að skyldu við rannsókn á kynferðislegri misnotkun á börnum að það sé kannað sérstaklega hvort gerandi eða kynferðisafbrotamaðurinn hafi haft í fórum sínum barnaklám eða dreift því. Um það hef ég lagt fram fyrirspurn í dag til félmrh. ásamt fleiri spurningum sem snerta kynferðislega misnotkun á börnum sem ég tel brýnt að fá svar við eins og því hvort öllum börnum sem beitt hafa verið kynferðislegri misnotkun séu tryggð stuðningsúrræði og meðferð af hálfu hins opinbera, en þar held ég að sé mikil brotalöm í kerfinu sem er mjög alvarlegt mál því að börn sem beitt eru kynferðislegri misnotkun bíða þess skaða alla ævi.

Í tengslum við þessa umræðu og umræður um mann á Akureyri sem kærður hefur verið vegna gruns um kynferðislega misnotkun á þrem telpum og að taka myndbönd af athæfinu hefur komið fram opinberlega, m.a. í Morgunblaðinu nú í vikunni, sem segist hafa fyrir því áreiðanlegar heimildir, að þessi sami maður hafi áður eða árið 1992 verið grunaður um misnotkun á tveimur börnum. Þegar Morgunblaðið leitaði til félagsmálayfirvalda um ýmsar upplýsingar á þeim tveimur stöðum þar sem maðurinn hafði verið búsettur á því ári þar sem þessi meinti verknaður hafði átt að vera framinn, þ.e. 1992, sem virðist tengjast bæði Grindavík og Stykkishólmi og sömuleiðis á Akureyri sem send var viðvörun um feril málsins frá 1992, var fátt um svör t.d. varðandi rannsóknarúrræði sem beitt var í þessu máli eða meðferð hjá viðkomandi sveitarstjórnum. Í þessu máli var ekki gefin út kæra á hendur manninum. Mér finnst vægast sagt sérkennilegt að ekki sé hægt að gefa almenn svör um meðferð þessa máls í kerfinu og tel því fullt tilefni til þess, eins og ég hef einnig gert í fyrirspurninni sem ég lagði fram í dag um kynferðislega misnotkun á börnum, að Alþingi fái svör við því hversu oft á umliðnum árum félagsmálayfirvöld hafa fengið til meðferðar mál vegna meintrar kynferðislegrar misnotkunar á börnum, hve oft þau hafa úrskurðað og kært vegna meintra brota og hversu oft slík mál hafa leitt til ákæru og sektar.

Ég tel þó það sé erfitt, að þarna séu raunverulega til leiðir og ég hef bent á tvær til þess að reyna að stemma stigu við barnaklámi á internetinu og tel að þær þurfi að skoða

í framhaldi af þessu. Kynferðisafbrot gagnvart börnum eru einn svívirðilegasti glæpur sem framinn er í þjóðfélaginu og þau mál verður að taka föstum tökum. Liður í því er það frv. sem hér er til umræðu sem ég tel mjög mikilvægt og fagna sérstaklega þó að ég geri þær athugasemdir sem fram hafa komið í mínu máli.

[15:13]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins fá að koma að athugasemd vegna ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Það er vissulega rétt að rætt var um aldurinn í allshn. í tengslum við þetta frv. en í nefndaráliti frá allshn. segir, með leyfi forseta:

„Niðurstaðan varð að eðlilegast væri að miða við 16 ára aldur sem er sjálfræðissaldur."

16 ára aldurinn er því viðmiðunin í þessu máli.

Ég vil líka fá að ítreka að þetta eru sömu aldursmörk og er miðað við í sambærilegri löggjöf á Norðurlöndunum. Það er ekki tekið beint fram í danska ákvæðinu en hins vegar kemur það beint fram í því norska.

Að öðru leyti get ég vissulega tekið undir áhyggjur þingmannsins um barnaklám á internetinu og mál sem þeim tengjast og vissulega er ástæða til að vera vel á verði og skoða þessi mál vandlega. En ég vil líka fá að ítreka það vegna þess að hér var talað um kynferðisafbrot gagnvart börnum sem ég tek undir að eru mjög alvarleg afbrot svo að ekki sé meira sagt, að ég gat þess í framsögu með nefndaráliti að við erum með mjög viðamikla refsilöggjöf um kynferðisafbrot gagnvart börnum. Það er hins vegar frekar spurning um framkvæmdina og hvernig hún hefur verið í tengslum við þessi ákvæði.

[15:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns geri ég mér auðvitað fyllilega ljóst hvernig þessu er háttað á hinum Norðurlöndunum og að sjálfræðisaldurinn hér er 16 ár. Það er engu að síður mín skoðun að ég tel að það eigi að miða við 18 ár og ég hefði lagt fastar að því að miðað hefði verið við sjálfræðisaldurinn inni í frv. sjálfu eða lagatextanum ef sjálfræðisaldurinn hefði verið 18 ár. Það er mín skoðun að banna eigi slíkt samkvæmt því sem er í frv. og miða þar við 18 ára aldur.

Það er alveg rétt að hegningarlögin sem hv. síðasti ræðumaður vísaði til taka á þessu. En ég var sérstaklega að reyna að koma því á framfæri hvort ekki væri rétt — sem ekki er núna — að gera það að skyldu þegar uppvíst verður um meinta misnotkun gagnvart börnum, þá verði haldið þannig á málum í rannsókn þess að sérstaklega verði kannað hvort viðkomandi kynferðisafbrotamaður eða meintur kynferðisafbrotamaður hafi í fórum sínum barnaklám. Það er ein leið til að stemma stigu við þessu og tengist þeirri umræðu sem fram fer um þetta mál.

[15:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega fagna því að allshn. skuli hafa afgreitt þetta mál með svo skjótum hætti og að sú leið skuli hafa verið farin þ.e. að styrkja frv. og flýta gildistökunni. Ég hygg að atburðir undanfarinna mánaða hérlendis og erlendis eigi sinn þátt í því að við fáum þessa löggjöf. Ég held, því miður, að margir hér á landi átti sig ekki á því að við erum að fást við alþjóðlegt fyrirbæri, sögulegt fyrirbæri því að þegar heimildir eru skoðaðar hefur meðferð sem þessi á börnum tíðkast frá örófi alda, þó auðvitað hafi komið til ný tækni eins og ljósmyndir, kvikmyndir, vídeómyndir og nú síðast internetið sem gerir dreifingu á barnaklámi miklu auðveldari.

Ég held að eftirlitið með barnakláminu sé kannski erfiðasti hlutinn af öllu þessu dæmi. Hvernig á að fylgjast með því að klám sé ekki flutt inn? Hvernig á að fylgjast með því að það sé ekki framleitt? Það er býsna erfitt mál því að þetta tilheyrir einmitt þeim kima samfélagsins sem er undir yfirborðinu og kemur sjaldnast í ljós. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni og ég hygg að það liggi líka að baki hjá allshn. að notkun á börnum við gerð klámmynda og hvers konar kynferðisleg misnotkun á börnum í klámmyndagerð er með allra verstu glæpum sem tíðkast í okkar samfélagi og annars staðar. Ég ítreka að ég fagna því hve skjótt er brugðist við. En það þarf auðvitað að fylgja þessu máli miklu betur eftir.

Ég veit að í allshn. var rætt nokkuð um internetið og hvernig hægt væri að stemma stigu við útbreiðslu kláms og barnakláms en ég hygg að það sé mjög erfitt viðureignar bæði vegna þess að oft er mjög flókið að finna slíkt efni. Ég get upplýst það að við kvennalistakonur gerðum fyrir nokkrum vikum tilraun til að skoða hvað við fyndum og yfirleitt gerðist það að brautin lokaðist. Það þurfti einhvers konar áskrift, númer til þess að geta haldið áfram. Menn eru því að nota og selja klám á þennan hátt. Það er því býsna flókið að finna þetta og menn þurfa að hafa netföng þeirra sem eru að framleiða og dreifa.

Mig langar til að fá það upplýst í þessari umræðu hjá hv. formanni allshn. eða öðrum allsherjarnefndarmönnum sem hér eru hvort fyrir liggi einhver vitneskja um magn barnakláms sem er í umferð. Hafa menn einhverja hugmynd um hversu mikið er um barnaklám hér á landi og hvernig því er dreift fyrir utan internetið? Í fréttum í morgun var sagt frá því að lögreglan tók klámmyndir á myndbandaleigu hér í borg í sína vörslu og þegar farið var að skoða þær kom í ljós að unglingsstúlkur voru þar í hlutverkum. Ef það er svo að slíkar myndir eru á myndbandaleigunum þarf auðvitað að hafa eftirlit með því með reglulegu millibili því að þær fara alltaf í umferð aftur á einhvern hátt. En spurning mín er þessi: Hvaða vitneskju hafa menn um magn og dreifingu kláms hér á landi?

Í framhaldi af þessu tel ég líka að við þurfum mjög að auka rannsóknir á þessu sviði. Mér vitanlega hafa ákaflega litlar rannsóknir farið fram á klámi og umfangi kláms og öðru sem því er tengt, að maður tali nú ekki um t.d. vændi barna, sem er því miður orðið algengt í öðrum löndum, t.d. í Danmörku. Það er ótrúlega mikið um vændi barna bæði drengja og stúlkna. Ég veit ekki hvort slíkt finnst í einhverjum mæli hér. Það hefur verið nefnt að það sé til í tengslum við eiturlyfjaneyslu en ég held að það sé líka mjög mikilvægt að auka rannsóknir og þar með að auka þekkingu okkar á stöðu mála.

Allra síðast vil ég taka undir það sem kemur fram í nál. allshn. um nauðsyn þess að fræða þá, sem kanna þessi mál og fá þau til meðferðar hjá dómstólum, um eðli kláms og afleiðingar þess að börn séu misnotuð á þennan hátt. Ég tel það vera afar brýnt en allra síðast, hæstv. forseti, segi ég enn og aftur að mér finnst mjög gott að þetta mál skuli komið inn í þingsali og vonandi taka lögin gildi nú um áramótin.

[15:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur rétt þegar hún spurði hvort allshn. hefði fengið upplýsingar um magn og dreifingu kláms hér á landi og hvort þær upplýsingar lægju fyrir. Við fengum ekki þessar upplýsingar í nefndinni við meðferð þessa máls, lögðum frekar áherslu á að flýta meðferðinni á frv. en ég tel sjálfsagt að þetta verði skoðað í allshn. og athugað hvort hægt er að fá slíkar upplýsingar.

[15:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sit í hv. allshn. þar sem þetta frv. um barnaklám hefur verið ítarlega rætt. Reynslan í þjóðfélaginu undanfarna daga sýnir að brýnt er að setja lög af þessu tagi og mjög mikilvægt er að afgreiða þau sem allra fyrst. Þó er ljóst að nú á sér stað í þjóðfélaginu mjög mikil umræða um klám á internetinu sem ekki er tekið beint á í þessu frv. eins og fram hefur komið hjá frsm.

Þetta var mikið rætt í allshn. en það þykir ljóst núna að erfitt er að taka á þessu máli. Minn skilningur er sá að fullur vilji sé fyrir því í nefndinni að endurskoða þetta frv. ef tæknin þróast þannig að það verði tæknilega mögulegt fljótlega. Ég stend því heils hugar að þessu nál. allshn. og styð að lögfesta bann við vörslu barnakláms nú þegar.

Reyndar er aðeins um það rætt að önnur lönd séu þegar að takast á við klám á internetinu en eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið er það ekki mögulegt svo vel sé.

Um friðhelgi einkalífsins sem hv. frsm. kom inn á áðan vil ég minna á og fagna að þegar gerðar voru stjórnarskrárbreytingar fyrir ári eða svo, þá var sett undir þann leka að friðhelgi einkalífsins geti komið í veg fyrir að börn séu vernduð gegn kynferðislegri misnotkun, þ.e. tekið var sérstaklega á því við stjórnarskrárbreytingarnar. Það var mikil framsýni að mínu mati þannig að frv. af þessu tagi er því mögulegt hér þó að Svíar t.d. séu nú í þeirri aðstöðu að þeir geti ekki lögtekið frv. af þessu tagi fyrr en þeir eru búnir að breyta sinni stjórnarskrá.

Niðurstaðan í nefndinni um aldursmörkin varð sú að miða við sjálfræðisaldur, sem nú er 16 ár. Ef sjálfræðisaldur verður hækkaður eins og frv., sem ég og hv. 13. þm. Reykv. hafa lagt fram í þinginu, gerir ráð fyrir, kemur þetta ákvæði til sjálfstæðrar endurskoðunar eins og önnur lög þar sem miðað er við sjálfræðisaldur. Samkvæmt núgildandi lögum um vernd barna og ungmenna eru börn skilgreind sem menn yngri en 16 ára, þó að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna geri ráð fyrir að börn séu yngri en 18 ára. Þetta frv. um barnaklám verður að miðast við íslensk lög og því er viðmiðið 16 ár það eina sem gengur núna.

Ég fagna því sérstaklega að samstaða náðist um að flýta gildistöku frv. til 1. janúar í stað þess að hafa hana 1. júlí, eins og upphaflega frv. gerði ráð fyrir. En ég verð að segja það, hæstv. forseti, að þegar þetta mál kom fyrst til umræðu fyrir ári eða svo í allshn. var mér ekki ljóst hversu brýnt þetta mál væri. Ég hélt að þetta væri eitthvað sem gerðist í útlöndum en ekki á Íslandi. En því miður hefur reynslan í okkar þjóðfélagi hina síðustu daga og missiri sýnt að mjög brýnt er að setja þessi lög og ég fagna því að það er að verða að veruleika með samstöðu allra þingflokka.

[15:29]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir umræðu um þetta mál sem við teljum mjög mikilvægt og vonumst til að fái skjóta afgreiðslu.

Ég vildi aðeins fá að koma að atriðinu um sjálfræðisaldurinn. Í ræðunni var talað um að þetta lagaákvæði, þ.e. þetta ákvæði í frv. ef það verður að lögum, mundi koma til endurskoðunar ef sjálfræðisaldurinn mundi hækka úr 16 árum í 18 ár. Ég vildi bara taka það fram að þar sem aldurinn er ekki í þessu ákvæði þá getur þetta ákvæði ekki komið sjálfkrafa til endurskoðunar. Ég vildi bara benda á það.

[15:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar sem „barnaklám" kemur fram í heiti frv. — það er breyting á hegningarlögunum þar sem komið er inn á barnaklám — og ef skilgreiningin á börnum breytist í 18 ár, þá er það mitt mat að það hljóti að þurfa að taka sjálfstæða afstöðu til þess hvort þá á að miða við 16 ár eða við skilgreininguna á börnum.

[15:31]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Alveg burt séð frá mínum skoðunum á því hvort hækka beri sjálfræðisaldurinn og vafalaust eigum við eftir að koma að umræðum um það efni seinna á þessu þingi, þá er það nú svo að t.d. í Noregi og á Norðurlöndunum almennt, er sjálfræðisaldurinn 18 ár. En engu að síður er í sambærilegum hegningarlagaákvæðum miðað við 16 ár þannig að þetta er kannski spurning um skilgreiningu á því hvað eru börn og hvað eru ungmenni.

[15:31]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála síðasta ræðumanni um þetta atriði, en það breytir ekki því að það þarf að taka sjálfstæða ákvörðun hvort miða eigi við börn eða við 16 ár. Það er það eina sem ég hélt fram áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:33.

Efnisskrá.

Aðgerðir gegn útlendingaandúð (91. mál) 1735.
Afhending á niðurstöðum úr samræmdum prófum (170. mál) 1747.
Almenn hegningarlög (29. mál, barnaklám) 1853.
Almenn hegningarlög (97. mál, vernd gegn mismunun) 1851.
Almenn hegningarlög (183. mál, fíkniefni, þvætti) 1830, 1851.
Athugasemdir um störf þingsins:
Alþjóðadagur fatlaðra 1661.
Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 (182. mál) 1613.
Brunatryggingar (75. mál, umsýslugjald) 1797, 1850.
Fjöleignarhús (174. mál, eignaskiptayfirlýsing) 1829, 1851.
Fornminjarannsóknir í Reykholti (168. mál) 1741.
Frákast á afla fiskiskipa (167. mál) 1738.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 1606:
Brot á lögum um framleiðslu landbúnaðarvara 1611.
Sleppibúnaður gúmmíbáta 1610.
Starfsemi ÁTVR 1606.
Tollgæsla í höfnum í Reykjavík 1609.
Virkjun Héraðsvatna í Skagafirði 1608.
Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins (71. mál, leiga, sala embættisbústaða) 1792, 1848.
Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins (180. mál, nýtt réttindakerfi) 1681, 1754.
Lífeyrissjóður bænda (118. mál, kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs) 1790, 1847.
Löggildingarstofa (74. mál) 1795.
Lögskráning sjómanna (203. mál, öryggisfræðsla) 1839.
Meðferð opinberra mála (30. mál, réttarstaða handtekinna manna o.fl.) 1852.
Móttöku- og hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Vesturlandi (169. mál) 1745.
Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (189. mál) 1799, 1850.
Sóttvarnalög (191. mál, heildarlög) 1627, 1672.
Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur (143. mál, hlutdeildarskírteini, afföll) 1781, 1844.
Stefnumörkun í heilbrigðismálum (114. mál) 1630, 1673.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (147. mál, iðgjöld, stigaútreikningur, ávöxtun o.fl.) 1790, 1848.
Tekjuskattur og eignarskattur (146. mál, rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.) 1755, 1839.
Tekjustofnar sveitarfélaga (173. mál, sumarhús o.fl.) 1827, 1851.
Tekjuviðmiðun lífeyrisþega (154. mál, eingreiðsla skaðabóta) 1751.
Tilkynning um dagskrá 1605, 1660, 1799.
Um fundarstjórn:
Mælendaskrá utandagskrárumræðu 1672.
Umboðsmaður aldraðra (177. mál) 1659, 1673.
Umræður utan dagskrár:
Fjárfestingar sölusamtaka í sjávarútvegi erlendis 1613.
Lokun póststöðva 1833.
Málefni Þróunarsjóðs og fiskvinnslufyrirtækja 1618.
Niðurstöður alþjóðlegrar könnunar um raungreinamenntun íslenskra skólabarna 1663.
Skýrsla námsmanna um LÍN 1673.
Staða garðyrkjunnar 1621.
Varamenn taka þingsæti 1734, 1798.
Virðisaukaskattur (144. mál, málsmeðferðarreglur o.fl.) 1786, 1845.

Leiðréttingar.

Í 1. hefti, 431. dálki, í 30. línu. Á eftir orðinu **ekki** komi: mikið.

Í 5. hefti, 1262. dálki, í 3. og 4. línu neðan frá. Orðin **hljómsveitarinnar. Þannig að þessir fjármunir lenda, því miður, ekki til** falli brott.

Í 6. hefti, 1596. dálki, í 8.–9. línu í ræðu Péturs H. Blöndals. Í stað orðanna **með 7% verðbólgu ef við reiknum með verðtryggingu** komi: þessa 7 milljarða verðtryggða.

37. FUNDUR

mánudaginn 9. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Almenn hegningarlög, stjfrv., 29. mál, þskj. 29, nál. 256. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 30. mál, þskj. 30, nál. 251. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Almenn hegningarlög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100, nál. 250. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, stjfrv., 71. mál, þskj. 267. — 3. umr.
5. Brunatryggingar, stjfrv., 75. mál, þskj. 268, brtt. 273. — 3. umr.
6. Lífeyrissjóður bænda, stjfrv., 118. mál, þskj. 129. — 3. umr.
7. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, stjfrv., 147. mál, þskj. 266. — 3. umr.
8. Fjöleignarhús, stjfrv., 174. mál, þskj. 191. — 3. umr.
9. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 265. — 3. umr.
10. Endurskoðendur, stjfrv., 214. mál, þskj. 261. — 1. umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 120. mál, þskj. 131. — 1. umr.
12. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — 1. umr.
13. Stjórn fiskveiða, frv., 108. mál, þskj. 116. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Tilkynning um kosningu embættismanna sérnefndar.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Á fundi sérnefndar um fjárreiður ríkisins fimmtudaginn 5. desember sl. var Sturla Böðvarsson kjörinn formaður nefndarinnar og Jón Kristjánsson varaformaður.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Guðjón Rúnarsson, ritari nefndarinnar."

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Blönduvirkjun, 164. mál, svar iðnrh., þskj. 270.
Brunatryggingar, 75. mál, þskj. 268; brtt. VE, þskj. 273.
Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 218. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 275.
Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 71. mál, þskj. 267.
Landsvirkjun, 165. mál, svar iðnrh., þskj. 271.
Skráning skipa, 217. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 274.
Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 143. mál, þskj. 264.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 147. mál, þskj. 266.
Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, þskj. 263.
Umferðarlög, 55. mál, nál. allshn., þskj. 269.
Virðisaukaskattur, 144. mál, þskj. 265.

Athugasemdir um störf þingsins.

Störf fjárlaganefndar.

[15:05]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í starfsáætlun þingsins var gert ráð fyrir starfsháttabreytingum á Alþingi. Umræður um stórmál eins og fjárlög fengu ákveðna dagsetningu; 5. desember sl., 2. umr. Skipulögð var sérstök starfsvika nefnda þingsins. Skipulags- og hugmyndafræði á bak við áætlun fyrir störf þingsins er til fyrirmyndar. Ég vil þakka þá stjórnsemi.

Virðulegur forseti þingsins gerði skilmerkilega grein fyrir því við þingsetningu að ætlunin væri að koma í veg fyrir óeðlilegar vökur og of langa þingfundi á síðustu dögum fyrir jól. Ég tel að allir aðilar hafi staðið að vinnunni við fjárlagagerðina af fullum heilindum nema ríkisstjórn Íslands. Ef hún væri í vinnu hjá einkafyrirtæki væri búið að segja henni upp fyrir ráðleysi og dáðleysi. Ríkisstjórnin hefur haldið fjárln. í aðgerðaleysi tvær síðustu helgar þannig að ágætur formaður nefndarinnar, sem ekki er verið að sakast við hér, hefur orðið að aflýsa fyrirhuguðum fundum og vísa nefndarmönnum heim til músastigagerðar.

Herra forseti. Ég mótmæli þessum starfsháttum ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar. Ég mótmæli því að aðgerðir sem fyrirhugað er að grípa skuli til skuli berast fjárlaganefndarmönnum gegnum fjölmiðla í véfréttastíl. Það er talað um aðhaldsaðgerðir sem nema 3–4 milljörðum kr. Það er tiplað á málum eins og einkavæðingu fríhafnar í Leifsstöð, frestun stækkunar stöðvarinnar, sölu á Sementsverksmiðjunni og sölu á Áburðarverksmiðjunni. Það er talað um niðurskurð í vegaframkvæmdum, niðurskurð viðhalds á eignum ríkisins, samdrátt í fjárfestingum og nýbyggingum. Öll þessi atriði eru deilumál og þurfa gaumgæfilega meðferð og umsögn fjölmargra aðila.

Herra forseti. Skipulag hefur verið gott á störfum fjárln. en ég mótmæli enn og aftur sleifarlagi hæstv. ríkisstjórnar íhalds og Framsóknar sem nú situr.

[15:08]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka samstarfsmönnum mínum í fjárln. fyrir starfið þar. Það hefur gengið ágætlega og verið góð samvinna í nefndinni um framgang mála og ég verð að segja að vinnuvikan svokallaða nýttist vel í fjárln. En það er rétt að það hafa komið tilmæli frá ríkisstjórninni um að fá að skoða nánar áform um opinberar fjárfestingar á næsta ári með tilliti til horfa um aukna þjóðarframleiðslu og hættu á þenslu af þeim sökum. Sú skoðun hefur staðið yfir síðustu viku. Hún hefur tekið alllangan tíma, enda er þar ekkert auðvelt mál við að fást. Fjárfestingar ríkissjóðs hafa verið töluvert skornar niður á undanförnum árum þannig að svigrúmið er ekkert of mikið í þeim efnum. Þetta hefur því tekið allnokkurn tíma og sett tímaplan okkar aðeins úr skorðum. Hins vegar vil ég mælast til þess og veit að fjárlaganefndarmenn, bæði meiri hluti og minni hluti, telja ekki eftir sér að vinna vel þessa viku þannig að 2. umr. fjárlaga geti farið fram áður en vikunni lýkur. Ég mælist til þess að svo verði og hef ekki ástæðu til að ætla annað

en svo verði. Ég hef átt viðræður í morgun við ráðherra ríkisstjórnarinnar og farið yfir stöðuna þannig að ég á von á því að við getum hafist handa.

[15:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hv. þm. Gísli Einarsson hefur haft hér í frammi og einnig þakka honum fyrir að vekja athygli á málinu í þingsal, enda ærin ástæða til. Það er algjörlega óviðunandi fyrir þingið að bíða hér viku eftir viku eftir því að hæstv. ríkisstjórn geti tekið ákvörðun um hvernig í ósköpunum hún ætli að bregðast við hugsanlega breyttum efnahagsforsendum eða öllu heldur hvort hún ætli yfirleitt að bregðast við þeim. Á meðan þingið hefur búið eins vel um hnútana og því mögulega er unnt til þess að þingstörfin geti verið með mannsæmandi hætti síðustu vikur þingsins, getur ríkisstjórnin ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut sem að sjálfsögðu kemur til með að bitna á störfunum hér í þinginu og verða til þess að vinnubrögðin verða með öllu óviðunandi á síðustu dögum, því miður. Þetta tel ég algjörlega óviðunandi og vil bara ítreka þá gagnrýni sem kom fram hér áðan hjá hv. þm. Gísla Einarssyni og tek undir það sem hann sagði að fjárln. hefur verið hálfverklaus síðustu viku vegna þessa, þrátt fyrir að það hefur verið reynt af öllum mætti að bregðast við t.d. með því að undirbúa þá önnur mál sem síðar eiga að vera til umræðu, eins og 6. gr. og fleira. Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., hefur reynt hvað hann hefur getað til þess að bregðast við þessu ástandi.

[15:12]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fulltrúar minni hlutans í fjárln. hafa undrast og gagnrýnt harðlega þann hægagang sem verið hefur í vinnu fjárln. undanfarna daga en vinnan var, eins og hér hefur komið fram, raunar mjög vel á veg komin og allt útlit fyrir að tíma- og vinnuáætlanir stæðust. Ég verð að segja fyrir mig að ég sætti mig ekki við þá skýringu sem okkur hefur verið gefin að menn þurfi allan þennan tíma til þess að móta viðbrögð vegna hugsanlegrar þenslu, vegna hugsanlegra framkvæmda, vegna hugsanlegs álvers á Grundartanga og má nú undarlegt heita að eftir allt talið um nauðsyn þess að auka atvinnu fyrir landsmenn, kalli hugsanlega aukin atvinna hluta næsta árs á stórfelldan samdrátt í framkvæmdum og fjárfestingum á vegum ríkisins sem reyndar hafa sætt miklu aðhaldi að undanförnu. Ég er ekki þeirrar skoðunar að svo mikið hafi breyst í þessu efni síðan fjárlagafrv. kom fram að það réttlæti þessi vinnubrögð.

Ég vil taka fram að gagnrýni mín beinist fyrst og fremst að hæstv. ríkisstjórn sem, eins og kom fram hjá hv. málshefjanda, hefði fyrir löngu fengið reisupassann ef um væri að ræða stjórn venjulegs fyrirtækis á almennum markaði. Ríkisstjórnin hefur ekki unnið sína heimavinnu og raunverulega haldið meiri hluta fjárln. í gíslingu sem hefði átt að halda sínu striki fyrst hæstv. ráðherrar geta ekki komið sér saman um hver eigi að taka á sig niðurskurðinn en spjótin hljóta náttúrlega að beinast að hæstv. samgrh.

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka og undirstrika gagnrýni á þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar sem setja störf þingsins í algerlega óþarfa stöðu og tefja og spilla fyrir afgreiðslu þeirra mála sem afgreiða þarf fyrir þinglok.

[15:14]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram vil ég vekja athygli á því að á síðasta ári fór 2. umr. fram 14. desember þannig að hér er ekki með neinum hætti brotið í blað hvað það varðar að seinagangur sé við afgreiðslu á fjárlagavinnunni í fjárln. Út af fyrir sig er nauðsynlegt að leitast við að fjárlagaumræða og afgreiðsla fjárlaga geti farið fram sem fyrst.

Á þessu þingi hafa þau frumvörp, sem varða fjárlagagerðina, komið fram tiltölulega snemma núna þ.e. skattalagafrumvarp og önnur þau frumvörp sem þarf að afgreiða áður en fjárlög hljóta endanlega afgreiðslu. Sú vinna hefur gengið að mínu mati vel hjá hæstv. ríkisstjórn. Mál hafa komið tímanlega fyrir þingið. En auðvitað get ég tekið undir það með hv. þingmönnum að við þurfum að reyna að haga því svo að vinnan geti farið fram og við lokið afgreiðslu fjárlaga fyrr en í stefnir núna. Ég treysti því að hv. fjárlaganefndarmenn leggi sig alla fram um það eins og þeir hafa gert síðustu daga.

En það er ekki öll nótt úti enn, hæstv. forseti, og mér sýnist að vinnan í fjárln. geti gengið með bærilegum hætti og við lokið mikilli vinnu og vonandi niðurstöðu áður en vikan er úti.

[15:16]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir undirtektir við þá gagnrýni sem ég hef haft uppi og í rauninni þakka ég fyrir orð formanns og varaformanns fjárln. að öðru leyti en því að hv. síðasti ræðumaður féll í þá gryfju að fara að ræða um hvernig þetta var á síðasta þingi, hvernig þetta var á þinginu þar áður. Af hverju, herra forseti, var verið að gera tillögu að starfsháttabreytingum á Alþingi? Vegna þess að menn ætluðu að losna út úr því að vera á síðustu dögum þingsins í rugli. Þarf málum endilega að vera þann veg komið að af því að við bjuggum einu sinni í moldarkofum, þá eigum við að gera það áfram? Þarf það endilega að vera þannig að af því að í fyrra var umræðan svona seint þá þurfi hún endilega að vera aftur í haust svona seint? Það getur ekki verið. Ég þakkaði það áðan að hæstv. forseti lagði fram mjög góða verkáætlun, krafðist þess raunar af hæstv. ríkisstjórn að hún legði fram þau mál sem hún legði áherslu á og það hefur ekkert, herra forseti, breyst í þjóðfélaginu sem kallar á það að taka mál til endurskoðunar frekar en þau lágu fyrir í haust. Það hefur ekkert gerst. Þessi bygging álvers var fyrirhuguð og það hefur ekkert breyst um það. Þess vegna mótmæli ég enn og aftur, herra forseti, þeim vinnubrögðum sem eru viðhöfð að menn eru hreinlega verklausir vegna sleifarlags og sofandaháttar ráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 29. mál (barnaklám). — Þskj. 29, nál. 256.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:19]

Brtt. a í nál. 256 samþ. með 45 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. b í nál. 256 samþ. með 44 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 30. mál (réttarstaða handtekinna manna o.fl.). — Þskj. 30, nál. 251.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 97. mál (vernd gegn mismunun). — Þskj. 100, nál. 250.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 71. mál (leiga, sala embættisbústaða). — Þskj. 267.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, VH, VE.
14 þm. (ÁRJ, BH, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, DO, EOK, GHH, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, PP, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 280).

Brunatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál (umsýslugjald). — Þskj. 268, brtt. 273.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 273. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

[15:26]
Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):
Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 273 við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar, með síðari breytingum. Í meðferð málsins þegar gerð var brtt. í efh.- og viðskn. hafa tvö gjöld sem heita viðlagatryggingariðgjald og álag á viðlagatryggingariðgjald misritast og með þessari brtt. er verið að leiðrétta það.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Brtt. 273 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
18 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, HÁs, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, PP, SAÞ, StG, StB, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 281).

Lífeyrissjóður bænda, 3. umr.

Stjfrv., 118. mál (kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs). — Þskj. 129.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.
18 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, HÁs, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, PP, RA, SAÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 282).

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, 3. umr.

Stjfrv., 147. mál (iðgjöld, stigaútreikningur, ávöxtun o.fl.). — Þskj. 266.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.

2 þm. (PHB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, HÁs, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, PP, SAÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 283).

Fjöleignarhús, 3. umr.

Stjfrv., 174. mál (eignaskiptayfirlýsing). — Þskj. 191.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BH, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BBj, DO, EOK, GHH, HÁs, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, PP, SAÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 284).

Endurskoðendur, 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 261.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um endurskoðendur. Þetta er 214. mál þingsins og er að finna á þskj. 261.

Gildandi lög um endurskoðendur eru frá 1976 og eru að mörgu leyti orðin úrelt. Um langt skeið hefur verið bent á að setja þurfi nýja löggjöf á þessu sviði. Þannig hefur Félag löggiltra endurskoðenda bæði formlega og óformlega óskað eftir því að ráðuneytið hlutist til um breytingar á löggjöf um endurskoðendur. Fleira kemur þó til. Fyrir það fyrsta hefur íslenska ríkið með lögfestingu EES-samningsins skuldbundið sig til að fullnægja skilyrðum 8. félagaréttartilskipunar Evrópusambandsins. Á sínum tíma voru gildandi lög um löggilta endurskoðendur sérstaklega skoðuð með tilliti til þessarar tilskipunar. Var niðurstaðan sú að ekki væri lagabreytingar þörf. Við nánari þörf hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að kveða þurfi nánar á um ákveðin atriði eins og opinbera og aðgengilega skrá um endurskoðendur, aðgengi manna frá aðildarríkjum að íslenskum markaði, svo eitthvað sé nefnt. Þó túlka megi gildandi lög þannig að skilyrðum tilskipunarinnar sé fullnægt vantar á að framkvæmdin sé fullnægjandi á öllum sviðum. Eru það einkum ákvæði um eftirlit og úrræði vegna brota endurskoðenda í starfi sem vantar í gildandi lög.

Við samningu frv. hafa verið skoðaðar þær breytingar sem gerðar hafa verið á Norðurlöndunum á lögum um endurskoðendur. Öll ríkin á Norðurlöndum hafa á liðnum missirum unnið að endurskoðun laga um endurskoðendur þó ekki sé alls staðar búið að samþykkja lagabreytingar í því efni. Við samningu frv. er leitast við að treysta þá lagalegu umgjörð sem á að vera um endurskoðendur í því skyni að tryggja að í landinu sé á hverjum tíma stétt manna sem er sjálfstæð og óháð og þannig vel fallin til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt mat á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum til afnota í viðskiptum. Almennt má segja að það sem vantar í íslenska löggjöf, samanborið við erlenda löggjöf, séu ákvæði um eftirlit með endurskoðendum og viðbrögð ef í ljós kemur að endurskoðandi hefur vanrækt lögbundið hlutverk sitt. Að sumu leyti er þetta e.t.v. skiljanlegt í ljósi smæðar okkar sem þjóðar samanborið við milljónaþjóðirnar á Norðurlöndunum. En það er þó ekki ásættanlegt að bjóða upp á löggjöf þar sem réttindi og skyldur eru ítarlega skilgreind án þess að jafnhliða sé búið þannig um hnúta að endurskoðendur sinni hlutverki sínu.

Fyrsta spurningin sem þarf að spyrja er í reynd sú: Er þörf á opinberu eftirliti? Bent hefur verið á að Félag löggiltra endurskoðenda hefur tiltekið eftirlit með félagsmönnum sínum. Félagið hefur hins vegar takmörkuð úrræði til að bregðast við brotum endurskoðenda í starfi. (Gripið fram í.) Forseti, það er ekki sama hvernig kallað er fram í fyrir ræðumanni.

(Forseti (ÓE)**:** Það er rétt.)

Í þessu sambandi verður jafnframt að hafa það í huga að ekki er skylduaðild að Félagi löggiltra endurskoðenda og eru ekki ráðgerðar neinar breytingar að því leyti. Það eitt út af fyrir sig gerir það að verkum að hæpið væri að fela félaginu opinbert eftirlitsvald og mögulegar viðurlagaheimildir. Einnig verður að hafa það í huga að eftirlit lýtur fyrst og fremst að almannahagsmunum og má þannig segja að það sé í því fólgin ákveðin neytendavernd. Trúverðugleiki eftirlitsmanna þarf að vera tryggður, þ.e. trúverðugleiki jafnt í reynd sem og í ásýnd. Hætt væri við því að þeir sem hugsanlega telja að endurskoðandi hafi ekki staðið sig í stykkinu telji að eftirlit af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda gæti ekki verið hlutlaust í þessu sambandi. Því er í frumvarpinu lagt til að eftirlit með endurskoðendum sé á forræði hins opinbera, þ.e. fjmrn.

En felst þá einhver breyting í þessu frv. frá gildandi rétti? Í dag er opinbert eftirlit með endurskoðendum eins og kunnugt er af afar skornum skammti en að formi til heyrir það undir ráðuneytið. Lögin veita hins vegar ákaflega takmarkaðar heimildir til að framfylgja eftirlitshlutverki sínu. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðuneytið hafi þetta eftirlitshlutverk og er í frv. leitast við að skilgreina heimild eftirlitsmanna til að framfylgja eftirlitshlutverki sínu. Tekið skal fram að þetta breytir að sjálfsögðu ekki því að Félag löggiltra endurskoðenda getur haldið áfram því faglega eftirliti sem félagið hefur haft á sinni könnu með sínum félagsmönnum. Reyndar má segja að ekki sé óeðlilegt að skipta eftirliti með endurskoðendum upp í tvær katigoríur, þ.e. annars vegar eftirliti hins opinbera sem ekki hvað síst felst í því að bregðast við umkvörtunum þeirra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta og síðan gæðaeftirliti endurskoðenda sjálfra sem víða er á forræði félaga endurskoðenda og er a.m.k. einhver vísir að

slíku eftirliti til staðar hjá Félagi löggiltra endurskoðenda hér á landi eftir því sem mér er best kunnugt um.

Nokkuð ítarleg ákvæði eru í frv. um hvernig skuli bregðast við komi upp mál þar sem því er haldið fram að endurskoðandi hafi ekki sinnt skyldum sínum. Þannig er gert ráð fyrir að fjmrh. skipi endurskoðendaráð sem verður stjórnsýslunefnd, ekki dómstóll. Gert er ráð fyrir að endurskoðendaráð verði skipað þremur mönnum. Tveir nefndarmenn verða skipaðir samkvæmt tilnefningu, annars vegar frá Félagi löggiltra endurskoðenda og hins vegar frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og skulu báðir vera löggiltir endurskoðendur. Þriðja nefndarmanninn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann fullnægja almennum hæfiskröfum dómara. Þessi þriðji nefndarmaður skal vera formaður endurskoðendaráðs. Síðan er gert ráð fyrir að jafnhliða skuli skipaðir þrír varamenn sem lúta sömu reglum um tilnefningar og aðalmenn.

Hlutverk endurskoðendaráðs er að að fjalla um meint brot endurskoðenda á lögum og reglum. Þeir sem telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði í viðskiptum við endurskoðanda, hvort sem um er að ræða með beinum eða afleiddum hætti, geta snúið sér með kvörtun til endurskoðendaráðs. Um málsmeðferð fyrir endurskoðendaráði fer eftir stjórnsýslulögum. Kvartanir skulu bornar fram skriflega og skal kvörtun fylgja nauðsynleg gögn til rökstuðnings kvörtuninni. Þegar kvörtun hefur verið tekin til efnislegrar meðferðar geta lok máls orðið með ýmsum hætti. Ef endurskoðendaráð kemst að því að um stórfellt brot sé að ræða skal það með rökstuddu áliti vísa málinu til opinberrar rannsóknar og er afskiptum endurskoðendaráðs þar með lokið af málinu. Eftir það sætir málið meðferð opinberra mála og fer eftir atvikum til dómstóla sem þá geta dæmt endurskoðendur til refsingar samkvæmt lögum og eftir atvikum réttindasviptingar.

Ef brot er stórfellt en þó ekki svo að ástæða sé til þess að senda það til opinberrar rannsóknar getur endurskoðendaráð lagt það til við ráðherra að hann hlutist til um sviptingu löggildingar. Hvort sem sú tillaga er gerð eða ekki er gert ráð fyrir að endurskoðendaráð geti úrskurðað sektir og er í frv. gert ráð fyrir að sekt geti mest orðið 1 millj. kr. Þess má geta að í tillögum að lagabreytingum sem Félag löggiltra endurskoðenda kom á framfæri við ráðuneytið fyrir um það bil fjórum árum var einmitt gert ráð fyrir því að slík sektarheimild yrði sett í lög sem einhvers konar agaviðurlög. Ef brot er smávægilegt getur það leitt til áminningar af hálfu endurskoðendaráðs.

Ég hefði átt að taka það fram, virðulegi forseti, að þetta frv. er samið af fulltrúum úr ráðuneytinu en að auki fulltrúum Félags löggiltra endurskoðenda sem að sjálfsögðu lögðu verulega mikið til þessa máls á grundvelli þeirrar þekkingar sem þeir hafa sem löggiltir endurskoðendur. Annar þeirra er formaður félagsins.

Í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að úrskurða um málskostnað og þannig gera þeim sem sendir inn tilhæfulausa kvörtun að greiða endurskoðanda málskostnað og með sama hætti að gera endurskoðanda að greiða kvartanda málskostnað ef kvörtun átti við rök að styðjast.

Ég tel að með þessu sé verið að tryggja betur en gert er í gildandi lögum að í landinu sé til stétt manna sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum. Hvers konar mál það verða sem koma til með að fara fyrir endurskoðendaráð er erfitt að spá um, en þess má geta að í frv. er auk brota á lögum gert ráð fyrir að endurskoðendaráð geti úrskurðað um hvort endurskoðandi hafi verið of frekur til þóknunar. Þetta kann að leiða til þess að menn muni í ríkara mæli en nú er gert fara að gera samninga við umbjóðendur sína þar sem m.a. er skilgreind þóknun fyrir starfann.

Ef horft er til framkvæmdar hjá hinum ríkjunum á Norðurlöndum eru mál þau sem reka á fjörur sambærilegrar stjórnsýslunefndar af ýmsu tagi og má gera ráð fyrir að sami háttur verði hér. Gert er ráð fyrir að úrskurðir endurskoðendaráðs verði birtir árlega.

Þá vil ég og nefna nýmæli í frv. en það er að lagt er til að þeir einir geti í atvinnuskyni kallað sig endurskoðendur sem löggiltir hafa verið til þess og vinna að endurskoðun. Þeir sem ekki vinna að endurskoðun leggi til ráðuneytisins löggildingarskírteini sitt. Þeir mega nota endurskoðendaheiti sem viðurkenningu á menntun svo sem á bréfsefni eða á nafnspjald en mega ekki nota það þannig að það gefi til kynna að þeir séu í praktíserandi endurskoðendur þegar þeir eru það ekki. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það hefur aukist á síðari árum að endurskoðendur hafi tekið að sér fjármálastjórn og fyrirtækjastjórn og hætti að praktísera endurskoðun. Oft heyrir maður vísað í fjölmiðlum til þessara manna og eru þeir oftar en ekki kynntir sem löggiltir endurskoðendur hjá viðkomandi fyrirtækjum. Þetta er náttúrlega villandi og til þess fallið að vekja upp misskilning og gefa þá trú að um sé að ræða hlutlausan mann, endurskoðanda, sem ekki er um að ræða í slíkum tilvikum, enda er þá um að ræða starfsmenn fyrirtækisins, annaðhvort forstjóra, fjármálastjóra eða einhvern af yfirmönnum þess.

Í frv. er ekki tekið á þeim aðilum sem annast bókhald fyrir fyrirtæki en hafa ekki próf sem endurskoðendur og geta þess vegna ekki kallað sig löggilta endurskoðendur. Það skal tekið fram að að mínu áliti ber nauðsyn til þess að setja lög um slíka aðila og um hæfiskröfur sem gera þarf til þeirra því að það er vissulega nauðsynlegt að almenningur geti treyst því að þeir menn sem bjóða fram þjónustu sína séu til þess hæfir en allt of mörg mál hafa komið upp þess efnis að fólk hefur sent mál sín í hendur ýmsum aðilum sem ganga undir mismunandi nöfnum og lent í vandræðum t.d. gagnvart skattyfirvöldum. Með þessu er ég engan veginn að halda því fram að mikið sé af slíku fólki í umferð, ef svo má að orði komast, heldur þvert á móti að benda á að fjölmargir slíkir einstaklingar hafa mjög góða bókhaldsþekkingu og þurfa auðvitað að verja sig fyrir hinum sem bjóða upp á þjónustu sína án þess að hafa næga þekkingu á viðfangsefninu.

Virðulegi forseti. Mig langar í örfáum orðum við 1. umr. málsins til þess að gera nánari grein fyrir frv. sem hér liggur fyrir. Í I. kaflanum er fjallað um tilgang þessara laga. Í II. kaflanum, 2. gr., er fjallað um almenn hæfisskilyrði löggiltra endurskoðenda. Í III. kaflanum er fjallað um skilgreiningar en þar er um að ræða nýmæli, einkum í 7. gr. Í 9. gr., þar sem fjallað er um vanhæfisástæður, eru sérstök hæfisskilyrði. Þá er í 9. gr., in fine, fjallað um það að endurskoðandi eða endurskoðendafyrirtæki megi ekki í þrjú ár samfellt eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða fyrirtækið endurskoðar fyrir. Hér er um að ræða sambærilegt ákvæði og er víða annars staðar, t.d. í Danmörku en þetta er nýtt ákvæði hér.

Í 10. gr. er m.a. í næstsíðustu málsgreininni að finna nýmæli um að leggja skuli inn réttindi við tiltekin skilyrði. Í 11. gr. er fjallað um starfsábyrgðartryggingu, en það er nýmæli. Reyndar er starfsábyrgðartrygging í gildi fyrir ýmsar stéttir eins og ég veit að hv. alþingismenn þekkja.

Í V. kaflanum er fjallað um endurskoðendaráð og samtök endurskoðenda. Um þetta fjallaði ég fyrr en sérstaklega bendi ég á úrskurðaraðilann sem er úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi. Um hann er fjallað í 13. og 14. gr. og í þessum kafla áfram.

Félag löggiltra endurskoðenda er nefnt til sögunnar í 16. gr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um aðrar greinar í frv. en í athugasemdunum er síðan gerð ítarleg grein fyrir frv. eins og sjá má.

Í upphafi er sagt frá því að gildandi lög séu að ýmsu leyti úrelt. Það hefur verið horft til Norðurlandanna og 8. félagsréttartilskipunar ESB við samningu þessa frv. Það er lagt til að eftirlit sé virkara. Það er verið að skilgreina merkingu hugtaksins „endurskoðandi" á nýjan leik. Þá eru ýmis nýmæli eins og koma fram á bls. 8 og 9 í frv., talin upp í mörgum töluliðum. Í athugasemdum við einstakar greinar frv. er síðan fjallað ítarlegar um það sem ég hef gert að umtalsefni.

Í 3. gr. er til að mynda er fjallað um próf endurskoðenda. Í 4. gr. um útgáfu löggildingarskírteinis. Í 5. gr. um hvernig ráðherra skuli auglýsa í Lögbirtingablaði hverjir hafi endurskoðendaréttindi og ef þau falla niður. Í 6. gr. um endurskoðendafélög. Í 7. gr. er skilgreining á störfum endurskoðenda, í 8. gr. um áritun en sú grein er reyndar efnislega samhljóða grein sem nú er í lögum.

Um önnur atriði hef ég fjallað nokkuð. Þó vil ég benda á að í 10. gr. er fjallað um ósamrýmanleg störf hjá löggiltum endurskoðendum sem þurfa að gæta sjálfstæðis og hlutleysis. Ábyrgðartryggingin er eins áður sagði nefnd í 11. gr., eftirlit ráðuneytisins í þeirri 12. og í 13. og 14., eins og ég hef áður komið inn á, er fjallað um endurskoðendaráðið.

Um önnur atriði vitna ég til frv. og vil, virðulegi forseti, beina því til hv. nefndar að hún kalli til þá fulltrúa sem stóðu að samningu þessa frv. og gætu þeir gefið upplýsingar. Vænti ég þess jafnframt að nefndin kynni sér álit annarra aðila, ekki síst aðila í atvinnurekstri sem kynnu að hafa viljað koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Um leið og ég óska eftir því og geri að tillögu minni að málinu verði vísað til 2. umr., þá legg ég til að hv. efh.- og viðskn. fái málið til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 120. mál (framlög til menningarmála o.fl.). — Þskj. 131.

[15:47]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 131 hef ég ásamt þeim hv. þingmönnum Svanfríði Jónasdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur lagt fram frv. til eflingar menningu, vísindum og kvikmyndum. Frv. er hins vegar breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Í núgildandi lögum er ákvæði þess efnis að fyrirtæki mega draga ýmis framlög frá tekjum, m.a. framlög til menningarmála og vísindalegrar rannsóknastarfsemi. Í undirbúningi þessa máls var spurst fyrir um hjá skattyfirvöldum í hve miklum mæli slíkur frádráttur hefði átt sér stað, en það liggur ekki fyrir af hálfu skattyfirvalda í hve miklum mæli þessar heimildir hafa verið nýttar.

Full ástæða er til að efla allt í okkar löggjöf sem getur leitt til þess að vísindi og menning séu styrkt. Þannig vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í ályktun Bandalag ísl. listamanna um menningarmál. Þar segir svo:

„Aðalfundur Bandalags íslenskra listamanna ítrekar það stefnuleysi sem ríkir í menningarmálum þjóðarinnar og birtist með skýrustum hætti í ráðleysi stjórnvalda gagnvart því flóði erlends afþreyingarefnis sem í síauknum mæli fyllir skilningarvit fólksins í landinu. Þetta stefnuleysi er þeim mun alvarlegra sem öllum ætti að vera ljóst að menning okkar á undir högg að sækja og getur glatast ef við sitjum aðgerðarlaus hjá. Bandalagið telur að nú þegar verði að snúa vörn í sókn og skorar á ráðamenn og annað ábyrgðarfólk í samfélaginu að fylkja liði og marka framsækna menningarstefnu sem eflt geti trú fólks á framtíð þjóðmenningarinnar og búsetu fólks í landinu."

Hér er kveðið fast að orði og þetta frv. okkar jafnaðarmanna byggir á þessari hugsun þó að það snúist um afmarkaðan þátt þessa efnis. Í frv. er gerð tillaga um að fyrirtæki megi draga tvöfalda þá fjárhæð frá tekjum sem þau verja til menningar- og vísindastarfsemi. Þetta hvetur fyrirtæki til að auka framlög sín, enda lækka skattskyldar tekjur þeirra með þessari útfærslu. Ef til að mynda fyrirtæki gæfi 100 þús. kr. til menningar- og vísindastarfsemi, þá mætti það, ef þetta frv. verður að lögum, draga 200 þús. kr. frá útgjöldum en ekki einungis 100 þús. kr. eins og er samkvæmt núgildandi lögum. Þessi útfærsla sem lagt er upp með í frv. hvetur fyrirtæki og aðra lögaðila til aukinna framlaga á sviði menningar- og vísindastarfsemi. Jafnframt er í frv. kveðið á um að heimild til frádráttar verði tvöfölduð. Hún takmarkast í núgildandi lögum við 0,5% af veltu fyrirtækja þannig að fyrirtæki sem hefur 100 millj. kr. veltu má samkvæmt núgildandi lögum verja allt að 500 þús. kr. til á styrktar á þessum sviðum en ef frv. okkar jafnaðarmanna verður að lögum þá gæti þetta sama fyrirtækið varið einni millj. kr. til styrktar þessum málefnum og dregið 2 millj. kr. frá skattskyldum tekjum eða allt að 2% af veltu. Við stuðlum því að auknum framlögum fyrirtækja og annarra lögaðila til menningarstarfsemi, vísinda og kvikmynda hér á landi á tvo vegu, annars vegar með því að menn megi tvöfalda þá fjárhæð sem þeir draga frá skattskyldum tekjum og hins vegar að rýmkuð er heimild þeirra til að verja fjármagni á þennan hátt.

Augljóst er að þetta mun auka framlög til menningar og vísinda og jafnframt lækka skattskyldar tekjur fyrirtækja hér á landi og það er tilgangurinn með frv. Það er vitaskuld hægt að halda því fram að þessi útfærsla til styrktar menningu og vísindum sé nokkurs konar óbeinn ríkisstyrkur. Ástæðan fyrir því að þessi leið er valin er sú að skatttekjur ríkisins mundu að öðru jöfnu ekki renna til slíkrar starfsemi eins og framlögum til hennar er háttað af hálfu fjárveitingavaldsins. Við flutningsmenn teljum því brýnt að reyna að finna þessum málum betri farveg.

Í reglugerð settri samkvæmt núgildandi lögum er kveðið á um að undir menningarstarfsemi falli hvers konar menningarstarfsemi fyrir almenning, svo sem fræðiritaútgáfa, fræðslumyndagerð, bóka-, skjala-, lista- og minjasöfn, bókmennta- og listastarfsemi, verndun fornra mannvirkja og sérstaða náttúrufyrirbrigða og fleira. Allt eru þetta góðir og

markverðir hlutir í okkar menningu sem verðir eru stuðnings af hálfu annarra aðila samfélagsins. Fjmrh. mun setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, en vitaskuld þegar svona frv. er lögfest, þá er mikilvægt að reglur séu skýrar. Undir vísindalega rannsóknastarfsemi sem er hluti af þessari ívilnandi umgjörð, falla bæði hugvísindi og raunvísindi og það er einmitt eins og flutningsmenn vilja gjarnan sjá það, þ.e. að skilgreina vísindalega rannsóknastarfsemi vítt þegar það kemur að þessum málaflokki.

Stuðningur hins opinbera við menningarmál er ekki mjög mikill hérlendis og það vantar að ríkisstjórn og almenningur geri sér betur grein fyrir hve atvinnuskapandi ýmiss konar menningarstarfsemi er auk þess hve áhrifamikil hún er við að bæta líf allra landsmanna. Aukin áhersla á vísindastörf í tengslum við fyrirtæki er lífsnauðsynleg, en einmitt á því sviði höfum við dregist verulega aftur úr öðrum þjóðum. Samþykkt frv. mun leiða til þess að fyrirtæki veita fjármunum meira til vísindarannsókna og þá væntanlega í markaðan farveg sem félli vel að uppbyggingu og raunhæfum vandamálum atvinnulífsins. Þetta hefur vantað hérlendis.

Flutningsmenn gera sérstaka tillögu um að um framlög til kvikmyndagerðar gildi sömu ákvæði og til annarrar menningarmálastarfsemi. Almenn kvikmyndagerð mun því einnig falla undir þessi lög. Í kvikmyndaiðnaði felast mikilvæg sóknarfæri og það er réttur kvikmyndagerðarmanna að nýta þessa frádráttarmöguleika en það hefur ekki verið hægt samkvæmt núgildandi lögum. Þess má geta að fjármögnun kvikmynda hér á landi er oft þannig háttað að nái innlend fjármögnun tiltekinni upphæð, þá kemur oft mun hærra mótframlag frá erlendum aðilum. Þannig geta fjárhæðir margfaldast. Þetta er afar mikilvægt en oft hefur ónóg tekjuöflun innan lands staðið í vegi fyrir því að hægt væri að nálgast það fé í sem í boði hefur verið erlendis frá. Samþykkt frv. mundi bæta úr því þar sem það mun leiða til þess að fyrirtæki mundu auka framlög til þessarar greinar eins og annarra menningarþátta.

Kvikmyndagerð hérlendis er orðin umfangsmikill og arðbær atvinnuvegur. Íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafa oft sýnt að starf þeirra jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Þess vegna er skynsamlegt að stuðla að eflingu þessarar atvinnu og listgreinar eins og samþykkt þessa frv. mun leiða til. Opinberir aðilar og einkaaðilar leggja of lítið til kvikmyndagerðar hérlendis. Við höfum misst af þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og við höfum einnig misst af fjármunum erlendis frá í samstarfsverkefni. Nýlegar umsóknir til Kvikmyndasjóðs tala e.t.v. skýrustu máli í þeim efnum. Þangað bárust umsóknir um langtum hærri fjárhæð en mögulegt var að verða við.

Kvikmyndagerð fyrir sjónvarp hefur ekki náð fótfestu hér á landi. Þrátt fyrir að sjö kvikmyndir hafi verið frumsýndar á árinu 1992, voru þær ekki nema ein til tvær á þessu ári og það er ekki mikið í farvatninu. Það má einnig benda á að miklir möguleikar eru á að blómlegur atvinnuvegur rísi í kringum töku erlendra mynda hérlendis, en við Íslendingar höfum nokkra reynslu af þeim þætti.

Við sjáum einnig í vaxandi mæli að sjónvarpsumhverfi okkar er að verða fólgið fyrst og fremst í endurvarpi erlendra stöðva og það má vissulega hafa áhyggjur af þeirri þróun. Allar aðgerðir til styrktar íslenskri menningu eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eru því að mati flutningsmanna til bóta. Þá má einnig benda á að ýmsir kvikmyndagerðarmenn hafa af því þungar áhyggjur að íslenskar kvikmyndir í framtíðinni verði gerðar á ensku, þýsku eða sænsku. Kvikmyndagerð hérlendis má ekki lognast út af. Til þess er allt of mikið spunnið í hana. Það er hins vegar dálítið marktækt fyrir Íslendinga að fyrir nokkrum árum fjárfestum við með opinberri aðstoð, verulegar fjárhæðir í loðdýraeldi. Það var að mörgu leyti sorgarsaga og margir urðu gjaldþrota en nokkrir þraukuðu og nú er verð að hækka og afkoma að batna og viss sóknarfæri í þessari atvinnugrein að myndast. Alveg um leið og þetta gerðist er hafist handa við að lána aftur í þennan málaflokk, loðdýraeldi, af hálfu opinberra aðila eins og dæmi eru um úr nýlegum fréttum.

Friðrik Þór Friðriksson fékk tilnefningu til óskarsverðlauna. Varð það tilefni til að auka opinberan stuðning til kvikmyndagerðar? Nei, þvert á móti. Samdrátturinn hélt áfram. Stundum finnst manni eins og Íslendingum sé ekki sjálfrátt.

Framlög ríkisvaldsins til listrænnar starfsemi hefur verið innan við 1% af fjárlögum hverju sinni. Reykjavíkurborg hefur varið um 2% af sínum útgjöldum til þessa málaflokks. Það er talið að varið sé um 130–150 millj. kr. til kvikmyndagerðar af opinberri hálfu og það er víst að hið opinbera fær þessa fjárhæð og vel hana til baka í sköttum, landkynningu og í erlendum fjárfestingum. Það er einfaldlega hagkvæmt að fjárfesta í menningu og vísindum. Þeir sem skilja ekki önnur rök en hin peningalegu ættu því að geta stutt þetta frv. kinnroðalaust, en óbeinn hagnaður af eflingu þessara þátta er ómetanlegur í samfélagi okkar.

Flutningsmenn vekja sérstaklega athygli á því að samþykkt frv. mun efla bókmenntir og ýmiss konar annað listarf, svo sem leiklist, tónlist, málaralist og starfsemi safna, en allir þessir málaflokkar munu falla undir hin ívilnandi ákvæði frv. og framlög munu aukast til þessara málaflokka alveg eins og til annarra sviða menningar og vísinda. Þannig mun þetta frv. leiða til aukinna framlaga til menningarmála, kvikmyndagerðar og vísindalegra rannsókna og auðvelda aðilum sem starfa að þessum málum að afla fjár, einfaldlega vegna þess að það mun verða mun auðveldara fyrir þá að nálgast fé hjá fyrirtækjum þessa lands einmitt vegna þess að það er hagkvæmt fyrir fyrirtæki.

Á aðalfundi Bandalags ísl. listamanna 16. nóvember var stefna bandalagsins í menningarmálum afgreidd og lokaorðin í þeirri greinargerð voru eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Lifandi tungumál breytist og endurnýjast með nýjum kynslóðum og breyttum lífsháttum. Það sem sagt er í dag verður sagt öðruvísi á morgun. Í þessum galdri hafa skáldin það sérstaka hlutverk að velja hugsunum orð sem allir skilja en eru ný um leið. Um listsköpun almennt gildir það sama og um tungumálið og skiptir þá ekki máli hvort hún ber fyrir sig orð eður ei. Það sem gert er í dag verður gert öðruvísi á morgun. Það er í ljósi þessarar hugsunar sem aðalfundur Bandalags ísl. listamanna hvetur til stuðnings við hverja þá nýsköpun sem eflt getur skapandi hugsun og áræði meðal þjóðarinnar."

Svipuð ákvæði og þetta frv. gerir ráð fyrir þekkjast víða erlendis og þá einnig í tengslum við rannsókna- og þróunarstarfsemi. Stuðningur fyrirtækja við menningu og vísindi hefur aukist hérlendis alveg eins og í nágrannalöndunum. Tekjutap ríkissjóðs vegna þessa frv. er að mati flutningsmanna óverulegt, en það má geta þess að aukin framlög og aukin umsvif í þessum málaflokkum, þ.e. menningarmálum, kvikmyndum og vísindum, munu leiða til aukinna

tekna í ríkissjóð m.a. í formi virðisaukaskatts eða tekjuskatts einstaklinga. Þannig er líklegt að frv. hafi ekki í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð heldur geti það leitt til aukningar á tekjum ríkisins auk þess að auðga menningarlíf og vísindastarf.

Íslendingar verða alltaf að berjast fyrir tilveru sinni. Það á við vísindi, menningu og listir eins og á öðrum sviðum. Það er ekkert sjálfgefið að okkur takist að lifa sjálfstæðu menningarlífi á næstu öld. Um leið og geta okkar til sjálfstæðra afreka á heimsmælikvarða á sviði menningar og vísinda hverfur, þá hættum við að vera sjálfstæð þjóð.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[16:04]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Frv. sem hér er flutt er fyrst og fremst um að leggja nýjar áherslur hvað varðar framlög til menningarmála, til kvikmyndagerðar sérstaklega og til vísindalegra rannsóknastarfa. Menn greinir ekki á um að sjálfstæði Íslendinga er undir því komið að við getum efnahagslega verið sjálfbjarga og við getum endurnýjað okkar menningu á hverjum tíma eins og við sjálf teljum rétt og eftir þeim leiðum sem tiltækar eru á hverjum tíma einnig til að við getum nýtt okkur þá tækni sem fyrir hendi er.

Í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt hafa verið ákvæði þess efnis að ef um gjafir eða framlög er að ræða sem falla til tiltekinna málaflokka, þá geti fyrirtæki dregið slík framlög frá tekjum sínum. Það sem við viljum gera með þessu frv. er að lyfta sérstaklega tilteknum þáttum og það er eins og ég sagði áðan til þess að leggja nýjar áherslur.

Ég þarf ekki miklu að bæta við það sem hv. 1. flm. sagði áðan um kvikmyndagerð. Menn eru almennt sammála í orði um að kvikmyndagerð sé vaxtarsproti, ekki bara í íslenskri menningu heldur líka í íslensku efnahagslífi. Það gerðist hins vegar í fyrra við fjárlagagerðina eða öllu heldur í tengslum við hana í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum að markaður tekjustofn Kvikmyndasjóðs var tekinn varanlega út. Það voru ákveðin skilaboð til þeirra sem vinna að kvikmyndaiðnaði í landinu að þessi markaði tekjustofn sem var þó það eina sem menn höfðu upp á að hlaupa varðandi stöðu sína og stuðning ríkisins, skyldi vera tekinn út. Þeir þingmenn sem nú standa að þingflokki jafnaðarmanna fluttu líka við fjárlagagerðina í fyrra tillögur um aukið framlag til kvikmyndagerðar. Það náði heldur ekki fram að ganga.

Með þessu frv. er verið að gefa þingheimi tækifæri og tilefni til að endurskoða hug sinn til þessara mála eða hugsa þau að nýju út frá þeim forsendum að um sé að ræða bæði mikilvægt atvinnumál og menningarmál. Og ég trúi ekki öðru en hv. þingmenn grípi þetta tækifæri fegins hendi og styðji það frv. sem hér liggur fyrir.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að vísindalegum rannsóknastörfum er lyft hér sérstaklega. Menn eru sammála um að það þurfi að auka framleiðni í íslensku atvinnulífi, en vita jafnframt að það verður ekki gert nema þar haldist í hendur vísindarannsóknir og verkþekking í atvinnulífinu til þess að efla og lyfta þeim atvinnuvegum sem hér eiga sinn heimamarkað og eiga mesta möguleika á að þróast. Það hefur verið minnst á það oft og það hefur verið talið vandamál hversu litlum fjármunum hefur verið varið til vísindalegra rannsóknastarfa. Hér gefst þingmönnum einnig kostur á að láta álit sitt í ljós, hætta að tala og greiða atkvæði með því að þessi þáttur verði efldur sérstaklega.

Það kemur fram í frv. að ekki var hægt að fá upplýsingar um það hjá skattyfirvöldum hversu mikið það hefði kostað að hafa þessi ákvæði sem þegar eru í tekju- og eignarskattslögunum um að fyrirtæki megi draga frá gjafir eða framlög til tiltekinna málefna. Það er ekki hægt að fá upplýsingar um hversu mikið þetta er, hvorki þegar talað er um menningarmál né framlög til stjórnmálaflokka sem einhver hluti alþingismanna var einhvern tíma sammála um að setja þarna inn. Þess vegna getum við flutningsmenn ekki heldur sagt þingheimi hversu mikið það mundi kosta ef menn yrðu sammála um að lyfta þessum ákvæðum sérstaklega. Það er hins vegar óhætt að fullyrða að hvort sem menn efla kvikmyndagerð í landinu sérstaklega með ívilnandi aðgerðum eða vísindalegri rannsóknastarfsemi, þá erum við að leggja inn fyrir framtíðina. Og við getum gert okkur vonir um að einmitt ef við styrkjum þessa þætti, þá fáum við tekjur langt umfram gjöld vegna þess að einmitt þarna erum við að fjalla um hluti sem eru líklegastir til að skila okkur hagnaði bæði í beinhörðum peningum og einnig í menningarlegu tilliti. Þess vegna, herra forseti, geri ég mér vonir um að það frv. sem hér liggur fyrir fái ítarlega umfjöllun og niðurstaða manna verði sú að hér sé um að ræða þætti sem ekki sé bara rétt heldur sjálfsagt að styðja og þannig getum við verið samtaka í því að sækja fram fyrir hönd bæði íslenskrar menningar og íslensks atvinnulífs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 67. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 67.

og

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 108. mál (úrelding fiskiskipa). — Þskj. 116.

[16:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta þykir hagkvæmt að 12. og 13. dagskrármál verði rædd sameiginlega. Framsaga verður um hvort mál fyrir sig en síðan sameiginleg umræða. Forseti vísar í því sambandi til 3. mgr. 63. gr. þingskapa. Eru athugasemdir við að svo verði gert? Svo er ekki.

[16:11]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Meðflm. minn að þessum breytingum er hv. þm. Guðjón Guðmundsson.

Í 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Telji útgerð skips að ekki náist að veiða upp í úthlutað aflamark skips af einhverri tegund skal útgerðin tilkynna

Fiskistofu um hve mikið af aflamarki tegundarinnar hún hyggst ekki nýta á fiskveiðiárinu. Aflamarki hverrar tegundar sem þannig er skilað til Fiskistofu skal úthlutað á fiskveiðiárinu, gegn umsýslugjaldi er renni í ríkissjóð, til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum. Aflamarki tegunda, sem ekki nýtast á fiskveiðiárinu og ekki er heimilt að flytja milli ára skv. 12. gr., skal í byrjun næsta fiskveiðiárs úthlutað gegn umsýslugjaldi til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum í viðkomandi tegundum.

Umsýslugjald skal miðast við 5% af meðalverði viðkomandi tegundar á fiskmörkuðum innan lands á síðastliðnu fiskveiðiári."

Í athugasemdum við 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða ný ákvæði um að útgerð geti skilað Fiskistofu veiðiheimildum sem ekki verða nýttar á fiskveiðiárinu og verði þeim þá úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki nýttust á fiskveiðiárinu, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári. Þessi úthlutun miðast við aflahlutdeild viðkomandi tegundar sérhvers skips. Ef einhverjar útgerðir óska ekki eftir úthlutun þessara veiðiheimilda skal úthluta þeim til skipa í eigu útgerða sem óska eftir viðbótarveiðiheimildum. Fyrir veiðiheimildir sem úthlutað er með þessum hætti greiða útgerðir sérstakt umsýslugjald er renni í ríkissjóð.

Þetta eru ný ákvæði og nauðsynleg til að tryggja að auðlindin verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt."

Í 2. gr. frv., sem er breyting á 11. gr. laganna, segir svo, með leyfi forseta:

„2. mgr. orðast svo:

Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess."

Svo segir í skýringum, með leyfi forseta:

„Í a-lið er tekinn af allur vafi um að aflahlutdeild fylgir skipi við sölu þess innan lands. Þetta ákvæði á augljóslega ekki við þegar skip er selt úr landi eða það úrelt. Komi annað skip í stað þess sem úrelt var eða selt úr landi skal aflahlutdeild flytjast til þess. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að rýra veðhæfni skips þar sem útgerðin, sem átti skipið eða keypti það, heldur ávallt aflahlutdeild skipsins.

Þar sem frumvarpið veldur því að hvorki má leigja kvóta innan ársins né færa varanlega hluta af aflamarki milli skipa er sjálfgefið að 6. mgr. 11. gr. núgildandi laga falli brott, eins og kveðið er á um í b-lið."

Í 3. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að skipta á aflamarki milli skipa, enda sé um jöfn skipti á tegundum að ræða að mati Fiskistofu. Þó er óheimilt að skipta aflamarki þeirra tegunda sem skipið fær til sín samkvæmt ákvæði 5. mgr. 7. gr. í lögum þessum.

Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um skipti á aflamarki tegunda milli skipa og eru skiptin ekki heimil fyrr en Fiskistofa hefur staðfest móttöku tilkynningar um þau frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill."

Um 3. gr. segir svo:

„Hér er kveðið á um að ávallt sé öllum frjálst að skipta á jöfnum heimildum af þeim tegundum sem aflamarki sæta. Fiskistofa skal leggja mat á það hvort hér sé um jöfn skipti að ræða, ella væri þarna opin leið til þess að greiða fyrir mismun verðmætis, en frumvarpinu er einmitt ætlað að koma í veg fyrir það óeðlilega verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár samfara því ósætti sem „kvótabraskið" hefur valdið.

Þá er jafnframt tekið fyrir það í 1. mgr. greinarinnar að skip, sem fær til sín aflaheimildir í tegund gegn greiðslu umsýslugjalds vegna vöntunar í þeirri tegund, noti þá tegund í skiptimynt í jöfnum skiptum enda markmið frumvarpsins að fái menn til sín aflaheimildir eða sé úthlutað þeim nýti þeir þær sjálfir. Það samrýmist einnig vel þeim meginmarkmiðum kvótakerfisins að jafna veiðiheimildum til þeirra sem þurfa þeirra með vegna verkefnisskorts og skömmtunar aðgangs að afla innan kvótakerfisins."

Loks er tekið fram að önnur skipti en jöfn séu óheimil. Fiskistofa staðfestir að flutningur sé heimill í jöfnum skiptum.

Mér fannst rétt, virðulegi forseti, að gera grein fyrir hverri einstakri grein vegna þess að misvísandi fréttaflutningur hefur heyrst meðal manna hvað við flm. erum að fara. Þess vegna taldi ég rétt að gera ítarlega grein fyrir hverri grein fyrir sig. En í greinargerðinni segir svo, m.a.:

„Það frumvarp til laga sem hér er lagt fram hefur þann tilgang að afnema að mestu leyti heimildir til framsals veiðiheimilda samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem ekki veiðast á fiskveiðiárinu, verði skilað til Fiskistofu og þeim síðan úthlutað til annarra skipa gegn umsýslugjaldi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veiðiheimildum, sem eru ónýttar í lok fiskveiðiársins, verði úthlutað á næsta fiskveiðiári gegn umsýslugjaldi. Markmið frumvarpsins er að einfalda og auka skilvirkni gildandi kerfis um stjórn fiskveiða og renna þannig stoðum undir almennari þjóðarsátt þar um.

Framsal veiðiheimilda á grundvelli heimilda í lögum um stjórn fiskveiða hefur verið gagnrýnt látlaust á undanförnum árum. Gagnrýnin hefur verið færð fram af mörgum samtökum, félögum og einstaklingum úr öllum þjóðfélagshópum. Vafasamt er að þjóðarsátt sé um gildandi kerfi um stjórn fiskveiða, hvað þá heldur almenn sátt um framsal veiðiheimilda.

Yfirlýstur tilgangur með setningu laga um stjórn fiskveiða var af tvennum toga. Í fyrsta lagi átti kerfið að tryggja að heildarafli tegunda í kvóta skyldi vera innan þeirra marka sem stjórnvöld ákvæðu hverju sinni. Í öðru lagi var reiknað með að kerfið leiddi til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi þar sem það mundi með sjálfvirkum hætti leiða til að afkastageta fiskiskipaflotans aðlagaðist afrakstursgetu fiskstofnanna við landið. Það sem átti að koma í kring þessari aðlögun var fyrst og fremst frjálst framsal veiðiheimilda og þröngar takmarkanir á aukinni veiðigetu fiskiskipaflotans, sbr. ákvæði um úreldingu fiskiskipa í samræmi við stækkun annarra fiskiskipa.

Afar erfitt er að mæla hreinan ávinning í sjávarútvegi, ef einhver er, af framsali veiðiheimilda þar sem taka verður tillit til ýmiss konar kostnaðar sem framsalið leiðir af sér. Í þessu sambandi ber að nefna beinan viðskiptakostnað samhliða samningum og umsjón með tilfærslum veiðiheimilda milli aðila, en fjöldi tilfærslna á hverju fiskveiðiári er mjög mikill." — Sem fram mun koma á eftir þar sem meðflm. minn Guðjón Guðmundsson fékk svar frá hæstv. sjútvrh. um þessar fjölmörgu tilfærslur. — „Þessi miklu umsvif með framsali veiðiheimilda hafa kallað á síaukið opinbert eftirlit til að sjá um að farið sé að lögum. Þá ber að nefna að framsal veiðiheimilda hefur í för með sér óbeinan kostnað

sem stafar af miklu óöryggi í rekstri fyrirtækja og framfærslu heimila í þéttbýli á landsbyggðinni sem byggir afkomu sína fyrst og fremst á sjávarútvegi. Einnig ber að tilgreina tvö allsherjarverkföll sjómanna á fiskiskipum á undanförnum árum. Verkföllin má að stærstum hluta rekja til óánægju sjómanna með versnandi hlutskipti sitt þar sem þeir hafa nauðugir viljugir verið látnir taka þátt í kostnaði við kaup á veiðiheimildum. Þessi nauðung virðist enn eiga sér víða stað þrátt fyrir setningu nýrra ákvæða í ýmsum lögum til að spyrna við þessum gjörningum."

Virðulegi forseti, í lok þessarar greinargerðar segir svo:

„Eins og áður segir er vafasamt að framsal veiðiheimilda hafi skilað sjávarútveginum þeim ávinningi sem upphaflega var reiknað með. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að framsalið leiði til aukins kostnaðar fyrir greinina og þjóðarbúið í heild. Ef heldur áfram sem horfir með óbreytt kerfi um stjórn fiskveiða má búast við vaxandi ósætti meðal þjóðarinnar í afstöðu hennar til kvótakerfisins. Við slíkar aðstæður verður ekki unað til langframa og er því nauðsynlegt að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að sem flestir geti sætt sig við þau. Það er meginmarkmið frumvarpsins."

Á undanförnum árum hefur borið á ósætti meðal sjómanna vegna framsals á kvóta og mikil blaðaskrif hafa verið um framsal. Menn hafa velt málum fyrir sér í krónum talið hver viðskipti séu á milli aðila í sjávarútvegi. Því er haldið fram fullum fetum að þarna séu nærri 5 milljarðar sem menn eru að versla með í sambandi við framsal á kvóta. Ekki er langt síðan aðilar gáfu út töflu um hversu mikil kvótasala hefur farið fram og gefið hefur verið út hverjir högnuðust mest og hverjir keyptu mest. Ég tel ekki ástæðu til, virðulegur forseti, að fara yfir það en hér má þó sjá að sá sem hefur hagnast mest á kvótasölu eða leigu hefur haft á fjórða hundrað millj. kr. á síðasta fiskveiðiári.

Víða má líka sjá greinar í fjölmiðlum um kvótamálið eins og það er nú. Í blöðum má lesa að um þriðjungur botnfiskkvótans sé fluttur milli óskyldra aðila á árinu og alls 78% úthlutaðra aflaheimilda séu flutt á milli skipa. Menn hafa orð á því að kvótakerfið, eins og það er nú, sé tómt rugl.

Annað sem vekur líka athygli er að í öllum þeim tilfellum þegar kvóti er seldur milli skipa eða óskyldra útgerða eru sjómenn nærri utantekningarlaust látnir taka þátt í kvótakaupunum. Ef þeir hafa uppi andmæli þá er þeim nánast hótað brottrekstri eða að skipinu sé lagt og kvótinn seldur.

Menn spyrja sig að því hvað gerist þegar kvótinn er seldur. Getur verið að þannig sé haldið á málum að aðeins útgerðarmaðurinn hafi vegna dugnaðar áhafnar eignast svo mikinn kvóta þegar til sölunnar kemur? Þegar nánar er grennslast fyrir um það hversu mörg dæmi séu um að sjómenn hafi fengið greidda aflahlutdeild úr þeim kvóta sem seldur hefur verið, þá er aðeins til eitt dæmi um það. Það segir allt um það hvers konar ástand er orðið í þessari grein miðað við, eins og ég sagði áðan, að 78% úthlutaðra aflaheimilda eru flutt milli skipa.

Annað atriði í sambandi við framsalið er að í lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins er skýrt kveðið á um að „þegar afli fiskiskipa er seldur ósunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann." Þannig að þegar áhöfn er látin taka þátt í að kaupa kvóta er raunverulega verið að brjóta lögin, sem ég vitnaði til, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Það sem er verst í þessu máli er það að ef áhöfnin er ekki tilbúin til að taka þátt í þessum kvótakaupum þá er henni tilkynnt að skipið verði bundið og öllum sagt upp.

Það væri hægt að taka fjölmörg dæmi úr hinu daglega lífi í sambandi við þær sölur sem fara fram. Ég ætla aðeins að segja frá einu dæmi um útgerð á Norðurlandi sem gerir út tvö skip. Þar var áhöfnum bátanna tilkynnt að útgerðin hefði selt rækjuverksmiðju, allan kvótann af bátunum og því verði áhafnir að taka þátt í að kaupa kvóta af verksmiðjunni með útgerðum bátanna. Öðruvísi sé útilokað að halda bátunum við veiðar og þegar afurðaverð á rækju lækkar örlítið er áhöfninni sagt að nú verði að lækka rækjuverð til bátanna því útilokað sé að gera út á þessu verði þegar kaupa þurfi kvóta á 75–85 kr. kílóið. Þegar áhöfn annars bátsins tók treglega í hugmyndir um lækkun var henni sagt upp á framangreindum forsendum. Þessir aðilar höfðu ekki einu sinni fyrir því að flytja kvótann, sem verksmiðjan átti að hafa keypt af viðkomandi skipum, yfir á önnur skip og flytja til baka eftir því sem leigt var, að sögn, til skipanna heldur létu sögusögnina eina nægja.

Eins og ég sagði áðan, virðulegur forseti, hef ég rakið gang mála í sambandi við þetta frv. Fjölmörg dæmi eru um það hvernig menn tala um þetta kvótakerfi. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er ætlan okkar flm. fyrst og fremst að reyna að ná því fram sem við teljum að geti orðið til að veruleg sátt náist í þjóðfélaginu og meðal þjóðarinnar því mjög mikillar óánægju gætir, ekki hvað síst meðal sjómanna og almennings, með það kvótakerfi sem er við lýði og er óviðunandi að gangi svo fram. En við vonum að þetta mál nái fram að ganga. Ég lýk máli mínu með því, virðulegur forseti, að óska eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. að umræðu lokinni.

[16:28]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 48. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 276; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 277.

Útboð og tapaðar kröfur á hendur verktakafyrirtækjum, 216. mál, beiðni GL o.fl. um skýrslu, þskj. 272.

[16:28]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Hæstv. forseti hefur skilmerkilega gert grein fyrir erindi mínu hingað í ræðustólinn, ég mæli fyrir 108. máli, sem varðar eitt tiltekið ákvæði laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. svonefndar úreldingarkröfur.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Sigurður Hlöðvesson, sem sat á þingi sem 1. varaþm. Alþb. og óháðra í Norðurl. v.

Frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Þrátt fyrir kröfur 2. mgr. 5. gr. um úreldingu sambærilegs skips er heimilt að veita allt að 10% stærra skipi en úrelt er veiðileyfi ef nýja skipið er byggt samkvæmt nútímakröfum um fullkomnustu aðstöðu fyrir áhöfn. Ef endurnýjað er í slíku skipi sem ætlað er til veiða á uppsjávarfiskum og búið tækni til kælingar og hágæðameðferðar hráefnis má stærð hins nýja skips vera allt að 25% meiri en þess sem úrelt er. Ráðherra er heimilt að rýmka framangreind mörk í allt að 25% í fyrra tilvikinu og allt að 40% í því síðara ef hið nýja skip er smíðað í innlendri skipasmíðastöð.

Samhliða þeirri breytingu sem 1. mgr. mælir fyrir um skal ráðherra láta fara fram heildarendurskoðun á þeim reglum sem gilda um úreldingu fiskiskipa og skulu niðurstöður

hennar lagðar fyrir Alþingi haustið 1997. Jafnframt falla ákvæði 1. mgr. úr gildi í árslok 1997.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Herra forseti. Það sem hér er á ferðinni er að lagt er til að dregið verði með ákvæði til bráðabirgða úr hinni stífu úreldingarkröfu sem í gildi er. Jafnframt verði tilhögun þessara mála tekin til heildarendurskoðunar og nýrri skipan komið á fyrir árslok 1997 og falli þá niður núgildandi ákvæði laganna um þetta efni og bráðabirgðaákvæði það sem hefur verið mælt fyrir.

Með öðrum orðum er fyrst og fremst verið að leggja til að heildarendurskoðun fari fram á þessu fyrirkomulagi en jafnframt tilteknar aðgerðir til bráðabirgða sökum þess ófremdarástands sem að mati tillögumanna ríkir í þessum efnum.

Ég held, herra forseti, að ekki þurfi að fjölyrða um það með hvaða hætti fiskveiðum við Ísland er stýrt um þessar mundir. Þar gildir fyrirkomulag aflakvóta og ekki er að sjá að í vændum séu miklar breytingar, a.m.k. ekki í grundvallaratriðum. Það er þar af leiðandi meginaðferðin við að takmarka ásókn í fiskstofna auk að vísu fjölmargra annarra ráðstafana og friðunaraðgerða sem beitt er og nægir þar að nefna reglur um veiðarfæri, svæðisbundnar friðanir og fleira í þeim dúr. Það kemur því nokkuð spánskt fyrir sjónir að eftir sem áður hafi menn, allan tíma kvótakerfisins og talsvert fram yfir til hliðar við aflakvótakerfið og þær takmarkanir sem á því byggja, keypt samhliða takmarkandi kerfi hvað varðar stærð fiskiskipaflotans. Og nú á seinni árum þannig að úrelda þarf eða hverfa þarf úr flotanum ein rúmlest fyrir hverja rúmlest sem í hann bætist í nýju skipi ef hið nýja skip á að hafa veiðileyfi innan efnahagslögsögu Íslands.

Þetta hefur smátt og smátt leitt til þess að viðbótarkostnaður eða þröskuldur hefur myndast gagnvart endurnýjun fiskiskipa sem liggur fólginn í þessum rúmlestum sem nú ganga kaupum og sölum fyrir háar upphæðir. Lætur nærri að gangverð á rúmlest til úreldingar eða á móti endurnýjun í fiskiskipi sé 80 þús. kr. um þessar mundir. Nokkru minna ef smábátar eiga í hlut. Það sem er þó að mínu mati, herra forseti, langalvarlegast er að því verður ekki á móti mælt að þessi tilhögun er mikill hemill á endurnýjun í íslenska fiskiskipaflotanum. Í raun er það svo að mönnum er sérstaklega refsað fyrir að taka nýjungar inn í flotann hvort sem þær snúa að meðferð hráefnis, aukinni vinnslugetu og jafnvel það sem fáránlegast er af öllu, að bættum aðbúnaði áhafnar. Lagt er því til að sem almenn regla verði heimilt í bráðabirgðaákvæðinu að rýmka a.m.k. þessar reglur um 10% þegar nýtt skip með fullkomnum nútímalegum aðbúnaði fyrir áhöfn kemur í stað annars og eldra sem ekki er jafn vel búið að þessu leyti.

Ég hygg að flestir þekki það sem einhverja nasasjón hafa af sjávarútvegsmálum hversu gífurlegar breytingar hafa orðið í fiskiskipum á 10–20 árum, svo ekki sé nú farið lengra aftur, hvað varðar kröfur um aðbúnað áhafna. Það lætur nærri, að mati fagmanna, ef endurnýjað er t.d. 30 ára gamalt fiskveiðiskip, sem þótti fullkomið og vel búið á sínum tíma, í öðru nýju í dag hafi það rými sem fer til íbúðar fyrir áhöfn aukist um 100%. Það er mat tæknifróðra manna sem ég hef borið þetta undir. Það kemur því úr hörðustu átt að jafnvel gagnvart þessum þætti skuli mönnum sérstaklega refsað og menn þurfi að kaupa viðbótarrúmlestir út úr flotanum til þess eins að geta búið með nútímalegum hætti að áhöfn þegar skip er endurnýjað.

Það er okkar skoðun að þetta ástand sé hvað alvarlegast eins og það bitnar á endurnýjun nótaskipaflotans eða þess hluta flotans sem sérstaklega sérhæfir sig í veiðum á uppsjávarfiskum. Þar hafa orðið mjög miklar breytingar hvað varðar kröfur um meðferð hráefnis og ljóst er að skip sem á að vera sæmilega vel búið hvað varðar nýjustu tækni til kælimeðferðar á hráefni hefur a.m.k. 20% minni burðargetu en eldra skip sem ekki býr yfir slíkri tækni. Þar er því í gangi yfirstuðull sem nemur þessu ef menn vilja endurnýja og gera þannig að unnt sé að svara kalli tímans um bætta hráefnismeðferð. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, herra forseti, hversu fráleitt frá þjóðhagslegu sjónarmiði það er að refsa mönnum sérstaklega ef þeir vilja bæta meðferð hráefnis og auka verðmæti framleiðslunnar. Þannig verkar þetta ákvæði í reynd. Ég fullyrði, herra forseti, að sá þröskuldur sem þarna hefur verið á ferðinni hefur bakað íslenskum sjávarútvegi og íslensku þjóðarbúi ómælt tjón á undanförnum missirum og mér er nær að halda að það mælist í milljörðum kr. frekar en hundruðum milljóna ef allt væri til talið.

Ein afleiðing þessa ákvæðis eins og það t.d. birtist okkur gagnvart nótaskipaflotanum er sú tilhneiging að fara frekar út í lagfæringar og endurbætur á eldri skipum en endurnýja í nýjum. Sú er líka niðurstaðan að nánast öll endurnýjun í íslenska nótaskipaflotanum er í formi annaðhvort kaupa á 15–20 ára gömlum skipum erlendis frá eða í endurbyggingu, lengingu, hækkun, breikkun, dýpkun og teygingu og togun á alla enda og kanta á 30–40 ára gömlum skipum, sem upphaflega voru kannski byggð sem fjórðungur af þeirri burðargetu sem þeim er ætluð í dag. Það eru meira að segja til eintök í íslenska flotanum þar sem búið er að byggja algjörlega utan um gamla bátinn og hægt er að ganga hringinn í kringum hann inni í nýja skipinu. Þetta kemur til af því, herra forseti, að í lögunum er sérstakt ákvæði sem felur í sér að heimilt er að stækka skip ef skrokkurinn er eldri en frá 1986, án þess að kaupa sérstaklega inn fyrir stækkuninni úreldingu á móti. Þetta ákvæði verkar hvetjandi í þá átt að lagfæra frekar gömlu skipin en kaupa önnur ný. Það hefur síðan leitt til þess að endurnýjun í íslenska nótaskipaflotanum, sem fyrir 30 árum var einn sá fullkomnasti í heimi og Íslendingar stærðu sig þá af því að byggja fullkomnustu nótaveiðibáta og síldveiðibáta heimsins, fer nú fram í því formi að annaðhvort erum við að sjóða utan á, ofan á, aftan á og framan á 30 ára gamla báta eða kaupa þá sem nágrannar okkar í Skotlandi, Noregi, á Írlandi og í fleiri löndum eru að leggja, í staðinn fyrir ný skip sem þeir eru að taka í notkun. Það er heldur dapurlegt, herra forseti, að sjá hvernig komið er fyrir þeirri þjóð sem býr yfir hvað álitlegustum veiðimöguleikum á uppsjávarfiskum allra þjóða í heiminum ef e.t.v. Suður-Ameríkumenn eru undanskildir. En svona er þetta samt.

Þetta hefur að sjálfsögðu þau áhrif að miklu hægar gengur en ella að höndla þá miklu möguleika til aukinnar verðmætasköpunar sem að margra dómi felast í stóraukinni nýtingu hinna miklu fiskstofna uppsjávarfiska til manneldis. Forsenda þess að okkur miði áfram í aukinni manneldisnýtingu síldar og loðnu og jafnvel fleiri tegunda uppsjávarfiska, sem eru í lögsögunni eða í nágrenni við hana, er að sjálfsögðu sú að við höfum yfir að ráða flota sem geti flutt manneldishæft hráefni að landi. En svo er ekki nema í mjög takmörkuðum mæli enn sem komið er.

Herra forseti. Ég held að ekki sé fjarri lagi að ætla að verðmætasköpunarmöguleikar með því að auka hlutdeild

þess hluta fiskstofnanna, uppsjávarfiskanna, sem fara til manneldis gætu verið 5–10 milljarðar kr. á jafnmörgum árum ef vel væri að verki staðið. Það væri fróðlegt, herra forseti, fyrir menn að fara yfir eitt reikningsdæmi um það frammi fyrir hverju útgerðarmaður stendur sem er að velta því fyrir sér hvort hann eigi að endurnýja 30 ára gamalt meðalstórt loðnuskip í öðru nýju, sem við mundum geta orðið sammála um að samsvaraði jafn vel kröfum tímans í dag, eins og 30 ára gamla skipið gerði þegar það kom. Væri að flestu leyti tæknilega og rekstrarlega eins vel búið og kostur væri. Það má auðveldlega setja upp slík dæmi og það er ljóst að viðbótarkostnaðurinn, þröskuldurinn sem þarf að yfirstíga við slíka endurnýjun getur hæglega verið af stærðargráðunni 150–200 millj. kr., þ.e. þegar búið er að borga hið nýja skip í hólf og gólf, svo ekki sé talað um ef þarf að leggja því til auknar veiðiheimildir og búið að kljúfa alla þá fjárfestingu. Þá eru eftir 150–200 millj. kr. til að kaupa út tonn úr flotanum. Auðvitað á að mörgu leyti það sama við um aðra hluta íslenska fiskiskipaflotans en nótaveiðiskipin. Þar má nefna til að mynda vertíðarbátaflotann sem er orðinn mjög gamall, sem er orðinn hættulega gamall, og hefur ekki endurnýjast með þeim hraða sem æskilegt væri á undanförnum árum. Í reynd gildir þetta að nokkru leyti almennt um flotann samanber það sem áður sagði, t.d. um stórauknar kröfur varðandi aðbúnað áhafnar.

Á undanförnum mánuðum hafa verið nokkrar umræður, herra forseti, í þjóðfélaginu um aðbúnað sjómanna t.d. á úthafsveiðiflotanum. Skyldi það nú ekki vera svo að í takt við þá umræðu væri frekar ástæða til að huga að aðgerðum sem verkuðu hvetjandi en ekki letjandi á útgerðarmenn að reyna að búa þar vel að mönnum í löngum útiverum á fjarlægum miðum. Vissulega er það víða gert en því er ekki að leyna að hluti flotans sem stundar þessar veiðar er gamall og byggður miðað við aðrar kröfur um aðbúnað en gerðar eru í dag og hefur ekki upp á sömu möguleika að bjóða varðandi tómstundaiðkun og líkamsrækt og aðra slíka hluti sem nú þykja sjálfsagðir í nýjum skipum, sem betur fer því mörg af nýjustu og glæsilegustu skipum flotans, t.d. flestir nýju frystitogaranna, hafa það upp á að bjóða. En vilji útgerðarmenn ráðast í fjárfestingar sem sérstaklega beinast að því að auka möguleika þessara skipa eða endurnýja þau í öðrum, sem betur eru búin, þá standa þeir frammi fyrir þessum þröskuldi að yfirstíga, þar sem eru úreldingarreglurnar.

Herra forseti. Ég held að löngu tímabært sé að menn geri upp við sig með hvaða fyrirkomulagi á að stjórna fiskveiðum við Ísland í grundvallaratriðum á næstu árum og menn dragi ekki með sér inn í framtíðina reglugerðarverk af því tagi sem þessar úreldingarreglur í raun og veru eru. Það er löngu tímabært að taka það fyrirkomulag allt til heildarendurskoðunar.

Í tillögunni eða frv. er í sjálfu sér ekki mælt fyrir um það að hverju slík endurskoðun skuli sérstaklega miða. Þó kemur fram og það er okkar skoðun flm. að stefna beri að því að reyna að komast út úr því fyrirkomulagi í áföngum eða með einhverjum þeim hætti sem er ásættanlegur og gefur hæfilega aðlögun að breytingum.

Ég vil fara nokkrum orðum, herra forseti, um þann þátt frv. að heimilt sé að hafa úreldingarreglur rýmri eða úreldingarkröfurnar vægari ef um er að ræða endurnýjun í íslenskri skipasmíðastöð í staðinn fyrir erlendri. Hugsunin á bak við þetta ákvæði er ósköp einföld. Hún er sú að enn keppir íslenskur skipasmíðaiðnaður við ríkisstyrktan og niðurgreiddan skipaiðnað í nágrannalöndunum þrátt fyrir loforð um að draga úr og afnema þá styrki af hálfu bæði Evrópusambandsríkjanna og landa, eins og Noregs. Eftir sem áður er um umtalsverða ríkisstyrki í formi vaxtaniðurgreiðslna eða annarra slíkra þátta að ræða. Afleiðingar þessa langvarandi ástands sem verið hefur eru skelfilegar og þær blasa við. Það er þyngra en tárum taki að horfast í augu við það hvernig íslenskur skipasmíðaiðnaður var í raun látinn hrynja til grunna vegna þessarar ósanngjörnu og vonlausu samkeppnisstöðu sem honum var ætlað að starfa í. Bent er á atriði sem út af fyrir sig hefur oft áður verið nefnt þar sem það er algjörlega útlátalaust, kostar ekki eina einustu krónu fyrir íslensk stjórnvöld að beita tilteknum aðgerðum sem koma til móts við skipasmíðaiðnaðinn og vega upp á móti þessum ósanngjörnu samkeppnisskilyrðum sem honum hefur verið ætlað að búa við.

Það er auðvitað ljóst að fæstar íslensku skipasmíðastöðvarnar og sennilega engin eru í stakk búnar til að byggja stór og nútímaleg skip í dag frá grunni á samkeppnishæfu verði. Það er þó margra mat, sem um þetta fjalla að væri slíkur stuðningur í einhverju formi fyrir hendi sem hér er mælt fyrir um, sem gæfi útgerðarmönnum verulega hvatningu til að reyna að beina verkefnum til innlendra stöðva, þá gætu verkin komist inn í landið a.m.k. að því leyti til að skrokkar sem að einhverju eða öllu leyti væru byggðir erlendis yrðu settir hér saman og settur niður í þá búnaður og hönnun og verkstjórn væri í höndum Íslendinga. Það gæti aftur orðið upphafið að því að koma fótunum undir eiginlegar innlendar skipasmíðar á nýjan leik. Auðvitað hlýtur það vera keppikefli og markmið okkar Íslendinga, fiskveiði-, útgerðar- og siglingaþjóðar, að eiga okkar eigin skipasmíðaiðnað, ekki bara stöðvar sem geta sinnt minni háttar viðhaldsverkefnum og skvett á skipin málningu endrum og sinnum, þó það sé gott svo langt sem það nær. Það er lítill metnaður í því fólginn, herra forseti, að horfa upp á ástandið eins og það er orðið. Er þá ekki verið að gera lítið úr hetjulegri baráttu margra innan skipasmíðaiðnaðarins undanfarin ár við að halda sínum fyrirtækjum á floti eða endurreisa þau.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. Ég tel yfirgnæfandi rök mæla með því að taka fyrirkomulag þessara mála til endurskoðunar. Um það hefur víða verið ályktað á undanförnum mánuðum og missirum. Mér er nær að halda að öll helstu heildarsamtök útgerðarinnar hafi ályktað á einn eða annan hátt í þá veru. Og ég þykist mega fullyrða að það sé mjög vaxandi stuðningur við það og skilningur á því að þessar reglur eins og þær eru við lýði í dag eru okkur ekki hagstæðar. Þær eru beinlínis óhagkvæmar og skaðlegar fyrir þjóðarbúið og fyrir greinina. Þær eru að mínu mati einnig ákveðin forsjárhyggja sem á ekki að sjást. Ég hef oft spurt að því áður og fengið fá svör, hvaða sérstöku vísindi liggi á bak við þessar úreldingarreglur eins og þær eru framkvæmdar, hvaðan mönnum komi sú speki að stjórnvöld séu betur til þess fallin að ákveða með hvernig skipum og hve stórum útgerðarmenn sækja þann afla sem þeim er heimilt samkvæmt útgefnum veiðiheimildum.

Einn sérstakur viðbótarþáttur í þetta samhengi, sem kallar þótt ekkert annað kæmi til á heildarendurskoðun þessara mála, er að sjálfsögðu úthafsveiðarnar, þeir möguleikar sem menn hafa tekið að nýta sér utan landhelginnar sem kalla að sjálfsögðu á skip og sóknargetu. Í tengslum við þetta mál er að mínu mati einnig nauðsynlegt að taka skráningarreglur íslenska flotans til heildarendurskoðunar þannig að mönnum

verði auðveldað að skrá skip, færa þau milli landa og milli verkefna, vera með þau í rekstri hluta ársins utan landhelgi og hluta ársins innan þannig að það komist nægjanlegur sveigjanleiki í meðferð þessara mála og við getum nýtt okkur með sem allra hagkvæmustum hætti þá möguleika sem eru til þess að beita flotanum bæði utan og innan landhelginnar. Núverandi regluverk, núverandi ofstjórn liggur mér við að segja, sem felst annars vegar í úreltum skráningarreglum og hins vegar í þessum úreldingarreglum, er auðvitað stórkostlega hamlandi í þessum efnum. Það er alveg staðreynd. Varla þarf að efa að stuðningur sjómanna hlýtur a.m.k. að vera fyrir hendi hvað varðar þann þátt málsins að útgerðinni sé ekki beinlínis refsað fyrir að búa betur að áhöfn sinni eins og gert er í dag. Ég held, herra forseti, að öll rök hnígi að því að endurskoða meðferð þessara mála og það tafarlaust. Nógu mikill tími hefur farið í að velta þessum hlutum fyrir sér. Ég bind vonir við að þetta mál fái nú alvöru skoðun á yfirstandandi þingi og afgreiðslu hér með farsælum hætti, auðvitað helst strax í gær, ef þess væri kostur, næstbest væri fyrir áramót en í þriðja og síðasta lagi alveg örugglega fyrir vorið. Þannig að með nýju fiskveiðiári sem hefst 1. september næstkomandi verði ný skipan þessara mála í höfn.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

[16:49]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa lagt fram þetta frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, hvað áhrærir stækkun fiskiskipastólsins.

Það er athyglisvert að sjá í grg., sem ég reyndar vissi fyrir, hve fiskiskipaflotinn er orðinn aldraður. Það er alvarlegt og mikið íhugunarefni og áhyggjuefni sjómannasamtakanna þegar það liggur ljóst fyrir að meðalaldur loðnuskipaflotans er nú 26 ár og elsta skipið í þeim hópi er 38 ára gamalt. Það er svipaður aldur og elsta varðskipið okkar og er löngu talin ástæða til að fara að endurnýja það. Þegar horft er á aðbúnaðinn um borð í skipunum og litið á aldur flotans með tilliti til öryggis sjómanna, þá verð ég að viðurkenna, virðulegi forseti, að ég spyr mig hvers vegna við erum að stíga þessi skref, sem hér er gerð tillaga um, í þessum fetum. Og maður veltir vöngum yfir því, ja — er þetta bara ekki mál útgerðarinnar? Er ekki eðlilegt að hún hafi bara fullt vald yfir því hvað hún vill byggja stór skip? Hvers vegna ættum við yfir höfuð að hafa áhyggjur af því ef útgerðin getur rekið stærri skip og öflugri og betur búin en þau eru í dag? Það er bara hennar mál.

Í annan stað er líka komið inn á íslenskan skipasmíðaiðnað. Ég get alveg heils hugar tekið undir það með flutningsmönnum. Það er auðvitað mikið áhyggjuefni hve íslenskur skipasmíðaiðnaður er illa staddur og maður spyr líka sjálfan sig: Ber ekki útgerðin skyldur gagnvart íslensku atvinnulífi? Við afhendum þeim auðlindina og þeir hljóta að bera einhverja ábyrgð gagnvart íslensku atvinnulífi. Að þeir séu ekki bara að koma í höfn ef þeir þurfa að láta gera við skipin og þá eigi járniðnaðarmenn að vera tilbúnir til þess að gera við. Það hlýtur líka að vera skylda þeirra að leita leiða um að nýsmíði skipa fari hér fram. Og ég endurtek að mér finnst umhugsunarefni hvort við eigum yfir höfuð að vera með nokkra hömlur á því hversu stór skip þeir vilja smíða með tilliti til öryggis, áhafnar og aðbúnaðar.

[16:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir með ræðumanni og hef oft og mörgum sinnum hér á undanförnum árum spurt þessarar sömu spurningar. Eigum við yfir höfuð að vera að blanda okkur í það, eftir að komið er margþætt kerfi fiskveiðistjórnunar sem byggir á aflakvótum og ýmsum friðunaraðgerðum, á hvernig skipum útgerðarmennirnir telja sér hagkvæmast að nýta miðin? Hvaða vinnslumöguleika þeir sjá í stöðunni, hvaða möguleika til aukinnar verðmætasköpunar þeir kunna að sjá t.d. í stærri skipum með meiri vinnslugetu hvað varðar bætta meðferð á hráefni o.s.frv.? Það má líka spyrja sig að því, ef okkur hefði dottið í hug að hætta að stækka flotann árið 1945 eða 1936, hvar við værum stödd í dag. Ég held að menn verði líka að muna eftir því að það er stórkostlega hættulegt að festa sig í einhverri slíkri fortíðarviðmiðun gagnvart framþróun og nýsköpun í hvaða atvinnugrein sem er. Og ég spyr: Hversu lengi ætla menn að dragnast með þá heilögu stærð á flotanum inn í framtíðina sem tilviljanakennt lenti inni í þessu úreldingarreglugerðarverki á 8. og aðallega 9. áratugnum? Algjörlega tilviljanakennt því það lágu engin vísindi á bak við það að þá var farið að taka upp tilteknar kröfur um úreldingu á móti sem í fyrstu voru ekki alveg upp á 100% en urðu það seinna.

Ég tek undir það sem hv. þm. nefndi um aðbúnað og öryggi. Ég hef satt best að segja forðast að nefna það orð mjög mikið í umræðu um þessi mál því ég vil ekki liggja undir ámæli fyrir að vera að nota mér það en auðvitað blasir við að þetta ástand í dag er stórkostlega varasamt frá öryggissjónarmiði séð. Sem betur fer hafa ekki orðið slys, en ætli menn muni ekki eftir atvikum t.d. frá undanförnum loðnuvertíðum þar sem ekki hefur mátt miklu muna. Þarna er um að ræða skip sem sigla drekkhlaðin milli landshluta með farm og stóra áhöfn í hörðustu veðrum um hávetur þegar vertíðin stendur. Sama á að sjálfsögu við um bátaflotann sem upp til hópa er orðinn mjög gamall. Spurningin er því sú, eins og hv. þm. nefnir, hvort ekki eigi að taka þetta allt í einu skrefi. Ja, það kemur auðvitað vel til greina. Sú hugsun sem liggur til grundvallar frv. er að gefa þessum breytingum einhvern aðlögunartíma, að trappa sig út úr málinu. (Forseti hringir.) En fyrst og fremst er það bráðabirgðatilhögun á meðan heildarendurskoðun málsins fer fram.

[16:54]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég endurtek þakkir til hv. þm. fyrir að leggja þetta mál hér fram. Það sem vekur mann auðvitað til umhugsunar er þegar nýleg dæmi eru um að loðnuskipum hefur verið breytt eða þau verið stækkuð en meginbúnaður þess skips sem breytt var er kannski gamall skrokkur inni í nýjum. Þetta er orðið með slíkum ólíkindum að það er ekki viðunandi og ég tel að þetta hafi verið mjög tímabært og þarft frv. sem hv. þm. leggja hér fram. Ég mun að sjálfsögðu leggja mig allan fram um að vinna með þeim heimavinnuna í þessu máli. Það sem auðvitað er umhugsunarefni eins og ég sagði hérna áðan er hvort við ættum ekki að stíga skrefið til fulls. Ég get hins vegar alveg tekið undir að það er kannski skynsamlegt að þrepa sig niður vegna þessara reglna sem hafa gilt um allt of langan tíma og gert mönnum mjög erfitt fyrir varðandi breytingar og lagfæringar á skipum.

En eins og ég kom hér inn á áðan þá er þetta auðvitað stórmál fyrir íslenska sjómannastétt og við eigum auðvitað og okkur ber skylda til þess að búa svo að henni að öryggi og

aðbúnaður sé í fyllsta máta eins og hann getur orðið bestur á hverjum tíma.

[16:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að skoðanir okkar fara nú mjög saman um þetta mál og þarf ekki að fjölyrða frekar um það. Ég hafði ekki tóm til að svara því sem hv. þm. nefndi og snýr að spurningunni um íslenska skipasmíðaiðnaðinn og samskipti sjávarútvegsins við hann, hvort íslenskur sjávarútvegur og aðrir viðskiptaaðilar skipasmíðaiðnaðarins beri ekki líka skyldur gagnvart þeim og íslensku atvinnulífi. Að sjálfsögðu er það svo. Það er auðvitað stórfellt hagsmunamál íslenskrar útgerðar að hér sé öflugur skipasmíðaiðnaður og til þess ætlast menn nú helst þegar eitthvað á bjátar eins og hv. þm. nefndi. Þá vilja menn gjarnan geta gengið að þjónustunni vísri þegar ekki er tími til á miðri vertíð eða hvenær sem er að sigla til útlanda til að fá lagfæringar eða gert við skemmdir o.s.frv. Ég er reyndar alveg sannfærður um að almennt eru forsvarsmenn í íslenskum sjávarútvegi og stjórnendur fyrirtækja mjög velviljaðir því að verkefni séu unnin innan lands. Margir þeirra hafa sagt í mín eyru að þeir séu alveg tilbúnir að reyna að réttlæta það gagnvart stjórnendum sínum og hluthöfum að innlendum verkum og tilboðum sé tekið þó að kostnaðurinn sé einhverjum prósentum hærri en ekki mikið meira. Þar liggur auðvitað einhver ákveðinn þröskuldur sem felst bæði í verði og stundum einnig í verktíma sem menn treysta sér til að réttlæta og ekki meir. Þess vegna er þetta að mínu mati spurning um að allir leggist þarna á eitt og þá þarf atbeina stjórnvalda og fleiri aðila eins og til að mynda viðkomandi sveitarfélaga og jafnvel stéttarfélaga. Mér hefur oft fundist sárgrætilegt að menn skuli ekki hafa náð betur saman um hagsmuni sína í þessu máli. Ef ríkið hefði að einhverju leyti gefið eftir þær skatttekjur sem það hvort sem er missir af ef verkefnin fara úr landi, ef sveitarfélögin á viðkomandi stað hefðu hugsað eins, og að einhverju leyti gefið eftir þær skatttekjur sem þau missa ef verkið fer úr landi, ef útgerðin hefði talið það nokkurra prósentna virði að vinna verkið innan lands og hafa síðan aðgang að aðilanum sem byggði skipið bara hinum megin við götuna, (Forseti hringir.) þá hefðu menn átt að geta náð mun betur saman um hagsmuni sína í þessum efnum en við höfum gert, því miður, og samstöðuleysið er þar alveg örugglega ákveðin hindrun.

[16:58]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ég ætla hér aðallega að ræða 12. dagskrármálið, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem við hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson flytjum. Markmið þessa frv. er að banna að mestu leyti framsal veiðiheimilda nema þegar um er að ræða skipti á jöfnum heimildum á þeim tegundum sem sæta aflamarki. Frv. er með öðrum orðum ætlað að koma í veg fyrir það takmarkalausa verslunarkerfi sem viðgengist hefur undanfarin ár og í daglegu tali er kallað kvótabrask.

Það hefur verið mikil og vaxandi óánægja með þetta verslunarkerfi á undanförnum árum og þá ekki síst á meðal sjómanna. Sú mikla óánægja hefur m.a. leitt til tveggja allsherjarverkfalla sjómanna sem töldu kjör sín skerðast vegna þess að þeir urðu nauðugir viljugir að taka þátt í að greiða kostnað vegna kvótaleigu þegar þessi kostnaður var dreginn frá aflaverðmæti áður en til skipta kom milli sjómanna og útvegsmanna. Nokkur slík mál hafa farið til dómsstóla en í síðustu samningum varð samkomulag um að koma á fót nefnd sem úrskurðaði í deilumálum sem rísa kunna út af ágreiningi af þessum toga. Það virðist þó því miður svo að þessi nefnd verði ekki langlíf, því dæmin sýna að aðilar sætta sig ekki við niðurstöður hennar.

Það er enginn vafi á að óánægja með ríkjandi fyrirkomulag á framsali veiðiheimilda mun halda áfram að vaxa ef ekki verður tekið á málum og kerfinu breytt. Það er staðreynd að framsalið hefur þróast með allt öðrum hætti en gert var ráð fyrir þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett. Þingmenn sem tóku þátt í að samþykkja þessi lög hafa sagt mér að það hefðu þeir aldrei gert ef þeir hefðu séð þessa þróun fyrir.

Það sést reyndar glögglega þegar lesnar eru ræður þingmanna frá þessum tíma að þeir sáu alls ekki fyrir að framsalið mundi þróast með þeim hætti sem orðið hefur. Framsalið var fyrst og fremst hugsað til hagræðingar, svo sem til skipta á veiðiheimildum t.d. þorski fyrir ýsu, karfa fyrir rækju o.s.frv., færslu heimilda milli skipa í eigu sömu útgerðar, eða þá óvæntra atvika eins og bilana eða skipskaða. En þær fjölmörgu aðferðir til að versla með óveiddan fiskinn í sjónum sem hafa þróast í kerfinu voru einfaldlega ekki inni í myndinni. Þegar kvótaverslunin er gagnrýnd af þeim sem telja hana hafa farið úr böndunum er svar aðdáenda kerfisins jafnan það sama: Frjálsa framsalið er undirstaða kerfisins, án þess er kvótakerfið einskis virði. Og út af fyrir sig er kannski erfitt að andmæla þeim hagfræðilegum rökum sem m.a. var byggt á við lagasetningu um frjálst framsal innan rammans um stjórn fiskveiða. Meiningin er svo sem ágæt en það sem hins vegar hefur brugðist þegar lögin voru sett er að undirbúningur hefur ekki verið sem skyldi og lögin urðu einfaldlega of götótt þannig að kvótaeigendum tókst að finna ýmsar leiðir til að gera veiðiheimildirnar að verslunarvöru.

Flutningur aflaheimilda er ótrúlega mikill. Í svari hæstv. sjútvrh. við fyrirspurn minni á Alþingi í haust, þessari myndarlegu bók sem sumir hafa nú haft á orði að væri óþarflega íturvaxin, kemur fram að hvorki meira né minna en 335.792 tonn voru flutt milli aðila á síðasta fiskveiðiári. Og þó að verulegur hluti þess séu skipti og færslur á heimildum milli skipa í eigu sömu útgerðar, þá er samt ljóst að gríðarlegar upphæðir hafa verið greiddar fyrir leigu og sölu kvóta á síðasta fiskveiðiári og það svo milljörðum skiptir. Ef skoðað er hvernig þessar færslur skiptast milli fisktegunda kemur í ljós að um er að ræða 52.168 tonn af þorski, 22.991 tonn af ýsu, 27.698 tonn af ufsa, 19.504 tonn af karfa, 11.679 tonn af grálúðu, 7.908 tonn af skarkola, 89.942 tonn af síld, 59.243 tonn af loðnu, 380 tonn af humri, 40.994 tonn af úthafsrækju, 520 tonn af innfjarðarrækju og 2.765 tonn af skel. Umreiknað í þorskígildi eru þetta 204.386 tonn en var rúmlega 162.000 tonn næsta fiskveiðiár á undan samkvæmt upplýsingum sjútvrn. og hafði því aukist um rúmlega 25% milli ára. Og þar munar mestu að færslur þorskveiðiheimilda jukust mjög eða um 43% milli ára.

Það má áætla að leiguverðmæti þess kvóta sem fluttur var milli aðila á síðasta fiskveiðiári hafi verið a.m.k. 10 milljarðar króna miðað við það leiguverð sem var á kvóta á fiskveiðiárinu. En það skal tekið skýrt fram að stærsti hluti þessara færslna eru skipti á fisktegundum og færslur milli skipa í eigu sömu útgerða. Menn greinir á um hversu hátt hlutfall framsalsins skýrist þannig en varlega má áætla að um 20–30% framsalsins séu bein viðskipti þ.e. leiga og sala á kvóta, þannig að beinar greiðslur vegna þessara viðskipta hafa verið a.m.k. 2–3 milljarðar kr. sem trúlega er of lágt

áætlað því að hluti þessara viðskipta er varanleg sala sem er að sjálfsögðu á margfalt hærra verði en leigan.

Það eru tvímælalaust eigendur og sjómenn bátaflotans sem þetta hefur bitnað harðast á. Þessir bátar hafa yfirleitt ekki haft að öðrum verkefnum að hverfa á undanförnum árum þegar þorskveiðiheimildir þeirra hafa stórminnkað og þetta á reyndar einnig við um hluta ísfisktogaranna. Það er fyrst og fremst þessi floti — vertíðarbátarnir og ísfisktogararnir — sem hefur neyðst til að leigja og kaupa kvóta í stórum stíl og þá einkum af eigendum stærri skipanna sem hafa fundið sér ný verkefni, aðallega utan lögsögunnar, við veiðar á rækju, úthafskarfa, þorski og síld.

Því hefur verið haldið fram að ef bannað verður að leigja kvóta muni minni bátum fækka mjög, því kvótaleigan haldi þeim gangandi í dag. Ég er algjörlega ósammála þessu og bendi á að þeim bátum hefur stórfækkað á undanförnum árum og gömlu góðu vertíðarbátarnir eru nánast að hverfa úr flotanum. Það er auðvitað vegna þess að menn halda það ekki út ár eftir ár að gera út að stærstum hluta á kvóta sem þeir verða að leigja til sín og þá oftast á svipuðu verði og fæst fyrir fiskinn á markaði. Það er því alveg ljóst að þessum bátum mun halda áfram að fækka ef núverandi kerfi helst óbreytt. Verði þetta frv. að lögum munu þessir bátar væntanlega eiga möguleika á auknum kvóta þegar farið verður að endurúthluta þeim kvóta sem ekki veiðist og ekki verður þá hægt að versla með eins og gert er í dag. Kvótaskorturinn hefur pínt verðið upp jafnt á leigukvóta og varanlegum og það er auðvitað fáránlegt og getur alls ekki gengið að hægt sé að leigja óveiddan fiskinn í sjónum á hærra verði en fæst fyrir hann á markaði. En samt er það svo að menn hafa freistast til að borga 90–100 kr. leigu fyrir þorskkílóið eða svipaða upphæð og jafnvel hærri en fæst fyrir fiskinn á markaði.

Það var mjög athyglisvert að fylgjast með hversu hart talsmenn stórkvótaeigenda börðust gegn aukningu á þorskkvótanum þegar hæstv. sjútvrh. þurfti að ákveða hvort ætti að auka kvótann eða ekki um miðjan apríl í vor. Aukning kvótans hefði auðvitað leitt til þess að kvótaokrið hefði minnkað. Að sjálfsögðu er um gífurlega hagsmuni að ræða og svo sem ekkert óeðlilegt við það að þeir sem hafa aðstöðu til að fénýta veiðiheimildirnar verji sína hagsmuni með kjafti og klóm. Það sem er hins vegar óeðlilegt er að lögin um stjórn fiskveiða skuli gera mönnum kleift að braska með óveiddan fiskinn í sjónum eins og viðgengist hefur. Þetta kerfi er siðlaust og í engum takt við það sem segir í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða — að auðlindir hafsins séu sameign þjóðarinnar.

Til að bæta gráu ofan á svart hefur Ríkisendurskoðun úrskurðað að greiða beri erfðafjárskatt af fiskikvóta eða með öðrum orðum að kvóti skuli ganga í arf og Lagastofnun Háskóla Íslands hefur staðfest þessa niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. Þessi úrskurður er kornið sem fyllir mælinn. Hann segir okkur að á fyrri hluta næstu aldar verður komin upp sú staða að einhver hópur erfingja verður orðinn eigandi að stórum hluta þessarar sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar. Og þeir sem þá koma til með að gera út og sækja sjó munu verða að leigja réttinn til þess af þessum erfingjum. Mér finnst því ótrúleg sú skammsýni forustu útvegsmanna að vilja engar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Öll samtök sjómanna hafa hins vegar barist hart fyrir breytingum og sjá í hvert óefni er komið og að hverju stefnir. En þeim útgerðarmönnum fer að vísu fjölgandi sem sjá að óbreytt framsalskerfi getur ekki gengið og eru farnir að tjá sig um það opinberlega. T.d. birtist mjög athyglisvert viðtal við Sighvat Bjarnason, stórútgerðarmann í Vestmannaeyjum, í Ríkisútvarpinu 27. nóvember, þar sem hann sagði að kvótakerfið sem slíkt virkaði ágætlega en hann hafði áhyggjur af neikvæðri umræðu um það og taldi koma til álita að fórna frjálsa framsalinu til að komast út úr umræðunni um kvótakerfið. Þá yrði hætt öllum peningaviðskiptum með veiðiheimildir. Sighvatur taldi að vísu að þetta gæti dregið úr hagræðingu til styttri tíma en yrði tvímælalaust jákvætt til lengri tíma litið og gæti leitt til mikillar hagræðingar fyrir útgerðina.

Svipaðar skoðanir hef ég heyrt í samtölum við marga útgerðarmenn og það er trú mín að þetta kerfi hljóti að láta undan. Þjóðin mun ekki sætta sig við óbreytt ástand með öllum þeim aðferðum sem menn hafa þróað til að braska með fiskinn í sjónum og er svo kórónað með því að þessar veiðiheimildir skuli ganga í arf. Og það er auðvitað þjóðarskömm að því ef þetta kerfi festist endanlega í sessi. Kerfi sem byggist á því að veiðiheimildirnar sem voru afhentar útgerðinni án endurgjalds skuli vera verslunarvara og síðan ganga í arf.

Það er svo margt í þessu kerfi sem fólk skilur ekki og getur ekki sætt sig við. Ég tek sem dæmi sögu sem ágætur kunningi minn, harðduglegur sjómaður, sagði mér nýlega. Þannig var að skipið sem hann var á var selt og skipshöfnin varð atvinnulaus. Hann og skipstjórinn ákváðu þá að reyna að eignast bát sem þeir gætu stundað sjó á og gert út saman. Og nú fóru þeir að skoða báta sem voru til sölu og þá helst með einhverjum kvóta en það fór jafnan svo að þegar þeir fundu bát sem þeim leist á að einhverjir stórkvótaeigendur buðu betur og ekkert gekk eða rak. Þá fóru þeir að huga að því að kaupa kvótalausan bát og ætluðu þá að reyna að eignast kvóta eftir öðrum leiðum. Meðal þeirra báta sem þeir skoðuðu sl. vor var gamall trébátur sem átti að seljast á 22 millj. kr. Bátnum fylgdi ekki eitt einasta kíló af veiðiheimildum. Eigandinn hafði fyrir löngu selt þær allar og kvótinn var núll. Ekkert varð úr bátakaupunum í vor og tvímenningarnir fóru að róa á trillu en hófu aftur leit að stærri bát þegar leið á sumarið. Meðal þeirra báta sem voru í boði í haust var sami gamli trébáturinn en nú kostaði hann ekki lengur 22 millj. heldur 40 millj. Og hvað hafði nú gerst? Jú, línutvöföldunin hafði verið afnumin og kvóti settur á steinbít. Við þessar breytingar fékk útgerðarmaður gamla trébátsins, sem var með allt á hælunum og hafði selt allan kvótann af bátnum fyrir löngu, afhentan kvóta að verðmæti 18 millj. kr. til að braska með. Hálfum mánuði síðar var verðið á bátnum aftur orðið 22 millj. Eigandinn var þá að sjálfsögu búinn að selja allan kvótann.

Það er nú svo að það þykir jafnan fréttnæmt ef einhver vinnur 10–12 millj. í lottóinu og fjölmiðlar segja gjarnan frá því og birta jafnvel viðtöl við þann heppna og myndir af honum og fjölskyldu hans en það er lítið minnst á alla þá lottóvinninga sem kvótabraskarar fá og ég nefndi dæmi um. En venjulegt fólk skilur þetta ekki og sættir sig ekki við að breyting á kerfinu geti fært mönnum tugmilljóna hagnað þó að þeir hafi hvorki stundað sjó né gert út í háa herrans tíð en orðið stórríkir á að selja aðgang að sameign landsmanna, fiskinum í sjónum.

Það er önnur hlið á kvótabraskinu sem sjaldan er nefnd en vert er að íhuga. Það er hvernig þessi miklu viðskipti skila sér til skatts. Ég hitti útgerðarmann vestur á fjörðum nýlega sem gerir út kvótalítinn vertíðarbát. Hann hefur leigt

til sín talsvert af kvóta en sagðist aldrei fá svo mikið sem kvittun hvað þá reikning fyrir þessum viðskiptum sem skipta mörgum milljónum á ári. Eina sem hann hefði í höndunum væri afrit af bankakvittunum sem sýndu að hann hefði lagt tiltekna upphæð inn á reikning einhvers manns í einhverju bankaútibúi einhvers staðar á landinu. Þessi maður hafði miklar efasemdir um að slík viðskipti skiluðu sér til skatts að fullu. Ekki skal ég leggja dóm á það og ekki vil ég ætla mönnum skattsvik en auðvitað er ótrúlegt að öll þau gríðarlegu viðskipti skuli fara fram nótulaust á sama tíma og gerð er krafa um að allir sem stunda einhvers konar verslun og viðskipti skrái þau annaðhvort með útgáfu reiknings eða gegnum sjóðsvélar. Og jafnvel þeir sem reka smá sölubás í Kolaportinu komast ekki hjá því. Ég tek það fram að mér finnst það reyndar sjálfsagt.

Herra forseti. Ég tel að við verðum að stöðva kvótabraskið. Hjá því verður ekki komist. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að það sé gert með því að bannað verði að fénýta kvótann en skipti á veiðiheimildum leyfð enda er stórkostlegt hagræði af þeim. Þetta frv. gengur út á að framsal aflaheimilda verði með þeim hætti sem þingmenn ætluðust til þegar lögin um stjórn fiskveiða voru sett. Og allir þeir braskmöguleikar sem menn hafa þróað í kerfinu verði afnumdir í eitt skipti fyrir öll. Eflaust munu menn koma í þessa umræðu með gamla frasann um að frjálsa framsalið sé undirstaða kerfisins og án þess sé kvótakerfið einskis virði. En sé það svo þá ber þetta kerfi einfaldlega feigðina í sér.

Um 13. dagskrármálið, sem einnig er til umræðu, vil ég taka fram að ég er sammála þeim breytingum sem þar eru lagðar til og hefði reyndar gjarnan viljað ganga lengra en þar er gert ráð fyrir. Ég er andvígur því að ríkið sé að stjórna því hvernig útgerðarmenn endurnýja skip sín og sé enga ástæðu til þess. Ég tel að það sé fyrst og fremst mál viðkomandi útgerðar hvernig hún hagar sínum skipakaupum og sinni útgerð. Þetta ákvæði sem er í lögum hefur bitnað mjög á eigendum loðnuskipa. Loðnuflotinn var að stærstum hluta orðinn mjög gamall. Endurnýjun hans er reyndar mjög aðkallandi. Loðnuflotinn hefur ekki náð að veiða leyfilegan afla ár eftir ár. Vegna þeirra reglna sem eru í gildi hafa menn veigrað sér við að endurnýja þessi skip en staðið í stöðugum endurbótum þess í stað á gömlu skipunum, lengt þau og breikkað og hækkað og stækkað á alla kanta. Gildandi lög hafa einnig komið í veg fyrir að menn leggi í að endurnýja vertíðarbátana. Sá floti eldist stöðugt og úreldist. Mér er kunnugt um bjartsýnismenn sem hafa hug á að endurnýja slíka báta en leggja ekki í það vegna gildandi úreldingarkröfu. Ég er því þeirrar skoðunar að þessum lögum verði að breyta hvort sem sú breyting verður nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. eða ekki.

Ég vil að lokum taka undir allt það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í ræðu sinni um íslenskan skipasmíðaiðnað og er sammála því að íslensk smíði hafi ákveðinn forgang og hvatt sé til viðskipta við innlendar skipasmiðjur. [17:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu og hv. flm. Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson hafa fylgt úr hlaði er auðvitað mikilvægur umræðugrundvöllur að máli sem mjög hefur verið til umfjöllunar upp á síðkastið innan sjávarútvegsins og utan hans. Það er auðvitað orðið ljóst að það framsalskerfi sem verið hefur við lýði í íslenskum sjávarútvegi hefur verið að ganga sér til húðar því að þó að það sé þannig að flestir telji að framsalskerfið sé á einhvern hátt grundvöllur núverandi aflamarksleiðar, þá hafa komið í ljós svo miklar skuggahliðar þessa kerfis að undan því verður ekki vikist að taka það til endurskoðunar. Það er ekki nóg með það, eins og fram hefur komið í máli hv. flm., að ýmis mjög einkennileg atvik hafi komið upp varðandi framsal aflaheimilda milli skipa innan ársins heldur eru ýmsir aðrir þættir kvótakerfisins sjálfs orðnir með þeim hætti að ég efast um að það geti gerst að þetta kerfi lifi óbreytt til frambúðar.

Mig langar aðeins að horfa til baka tvö ár aftur í tímann þegar við hér á Alþingi vorum að ræða frv. til laga um stjórn fiskveiða þar sem m.a. var gengið út frá því að takmarka með einhverjum hætti framsal aflaheimilda. Ég held að það sé rétt að við rifjum aðeins upp viðbrögðin sem urðu þá í þjóðfélaginu við þessari hugmynd, hugmynd sem gekk að sjálfsögðu miklu skemur en sú hugmynd sem reifuð er í frv. þeirra hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og Guðjóns Guðmundssonar, hugmynd sem gekk fyrst og fremst út á að reyna að tryggja það að þeir handhafar aflaheimildanna sem fengju úthlutað aflaheimildum á ári hverju yrðu þeir sem sæju um að veiða þessar aflaheimildir. Brattara var nú ekki markmiðið á þeim tíma.

Við skulum ekki gleyma því að í kjölfarið á frv. risu upp ótrúlega stórir hópar manna, studdir ótrúlega víða að úr þjóðfélaginu sem kröfðust þess að hæstv. sjútvrh. yrði gerður afturreka með þessa hugmynd. Það voru stofnuð óformleg samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi sem kölluðu sig atvinnumenn í sjávarútvegi og gáfu þar með til kynna að aðrir höfðu minna vit á hlutunum en þeir. Þeir lýstu því m.a. yfir í fjölmiðlum, eftir að hafa heimsótt sjútvn. Alþingis, að í nefndinni sætu upp til hópa menn sem þekktu óskaplega lítið til þess sem þeir væru að gera. Þeir væru óafvitandi nánast að rústa sjávarútveginn, koma í veg fyrir alla framtíðarþróun og koma í veg fyrir að hægt væri að hagræða með eðlilegum hætti í sjávarútvegi. Þetta var tónninn þá og þetta var sú lína sem virtist keyrð áfram í þjóðfélaginu og var því miður tekið mjög undir af talsmönnum stjórnarandstöðuflokkanna þáverandi á Alþingi.

Nú er komin reynsla og hefur auðvitað komið í ljós að allt þetta var tóm vitleysa, sú gagnrýni að skerðing á framsali aflaheimilda væri eitthvert sérstakt tilræði við sjávarútveginn. Allt þetta tal hefur reynst tómt bull, tóm vitleysa. Það sem hins vegar hefur gerst frá þessum tíma er að það hafa verið að koma upp það sem ég hef kallað skuggahliðar núverandi aflamarksleiða. Það er ekki nóg með það að menn eins og ég, sem hef frá öndverðu haft efasemdir um sjálfan grundvöll kvótakerfisins, hafi verið að gagnrýna þetta kerfi heldur hafa risið upp menn sem hingað til hafa talið sig vera talsmenn aflamarkskerfisins og sagt: Svona gengur þetta ekki lengur. Ég tek mjög undir það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði áðan. Ég rekst víða á útgerðarmenn sem maður skyldi ætla að hefðu mikla hagsmuni af því að viðhalda aflamarkskerfinu sem segja við mann: Þetta gengur ekki svona lengur. Það er enginn starfsfriður í þessari grein meðan við búum við kerfi sem þjóðin er svona ósátt við og starfsfólkið í sjávarútveginum er svona ósátt við.

Róttækar hugmyndir eins og þær sem reifaðar eru í þessu frv. eru skyndilega farnar að fá meðbyr hjá aðilum sem maður hefði ekki getað ímyndað sér að mundu einu sinni skenkja því þanka að ganga til móts við sjónarmið um það að skerða framsalsréttinn í aflamarkskerfinu.

Einn þessara manna sem skipaði sér í hóp hinna svokölluðu atvinnumanna fyrir tveimur árum og gagnrýndi veikburða tilraunir til þess að takmarka örlítið framsal veiðiheimilda, Sighvatur Bjarnason, einn duglegasti útgerðarmaður á Íslandi, hefur sett fram í Morgunblaðinu mjög athyglisverð sjónarmið sem ég held að sé nauðsynlegt að komist til skila í þessari umræðu. Sighvatur kaus að skrifa tvær greinar um þá sérkennilegu hugmynd um veiðileyfagjald sem hefur örlað á upp á síðkastið og segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Umræðan um kvótakerfið og veiðileyfagjaldið er allt of oft samtvinnuð því um tvö ólík mál er að ræða að mínu mati." Síðan kemur setning sem er mjög athyglisverð og þarf að undirstrika: „Rót umræðunnar liggur hins vegar í kvótakerfinu." Og áfram heldur framkvæmdastjórinn: „Frjálst framsal aflaheimilda, sem er forsenda hagræðingar í greininni, hefur leitt til þess að nokkrir útgerðarmenn hafa brugðist sjávarútveginum og þjóðinni allri og leigt aflaheimildir frá sér en ekkert til sín. Þjóðinni hefur blöskrað framferði útgerðarmannanna. Fjölmiðlar hafa slegið þessu upp og alhæft um þessi einstöku viðskipti eins og um venju væri að ræða í viðskiptum útgerðarmanna. Þetta ber okkur í sjávarútveginum að stöðva. Til þess að svo megi verða þarf hugsanlega að fórna frjálsa framsalinu." Og áfram heldur Sighvatur Bjarnason: „Breyta mætti kerfinu á þann hátt að einungis yrði hægt að skipta á aflamarki (heimildir innan ársins). Þá væri að vísu stór hluti hagræðingarinnar til skemmri tíma fyrir bí. Til lengri tíma tel ég að þetta geti leitt til þess að skip með takmarkaðar aflaheimildir mundu leggja upp laupana. Aflahlutdeildir (varanlegar heimildir) færu til annarra skipa og skipum mundi fækka. Brottkast mundi einnig minnka því að það er ljóst að skip með takmarkaðar heimildir eru líklegri til þess að stunda brottkast en þau sem nægar heimildir hafa. Aflahlutdeildir yrðu hins vegar að geta gengið kaupum og sölum til þess að tryggja hagræðingu í greininni sem er mikilvægt þjóðfélagslegt mál.

Með þessu móti mundi verð á aflamarki ekki verða baksíðufrétt í Morgunblaðinu. Sannleikurinn er einnig sá að mjög takmarkaður hluti aflaheimilda er leigður fyrir peninga. Flestir skipta á heimildum, skipta á þorski fyrir síld, rækju fyrir karfa o.s.frv. Þetta hefur leitt til mikillar hagræðingar sem hefur skilað allri þjóðinni auknum tekjum í formi hagræðingar í greininni."

Það er með öðrum orðum býsna mikið sem hefur breyst frá árinu 1994 þegar það var talið vera að kollsigla sjávarútveginum að setja dálitla þröskulda við framsali aflaheimilda. Nú er einn áhrifamesti talsmaður sjávarútvegsins farinn að tala fyrir því að banna beina leigu á kvóta innan ársins og taka eingöngu upp jöfn skipti og síðan varanleg skipti og sölu á aflaheimildum. Ég held að ástæðan fyrir því að menn eru farnir að horfa einnig á slíkar hugmyndir, menn sem forðum máttu ekki heyra á það minnst að hrófla við kvótakerfinu sjálfu, sé sú að menn sjá auðvitað að það er vaxandi andstaða við núverandi fyrirkomulag við stjórn fiskveiða. Mönnum blöskrar þetta óréttlæti sem er að birtast á hverjum degi með ýmsum hætti og sem á ekkert skylt við fiskveiðistjórnun, ekkert skylt við það að gera út eins og menn gerðu með heiðarlegum hætti í gegnum aldirnar. Þetta kerfi er að búa til einhvern veginn allt öðruvísi útgerðir heldur en við erum vön og viljum sætta okkur við og þess vegna kallar það í sjálfu sér á endurskoðun. Ég held þess vegna að frv. sem hér um ræðir, þó ég hafi um það ákveðnar efasemdir, þá sé mjög nauðsynlegt að við tökum það til umræðu, einfaldlega vegna þess að á grundvelli þess er hægt að fara ofan í þessi mál með betur og skipulegar heldur en gert hefur verið hingað til.

Í fyrsta lagi þarf að sjálfsögðu að skilgreina algerlega hversu stór hluti viðskipta með aflaheimildir er á grundvelli jafnra býtta eins og hv. flutningsmenn leggja til að verði heimilt og hversu stór hluti þessara viðskipta með aflaheimildir er á öðrum grundvelli. Það eru uppi um þetta tilgátur, en það á að reyna að komast að hinu sanna í þessu máli. Ég held að allir séu í rauninni sammála um að það er meginmunur á því hvernig þessi viðskipti fara fram, hvort þau fara fram á grundvelli jafnra skipta eða hvort þau fara fram á grundvelli sölu og leigu á kvótum eins og þau tíðkast að öðru leyti í þessu kerfi. Það er líka ljóst að kerfi af þessu taginu sem lagt er til í frv. gætu haft margvísleg áhrif sem við sjáum e.t.v. ekki nákvæmlega fyrir á þessari stundu hver yrðu. Fyrir það fyrsta er ekki alveg ljóst hvaða áhrif þetta hefði á ýmsa einyrkja. Það t.d. liggur alveg fyrir að staða útgerða sem eru með fleiri skip í svona kerfi eins og hér er verið að leggja til yrði á margan hátt sterkari en staða einyrkjanna vegna þess að hér er hægt að framselja innan útgerða með öðrum hætti heldur en menn gerðu á milli óskyldra útgerða. Þetta þyrftum við að átta okkur á til hlítar hvaða áhrif hefði. Það er ljóst, ef ég vitna nú aftur í grein Sighvatar Bjarnasonar, að hann telur í sjálfu sér það vera markmið að fækka skipunum með litlu kvótana. En við skulum ekki gleyma því að árið 1994 þegar við vorum að tala um þessi mál, þá var einmitt það atriði sem margir settu sig hvað mest upp á móti að þar með væri verið að takmarka frelsi þeirra útgerðarmanna sem hefðu tiltölulega lítil fjárráð og ættu litlar aflaheimildir. Þetta þurfum við að athuga til hlítar.

Í öðru lagi geri ég mér a.m.k. ekki grein fyrir því nákvæmlega hver yrði staða einstakra byggðarlaga að loknum svona breytingum. Það kunna að vera byggðarlög, þó að ég kunni ekki að nefna þau hér og nú, sem eru í þeirri stöðu að þeirra atvinnustarfsemi byggir að einhverju leyti á veiði skipa sem eru með litla kvóta og hafa verið að leigja til sín aflaheimildir. Dæmi um þetta eru t.d. útgerðir á Suðurnesjum, sem hafa stundum verið nefndar til sögunnar, sem hafa verið að leigja til sín miklar aflaheimildir í tonni á móti tonni viðskiptum eða með öðrum hætti og það er ljóst að þeirra grundvöllur yrði allur annar og lakari eftir þetta.

Í þriðja lagi, sem ég sjálfur legg mjög mikla áherslu á, er það hver yrðu líklega áhrifin af þessari breytingu á verðlagningu fastakvótans. Ég er þeirrar skoðunar að í verðlagningu fastakvótans eins og hann er í dag sé fólgin óskapleg feigð fyrir þennan sjávarútveg. Menn eru að benda á óeðlilega hækkun á aflaheimildum skipa sem veldur því að menn sem eiga skip kannski í eitt ár eru að fá ekki tugi heldur jafnvel hundruð milljóna í söluhagnað af þessum skipum. Þetta er auðvitað ekkert í samræmi við neitt annað sem er að gerast í þessu þjóðfélagi. Þess vegna er það mjög þýðingarmikið að við áttum okkur á því hvort breyting af þessu taginu gæti haft áhrif til enn meiri hækkunar á varanlegar aflaheimildir.

Ég held hins vegar að kosturinn við það að þetta frv. er komið fram sé m.a. í því fólginn að það muni kalla á vinnu í sjútvn. Alþingis. Það muni kalla á það að eftir verði leitað með nauðsynlegar upplýsingar og menn taki þá skipulega umræðuna um kvótabraskið sem svo mjög hefur verið til umfjöllunar í samskiptum sjómanna og útgerðanna.

Á þessum vetri munu verða gerðir sjómannasamningar og það er alveg ljóst að grundvöllurinn í þeirri samningagerð

verður afstaðan til fiskveiðistjórnunarkerfisins. Það verður ekki þessi hefðbundna deila um kvótakerfi og ekki kvótakerfi. Það verður heldur hitt að sjómenn eru þeirrar skoðunar að svo mikið vaxandi óréttlæti viðgangist í þessu kerfi að það verði ekki undan því vikist að taka á því með einhverjum hætti. Ég held því að það sé alveg ljóst að við slíka samningagerð mun löggjafinn, mun Alþingi, með einhverjum hætti þurfa að koma, ekki með beinu inngripi í sjómannasamningana heldur til þess að skapa þann lagalega ramma sem gæti orðið til þess að búa til einhvern frið í þessari mikilvægustu atvinnugrein okkar þjóðar. Þess vegna fagna ég því að þetta frv. er komið fram þó að ég hafi vissulega um það efasemdir eins og ég sagði áðan. Ég tel hins vegar að það sé svo skrifað á vegginn að undan því verði ekki vikist að taka fiskveiðistjórnarkerfið til endurskoðunar og umræðu að það sé fagnaðarefni út af fyrir sig að sjá frv. af þessu taginu koma fram þar sem er þó tekið til efnislegrar umfjöllunar eitt þeirra atriða sem hvað mest stingur í augu við framkvæmd núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis.

[17:30]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil fá að segja fáein orð um frv. sem hv. síðasti ræðumaður gerði aðallega að umtalsefni, þ.e. 67. mál, flutt af hv. þingmönnum Guðmundi Hallvarðssyni og Guðjóni Guðmundssyni, sem er til umræðu ásamt 108. máli.

Frv. gengur út á að takmarka eða að afnema að mestu svonefnt framsal veiðiheimilda en það fyrirbæri gengur oft í daglegu tali undir vinnuheitinu kvótabrask. Ég vil eins og jafnan þegar þessi mál eru rædd nálgast þetta út frá því að gera skýran greinarmun annars vegar á því hvort um er að ræða það sem nefna má leigu á veiðiheimildum og hins vegar hvort um er að ræða varanlegt afsal veiðiréttarins.

Ég er þeirrar sannfæringar og ég held að hún hafi styrkst í umræðum undanfarna mánuði og undanfarin eitt til tvö ár þegar þessi mál hafa verið mjög í brennidepli, að það sem stingi mest í augu og það sem í raun og veru veldur þeirri miklu ólgu og reiði sem maður verður var við í garð þessa fyrirkomulags, sé leigan á veiðiheimildunum, þ.e. sú staðreynd að kerfið býður upp á möguleika til að fénýta veiðiréttinn endurtekið ár eftir ár án þess að menn nýti hann sjálfir nema að mjög litlu leyti. Það að menn geti þannig haft afnotaréttinn af fiskimiðunum, veiðiréttinn, að féþúfu, endurtekið og árum saman án þess að leggja neitt af mörkum sjálfir, er það óréttlæti sem að mínu mati er að fylla mælinn. Hvernig, eins og hér er gert ráð fyrir, hinn varanlegi veiðiréttur eða aflahlutdeild skiptir um hendur er svo annað mál sem nálgast má eftir ýmsum leiðum.

Hér er í raun lögð til sú skipan að veiðiheimild fylgi skipi og sé óframseljanleg frá því. Þar með er verið að leggja til, ef ég hef skilið málið rétt, að menn hverfi aftur til fyrra fyrirkomulags þegar aflakvóti, veiðiheimildir, gátu skipt um hendur í gegnum kaup á fiskiskipum en eingöngu þannig. Það mun að sjálfsögðu hafa ákveðnar afleiðingar ef horfið yrði aftur til þess fyrirkomulags, verðið mun færast yfir í skipin í samræmi við þær veiðiheimildir sem þau hafa o.s.frv.

Herra forseti. Miðstjórn Alþb. hefur ítrekað og nú síðast á fundi í haust, ályktað um það mál að það beri að taka fyrir leigubraskið í kvótakerfinu. Ég kýs að ræða þetta út frá þeim möguleikum sem í stöðunni eru að mínu mati til þess að taka a.m.k. í einhverjum mæli á því svipað og hér er lagt til. Ein útgáfa er lögð til í þessu frv. Ég vil þó áður taka fram að ég er sammála því sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að ég held að það verði ekkert undan því vikist að taka einhvern veginn á þessu ástandi sem ríkir og mönnum mun ekki takast að skjóta sér undan því að horfast í augu við stöðuna eins og hún er og fyrr eða síðar held ég að þetta springi í andlit manna á einhvern hátt nema menn nái saman um einhverjar skynsamlegar lagfæringar sem duga til þess að sátt takist um kerfið. Ég hef ekki trú á því að það verði pólitísk samstaða í landinu eða það verði samstaða í samskiptum útgerðar og sjómannastéttarinnar til þess að framfylgja algjörlega óbreyttu kerfi áfram mörg missiri eða mörg ár í viðbót. Ég hef ekki trú á því. Og þar er ekki síst mikilvægt að auðvitað verður að ríkja um þetta mál einhver lágmarksfriður innan greinarinnar og milli þeirra aðila sem verða að ná saman um sín hagsmunamál í þessum efnum og þá einkum og sér í lagi útgerðarmanna og sjómanna.

Vissulega koma ýmsir möguleikar til greina ef markmiðið er að bremsa af eða afnema hið svonefnda kvótabrask og fleiri en þeir sem lagðir eru til í þessu frv. og ég tel að þeir eigi allir að koma til skoðunar. Mönnum er vandinn ljós eða hafa áður rætt um aðferðir til a.m.k. að stemma stigu við þeim leiguviðskiptum með veiðiheimildir sem stóraukist hafa á undanförnum árum. Við síðustu meiri háttar endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða var ýmislegt reynt í þessum efnum. M.a. kom inn tímabundið ákvæði um að ekki væri heimilt að flytja meira en jafngildi þeirra veiðiheimilda sem væru á hverju skipi yfir á það, þ.e. svonefnd tvöföldunarregla. Næst kom svo það ákvæði sem enn er í gildi að menn skulu að lágmarki nýta sem svarar 50% af þorskígildum, heildarveiðiheimildum viðkomandi skips, sjálfvirkt annað hvert ár. En staðreyndin er sú að þó að hugsunin sé ágæt sem á bak við þá reglu liggur, þá er útfærslan þannig að hún er nánast gagnslaus. Hún bítur nánast ekki neitt. Og þar kemur til að þarna er einungis um að ræða helming veiðiheimildanna og aðeins annað hvert ár, þannig að í raun og veru er hægt að leigja þær 100% annað árið og 49% hitt, og svo hitt að þarna er miðað við heildarþorskígildi veiðiheimilda á viðkomandi skipi eftir skipti eða hvernig sem menn kjósa að útfæra það. Með öðrum orðum nægir mönnum að taka sem nemur helmingi veiðiheimildanna umreiknað í þorskígildi í einhverjum veiðum annað hvert ár. Þetta er ekki bundið við tegundir og útfærsla af þessu tagi felur í sér að það er afar auðvelt í flestum tilvikum fyrir menn að fullnægja þessari lágmarkskvöð ef skipin eru á annað borð haffær og geta stundað einhverjar veiðar að gagni, þó ekki sé nema annað hvert ár. Þó þau hvíli sig og safni kröftum hitt árið, þá dugar það.

Þarna er þá eðlilegt að skoða að mínu mati í fyrsta lagi: Er þá ekki unnt a.m.k. að beita þessari reglu þannig og breyta henni að í henni sé eitthvert verulegt gagn? Það mætti hugsa sér að gera með tvennum hætti. Annars vegar að hækka prósentuna, færa þessa hlutdeild, nýtingarkvöð, upp í 75% og láta hana verka á hverju ári, nema þá að einhver „force majeure“ ákvæði kæmu til vegna meiri háttar bilana eða annars slíks. Og síðast en ekki síst yrði hún að sjálfsögðu mikið beittari ef hún væri að einhverju leyti bundin við tegundir þannig að menn yrðu þá að nýta þær tegundir sem skráðar væru á skipið á hverjum tíma í verulegum mæli, en gætu ekki geymt árum saman t.d. aflaheimildir í bolfiski á skipum sem eingöngu eru gerð út á rækju og ekkert veiða nema rækju árum saman en teljast í skilningi laganna nýta sinn þorskkvóta að hálfu annað hvert ár af því að þetta er umreiknað í þoskígildi. Þannig er reglan núna og eins og ég

segi, meira og minna gagnslaus eins og hún er útfærð. Ég tel að það mætti að verulegu leyti stemma stigu við þessu braski, ef menn kjósa að kalla það svo, með því að breyta þessari reglu, hækka kvöðina og binda nýtinguna að einhverju leyti við tegundir.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, væri hægt að beita einhvers konar fyrningarreglu á ónýttar veiðiheimildir. Það mundi verka þannig að þær veiðiheimildir sem skráðar væru á skip og ekki væru nýttar af því skipi, fyrntust að einhverjum tilteknum hluta á hverju ári og sú fyrning gengi yfir í sameiginlegan óskiptan pott. Það er náskyld hugsun þeirri sem hér er á ferðinni í frv. en verkar þó öðruvísi, þ.e. þannig að þar var ekki um beinlínis kvöð að skila veiðiheimildunum inn á hverju ári heldur verkar reglan hægt og bítandi í þá átt að engin skynsemi er í því fyrir útgerðarmenn að hafa skráðar veiðiheimildir á skip nema nákvæmlega þær sem þeir nýta á hverju ári vegna þess að annars fellur einhver hluti þeirra dauður eða fyrnist. Slíka reglu væri afar einfalt að setja inn í núverandi kerfi og ég spái því að ef menn fyndu þar hóflega, mátulega fyrningarprósentu eða mátulegt fyrningarhlutfall, þá gæti hún verkað prýðilega ásamt með e.t.v. hækkaðri nýtingarkröfu til þess að bremsa verulega niður þessar færslur.

Það mætti líka hugsa sér í þriðja lagi að reglu af því tagi, sem að mínu mati væri full ástæða í ljósi reynslunnar til að setja inn í fiskveiðistjórnunarlögin, að kvóti væri felldur niður í tegundum sem ekki væru nýttar í samræmi við útgefnar aflaheimildir t.d. tvö ár í röð, samanber t.d. loðnu, en ljóst er að við höfum orðið af milljarðaverðmætum mörg undanfarin ár vegna þess að kvóti er gefinn út á loðnu sem ekki hefur náðst ár eftir ár. Samt sem áður er honum viðhaldið. Það má auðvitað spyrja sig: Hverjum er þá kerfið farið að lifa öðrum en sjálfu sér þegar kvóta er haldið árum saman á tegundum sem ekki eru fullnýttar, á stofnum sem eru í mjög góðu ásigkomulagi og hafa aldrei verið stærri og betur á sig komnir eins og t.d. loðnan er um þessar mundir að mati fiskifræðinga? Sama má segja um úthafsrækju á ákveðnum tímum, að sá kvóti var ekki nálægt því fullnýttur sum ár.

Væru inni í lögunum um stjórn fiskveiða alveg skýlaus fyrirmæli um að það skuli ekki viðhalda kvóta á tegundum ef kvótinn næst ekki árum saman — að sama skapi á að sjálfsögðu ekki að setja kvóta á tegundir ef fiskifræðileg rök kalla ekki á það, t.d. steinbít. Það er aldeilis fráleitt og í algerri andstöðu við upphaflegan tilgang laganna um kvótann eða stjórn fiskveiða að þessu leyti að settur sé kvóti á tegundir ef fiskifræðileg rök kalla ekki á það. (**SvG:** Af hverju er það þá gert?) Það er gert vegna þess að kerfið er farið að lifa af sjálfu sér að verulegu leyti, hv. þm., því miður. Nærtækasta sönnun þess er auðvitað sú að eftir að kvótinn er einu sinni kominn á, þá mundu fjöll og dalir fyllast og jafnast út áður en menn taka hann af jafnvel þó að fiskifræðilegu rökin séu horfin, þó að það sé ljóst að ekki sé afkastageta í landinu, hvorki í skipum né vinnslustöðvum, til þess að fullnýta stofninn, a.m.k. ekki ef sóknin er heft með kvóta eins og gert hefur verið í uppsjávarfiskunum undanfarin ár. Það dregur úr afkastagetu flotans að hafa kvóta vegna þess að þá klára sum skipin sínar veiðiheimildir og hætta, þó að kannski eftir sem áður falli 100–200 eða 300 þúsund tonn dauð. Þarna eru menn í miklum ógöngum, herra forseti, vegna þess að kerfið hefur of mikil völd. Það lifir sjálfu sér í of ríkum mæli og þessi dæmi sanna það.

Með breytingum af því tagi sem ég hef verið að gera grein fyrir og snúa líka að sjálfum grundvelli kvótakerfisins mætti að sjálfsögðu hafa veruleg áhrif á stöðuna hvað þetta snertir, hvað leigubraskskerfið varðar og hvað verðið á veiðiheimildunum snertir því það er ljóst að verðið mundi lækka ef menn stæðu frammi fyrir þeim möguleika að kvótinn gæti horfið burtu í tegundum sem ekki næðist að fullnýta sum árin. Slík hefur stífnin verið, herra forseti í þessu, að ekki einasta hefur kvótasetningunni verið haldið á þessum tegundum heldur hefur ekki fengist að gefa t.d. sóknina frjálsa síðustu vikur vertíðarinnar þegar við blasir að hundruð þúsunda tonna munu falla niður óveidd. Til eru skip sem hafa möguleika á nótaveiðum og hafa litlar sem engar veiðiheimildir og gætu bæst í flotann við þær aðstæður að ljóst er orðið að kvótinn mun ekki nást eins og er afar líklegt að muni gerast á þessari vertíð, þá þriðja ef ekki fjórða árið í röð vegna þess að nú er búið að gefa út stærsta kvóta sögunnar.

Þessa hluti, herra forseti, ætti að mínu mati að taka inn í samhengi þessarar umræðu sem hér fer fram. En nærtækasta og hreinlegasta aðferðin er að sjálfsögðu að taka fyrir leigubraskið, afnema úr kerfinu þann möguleika að menn geti fénýtt veiðiheimildirnar innan árs og endurtekið ár eftir ár með leigu. Í staðinn ætti að mínu mati að setja þá reglu að öll viðskipti með varanlegan afnotarétt fari yfir viðurkenndan markað þar sem samband milli seljenda og kaupenda er rofið. Þar með væri kominn sá grundvöllur undir kerfið að ekki væri um leiguviðskipti að ræða. Þau væru ekki möguleg við þær aðstæður. Það væri ekki hægt að skila veiðiheimildunum aftur og menn gætu ekki átt viðskipti milli tengdra aðila. Ef þetta væri grundvöllurinn ásamt með t.d. hækkaðri nýtingarkröfu á veiðiheimildunum og fyrningarreglu, þá er ég þeirrar skoðunar að það mætti gera tiltölulega einfaldar en stórfelldar lagfæringar á þessu kerfi sem kæmu verulega til móts við þau að mörgu leyti réttmætu sjónarmið sem uppi eru og gagnrýna núverandi ástand þar sem margt stingur í augu.

Ég vil að lokum, herra forseti, fullvissa þá sem hafa nefnt að þessi mál þurfi skoðunar við í hv. sjútvn., um að við, sem þar störfum munum gera okkar besta til að tryggja að svo verði. Ég held að hárrétt sé sem sagt var líklega af síðasta eða næstsíðasta hv. ræðumanni að mjög mikilsvert sé að ítarleg skoðun og vönduð umræða fari fram um þessi mál. Ég bind vonir við að þingið sýni sjálfu sér þá virðingu á þessum vetri að það reyni að ná málefnalegri og efnislegri niðurstöðu um þessi mál fyrir vorið þegar þau eru á annað borð komin hér á dagskrá.

[17:45]

Útbýting þingskjala:

Framhaldsnám fatlaðra, 221. mál, fsp. ÁÞ, þskj. 286.

Frjálst námsval milli Norðurlanda, 222. mál, fsp. SJóh, þskj. 287.

Losun gróðurhúsalofttegunda, 220. mál, fsp. HG, þskj. 285.

[17:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að árétta það sjónarmið sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., er lýtur að úthlutun á kvóta í tegundum sem eru ekki nýttar. Þetta er mjög furðulegt fyrirbrigði og undirstrikar það að aflamarkskerfið er í sjálfu sér ekki lengur framkvæmt þannig að menn séu að horfa á hin upprunalegu markmið t.d. um verndun fiskstofnanna, hagkvæma nýtingu, treysta byggðina eða eitthvað slíkt, heldur er þetta kerfi í sjálfu sér farið að

hafa sjálfstæða efnahagslega þýðingu fyrir tilteknar útgerðir. Það getur ekki haft annan tilgang en þann að skapa og búa til efnahagsleg verðmæti fyrir menn til þess að vinna úr þegar menn eru að úthluta aflaheimildum og kvótum með tveimur aukastöfum á hvert skip í tegundum sem við blasir að muni ekki nást. Það hefur gerst ár eftir ár t.d. í loðnunni, rækjunni og ýsunni, að þessar tegundir hafa ekki náðst. Engu að síður hafa þessar aflaheimildir selst á háu verði og skapað hér furðulegt ástand þar sem gríðarlegur söluhagnaður upp á tugi ef ekki hundruð milljóna hefur orðið til, allt á grundvelli aflaheimilda í tegundum sem ekki næst einu sinni að veiða. Þetta er ákaflega afkáralegt og er auðvitað lágmark að þær breytingar verði gerðar að veiðarnar verði gefnar frjálsar á þeim tegundum sem fyrirsjáanlegt er að muni ekki nást, annaðhvort með því móti sem hv. þm. lagði til þ.e. ef aflamarkið næðist ekki á tveimur árum yrði hið þriðja gefið frjálst ellegar að gefa veiðiheimildirnar frjálsar þegar ljóst væri í lok fiskveiðiárs að tegundirnar næðust ekki. Ég vil þess vegna undirstrika og taka mjög undir þetta sjónarmið. Ég held að þetta sé mjög þýðingarmikið í því að reyna að draga úr því mikla óréttlæti sem er samfara þessu kerfi.

[17:48]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta öðru en því að ég held að nauðsynlegt sé að gera mjög skýran greinarmun á því hvers konar aðstæður liggja til grundvallar því að ekki næst að veiða úthlutaðar veiðiheimildir í tegundum. Það getur verið mismunandi. Í sumum tilvikum getur það verið vegna þess að ástand stofnsins er kannski lélegra en menn ætla eða fiskurinn gefur sig alls ekki til, eins og dæmin hafa sýnt t.d. um ýsu og ufsa á köflum á undanförnum missirum. En í öðrum tilvikum er alveg ljóst að ástæðan er þveröfug. Ástæðan er sú að stofninn er í svo góðu ásigkomulagi, úthlutaður kvóti er svo mikill að í raun og veru er ekki veiðigeta í landinu eða afkastageta til að nýta hann til fulls. Sérstaklega ekki vegna þess að hún er að hluta til dempuð niður með kvóta, óþörfum kvóta sem ekki eru fiskifræðileg rök fyrir að viðhalda. Þá komum við að því sem rætt var um, að grunnurinn undir þessu var að sjálfsögðu sá að fiskifræðilegar forsendur kölluðu á vernd fiskstofnsins. Það yrði að draga úr sókninni í hann og þess vegna yrði að setja á kvóta.

Ég tel einnig að hollt sé fyrir Alþingi, löggjafann, að velta því fyrir sér hvort það valdaframsal sem í raun er innbyggt í lögin og gefur sjútvrh. alræðisvald gagnvart því hvort og þá hvenær skuli kvótasetja tegundir. Hvort það sé í raun og veru samrýmanlegt t.d. nýjustu hæstaréttardómum þar sem varað er mjög við því að menn gangi án leiðbeiningar svo langt út á þá braut að fela sjútvrh. slíka hluti eða öðrum ráðherrum eftir atvikum.

Herra forseti. Ég held að mjög brýnt sé og þarft að skoða þessa hluti ásamt ýmsu öðru sem hér hefur verið nefnt og sjútvn. mun að sjálfsögðu gera.

[17:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu frv. sem ég fagna mjög að er komið fram í hv. Alþingi. Það er mjög tímabært að rætt sé um það kerfi framsals sem hefur verið á aflaheimildum á undanförnum árum.

Í upphafi aflamarkskerfisins voru engir framsalsmöguleikar til staðar eins og flestir vita. Þá þótti mönnum kerfið þrengja verulega að sér þannig að ýtrustu hagkvæmni væri erfitt að ná vegna þess hversu menn voru bundnir af því að fiska upp í sínar tegundir þó svo lítið væri eftir og kannski ekki forsenda fyrir því að fara á sjó. Það var því með hag útgerðarmanna í huga, og við skulum segja þeirra sem lifa af útgerð, að menn fóru út í að heimila framsal aflaheimilda svo að betur gengi að hagræða innan útgerðarinnar þannig að hún hefði betri möguleika á öðrum sviðum.

Framsalið hefur að mörgu leyti opnað fyrir möguleika sem menn sáu ekki fyrir en hafa skapað, ekki bara útgerðinni heldur þjóðarbúinu öllu og þeim sem við sjávarútveg vinna, mjög mikla arðsemi og möguleika. Það hefur fært ýmsum svæðum sem hafa tapað stórum hluta af sínum aflaheimildum aðra möguleika til að standa í útgerð og sjómennsku sem þeir hefðu ekki haft ef þessir möguleikar væru ekki til staðar.

Ég hef áður nefnt á hv. Alþingi þær tölur sem liggja fyrir hjá Fiskistofu um framsal milli kjördæma á síðasta fiskveiðiári. Þar kom fram að til Reykjaneskjördæmis voru keypt á síðasta fiskveiðiári um 17 þús. tonn umfram það sem var selt þaðan. Þetta eru gríðarlega háar tölur og ef við lítum á þá sem hafa selt frá sér aflaheimildir, þá er Norðurland eystra hæst með yfir 10 þús. tonn umfram það sem þeir keyptu, Norðurland vestra með um 8 þús. tonn og Vestfirðir eru með sömu tölu umfram það sem þeir keyptu. Þessi þrjú kjördæmi hafa því selt umtalsvert af sínum aflaheimildum frá sér. Ég hef ekki kannað nákvæmlega hvers vegna þeir selja svona mikið frá sér en eigi að síður hafa þeir séð sér hag í því.

Þetta mikla framsal hefur opnað fyrir úthafsveiði sem við höfðum haft fyrir framan augun á okkur jafnvel áratugum saman, eins og á Reykjaneshrygg, þar sem erlendir aðilar höfðu stundað karfaútgerð með mjög góðum árangri án þess að Íslendingar litu yfirleitt við því að reyna fyrir sér á þeim slóðum. Eftir að framsalið var heimilað hafa menn nýtt sér þetta af miklum áhuga og hægt er að segja að þá fyrst hafi verið farið yfir strikið þegar við komumst inn í þessa miklu veiði. En eigi að síður er okkar hlutur þó einhver þegar farið er í að skipta úthafsveiðinni milli landa sem annars hefði ekki verið neinn með sömu sóknarþyngingu sem fyrirsjáanleg var af öðrum þjóðum.

En öllu því sem gert er fylgir þó eitthvað sem óæskilegt er þegar litið er til heildarinnar og því verður ekki á móti mælt að ýmislegt hefur komið upp í sambandi við framsalið sem ekki er hægt að verja. Þess vegna vil ég að mörgu leyti taka undir það sem kemur fram í þessu frv. Með frv. er verið að reyna að taka á slæmum tilvikum sem komið hafa upp á undanförnum tveimur árum fyrst og fremst, þar sem þetta mjög svo óhefta framsal hefur leitt af sér ýmislegt sem engum datt í hug, eins og oft vill verða þegar menn skoða hlutina ekki nógu vel fram í tímann. Komið hefur á daginn að við sem lögðum hinu svokallaða kvótakerfi lið súpum seyðið af því í dag.

Ég vil nefna fyrst og fremst tvö atriði sem hafa skorið í augun. Það er atriði sem hefur komið fram hér í dag þ.e. að áhafnir skipa hafa verið látnar taka þátt í kvótakaupum. Í mínum huga er alveg ólíðandi að útgerðarmenn skuli hafa farið út í slíkar aðferðir og sýnir einfaldlega hvað þeir eru í sjálfu sér sveltir af aflaheimildum en eigi að síður sýnir það líka hvað menn teygja sig langt í aflaframsalinu og þessum kaupum þegar svona kerfi eru búin til á annað borð. Útgerðarmenn hafa einnig leyft sér að selja frá sér aflaheimildirnar jafnvel árum saman án þess að fara nokkurn tímann á sjó, eftir því sem mér er sagt, og komið með einhverjum loftfim-

leikum afla sínum fyrir með því að láta aðra veiða hann fyrir sig þótt hann sé skráður á þeirra eigin skip. Það er náttúrlega alveg með ólíkindum að slíkt hafi getað gerst. Mér er sagt að slíkt hafi gerst — að þeir sem hafi átt að veiða 50% af aflaheimildum sínum annað hvort ár hafi ekki þurft að gera það. Þetta er náttúrlega ólíðandi með öllu og sýnir okkur hversu nauðsynlegt er í rauninni að kippa þarna í spottann með einhverju móti.

Umræður um þetta svokallaða kvótabrask fengu náttúrlega nýja vængi þegar línutvöföldunin var afnumin á þinginu í fyrra og þarf ekki að orðlengja meira um það. Ég hef margoft lýst yfir mikilli óánægju minni með að það skyldi hafa verið gert. Verður maður að furða sig á því að þeir hv. þm. sem hafa komið í ræðustól á undanförnum dögum og hafa haft áhyggjur af landvinnslunni voru þeir sömu sem lögðu hvað harðast að sjútvn. að samþykkja afnám línutvöföldunar. En línutvöföldunin var einmitt það útgerðarform sem hafði skapað langmestu landvinnsluna á þeim tíma sem nú fer í hönd þ.e. yfir tímabilið frá nóvember til febrúar.

Með frv. er verið að gera tilraun til að taka á þessu, eins og ég hef sagt. Frumvarpið er þó kannski einum of afdráttarlaust þannig að með löggildingu þess værum við að koma í bakið á þeim kjördæmum sem hafa verið að reyna að bæta sér upp slæma kvótastöðu með því að geta keypt upp aflaheimildir eða leigt aflaheimildir frá öðrum svæðum samanber Reykjaneskjördæmi eins og ég minntist á áðan.

Það er reyndar gert ráð fyrir því í frv. þeirra hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar og Guðmundar Hallvarðssonar að heimilt sé að framselja á milli skipa innan sömu útgerðar og milli skipa með afla á móti afla, ekki kaup. Ég tel að þetta gæti leitt til þess að skip eða stærri útgerðir mundu einfaldlega kaupa sér önnur skip til að ná þeim afla sem þau hafa til úthlutunar frekar en að missa hann frá sér. Það mundi þýða að í Reykjaneskjördæmi, ef við tökum það sem sérstakt dæmi, mundi missa þann afla sem þangað hefur þó verið keyptur. Ég held líka að slíkt mundi geta leitt til þess að menn mundu fara út í óhagkvæmari veiði en þeir hafa hingað til gert með því að veiða þessa slatta sem fylgja hverri veiðitegund án þess að hafa nokkurn hag af því og þar með missa þann möguleika að geta selt hann frá sér fyrir einhvern pening og komið öðrum kjördæmum til góða sem hafa sannanlega þörf fyrir þessar aflaheimildir.

Ég held því að ekki sé ráðlegt að ganga svona langt en fagna því að byrjað er að ræða þetta og vildi leggja inn í þá umræðu hugmyndir sem hafa svo sem verið ræddar áður en mér finnst þurfa að koma fram aftur, þ.e. við mundum hugsanlega ná þessum markmiðum með því að takmarka framsalið við helming úthlutaðra aflaheimilda á hverju ári, þ.e. að útgerðir verði að veiða á hvert skip a.m.k. helminginn af öllum þeim aflaheimildum sem þau fá úthlutað á hverju ári, en ekki annað hvert ár. Ég teldi að það væri a.m.k. góð byrjun til að ná tökum á þeirri miklu framsalsöldu sem hefur náð sér á skrið. Ég mundi einnig segja að sú tillaga sem Landssamband íslenskra útvegsmanna kom með fyrir ári síðan um að einstök skip mættu ekki kaupa meira en sem næmi eigin úthlutun eða tvöfaldað sinn veiðimöguleika, gæti líka verið allrar athygli verð og full ástæða til að kanna þann möguleika betur. Það mundi að sjálfsögðu þýða að kvótalitlir bátar ættu minni möguleika en það mundi jafnframt þýða að í sambandi við þá nauð sem hefur rekið suma útgerðarmenn til þess að fá sjómenn til að taka þátt í kvótakaupum, að þeir mundu annaðhvort hætta útgerð eða draga stórlega úr því að fá sjómenn inn í þessa verslun sína.

Ég vænti þess að í vinnunni sem fer fram í hv. sjútvn. verði þessar hugmyndir allar skoðaðar og vonast til þess að við ræðum þær aftur við 2. umr. á hv. Alþingi sem ekki mun af veita því sífellt eru ný og ný dæmi að koma upp.

Mig langaði aðeins að ræða um frv. sem lagt var fram af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni o.fl. um úreldingu fiskiskipa. Ég fagna því frv. einnig því ég tel að þar sé hreyft mjög þörfu máli sem hefur oft komið inn á þingið áður. Ég tek undir þau sjónarmið sem komið hafa fram frá öðrum þingmönnum um að þar sé kannski ekki gengið nægjanlega langt í að opna þetta ákvæði. Þó svo að um jákvætt skref sé að ræða þá er ég einn af þeim sem telja að í rauninni sé tímabært að fara að ganga alla leið undir því aflamarkskerfi sem við höfum í dag. Ég geri ráð fyrir því að það verði við lýði áfram svo fremi að menn nái tökum á þessu aflaframsalsmáli og fari ekki að slysast með einhver önnur vandræðamál inn í þetta, þ.e. að þá verði aflamarkskerfið það fiskveiðistjórnunarkerfi sem við komum til með að vinna eftir á næstu árum og jafnvel lengur, jafnvel áratugum. Það þýðir í mínum huga að við erum og verðum að treysta því að útgerðarmennirnir sjálfir sjái hvernig hagkvæmast er fyrir þá að stjórna veiðinni sem þeim er úthlutað árlega. Mér finnst það ekki vera stjórnvalda að velta því fyrir sér hvort viðkomandi er að ná því á 100 tonna skip eða 500 tonna skip. Mér finnst að það eigi að vera á ábyrgð þeirra útgerðarmanna sem hafa fengið þessa aflahlutdeild og að þeim sé að sjálfsögðu þar að auki gert kleift að mæta þeim miklu kröfum sem nú eru, eins og varðandi gæði afla, aðbúnað um borð í fiskiskipum og ekki hvað síst að gera skipum sem nú stunda úthafsveiðar mögulegt að bæta aðbúnað manna sem í mörgum tilfellum er mjög ómanneskjulegur og gera þessum skipum einnig kleift að sækja afla á enn fjarlægari mið en nú, því í sannleika sagt eru úthafsveiðiskipin okkar of smá ef eitthvað er.

Þau rök sem hafa komið gegn því að heimila algjört frjálsræði hvað þetta varðar eru að það muni aukast mjög að afla verði hent fyrir borð og menn muni fara að velja meira úr aflanum en þeir hafa gert hingað til. Í mínum huga eru þetta ekki haldbær rök því að það er alveg ljóst að enn er í fullu gildi að afli per togtíma eða afli á sóknareiningu er grundvöllur hagkvæmni útgerðarinnar. Og ef farið er að henda sífellt meiri afla eftir því sem skipin stækka hlýtur það einfaldlega að þýða að ekki verður hægt að gera út. Á þessum stóru skipum standa menn yfirleitt ekki frammi fyrir því að aflinn sé mjög misjafn sem kemur inn fyrir borðstokkinn. Ég hafna því þeim rökum að frjálsræði í þessum efnum muni þýða meira brottkast afla.

Ég hafði í hyggju í síðasta mánuði að leggja fram frv. sem í fælist að heimila útgerð frjálsræði í skipakaupum og skipasmíðum ef hún hefði á annað borð veiðileyfi og eitthvert aflamark. Ég hætti aftur á móti við það eftir að hafa talað við hæstv. sjútvrh. um málið. Hann tjáði mér að hann hefði hugsað sér að í byrjun desember yrði skipuð nefnd á vegum hans sem mundi fara ofan í úreldingarmál fiskiskipa og að þeirri nefnd yrði falið að ljúka því máli á næsta ári, við skulum segja fyrir þinglok í vor. Þannig að ef svo fer sem mér sýnist eru þessi mál strax komin á góðan rekspöl og það frv. sem við ræðum nú frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og fleirum mun að sjálfsögðu verða mjög gott innlegg í þá umræðu. Menn munu væntanlega eftir þá vinnu geta komist að niðurstöðu sem mun nýtast okkur í frumvarpsformi sem yrði lagt fyrir hv. Alþingi.

[18:09]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Eitt helsta úrlausnarefni sem ætti stöðugt að vera í vinnslu á hinu háa Alþingi er lagfæring á lögum um stjórn fiskveiða. Það hefur verið sagt að lögin séu í stöðugri endurskoðun. Ég spyr: Hvar sjást þess merki? Sjást þess merki í sjútvrn.? Hefur kvótabrask minnkað? Svar mitt við þessum spurningum er nei. Kvótabrask hefur aldrei verið meira en á liðnu fiskveiðiári og afleiðingarnar eru minnkandi tekjur sjómanna. Þeir eru knúnir til þátttöku í kvótakaupum og ef menn makka ekki rétt og eru með eitthvert kjaftæði um slík mál þá geta þeir hirt pokann sinn eins og dæmin sanna. Menn segja að brottkast hafi minnkað og vonandi er að svo sé. En vissulega hefur tekist að draga úr umræðunni því þeir sem segja frá slíku athæfi missa skipsrúm með það sama og fá varla vinnu á sjó aftur. Það er ástæða til þess að viðhafa nokkrar tilvitnanir í umræðu um þessi tvö þingmál og þá sérstaklega hið fyrra, nr. 67. Það væri, herra forseti, mjög gott ef við hefðum haft fyrirliggjandi svar við spurningu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar sem lagði svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Hverjar voru skatttekjur ríkissjóðs af viðskiptum með aflaheimildir á árunum 1994–95, sundurliðaðar eftir skattumdæmum?

Er það mat ráðherra að skattskil vegna þessara viðskipta séu eðlileg og fullnægjandi? Ef svo er ekki, hvað er til ráða?"

Herra forseti, þessi fyrirspurn var lögð fram 11. nóvember sl. Henni hefur enn ekki verið svarað. Það hefði verið gott innlegg í umræðuna að hafa þessar upplýsingar sem hefðu átt að liggja fyrir hér fyrir þremur vikum. Ég hygg, herra forseti, að lítið hafi komið í ríkissjóð af þessum viðskiptum, sem réttlætir það að sjálfsögðu að sett verði á veiðileyfagjald.

Herra forseti. Ég sé ástæðu í umræðu um þessi mál að vitna í setningarræðu hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar á þingi Fiskifélags Íslands, úr Viðskiptablaðinu 4.–10. desember sl. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í ræðu hv. þm. Í ávarpi sínu sagðist Einar hafa kynnt sér þróun verðs á aflaheimildum hjá kvótamiðlun LÍÚ og í ljós hafi komið að kvótaverð hafi hækkað gríðarlega síðustu missiri þrátt fyrir vaxandi erfiðleika í rekstri bolfiskhluta sjávarútvegsins. Þannig var aflahlutdeild í þorski í flestum tilvikum verðlögð á 185 kr. kg fiskveiðiárið 1993–1994. Í árslok 1994 var verðið komið í 260 kr. og í 460 kr. í júní 1995. Þróunin hélt áfram á þessu ári og var aflahlutdeild í þorski komin í 680 kr. um miðjan september sl. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson segist hafa staðfestar upplýsingar um kauptilboð í þorskkvóta á 710 kr. kg. Hvað þýðir það? Það þýðir að kvótaverð hefur nær þrefaldast á um það bil 20 mánuðum. Almenningur horfir því upp á að aflaheimildir einar og sér mynda gífurlega eign.

Hver verður svo hluti af niðurstöðunni sem hv. þm. dregur af þessum hugsunum sínum? „Þetta ástand", segir hv. þm., „hefur gefið kröfunni um veiðileyfagjald byr undir báða vængi." Það þarf enginn að verða undrandi á þessari niðurstöðu. Hver maðurinn á fætur öðrum sem leiðir hugann að þessum málum kemst að þessari sömu niðurstöðu, aðrir en hæstv. forsrh.

Hæstv. forsrh. fær sérstaka hólgrein í blaðinu Útveginum í október 1996 (**Gripið fram í:** Hver gefur það út?) ritaða af Sveini Hirti Hjartarsyni. Þetta er LÍÚ-blað. Þar hælir umræddur maður hæstv. forsrh. og segir, með leyfi forseta:

„Skýr afstaða forsætisráðherra gegn auðlindaskatti og þeim öfgafulla málflutningi sem talsmenn skattsins hafa haft í frammi vakti verðskuldaða athygli. Það er mikil uppörvun og styrkir trú manna á lýðræðinu að verða vitni að því þegar forustumenn þjóðarinnar kveða upp úr um ákveðin mál af þekkingu og innsæi."

Og hvað kemur síðar í þessari umræddu grein eftir Svein Hjört Hjartarson, þar sem hann vitnar og blessar hæstv. forsrh.? Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar auðlindaskattssinnar með málóðan hagfræðing Seðlabankans í fararbroddi stóðu frammi fyrir því að kenningum þeirra var hafnað í nefnd um málefni sjávarútvegsins, fylktu þeir sér í hóp nokkurra Vestfirðinga sem vilja kollvarpa stjórnkerfi fiskveiða. Þetta vakti nokkra furðu í ljósi þess að af hálfu Seðlabankans hefur því þvert á móti verið haldið fram að kvótakerfið hafi orðið til þess að styrkja efnahagsumbætur í landinu og þar með lánstraust þjóðarinnar á erlendum vettvangi.

Tillaga umræddra Vestfirðinga um einhvers konar málamyndaflotastýringu byggir annars á allsérstæðum fiskifræðilegum rökum úr smiðju krókaleyfishafa nokkurs frá Suðureyri."

Herra forseti. Þessar tilvitnanir eru í umsagnir um og túlkun á orðum hæstv. forsrh. um fiskveiðistjórnunina og um sína eigin stuðningsmenn, ættaða af Vestfjörðum. Og að lokum síðasta tilvitnunin, með leyfi forseta:

„Það var kominn tími til að einhver mundi kveða upp úr og slá á þennan áróður svo eftir því væri tekið. Það gerði forsrh. landsins af slíkri festu og djörfung að lengi verður í minnum haft."

Ég fagna því frv. til laga sem þeir félagar hv. þingmenn Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson flytja að þeirra sögn í sátt við þeirra eigin þingflokk, samanber Morgunblaðið 16. október sl., nema það var ekki lýst yfir sátt af hálfu hæstv. sjútvrh. Hann telur að frv. dragi úr skilvirkni kerfisins. Með öðrum orðum: Þessi tilraun er fyrir fram dauðadæmd af hálfu hæstv. sjútvrh. Ég tel mjög misráðið hjá umræddum flutningsmönnum að leita ekki eftir víðtækum stuðningi með því að leita eftir þverpólitískri samstöðu í þessu máli. Mér er ekki kunnugt um að nokkrum stjórnarandstöðuþingmanni hafi boðist að vera meðflm. frv. Mér er ekki kunnugt um að þrátt fyrir sátt í Sjálfstfl. hafi aðrir sjálfstæðismenn boðist til að vera með í flutningi málsins. Ég sé ástæðu og fyllstu ástæðu, herra forseti, til að spyrja flutningsmenn: Hver er ástæðan fyrir þessu vinnulagi? Það er vitað að mjög margir þingmenn vilja leggja til alvarlegrar atlögu að því óréttlæti sem er innbyggt í stjórn fiskveiða. Það þarf aðeins einfaldan meiri hluta þingsins til að gera breytingar og það mun ekki standa á undirrituðum í því sambandi.

Halldór Ásgrímsson, sem gjarnan eignar sér drjúgan heiður af stjórnunarkerfi fiskveiða á Íslandi, sagði í ræðu á fundi framsóknarmanna á Hótel Borg 11. október sl., með leyfi forseta:

„Ég heyri mikla undiröldu í þjóðfélaginu út af fiskveiðistjórnuninni. Menn telja að nú sé kominn tími til að breyta. Það særir réttlætiskennd margra, hvernig þar er haldið á málum."

Hvað ætli sé nú að frétta af þessari þungu undiröldu? Hvar, herra forseti, eru hv. þm. Framsfl.? Hvar er hæstv. utanrrh., herra forseti? Hvernig er með þá aðila sem hafa verið að ræða málið í Framsfl. um fiskveiðistjórnunina?

Hvar eru hv. þm. sem áttu sjö eða átta stunda langan fund um fiskveiðistjórnunina? Hvar eru þeir við umræðuna? (**EKG:** Uppgefnir.) Uppgefnir. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson svarar því og má vel vera að það sé rétt. En ég lýsi, herra forseti, eftir þeim mönnum sem hafa haft skoðanir á þessum málum um fiskveiðistjórnunina að þeir taki þátt í umræðunni.

En hvernig væri að láta reyna á hvort hæstv. utanrrh. vill standa við þessi orð eða voru þau bara sögð í takt við þjóðmálaumræðuna þá daga? Eru undiröldurnar þungu hjaðnaðar? Ef hæstv. utanrrh. segir þetta, af hverju er þá ekki allur þingflokkur framsóknarmanna með? Ég hygg að ef þeir væru með í þessu umrædda máli þá væri kominn góður meiri hluti fyrir breytingum. Látum á það reyna.

Ég skora á hv. sjútvn. að klára málið hið fyrsta og afgreiða breytingar á því þannig að þær taki gildi eigi síðar en á næsta fiskveiðiári. Ég hafði, herra forseti, hugsað mér að spyrja hv. form. sjútvn. um þetta mál, en hann svaraði því reyndar til áðan að hann mundi leggja sitt af mörkum til að ljúka þessu máli fyrir næsta vor.

Ég tel rétt að skoða fleiri breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Í grein í Morgunblaðinu 8. október sl. segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eftirfarandi, með leyfi forseta: „Sjávarplássið er auðlind. Fólkið sem veiðir fiskinn og vinnur úr honum er stærsta auðlindin." Undir þessi orð vil ég taka. Ég er þeirrar skoðunar að byggðirnar hafi ákveðinn forgang að veiðirétti á grunnslóð eða aðlægum veiðisvæðum með skírskotun til sögulegra staðreynda. Það verður að tryggja íbúum sjávarplássanna rétt til veiða á sínum heimamiðum. Veiðirétturinn má ekki flytjast burt með bátum eða mönnum. Mér er ljóst að það kallar á að grunnslóð verði afmörkuð og skipt eftir svæðum. Þetta held ég að sé ekkert mjög flókið mál og ekki heldur það að takmarka afla á umræddum svæðum. Þetta mál er svo sem ekki beint til umræðu hér en þó að hluta a.m.k. og væri áfangi að svona markmiði.

Stjórnunarkerfi fiskveiða sem við erum að ræða hefur kallað á svonefnt kvótabrask. Fínni orð um sömu aðgerð eru: Viðskipti með aflaheimildir. Ef viðskipti eru á þann veg að þau leiða til skerðingar á kjörum sumra en hossa öðrum fyrir atbeina löggjafans þá er um brask og siðleysi að ræða og það er fráleitt að lögin hafi verið sett til að vinna þannig eftir þeim. Og það verður að breyta þessu. Menn selja sameign þjóðarinnar. Menn komast upp með að leggja skipum, segja upp áhöfnum, græða á kvótasölu, veðsetja sameign þjóðarinnar og jafnvel erfa hana. Allt þetta vita menn. Allt þetta viðgengst fyrir opnum tjöldum. Og þeir sem græða mest hæla sér af því án þess að löggjafinn grípi inn í atburðarásina. Menn eru að tala um kvótaeign sína og þeir fara með hana eins og þeim sjálfum hentar án allra afskipta. Það var ekki markmiðið með lögunum um fiskveiðistjórnun ef ég man rétt. Það átti að vera þannig að lögin áttu að vernda fiskveiðistofnana og leiða til meiri hagkvæmni. Kerfið er gallað. Menn kaupa kvóta dýru verði. Menn leigja kvóta á ofurverði þegar þá vantar heimildir fyrir meðafla og oft er honum hent í sjóinn til að sleppa við refsingu fyrir að koma með veiddan afla að landi sem ekki er heimild fyrir. Það hefur komið fyrir að menn sem eiga nægar heimildir í ýsuafla hafi lent í því að fá netin full af þorski. Það er svo undarlegt að fisktegundir synda í hvaða net sem er og gera engan greinarmun á togskipi eða snurvoð. Fiskurinn fer í veiðarfærið. Og ef ekki er heimild fyrir viðkomandi skip fyrir meðaflanum er síðasta úrræðið, sem ærið oft er gripið til, að henda aflanum dauðum aftur í sjóinn.

Ég tel að lausn sé í sjónmáli. Það verður að stöðva brask og brottkast. Í frv. sem við erum að ræða er rætt um veiðileyfagjald. Það er reyndar kallað umsýslugjald, 5% umsýslugjald. Mér er alveg sama hvað menn kalla þessi gjöld. Þau eru hugsuð sem greiðsla fyrir aðgang að auðlindinni og eru réttlætis- og sanngirnismál. Hæstv. forsrh. hefur leyft sér að afflytja þáltill. okkar jafnaðarmanna um veiðileyfagjald á þann máta að það er orðið honum alvarlegur álitshnekkir í augum þjóðarinnar og verður æ ljósara þegar það skýrist fyrir mönnum í hverju afflutningur hans er fólginn.

Hæstv. forsrh. viðurkennir að auðlindin sé sameign þjóðarinnar. Það er kjarni málsins án alls umbúnaðar eða skilgreiningar. Annað er því ekki eðlilegt en að hæfilegt gjald renni í ríkissjóð frá þeim sem hafa haft afnot af auðlindinni vegna þess kostnaður sem fellur til við eftirlit, við rannsóknir, við verndun og við uppbyggingu fiskstofnanna sem við nýtum.

Herra forseti. Ég held að réttlætið krefjist þess að braskið sem við erum að ræða um verði brotið á bak aftur. Það verður að bræða þá ísstíflu sem er í Sjálfstfl. í þessu máli. Almenningsálitið krefst þess að Sjálfstfl. standi við sína eigin ályktun um endurskoðun á stjórnkerfi fiskveiða og að sú aðgerð sé eitthvað meira en að setja orð á blað til að friða einhverja vestfirska óróaseggi.

Ég vil að lokum, herra forseti, vekja athygli á einhverri mestu skömm sem ég hef rekist á á prenti á liðnum árum. Það hef ég þegar gert með upplestri úr Útveginum, blaði Landssambands íslenska útvegsmanna.

Herra forseti. Ég hef nærri lokið máli mínu í bili. En sem fyrrverandi sjómaður og uppalinn í sjómannsfjölskyldu mun ég aldrei sætta mig við að fiskveiðistjórnarkerfið bjóði upp á brask, setji afkomu sjávarbyggðanna á vonarvöl og ekki heldur slíka siðleysu sem brottkast fisks er, að það fái að viðgangast vegna kerfis sem ekki má lagfæra. Því segi ég að hver sú aðgerð sem leiðir til bóta skal hljóta minn stuðning.

Herra forseti. Rétt í lok ræðu minnar vil ég tipla á máli nr. 108 sem er frv. til laga sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mælir fyrir og er hér til umræðu einnig en því miður hefði þurft lengri tíma en ég hef nú til þess að fjalla um það mál. Ég vil taka undir helstu ákvæði frumvarpsgreinarinnar. Ég held þó, og tek undir það sem áður hefur komið fram, að þessi ákvæði gangi varla nógu langt en eru þó gott skref í rétta átt. Ég styð eindregið að ráðherra sé heimilt að rýmka mörk í allt að 25% ef skip er byggt með kælitönkum og umbúnaði til hágæðameðferðar hráefnis og einnig að aukningin megi vera 40% ef skip er byggt í skipasmíðastöð heima og ég tel jafnvel að það ætti að ganga lengra í því efni.

Herra forseti. Ég vil taka undir frv. sem eru hér á ferðinni. Þau vinna bæði að sama góða málefninu, þ.e. að gera breytingar á þeim óyndisúrræðum sem viðgangast í stjórnun fiskveiða bæði hvað varðar úreldingu og þá sérstaklega varðandi það kvótabrask sem er á allra vitorði í þjóðfélagi okkar.

[18:29]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fara nokkrum orðum um það sem fram hefur komið í umræðunum og aðeins að undirstrika nokkur atriði sem lúta að þessu máli svo nauðsynleg sem breyting á því er. Í fyrsta lagi langar mig til að vitna til framkvæmdastjóra Farmanna- og fiskimannasambandsins, með leyfi forseta:

„Með öðrum orðum er veiðiheimildin færð frá einum aðila til annars sem þýðir að sá sem framselur kvóta getur verið að stytta eigin veiðitíma og þar með skerða atvinnu þeirra sjómanna sem starfa hjá honum. Niðurstaðan af framsali veiðiheimilda milli skipa leiðir í ljós að atvinna sjómanna í heild verður nánast óbreytt nema útgerðarfélögin sem selja frá sér veiðiheimildir bæti það upp með aukasókn í tegundir utan kvóta.

Í öðru lagi á sér stað tekjutilfærsla frá sjómönnum til útgerðar, þ.e. að þátttaka fjármagnseigenda í greininni hækkar á kostnað sjómanna sem stangast á við þá fullyrðingu að hag sjómanna sé betur borgið í kvótakerfi með framseljanlegum veiðiheimildum. Framangreind tekjutilfærsla verður til vegna nauðungarkostnaðarþátttöku sjómanna í þjónustu þess útgerðaraðila sem kaupir kvóta. Hins vegar er það óþekkt að útgerðarmaður sem selur kvóta skipti andvirðinu milli sín og sjómanna í sinni þjónustu eins og gerist í hlutaskiptakerfinu þegar um afla upp úr sjó er að ræða."

Nokkuð hefur verið komið hér inn á þau mál sem lúta að sölu kvótans. Ég gat um það í framsöguræðu minni að um mikil og mörg skrif væri að ræða í blöðum og tímaritum og vitnaði þá aðeins til þess sem talað var um tómt rugl. Það var það sem síðasti hv. ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, kom inn á áðan. Það er rétt að það verð sem er verið að tala um á framsali aflaheimilda er orðið með ólíkindum.

Auðvitað er það svo að fleiri aðilar gera kröfu til þess að fá hlutdeild í kvótanum og m.a. fiskvinnslan líka og þá eru línur manna farnar að skerast verulega. Eins og kunnugt er þá lögðum við, ég og hv. þm. Guðjón Guðmundsson, fram þetta frv. á síðasta þingi en þá náði það ekki fram að ganga og er nú endurflutt. Á haustdögum var fundur Farmannasambandsins þar sem samþykkt var að afnám óhefts framsals sé forsenda kjarasamninga þannig að mikið er í húfi að vel takist í umræðunni um það frv. sem við erum hér að ræða.

Síðasti ræðumaður spyr hvers vegna flm. þessa frv. hafi ekki leitað fleiri meðflm. Svarið er ofureinfalt. Eftir því var ekki leitað vegna þess að við teljum að málið eigi það mikinn hljómgrunn meðal alþingismanna og í þingsölum hv. Alþingis að við þurfum ekki að vera að hlaupa á milli manna til að fá þá til að skrifa undir jafngott mál og hér hefur verið flutt. Hvað áhrærir síðan það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Gísli S. Einarsson, talar um, að þetta sé ekkert annað en veiðileyfagjald sem við erum að tala um að hans sögn, hvar við segjum að umsýslugjald nemi 5% af markaðsverði. Þar erum við einfaldlega að tala um að þetta er umþóttunarkostnaður vegna breytinga á framsali kvótans þegar honum hefur verið skilað í Fiskistofu.

Ég veit að það er af mörgu að taka. Hér talaði a.m.k. einn hv. þm. um það, Steingrímur J. Sigfússon, að kvótinn væri farinn að lifa sjálfum sér og væri þetta orðið mikið vandamál. Það er alveg rétt að þetta mál er allt orðið hið sérkennilegasta og ekki gengur lengur að berja hausnum við steininn öðruvísi en að taka á þessu máli. Mig langar, með leyfi forseta, að vitna til viðtals sem ekki er langt síðan fór fram í Ríkisútvarpinu þar sem ágætur fréttamaður, Gissur Sigurðsson, talaði við Óla Brekkmann, lögþingmann í Færeyjum, um kvótakerfi okkar Íslendinga. Hann er spurður að því hvort sú stefna sem hafi ríkt í Færeyjum og er aflögð, þar sem Danir gerðu þá kröfu að lögþing Færeyinga, í svo miklar ógöngur sem þeir voru komnir í, samþykkti kvótakerfi í líkingu við það íslenska í mars 1994. Þá kom upp mikil óánægja með kerfið, enda eru þeir búnir að breyta því í sóknarkerfi og að tillögu skipulagsnefndar landsstjórnar Færeyja sem komst að þeirri niðurstöðu að hægt væri að stýra sókninni með sóknardagakerfi og það jafnhliða svæðafriðunum gæti skapað eðlilegri sókn. Síðar í viðtalinu svarar Óli Brekkmann þegar Gissur Sigurðsson fréttamaður segir: Sem sagt, kvótinn gekk nær stofninum í staðinn fyrir að verja hann. Og Óli Brekkmann segir: „Miklu meira en það. Þú getur séð það líka að á Íslandi 1987 þegar menn byrjuðu með þessa kvótaskipan, þá voru veidd nærri 400 þús. tonn af þorski en 1994 var þorskveiðin komin niður 162 þús. tonn og það er stærsta risiko mismanagement fiasko síðan kollektivisering á rússneska landbúnaðinum 1917."

Hér eru stór orð sögð og væri kannski full ástæða fyrir hv. sjútvn. að fara nánar ofan í saumana á því hvernig Færeyingum til tekst og hvernig þeim gengur nú. En Óli Brekkmann segir að nú sé öldin allt önnur. Það valdi Færeyingum mikilli gleði og sé stór léttir að því að hafa brotist út úr því kerfi sem Íslendingar ástundi enn og kom honum mjög á óvart hversu ríkir við Íslendingar séum að geta enn þá staðið í þessu kerfi með allri þeirri sóun hvar fiski er svo mjög hent fyrir borð sem raun ber vitni gegnt því sem Færeyingar gera og koma með allan afla að landi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Ég þakka öllum þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu. Hún hefur verið góð og málefnaleg og ég veit það að málið mun fá farsælan endi þegar það mál hefur verið tekið til skoðunar í sjútvn. og vona ég að það verði gæfa okkar Íslendinga að leiða þetta mál til góðra sátta meðal þjóðarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 18:38.

---

38. FUNDUR

þriðjudaginn 10. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Endurskoðendur, stjfrv., 214. mál, þskj. 261. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 120. mál, þskj. 131. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Stjórn fiskveiða, frv., 67. mál, þskj. 67. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Stjórn fiskveiða, frv., 108. mál, þskj. 116. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 29. mál, þskj. 279. — 3. umr.

6. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 30. mál, þskj. 30. — 3. umr.

7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 97. mál, þskj. 100. — 3. umr.

8. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 48, nál. 276 og 288, brtt. 277 og 289. — 2. umr.

9. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 263. — 3. umr.

10. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 264, frhnál. 291, brtt. 292. — 3. umr.

11. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 265. — 3. umr.

12. Umferðarlög, stjfrv., 55. mál, þskj. 55, nál. 269, brtt. 79. — 2. umr.

13. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 101. mál, þskj. 104. — Fyrri umr.

14. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.

15. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 129. mál, þskj. 140. — 1. umr.

16. Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, þáltill., 132. mál, þskj. 143. — Fyrri umr.

17. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 141. mál, þskj. 156. — 1. umr.

18. Samstarf um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi, þáltill., 161. mál, þskj. 178. — Fyrri umr.

19. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 162. mál, þskj. 179. — Fyrri umr.

20. Almannatryggingar, frv., 163. mál, þskj. 180. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 29. mál, þskj. 279.

Fjáraukalög 1996, 48. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 288; brtt. minni hluta fjárln., þskj. 289.

Sala fullvirðisréttar og greiðslumarks frá veðsettum jörðum, 223. mál, fsp. RA, þskj. 290.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 143. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 291, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 292.

Stjórn fiskveiða, 219. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 278.

Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 293; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 294.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breytingar á lögum um LÍN.

[13:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og hafði hugsað mér að leggja spurningar fyrir hæstv. menntmrh. og/eða hæstv. forsrh. sem varða eitt af mikilsverðum málum sem væntanlega þurfa að hljóta einhverja afgreiðslu á þingi fyrir jólaleyfi.

Eins og kunnugt er hafa staðið deilur milli stjórnarflokkanna um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna og hafa þær heldur harðnað ef eitthvað er núna síðustu vikurnar. Fyrir nokkrum dögum, herra forseti, var umræða á Alþingi utan dagskrár um málefni lánasjóðsins sem aðallega er minnisstæð fyrir fjarveru Framsfl. sem við önnur tækifæri hefur hins vegar miklar skoðanir á lánasjóðsmálinu eins og kunnugt er. Síðan hefur það borið til tíðinda að hæstv. forsrh. hefur blandað sér í málin. Haft er eftir honum í fjölmiðlum að lausn muni finnast á þessu máli innan tíðar og fela í sér m.a. einhvers konar samtímagreiðslur námslána, ef ég hef tekið rétt eftir, herra forseti.

Sömuleiðis er ein af meginkröfum námsmanna í þessari endurskoðun á málefnum lánasjóðsins að draga úr endurgreiðslukröfum eða endurgreiðslubyrðinni. Ljóst er að breytingar af því tagi kalla á breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra og beini ég máli mínu til hæstv. forsrh. úr því að hæstv. menntmrh. er ekki til staðar, enda hefur hann tekið málið að sér ef svo má að orði komast eins og stundum gerist og er orðinn eins konar yfirmenntmrh.: Hvenær er að vænta niðurstöðu í þessu máli, hæstv. forsrh., og hvenær mun frv. um nauðsynlegar breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna líta dagsins ljós hér á þingi?

[13:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Auðvitað er mál þetta í höndum menntmrh. eðli málsins samkvæmt. En það er alveg rétt að ég hef látið þess getið að það er mitt mat að menn séu að ná saman um þetta. Það er verið að vinna núna að útfærslum á hugmyndum sem ræddar hafa verið á milli stjórnarflokkanna og ég sé ekki annað en að fullt samkomulag muni nást um þær. Hins vegar mun það samkomulag væntanlega ekki nást að færast út í frumvarpsform áður en við förum heim í jólahlé.

[13:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin um leið og ég lýsi því yfir að þau valda mér miklum vonbrigðum. Það er auðvitað alveg ljóst að ef ekki tekst að ná niðurstöðu í málinu og gera nauðsynlegar breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna, þá kemur eitthvert samkomulag, ef samkomulag skyldi kalla, stjórnarflokkanna úti í bæ um þessi mál að litlu gagni ef engar breytingar verða eftir sem áður á starfsháttum og lögum lánasjóðsins. Slíkt er auðvitað forsenda þess að hægt sé að koma til móts við réttmætar óskir um breytingar bæði hvað varðar samtímagreiðslur á námslánum, endurgreiðslubyrðina og fleira.

Ég hlýt líka að spyrja hvort þess sé að vænta að einhver botn komist í þessi mál á næstu dögum því hér er verið að afgreiða fjárlagafrv. eins og réttilega hefur verið bent á. Það hlýtur einnig eðli málsins samkvæmt að vera afar óheppilegt að þessi mál velkist mjög lengi í óvissu eins og þau hafa gert.

Það er líka þannig, herra forseti, að það líður nokkuð á desembermánuð og næg er víst upplausnin hér í störfum þingsins vegna seinagangs og deilna í stjórnarflokkunum þó að svona hlutir bætist ekki við, að þetta mál sé hangandi yfir mönnum alveg fram að jólaleyfi. Ég skora á hæstv. forsrh. að taka nú á sig rögg og leysa þetta mál. Hann er búinn að segja a, hæstv. forsrh., hann á bara eftir að segja b, þ.e. hvernig samkomulagið verður og ef ekki vill betur til, verður hæstv.

forsrh. bara að endurtaka fleyg orð um að svona lagað geri maður ekki og leysa málin með þeim aðferðum sem honum einum er lagið.

[13:40]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. krefst þess að forsrh. segi b. Ég er mjög ánægður með það náttúrlega að hann segi frekar b heldur en a. Hins vegar vil ég koma þeim upplýsingum inn í þessa umræðu að í fjárln. í gærkvöldi kynnti ég stjórnarandstöðunni tillögur ríkisstjórnarinnar varðandi lánasjóðinn, það sem að fjárlögunum snýr. Gert er ráð fyrir viðbótarútgjöldum vegna þessa máls um 100 millj. kr. á næsta ári samkvæmt bréfi sem barst frá fjmrn. í gær og ég kynnti stjórnarandstöðu á fjárlaganefndarfundi í gærkvöldi. Það er þá sú upphæð sem ríkisstjórnin, ég tek það þannig, reiknar með að þetta samkomulag kosti.

Ég ætla ekki að blanda mér í umræður um þetta að öðru leyti en vil upplýsa þetta við þessa umræðu.

[13:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. og einnig hv. 2. þm. Austurl. fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram og eru mjög mikilvægar. Það er náttúrlega dálítið athyglisvert að það takist í umræðum um störf þingsins að slíta hér út einstakar breytingartillögur við fjárlagafrv. sem stjórnarflokkarnir eru með. Það verður sjálfsagt aðferðin næstu daga ef þetta kemur ekki öðruvísi að reyna að ná þeim út einni og einni, einni á dag næstu daga fram að jólum þangað til leyndardómurinn allur sér dagsins ljós, þ.e. hvað er í pokanum hjá hæstv. ríkisstjórn í þeim málum.

Auðvitað er það alveg ljóst, hæstv. forseti, að það er útilokað að afgreiða út í loftið við fjárlagaafgreiðslu einhverjar 100 millj. kr. í Lánasjóð ísl. námsmanna öðruvísi en það liggi fyrir í meginatriðum hvernig á að verja þeim. Þess vegna hlýt ég að ítreka þá spurningu sem hv. 4. þm. Norðurl. e. bar fram áðan: Er ekki að vænta frv. um málið? Ef ekki, þá bendi ég á að fyrir hv. menntmn. liggur frv. frá þingflokki Alþb. og óháðra um sama mál og hér hefur aðallega verið rætt um og þess vegna einfaldast auðvitað að samþykkja það. Komi ekki fram frv. frá stjórninni um málið næstu daga, hljótum við alþýðubandalagsmenn að þrýsta á um að okkar frv. fái afgreiðslu núna fyrir hátíðarnar.

[13:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, mun útfærsla ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna á því hvernig þetta mál verður leyst liggja fyrir og þeir fjármunir verða til staðar sem hv. þm., formaður fjárln., gat um áður en við förum í jólafrí. En ég geri ekki ráð fyrir að það muni takast að útfæra þetta í lagafrv. sem hægt sé að afgreiða á þeim skamma tíma til vors. Það er ekki hægt að tala um ríkisstjórnina og stjórnarflokkana sem einhvern aðila úti í bæ í þessu samhengi, það veit hv. þm. Hann hefur sjálfur verið í ríkisstjórn og veit að ríkisstjórnin er ekki úti í bæ.

[13:44]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil bara geta þess að fyrir því er reynsla á þessu þingi að það eru full rök fyrir því að tala um ríkisstjórnina sem aðila úti í bæ því hún sést yfirleitt aldrei hér í þessum sal.

Umræður utan dagskrár.

Ofbeldi meðal ungmenna.

[13:45]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar ég óskaði eftir umræðu utan dagskrár um ofbeldi meðal ungmenna var hugsun mín sú að kalla eftir því hvort ríkisstjórnin ætlaði að bregðast við alvarlegum ofbeldisverkum unglinga og þá hvernig. Umræða á Alþingi um ofbeldi er aðkallandi þó bylgja skelfingar úti í þjóðfélaginu hafi hjaðnað í bili.

Það vekur óhug allra þegar unglingur særir jafnaldra sinn lífshættulega með hnífsstungu. Unglingar ráðast ógnandi inn á félaga sinn í Grafarvogi, brjótandi og bramlandi innanstokksmuni. Þegar það mál er skoðað nánar kemur í ljós að forsprakkinn, 16 ára gamall, hefur gengið berserksgang í borginni í níu mánuði og hefur verið handtekinn ellefu sinnum vegna líkamsárása og hótana, í flestum tilfellum vopnaður hnífi. Þetta eru því miður ekki einu tiltæku dæmin um alvarlegt ofbeldi meðal ungmenna síðustu missirin en þau eru næst okkur í tíma. Vaxandi ofbeldi er mikið áhyggjuefni. Ofbeldi getur verið tjáning eða ákall og aukið ofbeldi vekur áleitnar spurningar. Umræðan hefur dregið fram ágalla á okkar löggjöf. Hún leiðir líka í ljós ákveðið úrræðaleysi barnaverndaryfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu.

Árásarhneigð greinist strax í æsku. Ef alvarlegar hegðunartruflanir barna eru ekki meðhöndlaðar er hætta á að einstaklingur leiðist síðar út í ofbeldi, afbrot og andfélagslega hegðun. Þetta hefur m.a. komið fram hjá yfirlækni barna- og unglingageðdeildar. Barna- og unglingageðdeildin er eina úrræði sinnar tegundar hérlendis og er hún talin tíu sinnum of lítil. 70 börn eru þar á biðlista. Breytingar eru fyrirhugaðar og rætt hefur verið um að loka deildinni á nóttunni. Fyrr á árinu tilkynnti deildin að hún gæti ekki tekið við fleiri börnum með einhverfu þrátt fyrir að þau greinist nú fleiri en áður.

Á síðustu fjárlögum var veitt 12 milljón kr. fjárveiting til barna- og unglingageðdeildar til að koma á sérstakri upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra vímuefnaneytenda. Samkvæmt skriflegu svari frá heilbrrh. við fyrirspurn minni um það mál er útilokað að upplýsingamiðstöðin hafi tekið til starfa. Ráðnir voru fleiri sérfræðingar, en opnun upplýsingamiðstöðvar hefur ekki enn þá verið kynnt. Ályktta má að fjármagnið hafi runnið til nauðsynlegrar starfsemi deildarinnar.

Herra forseti. Fyrir tveimur til þremur vikum fannst 12 ára barn uppdópað á hóteli og var talið að barnið þyrfti læknismeðferð og vistun strax. Barna- og unglingageðdeildin treysti sér ekki til að taka við því. Bráðadeildir spítalanna standa ráðþrota því að börn í alvarlegu vímuástandi eiga ekki samastað í heilbrigðiskerfinu. Lögregluyfirvöld standa úrræðalaus gagnvart ofbeldisverkum barna og unglinga. Réttarstaða þeirra er ekki skilgreind. Samkvæmt barnasamningi Sameinuðu þjóðanna mega ungir afbrotamenn að 18 ára aldri ekki afplána með fullorðnum afbrotamönnum en það eru einu úrræðin hérlendis fyrir sjálfráða ungmenni 16–18 ára. Lengst af hafa tveir til þrír unglingar verið dæmdir til afplánunar hér á ári hverju, en sl. tvö ár hefur sú tala tvöfaldast. Engin lagaákvæði er að finna um skyldu lögreglu varðandi börn og rannsókn mála, hvorki um að upplýsa mál að fullu né um skyldur gagnvart barni sem liggur undir grun. Barnaverndarlögin fjalla fyrst og fremst um börnin sem þolendur

en að mjög litlu leyti sem gerendur. Það vantar heimildir til að grípa til aðgerða og stöðva síbrotaunglinga.

Forstjóri Barnaverndarstofu hefur bent á að barnaverndarnefndir skorti skýrar leikreglur og afskipti þeirra af málum vegna afbrota barna og unglinga verði að vera skýrari. Kveða verði nánar á um formlega málsmeðferð og þær skyldur er varða stuðning við afbrotabörn.

Það er ekki hægt að taka ósakhæf börn úr umferð nema með samþykki foreldra, jafnvel þó þau valdi manndrápi. Ef foreldrar neita að afbrotabarn sé vistað, þá eru ekki lagaheimildir til að rísa gegn vilja foreldranna. Þess vegna er sá möguleiki sem opnaðist með tilkomu Stuðla, að foreldri geti dvalist með barni sem vistað er, bæði brýnt og gott úrræði. Það er þörf á sérstökum meðferðarúrræðum fyrir 16–18 ára síbrotaunglinga með það að markmiði að ekki komi til fangelsisafplánunar. Leið til úrbóta er að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Það mundi hjálpa yfirvöldum að grípa inn á réttum tíma og auðvelda á allan hátt meðferð þessara mála. Ég spyr forsrh., félmrh. og heilbrrh. um afstöðu þeirra til hækkunar sjálfræðisaldurs.

Virðulegi forseti. Það er ógæfa þegar börn lenda á braut ofbeldis og afbrota. Það er ekki hægt að ætlast til að foreldrar axli þá ábyrgð að meta hvað barninu er fyrir bestu þegar sú ógæfa dynur yfir. Ég spyr hvað ríkisstjórnin ætli að gera í þessum málum og hvaða lagabreytingar séu fyrirhugaðar til að bæta úr brýnum vanda.

[13:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að það sé fullt tilefni til þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir tók þetta mál til meðferðar utan dagskrár á þinginu. Fréttir sem hafa borist um ofbeldisverk framin af unglingum eru válegar mjög. Auðvitað má segja að annars staðar þar sem við þekkjum til mundi slíkt ofbeldi vart ná inn í fréttamiðlana þar sem margt annað óhuggulegra gerist á þeim slóðum, en það breytir ekki hinu að hér á landi erum við ekki vön þessu og þróunin hefur öll gengið í þessa áttina og er mjög alvarleg. Það er ekki vafi á því í mínum huga að agaleysi í þjóðfélaginu hefur aukist á undanförnum árum og áratugum og það er full ástæða fyrir okkur að bregðast við því.

Þegar menn tala um úrræði, þá blanda menn nokkuð saman ofbeldi annars vegar og fíkniefnanotkun hins vegar og það er ekki að ófyrirsynju því að iðulega og oftar en ekki tengist ofbeldishneigðin fíkn og þörf fyrir fíkniefni. Þetta tengist afar mikið. Ekki er það þó algilt. Þess vegna blöndum við nokkuð saman hugtökum sem lúta að ofbeldisunglingum annars vegar og fíkniefnaunglingum hins vegar og síðan unglingum sem tengjast báðum þessum þáttum.

Saknæmisaldurinn er miðaður við 15 ár, sjálfræðisaldurinn 16 ár og lögræðisaldur við 18 ár. Hér nefndi hv. alþm. að nauðsynlegt væri að hækka sjálfræðisaldurinn. Það getur átt við um möguleika á meðferð gagnvart unglingum sem hafa ánetjast fíkniefnum. Þeir kynnu að koma í veg fyrir að þeir færu í meðferð á aldursbilinu 16–18 ára vegna þess að sjálfræðisaldurinn er miðaður við 16 ár. Á hinn bóginn hefur það ekkert með saknæmisaldurinn að gera eins og áður sagði.

Lög um lögræði eru nú til endurskoðunar í dómsmrn. en það er ekki endilega augljóst að hækka beri sjálfræðisaldurinn. Mönnum getur þótt það viðurhlutamikið að svipta 10 þúsund unglinga sjálfræði sínu til þess að ná tökum á 50 eða 100 unglingum. Það er ekki víst að það sé endilega skynsamlegt.

Í annan stað þarf að gæta þess að unglingur sem er sjálfráða, 16 ára gamall, getur komið sér af heimili sem hefur á hann óholl áhrif. Hann getur gert sína vinnusamninga sjálfur. Slíku er öllu bægt í burtu ef sjálfræðisaldurinn er hækkaður þannig að þetta er ekki eins einfalt og menn vilja vera láta í þessu sambandi, en hlýtur þó að koma mjög til álita í endurskoðun lögræðisaldursins. Ég vil vekja athygli manna á því að menn eru þá að ákveða að svipta 10 þúsund unglinga eða svo sjálfræði, eða seinka sjálfræði þeirra, reyndar svipta þá sjálfræði sem nú eru komnir með sjálfræði, til þess að ná tökum á 50–100 unglingum sem eiga við erfiðleika að etja. Mér finnst það ekki sjálfgefið og vil nefna það sérstaklega hérna.

Fjölmörg úrræði koma hins vegar til álita varðandi meðferð unglinga sem hafa lent í klóm fíkniefna. Í fyrsta lagi er þar um að ræða forvarnaaðgerðir sem stemma stigu við innflutningi slíkra efna hingað til landsins. Slíkar aðgerðir hafa verið hertar á undanförnum árum. Ég tel að skipulag og breyting á skipan lögreglu- og dómsmála sé til þess fallin að styrkja stöðu okkar í þessum efnum. Meðferðarheimili hafa komið til og hv. þm. nefndi það sérstaklega að veitt hefði verið aukafjárveiting til barna- og unglingageðdeildarinnar í ár og slík fjárhæð mundi standa á fjárlögum ársins sem í hönd fer þannig að ég tel að í þessum þáttum hafi menn gripið til þeirra úrræða sem fyrir hendi eru þó að sjálfsagt verði seint þannig um hnútana búið að fullnægjandi sé.

Aðilar hafa sett sér það markmið að gera Ísland, Reykjavík til að mynda, fíkniefnalausa borg eftir fáein ár. Það er göfugt markmið. En ég er ekki viss um að við getum ímyndað okkur að það markmið náist. Það væri einstakt við næðum slíku markmiði. Við eigum að hafa betri skilyrði til þess í fámenninu en annars staðar og vegna þess hvernig aðflutningi er hagað og innflutningi til þessa lands. En við skulum gera okkur grein fyrir því að þetta er barátta sem við munum standa í til eilífðar.

[13:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að lögin um vernd barna og ungmenna eru til endurskoðunar. Eins og frummælandi gat réttilega um, þá gera þau lög ráð fyrir því að barnið eða ungmennið sé ævinlega þolandinn, ekki gerandinn. Það kann að vera, og úrræði miðast við það. Úrræðin miðast við að barnaverndarnefndum er heimilt í samráði við foreldra að vista barn til skammtímameðferðar og rannsóknar í allt að fjórar vikur í viðkomandi stofnun. En vistunin er óheimil að lögum nema með samþykki foreldra og þá sem neyðarúrræði til skamms tíma.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að líta á málið í ljósi atburða sem nýlega hafa gerst, þ.e. að það kunni að koma upp þau tilvik eða það geti komið upp þau tilvik að það þurfi að vernda borgarana fyrir ungmenninu. Ég held því að það þurfi að huga sérstaklega að þessu við endurskoðun laganna. Það er hart að það þurfi að setja lög til þess að taka megi á afbrotum unglinga og barna undir sakhæfisaldri, en eins og ástandið er verður ekki undan því verki vikist. Það er óviðunandi ef yfirvöld hafa ekki tök á að grípa inn í eða taka úr meðferð ungmenni sem eru hættuleg sjálfum sér eða öðrum og það er líka mikilvægt að reyna að rjúfa afbrotaferil unglingsins eins fljótt og mögulegt er.

Varðandi það að ekki megi vista ungmenni með eldri afbrotamönnum eins og segir í barnaverndarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, þá gerði Ísland fyrirvara á sínum tíma, ef ég man rétt, um þessa grein þannig að við erum ekki bundin af þessu ákvæði.

[13:58]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Umræða um ofbeldi verður æ háværari í íslenskum fjölmiðlum og þjóðfélagi og þar er mest áberandi ofbeldi unglinga. En er um að ræða vaxandi ofbeldi unglinga? Samkvæmt upplýsingum frá forvarnadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur tilkynntum ofbeldisverkum meðal unglinga ekki fjölgað upp á síðkastið, en svo virðist sem ofbeldið sé orðið harðara en það var. Nú er sparkað og kýlt meira og lengur en áður var og ofbeldið virðist hafa færst neðar í aldurshópa. Hófst þessi þróun í kringum árið 1990 og virðist sem ofbeldið komi í bylgjum.

Ofbeldið tengist enn fremur aukinni ávana- og fíkniefnaneyslu ungs fólks og þetta er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni. Foreldrar og allur almenningur hefur að sjálfsögðu þungar áhyggjur af þessari þróun og verða þær skoðanir æ háværari að refsingar við alvarlegum ofbeldisverkum beri að herða. Dómar fyrir alvarlegar líkamsárásir virðast þó ekki alltaf endurspegla þetta viðhorf og spurningin um lágmarksrefsingu við alvarlegum líkamsárásum kemur upp í hugann. Ýmislegt hefur verið gert á hinu háa Alþingi til þess að taka á þessum málum og má þar nefna ný lögreglulög sem samþykkt voru á síðasta þingi og má gera ráð fyrir því að sú lagabreyting og enn fremur breyting á lögum um meðferð opinberra mála muni bæði spara vinnu og gera refsivörslukerfið mun skilvirkara en það var.

Í byrjun þessa árs ákvað dómsmrh. að hrinda af stað sérstöku átaki í ávana- og fíkniefnavörnum þar sem rannsaka skyldi ýmsa þætti sem lúta m.a. að viðurlögum og meðferð ákæruvalds og dómstóla, forvarna- og meðferðarúrræða. Skilaði verkefnisstjórnin tillögum í sumar og hafa þær verið kynntar allshn. og þegar er byrjað að vinna í þeim af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Á vegum dómsmrn. er nú unnið að endurskoðun lögræðislaga og mun frv. þar um verða lagt fram innan tíðar eins og hæstv. forsrh. skýrði frá áðan og einnig er starfandi nefnd á vegum félmrn. er vinnur að endurskoðun laga um vernd barna og ungmenna og fyrir dyrum stendur (Forseti hringir.) heildarendurskoðun þeirra laga.

Loks er í undirbúningi í dómsmrn. frv. til nýrra vopnalaga þar sem m.a. verður kveðið á um meðferð vopna með mun víðtækari hætti en gert hefur verið, m.a. fjallað um hnífa og önnur eggvopn. Þá hefur hæstv. dómsmrh. lýst því yfir að endurskoða þurfi hegningarlög og fyrir allshn. liggur nú frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum (Forseti hringir.) vegna samnings Sameinuðu þjóðanna um átak gegn fíkniefnum.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að margt fleira mætti segja um þessi mál. Það má minna á stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum þar sem koma fram mjög ítarlegar upplýsingar. Það er alveg ljóst að það þarf að skoða ýmis vistunarúrræði barnaverndaryfirvalda og athuga sérstaklega stöðu síbrotaunglinga.

[14:01]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að taka þetta mál upp utan dagskrár hér á Alþingi. Börnin sem við segjum a.m.k. á tyllidögum að séu það dýrmætasta sem við eigum komast nú á forsíður dagblaðanna, ekki bara fyrir dans- og íþróttaafrek heldur einnig vegna neikvæðrar hegðunar þeirra sjálfra eða misbeitingar annarra á þeim. Skeggöld, skálmöld — er einhver eðlisbreyting að eiga sér stað í okkar þjóðfélagi? Því verður ekki svarað hér á tveimur mínútum. En um leið og ég legg áherslu á að þetta á ekki við nema um lítinn hóp ungs fólks tek ég undir með málshefjanda og forstöðumanni Barnaverndarstofu að löggjafinn verður að tryggja að hægt sé að aðstoða og stöðva barn eða ungling sem fremur ofbeldisbrot þó að ósakhæft sé eða undir 15 ára aldri. Yfirleitt tengjast ofbeldisbrot barna og unglinga vanlíðan þeirra sjálfra, tilfinningalegri eða félagslegri, en oft einnig fíkniefnaneyslu. Því er ég sammála forstöðumanni Barnaverndarstofu að það er ekki hægt að gera þær kröfur til forráðamanna barna að þeir eigi að ráða hvort barnið er tekið frá þeim til aðstoðar. Vegna orða hæstv. forsrh. um hækkun á sjálfræðisaldri vil ég benda á að það eru ýmis fleiri lög þar sem við erum á allt öðru róli en aðrir, t.d. ökuleyfisaldurinn, lögaldur samfara og fleira, sem ég tel að ýti allt undir agaleysi meðal unglinga. Við verðum að koma okkur til samtímans miðað við aðrar þjóðir að þessu leyti.

Að lokum vil ég benda á, eins og fram kom hjá málshefjanda, að við höfum ekki sérstakt unglingafangelsi og fjármagn til unglingageðdeildarinnar og Tinda hefur verið tekið til annarra mála. (Forseti hringir.) Ef hvorki foreldrar, skólinn eða kirkjan eru þess megnug að hlúa að og efla siðgæðisþroska barna og unglinga mun það birtast áfram í ofbeldisbrotum. Þá er lágmark að eiga viðunandi úrræði. En auðvitað væri betra að fyrirbyggja öll vandamál af þessum toga, (Forseti hringir.) m.a. með meiri tíma til að sinna börnunum, umhyggju og aga.

[14:04]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Auðvitað er ástandið í þjóðfélaginu hvað varðar unglinga óviðunandi og á því þarf að finna bót. En bótin er ekki fólgin í því að fjölga meðferðarheimilunum. Bótin er fyrst og fremst fólgin í því að breyta aðstæðum í þjóðfélaginu þannig að þjóðfélagið sé ekki andstætt unglingunum. Hvernig þjóðfélag viljum við sjá þannig að unglingarnir alist upp í sátt við þjóðfélagið, beri virðingu fyrir þeim lögum og þeim reglum sem þar eru settar? Við þurfum að breyta þjóðfélaginu þannig að það sé vænt þessum unglingum.

Nú er það svo að þeir unglingar sem eru að alast upp, búa margir hverjir við þá stöðu að foreldrarnir eru atvinnulausir eða hafa mjög lágar tekjur og í reynd blasir lítið annað við þessum unglingum heldur en svipað ástand. Þetta fólk hefur oft á tíðum ekki þrek og efni til þess að ganga menntaveginn, lendir í lægstu launastigum þjóðfélagsins og er í raun og veru dæmt til þess að verða undirmálsfólk. Það eru þessar aðstæður sem gera það að verkum m.a., herra forseti, að ástandið hvað varðar unglinga er með þeim hætti sem raun ber vitni. Það er alveg sama hversu mörgum meðferðarheimilum verður komið á fót meðan undirstaða þjóðfélagsins er jafnröng og jafnskökk og hún er í dag, þá höldum við áfram að ala upp unglinga sem verða nánast til vandræða eins og raun ber vitni. Þess vegna hlýtur öll umræðan að snúast um það að breyta þjóðfélaginu unglingum í hag.

Við getum líka gert fleira, herra forseti. Við getum unnið að því að reyna að hefta aðgengi unglinga að vímuefnum og áfengi. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni hvernig unglingar geta nálgast þessi efni nánast hindrunarlítið eða

hindrunarlaust og hlýtur að kalla á að hæstv. dómsmrh. (Forseti hringir.) beiti sér fyrir því að löggæsla verði efld í þessum efnum.

[14:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hreyfir hér mjög alvarlegu máli sem við öll þekkjum sem hér erum í þingsal. Og öll erum við viljug til að ganga til verka til að koma í veg fyrir ofbeldi sem svo sannarlega er í þjóðfélaginu, ekki bara hjá ungu fólki heldur hjá fullorðnu fólki eigi síður. Það er ekkert eitt úrræði sem leysir þann vanda sem við stöndum frammi fyrir heldur mörg samverkandi úrræði sem verða að koma til greina. Það er þess vegna sem ríkisstjórn Íslands ákvað að ganga í þessi mál á þann hátt að byggja upp nýja stefnu í áfengis- og vímuefnamálum, auka löggæslu og koma að þessum málum frá mörgum sjónarhólum, því það er nauðsynlegt. Það eru fulltrúar úr ekki færri en sex ráðuneytum sem munu sitja í áfengis- og vímuefnaráði en frv. um það verður vonandi að lögum hér hið allra fyrsta. Það er mjög mikilvægt einmitt að þessir mörgu samverkandi þættir vinni saman. Við höfum ýmis úrræði varðandi lausn þessara mála en þurfum að leysa þau í sameiningu.

Hér er spurt að því sérstaklega hvort rétt sé að hækka sjálfræðisaldur. Ég tel að það komi mjög vel til greina að hækka sjálfræðisaldur upp í 18 ár. Ég veit að það hefur verið vandamál þar sem börn innan við 18 ára aldur koma t.d. mjög illa haldin á slysavarðstofu. Ef þau eru 16 ára þarf ekki að hringja heim til þeirra eða þau geta svolítið ráðið því sjálf. Það veldur vandamálum og þess vegna finnst mér mjög vel koma til greina að hækka sjálfræðisaldurinn.

Það hefur ýmislegt verið gert til þess að styrkja þau úrræði sem fyrir hendi eru og eins og fram hefur komið hér hefur verið lögð sérstök aukafjárveiting til barna- og unglingageðdeildarinnar einmitt til þess að styrkja hana í störfum sínum.

[14:09]

Vigdís Hauksdóttir:

Hæstv. forseti. Ofbeldi ungs fólks er vissulega eitt það hörmulegasta sem maður heyrir um og verður vitni að daglega í fjölmiðlum, auk fíkniefna- og áfengisvanda. Þessar hörmungar haldast venjulega í hendur og aldur gerendanna er alltaf að færast neðar og neðar eins og hv. málshefjandi bendir á. Þróunin er óhugguleg en ekkert öðruvísi en í nágrannalöndunum, því miður. Reykjavík er smátt og smátt að breytast í stórborg með kostum og göllum. Með auknum fólksfjölda verða vandamálin sýnilegri, stærri og alvarlegri. Það eru vissulega kaldar staðreyndir að í rannsókn við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá því fyrr á þessu ári sem gerð var í framhaldsskólunum reyndust 5% nemanna hafa komist í fyrstu áfengisvímuna 12 ára, 25% 14 ára og 30% nemanna 15 ára. Þetta er þróun sem verður að snúa við.

Börn og unglingar eru að mínu mati fórnarlömb. Fórnarlömb fégráðugra glæpamanna sem nýta sér ásku landsins og skeyta engu um afleiðingarnar. Þessir menn fórna mannslífum. 70 unglingar bíða nú meðferðar og greiningar á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Unglingarnir eru afleiðing en ekki orsök. Afleiðing kynslóðabils sem við verðum að útrýma. Hinir minnstu samskiptaörðugleikar á heimilum gætu verið örvæntingarfullt kall á hjálp. Sölumenn dauðans eru við næsta horn.

Nú kalla ég foreldra þessa lands til og skora á þá að taka virkari þátt í foreldrastarfi skólanna og bið þá um að halda lengur í hendur barnanna og hvetja þau til æskulýðsstarfs, íþróttaiðkana og námskeiða. Ég, sem foreldri, uppalandi og Íslendingur, fagna því stjórnarfrv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem lagt verður fyrir þingið á næstu dögum þar sem ríkisstjórn, Alþingi og heimili landsins taka höndum saman um upprætingu mesta bölvalds þjóðarinnar.

[14:11]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur eins og aðrir hér á undan mér fyrir að hefja máls á þessu brýna máli og þeirri miklu vá sem ofbeldi er orðið í okkar þjóðfélagi. Fyrir rúmlega þremur árum var lífi ungrar tæplega 16 ára stúlku gjörbreytt á einni nóttu. Hún varð fyrir hrottafenginni árás annarra unglingsstúlkna hér handan við hornið. Þetta örlagaríka laugardagskvöld var líf hennar og ástvina hennar lagt í rúst. Öll framtíðaráform og glæstir draumar ungrar stúlku urðu að engu þegar ljóst varð að eftir sigur hennar við dauðann biði hennar líf sem mikið fatlaðrar manneskju sem væri um allan aldur háð öðrum með allar athafnir daglegs lífs. Hvað hafði þessi unga stúlka til saka unnið? Ekkert annað en að vilja vera til eins og hitt unga fólkið í bænum. Og hver verða hennar kjör? Jú, stjórnvöld mátu það svo að líf hennar væri 2 millj. kr. virði. En það var einmitt það sem hún fékk í skaðabætur. Þetta eina ofbeldisverk hefur skilið eftir sig spor sorgar og erfiðleika, ekki eingöngu hjá þessari ungu stúlku og hennar ástvinum. Þær ógæfumanneskjur sem voru valdar að ofbeldisverkinu geta varla átt hamingjuríka framtíð fyrir höndum.

Herra forseti. Það er vissulega mikilvægt og lífsnauðsynlegt að viðunandi úrræði séu tiltæk fyrir það ógæfusama unga fólk sem temur sér ofbeldi gagnvart öðrum. En það er ekki nóg að slá á einkennin, það þarf að leita orsaka vandans. Það þarf að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í. Öll þau dæmi sem hér hafa verið nefnd í dag hljóta að vekja upp margar og áleitnar spurningar um orsakir þess að ungt fólk sé farið í svo miklum mæli að nota ofbeldi sem tjáskipti sín á milli. Hvar liggur ábyrgðin á því? Ofbeldi er auðvitað oft ekkert annað en tjáning á bældum og illa skilgreindum tilfinningum, afskiptaleysi eða örvæntingu. Ofbeldi getur líka verið ákall á hjálp í vonlausri stöðu nútímaunglingsins.

Hvernig höfum við brugðist við hröðum og óvæntum þjóðfélagsbreytingum undanfarinna ára? Hvernig höfum við brugðist við aukinni atvinnuþátttöku kvenna? Skólinn hefur ekki komið þar á móti. Hvað hafa stjórnvöld gert til þess að mæta þörfum fjölskyldna í sífharðnandi lífsbaráttu þeirra?

Tíðni hjónaskilnaða verður æ meiri. Nú stefnir í að helmingur allra hjónabanda endi í skilnaði. Þriðjungur íslenskra skilnaðarbarna sér feður sína sjaldan eða aldrei. Hvert eiga þessi börn að sækja sér fyrirmyndir sínar? (Forseti hringir.) Til örþreyttra og sívinnandi foreldra?

Herra forseti. Það verða allir að taka höndum saman um þetta brýna mál. Við þurfum að grafast fyrir um orsakir um leið og við meðhöndlum afleiðingarnar.

[14:14]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram. Ég vil aðeins láta koma fram örstutta ábendingu til þeirra sem bera ábyrgð á þessum málaflokki. Hún er sú að hópurinn sem er til meðferðar og er undir 16 ára aldri á þeim heimilum sem víða eru um land er afar mismunandi. Í þeim hópi fullyrða sérfræðingar sem ég tek fullt mark á, að séu

einir fimm til tíu einstaklingar sem skeri sig úr og eigi við slík hegðunarvandamál og uppeldisvandræði að glíma og séu svo spilltir eða skemmdir vegna þeirra aðstæðna að af þeim muni stafa háski þegar þeir koma af þessum heimilum eftir 16 ára aldur. Hér er um mjög lítinn hóp að ræða sem hefur allt annað viðhorf til samfélagsins en aðrir þeir unglingar sem eru á þessum heimilum. Með því að sleppa þeim án frekari hjálpar er verið að taka þá afstöðu að þeim sé sjálfum háski búinn og ekki síður samfélaginu. Ég skora á félmrh. og aðra sem koma að þessu máli að gefa gaum að þessum örfáu einstaklingum en má segja að samfélagið muni líða verulega fyrir þá ef þeir fá ekki einhverja hjálp áður en vandræði og mikið tjón og sorg hlýst af.

[14:16]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Unglingar eru líka fólk og sem betur fer er sá hópur sem við nú einkanlega beinum sjónum að örsmár minni hluti. En áhyggjurnar vaxa þegar í ljós kemur að hann fer þrátt fyrir allt stækkandi. Ég hygg að við sem hér erum þurfum að gæta þess í tengslum við lög, reglugerðir, nefndir, ráð, úrræði, að það að taka þennan örsmáa hóp, þessa örfáu einstaklinga úr umferð hratt og örugglega verði þeir uppvísir að alvarlegum árásum á jafnaldra sína, er ekki heildstæð lausn á þessum vanda. Ég hygg að við þurfum að horfa eilítið á þann reynsluheim og þær venjur sem tíðkast í þeim menningarheimi sem unglingarnir hrærast í dag frá degi. Það er því brýnt að þeir sem til forustu eru valdir í hópi unglinga, innan skólanna, innan íþróttahreyfingarinnar, æskulýðshreyfinganna séu hafðir með í ráðum til að stemma stigu við þessari óheillaþróun sem sannanlega hefur átt sér stað. Boðvald að ofan, hvort heldur er hjá hinu opinbera, foreldrum eða tilsjónarmönnum öðrum, dugir ekki eitt og sér. Við þurfum að kalla til þá unglinga sem hafa réttlætiskenndina í lagi, eru til forustu vel fallnir og fá þá í lið með okkur til að snúa þessari óheillaþróun til betri vegar. Ég held að það sé lykilatriði sem horfa þurfi til.

[14:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að þetta hafi verið gagnleg umræða þótt stutt sé. Það er sannarlega verið að reyna að vinna að úrbótum á þessu vandamáli. Vistunarúrræðum hefur verið fjölgað verulega. Það er verið að stórefla forvarnastarf.

Menn hafa talað um aga og agaleysi og sjálfsagt er nokkuð til í því. Ég held að það sé líka ástæða til að huga að fjölskyldunni í þessu sambandi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að reyna að styrkja stöðu fjölskyldunnar í þjóðféaginu þannig að hún veiti unglingunum meira aðhald, meiri hlýju en raun ber vitni í allt of mörgum tilfellum.

Það þýðir ekkert að ætla skólanum að ala börnun upp einn. Foreldrarnir og forráðamenn þurfa að koma að því verki líka. Ég tel að það sé mjög ofmælt að segja að þjóðfélagið sé andstætt unglingum. Þjóðfélagið vill allt fyrir unglinga gera. Það að vísu lukkast ekki allt saman jafn vel en ég tel að almenningsálitið og þjóðfélagið í sjálfu sér sé ekki andstætt unglingum, síður en svo.

En hverju búast unglingarnir við? Hvað sjá þeir fyrir sér? Ef þeir fara í bíó, þá sjá þeir endalaust ofbeldi sem og í sjónvarpi. Auglýsingar kvikmyndahúsanna keyra alveg um þverbak. Maður opnar ekki svo fyrir fréttirnar að maður þurfi ekki að horfa á eina eða tvær mínútur af morðum og hryðjuverkum. Þetta er það sem kvikmyndahúsin telja trekkja, þetta er það sem þau eru að benda fólki á og þetta tel ég að sé mislukkuð markaðshyggja.

[14:21]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið góð umræða þó að hún væri stutt og þingmenn sem hafa talað hafa komið að þessu máli frá ólíku sjónarhorni og umræðan verður vonandi til þess fallin að þeir sem munu beita sér í málunum hafi gagn af. Ég tek undir það að um leið og við lýsum áhyggjum okkar af ofbeldi ungmenna verðum við að halda því til haga að stærsti hópurinn er heilbrigður og tápmikill hópur ungmenna sem eru góðir krakkar eins og við segjum gjarnan.

Ég tek líka sannarlega undir orð Guðmundar Lárussonar um unglinga og barnavænt þjóðfélag og samfélagsbreytingar og möguleika foreldra til að ala upp börn sín í ástríki og leiðbeinandi aga. Það eru stórpólitísk mál sem við ættum öll að sameinast um. En nú er verið að ræða afmarkað mál og viðbrögð ríkisvaldsins við ofbeldismálum sem komu upp. Ég er mjög ánægð að heyra hjá félmrh. og fá það upplýst að í dómsmrn. er verið að taka á þeim málum sem snerta úrræði sem verður að vera hægt að grípa til þegar skaðinn er skeður og alvaran blasir við. Ég verð hins vegar að lýsa því yfir að lögræðislögin eru búin að vera til endurskoðunar árum saman en ég er mjög ánægð að heyra um önnur lög, vopnalögin og fleira, sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir gat um.

Heilbrrh. nefndi stefnu í vímuefnamálum. Ég verð að geta þess að við þekkjum ekki þá stefnu. Hún hefur ekki verið kynnt hér enn þá en ég hlakka til að fá tækifæri til þess að heyra þessa stefnu og úrræði og mun sannarlega styðja ríkisstjórnina í góðum verkum hvað það varðar, svo oft hefur verið kallað eftir að það verði tekið á.

Ég er mjög þakklát ráðherrunum fyrir að vera viðstaddir þessa umræðu og þakka forsrh. svörin. Vissulega reyndist það svo að hann kom ekki með beinar upplýsingar um breytingar á löggjöf eða annað sem fram undan væri. Ég skil það mjög vel. En að lokum, virðulegi forseti, varðandi umræðu um sjálfræðisaldurinn, þá verður að horfa á að verið er að flytja frumvörp sem taka til þess að börn eigi að vera börn til 18 ára aldurs. Ég nefni atvinnuleysisfrumvarpið sem hefur verið kynnt. Ég nefni alþjóðasáttmála þar sem börn eru börn til 18 ára aldurs, Tryggingastofnun sem hefur þau börn til 18 ára, barnaverndarlögin sem virka ekki og verða þar með ónýtt tæki á meðan sjálfræðisaldurinn miðast við 16 ár. Ég vona að við eigum eftir að taka saman á í þessum málum til að afstýra frekara ofbeldi meðal ungmenna.

[14:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Við heyrum stundum að þjóðfélag okkar sé ekki hlynnt unglingum eða fjölskyldum, ekki unglingavænt o.s.frv. (**SvG:** Það er borin von.) Við vitum hins vegar að búið er að gera meira á örfáum áratugum til að gera þjóðfélagið betra og þægilegra til að lifa í en áður var. Það þekkjum öll. Auðvitað hefur það líka beinst að unglingum. Menn þekkja íþróttasvæði út um allar jarðir. Menn þekkja félagsmiðstöðvar. Menn þekkja bættan hag í skólum. Þetta var ekki til hér fyrir fáeinum áratugum þegar gamlir menn eins og ég voru að alast upp.

Og við gerum meira en nokkru sinni hefur verið gert í afþreyingu fyrir unglinga. Kannski er það svo að við hugsum of mikið um afþreyingu, að hafa ofan af fyrir unglingunum

en gerum ekki til þeirra þær kröfur sem mundu efla þá til átaka og dáða. Það kann að vera að við höfum verið á rangri braut hvað það varðar.

Það kom líka fram í þessum umræðum að á allra síðustu missirum og nú á næstu missirum eru verk í framkvæmd sem stuðla að því að bæta úr í þeim efnum sem tilefni gáfu til þessarar umræðu. Menn hafa nefnt breytingu á lögreglulögum og lögum um meðferð opinberra mála og lögum um vernd barna og unglinga o.s.frv., vopnalögum og breyting á almennum hegningarlögum. Öll þessi verk eru hugsuð til þess að koma til móts við það vandamál sem við stöndum frammi fyrir.

Ég hef ekki sannfæringu fyrir því sjálfur að það að svipta nærri 10 þúsund unglinga sjálfræði sé endilega lausn á því að ná tökum á vandamáli sem snýr að miklu færra fólki. Ég hlýt að vekja athygli á því að það eru heimildir til þess að svipta ungling sjálfræði eins og hvern annan einstakling ef til þess ber ríka nauðsyn. Ég vil leiðrétta það að fjárframlög til Tinda voru ekki tekin til þess að veita til annarrar starfsemi heldur til þess að nýta þá fjármuni betur sem til þessa verkefnis fara. Og ég vil líka leiðrétta hv. 9. þm. Reykv. Það er ekki verkefni stjórnvalda að ákveða bætur í skaðabótamálum.

Endurskoðendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 261.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 120. mál (framlög til menningarmála o.fl.). — Þskj. 131.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 67. mál (framsal veiðiheimilda). — Þskj. 67.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 108. mál (úrelding fiskiskipa). — Þskj. 116.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 29. mál (barnaklám). — Þskj. 279.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FrS, GHH, HÁs, HjÁ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, SJóh, StG, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 296).

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 30. mál (réttarstaða handtekinna manna o.fl.). — Þskj. 30.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FrS, GHH, HÁs, HjÁ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, SJóh, StG, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 297).

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 97. mál (vernd gegn mismunun). — Þskj. 100.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EgJ, FrS, GHH, HÁs, HjÁ, KHG, KÁ, LMR, LB, MS, SJóh, StG, StB, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 298).

Fjáraukalög 1996, 2. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 48, nál. 276 og 288, brtt. 277 og 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 289. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv.

[14:33]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996. Frv. var lagt fyrir Alþingi þann 8. október sl. og var vísað til fjárln. eftir 1. umr. þann 28. sama mánaðar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármálaráðuneyti og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum. Einnig hafa komið fyrir nefndina forsvarsmenn nokkurra ríkisstofnana sem lagt hafa fram upplýsingar um tiltekin verkefni og önnur erindi. Nefndin leitaði jafnframt eftir áliti Ríkisendurskoðunar á frumvarpinu. Í ljósi þeirra skýringa hefur meiri hluti nefndarinnar fallist á þær tillögur um fjárheimildir sem fram koma í frumvarpinu.

Á meðan nefndin hafði frumvarpið til athugunar var unnið að sérstakri athugun á nokkrum málum í ráðuneytunum sem nú hafa verið leidd til lykta, auk þess sem nokkur ný útgjaldatilefni hafa komið fram. Af þeim ástæðum gerir meiri hluti nefndarinnar 31 breytingartillögu við frumvarpið sem samtals nema 349,3 millj. kr. útgjöldum. Þar af eru átta tillögur að fjárhæð 164,6 millj. kr. sem fluttar eru undir einstökum liðum en stafa allar af viðbótarútgjöldum vegna náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust. Einstakar tillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu auk þess sem fjallað verður nánar um þær í framsögu.

Eins og fram kemur nema tillögur sem meiri hluti fjárln. stendur að 349,3 millj. kr. Fjáraukalagafrv. gerði ráð fyrir því að halli á ríkissjóði væri 2 milljarðar 713 millj. kr. þannig að með þessum viðbótartillögum fer hallinn yfir 3 milljarða kr. Nefndin hefur leitað eftir umsögn frá Ríkisendurskoðun og m.a. er í þeirri umsögn drepið á tekjuhlið frv. Í umsögninni segir m.a. eftirfarandi um tekjuhliðina, með leyfi forseta:

„Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996 gerir ráð fyrir að tekjur A-hluta ríkissjóðs aukist á árinu um 5,1 milljarð kr. Þá heimilar frv. fjmrh. gjaldaheimildir til viðbótar við fjárlög 1996 að fjárhæð 15,9 milljarða kr. Þannig er reiknað með að ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga 1996 yrðu nýttar mundi tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verða 14,7 milljarðar kr. Fjmrh. gerir hins vegar ráð fyrir að 1,9 milljarðar kr. í gjaldaheimildum í árslok 1996 verði ekki nýttir í ár heldur fluttir til næsta árs eða felldir niður og er það aukning frá fyrra ári um 300 millj. kr. Að þessu gefnu er samkvæmt fjáraukalagafrv. gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 12,8 milljarðar sem er 8,9 milljörðum kr. meira en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir."

Einnig er gerð grein í umsögn Ríkisendurskoðunar fyrir þeirra mati á tekjuauka ríkissjóðs og segir svo um það atriði, með leyfi forseta:

„Að mati Ríkisendurskoðunar og þá tekið tillit til tekna A-hluta ríkissjóðs til loka októbermánaðar er að tekjuauki á árinu 1996 geti numið allt að 6,5 milljörðum kr. sem er tæpum 1,5 milljörðum. kr. hærri fjárhæð en frv. til fjáraukalaga gerir ráð fyrir."

Síðan er gerð grein fyrir hvaða áhrif þetta mundi hafa á afkomu A-hlutans og hvaða áhrif innlausn spariskírteina hefur eins og fjmrh. útskýrði þegar talað var fyrir frv. Að mati Ríkisendurskoðunar mundi tekjuhalli án þessarar innlausnar verða 1,2 milljarðar kr. eins og fjáraukalagafrv. stendur. Fjárln. hefur leitað eftir áliti fjmrn. á þessu mati Ríkisendurskoðunar og mun nákvæmari tekjuspá ráðuneytisins bíða þar til við 3. umr. þessa máls. Eigi að síður vildi ég gera grein fyrir þessu hér vegna þess að þetta kemur fram í þeirri umsögn sem við leituðum eftir í fjárln. um frv.

Ég vil þá koma að einstökum breytingartillögum og skýra þær, en í athugasemdum og skýringum í nefndaráliti koma skýringar fram. Það er í fyrsta lagi embætti forseta Íslands. Í frv. er gert ráð fyrir 5 millj. kr. framlagi. Lagt er til að framlagið verði hækkað um 3 millj. kr. þar sem rekstrarkostnaður reyndist vera meiri en talið var.

Alþingi sækir um auknar fjárveitingar af nokkrum tilefnum sem nema 30,7 millj. kr. Það er til viðbótar við þær tillögur sem eru í frv. og stafa einkum af flutningum í húsin við Kirkjustræti, lokafrágangi á þeim byggingum og þeim breytingum hér innan húss sem þessir flutningar hafa í för með sér. Einnig eru aukin útgjöld vegna alþjóðasamstarfs þingsins upp á 3 millj. kr. og 2 millj. kr. vegna virðisaukaskatts sem nú hefur verið lagður á mötuneyti Alþingis. Þá var farið fram á 2 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta greiðslu til Íslandsdeildar þings Vestur-Evrópusambandsins sem Alþingi er nú orðið aðili að.

Farið er fram á 9 millj. kr. hækkun á fjárheimild til Bessastaða til að flýta verklokum við frágang lóðar þar. Af þeirri fjárhæð er 7 millj. kr. kostnaður við fornleifarannsóknir á vegum Þjóðminjasafns Íslands.

Undir menntmrn. eru tvö erindi. Raunvísindastofnun háskólans leitar eftir 4,6 millj. kr. viðbótarheimild til að bæta stofnuninni ófyrirséð útgjöld hjá jarðeðlisfræðistofu og jarðfræðistofu í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust. Hitt erindið er frá stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Þar er gert ráð fyrir 6 millj. kr. aukafjárveitingu til stofnunarinnar vegna fjárhagsvanda sem safnast hefur upp frá árinu 1994. Það skýrist af viðgerðum og endurbótum á aðstöðu og búnaði til að tryggja betra öryggi í varðveislu handrita og bakvakta vegna þeirra.

Í landbrn. er í fyrsta lagi um að ræða yfirdýralæknir. Þar er heimild til að ráðstafa afgangi af fjárveitingu vegna riðuveiki til tveggja verkefna, til erfðarannsókna á riðu 5 millj. kr. og til rannsóknar á riðusmiti með heymaurum 2 millj. kr. Til Bændaskólans á Hvanneyri er gert ráð fyrir

6,5 millj. kr. aukafjárveitingu, 4,5 millj. vegna viðhalds og stofnkostnaðar frá árinu 1995 og 2 millj. kr. til uppgjörs á undirbúningsfélagi hitaveitu í Borgarfirði.

Í sjútvrn. er gerð tillaga um 2,3 millj. kr. framlag til Fiskifélags Íslands til að mæta eftirstöðvum málskostnaðar og biðlauna til starfsmanna.

Í dóms- og kirkjumrn. er gert ráð fyrir 3,5 millj. kr. viðbótarframlagi vegna hærri útgjalda við forsetakosningar en áætlað var. Almannavarnir ríkisins sækja um 2,2 millj. vegna aukakostnaðar við flugeftirlit í tengslum við aðdraganda náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar eldsumbrotanna í haust. Svo koma þrjú erindi af sama tagi. Landhelgisgæslan sækir um 5 millj. kr. aukningu í tengslum við náttúruhamfarirnar, vegna flugferða og aukakostnaðar sem af þeim hlaust og sýslumennirnir á Höfn í Hornafirði og í Vík í Mýrdal fá 0,5 millj. á Hornafirði og 0,9 millj. í Vík í Mýrdal vegna aukinna vakta vegna náttúruhamfaranna.

Félmrn. Undir liðnum Félagsmál, ýmis starfsemi, er lagt til að 3 millj. kr. framlag á viðfangsefninu 1.67 Sjálfsbjörg í Reykjavík undir liðnum Heilbrigðismál, ýmis starfsemi, verði flutt yfir á viðfangsefnið Félagsamtök, styrkir. Það var í tengslum við flutning verkefna frá heilbrrn. til félmrn. sem þurfti að leiðrétta misskilning sem varð vegna framlaga til Sjálfsbjargar í Reykjavík undir þessum lið og vista hann á réttum stað.

Þá er komið að heilbr.- og trn. Þar er Tryggingastofnun ríkisins. Þar er farið er fram á 32,5 millj. kr. framlag til stofnunarinnar í frv. vegna umframgjalda í rekstri þessa árs. Sú fjárheimild var miðuð við að það sem á skorti til að leysa úr fyrirsjáanlegri fjárvöntun ársins, 30 millj. kr., yrði jafnað með rekstrarhagræðingarfé heilbrigðisráðuneytisins. Ráðuneytið hefur hins vegar ekki tök á að leysa úr málinu með því móti þar sem þeim fjármunum hefur verið ráðstafað til annarra brýnna verkefna. Lögð er til hækkun fjárheimildarinnar sem þessu nemur.

Þá er gerð tillaga um 27 millj. kr. aukafjárveitingu til Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar til að mæta uppsöfnuðum halla í rekstri stofnunarinnar sem skýrist af tveimur ástæðum, þ.e. af umframgjöldum í starfsemi undanfarinna ára, 12 millj. kr., vegna stækkunar húsnæðis. Í annan stað réðst stofnunin í kaup á heyrnartækjum sem námu 15 millj. kr. umfram þær heimildir sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Á yfirstandandi ári er aftur stefnt að því að rekstrarumfangið rúmist innan ramma fjárlaga.

Þá er það Sjúkrahús Suðurnesja en þar hefur verið unnið að samningum milli heilbrrn. og fjmrn. og samninganefndar um byggingu D-álmu fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Þessir aðilar hafa gert með sér samkomulag sem miðar að aukinni hagræðingu í rekstri heilbrigðisstofnana á Suðurnesjum. Í samræmi við það samkomulag er leitað eftir 25 millj. kr. viðbótarframlagi til Sjúkrahúss Suðurnesja til að jafna rekstrarhalla áranna 1995 og 1996.

Þá er gerð er tillaga um 12,5 millj. kr. til sjúkrahúsa með fjölþætta starfsemi. Gerð er grein fyrir þessum lið en hann varðar uppsagnir heilsugæslulækna 1. ágúst sl. og aukakostnað nokkurra sjúkrahúsa vegna þess að þau gerðu sérstakar ráðstafanir til að auka viðbúnað sinn á meðan læknarnir voru fjarverandi.

Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þetta er leiðréttingarmál og ég hef gert grein fyrir því áður um Sjálfsbjörg í Reykjavík.

Vistun ósakhæfra afbrotamanna. Það eru 10 millj. kr. til að leysa rekstrarvanda starfseminnar að Sogni, en uppsafnaður halli er þar um 10 millj. kr.

Þá er það fjmrn. Launa- og verðlagsmál. Í nóvember 1993 ákvað Kjaradómur að dómarar skyldu fá fastar yfirvinnugreiðslur sem jafnað yrði niður á alla mánuði ársins. Fljótlega kom fram ágreiningur um greiðslu orlofslauna á þá yfirvinnu. Var málinu vísað til Félagsdóms sem felldi dóm þess efnis að greiða bæri orlof á yfirvinnu dómara. Greiðsla vegna áfallins orlofs til loka nóvember á þessu ári nemur 15,2 millj. kr. og er óskað eftir hækkun heimildar á liðnum sem því nemur. Kjaradómur hefur síðan úrskurðað að frá og með 1. desember 1996 verði ekki greitt orlof á fasta yfirvinnu dómara.

Undir samgrn. er gert ráð fyrir útgjöldum til Vegagerðar ríkisins. Áætlað er að Vegasjóður þurfi að bera um 500 millj. kr. útgjöld á næstu þremur árum til þess að bæta skemmdir á vegamannvirkjum á Skeiðarársandi af völdum náttúruhamfara í kjölfar eldsumbrota í Vatnajökli í haust. Lagt er til að veitt verði 150 millj. kr. aukaframlag til þess að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur í ár.

Undir umhvrn. er Náttúruverndarráð þar sem lagt til að veitt verði 3 millj. kr. viðbótarframlag til þess að uppsafnaður halli færist ekki yfir á nýja stofnun sem tekur við hlutverki Náttúrverndarráðs um næstu áramót, en það er Náttúruvernd ríkisins.

Landmælingar Íslands sækja um 0,5 millj. kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna kostnaðar við landmælingar og loftmyndatökur í tengslum við náttúruhamfarirnar á Skeiðarársandi í haust.

Veðurstofa Íslands. Farið er er fram á aukafjárveitingu að fjárhæð 2,4 millj. kr. og tilefnin eru tvö, 1,5 millj. kr. heimild til þess að standa straum af auknum kostnaði við sólarhringsvaktir vegna varaflugvallarins á Egilsstöðum og 0,9 millj. kr. til að standa straum af kostnaði við aukna jarðskjálftavöktun og aðrar aðgerðir í tengslum við náttúruhamfarirnar á Skeiðarársandi í haust.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fjárln. hefur fjallað um og afgreitt og meiri hluti nefndarinnar skrifar undir. Undir nefndarálitið skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Hins vegar standa út af örfá erindi sem að fjárln. mun taka til athugunar fyrir 3. umr. málsins. Það er í fyrsta lagi tekjuhliðin sem ég hef gert grein fyrir og við munum kalla eftir umsögn fjmrn. um. Í öðru lagi er málefni sjúkrahússins í Neskaupstað í athugun en þannig var að á fjáraukalögum 1995 var veitt 75 millj. kr. fjárveiting til sjúkrahúsa og þessi fjárveiting var ætluð til nokkurra sjúkrahúsa. Heilbr.- og trn. hefur gefið yfirlit um úthlutun þessa fjármagns en úthlutað er til St. Jósefsspítala í Hafnarfirði 20 millj. kr., Sjúkrahúss Suðurnesja 25 millj. kr., St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi 6 millj. kr. og Sjúkrahúss Akraness 24 millj. kr. En þessi sjúkrahús, auk sjúkrahússins í Neskaupstað, voru til skoðunar undir þessum formerkjum. Í minnisblaði heilbr.- og trn. segir að ekki sé gerð tillaga um úthlutun til Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og þar kemur fram að rekstraráðgjafi hefur farið yfir málefni sjúkrahússins og skilað skýrslu þar um. Í þeirri skýrslu eru ýmsar tillögur um að spara í rekstri sjúkrahússins. Það lá ekki fyrir þegar gengið var frá nefndarálitum og tillögum við 2. umr. til hvaða aðgerða stjórn sjúkrahússins mundi grípa þannig að úr varð að málið verður

skoðað milli 2. og 3. umr. Þarna er óleystur vandi sem verður að bregðast einhvern veginn við.

Þá hefur borist erindi frá Ríkisspítölum vegna bæklunaraðgerða og það erindi verður skoðað milli 2. og 3. umr. og einnig í tengslum við þær aðgerðir sem fyrirhugaðar eru og standa yfir í rekstri sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hef þá gert grein fyrir stærstu atriðunum sem út af standa en það blasir við nú að ef ekkert óvænt kemur upp þá verður halli fjárlaga á yfirstandandi ári minni en gert var ráð fyrir. Það er vissulega vegna þess að tekjurnar hafa vaxið en einnig vegna þess að útgjöldin hafa ekki vaxið að sama skapi. Það er auðvitað mjög áríðandi við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, við vaxandi umsvif í atvinnulífinu og vaxandi tekjur, að ríkisvaldið haldi útgjöldum í skefjum. Í þeim anda hefur meiri hluti fjárln. unnið að þessu máli og er að vinna að yfirferð fjárlaga í þeim anda einnig.

Ég vil þakka fjárln. fyrir mjög góða samvinnu við yfirferð þessa fjáraukalagafrv. og ég lýk máli mínu að þessu sinni, herra forseti.

[14:57]

Frsm. minni hluta fjárln. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta fjárlaganefndar um fjáraukalög á þskj. 288. Minni hlutann skipa auk mín hv. þm. Gísli S. Einarsson, Kristinn H. Gunnarsson og Kristín Halldórsdóttir.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarpið til meðferðar, leitað skýringa og fengið upplýsingar og athugasemdir frá ýmsum aðilum um efni þess og beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum 1996 eins og hv. form. fjárln. rakti hér áðan.

Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegum tekjuauka A-hluta ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins, eða um 5,1 milljarði kr. Þá er gert ráð fyrir að gjaldaheimildum til viðbótar við fjárlög 1996 að fjárhæð 15,9 milljarðar kr. Eins og fram kemur í umsögn Ríkisendurskoðunar um frumvarpið er þannig reiknað með að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði um 14,7 milljarðar kr. ef allar gjaldaheimildir fjárlaga og fjáraukalaga 1996 yrðu nýttar. Fjármálaráðherra áætlar hins vegar að 1,9 milljarðar kr. af gjaldaheimildum í árslok 1996 verði ekki nýttar í ár heldur fluttar til næsta árs eða felldar niður. Er þar um að ræða aukningu á ónotuðum gjaldaheimildum frá fyrra ári um 300 millj. kr. Að því gefnu er samkvæmt fjáraukalagafrumvarpinu gert ráð fyrir að tekjuhalli A-hluta ríkissjóðs verði 12,8 milljarðar kr., eða 8,9 milljörðum kr. meiri en fjárlög ársins 1996 gerðu ráð fyrir. Þá er í frumvarpinu óskað eftir viðbótarlántökuheimild frá fjárlögum 1996 að fjárhæð 20,6 milljarðar kr. en ekki er gert ráð fyrir að nýta nema 18,7 milljarða kr. af henni. Samkvæmt þegar fram komnum breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar við frumvarpið er ljóst að gjöldin verða um 350 millj. kr. hærri en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Minni hlutinn stendur ekki að brtt. meiri hlutans þótt margar þeirra séu til bóta. Hins vegar munum við styðja sumar þeirra eftir atvikum. Eins og nánar verður grein fyrir síðar leggur minni hlutinn hins vegar til að tillaga heilbrrn. um að veitt verði 15,1 millj. kr. til heilsugæslunnar í Reykjavík verði samþykkt og hefur verið lögð fram brtt. í þá veru í nafni minni hlutans.

Hvað efni frv. varðar er ástæða til að drepa á nokkra þætti sérstaklega. Stærsti hluti útgjaldanna er vegna fjmrn. og stafar hann að mestu leyti af innlausn spariskírteina. Annar stærsti útgjaldaþátturinn er vegna heilbr.- og trmrn. eða um 1.350 millj. og í brtt. meiri hlutans er enn lagt til að um 107 millj. kr. verði varið til þessa málaflokks á fjáraukalögum. Af heildartölunni er ætlunin að um 200 millj. kr. fari til Ríkisspítala og 230 millj. kr. til Sjúkrahúss Reykjavíkur. Forsvarsmenn Ríkisspítala hafa bent á að til þess að mæta halla Ríkisspítala á árinu þyrfti aukafjárveiting að vera a.m.k. 220 millj. þannig að samkvæmt þeim upplýsingum vantar enn 20 millj. kr. upp á. Þetta er skýrt með því að byggt hafi verið á röngum hallatölum við gerð samkomulags um rekstur sjúkrahúsanna í Reykjavík og því þurfi að hækka aukafjárveitinguna í samræmi við réttar tölur. Það er skilyrði fyrir fjárveitingum vegna samkomulagsins að rekstrarumfanginu á næsta ári verði haldið innan marka fjárveitingar í fjárlögum yfirstandandi árs og að Ríkisspítalar vinni að öðru leyti á uppsöfnuðum rekstrarhalla sínum. Því virðist sem forsendur samkomulagsins séu nú þegar brostnar hvað Ríkisspítalana varðar, enda hafa forsvarsmenn spítalans gagnrýnt það mjög hvernig aðkoma þeirra hafi verið að málinu.

Þá er farið fram á 830 millj. kr. fjárveitingu vegna sjúkratrygginga sem stafar af ýmsum frávikum frá áformum og forsendum fjárlaga. Áætlun um lyfjakostnað bendir til að hann verði um 250 millj. kr. hærri en stefnt var að í fjárlögum og horfur eru á 165 millj. kr. umframgjöldum vegna læknismeðferðar erlendis miðað við fjárlög en í skýringum með frv. er tekið fram að um 50 millj. af þeirri fjárhæð séu vegna ársins 1995. Þessi og fleiri frávik á liðnum Sjúkratryggingar eru enn eitt dæmið um hinar árangurslitlu, handahófskenndu sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar í heilbrigðiskerfinu sem virðast orðið koma fram reglulega í kerfinu.

Bent var á það í umræðum um frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 að heilbrigðiskerfið íslenska væri ekki meðal þeirra dýrari í heiminum heldur þvert á móti væri það á eðlilegum nótum miðað við það sem gerist hjá þeim þjóðum sem við viljum gjarnan bera okkur saman við. Nú virðist svo komið í þeim málum að ekki verði meira sparað án verulegra skipulagsbreytinga og breytinga á því hvaða grundvallarþjónustu eigi að veita á grundvelli samneyslunnar. Slíkar ákvarðanir verða stjórnvöld sjálf að taka. Þau geta ekki vísað þeim á ábyrgð stjórna sjúkrahúsa eða annarra stofnana heilbrigðiskerfis eins og reyndin hefur verið í tíð núverandi ríkisstjórnar. Eigi að búa til nýja þjóðarsátt um það hver sé réttur manna til heilbrigðisþjónustu í samfélaginu sem hefur búið við það um allt of langan tíma verða stjórnvöld að taka þann slag sjálf. Það sama má segja að við eigi um menntakerfið sem hefur búið við það um allt of langan tíma að vera uppálagt að spara og skera niður án þess að skýrlega liggi fyrir hvaða þætti þjónustunnar eigi að skerða.

Fjárheðir til samgrn. nema rúmum 360 millj. kr. auk þeirra 500 millj. sem til eru komnar vegna atburðanna á Skeiðarársandi og gert er ráð fyrir í breytingartillögum meiri hlutans.

Aukafjárveitingar til menntamála eru áætlaðar 278 millj. að viðbættum um 10 millj. samkvæmt breytingartillögum. Samkvæmt frv. er farið fram á 239 millj. kr. til grunnskóla í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga. Í skýringum með frv. segir að fjárþörfin skýrist að meginstofni til af 175 millj. kr. uppsöfnuðum rekstrarhalla grunnskólans á síðasta ári og þessu. Það er reyndar undarlegt að ekki skuli hafa verið brugðist fyrr við þessum vanda þar sem fjölmörg varnaðarorð hafa verið höfð í frammi gagnvart grimmilegum niðurskurði ríkisstjórnarinnar til skólanna í landinu. Það má segja að með þessum fjáraukalögum viðurkenni ríkisstjórnin að of langt hafi verið gengið hvað grunnskólana varðar og

kveður þar vissulega við nýjan tón frá því sem verið hefur þar sem helst hefur verið að skilja hingað til að það væri einkavandamál þeirra sem starfa við skólana að halda sér innan ramma fjárlaga sem oft byggja á handahófskenndum sparnaðartillögum. Gæði kennslu og fjöldi nemenda hafa virst vera aukaatriði sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft miklar áhyggjur af. Nú virðist þó sem örlítið kveði við annan tón, enda hefur þjóðfélagið verið á öðrum endanum síðustu missirin yfir aðför hæstv. ríkisstjórnar að menntakerfinu. Ungmenni hafa í stórum stíl streymt á Austurvöll og lýst yfir megnri óánægju sinni og þjóðin, sem áður stærði sig af því að setja menntun í öndvegi, er nú í skammarkróknum á alþjóðlegum mælikvarða.

Ekki ætla ég hæstv. ríkisstjórn að eiga allan heiðurinn af árangri íslenskra skólabarna í stærðfræði í nýafstaðinni könnun meðal grunnskólabarna en kannski niðurstöður TIMSS-könnunarinnar hafi vakið hæstv. ráðherra til umhugsunar um að það er háalvarlegt mál fyrir þjóð sem vill gera sig gildandi á alþjóðavettvangi að slá slöku við í menntun landsmanna. Slík þjóð tapar í samkeppni þjóðanna hvort sem litið er á mannauðinn eða fjárhagsleg verðmæti.

Í brtt. meiri hlutans er lagt til að Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi verði veitt aukafjárveiting upp á 6 millj. kr. Skýringarnar fyrir þessu eru þær að fjárhagsvandi hafi safnast upp frá árinu 1994 sem að stærstum hluta skýrist af viðgerðum og endurbótum á aðstöðu og búnaði sem fram fór á síðasta ári til þess að tryggja betur öryggi og varðveislu handrita. Það er ánægjulegt að tekið skuli vera á þeim vanda sem stofnunin hefur haft við að glíma sem vissulega getur haft í för með sér stórskaða fyrir land og þjóð ef ekki er rétt á haldið þar sem þjóðararfurinn sjálfur er í húfi.

Ýmis fleiri efnisatriði mætti nefna og gera athugasemdir við. Bent var á það við 1. umr. frv. að ýmsar fjárveitingabeiðnir orkuðu vægast sagt tvímælis, svo sem útþenslustefnan hjá utanrrn. hvað varðar ferða- og risnukostnað. Það virðist löngu komið tilefni til þess að fara vandlega ofan í þá þætti með sparnað í huga ekki síður en gert hefur verið í hinum viðkvæmu málaflokkum heilbrigðis- og menntamála svo dæmi séu nefnd. Þá eru útgjaldatilefni vegna Schengen-samstarfs gífurleg, ekki aðeins á þessu ári heldur einnig hinu næsta sem vissulega vekur spurningar um það samstarf. Hár kynningarkostnaður hinnar nýju Neyðarlínu vekur einnig athygli en farið er fram á 7 millj. kr. aukafjárveitingu vegna kynningarmála eingöngu varðandi Neyðarlínuna auk annarra 7 millj. sem ætlaðar eru í stofnkostnað á grundvelli þess samnings.

Þá vekur vissulega athygli beiðni um aukafjárveitingu vegna endurmats á eftirlaunum fyrrv. bankastjóra Útvegsbankans upp á 25 millj. kr. Lagt er til að fjárveiting verði hækkuð til að gera upp vangreidd eftirlaun þeirra á tímabilinu frá desember 1993 til ágúst 1996 og áætlað er að árlegur kostnaðarauki vegna þessa verði eftirleiðis um 7 millj. kr. Skýringar fjmrh. við 1. umr. um málið voru af skornum skammti og þær upplýsingar sem hafa verið lagðar fram í nefndinni eru einnig takmarkaðar.

Þau svör sem fjárln. hefur fengið við sínum spurningum um þetta mál, en þær voru margar og margvíslegar, eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

Til þess að samræma eftirlaunakjör fyrrum bankastjóra Útvegsbankans fór fjmrn. fram á það sl. vor við Seðlabanka Íslands að bankinn endurreiknaði eftirlaunin. Í ljósi niðurstöðu Seðlabankans var eftirfarandi stofn til útreiknings eftirlauna ákveðinn. Stofn til ákvörðunar eftirlauna fyrrv. bankastjóra Útvegsbankans eða maka þeirra skal vera föst laun bankastjóra Landsbanka Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Eftirlaunastofn fyrrv. aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans eða maka þeirra skal með sama hætti vera 80% af föstum launum bankastjóra Landsbanka Íslands.

Þessi ákvörðun gildir frá og með desember árið 1993 og er í frv. til fjáraukalaga 1996 sótt um 25 millj. kr. til að greiða hækkunina frá þeim tíma fram til loka þessa árs. Um er að ræða 15 einstaklinga en starfshlutfall þeirra er mjög mismunandi. Meðallífeyrir eftir endurreikning á eftirlaunum nemur 209 þús. kr. á mánuði. Ekki er unnt að segja til um hvort einhverjir eftirlaunaþeganna gegni launuðum störfum nema fram fari sérstök athugun á skattframtölum þeirra. Með hliðsjón af aldri þessara einstaklinga er talið ólíklegt að það geti átt við nema um örfáa þeirra.

Ég hefði gjarnan viljað fá ítarlegri upplýsingar um þetta mál og hvernig það er tilkomið og ekki síður hefði ég viljað fa svör við því hvort mörg fordæmi séu fyrir því að slíkir samningar séu gerðir. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er hér í húsinu til að svara þessu. Hann gaf einhverjar skýringar við 1. umr. um málið en ég vildi gjarnan fá að vita frekar um þetta mál, kannski fyrst og fremst um það hvort mörg fordæmi séu af þessu tagi, hvort margir slíkir samningar séu við lýði og þá kannski einnig það sem mér finnst ekki koma fram í þessu svari, að það er sagt hér að til þess að samræma eftirlaunakjör fyrrum bankastjóra Útvegsbankans hafi fjmrn. farið fram á þetta sl. vor. Hvaðan kemur þá frumkvæðið og hvers vegna er farið í þetta núna, árið 1996, að taka þetta upp og hvers vegna var það gert þrjú ár aftur í tímann? Ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum.

Minni hluti fjárln. ítrekar þá gagnrýni, sem kom fram í nefndaráliti hans við afgreiðslu fjáraukalaga 1995, á að sótt sé um gjaldaheimildir umfram það sem ætlunin er að nota. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað gagnrýnt þetta mjög og velt upp þeirri spurningu hvers vegna sótt sé um hærri aukafjárveitingu en útlit er fyrir að þörf sé fyrir á árinu og hvort ekki væri rétt að taka ákvörðun um flutning fjárheimilda til næsta árs við afgreiðslu fjárlaga það ár en ekki með fjáraukalögum sem lögð vera fyrir þingið á næsta ári. Þá vill minni hlutinn gagnrýna að nánast eingöngu skuli vera sótt í fjáraukalögum um viðbótarheimildir vegna útgjalda sem þegar hafa fallið til en það leiðir til þess að afgreiðsla Alþingis verður eingöngu formsatriði og staðfesting á löngu gerðum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Ríkisendurskoðun hefur þegar bent á að þegar sótt sé um aukafjárveitingar þurfi að gera kröfu til þess að beiðnir séu vel rökstuddar og sérstaklega komi fram í slíkum rökstuðningi hvers vegna útgjaldatilefni varð ekki séð fyrir við afgreiðslu gildandi fjárlaga. Því miður verður ekki séð við afgreiðslu þessa fjáraukalagafrv. að fjármálastjórn hins opinbera sé styrk hvað þetta varðar. Oft og tíðum er um uppsafnaðan halla að ræða sem löngu er fyrir séð að þyrfti að taka á með auknum fjárframlögum.

Sem dæmi má hér nefna rekstur Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala. Frv. gerir ráð fyrir 430 millj. kr. viðbótarfjárveitingu vegna hallareksturs spítalanna. Þá fjárhæð sem nú er lagt til að verði varið til sjúkrahúsanna vantaði fyrirsjáanlega upp á við afgreiðslu fjárlaga ársins 1996 og var ítrekað bent á það af forsvarsmönnum spítalanna og af stjórnarandstöðunni við umræður í þinginu. Minni hluti fjárln. lagði fram brtt. við frv. til fjárlaga um að þessari fjárvöntun yrði mætt að einhverju leyti en þær voru ekki samþykktar. Hið

sama mætti segja um niðurskurð til menntamála sem var harðlega gagnrýndur við afgreiðslu fjárlaga þessa árs og bent á að menntakerfið þyldi ekki frekari handahófskenndan niðurskurð. Ríkisstjórnin skellti skollaeyrum við þessum ábendingum og hélt á lofti algjörlega óraunsæjum sparnaðartillögum en í athugasemdum með frv. til fjáraukalaga er það viðurkennt að aukning útgjaldanna stafi að stórum hluta af því að sparnaðaráform gengu ekki eftir.

Minni hlutinn telur algjörlega óviðunandi að ekki sé lögð meiri áhersla á að fjárlög endurspegli raunverulegt rekstrarumfang þeirra stofnana sem þau ná til auk þess sem óraunhæfar sparnaðartillögur eru dýrar fyrir ríkissjóð og koma fram á einum eða öðrum stað í kerfinu. Heilbrrn. hefur nú sem dæmi óskað eftir aukafjárveitingu upp á 15,1 millj. kr. til heilsugæslunnar í Reykjavík og í greinargerð til fjárln. um málið kemur fram að halli heilsugæslunnar í Reykjavík sem nemur sömu fjárhæð sé fyrst og fremst til kominn vegna skorts á hjúkrunarrýmum í Reykjavík auk þess sem sjúklingar eru fyrr skrifaðir út af sjúkrahúsum í Reykjavík en áður. Þetta komi fram í aukningu á heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Fjmrn. og meiri hluti fjárln. hefur hins vegar ekki fallist á þessa beiðni heilbrrn. og neitar að horfast í augu við orsök vandans. Minni hluti fjárln. átelur þessi viðhorf og leggur fram brtt. um að orðið verði við þessari tillögu heilbrrn. sem felur í sér að 13 millj. kr. verði varið til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík, 400 þús. til Miðbæjarumdæmis og 1.700 þús. til Vesturbæjarumdæmis. Eru þær hugmyndir byggðar á þeim tillögum sem heilbrrn. hefur kynnt fyrir fjárln. en fjmrn. ekki féllst á.

Minni hluti fjárln. áskilur sér rétt til að styðja einstakar tillögur til breytinga sem lagðar hafa verið fram af meiri hlutanum og til að leggja fram aðrar breytingartillögur en situr að öðru leyti hjá við afgreiðslu frv.

[15:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera tilraun til að svara ákveðinni fyrirspurn sem kom fram hjá hv. þm. og varðaði eftirlaunakjör fyrrv. bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Um önnur atriði mun ég ekki fjalla í þessu andsvari.

Því miður get ég ekki gefið alveg fullnægjandi svör við þeim spurningum sem fram eru komnar, en þannig er að fjmrn. fer með málefni Útvegsbankans gamla, þ.e. eftirlaunakjörin, en um Landsbankann og um kjör bankastjóra Landsbankans er þannig farið að það eru bankaráðsmenn sem ákveða laun bankastjóranna. Talið hefur verið að með launakjör fyrrv. bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans ætti að fara með sama hætti og reikna sem hlutfall af bankastjórakjörum Landsbankans. Það er síðan Seðlabankinn sem gerir þessa útreikninga og fram hafði komið að breytingar hefðu orðið á kjörum bankastjóra Landsbankans 1. des. 1993. Hér er verið að gera leiðréttingu á kjörum frá þeim tíma og til dagsins í dag. Þessi útreikningur Seðlabankans birtist ekki fjmrn. fyrr en 23. maí 1996. Leiðréttingin tekur til 15 einstaklinga, ýmist fyrrv. starfsmanna bankans eða eftirlifandi maka. Því miður sé ég mér ekki fært að birta nöfn þeirra einstaklinga sem í hlut eiga. Ástæðan fyrir því að beðið er um þetta nú er að ekki lágu upplýsingar um það frá Seðlabankanum fyrr en á miðju þessu ári.

[15:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ef ég hef skilið hann rétt þá er það svo að með þessari samræmingu er verið að fela bankaráði Landsbankans að ákveða þann stofn sem miða skal eftirlaun fyrrv. bankastjóra Útvegsbanka Íslands við sem eiga heima undir fjmrn. eins og skipulagið er í dag. Ef ég skildi hæstv. fjmrh. rétt þá er það þannig að bankaráð Landsbankans ákveður sjálft þessi atriði hvað Landsbankann varðar og síðan er miðað við laun bankastjóra Landsbanka Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Mér þykir þetta vera mjög undarlegt samkomulag, vægast sagt. Ég lýsi yfir furðu minni á þessu samkomulagi. Ég vildi fá svar við þeirri spurningu, sem hæstv. fjmrh. kom ekki að í andsvari sínu áðan, hvort önnur fordæmi séu fyrir slíkum samningum. Þekkir hæstv. fjmrh. dæmi þess að slíkir samningar séu víðar í gangi hvað varðar eftirlaun fyrrv. starfsmanna ríkisins? Ég vildi fá svar við því líka.

[15:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki svarað þessu hér og nú. Ég held að svo sé ekki. En ég minni á að fyrir um það bil tveimur árum eða svo var tekin sú ákvörðun af viðskiptaráðherra að beina því til bankaráðs ríkisviðskiptabankanna að þeir hættu sjálfvirkri viðmiðun við laun annarra aðila, en það hafði tíðkast að bankaráð ríkisviðskiptabankanna tengdu laun bankastjóra við laun hæstaréttardómara. Svo gerist það, eins og kemur fram í bréfi sem Seðlabankinn skrifar fjmrn., að lögð er til grundvallar viðmiðun úr Landsbankanum og þar segir — þótt bréfið sé trúnaðarmál þá held ég að það sé óhætt að lesa þennan kafla að minnsta kosti hér, með leyfi forseta:

„Grunnlaun eða föst laun bankastjóra Landsbankans hafi verið þau sömu og hæstaréttardómara til 30. nóv. 1993, þá hafi laun þeirra verið ákveðin 411 þús. kr. á mánuði að viðbættri bankaráðsþóknun 40.343 kr. og að launin hafi verið óbreytt síðan. Einnig að eftirlaun fyrrv. aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans skuli miðast við 80% af launum bankastjóra sem ekki þurfi endilega að vera sama hlutfall og laun aðstoðarbankastjóra Landsbankans."

Hér hef ég lesið úr þessu bréfi og á grundvelli þessarar skoðunar hefur Seðlabankinn reiknað út eftirlaun og eftirlaunahlutföll og þá kemur í ljós að sú hækkun sem þarf að gera frá 1. des. 1993 til loka þessa árs og ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum eru 24,6 eða 24,7 millj. kr. Því miður get ég ekki gefið þessar upplýsingar nákvæmari en þetta ætti að skýra hvers vegna ekki var gert ráð fyrir þessum fjármunum í fjárlögum yfirstandandi árs.

[15:19]

Frsm. minni hluta fjárln. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil enn og aftur þakka hæstv. fjmrh. fyrir frekari útskýringar en mér þykir eiginlega málið verða enn flóknara þeim mun betur sem það er útskýrt því mér heyrist hæstv. fjmrh. tala um að það hafi þurft að gera leiðréttingar en eftir því sem mér skilst á máli hans, á því sem hann hefur sagt áður, er um að ræða nýtt samkomulag. Er það ekki rétt skilið? Það er verið að gera nýtt samkomulag. Fjmrn. er í raun og veru að gera nýtt samkomulag um það hvernig eftirlaunin skuli ákveðin og það aftur í tímann. Eða lítur hæstv.

fjmrh. þannig á að þessir viðkomandi 15 einstaklingar hafi átt óyggjandi rétt á þessum hækkunum og það aftur í tímann? Mér finnst vera svolítið óljóst um hvorn þáttinn er að ræða. Ég vildi gjarnan fá svar hæstv. fjmrh. við því. Lítur hann svo á að þarna hafi verið um að ræða óyggjandi rétt sem þessir fyrrv. bankastjórar hafi getað byggt mál sitt á eða er einungis verið að semja við þá upp á nýtt og þá aftur í tímann?

[15:21]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Fjáraukalagafrv. það sem við erum að ræða hér er nánast gerður hlutur. Fjármunum hefur þegar verið ráðstafað og afgreiðsla Alþingis er aðeins formsatriði. Þetta er auðvitað gömul saga og það er kannski erfitt að gera við þessu í einhverjum tilvikum. En ég held að það sé oft og tíðum matsatriði. 430 millj. kr. framlag vegna hallareksturs sjúkrahúsanna í Reykjavík, það má velta því fyrir sér. Sá halli var fullkomlega fyrirsjáanlegur við afgreiðslu fjárlaga þessa árs. Á þetta benti minni hlutinn við afgreiðslu yfirstandandi fjárlaga og gerði sérstakar tillögur um fjárveitingar vegna málsins. Ég segi það, herra forseti, að hefðu stjórnarliðar fallist á varnaðarorð stjórnarandstöðunnar og tillögur um aukin framlög við afgreiðslu þeirra fjárlaga þá stæðum við ekki frammi fyrir því að ræða þær aukafjárveitingar sem hér er verið að fjalla um nema að litlu leyti.

Það má segja það sama um sjúkratryggingar sem augljóslega voru verulega vanmetnar. Þetta er endurtekning ár frá ári og ástæða til að það breytist. Ég geri mér sterklega vonir um að með breytingum á meðferð fjárreiðna ríkisins takist það. En til þess að það verði gert tel ég að verkefnavísar sem núna eru gefnir út eftir að fjárlög hafa verið gerð upp ættu að liggja fyrir áður en til fjárlagatillagna er boðað.

Það eru alltaf uppi hugmyndir um niðurskurð og sparnað á þeim mikilvæga lið sem heitir heilbrigðismál og tryggingamál. Hugmyndir eru um niðurskurð og sparnað á málefnum sem varða fjölskyldur og einstaklinga svo miklu. En þær hafa ekki reynst raunhæfar. Þær skapa sífellt stríðsástand og óróa. Útgjöld til heilbrigðismála hafa árlega verið helsti skotspónn sparnaðaraðgerða. Það er í sjálfu sér eðlilegt að menn horfi til þessa málaflokks þar sem til hans renna um 41,6% af útgjöldum ríkisins, eða nú um 52 milljarðar í fjárlagafrv. Það þarf að sjálfsögðu að gæta aðhalds og huga af kostgæfni að því hvernig þessari háu fjárhæð er varið. Það er rétt að það er stöðugt verkefni að sýna ráðdeild og sparnað í þessum mikilvæga málaflokki. En á hinn bóginn er nauðsynlegt að minna á ákveðnar staðreyndir svo menn gleymi sér ekki alveg í umræðunni um þörf á niðurskurði í heilbrigðismálum og gleymi sér í fullyrðingum um óhjákvæmilegan vöxt í heilbrigðiskerfinu næstu árin.

Tekjudreifing í þjóðfélaginu er ekki réttlát. Það eru staðreyndir að hlutur fjármagnsins hefur verið að aukast, hlutur launþeganna í landinu hefur verið að minnka og launamismunurinn hefur verið að vaxa. Þau jaðaráhrif sem hafa verið nefnd til sögunnar stuðla beinlínis að því að sá hluti vinnuaflsins, sem á mesta möguleika á vinnumarkaðnum gagnvart vinnuveitendum sínum, getur beinlínis gert kröfu um það að aukið vinnuframlag verði þeim einnig bætt. Þetta þýðir að hærri skattar sem leiða af auknu vinnuframlagi séu bættir í launum og fyrirtækin ganga að því að greiða raunverulega hærri skatta í formi hærri launa. Þau taka á sig þann kostnað ef um er að ræða eftirsótt fólk á vinnumarkaði. Jafnvel þetta atriði stuðlar að auknum launamun á sama tíma og lífskjarasamanburðurinn síðasta vetur, með allri þeirri umræðu sem þá varð, leiddi í ljós að taxtalaun og dagvinnulaun Íslendinga eru orðin slík að þau hrökkva ekki til að framfleyta fjölskyldu. Láglaunafólkið á Íslandi er í þessu launa- og skattkerfi dæmt til að reyna að ná endum saman með vinnutíma sem er allt að þremur mánuðum lengri á ári en gerist meðal grannþjóða okkar þannig að tekjudreifingin á Íslandi er ekki réttlát. Hún stefnir ekki í rétta átt.

Í því fjárlagafrv. sem við munum ræða fljótlega eru ekki neinar tillögur um úrræði sem boða betri stefnu eða stefnu sem tekur á þessum málum. Það er satt að segja nöturlegt vegna þess að úr því að það er ekki gert einmitt núna þegar við stöndum frammi fyrir allherjarkjarasamningum við gerbreytt skilyrði eftir samdráttarskeiðið og í nýju góðæri þá er það fyrsta skilyrði til þess að stjórnvöld geti náð árangri að þau leggi fram efnahagsstefnu, fjárlagafrv. og skattafrv. sem eru þess eðlis að þau sannfæri ekki bara forustumenn launþega heldur launþegana í landinu um að hugur fylgi máli. Það virðist svo sannarlega ekki vera alvara í því af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að gera hvort tveggja, að breyta skattkerfinu í þá átt að það verði vinnuhvetjandi en ekki letjandi eða að vinna gegn óréttlátri tekjudreifingu, að stuðla að réttlátri tekjudreifingu og að sýna fram á að þessi efnahagsstefna verði haldbær eins og hún reyndist nú reyndar vera í hallærinu. Hún reyndist vera haldbær í hallærinu og því ætti hún að duga í góðærinu, hún ætti að þola góðærið.

Ef skoðuð eru fjárlögin 1984, en það ár var síðast afgangur af rekstri ríkissjóðs, þá kemur í ljós að til heilbrigðis- og tryggingamála það ár var varið 37% af útgjöldum fjárlaganna, samanborið við fjárlagafrv. fyrir næsta ár — það er ástæða til að ræða þetta, herra forseti, því ég er að koma að fjáraukalagafrv.; þetta eru ákveðnar grunnforsendur sem tengjast þeirri umræðu — samanborið við fjárlagafrv. ársins 1997 þar sem fjárhlutfallið er 41,6%. Þetta er í raun ekki meiri aukning en búast má við. Það kemur raunar á óvart hversu lítil breyting er á þeim árum frá 1984 þegar þess er gætt að hluti aukningarinnar, og ef til vill öll aukningin, er út af félagslega þættinum sem hefur færst yfir. Þarna munar rúmlega 4 milljörðum kr. sem útgjöldin eru hærri samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1997 miðað við hlutfallið í fjárlögum ársins 1984.

Okkur má vera það ljóst að greiðslur einstaklinga vegna ýmissa læknisverka hafa aukist og létta því ákveðnum hluta af auknum kostnaði við heilbrigðiskerfið í heild fyrir ríkissjóð. En það breytir því ekki að hlutur ríkissjóðs hefur ekki aukist umtalsvert á síðustu 16 árum. Rúmlega 4 milljarða kr. hækkun er minna en ætla mætti miðað við þá umræðu sem verið hefur á undanförnum árum um þensluna og sjálfvirka aukningu í heilbrigðiskerfinu. Til fróðleiks má geta þess að þar sem önnur útgjöld ríkisins og sveitarfélaga hafa aukist meira en aukning til heilbrigðismála hafa heildarútgjöld hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, lækkað úr 17,72% í 16,85%. Það upplýsir að þessir aðilar, þ.e. opinberir aðilar, verja minni hluta af sínum heildartekjum til heilbrigðismála á síðasta ári en þeir gerðu 1984.

Herra forseti. Það er ástæða til að gagnrýna enn og aftur að sífellt er verið að sækja um gjaldaheimildir umfram það sem ætlunin er að nota. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað sett fram sömu gagnrýni og spurt hvers vegna sé sótt um hærri fjárveitingar en útlit er á að þörf sé fyrir. Það er bágt til þess að vita að auknar tekjur fyrir árið 1996 skuli vera vegna aukinna skulda heimilanna, vegna aukins innflutnings og vegna

aukinna lána til heimilanna. Það bætir afkomu ríkissjóðs verulega að heimilin skuli auka skuldir. Þetta tel ég mikið áhyggjuefni.

Það er líka rétt að velta fyrir sér hvernig horfurnar eru um afkomu ríkissjóðs fyrir árið 1996. Þá má búast við að lánsfjárþörf ríkisins fyrir 1996 stefni í allt að 44 milljarða kr. og það er rétt að geta þess að það er um 17 milljörðum meira en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Fram hefur komið í umræðunni að það þurfi að veita 1,4 milljarða til heilbrigðiskerfisins. Stjórnarandstaðan benti á síðasta ári á að það mundi verða stórt gat og það vill svo til að álit Ríkisendurskoðunar er að enn þá vanti 500 millj. Og hvað er svo lagt upp með fyrir árið 1997? Það var óskað eftir fjárheimildum frá heilbrrn. um 54 milljarða. Og hverjar eru tillögurnar sem við erum að fjalla um? Það er gert ráð fyrir 52 milljörðum og þá vantar 2 milljarða. Ég fullyrði að það er stórt gat sem á eftir að stoppa upp í.

Það er ástæða, herra forseti, til að nefna þetta vegna þess að þetta mun koma fram á næsta ári á svipaðan máta og nú. Það var fullyrt við umræðuna á síðasta ári að staðið yrði við áætlanir sem settar voru fram. Staðreyndir liggja fyrir og ef ég nefni nokkrar athyglisverðar stikktölur um halla, þá minni ég á að ég hélt því fram í haust að halli eða fjárvöntun í heilbrigðiskerfinu væri sannarlega um 1 milljarður kr. Þá er rétt að tína til hvernig staðan er nákvæmlega núna í desember á árinu 1996. Þá er hallinn hjá Ríkisspítölunum uppsafnaður upp á 260 millj. Hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur upp á 185 millj. Hjá Sjúkrahúsi Akraness 40 millj., hjá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað 40 millj., hjá Sólvangi í Hafnarfirði 8 millj., hjá Sjúkrahúsi Patreksfjarðar 2 millj. Svona er hægt að halda lengi áfram. Það eru þessir hlutir sem ég tel að hefði átt að lagfæra. Það hefði átt að koma rekstri þessara stofnana á hreint. Þá hefði verið hægt að leggja upp með fjárlög sem vit væri í.

Það er ástæða, herra forseti, til að vekja athygli á því að í fjárlögum er gert ráð fyrir sparnaði vegna lyfjakaupa upp á um 400 millj. með útboðum og vegna aukinnar samkeppni. Og hver er svo reynslan til dagsins í dag? Jú, lyfjakaupareikningur fyrir einstakan mánuð hefur aldrei verið hærri en síðasta mánuð og það er engan veginn unnt að álíta að hlutdeild ríkisins minnki vegna minni lyfjanotkunar.

Þá er einnig meiningin að spara 100 millj. í rannsóknum og röntgengreiningum. Spara um 100 millj. Hver gæti trúað því nema sá sem er ómeðvitaður um þær staðreyndir að biðlistar hafa ekki verið lengri á öllum sviðum læknisfræðinnar nema það sem lýtur að hjartaaðgerðum á undanförnum árum.

Í fjárlagafrv. er áætlað að lækka tannlæknakostnað um 80 millj. kr. og það ætla menn að gera með hertum reglum og hertu eftirliti. Hverjum dettur það í hug að svona áform náist fram eins og má sjá í fjárlagafrv. fyrir árið 1997?

Herra forseti. Ég sagði að það vantaði 1 milljarð í fjárlagafrv. vegna heilbrrn. Ég stend við það. En ég vil benda á að ef menn skoða frv. út frá rekstrargrunni og með vísan í októberskýrslu Seðlabankans um peninga, gengi og greiðslujöfnuð þá er líklega 3–4 milljarða kr. halli á frv. Þetta kemur fram á bls. 14 í því riti. Með þessum orðum, herra forseti, er ég að reyna að varpa réttu ljósi á fjármálaástandið eins og það er og, með leyfi forseta, vil ég vitna til þessarar umræddu skýrslu:

„Munur á greiðslugrunni og rekstrargrunni liggur í meginatriðum í því að á greiðslugrunni eru tekjur og gjöld bókuð þegar þau koma til greiðslu en á rekstrargrunni þegar til þeirra er stofnað. Mest munar í þessu sambandi um áfallnar lífeyrisskuldbindingar umfram það sem er formlega greitt til lífeyrissjóða og mismun áfallinna og greiddra vaxta.“ Og þá kemur setningin, herra forseti: „Lauslega má áætla að munurinn á rekstrargrunni og greiðslugrunni sé a.m.k. um það bil 4 milljarðar kr. um þessar mundir þannig að 1,1 milljarðs afgangur samkvæmt fjárlögum nú samsvarar um það bil 3 milljarða kr. halla á rekstrargrunni.“

Hvað þýðir þetta? Það þýðir að í raun erum við að leggja upp með fjárlagafrv. sem á að vinnast og þá fjárlög sem eiga að vinnast á rekstrargrunni og það þýðir að í stað þess að vera með afgang upp á rúman milljarð, þá erum við í raun að fara af stað með halla upp á 3 milljarða. Þetta eru atriði sem ég tel að þörf sé á að skoða. Auðvitað er þetta eftir því hvaða forsendur menn gefa sér og eftir hvaða forsendum menn vinna út frá.

Ég tel ástæðu til þess, herra forseti, að vitna í það sem ég var að segja hér áðan um ástandið í heilbrigðismálunum. Til fjárln. hafa borist fjölmörg erindi, hvert erindið á fætur öðru sem staðfestir það sem ég hef verið að segja hér. Það er slíkur bunki af erindum sem berst til fjárln. um heilbrigðismál og varðandi heilbrigðiskaflann að það þyrfti nánast fræðing til þess að fara í gegnum allar þær ályktanir og umsagnir um biðlista, um fjárvöntun. En ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í örfá svör sem okkur hafa borist. Sérstaklega spurði undirritaður um málefni sem varða glasafrjóvgun og mér barst nú rétt áðan svar við þeirri fyrirspurn og svarið segir mér að áætlaður fjöldi glasafrjóvgunarmeðferða fyrir 1996 sé um 300. Auk þess eru framkvæmdar tæknisæðingar, um 200 meðferðir á ári. Núna bíða 477 pör eftir meðferð, þar af eru um 80 pör að bíða eftir smásjárfrjóvgun sem vonandi hefst í mars 1997. Herra forseti. Ég hafði þau svör frá heilbrrn. að þessar aðgerðir ættu að hefjast í september eða október á þessu ári, en það er eins og annað að það stendur nánast ekki steinn yfir steini í þeim svörum sem maður fær, hvort sem það er frá umræddu ráðuneyti eða öðrum. Það er ástæða til að nefna fjölmörg atriði.

Herra forseti. Ég tel að það sé ekki fært annað en að ræða um málefni aldraðra nokkuð við þessa umræðu og að menn geri sér grein fyrir því hvernig aldraðir eru staddir í dag eftir þá aðgerð sem meiri hlutinn hér á Alþingi eða hæstv. ríkisstjórn þvingaði í gegn þegar bætur til elli- og örorkulífeyrisþega voru aftengdar og eiga að vera háðar almennu verðlagi í landinu. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 2% hækkun til þessara aðila. Það hlýtur að vera krafa uppi um að þeirra afkoma tengist við laun. Ég geri sérstaka athugasemd við grunnlífeyri aldraðra sem var stofnað til með lögum árið 1946 með sérstakri skattheimtu. Ég geri sérstaka athugasemd við það að þeir skuli fá lakari meðferð en önnur eftirlaun hjá ríkinu. Grunnlífeyrir átti að vera fyrir alla 67 ára og eldri, án tillits til tekna, en hefur verið tekjutengdur síðan 1992 og óverðtryggður frá síðustu áramótum. Eftirlaun ríkisstarfsmanna eru aftur á móti tryggð með hlutfalli af launum sem eru greidd fyrir þau störf sem viðkomandi hefur farið úr en almennir lífeyrissjóðir miða við vísitölu neysluverðs. Verðtrygging grunnlífeyris var fyrir aftengingu miðuð við launataxta verkamanna en þeim töxtum vil ég meina að hafi vísvitandi verið haldið niðri vegna þessara og annarra viðmiðana, t.d. ákvæðistaxta. Þetta hefur leitt til þess að upphæðin er nú aðeins 10% af verkamannalaunum en var um 21% árið 1969 þegar almennu lífeyrissjóðirnir

voru stofnaðir. Vegna þess hve seint sjóðirnir voru stofnaðir skiptir grunnlífeyririnn mjög miku máli.

Herra forseti. Það væri ástæða til að fara nákvæmlega yfir stöðu eldri borgara í þessari ræðu, en það er kannski líka ástæða til að draga þá umræðu til fjárlagaumræðunnar því að það verður að mínu mati að flytja tillögur og ég trúi ekki öðru en hv. Alþingi samþykki það að tengja afkomu elli- og örorkulífeyrisþega við almenn laun í landinu. Annað gengur ekki.

Til að styðja þá framsetningu sem ég hef sett fram er rétt að fara nokkuð yfir þá biðlista sem eru í heilbrigðisgeiranum og vitna þá til nokkurra atriða frá landlækni. Hvað halda menn að þeir séu margir sem bíða eftir aðgerðum á bæklunardeildum á Landspítala, Borgarspítala, Landakotsspítala og St. Jósefsspítala? Það eru 1.367 sem sannanlega bíða eftir bæklunaraðgerð. Hvað þýðir þessi tala? Hún þýðir að það er enn meiri fjárvöntun í kerfinu heldur en ég hef verið að ræða um hér. Það eru 1.108 sem bíða eftir aðgerðum á háls-, nef- og eyrnadeild. Það eru 300 sem bíða á biðlistum eftir aðgerðum á þvagfæradeild. Það eru 410 sem bíða aðgerða á öðrum deildum. Einu biðlistarnir sem náðst hefur að stytta er fyrir hjartaþræðingar og hjartaskurðlækningar og er það auðvitað vel. En eftir sem áður er mjög mikill þrýstingur í kerfinu og það verður að taka á þeim málum. Að því mun koma að krafan verði svo hávær að kerfið springi.

Herra forseti. Eins og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir kom inn á vil ég fara nokkrum orðum um hækkun fjárheimilda vegna endurmats á eftirlaunum fyrrv. bankastjóra Útvegsbankans. Þar var fyrir 15 aðila, eins og hér hefur komið fram, óskað eftir 70 millj. kr. hækkun fjárheimildar á liðnum Uppbætur á lífeyri. Fjárþörf á þessum lið mun aukast vegna endurmats sem gert hefur verið á eftirlaunum fyrrv. bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands. Lagt er til að fjárheimild verði hækkuð um 25 millj. til þess að gera upp vangreidd eftirlaun þeirra á tímabilinu frá því í desember 1993 fram í ágúst 1996 og áætlað er að árlegur kostnaðarauki vegna þessa verði um 7 millj. kr. á ári. Gert hefur verið ráð fyrir þessari hækkun í fjárlögum 1997. En ég vil vekja sérstaka athygli á þessu máli vegna þess að ég tel að nánast allir launþegar á Íslandi eigi hönk upp í bakið á ríkisvaldinu vegna þessara aðgerða. Það er óréttlæti sem verið er að framkvæma hér. Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort þeir einstaklingar sem þarna er um að ræða séu ekki í störfum annars staðar. Svo er rétt að spyrja um það hvort fyrrv. bankastjórar og aðstoðarbankastjórar fái ekki greidd eftirlaun úr ríkissjóði til viðbótar fyrir önnur störf. Eða koma þau kannski til frádráttar, eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir spurði um á þingi í haust?

Herra forseti. Ég fer ekki fleiri orðum um þetta frv. að sinni. Það gefst tækifæri til þess við 3. umr. Ég reikna ekki með því að fá skýringar á ýmsum einstökum liðum en ég vildi aðeins vekja athygli á þeim atriðum sem ég hef þegar nefnt. Og að lokum er ástæða til að hafa orð á því að framkvæmdarvaldið tekur sér of mikið vald til ráðstöfunar fjármuna án þess að leita samþykkis löggjafarvaldsins. En í þeim tilvikum sem það er unnt á framkvæmdarvaldið alls ekki að ráðstafa fjármunum án heimilda. Þetta er meginatriðið í því sem ég hef verið að ræða um, herra forseti. Og ég hef farið nokkuð inn á fjárlagagerðina vegna þess að þetta tengist óhjákvæmilega þeim niðurstöðum sem við reiknum með að hafa í höndunum á sama tíma að ári.

[15:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996 hefur verið til meðferðar í fjárln. í tæpa tvo mánuði en á þeim tíma hafa reyndar verið miklar annir aðrar og iðulega blandast þetta og skarast þannig að auðvelt er að villast á milli ára þegar reynt er að átta sig á hlutunum.

Sú afgreiðsla sem við nú stöndum frammi fyrir hefur í för með sér gríðarlegan halla á A-hluta ríkissjóðs á þessu ári sem þó er ekki allur af hinu vonda. Þar á ég fyrst og fremst við þá 10 milljarða sem tengjast endurfjármögnun spariskírteina en með þeirri aðgerð sem ráðist var í fyrr á þessu ári er áætlað að vaxtaútgjöld ríkissjóðs verði um 2 milljörðum kr. lægri alls næstu þrjú árin en ella hefði orðið og vitaskuld er það af hinu góða. Uppsafnaðir vextir og verðbætur innleystu skírteinanna urðu hins vegar að bókfærast í einu lagi á þessu ári sem útgjöld og það skýrir stærsta hluta þess halla sem við stöndum frammi fyrir.

Meiri hlutinn leggur fram nokkrar breytingartillögur við frv. Að vísu eru ekki lagðar til neinar breytingar á tekjuhliðinni þrátt fyrir að allt bendi til þess að tekjurnar verði meiri en frv. áætlar. Við höfum ekki fengið allra nýjustu spá frá Þjóðhagsstofnun en í nýlegu vinnuskjali frá stofnuninni er vikið að því að tekjurnar verði að öllum líkindum meiri en áður var spáð. Að því vék einmitt hv. formaður fjárln. í framsögu sinni áðan þannig að við megum búast við einhverjum tillögum í því efni við 3. umr. því að þetta atriði ætti að hafa skýrst nánar núna en minni hlutinn hefur a.m.k. ekki fengið neitt upp í hendur.

Breytingar á gjaldahlið eru allnokkrar og þó að meiri hlutinn standi einn að flutningi þeirra styður minni hlutinn þær flestar. Mörg önnur tilefni voru rædd í nefndinni og hefði verið ástæða til þess að taka fleira upp en hér kemur fram. Þar ber hæst stöðu ýmissa liða í heilbr.- og trmrn. sem veldur miklum áhyggjum að ekki sé meira sagt. Að vísu er í breytingartillögum meiri hlutans komið til móts við nokkrar af óskum heilbr.- og trmrn. en aðrar ekki. Við sem skipum minni hluta nefndarinnar erum afar ósátt við að ekki var orðið við rökstuddri beiðni um framlög til heilsugæslunnar í Reykjavík sem ráðuneytið tók undir. Þess vegna leggjum við fram brtt. á þskj. 289 þar sem við tökum í einu og öllu undir þær óskir sem fram komu í nefndinni um auknar fjárveitingar til heilsugæslunnar í Reykjavík og við hljótum að vonast til þess að þingheimur sé tilbúinn að íhuga þessa tillögu og styðja hana. Og ég vænti þess að þó að hér séu afar fáir viðstaddir, raunar hafa nánast eingöngu fjárlaganefndarmenn verið viðstaddir þessa umræðu í dag, þá fylgist aðrir þingmenn með á sínum skrifstofum og sjái sóma sinn í að kynna sér þessi efni því að við erum vitaskuld ekki að tala um neitt einkamál fjárln. heldur málefni þingheims alls sem hlýtur að láta sig fjárlög og fjárveitingar ríkisins miklu varða.

Þarna er einmitt á ferðinni skýrt dæmi um áhrif niðurskurðar til sjúkrahúsanna sem hefur verið stöðugt viðfangsefni undanfarinna ára. Á því sviði hefur náðst verulegur árangur og má t.d. nefna að í yfirliti yfir rekstur Ríkisspítalanna árin 1990--1996 kemur fram að raunbreytingar á launum hafa orðið 10% til hækkunar en önnur rekstrargjöld hafa lækkað um 3%. Á sama tíma hefur sjúklingum fjölgað um 20% en stöðugildum fækkað um 9%. Niðurstaðan er sú að fjöldi sjúklinga á stöðugildi hefur aukist um heil 32%. Þetta er gríðarlega mikill árangur en því miður hljótum við

að setja þetta orð „árangur" innan gæsalappa í þessu samhengi. Þessi rekstrarhagræðing hefur nefnilega kostað miklar fórnir. Álag á starfsfólk hefur aukist, hlutfall bráðainnlagna aukist en valinnlögnum fækkað verulega og biðlistar þar af leiðandi lengst með tilheyrandi þjáningum og erfiðleikum fjölda einstaklinga og fjölskyldna. Og enn og aftur hlýtur maður að spyrja um ávinning þegar upp er staðið. Sjúklingar eru útskrifaðir fyrr og þeir eru veikari en áður var þegar þeir eru útskrifaðir og það er einmitt ástæðan fyrir halla heilsugæslunnar í Reykjavík. Sjúklingunum batnar nefnilega ekki við þessar rekstrarhagræðingar allar heldur er þeim sinnt á annan hátt, fyrst og fremst með aukinni heimahjúkrun sem kostuð er af heilsugæslunni. Þetta er því afar ljóst dæmi um það hvernig sparnaður og hagræðing á einu sviði heilbrigðisþjónustu kemur fram sem kostnaður á öðru sviði hennar. Ég skora á hv. alþm. að sýna skilning í garð þessarar tillögu sem er fyllilega réttmæt og rökum studd.

Í frv. sjálfu eru lagðar til aukafjárveitingar til Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Ég ræddi það nokkuð við 1. umr. um þetta mál og lýsti því að halli sjúkrahúsanna kom okkur a.m.k. ekki á óvart. Við ræddum stöðu sjúkrahúsanna ítarlega við afgreiðslu fjárlaga þessa árs þar sem minni hlutinn gerði sameiginlega tillögu um auknar fjárveitingar við 3. umr. sem meiri hlutinn vildi því miður ekki taka tillit til. Og þrátt fyrir þær tillögur sem í frv. eru er ljóst að þær fjárveitingar duga ekki til að rétta af stöðu sjúkrahúsanna. Ég hlýt því enn og aftur að lýsa áhyggjum yfir þessari þróun. Svo virðist sem sú stefna hafi hreinlega verið mörkuð að stóru sjúkrahúsin skuli búa við það að draga á eftir sér halla á hverju einasta ári upp á a.m.k. 200 millj. kr. Þetta virðist vera stefnan og ég verð að segja: Þetta er ekki viturleg stefna. En þessi eilífðarmál verða sjálfsagt mikið rædd þegar fjárlagafrv. kemur til 2. og 3. umr., herra forseti, hvenær sem þau stórtíðindi verða.

Ég ræddi nokkuð við 1. umr. um einstaka liði eins og tillögur um framlög vegna hugsanlegrar aðildar að Schengensamkomulaginu en mér þykir menn nokkuð iðnir við að fara fram úr sjálfum sér í því efni og sama má segja um ýmis önnur útgjöld vegna margvíslegra erlendra samskipta sem verða sífellt meiri og út af fyrir sig ekki sérlega auðvelt að standa gegn því. Erlend samskipti verða æ mikilvægari og þau kosta sitt, en við hljótum að verða að gæta aðhalds í þessu efni eins og öðrum.

Ég ræddi einnig um eftirlaun fyrrv. bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbankans eins og mikið hafa komið til umræðu í ræðum hv. fyrri ræðumanna og þær upplýsingar sem hæstv. fjmrh. veitti við það tækifæri, eftir minni, hafa nú verið staðfestar. Þessar greiðslur byggjast á samkomulagi sem ekki verður dregið í efa en auðvitað hef ég og margir fleiri skoðun á þessu samkomulagi. Við getum aðeins velt því fyrir okkur hvernig staða ríkissjóðs væri ef stjórnvöld sýndu almennt slíkt örlæti þegar um er að ræða starfslok við stofnanir ríkisins. Hér er vitanlega á ferðinni eitt af þessum skínandi dæmum um muninn á þeim Jónunum, séra og ekki séra. Og ég hlýt að segja það sem mína skoðun að þessi samningur, samkomulag, fyrirkomulag eða hvað má kalla það er mér bæði undrunar- og hneykslunarefni.

Hv. frsm. nál. minni hluta fjárln. kallaði eftir frekari svörum hæstv. fjmrh. í ræðu sinni hér áðan. Ég skil út af fyrir sig vanda hæstv. ráðherra að skýra þetta mál. Þetta er eitt af því sem hann tók í arf þegar hann settist í sæti fjmrh. en vissulega var þetta samkomulag gert í tíð fjmrh. Sjálfstfl. þannig að ábyrgð hans er einnig mikil.

Það er mjög þægilegt og einfalt að hafa slíka viðmiðun sem þetta fólk hefur við laun bankastjóra í fullu starfi og slíkar viðmiðanir eru út af fyrir sig eðlilegar í mörgum tilvikum. Stjórnvöld hafa hins vegar verið að hverfa frá slíkri sjálfvirkni. Ég minni á að í tengslum við afgreiðslu fjárlaga þessa árs tók ríkisstjórnin þá stefnu að aftengja elli- og örorkulífeyri við launaþróun á almennum vinnumarkaði og skerti þar með kjör aldraðra og öryrkja sem voru þó sannarlega ekki of sælir af sínu. Ég minni á baráttu stjórnarandstöðunnar gegn þeirri lagabreytingu sem ég tel hafa verið mikið óheillaspor. Ég óttast verulega um hag þessa fólks og tel engan veginn tryggt að því verði bætt sú skerðing sem er fyrirsjáanleg ef það gengur eftir sem ætlað er samkvæmt fjárlagafrv. Ég get sagt það hér að við hljótum að reyna að vinna að því að koma þeirri tengingu á aftur. Það er réttlætismál. Við höfum á borðinu það hrópandi óréttlæti sem felst í að nokkrum eftirlaunaþegum eru tryggðar háar fjárhæðir mánaðarlega með viðmiðunum við hálaunamenn í bankastjórastólum á sama tíma og elli- og örorkulífeyrir er aftengdur við almenna launaþróun. Svona ráðslag ofbýður réttlætiskennd minni, herra forseti, og fjölmargra annarra og umræðan verður að halda áfram á einn eða annan hátt og ég vil gera mitt til þess.

Að lokum, herra forseti, vil ég enn einu sinni minna á nauðsyn þess að hæstv. ráðherrar sýni hv. Alþingi meiri virðingu og sæki um heimildir jafnóðum og tilefni gefast eftir því sem mögulegt er svo að við stöndum ekki sífellt frammi fyrir orðnum hlut. Það er hægt í ríkari mæli en gert er og við eigum að breyta vinnubrögðum í þessu efni. Ég hygg að ég muni segja þessi orð oftar eða svo lengi sem þörf er á.

[16:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fara nokkrum orðum um það frv. og þær breytingartillögur frá meiri hluta fjárln. sem hér liggja frammi við 2. umr. um fjáraukalög. Einkum og sér í lagi vil ég nálgast þetta viðfangsefni með eilítið heildstæðari hætti en gerist í þessu frv. og raunar hefur gerst áður um langt, langt árabil. Tilfinning mín og sannfæring er nefnilega sú, og ég hygg að það hafi komið fram í þessum umræðum og oftsinnis áður, að hér séu menn að sönnu ekki að taka á nema toppi ísjakans og er nokkuð tilviljanakennt hvað er sýnilegt hverju sinni hvaða vandamál er verið að fást við hverju sinni og kannski það sem meira er, hvaða vandamál er ekki verið að fást við hverju sinni. Þetta frv. til fjáraukalaga er sama marki brennt og stundum áður að það virðist vera tilviljanakennt hvernig tekið er á vandamálum ríkissjóðs og einstakra ríkisstofnana.

Ég ætla í vangaveltum mínum fyrst og síðast að staldra við heilbrigðiskerfið og heilbrigðisstofnanir. Það er alveg ljóst þegar lesin eru saman nokkur opinber gögn í þessu samhengi, ríkisreikningur, fjárlagafrv., þetta frv. til fjáraukalaga og viðbætur meiri hluta fjárln., að í fyrsta lagi fara tölfræðilegar staðreyndir ekki alltaf saman og í öðru lagi, sem kannski er veigaþyngst og ég gat um, að menn sýna því kannski mismunandi mikinn áhuga að taka á vandamálunum, skilgreina þau og reyna að finna á þeim einhverja heildstæða lausn til lengri tíma.

Ég óskaði eftir frá starfsmanni fjárln. að fá upplýst um beiðnir einstakra sjúkrastofnana og hvernig þær sjálfar skilgreindu sinn hallarekstur og þær tölur sem þær væru að

vinna með, bæði hvað varðar hallarekstur yfirstandandi árs og einnig vegna fortíðarvandans, uppsafnaðs halla fyrri ára. Án þess að ég ætli að lesa það allt upp kemur fljótlega í ljós að upplifun sjúkrastofnananna sjálfra er stundum með allt öðru móti en fjmrn. og allt aðrar tölur þar á ferð og raunar allt aðrar tölur en Ríkisendurskoðun segir til um þegar hún fer yfir ríkisreikninginn 1995. Og það er auðvitað áhyggjuefni þegar stofnanir og gæslumenn ríkissjóðs geta ekki orðið sammála um hver vandinn er og hvert umfang hans er.

Menn hafa eðlilega staldrað við hinar stóru tölur og einkanlega staldrað við Ríkisspítalana og sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjavík með fjölþætta starfsemi enda eru tölurnar þar langstærstar. En þær eru auðvitað jafnstórar, þótt minni séu, fyrir þær litlu stofnanir víða úti á landi sem eru að fást við þessi vandamál frá degi til dags. Til fróðleiks og til að skýrgreina örlítið nánar hvað ég er að fara hef ég skoðað nokkrar stofnanir og vil byrja á því, virðulegi forseti, til að koma beint að kjarna málsins, að nefna hér Akranes til að mynda sem er á heimaslóðum hæstv. ráðherra og þá á ég við heilbrrh. sem hefði, held ég, gott og gagn af því að vera við þessa umræðu. Ég kalla ekki sérstaklega eftir henni samt sem áður. Það er hins vegar meira við hæfi að talsmenn meiri hluta fjárln. væru í kallfæri og heyrðu mál mitt. Ég sé að varaformaður nefndarinnar er hér í hliðarsal og læt mér það nægja. Væntanlega hefur formaðurinn, hv. þm. Jón Kristjánsson, öðrum hnöppum að hneppa.

En ég nefndi Akranes. Fram kemur í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar að í árslok 1995 væru skammtímaskuldir þess sjúkrahúss 66,4 millj. kr. og þar af væri halli ársins, þ.e. ársins 1995, 30,9. Með öðrum orðum, blússandi hallarekstur. Ef maður skoðar síðan fjárlagafrv. fyrir komandi ár þar sem búast mætti við að menn ætluðu að reyna að ná tökum á þessum hallarekstri, þá er ekki séð að þær tölur sem þar er að finna geri mikið. Og þaðan af síður verður maður var við í frv. til fjáraukalaga að menn ætli sérstaklega að taka á rekstrarhalla sjúkrahússins á Akranesi. Það sem meira er að tilsjónarmaður sem þar hefur verið að störfum hefur eins og víðar haft það verklag að gefa laus og föst loforð rekstraraðilum þessa sjúkrahúss og fleiri um að ef þeir grípi til tiltekinna ráðstafana, þá eigi þeir hugsanlega möguleika á því að fá gulrótina; fá bættan skaðann, fá lagfærðan hallann. Þetta eru þau vinnubrögð og það verklag sem þessir svokölluðu tilsjónarmenn og þá í umboði hæstv. heilbrrh. hafa viðhaft og er umræðuefni út af fyrir sig og kannski kem ég nánar að því á eftir.

Þetta er hins vegar dæmi um það sem maður sér engan endi á og frv. til fjáraukalaga tekur á engan hátt á. Maður spyr sig: Ef ekki á þessum vettvangi, hvar þá? Með öðrum orðum, hvorki er að finna — og kannski ég setji fleiri sjúkrahús hér undir, Blönduós, Seyðisfjörð, Neskaupstað, Sólvang í Hafnarfirði, St. Jósefsspítala Hafnarfirði, þetta eru allt sjúkrastofnanir sem hafa átt við mikinn vanda að etja og umtalsverðan hallarekstur til lengri eða skemmri tíma og að litlu sem engu leyti er tekið á í frv. til fjáraukalaga og heldur ekki í frv. til fjárlaga komandi árs þannig að ég hlýt að spyrja: Á hvaða vettvangi og með hvaða hætti er verið að vinna að varanlegri lausn þessara mála? Og ég spyr enn fremur: Er það kannski með þeim hætti sem felst í frv. til fjárlaga? Þar sem segir að þessi sjúkrahús og raunar fleiri eigi að lenda undir niðurskurðarhnífnum á næsta ári því að það á eftir að skipta 160 millj. kr. niðurskurði á þau sjúkrahús þannig að hún fer fyrir ansi lítið sú hækkun sem þó er að finna á einstakar sjúkrastofnanir í frv. til fjárlaga. Og maður spyr sig: Hver er framtíðarsýnin í þessum málum? Veit ekki sá sem þessu stýrir hvað er að gerast á einum staðnum þegar unnið er öðruvísi á hinum? Maður hlýtur að kalla eftir því hjá hæstv. fjmrh. Auðvitað er þetta vandamál sem leysist ekki í einu vetfangi en engu að síður hlýtur þetta að vera vandamál sem menn þurfa að takast á við og hafa nokkuð glögga heildarmynd yfir og skynja þá og skilja í hverju þessi fortíðarvandi svokallaði er fólginn, hvernig eigi að leysa hann og koma í veg fyrir að hann endurtaki sig. Það gerist ekki þannig að menn horfi gersamlega fram hjá honum við fjáraukalagagerð, eins og hefur verið gert með örfáum undantekningum þó, sem ég ætla að nefna á eftir, og að litlu leyti er tekið á þessu í fjárlagafrv. sjálfu og reyndar með öfugum formerkjum þar, því gefið er til kynna að skera eigi þessar stofnanir aftur niður. Raunar er ástæða til að nefna það við umræðuna að vísað er til þess þegar rætt er um þennan 160 millj. kr. sparnað árinu 1997 hjá sjúkrahúsum úti á landi, að til séu hugmyndir um hvernig skuli fara í þennan niðurskurð. Að vísu hefur hæstv. ráðherra heilbrigðismála margsinnis nefnt einhverja nefnd til sögunnar sem væri að vinna þetta mál og væri alveg að ljúka störfum og væntanlega kemur það í ljós nánar í þessari viku við 2. umr. fjárlaga. Engu að síður er gefið til kynna í frv. til fjárlaga, í greinargerð með því, að menn hafi einhverjar grófar hug*myndir um hvernig eigi að nálgast þetta viðfangsefni.* Ég hlýt af þessu tilefni, því þetta snertir auðvitað fjáraukalögin alveg þráðbeint og vil fá almenn efnisleg svör við því hér og nú, að spyrja hæstv. fjmrh.: Undir hvaða formerkjum er farið í þetta endurmat á hlutverki sjúkrahúsa úti á landi? Verður tekið mið af því hvort þessar sjúkrastofnanir hafi verið að safna skuldum og halla á umliðnum árum? Mun það veikja stöðu þeirra sérstaklega? Verður ekkert horft til hins fjárhagslega ramma heldur eingöngu á viðkomandi svæði í heilbrigðisþjónustunni? Þetta er lykilatriði.

En umfram allt held ég að ástæða sé til að kalla eftir því hjá hæstv. ráðherra fjármála, á hvaða vettvangi hann vill nálgast þetta vandamál sem því miður er viðvarandi, þennan hallarekstur sjúkrastofnana vítt og breitt um landið sem er að sönnu mismikill. Á að gera það við fjáraukalagagerð eins og gert er í undantekningartilfellum? Og ég spyr: Af hverju er það gert í sumum tilfellum og öðrum ekki og ekki vikið orði að öðrum stofnunum sem eiga við sambærilegan vanda að etja? Ég hef tekið eftir því og gleðst og lýsi ánægju minni með það að tekið er á vanda til að mynda Sjúkrahúss Suðurnesja. Af hverju er ekki tekið á rekstrarvanda St. Jósefsspítala í Hafnarfirði á nákvæmlega sama hátt? Kann að vera að hæstv. heilbrrh. hafi notað þetta viðbótarframlag sem eins konar skiptimynt í einhverjum samningaviðræðum um uppbyggingu margnefndrar D-álmu í Keflavík eða í Reykjanesbæ? Og hvaða blanda er það, virðulegi forseti, að hræra saman í eitt framtíðaruppbyggingu Sjúkrahússins í Reykjanesbæ, *þegar menn horfa til framtíðar í þeim efnum,* og viðvarandi rekstrarhalla á sjúkrahúsi þar í bæ? Ég segi það bara beint út: Auðvitað hef ég fylgst með því og veit að hæstv. ráðherra og hans umboðsmenn hafa nýtt D-álmuna, eða öllu heldur nýtt það vandamál sem viðkomandi sjúkrastofnun hefur átt við að stríða varðandi rekstur til þess að knýja á um að farnar yrðu þær leiðir sem hann vildi varðandi uppbyggingu D-álmu. Þetta eru engin vinnubrögð. Þetta hét einhvern tíma á mannamáli eins konar kúgun. Svona eiga menn ekki að vinna heldur koma fremur beint framan að

þessu máli og segja forsvarsmönnum þessarar stofnunar og raunar allra annarra, hug sinn allan. Hvernig sjá stjórnmálamenn og forsvarsmenn heilbrigðismála fyrir sér hlutverk þessara sjúkrastofnana vítt og breitt um landið? Eru þær óþarfar? Er stefnt að því að leggja þær niður eða hvað?

Þetta verða menn að ræða hispurslaust og af hreinskilni en ekki hlaupa undan merkjum. Þetta geri ég að umtalsefni, virðulegi forseti, því að þetta tengist frv. til fjáraukalaga og breytingartillögum sem verið er að gera, og segi enn og aftur, þær eru ákaflega ófullkomnar þegar kemur að þessari heildstæðu sýn sem við þurfum að hafa í þessum efnum.

Ég vil til að mynda gjarnan kalla eftir því hjá virðulegum varaformanni fjárln. hver hans sýn væri í þessum efnum, hvernig hann liti á hlutverk laga eða fjáraukalög í þessum efnum. Er það svona hippsumhapps aðferð til þess að bæta sumum vandamál yfirstandandi fjárlagaárs? Er það alls ekki leið til að leysa vandamál til lengri tíma, þ.e. fortíðarvanda til margra ára? Undir hvaða formerkjum erum við yfirleitt að fara fram með fjáraukalög? Er það eingöngu til þess að láta stemma í árslok eða hver er hugsunin á bak við þetta allt saman? Ég hlýt að kalla ákveðið eftir því því að mér virðist nokkuð ljóst að við vinnslu málsins, eins og hún birtist mér a.m.k., en ég fæ upplýsingar frá ágætum og samviskusömum og hæfum starfsmanni nefndarinnar, þá kemur í ljós að það eru aðeins örfáar sjúkrastofnanir af fjölmörgum sem eiga við þennan vanda að etja, sem hafa verið sannarlega undir þessum formerkjum til umfjöllunar í hv. fjárln. og efast ég ekkert um það eitt andartak að hún sé að vinna sína vinnu með miklum ágætum. Skýringin hlýtur að liggja í einhverju allt öðru, að menn hafa ekki nálgast þetta mál nægilega heildstætt. Sama má segja í sambandi við fjmrn. Það fær þetta áreiti innan úr fagráðuneyti, frá heilbrrn. Og fjárbeiðnir heilbrrn., fagráðuneytisins í þessum efnum eru líka hippsumhapps ef þar eru tíndar saman einstakar fjárbeiðnir einstakra stofnana en ekki hirt um að eyða orðum að öðrum.

Þær eru skelfilegar þær upplýsingar sem fram koma í riti ríkisendurskoðanda í þessum efnum þar sem rætt er t.d. um Sjúkrahúsið á Seyðisfirði þar sem skuldirnar eru 15,5 millj. Það þykir ekki há tala miðað við hinar háu tölur Ríkisspítalanna, en þær eru býsna háar í rekstri sem, ef ég man rétt, telur 98 millj. kr. Það er því ekkert lítið hlutfall. Þannig get ég haldið áfram. Skuldastaða St. Jósefsspítala í Hafnarfirði: Heildarskuldir í árslok 1995 voru 80,5 millj. kr. og þar af er yfirdráttur á hlaupareikningi 47,8 millj. kr. Þar er fjárlagatalan um það bil 239 millj. kr. fyrir yfirstandandi ár, 254 millj. kr. fyrir komandi ár. Ég vænti þess og gef mér að enn ætli heilbrrn. að höggva í sama knérunn og taka eitthvað til baka af þessari hækkun og væntanlega með þessum 160 millj. kr. hamri þannig að ekki er verið að leysa það vandamál, ekki kemur það a.m.k. fram í fjáraukalögum.

Ég dvaldi við Sjúkrahúsið í Keflavík. Það kemur fram í endurskoðun ríkisreiknings 1995 að skuldastaða sjúkrahússins hafi versnað enn á árinu 1995 og heildarskuldir þá orðnar 55,3 millj. kr. Þar er um að ræða tölur á ársgrundvelli í fjárlagafrv. upp á 179 millj. kr. á yfirstandandi ári. Þær hækka að vísu umtalsvert eða upp í 192 millj. á næsta ári. Á því máli er hins vegar tekið hér, að hluta til a.m.k. Á því máli er einhverra hluta vegna tekið og menn hafa af því grafalvarlegar áhyggjur og ég segi enn og aftur: Tengist það einhverri áformaðri uppbyggingu og einhvers konar samningamakki hæstv. ráðherra við heimamenn um uppbyggingu D-álmu? Hvert er samhengi þeirra hluta? Ég fæ ekki séð það og þetta á ekkert að vera svona. Þessi mál á að nálgast á miklu beinni hátt og menn eiga að svara því fyrir fullt og fast hvort menn vilji sjá þessa starfsemi halda áfram lítt breytta eða hvort menn vilji hreinlega draga verulega úr henni eða jafnvel hætta henni. Ég minnist þess til að mynda að ekki fyrir margt löngu ræddu menn og rifust dálítið um skýrslu um hlutverk einstakra sjúkrastofnana vítt og breitt um landið og í ljós kom að hlutverk einstakra sjúkrastofnana var mjög mismunandi í einstökum héruðum. Heimamenn nýttu ekki viðkomandi sjúkrastofnanir heldur fóru til Reykjavíkur eða norður á land, til Akureyrar til þess að sækja nauðsynlega sjúkraþjónustu.

Með vilja ætla ég ekki að staldra við vanda stóru spítalanna. Það hafa aðrir gert hér á undan. Ég vildi hins vegar með þessum örfáu dæmum vekja máls á því að mér finnst það umhugsunarefni í þessu samhengi til hvers þessi fjáraukalög eru sem við afgreiðum á hverju hausti eða í desember rétt fyrir í jólaleyfi þingmanna. Eru þau bara til að laga verstu agnúana tilviljanakennt eða eru þau ætluð til þess að skoða málin miklum mun heildstæðar en hingað til hefur verið?

Ég ætla ekki að staldra mikið við þær breytingartillögur sem fram eru komnar frá upphaflegu frv. Það vekur hins vegar athygli, ég neita því ekki, virðulegi forseti, hvort það sé bara tilviljun eða hvað, að hv. meiri hluti fjárln. sér ekki ástæðu til að breyta tillögum sem frá hæstv. fjmrh. eru komnar í neinu til lækkunar. Allt er kokgleypt sem frá honum kemur. Kannski er sambandið milli þeirra orðið svona náið og gott, en maður hefði kannski haldið að í einstaka tilfelli, þó ekki í stóru væri, hefði meiri hluti hv. fjárln. séð einhverja agnúa á. Ég sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið þannig að ég læt þetta tal falla, en það er gott samband þeirra á milli.

Ég vil í bláendann, vegna þessara breytingartillagna, vekja máls á kúnstugu útspili meiri hluta fjárln. þar sem fjallað er um Tryggingastofnun ríkisins. Þar er ekki um stórar tölur að ræða en mér sýnist þær vera upp á 2,5 millj. kr. Það er hins vegar athygli vert að skýringarnar á því að þessar 30 millj. kr. sem voru í upphaflegu frv. duga ekki, liggja í eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Ráðuneytið hefur hins vegar ekki tök á að leysa úr málinu með því móti þar sem þeim fjármunum hefur verið ráðstafað til annarra verkefna."

Hér er átt við framlag eða rekstrarhagræðingarfé heilbrrn. Það er nú fokið í flest skjól ef þessi hagræðingarliður heilbrrn. hefur ekki yfir að ráða vesælum 2,5 millj. kr. til þess að laga og lagfæra stóran og umfangsmikinn rekstur Tryggingastofnunar ríkisins þannig að allt er þetta býsna pínlegt, verð ég að segja og segir kannski dálítið um gang mála á Hverfisgötunni.

Svo smámál í bláendann. Ég minnist þess að þegar við hæstv. fjmrh. störfuðum saman lagði hann mikla áherslu á að einstök fagráðuneyti væru sjálfum sér nóg og væru rekin upp á eigin býti og samkvæmt eigin ábyrgð. Ég sé hins vegar að í lið 395 undir dóms- og kirkjumrn. ætlar fjmrh. og einstakir ráðherrar að fara að sníkja ókeypis flugferðir með Landhelgisgæslunni. Þetta finnst mér býsna dapurt. Af hverju í veröldinni er þetta ekki einfaldlega tekið af rekstrarfé viðkomandi ráðuneyta? Ég veit að Flugmálastjórn er rekin þannig og ég vænti þess að Landhelgisgæslan sé það líka. Er ekki langeinfaldast að einstakir ráðherrar sem af ýmsum ástæðum þurfa að taka sér flugfar með Flugmálastjórn oftast, og í einstaka tilfellum með Landhelgisgæslunni, borgi brúsann af ráðstöfunarfé einstakra ráðuneyta en þurfi ekki

að koma fyrir Alþingi til að biðja um 5 millj. kr. til að borga farmiða fyrir ríkisstjórn og ráðherra? Þetta er hálfaumingjalegt og mér hefði fundist eðlilegra að hvert ráðuneyti hefði gert upp við Landhelgisgæsluna samkvæmt reikningi hennar. Með þessu er ég ekki, virðulegi forseti, að gera lítið úr mikilvægi þess að æðsta stjórn ríkisins hafi viljað fylgjast með þeim erfiðleikum og vandamálum sem áttu sér stað á Skeiðarársandi, það er langt í frá og snertir ekki það sem ég er að ræða hér. Ég minnist þess a.m.k., og hæstv. ráðherra verður að leiðrétta mig ef á því hefur orðið breyting, að einstök ráðuneyti væru í sjálfu sér nóg í þessum efnum og undirstofnanir ríkissjóðs gætu einfaldlega sent þeim reikninginn vegna notaðrar þjónustu hverju sinni. En að Gæslan í þessu tilfelli eða aðrar undirstofnanir þyrftu ekki að koma fyrir hið háa Alþingi og biðja um aukafjárveitingu á fjáraukalögum til að standa straum af útgjöldum sem til verða vegna ráðherra eða æðstu stjórnar ríkisins. Þetta er breyting frá því sem var og hæstv. ráðherra verður að skýra af hverju þær breytingar hafa orðið.

En meginefni máls míns, eins og virðulegi forseti hefur heyrt, er um hlutverk þessara fjáraukalaga og hvort við þurfum ekki eilítið að ræða það á hinu háa Alþingi og skoða hvort þau þjóni þeim tilgangi sem þeim er ætlað og umfram allt að menn hlaupi ekki frá sumum vandamálum en taki tilviljunakennt á öðrum. Það eru vinnubrögð sem borga sig ekki eins og kemur í ljós þegar tímar líða.

[16:30]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson velti því fyrir sér hvort tilviljun réði því hvort tekið væri á rekstrarvanda einstakra sjúkrastofnana en hv. þm. fjallaði fyrst og fremst um það í sinni ágætu ræðu. Það er fjarri því. Í hv. fjárln. er farið mjög rækilega ofan í málefni einstakra stofnana með fulltrúum ráðuneytanna og reynt að átta sig á hvar þurfi að taka á og hvar þurfi að flytja brtt. við fjáraukalagafrv. ef um rekstrarvanda er að ræða. Eitt er algjört grundvallaratriði í þeirri vinnu og það er að fyrir liggi einhverjar tillögur um úrbætur í rekstri þannig að reikna megi með og treysta því að fyrir endann sjái á þeim vanda sem verið er að bæta. Þetta skiptir mjög miklu máli. Vegna þess að hv. þm. nefndi vanda Sjúkrahúss Suðurnesja þá verður að segjast eins og er að stjórnendur þess sjúkrahúss hafa ekki náð nægilega góðum tökum á rekstrinum sem sést á því að á þessu ári er með afgreiðslu þessara fjáraukalaga sem eru til umræðu búið að bæta halla upp á 50 milljónir. Það er auðvitað mjög há fjárhæð sem þar er um að ræða. En aðalatriðið er, virðulegi forseti, að kröfu verður að gera til að stjórnendur sjúkrastofnana geri tillögur um lausn á vanda og að viðkomandi fagráðuneyti geri þá tillögur um breytingar sem feli í sér úrbætur á rekstri ef ekki á að gera viðbótartillögur eða tillögur um hækkun.

[16:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar skýringar og mér þykja þær skynsamlegar. Ég held að þetta sé alveg hárrétt nálgun hv. fjárln. að þessum viðfangsefnum og þessum vandamálum sem við er að etja. En það má á hinn bóginn gagnálykta og spyrja sem svo: Er þá ástæðan fyrir því að ekki er tekið á fleiri sjúkrastofnunum og vandamálum þeirra en raun ber vitni í þessum fjáraukalögum sú, að aðrar sjúkrastofnanir séu ekki að gera neitt í sínum málum og að vandinn haldi áfam að magnast og heilbrrn. sé ekkert að sýsla með eða reyna að vinda bráðan bug að því lagfæra vandann og snúa halla í hagnað eða a.m.k. hallalausan rekstur innan árs? Þetta hlýtur maður að álykta. Á hinn bóginn geri ég mér fullkomlega grein fyrir því að hv. fjárln. hefur takmarkaða getu eða möguleika til að snúa við og vinda ofan af vandamálum í rekstri einstakra sjúkrastofnana. Framkvæmdarvaldinu ber auðvitað fyrst og síðast að gera það og í þessu tilfelli heilbrrn. með aðild og aðstoð fjmrn. Mér sýnist hins vegar og árétta að svör og skýringar hv. þm. Sturlu Böðvarssonar á vinnulagi og verklagi fjárln. undirstrika það að slík vinna er nauðsynleg. Markviss vinna til að lagfæra vandamálin er ekki í gangi hjá fjölmörgum öðrum sjúkrastofnunum víðs vegar um landið. Hins vegar eru fjölmargar skýringar á hallarekstri og af því að hv. þm. nefndi Suðurnesjasjúkrahúsið þá hefur það legið fyrir um langt árabil að þar hafa fjáveitingar við afgreiðslu fjárlagafrv. einfaldlega verið skornar við nögl og alls ekki í neinu samræmi við það þjónustuumfang (Forseti hringir.) sem þar er í gangi og fleiri stofnanir get ég nefnt í því samhengi.

[16:35]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. þm. velti því fyrir sér hvort ekki væri tekið á málum annarra stofnana vil ég geta þess og minna á að í fjárlögum ársins 1996 var úthlutað sérstökum potti, ef svo mætti segja, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hafði úr að moða til að koma til móts við þær sjúkrastofnanir sem þá lá fyrir að ættu í nokkrum vanda en væru að vinna í sínum málum. Þarna var um að ræða, minnir mig, 70 millj. kr. og ég get upplýst hér að úr þessum sjóði hefur verið úthlutað reyndar allt fram á þetta ár. Meðal annars hefur verið úthlutað til þeirrar stofnunar sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefnd, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, þannig að skýringin á því að ekki er sérstaklega tekið á máli þeirrar stofnunar í fjáraukalögunum núna er að ráðuneytið hafði möguleika á að koma til móts við þá stofnun með þeim hætti. En allt minnir þetta okkur auðvitað á þær staðreyndir að það er mjög brýnt verkefni hjá okkur núna að reyna að stemma af þær fjárveitingar sem ganga til sjúkrastofnana. Meta þarf þörfina fyrir þá þjónustu sem viðkomandi stofnun á að veita á viðkomandi svæði og umfram allt, og það vil ég undirstrika, að reyna að nýta þá þjónustu sem er til staðar á hverju svæði en ekki eilíflega líta til þess að allt skuli sækja suður til hinna stóru stofnana sem þar sinna þjónustu með miklum ágætum. Við verðum að reyna að nýta aðstöðuna í landinu með eins eðlilegum og ódýrum hætti og kostur er.

[16:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit vel um þann pott fullan af peningum sem átti að deila eftir hendinni út til einstakra sjúkrastofnana vítt og breitt um landið. Vissulega hefur það einhvers staðar hjálpað til en var auðvitað hvergi nærri nóg til að snúa viðvarandi hallarekstri í allt annað og betra. Það minnir mann auðvitað aftur á það að nú er ekki verið að halda úti neinum potti fullum af peningum, virðulegi forseti. Nú er þessi pottur galtómur og brennheitur því í honum er mínus 160 milljónir sem á væntanlega að taka af þessum sömu sjúkrastofnunum aftur. Það sem þær fengu á þessu ári á að taka aftur á næsta ári. (Gripið fram í.) Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Árna Mathiesen að hrista höfuðið. (**Gripið fram í:** Það eru aðrar stofnanir.) Aðrar stofnanir, segir hv. þm. Hver veit það? Ekki hef ég séð það hvaða stofnanir það eru sem á

að skera við trog á fimmtudaginn. (Gripið fram í.) Það segir ekki orð um það, hv. þm. Það er augljóst mál að hv. þm., ef ég fengi nú frið til að ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Þingmaðurinn hefur orðið.)

Mér er hins vegar mjög ljúft, virðulegi forseti, (Gripið fram í.) að upplýsa hv. þm. um það fyrst hann hefur ekki áttað sig á að í fjárlagafrv. er ekki getið um hvernig eigi að skipta þessum niðurskurði á sjúkrastofnanirnar. Kannski veit hann það betur en við hin og upplýsir okkur um það í almennum umræðum á eftir. En ekkert kemur fram um það, ekki punktur eða prik og í langri og ítarlegri ræðu minni áðan gerði ég rækilega grein fyrir því, hafi hann lagt við eyrun. En þetta er ekki meginmálið. Meginmálið er að við erum ekki eingöngu að eiga við vandamál sem er þekkt. Ég vil nefna eitt dæmi í þessu samhengi sem hringir hjá mér bjöllu. Sjúkrastofnun á borð við Sólvang í Hafnarfirði þar sem fyrirmyndarrekstur hefur verið hafður í heiðri um langt, langt árabil og ævinlega haldið sig innan fjárveitingarammanns. Nú allt í einu (Forseti hringir.) bregður svo við á yfirstandandi ári að hún á við vandamál að etja. Skilur eftir sig halla upp á 8,5 millj. kr. sem er af skiljanlegum orsökum. Þarna hefði ég viljað að hv. fjárln. hefði komið að og leyst vandann í hvelli þannig að menn væru ekki að safna upp vandamálum hjá stofnun (Forseti hringir.) sem hefur ævinlega verið til fyrirmyndar, virðulegi forseti.

[16:39]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þegar hv. 9. þm. Reykn. ræddi um rekstrarvanda ákveðinna sjúkrastofnana, einkum og sér í lagi þeirra sem hafa verið með hallarekstur, vakti það athygli mína að hann fjallaði ekki um vanda þeirra sjúkrastofnana sem í raun hafa lagt sig í líma við að virða fjárlögin en sá vandi er ekki síður alvarlegur. Hjá sjúkrastofnun eins og Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hafa fjárveitingar staðið í stað árum saman bæði til rekstrar og til tækjakaupa og verður, miðað við eðlilegan kostnaðarauka þó að verðbólgan sé lág, æ erfiðara að veita þá þjónustu sem ætlast er til að sjúkrastofnunin veiti og sem henni ber að veita. Og á sama tíma eru verkefni flutt frá þessum sjúkrastofnunum hingað suður. Biðlistar safnast saman fyrir sunnan en jafnframt er það upplýst að hægt væri að glíma við 30–40% af þessum biðlistum utan Reykjavíkursvæðisins. En síðan heyrast þær raddir sem eru mjög athyglisverðar að sjúkrastofnun eins og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem stendur við fjárlagarammann hafi í raun og veru hugsanlega of rúman fjárhag. Og þetta er eðlilegt hjá stofnunum sem skapa sér umsvif, fjárhagsleg umsvif, með því að fara umfram heimildir. Það er mjög athyglisvert að hjá sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu skuli það gerast að verið er að bjóða í sérfræðinga hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sem eru þar að gefast upp við sín verkefni vegna þess að aðbúnaður er ónógur og þá hafa menn svigrúm til þess að bjóða í slíka sérfræðinga, í og með vegna þess svigrúms sem þeir skapa sér með því að fara með reksturinn fram úr sínum tekjuramma.

[16:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get verið í einu og öllu sammála hv. þm. í þessum efnum enda vék ég ekki orði að því í minni ræðu að það væri heilagt hlutverk hv. þm. að heiðra skálkinn, þ.e. að hlaupa til og lagfæra þá sem sökum óráðsíu og bruðls eða af einhverjum öðrum orsökum halda sig ekki innan fjárlagarammans. Það voru ekki mín orð. Það sem ég var hins vegar að vekja athygli á voru þær staðreyndir sem við okkur blasa af ýmsum orsökum og stundum eru réttmætar, ef við getum orðað það þannig, ástæður fyrir því að ekki hefur reynst unnt að halda sig innan fjárlagaramma. Ég get nefnt í því sambandi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði sem var reyndar skorinn við trog 1992 og hefur aldrei jafnað sig frá þeim tíma. Í tíð minni sem heilbrrh. reyndi ég af vanmætti mínum þó aðeins að lagfæra þar stöðuna en hef greinilega ekki gert nóg þannig að það eru ýmsar orsakir sem má skýra og hafa réttmæta skýringu að baki.

Hvað varðar Fjórðungssjúkrahús Akureyrar get ég deilt þeirri skoðun með hv. þm. að þar hafi rekstur allur verið með miklum ágætum og skörulegur og prýðileg stjórn á því sjúkrahúsi. Ég hef líka verið þeirrar skoðunar og sýnt það í verki að ég vil sjá það sjúkrahús sem raunverulegt mótvægi við stóru hátæknisjúkrahúsin í Reykjavík sem geti gegnt ámóta vel því hlutverki sem við þekkjum á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Ríkisspítölunum. Í þeim efnum beitti ég mér fyrir því og var raunar í ágætu samstarfi við þáv. og núv. hæstv. fjmrh., aldrei þessu vant, að fara í það að auka við húsakost þar nyrðra. Nú reynir hins vegar á að menn ljúki því verki en hef ég heyrt ýmsar áhyggjuraddir norðan heiða um að menn ætli sér ekki að taka skrefið til fulls. Með öðrum orðum að einhver áhöld séu um það á ýmsum bæjum að hafa þetta sem steinkassa og enga starfsemi og ljúka ekki framkvæmdinni heldur láta reka á reiðanum. Það þykir mér afspyrnuslæmt og (Forseti hringir.) eru vondar fjárfestingar.

[16:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið til að koma aftur upp í andsvar og undirstrika það sjónarmið að við þessa miklu umræðu um hallarekstur á sjúkrahúsum ber að gæta þess alveg sérstaklega, af því við höfum lengi verið að reyna að glíma við það að láta enda ná saman í ríkisfjármálum, að þeir sem virða fjárlagarammann njóti góðs af því og það sé ekki lagt þeim til lasts. Ég tek undir þau orð síðasta ræðumanns að það skiptir mjög miklu máli að þeir sem virða aðhaldsaðgerðir fái að njóta góðs af því. Það er afar hættulegt sem ég vil leyfa mér að benda hæstv. fjmrh. á þegar maður lítur til þeirrar viðleitni sem hann hefur haft til að sýna aðhald í ríkisútgjöldum, að læða því inn í umræðuna að þeir sem standa við fjárlagaramma sinn og skuldbindingar hafi of rúman fjárlagaramma. Ég vil aðeins geta þess að þessi umræða er þegar komin á kreik og það þarf að gæta þess vandlega að þær stofnanir sem sýna fjárlögunum virðingu og fara eftir þeim séu ekki látnar gjalda þess.

[16:46]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Þessu er ég hjartanlega sammála. En ég sagði áðan að svo bregðast krosstré sem önnur tré og í andsvari rétt áðan gat ég um eina stofnun sem ég þekki mætavel, kannski jafn vel og hv. þm. þekkir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þ.e. Sólvang í Hafnarfirði. Ég bið hv. varaformann fjárln. að leggja við eyrun. Þar er um að ræða stofnun sem hefur verið í nokkuð venjubundnum og lítt breytanlegum rekstri ár frá ári og hefur ævinlega haldið sig vel innan ramma fjárlaganna. En nú bregður svo við af ákveðnum ástæðum sem ég ætla ekki að rekja í stuttu andsvari að stofnunin lendir í vandamálum. Mér finnst þetta vera lýsandi dæmi um það til hvers eigi að nota fjáraukalög. Það á ekki að skapa fyrirmyndarstofnunum eins og Sólvangi í Hafnarfirði, þar sem fyrirmyndarstjórn hefur verið á öllum

málum, erfiðleika inn í framtíðina með því að skilja slíkan halla eftir fram á næsta ár. Þessi stofnun ræður ekki við það af sínu sjálfsaflafé. Þar er um slíkan rekstur að ræða að svigrúmið er lítið sem ekki neitt. Þetta er því dæmi sem ég vildi sérstaklega nefna þar sem „réttmætar" ástæður eru fyrir því að menn hafa ekki ráðið við að halda sig innan rammans. Ég vil lengst allra orða fara þess á leit við hv. fjárln. að hún skoði nú alvarlega á milli 2. og 3. umr. — þetta dæmi nefni ég af því að ég þekki það vel — hvort ekki eigi að leysa þann vanda í eitt skipti fyrir öll með því að taka á honum núna við samþykkt og afgreiðslu fjáraukalaga.

Að öðru leyti er ég sammála hv. þm. um að ekki skulum við heiðra skálkinn. Fremur skulum við rétta þeim lítilræði sem kunna til verka og hafa sýnt það í gegnum árin með því að halda sig innan ramma þeirra laga sem þeim er gert að starfa eftir.

[16:48]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Í umræðunum áðan gerði hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson svokallaðan 160 millj. kr. sparnað að umræðuefni. Hann var að velta því fyrir sér hvort þær 160 millj. kr. ættu að koma niður á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði og Sjúkrahúsi Suðurnesja í Keflavík. Ég bendi honum á að lesa fjárlagafrv., en á bls. 329 í greinargerð fjárlagafrv. kemur fram að áformaður er 160 millj. kr. sparnaður á sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Ég held að yfirleitt þegar við tölum um landsbyggðina þá tölum við ekki um Hafnarfjörð og Reykjanesbæ sem eru yfirleitt taldir með suðvesturhorninu. Það má kannski kalla þetta einhvers konar hártogun, en sérstaklega í ljósi þeirra samninga sem gerðir hafa verið milli fjmrn., heilbrrn. og Sjúkrahúss Suðurnesja um fjárveitingar til þess sjúkrahúss, þá held ég að enginn ætti að velkjast í vafa um að þessi 160 millj. kr. áformaði sparnaður á ekki að koma fram hjá þessum tveimur sjúkrahúsum.

Hvað varðar þann vanda sem sannarlega er fyrir hendi á Sólvangi þá hafði fjárln. ekki borist erindi frá Sólvangi af þessu tilefni vegna fjáraukalaganna. Hins vegar hefur borist erindi um þetta vegna fjárlagaársins 1997 og þar er þetta mál til umfjöllunar sem stendur. Það mál er ekki það langt komið að hægt sé að gefa neinar bendingar um hver niðurstaða gæti orðið á því.

[16:50]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því mjög að fyrir liggur að fækka mjög þeim sjúkrahúsum á landsbyggðinni sem lenda undir niðurskurðarhnífnum. Með öðrum orðum, hv. þm. hefur upplýst að sökum þess að Hafnafjörður og Reykjanesbær eru ekki á landsbyggðinni þá komi sjúkrahúsin þar ekki til álita þegar hnífnum verður veifað varðandi 160 milljónirnar og fer þeim þá fækkandi þessum sjúkrastofnunum. Ég gæti kannski óskað eftir því, virðulegi forseti, að einstakir hv. stjórnarliðar kæmu hver af öðrum, úr hverju kjördæminu á fætur öðru og segðu: „Ekki ég, ekki ég." Maður veltir því fyrir sér til að mynda, af því að ég gerði Akranes að umræðuefni áðan, hvort hv. þm. Árni M. Mathiesen eða einhver annar geti upplýst okkur um það hvort sjúkrahúsin tvö á Vesturlandi sem eiga í verulegum erfiðleikum, lendi undir þessum sama hníf. Þar hafa menn verið að gera samninga líka með tilsjónarmanni. Tilsjónarmaður hefur verið á kreiki á Vestfjörðum, í Vesturbyggð. Þýðir það að þar af leiðandi verður Vesturbyggð ekki lögð undir hnífinn? Eru það kannski sjúkrahúsin þrjú á Norðurlandi vestra sem einkanlega lenda þarna undir þessum stóra niðurskurðarhníf? Hvað segja nú hv. þm. þess kjördæmis um þau mál? Ég fagna því mjög einlæglega að þessi sjúkrahús sem ég nefndi til sögunnar og staldraði örlítið við, í Hafnarfirði og Reykjanesbæ, lenda ekki í þessari afeitrun eða undir þessum niðurskurðarhníf. En þess meiri verður niðurskurðurinn væntanlega á öðrum sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Við bíðum og sjáum hvað setur. Stóridómur fellur væntanlega á fimmtudag eða föstudag, ekki satt?

[16:52]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekkert um það að ræða að hv. þm. séu að standa upp og setja: „Ekki ég." Þetta er einfaldlega það sem lagt var upp með í fjárlagafrv. strax í haust og liggur alveg ljóst fyrir. Ég get hins vegar ekki svarað hv. þm. um það hvar þessar 160 millj. kr. muni bera niður einfaldlega vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem hefur verið að vinna þær tillögur og þær hafa ekki legið fyrir í hv. fjárlaganefnd enn sem komið er. En eins og hann nefndi sjálfur, mun þetta liggja fyrir á næstu dögum og óþarfi að deila um það þegar niðurstaðan liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 55. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 55, nál. 269, brtt. 79.

[16:53]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir samhljóða áliti allshn. og meðfylgjandi brtt. á 55. máli, frv. til laga um breyting á umferðarlögum, á þskj. 269.

Nefndin fékk ýmsa gesti á sinn fund og bárust umsagnir um frv. frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Umferðarráði, Vegagerðinni og Ökukennarafélagi Íslands.

Frumvarpið fjallar í fyrsta lagi um aðlögun að tilskipun Evrópusambandsins frá 1991 um ökuskírteini, þ.e. um aðlögun ökuréttindaflokka, um viðurkenningu á ökuskírteinum sem gefin eru út í aðildarríkjum EES, án tillits til búsetu, og um skilgreiningu á léttu bifhjóli. Í öðru lagi felast í frumvarpinu orðalagsbreytingar til samræmis við breytta flokkun vega í vegalögum. Þá fjallar það um breytingar á ákvæðum um leyfðan hámarkshraða bifreiða með eftirvagn eða skráð tengitæki (hjólhýsi og tjaldvagn) þannig að hann verði almennt sá sami og hámarkshraði vörubifreiða, þó þannig að hámarkshraði bifreiða með tiltekna eftirvagna, sem eru án hemla, eða óskráð tengitæki verði lægri. Rétt er að geta þess að nokkur umræða varð í nefndinni um 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins um hækkun hámarkshraða bifreiða með tengivagna úr 60 km/klst. í 80 km/klst. Nefndin leggur til að Umferðarráð fylgist með hvort breyting þessi hefur í för með sér aukna slysatíðni.

Í frumvarpinu er einnig heimild fyrir ráðherra til setningar reglna um ökunám og um stofnun og starfsemi ökuskóla. Í frumvarpinu er lagt til að æfingaakstur, hvort heldur er með ökukennara eða leiðbeinanda, megi hefjast tólf mánuðum áður en nemandi öðlast aldur til að fá ökuskírteini útgefið.

Einnig eru lagðar til breytingar að því er varðar réttindi til að stjórna léttu bifhjóli og torfærutæki. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir að ráðherra kveði á um hverjir tilnefni fulltrúa í Umferðarráð, í stað þess að þeir aðilar séu taldir upp í lögum, og um rannsóknarnefnd umferðarslysa.

Nefndin fjallaði sérstaklega um tillögu sem felur í sér að nemanda verði heimilt að hefja æfingaakstur tólf mánuðum áður en hann hefur aldur til að fá útgefið ökuskírteini, í stað sex mánuðum áður eins og nú. Tími til æfingaaksturs áður en náð er tilskildum aldri til að fá ökuskírteini var lengdur úr þremur mánuðum í sex frá 1. júní 1993. Þá var dómsmálaráðherra jafnframt veitt heimild til að setja reglur um æfingaakstur nemanda án löggilts ökukennara en með leiðbeinanda sem uppfyllti tiltekin skilyrði. Reglur um æfingaakstur með leiðbeinanda tóku gildi í maí 1994. Samkvæmt þeim er nemanda, sem að mati ökukennara hefur öðlast næga þekkingu á umferðarreglum og þjálfun í meðferð og stjórnun ökutækis til að æfa akstur með leiðbeinanda, heimill slíkur akstur, enda hafi leiðbeinandinn fengið til þess heimild lögreglustjóra. Nefndin telur að með því að lengja tíma til æfingaaksturs gefist þeim sem nýta vilja sér heimild til að æfa sig með leiðbeinanda færi á að hefja undirbúningsþjálfun hjá ökukennara fyrr. Fulltrúar dómsmálaráðuneytis upplýstu að í Noregi og Svíþjóð væri æfingaakstur, með ökukennara eða leiðbeinanda, heimill frá 16 ára aldri en þar er ökuskírteini ekki gefið út fyrr en við 18 ára aldur. Nefndin leggur áherslu á að um æfingaakstur með leiðbeinanda gilda að lögum allar sömu reglur og um æfingaakstur með ökukennara. Leiðbeinandi telst stjórnandi ökutækisins og er ábyrgur fyrir æfingaakstrinum á sama hátt og ökukennari. Þetta er mikilvægt að hafa í huga. Samkvæmt reglum um æfingaakstur með leiðbeinanda á aksturinn að fara fram með hliðsjón af þjálfun nemanda og leiðbeiningum sem Umferðarráð gefur út. Í könnun á vegum Umferðarráðs meðal prófteka í ökuprófi kom í ljós að meðaltal tekinna ökutíma fyrir æfingaakstur með leiðbeinanda var átta til níu tímar og að meðaltali voru ökunemar um 13 vikur í æfingaakstri. Almennt var ánægja meðal ökunema með æfingaakstur en um 50–60% þeirra fara í æfingaakstur auk kennslu hjá ökukennara. Nefndin telur að með auknum æfingaakstri eigi nemandi að öðlast meiri reynslu í akstri sem honum nýtist þegar hann byrjar að aka sjálfur. Á það hefur verið bent að misskilnings eða vanþekkingar gæti um þær reglur sem gilda um æfingaakstur með leiðbeinanda. Nefndin telur því nauðsynlegt að reglur um þetta verði vel kynntar svo að öllum verði ljóst hvaða skilyrðum aksturinn er háður. Þá er og æskilegt að leiðbeinandi og ökukennari hafi samráð sín á milli. Að teknu tilliti til þessa mælir nefndin með því að æfingaakstur megi hefjast þegar tólf mánuðir eru þar til aldri til ökuréttinda er náð, þ.e. við 16 ára aldur.

Í þessu sambandi má benda á umsögn Umferðarráðs en þar segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Að gefnu tilefni þykir stjórn Umferðarráðs rétt að fram komi að samkvæmt slysaskráningu Umferðarráðs sem byggð er á lögregluskýrslum hafa ekki orðið slys í æfingaakstri nemenda með leiðbeinanda frá því slík tilhögun var tekin upp árið 1994."

Landssamband íslenskra akstursíþróttamanna gerði sérstaklega athugasemd við 1. gr. og b-lið 7. gr. frumvarpsins. Skal af því tilefni tekið fram að frumvarpið hefur ekki í för með sér hækkuð aldursmörk vegna réttinda til aksturs léttra bifhjóla, heldur er aðeins um að ræða breytingu á hraðamörkum léttra bifhjóla úr 50 km/klst. í 45 km/klst. Þá felur frumvarpið í sér að mörk er varða kraft hjólanna eru miðuð við 50 rúmsentimetra en ákvæðið um 2,5 hestöfl fellur niður. Er þetta í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um ökuréttindaflokka. Einnig gerði það athugasemdir við það að unglingum undir 17 ára aldri væri ekki heimilt að aka kraftminni vélsleðum, en það kom fram í nefndinni að vélsleðar með vélarstærð minni en 50 rúmsentimetra eru mjög fáir. Rétt þykir að dómsmálaráðuneytið kanni hvort unnt sé að veita undanþágur fyrir ökumenn á aldrinum 15–17 ára til að aka torfærutækjum með vélarstærð allt að 50 rúmsentimetrum.

Nefndin ræddi nokkuð um hvort ástæða væri til að breyta aldursmarki sem í gildi er hvenær ökuskírteini verði gefin út en upplýst var að hafin hefur verið viðhorfskönnun á hækkun ökuleyfisaldurs úr 17 í 18 ár. Í löndum Evrópu og víðar er 18 ára aldur almennt áskilinn til að fá útgefið skírteini. Tilskipun Evrópusambandsins miðar við 18 ára aldur sem meginreglu. Hún heimilar hins vegar einstökum ríkjum að gefa út ökuskírteini við 17 ára aldur. Jafnframt heimilar hún aðildarríkjum að neita að viðurkenna ökuskírteini sem gefin eru út til ökumanna undir 18 ára aldri. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið m.a. í Bretlandi af breska samgönguráðuneytinu hefur ekki verið sýnt fram á að meðal ökumanna sem voru 17 ára við próftöku hafi verið hærri slysatíðni en meðal ökumanna sem tóku próf 18 ára. Þessar upplýsingar komu fram á umferðarþingi 1993. Leggur nefndin til að dómsmrh. feli Umferðarráði að gera úrtakskönnun meðal ungra ökumanna á aldrinum 17–24 ára og forráðamanna þeirra um hvort hækka beri ökuleyfisaldur í þrepum úr 17 árum í 18 ár. Einnig verði Umferðarráði falið að kanna hvort hækkun ökuleyfisaldurs til samræmis við það sem almennt gildir hjá löndum innan Evrópusambandsins sé líklegt til að leiða til fækkunar umferðarslysa. Ég hef rætt þessa tillögu við hæstv. dómsmrh., sem er ekki viðstaddur hér í dag, og er hann sammála efni hennar.

Nefndin fjallaði einnig um brtt. um hækkun hámarkshraða sem lögð var fram við 1. umr. á þskj. 79. Getur nefndin ekki mælt með samþykki hennar enda á það bent að við hönnun vega hér á landi er ekki gert ráð fyrir hraða umfram 90 km/klst. Nokkur fjöldi erinda barst nefndinni vegna þessarar brtt. og mótmæltu henni m.a. Umferðarráð, Samband ísl. tryggingafélaga og Slysavarnafélag Íslands. Umferðarráð segir m.a. um þessa tillögu, með leyfi virðulegs forseta:

„Meginröksemd gegn þessari tillögu er að hönnunarhraði vega hér á landi gerir ekki ráð fyrir hraða umfram 90 km/klst. Til þess að unnt sé að auka þann hraða eru lágmarksskilyrði a.m.k. tvær akreinar í hvora átt aðskildar með eyju eða vegriði og gatnamót mislæg."

Í ljósi ábendinga sem nefndinni hafa borist leggur nefndin til að tvær breytingar verði gerðar á frv. Annars vegar er um að ræða breytingu á 3. gr. sem lögð er til samkvæmt ábendingu Umferðarráðs og Bifreiðaskoðunar Íslands, en tillagan felur í sér að hinn lægri leyfði hámarkshraði bifreiða með eftirvagn eða tengitæki miðist við eftirvagna sem eru meira en 750 kg að heildarþyngd í stað 300 kg eða meira eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Rökstuðningur við þessa breytingu er sá að óeðlilegt sé að miða við 300 kg þar sem þannig sé t.d. gerður greinarmunur á hámarkshraða tjaldvagns og jeppakerru. Þykja 750 kg eðlilegri mörk, enda eru þau í samræmi við ákvæði 63. gr. laganna þar sem kveðið er á um skráningarskyldu eftirvagna bifreiða og dráttarvéla.

Hin breytingin sem lögð er til er einnig að ábendingu Umferðarráðs og felur hún í sér að þeim sem hefur rétt til að stjórna bifhjóli verði einnig heimilt til að stjórna torfærutæki. Þykir rétt að þeir sem hafa rétt til að stjórna bifhjóli án þess að hafa aflað sér bifreiðastjóraréttinda megi einnig stjórna torfærutæki, enda gilda sömu aldursmörk um réttindi til að stjórna bifreið og bifhjóli, þ.e. 17 ára aldur.

Virðulegi forseti. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt með þessum ofangreindu breytingum. Allir nefndarmenn allshn. undirrita nefndarálitið en Jóhanna Sigurðardóttir er með fyrirvara við 3. gr. frv. og tveir nefndarmenn voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

[17:06]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að margar þær breytingar sem lagðar eru til á umferðarlögunum séu til bóta og muni vænlanlega tryggja betra umferðaröryggi. Ég nefni t.d. það sem lagt er til í frv. að rétturinn til að stjórna bifreið feli sjálfkrafa í sér rétt til að stjórna léttu bifhjóli og þar sem lagt er til að enginn megi stjórna torfærutæki nema hann hafi gilt ökuskírteini til að mega stjórna bifreið.

Í allshn. sem ég á sæti í var mikið rætt um æfingaakstur-inn, eins og formaður nefndar ræddi um. Að vel athuguðu máli tel ég til bóta að hann megi hefjast tólf mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini útgefið í stað sex mánaða. Ég hefði þó viljað sjá þær breytingar sem eru lagðar til um þessa tólf mánuði að það miðaðist við 17 ára aldurinn sem mætti hefja þennan æfingaakstur með ökukennara eða leiðbeinanda og að ökuleyfisaldurinn yrði hækkaður í 18 ár eins og er í öllum löndum Evrópu nema í Bretlandi og Írlandi.

Hv. frsm. og formaður nefndarinnar gat þess að nefndin legði áherslu á að viðhorfskönnun færi fram hjá unglingum á aldrinum 17–24 ára og forráðamönnum þeirra til að hækka ökuleyfisaldurinn í 18 ár og að undir það hafi hæstv. dómsmrh. tekið og *vil ég fagna því alveg sérstaklega*. Ég held einmitt að þegar slík viðhorfskönnun liggur fyrir geti þeir sem að þessum málum koma betur gert sér grein fyrir hvort rétt sé að færa ökuleyfisaldurinn upp í 18 ár, sem er eins og ég sagði í flestum löndum Evrópu. Það er mjög sérkennilegt að við skulum skera okkur úr í þessu efni og allir vita að slysin verða helst hjá yngstu aldurshópunum, 17 og 18 ára. Ég tel mjög brýnt að það sé skoðað með opnu hugarfari hvort við eigum ekki að feta okkur inn á þá braut að hækka ökuleyfisaldurinn.

Herra forseti. Ég skrifa undir þetta nál. allshn. með fyrirvara og lýtur fyrirvari minn að 3. gr. frv. þar sem lagt er til að ökuhraði bifreiða með eftirvagni eða skráð tengitæki megi aldrei verða meiri en 80 km. Það er sem sagt verið að hækka hann úr 70 í 80 og verið er að færa ökuhraða bifreiða með eftirvagni sem er án hemla úr 50 í 60 km/klst. Ég hef langt frá því sannfæringu að við séum að fara inn á rétta braut með því að hækka ökuhraðann á bifreiðum með eftirvagna og tel að það geti valdið því að hraðinn á þessum bifreiðum muni vissulega aukast. Ef menn eru að hugsa um framúrakstur í því sambandi verður bara enn erfiðara að komast fram úr þessum bílum þó að ég sjái rökin þegar menn tala fyrir því að það sé verið að reyna að jafna ökuhraðann vegna framúraksturs.

Það hafa verið gerðar kannanir á slysum vegna þungaflutninga á þjóðvegum landsins og t.d. á síðasta þingi kom fram svar hæstv. dómsmrh. við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um öryggi við þungaflutninga á þjóðvegum og þar var bæði um að ræða eftirvagna og vörubíla almennt og hefur verið um verulegan fjölda slysa að ræða en þar eru gefin upp árin 1992, 1993, 1994 og 1995. Á þessu árabili hefur fjöldi slysa orðið 17 á ári upp í 24 á árinu 1995, 26 árið 1994 og 19 árið 1993. Og fjöldi slasaðra og látinna á þessu tímabili er einnig verulegur og jókst úr 29 í 51 milli áranna 1993 og 1994.

Það hefur verið erfitt að fá fram upplýsingar sérstaklega um tengivagnana og slys vegna þeirra en það sem næst verður komist er könnun sem var gerð um fjölda slysa dráttarbifreiða og dráttarvéla sem hugsanlega hafa verið með eftirvagni, sem ekki er nú nægilega marktæk fyrir þessa umræðu. Þau hafa þó alls á árunum 1993, 1994 og 1995 verið 24 og fjöldi slasaðra 39. Ég tel þess vegna og hef enga sannfæringu fyrir því að hér sé verið að fara inn á *rétta braut með því að auka hraðann og vil geta þess af* því að fram kemur að Umferðarráð mælir með þessu og er vissulega rétt að í umsögn Umferðarráðs er mælt með þessu. Það varð niðurstaða meiri hlutans í Umferðarráði að mæla með þessari breytingu en þar voru allir ekki sammála því að af sjö sem tóku afstöðu voru þrír á móti að hækka hraðann úr 70 í 80 á bifreiðum með eftirvagna og þar af var m.a. fulltrúi lögreglunnar í Reykjavík og FÍB. Auk þess bendir Ökukennarafélag Íslands á eftirfarandi sem mælir einnig með þessari breytingu en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vel gæti komið til greina að hafa hann eitthvað lægri á ákveðnum vegum sem af einhverjum ástæðum teldust ekki eins öruggir og t.d. hringvegurinn." Hér er ekki gerður neinn greinarmunur á hvort það er hringvegur eða einhver annar vegur heldur er verið að hækka þetta alls staðar upp í 80 km. Ég mun því, virðulegi forseti, sitja hjá við 3. gr. frv. sem fjallar um að auka ökuhraðann.

Ég vil aftur fagna þessari könnun sem allshn. hefur mælt með við dómsmrh. að fari af stað, könnun á því að hækka ökuleyfisaldurinn í 18 ár. Það hefur verið gerð slík könnun. Hún var gerð 1988 á vegum Umferðarráðs. Það var úrtakskönnun sem var gerð á vegum Hagvangs fyrir Umferðarráð. Þar kom fram að rúmlega helmingur þeirra sem voru spurðir eða 53,8% taldi rétt að hækka bílprófsaldurinn og það var kannski sérstaklega athyglisvert mismunandi viðhorf karla og kvenna. Samkvæmt þessari könnun voru konur yfir 80% þeirra sem telja ástæðu til að hækka bílprófsaldurinn og meira en helmingi færri konur minnast þess að hafa setið í bíl með ölvuðum ökumanni heldur en karlar.

Hér er vissulega um annars konar könnun að ræða sem allshn. telur brýnt að fari fram vegna þess að hún tekur til ákveðins markhóps á aldrinum 17–24 ára og forráðamanna þeirra. Ég tel brýnt að slíkri könnun verði hraðað þannig að við getum hér á Alþingi m.a. í ljósi þeirrar könnunar metið hvort rétt sé að stíga inn á þá braut að hækka ökuleyfisaldurinn.

[17:16]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum á þskj. 79 við frv. til laga um breyting á umferðarlögum sem hér er til umræðu. Ásamt mér eru fimm aðrir hv. þm. samflutningsmenn að þessari tillögu. Tillagan gengur í stórum dráttum út á það að hækka almennan hámarkshraða úr 90 km í 110 km hraða á vegum úti.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að þessi tillaga er flutt. Þó hygg ég að hún sé flutt fyrst og fremst í nafni hins þögla meiri

hluta sem keyrir eftir þjóðvegum landsins á 110–120 km hraða. Þessu fólki finnst ekki að það sé að brjóta nein lög og finnst ekki að það sé að gera neitt sem sé andstætt almennum sjónarmiðum, sé ekki að stofna lífi sínu og limum í neina hættu og því síður lífi og limum annarra í hættu með því að aka á þessum hraða. Enda er það svo að lögreglan hefur enga aðstöðu til þess að fylgja því eftir að hér sé ekið um á 90 km hámarkshraða og þess vegna er ekki heldur ástæða til þess að takmarka hámarkshraðann við 90 km hraða.

Það má deila um þetta og margir hafa tekið til máls í umræðu um þessa tillögu og fundið henni margt til foráttu. Flestir þeir sem hafa tekið til máls eru reyndar utan hins þögla meiri hluta, sem ég tel að ég sé fulltrúi fyrir með því að flytja þessa tillögu, og kannski fyrst og fremst fólk sem hefur með einhverjum hætti atvinnu af því að fást við umferðarmál og hefur að því er mér hefur oft virst hafa atvinnu af því að vera á móti þessu máli. En það skiptir kannski ekki höfuðmáli. Það sem skiptir höfuðmáli er spurningin: Er rétt að hækka hámarkshraðann eða ekki? Ég tel tvímælalaust að svo sé. Vegir hafa batnað mjög á Íslandi á undanförnum árum. Umferðarþunginn á þessum vegum er ekki svo mikill þannig að venjulega eru tvær akreinar undir þegar menn eru að aka eftir vegunum og venjulega er það líka þannig að menn ráða mjög vel við þá bíla sem þeir eru að aka einmitt á þessum hraða. Bílarnir hafa líka batnað mikið og öryggisbúnaður þeirra einnig. Það er því ekki ástæða til þess að halda sig við 90 km hámarkshraðann lengur.

Við meðflutningsmenn mínir lögðum fram þessa tillögu til að allshn. mundi fjalla um hana og að sjálfsögðu hefur það verið þannig að þeir sem allshn. leitar venjulega álits hjá eru ekki par hrifnir af þessu, enda flestir menn eða fólk sem er í vinnu við það að vera á móti þessu, en það hefur ekki verið leitað mikið álits hjá hinum þögla meiri hluta sem ekur eftir þjóðvegum landsins.

Vissulega má segja að á ýmsum stöðum sé ekki eðlilegt að keyra á 110 km hámarkshraða og nauðsynlegt að draga úr ferð á ákveðnum stöðum á þjóðvegunum. Eins eru að sjálfsögðu oft þær aðstæður að ekki er hægt að aka á slíkum hraða. Ég vil þó nefna sérstaklega að það má gera miklu betur í því að merkja þá staði úti á þjóðvegum þar sem eru hætta á ferðum, sérstaklega í kringum einbreiðar brýr og hættulegar beygjur. Slíkum merkingum er afar ábótavant og það þyrfti að gera stórkostlegt átak til þess að laga slíkar merkingar. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki svo mikið að sök þegar vanir ökumenn eru á ferð. Þá vita menn nokkuð hvar þarf að draga úr hraða og hvar er hægt að gefa í. En þar sem óvanir ökumenn eru á ferð, er náttúrlega ekki hægt að menn séu að koma kannski í myrkri að einbreiðum brúm og komast að því fyrst 100 metrum áður að einbreið brú er fram undan. Þessar merkingar þarf þess vegna að bæta að miklum mun og mörg slys hafa einmitt orðið í kringum þessa hættulegu staði vegna slæmra merkinga miklu fremur en vegna mikils umferðarhraða og eru mörg dæmi um slíkt.

Hæstv. forseti. Ég hygg að hægt sé að ræða þetta mál allítarlega ef út í það er farið. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Ég er þess fullviss að ef Alþingi fellir þessa tillögu, þá muni hinn þögli meiri hluti halda áfram að keyra á sínum 110–120 km hraða og hlutirnar verða eins og áður. Það er hins vegar spurning hvort það sé gott í lagasetningu að standa þannig að verki. Hluti af þeim rökum sem hafa komið á móti þessu gengur einmitt út á það að segja að ef hinn löglegi hámarkshraði hækkar upp í 110, þá muni menn taka sig til og fara að keyra á 120–130 km hraða. En ef þetta gilti um öll lög að það ætti að hafa lögin svona til viðmiðunar og það ætti að ganga út frá því að þau væru alltaf brotin að einhverju marki, hvernig stæðum við þá? Ég nefni að ef við gengjum alltaf út frá því t.d. að kastað væri svona 10–15% af þeim fiski sem veiddist við Íslandsstrendur, ættum við þá að miða t.d. við það þegar 180 þúsund tonna hámarksafli er leyfður, að úthluta bara 160 þúsund tonnum af afla vegna þess að við göngum út frá því að 20 þúsund tonnum sé fleygt? Ég held að ekki sé hægt að standa þannig að verki. Ef menn ætla sér að hafa hámarkshraða í lögum, þá á að sjálfsögðu að hafa einhvern hámarkshraða sem menn vilja að sé virtur. Og ég spyr: Hvað hafa margir ökumenn verið sektaðir á bilinu 90–100 km hámarkshraða þar sem 90 km hámarkshraðinn hefur gilt? Hefur nokkur einasti maður verið sektaður á þeim hraða? Virða dómstólar landsins yfirleitt þennan 90 km hámarkshraða eða reynir lögreglan að stoppa menn og láta sekta menn fyrir að keyra á milli 90 og 100? Ég hygg að svo sé ekki. Þess vegna tel ég að það eigi að miða hámarkshraðann við þann hraða sem menn ætla sér að framfylgja, en ekki að búa til einhvers konar lög um þetta efni sem menn ganga út frá að ekki verður framfylgt. Ég tel að það sé einfaldlega slæmt siðferði í lagasetningu að setja lög sem menn ætla sér ekki að framfylgja.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að mótmæla þessari brtt. mjög harðlega, vara við henni og skora á þingmenn að fella hana. Mér finnast rökin sem flutt eru fyrir henni afspyrnuslæm svo ekki sé meira sagt. En það er kannski ekki aðalatriði málsins hvernig menn klúðrast við að reyna að rökstyðja mál sitt, vitlausan og vondan málstað, heldur hitt að efni málsins er slíkt að það væri alveg fráleitt ef við Íslendingar færum að innleiða núna almenna hækkun á hámarkshraða þannig að hámarkshraðinn á okkar, því miður, slæmu vegum upp til hópa væri með því hæsta sem þekkist. Ég fullyrði, herra forseti, að það er nánast enginn hluti af íslenska vegakerfinu í þannig ástandi að nokkur glóra sé í að hækka hámarkshraðann.

Hámarkshraði í Svíþjóð svo að dæmi sé tekið á bestu köflum bestu hraðbrautanna er 110, t.d. á hraðbraut E-6 sem liggur upp vesturströndina. Aðeins á bestu og nýjustu köflum þeirrar hraðbrautar sem eru byggðir samkvæmt nýjustu Evrópustöðlum með tvær aðskildar akreinar í hvora átt, er hámarkshraði 110. Annars er hraðinn settur niður í 90 eða jafnvel 80. Og að flytja þá tillögu að fara út almenna hækkun á hámarkshraðanum hér eins og ástand vegakerfisins er, er ábyrgðarleysi. Það er alveg fráleitt.

Auk þess mótmæli ég því að einhverjir þingmenn geti komið í ræðustól og talað fyrir hönd hins þögla meiri hluta. Hvaðan hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson prókúru upp á það að hann sé einn málssvari hins þögla meiri hluta í landinu? Fyrir hverja eru þá aðrir þingmenn að tala? Ég frábið mér svona uppstillingu mála. Ég held að það sé ekkert síður stór og þögull meiri hluti sem gerir sér grein fyrir því að slysatíðnin á vegunum hér er há, að t.d. slysin sem verða á unga fólkinu í umferðinni eru skelfileg og það er mikið ábyrgðarleysi að fara fram með málflutning af því tagi sem hér er uppi. Ég skora á hv. þm. að draga þessa tillögu til baka svo að það þurfi ekki einu sinni að koma til þess að hún verði felld. En annars að sjálfsögðu treysti ég því að svo verði gert.

[17:25]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mig ekki þurfa að hafa neitt sérstakt bílpróf upp á það að tala í nafni hins þögla meiri hluta í þessu efni. Ég ek um vegi landsins eins og hver annar og ég tek eftir því að þegar ég ek á 90 km hámarkshraða þá keyri ég ekki fram úr einum einasta bíl en fjöldamargir, eiginlega allir, keyra fram úr mér. Þetta er einfaldlega staðreynd sem hver og einn þekkir sem keyrir um þjóðvegi landsins. Mér finnst dálítið undarlegt að hv. þm. sem er fyrrv. samgrh. og þekkir manna best til á vegum landsins, skuli koma upp og ekki kannast við það að almennur ökuhraði sé meiri en 90 km. Mér þykir það afar undarlegt að hv. þm. skuli koma upp og tala eins og 90 km hámarkshraði sé almennt virtur ökuhraði.

Í annan stað kemur hann og ber saman Svíþjóð og Ísland. Umferðarþungi á þeim vegum sem leyfður er 110 km hámarkshraði í Svíþjóð er miklum mun þyngri en á þeim vegum sem við höfum á Íslandi. Þetta eru ekki vegir sem eru endilega með tveimur akreinum í hvora átt. Þeir eru með einni breiðri akrein og þegar einhver ætlar fram úr, þá víkur sá sem á undan er út á öxl. Ég hef ekið eftir þessum vegum og þekki þá þess vegna nokkuð vel. Varðandi þá vegi þar sem er 80 km hámarkshraði, þá er þar bara miklu meiri umferðarþungi en á þeim vegum sem við höfum hér. Síðan eru aðstæður oft á sænskum vegum mun verri en hér. T.d. er hinn frægi sænski skógur oft þannig að hann teppir útsýn miklu meira en þekkist hér á landi og það er því engin ástæða til þess að bera þetta saman eins og hv. þm. gerir.

Ég spyr: (Forseti hringir.) Er það þannig að ... (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég er alveg að

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er búinn.)

ljúka máli mínu. Ég ætlaði einfaldlega að spyrja hv. þm. að því hvort hann hefði aldrei tekið eftir því að menn keyrðu hraðar en á 90 km hraða.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru auðvitað engin rök sem halda. Hv. þm. hlýtur að skilja að það að benda á að hámarkshraðinn sé ekki virtur af öllum, eru ekki almenn rök fyrir því að það eigi að hækka hann. Með sömu aðferðafræði má rökstyðja að það eigi ævinlega að breyta lögum ef einhverjir brjóta þau eða einhverjir fara ekki nákvæmlega eftir þeim. Engum manni dettur held ég t.d. í hug að fara að setja hámarkshraðann upp í 140 eða 160 af því að einn og einn villingur er tekinn fyrir ofsaakstur. Auðvitað ekki. Málið snýst um það að reyna að halda meginumferðarhraðanum hóflegum til þess að slysatíðnin verði ekki of mikil af því að það er margsannað og borðliggjandi að slysatíðin eykst með vaxandi hraða, og það sem verra er kannski, slysin verða alvarlegri, dauðaslysin verða fleiri. Þetta vitum við, hv. þm. Og þó að það sé ákveðinn sveigjanleiki í framkvæmd gagnvart 90 km hámarkshraða og lögreglan beiti þeirri aðferð af skiljanlegum ástæðum að aðvara menn kannski ef þeir fara lítillega upp fyrir, þá er það engin réttlæting fyrir því, að vegna þess að talsvert margir aki á 100 eða 110, þá eigi að hækka hraðann þangað. Hvað ætlar hv. þm. að gera eftir fimm ár ef það kæmi svo í ljós að þá væri meðalumferðarhraðinn kannski orðinn 130? Ætlar hann þá að láta elta hann hvert sem það leiðir okkur? Þetta mál liggur ekki svona. Tölfræðin og reynslan sýna okkur svo ekki þarf um það að deila að þeim mun meiri sem hraðinn er, þeim mun fleiri og alvarlegri verða slysin. Þess vegna snýst þetta um það að menn finni þarna viðmiðun, menn finni þarna mörk sem eru í rökréttu samhengi við aðstæðurnar, við vegakerfið og við það sem við teljum að sé ásættanlegt hvað slysatíðni snertir. Okkur ber auðvitað skylda til þess að reyna að taka ábyrga afstöðu til þessa máls á slíkum forsendum en lenda ekki út á þeim þunna ís sem hv. þm. meðflutningsmenn hans eru ef þeir skyldu allir ætla að rökstyðja mál sitt svona, að vegna þess að þetta sé ekki nógu vel virt og nákvæmlega virt, þá verði að breyta þessu. Það eru ekki efnislegar forsendur í málinu sem eiga að liggja til grundvallar ákvörðun eða afstöðu af neinu tagi.

[17:30]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það hljóti að vera þannig að hinar almennu leikreglur sem gilda í landinu, hvort sem það eru umferðarlög eða önnur lög, hljót að þurfa að standa í einhverju samhengi við það hvað fólki almennt finnst og hvernig fólk almennt breytir og hvernig siðferðiskennd fólks er almennt varðandi mál eins og þessi. Ég verð að segja að það er mín reynsla sem ökumaður og ég hygg að það sé reynsla fleiri að fólk keyrir almennt ekki á 90 km hraða á vegum úti. Það keyrir hraðar. Ég hygg að hinum venjulega Íslendingi sem er að keyra á 110–120 km hraða á góðum vegi á góðum bíl finnist ekki að hann sé að gera neitt rangt og þess vegna sé það mjög eðlilegt að löggjafinn láti löggjöfina endurspegla þessa siðferðiskennd sem hinn venjulegi ökumaður hefur.

Ég sá um daginn tölur sem Hagstofan hefur tekið saman um umferðarslys. Þar kom fram að banaslysum í umferðinni hafi fækkað mikið þrátt fyrir það að menn keyra líklega aldrei hraðar en nú. Ég sé ekki að það sé neitt beint samhengi þarna á milli. Það hefur alla vega ekki tekist að sannfæra mig um það. Ég held að það væri hægt að gera mjög margt til þess að bæta merkingar á vegum og ganga þannig frá að vegirnir þyldu mjög vel 110 km hámarkshraða. Það er hálfbroslegt, hæstv. forseti, þegar hv. þm. talaði um sveigjanleika í framkvæmd. Það þýðir að sjálfsögðu ekki annað en að það á að framfylgja þessari reglu af handahófi og að menn geti keyrt á 110 km alveg eins og þá lystir ef aðstæður eru þannig.

[Fundarhlé. — 17:33]

[20:30]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Svo sem fram kemur í afgreiðslu hv. allshn. á frv. til laga um breyting á umferðarlögum, þá stend ég að niðurstöðunni ásamt öðrum nefndarmönnum, fyrirvaralaust. Ég hafði stutt og staðið að breytingartillögu þess efnis að hækka hámarkshraða við bestu aðstæður upp í 110. Það er ekki mál sem maður berst fyrir af mikilli sannfæringu. Mér þótti eðlilegt fyrst farið var að gera breytingar á umferðarlögum að sú tillaga kæmi fram og studdi hana því. Hins vegar höfum við fengið margar og ítarlegar umsagnir og ein ástæða fyrir því að slík tillaga er sett fram er að fá umræður um hana og upplýsingar þeirra sem gerst til þekkja. Þær hafa komið og að athuguðu þessu máli öllu hef ég komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé tímabært að hækka umferðarhraðann. Ástæður eru þessar helstar eins og ég segi að þeir sem starfa að umferðarmálum og bættu umferðaröryggi hafa lagst mjög gegn hækkun, t.d Slysavarnafélag Íslands, Umferðarráð, Samband tryggingafélaga, lögregla og sýslumenn

svo einhverjir séu nefndir og afstaða þeirra hlýtur að vega þungt. Ég tel því eðlilegt að við samþykkjum ekki hækkun að svo stöddu.

Hins vegar er margt um þetta að segja. Það hefur komið fram í umræðu t.d. í þinginu að hraðamælar bifreiða eru ónákvæmir og sýna allt að því 10% meiri hraða við venjulegar aðstæður en raunin er. Að því viðbættu að lögreglan hefur í sínum mælingum nokkurt borð fyrir báru, 10 km einnig, þá er varla nokkur maður tekinn á hraða sem er undir 105–110 km. Gott og vel. Þetta er víst staðreyndin. Mér er hins vegar kunnugt um að meðal ýmissa annarra þjóða gengur vel að halda hámarkshraðanum við tilsett mörk þar sem menn vilja það á annað borð.

Herra forseti. Ég hygg að umferðarslys verði ekki fremur þar sem ekið er á leyfilegum hámarkshraða við bestu aðstæður heldur þar sem ekið er hratt við aðrar og verri aðstæður og þá jafnvel á enn meiri hraða en nokkurt velsæmi er í.

Það er einkum annað sem veldur slysum. Það er aðgæsluleysi, sofandaháttur og kæruleysi. Hafa menn áttað sig á því hversu mörg slys verða á fólki almennt af völdum bíla á mjög hægri ferð á bílastæðum og í leikgötum í borginni og vissulega annars staðar? Og hversu mörg slys verða vegna ölvunaraksturs? Hversu mörg slys verða vegna þess að menn gera bílana að leiktækjum?

Margt þarf að bæta í umferðarmenningu okkar Íslendinga. Því höfum við til dæmis í fjárln. þingsins tekið vel í það að veita fé til þess að keyptir verði ökuhermar til hjálpar við ökukennslu auk þess sem í tillögum hv. allshn. er lagt til 12 mánaða tímabil fyrir æfingaakstur áður en ökuleyfisaldri er náð. Ég er hins vegar ekki hlynntur því að hækka ökuleyfisaldurinn. Hann er eðlilegur við 17 ára aldursmarkið. En ég vil nota tækifærið og hvetja Umferðarráð og þá aðila sem vinna að slysavörnum í umferðinni að herða róðurinn og vinna að meira öryggi umferðarmála. Slysin eru allt of mörg. Eitt slys er of mikið og einhver tiltekin slysatíðni eins og talað var um í dag í umræðunni er aldrei ásættanleg. Margt þarf að batna í umferðarmenningunni og þar þurfa allir að leggjast á eitt. Öðruvísi vinnst ekki vel. Til þess vil ég heita mínum stuðningi.

Mér hefur einmitt komið í hug í þessari umræðu um umferðarmál undanfarna mánuði sem hefur verið á margan hátt þörf og ágæt, að koma þyrfti upp sjálfvirkum eftirlitsbúnaði, bæði í dreifbýli og þéttbýli, eftirlitsbúnaði með hraða og ýmsu öðru því sem fram fer í umferðinni. Fleira er lögbrot en of hraður akstur í umferð. Þá má líka benda á að lögreglan gæti almennt tekið sér til fyrirmyndar lögreglumenn og lögreglustjórn í Húnavatnssýslunum og eflt eftirlitið, en þar eru lögreglumenn þjóðkunnir fyrir árvekni í störfum að því að halda hraðanum við velsæmismörk.

Það má einnig nefna að eðlilegt er að herða viðurlög, en hækkun á sektum vegna umferðarlagabrota hefur ekki átt sér stað alllengi.

Herra forseti. Ég hygg að umræðan um umferðarmálin hafi verið þörf undanfarið og ég hvet til meiri varkárni í umferðinni almennt talað.

[20:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á umferðarlögunum. Ég vil taka fram að ég sit í allshn. þingsins og skrifa undir nefndarálitið án fyrirvara.

Það voru einkum tvö samhangandi atriði, herra forseti, sem stóðu í undirritaðri við yfirferðina á frv. Það er í fyrsta lagi það atriði að heimila æfingaakstur frá 16 ára aldri, þ.e. sex mánuðum fyrr en heimilt er samkvæmt núgildandi lögum. Á Norðurlöndunum tíðkast að heimila æfingaakstur frá 16 ára aldri þó að ökuleyfisaldurinn þar sé 18 ár. Ég er sannfærð um að lengra æfingatímabil er æskilegt, þ.e. lengja það upp í eitt ár eins og hér, en hef ekki nógu góða sannfæringu fyrir því hvers vegna ökuleyfisaldurinn hér á að vera 17 ár á meðan hann er 18 ár í velflestum nágrannalanda okkar öðrum en Englandi.

Þar sem það varð niðurstaðan í nefndinni að fá dómsmrn. til að gera könnun á viðhorfum fólks til þess að breyta ökuleyfisaldrinum frá 17 og upp í 18 ár, þá féllst ég á að hafa ekki fyrirvara og hafa ástandið óbreytt því það er vissulega rétt að slík breyting þyrfti að fá nokkurn aðdraganda. Ég tel að með þessu nefndaráliti og ræðu hv. formanns nefndarinnar sé búið að koma þessu máli í umræðu. Að mínu mati er þetta enn eitt dæmið um það hvað við veitum unglingum meiri ábyrgð fyrr en aðrar þjóðir í kringum okkur og ég er ekki alveg sannfærð um að það sé til góðs í þessu tilviki. Slys á ungu fólki og ungum ökumönnum eru að mínu mati allt of mörg þó að ekki sé alveg ljóst hvort þau stafa fyrst og fremst af reynsluleysi eða bæði af ungum aldri og reynsluleysi. Ég tel því eðlilegast að við fylgdum nágrannalöndunum, ekki síst núna þegar ungt fólk ferðast mikið til útlanda og það getur hugsanlega skapað viss vandamál ef ökuleyfisaldurinn er ekki samræmdur. Ég fagna því væntanlegri könnun og vona að niðurstöður hennar sýni hver afstaða almennings er til þessa atriðis, ekki síst afstaða ungs fólks og foreldra þess.

Varðandi breytingartillögu Vilhjálms Egilssonar og fleiri um að hækka hámarkshraða upp í 110 km, vil ég aðeins taka fram að afstaða okkar kvennalistakvenna er sú að þetta sé vond tillaga. Við teljum að vegakerfi okkar geti ekki tekið við þessum umferðarhraða. Við erum búin að sjá mikil samanburðargögn frá öðrum löndum og þessi hraði virðist hvergi vera leyfður nema þar sem um aðskildar ökubrautir er að ræða þannig að framúrakstur verði ekki hættulegur. Ég mun því ekki greiða þeirri breytingartillögu mitt atkvæði.

[20:41]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þau ummæli hv. þm. sem hér talaði á undan, Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, um það að sú tillaga sem ég ásamt fleirum hef flutt um hækkun hámarkshraðans væri vond tillaga, þá hefur hv. þm. að sjálfsögðu rétt á því að halda það. En rökstuðningurinn sem þessu fylgdi, þ.e. að vegakerfið tæki ekki við slíkum umferðarhraða, fannst mér dálítið á skjön við raunveruleikann vegna þess að þetta er sá umferðarhraði sem er við lýði á vegunum. Almennt keyrir fólk á þessum hraða og virðist bara líða nokkuð vel. Í Morgunblaðinu á sunnudaginn var var birt niðurstaða af úttekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, þeirrar virtu stofnunar, þar sem m.a. kom fram að banaslysum í umferð á Íslandi hefur stórfækkað á undanförnum árum. Þau eru fjórðungur af því sem þau voru 1979, þessi banaslys, miðað við ekna kílómetra. Þetta finnst mér vera afar merkilegar niðurstöður og sýna að vegakerfið hefur stórbatnað og bílarnir hafa stórbatnað. Ég skil ekki af hverju hv. þm. vill ekki halda upp á þessar framfarir á vegum og bílum með því að fólk fái að keyra á þeim umferðarhraða sem það telur eðlilegt.

[20:43]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort umferðin er á 90 eða 110 nú, skal ég ekki segja um. En mér finnst það ekki meðmæli með því að hækka hraðann upp í 110 ef umferðin er núna á 110, því að þá má alveg eins búast við að hún verði enn þá hærri ef mörkin verða hækkuð. Ég vildi auðvitað helst að fólk keyrði á þeim hraða sem leyfilegt er.

[20:44]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fá að koma að nokkrum athugasemdum vegna ýmissa atriða sem hér hafa komið fram í ræðum hv. þingmanna og vegna fyrirvara hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur við 3. gr. frv. þar sem var m.a. rætt um að ágreiningur hefði verið í Umferðarráði um þá tillögu. Mér er tjáð að þegar þessi mál voru rædd í Umferðarráði í fyrra, hafi verið rætt um víðtækari heimild til hækkunar hraða og raunar upp í 90 km hraða.

Vegagerð ríkisins hefur mælt hraða stórra bifreiða og þar hefur komið fram að meðalhraði þeirra hefur verið u.þ.b. 5–10% undir meðalhraða minni bíla og það er einmitt í samræmi við þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram og eru til umfjöllunar. Það er verið að reyna að jafna ökuhraðann vegna hættu vegna framúraksturs eins og hv. þm. minntist á. Ég vil einnig taka fram að þótt sjálfsagt þyki að beina því til dómsmrn. að gera ákveðna skoðanakönnun eða viðhorfskönnun varðandi hækkun ökuleyfisaldurs, þá voru nefndarmenn í allshn. ekki í sjálfu sér að taka afstöðu til þess hvort hækka beri þennan aldur og um það eru vafalaust mjög skiptar skoðanir á hinu háa Alþingi. Raunar minntist hv. þm. Hjálmar Jónsson einmitt á það mál áðan en hann er fulltrúi í allshn.

Ég vil enn fremur ítreka það sem ég sagði í framsögu um nál. allshn. um það að nefndin getur ekki mælt með brtt. um hækkun hámarkshraða. Ég minni líka á þáltill. um umferðaröryggisáætlun sem samþykkt var á síðasta þingi en markmið hennar er að sjálfsögðu að fækka umferðarslysum verulega. Ég vil líka láta þess getið að a.m.k. 20 aðilar eiga aðild að Umferðarráði þannig að mjög margir koma að umsögn Umferðarráðs og það er vonandi að hinn þögli meiri hluti eigi einhverja fulltrúa þar samanber það sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að ræða um fyrr í dag.

Enn fremur hefur komið í ljós varðandi þessa umræðu um hækkun hámarkshraða að við hraðamælingar hjá Vegagerðinni 1989–1993, eftir því sem mér er tjáð, var meðalhraði víðast um 90 km og það hafi aðeins verið 15% ökumanna sem aka yfir 100 km og aðeins við bestu aðstæður. Og vegna þessarar umræðu sem var á köflum nokkuð sérstök þá vil ég, með leyfi virðulegs forseta, fá að lesa úr umsögnum. Ég byrja á umsögn frá Slysavarnafélagi Íslands, þar segir, með leyfi forseta:

„Ljóst er að hækkun á hámarkshraða mun auka hættu á slysum, auk þess sem þau yrðu alvarlegri. Fæstir þjóðvegir landsins eru hannaðir fyrir hærri ökuhraða en nú er leyfður og nægir í því sambandi að benda á að enn þá eru á þjóðvegum landsins fjölmargar einbreiðar brýr. Veðurfarsaðstæður á Íslandi eru oft mjög varasamar fyrir akstur, einkum að vetrarlagi og oft hafa hlotist af því alvarleg umferðarslys. Vegir geta til að mynda orðið mjög hálir vegna bleytu eða ísingar og hættulegir sviptivindar myndast víða. Í umferðaráætlun til ársins 2001 kemur fram að ríkisstjórn Íslands samþykkti veturinn 1994–1995 að skipa nefnd sem fjallaði um stefnumörkun í umferðaröryggismálum. Hún fól í sér áætlun um að fækka alvarlegum umferðarslysum á þessum tíma. Aukinn hámarkshraði mundi hafa þveröfug áhrif. Nefndin lauk störfum í janúar 1995 og Alþingi samþykkti í febrúar sl. umferðaráætlunina til ársins 2001."

Í umsögn frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Samband íslenskra tryggingafélaga leggst eindregið gegn hækkun hámarkshraða utan þéttbýlis eins og fram kemur í tillögunni. Sú fullyrðing að hraðamörk nágrannalanda okkar séu hærri á sambærilegum vegum er afar villandi. Þarna virðast flutningsmenn breytingartillögunnar vera að bera saman tvo ólíka hluti, þ.e. íslenska þjóðvegi annars vegar og svokallaðar hraðbrautir (motorways) hins vegar. Hraðbrautir erlendis hafa yfirleitt minnst tvær til þrjár akreinar í hvora akstursátt og litlar sem engar utanaðkomandi truflanir. Nefna má að vegir sem koma þvert á hraðbrautir eru yfirleitt lagðir yfir eða undir hraðbrautirnar. Gengið er þannig frá að umferð á móti er annað hvort höfð í hæfilegri fjarlægð eða höfð eru vegrið á milli. Á til að mynda íslenska hringveginum er fjöldi slysagildra. Nefna má tugi einbreiðra brúa og nokkuð vantar enn á að bundið slitlag nái allan hringinn. Það er langur vegur frá því að líkja megi íslenskum þjóðvegum við hraðbrautir nágrannalanda okkar. Það er hins vegar staðreynd að flest alvarlegustu umferðarslysin verða á þjóðvegunum og tengjast yfirleitt of miklum hraða. Ef breytingartillagan nær fram að ganga er ljóst að hún leiðir til aukningar alvarlegra umferðarslysa."

Síðan er gefnar upplýsingar um hámarkshraða einkabíla hinna Norðurlandanna og fyrst eru teknar hraðbrautir, með leyfi forseta:

„Danmörk 110, Svíþjóð 90/110, Noregur 90, Finnland 100/120." Síðan eru aðrir vegir: „Danmörk 80, Svíþjóð 70, Noregur 80, Finnland 80/100.

Af ofanrituðu er ljóst, að hámarkshraði hér á landi er nú í raun hærri heldur en í þeim ríkjum, sem Íslendingar bera sig gjarnan saman við. Er þá að sjálfsögðu tekið mið af samanburðarhæfum vegum. Þótt íslenskt vegakerfi hafi batnað hin síðari ár, stendur það enn langt að baki vegakerfi nágrannaþjóðanna. Engin rök mæla með frekari hækkun hámarkshraða en umferðarlög mæla fyrir um nú, og mætti raunar tína til ýmsar röksemdir fyrir því að hámarkshraða ætti jafnvel að lækka."

Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til þess að gera nokkuð ítarlega grein fyrir þeim umsögnum sem allshn. vann með er hún ræddi þessa brtt. vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað. Ég vil ítreka að þetta mál var rætt vandlega í nefndinni og hlustað á og farið eftir álitum margra þeirra sem bæði komu sem gestir til nefndinarinnar og eins þeirra sem sendu umsagnir.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum þakka hv. þm. fyrir þessar umræður og við skulum vona að samþykkt frv. muni leiða til aukins umferðaröryggis.

[20:53]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það slær mig í sambandi við þessar umsagnir og það sem hér er sagt á móti þessari tillögu um að hækka hámarkshraðann að alltaf er vísað í einbreiðar brýr og slæmar aðstæður, eins og það sé ekki hægt að merkja það rækilega þegar kemur einbreið brú eða hætta á veginum fram undan eða að ökumenn hafi ekki vit á því að draga úr hraða þegar aðstæður eru ekki þess eðlis að hægt sé að

keyra á fullum hámarkshraða. Ég vísa til þess að aðstæður geta verið prýðilega góðar. Vegirnir geta verið beinir og án þess að neinar hindranir séu. Ég nefni t.d. að þegar menn eru keyra norður í land og komnir upp á Holtavörðuheiði og það hallar norður af, þurr vegur, ekki nokkur bíll í sjónmáli, jöklasýn og Hrútafjörðurinn baðaður í sól, þá náttúrlega sér það hver maður að enginn keyrir á 90 km hraða við slíkar aðstæður. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) — Það keyrir enginn á 90 km hraða við slíkar aðstæður (**SJS:** Ef menn eru að virða fyrir sér jöklana.) Jafnvel á 120 km hraða er hægt að virða fyrir sér jöklana, hv. þm. (**SvG:** Úr Hrútafirðinum?)

Síðan þetta að vegakerfið hér standi langt að baki því sem annars staðar er. Aðstæður á íslenskum vegum eru allt aðrar vegna þess að umferðarþunginn er miklu minni. Og að bera þá saman við vegi í Noregi og í Svíþjóð og víðar sem eru krókóttir og þar sem útsýni oft er mjög lítið vegna skóga og fjalllendis, því er náttúrlega ekkert saman að jafna. Eða sveitavegi í Mið-Evrópu, þeim er ekki saman að jafna við sveitavegi á Íslandi. Ég hef keyrt nokkuð um þessa vegi og tel að ég þekki bærilega muninn þar á. Þessi tillaga er einfaldlega flutt vegna þess að ég tilheyri þessum þögla meiri hluta sem keyrir á þessum eðlilega venjulega umferðarhraða þar sem enginn fer fram úr mér og ég ekki mikið fram úr öðrum. Ég tel að það eigi bara að haga umferðarhraðanum í samræmi við vilja fólksins í landinu. (**SJS:** Þú ert nú ekki þögull núna.)

[20:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég sat í þessari nefnd sem hæstv. ráðherra skipaði á árinu 1994, held ég að það hafi verið, og lagði drög að þeirri umferðaröryggisáætlun sem síðan var afgreidd á síðasta ári á þingi. Breytingar þessar á umferðarlögunum eru að einhverju leyti tengdar þeirri áætlun og ég styð þær að sjálfsögðu eins og yfirleitt er góð samstaða um á þinginu.

Erindi mitt hingað í ræðustólinn aftur er að eiga aðeins meiri orðastað við hv. þm. Vilhjálm Egilsson og 1. flm. brtt. sem hér hefur aðeins borið á góma í ítarlegra máli en tök voru á áðan í andsvari. Ég endurtek og byrja á að vara menn við því að láta glepjast til þess að styðja þessa tillögu. Hún er afar illa ígrunduð. Og það er óhjákvæmilegt vegna málflutnings hv. þm. og málsvara tillögunnar að fara aðeins betur yfir hluti sem hann er til að mynda að segja hér um íslenska vegakerfið og samanburð á því við vegakerfi í nágrannalöndunum. Það er mjög mikill misskilningur að halda því fram að hægt sé að bera saman þá bestu hluta evrópsku hraðbrautanna sem nú byggja orðið allar á samevrópskum staðli þar sem hámarkshraðinn, til að mynda í Svíþjóð, fer mest upp í 110 km hraða en því aðeins að um allra fullkomnustu og bestu hluta viðkomandi hraðbrautar sé að ræða. Þannig er það t.d. á hraðbraut E-6, sem ég nefndi hér áðan. Einungis á nýjustu hlutum þess vegar þar sem um er að ræða a.m.k. tvær aðskildar akreinar í hvora átt, þar sem vegurinn liggur allur í plani samkvæmt tilteknum reglum og ekkert sérstakt hindrar útsýni og öll gatnamót eru mislæg, er hraðinn settur upp í 110. Um leið og komið er inn á eldri hluta brautarinnar er hraðinn lækkaður í 100 eða 90. Og er þó langur vegur frá þeim gæðum sem þar eru á ferðinni og niður í það sem almennt gerist í þjóðvegakerfinu hjá okkur þar sem eins og kunnugt er er nánast hvergi um að ræða annað en eina akrein í hvora átt og samliggjandi.

Hv. þm. hefur verið svo óheppinn að nefna sjálfur í umræðunni einbreiðar brýr og hvetja til þess að farið verði út í auknar merkingar á einbreiðum brúm og ætti hv. þm. að vera málið vel kunnugt því það eru nú óvíða jafnmikið um stórhættulegar slysagildrur á þjóðveginum eins og einmitt í kjördæmi hv. þm. Hv. þm. Ragnar Arnalds lagði fram fyrirspurn á síðasta þingi um fjölda slíkra slysagildra og hvað mikið mundi kosta að bæta þar úr, ef ég man rétt, þannig að þær upplýsingar liggja fyrir bæði í tölum og hvað kostnað snertir. Dettur mönnum í hug að halda því fram að það sé sambærilegt hvað hámarkshraða snertir að bera saman íslenska hringveginn t.d., með fjölmörgum einbreiðum brúm, byggðar eins og allir þekkja, og margra akreina hraðbrautir í útlöndum með öllum gatnamótum mislægum o.s.frv.? Það er himinn og haf þarna á milli. Þannig að allur tæknilegur samanburður og flestallar aðstæður, nema þá ef vera skyldi þetta sem hv. þm. nefnir með skógana, er íslenska vegakerfinu í óhag. Ég hélt að það væri líka almennt viðurkennt að veðrátta á Íslandi væri ekki þess eðlis að hún mælti yfirleitt með því að hámarkshraði væri meiri hér þar sem auðvitað er miklu miklu tíðara að hitastigið er í kringum frostmarkið. Það er jú viðkvæmasti þátturinn hvað varðar hálku og annað því um líkt, miklu fremur en í hlýrra loftslagi þar sem sjaldan frystir eða við staðbundið meginlandsloftslag þar sem veður eru miklu jafnari og mun betur fallin til þess að auka umferðaröryggi heldur en þær miklu sviptingar sem eru í veðráttunni hér þar sem hálka er mjög algeng.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að hámarkshraði hefur víðast hvar í heiminum verið á niðurleið þrátt fyrir batnandi vegakerfi og miklu öflugri og tæknilega fullkomnari bíla. Af hverju er það? Það er einfaldlega vegna þess að reynslan hefur sýnt mönnum að ein allra mikilvægasta aðferðin til að auka umferðaröryggi og draga úr slysum er að ná niður hraðanum. Og sérstaklega til að reyna að ná árangri í sambandi við alvarlegu slysin og banaslysin. Það eru fyrst og fremst Þjóðverjar sem eru frægir út um allan heim fyrir þrákelkni sína að halda í að hafa engar hámarkshraðatakmarkanir á hraðbrautum sínum og nokkur önnur lönd í Mið-Evrópu sem tengjast þeim beint.

Svo er það, herra forseti, að fyrr má nú rota en dauðrota og ég verð að segja eins og er að ef maður hefði átt að taka hv. flutningsmenn alvarlega, þá hefði maður a.m.k. ætlast til þess að tillagan væri aðeins hógværari. Maður hefði frekar tekið mark á tillögunni ef hún hefði verið t.d. um að hækka hraðann í 100 við einhverjar skilgreindar og afmarkaðar aðstæður þar sem forsendur væru þá til þess. En að leggja til að hækka hámarkshraðann um 20 km á öllu vegakerfinu þar sem á að heita að sé bundið slitlag, og er það ekki allt merkilegt eins og við þekkjum. Það er það sem tillagan gengur út frá ef ég hef lesið rétt. Það kalla ég mjög groddalega tillögu í þessu samhengi, mjög groddalega.

Það þarf ekki, herra forseti, að fjölyrða meira um þetta. Ég vona og held að yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna sé með þetta mál á hreinu og felli þessa tillögu. Það er þá kannski ástæða til að vísa í það sem mönnum hefur verið nokkurt umhugsunar-, svo ég segi ekki aðdáunarefni, þar sem menn hafa tekið virkilega myndarlega á í umferðaröryggismálum. Ég er með nokkuð þekkta skýrslu frá Ástralíu, frá Viktoríufylki í Suður-Ástralíu, þar sem gert var gríðarlegt átak í umferðaröryggismálum með glæsilegum árangri á síðustu árum. Það tókst að ná alveg lygilegum árangri í því að fækka slysum og þá ekki síst alvarlegum slysum og dauðaslysum. Það var gert á grundvelli vandaðrar greiningar á hvar vandamálið lá og eins og ævinlega hefur sýnt sig við

svona aðstæður, í úttektum og könnunum af þessu tagi og aðgerðum í kjölfarið þá var það hraðinn sem menn beindu alveg sérstaklega sjónum að. Í raun var það fyrst og fremst tvennt: Það var ölvunarakstur og hraðakstur. Þegar vandamálið var greint og kemur fram í lýsingu á því að í Ástralíu allri hefur verið talið að hraðakstur hafi verið ein aðalorsök í 30% dauðaslysa. Í Viktoríu er hraðakstur ein aðalorsök í 20% allra dauðaslysa og slysum þar sem meiðsl eru alvarleg þar sem ekki eru aðrar sérstakar skýringar á óhappinu en bara hraðinn einn. Þetta segir nú býsna mikið. Fleira mætti tína til af þessu tagi, bæði frá þessum hluta hnattarins og annars staðar frá.

Hv. þm. notar það sem ein aðalrök í sínu máli að umferðarhraðinn hafi tilhneigingu til að lenda upp fyrir hin lögboðnu mörk. Auðvitað er það svo að einhver hluti ökumanna virðir ekki nákvæmlega þessi mörk, lendir upp fyrir þau eins og gengur. Það vitum við. Það er engin speki eða sérstök rök. Og þó að einhverjir ökuníðingar fari langt, langt upp fyrir þessi mörk segir það ekki neitt um að þau geti ekki eftir sem áður verið skynsamleg, og er ég ekki að horfa á neinn sérstakan þó ýmsir gerist órólegir.

Það mun hafa verið kannað hér hvar umferðarhraðinn liggi að meðaltali. Það eru dæmi um að hann liggi upp í 95–100 km við góðar aðstæður þegar menn telja væntanlega að þeir séu sæmilega öruggir á þeim hraða og leyfa sér þá að fara eitthvað upp fyrir mörkin eins og gengur. Það liggur auðvitað alveg í hlutarins eðli af mörk af þessu tagi, þó lögfest séu, geta ekki orðið heilög í þeim skilningi að það varði fangelsisvist eða hýðingu þó menn lendi upp í 91 km hraða. Þarna er byggt á ákveðnu refsikerfi og viðlagakerfi sem felur í sér vægar sektir þó að lítillega sé brugðið út af en síðan stighækkandi og endar í ökuleyfissviptingu eftir því hversu alvarlegt brotið verður. En það er brot engu að síður. Þetta er ekkert öðruvísi en er með refsilöggjöfina víða í þjóðfélaginu og hv. þm. getur að mínu mati ekki leyft sér að nota það sem rök, horfandi fram hjá öllum öðrum efnisþáttum, að einhver hluti umferðarinnar og einhver hluti ökumanna lendi upp fyrir þessi hraðamörk.

Nú ætla ég auðvitað ekki að segja, sem margir grípa að vísu til í rökræðunni, að ef við lyftum þessum mörkum um 10 eða 20 km fylgi umferðarhraðinn sjálfkrafa upp sem því nemur. Ég ætla ekki að halda því fram. Ég reikna með að það muni að sjálfsögðu ekki gerast að fullu og öllu því væntanlega verður þá vaxandi hluti ökumannanna sem alls ekki vill aka upp í þann hraða sem mörkin liggja í. En einn vandinn í þessu sambandi er sá, sem hv. þm. horfir líka algerlega fram hjá, að það er afar mikilvægt og ekki síst á vegum, eins og þeim sem við notumst við, þegar umferðin er orðin nokkur í báðar áttir að sem allra mest af umferðinni aki á svipuðum hraða. Þá er auðvitað alveg jafnhættulegt að lenda of hátt með þessi mörk eins og að lenda of lágt með þau. Það sem menn eru að reyna að gera er að finna skynsamleg rökstudd mörk og beita síðan áróðri, hvatningu, eftirliti og eftir atvikum refsingum til að reyna að fá sem allra mest af umferðinni til að virða þau og halda sig í nágrenni við þau. Og væntanlega vita hv. þingmenn að rétt eins og lögreglan reynir að halda aftur af mönnum að fara ekki upp fyrir mörkin, þá er líka hvatt til þess að menn aki ekki of hægt þegar skilyrði eru góð vegna þess að það skapar líka vandamál. Ég er auðvitað á því að miklu betur megi gera í því að fá menn til að virða þessi mörk. Ég er ekki að mæla með því að kæruleysi eða andvaraleysi sé ríkjandi gagnvart því að farið sé langt upp fyrir þau. En við vitum líka að lögreglan og þeir sem eiga að sinna eftirliti hafa mjög takmarkaðan mannafla og fjárráð til að gera það. Og eitt af því sem gert hefur verið þar sem gerð hafa verið myndarleg átök eins og í Ástralíu er einmitt að hvetja menn til að virða hraðamörkin. Þess vegna er miklu nær að nálgast það vandamál frá þeim sjónarhóli að ef hv. þm. telur, og gerist talsmaður hins þögla meiri hluta eins og hann endurtekur æ ofan í æ, að mjög mikil brögð séu að því, herra forseti, að menn virða ekki þessi mörk, að hvetja menn þá til að gera það, fara í áróðursherferð og hvetja til þess að þau séu virt.

Á sínum tíma var hámarkshraðinn hækkaður þegar vegir með bundnu slitlagi fóru að verða umtalsverður hluti af vegakerfinu eins og menn þekkja fyrir allmörgum árum. Þá var hámarkshraðinn hækkaður á þeim hluta vegakerfisins upp í 90. Ég held að það sé í öllu falli langt í land að tímabært sé að færa þau mörk upp á við. Ef það væri gert ætti a.m.k. að fara vægar í sakirnar og skilgreina ætti mjög vadlega við hvaða aðstæður væri réttlætanlegt að hreyfa hraðann upp á við. Það er fráleit aðgerð að mínu mati að hækka hámarkshraðann á einu bretti fyrir allt vegakerfi landsins sem á, eins og ég segi, að heita með bundnu slitlagi. Ef menn settu sér tiltekna staðla í þessum efnum og stefndu að því að koma einhverjum heillegum bútum af vegakerfinu t.d. upp í það ástand að þeir teldust jafnöruggir með 100 km hámarkshraða eins og aðrir væru með 90, þá væri það efnisleg rökstudd nálgun í málinu en þetta er það ekki.

Hitt er annað mál að það er reynsla annarra þjóða að heldur illa hafi gefist að vera með of fjölbreyttar hraðatakmarkanir. Ýmsar þjóðir hafa reynt mismunandi hraða milli vetrar og sumars og menn hafa sums staðar býsna fjölbreytt mörk eftir því í hvaða ástandi vegakerfið er eða hvernig vegirnir eru flokkaðir. En það hefur frekar verið þróun í þá átt að einfalda þessi mál á nýjan leik. Hafa færri þrep í hraðaskalanum, ef svo má að orði komast, ósköp einfaldlega vegna þess að það vill valda ruglingi og hefur ekki gefist vel að hafa þessi mörk of fjölbreytt.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja í bili enda er ég svo sannfærður um hvaða örlög muni bíða þessarar tillögu að ég vona að ekki sé ástæða til að eyða meiri orku í að tala hana í kaf. Ekki skal standa á mér í sjálfu sér ef menn óttast að hér sé einhver hætta á ferðum að reyna að leggja mitt af mörkum áfram við að koma henni vel og rækilega fyrir kattarnef.

[21:10]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þótt ég viðurkenni að framfarir hafi orðið í íslensku vegakerfi þá kemur mér ekki til hugar að líkja íslenskum vegum saman við hraðbrautir í Evrópu enda hefur það aldrei staðið til og tillagan ekki verið rökstudd með einum eða neinum hætti vegna þess. En á hraðbrautum í Evrópu má keyra, eins og hv. þm. rakti, ótakmarkað í Þýskalandi sem er leiðbeinandi upp að 130. Í Frakklandi er t.d. 130, Belgíu 130, Hollandi 120 og þannig fer þetta sitt á hvað eftir löndum. Í Svíþjóð eru til vegir þar sem eru ekki aðskildar akreinar og í rauninni ein mjög breið akrein sitt í hvora átt þar sem má keyra á 110. Þar gengur kerfið þannig fyrir sig að ef um framúrakstur er að ræða þá fer bíllinn sem er fyrir framan til hægri og þar er keyrt á 110. En í Evrópu eru þessir venjulegu sveitavegir þannig að þar er mun meiri umferðarþungi en á íslenskum vegum. Þeir eru líka oft á tíðum í miklu meira þéttbýli, liggja í gegnum skóga og útsýni miklu

minna en hér þannig að það er mjög ólíku saman að jafna. Að keyra á íslenskum þjóðvegum miðað við þessa vegi er bara allt annað og miklu betra.

Ég er ekki að flytja þessa tillögu, hæstv. forseti, vegna þess að ég hafi gert einhverja sérstaka vísindalega könnun á þessu máli. Ég set þetta einfaldlega fram sem venjulegur ökumaður. Ég skoða mína reynslu af akstri á íslenskum vegum og á vegum víðs vegar um Evrópu og Bandaríkjunum. Þess má geta, hæstv. forseti, að í Bandaríkjunum hafa menn einmit verið að hækka hámarkshraðann. Á sínum tíma lækkuðu menn hámarkshraðann þar, ekki til þess að afstýra slysum heldur fyrst og fremst í orkukreppunni á sínum tíma en nú hafa menn verið að hverfa frá því ástandi.

Ég hygg að eftir sem áður, hæstv. forseti, þurfi að haga akstri eftir aðstæðum en ég vek líka athygli á því að íslenskir bílar eru mun betur búnir til vetraraksturs en víða í Mið-Evrópu þar sem íslenskir bílar eru yfirleitt á vetrardekkjum og nagladekkjum og mikið um fjórhjóladrifna bíla sem þýðir að umferðaröryggi á vetrum er orðið mun mun betra en áður var.

[21:13]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér ekki á óvart þegar hv. þm. upplýsti að hann hefði ekki gert neina vísindalega könnun á þessu máli og byggði fyrst og fremst á tilfinningum sínum sem ökumaður. Ég ætla ekkert að lasta þær tilfinningar og ég hef ekki farið í það marga bíltúra með hv. þm. að ég þekki sérstaklega til ágætis hans sem ökumanns. En mér finnst þetta ekki mjög traustur, vísindalegur eða efnislegur grunnur undir tillöguflutning af þessu tagi. Ég verð að segja það alveg eins og er.

Ég held að hv. þm. hefði átt að kynna sér gögn sem liggja fyrir hjá Vegagerð ríkisins, Umferðarráði og öðrum aðilum um t.d. hraðann. Þegar hv. þm. lýsir á skáldlegan hátt hversu fallegt sé að rúlla niður Holtavörðuheiðina að norðan á skráþurrum vegi með jöklasýn, sem sagt í glansbjörtu veðri eins og þegar aðstæður geta orðið bestar þá er það bara ekki frambærilegur málflutningur. Auðvitað koma þeir björtu, þurru og fallegu sólskinsdagar þegar menn eru aleinir á ferð, og ég tala nú ekki um heimfúsir, að það kannski freistar þeirra að aka hraðar og út af fyrir sig er engin stórkostleg áhætta tekin í öryggislegu tilliti við slíkar aðstæður. En við munum aldrei setja hámarkshraðann á íslenska vegakerfið út frá slíkum kjöraðstæðum. Það sem við erum að leita að er skynsamleg málamiðlun, skynsamleg mörk sem taka að breyttu breytanda mið af öllum þeim þáttum sem þarna þarf að vega saman, þar með talið breytilegum skilyrðum, þar með talið misjöfnu ástandi veganna, þar með talið mjög misjöfnum bílum, þar með talið misjöfnum ökumönnum, ungum og gömlum, reynslulitlum og reyndum o.s.frv. Þannig verður að reyna að vega saman þessa þætti og finna hvað er skynsamlegt og farsælt. Að sjálfsögðu verða einstöku ökukappar og menn sem hafa mikið álit á sjálfum sér sem bílstjórar einfaldlega að sætta sig við að þarna er farin málamiðlunarleið. Þannig er það.

[21:15]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það þarf að vega saman ýmsa þætti. En hv. þm. gleymir að vega það inn í þessi mál að frá því að hámarkshraðinn var ákveðinn 90 km hafa orðið ýmsar breytingar. Vegakerfi landsins hefur almennt stórbatnað á þeim tíma og bílar og öryggisbúnaður þeirra hefur líka almennt batnað. Mér finnst, hæstv. forseti, að það megi vega þessa þætti inn í og taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið.

Það er að sjálfsögðu alltaf þannig að það geta ekki allir ekið á hámarkshraða hvort sem það er 90, 100 eða 110 eða hvað það er. En ég met þetta út frá minni reynslu og mér þykir það ansi einkennilegt, hæstv. forseti, ef ekki má taka tillit til þess við endurskoðun á þessum málum að vegirnir hafa batnað og bílarnir hafa batnað. Þá spyr ég, hæstv. forseti: Til hvers erum við þá að þessu öllu saman?

[21:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi ekki orðið í sjálfu sér miklar grundvallarbreytingar á vegakerfinu frá því að umtalsverðir kaflar komu til sögunnar með bundnu slitlagi, byggðir að mestu leyti eftir sömu stöðlum og notaðir eru enn í dag. Það er ekkert ýkjalangt síðan. Nú man ég þetta ekki nákvæmlega í árum en ég gæti ímyndað mér að þetta væri einhvers staðar í nágrenni við 10 ár síðan. Með öðrum orðum var hámarkshraðinn hækkaður þegar til sögunnar var komið vegakerfi að hluta til í nokkurn veginn sambærilegu formi og það er í dag. Þá var talið réttlætanlegt að hækka hraðann um 10 km frá því sem var á malarvegunum en ekki meira.

Það er vissulega rétt að vegir eru heldur að batna. Það er aðallega þó í því formi að sá hluti vegakerfisins sem er að komast í sambærilegt ástand það er að lengjast. Því miður eru enn þessar slysagildrur, einbreiðar brýr, í stórum stíl á öllum hringveginum, öllum aðalvegunum. Og þó ekkert annað kæmi til en það, þá held ég að það eitt og sér væru næg rök til þess að vara við þessari tillögu. Bílar eru að verða öruggari, það er rétt en það eru þeir líka að verða út um allan heim og eftir hverju eru menn að sækjast sér í lagi með því? Það er að draga úr slysunum, þessum skelfilega tolli sem umferðarslysin hér á landi og út um allan heim taka. Það hlýtur auðvitað að vera okkar markmið og það er einmitt þess vegna sem menn hafa ekki hækkað umferðarhraðann nema þá í einstöku tilvikum, kannski í einhverjum fylkjum Bandaríkjanna þar sem hann var settur mjög langt niður í olíukreppunni, en víða annars staðar hefur hámarkshraðinn verið heldur á niðurleið sem hluti af markvissum slysavörnum samfara miklum áróðri sem yfirleitt beinist án undantekninga að því að draga úr umferðarhraða og vara við hraðakstri og ofsaakstri. Hv. þm. getur m.a. horft á auglýsingar og þann áróður sem aðilar eins og Umferðarráð og tryggingafélögin eru með í gangi meira að segja hér á Íslandi akkúrat um þessar mundir. Við hverju er verið að vara þar öðru en hraðanum sem drepi?

[21:19]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hefði e.t.v. ekki kvatt mér hljóðs í þessari umræðu ef ekki hefði legið fyrir sú brtt. sem er á þskj. 79 og með tilliti til þess að allgóð samstaða er um þetta mál og þær tillögur sem hér liggja fyrir, bæði upphaflega frv. sem og breytingartillögur meiri hluta allshn. við málið nú við 2. umr. þess.

Vissulega er það svo, virðulegur forseti, að varðandi svo víðtækt mál og stóran lagabálk eins og umferðarlögin eru, þá eru álitamálin mörg. Ég neita því ekki að ég hef vissulega efasemdir um að í öllum atriðum hafi menn hitt naglann á

höfuðið við lagasetninguna, bæði fyrr og nú við þær breytingar sem meiri hluti allshn. er að leggja til, en ég tel mig þó ekki hafa forsendur í þessu máli til að hafa uppi harðar skoðanir í aðra átt og hvað þá að fara að leggja til ákveðnar breytingatillögur við málið. Aðaltilefni þess að ég kveð mér hér hljóðs eru breytingartillögur á þskj. 79.

Áður en ég kem að þeim, virðulegur forseti, vil ég þó leyfa mér að nefna eitt eða tvö atriði sem varða þau efni sem verið er að gera breytingar við þar sem ég hef vissar efasemdir. Það er í fyrsta lagi varðandi ökuhraða þungaflutningabíla með tengivagni sem gert er ráð fyrir samkvæmt 3. gr. frv. að verði hækkaður frá því sem verið hefur og smávegis breytingatillögu miðað við þungaforsendur er að finna í breytingatillögum í áliti allshn. um málið því að nefndin er óskipt í því, þó er einn nefndarmanna með fyrirvara, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir.

Ég hef haft af því verulegar áhyggjur á undanförnum árum hvernig umferð þungaflutningabíla hefur margfaldast um þjóðvegi landsins miðað við þær bágu forsendur sem eru í raun fyrir því að hleypa þessari miklu umferð upp eins og hefur gerst stjórnlítið, að segja má, og langt umfram það sem okkar frumstæða vegakerfi miðað við það sem gott þykir erlendis er bært að taka við. Ég lagði fram fyrirspurnir til tveggja ráðherra um þetta efni á síðasta þingi og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um þessar fyrirspurnir þegar hún skýrði sinn fyrirvara við þetta atriði í frv. Svörin sem þá fengust í þessum efnum, bæði varðandi slys sem orðið hafa og tjón á fólki, bæði dauðaslys og önnur slys, styrkja mig í þeirri skoðun að þarna séum við í rauninni á mjög hættulegri braut í sambandi við þungaumferð á þjóðvegum landsins og alveg sérstaklega að því er snertir hraða þessara tækja sem þar um ræðir. Þeir sem aka þjóðvegina vita, og ég vænti þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. mundi einnig taka undir með mér um það, að það er ekki heiglum hent oft og tíðum að mæta, hvað þá að fara fram úr þessum ökutækjum, þessum þungaflutningabílum með tengivagna, sem því miður eru oft og tíðum yfir eðlilegum hraðamörkum og ég má fullyrða yfir lögmætum hraða. Reglur hafa verið settar um það að koma við tryggara eftirliti í þessum efnum og það er sannarlega tímabært. Ég tel raunar að það þurfi að fara mun betur ofan í þetta mál allt saman og hyggst beita mér fyrir því að hér á Alþingi komi fram mál sem leiði til mun rækilegri skoðunar í þessum efnum heldur en gerst hefur.

Ég minni jafnframt á í þessu sambandi að hér er um að ræða algerlega rangsnúna þróun að því er snertir flutninga á vörum út frá umhverfissjónarmiðum vegna þeirrar gífurlegu orkusóunar sem þarna er um að ræða miðað við það sem hægt væri að ná ef menn notuðu þá kosti sem hægt væri að koma við á eylandi eins og okkar með því að nýta þá kosti sem því fylgja. Ég geri mér vissulega ljóst að það er ekkert einfalt mál að snúa þessari þróun við. En fyrst er að horfast í augu við veruleikann í þessum efnum og greina vandann sem þessu fylgir, þá á ég bæði við varðandi umhverfisþætti málsins, hina gífurlegu mengun sem þessu fylgir og orkueyðslu, það gífurlega slit á þjóðvegum landsins og þann óheyrilega kostnað sem óhjákvæmilegt verður að leggja í á næstu árum vegna þessarar umferðar, umferðar sem veldur miklum meiri hluta af slitinu sem verður á þjóðvegakerfi landsins miðað við heildarumferðarþunga. Og síðan auðvitað nauðsynlegar öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir eins og kostur er óhöpp og slys af þessum völdum.

Ég ætla ekki að fara ítarlegar út í þessi efni. Ég þarf að víkja að brtt. á þskj. 79 vegna þess að það er sannarlega þörf á að koma að þeim efnum. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. hlýði á mál mitt, bið um að honum gert viðvart með ósk um að hann verði viðstaddur síðari kafla minnar ræðu. Ég hefði gjarnan viljað ná eyrum fleiri flutningsmanna, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., Hjálmars Jónssonar, sem er einn af meðflm. og hefur tekið þátt í umræðunni og varið þessa tillögugerð.

Eitt er nú það að hafa þá skoðun, virðulegur forseti, (Gripið fram í.) Nei, ég bið velvirðingar á þessu. Virðulegur forseti. Mér er gert viðvart um það og ég bið velvirðingar á því að hv. þm. er vissulega ekki tillögumaður heldur nafni hans, hv. 7. þm. Reykn. Það er þá öðruvísi en skráð er á þingskjali því að hv. 2. þm. Norðurl. v. er skýrt tíundaður sem tillögumaður á þskj. 79 um breytingartillögur sem þar er að finna. Ég þarf því ekki að leiðrétta það þó að hér hafi komið ábendingar um það, en hv. þm. kann að hafa fallið frá þessu sjónarmiði eða fylgja áliti meiri hluta nefndarinnar sem andmælir þessum breytingartillögum og batnandi manni er best að lifa má segja, um það efni.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að hann hefur þegar kallað eftir viðkomandi hv. þm. en hann er sennilega vanur því að vera eftirsóttur.)

Ég þakka, virðulegur forseti.

Eitt er það að hafa þá skoðun að í landinu sé einhver þögull meiri hluti sem kjósi að aka langt umfram þau hraðamörk sem lögleg eru í landinu varðandi umferðarhraða. Það er sjónarmið sem menn geta túlkað og haft uppi á Alþingi Íslendinga að þannig sé þetta. Menn geta hugsanlega slegist í hóp með þeim þögla meiri hluta á vegum úti í trausti þess að ekki verði hróflað með þeim og þeir þurfi ekki að standa reikningsskil sinna gerða. En annað er það að flytja á Alþingi tillögu þá sem er að finna á þskj. 79 um breytingar á hraðamörkum á umferð í landinu og fylgja þeim málflutningi eftir með þeim hætti sem hér er gert af 1. flm., hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég undrast það mjög satt að segja hversu langt er gengið, hversu langt er seilst. Tæpast er hægt að segja í rökstuðningi, nær er að segja í rökleysu þegar reynt er að verja þennan tillöguflutning. Þetta kemur mér satt að segja á óvart frá hv. 5. þm. Norðurl. v. því mér hefur fundist að hv. þm. leitaðist við í mörgum málum að hafa uppi alveg þokkalegan rökstuðning fyrir sínu máli. Ég vil nefna það líka að ég hef setið í bíl með hv. 5. þm. Norðurl. v. undir stýri í útlöndum. Mér hefur liðið alveg bærilega og ég hef ekkert tekið eftir því að þar hafi verið geyst fram úr því sem eðlilegt er. Lýsing hv. þm. á því hvernig mönnum ber að haga sér þegar ekið er yfir Holtavörðuheiði suður af líklega, ef miðað er við þá jöklasýn sem fram var dregin, fannst mér alveg með fádæmum, hvernig þar var haldið á máli. Það er mikið alvörumál þegar fram eru settar hér á þingi tillögur af þessu tagi sem varða líf og heill þegna landsins í bókstaflegri merkingu og fylgt eftir með þeirri rökleysu og, mér liggur við að segja strákskap, virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort sú íslenska þykir hæfa hér í stól, en ég leyfi mér að taka mér það orð í munn og það einnig þrátt fyrir meðflutning af hálfu hv. 4. þm. Reykn. sem einnig er flutningsmaður á tillögunni, sem er hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Ég vil þá aðeins rökstyðja þetta álit og þá einkunn sem ég vel þessum tillöguflutningi. M.a. hv. 1. flm. þessara brtt. dró fram að það lægi fyrir niðurstaða úr könnun sem styddi málstað hv. þm. og annarra sem að brtt. standa. Þar var vitnað til yfirlitskönnunar úr Morgunblaðinu sl. sunnudag,

frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, til að halda því fram að banaslysum í umferðinni hefði fækkað fjórfalt sem sýndi að það væri nú aldeilis óhætt að gefa í. Hv. þm. hefur því miður ekki haft fyrir því að kanna bakgrunn þeirra talna sem eru eftir hafðar í þessu efni. Þar liggur að baki sá dapri sannleikur að á sl. 20 árum hefur alveg snúist við sú þróun sem varðar tölu látinna og slasaðra í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar. Fjöldi þeirra sem látast á þjóðvegum landsins hefur orðið mun meiri hlutfallslega af heildartölu látinna á þessu tímabili. Litið til síðustu þriggja ára eru tölurnar þær að af 52 sem hafa látist í umferðarslysum hérlendis eru það aðeins 4 sem hafa farist innan þéttbýlis en hinir 48 hafa farist á þjóðvegunum, utan þéttbýlis. Það eru hinar köldu staðreyndir í þessu máli. Það er satt að segja langt seilst, kannski óvart, að grípa niður í rökstuðning með þeim hætti sem hv. þm. gerði hér með tilvitnun í þessa könnun Hagfræðistofnunar. Það er því miður ekki svo að heildartala látinna hérlendis hafi lækkað eins sem halda mætti af þessum málflutningi. Það er vissulega rétt að á árunum eftir 1990–1994 fækkaði nokkuð þeim sem létust í umferðarslysum en síðan tók þetta mikið stökk upp á við á nýjan leik og liggur nú nálægt því meðaltali sem var á árunum frá 1982 eins og þróunin hefur orðið nú alveg upp á síðkastið. Þetta geta menn einfaldlega skoðað með því að virða fyrir sér þessa þróun.

Því er haldið fram af þeim sem bera fram þessar brtt. að vegakerfið hérlendis hafi batnað svo mikið að af þeim sökum sé eðlilegt að hækka hraðamörkin upp í 110 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi. Þar er einnig langt seilst í rökstuðningi því þar ætla menn íslenskum vegfarendum greinilega að taka á sig allt aðra og margfalt meiri áhættu en tíðkast nokkurs staðar annars staðar í Evrópu þar sem þær forsendur eru m.a fyrir umferðarhraða upp á 80 km á klst. eða þaðan af meira að þá skuli vera samfelld vegrið beggja vegna vegar. Hvað ætli það séu mörg prósent af km í þjóðvegakerfi landsins sem búa við vegrið öðrum megin vegar að jafnaði? Hvað skyldu það vera margir km?

Eins er það með aðrar kröfur til umferðaröryggis. Í alvöru rannsókn í þessum málum, eins og af þeirri stofnun sem mest hefur farið ofan í þessi mál á Norðurlöndum sem er Trafikk Økonomisk Institutt í Noregi, er það dregið fram með mjög skýrum hætti hvaða áhrif aukin umferðarhraði hefur á slys, dauðaslys, alvarleg slys á þjóðvegum. Ég leyfi mér hér að vitna í skýrslu frá þessari stofnun. Sú tilvitnun varðar að vísu umferðarhraða í þéttbýli. Þar segir, ég leyfi mér að nota hér Norðurlandamál, með leyfi forseta, einnig fyrir tilvitnun í danska tungu sem þetta er ritað á: „5% fald i gennemsnitshastighederne i byerne svarende til 2,5 km per time vil, ifølge erfaringen fra TØI, føre til en 18% reduktion i antallet af ulykker med trafikdræbte. Det svarer til 30–40 sparede liv om året".

Þ.e. að 5% lækkun á meðalhraða í bæjunum, sem svarar til 2,5 km á klst., mun samkvæmt reynslu þessarar rannsóknarstofnunar leiða til 18% færri slysa og látinna í umferðaróhöppum. Það svarar til 30–40 mannslífa á ári. Það mun vera miðað við Norðurlöndin. Hér hafa menn tölur og rannsóknir, virðulegur forseti, í þessu alvarlega máli. Hér á landi mundu afleiðingarnar af tillögu hv. þm. um hraða upp á 110 km á klst. svara til þess, lauslega reiknað, að 3–4 fleiri mundu látast á blóðvelli þjóðveganna árlega heldur en nú er og 20–25 mundu slasast alvarlega umfram það sem nú gerist. Þetta er hinn kaldi veruleiki sem leiða má líkur að, á grundvelli norrænna rannsókna, að yrði afleiðing af þeim gáleysislega tillöguflutningi sem hér er kominn fram á Alþingi um þessi efni. Ég undrast ekki aðeins, það veldur mér hryggð að það skuli koma fram frá hv. þm. sem ég hef reynt að taka alvarlega í þeirra tillögumálflutningi og tel raunar að hér hafi þeim orðið á slys með óvönduðum tillöguflutningi á Alþingi og með rökstuðning í einhvern óskýrðan þöglan meiri hluta sem kjósi að hafa hlutina með öðrum hætti.

Ég vona sannarlega, virðulegur forseti, að þeir verði ekki margir utan tillögumanna e.t.v. og heyrist mér þó að hv. þm. Hjálmar Jónsson sé fallinn frá því að fylgja þessari tillögu verandi stuðningsmaður álits allshn. og er það vel. Ítreka ég það hér, virðulegi forseti, að batnandi mönnum er best að lifa í þessu efni sem öðrum. Ég fagna því að hv. þm. mun hafa séð að sér í þessum efnum. Ég vona að svo verði einnig um aðra hv. tillögumenn þótt mér finnist að málflutningur hv. 5. þm. Norðurl. v. lofi ekki allt of góðu í þeim efnum, því miður.

Þetta mál sem við ræðum hér er stórt mál, afdrifaríkt, varðar marga, varðar heill manna og hamingju fjölda fólks í raun. Það er skelfilegt til þess að vita hvað umferðin tekur mörg mannslíf í okkar fámenna landi og ber að kosta miklu til að draga úr þeim háa tolli sem þar er greiddur. Þar á einnig við varúðarreglan þegar um er að ræða hraðaksturinn sem er auðvitað hluti af þessu þó ekki verði því alltaf um kennt þegar óhöpp verða en skýr hluti af ástæðunum fyrir því hversu hár þessi tollur er hjá okkur. Þar ber mönnum að hafa vaðið fyrir neðan sig en ekki tefla á tvær hættur eða þaðan af meir, eins og því miður er komið fram með fyrirliggjandi tillögum.

[21:43]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður ekki sagt um hv. þm. Hjörleif Guttormsson að hann tilheyri hinum þögla meiri hluta. Ég er einn af flm. tillögu á þskj. 79 og ég tel það ávinning að tillagan hafi komið fram. Hún hefur orðið til þess að umræða varð miklu meiri um þetta mál en annars hefði orðið. Ég tel að öll umræða um bætta umferðarmenningu sé til góðs. Þessi tillaga hefur ásamt öðrum málum sem flutt eru á hinu háa Alþingi hlotið umfjöllun, álits hefur verið leitað og ekki kastað til þess höndunum. Fólk vinnur og vill vinna, eins og hv. þm. veit, af mikilli ábyrgð sín störf. Ég hef nokkra sérstöðu þeirra þingmanna sem fluttu þessa tillögu. Ég á sæti í allshn. og hef einfaldlega í millitíðinni hafandi fengið álit þeirra sem gerst þekkja komist að niðurstöðu um að ekki sé ástæða til að fylgja fram þessari tillögu.

[21:44]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get aðeins ítrekað ánægju mína yfir því að hv. þm. hefur látið sannfærast vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið um þessi efni. Það verður því miður ekki sagt um aðra hv. tillögumenn sem hér geysast fram í umræðunni með heldur óvönduðum hætti, að mér finnst. Það er margt sem mætti fleira um það segja heldur en ég kom að. Ég vil t.d. nefna það að þó menn séu að tala um að ökutækin séu betur búin til að mæta óhöppum, lenda í árekstrum, lenda jafnvel utan vegar, þá eru það ekki réttmætar fullyrðingar. Vissulega er betur að farþegum búið að ýmsu leyti til þess að ekki verði um jafnalvarleg slys að ræða og ella væri, það vefengi ég ekki, en hitt liggur fyrir að fólksbifreiðar eru ekki hannaðar fyrir það að lenda í árekstri á 90 km hraða eða dúndra út fyrir vegi og velta þar. Það er því miður ekki svo, enda sýna afleiðingarnar það skýrt. Ég ítreka það að ég fagna

því og tel það einmitt mjög jákvætt að hv. þm. hefur látið sannfærast um að ekki sé réttmætt að fylgja þessari tillögu eftir og betur væri að svo væri um fleiri.

[21:46]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hér í stólinn til að ræða þessi mál lítillega og fara með nokkrar staðreyndir vegna þess að ég átti hlut að máli ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þegar unnin var skýrsla um umferðaröryggisáætlun til ársins 2001 þar sem m.a. var komist að þessari niðurstöðu um hámarkshraða. Ég vildi fyrst nefna að það hefur verið sannað að það er mannskepnan sjálf sem veldur flestum umferðarslysum. Um 75–95% af umferðarslysum eru mannleg mistök. Hér hefur verið rætt mikið um akstur úti á landi og bætt vegakerfi. En það vill svo til að þrátt fyrir að við höfum bætt okkar vegakerfi þá hefur slysum fjölgað á þeim tíma sem við höfum verið að bæta vegakerfið. Ég vil benda á að um 50% þeirra sem slasast alvarlega í umferðarslysum eru í hraðakstri, þ.e. þeir eru í raun og veru að taka afleiðingum gerða sinna en því miður eru farþegar í bílunum, jafnvel í bílum sem koma á móti eða þeir lenda á, sem ekki eiga sök á einu eða neinu og verða kannski ekki síst fyrir barðinu á hraðanum í þessum hörmulegu slysum sem verða.

Ég vildi gjarnan nefna að ökuhraði hér er hæstur í heimi, þ.e. miðað við þær vegaaðstæður sem við höfum. Ef við ættum að miða hraðann við þær vegaaðstæður sem við búum við þá ætti frekar að lækka hann niður í 80 km hraða. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ræddi um það að í Bandaríkjunum væri verið að hækka umferðarhraða og umferðarhraðinn hefði á sínum tíma miðast við að mikill skortur var á bensíni og olíu á sínum tíma. Ég vil bara benda á að á þeim tíma var 90 km hámarkshraði á vegum í Bandaríkjunum, á þjóðvegum sem voru a.m.k. tveggja til þriggja akreina vegir og þar sem gerði voru á milli þannig að þröngir vegir eins og íslenskir vegir höfðu mun lægri hraðatakmörk en þeir vegir sem miðuðust við 90 km hraða.

Að sjálfsögðu er gaman að geysast áfram á hrossi sínu í góðu veðri og auka hraðann þegar þannig stendur á. Ég þekki það vel sem hestamaður. En það er svolítið öðruvísi að vera á bifreið á þröngum vegaslóða sem gefur ekki mikið svigrúm. Og það hefur sýnt sig og ég er með línurit sem sýnir það, að fjöldi slasaðra fer einmitt eftir þessum útsýnismánuðum sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson var að ræða um, þ.e. að mestu slysin verða í júní og júlí. Ég vil líka benda á að slysahlutfall ungra og óreyndra ökumanna hefur aukist. Ökumenn á aldrinum 17–24 ára eru u.þ.b. 50% þeirra sem lenda í alvarlegum umferðarslysum og ég get ekki hugsað mér neitt ömurlegra en ungt fólk sem er að leggja út í lífið og slasast með þeim afleiðingum að það verður örkumla ævilangt.

Ég vil líka benda á annað. Það er þessi fræga Jónasarregla, þ.e. að það eigi að taka tillit til annarra ökutækja þegar menn aka úti á vegum við góðar aðstæður. Alltaf eru einhverjir Jónasar sem halda fólki fyrir aftan sig og aka á 50–60 km hraða þegar vel mætti auka hraðann upp í hámarkshraða. Það þarf að innprenta fólki að halda reglulegum hraða, hámarkshraða ef þannig stendur á að vegir eru beinir og sléttir og aðstæður þannig að möguleiki sé að nýta sér þann hraða. En Jónasarnir hafa verið allt of margir. Jónasarnir eru líka til vegna þess að þær eru ýmsar manngerðirnar í umferðinni. Þar er ungt fólk, reynslulítið og hikandi. Þar er líka reynslulítið ungt fólk sem ekki hikar og vill áfram. Þar er fólk á besta aldri sem er nokkuð öruggt við stýrið, þekkir möguleika ökutækisins og þykist geta ekið hraðar miðað við aðstæður á hverjum tíma. En í umferðinni er líka eldra fólk og fatlaðir. Allt þetta fólk þarf sinn hraða og sinn tíma og það þarf að taka tillit til þessa hóps.

Því miður höfum við búið við þær aðstæður að vera í stóru og miklu landi og jafnfámenn og við erum þá höfum við ekki möguleika á því að byggja okkar vegi þannig upp að allir þessir hópar geti notið sín miðað við hæfni þeirra í akstri. Þess vegna verðum við að reyna að setja einhvern skynsamlegan og þokkalegan hámarkshraða þannig að við getum virt hvert annað. Hins vegar tel ég að það sem við þurfum fyrst og fremst að gera sé að auka upplýsingar og áróður í þessu sambandi sem mun skila sér. Við þekkjum öll hvernig áróðurinn var í kringum 1968 þegar hægri umferðin var tekin upp en þá hraðfækkaði slysum og að öllu leyti varð umferðarmenningin hér á landi mun betri en hún hafði verið áður.

Það er eitt annað sem ég vildi gjarnan segja líka. Á fyrsta umferðarþingi var ég beðin að taka saman kostnað af völdum umferðarslysa þar sem ég er menntuð sem hagfræðingur. Á þeim tíma — það er nú nokkuð langt síðan — komst ég að því að beinn kostnaður við umferðarslys var jafnmikill og kostaði að reka Ríkisspítala á þeim tíma, það er að segja 6 milljarðar kr. Mig minnir að þetta hafi verið 1989 og hefur eflaust hækkað síðan.

Háskólinn gerði mun viðameiri könnun í fyrra eða hittifyrra fyrir þessa nefnd sem ég vann fyrir og komst að því að lágmarkskostnaður vegna umferðarslysa væri 8 milljarðar kr. og þá er ég að tala um beinan kostnað. En beina kostnaðinn tel ég ekki vera nema brotabrot af óbeinum kostnaði, andlegum kostnaði og þeim áföllum sem dynja yfir fjölskyldur, oft á tíðum ungar fjölskyldur eða fjölskyldur með ungt fólk á sínum snærum sem á eftir að vera örkumla ævilangt og fær aldrei til baka sem það átti fyrir. Þess vegna vil ég eindregið mæla með meirihlutaáliti allshn. og styð þetta frv. til laga um breyting á umferðarlögum og bið þá fáu þingmenn sem hafa beðið um hraðaaukningu á þskj. 79 eindregið að skoða sinn hug í þeim efnum.

Ég vil sérstaklega taka fram að ég vil þakka hv. þm. Hjálmari Jónssyni fyrir þá afstöðu sem hann hefur tekið hér í kvöld, þ.e. hann hefur skoðað hug sinn og skoðað þær upplýsingar sem hann hefur fengið, þær upplýsingar sem m.a. við höfðum undir höndum í nefndinni um umferðaröryggisáætlun, og þannig breytt áliti sínu í þá veru sem upphaflega var lagt til.

[21:56]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð sem féllu í *einni ræðunni áðan að það er til góðs þegar við ræðum um* umferðarmál á hinu háa Alþingi. Vissulega er í þessu frv. sem ég mæli fyrir fyrir hönd allshn. í nefndaráliti, tekið á ýmsum breytingum á umferðarlögum. Engu að síður hefur breytingartillaga um aukinn hámarkshraða fengið einna mesta umfjöllun og ýmislegt hefur verið sagt í hita umræðunnar um það mál.

Það er vafalaust rétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að aðstæður og öryggi í umferðinni hér á landi eru orðnar mun betri nú. En það eru bara svo mörg atriði sem tengjast þessu máli og vega þarf saman. Jú, það er rétt vegir og bílar hafa batnað, en vafalaust hafa þessi atriði og aðstæður almennt líka batnað á Norðurlöndum. Samt sem áður eru áherslur

á lækkun umferðarhraða markmið númer eitt í öllum norrænum umferðaröryggisáætlunum. Þetta er auðvitað engin tilviljun.

Mig langar til að lesa aðeins upp úr þeirri umferðaröryggisáætlun sem þingið samþykkti í fyrra. Það er kafli sem fjallar um sennilega þróun umferðarslysa í framtíðinni, með leyfi virðulegs forseta:

„Búast má við svipaðri umferðaraukningu fram til aldamóta og verið hefur sl. 10 ár. Ef ekki verður að gert umfram það sem gert er í dag í slysavörnum má búast við hlutfallslega svipuðum slysatölum eða í versta falli lítils háttar aukningu. Hlutdeild ungra ökumanna í slysum hefur aukist verulega á síðustu 10 árum. Búast má við sama ástandi og verið hefur ef efnahagsástand batnar, akstur ungs fólks eykst og ekkert verður að gert í öryggismálum. Áhyggjuefni er að slysum á landsbyggðinni fjölgar meira en í þéttbýli. Þar er mikill ökuhraði og slæm aksturssklyrði ein helsta orsök umferðarslysa. Þrátt fyrir nýbyggingar og lagfæringar á þjóðvegum á landsbyggðinni hefur slysatíðni á þeim ekki lækkað m.a. vegna aukins hraða og umferðar."

Þetta eru athugasemdir sem ekki verður litið fram hjá.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar en ítreka þakkir til hv. þm. fyrir þessar umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 263, frhnál. 293, brtt. 294.

[22:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 294 og frhnál. á þskj. 293 við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Brtt. eru frá meiri hluta efh.- og viðskn. Auk þess vil ég, hæstv. forseti, vekja athygli á því að ég er með í undirbúningi eina brtt. í viðbót og óska eftir að geta gert grein fyrir henni og óska því eftir því að þessari umræðu ljúki ekki í kvöld. Þær brtt. sem hér liggja fyrir eru í fimm liðum. Í 1. lið brtt. er lögð til lagfæring á orðalagi í 1. gr. frv. til samræmis við gildandi lög.

Í 2. lið brtt. er lagt til að smávægileg breyting verði gerð á orðalagi í 3. gr. til þess að koma í veg fyrir að mistúlka megi ákvæðið. Þetta fjallar um frestun á hlutabréfaafslætti.

Í 3. lið brtt. er lagt til að tekjuskattsprósenta 10. gr. frv. verði lækkuð um 0,09 prósentustig. Þetta er gert til að auka svigrúm sveitarfélaga til hækkunar á útsvari í sama hlutfall til að mæta auknum kostnaði í fullnustu lífeyrissjóðsskuldbindinga grunnskólakennara vegna flutnings grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.

Í 4. lið brtt. eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæði til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á frv. við 2. umr. og í 5. lið brtt. er lagt til að hátekjuskattur verði framlengdur um eitt ár til viðbótar með tillögum til breytinga á ákvæðum I og IV til bráðabirgða í lögunum.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[22:02]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Hwrra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir tillögum meiri hluta nefndarinnar. Þetta eru smávægilegar tillögur og engar stórar efnisbreytingar fyrir utan að það hafði gleymst að setja inn ákvæði í sambandi við hátekjuskatt, en það var kynnt allan tímann í umræðunni og við föllumst á að standa að því máli og ekki er ágreiningur um það. Einnig styðjum við að lækka útsvarsprósentu. Við skildum það svo að það sé samkomulag við sveitarfélögin varðandi þann þátt. Um þessar brtt. er í sjálfu sér ekki neinn ágreiningur.

Hins vegar skiluðum við í stjórnarandstöðunni minnihlutaáliti varðandi þetta mál við 2. umr. Við erum andsnúin fjölmörgum ákvæðum í frv. um tekju- og eignarskatt. Afstaða okkar kom skýrt fram við 2. umr. þessa máls og mun koma fram við lokaafgreiðslu málsins að lokinni 3. umr., við atkvæðagreiðslu þá. Ég sé ekki ástæðu til að gera þessar brtt. að frekara umtalsefni.

Umræðu frestað.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, 3. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 264, frhnál. 291, brtt. 292.

[22:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. á þskj. 291 og brtt. á þskj. 292 vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Þessar brtt. og nál. eru frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin fór aftur yfir frv. að lokinni 2. umr. og leggur til breytingar í þremur liðum á frv. Í fyrsta lagi er lagt til að gerð verði smávægileg orðalagsbreyting á lokamálslið 3. gr. til að gera ákvæðið skýrara. Í öðru lagi er lagt til að bráðabirgðaákvæðið verði tengt við lokamálsgrein 2. gr. (verður 5. gr. laganna) um tölvuskráningu. Loks er lagt til að við bætist gildistökuákvæði sem vantaði í frv.

[22:05]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. gerði grein fyrir brtt. meiri hluta nefndarinnar við frv. um staðgreiðslu á fjármagnstekjuskatti. Við lýstum því yfir við 2. umr. að hér væri um að ræða tæknilegt frv. í útfærslu á fjármagnstekjuskatti sem við höfðum lýst okkur andvíga í vor við lögfestingu þess. Við drógum mjög skýrt fram í 1. umr. að þetta frv. fjallar ekki um neitt annað heldur en að lappa upp á kerfi sem er meingallað að okkar mati. Breytingartillögur meiri hlutans við 3. umr. eru til bóta, tæknilegar fyrst og fremst en breyta eðli málsins ekki. Við munum eftir sem áður sitja hjá við afgreiðslu málsins að lokinni 3. umr. því að málið er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og fjallar um stefnumörkun sem við höfum lýst okkur andsnúin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 101. mál. — Þskj. 104.

[22:06]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun viðskiptamanns á Írak. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Össur Skarphéðinsson.

Eins og kunnugt er, herra forseti, háttar þannig málum í Írak að frá því fljótlega eftir lok Flóastríðsins svonefnda hefur gilt á landið algert viðskiptabann í kjölfar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661/1990, vegna innrásar Íraka í Kúveit. Viðskiptabann þetta var staðfest af íslenskum yfirvöldum með auglýsingu í Stjórnartíðinum 28. apríl 1992. Á grundvelli þeirrar auglýsingar er Ísland fullgildur aðili að þessu viðskiptabanni og ber þar af leiðandi siðferðislega og pólitíska ábyrgð á afleiðingum þess eins og aðrar þjóðir sem aðild áttu að ákvörðun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og/eða hafa fullgilt viðskiptabannið með sérstakri stjórnvaldsaðgerð í sínu landi.

Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að viðskiptabannið á Írak verði tafarlaust tekið til endurskoðunar og einnig að mótuð verði sú stefna að viðskiptahindrunum verði aldrei beitt við þær aðstæður að almenningur og ekki síst börn líði beinan skort af þeim sökum.

Vaxandi umræða hefur verið á síðustu missirum og árum eftir að ljóst varð hversu hörmulegar afleiðingar viðskiptabannsins á Íraka voru að beiting slíkra refsiaðgerða með þvílíkum áhrifum samræmist ekki viðurkenndum mannúðarsjónarmiðum. Reyndar er það fullyrt og með býsna sannfærandi rökum af fjölmörgum virtum og viðurkenndum lögfræðingum og þjóðréttarfræðingum að ástand af því tagi sem verið hefur í Írak þar sem almenningur og börn hafa liðið beinan skort og dáið hungurdauða tugum þúsunda og hundruðum þúsunda saman á grundvelli aðgerða af þessu tagi sem aðrar þjóðir beri ábyrgð á sé með öllu ósamrýmanlegt til að mynda mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Genfarviðaukum hans. Eftir sem áður hefur það staðið svo að um þetta algera viðskiptabann hefur verið að ræða og það er svo merkilegt sem það er, herra forseti, fyrst í dag sem opnað var fyrir olíusölu Íraka, mjög takmarkaða þó og með ströngum skilyrðum. Að vísu þeim að hluta af andvirðinu á að verja til kaupa á matvælum og lyfjum til að draga úr mestu hungursneyðinni og mesta lyfjaskortinum en stór hluti andvirðisins rennur einnig í skaðabótagreiðslur til Kúveit.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að menn átti sig á að hér hefur verið um að ræða mjög altækt viðskiptabann. Það er ekki svo að eingöngu hafi verið látið nægja að setja á vopnasölubann eða bann við fjárfestingum eða sölu hátæknibúnaðar eða aðrar slíkar aðgerðir eins og stundum hefur verið gripið til. Það hefur ekki verið látið nægja að beita pólitískri einangrun og öllum slíkum aðferðum heldur var gengið svo langt að setja algert viðskiptabann á landið. Það hefur leitt til þess að nánast öll efnahagsstarfsemi hefur hrunið og skapast hefur eitthvert versta neyðarástand á byggðu bóli á síðari árum.

Það er mat virtra og viðurkenndra stofnana sem tæpast verða vefengdar, þ.e. tæpast eru aðrir dómbærari á það hverjar afleiðingarnar hafa orðið, aðilar eins og Rauði krossinn, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðamatvælastofnunin og fleiri slíkir aðilar hafa metið það svo að allt að og jafnvel meira en hálf milljón barna hafi þegar látið lífið vegna beinna afleiðinga viðskiptabannsins og milljónir í viðbót liðið mikinn skort og nauð og aðstæður almennings að því leyti til nánast ólýsanlegar. Það sem verst er kannski af öllu er að þessar þjáningar hafa verið til einskis vegna þess að upphaflegum tilgangi viðskiptaþvingananna hefur ekki verið náð, þ.e. þeim að steypa ógnarstjórn Saddams Husseins frá völdum. Þvert á móti bendir margt til þess að hún sé nú fastari í sessi en oft áður, ekki síst eftir árangurslausar og algerlega mislukkaðar tilraunir leyniþjónustu Bandaríkjanna til að steypa stjórninni með undirróðursstarfsemi innan lands.

Ég tel, herra forseti, að það sé ekki vansalaust fyrir okkur Íslendinga frekar en út af fyrir sig nokkra aðra sem vilja reyna að vera sjálfum sér samkvæmir í orðum og gerðum hvað þetta snertir, að horfa upp á þetta ástand án þess að aðhafast nokkuð. Satt best að segja er það ótrúlega tómlæti sem umheimurinn hefur sýnt þessu ástandi illskiljanlegt. Að vísu verður að viðurkennast að það er harla tilviljanakennt hvaða styrjaldir og hvaða hungursneyðir virðast komast í tísku og hljóta náð fyrir augum fjölmiðla vestrænna þjóða sem mestu ráða í þessum efnum. Til eru og hafa lengi verið gleymd stríð og gleymd hungursvæði sem erfiðlega virðist ganga að vekja athygli umheimsins á. En önnur ná athygli og það tekst að skapa pólitískan þrýsting til þess að eitthvað er aðhafst. Svo hefur ekki verið um hungursneyð og dauða barna og óbreytts almennings í Írak. Sjálfsagt hafa menn goldið landstjórnarinnar sem er afar óvinsæl og illa þokkuð og á sér fáa málsvara í alþjóðlegum stjórnmálum af skiljanlegum ástæðum en samkvæmt mínum skilningi á mannréttindum gerir það ekki mannslífin ódýrari í Írak þó að þar ráði ríkjum Saddam Hussein. Hungurdauði barna þar er jafnhörmulegur og hungurdauði barna annars staðar í heiminum.

Það er líka þannig, herra forseti, að viðhorf eru að breytast nokkuð til þess með hvaða hætti eigi að vinna að lausn deilumála og með hvaða hætti ríki geti og eigi að beita sér í innri mál annarra. Þó svo að engin deila sé auðvitað um það að friðsamlegar lausnir séu þær sem beri að beita og þar af leiðandi eigi að reyna stjórnmálalegar aðgerðir og jafnvel viðskiptalegar áður en til annarra úrræða er gripið, þá réttlætir það ekki að ástand af því tagi sem við höfum horft upp á nú um árabil í Írak sé látið viðgangast. Siðferðisleg ábyrgð þeirra sem hana bera er mikil.

Ég tel, herra forseti, að þó svo nú hafi loksins eftir margra, margra mánaða bið komist til framkvæmda í dag sú undanþága frá viðskiptabanninu sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt að veita Írökum til takmarkaðrar olíusölu þannig að unnt sé að kaupa matvæli og lyf og greiða stríðsskaðabætur til Kúveit breyti sáralitlu um þær hörmulegu aðstæður sem eftir sem áður eru í landinu og verða meðan jafnvíðtækar viðskiptaþvinganir verða í gildi og raun ber vitni. Það hlýtur einnig að þurfa að koma til skoðunar þegar um langvarandi viðskiptabönn eða þvinganir er að ræða hver áhrifin eru á almennar þróunarforsendur í viðkomandi löndum, almenn lífskjör og hvort það geti staðist að samfélag þjóðanna dæmi almenning á vissum landsvæðum eða í vissum ríkjum til varanlegrar örbirgðar og fátæktar með viðskiptalegum þvingunaraðgerðum af því tagi. Að sjálfsögðu gildir hið sama á fleiri svæðum og segja mætti að mörgu leyti sömu söguna af ýmsum öðrum viðskiptaþvingunum á undanförnum árum en ég hygg þó að ekkert dæmi finnist a.m.k. í seinni tíma stjórnmálasögu um jafnsvæsna hluti og þarna hafa gerst.

Manni verður að sjálfsögðu einnig hugsað til aðstæðna eins og á Kúbu þar sem Bandaríkjamenn hafa af ótrúlegu harðfylgi tekið að herða viðskiptaþvinganir sínar og hernað ef svo má að orði komast, viðskiptalegan hernað á hendur stjórnvöldum og almenningi á Kúbu, m.a. með því að setja fráleit lög sem veita bandarískum dómstólum lögsögu yfir fyrirtækjum og aðilum í öðrum ríkjum ef þau leyfa sér að eiga viðskipti við Kúbu í óþökk Bandaríkjanna. Það er engum blöðum um það að fletta að hinn áratuga langi viðskiptahernaður Bandaríkjamanna á hendur Kúbu hefur komið niður á lífskjörum og þróunarmöguleikum þeirrar þjóðar sem þar býr. Það getur tæpast verið réttlætanlegt undir neinum kringumstæðum að vegna stjórnmálaágreinings eins og þar hefur verið uppi haldi menn úti slíkum viðskiptahernaði á hendur sínum næstu nágrönnum eins og þar hefur gerst og það um áratuga skeið.

Sama mætti segja um þær ákvarðanir Bandaríkjastjórnar að reyna að knýja fram refsiaðgerðir gegn Íran, fjárfestingarbann í Íran á afar lítt rökstuddum forsendum, þ.e. þeim að Íranir liggi undir grun um að vera hliðhollir tilteknum hryðjuverkasamtökum. Það, herra forseti, er að mínu mati fullkomin ástæða til að taka meðferð þessara mála í heild sinni til endurskoðunar og setja því ákveðin takmörk með hvaða hætti og hversu víðtækum sé réttlætanlegt að beita viðskiptalegum refsiaðgerðum og mörkin verði að draga þar að ekki megi koma til þess að aðstæður og lífskjör versni svo í þeim löndum, sem fyrir slíku kynnu að verða, að almenningur og þá ekki síst börn líði beinan skort af þeim sökum eða bíði hungurdauða.

Það er von mín, herra forseti, að með þessum tillöguflutningi takist að koma einhverri hreyfingu á þessi mál. Vissulega eru það vonbrigði að hv. utanrmn. Alþingis hefur fengið þessa tillögu í tvígang áður til umfjöllunar án þess að aðhafast mikið, satt best að segja. En von mín er sú að þetta mál fái nú málefnalega skoðun og menn hafi fyrir því að setja sig ofan í efnisþætti málsins og þá óttast ég ekki að menn muni ekki komast að þeirri niðurstöðu að sómi væri að því fyrir Ísland að taka þann málstað upp á alþjóðavettvangi að endurskoða þurfi beitingu viðskiptaþvingana og samræma framkvæmd þeirra ef til þeirra er gripið viðurkenndum mannréttindasjónarmiðum og mannréttindasáttmálum sem í gildi eru.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til 2.umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðissparnaðarreikningar, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 129. mál (heildarlög). — Þskj. 140. [22:20]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga sem sá sem hér talar er 1. flm. að og flytur ásamt 16 þingmönnum Sjálfstfl. Hér er um að ræða frv. sem opnar aftur þann möguleika að innlegg manna á húsnæðissparnaðarreikninga, þ.e. samningsbundna reikninga, skapi rétt til skattafsláttar er nemur fjórðungi árlegs innleggs innan þeirra marka og með þeim skilyrðum sem eru tiltekin í lögunum. Þetta þýðir ef frv. verður að lögum að á hverju heilu tekjuári skal lágmarksfjárhæð vera 48 þús. kr. en hámarksfjárhæð 480 þús. kr. Sparifé samkvæmt frv. leggst inn á reikninginn eigi sjaldnar en á hverjum ársfjórðungi almanaksársins og skal nema á ársfjórðungi eigi lægri fjárhæð heldur en 12 þús. kr. og eigi hærri fjárhæð en 120 þús. kr. Gert er ráð fyrir að húsnæðissparnaðarreikningarnir verði bundnir til 10 ára en að því tímabili liðnu standi innstæðan laus og sé til frjálsrar ráðstöfunar þess sem reikninginn á.

Hins vegar kemur fram í 3. gr. frv. að kaupi reikningseigandi íbúðarhúsnæði til eigin nota eða hefji byggingu slíks húsnæðis skal innstæðan verða laus að loknum þremur árum.

Í 3. gr. kemur fram nýmæli ef frv. er borið saman við þau lög sem í gildi voru um húsnæðissparnaðarreikninga en það er að reikningseigandi getur tekið út af þessum sérstaka reikningi eftir þrjú ár og lagt hann í ekki aðeins endurbætur heldur og viðhald á eigin íbúðarhúsnæði.

Með lögum nr. 49/1985 var komið á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum sem sköpuðu sambærilegan rétt til skattafsláttar og það frv. sem hér er flutt. Þetta reikningsform var í raun og veru byggt á samningsbundnum innlánum sem voru tengd rétti til húsnæðislána og áttu að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði. Með lögum nr. 111/1992 var ákveðið að skattafsláttur framangreindra laga um húsnæðissparnaðarreikninga yrði skertur í áföngum og lögin afnumin 1. janúar 1997. Það verður ekki séð að þær breytingar hafi orðið hér á landi sem réttlæti að leggja niður þessa aðferð til sparnaðar. Ég er þeirrar skoðunar að mistök hafi átt sér stað þegar þetta sparnaðarform var afnumið í áföngum og lít svo á að við núverandi aðstæður sé fremur ríkari ástæða en var til að ýta undir sparnað í þjóðfélaginu og á ég þá sérstaklega við að kaupmáttur almennings er að aukast, þjóðfélagið er að sigla upp úr öldudal og nokkur merki eru um að í hönd geti farið þensla og hætta á verðbólgu.

Ég vil benda á að í dag er þjóðhagslegur sparnaður ónógur á Íslandi og verðbólga hefur verið hér síðustu mánuði á bilinu um 2,5–2,6% sem er umfram það sem er í helstu viðskiptalöndum okkar og felur í sér þó nokkra hækkun frá því sem var á síðasta ári. Það er því full ástæða til að skoða hvort ekki er hægt að ýta undir sparnað með sérstökum ráðstöfunum eins og gert er ráð fyrir í þessu þingmáli. En einnig koma til sérstakar ástæður að þessi sparnaður þarf að ná einkum og sér í lagi til þeirra sem vilja spara til húsnæðiskaupa og mun nú verða vikið að því í eins stuttu máli og hægt er.

Það er ljóst af þeirri athugun sem kemur fram í grg. með frv. að meginmáli skiptir um möguleika fólks til að eignast eigin húsnæði hve mikinn hlut kaupanna er hægt að fjármagna með eigin fé. Talið er að á almennum markaði verði fólk að eiga a.m.k. 15% skuldlaus af kaupverði íbúðar við fyrstu kaup. Þetta er þó nokkuð hærri eiginfjárkrafa en algeng er í nágrannalöndum okkar. Hægt er að fullyrða að í nágrannalöndum okkar dugi það alla jafnan að eiga um 10% kaupverðs og þar stendur víðast hvar til boða að taka lán fyrir 90% af íbúðarverði og er þá miðað við að reiknað sé með óverðtryggðum fasteignaveðlánum en þau minnka hratt bæði vegna endurgreiðslna en ekki síður vegna verðbólgu. Hér á landi er fólki boðið upp á lán fyrir 70% íbúðarverðs en þar er um að ræða jafngreiðslulán sem eru verðtryggð og greiðast í raun mjög hægt upp. Það er algengt að hérlendis sé eigið fé við fyrstu kaup um 15% en það sem á vantar er fjármagnað með skammtímalánum.

Ef menn leita að sérstæðum í íslensku húsnæðislánakerfi þá eru það skammtímalánin sem í raun einkenna íslenska

kerfið. En það er einmitt greiðslubyrði af skammtímalánum sem ræður afar miklu um kaupgetu ungs fólks. Sem dæmi má nefna að greiðslubyrði fjölskyldu sem á 15% af kaupverði íbúðar er um 40% vegna skammtímalána en 60% vegna húsbréfalána. Í þessu dæmi er þá miðað við að lánstími skammtímalána sé um sjö ár. Ef hann er skemmri vega skammtímalánin að sjálfsögðu mun þyngra.

Hægt er að stilla dæminu þannig upp að sýna hversu dýra íbúð fjölskylda með 250 þús. kr. mánaðarlaun gæti keypt ef miðað er við misjafnlega skuldlausa eign að hlutfalli til. Þá kemur í ljós, eins og sýnt er fram á í grg. með þessu máli, að við það að skuldlaus eign vex úr 15% upp í 25% eykst kaupgetan um 37%. Þessi dæmi sýna að húsbréfakerfið er mjög viðkvæmt og næmt fyrir eignarstöðu þeirra sem eru að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Þetta gerir það að verkum að áhrif sparnaðarins á kaupgetuna er afgerandi í okkar kerfi. Miðað við að *flestir geti átt milli 15–20%* af kaupverði er hægt að fullyrða að fyrir hverjar 100 þús. kr. sem kaupandinn nær að spara aukist kaupgetan um 300 þús. kr. Miðað við núverandi kerfi þarf fjölskylda að hafa 175 þús. kr. í mánaðartekjur til að geta keypt allra ódýrasta húsnæði í Reykjavík, svo dæmi sé tekið, og er þá miðað við að skuldlaus eign sé 15% af kaupverði. Með sparnaði má færa þessi mörk neðar sem nemur 5 þús. kr. mánaðarlaunum fyrir hver 45 þús. sem lögð eru í sparnað.

Fjölmargar fjölskyldur hafa nægilega háar tekjur til að ráða við húsnæðiskaup ef miðað er við það sem tíðkast í húsnæðislánakerfum annarra þjóða. Á Íslandi er kaupgeta þeirra metin mjög til lækkunar í húsbréfakerfinu, m.a. eins og áður var getið vegna áhrifa skammtímalána og takmarkaðrar eiginfjárstöðu. Mér finnst það fullkomlega óeðlilegt að fólk sem hefur 150 þús. kr. í fjölskyldutekjur á mánuði skuli ekki geta keypt sér íbúð, en þar um ræðir mestu að almennt er kaupgeta slíks fólks mjög skert vegna lélegrar eiginfjárstöðu.

Sérstök ástæða er til að breyta þeim ákvæðum sem voru í þeim lögum sem nú eru að renna sitt skeið og heimila að húsnæðissparnaðarreikningar verði nýttir til að fjármagna viðhald íbúðarhúsnæðis. Það hefur verið lögð mikil áhersla á að auka nýbyggingar og það er í sjálfu sér skiljanlegt þegar tekið er tillit til þess hve húsakostur var lélegur og Íslendingar voru langt á eftir nágrannaþjóðum í þeim efnum. Nú er hins vegar svo komið að á tiltölulega skömmum tíma hefur verið mikið byggt af íbúðarhúsnæði í landinu. Svo mikið hefur verið byggt að það kallar á breyttar áherslur í húsnæðismálum. Það er nauðsynlegt að mæta húsnæðisþörf ekki einungis með nýbyggingum heldur einnig með viðhaldi og endurnýjun eldra húsnæðis og full ástæða er til að leita leiða til að ýta undir viðhald íbúðarhúsa bæði með skattalegum ívilnunum og samningsbundnum sparnaði.

Ég lít svo á að sú grg. sem fylgir frv. til laga um húsnæðissparnaðarreikninga verði að teljast fullnægjandi sem fylgigagn og ætla ekki að fara nánar út í þessi mál. En ég vil aðeins vekja athygli á því að hér er um að ræða mál sem mjög margir þingmenn Sjálfstfl. flytja ásamt þeim sem hér stendur og það verður að teljast til tíðinda að á nýafstöðnum landsfundi Framsfl. var lýst yfir sérstökum áhuga á þessu máli. Ef tekið er tillit til þessara tveggja þátta þá verð ég að segja að ég bind við það vonir að þetta mál geti fengið jákvæða afgreiðslu í nefnd og við munum hverfa frá því ráði á Alþingi Íslendinga að láta þetta sparnaðarform hverfa í upphafi næsta árs og endurvekja þetta sparnaðarform, ekki síst í ljósi þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað á undanförnum missirum þegar kaupgeta almennings hefur aukist og ákveðnar blikur eru á lofti í sambandi við þróun verðbólgu.

Virðulegi forseti. Um leið og ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. þá legg ég til að því verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[22:33]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að flytja þetta frv. sem ég held að sé mjög til bóta og geymir síðustu hvatninguna til sparnaðar sem við höfum enn við lýði. Nú er verið að leggja af þá hvatningu til kaupa á hlutabréfum sem felst í því að draga má þau frá skatti. Við höfum tekið upp ýmis form sem hvetja til eyðslu frekar en sparnaðar. Vil ég þá sérstaklega geta um vaxtabæturnar sem eru ekkert annað en hvatning til skuldasöfnunar og eyðslu. Það skyldi engan undra að skuldir heimilanna vaxi eins og sýnt hefur verið fram á.

Þetta form er hluti af skattkerfi sem felst í því að skattleggja eyðslu. Tekjum manna er ráðstafað til að spara eða til að eyða. Húsnæðissparnaðarreikningarnir voru einmitt dæmi um hvernig sparnaðurinn var skattfrjáls, þ.e. eyðslan var skattlögð, ekki tekjurnar. Vandamálið við að taka upp skattlagningu eyðslu í stórum stíl, eins og sums staðar hefur verið lagt til, er það að menn hafa ekki talið fram á skattframtali innstæður í bönkum vegna þess að þær hafa verið alveg skattfrjálsar og menn hafa jafnvel ekki vitað að það þyrfti að telja þær fram. Ef menn vissu um allar innstæður í bönkum væri lítill vandi að taka upp í stórum stíl skattlagningu á eyðslu með því að veita skattfrelsi út á þá aukningu á sparnaði í ýmiss konar formi bæði í bönkum, hlutabréfum og alls konar peningalegum sparnaði og veita skattfrelsi út á það. Því miður sé ég ekki lausn á þeim vanda að taka það upp eins og staðan er núna. En ég tel mjög brýnt að menn hverfi frá þeirri leið að hvetja menn og verðlauna fyrir það að eyða, eins og *vaxtabæturnar gera, og fara í auknum mæli inn á sparnaðarleiðina*, þ.e. húsnæðissparnaðarreikninga, sérstaklega þegar menn óttast það eins og núna að verðbólga fari í gang, þensla myndist vegna þeirra miklu opinberu framkvæmda og hálfopinberu framkvæmda sem standa yfir og framkvæmda á vegum fyrirtækja og annarra. Það er ljóst að ef tækist að ná upp miklum sparnaði nú við þessar aðstæður þyrftum við Íslendingar ekki að fresta opinberum framkvæmdum vegna þess að það mundi myndast nægilegur sparnaður til að borga allar þessar framkvæmdir. En því miður sjáum við ekki teikn þess að fjármálalegur sparnaður einstaklinga sé að aukast í þeim mæli að hann geti greitt þær miklu framkvæmdir sem við förum út í. Þess vegna munum við líklega neyðast til þess að draga úr mörgum bráðnauðsynlegum opinberum framkvæmdum sem margar hverjar eru sannarlega arðbærar.

Herra forseti. Að lokum vil ég lýsa yfir ánægju minni með að hv. þm. hafi flutt frv. um húsnæðissparnaðarreikninga til að halda á lofti síðasta vígi sparnaðar sem er örvaður með skattalegum aðgerðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:37]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðir, 224. mál, fsp. VH, þskj. 299.

Eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði, 225. mál, þáltill. GL, þskj. 300.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 301; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 302.

Smásala áfengis, 128. mál, svar fjmrh., þskj. 295.

Tekjuskattur og eignarskattur, 146. mál, brtt. VE, þskj. 305.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 132. mál. — Þskj. 143.

[22:39]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar, um þátttöku Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi, sem ég flyt ásamt átta öðrum þingmönnum Sjálfstfl. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er athugi hvernig megi auðvelda þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi með nýrri tækni í fjarskiptamálum og draga jafnframt úr kostnaði samfara slíku starfi."

Eins og fram kemur í grg. með tillögunni hefur alþjóðlegt starf Íslendinga aukist mjög á síðustu árum og flest bendir til þess að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Aukið samstarf þjóða veldur því að ákvarðanir í einu landi hafa áhrif í öðru. Hindrunum í samskiptum og viðskiptum fækkar bæði með tæknibreytingum og einnig með því að alþjóðlegir viðskiptasamningar gera ráð fyrir lækkandi tollum og þar fram eftir götunum. Þetta leiðir til þess að tengsl þjóðanna aukast jafnframt því sem hin alþjóðlega verkaskipting eykur verðmætasköpun og bætir lífskjörin. Því er ljóst að auk þess að vera óhjákvæmileg þróun er slíkt samstarf mjög mikilvægt fyrir litla þjóð. Samt sem áður er oft lítið gert úr nauðsyn slíks samstarfs. Við heyrum oft umræður um að lítið er þannig á að samstarf af þessu tagi sé mestan part óþarfar utanlandsferðir og óþarfa tilkostnaður og auðveldar sparnaðarleiðir eru þær einatt taldar að falla frá slíku samstarfi og hætta að leggja fé til alþjóðlegs samstarfs. Þetta tel ég þó vera ákaflega misráðið, ekki síst fyrir litla þjóð eins og okkur sem erum mjög háð utanríkisviðskiptum. Við þurfum að vera þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi. Eins og allir vita eru utanríkisviðskipti mjög stór þáttur í efnahagsbúskap okkar og raunar miklu stærri en hjá mörgum öðrum þjóðum. Hagkerfi okkar er stundum lýst þannig að það sé opið lítið hagkerfi. Það er rétt að því leytinu að þetta er lítið hagkerfi eins og gefur auga leið en þetta er líka opið hagkerfi vegna þess að við erum með tiltölulega frjáls utanríkisviðskipti og tökum mikinn þátt í í utanríkisviðskiptum sjálf. Okkar innlendi markaður er mjög lítill. Þess vegna er mikilvægt að eiga greiða leið með framleiðsluvörur okkar inn á alþjóðlega markaði. Það sem hefur líka gerst og er ákaflega athyglisvert er það að íslensk fyrirtæki hafa verið að hasla sér völl á erlendum vettvangi. Ég dró það raunar fram í umræðum um fyrirspurn, sem hæstv. viðsk.- og iðnrh. svaraði hjá mér í fyrra, að þessi þróun hefur verið að gerast býsna hratt og hún er mjög mikilvæg fyrir okkur. Meðal annars vegna þess að í þessu starfi felast miklir framtíðarmöguleikar fyrir íslenskt starfsfólk og íslenskar framleiðsluvörur. Alþjóðleg útrás efnahagslífsins og atvinnulífsins er vaxandi þáttur í efnahagskerfi m.a. af þeim sökum að hér er að vaxa upp ný kynslóð ungs vel menntaðs fólks sem leitar viðspyrnu sinna krafta m.a. á erlendum vettvangi. Það er ljóst að efnahags- og atvinnulíf okkar er takmarkandi þáttur að mörgu leyti eitt og sér.

Þó svo að margs konar alþjóðleg samskipti og viðskipti aukist óðum er augljóst að fámennri þjóð er vandi á höndum. Annars vegar blasa við margvísleg not af þessari útrás, en hins vegar er vitað að fámennri þjóð eru reistar skorður við þátttöku í alþjóðlegu samstarfi jafnt á viðskiptasviðinu sem öðrum sviðum. Fámenni hindrar það oft að við getum tekið þátt í alþjóðlegu starfi, sem tvímælalaust yrði okkur þó til hagsbóta.

Alþjóðlegt samstarf er oft gríðarlega dýrt. Því fylgja einatt kostnaðarsöm ferðalög til útlanda. Slíkar ferðir taka einnig oft langan tíma fyrir okkur Íslendinga sakir fjarlægðar frá öðrum ríkjum. Ekki er óalgengt að Íslendingar sem erindi eiga út fyrir landsteinana á fund þurfi að eyða til þess tveimur til þremur dögum en fulltrúar annarra ríkja geta farið slíkar ferðir á einum degi og kannski tæplega það.

Það eru ótal mörg dæmi um það að fundarferðir af þessu taginu séu okkur Íslendingum miklu lengri og dýrari og þar með dýrkeyptari en öðrum þjóðum. Það er ekki óalgengt að embættismenn, stjórnmálamenn og þeir sem eiga viðskiptaerindi til útlanda þurfi í raun vegna erindisins einungis að staldra við fáeina klukkutíma og stundum tæplega það. Ferðin hins vegar tekur oft og tíðum tvo eða þrjá daga vegna þess að menn þurfa að leggja af stað daginn áður en fundurinn er haldinn, verja næsta degi í útlöndum við fundarhöld og þannig stendur oft á flugferðum að menn komast ekki heim að kveldi sama dags og þurfa því að eyða þriðja deginum í ferðalög heim. Margir slíkir fundir taka stuttan tíma og eru þess eðlis að vel má koma við nútímafjarskiptatækni við það að sinna slíkum erindum.

Þessi staðreynd með ferðalögin hefur hins vegar oft valdið því að Íslendingar hika við að senda fulltrúa sína á fundi af þessu tagi, telja það eðlilega dýrt og kostnaðarsamt, ekki bara vegna þess að ferðirnar út af fyrir sig eru kostnaðarsamar heldur líka vegna þess að í þessu felst vinnutap dýrra starfskrafta. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort hægt sé að komast hjá að senda menn á slíka fundi. Nútímafjarskipti eru hins vegar sem óðast að leysa þennan vanda að nokkru leyti. Nútímafjarskipti bjóða upp á margvíslega möguleika á þessu sviði. Símafundir eru að verða hluti af nútímasamfélagi. Sífellt er verið að þróa og bæta þetta samskiptaform. Stór fyrirtæki eru farin að nota þetta í vaxandi mæli. Mér er t.d. kunnugt um að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem nú er með skrifstofur bæði norðan heiða og í Reykjavík nýtir þessa tækni talsvert til þess að tengja saman starfsemi sína á tveimur ólíkum stöðum.

Mér er enn fremur kunnugt um að á vegum sænska þingsins er stöðugt verið að nota þennan búnað í vaxandi mæli, ekki síst eftir að Svíþjóð varð aðili að Evrópusambandinu og samskipti Svía við Evrópusambandið og aðrar Evrópuþjóðir urðu óhjákvæmilega meiri og nánari með tíðari fundum. Þetta leggur auðvitað mikla pressu á sænska stjórnkerfið og sænska þingið sem hefur orðið til þess að á vegum Svíþjóðar og sænska þingsins hefur verið komið upp býsna miklum fjarskiptabúnaði sem gerir það að verkum að menn geta haldið fundi með fulltrúum ólíkra þjóða án þess að ferðast. Menn geta setið á sínum skrifstofum eða í sérstökum herbergum sem til þess hafa verið búin og haft fullt gagn af þessum fundum og tekið þátt í þeim að öllu leyti. Jafnframt eru mikil tölvusamskipti að öðru leyti milli sænska þingsins og Evrópusambandsins, skjalasamskipti á milli landanna eru

t.d. mjög tíð. Menn vinna frá tveimur ólíkum stöðum í sama skjali og hafa af því full not. Þetta er auðvitað í samræmi við það sem fjarskiptatæknin að öðru leyti býður upp á. Ég hef t.d. vakið athygli á því að menn hafa teiknað heilu skipin vestur í Ameríku, sent með tölvusamskiptum inn á tölvur á Ísafirði og það eru hinar eiginlegu vinnuteikningar sem skipasmíðastöðin þar hefur notað til þess að smíða skip. Þetta segir okkur að fjarskiptatæknin á sér hér um bil engin landamæri og möguleikar okkar til þess að nýta þetta við hvers konar samskipti eru nánast ótæmandi.

Nýlega var líka sagt frá því í breskum blöðum að breskur þingmaður hefði komið sér upp viðurhlutamiklum tölvusamskiptum með þessum hætti við kjördæmi sitt sem var langt frá höfuðstöðvum breska þingsins í Westminster í London og tryggði þannig nánari samskipti við kjósendur sína.

Íslendingar hafa jafnan verið allra manna hugkvæmastir og duglegastir við að taka upp nýja tækni til margs konar hluta. Tölvueign er mikil á Íslandi, sennilega almennari en víðast hvar annars staðar, fjarskipti eru á góðu róli og við höfum náð mikum árangri að því leytinu. Þess vegna eru aðstæður okkar til þess að taka á vissan hátt frumkvæði í þessu og forustu meðal þjóðanna mjög góðar. Þó að við séum smáþjóð og við tökum kannski ekki mjög mikinn þátt í erlendum og alþjóðlegum samskiptum miðað við aðrar þjóðir, þá held ég að þarna sé eðlilegur vettvangur fyrir okkur til þess að taka forustu. Við eigum vel menntað ungt fólk sem getur unnið að þessu. Við höfum tæknina til þess að vinna þetta og við höfum alla getuna til þess að nýta okkur þessi samskipti.

Á vegum Póst- og símamálastofnunar, sem bráðlega verður Póstur og sími hf., hefur verið unnið að uppsetningu og prófun á myndfundabúnaði sem ætlunin er að kynna alveg sérstaklega. Þar verður boðið upp á þrjá möguleika. Í fyrsta lagi útleigu á fundaherbergi þar sem staðsettur er myndsími fyrir samnetstengingu á hraða 128 eða 384 kílóbæti á sekúndu með 29 tommu skjá, myndavél og aukaskjá fyrir móttöku á skjölum eða öðru myndefni. Í herberginu er fundarborð sem rúmar sex manns fyrir framan aðalmyndavél og skjá. Enn fremur er rými fyrir 18 eða fleiri fundarmenn í sætum til hliðar. Búnaður sem tengdur er myndsímanum er myndvarpi fyrir skjöl, smáhluti og glærur og aukamyndavél á þrífæti til að sýna töflur sérstaklega eða fá víðari sýn um herbergið. Það er hægt að tengja myndbandstæki við myndsímann fyrir sendingu myndefnis á spólu eða til upptöku á yfirstandandi fundi. Jafnframt er hægt að tengja PC-tölvu, einkatölvu, með hugbúnað fyrir skjalasamskipti á milli fundastaða.

Í öðru lagi býður fyrirtækið upp á útleigu á myndsímabúnaði til uppsetningar hjá notanda. Viðkomandi búnaður getur verið hliðstæður búnaði í fundaherbergi Pósts og síma sem ég var að lýsa hér áðan eða innbyggður í PC-tölvu með 15–17 tommu skjá, myndavél á skjá, borðsíma með handfrjálsum talbúnaði og heyrnartóli.

Loks er myndsímabrú sem svo er kölluð, fyrir samtengingu allt að fjögurra myndsíma í fundaherbergjum innan lands eða á milli landa. Að því er stefnt að koma upp sambærilegum myndfundabúnaði hjá Pósti og síma á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum. Það er með öðrum orðum ljóst að þegar er til staðar, m.a. í næsta nágrenni við stjórnsýsluna, búnaður sem gerir það að verkum að hægt væri að sinna alþjóðlegum samskiptum betur en gert hefur verið og um leið draga úr tilkostnaði. Ég legg hins vegar mesta áherslu á að í þessum búnaði og þessum möguleikum felist tækifæri fyrir Íslendinga til þess að taka meiri og virkari þátt í alþjóðlegu samstarfi sem okkur er mjög brýnt að taka þátt í. Það er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir það að auðvitað er kostnaðarsamt að taka þátt í slíku samstarfi. En fyrst og fremst verðum við Íslendingar, eðli málsins samkvæmt eins og ég hef þegar verið að lýsa, að leggja áherslu á það að taka þátt í og reyna að leita eftir þeim tækifærum sem alþjóðlegt samstarf býður okkur upp á. Og úr því að fjarskiptatæknin er enn að opna okkur nýjar leiðir, þá er auðvitað sjálfsagður hlutur að við nýtum okkur þetta eins og kostur er á.

Virðulegi forseti. Með þessum orðum hef ég fylgt úr hlaði þessari till. til þál. og legg til að henni verði vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

[22:51]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til þess að taka undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, 1. flm. þessarar þáltill., að það er okkur Íslendingum nauðsynlegt að stunda af kappi alþjóðlegt samstarf og liggja til þess mjög margar ástæður sem hann tíndi til í sínu máli og er þar þá ekki síst sú staðreynd að við lifum í ríkari mæli en aðrar þjóðir á alþjóðlegum viðskiptum. En einnig ber að geta þess að við þurfum að verja hagsmuni okkar á mjög margvíslegum vettvangi. Ég er sjálfur þannig settur að ég hef staðið í því að sitja þing erlendis, einkum og sér í lagi þó þingmannasamkundur Evrópuráðsins og það er ljóst að þar koma oft með litlum fyrirvara mjög brýn hagsmunamál sem tengjast íslenskum hagsmunum. Það hefur sýnt sig að það hefur verið nauðsynlegt að rödd Íslands heyrðist þar og heyrðist vel.

Þess vegna er ljóst að við þurfum að taka ekki minni þátt í alþjóðasamstarfi heldur meiri en gert er nú. Eins er skynsamlegt að skoða vandlega hvernig við getum aukið þetta samstarf með því að nýta okkur þá tækni sem nú er að ryðja sér til rúms í samskiptum manna í milli. Þess vegna lít ég svo á að þetta mál sem hér er flutt sé brýnt og að það beri að skoða á jákvæðan hátt. Að sjálfsögðu nýtum við okkur nú þegar tækni í milliríkjasamstarfi. Millaríkjasamstarf hefur breyst verulega vegna þess að við höfum tekið í þjónustu okkar ýmiss konar tækni sem var annaðhvort ekki til fyrir örfáum árum eða var þá mjög ófullburða.

Það er hins vegar staðreynd að sú tækni sem hefur fengið nafnið upplýsingahraðbrautin hefur ekki enn komist mikið í notkun í sambandi við alþjóðlegt samstarf. Þar rekumst við á ýmsar hindranir. Ég vil nefna það sérstaklega að margar Evrópuþjóðir nýta sér ekki upplýsingatæknina með jafnvirkum og útbreiddum hætti og gert er t.d. í Bandaríkjunum. Það er athyglisvert að bandarísku þingið hefur sett yfir á rafrænt form málskjöl þingsins og mjög ítarlegar upplýsingar um þingið þannig að hægt er að fá aðgang að stjórnmálalífi Bandaríkjamanna í gegnum netið. En hjá fjölmörgum þjóðþingum Evrópuríkja er ekki um þetta að ræða, ellegar að upplýsingarnar eru af mjög skornum skammti.

Þá má einnig geta þess að ef við ætlum okkur að nýta slíka tækni í samskiptum við aðrar þjóðir, þá erum við að sjálfsögðu háð því að sá vettvangur sem við vinnum á nýti sér þessa tækni jafnframt, en á því er þó nokkur misbrestur. Nú er hins vegar að verða hröð breyting á viðhorfi Evrópubúa til þessara mála og vitna blaðagreinar frá sumum af íhaldssömustu löndum Evrópu til þess að þarna séu að verða mikil vatnaskil. Það er mjög brýnt að Íslendingar verði í fararbroddi Evrópuþjóða við að nýta sér upplýsingatæknina.

Það er tiltölulega stutt síðan ríkisstjórn Íslands kynnti stefnu sína í málefnum upplýsingasamfélagsins. Sú stefnumörkun hefur mælst vel fyrir. Hún á að geta auðveldað okkur að auka alþjóðlegt samstarf en draga jafnframt úr kostnaði við rekstur samfélagsins og þar á meðal úr þeim kostnaði sem hlýst í alþjóðlegum samskiptum. Það er raunar samnefnari með þessari tækni að hún á á flestum sviðum að geta aukið samskiptin en dregið jafnframt úr kostnaði við þau. Því lít ég svo á að hér sé um brýnt mál að ræða og legg til að það fái jákvæða og fljóta afgreiðslu.

[22:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er rædd um þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi er að mínu mati tímabært mál og athyglisvert. Ég vil við fyrri umræðu málsins leyfa mér að taka undir þá hugsun sem fram kemur í þessari tillögu sem flutt er af nokkrum hv. þingmönnum Sjálfstfl. þar sem lagt er til að ríkisstjórnin skipi nefnd til að athuga hvernig auðvelda megi þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi með nýrri tækni í fjarskiptamálum og draga jafnframt úr kostnaði samfara slíku starfi.

Það er alveg ljóst að sú tækni sem nú er og er í sjónmáli, á að gera það kleift að samskipti fari fram á alþjóðavettvangi af okkar hálfu í meiri mæli en verið hefur með því að sú tækni er nýtt sem ætti að geta verið í boði. Ég tek þó eindregið undir það sem fram hefur komið m.a. hjá hv. 2. flm. málsins, Tómasi Inga Olrich, sem hér talaði áðan, að auðvitað er það að verulegu leyti háð því að breyting í þessa átt sé skipulögð samræmt og eigi sér stað varðandi samskiptaformið og þar eru menn kannski ekki komnir á mikið skrið enn sem komið er. Mér er ljóst að tilraunir fara fram í þessa átt bæði innan fyrirtækja og í alþjóðlegu samstarfi en þó hygg ég að það sé nokkuð bundið við það að um sé að ræða aðila sem eiga allör samskipti, t.d. fyrirtæki eins og hv. 1. flm. málsins nefndi í sinni framsögu fyrir málinu. Einnig voru nefnd samskipti t.d. sænskra stjórnvalda við aðila innan Evrópusambandsins. Nú hef ég ekki kynnt mér sérstaklega hversu langt menn hafa komist í þeim efnum, en ég á von á því að þar sé um að ræða samstarf sem sé þá innan nefnda eða samráðsvettvangur, en ekki ákvarðandi fundir eða ráðstefnur í ríkari mæli. Auðvitað er sjálfsagt að fylgjast með slíku og fylgja eftir þeim möguleikum sem þarna eru að opnast og vonandi verða enn algengari en nú er.

Ég tek undir þau sjónarmið að okkur er mikil nauðsyn á því að rækja alþjóðleg samskipti af fyllstu alvöru. Ég geri kannski ekki svo mikið með það að þessi samskipti kosta fjármuni því að ég er þeirrar skoðunar að a.m.k. hluti þessara samskipta sé alveg óhjákvæmilegur fyrir okkur Íslendinga og færi okkur í rauninni hagnað sem við annars yrðum af ef við værum ekki þátttakendur. Því er ekki vitrænn kostur að afskrifa slíkt vegna útgjalda heldur er okkur í mörgum tilvikum svo brýn nauðsyn á því að eiga þessi samskipti að við hljótum að leggja í þann kostnað og auðvelt er að færa rök fyrr því að það borgar sig í fjármunum talið og öðru hagræði, a.m.k. til lengri tíma litið. Vissulega kann svo að vera að hluti af þeim samskiptum sem við eigum í eða leggjum í við erlendar þjóðir gefi ekki mikið í aðra hönd, hvorki í beinum né óbeinum mæli reiknað en slíkt er þó oft erfitt að átta sig á fyrir fram. Um er að ræða föst samskipti þar sem menn geta kannski ekki glöggvað sig á því fyrir fram og þá er ég að tala um fundi sem menn sækja héðan, þar sem ekki er gott að átta sig á því fyrir fram hvort það sé ómaksins vert að sitja viðkomandi fundi eða ráðstefnu. Það kemur jafnvel ekki í ljós fyrr en á staðnum. Og eins og hér var nefnt sem dæmi þá gerast á slíkum samkomum viðburðir sem kalla á viðveru þó ekki hafi verið ljóst fyrir fram að á reyndi. Það gildir auðvitað um allan samskiptavettvang eins og við vitum að hann er ekki svo niðurnjörvaður að það liggi ljóst fyrir fyrir fram hvað muni bera við og á hvað muni reyna í slíkum samskiptum.

Málið sem við erum að ræða varðar auðvitað sérstaklega þátttöku okkar sem þjóðar og íslenskra stofnana, íslenska lýðveldisins, þingsins, stjórnvalda allra í alþjóðasamstarfi, þ.e. það sem snýr að tillögunni sérstaklega, en þetta snertir auðvitað jafnframt viðskiptalífið. Það er á sama báti ef svo má segja. En ég tel að við, t.d. á Alþingi Íslendinga, þurfum að gæta þess að sníða okkur í senn stakk eftir vexti en samt að tryggja að við verðum ekki afskiptir í samskiptum sem fara ört vaxandi. Ég vek jafnframt athygli á því að þær skuldbindingar sem við höfum verið að taka á okkur í flóknu alþjóðasamstarfi eins og t.d. varðandi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, leggja okkur skyldur á herðar sem, ef á að rísa undir þeim, kosta verulega þátttöku, kosta fjármagn, kosta viðveru, ef menn ætla í rauninni að vera sæmilega vissir um að menn nýti þá kosti sem hugsanlega felast í slíku samstarfi en verjist einnig hinu sem getur orðið dýrkeypt ef menn ekki gæta sín. Þetta gildir auðvitað um fjölmargt annað samstarf jafnhliða.

Ég hef á þingferli mínum og raunar áður verið þátttakandi í samstarfi erlendis, tel mig hafa sótt mikið í það, t.d. á vettvangi Norðurlanda, Norðurlandaráðs á sínum tíma þar sem ég var einn af fulltrúum Alþingis um árabil, en það gildir um margt fleira. Eitt af því sem mjög færist í vöxt er samstarf í umhverfismálum. Ég tel að þar sé um að ræða vettvang þar sem við megum heldur ekki láta okkar hlut eftir liggja. Um leið og ég segi þetta, tek ég undir meginefni tillögunnar og tek undir það að einnig í slíku samstarfi ber að nýta þá kosti sem tæknin kann að veita. Ég held að þar geti verið um að ræða blöndu af hvoru tveggja ef vel tekst til og vel er haldið á málum skipulagslega séð af viðkomandi samtökum, þ.e. fundum þar sem er persónuleg viðvera annars vegar og hins vegar þar á milli samskiptum, fundum þar sem komið verður við þráðlausu sambandi þar sem hver talar af sínum heimavettvangi og menn bera saman ráð sín.

[23:05]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum þakka þær jákvæðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið í umræðum frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og ég vil árétta nokkur sjónarmið sem hafa komið fram.

Í fyrsta lagi held ég að það sé mjög mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi í ræðu sinni, að markmið þessarar tillögu er í raun og veru tvíþætt. Það er annars vegar, og það tel ég vera mikilvægari þáttinn, að auðvelda þátttöku Íslendinga af öllu tagi í alþjóðlegu samstarfi og í öðru lagi að draga úr tilkostnaði sem er líka mikilvægt markmið því að sjálfsögðu viljum við fara vel með fé og sýna ráðdeildarsemi á þessu sviði eins og öðrum. En auðvitað er hitt miklu mikilvægara vegna þess að þar liggja tækifæri í því að eiga sem mest og best samskipti við aðrar þjóðir og nýta okkur þannig tækifæri sem blasa við víða erlendis.

Í öðru lagi er hitt sem hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan og það er mikilvægi hins samræmda skipulags. Það er alveg ljóst að ef við ætlum að láta þetta gerast, að auðvelda okkur aðgang að alþjóðlegu samstarfi á viðskiptasviðinu, stjórnmálasviðinu og öðrum sviðum, þá verður það að byggjast á samræmdu skipulagi. Það er ekki nóg að okkar búnaður sé til staðar. Sá búnaður þarf líka að vera til staðar hjá þeim sem við ætlum að eiga samskiptin við. Það var einmitt það sem ég nefndi í lok máls míns áðan að það er mikilvægt að Íslendingar taki þetta frumkvæði.

Það er ljóst að víða, m.a. í hinum alþjóðlegu stofnunum ríkir ákveðin tregða í þessum efnum. Það er formfesta og dálítill ótti við að taka upp nýja siði af þessu taginu og þess vegna er mikilvægt að einhver taki frumkvæðið og ég held að það fari mjög vel á því að það séu Íslendingar sem hafa burði til þess eins og ég færði rök að áðan.

Í þriðja lagi vil ég segja að þó að við sjáum þessa möguleika blasa við okkur, er líka mikilvægt að við áttum okkur á því að þetta leysir ekki öll samskipti okkar við aðrar þjóðir. Þau samskipti verða eftir sem áður á þeim grundvelli að menn fara á fundi hver til annars og menn sækja fundi til útlanda eftir sem áður. En það er alveg ljóst mál að ýmsir fundir sem við höfum hingað til verið að reyna að sækja með misjöfnum árangri eru þess eðlis að vel má efna til þeirra á grundvelli svona fjarskiptatækni sem ég hef verið að lýsa. Ég nefni í þessu sambandi vinnufundi af ýmsu tagi þar sem menn sitja í tiltölulega litlu þröngu rými og ræða saman og geta auðvitað rætt saman auðveldlega í gegnum fjarskipti sem nútímatækni býður upp á.

Í fjórða lagi eru það fundir sem eru ekkert óalgengir einmitt í þessu alþjóðlega samstarfi og byggjast á því að menn koma og flytja svona frekar formlegar tilkynningar á einfaldan hátt og síðan gerist ákaflega lítið. Þetta er hins vegar nauðsynlegur þáttur í hinu alþjóðlega samstarfi, þ.e. að staðfesta hin og þessi skilaboð, staðfesta niðurstöður o.s.frv. Embættismenn hafa t.d. sagt mér að slíkir fundir séu ekki óalgengir og taki ótrúlega stuttan tíma og síðan ljúki þeim og viðbragðanna sé síðan að vænta innan einhvers tíma og þá sé aftur boðað til slíks fundar sem oft og tíðum kallar á það að menn eru í burtu tvisvar í viku þrjá daga í senn vegna tiltölulega formlegra funda sem er hægt að leysa á einum klukkutíma.

Allt þetta sýnir að í þessu felast möguleikar sem við Íslendingar eigum hiklaust að nýta okkur. Ég fagna þess vegna þeim góðu viðbrögðum sem þessi tillaga hefur fengið og treysti því að hún fái góða meðferð og vandaða í hv. utanrmn. og afgreiðslu á þessu þingi.

[23:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil aðeins bæta fáeinum orðum við þessa ágætu umræðu sem hér hefur orðið um þarfa tillögu sem lúta að því að ef eitthvað er þá þurfi þetta verkefni að mínu mati að vera enn víðtækara en það sem hér er lagt til, þ.e. að taka til gagngerrar endurskoðunar og endurskipulagningar hvernig þátttaka okkar í alþjóðlegu samstarfi verði sem markvissust einfaldlega með tilliti til getu okkar til þess að sinna öllum þeim fjölþættu verkefnum sem þarna eru á ferðinni og ört vaxandi.

Staðreyndin er sú að aðili eins og til að mynda Alþingi eitt og sér og svo stjórnkerfið í heild sinni, hefði að mínu mati fulla þörf fyrir að setja vinnu í að fara rækilega yfir þetta svið og reyna að endurskipuleggja og gera þátttöku okkar sem allra markvissasta í þessu víðtæka alþjóðlega samstarfi sem ég dreg ekkert úr og er alveg sammála þeim sem hér hafa talað um að er okkur mjög mikilvægt að vera fullgildir þátttakendur í. Það liggur hins vegar algerlega í hlutarins eðli að möguleikar okkar til þess að vera alls staðar til staðar og taka þátt í t.d. ýmsu undirstarfi á vegum alþjóðlegra stofnana eru mjög takmarkaðir. Við höfum hvorki mannafla, tíma né fjármuni þess að manna allar nefndir og ýmiss konar undirstarf sem er á vegum stærri alþjóðlegra samtaka og stofnana. Eftir sem áður er mjög mikilvægt að við reynum eftir bestu getu að skipuleggja þátttöku okkar og gera hana markvissa. Þó að ég sé síður en svo að draga úr því að þetta sé skoðað út frá þeim sjónarhóli sem tillagan leggur upp, þar á meðal og ekki síst þeim að taka nýja tækni og nýja möguleika til athugunar sérstaklega í þessu sambandi, þá hef ég oft talað fyrir því á undanförnum árum, m.a. í mínum þingflokki að þörf væri á því að Alþingi og eftir atvikum stjórnkerfið allt, ráðuneytin og jafnvel stærstu hagsmunaaðilar sem í einhverjum mæli eru að reyna að gæta hagsmuna sinna eða fylgjast með þróun mála á erlendri grundu með fulltrúum, tækju þessi mál sameiginlega til skoðunar þannig að fyrirtækið Ísland hf. ef svo má að orði komast skipulegði þessa alþjóðadeild sína sem markvissast. Ég tek það skýrt fram að ég er alls ekki að tala út frá einhverjum heimóttarlegum sjónarhóli um að við eigum að draga lappirnar eða draga af okkur í þessum efnum, heldur þvert á móti með því hugarfari að við reynum að vera sem allra víðast til staðar og taka eftir föngum og eins og okkur er mögulegt þátt í alþjóðlegu samstarfi en gera það markvisst til að ná árangri. Ef eitthvað er, þá vildi ég, herra forseti, leyfa mér að mælast til þess við hv. þingnefnd að það yrði skoðað að fara enn rækilegar yfir þessi mál heldur en jafnvel tillagan leggur þau upp, og hugsanlega að Alþingi taki það upp á sínum vegum og eftir atvikum í samstarfi við aðra aðila í stjórnkerfinu að farið yrði í rækilega úttekt á allri þátttöku okkar allra Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi út frá þessum sjónarhóli.

Það er rétt að minna á í þessu sambandi að lokum að nú líður varla svo ár að ekki bætist við a.m.k. einn alþjóðlegur vettvangur sem Ísland ætlar sér að reyna að vera aðili að. Bara núna á síðustu tveimur, þremur, fjórum árum hafa þeir bæst við a.m.k. jafnmargir og árin og nú síðast má nefna nýstofnað heimskautaráð og jafnvel fyrirhugaða samvinnu þinganna í tengslum við það og nýjar stofnanir hafa litið dagsins ljós í evrópsku samstarfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[23:14]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjáraukalög 1996, 226. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 306.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 173. mál, nál. félmn., þskj. 303; brtt. félmn., þskj. 304.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 141. mál (gjöld af innlendri framleiðslu). — Þskj. 156.

[23:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Flm. ásamt mér eru þingmenn úr öllum þingflokkum, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir, Sighvatur Björgvinsson, Kristín Ástgeirsdóttir og Stefán Guðmundsson.

Frv. er einfalt að gerð. Það varðar fyrst og fremst breytingu á einu ákvæði 12. gr. laganna og er lagt til að hún orðist svo:

„Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem framleidd eru innan lands eða flutt sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum."

Í ljós hefur komið að gildandi lög, þessi téða 12. gr. er þannig úr garði gerð að hún mismunar innlendri og erlendri framleiðslu efnis og tækja til ofanflóðavarna. Í 12. gr. laganna nú er ákvæði um að fella skuli niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald, eins og það er reyndar þar orðað, af efni og tækjum sem flutt eru sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum. Þetta er hins vegar túlkað svo, samanber meðfylgjandi bréf fjmrn., sem er fylgiskjal, að ekki sé heimilt að innlend vara, efni eða tæki, fái sömu meðferð. Þar snýr að sjálfsögðu að sölugjaldinu sem svo var kallað, nú virðisaukaskatti, og fjmrn. hefur úrskurðað eða tekið þá afstöðu að lögin heimili ekki að endurgreiddur sé virðisaukaskattur af tækjum eða búnaði til ofanflóðavarna ef hann er framleiddur á Íslandi. Það er hins vegar ótvírætt að slíkan virðisaukaskatt ber að endurgreiða ef varan er flutt inn til landsins. Og það hljóta allir menn að sjá, herra forseti, að þetta er alveg fráleit staða í lögunum og kemur einfaldlega til af því að mönnum hefur yfirsést sá möguleiki á sínum tíma þegar lögin voru sett að til þess kæmi yfir höfuð að Íslendingar sjálfir framleiddu efni, tæki eða búnað sem notaður væri í þessu skyni.

Það er mjög í tísku um þessar mundir, herra forseti, að rjúka upp til handa og fóta ef nokkurs staðar hallar á innflutning til landsins og erlenda framleiðslu og á hún sér þá yfirleitt fjölmarga fylgismenn sem eru jafnan tilbúnir að krefjast breytinga á, jafnvel kæra Ísland fyrir erlendum dómstólum ef innflutningur eigi ekki jafngreiða leið inn í landið og innlend framleiðsla á. Í þessu tilviki snýr málið öfugt. Við höfum í lögum ákvæði sem mismunar gróflega innlendum framleiðendum þeim í óhag í þessu efni. Og ég held að allir hljóti að sjá að það getur ekki gengið. Til viðbótar er svo frá því að segja, herra forseti, að á þetta ákvæði hefur reynt nýlega þ.e. innlend framleiðsla hefur liðið fyrir það þegar Veðurstofan hugðist kaupa ákveðin tækjakost eða búnað til að gera tilraunir með tiltekin varnarmannvirki þá kom í ljós að fjmrn. taldi ekki heimilt að endurgreiða af þeim virðisaukaskatt ef keyptur væri innlendur búnaður. Þannig standa þau mál að innlendur framleiðandi hefur orðið fyrir barðinu á þessari mismunun sem er auðvitað aldeilis fráleitt. Og af því ég sé nú að hér kemur einn af ágætum nefndarmönnum úr hv. iðnn. þá vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. iðnn. á þessu fráleita máli, að innlendum iðnaði er þarna gróflega mismunað í samanburði við innflutning. Og ég vísa til fylgiskjals með málinu, herra forseti.

Ég vil leyfa mér að vona að þetta mál fái skjóta afgreiðslu af því að á það reynir um þessar mundir. Ég fer fram á það, herra forseti, að því verði veittur sá atbeini að það nái hér afgreiðslu og lögfestingu fyrir áramót. Ég get ekki ímyndað mér að á því sé nokkur minnsta hætta að um þetta mál geti orðið ágreiningur jafnsjálfsagt og það er, eðli sínu samkvæmt, og bendi á að það hefur einnig stuðning flm. úr öllum þingflokkum.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og það mundi vera hv. allshn., ef ég veit rétt, sem ætti að fjalla um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarf um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi, fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og SvG, 161. mál. — Þskj. 178.

[23:20]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 178 flyt ég ásamt hv. þm. Árna Steinari Jóhannssyni, varaþm., 4. þm. Norðurl. e., tillögu til þáltill. um samstarf Íslendinga, Dana, Færeyinga og Grænlendinga um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja viðræður við Dani, Færeyinga og Grænlendinga með það í huga að treysta samstarf þessara þjóða í sjávarútvegsmálum, ekki síst að því er varðar nýtingu þess kvóta sem Grænlendingar selja til Evrópusambandsins."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Tillagan miðar að því að hafnar verði viðræður við Dani, Færeyinga og Grænlendinga um sameiginlega nýtingu þjóðanna á fiskveiðikvóta Grænlendinga í Norður-Atlantshafi.

Sala Grænlendinga á kvóta til Evrópusambandsins og fleiri aðila er að hluta forsenda fyrir veiðum þessara þjóða og eykur það álagið við lögsögumörk Íslands, m.a. á Reykjaneshrygg. Náist samkomulag um að Íslendingar, Danir og Færeyingar gangi inn í kaup á kvóta sem Grænlendingar selja til annarra mun það án efa styrkja stöðu Íslands í framtíðinni við gerð tillagna um nýtingu fiskstofna utan lögsögu suður af landinu."

Ég hygg, hæstv. forseti, að segja megi að tillagan og efni hennar skýri sig sjálft og ástæðulaust að fara um hana frekari orðum. Ég fer þess á leit að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanrmn. þannig að hún megi kanna forsendur hennar og efni og vonandi geti hún fallist á það sem í tillögunni felst því ég hygg að um það geti tekist allgóð samstaða í þessari virðulegu stofnun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni, fyrri umr.

Þáltill. EKG og TIO, 162. mál. — Þskj. 179.

[23:22]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. um staðsetningu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni, sem ég flyt ásamt hv. þm. Tómasi Inga Olrich, 5. þm. Norðurl. e. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa stefnumörkun um hvernig tryggja megi aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu með því að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins þar sem það er mögulegt."

Eins og mönnum er kunnugt hafa á undanförnum árum farið fram miklar umræður um hvort hægt sé að flytja ríkisstofnanir sem nú eru á höfuðborgarsvæðinu að langmestu leyti út á landsbyggðina. Um þetta efni hafa komið fram skýrslur, ábendingar, hugmyndir og tillögur. En sannleikurinn er sá að fremur lítið hefur orðið úr framkvæmdum og efndum. Þó hafa flestar ríkisstjórnir haft eitthvað í þessa veruna á stefnuskrá sinni og lagt fram með ýmsu móti. Raunar var það svo að í tíð síðustu hæstv. ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hinnar fyrstu, voru settar fram í heildstæðu skýrsluformi tillögur um hvernig standa bæri að flutningi ríkisstofnana og hvaða ríkisstofnanir mætti flytja.

Ekki er langt síðan að við ræddum á hinu háa Alþingi þáltill. sem gekk út frá því að mikilvægt væri að marka sérstakar meginreglur um hvernig standa bæri að flutningi ríkisstofnana. Og þetta er auðvitað allt til komið vegna þess að við vitum að í hvert skipti sem hefur verið hreyft slíkri hugmynd þá hefur það kallað á mikla andstöðu og mikla mótspyrnu. Þess vegna er ekki úr vegi að horfa til þess hvort hægt sé að nálgast þetta mál með dálítið öðrum hætti þó engan veginn sé ástæða til að hverfa frá hugmyndinni um að flytja ríkisstofnanir, jafnvel grónar ríkisstofnanir út á land. Það er það hvort unnt sé að marka meginstefnu, marka grundvallarstefnu um að staðsetja eftir því sem kostur er nýjar ríkisstofnanir, sem stöðugt er verið að setja á fót, úti á landi. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt og nauðsynlegt að setja hér inn í ákveðið samhengi. Oft er litið þannig á að það sé nánast eins og náttúrulögmál að ríkisfyrirtæki séu á höfuðborgarsvæðinu og að fólksflutningar á höfuðborgarsvæðið séu jafnmiklir og þeir hafa verið og raun ber vitni. Þó er ljóst að fyrir þessu eru fyrst og fremst tilteknar ástæður og aðstæður sem mannlegar ákvarðanir hafa skapað í langflestum tilvikum.

Þannig er að hið opinbera, ríki og sveitarfélög, eru langstærsti atvinnuveitandi á Íslandi og þess vegna ráða ákvarðanir ríkisfyrirtækja — hins opinbera mjög miklu um hvar fólk kýs sé búsetu. Framboð atvinnu ræður því hvar fólk sest að. Þegar stærsti vinnuveitandinn, ríkið, ákveður að koma starfsemi sinni fyrir að mestu á einum stað, á höfuðborgarsvæðinu, er augljóst að það hefur mikil áhrif á búsetuþróunina. Að vísu er það svo að sumir hafa velt því fyrir sér hvort ekki sé ákveðin mótsögn fólgin í því að leggja annars vegar til að nýjar ríkisstofnanir séu staðsettar á landsbyggðinni en hins vegar tali menn um nauðsyn þess að draga úr ríkisumsvifum og þátttöku hins opinbera í atvinnulífinu og á öðrum vettvangi. Þetta er þó ekki svo. Sannleikurinn er sá að ríkisstofnanir eru sífellt stofnaðar og þær taka breytingum. Nýjar ríkisstofnanir koma í stað þeirra sem lagðar eru niður. Auðvitað opnast endalausir möguleikar á að staðsetja slíkar stofnanir utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta var töluvert rætt á landsfundi Sjálfstfl. fyrr í haust og var komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri eðlilegt. Í ályktun á landsfundinum sagði svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Hið opinbera þarf að tryggja eðlilega hlutdeild landsbyggðarinnar í opinberri þjónustu. Ný fjarskiptatækni gerir það mögulegt að fyrirtæki sé staðsett í auknum mæli á landsbyggðinni. Því þarf að marka ákveðna stefnu um flutning ríkisfyrirtækja út á land og staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki ríkisins utan höfuðborgarsvæðisins."

Það er ljóst að orsakir búferlaflutninga á landsbyggðinni eru margvíslegir og margslungnir en ég er ekki í nokkrum vafa um að fábreytni atvinnulífsins, sem er víða ríkjandi, ræður þar nokkuð miklu um. Vísbendingar, ef við skoðun búsetuþróun á einstökum stöðum úti á landi, benda til þess að lykillinn að því að hægt sé að snúa þessari þróun við sé að auka fjölbreytnina og skjóta fleiri og styrkari stoðum undir atvinnulífið og atvinnustarfsemina og þar með atvinnuframboðið á landsbyggðinni.

Á árinu 1994, sem er síðasta ár sem ég hef heildstæðar tölur um, voru unnin 34.614 ársverk á vegum hins opinbera í landinu. Þar af voru 22.982 á höfuðborgarsvæðinu. Það svarar til þess að tvö af hverjum þremur ársverkum hjá hinu opinbera séu unnin á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 1984–1995 fjölgaði ársverkum á vegum hins opinbera um 5.648 á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni fjölgaði þeim hins vegar um 2.114. Mismunurinn á þessum tölum er 3.534 ársverk. Það er þessi þróun sem veldur ekki litlu um hvar fólk kýs sér búsetu, ekki eingöngu vegna þess að um svo langan veg sé að fara eftir opinberri þjónustu á landsbyggðinni heldur ekki síður vegna þess að framboð atvinnutækifæra hjá hinu opinbera beinist á svo afmarkaðan stað á landinu og stuðlar þess vegna beinlínis að þeirri byggðaþróun sem hefur orðið hér á landi undanfarin ár og áratugi. Þess vegna er mjög mikilvægt að við gerum í senn að marka heildstæða stefnu um flutning ríkisstofnana og hvernig standa beri að því, líkt og fyrr hefur verið rætt í þinginu, en enn fremur að við reynum að setja okkur markmið um það að staðsetja eftir því sem föng eru á nýjar ríkisstofnanir úti á landi m.a. til þess að koma í veg fyrir þessa togstreitu sem ævinlega kemur upp þegar verið er að reyna flytja grónar stofnanir.

Ég hef stundum litið til baka, fjögur til fimm ár á þessum vetri og velt því fyrir mér hvernig umhorfs hefði verið ef stefnumörkun af þessu tagi hefði verið fylgt við staðsetningu ríkisstofnana. Það er auðvitað ljóst að mjög margar býsna stórar ríkisstofnanir, sem hafa orðið til eða verið endurnýjaðar eða endurskipulagðar, hefðu allt eins getað verið úti á landi hefðu menn hugað að þessu eða haft til þess pólitískan vilja. Því miður hefur niðurstaðan orðið önnur. Við virðumst vera dálítið föst í klafa og viðjum ákveðinnar hugsunar um að eðlilegt sé að staðsetja ríkisstofnair á höfuðborgarsvæðinu af því þannig hefur þetta verið. Við erum föst í einhverri nauðhyggju, eins og ég hef kallað það, af því ástandið hefur verið svona og hefur stefnt í þessa átt, þá sé eðlilegt að það stefni þannig áfram. En þannig er það ekki og þannig á það ekki að vera. Við höfum öll tækifæri til að snúa þessu við. Það mun auðvitað hafa mjög mikil áhrif á hvernig þróun byggðarinnar verður í landinu. Það er alveg ljóst mál að

ákvarðanir ríkisvaldsins um staðsetningu ríkisfyrirtækja, um það hvar atvinnuframboðið skuli vera hefur áhrif á byggðaþróunina og ef menn eru í rauninni sammála um það að þessi þróun sem við höfum horft upp á síðustu árin sé óæskileg þá verðum við með öllum tiltækum ráðum að sporna við henni.

Mjög mikilvægt er að við höfum þetta í huga núna þegar við virðumst vera að renna inn í skeið þenslu sem sérstaklega mun eiga sér stað á höfuðborgarsvæðinu og þó að ég muni síst af öllu draga úr mikilvægi þess að atvinnulífið á þessu landsvæði, eins og annars staðar, rétti úr kútnum, er það auðvitað þannig að misvægi getur myndast í okkar þjóðfélagi sem sé til skaða fyrir samfélagið í heild og samfélagsmyndina sjálfa alveg eins og gerst hefur á fyrri þensluskeiðum þegar þenslan hefur birst okkur vegna þess að menn hafa ekki sýnt aðgæslu í ríkisútgjöldum og erlendar lántökur hafa verið miklar sem ýtt hafa undir þenslu og þjónustu á þessu afmarkaða svæði hér.

Þess vegna hef ég, virðulegi forseti, ásamt hv. þm. Tómasi Inga Olrich lagt fram þessa till. til þál. og geri tillögu um að henni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn. að lokinni umræðu.

[23:32]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hér sé hreyft býsna mikilvægu máli sem að sönnu er ekki nýtt af nálinni og hefur verið rætt á hinu háa Alþingi og raunar í þjóðfélaginu öllu um langt árabil. Og ég ætla að þingheimur muni og það rifjist upp fyrir honum þau vandamál sem gjarnan hafa orðið til þegar ríkisvaldið hverju sinni eða meiri hluti þingins hefur haft uppi áform um að flytja frá Reykjavík einstakar stofnanir ríkisins út á land. Hafa þá gjarnan risið upp vandamál af ýmsum toga sem oftar en ekki hafa leitt til þess að ekkert hefur orðið úr þessum annars ágætu áformum.

Það er merkilegt til þess að hugsa að stundum hafa það kannski ekki síður verið þingmenn hinna breiðari byggða sem hafa af ýmsum orsökum komið í veg fyrir slík áform. Ég minnist þess sennilega í kringum 1994 að miklar deilur risu upp um flutning tiltekins fyrirtækis ríkisins norður á Akureyri þar sem miklar heitingar urðu. Þeirra vandamála er líka skemmst að minnast sem hafa orðið samfara því að flytja Landmælingar, tiltölulega litla ríkisstofnun, úr Reykjavík upp á Akranes og ekki öll sagan sögð í þeim efnum.

Ég vil árétta áður en ég vík talinu að meginatriðinu, að ég tek undir þá meginhugsun sem fyrirfinnst í þessari till. til þál. Ég held að fyrir löngu sé tími til kominn að látið sé á það reyna hvort raunverulegur pólitískur vilji sé til þess að með pólitísku valdi sé þjónusta opinberra stofnana, sem geta út af fyrir sig sinnt þeirri þjónustu sem þeim er gert að sinna, jafngóð nánast hvar sem er á landinu eða hvort hér séu bara orð á blaði og einhverjar almennar yfirlýsingar á hátíðarstundu, einkanlega þegar pólitíkusar ríða um héruð. Ég held að mjög brýnt sé að menn komist til botns í því í eitt skipti fyrir öll hvort allt þetta tal séu orðin tóm eða hvort raunverulegur pólitískur vilji liggi þarna að baki og þá undanskil ég í raun engan, hvorki þá þingmenn sem eru á suðvesturhorninu ellegar þá þingmenn sem gjarnan meira tala um þetta, þingmenn hinna dreifðari byggða, þingmenn til að mynda Vestfjarða og þingmenn Austfjarða.

Meginástæða þess að ég kem hér upp og kveð mér hljóðs er sú að þessi mál gerði ég að umtalsefni sl. fimmtudag í utandagskrárumræðu þar sem einmitt, með öfugum formerkjum þó, var verið að fjalla um opinbera stjórnsýslu, opinbera þjónustu vítt og breitt um landið. Þá gerði ég að umtalsefni þau tíðindi sem fyrir liggja og þau áform sem fram undan eru varðandi þjónustu Pósts og síma og svo Símamálastofnunar eins og hún heitir í dag eða Pósts og síma hf. Þá var það einmitt hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem lagði þar orð í belg og talaði eilítið í aðra veru en hann gerði núna þegar hann mælti fyrir þessari annars ágætu þáltill. sinni og félaga síns. Þá ræddi hv. þm. þegar ég benti á að allt stefndi í þá átt að ekki einvörðungu stjórnsýsla Pósts og síma hf. mundi flytjast til Reykjavíkur með því að lagðar yrðu niður umdæmisskrifstofur á þremur stöðum á landinu, á Egilsstöðum, á Akureyri og Ísafirði. Ekki síður skyti það mörgum skelk í bringu að verið væri að loka þjónustustofnunum á borð við pósthús á tilteknum stöðum á landinu og væru þó ekki öll áform þar fram gengin sem heyrst hefðu. Þá lagði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson það inn í umræðuna að menn yrðu að sýna ákveðið umburðarlyndi gagnvart fyrirtækjum á borð við Póst og síma hf. sem stæðu í samkeppni væntanlega á almennum markaði og yrðu að aðlaga sig henni þar sem í þessum heimi tækju hlutir sífelldum breytingum og rekstrarumhverfi fyrirtækja breyttist mjög hratt sem gerði það að verkum að fyrirtæki yrðu að aðlaga sig. Ég hlýt því að spyrja, virðulegi forseti, hvor skýringin af tveimur sé rétt. Er það þannig að hv. þm. lítur svo til að þegar Póstur og sími er orðinn að hlutafélagi í eigu ríkissjóðs gildi ekki lengur um það sömu lögmál og opinberar stofnanir sem hann fjallar um í þáltill? Með öðrum orðum sé það markaðurinn og samkeppnin sem ráði ríkjum og Póstur og sími hf. geti eftir næstu áramót ekki fallið undir þá almennu skilgreiningu, þær almennu skyldur sem opinberar stofnanir sannarlega hafa og eru knúnar til eins og gert er ráð fyrir í þáltill. eða er það svo að þetta tiltekna svið, póst- og símamálasviðið, lúti einhverjum allt öðrum lögmálum og það eigi ekki við sem segir í þessari þáltill. að grunnþjónusta á borð við símamál og póstþjónustu skuli vera vítt og breitt um landið? Mér finnst þetta satt að segja skjóta dálítið skökku við, virðulegi forseti. Ég dreg ekki í efa einlægan vilja hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar til að jafna aðstöðu um land allt og búa landsmönnum sambærilega þjónustu hvar sem er. En ég hlýt auðvitað að staldra eilítið við og spyrja hvort þátttaka hv. þm. í umræðum um þessi mál og önnur skyld á fimmtudaginn var hafi verið eins konar slys í þessum efnum. Það var sannarlega stílbrot svo ekki sé sterkar að orði kveðið og ég hlýt að ganga mjög ákveðið eftir svörum við því.

Að öðru leyti árétta ég enn og aftur í þriðja skiptið að tillagan er allra góðra gjalda verð og fái ég til þess tækifæri er ég tilbúinn til þess að leggja henni mitt lið.

[23:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér hefur verið mælt fyrir um staðfestingu nýrra ríkisfyrirtækja og stofnana á landsbyggðinni er, að ég held, annað þingmálið á þessu þingi þar sem beinlínis er fjallað um það viðfangsefni að reyna að dreifa verkefnum á vegum ríkisins meira en orðið er og með skipulegri hætti en gerst hefur um landið. Er það góðra gjalda vert að tillaga af þessu tagi er fram komin og rædd í þinginu.

Ég flutti tillögu ásamt öðrum þingmönnum Alþb. fyrr á þessu þingi — hún er nú komin til hv. allshn. — um það að mótaðar verði reglur um undirbúning að flutningi ríkisstofnana, starfsemi á vegum ríkisins, út á land. Tilefni þeirrar

tillögu er sú reynsla sem við höfum af viðleitni í þessa átt og mistökum sem gerð hafa verið í þeim efnum oft og tíðum með ekki nógu vönduðum undirbúningi þegar pólitískur vilji hefur verið fyrir hendi til að taka eitthvað á í þessum efnum og ákvarðanir hafa jafnvel snúist í andstæðu sína miðað við þá hugsun sem á bak við bjó. Að einu slíku atviki vék hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, áðan í sínu máli sem varðaði flutning lítils embættis, veiðistjóraembættisins, til Akureyrar sem leiddi til umræðu og deilna sem ég tók þátt í að gefnu og ærnu tilefni. En ég ætla ekki að fara að ræða það frekar. Það liggur sitthvað fyrir þó að ýmislegt hafi verið ósagt í því máli áður en það sofnaði í þinginu, tillaga sem varðaði opinbera rannsóknarnefnd til að fara ofan í saumana á því efni.

Ég tel einmitt að við þurfum að læra sitthvað af fortíðinni í þessum efnum. Eitt af því má lesa milli línanna í þessari tillögu, kom reyndar að nokkru leyti fram í máli hv. 1. flm. tillögunnar og í tillögutextanum sjálfum, að viðfangsefnið sé vænlegra í þá átt að staðsetja nýjar stofnanir og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins fremur en það sem oft hefur verið lögð meginhersla á að flytja stofnanir, jafnvel allstórar ríkisstofnanir frá höfuðborginni út á land. Ég tel að þar hafi menn í rauninni verið að nokkru leyti að berjast við ofurefli en sumpart einnig hafi ekki legið rétt hugsun til grundvallar. Ég tel auðsæja kosti þess að mörgu leyti að hafa meginstarfsemi á vegum ríkisins eða miðstöðvar meginstarfsemi á vegum ríkisins staðsettar í höfuðborg. Ég held að ekki séu mjög greindar meiningar um það efni að kostir höfuðborgar eru margir að því er varðar samræmingu starfsemi og annað þess háttar. En hitt sé aftur mikils virði að byggja upp marga stjórnþætti sem tengjast ríkinu og starfsemi ríkisins með samræmdum hætti upp víða á landinu. Ég segi með samræmdum hætti því að ég held að það sé líka þáttur sem mjög hafi á skort að gætt hafi verið þegar tekið hefur verið á þessum málum og tillögur mótaðar m.a. af stjórnskipuðum nefndum og raunar einnig vegna þess að skort hefur á ákveðna grunnskipun í þjóðfélaginu til að auðvelda slík málstök. Þar á ég við skiptingu landsins í umdæmi eða fylki þar sem aðalviðfangsefnið væri það að koma ákveðnum þáttum ríkisins og starfsemi ríkisins, þjónustuþáttum þar á meðal, skipulega út í slík umdæmi. Fyrir þessu hefur ekki verið meirihlutavilji í þinginu, því miður, því að ég er sannfærður um að ef þetta hefði orðið að ráði áður en meginútþenslutímabil hófst í ríkiskerfinu, við skulum segja svona um og upp úr 1970, á þeim áratug, að móta svonefnt þriðja stjórnsýslustig, þá hefðu menn náð öðrum og meiri árangri í þessum efnum en raun ber vitni.

Ég hef trú á því, um leið og ég tek undir það, að sjálfsagt er að athuga að velja nýjum ríkisstofnunum sérstaklega og nýjum fyrirtækjum stað utan höfuðborgarinnar vegna þess að það er augljóslega auðveldara viðfangs heldur en þegar um er að ræða grónar stofnanir og stórar stofnanir á vegum ríkisins sem þegar risnar eru. Ég held að lykillinn að þessum málum sé fyrst og fremst sá að koma upp starfsemi á vegum ríkisins í afmörkuðum umdæmum landsins með samræmdum hætti til að rækja þar þjónustu sem til fellur við íbúana og ýmsa starfsemi sem eðli máls samkvæmt er staðbundin, þarf að rækja staðbundið, svæðisbundið. Það á m.a. við um tiltekna rannsóknarstarfsemi, fyrirgreiðsu við atvinnulíf, þróun atvinnustarfsemi og undirstöður hennar eins og viðleitni er til núna úti í landshlutunum. Ég vona sannarlega að menn taki þessi mál til endurnýjaðrar athugunar og endurmótunar og kveðji þá hugsun sem ég tel að hafi sýnt það að hún er ekki vænleg til árangurs, þ.e. að ætla að dreifa stórum ríkisfyrirtækjum út um landið í heild sinni. En hitt er jafnsjálfsagt að skipta starfsemi þeirra upp, færa það sem er svæðisbundin starfsemi út í umdæmin en viðhalda ákveðinni miðstöð að starfseminni eftir atvikum á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held að ein leiðin í þessum efnum miðað við það að starfsemi ríkisins vaxi á ákveðnum sviðum, sjálfsagt misjafnt eftir því um hvaða svið er að ræða, sé að athuga einmitt fjölgunina, þ.e. að þá verði það athugað að ný starfsemi eða fjölgun starfsmanna á vegum stofnana á vegum ríkisins eða fyrirtækja, verði fyrir komið út um land.

Ég hef margt fleira um þetta að segja. Því miður er það svo að margt af því sem er að gerast núna er einmitt í öfuga átt og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson minnti á eitt efni sem það mál varðar. En það snertir fjölmargt annað, og tengist m.a. fjárlagaafgreiðslu sem er fram undan á Alþingi og tillögum sem þar að lúta, þ.e. samdrættur í mikilvægum þáttum í ríkisstarfseminni sem hittir landsbyggðina sérstaklega alvarlega fyrir eins og á sviði heilsugæslu og skóla og annað af þeim toga.

[23:48]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka sérstaklega þær ágætu viðtökur sem þessi till. til þál. fékk í umræðum sem fylgdu í kjölfar ræðu minnar. Ég tel að í báðum þessum ræðum hafi komið fram almennur stuðningur við þau viðhorf sem sett eru fram í þessari tillögu.

Það er aðeins fyrst út af því sem hv. 9. þm. Reykn. sagði um það hvort hér væri um að ræða almennar yfirlýsingar á hátíðarstundum eða hvað byggi að baki. Það er alveg rétt sem í máli hans fólst að við höfum auðvitað oft verið með almennar yfirlýsingar af þessu taginu um nauðsyn þess að setja niður ríkisfyrirtæki og stofnanir úti á landi en fátt orðið síðan úr efndunum. Það sem felst hins vegar í þessari tillögu er tilraun okkar flutningsmanna til þess að marka ákveðna stefnu, að Alþingi taki tiltekið frumkvæði og ákveði að setja niður ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir úti á landi þar sem því verður við komið.

Ýmsar ríkisstofnanir eru kannski ekkert endilega mjög vel til þess fallnar að vera staðsettar utan seilingarfæris frá stjórnsýslunni og það er engin ástæða til þess að gera lítið úr því. Það eru ýmsar ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem eðli málsins samkvæmt eru miklu betur komnar hér í höfuðborginni eins og raunar kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. Það er engin ástæða til þess að gera lítið úr þessu. Það breytir því hins vegar ekki að mörg ríkisfyrirtæki og mjög margar ríkisstofnanir og mörg störf á vegum hins opinbera sem nú eru unnin í ýmsum öðrum fyrirtækjum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu gætu allt eins vel verið úti á landi án þess að það hefði nokkur slæm áhrif á starfsemina. Þessi tillaga felur þess vegna í sér tilraun til þess að Alþingi marki framkvæmdarvaldinu stefnu um staðsetningu ríkisfyrirtækja og stofnana út um landið þannig að það liggi fyrir að í hvert skipti sem menn hyggja að því að setja á laggirnar nýja stofnun eða nýtt fyrirtæki ríkisins, þá sé farið skipulega í að athuga hvort ekki megi koma þessari starfsemi fyrir með jafngóðum eða sambærilegum hætti út um landið.

Ég er alveg sammála því sem fram kom líka í máli hv. 4. þm. Austurl. að hluti af þessu getur auðvitað verið í því fólginn að skipta þessum stofnunum upp, setja hluta af þeim niður út um landið, jafnvel meginhlutann en einhvern þann

hluta sem kallar á sérstakt nábýli við stjórnsýsluna á höfuðborgarsvæðið. Þetta er álitamál sem þarf að skoða í hvert eitt sinn. Engu að síður þarf að liggja fyrir ótvíræður vilji meiri hluta Alþingis um það hvert beri að stefna í þessum efnum.

Hv. 9. þm. Reykn. gerði líka að umtalsefni umræður sem fóru fram í síðustu viku um starfsemi Pósts og síma og þátttöku mína í þeirri umræðu. Ég mótmæli því að nokkur mótsögn hafi falist í því sem ég sagði þar og því sem ég er hér að halda fram nema síður sé vegna þess að þegar grannt er skoðað, þá er starfsemi Pósts og síma að sönnu að taka miklum breytingum. Þær breytingar stafa mestan part af því að í fyrsta lagi er Póstur og sími að aðlaga sig núna eins og oft áður að tæknilegum breytingum í starfsemi fyrirtækisins, í rekstrarlegum breytingum sem alltaf eru að eiga sér stað, ekki síst á þessu sviði, fjarskipta- og póstsviðinu og síðast en ekki síst er fyrirtækið líka að aðlaga sig að því sem var mjög áberandi í umræðunni þegar verið var að formbreyta Pósti og síma, að skilja betur á milli pósthlutans og fjarskiptahlutans. Auðvitað hlýtur þetta að kalla á allnokkra röskun á starfseminni, breytingar á starfseminni, tilfærslu á störfum og ekki bara frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Það er rangt. Heldur ekki síður innan landshlutanna og einnig frá höfuðborgarsvæðinu og út á land.

Hvað á ég við? Í fyrsta lagi hefur verið talað um lokun póststöðva. Lokun póststöðva hefur verið boðuð á stöðum úti á landi og á höfuðborgarsvæðinu, og á Suðurnesjum, þannig að hér er ekki um að ræða einhliða lokun fyrirtækisins á póststöðvum á landsbyggðinni. Það er ekki rétt. Það er líka að verða breyting á því að umdæmisskrifstofurnar eru lagðar niður, en í staðinn eru settar upp sérstakar svæðisskrifstofur sem verða fleiri úti á landi eftir þessa breytingu en umdæmisskrifstofurnar voru og munu skipa mjög mikilvægan sess í þjónustukerfi Pósts og síma, annast samræmingu og eftirlit með þjónustu fyrirtækisins á þessu svæði, sjá um ýmiss konar upplýsingamiðlun, fræðslu, leiðbeiningar og ekki síst markaðsstarfsemi, virðulegi forseti. Á það er ástæða til að leggja áherslu því að sú starfsemi á vegum þessa stóra, öfluga, myndarlega og góða fyrirtækis hefur að langmestu leyti átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Ég held því einmitt að þetta dæmi um Póst og síma sé ágætt dæmi um það þegar verið er að reyna að færa starfsemi út á land sem núna er á höfuðborgarsvæðinu í því skyni að reyna að efla hana, efla tengsl fyrirtækisins við notendurna

Ég vil aðeins gera athugasemd við eitt í máli hv. 4. þm. Austurl., þá hugmynd að starfsemi ríkisstofnana, ef ég skildi hann rétt, ætti einkanlega að felast í því að flytja hina svæðisbundnu starfsemi út á land. Þetta tel ég að sé ekki alveg nóg. Út af fyrir sig get ég tekið undir að það sé ágætt að flytja svæðisbundna starfsemi út á land en mjög margs konar önnur starfsemi á þar einnig mjög vel heima. Það er í fyrsta lagi alls konar skráningarstarfsemi sem nútímafjarskipti gefa okkur kost á og margs konar samskipti við útlönd sem fara fram með fjarskiptaforminu geta auðvitað átt sér stað á landsbyggðinni eins og alls staðar annars staðar. Og það er enn fremur margs konar upplýsingaöflun sem nú fer að langmestu leyti fram í gegnum höfuðstöðvar fyrirtækja, ríkisfyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Það eru auðvitað full rök fyrir því að þessi starfsemi sé úti á landi og þess vegna er það mín skoðun sem endurspeglast raunar í þessari tillögu að vel megi flytja ríkisstofnanir eða staðsetja ríkisstofnanir og fyrirtæki í heilu lagi úti á landi. Þó það sé kannski dálítil oftúlkun hjá mér að segja að hv. þm. hafi verið að andmæla því, þá fannst mér of mikil áhersla í máli hans á það að svæðisbundna starfsemin ætti fyrst og fremst erindi út á landsbyggðina vegna þess að ef við skoðum t.d. lög um ýmis ríkisfyrirtæki og stofnanir, blasir það við að skilgreind verkefni þeirra gætu átt sér stað og gætu verið framkvæmd nánast hvar sem er á landinu nú orðið þó að forsendurnar hafi ekki verið til staðar þegar þessar ríkisstofnanir voru settar á laggirnar.

Allt þetta rökstyður það að í þessum breytilega og breytta heimi sem er að skapa okkur nýjar forsendur og nýja möguleika, er ástæða til þess að taka þessi mál til endurskoðunar og hefja nýtt átak í því að staðsetja ný ríkisfyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og marka um það sérstakar meginlínur.

[23:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú þykir mér týra. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er formaður samgn. og einn helsti málsvari hæstv. samgrh. í fjarskiptamálum og öðrum málum er lúta að Pósti og síma. Ég skildi orð hans svo að hans spá og hans trú væri sú að hlutafélagavæðing Pósts og síma og þær breytingar sem óhjákvæmilega verða þar á næstu vikum, mánuðum og missirum muni sennilega leiða til þess að störfum muni fækka hjá því fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og fjölga úti á landi. Það þættu mér aldeilis vera tíðindi. Ég bið hv. þm. að leiðrétta mig hafi ég dregið rangar ályktanir af ástandslýsingu hans og framtíðarsýn sem hann drap á áðan. Þetta er alveg nýtt fyrir mér og ég þori nánast að leggja höfuðið að veði að þróunin verður nákvæmlega allt, allt önnur og að ári ef við ættum orðastað um þessi mál eða önnur, þá yrðu tölurnar allt aðrar og því miður á þann veginn að störfum hefði mjög fækkað hjá Pósti og síma hf. úti um land og miklum mun meira heldur en á höfuðborgarsvæðinu þannig að hlutfallið hefði versnað. Ég minni á að þegar við ræðum um þetta mikilvæga fyrirtæki, að það er í mörgum tilfellum fyrirtæki sem er nánast hið einasta eða því sem næst hið einasta í allra smæstu byggðarlögum þannig að hér er ekki verið að ræða um neinn lítinn þátt í opinberri þjónustu úti á landi.

Ég vil hins vegar að gefnu tilefni spyrja hv. þm. beint: Þegar hann ræðir um nýjar stofnanir og ný fyrirtæki í því pólitíska andrúmslofti að menn eru frekar að leggja slíkar stofnanir niður og einkavæða þær eða í öllu falli hlutafélagavæða þær, hvaða stofnanir á hann við? Og ég spyr: Á hann t.d. við Vinnumálastofnun sem er að finna í áformum um nýja vinnumarkaðslöggjöf hæstv. félmrh. eða á hann kannski við nýja stofnun sem fyrirfinnst í frv. til laga um fjarskipti, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun? Gæti hún átt heima úti á landi? Ég spyr beint.

[23:59]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég er ekki gæddur mikilli spádómsgáfu þannig að ég fór ekkert sérstaklega í það í ræðu minni að velta fyrir mér hvað mundi gerast í starfsemi Pósts og síma. Ég var einfaldlega að vekja athygli á hver þróunin hefði verið og í hvað tillögurnar sem nú er verið að kynna af Póst- og símamálastofnun — við skulum hafa í huga að það eru tillögur Póst- og símamálastofnunar, ekki Pósts og síma hf., það hefur komið skýrt fram — fælu í sér. Eitt er það sem ég sjálfur bind miklar vonir við og það er tilraun þessa félags og þessarar stofnunar sem verður þá hluti af starfsemi nýja félagsins, til að setja niður svo mikilvæga

starfsemi sem markaðsstarfsemina í auknum mæli víða um landið. Ég benti á að verið væri að leggja niður pósthús á höfuðborgarsvæðinu sem eru náttúrlega ólíkt fjölmennari vinnustaðir en litlu pósthúsin sem verið er að leggja niður. Þó er ég ekkert að gera lítið úr mikilvægi starfseminnar eins og hún hefur verið úti um landið. Þannig að ég var fyrst og fremst að rekja þróunina.

Hv. þm. spurði mig líka um skoðun mína á þessum tveimur tilteknu stofnunum sem nú er verið að undirbúa starfsemi á. Ég hef sérstaklega kynnt mér hvernig þessar stofnanir kynnu að starfa og hvort staðsetning þeirra mundi skipta máli fyrir starfsemina í sjálfu sér. Niðurstaðan í þeim þingnefndum þar sem ég hef setið, og ég er svo lukkulegur að sitja í báðum þeim þingnefndum sem hafa með þessa vinnu að gera hér í þinginu, er sú að báðar þessar stofnanir gætu að umtalsverðu leyti a.m.k., kannski öllu, starfað utan höfuðborgarsvæðisins. Þannig að ég gæti t.d. átt við þessar stofnanir. Hins vegar hef ég sjálfur sett það fram sem mitt sjónarmið að ég tel almennt ekki skynsamlegt að leiða í lög hvar slíkar stofnanir eigi nákvæmlega að vera niðurkomnar. Þannig var það t.d. með Brunamálastofnun sem hafði verið í Kópavogi, held ég, samkvæmt lögum. Ég tel almennt að ekki sé skynsamlegt að setja þetta í lög en tel hins vegar að full rök séu fyrir því að þessar stofnanir séu utan höfuðborgarsvæðisins.

[00:02]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. svörin. Þau voru allskýr. Já, hann á m.a. við stofnanir af þessum toga. Ég vil nú minna á þannig að hann tapi ekki af þessum strætisvagni að það er of seint í rassinn gripið að fara að tala um nauðsyn þess að setja þessar stofnanir niður á tiltekna staði úti á landi þegar þær hafa hafið störf hér í Reykjavík. Frómar óskir af því tagi sem finnast í þessari þáltill. vega því býsna létt ef þetta er ekki tryggt í löggjöfinni sem hér um ræðir. Ég man nú ekki eftir gildistíma laga í þessum tveimur tilfellum sem lúta að Vinnumálastofnun annars vegar og Póst- og fjarskiptastofnun hins vegar. En ég held að það sé nauðsynlegt, sé til þess pólitískur vilji innan stjórnarflokkanna, að menn taki af öll tvímæli í þeim efnum því þetta er veigamikið atriði í sjálfu sér. Ég ítreka að það er nú ekki á hverjum degi sem þessi hæstv. ríkisstjórn er að setja á stofn nýjar ríkisstofnanir eða nýja þjónustu á þeim vettvangi og varla mun mikið í pípunum í þeim efnum miðað við það sem ég veit best. Ég vil hins vegar árétta, virðulegi forseti, að mér finnst hv. þm. tala um það sem sama hlutinn að loka ákveðnum þjónustustofnunum Pósts og síma í Reykjavík, þar sem starfsmenn þessa fyrirtækis skipta vel á annað þúsund og möguleikar um tilfærslur í starfi eru feiknamiklar, og að loka skrifstofu eða þjónustustofnun, til að mynda á Egilsstöðum, þar sem sex starfsmönnum er sagt upp og eiga náttúrlega ekki í önnur hús að venda hjá sama fyrirtæki nema þeir séu fluttir niður á firði eða til Reykjavíkur eins og ég hef heyrt að tilboð hafi verið lögð fram um. Þarna er um stóran mun að ræða. Ég fagna því mjög, en sé ekki í fljótu bragði hvernig það á að ganga, að þessar nýju — ég man ekki lengur hvað þær kallast — skrifstofur sem eiga að koma í stað umdæmisskrifstofanna, eigi að fá eitthvað veigameira hlutverk, m.a. markaðsstarf. Mér finnst þetta vera hjóm eitt og hef því miður ekki mikla trú á því að menn trúi því í raun og sanni að verið sé verið að efla þessa starfsemi úti um land. Betur væri ef satt væri.

[00:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kannski einfaldast að skýra betur hugsun mína í sambandi við þessi efni með því að vísa til tillagna sem ég hef átt hlut að og hafa náð fram að ganga um þessi efni, þ.e. svæðisbundna starfsemi. Það var löggjöf um iðnráðgjafa sem sett var 1980 og hefur síðan þróast og var upphafið að þeirri atvinnuþróunarstarfsemi sem nú má heita komin af stað í öllum kjördæmum landsins. Það var svæðisbundin starfsemi af þessu tagi. Það voru náttúrustofur sem hluti af rannsóknastarfsemi í náttúrufræðum. Þeim fjölgar nú ört í kjördæmum landsins vegna þess að þetta er sett upp sem svæðisbundin verkefni sem tengjast viðkomandi vettvangi. Setur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru ekki svæðisbundin á sama hátt en eru þó dreifing á starfsemi sömu stofnunar. Og er eitt slíkt komið nú á Akureyri og löggjöf heimilar allnokkur í viðbót, fimm samtals. Tillaga sem samþykkt var á Alþingi um skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins sem lúta að þeirri hugsun að dreifa einhverju af þeirri miklu starfsemi sem varðar þann kostnaðarsama málaflokk, heilbrigðismál, skipulega úr um landið. Sama á auðvitað við um skólastarfsemina, framhaldsskólastigið og háskólastigið sömuleiðis. Þetta er kjörin starfsemi. Það er miklu auðveldara að ná samstöðu um slíka þætti sem er skipt upp skipulega og svæðisbundið og gagnast landinu sem heild heldur en það hvar á að setja Brunamálastofnun niður þegar við flytjum hana út fyrir Reykjavík eða Landmælingar Íslands o.s.frv., einstaka stofnun. Ég er hins vegar alls ekkert á móti því að menn reyni það alveg sérstaklega með nýjar stofnanir. Hér var samþykkt þáltill. um stofnun Vilhjálms Stefánssonar, rannsóknarstofnun í norðurvísindum, og að setja hana niður á Akureyri. Það verður væntanlega lögleitt innan skamms að svo verði. Það er eitt dæmi um þær áherslur sem ég hef lagt í þessum efnum og ég tel að vænlegar séu til eftirbreytni.

[00:07]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri alls ekki lítið úr mikilvægi þess að setja niður svona svæðisbundnar skrifstofur eins og hv. þm. var að nefna. Hv. þm. nefndi atvinnuþróunarstarfsemi, þ.e. það sem áður var kallað iðnráðgjafar, og náttúrustofurnar. Það vill nú þannig til að ég hef komið að báðum þessum málum, bæði varðandi náttúrustofu í mínu kjördæmi og enn fremur varðandi atvinnuráðgjöfina sem Byggðastofnun eða núverandi stjórn Byggðastofnunar hefur sérstaklega beitt sér fyrir að yrði efld. Ég var á sínum tíma formaður sérstaks undirbúningshóps sem vann að því á vegum stjórnar Byggðastofnunar. Mér er því alveg ljós þýðing þess að vinna á þennan hátt. Engu að síður getum við horft til þess að að sumu leyti hefur okkur gengið dálítið illa að halda lífinu í þessari starfsemi og þá á ég kannski sérstaklega við þessa starfsemi á heilbrigðissviðinu sem hv. þm. nefndi einnig áðan. Þetta gerir það að verkum að ég tel að ástæða sé til þess að undirstrika mikilvægi þess að við skoðun það alveg sérstaklega varðandi nýjar stofnanir, hvort við getum flutt þær eða staðsett þær í heilu lagi eða að sem mestu leyti úti á landi. Ég nefni sem dæmi ýmsar stofnanir sem vinna t.d. að upplýsingaöflun af margs konar tagi fyrir alþjóðlega statistík. Hér var nefnd t.d. áðan Vinnumálaskrifstofa sem m.a. hefur það hlutverk að safna upplýsingum sem notaðar eru í alþjóðlegum tölfræðilegum samanburði og er dæmigerð starfsemi sem gæti átt verið hvar sem er svo fremi sem

mannaflinn væri til staðar. Þetta er dæmi um starfsemi sem við gætum fundið í nánast í hvaða ríkisstofnun sem er og getur verið hvar sem er á landinu.

[00:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ábending eða athugasemd hv. þm. um að það hefur nú ekki gengið alltaf nógu vel að halda lífinu í svæðisbundinni starfsemi og m.a. á heilbrigðissviði. Ég tek sannarlega undir það. Varðandi þá tillögu Alþingis sem samþykkt var, ég held 1990, um að komið skyldi á fót skrifstofu heilbrigðismála í hverju kjördæmi landsins þá hefur sáralítið og í rauninni ekkert orðið úr efndum á því máli eða atfylgi af hálfu ríkisvaldsins, því miður. Hér er sannarlega um að ræða starfsemi sem fram fer í öllum kjördæmum landsins, þar sem um mikla fjármuni er að tefla, þar sem mikil nauðsyn er á að efla svæðisbundin tök og stýringu með þátttöku heimamanna og jafnframt að gera skilvirkara ráðuneyti heilbrigðismála. Þarna hefur skort viljann, því miður. Þetta var sett í nefndir en það kom ekkert út úr þessu og það varðar tímabilið sem umrædd ríkisstjórn undir forsæti núv. hæstv. forsrh. hefur verið við völd, frá 1991 og hefur ekki gengið sem skyldi. En vel sé þeirri hugsun sem hefur fæðst á landsfundi Sjálfstfl. að gera eitthvað betur í þessum efnum og ég get verið sammála hv. flutningsmanni tillögunnar að það er seint fullreynt, einnig þegar Sjálfstfl. á í hlut.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11., 14. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 00:11.

---

39. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
kl. 2.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Flóttamenn í Austur-Saír, fsp. ÞSveinb, 133. mál, þskj. 144.

Til samgönguráðherra:

2. Reglur um tæki sem senda rafsegulbylgjur, fsp. HG, 179. mál, þskj. 200.

Til umhverfisráðherra:

3. Mengunarvarnareglugerð, fsp. HG, 188. mál, þskj. 209.

Til menntamálaráðherra:

4. Rannsóknir á náttúrufræðikennslu í grunnskólum, fsp. SvanJ, 212. mál, þskj. 259.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Flóttamenn í Austur-Saír.

Fsp. ÞSveinb, 133. mál. — Þskj. 144.

[14:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur varla farið fram hjá neinum að hundruð þúsundir flóttamanna frá Rúanda eru nú fótgangandi á leið heim frá Saír og Tansaníu þar sem yfirvöld þar hafa ákveðið að loka flóttamannabúðum við landamærin að Rúanda. Þó að þetta fólk sé á leið heim þá veit það lítið hvað bíður þess þegar þangað kemur. Flestir eru Hútúar sem flúðu blóðbaðið í heimalandi sínu árið 1994.

Þegar skelfingin hófst í Rúanda árið 1994 voru flest fórnarlömbin Tútsar en síðan gekk ofbeldisaldan yfir Hútúa. Tútsar náðu völdum í Rúanda og þá sneri langstærsti hluti Tútsa úr hópi flóttafólks aftur heim. Nú er röðin komin að Hútúum að fara heim. Neyð þessa fólks er mikil. Vegna þessara atburða lagði Þórunn Sveinbjarnardóttir eftirfarandi spurningar fyrir forsrh. á meðan hún sat á Alþingi sem varaþingkona Kvennalistans í fyrra mánuði:

„1. Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við ákalli norrænu rauðakrossfélaganna um hjálp til handa hundruðum þúsunda flóttamanna sem nú eru á vergangi í Austur-Saír?" — Á það skal bent að þetta er um hálfsmánaðar gömul spurning.

„2. Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því á alþjóðlegum vettvangi að lausn verði fundin á deilum Hútúa og Tútsa í Rúanda og Búrúndí?"

[14:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og fram kom er fyrirspurn þessi tvíþætt. Í fyrsta lagi er spurt: „Hvernig hyggst ríkisstjórnin bregðast við ákalli norrænu rauðakrossfélaganna um hjálp til handa hundruðum þúsunda flóttamanna sem nú eru á vergangi í Austur-Saír?"

Ríkisstjórninni barst sameiginleg yfirlýsing rauðakrossfélaganna á Norðurlöndum vegna ástandsins í Austur-Saír að beiðni Rauða kross Íslands um stuðning við fjársöfnun hér innan lands og ákvað ríkisstjórnin að veita til hennar 1 millj. kr. Rauði krossinn hefur móttekið það framlag og svarað með bréfi sem ég vil kynna, með leyfi forseta:

„Fyrir hönd Rauða kross Íslands vil ég færa ríkisstjórn Íslands innilegar þakkir fyrir framlag til neyðarsöfnunar fyrir flóttafólkið í Saír. Framlagi Rauða kross Íslands, rúmlega 6 millj. kr., mun verða varið til að kaupa á matvælum, lyfjum og öðrum brýnum hjálpargögnum."

Undir þetta skrifar Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands.

Í annan stað er spurt: „Mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því á alþjóðlegum vettvangi að lausn verði fundin á deilum Hútúa og Tútsa í Rúanda og Búrúndí?"

Ástandið á vatnasvæðum í austanverðri Afríku var til umræðu á fundi forsætisráðherra Norðurlanda sem haldinn var í tengslum við Norðurlandaráðsþing í byrjun nóvembermánaðar og var þar mótuð sameiginleg afstaða og umræða til málsins og skýrt frá þeim afskiptum sem ríkin hefðu haft á alþjóðlegum vettvangi vegna þessa máls. Íslendingar hafa tekið þátt í starfi ríkja heims, einkanlega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um að finna lausnir á ættbálkaerjum og bregðast við hörmungum af völdum þeirra, flóttamannastraumi, hungursneyð og útbreiðslu sjúkdóma.

Á síðasta ári veitti ríkisstjórnin m.a. fé til Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna til aðstoðar við flóttamenn frá Rúanda. Ísland studdi stofnun hins alþjóðlega stríðsglæpadómstóls sem sett var á laggirnar í kjölfar borgarastyrjaldarinnar í Rúanda. Auk starfsmanna dómstólsins í Rúanda er starfandi þar skrifstofa sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til að greiða fyrir þjóðarsátt, eflingu réttarfars og heimkomu flóttamanna. Sérstök rannsóknarnefnd sem öryggsráðið ákvað að setja á stofn á síðasta ári til að rannsaka meint brot á banni ráðsins við vopnasölu starfar áfram.

Íslendingar hafa tekið þátt í samráði Vestur-Evrópsambandsins um málefni flóttamanna en ljóst er að ýmsar Evrópuþjóðir voru reiðubúnar til að leggja lið í alþjóðlegar liðssveitir undir forustu Kanada er skyldu einkum hafa það hlutverk að tryggja öryggi flóttafólks og starfsmanna alþjóðastofnana í hjálparstörf á svæðinu. Þá er Ísland aðili að yfirlýsingu ráðherrafundar Vestur-Evrópusambandsins um málefni flóttamanna.

[14:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir skýr svör. Það er ánægjulegt að heyra að ríkisstjórnin hafi brugðist vel við beiðni Rauða krossins og veitt 1 millj. kr. upphæð í þessa söfnun sem eins og fram kom í hans svari var upp á 6,4 millj. En það er eitt að leggja til fé til hjálparstarfs, eins og rauðakrossfélögin gjarnan gera og Hjálparstofnun kirkjunnar, og annað að beita sér á pólitískan hátt sem oft er ekki síður mikilvægt í þessu samhengi. Vegna fyrri hluta svarsins vil ég nota tækifærið hér og spyrja hæstv. forsrh. hvort einhver stefnubreyting sé fyrirhuguð hjá ríkisstjórninni um að hækka framlög til þróunaraðstoðar en eins og alþjóð veit hefur íslenska ríkið veitt um að bil 0,1% af landsframleiðslu til þróunaraðstoðar á undanförnum árum, þrátt fyrir það að Sameinuðu þjóðirnar hafi gefið upp viðmiðið 0,7%. Einnig vil ég spyrja í því sambandi hvort þessi eina milljón, sem varið er nú til Rauða krossins, teljist með í þessu 0,1%.

Í annan stað vil ég láta í ljós ánægju mína með það að ríkisstjórnin hafi tekið þátt í pólitískum umræðum um þetta mál á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs og vona að það verði gert í framtíðinni því að þetta mál verður að leysa sem allra fyrst og ég get ekki séð annað en að pólitískar lausnir verði að koma þar til.

[14:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þori ekki að segja fyrir um það hvort þessi eina milljón mundi mælast með sem framlag af okkar hálfu, enda skiptir hún kannski ekki verulegu máli í þeirri mælingu hvort við næðum 0,7% af þjóðarframleiðslu í framlög. Það hefur staðið vilji til þess lengi hjá öllum flokkum hygg ég að hækka okkar framlag en það hefur gengið hægara en skyldi. Menn hafa verið að skera niður útgjöld á ýmsum sviðum og því orðið erfiðara um vik að finna fjármuni til þess að senda þangað sem vissulega er brýn þörf fyrir slík framlög.

Í annan stað er það okkar mat að sumar þær þjóðir sem sæmilegu hlutfalli skila séu mun lagnari í því að færa hluti til bókhalds sem aðstoð sem við ættum kannski að huga að með hvaða hætti er gert þannig að framlagið reiknast sem hluti að þróunaraðstoð þótt það væri það nú kannski ekki samkvæmt þeim normum sem við höfum miðað við. En við erum langan veg frá því að uppfylla það markmið sem þjóðirnar hafa undirgengist og þurfum við á árum fram undan að taka okkur tak í því en ég þori ekki að gefa yfirlýsingu um að það náist í einu vetfangi, enda væri það óábyrg yfirlýsing miðað við þá reynslu sem við höfum haft og þann árangur sem við höfum náð.

Reglur um tæki sem senda rafsegulbylgjur.

Fsp. HG, 179. mál. — Þskj. 200.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 200 leyfi ég mér að beina svofelldri fyrirspurn til hæstv. samgrh. um reglur fyrir flugfarþega um notkun tækja sem senda frá sér rafsegulbylgjur. Fyrirspurnin er í fjórum liðum:

1. Hvert er mat íslenskra flugmálayfirvalda á því hvort hætta geti skapast í flugi vegna notkunar á tækjum sem senda frá sér rafsegulbylgjur?

2. Hafa stjórnvöld eða íslensk flugfélög, sem reka farþegaflug, sett reglur um notkun slíkra tækja?

3. Eru dæmi þess að slík tæki hafi valdið truflun eða hættuástandi í farþegaflugi á vegum íslenskra flugfélaga? Sé svo óskast þau tilgreind.

4. Er talin þörf á að flugfélög komi sér til öryggis upp skynjurum sem greini slíkar rafsegulbylgjur meðan á flugi stendur?

Tilefni þess að þessi fyrirspurn er fram borin er sú að við verðum vör við það sem notum flugið að það er verið að óska eftir því t.d. við flugtak og lendingu að menn noti ekki tæki sem senda frá sér rafsegulbygjur, þar á meðal GSM-síma eða farsíma og jafnvel fleiri slík tæki. Þetta er gert án þess að upplýst sé um það nánar eða vísað sé til tiltekinna reglna þannig að e.t.v. er þarna um innri reglur hjá flugfélögunum að ræða. Ég hef líka tekið eftir því við lestur á erlendum tímaritum og blöðum að þessi mál valda vaxandi áhyggjum erlendis og hef um það ýmis dæmi. T.d. er greint frá því í vísinda- og tækniþætti tímaritsins Business Week 14. okt. sl. að tilvikum, sem valdið hafi hættu í flugi, fari fjölgandi. Það er nefnt að frá 1982 hafi flugmenn, ég hygg að það sé innan Bandaríkjanna, tilkynnt um a.m.k. 137 slys eða óhöpp í flugi sem gætu hafa orsakast af rafsegulbylgjum frá slíkum tækjum sem senda frá sér rafsegulbylgjur. Og það liggur fyrir skýrsla frá sérstakri óháðri stofnun sem kemur á framfæri meðmælum við flugvélaiðnaðinn um það að herða mjög stórlega reglur um þessi efni og sumir sérfræðingar vilja ganga svo langt að banna notkun þeirra með öllu í flugi. En í tillögum þessarar óháðu stofnunar eru ábendingar um það að reglurnar nái til allra viðkvæmra þátta flugsins, jafnvel umfram flugtak og lendingu.

Ég held að það sé æskilegt að fá upplýsingar um þetta efni hjá hæstv. samgrh.: Hvaða reglur gilda? Hafa menn áhyggjur af þessum málum?

[14:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er: „Hvert er mat íslenskra flugmálayfirvalda á því hvort hætta geti skapast í flugi vegna notkunar á tækjum sem senda frá sér rafsegulbylgjur?“

Svar Flugmálastjórnar er þetta: „Það er mat íslenskra flugmálayfirvalda að hætta geti skapast á flugi vegna notkunar tækja sem senda frá sér rafsegulbylgjur. Matið er byggt

á gögnum bandarísku flugmálastjórnarinnar en flugmálayfirvöld í Vestur-Evrópu, þar á meðal íslensk flugmálayfirvöld, fylgja gjarnan fordæmi hennar.“

Þá er spurt: „Hafa stjórnvöld eða íslensk flugfélög, sem reka farþegaflug, sett reglur um notkun slíkra tækja?“

Svarið er já. Í reglugerð um flutningaflug, nr. 139/1996, segir í 5. gr. um notkun rafeindatækja: „Notkun ferðasenditækja og ferðaviðtækja, sem geta haft truflandi áhrif á mælitæki og búnað flugvéla, er með öllu óheimil um borð. Flugrekanda ber að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir notkun slíkra tækja um borð í flugvélum sínum.“

Í flugrekstrarhandbókum íslenskra flugrekenda sem samþykktar hafa verið af Flugmálastjórn skulu vera ákvæði um nánari útlistun á banninu og þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið.

Í þriðja lagi er spurt: „Eru dæmi þess að slík tæki hafi valdið truflun eða hættuástandi í farþegaflugi á vegum íslenskra flugfélaga? Sé svo óskast þau tilgreind.“

Svarið er nei. Ekki er vitað um að slík tæki hafi valdið truflunum eða hættuástandi í farþegaflugi á vegum íslenskra flugrekenda.

Í fjórða lagi er spurt: „Er talin þörf á að flugfélög komi sér til öryggis upp skynjurum sem greini slíkar rafsegulbylgjur meðan á flugi stendur?“

Svarið er að ekki hafi verið talin þörf á slíku að svo komnu máli, þ.e. að flugfélög komi sér upp öryggisskynjurum sem greini slíkar rafsegulbylgjur meðan á flugi stendur.

Ég vona, herra forseti, að þessi svör séu fullnægjandi.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Mér finnst svör hæstv. ráðherra vera fróðleg og gefa fyllilega til kynna að menn hafa áhyggjur af þessum málum. Um þetta hafa verið settar reglur og ábendingar um það og talað um nánari útlistun í sambandi við flugrekstrarhandbók. Og þó að ekki sé vitað um dæmi þess að þetta hafi truflað eða skapað hættuástand í flugi hérlendis, þá er það mitt mat að það sé nokkuð augljóst að menn þurfi að vera á vaktinni varðandi þessi atriði. Það sem mér sýnist að þyrfti að gera af opinberri hálfu, og þessi fyrirspurn gæti e.t.v. hjálpað til þess, er að skýrari upplýsingar um þessi efni kæmu til almennings og þeirra sem nota flugið, þ.e. farþega í flugi, því að það skiptir áreiðanlega miklu upp á það að reglur séu haldnar að fólk átti sig á því hvaða ástand geti skapast, hvaða hætta geti skapast af notkun slíkra tækja.

Í umræddi grein sem ég vitnaði til eru rakin dæmi um það að áminning til farþega hafi skilað litlum árangri. Það er tekið dæmi þar sem stóð yfir knattspyrnukappleikur og það var innanlandsflug í Bandaríkjunum. Og eftir að áminning hafði verið gefin og bannað að nota tækin var þetta kannað og reyndust flestir vera með tækið í eyranu til þess að fylgjast með kappleiknum þrátt fyrir tilmælin. Það er auðvitað alvarlegt ef svona tilmæli eru hunsuð. Og spurningin er: Þarf að ganga lengra? Þurfa að gerast sannanleg slys eða óhöpp til þess að menn grípi til frekari varúðarráðstafana? Það er ljóst og vita allir að flugið er orðið mjög hátæknivæðað að öllu leyti og sá búnaður sem þar er er mjög viðkvæmur fyrir truflunum og eins og ég gat um voru nefnd fjölmörg dæmi um slys og óhöpp í flugi, ég held innan Bandaríkjanna, sem eru rakin til notkunar á slíkum tækjum þannig að vonandi fylgjast menn náið með þessu og setja skýrar reglur eftir því sem þörf er á og koma á framfæri upplýsingum til almennings um hvað býr að baki þessum reglum.

[14:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég held að það sé mjög gott og gagnlegt að hv. þm. hreyfir þessu máli og ég tek undir með honum að það er áreiðanlega þörf á því að vekja athygli almennings á því hvaða hætta getur skapast af slíkum tækjum. Það er t.d. svo um GSM-síma að menn vita ekki gjörla hvort þeir gætu valdið alvarlegri truflun á stjórntækjum flugvéla og þess vegna ber að hafa þá lokaða um borð í flugvélum. Ég hygg að það sé rétt að fylgja þessu máli betur eftir en gert hefur verið að því leyti að upplýsa flugfarþega og almenning um það sem hér er í húfi.

Mengunarvarnareglugerð.

Fsp. HG, 188. mál. — Þskj. 209.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 209 ber ég fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. umhvrh.:

1. Hvaða ástæður liggja að baki breytingu á 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 394/1996?

2. Hefur breyting ákvæðisins áhrif á málsmeðferðarreglur vegna veitingar starfsleyfis á grundvelli ákvæða mengunarvarnareglugerðar, sbr. ákvæði 26. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988?

3. Með hvaða stoð í lögum er reglugerð nr. 394/1996 sett?

Ég veitti því nýlega athygli að hæstv. umhvrh. hafði þann 3. júlí 1996 gefið út breytingar á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, sem m.a. varða ákvæði 65. gr. reglugerðarinnar um athugasemdir við starfsleyfistillögur fyrirtækja, þar á meðal fyrirtækja í orkufrekum iðnaði. Breytingar þessar eru afar sérkennilegar, svo ekki sé meira sagt, með tilliti til ákvæða þeirra laga sem setning reglugerðarinnar hvílir á, en það eru lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum.

Í 2. lið fyrirspurnarinnar er sérstaklega vísað til 26. gr. þessara laga en fyrri liður hennar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 1.–2. tölul. 29. gr. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar samkvæmt lögum þessum, sbr. 2. tölul. 30. gr. ...“

Þessi ákvæði laganna sýnast mér vera fortakslaus að því er varðar málsmeðferð þannig að ekki verði þeim ákvæðum breytt með reglugerð. Tilvísunin í 26. gr. laganna um undanþegin atriði varðar annars vegar 29. gr. laganna, þ.e. mál út af brotum gegn lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, en um þau skal fara að hætti opinberra mála, og hins vegar 31. gr. sem segir:

„Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.“

Reglugerðin frá 1994 tók mið af þessum ákvæðum laganna og einnig um rétt til athugasemda en með nýju reglugerðinni, um breytingu á þessari mengunarvarnareglugerð, virðist eiga að breyta áður viðteknu ferli í veigamiklum atriðum. Það er greint á milli starfsleyfistillagna sem Hollustuvernd ríkisins gefur út og tillagna hins vegar þar sem ráðherra gefur út starfsleyfi að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins. Í síðara tilvikinu er í þessari nýju reglugerð ekki minnst á úrskurðarnefnd samkvæmt 26. gr. laganna.

Það eru fleiri atriði sem vekja athygli en ég mun víkja að síðar í umræðu um þessa fyrirspurn.

[14:54]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur beint til mín fyrirspurn í þremur liðum sem hann hefur gert grein fyrir. Fyrsti liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

„Hvaða ástæður liggja að baki breytingu á 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. reglugerð nr. 394/1996?"

Samkvæmt breyttri 65. gr. mengunarvarnareglugerðar, sbr. reglugerð nr. 394/1996, skal senda Hollustuvernd ríkisins skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur. Stofnunin skal kanna málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og láta í ljós álit sitt. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun úrskurðar úrskurðarnefnd í málinu, sem starfar samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, enda sé um að ræða starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins gefur út.

Sé hins vegar um að ræða starfsleyfi sem ráðherra gefur út í samræmi við 1. mgr. 72. gr. reglugerðarinnar, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, skal stofnunin gera nákvæma grein fyrir skriflegum athugasemdum við starfleyfistillögur og hvernig stofnunin tekur á þeim hverri fyrir sig. Skal stofnunin sérstaklega tiltaka þær athugasemdir sem hún tekur ekki tillit til og færa rök fyrir því.

Breytingarnar frá fyrri 65. gr. eru þær að ekki er hér eftir gert ráð fyrir því að í þeim tilvikum þar sem ráðherra gefur út starfsleyfi sé hægt að vísa ágreiningi um tillögur sem Hollustuvernd ríkisins gerir til ráðherra til úrskurðarnefndarinnar. Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er samkvæmt 26. gr. laganna að fjalla um ágreining um framkvæmd laganna, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar og heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda og kemur nefndin þar í stað ráðherra sem úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi. Um er að ræða lokaúrskurð á stjórnsýslustigi og koma slík mál ekki til ráðherra til úrskurðar.

Sú breyting sem hér er gerð er því sú að þegar ráðherra fer með úrskurðarvald, eins og í þeim fáu tilvikum þar sem hann gefur út starfsleyfi, skuli úrskurðarnefndin ekki fjalla um starfsleyfistillögur Hollustuverndarinnar til ráðherra, enda er þar ekki um endanlegan úrskurð að ræða þar sem ráðherra gefur út starfsleyfið og er allsendis óbundinn af úrskurði nefndarinnar.

Samkvæmt því sem ég hef þegar sagt hér er um eðlilega breytingu að ræða sem byggist á því að úrskurðarnefndin samkvæmt áður nefndum lögum fjalli um mál sem eru til úrskurðar sem endanlegur úrskurðaraðili á stjórnsýslustigi en ekki um tillögur stofnunarinnar til umhvrh.

Rétt er að taka það fram að samkvæmt breyttri 65. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar er sú krafa sett á Hollustuvernd ríkisins að hún geri nákvæmlega grein fyrir þeim athugasemdum sem fram koma við starfsleyfistillögur og stofnunin telur ekki ástæðu til að taka tillit til. Skal stofnunin færa rök fyrir því af hverju hún telur ekki ástæðu til þessa. Á þann hátt á að vera tryggt að ráðherra fái í hendur allar upplýsingar og allar athugasemdir sem fram koma eða gerðar eru við auglýstar starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins sem ráðherra er síðan ætlað að fjalla um og að lokum kveða upp úrskurð um í formi starfsleyfis.

Annar liður fyrirspurnarinnar hljóðar svo:

„Hefur breyting ákvæðisins áhrif á málsmeðferðarreglur vegna veitingar starfsleyfis á grundvelli ákvæða mengunarvarnareglugerðar, sbr. ákvæði 26. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988?"

Svar er þetta: Ekki er um að ræða aðrar breytingar en þær sem ég hef þegar gert grein fyrir sem er að það sé hlutverk úrskurðarnefndarinnar að úrskurða í málum sem stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur kveðið upp úrskurð um en ekki að úrskurða um tillögur sem koma til endanlegs úrskurðar ráðherra.

Varðandi þriðja lið fyrirspurnarinnar, með hvaða stoð í lögum reglugerð nr. 394/1996 er sett, er því til að svara að reglugerðin er sett samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en þar segir að í mengunarvarnareglugerð eða í öðrum reglugerðum skuli vera almenn ákvæði um tiltekin atriði sem þar eru talin upp.

[14:58]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hlýt að undrast svar hæstv. ráðherra. Ráðherrann rekur hér breytingarnar sem gerðar eru á reglugerð og þær liggja fyrir. Það var ekki vandamálið. En hæstv. ráðherra svarar ekki fyrirspurninni um lagastoðina og hvernig hann leyfir sér að setja reglugerð sem þessa í ljósi ákvæða 26. gr. laganna sem kveða alveg skýrt og ljóst á um ferlið. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra sé ósáttur við lögin en þá er verkefnið að breyta lögunum en ekki að setja reglugerð sem á sér, að mér finnst, ekki lagastoð eða a.m.k. stangast mjög á við þau ákvæði sem fram koma í lögunum. Mér finnst því að hæstv. ráðherra verði að gera hreinna fyrir sínum dyrum í þessu efni. Og maður hlýtur að spyrja af hverju sé nú verið að setja þessa reglugerðarbreytingu í stað þess að flytja brtt. við lögin til þess að fá ferlið rökrætt því að ég skil út af fyrir sig það vandamál sem hæstv. ráðherra er að vísa til í þessu sambandi. Ég átta mig alveg á því. En af hverju er verið að gera þetta? Er það vegna þess að menn eru að fást við mál sem varðar stóriðjufyrirtæki eins og álbræðslu á Grundartanga? Er það rótin að þessu flaustri í sambandi við reglugerðarsetningu sem stangast alveg á við þá reglugerð sem gilti þegar fjallað var um starfsleyfi fyrir álbræðslu í Straumsvík fyrir ári síðan og var kveðin m.a. upp af úrskurðarnefnd á grundvelli 26. gr. laganna, sérstakur úrskurður um álitaefni varðandi reglugerðina? Þetta er því mjög skrýtið.

Síðan vekur það athygli, hæstv. forseti, að í umræddri reglugerðarbreytingu frá síðasta sumri, þessari nýju reglugerð ráðherrans er ekki minnst á stjórn Hollustuverndar sem kveðið er á um í lögunum sem aðila að máli, í 26. gr. laganna, en aðeins talað um Hollustuvernd ríkisins eða stofnunina. Svo er vísað í stjórnsýslulög sem ég hef út af fyrir sig ekkert við að athuga að öðru leyti en því að stjórnsýslulög sem almenn löggjöf taka ekki úr sambandi ákvæði sérlaga.

[15:01]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af fyrir sig hef ég ekki miklu að bæta við það svar sem ég hef þegar gefið og ég get ekki heldur að því gert þótt hv. þm. sé ósáttur við svarið. Það verður að vera hans mat sem ég út af fyrir sig ræð ekki við. Ég vísa því á bug að á bak við þessa reglugerðarbreytingu liggi eitthvert tiltekið mál eða einhver tiltekinn atburður eða vegna þess að það eigi að úrskurða í einhverjum málum á næstunni. Auðvitað kemur eitthvað slíkt stöðugt upp á borð hjá ráðherra, en því betur er þó mikið af úrskurðunum sem fer fyrst og fremst í gegnum stofnunina sem slíka og hægt er að vísa til stjórnar stofnunarinnar og síðan hægt að vísa til úrskurðarnefndarinnar þeim málum. En það hefur verið talið ótvírætt af hálfu ráðuneytisins og þeirra manna sem þar hafa fjallað um þetta mál og þeirra lögfræðinga sem hafa fjallað um málið af hálfu ráðuneytisins að það sé óeðlilegt að úrskurðarnefndin komi að þeim málum sem ráðherra á að úrskurða um. Það er grunnurinn að þessari breytingu og í raun ekki mikið meira um það að segja.

Auðvitað er hægt að taka á ákveðnum málum í lagabreytingum ef gera þarf einhverjar breytingar. Af hálfu ráðuneytisins er ekki talið að þetta mál varði lagabreytingu heldur fyrst og fremst hvernig beri að skilja og túlka núverandi lög. En það er svo þessu máli óviðkomandi að verið er að endurskoða lögin um hollustuhætti og heilbrigðseftirlit í heild sinni þannig að það mál á eftir að koma á síðara stigi inn í þingið og þá til hv. þm. ásamt til annarra hv. þingmanna og þeirra sem sæti eiga í umhvn. til þess að fjalla um málið í heild sinni.

Rannsóknir á náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

Fsp. SvanJ, 212. mál. — Þskj. 259.

[15:03]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Fyrir skömmu voru birtar niðurstöður alþjóðlegra rannsókna á kunnáttu grunnskólabarna í stærðfræði og náttúrufræðigreinum. Viðbrögð við útkomu íslensku barnanna hafa verið snörp og upplýsandi. Í umræðum hér á Alþingi virtist sem útkoman kæmi framsóknarmönnum sérstaklega á óvart en þeir sögðu þjóðina hafa orðið fyrir áfalli og væri enn á náttfötunum. Flestir þingmenn voru þó yfirvegaðri, einkum reyndir kennarar sem bentu á að niðurstaðan ætti ekki að koma neinum á óvart. Það hefði lengi verið á vitorði þeirra sem vildu vita að áhersla á kennslu í raungreinum væri ekki og hefði ekki verið mikil í íslensku skólakerfi. Félag raungreinakennara brá líka skjótt við kastljósinu og efndi til málþings um menntamál til framtíðar. Þar lögðu menn inn hugmyndir sínar og hæstv. menntmrh. notaði tækifærið til að ítreka áhuga sinn á því að draga úr uppeldisfræði við kennaramenntun. Framkvæmdastjóri VSÍ vildi koma á árangurstengdu launakerfi í skólunum svo nefnd séu dæmi um lausnirnar. En áttu niðurstöðurnar að koma á óvart?

Fyrir nokkrum árum voru birtar niðurstöður úr margþættum rannsóknum á náttúrufræðikennslu í grunnskólum á Íslandi. Þessi rannsókn spannaði 25 ára tímabil og afraksturinn birtist í sjö skýrslum þar sem m.a. var fjallað um bakgrunn námskrárgerðar í náttúrufræðum, kennaramenntun, gerð og notkun námsefnis, skipulagningu námsins og endurskoðun námsefnis í litlu þjóðfélagi. Niðurstöður voru í stórum dráttum þær að Íslendingar væru áhugalausir um náttúrufræðinám, að kennsla í eðlis- og efnafræði hefði farið minnkandi og mikið af námsefni væri orðið úrelt. Einnig að börn á aldrinum 10–15 ára verðu innan við 10% af tíma sínum í náttúrufræði og yngri börn enn þá minna. Námskrárákvæði okkar fengu nokkuð góða dóma en þeim hafði bara ekki verið fylgt eftir með útgáfu námsefnis og menntun kennara.

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum og þekkingu sinni á íslensku samfélagi og skólakerfi setti höfundur skýrslunnar, Allyson Macdonald, fram hugmyndir sínar um tillögu til gagngerrar endurbyggingar náttúrufræðináms í grunnskólum.

Mér sýnist, herra forseti, að norskar niðurstöður sem fjallað var um á málþingi Félags raungreinakennara séu mjög í samræmi við niðurstöður Allyson Macdonald og það sem íslenskir kennarar hafa verið að segja. Því spyr ég hæstv. menntmrh. á þskj. 259:

„Hvernig brást menntamálaráðuneytið við niðurstöðum ítarlegra rannsókna Allyson Macdonald á kennslu í náttúrufræði (raungreinum) í grunnskólum sem kynntar voru árið 1993 þar sem m.a. kom fram að kennsla í eðlis- og efnafræði hefði farið minnkandi, mikið af námsefni væri orðið úrelt og að almennt ríkti áhugaleysi um grundvallarþekkingu í náttúrufræði og tækni hér á landi?“

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Menntmrn. stóð ekki að umræddum rannsóknum Allyson Macdonald sem hér eru til umræðu. Hins vegar tók nefnd um mótun menntastefnu sem starfaði á vegum ráðuneytisins hliðsjón af niðurstöðum rannsókna hennar við tillögugerð nefndarinnar eins og kemur fram í áliti hennar og birt hefur verið. Eitt af því sem nefndin lagði til var að náttúrufræðikennsla í grunnskólum yrði skilgreind að nýju og efld. Þar sem ýmislegt benti til þess að kennslu í náttúrufræði væri ábótavant lagði nefndin einnig til að skipulega yrði unnið að því að þróa tæknimennt í grunnskólum. Studdist nefndin að þessu leyti m.a. við niðurstöðu Macdonald auk annarra upplýsinga sem menntmrn. hafði um skólahald. Þessar upplýsingar urðu með öðru ástæða til þess að ákveðið var að Ísland tæki þátt í alþjóðlegri rannsókn á stöðu náttúrufræðigreina og stærðfræði, TIMSS-rannsókninni sem mjög hefur verið til umræðu undanfarið.

Til undirbúnings fyrirhugaðri námskrárgerð í grunn- og framhaldsskólum skipaði menntmrh. nefnd árið 1993 til að móta tillögur um hvernig efla mætti kennslu í stærðfræði og stærðfræðiáhuga nemenda. Nefndinni var m.a. ætlað að leggja drög að samelldri námskrá í stærðfræði frá upphafi skólagöngu til loka framhaldsskóla. Nefndin hefur skilað áfangaskýrslu sem tekið er mið af nú í tengslum við endurskoðun aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla sem þegar er hafin

Fyrstu niðurstöður TIMSS-rannsóknarinnar, sem tók til nemenda í 4., 7. og 8. bekk grunnskóla og nemenda í framhaldsskólum, liggja nú fyrir sem kunnugt er. Með þátttöku í TIMSS-rannsókninni hefur Íslendingum gefist mikilvægt tækifæri til að átta sig á því á hlutlægan hátt hvernig stöðu mála í þessum greinum er háttað, m.a. í samanburði við aðrar þjóðir. Augljós fengur er að slíku þar sem samræmdir

mælikvarðar í skólahaldi hafa verið af skornum skammti hér á landi þannig að nánast hefur verið ógerlegt að bera saman á hlutlægan hátt stöðu skóla innan lands, hvað þá að unnt hafi verið að bera sig saman við skóla annarra þjóða.

Ljóst er af niðurstöðum TIMSS-rannsóknarinnar að staða okkar Íslendinga í stærðfræði og náttúrufræði samanborið við aðrar þjóðir er veik og nokkurn tíma mun taka að vinna úr gögnum til að fá fram vísbendingar til hvaða aðgerða er skynsamlegast að grípa. Hins vegar stendur nú yfir eins og áður er getið endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla og er áætlað að nýjar námskrár verði gefnar út á árinu 1998. Sérstök verkefnisstjórn hefur yfirumsjón með verkinu og hafa starfsmenn verið ráðnir til námskrárgerðar. Skipuð hefur verið stefnumörkunarnefnd með fulltrúum allra stjórnmálaflokka á Alþingi og hefur hún tekið til starfa. Allir þessir aðilar, sem og starfsmenn menntmrn., hafa fengið í hendur stefnumið menntmrn. þar sem sérstök áhersla er lögð á atriði sem gera á rækileg skil og útfæra í aðalnámskrá. Þar er m.a. að finna áherslu á vísindalæsi, áherslu á tæknimenntun og tölvulæsi og þeim sem vinna að endurskoðun aðalnámskrár falið að móta skýra stefnu á þessu sviði.

[15:10]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. ráðherra að nefnd um mótun menntastefnu hafi eitthvað hagnýtt sér niðurstöður Allyson Macdonald en það er alveg ljóst að enn sést ekki að neitt átak hafi verið gert í náttúrufræðikennslu í skólum og síðan eru þó þrjú ár. Þetta sýnir áhugaleysi og máttleysi stjórnar Sjálfstfl. í menntamálum sem setið hefur í ráðuneytinu frá 1991.

Svíar fengu svipaða niðurstöðu fyrir nokkrum árum og þá gerðu þeir strax átak í kennslu raungreina í kjölfarið með þeim afleiðingum að nú koma þeir mun betur út úr TIMSS-rannsókninni en þeir höfðu gert áður. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við niðurstöðum TIMSS-rannsóknarinnar nú? Á eingöngu að endurskoða námskrána eða á að leggja frekara átak í raungreinakennslu strax eða á að bíða eftir að niðurstöðurnar verði greindar nánar?

Þá vil ég einnig í þessu sambandi spyrja hann hvort hann hyggst lengja kennaramenntunina í fjögur ár með tilliti til þess samanburðar sem kemur fram á menntun kennara í TIMSS-rannsókninni og þá hvenær.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka menntmrh. þau svör sem hann gaf hér og fagna því að sú rannsókn sem ég vitnaði til og er að spyrja um hefur þó orðið til þess gagns sem hann nefndi hér þó að ég taki einnig undir þá gagnrýni sem hefur komið fram um að ekki hafi verið brugðist nógu vel við á þeim tíma. Það hefði verið æskilegt, strax þegar umfjöllun fór í gang um TIMSS-rannsóknina eða niðurstöðurnar, að fram hefði komið að íslensk stjórnvöld hefðu verið sér vitandi um þennan vanda í smátíma til þess að þjóðin mætti vita að við værum ekki alls óupplýst um stöðuna í okkar skólakerfi eins og virtist vera þegar menn segja hér í þingi: Þjóðin hefur orðið fyrir áfalli, og það varaformaður menntmn. þingsins. Það hefði strax verið í áttina ef það hefði verið nefnt í þeim umræðum sem hér fóru fram.

Ég fagna því að það eigi að vera áhersla á tækni- og tölvulæsi m.a. í þeirri námskrá sem verið er að vinna. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að geta mætt þeirri tækni sem sífellt endurnýjast með þekkingu og að þeirri þekkingu verði best komið á framfæri í gegnum skólana.

Ég held líka að það sé ástæða fyrir okkur að hafa áhyggjur af því sama og Norðmenn hafa áhyggjur af, í rauninni vegna nákvæmlega sömu niðurstöðu hjá sér, sem er að ef við ekki bregðumst eðlilega við, þá gæti orðið skortur á vísindamönnum hér á landi í framtíðinni. Við gætum líka staðið frammi fyrir þeirri hættu að fólk þekkti ekki þá tækni sem það þarf að búa við. Ég óttast hins vegar, herra forseti, þær áherslur sem hér er verið að leggja á það að auka svokallaða fagmennsku en minnka þekkingu í uppeldisfræði í grunnskólunum. Í okkar vinnuþjakaða samfélagi, þar sem skólunum hefur sannarlega verið ætlað að taka við stórum hluta uppeldis, verðum við að taka tillit til hvernig er í pottinn búið. Við getum ekki keyrt áfram með börn á aldrinum 6–15 ára á klárri fagmennsku án þess að hafa uppeldisfræðina þar með.

[15:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessar umræður hafa náttúrlega snúist um annað en fyrirspurnina í sjálfu sér því að eins og fram kom í svari mínu hefur menntmrn. nýtt sér þær niðurstöður sem liggja fyrir í rannsóknum Allyson Macdonald með þeim hætti sem ráðuneytið hefur talið skynsamlegt og að álasa ráðuneytinu eða Sjálfstfl. í þessu efni er náttúrlega út í hött því að enginn flokkur hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir eins miklum breytingum á íslenska skólakerfinu og einmitt Sjálfstfl. Undir forustu hans er núna verið að vinna að því að stokka upp námskrárnar, bæði fyrir grunn- og framhaldsskólann og er það í fyrsta sinn í sögunni sem þannig er tekið á málum. Það er því algjörlega ástæðulaust að vera að álasa sjálfstæðismönnum sérstaklega í þessu efni. Hér er um málefni að ræða sem er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að á ekki að koma mönnum sérstaklega á óvart enda hef ég ekki notað önnur orð um þetta mál en þau að ég tel að hér sé um áhyggjuefni fyrir þjóðina að ræða sem eigi að taka á og ég tel að við höfum þegar gert ráðstafanir til þess að skipulega verði tekið á málinu í því skyni að ná betri árangri í íslenska skólakerfinu.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

40. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
að loknum 39. fundi.

Dagskrá:

1. Útboð og tapaðar kröfur á hendur verktakafyrirtækjum, beiðni um skýrslu, 216. mál, þskj. 272. *Hvort leyfð skuli.*

2. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 48, nál. 276 og 288, brtt. 277 og 289. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, stjfrv., 143. mál, þskj. 264, frhnál. 291, brtt. 292. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Umferðarlög, stjfrv., 55. mál, þskj. 55, nál. 269, brtt. 79. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, þáltill., 101. mál, þskj. 104. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Húsnæðissparnaðarreikningar, frv., 129. mál, þskj. 140. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, þáltill., 132. mál, þskj. 143. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frv., 141. mál, þskj. 156. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Samstarf um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi, þáltill., 161. mál, þskj. 178. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

10. Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni, þáltill., 162. mál, þskj. 179. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 146. mál, þskj. 263, frhnál. 293, brtt. 294 og 305. — Frh. 3. umr.

12. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 173. mál, þskj. 190, nál. 303, brtt. 304. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[Fundarhlé. — 15:16]

[15:31]

Útbýting þingskjala:

Málefni fatlaðra, 228. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 308.

Staða drengja í grunnskólum, 227. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 307.

Starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra ríkisbanka og Seðlabanka Íslands, 229. mál, fsp. JóhS, þskj. 309.

Útboð og tapaðar kröfur á hendur verktakafyrirtækjum.

Beiðni GL o.fl. um skýrslu, 216. mál. — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:33]

Beiðni leyfð með 40 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 48, nál. 276 og 288, brtt. 277 og 289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁE, BH, GÁS, HG, JóhS, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GE, GL, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, RG, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (BH, GL, GÁS*, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SJóh, SJS, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 277,1 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 277,2–5 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 277,6 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

4 þm. (GGuðbj, JóhS, KH, PHB) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti hér er lögð til hækkun á fjárveitingu til endurbyggingar á Kirkjustræti 8b og 10 úr 50 millj. kr. í 62 millj. kr. Þegar er búið að ráðstafa þessu fé og mótmælti ég því við 1. umr. að Alþingi færi ekki að fjárlögum og gæfi þannig fordæmi til annarra ríkisstofnana. Varla er unnt að hafna þessari fjárveitingu þar sem þegar er búið að ráðstafa henni. Ég mótmæli enn þessum vinnubrögðum og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 277,7 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁÞ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

2 þm. (GGuðbj, KH) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS. GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 277,8 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE.

15 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 277,9–11 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 277,12 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 277,13–14 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 277,15 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, FrS, GMS, HÁs, HBl, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 277,16 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 277,17 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VH, VE.

16 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, FrS, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, IP, JóhS, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, SF, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Farið er fram á 5 millj. kr. aukafjárheimild til Landhelgisgæslunnar á þessum lið. Skýringin sem gefin er sú að um sé að ræða aukakostnað vegna flugferða á vegum stjórnvalda og vísindastofnana í tengslum við aðdraganda náttúrhamfaranna á Skeiðarársandi í kjölfar vatnsumbrota þar í haust. Minni hlutinn leyfir sér að efast stórlega um að allar þær flugferðir sem flogið var með hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar og aðrar toppfígúrur í samfélaginu í útsýnisflug yfir sandinn hafi verið nauðsynlegar í þágu almannavarna og lýsir allri ábyrgð vegna þessarar viðbótaheimildar á hendur meiri hlutanum og tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

Brtt. 277,18–20 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 277,21 samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 277,22–24 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 277,25 samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 277,26 samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 289 felld með 30:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

16 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:46]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Minni hluti fjárln. vill benda einlæglega á að óraunhæfar sparnaðartillögur á sviði heilbrigðismála eru mjög dýrar fyrir ríkissjóð og koma fram á einum eða öðrum stað í heilbrigðiskerfinu. Heilbrrn. hefur nú t.d. óskað eftir aukafjárveitingu sem mun nema 15,1 millj. kr. — það er það sem tillagan sem við flytjum hljóðar upp á — til heilsugæslunnar í Reykjavík. Í grg. til fjárln. um málið kemur fram að halli heilsugæslunnar í Reykjavík sem nemur sömu fjárhæð sé fyrst og fremst vegna skorts á hjúkrunarrýmum í Reykjavík auk þess sem sjúklingar séu fyrr útskrifaðir af sjúkrahúsum í Reykjavík en áður. Þetta kemur fram sem aukning, sérstök aukning, á heimahjúkrun í Reykjavík. Þess vegna flytur minni hlutinn þessa tillögu.

Liður 09-381 í 3. gr. samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

nei: JóhS.

17 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, DO, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:48]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. 45 millj. kr. af þessum lið eru ætlaðar til að greiða uppbætur til lífeyrisþega í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og gerir minni hluti fjárln. ekki athugasemdir við það. Hins vegar eru 25 millj. kr. til komnar vegna endurmats á eftirlaunum fyrrverandi bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Útvegsbanka Íslands og er ætlunin að verja þeim til uppbóta á eftirlaun þeirra 15 aðila sem þeirra njóta þrjú ár aftur í tímann. Hér er á ferðinni það hróplega óréttlæti sem felst í því að nokkrum eftirlaunaþegum eru tryggðar háar fjárhæðir mánaðarlega með viðmiðunum við hálaunamenn í bankastjórastólum á sama tíma og elli- og örorkulífeyrir alls almennings hefur verið aftengdur við almenna launaþróun í landinu. Minni hlutinn tekur ekki þátt í þessari afgreiðslu.

[15:49]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég tek undir þá skoðun sem hv. 12. þm. Reykn. hefur gert hér grein fyrir en vil að öðru leyti bæta því við að þær skýringar sem hæstv. fjmrh. hefur gefið við aðkomu fjmrn. að málinu eru algjörlega óviðunandi. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki á óyggjandi hátt hvort hér væri um að ræða lögbundinn rétt þeirra 15 einstaklinga sem málið snýst um til þessara útláta úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Fjmrn. virðist hafa tekið samninga við þetta fólk upp og ráðstafað 25 millj. kr. úr ríkissjóði til þess auk þeirra 7 millj. kr. árlegu greiðslna sem fram undan eru.

Ég vil auk þess ítreka að ástæðan fyrir því að minni hlutinn velur að sitja hjá við málið í stað þess að greiða atkvæði gegn því er það sem hv. 12. þm. Reykn. tók fram að við gerum ekki athugasemdir við þær 45 millj. kr. sem eru undir þessum lið að öðru leyti.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram sem reyndar hefur komið fram áður að þær 25 millj. kr. sem hér er um að ræða eru komnar til með þeim hætti sem ég lýsti í umræðunni. Það er ekki gott að segja hvort þetta byggi á lögum eða ekki en það var álit ráðuneytisins að það mundi skapa viðkomandi aðilum bótarétt ef ekki yrði farið að þeirri niðurstöðu sem útreikningar Seðlabankans gáfu til kynna. Því er beðið um þessar 25 millj. í þessari grein og ég styð það að sjálfsögðu.

Brtt. 277,27 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:52]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sú hækkun sem hér er lögð til er til komin vegna þeirrar niðurstöðu Kjaradóms frá 1993 að dómarar skyldu fá fastar yfirvinnugreiðslur og síðan úrskurðar Félagsdóms að það bæri að greiða orlof á yfirvinnu dómara. Þessi upphæð, þ.e. 15,2 millj. kr., er því til þess að greiða dómurum áfallið orlof á fastar yfirvinnugreiðslur til 1. des. á þessu ári. Síðan hefur Kjaradómur reyndar úrskurðað að frá og með þeim degi verði ekki greitt orlof á fasta yfirvinnu dómara. Fulltrúar minni hlutans deila ekki við dómarana um alla þessa úrskurði en við munum sitja hjá við þessa afgreiðslu og mótmæla með þeim hætti aðstöðu hinna betur settu í samfélaginu til að sækja aukagreiðslur í vasa skattborgaranna á sama tíma og t.d. aldraðir eru kaffærðir í lagabreytingum og reglugerðum sem skerða kjör þeirra á skammarlegan hátt.

Brtt. 277,28 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 277,29–31 samþ. með 51 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, PP, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁRÁ, DO, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 143. mál (hlutdeildarskírteini, afföll). — Þskj. 264, frhnál. 291, brtt. 292.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]

Brtt. 292 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GB, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frv. sem nú er að verða að lögum er tæknilegt frv. um breytingu á lögum um staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Brtt. meiri hlutans við 3. umr. eru smávægilegar lagfæringar. Minni hluti efh.- og viðskn. gerði grein fyrir afstöðu sinni við 1. og 2. umr. þessa máls. Við vorum og erum andsnúin þeirri útfærslu fjármagnstekjuskatts sem ríkisstjórnin lögfesti í vor. Þetta tæknilega frv. við staðgreiðsluþátt þess máls breytir í engu grundvallarafstöðu okkar. Við munum eins og við 2. umr. sitja hjá við brtt. meiri hlutans og við málið í heild enda er það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, DO, GB, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 311).

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 55. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 55, nál. 269, brtt. 79.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 79 felld með 44:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SF, VE, ÁJ, EKG.

nei: SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖJ, ÖS, ÓE, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, VH, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, ÁÞ, JónK, KH, KPál, MS, GL, ÓÖH, PP, RG.

3 þm. (GÁS, PHB, RA) greiddu ekki atkv.

12 þm. (SighB, StG, ÞorstP, DO, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:00]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að þessi brtt. fjallar um hækkun á ökuhraða og var lögð fram við frv. til laga um breyting á umferðarlögum en ýmsar breytingar eru þar lagðar til. Allshn. fjallaði sérstaklega um þessa brtt. og leggst gegn henni. Þessi afstaða nefndarinnar kemur fram í nefndaráliti en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Nefndin fjallaði einnig um breytingartillögu sem lögð var fram við 1. umr., þskj. 79. Getur nefndin ekki mælt með samþykki hennar, enda er á það bent að við hönnun vega hér á landi er ekki gert ráð fyrir hraða umfram 90 km/klst."

Allir nefndarmenn allshn. eru sammála þessu áliti. Ég segi því nei.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því hvað er verið að leggja til í þessari brtt. Það er sem sagt hækkun á hámarksökuhraða á öllu þjóðvegakerfi landsins, sem svo á að heita að sé með bundnu slitlagi, um heila 20 km eða 22%. Í umræðum í gær held ég að málflutningur tillögumanna og 1. flm., sem aðallega hafði orð fyrir þeim, hafi hrunið svo rækilega til grunna, herra forseti, að ég hygg að ekki sé ástæða til að óttast um úrslit málsins. Ég trúi því að þessi tillaga verði hressilega felld þannig að hv. 1. flm., Vilhjálmur Egilsson, sem annars er hinn vænsti maður, verði vinafár í þessu máli. Ég segi nei.

[16:03]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er lögð fram í nafni hins þögla meiri hluta sem ekur eftir vegum landsins á meira en 90 km hraða að meðaltali. Ég geri mér grein fyrir því að hér í þessum þingsal er ég vinafár en á þjóðvegum landsins eru vinirnir þess fleiri. Ég geri mér líka grein fyrir því að hinn hægfara meiri hluti í þessum sal mun einhvern tíma þurfa að herða ferðina. Ég segi já.

[16:04]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það var ánægjulegt að heyra hv. þm. Vilhjálm Egilsson mæla fyrir munn meiri hluta þjóðarinnar. Það er nú sauðkindin sem er meiri hluti þjóðarinnar. En það hefur komið fram hér að miðað væri við að hámarkshraði yrði aukinn á öllum þjóðvegum landsins. Það er auðvitað ekki rétt þó að heimildin gefi slíka möguleika, þá er það háð skilyrðum á hinum ýmsu stöðum og það er rétt að sú leiðrétting komi hér fram. Ég segi já.

[16:06]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Í skýrslu sem gefin var út af Félagsvísindastofnun háskólans kom í ljós að tjón í umferðinni nemur um 16–18 milljörðum kr. og eru rakin að verulegu leyti til of mikils hraðaksturs og vegtæknigalla. Ég tel ekki nokkurt vit í að styðja tillögu eins og hér er verið að greiða atkvæði um og ég segi nei.

[16:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér er nokkur vandi á höndum. Aldrei þessu vant hefði ég nú kosið miðjumoð og farið hefði verið bil beggja. Ég er með öðrum orðum stuðningsmaður hámarkshraða upp á 100 km hraða. Þar sem sá valkostur er ekki til staðar þá greiði ég ekki atkvæði.

[16:07]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Á Íslandi eru ekki evrópskir vegir. Því er þessi breyting ekki tímabær. Hún verður ekki tímabær fyrr en það verður einn vegur frá Selfossi til Reykjavíkur og annar vegur frá Reykjavík til Selfoss; frá Reykjavík til Akureyrar, frá Akureyri til Reykjavíkur. Þá er það öryggi fyrir hendi sem gerir mögulegt að þessi breyting geti gengið fram.

Ég segi hér, hæstv. forseti, liggur nokkuð við? Já, líf liggur við. Slysin og hörmungarnar vegna hraðaksturs í umferðinni eru nægar. Þess vegna segi ég nei við þessari tillögu.

[16:08]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Einstöku sinnum hef ég rangt fyrir mér. Ég leitast hins vegar við að skoða málin og endurmeta. Það höfum við gert í hv. allshn. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að fengnum upplýsingum að eðlilegt sé að geyma sér það að hækka hámarkshraða á Íslandi og því stend ég að áliti allshn. Eitt banaslys sem rekja mætti til hækkaðs leyfðs hámarkshraða á Íslandi væri of mikið til að rísa undir því. Ég segi nei.

[16:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið upplýst hér af flutningsmönnum þessarar breytingartillögu að þeir telja sig mæla fyrir þögulan meiri hluta og sauðkindina á Íslandi og þá

fer maður kannski að skilja samhengið. (**Gripið fram í:** Hvert er samhengið?) Hér er hins vegar mikið alvörumál á ferðinni og það ber að fagna því að við nánari skoðun hafa menn áttað sig á því að þessi tillaga stefnir í alranga átt. Það liggur fyrir úr vönduðum rannsóknum þeirrar stofnunar á Norðurlöndum sem mest hefur farið ofan í áhrif umferðarhraða á slysatíðni, Trafikk Økonomisk Institutt í Noregi, að afleiðingar af hraðaaukningu eins og hér um ræðir mundi þýða þrjá til fjóra fleiri látna árlega í umferðarslysum hér á landi og 20–25 fleiri alvarlega slasaða. Jafnframt liggur fyrir að hvergi á Íslandi eru vegir sem eru færir um að taka við auknum hraða miðað við þær reglur sem gilda almennt í Evrópu um þessi efni og það blasir við að þessi tillaga mundi leiða til mikils ófarnaðar. En hafa ber í huga, vegna þess sem talað er um að fara í 100 km að heimild er fyrir slíkt í 37. gr. umferðarlaga, ef aðstæður leyfa, m.a. öryggiskröfur. Ég segi nei.

[16:12]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Aukinn umferðarhraði eins og gert er ráð fyrir í þessari brtt. mun leiða til mikilla slysa ef samþykkt verður. Ég vil einnig láta það koma fram að samkvæmt athugunum sem ég hef fengið niðurstöður af mun aukinn umferðarhraði umhverfis Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, þar sem hann yrði 110 km, valda verulegri mengun hér á höfuðborgarsvæðinu. Af þeim ástæðum, en þó fyrst og fremst vegna aukinnar slysahættu, segi ég nei.

[16:13]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef iðulega reynt að halda lögin og halda hámarkshraðann á þjóðvegunum en það veldur mikilli slysahættu vegna þess að umferðin er einfaldlega hraðari. Þess vegna neyðist maður oft til þess, sérstaklega þegar umferð er mikil, að keyra hraðar vegna þess að annars er sífellt verið að taka fram úr sem veldur slysahættu.

Hins vegar eru vegirnir ekki undir það búnir að taka við þeim hraða sem hér er gert ráð fyrir sem hugsanlega veldur enn meiri hraða. Ég get ekki vegið þessa þætti hvorn á móti öðrum og greiði ekki atkvæði.

Brtt. 1 í nál. 269 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

8 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, HG, JóhS, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, GuðjG, GB, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

12 þm. (ÁRJ, ÁÞ, GE, GL, HG, JóhS, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, GuðjG, GB, GMS, HÁs, HBl, KHG, KÁ, LMR, LB, SighB, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 2 í nál. 269 samþ. með 48 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

8.–15. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Endurskoðun viðskiptabanns á Írak, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 101. mál. — Þskj. 104.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Húsnæðissparnaðarreikningar, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 129. mál (heildarlög). — Þskj. 140.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 132. mál. — Þskj. 143.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 141. mál (gjöld af innlendri framleiðslu). — Þskj. 156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Samstarf um nýtingu fiskstofna í Norður-Atlantshafi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁSJ og SvG, 161. mál. — Þskj. 178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðsetning nýrra ríkisfyrirtækja á landsbyggðinni, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG og TIO, 162. mál. — Þskj. 179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:22]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 146. mál (rekstrartap, afskriftareglur, hlutabréf o.fl.). — Þskj. 263, frhnál. 293, brtt. 294 og 305.

[16:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Brtt. felst í því að umorða efnismálsgrein 7. gr. frv. þannig að hún orðist eins og segir í brtt. Um er að ræða smávægilega orðalagsbreytingu sem skýrir orðalagið sem fyrir var og ekki er um neina efnisbreytingu að ræða.

[16:23]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mun hér aðeins ræða þá brtt. sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði grein fyrir. Hún kom það seint fram að það var ekki hægt að ræða hana í gær þegar umræða fór einnig fram um þetta sama mál. Brtt. hv. þm., formanns efh.- og viðskn., snýst um ákvæði í frv. sem varðar skiptingu í hlutafélög. Allsnörp orðaskipti urðu um þennan þátt frv. við 2. umr. en ákvæði í frv. um skiptingu hlutafélaga kom fyrst fram milli 1. og 2. umr. Ég fagna þessari tillögu hv. þm. Vilhjálms Egilssonar enda er hún byggð á áliti færustu endurskoðenda en ég taldi einmitt nauðsynlegt að reynt yrði að gera þessi ákvæði sem best úr garði við lögfestingu enda er málið flókið. Frumvarpsgreinin hefur skýrst og batnað. Ég tel að það sem hér er lagt til sé betrumbót á þessum þætti frv. en afstaða mín og minni hluta efh.- og viðskn. til meginþátta frv. er óbreytt. Brtt. minni hlutans við 3. umr. eru smávægilegar lagfæringar og teknir eru inn þættir sem höfðu af vangá fallið niður. Þær eru ekki efnisbreytingar frá því sem áður hafði verið kynnt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]
Brtt. 294,1–2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, KH, LMR, LB, RG, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:26]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta frv. er eitt af aðalmálum ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Það endurspeglar efnahags- og skattastefnu sem stjórnarandstaðan er andvíg. Brtt. meiri hlutans hér við 3. umr. eru smávægilegar og munum við sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þær en við munum greiða atkvæði gegn frv. í heild enda lýsir það rangri skattastefnu í verulegum atriðum.

Brtt. 305 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, KHG, KÁ, LMR, LB, ÓÖH, RG, StG, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 294,3–5 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VH, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, RG, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KH, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG.
15 þm. (ÁJ, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, KHG, KÁ, LMR, LB, RG, StG, ÞorstP, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta frv. er hluti af ranglátri skattapólitík hæstv. ríkisstjórnar. Þær breytingar sem mest munar um í skattamálum á undanförnum árum hafa nær allar gengið í þá átt að færa skattbyrði af fyrirtækjum og gróðaaðilum yfir á almenning og launafólk. Hér er haldið áfram á sömu braut því flestar þær ívilnandi aðgerðir sem á annað borð eru á ferðinni í þessu frv. ganga í þá átt að létta álögum af fyrirtækjum og færa þær yfir á almenning.

Það sem sérstaklega stingur í augun við afgreiðslu þessa frv. eru þau algjöru svik sem í því felast gagnvart loforðum hæstv. ríkisstjórnar og stjórnarflokka, einkum Framsfl., að taka á svonefndum jaðarsköttum. Í þessu frv. er verið að staðfesta að það á að leggja á tekjuskatt á næsta ári á Íslandi án þess að nokkuð sé hróflað við því mikla óréttlæti sem þar

er að finna hvað þetta snertir. Því mótmæli ég sérstaklega og greiði atkvæði gegn þessu frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 313).

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 173. mál (sumarhús o.fl.). — Þskj. 190, nál. 303, brtt. 304.

[16:30]

Frsm. félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 303 og brtt. á þskj. 304 fyrir hönd félmn.

(**Forseti** (RA): Ég vil biðja menn að gefa ræðumanni hljóð en um leið vil ég vekja athygli á því að það verður haldinn nýr fundur strax að loknum þessum fundi. Það verður stuttur fundur. Og getur nú ræðumaður haldið áfram ræðu sinni.)

Í frumvarpinu er lagt til að sömu reglur gildi um stofn til álagningar á sumarhús og nú gilda um útihús í sveitum. Stofn til álagningar fasteignaskatts á sumarhús verður þá fasteignamat þeirra. Jafnframt verði hætt að umreikna matsverð sumarhúsa til markaðsverðs sambærilegra eigna í Reykjavík. Þá er í frumvarpinu lagt til að í lögunum komi skýrt fram að sveitarstjórnir hafi sams konar heimildir til að undanþiggja sumarhús álagi á fasteignaskatt og gilda um aðrar fasteignir í dreifbýli.

Í vor var gengið frá samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um kostnaðar- og tekjutilfærslu vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga og í framhaldi af því gerðar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Frá því að umrætt samkomulag var gert hafa forsendur um lífeyrissjóðsskuldbindingar breyst. Kostnaður sveitarfélaga við að standa skil á lífeyrissjóðsskuldbindingum grunnskólakennara mun aukast og verða 225 millj. kr. umfram það sem áður var talið. Því hefur verið gert viðbótarsamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga varðandi flutning tekna frá ríki til sveitarfélaga. Í ljósi þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali, nr. 304. Þar er miðað við að útsvarshlutfall verði hækkað um 0,09% til viðbótar því sem þegar er kveðið á um.

Legg ég því til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem fylgja á þskj. 304.

[16:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil bara þakka hv. félmn. fyrir skjót viðbrögð og greiða afgreiðslu á þessu máli. Það er mjög mikilvægt að þetta frv. verði að lögum sem allra fyrst út af fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]

1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 304,1 (tvær nýjar greinar, verða 2.–3. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 304,2 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

3. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 304,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 46 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 16:37.

---

41. FUNDUR

miðvikudaginn 11. des.,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá:

Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 173. mál, þskj. 190 (með áorðn. breyt. á þskj. 304). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 173. mál (sumarhús o.fl.). — Þskj. 314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mér finnst ekki óeðlilegt úr því að hér er viðhafður afbrigðilegur flýtir á afgreiðslu þessa máls og það tekið á dagskrá á nýjum fundi með afbrigðum eftir að hafinn er venjulegur þingflokksfundatími að okkur sé gefin skýring á því hvers vegna svona brýna nauðsyn beri til að afgreiða þetta með þessum hætti. Er gjalddagi á morgun eða hvað?

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er sú skýring á því að sveitarfélögin eiga að vera búin að tilkynna fjmrn. útsvarsprósentu sína fyrir 15. des. 15. des. er að koma og þess vegna höfum við gripið til þess ráðs eða hef ég verið að þrýsta á að fá þetta mál afgreitt svona. Ég biðst hins vegar afsökunar á því hve seint þessi brtt. er fram komin en þær orsakir lágu til þess að samkomulag lá ekki fyrir milli ríkis og sveitarfélaga um þetta atriði. Reyndar standa enn þá nokkur atriði óuppgerð á milli ríkis og sveitarfélaga en samráðsfundur ríkis og sveitarfélaga verður haldinn á mánudaginn kemur og þá vonast ég eftir að þau mál leysist öll í kjölfarið á þeim fundi.

[16:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessar mikilsverðu upplýsingar bæði þetta sem lýtur að útsvarsálagningu sveitarfélaganna og eins hitt að 15. des. skuli vera að koma.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:42]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, VE, ÖJ.

19 þm. (ÁE, GE, GuðjG, GL, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, KHG, KÁ, LMR, LB, RG, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 315).

Fundi slitið kl. 16:43.

---

42. FUNDUR

fimmtudaginn 12. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Umferðarlög, stjfrv., 55. mál, þskj. 312. — 3. umr.
2. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306. — 1. umr.
3. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308. — 1. umr.

Ef leyft verður.

4. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 301, brtt. 302. — 2. umr.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 48. mál, þskj. 310.

Lögskráning sjómanna, 203. mál, nál. samgn., þskj. 318.

Skatttekjur af viðskiptum með aflaheimildir, 122. mál, svar fjmrh., þskj. 316.

Stofnun jafnréttismála fatlaðra, 230. mál, þáltill. ÁÞ o.fl., þskj. 319.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 173. mál, þskj. 314.

Umferðarlög, 55. mál, þskj. 312.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í dag, klukkan 5 síðdegis, fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. þm. Guðmundur Lárusson. Menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða, og er efni hennar kennsla í iðjuþjálfun á háskólastigi.

Að öðru leyti vill forseti taka eftirfarandi fram um dagskrána í dag: Forseti hyggst byrja á 1. dagskrármálinu, Umferðarlögum, það er 3. umr. og væntanlega verður atkvæðagreiðsla í lok hennar. Síðan verður tekið fyrir 4. dagskrármálið, Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 2. umr. Verði þeirri umræðu ekki lokið kl. 5 síðdegis verður gert hlé á henni um stutta stund. 2. dagskrármálið, Lánsfjáraukalög, sem er til 1. umr., verður tekið fyrir að lokinni utandagskrárumræðunni sem forseti var að tilkynna um.

Um fundarhaldið að öðru leyti, þar á meðal um 3. dagskrármálið, Málefni fatlaðra, verður nánar rætt á fundi formanna þingflokka og forseta sem verður boðað til fljótlega.

Athugasemdir um störf þingsins.

Viðvera ráðherra og frumvarp um málefni fatlaðra.

[13:35]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Út af orðum forseta um að taka á dagskrá frv. til laga um veiðar utan fiskveiðilögsögunnar, þá vil ég spyrjast fyrir um hvort það sé ekki alveg öruggt að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur þá umræðu. Hann var með veikindaleyfi á Alþingi í gær og ég óska eftir því að umræðan fari ekki fram nema að viðstöddum hæstv. ráðherra.

[13:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það kom reyndar fram í upphafsorðum forseta að rætt yrði við þingflokksformenn um 3. dagskrármálið en ég get ekki annað en lýst furðu minni á því að frv. um málefni fatlaðra skuli komið hér á dagskrá þingsins. Mér skilst að því hafi verið útbýtt í gær. Ég hef því miður ekki haft tíma til að kynna mér málið. En það sem vekur ekki minni furðu mína er að þegar kominn er 12. des. á að hefja umræðu um mál sem á að verða að lögum fyrir áramót. Mér finnst þetta ekki nógu góð vinnubrögð á hinu háa Alþingi að vera að byrja umræðu um slíkt mál. Ég átta mig ekki á hversu flókið það er en ég sé að þetta tengist reyndar breytingum á öðrum lögum sem hér eru til meðferðar. En ég spyr hæstv. forseta: Er það virkilega nauðsynlegt að þetta mál verði á dagskrá og verði að lögum fyrir áramót? Félmn. er nú að fást við mjög stór mál og mér finnst, hæstv. forseti, að þrátt fyrir góðan ásetning forseta þingsins um vinnubrögð hér, þá lendum við í sömu súpunni ár eftir ár. Á þessu verður að verða einhver breyting.

[13:37]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en lengra er haldið vill forseti vekja athygli á því að rétt áðan var forseti að segja frá því að fundur yrði haldinn með formönnum þingflokka og forseta um frv. um málefni fatlaðra sem er 3. dagskrármálið og það verður ekki tekið fyrir fyrr en að loknum þeim fundi. Þessi frestun er einmitt gerð til að koma til móts við þá gagnrýni sem fram hefur komið þannig að það gefist færi á að ræða málið.

Varðandi athugasemdina sem kom fram í upphafi frá hv. 4. þm. Vestf. vill forseti geta þess að það er rétt að hæstv. sjútvrh. hafði veikindaleyfi í gær og gat þá ekki verið viðstaddur en hann er væntanlegur á hverri stundu.

[13:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram við fyrirspurn Kristínar Ástgeirsdóttur varðandi málefni fatlaðra. Ég vil gjarnan að það komi fram að í því góða samstarfi sem hefur verið með þingflokksformönnum og forseta Alþingis hefur það verið rætt að eitt af því sem eigi ekki að eiga sér stað, en gerðist nokkuð oft á síðasta vetri, sé það að dreifa frumvörpum, jafnvel þýðingarmiklum og allt að því lagabálkum, annan daginn og þau væru komin á dagskrá í upphafi fundar næsta dag. Forseta er kunnugt

um að okkur hefur fundist að þetta ætti ekki að gerast ef við vildum viðhafa góð vinnubrögð og ég hef gagnrýnt þetta harkalega. Þess vegna gagnrýndi ég það líka við forseta í dag að sjá að mál sem var dreift í gær væri komið hér á dagskrá í upphafi fundar og er mjög sátt við það að forseti hafi brugðist við með því að breyta röð mála.

Hins vegar vil ég að það komi fram að ég hef engan áhuga á því að tefja framgang í þeim mikilvæga málaflokki sem málefni fatlaðra er. Hann er mikilvægur, ætti að vera ræddur miklu oftar en raunin er hér á Alþingi. En, virðulegi forseti, ég hlýt að minna á það þar sem þetta mál kemur svo skjótt á dagskrá að þess var óskað að sérstök umræða, sem farið hafði verið fram á að beiðni hagsmunasamtaka fatlaðra, færi fram í tengslum við 3. des. Ekki var hægt að koma því við. Við ræddum þá um störf þingsins og báðum um að þessari umræðu yrði komið á næstu daga. Sú umræða fjallar um afmarkaða þætti í málefnum fatlaðra, ekki breytingu á löggjöfinni og á ekki heima undir umræðu um frv. sem slíkt. Þess vegna minni ég á það að sú umræða sem þá var beðið um er jafnþýðingarmikil í dag og hún var þá vegna þess að hún er óháð frumvarpsbreytingu. Og ég vil að það komi fram að félmrh. hefur í tvígang látið þau orð falla við mig að það skuli ekki standa á honum að taka þá umræðu sem beðið var um og að hann sé tilbúinn fyrirvaralítið að taka hana. Þess vegna hlýt ég að benda á að það virkar illa á sum okkar þegar slík umræða kemst ekki á dagskrá en frumvörp koma sisvona, dreift annan daginn og á dagskrá hinn.

[13:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að þessi mál verða rædd aðeins betur, þ.e. dagskrá í dag. Það er alveg fráleitt að setja svona mál á dagskrá yfirleitt án þess að ræða það áður á vettvangi formanna þingflokkanna. Það gengur ekki og er ástæðulaust að sitja þegjandi undir því. Það á ekki að ganga þannig frá málum á síðustu dögum þingsins, sérstaklega þegar um er að ræða mál sem er viðamikið og við höfum ekki haft aðstöðu til þess að kynna okkur miðað við það að fólk er hér stöðugt á nefndafundum svo að segja sólarhringum saman í ýmsum nefndum þingsins og stjórnarandstæðingar hafa staðið sig vel í því að mæta á fundum í þingnefndum við að afgreiða mál af margvíslegu tagi og oft miklu betur en stjórnarsinnar. Mér finnst því að það sitji satt að segja síst á meiri hlutanum og þingforustunni að koma fram við stjórnarandstöðuna með þeim hætti sem ég tel að sé gert með þeim dagskrártillögum sem liggja fyrir í dag og kannski síst af hæstv. félmrh. sem hefur fengið alveg sérstaklega góða þjónustu hér í þinginu undanfarna daga, að ekki sé meira sagt.

Þetta er þeim mun undarlegra og alvarlegra, hæstv. forseti, þegar frv. um málefni fatlaðra er undirbúið af stjórnarflokkunum og hagsmunasamtökum. Fulltrúar stjórnarflokkanna hafa séð þetta mál. Fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. hafa séð þetta mál í nefnd. En fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem áttu að byrja að ræða málið í dag, hafa aldrei séð þetta mál vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar fengu ekki að vera með í þeirri nefnd sem undirbjó þetta mál sem er algjörlega fráleitt og í raun forkastanleg vinnubrögð í máli af því tagi sem hér er uppi þar sem þarf að leita víðtækrar, faglegrar og pólitískrar samstöðu. Þess vegna á að gagnrýna þessi þröngu, lokuðu vinnubrögð stjórnarflokkanna í hverju málinu á fætur öðru, m.a. því máli sem hér er uppi. Þess vegna vil ég segja það, hæstv. forseti, að það eru öll rök sem mæla með því að þetta mál verði ekkert hér til umræðu í dag heldur komi bara til umræðu eftir helgi með eðlilegum hætti ásamt fleiri málum.

[13:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er sannarlega ekki ástæða til þess fyrir mig að vera neitt að kvarta undan stjórn þingsins. Ég tel að forsetar þingsins hafi reynt að gegna sínu starfi af lipurð og sanngirni. Mér er það ekkert sérstakt kappsmál að þetta frv. verði til umræðu í dag. Hins vegar liggur það fyrir þinginu og ef þingið hefði fallist á að það yrði tekið til umræðu með afbrigðum, þá væri ég ósköp ánægður að fá að mæla fyrir því í dag og umræðan gæti farið fram. Ég vona að þegar menn átta sig á að hér er um tiltölulega einfalt frv. að ræða þá sjái menn sér fært að taka það til umræðu.

Frv. fjallar fyrst og fremst um yfirfærsluna til sveitarfélaganna, þ.e. hvort menn vilja stíga það skref, þetta er stefnumörkun. En áður en að því kemur að málaflokkurinn yrði færður til sveitarfélaganna, ef Alþingi ákvæði svo, þá þarf að fara fram miklu víðtækari og gagngerðari endurskoðun á þessum lögum. Og að mínu viti færi best á að fella þau saman við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem einnig er verið að endurskoða.

Ég er tilbúinn að ræða utan dagskrár, þegar forsetum þykir henta, um málefni fatlaðra samkvæmt beiðni sem barst frá Þroskahjálp fyrir nokkru síðan og hugmyndir voru uppi um að reyna að koma á 3. des. Það stendur ekki á mér að gera það.

Varðandi það að stjórnarandstöðunni hafi verið haldið utan við þetta mál þá er það ekki alveg rétt. Einn af þeim sem áttu sæti í þessari nefnd er varaformaður Alþfl., að vísu fulltrúi sinna hagsmunasamtaka en ég taldi að þar með væri sæmilega séð fyrir sjónarmiðum sem stjórnarandstaðan hefur í málinu.

[13:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara taka það fram í tilefni af orðum hæstv. félmrh. að ég ber mikla virðingu fyrir samtökunum Þroskahjálp. Þau eiga ekki fulltrúa á Alþingi. Alþfl. á hins vegar fulltrúa á Alþingi, eins og kunnugt er, (Gripið fram í.) þannig að þessi uppsetning mála af hálfu hæstv. ráðherra er misnotkun á þeim trúnaði sem hagsmunasamtök sýna honum. Svo einfalt er það. Og að ætla sér að líta þannig á að fulltrúi Þroskahjálpar sé fulltrúi einhvers stjórnarandstöðuflokks er algjör fjarstæða í máli af þessu tagi. Ég hef reyndar séð að hæstv. ráðherrar hafa leikið þennan leik gagnvart ýmsum öðrum nefndum og starfshópum. Það er óeðlilegt og ég vísa því almennt á bug. Ríkisstjórnin á að sjá sóma sinn í því að kalla til fulltrúa stjórnarandstöðuflokka þegar kemur að málum sem þurfa víðtæka, pólitíska og faglega samstöðu eins og málefni fatlaðra.

Hér er um að ræða gríðarlega stórt mál líka sem er flutningur á málaflokknum yfir til sveitarfélaganna. Það er ekkert smámál og það er ekkert einfalt mál. Það tekur örugglega þó nokkurn tíma að ræða það mál, hæstv. forseti.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við þetta en að gefnu tilefni hlýt ég að koma hér upp og láta þess getið að fulltrúi Þroskahjálpar í undirbúningsnefnd að þessari frumvarpssmíð er núna varaformaður Alþfl. en

var það ekki þegar þessi nefnd var skipuð. Þessi einstaklingur er mjög verðugur fulltrúi og ég var mjög ánægð með að hún ætti sæti í þessari nefnd. En ég tek undir að það er afar mikilvægt í þessum stóru málaflokkum, málaflokki fatlaðra og líka þar sem boðað er í frv., sem ég var að renna augum yfir, að breyta ætti lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, að fulltrúar þingflokkanna á Alþingi, stjórnar og stjórnarandstöðu, komi að því máli. Þetta er svo víðtækt í okkar velferðarmálum að ég hvet ráðherrann til þess þegar sú undirbúningsnefnd fer af stað að huga að því að fulltrúar komi héðan frá Alþingi alveg óháð því hvaða hagsmunasamtök koma. Það er mjög mikils virði fyrir Alþfl. að Ásta B. Þorsteinsdóttir átti sæti í þessari nefnd en það fullnægir að sjálfsögðu ekki stjórnarandstöðuflokkunum á Alþingi að öðru leyti.

[13:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Öðru hverju fréttir maður af því að stjórnarandstöðuflokkarnir séu að sameinast eða a.m.k. að taka upp mjög nána samvinnu. (**Gripið fram í:** Viltu vera með í því?) Nei, ég ætla ekki að vera með í því. En það er alveg rétt sem fram hefur komið að það var ekki leitað til stjórnarandstöðuflokkanna sem slíkra til þess að taka þátt í þessari endurskoðun. Það má vel vera að það hafi verið mistök hjá mér að einhverju leyti. Við svona endurskoðanir þarf náttúrlega að gæta hófs við fjölda nefndarmanna. Það er ekki heppilegt að nefndir séu mjög fjölmennar. Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir var varaþm. Alþfl. og fulltrúi Þroskahjálpar í nefndinni og ég hafði ímyndað mér að hún væri fullboðlegur fulltrúi bæði fyrir Þroskahjálp og gæti jafnframt haldið stjórnarandstöðunni upplýstri um það sem þar væri að gerast.

[13:49]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu en ég get ekki orða bundist núna. Ég vil taka það fram og ég er alveg sannfærð um það að ég mæli fyrir munn þeirra samtaka sem ég var fulltrúi fyrir við endurskoðun þessara laga að þau tilheyra hvorki Alþfl. né jafnaðarmönnum. Ég vil að það komi skýrt fram. Ég var fulltrúi þeirra sem foreldri innan þeirra samtaka og pólitísk afskipti mín koma þar ekkert málinu við.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 55. mál (EES-reglur, vegheiti o.fl.). — Þskj. 312.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, ÁÞ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, TIO, VH, VE, ÖS.

25 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GE, GÁS, HÁs, HG, IP, JónK, KH, LMR, StG, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 321).

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 301, brtt. 302.

[13:53]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Sighvatur Björgvinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulega forseti. Ég tel að það sé ekki hægt að hefja umræðuna fyrr en búið er að dreifa nefndarálitum. Aðeins hefur verið dreift einu nefndaráliti, nefndaráliti meiri hluta en ókomin eru að ég hygg nefndarálit bæði 1. og 2. minni hluta í nefndinni og fyrr en þau liggja fyrir tel ég að ekki sé hægt að hefja umræðuna.

[13:53]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Þetta er hárrétt ábending hjá hv. þm. og verður nú dokað við andartak á meðan nefndarálitunum verður dreift. Við gerum því hlé í þrjár mínútur.

[13:59]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 317; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 320.

[Fundarhlé. — 14:00]

[15:03]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta hv. sjútvn. um dagskrármálið. Álitið liggur fyrir á þskj. 301 og brtt. sem þar er fjallað um á þskj. 302. Meiri hlutinn gerir að tillögu sinni að breytingar verði gerðar á 5. og 6. gr. þess efnis að skilyrðin eigi við bæði um aflaheimildir á deilistofnum og öðrum stofnum. Því næst breyting við 10. gr., þar sem fjallað er um viðbrögð við skipum sem óheimilt á að vera að veita þjónustu, um að 2. málsl. 1. mgr. orðist eins og þar segir. Síðan í fjórða lagi að nýr kafli um viðurlög verði í samræmi við viðurlagaákvæði sem þegar hafa komið fram í öðrum lögum um stjórn fiskveiða og 5. liður brtt. er svo að þær greinar sem voru í frv. um viðurlög verði felldar niður.

Herra forseti. Frv. hefur þegar verið til umfjöllunar á fyrra þingi þannig að efni þess og viðfangsefnið sem það tekur til er hv. þm. vel kunnugt. Í hv. sjútvn. hafa nefndarmenn fjallað um það fyrr, bæði á síðasta vori eða fyrra vetrarþingi og nú í nokkrar vikur og fengið umsagnir og álit ýmissa aðila. Við teljum að sú umfjöllun sé orðin eðlileg. Hún hafi náð til þeirra þátta sem eðlilegt sé að komi til álita. Sótt hefur verið eftir athugasemdum aðila sem eiga undir að búa og þeirra sem til þurfa að koma við framkvæmd þegar frv. verður að lögum.

Það er vert að geta þess, herra forseti, að í umfjöllun nefndarinnar og í umræðum um málið fyrr á þinginu, og raunar líka á síðasta þingi, hefur mikið verið rætt hvort nauðsyn sé á þessari löggjöf og hvernig það muni snerta þá aðila sem við hana þurfa að búa. Okkur í meiri hluta nefndarinnar sýnist að nauðsyn sé fyrir löggjöf af þessu tagi. Ekki einasta vegna þess sem mest hefur verið spurt um að væntanlegt sé að gildi taki alþjóðlegur samningur um úthafsveiðar sem

Ísland mun verða aðili að og sem ríkisstjórnin ætlar að við verðum raunar með fyrstu ríkjum til að verða aðili að og fullgilda. En einnig og ekki síður vegna annarra samninga sem Ísland er aðili að við önnur ríki, grannríki okkar, um stjórn veiða á stofnum sem eru okkur mjög mikilvægir á hafsvæðum í námunda við okkar lögsögu. Þar er um að ræða stofna sem við teljum að séu verulegar ástæður til að hafa áhyggjur af. Um þau svæði og um þær veiðar verður að segjast, herra forseti, að við þykjumst hafa orðið þess áskynja að ástæða sé til að Ísland hafi betri lagagrundvöll en verið hefur til afskipta af þeim veiðum. Þess vegna teljum við brýnt að þetta frv. verði að lögum. Varðandi atriði sem spurt hefur verið um í umræðum í hv. sjútvn. hvort þetta frv., þegar að lögum verður, muni hefta framgang sóknar íslenskra útgerða á hugsanleg ný mið eða áður ósótt af okkar mönnum, þá verður að koma fram að okkur virðist þetta frv. muni ekki hefta slíkar nýjar veiðar eða sókn á mið sem eru okkur ný.

Í þessu sambandi, herra forseti, hefur verið gripið á lofti að með frv. sé ætlunin að færa út með einhverjum hætti íslenska lögsögu allt til annarra meginlanda, um allan hnött og jafnvel víðar. Ég held að það sé sérstakt orðalag til þess að gera gys að því sem í raun hlýtur alltaf að eiga við, að þar sem íslensk starfsemi fer fram hlýtur hún að gegna íslenskum lögum og reglum. Um þetta er ekki nýmæli í lögunum að finna. Við teljum hins vegar skipta máli að í þessum lögum er að finna raunveruleg skilyrði fyrir því hvenær stjórnvöld geti og eigi að hafa afskipti af þessari starfsemi. Í núgildandi lögum um veiðar utan lögsögunnar eru slík skilyrði ekki sett. Og um þau lög mætti segja líkt og sagt er í dómi Hæstaréttar sem hefur komið til umræðu nokkuð í þessu sambandi. Þau lög eru án þeirra skilyrða sem Hæstiréttur telur að hafi skort í lögum sem hann fjallar um í máli nr. 110 frá 1995 og telur ámælisvert í löggjöf, að framkvæmdarvaldi, stjórnvöldum, sé heimilað að takmarka eða skerða atvinnufrelsi manna án þess að fyrir sé mælt í lögunum við hvaða aðstæður og hversu langt megi ganga. Slík skilyrði verða í lögum þegar þetta frv. verður að lögum. (**Gripið fram í:** Hvaða lögum?) Ég heyri að hv. þm. hefur ekki enn lesið frv. nægilega vel. En þau eru í þessu frv., þau eru í ákvæðum frv. sem við munum samþykkja að lokinni 3. umr.

Auk þess sem fram kemur í brtt. meiri hlutans, herra forseti, vill hann taka fram atriði sem honum finnst máli skipta um skilning ákvæða þegar til framkvæmda koma í 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr. þar sem verða heimildir til þess, eftir atvikum, að fara fram á að þeir sem fái heimildir, aflaheimildir utan lögsögunnar, í deilistofnum eða öðrum, láti af hendi rakna þess í stað aðrar. Og þar lætur meiri hlutinn fram koma það sem er hans skilningur, að það þurfi að liggja fyrir áður en slíkum ákvæðum verði beitt og að hann telji ekki einasta rétt að miða við þorskígildi sem byggjast á mismunandi verðmæti afla heldur einnig á mismunandi kostnaði við sóknina á fjarlæg mið, misjafnlega langt frá landi. Án þess að rekja nánar frá orði til orðs sem í nál. segir þá er þetta tilraun til þess að gefa nokkra fyrirsögn um það hvernig beita megi, ef beitt verði, þeim heimildum sem fjallað er um í 3. mgr. beggja þessara greina.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir tillögum meiri hluta nefndarinnar og atriðum sem þess utan koma fram í áliti hans og legg til að brtt. verði samþykktar.

[15:11]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Frsm. meiri hluta sjútvn. tók þannig til orða áðan að þetta frv. hafi fengið mjög mikla umfjöllun og vandaða og miklar umræður og því væri engin ástæða til annars en að afgreiða það nú. En þá spyr ég: Hver var þá ástæðan fyrir því, herra forseti, að gert var klukkutíma starfshlé á fundi í dag þegar tilkynnt hafði verið að málið væri tekið fyrir og hv. frsm. meiri hluta sjútvn. ætti að taka til máls? Hann mætti ekki í ræðustól þegar hann átti að taka til máls og í framhaldi af því var gefið klukkustundar fundarhlé. Hvers vegna, virðulegi forseti? Var eitthvað sem var enn órætt, eitthvað óvænt sem hafði komið upp á? Eitthvað sem mönnum hafði yfirsést? Ber það vott um vönduð vinnubrögð og mikla umfjöllun að hv. frsm. meiri hluta sjútvn. mætir ekki hér þegar búið er að boða það að hann taki til máls til þess að rökstyðja afgreiðslu meiri hlutans? Síðan er í kjölfarið, rétt áður en fundur hefst dreift nýju nál. meiri hlutans þar sem búið er að breyta í veigamiklum atriðum út frá því nál. sem hafði legið fyrir og var kynnt af sjútvn. fyrir einum tveimur sólarhringum og enginn hafði gert minnstu athugasemdir við fyrr en nú, tveimur sólarhringum síðar. Ber þetta, virðulegi forseti, vott um að málið sé vandlega unnið og hafi verið skoðað frá öllum hliðum og nægileg umræða hafi farið fram? Það held ég ekki því að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í dag í umræðunni um þetta mál eru ekki þau sem venjulega eru tíðkuð hér á löggjafarsamkomunni. Þau bera þvert á móti vitni um það að til verksins hafi ekki verið sérstaklega vel vandað.

Það skyldi þó ekki vera að það væri ýmislegt fleira í frv. sem þyrfti að skoða betur? T.d. er ég alveg sannfærður um að hv. frsm. meiri hluta sjútvn. er þeirrar skoðunar í hjarta sínu og höfði líka að það hefði verið rétt að taka sér svolítið meiri tíma m.a. til að skoða þær athugasemdir sem bárust sjútvn. á síðustu stigum málsins frá Katli Sigurjónssyni lögfræðingi, kennara í hafrétti við lagadeild Háskóla Íslands, og hefði gjarnan viljað, ef hann hefði mátt ráða ferðinni sjálfur, að þau eðlilegu vinnubrögð hefðu verið viðhöfð að eftir að það álit lá fyrir þá tækju menn sér svolítið hlé í störfum nefndarinnar með þetta mál og létu skoða það betur hvort sú skoðun lögfræðingsins sé á rökum reist að sú afgreiðsla sem hér á að fara fram stangist gróflega á við nýfallinn dóm Hæstaréttar sem reis út af sambærilegri lagasetningu hér á Alþingi þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að löggjafarsamkoman væri að framselja óleyfilega lagasetningarvald til ráðherra. Þess vegna mótmæli að ég því að þetta mál hafi fengið vandaða og mikla umfjöllun þó svo að ég viðurkenni það fúslega að það sé búið að vera á dagskrá Alþingis síðan í fyrra.

Þá fannst mér það líka vera hálfundarlegt sem haldið var fram hér áðan af frsm. meiri hlutans að það væri einhver þumalfingursregla að hvarvetna þar sem fram færi íslensk starfsemi ætti hún að eiga sér stað samkvæmt íslenskum lögum. Það væru rök fyrir því að íslensk lög ættu að gilda innan fiskveiðilandhelgi annarra ríkja. Nú vill svo til að Íslendingar fara með starfsemi mjög víða innan lögsögu annarra ríkja, t.d. á Kamtsjatka og við rekstur Mecklenburger Hochseefischerei. Er það þá skoðun hv. þm. að þessi atvinnustarfsemi eigi að fara fram samkvæmt íslenskum lögum en ekki lögum þeirra landa þar sem atvinnustarfsemin er stunduð? Hv. þm. kynni að halda því fram að hann ætti við það eitt að íslensk starfsemi skyldi fara fram samkvæmt íslenskum lögum sé

um að ræða starfsemi fyrirtækis sem skráð er á Íslandi en ekki í öðrum löndum. Þá spyr ég: Er þá hv. þm. að halda því fram að t.d. íslensk verktakafyrirtæki sem skráð eru á Íslandi en starfa í öðrum löndum, að starfsemi þeirra þar eigi að fara fram samkvæmt íslenskum lögum? Ja, miklir menn erum við nú, Hrólfur minn, ef það á að vera niðurstaða okkar Íslendinga að íslensk lög séu rétthærri lögum annarra ríkja, ef íslenskir ríkisborgarar eða íslenskt fyrirtæki stundar atvinnustarfsemi sína annars staðar en í lögsögu okkar eigin lands, þá eigi íslensk lög að gilda. Ég er hræddur um að það kæmi skrýtinn svipur á ýmsar grannþjóðir okkar og jafnvel fleiri þó að lengra yrði leitað ef þessi túlkun hv. frsm. meiri hluta sjútvn. ætti að berast fram t.d. af sendimönnum Íslands á alþjóðavettvangi, að íslensk lög væru rétthærri lögum annarra þjóða þegar um Íslendinga væri að ræða sem stunduðu atvinnustarfsemi innan lögsögu annarra ríkja. Ég hef aldrei heyrt svona löguðu haldið fram og spyr hv. formann nefndarinnar hvort þetta sé virkilega hans skoðun eða hvort honum hafi orðið á þarna illileg mismæli og hann meini eitthvað allt annað en það sem hann segir því það segir sig auðvitað sjálft að ef íslenskt fiskiskip stundar veiðar innan lögsögu annarra ríkja eða annars ríkis, þá eru það auðvitað lög þess ríkis sem eiga við um þá atvinnustarfsemi. Ekki mundum við Íslendingar samþykkja að erlend fiskiskip gætu stundað veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar á þeim lagagrunni sem reistur er í heimalöndum viðkomandi skipa en þyrftu ekki að taka neitt tillit til íslenskra laga í því sambandi. Þetta er því algjörlega út í hött og engin rök og fáránlegt að þetta sé notað sem rökstuðningur fyrir því að íslensk lög eigi að gilda um veiðar íslenskra fiskiskipa innan fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Það er fráleitt. En öðruvísi voru ummæli hv. formanns nefndarinnar ekki skiljanleg. Hvað átti hv. þm. þá við ef hann átti ekki við þetta? Svona orðaði hann sína skoðun, en það getur vel verið að hugsun hans hafi verið allt önnur heldur en sú sem orðanna hljóðan lét í té.

Það frv. sem hér er til umræðu var til umfjöllunar á þinginu í fyrra og urðu þá miklar umræður um málið. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þær hér. Ég flutti þá langa ræðu um öll efnisatriði þessa máls sem ég vitna einfaldlega í án þess að fara að endurflytja þá ræðu hér, en vil aðeins staldra við það að þó svo að undirbúningur þessarar frumvarpssmíðar hafi hafist í sérstakri nefnd, sem hæstv. sjútvrh. skipaði með aðild allra þingflokka, þá er það einfaldlega staðreynd engu að síður að sú nefnd komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu þannig að frv. er ekki flutt sem samkomulagsmál í framhaldi af því nefndarstarfi. Þvert á móti var ágreiningur í nefndinni bæði um meginefnisatriði frv. og þar að auki um hverja einustu grein sem í frv. stendur.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, sem var fulltrúi Alþfl. í úthafsveiðinefndinni, lagði m.a. við lok nefndarstarfsins fram ítarlega greinargerð þar sem hún skýrði afstöðu sína og þingflokks Alþfl. og þar kom þetta ljóst og skýrt fram. Ég las þessa greinargerð alla á þinginu í fyrra og vitna til hennar án þess að ég ætli að fara að lengja umræðuna með því að lesa hana alla aftur. En þar kom það fram að af hálfu okkar alþýðuflokksmanna var ágreiningur um meginefni frv., þ.e. um hvort þörf sé fyrir að setja svona lög. Við teljum það ekki vera. Við teljum að í íslenskri löggjöf eins og hún er séu fullnægjandi heimildir til þess að stjórna veiðum á úthafinu innan þeirra marka sem samningar skuldbinda okkur til að sé gert. Enn fremur komu fram í greinargerð hv. þm. athugasemdir við allar einstakar efnisgreinar frv.

Sá ágreiningur sem var um málið í fyrra og kom m.a. fram hér á Alþingi og í störfum sjútvn. þá hefur alls ekki verið jafnaður því að þær tiltölulega fáu breytingar sem meiri hluti sjútvn. leggur til breyta ekki meginefnisatriði frv. þannig að ágreiningurinn, sem var uppi um málið, er enn til staðar og hefur ekki verið jafnaður. Það sem hefur hins vegar gerst í nefndarstörfum sjútvn. nú er að fram hafa komið nýjar upplýsingar sem ekki lágu fyrir í fyrra, sem gera það enn vafasamara en það var á síðasta þingi að afgreiða þetta frv. eins og frá því er gengið. Fram hafa komið upplýsingar á fundum sjútvn. er varða í fyrsta lagi það fordæmi sem verið er að gefa öðrum þjóðum og í öðru lagi hafa komið fram alvarlegar athugasemdir og ábendingar frá Katli Sigurjónssyni lögfræðingi, kennara í hafrétti í Háskóla Íslands, sem ekki lágu fyrir í fyrra. Og þessar upplýsingar eru það afdráttarlausar og það umhugsunarverðar að hafi ekki verið ástæða til að afgreiða frv. í fyrra, eins og varð niðurstaða Alþingis þá, þá er enn síður ástæða til að afgreiða það nú.

Í nefndaráliti 1. minni hluta sjútvn. er birt sem fskj. I dómur í Hæstarétti í máli Samherja hf. gegn íslenska ríkinu, nr. 110/1995, sem upp var kveðinn 10. okt. 1996. Niðurstaða Hæstaréttar er í stuttu máli sú að með þeim lögum sem þar er vitnað til hafi Alþingi óleyfilega framselt stjórnvaldi, stjórnvaldshafa, þ.e. ráðherra, lagasetningarvald, vald til þess að skerða atvinnufrelsi manna sem ekki standist ákvæði stjórnarskrár íslenska lýðveldisins um atvinnufrelsi o.fl. og bæri því að dæma ógilt. Og í fskj. II sem fylgir með nefndaráliti 1. minni hluta koma einnig fram nokkrar lögfræðilegar athugasemdir frá Katli Sigurjónssyni, kennara í hafrétti við Háskóla Íslands, við frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að það frv. sem hér á að afgreiða feli í sér sambærilegt valdaafsal frá löggjafarstofnun til stjórnvaldshafa eins og í lögum þeim sem dómur Hæstaréttar vék að í dóminum sem ég ræddi um áðan. Því er það niðurstaða Ketils Sigurjónssonar að sú afgreiðsla sem hér eigi að fara fram stangist jafnmikið á við ákvæði stjórnarskrár eins og löggjöf sú sem samþykkt var á Alþingi og Hæstiréttur dæmdi ógilda með dómi sínum frá því fyrir nokkrum vikum síðan. Og lögfræðingurinn bendir á að það sé meira að segja sama orðalag notað í því frv. sem hér á að fara að afgreiða sem lög frá Alþingi og Hæstiréttur dæmdi óhæft í lögunum sem komu til umfjöllunar Hæstaréttar í máli Samherja hf. gegn íslenska ríkinu þar sem dómur var upp kveðinn þann 10. okt. 1996.

Þessar ábendingar lögfræðingsins gera það að verkum að við sem skipum 1. minni hluta sjútvn. teljum að sú niðurstaða sé studd svo mörgum og skýrum rökum að telja verði að í frv. sé um að ræða ólögmætt framsal til ráðherra á lagasetningarvaldi og Alþingi geti ekki afgreitt frv. af þessu tagi eftir jafnskýra niðurstöðu Hæstaréttar og ég gat um áðan vegna þess að Alþingi megi eiga von á því að þeirri lagasetningu verði hrundið með sama hætti og Hæstiréttur hratt lagasetningu frá Alþingi með dómi sínum þann 10. okt. sl.

Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir, sem eru nýtt innlegg í þetta mál, þá óskuðum við stjórnarandstæðingar eftir því að málið yrði ekki látið ganga lengra að sinni heldur yrði óskað eftir umsögn hlutlauss málsmetandi aðila eins og t.d. Lagastofnunar Háskóla Íslands á því hvort þessar athugasemdir kennarans við lagadeild Háskóla Íslands væru réttmætar. Það leyndi sér ekki að ýmsir þingmenn sem fylgja ríkisstjórninni að málum höfðu alvarlegar áhyggjur af málinu, en þeir

treystu sér samt ekki til þess að taka hlé á afgreiðslu málsins á meðan beðið væri eftir jafnsjálfsögðum niðurstöðum eins og þeim sem álit Ketils Sigurjónssonar krefst af þingnefnd að eftir verði leitað.

Þegar kennari í lögum við Háskóla Íslands kemur fram með svona alvarlegar athugasemdir gagnvart þingnefnd sem fjallar um mikilsvert mál er varðar fjárhagslega hagsmuni mjög margra einstaklinga og félaga, þá er það skylda okkar alþingismanna að ganga úr skugga um það eins og best við getum að sú afgreiðsla sem við leggjum til að gerð verði á málum af þessu tagi standist grundvallarlög íslenska ríkisins, þ.e. stjórnarskrána, sem við verðum að vega okkar almennu lagasetningu eftir. Það er okkur til skammar að standa að málum eins og hér er gert, að ætla af brjóstvitinu einu saman að afgreiða frv. eins og þetta sem skerða mun atvinnufrelsi fjölmargra einstaklinga, sjómanna, útgerðarmanna og annarra, og leggja þar að auki í hendur hæstv. sjútvrh. vald sem löggjafarstofnunin hefur að mínu viti ekki heimild til þess að afsala sér með þeim hætti sem hér á að gera. Ég tel það til skammar fyrir sjútvn. Alþingis eða öllu heldur meiri hluta þeirrar nefndar að neita þeim sjálfsögðu tilmælum okkar í minni hlutanum að afgreiða svona mál ekki af brjóstvitinu einu saman, taka ekki þá áhættu ofan í dóm Hæstaréttar frá 10. okt. sl. að Alþingi skelli skollaeyrum við þeim niðurstöðum og afgreiði vísvitandi frv. sem sjútvn., sem um málið fjallaði, veit að er a.m.k. á hinu gráa svæði um hvað leyfilegt er að gera við afgreiðslu laga á Íslandi. Það nær engri átt að stjórnarmeirihlutinn í einni af nefndum þingsins, sem á að sjá til þess að málaumfjöllun sé vönduð og stangist ekki á við fyrirmæli íslensku stjórnarskrárinnar, skuli halda þannig á málum að ekki sé hægt að ganga úr skugga um hvort jafnalvarlegar athugasemdir og komu fram frá Katli Sigurjónssyni séu réttar eða rangar.

Þá er látið í veðri vaka við afgreiðsluna að niðurstaða úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem lauk í ágústmánuði á síðasta ári kalli á skjóta lagasetningu. Það er ekki rétt. Aðeins örfá ríki hafa enn staðfest samninginn þannig að umtalsverð bið kann að vera á því að hann hljóti alþjóðlegt lagagildi og á meðan eru í gildi sem alþjóðalög ákvæði núgildandi hafréttarsáttmála sem segja að veiði á úthafinu sé frjáls. Við getum ekki sett lög á Íslandi sem gera ráð fyrir því að alþjóðalög séu með öðrum hætti heldur en þau eru. Vel má vera að áður en langt um líður öðlist úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna alþjóðalagastoð þegar nægilega mörg ríki verða búin að staðfesta hann til þess að svo verði, en svo er ekki enn og á meðan gilda þau lög sem eru í gildi og heimila frjálsar veiðar á úthöfum.

Ég óskaði eftir því á sínum tíma við hæstv. utanrrh. að hann aflaði upplýsinga frá öðrum ríkjum, þar á meðal ríkjum sem hafa staðfest úthafsveiðisáttmála Sameinuðu þjóðanna, um hvaða breytingar þau kunni að hafa gert á lögum sínum vegna staðfestingarinnar á úthafsveiðisáttmálanum svo að við Íslendingar sæjum hvort þeir væru að gera sambærilegar breytingar eða hefðu gert sambærilegar breytingar á sínum lögum eins og til stæði að gera hér. Hæstv. utanrrh. aflaði nokkurra upplýsinga um þetta og þær voru sendar sjútvn. Þær upplýsingar komu frá Kanada, Evrópusambandinu og Noregi og þar kom fram að sú vinna sem þar á sér stað er með allt öðrum hætti heldur en það frv. gerir ráð fyrir sem nú á að ganga til afgreiðslu á hér. Hvergi er að fullu lokið lagasetningu sem talið er nauðsynlegt að gerð verði vegna áhrifa úthafsveiðisáttmálans þannig að ef þetta frv. verður að lögum erum við fyrsta ríkið sem bindur í landslög sín ákvæði er varðar framkvæmd úthafsveiðisáttmálans. Út af fyrir sig er það allt í lagi að Ísland ríði á vaðið í þeim efnum. En spurningin er hins vegar sú hvort ástæða sé til þess að Íslendingar geri það með allt öðrum hætti og með allt aðra framkvæmd í huga heldur en önnur ríki sem eru að vinna að sama máli.

Í upplýsingunum frá utanrrn. kom fram að Kanada, sem enn hefur ekki fullgilt úthafsveiðisamninginn, er að vinna að breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða þar í landi, en þar er ekki enn búið að leggja fram neitt lagafrv. þar að lútandi þannig að þeir eru ekki komnir lengra en það. En þó var okkur tjáð hver væru þau efnisatriði sem þeir væru að vinna með og þau efnisatriði lúta fyrst og fremst að ákvæðum um eftirlit og beitingu eftirlits- og löggjafarvalds á úthafinu. Þar er ekki um að ræða jafnvíðtækt valdframsal til sjútvrh. eða stjórnvaldshafa eins og við erum að gera með þessu frv. til þess að stjórna úthafsveiðum. Eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið eru Kanadamenn eingöngu að fjalla um það eitt að breyta lögum sínum til þess að tryggja að hægt sé að hafa gagnkvæmt eftirlit með veiðum fiskiskipa á úthafinu, þ.e. að Kanadamenn geti beitt sínu eftirliti gagnvart skipum annarra ríkja með samþykki þeirra og öfugt. En eftir því sem best verður séð af þeim upplýsingum sem við fengum í hendur eru Kanadamenn ekki að vinna neitt sambærilegt verk og við erum hér að gera þar sem gert er ráð fyrir því að sjútvrh. fái sjálfdæmi um stjórnun á öllum þessum veiðum. Þar erum við einir á báti.

Við fengum líka upplýsingar frá Evrópusambandinu um að þar eiga menn enn langt í land með að fullgilda samninginn. Það sem menn eru þar að gera varðandi undirbúning að því að framkvæma úthafsveiðisamninginn er það sama og í Kanada, þ.e. menn eru fyrst og fremst að ræða um eftirlits- og lögregluvald á úthafinu. Í þeim tilvikum þegar um er að ræða einhvers konar valdaafsal á stjórn veiðanna til stjórnvaldshafa, þá er skýrt tekið fram að þar sé um að ræða ákvörðun sem verði tekin sjálfstætt og sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig og gildi ekki sem almenn regla um heimild til stjórnunar fiskveiða á úthafi. Þetta er mjög athyglisvert því að menn hafa gjarnan haft það við orð að framkvæmdastjórnarmenn eða ráðherraígildi Evrópusambandsins væru ansi frekir til fjörsins og krefðust mikillar samhæfingar á stjórnun og mikilla valda. En jafnvel það mikla bákn, Evrópusambandið með valdamiðstöð í Brussel, gengur ekki jafnlangt og verið er að gera í þessu frv. með valdaafsali á heimildum til sjávarútvegsstjóra Evrópusambandsins til stjórna fiskveiða á úthafinu með þeim hætti sem hér er verið að gera ráð fyrir þannig að Evrópusambandið er ekki einu sinni hálfdrættingur á við sjávarútvegsráðherra á Íslandi í kröfum um valdframsal í sínar hendur.

Í upplýsingum frá utanrrn. kom fram að í Noregi hafa nokkrar breytingar þegar verið gerðar á lögum sem tengjast fullgildingu úthafsveiðisamningsins en ekki varð annað séð á þeim gögnum sem nefndinni bárust en að þar sé um að ræða aðrar aðgerðir af sama toga og í Kanada og hjá Evrópusambandinu, þ.e. að breytingarnar varði gagnkvæmar heimildir til beitingar eftirlits- og löggjafarvalds á úthafinu til samræmis við samninga þar um. Það verður a.m.k. ekki séð af þeim gögnum sem við fengum að Norðmenn séu að hugsa um slíkt valdaafsal um stjórn fiskveiða til ráðherra eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Þannig erum við ekki aðeins algjörlega að ástæðulausu að verða fyrsta ríkið sem innleiðir

lög sem á að framkvæma eftir úthafsveiðisáttmála sem enn hefur ekki öðlast gildi, við ætlum ekki bara að vera fyrsta ríkið til að gera það án samstarfs eða samráðs við aðra heldur ætlum við einnig að framkvæma það þannig, sem engir aðrir gera, að afhenda sjávarútvegsráðherra íslenska lýðveldisins slíkt vald til stjórnunar á veiðum íslenskra fiskiskipa á úthafinu að einsdæmi er, að óþekkt er frá öðrum sambærilegum fiskveiðiþjóðum, a.m.k. eftir þeim upplýsingum sem sjútvn. hefur. Og við ætlum að gera þetta með þeim hætti að virtir fræðimenn telja að það standist ekki ákvæði stjórnarskrár, að það sé um óleyfilegt valdaafsal að ræða. Og ég spyr: Hvaða nauður rekur Alþingi Íslendinga til þess að grípa til slíkra vinnubragða? Auðvitað rekur engin nauður Alþingi Íslendinga til þess að grípa til slíkra vinnubragða, en það er stjórnarmeirihlutinn sem gerir það, knúinn fram af vilja hæstv. ráðherra.

Það er því álit okkar sem skipum 1. minni hlutann að með þessu sé algjörlega að þarflausu verið að leggja hömlur á úthafsveiðiflota Íslendinga langt umfram það sem úthafsveiðiflotar annarra ríkja munu þurfa að búa við. Hér er í senn verið að takmarka möguleika íslenskra úthafsveiðimanna langt umfram aðra og einnig verið að koma í veg fyrir að Íslendingar geti aflað sér veiðireynslu og áhrifa til fiskveiðistjórnunar á úthafinu í framtíðinni. Við teljum að engin þörf sé á að takmarka þannig afkomumöguleika þjóðarinnar, ekki bara í samtíð heldur einnig til langrar framtíðar. Þá bendum við á að einnig er verið að innleiða sama kerfi fiskveiðistjórnunar á úthafinu og fylgt er í íslenskri fiskveiðilögsögu en það kerfi hefur sætt vaxandi gagnrýni, m.a. fyrir þá sök að með því sé verið að færa fáum aðilum mikil verðmæti á kostnað þjóðarheildarinnar. Og það er ein af þversögnunum í þessu máli að einn af þeim sem styður þetta frv. og á sæti í sjútvn. er hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson. Þessi sami þingmaður flytur nú á Alþingi frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða ásamt öðrum samflokksmanni sínum þar sem hann leggur til að framsal aflaheimilda innan fiskveiðilögsögunnar verði bannað. Og hann er nýbúinn að mæla fyrir frv. þessu hér á þingi. Þessi sami þingmaður styður hins vegar mál um stjórn fiskveiða á úthafinu þar sem gert er ráð fyrir því, eins og í gildandi lögum um stjórn fiskveiða, að framsal aflaheimilda sé frjálst. Hann styður sem sé frjálst framsal aflaheimilda utan fiskveiðilögsögunnar en flytur tillögu um að banna það innan fiskveiðilögsögunnar. Það virðist vera háð því hvort hv. þm. stendur í hægri fótinn eða vinstri fótinn hvora skoðunina hann hefur, hvorum megin hann er við landhelgislínuna, hvort hann er innan 200 mílnanna eða utan 200 mílnanna. Það sem hann telur óhæfu í stjórn fiskveiða innan 200 mílnanna, telur hann sjálfsagðan og þarfan hlut utan 200 mílnanna. Eða hvernig ber að skilja þennan hv. þm.? Ég skil hann a.m.k. ekki. Ég held að hann skilji sig ekki sjálfur og er það ekkert nema skiljanlegt. Miðað við framkomu hv. þm. hér á Alþingi Íslendinga er ekkert skrýtið þó að hann skilji ekki sjálfan sig því það þarf meira en meðalgreindan mann til að gera það miðað við þennan málflutning.

Það eru ýmsar aðrar athugasemdir sem ástæða er til að benda á og komið hafa fram við skoðun frv. að þessu sinni sem ekki komu jafnglögglega fram við skoðun frv. á síðasta Alþingi. Í fyrsta lagi, og raunar var á það bent þá líka, er í athugasemdum og greinargerð með frv. ranglega látið að því liggja að nýja löggjöf þurfi til að uppfylla skyldur þær sem koma fram í úthafsveiðiákvæðum hafréttarsamningsins. Það er rangt. Enga nýja löggjöf þarf til að Ísland geti uppfyllt þjóðréttarlega skyldur sínar um veiðar á úthafinu.

Þá er í 4. gr. frv. rætt um það sem þar er kallað „þar til bær yfirvöld" en þetta orðalag má skilja á þann hátt að íslensk skip þurfi í senn leyfi íslenskra yfirvalda og yfirvalda viðkomandi ríkis til að stunda veiðar innan lögsögu þess ríkis og samrýmist það einmitt því sem hv. frsm. meiri hluta sjútvn. sagði hér áðan að íslensk lög ættu að gilda um íslenska starfsemi hvort sem hún færi fram innan lögsögu annarra ríkja eða ekki. Þetta samrýmist því áliti. Og þessi grein eins og hún er er ekki skýr um þetta, hvort það beri að skilja hana svona eða ekki.

Á fundi sjútvn. kom fram hjá ráðuneytisstjóra sjútvrn. þessi skilningur, þ.e. að til þurfi að koma bæði leyfi íslenskra yfirvalda og yfirvalda viðkomandi strandríkis, ef íslenskt fiskiskip stundaði veiðar innan fiskveiðilögsögu þess. Þetta orðalag gæti átt við t.d. í þeim tilvikum þar sem samningar milli Íslands og annarra ríkja um veiðiheimildir innan lögsögu gerðu ráð fyrir slíku fyrirkomulagi, þ.e. að Íslendingar fengju heimild til að stunda takmarkaðar veiðar innan fiskveiðilögsögu annarra ríkja þannig að sjútvrn. yrði t.d. með einhverjum hætti að takmarka aðganginn, binda við einstök skip eða tiltekið leyfi og þá þyrfti að koma til bæði leyfi íslenskra yfirvalda og leyfi yfirvalda viðkomandi strandríkis. Það var hins vegar ekkert gert til þess að skýra og skerpa þetta orðalag, þ.e. að taka fram að það bæri að skilja nákvæmlega svona þannig að eins og frá orðunum er gengið, má túlka framkvæmdina alveg eins á þann hátt að ráðherra geti, ef hann svo kýs, krafist þess að í hvaða tilviki sem væri yrði skip sem skráð er á Íslandi að afla sér heimildar frá honum til að stunda fiskveiðar innan fiskveiðilögsögu annars ríkis þótt viðkomandi skip hefði allar heimildir þess ríkis til að stunda þar veiðar. Og það er algjörlega ástæðulaust af Alþingi Íslendinga að afgreiða lagaákvæði sem eru svo loðin að leggja megi þennan skilning í þau þegar að því kemur að framkvæma slík fyrirmæli.

Í 10. og 11. gr. frv. eru ákvæði um fiskveiðar erlendra skipa en samkvæmt gildandi þjóðarétti er það almenn regla að aðeins fánaríki hefur lögsögu yfir skipi sem statt er á úthafinu. En eins og segir í 11. gr. heimilar hún hins vegar íslenskum stjórnvöldum að grípa til ráðstafana gegn erlendum fiskiskipum á úthafinu hvenær sem það telst nauðsynlegt til að framfylgja samningum en slíkt ákvæði er andstætt þjóðarétti því að Ísland hefur ekki lögsögu í þessu tilviki heldur er það fánaríkið eitt sem hefur þá lögsögu. Ákvæðið er í andstöðu við ákvæði þjóðaréttar og bendir Ketill Sigurjónsson raunar á það.

Þá er einnig í frv. að finna ákvæði sem lúta að skipum undir hentifána en ekki er skilgreint hvað menn eigi við með orðinu hentifána og fer það þá væntanlega eftir aðstæðum. Í sumum tilvikum gæti því íslenski fáninn verið álitinn hentifáni, í sumum tilvikum ekki. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. ráðherra eða varaformann sjútvn. og frsm. meiri hluta hvað menn eigi við, hvort einhver ríki séu tiltekin þar sem þjóðfáni viðkomandi ríkja skuli teljast hentifáni og hvaða ríki það séu, ellegar hvort menn eigi að skilgreina hvað sé hentifáni, þ.e. hvenær þjóðfáni sé þjóðfáni og hvenær ekki eftir aðstæðum, eftir „smag og behag" og hvert eigi þá að vera það „smag og behag" sem ræður ferðinni í þeim efnum og við hvaða aðstæður t.d. beri að líta svo á að íslenski þjóðfáninn sé ekki þjóðfáni heldur hentifáni. Ég vildi gjarnan fá því svarað frá hv. frsm. meiri hlutans í hvaða tilvikum hann telur

að íslenski þjóðfáninn sé hentifáni og í hvaða tilvikum ekki þannig að það liggi fyrir ef einhverjar aðrar þjóðir skyldu taka upp á því að taka þessa lagasetningu sér til fyrirmyndar, þá liggi það fyrir a.m.k. af hálfu Alþingis Íslendinga eða frsm. meiri hluta sjútvn. í hvaða tilvikum sé óhætt að líta á íslenska þjóðfánann sem hentifána og í hvaða tilvikum ekki. Það væri líka fróðlegt fyrir íslensku utanríkisþjónustuna að vita hvaða lönd það eru sem Alþingi Íslendinga skilgreinir sem hentifánalönd, þar sem ekki eigi að taka mark á þjóðfánanum sem slíkum heldur skuli þjóðfáni viðkomandi ríkja skoðast sem hentifáni. Það væri áreiðanlega mjög fróðlegt fyrir Íslendinga, ekki síst á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða að geta flaggað slíkum skilgreiningum á þjóðfána þeirra ríkja sem þar eru og mætti þá búast við að einhverjir af þeim fánum færu að dragast í hálfa stöng sem flagga nú í fullri stöng fyrir utan byggingu Sameinuðu þjóðanna þegar Íslendingar væru búnir að skilgreina þau ríki sem væru í 1. flokki og þau ríki sem væru hentifánaríki.

Þessar athugasemdir, virðulegi forseti, og fjölmargar aðrar leiða til þeirrar niðurstöðu að frv. ber ekki að afgreiða, að okkar mati, eins og það er úr garði gert. 1. minni hluti sjútvn., sem eru þingmennirnir Sighvatur Björgvinsson og Lúðvík Bergvinsson, leggur til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Verði frávísunartillagan ekki samþykkt áskiljum við okkur rétt til að flytja brtt. við 3. umr. um málið. Guðný Guðbjörnsdóttir, sem situr fundi sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk afstöðu okkar og styður frávísunartillöguna.

[15:49]

Útbýting þingskjals:

Skipulag miðhálendis Íslands, 231. mál, fsp. VH, þskj. 322.

[15:49]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég óska að veita hv. síðasta ræðumanni andsvar við tveimur atriðum sem komu fram í máli hans en um önnur atriði verður fjallað síðar í umræðunni.

Þau tvö sem ég kýs að svara er spurning sem hann beindi til mín vegna þess sem ég sagði um skyldu íslenskra útgerða til að fara að íslenskum lögum. Þau orð voru sögð í ljósi þess að við ræðum hér frv. til laga um veiðar utan lögsögu. Mér sýnist að utan lögsögu geti varla gilt lög annarra ríkja um starfsemi íslenskra veiðiskipa. Ég tel alveg ljóst að íslensk veiðiskip munu á þeim hafsvæðum hljóta að gegna íslenskum lögum rétt eins og þau hljóta að gera í okkar eigin lögsögu.

Við vitum auðvitað, herra forseti, að um það hvaða lög skuli gilda um starfsemi aðila innan lögsögu eða í ríki annarra getur verið allt annað. Þar á einfaldlega annað við.

Hitt atriðið sem ég vil gera að umtalsefni eru orð hv. þm. um afstöðu Guðmundar Hallvarðssonar sem er ekki hér viðstaddur umræðuna. Sá hv. þm. hefur þegar lagt fram ásamt öðrum frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða vegna þeirrar afstöðu sem hann raunar hefur skilmerkilega lýst og var hér gerð að umtalsefni. Vegna þess að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur gert grein fyrir skoðun sinni innan hv. sjútvn. í umræðu um þetta mál og í umræðu um eigið þingmál varðandi þetta, þá tel ég algeran óþarfa að draga þannig fram eða inn í þessa umræðu að hann hafi hugsanlega aðra afstöðu eftir því hvaða efni er til umræðu. Hann hefur þegar sagt það og ég veit og man að þá var hv. síðasti ræðumaður viðstaddur fund í sjútvn. þar sem sá hv. þm. sagði þessa skoðun sína og tók fram að vegna þess að hún hefði skilmerkilega komið fram teldi hann ekki ástæðu til að taka sömu skoðun sína fram sem fyrirvara við þetta mál vegna þess að öðru leyti væri hann sammála því sem fram kæmi í frv. og nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar.

[15:52]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði hv. þm. Guðmund Hallvarðsson að umræðuefni vegna þess að hann hafði tjáð mér og fleirum að hann mundi skrifa undir nál. meiri hluta sjútvn. með fyrirvara vegna þess að hann hefði fyrirvara á um það að hann fylgdi ekki þeim þætti málsins er varðar frjálst framsal aflaheimilda utan fiskveiðilögsögu. En í nál. meiri hlutans, sem var prentað upp, skrifar hv. þm. undir án fyrirvara sem þýðir að hann hefur engan fyrirvara í þessu máli og styður málið eins og það er lagt fram, þ.e. hann styður frjálst framsal aflaheimilda utan fiskveiðilögsögu Íslands. Ef hann gerði það ekki hefði hann ritað undir þetta með fyrirvara. En þar brást hv. þm. og ekki í fyrsta skipti því hann var búinn að segjast ætla að gera það svona.

Kannski þarf hv. frsm. sjútvn. að beita sér fyrir því að þriðja útgáfan af nál. verði gefin út. Ég hvet hann til að leita eftir því við Guðmund Hallvarðsson hvort hann hafi ætlað að rita undir nál. með fyrirvara eða ekki, því ef undirskrift hans er fyrirvaralaust þá stendur það sem ég sagði hér. Staðreynd. Maðurinn skiptir um skoðun eftir því hvort hann stígur í hægri fótinn eða vinstri, eftir því hvort hann er að tala innan lögsögu eða utan.

Ég ætla svo, virðulegi forseti, að fagna því að hv. þm. dró í land þegar hann sagði að hann hefði ekki átt við annað en það að íslensk fiskiskip sem stunda veiðar á úthafinu utan fiskveiðilögsögu annarra ríkja eigi að fylgja íslenskum lögum. Hann sagði annað áðan. En auðvitað er rétt og skylt að taka leiðréttingum hans og ég geri það. Ég ætla bara að benda honum á að vegna þess að íslensk fiskiskip sem veiða á úthafinu utan fiskveiðilögsögu ríkja eiga að veiða samkvæmt þessum lögum, þá er verið að setja meiri hömlur á íslenska fiskimenn, úthafsveiðimenn, en settar eru með lögum annarra ríkja á úthafsveiðar fiskimanna.

[15:55]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta sjútvn., um frv. til laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Það er 57. mál og á að vera á borðum þingmanna sem þskj. 320.

Það er þannig, herra forseti, til að taka það fram strax í upphafi að 2. minni hluti, sá sem hér talar, er í aðalatriðum sammála efni þessa frv. Þegar sama frv. var afgreitt frá sjútvn. á síðasta vori átti ég aðild að áliti meiri hluta sjútvn. og stóð að flutningi brtt. með fyrirvara þó um afgreiðslu málsins á þeim tímapunkti og sérstaklega um efnisatriði eða innihald þáverandi 8. gr. frv. sem varðaði mikinn eftirlitsbálk sem kom inn í frv. á síðari stigum undir vinnslu þess í þinginu. Voru það einkum og sér í lagi rækjuveiðar á Flæmingjagrunni og nýlegt samkomulag innan NAFO sem kallaði á mikið eftirlit og gífurlög útgjöld sem þá var talið nauðsynlegt að sjá fyrir með gjaldtöku á útgerðina.

Nú er frv. eins og það var lagt fram á nýjan leik í haust í þeim búningi í öllum aðalatriðum. Nánast algjörlega var tekið tillit til þeirra brtt. sem unnar höfðu verið af meiri hluta

í sjútvn. og hann stóð að í fyrravor. Í því fólust að mínu mati ýmsar lagfæringar á frv. frá því sem var í upphaflegri gerð eins og það var lagt fram á þingi í fyrra, þá óbreyttar tillögur eða óbreytt álit frá sérstakri nefnd á vegum hæstv. sjútvrh. sem unnið hafði að undirbúningi lagasetningarinnar eða frumvarpssmíðinni ásamt því að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um ýmis úthafsveiðimál á tveggja ára tímabili eða svo.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þrátt fyrir allt hafi verið mikilvægt að standa með þessum hætti að málum á þessu tímabili. Það er fróðlegt að fara aðeins yfir það hversu gífurlega margt hefur breyst á ekki lengri tíma en þeim sem þessi nefnd starfaði eða þremur til fjórum árum ef farið er svo langt aftur. Ég vil láta það koma hér fram að ég tel að þrátt fyrir allt hafi verið gagnlegt að til var slíkur samráðsvettvangur með fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila í greininni og fulltrúum ráðuneyta. Það er ekki þar með sagt, þó svona hafi verið staðið að undirbúningi málsins, að það sé að öllu leyti orðin fullkomin smíð og verður sjálfsagt seint. Ég er þó þeirrar skoðunar að hér sé á ferðinni í öllum aðalatriðum lagarammi um úthafsveiðar sem eigi að geta þjónað sínum tilgangi. Ég er í öðru lagi þeirrar skoðunar að lögin frá 1976 hafi þarfnast og þarfnist mjög endurskoðunar. Þau eru satt best að segja nánast ekkert nema nafnið og heimild til handa ráðherra til að gefa út reglugerðir, lagasmíð af því tagi sem ég held að við hljótum almennt að vilja komast í burtu frá. Þau endurspegla auðvitað ekki á nokkurn hátt þann veruleika sem nú er orðinn í þessum efnum. Ég er út af fyrir sig ekki að segja að það hefði verið eitthvert neyðarástand að búa við þau og ljóst er að þjóðréttarlega séð erum við ekki skuldbundin enn sem komið er að gera neinar ráðstafanir sem slíkar vegna þess að ég býst við að lögin frá 1976 teldust fullnægjandi í aðalatriðum hvað varðar þær skuldbindingar sem nú eru orðnar gildar samkvæmt hafréttarsáttmálanum. (Gripið fram í.) En það er auðvitað hárrétt sem hér er bent á að úthafsveiðisamningurinn svokallaði sem er að stofni til viðauki við hafréttarsáttmálann er ekki orðinn fullgildur þar sem enn er langt í land að tilskilinn fjöldi ríkja hafi fullgilt hann.

Ég er eftir sem áður þeirrar skoðunar að nauðsynlegt og rétt sé fyrir okkur að reyna að lögfesta einhver rammaákvæði um þessar veiðar á úthafinu og eftir atvikum fiskveiðistjórnina þar, eftir því sem hún kemur til sögunnar. Ég er það ekki síst vegna þess að algjörlega burt séð frá úthafsveiðisamningnum og því sem leiða mun af fullgildingu hans, held ég að það sé okkur sjálfum fyrir bestu að hafa sæmilega skýrar leikreglur sem gilda um þessi mál. Óvissan sem nú ríkir gagnvart t.d. réttindaávinnslunni á grundvelli sóknar á úthafinu er auðvitað bagaleg. Það er auðvitað ekki heppilegt að menn renni meira og minna blint í sjóinn um það. Hvernig verður síðan farið með þau réttindi sem kunna að myndast á grundvelli sóknar okkar á tiltekin hafsvæði þegar eða ef, sem væntanlega verður tilfellið í flestum tilvikum, kemur til samninga og uppskipta á veiðiréttindum á viðkomandi svæðum. Þessi þróun er í gangi og þegar að hluta til orðin eins og til að mynda á Reykjaneshryggnum. Við væntum þess að það sama gerist á næstu missirum á fleiri svæðum, svo sem varðandi norsk-íslenska síldarstofninn og Smuguna í Barentshafi. Að nokkru leyti er það þegar orðin staðreynd á Flæmska hattinum. Ég held að við slíkar aðstæður sé auðvitað miklu betra að leikreglurnar liggi í aðalatriðum fyrir þegar réttindin eru að myndast og menn viti að hverju þeir ganga gagnvart því að taka ákvörðun um að stunda tilteknar veiðar eða stunda þær ekki.

Það er auðvitað alveg ljóst að einn drifkraftur úthafsveiðanna á undanförnum 2–3 árum, og þó kannski alveg einkum og sér í lagi á þessu ári, hafa verið væntingar manna um veiðiréttindin sem þar með væru að myndast og þeir fengju í sinn hlut. Menn hafa hiklaust stundað veiðar, jafnvel þó að þær væru reknar með tapi í þeirri trú eða von að þeir væru að mynda sér framtíðarréttindi. Með öðrum orðum menn hafa viljað spila í því happdrætti eða taka þá áhættu. Ég held að það væri miklu betra að breyttu breytanda að menn vissu betur að hverju þeir gengju, að fyrir væru í gildi lög sem vörðuðu a.m.k. leiðina og mörkuðu einhvern ramma utan um það hvernig með slík réttindi yrði farið. Þetta frv. er viss tilraun til þess. En ég segi tilraun vegna þess að auðvitað er frv. í veigamiklum atriðum eingöngu rammi, eingöngu umbúnaður um heimildarákvæði sem hægt er að beita með býsna mismunandi hætti. Það er stórkostlegt álitamál hvort frv. sé kannski að því leyti til of veikt, of almenns eðlis, of opið til þess að hægt sé að segja að í því sé fólgin einhver veruleg framför hvað þetta snertir.

Það liggur t.d. fyrir ef menn lesa megingreinarnar, 5. og 6. gr. um meðferð mála, annars vegar hvað snertir deilistofna, stofna sem eru utan og innan íslensku efnahagslögsögunnar, og hins vegar hreina úthafsstofna sem 6. gr. fjallar um, að ráðherra getur farið þar býsna mismunandi leiðir hvað varðar það hvernig skuli fara með fiskveiðiréttindi sem Íslendingar kunna að semja um við aðrar þjóðir eða taka þátt í að ganga frá með samningum innan alþjóðastofnana. Það er eiginlega allt til, að taka slík réttindi og kvótabinda þau umsvifalaust á skip, að láta menn endurgjalda eitthvað fyrir slík réttindi allt frá núlli og upp í 15 eða 7%, að hafa sóknina frjálsa, láta menn bara veiða þangað til tiltekið magn er komið, hafa bara ólympískar veiðar, að bjóða upp kvótann. Þetta er eiginlega hálfgert bögglauppboð. Þessar greinar eru að því leyti til mjög opnar þannig að ég segi hiklaust að ég hef efasemdir um að þetta sé nógu skýr frágangur á málinu til að mynda sæmilega skýrar leikreglur inn í framtíðina. En ég held þó að þetta sé til bóta því þarna eru markaðar ákveðnar meginlínur. Og ég held að það verði t.d. aldrei lesið annað út úr þessu samhengi hlutanna sem hér er sett upp heldur en það að veiðireynslan verður undirstöðuatriðið þegar kemur til uppskiptingar á þessum veiðum. Þarna eru líka atriði sem ég tel mikilvægt að liggi fyrir eins og t.d. síðasta mgr. 5. gr. og síðasta mgr. 6. gr., svonefnd frumherjaregla. Þar er beinlínis gefið í skyn og ég vænti í trausti þess að því yrði beitt af þeim sem brjóta ísinn, að þeim verði umbunað með einhverjum hætti, sem bera kostnaðinn af því að hefja sókn á nýjum miðum eða afla nýrra réttinda, taka þá áhættu sem slíku er samfara. Þetta er hvatningaratriði til þess að menn láti ekki staðar numið heldur verði áfram opnir fyrir nýjum möguleikum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um einstakar efnisgreinar frv. mikið að öðru leyti því ég hef talað um þetta mál áður, bæði í fyrra og endranær. Ég vil aðeins segja að ég tel að bæði 2. gr. frv. og upphaf 4. gr. séu mjög mikilvægar þrátt fyrir allt. Vegna gagnrýni á frv. frá ýmsum bendi ég á að þetta frv. á að fara í sama farveg og lögin um stjórn fiskveiða. Hér er ekki að myndast eignarréttur eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim auðlindum sem semjast kann um á grundvelli íslensks ríkisfangs fyrir hönd íslenskra aðila. Það þýðir að Alþingi, löggjafinn, getur

hvenær sem er breytt þeim leikreglum sem gilda um úthlutun þessara réttinda. Upphaf 4. gr. er einnig mjög mikilvægt vegna þess að þar er tekin af allur vafi um það að við viljum festa í sessi almennu regluna um frelsi til veiða á úthafinu. Það er almenna reglan, það er grundvallarreglan. Við ætlum sem sagt að snúa þessu þannig að það sem ekki er bannað sé leyft. Ekki öfugt, allt sé bannað sem ekki er leyft. Það er stundum sagt að það megi svolítið þekkja nálgun eða stjórnlyndisstig þjóða út frá því hvernig löggjöfin hjá þeim snýr. Sums staðar sé þetta á annan veginn og annars staðar á hinn. Mér finnst mikilvægt að það er tekinn af allur vafi um það í upphafi 4. gr. að almenna reglan er frjálsar veiðar. Það er mjög leiðbeinandi fyrir framkvæmdarvaldið í framtíðinni. Það hlýtur að vera þannig að framkvæmdarvaldið þarf að hafa veruleg rök til þess að grípa til takmarkana ef löggjafinn gengur frá almennu grundvallarreglunni með þessum hætti. Það kemur inn á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Ég vil segja þetta líka til að róa þá sem óttast að með þessu frv. væri verið að innleiða höft eða takmarkanir, jafnvel að ástæðu- eða tilefnislausu. Það fengi ekki staðist að mínu mati út frá þessu upphafsákvæði 4. gr. og þess samhengis sem eðlilegt er að sjá hana í.

Ég minni þá líka á ákvæði hafréttarsáttmálans um frelsi úthafsins í 87. gr. ef ég man rétt og sambærilegar greinar eins og 116. gr. og fleiri. Annars er svo langt síðan ég las úthafsveiðisáttmálann að ég er byrjaður aðeins að ruglast í greinanúmerunum.

Það sem ég vil hins vegar aðallega gera að umtalsefni hér, herra forseti, og er ástæðan fyrir því að ég skila séráliti, er að eftir þær umræður sem hafa orðið í sjútvn. og þá athugun sem þar hefur farið fram, auk lögfræðilegra athugasemda sem okkur bárust í nefndarstarfinu, og varða að mínu mati sérstaklega það sem langalvarlegast er, 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr., hef ég verulegar efasemdir eða áhyggjur af því, herra forseti, að þar sé kannski verið að ganga frá textanum með hæpnum hætti, það geti orkað mjög tvímælis hvort þar sé um nógu vandaðan frágang á lagatextanum að ræða. Mig langar að fara um það fáeinu orðum.

Í þessum málsgreinum er sem sagt kveðið svo á um að ráðherra getur bundið úthlutun á veiðiheimildum því skilyrði, hvort sem um er að ræða deilistofn í 5. gr. eða hreinan úthafsstofn í 6. gr., að skip afsali sér aflaheimildum á móti. Í 5. gr. sem nemi reiknað í þorskígildum allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar. Síðan geta þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt þessi skilyrði, þ.e. vegna þess að þær hafa engar veiðiheimildir í efnahagslögsögunni, sætt skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum á úthafinu sem er jafngild hinu fyrra. En orðalagið er það, herra forseti, og ég vek athygli á því að þetta er orðað þannig: „Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. mgr.“ o.s.frv. Síðan er sagt allt að 15% í fyrra tilvikinu og allt að 7% í seinna tilvikinu. Þetta er sem sagt í raun og veru algjörlega opið, bæði hvort og að hve miklu leyti. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það hefði þurft að athugast betur, líka í ljósi þess sem hér hefur verið nefnt og vitnað í, að nýlega fallinn hæstaréttardómur í svonefndu Samherjamáli vekur upp spurningar um hvort ekki sé að eiga sér stað ákveðin réttarþróun þar sem svona rúmar framsalsheimildir á löggjafarvaldinu eða valds í hendur ráðherra eða framkvæmdarvalds til að beita íþyngjandi aðgerðum geti orkað mjög tvímælis. Ég held a.m.k. að það hefði verið betra. Það hefði þurft að skoðast hvort ekki væri óhjákvæmilegt að mæla nákvæmar fyrir um hvernig þessar heimildir yrðu notaðar, t.d. skilgreina eða binda þær aðstæður sem sjálfkrafa leiddu til beitingar ákvæðisins og þá með einhverjum tilteknum hætti þannig að þetta væri ekki algjörlega opið eins og það í raun og veru er. Þessu hafa m.a. hv. meirihlutamenn verið að reyna að bjarga í nefndaráliti sínu með því að setja inn í álit meiri hluta sjútvn. það sem kannski má með góðum vilja kalla ákveðna leiðsögn í þessu sambandi. Þar segir eins og kunnugt er, herra forseti, að nánari reglur um útfærslu á þessum málsgreinum, 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr., þurfi að liggja fyrir eða eigi að liggja fyrir áður en úthlutun fer fram. Útgerðir geti þá metið hvort þær sjái sér hag í því að sækja um rétt til veiða á úthafinu og það þurfi að taka tillit til þess við mat á verðmæti aflaheimilda hver sé sóknarkostnaðurinn á fjarlæg mið í samanburði við heimamið o.s.frv. Þetta er auðvitað allt góðra gjalda vert, en breytir í sjálfu sér ekki hinu að frumvarpstextinn sjálfur er afar rúmur og setur þarna vald í hendur ráðherra og hlýtur að orka mjög tvímælis að þetta sé góð lagasetning. Það þætti nú t.d. ekki mjög gott ef þetta væri hrein skattlagning sem þarna færi fram en ekki endurgjald, að hafa bara hvort tveggja galopið, hvort skatturinn skyldi lagður á og þá hve háa prósentu. Svo tæki ráðherrann um það ákvörðun á gamlársdag hverju sinni hvort hann hefði áhuga á að ná sér þarna í einhverja smálús. Það getur auðvitað ekki og má ekki verða tilviljanakennt eða breytilegt þannig að þetta sé gert stundum og stundum ekki.

Einu rökin fyrir því að hafa þetta ekki algjörlega bundið fast í prósentum frá byrjun þannig að engin óvissa sé eru að aðstæður geta verið breytilegar. Stundum geti verið réttlætanleg, efnisleg rök fyrir því, að beita heimildarákvæðum um endurgjald en stundum ekki. Út af fyrir sig fellst ég alveg á að þannig geta aðstæðurnar verið. Þær geta verið misjafnar. Stundum geta veiðar verið það álitlegar og líklegt að þær verði svo ábatasamar að það sé fullkomlega réttlætanlegt og þær standi vel undir því að eitthvert slíkt endurgjald sé greitt og sérstaklega þegar um deilistofn er að ræða eins og í 5. gr. Þá eru meginrökin að einhver hluti veiðiréttindanna myndast vegna ríkisins en ekki veiðireynslu skipanna og dæmið er Reykjaneshryggurinn. Það er alveg ljóst að talsverður hluti, væntanlega þriðjungur, miðað við þau samkomulagsdrög sem lágu til grundvallar skiptingunni í fyrra á Reykjaneshrygg, voru reiknuð Íslandi sem strandríkisréttur, réttur sem engin veiði hafði haft áhrif á og við hefðum fengið sem slíkan hvort sem einhver íslensk skip hefðu verið þátttakendur í veiðunum eða ekki. Þar með höfðu engir lagt í sjálfu sér neitt af mörkum til að mynda þann rétt með veiði og þegar því er úthlutað sem fæst út á ríkisfangið eða strandríkisréttinn, þá er að mínu mati fullkomlega eðlilegt að það sé tekið inn í heildarsamhengi úthlutunar á veiðirétti í landinu. En aðrar aðstæður geta átt við í öðrum tilvikum og þá er spurningin: Var engin önnur leið fær en að ganga frá opnu heimildarákvæði til að taka á slíku? Það er mikið efamál hvort menn hefðu kannski þurft að staldra betur við og átta sig á hvort það gengi yfirleitt að ganga frá textanum svona eða hvort gera mætti bragarbót sem dygði a.m.k. til að draga úr áhyggjum manna af því að menn væru þarna komnir út á þunnan ís hvað varðar valdframsal.

Ég vísa svo í það sem fleiri hafa sagt hér og vitna í lögfræðilegar athugasemdir sem við höfum fengið um þessi efni. Ég hef ekki um það fleiri orð en segi að þessar efasemdir mínar valda því að ég mun ekki treysta mér til að styðja þessar málsgreinar frv., þ.e. 3. mgr. 5. og 6. gr., ég mun sitja

hjá um þær en fylgja frv. að öðru leyti.

Varðandi aðrar athugasemdir sem komið hafa fram lögfræðilegs eðlis eins og þær hvort við höfum stöðu til að setja lagaákvæði sem eru virk gagnvart íslenskum skipum utan íslensku efnahagslögsögunnar, þá deili ég ekki efasemdum eða áhyggjum manna með það. Það geri ég ekki. Ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að við getum ekki í þessum efnum, eins og svo fjölmörgum öðrum, sett íslenskum ríkisborgurum eða íslenskum lögaðilum lög sem gilda að breyttu breytanda um þá og íslenskt skip og íslensk áhöfn og íslenskur fáni er íslenskur hvort sem hann er 190 mílur eða 250 frá landi. Það er út af fyrir sig alveg ljóst. Það er líka alveg ljóst að þróun réttarins er í þá átt að fánaríkin eigi að bera ábyrgð á sínum skipum, sínum mönnum hvar sem þeir stunda auðlindanýtinguna. Það er ekkert nýtt í því. Við höfum fullgilt alþjóðahafréttarsáttmálann. Hann leggur okkur ákveðnar skyldur á herðar sem ná út fyrir sérefnahagslögsöguna. Okkur ber að stunda ábyrga auðlindanýtingu hvar sem er í heiminum samkvæmt ákvæðum þess sáttmála sem við höfum fullgilt og gefið hér lagastoð með samþykkt á þingi. Að því leyti til held ég að í grundvallaratriðum séum við ekki að fara út á nýja braut í þessum efnum nema þá menn telji að þarna séu viðtækari ákvæði á ferð eða meira íþyngjandi o.s.frv. En í öllu falli er alveg ljóst að þetta er réttarþróun sem er að koma yfir okkur og um leið og úthafsveiðisamningurinn verður virkur lokast heimshöfin og það verða engin göt í hafréttinum lengur. Það er einmitt meiningin í úthafsveiðisamningnum að loka götunum sem urðu eftir 1982 þegar hafréttarsamningurinn sjálfur var gerður því þá náðist ósköp einfaldlega ekki samstaða nema um mjög almennt orðalag hvað varðaði meðferð mála utan sérefnahagslögsögunnar.

Að síðustu, herra forseti, vil ég aðeins nefna úthafsveiðarnar sem slíkar. Mér finnst að þær megi ekki alveg gleymast í öllum umræðunum um lagatextann og álitamál sem því eru samfara. Við erum þrátt fyrir allt að fjalla um hlut sem er orðinn gífurlega mikilvægur í íslenskum þjóðarbúskap. Það hefur kannski ekki fengið næga athygli hversu hratt og í hversu miklum mæli þessi þáttur hefur vaxið í sjávarútvegi og sjávarbúskap okkar. Á bls. 2 í nál. 2. minni hluta er gagnmerk tafla tekin upp úr merku riti þar sem eru sýndir lauslegir útreikningar á verðmæti úthafsaflans í tölum talið og sem hlutfall af heildaraflaverðmæti íslenska flotans. Það er þannig að á fjórum árum hefur þetta hlutfall, úthafsverðmæti úthafsaflans sem hlutfall af heildaraflaverðmæti íslenska flotans vaxið úr 3,4% á árinu 1993 í 10% 1994, 11,4% 1995 og hér er sagt 14–15% 1996 og verður nálægt lagi, því þó að Smugan í Barentshafi hafi gefið heldur minna af sér en vonir stóðu til og sett var á blað þá varð rækjuveiðin á Flæmingjagrunni enn þá meiri og þegar upp er staðið mun láta nærri að þetta hlutfall náist. Það hefði þó getað orðið meira því m.a. féll niður allnokkuð af þeirri síld sem í okkar hlut kom að veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum fyrir klaufaskap auðvitað, okkar sjálfra. Við byrjuðum veiðarnar of seint og höfðum þær ekki frjálsar eins og vænlegast hefði verið til þess að tryggja að við hefðum náð okkar hlut.

Ég vil að allra síðustu, herra forseti, leggja áherslu á að í mínum huga er það ekki svo að með því að samþykkja þetta frv. séum við að leggja einhvern stein í götu sóknar íslenskrar útgerðar á úthafið og það sé tilgangur með þessu frv. á nokkurn hátt að hefta eða draga úr möguleikum manna til að nýta áfram þá möguleika sem þarna eru í boði. Það má ekki verða, þvert á móti. Ég vil skoða þetta sem tilraun til að búa svo um í lögum að dregið sé úr þeirri óvissu sem fátækleg löggjöf og nánast engin löggjöf um þessi mál fram að þessu hefur leitt til og verið sé að koma á sæmilegum lagaramma en eftir standi að menn hljóti að hafa skilning á því a.m.k. nú orðið hversu mikilvægt það sé okkur áfram eins og hingað til á síðustu þremur til fimm árum, að stuðla að því að við nýtum okkur þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi. Það er gríðarlega mikilvægt og menn munu þó síðar verði átta sig á því hversu gífurlega þýðingu það hafði að úthafsveiðarnar komust í gang, þó seint væri, á árunum rétt fyrir og eftir 1990, sem hófust með veiðum á Reykjaneshryggnum og síðan, þ.e. úthafsveiðar á seinni tímum. Það er í sjálfu sér ekkert nýtt fyrirbæri í íslenskum sjávarútvegi. Það er alveg ljóst hvert stefnir. Við erum á síðustu árunum þar sem veiðar eru yfirleitt frjálsar og ósamningsbundnar væntanlega á öllum álitlegustu hafsvæðunum. Innan fárra ára má allt eins búast við að uppskiptingu þessara réttinda verði í meira og minna mæli lokið og þar með bundið til frambúðar í aðalatriðum hverjir verði þátttakendur í þessari auðlindanýtingu og hverjir ekki. Og það hefði verið harla nöturlegt, herra forseti, ef Íslendingar, fiskveiðiþjóðin í miðju Norður-Atlantshafinu, hefðu setið nánast einir hjá. En þannig stefndu málin allt fram að því að veiðarnar hófust t.d. í Smugu og á Flæmingjagrunni 1993.

Í framhaldi af þessari lagasetningu hefði ég gjarnan viljað sjá að menn tækju til við að endurskoða önnur ákvæði sem brýnt er að gera. Ég nefni þar alveg sérstaklega tvennt. Það eru lög og reglur um skráningu fiskiskipa og það eru lög um úreldingu fiskiskipa. Hvort tveggja er þannig úr garði gert í dag að það verkar verulega hamlandi á möguleika íslenskrar útgerðar til að nýta sér með sveigjanlegum og hagkvæmum hætti veiðimöguleika á úthafinu. Það er löngu tímabært að mínu mati að framkvæma heildarendurskoðun á þeim reglum sem við viljum hafa um skráningu fiskiskipa. Hún þarf að verða sveigjanlegri þannig að menn geti auðveldlega nýtt sér tímabundin verkefni utan landhelginnar eða í fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Menn geti fært skipin milli útgerða eftir því sem verkefnin bjóða upp á með tiltölulega sveigjanlegum hætti. Síðan er að mínu mati ekki síður mikilvægt að endurskoða allt úreldingarreglugerðarverkið því það má ljóst vera að til að nýta ónýtta möguleika t.d. í úthafsveiðum er nauðsynlegt að menn hafi skip og menn geti auðveldlega ýmist haft þau skip í verkefnum utan eða innan efnahagslögsögunnar, þ.e. með veiðileyfi í efnahagslögsögunni eða ekki í efnahagslögsögunni. Þessir hlutir eru þess eðlis að brýnt er að taka þá til meðferðar með það í huga að auðvelda mönnum að nýta þessa möguleika því að sjálfsögðu mun það, sem mestu máli skiptir þegar frá líður verða það hvort þetta reynast hagkvæmar veiðar eða ekki, hvort við náum til frambúðar tökum á að gera þetta að arðvænlegum hluta af okkar útgerð. Það er ekkert að marka ástandið eins og það hefur verið fram að þessu, ekki neitt, vegna þess að menn hafa í stórum stíl verið tilbúnir til að greiða heilmikinn fórnarkostnað í þeirri trú að þeir væru að skapa sér varanleg veiðiréttindi og hefðu þannig síðan möguleika til að spila úr þeim síðar meir.

Ég held að úthafsveiðarnar verði þannig, a.m.k. þær sem liggja nær okkar landhelgi og er ég þá að hugsa um öll Norðurhöfin og Atlantshafið suður að miðbaug eða svo, að langhagkvæmast reyndist og sú útgerð mundi ganga best sem getur haft veiðar í úthafinu sem hluta af sínum verkefnum.

Þetta geti verið tiltölulega ábatasöm viðbótarverkefni fyrir skip, en það verði erfiðara að byggja útgerð einhliða á úthafsveiðum með þeirri óvissu og þeim sveiflum sem kannski er líklegt að verði í þeim veiðum að breyttu breytanda. Það kallar á að auðveldara verði að koma við sveigjanleika í þessum efnum og menn geti skipulagt sig og beitt sveigjanlega flota sínum þar sem úthafsveiðar og verkefni utan landhelginnar af hvaða toga sem þau eru, veiðar fyrir aðra o.s.frv., eru hluti af umsvifunum.

Herra forseti. Þetta voru þau atriði sem ég vildi aðallega koma inn á og held að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það er sem sagt mín meginniðurstaða að þörf sé á því að lögfesta ákveðnar leikreglur og þó um ýmislegt megi deila í útfærslu þessa máls þá held ég að í aðalatriðum sé sæmilega vel fyrir hlutunum séð og þess vegna mun ég styðja þetta mál að slepptu því sem ég gerði grein fyrir varðandi 3. mgr. 5. og 6. gr.

[16:29]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið til 2. umr. hið mjög svo umdeilda frv. um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Það kom fram í máli mínu við 1. umr. að ég tel alls ekki rétt að þetta frv. verði lögfest nú í þessu formi þar sem vikið er frá þeirri grundvallarreglu hafréttar að veiðar á úthafinu eigi að vera frjálsar.

Þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna hefur verið samþykktur kann að vera nauðsynlegt að setja nánari lög, m.a. vegna nauðsynlegar verndunar fiskstofna, en ekki verður séð að það eigi við nú. Tilgangur frv. virðist fyrst og fremst sá að tryggja hverjir megi í framtíðinni veiða á úthafinu og um leið er verið að skerða möguleika þjóðarinnar verulega til úthafsveiða að mínu mati.

Eins og fram kom í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er ég í meginatriðum sammála 1. minni hluta sjútvn. og tek undir tillögu hans um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Meginandstaða mín við þetta frv. byggist á eftirfarandi þremur atriðum:

Í fyrsta lagi hinu óhóflega afsali á valdi frá Alþingi til ráðherra og að því er virðist framlengingu á valdi íslenskra stjórnvalda út yfir öll heimsins höf. Þetta er ekki síst umhugsunarvert nú í ljósi nýfallinna dóma í Hæstarétti sem frá er sagt ítarlega í nefndaráliti 1. minni hluta og ítrekað er í lögfræðiáliti Ketils Sigurjónssonar sem þar er vitnað til.

Í öðru lagi felur frv. í sér að verið er að framlengja hið mjög svo umdeilda kerfi um stjórnun fiskveiða innan lögsögunnar út fyrir 200 mílurnar, út yfir öll heimsins höf ef svo má segja. Þar með er verið að takmarka hverjir fá að veiða og koma í veg fyrir að einstakir aðilar og þjóðin sem heild afli sér veiðireynslu. Nei, það eru sömu sægreifarnir og nú ráða innan landhelginnar og hafa veiðirétt þar sem eiga í framtíðinni einnig að ráða öllu á úthöfunum.

Í þriðja lagi er mjög fróðlegt að bera saman hvað nágrannaþjóðirnar, t.d. Kanada og Noregur, eru að gera við sína löggjöf til að aðlaga hana að sívaxandi úthafsveiði og því að úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna verði fullgiltur fljótlega á alþjóðavettvangi. Þar er aðeins verið að tryggja lögbundið veiðieftirlit. Það er ekki verið að stýra því að sömu hagsmunaaðilar og nú fái að veiða innan lögsögu í þeim ríkjum, fái að halda öllum slíkum réttindum áfram og færa þau yfir á úthöfin, að þeir megi gera þetta umfram aðra.

Meginandstaða mín við frv. byggir á þessum þremur atriðum og ég vil aðeins rökstyðja það mál mitt nánar með tilvísun í nokkrar umsagnir um frv. og í frv. sjálft. Að mínu mati endurspeglar frv. mjög vel þann óróa og þá undiröldu sem nú er í þjóðfélaginu vegna fiskveiðistjórnunarkerfisins innan lögsögunnar og því virðist mér að það sem verið er að gera sé að reyna að koma þessu umdeilda kerfi líka á á úthöfunum áður en það hrynur sem ég vona svo sannarlega að verði sem fyrst þó að það sé e.t.v. ekki mikil von til þess á meðan núv. ríkisstjórn situr við völd. Ég vek athygli á því að umsagnir ýmissa hagsmunaaðila í sjávarútvegi benda til að þetta ósætti í kringum fiskveiðistjórnunarkerfið sé mikið og endurspeglist í afstöðu til þessa frv.

Í fyrsta lagi má nefna umsögn Sjómannasambands Íslands frá 15. nóvember 1996, en þar segir, með leyfi forseta:

„Sjómannasambandið styður frv. í meginatriðum en telur að verði veiðiheimildum Íslendinga utan lögsögunnar úthlutað á einstök skip eigi að setja skilyrði um að þær veiðiheimildir verði ekki framseljanlegar.“

Sjómannasambandinu finnst ástæða til að benda á að óánægjan sem þeir hafa látið í ljós varðandi fiskveiðar innan lögsögunnar eigi álíka við um þetta frv.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands sendir inn umsögn til sjútvn. þann 20. nóvember 1996. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Við vinnu að undirbúningi þessa frv. var út frá því gengið að úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna yrði að fullu kominn í gildi áður en það yrði að lögum. Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands telur þess vegna ekki tímabært að festa í lög takmarkanir á möguleikum íslenskra fiskiskipa til veiða utan lögsögu eins og málin hafa þróast. Þess vegna leggur Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eindregið til við sjútvn. Alþingis að þessu máli verði frestað í 1–3 ár eða fram að þeim tíma þegar úthafsveiðisamningur Sameinuðu þjóðanna verði að fullu kominn í gildi. Samtökin hafna því alfarið að sett séu lög eða reglugerðir sem takmarka framtakssemi íslenskra fiskiskipstjóra eða aflamöguleika þeirra. Þannig vilja samtökin koma í veg fyrir að sú staða geti komið upp að okkar skipstjórar séu heftir að einhverju leyti við veiðar og sókn á fjarlægum miðum umfram það sem veiðiskip annarra þjóða þurfa að búa við.“

Niðurstaða stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er að ekki beri að leggja hömlur á möguleika Íslands til að veiða á alþjóðlegum svæðum umfram það sem aðrir þurfa að búa við.“

Ég ætla að fara í eina umsögn af þessum toga í viðbót og hún er frá Vélstjórafélagi Íslands. Þessi umsögn er frá 8. nóvember 1996, en þar segir, með leyfi forseta:

„Með þessu frv. er verið að festa í lög reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögunnar sem hafa aukist verulega á liðnum árum og þess vegna er brýnt að þeim sé settur lagarammi. Að mati Vélstjórafélags Íslands er framsal veiðiheimilda nauðsynlegt í þessu fiskveiðistjórnunarkerfi, en þegar framsalið er farið að leiða af sér óeðlilegt brask og orðin forsenda nýrra tekjustofna hjá útgerðum, tekjustofna sem að hluta til eru tilkomnir vegna lækkunar á umsömdum launum sjómanna, þá er nauðsynlegt að staldra við og átta sig á hvort þessi þróun sé eðlileg og þá með hvaða hætti megi sporna gegn henni. Í ljósi þess er það mat Vélstjórafélags Íslands að veiðiheimildir utan lögsögunnar eigi ekki að vera framseljanlegar og til viðbótar eigi að binda þær því skilyrði að viðkomandi skip veiði sjálft úthlutaðar heimildir

eða ígildi þeirra innan lögsögunnar til þess að koma í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti með veiðiréttinn."

Þarna kemur svolítið annar tónn en sýnir um leið óánægjuna með núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og með þetta frv.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég nefna umsögn Félags úthafsútgerða. Það er mjög athyglisvert að LÍÚ gerir mjög litlar athugasemdir við frv. en Félag úthafsútgerða þeim mun meiri. Það er umhugsunarvert að velta fyrir sér, hvers vegna það skyldi vera, hvort félagið hefur sterkari ítök innan lögsögunnar. En í umsögn frv. Félags úthafsútgerða, segir m.a., með leyfi forseta:

„Úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki tekið gildi og mörg ár munu líða fram að gildistöku hans þannig að nægur tími er til stefnu.

2. Það er íslenskum útgerðum og sjómönnum í hag að menn flýti sér hægt með nýja lagasetningu sem setur takmarkanir á sókn íslenskra skipa við úthafsveiðar.

3. Frumvarpið, ef að lögum verður, mun skerða verulega athafnafrelsi og torvelda allt frumkvæði í mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar og gera úthafsveiðar síður eftirsóknarverðar...

6. Með 5. og 6. gr. frv. er verið að yfirfæra núverandi kvótakerfi innan efnahagslögsögunnar yfir á öll úthöf."

Mjög mikið hefur verið rætt í sambandi við þetta frv. hvað mikið valdframsal á sér stað frá Alþingi til ráðherra og ég gerði það að gamni mínu að merkja við hve oft það kemur fyrir. Ég taldi það að vísu ekki saman. T.d. í 3. gr. kemur: „Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa ..." Það er ekki sagt að hann skuli gera það en hann getur gert það og ekki að Alþingi eigi að gera það. Í 4. gr. er a.m.k. fjórum sinnum vísað til þessa: „Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum ..." og skulu leyfin bundi þessu og þessu. „Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn ..." Þetta er allt saman í 4. gr. A.m.k. fimm sinnum í 5. gr. Þar kemur: „Ráðherra getur ... skal ráðherra ákveða ... Einnig getur hann tekið mið af ... Þá getur hann ráðstafað ..." Þetta frv. er með ólíkindum, ekki síst 5. og 6. gr. sem kveður á um hverjir mega veiða. Þetta vald er allt fært yfir til ráðherrans. Velt er upp ýmsum flötum hvaða viðmið hann geti notað, en þar er ekkert fast í hendi.

Ef nauðsynlegt væri að ákveða þetta mjög nákvæmlega, þ.e. ef grunnhugmyndin væri ekki sú að veiðar á úthöfunum væru frjálsar, þá á valdið að sjálfsögðu að vera hjá Alþingi en ekki hjá ráðherra.

Þetta víðtæka framsal stríðir verulega gegn almennum hugmyndum um þrískiptingu valdsins eins og hefur verið ítrekað í nýlegum dómum frá Hæstarétti, m.a. í máli Samherja gegn íslenska ríkinu nr. 110/1995, og eins og ég sagði áðan þá er þetta ítrekað í lögfræðiáliti Ketils Sigurjónssonar sem er prentað í heild sinni með áliti 1. minni hluta.

Það er vissulega rétt eins og komið hefur fram í máli hæstv. sjútvrh. í fyrri umræðu um þessi mál, að núgildandi löggjöf um stjórn fiskveiða utan lögsögu frá árinu 1976 veitir ráðherra mjög víðtækar heimildir. Að mínu mati væri því eðlilegra að takmarka það vald sem er í þeim lögum með því að gefa veiðarnar meira og minna frjálsar nema þegar hefta þarf magn vegna alþjóðasamninga. Þetta frv. gefur hæstv. ráðherra möguleika á að ráða næstum því einn og sér hvaða leiðir eru valdar til að úthluta veiðiheimildum. Ég vil ítreka að ef það væri þjóðréttarlega tækt að einhver ætti að ráða þessu, þ.e. ef íslensk stjórnvöld hafa rétt til þess að ráða yfir íslenskum og erlendum skipum langt út fyrir íslensku lögsöguna, þá ætti það að vera Alþingi að mínu mati.

Hér eru greinilega mjög miklir hagsmunir í húfi og vil ég m.a. vísa í ágætis töflu í nefndaráliti 2. minni hluta þar sem fram kemur að hlutfall úthafsafla af heildaraflaverðmæti íslenska flotans hefur verið 14–15% árið 1996, en var aðeins 4,3% árið 1993. Það er því ekkert skrýtið að þetta mál sé mjög umdeilt. Hér eru gífurlegir hagsmunir í húfi. Ég get þar af leiðandi vel skilið stöðu hæstv. sjútvrh. að hann vilji fá leiðbeiningu um það hvernig á að fara með slíkt vald. Það hlýtur að vera mjög erfitt að sitja uppi með þetta vald og alla þá hagsmunaaðila sem væntanlega koma þar nærri. En því miður er skilið við frv. þannig að vald hans er algerlega opið og því í raun og veru litla ráðgjöf þar að finna. Hann getur næstum því gert hvað sem er því að það má segja að allir hugsanlegir möguleikar séu taldir upp til viðmiðunar til að ákvarða hverjir fá að veiða og hverjir ekki.

Hæstv. forseti. Sú uppákoma sem varð í upphafi þingfundar þegar frsm. meiri hlutans kom ekki í ræðustól eftir að kallað hafði verið í hann, varð vegna óeiningar stjórnarflokkanna um nefndarálit sem hafði verið dreift, enda var því dreift breyttu stuttu seinna. Þetta sýnir mjög vel að ekki ríkir einu sinni sátt um þetta mál innan þessarar ríkisstjórnar þó svo að ríkisstjórnarflokkarnir tveir sem nú ráða séu helstu varðhundar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Jafnvel þar þarf að vera að möndla málin alveg fram á seinustu stundu.

Mér er alveg ljóst, hæstv. forseti, að við í stjórnarandstöðunni munum ekki geta stöðvað þetta mál nema til komi verulegur stuðningur og þrýstingur utan úr þjóðfélaginu sem vonandi kemur áður en það verður of seint. Ég er satt að segja mjög hrædd um að nú í jólaönnunum verði hið umdeilda kerfi um stjórnun fiskveiða fest enn frekar í sessi, annars vegar með því að færa það út yfir öll heimsins höf eins og ætlunin er með þessu frv. og hins vegar með því að heimila veðsetningu á skipum með aflaheimildum eins og virðist vera í pípunum hjá stjórnarflokkunum þó að við í stjórnarandstöðunni höfum ekki enn þá séð það frv. Fólk verður að átta sig á hvað er að gerast. Ég vil taka undir með hv. ritstjóra hér í borg og kalla það mesta rán aldarinnar, það er rán sægreifanna á auðlindinni sem þjóðin á innan lögsögunnar og á að vera frjáls öllum til afnota utan lögsögunnar. Þetta „rán aldarinnar" má ekki eiga sér stað, en minni hlutinn á Alþingi einn og sér getur því miður ekki stöðvað það. Hér er lýðræðislegur meiri hluti sem þjónar hagsmunum núverandi sægreifa og útgerða og við því er því miður ekkert að gera.

Hér eru miklir hagsmunaárekstrar. Það er t.d. alveg ljóst að hin mikla veiði sem hefur verið að undanförnu á Flæmingjagrunni hefur auðvitað stuðlað að verðfalli á rækju þannig að það þjónar hagsmunum þeirra sem fá að veiða að ekki sitji of margir að kökunni. En um leið skapa þessar miklu veiðar okkar á Flæmingjagrunni veiðireynslu fyrir þjóðina og einnig fyrir einstök skip og það eru mjög mikil verðmæti í húfi fyrir alla nema þá sem fyrir voru og vilja vera einir um hituna. Þetta frv. gengur út á að tryggja hagsmuni þeirra sem fyrir eru í greininni.

Við kvennalistakonur höfum alla tíð lagt mjög mikla áherslu á verndun auðlindarinnar og það gerum við svo sannarlega áfram. En það er mitt mat að ekkert bendi til að um ofveiði hafi þegar verið að ræða á úthöfunum sem betur

fer, en vissulega er mjög mikilvægt að fylgjast með því og að rannsóknir séu stundaðar að því leyti og við tökum þátt í öllum takmörkunum sem alþjóðlega eru taldar nauðsynlegar á því sviði. Slík stjórnun kallar á þátttöku í stjórnunarstofnunum eins og NAFO og NEAFC en meiri veiðireynsla mun styrkja stöðu okkar innan þessara stofnana og bæði sem stjórnenda og þátttakenda í stjórnum stofnananna og meiri veiðireynsla mun væntanlega veita okkur meiri veiðirétt. Ég ítreka því að lokum, herra forseti, afstöðu 1. minni hluta, að vísa beri þessu frv. til ríkisstjórnarinnar. Og ég harma að ekki var haldið áfram í úthafsveiðinefndinni forðum þar sem ég sat fyrir hönd Kvennalistans og að málið yrði rætt þannig að sátt næðist um það, sátt meðal hagsmunaaðila og helst einnig á milli pólitískra flokka. Það er mitt mat að sátt verði að ríkja um stjórn fiskveiða þar sem það er mjög óheppilegt fyrir rekstraraðila að sífellt sé verið að breyta rekstrarskilyrðum útgerðarinnar og allra aðila. Hagsmunir allra eru því best tryggðir með því að sátt ríki um kerfið. Þessi sátt á alls ekki við um núverandi kerfi um stjórnun fiskveiða sem nú á að færa út yfir öll heimsins höf. Ég vona svo sannarlega að þetta mál verði einhvern veginn stöðvað.

[16:53]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Eins og áður hafði verið tilkynnt var áformað að utandagskrárumræða hefðist kl. fimm og var þá einnig ráðgert að fresta þessari umræðu þá hálfu klukkustund sem sú utandagskrárumræða stæði yfir. Forseti mun grípa til þess ráðs að gefa næsta ræðumanni orðið og biðja hann allra náðarsamlegast að haga sínum málflutningi þannig að hann geti gert hlé á ræðu sinni verði henni ekki lokið um fimmleytið.

[16:54]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka þann hlýhug sem forseti sýnir með því að leyfa mér að taka aðeins til máls.

Ég stend að 1. minni hluta ásamt hv. 4. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, og tek undir það sem hann sagði í ræðu sinni áðan. Það sem ég ætla að gera að meginmáli í minni ræðu og meginástæðan fyrir því að ég og hv. þm. getum ekki staðið að þessu frv. eins og það liggur fyrir er hið gríðarlega valdframsal sem er að finna í frv., valdframsal sem við teljum að standist vart ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að setja um þessar veiðar einhverjar leikreglur og þær þurfa að vera skýrar. En þær reglur sem hér á að fara að setja eru langt í frá að vera að nokkru leyti skýrar þannig að við getum alls ekki staðið að þeim.

Það sem ég vil fyrst gera að umtalsefni er 3. gr. frv. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum ...“ o.s frv.

Í fyrsta lagi: Hvað er átt við með þessu? Er átt við það að ef fjölþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að taka einhverjar ákvarðanir, þá geti ráðherra sett um það bindandi reglur og bundið þannig íslenska ríkisborgara? Er átt við það að þetta sé nánast óútfyllt ávísun fyrir hæstv. ráðherra til að leiða í lög ákvarðanir alþjóðastofnana? Er það það sem átt er við hér? Meginreglan er sú að ákvarðanir alþjóðastofnana bindi ekki mikið umfram þjóðarétt og einstaklingar eru ekki þjóðréttaraðilar því það eru ríki fyrst og fremst. En ef ég skil þetta rétt, virðulegi forseti, þá er þarna verið að heimila ráðherra að setja reglur sem byggja á ákvarðanatöku erlendra eða alþjóðlegra stofnana.

Í öðru lagi vil ég benda á 2. mgr. 4. gr. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr.“

Virðulegi forseti. Meginreglan í þessu hefur verið sú hingað til að alþjóðlegir þjóðréttarsamningar sem Ísland gerir binda Ísland að þjóðarétti. En hér virðist mér — ég vona að ég skilji þetta rétt, ég vænti þess að hæstv. ráðherra leiðrétti mig ef rangt er — að verið sé að heimila ráðherra, sem hefur farið ásamt utanrrh. með samningsvald Íslands erlendis á þessu sviði, að fara utan, gera alþjóðasamninga, koma heim og gefa út reglugerð til staðfestu þessa samnings. Þetta er alveg einstök aðferð, virðulegi forseti, við að veita þjóðréttarlegum samningum lagagildi á Íslandi. Sennilega er þetta einsdæmi. Virðulegi forseti. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, ég vil taka það skýrt fram, þá er ekki hægt að skilja þetta ákvæði öðruvísi en svo að verið sé að heimila ráðherra að lögleiða þjóðréttarsamninga fram hjá þinginu. Er það virkilega svo?

Í öðru lagi er í 4. gr. talað um mjög óskilgreint hugtak, þ.e.: „þar til bær yfirvöld“. Þar til bær yfirvöld geta bæði verið yfirvöld hér á landi eða yfirvöld í því ríki sem viðkomandi skip stundar veiðar í. Þetta er 4. mgr. 4. gr. Er átt við, virðulegi forseti, að til þess að stunda veiðar í lögsögu annarra ríkja þurfi bæði leyfi íslenskra yfirvalda og yfirvalda hins erlenda ríkis? Ef svo er, þá er gengið þar mun lengra en kveðið er á um í úthafsveiðisáttmálanum, ef þetta er skilningurinn.

Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að ekki er sjálfgefið að skilja þessi lög því þau eru þannig unnin og úr garði gerð að langt í frá er auðvelt við yfirlestur að átta sig á hvað þar er á ferðinni. En ef átt er við að leyfi þurfi bæði yfirvalda hér á landi og yfirvalda í viðkomandi ríki þá er gengið mun lengra en í þeim úthafsveiðisáttmála sem er meintur bakgrunnur þessa frv. Og af hverju erum við að ganga lengra í íslenskri löggjöf en nauðsynlegt er? Af hverju erum við að ganga lengra í að torvelda íslenskum útgerðum að stunda veiðar á úthafinu og í lögsögum erlendra ríkja en nauðsyn krefur? Ég vænti þess að frsm. meiri hluta sjútvn. eða ráðherra geri þinginu grein fyrir því.

Það er einu sinni svo, virðulegi forseti, að þegar maður les þetta yfir tekur talsverðan tíma að átta sig á hver meiningin er. Ég veit ekki hvort það er hroki hjá þeim sem hér stendur en ég hef ætíð álitið að ef ég áttaði mig ekki strax á 6–8 línum á íslensku máli hver meiningin væri sem kæmi fram væri það vegna þess að það væri illa sett fram en ekki að ég gæti ekki skilið nokkrar línur á íslensku. Það má vel vera að það sé hroki en það er þannig farið með þetta frv. að mjög erfitt er að átta sig á hvað verið er að fara í mörgum þessara greina, því miður.

Ekki er hægt að ræða frv. nema fjalla um 3. mgr. 5. gr. þar sem hæstv. sjútvrh. og meiri hluti sjútvn. virðist vera að leggja á einhvers konar veiðileyfagjald. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi þar sem kveðið er á um að ráðherra geti bundið úthlutun skv. 2. mgr. samkvæmt brtt. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirrar málsgreinar.

Þær útgerðir sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt greininni sem þessu nemur. Með öðrum orðum, ráðherra getur svipt útgerðir sem fara í úthafsveiðar allt að 15% af aflaheimildum. Hér er ekki kveðið á um nein skilyrði, ekki nokkur einustu. Það er reyndar ýjað að því eða vitnað til þess í nýjustu útgáfu, útgáfu tvö eða þrjú af nefndaráliti meiri hlutans að meiningin sé sú að þarna verði einhverjar leiðbeiningareglur þegar fram í sækir, en þær eru ekki til. Og það er hvergi kveðið á um hvernig þær skuli hljóða. Ætli ráðherra setji þær ekki líka? En þarna er kveðið á um að ráðherra sé heimilt eða geti ef honum sýnist svo — það fer væntanlega eftir því hvernig hann fer fram úr á morgnana — svipt skip allt að 15% af þeim aflaheimildum sem þau hafa.

Virðulegi forseti. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo að þetta sé einhvers konar veiðileyfagjald. En ég geri ráð fyrir því að hv. frsm. meiri hlutans geri frekari grein fyrir því í umræðum á eftir.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann eigi langt eftir af ræðu sinni. Ef svo er biður forseti ræðumann að fresta ræðunni þar sem boðuð hefur verið utandagskrárumræða upp úr kl. 5.)

Virðulegi forseti. Ég get fúslega orðið við því að fresta ræðu minni um stund.

(**Forseti** (GÁ): Forseti þakkar fyrir það og ræðunni er þá frestað.)

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kennsla í iðjuþjálfun á háskólastigi.

[17:05]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Þann 25. febrúar 1995 samþykkti Alþingi þáltill. um að Alþingi feli menntmrh. að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi. Flutningsmenn tillögunnar voru hv. þm. Kristín Einarsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Margrét Frímannsdóttir, Guðmundur Bjarnason og Sigbjörn Gunnarsson. Menntmn. samþykkti tillöguna óbreytta, en þá átti meðal annarra sæti í henni Björn Bjarnason, hæstv. núv. menntmrh.

Frá því tillagan var samþykkt hefur margháttaður undirbúningur fyrir þessu námi átt sér stað meðal þeirra sem málið varðar. Í byrjun síðasta árs dvaldi hér á landi bandarísk kona, doktor í iðjuþjálfun. Hún lagði til í samvinnu við skólanefnd Iðjuþjálfafélags Íslands og Háskóla Íslands að komið yrði á 120 eininga fjögurra ára námi í iðjuþjálfun við háskólann í tengslum við kennslu í öðrum heilbrigðisgreinum við skólann.

Fjármálasvið Háskóla Íslands hefur metið kostnað við kennsluna. Þar er komist að þeirri niðurstöðu, samkvæmt bréfi sem hæstv. menntmrh. sendi formanni fjárln. 5. desember 1995, að undirbúningur fyrir námið muni kosta 1 millj. kr. Jafnframt segir í bréfi hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Kennslukostnaður fyrsta árið mun verða um 5,3 millj. kr. og þegar kennsla er hafin á öllum námsárum eftir fjögur ár verður kennslukostnaðurinn alls 17,8 millj. á ári. Kostnaður vegna kennslu við nýja námsbraut í iðjuþjálfun mun því nema samtals 51,7 millj. kr. næstu fimm árin."

Nú er staða þessa máls þannig að forráðamenn Iðjuþjálfafélags Íslands eru sendir milli háskólans og menntmrn. þar sem allir lýsa jákvæðum huga til málsins en enginn virðist geta tekið ákvörðun um að tryggja nauðsynlegt fjármagn til námsins. Þörfin fyrir þetta nám á Íslandi er ótvíræð og hefur verið viðurkennd af öllum sem að þessu máli hafa komið. Það er því illa farið með það fólk sem hefur unnið að framgangi þessa máls á undanförnum árum að senda það erindisleysu milli menntmrn. og háskólans.

Í lok áðurnefnds bréfs hæstv. menntmrh. segir, með leyfi forseta:

„Menntmrn. hefur átt gott samstarf við Iðjuþjálfafélag Íslands og Háskóla Íslands við undirbúning þessa máls. Þá liggur fyrir eindreginn stuðningur heilbr.- og trmrn. við málið. Eru á þessu stigi ekki gerðar athugasemdir við áætlanir um faglegt skipulag og kostnað vegna námsins og telur ráðuneytið að á grundvelli þeirra geti Alþingi tekið afstöðu til þess hvort veita eigi fé til að hefja kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands."

Í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna þessa náms við Háskóla Íslands. Ljóst er að ekki er um háar fjárhæðir að ræða. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið um þörfina á sérmenntuðum iðjuþjálfum sýna að hún er mikil. Hér á landi starfa um 20 iðjuþjálfar fyrir hverja 100 þúsund íbúa, en sambærileg tala er fyrir Svíþjóð 63 og 50 í Danmörku. Breyttar áherslur í heilbrigðismálum hér á landi þar sem aukin áhersla er lögð á að gamalt fólk og fatlaðir séu sem mest heima hjá sér en ekki á stofnunum gera þörfina fyrir iðjuþjálfun mun meiri, sérstaklega utan sjúkrahúsa og endurhæfingarstöðva. En í dag starfar enginn iðjuþjálfi við heilsugæslustöð þrátt fyrir lagaákvæði þar að lútandi, enginn iðjuþjálfi starfar á vegum hins opinbera innan almenna skólakerfisins, á dvalarheimilum og þjónustumiðstöðvum fyrir aldraða né við heimaþjónustu fyrir aldraða á vegum sveitarfélaga.

Umræða um nám í iðjuþjálfun er ekki ný af nálinni á Íslandi. Hún hefur staðið frá árinu 1973 sem leiddi til þess að á árunum 1988 og 1989 starfaði nefnd með fulltrúum menntmrn., háskólans, Læknafélags Íslands og Iðjuþjálfafélags Íslands sem kannaði hvort tímabært væri að hefja kennslu í þessari grein á Íslandi. Nefndin skilaði af sér áliti í maí 1989 og komst að sömu niðurstöðu og bandarískt doktorinn hefur nú komist að, þ.e. að hefja kennslu í faginu sem miði að BS-gráðu eftir 120 eininga nám í fjögur ár.

Í dag sækir fólk aðallega nám í iðjuþjálfun til Norðurlandanna. Kennslan þar miðast að sjálfsögðu við aðstæður sem eru um margt ólíkar því sem hér er, hvort sem horft er til uppbyggingar heilbrigðis- og félagskerfis eða aðstæðna í samfélögum Norðurlanda almennt. Þá er alltaf hætta á því að erfiðlega gangi að fá fólk heim til Íslands eftir nám í útlöndum.

Í dag starfa 65 iðjuþjálfar á Íslandi. 25 íslenskir iðjuþjálfar eru búsettir í útlöndum en talin er þörf á að um 200 iðjuþjálfa þurfi til starfa umfram þá sem nú eru við störf í landinu. Það er því stjórnvöldum til vansæmdar að draga þetta mál með því að útvega ekki nauðsynlegt fjármagn til kennslunnar.

Þingmenn Alþb. munu leggja fram brtt. við 2. umr. á frv. til fjárlaga þar sem gert er ráð fyrir að Háskóla Íslands verði tryggt það fjármagn sem fyrrnefnd áætlun gerir ráð fyrir til að hefja kennslu við iðjuþjálfun við skólann. Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann muni styðja þá tillögu

og hvort hann muni beita sér fyrir því að stjórnarflokkarnir í heild sinni geri slíkt hið sama.

[17:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. fyrir að hefja þessa umræðu. Það er rétt sem komið hefur fram að á vorþingi 1995 var samþykkt till. til þál. þar sem menntmrh. var falið að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi. Við þessu var brugðist í menntmrn. og tekið var upp samstarf við Iðjuþjálfafélag Íslands og Háskóla Íslands um athugun á faglegri skipulagningu og gerð kostnaðaráætlunar fyrir nám í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands. Það sama ár, árið 1995, vann dr. Gail Hills Maguire, tala við Stefán Stefánsson í menntmrn., segir ráðherra, sem er prófessor í iðjuþjálfun við bandaríska háskóla, að faglegri skipulagningu námsins og könnun á samnýtingu við aðrar heilbrigðisgreinar innan háskólans í samvinnu við skólanefnd Iðjuþjálfafélags Íslands og Háskóla Íslands. Í kjölfarið var lagt til að komið yrði á fjögurra ára og alls 120 eininga námi í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands.

Háskólinn mat það svo að kostnaður vegna kennslu við nýja námsbraut í iðjuþjálfun næmi samtals 51,7 millj. kr. fyrstu fimm árin eftir að kennsla hæfist. Auk kennslukostnaðar þyrfti að reikna með öðrum kostnaði vegna húsnæðis, yfirstjórnar, auknum framlögum í sjóði o.s.frv. Þegar þetta lá fyrir sendi ég formanni fjárln. Alþingis bréf þar sem ég sagði að málið væri nú komið á það stig að ákvörðun um framhaldið réðist af fjárveitingu. Á grundvelli upplýsinga um faglegt skipulag og kostnað vegna málsins gæti Alþingi tekið afstöðu til þess hvort veita ætti fé til að hefja kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands. Við þessu var ekki brugðist og Alþingi veitti ekki fé til málsins á fjárlögum árið 1996.

Áfram var unnið að málinu. Sl. vor var samþykkt tillaga í háskólaráði Háskóla Íslands þar sem lagt var til að kennsla í iðjuþjálfun hæfist haustið 1997. Fram kom að ráðsmenn studdu málið og töldu það vel undirbúið, en þeir höfðu áhyggjur af því að framgangur þess yrði til að rýra fjárveitingar til annarra greina innan Háskóla Íslands. Rektor háskólans sendi mér þessa samþykkt með bréfi og í svarbréfi til rektors dags. 30. maí 1996 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísað er til bréfs yðar, herra háskólarektor, dags. 14. þessa mánaðar ásamt fylgiskjölum um kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands. Með bréfi til formanns fjárlaganefndar Alþingis, dags. 5. desember sl., sem yður var sent ljósrit af gerði ráðuneytið grein fyrir málavöxtum vegna undirbúnings kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og er ráðuneytið reiðubúið til að styðja tillögu til fjárlaga um fjárveitingu til kennslunnar ef háskólinn er tilbúinn til að forgangsraða þessu viðfangsefni í fjárlagatillögum sínum innan þess ramma sem fjárlög heimila. Ráðuneytið lítur svo á, að það sé í höndum háskólans að taka ákvarðanir um aðstöðu fyrir kennsluna."

Málinu var haldið áfram og á fundi sem haldinn var í ráðuneytinu í sl. mánuði greindi háskólarektor frá því að nokkru áður hefði verið samþykkt í háskólaráði að háskólinn stefndi ekki að nýjungum í námsframboði árið 1997, enda þyrfti að mæta 60 millj. kr. halla þessa árs fyrst. Fulltrúar Háskóla Íslands hefðu á fundi fjárln. skömmu fyrir fundinn óskað eftir 100 millj. kr. hækkun miðað við fjárlagafrv. sem ætluð væri til að styrkja þá starfsemi sem fyrir er í háskólanum, fasteignir, kennsludeildir og rannsóknir. Á fundinum var fulltrúa Iðjuþjálfafélags Íslands gerð grein fyrir því að menntmrn. mundi ekki fylgja þessu máli eftir gagnvart fjárln. nema Háskóli Íslands setti það ofarlega á sinn forgangslista. Jafnframt kom fram að slík forgangsröðun væri ekki á dagskrá hjá Háskóla Íslands að sinni.

Líkt og ég hef nú rakið hefur menntmrn. gert sitt til að stuðla að því að háskólanámi í iðjuþjálfun verði komið á. Á sama tíma hefur ráðuneytið viljað virða það sjálfstæði Háskóla Íslands að skólinn tæki sjálfur ákvarðanir um hvaða nám er í boði hverju sinni. Afstaða ráðuneytisins er skýr. Það er reiðubúið til að styðja tillögur til fjárlaga um fjárveitingu til kennslunnar ef háskólinn er tilbúinn til að forgangsraða þessu viðfangsefni í fjárlagatillögum sínum innan þess ramma sem fjárlög heimila. Fjárveitingar til háskólans hafa nú verið auknar en skólinn hefur ekki tekið þá ákvörðun að nám í iðjuþjálfun beri að setja í forgangsröð. Ég sé því ekki að hækkun á fjárlagalið Háskóla Íslands verði á þessu stigi til þess að háskólinn ákveði að hefja kennslu í iðjuþjálfun.

Ég vil, herra forseti, láta þess getið að frá Háskólanum á Akureyri liggur fyrir bréf dags. 2. febr. 1995, sem lagt var fyrir menntmn. Alþingis þegar hún fjallaði um umrædda þáltill., þar sem Háskólinn á Akureyri lýsir áhuga sínum á að bjóða nám í iðjuþjálfun og telur að það falli vel að þeirri starfsemi sem stunduð er í Háskólanum á Akureyri.

[17:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að þörfin fyrir iðjuþjálfun er mikil, bæði sem fyrirbyggjandi meðferð og endurhæfing, sérstaklega vegna þeirrar stefnumótunar í heilbrigðismálum að veita sem mesta þjónustu utan stofnana og auka þannig heimaþjónustu.

Í dag eigum við ekki nægilega marga menntaða iðjuþjálfa til að anna slíkri þjónustu. Iðjuþjálfar hérlendis starfa því aðallega á hefðbundnum stofnunum. Á Norðurlöndum fer iðjuþjálfun ekki hvað síst fram á vegum heilsugæslunnar og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í íslenskum lögum um heilbrigðisþjónustu segir að iðjuþjálfun sé ein sú þjónusta sem veita skuli á heilsugæslustöðvum en svo er ekki í dag. Iðjuþjálfar leggja mikið upp úr því að vinna með sjúklingi sínum í daglegu umhverfi hans. Það er árangursríkara og ódýrara en að leggja hann inn á stofnun. Iðjuþjálfaþjónusta úti í samfélaginu getur því komið í veg fyrir tíðar innlagnir.

Í dag eru sjúklingar útskrifaðir af stofnunum eins fljótt og unnt er og eru oft ekki í neinu standi til að bjarga sér heima. Þeir geta þá átt kost á heimahjúkrun og heimilishjálp, en víðtækari þjónustu vantar eins og iðjuþjálfun, þjálfun til að takast sjálfir á við daglegar athafnir. Menntun iðjuþjálfa okkar hefur mestmegnis verið á Norðurlöndum. En þar verður sífellt erfiðara að komast inn í skólana sem eru yfirfullir og með biðlista. Víða eru Íslendingar þar með kvóta, en það kemur í veg fyrir að nægilega margir komist að. Bandaríkin eru einn kostur en þar er námið mjög dýrt svo að ekki hafa margir farið þangað undanfarið. Til að bæta heimaþjónustu sjúkra og fatlaðra hér á landi þarf að bjóða upp á iðjuþjálfun. Öll rök sýna að Háskóli Íslands hefur faglegar forsendur til að hefja kennslu þar, en fjármagn vantar. Og eins og kom fram hjá menntmrh. hér áðan setur háskólinn þessa kennslu ekki í forgang. Ég vil hvetja bæði menntmrh. og heilbrrh. til þess að beita sér fyrir því að háskólinn setji þess mál í forgang þannig að hægt verði að hefja kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands strax á næsta ári því að þörfin er mjög brýn.

[17:19]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á sl. vori ákvað háskólaráð að taka upp kennslu í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands. Það var enda löngu orðið tímabært því að mikil þörf er í þjóðfélaginu fyrir störf þessa sérmenntaða fólks sem starfar að því með vísindalegum aðferðum að hjálpa fólki til sjálfshjálpar, auka færni þess til að takast á við vandamál daglegs lífs og gera því þannig kleift að dvelja utan stofnana þó að það hafi orðið fyrir miklum áföllum.

Það er mjög mikilvægt að fjölga iðjuþjálfum og það verður ekki gert nema þetta nám geti farið fram hér á landi. Það fólk sem búið er að læra slíkt fag erlendis hefur vanist að vinna í öðru kerfi og skilar sér því miður ekki vel til starfa hér á landi. Allt of algengt er að það flendist þar sem það hefur lært.

Iðjuþjálfun hefur reynst mjög árangursrík víðar en í heilbrigðisgeiranum. T.d. hefur hún reynst föngum sem þurfa að taka líf sitt nýjum tökum eftir fangavist mjög vel, að ekki sé minnst á hve brýnt er að grunnskólarnir hafi aðgang að iðjuþjálfum, ekki síst vegna aukins fjölda misþroska barna en með slíkri þjálfun má bæta líf þeirra og líðan umtalsvert. Það urðu því mikil vonbrigði öllum þeim sem bera velferðarmálin fyrir brjósti þegar í ljós kom í haust að háskólinn treysti sér ekki til að hefja kennslu í iðjuþjálfun vegna fjárskorts og átti þó námsbrautin aðeins að kosta um 5 millj. fyrsta árið. Þarna er hægt að segja að hæstv. ríkisstjórn sé að spara eyrinn en kasta krónunni. Eitt af því sem mundi gera umtalsverðan sparnað í heilbrigðiskerfinu mögulegan í framtíðinni er að efla mjög iðjuþjálfun. Þess vegna er mjög brýnt að kennsla sú sem fyrirhugað var að hefja í haust verði hafin nú strax eftir áramót og ríkið leggi út þá peninga sem til þarf í þetta verkefni, eyrnamerkta ef þess þarf.

[17:21]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa ágætu umræðu og þau skýru svör sem hæstv. menntmrh. hefur veitt við þeim spurningum sem lagðar voru fram. Það er enginn vafi á að það hníga öll rök að því að kennsla í iðjuþjálfun verði hafin hér á landi. Það varð niðurstaða nefndar sem skipuð var árið 1973 og það varð niðurstaða nefndar sem var skipuð á árinu 1988. Fyrir liggur að hér skortir um það bil 200 iðjuþjálfa til starfa og það liggur enn fremur fyrir að iðjuþjálfar starfa í dag mjög óvíða. Þeir starfa einkanlega á sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum en nánast ekki annars staðar.

Ég ætla að láta liggja á milli hluta hinn fræðilega ávinning sem margir telja af því að flytja þetta nám inn til landsins þó að hann sé auðvitað ótvíræður. Aðalatriðið í þessu sambandi tel ég vera að það er mikill þjóðhagslegur ávinningur af því að efla þetta starf hér á landi. Það hafa verið færð að því mikilvæg rök að yrði starfsemi iðjuþjálfa efld gæti það sparað til lengri tíma litið í heilsugæsluþjónustunni. Það skiptir mjög miklu máli fyrir utan auðvitað velferð sjúklinganna.

Það liggur líka fyrir að það hefur farið fram mjög vandaður og góður undirbúningur að þessu máli þannig að það er að verða mjög skýrt. Niðurstaðan í þessari umræðu er hins vegar sú sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að það er ekki á óskalista Háskóla Íslands að raða þessu máli þannig í forgangsröð að það muni vera hægt að hefja nám í greininni við Háskóla Íslands á næsta hausti. Það liggur fyrir að ef viðbótarfé verður veitt til Háskóla Íslands þá mun það fara til annarra hluta. Þetta er sú staða sem menn verða að vinna út frá hér og nú. Ég hlýt sem einn af flm. þáltill. sem samþykkt var á vorþinginu 1995 að vekja athygli á því að hún miðaðist við að hæstv. menntmrh. yrði falið að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi, ekki endilega við Háskóla Íslands. Í framhaldi af þessu er auðvitað augljóst að við verðum að skoða aðra kosti. Ég hlýt í því sambandi alveg sérstaklega að vekja athygli á möguleikanum á námi við Háskólann á Akureyri.

[17:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur verið rakið var samþykkt vorið 1995 á hinu háa Alþingi að fela menntmrh. að hefja undirbúning að því að koma á námi í iðjuþjálfun hér á landi. Ég lít svo á að sá undirbúningur hafi farið fram og nú skortir einungis að það fáist peningar til framkvæmda. Það er auðvitað í hendi okkar hér á Alþingi að sjá til þess að þeir peningar fáist.

Eins og komið hefur fram setur Háskóli Íslands þetta nám ekki í forgang sem er afar skiljanlegt í ljósi þeirrar þröngu stöðu sem háskólinn er í. Háskóli Íslands stendur í rauninni frekar frammi fyrir því núna að skera niður kennslu og jafnvel að hætta kennslu í ákveðnum greinum en að bæta við. Hér kemur því enn og aftur að því að það þarf að auka fjárveitingar til Háskóla Íslands.

Ég fékk upplýsingar um að nú séu um 30 manns í námi í iðjuþjálfun erlendis og það gefur auga leið að það kostar auðvitað peninga. Mér er líka sagt að það sé erfiðara og erfiðara að komast að í þessu námi. Það er eins og víða, það þrengir að og það eru kvótar í gangi. Þar af leiðandi geta færri og færri Íslendingar komist í þetta nám.

Mér er líka sagt að það fólk sem hefur lokið námi erlendis skili sér æ verr heim og segir mér svo hugur um að þar blandist launamálin inn í. En ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að mjög mikil þörf er fyrir iðjuþjálfa í okkar samfélagi. Af störfum þeirra getur leitt mikinn sparnað í samfélaginu þannig að ég vil hvetja meiri hlutann og alla hér á hinu háa Alþingi að veita þessu máli lið. Það er okkar að tryggja fjármagnið þannig að kennsla geti hafist í iðjuþjálfun.

[17:25]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil líka byrja á að þakka málshefjanda, hv. þm. fyrir að hefja máls á þessu brýna máli hér á Alþingi og vekja athygli á stöðu þessa náms, bæði möguleikum þeirra sem hyggjast sækja það og hver staðan er gagnvart Háskóla Íslands. Það vekur óneitanlega athygli við lestur þáltill. sem samþykkt var á Alþingi þann 25. febrúar 1995, að að henni standa sex hv. stjórnarþingmenn. Það leiðir auðvitað hugann að því hvort menn hafi ekki hugleitt afleiðingar af þessari samþykkt og reynt að láta fylgja eftir eitthvert fjármagn til þess að koma þessu máli í framkvæmd samkvæmt tillögunni.

Ég vil vitna til orða hæstv. menntmrh. hér áðan þar sem hann vísaði til samskipta við Háskóla Íslands og þar sem háskólanum var í rauninni stillt upp við vegg og gert að skilyrði að skera niður fjármagn annars staðar ef ætti að koma þessu námi á laggirnar. Þetta er auðvitað óþolandi því að sjálfsögðu er háskólinn í þröngri stöðu og augljóst að ekki er hægt að bæta við nýjum verkefnum öðruvísi en að setja eitthvað til hliðar á meðan. Þess vegna held ég að það sé ástæða til að skora á hæstv. menntmrh. að endurskoða

þessi fyrirmæli sín til Háskóla Íslands og gera honum kleift að koma þessu námi á laggirnar hið fyrsta. Það má benda á að gert var ráð fyrir að samnýta að miklu leyti kennslu í öðrum heilbrigðisgreinum, ekki síst sjúkraþjálfun, sem í dag er kennd við háskólann. Það gæti verið verulegur sparnaður fólginn í því, svo ég tali ekki um að það verður hagkvæmt fyrir þjóðfélagið allt ef þetta nám flyst heim. Það verður ódýrara fyrir þá sem hyggjast sækja námið að sækja það hér heima. Það verður sparnaður fyrir þjóðfélagið að fá þessa stétt til viðbótar og við skulum hætta að treysta of mikið á nágrannaþjóðir okkar til að mennta okkar fólk.

[17:28]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa verið látin falla um að mikil þörf sé á starfi iðjuþjálfa hér á Íslandi og full ástæða til þess að taka upp nám í iðjuþjálfun hér á landi. Það er alveg ljóst að það eru forsendur til að taka þetta nám upp. Þær eru fyrir hendi í Háskóla Íslands og þær eru einnig fyrir hendi í Háskólanum á Akureyri. Það er hins vegar ekki rétt að aðeins skorti fé til þess að málinu verði hrundið í framkvæmd. Til þess að málinu verði hrundið í framkvæmd, þá veit það einnig að háskólastofnunum sjálfum. Þær verða að hafa metnað til þess að hafa áhuga á þessu máli og raða því framarlega í forgangsröð.

Það er ljóst af því bréfi sem hæstv. menntmrh. vitnaði hér í áðan að Háskólinn á Akureyri hefur sýnt þessu máli áhuga. Það hefur verið gerð athugun á því á vegum háskólans af hálfu Sigríðar Halldórsdóttur, forstöðumanns heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri, og dr. Ingvars Teitssonar, lektors við deildina, hvaða möguleikar séu að koma á fót námi í iðjuþjálfun í tengslum við heilbrigðisdeild háskólans. Niðurstaða þessarar athugunar er sú að mögulegt sé að samkeyra eins og það er kallað a.m.k. 70% af bóklega náminu í iðjuþjálfun með núverandi námi í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeildina. Þetta er því fjárhagslega mjög hagkvæmt, bæði fyrir iðjuþjálfunarnámið og eins fyrir núverandi hjúkrunarfræðinám við háskólann. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði áðan að það skiptir máli að stofnanirnar hafi áhuga á að takast á við þetta verkefni. Það er ljóst að Háskólinn á Akureyri hefur áhuga á þessu máli og ég hygg að Félagi iðjuþjálfa sé kunnugt um þennan áhuga.

[17:30]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er ljóst að Háskóli Íslands er í spennitreyju, hann stendur mjög illa fjárhagslega og fjárveitingar til hans á nemanda hafa farið hratt lækkandi á undanförnum árum. Raunvirði fjármuna þar er miklu minna núna en var fyrir nokkrum árum. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að ég harma að háskólinn skuli ekki hafa fallist á að taka upp kennslu í iðjuþjálfun í Háskóla Íslands úr því að farið var fram á það af menntmrn. Mér finnst að Háskóli Íslands þurfi á því að halda að vera með í gangi dálítið af starfstengdu námi af ýmsu tagi og hann þurfi að vera virkari í því að sumu leyti en hann hefur verið. Það eykur breidd í skólanum og skapar honum annan sess með þjóðinni en ella væri og þess vegna harma ég þá niðurstöðu ef hún er sú sem hér liggur fyrir.

Það er mín skoðun — en ég hef ekkert um þetta mál að segja nema hér í þessum stól — að háskólinn hefði átt að fallast á það úr því að ráðuneytið kaus að fara þessa leið. Málið liggur þannig fyrir að þar er bersýnilega um að ræða tregðu en hins vegar verður að vinna að málinu áfram og þess vegna teldi ég eðlilegast að veita til þess fjármunum á fjárlögum ársins 1997, að ráðuneytið fái einhverja fjármuni samkvæmt eigin ákvörðun til þess að tryggja að kennsla í iðjuþjálfun verði hafin hjá viðeigandi stofnun á árinu 1997. Það er ákvörðun sem þarf að taka og ég tel að Alþingi ætti að treysta ráðuneytinu til að verja fjármunum skynsamlega í þeim efnum.

[17:32]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu brýna máli. Eins og fram hefur komið er þörfin mjög augljós hér á landi fyrir það nám sem er til umræðu og ég vil taka undir þau rök sem hafa verið kynnt á því sviði. Það er í annan stað augljóst að fagleg þekking er til staðar og forsendur allar, þjóðhagslegar og menntunarlegar, eru til staðar.

Umræðan snýst að nokkru leyti um Háskóla Íslands og forgangsröðun innan veggja þeirrar mætu stofnunar. Það er ástæða til þess að taka einhvern tíma umræðu um forgangsröðun háskólans og ég vil taka undir þau orð sem hér hafa fallið um nauðsyn þess að Háskóli Íslands efli starfsmenntun. Það mun ekki einungis skila sér út í atvinnulífið og vera þjóðhagslega hagkvæmt heldur mun það og hafa jákvæð áhrif á val nemenda í framhaldsskólum, en val þeirra í dag takmarkast mjög gjarnan við það nám sem tekur við af framhaldsskólanum. Því tel ég afskaplega brýnt að Háskóli Íslands taki innan sinna vébanda upp öfluga umræðu um forgangsröðun námssviða sem þar eru kennd.

Orðið sparnaður heyrist gjarnan nefnt og fram hefur komið að til að byrja með er ekki um að ræða nema 5 millj. kr. En það má líka halda því fram með rökum að sparnaður sé til lengri tíma litið hin mesta eyðsla, ekki síst ef mál eins og þetta eru skoðuð undir formerkjum forvarna. Það er alveg ljóst að með öflugum forvörnum á öllum sviðum má ná fram mikilli hagræðingu og sparnaði. Það er með öðrum orðum þjóðhagslega hagkvæmt. Það er enginn vafi að þeir hátt á annað hundrað iðjuþjálfar sem þörf er á nú munu með forvarnastörfum sínum til lengri tíma skila bættu mannlífi og þjóðhagslegum sparnaði. Því er ástæða til þess að brýna hæstv. menntmrh. að styðja þetta mál og jafnframt að Háskóli Íslands eða annar sá háskóli sem vildi taka þetta á sínar hendur geri það.

[17:34]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Það veldur mér vonbrigðum að háskólinn hafi nú skipt um skoðun því að með samþykkt háskólaráðs frá 9. maí 1996 var lagt til að hafin verði kennsla í iðjuþjálfun til BS-prófs við háskólann haustið 1997. Nú upplýsir hæstv. menntmrh. að háskólinn hafi ekki lengur áhuga á því að taka að sér þessa kennslu og það eru auðvitað mikil vonbrigði því að í bréfi eða samþykkt háskólaráðs segir að ef nauðsynleg fjárveiting, húsnæði og aðstaða fáist, þá sé háskólinn tilbúinn til þess að hefja þessa kennslu og út frá því hefur þingflokkur Alþb. samþykkt að mæla með því við 2. umr. fjárlaga að fé verði veitt til þess að koma til móts við þessar óskir háskólans. En eins og ég skil málið, þá er það orðið stopp vegna þess að háskólinn hefur ekki lengur áhuga, þ.e. Háskóli Íslands.

Þá er kannski næst að horfa til þess að á Akureyri er líka háskólastofnun sem er tilbúin til þess eins og hefur komið fram í umræðunni að taka þessa kennslu að sér en í sjálfu sér

er það ekki meginatriði í mínum huga hvort námið fer fram í Reykjavík eða á Akureyri. Aðalatriðið er að námið fari fram hér á landi einfaldlega vegna þess að það er komið að ákveðnum tímamótum í þessu námi. Það er komið að þeim tímamótum að vegna samninga Evrópusambandsins fellur úr gildi samkomulag sem hefur verið milli Norðurlandanna og þess vegna er orðið æ erfiðara að komast í þetta nám. Og annað sem ég vil líka leggja áherslu á er að þar sem flestir hafa stundað þetta nám á Norðurlöndunum þá hefur það ekki gefið rétt til BS-prófs og fæstir hafa haft efni á því að stunda *námið í þeim löndum þar sem slík gráða er veitt* vegna þess að samkvæmt lánareglum LÍN hefur ekki verið hægt að lána fyrir skólagjöldum. En ég vonast til þess að málið fái farsæla framgöngu.

[17:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins í lok þessarar umræðu, um leið og ég þakka fyrir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og get tekið undir það að æskilegt sé að nám í iðjuþjálfun komist hér á háskólastig og tel að ráðuneytið hafi unnið með það að leiðarljósi, láta það koma fram að í sjálfu sér er kannski of fast að orði kveðið að segja að Háskóli Íslands hafi ekki áhuga á málinu. Hann hefur hins vegar ekki viljað forgangsraða þessu máli eins og við höfum lagt til í menntmrn. og hann hefur sagt eins og fram kom í minni ræðu, að fái hann aukið fé, þá ætli hann að láta það renna til þeirrar starfsemi sem fyrir er í skólanum þannig að hann hefur þess vegna ekki ákveðið að forgangsraða þessu verkefni miðað við þær fjárveitingar sem skólinn fær, en þær eru hækkaðar á næsta ári. Og það er rangt sem hefur komið fram í umræðunum að lagt sé til í fjárlagafrv. að lækka fjárveitingar til háskólans. Þvert á móti er lagt til að fjárveitingar á næsta ári verði hækkaðar. Það liggja fyrir um það tillögur og staðfest viðhorf háskólans líka að um hækkun á fjárlögum og fjárveitingu til háskólans er að ræða. En háskólinn hefur sagt: Allt það nýja fé sem við fáum fer til þess að styrkja þá starfsemi sem fyrir er en ekki til þess að taka upp nýja. Það er þetta sem liggur fyrir. Ég notaði ekki það orð að áhugaleysi væri innan háskólans á málinu en hins vegar er hann ekki tilbúinn til þess að setja *það í forgang og nota nýja peninga til þess að taka upp þessa* kennslu. Það liggur ljóst fyrir.

En það hefur einnig komið fram í umræðunum sem lá fyrir í menntmn. þegar við fjölluðum um þá þáltill. sem ég tel að hafi verið hrundið í framkvæmd af ráðuneytinu og formlega skýrt frá í bréfi til fjárln. í desember í fyrra eða fyrir réttu ári, þ.e. að þá lá fyrir að Háskólinn á Akureyri telur að iðjuþjálfanám falli mjög vel að þeirri starfsemi sem þar er stunduð og ég hef orðið var við það hér í umræðunum að þingmenn telja rétt að kanna þann möguleika til hlítar.

Lánsfjáraukalög 1996, 1. umr.

Stjfrv., 226. mál (útgáfa húsbréfa). — Þskj. 306.

[17:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til lánsfjáraukalaga sem er 226. mál þingsins og er að finna á þskj. 306. Þetta er einfalt frv. og satt að segja hefur það gerst æ sjaldnar í seinni tíð að flutt eru frumvörp til lánsfjáraukalaga. Tel ég að það sé góður siður að komast hjá slíku og sýni betri ráðdeild í ríkisbúskapnum þegar hægt er að búa við ein lánsfjárlög yfir árið. Öðruvísi mér áður brá.

Hér er einungis verið að *leggja til að sú breyting verði* gerð á lánsfjárlögum yfirstandandi árs að sú upphæð sem rennur til húsbréfa hækki um 1 milljarð, úr 13,5 milljörðum í 14,5 milljarða. Í athugasemdum sem koma frá félmrh., en þetta er verksvið félmrn. þótt það falli í hlut fjmrh. að flytja frv., kemur fram eins og ég hef sagt að afgreiðsla húsbréfa var áætluð 13,5 milljarðar kr. í lánsfjárlögum fyrir árið 1996. Útgáfan stefnir hins vegar í að verða allt að 14,5 milljarðar kr. á þessu ári og er sótt um heimild Alþingis um viðbót á núverandi útgáfu sem því nemur. Eftirspurn eftir húsbréfum hefur aukist og er gert ráð fyrir að samþykkt skuldabréfaskipti húsbréfadeildar muni í lok ársins verða um 20% fleiri en í fyrra. Aukin útgáfa nú er nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir stöðvun afgreiðslu húsbréfa í desember.

Það er þekkt frá fyrri tíð hve óheppilegt það getur verið þegar koma hnökrar á skuldabréfaskiptin. Það getur leitt til óheppilegra vaxtabreytinga. Það sem hér er að gerast er fyrst og fremst það að góðærið er að skila sér í auknum húsakaupum og húsbyggingum með þeim afleiðingum að fólk sækir í meira mæli eftir þessum lánum en gert var ráð fyrir.

Ástæða er til að benda á síðari málsgrein athugasemdanna en þar kemur fram að félmrh. og fjmrh. séu sammála um að hraða eftir því sem kostur er að færa húsbréfakerfið til banka og sparisjóða. Félagsmálaráðherra mun á næstu dögum skipa nefnd til að undirbúa gerð þjónustusamnings við banka og sparisjóði er feli í sér að greiðslumat og skuldabréfaskipti í húsbréfakerfinu verði hjá bönkum og sparisjóðum þannig að þeir beri fulla ábyrgð á greiðslumatinu. Stefnt skal að því að húsbréfadeild gefi út húsbréf og noti andvirði þeirra til að endurfjármagna húsnæðislán sem bankar og sparisjóðir veita. Húsbréfadeildin kaupi lán af bönkum og sparisjóðum samkvæmt sömu reglum um lánshlutföll, hámarkslán og veðmat og deildin beitir sjálf í dag. Síðan segir í lokin að gert sé ráð fyrir að tillögugerð og undirbúningi nefndarinnar verði lokið fyrir 1. mars 1997 og mun það mál að sjálfsögðu koma til Alþingis þegar það liggur endanlega fyrir og eins og lög gera ráð fyrir.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, leggja til samkvæmt 25. gr. þingskapa að málið fari til fjárln. Þótt lánsfjáraukalög séu ekki nefnd þar á nafn verður að gera ráð fyrir að löggjafinn hafi ætlast til þess að lánsfjáraukalagafrumvörp gangi til sömu nefndar og lánsfjárlagafrumvörp. Þess vegna legg ég til að auk þess að málinu verði vísað til 2. umr. verði það til umfjöllunar í hv. fjárln.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:46]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

[17:49]

Útbýting þingskjala:

Tryggingagjald, 145. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 324; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 325.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 301, 317 og 320, brtt. 302.

[17:49]

Lúðvík Bergvinsson (frh.):

Virðulegi forseti. Ég var þar kominn ræðu minni þar sem ég hafði farið yfir þá gagnrýni sem 1. minni hluti sjútvn. hafði sett fram á það gríðarlega valdframsal sem er að finna í frv. Ég hafði farið yfir 3., 4. og 5. gr. Sömu athugasemdir eiga við um 3. mgr. 6. gr. og fram kom um 5. gr. hér áðan.

Það er ekki hægt að ljúka því að fara yfir frv., virðulegi forseti, nema fara aðeins yfir þær athugasemdir sem nefndinni bárust frá Katli Sigurjónssyni lögfræðingi og kennara í hafrétti við Háskóla Íslands. Þar gagnrýnir hann harðlega frv. sem hér liggur fyrir og hvetur til þess að Alþingi eyði nú meiri tíma í að ljúka vinnu við það frv. svo ekki þurfi að óttast að dómstólar muni kveða á um að frv. standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í umræddu áliti vitnar fræðimaðurinn, sem er kennari við Háskóla Íslands, til nýgengins hæstaréttardóms þar sem kveðið er á um að valdframsal til ráðherra, þ.e. í svokölluðu Samherjamáli þar sem valdframsal til utanrrh. var ekki talið eiga stoð í lögum og brjóta í bága við 75. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi. Í greinargerð Ketils Sigurjónssonar segir svo, með leyfi forseta:

„Meginviðmiðunin er hvort framsalið feli í sér vald til handa stjórnsýsluhafa að ákveða íþyngjandi ráðstafanir. Framsal lagasetningarvalds er því einkum ólögmætt ef með því er kveðið á um heimild til handa stjórnsýsluhafa (þar á meðal ráðherra) að skerða frelsi manna, leggja á kvaðir eða mæla fyrir um refsingar.

Til að framsal lagasetningarvalds til ráðherra geti staðist, þegar um er að ræða íþyngjandi ráðstafanir, er nauðsynlegt að viðkomandi lög hafi að geyma meginreglur (nokkurs konar ramma) um takmörk eða umfang þeirrar réttindaskerðingar sem ráðherra er heimiluð."

Þetta álit fræðimanna hefur verið dregið af mörgum dómum sem hafa fallið í Hæstarétti. Það er einmitt á þessum grunni sem við gagnrýnum frv. harðlega vegna þess að hvergi er að finna svo orð sé á gerandi skilyrði eða leiðbeiningarreglur frá Alþingi hvernig ráðherra eigi að nota þessar heimildir sem geta verið mjög íþyngjandi. Nú um nokkurt skeið hafa nokkrir dómar fallið þar sem niðurstaðan hefur verið sú að löggjöf frá Alþingi er ekki talin standast stjórnarskrá. Vitaskuld er það gagnrýni á hið háa Alþingi. Það er gagnrýni um það að vinnubrögð við lagasetningu séu ekki nægilega góð. Lagasetning er erfið. Það er erfitt að setja lög. Það krefst mikillar vinnu að setja saman lög svo vel sé og þau standist þær meginreglur og þau ákvæði stjórnarskrár sem þau þurfa að standast. Því miður er allt of oft að í gegnum þingið fari með einhverjum flumbrugangi frumvörp sem ekki er nægileg vinna lögð í. Það er nákvæmlega það sem á við í þessu tilviki, virðulegi forseti, að vinnan við þetta frv. er langt frá því að vera nægileg. Þess vegna getum við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og sá sem hér stendur, ekki staðið að samþykkt þess.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég taka undir þá gagnrýni sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson setti fram áðan og óskaði skýringa á varðandi hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Guðmund Hallvarðsson og Einar K. Guðfinnsson, þingmenn sem hafa gagnrýnt mjög heimildina til að framselja veiðiheimildir. Ég get ekki séð, þegar færa á stjórnkerfi fiskveiða út yfir öll heimsins höf og þar á meðal veita heimild til að framselja veiðiheimildir, að þeir þingmenn geti staðið að samþykkt slíks frv. Að minnsta kosti þurfa þeir að gera grein fyrir því hér.

[17:55]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða ræðumanns vil ég taka skýrt fram það sem ég hef áður sagt um afstöðu mína varðandi framsal á aflaheimildum. Hér liggur fyrir frv. sem hefur verið afgreitt til hv. sjútvn. hvar málið verður rætt þannig að afstaða mín til þessa framsals og framsalsheimilda fer ekki milli mála.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er mjög sérkennilegt og ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kemur inn á mál sem eru mjög sérkennilega loðin svo ég segi ekki annað og talar rósamál í þessum stól um að það sé ekki í fyrsta skipti sem 10. þm. Reykv. hlaupist undan merkjum eða sé tvíátta. Líklega er það nú svo að engir eru álíka tvíátta og flestir alþýðuflokksmenn og er hann þar í fararbroddi. En ekki meira um það.

Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég taka það skýrt fram að afstaða mín er algjörlega óbreytt gagnvart þessu máli. Ég veit að þetta mál sem við hv. þm. Guðjón Guðmundsson höfum lagt fram mun væntanlega ná fram að ganga og mun fá mikla umræðu í þinginu og í nefndum þess. Ég veit að alþýðuflokksmenn munu að sjálfsögðu fylkja sér um málið. Ég trúi ekki öðru miðað við það sem þeir hafa sagt áður.

En að lokum. Ég taldi ekki ástæðu til að gera sérstaka fyrirvara á nefndarálitinu varðandi þetta mál af þessari einu ástæðu að afstaða mín er alveg ljós. Og svo ég noti orð hv. þm., Guðmundar Árna Stefánssonar: Þetta mál er alveg kýrskýrt og á þess vegna að vera nokkuð ljóst, a.m.k. í hugum alþýðuflokksmanna.

[17:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Mér hefur komið svolítið á óvart að í umræðunni hafa hv. þm. spurt um atriði sem ég taldi liggja mjög ljós fyrir. Ég vil gera nokkur þeirra að umtalsefni vegna þess að mér þykir óþarfi að spyrja um þau efni, en þá er sennilega rétt að fram komi svör.

Spurt var hvað orðið hentifáni merkti. Það er rétt að það er ekki sérstaklega skilgreint í frv. né heldur í athugasemdum við það. Orðið hefur fyrir löngu fengið sérstaka merkingu í umræðu um fiskveiðimál og um farskip, um fána sem skip eða útgerð skips grípur til að skrá skip undir í þeim tilgangi að forðast lög og reglur og aðrar skuldbindingar. Það er hin einfalda skilgreining sem er þekkt og hefur verið við lýði alllengi.

Önnur atriði voru rædd á svipaðan veg og spurt var hvort verið væri að ganga langt eða óvenjulangt í löggjöf, þar á meðal um það að veita ákvæðum samkvæmt þjóðréttarsamningum lagastoð og ákvörðunum sem aðilar að slíkum samningum taka á grundvelli samningsins. Um það verður

að segjast að á undanförnum árum, ekki aðeins á þessu kjörtímabili, hefur mótast sú regla í hinu háa Alþingi að í lögum um sama málaflokk er gert ráð fyrir því að þegar Ísland hefur fullgilt samning þá geti framkvæmdarvaldið sett í reglugerð ákvæði í samræmi við ákvarðanir sem aðildarríkin, þar með talið Ísland, taka á grundvelli samningsins. Samningur hins vegar verður ekki fullgiltur nema hann sé sérstaklega borinn upp hér í þingi. Eins er um breytingar á samningnum sjálfum. Ég verð að viðurkenna að ég hafði álitið að þetta þekktu þingmenn þegar af þeim málum sem hafa verið til umfjöllunar það sem af er þessu kjörtímabili.

Atriði sem varðar 3. mgr., bæði í 5. og 6. gr., var líka rætt. Ég verð að viðurkenna að ég hafði álitið að það hefði komið fram og það er rétt ég orði það svo, að í nál. meiri hluta kæmi fram sú leiðsögn sem hann telur eiga við. En hitt er rétt að fram komi að það er ekki venja að fyrir liggi í orðanna hljóðan textar að væntanlegum reglum eftir ákvæðum í frv. sem ekki eru orðin að lögum. Það er ekki venjan.

Herra forseti. Hér hefur verið rætt allítarlega um dóm Hæstaréttar um mál nr. 110/1995, þar sem niðurstaða Hæstaréttar er sú að á tiltekin lög hafi skort til að þau gætu staðist við löggjöf um heimild til framkvæmdarvalds til að skerða atvinnufrelsi sem á sér stoð í stjórnarskrá. Dómurinn er birtur sem fylgiskjal í nál. 1. minni hluta. Ég hefði talið að það væri næg birting og hefði ekki þurft að lesa upp úr honum.

Hitt skal ég taka fram aftur, sem ég gerði í fyrri ræðu minni, að ég hef kynnt mér þennan dóm. Og ég tel að hann geti átt við um þau lög sem nú eru í gildi um fiskveiðar utan lögsögu. Nákvæmlega þar er eins ástatt og um lögin sem dómurinn fjallar um. Í þeim lögum eru ekki takmarkandi ákvæði um umfang þeirrar skerðingar sem fram má koma. Það er hins vegar gert ráð fyrir að verði með þessu frv. þegar það verður að lögum.

Þá hefur enn verið rætt um athugasemdir sem fram hafa komið fyrir hv. sjútvn. frá Katli Sigurjónssyni, lögmanni og fræðimanni. Um það skal ég segja að ég og fleiri þm. í meiri hluta hv. sjútvn. höfum kynnt okkur þær athugasemdir. Við erum alls ekki sammála hv. þm. í 1. minni hluta og talsmanni Kvennalistans í þessu máli um vægi þeirra athugasemda og jafnvel ekki um réttmæti þeirra. Um það verð ég að segja eins og er að mér finnst svolítið sérkennilegt sem kom fram fyrr í þessari umræðu, ekki í máli hv. síðasta ræðumanns heldur fyrr, hjá samflokksmanni hans og formanni flokks hans, að skoðanir annarra þingmanna á slíkum atriðum sem væru ekki aðeins í ósamræmi við hans skoðun hlytu þá að vera rangar. Mér finnst það afskaplega sérkennilegt sjónarmið um álitaefni að álit annarra hljóti að vera rangt ef það er ekki samhljóða hans eigin.

Herra forseti. Það hefur komið fram í umræðunni að við stöndum frammi fyrir því að þróun hefur þegar orðið og er á hraðferð í þjóðarétti og einnig í lögum þeirra ríkja sem eru aðilar að þjóðarétti, einmitt á sviði laga og alþjóðasamninga um veiðar á úthafi, um veiðar á fiskstofnum sem standa beggja megin við mörk lögsögunnar og fiskstofna sem eru hreinir úthafsstofnar, ég tala nú ekki um farandstofnar. Um þetta vil ég segja að mér virðist í þessu máli skipta mjög miklu fyrir okkur Íslendinga að verða ekki eftirbátar annarra þjóða. Við eigum gífurlega mikla hagsmuni undir því að sem fyrst verði gildur þjóðarréttur, þær almennu reglur sem eru skilgreindar í úthafsveiðisamningi Sameinuðu þjóðanna, samningnum sem við köllum svo, og verður væntanlega til umfjöllunar að fullgilda hann hér á hinu háa Alþingi á næstu dögum. Vegna tillögu og orða hv. þm. jafnaðarmanna og kvennalistans um að það sé rétt að tefja þetta mál verð ég að segja að það finnst mér og sýnist ganga gjörsamlega í bága við hagsmuni okkar Íslendinga. Mér finnst sérkennilegt af forustumönnum slíkra stjórnmálaafla að mæla fyrir þeim skoðunum þar sem hagsmunir okkar eru í húfi. Það hefur oft verið rætt hér á hinu háa Alþingi að einmitt það að koma á almennum reglum um stjórn fiskveiða utan lögsögu, skipti okkur mjög miklu máli vegna stofna sem fara út og inn í okkar lögsögu, stofna sem hafast við á mörkum hennar og rétt utan, og eru mjög sóttir af öðrum þjóðum. Slíkir samningar og reglur, eins og við setjum með þessu frv., byggðar á ákvæðum og heimildum í alþjóðasamningum til þess að ríkið geti haft afskipti út fyrir lögsögu sína, einmitt það er sá réttur sem við höfum óskað eftir. Og aðeins fyrir fáum árum höfðu talsmenn sömu flokka uppi einmitt þær skoðanir í hinu háa Alþingi. Mér finnst snúningur þeirra sérkennilegur. Ég hlýt að taka það fram, herra forseti, vegna þeirra orða sem höfð hafa verið uppi um að engin nauðsyn sé til þessarar löggjafar og að hún muni verða til að skerða athafnafrelsi íslenskra úgerða á úthafinu umfram útgerðir annarra ríkja eða þjóða. Ég tel það vera misskilning. Og ég tel það mikinn misskilning ef menn álíta að þetta frv., ef að lögum verður, komi í veg fyrir að sjómenn okkar og útgerðir geti sótt á fjarlæg úthafsmið sem ekki hefur þegar verið samið fyllilega um stjórn veiða á. Ég vænti þess að við höfum öll skilning á því þegar um er að ræða svæði sem þegar hefur verið samið um veiðar á, samið um stjórn, veiðar og stofna sem þar eru nýttir. Þar höfum við ekki rétt til að hegða okkur eins og allt sé öllum opið og að ríki fullt frelsi.

Herra forseti. Haft var á orði fyrr í umræðunni að einhver grannríki okkar væru skemmra á veg komin í þessum málum heldur en við ætlum nú að fara og það væri okkur til sóma að bíða þeirra. Ég tel það ekki okkur til sóma. Ég tel það í bága við hagsmuni okkar og það væri okkur til vansæmdar að bíða öllu frekar. Vegna þess að eitt ríki var sérstaklega nefnt vestan Atlantshafsins, Kanada, og haft á orði að þar væru ekki í lögum ákvæði lík þeim sem við erum að setja, verð ég að viðurkenna að mér hefur verið það ljóst í nokkur ár að það er ekki nýmæli. Það er meira að segja gamalt ákvæði í lögum í Kanada að stjórnvöldum þar er heimilt að hafa afskipti af skipum, meira að segja skipum annarra ríkja utan lögsögu Kanada. Ég minnist deilna milli Kanada og Evrópusambandsins einmitt vegna þessa. Þar kom fram að Evrópusambandið gat ekki gengið eftir einhverju sem það taldi sinn rétt vegna þess að lög Kanada voru alveg hrein og klár og hafði ekki verið mótmælt.

Ég tel, herra forseti, að við ættum ekki að bíða eftir fordæmi Evrópusambandsins sem sérstaklega var nefnt. Það á ekki slíka sögu eða slíkt orðspor í sjávarútvegsmálum og fiskveiðum að það sé skynsamlegt fyrir okkur að fara að fordæmi þess, þ.e. þeirra sem hafa gengið miklu verr fram á fiskimiðum heldur en við þó gerum.

Við höfum velt því fyrir okkur nokkrum sinnum undanfarin ár hvers vegna við höfum lent í deilum við næstu grannríki okkar og vinaþjóðir um fiskveiðimál. Hvers vegna aðrar þjóðir hafa gagnrýnt okkur Íslendinga fyrir framgöngu okkar á sameiginlegum miðum utan við lögsögu okkar og annarra. Ég tel að það sé vegna þess að okkar lög um þessi efni hafa ekki verið nægjanlega skýr og að við, útgerðir okkar eða sjómenn, höfum gengið fram með þeim hætti að öðrum hefur verið misboðið. Það er alveg skýrt að næstu

grannþjóðir okkar telja framkomu okkar á Flæmingjagrunni gagnrýni verða. Það er okkur öllum ljóst hvers vegna við deilum við Norðmenn og Rússa um Smuguna í Barentshafi.

Ég er ekki að segja að við höfum farið gjörsamlega rangt að. Ég tel samt sem áður ljóst að þessar grannþjóðir okkar telja okkur ámælisverða fyrir það hvernig við höfum gengið fram. Ég tel einfaldlega, herra forseti, að með ákvæðum þessa frv. sé ekki verið að skerða möguleika okkar eigin fiskiflota til að sækja ný úthafsmið eða að sækja í nú ónýtta stofna utan lögsögunnar. Ég tel það misskilning að halda slíku fram.

Ég tel það alveg fáránlegt að halda því fram að með þessu frv. sé verið að færa lögsöguna, eins og sagt er, yfir öll heimsins höf. Ég tel augljóst að þar sem ekki gilda lög annarra ríkja frekar en okkar, hljóti að gilda íslensk lög um íslenska starfsemi, það er augljóst. Það er ekkert eðlilegt frelsi fólgið í því að hafa lögleysu. Á það get ég ekki fallist. Ég tel einfaldlega, herra forseti, að ef við mundum bíða frekar með samþykkt þessa frv. og að það verði að lögum, þá værum við að fórna mikilvægum hagsmunum Íslendinga og það yrði okkur til vansæmdar.

[18:09]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi nefna hér í stuttu andsvari. Í fyrsta lagi dró síðasti ræðumaður í efa réttmæti þeirra skoðana sem fram koma hjá Katli Sigurjónssyni lögfræðingi og lögð voru fyrir sjútvn. Það er í sjálfu sér eðlilegt að menn dragi skoðanir annarra í efa. Það er eðlilegt og menn eru ætíð að takast á með rökum. En því miður hafa ekki verið sett fram hér í þessari umræðu af fulltrúum meiri hluta sjútvn. nein rök sem réttlæta að setja fram þá skoðun að þeir séu bara ekki sammála vegna þess að það hafa ekki verið sett fram nein rök, ekki ein einustu, um að það sé ástæða til að draga niðurstöðu Ketils Sigurjónssonar í efa.

Í öðru lagi talaði hv. síðasti ræðumaður um vansæmd af því að bíða. Í hverju felst sú vansæmd og hver er nauðsyn þess að setja þessi lög nákvæmlega núna? Það hefur hvergi komið fram. Það er hægt að skella fram einhverjum frösum sem hljóma líkt og hjá síðasta ræðumanni, það væri vansæmd að því að bíða, það skaðaði okkar hagsmuni o.s.frv. Það er ekkert á bak við það. Það eru engin rök sett fram.

Í þriðja lagi, virðulegur forseti, ef Kanada hefur sett lög þess efnis að þau eigi við utan lögsögu Kanada og heimili þeim að ganga í skip annarra þjóða utan þeirra lögsögu þá er framsögumaður meiri hluta sjútvn. að bera hér inn nokkuð merk tíðindi. Hann er að bera hér inn að lög Kanada gangi þá framar gildandi þjóðréttarreglum á opnu hafsvæði.

[18:12]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að segja að ég teldi það ekki við hæfi að ræða hér fram og til baka með rökum eða ekki rökum, hvers vegna við komumst að þeirri niðurstöðu sem við höfum gert um athugasemdir lögmanns, sem við berum vissulega virðingu fyrir, en erum ekki sammála. Athugasemdir hans eru ekki hluti af þingmálinu. Þær hafa komið fyrir okkur og við höfum vegið og metið hver eftir því sem við teljum efni til.

Ég tel að ef við bíðum með að samþykkja að þetta frv. verði að lögum, það verði látið dragast, eins og síðasti ræðumaður m.a. hefur tekið undir og aðrir flutt hér sem munnlegar tillögur, í allt að þrjú ár þá yrði vansæmd okkar fólgin í því að hafa ekki lögleitt ákvæði sem gerði okkur kleift að framfylgja samningum sem við höfum þegar gerst aðilar að og eru í gildi. Þar er ég ekki að tala um úthafsveiðisamning Sameinuðu þjóðanna heldur beina samninga okkar við aðrar þjóðir við Atlantshaf. Það yrði mjög miður.

Ég trúi ekki að hv. þm. muni ekki eftir þeim áhyggjum sem við höfum haft af karfastofninum á Reykjaneshrygg. Ég tel að nái þetta frv. ekki fram að ganga nú séum við ekki lagalega fullbúnir til að framfylgja þeim samningum sem við höfum gengið eftir við aðrar þjóðir og höfum talið mest í þágu okkar hagsmuna.

[18:13]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margumrætt lögfræðiálit Ketils Sigurjónssonar er vissulega ekki hluti af þessu máli, það er alveg hárrétt. En þarna er á ferðinni sérfræðingur á sínu sviði, líklega okkar fremsti maður á sviði hafréttar nú um stundir. Þess vegna er ekki óeðlilegt, þegar viðhorfum hans og skoðunum er hafnað, að eftir því sé leitað að meiri hluti sjútvn. rökstyðji niðurstöðu sína. Það er alveg ljóst, eins og ég vitnaði til í ræðu minni áðan, að Alþingi hefur verið að fá upp á síðkastið æ ofan í æ skömm í hattinn frá dómstólum, þar sem þeir segja að Alþingi hafi ekki staðið nægilega vel að löggjöf sinni. Þess vegna er full ástæða til þess, þegar meiri hluti hafnar jafngóðum fræðimanni og þarna á í hlut, að hann setji fram rök. Verði frv. að lögum, sem ég geri fastlega ráð fyrir, þá er alveg ljóst að mjög fljótlega munu verða höfðuð nokkur mál til þess að láta á það reyna hvort þessi löggjöf standist atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þess vegna er mikilvægt að Alþingi vandi eins og kostur er til vinnu sinnar við löggjafarsmíðina og kasti ekki til þess höndunum. Þess vegna er ekki óeðlilegt þrátt fyrir að álitið sé ekki hluti af frv. að meiri hlutinn setji fram rök þegar hann hafnar jafnþungum rökum og eru sett fram í margumræddu áliti.

[18:15]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir skoðanir hv. þm. á því hvað kynni að falla undir vönduð vinnubrögð hv. Alþingis. Ég hef hins vegar haldið mig við það að rökræða þingmálið og þar koma fram þau atriði sem í athugasemdum lögmannsins oftnefnda er vikið að. Mér þætti það ekki full virðing við lögmanninn ef við færum að rökræða hans athugasemdir. Þess vegna geri ég það ekki. Hann fjallar hins vegar um málið. Ég hef fjallað um málið, og við í hv. nefnd, og það hefur komið fram í máli mínu hver afstaða okkar er til þeirra atriða sem lögmaðurinn gerði athugasemdir við. Það má vera að einhverjir hv. þm. eigi erfitt með að átta sig á því og vilji frekar rekja þau rök í tengslum við athugasemdir lögmannsins heldur en við þingmálið en það er þá ekki annarra vandamál.

[18:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð í tilefni þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Í fyrsta lagi vil ég víkja að þeim fullyrðingum sem settar hafa verið fram af nokkrum hv. þm. um að hér sé á ferðinni frv. sem miði að því að takmarka möguleika á rétti íslenskra skipa til úthafsveiða. Þetta er mikill misskilningur enda engin leið að færa nein rök fyrir slíkri fullyrðinug og þeir hv. þm. sem héldu þessu fram færðu heldur engin rök fyrir máli sínu. Sannleikurinn er sá að frv. byggir á þeirri meginreglu að veiðar utan lögsögu séu

frjálsar nema í þeim tilvikum þar sem gerðir eru samningar um takmörkun veiða og það er meginefni frv. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að hér er ekki á neinn hátt verið að takmarka útrás íslenskra skipa eða möguleika þeirra til þess að afla sér veiðireynslu í úthöfunum.

Það hefur svo verið rætt hér nokkuð um valdframsal í frv. Nú er á það að líta að það eru gildandi lög frá 1976 um úthafsveiðar. Þar er kveðið á um að ráðherra geti sett þær reglur sem þurfa þykir. Í sjálfu sér er ekki hægt að fyrirfinna í íslensku lagasafni lög sem veita ráðherra meira frelsi til þess að setja reglur en gildandi úthafsveiðilög. Það er eitthvað mesta valdframsal sem um getur. Þetta frv. sem hér liggur fyrir kveður á um tiltekin skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að setja veiðistjórnunarreglur. Ráðherra getur ekki sett reglur um veiðistjórnun nema þau tilteknu skilyrði séu fyrir hendi sem í lögunum er mælt fyrir um.

Í annan stað er nákvæmlega kveðið á um það í lagatextanum hvers konar veiðistjórnun er unnt að ákveða. Sé veiðireynsla fyrir hendi þá skal úthluta á þeim grundvelli. Í öðrum tilvikum koma aðrar leiðir til greina. Hér er um að ræða frv. þar sem hvort tveggja þarf að vera fyrir hendi, ákveðin skilyrði, sem eru nánar greind í lögunum, og að lögin telja upp hvaða möguleika ráðherra hefur til þess að kveða á um fiskveiðistjórnun. Þetta hvort tveggja er að mínu mati fyllilega innan þeirra marka sem eðlileg eru varðandi mál eins og þessi og fráleitt að halda því fram að hér sé um að ræða valdframsal sem takmarki athafnafrelsi manna með þeim hætti að stangist á við stjórnarskrá.

Það er nú einu sinni svo að fiskstofnarnir eru takmörkuð auðlind og hvort sem þeir eru innan landhelgi eða utan þá þarf að stjórna veiðum og takmarka veiðar ella veiðum við fiskstofnana upp og þeir hrynja. Það er þess vegna almennt viðurkennt og við höfum lengi byggt okkar fiskveiðilöggjöf á því að það eru heimildir til þess að takmarka fiskveiðar. Það er gert í almannaþágu. Ef við hefðum ekki heimildir til þess mætti búast við því að fiskstofnarnir mundu hrynja á örskömmum tíma. Það eru þessir almannahagsmunir, að takmarka veiðarnar, sem gera það nauðsynlegt að setja reglur um það hvernig veiðum er stjórnað og fráleitt að halda því fram að það brjóti í bága við atvinnufrelsi stjórnarskrárinnar að takmarka veiðar til þess að vernda fiskstofna.

Loks ætla ég að víkja að því sem hér hefur komið fram, að það sé ekki þörf á að gera þetta frv. að lögum nú vegna þess að úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki verið staðfestur af tilskildum fjölda ríkja þannig að hann sé orðinn bindandi alþjóðaréttur. Þá er á það að líta að þó að þetta frv. sé samið með hliðsjón af ákvæðum sáttmálans og geri okkur kleift að fullnægja skuldbindingum hans þegar hann verður orðinn að bindandi þjóðarétti er meginástæða fyrir því að við þurfum að setja leikreglur ekki tengdar úthafsveiðisáttmálanum sjálfum heldur eru það ástæður sem við þekkjum.

Við höfum verið að gera samninga um stjórnun á mjög mikilvægum fiskveiðiauðlindum. Ég nefni samningana um úthafskarfaveiðarnar á Reykjaneshrygg, um síldveiðarnar, ákvarðanir sem teknar hafa verið innan NAFO um veiðar á Flæmingjagrunni. Þó að við höfum mótmælt þeim þá höfum við talið okkur skylt að fylgja þar fram verndunarráðstöfunum. Við höfum viljað fara aðrar leiðir en NAFO-ríkin en eigi að síður höfum við talið nauðsynlegt að standa með ábyrgum hætti að veiðum á því veiðisvæði.

Það eru fyrst og fremst þessar ástæður sem kalla á að við höfum skýrar lagaheimildir til þess að kveða á um það hvernig við stjórnum veiðum okkar eigin skipa á veiðisvæðum þar sem búið er að taka ákvarðanir um veiðistjórnun. Ég held að það sé þess vegna augljóst að það fær með engu móti staðist að ekki sé full þörf á að setja löggjöf sem þessa nú. Raunar hefði verið mjög æskilegt að við hefðum getað sett hana fyrr vegna þess að það er mjög mikilvægt að þeir sem þennan veiðiskap stunda viti á hvaða grundvelli þær eigi að fara fram til lengri frambúðar. Óvissa í þessu efni skapar óöryggi í veiðunum og það er eðlilegt að þeir sem þennan veiðiskap stunda kalli á að þeir viti hvaða reglur eigi að gilda til frambúðar.

Í heild held ég að hér hafi nokkuð vel tekist til með samningu þessa frv. Það er vissulega rétt sem hér hefur komið fram að því miður tókst ekki heildarsamstaða í þeirri nefnd sem vann að frumvarpsgerðinni á sínum tíma. Ég held þó að það hafi verið mjög mikilvægt að vinna að málinu á þeim vettvangi þar sem bæði komu saman fulltrúar allra þingflokka og hagsmunasamtaka og það hafi leitt til þeirrar niðurstöðu sem þetta frv. er og ég hygg að allgóð samstaða sé um í atvinnugreininni.

Herra forseti. Það voru fyrst og fremst athugasemdir við þessi örfáu atriði sem ég vildi koma á framfæri áður en umræðunni lyki.

[18:26]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hæstv. sjútvrh. að vitaskuld er nauðsynlegt að reyna að stjórna þessum veiðum. Um það er ekki deilt. En það eru engin rök fyrir því að skila frv. í þeim búningi sem það er nú að núgildandi lög séu svo opin að nánast megi setja hvað sem er í ný lög. Það er varla hægt að nota þann málshátt — svo má böl bæta að benda á annað verra. Því það sem við höfum gagnrýnt fyrst og fremst eru ákvæði sem koma fram í 3. mgr. 5. og 6. gr. laganna þar sem ráðherra er framselt gríðarlegt vald. Hann má beita því nánast að eigin geðþótta ef hann vill það viðhafa þar sem honum er heimilað að skerða aflaheimildir um annars vegar 7% og hins vegar 15% án þess að Alþingi setji honum nokkrar leiðbeiningar. Það eru fyrst og fremst þessi ákvæði sem við höfum gagnrýnt og þetta valdframsal. Við erum ekki að gagnrýna að það sé reynt að setja einhverja stjórn á þessar veiðar. Menn geta deilt um það hvaða stjórnunaraðferð eigi að beita. En það sem við höfum fyrst og fremst gagnrýnt í frv. er hvernig það er unnið og að ekki skuli sett skýrari skilyrði fyrir ráðherra hvernig hann á að beita þessum íþyngjandi ákvæðum.

[18:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki alveg heim og saman að halda því fram að það eigi að setja stjórnunarreglur á grundvelli gildandi laga, sem fela í sér eitthvert víðtækasta framsal til ráðherra sem sést í lagasafninu, og mótmæla því svo hins vegar að ráðherra eigi að setja reglur á grundvelli þessara laga sem fela í sér mjög mikla takmörkun á valdi ráðherrans. Eins og ég hef sagt áður þurfa að vera fyrir hendi alveg tilgreind skilyrði í lögunum sem gera það að verkum að hægt sé að setja stjórnunarreglur og lögin mæla fyrir um til hvaða stjórnunaraðgerða hægt er að grípa í hverju tilviki. Það fer ekki saman að segja að þetta gangi ekki upp þegar búið er að setja lög með þessum hætti en hitt sé sjálfsagt að setja stjórnunarreglur samkvæmt lögum sem eru algjörlega opin

bók. Ég kem þeim málflutningi ekki heim og saman.

[18:29]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eiginlega nýtt í þessari umræðu að núgildandi lög séu til umræðu. Það er engin að ræða um núgildandi lög. Það er fyrst og fremst verið að ræða um þetta frv. sem á að fara gegnum þingið. Og það er verið að gagnrýna að ekki séu sett skýr skilyrði fyrir því hvernig ráðherra getur beitt sínum valdheimildum. Það er það sem verið er að gagnrýna. Ráðherra vitnar til þess að núgildandi lög séu jafnvel verri og af því að þau séu verri þá hljóti þetta að vera í lagi. Það er enginn að ræða þetta út frá þessum nótum. Menn eru fyrst og fremst að ræða út frá þeim nótum að í því frv. sem liggur fyrir þinginu er kveðið á um gríðarlegt valdframsal til ráðherra og það eru engin skilyrði sett fyrir því hvernig hann eigi að nýta þetta vald. Það er það sem er verið að gagnrýna. Svo kemur ráðherra hér upp og segir: Ja, þetta er nú svo opið núna að það hlýtur að vera í lagi að hafa þetta svona. Þetta eru frekar undarleg rök og léttvæg. Og ef ráðherra ætlar að leika sér að því að snúa út úr málflutningi manna þá getur hann gert það. En hann gerir það þá bara á eigin ábyrgð.

[18:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að ég þarf ekki að minna hv. þm. á það að því hefur verið haldið fram af talsmönnum minni hlutans að það eigi að setja stjórnunarreglur á grundvelli gildandi laga. Og það eigi að stjórna úthafsveiðunum á þeim grundvelli. Það felur í sér að það er skoðun þeirra sem því hafa haldið fram að það eigi að setja þær stjórnunarreglur á grundvelli þess víðtæka valdframsals sem er í þeim lögum. Hér er hins vegar verið að leggja fram lagafrv. sem felur í sér mjög verulega takmörkun á því valdi sem fyrir hendi er hverju sinni. Auðvitað er alltaf æskilegast að hafa lagareglurnar sem allra skýrastar en ég hygg að hv. þm. viti að meginástæðan fyrir því að það er talið nauðsynlegt að hafa fleiri kosti en einn sé sú að hér getur verið um mjög breytilegar aðstæður að ræða. Það geta komið upp ný viðhorf, það geta komið upp nýir möguleikar í úthafsveiðum sem við vitum ekki um í dag og því þurfa lögin að vera sveigjanleg þannig að þau geti tekið til fleiri og margbreytilegri aðstæðna en við sjáum fyrir í dag.

[18:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist vegna þessara síðustu orðaskipta hæstv. ráðherra og hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar og komið aðeins inn í þessa umræðu og bent á það að ég og fleiri hafa verið þeirrar skoðunar að lögin frá 1976 séu ekki góð m.a. vegna þess mikla framsals til ráðherra sem þar er heimilað. Þess vegna teldi ég ekkert óeðlilegt að það væru sett ný lög en þau lög ættu m.a. að afnema hin lögin og aftaka þetta mikla framsal sem hæstv. ráðherra hefur. Ég tel að í þessum nýjum lögum, við breyttum þeim reyndar sl. vor, sem ættu að verða til í stað þessa bálks sem við erum nú að samþykkja ætti fyrst og fremst að kveða á um veiðieftirlit eins og Norðmenn og Kanadamenn eru að gera og í öðru lagi ætti að heimila að veiðar á úthafinu séu frjálsar og segja eitthvað nánar um stjórnunarstofnanir. Það þarf alls ekki að færa núgildandi lög um stjórn fiskveiða út yfir öll höf. Þess vegna er ég sammála hæstv. ráðherra að því leyti að núverandi löggjöf er mjög opin. Mér finnst að dómur Hæstaréttar í máli Samherja og íslenska ríkisins, sem hér hefur oft verið vitnað til, einmitt segja okkur að lögin frá 1976 eru ótæk. Við þurfum önnur lög sem takmarka þessar heimildir til ráðherrans. En það erum við ekki að gera nema að mjög takmörkuðu leyti með þessum ítarlega lagabálki sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 308.

[18:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 308 um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þetta frv. er samið af nefnd sem ég skipaði 3. apríl 1996 til að endurskoða lög um málefni fatlaðra. Í nefndinni áttu sæti hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir, tilnefnd af Landssamtökunum Þroskahjálp, Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki sjálfstæðismanna, Haukur Þórðarson yfirlæknir, frá Öryrkjabandalagi Íslands, Hjörleifur Kvaran borgarlögmaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Ólafur Örn Haraldsson alþingismaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Í nefndinni sat einnig Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félmrh. og formaður stjórnarnefndar um málefni fatlaðra. Ritari nefndarinnar var Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri.

Tilefni endurskoðunar laga um málefni fatlaðra á árinu 1996 er að finna í ákvæði til bráðabirgða II í gildandi lögum, en þar segir að lögin skuli endurskoðuð innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra með hliðsjón af endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtök fatlaðra. Jafnframt segir í fyrrnefndu ákvæði að við endurskoðun laganna skuli miða að því að auka ábyrgð sveitarfélaga á málefnum fatlaðra.

Frumvarpi þessu má skipta í tvo meginþætti. Meginefni frumvarpsins er að finna í bráðabirgðaákvæði og það lýtur að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra. En aðrar breytingar eru flestar nauðsynlegar vegna breytinga á öðrum lögum.

Eftir að nefndin tók til starfa varð samkomulag um það við forustumenn Sambands íslenskra sveitarfélaga að stefna að því að sveitarfélögin yfirtækju málefni fatlaðra 1. janúar 1999. Þá þótti rétt í ljósi þess að bíða með hina gagngerðari endurskoðun þessara laga og einungis breyta þeim ákvæðum sem mjög nauðsynlega þurftu að breytast vegna annarra lagabreytinga. Meginefni þessa frv. er sem sagt sú stefnumörkun að málefni fatlaðra skuli færast yfir til sveitarfélaganna 1999, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum að sjálfsögðu og að undangengnum samningum. Það er meginefni þessa frv. og ég tel að það sé mikilvægt að hafa góðan fyrirvara á þessu. Við getum lært ýmislegt af yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna og notað tímann vel.

Áður en af þessari yfirfærslu verður er eðlilegt að fram fari gagngerð endurskoðun á lögunum um málefni fatlaðra og þau verði felld inn í lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga því eins og menn vita er það viðurkennt að fatlaðir eru í

sjálfu sér ekki frábrugðnir öðrum íbúum sveitarfélaganna og eðlilegt að þeir njóti hliðstæðrar fyrirgreiðslu og hliðstæðrar félagslegrar þjónustu og aðrir íbúar sveitarfélaga.

Það er gaman að geta þess að nú þegar hefur þessi yfirfærsla verið gerð í einu kjördæmi landsins þ.e. í Norðurlandskjördæmi eystra. Í fyrravor tók Akureyri sem reynslusveitarfélag við málefnum fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu. Á þeim mánuðum sem síðan eru liðnir lítur allt út fyrir að það komi einstaklega vel út. Það er verið að ganga frá samningum, og ég vonast eftir að fá tækifæri til þess að undirrita þá innan örfárra daga, við Húsavík um yfirtöku á málefnum fatlaðra í Norður-Þingeyjarsýslu og meiri hluta Suður-Þingeyjarsýslu, þ.e. þrír hreppar í Suður-Þingeyjarsýslu njóta þjónustu frá Akureyri. Ég geri mér vonir um að í þessu kjördæmi fáist fram til 1. janúar 1999 dýrmæt reynsla af því að málefni fatlaðra séu á forræði sveitarfélaganna og við getum stuðst við þá reynslu í framtíðinni.

Þessu frv. fylgir nokkuð ítarleg grg. og ég vísa til hennar, herra forseti. En það er rétt að geta þess að hagsmunasamtök fatlaðra hafa á undanförnum árum bent á það að einn liður í blöndun fatlaðra og ófatlaðra sé að þjónusta við fatlaða og ófatlaða sé hlið við hlið og aðgreining milli fatlaðra og ófatlaðra sé óæskileg. Og þetta styður það að hafa um málefnið einn lagabálk.

Það er nauðsynlegt þegar málaflokkurinn færist til sveitarfélaganna að vera mjög vel á verði um það að sérþekking innan málaflokksins glatist ekki og að svo verði búið um hnútana að einum aðila verði falið að halda utan um þekkingaröflun og varðveislu hennar, svo og ráðgjöf til sveitarfélaganna. Nefndin, sem vann að frv., bendir í þessu sambandi á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að um þá stofnun verði sett sérstök lög. Nefndin bendir einnig á að við flutning málaflokksins til sveitarfélaganna verði engu að síður séð til þess að fyrir hendi verði sérhæfð þjónusta á landsvísu og auk þess verði hugað að því hvernig réttindagæsla fatlaðra verði best tryggð með því móti að einum aðila verði falið að hafa þar yfirsýn.

Þetta er meginbreytingin, herra forseti, að marka þá stefnu að færa málaflokkinn til sveitarfélaganna. Aðrar breytingar í frv. eru nauðsynlegar þar sem þær leiðir af breytingum á öðrum lögum. Í fyrsta lagi lög um grunnskóla, nr. 66/1995, en með þeim var fræðslustjóraembætti lagt niður. Svo og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en samkvæmt þeim lögum skulu embættismenn skipaðir tímabundið. Á báðum þessum atriðum er tekið í frv. Auk þessara fyrrnefndu nauðsynlegu breytinga eru þau nýmæli lögð til í 4. gr. frv. að styrkur Framkvæmdasjóðs fatlaðra til framkvæmdaaðila sem byggja félagslegar íbúðir til leigu fyrir fatlaða sé sá sami hvort sem framkvæmdaaðili er sveitarfélag eða félagasamtök. Það þykir rétt að gæta þarna jafnréttis og jafnræðis og það er hugsunin í þessu.

Það lagt til í frv. að gildistaka 2. og 3. gr. verði bundin við 1. janúar 1997. Það er í samræmi við gildistökuákvæði í frv. til laga um breytingu á sérákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem lagt hefur verið fram. Það þykir rétt að ákvæði sem varðar tímbundna skipun embættismanna innan málefna fatlaðra eigi heima í þessu frv. fremur en í fyrrnefndu frv. Mér er ljóst að það er skammur tími til stefnu. Nefndin skilaði áliti fyrir tveimur eða þremur vikum og því miður tókst ekki að koma frv. til umræðu á Alþingi fyrr en nú. Með vísun til þess að það eru ákveðnir lausir endar um áramót ef frv. nær ekki fram að ganga vil ég biðja hv. félmn. að líta á það með velvild hvort ekki væri tiltækilegt að afgreiða þetta fyrir áramót, þ.e. að frv. næði afgreiðslu áður en þingið fer í jólahlé.

Eftir því sem ég sé best hefur nefndin orðið sammála um þessar breytingar en einn nefndarmaður, hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir, lagði til tvær frekari breytingar og ég vísa til þeirra á fskj. III þar sem þær eru taldar upp. Þingmaðurinn lagði til að sérstök lög um greiningu fatlana, ráðgjöf og aðra sérfræðiþjónustu á landsvísu yrðu sett og nýr liður bættist við ákvæði til bráðabirgða sem þyrfti að setja um lög um réttindagæslu á landsvísu. Ég tek enga afstöðu til þessara atriða en ég tel rétt að þau bíði þá heildarendurskoðunar. Ég er alls ekki að leggjast gegn því að slík lagasetning fari fram ef mönnum svo sýnist nauðsynlegt.

Ég verð hins vegar að gera athugasemd við nokkrar setningar í greinargerðinni eða athugasemdum sem hv. þm. setur fram. Það er varðandi þjónustu við fatlaða í Finnlandi. Í athugasemdum segir, herra forseti:

„Í Finnlandi hefur þjónusta við fatlaða óheft verið flutt til sveitarfélaganna án þess að aðgát væri höfð á ofangreindum þáttum. Afleiðingar þess hafa verið mjög alvarlegar m.a. dauðsföll íbúa í einstökum sveitarfélögum, að því að talið er vegna lélegs aðbúnaðar og þjónustu."

Þetta eru hræðilegar fréttir og ég vona að þær séu ekki réttar og sannarlega ætla ég að vona að okkur takist hér á landi að færa þennan málaflokk til sveitarfélaganna án þess að þvílíkir hlutir þurfi fram að koma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira í bili. Ég er fús að verða við ósk sem fram hefur komið um að ræða málefni fatlaðra á breiðari grundvelli eða á öðrum vettvangi, þ.e. utan dagskrár, samkvæmt beiðni sem fram hefur komið þegar forsetum þykir henta. En ef hv. þingmenn æskja þess get ég reynt að svara spurningum sem settar voru fram í bréfi Þroskahjálpar sem mér barst fyrir nokkru síðan, en þar var farið fram á það að hér yrði efnt til umræðu utan dagskrár eða umræðu á Alþingi á degi fatlaðra hinn 3. desember. Til þess gafst nú ekki tækifæri. En ef menn svo kjósa þá er ég tilbúinn síðar í þessari umræðu að fara yfir það bréf og reyna að svara þeim atriðum sem Þroskahjálp spurði um.

Að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[18:49]

Útbýting þingskjals:

Höfundalög, 62. mál, nál. menntmn., þskj. 323.

[18:50]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félmrh. fyrir góð orð um að málefni fatlaðra sem ég tel ákaflega mikilvæg fái rúman tíma til umfjöllunar á Alþingi einhvern næstu daga. Ég tel það málefni þurfa að vera oftar til umræðu á Alþingi, ekki síst í ljósi þess mikla fjölda sem býr við fötlun hér á landi, fjölskyldna þeirra og nánasta umhverfis alls. Það kemur í ljós þegar við förum að huga að því að þetta er fjölmennur hópur sem mikilvægt er að hlúa vel að ekki síður en öðrum í þjóðfélaginu.

Hér er til umræðu nýtt frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þetta er í sjálfu sér rökrétt framhald af síðustu lagasetningu sem var samþykkt á Alþingi 1992 þar sem var ákvæði til bráðabirgða um að endurskoða skyldi lögin að fjórum árum liðnum samhliða endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Ég læt ekki hjá líða, herra forseti, að staldra aðeins við málefni fatlaðra í sögulegu samhengi þegar við erum að taka þetta frv. til umfjöllunar og minna á að þjónusta við fatlaða byggð á lagalegum réttindum þeirra er ekki ýkjagömul hér á landi, en fyrstu lögin um málefni þroskaheftra eða aðstoð við þroskahefta voru sett árið 1979. Þar áður hafði þjónusta við þennan þjóðfélagshóp ekki haft ýkja góða lagalega stoð. Það var eingöngu um það að ræða að veita þjónustu eftir lögum um endurhæfingu og svo lögum með því óvirðulega nafni, lög um fávitastofnanir, sem segir meira en nokkur önnur orð. Það var auðvitað mikið framfaraspor þegar þessi nýju lög um aðstoð við þroskahefta voru sett og þau endurskoðuð og endurnýjuð og ný lög um málefni fatlaðra tóku gildi árið 1984.

Öll málefni þróast í takt við þjóðfélagsþróunina á hverjum tíma og svo er einnig með málefni fatlaðra. Það kom að því að skoða á nýjan leik hvort lög um málefni fatlaðra frá 1984 stæðust tímans tönn og hvort þau væru í takt við þá þjóðfélagsþróun sem orðið hafði á þeim tíma og því var lagt út í þessa endurskoðun sem lauk árið 1992. Ég vil gjarnan staldra örlítið við, herra forseti, þær nýju áherslur sem voru lagðar í þeim lögum, en þau mörkuðu um margt ákveðin þáttaskil í þjónustu við fatlaða.

Í fyrsta lagi var aukin áhersla lögð á að stoðþjónusta yrði efld í stað stofnanaþjónustu sem áður hafði verið mjög fyrirferðarmikil í þjónustu við fatlaða. Þetta var samkvæmt nýjum áherslum, bæði hagsmunasamtaka fatlaðra og auðvitað stefnum og straumum sem við tileinkum okkur annars staðar frá. Það nýmæli komst í þessi lög að fatlaðir fengu rétt til sjálfstæðrar búsetu með liðveislu sem er sérstaklega skilgreind og telja margir þetta vera hið mesta framfaraspor sem hefur verið stigið á undanförnum árum. Einnig var kveðið á um rétt þeirra til liðveislu til atvinnuþátttöku á frjálsum vinnumarkaði og liðveislu til þátttöku í félagslífinu.

Það sem lögin frá 1992 kváðu einnig á um var að það skyldi efla réttindagæslu fatlaðra. M.a. var gerð sú breyting á stjórnskipulaginu frá fyrri lögum að hlutverki svæðisstjórna var breytt. Þau eru í nýju lögunum kölluð svæðisráð og hlutverk þeirra skyldi felast m.a. í því að hafa eftirlit með þjónustu við fatlaða og gæta þess að ekki væri réttur á þeim brotinn. Þar með var ákvörðunin og stjórnun á rekstrarþáttum í málefnum fatlaðra flutt á ábyrgð félmrn. í stað þeirra heimastjórnar sem var á árum áður í formi svæðisstjórnanna. Á þessum tíma var uppi sú skoðun að illa færi saman að vera ábyrgur fyrir þjónustu og eiga jafnframt að hafa eftirlit með sjálfum sér eða þeim sem maður bar ábyrgð á sem vinnuveitandi eða sem stjórnandi. Því var farin sú leið að aðskilja þessa tvo þætti og var það talið í takt við góða stjórnsýslu á þeim tíma og hefur væntanlega ekki orðið breyting á því.

Réttindagæslan var enn fremur styrkt með því að á hverju svæði skyldi ráða sérstaka trúnaðarmenn fatlaðra sem höfðu ákveðin verkefni og sérstaklega voru þau fólgin í því að þeir ættu bera ábyrgð á því að treysta réttindi á heimilum eða stofnunum fatlaðra.

Enn fremur var mörkuð sú stefna í lögunum frá 1992 sem var líka stórt framfaraskref, að segja ótvírætt að fatlaðir ættu ávallt að njóta þjónustu almennra stofnana þjóðfélagsins og leitast skyldi við að gera það af fremsta megni áður en til sértækrar þjónustu kæmi. Enn fremur voru stigin skref, þau voru ekki stór en voru samt upphafið að þeirri þróun sem við stöndum frammi fyrir núna, þ.e. að ákveðnir þættir í þjónustu við fatlaða voru færðir á ábyrgð sveitarfélaganna. Má þar nefna ýmsa þjónustu við börn og liðveislu til félagslegrar þátttöku. Jafnframt var staðfest að þessi lög skyldu endurskoðuð með það fyrir augum að huga að enn frekari ábyrgð sveitarfélaganna á þessari þjónustu eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. Það sjónarmið hefur verið ríkjandi að það bæri að færa þjónustu við þá á sama stjórnsýslustig og þjónustu annarra þjóðfélagsþegna.

Það kemur fram í þessum frumvarpsdrögum að í meginatriðum eru hagsmunasamtök fatlaðra mjög sátt við þá stefnu sem hér er tekin, þ.e. að stefnt skuli að því að 1. janúar árið 1999 skuli þessi verkefnatilfærsla vera að baki, og að þá eiga sveitarfélögin að hafa yfirtekið þjónustu við fatlaða á öllu landinu. Það er rétt að minna á að þegar við vorum að endurskoða lögin síðast var ákveðin þróun í gangi með stækkun og sameiningu sveitarfélaga. Að vísu gekk það ekki endilega eftir sem skyldi og ekki eftir væntingum manna á þeim tíma, en síðan hefur mjög mikið gerst og mikið breyst með tilliti til sameiningar og stækkunar sveitarfélaganna þannig að menn telja nú í dag að þetta sé það skref sem stefna beri á að stíga. En það er ekki gert án þess að nokkur viðvörunarorð hljóti að verða sögð og ég vil gjarnan gera það hér. Ég vil gjarnan, herra forseti, leiða hugann að því hvaða reynslu aðrar þjóðir hafa í þessu máli, þá helst nágrannalönd okkar þar sem þetta skref hefur verið stigið og vissulega eru þær þjóðir allt öðruvísi í stakk búnar. Þar eru sveitarfélög stærri og fjölmennari, enda um milljónaþjóðfélög að ræða á meðan við erum ekki nema 250–260 þúsund. Þess vegna er rétt að fara að öllu með gát og vanda vel til verksins. Það hefur verið sjónarmið margra sem að málinu hafa komið að styrkja þyrfti ákveðna þætti í lögunum nú þegar, þrátt fyrir ákvörðun um að flytja málaflokkinn í heild sinni til sveitarfélaganna og kannski þyrfti að gera það vegna þess. En ekki síst vegna þess að í dag er þegar komin upp sú staða að veruleg breyting hefur orðið í þjónustunni við fatlaða. Eins og hæstv. félmrh. réttilega nefndi, hafa sveitarfélög verið að yfirtaka þjónustuna í æ ríkari mæli á grundvelli laga um tilraunarsveitarfélög og því er nauðsynlegt að staldra við og skoða hvað má betur fara í þessu lögum þrátt fyrir að við stefnum á að málaflokkurinn flytjist í heild sinni að tveimur árum liðnum.

Ég vil víkja örlítið út fyrir landsteinana, herra forseti, og taka til umræðu þá reynslu sem nágrannaþjóðir okkar hafa miðlað til okkar á margvíslegan hátt. Reynsla þeirra var að betra hefði verið að styrkja mun betur réttindagæslu og réttaröryggi fatlaðra áður en af tilfærslunni varð. Það er auðvitað reynsla þeirra að með því að gera það ekki var vart við mismunun í þjónustu við fatlaða eftir sveitarfélögum og það sem meira var, það var líka reynsla þeirra að ákveðin sérþekking og sérhæfing glataðist vegna þess að þekkingin dreifðist of mikið. Bent var á að nauðsynlegt væri að hafa ákveðna miðstýringu á ákveðnum þáttum í þjónustu við fatlaða og þá bæri að styrkja. Meðal annars hefur verið bent á hópa fatlaðra sem eru með svokallaðar fátíðar fatlanir og mjög fáir sem greinast á hverju ári. Mjög mikilvægt er að þjónustu og þekkingu fyrir þessa hópa verði ekki dreift of mikið út til sveitarfélaganna, enda verða þau ekki í stakk búin til að axla þá ábyrgð að halda utan um slíkt.

Það er þess vegna, herra forseti, sem í séráliti er lagt til að þessir þættir verði skoðaðir sérstaklega og hefði átt að gera það áður en frv. kæmi til meðferðar í Alþingi. Það er bent á að sérstök lög þyrfti að setja um greiningu fatlana, ráðgjöf og aðra sérhæfða þjónustu á landsvísu. Vissulega er í frv.

kveðið á um að setja þurfi sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Vissulega er rétt að nauðsynlegt er að gera það við þær breytingar sem fram undan eru. En uppi eru efasemdir hjá mörgum um að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sé í stakk búin til þess að axla alla þá ábyrgð og sérþekkingu sem nauðsynlegt er að halda í við þessar miklu breytingar sem fram undan eru.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að vitna í umsagnir ákveðinna samtaka, þar á meðal Landssamtakanna Þroskahjálpar, Félags heyrnarlausra, Blindrafélagsins, Geðhjálpar og Umsjónarfélags einhverfra sem hafa sérstaklega undirstrikað nauðsyn þess að hagsmunum þessara hópa megi ekki fórna í þessari verkefnatilfærslu. Sérstaklega þurfi að huga að því að gæta þess að sérþekking í þeirra þágu verði styrkt.

Ég vitnaði til Danmerkur og benti á að reynsla þeirra og yfirsýn yfir afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda var fyrir borð borin við þessa verkefnatilfærslu og mismununar milli þjónustu einstakra sveitarfélaga og milli einstakra hópa fatlaðra varð vart. Þess vegna hafa þeir núna komið á fót sérstakri jafnréttisstofnun til að vaka yfir réttindum og réttindagæslu á landsvísu. Í Svíþjóð, þar sem sama þróunin hefur átt sér stað, hefur verið stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra af sömu ástæðum. Áður en þjónusta við fatlaða í Noregi var flutt til sveitarfélaga var skýrt skilgreint og um það voru sett lög og reglugerðir að sérhæfða þjónustu þyrfti að tryggja við fólk með fátíðar fatlanir.

Hæstv. félmrh. vitnaði í orð í séráliti meðfylgjandi frv. um ástandið í Finnlandi. Ég verð því miður að segja að það væri betra ef ósatt væri, en málið er að upp hafa komið geysileg vandræði í Finnlandi eftir að þjónusta við fatlaða var flutt til. Upp hafa komið dauðsföll sem hafa verið rakin til lélegrar þjónustu. Aðrir agnúar hafa verið á þjónustunni sem eru virkilega þess eðlis að við þessa þætti ber að staldra og forðast að við lendum í sömu ógöngum og þessar þjóðir hafa gert. Nú í vetur verður kostur á að heyra um þetta frá Finnlandi, þar sem verður fjallað um þetta sérstaklega á ráðstefnu á Íslandi í febrúar. Ég hvet því alla sem vilja kynna sér það mál að sækja þá ráðstefnu og heyra hvernig þetta gekk til.

Ef ég vitna aftur í frv. sem hér liggur fyrir er ljóst að litlu verður breytt á þessu stigi málsins nema því sem lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna kalla í reynd á. Það er þó svo að ákveðin atriði í núgildandi lögum hafa sætt gagnrýni sem hefði verið vert að staldra ögn við og ræða betur og til hlítar hvort væri ekki ástæða til að breyta þeim á þessu stigi málsins. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í 1. gr. frv. sem fjallar um svæðisráðin. Þar er, eins og ráðherra hefur bent á, búið að taka út fræðslustjóra einfaldlega vegna þess að þau embætti eru ekki til lengur.

Það hefur ítrekað verið bent á af mörgum að það kunni að vera ósamræmanlegt góðri stjórnsýslu, eins og lögin eru í dag, að þarna sitji áfram embættismenn eins og félagsmálastjórar og héraðslæknar á svæðunum þegar þetta eru í reynd embættismenn sem bera vissulega ábyrgð á þjónustu við fatlaða og eiga því eðli málsins samkvæmt mjög erfitt með að vera hlutlaus eftirlitsaðili sem er í reynd hlutverk svæðisráðanna. Þess vegna var þetta ítarlega rætt en samstaða náðist ekki um að því yrði breytt á þessu stigi málsins en ég tel ástæðu til að vekja athygli á þeim þætti.

Það sem líka varð tilefni til umræðna en ekki náðist sátt um var það að þurft hefði að mati margra að víkka út verksvið trúnaðarmanna fatlaðra. Starfssvið þeirra er eingöngu bundið við stofnanir og heimili sem rekin eru af opinberum aðilum. Á það hefur verið bent sérstaklega eftir að lögin frá 1992 tóku gildi að fjölmargir fatlaðir hafa kosið sér sjálfstæðari búsetu og notað til þess liðveislu. Þeir eru engu að síður háðir þjónustu opinberra aðila en eðlis málsins vegna eiga þeir ekki rétt á að trúnaðarmaður aðstoði þá við réttindagæslu. Þetta er því eitt af þeim málum sem hefði þurft að skoða ögn betur og ég vona að náist að fjalla um á meðan frv. er í meðförum þingsins. Ég tel að það þurfi ekki að tefja málið.

Herra forseti. Mér hefur orðið tíðrætt um að réttindagæslu fatlaðra þurfi að efla. Þó svo að það mál sé ekki á dagskrá vil ég leyfa mér að vitna í að hér verður lögð fram og liggur reyndar á borðum þingmanna nú þegar till. til þál. um stofnun jafnréttismála fatlaðra sem ég vona að fái jákvæða umfjöllun og ef til vill verði hægt að ná samstöðu um að innan skamms verði komið á fót stofnun jafnréttismála á vegum félmrn. sem hafi það hlutverk að fara með víðtæka réttindagæslu fyrir fatlaða á landsvísu og gæta þess með aðgerðum sínum og eftirliti að dregið verði úr eða komið í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra.

Herra forseti. Ég vil að lokum segja að sú stefna sem hér er mörkuð um að færa þennan málaflokk til sveitarfélaganna á sama hátt og þjónustu við aðra þjóðfélagsþegna er framfaraspor sem ég fagna en vil um leið minna á að vanda verður svo til verksins að ekki hljótist nein slys af sem við kunnum ekki að ráða bót á síðar.

[19:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessu stutta frv. er við fyrstu sýn ekki að sjá miklar breytingar á lögunum sem gefa ástæðu til ítarlegrar umræðu en það leynist í lok frv. ákvæði til bráðabirgða þar sem farið er fram á að þingið svari grundvallarspurningum. Lagt er til í þessu ákvæði að sú ákvörðun verði tekin að færa þennan málaflokk til sveitarfélaga, eins og það heitir, og að sú yfirfærsla komi til framkvæmda eftir tvö ár eða nánar tiltekið 1. janúar 1999. Af því tilefni vil ég fyrst rifja upp að í gildi eru lög um reynslusveitarfélög sem sett voru í maímánuði 1994. Þau lög voru sett í því skyni að gera ríkisvaldinu og sveitarfélögum kleift að gera tilraunir um breytingar á gildandi verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og breytingar á ýmsum öðrum þáttum er lúta að sveitarfélögum.

Rökstuðning fyrir því að fara þá leið að gera tilraunir með ákveðnar hugmyndir áður en ákvarðanir væru teknar um hvort ráðast ætti í tilteknar breytingar er að finna í greinargerð með því frv. sem síðar varð að lögum um reynslusveitarfélög. Þar er bent á reynslu frændþjóða okkar á Norðurlöndum af því að beita þessu ákvæði og segir svo, með leyfi forseta, í greinargerð með frv. til laga um reynslusveitarfélög sem ég vitna til. Þar segir, með leyfi forseta:

„Almennt má draga þá ályktun af verkefnunum annars staðar á Norðurlöndum að sú aðgerð að gera í nokkur ár tilraunir sem lið í undirbúningi almennra og meiri háttar breytinga á sveitarstjórnarstiginu hafi heppnast vel."

Með öðrum orðum að menn geri fyrst tilraunir og meti síðan árangurinn af þeim tilraunum. Þegar það liggur fyrir þá taka menn ákvörðun um hvað menn leggja til. Reynsla frændþjóða okkar af þessari vinnuaðferð er sú að þeir telja að þetta hafi gefist vel.

Í lögunum sem ég gat um segir einmitt í 1. gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Markmið þessara laga er að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.“

Síðar segir, með leyfi forseta, í 6. gr. sömu laga um verkefnisstjórn en um hana eru ákvæði fyrr í lögunum sem á að stýra tilrauninni eða hafa yfirstjórn á hendi með tilrauninni sem framkvæmd er á hverjum tíma.

„Verkefnisstjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila, eða aðilum, að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að niðurstöður þeirra verði kynntar Alþingi. Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram á Alþingi vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001.“

Nú hefur á grundvelli þessara laga um reynslusveitarfélög verið gerðir samningar við þrjú eða fjögur sveitarfélög um að þau taki að sér að gegna hlutverki ríkisins í málefnum fatlaðra. Eftir því sem ég best veit eru allir þessir samningar á grundvelli þess að samningstíminn er fjögur ár og að hann sé nýlega hafinn. Með öðrum orðum, á grundvelli þeirrar skynsamlegu aðferðar að gera tilraun með breytingar sem menn áforma hefur ráðherra gert samninga við nokkur sveitarfélög um að þau geri þessar tilraunir. Mér finnst því skjóta skökku við að hæstv. félmrh. skuli leggja til að Alþingi taki ákvörðun um breytinguna á fyrri hluta tilraunatímabilsins, áður en tilraunatímabilinu lýkur, áður en úttekt á tilrauninni hefur farið fram og skýrsla um það lögð fram á Alþingi og sú skýrsla rædd. Ég vil segja, virðulegi forseti, að mér finnst þetta ákvæði frv. sem hér er til umræðu vera fullsnemmbært. Þetta er ekki rökrétt tillaga í ljósi þess sem á undan hefur verið ákveðið að gera.

Ég stóð að því á sínum tíma, bæði að leggja það til að þessi vinnuferill yrði upp tekinn og styðja framgang hans hér á Alþingi, og tel þetta almennt skynsamlega leið við að prófa sig áfram til breytinga. Mér finnst þess vegna tillaga hæstv. félmrh. í frv. ekki skynsamleg af því hún í raun og veru ýtir til hliðar því sem menn hafa áður gert. Mér finnst eins og verið sé að gera grín að hv. Alþingi með þessari tillögu þegar það er Alþingi sjálft sem hefur ákveðið hvernig ferillinn á að vera — það eigi að gera tilraunir í ákveðinn tíma og síðan að meta niðurstöðuna — þegar hæstv. ráðherra er búinn að komast að niðurstöðu áður en svo langt er komið að komið sé að tillögugerð. Hann er reyndar ekki einn um það að flýta sér hraðar en málsmeðferð hefur verið ákveðin því það kemur fram í grg. með frv. að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa sett fram þessa skoðun líka. En þeir aðilar sem leggja þetta til núna, hæstv. ráðherra og fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, verða að svara því til hvers tilraunin er þá gerð. Til hvers eiga menn að vera gera tilraunir ef menn svara spurningunni sem tilraunin á að svara áður en tilrauninni lýkur? Menn geta ekki að mínu viti gert hvort tveggja, haft þá aðferð sem ég hef hér rakið og svo hitt, að láta eins og hún sé ekki til. Menn verða að velja aðra hvora leiðina. Hvað mig varðar þá held ég mig við þá leið sem hefur verið valin. Ég er ekki talsmaður þess að snúa hestinum við í miðju straumvatninu og taka ákvörðun í þessu máli þegar á þessari stundu og jafnvel, eins og hæstv. ráðherra hefur óskað eftir, að það verði gert fyrir áramót eða á næstu 10 dögum. Ég tel það ekki skynsamlega vinnuaðferð og bendi á að spurningin sem hæstv. ráðherra vill að þingheimur svari er það stór og stefnumarkandi að það þarf töluverðan tíma til þess að svara henni. Ég er ekki að halda því fram að það eigi að svara henni játandi eða neitandi. En mér er það ljóst að stefnumörkun af þessu tagi, um svona mikla grundvallarbreytingu, fer ekki fram nema menn hafi rætt það í stærri hópi en hér er saman kominn, bæði innan þings og utan, og hlustað á rök og sjónarmið þeirra sem málið helst varðar.

Við verðum að forðast að lenda í þeirri gildru að verða með löggjöfinni einhliða aðili. Það er ekki nóg að líta á sjónarmið þeirra sem eiga að hafa málið með höndum. Það þarf líka að líta á sjónarmið þeirra sem málið fjallar um. Og það er, eins og fram kemur í grg. með frv., greinilegt álitamál hvort menn eiga að stíga þetta skref og þá að hve miklu leyti.

Virðulegi forseti. Ég ætla að rekja nokkur atriði sem mér finnst skipta máli þegar maður veltir fyrir sér svari við þessari spurningu: Á að flytja málaflokkinn til sveitarfélaganna? Fyrsta spurningin er auðvitað: Til hvers? Til hvers á að gera breytinguna? Hvaða markmið setja menn sér með breytingunni? Það þarf að vera alveg ljóst í hvaða skyni menn eru að gera breytingu og hverju menn ætla að ná fram. Ef menn vita það ekki þá er ekkert unnið að mínu viti með því að velta þessu máli fyrir sér. Þá eru menn bara að gera breytingar breytinganna vegna og láta síðan kylfu ráða kasti hvernig til tekst. Ég hef reynt að glöggva mig á því í frv. hvert markmiðið væri með því að gera þessa breytingu. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það er nokkuð óljóst, það kemur ekki mjög skýrt fram í frv. hver tilgangurinn raunverulega er og fyrir hvern breytingin á að vera gerð. En það segir þó í grg., með leyfi forseta:

„Markmiðið með flutningi málefna fatlaðra til sveitarfélaga er að stíga lokaskrefið í þeirri þróun að fatlaðir séu sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu. Með flutningi málaflokksins til sveitarfélaga eru bundnar vonir við að þjónustan verði bætt.“

Við skulum staldra við þetta tvennt sem hér er nefnt. Annars vegar er sagt að menn ætli sér að hafa málin þannig að fatlaðir séu þátttakendur í samfélaginu. Þá spyr ég: Þarf að flytja yfirstjórn málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga til að fatlaðir séu þátttakendur í samfélaginu? Það er sama hvernig ég velti því máli fyrir mér, ég sé enga brýna nauðsyn til þess og sé satt að segja ekki að það skipti neinu máli til eða frá um það.

Ég bendi á að framfarir í þessum málaflokki frá því að fyrstu lög um hann voru sett hafa verið bornar uppi af ríkisvaldinu og fulltrúum hér á Alþingi. Þaðan hefur drifkraftur breytinga komið. Hann hefur komið frá forustu ríkisvaldsins. Hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt þá hefur það verið þannig. Það er á þeirri hendi sem menn hafa sett löggjöf og knúið fram breytingar og náð fram verulegum árangri. Það er ekki endilega þar með sagt að það eigi alltaf að vera óbreytt en það er rétt að menn hafi í huga þær miklu framfarir sem orðið hafa á þessum grundvelli.

Ég nefni sem dæmi að þjónustan við fatlaða er að mestu leyti skipulögð af hálfu svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra sem starfa hver í sínu kjördæmi. Að hve miklu leyti breytist þetta við það að flytja málið til sveitarfélaganna? Að hve miklu leyti verða fatlaðir meiri þátttakendur í samfélaginu þótt þessar skrifstofur fái annan húsbónda? Eða ætla menn kannski að brjóta niður þessa þjónustu? Það er það sem ég óttast, virðulegi forseti. Af því menn ætla að flytja hana

til sveitarfélaganna sem er smærri vettvangur en menn hafa byggt upp þessa þjónustu á þá geti það leitt til þess að menn brjóti þessa þjónustu niður. Eðli málsins samkvæmt þarf töluverðan hóp íbúa á bak við stjórnsýslu og faglega þjónustu í málaflokki af þessu tagi.

Það yrði að mínu viti afturför ef menn tækju fámenn kjördæmi eins og Norðurland vestra, sem lýtur einni yfirstjórn, hefur eina yfirbyggingu, og brytu það niður eftir sveitarfélögum í 20–30 sveitarfélög sem síðan yrðu að koma sér saman um að viðhalda því kerfi sem er í dag eða byggja upp eitthvað allt annað sem væri þá á smærri grundvelli.

Þetta teldi ég afturför og ég verð a.m.k. að segja það sem mína skoðun að breytingar sem menn kunna að gera verða að vera þannig úr garði gerðar að hættan á að menn stigi til baka í þessu tilliti sé ekki fyrir hendi. Á móti held ég að blasi við öllum sem það vilja sjá að sum sveitarfélög eru það stór og öflug að það þarf í sjálfu sér ekki að gera neina tilraun til að svara þeirri spurningu játandi að þau geta tekið þetta að sér. Sveitarfélag eins og Reykjavíkurborg, sem hefur um 40% íbúa landsins, getur auðvitað sinnt þessu verkefni. Ég fullyrði það. Ég tel líka að sveitarfélag eins og Akureyri og önnur viðlíka stór sveitarfélög ráði fyllilega við þetta mál. Hugsanlega má ímynda sér að fámennari sveitarfélög en þessi sem ég hef nefnt gætu það líka. En ég fullyrði líka að fjölmörg sveitarfélög, sem eru fámennari en þetta, muni ekki getað sinnt þessu verkefni af eigin rammleik, og verða að búa til samstarfsvettang um það. Ég tel að við verðum einfaldlega að horfast í augu við það að sveitarfélög eru ekki ein stærð í íslenskri stjórnsýslu. Og það er alveg borin von að menn geti með lagasetningu sett sömu kvaðir á öll sveitarfélög og menn eiga ekki að gera það að mínu viti. Menn eiga einfaldlega að hafa mismunandi löggjöf um mismunandi sveitarfélög.

Ég svara málinu fyrir mitt leyti að ég gæti hugsað mér að þessi málaflokkur færi til sumra sveitarfélaga sem eru það stór að það er að mínu viti ekkert vafamál að þau gætu sinnt því sómasamlega. Annars staðar eiga menn að færa verkefnið yfir á svæði — ekki sveitarfélög. Og það sem vantar að mínu viti í íslenska stjórnsýslu er svæðisbundin stjórnsýsla. Menn hafa svarað þessu með því að segja: Við getum bara sameinað sveitarfélögin. Það er bara ekki hægt, það gengur ekki og það verður aldrei hægt. Jafnvel þó menn tækju kjördæmi eins og Vestfirði, Norðurland vestra eða Vesturland og byggju til eitt sveitarfélag úr þeim kjördæmum þá er dreifingin á íbúunum þannig, þéttleiki byggðarinnar er svo lítill, að það breytir engu, það getur ekki starfað sem eitt sveitarfélag. Menn verða að hafa sérstakt stjórnsýslustig yfir svæðið og yfir þau verkefni sem þannig á að sinna.

Herra forseti. Ég hef reynt að stikla á því stærsta sem mér finnst máli skipta þegar maður veltir fyrir sér þeirri spurningu hvort eigi að gera þessa breytingu eða ekki. Eins og heyra má þá hef ég ekki ákveðið svar við því fyrir alla. Ég hef svarað því fyrir mitt leyti að svo miklu leyti sem ég tel mig þekkja málið og geta lagt á það dóm. En ég legg áherslu á að málið verði unnið eins og lagt hefur verið til og samþykkt á Alþingi í gegnum reynslusveitarfélagaverkefni. Það er að mörgu leyti mjög skynsamleg leið sem þar er lögð til og lögfest og menn eiga að ganga þá götu til enda. Það er í raun og veru mín afstaða í þessu máli. Menn eiga að ganga þá götu til enda. Fyrir öðru eru ekki rök fyrst menn á annað borð höfðu þennan háttinn á í málinu. Það eru því mín skilaboð til hv. félmn. að hún eigi að fella brott úr þessu frv. ákvæði til bráðabirgða. Ef nefndin telur að á annað borð eigi að afgreiða frv. fyrir jól þá verði að skilja þennan þátt málsins frá öðrum þáttum frv. sem eru annars eðlis og ég sé ekki annað en að menn gætu þess vegna reynt að leysa fyrir jól nema hvað ég set spurningarmerki um stöðu svæðisráða eftir 1. janúar 1999 ef málið að öðru leyti nær fram að ganga.

[19:30]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1997, 24. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 326; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 327.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 329.

[19:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er ekki stórt í sniðum né heldur er það margar greinar. En það mál sem er rætt í tengslum við frv. er afar stórt og afar þýðingarmikið. Eins og þegar hefur komið fram er málaflokkur fatlaðra mjög mikilvægur málaflokkur og við á Alþingi ættum í raun og veru miklu oftar að gefa þessum hópi gaum en raun ber vitni. Það hefur mjög margt komið fram varðandi frv. sjálft í máli hv. þm. Ástu B. Þorsteinsdóttur, og hún hefur farið mjög vel yfir athugasemdirnar sem hún var með fyrir hönd hagsmunasamtakanna við frv. Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega í þær athugasemdir að öðru leyti en að taka undir að mikilvægt hefði verið að taka á ákveðnum þáttum sem þarna hefur verið farið inn á til þess að tryggja ákveðna þjónustu í þau tvö ár sem líða þar til nýjar breytingar taka gildi.

Virðulegur forseti. Í þessu frv. birtast tvö meginmarkmið. Það er um þau sem ég ætla að fara fáum orðum. Þessi markmið eru í takt við þá framtíðarsýn sem birtist í framsetningu frv. og síðar laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga og um lögin um málefni fatlaðra sem sett voru fyrir fimm árum. Þar er það markmið sett fram að stefna að félagslegri heildarlöggjöf án sérlaga og að flytja málaflokk fatlaðra til sveitarfélaga. Meðal annars með tilliti til að þessi stefna var mörkuð fyrir fimm árum í tíð jafnaðarmanna í félmrn. styðjum við, þingflokkur jafnaðarmanna, þessi markmið og þá vinnu ráðherrans sem stefnir að því.

Ég vil hins vegar láta þess getið, af því að ég get hér um heildstæða félagsmálalöggjöf, að fleiri sérlög ættu að falla undir slíka löggjöf þegar þar að kemur samanber sérlög um málefni aldraðra. Ég vil einnig láta þess getið að það sem er mjög mikilvægt í þjónustu við aldraða og fatlaða er öflug heimaþjónusta og öflug liðveisla til sjálfstæðrar búsetu og til almennrar heilbrigðrar þátttöku í þjóðfélaginu þrátt fyrir að staðan sé ef til vill önnur en hjá þeim sem eru ungir og á miðjum aldri, í fullu fjöri og búa við gott heilbrigði og kraft.

Það eru ákveðin spurningarmerki við frv., m.a. þau að sú endurskoðun sem boðuð var fyrir fimm árum fer eiginlega ekki fram. Það er ákvörðun um að málaflokkur fatlaðra verði fluttur til sveitarfélaga og að löggjöf um félagsþjónustu muni þar með yfirtaka þau ákvæði sem nauðsynleg eru varðandi þjónustu við fatlaða og að þetta verði gert áður en málaflokkurinn verður fluttur. Ég verð að láta í ljós, herra forseti, að ég var mjög undrandi þegar ég heyrði á sínum tíma að búið væri að skipa tvær nefndir, aðra til að fjalla um félagsþjónustu sveitarfélaga, breytingu á þeim lögum, og hina um breytingu á lögum um málaflokk fatlaðra. Vegna þess að á þeim tíma taldi ég mjög skynsamlegt að ein nefnd

yrði stofnuð sem fengi það verkefni að skoða þessi mál saman og koma með tillögur um hvernig með skyldi fara. Í raun og veru er það sem gerist að málinu er vísað áfram af þeirri nefnd sem skilaði af sér með því að taka ákvörðun um að málaflokkurinn verði fluttur eftir tvö ár og að áður en það gerist skuli skoða málaflokk fatlaðra með lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að víkja aðeins aftur að þeim tíma þegar þessi lög voru sett og lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga, því þá er þess getið í grg. með þeim frv. að þau kveði á um nýtt skipulag félagsþjónustunnar og um efnisatriði slíkrar þjónustu og hvaða forsendur séu lagðar til grundvallar þessara tveggja lagasetninga og af hverju sé ekki hróflað á þeim tíma við sérlögum sem í gildi eru. Strax þá, fyrir fimm árum, var lögð mjög mikil áhersla á meiri samskipan mála og að þetta þyrfti að breytast. En fram kom varðandi umfjöllun um annmarka á skipan félagsþjónustunnar að í raun væri erfitt að hún væri grundvölluð á mörgum sérlögum sem höfðu verið sett á löngum tíma. Og að sérhæfingarsjónarmiðin sem þá lágu fyrir hafi falið í sér mikla verkaskiptingu eftir eðli vandamálanna sem sérlögin voru að taka á. Þau sérhæfingarsjónarmið hefðu orðið til þess að yfirstjórn almennrar félagsþjónustu hefði dreifst á fleiri en eitt ráðuneyti og það hefði átt verulegan þátt í að stefnumótun í félagsþjónustunni átti erfitt uppdráttar. Það var að sjálfsögðu líka alveg ljóst að flest sveitarfélög voru, og mörg þeirra eru reyndar enn, of fámenn til að geta ein og sér risið undir því að veita félagslega þjónustu sem heitið getur. Þetta kom fram í umfjöllun um lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og sömuleiðis kom fram í greinargerð varðandi lögin um málefni fatlaðra að æskilegast væri að sérlög um málefni fatlaðra væru óþörf og kveðið væri á um málefni fatlaðra í heildarlöggjöf í félagsmálum sem tæki til almennrar félagsþjónustu landsmanna. En nefndarmenn voru sammála um það þá að þjóðfélagslegar og stjórnmálalegar forsendur væru ekki á þeim tíma fyrir hendi til að svo mætti verða. Því var málinu eiginlega vísað fimm ár fram í tímann og lagt til að þá yrði sett heildstæð félagsmálalöggjöf og fram að því mundi löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga vera fyrsta skref.

Það er mjög mikilvægt að rifja þetta upp vegna þess að þarna, eins og ég segi, birtist sú framtíðarsýn sem hér er verið að fylgja eftir. Við megum aldrei í efasemdum okkar um stöðu sveitarfélaganna og getu horfa fram hjá því að það er þessi framtíðarsýn sem við erum að leitast við að ná og finna skynsamlegar leiðir til að við getum náð utan um þetta brýna verkefni.

Það er alveg ljóst að eins og málin voru fyrir fimm árum, dreifð á ráðuneyti, þá skortir mjög sjónarmið heildarsýnar. Nú höfum við haft þessi fimm ár til að átta okkur á hvað það hefur þýtt að fara inn á nýjar brautir, fara inn á aukna liðveislu, aukna stoðþjónustu, hverfa frá uppbyggingu stofnanaþjónustu, eins og var fram að þeim tíma, og reyna að átta sig á hvort sveitarfélög gætu farið að axla þessa þjónustu og hvernig þyrfti að taka á því.

Virðulegi forseti. Það er mikið umhugsunarefni hve seint hefur gengið að stækka sveitarfélögin og fækka þeim. Í grg. með frv., sem við erum að ræða um, er sagt frá því að frá tímabilinu 1. jan. 1992 til 1. júlí 1996 hafi 54 sveitarfélög sameinast í 19 sveitarfélög. Það er líka sagt frá því að 27 sveitarfélög hafi sameinast um sjö félagsmálanefndir og þannig styrkt stöðu sína til að takast á við félagsþjónustu. Og af því að ég var að fjalla um þær væntingar og þá framtíðarsýn sem menn höfðu fyrir fimm árum, væntingarnar um að fimm árum síðar yrði staða sveitarfélaganna orðin önnur þá eru það auðvitað vonbrigði að ekki skuli vera komið lengra í sameiningarmálunum og að ekki skuli hafa tekist að skapa þá samstöðu sem þurfti til að sveitarfélögin mundu horfa í ríkari mæli á getu sína til að takast á við ný verkefni. Og við vitum alveg að mörg ólík sjónarmið hafa komið upp á yfirborðið í umræðunni um sameiningu sveitarfélaga. Engu að síður verð ég náttúrlega að taka undir þau orð í grg. að miklar hræringar eigi sér enn þá stað varðandi aukna ábyrgð sveitarfélaganna og tilflutning verkefna. Ég er t.d. ein þeirra sem eru sannfærð um að flutningur grunnskólans yfir til sveitarfélaganna verður vítamínsprauta og hefur þegar haft áhrif á að sveitarfélögin skoði ýmist að sameinast eða að sameinast um byggðasamlög til að takast á við ákveðin verkefni.

Af því að mér verður litið til hv. þm. Kristins Gunnarssonar, sem vill greinilega að við innleiðum þriðja stjórnsýslustigið þá vil ég láta þess getið að ég tel það ekki rétt eins og við höfum byggt upp okkar samfélag. Þær upplýsingar sem ég fékk þegar ég var á sínum tíma á ferð í Noregi og hafði tækifæri til að tala við sveitarstjórnarmenn og sagði frá því á þeim tíma að verið væri að ræða þessar hugmyndir heima á Íslandi. Það eru reyndar nokkur ár síðan en þá hittist svo á að ég var að spjalla við sveitarstjórnarmenn sem sátu beggja vegna borðs í meiri hluta og minni hluta í því sveitarfélagi, sem var nokkuð öflugt dreifbýlissveitarfélag á vesturströnd Noregs. Þó þeir væru á öndverðum meiði um margt og gaman að geta þess að þarna voru sósíaldemókratar, sem voru svona eins og flokksmenn mínir, og þarna voru fulltrúar framsóknarflokksins norska, Centerpartiet, og þar með eins konar flokksbræður félmrh. Þetta fólk sagði: Eitt sameinumst við um í ráðgjöf til þín, Rannveig Guðmundsdóttir. Ef þið eruð ekki búin að koma á þessu þriðja stjórnsýslustigi, fallið ekki í þá gryfju, því þá fyrst fara málin að flækjast. Þannig að ég hafði tækifæri til að ræða ýmislegt við þetta fólk þá og hafði nú haft efasemdir áður en ég held að við ættum að leita annarra leiða. Þingmaðurinn talaði um mismunandi stór sveitarfélög og mismunandi löggjöf. Ég held einmitt að þetta eigi að vera þannig að í þeim tilfellum sem menn hafa sameinast og þar sem sveitarfélög eru stór og öflug taki þau verkefnin að sér beint. Þar sem þau ekki hafa gert það sameinast þau um byggðasamlög meðan þau eru að þróa sitt samstarf.

Ég er þess vegna sannfærð um að ýmislegt mun gerast sem hvetur sveitarfélögin til að efla samvinnu sína og tel, eins og fram hefur komið, að það sé forsenda þess að þau geti tekið við auknum verkefnum og líka að þau fái í raun fjárhagslega stöðu til að geta framkvæmt ýmis þau verkefni sem bæði smá og stór sveitarfélög hafa. Það er sannfæring mín að öll verkefni sem snúa að fjölskyldunni og nánasta umhverfi hennar eigi að vera í höndum sveitarfélaganna.

Ég vil líka líta til þess að þrátt fyrir að seint hafi gengið er ný hugsun í þessu máli á mörgum svæðum. Þó væntingarnar í sameiningarátakinu, sem var hér fyrir tveimur árum, hafi ekki gengið eftir eru samt æ fleiri sveitarfélög að átta sig á bæði þjónustulega og ekki síður það að geta tekist á við ýmsar framkvæmdir varðandi uppbyggingu og eflingu atvinnulífs, við skulum ekki gleyma því, vegna þess að langvarandi atvinnuleysi hefur líka opnað augu sveitarstjórnarmanna fyrir því að menn verða að sameinast um verkefni og uppbyggingu. Við höfum séð bæði atvinnufyrirtæki sameinast til að

ná betri árangri hvað þetta varðar og sveitarfélög. En það er ekki síst mikilvægt að sveitarfélögin verði stærri og sterkari til að efla þjónustu við íbúa sína. Mér finnst að þessi umræða hafi reynst vera í góðum farvegi bæði á Austurlandi og Norðurlandi þó ekki sé séð fyrir endann á hvernig það muni verða varðandi sameiningu sveitarfélaga. En eins og áður segir eru byggðasamlög líka kostur fyrir þau sem vilja bíða um sinn.

Ég vek líka athygli á að það virðist hafa verið farsælt á þeim stöðum þar sem nokkur sveitarfélög hafa komið sér saman um barnaverndarnefndir til að ráða sérfræðinga sem hefur þurft til að sinna þeim málaflokki af þeirri festu og sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er í dag. Þannig að það er ýmislegt sem við getum litið á í þessum efnum.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, virðulegur forseti, enda flest það komið fram sem ég hef talið mikilvægt að koma inn á. Ég ætla þó í lokin að nefna það sem Ásta B. Þorsteinsdóttir, þingmaður jafnaðarmanna, nefndi um þá tillögu sem er flutt af fjórum þingmönnum þingflokks jafnaðarmanna um stofnun jafnréttismála fatlaðra. Sú tillaga er ekki bara bundin við að þessi málaflokkur flytjist til sveitarfélaganna. Þetta er algerlega sjálfstætt mál sem lýtur að því að tryggja að staðinn verði vörður um réttindi fatlaðra og þar er í einum sjö liðum getið um það hver helstu verkefni stofnunar jafnréttismála fatlaðra verði. Ef þessi málaflokkur verður fluttur til sveitarfélaganna, er ekki síður mikilvægt að slík stofnun sé til staðar til þess einmitt að einhver sé til staðar til að halda utan um þessi málefni og passa upp á réttindi hins fatlaða. Það eigum við auðvitað alltaf að hafa að leiðarljósi, rétt fatlaðra til almennrar þjónustu, rétt fatlaðra til að verða jafngildir þjóðfélagsþegnar og fá alla almenna þjónustu í sínu sveitarfélagi.

Nokkur sveitarfélög hafa yfirtekið eða báðu um að yfirtaka málefni fatlaðra, Vestmannaeyjar, ef ég man rétt, Vesturbyggð og Akureyri. Ég þekki ekki nægilega hvernig að þessum málum hefur verið staðið annars staðar en á Akureyri. Félmn. fór í heimsókn þangað á haustdögum og ég held að það verði mjög mikilvægt fyrir verkefnanefndirnar — í vor var það reyndar, tíminn líður svo hratt að maður fer bara rangt með um tíma, — sem verða settar á laggir til þess að skoða undirbúning að tilflutningi til sveitarfélaganna, að nýta sér reynslu, t.d. eins og hún verður á Akureyri. Það var mjög áhugavert að sjá hvernig Akureyri fór af stað. Strax var lögð áhersla á ákveðna samþættingu í fjölskylduþjónustunni sem er byggð upp á Akureyri og allir þeir þjónustuþættir sem sveitarfélagið er með varðandi fjölskylduna voru vistaðir á einn stað. Það held ég að sé hið rétta og í raun og veru ættum við að byggja upp fjölskylduþjónustustofnun í öllum helstu sveitarfélögum. Ég bendi líka á að Samtök fatlaðra og Samband sveitarfélaga styður málið.

Í lokin, virðulegi forseti, af því að ráðherrann var svo elskulegur að bjóða upp á að svara um þau mál sem hagsmunasamtökin óskuðu eftir að yrðu rædd í tengslum við 3. desember, þá held ég að við ættum ekki að taka þá umræðu hér. Þetta mál er þrátt fyrir allt afmarkað, þó hægt væri að fara út um víðan völl með það. Ég held að við ættum að sýna þá virðingu að við reynum að koma á svo sem klukkutíma afmarkaðri umræðu um þau mál sem hagsmunasamtökin óskuðu eftir og ég þakka ráðherranum fyrir að hafa tekið vel í það.

Þar með hef ég lokið máli mínu.

[19:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins að veita andsvar við því sem fram kom hjá ræðumanni um byggðasamlög og þriðja stjórnsýslustigið. Reynslan af byggðasamlögum sveitarfélaga er ekki góð. Þetta er flókið, óskilvirkt og ólýðræðislegt fyrirkomulag sem nýtur ekki mikils stuðnings í röðum sveitarstjórnarmanna. Það geta allir kynnt sér sem gefa sér tíma þannig að byggðasamlög eru ekki svarið. Það er ekki hægt að segja við sveitarfélög: „Jafnvel þó þið ráðið ekki við þau verkefni sem ykkur eru falin, þá leysið þið bara úr því með því að búa til byggðasamlag um verkefnið." Reynslan dæmir því þetta svar úr leik. Þeir sem neita að horfast í augu við staðreyndir, þ.e. að það þurfi að búa til stjórnsýslustig sem nái yfir nægjanlega stórt svæði að á bak við það séu svo margir að það beri þau verkefni sem því eru falin, eru einfaldlega að segja að þeir vilji hafa sterkt miðstjórnarvald, vilji hafa sterkt ríkisvald og veikt heimavald, veika heimstjórnun. Sú skoðun sem hér var sett fram af hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur er því að mínu mati skoðun þingmanns sem vill öflugt miðstýrt ríkisvald og veikt vald úti í héruðum landsins. Ég er einfaldlega annarrar skoðunar. Ég tel að það eigi að styrkja landsbyggðina með því að færa valdið til hennar þannig að hún geti sjálf, af eigin rammleik, leyst úr mörgum málum sem menn þurfa í dag að sækja hingað suður með betlistaf í hendi til að fá úrlausn sinna mála.

[19:50]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst slæmt ef málflutningur minn í þessu máli hefur verið á þá lund að þingmaðurinn geti túlkað hann þannig að ég vilji sterkt ríkisvald og veikt vald úti í héraði. Það er alveg þvert á það sem hefur verið skoðun mín og ég er búin að setja fram í þessum ræðustól, ég held bara alltaf. Ég hef lagt mikla áherslu á hvar verkefni fjölskyldunnar eigi að vera og hvers vegna. Þetta er því alger rangtúlkun á orðum mínum og ég vísa þessu algerlega frá.

Ef reynslan verður sú sem þingmaðurinn upplýsir varðandi byggðasamlög þá mundi aldrei hvarfla að mér að líta á eða benda á þau sem þann kost sem sveitarfélögin eigi að nýta sér. Þá verður að leita annarra leiða. Enda er það ekki tillaga sem liggur fyrir hér, sem betur fer, að sveitarfélög eigi að sameinast um byggðasamlög, heldur er þetta eitt af því sem hefur verið nefnt sem úrræði.

Við verðum að líta svo á að ekki er hægt í þjóðfélagi eins og okkar að sveitarfélög ákveði það að þau vilji bara vera 50 manna eða 100 manna eða 200 manna þó þau eigi kost á því að fara í samvinnu við önnur sveitarfélög á svæðinu til þess að geta sameinast um og tekið að sér verkefni, en svo líka sagt: „Af því að við viljum vera 50, 100 manna eða 200 manna, þá getum við ekki tekið þessi verkefni sem væru svo góð ef við værum stærri." Það er því svona, að mér finnst, allt að því útúrsnúningur hjá þingmanninum hvernig hann hefur túlkað mína ræðu.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að tvær leiðir eru færar í að sameina sveitarfélög, þ.e. að þau sameinist eftir umræðu, skoðun og með lýðræðislegri atkvæðagreiðslu sín á milli eða með lagasetningu. Menn hafa hingað til alls ekki viljað fara lagasetningarleiðina og ég held að það sé ekki gott enn þá. Það á að leita eftir því að sveitarfélögin finni sinn farveg sjálf til að axla skyldur og í öllum tilfellum, varðandi sveitarfélög, varðandi félagasamtök, varðandi einstaklinga,

erum við að tala um þjóðfélag þar sem skyldur og réttindi fara saman.

[19:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er rétt skilið hjá mér sem kom fram hjá ræðumanni, að þingmaðurinn væri sammála mér um að það ætti að hafa öflugt vald úti í héruðum landsins, þá bendi ég þingmanninum á að það er ekki leiðin til að styrkja vald heimamanna í sínum málum að leggjast gegn þriðja stjórnsýslustiginu og knýja á um sameiningu sveitarfélaga af þeirri einföldu ástæðu að jafnvel þótt að menn legðu saman alla hreppana yfir stór landsvæði, sætu menn eftir með sama landslag eftir sem áður, mjög stórt landsvæði og mjög fáa íbúa. Og því verður ekki stýrt af einum stað í öllum þeim málum sem sveitarstjórnir í dag fara með.

Eigi hins vegar að stýra málum sem varða marga, verður stjórnvaldið að ná yfir nægilega stóran hóp og nægilega stórt landsvæði til þess að svo megi verða. Því er, eins og ég segi, eina leiðin til að ná þessu fram, að búa til þriðja stjórnsýslustigið. Þriðja stjórnsýslustiginu er ekki ætlað að mínu viti að taka verkefni frá sveitarfélögum nema þau kjósi sér það sjálf hvert og eitt. Þriðja stjórnsýslustiginu er ætlað að taka við verkefnum frá Reykjavík, frá ríkisvaldinu. Það er sú breyting sem við sem tölum fyrir þessari breytingu erum að knýja á um, þ.e. að draga úr vægi ríkisvaldsins og auka vald manna heima í héraði, að flytja vald úr höfuðborginni og út á land. Í raun og veru flækir það því málið þegar menn fara að blanda sveitarfélögunum inn í þá valdreifingarumræðu. Þeir sem blanda sveitarfélögunum inn í það mál eru einfaldlega, hvort sem þeir vilja það eða ekki, að drepa á dreif þessu þarfa máli.

[19:54]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar fólk er á öndverðum meiði, er kannski ekki svo auðvelt að takast á um það í tveggja mínútna tali hjá hvorum aðila um sig. Ég er hlynnt því að hið dreifða vald sé í höndum stórra og öflugra sveitarfélaga. Þingmaðurinn vill miðstýrt þriðja stjórnsýslustig. Það mætti prófa að draga upp mynd af þessu. Annars vegar værum við að tala um sveitarfélög af ólíkri stærð, t.d. á Vestfjörðum þar sem við þingmaðurinn þekkjum svo vel til. Þriðja stjórnsýslustigið væri þá væntanlega fyrir Vestfirði eina og sér og væri með ákveðin verkefni og sveitarfélög vísuðu til þeirra og tækju við frá Reykjavík. Eða við sæjum fyrir okkur hugsanlega tvö sveitarfélög á Vestfjörðum. Þau hefðu tekið við verkefnum frá Reykjavík og væru að horfa með mikilli yfirsýn yfir verkefni síns sveitarfélags hvors um sig. Svo verður bara hver og einn að dæma hvort mikill munur er á þessu hugmyndafræðilega eða hvort við erum að tala um það stjórnsýslulega.

[19:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi fagna því að frv. sem við ræðum er fram komið. Ég tel að sú staðreynd að við erum farin að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sé vitnisburður um mjög mikilvægan áfanga sem við höfum verið að ná á langri leið. Í fyrsta lagi er ljóst að með þessu er að vissu leyti verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að innsigla ákveðið ferli sem hófst fyrir nokkrum árum, með því að frv. gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin munu taka yfir þennan málaflokk. En í öðru lagi held ég að frv. innsigli ekki síður að það hafa orðið miklar breytingar á viðhorfi fólks, stjórnvalda þar með talinna, til málefna fatlaðra eins og kemur m.a. fram í ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir því að áður en yfirfærsla málaflokksins til sveitarfélaga komi til framkvæmda í ársbyrjun árið 1999 hafi verið samþykkt ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þetta er gríðarlega mikil breyting, ekki síst frá því ástandi sem ríkti fyrir ekki mjög mörgum árum síðan.

Við skulum ekki gleyma því að allt til ársins 1979 voru í gildi, svo undarlega sem það hljómar í okkar eyrum, lög um fávitastofnanir frá árinu 1967 og sem ég held að séu býsna langt frá þeim hugsunarhætti sem fram kemur í því frv. til laga sem hér er til umræðu. Í því sambandi held ég að sé ómaksins vert að nefna eina eða tvær setningar úr þessum lögum frá árinu 1967 sem kannski undirstrika þær breytingar sem hafa orðið í málaflokknum. Þetta er alls ekki ekki sagt til hnjóðs þeim sem stóðu að þeirri lagasetningu heldur fremur til þess að undirstrika breytingarnar sem þó hafa orðið á afstöðu fólks til þessa mikilvæga málaflokks. Í lögunum frá 1967 sagði m.a., með leyfi forseta:

„Ríkið skal reka eitt aðalhæli fyrir fávita." Síðan segir jafnframt: „Ráðherra getur veitt bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli svo og dagvistarheimili fyrir fávita að fengnum meðmælum landlæknis."

Þetta segir okkur mikla sögu um þær breytingar sem hafa orðið í þessum stóra og mikla og mikilvæga málaflokki.

Í sjálfu sér ætla ég ekki að orðlengja mjög um þetta mál. Ég kom að þessu á undirbúningsstigi þar sem ég sat í nefndinni er undirbjó frv. og tel að niðurstaðan sé í rökréttu samhengi við það sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum. Eins og fram hefur komið byggist frv. sem hér er til umræðu fyrst og fremst á ákvæði sem var í gildandi lögum frá árinu 1992 sem gerði bókstaflega ráð fyrir því að þau lög yrðu endurskoðuð, einkanlega með það í huga að auka ábyrgð sveitarfélaga í málefnum fatlaðra. Í meðförum Alþingis á því ári, þegar verið var að undirbúa þessa lagasetningu, kom líka fram mjög eindreginn vilji mjög margra til þess að þessi málaflokkur færðist frá ríkinu og til sveitarfélaganna að öllu leyti. Það þarf því í sjálfu sér engum að koma á óvart, að mínu mati, að þetta sé niðurstaðan af endurskoðuninni núna á þessari lagasetningu. Þetta er fyrst og fremst í rökréttu samhengi við það sem áður hefur verið gert.

Þegar við lítum til baka hljótum við að minnast þess að á þeim tíma var að störfum mjög fjölmenn nefnd skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka og fleiri aðila sem var að skoða hvaða málaflokka hægt væri að færa frá ríkinu til sveitarfélaganna. Afraksturinn af þeirri nefndarvinnu var m.a. tilfærslan á grunnskólanum og síðan kom það fram sem stefnumörkun af hálfu þessarar nefndar að sveitarfélögin tækju við verkefnum svæðisskrifstofa fatlaðra og uppbyggingu þjónustustofnunar fatlaðra eins og segir í yfirliti nefndarinnar frá þessum tíma.

Það er líka ástæða til að rifja það upp að Samband sveitarfélaga hefur á fundum sínum að ég hygg æ síðan ályktað í þessa veru. Á 15. landsþingi Sambands sveitarfélaga á árinu 1994 var hvatt til þess „að markvisst yrði unnið að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga til að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið", eins og þar segir orðrétt í ályktuninni, með leyfi forseta. Og enn fremur segir þar, með leyfi forseta:

„Landsþingið telur að með lokaskýrslu sveitarfélaganefndar um aukið hlutverk sveitarfélaga og með kynningarfundum um land allt hafi góður grunnur verið lagður að samræmdum tillögum sveitarstjórnarmanna um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Landsþingið telur rétt að fela sveitarfélögum að fullu rekstur grunnskóla og heilsugæslustöðva, svo og yfirtöku verkefna á sviði málefna fatlaðra og aldraðra."

Þarna held ég að hafi verið í raun innsiglaður vilji sveitarfélaganna sem síðar var áréttaður raunar í samþykkt stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga fyrr í haust, þann 30. október 1996, eins og fram kemur í greinargerð og athugasemdum við frv. þar sem tekið er undir það sjónarmið að færa þetta verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

Ég vil láta það sérstaklega koma fram að m.a. var rætt í undirbúningsnefndinni þegar frv. var unnið hvort eðlilegt væri að flytja þennan málaflokk í áföngum frá ríki til sveitarfélaga. Það sjónarmið var t.d. uppi og ég get játað það hér að ég var einn þeirra sem veltu því mjög fyrir sér hvort það kynni ekki að vera skynsamlegasta leiðin að taka hluta af málaflokknum og færa hann yfir til sveitarfélaga, þann hluta sem lægi kannski beinast við, en niðurstaðan varð eindregið sú að gera þetta ekki þannig. Slíkt var talið torvelda málið, gera það flóknara og örðugra fyrir sveitarfélögin þannig að niðurstaðan varð eindregið sú, ekki síst eftir ábendingum fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að það væri langsamlega skynsamlegast, eðlilegast og best að taka málaflokkinn í heild sinni og færa hann og nota í raun og veru aðferðafræðina sem var stuðst við þegar verið var að flytja málefni grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Þar var farið að því verki með svipuðu móti eins og þessu hér. Það var sem sagt ákveðið að skipa undirbúningsnefnd, ætla til þess nokkuð góðan tíma, fara ofan í öll álitamálin sem auðvitað munu koma upp, ekki síst þegar menn sjá alvöru málsins. Málefni sem snúa t.d. að starfsmönnunum í þessum málaflokki, mál sem snúa t.d. að lífeyrissjóðsskuldbindingum, kaupi og kjörum, málum sem snúa að praktíkinni sjálfri, hvernig eigi að koma þessu síðan fyrir hjá sveitarfélögunum og þar fram eftir götunum. Ég held því að niðurstaðan sé einfaldlega sú sem við höfum lært af þegar við tókumst á við að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga á sviði grunnskólans. Að mínu mati er því ekki verið að reyna að finna upp hjólið eins og stundum er sagt, heldur miklu frekar erum við að reyna að læra af þeirri reynslu sem við höfum þegar fengið. Stundum er spurt hvort ekki sé óeðlilegt að fara strax í það að færa stórt verkefni, eins og málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaga þegar við erum tæplega búin að fá reynslu af því að færa málefni grunnskólans.

Ég held að á margan hátt sé það einmitt mjög skynsamlegt að missa ekki dampinn í þessum efnum. Við erum núna með ferska reynslu af þeirri verkefnatilfærslu og ég held að það sé einmitt mjög mikilvægt að nýta þessa reynslu af sveitarfélögum og sveitarstjórnarmönnum sem eru starfandi og hafa haft eigin reynslu af því að færa stóran málaflokk frá ríkinu til sveitarfélaga. Ég held einmitt að þetta sé rétt tímasetning, að gefa sér um það bil tvö ár til þess að vinna málið. Það er ljóst og gömul reynsla fengin fyrir því að ef menn ætla sér lengri tíma fer undirbúningurinn einfaldlega síðar af stað þannig að auðvitað er alveg tóm til að vinna þetta á tveimur árum eða þar um bil og engin ástæða til að ætla annað en að við getum fært þennan málaflokk yfir á skikkanlegum tíma svo vel fari á.

Við getum velt því fyrir okkur fram og til baka hvort sú stefna sé rétt að færa málaflokkinn frá ríkinu til sveitarfélaganna. Þessi umræða fór að vísu fram mikið á árinu 1991 og 1992 í aðdraganda þess að núgildandi lög voru sett þannig að út af fyrir sig þyrfti kannski ekki að orðlengja það mjög mikið. En ég held hins vegar að sú reynsla sem fengist hefur af rekstri málaflokksins frá þessum tíma, frá því að lögin voru sett og tóku gildi árið 1992 hafi fært okkur heim sanninn um mikilvægi þess að gera öll þessi valdmörk skýrari. Það er ljóst mál að það hafa orðið ýmis vandamál og ýmis ljón á veginum þegar við erum að vinna með málaflokka sem út af fyrir sig skarast. Gott dæmi um það er þegar börn fara af leikskólaaldri og upp á grunnskólastigið meðan ríkið hélt um taumana varðandi grunnskólamálin. Þetta er dæmi um ágreining sem óhjákvæmilega kemur upp milli ríkis og sveitarfélaga bæði um valdmörkin og skyldurnar. Þetta veldur óvissu, kostnaði og óþægindum, ekki síst fyrir þá sem eiga að sækja þessa þjónustu og það er auðvitað það sem við þurfum sérstaklega að horfa á, hlut þess fólks sem þarf að nýta þessa mikilvægu þjónustu. Þess vegna held ég að allt mæli með því í sjálfu sér að þær línur séu gerðar sem skýrastar og málaflokkurinn heyri eðlilega undir einn aðila sem beri á honum ábyrg og hafi til þess fjármuni að fylgja því eftir. Svo getum við auðvitað velt því fyrir okkur fram og til baka hvort það eigi að vera ríkið eða sveitarfélögin. Ég tel mig hafa verið að færa rök fyrir því að hin eðlilega rökrétta niðurstaða af því, sem hefur verið að gerast í þessum málum og þeirri umræðu sem hefur átt sér stað, sé sveitarfélagstigið í stað þess að ríkisvaldið annist um þetta. Ég tel að hin jákvæðu viðbrögð bæði Landssamtakanna Þroskahjálpar og frá Öryrkjabandalaginu annars vegar og hins vegar frá Sambandi sveitarfélaga, sem hafa komið fram í stjórninni og á sínum tíma á landsþingi Sambands sveitarfélaga, segi okkur að eðlilegt sé að þessum málaflokki sé komið fyrir þarna. Ég held það væri dálítið sérkennilegt ef við værum að ræða það hér að innsigla til frambúðar að ríkið héldi utan um þennan málaflokk í ljósi þess hver er vilji bæði Sambands sveitarfélaga og hagsmunasamtakanna, eins og ég hef þegar rakið, virðulegi forseti.

Það er engin ástæða fyrir mig að hafa fleiri orð um þetta mál. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að það fái vandaða og góða meðferð í hv. félmn. Alþingis og kallað sé eftir sem flestum viðhorfum til málsins. Þó að það hafi fengið góðan undirbúning og kallað hafi verið eftir viðhorfum mjög víða að úr þjóðfélaginu bæði frá hagsmunasamtökum og fulltrúum sveitarfélaganna er engu að síður auðvitað þingleg skylda okkar að fara ofan í málin.

Þá varð niðurstaðan sú og um það var sátt í nefndinni að mestu leyti, að eðlilegast væri að gera að öðru leyti ekki grundvallarbreytingar á sjálfri lagasetningunni. Það væri miklu eðlilegra að hafa þann ramma sem líkastan því sem er í gildi núna þegar sveitarfélögin kæmu að því að taka yfir þennan málaflokk. Það mætti segja sem svo og mætti flytja fyrir því ákveðin rök að ef gerðar væru grundvallarbreytingar á málaflokknum rétt í þann mund sem væri verið að færa hann yfir til sveitarfélaganna, þá væri á vissan hátt verið að koma í bakið á þeim. Það hefði að mínu mati verið óeðlilegt.

Virðulegi forseti. Ég tel að með þessu frv. sé verið, eins og ég sagði í upphafi, að stíga mjög mikilvægt skref að tvennu leyti, annars vegar með því að verið er að innsigla þá miklu, jákvæðu og góðu viðhorfsbreytingu sem hefur orðið til þessara mála og hins vegar að verið er að stíga það skref

sem eðlilegt má teljast og rökrétt í framhaldi af umræðunni á undanförnum árum að færa þennan stóra og þýðingarmikla málaflokk yfir til sveitarfélaganna.

[20:09]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1997, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 331.

[20:09]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá miklu og góðu umræðu sem þetta mál hefur fengið á hinu háa Alþingi og tel það gott. Það er ýmislegt sem mér finnst ástæða til að staldra við í þeim athugasemdum sem hafa komið fram um það hvort tímabært sé að flytja þennan málaflokk til sveitarfélaganna eða ekki.

Ég tek undir þau orð sem hér hafa fallið og tel að þetta sé rökrétt framhald af því sem þegar hefur verið ákveðið og í reynd var lagt upp með við síðustu lagasetningu að þetta mundi gerast mun hraðar en raun ber vitni þannig að ég held að við séum á réttri leið. Ég vil, herra forseti, leyfa mér að minna á að fullt samráð hefur verið haft við þá sem málið varðar. Æðstu stofnanir hagsmunasamtaka fatlaðra hafa fjallað um málið og mælt með að þessi meðferð verði viðhöfð og Samband ísl. sveitarfélaga hefur einnig gert það. Ég tel því að þarna hafi verið staðið vel að verki.

Ég vil fara aðeins örfáum orðum um það sem féll í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þ.e. hvort sveitarfélögin séu í stakk búin til að taka við þessum málaflokki eða ekki. Ég vil minna á að á landsbyggðinni er komin rík og góð hefð fyrir því að t.d. fötluð börn stundi nám í heimaskóla í sinni heimabyggð með þeim stuðningi sem til þarf. Það hefur reyndar verið staðið að því með sóma víðast hvar og satt best að segja hefur það mál haft betri framgang en skólamál fatlaðra barna á höfuðborgarsvæðinu sem flest hver hafa eingöngu átt kost á sérskóladvöl. Þarna er því komin víðtæk reynsla víða í héraði um að veita fötluðum börnum þjónustu. Ég tel í sjálfu sér að ósköp lítill eðlismunur sé á því hvort fatlaðir fá þjónustu sem börn, ungmenni eða fullorðnir. Það þarf auðvitað, eins og ég sagði hér áðan, að vera og það þarf að tryggja sértæka þjónustu á landsvísu. Það er mjög mikilvægt þannig að sveitarfélögin hafi aðgang að henni á hverjum tíma og það þarf að tryggja réttindagæsluna. Að öðru leyti er um að ræða þjónustu við fólk sem oftast nær er veitt af öðru fólki og hægt að veita í reynd hvar sem er.

Þegar við tökum til umræðu reynslusveitarfélögin þá er því ekki að neita að mörg sveitarfélög hafa þegar óskað eftir því og jafnvel yfirtekið málefni fatlaðra. Þar er að skapast mjög góð reynsla sem ég tel að komi að góðu gagni. Auk þess er fyrirhugaður tveggja ára undirbúningstími að þessum verkefnatilfærslum og í frv. er lagt upp að verkefnisstjórn verði skipuð sem mun hafa þetta með höndum. Ég legg auðvitað sérstaka áherslu á að í þessari verkefnisstjórn muni eiga sæti, vonandi og ég held að það sé réttmæt krafa, hagsmunasamtök fatlaðra sem koma að því máli alveg frá upphafi til enda.

Það eru önnur mál sem ég held kannski að við ættum að hafa meiri áhyggjur af á þessu stigi málsins en landsbyggðinni því svo undarlega sem það kannski hljómar hefur verið gert meira átak og náðst hefur betri árangur á mörgum sviðum í uppbyggingu í þágu fatlaðra einmitt á landsbyggðinni. Ég hef meiri áhyggjur af höfuðborgarsvæðinu ef satt skal segja. Þar eru biðlistar eftir þjónustu mjög alvarlegir og mjög langir og þar þarf virkilega að gera átak.

Það er annað sem ég tel að verðugt væri fyrir Alþingi að fjalla um í þessu samhengi og á þeim tímum sem fram undan eru. Það er réttarstaða þeirra sem búa á sólarhringsstofnunum, sérstaklega heilbrigðisstofnunum og hafa ekki átt annarra kosta völ á langri ævi oft. Þetta fólk er í raun rænt öllum grundvallarmannréttindum. Það nýtur ekki þeirra sömu réttinda og aðrir fatlaðir sem búa utan þessara stofnana. Ég hefði óskað eftir því að fjallað yrði sérstaklega um stöðu þeirra hópa í þessu samhengi og reynt að koma málum þannig til leiðar að í fyrsta lagi þurfi fatlaðir ekki að búa á sjúkrahúsum og eiga þar búsetu ævarandi. Í öðru lagi að ef einhver einhverra hluta vegna, sérstakrar fötlunar vegna, þarf að vistast til lengri tíma á slíkum stofnunum verði a.m.k. grundvallarmannréttindi þeirra tryggð. Ég hefði gjarnan viljað fá umræðu um þau atriði.

Að öðru leyti held ég að óþarfi sé að hafa miklar áhyggjur af því að sveitarfélögin axli ekki þessa ábyrgð að þessum tíma liðnum. Ef til vill er rétt að minna á og velta því upp hér hvort það eigi endilega að vera á valdi einstakra sveitarfélaga að hafna því að veita ákveðnum hópum þjónustu. Ég tel að krafa fatlaðra sé réttmæt að þeir fái þjónustu á sama stjórnsýslustigi og aðrir þjóðfélagsþegnar. Þetta er spurning um vilja, þekkingu og vissulega fjármagn. En allt eru þetta þættir þar sem hægt er að búa svo um hnútana að vel fari ef vilji er til þess. Þetta er með öðrum orðum ekki spurning um hvort sveitarfélögin kunni þetta. Þetta er spurning um vilja þeirra til að axla þessa ábyrgð og hvernig þessi verkefni verða flutt til þeirra.

Ég kemst ekki hjá því að staldra aðeins við þá umræðu sem hefur farið fram um þriðja stjórnsýslustigið en blanda mér kannski ekki mikið í þá umræðu en leyfi mér samt á þessu stigi að vitna til Norðurlandanna, eins og hér hefur verið gert reyndar áður. Ég ætla að vitna til Danmerkur þar sem þriðja stjórnsýslustigið er vissulega, en verkefnin þar hafa að mestu leyti færst frá því stigi yfir til sveitarfélaganna ef frá er talinn rekstur sjúkrahúsa. Það er í rauninni eina verkefnið sem þriðja stjórnsýslustigið, ömtin í Danmörku, hefur á sinni könnu. Það hefur meira að segja komið til tals að taka það verkefni af þeim þannig að maður getur velt því fyrir sér hvort það sé rétt af okkur að taka upp þessa fyrirmynd.

Varðandi stöðuna á landsbyggðinni, herra forseti, langar mig aftur til þess að víkja að og benda á að landfræðilega séð er oft mjög flókið og erfitt fyrir einstök sveitarfélög eða einstök svæði að vera háð þjónustu frá byggðarkjörnum eins og Ísafirði, Egilsstöðum og víðar þannig að það er í rauninni rökrétt að mörg af þessum sveitarfélögum sem um ræðir sinni sjálf sinni þjónustu. En við skulum heldur ekki gleyma því að sérfræðingar og sérfræðiþekking er færanleg. Það er enginn sem segir að sérfræðingar úr Reykjavík eða annars staðar landinu geti ekki flutt sig til staða og veitt þjónustu bæði í ljósi breyttra og bættra samgangna á landinu og ekki síst í ljósi breyttrar og nýrrar tækni sem gerir öll samskipti mun einfaldari fyrir alla þannig að sérfræðiþjónustan ætti að vera tryggð með margvíslegum hætti, en við þurfum svo sannarlega að sjá til þess að svo verði og hlúa að því.

Að lokum held ég að það sé framfaraspor og til heilla að þetta skref verði stigið og ég vona að málið fái vandaða og góða umfjöllun í meðförum Alþingis.

[20:19]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fram er komið frv. um breytingu á lögum um málefni fatlaðra. Þó að frv. sé ekki umfangsmikið að sjá á pappírnum, felur það í sér grundvallarbreytingu sem verður til hagsbóta og framfara í málefnum fatlaðra. Þessi grundvallarbreyting er eins og fram hefur komið að flytja þennan umfangsmikla og mikilvæga málaflokk frá ríki til sveitarfélaga. Þetta er annað meginmarkmið tillögunnar sem fram kemur í frv. og snýr þannig að stjórnsýslunni.

Hitt meginatriðið er að sjálfsögðu að gæta að réttindum fatlaðra, en nákvæm lagasetning hvað það varðar mun koma fram í því ferli sem fer af stað við yfirfærsluna og í samningum milli sveitarfélaga og ríkis.

Eins og fram hefur komið varð niðurstaða í nefndinni sem sá þingmaður stýrði sem hér talar, að bíða með allar meiri háttar breytingar á málefnum fatlaðra í löggjöf þar til að yfirfærslunni kæmi og samningsferlinu. Það er ekki vegna þess að nefndarmenn sem að frv. unnu hafi ekki gert sér grein fyrir því að þau atriði eru mörg sem þarf að gæta að og breyta þegar málefni fatlaðra eru tekin til endurskoðunar í löggjöf og tilfærslu, heldur hitt að nefndarmenn urðu að mestu sammála um að lagasetning væri eðlilegri þegar til yfirfærslunnar sjálfrar kæmi. Þeim atriðum sem á var bent að þyrfti að lagfæra var haldið til haga og eru í gögnum sem nefndin skildi eftir og eru að sjálfsögðu þeim til reiðu sem munu vinna að næsta skrefi málsins, yfirfærslunni sjálfri.

Meðal þeirra atriða sem komu til umræðu í nefndinni voru þau sem hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir gat um, þ.e. um samsetningu og gerð svæðisráðanna. Þingmaðurinn benti á setu embættismanna sem með nokkrum rökum má segja að hafi þar tvíþætt og að sumu leyti andstætt hlutverk, annars vegar að huga að réttindum og hins vegar að vera í nokkurs konar dómarasæti. Þessi mál og önnur álíka munu koma til endurskoðunar í ferlinu sjálfu við yfirfærsluna.

Um réttindi og réttindagæslu fatlaðra var verulega fjallað í störfum nefndarinnar og komu þar margar ágætar tillögur til skoðunar, svo sem um stofnun umboðsmanns fatlaðra, um sérstaka nefnd skipaða til þess að gæta að slíkum réttindum, landsnefnd, svæðisnefnd og fleiri tillögur mætti telja. Þetta eins og annað mun bíða síðari tíma.

Markmið laganna kemur að nokkru leyti fram í greinargerðinni með frv. og eins og fram hefur komið er það m.a. að fatlaðir verði sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu og að þjónustan verði bætt. Með því að segja að fatlaðir séu sjálfsagðir þátttakendur í samfélaginu er verið að reyna að koma orðum að því að fatlaðir búi við sömu löggjöf og aðrir borgarar þessa lands og að réttindi þeirra séu tryggð með samskiptum við sveitarfélögin að mestu leyti eins og annarra borgara.

Í nefndarstarfinu var leitað eftir áliti allra ráðandi og viðkomandi aðila, þar á meðal Sambands ísl. sveitarfélaga, samtaka og hagsmunasamtaka fatlaðra og fleiri og má segja að þar hafi komið fram einróma og samdóma álit þessara aðila um að flytja skyldi málaflokkinn þannig að ekki var spurt um hvort ætti að flytja hann og hvort ætti að bíða eftir því að reynslusveitarfélögin skiluðu árangri af sinni tilraun sem stefnt er að, heldur skyldi nýta þá reynslu til þess að svara spurningunni hvernig ætti að flytja þetta og hvaða atriði þyrfti að hafa þar í huga.

Hvað stjórnsýsluþáttinn varðar hefur komið fram í greinargerð og ræðum hv. þingmanna að valdmörk milli ríkis og sveitarfélaga eru um margt óljós og af þeim ástæðum æskilegt að höggva á þann hnút sem fyrst þannig að ljóst verði hverjum ber að veita fötluðum þjónustu og hvernig kostnaði og ábyrgð af fjárveitingum verði skipt milli aðila. Þannig er fullljóst að það eru sveitarfélögin en ekki sveitarfélögin og ríkið sem koma þarna til sögunnar.

Undirbúningurinn verður að sjálfsögðu mjög margþættur. Þar þarf að gæta að þáttum svo sem réttindagæslu. Huga þarf að því að sjálfstæði fatlaðra verði tryggt eftir því sem nokkur kostur er, að þjónustan sem sveitarfélögin veita sé sveigjanleg og að búsetuskilyrði séu sem fjölþættust fyrir fatlaða og að fatlaðir geti valið aðstæður sínar sem frekast er kostur og þeir hafi nokkra möguleika til á heimasvæðum sínum. Það er afar mikilvægt að reynsla fagfólks glatist ekki við þessa yfirfærslu og að fagfólk verði haft með í ráðum ef af yfirfærslunni verður.

Í starfi nefndarinnar kom fram mikil áhersla á að þarfir þeirra tiltölulega fáu sem búa við mjög mikla fötlun gleymist ekki. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir að slíkum tilvikum sé sinnt af einu sveitarfélagi heldur verður að horfa til þess að heimili, stofnanir eða annar aðbúnaður þjóni á landsvísu. Nefndin gerði ekki tillögur um hvernig skyldi á þessu tekið, en ljóst er að þar þurfa að koma til víðtækari lausnir en eitt sveitarfélag getur ráðið við, jafnvel þau sveitarfélög sem stærst eru. Ekki má heldur gleyma við yfirfærsluna að gæta ýtrustu hagsýni í rekstri. Þykir mér þá sjálfsagt að skoða nýja möguleika í rekstrarformi þannig að sveitarfélögin sjálf séu ekki einungis í þeim rekstri heldur gæti þau að því að leita til annarra eins og góð dæmi sýna að getur skilað árangri.

Afar mikilvægir þættir þegar til þjónustu sveitarfélaganna kemur eru ráðgjöf og eftirlit. Sveitarfélögin, með allri virðingu fyrir þeim góða hug og því góða starfsfólki sem þar vinnur, munu tæplega ráða við flóknustu og viðkvæmustu viðfangsefni í málefnum fatlaðra. Það er því nauðsynlegt að þau geti sótt ráðgjöf um ekki of langan veg. Eins er nauðsynlegt að þau búi við eftirlit sem tryggi að lög séu haldin og málefni fatlaðra ekki brotin.

Í starf nefndarinnar sem stóð frá því sl. vor og fram á fyrri hluta þessa vetrar var lögð mikil vinna. Ég vil nota tækifærið til að ítreka þakkir mínar til þeirra sem unnu í nefndinni. Allir sem þar voru unnu starf sitt af mikilli alúð og lögðu mikla vinnu í sitt starf. Einstakir nefndarmenn höfðu samráð við viðkomandi aðila og formaður og nokkrir aðrir heimsóttu heimili fatlaðra, fatlaða sjálfa á vinnustöðum þeirra, félagasamtök, sveitarfélög og fleiri sem veitt gátu af reynslu sinni.

Við skulum gera okkur ljóst að viðhorf til fatlaðra og þjónustu við þá á enn eftir að breytast. Hér hafa nokkrir þingmenn bent rækilega á þá breytingu sem hefur orðið á síðustu tveimur, þremur áratugum og ég spái því að þær breytingar séu ekki um garð gengnar. Við skulum því vera vakandi fyrir því að þessi mál eru í slíkri þróun að löggjöf ein í eitt skipti mun ekki segja þar síðasta orðið.

Í heimsóknum til sveitarfélaganna var ekki aðeins leitað til samtaka þeirra heldur voru þau innt eftir þeim atriðum sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerðu hér að nokkru umtalsefni, þ.e. geta sveitarfélögin ráðið við þessi verkefni? Hvernig gengur þeim að leysa slíkt í samkomulagi? Hversu víðtækt þarf slíkt samkomulag og samvinna að vera? Mín niðurstaða var sú að

sveitarfélögin treysta sér fyllilega til þess að taka þetta að sér, jafnvel þau fámennustu en segja um leið, eins og kom fram áðan: Við munum ekki geta þetta ein heldur verðum við að slá okkur saman eftir því samvinnu- og samstarfsformi sem við þekkjum úr mörgum öðrum málaflokkum en verði svo þá kvíðum við því ekki. Um leið kom fram vilji margra þeirra um að þetta ásamt öðru gæti orðið þeim hvatning til sameiningar.

Virðulegi forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum um aðdraganda frv. og þau atriði sem nefndin hafði að leiðarljósi og vil láta koma fram að einhugur var í nefndinni að langmestu leyti eins og meta má af þeirri grg. sem hér liggur fyrir.

Virðulegi forseti. Ég fagna frv. þessu og tel að með því hafi félmrh. stigið stórt skref fötluðum til hagsbóta og stjórnsýslunni til góðs árangurs sem vænta má að lögum þessum settum.

[20:33]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 332.

[20:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir afar málefnalega umræðu sem hér hefur farið fram. Ég átti reyndar ekki von á því að hún yrði þetta löng en ég sé ekki eftir þeim tíma sem í hana hefur farið. Hér hefur verið rætt af yfirvegun um málefni fatlaðra og margt komið fram sem ástæða er til að velta fyrir sér. Ég er mjög ánægður yfir þeim tóni sem hefur verið í þessari umræðu. Ég held nefnilega að okkur greini ekki á um endamarkið, ef svo mætti segja, þ.e. að reyna að búa vel að fötluðum samborgurum okkar. Það kann að vera meiningarmunur um forgangsröðun, það kann að vera meiningarmunur um áherslur en meginmarkmiðið held ég að við getum verið sammála um og það er vel. Þessi mál á að vera hægt að ræða með þeim hætti sem hér hefur verið gert í kvöld.

Það eru örfá atriði sem mig langar til að fara aðeins út í. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson dró nokkuð í efa að nóg reynsla yrði fengin af reynslusveitarfélagaverkefninu og því hefði verið hyggilegra að bíða. Ég skal ekki fullyrða að þessi yfirfærsla takist 1. janúar 1999. Það er hugsanlegt að fari með þetta verkefni eins og með yfirfærslu grunnskólans að því verði frestað, en ég held að það sé hins vegar mikilvægt að marka stefnuna þannig að menn viti hvert þeir eru fara og hvert þeir eru að stefna og hvað þeir eru að undirbúa. Ég vona hins vegar að þetta takist 1. janúar 1999. Þá verður fengin umtalsverð, og ég vænti mikilvæg, reynsla af reynslusveitarfélagaverkefninu á Akureyri og reyndar í Vestmannaeyjum líka því þar er gengið að þessu verki á grundvelli reynslusveitarfélagaverkefnisins. Á Húsavík hins vegar og á Hornafirði er það á grundvelli laganna um málefni fatlaðra samkvæmt heimild í 13. gr. Það er ekki þáttur í reynslusveitarfélagaverkefninu í þessum tveimur sveitarfélögum. Um reynslusveitarfélagaverkefnið almennt vil ég segja að það hefur gengið hægar en ég átti von á þegar ég kom í ráðuneytið að ná lendingu í ýmsum efnum. Þó hefur það náðst sem mikilvægast er, að koma ýmsum þáttum út til einstakra sveitarfélaga til að prófa hvort þeir passi þar. Það var náttúrlega fyrst og fremst tilgangurinn með reynslusveitarfélagaverkefninu. Ég held að menn hafi verið of stórhuga og ráðist í of mikið, reynslusveitarfélögin hafi verið of mörg og menn hafi dreift kröftunum fullmikið.

Varðandi það hve mörg ár þurfi að líða til þess að marktæk reynsla fáist þá geta menn haft ýmsar skoðanir á því. Ég held að í Norðurlandi eystra verði komin býsna sterk vísbending um hvernig sveitarfélög geta staðið að þessu máli eftir tvö ár.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson taldi þessa tillögu snemmbæra. Það er út af fyrir sig rétt að tillagan um yfirfærsluna er fyrr á ferðinni heldur en menn gerðu ráð fyrir þegar lögin um reynslusveitarfélög voru samþykkt. En Samband íslenskra sveitarfélaga leitaði eftir því að fá þennan málaflokk og gerði um það samþykktir. Samtök fatlaðra gerðu það einnig. Og ég taldi að stjórnvöld ættu að bregðast vel við þessum óskum og reyna að koma þessari yfirfærslu á.

Til hvers er verið að þessu? spurði hv. þm. Hvert er markmiðið með að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna? Í mínum huga er markmiðið það að reyna að bæta þjónustuna við hina fötluðu. Það er algerlega númer eitt og ef það tekst ekki þá eigum við ekki að gera þetta. Ég held líka að þá nýtist fjármunir betur vegna nálægðar. Þar sé bæði hægt að veita betri þjónustu og nýta fjármuni með markvissari hætti þegar nálægðin og staðþekkingin kemur til.

Menn hafa sumir haft áhyggjur af því hvernig lítil sveitarfélög geti staðið að þessu verki. Það er þegar fengið módel af því í Norðurlandi eystra þar sem tvö stór bæjarfélög taka verkefnið að sér en sveitarfélögin í kring standa að því með þeim. Það er hægt að finna margvíslegt form á því hvernig sveitarfélögin geta tekið við þessu.

Ég tel að málefni fatlaðra séu í tiltölulega góðu lagi á Norðurlandi vestra undir prýðilegri stjórn Sveins Allans Morthens sem er þar svæðisstjóri. Ég get vel hugsað mér að svæðisstjórnin á Sauðárkróki haldi áfram utan um þessi málefni á Norðurlandi vestra, hugsanlega á vegum Sambands sveitarfélaga í Norðurlandi vestra. Það er líka hægt að hugsa sér það að svæðisstjórnin á Sauðárkróki, eða það batterí sem þar er, yfirtaki málefnin í Skagafirði og að Húnvetningar komi sér upp öðru batterii. Ég ekkert mjög hræddur um að það leysist ekki. Auðvitað þarf að koma jöfnun á milli sveitarfélaga, eins og t.d. er með grunnskólann. Það er eðlilegt að hluti af því framlagi sem ríkið leggur til í verkefnið verði í því formi að komi til jöfnunar eins og er með grunnskólann. Við höfum náttúrlega mikla reynslu af samvinnu lítilla sveitarfélaga og ég get sagt frá því að mitt sveitarfélag hefur í milli 20 og 30 ár, líklega nær 30 ár, verið aðili ásamt sex öðrum litlum sveitarfélögum að rekstri grunnskóla. Eftir því sem ég veit best hefur það gengið vel að því leyti til að ég man ekki til að hafi nokkurn tímann orðið árekstrar út af fjármálum eða rígur á milli sveitarfélaganna út af þessum skólarekstri. Það hefur verið prýðilegt samkomulag og engir erfiðleikar varðandi hinn praktíska rekstur á þeim skóla svo mér sé kunnugt um í allan þennan tíma. Þannig að sveitarfélög geta auðvitað komið sér saman um verkefni.

Ég geri ráð fyrir því að þegar 1. janúar 1999 rennur upp hafi allmörg sveitarfélög sameinast til viðbótar þeim sem þegar eru sameinuð og málin leysast að einhverju leyti á þann hátt.

Hv. 5. þm. Reykn., Rannveig Guðmundsdóttir, gerði athugasemdir við það að þarna væru tvær nefndir, önnur í að endurskoða lögin um málefni fatlaðra og hin um að endurskoða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég skal útskýra

af hverju ég gerði þetta svona. Það var vegna þess að þegar nefndirnar voru skipaðar var ekki búið að taka þessa ákvörðun um yfirfærslu og ég gerði reyndar ekki ráð fyrir því að hún yrði tekin svo snemma sem raun bar vitni, að yfirfæra þennan málaflokk til sveitarfélaganna. Annar málaflokkurinn reiknaði ég með að mundi um einhvern tiltekinn tíma a.m.k. tilheyra sveitarfélögunum en hinn mundi verða áfram á forræði ríkisins og þess vegna urðu nefndirnar tvær. Önnur hefur þegar skilað af sér. Hin er að því komin að skila af sér og ég vonast eftir að geta lagt fram frv. um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga fljótlega eftir jól. En í framhaldi af starfi þessara tveggja nefnda tel ég einboðið að við þurfum að setja upp eina nefnd sem gengi í það verk að fella saman þessi tvenn lög.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira en endurtek þakkir mínar fyrir ágætar umræður um þetta tiltekna þingmál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20:45.

---

43. FUNDUR

föstudaginn 13. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 57, nál. 301, 317 og 320, brtt. 302. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 331 og 334, brtt. 332. — 2. umr.
4. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160, nál. 324, 333 og 336, brtt. 325. — 2. umr.
5. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157, nál. 236, brtt. 237. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuvarnaráð, 232. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 337.

Fjárlög 1997, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 334.

Tryggingagjald, 145. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 333; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 336.

Vörumerki, 233. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 338.

Fjárlög 1997, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 331 og 334, brtt. 332.

[10:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fjárlög ríkisins gegna lykilhlutverki við stefnumótun í ríkisfjármálum þar sem þau setja þann ramma sem umsvifum hins opinbera er markaður hverju sinni. Gerð fjárlaga felur í raun í sér gríðarlega viðamikið verkefni þegar litið er til þess að á hverju ári er verið að kveða á um tekjuöflun og útgjöld sem nema nálægt 30% af landframleiðslunni.

Auk þess gegna fjárlögin mikilvægu hlutverki sem tæki hins opinbera til að hafa áhrif á efnahagslífið. Í opinberri umræðu um þau mál hefur athyglin einkum beinst að áhrifum hallareksturs ríkissjóðs á almennt vaxtastig í landinu. En áhrifin eru víðtækari. Ákvarðanir í skattamálum geta haft víðtæk áhrif á ákvarðanir fyrirtækja og heimila. Með því að stýra framlögum til samgöngumála og annarra stofnframkvæmda eru stjórnvöld í aðstöðu til þess að tempra hagsveiflur, draga úr þenslu þegar vel árar en örva efnahagslífið á samdráttartímum. Fjárlögin snerta sjálfsagt meira en flest lagaákvæði önnur líf sérhvers borgara þessa lands.

Segja má að stefnumótun varðandi ríkisfjármál sé fyrst og fremst unnin í fjármálaráðuneyti og á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Tekjuhlið fjárlaga heyrir undir það ráðuneyti sem og samræming á fjárlagatillögum fagráðuneytanna. Ríkisstjórnin markar hins vegar meginlínur um útgjöld og tekjuöflun. Það starf hvílir á ráðherrum í samráði við sína þingflokka. Í auknum mæli hafa síðan fagráðuneytin komið að fjárlagagerðinni. Þeim er falið að ganga frá fjárlagatillögum vegna þeirra málaflokka sem undir þau heyra.

Í seinni tíð hefur aukin áhersla verið lögð á að marka stefnuna í ríkisfjármálum til lengri tíma en eins árs í senn. Ugglaust á sá fjárlagavandi, sem birtist í stöðugum hallarekstri ríkissjóðs, stóran þátt í því. Þá hefur fjárlagavandinn gert það að verkum að umræður og tillögugerð um samdrátt í fjárveitingum er orðin mjög tímafrek við fjárlagagerðina.

Af mikilvægi fjárlaganna leiðir að miklu máli skiptir að fjárlagagerðin sé sem vönduðust. Óhætt er að segja að fjárlagagerðin hefur tekið framförum. Minnkandi verðbóga á sinn þátt í því. Þá er nýlokið endurskoðun á þeim lagaramma sem fjárlagagerðin og reyndar reikningsskil ríkisins byggja á. Frumvarp til laga sem kveður á um þessi mál liggur nú fyrir Alþingi. Á meðal nýmæla sem þar er að finna er að fjárlög verða sett upp á rekstrargrunni. Með því móti vinnst tvennt. Í fyrsta lagi koma fjárlögin til með að kveða á um allar fjárskuldbindingar sem stofnað er til innan ársins, en ekki aðeins þær sem fela í sér greiðslur. Í annan stað næst mun betri samanburður á milli fjárlaganna og ríkisreiknings þegar hvort tveggja byggir á sama grunni, en á það hefur skort til þessa.

Þá ríður ekki síður á að eftirlit með framkvæmd fjárlaga sé sem skilvirkast og gefi kost á að grípa til viðeigandi ráðstafana í tíma ef út af bregður. Eftirlit með framkvæmd fjárlaga er falin Ríkisendurskoðun. Með því að fela stofnun sem heyrir undir Alþingi þetta hlutverk er í raun verið að gera þingið sjálft ábyrgt fyrir að þessum málum sé sinnt. Í því sambandi kemur ekki síst til kasta fjárlaganefndar.

Eins og málum er háttað í dag felst vinna nefndarinnar að stórum hluta í afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Frumvarpið er lagt fram þegar Alþingi kemur saman að hausti og er

afgreitt áður en hlé er gert á þingstörfum fyrir áramót. Fyrir utan almenna umfjöllun um fjárlagafrumvarpið er nefndinni falið að ákveða skiptingu á ákveðnum fjárlagaliðum. Hún fer auk þess yfir þau erindi sem þinginu berast frá stofnunum, félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum um framlög til hinna ýmsu mála. Það starf þarf að inna af hendi á meðan frumvarpið liggur fyrir þinginu.

Fjárlaganefndin þarf að fylgjast náið með framkvæmd fjárlaga. Hún þarf að fá tímanlega upplýsingar um stöðu ríkisfjármála með tilliti til fjárlaga og vera í stakk búin að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald þannig að ákvæði fjárlaga séu virt. Þá er ekki síður mikilvægt í þessu sambandi, og er þá horft til reynslunnar, að framkvæmdarvaldinu sé gert að skýra fyrir nefndinni með fullnægjandi hætti hvernig fyrirhugað er að ná fram þeim markmiðum sem kveðið er á um í fjárlögum. Þetta á ekki síst við þegar ætlunin er að ná fram sparnaði eða breyttu rekstrarumhverfi.

Þá er ekki síður mikilvægt fyrir fjárlaganefndina að henni gefist kostur á að kynna sér einstaka málaflokka nánar en gerist við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Með því móti öðlast nefndin frekari þekkingu á þeim málefnum sem efst eru á baugi í ríkisfjármálum á hverjum tíma og er betur í stakk búin að fjalla um þau við afgreiðslu fjárlaga.

Sá áfangi hefur nú náðst í fjárlagagerðinni fyrir árið 1997 að málið er komið til 2. umr. Í framsögu minni fyrir áliti meiri hluta fjárln. í málinu mun ég auk þess að rekja nál., brtt. og athugasemdir með þeim fjalla nokkuð um efnahagshorfurnar og samhengi þeirra við ríkisfjármálin, stefnumörkun þá sem fjárln. hefur stuðst við í sinni vinnu og hugleiða nánar vinnubrögð við fjárlagagerðina.

Nokkrir óvissuþættir eru varðandi efnahagsþróunina á næsta ári. Þar ber fyrst að nefna að kjarasamningar eru lausir og niðurstaða þeirra skiptir miklu máli um þróunina í hagkerfinu. Í öðru lagi eru fjárfestingar í atvinnu- og orkugeiranum nokkurri óvissu háðar eins og nánar verður komið að síðar.

Yfirstandandi ár einkenndist af uppsveiflu í efnahagslífinu. Hagvöxtur stefnir í 5,5% og miðað við forsendur Þjóðhagsstofnunar í þjóðhagsspá verður hagvöxtur 2,5% á næsta ári. Á árunum 1994–1997 stefnir því í 3,4% hagvöxt að meðaltali samanborið við 2,4% í iðnríkjunum. Sé litið til lengri tíma má búast við að hagvöxtur verði svipaður og í iðnríkjunum jafnvel þótt ekki verði ráðist í nýjar framkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar.

Aðrir mælikvarðar í hagþróun eru einnig jákvæðir og vil ég nefna tvennt í því sambandi. Á árunum 1994 og 1995 var verðbólga innan við 2% og þótt vöxtur hennar hafi verið ívið meiri á þessu ári, sem helst í hendur við uppsveiflu í atvinnulífinu, er árangurinn vel viðunandi og við erum á bekk með þeim þjóðum sem búa við stöðugleika á þessu sviði. Þessi stöðugleiki er grundvöllur farsællar þróunar í atvinnulífi landsmanna og það er forgangsverkefni að tryggja þennan árangur í sessi. Takist það mun annað veitast okkur að auki.

Atvinnuleysi hefur minnkað úr 5% af vinnuafli á fyrra ári í 4% á þessu ári. Þessi árangur er afar mikilvægur hvort sem litið er á hann frá efnahagslegu eða félagslegu sjónarmiði. Atvinnuleysi er þjóðfélagsböl. Það á að vera grundvallaratriði í okkar huga. Hin hliðin á þessari þróun er að hún dregur úr útgjöldum ríkissjóðs og losar um fé til annarra þarfa.

Frá því að vinna hófst við fjárlagagerðina í haust hafa styrkst líkur á því að ráðist verði í stórframkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar á næsta ári með byggingu álvers á Grundartanga með tilheyrandi framkvæmdum í orkuöflun.

Þriðja mikilvæga atriðið sem ber að nefna í sambandi við efnahagsþróunina er að samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 9% á árunum 1995 og 1996 sem er um það bil tvöfalt meiri aukning heldur en í OECD-ríkjunum að meðaltali.

Hins vegar hefur einkaneysla farið vaxandi á liðnu ári og fjárfestingar hafa tekið við sér frá því að vera í lágmarki á lýðveldistímanum. Innflutningur fjárfestingarvara annarra en til stóriðju var 23% meiri fyrstu sex mánuði ársins en á sama tíma á fyrra ári. Sementssala fyrstu átta mánuði ársins var 18% meiri en á sama tíma á fyrra ári. Talið er að fjárfestingar í sjávarútvegi muni aukast um 70% að raungildi milli ára. Þjóðhagsstofnun spáir að heildaraukning fjárfestingar á árinu verði 24% miðað við landsframleiðslu.

Þessi þróun leiðir til aukins viðskiptahalla sem er eitt af hættumerkjum í efnahagslífinu og leiðir til aukinnar skuldasöfnunar. Jafnframt eykst hætta á þensluáhrifum í efnahagslífinu sem gæti ef illa tekst til aukið verðbólgu. Það ber að forðast.

Til þessa hefur verið talið að gengi, vaxtastig og stjórn ríkisfjármála væru tæki til að hamla við þessari þróun. Þær breytingar hafa hins vegar orðið í okkar efnahagsumhverfi að við erum tæpast orðnir einráðir lengur um ákvarðanir varðandi vexti og gengi. Íslenskt efnahagslíf er hluti af efnahagskerfi iðnríkjanna og samkeppnislandanna í ríkara mæli með ári hverju.

Hins vegar er ljóst að ríkisvaldið hefur tök á því að hafa áhrif á efnahagsþróunina með stefnunni í ríkisfjármálum. Aðhaldssöm stefna nú beinist að tveimur höfuðmarkmiðum. Í fyrsta lagi að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs og hætta að velta byrðum yfir á framtíðina og í öðru lagi að gera sitt til þess að draga úr hættu á þenslu og verðbólgu. Þessar aðgerðir eru í þágu almennings í landinu því mesta hagsmunamál launafólks er að stöðugleiki haldist og kaupmáttur geti farið vaxandi. Fyrir skulduga einstaklinga er það versta sem upp getur komið að verðbólguþróunin fari úr böndunum. Samkeppnishæfni fyrirtækjanna í landinu hvílir fyrst og fremst á því að hægt sé að halda stöðugu gengi og lágu verðbólgustigi.

Þetta eru ekki ný sannindi en þau verða þó ekki of oft endurtekin. Það kann í fljótu bragði að skjóta skökku við að þráast við með framlög til hinna ágætustu verkefna þegar tekjur fara vaxandi með vaxandi umsvifum. Í ljósi þess sem á undan er sagt er það þó algjör nauðsyn.

Nú undanfarið hafa staðið yfir viðræður við fyrirtækið Columbia Ventures um byggingu álvers á Grundartanga og einnig hefur verið rætt um stækkun Járnblendiverksmiðjunnar. Þótt þessum viðræðum sé ekki lokið hafa líkurnar aukist á því að af þessum framkvæmdum verði. Ef svo fer breytast þær forsendur sem fjárlög voru byggð á í haust þegar þau voru lögð fram. Þessar fjárfestingar nema 37,7 milljörðum kr., þar af 23 milljarðar vegna orkuframkvæmda, 12 milljarðar vegna álvers og 2,7 milljarðar vegna Járnblendifélagsins. Jafnframt þessu er ljóst að umtalsverður kostnaður fellur til á árinu 1997 umfram það sem áður var gert ráð fyrir vegna Skeiðarárhlaups og náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi.

Verði þetta að veruleika verður hagvöxtur á árinu 1998 um 4,4% af þjóðarframleiðslu samkvæmt mati Þjóðhags-

stofnunar í nóvember. Þar sem þetta er framhald af miklum hagvexti á yfirstandandi ári er stóraukin hætta á þensluáhrifum og aukinni verðbólgu.

Vegna þessarar stöðu ákvað ríkisstjórnin að láta fara fram athugun á því hvort möguleikar væru til frekari aðhaldsaðgerða heldur en ákveðnar voru við framlagningu fjárlagafrv. í haust. Ekki síst var horft til stofnkostnaðarliða í þessu sambandi því fjárfestingar af þeirri stærðargráðu sem getið hefur verið um hér mundu auka fjárfestingarhlutfallið um 7% á árunum 1996 og 1997.

Vegna þessa voru tillögur um skiptingu fjárfestingarliða í frumvarpinu sem snertu sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, framhaldsskóla, viðhald menningarbygginga og framkvæmdir í hafnamálum athugaðar nánar með tilliti til þess hvort gerlegt væri að draga úr eða fresta framkvæmdum. Niðurstaðan varð sú að ekki væri hyggilegt að ganga á gerða samninga við sveitarfélög um framkvæmdir í framhaldsskólum. Mjög litlar framkvæmdir voru í heilbrigðismálum því um mikinn niðurskurð var að ræða í þessum málaflokki fyrir ári síðan, m.a. með frestun samningsbundinna verka. Í hafnamálum er mikil þörf fyrir lagfæringar, m.a. vegna breyttrar flutningatækni og breyttra atvinnuhátta í sjávarútvegi. Þar að auki var ekki um neinar framkvæmdir að ræða í þeim málaflokki á vegum ríkisins á Suðvesturlandi, því svæði sem viðkvæmast er fyrir þenslu af völdum stóriðju- og orkuframkvænda.

Niðurstaðan varð því sú að halda upphæðum í stofnkostnaðarliðum í þessum málaflokkum óbreyttum. Það gerir hins vegar það að verkum að hafna þarf fjölmörgum erindum um nýjar framkvæmdir á öllum þessum sviðum.

Nokkur fleiri atriði eru til skoðunar í þessu sambandi og má þar nefna vegamál og framkvæmdir í flugmálum, en um þau efni verður nánar fjallað við 3. umr. fjárlaga.

Það kann að skjóta skökku við að fréttir um meiri umsvif og veltu í þjóðfélaginu leiði til bollaleggínga um niðurskurð. Að mínum dómi er það skylda stjórnmálamanna að huga að áhrifum stórframkvæmda á hagkerfið og sagan geymir mörg dæmi um það að fjárfestingar á þenslutímum hafi aukið verðbólgu. Það skiptir miklu máli að áætlun sé til um að dregið sé úr opinberum framkvæmdum og eðlilegt er að líta til næstu tveggja ára í þessu sambandi.

Opinber fjárfesting nemur alls 26,2 milljörðum kr. árið 1997 samkvæmt áætlun. Hún skiptist í stórum dráttum þannig að framkvæmdir ríkissjóðs nema 9,4 milljörðum, framkvæmdir sveitarfélaga 7,1 milljarði og fjárfesting opinberra fyrirtækja 9,7 milljörðum kr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna álvers leiði til 6 milljarða nettógjaldeyrisinnstreymis í hagkerfið vegna erlendrar fjármögnunar. Innlend fjármögnun mundi skipta máli til þess að draga úr þensluáhrifum og þarf einnig að skoða þá hlið málsins. Líta þarf á opinberar fjárfestingar í víðu samhengi þegar hugað er að frestun framkvæmda. Stefnumörkun ríkisvaldsins er mikilvæg í þessum efnum og ætti að vera fordæmi fyrir aðra aðila sem eru einnig áhrifavaldar í þróuninni, t.d. sveitarfélögin. Það er þó ljóst að ríkisvaldið hefur ekkert boðvald til þess að draga úr framkvæmdum á þeim vettvangi en góð samvinna ríkisvalds og sveitarfélaga í því augnamiði að draga úr þenslu er höfuðnauðsyn.

Ég hef dvalið nokkuð við þennan þátt vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur að undanförnu um niðurskurð og samdrátt. Ljóst er að þessi mál verða áfram til meðferðar á milli 2. og 3. umr. málsins og koma til umræðu á ný þegar niðurstaða liggur fyrir við 3. umr. og áætlanir um tekju- og gjaldahlið fjárlaganna liggja endanlega fyrir.

Fjárln. hefur eins og fram kemur í nál. farið yfir þau erindi sem nefndinni hafa borist sem eru fjölmörg. Það má segja að nefndin hafi í vinnu sinni einkum beint sjónum sínum að íþróttahreyfingunni og björgunaraðilum, ásamt framhaldsskólum í tillögugerð sinni um hækkanir framlaga og reynt að laga til fyrir þessum aðilum í þröngri stöðu. Óskiptur liður til framhaldsskólanna er hækkaður um 30 millj. til þess að greiða fyrir samningum um námsframboð og endurskoðun á gildistölum þeirra skóla sem tóku á sig mestan niðurskurð samkvæmt frumvarpinu, en það eru Framhaldsskólinn á Húsavík, á Laugum, í Austur-Skaftafellssýslu og á Skógum. Einnig er séð fyrir framhaldi náms í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað.

Nokkur ný útgjaldatilefni komu frá ríkisstjórn og er stærsta upphæðin þar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem fær 100 millj. kr. framlag til að standa straum af kostnaðarauka vegna væntanlegra lagabreytinga um sjóðinn. Þá er fyrirhugað átak í fíkniefnavörnum sem gert er ráð fyrir útgjöldum til í brtt. frv. Þessi stefnumörkun er afar mikilvæg og er með þessu samanlögðu litið til málefna hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Af öðrum málum má nefna kostnað vegna náttúruhamfaranna á Skeiðarársandi, en nánar verður komið að þessum málum í skýringum við brtt. nefndarinnar.

Að öðru leyti mun ég vísa til skýringa við brtt. sem ég mun fara yfir síðar.

Nokkur viðfangsefni bíða 3. umr. og er það umfangsmesta útfærsla 160 millj. kr. sparnaðar í sjúkrahúsunum á landsbyggðinni og yfirferð á erindum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Unnið er að skoðun þessara mála og sú vinna hefur óhjákvæmilega tekið langan tíma. Önnur hefðbundin verkefni bíða svo sem málefni B-hluta stofnana og 6. gr. ásamt nokkrum erindum öðrum sem eru til nánari skoðunar hjá nefndinni.

Ég vil fara hér nokkrum orðum um vinnu fjárln. Það er hollt að stunda sjálfsgagnrýni og hugleiða hvað betur megi fara í vinnubrögðum ríkisstjórnar og Alþingis varðandi fjárlagagerðina. Ekki síst er gagnlegt að horfa til nálægra þjóða þar sem þingræði er þróað, svo sem á Norðurlöndum, og þeirra aðferða sem þjóðþingin þar hafa í þessum efnum.

Sá háttur er hafður á nú að á vettvangi ríkisstjórnarinnar eru samþykktir fjárlagarammar á vordögum og fagráðuneyti vinna síðan að því að raða verkefnum inn í þessa ramma og eiga að skila því verki fyrir ágústlok. Fjárln. tekur síðan við frv. í byrjun október, fer yfir einstaka þætti þess, tekur við erindum og veitir viðtöl, kallar starfsmenn ráðuneyta og aðra aðila til viðtals.

Mér hefur fundist nokkuð skorta á það að umræða færi fram í Alþingi um forgangsröðun í ríkisútgjöldum. Umræðan um fjárlögin beinist í ríkum mæli að einstökum verkefnum, stórum eða smáum en ekki heildarsýn um það hver eigi að vera forgangurinn, hver fjárlagaramminn eigi að vera um hvert ráðuneyti og hver eigi að vera stefnan í ríkisfjármálum til lengri tíma.

Í sænska þinginu hefur um nokkurt skeið verið umræða um breytt vinnubrögð við fjárlagagerð og þar eru til umræðu tillögur um að breyta þeim í grundvallaratriðum. Breytingarnar eru í því fólgnar að þingið fjalli um útgjaldaramma ríkisstjórnarinnar og ákveði heildarútgjöld fjárlaga

og fjárlaganefndin beri síðan ábyrgð á þeirri ákvörðun. Útgjaldarammar í einstökum málaflokkum verði bindandi og fagnefndir fjalli síðan um þá og fjárln. hafi það hlutverk að halda utan um þá vinnu. Allar þingnefndir einbeiti sér að fjárlagavinnunni á haustþingi.

Þessar hugmyndir eru mjög athyglisverðar og verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála þar. Mín skoðun er að brýn nauðsyn sé að Alþingi og ríkisstjórn taki til gagngerrar endurskoðunar vinnubrögð við fjárlagagerðina með það tvennt að markmiði að gera áætlanir um ríkisfjármál til lengri tíma og að umræða um forgangsröðun í ríkisútgjöldum sé markvissari. Forusta fjárln. og fjárlaganefndarmenn eru reiðubúin til að leggja sitt til þessarar vinnu.

Þróun síðustu ára í ríkisútgjöldum kemur einkar vel fram í töflu á bls. 387 í fjárlagafrv. Ef litið er til þróunarinnar frá árinu 1990 hafa framlög til stofnkostnaðar lækkað úr 10,8 milljörðum kr. í 9,9 milljarða 1996 miðað við áætlað verðlag ársins 1997. Greiðslur til landbúnaðar hafa lækkað úr 10,5 milljörðum miðað við sömu forsendur í 5,3 milljarða á sama tíma. Framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa lækkað úr 2,7 milljörðum í um 1,5 milljarða. Greiðslur til almannatrygginga hafa hins vegar hækkað úr 30,4 milljörðum í 34 milljarða og aðrar tilfærslur úr 8,5 milljörðum í 10,4 milljarða. Þetta dæmi sýnir þróunina í ríkisútgjöldunum. Almannatryggingar og sjúkratryggingar taka stöðugt meira fé til sín, ekki vegna þess að bótaþegar séu of sælir með sitt heldur vegna fjölgunar þeirra. Þetta er sams konar þróun og er í öllum nágrannalöndunum og eitt helsta viðfangsefni stjórnmálanna er að bregðast við þessu til þess að hægt sé að tryggja velferð til frambúðar.

Ég ætla að þessu sinni ekki að verða margorður um endanlega niðurstöðu fjárlaga fyrir árið 1997 þar sem tekjuáætlun liggur ekki fyrir endurskoðuð og ljóst er að einhver útgjaldatilefni verða fyrir 3. umr. málsins. Hins vegar vil ég minna á að þótt það takist að afgreiða fjárlög með jöfnuði eða afgangi á greiðslugrunni má ekki gleyma því að á rekstrargrunni munar verulega á afkomunni og er það í raun réttari mælikvarði. Munurinn á rekstrargrunni og greiðslugrunni er sá að á greiðslugrunni eru tekjur og gjöld bókuð þegar þau koma til greiðslu en á rekstrargrunni þegar til þeirra er stofnað. Mest munar í þessu sambandi um áfallnar lífeyrisskuldbindingar umfram það sem formlega er greitt til lífeyrissjóða og mismun áfallinna og greiddra vaxta. Lauslega má áætla að munurinn á rekstrargrunni og greiðslugrunni sé a.m.k. 4 milljarðar um þessar mundir þannig að jöfnuður á ríkissjóði eins og fjárlagafrv. er uppsett þýðir í raun halli upp á 4 milljarða þegar skuldbindingar eru teknar með í reikninginn.

Áður en ég skýri brtt. við frv. vil ég víkja að örfáum atriðum sem þörf er á að skýra nánar. Þar er fyrst til að taka að gerðar eru tillögur um tilfærslu í rekstri skattstofa. Þessi tilfærsla á ekki að leiða til þess að segja þurfi upp fólki á skattstofum þeim sem málið varðar heldur er þetta tilfærsla á aðkeyptu vinnuafli verktaka. Hins vegar er brýn nauðsyn á að verkaskipting milli skattstofanna í landinu eins og tillagan gerir ráð fyrir verði ekki til þess að draga úr starfsemi úti um landsbyggðina heldur verði þess gætt ef um frekari skipulagsbreytingar er að ræða að skattstofum úti um land séu tryggð verkefni enda skapar tölvutæknin þá möguleika að verkefnin séu ekki síður unnin í landshlutunum.

Fjárln. hafa borist nokkrar umsóknir um fjölgun stöðugilda í löggæslu á landsbyggðinni, þar á meðal frá Sauðárkróki, Blönduósi og Egilsstöðum. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að þar sem ný skipan lögreglumála tekur gildi um næstu áramót með því að embætti lögreglustjóra ríkisins tekur til starfa þá verði gerð úttekt á skipulagi og mannaflaþörf lögreglunnar, og niðurstaðan af þeirri vinnu verði síðan tekin til meðferðar í fjárln. Ekki er því lagt til við fjárlagaafgreiðsluna nú að viðbótarfjármagn verði veitt til þessara mála.

Fjárln. ákvað að veita viðbótarfjármagn til ritakaupasjóðs Háskólabókasafns sem nemur 12 millj. kr. Verkefni safnsins hafa aukist, þar á meðal er þar innan borðs hið nýja Kvennasögusafn sem hefur kynnt fjárþörf fyrir nefndinni upp á 1,5 millj. kr.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um að í áætlunum félmrn. um uppbyggingu í málefnum fatlaðra eru fjármunir ætlaðir til að standa straum af samkomulagi um uppbyggingu sambýla fyrir geðfatlaða sem nemur 20 millj. kr. Þá þarfnast skýringa nokkur atriði við skiptingu stofnkostnaðar.

Í fyrsta lagi viðhaldsfjárveiting til Laugaskóla. Stofnkostnaðarframlög til sundlaugar hafa þar þegar verið nýtt til brýnna viðhaldsverkefna. Í þeirri fjárveitingu sem nú er lögð til er verið að skila þeim fjármunum á ný sem færðir hafa verið af því verkefni.

Í öðru lagi skal það tekið fram að fjárveitingar til hafnamála eru miðaðar við 90% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í ytri hafnarmannvirkjum og dýpkunum og 60% í innri hafnarmannvirkjum. Fjárveitingar til ytri hafnarmannvirkja eru greiðsla upp í kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs. Í samgrn. eru ríkisstyrkir til hafna til endurskoðunar og mun verða haft samráð við Hafnasamband sveitarfélaga um þá endurskoðun.

Í þriðja lagi skal það tekið fram að úthlutun til stofnkostnaðarverkefna í sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum miðast við að hefja þau verkefni á ný sem unnið hefur verið að því að endursemja um frá fyrra ári.

Lagt verður til að endurúthlutað verði á fjáraukalögum 20 millj. kr. til D-álmu í Keflavík og hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði og eru fjárveitingar miðaðar við það.

Í fjórða lagi lagði ég það til í fjárlagaræðunni fyrir ári síðan að gerð yrði greiðsluáætlun um skuldir vegna dvalar- og hjúkrunarheimila sem myndast hafa á árunum 1990–1994. Á fjáraukalögum verður lagt til við 3. umr. að greiddar verði upp skuldir vegna dvalarheimilis á Kirkjubæjarklaustri, Lundi á Hellu og Stokkseyri og 7 millj. kr. upp í skuld vegna Hulduhlíðar á Eskifirði. Á fjárlögunum er lagt til að veitt verði 7 millj. kr. til greiðslu skuldarinnar vegna Hulduhlíðar og þá stendur eftir $^1/_3$ af þeirri skuld sem lagt er til að samið verði um að greiða á árinu 1998. Þessi skuld er frá 1990.

Ég tek nú til við skýringar á einstaka brtt. við frv.

Æðsta stjórn ríkisins. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til Alþingis hækki um rúmar 40 millj. kr. og er gerð grein fyrir skiptingu þeirrar fjárhæðar í nefndaráliti. Hækkun þessi er tilkomin af nokkrum ástæðum en þar er helst að nefna rekstrarkostnað vegna aukins húsnæðis á vegum þingsins, alþjóðasamstarf, launagjöld vegna launaskriðs og mannaráðninga fyrir fastanefndir og alþjóðanefndir, viðhald og kaup á tölvubúnaði en einnig koma fleiri smærri þættir til.

Lögð er til 5,2 millj. kr. hækkun til umboðsmanns Alþingis en að mati forsætisnefndar Alþingis og umboðsmanns Alþingis er þessi hækkun nauðsynleg til að embættinu sé gert kleift að rækja hlutverk sitt samkvæmt lögum og þeim kröfum sem til þess eru gerðar.

Forsætisráðuneyti. Nokkrar breytingar verða á liðnum Ýmis verkefni undir forsrn. og eru teknir inn fjórir nýjir liðir auk breytinga á þeim fimmta.

Lagt er til að veita 4 millj.kr. til framhalds á ritun biskupasögu á vegum Hins íslenska bókmenntafélags en verkefni þetta fékk áður framlag af safnlið ríkisstjórnarinnar. Þetta er önnur greiðslan af þremur. Af svipuðum toga er tillaga um fjárveitingu til Hins íslenska bókmenntafélags til að ljúka ritun og útgáfu á Sögu Íslands. Eins og fram kemur í nál. meiri hluta fjárln. er fyrirhugað að gera samning við félagið um þessa útgáfu.

Þriðji nýi liðurinn er framlag til hönnunarmiðstöðvar heimilis- og listiðnaðar og er þetta fyrri greiðslan af tveimur. Alls er ráðgert að veita 11,5 millj. kr. til áframhaldandi uppbyggingar miðstöðvarinnar. Verkefnið var sett af stað fyrir þremur árum með 20 millj. kr. framlagi af milljarði sem ríkisstjórnin veitti til atvinnuskapandi verkefna. Miðstöðin hefur starfað í þrjú ár og þykir hafa gefið mjög góða raun og gagnast mörgum handverksmönnum, ekki síst þeim sem starfa á landsbyggðinni.

Í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir árið 1997 er þess getið að gert væri ráð fyrir að umsjón með útboðs- og einkavæðingarverkefnum yrði færð frá fjmrn. til forsrn. Í samræmi við þessa stefnu er lagt til að flytja 15 millj. kr. fjárveitingu milli þessara tveggja ráðuneyta.

Að lokum er lögð til 1,5 millj. kr. hækkun til Hrafnseyrarnefndar vegna verkloka við byggingu torfbæjar á Hrafnseyri. Bygging bæjarins er áætluð kosta 11 millj. kr. en kostnaður vegna tækja og áhalda mun verða rúmlega 3 millj. kr. Fyrirhugað er að opna bæinn til sýnis snemma á næsta ári. Í fjárlögum þessa árs eru veittar 1,5 millj. kr. til verksins og nokkrar stofnanir og fyrirtæki hafa lagt fram styrki til þessarar framkvæmdar, alls um 5,5 millj. kr.

Menntamálaráðuneyti. Lagt er til að stofnaður verði sjóður sem færður verði á fjárlagalið Háskóla Íslands og fái heitið ritakaupasjóður. Framlag til hans verður 31,5 millj. kr. en á móti þeirri hækkun lækkar framlag til bókakaupaliðar Landsbókasafns – Háskólabókasafns um 19,5 millj. kr. þannig að heildarhækkun vegna hins nýja sjóðs er 12 millj. kr.

Samkvæmt lögum um Landsbókasafn – Háskólabókasafn frá árinu 1994 skal hluti af fjárveitingu til Háskóla Íslands renna til bókasafnsins samkvæmt sérstöku samkomulagi milli bókasafnsins og háskólans. Í fjárlögum 1995 og 1996 var ekki tekið tillit til þessa ákvæðis þar sem ofangreint samkomulag hafði ekki verið gert. Á þessu ári voru lögð fram drög að samkomulagi stofnananna þar sem ákveðið var að stofna sérstakan ritakaupasjóð sem ætlað væri að standa að bókakaupum fyrir háskólabókaþátt safnsins. Fulltrúar háskólans ættu aðild að stjórn sjóðsins sem yrði í vörslu skólans. Með stofnun sjóðsins og aukningu bókakaupafjár safnsins er komið til móts við verðlagsbreytingar bóka og tímarita á heimsmarkaði og spornað við frekari niðurskurði á bókakaupum safnsins. Auk þess er gert ráð fyrir að háskólinn reyni eftir föngum að styrkja ritakaupasjóðinn með eigin framlagi.

Nýlega var opnað í Kvennasögusafn sem hefur fengið aðstöðu í Landsbókasafni – Háskólabókasafni. Telja verður nauðsynlegt að koma á skýrum ákvæðum um greiðslu kostnaðar við þá starfsemi.

Gerð er tillaga um hækkun launagjalda á Tilraunastöð Háskólans að Keldum til áframhaldandi rannsókna, m.a. á riðu. Riðurannsóknirnar miða að því að útrýma riðu hérlendis og þarf vart að fjölyrða um það hvílík áhrif það gæti haft á sauðfjárrækt í landinu, á útflutning sauðfjárafurða í kjölfar umræðunnar um kúariðu.

Lagt er til að framlag til Raunvísindastofnunar háskólans hækki um alls 12,3 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að beita sér fyrir að veitt verði 17 millj. kr. framlag á næstu tveimur árum til sérstaks átaksverkefnis í grunnrannsóknum á aðstæðum í Vatnajökli. Eldsumbrotin í Vatnajökli hafa beint sjónum manna að mikilvægi grunnrannsókna á aðstæðum þar. Raunar telja vísindamenn, að umbrotin nú séu upphaf eldsumbrotahrinu jafnvel um nokkurt árabil. Er brýnt að skipulega verði unnið að rannsóknum til að unnt verði að bregðast markvisst við öllum frekari hræringum. Því er lagt til Raunvísindastofnun Háskólans verði veittar 10,5 millj. kr. í fjárlögum 1997 til að ráðast í þetta verkefni. Meiri hluti fjárln. tekur undir þá tillögu og leggur jafnframt til að framlag hækki um 1,8 millj. kr. til viðbótar til að standa undir öðrum almennum rannsóknum.

Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka rekstrarframlag til Árnastofnunar um 5 millj. kr. Stofnunin hefur átt við rekstrarerfiðleika að stríða, m.a. vegna útgjalda er snerta öryggismál. Ekki er viðunandi að ekki sé gætt fyllstu krafna um öryggisgæslu handritanna sem stofnunin varðveitir og telur fjárlaganefnd að með þessari fjárveitingu ætti stofnuninni að verða gert kleift að bæta úr í öryggismálum. Þess ber einnig að geta að á næsta ári er ráðgert að síðustu handritin skili sér heim og óhjákvæmilega fellur til einhver kostnaður vegna þeirra tímamóta.

Árin 1993–1994 var tölvukostur Tækniskóla Íslands endurnýjaður og færður til nútímahorfs. Búnaðurinn sem þá var keyptur er nú orðinn tæknilega úreltur og kröfur um aðgengi nemenda að nútímaupplýsingatækni og tilheyrandi vélbúnaði hafa stóraukist þannig að tækjakostur nægir hvergi nærri til að uppfylla þær kröfur. Nú er svo komið að nauðsynlegt þykir að endurnýja og uppfæra tölvubúnað skólans. Skólinn óskaði eftir rúmlega 35 millj. kr. fjárveitingu en meiri hluti fjárln. treystir sér ekki að leggja til svo háa fjárhæð en gerir tillögu um 12 millj. kr. fjárveitingu til endurnýjunar tölvubúnaðar.

Mikill áhugi er víða um land á fjarnámi Kennaraháskóla Íslands. Til að mynda hefur Vestmannaeyjabær farið fram á það við skólann að gera 25–30 einstaklingum kleift að stunda fjarnám í Vestmannaeyjum. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka fjárveitingu til fjarkennslu við Kennaraháskólann um 3 millj. kr. en leggur það í hendur skólans að ráðstafa þeim fjármunum þar sem þeir telja þörfina vera mesta.

Samvinnuháskólinn fær nú heiti og númerastaðsetningu í menntmrn. sem hæfir skóla á háskólastigi en hann flokkaðist áður með framhaldsskólunum. Í gildi er samningur milli skólans og menntmrn. um fjárframlög til skólans og miðast sá samningur við ákveðinn fjölda nemenda. Fyrirhugað er að endurskoða þann samning og í honum verður m.a. litið til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað við skólann. Námsbrautum hefur fjölgað og þar með nemendum og með kennslu á háskólastigi eru gerðar auknar kröfur á ýmsum sviðum, t.d. til bókakosts. Til að mæta útgjaldaauka vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á samningi leggur meiri hluti fjárlaganefndar til að hækka fjárveitingu til skólans um 5 millj. kr.

Að venju eru sýnd yfirlit yfir viðhald og stofnkostnað framhaldsskóla í sérstöku yfirliti. Millifærðar er 7 millj. kr.

fjárveiting af framlagi til tölvubúnaðar yfir á fjárveitingu til byggingarframkvæmda.

Á óskiptum lið framhaldsskóla eru færðar tæplega 50 millj. kr. sem eru að mestu ætlaðar til mæta óvæntum útgjöldum sem stafa m.a. af fjölgun nemenda en útgjaldaáætlanir skóla í fjárlagafrumvarpinu miðast við ákveðinn nemendafjölda. Forsvarsmenn margra framhaldsskóla komu á fund fjárlaganefndarinnar og töldu þeir að nauðsynlegt væri að endurskoða gildistölur framhaldsskóla en þær eru m.a. reiknaðar á grundvelli hlutfalls milli verknáms og bóknáms. Í ljósi fjárhagsstöðu framhaldsskóla leggur meiri hluti fjárln. til að hækka fjárveitingu á óskiptum lið um 30 millj. kr. til að gera menntamálaráðuneytinu kleift að koma til móts við fjárþörf skóla að lokinni endurskoðun á gildistölum fyrir framhaldsskóla og endurmati á rekstrarfjárþörf þeirra.

Í fjárlögum 1996 er 3 millj. kr. fjárveiting til tækja- og búnaðarkaupa hjá Vélskóla Íslands. Fjárveitingin hefur verið felld niður í fjárlagafrv. en lagt er til að hún verði tekin upp aftur enda Vélskólinn háður því að endurnýja tækjakost eigi hann að geta veitt hagnýta og góða fagmenntun.

Sjóvinnukennsla Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur verið flutt í kjallara Sjómannaskólans og stafar þessi breyting m.a. af flutningi Samskiptamiðstöðvar heyrnarskertra í vesturálmu Sjómannaskólans á jarðhæð. Af þessum breytingum hefur hlotist nokkur kostnaður og leggur meiri hluti fjárln. til að veittar verði 3 millj. kr. tímabundið til að standa undir þeim útgjaldaauka.

Forsvarsmenn Hússtjórnarskólans á Hallormsstað komu á fund fjárln. og óskuðu eftir því að skólinn fengi að starfa með óbreyttu formi hér eftir sem hingað til en í fjárlagafrv. er ráðgert að starfsemi skólans verði hætt í núverandi mynd um mitt næsta ár og húsnæði hans afhent Menntaskólanum á Egilsstöðum. Í grg. með fjárlagafrv. segir m.a. að skólinn geti starfrækt þar nám í samráði við hagsmuna- eða áhugahópa sem greiðist af þátttakendum. Meiri hluti fjárln. tekur ekki afstöðu til þess hvort hússtjórnarkennslu verði best fyrir komið í hússtjórnarskólanum með óbreyttu fyrirkomulagi eða hvort hentugra sé að hafa skólann sem deild eða braut við Menntaskólann á Egilsstöðum. Hins vegar er það mat meiri hlutans að fjárveiting í fjárlagafrv. nægi ekki til að halda uppi námi af þessu tagi og leggur því til að fjárveiting verði aukin um 4 millj. kr.

Lagt er til að fjárveiting til eignakaupa á fjárlagalið Myndlista- og handíðaskóla Íslands verði aukin um 2 millj. kr. vegna átaks í uppbyggingu á aðstöðu skólans til margmiðlunar. Skólinn er æðsta menntastofnun landsins á sviði sjónlista og nýtur almennrar viðurkenningar sem sérskóli á háskólastigi. Meiri hluti fjárln. vill með þessari tillögu styðja það uppbyggingarstarf sem hefur átt sér stað á þessu sviði hjá Myndlista- og handíðaskólanum.

Á vegum menntmrh. er starfandi nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna og námsmanna sem endurskoðar lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum á næstunni. Talið er að þær breytingar sem gera þarf á lögunum um sjóðinn muni kosta ríkissjóð um 100 millj. kr. og er hér lögð til hækkun á framlag til sjóðsins sem því nemur.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til jöfnunar á námskostnaði um 10 millj. kr. Fjárveitingin hefur verið óbreytt frá árinu 1995 en brýnt er að styðja fólk í dreifbýli til að kosta unglinga til náms í framhaldsskólum.

Lögð er til 5 millj. kr. hækkun til Þjóðminjasafns Íslands og er sú tillaga tvískipt. Annars vegar eru 3 millj. kr. ætlaðar til að ljúka endurnýjun á tölvubúnaði sem hófst í ár. Tölvuvæðingin er liður í að koma safninu í það horf að það geti með starfsháttum tekist á nútímalegan hátt við fyrirliggjandi verkefni í skráningu hvers konar og upplýsingagjöf til almennings og annarra stofnana og ráðuneyta. Hins vegar er lagt til að veita 2 millj. kr. til skráningar fornminja.

Gerð er tillaga um að framlag til héraðsskjalasafna verði hækkað um 1 millj. kr. og eru þá 5 millj. kr. til ráðstöfunar til að styðja við bakið á héraðsskjalasöfnum um allt land.

Gerð er tillaga um 7 millj. kr. hækkun fjárveitingar til Þjóðleikhússins til að standa undir greiðslu uppbóta á lífeyri fyrrum starfsmanna leikhússins en ekki er áætlað fyrir þeim útgjöldum í fjárlagafrv.

Fjmrn. hefur í samráði við menntmrn. endurskoðað framlag ríkisins til Sinfóníuhljómsveitar Íslands með tilliti til útreikningsreglna um fjármögnun sveitarinnar, greiðslu uppbóta á lífeyri og umsvifa í rekstri. Í framhaldi af þeirri yfirferð er lögð til 7 millj. kr. hækkun á framlagi til hljómsveitarinnar.

Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag til Kvikmyndasjóðs um 25 millj. kr. til að sjóðurinn geti aukið úthlutun sína. Hluti fjárhæðarinnar er þó ætlaður til uppgjörs á 10 millj. kr. skuld við ríkissjóð frá árinu 1986.

Lagt er til að taka inn nýjan lið með fjárveitingu til bókaútgáfu Leifs Eiríkssonar. Þar er þó ekki um fyrstu fjárveitingu til þessa verkefnis að ræða því að áður hefur verið veitt til þessa verkefnis af safnlið 2,5 millj. kr. í ár og sama fjárhæð í fyrra. Þessi sérgreinda fjárveiting er lokagreiðsla til útgáfu Leifs Eiríkssonar sem gefur út Íslendingasögur og Íslendingaþætti á ensku og með henni hefur ríkið styrkt þessa útgáfu um alls 7,5 millj. kr.

Ungmennafélagshreyfingin heldur uppi þróttmiklu starfi um land allt sem felst meðal annars í menningarmálum, félagsmálafræðslu, náttúruvernd, umhverfismálum, leiklist og fleiru. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka fjárveitingu til Ungmennafélags Íslands um 4 millj. kr. en af þeirri fjárveitingu er 1 millj. kr. ætluð til endurbóta á húsnæði samtakanna við Fellsmúla sem keypt var 1992.

Lögð er til breyting á nokkrum liðum undir ýmsum íþróttamálum. Í fyrsta lagi er lögð til 4 millj. kr. hækkun til Íþróttasambands Íslands en sambandið hefur víðfemt starfssvið. Í annan stað er gerð tillaga um að framlag til Ólympíunefndar Íslands hækki um 1,5 millj. kr. en kostnaður Íslendinga við ólympíuleikana í Atlanta hefur reynst meiri en áætlað var. Að lokum er lagt til að veita 8 millj. kr. til Borgarbyggðar vegna landsmóts UMFÍ sem haldið verður þar á næsta ári. Fjárveitingin mun fara til uppbyggingar á Skallagrímsvelli í Borgarnesi.

Í upphafi árs var á vegum ríkisstjórnarinnar hrundið af stað vinnu til að stemma stigu við vaxandi neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Ríkisstjórnin hefur nú samþykkt heildstæða áætlun í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Ekki ætla ég mér að fjalla til hlítar um þessa áætlun en í kjölfar hennar eru lagðar til breytingar á fjárlögum sem ég mun gera nánar grein fyrir. Alls nema þessar hækkanir 65 millj. kr. og gert er ráð fyrir að fjármagna aukin útgjöld með verðhækkun á tóbaksvörum.

Í fyrsta lagi er fyrirhugað að efla löggæslu og er lögð til 35 millj. kr. fjárveiting á fjárlagaliðnum Áfengis- og fíkniefnamál undir dómsmrn. Fyrirhugað er m.a. að bæta tækjakost fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík og fjölga starfs-

mönnum deildarinnar. Einnig er lögð áhersla á að samvinna tollgæslu og löggæslu verði aukin.

Í annan stað er lagt til að veittar verði 25 millj. kr. til að efla tollgæslu og er það fært á óskiptan lið á safnlið skatta- og tollamála í fjmrn. Eftirlit sem beinist að smygli á fíkniefnum verður eflt verulega og aukin áhersla verður lögð á leit að fíkniefnum í póstsendingum og í tengslum við komu skipa til Reykjavíkur. Hluti þessarar fjárveitingar er ætlaður til að efla eftirlit á Keflavíkurflugvelli en ráðgert er að framkvæmdaáætlun og tillögur um skiptingu fjárveitingarinnar liggi fyrir í lok febrúar og það sama á við um útfærslu á auknu fé til löggæslu.

Að lokum er lagt til að veita 5 millj. kr. til sérstaks sérfræðingateymis til að skipuleggja forvarnastarf í skólum og er fjárveitingin færð á safnlið menntmrn. 999 Ýmislegt. Í samræmi við áhersluatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar og tillögur nefndar um könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi mun þetta forvarnastarf einkum beinast að ungmennum í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna og áfengis. Greining og viðbrögð við áhættuhegðun innan skólans verður efld og beinn stuðningur sérfræðinga við nemendur og kennara innan skólans aukinn. Þá verður stuðningur við foreldra ungmenna í áhættuhópum einnig aukinn. Áhersla verður lögð á að koma á tengslum milli starfsfólks skóla-, heilbrigðis- og félagsmálakerfis og annarra aðila eftir því sem við verður komið.

Utanríkisráðuneyti. Næst vík ég að tillögum er varða utanrrn. Vegna kjörs Íslands til setu í efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna er áætlað að kostnaður ráðuneytisins vegna þátttöku í fundum og starfi ráðsins aukist um 3,5 millj. kr. Lagt er til að framlag til aðalskrifstofu hækki um þá fjárhæð. Einnig er gert ráð fyrir að kostnaður aukist um 6 millj. kr. vegna launa, ferða og bættrar starfsaðstöðu starfsmanns til að hafa með höndum samningagerð og viðræður um úthafsveiðar fyrir hönd íslenska ríkisins. Að lokum hækkar framlag til aðalskrifstofu utanrrn. vegna kostnaðar við þýðingar á reglum ESB er tengjast innflutningi og afnámi heilbrigðiseftirlits með sjávarafurðum á landamærum EFTA og ESB en einnig verður nokkur kostnaður samfara lagasetningu og þingmeðferð vegna þessa.

Tekinn er inn nýr liður er varðar þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi en heildarkostnaður við þátttöku þeirra í nefndarstarfi í tengslum við Fríverslunarsamtök Evrópu og samnings um Evrópskt efnahagssvæði er talinn nema um 4,5 millj. kr. Lögð er til 2,5 millj. kr. fjárveiting á þessum nýja lið og er hún millifærð af óskiptri fjárveitingu vinnumálaliðarins undir félmrn. Utanrrn. hefur haft um 2 millj. kr. til umráða til að styrkja þetta starf. Sú fjárhæð hefur verið færð á fjárlagalið aðalskrifstofu og meiri hluti fjárln. mun leggja til við 3. umr. að hún verði millifærð af aðalskrifstofu og til þessa nýja liðar.

Landbúnaðarráðuneyti. Lagt er til að hækka framlag til Skógræktarfélags Íslands um 0,5 millj. kr. og verður þá heildarfjárveiting til þess 3,5 millj. kr.

Að ósk landbrn. leggur meiri hlutinn til að nafn fjárlagaliðarins Greiðslur vegna riðuveiki verði breytt í Greiðslu vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Framlag er óbreytt en í nafnabreytingunni felst aukið svigrúm til að ráðstafa þeim fjármunum sem færðir eru á þennan fjárlagalið.

Sjávarútvegsráðuneyti Í fjárlögum þessa árs er framlag til sjóvinnukennslu 6,5 millj. kr. en liður þessi fellur niður í fjárlagafrv. Fjárln. leggur til að veita 4 millj. kr. til sjóvinnukennslu og að gerður verði samningur við Fiskifélagið um að það annist sjóvinnukennslu í grunnskólum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Við 2. umr. fjárlaga fyrir ári síðan lagði meiri hluti fjárlaganefndar til að hækka fjárveitingu til lögfræðiþjónustu neyðarmóttöku vegna nauðgana og var sú hækkun til samræmis við áætlaðan árlegan kostnað í ljósi reynslunnar. Síðan hafa taxtar lögfræðinga hækkað nokkuð og er því lagt til að hækka framlag til neyðarmóttökunnar um 1 millj. kr. Áætlaður kostnaður á næsta ári er því 4,3 millj. kr.

Lagt er til að framlag til byggingar hæstaréttarhúss hækki um 35 millj. kr. og verði þá 45 millj. kr. en endanlegt uppgjör lá ekki fyrir fyrr en í byrjun nóvember. Þrátt fyrir þessa hækkun er byggingarkostnaður hússins innan kostnaðaráætlunar en hann er 467 millj. kr. á verðlagi í október síðastliðnum sem er um 7 millj. kr. innan upphaflegrar áætlunar. Kostnaður við lausan búnað o.fl. er áætlaður 85 millj. kr. á sama verðlagi en það er um 15 millj. kr. umfram áætlun. Munar þar mestu um að inn á þann lið þurfti að taka kaup og uppsetningu listaverks í stóra dómsalnum að fjárhæð 7,5 millj. kr. Í heild hafa því áætlanir um heildarkostnað því sem næst staðist.

Lagt er til að hækka framlag til Almannavarna ríkisins um 2,7 millj. kr. og er það einskiptisgreiðsla vegna æfingarinnar Samvörður en þar eru um að ræða sameiginlega björgunaræfingu NATO. Framlag Almannavarna til æfingarinnar mun verða starf framkvæmdastjóra stofnunarinnar, bæði það starf sem þegar hefur verið unnið og það eftirlits- og samræmingarstarf sem eftir er, ásamt starfi fastra starfsmanna til ráðgjafar og funda á undirbúningstímanum og síðan umtalsverð vinna þegar nær dregur æfingunni og á æfingardögum.

Á hverju ári slasast um 3.500 einstaklingar í umferðinni og yfir 20 bíða bana. Unglingar á aldrinum 17–21 árs eru í 4–5 sinnum meiri hættu að slasast í umferðarslysum en fólk á aldrinum 25–50 ára og talið er að aðallega megi rekja þetta til reynsluleysis. Nú eru komnir á markað ökuhermar sem eru vel nýtanlegir til ökukennslu og meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að veita 3 millj. kr. til ökuherma fyrir grunnskólabörn. Gert er ráð fyrir að unglingum verði gefinn kostur á kennslu í ökuhermi sem valgrein í efstu bekkjum grunnskóla.

Síðastliðið vor samþykkti ríkisstjórnin að þiggja boð um áheyrnaraðild Íslands að Schengen-samstarfinu en eins og er kunnugt er meginatriði þess afnám persónueftirlits við för um innri landamæri þátttökuríkjanna. Við gerð frumvarps til fjárlaga lá ekki fyrir hversu háa fjárhæð Íslendingar þyrftu að greiða til Schengen-skrifstofunnar á næsta ári vegna áheyrnaraðildar né lá fyrir áætlun um þýðingarkostnað á skjölum vegna samningsins. Gert var ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 20 millj. kr. til þessara þátta. Nú er ljóst að áheyrnaraðildargjöldin verða um 5,5 millj. kr. á næsta ári og áætlun um þýðingarkostnað nemur 6–8 millj. kr. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur því til að til framangreindra verkefna verði veittar 14 millj. kr. og tillagan hljóðar því upp á 6 millj. kr. lækkun til Schengen-samstarfsins.

Síðasta tillaga sem heyrir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið varðar Fangelsismálastofnun en þar er einungis um leiðréttingu á framsetningu að ræða sem gerð er að beiðni ráðuneytisins og leiðir ekki til útgjaldaauka.

Félagsmálaráðuneyti. Lögð er til 3 millj. kr. hækkun til heimilis fyrir börn og unglinga. Í þessu felst engin efn-

isbreyting heldur er hér um að ræða verðlagshækkun á framlagi til einkarekinna heimila. Fjárhæðin er millifærð af rekstrarhagræðingarfé félagsmálaráðuneytis og hefur því ekki heildarhækkun í för með sér.

Framlag til sambýla fatlaðra í Reykavík er 185,3 millj. kr. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að hækka það um 5 millj. kr. en fyrirhugað er að hefja rekstur þriggja nýrra heimila fyrir fatlaða í lok ársins, en heilsársrekstur þeirra kostar um það bil 40 millj. kr. Ekki hefur verið heimilt að hefja nýframkvæmdir eða kaup á heimilum fyrir fatlaða nema fyrir liggi heimild til reksturs í fjárlögum. Þörf fyrir þjónustu við fatlaða í Reykjavík er allnokkuð umfram þá þjónustu sem veitt er og ríkið greiðir fyrir. Nefnd sem unnið hefur að endurskoðun laga um málefni fatlaðra skilaði nýlega niðurstöðu. Meðal þess sem hún leggur til er að málefni fatlaðra í heild verði flutt frá ríki til sveitarfélaga í ársbyrjun 1999. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið undir þessa skoðun og er unnið að undirbúningi þess máls undir forustu félagsmálaráðuneytis.

Lögð er til 35 millj. kr. hækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameiningar sveitarfélaga en ekki er áætlað fyrir þessum kostnaði í fjárlagafrumvarpi. Fjárhæðin er í samræmi við samkomulag ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 1994 um árlegt framlag ríkisins og Jöfnunarsjóðsins á árunum 1995–1998 til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Um er að ræða þriðju greiðslu af fjórum.

Lagt er til að óskipt fjárveiting til félagasamtaka hækki um 3 millj. kr. en um er að ræða millifærslu af safnlið heilbrigðisráðuneytis, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þar er felldur niður liður Sjálfsbjargar í Reykjavík en fjárveiting til félagsins á betur heima undir félagsmálaráðuneyti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála eru áætluð rúmlega 52 milljarðar kr. á næsta ári eða sem svarar til 42% heildarútgjalda ríkissjóðs. Þá hefur verið tekið tillit til áforma heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um lækkun útgjalda. Þannig er gert ráð fyrir að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 650 millj. kr. frá því sem þau ella hefðu orðið á næsta ári.

Í fyrsta lagi er áformað að lækka lyfjaútgjöld um 400 millj. kr. á næsta ári frá því sem annars hefði orðið. Útgjöld vegna lyfja stefna nú nokkuð fram úr þeirri áætlun sem fyrir lá við framlagningu fjárlagafrumvarps, eða um 300 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga þessa árs. Til eftirfarandi aðgerða verður gripið til að ná áformum fjárlaga:

Lyfjaverðsnefnd hefur ákveðið lækkun álagningar lyfja bæði í heildsölu og smásölu og tekur hún gildi um næstu áramót. Búist er við að sú lækkun spari um 250–300 millj. kr. í lyfjaútgjöldum almannatrygginga, sem skilar sér einnig að hluta til sjúklinga.

Í samræmi við tillögu lyfjahóps Tryggingastofnunar ríkisins hefur verið verið ákveðið að hækka greiðsluhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði um 5 prósentustig. En þar sem verð lyfja lækkar bæði í heildsölu og smásölu, hámarksgreiðsluþak sjúklinga verður óbreytt og samkeppni í lyfsölu hefur aukist mjög, má ætla að litlar breytingar verði á útgjöldum notenda. Þessi breyting kemur til framkvæmda um næstu áramót og er áætlað að hún lækki lyfjakostnað almannatrygginga um allt að 200 millj. kr.

Gripið verður til ýmissa annarra aðgerða á árinu 1997 til að halda lyfjaútgjöldum ársins innan áætlunar fjárlaga, svo sem gæða- og kostnaðarstýringu lyfjaávísana, gerð lyfjalista, þjónustusamninga við heilsugæslustöðvar svo eitthvað sé nefnt.

Í öðru lagi hyggst heilbrigðisráðuneytið lækka rannsóknar-, röntgen- og lækniskostnað um 170 millj. kr. m.a. með því að endurskoða gjaldskrár fyrir blóðmeina- og meinefnarannsóknir með tilliti til raunverulegs kostnaðar og þeirra tæknibreytinga sem orðið hafa á því sviði. Einnig verða samningar og fyrirkomulag á greiðslum fyrir röntgenþjónustu endurskoðuð, m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða.

Tryggingastofnun ríkisins mun hætta að greiða fyrir rannsóknir, röntgen og slysastofuaðgerðir stofnana á föstum fjárlögum. Í því sambandi er hér lagt til að 970 millj. kr. framlag verði flutt af fjárlagalið sjúkratrygginganna yfir á nýjan fjárlagalið 207 Verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Heilbrigðisráðuneytið mun í byrjun næsta árs útdeila þessu framlagi til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á grundvelli reynslutalna fyrir árið 1996 jafnhliða því sem gerðir verða samningar við hlutaðeigandi stofnanir um það að þær annist ekki færri rannsóknir en þær gerðu á yfirstandandi ári. Þessi tilfærsla á að leiða til allt að 70 millj. kr. sparnaðar sem að stærstum hluta mun nást með því að ekki verður viðurkennd innbyggð aukning og verðbætur milli áranna 1996 og 1997.

Þá hefur samninganefnd Tryggingastofnunarinnar verið falið að ná fram 100 millj. kr. sparnaði í sérfræðingakostnaði vegna rannsókna og röntgens á næsta ári. Meðal annars er áformað að leita eftir tilboðum í rannsóknir frá einkareknum rannsóknastofum hér á landi, sem og frá erlendum rannsóknastofum í löndum þar sem daglegar beinar flugsamgöngur eru við. Jafnframt mun samninganefndin leita leiða til að lækka taxta fyrir röntgenþjónustu með því að endurskoða þá samninga sem nú eru í gildi. Enn fremur verður skoðað hvort ástæða er til að breyta fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu, m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða.

Í þriðja lagi er Tryggingastofnun ríkisins að ljúka endurskoðun á reglum um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar sem er liður í að ná fram 80 millj. kr. sparnaði vegna tannlækninga á árinu 1997. Stærstum hluta sparnaðarins, eða um 30 millj. kr., er ætlað að ná með því að skilgreina þá þjónustu sem almannatryggingar greiða fyrir tannlækningar barna. Þá á að auka eftirlit með greiðslu reikninga en komið hefur í ljós við samanburð reikninga að tannlæknar beita taxtanum mjög mismunandi. Loks á að einfalda fyrirkomulag varðandi styrki til tannréttinga.

Til viðbótar við framansagða millifærslu á 970 millj. kr. af sjúkratryggingum yfir á nýjan fjárlagalið eru gerðar tvær tillögur um breytingar á fjárveitingu til sjúkratrygginga. Annars vegar er gert ráð fyrir að millifæra 6 millj. kr. frá fjárlagalið Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð vegna nýrra ákvæða almannatryggingalaga um styrki til kaupa á næringarefni og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi. Að auki hækkar framlag um 13 millj. kr. vegna þessa þannig að heildarframlag verður 19 millj. kr. Í framhaldi af samþykkt lagabreytinga í júní síðastliðnum setti tryggingaráð reglur um útfærslu. Áður skiptist kostnaður milli sjúkratrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en eftir breytinguna fellur allur kostnaður á sjúkratryggingar.

Hins vegar eru millifærðar 19 millj. kr. til rannsóknastöðvar Hjartaverndar sem ég mun gera nánar grein fyrir á eftir.

Um árabil hefur verið í gildi samkomulag milli Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Hjartaverndar hins vegar um greiðslu fyrir rannsóknir á sjúklingum, þ.e. aðrar en hóprannsóknir. Samkomulagi þessu var sagt upp á árinu. Nú liggja fyrir drög að samningi milli Hjartaverndar annars vegar og heilbrigðisráðuneytisins hins vegar um kaup á þjónustu af rannsóknastöð Hjartaverndar. Samningurinn mun taka gildi frá og með næstu áramótum og tekur annars vegar til hóprannsókna og hins vegar til þjónusturannsókna, það er að segja á fólki utan kerfisbundinna skoðana sem áður var greitt af Tryggingastofnun ríkisins. Í samningnum er gert ráð fyrir stiglækkandi fjölda þjónusturannsókna en á móti kemur stighækkandi framlag ríkis til kerfisbundinna rannsókna til aukinnar þekkingar á hjarta- og æðasjúkdómum. Af þessum sökum eru lagt til að framlag til Hjartaverndar færist á einn undirlið í stað tveggja eins og áður og verður heildarframlag 29,5 millj. kr. Ekki er um hækkun fjárveitinga að ræða heldur er þetta millifært af öðrum liðum eins og nánar er lýst í nefndaráliti.

Tvær aðrar breytingar eru lagðar til sem heyra undir safnlið ýmissa heilbrigðismála. Annars vegar fellur framlag til Sjálfsbjargar niður og flyst til félagsmálaráðuneytis eins og ég gerði grein fyrir hér að framan. Hins vegar leggur meiri hluti fjárln. til að hækka framlag til Krýsuvíkurskólans um 2 millj. kr. Stofnunin hefur sinnt vaxandi hópi mikið veikra vímuefnaneytenda undir eftirliti landlæknis og hefur m.a. náð eftirtektarverðum árangri í endurhæfingu manna með langan afbrotaferil.

Á yfirstandandi ári hafa verið gerðar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eldhúss Sunnuhlíðar í Kópavogi. Þær felast í því að Sunnuhlíð hefur hætt matsölu út fyrir stofnunina. Breyting þessi hefur ekki áhrif á rekstrarframlag ríkisins. Að beiðni heilbrrn. leggur meiri hluti fjárln. til breytingu á framsetningu fjárlaga til samræmis við þetta.

Lögð er til 3 millj. kr. hækkun til ýmissa rannsókna á alnæmi og fleira. Fram til þessa hefur sjúkrahúsið Vogur ekki þurft að greiða fyrir rannsóknir og kostnaðurinn hefur að mestu fallið á Rannsóknastofu háskólans í sýklafræði. Um áramót verður breyting hér á því þá mun rannsóknastofan senda reikninga fyrir þessar rannsóknir en að mati SÁÁ verður viðbótarkostnaður 6,5 millj. kr. á næsta ári. Meiri hluti fjárln. leggur til að komið verði til móts við þessa þörf með 3 millj. kr. fjárveitingu eins og áður segir.

Næst kem ég að breytingartillögum sem varða Heilsuverndarstöðina í Reykjavík og heilsugæslustöðina við Lágmúla og eru tilkomnar vegna endurnýjunar samnings við Heimilislæknastöðina hf. Breytingin leiðir ekki til útgjaldaauka en hefur áhrif á framsetningu fjárlaga þessara tveggja stofnana. Í framlagi til heilsugæslustöðvarinnar við Lágmúla er gert ráð fyrir að greidd verði húsaleiga en þær tekjur munu renna til stjórnsýslu heilsugæslunnar í Reykjavík, þ.e. til Heilsuverndarstöðvarinnar. Leigutekjurnar fara hins vegar að stærstum hluta til að standa undir framlagi til stöðvarinnar í Lágmúla en það sem eftir stendur verður m.a. nýtt til að standa undir viðhaldi stöðvarinnar sem stjórnsýsla heilsugæslunnar í Reykjavík mun annast.

Lagt er til að lækka sértekjur heilsugæslustöðvarinnar í Ólafsvík en nokkur hluti sérteknanna er vegna sjúkraflutninga sem hafa dregist verulega saman sem aftur leiðir til þess að sérstekjur þessa árs verða nokkuð undir áætlun og það sama gildir um næsta ár. Tillaga um lækkun sértekna heilsugæslustöðvarinnar í Búðardal er af sama meiði sprottin. Einnig er lagt til að lækka sértekjur hjá heilsugæslustöð Vestmannaeyja og Suðurnesja en að mati stöðvanna eru sértekjurnar ofáætlaðar í ljósi reynslutíma síðasta árs. Að auki hækkar framlag til Heilsugæslustöðvar Suðurnesja vegna nýrrar stöðu heilsugæslulæknis. Ráðherrar heilbrigðis- og fjármála annars vegar og samninganefnd um byggingu D-álmu fyrir hönd sveitarfélaganna á Suðurnesjum hins vegar gerðu með sér samkomulag í nóvember sl. um málefni Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Suðurnesja. Í samkomulaginu eru m.a. ákvæði þess efnis að ráðherrarnir muni beita sér fyrir 2 millj. kr. hækkun fjárveitingar til heilsugæslustöðvar Suðurnesja vegna fjölgunar um eina stöðu heilsugæslulæknis.

Lagt er til að framlag til heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri verði hækkað um 2 millj. kr. vegna lokaáfanga þróunarverkefnisins „Nýja barnið – aukin fjölskylduvernd og bætt samskipti". Framlagið verður nýtt til rannsókna, kynningar, fræðslu, hönnunar meðferðarúrræða o.fl.

Fjármálaráðuneyti. Frumvarp til laga um fjárreiður ríkissjóðs mun hafa í för með sér 10 millj. kr. aukinn kostnað hjá ríkisbókhaldi vegna nýrrar framsetningar á ríkisreikningi. Ekki var gert ráð fyrir kostnaðinum við undirbúning fjárlagafrumvarps og meiri hluti fjárlaganefndar leggur hér til að hækka framlags til ríkisbókhalds um 10 millj. kr. Af sama meiði er tillaga um nýtt viðfangsefni á safnlið fjármálaráðuneytis, 999 Ýmislegt, en þar er lögð til 12 millj. kr. einskiptisgreiðsla vegna kostnaðar sem mun leiða af nýrri framsetningu á fjárlögum og ríkisreikningi.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1997 var kynnt að fjármálaráðuneytið mundi leggja til að gerðar yrðu breytingartillögur við fjárveitingar á fjárlagaliðum skattkerfisins. Ástæðan er sú að í fjármálaráðuneytinu hefur verið til athugunar hvort auka megi skilvirkni skattkerfisins með því að endurskoða skipulag starfseminnar. Áfangi í þessu starfi hefur nú náðst með því að fjmrh. hefur ákveðið að sameina skatteftirlit, sem framkvæmt hefur verið á skattstofum úti á landi, embætti ríkisskattstjóra og stofna við embættið nýtt viðfangsefni sem heitir skatteftirlit. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri hagræðingu sem talið er að muni leiða af skönnun á skattframtölum. Tillögur meiri hluta fjárln. taka mið af þessum skipulagsbreytingum en rétt er að ítreka að eingöngu er um millifærslur að ræða og heildarfjárveiting hækkar ekki. Í þessum tillögum felst einnig hækkun til skattstofunnar á Reykjanesi en framlag til hennar hefur verið lægra en til annarra skattstofa sé tekið mið af umsvifum og íbúafjölda. Að lokum eru af sömu ástæðum gerðar nokkrar breytingar á safnlið skatta- og tollamála sem er lýst nánar í nál. Undir þeim lið er einnig tekin inn ný fjárveiting vegna átaks í tollgæslu í tengslum við fíkniefnavarnir sem ég hef þegar fjallað um.

Samgönguráðuneyti. Lagðar eru til nokkrar breytingar á liðnum Ýmis verkefni hjá samgönguráðuneyti.

Lögð er til hækkun framlags til Slysavarnaskóla sjómanna og Tilkynningarskyldu íslenskra skipa til samræmis við þær fjárveitingar sem eru í fjárlögum 1996 en þær voru lækkaðar í fjárlagafrv. Einnig er lögð til hækkun á framlagi til Slysavarnafélags Íslands, m.a. vegna tjóns á tækjum við björgunarstörf við Hornafjörð.

Lagt er til 5 millj. kr. framlag til almannavarna- og björgunarskóla á Gufuskálum í Snæfellsbæ. Með því að

lóranstöðin á Snæfellsnesi var lögð niður varð um það samkomulag milli utanrrn. og varnarliðsins að ráðuneytið tæki við staðnum. Unnið er að samkomulagi milli þessara aðila í því skyni að nýta þær eignir sem þar eru. Ríkisútvarpið hefur tekið við lóranmastrinu og þar er unnið að uppsetningu langbylgjusendis. Gert er ráð fyrir að gerður verði samningur milli utanrrn. og Snæfellsbæjar um afhendingu staðarins til bæjarins og mun meiri hluti fjárln. leita heimildar í 6. gr. við 3. umr. fjárlaga sem heimilar þessa afhendingu. Starfandi er nefnd á vegum dómsmrn. um möguleika á að nýta þessar eignir til almannavarna- og björgunarskóla. Aðrir sem eiga aðild að þeirri nefnd eru samgrn. og menntmrn., Snæfellsbær og björgunarsveitirnar í landinu. Nefndin hefur ekki lokið störfum en að mati fjárlaganefndar er nauðsynlegt að hún hraði störfum sínum svo ljóst verði hver framtíðarnýting staðarins geti orðið.

Gerð er tillaga um nýjan lið er hefur fengið heitið Ferðamál og markaðsstarf. Í ljós hefur komið á undanförnum árum að mikil þörf er fyrir styrki til ferðaþjónustunnar víða á landsbyggðinni. Víða er unnið mikið brautryðjendastarf á þessu sviði en takmarkað fjármagn er fyrir hendi til að sinna þessu starfi sem skyldi. Möguleikar ferðaþjónustunnar til að sækja um styrki til markaðsaðgerða eru ekki miklir og því mikilvægt að fjármagn fáist á fjárlögum næsta árs til að renna stoðum undir áframhaldandi markaðsstarf fyrir ferðaþjónustuna.

Að lokum er undir safnlið samgönguráðuneytis lagt til að framlag til Landsbjargar hækki um 5,1 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 2,5 millj. kr. vegna björgunarbátsins Þórs í Vestmannaeyjum og er það lokagreiðsla.

Skemmdir vegna náttúruhamfara á Skeiðarársandi eru lauslega metnar á 1 milljarð króna. Um 500 millj. kr. munu falla á Vegasjóð á næstu þremur árum, þar af um 150 millj. kr. í ár. Þessum útgjöldum verður að mestu mætt án þess að auka útgjöld ríkissjóðs. Þannig munu allar markaðar tekjur til vegamála á árinu 1997 umfram 7.470 millj. kr. fara til þessara framkvæmda. Lagt er til að framlag til Vegagerðarinnar hækki um 100 millj. kr. á næsta ári. Um er að ræða lán sem ríkissjóður veitir Vegagerðinni vegna þessara framkvæmda og sem verður endurgreitt af vegafé á árinu 1999.

Lagt er til að framlag til fjölsóttra ferðamannastaða hækki um 9 millj. kr. og verði þá rúmlega 14 millj. kr. Sívaxandi umferð um náttúruperlur landsins gerir það brýnt að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk sem sækir þá staði heim og koma í veg fyrir náttúruspjöll.

Iðnaðarráðuneyti. Gerð er tillaga um 15 millj. kr. hækkun til Staðlaráðs en ríkisstjórnin hefur samþykkt að leggja til að 0,007% af tryggingagjaldsstofni renni til Staðlaráðs Íslands til að kosta þróun staðla. Tekjur af gjaldinu eru taldar 15–16 millj. kr. á ári. Staðlaráð þarf að sinna auknum verkefnum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni og er þar um að ræða kostnað vegna þátttöku í alþjóðastaðlasamtökum. Ríkið greiðir nú stærstan hluta kostnaðar við stöðlun, m.a. fyrir þátttöku í evrópsku staðlasamstarfi, einstök sérverkefni og rekstrarframlag til Staðlaráðs. Þá er innifalið framlag til stöðlunar í framlagi til EFTA en alls er talið að framlög þessi nemi um 30 millj. kr.

Atvinnulífið hefur til þessa tekið lítinn þátt í kostnaði við staðla. Fyrirtækjum er hagur í að þróun staðla haldi áfram. Einstök fyrirtæki hafa bein not af stöðlum og í afmörkuðum tilfellum er hægt að selja aðgang að stöðlum. Er það nú þegar gert og nema tekjur Staðlaráðs um 6 millj. kr. af þeirri sölu. Ef verðið hækkar er hætt við að staðlar verði síður notaðir og því æskilegra að kostnaður verði greiddur af breiðum skattstofni.

Eins og fram kemur í nefndaráliti meiri hluta fjárlaganefndar er framsetningu fjárlagaliðar Orkustofnunar breytt nokkuð. Í greinargerð með fjárlagafrv. var boðað að fyrir dyrum stæðu skipulagsbreytingar hjá Orkustofnun en reglugerð um þessa skipan var staðfest af iðnaðarráðherra hinn 6. des. síðastliðinn. Meginbreytingin er sú að ráðgjöf og bein þjónusta við stjórnvöld er aðskilin frá framkvæmd rannsókna og skiptist því starfsemi stofnunarinnar í tvo málaflokka, orkumál og orkurannsóknir. Í samræmi við þetta eru lagðar til breytingar á framsetningu eins og lýst er í nál.

Lagt er til að styrking dreifikerfis í sveitum hækki um 10 millj. kr. og verði 110 millj. kr. Í ljós kom eftir að gengið hafði verið frá talnahluta fjárlagafrv. að fjárveitinging þyrfti að hækka um 10 millj. kr. til samræmis við samkomulag sem gert var við Rarik um ráðstöfun arðgreiðslna fyrirtækisins.

Umhverfisráðuneyti. Lagt er til að hækka fjárveitingu til ýmissa umhverfisverkefna á safnlið umhvrn. um 1 millj. kr. Hækkunin er ætluð til umhverfisverkefna á Hvolsvelli.

Umhvrn. óskaði eftir hækkun fjárveitingar til Veðurstofu Íslands til að mæta kostnaði við sólarhringsvakt vegna veðurathugana á Egilsstaðaflugvelli. Meiri hluti fjárln. hefur fallist á þessa ósk og leggur til 1,5 millj. kr. hækkun til Veðurstofunnar af þessum sökum.

Í lokin vil ég fjalla um mál sem varðar öll ráðuneyti. Í greinargerð með frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 kemur fram að á vegum ráðuneyta og stofnana ríkisins er unnið að margvíslegum hagræðingarverkefnum. Á fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing undir hverju ráðuneyti er framlag sem ætlað er að mæta kostnaði af ýmiss konar hagræðingaraðgerðum sem leiða til varanlegrar lækkunar ríkisútgjalda. Þar má nefna skipulagsbreytingar, tækjakaup, endurbætur á vinnustað og hugsanlegar biðlaunagreiðslur. Heimildin á sér stoð í lið 5.6 í 6. gr. frv. og nemur alls um 250 millj. kr. á árinu 1997. Fjmrn. hyggst gefa út reglur um úthlutun fjárins og vil ég við þetta tækifæri geta um helstu þætti þeirra.

Í fyrsta lagi skulu umsóknir vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir þeim verkefnum sem um er að ræða og áætlaðan kostnað. Einnig skal gerð grein fyrir því hve mikið, hvenær og hvernig það leiðir til lægri rekstrarkostnaðar á næstu árum.

Í annan stað er gerð krafa um að kostnaður við verkefnið skili sér til baka á nokkrum árum. Miðað er við að fjárveiting til þeirra sem fá úthlutun lækki um a.m.k. helming af styrkfjárhæð þegar á árinu 1998. Gert skal skriflegt samkomulag um frekari lækkun fjárveitinga og hvernig ávinningi af hagræðingu skuli ráðstafað.

Loks skal ráðuneyti í lok hvers ársfjórðungs leggja fyrir fjárlaganefnd Alþingis og fjármálaráðherra tillögur sínar um úthlutun ásamt greinargerð. Í greinargerð komi fram mat ráðuneytis á umsókn og áform um lækkun fjárveitinga á næstu árum til þeirra sem hlut eiga að máli. Ráðuneyti er heimilt að ganga frá úthlutun og samkomulagi við rekstraraðila að fengnum athugasemdum fjárln. og fjmrh.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim brtt. sem fjárln. hefur gert við 2. umr. fjárlaga. Þessar brtt. fela í sér útgjöld upp á liðlega 700 millj. kr. umfram það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir og er til ýmissa aðkallandi verkefna að mati nefndarinnar þó fjölmörgu hafi þurft að hafna.

Í starfi nefndarinnar ber okkur að gæta þess að fara vel með almannafé og reyna af bestu getu að sjá til þess að fjármunir ríkissjóðs nýtist sem best.

„Minn herra á aungvan vin." Þessi orð leggur stórskáldið Halldór Laxness í munn Jóni Guðmundssyni Grindvíkingi í Íslandsklukkunni, hinu stórkostlega skáldverki. Sagt er að ríkissjóður eigi fáa vini. Það kann að vera eitthvað til í því að hann þyrfti að eiga fleiri. Staðreyndin er hins vegar sú að hans geta er aldrei meiri en í hann er greitt af skattgreiðendum landsins með beinum hætti eða með gjöldum af umsvifum þeirra í hinu daglega lífi.

Ég þakka að lokum fjárln. fyrir einstaklega gott samstarf og beini þeim orðum ekki síst til fulltrúa stjórnarandstöðunnar í nefndinni sem hafa unnið sitt starf með miklum ágætum og á málefnalegan hátt. Ég þakka starfsfólki fyrir þess góðu störf og nefni þá sérstaklega Sigurð Rúnar Sigurjónsson, ritara nefndarinnar, Ragnheiði Sumarliðadóttur og Bentínu Haraldsdóttur. Án þeirra værum við fjarlaganefndarmenn umkomulausir.

Ég þakka starfsfólki fjárlagaskrifstofu fyrir þeirra aðstoð og einnig starfsmönnum Ríkisendurskoðunar fyrir aðstoð við nefndina.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[11:59]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir hugmyndir hv. formanns fjárln., hv. þm. Jóns Kristjánssonar, um breytingu á starfi fjárln. þannig að hún leggi ramma fyrir fjárlögin. Hins vegar verð ég að segja að þessi árlega, árvissa ræða hv. formanns fjárln. minnir mig sorglega mikið á stjórnarfund í meðalstóru bandarísku fyrirtæki. Hér er rætt um alls konar framkvæmdaratriði, t.d. launakostnað við rannsóknir á riðu og Kreuzfelt Jacob sjúkdóminn, það er rætt um úrbætur í öryggismálum og móttöku handrita, endurnýjun tölvubúnaðar, útgáfu á Íslendingasögum á ensku, kostnað vegna farar á Ólympíuleika og síðast en ekki síst sem er mikilvægast, kostnað við sólarhringsvakt vegna veðurathugana á Egilsstaðaflugvelli. Á þennan hátt grípur löggjafarvaldið óviðurkvæmilega inn í starf framkvæmdarvaldsins og skerðir jafnframt ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Hvernig geta hæstv. ráðherrar borið ábyrgð á framkvæmdum sem Alþingi — löggjafarvaldið hefur samþykkt?

Á sama hátt rignir yfir hv. Alþingi lagafrv. frá framkvæmdarvaldinu. Frumkvæði að lagasetningu er sjaldan eða aldrei hjá hv. Alþingi heldur felst starfið í því að endurskoða og leiðrétta lagafrv. sem framkvæmdarvaldið sendir okkur. Þannig grípur framkvæmdarvaldið inn í starfssvið löggjafarvaldsins og minnkar ábyrgð löggjafarvaldsins. Hversu oft höfum við ekki heyrt þá ræðu þegar upp koma mistök í lagasetningu: Ja, þetta kom nú svona frá ráðuneytinu. Ég spyr því hv. formann fjárln. hvernig hann sjái að skerpa megi skilin á milli framkvæmdar- og löggjafarvalds og auka ábyrgð beggja.

[12:01]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í hugleiðingum mínum um störf fjárln. í framsöguræðu minni áðan gerði ég grein fyrir því að meiri umræða þyrfti að fara fram hér á Alþingi um meginlínur fjárlagafrv. Hins vegar er það skylda okkar að gera grein fyrir þeim brtt. sem við gerum við frv. og fara um þær einhverjum orðum. Við gætum náttúrlega ósköp vel framselt til framkvæmdarvaldsins þær skiptingar og aukið safnpotta, falið framkvæmdarvaldinu að framkvæma allar skiptingar og talað bara um heildarramma hér. Ég átti nú ekki við það í framsöguræðu minni að ganga svo langt og ég reikna varla með því að löggjafarvaldið vilji afsala sér öllum rétti í þessum efnum. En ég tel að vinnubrögðin við fjárlagagerð þurfi eigi að síður að taka til endurskoðunar og auðvitað þarf einnig að skoða það í hve miklum mæli löggjafarvaldið á að afsala sér valdi á skiptingu fjármuna til ráðherra. Það er einn þátturinn í þeirri endurskoðun. Ég hef ekki setið fundi í bandarískum fyrirtækjum, hvorki litlum né stórum. Hins vegar er það skylda mín sem formanns fjárln. að gera grein fyrir þeim atriðum sem fjallað er um í nefndinni.

[12:03]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. RG o.fl., þskj. 339; brtt. SvG, þskj. 340; brtt. SJS, þskj. 341; brtt. HG, þskj. 342, 343, 344; brtt. KÁ o.fl., þskj. 345.

Listamannalaun, 135. mál, nál. menntmn., þskj. 335.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 328.

[12:04]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta fjárln. vegna fjárlaga 1997. Þær breytingar sem hafa orðið í meðförum fjárln. á frv. eru upp á 710,9 millj. kr. til hækkunar sem er u.þ.b. 0,6%, breytingarnar eru sem sagt vel innan við prósent á þessum hluta fjárlagagerðarinnar og að mörgum þeim tillögum sem fyrir liggja mun minni hlutinn standa, að öðru leyti sitja hjá.

Hv. formaður fjárln. endaði ræðu sína með því að segja að ríkissjóður ætti í rauninni fáa vini og vitnaði þar til samlíkingar við Jón Grindvíking Halldórs Laxness. Ég fullyrði að það séu fleiri vinir ríkissjóðs heldur en hann kannski vildi vera láta. Og ég fullyrði að þeir sem starfa í minni hluta fjárln. hafa fullan skilning á þeim aðgerðum sem þarf að gera og ég vænti þess að það muni koma fram í okkar máli.

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að hafa orð á því að þegar umræðan hófst í morgun þá fylltust áhorfendabekkirnir af kornungu fólki sem gekk hér um sali sérlega prúðmannlega og kurteislega og sendi okkur þingmönnum falleg bros. Ég tel ástæðu til að hafa orð á þessu og vil þakka þessum hópi fyrir heimsóknina hingað í morgun þó stutt væri.

Ég vil hefja ræðu mína með því að þakka fyrir mjög gott samstarf við meiri hluta fjárln. og þó sérstaklega við minni hluta nefndarinnar. Þar hefur verið um að ræða samstarf að vinnu við nál. sem að mínu mati hefur verið alveg sérstaklega gott. Ég vil einnig þakka þeim sem hafa verið í vinnu með okkur, þeim Bentínu Haraldsdóttur, Ragnheiði Sumarliðadóttur, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, ritara fjárln., og starfsmönnum Ríkisendurskoðunar, sem hafa veitt aðstoð við vinnuna, fyrir sérstaklega ánægjuleg samskipti.

Vinnubrögð fjárln. hafa að mínu mati verið þannig að oft og tíðum hefur verið örðugt að skilja á milli meiri hluta og minni hluta fjárln. þó svo að formlegur ágreiningur milli meiri og minni hluta sé áberandi í ákveðnum málaflokkum sem lúta að menntamálum, heilbrigðismálum og málefnum fatlaðra. Auk þess leggur hver stjórnarandstöðuflokkur áherslu á einstök mál með tillögum sem fram eru settar sérstaklega. Rammar fjárlaga eru skapaðir við ríkisstjórnarborð og þeim hlítt við framkvæmd fjárlaga og vinnuna af hálfu meiri hlutans hvort sem einstakir meirihlutamenn eru ánægðir eða ekki.

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til þess að hafa orð á því að ég óskaði eftir að hér yrðu fimm hæstv. ráðherrar við umræðuna og ég mæti af skilningi þeirri beiðni sem virðulegur forseti hefur beint til mín að reyna að haga ræðu minni þannig að beina fyrirspurn til ráðherra sem eru viðstaddir nú í húsinu. En þrátt fyrir það að ég verði við þessum tilmælum þá tel ég nánast ókurteisi af hæstv. ríkisstjórn að vera ekki viðstödd 2. umr. fjárlaga þar sem svo mjög mikilvæg mál eru á ferðinni sem hér getur um og eru raunar vinna sem komin er af borðum ríkisstjórnar og fjárln. hefur lagt nánast að segja nótt við dag undanfarna daga eftir að hæstv. ríkisstjórn skilaði inn þeim tillögum sem þegar eru komnar þó að það vanti mjög mikið á.

Það er ástæða til að þakka samstarf við fleiri, við ýmsa starfsmenn ráðuneyta, sérstaklega þó fjmrn. sem af skiljanlegum ástæðum vinna náið með fjárln. Ég vil einnig þakka fyrir þá viðleitni sem fjmrn. sýnir við að ná samstöðu um fjárreiður ríkisins. Hún hefur birst í því að nefnd sem vinnur að framkvæmd svo sem uppsetningu einstakra hluta fjárreiðnanna, þ.e. frv. til fjárlaga, reikninga ríkisins og verkefnavísum, hefur leitað eftir áliti um uppbyggingu einstakra þátta.

Herra forseti. Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð spáðu ýmsir því að störf hennar mundu einkennast af því að mál yrðu sett í bið. Þetta var einkum talið gilda um stóru málin í íslenskum stjórnmálum. Það eru mál sem snerta eignarhald og nýtingu hálendis, fiskveiðistjórnun og veiðileyfagjald, Evrópumál og innflutning matvæla. Öll þessi mál eru nánast í biðstöðu og verða það sjálfsagt meðan núv. ríkisstjórn er við völd. Biðstaða merkir að þeim lögum sem snúa að þessum stóru málum verður ekki breytt í neinum aðalatriðum á kjörtímabilinu. Það eru einkenni ríkisstjórna Sjálfstfl. og Framsfl. að þær virðast hafa tilverugrundvöll með því að halda í horfinu. Láta það standa sem gert var á undan og hafa ekki frumkvæði að endurnýjun í samfélaginu hvað þá að vísa veginn fram á við, setja þjóðinni ný markmið að stefna að. Biðin þýðir jafnframt að tækifæri sem bjóðast eru látin líða hjá.

Við lifum á miklum breytingatímum og miklu breytingaskeiði þegar heilar heimsálfur og samfélög eru að ganga í gegnum örar breytingar. Flest þjóðþing Evrópu, ef það breska er undanskilið, virðast gera sér grein fyrir því að þessar utanaðkomandi breytingar leiða til þess að menn verða að stokka spilin upp á nýtt og gefa aftur. Alheimsvæðing efnahagslífsins og tækninnar minna sérhverja þjóð eftirminnilega á það að afstaða hennar og afkoma þegnanna er fjarri því að vera sjálfgefinn hlutur og að velferðarþjóðirnar sérstaklega þurfa að hafa sig allar við til að halda þeirri stöðu. Við lifum ekki á tímum sem taka tillit til þeirra sem ganga of seint til verks. Tækifærin bíða ekki eins og mey í festum.

Herra forseti. Tekjudreifing í þjóðfélaginu er ekki réttlát. Og það er staðreynd að hlutur fjármagnsins hefur verið að aukast. Hlutur launþega í landinu hefur verið að minnka og launamismunurinn hefur verið að vaxa. Þau jaðaráhrif sem nefnd hafa verið til sögunnar stuðla beinlínis að því að sá hluti vinnuafls sem á mesta möguleika á vinnumarkaði gagnvart vinnuveitendum sínum getur beinlínis gert kröfu um það að aukið framlag verði þeim einnig bætt. Þetta þýðir að hærri skatta sem leiða af auknu vinnuframlagi sé bætt í launum og fyrirtækin ganga að því að greiða raunverulega hærri skatta í formi hærri launa og taka á sig þann kostnað ef um er að ræða eftirsótt fólk á vinnumarkaði. Jafnvel þetta atriði stuðlar að auknum launamun á sama tíma og lífskjarasamanburðurinn hefur leitt í ljós, með allri þeirri umræðu sem varð á síðasta vetri, að almenn taxtalaun og dagvinnulaun Íslendinga eru orðin slík að þau hrökkva ekki til framfærslu fjölskyldnanna.

Ef við skoðum þróun útgjalda með því að líta aftur til ársins 1984, en það ár var síðast afgangur af rekstri ríkissjóðs, þá kemur í ljós að til heilbr.- og trmrn. það ár var varið 37% af útgjöldum fjárlaga samanborið við fjárlagafrv. næsta árs þar sem gert er ráð fyrir að fjárhlutfallið verði 41,6%. Þetta er í raun ekki meiri aukning en við er að búast og það má segja að það komi e.t.v. á óvart hve lítil auking er á þessum 12 árum þegar þess er gætt að hluti aukningarinnar, og e.t.v. öll, er vegna félagslega þáttarins. Þarna munar rúmum 4 milljörðum kr. sem útgjöldin eru hærri samkvæmt frv. fyrir 1997 miðað við hlutfall í fjárlögum 1984.

Það er vissulega ljóst að auknar greiðslur einstaklinga vegna ýmissa læknisverka hafa aukist og létta því ákveðnum hluta af auknum kostnaði við heilbrigðiskerfið í heild fyrir ríkissjóð en það breytir því ekki að hlutur ríkissjóðs hefur ekki aukist umtalsvert á síðustu 16 árum. Rúmlega 4 milljarða kr. hækkun er minna en ætla má miðað við þá umræðu sem hefur verið á undanförnum árum um þensluna og sjálfvirka aukningu í heilbrigðiskerfinu.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um vaxtaþróun og aðgerðaleysi. En það mun koma að því að ég beini fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. en auk hennar óskaði ég eftir því að hæstv. fjmrh. yrði við umræðuna og einnig hæstv. forsrh., hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. — ég viðurkenni að hæstv. sjútvrh. getur ekki verið hér við umræðuna þar sem hann er veikur en ég vænti þess að hæstv. forsrh. muni þá taka við þeim spurningum sem ég legg fram. Ég get ekki krafist þess að hæstv. ráðherrar komi hér í ræðustól og svari spurningum mínum en ég hlýt að krefjast þess að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir umræðuna. Og ég vil þakka sérstaklega þeim ráðherrum sem ég sé að eru hér í salnum fyrir að vera viðstaddir.

Í fyrsta lagi hafa vaxtagreiðslur ríkissjóðs vaxið gífurlega á umræddu tímabili sem ég gat um áðan. Frá árinu 1984 fóru 4,6% af útgjöldum ríkissjóðs til vaxtagreiðslna. Nú er áætlað að þessi liður verði hvorki meira né minna en 11%. Skuldir þjóðarbúsins verður að lækka. Það að nærri 14 milljarðar fari í vaxtagreiðslur er óviðunandi staðreynd sem þjóðin verður að taka höndum saman um að lækka. Þar verður ríkisstjórnin að hafa manndóm til að sýna fordæmi með endurskipulagningu ríkisrekstrarins. Ég spyr: Hvar eru áformin um sameiningu ráðuneyta? Hvar er að finna ávinning af hagræðingu hjá ráðuneytunum? — Spyr sá sem ekki veit. Ef menn sýna ekki fordæmi þar þá er ekki von til að breytingar verði. Helstu áform hæstv. ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru að taka til skoðunar á næsta ári rekstur sjúkrahúsa, framhaldsskóla, rannsóknastofnana, sýslumannsembætta og skattstofa samkvæmt fjárlagafrv. Allt er þetta góðra gjalda vert. En það kemur í ljós að þetta hafa menn einmitt verið að kjást við undanfarið. Það sem á vantar hjá ríkisstjórninni er ákveðin stefnumótun. Ríkisstjórnin verður að taka sér tak. Við verðum að stjórna Íslandi eins og stóru fyrirtæki sem verður að stefna að öruggum þjóðarhag og lífsgæðum fyrir þegnana. Það vantar almennt að leggja aukna áherslu á rannsóknir og menntun. Það er það sem mun skilum tekjum og þekkingu innan stofnananna sem ríkið rekur og þar með gefa svigrúm til hagræðis.

Herra forseti. Eins og ég lofaði áðan mun ég reyna að haga orðum mínum þannig að beina fyrirspurn til hæstv.

heilbrrh. úr því hún er hér á staðnum og reyna þá að lengja örlítið tímann því það hefur orðið að samkomulagi að skipta ræðu minni þegar svo er komið að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. er óskað hér í salinn.

Fjárlög eru stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og ein mikilvægasta efnahagslega ákvörðunin sem tekin er í landinu ár hvert. Vegna stærðar og umfangs fjárlaganna hafa þau víðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Þau ráða lífsafkomu fjölda fólks og afkomu byggðarlaga. Fjárlagafrumvarpið er ekki bara upptalning á einstökum útgjaldaliðum og tekjupóstum. Það segir ekki aðeins til um hvað skattar eru áætlaðir háir á fjárlagaárinu eða hvað heilbrigðisþjónusta landsmanna muni væntanlega kosta.

Ég mun halda, herra forseti, áfram frá þessum hugleiðingum þegar atkvæðagreiðslu hefur verið lokið í dag en vík þá að heilbrigðismálaþættinum.

Velferðarkerfi þjóðarinnar er einn mikilvægasti hlekkur samfélagsins. Það á að stuðla að jöfnuði meðal fólks og tryggja lágmarksafkomu þeirra fjölskyldna og einstaklinga sem lent hafa í sérstökum erfiðleikum. Í þessu fjárlagafrv. er á mörgum sviðum þrengt að velferðarkerfinu og getu þess til að sinna skyldum sínum. Framlög til sjóða eru skorin niður, atvinnuleysisbætur skertar og sjúkrahúsin látin búa við vaxandi rekstrarvanda. Jákvæðar, uppbyggjandi aðgerðir skortir.

Útgjöld til heilbrigðismála hafa árlega verið helsti skotspónn sparnaðaraðgerða. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt því að til þess málaflokks fara um 41,6% af útgjöldum íslenska ríkisins, eða 52 milljarðar kr. í fjárlagafrv. Gæta þarf aðhalds og huga af kostgæfni að því hvernig þessum fjárhæðum er varið. Ráðdeild og sparnaður í þessum mikilvæga málaflokki er stöðugt verkefni. Á hinn bóginn verður að standa vörð um rétt landsmanna til bestu fáanlegrar þjónustu.

Það er gagnrýni vert að meiri hluti fjárln. hafi ekki getað afgreitt rekstur sjúkrastofnana frá nefndinni fyrir 2. umr. fjárlaga. En af hverju er það? Það er vegna þess að ekki eru komnar tillögur um rekstrartölur sjúkrahúsanna. Tillögur um niðurskurð vegna rannsókna og röntgengreininga sem nemur 100 millj. kr. hafa lauslega verið kynntar í nefndinni. Það er engin kynning á útfærslu framkvæmdarinnar. Það er helst að skilja að menn hafi gloprað þessum 100 milljónum út úr höndunum í einhverju aðgæsluleysi til þeirra sem þjónustan hefur verð keypt af. Það er helst að skilja af því sem fram er sett í fjárlagafrv. Ekki virðist vilji til sértækra aðgerða til að stytta biðlista vegna bæklunaraðgerða þar sem 1.400–1.500 manns bíða aðgerða. Alls bíða yfir 3.000 manns eftir mismunandi aðgerðum samkvæmt upplýsingum landlæknis. Halli allra sjúkrahúsanna í landinu frá fyrri árum nemur að minnsta kosti 800 millj. kr. og samkvæmt framlögðum gögnum vantar að minnsta kosti 1–1,5 milljarða kr. til að mæta þeirri þörf sem stjórnendur telja fyrir hendi. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh.: Eru þessar upplýsingar og tilvitnanir sem ég hef hér getið um réttar eða eru þær rangar?

Minni hlutinn telur brýna nauðsyn á nýrri stefnumörkun í heilbrigðismálum í stað handahófskennds niðurskurðar við fjárlagagerð á hverju ári. Minni hlutinn telur að ekki verði lengra gengið á þessari braut. Minni hlutinn lýsir andstöðu við aukna gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu og telur að ekki megi víkja frá þeim meginþætti í heilbrigðislöggjöf okkar að fólki skuli ekki mismunað eftir efnahag.

Herra forseti. Málum er þannig háttað að nú fer hæstv. ráðherra að verða vant, hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. Ef hæstv. félmrh. er í húsinu þá get ég enn reynt að haga orðum mínum þannig að hann heyri spurningarnar, en ef ekki þá held ég að komið sé að því að doka við og sjá til hvort þessum hæstv. ráðherrum gefst ekki tími til þá eftir atkvæðagreiðslurnar að vera við.

[12:26]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti hefur glöggan skilning á vanda hv. ræðumanns og mun því fresta fundinum þar til umræddir hæstv. ráðherrar eru mættir til fundar. Fundinum verður frestað til kl. 13.30. Forseti vill einnig geta þess að þá hefst atkvæðagreiðsla og í kjölfar hennar mun fram haldið þeim umræðum sem nú eru yfirstandandi.

[12:26]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. GE o.fl., þskj. 346; brtt. BH o.fl., þskj. 347; brtt. KH o.fl., þskj. 348; brtt. KHG o.fl., þskj. 349.

Samningsveð, 234. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 350.

Sjómannaafsláttur, 178. mál, svar fjmrh., þskj. 330.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:27]

[13:30]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. GL, þskj. 353.

Framkvæmd búvörusamnings, 236. mál, fsp. SvanJ, þskj. 352.

Tekjur ríkissjóðs af skráningu skipa, 235. mál, fsp. GHall, þskj. 351.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 339–349 og 353. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frh. 1. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 57, nál. 301, 317 og 320, brtt. 302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Till. í nál. 317 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 27:11 atkv. og sögðu

já: ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, VE.

8 þm. (BH, GL, HG, KHG, SJóh, SJS, SvG, TIO*) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, PP, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:34]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér á að fara að greiða atkvæði um er svo illa úr garði gert að það er á mörkunum að það sé tækt til þinglegrar meðferðar. Helsti fræðimaður Íslendinga á þessu sviði hefur hvatt Alþingi til að taka frv. til meðferðar að nýju og endurskoða það í heild svo samþykkt þess leiði ekki til óþarfa takmarkana á þjóðréttarlegum rétti til fiskveiða utan lögsögu Íslands og jafnvel óvissu um að ákvæði stjórnarskrárinnar séu virt. Það hafa engin rök komið fram frá ríkisstjórninni um nauðsyn þessarar lagasetningar. Því teljum við heilladrýgst fyrir þing og þjóð að málinu verði vísað að nýju til ríkisstjórnarinnar. Ég segi já.

[13:35]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari lagasetningu er verið að færa hið umdeilda kerfi um stjórnun fiskveiða innan lögsögunnar út á úthöfin, kerfi sem mikil ósátt er um á meðal þjóðarinnar, kerfi sem heimilar nokkrum útvöldum að hagnýta sér sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Þrátt fyrir álitamál um lögsögu Íslendinga á úthöfum og viðvaranir dómstóla um að Alþingi framselji of mikið vald til ráðherra er þessi lagasetning nær óútfylltur víxill til ráðherra til að stýra úthafsveiðum eins og veiðum í lögsögunni. Því er ég mótfallin þessu frv. og styð að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GL, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

10 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, PP, RA, SighB, SF, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GL, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, ÓÖH, PP, RA, SighB, SF, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 34:11 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GL, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.
nei: ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.

1 þm. (BH) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, SF, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Með þessu ákvæði á að færa í lög að Íslendingum verði gert erfiðara að veiða á úthafinu en kveðið er á um í úthafsveiðisáttmálanum. Það á að ganga lengra í íslenskri lagasetningu en úthafsveiðisáttmálinn kveður á um. Enn fremur á að fara þá merkilegu leið að heimila sjútvrh. með útgáfu reglugerðar að færa í lög ákvæði þjóðréttarsamninga. Þetta er ekki líðandi og því segi ég nei.

5. gr., 1.–2. mgr., samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

13 þm. (ÁÞ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, SF, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 302,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

18 þm. (ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, SF, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

5. gr., 3. mgr., svo breytt, samþ. með 31:11 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.
nei: ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.

7 þm. (BH, GL, HG, KHG, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir því að ráðherra geti látið úthafsútgerðirnar greiða fyrir aðgang að úthafinu auk þess gjalds sem þeim bera að greiða fyrir eftirlit. Það kom fram í hv. nefnd að ráðherra hyggst nýta sér þessa heimild og innheimta gjaldið. Það þýðir að þær útgerðir sem hafa verið að vinna veiðireynslu í

úthafinu verða að láta af hendi 15% af þeim aflaheimildum sem þær ættu að fá miðað við reynslu. Þetta er veiðileyfagjald, herra forseti, en það vekur furðu að þeir einu sem stjórnarliðar virðast telja að eigi að geta greitt veiðileyfagjald eru þeir sem eru á úthafinu og stunda áhættusömustu veiðarnar. Og það sem vekur enn meiri furðu er að þessum aðilum er ekki gert að greiða fyrir í krónum og aurum heldur í þorskígildum sem úthlutað verður til þeirra sem núna hafa veiðiheimildir innan lögsögunnar. Þeir sem fá veiðiheimildum úthlutað ókeypis innan lögsögu verður einnig úthlutað því sem úthafsútgerðirnar verða skertar um. Hvar er jafnræðisreglan, herra forseti? Ég segi nei. (**Gripið fram í:** Við veiðileyfagjaldi?)

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða 3. mgr. 5. gr. og það er vegna innihalds þessarar málsgreinar og sambærilegrar málsgreinar 6. gr. sem við þingmenn Alþb. og óháðra höfum fyrirvara á um afstöðu okkar til þessa frv. Við teljum að þau heimildarákvæði sem hér er um að ræða séu ekki nægjanlega vel skilgreind og ekki nægjanlega vel afmörkuð til þess að óyggjandi sé að verið sé að ganga rétt frá málinu. Við munum því ekki greiða þessum málsgreinum atkvæði okkar en styðja frv. að öðru leyti.

5. gr., 4.–8. mgr., samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr., 1.–2. mgr., samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

nei: GGuðbj.

10 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 302,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

17 þm. (ÁÞ, BH, GE, GL, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

6. gr., 3. mgr., svo breytt, samþ. með 31:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH, VE.

nei: ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.

7 þm. (BH, GL, HG, KHG, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er sama atriði á ferðinni og í 3. mgr. 5. gr., þ.e. ráðherra mun skerða hjá úthafsútgerðunum um 7% af þeim heimildum sem þær ella fengju. Ég hef stutt veiðileyfagjald og geri enn sé það innheimt samkvæmt jafnræðisreglu og greitt þeim sem eru eigendur auðlindar. Ég get ekki stutt gjald sem er lagt sérstaklega á þá sem stunda erfiðustu veiðarnar og greitt hinum sem hafa heimildir innan lögsögu. Þess vegna hlýt ég að segja nei.

6. gr., 4.–10. mgr., samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

nei: GGuðbj.

9 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 302,3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

12 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 38:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

nei: ÁÞ, GE, GÁS, JóhS, LB, RG, SvanJ, ÖS.

3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þeirri nefnd sem starfar á vegum sjútvrh. um úthafsveiðar komu fjölmargar athugasemdir fram af hálfu jafnaðarmanna og í mörgum tilfellum beinar tillögur um breytingar á greinum í drögum að frv. sem þar var fjallað um. Þær athugasemdir hafa m.a. komið fram í atkvæðaskýringum í dag. 10. gr. fjallar um að erlendum skipum sé óheimilt að landa afla og sækja þjónustu til íslenskra hafna nema við ákveðin skilyrði. Okkar tillaga í þessari nefnd var að greinin yrði eingöngu þannig að heimilt væri að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum nema veiðarnar brytu í bága við samninga sem Ísland væri aðili að. Við teljum óþarfa að ganga lengra í lagasetningu af þessu tagi en úthafsveiðisáttmálinn kveður á um. Ég segi nei.

11. gr. samþ. með 37:11 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

nei: ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.

1 þm. (BH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er megingregla í þjóðarétti að viðkomandi fánaríki hafi lögsögu yfir skipi sem statt er á úthafinu. Í allri vitleysunni sem er að finna í þessu frv. þá er nú kannski gengið hvað lengst í þessari grein því hér á að setja reglu sem er andstæð við gildandi þjóðréttarreglur um það að viðkomandi fánaríki hafi lögsögu yfir skipi á úthafinu. Hér á að heimila íslenskum stjórnvöldum að taka yfir þessi skip ef þau vilja svo vera láta. Ég segi nei.

Brtt. 302,4 (sex nýjar greinar, verða 12.–17. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

12 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

12. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 302,5 (13.–14. gr. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

15.–16. gr.(verða 19.–20. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VH, VE.

11 þm. (ÁÞ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HBl, HjÁ, LMR, RA, SighB, StG, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Fjárlög 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 331 og 334, brtt. 332, 339, 340, 341, 342, 343, 344, 345, 346, 347, 348, 349 og 353.

[13:53]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég vil enn og aftur ítreka það að ég tel að það sé nánast móðgun við þingið ef hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru ekki viðstaddir 2. umr. fjárlaga. Fjárln. er búin að leggja nótt við dag til að sinna þeirri vinnu sem lögð hefur verið á hana af hálfu ríkisstjórnarinnar og meirihlutaflokkanna. Ég tel að það sé lágmarkskurteisi að vera við umræðuna. Ég vil reyndar þakka þeim hæstv. ráðherrum sem voru hér frá því í morgun. En ástæðan fyrir því að ég gerði hlé á ræðu minni var sú að þeir sem ég þá óskaði eftir að væru viðstaddir — sem ég vona að séu nú komnir. Er ekki svo?

(**Forseti** (ÓE)**:** Það eru sex ráðherrar mættir.)

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sé í húsinu. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. hlýði á mitt mál. Ég get ekki krafist þess að hæstv. forsrh. komi í stól og svari mínum spurningum en ég hlýt að geta krafist þess að hann hlýði á þær spurningar sem ég hef fram að færa. (**GÁ:** Er hv. þm. í vinnu hjá ríkisstjórninni eða þinginu?) Hv. þm. er í vinnu hjá landsmönnum öllum.

Herra forseti. Ég sagði í morgun að fjárlagafrv. væri ekki bara upptalning á einsökum útgjaldaliðum og tekjupóstum.

Það segir ekki aðeins til um hvað skattar eru áætlaðir háir á fjárlagaárinu eða hvað heilbrigðisþjónusta landsmanna muni væntanlega kosta. Í framhaldi af þessu spyr ég hæstv. fjmrh., ef hann má vera að því að ræða fyrir fundarhöldum við hæstv. utanrrh., þar sem þeirra mál virðast ekki leysast á réttum stöðum: Eru framsettar tölur varðandi rekstur sjúkrahúsanna í endurskoðun? Hvers má vænta hæstv. fjmrh.?

Fjárlögin eiga að vera tæki til að gera aðstæður einstaklinga og fjölskyldna bærilegar og við núverandi skilyrði ættu þau að fela í sér jákvæð skilaboð til verkalýðshreyfingarinnar í aðdraganda afdrifaríkra kjarasamninga. Launafólk hefur tekið á sig þungar byrðar á undanförnum árum sem kominn er tími til að af því og ef allt væri með felldu ætti fjárlagafrv. að gefa skýrar vísbendingar þar um. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hækkun bóta til öryrkja, atvinnulausra og aldraðra verði 2%. Telur hæstv. fjmrh. ekki eðlilegra að bætur þessar lúti þeim breytingum sem verða á almennum vinnumarkaði?

Herra forseti. Ég á eftir örfáar spurningar til hæstv. fjmrh. og ég vænti þess að hann gefi sér tíma til að hlýða á þær. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa aukist. Við státum okkur af einhverjum mesta hagvexti innan OECD og efnahagsspár benda til framhalds þar á. En fjárlagafrv. ber ekki með sér að höfundar þess hafi fylgst með þessari þróun. Á undanförnum árum hefur skattastefnan miðast að því að leggja meiri skatta á heimilin. Sífeldar breytingar á barnabótum, barnabótaauka og vaxtabótum hafa leitt til mikillar óvissu hjá barnafólki og ungum húskaupendum. Það er sérkennileg skattastefna sem boðar upplausn fjölskyldunnar frekar en sameiningu hennar. Þar fyrir utan hafa heimilin þurft að taka á sig aukna skattbyrði til að hægt væri að lækka skattbyrði fyrirtækja. Það er kominn tími til að fjölskyldan verði aftur hornsteinn þjóðfélagsins í stað þess að vera hornsteinn skattakerfisins. – Hvenær er að vænta niðurstöðu frá svokallaðri jaðarskattanefnd sem hæstv. fjmrh. skipaði fyrir margt löngu? Þetta er þriðja spurningin, herra forseti, til hæstv. fjmrh.

Kem ég þá að kafla sem ég nefni: Þjóðhagshorfur og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar. Í lok þessa kafla, herra forseti, er spurning sem ég beini til hæstv. forsrh. og ég vænti þess að gerðar verði ráðstafanir til að hann heyri hana. (**Fjmrh.:** Til mín?) Hæstv. forsrh. (**Fjmrh.:** Nú.) Efnahagsmál hafa að sumu leyti þróast með hagstæðum hætti á þessu ári. Samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að vöxtur landsframleiðslunnar á þessu ári nemi um 5,5%. Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir nokkuð minni hagvexti, eða sem nemur 2,5%. Ef þetta gengur eftir verður meðalvöxtur landsframleiðslunnar hér á landi um 3,4% frá árinu 1994 eða um einu prósentustigi hærra en í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar að meðaltali.

Herra forseti. Er hæstv. forsrh. í salnum?

(**Forseti** (GÁS)**:** Nei, hæstv. forsrh. er augljóslega ekki í salnum og hann er heldur ekki í húsinu. Forseti mun gera ráðstafanir til að fá hann til fundar.)

Ég doka við en það er alveg sjálfsagt að halda áfram. Ég geri þó eindregið kröfu, herra forseti, til þess að hæstv. forsrh. gefi sér tíma til að hlusta á ræður og vera til svara um spurningar eða a.m.k. hlusta á spurningarnar sem eru bornar fram við umræðu um fjárlög. Það er ekki síður lítilsvirðing við meiri hluta hv. fjárln. að vera ekki viðstaddir þá umræðu sem hefur farið fram, gagnmerka ræðu hv. formanns fjárln. í morgun.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill geta þess að boðum hefur verið komið til forsrh. um þessa beiðni.)

(**Fjmrh.:** Láttu spurninguna koma.) Spurningin er: Hverjar eru þær ráðstafanir sem hæstv. forsrh. ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera til að halda stöðugleikanum og jafnri þróun í vexti landsframleiðslu? Hverjar eru þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til þess?

Hagþróunin að undanförnu hefur markast fremur af auknum þjóðarútgjöldum en aukinni innlendri verðmætasköpun. Þetta má glöggt sjá í þeim mikla umsnúningi sem orðið hefur í þróun viðskiptajafnaðarins á þessu ári en gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn muni nema um 9 milljörðum króna í ár. Sama er upp á teningnum á næsta ári. Þjóðarútgjöld eru talin munu aukast um 3,5% og á sú aukning aðallega rætur í neysluútgjöldum heimilanna og fjárfestingu. Vöxtur innflutnings er verulegur eða 5,7% miðað við 2,8% áætlaða aukningu útflutningstekna. Allt þetta mun valda því að viðskiptahallinn á árinu 1997 verður langt yfir viðunandi mörkum miðað við eðlilegt fjárfestingarstig eða um 15 milljarðar kr. Nauðsynlegt er að allir átti sig á því að aukinn viðskiptahalli er bein ávísun á auknar erlendar skuldir. Og þá er komið að annarri spurningu til hæstv. forsrh. Ég sé að hæstv. fjmrh. er önnum kafinn við að skrifa niður spurningarnar og ég treysti því að þeim verði komið til skila og það er ástæða til að óska eftir skýrum svörum um þessi atriði og spurningin er svona: Er hæstv. forsrh. sammála þeirri fullyrðingu að hver milljarður í viðskiptahalla þýði 1 milljarðs lántöku erlendis fyrir ríkissjóð? Þetta er mikilvæg spurning að mínu mati og ég sé að hæstv. fjmrh. brosir en ég held að þetta sé alls ekki broslegt efni. Ef þetta er rétt þýðir það að 15 milljarðarnir sem ég var að ræða um, þýða 15 milljarða erlendar lántökur og það finnst mér ekki broslegt. (**Fjmrh.:** Fyrir þjóðarbúið?) Ég er að tala um það.

Vart þarf að taka fram að ef af fyrirhuguðum framkvæmdum við nýtt álver á Grundartanga verður munu þjóðhagsforsendur breytast. Þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að landsframleiðslan aukist um 4,5% í stað 2,5% ef af þessu verður og viðskiptahallinn fari yfir 20 milljarða kr. — Og nú hlýtur hæstv. fjmrh. að átta sig á samhenginu í þeirri spurningu sem ég var með. — Við slíkar aðstæður hefur stefnan í ríkisfjármálum veigamikið gildi ef halda á verðlagsforsendum og skuldaþróun innan eðlilegra marka.

Minni hlutinn telur allt benda til meiri hagvaxtar á næsta ári en boðað er í frv. og eru tekjur þess vegna verulega vanáætlaðar. Aukin umsvif og neysla skilar tekjum í ríkissjóð sem verða mun meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum og meiri á næsta ári en áætlað er í frv. Það er rétt að nýta þann tekjuauka, hæstv. fjmrh., til að bæta skuldastöðu ríkissjóðs, en ekki er síður mikilvægt að nýta hann til að rétta af stefnuna í menntakerfinu, heilbrigðis- og tryggingakerfinu og félagslega kerfinu. Niðurskurður síðustu ára í þessum málaflokkum hefur komið harkalega niður á almenningi og veldur meiri kostnaði til lengri tíma litið, bæði hjá einstaklingum og þjóðfélaginu í heild.

Gríðarleg skuldasöfnun hefur átt sér stað hjá heimilunum í landinu á undanförnum árum. Í upphafi níunda áratugarins námu skuldir heimilanna um 24,1% af ráðstöfunartekjum þeirra. Á þessu ári, herra forseti, er áætlað að samsvarandi hlutfall nemi um 131,3%. Greiðslubyrði lána hefur að sama skapi stóraukist og takmarkað svigrúm margra fjölskyldna, ekki síst tekjulágra, til að framfleyta sér á þann hátt sem við öll gerum kröfur til í nútímasamfélagi. Þegar skuldaaukning er orðin svo mikil að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til uppgreiðslu þeirra blasir alvarlegur vandi við.

Í lok þessa árs áætlar Seðlabankinn að heildarskuldir heimilanna muni nema tæpum 350 milljörðum kr. Á milli áranna 1995 og 1996 nemur skuldavöxturinn hátt í 30 milljörðum kr. á föstu verðlagi. Þetta eru skuggalegar og óhugnanlegar tölur.

Hvað skýrir svo óhagstæða þróun í fjármálum heimilanna sem raun ber vitni? Stór hluti þessarar þróunar stafar af því að einkaneysla er fyrst og fremst fjármögnuð með lánum. Undirrótin er án efa að stórum hluta fólgin í óhóflegri bjartsýni um framtíðartekjur sem stjórnvöld hafa ýtt undir með margvíslegum hætti. Hagvöxtur á þessu ári stendur því ótraustum fótum. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á næsta ári.

Þá veldur það frekari áhyggjum að heimilin sem halda uppi þessum hagvexti eru talin auka neysluútgjöld sín í ár sem nemur 7%. Það þýðir að annaðhvort er gengið á sparnað eða safnað skuldum. Hvorugur kosturinn getur talist góður þar sem sparnaður heimilanna er afar lítill fyrir á alþjóðlegan mælikvarða og skuldsetning þegar mikil.

Það sér því hver maður að efnahagsstefna, sem felur í sér frekari vaxtahækkanir, hefur ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir heimilin við þær aðstæður sem nú hafa verið skapaðar.

Þá kemur spurning til hæstv. félmrh.: Til hvaða aðgerða hyggst hæstv. félmrh. grípa gagnvart þessari þróun í fjármálum fjölskyldunnar? Ég tel að þessar aðstæður séu stórhættulegar og vonast eftir því að hæstv. félmrh. sjái sér fært að gefa svar við spurningu minni.

Ég er að koma að spurningu til hæstv. forsrh., herra forseti. Ég spyr enn um hæstv. forsrh. (**Fjmrh.:** Við tökum niður spurningarnar til hans.)

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti bíður enn viðbragða eftir boðum sem til forsrh. var komið.)

Herra forseti. Ég get ekki annað en hreinlega mótmælt þessum vinnubrögðum. Það gengur ekki að yfirmaðurinn, verkstjórinn yfir fjárlagagerðinni, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, mæti ekki til viðræðna við þingmenn hér í salinn um mikilvægasta málefnið. Þó svo hæstv. fjmrh. sé hér staddur er hann ekki (**Fjmrh.:** Hann er verkstjórinn.) svaramaður og ábyrgðarmaður ríkisstjórnarinnar. (**Fjmrh.:** Hann er ekki svaramaður.) (**Gripið fram í:** Við viljum fá ráðherrann.) Ég vonast eftir því, herra forseti, að fljótlega komi upplýsingar. Ég mun halda áfram máli mínu nokkra stund og síðan sé ég ekki annað fært en gera hlé á ræðu minni þar til hæstv. forsrh. er ...

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill geta þess að hæstv. forsrh. er á leið til fundar.)

Þakka þér fyrir, herra forseti.

Skuldasöfnun hins opinbera. Hið opinbera hefur ekki verið fordæmi fyrir heimilin í fjárhagslegu tilliti undanfarin ár. Skuldasöfnun opinberra aðila er nú komin á það stig að ástæða er til að hafa af því verulegar áhyggjur. Seðlabankinn áætlar að í lok þessa árs nemi samanlagðar skuldir A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga rúmum 275 milljörðum kr. Í hlutfalli við landsframleiðslu nema skuldirnar 53,3%. Í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1995 koma fram sláandi tölur í þessu samhengi. Þar segir að ráðstafa þyrfti öllum skatttekjum ríkissjóðs í tvö ár ef greiða ætti niður skuldir hans.

Sífellt er hamrað á því að skuldir fari lækkandi og er þá vitnað til skulda í hlutfalli við ýmsar hagstærðir. Það hlýtur samt að vera áhugamál allra, bæði stjórnmálamanna og almennings, að horfast í augu við skuldavandann í stað þess að hengja sig ætíð í hlutfallstölur sem eru síbreytilegar milli tímabila til að réttlæta tiltekna stefnu. Kjarni málsins er sá að skuldir opinberra aðila aukast á þessu ári að raungildi úr rúmum 278 milljörðum kr. á árinu 1995 í rúman 281 milljarð kr. Þetta kemur reyndar skýrt fram í töfluviðauka við frv. Þá verður ekki fram hjá því litið að ríkisfjármálastefna sem bregst ekki við eða stefna sem bregst ekki af fullum þunga við þeim gríðarlega halla sem myndast hefur í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd er í reynd ekkert annað en skuldastefna. Við núverandi aðstæður eru ríkisfjármálin langvirkasta tækið til að bregðast við viðskiptahallanum. Þar vænti ég að við séum sammála, ég og hæstv. fjmrh. En það er ástæða til að ítreka spurninguna: Til hvaða ráðstafana ætlar hæstv. ríkisstjórn að grípa til að stöðva skuldasöfnun ríkisins? Þetta hlýtur að fylgja með um leið og spurt er til hvaða ráðstafana eigi að grípa til að stöðva skuldasöfnun heimilanna. Þá hlýtur að vera jafneðlilegt að spyrja: Til hvaða ráðstafana ætlar hæstv. ríkisstjórn að grípa til að stöðva skuldasöfnun ríkisins?

Það nær reyndar ekki nokkurri átt að vera að ræða stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við 2. umr. fjárlaga og að engin gögn hafi borist hv. fjárln. um þessi mál nema í óljósu fréttaformi frá hæstv. forsrh.

Ég ætla að ræða lítillega um fjárfestingar. Í þjóðhagsáætlun til aldamóta er gert ráð fyrir að fjárfestingar aukist verulega hjá fyrirtækjum og heimilum. Einnig er gert ráð fyrir að framleiðnin í þjóðarbúskapnum aukist. Heildarútflutningur eykst um 3,5% og aukning innflutnings verður um 3%. Ef þessi spá gengur eftir mun væntanlega viðskiptahalli snúast og afgangur verða. Það verður að gerast ef takast á að lækka erlendar skuldir. Minni hlutinn telur að erlendar skuldir megi ekki vera hærri en sem nemur 35–40% af landsframleiðslu ef unnt á að vera að ráða við sveiflur sem skapast af því að okkar afkoma byggist aðallega á sjávarútvegi.

Lítil fjármunamyndun er alvarleg meinsemd í efnahagsstjórn. Á árunum 1992–1994 varð um fjórðungssamdráttur á þessu sviði og þrátt fyrir lítils háttar aukningu síðan er Ísland í hópi þeirra þjóða sem hafa hvað lægst hlutfall fjármunamyndunar af landsframleiðslu eða 15,5%. Að jafnaði er náið samband á milli fjármunamyndunar og atvinnustigs. Það er hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að stuðla að fjárfestingu og nýsköpun í atvinnulífinu og skapa þannig störf fyrir ungt fólk sem streymir inn á vinnumarkaðinn. Skortur á slíkri stefnu er ávísun á viðvarandi atvinnuleysi. Varanlegum stoðum verður ekki skotið undir hagvöxt í framtíðinni nema hlutfall fjármunamyndunar hækki. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að lækka viðhalds- og fjárfestingarframlög verulega til þess að sporna við þenslu. Minni hluti fjárln. varar við að láta eignir ríkisins drabbast niður vegna skorts á viðhaldi og endurbótum.

Kem ég þá að kafla um launa- og atvinnumál. Meðal launafólks gætir vaxandi óþolinmæði og gremju yfir kjörum. Það er öllum ljóst að þjóðarsáttarsamningarnir byggðust á því að verkafólk axlaði að mestu byrðarnar af því að koma stöðugleikanum á. En mér er spurn: Forréttindahóparnir áttu að bera sinn skerf. Gerðu þeir það? Ég spyr og velti fyrir mér: Báru forréttindahópar í þjóðfélaginu sinn skerf? Og þá spyrja menn: „Hverjir eru þessir forréttindahópar?“ Ég læt mönnum eftir að velta því fyrir sér. Ákveðið var að frysta að mestu þáverandi ástand í launamálum með því óréttlæti sem í því er, enda talið mikilvægast að ná tökum á íslensku efnahagslífi. Það hefur tekist að vissu marki og er komið að

því að stjórnvöld styðji nú við bakið á verkalýðshreyfingunni og mæti kröfum hennar um réttlátari skiptingu teknanna láglaunafólki til hagsbóta og jafnframt að treysta það öryggisnet sem velferðarkerfið á að vera sjúkum, öldruðum og láglaunafólki. Áform ríkisstjórnarinnar eru til þess fallin að vekja upp efasemdir um að stjórnvöld muni standa við sinn þátt þjóðarsáttasarmningana. Stjórnarstefnan hefur svipt burt þeim trúnaði sem áður ríkti milli verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvalda og er þannig orðin sjálfstætt efnahagsvandamál. Aftenging atvinnuleysisbóta, bóta ellilífeyrisþega og öryrkja við launaþróun er eitt þeirra atriða sem verður að breyta til fyrra horfs og tryggja verður að þær fylgi almennri launaþróun í landinu.

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju minni með það að tveir ráðherrar skuli sjá sér fært að vera í salnum, þ.e. hæstv. félmrh. og fjmrh. og hlusta á þessar vangaveltur minni hlutans. Ég harma það hins vegar að aðrir hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar skuli ekki gefa sér tíma til að hlusta á þann málflutning sem er afleiðing af þeirri framsetningu fjárlaga sem við sem sitjum í hv. fjárln. höfum verið að fást við.

Launafólk á Íslandi er dæmt til þess í þessu launa- og skattakerfi að reyna að ná endum saman með vinnutíma sem er allt að þremur mánuðum lengri á ári en gerist meðal grannþjóða okkar. Nú er sá möguleiki að hverfa. Það býðst ekki lengur yfirvinna. Það má ekki einu sinni vinna hana þó hún bjóðist. Það er það sem er að breytast.

Herra forseti. Ég býð velkominn hv. þingflokksformann Sjálfstfl. En hann hvarf úr dyrunum um leið og hann kom. Við getum þá sagt: Vertu velfarinn.

Í fjárlagafrv. er ekki að finna neinar tillögur eða stefnu sem tekur á þessum málum. Minni hluti fjárln. átelur harðlega að einmitt nú, þegar við stöndum frammi fyrir allsherjarkjarasamningum við gjörbreytt skilyrði eftir samdráttarskeið og í nýju efnahagsumhverfi, reyni stjórnvöld ekki að ná árangri með því að leggja fram efnahagsstefnu sem er þess eðlis að hún sannfæri launafólk um að hugur fylgi máli. Það virðist ekki vera alvara í því af hálfu ríkisstjórnarinnar og stjórnvalda að gera hvort tveggja, að breyta skattkerfinu í þá átt að það verði vinnuhvetjandi en ekki letjandi eða að stuðla að réttlátari tekjudreifingu og sýna fram á að þessi efnahagsstefna verði haldbær, eins og hún reyndist vera í hallærinu. Hún hlýtur líka að verða að þola góðærið.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð, þá er verulega minna fjármagn látið til hans á næsta ári en á þessu. Að hluta til skýrist það af áætlun um heldur minna atvinnuleysi eða 0,2% sem er um 130 millj. kr. En það eru líka boðaðar hertar úthlutunarreglur sem ástæða er til að vara við.

Minni hluti fjárln. telur skilnings- og afskiptaleysi ríkisstjórnar Davíðs Oddssnar gagnvart höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar óþolandi. Skilningsleysið birtist í því að láta hvers kyns óréttlæti dafna í viðskiptum með sameign þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. forsrh., ef hann er í húsinu, komi í salinn því að ég treysti því að hann hlusti á spurningar sem beinast til hæstv. sjútvrh. sem er veikur. Og ég hlýt að gera kröfu til þess að hæstv. forsrh. taki við þeim dæmum og þeim spurningum sem ég ber hér fram.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að einir sex hæstv. ráðherrar eru í húsinu. Þeirra á meðal er ekki hæstv. forsrh. En eins og ég gat um áðan, er hann væntanlegur á hverri stundu.)

Herra forseti. Ég mun þá reyna að draga þetta enn. En ég lýsi því yfir að ég tel það vanvirðingu hjá verkstjóra ríkisstjórnarinnar, hæstv. forsrh. Davíð Oddssyni, að vera ekki viðstaddur þessa umræðu. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég ætla að bíða með þessi dæmi. Þessi dæmi lúta að kvótasvindli eða svindli gagnvart meðferð á fiski og því að þegar svona svindl fer fram, þá lýtur það að vöntun á skatttekjum til ríkissjóðs. Og ef einhver ætlar að halda því fram að sá sem hér stendur hafi ekki áhyggjur af stöðu ríkissjóðs, þá er það rangt. Ég hef miklar áhyggjur af henni og ég hef miklar áhyggjur af því misferli sem á sér stað, sérstaklega varðandi kvótann.

Ég sný mér þá að öðru meðan beðið er eftir hæstv. forsrh. í nokkra stund en síðan er þolinmæði mín þrotin, herra forseti. Ég get ekki hlaupið aftur á bak og áfram í minni ræðu sem er byggð upp til sérstaks flutnings, til þess að þjónka geði hæstv. ráðherra og þessum áhugamálum þeirra að vera ekki viðstaddir hér.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur skilning á þessum vandamálum þingmannsins. Hv. þm. hefur um það val að ræða að gera hlé á ræðu sinni þar til forsrh. kemur ellegar að halda áfram með svipuðum hætti.)

Ég mun reyna, af því að hæstv. félmrh. hefur gert mér það til geðs að sitja undir ræðu minni og taka niður þær spurningar sem ég hef beint til hans, að snúa mér þá til hans með þær tvær spurningar sem ég á eftir og þá hefur hann fengið þær. Ég sný mér þá að húsnæðismálum.

Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um Byggingarsjóð verkamanna. Minni hlutinn gagnrýnir harðlega að stefnt skuli að stórfelldum skerðingum framlaga til hans. Þessi skerðing er að okkar mati aðför að sjóðnum og samkvæmt nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar stefnir í gjaldþrot sjóðsins með sama áframhaldi. Minni hluti fjárln. lýsir allri ábyrgð á stöðu sjóðsins á hendur ríkisstjórninni.

Minni hlutinn vill leggja áherslu á að úrræða verði leitað til að auka möguleika ungs fólks til að fjárfesta í húsnæði. Þá er ljóst að auka þarf framboð á leiguhúsnæði og tryggja betur en nú stöðu leigjenda á fasteignamarkaðinum.

Kem ég þá að Framkvæmdasjóði fatlaðra og þar kemur fram síðasta spurningin til hæstv. félmrh., svo að hann viti af því. Minni hluti fjárln. varar við aðgerðum ríkisstjórnarinnar varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þegar sjóðurinn tók við ákveðnum hluta af rekstrarkostnaði í þessum málaflokki var það raunverulega samkvæmt samkomulagi í síðustu ríkisstjórn að sett var inn í fjárlögin þá að við það væri miðað að ef þessi sjóður ætti að einhverju leyti að fjármagna rekstur yrði tryggt að hann fengi óskertar tekjur af erfðafjárskatti sem nú er 420 millj. Nú eru einungis 165 millj. kr. settar í sjóðinn þannig að um 255 millj. renna í ríkissjóð. Minni hluti fjárln. telur að hér sé um alvarlega aðgerð og mjög vafasama að ræða vegna þess að þó að ekki sé verið að skera niður reksturinn núna — minni hlutanum er algerlega ljóst að ekki er verið að skera niður reksturinn — þá fer framkvæmdageta sjóðsins mjög minnkandi. Það mun koma fram í stöðnun í uppbyggingu á málefnum fatlaðra núna og á næstu árum og í lengingu biðlista.

Því spyr ég: Hver eru áform hæstv. félmrh. varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra á árinu 1998? (Gripið fram í.) Á árinu 1998. Það er ljóst hver áform hæstv. ráðherra eru varðandi árið 1997. Það er ljóst. En það er mjög mikilsvert að velta því upp hvert framhaldið er. Ætlar hæstv. ráðherra að taka sama hlutfall til rekstrar úr Framkvæmdasjóði fatl-

aðra þá? Þessi spurning er að mínu mati grundvallaratriði og hæstv. ráðherra hlýtur að vera ljóst núna hvernig framhaldið árið 1998 er hugsað.

Herra forseti. Ég mun ekki fjalla um menntamál í minni ræðu en vísa til álits minni hluta fjárln. og ræðu hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur sem fjallar sérstaklega um þann málaflokk. Sömuleiðis mun ég ekki heldur fjalla um þann hluta álits minni hluta fjárln. sem lýtur að umhverfismálum eða forvörnum og aðgerðum vegna vímuefnavandans. Um þann málaflokk mun hv. þm. Kristín Halldórsdóttir annast sérstaklega af hálfu minni hlutans og vísa ég til ræðu hennar þar að lútandi. Mönnum finnst e.t.v. undarlegt að ekki skuli rætt um samgöngumál eða hafnamál í áliti minni hlutans. En mín skýring þar að lútandi er þessi: Það hefur ekki verið rætt um þann málaflokk, en gefið í skyn að um niðurskurð verði að ræða og því er rétt að bíða með umræðuna þar til ljóst er hverjar tillögur verða um þau mál. Þessi mál verða rædd við 3. umr. ásamt og með tekjuhluta fjárlaganna sem er í endurskoðun núna hjá Þjóðhagsstofnun og hæstv. ríkisstjórn.

Herra forseti. Ég kalla eftir hæstv. forsrh.

(**Forseti** (GÁS): Hann er ókominn enn til fundar. Forseti vill þakka hv. þm. fyrir að bregðast vel við óskum forseta um að skipa ræðu sinni eins og hann hefur gert. Forseti verður því að grípa til þess ráðs að fresta fundi um tíu mínútna skeið.

[Fundarhlé. — 14:27]

[14:39]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég vil staðfesta að það varð samkomulag um að breyta fyrirspurninni og reyna að snúa henni í annað form en það sem átti að beinast til hæstv. forsrh.

Ég vil koma að í ræðu minni þar sem segir að skilningsleysi birtist í að láta hvers kyns óréttlæti dafna í viðskiptum með sameign þjóðarinnar og hugmyndum um að heimila veðsetningu kvóta eins og hér er orðin staðreynd og afskiptaleysi um að lög séu brotin þegar sjómenn eru látnir taka þátt í rekstri útgerðar með þátttöku í kvótaleigu og verða að sæta brottrekstri ef þeir sætta sig ekki við það sem útgerð vill skammta þeim, eins og nýleg dæmi sanna. Ég vil þá kynna eftirfarandi dæmi fyrir hæstv. fjmrh. í stað forsrh. og spyr hann í framhaldi af þeim dæmum sem ég fer með nú.

Fyrra dæmið er eitt af mörgum, mörgum dæmum sem ég hef undir höndum um misferli að mínu mati varðandi hlutaskipti til sjómanna. Ég vitna þá til þess að í Fiskifréttum 22. nóv. sl. var viðtal við skipstjóra á Hafsúlunni hf. undir fyrirsögninni „Veiða rígaþorsk í 9 tommu net". Í viðtalinu kemur fram að afli skipsins sé seldur til Fiskverkunar Sæunnar Axels hf. og þeir fái þrjú tonn af kvóta á móti hverju einu tonni sem skipið leggur til. Þetta þýðir að ef skipið landar fjórum tonnum af þorski til fiskverkunarinnar sé greitt fyrir aflann með peningum annars vegar og þremur tonnum af kvóta hins vegar. Ekki vildi skipstjórinn gefa upp hvaða peningagreiðslur fengust fyrir aflann, enda verðið sennilega það lágt að hann skammaðist sín fyrir að nefna töluna. Það er ljóst af þessu dæmi að áhöfn Hafsúlunnar HF 77 er að taka þátt í að fjármagna kvótakaup útgerðarinnar sem er brot á kjarasamningi sjómanna.

Það hefur ekki farið fram hjá mönnum yfirlýsing formanns Samtaka fiskvinnslustöðva um að fiskverð sé allt of hátt og það þurfi að lækka. Í framangreindu dæmi er líklega verið að greiða 70 kr. fyrir kílóið fyrir þorskaflann. Varla er það fiskverð að sliga vinnsluna fyrir rígaþorsk. Verð á veiðiheimildum er nú 70 kr. kílóið. Fyrir fjögur tonn af þorski er útgerðin að fá greiðslu fyrir afla sem hér segir: Það er greitt í peningum fyrir 4.000 kg eða 4 tonn, 70 kr. á kílóið, 280 þús. kr. Greitt er með kvóta 3.000 kg eða 3 tonn, 70 kr. á kílóið, 210 þús. kr. Það eru samtals 490 þús. kr. Meðalverð á hvert kíló af þorski sem útgerðin er að fá fyrir aflann er því um 122,5 kr. eða 490 þús. kr. deilt með fjórum tonnum, eins og ég gat um áðan, og er vinnslan að greiða það meðalverð fyrir þorskinn. Sjómennirnir fá hins vegar gert upp samkvæmt 70 kr. á kílóið og eru því, eins og dæmið sýnir, hlunnfarnir um 52,5 kr. pr. kg. Það þýðir að mínu mati að þeir fá þessum 52 kr. minna til skiptanna og það þýðir að ríkissjóður verður af skatttekjum af þessum sjómönnum sem munar þeim hlut sem þeir hefðu haft út úr þessum krónum. Þess vegna er verið að velta því fyrir sér hvort um skattsvik sé að ræða og ég tel að verið sé að brjóta lög og þurfi eitthvað að gera í þeim málum.

Ég ætla að tína fram annað dæmi. Ég ætlaði að beina spurningu um hvers konar lagabreytingar menn teldu sig þurfa að gera til að koma í veg fyrir þetta en ég tíni fram annað dæmi. Til Sjómannasambandsins leitaði annar stýrimaður á fiskiskipinu Hvannabergi HF-72. Hann bað um að réttur sinn yrði kannaður. Þannig var að skipverjar höfðu tínt úr Japansrækjunni og pakkað inn í sérstakar umbúðir og fengust 218–227 kr. á kíló fyrir þá pakkningu. 5. febrúar kom skeyti frá útgerðinni þar sem skipverjar eru beðnir um að hætta þessari útínslu þar sem fyrir iðnaðarrækjuna fengjust 230 kr. fyrir tvö kíló, sem sagt 115 kr. á kílóið í tonni á móti tonni í viðskiptum sem væri hagstæðara fyrir útgerðina. Viðkomandi stýrimaður taldi að framangreind ráðstöfun útgerðarinnar skerti sinn hlut sem er ekki að furða. Það munar helming á hlutaskiptum til þessa aðila, helming á hlutaskiptum. Þess vegna spyr ég: Telur hæstv. fjmrh. ekki ástæðu til að kanna hlut ríkisins í þeim tekjum sem hefði átt að greiða skatt af? Ég get ekki nálgast þessa spurningu á annan hátt. Það er til þess að reyna að koma, herra forseti, á móti því samkomulagi sem gert var um að ég gæti klárað mína ræðu.

Fyrirspurnin til hæstv. sjútvrh. var: Til hvaða aðgerða ætlar hæstv. ráðherra að grípa gagnvart þessum vanskapnaði sem hefur þróast með fiskveiðistjórnunarkerfinu?

Að lokum þetta, herra forseti. Fjárln. hefur nánast eingöngu fjallað um útgjaldahlið frv. og tekjuhlið þess bíður því 3. umr. Allt bendir til þess að tekjuhliðin sé vanáætluð, m.a. þar sem áætlunin byggir á röngum grunni og telur minni hlutinn að þar muni a.m.k. 1,5–2 milljörðum kr. Breytingartillögur meiri hlutans nema rúmlega 710 millj. kr. og minni hlutinn styður margar þeirra.

Minni hlutinn flytur nokkrar breytingartillögur við gjaldahlið frv. nú við 2. umr. sem rúmast fyllilega innan fjárlagarammans.

Að lokum þetta: Fjárlög markast af efnahagsstefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er. Minni hlutinn getur ekki tekið ábyrgð á efnahagsstefnu núverandi ríkisstjórnar og mun því sitja hjá við afgreiðslu fjárlagafrv. Undir nefndarálit það sem ég hef verið að gera grein fyrir rita auk mín, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. En ég vænti þess að eitthvert svar komi við þeim spurningum sem ég hef sett fram. Ég vil þakka þeim ráðherrum sem hafa setið undir ræðu

minni frá því í morgun, hæstv. heilbrrh., hæstv. menntmrh., hæstv. félmrh. og nú frá hádegi hæstv. fjmrh.

[14:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður sé ég ekki að ég komist yfir að svara öllum þeim spurningum sem til mín og reyndar forsrh. var beint en ég vil byrja á því síðasta sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu, þ.e. kvótinn og hugsanlegt kvótasvindl. Ég vil undirstrika það að hér eru tvö mál. Það verður að greina þetta í tvö mál. Annars vegar er þetta brot á kjarasamningi og lögum vegna skiptingar á milli sjómanna og útgerðar og hins vegar eru þetta skattaleg brot. Það er verið að athuga skattalagabrotin og það gerist þannig að upplýsingar frá Fiskistofu eru sendar skattstofum. Skattstofur kanna bókhald fyrirtækjanna og kanna hvort það eru tekjur á móti gjöldum hjá fyrirtækjunum. En ég vil leggja sérstaka áherslu á að það verða engir skattar til nettó út úr þessu dæmi því að það sem eru tekjur hjá einum eru gjöld hjá öðrum. Þessu verða menn að átta sig á.

Varðandi hitt, og það er það kannski fyrst og fremst sem hér er um að ræða, þá get ég því miður ekki sagt það hér, en það þarf að kanna það til hlítar og það eru til þess bærir aðilar í þjóðfélaginu, hvort höfð hafa verið kjör af sjómönnum í báðum þessum dæmum, annars vegar með muninum á 70 og 122 kr. sem ég get því miður ekki sagt um en þarf að kanna sérstaklega og til þess eru bærir aðilar. Ég hef hins vegar efasemdir um það — það er bara mitt persónulega mat — að í síðara tilvikinu sé um brot að ræða því í raun og veru er ekkert sem þvingar þá um borð til þess að setja fiskinn í hugsanlega verðmestu pakkningar. Ég get ekki svarað þessu öðruvísi en skil vel að hv. þm. skuli velta þessum málum fyrir sér, ekki síst í þeirri umræðu sem orðið hefur um kvótann.

Önnur atriði vil ég ekki koma inn á á þessu augnabliki en ég fæ að koma með andsvar öðru sinni og mun þá reyna að nefna örfá atriði.

[14:50]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að huga að þessum dæmum sem ég kom með. Þetta eru tvö dæmi af fjölmörgum sem eru í gangi sem ég tel að beinist að því að verið sé að hlunnfara sjómenn um hlut úr þeim afla sem þeir draga að landi. Vera má að það sé rétt fram sett hjá hæstv. fjmrh. að þetta séu ekki tapaðar skatttekjur. En einhvern veginn sé ég það fyrir mér að fyrirtækið sem gerir út skipið geti farið í skattalega meðferð með þennan hluta aflans á allt annan máta en einstaklingurinn sem ber tekjur. Ég er ekki vel að mér í skattarétti, en ég hef þó stórar áhyggjur af því hver þróunin er að verða varðandi fiskveiðistjórnunina og varðandi þetta kvótasvindl sem ég vil kalla að viðgangist.

Ég bar fram nokkrar aðrar fyrirspurnir sem ég vona að tækifæri gefist til að svara úr því að hæstv. fjmrh. var við umræðuna, sem ég vil enn og aftur þakka. Ég ítreka enn að ég tel að hæstv. ríkisstjórn eigi að skipuleggja tíma sinn þannig að þegar mikilverðasta umræðan fer fram á Alþingi, þ.e. 2. umr. og 3. umr. um fjárlög, þá hreinlega beri ríkisstjórninni allri skylda til að vera hér við og gefa svör. Og ég ítreka enn þakkir til þeirra ráðherra sem hér hafa verið og þeirra sem eru nú í salnum, hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh.

[14:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að bæði varðandi tekjur og eins varðandi tölur vegna sjúkrahúsa úti á landi, þá eru það mál sem verða til umræðu við 3. umr. málsins.

Þá vil ég taka fram að í frv. er gert ráð fyrir því að bótagreiðslur til almannatrygginga hækki um 2%. Það er ekkert vitað um kjarasamninga á þessari stundu. Það er að mínu viti ekki sjálfgefið að færa upp bætur eins og laun hreyfast, en það gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess eftir áramótin að laga þetta ef ástæða er til, enda eru til þess geymdir fjármunir hjá fjmrn. samkvæmt frv.

Jaðarskattanefnd er ætlað að ljúka sínum störfum fyrir áramótin. Ég get ekki lofað því að svo verði en það var í erindisbréfi nefndarinnar. En ég get sagt að ég á ekki von á því að störf þeirrar nefndar hafi áhrif á störf þingsins núna fyrir jól.

Það er rétt hjá hv. þm. að það má nokkurn veginn setja samasemmerki á milli viðskiptahalla og erlendra skulda, en þá verðum við að gæta okkur á því að sumar af þeim erlendu skuldum kunna að falla á erlenda aðila sem hér starfa og þær skuldir eru öðruvísi en skuldir sem verða til og þurfa að greiðast af innlendum aðilum því að ef um erlenda fjárfestingu er að ræða má gera ráð fyrir því að hún skili í þjóðarbúið verulegum verðmætum á næstu árum.

Og hvernig á að stöðva skuldasöfnunina? Í fyrsta lagi með því að hætta að reka ríkissjóð með halla. Í öðru lagi með því að lækka vexti sem er gert með skynsamlegri fjármálastjórn og í þriðja lagi með því að taka upp samtímagreiðslur í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna.

Varðandi frestun opinberra framkvæmda þá er það ekki eingöngu fjárhagslegt málefni heldur er það líka málefni sem tengist efnahagsmálunum yfir höfuð. Við áætlum að draga úr framkvæmdum við flugstöð, 400 millj. Við áætlum að lækka til vegaframkvæmda á suðvesturhorninu og greiða í staðinn niður erlendar skuldir til ferja. Við reynum að hafa áhrif á orkufyrirtækin til að draga það að fjárfesta meðan þarf og við viljum taka upp viðræður við sveitarfélögin og öllum meiri háttar áformum um framkvæmdir á næstu árum reynum við að stýra inn á árin 1999 og árið 2000.

[14:54]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinargóð svör. Ég held að það liggi þannig að við eigum allnokkra samleið varðandi þær hugrenningar sem ég var með hérna hvernig erlendar skuldir hefðu áhrif og hvernig mál þróast í fjármálum. Ég hef áhyggjur af ríkissjóði. Ég er kannski enginn sérstakur vinur hans en ég hef ekki hlunnfarið hann.

Mér þótti gott að fá þessar upplýsingar sem hér komu fram, þ.e. það sem var upplýst síðast í ræðu hæstv. fjmrh. Þær hafa ekki legið fyrr á borðum. Ég þakka fyrir þau svör sem komu, þau munu væntanlega nýtast í framhaldsvinnu fjárln.

[14:56]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og frsm. minni hluta fjárln. gerði grein fyrir áðan, þá hefur góðærið ekki heimsótt alla Íslendinga þrátt fyrir að ríkisstjórnin státi sig af því sem hún kallar góðan árangur í efnahagsstjórnuninni og ríkisfjármálunum. Það eru ekki allir landsmenn sem uppskera á þessum tímum

uppsveiflu og heimilin í landinu, fjármagna neyslu sína í auknum mæli með lántökum.

Fjárlögin eru eitt af þeim tækjum sem stjórnvöld nota til efnahagsstjórnunar og þess vegna skiptir verulegu máli hvernig þau eru úr garði gerð. Það skiptir verulegu máli hver skilaboðin eru sem berast með fjárlagafrv. á hverju ári og fyrir marga hópa í samfélaginu skipta þau skilaboð grundvallarmáli fyrir framtíð þeirra og lífsafkomu. Þannig er það t.d. með þá sem ekki hafa annað lifibrauð en það sem þeir eiga rétt á úr samfélagslegum sjóðum. Samtryggingin, sem tiltöluleg sátt hefur verið um, hefur tryggt þeim ákveðna fjárhæð til framfærslu sem af ýmsum ástæðum geta ekki selt vinnuframlag sitt. Öryrkjar, aldraðir, fatlaðir, sjúkir eða atvinnulausir eiga rétt á ákveðnum greiðslum úr samfélagslegu sjóðunum. Verkalýðshreyfingin hefur gert baráttu þessara hópa að sinni og þrátt fyrir að greiðslurnar hafi ekki verið háar sem þessir hópar hafa haft til að framfleyta sér af, þá hafa þeir búið við nokkra vissu um afkomu sína, a.m.k. næstu árin. En þetta hefur verið að breytast og í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr er það orðið svo að þessir hópar búa við stöðugar árásir á kjör sín og ekki aðeins það heldur hefur þörfum þeirra verið mætt óvinsamlega af ráðamönnum. Þessir hópar eru nefnilega svo dýrir fyrir samfélagið og ríkisstjórninni finnst þeir kosta of mikið.

Það þurfa fleiri að fá, gæti ríkisstjórnin verið að segja, eins og t.d. atvinnurekendurnir, eins og t.d. bankastjórarnir fyrrverandi 15 eða eftir atvikum makar þeirra sem fengu 25 millj. ofan á lífeyrisgreiðslur sínar á síðustu fjáraukalögum vegna þess að það var svo óréttlátt að þeir fengju minna en bankastjórar Landsbankans. Ríkisstjórnin taldi rétt að bæta þeim upp þetta óréttlæti. Það kostaði okkur skattborgarana 25 millj. kr. í ár og síðan 7 millj. kr. á ári framvegis.

Nú vil ég ekki standa fyrir árásum á þessa tilteknu einstaklinga persónulega sem þarna eiga í hlut, en það sér hver heilvita maður að í þessu er ekkert réttlæti, herra forseti, nákvæmlega ekkert réttlæti á meðan hæstv. ríkisstjórn telur nauðsynlegt vegna aðhalds og sparnaðar í ríkisrekstri að afnema tengsl bótagreiðslna við almenna launaþróun til þess að ná inn nokkrum hundruðum millj. kr. af bótaþegum.

Samkvæmt forsendum fjárlagafrv. ætlar ríkisstjórnin að hafa 42 millj. kr. af atvinnulausum út á afnám tekjutengingarinnar a.m.k. Þannig er gert ráð fyrir að atvinnuleysisbætur eigi að hækka um 2% á meðan launaforsenda fjárlaga er 3,5% sem ég tel reyndar að sé mjög varlega áætlað. Með því að hækka bæturnar bara um 2% í stað 3,5 eins og verið hefði ef þessar forsendur standast og ef tengingin við launaþróun hefði ekki verið afnumin, ætlar ríkisstjórnin að ná inn um það bil 42 millj. kr. af atvinnulausum. Ef við leikum okkur svolítið með þessar tölur og segjum að launin hækki að meðaltali um 4,5% en ekki 3,5% eins og frv. gerir ráð fyrir og það er í sjálfu sér ekkert óeðlileg viðmiðun, þá mun ríkisstjórnin ná 56 millj. kr. af þessum hópi eingöngu.

Í þessu samhengi er kannski rétt að minna á að fullar atvinnuleysisbætur eru rétt rúmar 50 þús. kr. á mánuði, en eins og frægt er orðið ætlar ríkisstjórnin líka að sjá til þess að enginn græði á bótunum. Líklega finnst þeim þetta allt of mikið til þess að lifa af á mánuði. Auk þess að krunka svolítið í bæturnar með því að afnema tengslin við almenna launaþróun stendur einnig til að lægst launaða fólkið sem er með 49 þús. kr. á mánuði í dagvinnulaun fái aldrei hærri bætur en það hefur í dagvinnu. Þannig ætlar ríkisstjórnin líka að ná í einhverja aura af þeim atvinnulausu til viðbótar svo að hún geti borgað önnur forgangsútgjöld sem hún telur að þurfi að greiða.

En það eru fleiri en atvinnulausir sem ríkisstjórnin ætlar að ná einhverjum aurum af í þessum fjárlögum. Hún gerir samkvæmt frv. ráð fyrir að geta náð í um það bil 220 millj. kr. með afnámi tekjutengingar lífeyristrygginga. Ríkisstjórnin gerði upphaflega ráð fyrir að geta náð um 80 millj. kr. af lífeyrisþegum en nú stefnir í að hún nái í a.m.k. 220 millj. þarna, þ.e. miðað við það að launin hækki um 3,5% eins og forsendur fjárlaga gera ráð fyrir.

Ef við leikum okkur nú aftur með þessa tölu eins og við gerðum áðan þannig að launin mundu hækka um 4,5% að meðaltali, þá erum við að tala um að ríkisstjórnin muni ná um það bil 370 millj. af þessum hópi. Skyldi þessi þögli hópur upplifa það þannig að ríkisstjórnin hafi fært honum góðæri? Skyldi þessi hópur fyllast vellíðan þegar hæstv. ráðherrar tala um að ríkisstjórnin hafi náð traustum tökum á ríkisfjármálunum? Skyldi þetta fólk telja sér borgið í höndum núv. ríkisstjórnar? Ég leyfi mér stórlega að efast um að svo sé þótt ekki fari mótmæli þessa hóps hátt. Það má ekki gleyma þessum hópum samfélagsins þegar talað er um góðæri, hagstæða þróun efnahagsmála, vöxt landsframleiðslu o.s.frv.

Það verður líka að hafa í huga þegar efnahagsþróunin er skoðuð að hagþróunin, sem átt hefur sér stað að undanförnu og rakin hefur verið hér, m.a. í ræðu hv. frsm. minni hluta fjárln., markast fremur af auknum þjóðarútgjöldum en aukinni innlendri verðmætasköpun. Bent hefur verið á að þetta megi glöggt sjá í þeim mikla umsnúningi sem orðið hefur í þróun viðskiptajafnaðarins á þessu ári en gert er ráð fyrir að viðskiptahallinn muni nema um 9 milljörðum kr. í ár. Sama er upp á teningnum á næsta ári. Þjóðarútgjöld eru talin munu aukast um 3,5% og sú aukning á aðallega rætur í neysluútgjöldum heimilanna og fjárfestingu. Vöxtur innflutnings er verulegur eða 5,7% samanborið við 2,8% áætlaða aukningu útflutningstekna. Allt þetta mun valda því að viðskiptahallinn á árinu 1997 verður langt yfir viðunandi mörkum eða við eðlilegt fjárfestingarstig.

Það hefur líka verið bent á það að ef af fyrirhuguðum framkvæmdum við nýtt álver á Grundartanga verður munu þjóðhagsforsendur breytast verulega og þannig áætlar Þjóðhagsstofnun að landsframleiðslan muni aukast um 4,5% í stað 2,5% ef af þessu verður og viðskiptahallinn fari þá yfir 20 milljarða króna.

Eins og fram kemur í nál. minni hlutans bendir allt til meiri hagvaxtar á næsta ári en boðað er í frv. og eru tekjur þess vegna verulega vanáætlaðar. Sú hlið frv. mun verða frekar rædd við 3. umr.

Gríðarleg skuldasöfnun hefur átt sér stað hjá heimilunum í landinu á undanförnum árum. Í upphafi 9. áratugarins námu skuldir heimilanna um 24,1% af ráðstöfunartekjum þeirra en á þessu ári er áætlað að samsvarandi hluti nemi um 131%. Greiðslubyrði lána hefur að sama skapi stóraukist og takmarkað svigrúm margra fjölskyldna, ekki síst tekjulágra til að framfleyta sér með þeim hætti sem við gerum öll kröfu til í samfélaginu. Þegar skuldasöfnun er orðin svo að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til uppgreiðslu skuldanna blasir alvarlegur vandi við. En hvað skýrir svo óhagstæða þróun í fjármálum heimilanna sem raun ber vitni? Stór hluti þessarar þróunar stafar af því að einkaneyslan er fyrst og fremst fjármögnuð með lánum. Undirrótin er án efa að stórum hluta fólgin í óhóflegri bjartsýni um framtíðartekjur sem stjórnvöld hafa vissulega ýtt undir með margvíslegum

hætti. Á meðan heimilin safna skuldum gerir ríkið það líka og hefur því vart getað talist til fyrirmyndar um ráðdeild í rekstri.

Skuldasöfnun opinberra aðila er nú komin á það stig að ástæða er til að hafa af verulegar áhyggjur. Seðlabankinn áætlar að í lok þessa árs nemi samanlagðar skuldir A-hluta ríkissjóðs og sveitarfélaga rúmum 275 milljörðum kr. en í hlutfalli við landsframleiðslu nema skuldirnar 53,3%. Það er því ekki nema von að einhver spyrji sig að því hvort góðæri sé á Íslandi í dag og jafnvel þótt sumir mundu sannfærast við allar hagtölurnar sem sýna að svo sé, þá undrast eflaust margir hvert góðærið hafi farið.

Um næstu áramót eru lausir kjarasamningar hjá flestum stéttarfélögum í landinu og launafólk mun nú krefjast leiðréttingar á skertum hlut sínum. Þær fórnir sem færðar voru í þjóðarsáttarsamningunum er nú tímabært að fá til baka og staðan er einfaldlega þannig að af hinum almenna launamanni er ekki neitt að hafa lengur. En það er óljóst hvernig verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum tekst að koma saman samningum því svo virðist sem lítið sé búið að gera til að undirbúa kjarasamningagerðina auk þess sem hæstv. ríkisstjórn hefur síst lagt eitthvað af mörkum til að auka líkur á að samningar geti tekist fljótt og örugglega. Ríkisstjórnin ætlar jú að taka til á vinnumarkaði, sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins skipuleggi sig betur og flutti hér á vordögum tillögur sem hún taldi til úrbóta. Verkalýðshreyfingin var höfð með í ráðum, eins og við munum, þótt sagnfræðinga muni eflaust greina á um það í framtíðinni hvað hugtakið „samráð" hefur þýtt í huga hæstv. ríkisstjórnar. Stórfelldar lagabreytingar á vinnumarkaði þýða aukna réttaróvissu á því sviði en vinnumarkaðsréttur hefur jafnan þótt tiltölulega flókin fræði sem ekki lúta í einu og öllu sömu lögmálum og aðrar greinar lögfræðinnar. Þetta var allt saman rifjað upp á vordögum og ekki ástæða til að fjölyrða frekar um nú, enda skaðinn skeður og ný vinnulöggjöf orðin raunveruleiki.

Það er ljóst að komandi kjarasamningar verða um margt sérstakir. Innan lægst launuðu hópanna eru eðlilega á lofti háværar kröfur um verulega hækkun lægstu launa og kröfur um aukin réttindi til handa þeim sömu hópum heyrast í æ meira mæli en áður. Ekki síst hefur fiskvinnslufólk í auknum mæli beint sjónum sínum að hróplegu óréttlæti hvarð varðar skort á starfsöryggi í þeirri grein en í kjölfar umræðu, sem margsinnis hefur átt sér stað hér í þinginu og hæstv. félmrh. á að mestu leyti heiðurinn af, má senda atvinnulaust fólk á milli landshluta. Hefur það komið æ meir til skoðunar hversu bágborin starfsöryggismál þessa fólks eru. Það nýtur ekki sömu réttinda og aðrir til uppsagnarfrests ef um hráefnisskort er að ræða en hugtakið hráefnisskortur hefur verið túlkað svo þröngt af dómstólum að það getur nánast átt við um hvaða orsök sem er. Slíkar aðstæður eru ólíðandi og Íslendingum til skammar. Reyndar er það svo að starfsöryggismál launafólks á almenna markaðinum eru almennt í lamasessi og enn bíð ég spennt eftir þeirri stundu að hæstv. félmrh. sjái til þess að samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um starfsöryggi verði fullgiltar, eins og hann lofaði úr ræðustól fyrr á árinu að hann mundi beita sér fyrir, en enn hef ég ekki séð tillögur í þá veru af hans hálfu.

Ríkisstjórnin ætlar ekki að gera starfsmenntun í atvinnulífinu hátt undir höfði en nú er fyrirhugað að færa svokallaðan Starfsmenntasjóð frá því að vera sérstakur liður eins og verið hefur og verður hann færður undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Í skýringum með fjárlögunum þar sem fjallað er um Atvinnuleysistryggingasjóð segir um þetta:

„Þá er sjóðnum ætlað að fjármagna tvö styrkjaverkefni, atvinnumál kvenna og starfsmenntun í atvinnulífinu sem áður heyrðu undir fjárlagaliðinn 981, vinnumál."

Þessi setning segir kannski allt sem segja þarf um skilning þeirra sem fjárlagafrv. unnu á mikilvægi starfsmenntunar í atvinnulífinu og starfsemi starfsmenntaráðs á undanförnum árum. Þessi viðhorf eru í engu samræmi við þá umræðu sem á sér stað um starfsmenntun og mikilvægi hennar um heim allan og einnig hér á landi, einmitt nú á evrópsku ári símenntunar. Þannig hefði frekar mátt reikna með auknum skilningi og stuðningi stjórnvalda við þetta starf en raun er á samkvæmt fjárlagafrv. og þá ekki síst vegna fyrirheita ríkisstjórnarinnar um að aukin áhersla yrði lögð á starfsmenntun og verkmenntun eins og talað var um í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar. Með frv. er í reynd ráðist að þeim grundvelli sem starf starfsmenntaráðs hefur byggt á með margvíslegum hætti samtímis. Það er fallið frá sjálfstæðri fjármögnun til Starfsmenntasjóðs á fjárlögum og í staðinn gert ráð fyrir að fjármagn til hans komi frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ekki er lengur litið á uppbyggingu og þróun starfsmenntunar í atvinnulífinu sem sérstakt mikilvægt verkefni heldur sem einhvers konar hliðarafurð við framfærslu atvinnulauss fólks. Sköpuð er veruleg hætta á að fjármögnun til Starfsmenntasjóðs verði að bitbeini í stað þess að um hana ríki samstaða. Ekki er að sjá í þessari nálgun stjórnvalda neina framtíðarsýn, hvað þá heldur einhverja metnaðarfulla framtíðarsýn hvað varðar ábyrgð og stuðning stjórnvalda og þá sérstaklega ráðuneytis félagsmála sem jafnframt fer með vinnumarkaðsmál og uppbyggingu og þróun starfsmenntunar og mikilvægis hennar fyrir vinnumarkaðinn.

Ekki síður felur sú breyting sem lagt er til að verði gerð hvað varðar liðinn atvinnumál kvenna eða Jóhönnusjóðinn svokallaða. Hún lýsir ekki beinlínis heldur jákvæðum viðhorfum gagnvart þeim málaflokki. Minni hlutinn telur að með þessum breytingum sé komið á fullkomnu óvissuástandi um framtíð starfsmenntamála og þess vegna gerir minni hlutinn það að tillögu sinni að þeim málum verði komið fyrir á sama hátt og áður. Aðeins þannig er tryggt að þeim fjármunum sem um ræðir verði varið tryggilega til þeirra málaflokka sem við erum að tala um, þ.e. til starfsmenntunar og til atvinnumála kvenna en ekki til annarra verkefna. Lagt er til af minni hlutanum að framlag undir liðinn Atvinnumál kvenna aukist verulega frá því sem verið hefur og að auki gerir minni hlutinn að tillögu sinni að framlög til Félagsmálaskóla alþýðu verði aukin í því skyni að efla starfsmenntun. Minni hlutinn vekur sérstaka athygli á nauðsyn þess að auka framlög til liðarins 140 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem hlutverk trúnaðarmanna hefur stóraukist með tilkomu stórfelldra breytinga á lagaumhverfi vinnumarkaðar og auknum áhuga fyrir gerð vinnustaðarsamninga.

Hvað varðar liðinn Atvinnumál kvenna sem minnst var á áðan er lagt til að hann hækki verulega og skýringin á því er sú að minni hlutinn telur að staðan á vinnumarkaði og framtíðarþróun hans sýni að mikil þörf sé fyrir sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Í fjölmörgum ríkjum, t.d. Bandaríkjunum, hefur verið komið á fót sérstökum sjóðum fyrir konur sem ýmist veita lán eða styrki til nýsköpunar og stofnunar nýrra fyrirtækja en á þetta er bent í áliti minni hluta félmn. til fjárln. um fjárlagafrv. Þar segir jafnframt, og vísa ég hér til álits minni hluta félmn.: „Sú þróun tengist ekki atvinnuleysi, enda

þörf á alveg sérstökum aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi kvenna sem er mest meðal ófaglærðra. Minni hlutinn telur það mikla afturför og misskilning á hlutverki þess sjóðs sem styrkt hefur atvinnumál kvenna ef hann verður settur undir Atvinnuleysistryggingasjóð, sem lögum samkvæmt gegnir allt öðru hlutverki og hefur ekki yfirsýn yfir nýsköpun í atvinnulífi. Hér er einfaldlega um að ræða verkefni sem krefst sérþekkingar og rannsókna á íslenskum vinnumarkaði sem verulega skortir á."

Hvað viðvíkur Félagsmálskóla alþýðu er einnig lagt til af minni hlutanum að framlög til hans séu aukin úr 12,3 millj. í 15 millj. Hlutverk Félagsmálaskóla alþýðu og Menningar- og fræðslusambands alþýðu er að standa fyrir fræðslustarfi fyrir félagsmenn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hvar sem þeir búa á landinu. Fræðslustarfið er fjölbreytt, t.d. má nefna félagsmálafræðslu, vinnumarkaðsfræðslu, starfsmenntun í atvinnulífi, kennslu í almennum námsgreinum, vinnumarkaðsfræðslu í grunnskólum og fræðslu fyrir atvinnulaust fólk þannig að verkefnið er stórt. Liðlega 40% landsmanna hafa ekki lokið öðru formlegu námi en grunnskóla en fylgifiskur skammrar skólagöngu er veik staða á vinnumarkaði. Það er erfiðara fyrir fólk að aðlagast breyttum atvinnuháttum og kröfum þar að lútandi. Þjálfunin í að læra er lítil, brestur er í grunnþekkingu og sjálfsmyndin er veikburða. Veik staða fólks á vinnumarkaði leiðir til veikari stöðu fyrirtækja og stofnana í innlendri og alþjóðlegri samkeppni.

Í nágrannalöndum okkar hefur víða verið brugðist við sambærilegu ástandi og hér hefur verið lýst með öflugum stuðningi við menntun fullorðinna og m.a. með því að styrkja fullorðinsfræðslu, samtök og stofnanir. Í þessum löndum þykir gott úrræði að fela þessum aðilum að annast menntun fullorðinna þegar ekki er um hefðbundið skólanám að ræða. Félagsmálaskóli alþýðu og Menningar- og fræðslusamband alþýðu búa yfir umfangsmikilli reynslu og þekkingu varðandi fræðslu fullorðinna. Viðfangsefnin eru fjölbreytt, starfsvettvangur landið allt, samstarf er við stéttarfélög, fyrirtæki, stofnanir, opinbera aðila, ýmis félagasamtök og einstaklinga um fræðslustarf og um 200 manns kenna meira og minna hjá þessum fræðslustofnunum þannig að það er að okkar mati enginn augljós aðili sem getur verið betur til þess fallinn að fara með þessi mál heldur en einmitt þeir aðilar sem þarna er lagt til að fái aukin framlög. En af hverju leggur annars minni hlutinn til að fjárframlögin til Félagsmálaskóla alþýðu og MFA verði aukin?

Það eru fjölmargar röksemdir fyrir því að ríkisvaldið hækki fjárveitingu sína sérstaklega til þessara aðila. Félagsmálaskólanum ber jú að veita félagsmönnum BSRB fræðslu auk ASÍ-félaga en til þessa hefur fjárveiting til skólans ekki tekið mið af því. Hún er að verðgildi svipuð og hún væri ætluð ASÍ-félögum einum og gilti fyrir lagasetningu um félagsmálaskólann. Skólinn þjónar mun stærri hópi en hefur enn samt sem áður ekki fengið aukið fjármagn.

Stjórnvöld hafa veitt fé til MFA vegna sérverkefna, t.d. fræðslu vegna atvinnulausra og starfsmenntunar. Framlögin hafa verið takmörkuð við námskeiðskostnað án þess að tekið væri tillit til almenns rekstrarkostnaðar sem er óhjákvæmilegur. Þetta er í mótsögn við raunverulegar aðstæður vegna þess að möguleikarnir til að sinna þessum sérverkefnum byggjast á fastri starfsemi MFA. Þangað er reynslan sótt og sömu tækin notuð og þar eru notuð.

Það hefur aldrei verið brýnna en nú að veita fræðslu um félagsmálefni þar sem samfélagsmyndin gerist stöðugt flóknari. Nægir þar að nefna efnahagsmál, vinnumarkaðsmál, atvinnumál og alþjóðasamninga sem skipta æ meira máli fyrir landsmenn. Starfsmenntunin sem slík verður stöðugt mikilvægari og fyrir atvinnulífið er það beinlínis nauðsynlegt að hafa öflug fræðslusamtök sem sinna starfsmenntun.

Það er líka mikilvægt að árétta að Félagsmálaskóla alþýðu og MFA ber að starfa um land allt og það gerir hann. Það gerir það að verkum að námið er að mörgu leyti dýrt. Það að starfa í fámenni gefur heldur ekki gott færi til að þróa nám. Hins vegar er þróunarstarf og samfellt fræðslustarf auðveldara í þéttbýli. Með skóla eins og Félagsmálaskóla alþýðu er reynslan í þéttbýli flutt um land allt en skólinn flytur námskeið sín út um landið. Þannig fær fólk um allt land þróuð og vel skipulögð námskeið. Það má segja að þarna séu kostir þéttbýlis gerðir aðgengilegir fyrir fólk hvar sem er á landinu.

Minni hlutinn leggur áherslu á að komið sé til móts við nauðsyn þess að efla trúnaðarmannafræðslu í kjölfar þess að laga- og réttindaumhverfi á vinnustöðum er í örri breytingu, ekki síst í kjölfar breyttrar vinnulöggjafar og gífurlega breytts umhverfis á vinnumarkaðnum sem hæstv. ríkisstjórn á heiðurinn af að hafa staðið að. Þá er ljóst að verulega aukin krafa er á að vinnustaðarsamningar verði gerðir. Við slíkar skipulagsbreytingar við kjarasamningagerð er ljóst að álagið eykst á trúnaðarmenn. Því er mjög mikilvægt að þeir eigi kost á endurmenntun og námskeiðum sem gera þeim kleift að standa undir þessum auknu kröfum. Breytingartillögur minni hlutans í tengslum við starfsmenntunina, undir liðnum vinnumál, sem fram koma á þskj. 347, miða að því að Starfsmenntasjóður verði færður aftur undir sérlið í félmrn. Þannig telur minni hlutinn tryggara að hann verði notaður til starfsmenntunar eingöngu. Gert er ráð fyrir óbreyttu framlagi til hans. Minni hlutinn leggur hins vegar til að framlög til Félagsmálaskóla alþýðu og trúnaðarmannafræðslunnar verði efld verulega eins og áður hefur verið sagt, þ.e. að framlög til Félagsmálaskóla alþýðu verði hækkuð úr 12,3 millj. í 15 millj. og til trúnaðarmannafræðslunnar verði framlög hækkuð úr 1,8 millj. í 4 millj.

Hvað liðinn Atvinnumál kvenna varðar, þá er lagt til verulegrar hækkunar á honum, eða að hann verði hækkaður úr 19,6 millj. í 50 millj. Það hefur þegar verið rakið, og m.a. var vísað í nefndarálit minni hluta hv. félmn., hverjar ástæðurnar eru fyrir þessu. Það verður að segjast eins og er að því miður grunar mann að það þurfi alla vega þessa fjárhæð ef á að gera verulegt átak undir þessum lið. Minni hlutinn efast stórlega um að það verði tryggt að þessum málaflokkum verði nægilega vel sinnt ef setja á þessi mál öll í einn pott í Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem bitist verður um hvern bita í framtíðinni.

Herra forseti. Það er virkileg ástæða til að hafa áhyggjur af framtíð okkar Íslendinga. Þar á ég fyrst og fremst við að hér er að vaxa upp kynslóð sem býr við kjör sem á engan hátt standast til frambúðar og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki sýnt þessari kynslóð mikinn skilning. Þvert á móti hefur verið vegið að ungu fólki með sífelldum álögum, skattalegum vítahring í formi jaðarskatta, úrræðaleysi í húsnæðismálum og eyðileggingu félagslega húsnæðiskerfisins og ómannúðlegri greiðslubyrði námslána.

Ríkisstjórnarflokkarnir lofuðu þessu unga fólki öllum sköpuðum hlutum fyrir kosningar og í fararbroddi gekk Framsfl., hinn nýi hægri flokkur okkar Íslendinga, sem síst

hefur verið eftirbátur Sjálfstfl. í aðförinni að velferðarkerfinu og launafólki það sem af er kjörtímabilinu. Loforðin um lánasjóðinn og að tekið yrði á jaðarsköttunum hafa ekki verið uppfyllt þó nú hafi loksins verið ákveðið að leggja 100 millj. kr. í LÍN. Reyndar hefur ríkisstjórnin ekki lagt fram frv. í þá veru að samtímagreiðslum námslána verði komið á og greiðslubyrðinni létt. Hæstv. forsrh., sem virðist hafa tekið í taumana í ráðaleysi hæstv. menntmrh. í lánasjóðsmálinu, ber því við að ekki hafi gefist tími til að koma tillögunum í frumvarpsform. Ég leyfi mér að efast um þetta, enda er það svo að frumvarpsdrögin eru til einhvers staðar á borði nefndarinnar sem sá um endurskoðunina. Líklegri skýring á seinaganginum er sú að hæstv. menntmrh., sem hefur margoft lýst því yfir að hann sé á móti því að koma á samtímagreiðslu námslána, þurfi tíma til að formúlera umsnúninginn sem varð þegar hæstv. forsrh. greip í taumana í þessu vandræðalega máli. Ég skil það svo sem vel að hæstv. forsrh. hafi séð sig knúinn til að gera eitthvað í málinu því það var vægast sagt í algjörum hnút á milli hæstv. menntmrh. og samstarfsflokksins, sem sat uppi með kosningaloforð sem ekki var hægt að svíkja. En hæstv. menntmrh. stendur fast á sínu og vildi ekki gefa sig fyrir nokkurn mun þannig að neyðarlegt ástand hefur ríkt á stjórnarheimilinu á síðustu mánuðum. Á meðan hafa námsmenn lagt fram fjölda gagna sem sýna fram á að aðstaða námsmanna er algjörlega óviðunandi, greiðslubyrðin ómannúðleg og allt hefur þetta haft áhrif á það hverjir geta nú stundað nám í landi forréttindahópanna. Það er ekki barnafólkið eða landsbyggðarfólkið, að ekki sé talað um einstæðu foreldrana. Þessir hópar fara minnkandi.

Í skýrslu sem gefin var út nýlega af samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna gefur að líta ýmsan fróðleik um stöðu námsmanna á Íslandi og áhrif og afleiðingar breyttra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í þessari skýrslu segir m.a. um þessa hópa sem hér var minnst á áðan, þ.e. barnafólk og einstæða foreldra, með leyfi forseta:

„Tala barnafólks á námslánum lækkaði úr 2.746 lánþegum árið 1991–1992 niður í 1.891 lánþega ári seinna. Á síðasta skólaári voru þessir lánþegar 1.901, aðeins 10 fleiri en fjórum árum áður. Fækkun einstæðra foreldra var hlutfallslega mest við gildistöku laganna, úr 740 í 487 lánþega. Þeim hefur haldið áfram að fækka og nú eru 433 einstæðir foreldrar á lánum. Athygli vekur jafnframt að lánþegum fækkaði mismikið eftir kjördæmum þvert á það sem haldið hefur verið fram. Skýringin á misvísandi upplýsingum um það efni felst í ónákvæmri meðferð tölulegra gagna. Samsetning námsmanna- og lánþegahópsins hefur breyst. Hlutfall barnafólks fer lækkandi ár frá ári."

Í inngangi að sömu skýrslu er þeirri kynslóð sem nú situr við stjórnartaumana ekki gefin góð einkunn. Þar segir höfundur skýrslunnar, Dagur B. Eggertsson, með leyfi forseta:

„Það er von mín og sannfæring að á næstu vikum, mánuðum og missirum muni umræða um það efni sem hér er til umræðu eflast, öðlast meiri dýpt og fyllingu. Veruleiki ungs fólks er aðkallandi; atvinnuleysi eða áhætta í námi, útlönd eða fátæktargildra vegna samspils námslána, húsnæðis- og skattkerfis. Hér vil ég ekki draga upp of dökka mynd. Hvernig sem málum er snúið virðist þó ljóst að kynslóðin sem nú situr að völdum virðist illa skilja þann gríðarlega aðstöðumun sem hún hefur skapað með aðgerðum sínum og ákvörðunum milli sinna uppvaxtarára og þeirra sem nú eru að reyna að koma undir sig fótunum. Verði ekkert úr aðgerðum er ekki aðeins viðbúið heldur eðlilegt að æ stærri hópur ungs fólks sæki út fyrir landsteinana í leit að tækifærum."

En það er svo sem ekkert undarlegt að höfundur skýrslunnar sé harðorður. Niðurstöðurnar gefa nefnilega fullt tilefni til þess. Við skulum grípa aðeins niður í helstu niðurstöður skýrslunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Aðstöðumunur kynslóðanna sem byggja Ísland til að afla sér menntunar og koma undir sig fótunum að námi loknu sker í augu. Elsta kynslóðin ólst upp við að aðeins efnaðar fjölskyldur gátu sent afkomendur sína til mennta. Þessu vildi hún breyta og gerði það. Frá árinu 1967 má segja að veitt hafi verið veruleg námsaðstoð á Íslandi með námslánum. Þegar endurgreiðslur þessara námslánaflokka eru bornar saman blasir við að endurgreiðslubyrði námslána er nú margföld í samanburði við eldri námslánakerfi. Raunar virðast þær útiloka stóran hóp frá því að eignast nokkurn tíma eigið þak yfir höfuðið. Endurgreiðslurnar samkvæmt núgildandi lögum taka til sín um tvöfalt hærra hlutfall ráðstöfunartekna í samanburði við endurgreiðsluhlutfallið sem áður gilti. Áhrif jaðarskatta gera nær ókleift að vinna þessa tekjuskerðingu upp með aukinni vinnu. Þessar staðreyndir munu að óbreyttu hafa alvarleg áhrif á afkomu tugþúsunda heimila í nánustu framtíð, ábyrgðarmenn námslána og fjárhagsstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna."

Síðar í skýrslunni er enn bent á bilið á milli kynslóðanna hvað varðar endurgreiðslur námslána, auk þess sem vakin er athygli á því að ungt fólk stendur nú frammi fyrir því að geta þurft að velja milli þess að fara í nám og koma sér þaki yfir höfuðið. Hertar endurgreiðslur námslána sem nýju lögin um LÍN fela í sér leiða til þess að íbúðarkaupandi, sem tekið hefur námslán samkvæmt lögunum frá 1992, þarf að hafa um það bil 30% hærri laun en íbúðarkaupandi, sem tók námslán samkvæmt eldri lögum frá 1982, til að geta keypt sér sambærilega íbúð. Þá er í báðum tilfellum miðað við hámarksendurgreiðslu í námslánakerfinu. Þarna er um verulegan mun að ræða sem er algjörlega óviðunandi fyrir þá kynslóð sem hefur búið við þessi lög frá 1992.

Það er einnig minnst á það í þessari skýrslu að búast megi við stórauknum vanskilum í námslánakerfinu að óbreyttum endurgreiðsluákvæðunum. Þetta mun í fyrsta lagi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir heimili þeirra sem fyrir þessu verða og í öðru lagi mun í mjög miklum mæli reyna á ábyrgðir fyrir námslánum. Á þetta hefur m.a. verið bent af Ríkisendurskoðun og fleiri aðilum.

Þá er einnig fjallað um eftirágreiðslur námslána og hvernig þær hafa komið út fyrir námsfólk sem verður að segja eins og er að leiðir eingöngu til þess að fjöldi háskólastúdenta er undir óhóflegu álagi vegna hugarangurs um mögulegt fjárhagslegt tjón sem hlýst af því að standast ekki kröfur lánasjóðsins um námsframvindu. Þetta kemur m.a. fram í greinargerð Námsráðgjafar Háskóla Íslands um álag í námi. Sterk rök eru jafnframt fyrir því að núverandi fyrirkomulag útborgaðra námslána bæti ekki skilyrði til námsástundunar.

Það er vissulega mjög ánægjulegt að hæstv. ríkisstjórn hyggist nú taka á málefnum lánasjóðsins eins og hún hefur lýst yfir, en ég leyfi mér að efast stórlega um að þær 100 millj. kr. sem lagt er til í frv. til fjárlaga að settar verði í þennan málaflokk, hreinlega dugi fyrir því sem þarf að laga. Mér segir svo hugur að þær 100 millj. dugi ekki nándar nærri fyrir þeim kröfum sem hafa verið uppi á borðinu af hendi námsmannahreyfinganna, enda liggja ekki fyrir af hálfu rík-

isstjórnarinnar neinar tillögur um það hvernig þessum 100 millj. kr. skuli varið ef frá er talið að skýrt hefur verið frá því að það eigi að verja þeim til að koma til móts við það að endurgreiðslubyrðin verði lækkuð og komið verði á samtímagreiðslum. Við eigum eftir að sjá hvernig þessar tillögur verða útfærðar og er miður að þær skuli ekki liggja fyrir áður en fjárveitingin er ákveðin til þessa málaflokks.

Það mætti tína ýmislegt fleira til í þessari ágætu samantekt samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna sem ég vitnaði til áðan en ég læt staðar numið hér. Það er alla vega ljóst að ekki verður gengið lengur á rétt þessa hóps sem hér er rætt um eða svo skyldi maður a.m.k. ætla. En hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að ganga lengra. Hún ætlar sér að vísa ungu fólki á aldrinum 16–18 ára út af atvinnuleysisbótum með nýju frv. til laga um atvinnuleysistryggingar sem nú liggur fyrir þinginu. Hin opinbera skýring á því að þessum hópi er vísað út úr kerfinu er sú að hann eigi heima í skólunum en ekki á atvinnuleysisbótum, en hin raunverulega skýring er væntanlega sú að þarna á að spara einhverjar fjárhæðir.

En er þá hæstv. ríkisstjórn að efla veg menntunar eins og hún lofaði í stefnuyfirlýsingu sinni? Er hún að tryggja öllum jafnan rétt til náms án tillits til búsetu og efnahags eins og hún lofaði líka í stefnuyfirlýsingunni? Nei, herra forseti. Ríkisstjórnin hefur lagt síauknar byrðar á nemendur. Hún hefur lagt á skólagjöld, hún ætlar nú að leggja á fallskatt þannig að þeir sem ekki geta staðist áætlun í skólakerfinu og þurfa að endurinnrita sig í próf eigi að borga toll af slugsinu. Þetta er líklega í samræmi við áhuga hæstv. menntmrh. á auknum aga í skólum landsins sem hann hefur margoft lýst áhuga á.

Fjárlögin eru hin raunverulega yfirlýsing stjórnvalda um menntastefnu og menntunarmöguleika ungs fólks í heimi sem breytist óðfluga. Við Íslendingar veitum minna til menntamála en allar nágrannaþjóðir okkar og vísinda- og rannsóknastarfsemi er aftarlega í forgangsröðinni. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur í verki sýnt mikilvægi menntunar fullkomið skilningsleysi þrátt fyrir loforð um annað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar voru hástemmd loforð höfð í frammi um að vegur menntunar skyldi aukinn, lög um Lánasjóð ísl. námsmanna endurskoðuð og Nýsköpunarsjóður námsmanna styrktur. Það sem af er kjörtímabili ríkisstjórnarinnar hefur menntakerfið verið í stórkostlegri afturför, enda hefur þjóðfélagið logað í illdeilum vegna menntastefnu stjórnarinnar. Í fyrra var ráðist að kennurum ásamt öðrum ríkisstarfsmönnum með breytingum á lögum um starfsmenn ríkisins þrátt fyrir mikla andstöðu þeirra og samtaka þeirra. Háskólinn hefur verið sveltur svo að ráðamenn þar á bæ hafa lýst því yfir að þeir treysti sér ekki til að halda uppi viðunandi gæðum á kennslu og þjónustu, framhaldsskólar og starfsmenntun eru fórnarlömb handahófskennds niðurskurðar í ár og þeir sem verst fara út úr niðurbrotinu eru að sjálfsögðu notendur menntakerfisins, sjálfir námsmennirnir. Framtíð þjóðarinnar, fólkið sem á að taka við þjóðarskútunni, býr við síauknar álögur í formi ýmiss konar skólagjalda og nú síðast birtist óendanlegt hugmyndaflug ríkisstjórnarinnar í endurinnritunargjaldi eða fallskatti. Lánasjóður ísl. námsmanna er enn í sama farinu og þegar ríkisstjórnin tók við þrátt fyrir loforð um annað. Menntastefna ríkisstjórnarinnar er beinlínis hættuleg landi og þjóð, hún rýrir samkeppnisstöðu Íslendinga á alþjóðavettvangi og brýtur niður alla framþróun þjóðarinnar. Og það allra versta er kannski sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur með markvissum aðgerðum séð til þess að aðeins þeir sem eiga sér fjárhagslegan hauk í horni geta notið þeirra forréttinda áhyggjulausir að mennta sig. Sú þróun er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í öðrum málaflokkum þar sem sífellt er þrengt að þeim sem nota samfélagslega þjónustu, svo sem fötluðum, öryrkjum og öldruðum.

Með flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna var grundvallarbreyting gerð á skólakerfi landsmanna og enn er ekki séð fyrir endann á því hvort sú ráðstöfun hafi verið til góðs. Pólitísk sátt var um málið á Alþingi þótt fulltrúar stjórnarandstöðunnar hefðu ýmsa fyrirvara á stuðningi sínum við málið. Grundvöllur þess að sátt verði um málið í framtíðinni er að sveitarfélögunum verði tryggður fjárhagslegur grundvöllur til að standa sómasamlega að uppbyggingu skólanna, en samkomulag var gert á milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga í mars sl. um flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Framlag til málaflokksins Grunnskólar og leikskólar er í frv. til fjárlaga áætlað um 1.618 millj. sem er lækkun um 5 milljarða frá fjárlögum þessa árs. Flutningur grunnskólans til sveitarfélaga mun leiða til lækkunar á útgjöldum menntmrn. um 6,2 milljarða kr. en á móti koma sérstakar greiðslur til sveitarfélaga á árinu 1997, samtals að fjárhæð um 1,2 milljarðar kr., vegna flutnings grunnskólans. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1996 kom í ljós að greiðslur vegna þessa voru vanmetnar fyrir árið 1996 og þurfti að sækja um viðbótarheimild upp á 239 millj. kr. Þá er fyrirhugað að breyta verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar þjónustu við fötluð börn í leikskólum, en mikilvægt er að sú breyting komi á engan hátt niður á þjónustu við börnin.

Sveitarfélögin hafa mótmælt síauknum álögum af hálfu ríkisins sem koma óneitanlega niður á þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Leggur minni hlutinn áherslu á mikilvægi samráðs við sveitarfélögin um skuldbindingar sem lagðar eru þeim á herðar þar sem þeim hafa verið falin æ stærri verkefni í seinni tíð. Rekstur grunnskólans er eitt slíkt og flutningur hans til sveitarfélaga má alls ekki verða til þess að landsmönnum verði mismunað eftir búsetu og efnahag.

Stórfelldur niðurskurður til framhaldsskólanna í fjárlögum þessa árs hefur orðið tilefni mótmæla og mikillar ólgu í þjóðfélaginu. Af fyrirhuguðum niðurskurði upp á um 200 millj. kr. hefur verið ákveðið að standa við 160 millj. en 40 millj. kr. er áætlað að skila til baka. Hluti þess, eða 20 millj., fer inn á liðinn Framhaldsskólar, óskipt. Ætlunin er að þeim fjármunum verði varið til að standa straum af kostnaði við fyrirhugaða samninga, skipulagsbreytingar við framhaldsskólana og innheimtu endurinnritunargjalds. Er að nokkru leyti verið að koma til móts við hörð mótmæli gegn fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til nokkurra skóla á landsbyggðinni. Þá er áætlað að 20 millj. kr. umfram það sem áætlað var í fjárlagafrv. verði varið til tækjakaupa og lausnar rekstrarvanda nokkurra skóla þannig að nú þegar liggur fyrir að sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar við framhaldsskólana eru óraunhæf. Þrátt fyrir 40 millj. kr. eftirgjöf er staða framhaldsskólanna algerlega óviðunandi og á engan hátt í takt við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um eflingu menntunar.

Þá hefur hinn umdeildi fallskattur vakið mikla reiði. Það er ótrúlega lágkúruleg fjáröflunaraðferð sem ríkisstjórnin fer hér af stað með. Átelur minni hlutinn harðlega slík vinnubrögð, enda mun minni hluti fjárln. flytja brtt. til að afnema fyrirhugaðan fallskatt. Í skýringum með frv. til fjárlaga er gjaldtakan sögð vera lögð til í þeirri von að hún leiði til

markvissari innritunar og auðveldi skipulagningu á kennslu fremur en til útgjalda nemenda. Þessari skýringu vísar minni hlutinn algerlega á bug. Í fyrsta lagi má stórlega efast um þá kenningu að slík gjaldtaka leiði til markvissari innritunar en nú er, hvað þá heldur að hún auðveldi skipulagningu kennslu. Ekkert hefur komið fram sem sannar þetta. Þá er það ljóst að skatturinn leiðir til útgjaldaauka nemenda auk þess sem hann leiðir til þess að þeim sem þurfa á stuðningi að halda er markvisst ýtt út úr skólakerfinu. Á sama tíma ætlar ríkisstjórnin að vísa ungmennum á aldrinum 16–18 ára úr atvinnuleysisbótakerfinu þótt hún hafi ekki nokkur úrræði tiltæk til þess að auka atvinnumöguleika þess hóps. Minni hlutinn fordæmir þessa aðför ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að ungmennum og varar við afleiðingum slíkrar mismununarstefnu.

Í nýjum framhaldsskólalögum er lögð áhersla á aukna verkmenntun og í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er mikil áhersla einnig lögð á þennan þátt. Þessar áherslur er ekki að sjá í frv. eða í síðari tillögum sem frá menntmrn. hafa komið. Niðurskurðurinn í frv. bitnar þvert á móti verst á þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á verkmenntun á meðan hinir klassísku bóknámsskólar fara betur út úr sparnaðaráformum. Slík stefna er úr takt við kröfur samfélagsins sem einmitt þarfnast öflugri verkmenntunar á meðan offramboð er á stúdentum úr mörgum bóknámsgreinum.

Hvað háskólastigið varðar þá hækkaði fjárveiting til Háskóla Íslands samkvæmt frv. um 89 millj. kr. frá fyrra ári. Að teknu tilliti til verðlagsforsendna mun raunhækkunin hafa numið um 34 millj. kr. Í frv. er viðurkennt samhengið á milli nemendafjölda og framlaga til menntamála sem vissulega er ný stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar og fagnaðarefni að loksins skuli þessi sjálfsögðu sannindi mæta skilningi.

Háskóli Íslands gerði athugasemdir við að ekki hefði verið komið til móts við ósk um fjárveitingu til bóka- og tímaritakaupa upp á 17 millj. kr. og bent var á að erlendar verðhækkanir á bókum hafi leitt til þess að safnið hafi orðið að segja upp 30% áskrifta tímarita næsta árs sem muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir kennslu og rannsóknir skólans. Að hluta til var komið til móts við þessa beiðni á milli 1. og 2. umr., eða sem svarar 12 millj. kr. og er það vel. Minni hlutinn vill vara við óraunsæjum sparnaðartillögum á þessu sviði og vekur um leið athygli á nauðsyn þess að Þjóðarbókhlaðan sé opin á þeim tímum sem námsmenn þurfa á að halda þannig að safnið nýtist í sem ríkustum mæli. Þá vill minni hlutinn líka vekja athygli á framkominni beiðni Háskólans á Akureyri um stóraukin framlög til rannsóknastarfsemi sem meiri hluti fjárln. hefur ekki fallist á. Framlagið í ár er 13,8 millj. kr. miðað við 13,5 í fyrra, en skólinn telur að hækka þurfi þetta um helming eigi skólinn að geta sinnt rannsóknum af metnaði.

Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna er óbreytt frá síðustu fjárlögum þannig að enn og aftur sýnir ríkisstjórnin að hún ætlar ekki að standa við loforð sín gagnvart kjósendum sínum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var því beinlínis lofað að þessi tiltekni sjóður skyldi efldur, en það sem ríkisstjórnin hefur gert er það að við síðustu fjárlagagerð var gerð tilraun til að skerða hann, en fallið var frá þeirri skerðingu og í ár á framlag til hans að standa í stað. Minni hlutinn gerir það að tillögu sinni að framlög til sjóðsins verði aukin verulega þannig að hann verði efldur en minni hlutinn tekur undir að mikil þörf sé á því fé og að það fé nýtist mjög vel sem varið er úr þessum sjóði.

En það er ekki aðeins menntakerfið sem er að fara með ungt fólk. Jaðarskattar hafa gert það að verkum að ungt fólk er í skattalegum vítahring. Ríkisstjórnin ætlaði að taka á þessu máli og lofaði því eins og svo mörgu öðru í stefnuyfirlýsingunni, ef ég man rétt. Ekkert hefur komið út úr því starfi ef starf hefur þá nokkuð verið. Ekki liggja fyrir úrræði sem geta bætt úr þessum vanda og eftir situr fjöldi fólks em býr við óleysanlegan vanda sem ekki verður leystur nema þá helst tímabundið með auknum lántökum. Ljóst er að svona verður ekki hægt að halda áfram lengi og sætir það furðu hversu lítið ríkisstjórnin skeytir um hag þeirra kynslóða sem eiga að erfa landið. Auk jaðarskattanna hefur félagslega húsnæðiskerfið verið eyðilagt þar sem stjórnvöld hafa ekki staðið við sín framlög úr Byggingarsjóði verkamanna og nú stefnir sjóðurinn í gjaldþrot. Ástand á leigumarkaði er algerlega óviðunandi og ríkisstjórnin vísar ábyrgð á húsaleigubótum til sveitarfélaga sem enn eykur á mismunun á milli manna eftir búsetu.

Nauðsynlegt er að bæta stöðu leigjenda þar sem æ meiri þörf er að verða fyrir leiguhúsnæði í kjölfar þess að æ færri hafa ráð á að kaupa húsnæði. Leiguverð er óhóflega hátt og öryggi leigjenda í íbúðarhúsnæði ófullnægjandi. Minni hlutinn telur nauðsynlegt að bæta úr þessu ástandi en ekki er að sjá tillögur í þessum efnum í fjárlagafrv.

Ég vil einnig minnast á þann vanda sem nú blasir við í aukinni fíkniefnaneyslu ungmenna og ber að fagna því að ríkisstjórnin virðist nú loksins hafa áttað sig á því að nauðsynlegt er að taka hraustlega á í þeim efnum. Það er hins vegar ekki fyrir séð enn að þær aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið skili sér til þeirra sem þurfa á þeim að halda en allt að einu er það vissulega fagnaðarefni að ríkisstjórnin virðist vera að leggja töluverða vinnu í að takast á við þennan vanda. Í Vikublaðinu í dag er á forsíðu umfjöllun um þetta mál eða um það sem þeir vikublaðsmenn kalla Neyðaróp unglinga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á þessu ári hafa 160 unglingar leitað ásjár neyðarathvarfs Rauðakrosshúss en á árinu 1995 leituðu 106 unglingar þangað. Í 10 ára sögu hússins hafa mest verið skráðar 133 komur á heilu ári þannig að árið sem nú er að líða verður metár. Skráðar gistinætur í neyðarathvarfinu eru nú um 1.000 feiri en allt árið 1995. Eggert Sigurðsson, kynningarfulltrúi Rauðakrosshússins, telur aukninguna m.a. stafa af því að neyðarúrræðum unglinga hefur fækkað, t.d. vegna lokana á unglingaheimilunum í Efstasundi og Sólheimum. Álag á trúnaðarsíma neyðarathvarfsins hefur einnig aldrei verið meira, en í nóvemberlok var fjöldi símtala kominn í tæp 5.000. Að mati Eggerts horfir til vandræða í þessum málum. Hingað til hafi einn starfsmaður sinnt símtölunum en það sé ekki nóg lengur og nú þurfi að fá inn sjálfboðaliða. Að sinna trúnaðarsímtölum er vandasamt verk og mál eru oft erfið og flókin, aðeins á færi fólks með sérmenntun eða reynslu.

Eins og áður hefur komið fram verður útideild félagsmálastofnunar lokað snemma á næsta ári. Þessi staðreynd er uggvekjandi í hugum margra sem starfa að málum unglinga. Útideildin hefur hingað til sinnt þeim unglingum sem ekki næst til annars staðar."

Það er ljóst, herra forseti, að hér er bent á mjög alvarlegar staðreyndir sem lýsa samfélagi sem er mikið veikt og því miður verður ekki séð að fyrir liggi úrræði enn sem skili verulegum árangri í þessum efnum. Líklegt verður þó að telja að langur vinnutími og fjárhagsvandi heimilanna

sé stór orsök þess vanda sem hér er lýst. Aðeins með því að bæta fjárhagsstöðu heimilanna verður hægt að ráðast af einhverjum krafti til móts við slíkan vanda.

Eins og fram hefur komið hjá þeim hv. þingmönnum sem áður hafa talað hafa komið fram ýmsar beiðnir til viðbótar því sem er á fjárlögum og hefur verið tekið tillit til sumra þeirra í breytingartillögum meiri hlutans. Ég vil nefna sérstaklega breytingu sem ég tel vera mjög ánægjulega og hún tengist Kvennasögusafni Íslands. Það hefur verið ákveðið að verja auknu fé til Þjóðarbókhlöðu til þess að verða við óskum um framlag til safnsins. Hv. formaður fjárln. gat þess að ætlunin væri að koma til móts við óskir um framlag til safnsins en það fór fram á rúmar 2 millj. kr. til starfseminnar. Í greinargerð sem barst með erindi Kvennasögusafns Íslands til fjárln. segir m.a., með leyfi forseta:

„Kvennasögusafn Íslands var stofnað í upphafi kvennaárs 1975 af dr. Önnu Sigurðardóttur, Else Miu Einarsdóttur og Svanlaugu Baldursdóttur. Frá upphafi, eða í rúm 20 ár, hefur safnið verið til húsa á heimili dr. Önnu en hún lést í janúar sl. Safnið hefur nú verið flutt í Þjóðarbókhlöðu og mun það standa þar sem sjálfstæð eining samkvæmt samningi sem undirritaður var 26. mars sl."

Í þessum samningi segir m.a., með leyfi forseta:

„Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn mun eftir föngum sjá til þess að ofangreind markmið verði í heiðri höfð, enda fáist til þess sérstök fjárveiting."

Í greinargerð Kvennasögusafnsins segir einnig að vinna við safnið í þessi 20 ár hafi að mestu verið sjálfboðavinna dr. Önnu og annarra ábyrgðaraðila safnsins. „Enn fremur lögðu ýmsar konur fram vinnu sína við gagnaöflun til safnsins. Með starfi sínu og áhuga lagði dr. Anna ómetanlegan skerf til varðveislu og rannsókna á sögu kvenna. Mjög mikilvægt er að sú vinna sem þar liggur að baki haldi áfram öllum til heilla. Til þessa þarf að hafa starfsmann í heilli stöðu við safnið og þarf til þess sérstaka fjárveitingu svo hægt verði að standa straum af rekstri safnsins." Þarna er enn lögð áhersla á það að þarna sé um að ræða sérstaka fjárveitingu.

Það er sem sagt bent á það í greinargerðinni, og er rétt að ítreka það, að safnið fékk á sínum tíma inni í Þjóðarbókhlöðunni náðarsamlegast á þeirri forsendu að það hefði sjálfstæðan fjárhag og kæmi þannig ekki niður á fjárhag safnsins í heild. Það er mjög mikilvægt að hafa þetta í huga. Stjórn Kvennasögusasafnsins gerði samning sem byggir á þessu, sem ég tel vissulega vera mjög neikvætt að hafi gerst, en á þessum forsendum einum fengu þær að koma inn í hús Þjóðarbókhlöðunnar. Slíkir afarkostir eru ekki til fyrirmyndar og bera oft vott um það hvaða augum kvennasaga og -störf eru metin. Hin hefðbundna kvennasagnfræði hefur ekki sinnt kvennasögunni sem skyldi og þegar stórmerkilegt safn um kvennasögu er loksins orðið að veruleika, að mestu leyti fyrir tilstilli eins einstaklings, þá fær það inni í sjálfri Þjóðarbókhlöðunni á grundvelli þessara afarkosta.

Ég tel með tilliti til þeirrar forsögu sem hér hefur verið rakin rétt að það komi skýrt fram hver sé vilji hv. fjárln. í málinu og vil að hv. formaður fjárln. hlýði nú sérstaklega á það sem ég er að segja. Vegna þess að ég spyr hv. formann fjárln. að því hvort hann líti ekki svo á að með því að hækka fjárveitinguna til Þjóðarbókhlöðunnar og með því að taka það sérstaklega fram að þannig sé verið að koma til móts við þarfir Kvennasögusafnsins, þá sé nefndin í raun og veru að leggja það til að orðið sé við þeirri fjárhagsbeiðni sem Kvennasögusafnið fer fram á. Ég tel mjög mikilvægt að fyrir liggi vilji fjárln. Alþingis úr því að svo er komið sem er að það er gert að skilyrði að safnið hafi sjálfstæðan fjárhag til þess að það fái að vera í sjálfri Þjóðarbókhlöðunni. Ég vil gjarnan að hv. formaður fjárln. skýri skilmerkilega frá því hver fjárveiting til Kvennasögusafnsins á að vera. Þess vegna hefði ég reyndar talið æskilegt að þetta væri sérstakur liður úr því að ætlast er til þess beinlínis að safnið hafi sjálfstæðan fjárhag, en ég tel þó mestu skipta að sjálfsögðu að safnið fái umbeðið fé þannig að hægt sé að reka það.

Herra forseti. Minni hluti fjárln. ætlar harðlega þá aðför sem gerð er eina ferðina enn að þeim hópum sem minnst mega sín í samfélaginu og birtist í fjárlagafrv., jólaboðskap ríkisstjórnarinnar. Þetta var reyndar rakið að hluta til í upphafi ræðu minnar og enn er eftir að sjá tillögurnar í málefnum sjúkrahúsanna þar sem stórar fjárhæðir ber á milli. Í tillögu meiri hlutans er gert ráð fyrir tilflutningi 970 millj. kr. á sjúkratryggingum og yfir á safnliðinn Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Þessum tilflutningi er ætlað að spara 100 millj. kr. í rannsóknakostnað eins og áformað var í frv. Í raun virðist hér um að ræða tilfærslu verkefna frá samninganefnd Tryggingastofnunar yfir til heilbrrn. sem framvegis verður ætlað að gera þjónustusamninga við heilbrigðisstofnanir sem fá framlag til rannsókna. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins mun ráðuneytið semja við þessar stofnanir um að þær skuldbindi sig til að fækka ekki rannsóknum frá því sem er á yfirstandandi ári og ekki er ætlunin að minnka framlög til þessa málaflokks hjá opinberum heilbrigðisstofnunum. Sparnaðinum, 100 millj. kr., á hins vegar að ná fram með því að semja um hagkvæmari kjör við einkareknar rannsóknastofur en Tryggingastofnun verður falið það hlutverk, ef ég skil útskýringar, reyndar munnlegar að mestu leyti, heilbr.- og trmrn. rétt. Þær skriflegu skýringar sem fengust frá heilbrrn. eru því miður ekki beinlínis til þess að auka skilning á þessari aðgerð. Þær má reyndar auðveldlega skilja sem svo að ætlunin sé sú að færa aukin verkefni til einkarekinna rannsóknastofa þar sem rannsóknaþjónusta þeirra opinberu sé óhóflega dýr. Ráðuneytið segist hafa alþjóðlegan samanburð sem sýni þetta, en þrátt fyrir að beðið hafi verið um að sjá þennan samanburð hefur ráðuneytið ekki orðið við þeim óskum fjárlaganefndarmanna. Að auki fóru nefndarmenn fram á að ráðuneytið mundi meta það hver áhrif þessi breyting mundi hafa á kostnaðarhlutdeild sjúklinga, en sú áætlun hefur ekki komið og liggur ekki fyrir. Slík vinnubrögð eru óviðunandi.

Eina ferðina enn á að gera sparnaðartillögur upp á hundruð milljóna með töfralausnum sem engin tiltæk gögn eru sýnileg um að séu raunhæfar. Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að framlög til stofnana ríkisins séu ákveðin miðað við raunverulegt umfang þeirra en ekki með óraunsæjum og óskýrum hugmyndum. Minni hlutinn vakti athygli á þessari áréttingu Ríkisendurskoðunar í áliti sínu vegna fjáraukalaga fyrir árið 1996 og minnir enn og aftur á það hér.

Tilflutningurinn, sem hér var lýst, lítur því miður út fyrir að vera enn ein óraunsæja sparnaðaraðgerðin sem væntanlega kemur í hausinn á hæstv. ríkisstjórn á næsta ári þegar fjáraukalög verða ákveðin eða í andlitið á sjúklingum með auknum þjónustugjöldum. Heilbrrn. hlýtur að áætla áhrif slíkra breytinga á kostnaðarhlutdeild sjúklinga áður en það tekur ákvörðun um slíka hluti og því hefur verið óskað eftir slíkri áætlun en vonandi mun hún a.m.k. liggja fyrir við 3. umr.

Þá lýsti hv. formaður fjárln. því í framsögu sinni að fyrirhuguð væri 400 millj. kr. lækkun á lyfjaútgjöldum ríkisins og hvernig ætti að standa að henni. Þær aðgerðir sem á að grípa til til þess að ná fram þessum sparnaði eru ekki mjög sannfærandi að mínu mati. Það er sagt að til eftirfarandi aðgerða verði gripið til að ná áformum fjárlaga: Í fyrsta lagi hafi lyfjaverðsnefnd ákveðið lækkun álagningar lyfja bæði í heildsölu og smásölu sem tekur gildi um næstu áramót. Búist er við að sú lækkun spari um 250–300 millj. kr. í lyfjaútgjöldum almannatrygginga sem skilar sér einnig að hluta til til sjúklinga. — Það er reyndar algerlega órökstutt hvernig þetta á að eiga sér stað. Síðan segir:

„Í samræmi við tillögu lyfjahóps Tryggingastofnunar ríkisins hafi verið ákveðið að hækka greiðsluhlutdeild sjúklinga í lyfjakostnaði um 5%, en þar sem verð lyfja lækkar bæði í heildsölu og smásölu, hámarksgreiðsluþak sjúklinga verður óbreytt og samkeppni í lyfsölu hefur aukist mjög má ætla að litlar breytingar verði á útgjöldum notenda. Þessi breyting kemur til framkvæmda um næstu áramót og er áætlað hún lækki lyfjakostnað almannatrygginga um allt að 200 millj. kr."

Ég verð að leyfa mér að efast um að þessar fullyrðingar. Útskýringar heilbrrn. eru fullar af órökstuddum fullyrðingum og ég efast stórlega um að þau sparnaðaráform sem þarna er verið að tala um gangi eftir með þeim hætti sem gerð er grein fyrir í skýringu ráðuneytisins, því miður.

Frsm. minni hlutans hefur þegar farið ítarlega yfir efni frv. og frsm. meiri hluta hefur gert grein fyrir einstökum brtt. meiri hlutans. Sumar þeirra mun minni hlutinn styðja enda eru margar þeirra til bóta. Sérstaklega er ástæða til að lýsa ánægju með tillögur sem koma til móts við þann niðurskurð sem framhaldsskólarnir hafa orðið fyrir og lánasjóðurinn.

Þá er gert ráð fyrir í brtt. að 2,5 millj. kr. verði varið til EFTA/EES-samstarfs sem ætlað er til þess að kosta þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í nefndastarfi í tengslum við Fríverslunarsamtök Evrópu og samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Gert er ráð fyrir að fé þetta verði tekið af liðnum Vinnumál í félmrn. sem hefur verið skipt til sömu aðila hingað til, ef ég skil það rétt. Þessar 2,5 millj. eru sem sagt færðar af liðnum Vinnumál frá félmrn. yfir í utanrrn. og eiga að standa straum af þeim kostnaði sem um var beðið. Það verður að segja eins og er að þarna er ekki um að ræða aukna fjárveitingu í þessa starfsemi eins og farið var fram á. Ég hef a.m.k. ekki skilið það þannig að þetta sé eingöngu tilfærsla á milli ráðuneyta. Ég mundi vilja biðja hv. formann fjárln. að leiðrétta mig ef ég fer ekki með rétt mál. Slík niðurstaða er á engan hátt viðunandi með tilliti til þess að rökin fyrir þessari fjárveitingabeiðni voru þau að síaukin ábyrgð samtaka launafólks á grundvelli alþjóðlegs samstarfs krefðist aukinna fjárveitinga til þessara aðila. Stjórnvöld hafa skuldbundið þessa aðila til að sinna tilteknu starfi og því hlýtur að fylgja ákvörðun um fjárveitingar til að sinna þessu lögbundna starfi sem þeir eiga að sinna. Annað er algerlega óraunsætt og því er sú tilfærsla sem hér er lögð til ekki viðunandi.

Um tekjuhlið frv. verður frekar rætt við 3. umr. og því mun ég ekki fara ofan í þá hlið hér sérstaklega.

Herra forseti. Víst á ríkissjóður sér vini þótt formaður hv. fjárln. efist um það. Ríkissjóður á vini í hópi atvinnurekenda og samtaka þeirra því stjórnvöld hafa séð til þess að síauknum byrðum hefur verið velt af fyrirtækjunum og yfir á heimilin. Hann á sér líka vini í hópi þeirra sem þurfa ekki á samtryggingunni að halda, þeirra sem geta keypt sér þann aðbúnað sem þeir vilja. Hann á sér nefnilega vini í hópi þeirra sem góðærið hefur heimsótt en hinir sem hafa orðið fyrir síauknum atlögum þessarar ríkisstjórnar geta lítið aðhafst þótt jólasveinninn hafi ekki heimsótt þá.

[15:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurnum varðandi Kvennasögusafnið og hvort það væri skilningur meiri hlutans að Landsbókasafn Íslands ætti að sjá fyrir rekstri þessa safns. Það er skilningur okkar að svo sé. Hins vegar er ég reiðubúinn að afla mér upplýsinga um túlkun forustumanna safnsins á því ákvæði sem er í samningnum sem hún nefndi og hljóðar svo: „Enda fáist til þess sérstök fjárveiting." Ég er reiðubúinn til að afla mér upplýsinga um þetta og leggja þá fram í nefndinni framhaldsvinnu.

Í öðru lagi beindi hv. þm. til mín fyrirspurn um vinnumálaliðinn og tilfærslu af honum. Það er rétt að áðurnefnd upphæð vegna EFTA og EES er færð af vinnumálaliðnum en síðan hefur félmrn. úthlutað af þessum lið til aðila vinnumarkaðarins. Sú úthlutun hefur ekki farið fram enn þannig að hún er í höndum ráðuneytisins.

[15:59]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni, formanni fjárln., fyrir svörin. Hann staðfesti grun minn um hvað sé verið að gera með það framlag sem óskað er eftir til EFTA/EES-starfs. Í raun og veru lítur út fyrir að þessir peningar verði teknir af öðrum framlögum til samtaka launafólks.

Eins og hv. þm. benti á er þessum lið er skipt af félmrn. og úr því að hæstv. félmrh. situr hér inni, þá væri forvitnilegt að vita hvort hann hefði nú þegar ákveðið hvernig skipting á þessum lið ætti að vera og hvort hann liti svo á að þessar 2,5 millj. sem kæmu þarna til frádráttar mundu bitna eingöngu á framlagi til Alþýðusambandsins eða samtaka launafólks eða hvort hann liti svo á að þarna yrði um hlutfallslega skerðingu að ræða á alla sem fá útdeilt af þessum lið. Ef hann gæti veitt einhverjar upplýsingar um það, þá væri það mjög gott.

[16:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir mjög málefnalega ræðu þar sem hún fór vítt um völl í umfjöllun sinni um fjárlagafrv. og þær breytingartillögur sem fyrir liggja frá meiri og minni hluta hv. fjárln. En það sem ég vildi nefna var sú harða gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. á málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna, og það lýtur að stuðningi við námsmenn. Ég vil í því sambandi í fyrsta lagi nefna það og vekja athygli á því að í brtt. meiri hluta fjárln. kemur fram að gert er ráð fyrir því að hækka framlög til jöfnunar námskostnaðar, svokallaðs dreifbýlisstyrks. Þar er um nokkra hækkun að ræða sem er mikilvæg fyrir þá nemendur sem stunda nám í framhaldsskólum. En að hinu leytinu vil ég vekja athygli á því að þegar þáverandi fjmrh. og menntmrh. Alþb. stigu úr stólum sínum, skildu þeir efnahag Lánasjóðs ísl. námsmanna eftir mjög illa til reika má segja. Þar stefndi í gjaldþrot. Sjóðurinn hafði verið galopinn og ég efast um að það hafi verið námsmönnum mjög til góðs að svo laust var haldið um tauma á þeim bæ. En auk þess voru ekki tryggðir fjármunir til sjóðsins. Hann var látinn taka lán og það stefndi í gjaldþrot.

Strax þegar stjórnarskipti urðu árið 1991 var tekið mjög fast á því að styrkja stöðu lánasjóðsins. Það hefur tekist og nú er þessu umbótastarfi haldið áfram með þeirri tillögu um hækkun á framlögum til Lánasjóðs ísl. námsmanna sem hér um ræðir. Ég er sannfærður um að stjórnendur lánasjóðsins munu breyta þannig, og e.t.v. mun það síðar gerast með löggjöf, að staða sjóðsins styrkist enn frekar og ekki síst verður komið til móts við hagsmuni námsmanna.

[16:03]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, það er vissulega svo að að nokkru leyti hafa áform um niðurskurð í menntakerfinu verið dregin til baka og ég tók það sérstaklega fram. Þó að hv. 2. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, hafi séð ástæðu til að ítreka það sérstaklega, þá taldi ég mig draga það einmitt fram og lýsti yfir ánægju minni með það í ræðu minni. Það er hins vegar ekki nema örlítill hluti af þeim niðurskurði sem fyrirhugaður er engu að síður.

Varðandi það sem nefnt hefur verið goðsögnin um gjaldþrot Lánasjóðs ísl. námsmanna, þá vil ég vísa enn og aftur í þessa ágætu skýrslu sem samstarfsnefnd námsmannahreyfingarinnar tók saman þar sem þessi fullyrðing er hrakin og það hafa reyndar fleiri gert sem hafa fjallað um þessi mál, m.a. þeir sem komu beinlínis úr þessum málum úr röðum alþýðubandalagsmanna. Ég hef ekki tíma til þess í stuttu andsvari að rekja þessa sögu hér, en vil vísa hv. þm. á að fara ítarlega ofan í þessa greinargerð þannig að ég vísa því á bug að sjóðurinn hafi beinlínis stefnt í gjaldþrot á þeim tíma sem breytingin er gerð. Það hefur aldrei verið sýnt fram á það með óyggjandi rökum og m.a. er það hrakið í þessari skýrslu sem og víða annars staðar. Ég get því ekki fallist á þær skýringar fyrir þessari aðför að námsmönnum sem gerð var með lögunum frá 1992, engan veginn. Hins vegar fagna ég því ef núv. ríkisstjórn hyggst ætla að snúa við þeirri óheillaþróun sem átt hefur sér stað í málefnum námsmanna frá því á árinu 1992.

[16:05]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vegna orða hv. 12. þm. Reykv. vekja athygli á því að tæplega er hægt að tala um goðsögn um gjaldþrot Lánasjóðs ísl. námsmanna. Staðreyndin er sú að árið 1991 og árin þar á undan var staðan þannig að lánasjóðurinn tók dýr lán sem birtast núna með allt að 9% vöxtum og með þeim lánum var síðan lánað til námsmanna án þess að greiddir væru vextir. Lítið sem ekkert kom úr ríkissjóði inn í sjóðinn þannig að það sér hvert mannsbarn að það gat ekki stefnt annað en til gjaldþrots þegar annars vegar voru tekin lán með háum vöxtum og hins vegar veitt lán úr sjóðnum án vaxta og án þess að til þess kæmu sérstök framlög.

Ég vil bara ítreka að þær breytingartillögur sem hér er verið að fjalla um frá hv. meiri hluta fjárn. snúast um að bæta kjör námsmanna. Ég tel að það skipti mjög miklu máli vegna þess að hin íslenska þjóð á mjög mikið undir því að sem flestir fari til náms og afli sér þeirrar þekkingar og reynslu sem þarf til þess að takast á við lífið í þjóðfélagi okkar.

[16:07]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að viðbrögð hv. 2. þm. Vesturl. við ræðu minni kalla beinlínis á aðra ræðu ef ég ætti að koma að þeim útskýringum sem ég gjarnan mundi vilja um þetta mál. En til að skýra mál mitt vil ég vísa í þessa ágætu samantekt námsmannahreyfinganna, með leyfi forseta:

„Núvirt eigið fé lánasjóðsins var í upphafi árs 1991 jákvætt um 3 milljarða miðað við 6% ávöxtunarkröfu samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 1991. Ef sjóðnum hefði þá verið lokað hefði hann getað staðið við allar skuldbindingar sínar og að auki endurgreitt ríkissjóði að nafnvirði rúma 9 milljarða kr. af eigin fé sínu en 3 milljarða á núvirði eins og áður segir. Af þessu má vera ljóst að sjóðurinn var langt frá því að vera gjaldþrota eins og ítrekað hefur þó verið haldið fram. Þvert á móti vitna þessar tölur um að hann hafi staðið miklu sterkar fjárhagslega en aðrir sambærilegir sjóðir í eigu ríkisins."

Það hefur mikið verið tekist á um það hver staða sjóðsins hafi verið þegar gripið var til þessara óyndisúrræða sem lögin frá 1992 voru. Það sem skiptir öllu máli í dag er það hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að halda á málum námsmanna í framtíðinni. Kannski eru þessar fyrstu 100 milljónir sem setja á í breytingu á lögunum einhver vísbending um breytta stefnu og ég vona það svo sannarlega.

[16:08]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stundum hefur verið skopast að því á Alþingi hvað fjárlaganefndarmenn eru ósparir á þakkir hver í annars garð í ræðum sínum, einkum í 2. umr. um fjárlög hverju sinni. Ég læt það nú ekki á mig fá og hef mál mitt á því að þakka meðnefndarmönnum mínum, svo og starfsfólki nefndarinnar fyrir samstarfið, prýðilegt samstarf á þessari önn sem endranær.

Starfið í hv. fjárln. er mjög sérstakt, vinnutörnin löng og hörð og mikil samskipti nánast hvern einasta dag í margar vikur og þá skiptir miklu að starfsandinn sé í lagi. Annað væri nánast óbærilegt. Samstarfið er að mínu mati með ágætum í þessari nefnd þótt skoðanir séu skiptar um einstök atriði og heildarstefnuna.

Vinnan við þetta frv. hefur að þessu sinni verið nokkuð sérstök. Hún gekk mjög vel framan af og virtist lengi vel sem tiltölulega auðvelt yrði að standa við áætlanir um 2. umr. 5. desember. Undir lok nóvember brá hins vegar svo við að allt sat fast og gekk hvorki né rak í störfum nefndarinnar dögum saman. Meiri hlutinn virtist hreinlega í gíslingu hjá ráðherrunum sem skiluðu ekki áliti og tillögum sem beðið var eftir. Þetta kom sér vitanlega einnig illa fyrir okkur í minni hlutanum sem höfum haft lítið svigrúm til að vinna úr því sem fram hefur komið allra síðustu daga og vantar þó enn stóran og veigamikinn þátt inn í heildarmyndina þar sem ákvarðanir um rekstur sjúkrahúsa bíða 3. umr. Svipuð staða var raunar uppi fyrir ári þegar 2. umr. fór fram viku síðar en áformað var líkt og nú og nánast öllum heilbrigðismálakaflanum var frestað til 3. umr. þannig að staðan var reyndar enn þá verri. Það gerist sem sagt aftur nú á síðustu stundu að verið er að varpa fram tillögum eða hugmyndum úr heilbrrn. um það hvernig reyna eigi að ná fram sparnaði svo að skiptir tugum milljóna. Maður hlýtur að undrast og gagnrýna þessi vinnubrögð vegna þess að það er nánast líkast því að menn ranki við sér í byrjun desember í því ágæta ráðuneyti, heilbr.- og trn., og muni skyndilega eftir því að nú þurfi að koma fram með einhverjar tillögur. Auðvitað er þessu ekki þannig varið og í rauninni held ég að starfsfólk ráðuneytisins standi frammi fyrir óvinnandi verki og tillögurnar bera þess oft keim að vera hálfgerð örþrifaráð. Á hverju einasta ári er

því uppálagt að finna leiðir til sparnaðar og niðurskurðar í kerfi sem passar engan veginn inn í þann stakk sem því er skorinn. Niðurstaðan er oftar en ekki sú að vísa vandanum til hinna ýmsu stofnana og láta þeim eftir að leysa hann. Síðan þekkjum við ótal dæmi þess að lausnirnar eru ekki vel séðar og sæta mikilli gagnrýni og hæstv. ráðherra kemur svo sem frelsandi engill til hjálpar þeim sem aðgerðirnar hefðu bitnað á. Staðreyndin er auðvitað sú að sparnaður og niðurskurður læknar ekki sjúka og læknar ekki öryrkja. Þeir þurfa sína þjónustu eftir sem áður, en hún hefur því miður verið að versna og hún hefur breyst og kostnaðurinn sem á að sparast við allar þessar aðgerðir skýtur einfaldlega upp kollinum annars staðar í kerfinu. Við erum einmitt að fjalla um afar skýrt dæmi í tengslum við aukafjárlög þessa árs þar sem heilsugæslan í Reykjavík á nú við sívaxandi halla að etja og sá halli starfar einkum af niðurskurðinum á sjúkrahúsunum. Fólk þarf að bíða lengur eftir aðgerðum og það er sent veikara heim af sjúkrahúsunum. Þetta kallar m.a. á heimahjúkrun í sífellt auknum mæli sem veldur auknum kostnaði hjá heilsugæslunni.

Því miður hafnaði meiri hluti Alþingis tillögu minni hlutans um aukið framlag til heilsugæslunnar við 2. umr. um fjáraukalögin, en frekari umræða um heilbrigðismálin hlýtur að bíða 3. umr. þegar séð verður hvernig meiri hlutinn vill afgreiða fjárhagsramma sjúkrahúsanna og tryggingakerfisins og þá vitum við hugsanlega eitthvað meira um útfærslu nýjustu tillagna ráðuneytisins um 100 millj. kr. sparnað í kostnaði vegna rannsókna og röntgenmyndatöku. Um það efni vitum við lítið nema fulltrúar ráðuneytisins fullyrtu að ekki ætti að auka hlut sjúklingsins og á það verður að sjálfsögðu ræki lega minnt.

Herra forseti. Fulltrúar allra þingflokka í minni hlutanum standa að sameiginlegu nefndaráliti sem hv. frsm., hv. 5. þm. Vesturl., hefur nú mælt fyrir. Það varð einnig að ráði að við stæðum saman að nokkrum tillögum til breytinga sem ekki náðust fram í vinnu nefndarinnar og við kusum að skipta með okkur verkum að mæla fyrir þeim. Ein þeirra er á þskj. 348 og er flutt vegna þess að við getum engan veginn fallist á þann niðurskurð í þessu frv. til fjárlaga 1997 sem beinist að framhaldsskólum landsins.

Nú vil ég sérstaklega taka það fram að við styðjum og fögnum þeim tillögum sem lesa má um og kynna sér á blaðsíðu fimm í þskj. 332, þ.e. brtt. meiri hlutans, tillögum 13–20 þar sem framlög til framhaldsskóla almennt eru allmikið aukin, til Vélskóla Íslands, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Húsmæðraskólans á Hallormsstað sem sérstök ástæða er til að fagna þar sem þar með voru tekin til baka áform um að hætta rekstri hússtjórnarskólans í núverandi mynd og vonandi verður framtíð þeirrar starfsemi tryggð betur og áfram. Framlög eru líka hækkuð til Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Lánasjóður ísl. námsmanna fær 100 millj. kr. hækkun og sömuleiðis jöfnun á námskostnaði. Allar þessar hækkunartillögur eru af hinu góða. En eftir sem áður er umtalsverður niðurskurður til framhaldsskólanna. Ég ræddi það talsvert við 1. umr. um frv. Þá beindust áhyggjur mínar fyrst og fremst að örlögum framhaldsskólanna á Laugum, Húsavík og í Nesjum í Austur-Skaftafellssýslu, enda bitnaði niðurskurðurinn harðast á þeim. En meiri hlutinn hefur nú fallist á að ekki verði gengið að þessum skólum á þennan hátt og er það vel. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það nú hversu mikilvægu hlutverki þessir skólar gegna í sínum heimabyggðum og hversu misráðið er að raska grunninum að starfi þeirra. Ég vil aðeins láta í ljós von um að viðræður sem í gangi eru um framtíð þessara skóla og fjárveitingar til þeirra leiði til farsællar niðurstöðu.

Meiri hlutinn leggur til að þessir skólar fái við svo búið viðbótarfjárveitingu af óskiptum lið framhaldsskólanna og að liðurinn verði m.a. í því skyni hækkaður um 30 millj. kr. Þótt með þessu verði vonandi bættur sárasti skaðinn finnst okkur í minni hlutanum ekki nóg að gert. Öllum framhaldsskólum er ætlað að búa til skert fjárframlög og það hefur að vonum vakið hörð viðbrögð og reiði, bæði meðal skólamanna og meðal alls almennings enda varða þessi mál hvert mannsbarn í landinu og framtíð okkar allra og vísa ég þar með til orða hv. 2. þm. Vesturl. sem hafði svipuð orð í andsvari sínu áðan.

Það bundu margir vonir við nýsett lög um framhaldsskóla sem m.a. áttu að tryggja aukna áherslu á verkmenntun sem hefur sannarlega verið vanrækt í þessu landi til mikils skaða fyrir þjóðfélagið allt. Tillögurnar í fjárlagafrv. um 200 millj. kr. niðurskurð til framhaldsskólanna komu því mörgum á óvart eftir öll faguryrðin fyrr á árinu og verkuðu sem reiðarslag á þá sem raunverulega trúðu því að nú ætti að hefja framhaldsmenntun og sér í lagi verkmenntun til vegs og virðingar. Lágmarkið var auðvitað að ekki yrði gert verr en áður og maður hlýtur að spyrja hvenær stjórnvöld telji tímabært að styrkja og bæta grunninn ef ekki nú þegar betur árar. Hver er eiginlega framtíðarsýnin þegar stefnan birtist í stórfelldum niðurskurði í sæmilegu árferði?

Tillagan um fallskattinn svokallaða vakti einnig mikla reiði og viðbrögð enda getur hann komið illa við þá sem síst skyldi. Þær raddir heyrast vissulega, m.a. frá stjórnendum í skólakerfinu, að nokkur hluti nemenda þurfi aðhald og hvatningu til að slá ekki slöku við og gjöld vegna endurtekinna prófa geti verkað á þann veginn. Vel má vera að ráðstafanir af þessu tagi mundu hitta fyrir einhver verðug fórnarlömb. En miklu meiri ástæða er til að gæta hagsmuna þeirra sem höllum fæti standa í þessu kerfi, nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa mikið fyrir náminu að hafa eða verða fyrir töfum af ýmsum óviðráðanlegum orsökum og þá er það vel kunnugt að miklu erfiðara er að skipuleggja námsferil í áfangakerfi fjölbrautaskólanna og þar vill brenna við að nemendur ætla sér um of og verða að slá af þegar líður á önnina eða freista þess að ná prófi þrátt fyrir takmarkaðan undirbúning. Að skattleggja nemendur og aðstandendur þeirra sérstaklega af þessum sökum er sérlega ógeðfellt og fáránlegt að vísa ábyrgðinni á fáeina svarta sauði í þeirra hópi. Minni hlutinn vill að snúið verði aftur af þessari braut. Við leggjum til að fjárveiting til liðarins Framhaldsskólar verði hækkuð um 250 millj. kr. og sú hækkun verði notuð til að skila framhaldsskólunum aftur þeim niðurskurði sem birtist í fjárlagafrv. og til að hætta við þessi heimskulegu áform um fallskattinn. Við leggjum til að þessum fjármunum verði deilt út til skólanna eftir þeim reglum og gildistölum sem verið hafa til viðmiðunar og við miðum við að þar með verði varið sama fé að raunvirði á hvern nemanda í framhaldsskólunum eins og skólarnir búa við á þessu ári. Það er hugsunin á bak við þessa tillögu og ég vona að hv. þingmenn skilji það og styðji tilöguna. Metnaður okkar stæði vissulega til þess að gera enn betur en það er okkar niðurstaða að minna sé ekki viðunandi.

Menn hafa vafalaust tekið eftir að við leggjum hvorki til niðurskurð né tekjuauka á móti. Ástæðan er sú að við teljum þessa upphæð fyllilega rúmast innan fjárlagarammans og þó

talsvert meira væri. Tekjuhliðin er augljóslega vanáætluð um a.m.k. 1,5–2 milljarða kr. þannig að heildarniðurstöðutölur frv. standast fyllilega þótt allar útgjaldatillögur bæði meiri hluta og minni hluta yrðu samþykktar að viðbættum væntanlegum hækkunum í heilbrigðismálakaflanum. Við sáum því ekki ástæðu til að leggja fram mótaðar tillögur um tekjuauka eða niðurskurð á móti.

Ég vil um leið benda á tillögur okkar þingkvenna Kvennalistans sem eru á þskj. 345. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir mun væntanlega skýra þær nánar síðar í umræðunni, en ég vil vekja athygli á þeim tillögum hér og nú og biðja hv. þingmenn að skoða þær vandlega. Þær eru að sumu leyti kunnuglegar enda höfum við haft þær áherslur lengi. Þar er fyrst um að ræða hógværa tillögu um svolitla hækkun til Námsgagnastofnunar en Kvennalistinn hefur margsinnis reynt að vekja þingmenn til umhugsunar um nauðsyn þess að gera betur við þá stofnun sem gegnir svo mikilvægu hlutverki í menntakerfinu. Ættu menn ekki síst nú að sýna henni skilning eftir þá miklu umræðu sem verið hefur að undanförnu í tilefni af birtingu skýrslu um stöðu raungreina í skólum landsins sem að hluta til mun rakin til ófullnægjandi námsgagna.

Þá er tillaga um framlag til Félags einstæðra foreldra, sem hefur sótt um styrk úr ríkissjóði til að fjármagna nauðsynlegar endurbætur og viðhald á húsnæði sínu þar sem einstæðir foreldrar frá aðstöðu gegn vægu gjaldi um takmarkaðan tíma. Félag einstæðra foreldra fær nokkurt framlag til reksturs á fjárlögum en ekki náðist samstaða í fjárln. um styrk til viðhalds og endurbóta á húsnæði félagsins sem það hefur áætlað að kosta muni um 12 millj. kr. Rökin fyrir þeirri afstöðu meiri hlutans voru m.a. þau að þetta væri fremur verkefni sveitarfélaganna. Við erum vissulega þeirrar skoðunar að þau ættu að koma þarna inn í þar sem Félag einstæðra foreldra er einmitt að stórum hluta að leysa vanda sem sveitarfélögin koma að og ber í raun og veru að leysa. En ríkið á að okkar dómi að koma þarna inn í og við leggjum til að það fjármagni helming þessa kostnaðar en sveitarfélögin komi þar á móti með framlag. Það er mjög brýnt að styrkja og styðja þessa athyglisverðu starfsemi sem hefur hjálpað svo mörgum í erfiðum aðstæðum. Ég vona að hv. þingmenn sjái sér fært að styðja þessa tillögu þrátt fyrir svolítinn meiningarmun því að ég veit að fulltrúar meiri hlutans hafa skilning á þeim aðstæðum sem þarna er um að ræða.

Loks er tillaga um sérstakt framlag til aðgerða til að jafna launamun kynjanna. Hér stendur að þetta sé nýr liður og vissulega er verið að leggja til nýjan lið á fjárlögum en þetta er ekki nýr liður í brtt. Kvennalistans. Við lögðum fram sams konar tillögu á síðasta ári og hún hlaut ekki brautargengi en lengi má manninn reyna og við vonum að hv. þingmenn sýni þessari tillögu skilning. Við höfum margsinnis reynt að koma fram með tillögur og hugmyndir sem gætu gagnast til að taka á því sérsaka vandamáli, þ.e. launamisrétti kynjanna, og þarf ekki að minna á þá umræðu sem var fyrirferðarmikil í aðdraganda síðustu þingkosninga eftir útkomu skýrslu um launamisrétti kynjanna og Kvennalistinn brást við með því að leggja fram mótaðar tillögur um hvernig mætti taka á þeim vanda. Þetta er ein af þeim, þ.e. að taka frá sérstaka upphæð. Hún er ekki há og mundi vitaskuld ekki duga en þetta er viðleitni og hún er ætluð til að hækka sérstaklega fólk sem er óréttí beitt að þessu leyti. En ætlunin er að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir fjalli betur um þá tillögu síðar í umræðunni.

Þessar tillögur eru nokkuð táknrænar fyrir þær áherslur sem Kvennalistinn hefur lagt í sínu starfi og bera kvennapólitískt svipmót þótt það væri vitanlega sterkara og víðtækara ef við réðum meira ferðinni. Þó hlýt ég að segja að mér finnst skilningur og velvild í garð okkar sjónarmiða hafa vaxið á hv. Alþingi og í hv. fjárln. þar sem fátt kemur lengur þeim félögum mínum á óvart og er sá munur allnokkur frá fyrstu tíð okkar á þessum vettvangi.

Herra forseti. Mig langar til að vekja athygli hv. þingmanna á því sem segir í kaflanum um umhverfismál í áliti minni hlutans. Umhverfismál eru mjög vaxandi málaflokkur um allan heim og hafa víða annars staðar meira vægi en hér enda áhrif mengunar og annarra umhverfisvandamála miklu sýnilegri en hér á landi. Þó koma þeir dagar æ oftar þar sem mengun af völdum útblásturs frá bifreiðum og verksmiðjum er jafnvel tilefni myndatöku, eins og sjá má á bls. 6 í Morgunblaðinu í dag. Slíkt ástand og miklu verra kannast menn við víða erlendis, t.d. í iðnaðarlöndum Evrópu þar sem mengunin byrgir sýn stóran hluta ársins og öll könnumst við við hvernig er að koma hingað til landsins úr takmörkuðu skyggni utan lands og sjá landshornanna á milli þegar loftið er sem tærast eins og henti nýlega þá sem hér stendur. Það er notaleg tilfinning og hlýtur að vekja með manni einlæga löngun til að stuðla að því með öllum tiltækum ráðum að svo geti verið um langa framtíð. En það er einmitt þess vegna sem við Íslendingar erum of andvaralausir og skynjum ekki nógu sterkt þann mikla vanda sem steðjar að öllu lífi og framtíð á jörðinni. Flestir landsmenn telja okkur bara í góðum málum miðað við aðra og hafa litlar áhyggjur af umhverfismálum almennt. Það er helst að menn viðurkenni nauðsyn þess að taka til sýnilegt rusl og koma því fyrir á skikkanlegan hátt og bæta frárennslismálin auk þess sem vaxandi skilningur er á því að úrbóta sé þörf vegna vaxandi ferðamennsku og áhrifa hennar á umhverfið og náttúru landsins. En að við séum sek í sambandi við mengun andrúmsloftsins er mörgum ekki áhyggjuefni. En því miður, þar erum við svo sannarlega bullandi sek. Bílaeign og bílanotkun er mikil og gríðarlegu magni af koltvíoxíði er blásið út í loftið frá bílum, skipum og flugvélum, svo og frá iðnaðarframleiðslu og annarri eldsneytisnotkun. Langmesta mengunin er tengd samgöngum eða um 66% og þar eiga skipin okkar stóran og vaxandi hlut vegna æ lengri siglinga fiskiskipa og aukinnar frystingar úti á sjó.

Kvennalistinn hefur ítrekað reynt að þrýsta á um ákveðið frumkvæði af hálfu íslenskra stjórnvalda í rannsóknum og tilraunum með mengunarfrírra eldsneyti sem brýn nauðsyn er að koma á markað sem allra fyrst því að ekki er raunhæft að binda vonir við minnkandi notkun samgöngutækja, hvorki hér á landi né annars staðar. Hið gagnstæða verður örugglega frekar raunin.

Ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um að hún vilji leggja aukna áherslu á umhverfismál þó það sé lítt sýnilegt í frv. til fjárlaga næsta árs. Um alllangt skeið hefur verið unnið að gerð framkvæmdaáætlunar í umhverfismálum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og er hún nú á lokastigi í umhvrn. Í byrjun nóvember var haldið fjölmennt umhverfisþing til umfjöllunar um þessa áætlun þar sem fram kom mikill áhugi og fjöldi tillagna og ábendinga en jafnframt vissar áhyggjur um að ekki yrði séð fyrir nægu fjármagni til framkvæmdanna. Áætlunin er til næstu fjögurra ára og í henni er að finna markmið og leiðir sem augljóslega munu kosta talsvert fé. Verkefnin munu dreifast á nokkur ráðuneyti, en umhvrn. þarf

að hafa með höndum frumkvæði, skipulagningu, upplýsingar og eftirlit, auk beinna verkefna til að ná settu markmiði. Í fjárlagafrv. sjást þess hins vegar engin merki að gert sé ráð fyrir aukinni starfsemi ráðuneytisins vegna þessa. Það styður auðvitað þann ugg sem fram kom á umhverfisþinginu að ekki fylgi nægilegur hugur máli.

Allar stofnanir umhvrn. gegna mikilvægum og vaxandi verkefnum og þyrftu auknar fjárveitingar ef vel ætti að vera. Minni hlutinn vill sérstaklega benda á aðstæður innan tveggja þessara stofnana. Er þá fyrst til að taka Hollustuvernd ríkisins.

Þrátt fyrir aukafjárveitingu á þessu ári til Hollustuverndar ríkisins eru horfur á verulega auknum halla hjá stofnuninni sem henni virðist ætlað að draga áfram á eftir sér. Ástæðan fyrir erfiðum rekstri stofnunarinnar er sú að henni eru sífellt ætluð aukin verkefni án þess að fjárveitingar og stöðuheimildir fylgi. Aukin verkefni eru fyrst og fremst vegna alþjóðlegra samninga og skuldbindinga, svo sem vegna EES o.fl. Slík verkefni eru orðin svo rúmfrek að framkvæmd eftirlits og vöktunar sitja á hakanum, og sama er að segja um rannsóknir, fræðslu- og leiðbeiningarstörf. Niðurstöður úttektar á verksviði og mannaflaþörf stofnunarinnar, sem unnin var af Skipulagi og stjórnun ehf., eru þær að 20,5 stöðugildi til viðbótar þeim 40 sem fyrir eru sé „alger lágmarksþörf". — Ég er ekki með skýrsluna við höndina en ég man ekki betur en þeir teldu að það þyrfti nærri að tvöfalda mannafla til að sinna öllum þeim verkefnum sem hér væri um að ræða.

Í frv. er gert ráð fyrir að aðeins verði fjölgað um eitt starf vegna framkvæmda laga um erfðabreyttar lífverur. Málefnum þessarar stofnunar er með þessu stefnt í óefni. Ég tel að það þurfi að gera áætlun um uppbyggingu og lagfæringu á málefnum þessarar stofnunar.

Veðurstofan er önnur stofnun sem ég vil fara nokkrum orðum um. Hún hefur tekið á sig æ fleiri og stærri verkefni á síðustu árum, einkum við vöktun náttúru og umhverfis og er skemmst að minnast að til hennar var vísað snjóflóðavörnum á síðasta þingi. Forsvarsmenn stofnunarinnar telja launalið hennar vanáætlaðan um liðlega 11 millj. kr. miðað við óbreytt umfang almennrar starfsemi og telja samdrátt í þjónustu óhjákvæmilegan fáist hann ekki leiðréttur. Meiri hlutinn hefur ekki viljað fallast á það þótt ljóst sé að Veðurstofan þarf aukinn mannskap ef hún á að geta aukið sértekjur sínar eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Verra er þó að ekki hefur fengist leiðrétting á framlagi til eignakaupa stofnunarinnar. Sá liður þyrfti 10–20 millj. kr. hækkun og má til áherslu vitna í rökstuðning Veðurstofunnar. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að vitna í gögn frá Veðurstofunni: „120 ársverka stofnun sem veltir 450 millj. kr. (þar með talið vegna ICAO, ofanflóðasjóðsverkefni, ESB-styrkt verkefni o.fl.), rekur 150 veðurathugunarstöðvar, 30 jarðskjálftastöðvar, veðurratsjá, tvær háloftastöðvar, 50–60 tölvur, netkerfi til tölvuvinnslu og fjarskipta og margt fleira, gerir nánast ekkert til endurnýjunar búnaðar eða bætir þjónustu með eignakaupalið upp á 10,4 millj. kr."

Þetta er að mínu mati réttmæt ábending og hefði verið skynsamlegt að koma til móts við óskir stofnunarinnar þó ekki væri nema að hálfu.

Ég vil þá víkja örfáum orðum að forvörnum og aðgerðum vegna vímuefnavandans sem er sérstakur kafli í okkar nefndaráliti.

Stjórnvöld hafa nú loks tekið við sér vegna vaxandi neyslu vímuefna sem veldur ómældum vanda, ekki aðeins einstaklinga og heimila, heldur þjóðfélagsins alls. Það er mikið áhyggjuefni að ólögleg efni virðast beinlínis streyma inn í landið. Starfsemi innflytjenda, ef svo má að orði komast um þessa glæpamenn, og sölumanna teygir krumlurnar um allt samfélagið, neytendur verða sífellt yngri og ofbeldi verður æ harðara innan þessara hópa. Stjórnvöld hyggjast nú loks taka nokkuð á vandanum og þá fyrst og fremst með því að freista þess að draga úr framboði ólöglegra efna, herða löggæslu og tollgæslu. Því ber að fagna, enda brýn nauðsyn að efla gæslu á því sviði og sérstaklega að herða eftirlit í hinum ýmsu höfnum landsins. Einnig þarf stórbætta gæslu í Leifsstöð, m.a. vegna ábendinga frá Interpol um vaxandi hættu á að stöðin verði notuð sem skiptistöð til að koma ópíum og heróíni frá Suður-Ameríku til Evrópulanda. Og hvað vitum við nema sú starfsemi sé hafin.

Skuggahliðin á þessu átaki stjórnvalda er sú að það er ekki nóg að draga úr framboði eiturefnanna heldur þarf með öllum tiltækum ráðum að draga úr eftirspurninni sem er mikil og ört vaxandi, því miður ekki síst meðal ungmenna. Forvarnaþátturinn er vanræktur og illa skipulagður og meðferðarþátturinn er fjársveltur þrátt fyrir augljósan og merkilegan árangur á því sviði. Þar mætti ná enn betri árangri við björgun og endurhæfingu þeirra sem lent hafa í klóm eiturefnanna. Þessi mál verðskulda og þurfa styrkari stuðning en til þessa hefur verið veittur. Það er að stórum hluta forvarnir að stuðla að endurhæfingu vímuefnaneytenda og bjóða upp á úrræði sem duga til að halda þeim frá neyslu. Meiri stuðningur stjórnvalda mundi skila sér margfalt til samfélagsins aftur. Það er ég alveg sannfærð um. Ég hefði kosið að sjá myndarlega tekið á þeim þætti þótt rétt sé að ítreka ánægju og stuðning við aukin framlög til toll- og löggæslu til þess að freista þess að draga úr framboði ólöglegra vímuefna sem eru einn af bölvöldum mannkyns og ógn við framtíð barna okkar og unglinga.

Eins og segir í nefndaráliti minni hlutans, þá tókum við þátt í afgreiðslu þeirra brtt. sem meiri hlutinn flytur og styðjum margar þeirra. Það væri út af fyrir sig ástæða til að fjalla um það hér en það gæti orðið óþarflega langt mál og margir á mælendaskrá. Ég ætla að spara mér það og auðvitað er það aðeins smámunasemi af okkar hálfu að fara að flokka þessar tillögur og lýsa ánægju með sumar og óánægju með aðrar en þannig er þessu auðvitað farið að afstaða manna og áherslur eru misjafnar. Það voru nokkrir liðir sem ég lagði sérstaka áherslu á í nefndinni og er sátt við afgreiðslu sumra þeirra en síður annarra eins og gengur. Kvennasögusafnið var til umfjöllunar hjá síðasta ræðumanni, hv. 12. þm. Reykv., þannig að ég þarf ekki að hafa mörg orð þar um. Þetta merka safn var nýlega opnað með viðhöfn sem sérstök deild innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafnsins og er, eins og menn þekkja vonandi, stór hluti af ævistarfi merkrar konu, dr. Önnu Sigurðardóttur sem lést í janúar sl. Safnið var öll árin frá stofnun þess, þ.e. síðustu 20 ár, til húsa á heimili dr. Önnu, sem lagði ómetanlega sjálfboðavinnu af mörkum í þágu þessa málefnis og þar með ómetanlegan skerf til varðveislu og rannsókna á sögu kvenna. Er mjög mikilvægt að því starfi verði haldið áfram af fullum sóma. Annað væri vanvirðing við ómetanlegt starf þessarar merku konu. Staður þessa safns er tvímælalaust innan veggja Landsbókasafns – Háskólabókasafns og það var stór stund þegar safnið var opnað 5. desember sl. á afmælisdegi dr. Önnu Sigurðardóttur. En eins og fram kom í máli hv. 12. þm.

Reykv. fylgdi sá böggull skammrifi að stjórn Landsbókasafns – Háskólabókasafns taldi sig ekki hafa fjármagn til þess að greiða starfsmanni Kvennasögusafnsins laun og tók við safninu með því skilyrði að stjórn Kvennasögusafnsins sæi um útvegun fjár vegna þess kostnaðar. Það er ljóst að hlutverk Kvennasögusafnsins er stórt og fer vaxandi vegna þess m.a. að nú er loks hafin kennsla í kvennafræðum í Háskóla Íslands og mikill áhugi á þeim auk vaxandi áhuga utan Háskóla Íslands. Það er ekki sjáanlegt að Kvennasögusafnið geti aflað sér sérstakra tekna og því er mjög nauðsynlegt að taka á þessu máli þannig að það sé algerlega tryggt að stjórn Kvennasögusafnsins fái það fjármagn sem þarf til þess að reka þetta safn.

Ég var ekki sátt við orðalag hv. formanns fjárln. í framsöguræðu hans og fannst ekki svo ljóst til orða tekið að hægt væri að herma það upp á stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Mér fannst sem sagt ekki koma nægilega skýrt fram að tryggt sé að þetta fé rati rétta leið en ég veit af samtölum við einstaka nefndarmenn í fjárln. að þeir hafa fullan vilja á því að svo verði. Ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir þau orð sem hann viðhafði áðan og treysti því að við munum athuga þetta á milli umræðna. Ef einhver minnsti vafi leikur á því að þetta fari eins og okkar vilji hefur staðið til mun ég hafa frumkvæði að því að flutt verði brtt. við 3. umr. um sérstakan lið á fjárlögum eins og ég hef áður boðað í hv. fjárln. og ég mun leita eftir stuðningi a.m.k. allra þingkvenna og á bágt með að trúa því að þær verði ekki allar til þess búnar að koma til aðstoðar í þessu efni. (Gripið fram í.) Jú, en því miður er því búinn sá stakkur vegna naums fjárhagsramma Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns að stjórn þess taldi ekki svigrúm til þess að kosta sérstakan starfsmann til að veita þjónustu í þessari sérstöku deild. Ég geri ekki lítið úr velvilja Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, svo ég fari nú enn einu sinni með þetta langa heiti á þessari merku stofnun, en það er okkar hlutverk þá að tryggja það að Kvennasögusafni Íslands verði sýndur sá sómi sem því ber. Saga kvenna hefur of lengi verið hornreka og tími til kominn að búa rannsóknum og fræðum á þessu sviði verðugri sess. En ég treysti því að við munum athuga þetta og tryggja þetta málefni milli umræðna.

Um annan málaflokk vil ég fara hér örfáum orðum um þ.e. ferðamálin. Ég ætla ekki að halda neina langloku um mikilvægi þeirra í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna. Það hef ég gert oftsinnis áður og á sjálfsagt eftir að gera það við önnur tækifæri. Hér vil ég aðeins undirstrika nauðsyn þess að við séum vel á verði gagnvart þeim spjöllum sem ferðaþjónustan getur valdið á náttúru landsins. Um leið og ég þakka stuðning allrar fjárln. við hækkun framlags til þess verkefnis sem merkt er Fjölsóttum ferðamannastöðum og er ætlað til úrbóta og fyrirbyggjandi aðgerða hlýt ég að minna á hversu brýnt er að vinna ötullega á þessu sviði. Í fjárlagafrv. var þessi liður lækkaður um 5 millj. kr. frá yfirstandandi ári þar sem voru 10 millj. kr. til ráðstöfunar. Það varð að samkomulagi í hv. nefnd að hækka hann aftur og bæta um betur þannig að í heild nemur hann nú 14,1 millj. kr. eftir væntanlega samþykkt Alþingis og er það mikilvægt skref í rétta átt. En um leið og ég segi það vil ég biðja menn að íhuga að þessi upphæð er í raun aðeins ígildi þriggja vænna ráðherrabíla og má nú undarlegt teljast ef þjóðin telur sig ekki hafa efni á því að gera betur við stássstofu lands okkar og þjóðar.

Það er út af fyrir sig ánægjulegt í þessu sambandi að geta minnt á það að margir aðilar, bæði sveitarfélög, fyrirtæki, einstaklingar, félög og samtök af ýmsu tagi, hafa reynst fús til að bæta við þá upphæð sem frá ríkinu kemur til þessara hluta þannig að á næsta ári má búast við að unnt verði að vinna að úrbótum fyrir a.m.k. tvöfalda þessa upphæð. En þörfin er mikil og brýnt að tryggja áframhaldandi varðstöðu í þessu efni.

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst rætt um gjaldahlið frv. og einstaka liði hennar enda er það hún sem er fyrst og fremst til umræðu. Ég ræddi um tekjuhliðina og forsendu frv. við 1.umr. og þessir þættir verða frekar til umfjöllunar við 3. umr. Ég gæti í rauninni endurtekið allt sem ég sagði við 1. umr. um fjárlagafrv. þar sem allt bendir til að það sem ég sagði þar hafi átt við rök að styðjast. Ég hélt því fram þá að tekjuhliðin væri vanáætluð um 1–2 milljarða og það mun koma á daginn og því ber að fagna. Það bendir allt til þess að markmið ríkisstjórnarinnar um að afgreiða fjárlögin með afgangi á næsta ári náist og jafnvel meiri afgangi en stefnt var að þegar frv. var lagt fram og ég er sammála því markmiði í sjálfu sér og tel skynsamlegt og nauðsynlegt að grynnka á skuldum ríkissjóðs. Það næst auðvitað ekki nema ríkissjóður skili afgangi. Hins vegar er ég ekki sátt við skiptingu fjármuna eins og ljóst má vera af máli mínu og vísa í það sem ég hef sagt fyrr.

Ég vil aðeins koma inn á það sem kom fram í máli hv. formanns fjárln. þar sem hann ræddi nokkuð um störf fjárln. og hlutverk. Ég vil taka undir það sem hann sagði, ég skrifaði það ekki hjá mér en mig minnir að hann væri fyrst og fremst að tala um ágæti þess að gera fjárhagsáætlun til lengri tíma fyrir ríkissjóð og ég er sammála því. Hann talaði einnig um nauðsyn þess að gera forgangsröðun markvissari og því er ég hjartanlega sammála en því miður erum við ekki alltaf sammála um hvernig forgangsröðunin ber að vera en það er nauðsynlegt að vinna markvissar að því að forgangsraða í ríkisfjármálum. Hann drap einnig á þátt einstakra fagnefnda Alþingis og ég vil leggja áherslu á að mér finnst hafa orðið talsverð umskipti í þeim efnum þar sem ég þekki þetta starf frá fyrri tíð minni á Alþingi. Ég tel það mjög af hinu góða að fagnefndir þingsins fjalli um þá kafla sem tilheyra þeirra starfi. Það tryggir betra upplýsingaflæði milli þingmanna og gerir þá miklu virkari í umfjöllun um þetta stóra og mikilvæga dæmi sem við fáumst við. Ég er ekki að gagnrýna það sem fram kom í máli hv. formanns fjárln. heldur taka undir það og væri ástæða til að fjalla um það í betra tómi.

Ég vil að lokum nefna það, sem ég hef reyndar oft rætt úr þessum ræðustóli og síðast við umfjöllum um fjáraukalög þessa árs. Það er ekki aðeins svo að ég hafi ýmislegt við forgangsröðun og skiptingu fjármuna í fjárlögum ársins að athuga heldur koma þar fram ýmsar upphæðir sem aðgerðir af ýmsu tagi standa á bak við. Þar vil ég sérstaklega til taka ráðstafanir sem framkvæmdar voru á síðasta ári og ríkisstjórnin stóð fyrir til lækkunar á útgjöldum sem hv. 12. þm. Reykv. fjallaði einmitt rækilega um. Ég ætla nú að stytta það mál sem ég ætlaði að hafa um það, enda margir sem bíða á mælendaskránni. Ég vil aðeins vísa sérstaklega til þess óhæfuverks í lok síðasta árs að aftengja elli- og örorkulífeyri við almenna launaþróun í landinu. Stjórnarandstaðan barðist hart gegn þeim gjörningi sem var bæði óréttlátur og heimskulegur og þarf ekki að endurtaka öll rökin í því máli. Ég vil aðeins vísa til ræðu hv. 12. þm. Reykv. sem var með allnákvæma útlistun á áhrifum þessarar ráðstöfunar. Í máli hennar kom einmitt fram að það er deginum ljósara að elli-

og örorkulífeyrisþegar töpuðu verulega á þessum gjörningi og þar var svo sannarlega ráðist að þeim sem síst skyldi. Það er margt sem laga þarf í rekstri og efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og þetta síðastnefnda er að mínum dómi efst á þeim lista.

[16:56]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1997 leggur meiri hluti hv. fjárln. fram brtt. við gjaldalið fjárlagafrv. og hefur hv. formaður fjárln. mælt fyrir þeim tillögum. Ekki hefur tekist að ljúka afgreiðslu allra þeirra erinda sem fyrir nefndinni liggja og verða þau að bíða 3. umr. Þar má einkum nefna tillögur um sjúkrastofnanir auk tillagna er varða tekjuhlið frv. eins og venja er, heimildarákvæði 6. gr. og B-hluta eins og gert er ráð fyrir.

Ég vil gera hér að umtalsefni þátt fagnefnda í þeirri vinnu sem unnin hefur verið við undirbúning þess að taka fjárlagafrv. til 2. umr. Eins og fram kemur í nál. meiri hluta fjárln. hafa fagnefndirnar lagt fram sín nál. og fulltrúar þeirra nefnda gerðu grein fyrir álitunum á fundum fjárln. og ber að þakka þá ágætu vinnu sem unnin var í fagnefndunum en hún auðveldar fjárln. vissulega þá vinnu sem hún þarf að leggja í. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að það hefur stundum verið gagnrýnt að fagnefndirnar komi ekki nægilega mikið að starfi og undirbúningi við setningu fjárlaganna en ég tel að sú vinna sem hefur farið fram í haust afsanni þá gagnrýni og það hafi komið í ljós hversu mikilvæg vinna fagnefndanna er og að hún er vissulega vel metin hjá hv. fjárln.

Eins og fram kemur í nál. meiri hluta nefndarinnar eru tillögur til hækkunar á 4. gr. frv. samtals 710 millj. kr. Er þess að vænta að við 3. umr. verði afgreiddar tillögur til breytinga á tekjum og gjöldum á þann veg að markmiðið um hallalaus fjárlög náist og tryggt verði eftir því sem afgreiðsla fjárlaga gefur tilefni til það mikilvæga markmið að halda stöðugleika í verðlags- og peningamálum. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta: „Með myndun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefst ný framfarasókn þjóðarinnar. Undirstöður velferðar verða treystar og sköpuð skilyrði fyrir bættri afkomu heimilanna í landinu. Áhersla verður lögð á samheldni þjóðarinnar, samvinnu vinnuveitenda og launþega, dreifbýlis og þéttbýlis. Efnahagslegur stöðugleiki og jafnvægi í ríkisfjármálum eru forsendur framfara, lágra vaxta, öflugs atvinnulífs og atvinnuöryggis." Svo mörg voru þau orð en þau eru mikilvæg og auðvitað mikilvægt innlegg í alla umræðu sem lýtur að stefnumörkun og störfum ríkisstjórnarinnar. Allt starf stjórnarflokkanna hlýtur að miða að því að ná þessum markmiðum sem stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar felur í sér.

Allt bendir til þess að alþjóðleg hagþróun verði hagstæð á næsta ári og spáir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn 3,8% aukningu í heimsframleiðslu á þessu ári sem er meira en var árið 1995 og 4,1% á næsta ári. Skapa þessar aðstæður sterkari stöðu *á mörkuðum útflutningsafurða okkar*. Verulegur hagvöxtur hefur verið hér á landi í ár, eða um 5,5%. Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,5% á næsta ári og 4% ef álvers- og stóriðjuframkvæmdir fara af stað eins og margt bendir til að geti orðið. Það bendir því allt til þess að fjárfestingar muni aukast og draga muni úr atvinnuleysi. Það hefur því vissulega rofað verulega til í efnahagsmálum og komið hefur í ljós að árangur þeirra aðgerða sem markvisst hefur verið unnið að á síðustu árum, bæði á vegum fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem nú ræður ferð. Það er vissulega verk að vinna, ekki síst hjá aðilum vinnumarkaðarins sem semja um skiptingu þess ávinnings sem hefur orðið og gæti blasað við ef vel verður á spilum haldið hjá atvinnufyrirtækjum landsins og ekki síður stjórnvöldum. Það skiptir því miklu máli að haldið verði fast við þau markmið í ríkisfjármálum sem að er stefnt svo stöðugleikinn haldist um leið og kjör verði bætt.

Markmið okkar í ríkisrekstrinum á að vera krafa um einföldun og ábyrgð og árangur í ríkiskerfinu. Með einföldun á ég ekki síst við eftirlitshlutverk ríkisins og það flókna eftirlitsstofnanakerfi sem sett hefur verið upp á mörgum sviðum, og stjórnsýsluna sem stýrir velferðarkerfinu. Einföldun hlýtur að geta falist í aukinni einkavæðingu og því að færa verkefni til sveitarfélaga og/eða stofnana sem næst þeim vettvangi sem sinna á með dreifðu valdi og ábyrgð en sem minnstri miðstýringu. Með ábyrgð vil ég vísa til þess að með skýrum hætti og samningum verði stofnunum gert ljóst hvert hlutverk þeirra er og stjórnendum veitt svigrúm til þess að stjórna innan ramma fjárlaga og þeirra samninga sem gerðir eru og árangur metinn á grundvelli samningsstjórnunar.

Árangurinn á að felast í því að skipulag og starfsemi ríkisins sé þannig að ríkið geti sinnt skyldum sínum við borgarana á eins hagkvæman, skjótvirkan og árangursríkan hátt og kostur er. Meðal þess sem þarf að vinna að sem lið í úrbótum í ríkisrekstri er að gera þjónustusamninga við stofnanir og tryggja þannig markmið og árangur.

Það er von mín að stjórnarflokkarnir leggi áherslu á og standi áfram að úrbótum í ríkiskerfinu, sem eru nauðsynlegar, í góðri sátt og í samstarfi við starfsfólkið sem þekkir til þeirrar þjónustu sem veita þarf. Ég tel það vera meðal allra mikilvægustu viðfangsefna innan ríkiskerfisins að skapa öryggi og traust hjá starfsmönnum gagnvart stofnunum ríkisins. Sífelldar breytingar og óstöðugleiki eru óviðunandi og ekki í takt við kröfur og áætlanir um árangur og skýr markmið í ríkisrekstrinum.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki nota tíma minn við þessa umræðu til að gera grein fyrir einstökum brtt. sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram. Það hefur hv. formaður fjárln. gert í ræðu sinni. Ég mun hins vegar fara nokkrum orðum um nokkra þætti og helstu áherslur sem ég tel að felist í tillögum meiri hluta fjárln. sem hér liggja fyrir.

Með færslu verkefna til sveitarfélaganna og skýrari verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hefur sameiginlegum verkefnum, sem ríkið leggur til fjármuni, fækkað. Samningar milli ríkis og sveitarfélaga hafa verið gerðir um margs konar framkvæmdir og uppbyggingu. Við umræðuna tel ég ástæðu til að vekja athygli á því að mjög mikilvægt er að samningar milli ríkis og sveitarfélaga séu gerðir með þeim hætti að þeir séu vel undirbúnir og samræmi sé milli þeirra samninga sem eru gerðir við einstök sveitarfélög.

Það er óverjandi að gera samninga við sveitarfélög sem síðan er ekki hægt að standa við og þess vegna er nauðsynlegt að undirbúa málin og þar af leiðandi samninga vandlega og byggja þá á gildandi lögum um þau verkefni sem um er að ræða. Engu að síður getur það verið til hagsbóta fyrir báða aðila og í raun nauðsynlegt að taka til endurskoðunar samninga sem gerðir hafa verið vegna breyttra aðstæðna. Ég vil gera grein fyrir nokkrum tillögum sem meiri hluti fjárln. hefur lagt til og eru til umræðu.

Í fyrsta lagi vil ég nefna og víkja að annarri brtt. meiri hlutans sem lýtur að embætti umboðsmanns Alþingis. Það embætti var, svo sem kunnugt er, stofnað með lögum nr.

13/1987 og tók umboðsmaður til starfa í byrjun ársins 1988. Ég tel að á þeim níu árum sem umboðsmaðurinn hefur starfað hafi embætti hans mjög rækilega sannað gildi sitt og starf hans haft geysimikil og góð áhrif á stjórnsýsluna í landinu. Ég tel að Alþingi beri að standa vörð um starf umboðsmanns og styrkja það og veita til þess þá fjármuni sem þarf svo embættið megi reka á sómasamlegan hátt. Ég tel mig geta fullyrt að fram að þessu hefur verið haldið vel á málum hjá umboðsmanni, fjárveitingum verið stillt í hóf og sparnaðar verið gætt í rekstri. En á hitt ber að líta að sá fjöldi mála sem kemur til úrlausnar hjá umboðsmanni hefur aukist á hverju ári. Það er þó mat umboðsmanns að nokkurs stöðugleika sé farið að gæta og með þeim ráðstöfunum sem hann leggur til megi grynnka á óafgreiddum málum hjá embættinu. En það hlýtur að vera mjög bagalegt fyrir borgarana sem til umboðsmanns leita að þurfa að bíða lengi eftir niðurstöðum mála. Á því er heldur ekki góður svipur. Á þessum níu árum hafa orðið mikil umskipti í stjórnsýslunni. Sett hafa verið ný stjórnsýslulög og upplýsingalög auk þess sem sett hafa verið lög og reglugerðir samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið, sem hafa kallað á endurskoðun og endurskipulagningu á starfsháttum stjórnvalda. Er mikilsvert að umboðsmaður geti með störfum sínum fylgst með og haft áhrif á þessar breytingar.

Þá er þess að geta að í frumvarpi sem forsætisnefnd mun flytja til nýrra laga um embætti umboðsmanns Alþingis er gert ráð fyrir því að víkka út starfssvið umboðsmanns Alþingis þannig að það taki einnig til starfa sveitarfélaga. Ekki er ljóst hversu málafjöldinn muni aukast ef það frumvarp yrði að lögum, en það er ljóst að þeim málum sem kæmu fyrir umboðsmann, ef af því yrði að sveitarfélagaviðfangsefnið bættist við, mundi fjölga sem þar þyrfti að vinna að. Meiri hluti fjárln. flytur tillögu um að hækka framlag til umboðsmanns Alþingis um 5,2 millj. kr., þ.e. að fjárveitingin verði 38,9 millj. í stað 33,7 millj. kr. í frv. Hækkunin skýrist af því að gert er ráð fyrir því að heimila fjölgun starfsmanna, þ.e. lögfræðinga, þannig að betur verði hægt að vinna að málum og ekki þurfi að safnast upp sá biðlisti sem í raun hefur verið þar á síðustu missirum. Með þessari afgreiðslu fjárln. og vonandi Alþingis er að mínum dómi vel og sómasamlega séð fyrir fjárveitingu til embættis umboðsmanns Alþingis. Ætti umboðsmaður þannig að geta sinnt betur sínu mikilvæga hlutverki í nafni Alþingis.

Þá vil ég nefna aðra tillögu um hækkun á framlögum en það er tillaga um hækkun á framlagi til Landsbókasafns – Háskólabókasafns vegna ritakaupa. Það má öllum vera ljóst að mjög miklu máli skiptir fyrir Háskóla Íslands og þá sem njóta þjónustu Landsbókasafnsins að unnt sé að sinna ritakaupum svo Háskólabókasafnið geti sinnt þeim skyldum sínum sem því fylgir að veita vísindamönnum og námsmönnum þjónustu. Þess vegna var fallist á erindi um það að hækka framlag til bókasafnsins og er það gert í ljósi samkomulags sem hefur orðið á milli Háskóla Íslands og Landsbókasafns – Háskólabókasafns um skiptingu fjármuna háskólans annars vegar og safnsins hins vegar vegna ritakaupa.

Þetta vil ég sérstaklega draga fram vegna þess að vissulega hafa orðið miklar umræður um málefni háskólans og við vitum að leggja þarf áherslu á að styrkja starf háskólans og allar ytri aðstæður og ég tel að með þessu sé lögð rík áhersla og þarna komi fram forgangsröðun sem snýr að starfi á háskólasviðinu.

Þá vil ég nefna hækkuð framlög til Stofnunar Árna Magnússonar í fjáraukalögum og brtt. meiri hluta fjárln. sem hér liggur fyrir. Með hækkun á framlagi til stofnunarinnar er henni gert kleift að sinna betur því mikilvæga verkefni sem henni er ætlað að sinna, ekki síst með tilliti til þess að síðustu handritin eru væntanleg til stofnunarinnar frá frændum okkar, Dönum, og er mikilvægt að fyllsta öryggis sé gætt í Árnastofnun auk þess sem leggja verður áherslu á að skapa henni möguleika til að sýna og vinna úr þeim merkilegu gögnum sem stofnunin varðveitir.

Á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið unnið mikilvægt og merkilegt starf við stefnumótun gagnvart því sem nefnt er íslenska upplýsingasamfélagið. Í ljósi þess er mikilvægt að íslenskum menningar- og menntastofnunum séu sköpuð skilyrði til þess að nýta tölvutæknina og skapa nemendum og öðrum sem njóta þjónustu þeirra aðstæður til að nema og nýta sér þá byltingu sem fylgir margmiðlun. Meiri hluta fjárln. vill leggja áherslu á þetta og í brtt. er m.a. gert ráð fyrir því að bæta tækjabúnað og tölvueign Myndlista- og handíðaskólans og Tækniskóla Íslands.

Ástæða er til að vekja einnig athygli á því að framhaldsskólarnir þurfa að sinna þessari þjónustu einnig og ekki er óeðlilegt að líta til þess að bæta aðstöðu framhaldsskólanna hvað þetta varðar og mun væntanlega verða fjallað um það nánar við 3. umr.

Rekstur framhaldsskólanna hefur verið til sérstakrar skoðunar og er því ekki að leyna að meiri hluti fjárln. hefur haft nokkrar áhyggjur af þeirri lækkun sem kemur fram í fjárlagafrv. til einstakra framhaldsskóla. Eftir ítarlega skoðun varð niðurstaðan sú að gerð er tillaga um að hækka sameiginlegan safnlið framhaldsskólanna og gera ráð fyrir því að hæstv. menntmrh. láti vinna ítarlega og rækilega athugun og úttekt á fjárhag framhaldsskólanna og nýti þennan óskipta lið til þess að bæta upp þeim skólum sem nauðsynlegt er að fái meiri framlög til rekstrar, að undangenginni athugun og endurmati á gildistölum skólanna.

Þá gerir meiri hluti fjárln. það að tillögu sinni að fjárveiting verði veitt til Hússtjórnarskólans á Hallormsstað þannig að rekstur hans verði á næsta ári svipaður og verið hefur en engu að síður er gert ráð fyrir því að unnið verði að endurmati þess skólastarfs svo treysta megi og tryggja þá starfsemi sem þar hefur farið fram.

Þá vil ég nefna að með tillögum meiri hluta fjárln. um hækkun á framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er mörkuð stefna um breytingar á úthlutunar- og endurgreiðslukjörum sjóðsins og er það gert til að koma til móts við óskir og hagsmuni námsmanna. Ástæða er til að vekja athygli á því hve vel hefur tekist til með fjárhagslega endurskipulagningu á vegum lánasjóðsins.

Þá vil ég nefna hækkun á framlögum til jöfnunar á námskostnaði en það er ljóst að vegna mikils kostnaðar sem dreifbýlisbúar hafa af menntun framhaldsskólanema sem þurfa að sækja nám sitt langt frá heimabyggð er nauðsynlegt að hækka þennan lið og því er þessi tillaga meiri hluta fjárln. flutt.

Kvikmyndasjóður hefur jafnan verið nokkuð til umræðu við afgreiðslu fjárlaga og gerir meiri hluti fjárln. tillögu um að efla sjóðinn með því að framlög til hans verði hækkuð um 25 millj. kr. Með þessu vill meiri hluti fjárln. leggja áherslu á mikilvægi íslenskrar kvikmyndagerðar og hljótum við um leið að gera kröfu til þeirra sem njóta styrkja að þeir efli menningu okkar og auðgi með vönduðu myndefni sem geti komið í staðinn fyrir óvandað efni sem er á boðstólum fyrir

almenning, jafnt á myndbandaleigum sem í kvikmyndahúsum.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um nokkra hækkun á framlögum til íþróttahreyfingarinnar. Með því vill fjárln. leggja áherslu á það mjög svo mikilvæga starf sem íþróttahreyfingin gegnir. Það er ljóst að miklum fjármunum er kostað til þess æskulýðs- og ungmennastarfs sem fer fram á vegum íþrótta- og ungmennafélaga og er rík ástæða til að veita nokkurn stuðning, eins og hér kemur fram, þó ljóst sé að hið mikla sjálfboðastarf sem fer fram innan íþróttahreyfingarinnar og er innt af hendi þar er það sem ræður úrslitum um starf hjá íþrótta- og ungmennafélögum.

Ferðaþjónusta er stöðugt vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Framlög til ferðamála hafa verið takmörkuð úr ríkissjóði. Með tillögu um hækkun á framlögum til uppbyggingar fjölsóttra ferðamannastaða og til markaðsstarfs vill meiri hluti fjárln. undirstrika mikilvægi ferðaþjónustunnar og væntir þess að þeir fjármunir sem settir eru til þessara þátta megi verða til þess að efla ferðaþjónustuna sem atvinnugrein, ekki síst úti um hinar dreifðu byggðir en þess er að vænta að ferðaþjónustan geti skapað aukin atvinnutækifæri. Við markaðssetningu verði lögð áhersla á að lengja ferðaþjónustuvertíðina svo bæði hótel og önnur þjónustufyrirtæki nýtist sem mest og best allt árið um kring.

Þróun byggðar í landinu hefur verið á þann veg að stöðugt fjölgar íbúunum á suðvesturhorninu og ekki hefur tekist að skapa þau skilyrði sem þarf til að jafnvægi verði í byggðum landsins, þó seint verði ráðið við þá þróun sem í þeim efnum er. Skýringar á þessari þróun eru vafalaust margar og ekki eru allir á eitt sáttir um þær. Hins vegar fer ekki á milli mála að samdráttur í landbúnaði og minnkandi veiðiheimildir á undanförnum árum, m.a. hvað varðar þorskveiðar hafa skipt þar mestu máli um þróun byggðarinnar, auk þess sem aukin hlutdeild hvers konar þjónustustarfa og stjórnsýsluverkefna hefur dregið fólk að byggðinni við höfuðborgina og þá oft vegna aðgerða stjórnvalda.

Samt sem áður er það svo að bættar samgöngur og tölvu- og fjarskiptatækni breyta mjög miklu um möguleika á því að staðsetja þjónustustofnanir vítt og breitt um landið. Ég tel það vera eitt af mikilvægustu verkefnum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að styrkja byggðirnar, leitast við að skapa með almennum aðgerðum betri skilyrði fyrir atvinnufyrirtækin til að starfa í hinum minni byggðum og fámennari og koma þannig í veg fyrir að óeðlilega stór hluti af íbúum landsins safnist saman á höfuðborgarsvæðið með þeim vandkvæðum sem því fylgir. Þess vegna þurfum við að greina þessa stöðu rækilega og gera áætlanir um það með hvaða hætti brugðist verður við og leitast við að standa að breytingum á ríkiskerfinu með þeim hætti að ekki ýti undir þá þróun sem hefur verið. Má þar til dæmis nefna skipulagsbreytingar í sjúkrahúsakerfi, í skólakerfi og öðrum þjónustuþáttum ríkisins. Þar verður að leitast við að efla þá þjónustu sem getur með góðu móti verið í hinum minni byggðum og þannig stuðlað að því að skapa atvinnutækifæri í þjónustunni sem víðast á landinu.

Ég tel að ríkisstjórnin eigi að hafa forustu um umræður um byggðamál, ekki með því formerki að því fylgi styrkjakerfi, heldur umræður um nýjar leiðir um eflingu atvinnulífsins á forsendum bættra samgangna og nýtingar margmiðlunar fyrir atvinnulífið svo nýta megi og efla íslenskt upplýsingasamfélag í þágu þjóðarinnar allrar.

Virðulegi forseti. Forsenda þess að lífskjör batni hér á Íslandi er að okkur takist að efla atvinnulífið og þannig fjölga atvinnutækifærum í landinu. Með stöðugt auknum samskiptum milli landa færumst við inn í samkeppni meðal þjóðanna um það hver veiti bestu lífskjörin. Okkar litla samfélag á vissulega á brattann að sækja þegar bornir eru saman þeir möguleikar sem vel menntuðum Íslendingum bjóðast meðal hinna vestrænu þjóða. Það er skylda okkar á Alþingi að beita ríkisfjármálum með þeim hætti að atvinnulífið fái notið sín, þjónustustofnanir eflist með eðlilegum hætti og við getum veitt vel menntuðu fólki tækifæri til starfa.

Við hljótum að setja okkur það markmið á þessu kjörtímabili, sem og í annan tíma, að nýta þá bættu stöðu sem blasir við og okkur hefur tekist að skapa í efnahagslífinu til þess að við getum með sanni sagt að við ætlum okkur og við getum staðist samkeppni meðal þjóðanna um að skapa góð lífskjör á Íslandi.

Virðulegi forseti. Það bendir allt til þess að atvinnulífið og efnahagslífið sé að rísa úr öldudalnum. Við þær aðstæður eigum við og verðum að leggja allt í sölurnar og nýta þær hagsbætur til þess að skapa vinnufúsum höndum atvinnu og félagslegt öryggi, jafnt í hinum dreifðu byggðum sem hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er það verkefni sem fram undan er.

[17:18]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir ágæta ræðu, skýra og góða. En það var atriði sem laut að Lánasjóði íslenskra námsmanna sem mig langaði aðeins til að spyrja hann út í. Samkvæmt því sem fram hefur komið í tillögum og málflutningi stjórnarliða er gert ráð fyrir því að bætt verði við sjóðinn, ég held 100 millj. kr. á næsta ári. Það hefur ekki komið fram til hvers þeir fjármunir eiga að fara. Það er sagt að það eigi eftir að útfæra það. Það er væntanlega ljóst að ef samtímagreiðslur verða teknar upp þá þýðir það að flýta yrði greiðslum a.m.k. að einhverju leyti á árinu 1997. Nú reikna ég í sjálfu sér ekki með því að menn geri ráð fyrir að taka upp samtímagreiðslur núna frá og með næstu áramótum. Það þarf bersýnilega lagabreytingar til þess að taka þær upp en væntanlega reikna menn með því að samtímagreiðslur verði í síðasta lagi teknar upp frá og með haustinu 1997. Verði það gert þá þýðir það bersýnilega nokkur hundruð millj. kr. í viðbót við ríkissjóð á rekstrargrunni ársins 1997. Hins vegar er það bara flýting á greiðslum. Það þýðir ekki hækkun til lengri tíma litið. Þess vegna vil ég spyrja hv. 2. þm. Vesturl. hvort það sé ekki örugglega rétt skilið hjá mér að það sé ætlunin að taka upp samtímagreiðslur og að inni í tölunni 100 millj. kr. geti ekki falist þessi tilfærsla á greiðslunum sem yrði ef samtímagreiðslur verða teknar upp vegna þess að það hljóta að vera allmiklu hærri upphæðir.

[17:20]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna andsvars hv. 8. þm. Reykv. vil ég vitna til þess sem hér hefur komið fram og reyndar í umræðum opinberlega að undanförnu. Stjórnarflokkarnir hafa náð samkomulagi um að hækka framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það liggja hins vegar ekki fyrir tillögur um hvaða breytingar verði gerðar á lögum um sjóðinn, hvorki hvað varðar úthlutunarreglur né endurgreiðslur námslána. Það er því ekki hægt að gefa upplýsingar um hvað þær breytingar kunni að kosta sem ef til vill og væntanlega verða gerðar. Þess vegna get ég ekki svarað þeirri spurningu sem hv. þm. bar upp en ég geri ráð fyrir að innan tíðar liggi fyr-

ir til hvaða aðgerða verði gripið. Þá verður það væntanlega skýrt og lagt fyrir hvernig staðið verður að fjármögnun þeirra breytinga sem þarf að gera á lánasjóðnum.

[17:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get út af fyrir sig skilið að það sé kannski erfitt fyrir hv. þm. að svara þessu í einstökum atriðum. En mér finnst nauðsynlegt að menn átti sig á því að ef það á að taka upp samtímagreiðslur, þó þær yrðu kannski takmarkaðar að einhverju leyti sem ég sé nú ekki hvernig ætti að gera, en segjum að það yrði gert þá mundi það þýða tilflutning á nokkur hundruð millj. kr. Þessi breyting upp á 100 millj. kr. getur ekki dugað til þess á rekstrargrunni eins almanaksárs að tryggja þessar svokölluðu samtímagreiðslur. 100 millj. kr. gætu hjálpað til í sambandi við breytingu á reglum um endurgreiðslur. Ég geri ráð fyrir að það séu ýmsar aðrar lagfæringar sem menn eru þarna með í huga. Það er hins vegar ljóst að ef endurgreiðslubyrðin verður minnkuð og lækkuð hlutfallslega frá því sem nú er þá þýðir það að það verður að endurútgefa öll skuldabréf Lánasjóðs íslenskra námsmanna frá 1992 vegna þess að það er ekki hægt að búast við að þeir sem hafa verið með háu endurgreiðslukvaðirnar í bréfum sínum frá 1992 beri þær áfram ef aðrir verða lækkaðir. Það er bersýnilega ósanngjarnt þannig að það er mikil vinna fram undan. Ég skil vel að menn eigi erfitt með að svara spurningum í einstökum atriðum.

Tilefni þess að ég spurði er fyrst og fremst að vekja athygli á því að ef það á að taka upp samtímagreiðslur þá þýðir það tilflutning á fjármunum á milli almanaksára um nokkur hundruð millj. kr. og 100 millj. duga engan veginn í þeim efnum.

[17:24]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg rétt metið hjá hv. 8. þm. Reykv. að ef teknar yrðu upp samtímagreiðslur þá er um að ræða verulegar tilfærslur á fjármunum, þ.e. það þyrfti að greiða meira út en sem nemur 100 millj. ef allir námsmenn kæmust undir reglur um samtímagreiðslur. En ég vil bara endurtaka að um þetta liggur ekki fyrir niðurstaða. Ég tel afar mikilvægt að það skuli hafa náðst samkomulag á milli stjórnarflokkanna um að leysa þann vanda sem vissulega er uppi hjá námsmönnum almennt því þeir þurfa auðvitað að tryggja sína afkomu. Ég held hins vegar að það sé mikilvægast að leggja áherslu á að námsmenn reyni í lengstu lög að komast hjá því að taka lán, reyni að afla tekna eins og nokkur kostur er þannig að greiðslubyrðin af námslánum verði í lágmarki þegar til þess kemur að námi lýkur og námsmenn standa frammi fyrir því að þurfa að koma sér upp húsnæði og standa skil á greiðslum vegna þeirrar heimilisuppbyggingar. Mér finnst skipta miklu máli að skapa námsmönnum góðar aðstæður til náms og draga úr kostnaði þeirra eftir öllum hugsanlegum leiðum en einnig þarf auðvitað að huga að þeim þætti sem námslánin eru. Það er verið að stíga ákveðið skref hér með því að hækka framlög til lánasjóðsins um 100 millj. kr.

[17:26]

Útbýting þingskjala:

Almenningsbókasöfn, 238. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 356.

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. HG, þskj. 357; brtt. GÁS o.fl., þskj. 359; brtt. ÁÞ og ÖS, þskj. 360.

Lax- og silungsveiði, 239. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 358.

Tryggingasjóður einyrkja, 237. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 355.

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það var ekki ofmælt hjá hv. síðasta ræðumanni að það þýðir ekkert fyrir ríkið að vera að gera samninga við sveitarfélögin sem ríkið ætlar ekki að standa við. Ég held að við séum í þeim sporum núna að ríkið komi til með að standa við sína samninga við sveitarfélögin við þessa fjárlagagerð. Það er betur að verki staðið heldur en stundum hefur verið áður á undanförnum árum.

Herra forseti. Ég verð að fara fram á það að hv. þm. Gísli S. Einarsson verði kallaður í salinn. Hv. þm. margkallaði á mig í morgun. — Ég er mjög ánægður yfir að hv. þm. er kominn og býð hann velkominn í salinn. Það er algjörlega óforsvaranlegt að foringi stjórnarandstöðunnar í fjárln. leggi spurningar fyrir þingbræður sína og sinni svo ekki umræðunni og sitji ekki yfir umræðunni. Ég býð hann velkominn í salinn.

Hv. þm. spurði mig um skuldir heimilanna. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að skuldir heimilanna eru ógnvekjandi. Það hefur að vísu talsvert verið gert til að reyna að laga sérstaklega fyrir þeim sem eru verst settir. Húsbréfakerfinu hefur verið breytt. Nú er sveigjanlegur lánstími, lögfest hefur verið meðferð á greiðsluerfiðleikalánum o.s.frv. Það hefur verið opnuð Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og var sannarlega ekki vanþörf á því. Starfsemi hennar hefur orðið allmörgum til verulegrar aðstoðar við að ná tökum á fjármálum sínum. Það hafa verið samþykkt lög um réttaraðstoð til einstaklinga. Einstaklingar eiga rétt á því að fá 250 þús. kr. hver úr ríkissjóði til þess að undirbúa nauðasamninga. Það hefur verið gerður niðurfellanlegur með lögum höfuðstóll meðlagsskulda og jafnframt skattaskuldir aðrar en vörsluskattar.

Í áfangaskýrslu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem tekin var saman í haust hefur fengist reynsla af nokkrum hópi illa skuldsettra einstaklinga. Þar kemur fram að orsakir greiðsluerfiðleika umsækjenda eru margs konar og oft samband fleiri þátta. Helstu þættir eru lántaka umfram greiðslugetu, tekjulækkun, veikindi, atvinnuleysi, óráðsía og ábyrgðarskuldbindingar. Reynslan af starfsemi Ráðgjafarstofunnar gefur ótvírætt til kynna nauðsyn á breyttu viðhorfi og verklagi í lánamálum. Lántakan er oft ekki í samræmi við tekjur og lánveitingar með ábyrgð þriðja aðila ganga langt úr hófi í okkar þjóðfélagi. Það eru fjölmörg dæmi um að umsamdar afborganir lána nemi meira en 100% af ráðstöfunartekjunum. Starfsemi Ráðgjafarstofunnar hefur leitt í ljós að það þurfi að fara varlega í skuldbreytingar og sérstaklega frestun á greiðslum þeirra sem eru í verulegum vanskilum. Reynslan hefur nefnilega kennt okkur það að lán getur verið ólán og margur hefur bara farið verr á því að fá skuldbreytingu og það hefur einungis lengt í hengingarólinni.

Rétt er að rifja það upp að heildarskuldir 317 fyrstu viðskiptamanna Ráðgjafarstofunnar voru rúmlega 2,1 milljarður en meðalráðstöfunartekjurnar voru 146 þús. kr. þannig að það er ekki einungis um lágtekjufólk að ræða í þessum hópi. Raunar er það undravert hve lítið af þessu fólki er atvinnuleysingjar eða fólk með mjög lágar tekjur. Meðalfjölskyldan er ekki ýkja stór, það eru 3,1 í fjölskyldu og það er ekki

fyrst og fremst barnafólk sem lendir í þessum erfiðleikum. Meðalvanskil þessa hóps er 1,5 millj. kr. Og það fannst mér líka mjög athyglisvert að mest eru vanskilin hjá umsækjendum sem fæddir eru á árunum 1940–1949. Til þess geta legið tvenns konar orsakir. Menn hafa verið að safna skuldum á löngum tíma, farið í gegnum skuldbreytingar, fengið greiðsluerfiðleikalán og fengið þau svo í hausinn aftur og eitthvað af þessu eru skuldir sem fallið hafa á fólk vegna ábyrgðarskuldbindinga fyrir þriðja aðila. Það er líka athyglisvert að nær fjórði hver umsækjandi er eigandi félagslegrar eignaríbúðar. En þessir umsækjendur hjá Ráðgjafarstofunni eru ekki einsleitur hópur heldur einstaklingar sem koma úr öllum starfsstéttum og tekjuhópum samfélagsins.

Stjórn Ráðgjafarstofunnar hefur sett fram ýmsar tillögur sem mér finnst athyglisverðar og er að vinna að þeim. T.d. leggur hún til að tekin verði upp ný vinnubrögð við lánveitingar og stuðlað að nýrri hugsun hvað varðar lántökur einstaklinga bæði hjá lánastofnunum og lántakendum og að forsenda lánveitinga verði greiðslumat byggt á neysluviðmiðun. Það er nýmæli sem ég held við þurfum að koma á. Eins og greiðslumatið hefur verið framkvæmt þá er það prósent af tekjum, 18% ef menn ætla að fá húsbréf eða upp í 30% ef menn eru í félagslega kerfinu eða í greiðsluerfiðleikalánum. Ég held að miklu skynsamlegra sé að finna út einhverja neysluviðmiðun, þ.e. hvað fjölskylda af þessari stærð þurfi sér til brýnasta lífsframfæris. Og það sem er fram yfir brýnasta lífsframfæri viðkomandi fjölskyldu geti þá farið til húsnæðiskaupa eða húsnæðiskostnaðar eða annarrar eyðslu.

Ég tel að það sé líka mikilvægt að koma á upplýsingamiðstöð lánastofnana þar sem einstaklingar og lánastofnanir, með samþykki viðskiptavinar, geta fengið rétt yfirlit um skuldastöðu og viðskiptasögu lánsumsækjenda. Ég hugsa mér það að reyna að koma á samstarfi lánastofnana þannig að þar liggi fyrir á einum stað hvað hver og einn skuldar, síðan geti viðkomandi farið og sótt vottorð frá þessari stofnun, sótt það sjálfur, og farið með það í lánastofnun og þá metur lánastofnunin hvort hún telur sig þurfa ábyrgðarmenn á skuldina. Þá er lánað út á greiðslugetu viðkomandi og hann getur sannað greiðslugetu sína. Og einnig ef lánastofnun telji sig þurfa ábyrgðarmenn þá er það lágmarkið að kanna fjárhag ábyrgðarmannanna og líka að ábyrgðarmönnunum sé ljós fjárhagsstaða þess sem þeir eru að skrifa upp á fyrir.

Það er einnig mikilvægt að auka fræðslu um fjármál heimila í grunnskólum og framhaldsskólum og ég hef hlutast til um það og óskað eftir því að þessi fræðsla verði aukin. Ég held að líka sé mikilvægt að endurskoða reglur um útgreiðslu vaxtabóta sem er ein af tillögum Ráðgjafarstofunnar, og forsendurnar fyrir kaupum á félagslegum íbúðum. Það er líka mikilvægt, held ég, að reyna að koma á einhverjum sparnaðarhvata hjá ungu fólki. Í því sambandi vil ég minna á athyglisverða tillögu sem liggur fyrir í þinginu. Ég var því miður ekki viðstaddur 1. umr. en þetta var um að koma á húsnæðissparnaðarreikningum. (**Gripið fram í:** Samþykkja hana fyrir jól.) Ég tel að það sé athyglisverð tillaga sem þarfnist nákvæmrar skoðunar og ég held að það hafi verð afturför að vissu leyti þegar við hættum þeim sparnaðarhugmyndum sem voru uppi fyrir nokkrum áratugum.

En það dugir ekki til þó að þetta allt saman kæmi til og þó að þetta gengi nú allt saman upp þá dugir það ekki til því auk eyðslu um efni fram þá hækka skuldir hjá fólki án þess að það fái við það ráðið. Það er m.a. vegna þess að vaxtastig hefur lengi verið hér of hátt. Það má minna á að vaxtahækkun Seðlabankans fyrir skemmstu var talin hafa aukið skuldir heimilanna um 260 milljónir, bara sú eina ákvörðun Seðlabankans.

Ég held það þurfi líka að reyna að komast út úr þessari hringavitleysu með lánskjaravísitöluna. Ég var í mörg ár, þing eftir þing, meðflutningsmaður að tillögu sem Eggert Haukdal flutti um afnám lánskjaravísitölunnar en sú tillaga *náði aldrei fram að ganga. En hæstv. viðskrh. hefur sett í* gang ferli um að reyna að komast út úr verðtryggingu og það er stefnt að því að verðtrygging verði óheimil á skuldabréfum til skemmri tíma en sjö ára árið 2000. Þetta finnst mér vera of seinfarin leið og við þurfum að reyna að finna fljótvirkari leið til þess að komast út úr þessum vandræðum og Framsfl. ályktaði þar um á síðasta flokksþingi. Ég held að það þurfi líka að reyna að lækka lántökukostnaðinn, skuldbreytingarkostnaðinn þegar hann á við og síðast en ekki síst að setja þak á innheimtukostnað lögfræðinga.

Hv. þm. spurði líka um húsnæðismál. Hann spurði um Byggingarsjóð verkamanna og þá stöðu sem hann er í. Nú held ég að menn geri of mikið úr því að Byggingarsjóður verkamanna sé í bráðri hættu en ég tel að heppilegasta leiðin væri sú að sameina Byggingarsjóð verkamanna og Byggingarsjóð ríkisins. Þetta eru sjóðir sem sinna hliðstæðum verkefnum. Annar þeirra er með mjög sterka eiginfjárstöðu og ég sé ekki að Byggingarsjóði ríkisins stafi nein hætta af því þó að Byggingarsjóður verkamanna verði sameinaður honum, en hann er að sjálfsögðu með talverðar skuldbindingar. Mér finnst sú leið betri en að fara að stórhækka vextina á lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Þar sem við erum með ábyrga stjórn ríkisfjármála eða viljum vera og þarfirnar eru margar þá held ég að ekki sé við því að búast að á fjárlögum verði ausið fé í stórum stíl í Byggingarsjóð verkamanna. Raunar hefur verið unnið nokkuð að því á undanförnum árum að rétta byggingarsjóðinn af þó það hafi ekki náðst fullkomlega eins og að var stefnt. Ég held að það verði að endurskipuleggja Húsnæðisstofnun. Það verður að breyta félagslega kerfinu og ég vænti þess að geta komið með frv. þar að lútandi eftir jólahlé.

Hér hefur verið minnst á Framkvæmdasjóð fatlaðra og það var nú reyndar ekki hv. þm. Gísli Einarsson sem hóf máls á honum, ef ég man rétt. Það var hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir. — Jú, reyndar mun hv. þm. hafa minnst á Framkvæmdasjóð fatlaðra, að rekstrarverkefnum hefur verið létt af framkvæmdasjóðnum og nú fer hann til framkvæmda. Að vísu er þarna tiltölulega lítil upphæð sem fer í stjórnarkostnað og sérstaka liðveislu enn þá, en 152 millj. kr. fara beint til framkvæmda og þær verða ekki skertar til neins annars. Á þessu ári sem nú er að líða hafa risið og verið tekin í notkun fjögur sambýli fyrir fatlaða, þar af tvö vegna útskrifta af Kópavogshæli og á næsta ári er áformað að taka í notkun a.m.k. fimm sambýli og það passar innan þessa fjárlagaramma. Hugsanlega gætu þau orðið einu fleiri en það verður eitthvað meira sem við getum á næsta ári heldur en við gátum á þessu ári.

Hv. þm. spurði um áformin 1998. Þau eru ekki mótuð í smáatriðum, herra forseti. Það þarf að eiga sér stað mikil uppbygging áður en sveitarfélögin yfirtaka, það er alveg ljóst. Það er verið að ljúka úttekt á málaflokknum í Reykjavík og hliðstæð úttekt á þjónustuþörfinni þarf að fara fram í öllum kjördæmum landsins. Það þarf að endurskoða lögin um málefni fatlaðra og fella þau saman við lögin um

félagsþjónustu sveitarfélaga áður en sveitarfélögin taka við þessum málaflokki.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir flutti langa ræðu. Ég held að flestu af því sem fram kom í ræðunni hafi ég svarað við 1. umr. svoleiðis að ég ætla að spara mér það, herra forseti, aðeins að minnast á það að varðandi atvinnuleysisbæturnar er heimild til félmrh. um að hækka þær um 3%, ef ég man rétt, ef launabreytingar verða. Ég held ég verði líka að treysta því að 1. júlí nk., þegar ný lög um atvinnuleysistryggingar taka gildi, eða ætlast er til að ný lög um atvinnuleysistryggingar taki gildi, verði grunnkaup orðið hærra en atvinnuleysisbæturnar sem tilgreindar eru í frv.

Varðandi starfsfræðsluna vil ég láta það koma fram að hún fær sömu krónutölu til verkefna eins og á þessu ári, þ.e. 47 milljónir. Atvinnumál kvenna fá 20 milljónir sem er sama upphæð og í fyrra.

Í félmrn. er reynt að viðhafa ráðdeild og allflestir málaflokkar eru með sömu upphæð á næsta ári og þeir voru á þessu ári. Það er einungis einn málaflokkur sem hefur forgang í ráðuneytingu, þ.e. málefni fatlaðra, en til þeirra verður varið á næsta ári 190 millj. kr. hærri upphæð en var á fjárlögum þessa árs.

Varðandi unga fólkið sem hv. þm. gerði líka að umtalsefni þá, eins og hér hefur komið fram, eru lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna í endurskoðun og ákveðin hefur verið 100 millj. kr. hækkun til lánasjóðsins.

Menn hafa kvartað yfir því að við, framsóknarmenn séum ekki enn búnir að koma í verk því kosningaloforði okkar að lækka jaðarskattana. Það var aldrei meining okkar að byrja á því að lækka jaðarskattana. Fyrsta skrefið varð að vera að ná tökum á ríkisfjármálunum og afgreiða ríkissjóð hallalausan. Þegar því er lokið, þ.e. ef svo fer fram sem horfir, þá afgreiðum við hann með ofurlitlum tekjuafgangi á þessu ári og getum síðan á næsta ári farið í það verkefni að lækka jaðarskattana meira, reyndar hafa þeir lækkað nokkuð að undanförnu. En vinnumál verða í svipuðu formi á næsta ári og þau hafa verið á þessu ári.

Herra forseti. Ég held að fleira hafi ekki komið til mín af beinum spurningum og ég læt máli mínu lokið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 357, 359 og 360. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

[17:49]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég virði hæstv. félmrh. fyrir að svara rækilega spurningum stjórnarandstöðunnar málefnalega og lið fyrir lið. Varðandi hans umsögn hver væri talsmaður stjórnarandstöðunnar þá erum við víst ekki alveg sammála um það, því að helsti talsmaður er sá sem talar fyrstur í hvert skipti og við munum væntanlega skipta þeim störfum á milli okkar framvegis meðan við erum a.m.k. svona þétt saman eins og raun ber vitni.

Ég vil líka þakka það að hæstv. félmrh. tók eftir því að undirritaður var ekki í salnum en var þó ekki langt undan og reiðubúinn að hlusta á svör sem ég vissi að mundu koma.

Það eru mörg vandamál sem þarf að taka á, t.d. hver framfærslan þarf að vera. Ég veit að hjá stúdentum sem eru á hótel mömmu er miðað við 38 þús. kr. á mánuði hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Ég er reyndar búinn að fara fram á það að hæstv. fjmrh. setji sína menn eins og einn dag í vinnu til að finna út þann raunverulega grunn sem þarf að miða við. Ég er alveg sannfærður um að sú upphæð er einhvers staðar nálægt 60–65 þús. kr. að algjöru lágmarki á einstakling til að framfleyta sér. En ég sé að andsvarstíma mínum er að verða lokið en ég endurtek þakkir fyrir svörin. Ég get tekið undir margt af því sem hæstv. félmrh. sagði, þó ekki allt. Það eru einstaka atriði sem okkur greinir á um en ég er þess fullviss að hann hefur vilja til að taka á málunum eins og hann gerði grein fyrir áðan.

[17:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri til of mikils mælst ef hv. þm., sem ég vil leyfa mér að kalla foringja stjórnarandstöðunnar í fjárln. við umræðuna að þessu sinni og ég gæti vel hugsað mér að yrði það oftar, væri sammála öllu sem ég segi en mér þykir þó ágætt að hann skuli vera sammála ýmsu af því.

Um hvað neyslan þurfi að vera há, þá er ég ekki sammála því að unglingur sem býr á hótel mömmu þurfi endilega 38 þús. kr. í vasapeninga ef hann fær húsnæði og matinn frían. Ráðgjafarstofan hefur einmitt litið á það mál hvað sé lágmarksframfærsla. Hún fékk búreikninga 30 fjölskyldna sem hafa væntanlega ekki lifað í neinu óhófi og þar er um allt aðrar tölur að ræða.

[17:52]

Frsm. minni hluta fjárln. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég tel að grípa þurfi til ýmissa aðgerða vegna stöðu fjölskyldnanna — vegna skuldastöðunnar. Fjölskyldurnar í landinu skulda 350 milljarða, sem er alveg gífurlega há fjárhæð. Það er vandi sem þarf að taka á. Ég vil taka undir að vinna þurfi nýtt greiðslumat svo hæstv. félmrh. fái þá aðeins meiri mæringu heldur en verið hefur og þykir honum þó nóg um. Ég lýsi hins vegar yfir miklum áhyggjum af því hvernig fer með Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þar var gert ráð fyrir 420 millj. kr. frá erfðafjárskatti og ég hef áhyggjur af því hvernig sú upphæð nýtist.

Ég held ég endi þetta með því að hvetja hæstv. félmrh. til að vinna að því að koma upp, ásamt hæstv. fjmrh., einhverjum sparnaðarhvata sem gæti orðið til þess að fólk liti öðrum augum á fjármunina en eyddi þeim ekki alveg um leið og þeir eru komnir í hendur einstaklinganna og helst áður.

[17:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. 2. umr. frv. til fjárlaga fer nú fram. Á þessum árstíma er það háttur stofnana að setja sér fjárhagsmarkmið og fjárhagsramma fyrir komandi ár. Þetta á við um okkur sem störfum í fjárln. og einnig þá sem með fjármál sveitarfélaga hafa að gera. Fjárhagsáætlanir sem virkt hagstjórnartæki eru að verða æ algengari í fyrirtækjum, stofnunum og hjá einstaklingum. Verðbólgulítið samfélag og stöðugleiki í efnahagsmálum á sinn stóra þátt í því. Í yfirfærðri mynd er lítill mismunur á ríkisfjármálum og t.d. fjármálum sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila. Þarna þurfa að vera sömu gildi til staðar þ.e. viðunandi tekjur, hagsýni, aðhald og að eyða ekki um efni fram.

Mikið starf fjárln. milli umræðna er að baki. Starfið er unnið undir styrkri stjórn hv. formanns og hv. varaformanns nefndarinnar. Full ástæða er til að þakka hv. stjórnarandstæðingum í nefndinni fyrir málefnalega vinnu. Málefnaleg vinna skilar alltaf árangri og skilar meiru en núningur, karp

og þras. Nú bregður svo við að í fyrsta sinn frá árinu 1985 setjum við fram fjárlög þar sem gert er ráð fyrir tekjuafgangi, þrátt fyrir óvænt útgjöld milli umræðna, m.a. vegna náttúruhamfara.

Eitt aðaltakmark ríkisstjórnarinnar er að ná tökum á ríkisfjármálum. Það bendir allt til þess að það ætli að takast. Ef okkur tekst það verður allt okkar starf léttara í framtíðinni. Það er óþolandi að vaxtaútgjöld skuli vera næsthæsti einstaki útgjaldaliður þess málaflokks eða 13–14 milljarðar. Fyrir þá upphæð er ýmislegt þarflegra hægt að gera, eins og margoft hefur verið bent á. Þegar frv. til fjárlaga er lagt fram skoða menn kosti þess og galla ekki síður en það að velta fyrir sér debet- og kreditliðum fjárlaganna. Útgjaldarammi fjárlaga er í stórum dráttum þessi: Til rekstrar og útgjalda fara um 37% tekna, til fjárfestinga um 7% tekna, til rekstrartilfærslna, eins og í tryggingakerfi o.fl. um það bil 42%, til viðhaldsverkefna um 3% og vaxtagjöld vegna skulda eru um 11%. Þessi tala sker sérstaklega í augun, eins og ég benti á áðan.

Þrátt fyrir að ýmilegt mætti fara betur í fjárlagagerð okkar eru kostir fjárlaganna fleiri en gallarnir. Fjárlagafrv. stuðlar að áframhaldandi stöðugleika, áframhaldandi hagvexti, áframhaldandi kaupmáttaraukningu, sem þyrfti þó að vera enn meiri fyrir þá sem lægst launin hafa. Frv. skapar meiri framtíðarmöguleika fyrir komandi kynslóð og spornar við áframhaldandi skuldaaukningu ríkissjóðs sem leiðir til meiri ráðstöfunartekna í framtíðinni. Ekki má gleyma því að gert er ráð fyrir áframhaldandi atvinnusköpun samkvæmt frv. Það skiptir miklu máli að dregið hefur verulega úr atvinnuleysi í landinu og það bendir allt til þess að liðlega 12 þúsund störf verði að veruleika fyrir næstu aldamót og reyndar gott betur.

Hæstv. félmrh. orðaði þetta ágætlega á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ekki alls fyrir löngu þegar hann benti á að nú virtist allt benda til að störfin í landinu yrðu a.m.k. 12 þúsund fyrir næstu aldamót. Hann sagði að stjórnarandstaðan væri hætt að sproksetja framsóknarmenn varðandi þetta kosningaloforð.

Herra forseti. Efnahagshorfur nú eru ekki ósvipaðar og þær voru 1987. Efnahagsstjórnin okkar þá var ekki til eftirbreytni. Þá voru miklar opinberar framkvæmdir, miklar fjárfestingar í verslunar- og iðnaðarhúsnæði sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, mikil fjárfestingargleði hjá borginni og mörgum sveitarfélögum og verðbólgan fór úr böndunum. Starfsmannahald margra fyrirtækja raskaðist verulega og mikið ójafnvægi skapaðist milli höfuðborgar og landsbyggðar. Í framhaldi af þessu greip um sig mikil fjárfestingargleði. Þetta leiddi síðan allt til þess að þegar til verulegs samdráttar kom varð hrunið mikið. Kollsteypur eru ein af þjóðareinkennum okkar. Allir hlutir gerast fullhratt og við verðum að gera allt sem við getum til að reyna að breyta því.

Ég er ekki reyndur stjórnmálamaður en það kom mér á óvart á dögunum þegar menn urðu mjög sorgmæddir yfir því að hjólin virtust vera farin að snúast ögn hraðar en áður hafði gerst. Við eigum auðvitað að gleðjast yfir batnandi og betri tíma í stað þess að gráta ofan í bringuna en við verðum að fara varlega og varfærni er vissulega þörf. Grundvallarmál okkar er að sporna við því að verðbólgan fari að nýju af stað. Ekkert kemur sér verr fyrir allt of skuldug heimili í landinu. Ekkert kemur sér verr fyrir fyrirtækin í landinu, sveitarfélögin og ríkisfjármálin. Þess vegna verðum við að taka höndum saman og gera allt sem í okkar valdi stendur til að sporna við verðbólgunni.

Nú höfum við vanist því um árabil að vera í verðbólgulitlu landi og við kunnum því vel. Við verðum að reka ríkissjóð með þeim hætti að geta gripið inn í athafnalífið þegar samdráttarskeið á sér stað með því að auka opinberar framkvæmdir en til þess að svo sé hægt verðum við að draga úr þenslu þegar uppsveifla er. Möguleikar okkar Íslendinga eru miklir á flestum sviðum. Við erum dugmikil þjóð og höfum mikla möguleika. Við megum aldrei láta úrtöluraddir draga úr okkur þrótt og kjark.

Ég gleðst sérstaklega yfir framlögum í fjárlagafrv. til íþrótta- og æskulýðsmála, Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og fleiri félagasamtaka. Ég gleðst líka yfir framlögum til forvarnastarfs, fjárframlögum til ýmissa félagasamtaka eins og Landsbjargar, Slysavarnafélags Íslands og fleiri smærri framlaga til annarra félaga. Allt þetta hefur mikið gildi fyrir framtíð okkar.

Herra forseti. Við erum föst í viðjum vanans. Vaninn getur orðið að sið og siðirnir getað orðið að ósiðum. Benedikt Árnason leikstjóri orðar þetta skemmtilega, með leyfi forseta:

„Vandinn getur orðið manni að byrði. Hann er eins og vatnsfall, grefur sig dýpra og dýpra í farveg sinn og með árunum verður erfiðara að rífa sig upp úr þeim farvegi.“ (**HG:** Hver sagði þetta?) Benedikt Árnason leikstjóri. Mér dettur þetta í hug, herra forseti, þegar fjallað er um störf fjárln. Þess vegna tek ég heils hugar undir orð hv. formanns fjárln. að breytinga sé þörf í störfum nefndarinnar. Ég vonast til að okkur takist það. Um leið vonast ég til að fjárlagafrv. leiði til framfara og bættra lífskjara.

[18:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þau eru ýmis spakmælin sem hrjóta af munni manna í tilefni þessarar umræðu. Það er vissulega ágætt að menn geti gerst skáldlegir í ræðustól þegar talað er um skiptingu í tengslum við fjárlagadæmið. Síst vil ég lasta það. Má segja að hv. formaður fjárln. hafi riðið á vaðið í morgun með tilvitnun í skáld, stórskáld, eins og hann orðaði það og var út af fyrir sig vel til fundið. Hitt er annað mál að svara má því með ýmsu móti sem fram hefur komið, bæði um þann vanda sem grefur sér djúpa farvegi og meiri hluti fjárln. hefur fest í, að því er virðist í sambandi við ýmis efni og hv. síðasti ræðumaður vék að, sem og um hinn vinafáa ríkissjóð sem hv. formaður fjárln. vék að fyrr í dag.

Virðulegur forseti. Auðvitað fer það eftir stuðningi og atfylgi hvernig fer um blessaðan ríkissjóðinn okkar. Ég hef oft lastað það að menn séu ekki nógu duglegir við það á Alþingi að fylkja liði um þennan sameiginlega sjóð landsmanna, safna í hann tekjum frá þeim sem eru aflögufærir í þjóðfélaginu, og þeir eru margir, og skipta þeim síðan réttlátlega. Þarna þyrfti núverandi stjórn sannarlega margt að læra. Ég ætla ekki að fara út í það frekar en að sjálfsögðu fer það eftir hug manna til tekjuöflunar í þennan sameiginlega sjóð hverju er úr að spila. Og þar eru deildar meiningar. Ég hef verið í hópi þeirra sem vilja taka talsvert á í sambandi við tekjuöflun og skattlagningu og tel ekkert eftir fólki sem hefur miðlungstekjur og þaðan af meira að leggja vel til samneyslunnar í landinu. Á það hefur hins vegar skort að menn hefðu þor til að taka á þeim efnum sem verðugt væri.

Vikið var að því af formanni fjárln., hv. þm. Jóni Kristjánssyni, í dag í umræðunni að tækjum framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins raunar um leið til að hafa stjórn á efnahagsmálum færi fækkandi. Ég get tekið undir að nokkuð er til í því sem hv. þm. sagði að vegna alþjóðlegra breyt-

inga sem við fylgjumst með, svokallaðrar alþjóðavæðingar, þá eru þjóðirnar orðnar bundnari í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum en áður var og óháð því að þar háttar vissulega misjafnlega til. Allverulegur hluti af þeim vanda, sem menn standa í að þessu leyti, þ.e. hver þjóð, þar á meðal Íslendingar, er vegna okkar eigin ákvarðana. Við höfum gerst glaðbeittari í sambandi við alþjóðavæðinguna svonefndu en skyldi og bundið okkur í alþjóðlega samninga og skuldbindingar og svo virðist sem hluti manna á Alþingi vilji halda enn þá lengra í þeim efnum og ekki bara í núverandi stjórnarliði heldur líka hluti af stjórnarandstöðu, sem grætur það sáran að menn skuli ekki hafa gengið dýpra út í Evrópufenið svonefnda.

Það er ljóst að erfiðara er að verða að hreyfa til þýðingarmiklar hagstærðir í þjóðfélaginu vegna þess flókna gangverks sem menn eru njörvaðir í en þó huggaði hv. formaður fjárln. sig með því að enn þá væru þó eftir ríkisfjármálin. Það mætti þó nota þau sem hagstjórnartæki. Það væri í rauninni búið með það að menn gætu hreyft gengið og menn gætu hreyft vextina. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði þetta kannski ekki berum orðum en hann lét að því liggja. Vissulega er það svo að menn þurfa að horfa til margra átta þegar á slíkum stýritækjum er tekið vegna samtengingar okkar við alþjóðlegt hagkerfi og njörvunar okkar niður í samninga.

Það skyldi nú aldrei vera að ef menn gá ekki að sér kasti þeir jafnvel frá sér þessu eina haldreipi, sem hv. þm. hafði uppi, sem væri hægt að grípa til og ríkisstjórnin væri að reyna að beita í sambandi við ríkisfjármálin, þ.e. sjálft fjárlagadæmið, skattlagningin. Ætli það sé ekki svo að menn séu einnig að nálgast það að þurfa að stilla þar saman við þá sem hafa gengið í hvað nánast bandalag í efnahagsmálum og ég tala nú ekki um ef menn fara alþýðuflokksleiðina, sem mér sýnist að Framsfl. sé á góðri leið með að byrja að feta í sambandi við að gæla við aðild að Evrópusambandinu, þar sem mál eru að þróast með þeim hætti að einnig ríkisfjármálin, einnig tekjuöflunin er að verða bundin í vaxandi mæli. Ég heyrði ekki betur en formaður Framsfl. væri að tala um það á dögunum, og fékk reyndar gott orð frá þeim sem vinna fyrir Árvakur hf., að Íslendingar þyrftu að fara að huga að þessu gengisbandalagi, mynt- og gengissamstarfi, Efnahags- og myntbandalagi Evrópuþjóða, Evrópusambandsins. Og ég heyrði ekki betur en hreyft hefði verið við því úti í Lissabon á dögunum af hæstv. forsrh., sennilega hefur Jagland haft orðið, virðulegur forseti. Það kæmi mér ekki á óvart því ég held að hann sé allt öðruvísi stemmdur í Evrópumálum, meiri kappsmaður í Evrópusamrunanum en hæstv. forsrh. Íslands og segi ég það með jákvæðum huga að því er varðar hæstv. forsrh. okkar. En þeir höfðu orð á hvernig væri með þetta Efnahags- og myntbandalag. Er hugsanlegt að þeir sem eru ekki komnir alveg inn í klúbbinn geti bankað upp á og fengið aðild? Um þetta var spurt úti í Lissabon. Og það var ekki alveg dregið fyrir. Það var ekki harðlokað. Það mætti jafnvel skoða það þannig sem áhugaefni formanns Framsfl., hæstv. utanrrh., um að skoða þetta mál nánar með tilliti til Íslands. Ég veit ekki hversu langt hæstv. utanrrh. eða formaður Framsfl. vildi ganga í þessum efnum. Hann hefur ekki skýrt það svo ég viti. En það var talin þörf á því að rýna allverulega í þetta.

Á hvaða leið erum við, hæstv. forseti? Á hvaða leið erum við í sambandi við okkar ráð og okkar hag? Við sem byggjum jafnmikið á náttúruauðlindum og raun ber vitni, erum með sveiflukenndan þjóðarbúskap vegna þess hvernig okkar aðstæður eru. Við byggjum sem sagt mun meira á náttúruauðlindum, fiskinum í sjónum, orku fallvatna og framleiðslu í krafti hennar en gerist um þær þjóðir sem ráða ferðinni í Evrópusamrunanum. Og ætli það sé ekki betra fyrir slíka þjóð, smáa eins og við erum, fámenna, að reyna að halda í sem flest sín stjórntæki, a.m.k. gæta að sér áður en menn kasta þeim út í hafsauga og gefa sig aðstæðum og ákvörðunum meginlandsríkja á hönd.

Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Gísli S. Einarsson, sem flutti ágætt mál í dag og tók lungann af ríkisstjórninni á beinið, væri að finna að við breska þingið. Hann fann alveg sérstaklega að við breska þingið, hv. talsmaður Alþfl., að þar væru menn svo andsk... — fyrirgefið, virðulegur forseti. Það var að fæðast hér orð sem ég skal draga til baka, — að þeir væru svo staðir þarna í breska þinginu að síst mætti til þeirra horfa þegar við værum að taka ákvarðanir og móta okkar afstöðu til Evrópusamrunans. (Gripið fram í.) Já, það er rétt. Þeir eru eitthvað hikandi í breska þinginu að skella sér inn í Efnahags- og myntbandalagið, að kasta frá sér gjaldmiðlinum og þeim tækjum sem ein þjóð þó hefur með því að hafa ráð á honum þótt hv. formaður fjárln. telji að það sé nú orðið heldur veikburða tæki fyrir okkur Íslendinga og erfitt að hreyfa það á nokkurn hátt og helstu ráð ríkisstjórnar og þings séu því í höndum fjárln., þ.e. ríkisfjármálin. Ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma, en við hljótum, virðulegur forseti, að hugsa um þessi efni vegna þess að beðið er um það af formanni fjárln. að menn reyni að líta á fjárlagadæmið í eitthvað víðara ljósi en bara í skiptitölunum. Og ég tek undir að fyllsta ástæða er til þess að gera það og reyna að taka á í þeim efnum. En mér sýnist hins vegar að það mundi ekki verða sammæli um þau efni eins og haldið er á málum af hæstv. ríkisstjórn og að hluta af stjórnarandstöðunni sem þylur Evrópubænina daginn út og daginn inn og vill reyna að strika yfir eða kasta frá þeim fáu efnahagslegu stjórntækjum sem eftir eru hér á skerinu.

Menn hafa verið að taka á í þessum efnum vegna þess að aðstæður hafa breyst, jafnvel frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Hv. formaður fjárln. fór yfir þau efni fyrir utan allt þetta sem kemur rúllandi út úr hverjum stjórnarliðanum á fætur öðrum, þ.e. stöðugleikabænin sem ég kalla svo sem menn hafa lært alveg, ég held næstum, virðulegur forseti, eins og faðirvorið. T.d. kunni síðasti hv. ræðumaður, sem sagðist ekki vera orðinn reyndur stjórnmálamaður — ég skil nú ekkert í slíkri hógværð, hann er búinn að vera hálft kjörtímabil bráðum á þingi — stöðugleikabænina alveg utan að og þeir eru mjög drjúgir í Framsfl. sem tala við þessar umræður að hafa stöðugleikbænina uppi. Stöðugleikanum er ógnað og sú ógn kemur utan að með ríkum mönnum sem vilja bregða á það ráð að sinna kalli hæstv. iðnrh. og taka til við að fjárfesta í orkufrekum iðanði í landinu og raska hugsanlega stöðugleikanum þannig að nú liggur mikið við og hv. formaður fjárln. verður að kippa í þetta eina stjórntæki, ríkisfjármálin, til þess að allt fari ekki á hliðina. Menn sem ráða í hv. fjárln. eða kannski þeir sem ráða meiru en hv. fjárln. hafa verið að rembast við að finna möguleika á því að rétta skútuna af þannig að ekki velti á hliðina með því að draga saman í ríkisfjármálunum til þess að skapa borð fyrir báru fyrir Kenneth Peterson og co. Það er, virðulegur forseti, hið nýja ljós sem fæðst hefur og sem á að auka hér hagvöxtinn til verulegra muna á næstunni, fyrir utan hugmyndir sem uppi eru hjá forustu Íslenska járnblendifélagsins, þar sem ríkið er meirihlutaeigandi, um að bæta þar við framleiðsl-

una. Og þó að þar sé ekki á vísan að róa með hagnaðinn af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga eins og dæmin sanna, þá held ég að það sé þó ólíkt líklegra til þess að gefa af sér að draumarnir rætist, það séu meiri líkur á því að menn hafi eitthvað upp úr þeirri fjárfestingu en þeirri álbræðslu Kenneth Petersons sem hugmyndin er að draga hér upp á landið. Það held ég að sé mikill óvissupeningur sem þar er á ferðinni. Þar held ég að ríki mikil óvissa og það er ekki alveg laust við að eitthvað vanti í sannfæringuna, bæði hjá hv. formanni fjárln., og varaformanni fjárln. jafnvel, þegar kemur að spurningunni um það sem mestu veldur í breytingunum í fjárlagafrv. og hefur valdið mestum heilabrotum hjá fjárln., þ.e. það sem varðar Kenneth Peterson og fyrirtæki hans, Columbia Ventures.

Það hefur reynst dálítið erfitt, virðulegur forseti, að finna hagfótinn á bak við þennan happadrátt, Kenneth Peterson. Hann virðist eitthvað haltur. Það er a.m.k. eitthvað djúpt á að sjáist í sporin frá hagfæti Kenneth Petersons og þá segja talsmenn ríkisstjórnarinnar í fjárln.: „Ef það fer nú svo að Kenneth Peterson svíkur okkur, þá ætlum við að færa þetta allt saman til baka." Hv. fjárln. má því reikna með því, ef svo fer að draumarnir rætist ekki varðandi Columbia Ventures, að það þurfi að kalla fjárln. í nýja lotu og færa allt dæmið til baka á fyrri hluta ársins náttúrlega. Það gengur ekki að láta marga mánuði líða því þá gæti á nýjan leik farið að raskast jafnvægið í hagkerfinu og stöðugleikinn, bara hinum megin frá, t.d. atvinnuleysið að vaxa sem kostar ríkissjóð geysilega mikið. Ég held því að það væri skynsamlegt að halda plöggunum a.m.k. til reiðu sem menn voru að breyta í hv. fjárln. til þess að þurfa nú ekki að vinna þetta allt saman upp á nýtt þegar Kenneth Peterson ekki birtist þegar kemur fram á útmánuði. En hann hefur lofað því að vera ekki seinna á ferðinni en á útmánuðum, kannski góunni, með sitt pund, með sína dollara þannig að þetta geti farið að snúast. Það skiptir allmiklu hvernig þetta fer, það ætla ég ekkert að draga í efa. Það skiptir allverulegu því að hv. formaður fjárln. fór yfir það hvað hengi á spýtunni. Það voru ekki núll komma eitthvað milljónirnar, það voru ekki tugir eða hundruð. Það voru tugir milljarða sem héngu á þessu dæmi, 37,7 milljarðar kr. sem hanga á þessari spýtu, meiri hlutinn vegna orkuframkvæmda, upplýsti hv. formaður fjárln. þannig að það er sannarlega allnokkuð í húfi. Það stendur víst ekki til að koma þessu öllu í lóg á næsta ári stöðugleikans vegna, en á þarnæsta og svo á að fara að taka til við hitt þegar árið 1999 rennur upp. Þá eiga menn að fara að gera aðra hluti sem nú verður að skera niður.

Hefur einhver spurt sig þeirrar spurningar uppi í Stjórnarráði eða í fjárln. hvort það gæti nú verið að það gæti skilað einhverju, jafnvel langleiðinni eins og hagfræðidæmið sem tengist Kenneth Peterson, að ráðstafa þessu fjármagni, m.a. því fjármagni sem fer í virkjanaframkvæmdir og annað sem er innlendur kostnaður, til þess að skapa auð í landinu á næstu árum og áratugum? Ég hef ekki heyrt mikið rætt um það. Ég hef ekki heyrt háværar kröfur um að þarna lægi fyrir samanburður á kostum í sambandi við íslenskan þjóðarbúskap. Nei, enn skal alveg óhikað bætt í áldæmið sem tengist þeim sveiflum sem fylgja þeim iðnaði og halda áfram þeirri frumstæðu framleiðslu sem þar er á ferðinni í raun, þ.e. framleiðslu á hrááli og tengja orkuverðið við heimsmarkaðsverð á þessari afurð og þar getur sitthvað verið uppi.

Virðulegur forseti. Ég hef með þessum orðum verið að reyna að bregðast við áskorun hv. formanns fjárln. um að líta á hlutina svolítið út fyrir skiptirammann. En nú skal ég ekki hafa þau orð fleiri þó að af mörgu sé að taka.

Talsmenn Albþ. og stjórnarandstöðunnar hafa rætt málin og kynnt breytingartillögur sem fyrir liggja, sameiginlegar að hluta, frá stjórnarandstöðunni. Þær vísa á þau atriði þar sem við alþýðubandalagsmenn og aðrir í stjórnarandstöðu teljum að of naumt sé skammtað, of lítið sé tekið á og viljum fá breytingar. Ég ætla ekki að fara yfir það dæmi. Það er búið að kynna það ágætlega. Ég vil bara minna á að þar er rauður þráður framlög til mennta og rannsókna á ýmsum skólastigum, leiðréttingar svo skiptir hundruðum milljóna samkvæmt fyrirliggjandi tillögum og menntun sem einnig tengist starfi í atvinnulífinu, starfsþjálfun, iðjuþjálfun og annað af þeim toga. Þar er einnig horft til þess að við Íslendingar ættum að vera aflögufærir fyrir þá sem minnst mega sín í samfélaginu, þar á meðal þá sem fatlaðir eru og einnig að hugsa aðeins til hinna mörgu úti í heimi sem hafa lítið fyrir sig að leggja og við ættum að minnast svolítið oftar en gert er, í tengslum við svonefnda þróunaraðstoð og örlitla hjálparhönd sem hefur verið ansi veikburða af okkar Íslendinga hálfu allt of lengi og þar sem mikil þörf væri á leiðréttingu. Um leið og ég segi þetta vil ég ekki taka undir þau sjónarmið sem mér fannst enduróma frá einum þingmanni Sjálfstfl. í dag, virðulegur forseti, hv. 16. þm. Reykv., Pétri H. Blöndal, í andsvari við formann fjárln., að löggjafarsamkoman ætti sem minnst að skipta sér af þessu dæmi þegar kæmi til skiptanna innan þess ramma sem við erum að gera hér upp. Ég get ekki tekið undir það vegna þess að ég lít svo á að okkur á löggjafarsamkomunni sem höfum fjárlagavaldið í reynd og er ætlað að fara með það, sé það ekki of gott að reyna að komast að niðurstöðu um skiptinguna fremur en að afhenda valdið þeim sem í ráðherrastólum sitja hverju sinni. Auðvitað er hægt að hugsa sér önnur málstök í ýmsum greinum en tíðkast. En hvar væru tengslin og hvað væri orðið um samband þessarar virðulegu stofnunar, herra forseti, ef við ekki reyndum að líta til með þeim þáttum í framkvæmdum, þjónustu, menningu og öðru, þar sem svörin sem héðan koma skipta afar miklu fyrir fólkið um land allt? Ég held að þessari stofnun veiti ekki af að rækta þau tengsl og fjárlagafrv. er eitt af því sem þar skiptir miklu.

Við höfum orðið vör við það, virðulegur forseti, hvernig viðbrögðin voru strax í haust þegar fjárlagafrv. kom fram og sá boðskapur sem því fylgdi þó að hann væri ekki útfærður nema að hluta til, t.d. í sambandi við skólamálin, menntamálin, framhaldsmenntunina og marga þætti sem lúta að menntamálum og það sama á við um þann stóra bálk, heilbrigðismálin. Við alþingismenn, hvar í flokki sem við erum, höfum heyrt ábendingar, óskir og aðfinnslur frá fjölmörgum sem þessi mál snerta og hér er um mál að ræða sem varða þjóðina alla. Það er mjög sérkennilegt, virðulegur forseti, að verða vitni að því að ríkisstjórn, sem leggur svo mikið undir í stóru eins og orkufrekum iðnaði nú um stundir og það í framkvæmdum sem tengjast fyrst og fremst höfuðborgarsvæðinu, skuli finna sig í því að þrengja kosti skóla, oft lítilla skóla víða um landið sem berjast í bökkum fjárhagslega til þess að sinna þeirri menntun sem nú er krafist, með því að skera niður og það oft án mikils rökstuðnings. Ég virði það við meiri hluta fjárln. að mér sýnist að þar hafi menn reynt að vinda svolítið ofan af þeirri stefnu og þeim hugmyndum sem uppi voru um skerðingar til þess að taka af sárasta broddinn í þeim efnum og ég vona að það séu merki um að menn séu hugsi, svo að ekki sé meira sagt, yfir þeim hugmyndum

og tillögum sem fram hafa komið um þessi mál ofan úr menntmrn.

Ég vil heldur ekki gefa upp von um það að hæstv. menntmrh. hafi lagt við hlustir. Mér fannst örla á því þegar þessi mál voru rædd nú á haustmánuðum varðandi einstaka skólatofnanir að það væri kannski ekki allt skynsamlega ráðið sem gerðar voru tillögur um í haust. Ég fagna því að þarna er að finna breytingar í vissum greinum en það er þó langt frá því að öllum spurningum sé svarað í þeim efnum og auðvitað verður það seint gert. T.d. hafa málefni þeirrar litlu stofnunar sem heitir Hússtjórnarskóli og er á Hallormsstað og var rædd hér ekki alls fyrir löngu, fengið allt aðra úrlausn en á horfðist í haust og það er vel að það hefur tekist að snúa ofan af því þar sem þar var ekki stefnt í rétta átt. Ég vona líka að málefni þeirra framhaldsskóla sem mest var sótt að með fjárlagagerðinni fái sæmilegan framgang. 30 millj. kr. viðbótarframlag til að leiðrétta stöðu þessara skóla er mikilvægt. Þetta eru ekki stórar upphæðir en skipta máli fyrir þessar stofnanir og við megum treysta því, vænti ég, að þar verði skólahald án skerðingar á vormissiri. Hitt er aftur óráðið og felst í þeim textum sem fluttir hafa verið í dag, hvernig verður með framhaldið. Þar er ekki enn þá búið að svara öllum spurningum, virðulegur forseti og ég leyfi mér að spyrja hv. formann fjárln. þeirrar spurningar hvenær hann gerir ráð fyrir að botn fáist í þessi mál. Auðvitað mundi ég spyrja hæstv. menntmrh. beint og ef hann heyrir orð mín, þá þætti mér vænt um að heyra í ráðherranum um þetta efni. Hvenær verður búið að ganga frá málefnum þessara skóla þannig að á vísan sé að róa varðandi skólaárið 1997–1998? Ég tel mjög brýnt að meiri hluti fjárln. geti svarað skýrt um þessi efni. Þetta má ekki dragast fram eftir næsta ári. Það verða að liggja fyrir svör fyrir lok fyrsta fjórðungs ársins, fyrir marslok í allra síðasta lagi vegna þess að menn þurfa að búa sig undir næsta skólaár og það verður ekki gert meðan svörin liggja ekki fyrir frá Alþingi eða ráðuneyti.

Ég er auðvitað að hugsa m.a. um framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu í þessu sambandi, stofnun sem skiptir gífurlega miklu fyrir það byggðarlag sem var mikið í umræðunni í tengslum við þær náttúruhamfarir sem nýlega urðu og hittu fyrst og fremst fyrir þá sýslu, þó að ekki færi á versta veg í þeim efnum. En menntunin, möguleikar til framhaldsnáms og þróun skóla á þessu svæði, eins og auðvitað alls staðar annars staðar úti um allt landið, skiptir geysilega miklu fyrir viðspyrnuna til framtíðar litið og ég ætla sannarlega að vona að við berum gæfu til þess á þingi að ráða þessum ráðum að því er varðar framboð til menntunar úti um allt land, ekki aðeins hér á þessu þéttbýla svæði heldur úti um allt land þannig að fólk sé ekki svipt þeim möguleikum sem menntun felur í sér, möguleikum til þess að nesta sig til lífsins. En svo þurfa menn auðvitað að standa í því lífið á enda því að þannig eru tímarnir að þeim skóla lýkur aldrei og hefur kannski aldrei lokið þó að það sé kallað öðrum nöfnum nú og aðstæðurnar séu nokkuð aðrar.

Ég vænti þess líka, virðulegi forseti, að áður en við höldum til jólahalds hver hjá sér, þá verðum við búin að svara — og það veldur mestu hvernig meiri hlutinn á þingi sem ræður ferðinni, heldur á málum — hvernig haldið verður á málum í sambandi við heilsugæslu og þau efni. Auðvitað er sá mikli niðurskurður sem boðaður var með fjárlagafrv. og enn er á borðinu í sambandi við sjúkrastofnanir, þar á meðal sjúkrahúsin á landsbyggðinni, mikið áhyggjumál. Ég ætla að vona að allir þingmenn en ekki síst þingmenn landsbyggðarinnar, hugsi sitt ráð áður en gengið verður fram með hnífinn í þeim efnum gagnvart sjúkrastofnunum, heilsugæslu og því sem varðar þá grundvallarþjónustu við fólkið, áður en haldið verður upp á jólin.

Ég minni á viðbrögðin þegar fram kom gul skýrsla frá fyrrv. hæstv. heilbrrh. Ætli það sé ekki sá næstsíðasti, eða sá sem var þar á undan sem hafði látið vinna upp slíkt plagg sem fól það m.a. í sér að ekki var gert ráð fyrir bráðaþjónustu í framtíðinni á hálfu landinu, austan Húasvíkur að Selfossi. Ég sé ekki að til greina geti komið að fara að skerða möguleika á slíkri þjónustu á austanverðu landinu og hefja vegferð sem hver veit hvar endar ef menn byrja á því að veikja slíkar undirstöður. Ég hvet því mjög eindregið til þess að við reynum að leita annarra leiða ef rík nauðsyn er talin að draga saman segl í fjárveitingum.

Virðulegur forseti. Mjög víða er heldur laust undir hjá okkur úti um byggðir landsins. Við erum að fylgjast með því og bíðum kannski milli vonar og ótta eftir að heyra uppgjörið um hvernig útlitið er í sambandi við fólksflutningana miðað við fyrsta þessa mánaðar. Það veldur miklu hvernig við höldum á málum á Alþingi, hvaða boð koma héðan í sambandi við undirstöðuþætti fyrir mannlífið út um allt land. Og það er því miður svo að það er ekki bara í sambandi við þessa þætti sem ég hef verið að nefna, menntamálin og heilsugæsluna, sjúkraþjónustuna, þar sem verið er að boða samdrátt sem ekki sér fyrir endann á, heldur í sambandi við marga aðra þjónustuþætti þó þeir tengist ekki fjárlagagerðinni beint. Ég nefni þá endurskipulagningu sem kemur í kjölfar þess að breyta Pósti og síma í hlutafélag, það sem þar er á ferðinni og hvaða boðskapur hefur komið fram í sambandi við þjónustu þeirrar stofnunar. Og ég nefni frumvörp sem eiga eftir að koma upp á borðið hér, en við erum farin að heyra af, sem varða ekki heilsugæslu mannfólksins heldur heilsugæslu dýranna, húsdýranna, þ.e. dýralæknanna og þjónustu þeirra. Hvað skyldi vera þar á ferðinni í sambandi við þjónustu sem veitt hefur verið á landsbyggðinni? Ég er ekki að segja með þessu, virðulegur forseti, að ekki megi hrófla við neinu. Það er langt frá því en við þurfum að gæta okkar þegar verið er að breyta og gaumgæfa hvaða áhrif það hefur og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir mjög svo brothættar aðstæður sem víða ríkja í dreifbýli á Íslandi eða utan höfuðborgarsvæðisins.

Nú kemur, virðulegur forseti, nokkur kynning af minni hálfu, yfirferð yfir fjórar breytingartillögur við frv. til fjárlaga sem ég stend að í eigin nafni fyrir utan þær tillögur sem hv. fulltrúar okkar í fjárln. hafa flutt og kynnt. Það eru fjórar tillögur sem ég vil fara aðeins yfir. Sú fyrsta er á þskj. 343 og varðar Hollustuvernd ríkisins. Þar er um að ræða stofnun sem er undirstöðustofnun varðandi mengunarvarnir í landinu af hvaða tagi sem er, varðandi matvælaeftirlit, varðandi meðferð eiturefna og fjölmarga þætti sem snerta mannlíf um allt land. Mér finnst undralítill skilningur hafa verið á málefnum þessarar ríkisstofnunar á Alþingi. Ég botna bara ekkert í þessu miðað við heitstrengingar manna í sambandi við umhverfismál, umhverfisvernd og mengunarvarnir. Þessi stofnun er allt of mikið í Reykjavík með sína starfsemi eða er lýsandi dæmi um stofnun sem mætti skipta upp. Ég er ekki að mæla með því að fara að taka hana upp í heilu líki og flytja hana eitthvað annað. Það eru ekki mín ráð. En ég tel að starfsemi þessarar stofnunar gæti átt rætur og að það væri hægt að koma henni fyrir víða úti um landið, jafnvel í hverju kjördæmi með miðstöðvar umfram þá starfsemi heilbrigð-

isfulltrúa sem þar er að finna. Þetta segi ég vegna þess að menn hrökkva við þegar fyrir liggur það mat að það þyrfti, hvað svartalágmark snertir eins og það er orðað á stundum þegar menn eru búnir að fara yfir óskirnar.

Það liggur fyrir skýrsla, virðulegur forseti, unnin af stjórnvöldum, ekki af Alþingi heldur af ráðuneytum og í samvinnu við þessa stofnun sem dregur það fram að algert svartalágmark til að stofnunin geti rækt sín lögbundnu hlutverk sé að bæta við 21 stöðu hið fyrsta. Óskirnar voru um allt annað. Ég held milli 60 og 70 ef vel ætti að vera. Svo eru menn að reyna að þrýsta því niður. En við hverju er orðið? Ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það er ekkert brugðist við þessu. Menn höfðu uppi loforð í fyrra, hæstv. umhvrh., sem ég þurfti að panta í þingsal til þess aðeins að sýna lit, og feta í fótspor hv. 5. þm. Vesturl. og hafa einhvern hluta af ríkisstjórninni hér sitjandi. Það er heldur fámennt á bekkjum. En ég ætla ekki að fara að kalla eftir þeim því að hér hlusta grannt bæði formaður og varaformaður fjárln. og fylgjast með umræðum. Ég treysti þeim ágætu þingmönnum, virðulegur forseti, til þess að hugsa þessi efni og bera þau áfram, jafnvel banka á dyr hjá ráðuneytunum til að fá einhverja úrlausn.

Það er eitt stöðugildi sem er uppskeran af allri þessari skoðun mála um Hollustuvernd ríkisins. Það er vegna þess að ný lög voru sett um erfðabreyttar lífverur á síðasta ári og verið er að ráða einn mann til að reyna að fylgja því stóra máli eftir. Hinu er öllu saman sópað undir teppið. Það er eitthvað reynt að fylla upp í hallagötin, þ.e. stofninn frá fyrri árum og búið. Hvað voru þeir að hugsa, virðulegur forseti? Hvað voru þeir að hugsa sem samþykktu á árinu 1993 samning um hið Evrópska efnahagssvæði? Var það bara upp á punt? Var það til þess að hér kæmu streymandi milljarðarnir sem þáv. hæstv. utanrrh., — nú fyrirlesari í Kína, hann er að mennta Kínverja, kannski í mengunarvörnum, ég veit það ekki. Og væri nú ástæða til að hv. 3. þm. Suðurl. sem leiddi sauðkindina fram í umræðu í gær eða fyrradag færi í aðra ferð þangað austur innan tíðar til að sjá hverju hv. þm., fyrrv. formaður Alþfl., hefði fengið áorkað í gestafyrirlesaraferð sinni í Kína. En sá ágæti þingmaður, fyrrv. formaður Alþfl., var í þessum ræðustól með mjög háar tölur um ávinninginn mikla af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Gæti verið að hann hefði ekki allur skilað sér, virðulegi forseti? Er það hugsanlegt? Er tregðan við að standa að útfærslu þessa máls, þessa stóra samnings, ástæðan fyrir því að ekki er staðið með öðrum og skilmerkilegri hætti að því að standa við efni þessa samnings — milljarðarnir, sem áttu að koma í kjölfarið, og hæstv. þáv. utanrrh., nú hv. þm. Jón Hannibalsson, lofaði? Og hv. þm. taldi sig hafa Þjóðhagsstofnun og flesta hagfræðinga landsins að baki sér. Það sést heldur lítið af þessum krónum uppi í Hollustuvernd ríkisins. Ég er að leggja hér fram tillögu, virðulegi forseti, um óverulega úrbót miðað við þarfir, 12 millj. kr. til þessarar stofnunar merkt vegna EES-samnings, reglugerða og eftirlits. Þurfum við að fá vöndinn að utan til að rækja þau verkefni sem eru að mörgu leyti skynsamleg þó að ég mæli ekki með því að neinu leyti að menn séu að selja sig undir ok að utan til að segja sér fyrir hvernig eigi að haga hlutunum? En þegar menn eru einu sinni búnir að gera það hlýtur að reyna á að menn séu samkvæmir sjálfum sér. Og þær eru ekki ófáar gerðirnar sem eru óunnar, hvað þá útfærðar sem bíða í háum stöflum uppi í Hollustuvernd ríkisins því ekki vantar að þangað er öllu mokað frá umhvrn., beina leið þangað inn á borðin þannig að fólk er að kaffærast undir þessu og fær ekkert við ráðið vegna féleysis. Og þegar á næsta ári, a.m.k. þarnæsta, munu dómarnir koma að utan sem menn voru að panta með EES-samningnum frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna þess að Íslendingar sýna lítinn lit á því að standa við það sem þeir gengust undir.

Ég ætla sannarlega að vona, virðulegur forseti, að einhver breyting verði á í þessum efnum. Annars hlýtur meiri hlutinn á Alþingi að skoða sitt ráð og koma sér út úr þessari flækju. Ekki skal sitja á mér að reyna að greiða fyrir því að menn losni úr þessari flækju sem þeir voru að binda sig í með aðild að þessu gangverki að utan. Ekki meira um það, virðulegur forseti.

Þá er tillagan sem snertir menningarmál, sem er á þskj. 344, um litlar 3 millj. kr. í undirbúning Náttúruhúss í Reykjavík. Þetta verkefni, að reisa hús yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu sem geti orðið landi og þjóð til sóma, bíður. Það er búið að bíða lengi. Það er búið að ýta á eftir því við mörg tækifæri af þeim sem málið er skyldast, þeim sem staðið hafa með mjög veikum mætti fjárhagslega fyrir því að halda uppi þessu merki og er falið það af ríkinu, tóku þar við af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi á sínum tíma, líklega á 7. áratugnum, því safni sem Bjarni Sæmundsson, Árni Friðriksson og fleiri góðir menn unnu við að koma hér upp og var í Safnahúsinu við Hverfisgötu lengi vel en síðan komið fyrir í húsi sem mætti nota sem getraun fyrir hv. þingmenn hvar sé að finna, hvað þá fyrir þá sem koma hingað í höfuðborgina utan af landi eða utan úr löndum. Þannig var að í tilefni af 100 ára ártíð, afmæli þess merka félagsskapar, Hins íslenska náttúrufræðifélags 1989, var efnt til þess af páv. menntmrh. eftir hvatningu frá góðu fólki sem hafði bundist samtökum og unnið árum saman að því að hreyfa við þessu máli, að reyna að koma undir þetta fótum hugmyndalega a.m.k. Stjórnskipuð nefnd skilaði vönduðu verki, fullyrði ég, og þar hafði besta forustu í þeirri nefnd að málinu núverandi rektor Háskóla Íslands. Þó að ég væri við borðsenda í því nefndarstarfi var það núverandi rektor Háskóla Íslands, Sveinbjörn Björnsson, sem lagði mest til þessa máls. Og þannig var á máli haldið við þennan undirbúning með góðum stuðningi þáverandi borgarstjóra í Reykjavík, ágætum stuðningi frá Davíð Oddssyni, þáverandi borgarstjóra, að hugmynd varð um það að þrír aðilar legðu saman um að reka af okkur slyðruorðið og koma upp sómasamlegu náttúrufræðisafni á þessu aðalþéttbýlissvæði landsins og í höfuðstað landsins. Þetta átti að vera þríþætt verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir hönd ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Ég fullyrði að ekki er aðeins kallað eftir þessu af fjölda fólks sem hefur beðið lengi og horfir til ríkisins, ég fullyrði að hjá Reykjavíkurborg muni vera góður hugur enn til þessa máls, sem fyrrv. borgarstjóri og nú forsrh. landsins veitti ágætt brautargengi fyrir nokkrum árum og hjá Háskóla Íslands. Það er mér kunnugt af nýlegum samtölum við núverandi rektor og einn aðalhugmyndasmið að þeim tillögum sem birtust í grænu hefti um Náttúruhús í Reykjavík og auðvelt er að reiða fram fyrir þingmenn til upprifjunar.

Haldið var áfram eftir þetta nefndarstarf og samstarfshópur var að verki fram til 1992 a.m.k. til þess að reyna að koma fótum undir þessa hugmynd. Skilaði hann áfangaskýrslum og mun betur framreiddri skýrslu en þeirri sem ég held á, sem var fyrsta áfangaskýrsla, um þessa hugmynd. Í þeim hópi voru m.a. af hálfu Reykjavíkurborgar Hjörleifur B. Kvaran og Þórður Þorbjarnarson, þáverandi borgarverkfræðingur,

sem var mikill áhugamaður um þetta mál. Ég bið þingmenn um að gefa þessari litlu tillögu gaum því ég held að það væri mjög gott veganesti og góð gjöf til þjóðarinnar allrar að koma þessu máli af stað á nýjan leik og áleiðis og reyna að gera þetta að veruleika. Einnig af því tilefni að við ræðum mikið um að menntun á þessu fræðasviði sé aldeilis ónóg og aðstaða skólanna til að sinna þessum málum sé ekki sem skyldi. Nóg eru gögnin til að reiða fram til styrktar þessu máli. Ég held að ríkið þurfi að gæta þess þegar stuðningur kemur frá sveitarfélögunum og svo öflugu sveitarfélagi sem Reykjavíkurborg og stofnun eins og Háskóla Íslands, sem hefur verulegan hluta sinna tekna af happdrættisfé, að slá ekki hendi á móti slíku samstarfi. Ekki meira, virðulegur forseti, um þá tillögu.

Aðeins um tillögu sem ég flyt á þskj. 342, sem varðar grunnkortagerð á Fljótsdalshéraði samkvæmt samningi. Þar er lagt til að veitt verði í það verkefni 5 millj. kr., verkefni sem búið var að samningsbinda milli Landmælinga Íslands, Skipulags ríkisins og heimaaðila fyrir austan sem unnu að því og hafa áfram áhuga á því mikla nauðsynjaverki að fá grunnkort í mælikvarðanum 1:25 000 af því ágæta svæði, af því góða héraði Fljótsdalshéraði, til að geta staðið þar með burðugum hætti að skipulagsgerð og ræktunarstarfi, þar á meðal skógræktarstarfi sem þar fer fram í auknum mæli en þarf auðvitað að vera vel skipulagt og þetta er undirstaðan. Auðvitað er þörfin víðar en þarna var búið að gera samning sem er í útideyfu, því miður, nú um stundir nema aðstoð komi við þau opinberu fyrirtæki sem höfðu bundist samningum með heimaaðilum sem áfram hafa áhuga á málinu og hafa minnt á það í sambandi við þessa fjárlagagerð.

Einnig er á þskj. 357 tillaga sem varðar fjárlagaliðinn Húsnæði og búnað sýslumanna, þ.e. framlag til sýslumannsins á Seyðisfirði til endurbóta á húsnæði embættisins að Bjólfsgötu 7. Þetta er tillaga um 10 millj. kr. til þess að koma af stað bráðnauðsynlegu viðhaldi á því húsnæði sem hýsir þetta sýslumannsembætti. Þarna er hægt að slá tvær flugur í einu höggi og stuðla að endurreisn eða varðveislu mjög merks húss, Bjólfsgötu 7. Ég rakti við fjárlagaumræðu í fyrra sögu þess nokkuð og ætla ekki að endurtaka hana hér. Þar var opnuð ein glæsilegasta verslun á Íslandi á fyrsta áratug aldarinnar og þar var prentsmiðja. Um það vélaði m.a. þingmaður Seyðfirðinga um skeið, Lárus Jóhannesson. Ég man vel eftir þegar hann sat á þingi fyrir Austurland eða fyrir Seyðisfjörð. Margir merkir menn voru þar þingmenn, ekki alltaf út á mjög digran stafla atkvæða eins og þeir muna sem eru á mínum aldri. Það er mjög nauðsynlegt að koma þessu máli af stað þó það yrði unnið á tveimur til þremur árum. Því miður hefur ekki verið haldið á undirbúningi þess og framkvæmdum eins og vonir stóðu til fyrir einu til tveimur árum þegar jákvæð svör komu frá dómsmrn. um það að alveg á næstunni yrði þetta til lykta leitt, þ.e. spurningin um það hver yrði framtíð embættisins, hvort nýtt húsnæði yrði keypt eða ráðist yrði í endurgerð þessa gamla húss sem embættið er nú í.

Ég tel það enga spurningu að menn eigi að vinda sér í það að endurgera þetta gamla hús og halda því við fyrir þetta embætti. Það fer vel um embættið þarna að öðru leyti en því að við núverandi aðstæður er það ekki boðlegt sem vinnustaður einfaldlega vegna aðstæðna, vegna kulda m.a. að vetri til þannig að ekki er hægt að ætla starfsfólki embættisins að búa við þetta stundinni lengur.

Virðulegur forseti. Mörg eru málin og ef hv. 16. þm. Reykv. hefði setið undir máli mínu mundi hann kannski koma og finna að því að menn væru að leita eins smátt í safninu og raun ber vitni af þeim tillögum sem ég hef verið að flytja. Margt fleira mætti telja en ég skal láta staðar numið. Ég veit að þeir sem að þessum málum vinna fyrir hönd þingsins og þingflokka í fjárln. leggja sig fram um að gera sem best þeir geta og mér sýnist að það sé mjög margt vel um störf fjárln. Ég held að sú vinna sem fagnefndirnar eiga að geta lagt af hendi og sem ég heyrði að hv. varaformaður fjárln. hafði góð orð um, sé vafalaust góðra gjalda verð. En ég tel þó að þar mætti betur gera, a.m.k. þar sem ég þekki til, til þess að auðvelda fjárln. það vandaverk að átta sig á aðstæðum í hinum einstöku málaflokkum. Við þurfum ef nokkuð er að bæta þar um frá því sem tekist hefur, líka til þess að það rætist sem menn ætluðu sér þegar þessi jákvæða nýbreytni var upp tekin, að láta fagnefndir þingsins horfa á dæmið með fjárln. Ég er ekki með þessum orðum að lasta það sem gert hefur verið en ég held að við þurfum að gera betur í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:06]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir málefnalega ræðu og góð orð í garð fjárln. Hann beindi til mín einni spurningu varðandi samninga menntmrn. við framhaldsskólana og hvenær þeim þyrfti að vera lokið. Ég legg áherslu á, og ég hygg að þau sjónarmið séu uppi í nefndinni, að þeim þurfi að vera lokið áður en skólarnir fari að skipuleggja nám á haustönn eða í apríl til maí í síðasta lagi.

Varðandi önnur atriði sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni, eins og almenna umræðu um efnahagsmál, þá er ég ekki alveg sammála hans sýn í því efni. Hann gerir heldur lítið úr mönnum sem eru að tuldra bænir um stöðugleika og telur að það sé mögulegt að leggja á meiri skatta og að það sé ekki svo nauið með gengið. Ég held að við þurfum ekkert að líta til alþjóðlegs samhengis í þessu sambandi. Verðlagsáhrif, áhrif á skuldir landsmanna setja okkur skorður varðandi gengið. Vissulega stend ég við það sem ég sagði í framsöguræðu minni að okkar efnahagskerfi er í vaxandi mæli hluti af efnahagskerfi samkeppnislandanna.

[19:07]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt hjá hv. formanni fjárln. að það má ekki dragast úr hömlu að ákvarðanir liggi fyrir varðandi stofnanir eins og framhaldsskóla sem þurfa að líta fram á veginn í starfi, að fá úr því skorið hvaða aðstæður þeim eru ætlaðar. Ég mundi halda að menn þyrftu að ætla sér marsmánuð sem síðasta tíma til að ljúka þessari skoðun mála sem gert er ráð fyrir að haldi áfram í samvinnu skólanna og menntmrn. og ég vænti þess að meiri hluti fjárln. og forusta stuðli að því að svo geti orðið.

Um hin stóru atriðin ætla ég ekki að ræða frekar en ég gerði, nema það að ég orðaði það ekki svo að það væri ekki svo nauið með gengið. Ég var fyrst og fremst að leggja áherslu á að við þurfum að gæta þess að kasta ekki frá okkur stjórntækjunum, við þurfum að hugsa svolítið fram í tímann eða hugsa um áhrif þess ef við göngum lengra en ýtrasta nauðsyn krefst í þeim efnum vegna þess að það getur orðið okkur dýrkeypt.

[19:09]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil endurtaka það að meiri hluti fjárln. leggur áherslu á að fyrir liggi eins fljótt og unnt er niðurstaða í sambandi við framhaldsskólana.

Ég vil aðeins segja í viðbót við það sem ég sagði áðan um efnahagsmál almennt að ég ræddi ekki mikið um tekjuhliðina í framsöguræðu minni í morgun enda verður það mál rætt við 3. umr. þegar tekjuáætlun liggur fyrir. Það er alveg ljóst að ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki gengið öllu lengra í skattheimtu. Það verður að endurskoða jaðarskattadæmið sem oft hefur verið rætt í Alþingi. Hins vegar vil ég ganga lengra í því að reyna að ná öllum þeim sköttum inn sem ríkið á rétt á. Ég hef rætt um það áður í ræðum á Alþingi, m.a. við 1. umr. fjárlaga. Það finnst mér vera verkefni sem þarf að ganga í og þar megum við ganga lengra en gert hefur verið og ég legg á það mikla áherslu.

[19:10]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Um það getum við verið sammæltir, hv. formaður fjárln., að auðvitað skiptir skattheimtan gífurlega miklu máli og þar má lengi bæta. Það er dálítið merkilegt hversu umræðan um skattskilin er sveiflukennd. Menn eru uppteknir af þessu kannski svona part úr ári en það vill síðan lenda til hliðar. En þetta eru mál sem menn þurfa að vinna að í samfellu og hafa alltaf í huga.

Vegna stöðugleikans get ég ekki annað en haft uppi vísu sem beið mín á borði með fangamarkinu HJ undir og heitir: Stöðugleikabænin, svo hjóðandi, með leyfi forseta:

Stjórnarliðarnir standa í hring
og stynja með andann veikan.
Vertu yfir og allt um kring
með allan stöðugleikann.

[19:12]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. flutti að venju góða framsöguræðu fyrir þeim breytingartillögum sem hann hefur lagt fram. Ég vildi veita andsvar gagnvart því sem hann sagði um brtt. vegna framkvæmda og endurbóta á sýslumannshúsinu við Bjólfsgötu 7 á Seyðisfirði. Þetta er hið merkilegasta hús og tek ég undir það sem hv. þm. sagði um það. Ég tel að það eigi að vera hægt að sjá til þess að viðgerð á þessu húsi fari fram. Því hefur verið þannig komið fyrir að Fasteignir ríkisins hafa fengið þetta hús til umsjónar, þ.e. að Fasteignir ríkisins eiga að sjá um viðgerð á húsinu og kosta hana af þeim fjármunum sem til þeirrar stofnunar renna, ef stofnun má kalla. Ég tel að það sé mikill menningarauki að því að endurgera hús eins og það sem hér um ræðir, og það eigi að gera það. Annað væri ríkisvaldinu til minnkunar, ekki síst þegar litið er til þess að í gildi eru lög um húsfriðun og það er alveg skýrt og klárt hvernig á að framfylgja þeim. Þetta hús er meðal merkustu húsa þeirrar tíðar sem það var byggt á þegar litið er til byggingarlistar. Það væri því mikill skaði ef ekki yrði af því að húsið yrði endurbyggt.

Að öðru leyti vil ég segja að formáli hv. þm. að framsöguræðunum var með öðrum hætti og vildi ég koma að því í seinni hluta andsvars.

[19:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vænt þótti mér um að heyra viðbrögð varaformanns fjárln. varðandi þessa breytingartillögu og kom mér kannski ekki á óvart að þar væri skilnings að vænta á því sem snýr að björgun menningarverðmæta því að þar hefur hv. þm. Sturla Böðvarsson tekið mjög vel á sem formaður þjóðminjaráðs nú um stundir. Stundum er talað í neikvæðum tón um að þingmenn komi að fleiru heldur en því sem til fellur bara innan veggja Alþingis. En það munar um það ef menn hafa skilning á þeim málum sem þeim er ætlað að sinna og ég tel að þar eigum við hauk í horni sem horfum til verndunar gamalla húsa, þ.e. varaformann fjárln.

Málið er að þarna verði úr framkvæmdum. Það er það sem við þurfum að tryggja. Mér þykir vænt um að heyra þann skilning á þessu máli og undirtektir við það, að auðvitað ber ríkinu að leysa málið þannig að embættinu og minjaverndinni sé borgið sameiginlega. Að þessu þarf að hyggja mjög víða eins og hv. þm. þekkir manna best, virðulegur forseti og að þegar um opinberar byggingar er að ræða geti þetta tvennt farið saman þar sem aðstæður leyfa.

[19:16]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það að auðvitað á ríkisvaldið að sýna gott fordæmi um verndun menningarminja. En ég vildi vegna ræðu hv. 4. þm. Austurl. segja að mér þótti heldur neikvætt hljóð í hv. þm. varðandi hugmyndir um uppbyggingu stjóriðju sem uppi eru um þessar mundir. Og það vakti nokkra undrun mína þegar hann ræddi um stöðugleikann og það að ekki væru til tæki lengur, þ.e. menn væru orðnir verkfæralausir þegar þyrfti að grípa til aðgerða gagnvart efnahagslífinu.

Það á ekki að vera neitt áhyggjuefni út af fyrir sig og er fyrst og fremst fagnaðarefni ef framkvæmdir hefjast hér við orkufrekan iðnað svo framarlega sem alls hófs sé gætt í þeim efnum gagnvart náttúrunni. Það hlýtur að vera fagnaðarefni. En hann hefur vafalaust verið m.a. að líta til þess að ég hef bent á það að undanförnu að við gætum okkar á þann veg að þegar kemur að stórauknum framkvæmdum þá ætlum við okkur ekki að gera alla hluti í einu. Þá kemur að því að stýra framkvæmdastiginu eins skynsamlega og nokkur kostur er. Ég tel að verkfærin í þeim efnum séu ekki einungis við fjárlagagerðina, ekki einungis í höndum ríkisvaldsins, heldur séu þau hjá atvinnulífinu og hjá sveitarfélögunum. Ég hef verið að vekja athygli á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu mega ekki skerast úr leik þegar við teljum að skynsamlega þurfi að raða verkum í þjóðfélaginu þannig að sem best nýtist okkur til uppbyggingar atvinnulífsins í landinu.

[19:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki í hópi þeirra sem hafa viljað útiloka að nýta orkulindir landsins í orkufrekum iðnaði og gæti rakið nokkur dæmi um það efni. Hins vegar held ég að menn þurfi þar eins og víðar að fara með nokkurri gát. Mér finnst vera eitthvað holt undir þessum áformum í sambandi við álbræðslu á Grundartanga. Og sú hugsun að bandarískur fjáraflamaður ætlar að koma þarna upp þýskri álbræðslu, gamalli að stofni til, væntanlega verður eitthvað nýtt í henni ef endurreist verður. Það er dálítið sérstakt hvernig að þessum málum er staðið. Menn ganga ansi langt í fyrirgreiðslunni til þess að láta þetta ganga upp og get ég bara nefnt það fjármagn sem hefur verið reitt fram til þess að gera nauðsynlegar kannanir sem svona áhætturekstur á auðvitað að standa undir sjálfur en ekki ríkisvaldið að ganga þar á undan.

Ég hef miklar áhyggjur af umhverfisþætti málsins. Ég hef verið að líta á tillögur að starfsleyfi og fór yfir þetta efni þegar það fór undir mat á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt. Ég hef verulegar áhyggjur af þessu fyrir utan hinn almenna þátt sem ekki verður undan komist ef úr þessum rekstri verður, þ.e. að bæta mjög verulega úr varðandi mengun af völdum koldíoxíðs eins og annarra gróðurhúsalofttegunda. Ef þetta vex upp í 180 þúsund tonna álbræðslu og verður að veruleika, þá verða það ekkert minna 360 þúsund tonn á ári sem menn bæta við sem losun af Íslands hálfu á gróðurhúsalofttegundum, já koldíoxíði einu saman, sennilega eitthvað meira ef allt er talið.

[19:21]

Útbýting þingskjala:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 181. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 361; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 362.

[Fundarhlé. — 19:22]

[20:31]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem áður hefur komið fram í umræðunni um gott samstarf í fjárln. og er það mjög til fyrirmyndar og hefur orðið til þess að við höfum getað skilað tillögum eins snemma og raun ber vitni. Hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln. hafa farið yfir áhersluatriði meiri hlutans, m.a. margnefndan stöðugleika. Það eru aðeins örfá atriði sem ég vil hlaupa á og mun ekki lengja umræðuna mikið.

Við fjárlagavinnuna fór fram mikil skoðun og umræða um gildistölur við útreikning á fjárframlögum til framhaldsskólanna vegna lækkunar á gildistölum nú í haust, sérstaklega til litlu framhaldsskólanna. Það er vilji fjárln. að hagræðingarkröfur komi ekki af svo miklu afli á skólana að skaði starf þeirra. Í vetur mun fara fram gagnger umræða og skoðun á þeim þáttum sem stjórna útgjöldum skólanna og unnið verður að gerð reiknilíkans þar sem tekið verður tillit til allra rekstrarþátta.

Til þess að tryggja að starfsemin haldist óbreytt í vetur þar sem búið er að skipuleggja skólastarf, þá hækkaði fjárln. liðinn Framhaldsskólar, almennt um 30 millj. kr. Er það von okkar að þetta geti orðið til að starfið haldist og unnið verði að málum framhaldsskólanna í vetur. Þessar lækkanir koma einkum fram á framhaldsskólunum á Laugum, Húsavík og Austur-Skaftafellssýslu og einnig Skógaskóla og Framhaldsskóla Vestfjarða. Einnig hafa komið fram ýmis vandkvæði vegna sameiningar Menntaskólans á Egilsstöðum og Eiðum og mun væntanlega vera hægt að leiðrétta ýmislegt þar með framlögum af þessum lið. Hæstv. menntmrh. hefur gefið yfirlýsingar um þau efni og væntanlega koma niðurstöður nægilega snemma til að skólastarf truflist ekki.

Annað atriði sem ég vildi nefna er að lögð hefur verið til hækkun á framlagi til Hússtjórnarskólans á Hallormsstað, þ.e. að það hækki um 4 millj. kr. Með þessu er tryggt að ekki verði lagt niður það merkilega skólastarf sem þar fer fram. Það mátti skilja á fjárlagafrv., eins og það var sett fram, að ætlunin væri að leggja niður starfsemina á Hallormsstað. Geysilega sterk viðbrögð komu fram víða að af landinu, mikil og góð umræða um skólann átti sér stað, bæði hjá heimamönnum og í stjórnkerfinu og ég veit að sú umræða var af hinu góða og dró enn betur fram í vitund fólks styrk skólans og gildi hans í starfsmenntun í landinu. Í skólanum fer fram mjög sérstakt og menningarlegt skólastarf þar sem starfsmenntir í bland við siðmenntir eru hafðar í hávegum.

Það hefur komið fram í umræðunni að nemendur í skólanum eru alls staðar að af landinu og eftirspurn er mikil eftir þessari tegund náms þannig að nú eru komnir biðlistar fyrir næstu önn. Það er mikill vilji til þess að skólinn haldi sjálfstæði sínu og við skoðun á rekstri hans bendir margt til að það geti orðið hagkvæmari kostur.

Ég dreg fram þessi atriði um skólastarfið vegna þess hversu mikla þýðingu þau hafa í byggðamálum. Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þær áhyggjur sem ég hef af þróun byggðamála. Auðvitað er margt sem hefur áhrif á þá þróun en ríkisreksturinn hefur þar mjög mikil áhrif. Því miður boðar fjárlagafrv. og þær breytingar, sem við fjárlaganefndarfólk gerðum við 2. umr. ekki neina bót á þessari þróun sem við horfum upp á þessa dagana. Þvert á móti eru þær breytingar sem gerðar eru allar meira og minna á þann veg að verið er að lagfæra fyrir stofnunum og stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu. Tillögur minni hlutans bera þess sama merki. Þær hækkanir sem minnihlutafólk kemur með eru einnig framlög til að styrkja stjórnsýsluna á höfuðborgarsvæðinu. En þar sem tillögur koma til lækkunar, þá eru það tillögur sem bitna á starfseminni á landsbyggðinni. Ég er mjög uggandi yfir þessu en það er nú einu sinni svo að mjög einfalt er að flytja rök fyrir hagkvæmni stærðarinnar í einstökum þáttum ríkisrekstrarins. Ég óttast hins vegar að það gleymist að líta yfir allt sviðið og meta hvaða áhrif einn og einn kubbur sem týnist úr púsluspilinu hafi á heildarmyndina. Á endanum eru svo mörg púsl týnd og horfin úr þeirri byggðarmynd sem við viljum sjá að myndin hrynur.

Öll höfum við áhyggjur af þessari þróun og við vitum að nauðsynlegt er að landið sé allt byggt til að íslenska þjóðin geti lifað af auðlindum þess. Þrátt fyrir það eigum við alltaf erfitt með að sjá heildarmunstrið af því að við erum alltaf að glíma við einstakar litlar einingar. Ég vil nefna dæmi sem ég tel að sýni þessa þróun. Í fjárlagafrv. eins og það kom fram í haust var í grg. svofelldur texti, með leyfi forseta:

„Í fjmrn. er nú til athugunar hvort auka megi skilvirkni skattkerfisins með því að endurskoða skipulag starfseminnar. Ýmsar forsendur hafa breyst frá því núverandi skipan skattstofa og meginverkefni þeirra voru ákveðin með lögum. Búseta í landinu hefur breyst frá því að þjónustuumdæmi skattstofa voru ákveðin upp úr 1960 og allar samgöngur innan og milli landsvæða eru orðnar mun betri en áður. Þá hefur aukin áhersla verið lögð á að samræma meðferð skattyfirvalda á málefnum og að efla skatteftirlit. Einnig má nefna að nýrri tækni hefur fleygt fram við úrvinnslu skattagagna. Fjmrh. hefur ákveðið að starfsemi stofnana skattkerfisins verði athuguð í ljósi þessarar framvindu. Því er fyrirhugað að leggja fram breytingartillögur um fjárveitingar til þessara liða við afgreiðslu frv.“

Við skulum taka eftir að í þessum texta er minnst bæði á bættar samgöngur og nýja tækni og við skulum þá reikna með að betri samgöngur og hin nýja tækni geti virkað í báðar áttir, bæði til höfuðborgarsvæðisins og frá því aftur. En við fengum tillögur í fjárln. frá fjmrn. þar sem þessar tillögur sem boðaðar voru í frv. eru með svofelldum rökstuðningi, með leyfi forseta:

„Áfangi í þessu starfi hefur nú náðst með því að fjmrh. hefur ákveðið að sameina skatteftirlit sem framkvæmt hefur verið á skattstofum úti á landi, embætti ríkisskattstjóra og stofna við embættið nýtt viðfangsefni sem heitir Skatteftirlit.

Ákveðið hefur verið að 33 millj. kr. fari á þetta viðfangsefni. Fjármögnun þess verður með þeim hætti að fjárveiting sú sem skattstofur hafa fengið til að standa straum af skatteftirliti verður færð til ríkisskattstjóra." Og ríkisskattstjóri er staðsettur einhvers staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar fjárhagsstaðan í þessu er skoðuð sést að 9,5 millj. kr. eru færðar frá skattstofum úti á landi og það þýðir að a.m.k. fimm störf eru flutt þaðan og hingað til höfuðborgarsvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir hagræðingu sem stafar af hinni nýju tækni og eru frá skattstofum færðar 9,7 millj. kr. til þessa sama embættis. Skattstjórinn á Egilsstöðum hefur reyndar sagt mér að sá tími sem sparast með nýrri tækni hjá starfsfólki sé notaður til samtímaskatteftirlits. Ég hefði nú haldið að væri heldur af hinu góða, að hafa þetta tiltölulega skilvirkt og að menn reyni að bregðast við sem skjótast þegar þeir sjá eitthvað óeðlilegt, þ.e. í þeim skattstofum sem staðsettar eru úti um landið þar sem menn eru nálægt vettvangi og þekkja til staðhátta.

Ég veit líka að rök fjmrn. eru þau, og nokkuð er til í því, að ekki hefur tekist að manna þessar stöður. Það virðist vera jafnerfitt að fá skatteftirlitsmenn og fiskvinnslufólk til starfa á landsbyggðinni. En í samtali mínu við skattstjórann á Egilsstöðum kom fram að hann teldi að meðan ekki væri hægt að manna þessar stöður væru þær betur komnar hjá ríkisskattstjóra en lagði ríka áherslu á að um leið og tækist að manna þessar stöður yrðu þessi störf flutt aftur út til skattumdæmanna. Hann vitnaði einnig til skattrannsóknarstjóra, sem er einnig þessarar skoðunar. Ég vil leggja ríka áherslu á þau sömu rök að þegar fólk fæst til þessara starfa verði þeim dreift út til skattumdæmanna því að þegar menn eru nálægt og á starfsvettvangi sjá menn oft betur en þegar verið er eingöngu að skoða skýrslur í fjarlægð og menn vita ekki um hvað starfsemin snýst. Þau rök, rökin um hagkvæmni stærðarinnar, geta oft verið vandmeðfarin.

Á bls. 334 í grg. með fjárlagafrv. er einnig línurit sem sýnir að rekstrargjöld skattstofa í krónum á íbúa eru tiltölulega jöfn nema á Reykjanesi. Þar kostar greinilega mun minna á íbúa að framkvæma þá starfsemi sem fer fram á skattstofunum. Ég sá að þarna voru náttúrlega komin afskaplega góð rök, með þessa hagkvæmni stærðarinnar í huga, því að það er einu sinni svo að skattstofan á Reykjanesi er næststærsta skattstofan. Reyndar virðist þessi hagkvæmni stærðarinnar því miður ekki koma fram í skattstofunni í Reykjavík sem er með u.þ.b. það sama og skattstofurnar á Norðurlandi eystra, Suðurlandi og Austurlandi. En í tillögum fjmrn. til fjárln. hafa þessi rök greinilega ekki gengið upp því þar er svofelldur texti, með leyfi forseta:

„Að lokum hefur verið ákveðið að hækka framlag til skattstofunnar á Reykjanesi til að fjárveiting til hennar verði sambærileg við aðrar skattstofur miðað við íbúafjölda."

Þarna virðast þessi rök ekki ganga upp og ég vil þá halda því fram að það að sameina allar skattstofur og hafa skatteftirlit á einum stað séu ekki rök til þess að miklir peningar sparist, fyrst þetta skiptist á þennan hátt.

Ég hef nefnt þetta dæmi um embætti skattstjóranna. Ég vil nefna annað dæmi og það er þær sparnaðarkröfur sem gerðar eru til sjúkrahúsanna á landsbyggðinni. Fram hefur komið í umræðunni að tillögur eru ekki komnar fram um hvernig þessar sparnaðarkröfur verða en í mínum huga get ég ekki séð að þær komi til með að þýða nema eitt og það er skerðing á þjónustu og fækkun starfa. Ég er ekki að segja að ekki megi einhvers staðar hagræða betur og starfsemin megi fara fram á hagkvæmari hátt. Það er víða sem það á við en í heild sinni mun þetta þýða að draga á saman í þjónustunni við landsbyggðarfólkið.

Ég veit ekki hvort ég á að nefna það af því að það kom fram í umræðunni áðan að lengi hefur staðið til að endurbyggja og lagfæra merkilegt hús sem hýsir skrifstofu sýslumannsins á Seyðisfirði og fór fram ágæt umræða um það áðan. Eins og þar kom fram hafa heimamenn lengi haft áhyggjur af því að ekki skuli vera þarna lagfært og eru búnir að koma með mörg erindi um þær áhyggjur til stjórnsýslunnar.

Einn sjóður er til sem hefur gengið undir nafninu Endurbótasjóður menningarbygginga. Við höfum haldið því fram sum hver að þarna væri um menningarbyggingu að ræða en þær menningarbyggingar sem nefndar eru undir þessum sjóð eru flestar á höfuðborgarsvæðinu og eru alls góðs maklegar og vonandi tekst að lagfæra þær með þessum sjóði á sem stystum tíma. En það er eins og sumt gangi þar hraðar inn heldur en annað og vil ég nefna framlag til Listasafns Íslands sem á að ganga til þess að gera upp Næpuna svokölluðu, Landshöfðingjahúsið, sem á að hýsa skrifstofur Listasafnsins. Þetta er mjög gott málefni og ég vona að skrifstofur Listasafnsins megi eiga þar góða daga. En það sem velkist aðeins fyrir mér er hvers vegna gengur svona hratt að koma því á framfæri og koma inn í verkefnaröð, að gera upp þessar skrifstofur frekar en skrifstofur fyrir sýslumanninn á Seyðisfirði og starfsfólk hans en það hefur verið með slíkum harmkvælum sem raun ber vitni.

Þessi dæmi nefni ég til að sýna fram á að þegar eitthvað er nefnt sem tilheyrir landsbyggðinni virðist það alltaf vera dálítið erfiðara að draga fram fullnægjandi rök til að menn geti réttlætt starfsemina eða framkvæmdirnar eða það sem við er átt en þegar um er að ræða starfsemi og framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þá virðist vera einhver ákveðin sjálfvirkni í gangi.

Ég ætla ekki að dvelja lengur við þetta en eingöngu að hafa uppi þessi viðvörunarorð að við hugsum þetta mál vandlega og reynum að horfa á heildarmyndina.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að nefna það góðæri sem er að bresta á, eins og margir hafa nefnt, og vitna í orð forstjóra Þjóðhagsstofnunar sem hann viðhafði á ráðstefnu um fjármál sveitarfélaganna, en þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Mönnum er því nokkur vandi á höndum við áætlanagerð fyrir árið 1997, ekki síst þeim sem ber ábyrgð á að viðunandi jafnvægi ríki áfram í þjóðarbúskapnum. Ef af álversframkvæmdum verður er ljóst að hið opinbera verður að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þenslu. Í því skyni er skynsamlegast að færa til opinberar framkvæmdir eftir því sem við verður komið, þ.e. að draga úr þeim á árunum 1997 og 1998 og auka þær í staðinn 1999 og 2000. Slík endurröðun framkvæmda getur ráðið úrslitum um hversu vel tekst að nýta aukna atvinnuvegafjárfestingu til að efla hagkerfið og treysta lífskjör til frambúðar."

Svo virðist sem þetta hafi verið orð í tíma töluð, sem betur fer, en ég vil leggja áherslu á að komi til endurröðunar og jafnvel niðurskurðar á opinberum framkvæmdum, þá verði það gert á framkvæmdasviði virkjunarframkvæmda og nýs álvers, þ.e. á suðvesturhorninu. Hæstv. forsrh. hefur þegar lagt þessar áherslur og vil ég ítreka þá skoðun mína að við framkvæmdaröðun verði þetta fyrsta atriði sem haft verður í huga.

[20:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vænti þess að hér verði einhverjir fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar viðstaddir umræðuna. Er ekki meiningin að svo sé? Ef ekki hæstv. fjmrh., sem eðlilegt væri nú, þá einhver annar a.m.k., herra forseti.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til að hæstv. fjmrh. komi í salinn en hann er í húsinu.)

Herra forseti. Ég ætla fyrst að nefna lítillega almennar efnahagsstærðir og horfur í þeim efnum. Mönnum verður tíðrætt um góðærið og vissulega er að mælast mikill hagvöxtur á þá mælikvarða sem notaðir eru um slíkt og ýmsir hafa tilhneigingu til að draga umsvifalaust samasemmerki þar á milli og þess að þá sé allt á réttri leið og allt í góðu gengi. En það getur verið ástæða til að rýna svolítið í hvað á bak við slíkan hagvöxt eða tölur liggur og fer þá kannski mesta gleðin af þegar skoðað er hvað það er í raun og veru sem heldur uppi hagvextinum eða þenur út efnahagslífið á þessu ári. Staðreyndin er, því miður, að fyrst og fremst er um eyðsluvöxt að ræða. Á þessu ári er í raun ekki að sjá nein umtalsverð merki aukinnar verðmætasköpunar. Þetta er með öðrum orðum ekki framleiðslu- eða verðmætasköpunarhagvöxtur heldur eyðsluhagvöxtur öfugt við það sem var þegar fyrst gætti batamerkja í efnahagslífinu eftir langt samdráttarskeið á árinu 1993 og 1994. Þá var fyrst og fremst um að ræða vöxt eða betri útkomu en spáð hafði verið, sem kom til vegna aukinnar verðmætasköpunar fyrst og fremst aukinnar framleiðslu í sjávarútvegi, ekki síst sprottna frá úthafsveiðum.

En á síðari hluta ársins 1994 og á árinu 1995 fór þetta að snúast við og á þessu ári hefur orðið sú dapurlega breyting á að allur vöxturinn og jafnvel rúmlega það er tilkominn vegna aukinnar eyðslu. Auðvitað vega þarna fjárfestingar eitthvað inn í, fjárfestingar í atvinnulífinu, en því miður er að langmestu leyti um stóraukin eyðsluútgjöld að ræða. Það er því miður þannig að svo ófullkomnir eru mælikvarðarnir, eða þannig virkar þeir, að einmitt þetta mælist mjög snöggt sem mikill bati og sérstaklega hjá ríkissjóði sem bólgnar út af tekjum sem aldrei fyrr, einmitt við þær aðstæður að þjóðin er farin að eyða um efni fram.

Auðvitað hafa menn af þessu áhyggjur og Seðlabankinn er að velta því fyrir sér þarna niður við Kalkofnsveg hvað eigi að gera í málinu. Hann hefur gripið til þess ráðs að hækka vextina verulega og raunvextir hafa farið upp á við á Íslandi sem þýðir náttúrlega að vaxtamunurinn milli Íslands og annarra landa hefur aukist til mikilla muna á síðustu missirum, einu til tveimur missirum vegna þess að raunvextir hafa almennt verið á niðurleið í helstu nágrannalöndum okkar. Þetta er, herra forseti, því miður rétt að hafa í huga þegar menn ræða góðærið og alveg sérstaklega þegar menn velta fyrir sér góðærinu inn í framtíðina. Þá vaknar strax spurningin: Hversu varanlegt verður þetta góðæri úr því að það er svona til komið og byggir ekki nema að mjög litlu leyti á aukinni verðmætasköpun í þjóðfélaginu?

Við getum t.d. spurt okkur að því hversu eyðsluþolið endist lengi hjá almenningi við þær aðstæður sem eru orðnar, samanber ótrúlega skuldaaukningu heimilanna á síðustu árum og áframhaldandi á þessu ári. Ég held að það sé stórkostlega vafasamt að gefa sér að aukin eyðsla og einkaneysla muni t.d. allt næsta ár, ég tala nú ekki um lengur, halda uppi hagvexti á Íslandi á sama hátt og hún hefur gert á þessu ári og að hluta til á hinu síðasta. Ég hef ekki trú á því að það verði. Af hverju ekki? Vegna þess að við erum að tala um allt annað umhverfi heimilanna í landinu en nokkurn tíma fyrr við sambærilegar aðstæður. Heimilin á Íslandi hafa aldrei verið skuldsett neitt í líkingu við það sem þau eru nú þegar áður hafa komið tímabil þenslu og eyðslu. Og einhvers staðar eru endamörk þess hvað menn geta slegið lengi lán. Ég held að þess muni sérstaklega sjá stað í því að draga fari úr kaupum á dýrari neysluvarningi strax á næsta ári. Hinu mega menn ekki gleyma að mjög mikil uppsöfnuð þörf var orðin í þjóðfélaginu eftir fimm til sex ára samdráttar- og stöðunarskeið þar sem t.d. bílafloti landsmanna eldist um hátt í hálft ár að meðaltali á hverju ári. Þá gaf auga leið að orðin var mikil uppsöfnuð eyðsluþörf, endurnýjunar- og fjárfestingarþörf á heimilunum, í atvinnulífinu og annars staðar þar sem menn höfðu haldið að sér höndum um langt skeið. Og þess vegna átti það ekki að koma neinum á óvart þegar boðaðir voru betri tímar, þegar hæstv. forsrh. hafi sett upp sólgleraugun og sagði við þjóðina: Nú er þetta allt í góðu lagi. Nú er bjart við sjóndeildarhring. Hæstv. forsrh. leit á klukkuna eða dagatalið og sá að hálft ár var til kosninga og tilkynnti þjóðinni að nú væri allt komið í lag, það væri bjart við sjóndeildarhring. Síðan hefur góðærisplatan verið spiluð og ýtt undir það m.a. af ráðamönnum að nú sé bjart fram undan.

Það eru helstu úrræði Framsfl. þegar þeir eru spurðir um efndir á kosningaloforðum að þetta sé allt í lagi og auðvitað hafa menn vissa tilhneigingu til að trúa því og það er kunnara en frá þurfi að segja að efnahagsástandið er ekki síst spurning um sálarástand, tilfinningu og væntingar manna um það sem fram undan er. Slíkt ræður mjög miklu um það hvort fólk leggur út í eyðslu og fjárfestingar í þeirri góðu trú að nú muni það ráða við hlutina og kljúfa slíkt. Ég tel, herra forseti, að þessa hluti þurfi að hafa í huga þegar menn eru að gera hagvaxtarspár og framreikna slíka hluti inn í framtíðina, án þess að taka afstöðu til þess hvort þetta sé heppileg þróun að öllu leyti sem við erum að horfast í augu við, tala um það hvort það sé raunhæft að reikna með að hún haldi áfram. Svo kemur að hinu: Er þetta mjög farsæl sigling sem við erum að lenda hér í? Það efast ég mjög mikið um. Ég held að þvert á móti, því miður, sé ástæða til þess að hafa verulegar áhyggjur af þróuninni, m.a. vegna þess hvernig peningapólitík og efnahagsstefna er rekin í landinu um þessar mundir. Hún byggir á því að númer eitt þurfi að halda genginu föstu og látum það nú vera. Ekki ætla ég að fara að gerast talsmaður þess að lækka gengið þó að við horfumst í augu við aðstæður sem að mörgu leyti hefðu á árum áður verið taldar alveg raktar forsendur þess að gengið væri orðið of hátt, þ.e. bullandi taprekstur, t.d. í fiskvinnslunni og viðskiptahalli. Þá hefðu menn einhvern tíma sagt: Þetta er greinilega mjög slæmt mál. Það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir einni mikilvægustu útflutningsatvinnugrein þjóðarinnar og það er bullandi viðskiptahalli. Ergó: Við erum að reyna að bremsa þetta niður, skapa aftur rekstrargrundvöll og draga úr eyðslunni.

En það eru fleiri tæki sem eðlilegt er að menn staldri við í þessum efnum og Seðlabankinn, væntanlega með stuðningi ríkisstjórnarinnar og þá ekki síst hæstv. fjmrh., hefur greinilega ákveðið að beita aðeins einu þeirra, þ.e. vöxtunum. Það er augljóst mál að Seðlabankinn ætlar að reka þá peningapólitík og efnahagsstefnu við þessar aðstæður að nota eingöngu vextina til að verja gengið fyrir þrýstingi og reyna að halda aftur af þenslunni. Hann hefur fírað upp vöxtunum

og gerir það væntanlega áfram eftir því sem þörf krefur. Og hver eru líkleg viðbrögð Seðlabankans við því að nú er verið að spá 15 milljarða, jafnvel 20 milljarða viðskiptahalla á næsta ári? Ef reikna má út frá því sem hingað til hefur verið gert þá er að enn frekari vaxtahækkun og það held ég að sé býsna alvarlegt mál vegna þess að vextina borga þeir sem skulda. Þarna er verið að flytja til fé í stórum stíl, í enn ríkari mæli en fyrr, frá þeim sem skulda í þjóðfélaginu yfir til hinna sem eiga peningana og þannig eru að færast til alveg gífurlegir fjármunir.

Vonandi leiðir það út af fyrir sig til einhvers aukins sparnaðar því að það er hugsunin. En mér er til efs að þetta hafi þau áhrif sem tilætluð eru og oft hefur maður efast um að þessi hagstjórnartæki væru jafnnæm og hefðu sömu verkan hér og þau gera víða annars staðar. Ég er t.d. ekkert viss um að mörg skuldsett heimili geti dregið úr lántökum sínum á næsta ári þó að vextir hækki. Ég er ekki viss um að menn sitji þar á bæjum við að lesa vaxtatöflurnar í blöðunum og velta svo fyrir sér hvort þeir eigi að eyða þessu eða hinu. Staðreyndin er sú að þúsundir og tugir þúsunda heimila á Íslandi ná ekki endum saman og brúa bilið með lántökum. Það er svo einfalt, því miður. Það skýrir auðvitað stærsta hluta skuldasöfnunar heimilanna að endar ná ekki saman og það fólk hefur ósköp einfaldlega ekki efni á því og getur ekki pælt í vaxtatöflunum því að það er að taka lán til að framfleyta sér og lifa.

Þetta held ég, herra forseti, að geti átt eftir að reynast býsna ótraustar forsendur fyrir þessu hagvaxtatali inn í framtíðina nema að það gerist að atvinnulífið og framleiðsustarfsemin nái að skila verulega auknum verðmætum inn í þjóðarbúið á næstu árum. Og þá er ég að tala um í raunverulegum verðmætum, ekki tímabundna hluti sem koma til e.t.v. vegna fjárfestinga, sem eru kannski ekki ávísun á raunverulegan arð fyrr en áratugum seinna eins og þær fjárfestingar sem menn eru mest að tala um núna í stóriðju.

Herra forseti. Skuldir heimilanna eru hlutur sem við hljótum að staldra dálítið við þegar við erum að ræða um þessi mál og í stærra samhengi, fjárlögin, skattamálin og kjarasamningana sem fram undan eru og lífskjörin almennt í landinu. Þá verða menn að horfast í augu við að einn rauður þráður gengur í gegnum öll síðustu ár og sker sig alveg úr öllu öðru og það er skuldaaukning heimilanna. Hún er svo gífurleg að menn verða að staðnæmast aðeins við og spyrja sig: Ætlum við að láta þetta halda svona áfram? Menn höfðu tilhneigingu til þess að afsaka skuldaaukningu heimilanna á fyrstu árunum eftir að lán voru verðtryggð með því að segja að þetta væri eðlilegt vegna þess að í verðbólgunni hefðu t.d. húsnæðislánin brunnið upp og þar af leiðandi hefði skuldsetning heimila á Íslandi verið langtum minni en alls staðar annars staðar og það var nokkuð til í því. En hver er munurinn núna ár eftir ár á annars vegar öllum veittum húsnæðislánum og síðan skuldaaukningu heimilanna hins vegar. Hann er nálægt því að vera þrefaldur. Skuldaaukning heimilanna er nálægt þreföld veitt húsnæðislán á hverju ári og stefnir í að verða langleiðina það á þessu ári þannig að jafnvel öll húsbréfin sem búið er að dæla út undanfarin ár duga skammt til að skýra skuldaaukningu heimilanna. Það er annað eins og jafnvel tvisvar sinnum það sem liggur annars staðar. Og hvar liggur það? Væntanlega almennt ekki í löngum lánum því að þau löngu lán sem almenningur er fyrst og fremst að taka eru vegna húsnæðisskuldbindinga. Það liggur í skammtímaskuldum. Það liggur í raðgreiðslum og boðgreiðslum. Það liggur í yfirdráttum, það liggur í víxlum og það liggur í vanskilum og öðru slíku. Þannig er það. Þetta geta menn skoðað ef þeir fara í tölur frá bönkunum og slíkum aðilum. Það eru skuldir sem eru fyrst og fremst að myndast á heimilum þar sem endar ná ekki saman.

En ætla menn þá að keyra sama efnahagsprógramm ár eftir ár inn í framtíðina eins og þeir taki ekki eftir þessum staðreyndum? Ég spyr. Ætla menn að láta það halda áfram að fyrirtækin séu að borga niður skuldir sínar sem er út af fyrir sig gott — en fyrirtækin hafa samfellt borgað niður skuldir í líklega ein sex til átta ár, hagnast líka um hundruð milljóna og alveg upp undir milljarð, þau best settu — á sama tíma og mikilvægasta undirstaða samfélagsins, heimilin og fjölskyldurnar eru reknar með þessum bullandi halla? Þetta eru alvöruhlutir, herra forseti. Þetta eru staðreyndir sem ekki þýðir að horfa fram hjá. Og það er dálítið merkilegt að menn skuli svo koma hver um annan þveran og tala um góðæri. Af hverju? Jú, væntanlega af því að það er hagnaður hjá fyrirtækjunum og af því að það mælist hagvöxtur. En er það góðæri í reynd? Er slíkt góðæri í reynd að það mælist hagvöxtur vegna þess að við erum að eyða um efni fram, vegna þess að hlutaskiptin í þjóðfélaginu eru þannig að heimilin verða að slá lán í stórum stíl fyrir eyðslu sinni og það er gefið upp sem hagvöxtur? Ég held ekki, herra forseti. Ég set mikið spurningarmerki við slíkt.

Skattamálin koma eðlilega næst upp í hugann þegar um samhengi þessara hluta er rætt því það eru nefnilega fleiri tæki til heldur en vextirnir einir, að vísu kannski ekki sem þeir í Seðlabankanum ráða yfir. En ef á Íslandi væri rekin samræmd efnahagsstjórn þar sem ríkisstjórn og Seðlabanki legðu hendur saman, væri að sjálfsögðu hægt að beita þessum tækjum öllum samsíða. Og þá komum við að sköttunum. Það er hægt að taka peninga úr umferð, það er hægt að slá á þenslu, líka með sköttum. Og það er hægt að slá á þá með sparnaði, með því að örva sparnað, t.d. skyldusparnað eða hvetja til sparnaðar á annan hátt. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er flutningsmaður að ágætu frv. um að hætta við að leggja niður húsnæðissparnaðarreikninga. Ég tek undir það sem hann sagði þegar hann mælti fyrir því máli. Það væri að mörgu leyti mjög skynsamleg aðgerð við þessar aðstæður þó ekki kæmi annað til, fyrir utan að ég held að það sé skynsamlegt gagnvart húsnæðispólitík að auðvelda fólki að leggja eitthvað til hliðar til að undirbúa þessa stærstu fjárfestingu lífs síns sem hún yfirleitt er hjá hverri venjulegri fjölskyldu, þ.e. húsnæðið. En þetta er ekki stjfrv. Nei, það eru óbreyttir þingmenn að baksa með þetta af því að það er meira og minna búið að slá af og henda út úr skattkerfinu skynsamlegum, hvetjandi aðgerðum af þessu tagi. Nú er enginn skyldusparnaður ungmenna lengur í gangi, enginn húsnæðisskyldusparnaður og enginn hátekjusparnaður eða annað því um líkt sem allt ætti að koma til skoðunar við aðstæður af þessu tagi.

Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur oft sagt: „Já, en við erum að taka á þessu með því að komast fyrir hallarekstur ríkissjóðs. Það er mikilvæg aðgerð til þess að slá á þensluna.“ En hvernig er það gert? Það er aðallega gert með niðurskurði, með því að beinskera t.d. velferðarkerfið. En það er ekki gert með því að nota góðærið og tekjuaukann í þjóðfélaginu til þess að taka auknar tekjur inn í ríkissjóð og standa sæmilega að samneyslunni og borga svo niður skuldir fyrir afganginn ef einhver yrði. Eitt er t.d. mjög athyglisvert: Er sá aðili, sem besta afkomu hefur haft í íslenska þjóðfélaginu við þessar

aðstæður undanfarin ár og hefur enn á þessu ári, að leggja eitthvað af mörkum í þessu samhengi, gróðafyrirtækin í landinu? Svarið er nei. Á sama tíma og skattálögur almennings aukast um marga milljarða, eru fyrirtækin að borga svipað ef ekki minna í tekjuskatt. Er það skynsamleg ráðstöfun? Er það réttlætanleg dreifing á byrðunum? Er það skynsamlegt út frá þessum prinsippum um efnahagsstjórn sem ég hef verið að fara aðeins yfir? Ég held ekki. Mér finnst að við þessar aðstæður ættu menn að leita eftir því að t.d. afkomutengdir skattar fyrirtækjanna verði látnir skila meiru í ríkissjóð og þeim fjármunum varið til þeirra hluta sem ég hef nefnt.

Það er nú loksins að verða viðurkennt eftir margra ára baráttu að eitt mesta óréttlætið sem við stöndum frammi fyrir í dag í íslenska skattkerfinu séu jaðaráhrifin gagnvart barnafjölskyldunum og þeim sem hafa verið að reyna að koma sér upp húsnæði. Er verið að nota góðærið að einhverju leyti til að jafna lífskjörin gagnvart þessu fólki? Eru einhverjar aðgerðir í gangi, herra forseti, nákvæmlega núna í frv. um tekju- og eignarskatt eða því sem tengist fjárlagafrv. um að taka eitthvað á í þessum efnum? Svarið er nei. Það var nánast sýndarmennskuaðgerð í fyrra, sýndarmennskuaðgerð þar sem lítillega var hreyft við tekjutengdri skerðingu barnabótaaukans. Skerðingin vegna fyrsta, annars og þriðja barns var færð niður um eitt prósentustig. Búið. Það er allt og sumt sem þessi ríkisstjórn ætlar sér á tveimur árum, fyrri helmingi kjörtímabilsins, að gera í þessu illræmda máli sem allir hafa talað um, en ekkert fæst svo að gert. Það er að mínu mati, herra forseti, í öllu þessu góðæristali alveg hneykslanlegt að ekki skuli a.m.k. sýndur einhver litur í þessum efnum. Það er ekki eins og vantað hafi fögur fyrirheit og hástemmd loforð og ég hef haft fyrir því, reyndar einu sinni sem oftar, herra forseti, að koma hingað með bæklinginn góða, Fólk í fyrirrúmi. Ég sé að hv. formaður fjárln. færir gleraugun neðar á nefið til þess að hann sjái þetta betur úr fjarlægð. Fólk í fyrirrúmi, herra forseti.

Það er ágætt að rifja þetta aðeins upp þegar maður er að ræða skuldir heimilanna og fjárlagaafgreiðsluna. (**RG:** Hvað er þetta?) Þetta er kosningastefnuskrá Framsfl., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. (Gripið fram í.) Jú, ekkert annað, fyrir kosningar 8. apríl 1995. Það var tekið fram af öryggisástæðum að þetta væri fyrir kosningar og stendur á forsíðunni. (**RG:** Í fyrra?) Já, í fyrra. Og það var nú hyggilegt hjá þeim framsóknarmönnum því ekki var ástandið gott þegar þeir voru að lýsa þessu rétt fyrir kosningar eins og ég efa ekki að hv. þm. Alþfl. muna því að þeir hafa örugglega tekið eftir þessu. (Gripið fram í.) Það væri nú gaman, herra forseti, ef t.d. hæstv. utanrrh. væri á landinu um þessar mundir — það gerist nú endrum og sinnum að hann kemur við — og við fengjum hann hingað til umræðunnar. Það hefur farið frekar lítið fyrir honum í pólitískum umræðum á þinginu í vetur og það liggur við að maður sakni þess — ég segi það nú kannski ekki; maður á ekki að taka of stórt upp í sig — að hafa hann hér ekki stundum til þess að reyna að standa fyrir máli Framsfl.

Í kosningaloforðunum var myndarlegur kafli um endurreisn heimilanna, hvorki meira né minna og það var sitt af hverju sem átti að gera. Það átti að fara út í víðtækar skuldbreytingar. Það átti að taka á í sambandi við skattamálin sem höfðu stórhækkað á almenningi, sögðu þeir. Það átti að ráðast á þessar auknu álögur í heilbrigðis- og menntamálum og það átti að taka á lækkun barna- og vaxtabóta o.s.frv. Svo var náttúrlega húsbréfakerfið meingallað, allt of stuttur lánstími, vextirnir of háir og allt þar fram eftir götunum. Þetta var um endurreisn heimilanna.

Svo var annar og ekki síðri kafli þar sem þeir framsóknarmenn höfðu fengið ágætis fyrirsögn að láni frá ónefndum flokki um lífskjarajöfnun. Þar er m.a. fjallað sérstaklega um skuldir heimilanna. Hvað er sagt, með leyfi forseta:

„Á næsta kjörtímabili þarf ríkisvaldið og aðilar vinnumarkaðarins að vinna að lífskjarajöfnun." — Þeir framsóknarmenn höfðu áttað sig á því á síðasta kjörtímabili að lífskjaramunur hafði aukist í þjóðfélaginu. — „Það eru sameiginlegir hagsmunir atvinnulífsins, launþeganna og ríkisvaldsins að öflugt atvinnulíf blómstri svo að heimilin og fyrirtækin geti greitt niður skuldir sínar."

Heimilin geti greitt niður skuldir sínar. Það hlýtur þá að hafa verið alveg sérstaklega á stefnuskrá Framsfl. — er það ekki, herra forseti? — að heimilin ættu að greiða niður skuldir sínar. Nú standa þeir framsóknarmenn frammi fyrir því, hafandi verið í ríkisstjórn hátt á annað ár, að í lok fyrsta heila ársins sem þeir eru í ríkisstjórn eru skuldir heimilanna að aukast um 30 milljarða kr. Þau eru því aldeilis ekki að greiða niður skuldir sínar, því miður. Og það bólar ósköp lítið á því að maður sjái þess stað í ráðstöfununum, í skattamálum, í ríkisfjármálum eða annars staðar að það verði yfir höfuð að veruleika á næstunni að heimilin greiði niður skuldir sínar. Ég held því að það sé a.m.k. alveg ljóst að þetta kosningaloforð Framsfl., eitt af mjög mörgum, er úti í kuldanum. Það er sérkennilegt, herra forseti, að þeir skuli vera jafnborubrattir, framsóknarmenn, og raun ber vitni núna t.d. á þessum dögum þegar verið er að afgreiða skattafrumvörpin og fjárlögin því að í raun og veru er ríkisstjórnin með allt niður um sig hvað þetta varðar. Það er ekki einu sinni verið að sýna lit gagnvart þó þeim ranglætismálum þar sem tiltölulega er óumdeilt hvað brýnast sé að ráðast á eins og jaðarskattagildruna sem unga barnafólkið er fast í o.s.frv. Þannig að þetta er nú heldur dapurlegt, herra forseti, heldur dapurlegt.

Ég ætla að hverfa frá kosningaloforðum Framsfl. í bili, sérstaklega í von um að hugsanlega komi hæstv. utanrrh. til fundar. Það getur vel verið að hann hafi verið að halda eitthvert hanastélsboðið núna á milli sjö og níu. Þau eru oft á milli sjö og níu eða sex og átta og þá ætti því að vera lokið núna og hugsanlegt að hæstv. ráðherra geti komið til fundar.

Við síðustu fjárlagaafgreiðslu, herra forseti, hóf hæstv. ríkisstjórn að framkvæma stefnu sína í ýmsum grundvallarmálum. Sennilega var stærstu pólitísku sveðjunni brugðið á loft hér í fyrra þegar ríkisstjórnin afnam viðmiðun milli launaþróunar og bóta til atvinnulausra og lífeyrisþega. Það fór mjög lítið fyrir því máli, allt of. Hvers vegna var það? Það tókst ekki að ná upp almennilegri pólitískri umræðu í þjóðfélaginu af því að ríkisstjórnin notaði að sjálfsögðu það lævísa bragð að læða kerfisbreytingunni í gegn á fyrsta árinu án þess að skerða bæturnar í leiðinni. En hún bjó sér til forsendur til að skerða þær í framtíðinni og það er hún nú byrjuð að gera nákvæmlega eins og við sögðum í fyrra. Þá vantaði ekki, herra forseti, að þessir sannorðu heiðursmenn komu í ræðustól hver á fætur öðrum og sögðu: „Nei, nei, nei. Það stendur ekki til. Þetta er bara tæknileg breyting. Þetta er fagurfræðileg kerfisbreyting. En það stendur ekki til að skerða atvinnuleysisbæturnar eða lífeyristryggingarnar. Það er ekki það sem hér er á ferðinni. Nei, þetta er tæknileg kerfisbreyting og það geta allir verið vissir um að við meinum það frá dýpstu hjartans rótum að þetta verður

ekki notað til að skerða atvinnuleysisbætur eða ellilífeyri eða örorkulífeyri eða annað slíkt." En hvað er nú að gerast? Nú er ríkisstjórnin að nota nákvæmlega þetta tæki sitt sem hún bjó sér til í fyrra og sór og sárt við lagði að ekki yrði gert, til að skerða þessa hluti þannig að nemur á milli tvö og þrjú hundruð millj. kr. en sennilega miklu meiru. Sennilega gæti það orðið um hálfur milljarður kr. ef það tekst að semja um einhverjar, þó ekki verði nema minni háttar, kjarabætur í komandi kjarasamningum og launahækkanir verða t.d. 5% á næsta ári, þá yrði skerðing á ferðinni gagnvart þessum hópi sem nemur einhverju af þessari stærðargráðu. Ég segi, herra forseti: Þetta var löðurmannlegt. Það var aumingjalegt hvernig hæstv. ríkisstjórn stóð að þessu. Að vera ekki menn til að koma hreint fram og segja: „Við teljum þessar bætur of háar. Ríkissjóður þolir ekki þessi útgjöld. 50 þús. kr. atvinnuleysisbætur eru of mikið, ellilífeyririnn er of hár og við ætlum að skerða þetta sisvona um 5–10%." Og gera það þá og taka pólitískum afleiðingum af því. Nei. Það þorðu hetjurnar ekki. Það passaði illa inn í kosningaloforðin þannig að sú leið var valin að smíða sér þarna tæki, setja upp svikamyllu sem síðan yrði hægt að láta ganga væntanlega út kjörtímabilið. Og ef svo heldur sem horfir að á hverju ári sem eftir er kjörtímabilsins verði 1,5–3% munur á milli þess hvernig þessar tölur verða færðar upp í fjárlögunum og launaþróunarinnar, þá sjá menn alveg hvað er að gerast. Mér finnst, herra forseti, satt best að segja dálítil ósvífni að ríkisstjórnin skuli í ljósi svardaganna í fyrra setja hlutina þannig fram að spáð sé 3,5% launaþróun en ekki nema 2% uppfærslu á þessum bótum. Það er ekkert annað en ósvífni. Og þetta er gert af þeim mönnum sem sóru og sárt við lögðu í fyrra að slíkt væri ekki á dagskrá.

Hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur farið prýðilega yfir það í sinni framsöguræðu hvaða fjárhæðum þetta geti skipt, herra forseti, miðað við mismunandi forsendur, annars vegar þær sem gefnar eru upp í fjárlagafrv. og hins vegar launaþróun eins og hún gæti mjög vel orðið. Ég vísa til þess og þarf ekki að endurtaka það.

Þá, herra forseti, langar mig til að staldra við fáein efnisatriði fjárlaganna og/eða breytingartillagna og nefna aðeins fáeina þætti sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi er það útreiðin á framhaldsskólunum. Í raun og veru mætti segja á skólamálunum og menntamálunum almennt. Einhver hefði haldið að hæstv. ríkisstjórn hefði séð sóma sinn í því að endurskoða þá hluti eitthvað, m.a. í ljósi nýjustu upplýsinga og umræðna um stöðu okkar í þeim málum. En svo er ekki. Þvert á móti er að mínu mati staðfestur í brtt. meiri hlutans alveg fáheyrður fjandskapur liggur mér við að segja, t.d. við allt skólahald og menntun á framhaldsskólastigi á landsbyggðinni. Ríkisstjórnin er í raun að lýsa því yfir að framhaldsmenntun í afskekktari byggðarlögum landsins eigi ekki rétt á sér. Það virðist mæta afgangi hvort það tekst að halda uppi einhverju skólahaldi eða ekki við þær aðstæður, t.d. í Austur-Skaftafellssýslu, Þingeyjarsýslum eða víðar. Hverjar eru kveðjurnar sem skólahald á þessum svæðum fær frá hæstv. ríkisstjórn? Jú, það er alveg sérstakur niðurskurður. Það er sérstaklega níðst á þessum litlu og veiku einingum í menntakerfinu þar sem verið er að reyna að halda uppi skólahaldi við erfiðustu aðstæður í landinu, þar sem eru fámennir og litlir framhaldsskólar í strjálbýli. Það er alveg sérstaklega níðst á eina hreina heimavistarframhaldsskóla landsins, skólanum að Laugum í Reykjadal. Alveg sérstaklega. Ég verð að segja að mér finnst það ótrúlegt geðleysi, t.d. þingmanna stjórnarflokkanna af landsbyggðinni, að láta bjóða sér þetta. Þvílíkar lyddur, herra forseti, með leyfi að segja, ef það leyfist. Ég sé að forseti er efins um að það leyfist. En gungur hlýtur þó að mega nota. Þeir eru gungur að láta þetta ganga yfir sig og reyna ekki t.d. að nota stöðuna í fjárln. til að lagfæra þetta. En hver er niðurstaðan? Jú, hinn vélræni hugsunarháttur hæstv. menntmrh. á að ráða, róbótahugsunarhátturinn sem gengur út á það að í menntmrn. séu til einhverjar heilagar vísitölur þar sem mældur er kostnaður á nemanda og að þær eigi að gilda jafnt í stærstu framhaldsskólum í þéttbýlinu sem í minnstu framhaldsskólum landsins, t.d. í heimavistarframhaldsskólum í afskekktustu byggðarlögum. Normin eiga að ráða. Þau skipta meira máli þrátt fyrir allt heldur en starfið sem þarna er, heldur en staða fólksins í þessum byggðarlögum. Og Framsókn skrifar upp á þetta. Hún skrifar upp á þetta. Svo er settur upp einhver aumingjalegur óskiptur pottur sem ráðherrann á að ráðskast með. Mér liggur við að kalla það einhvers konar mútufé sem ráðherrann hefur í sínum höndum til að fara með í viðræður við þessa aðila sem hafa enga samningsstöðu gagnvart sínum yfirmanni, yfirmanni menntamála, og ef þeir verða þægir og eru ekki með röfl þá fá þeir kannski eitthvað úr pottinum. Þetta eru ömurlegir stjórnunarhættir, herra forseti. Við höfum séð þessa hluti áður, m.a. í heilbrigðiskerfinu þegar menn eru skornir niður við trog, menn eru settir niður á hnén og svo kemur valdið með dúsu í annarri hendinni og hamarinn í hinni og býður þeim til viðræðna. Og auðvitað verða menn að sæta þeim afarkostum sem þar er boðið upp á, hverjir sem þeir eru. Svona á ekki að koma fram við menn. Það er miklu heiðarlegra að taka þá hreinlega af heldur en að knésetja menn svona. Mér finnst leggjast lítið fyrir menn að láta þetta ganga yfir sig.

Sömu sögu mætti því miður segja af ýmsu fleiru. Það er mikið umhugsunarefni, herra forseti, að stofnanir landsbyggðarinnar skuli alveg sérstaklega núna fá að finna til tevatnsins. Það er alveg með ólíkindum hvernig þeim málum er komið nú í tíð þessarar ríkisstjórnar sem aldrei fyrr því að á sama tíma og menn sofa ekki vegna þess að þeir hafa svo miklar áhyggjur af þenslu út af öllum stórframkvæmdunum og það verður að draga úr framkvæmdum, hver eru þá skilaboðin úti um land í hinum afskekktu byggðum? Þau eru sérstakur niðurskurður gagnvart framhaldsnámi á landsbyggðinni. Það er sérstakur niðurskurður gagnvart sjúkrastofnunum á landsbyggðinni o.s.frv. Þetta er mjög merkilegt, herra forseti, og í raun og veru alveg stórbrotið að menn skuli leggja upp með þessa hluti. Það getur vel verið að Framsókn sé hætt að halda leiðarþing sem svo voru víst kölluð í gamla daga. Þannig var það að minnsta kosti á Austurlandi í gamla daga þegar Eysteinn Jónsson var upp á sitt besta í kjördæmi að hann fór jafnan heim á vorin. Það er gott að rifja þetta upp fyrir hv. þm. Jóni Kristjánssyni ef hann skyldi ekki vita það að forveri hans fór heim á vorin og fór í hvern einasta hrepp og hélt þar það sem kallað var leiðarþing eða fund með heimamönnum þar sem hann skýrði frá afrakstri vetrarins og helstu ákvörðunum. Tímarnir voru aðrir og fjölmiðlunin öðruvísi en nú og þá voru það vel þegnar heimsóknir þegar þingmenn kjördæmanna komu heim af þingi og fluttu fréttir og ræddu við menn. Það væri gaman að vita hvernig viðtökurnar yrðu hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni ef hann færi nú heim og héldi leiðarþing og ræddi við menn þar, t.d. framgönguna gagnvart framhaldsnámi á landsbyggðinni og sjúkrahúsunum á landsbyggðinni.

Ég vildi gjarnan vera fluga á vegg þegar hv. þm. fer t.d. að útskýra fyrir þeim í Nesjaskóla og í Austur-Skaftafellssýslu hvaða sérstaka réttlæti sé í því að þjarma svona að þeim.

Auðvitað er útkoma skólanna og sérstaklega framhaldsskólanna, herra forseti, almennt mikið áhyggjuefni. Ég geri ekki heldur lítið úr niðurskurðinum sem beinist almennt að þessu skólastigi í heild sinni, svo að ég tali nú ekki um rökstuðninginn sem er einhver sá dásamlegasti sem lengi hefur heyrst. Þegar hæstv. forsrh., og að sumu leyti hæstv. menntmrh., komu með þau rök að það yrði að skera niður hjá framhaldsskólunum núna vegna þess að ekkert væri lengur að hafa af háskólanum. „Það er ekkert lengur af honum að hafa", sagði hæstv. forsrh. „og þess vegna verðum við að bera niður í menntaskólunum og framhaldsskólunum." Það er stórbrotið. En í heildina er þetta þannig að það er verið að fara aftur á bak, það er verið að draga úr framlögum til menntunar og gera starfsskilyrði skólanna til muna lakari. Fyrst er búið að þjarma að háskólunum undanfarin ár og nú er framhaldsskólinn tekinn fyrir. Þetta virðist vera kerfisbundið hjá hæstv. ríkisstjórn. Hún tekur vissa aðila fyrir og þjarmar sérstaklega að þeim og sker af þar til ekkert er lengur af þeim að hafa eins og hæstv. forsrh. segir og þá er farið í næsta aðila og skorið af honum inn að beini þar til ekkert er eftir.

Almennt í samhengi við byggðamálin, herra forseti, eru þessir hlutir sannast að segja alveg ótrúlegir. Ég verð að segja að ég hugsa talsvert mikið um hvernig það sé að verða í almennri umræðu á Íslandi að orðið byggðamál, byggðastefna, byggðapólitík, er orðið skammaryrði. Það er orðið samasemmerki við spillingu, sóun, óráðsíu í fjármálum o.s.frv. Þannig er málum komið. Það er eins og að nefna snöru í hengds manns húsi að taka sér í munn að byggðaþróun í landinu sé óheppileg eða byggðamálin séu í ljótu horfi o.s.frv.

Ég held að hér sé að mörgu að hyggja. Enginn vafi er á því að ýmsar mislukkaðar aðgerðir í byggðamálum, töpuð útlán og ýmislegt annað hefur átt sinn þátt í þessu. Menn á landsbyggðinni verða að sjálfsögðu að líta í eigin barm og spyrja sig: Að hvaða leyti höfum við gert mistök? Hvers vegna er meiri hluti þjóðarinnar sem býr á suðvesturhorninu að verða þessarar skoðunar? Ég dreg ekki úr því hollt er að stunda ákveðna sjálfsgagnrýni í þeim efnum. Málið er grafalvarlegt vegna þess að ef þetta heldur svona áfram, þá mun það hraða enn frekar þeim snjóboltaáhrifum sem eru í gangi. Ég held líka að landsbyggðin gjaldi alveg sérstaklega fyrir að hún byggir á tveimur undirstöðuatvinnuvegum í þjóðfélaginu sem menn hafa þrátt fyrir allt orðið pólitískt sammála um að verði að ganga. Það hefur ævinlega reynst svo að stjórnmálamenn hafa orðið sammála um að það verði þrátt fyrir allt að halda sjávarútveginum á floti og landbúnaðinum líka að einhverju leyti. Það hefur alla vega enn sem komið er verið meirihlutaskoðun. Hvað hefur það þýtt? Jú, það hefur þýtt að menn hafa gripið til aðgerða og menn hafa rekið pólitík til að ná þessum markmiðum, sem hefur verið umdeild og landsbyggðin líður fyrir það. Það er enginn vafi á því t.d. að landbúnaðurinn hefur goldið þess alveg stórkostlega að í gegnum hann hafa menn að hluta til verið að reyna að reka byggðapólitík og öfugt og sjávarútvegurinn hefur líka goldið þess.

Herra forseti. Ég held í þriðja lagi að ekki nokkur vafi sé á því að landslagið í fjölmiðlum hefur þarna stórkostleg áhrif. Fjölmiðlum þjóðarinnar er stýrt úr höfuðborginni. Allir öflugustu og voldugustu fjölmiðlar landsins starfa þar. Þeir senda sínar fréttir úr höfuðborginni. Og það er líka svo komið að menn leggja það nokkuð að jöfnu, hvort heldur er í fréttatímum eða auglýsingum, ef menn fara í ferðalög hvort þeir fara út á land eða til útlanda samanber auglýsinguna frægu. Það var alveg ljóst hvar sá maður bjó þegar verið var að gylla fyrir honum einhver tæki eða tól í sambandi við ferðalög, þá var spurt: Þarftu í ferðalag út á land eða til útlanda? Þjóðin býr sem sagt eðlilega hér, meiri hlutinn gerir það og fjölmiðlunin kemur héðan, hún leggur mat á hlutina í gegnum gleraugun sem sett eru upp hér. Það er ekki nokkur vafi að landsbyggðinni er það mjög mótdrægt. Það er hluti af því t.d. hvernig búið er að stimpla allt sem heitir byggðamál eða byggðastefna, svo ekki sé minnst á svona skelfileg ósköp eins og Byggðasjóð eða Byggðastofnun, menn krossa sig þegar það er nefnt. Svona er staðan. Við þessar aðstæður blasa við okkur tölur, eins og við höfum í höndunum um t.d. beina fólksfækkun í nánast öllum kjördæmum landsbyggðarinnar. Mikla á Vestfjörðum og Vesturlandi og einhverja á Austfjörðum og öflugasta þéttbýlissvæði landsbyggðarinnar, Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið, heldur rétt í horfinu hvað fólksfjölda snertir. Það missir sem sagt algerlega af þeim vexti í íbúatölu sem er í landinu. Við nákvæmlega þessar aðstæður kemur fjárlagafrv. með boðskap af þessu tagi. Lánsfjárlagafrv. er á borðum þingmanna og nál. meiri hlutans. Hvað er lagt til þar? Hækka lánveitingar til Landsvirkjunar úr 4,8 milljörðum í 9 vegna stórframkvæmda sem eigi að fara í á suðvesturhorninu. Það munar um minna. Og hverjar eru jafnvægisaðgerðirnar á móti til að þetta sporðreisist ekki endanlega, t.d. hvað þrýsting á vinnumarkaði snertir? Jú, þær eru sérstakur niðurskurður á framhaldsskólana og sjúkrastofnanir á landsbyggðinni. Það er jafnvægið sem á að hafa í þessu.

Ég, herra forseti, hefði gjarnan viljað að hæstv. heilbrrh. léti sjá sig því ég trúi ekki að óreyndu, að menn ætli að láta málin ganga þannig fyrir sig að hlutunum verði skáskotið í gegnum þingið með 160 millj. kr. niðurskurði, sérstaklega eyrnamerktum niðurskurði á sjúkrastofnanir á landsbyggðinni án þess að nokkrar einustu skýringar verði gefnar á því hvernig eigi að framkvæma það, hvar eigi að skera niður, hverju eigi að loka og hverja eigi að slá af. Mér finnst það vera svo fyrir neðan allar hellur að ég trúi því ekki að menn ætli að láta niðurlægja sig þannig. Hvers konar löggjafarvald er þetta orðið ef menn afgreiða hlutina þannig? Kemur það þá Alþingi ekki lengur við, a.m.k. ekki meiri hlutanum hvernig staðið er að þessum hlutum? Eru hv. þm. stjórnarliðsins alveg sáttir við að fá tilkynningar í pósti í febrúar um það hvort sjúkrahúsið í þeirra kjördæmi eða heimabyggð verður slegið af eða ekki? Eða vita þeir kannski eitthvað um þetta á bak við tjöldin þó ekki sé sagt frá því hér? Ekki gerir það málið betra. Svona pokagangur, herra forseti, á ekki að líðast. Það er langt fyrir neðan virðingu okkar allra. Og af því að hæstv. forseti er jafnframt hv. varaformaður fjárln. þá skora ég á hann að taka á sig rögg og leggja sitt af mörkum til að þetta verði ekki látið ganga svona fyrir sig. Því frágangurinn á málinu öllu í heild sinni er náttúrlega slíkur að engu tali tekur. Að loka fjárlögunum með óútskýrðum niðurskurði af þessu tagi og taka svo inn í bandorm einræðisvald til handa hæstv. heilbrrh. til að gera það sem hæstv. ráðherra sýnist á grundvelli þessarar heimildar. Þetta eru engin vinnubrögð heldur niðurlæging fyrir alla sem í hlut eiga.

Það er einnig svo, herra forseti, að það undrar mann líka af því það er ofan á allt annað, að mínu mati, algjör skortur á pólitískri skynsemi. Það liggur við að kalla verði það

pólitíska heimsku að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki einu sinni rænu á að merkja sér einhver jákvæð atriði sem hún gæti bent á, þar sem væri þó í einhverjum tilvikum sýnt að menn hefðu einhverja meðvitund í þessum efnum og væru t.d. að þoka fram einhverjum framfaramálum á landsbyggðinni sem tengdust þessari umræðu um byggðaþróun og atvinnumál, en svo er ekki. Eitt helsta flaggið sem við höfum bundið vonir við um norðanvert landið í byggðamálum á síðustu árum er Háskólinn á Akureyri. Okkur hefur fundist það vera virkilega metnaðarfull tilraun til að reyna að sýna að það væri þrátt fyrir allt hægt að gera slíka hluti, sem væru ekki bara einhver styrkja- og aumingjapólitík heldur vísuðu til framtíðar og þess að menn vildu sækja fram og tryðu á að í menntuninni og þróuninni lægju möguleikarnir. Og til að landsbyggðin væri ekki algjörlega afskrifuð í slíkum efnum væri þó a.m.k. hægt að vísa til þess að slíkur fáni væri við hún þar sem væri nám á háskólastigi og það að miklu leyti hagnýtt nám, starfstengt nám á Akureyri, stærsta þéttbýlisstaðnum á landsbyggðinni. Þar hefur t.d. átt að vera alveg sérstakt forgangsmál, uppbygging hvað varðar rannsóknir og fræðslu á sviði sjávarútvegs. Hvaða ákvarðanir er svo hæstv. ríkisstjórn að taka í þeim efnum? Jú, að staðsetja sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna, sem kemur til Íslands, í Reykjavík. Ekki nóg með það heldur er Háskólinn á Akureyri sveltur í fjárveitingum við þessar aðstæður. Eitt af því sem hvað brýnast er að byggja upp þar er raunveruleg akademísk stofnun hvað varðar getu til að sinna rannsóknum og slíkum þáttum, sem auðvitað verða að vera við þá háskólastofnun ef hún á að verða einhver háskóli. Því háskóli er ekki akademía nema hægt sé að stunda rannsóknir jafnframt kennslu. Háskólinn á Akureyri fór fram á að framlög til rannsókna tvöfölduðust en þeirri beiðni er hafnað af meiri hluta fárln. Það er hægt að segja kannski með góðum vilja að háskólinn fái lágmarksfjárveitingar til að mæta aukningu sem er sjálfvirk vegna þess að þar hefur nám verið tekið upp á nýjum brautum og eru að bætast við árgangar og út af fyrir sig er hægt að þakka fyrir það. En að öðru leyti er algjörlega daufheyrst við óskum Háskólans á Akureyri hvað varðar fé til raunverulegrar uppbyggingar á sviðum, sem auðvitað þarf að byggja þar upp, eins og í sambandi við rannsóknir og auðvitað þyrfti háskólinn líka á verulegu fé að halda á næstu árum einfaldlega vegna þess að þar er verið að byggja upp bæði í efnislegum og andlegum skilningi stofnun. Þarna hefði hæstv. ríkisstjórn haft tækifæri, þó ekki væri nema eitt einasta dæmi um að einhvers staðar væri þróun í rétta átt líka hvað þetta snertir en það er ekki notað. Ekki enn sem komið er, herra forseti.

Herra forseti. Ég vil að lokum mæla fyrir tveimur brtt. sem ég hef flutt, ekki kannski með heitri sannfæringu fyrir því að þær verði afgreiddar þó hógværar séu og skynsamlegar báðar, heldur vegna þess að mig langar til að vekja athygli á þeim málum. Ég er auðvitað orðinn svo gamall í hettunni hér að ég veit að þau örlög bíða sárasjaldan brtt. frá minni hlutanum að þær fáist samþykktar. Það er nú einu sinni gangur lífsins í þessu. En ég leyfi mér nú samt að mæla fyrir tveimur brtt. á þskj. 341.

Sú fyrri er við 4. gr. lið 03-390, Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Og það er hvorki meira né minna, herra forseti, en að þessi liður hækki um heilar 10 millj. kr., úr 172 millj. kr. í 182 millj. kr. Og af hverju er ég að þessu? Nú veit ég að þessar 10 millj. draga ekki langt til að hækka skammarlega, smánarlega lág framlög okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu sem hefur verið rakinn smánarblettur á okkar ríku þjóð um langt árabil. Nei, ég er að þessu í samhengi við það að við höfum lagt fram tillögu, ég og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, um að tekið verði á í þessum málum og það verði gert að langmestu leyti á grundvelli sjálfstæðrar tekjuöflunar til að standa undir auknum útgjöldum til þróunarsamvinnu af hálfu okkar Íslendinga. Ég er satt best að segja orðinn ákaflega vondaufur um að það náist nokkurn tíma stuðningur við að hækka beinar fjárveitingar úr ríkissjóði til þessa verkefnis. Við hjökkum þar í sama farinu, oftast í kringum 0,1% af landsframleiðslu þar sem viðurkennd og samþykkt markmið, m.a. af okkar hálfu, eru 0,7%. Við þyrftum að sjöfalda þessi framlög til að ná því markmiði sem velmegandi þjóðir heimsins hafa samningsbundið sig til að gera. En ég tel að ef menn vildu skoða það í einhverri alvöru að leggja í sjálfstæða tekjuöflun sem samkvæmt okkar tillögu er þannig að álag yrði lagt á bæði hátekjuskatt einstaklinga og tekjuskatt lögaðila eða fyrirtækja, þá mætti ná umtalsverðum árangri og kannski tvöfalda eða þrefalda þetta framlag á tveimur til þremur árum og ná því þannig a.m.k. í eitthvert horf, sem miklu skárra væri að kynna meðal þjóða heimsins um aldamótin.

Ég segi alveg eins og er, herra forseti, að það er einn póstur sem ég vildi hvað síst vera á sem fulltrúi Íslands — ég veit ekki hvar ég vildi ekki frekar vera — og það er að vera fulltrúi Íslands hjá OECD og standa frammi fyrir þeim ömurleika að þurfa að sýna framlög Íslands til þróunarsamvinnu í töflum OECD, en af tillitssemi við okkur var því að vísu lengi sleppt að hafa okkur með. Ég vildi ég ekki þurfa að vera talsmaður eða málsvari Íslands þar þegar miklu fátækari ríki en við eru farin að leggja mun meira af mörkum í upphæðum og einnig í prósentum en við gerum. Svo ekki sé nú talað um nágrannalöndin sem við viljum auðvitað bera okkur saman við að öllu leyti eins og Danmörku, Noreg, Svíþjóð og önnur slík ríki. Norðmenn hafa um árabil lagt talsvert meira af mörkum en hin alþjóðlegu samningsbundnu viðmið gera ráð fyrir. Í Noregi hafa talsvert á annað prósent af vergri landsframleiðslu farið í þróunarsamvinnuframlög. Þeir eru að vísu ríkir vel og eiga mikla olíu en þeir voru ekki svo ríkir þegar þeir voru byrjaðir á þessu og komnir langt fram úr flestum öðrum þjóðum. Þeir voru með lægri þjóðartekjur á mann en við Íslendingar þegar þeir náðu 0,7% markinu og þjóðir sem standa okkur langt að baki hvað varðar þjóðartekjur á mann ná að mestu leyti sínum skuldbindingum að þessu leyti.

Þetta er hreinn smánarblettur á okkur, herra forseti, ekkert annað en smánarblettur. Og ef ekki er pólitískur vilji til þess að taka fjármuni í þetta af óskiptum tekjum ríkissjóðs þá skora ég á menn að skoða það í alvöru að fara í sjálfstæða tekjuöflun til að standa straum af þessum útgjöldum. Ég er sannfærður um að þjóðin mun styðja það — mér liggur við að segja næstum því hvernig sem það væri gert. Jafnvel þó það væri einn af hinum illræmdu nefsköttum, þá held ég að menn mundu borga hann tiltölulega glaðir enda greiðir fjöldi fólks af frjálsum og fúsum vilja ýmiss konar framlög til hjálparstofnana eða til ýmiss konar þróunarfélaga, tekur að sér að fóstra börn í útlöndum eða standa straum af rekstri einstakra stofnana o.s.frv. Það er gott og þannig á það að vera vegna þess að Sameinuðu þjóðirnar gera ráð fyrir því að til viðbótar hinum opinberu framlögum upp á 0,7% af landsframleiðslu komi umtalsverð frjáls framlög einstaklinga og framlög hjálparstofnana. Viðmiðunin var 1%, þar af kæmu a.m.k. 0,7% frá hinu opinbera eða að hið opinbera

ábyrgðist 0,7% og ekki yrði krafist reikningsskila á því þótt hin 0,3 skiluðu sér ekki. En frammistaða Íslands hefur sem sagt verið sú að þegar best lét, eftir að þessi framlög höfðu verið hækkuð þrjú ár í röð í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat að völdum 1988–1991, og voru þó hennar aðstæður ekkert sérstakar eins og kunnugt er, þá komust þessi framlög 0,13% af landsframleiðslu og eru núna á bilinu 0,1–0,12%.

Ég vísa, herra forseti, í þessa tillögu. Hún er fyrst og fremst hugsuð sem undirbúningsfjárveiting í tengslum við það að hér á Alþingi yrði unnin sú vinna að lögfesta markaðan tekjustofn til að standa undir hækkuðum fjárframlögum okkar Íslendinga til þróunarsamvinnu.

Seinni liðurinn á brtt. mínum, herra forseti, er líka mjög hógvær tillaga. Ég legg til að þarna komi bein fjárveiting upp á 20 millj. kr. til þess að hefja undirbúning að og eftir atvikum framkvæmdir við Barnaspítala Hringsins. Mér er kunnugt um það að til skoðunar hefur verið í fjárln., og kannski er það þegar komið í brtt., að heimildarákvæði verði sett í 6. gr. fjárlaga um að selja hluta af eignum Vífilsstaða, þ.e. af landinu sem þar er, og að þeim fjármunum skuli varið til að undirbúa framkvæmdir við byggingu barnaspítala. Ég styð þær hugmyndir af heilum hug. Ég tel það góða ráðstöfun og sé ekki eftir annars fallegu landi í kringum Vífilsstaði til þessa göfuga verkefnis en ég tel það náttúrlega smánarlegt að þá sé ekki jafnframt einhver fjárveiting í hendi til að hefja undirbúning þessara framkvæmda. Og blessuð veri nú framsýni Hrafnkels bónda á Vífilsstöðum sem varði túnið í kringum Vífilsstaði með því snjallræði að stinga því að mönnum í Garðabæ eða Hafnarfirði eða hvar það nú er að það væri skynsamlegt að stofna golfklúbb, sem var gert. Þegar menn sáu byggðina æða í átt að staðnum og óttuðust að þeir mundu lenda undir malbikinu fyrr en varði þá datt bóndanum, þeim höfðingja, þetta snjallræði í hug og fyrir vikið hafa menn nú þarna eitthvað að selja. Og því er svo sannarlega vel varið í þetta verkefni.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki mikil deila um það, satt best að segja, að eitt allra brýnasta málið hvað varðar sérhæfða heilbrigðisþjónustu í landinu um þessar mundir, og þó fyrr hefði verið, sé það að byggja fyrsta almennilega barnaspítalann á Íslandi, sérhæfða stofnun í takt við kröfur tímans hvað aðstöðu snertir. Að vísu er að koma góð barnadeild við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri í nýju húsnæði og það er rétt að geta þess sem vel er gert. Þar höfðu menn haft barnadeild í stigahúsi, í stigauppgangi. Og vissulega er breytingin mikil. Ég sé að þeir vita af því hér ýmsir sem brosa út í annað að það verður vel búið að hinni nýju deild þarna, en ég sé heldur ekki eftir því.

En það væri fróðlegt að vita hve margir hv. alþm. hafa hugsanlega lent í því að fara með barn sitt á barnadeild Landspítalans. Það rétta hér nokkrir upp hendur og ræðumaðurinn er einn í þessum hópi. Það er lífsreynsla út af fyrir sig. Að lenda með barn inn á fulla barnadeildina og búa þar með hinum foreldrunum á göngunum, svo maður segi nú ekki í tröppunum eða að reyna að sofna á stól. Aðstaðan er slík að það er með hreinum ólíkindum hvernig tekst þó þrátt fyrir allt að halda uppi því metnaðarfulla starfi sem þar er gert. Það er með hreinum ólíkindum. Og ef ætti að vera að veita verðlaun eða orður þá dettur manni stundum í hug blessað ófaglærða starfsfólkið og ýmsir aðrir sem þar vinna undir miklu álagi og við alveg ótrúlega erfiðar aðstæður.

Staðreyndin er líka sú, herra forseti, að þróunin í þessum efnum kallar mjög á úrbætur að þessu leyti. Það hefur orðið heilmikil þróun í þá átt að sérhæfing og aðgreining í sérhæfðri heilbrigðisþjónustu er alltaf að aukast og kallar að sjálfsögðu á það að fyrir hendi sé aðstaða til þess að taka við slíku. Framfarirnar í læknavísindum byggja ekki síst á því að menn eru að sérhæfa og aðgreina þjónustuna og ná meiri og meiri árangri út á slíka hluti. Það er hægt að gera ótrúlega hluti sem menn létu sig ekki dreyma um fyrir fimm eða tíu árum og eitt ágætt dæmi sem ég veit að allir hv. þm. þekkja er t.d. þeir fyrirburar sem nú tekst að bjarga sem menn létu sér ekki til hugar koma fyrir ekkert löngu síðan að væri hægt. Þannig velta menn nú meira fyrir sér því siðferðilega vandamáli hversu neðarlega á að fara í þeim efnum.

En þetta kallar á ýmislegt. Við getum ekki bæði sleppt og haldið. Við getum ekki bæði ætlast til þess að íslensk heilbrigðisþjónusta sé áfram í fremstu röð, innbyrði allar þær nýjungar og þá möguleika sem eru að skapast með tækni, með lyfjum og með sérhæfingu en búi áfram við aðstöðu sem heyrir til liðnum áratugum. Það gengur ekki upp, það er ekki samrýmanlegt. Og ég held að það sé ekki mikil deila um það, herra forseti, að eitt það allra brýnasta í þeim efnum nú um stundir sé bygging á barnaspítala. Ég hef í allri hógværð, herra forseti, leyft mér að leggja fram þá brtt. að til byggingar Barnaspítala Hringsins verði settar 20 millj. kr. á fjárlögum auk þeirrar heimildar sem komi í 6. gr. að ráðstafa tekjum af sölu eigna á Vífilsstöðum í sama skyni. Ég hef enga trú á því að fjárhagur íslenska ríkisins fari mjög á skjön út af 20 milljónum eða einhverju slíku. Mér fyndist það miklu myndarlegri frágangur á málinu að það væri þó a.m.k. einhver föst fjárveiting í þessu skyni þannig að tekin væri pólitísk ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga um að þarna skuli hefjast framkvæmdir. Ég skora á menn að íhuga það mjög vel að samþykkja einhverja slíka tillögu eða leysa úr málinu með einhverjum slíkum hætti. Ég er meira en fús til að kalla brtt. aftur til 3. umr. ef menn vilja fá einhvern tíma til að skoða málið. (**Gripið fram í:** Það er óþarfi.) Er það óþarfi? Vill hv. þm. endilega fá að fella hana eða hvað? Nú eða ef hv. þm. er búinn að safna liði og ætlar að tryggja tillögunni hér stuðning þá er það líka gott en ég bið hann að láta mig vita hvort er á ferðinni. Ég held satt best að segja að hv. þm. mundi ekki hafa svona gaman af þessu eins og hann vill vera láta ef hann væri með það í huga að fella tillöguna. Alla vega er það alveg ljóst að það stóð ekkert um það um það hér í kosningaloforðum Framsfl. að ekki yrði byggður barnaspítali á kjörtímabilinu. Ef eitthvað er þá mundi maður heldur lesa hið gagnstæða út úr plagginu.

Herra forseti. Mér til mikillar hryggðar hefur hæstv. utanrrh. ekki látið sjá sig og tilgáta mín um að hann hafi hugsanlega verið upptekinn í hanastélsboði sem yrði kannski búið um níuleytið hefur reynst röng. Ég verð því að geyma mér það til betri tíma að eiga orðastað við þann góða mann. En ég kem því í framhjáhlaupi til þeirra framsóknarmanna sem eru hér tvist og bast úti í salnum að þeir ættu að láta formanninn sinn vita af því, hæstv. utanrrh., að það sé svo komið, og hefði það einhvern tímann þótt langt til jafnað, að menn séu jafnvel farnir að sakna hans hér.

[21:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get komið þeim orðum til hæstv. utanrrh. um söknuð hv. 4. þm. Norðurl. e. En ég vil líka nefna það af því að hann nefndi leiðarþing Eysteins Jónssonar að mér er vel kunnugt um þau. Ég er vanur að fara í kjördæmið mitt í janúar og mun gera það núna og ég kvíði ekkert að

fara þangað. Það er langt frá því. Mér fannst ræða hv. þm. vera óþarflega svartsýn og einkennilegast þótti mér að hann skyldi nota mest púður á það sem er nú verið að laga í meðförum fjárln. eins og framhaldsskólana í hinum dreifðu byggðum af því að þeir voru í ræðu minni í dag nefndir sérstaklega þegar rætt var um þá fjármuni sem meiri hluti fjárln. leggur til að verði settir til þeirra.

Ég hygg að hv. 4. þm. Norðurl. e. sé óþarflega svartsýnn og ég er ekki sammála honum um horfurnar almennt. Ég ætla ekki í andsvari að fara að ræða hér einstök málefni. Það gefst ekki tími til þess en ég vil þó segja um Háskólann á Akureyri að þó að ekki sé orðið við beiðnum hans um hækkuð framlög frá fjárlagafrv. nú þá hefur hann verið byggður myndarlega upp á síðustu árum. Ég tek undir það að mikilvægi hans er mikið bæði fyrir landsbyggðina og byggðarlögin í Eyjafirði og auðvitað er þörf á því að standa vörð um hann þó að ekki væri svigrúm til að hækka við hann núna.

[21:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gaman að vita af því að hv. þm. þekkir þessa hefð með leiðarþingin og ég mun láta fylgjast með því, gera ráðstafanir til að láta fylgjast með því hvaða viðtökur hv. þm. fær þegar hann fer á leiðarþing — ég segi nú ekki að ég vilji koma með hv. þm., það gæti nú orðið svona og svona.

Það getur vel verið að hv. þm. hafi fundist ég svartsýnn eða staldra mikið við það sem ég tel að fari aflaga hér í þessu frv. Ég dreg ekkert úr því og það er að breyttu breytanda frekar mitt hlutverk. Ætli það sé ekki þannig að stjórnarsinnarnir séu heldur að gylla hlutina og mæra sjálfa sig og aðra í leiðinni en við séum þá frekar að veita aðhald og gagnrýna. Þannig liggja hlutirnir. Enda er af ósköp fáu að taka til að hrósa hér mikið. Það er bara því miður þannig. Og svo segir hv. þm. að ég hafi einkum eytt púðri mínu í hluti sem verið sé að laga eins og framhaldsskólana á landsbyggðinni. Ég ræddi einmitt lagfæringuna, lækninguna. Og hver er hún? Hún er sú að skólarnir fá samkvæmt merktum fjárveitingum niðurskurðinn óbættan. En svo er settur upp einhver pottur, eitthvert bix, sem hæstv. menntmrh. hefur í annarri hendinni og hamarinn í hinni til þess að fara svo og ræða við þessa menn og koma þeim á sinn stað. Ef menn verða góðir þá fá þeir kannski dúsu. (**Fjmrh.:** Hamar í annarri og sigð í hinni.) Nei, hann er með seðla í annarri hendinni og sveðju í hinni. (Gripið fram í.) Ja, ef hæstv. menntmrh. kynni á slík verkfæri þá væri nú gaman að sjá til hans. Nei, staðreyndin er sú að þetta er enginn frágangur á málinu. Ég er að hugsa um framkomuna við þessa aðila sem eru settir í þá stöðu að vera á hnjánum frammi fyrir hæstv. menntmrh. Hvaða samningsstöðu hafa þeir þegar hæstv. menntmrh. kemur með dúsurnar sínar og segir við þá: Ef þið verðið góðir, samþykkið það sem ég legg að þessu og hinu leytinu, þá fáið þið kannski eitthvað úr pottinum? Þetta finnst mér ekki merkileg lækning eða lagfæring, hv. þm. (Forseti hringir.)

Hvað varðar Háskólann á Akureyri þá mundi ég gjarnan vilja ræða hann í seinna andsvari mínu ef hv. þm. vildi vera svo góður að svara mér millitíðinni.

[21:59]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er kannski ekki að krefjast þess að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi traust á menntmrh. Mér þykir a.m.k. ólíklegt að hann kunni á sigð. Hins vegar hefur það komið í ljós og meiri hluti fjárln. hefur kynnt sér það að það er vilji hjá menntmrn. til að semja við viðkomandi skóla um gildistölur og þeirra rekstur. Og eins og kom fram bæði í ræðu minni og andsvari hér áðan er áríðandi að gengið verði frá þeim málum áður en skólarnir skipuleggja sitt nám að hausti. Þetta liggur fyrir.

Það er eitt mál enn sem ég kom ekki að í andsvari mínu áðan en það stendur ekki annað til en að hér verði rædd málefni sjúkrahúsanna, bæði á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu við 3. umr. Mér heyrðist hv. þm. láta að því liggja að það ætti að læða þessum málum hér í gegnum þingið á bak við þingmenn. Ég sagði í framsöguræðu minni að þeim málum væri frestað til 3. umr. þar sem það hefði tekið lengri tíma en ætlað var að fara yfir þau. Því að hér er ekkert um einfalt mál að ræða. Ég leyni því ekkert.

[22:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka sérstaklega fyrir svarið. Gott og vel, við skulum þá geyma þetta með sjúkrahúsin til 3. umr. og í trausti þess að það standi að það liggi þá skýrt fyrir hvað eigi að gera þá bíðum við með umræðuna til þess.

Í öðru lagi varðandi framhaldsskóla þá er það út af fyrir sig ljóst að þessi pottur er staðfesting á því að stjórnarliðið hefur vonda samvisku út af þessari framkomu við framhaldsskólana á landsbyggðinni. Það er alveg ljóst. En aðferðafræðin er leiðinleg, hún er hundleiðinleg, herra forseti, að skera menn niður við trog, búa svo til einhvern pott, einhverja dúsu og mæta svo til samninga við menn um hlutina þegar búið er setja þá í þessar stellingar að þeir eru komnir niður á hnén. Það er hundleiðinleg aðferð. Þetta var prófað dálítið í heilbrigðismálunum á síðasta kjörtímabili. Menn voru með alls konar potta og þetta var svona sambland af þvingunar- og mútuaðferðum. Mönnum var hótað og þeim gerð gylliboð á víxl — ef þið verðið góðir og gerið þetta og hitt og sameinist eða sundrist, þá fáið þið kannski eitthvað. Þetta er leiðinda aðferðafræði. Auðvitað á að taka einhverjar hreinar heiðarlegar pólitískar ákvarðanir um þessa hluti og menn eiga að vera menn til þess að standa fyrir þeim.

Og því nefndi ég Háskólann á Akureyri, herra forseti, að ég tók hann sem dæmi um að hæstv. ríkisstjórn hefði þar haft alveg tilvalið tækifæri til þess að hafa þó ekki væri nema einn fána á lofti gagnvart því að það væri einhvers staðar verið að gera eitthvað sem vísaði til framtíðar og upp á við fyrir landsbyggðina. Á sama tíma og verið er að byggja risastóran skóla, Borgarholtsskóla eða hvað hann nú heitir og allt gott og blessað með það, það er full þörf fyrir hann í nýju hverfi, þá finnst manni dálítið skrýtið að ekki skuli vera hægt að standa a.m.k. jafnmyndarlega að breyttu breytanda hlutfallslega að uppbyggingunni á Akureyri. En eitt það brýnasta sem Háskólinn á Akureyri hefur farið fram á er að fá lagfæringu á sinni stöðu hvað varðar möguleika til að sinna rannsóknum og verða þannig að raunverulegri akademíu. Á það er ekki hlustað og það gagnrýni ég.

[22:03]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að hefja ræðu mína þar sem hv. síðasti ræðumaður endaði sína, þ.e. að ræða hér örlítið um málefni barnaspítala. Ástæðan fyrir því að ég hyggst fara þá leiðina að þessum málum er sú að ég átti orðastað við hæstv. fjmrh. fyrr í dag og óskaði ekki eftir nærveru hans við þessa umræðu því að mitt mat er það að á þessum

tímapunkti við umfjöllun fjárlaganna sé þetta fyrst og síðast málefni þingsins. Nú erum við að fjalla um tillögur meiri hluta fjárln. og hæstv. ráðherrar eru svo sem ágætir með en þeir gegna ekki því lykilhlutverki sem þeir eru vanalega í að þessu sinni.

Ég ætla að gera langt mál stutt í þessu sambandi. Ástæðan fyrir því að ég nefni barnaspítalann er sú að ég vil gjarnan gera undantekningu á þessari beiðni minni og biðja hæstv. fjmrh. að leggja nú við hlustir. (Gripið fram í.) Það er ágætt líka að hæstv. heilbrrh. sperri eyrun.

Sannleikurinn er auðvitað sá að nú á nýjan leik hefur birst á vettvangi stjórnmálanna heilbrrh. sem vill byggja barnaspítala. Sá sem hér stendur kom að því máli árið 1994 og hef ég greint frá því hér í þessum ræðustól og opinberlega annars staðar að það gekk á ýmsu við undirbúning og umræður um þau mál í þeirri ríkisstjórn sem þá sat að völdum. Það var þá einkanlega hæstv. fjmrh. sem þvældist þar fyrir. Ég held að það sé óhætt að orða það þannig. Þess vegna hlýt ég að kalla eftir því núna eftir mjög afdráttarlausar yfirlýsingar hæstv. heilbrrh., nú síðast á aðalfundi Ríkisspítalanna þar sem hún gaf loforð um það, hrein og bein loforð um það að hafist yrði handa við þessa byggingu á næsta ári, hvort hún njóti atbeina hæstv. fjmrh. í þeim efnum eða hvort hann sé enn fastur í gamla farinu og ætli að þvælast fyrir þessu máli og koma í veg fyrir að af stað verði farið. Þetta segi ég vegna þess að ég hef reynslu af þessu máli og náði um það samkomulagi í fyrri ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þar sem samþykkt var að ganga til þessara verka. Síðan þá, eftir að síðari ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, helmingaskiptaríkisstjórnin, tók við, hefur hæstv. fjmrh. haft hér á orði í þessum ræðustóli að það sé rangt, engar slíkar samþykktir hafi verið gerðar í fráfarandi ríkisstjórn. Það er hins vegar rangt af hans hálfu eins og staðreyndir sýna. Það liggur fyrir að umtalsverðir fjármunir eru nú þegar til í sjóði til þessa verkefnis. Kvenfélagið Hringurinn hefur yfir að ráða fjármunum sem nema eitthvað á annað hundrað milljónum króna. Ríkisspítalarnir sjálfir hafa safnað í sjóði, sérstaka byggingarsjóði til byggingar barnaspítala sem ég kann ekki skil á upp á síðkastið en ég tel að í séu 30–50 millj. kr. Þannig er umtalsvert fé til í þetta starf. Það liggja einnig fyrir þau áform Hringskvenna að fara í sérstaka söfnun meðal landsmanna til þessa sérstaka verkefnis þannig að ljóst er að það er almennur vilji og það eru líka fjárhagslegar forsendur til þessa verks.

Nú hefur að því er virðist hæstv. heilbrrh. gripið guð í fótinn með því að finna fjármuni þegar kemur að sölu lands við Vífilsstaðaspítala og það er út af fyrir sig allt gott og blessað og í 6. greinar heimildum í fjárlagafrv. því sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir því að fjmrh. sé heimilt að selja þetta land. Nú bið ég hæstv. heilbrrh. að hlusta. Hvers vegna í veröldinni er ekki bætt við þessa heimild þeirri einföldu setningu að andvirði þeirrar fjárhæðar sem fæst fyrir þetta land verði jafnframt varið til byggingar barnaspítala? Um það er ekki eitt einasta aukatekið orð, ekkert nema einfaldar yfirlýsingar hennar og vilyrði. Því höfum við í þingflokki jafnaðarmanna viljað taka af öll tvímæli í þeim efnum og gert hér viðaukatillögu við þessa umræddu 6. greinar heimild sem er að finna í fjárlagafrv. þar sem það liggur alveg ljóst fyrir að þeir fjármunir sem fást fyrir sölu á þessu landi renni beinustu leið til byggingar nýs barnaspítala. Ég spyr beint á nýjan leik — og ég gef mér það í fyrsta lagi að það hlýtur að vera hæstv. heilbrrh. þóknanlegt að tekin séu af öll tvímæli þannig að vilyrði hennar og loforð séu grundvöllur og byggi á einhverju öðru en lausum loforðum — ég spyr hins vegar hæstv. fjmrh. beint hvort hann leggist gegn slíku, hvort það sé eitthvert samkomulag um það í ríkisstjórninni að andvirði þessarar sölu renni til byggingar barnaspítala. Ég gæti tekið það gott og gilt, virðulegi forseti, mín vegna mætti hæstv. ráðherra nikka eða hrista höfuðið eftir efnum og ástæðum því að spurningin er svo einföld. En hann gerir það ekki því að hann ætlar að svara í flóknu máli. Það er augljóst mál. En þetta er nauðsynlegt að fá fram.

Ég tek heils hugar undir með hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að á þessu stigi málsins er ekki það eitt nægilegt að hér séu almenn orð höfð upp um það að nauðsynlegt og æskilegt sé að byggja nýjan barnaspítala. Við þurfum að festa inn í þessa bók hér með skýlausum hætti þann vilja Alþingis að þetta verkefni sé komið inn í fjárlög. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lýst tillögu upp á 20 millj. kr. stofnframlag. Þingflokkur jafnaðarmanna var með töluna 10 millj. Það skiptir engu höfuðmáli. Þessi tala gæti verið 5.000 kr. þess vegna. En meginatriðið er það að hæstv. fjmrh., þó einkanlega og hæstv. ríkisstjórn átti sig á þeim vilja þingsins að í þetta verkefni á að ráðast hvað sem tautar og raular því að ég hef af því verulegar áhyggjur, virðulegi forseti, að þegar allt kemur til alls, þá ætli menn að láta allt næsta ár — og leggi nú hæstv. heilbrrh. við hlustir — að láta allt næsta ár líða án þess að nokkuð gerist. Og af hverju spái ég þessu, virðulegi forseti? Vegna þess að ég hjó eftir því í einhverri orðræðu hæstv. heilbrrh. að nú ætlaði hún að fara að láta teikna og menn ætluðu að verja næstu missirum, sennilega einu eða tveimur í það að fara að undirbúa og fara að teikna þetta mannvirki. Það fannst mér vera fyrsta undanhaldið og klár og kvitt vísbending um að það ætti ekki að hefja neinar framkvæmdir á næsta ári heldur ætluðu menn að setja á enn eina undirbúningsnefndina, enn eina byggingarnefndina til þess að gaumgæfa þessi mál og kanna.

Það er fullkomlega ástæðulaust, virðulegi forseti, því að þetta gerði ég, sá sem hér stendur, fyrir tveimur árum síðan og þessu verki er lokið. Það er búið að þarfagreina þetta sjúkrahús, þennan barnaspítala. Það er búið að fara í gegnum hvern einasta þátt í væntanlegri starfsemi og gaumgæfa það hvaða rými þarf til. Það er búið að skoða það í krók og kima hvernig þessi nýja þjónusta mun passa við aðra þjónustu Ríkisspítalanna þannig að menn hafa allar þessar forsendur á hendi og geta eins og upp var lagt með þess vegna strax á morgun, eftir hádegi á morgun auglýst útboð, alútboð um byggingu nýs barnaspítala. Útboðsskilmálar í þessu alútboði eru klárir þannig að það er ekki eftir nokkrum hrærandi hlut að bíða. Og með kvitta og klára heimild hér í fjárlögum komandi árs, bæði 6. í gr. með einhverri nómínal tölu í fjárlagafrv. sjálfu með þeim fjármunum sem koma sannarlega fyrir Vífilsstaðalandið, frá Hringskonum, frá byggingarsjóði Ríkisspítalanna. Það mætti auglýsa þetta útboð núna. Það mætti hefjast handa í mars nk. Málið er ekki flóknara en það. Og ég kalla mjög ákveðið eftir svörum við þessu. Ég vil engin undanbrögð og það fólk sem hefur barist fyrir þessu mikilvæga máli þolir ekki nein undanbrögð lengur. Ég krefst skýrra svara. Í fyrsta lagi frá hæstv. fjmrh., um hans afstöðu í málinu. Er hann að þvælast fyrir eða hefur hann fyrir sitt leyti gefið grænt ljós? Og ekki síður vildi ég heyra frá hæstv. heilbrrh. í þá veruna, hvort hún sé ekki ánægð með í fyrsta lagi þetta tal okkar hér, þennan áhuga okkar hér og þá aðferðafræði sem ég hef hér lýst. Að svo komnu máli,

herra forseti, er mér nákvæmlega sama hvort hæstv. fjmrh. situr hér lengur undir minni ræðu eða ekki. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Menn hafa haldið því fram að það sé rólegra yfir pólitíkinni nú um stundir en oft áður og margir hafa haldið því fram að stjórnarandstaðan hafi sig minna í frammi en áður eða að allt sé á svo góðri vegferð og allt horfi svo vel í okkar ágæta þjóðarbúi. Vissulega er það þannig að peningarnir streyma inn í ríkissjóð og ég sé að fjármálaspekúlant stjórnarmeirihlutans hér á þingi, Pétur H. Blöndal, nikkar. Hann er búinn að reikna það út í krók og kring. Ríkissjóður græðir á tá og fingri og það gerir vitaskuld verkefni fjárln. og meiri hluta hennar miklum mun léttara en nokkru sinni hefur verið um langt árabil og þessar brtt. og fjárlagafrv. bera þess auðvitað merki að þetta er býsna létt verk sýnist mér í fljótu bragði sem þeir eru að vinna hér. Ég mun koma að því nánar á eftir hvernig þeir skauta svo létt yfir þetta svið sem raun ber vitni. Menn halda því fram að það sé góðæri í landinu og vissulega má að sumu leyti taka undir það.

Hins vegar verð ég dálítið var við annan tón hjá ýmsum öðrum, hjá fólki úti í bæ sem maður á orðastað við. Það verður ekkert vart við þetta góðæri. Það spyr: Hvar er góðærið? Er það þarna inni á Alþingi við Austurvöllinn eða í Stjórnarráðinu, uppi í Arnarhvoli? Hvar er þetta góðæri? Ekki er það heima hjá mér. Og svona til undirstrikunar á því að ég er kannski ekki einn um að skynja þetta með þessum hætti, þá barst mér í hendur, virðulegi forseti, blað sem gefið er út í Kópavogi. Það er svo sem misjafnt að gæðum, heitir Vogar og er blað sjálfstæðismanna í Kópavogi, 4. tölublað, 46. árgangur og þetta er jólablað, desember 1996. Í þessu blaði sem er býsna pólitískt er svona gegnumheilt verið að tala um þetta góðæri en svo allt í einu verður stílbrot því að þá er viðtal við mann sem þekkir til. Hann heitir Aðalsteinn Sigfússon og er félagsmálastjóri í Kópavogi, í þessu bæjarfélagi sem íhald og Framsókn fara með völd, þessir tveir hinir sömu flokkar og ráða nú ríkjum í landsstjórninni. Aðalsteinn Sigfússon félagsmálastjóri segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Tvær þjóðir í þessu landi — og önnur veit ekki af hinni.“ Einhvern veginn minnir þetta mig á stjórnarmeirihlutann annað slagið. „Tvær þjóðir í þessu landi og önnur veit ekki af hinni.“ Og þessi ágæti maður, sem auðvitað er með puttann á púlsinum, er að fást við það í vinnunni sinni dag frá degi að leysa úr vanda fólks í þessu næststærsta sveitarfélagi landsins á eftir Reykjavík.

Ég held að það sé full ástæða til þess, virðulegi forseti, að þeir stjórnarliðar sem hér eru heyri það hvernig þessi maður, félagsmálastjórinn í Kópavogi, í bæjarfélagi sem stjórnað er af Sjálfstfl. og Framsfl., lýsir ástandinu í sinni vinnu frá degi til dags, á þessum tímum góðæris og efnahagsbata á Íslandi, í blaði sjálfstæðismanna í þessum bæ. Hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Efnahagsbatinn undanfarin missiri hefur ekki skilað sér til stóru bæjanna í landinu. Ekki samkvæmt niðurstöðum félagsmálastofnana í Kópavogi, Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri svo dæmi séu tekin. „Þessi svokallaði efnahagsbati sem allir eru að tala um hefur ekki skilað sér til þeirra lægst launuðu, til þeirra sem mest þurfa á honum að halda. Það sýna tölur frá okkur,“ sagði Aðalsteinn.“ Og hann heldur áfram: „Það er vert að hafa í huga að þeir sem verst eru settir í þjóðfélaginu núna eru í raun búnir að éta sig inn að beini. Efnahagsbatinn, ef hann verður, þarf að verða mjög mikill fyrir þetta fólk til þess að það komist aftur á viðunandi framfærslustig. Sjálfsagt eru mjög margir í þjóðfélaginu sem hafa farið út í að taka bankalán, enda hafa skuldir heimilanna aukist óskaplega, skuldir sem efnt var til vegna framfærslu. Það er óeðlilegt að bankarnir séu þannig notaðir sem launastofnanir.“

Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri í Kópavogi, þessum bæ sem íhaldið og Framsókn stjórnar — (**Gripið fram í:** Til fimm ára.) og hefur stjórnað síðustu fimm árin, það er rétt að halda því til haga — hann segir: „Framhaldið er að fólkið ræður ekki við afborganir og vexti af lánum. Síðan er gengið að þessu fólki og það litla sem til er taka bankarnir. Aðalsteinn segir að þetta eigi bankar að vita. Þeir eigi ekki að lána fé gagnrýnislaust. Bankarnir fríi sig ævinlega með því að ganga að eignum ábyrgðarmanna, sem í flestum tilvikum eru ættingjar.“

Áfram segir í þessu blaði, með leyfi forseta, og hlusti nú hv. þm. Jón Kristjánsson með athygli og kannski e.t.v. hæstv. heilbrrh. líka:

„Aðalsteinn segist verða var við það að fólk í vanda sé með skuldir þar sem innheimtukostnaður og dráttarvextir séu jafnháir eða hærri en skuldin. Hópur fólks lifi bókstaflega á lítilmagnanum og maki krókinn. Slík skuldabyrði eyðileggi fólk.“ Orðrétt segir hann síðan, með leyfi forseta: „Við kynnumst mörgum dæmum þess að fólk er hreint og beint í öngum sínum. Það eru andlegir og líkamlegir erfiðleikar sem hrjá þetta fólk. Það hefur í rauninni aldrei getað um frjálst höfuð strokið vegna fjárhagsáhyggna,“ segir Aðalsteinn.

Ég minnist þess fyrir hálfu öðru ári síðan að tilteknir stjórnmálamenn höfðu áhyggjur af þessu fólki. Ég horfi á tvo þeirra. Höfðu stór orð um nauðsyn þess að hjálpa þessu fólki sem er hreint og beint að drepast vegna skuldanna og sögðu: Léttum skuldabyrði heimilanna. Hvar finnum við og sjáum við úrræði til handa þessu fólki í þessu fjárlagafrv. eða í öðrum störfum núv. ríkisstjórnar? Ég spyr hv. þingmenn stjórnarflokkanna og ekki síst hæstv. heilbrrh. og aðra ráðherra ríkisstjórnarinnar. Ég bið um eitt lítið dæmi um það. Hvar eru bjargráðin gagnvart því fólki sem þessi maður, sem þekkir jafn vel til og raun ber vitni, lýsir? Þetta er ekki flóknara en svo, og það veit ég að þessir hv. þm. stjórnarinnar vita, að á sama tíma og bregður til betri tíðar í ríkisbúskapnum, þá erum við að tala um að fjölskyldurnar í landinu auka skuldir sínar um 25 milljarða kr. Verður þá satt að segja býsna léttur í vasa jákvæður rekstur ríkissjóðs upp á 1 milljarð eða þar um bil, þegar þjóðarbúið, heimilin í landinu eru að auka skuldir sínar upp á 25 milljarða kr. Hver ætlar að borga þessar skuldir? Auðvitað verðum við öll að taka á í þeim efnum. Þetta fólk sem félagsmálastjórinn í Kópavogi er að lýsa er ekki borgunarmenn fyrir þessum stóru skuldum. Hér þarf að koma til úrræðna af hálfu hins opinbera. Svo einfalt er það. Ég kalla mjög eindregið eftir svörum við þessum staðreyndum sem við okkur blasa. Ég ætla ekki að fara að setja á neinar ræður um svik framsóknarmanna. Ég segi þetta bara í fyllstu einlægni og bið stjórnarliða að gefa einhver svör til handa því fólki sem hér er lýst, einhver svör til handa því fólki sem er að safna skuldum upp á 25 milljarða kr. í bullandi góðæri. Hvert á þetta fólk að leita? Hvert á það að snúa sér? Og er að undra þó það skilji ekki upp né niður í því að Friðrik græði á tá og fingri en það sjálft tapi dag frá degi, horfi á þann veruleika að gluggabréfin eru kannski tvöfalt á við þær tölur sem launaumslagið sýnir. Vonleysið algjört. Og ég hlýt að spyrja enn og aftur: Hver eru úrræðin gagnvart þessu fólki? Þessi hópur er því miður sívaxandi

og sístækkandi og það á tímum góðæris. Svarar þetta frv. til fjárlaga 1997 ákalli þessa fólks? Getur til að mynda hv. formaður fjárln. gefið mér nikk upp á að svo sé? (**JónK:** Já.) Hann segir já. Hann gerir þá væntanlega betur grein fyrir því hér á eftir því að í hans inngangsræðu varð ég ekki sérstaklega var við það að sá hópur, sem er að auka skuldir sínar upp á 25 milljarða á þessu ári hefði fengið sérstaklega vísbendingar um að það ætti að taka á vanda hans. Það er þá vandlega grafið í þessari þykku bók sem ég hef ekki fundið né nokkur annar.

Þetta er umtalsvert áhyggjuefni og er kjarni þessa máls, þessarar efnahagsmálaumræðu sem hér á sér stað því að við erum ekki einasta að ræða um stöðu ríkissjóðs sem slíks, þröngt skoðað, heldur erum við að ræða um lífskjör í landinu og það er vitaskuld dálítið merkilegt til þess að hugsa og er sannarlega ekki nýtt af nálinni. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi fundið upp á sinni tíð að byrja á því að ákvarða útgjöldin og síðan taka tekjurnar í restina. Ég minnist þess þegar ég sat í ríkisstjórn með hæstv. fjmrh. að mér fannst þessi vinnubrögð dálítið kúnstug stundum, að menn stemmdu af með því að ákvarða tekjurnar þegar útgjöldin voru fyrir fram og niður njörvuð eftir 2. umr. fjárlaga. En meginatriðið er það að þær vísbendingar til fólks í landinu um betri tíð með blóm í haga eru ekki finnanlegar. Það eru engin svör til þessa fólks sem er að leita að góðærinu sem maður síðan les um og heyrir af í fjölmiðlum en ekki finnur.

Þá víkur talinu eðlilega að þeim kjarasamningum sem fram undan eru og miklar vonir eru bundnar við hjá tugþúsundum launamanna í landinu. Og það var merkileg yfirlýsing sem ég heyrði einmitt hjá hæstv. fjmrh. þegar hann kynnti þessa bók í byrjun október. Hér er að finna fixeraðar tölur eða ákveðnar framreiknitölur á laun í landinu og þar á meðal á opinbera starfsmenn. Ég man ekki töluna lengur, gott ef hún er ekki 3%. Hæstv. fjmrh. var spurður af fréttamanni sjónvarps um það hvort þetta væri ekki naumt skammtað og hann svaraði því til efnislega að það skipti svo sem ekki miklu máli því að ef laun opinberra starfsmanna hækkuðu eitthvað meira, jafnvel 10 eða 15%, þá næði hann því strax til baka í gegnum skattana þannig að afkoma ríkissjóðs breyttist í sjálfu sér ekki svo mikið. Þetta fékk mig til þess að hugsa um þessa nýju hagfræði hæstv. ráðherra, að þegar kemur að opinberum starfsmönnum þá skiptir það engu máli hvað varðar afkomu ríkissjóðs því hann nær því öllu til baka aftur í gegnum skattana þannig að þetta er svona inn og út kerfi hjá honum. Ég hef aldrei heyrt þessa hagfræði svona afdráttarlausa. Vissulega gefur það auga leið að einhverju verður skilað til baka, en ef þetta er svona í huga hæstv. ráðherra, þá vekur það upp þessa spurningu: Eru skattarnir orðnir slíkir að það þjóni engum tilgangi að hækka laun? Er þetta allt tekið til baka með jaðarsköttum og óbeinum sköttum og öðru slíku? Erum við komin algjörlega út á endimörk skattheimtunnar og eru menn eitthvað að reyna að vinna í því að vinda ofan af því eða eiga eitthvað við skattkerfi í þessu frv. til fjárlaga? (**Gripið fram í:** Það eru fleiri skattgreiðendur en opinberir starfsmenn.) Jú, en ég er að tala um þá núna, hv. þm. (Gripið fram í.) Ég skal tala um aðra starfsmenn og þjóðarbúið Ísland rétt á eftir, en nú er ég að ræða um ríkisstarfsmenn sérstaklega.

Þessi kona á Akranesi t.d. sem hafði sig mjög í frammi á þingi Framsfl. um daginn, ég man ekki nafnið hennar lengur, ætli hún sé hýr og kát með þetta frv. og þessar breytingartillögur ríkisstjórnarinnar? Ætli það sé komið sérstaklega til móts við hana, hæstv. heilbrrh.? (**Heilbrrh.:** Hún heitir Guðný Rún.) Guðný Rún ku hún heita. Ætli hún sé kát og hress með þessa afgreiðslu sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara fram með núna á síðustu dögum fyrir jól, á aðventunni? Ætli hún sé hæstánægð og sé alveg staðráðin í því að kjósa Framsfl. um aldur og ævi? Ég er hræddur um ekki. Ég er hræddur um að hæstv. heilbrrh. yrði nú að setjast yfir hana og gefa henni einhverjar vonir sem ekki er að finna í þessu frv. því að þar er ekki punktur eða prik um það hvernig menn ætla að fara að því að vinda ofan af þessum jaðarsköttum sem ég hygg að allir stjórnmálaflokkar séu núna orðnir sammála um að þurfi að vinda ofan af og að menn hafi gengið þar allt of langt. En hvar er sú vinna stödd? Jú, hún er í nefnd stjórnarflokkanna með aðilum vinnumarkaðarins.

Auðvitað spyr maður sig líka: Er það hugmynd stjórnarflokkanna að þessi nefnd klári nú og ljúki einhverjum tillögum til betrumbóta í þessum efnum í upphafi næsta árs og enn og aftur eigi að leika þennan sama, gamla leik og nota eigi breytingar á skattalögum sem einhvers konar skiptimynt í kjarasamningum? Mér finnst það ljótur leikur og mér finnst það ekki skynsamlegt. Ég átti satt að segja von á því miðað við hástemmdar yfirlýsingar ríkisstjórnarflokkanna að við fengjum einhverja vísbendingu um það núna þegar nálgast mitt þetta kjörtímabil hvað þeir ætli að gera í þessum efnum. Það er ekki orð um það. Og það, virðulegi forseti, veldur mér hvað mestum áhyggjum, þ.e. hvað þetta frv. til fjárlaga og þessar breytingartillögur meiri hluta fjárln. eru rýrar í roðinu, hvað þær svara í raun litlu til um það hvernig menn sjá fyrir sér þjónustu ríkisins til lengri framtíðar á ýmsum vettvangi, hvort heldur það er í heilbrigðismálunum eða hinni félagslegu þjónustu. Það eru engin svör. Það eru bara kyrr kjör. Þetta er bara framlengt lauslega og við skulum bara hafa þetta eins og í fyrra í grófum dráttum. Nú getum við það af því að það eru komnir nýir peningar í ríkissjóð og við skulum bara stemma af og hreyfa eitthvað á milli liða en að öðru leyti skulum við ekkert vera að eiga við þetta. En auðvitað er þetta engin stjórnsýsla af því að við verðum að nýta góðærið, ekki síður en þegar vindar blása á móti, til þess að fara ofan í þjónustu ríkisins.

Ég hef verið talsmaður þess að halda úti öflugri samneyslu og verið talsmaður hinna félagslegu lausna. Á hinn bóginn hef ég líka verið þeirrar skoðunar að við þurfum ævinlega og aftur að skoða það og meta mjög kalt og ákveðið hvernig þeirri þjónustu er best fyrir komið, hvar og hvernig og í hve miklum mæli. Það er ekki verið að gera hér, því er nú verr og miður. Og mér finnst það sjást best í þeim vandkvæðum sem þó hafa birst í starfi stjórnarmeirihlutans og þá á ég við þessar margumtöluðu 160 millj. kr., það að stjórnarmeirihlutinn skuli vera að velkjast með það núna mánuðum saman hvernig eigi að koma fyrir kerfisbreytingu eða einhvers konar breytingu á starfsemi sjúkrahúsa úti um land upp á 160 millj. kr. Er það sparnaðarhugmynd sem þar er að baki, því að þetta eru auðvitað algjörir smáaurar í þeirri stóru tölu sem er að finna í frv., eða er hér í gangi einhver ný hugsun hvað varðar þjónustu þessara sjúkrahúsa úti um landið? Eða verður þetta bara afgreitt með þeim einfalda hætti að búið er að fækka þeim sjúkrahúsum sem eiga að lenda í þessum niðurskurði? Hv. þm. Árni Mathiesen upplýsti það, mér til nokkurrar ánægju, að sjúkrahús á landsbyggðinni væru ekki sjúkrahús í Hafnarfirði og ekki í Keflavík. Ég var farinn að bíða eftir því að Akranes væri varla á landsbyggðinni heldur þannig að þeim fækkaði bara. Það væri kannski helst Austurlandið

sem sannanlega væri á landsbyggðinni, á Egilsstöðum og í Neskaupstað og sannanlega eru Ísafjörður og Patreksfjörður á landsbyggðinni. Væntanlega er Stykkishólmur enn þá landsbyggðinni, að ógleymdum þremur sjúkrahúsum í kjördæmi hæstv. félmrh., á Blönduósi, Siglufirði og Sauðárkróki og eitthvað er af sjúkrahúsum í kjördæmi hæstv. forseta, á Suðurlandi. En samt sem áður eru þetta ekki svo mörg sjúkrahús.

Ég hlýt að spyrja eftir því ef þetta er orðið lykilatriði til þess að hægt sé að reka ríkissjóð hallalausan, 160 millj. kr. niðurskurður á sjúkrahúsaþjónustu úti á landi, hvort þetta sé spurning um krónur og aura, hvort þetta sé virkilega spurning um það að rammi heilbrrn. fari á annan endann ef ekki komi til þessa 160 millj. kr. niðurskurðar eða hvort hér sé alveg ný stefnumörkun, alveg ný sýn hvað varðar þjónustu sjúkrahúsa úti á landi. Birtist hún hugsanlega í því að loka einhverjum sjúkrastofnunum? Það er fræðilega alveg mögulegt og ekkert útilokað (Gripið fram í.) og ýmsir hafa bent á það. Nei, nei, hæstv. heilbrrh. Ég reyndi ekkert í þá veruna. (**Heilbrrh.:** Gunnarsholt.) Gunnarsholt? Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. nefndi Gunnarsholt til sögunnar. Þá kveður nú alveg nýtt við. Á bls. 327 í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Út frá úttekt á rekstri nokkurra sjúkrahúsa á landsbyggðinni hefur verið gerð áætlun um hagkvæmustu nýtingu sjúkrastofnana miðað við þarfir á hverjum stað og er áætlað að sameining stofnana og breytt verkaskipting skili 160 millj. kr. sparnaði á næsta ári."

Er Gunnarsholt í þessum hópi? Heyrði ég ekki rétt að heilbrrh. væri að nefna Gunnarsholt til sögunnar? Eru það ýmsar stofnanir aðrar sem þarna koma til álita? (Gripið fram í.) Nei, það er víst ekki.

Sitthvað gerði ég í heilbrrn. og ég sé að eitthvað hefur hæstv. ráðherra lært. (**Heilbrrh.:** Af þér.) Eitthvað hefur hæstv. ráðherra lært af mér því að ég sé ekki betur en hún feti mjög ákveðið í mín fótspor hvað varðar sparnað og hlutdeild ríkisins í rekstri leikskóla spítalanna. Það kvað nú við eilítið annan tón hjá hæstv. ráðherra 1993 þegar hún á svipuðum tíma ársins, í október, nóvember og desember, rak hér upp ramakvein hvað eftir annað þar sem henni fannst það ekki taka nokkru tali og fyrir neðan allar hellur að láta sér detta í hug að gera breytingar á starfsemi leikskóla sjúkrahúsanna. En svo lengi lærir sem lifir.

Virðulegi forseti. Ég hlýt að kalla mjög eftir því engu að síður í almennri umræðu um þessi mál, því að ég vil gjarnan koma að því á þessu stigi máls hvernig hv. fjárln. ætlar sér að fara í þessi mál, og ég kalla eftir almennri umræðu um það hvernig á að ganga til þessara verka. Hæstv. heilbrrh. hlýtur að leggja línur í því sambandi. Það getur ekki gengið þannig fram að ágætir hv. þm. á borð við Jón Kristjánsson eða Sturlu Böðvarsson takist á um það sín á milli hvort eigi að skera Egilsstaði minna eða meira eða Stykkishólm minna eða meira. Þetta eigi að vera einhvers konar kapp landshorna á milli án þess að hæstv. heilbrrh. komi með einhverja klára og kvitta stefnumörkun í þessa veru. Og hún hlýtur að koma núna. Hún hlýtur að vera klár núna því að öðruvísi er hv. fjárln. fullkomlega ómögulegt að ganga til þessa verks. Það er ekki flóknara. Nema það eigi að gerast með þeim hætti sem ég var að lýsa að menn bara tutla hér, tutla þar, 10 millj. hérna, 15 millj. þarna og síðan sé þetta sé togað og teygt. Er það verklagið sem hæstv. heilbrrh. leggur til að verði á þessum 160 millj. sparnaði? Þetta verðum við að fá að heyra núna við 2. umr. Ég geri kröfu til þess, virðulegi forseti, að það verði upplýst með hvaða hætti verði farið í þessa vinnu núna við 2. umr. fjárlaga, ekki þegar þessu verki verður lokið og menn fá hér tölur á blaði fyrir 3. umr. Þetta eru eins og ég sagði sáralitlar tölur í hinum stóru tölum fjárlagafrv. en mjög stórar tölur fyrir þær tiltölulega smáu sjúkrastofnanir sem hlut eiga að máli jafnvel þó að þessu væri deilt út á allar sjúkrastofnanir jafnt eða hlutfallslega þannig að í þessu hlýtur að búa eitthvað meira, einhvers konar hugsun, einhvers konar kerfisbreyting á starfsemi einstakra sjukrahúsa úti um landið. Það gefur auga leið. Annað væri hrein og klár fíflska.

Ég vil með örfáum orðum, í litlu þó, drepa á allt annað mál. Það lýtur að menntamálum þjóðarinnar. Ekki hefur farið fram hjá nokkrum manni að sönnu sú umræða sem átt hefur sér stað meðal lærðra og leikra um þá niðurstöðu sem kom út úr samanburðarfræðum í alþjóðlegri rannsókn á stöðu Íslands hvað varðar grunnskólaþekkingu og menntun og ýmsar skýringar vafalaust til á því. Ég vil þó við þessa umræðu nefna eina sem er út af fyrir sig ákaflega einföld og skýr og snertir þráðbeint það viðfangsefni sem við erum að fást við á þessum klukkustundum og það eru fjárveitingar til Námsgagnastofnunar ríkisins. Margir þingmenn, eða einhverjir þeirra, hafa vafalaust fengist við kennslu á árum áður og þekkja hvernig þau mál ganga til. Ég á hins vegar börn á grunnskólaaldri og ætla með örfáum orðum ef mér leyfist að lýsa þeirri mynd sem við mér blasir hvað varðar raungreinakennslu. Ég hef upplýsingar um það frá til að mynda kennurum þeirra barna sem nú koma í fyrsta sinn í skólann, sex ára barna og eru að stauta sig áfram í að læra að reikna.

Ég heyrði eina góða sögu frá ágætum forfallakennara sem var gripinn inn í einn sex ára bekkinn og honum sagt að kenna börnunum að reikna. Þetta var, nota bene, forfallakennari. Hann sagði börnunum, þau voru með einhver fjölrit í höndum, að reikna nú eins og hver gæti betur gert. Það gerðu þau samviskusamlega eins og barna er háttur og skiluðu síðan afrakstrinum í tímalok en þá var það sem eitt barnið segir: „Já en kennari, þú gleymdir að setja stoppmerki í bókina." Þá áttaði forfallakennarinn sig á því að sennilega hafði hann gert það að verkum að hinn venjubundni kennari þyrfti að eyða allri næstu helgi í það að vinna upp nýtt námsefni fyrir næstu viku því að hann hafði við þessa einu kennslustund notað út alla vikuna. Það gleymdist nefnilega að setja stoppmerki. Og það þýddi í raun að þeir nemendur sem gátu mest og best kláruðu sín verkefni á 10 mínútum, aðrir á kannski 20 en þarna fengu þau bara að reikna hömlulaust. Þessi sami forfallakennari sagði mér það að hann hefði fengið litlar þakkir fyrir frá umsjónarkennaranum, frá þessum stærðfræðikennara. Hann hefði þurft að fara í blöð og bæklinga og búa til nýtt kennsluefni fyrir næstu viku því að vikuskammtur hefði gengið þarna út. Það eru svona dæmi, virðulegi forseti, sem segja manni það að hér eru hlutir ekkert í lagi. Og þeir eru ekki í lagi m.a. vegna þess að Námsgagnastofnun er svelt. Hún er hreinlega svelt.

Annað praktískt dæmi af þessum toga sem birtist mér um daginn þegar ég ætlaði fara að reyna að aðstoða 10 ára gamlan son minn við heimanám og hlýða honum yfir landnám Íslands. Hann hafði lesið sjálfur, en ég komst fljótlega að því að hann botnaði hvorki uppi né niður í þeim texta sem honum var skaffaður. Þar voru m.a. setningar á borð við þessa, og drengurinn er í 5. bekk, 10 ára: „Frá öndverðu hefur sjávarafli verið drjúgt búsílag hérlendis. Fuglaveiði er

einnig til búdrýginda. Sumir bændurnir hafa leigt frjálsum mönnum sem skorti jarðnæði." Svona var textinn meira og minna allur. Bókin er frá 1982. Kannski hafa börnin verið svona miklu greindari þá og betur að sér í íslensku máli. En dettur nokkrum manni það í hug að 10 ára gömul börn skilji upp né niður í texta á borð við þennan? Ekki nokkrum. En hann er frá 1982. Ég spurði umsjónarkennarann dálítið um þetta og hann sagði mér það einfaldlega að ástandið í þessum málum væri fyrir neðan allar hellur.

Virðulegi forseti. Þó að sú ákvörðun hafi verið tekin, sem ég var og er fullkomlega sammála, að færa grunnskólann til sveitarfélaganna, þá er sú skylda eftir sem áður á ríkissjóði að útvega grunnskólabörnum nauðsynleg kennslugögn. Og það er ekki boðlegt þegar nú bregður svo við að fjárveitingar á nemanda eru þær lægstu sem þær hafa verið sl. tíu ár, eru núna 5.847 kr. á hvern nemanda, voru fyrir tíu árum 7.570 og þetta er á tímum góðærisins. Meira að segja á tímum þrenginganna þegar erfiðleikarnir voru hvað mestir í þjóðarbúinu þá skaffaði ríkissjóður mun betur. Og ég segi enn og aftur að ég man ekki betur en einhver ónefndur stjórnmálaflokkur hafi ekkert síður talað um menntamálin heldur en það að hjálpa skuldugum heimilum. Er þetta myndin sem þeir vilja draga upp í þeim efnum? Nei.

Virðulegi forseti. Ég segi enn og aftur: Ég er ekkert að skamma einn né neinn í þessu. Ég bið menn bara að hugsa sinn gang. Margir hv. þm. í þessum sal runnu inn á Alþingi í krafti slíkra loforða. Þeir hljóta að fá hiksta annað slagið. Ég trúi ekki öðru. Því þeir eru ekkert að skila þeim loforðum hér í handföstu sem þeir gáfu tilefni til.

Virðulegi forseti. Ég vil í bláendann lýsa tveimur pínulitlum tillögum sem ég flýt hér ásamt hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og Ágústi Einarssyni og snúa að hæstv. heilbrrh. Ég ætla enn og aftur að reyna að koma henni til hjálpar og aðstoðar í erfiðu starfi. Önnur lýtur að heilsugæslunni í Hafnarfirði. Þannig er mál með vexti, virðulegi forseti, að í 6. greinar heimild er fjallað um stækkun á húsnæði heilsugæslunnar í Hafnarfirði. Það húsnæði er nú þegar til staðar og hefur staðið ríkissjóði til boða um nokkurt árabil. Ég held að það séu ein tvö ár síðan byggingarframkvæmdum lauk. Hæstv. heilbrrh. hefur haft vitneskju um þetta og sýnt því áhuga á stundum að festa kaup á þessu húsnæði sem liggur mjög vel að húsnæði heilsugæslunnar að öðru leyti. Hér er að finna heimild sem var einnig að finna í 6. gr. yfirstandandi fjárlaga þar sem fjmrh. er heimilað að taka nauðsynleg lán til kaupa á þessari húseign. Og ég spyr beint eftir því, virðulegi forseti: Af hverju var þessi heimild ekki notuð á yfirstandandi ári, hæstv. heilbrrh.? Og hvaða gagn er í því fyrir hæstv. heilbrrh. að hafa svona heimildir ár eftir ár eftir ár eftir ár og svo er það bara hæstv. fjmrh. eða einhverjar aðrar ástæður sem gera það að verkum að ekkert verður úr verki? Og til þess að taka nú af öll tvímæli í stíl við að sem ég sagði um barnaspítalann áðan, þá styðjum við vitaskuld þessa heimild. En til þess að festa þessa stefnumörkun í sessi hér á hinu háa Alþingi, þá legg ég til að 10 millj. kr. verði látnar renna til þessa verkefnis. Ég hygg að þessi húseign sé einhvers staðar á bilinu 40–45 millj. kr. þegar allt er talið.

Hitt snýr að annarri fyrirmyndarstofnun í Hafnarfirði, Sólvangi í Hafnarfirði, sem einnig hefur uppi áform um að byggja þar hjúkrunarheimili. Þar er þröngbýli hvað mest þegar miðað er við velflest önnur hjúkrunarheimili vítt og breitt um landið. Þar hefur rekstur verið til mikillar fyrirmyndar um mjög langt árabil og skoðun á nýtingu þessa spítala hefur leitt í ljós, og það var einmitt starfsmaður heilbrrn. sem hafði frumkvæði að slíkri athugun, að það er full þörf á þessari stækkun. Allar teikningar eru kvittar og klárar. Til þess bærir aðilar hafa farið yfir málið þannig að ekkert er í veginum annað en hinn pólitíski vilji.

Nú veit ég það vitaskuld að beiðnir af þessum toga er að finna víðar, en ég held að þegar skoðuð er sagan aftur í tímann, sem er býsna löng í þessum efnum, þá sjái menn það fljótt að hér er um hagkvæma aðgerð að ræða. Það liggur ljóst fyrir að á þessu svæði þarf að fjölga hjúkrunarrýmum. Það er jafnvel meiri þörf á því hér heldur en Fáskrúðsfirði þó að ég fagni því mjög eindregið að Fáskrúðsfjörður skuli nú vera kominn inn. Til hamingju, hv. þm. Jón Kristjánsson. Það hafðist, þó það væri svikið í fyrra. Til að taka af öll tvímæli í þessu vil ég festa þetta í sessi með 10 millj. kr. framlagi og flyt brtt. ásamt áður greindum hv. þm. þar að lútandi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Þau gætu verið langtum fleiri en af tillitssemi við hann læt ég þessu lokið.

[22:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni fyrir hans einlæga áhuga á heilbrigðismálum almennt og hans ágætu ræðu. Hann talaði um málefni langsjúkra barna og mikilvægi þess að bæta hag þeirra. Ég vil geta þess í þessari umræðu að um áramótin 1997/1998 munum við opna nýja barnadeild á Akureyri sem verið er að vinna að uppbyggingu að. Varðandi Barnaspítala Hringsins vil ég segja það að í 6. grein er heimild, eins og hér hefur komið fram, til að selja land og nú sjáum við fram á það að við getum selt þetta land og þar sem við sjáum það, þá munum við bæta við 6. greinar heimildina nýtingu þess fjár sem fyrir það land kemur og það mun renna óskert til Barnaspítala Hringsins þannig að við getum hafið framkvæmdir þar.

Það er samhugur innan ríkisstjórnarinnar um að byggja barnaspítala og það er gott að heyra að það sé samhugur innan þingsins um þá framkvæmd þannig að um það þyrfti ekki að ræða mikið meira heldur hefjast handa um þá framkvæmd. Hv. þm. sagði áðan að það væri ekkert annað en að taka skóflustunguna. Ég held að hann hafi að vísu tekið hana nokkrum sinnum, en þegar ég tók við embætti heilbrrh. þá hélt ég satt að segja að það væri til samningur um framkvæmdina og það væri til framkvæmdaráætlun og það væru fjármunir til framkvæmdarinnar, en svo var ekki innan ríkisgeirans þannig að það sem við erum núna að vinna að er áætlun um þessa framkvæmd. Í fyrra, þegar við vorum að ræða almennar framkvæmdir sem samningur var um og hv. þm. lagði sjálfur fram þáltill. um framkvæmdir, þá kom í ljós að þessi framkvæmd var ekki með. En ég efast ekki um einlægan áhuga hv. þm. varðandi þessa framkvæmd og við munum þá standa samhuga með ríkisstjórninni um hana.

[22:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hefði hæstv. heilbrrh. leitað dyrum og dyngjum og í skúffum í heilbrrn. hefði hún fljótlega fundið yfirlýsingu heilbrrh., kvenfélagsins Hringsins og Ríkisspítalanna einmitt um þetta tiltekna verkefni þar sem raunar er kveðið á um grófar upphæðir og um framgang verksins. Í

kjölfarið var sett á byggingarnefnd sem hefur fyrir allnokkru síðan lokið sínu verki, þ.e. komið í það horf að hægt er að auglýsa alútboð, búið að þarfagreina alla þjónustu. Hvað varðar peningamálin lá það fyrir með þessari yfirlýsingu að þeir fjármunir sem til voru hjá ríkisstjórninni voru notaðir í þennan undirbúning. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um mitt ár 1994 var þess efnis að á fjárlögum næsta árs, 1995, bæri að veita fé til þessa verkefnis. Því miður reyndist mér ekki unnt að fylgja því eftir því að ég fór úr heilbrrn. í júní þetta sama ár. Þannig voru málin í þeim farvegi sem best verður á kosið þegar ég fór úr heilbrrn.

Við skulum ekki deila um þetta. Ég held að við séum öll sammála um þetta mál. Ég fagna því mjög ef það kemur brtt. frá meiri hluta nefndarinnar um að við skilyrði fyrir heimild til að selja verði bætt heimild til þess að nota. Það er hið besta mál. Heilbr.- og trn. tekur þá með öðrum orðum upp þá tillögu sem hér liggur fyrir af hálfu þingflokks jafnaðarmanna. Það er hið allra besta mál. Og væntanlega styður þá hæstv. ráðherra það líka að til þess að niðurnjörva þetta nú alveg, þá verði einhver nómínal tala sett inn í fjárlög þannig að verkefnið, Barnaspítala Hringsins, sé að finna í skrifuðu skjali fjárlaga en svo er því miður ekki eins og sakir standa og því þurfum við að breyta og taka höndum saman um það.

[22:55]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. beindi þeirri spurningu til mín hvernig þetta fjárlagafrv. mætti þörfum þeirra sem minna mega sín í samfélaginu eða þeirra sem lægst hafa launin. Þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir því að ríkissjóður sé rekinn hallalaus eða jafnvel með nokkrum hagnaði. Það hefur þrennt í för með sér: Það skapar skilyrði fyrir lága verðbólgu. Það hamlar gegn hækkun vaxta. Það skapar skilyrði fyrir atvinnufyrirtækin í landinu til að þau geti greitt hærri laun. Og ég veit ekki hvað er í þágu þeirra lægst launuðu ef það eru ekki þessi markmið sem fjárlagafrv. hefur.

Hér hefur verið minnst á jaðarskatta og hneykslast dálítið á því að ekki sé búið að kippa því máli í lag. Ég minni á að eftir fjögurra ára valdatíma Alþfl. og setu í Stjórnarráðinu þá stöndum við uppi með það að barnafólkið í landinu er að sligast undan jaðarsköttum. Það er verið að vinna í því máli og því verður kippt í lag þó að ekki sé búið að því. En menn skyldu þó minnast hvernig þessir jaðarskattar eru til komnir, hverjir komu þeim á.

[22:57]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var dapurlegt. Það að hv. þm. Jón Kristjánsson skuli koma hér og svara með gamalkunnu skítkasti spurningu sem ég lagði einlæglega fram: Þið voruð ekkert skárri. Ég var einfaldlega að spyrja um það, virðulegi forseti, hvar bjargráðin væru hjá Framsfl. gagnvart skuldugu fólki í landinu. Þá þýðir ekkert að halda ræðu um það að hagvöxturinn sé að aukast, atvinnumálin séu að skána, það sé bættur hagur fyrirtækjanna. Ég er að spyrja um hluti eins og af hverju eru ekki hækkaðar vaxtabætur. Af hverju er ekki lækkaður þessi beini útlagði kostnaður fólks af heilbrigðisþjónustu? Af hverju eru ekki hækkaðar tryggingabætur? Af hverju eru ekki hækkaðar barnabætur? Ég er að tala um sértæk úrræði gagnvart því fólki sem félagsmálastjórinn í Kópavogi var að tala um og ég las rétt áðan. Ég er bara að tala um atriði af þeim toga. Það dugir ekki nokkurn skapaðan hlut og skilur ekki nokkur maður að þegar Framsfl. talar um það að lækka skuldir heimilanna, þá sé bara nóg að tala um að verðbólgan sé enn þá lág og það sé hagvöxtur í landinu. En hann fer ekki í vasa þessa fólks. Og það er okkar verkefni að stýra efnahagsþróun og tekjuskiptingunni í landinu þannig að vit sé í. Ég trúði því satt að segja að Framsfl. væri full alvara þegar þeir báru þetta á borð fyrir fólk síðustu kosningum og raunar vil ég trúa því enn. En það bólar býsna lítið á verkum í þessu sambandi.

Ég er alveg sammála hv. þm. um það að við alþýðuflokksmenn gengum allt of langt í þessa veruna og misstum tökin á þróun jaðarskattanna. Þetta var tilraun af okkar hálfu á miklum erfiðleikatímum og umdeilt að sönnu. En nú eigum við að taka höndum saman um það þegar allir eru sammála og til þess er ráðrúm að vinda ofan af þessu í grænum hvelli. En umfram allt: Hvar eru sértæku ráðin fyrir fólkið, (Forseti hringir.) fyrir fátæka fólkið, virðulegi forseti? Fyrir fátæka fólkið í landinu sem ég veit til að mynda að virðulegur forseti hefur haft miklar áhyggur af?

[22:59]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. 9. þm. Reykn. gera lítið úr þeim markmiðum að halda niðri verðbólgu. Hann telur það ekki vera úrræði fyrir láglaunafólkið í landinu, heldur er hans úrræði það að ríkissjóður skaffi eins og hann orðaði það í fyrri ræðu sinni. Það hefur nefnilega verið dálítið um það á undanförnum árum að ríkissjóður hefur skaffað ekki láglaunafólkinu í landinu heldur öðrum. Ég er sammála hv. 9. þm. Reykn. að það er enginn dans á rósum hjá því. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa þau grundvallaratriði í huga að það verður að skapa skilyrði fyrir láglaunafólkið í landinu með almennri góðri efnahagsstjórn sem getur bætt lífskjörin. Það er eina ráðið þegar til lengdar lætur og eina ráðið að reka ríkissjóð með afgangi til þess að losa fé, til þess að lækka skuldir, til þess að lækka vaxtabyrði ríkissjóðs, til þess að losa fé m.a. til þeirra ágætu verkefna sem hv. 9. þm. Reykn. nefndi. Ég held að það beri ekkert á milli okkar í sjálfu sér annað en mér finnst hann gera lítið úr almennum markmiðum í efnahagsstjórn í þágu hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu.

[23:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alrangt að ég geri lítið úr almennum markmiðum í efnahagsstjórninni, markmiðum á borð við þau að halda niðri verðbólgu. Ég man eins og það hefði gerst í gær þegar flokkur hv. þm. og minn flokkur voru saman í ríkisstjórn og tókst sameiginlega að berja niður verðbólguna. Það var sú mesta búbót fyrir allt launafólk sem nokkru sinni fékkst og ekki síst fyrir skuldugar fjölskyldur í landinu. En þessi almennu úrræði, svo góð sem þau eru, og stöðugleiki og allt það, þau duga ekki ein og sér fyrir þennan stækkandi hóp fólks sem ég var að fjalla um og það veit ég að samvinnumaðurinn, hv. þm. Jón Kristjánsson, hlýtur að skilja. Það er nauðsyn á ákveðnum, sértækum úrræðum, félagslegum úrræðum sem við komumst ekki hjá að fara í. Það er nú bara þannig.

Það er ekkert áhlaupaverk í einni svipan að vinda ofan af þróun sem telur 25 milljarða kr. skuldaaukning á ári hverju hjá heimilunum í landinu. Það er meira en segja það. Ég geri mér fullkomlega grein fyrr því. En það að halda ríkissjóði einum og sér, sem veltir ekki nema 125 milljörðum á ári, fimm sinnum meira en skuldaaukning heimilanna í landinu, innan ramma og í góðu lagi, það eitt og sér er bara ekki

nægilegt. Það er veruleiki málsins. Og menn geta ekki barið höfðinu við steininn og sagt sem svo, eins og því miður margir hv. stjórnarþingmenn gera, að það sé allt í góðu lagi vegna þess að ríkissjóður sé nú rekinn hallalaus í fyrsta skipti til margra ára. Það leysir ekki vanda stórs og stækkandi hóps launafólks í landinu. Ég vil ekki segja þess fólks sem gengur á milli bæja, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi hér eitt sinn, og nagar girðingarstaura af einberri fátækt. (Forseti hringir.) En þrátt fyrir það er það þannig að allt of margir, jafnvel tugþúsundir, hafa það fjandi skítt og á því þurfum við að taka. Við þurfum að koma í veg fyrir skuldaaukningu heimilanna í landinu.

[23:04]

Útbýting þingskjals:

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 181. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 363.

[23:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið heils hugar undir margt af því sem félagi minn, Guðmundur Árni Stefánsson, sagði í ræðu sinni næst á undan mér og það er svolítið gaman að henda á lofti setningu sem hann rifjaði upp eða ræðu sem hann rifjaði hér upp við framsóknarmenn þegar hann var að minnast flokksþings þeirra og tilþrifamikillar ræðu ungrar framsóknarkonu þar þegar hún var að brýna sína menn til dáða, en þá sagði hún einmitt eitthvað á þá lund að menn veðji ekki tvisvar á vitlausan hest. Menn veðji ekki á vitlausan hest í tvennum kosningum. Og það er dálítið skemmtilegt til þess að hugsa hvað fólst í þessum orðum og það er dálítið merkilegt hversu lítið þau voru hent á lofti vegna þess að að sjálfsögu var hún að gera sér grein fyrir því að staðan var sú að þeir sem höfðu veðjað á framsóknarhestinn höfðu veðjað á vitlausan hest í ljósi þess sem fylgdi í kjölfarið.

Virðulegi forseti. Fyrsta mál þingsins á hverju hausti er frv. til fjárlaga. Það er 1. mál og það er þá búið að vinna að því frá sumri. Það er lagt fram og í fyllingu tímans tökum við 2. umr. fjárlaga. Það hefur verið að koma í ljós hin síðari ár að það verður minna og minna að marka þetta fyrsta plagg sem lagt er fram að hausti. Það er nokkurs konar yfirlitsrit, vinnuplagg fyrir þá sem ætla að vinna með þessi mál. Staðan í málaflokkunum og framreikningur nokkurn veginn. Að nokkru leyti birtist þar niðurskurður en langflestu er vísað til 2. umr. af því sem máli skiptir, langflestu en þó alls ekki öllu, og þegar 2. umr fjárlaga rennur upp, þá hefur það verið þannig að langflest af því sem óljóst hefur verið fram að því hefur þá verið sett á blað, þá eru að hnýtast þeir endar sem lausir hafa verið og við sjáum eiginlega nokkurn veginn til enda hvernig sitjandi ríkisstjórn ætlar að fara með fjárlög sín og hvernig hennar framtíðarsýn er til næsta árs. En þetta er að breytast.

Það hefur verið að gerast hin allra síðustu missiri að skrefið er bara stigið til hálfs við 2. umr. fjárlaga. Mörgu af því sem máli skiptir er vísað til 3. umr. og þetta er slæmt. Þetta er slæmt vegna þess að það eru of margir hlutir óljósir þegar við tökum þessa löngu og þýðingarmiklu umræðu og það er ósanngjarnt gagnvart þeim sem fjalla um málin, bæði gagnvart okkur sem erum í þessum sal að takast á um fjárlögin og gagnvart þeim sem reyna að varpa ljósi á stefnu ríkisstjórnarinnar vegna þess að myndin skýrist ekki fyrr en alveg er komið að jólum með 3. umr. og lokarispunni hér.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnir koma og fara og það sem er sérstakt hjá okkur hér á Íslandi er að það er oftast mismunandi hvernig þær eru samsettar. En það sem er staðreyndin hjá okkur er að þær eru samsettar. Það viðgengst ekki hjá okkur nokkur hefð um minnihlutastjórnir og það hefur ekki verið þannig fram að þessu að flokkur fái þann meiri hluta sem þarf til þess að geta setið við stjórnvölinn aleinn. En það sem er alveg eins ljóst og þetta, að ríkisstjórnirnar eru samsteypuríkisstjórnir, er að verkefni sem tekist er á við hverju sinni eru ólík. Þannig voru t.d. verkefni síðustu ríkisstjórnar í umhverfi mikils efnahagssamdráttar og öll hennar verkefni einkenndust af því á meðan sú ríkisstjórn sem hér situr og hefur setið 20 mánuði er ríkisstjórn sem býr við vaxandi hagvöxt og við gjörólík skilyrði hvað varðar bæði afla og stöðu á mörkuðum okkar þannig að það er dálítið gaman að hugsa til þess hversu ólík viðfagnsefni þessir tveir hópar hafa fengið sem hafa verið að takast á við ríkisfjármálin að undanförnu.

Á síðasta kjörtímabili var tekist á um pólitík. Það var svo sannarlega tekist á um pólitík og það var tekist á um grundvallaratriði og pólitísk viðfangsefni og það var horft til framtíðar. Það var litið á atvinnu- og efnahagsstöðu í landinu og til þeirrar þróunar sem var að eiga sér stað í nágrannalöndunum. Menn spurðu sjálfa sig: Hvað þarf að gerast hér og hvernig getum við nýtt þá nýju markaði sem eru að opnast í þeirri stöðu sem við erum í? Og menn spurðu sig: Hvernig getum við tryggt hagvöxt í landi við þessar erfiðu aðstæður? Hvernig getum við eflt atvinnulífið og hvernig getum við fjölgað störfum?

Það var ekki bara talað og það var ekki bara spurt vegna þess að maður fylgdi orðum með athöfnum. Það var ekki sá samstarfsflokkur Sjálfstfl. sem nú situr sem barðist í gegnum erfiðar efnahagstillögur og náði ákveðnum hagvexti í þessum efnahagsþrengingum. Nei, það var minn flokkur. En það var ekki minn flokkur eftir að búið var að ná upp undir og um það bil 2% hagvexti, sem fór fram í kosningum með auglýsingaskrum þar sem spurt var um hvernig ætti að efla atvinnustig í landinu og talað um og sýnd öll börnin sem ætluðu að verða hjúkrunarfræðingar, læknar, skipstjórar, flugstjórar o.s.frv. Og það er heldur ekki minn flokkur sem núna býr við þá smán að eiga engin svör við þeim sömu spurningum önnur en sífellt að vísa til þess að hagvöxturinn eigi að framkalla framkvæmd þeirra tillagna sem boðið var upp á þá.

Á síðasta kjörtímabili var svo sannarlega leitað möguleika á því að fá erlenda fjárfestingu hingað til landsins og kannaður var áhugi á uppbyggingu stóriðju sem nú er vonandi að skila sér. Þannig er margra ára aðdragandi og vinna við það að vekja áhuga á fjárfestingu í landinu að skila sér núna og það er þess vegna sem ég nefni það að ríkisstjórnir koma og fara, að þrátt fyrir að það sé mismunandi hvernig þær eru samsettar, þá er líka mismunandi hvernig verkefni er tekist á við. Og það er einu sinni þannig að sumar ríkisstjórnir eru óheppnar og sumar ríkisstjórnir eru heppnar. Hvað þýðir þetta? Jú, þetta þýðir að þær ríkisstjórnir sem taka við við verulegar efnahagsþrengingar og fara í gegnum alla erfiðleika sem þarf við slíkar aðstæður uppskera ekki endilega af verkum sínum. En það getur önnur ríkisstjórn komið að málinu þegar búið er að hreinsa til og skapa grundvöllinn fyrir betri framtíð, sest niður eins og ekkert hafi í skorist og sagt: Ég þarf ekki að gera neitt. Ég meinti þetta ekkert. Hagvöxturinn sem búið var að leggja upp með mun skila þessu.

Þess vegna komu baráttumálin á síðasta kjörtímabili mínum flokki ekki endilega til góða, en þannig er það og við það

verða menn að sætta sig. Menn verða að ganga til verka með opnum huga, gera það sem er ásættanlegt af því sem bíður, standa við það sem maður gerir og trúa því að horft sé á það raunsætt.

Ég held að á síðasta kjörtímabili hafi engum blandast neitt hugur um það hvernig ríkisstjórn sat í landinu. Það var líka ákveðin tilfinningasemi í þeirri ríkisstjórn. Það var tekist á í ríkisstjórninni. En síðan kom ný ríkisstjórn og það er oft verið að tala um hvernig hún birtist fólki. Fyrir mér er það alveg ljóst hvernig ríkisstjórn þetta er. Þetta er nefnilega ríkisstjórn doðans. Þetta er gjörsamlega tilþrifalaus ríkisstjórn sem rúllar einhvern veginn áfram í verkum sínum, algjörlega tilþrifalaus. Og það er eiginlega besta lýsingarorðið á ríkisstjórnina sem er með svo mikil deyfðarmerki yfir sér, tilþrifaleysi.

Hvað er það t.d. í hinum beinu samskiptum ríkisstjórnar og Alþingis sem á að vera til þess fallið að fanga athygli þjóðarinnar, sem á að vera til þess fallið að sýna þjóðinni hvaða framtíðarsýn viðkomandi ríkisstjórn ber fram? Ja, það er t.d. boðskapurinn sem settur er fram við stefnuræðu forsrh. og það er boðskapurinn sem birtist í fjárlögum hverju sinni. Þarna kemur boðskapur þeirrar ríkisstjórnar sem situr við völd og frá þeim skilaboðum sem koma við þessar aðstæður á þjóðin að geta áttað sig á hvert stefnir og á hverju hún á von.

En er það þá svo að þjóðin skynji framtíðarsýn hjá þessari ríkisstjórn í stefnuræðu forsrh., í fjárlögunum sem borin eru fram? Við getum tekið fjárlögin í fyrra og fjárlögin núna. Mitt svar er nei. Nei, það er nákvæmlega engin framtíðarsýn t.d. í fjárlögunum í ár og hefur ekki verið á þeim 20 mánuðum sem ríkisstjórnin hefur setið. Engin tilþrif, engin framtíðarsýn, engar tilfinningar. Bara doði. Og það er það sem er svo merkilegt þegar maður er að ræða við fólk úti í þjóðfélaginu um pólitík að þegar maður ræðir um pólitískar áherslur, pólitísk viðhorf hjá því fólki sem maður spjallar við, þá skortir ekki á þau. En þegar maður spyr: Já, en hvers vegna? Af hverju líður þér svona eins og þér líður, þá er svarið: Það þýðir ekkert. Það þýðir ekkert að hafa áhyggjur af þessu. Það gerist ekkert. Ég skil þetta ekki. Það er ekkert að marka hvað stjórnmálamennirnir segja. — Þetta er það sem við höfum uppskorið með þeirri ríkisstjórn sem var stofnuð fyrir 20 mánuðum. Það er ekkert að marka það sem stjórnmálamenn segja vegna þess að það er engin tenging frá orðum til athafna.

Er t.d. einhver boðskapur um áherslur í menntunarmálum að finna í tillögunum í þessu frv. til fjárlaga? Eru einhverjar nýjar áherslur? Er eitthvað sem rennir stoðum undir þau orð sem eru notuð svo fallega í hátíðarræðum ráðherranna um nýsköpun í atvinnulífinu? Um nýsköpun í menntun unga fólksins? Um fjárfestingu í mannauðnum, unga fólkinu í landinu — upprennandi kynslóð sem sé að vaxa upp í þjóðfélagi sem er gjörbreytt, sem þurfi að búa sig undir að taka við verkefnum í gjörbreyttu þjóðlífi, sem þurfi að búa sig undir meiri tækniveðingu, meiri verkmenntun o.s.frv.? Þetta eru allt bútar og setningar úr ræðum menntmrh. og forsrh., sem hafa verið fluttar úr þessum ræðustól, úr öllum hátíðarræðum í skólum landsins og við hin ýmsu tækifæri.

Það er nákvæmlega enginn boðskapur af þessu tagi í frv. til fjárlaga 1997. Hann birtist ekki heldur í fjárlagatillögunum núna nema síður sé vegna þess að á viðkvæmum stöðum er dregið úr framlögum til menntamálanna á enn annan hátt en áður hefur þekkst. Þetta er það sem blasir við.

Þá getum við spurt: Er einhver boðskapur í þessum fjárlögum um sértæk úrræði til almennrar atvinnuuppbyggingar? Einhver sértæk úrræði? Nei, það er ekkert slíkt að finna hér. Það voru bara tillögur Framsfl. fyrir kosningar þegar verið var að búa til þessa fallegu sjónvarpsauglýsingu um að öll börn mundu verða eitthvað þegar þau yrðu stór. En núna 20 mánuðum seinna eiga börnin sem eru að vaxa upp ekki að verða neitt sérstakt þegar þau verða stór nema ef svo vel tekst til að hagvöxturinn skili einhverju í menntakerfið og atvinnulífið og skapi fjölbreytni í störfum og fjölgi þeim.

Er verið að verja eitthvað sérstakt í þessu frv. til fjárlaga? Eru stjórnarflokkarnir að takast á á einhvern hátt af tilfinningu um verkefni sem eru að lenda undir niðurskurðarhnífnum og, við skulum segja að annar flokkurinn, sá sem heldur um útgjaldaráðuneytið, segir: nei þarna staldra ég við — þennan málaflokk á að verja, þarna verður ekki skorið. Nei, það er heldur ekki svoleiðis. Það er ekki verið að verja málaflokk fatlaðra t.d., sem búið er að standa vörð um á átta ára samdráttarskeiði — það er ekki verið að verja hann. Nú er ekki einu sinni staðið við löggjöf sem sett var og þýðingarmikil hefur verið um að erfðafjárskatturinn renni í framkvæmdasjóðinn. Það er öllu hent fyrir róða sem máli skiptir og snertir viðkvæma málaflokka. Það eru ekki nokkrar tilfinningar í pólitíkinni í þessari samsteypustjórn. Það lætur allt undan og það er ekkert sem er heilagra en annað.

Er þá verið að gera átak í uppbyggingu t.d. félagslegs húsnæðis eins og var á síðasta kjörtímabili og skipti verulegu máli á þeim tímum þjóðarsáttar þegar launin voru fryst og svo mikill fjöldi láglaunafólks bjó við mjög skertar tekjur og tók á sig miklar skerðingar í sameiginlegu átaki ríkis og stéttarfélaga til þess að ná niður verðbólgu? Nei, það er ekkert svoleiðis. Það þarf ekki að mati þessarar ríkisstjórnar. Að mati þessarar ríkisstjórnar er meira að segja búið að ákveða að nóg hafi verið gert. Svo mikið að það þurfi meira að segja að breyta þessu. Spurning sé hvort eigi ekki bara að afnema félagslega kerfið og skoða það að einkavæða þetta. Alla vega er boðskapurinn sá að það hafi streymt svo mikið út af félagslegum íbúðum að sveitarfélögin hafi ekki einu sinni vitað hvað þau voru að gera þegar þau pöntuðu þær þannig að það liggi eiginlega fyrir að of mikið sé af félagslegu húsnæði. Það er ekki svoleiðis átak í gangi. Er eitthvað annað sem er þá hægt að líta á þar sem ekki er um það að ræða að verið sé að verja málaflokk fatlaðra? Það er ekki verið að byggja upp félagslegt húsnæði, það er verið að gera það tortryggilegt. Er eitthvað annað sem verið er að verja í þessum málaflokki? Fatlaða? Sjúka? Nei, það er heldur ekki verið að verja sjúka. Það er ekkert í þessu fjárlagafrv. sem sýnir að verið sé að standa vörð um sjúklinga eða taka á þeim málum — ekki á biðlistunum.

Þá komum við aftur að því sem ég nefndi áðan, að hefðin hefur verið að stóra umræðan verði við 2. umr. fjárlaga. Þá er búið að hnýta hnútana, þá liggur fyrir hvað á að gera í þeim málum sem ekki voru tilbúin 1. september þegar fjárlagafrv. var lagt fram en ekki núna. Við erum búin að heyra og fá sendar á faxi endalausar upplýsingar. Fara í heimsókn til sjúkrahúsanna, fá að vita hvernig staðan er og við vitum að það er búið endurskipuleggja og endurskipuleggja og hagræða og hagræða og enn þá vantar fjármagn. Og enn þá er ríkisstjórnin ekki búin að koma sér saman um hvernig hún ætlar að taka á málum varðandi sjúkrahúsin. Hvort á að veita fjármagni þangað inn og ef svo hve mikið. Það er enn óljóst og það er föstudagurinn 13. desember.

Er þá boðskapur í fjárlagafrv. eða í farvatninu frá þessari ríkisstjórn um bættan hag launafólks eða t.d. bættan hag þeirra sem hafa lent í erfiðleikum eða ógæfu eða fæðst með annað veganesti en sumir aðrir? Þeir eru þess vegna bundnir því að búa í landi þar sem er gott velferðarkerfi og gott tryggingakerfi. Af því að sumum er nauðugur sá kostur að lifa af tryggingabótum og eiga ekki kost á því að vera á vinnumarkaði og sækja sér laun eða sýna með kraft og dug að þegar 8 stunda vinnudagur dugir ekki lengur þá sé hægt að fara í 10 stundir eða 12 stundir ef vinnu er að hafa. Er boðskapur í þessu fjárlagafrv. um að það eigi bæta hag þessa fólks, t.d. að tengja tryggingabætur við launin eða t.d. að hækka þær sérstaklega — að verja þar einhvern hóp? Nei, ekkert svoleiðis hjá þessari ríkisstjórn. Það er ekki verið að taka á því. Eða lagði þessi ríkisstjórn áherslu á það í einhverju af þeim skattalagafrv. sem komu fram á þessu hausti, og sem menn hafa verið að hamast við að afgreiða núna í desember, að breyta skattamálum einstaklinga og launafólks, breyta jaðarsköttunum sem allir voru sammála um að hefðu ekki þróast á réttan hátt fyrir kosningar, núverandi stjórnarflokkar, fyrrverandi stjórnarflokkar, núverandi stjórnarandstaða? Nei. Eftir 20 mánaða stjórnarsetu hefur ekki gefist tími til þess að skipa nefnd nægilega tímanlega til þess að fyrir þessi jól væri hægt að leggja fram frv. um breytingar á jaðarsköttunum. Það verður að bíða. Sú nefnd mun skila af sér, kannski einhvern tímann á útmánuðum. Það þýðir að frv. verður kannski lagt fram fyrir vorið — kannski. Það þýðir að jafnvel þó það verði að lögum fyrir vorið þá mun það ekki koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. Og þá á þessi ríkisstjórn bara eftir u.þ.b. 16 mánuði af kjörtímabilinu.

Þetta eru framkvæmdirnar hjá ríkisstjórninni varðandi fólkið í landinu. Þannig setur þessi ríkisstjórn fólk í fyrirrúm eins og svo oft er búið að endurtaka hér. En það sem er merkilegt þegar maður horfir á ríkisstjórnina og umhugsunarefni að það eru engin átök um nokkurn skapaðan hlut því í raun reynist það sem hljómaði eins og ágreiningur á stundum vera eins og stormur í vatnsglasi. Hún er tilþrifalaus og tilfinningalítil og sumum finnst það e.t.v. gott en við eigum að setja spurningarmerki við það. Það er samstaða um niðurskurð, ekki bara sums staðar heldur alls staðar vegna þess að það er ekkert sérstakt sem á að verja og það er ekkert sérstakt sem er sett í forgang. Þess vegna er samstaða um niðurskurð alls staðar af því ekkert er heilagt. Þegar t.d. er blásið í lúðra yfir stórmáli á milli stjórnarflokkanna eins og veðsetning á kvótanum, þá er sett upp smáleikrit. Það eru átök um hvort eigi að veðsetja kvótann. Hvort eigi að veðsetja auðlindina — óveidda fiskinn í hafinu. Og það eru miklar yfirlýsingar manna í stjórnarflokkunum og svo allt í einu er tjaldið dregið frá og tilkynnt að kvótinn verði ekki veðsettur, bara skipið með kvótann innan borðs. Auðlindin er komin inn í skipið, verður veðsett með skipinu. Auðlindin verður ekki framseld nema með leyfi veðhafans og þinglýstu leyfi veðhafans og allir hrópa hallelúja. Mjög góð lausn, málið leyst. En auðlindin verður veðsett með skipinu. Og heimildin til þess að framselja eða leigja, alveg óháð því hvað manni finnst um framsal og leigu, er háð bankastjórunum. Svo einfalt er það. Ef þetta heitir ekki Nýju fötin keisarans þá hef ég ekki skilið boðskapinn í þeirri sögu rétt sem barn og sem fullorðin manneskja lesandi hana fyrir mín börn.

Það er Sjálfstfl. sem ræður fullkomlega ferðinni í þessari ríkisstjórn. Framsfl. sinnir hlýðinn verkunum sem honum eru falin. Tilfinningaræður síðasta kjörtímabils eru alveg gleymdar. Þau eru alveg gleymd stóru málin sem var farið fram með hérna. Ég get nefnt eitt, greiðsluaðlögun. Það var eitt leikritið að leggja fram frv. í vor sem áttu að koma í staðinn fyrir greiðsluaðlögun. Ég held að sum úrræðin, m.a. þau sem sneru að hugsanlegri niðurfellingu skatta hafi hvergi verið kynnt enn sem komið er. Núna er allt svo gott sem gjört er og það er búið að fara rækilega í gegnum það í ræðum hér í dag hver kosningaloforð Framsfl. voru og hversu brosleg þau eru í dag vegna þess að þau eru algjört ómark. Það hvarflar ekki að mér að fara að tína þau upp. Mér fyndist það fullkomin tímaeyðsla. En það er Sjálfstfl. sem ræður ferðinni. Og Sjálfstfl., hver er hann? Já, ég sé að presturinn lyftir höndum, kunnuglegt handtak. Hann er stundum sagður flokkur verkamannsins. Ég minnist þess að hafa heyrt slíkar hátíðarræður að enginn flokkur njóti stuðnings eins stórs hlutfalls verkafólks og Sjálfstfl. Hann er flokkur allra stétta. Jafnvel hafa þingmenn Sjálfstfl. í gegnum tíðina sagt að hann sé eiginlega eins konar jafnaðarmannaflokkur, ef hann bæri sig saman við jafnaðarmannaflokka Norðurlanda. Hvað boðar þessi flokkur og hvað vill hann? Það er umhugsunarefni vegna þess að allir flokkar hafa verið að halda flokksþing eða landsfundi núna í haust nema Alþb. sem hélt slíkan fund í fyrra. Og það sem er flestum eftirminnilegast frá landsfundi Sjálfstfl. er hvað mátti og hvað mátti ekki. Það má tala um þetta, það má ekki tala um þetta. Það má flytja tillögu, það má ekki flytja tillögu. Ef forsetarnir héldu að það væri einhver vafi á að flokksþingið hefði fylgst vel með, þá var þess getið þegar tillögur voru bornar fram að forsrh. styddi þessa tillögu til að tryggja það að menn skildu að þessi mátti fara í gegn.

Það er Sjálfstfl. sem ræður fullkomlega ferðinni í þessari ríkisstjórn upp á gott og vont. En það er Framsfl. sem fékk bágt fyrir lögin sem voru sett á stéttarfélögin í fyrra, lögin um stéttarfélög og vinnudeilur. Það var Framsfl. sem fékk bágt fyrir það af því að Framsfl. er með félmrn. Þess vegna er það nú svo að meðan ég er að draga það fram að stefna þessarar ríkisstjórnar og sérstaklega Sjálfstfl. er stefnan hægt og hljótt, ýta varlega fram máli eftir máli sem vindur ofan af velferðarkerfinu hægt og hljótt, þá er það samt þannig að það er ekki Sjálfstfl. sem situr uppi með gagnrýnina hverju sinni um hvert skref sem er stigið. Það er samstarfsflokkurinn sem er ráðist heiftarlega á fyrir það að standa ekki vörð um málaflokk fatlaðra eins og gert var á átta ára þrengingartímabili. Það er ekki verið að tala við Sjálfstfl. um það. Það er Framsfl. sem fékk fyrst og fremst bágt fyrir að hafa sett lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, sett lög á liðið, eins og sagt var í vor. Sjálfstfl. var til hlés. Sjálfstfl. var svona ósýnilegur til hliðar og horfði annað, oft afskaplega fallega fram á veg eins og honum kæmi þetta ekkert við eða eins og sá sem varpað hefur syndum sínum bak við sig af því að það er annar sem er með þær og honum kemur þetta eiginlega ekkert við.

Af hverju er þetta? Þetta er vegna þess að það er samstarfsflokkurinn sem er með útgjaldaráðuneytin. Það er samstarfsflokkurinn sem er með félagslegu ráðuneytin þar sem útgjöldin eru og það er niðurskurðurinn þar sem er of erfiður og átakasamur. Það veit heilög hamingjan að það gekk oft mikið á í mínum flokki í vinnunni við fjárlög og það var ekki átakalaust að taka á í útgjaldaráðuneytunum sem við vorum með. Mér finnst eiginlega engin minnkun að því að það hafi verið tekist á og það hafi oft verið tilfinningaátök um það sem þurfti að gera. En Sjálfstfl. bæði þá og nú sat hjá og beið

átekta eins og flokkur sem er mjúkur, hjalar og breiðir yfir og segir bara: Svona gerum við ekki, elskurnar mínar.

Hvernig má það vera að flokkurinn sem er með fjmrn. skuli sleppa svona auðveldlega frá fjárlagagerðinni og niðurskurði? Hér áður fyrr stóð fjmrh. í ströngu. Hann var eiginlega í myndrænni samlíkingu blóðugur upp fyrir axlir. Hann þurfti að verja stefnu og hann þurfti að verja aðgerðir vegna þess að hann var ábyrgur fyrir fjárlögunum og fjárlagaaðgerðunum en ekki nú vegna þess að það eru nýrri tíma vinnubrögð að búa til ramma fyrir öll ráðuneytin. Það er engin sérstök forgangsröð ríkisstjórnar eins og við sem höfum starfað í sveitarstjórn þekkjum úr sveitarstjórnarvinnunni þegar við sameinumst um það að ákveðnir málaflokkar verði annaðhvort sérstaklega varðir eða tekið sérstaklega á í málaflokkum af því að saman ætla menn að setja slík mál í forgang. Slíkt þekkist ekki í samsteypustjórnum eins og þeim sem Sjálfstfl. hefur stýrt undanfarin ár vegna þess að þar eiga allir að búa við sama rammann og þar er ekkert merkilegra en annað. Allir fagráðherrar skulu skera í sínum fjárlögum og þar er lagt að jöfnu hvort skera þarf sjúkrahús eða eitthvað annað. Þar er engu meiri áhersla lögð á byggingu sjúkrahúss eða barnaspítala en t.d. dómshúss nema síður sé og má þá vísa til þess hversu glæsilegt dómshús hefur risið hér á sama tíma og hefur verið erfiður niðurskurður á sjúkrahúsum í landinu.

Þannig verður forgangsröðunin þegar sami rammi er yfirfærður á öll ráðuneyti óháð því að ríkisstjórnin sem hópur setji sér markmið og ákveði að einhver mál bíði síðari tíma af því að önnur eigi að hafa forgang. Þetta er hagstjórn hins síðari tíma og þetta gerir það að verkum að þegar félagi minn Guðmundur Árni lýsir því yfir að hann þurfi ekkert á fjmrh. að halda í þessari umræðu vegna þess að þetta sé umræða Alþingis, 2. umr., þá skiptir það litlu máli fyrir fjmrh. vegna þess að hann situr yfir þessari umræðu þolinmóður, svolítið þreyttur á þrasinu í okkur. Hann svarar okkur svona eftir því sem verkast vill og verður eiginlega að gera það vegna þess að fagráðherrarnir eru yfirleitt ekki hér þótt þeir hafi setið hér á tímabili í kvöld. Þeir eru yfirleitt ekki hér og láta sig litlu varða hvað hér er sagt, enda eiga þeir eingöngu að vera hér til að svara spurningum. Þannig hafa þessi mál þróast á liðnum áru og breyst úr því að vera stefnumál fjmrh. sem ber ábyrgð á fjárlögum, svarar fyrir þau og tekur við gagnrýninni yfir í að verða þannig að fjmrh. situr hér sem þreyttur eftirlitsaðili tilbúinn að svara fyrirspurnum nokkuð tilþrifalítið vegna þess að þetta voru mál fagráðherranna.

Það hefur verið farið vel í gegnum viðhorf minni hlutans sem hann hefur sett fram í góðu nefndaráliti og hefði verið mikil ástæða til að staldra við mörg atriði, en ég ætla einungis að staldra við fá þeirra. Í kaflanum um fjárhagsstöðu heimilanna er vikið að gríðarlegri skuldasöfnun heimilanna og greiðslubyrði lánanna. Það er lögð mikil áhersla á að ráðstöfunartekjur heimilanna á heilu ári duga ekki til uppgreiðslu þegar alvarlegur vandi blasir við. Menn reyna að skýra þessa óhagstæðu þróun í fjármálum heimilanna og nefnt að stór hluti hennar stafi af því að einkaneysla sé fyrst og fremst fjármögnuð með lánum og undirrótin að einhverjum hluta óhófleg bjartsýni um framtíðartekjur. Þetta er hárrétt, en það sem er full ástæða til að staldra við jafnframt eru lágu launin. Lágu dagvinnulaunin eiga svo ríkan þátt í stöðu heimilanna en þjóðin er orðin svo slævð, það er orðin svo mikil slæving með þjóðinni út af launamálum að hún birtist í ótta við það að hér verða sett lög um styttri vinnutíma sem er sennilega mikilvægasta atriðið fyrir launamyndunina hjá okkur vegna þess að með því einu gæti það gerst að vinnutíminn styttist án þess að dregi úr launun vegna þess að launin eru svo lág að það eru eiginlega allir sem gera sér grein fyrir því að ef lögbundin verður styttri vinnuvika, þá verður að dreifa tekjunum á færri vinnustundir. Það blasir við. En ótti fólks er við lögin og við styttri vinnutíma vegna þess að eina leiðin til þess að hafa einhverja afkomu er að reyna að fá eins mikla vinnu og unnt er á hverjum vinnustað. Meðan við erum við aðrar aðstæður að ræða um vinnutíma í öðrum löndum, vinnutíma á bak við afkomu fjölskyldnanna eins og í samanburðinum við Danmörk sem við höfum rætt hér, um lífskjaraskýrsluna svokölluðu, þá verða viðbrögðin hér ótti við að lög verði sett á sem stytti vinnutímann. Þetta segir okkur allt um hversu þjóðin er orðin slævð í viðhorfum sínum til launamála og til vinnu. Við erum með svo ógagnsætt launakerfi og það er alveg óbærilegt hvað hægt gengur að breyta. Þess vegna er hægt að bæta við spurningar mínar hér áðan. Eru einhver merki um það í þessum fjárlögum að það eigi að taka á þessum málum með einhverjum hætti eða kjaramálunum, einhver boðskapur sem væri hægt að lesa út úr þessum fjárlögum um komandi kjarasamninga? Enn er svarið nei.

Í nefndaráliti minni hlutans er bent á góða spá þar sem er þjóðhagsáætlun til aldamóta. Þar sé gert ráð fyrir að fjárfestingar aukist verulega hjá fyrirtækjum og heimilum, að framleiðni í þjóðarbúskapnum aukist, heildarútflutningur aukist um 3,5% og aukning innflutnings um 3% og ef þessi spá gangi eftir muni viðskiptahallinn snúast og afgangur verða. Þetta er auðvitað mjög jákvæð og góð spá, en strax í kjölfarið er bent á litla fjármunamyndun sem alvarlega meinsemd í efnahagsstjórn okkar. Það er auðvitað umhugsunarefni um leið og bent er á hve lítil fjármunamyndun er og í raun og veru hvað það er alvarlegt mál varðandi fjárfestingar og nýsköpun í atvinnulífinu þannig að það verði unnt að fjölga störfum í gegnum fyrirtækin, að fyrir utan það hversu lítil fjármunamyndun er, þá er það umhugsunarefni að mörg einkahlutafélög virðast skila svo litlum hagnaði að rekstraraðilar þeirra bera varla nokkra skatta, leggja varla nokkurn hlut til hins opinbera. Þar sem um er að ræða einyrkja og lítil einkahlutafélög, þá virðist svo að hvorki fyrirtækin né eigendur þeirra leggi nokkurn hlut til samneyslunnar, ekki einu sinni þar sem um er að ræða verulega mikil umsvif, bæði í glæsihúsum, bílum, bátum og lífsstíl. Það er verulegt umhugsunarefni fyrir okkur.

Ég vil benda þingmönnum á það sem segir í nefndaráliti minni hlutans um laun og atvinnumál og vaxandi óþolinmæði og gremju launafólks varðandi kjör sín. Það er mjög mikilvægt að þingmenn haldi því til haga að þjóðarsáttarsamningarnir byggðust á því að verkafólk axlaði byrðarnar af því að koma stöðugleikanum á. Það voru allir sem trúðu því að ef það næðist að festa stöðugleikann í sessi, ná niður verðbólgunni og ná niður vöxtunum, þegar þessu átaki linnti mundi koma batnandi hagur til launafólks og verkafólks, þeirra sem minnst bera úr býtum. Það hefur ekki gerst og það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að við erum komin í skuld við þetta fólk. Það verður ekki nokkur leið að reyna að sannfæra þessa hópa um að þeir eigi enn að bíða átekta núna þegar er búið að hafa svona mörg orð um hagvöxtinn sem öllu á að bjarga, sem á að skapa störfin og sem á að framkvæma öll kosningaloforð Framsfl. Það verður ekki hlustað á það í þessum kjarasamningum þannig

að það verður gengið hart eftir viðbrögðum stjórnarliða að þessu sinni.

Ég sagðist ekki ætla að fara inn á marga þætti í þessu nefndaráliti en ég ætla að víkja örlítið að heilbrigðismálunum og félagsmálunum. Það hefur hangið yfir umræðunni um fjárlög að ríkisstjórnin ætli bæði að selja ríkiseignir og að skera niður framkvæmdir svo sem í vegamálum og það flaug fyrir að þannig ætti að ná niður eins og þremur milljörðum af því að menn óttuðust þensluna sem yrði ef álver risi hér á næsta ári, jafnvel þótt það yrði ekki fyrr en margir mánuðir væru liðnir af því ári. Það lá svo mikið í loftinu að það gekk treglega að nýta tímann hjá fjárln. síðustu tvær helgar og við áttum von á því að þegar yrði loks tekið til við þessa fjárlagaumræðu, þá hefðu þau mál skýrst. Það hefur ekki heldur gerst. Það hefur ekki gerst að það liggi fyrir tillögur um sjúkrahúsin þrátt fyrir að dregist hafi að fara í 2. umr. Og það er óviðunandi þegar við tökum þessa svokölluðu stóru umræðu um fjárlög ríkisins að vera með óafgreidda slíka stóra þætti og vita hvorki hvað á að gera í sjúkrahúsmálunum, alveg eins og Guðmundur Árni Stefánsson benti á, vita ekki hvað á að gera í sjúkrahúsum úti á landi, vita ekki hvaða framlög verða til sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu, né hafa nokkrar hugmyndir um það hvort skera eigi niður í vegaframkvæmdum. En það sem blasir við, virðulegi forseti, er að á þessari stundu hafa þau mál ekki verið upplýst.

Það hafa aðrir farið í gegnum menntakerfið og þá upplausn sem það er í og ég ætla ekkert að staldra við það. Ég hef þegar nefnt að í þessu fjárlagafrv. finnist ekki boðskapur um þau fallegu orð sem viðhöfð eru um að það sé fjárfesting í menntuninni. Ég vil hins vegar nefna það varðandi menntunarmálin að miklar vonir eru bundnar við tilfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna og við skulum aldrei gleyma því, af því að það er svo oft talað um framhaldsskólana og háskólann í þessum sal, að menntamálin byrja í grunnskólanum og jafnvel enn þá fyrr. Við náum aldrei árangri í menntamálum nema grunnskólinn sé sterkur og þar sé lögð rétt áhersla. Ég er ein þeirra sem trúa að grunnskólinn hjá sveitarfélögunum sé það sem þurfi til þess að grunnskólinn eflist. En þá þarf jafnframt að hlúa að sveitarfélögunum og gera þeim kleift að axla þessa ábyrgð. Ég geri mér fullkomlega ljóst að það voru fluttir tekjustofnar til sveitarfélaganna með grunnskólanum, nákvæmlega það sem þurfti miðað við útreikning á því sem þeir þættir kostuðu sem nú fóru til sveitarfélaganna.

En það eru aðrir hlutir að gerast. Það er verið að setja ný og ný lög sem gera kröfur á sveitarfélögin. Hægt og sígandi hafa verkefni verið að þokast til sveitarfélaganna, verkefni sem hafa virst saklaus á einhverjum tíma. Síðan eru sett lög og reglugerðir sem gera miklar kröfur til sveitarfélaganna. Hægt er að nefna síaukin útgjöld sveitarfélaganna varðandi umhverfismál og umhverfisreglugerðir sem að sjálfsögðu verða að vera og varðandi holræsaframkvæmdir og annað slíkt. En þetta eru verkefni sveitarfélaganna þar sem þau fá enga sérstaka tekjustofna til að framkvæma. Mörg þeirra eru að fást við gífurlega þung verkefni sem hafa orðið til vegna laga sem við höfum sett og bara ávísað og ýtt yfir á sveitarfélögin án þess að huga af því hvort þau yfirleitt ráði við þessi verkefni. Það er afar hætt við því að ef menn gæta sín ekki að skoða hvað er hjá sveitarfélögunum af slíkum verkefnum, þá höfum við hagað verkum þannig að sveitarfélögin hafi þurft að taka yfir miklu stærri viðfangsefni en þau eiga auðvelt með að sinna með þeim takmörkuðu tekjustofnum sem þau hafa. Ég hef heyrt í mörgum sveitarstjórnarmönnum sem hafa áhyggjur af þessu. Það á eftir að byggja mjög mikið upp í grunnskólanum til að hann geti orðið heildstæður. Það er mikill vilji til þess og ég er fylgjandi því að málefni fatlaðra fari til sveitarfélaganna. Nú er verið að skera niður í þeim málaflokki og ef hann fer skertur til sveitarfélaganna þannig að það er búið að draga niður í málaflokknum þegar hann er fluttur, þá er hætt við að tekjurnar sem fara til sveitarfélaganna verði af skornum skammti. Að þessu verðum við að gæta og vera stöðugt á varðbergi vegna þess að sveitarfélögin eru með þýðingarmestu verkefnin, þau sem snúa að fjölskyldunni og nánustu verkefnunum sem snúa að einstaklingunum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um fjárlögin nema að geta um tvennt. Annað er álit minni hluta félmn. varðandi ráðstafanir í ríkisfjármálum og um fjárlögin sem lýtur að starfsmenntun í atvinnulífinu, Framkvæmdasjóði fatlaðra og niðurskurðinum þar. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um Framkvæmdasjóð fatlaðra né minna á það sem allir vita hér að erfðafjárskattur á samkvæmt lögum að renna óskiptur til sjóðsins. Framkvæmdasjóðurinn hefur ákveðin verkefni og hefur reyndar tekið á sig nokkur rekstrarverkefni sem eru fyrst og fremst ný og komu í lögum um málefni fatlaðra fyrir fjórum árum og miðuðu við að draga úr þörfinni fyrir byggingu stofnana og stuðluðu að sjálfstæðri búsetu fatlaðra og möguleikum þeirra til að vera úti á vinnumarkaði. Þess vegna var það samþykkt að slík liðveislu- og stuðningsverkefni væru hjá framkvæmdasjóðnum. Nú er búið að skera sjóðinn niður. Að vísu er búið að flytja þessi rekstrarverkefni út á svæðisskrifstofurnar, en það er líka búið að skera framkvæmdasjóðinn niður um 255 millj. Þetta er gjörningur sem ekki er ásættanlegur. Þessu hefur minni hluti félmn. harðlega mótmælt, bæði til efh.- og viðskn. og fjárln.

Ég vil líka rifja upp enn á ný sem ég er margoft búin að tala um í þessum stól og það er hversu mikilvæg starfsmenntun í atvinnulífinu er. Hún er mikilvægt úrræði fyrir fólk á vinnumarkaði og Starfsmenntasjóður hefur veitt þúsundum á vinnumarkaði stuðning við endurmenntun og símenntun. Hann gefið fólki tækifæri til þess að umskóla sig til að fara í önnur og öðruvísi verkefni en það áður var í. Alls staðar hjá þjóðum sem hafa verið að þróa sig hefur þetta verið einn þýðingarmesti þáttur menntakerfisins. Hann er öðruvísi og til hliðar við hefðbundið menntakerfi en gífurlega þýðingarmikill.

Nú er búið að ákveða að setja þennan starfsmenntasjóð inn í Atvinnuleysistryggingasjóðinn ásamt framlögum til atvinnumála kvenna. Það verður að segjast eins og er að upphæðin er á þessu hausti ekki skorin niður. Hún er 47 millj. í starfsmenntasjóðinn og hún er 20 millj. í atvinnumál kvenna. En það er búið að fella þetta undir Atvinnuleysistryggingasjóð og af því að sá sem stjórnaði því verki að smíða nýtt frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð hefur látið í ljós þær skoðanir að ríkið eigi ekki að vera með námskeiðahald eða starfsmenntaverkefni önnur en hefðbundna skóla og námskeið fyrir atvinnulaust fólk, þá er ég sannfærð um að sá gjörningur að flytja starfsmennun í atvinnulífinu undir Atvinnuleysistryggingasjóð er fyrsta skrefið, e.t.v. af tveimur, e.t.v. af þremur, í að á næstu fjárlögum hverfi þessi úrræði. Það er stórmál að okkur takist að afstýra því að þessi mikilvægi sjóður verði felldur undir Atvinnuleysistryggingasjóð og hverfi þar með hægt og hljótt eins og svo margt gerist, hægt og hljótt, hjá þessari ríkisstjórn. Þess vegna eigum við

að halda því vakandi að þessu verði breytt og ekki gefa okkur fyrr en í fulla hnefana.

Virðulegi forseti. Ég ætla í lok máls míns að mæla fyrir breytingartillögum á þskj. 339. Það eru breytingartillögur sem þingflokkur jafnaðarmanna flytur við frv. til fjárlaga, 2. umr. og þær eru í átta liðum. Fyrsti liður er um Byggðastofnun þar sem þingflokkurinn leggur til að framlag til Byggðastofnunar lækki. Sá boðskapur er í þessari tillögu okkar að við viljum stokka þessi mál upp. Við lítum á að tilraunin með að Byggðastofnun sé sú stofnun sem efli dreifbýlið og sé skapandi fyrir byggðastefnu í þessu landi, hafi runnið sitt skeið. Það hefur komið fram í umræðum um skýrslu Byggðastofnunar á liðnum árum þar sem yfirleitt er bara farið yfir verkefnið og sagt til hvers hefur verið veitt en hvorki gerð tilraun til þess að leggja mat á hvort úrræðin leiddu til þess sem vonast var til í upphafi né reynt að skilgreina hvort það hafi verið rétt mat að veita styrkina eða framlögin þangað sem þau fóru. Eins höfum fengið skýrslu Ríkisendurskoðunar um Byggðastofnun sem hlýtur að vera alvarleg ábending til okkar þingmanna. En fyrst og fremst er í þessari tillögu okkar boðskapur um að Byggðastofnun og Framleiðnisjóður landbúnaðarins, sem er þriðja tillagan okkar, séu verkefni fortíðar sem er ástæða til að stokka upp.

Við erum með tillögur um að auka framlög til Kvikmyndasjóðs. Við erum með tillögu um að auka framlög í Lánasjóð ísl. námsmanna. Við erum með tillögu um að auka framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi um 70 millj. kr. Íslendingar hafa aldrei staðið við sinn hlut varðandi þróunaraðstoð. Við erum alltaf að heyra að nú séu betri tímar, nú sé hagvöxtur og bjart fram undan og því hljótum við að leggja meira af mörkum í þróunarmál og sýna að við séum meðal þjóða hvað þetta varðar.

Við leggjum til nýjan lið, 20 millj., undir heilbrigðismál. Hann heitir vímuefnavarnir og ég ætla að fara örfáum orðum um þann lið. Mikil áhersla hefur verið lögð á það á undanförnum vikum að ríkisstjórnin sé með nýja stefnu í vímuefnamálum. Sú stefna hefur ekki komið inn á borð okkar þingmanna. Þó vitum við að forvarnasjóði er ætlað að gera mikil kraftaverk. Það hefur verið gagnrýnt mjög mikið hvernig forvarnasjóðurinn hefur verið nýttur þetta ár sem hann hefur starfað. Ég ætla ekki að vera með hrakspár eða rýra gildi hans. Það er alveg ljóst að meira þarf að koma til í vímuvarnamálunum. Í frv. sem jafnaðarmenn lögðu fram fyrir þremur árum og ekki náðist fram á Alþingi þó stjfrv. væri, var lögð mikil áhersla á að fara með fræðslu um áfengi og vímuefni inn í skólana og að veita bæði kennurum og nemendum í Fósturskóla Íslands, Lögregluskólanum og víðar ítarlega og skipulagða undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefnafræðum. Það skortir mjög á í þessu enn þann dag í dag. Í skólunum er það fyrst og fremst Lions Quest verkefnið sem kennt er og það er að tilstuðlan annarra en menntakerfis okkar, þó það sé stutt af því. En í tillögum okkar sem eru um að undir heilbrigðismálunum komi nýr liður, 20 millj., vímuefnavarnir, leggjum við áherslu á að heilbrrn. t.d. í samvinnu við landlækni og heilsugæslustöðvar standi fyrir almennu forvarna- og upplýsingastarfi og að slík fræðsla taki sérstaklega mið af þörfum ýmissa hópa í samfélaginu svo sem ungmenna sem horfið hafa frá skyldunámi, foreldra og forráðamanna barna og unglinga, barnshafandi kvenna, stjórnenda farartækja, stjórnenda fyrirtækja og fjölskyldna ofneytenda. Og að það eigi að vera sameiginlegt hlutverk að samræma störf félagasamtaka jafnframt á þessu sviði. Lögð er áhersla á að þetta verk fari fram á vettvangi heilsugæslustöðva og að heilsugæslustöðvar leitist við að finna börn og ungmenni sem eiga við vandamál að stríða vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna og koma þeim til aðstoðar í samvinnu við aðra sem starfa á þessum vettvangi.

Jafnaðarmenn hafa lagt fram tillögu að samræmdri heilbrigðisstefnu, þar sem mikil áhersla er lögð á heilsugæslustöðvarnar og þátt þeirra. Þess vegna er mjög mikilvægt að heilsugæslustöðvunum sé gefið tækifæri til að rækja þennan þátt. Ég legg áherslu á að verði þessi tillaga okkar samþykkt verði fjármagni veitt til heilsugæslustöðvanna til að sinna þessu verki. Við erum með tillögu, eins og áður hefur komið fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni, um að inn á fjárlagalið fari nýr liður til byggingar barnaspítala. Við teljum ekki ásættanlegt að þetta sé eingöngu að finna í 6. gr. fjárlaga, en mér skilst að þegar sé komin fram einhver yfirlýsing um að koma eigi heimild til að nýta fjármagnið sem fæst með sölu Vífilsstaðalands og er það gott. En við leggjum mikla áherslu á að barnaspítali verði festur sem sérliður í fjárlögunum og að þar komi jafnframt inn að selja land í eigu Vífilsstaða og verja andvirði sölunnar til byggingar barnaspítala. Við setjum þarna fram yfirlit sem sýnir tillögurnar og áhersluatriði okkar. Lækkun framlaga eru til Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Við erum að hafna þessari fortíð og við viljum aukin framlög til Lánasjóðs ísl. námsmanna, Kvikmyndasjóðs, þróunaraðstoðar erlendis, til vímuefnavarna og til byggingar barnaspítala og viljum á þann hátt líta til framtíðar með verkefni sem brýn eru.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[00:02]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er rétt að minnast þess við 2. umr. fjárlaga að sl. fimm ár hefur orðið mikil breyting á vinnunni við fjárlagagerðina. Undanfarin fimm til sex ár hefur það gerst að frá því að fjárlög eru lögð fram og þar til fjárlögin eru samþykkt hefur orðið sáralítil breyting til útgjaldaauka, raunar venjulega innan við 1%, utan eitt árið þegar útgjöldin lækkuðu, en öll hin árin hefur útgjaldaaukanum, sem hefur verið mjög takmarkaður, verið mætt með auknum tekjum.

Þetta er í raun byltingarkennd breyting á vinnubrögðum við fjárlagagerðina og ber að þakka þeim sem sátu í fjárln. á árunum 1991 – 1995 og einnig þeim sem nú sitja í fjárln. fyrir að hafa tekið ábyrgð á sínum verkefnum sem raun ber vitni. Hér er um mikla breytingu frá fyrri tíð að ræða, þar sem nánast var plagsiður að í meðferð fjárveitingarnefndar Alþingis, sem þá hét svo, hækkuðu útgjöld ríkisins venjulega stórum. Þó var á því sú undantekning að það kom fyrir oftar en ekki að þingmenn Sjálfstfl., þó í stjórnarandstöðu væru, lögðu ekki til tillögur um hækkanir og voru að því leyti ábyrgir í sinni stjórnarandstöðu að þeir voru ekki með yfirboð. Sjálfsagt er að leggja áherslu á þessi miklu umskipti og í raun og veru þau ábyrgu vinnubrögð sem tíðkast nú og tíðkast hafa um nokkurt sinn innan fjárlaganefndar. Einnig er rétt að geta þess að stjórnarandstaðan hefur breytt mjög verulega háttalagi sínu.

Sú var tíðin eftir kosningarnar 1991 að stjórnarandstaðan bauð upp á allloðnar tillögur um tekjuauka en mjög nákvæmar tillögur um útgjaldaauka. Þessi auknu útgjöld námu á stundum ærið háum upphæðum þannig að þau léku á milljörðum en ekki á hundruðum milljóna. Ef litið er nú yfir tillögur stjórnarandstöðunnar um aukin útgjöld ríkissjóðs er áberandi, ef þessar tillögur eru bornar saman við undanfarin

ár, að þar gætir mikillar hófsemi miðað við fortíðina. Og það er full ástæða til að fara nokkrum viðurkenningarorðum um þessa hófsemi sem ber vissulega vott um að stjórnarandstaðan hefur lært mikið á undanförnum fimm til sex árum. Ég tek eftir að í tillögunum um breytingar á fjárlagafrv., sem frá stjórnarandstöðunni koma, er um að ræða útgjaldaauka sem er eitthvað á fimmta hundrað milljónir, að því er mér sýnist, þegar teknar eru saman tillögur kvennalistakvenna ásamt þeim tillögum þar sem hv. þingmenn þessa stjórnmálaafls eru meðflutningsmenn að tillögum. Það er einnig ljóst að samanlagðar tillögur alþýðubandalagsmanna og þeirra sem þeir flytja tillögur með eru upp á fjórða hundrað milljónir en Alþfl. flytur enn hófsamari tillögu. Allt er þetta heldur til bóta.

Þá má kannski vekja á því athygli að á þskj. 339 þar sem alþýðuflokksmenn kynna sínar tillögur að hluta til, er ekki boðaður, að því er skjalið ber með sér, neinn útgjaldaauki því að þar standast á aukin útgjöld og niðurskurður. Við fyrstu sýn bendir þetta einnig til ábyrgari afstöðu til fjárlagagerðarinnar en þegar betur er skoðað verður þó að viðurkenna að verið er að skera niður framlög til Byggðastofnunar og þætti mér fróðlegt að vita hvort fulltrúi Alþfl. í stjórn Byggðastofnunar er sammála þeim niðurskurði. Byggðastofnun gegnir þýðingarmiklu hlutverki, ekki síst nú þegar þenslumerki sjást á höfuðborgarsvæðinu og stofnunin kemur til með að gegna enn þýðingarmeira hlutverki þegar tekið er tillit til þess.

Þá er einnig athyglisvert að í hugmyndum Alþfl. er að finna verulegan niðurskurð á framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Það er athyglisvert því að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur stundað á undanförnum árum og í langan tíma styrkveitingar til þróunarstarfa en engin atvinnugrein á landinu er í eins mikilli þörf fyrir rannsókna- og þróunarstarf eins og einmitt landbúnaðurinn. Er það athyglisverð tillaga þegar skoðuð er mjög erfið staða landbúnaðarins og skoðuð einnig sú staðreynd að bændur hafa tekið á sig afar mikla skerðingu á tekjum sínum við það að dregið hefur verið úr framlögum til landbúnaðarins úr rúmum 10 milljörðum niður í 5 milljarða. Þess vegna er afar athyglisvert að sjá að hér komi fram tillaga sem á yfirborðinu virðist vera full af ábyrgðartilfinningu en þegar grannt er skoðað skortir allmikið á það. Það ber ekki vott um ábyrgðartilfinningu að leggja til að úr framlögum til rannsókna- og þróunarstarfa til landbúnaðarins verði dregið stórlega á sama tíma og þessi búgrein hefur mesta þörf fyrir þau framlög. Það er því ekki allt sem sýnist þegar þessar tillögur eru skoðaðar gjörla.

Engu að síður er full ástæða til að viðurkenna það sem betur hefur farið í háttum stjórnarandstöðunnar. Það er óhjákvæmilegt annað en koma því á framfæri hér og nú að mikil breyting hefur orðið á tillögum stjórnarandstöðunnar í sambandi við fjárlagagerð frá því sem áður var. Ég get ekki annað en tekið eftir því að reynt er að gera lítið úr því að á þessu tímabili þegar fjárlagagerðinni hefur fleygt mest fram, þá hefur sá flokkur sem starfaði lengi með Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili, þ.e. allt kjörtímabilið, Alþfl., reynt að gefa í skyn að Sjálfstfl. hafi ekki starfað af heilindum að því að koma fjárlagagerðinni í þennan örugga farveg sem hún er nú. Ekki bar mikið á þessum málflutningi í tíð fyrri ríkisstjórnar og vekur það athygli hversu mikill umsnúningur er á orðalaginu þegar rætt er um þessi mál núna eða á þeim tíma þegar Alþfl. var í ríkisstjórn. Ég hygg að Sjálfstfl. hafi staðið við sinn hlut og ekki fari á milli mála og sé ekki neinum vafa undirorpið að stefnan í þessum málum er óbreytt í þessari ríkisstjórn frá því sem var í fyrri ríkisstjórn. Það er full alvara í því að glíma við rekstrarvanda ríkissjóðs. Þar ríkir festa nú eins og áður og það stjórnmálaafl sem hefur verið kjölfestan í þessum ríkisstjórnum báðum ber að sjálfsögðu ábyrgð á því öðrum fremur og er ástæðulaust að vera nokkuð að reyna að draga úr því.

Því er haldið fram og þar á meðal af hv. síðasta ræðumanni að nú væri verið að vinda ofan af velferðarkerfinu hægt og þétt. Þessu var einnig vikið við í tíð síðustu ríkisstjórnar og Alþfl. þá sakaður um að vera að leiða velferðarkerfið í ógöngur og eyðileggja það en vörnin í því máli var sú hjá Alþfl., eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hinni fyrri, að benda á með réttum og gildum rökum, að með því að tryggja rekstur ríkisins væri verið að styrkja stöðu velferðarkerfisins en ekki hið gagnstæða. Þetta á að sjálfsögðu við einnig nú.

Ég vil koma inn á örfá atriði í sambandi við brtt. meiri hlutans sem liggja fyrir við þessa umræðu málsins. Vil ég þá fyrst geta þess að brtt. bera það með sér að reynt er að koma til móts við allmargar stofnanir sem starfa á sviði vísinda og rannsókna, þar á meðal Háskóla Íslands og Kennaraháskólann, svo þær stofnanir séu nefndar. Ég hefði talið nauðsynlegt fyrir hv. fjárln. að taka til vinsamlegrar skoðunar þá staðreynd að Háskólinn á Akureyri býr nú við erfið húsnæðismál. Stofnunin er rekin á fjölmörgum stöðum. Það er verið að reyna að hraða því að flytja hana á þann stað þar sem ákveðið hefur verið að hún verði til frambúðar. Ég hygg að skynsamlegt væri fyrir hv. fjárln. að skoða til hlítar milli 2. og 3. umr. hvort ekki er mögulegt að taka tillit til þessarar staðreyndar og koma til móts við Háskólann á Akureyri með lítils háttar framlagi. Ég hygg að 10 millj. kr. framlag mundi leysa til styttri tíma talsverðan vanda þessarar stofnunar.

Ég vil einnig koma aðeins inn á þær brtt. fjárln. sem snerta skatteftirlitið. Þar er gerð sú tillaga að allmörg störf sem hafa verið við umdæmi skattstjóra víða um landið verði flutt til ríkisskattstjóra. Endurspeglar þessi hugmynd ákveðna erfiðleika sem hafa verið við að manna stöður eftirlitsfulltrúa eða starfsmanna í eftirlitsdeildum skattumdæmanna úti á landi. Það er alveg rétt að erfiðlega hefur gengið að manna þær stöður. Ef ég man rétt, hygg ég að í sumar hafi verið mönnuð tvö stöðugildi á Akureyri af rúmlega þremur sem þar eru þannig að ekki tókst að manna þau stöðugildi öll. Og víðar á landinu tókst ekki að manna öll stöðugildi sem fyrir hendi eru til að sinna sérstökum rannsóknarverkefnum í skattamálum. Þetta er alvarleg staðreynd en spurningin sem vaknar er sú hvort eðlilegt sé að glíma við það verkefni með því að flytja verkefnin til Reykjavíkur og halda þeim út þaðan eða ekki. Ástæðurnar fyrir því að erfiðlega hefur gengið að manna stöðurnar eru ýmsar. Sú fyrsta sem ég vil nefna er að launakjör þessara manna hafa dregið úr því að menn sæki í slíkar stöður. Svo er reyndar að þar sem tekist hefur að þjálfa menn til þessara starfa hefur nokkuð sótt í þann farveg að atvinnulífið ráði mennina þegar þeir hafa fengið fulla þjálfun og þeir hverfi frá störfum hjá hinu opinbera. En væntanlega er ekki miklu meira svigrúm til að borga þessum mönnum laun eftir að stöðuheimildir þeirra verða fluttar til Reykjavíkur. Ég fæ ekki séð að þessu verði betur sinnt með því móti nema menn hafi þá hugsað sér að greiða starfsmönnum ríkisskattstjóra, sem eiga að taka að sér þessi verkefni, önnur laun ellegar þá að menn hafi hugsað sér annað fyrirkomulag á þessu.

Mér finnst hins vegar mjög athugunarvert að huga betur að þessu máli og hefði talið að menn ættu að reyna að

styrkja störf eftirlitsfulltrúa eða jafnvel eftirlitsdeildir. Ég teldi að það væri betri lausn ef t.d. Vestfirðir og Vesturland sameinuðu sínar stofnanir í eina sem yrði sterkari, þannig að annaðhvort á Vestfjörðum eða á Vesturlandi yrði rekin sameiginleg eftirlitsdeild fyrir Vesturland þar sem yrði þá meiri fagþekking, þar sem menn yrðu ekki eins einangraðir og slík ráðdeild mundi þá leiða til þess að styrkja starfsemina úti á landi en ekki til að draga úr henni. Mér finnst hálfgerður uppgjafarblær vera yfir því að segja sem svo að þessi verkefni verði ekki rekin með viðeigandi hætti úti á landi. Það skiptir talsvert miklu máli að þekking á þeim efnum og rannsóknir fari fram úti á landi og jafnframt að þeir sem þar reka atvinnustarfsemi geti átt erindi við þessa aðila, spurt þá út úr, sótt þá heim og rekið sín mál fyrir þeim. Það er að vísu rétt að oft er nálægð slíkra starfsmanna við atvinnulífið á staðnum nokkuð mikil en ég held að við ættum þá að reyna að vega og meta íslenskt samfélag í ljósi þess hvað það er almennt smátt og þessi nálægð er að sjálfsögðu í Reykjavík líka. Og þeir erfiðleikar sem af því hljótast koma upp í Reykjavík ekkert síður en annars staðar. Að þessu leyti verð ég að segja að ég get ekki fallist á að þessi háttur verði hafður á. Ég tel að ef menn horfa fram til þess að vinna betur að málunum með því að auka á einhvern hátt svigrúm þeirra starfsmanna sem vinna að slíku eftirliti þá geti það eins falist í því að svigrúmið verði aukið úti á landi.

Ég vil að lokum koma að því að tekið er á því vandamáli sem steðjar að ákveðnum framhaldsskólum bæði í sérstöku áliti sem hv. menntmn. Alþingis sendi hv. fjárln. og einnig í brtt. fjárln. Það var gert þannig af hálfu menntmn. að í áliti hennar var lögð áhersla á að þegar hagræðingarkröfur væru settar fram til einstakra skóla þyrfti að gæta að stöðu fámennra framhaldsskóla sem þjóna dreifbýlum svæðum og var þá sérstaklega getið um framhaldsskólana á Laugum, á Húsavík og í Austur-Skaftafellssýslu og lögð áhersla á að starfsemi þeirra yrði tryggð áfram. Hér er sú aðferð farin að búa til ákveðið svigrúm fyrir menntmrh. til að taka á þeim vanda. Það hefur komið fram í umræðunni að einstaka hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar telja þetta ekki góða ráðstöfun. Það liggur að sjálfsögðu í því hvert mat þeir leggja á störf hæstv. menntmrh. Sá sem hér stendur ber fullt traust til hæstv. menntmrh. og veit að hann mun leysa vanda þessara skóla með þeim fjármunum sem þarna eru ætlaðir til þeirra hluta.

Ég vil einnig að það komi fram að ég tel að Íslendingar standi á nokkrum tímamótum að því er varðar skólakerfið. Ekki svo að skilja að ekki sé hægt að breyta nokkru um áherslur innan skólakerfisins. Það er hægt og er verið að gera það. Fjárstreymi til ákveðinna verkefna mun dragast saman en til annarra mun það aukast. Það er í samræmi við eðli tímanna. Við þurfum hins vegar að gæta þess að við nýtum vel þá tækni sem nú býðst og á næstu árum mun bjóðast. Þeirri tækni fleygir hratt fram. Sá búnaður opnar okkur nýja möguleika og nýjar víddir en hann úreldist einnig fljótt. Það er afar brýnt að við reynum eftir megni að koma til móts við þarfir skólanna til að búa sig þessum búnaði og endurnýja hann eins oft og þörf krefur vegna þess að sá tæknibúnaður kemur til með að hafa meiri áhrif, að mínu mati, á störf nemenda og kennara en okkur órar fyrir. Þessi þróun er þegar hafin. Hún er mismunandi langt komin eftir því hvaða þjóðfélag við erum að skoða. Á margan hátt eru Íslendingar vel í stakk búnir til að stíga stór skref á þessu sviði og ég hefði álitið að æskilegt væri, og þykist fullviss um að það verði gert, að hv. fjárln. taki það til athugunar að skoða betur fyrir 3. umr. þau mál sem þessi atriði varða sérstaklega.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að mér finnst að störf þeirra ágætu og hv. þm. sem hafa setið undanfarin sex ár í fjárln. beri vott um að þeir hafi tekið á verkefni sínu af mikilli ábyrgð og ég ber virðingu fyrir því starfi sem þar hefur verið unnið og legg áherslu á að þeir haldi áfram á þeirri braut sem þeir hafa verið á. Að þeir láti þær stofnanir ríkisins sem virða fyrirmæli þeirra njóta þess og þá mun okkur vel farnast á komandi árum í fjárlagastarfinu eins og hingað til.

[00:26]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir málefnalega ræðu og mikilsverðar ábendingar. Ég vildi nefna nokkur atriði en fyrst vil ég taka undir með honum að mjög mikilvægt er að við búum skólana þeim mikilvæga margmiðlunarbúnaði sem tímarnir gera kröfu um. Það er lífsspursmál fyrir okkur að það megi gerast. Ég rakti það í ræðu minni fyrr í dag að við leggjum nokkuð til í tillögum meiri hluta fjárln. hvað það varðar en ég tel að framhaldsskólarnir að öðru leyti þurfi þarna enn frekari aðgerða við. En í hinni þröngu stöðu ríkisfjármála þarf að skoða það betur og endurmeta.

Hvað varðar litlu framhaldsskólana er rétt, og ég tek undir það, að gera þarf annars konar hagræðingarkröfur til hinna smærri framhaldsskóla. Hlutverk þeirra er að mörgu leyti allt annars konar í fámennara samfélagi en stóru skólanna sem eru í hinum fjölmennari byggðum vegna þess að möguleikar þeirra eru allt aðrir og hlutverk þeirra að ýmsu leyti einnig annað, þannig að það þarf að líta til þess.

Í þriðja lagi vil ég nefna að breytingarnar á skatteftirlitinu þarf að sjálfsögðu að vanda. Ég tel að það beri að leita allra leiða til að styrkja skatteftirlitið hjá okkur. Okkur er nauðsynlegt að halda því öflugu þannig að ekki sé um að ræða undanskot og skipuleggja þarf skatteftirlitið mjög vel. Þær tillögur sem meiri hluti fjárln. hefur lagt fram þurfa að sjálfsögðu skoðunar við en hugmyndirnar (Forseti hringir.) á bak við þær tillögur þarf að skýra betur og það væri ég reiðubúinn að gera ef hv. þm. gefur mér færi á því í seinni umferð í andsvörum.

[00:28]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna yfirlýsingu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og óska hér með eftir því að hann komi inn á þetta að svo miklu leyti sem hans tími gefur tilefni til. Ég vil einnig taka fram að ég tel að hv. fjárln. ætti að skoða betur málefni Háskólans á Akureyri. Það hefur verið staðið mjög vel að uppbyggingu þeirrar stofnunar og er ekki undan því að kvarta. Þar hefur orðið til mikilvægt starf og merkilegt á skömmum tíma. Auðvitað vitum við að unnið verður áfram að uppbyggingu þeirrar stofnunar en ég hygg að skynsamlegt væri af hv. fjárln. að skoða húsnæðismál stofnunarinnar sérstaklega milli 2. og 3. umr. með vinsamlegum huga og skoða hvort ekki er hægt að gera eitthvað til þess að bæta úr húsnæðismálum stofnunarinnar sem eru nú erfið viðfangs og nauðsynlegt að bæta úr þeim.

[00:30]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins varðandi málefni Háskólans á Akureyri. Þar er um að ræða mjög stórt viðfangsefni sem ekki

er möguleiki að ræða í stuttu andsvari. Ég vil bæta aðeins við um skatteftirlitið. Ég tel ekki ólíklegt að það skipulag sem fram kemur hjá meiri hluta fjárln. um að auka miðstýringu í skatteftirlitinu — þó ekki sé nú vinsælt hjá mér út af fyrir sig að auka miðstýringu — sé talið líklegra að ná meiri árangri. Hins vegar tel ég að þær hugmyndir sem þarna eru uppi eigi ekki að þurfa að leiða til þess að starfsfólkið sem vinnur á vegum ríkisskattstjóra í skatteftirlitinu geti ekki unnið úti um landið. Þannig geta starfsmenn sem vinna t.d. á Akureyri á vegum ríkisskattstjóraembættisins unnið í tengslum við þá skattstofu sem þar er þó þeir tilheyri fjárlagaþætti ríkisskattstjóraembættisins sem er staðsett í höfuðborginni og er skipulagt þaðan. Þessa hluti þarf að skoða alla, en hugmyndirnar eru fyrst og fremst þær og á því eru þær byggðar, að reyna að ná betra skipulagi, virkara skipulagi við skatteftirlitið og það er aðalatriðið.

[00:32]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir svörin. Ég vil þó taka fram að það kynni að vera að í þessu máli gildi sá enski málsháttur að leiðin til neðra er hellulögð góðum ásetningi.

[00:32]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Fjárlög hæstv. ríkisstjórnar eru til umræðu og hafa þau orðið mörgum tilefni til athugasemda í dag. Fjárlög eru stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar í efnahagsmálum og ein mikilvægasta efnahagslega ákvörðunin sem tekin er í landinu á hverju ári. Þessi stefnuyfirlýsing, þessi bláa bók sem við höfum verið að fjalla um ræður um margt lífsafkomu fjölda fólks og afkomu byggðarlaga. Hvaða sýn birtist okkur svo í þessari bók og stefnu hæstv. ríkisstjórnar? Um það hefur verið nokkuð rætt í kvöld. Það sem stendur e.t.v. upp úr er að þetta fjárlagafrv. boðar eiginlega ekkert annað en tilfinningaleysi, tilfinningaleysi gagnvart viðkvæmum hópum í þjóðfélaginu og algjört skeytingarleysi um þeirra hagi.

Ég fagna því vissulega, herra forseti, að heilbrrh. hefur séð sér fært að sitja hér þar til nú og hlýða á mál mitt því ég ætla vissulega beina nokkrum spurningum til hennar. Ég minnist þess enn fremur að í fyrri hluta umræðunnar í morgun lét hæstv. fjmrh. þess getið þegar hv. þm. Gísli S. Einarsson óskaði eftir nærveru forsrh. að það væri algjör óþarfi þar sem fjmrh. væri í raun verkstjórinn í þessu máli. Ég treysti því auðvitað að verkstjórinn sé enn þá í húsinu, hæstv. fjmrh., og hlýði á mál mitt því ég hef sannarlega ýmislegt við hann að ræða um það sem stendur í þessari bók.

Það er dálítið merkilegt að hugsa til þess að það virðist ráða hálfgerð hentistefna hver verkstjórinn er í þessu máli hverju sinni. Þegar verið er að fjalla um niðurskurð í ríkisbúskapnum hefur það einatt verið svar hæstv. fjmrh. að beina allri gagnrýni til fagráðherranna og þeir hafa oft þurft að sitja undir hörðum dómi og mikilli gagnrýni. En nú bregður svo við og við heyrum það hér og nú, að það er í raun fjmrh. sem er verkstjórinn, það er hann sem ræður ferðinni og þá vitum við það. Ég vil engu að síður tala til hæstv. heilbrrh. í kvöld. Ég vil láta þess getið að þó nokkrar athugasemdir mínar við fjárlagafrv. fjalla um málefni sem eru á vettvangi hæstv. félmrh. þá vorum við hæstv. félmrh. í reynd nokkuð sammála um það fyrri hluta dags að það væri í reynd fjmrh. sem réði ferðinni. Þannig að það væri nóg að hafa hann til staðar og ég sætti mig við það.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka ef á að fjalla um þetta fjárlagafrv. í heild sinni eins og það birtist mér og öðrum sem hafa um það talað hér í dag. Ég sagði að mér fyndist það bera vott um tilfinningaleysi þessarar ríkisstjórnar og ég endurtek það. Þessi ríkisstjórn tók við mjög góðu búi. Hún tók við búi sem var búið að rækta og búa vel í haginn fyrir í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það var búið að leggja á fólk mjög erfiðar sparnaðarleiðir bæði í heilbrigðiskerfi og velferðarmálum. Það var búið að búa í haginn fyrir hagvöxt sem nú hefur sýnt sig að vera að verða að veruleika. Þess vegna hefði maður haldið að þetta góða bú gæfi hæstv. ríkisstjórn tilefni til að standa við eitthvað af þeim loforðum sem voru gefin kjósendum í aðdraganda kosninganna. En því miður er ekki að finna mörg merki þess í fjárlagafrv.

Af mörgu er að taka ef við viljum skoða velferðarmál og velferðarstefnu ríkisstjórnarinnar ofan í kjölinn. Ég verð að staldra fyrst við málefni fatlaðra sem enn á ný verða fyrir sparnaðarhníf hæstv. ríkisstjórnar. Á síðustu tveimur árum hefur orðið algjör stefnubreyting í áherslum í þeim málaflokki og svo virðist sem hv. þm. Framsfl. hafi algjörlega gleymt öllum kosningaloforðum sínum þá er þeir settu fólk í fyrirrúm. Ég minnist þess glögglega í aðdraganda kosninganna að vera samferða frambjóðendum Framsfl. á ýmsa fundi sem hagsmunasamtök eða vinnustaðir fatlaðra höfðu boðað til. Þá voru hv. núv. þm. Framsfl. ósparir á loforðin um að standa vörð um þennan viðkvæma málaflokk og efla framlög til áframhaldandi uppbyggingar í þágu fatlaðra.

Herra forseti. Hvorki í síðustu fjárlögum né þeim sem hér eru til umfjöllunar er að finna efndir þessara miklu loforða sem fötluðum og aðstendendum þeirra voru gefin í aðdraganda kosninganna. Menn hafa nú í eins og barnið í ævintýri H. C. Andersens uppgötvað að framsóknarmennirnir voru ekki í neinu frekar en keisarinn. Öll þeirra loforð voru yfirboð og eintómar gyllivonir. Í raun muna menn ekki aðra eins aðför að kjörum fatlaðra og aldraðra síðan þessir hv. þm. komust til valda í þeim ráðuneytum sem fara með helstu velferðarmálin. Það er greinilegt að framsóknarmenn hafa ekki haft þrek eða viljastyrk til að standa gegn niðurskurðargleði sjálfstæðismanna í velferðarmálum þjóðarinnar.

Í fyrra var riðið á vaðið með því að aftengja bætur til elli- og örorkulífeyrisþega við almenna kaupgjaldsþróun í landinu. Sá gjörningur er alveg ótrúlegur. Í stað þess að eiga skjól í samningum launamanna eins og áður hefur tíðkast og þannig að hafa ákveðið öryggi og hlutdeild í kaupmáttaraukningu sem þessir hópar hafa fengið, þá eru aldraðir og fatlaðir nú háðir geðþótta fjmrh. sem á hverjum tíma í fjárlagagerð ákveður hversu mörg prósentustig kjör lífeyrisþega mega hækka um alveg óháð kjörum í landinu. Þannig er nú gert ráð fyrir að bætur megi hækka um 2% á næsta ári óháð því um hvaða kaup og kjör á eftir að semja. Það sjá allir hversu lítil virðing lífeyrisþegum er sýnd með þessum vinnubrögðum. Þetta minnir helst á ölmusuhugsun fyrri tíma. Hugsun sem maður hélt að hefði vikið fyrir mannréttindasjónarmiðum nútímamannsins. Þarna birtist tilfinningaleysi þessarar ríkisstjórnar mjög glögglega.

Það er rétt að minna á að þessir hópar hafa engan samningsrétt um kaup sitt og kjör og því er nauðsynlegt að tryggja þeim réttláta viðmiðun og hlutdeild í samningum á vinnumarkaði. Því vil ég ítreka fyrri áskoranir mínar til hæstv. heilbrrh. um að ráðherrann beiti sér fyrir því að þessi gjörningur verði strax leiðréttur þannig að komið verði fram við lífeyrisþega af virðingu á nýjan leik. Um það þarf að

fjalla við umræðu um fjárlög og ég vona að hæstv. heilbrrh. og ekki síður hæstv. fjmrh. verði tilbúinn til að svara á eftir þeirri spurningu minni hvort til greina komi að þeirra mati að leiðrétta þennan misgjörning sem fatlaðir og ellilífeyrisþegar hafa orðið fyrir.

Herra forseti. Það er vegið að lífskjörum fatlaðra á fleiri en einn veg. Sú sátt sem fram til þessa hefur ríkt um uppbyggingu á þjónustu við þá hefur nú á nýjan leik verið rofin af hæstv. ríkisstjórn. Frá því að lög um aðstoð við þroskahefta og síðar lög um aðstoð við fatlaða voru samþykkt hefur ríkt góð sátt um að þessi málaflokkur nyti þess markaða tekjustofns sem lögfestur er með erfðafjársjóði. Þetta var liður í átaki sem nauðsynlegt var að hefja til að færa lífsskilyrði fatlaðra til mannsæmandi ástands. Því er ekki nærri lokið þó svo að hægt og bítandi hafi tekist að lyfta grettistaki í þessum mikilvæga málaflokki. Fatlaðir og aðstandendur þeirra hafa sýnt því skilning þegar erfiðleikar þjóðarbúsins hafa verið miklir og hafa í reynd sýnt stjórnvöldum ótrúlega mikla biðlund þegar grípa hefur þurft til sparnaðar eða hagræðingarráðstafana á erfiðleikatímabilum. Því er það ótrúlegt nú að þegar hagvöxtur eykst og efnahagsbatinn segir til sín í bættum kjörum landsmanna almennt, skuli fatlaðir og aðstandendur þeirra ekki fá að njóta uppskerunnar eins og aðrir.

Herra forseti. Það fer ekkert á milli mála að þessi þjóðfélagshópur býr við lakari kjör en þorri landsmanna. Þessi hópur á verulega undir högg að sækja við að stunda menntun, til að eiga rétt á atvinnu og til búsetu á mannsæmandi hátt. Það verður að segjast hér og endurtaka það að margir þeirra búa við sára fátækt. Það liggur alveg ljóst fyrir að í fjárlögum fyrir árið 1997 hefur ríkisstjórnin enn á ný hugsað sér kyrrstöðu í þessum málum. Kyrrstaðan er staðfest með því að aftengja ákvæði laga um að í Framkvæmdasjóð fatlaðra renni óskertar tekjur erfðafjársjóðs. Ríkisstjórnin ætlar eingöngu að skila 165 millj. kr. af áætluðum tekjum sjóðsins upp á 420 millj. Afgangurinn, 255 millj., á að renna beint í ríkissjóð. Þetta endurspeglast síðan í þeirri staðreynd að lítil aukning verður á rekstrarframlögum til heimila fatlaðra, en aðeins er gert ráð fyrir að eitt heimili fyrir einhverfa taki til starfa á næsta ári. Heimili þetta mun aðeins leysa vanda fimm til sex einhverfra ungmenna sem búa við afar erfiðar aðstæður. Vandi annarra verður áfram óleystur.

Í Reykjavík er óveruleg aukning á rekstrarlið eða um 5 millj. kr. Það dugar skammt til að hefja rekstur á þeim viðfangsefnum sem þegar hefur verið veitt stofnfé til, en það voru tvö sambýli og skammtímavistun sem úthlutað hefur verið til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

Herra forseti. Í nýlegri könnun sem var gerð í Reykjavíkurumdæmi á högum fatlaðra komu erfiðar og sárar staðreyndir í ljós. Þar er ljóst að yfir 100 manns bíða eftir viðunandi búsetuúrræði og að margir þeirra búa við sára neyð. Með þeim hraða sem hæstv. ríkisstjórn hyggst leysa vanda þeirra og fjölskyldna þeirra er nokkuð ljóst að þeir mega flestir hverjir bíða langt fram á næstu öld eftir að vandi þeirra verði leystur. Sama myndin blasir við í Reykjaneskjördæmi. Þar eru nú 118 manns á biðlista eftir búsetu og þar af um 20 manns á neyðarbiðlista. Það þarf varla frekari vitnanna við. Þessi mál þola ekki þá bið sem hæstv. ríkisstjórn hefur sett þennan málaflokk í. Það eru engin rök sem hafa heyrst stundum frá hæstv. fjmrh. þegar hann segir að svo mikið hafi verið gert í þessum málaflokki. Ja, hvað er mikið? Er það að leysa vanda 20% þeirra sem í hlut eiga eða 50% eða hvað er það sem hæstv. ráðherrann á við þegar hann talar um mikið? Það er afstætt hugtak.

Það lætur nærri að um 100 börn úr hverjum árgangi greinist með fötlun, allt frá vægri þroskahömlun upp í alvarlegri og flóknari fatlanir. Það er því alveg ljóst að ekki er hægt að stöðva með öllu þróun í svo flóknum málaflokki sem þessum. Það er lífsnauðsynlegt að halda áfram eðlilegri uppbyggingu úrræða ef ekki á að skapast enn alvarlegra ástand en nú er. Fjöldi þeirra sem nú bíða eftir viðunandi úrræðum hlýtur að vera öllum réttsýnum mönnum mikið áhyggjuefni.

Hæstv. félmrh. hefur við nokkur tækifæri lýst því yfir að hann hafi í hyggju að standa vörð um þennan málaflokk og sagt að hann hafi í hyggju að gera sem mest fyrir sem flesta en ekki mikið fyrir fáa. Betur ef satt væri því ekki sjást þess merki í fjárlagafrv.

Herra forseti. Í gær var mælt fyrir nýju frv. um málefni fatlaðra þar sem fram kemur að stefnt sé að því að færa þennan málaflokk til sveitarfélaganna árið 1999. Ég vara hæstv. ríkisstjórn við því að skera svo niður fjárframlög til málefna fatlaðra í aðdraganda þess að málaflokkurinn verði fluttur. Með því er öllum þeim áformum stefnt í voða svo ekki sé talað um heill og hamingju þeirra fjölmörgu fjölskyldna sem í hlut eiga.

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir brtt. sem er kynnt á þskj. 360 þar sem sú sem hér talar og hv. þm. Össur Skarphéðinsson mæla fyrir því að fjárframlag til málefna fatlaðra í Reykjavík verði aukið frá því sem fram kemur í tillögum meiri hluta fjárln. Ég vona að þessi litla aukning sem hér er mælt fyrir hljóti náð fyrir augum hæstv. fjmrh., verkstjóra ríkisstjórnarinnar, og hv. fjárln. en lagt er til að það komi til viðbótar fjárframlag til rekstrar sambýla í Reykjavík og fjármagn verði sett í það að koma af stað nýjum lið, sem er skammtímavistun. Eins og ég gat um áðan eru þetta einmitt þau úrræði sem þegar liggur fyrir að framkvæmdafé er til fyrir en ljóst er að þær framkvæmdir, sem þegar er búið að veita fjármagni til úr Framkvæmdasjóði fatlaðra, muni ekki fara af stað nema til þeirra fáist rekstrarfé. Því vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. fjmrh. og hv. fjárln. að þetta verði tekið til vinsamlegrar athugunar, eins og ræðumaður hér á undan nefndi svo.

Þessar tillögur eru þess eðlis að verði þær samykktar verður hægt að tryggja rekstur þessara stofnana a.m.k. þrjá mánuði síðla árs 1997 og með því mundi þeim sem hafa vænst þessara úrræða verða gefin ný von, og ekki síst væri þeim gefin örlítil hlutdeild í efnahagsbata þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Það er af mörgu að taka þegar velferðarmálin eru annars vegar og þegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru ræddar. Það vakti miklar væntingar hjá geðfötluðum og geðsjúkum og aðstandendum þeirra árið 1992 þegar réttindi til að njóta þjónustu voru tryggð með lögum um málefni fatlaðra og jafnframt var það vilji þáv. ríkisstjórnar að gera sérstakt átak í þeirra þágu. Það átak hófst eins og gert var ráð fyrir en nú hefur það því miður gerst að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að ljúka ekki því átaki. Það vantar á að efna þau loforð sem þessu fólki voru gefin með þessu lagaákvæði og ég vil leyfa mér að skora á hæstv. ríkisstjórn að endurskoða þessa ákvörðun sína og bæta geðfötluðum það upp við afgreiðslu fjárlaga, sem þeim var lofað af fyrrv. ríkisstjórn og bæði núverandi og þáv. hæstv. fjmrh. Ég bið hann því vinsamlega að hafa til athugunar þau loforð sem hann gaf þá hvort ekki sé hægt að efna þau í ljósi þess mikla efnahagsbata sem okkur er spáð.

Virðulegi forseti. Það eru margvísleg vandamál sem fatlaðir og aðstandendur þeirra þurfa að glíma við. Ég vil leyfa mér að vitna í grein sem birtist í málgagni hæstv. heilbrrh. Degi-Tímanum, sem ég geri ráð fyrir að sé enn þá málgagn Framsfl., og vil ég fá að lesa nokkrar glefsur úr þeirri grein. Greinin er skrifuð af ungri konu sem heitir Ástrós Sverrisdóttir. Hún er formaður Umsjónarfélags einhverfra og foreldri einhverfs barns. Hún segir, með leyfi forseta:

„Börn eru greind með einhverfu en hvað tekur við? Áframhaldandi óvissa, óöryggi og bið. Það eru til leiðir til að hjálpa barninu en þær standa ekki til boða núna. Kerfið gleymdi að gera ráð fyrir því að börn mundu fæðast áfram með einhverfu og þar sem þeim mundi fjölga þá þyrfti á einhverri þjónustu að halda."

Áfram langar mig, með leyfi forseta, að vitna í umrædda grein:

„Börnum sem greindust með einhverfu hefur verið vísað á barna- og unglingageðdeild Landspítalans og þar hefur lokagreining farið fram. Eftir að barnið var greint með einhverfu fékk það margvíslega þjálfun þar sem m.a. unnu með barninu ráðgjafar og sérfræðingar. Þverfagleg vinna átti sér stað, fagteymi á sviði einhverfu var að störfum nema hvað þjónustan var aldrei eyrnamerkt einhverfunni. Margítrekaðar tilraunir til þess að standa vörð um þessa þjónustu tókust því miður ekki. Margítrekaðar tilraunir barna- og unglingageðdeildar til að fá fjármagn fyrir þessa þjónustu og stöðugildi eyrnamerkta þjónustunni við einhverfa tókust ekki.

Fyrr á þessu ári gerðist svo það sem við í Umsjónarfélagi einhverfra höfðum óttast, þjónustukerfið sprakk og hætti að taka við einhverfum börnum til meðferðar í byrjun þessa árs.

Viðbrögð ráðamanna engin" heldur greinarhöfundur áfram. „Stofnun innan heilbrrn. hættir að taka við einhverfum, stofnun innan félmrn. situr uppi með einhverf börn þó að þar sé ekki gert ráð fyrir aukafjármagni til þess að sinna þessari vinnu." Og áfram heldur þessi móðir og segir: „Það þarf ekki að hafa mikið fjármálavit til þess að sjá að með því að gera ekki neitt núna fáum við mun dýrari pakka í bakið seinna og þetta er með öllu óásættanlegt."

Já, þessi unga móðir, herra forseti, telur sig hafa ákveðið fjármálavit og hún sér að það væri góð fjárfesting ef hæstv. ríkisstjórn mundi halda áfram að tryggja þjónustu við þessi börn til að brjóta hvorki þau niður né fjölskyldu þeirra og gera þannig úrræðin seinna meir mun dýrari fyrir þjóðfélagið og fjölskylduna. Því vil ég beina þeirri áskorun minni til hæstv. ríkisstjórnar að þessum málaflokki verði betri gaumur gefinn og tryggt það fjármagn sem þarf til þess að þessi börn fái að vaxa upp í skjóli fjölskyldna sinna, dafna og þroskast og til þess verði sköpuð skilyrði. Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að hæstv. heilbrrh. hafi á þessum málefnum áhuga og því vil ég gjarnan heyra hennar sjónarmið í þeim efnum á eftir og hvað hún hyggist gera til þess að treysta þessa þjónustu.

Herra forseti. Það er ekki hægt að fjalla um fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar án þess að gera rekstrarvanda sjúkrahúsanna að umtalsefni. Það er bæði gagnrýnivert og verulegt áhyggjuefni að meiri hlutinn hafi ekki getað tekið á þeim mikla vanda sem stóru sjúkrahúsin í Reykjavík sannarlega búa við. Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur hafa gengið í gegnum miklar sparnaðar- og hagræðingaraðgerðir á undanförnum árum. Nú er svo komið að sérfræðingar og fagfólk þessara stofnana hafa ítrekað látið í ljós þungar áhyggjur á því ástandi sem hefur verið að skapast í kölfarið. Sjúkrarúmum hefur verið lokað í svo miklum mæli að allt að 25% þeirra eru endanlega og varanlega lokuð á sumum deildum og sjúklingum fjölgar enn þrátt fyrir það og stöðugildum til að sinna sjúklingunum, sem fjölgar, fækkar stöðugt. Í kjölfarið hefur álag á hjúkrunarfólk aukist jafnt og þétt þannig að viðvörunarorð heyrast nú í æ ríkara mæli frá þessum stofnunum um að öryggi sjúklinganna sé ef til vill stefnt í hættu. Biðlistar eftir aðgerðum hafa lengst ískyggilega í kjölfarið og nú eru um 3.000 manns sem bíða eftir nauðsynlegum aðgerðum, m.a. bæklunaraðgerðum. Þetta leiðir til þess að fjölmargt fólk bíður sárþjáð og óvinnufært. Dæmi eru um að fólk hafi misst aleigu sína vegna langvarandi atvinnuleysis í kjölfar veikinda. Það hlýtur að vekja áhyggjur hversu miklar fórnir fjölmargir þurfa að færa vegna þessa biðtíma. Það kostar mikla fjármuni, bæði fyrir einstaklinginn, fjölskylduna, atvinnufyrirtækin og þjóðfélagið allt. Því eru æ fleiri sem draga í efa réttmæti þessa mikla niðurskurðar sem umræddum sjúkrastofnunum er ætlað að framkvæma.

Það hefur einnig ítrekað verið vakin athygli á því af læknum og hjúkrunarfólki stofnananna að það beri að staldra við og gaumgæfa vel áframhaldið og velta því alvarlega fyrir sér hvort sparnaðurinn og niðurskurðurinn sé ekki kominn að þeim mörkum að óásættanlegt er. Þessir sömu aðilar hafa bent ítrekað á að aðbúnaður sjúklinga er oft fyrir neðan öll velsæmismörk. Vegna fækkunar sjúkrarúma hefur færst í vöxt að sjúklingar þurfa að leggjast fárveikir á ganga sjúkradeilda og sætta sig við þann lélega aðbúnað sem því fylgir. Það kemur í ljós að að meðaltali liggja á göngum sjúkrahúsanna dag hvern 20–30 sjúklingar eða sá fjöldi sem svarar til heillar legudeildar, sem vantar auðvitað fjármagn til að reka.

Herra forseti. Mönnum sem tengjast hæstv. ríkisstjórn hefur á undanförnum vikum og missirum orðið tíðrætt um sjálfvirka útgjaldaaukningu í heilbrigðismálum án þess að rökstyðja það neitt sérstaklega. Þó ekki sé hægt að segja að heilbrigðismálin geti lotið lögmálum viðskiptalífsins er rétt að vekja athygli á þeirri miklu framleiðsluaukningu sem hefur orðið í íslensku heilbrigðiskerfi á undanförnum árum. Stöðugt fleiri sjúklingar sækja sér heilbrigði, lækningu eða líkn á Landspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur. Helmingur þeirra sem þangað sækja þjónustu kemur úr öðrum kjördæmum en Reykjavík. Má með sanni segja að þessar stofnanir séu sjúkrahús allra landsmanna. Æ fleiri sjúklingum er sinnt með göngudeildarþjónustu eða stoðþjónustu, æ flóknari læknisaðgerðum er beitt til heilla fyrir landsmenn, nýjar aðgerðir og nýjar aðferðir við greiningu skila sjúklingunum mun fyrr út í lífið aftur sem á móti sparar mikla fjármuni fyrir samfélagið. Stöðugur óróleiki ríkir þó um þessa mikilvægu starfsemi. Stjórnendur og starfsfólk þeirra sitja undir ásökunum og dylgjum um að þeir séu í eiginhagsmunagæslu þegar þeir eru í reynd að berjast fyrir hag sinna stofnana og um leið þeirra fjölmörgu skjólstæðinga sem þangað leita og hverra hag þeir bera fyrir brjósti.

Úrræðaleysið í heilbrrn. gagnvart fjmrh. setur viðkvæma starfsemi í uppnám margsinnis á ári hverju. Tillögur um fjárþörf sem vandað er til eru að engu hafðar eða vefengdar sem óraunsæjar og óábyrgar. Þannig eru samþykkt á Alþingi fjárlög sem skammta þessum stofnunum óraunhæfar fjárupphæðir til að mæta þeirri þörf sem sannarlega er fyrir hendi fyrir þjónustu þeirra við sjúka. Þetta leiðir síðan til þess hefðbundna glundroða sem skapast á hverju ári vegna þeirrar nauðar sem menn standa frammi fyrir þegar ljóst er að enn einu sinni hefur verið skammtað of naumt. Þá hefst

hinn mikli hráskinnaleikur fjmrh.og heilbrrh. við stjórnendur sjúkrahúsanna með tilheyrandi dylgjum og ásökunum.

Herra forseti. Það er ekki nema von að fólk spyrji hvort það sé nokkuð að því þótt hæft fólk sé farið að gefast upp á þessum hildarleik og flýi land í von um vinnufrið og réttlát ummæli. Ég held að það væri hollt fyrir þá sem hæst hafa talað á þessum neikvæðu nótum um íslenskar heilbrigðisstofnanir og stjórnendur þeirra að hafa í huga að íslensk heilbrigðisþjónusta er skilvirk, mikil að gæðum og ódýr. Við erum fremst meðal jafningja og við verjum síst meira fjármagni til þjónustunnar en þær þjóðir sem við helst berum okkur saman við. Ríkisstjórnin verður að viðurkenna þessar staðreyndir og skapa þeim stofnunum sem verst standa viðunandi rekstrarumhverfi, fjárveitingar sem eru í takt við þau verkefni sem þessum stofnunum er ætlað að sinna og haga málflutningi sínum á þann veg að ekki sé æ ofan í æ vegið að starfsheiðri þeirra sem sinna þessum mikilvægu velferðarmálum.

Það liggur nú fyrir, herra forseti, að fjárþörf Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur vegna uppsafnaðs vanda ársins í ár og fyrirsjáanlegar fjárvöntun á næsta ári losar 800 millj. Því vil ég beina þeirri spurningu minni til hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., sem reyndar er horfinn úr sal en hlýðir væntanlega á mál mitt annars staðar frá, hvort hægt sé að búast við því að settar verði fram raunhæfar tillögur um fjárveitingar til sjúkrahúsanna í Reykjavík áður en gengið verður endanlega frá fjárlögum fyrir árið 1997 þannig að þessar stofnanir viti í hvernig umhverfi þær eiga að lifa á næsta ári.

Herra forseti. Fyrr í kvöld voru málefni barnaspítala mjög til umræðu og ég get ekki láti hjá líða að taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram hjá mörgum hv. þm. sem talað hafa á undan mér og mælt mjög eindregið fyrir því að þetta mál hljóti algeran forgang í meðförum ríkisstjórnarinnar, enda hefur tillaga þar að lútandi verið flutt af minni hluta fjárln. og talsmönnum minni hlutans. Það hefur vissulega valdið vonbrigðum að ríkisstjórnin hefur ekki sýnt það með áþreifanlegri hætti að hún hyggist standa við áform um að byggja barnaspítala eins og lengi hefur staðið til. Það hafa eingöngu verið hálfkveðnar vísur um þetta brýna mál og enn á ný bíða menn með óþreyju eftir því að heyra hvort það sé á dagskrá af alvöru að láta það verða að veruleika. Allir vita að umhverfi barna á sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu og á landinu öllu er verulega ábótavant og engan veginn lagað að þörfum og þroska barna. Og á seinni árum hefur þróunin enn fremur verið mjög mikil í þá átt að foreldrar og fjölskyldan taka í enn meira mæli en áður þátt í umönnun barna á sjúkrahúsum. En umhverfi þessara barnadeilda er alls ekki þannig úr garði gert að hægt sé að búa viðunandi að foreldrum sjúkra barna. Úr þessu er því mjög brýnt að bæta.

Hæstv. heilbrrh. hefur ítrekað látið í ljós mikinn áhuga sinn á því að þessi barnaspítali sem áform eru um, rísi sem allra fyrst. Því eru það vissulega vonbrigði þegar fjárlagatillögur eru til umræðu að ekki skuli hafa verið gengið frá því á ábyrgari hátt að áreiðanlega verði gengið í þetta verkefni sem allra fyrst og að draumur allra landsmanna um barnaspítala verði að veruleika. En nú í kvöld hafa fallið orð frá hæstv. heilbrrh. sem fylla mig bjartsýni og ég vona svo sannarlega að henni takist það ætlunarverk sitt að gengið verði þannig frá þessu máli við afgreiðslu fjárlaga að óyggjandi sé að hægt verði að hefjast handa sem allra fyrst þegar stjórnendur Ríkisspítalanna hafa náð því að selja það land sem þeir hafa hug á til að fjármagna bygginguna.

Það er öllum ljóst sem hafa kynnt sér málið til hlítar að þetta er þjóðhagslega mikilvægt mál sem þolir enga bið. Þess vegna lagði minni hlutinn til að sérstök fjárveiting rynni til stofnframkvæmda vegna barnaspítalans og tryggt yrði með óyggjandi hætti að Ríkisspítalar hafi heimild til að ráðstafa andvirði sölu Vífilsstaðalandsins til þess að fjármagna bygginguna. Og ég vil endurtaka fyrir hæstv. heilbrrh. að við bindum miklar vonir við að henni takist að sannfæra félaga sína í ríkisstjórninni um að þetta mál þurfi að hafa algeran forgang.

Herra forseti. Það er af mörgu að taka og freistandi að tala um margt við þessa fjárlagaumræðu, en ég mun nú fara að stytta mál mitt. Það er liðið fram á nótt og margir eiga eftir að taka til máls. En ég vil aðeins áður en ég lýk máli mínu segja örfá orð um þann málflutning sem hefur verið hafður uppi af fulltrúum meiri hlutans um gildi stöðugleikans í þjóðfélaginu. Vissulega vil ég taka undir þau sjónarmið. Jafnframt hafa fulltrúar meiri hlutans verið ötulir við að vara við þeirri þenslu sem væntanleg framkvæmd við nýtt álver gæti leitt til í þjóðfélaginu. Ég segi væntanleg eða hugsanleg framkvæmd vegna þess að sannarlega eru enn margir óvissuþættir í því máli og mörgum spurningum ósvarað áður en þessu mikla verkefni er siglt í höfn. Í fyrsta lagi verður ekki ljóst fyrr en í marslok hvort forsvarsmönnum Columbia Ventures tekst að tryggja sinn hluta fjármögnunar verkefnisins og þó svo að það takist að tryggja þessar framkvæmdir er ljóst að engar framkvæmdir munu hefjast fyrr en seint á næsta ári. Því getur farið svo að hér verði vaxandi atvinnuleysi strax á næsta ári ef ríkisstjórnin heldur fast við þau áform sín um að stöðva allar opinberar framkvæmdir. Af þessu hafa margir verulegar áhyggjur.

Hvað hyggst hæstv. ríkisstjórn gera ef svo fer að álversframkvæmdir verða ekki að veruleika? Ég held þess vegna að það væri góður kostur fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka þá farsælu ákvörðun að hér verði hafist handa strax á næsta ári við að byggja langþráðan barnaspítala.

Herra forseti. Ég vil aðeins staldra við eitt mál sem ég hef verulegar áhyggjur af, þ.e. menntamálin. Margir hafa talað um þau á undanförnum vikum á Alþingi að gefnu tilefni og því er það undrunarefni að áhyggjur meiri hlutans af menntun þjóðarinnar skuli ekki birtast áþreifanlegar í fjárlagafrv. sem hér er til umfjöllunar. Það er vegið að framhaldsskólum landsins og þeir standa svo sannarlega alls ekki vel fyrir margir hverjir. Þeim hefur gengið illa að fullnægja þörfum nemenda. Það segir hið mikla brottfall úr framhaldsskólum landsins mjög glöggt til um, en allt að helmingur nemenda sem hefur nám í framhaldsskólum landsins hverfur á brott strax á fyrsta ári, svo að ég tali ekki um þau óuppfylltu loforð sem hafa verið gefin fötluðum með ákvæðum í framhaldsskólalögunum um að þeir eigi skýlausan rétt á námi á framhaldsskólastigi eins og aðrir íbúar þessa lands. Því vekur það upp áhyggjur að ekki skuli vera gerðar neinar tilraunir til þess að hlúa betur að framhaldsskólum landsins en raun ber vitni í frv. En það sem vekur upp óhug og sýnir enn á nýjan leik tilfinningaleysið sem virðist hrjá þessa ríkisstjórn eru hinir margumræddu fallskattar sem boðaðir eru í frv. Það á með öðrum orðum að leggja nýjan skatt á nemendur sem einhverra hluta vegna vegnar ekki nógu vel innan framhaldsskólans og er ekki endilega þeim sömu nemendum að kenna. Það má miklu fremur beina ábyrgðinni og athyglinni að framhaldsskólunum sjálfum og þeim aðbúnaði sem þeim

hefur verið búinn. Það á því að margfalda skömmina. Fyrst á að sauma svo að framhaldsskólunum að þeir verði verr í stakk búnir en áður til að sinna sínu mikilvæga hlutverki og þegar illa gengur verður hægt að leggja sérstakan skatt á nemendur sem ekki hafa staðist kröfurnar eða álagið sem námið hefur haft í för með sér.

Þetta finnst mér vera tilfinningaleysi, herra forseti. Þetta er sama tilfinningaleysið og birtist alls staðar í fjárlagafrv. gagnvart þeim sem á einhvern hátt mega sín minna en hinn sterki meiri hluti í þjóðfélaginu. Ég vona að framsóknarmenn sem nú sitja við völd í helstu velferðarráðuneytum sjái sér fært að dusta rykið af þeim góðu kosningaloforðum sem þeir gáfu í aðdraganda kosninganna síðustu og að e.t.v. takist með því að vekja upp samvisku þeirra áður en eins afdrifaríkar ákvarðanir verða teknar og liggja fyrir í þessu frv. til fjárlaga.

[01:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir kom víða við í ræðu sinni og beindi til mín nokkrum spurningum. Hún beindi til mín spurningum varðandi barna- og unglingageðdeildina og þann vanda sem þar hefur steðjað að. Ég ætla að minna á að þar hefur starfsfólki fjölgað á liðnu ári um fjóra sérfræðinga og ég tel að nauðsynlegt sé að greiningarstöðin og BUGL vinni betur saman en hingað til hefur tíðkast og það er í skoðun í félmrn. og heilbrrn.

Varðandi það að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk fái ekki réttlát ummæli þá vísa ég því á bug að í heilbrrn. sé ekki venjulega rætt um þetta fólk af fullri virðingu. Ég tel að við eigum besta heilbrigðisstarfsfólk í veröldinni. Ég fullyrði það, enda erum við í bullandi samkeppni við þjóðirnar í kringum okkur.

Um það hvort fjárlög verði raunhæf varðandi stóru sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu, þá vil ég segja að sú nefnd sem vann að samningi sem gerður var síðla sumars um samhæfingu sjúkrahúsanna — og þeim samningum fylgdi hálfur milljarður — er nú að fara yfir rekstrarstöðu sjúkrahúsanna og mun skila áliti strax eftir helgi. Það mun því skýrast við 3. umr. hver hin raunverulega þörf sjúkrahúsanna fyrir fjármagn er.

Um Barnaspítala Hringsins hef ég þegar sagt það sem ég þarf að segja og ég vona að hv. þm. treysti þeim orðum sem hér hafa áður verið sögð.

[01:15]

Ásta B. Þorsteinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hennar greiðu svör varðandi Barnaspítala Hringsins. Ég treysti fyllilega hennar orðum en ég vil auðvitað, eins og margir aðrir, sjá þau á prenti og ég vona að við sjáum það áður en afgreiðslu fjárlaga lýkur.

Varðandi málefni barna- og unglingageðdeildar þá er vissulega rétt sem hæstv. heilbrrh. segir að þar hefur bæst við stöðugildi sérfræðinga. En það var eins og dropi í hafið í þeim mikla verkefnafjölda sem þar bíður. Og biðlisti sem er stórt og mikið vandræðamál fyrir þessa stofnun talar skýrt sínu máli. Þó svo að komið hafi til aukafjárveiting til barna- og unglingageðdeildar og ný stöðugildi í kjölfar hennar, þá hefur það ekki leyst vandamál einhverfra barna. Þau eru úti í kuldanum, eins og maður segir. Og það þýðir ekkert að vísa vandanum frá einni stofnun til annarrar án þess að gera ráðstafanir til þess að þær stofnanir, sem er verið að vísa til, hafi tök á að leysa vandann. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur áreiðanlega í nógu að snúast, ef ég þekki þau mál rétt. Biðlistar fatlaðra barna eftir greiningu segja allt sem þarf að segja.

Ég er fegin að heyra að lögð hefur verið vinna í að fara ofan í fjárhagsvanda spítalanna og ég treysti, hæstv. heilbrrh., þeim áætlanagerðum og þeim vönduðu vinnubrögðum sem hún telur sig hafa séð frá starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar til að fara að þeim og leggja til við hæstv. ríkisstjórn að eftir þeim verði farið.

Hvað varðar léleg ummæli og dylgjur í garð heilbrigðisstarfsmanna, þá er ég þakklát hæstv. heilbrrh. fyrir hennar góðu orð í garð heilbrigðisstarfsmanna og þau eru verðskulduð (Forseti hringir.) en ég vil minna hana á að hún þarf jafnframt að fræða samstarfsmenn sína í ríkisstjórninni um þessa vitneskju sína.

[01:17]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Ég ætla einkum að gera þrjú atriði að umræðuefni í þessari umferð í umræðu um fjárlög 1997.

Í fyrsta lagi ætla ég að gera grein fyrir brtt. sem ég geri við frv. til fjárlaga um nám í iðjuþjálfun.

Í öðru lagi vil ég andmæla brtt. sem kemur fram frá þingflokki jafnaðarmanna á þskj. 339.

Í þriðja lagi langar mig að ræða örlítið um vinnubrögð fjárln.

Herra forseti. Á þskj. 353 er brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 þannig að við 4. gr. 02-299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi komi nýr liður: 130 Til kennslu í iðjuþjálfun samkvæmt ákvörðun menntmrn. 5 millj. kr.

Það kom fram í umræðu í gær að hæstv. menntmrh. skýrði þannig frá að afstaða ráðuneytisins í þessu máli væri skýr þ.e. ráðuneytið væri reiðubúið til að styðja tillögu til fjárlaga um fjárveitingu til kennslu í iðjuþjálfun. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra einnig að Háskóli Íslands hefði fengið aukið fjármagn á fjárlögum án þess að það þýddi nýjar námsbrautir. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því sérstaklega að það fjármagn sem hér um ræðir fari beint til þess að hefja kennslu iðjuþjálfun samkvæmt ákvörðun menntmrn.

Í umræðum í þingsölum í gær kom fram að möguleiki væri á að vista þetta nám við Háskólann á Akureyri og ef Háskóli Íslands getur ekki forgangsraðað fjármagninu og sé ekki tilbúinn til að taka við þessu námi þá finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að hæstv. menntmrh. íhugi þann kost að koma þessari kennslu fyrir við Háskólann á Akureyri.

Herra forseti. Ég vil í öðru lagi gera athugasemdir við brtt. sem liggja fyrir af hálfu þingflokks jafnaðarmanna og koma fram á þskj. 339 þar sem er kveðið á um að framlög til Byggðastofnunar annars vegar lækki um 100 millj. kr. og framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins lækki um 140 millj. kr. Ég vil taka skýrt fram að ég hef í sjálfu sér ekki á móti því að varið sé auknum fjármunum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Kvikmyndasjóðs, þróunaraðstoðar erlendis, vímuvarna og byggingar barnaspítala. Það má enginn skilja orð mín svo.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir ræddi heilmikið um að mikil þörf væri á endurmenntun í þjóðfélaginu og ég get tekið undir hvert orð hv. þm. Þess vegna er mér illskiljanlegt, herra forseti, að þessi sami hv. þm. skuli standa að tillögu um að skera nánast niður allt starfsfé Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem hv. þm. kallaði fortíðarsjóð, sjóð sem hefur einmitt varið verulegum fjármunum m.a. í endurmenntun til

bænda og til ráðunauta sem hafa starfað að leiðbeiningum í landbúnaði og eiga þar með að vera hæfari til að geta leiðbeint bændum inn á nýjar brautir í þessum þrengingum sem landbúnaðurinn er vissulega í.

Framleiðnisjóður hefur alveg skýr meginmarkmið, þ.e. að auka framleiðni í landbúnaði og efla atvinnu í dreifbýli. Og til marks um það hversu víðtækur sjóðurinn er, þá bárust 250 umsóknir til sjóðsins árið 1995, þar af voru 142 mál afgreidd frá sjóðnum. Á tíu ára tímabili frá 1985–1995 fengu 704 einstaklingar framlög til búháttabreytinga þ.e. að hverfa frá hinum hefðbundna landbúnaði yfir í nýjar greinar landbúnaðarins. Þessu hélt ég að menn mundu almennt fagna, að nýsköpun í landbúnaði ætti sér stað og landbúnaðurinn kæmist út úr því fari sem hann vissulega er í. Og landbúnaðurinn þarf mikillar endurskoðunar við og til þess þurfum við einmitt öflugan sjóð til að geta bæði staðið við bakið á bændum og ráðunautum í sambandi við endurmenntun og ýmiss konar rannsóknar- og þróunarverkefni.

Þá hefur Framleiðnisjóður einnig lagt fram fjárframlög til markaðsaðgerða erlendis. Það er eitt af þeim sóknartækifærum sem íslenskur landbúnaður horfir mjög til að reyna að markaðssetja afurðir sínar sem sérstakar hreinleikavörur á erlendum mörkuðum. Til þess þarf landbúnaðurinn fjármagn. Það fjármagn hefur Framleiðnisjóður og hefur veitt til þessara aðgerða þannig að ég skil ekki þau orð að Framleiðnisjóður sé eitthvert fortíðarvandamál. Framleiðnisjóður er á margan hátt mjög framsækinn sjóður sem hefur aðstoðað landbúnaðinn við að komast út úr þeirri kreppu sem hann hefur verið í.

Á sama hátt má segja um Byggðastofnun að hún hefur varið 44 millj. kr. á síðasta ári í tengslum við búvörusamninginn til verkefna í búháttabreytingum sem m.a. eru í átt til ferðaþjónustu og ýmiss konar nýrra atvinnutækifæra úti á landsbyggðinni. Og þó að umræðan um Byggðastofnun hafi verið verulega neikvæð undanfarið, sérstaklega út af fjárveitingum til skyldmenna formanns og varaformanns, þá finnst mér hart að dæma sjóðinn allan óhæfan þó að slík umræða komist í dagsljósið og ég ætla ekki að dæma um þau tilteknu mál. Byggðastofnun hefur líka lagt fram verulega fjármuni til þess að bæta aðstöðu í fjórum sláturhúsum á landinu og gera þau þannig hæf til þess að takast á við útflutning til Evrópusambandslandanna því þar eru allt aðrar kröfur gerðar en víðast annars staðar og þarf að leggja í mjög kostnaðarsamar breytingar á sláturhúsunum. Það hefur Byggðastofnun ásamt Framleiðnisjóði fjármagnað og gert þannig landbúnaðinn hæfari til þess að takast á við ný sóknartækifæri. Þess vegna finnst mér fráleitt að leggja til þessar verulegu breytingar á framlögum til þessara stofnana, þ.e. Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, og væri nær að leggja aukið fjármagn í tilraunaverkefni, rannsóknaverkefni, endurmenntun og sókn á nýja markaði.

En um Byggðastofnun og þá byggðastefnu sem hér er rekin vil ég segja að landbúnaðurinn geldur á vissan hátt fyrir það að hafa verið notaður sem hluti af einhvers konar óskilgreindri byggðastefnu. Og það eru í mínum huga óásættanleg sjónarmið að krefja landbúnaðinn annars vegar um lágmarksvöruverð og leggja jafnframt þær byrðar á herðar hans að hann skuli vera hluti af einhvers konar óskilgreindri byggðastefnu. Þetta eru sjónarmið sem eru óásættanleg og annaðhvort verður landbúnaðurinn að fá að þróast sem alvöruatvinnuvegur eða þá að vera hluti af einhver konar byggðastefnu og njóta þá framlaga samkvæmt því.

Í þessu sambandi er rétt að ítreka það sem hefur komið fram í umræðunum að sennilega hefur enginn annar málaflokkur dregist jafnmikið saman og framlög til landbúnaðar á undanförnum árum. Jafnframt er rétt að fram komi að enginn einn vöruflokkur hefur staðið í stað á undanförnum, þ.e. verð til neytenda, eins og landbúnaðarvörur sem eru háðar verðlagsákvæðum meðan aðrir vöruflokkar hafa hækkað allt upp í 30%.

Herra forseti. Það er liðið á kvöldið og áheyrendur tiltölulega fáir og rétt að ræðumenn stytti mál sitt en ég ætla í lokin að koma að því að mér finnst fjárlagafrv. vera staðfesting á stefnu ríkisstjórnarinnar. Og í því sambandi vil ég benda á að mörg fyrirtæki eru rekin í landinu. Þau eru misjafnlega stór og hagur þeirra er mjög misjafn. Sá flokkur fyrirtækja sem er kannski hvað fjölmennastur, ef svo má að orði komast, eru heimilin. Þessi litlu fyrirtæki sem samanstanda af kannski fjórum til fimm meðlimum eru ekki rekin með hagnaði í dag. Þessi litlu fyrirtæki, heimilin í landinu, eru rekin þannig að víðast hvar er aukning skulda. Það er í raun og veru allt annað viðhorf en kemur í fram í rekstrarniðurstöðum stærri og öflugri fyrirtækja, sem hagnast sem betur fer verulega þessa stundina, og á þessum missirum. En krafan hlýtur að vera sú að hluti af þeim hagnaði komi til fólksins. Það er ekki að sjá neinar tilhneigingar í fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir að snúa eigi þessari þróun við, þvert á móti.

Að lokum, herra forseti, vildi ég sem nýliði í þessari stofnun leyfa mér að velta fyrir mér störfum fjárln. Það kemur fram í ýmsum gögnum, og ég þekki það af reynslu að við störf nefnda eru kallaðir fyrir hinir ýmsu forsvarsmenn viðkomandi ríkisstofnana og stofnana þar sem þeir eru spurðir um álit á því hvaða peninga vanti, og að sjálfsögðu er það tilhneiging stjórnenda þessara stofnana að reyna að tryggja hag viðkomandi fyrirtækis. Ég held, herra forseti, að fjárlaganefndarmenn þyrftu líka að fá neytendur þessara fyrirtækja oft á tíðum til að tjá sinn hug því að með þessum hætti erum við í raun og veru dæmd til að hjakka sífellt í sama farinu, fari sem Alþingi virðist ekki hafa tök eða völd til að komast út úr.

[01:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Lárusson varði drjúgum hluta af ræðu sinni í tillögur okkar jafnaðarmanna. Það kom fram í máli hans að hann vill styðja ágætar tillögur okkar sem varða hina ýmsu útgjaldaþætti. En hann leggst gegn tillögum sem við flytjum um lækkun á framlagi til Byggðastofnunar og Framleiðnisjóðs. Við því er ekkert að gera. Þetta eru allt breytingartillögur sem við erum að gera við tillögur stjórnarliða og þó ég voni í lengstu lög að þær nái fram að ganga er alveg ljóst að við eigum undir högg að sækja til stjórnarliðanna með stuðning til að svo megi verða.

Hvað varðar sjónarmið hans varðandi Byggðastofnun og Framleiðnisjóð þá erum við á öndverðum meiði þar um. Sumt er barn síns tíma eins og ég sagði í ræðu minni og hann er ekki sammála mér í því. Ég býst við að á sínum tíma hefði ég haldið hugnæmar ræður um bæjarútgerðir. Ég geri það ekki nú. Það er vegna þess að þær voru börn síns tíma. Þær voru þá baráttumál míns flokks. Tímarnir breyttust og þær reyndust ekki þau tæki sem þær voru hugsaðar í baráttunni fyrir atvinnuöryggi launafólks.

Ég gat þess hvaða hlutverk Starfsmenntasjóður væri búinn að hafa á liðnum árum. Nú eru 47 millj. í Starfsmenntasjóði og ég gæti ímyndað mér að um 10 þús. manns væru búin að

fá framlög úr honum. Jafnvel þó að Framleiðnisjóður mundi halda áfram að styðja starfsmenntun bænda, býst ég við að eftir væri nægilegt fjármagn til þess þrátt fyrir okkar tillögur. Við viljum fara aðrar leiðir í stuðningi við byggðastefnu og þessi mál. Þess vegna flytjum við þessar tillögur. Það er ekkert við því að gera þó félagar okkar í stjórnarandstöðu geti ekki fylgt okkur í þeim, en sjálf býst ég við að við munum geta stutt allflestar tillögur Alþb.

[01:32]

Guðmundur Lárusson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki bjóst ég nú við því að ég gæti snúið skoðun þingflokks jafnaðarmanna í landbúnaðarmálum með ræðu minni. Það er sérkennileg þráhyggja að geta ekki horft á það að þessi atvinnuvegur sem veltir tugum milljarða og skaffar þúsundum manna atvinnu skuli ekki fá að eiga sér sóknartækifæri — landbúnaður er atvinnuvegur sem liggur sífellt undir ámæli um að hann sé staðnaður og að þar þurfi breytinga við — en í raun og veru banna okkur þær bjargir sem við höfum til að breyta landbúnaðinum í átt til þess sem við þurfum að breyta honum. Við þurfum að gera íslenskan landbúnað að framtíðaratvinnuvegi sem byggir á þekkingu, rannsóknum og tilraunum og framsækinni markaðssetningu á nýja markaði. Til þess þurfum við fjármuni. Þeir fjármunir eru til staðar í Framleiðnisjóði og þess vegna get ég engan veginn skilið þetta sjónarmið sem kom fram í máli hv. þm.

[01:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er til efs að landbúnaðurinn væri í þeim vanda sem hann er nú í ef það hefði verið hlustað á ýmis sjónarmið míns flokks í tíma. Máli mínu til stuðnings ætla ég að minna á orð formanns Stéttarsambands bænda fyrir tveimur árum um aðgerðir sem stéttarsambandið var þá að gera og voru í takt við það sem minn flokkur hafði lagt til mörgum árum áður. Þá sagði formaður Stéttarsambands bænda: „Ég vildi óska að við hefðum verið að gera það sem við erum að gera núna fyrir 25 árum.“ Þetta er nú bara svo að stundum eru hlutirnir að gerast allt of seint. Öll umræða okkar um landbúnaðarmál hefur verið látin, í umfjöllun annarra, beinast gegn bændum. Það er rangt. Við höfum gagnrýnt kerfi sem við höfum talið vera á villigötum og úrelt og við erum sannfærð um það, ég er sannfærð um það að mjög margir bændur hafa ekki náð sínum sóknartækifærum í því kerfi sem hér hefur viðgengist í áratugi og þeir hefðu verið betur settir með öðruvísi kerfi. Þá er ég ekki að tala um framleiðslu bóndans sjálfs, möguleika hans á sínu býli. Um þetta er ágreiningurinn, hv. þm., en því miður höfum við ekki tækifæri til að kryfja þau mál ítarlega til mergjar í þessum stuttu skoðanaskiptum.

[01:35]

Guðmundur Lárusson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að mörgu leyti sammála hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur um að landbúnaðarkerfið er í ógöngum. Um það deilum við ekki. Við erum hins vegar greinilega að deila um hvaða leiðir við höfum til að komast út úr þessum ógöngum. Tillögur mínar ganga í þá átt að nota fjármagn sem við höfum til að sækja fram til nýrra sóknartækifæra með aukinni menntun og endurmenntun. Mér finnst þessi þráhyggja sem einkennir alla umræðu þingflokks jafnaðarmanna um landbúnaðarmál, þ.e. vegna þess að ekki var hlustað á þessar tillögur fyrir 25 árum þá skuli þingflokkur jafnaðarmanna alla tíð ætla að vera á móti öllu því sem er verið að gera í landbúnaði. Það finnst mér fráleitt. Það væri mjög þarft fyrir þingflokk jafnaðarmanna að taka rækilega umræðu um það sem hefur verið að gerast í landbúnaði og mynda þar tillögur sem eru til úrbóta út úr þessum ógöngum sem við erum sannarlega sammála um að landbúnaðurinn er í.

[01:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér liggur til 2. umr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 sem hljóðar upp á rúmlega 126 milljarða kr. Það blasir við við yfirlestur þessa frv. að fjármunir þeir sem ríkið hefur til að útdeila til brýnna verkefna um land allt eru of naumir. Það er reyndar viðurkennd staðreynd að skattsvik eru hér á landi mikil. Vísir menn segja að ríkið verði af tekjum upp á 10–15 milljarða á ári vegna undandráttar í skattkerfinu en á móti kemur að álögur á almenna launamenn eru allt of háar. Það hafa þó ekki verið breytingar á skattkerfinu til hagsbóta fyrir hinn almenna launamann sem ríkisstjórnin hæstv. hefur haft mestan áhuga á að koma í gegnum hið háa Alþingi á undanförnum vikum og ekki heldur tillögur um aðgerðir gegn skattsvikum. En þó hefur aðeins verið lífsmark því hér hafa verið samþykkt lög frá Alþingi sem létta sköttum af fyrirtækjum í landinu og hefðu nú ýmsir talið að það væri ekki þar sem skórinn kreppti mest í skattamálunum hér á landi.

Ríkisstjórnin fer ekkert í grafgötur um hverra hagsmuna hún gætir á Alþingi. Hún hefur jú stuðning þjóðarinnar til að stjórna með þessum hætti og þá gerir hún það að sjálfsögðu. Um leið og vinnu við forgangsröðun í ríkiskerfinu yrði hraðað á auðvitað að reyna af alvöru að finna leiðir til að koma í veg fyrir skattsvik og fá þannig til ríkisins það sem ríkinu ber. Ég tel einnig brýnt að fyrirtækin í landinu séu látin bera byrðar þær sem þau þola þegar vel árar en séu ekki endalaust í aðstöðu til að nýta sér gamalt tap, jafnvel aðkeypt þegar þau eru í bullandi gróða, til að sleppa við að greiða til samfélagsins. Það er óþolandi að brýn sameiginleg verkefni þjóðfélagsins þurfi að líða fyrir slíkt auk þess sem ýmsar fleiri glufur og smugur í lögum um framtal fyrirtækja gera þeim sem mest leggja sig fram í undandrætti kleift með aðstoð sérsveita sérhæfðra endurskoðenda að lækka þær upphæðir sem þeir greiða til samfélagsins umtalsvert.

Ég verð að viðurkenna það hér og nú að hv. fjárln., sem sat uppi með að skipta áðurnefndum 125 milljörðum kr. niður á verkefni sem við blasti að þörfnuðust sum mun meiri fjármuna, var ærinn vandi á höndum. En það fer ekki hjá því að ýmsar ákvarðanir nefndarinnar séu umdeildar svo ekki sé fastar að orði kveðið. Einkum er þar auðvitað um að ræða hefðbundinn pólitískan ágreining um áherslu á hin ýmsu svið mannlífsins sem alltaf hefur verið fyrir hendi nema þá helst fyrir kosningar. En athygli vekur að stórlega hefur dregið úr áhuga stjórnarflokkanna til að styrkja félagsmál og menntamál frá því að þeir settu fram sínar áherslur fyrir síðustu kosningar. Er þó svokallað góðæri í landinu svo að nú ætti að vera lag.

Það er t.d. umhugsunarefni nú að Háskóli Íslands er áfram hafður í fjársvelti þó í þeirri stofnun séu laun kennara og prófessora með því lægsta sem þekkist í Vestur-Evrópu. Er þar mikil fjárvöntun á flestum sviðum og deildir treysta sér ekki til að taka inn þjóðhagslega mjög hagkvæmt nám eins og nám iðjuþjálfa sem samþykkt hafði þó verið á Alþingi að hafið skyldi og öll undirbúningsvinna hafði farið fram í vegna þess að aðeins voru fjárveitingar fyrir 70% af þeirri

kennslu sem áður hafði verið lögbundin og þegar fór fram í deildinni, þ.e. í sjúkraþjálfun og hjúkrunarfræði. Það er bráðnauðsynlegt að reynt verði að finna þær 5 millj. kr. sem áætlað var að kennsla mundi kosta í iðjuþjálfun fyrsta árið. Þetta nám er óumdeilanlega eitt af því sem gæti leitt til mikils sparnaðar í þjóðfélaginu innan fárra ára ef af yrði því góð og markviss iðjuþjálfun sem gerir fólki sem orðið hefur fyrir áföllum í lífinu kleift að lifa lífinu utan stofnana. Það er mikil skammsýni ef ekki verður reynt að finna peninga til að stofna þessa námsbraut eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Eftir allar yfirlýsingar stjórnarliða í sambandi við samþykkt frv. um framhaldsskóla sem átti að stórefla alla menntun á þessu stigi í landinu með sérstakri áherslu þó á verkmenntun og nám á stuttum starfsbrautum, sem auðvitað var augljóst að mundi kosta mikið í útfærslu, vekur athygli að enn á að skera niður framlög til framhaldsskóla í landinu í heild. Í áliti sínu til fjárln. vakti menntmn. sérstaka athygli á stöðu nokkurra lítilla framhaldsskóla sem ekki varð annað séð af frv. eins og það leit út við 1. umr., en að ætlunin væri að leggja af. Það ber að fagna því að nú er gert ráð fyrir því við 2. umr. að lítils háttar aukið fjármagn mun koma til þessara skóla. Þeir hafa mjög sérstaka stöðu þar sem þeir starfa á fámennum svæðum og halda uppi almennu framhaldsskólanámi sem hlýtur alltaf að vera dýrara við slíkar aðstæður en menntaskólanám þar sem það kallar á aukinn fjölda námshópa þar sem nemendur eru á mjög mismunandi stigi. En allir eru þeir samt að læra sér til gagns og það vekur auðvitað spurningar þegar nú verið er að þrengja mjög að námi í áfangaskólum, sem er sú nýbreytni í skólastarfi á Íslandi sem vakið hefur athygli langt út fyrir landsteinana, hvernig á að koma við þeirri auknu áherslu á verknám og styttri námsbrautir sem hefur þó verið boðuð af yfirvöldum menntamála. Á sá valkostur ef til vill aðeins að vera fyrir hendi á þeim stöðum þar sem þéttbýlið er mest? Það er spurning hvort sú stefna verður ekki til að auka enn á ójafnvægi það í byggð landsins sem er þó í öðru orðinu verið að berjast gegn.

Ég vil einnig benda á þá miklu sérstöðu sem Framhaldsskólinn á Laugum hefur í íslenska framhaldsskólakerfinu sem eini heimavistarskólinn til sveita sem býður upp á almennt framhaldsskólanám, þó einnig hafi verið hægt að ljúka þar námi til stúdentsprófs. Þar er mjög hæft kennaralið og skólinn hefur náð góðum árangri og athygli hefur vakið hve góður andi ríkir meðal nemenda skólans. Jafnvel þeir nemendur sem hafa átt í erfiðleikum áður en þeir komu þangað til náms, blómstra á Laugum.

Ég tel mikils virði að slíkur valkostur verði áfram í framhaldsskólakerfinu og að ekki eigi að sníða fjárveitingar til skóla af þeirri þröngsýni að draga verði stórlega úr starfsemi þess eina hreina heimavistarskóla á framhaldsskólastigi sem býður upp á almennar námsbrautir.

Einnig fagna ég því að tekið hefur verið vel í ábendingar menntmn. varðandi hækkun á framlögum til Stofnunar Árna Magnússonar svo og að sérstök fjárveiting verður til ritakaupasjóðs háskólans og einnig veitt sérstakri upphæð til að efla fjarnám við Kennaraháskóla Íslands, en fjarnám er orðinn mjög veigamikill þáttur í kennaramenntun á Íslandi. Það gefur fólki sem býr á þeim svæðum sem líða fyrir kennaraskort möguleika á að afla sér staðgóðrar kennaramenntunar gegnum internetið. Ég hef sjálf átt þess kost að fylgjast með námi nokkurra sem hafa stundað kennaranám á þennan hátt og ég er þess fullviss að þar er í engu slegið af kröfum nema síður sé og tel ég að þetta sé mjög vænlegur kostur fyrir þá sem ekki geta stundað nám fjarri heimabyggð, t.d. af fjölskylduástæðum. En ég er jafnframt sannfærð um að slíkt nám sé aðeins á færi bestu námsmanna. Þar þarf svo sannarlega mikinn sjálfsaga og skipulag á hlutunum til að allt gangi fram samkvæmt áætlun.

En þó ég fagni að sjálfsögðu þeim atriðum sem fjárln. hefur komið til móts við ábendingar menntmn., þá verð ég þó að harma að ekki var tekið tillit til athugasemda minna, Svanfríðar Jónasdóttur og Guðnýjar Guðbjörnsdóttur um sérstaka gjaldtöku á nemendur framhaldsskóla vegna endurtekningar prófa. Ég undrast mjög þær hugmyndir hæstv. menntmrh. að hægt sé með slíkri gjaldtöku að ala nemendur upp þannig að færri hverfi frá námi en nú er án þess að klára sín próf. Brotthvarf nemenda í framhaldsskólum frá námi er vissulega mikið áhyggjuefni en ég tel fallskatt síst til þess líklegan að draga úr því. Þvert á móti er líklegt að þeir sem illa gengur í námi gefist fyrr upp ef þeir þurfa að fara að borga fyrir þau próf sem þeir falla á til viðbótar við þá niðurlægingu sem er því samfara að falla. Auk þess hafa verið lögfest skólagjöld í framhaldsskólum illu heilli svo hér er orðið umtalsverð útgjöld að ræða sem foreldrar þurfa oft á tíðum að reiða fram og fjárhagsstaða heimila er í mörgum tilfellum afar erfið eins og dæmin sanna.

Samkvæmt fjárlögum telja stjórnarliðar að fall muni verða mikið og almennt um land allt, eitt allsherjar bomsaraboms því þeir ætla að hafa út úr þessum lið tekjur upp á 32 millj. kr. Enn þá er þó mjög óljóst hvernig á að standa að þessari innheimtu og hafa ýmsir þungar áhyggjur af þessari skattheimtu og er ég í þeim hópi.

Mikil umræða fer fram þessa dagana vegna upplýsinga sem komu fram á Alþingi um beingreiðslur til bænda og fara ýmsir mikinn og sýnist að þarna sé hið argasta óréttlæti á ferð. Mér sýnist að í þessari gagnrýni sé oft lítt af setningi slegið og ekki tekið með inn í myndina að framlög til landbúnaðar hafa í raun farið lækkandi á undanförnum árum og munu samkvæmt búvörusamningi enn fara lækkandi. Það er ríkisstyrktur landbúnaður í einhverri mynd í öllum nálægum ríkjum og ekki óeðlilegt þar sem það er þjóðhagslega hagkvæmt að búa sem mest að sínu. Auðvitað hlýtur það að leiða til ófarnaðar ef við förum að flytja inn landbúnaðarvörur í miklum mæli og senda það fólk sem nú vinnur við þá atvinnugrein í stórum stíl á mölina, þá væntanlega á bætur af einhverju tagi. Mér finnst við yfirlestur þeirrar greinar í fjárlagafrv. sem fjallar um landbúnaðarmál vera ýmislegt sem þyrfti að styðja betur við ef eðlileg og þjóðhagslega hagstæð framþróun ætti að eiga sér stað. Vil ég þar nefna sérstaklega kornrækt, en ég tel að umtalsverður virðisauki í íslenskum landbúnaði liggi í því að bændum verði gert kleift að rækta fóðurkorn sjálfir, einkum nú þegar ræktað hefur verið nýtt íslenskt afbrigði sem þolir afburða vel íslenska veðráttu og ætti að vera hægt að rækta víða um land. Það mætti hugsa sér að styrkja samvinnufélög bænda til að kaupa sérhæfð tæki til akuryrkju sem mundi gera fleiri bændum mögulegt að lækka tilkostnað búanna og þar með vöruverð til muna. Einnig er nauðsynlegt að styrkja meira en gert hefur verið undanfarið endurræktun á túnum og athugandi væri hvort ríkisvaldið á ekki að styðja betur við þá bændur sem eru nú að reyna að aðlaga sig að kröfum sem gerðar eru til framleiðenda svonefndra lífrænna afurða. Það er dýrt átak sem nokkrir bændur eru að gera að eigin frumkvæði. Eftirspurn eftir slíkum vörum hefur farið mjög vaxandi í

hinum vestræna heimi á undanförnum árum og fæst allt að 30% hærra verð fyrir afurðir sem þannig eru til komnar.

Í landbúnaðarkafla fjárlagafrv. kemur fram að framlag til Bændasamtakanna á að lækka um 20 millj. milli ára og áfram er nær lofað að draga úr stuðningi á næstu árum. Í þessari tölu felast einnig framlög til nautgripasæðinga sem hin ýmsu búnaðarsambönd hafa á sinni könnu og einnig búfjárræktarframlög sem hafa verið mönnum hvatning til að halda afurðaskýrslur um búfé sitt, en nú virðist eina framlagið til búfjárræktar vera 30 millj. kr. í stofnkostnað. Fróðlegt væri að vita í hvað sá peningur fer. Lækkun þessara liða er líkleg til að koma þar niður sem veikust er vörnin, þ.e. hjá búnaðarsamböndum sem standa þegar höllum fæti og svo að sjálfsögðu hjá bændunum á þeim sömu svæðum. Einnig kemur mér í hug að ákveðin svæði séu ekki sérlega vel í stakk búin til að mæta kröfum um samkeppni milli dýralækna sem boðað er að upp verði tekin. Ég tel að viss svæði á landinu verði seint eftirsótt fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna.

Hv. félmn. skilaði tveimur álitum vegna þessa fjárlagafrv. og kom þar skýrt í ljós mismunandi lífsviðhorf þeirra sem eru þar félagshyggjumenn og hinna. Alþb., Alþfl. og Kvennalisti skiluðu séráliti og var þar gagnrýnd harðlega sú ráðstöfun að skerða framlög til Framkvæmdasjóðs fatlaðra þannig að ekki er lengur gert ráð fyrir að tekjur erfðafjársjóðs renni óskiptar til sjóðsins eins og lög gera ráð fyrir. Að vísu er ýmsum rekstrarliðum sem áður hafði verið komið yfir á sjóðinn létt af honum, en í staðinn er settur á hann sérstakur hattur við 165 millj. kr. og afgangurinn, 255 millj., látinn renna beint inn í ríkissjóð. Ég tel mjög varhugavert að þessi málaflokkur sé sviptur því að hafa sérmerktan tekjustofn. Með þessu móti liggur hann mun betur við hnífnum ef meiningin er að spara í ríkisútgjöldum. Þetta er viðkvæmur málaflokkur sem snertir oft það fólk sem stendur höllustum fæti í þjóðfélaginu og mikilvægt er að hann verði ekki skertur eftir stundarhagsmunum stjórnvalda.

Í áliti minni hlutans var einnig varað mjög við mikilli skerðingu ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Alvarleg staða blasir nú við þessum sjóði sem fer með félagslega hluta húsnæðiskerfisins og nýlegir útreikningar benda til að í sjóðinn vanti 4–5 milljarða kr. til að standa undir skuldbindingum og miðað við að útlánum sjóðsins yrði hætt yrði eigið fé sjóðsins uppurið um aldamót. Minni hluti félmn. mótmælti einnig harðlega þeim fyrirætlunum að flytja tvö verkefni, starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð sem fela í sér að nú á atvinnulífið að standa undir þessum verkefnum í stað þess að ríkisvaldið veiti styrki til menntunar og nýsköpunar. Þarna er verið að blanda saman alls óskyldum málum. Almenn starfsmenntun í atvinnulífinu er endurmenntun og símenntun fyrir vinnandi fólk. Það er rökleysa að flytja það verkefni yfir á stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem valinn er til að gegna óskyldu hlutverki.

Einnig vekur minni hluti félmn. athygli á að 20 millj. kr. framlag sem átti að vera til sambýlis fyrir geðfatlaða og var umsamið fimm ára átak virðist ekki vera inni í fjárlögunum, virðist hreinlega hafa gufað upp og er þar höggvið er hlífa skyldi því ekki standa neinir jafnhöllum fæti varðandi möguleika á vistun á sambýlum og geðfatlaðir og held ég að allir hljóti að viðurkenna það.

Þegar ég litast um í mínu kjördæmi finnst mér nokkuð fátt um fína drætti varðandi fjárveitinga til verkefna sem við blasir að eru mjög brýn. Má þar nefna að aðeins er veitt um 112 millj. kr. til hafnamála í kjördæminu og raunar eingöngu til að greiða gamlar skuldir. Ekki er veitt neinu fé til nýframkvæmda samkvæmt áætluninni og verður þó að telja að ýmis verkefni, eins og t.d. ný innsigling til Grindavíkur, geti ekki beðið öllu lengur áður en byggðin þar fer að bera skaða af því að nokkrir bátar í eigu Grindvíkinga, sem auðvitað fylgja þróuninni í stærð fiskiskipa, eru þegar hættir að geta landað í byggðarlaginu.

Það hefur verið mikið glaðst yfir samningi, þeim nýjasta, um byggingu D-álmu við Sjúkrahús Suðurnesja, en ekki er gert ráð fyrir að rekstrarfé sjúkrahússins sé aukið sem neinu nemur þó það sé skoðun hvers rekstrarráðgjafans á fætur öðrum sem ráðuneytið hefur sent til að rannsaka rekstur sjúkrahússins að það sé mjög skynsamlega rekið og farið hafi verið eftir öllum þeim tillögum til hagræðingar sem gerðar hafa verið. Eftir allar þær úttektir sem farið hafa fram hefði maður haldið að ráðuneytið sæi sóma sinn í að veita til sjúkrahússins því fé sem stæði undir þeirri þjónustu sem nú er veitt og hefur ekki annað heyrst en meiningin sé að veita áfram.

Einnig má minna á að miklir erfiðleikar voru í rekstri ýmissa dvalarheimila aldraðra í Reykjaneskjördæmi á liðnu ári þó allt hafi verið gert til að spara þar í rekstrinum og má nefna að hluta ársins þurfti að loka hjúkrunarplássum við Sunnuhlíð vegna mikils rekstrarvanda þó þörfin fyrir sjúkrarými væri vissulega mikil og er spurning hvort sú aukning um 5 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. handa Sunnuhlíð muni duga til að vinna bug á þeim vanda.

Að lokum má benda á að allt of litlu fé er varið til heilsugæslunnar í Reykjaneskjördæmi sem og annars staðar víðast og má minna á að í nálægum löndum er efling heilsugæslu og heimilislækninga talinn lykillinn að sparnaði í heilbrigðiskerfinu. Hér á landi hafa menn ekki uppgötvað þau sannindi að því er virðist. Einnig má minna á viðbyggingu við Sólvang í Hafnarfirði sem er mjög brýnt að verði byrjað á sem fyrst. Þar er stoðþjónusta fyrir hendi og ýmsar dýrar einingar sem nýtast nýbyggingunni hafa þegar verið byggðar, svo sem lyftur, og fjöldi manns er á biðlista í mjög knýjandi þörf fyrir hjúkrunarpláss.

Að lokum vil ég minna á að aðkallandi er að leysa úr vandamálum daggjaldastofnunarinnar Reykjalundar sem eðli málsins samkvæmt er ekki inni á þessum fjárlögum sem sértakur liður, en það er þjóðfélaginu til háborinnar skammar hvernig sú stofnun hefur verið látin líða fyrir fjárskort árum saman. Þar er þó unnið eitt merkasta starf varðandi endurhæfingu sjúkra á landinu.

[01:57]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Umræðan er orðin löng og hefur hér brugðið fyrir góðum sprettum um landsins gagn og nauðsynjar, stundum farið á flugaskeiði en síðan farið fetið á köflum og allt þar á milli. Mörg sjónarmið koma fram eins og gengur. Margar óskir og kröfur eru gerðar og þannig hefur það verið undanfarna mánuði á vettvangi fjárln. sem hefur skoðað ótal erindi, vegið og metið. Niðurstaðan liggur nú fyrir og eru þó nokkur vandasöm málefni geymd til 3. umr. í næstu viku.

Í mörgu hefðum við viljað vera örlátari en það er gömul saga og ný þegar aðhalds þarf að gæta. Margt er það af góðum málum sem verðugt væri að styðja en ekki er hægt að taka.

Fjárlög hvers komandi árs eru afar mikilvæg þjóðinni. Bak við hverja tölu í fjárlögunum eru verðmæti og mestu

verðmætin bak við tölurnar, upphæðirnar, er auðvitað fólkið sjálft. Þar eru lífshagsmunir, þar eru einnig óskir og vonir og þar eru einnig tilfinningar. Því er ekki hægt að líta svo á að vinna við fjárlagagerð sé þurr eða daufleg, öðru nær. En með breyttu vinnufyrirkomulagi mætti auka umræðu um tilgang og áherslur í þjóðfélaginu og ég hygg að það kunni að verða eitt brýnasta viðfangsefni okkar í þinginu þegar við ræðum um störf og starfshætti hins háa Alþingis. Alþingi og starf þess á að vera nærri fólkinu í landinu og beint samband á milli. Þar þarf líka að vera rúm fyrir skoðanaskipti í milli og tilfinningar eins og hv. þm. Ásta Þorsteinsdóttir lýsti hér eftir og fann ekki stað nema að einhverju verulega litlu leyti.

Ég vil annars gera að sérstöku umtalsefni orð hv. þm. Jóns Kristjánssonar, formanns fjárln., um skipulag og verklag hins háa Alþingis við fjárlagagerðina.

Í framsöguræðu við 2. umr. í morgun lýsti hann skoðun sinni og ég skildi orð formannsins svo að hann vildi virkja allt þingið fyrr og betur að fjárlagagerðinni þannig að allar fagnefndir þingsins fjölluðu um fjárlögin á fyrri stigum og þar með þær áherslur sem vera skulu eða vera skyldu í þjóðfélagsuppbyggingunni. Þannig mundi Alþingi allt fjalla um útgjaldaramma ríkisstjórnarinnar, fjárlaganefnd færi síðan yfir rammana og þá vinnu, rammarnir samþykktir af þinginu, svo kæmi að fagnefndunum að fylla þar inn í samkvæmt þeim forskriftum og takmörkunum sem fjárhagur ríkissjóðs og efnahagshorfurnar settu. Það mætti þannig gera áætlanir til lengri tíma og marka skýrari línur um það hvert við viljum að þjóðfélagið stefni og hafa meiri og vitsmunalegri áhrif þar á. Þetta tel ég afar mikilvægt og tel satt að segja að umræðan í þinginu mundi við slíkt færast á svolítið hærra plan. Fagnefndirnar hafa lagt fram sín álit og fylgt þeim eftir við fjárlaganefnd nú í haust. Við höfum fengið þaðan góðar ábendingar og tillögur sem að sjálfsögðu hafa fengið málefnalega umfjöllun í fjárln. Reynslan er góð og sjálfsagt að fela fagnefndum meira verkefni og hlutverk við þessa mikilvægu og jafnvel mikilvægustu vinnu þingsins. Eftir því sem ég kemst næst þyrfti þó að breyta þingsköpum Alþingis til að stíga þetta skref. Skýra yrði hlutverk og umboð fagnefndanna betur en hv. fjárln. yrði að sjálfsögðu að halda utan um þetta starf eftir sem áður.

Í þessu sambandi má nefna að líkast til verða fjárlögin fyrir árið 1998 bæði á greiðslu- og rekstrargrunni í stað eingöngu greiðslugrunni áður. Með því verða fleiri stofnanir í fjárlögunum, ekki síst lánastofnanir og er því ljóst að verkefni fjárlaganefndarinnar koma til með að aukast verulega. Þessi væntanlega breyting á verksviði fjárln. leiðir til þess að menn verða að skoða breytta verkaskiptingu þingnefndanna.

Herra forseti. Fjárlögin spegla að verulegu leyti áherslur ríkisins og vissulega er engin stórbreyting nú á milli ára. Við erum að fjalla um stórar tölur og litlar tölur og hefur vinna nefndarinnar verið háttbundin á þessu haustmissiri. Í umræðunni í dag hefur byggða- og búsetuþróun verið ofarlega í mörgum hv. þingmönnum og ég fagna því. Undanfarna áratugi hefur byggðaþróunin verið mjög á sama veg, eindregin. Reykjavík og nágrannabyggðir hafa tekið á móti verulegum hluta fólksfjölgunarinnar í landinu þótt einstaka þéttbýlisstaðir úti um landið hafi vissulega einnig vaxið. En þetta hefur kallað á skjót viðbrögð í uppbyggingu húsnæðis, aðstöðu og hvers kyns þjónustu í nýjum hverfum í ört vaxandi samfélögum. Sú þjónusta þarf að vera mikil og raunar væri nauðsynlegt að leggja meira fé til hennar en gert er og líka að gefa henni meiri og betri gaum. Þótt þokkalega hafi til tekist hafa aukaverkanir og vaxtarverkir fylgt svo skjótri uppbyggingu. Rótleysi hefur orðið, tómarúm sem fyllt hefur verið upp, því miður, með ýmissi óhollustu. Það þarf sterk bein til að þola góða daga, sagði gamla fólkið og það máltæki er í fullu gildi.

Herra forseti. Búsetuþróun í landinu er okkur hugleikin. Jöfn og stöðug þróun hlýtur að koma öllum best og að því þurfum við að stuðla og alveg sérstaklega að ýta ekki undir byggðaröskun með neinum aðgerðum í ríkisfjármálum. Í þessu efni þarf að bregðast meðvitað við. Byggðaþróun þarf að ganga fram samkvæmt vilja þjóðarinnar. Og hún þarf að gera upp við sig sinn vilja og þingið sérstaklega.

Ég hrökk svolítið við um daginn þegar ég áttaði mig á því að nýjasta hverfið í Reykjavík, Grafarvogurinn, er orðið jafnfjölmennt og allt Norðurl. v. Nú er það því miður svo að þjónusta er að minnka og skerðast víða á landsbyggðinni og það svo að ég tel að við séum komin niður að þeim mörkum að taka þurfi það mál til sérstakrar umræðu og yfirvegunar. Nú hljóta að verða skil, nú þarf að horfa á hlutina með opnum augum og huga. Þegar fólk ákveður búsetu sína er það atvinnan, heilsugæslan, menntunarkostirnir og félagsþjónustan sem allt hefur mikil áhrif. Ég yrði ekki hissa á því þótt sú umræða kæmi upp að tekið yrði tillit til þessa í skattheimtu ríkisins hvern kost fólk hefur á að nýta sér hina opinberu þjónustu. Á sá að borga jafnmikið fyrir sameiginlega þjónustu sem nýtur hennar í minna mæli og/eða verður að sækja hana í aðra landshluta? Þegar dregið er úr þjónustu á landsbyggð þarf fólk að sækja hana suður með verulegum tilkostnaði. Við því verður að bregðast í framtíðinni. Sá sem fær minni þjónustu á að borga minna. Það mætti skoða út frá hækkuðum þjónustugjöldum eða með því að jafna þannig að þeir sem hafa þjónustuna hjá sér borgi meira í formi tekjuskatts. Þetta eða áþekkt fyrirkomulag, ég hef ekki útfærsluna nákvæmlega hjá mér, er þekkt t.d. í Noregi þar sem þjóðin tók ákvörðun um að halda Norður-Noregi í byggð. Þar í landi hafa menn tekið upp sérstakar aðgerðir til þessa. Og ég tek undir með hv. þm. Guðmundi Lárussyni sem sagði eitthvað á þá leið áðan að það að blanda saman byggðastefnu og sauðfjárrækt væri í raun og veru tímaskekkja. Engin þjóð vill skaða sinn landbúnað og það getur ekki verið að það sé heldur vilji Íslendinga að flytja inn niðurgreiddar vörur frá öðrum þjóðum og styrkja þeirra landbúnað með því. Við verðum að hefja upp byggðaumræðuna með nýjum hætti allra landsmanna vegna. Fólksflutningur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins blasir við á næstu árum í meira mæli en verið hefur nokkru sinni ef ekkert sérstakt kemur til. Hver er atvinnuuppbyggingin á landsbyggð? Hvar verða vaxtarbroddar atvinnulífsins, atvinnutækifærin á næstu árum? Stóriðjukostirnir sem eru fyrirhugaðir eru allir suðvestan lands. Stækkun álversins í Straumsvík er að verða lokið. Fram undan er að ljúka samningum við Columbia Ventures Corporation sem í umræðunni í dag var talað um að væri víst Mr. Kenneth Peterson, ef ég man nafnið rétt, allur og einn saman. Þá er möguleiki á stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, álveri Atlantal-samsteypunnar, jafnvel tveimur, og hugsanleg magnesíumverksmiðja á Reykjanesi. Allt hljómar þetta vafalaust sem fagnaðarerindi fyrir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

Kostir þessir geta allir verið orðnir að veruleika um og upp úr aldamótum. Því er óhætt að segja að ekki sé kyrrstaða fram undan velji menn þessa leið og ef áfram er haldið og þess gætt að ganga vel og rétt frá öllum hlutum og öllum

hnútum. Þar þarf líka að horfa til þess að virkjunarkostirnir verði endurmetnir enda er það raunar nauðsynlegt eftir að útilokað er að virkja frekar í Bjarnarflagi. Í virkjunarmálum þarf öryggi og hagkvæmni að ráða ferðinni og þar um hef ég ýmsar skoðanir sem ég gjarnan vildi viðra en geri við annað tækifæri en hér um miðja nótt. Um leið þarf að verða ákveðnari umræða um hvernig við viljum byggja landið og hvort við viljum byggja allt landið. Á það þarf að horfa með betur vakandi huga og með meiri meðvitund en hingað til hefur viljað bregða og bera við.

Herra forseti. Hagstjórnin á að fela í sér stöðugt og hátt atvinnustig, hallalaus fjárlög og jákvæðan viðskiptajöfnuð. Náist þessi markmið þarf varla nokkrar sértækar aðgerðir heldur verður mögulegt að láta framkvæmdirnar koma, gerast víða um landið. Hvers vegna var t.d. vöxtum stjórnað fyrir allnokkrum árum alltaf með handafli og alveg þangað til fyrir fáum árum? Það var vegna þess að hagstjórnin var ekki í lagi. Það var fjárlagahalli, (Gripið fram í.) það var viðskiptahalli, það var mikil lántaka ríkissjóðs á innlendum markaði og fleira mætti telja sem ég er viss um að gamlir þingmenn, eins og hv. þm. sem rak upp bofs, væri tilbúinn að segja frá og vitna um og jafnvel iðrast upp á síðkastið ef sá gállinn væri á honum. Öryggi og sígandi lukka er best, sífellt bættur hagur. Allar stórar sveiflur eru slæmar. Mikil byggðaröskun er líka slæm fyrir alla landsmenn. Ríkisreksturinn þarf að taka mið af því.

[02:12]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því í lok þessarar umræðu að hún hefur auðvitað staðið þó nokkurn tíma og hefur margt fróðlegt komið fram. Ég tók eftir því í fréttum Ríkisútvarpsins í dag að talað var um að í raun hafi verið óvenjulítill ágreiningur í þessari umræðu. Ég fór að velta því fyrir mér hvort eitthvað gæti verið til í þessu. Og ég held að það sé eitthvað til í þessu. Ég held að ástæðan sé fyrst og fremst sú að við höfum, eins og sakir standa, á mörgum sviðum og að ýmsu leyti tiltölulega meinlausa embættismannastjórn, tiltölulega hugmyndasnauða að flestu leyti, sem betur fer. Menn eru því að reka þetta frá degi til dags með tiltölulega hæverskum hætti má segja og hafa auk þess með sér þann mikla byr sem felst í hagvextinum þannig að það þarf ósköp lítið að gera mundu einhverjir orða það, vegna þess að hagvöxturinn leysir svo stóran hluta af þeim vandamálum sem eru uppi.

Nú er hins vegar hafin heilmikil umræða og kemur í ljós í tengslum við fjárlagafrv. að hér sé að bresta á mikil þensla og menn fara með stöðugleikabænina, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kallaði það fyrr í dag. Þenslan sé að verða nokkuð mikil, skuggalega mikil og menn bera fyrir sig þessar fyrirhuguðu framkvæmdir, m.a. á vegum Columbia Ventures. Ég tók eftir því í ræðu hv. formanns fjárln. að hann segir að líkur hafi aukist á því að það fyrirtæki komi hér. Ég kannast ekki við að þær hafi aukist. Ég tel að þær séu það sem kallað er á vondri nútímaíslensku „fifty-fifty" og nokkuð óljóst sé hvorum megin hryggjar það mál lendir en það er í eðlilegri athugun þrátt fyrir ýmsar uppákomur eins og gengur. Þá fara menn út í það sem eðlilegt er að velta því fyrir sér. Hvað má til varnar verða vorum sóma í sambandi við alla þessa þenslu? Til hvaða ráða á að grípa í þeim efnum?

Ég var svo heppinn að ég þurfti að leysa hv. 4. þm. Norðurl. e. af í efh.- og viðskn. fyrir nokkrum dögum og þar var mikið verið að ræða þessa þenslu. Þar voru átta hagfræðingar. Þegar ég byrjaði í þinginu fyrr á öldinni voru yfirleitt allt of margir lögfræðingar á fundum, það var enginn lögfræðingur á þessum fundi og er nú komið svo að ég sakna þeirra af og til, en aftur á móti voru þarna mjög margir hagfræðingar, alveg ótrúlega margir hagfræðingar. Þeir voru komnir þarna frá ASÍ, VSÍ, Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka og til viðbótar voru svo menn úr nefndinni sem eru hver öðrum sprenglærðari á þessum sviðum. Verður nú að segja eins og er að það fer um þá sem hafa kannski lítið lagt fyrir sig annað en það að hafa tekið allgott próf í máladeildarstærðfræði þegar þeir hitta þessa óskaplega lærðu menn.

Þeir ræddu mikið um þensluna og komust að þeirri niðurstöðu, tók ég eftir, að það mundu vera í grófum dráttum fjórar leiðir til að glíma við þessa ófreskju til að reyna að hafa hana undir. Fyrsta leiðin er sú að hækka vexti. Það gera þeir uppi í Seðlabanka víst. Önnur leiðin er sú að breyta genginu. Það er líka hægt að gera það. Þriðja leiðin er sú að hækka skatta og auka t.d. afganginn hjá ríkissjóði verulega og taka þannig inn peninga og það eru viss rök sem mæla með því að á svona tímum sé ríkissjóður rekinn með dálitlum afgangi. Það er alveg tvímælalaust þannig. Í fjórða lagi er það svo það sem kallað er varanlegur sparnaður af ýmsu tagi sem hægt er að grípa til. Þar eru menn með ýmsar hugmyndir, t.d. í fjárfestingum, en menn eru líka með hugmyndir eins og þær að taka á nýjan leik upp þessa svokölluðu húsnæðissparnaðarreikninga, sem ég tek eftir að flestallir þingmenn Sjálfstfl. ef ekki allir hafa flutt hérna frv. um og eru fínar tillögur að mínu mati. Ég teldi líka að menn ættu að velta fyrir sér í svona aðstæðum að búa til svipaða hugsun fyrir það sem ég kalla lífeyrissparnaðarreikninga til viðbótar við hinn bundna sparnað sem er í lífeyrissjóðunum og menn eru að tala um að hækka núna mjög verulega. Ég tel að allt þetta komi til greina. Í rauninni sé það þannig að til að hafa undir þessa skepnu, þessa þenslu, þá sé best að grípa til fjölþættra aðgerða og helst allra þeirra sem hér hafa verið nefndar með mismunandi hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

Síðan koma upp þær hugmyndir að það þurfi sennilega að taka á þessu með því að skera niður, sem er partur af hinum hugmyndunum að nokkru leyti, t.d hugmyndinni um það að skila ríkissjóði með afgangi, hún er að nokkru leyti framkvæmd með því að skera niður. Þá náttúrlega er spurning alltaf sú: Hvar á að skera niður? Ég tek eftir því að þar eru menn helst uppi með það sem er verið að framkvæma. Það er svo sem ekkert verið að framkvæma í landinu, því miður. Það er alveg hætt að byggja heilbrigðisstofnanir, má heita, en það er verið að leggja eitthvað af vegarspottum enn þá og það er verið að byggja skóla. Það er það eina sem verið er að gera í landinu og ef á að spara eitthvað eða skera niður, þá er ekkert annað að skera niður heldur en vegi og skóla að því er framkvæmdir varðar. Og hvað eru nú vegir og skólar? Þeir eru framtíðin. Það segja nefnilega þessir hagvaxtarsérfræðingar líka allir átta og fleiri sennilega, að það sé nefnilega framtíðin að fjárfesta í menntun, rannsóknum og samgöngum til þess að byggja upp hagvöxt framtíðarinnar. En menn segja á móti: Það er svo voðalegt að fá þessa þenslu yfir sig að það getur borgað sig að fórna þessu um skeið vegna þess hve þenslan gæti verið erfið fyrir okkur og þess vegna geti verið réttlætanlegt að skera þessa hluti niður, þ.e. vegina og skólana.

En mönnum dettur aldrei í hug hinn möguleikinn sem er sá að velta því fyrir sér hvort það er endilega skynsamlegt að

taka við fyrirtækjum eins og Columbia Ventures Corporation í aðstæðum eins og eru núna. Menn eru algerlega hættir að velta fyrir sér þeim möguleika að það geti verið skynsamlegt að forgangsraða stóriðjufjárfestingum. En svo gæfusöm erum við um þessar mundir, ef gæfu skyldi kalla, sumir kalla það gæfu, að ýmsir koma hér og segja: Við viljum stofna fyrirtæki. Eitt heitir Columbia Ventures. Eitt eru hugmyndir um stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga. Eitt eru hugmyndir um magnesíumverksmiðju. Eitt eru hugmyndir t.d. um þetta Atlantal-verkefni og hvað eina. Það er augljóst mál að hagkerfið hjá okkur þolir ekki allt þetta nema með alveg sérstökum ráðstöfunum og hvaða ráðstöfunum? Það eru þær ráðstafanir að það yrði þá, ef í þessi verkefni yrði farið, að taka þessi verkefni út fyrir hagkerfið á meðan væri verið að framkvæma þau, þ.e. með því að flytja hingað inn fólk í stórum stíl til að vinna verkið. Það er það sem hinum vísu mönnum dettur í hug að gera þegar slíkt kæmi upp.

Ég held með öðrum orðum að þegar menn eru að tala um að skera niður vegi og skóla andspænis minni háttar fyrirtæki eins og Columbia Ventures er í raun og veru, þá séu menn kannski ofurlítið skammsýnir. Það er spurning hvort það er ekki tilraunarinnar virði að reyna að reikna þetta dæmi á fjögurra, fimm eða sex ára grundvelli en ekki bara eins fjárlagaárs. Þetta segi ég í fullri alvöru og mér finnst satt að segja að ýmsir þeir sem hafa komið að þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hafi í raun og veru hugsað sem svo að þessi þensluhiti sem greip um sig um skeið hafi kannski náð því stigi að menn séu alveg með fullri meðvitund þó að hitinn sé dálítill og þess vegna vilji menn horfa á þetta í lengra samhengi.

Þetta var það almenna, hæstv. forseti, af því að það er nóg nóttin og hægt að tala mikið um það, en ég ætla ekki að tala meira um það að sinni því að það er út af fyrir sig ekki góður siður að halda mjög langa ræðu svona um hánótt þó að umræður séu oft góðar hér á nóttunni.

Ég ætla þá í öðru lagi, hæstv. forseti, að víkja að því að mér sýnist að það séu allmörg atriði sem vantar svör við í fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir núna. Það sem ég hef áhyggjur af og finnst óþægilegt í frv. og ég mundi hafa öðruvísi ef ég réði einhverju, eru t.d. eftirfarandi fjögur atriði:

Í fyrsta lagi ætla ég að nefna málefni fatlaðra. Ég met það mikils að ég sé að það á að taka í notkun sýnist mér þrjú eða fjögur sambýli fatlaðra á næsta ári. Það er skynsamlegt, en ég tel að niðurskurðurinn á Framkvæmdasjóði fatlaðra sé allt of mikill. Ég held að þetta sé ekki skynsamlegt. Ég held að þarna séu menn að skera niður þannig að það muni koma okkur í koll síðar.

Í öðru lagi er það alveg öruggt mál að sjúkrahúsin í Reykjavík eru ekki nægilega afgreidd í fjárlagafrv. eins og það lítur út, það er alveg öruggt mál. Ég held líka, hæstv. forseti, að það hafi ekki verið teknar viðeigandi og nauðsynlegar og óhjákvæmilegar og óþægilegar ákvarðanir sem þarf til þess að ná niður kostnaði á landsbyggðarsjúkrahúsunum um 160 millj. Ég held að það sé ekki raunhæft að gera ráð fyrir því að menn geti náð því niður með þeim hætti sem gert er ráð fyrir að því er varðar landsbyggðarsjúkrahúsin. Við því vil ég vara að menn fari aftur inn í nýtt fjárlagaár með þessi mál í uppnámi því að það er vont að skera í heilbrigðismálum en það versta er óvissan, bæði fyrir fólkið og stofnanirnar og það þekkjum við frá undanförnum árum.

Þriðja atriðið sem mér finnst óljóst í dæminu enn þá er Lánasjóður ísl. námsmanna. Það er alveg augljóst mál að 100 millj. duga ekki til að taka upp samtímagreiðslur vegna þess að samtímagreiðslur þýða tilflutning á fjármunum. Þess vegna hlýtur að verða meiri hækkun en þetta á fjárlögum á rekstrargrunni ef það á að takast að afgreiða Lánasjóð ísl. námsmanna með þeim hætti sem maður hefur heyrt að eigi að gera. Við þessu hef ég ekki fengið viðhlítandi svör þó að það hafi verið ágæt svör í sjálfu sér sem ég fékk í dag um þetta mál hjá hv. 2. þm. Vesturl.

Í fjórða lagi er það slæmt mál að mínu mati í fjárlagafrv. tengingin á bótum almannatrygginga og atvinnuleysisbótum við verðlag. Ég hefði viljað hafa það inni. Þar er auðvitað um að ræða pólitíska ágreining. Ég held að það sé rétt að líta þannig á, en þar er ég sem sagt í grundvallaratriðum ósammála hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hluta.

Að lokum ætla ég svo að segja það í sambandi við frv. eins og það lítur út að mér líst ekki á hugmyndir um lagfæringar á heilbrrn. Ég held að þetta sé sama biksið og stundum áður. Ég las með athygli það sem segir í ræðu hv. formanns fjárln. um það mál, bæði um lækkun lyfjaútgjaldanna, tilfærslu álagningarinnar og svo tilfærslu af fjárlagaliðnum Sjúkratryggingar yfir á nýjan fjárlagalið 207, 970 millj., það eigi að taka upp verktakagreiðslur og annað eftir því. Ég næ satt að segja ekki utan um þetta. Ég hef enga trú á þessu eins og það er. Það var aftur og aftur þannig á síðasta kjörtímabili hjá þáv. heilbrrh. að það var alltaf verið með einhverjar æfingar af þessu tagi. Ef menn lesa saman fjárlagafrv. og ríkisreikninginn frá 1991, þá munu menn sjá að þetta sull eins og það hefur verið sett upp hefur alltaf mistekist. Þarna er að vísu gert ráð fyrir því, sem er mjög ljót tillaga, að hækka hlut sjúklinga í lyfjum upp í 40% sýnist mér frá því sem það er núna. Ég er alveg viss um að ef það verður gert, þá mun það út af fyrir sig skila fjármunum vegna þess að almenningur neyðist til að borga. En hinar breytingarnar sem þarna á að gera hef ég enga trú á að skili sér. Þess vegna held ég að fjárlagafrv. eins og það er núna sé með talsverðu gati, það sé talsvert óljóst hvernig það lendir, það séu nokkuð mörg spurningarmerki í dæminu enn þá. Út af fyrir sig er það ekkert óeðlilegt miðað við stöðu málsins vegna þess að það er eftir að fá endanlega tekjuspá fyrir árið 1997 eins og ég skil þetta. Mér skilst að fjárlagafrv. sé miðað við um 2,5% í hagvexti eða breytingum á milli áranna 1996 og 1997. Menn eru að tala um að milli áranna 1997 og 1998 verði hagvöxturinn 4,4%. Ef það ætti við um árið 1997, þá þýðir það náttúrlega aukningu á þjóðarframleiðslu um 2% sem eru hvorki meira né minna en 9 milljarðar króna. Ríkið fær af 9 milljörðum 2,7 milljarða kr. ef ég kann að reikna rétt. Ég reikna þess vegna fastlega með því að það verði eitthvað bætt í tekjuspána þegar kemur að því að hún verður sýnd við 3. umr. Þar á móti kemur að menn eiga eftir að leysa ákveðin vandamál sem ég sé ekki betur en allir fjárlaganefndarmenn meiri hlutans viðurkenni og það eru t.d. sjúkrahúsin og ýmsir fleiri rekstrarliðir.

Ég ætla síðan ekki, hæstv. forseti, að fara mörgum orðum um þær tillögur sem við flytjum hérna. Við flytjum ekki mikið af tillögum, satt að segja óvenjulítið af tillögum. Ég hygg að tillögur okkar, þingflokks Alþb., séu óvenjulitlar. Við gerum það fyrst og fremst vegna þess að við tökum undir það sjónarmið að ríkissjóður á að vera í jafnvægi. Við teljum að vísu að það sé úrslitamál að ríkissjóður sinni því fólki sem honum er ætlað að sinna, t.d. öldruðum, öyrkjum, sjúklingum og námsmönnum, það er forgangsmál, en jafnframt

leggjum við á það áherslu og teljum það ekki óyfirstíganlegt að ná þessum markmiðum samtímis því að ríkissjóður sé rekinn með jafnvægi. Það teljum við mjög mikilvægt atriði upp á framtíðina að menn hætti að safna skuldum eins og gert hefur verið á undanförnum árum.

[02:29]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við þessa umræðu. Erindi mitt var í fyrsta lagi að þakka fyrir mjög góðar og málefnalegar umræður sem hafa verið um fjárlagafrv. í dag og það sem liðið er af nóttinni. Ég tel að hún hafi verið gagnleg og gagnleg fyrir okkur fjárlaganefndarmenn sem eigum eftir að vinna áfram við frv. þangað til það kemur til 3. umr. Ég vil aðeins drepa á örfá atriði sem hafa komið fram í umræðunni.

Hv. 9. þm. Reykv., Ásta Þorsteinsdóttir, talaði um fullyrðingar um sjálfvirka útgjaldaaukningu í heilbrigðismálum. Ég vil taka það fram að það er kannski svolítill ruglingur í umræðunni um þetta atriði að sjálfvirk útgjaldaaukning í heilbrigðismálum er ekki svo mjög mikil. Það er skilsmunur á heilbrigðis- og tryggingamálum að þessu leyti. Hins vegar er sú stefnumörkun uppi í sjúkrahúsarekstrinum af hálfu stjórnvalda að reyna að ná eins miklu út úr samvinnu sjúkrahúsanna í Reykjavík og einföldun í yfirstjórn og hægt er til þess að tryggja þjónustu þeirra til frambúðar.

Ég vil í öðru lagi þakka þeim fulltrúum Alþb. í umræðunni sem hafa talað um landbúnaðarmál. Mér þóttu það skynsamlegar ræður. Það er ljóst að það þarf eitthvað að samræma sjónarmiðin í landbúnaðarmálum í hinum nýja jafnaðarmannaflokki ef hann verður að veruleika. Ég hallast frekar að þeim ræðumönnum Alþb. sem hafa talað hér en ræðumönnum Alþfl. sem hafa tjáð sig í þessari umræðu. Ég verð að segja það.

Það var einnig minnst á barnaspítala og heimildir í 6. gr. um barnaspítala. Ég vil geta þess vegna umræðna sem hafa verið um þetta mál að fyrir fjárln. liggur að fjalla um 6. gr. fyrir 3. umr. og þar á meðal tillögur í þessu efni og taka þær til meðferðar hver sem niðurstaðan verður. Það á eftir að ljúka afgreiðslu þeirra mála í nefndinni. Ég vil undirstrika það við þessa umræðu.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði að hér væri dauflynd embættismannastjórn við völd og hagvöxturinn leysti vandamálin. Ég er ekki að gera lítið úr því að það er mikilvægt að hér er hagvöxtur á ný og það auðvitað léttir róðurinn í ýmsum málum. En það hefur áður verið hagvöxtur hér á landi og hann leysti ekki öll vandamál heldur leiddi hagvöxturinn stundum til verðbólgu og skapaði vandamál síðar og það er grundvallaratriði að koma í veg fyrir að svo fari nú. En mér heyrist á þessari umræðu að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir misjafnar áherslur um ýmis málefni eins og gengur, þá sé hér nokkuð góð samstaða um það að halda jafnvægi í ríkisfjármálum. Ég tek undir að það er hófsamlega mikið af breytingartillögum sem stjórnarandstaðan hefur flutt og það virðist vera víðtækara samkomulag um meginmarkmiðin en oft áður og það er vel. Hins vegar greinir menn á um áherslur, um t.d. hvaða áherslur á að leggja í erlendri fjárfestingu. Ég tel að við verðum að laða erlenda fjárfestingu til landsins ef við eigum að halda uppi lífskjörum og samkeppni í þeim samkeppnisheimi sem við lifum í, en auðvitað eru misjafnar áherslur í þessu efni.

Ég vil einnig taka fram, eins og hefur komið fram áður í umræðunni, að það á eftir að taka afstöðu til málefna sjúkrahúsanna, bæði í Reykjavík og úti á landsbyggðinni og auðvitað kunna þær niðurstöður að leiða til einhverra útgjalda. Ég vil ekkert segja um það á þessu stigi hve háar þær tölur verða, en það á eftir að strika undir það dæmi og við munum kappkosta í fjárln. að skyggnast sem best ofan í þau mál.

Hvað varðar lánasjóðinn, þá er ég ekki tilbúinn með endanleg svör við því hver fjárþörfin er. Það er mat ríkisstjórnarinnar að það samkomulag sem er í sjónmáli kalli á 100 millj. kr. fjárþörf til lánasjóðsins. Ég vil ekki segja um það á þessu stigi hvað lánasjóðurinn sjálfur getur borið af auknum útgjöldum, en þessi hækkun er tákn um að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ætla sér að taka á þessum málum og leiða breytingar um reglur lánasjóðsins til lykta.

Hv. 8. þm. Reykv. ræddi um útfærslur á lækkun útgjalda í heilbrrn. og lyfjaútgjöldum sérstaklega í því sambandi. Það er alveg rétt að sparnaðaráform hafa ekki gengið eftir á undanförnum árum í því efni og það hefur verið viðvarandi vandamál. Kostnaðurinn fer mjög mikið upp einmitt í þessum málaflokki, í lyfjaútgjöldunum, m.a. vegna nýrra lyfja. Það er ein ástæðan. Hv. 8. þm. Reykv. efaðist um að þessi sparnaðaráform gengju eftir. Ég vona svo sannarlega að þau gangi eftir. Hins vegar vildi ég hlusta á alla sem kunna óbrigðul ráð til sparnaðar í þessum málaflokki. Ef menn kunna þau ráð sem alveg örugglega ganga eftir í öllum atriðum, þá vildi ég gjarnan hlusta á þau vegna þess að aukinn lyfjakostnaður er eitt af stærstu útgjaldavandamálum ríkissjóðs og hefur verið mörg undanfarin ár. Það þekkjum við sem höfum verið í þessari fjárlagavinnu um nokkurra ára skeið.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu öllu meira. Ég endurtek þakkir fyrir málefnalega og góða umræðu um þann hluta fjárlagavinnunnar sem lokið er. Fjárlaganefnd mun taka til óspilltra málanna að ljúka málum fyrir 3. umr. sem þarf að fara fram í næstu viku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–5. mál.

Fundi slitið kl. 02:40.

---

44. FUNDUR

laugardaginn 14. des.,
kl. 11 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 331 og 334, brtt. 332, 339, 340, 341, 342, 343, 344, 345, 346, 347, 348, 349, 353, 357, 359 og 360. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,

Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,

Fjárlög 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 331 og 334, brtt. 332, 339, 340, 341, 342, 343, 344, 345, 346, 347, 348, 349, 353, 357, 359 og 360.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:06]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Fjárln. hefur eingöngu fjallað um útgjaldahlið frv. Tekjuhlið þess bíður til 3. umr. og allt bendir til þess að tekjuhliðin sé vanáætluð um 1,5–2 milljarða. Við teljum að áætlunin byggi á röngum grunni varðandi breytingartillögur meiri hlutans upp á 710,9 millj. og munum styðja margar þeirra tillagna og við flytjum nokkrar breytingartillögur við gjaldahlið frv. sem rúmast fyllilega innan fjárlagarammans.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GuðjG, GB, GL, GMS, LMR, LB, SighB, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EOK, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,1–2 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 332,3.a (liður 111) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, TIO, VS, VH, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, JóhS, KH, RG, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GGuðbj, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,3.a (liðir 112 og 113) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, ÖJ.

1 þm. (BH) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,3.a (liður 115) samþ. með 32:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

nei: GÁS, HG, JóhS, SJS, SvG, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,3.b samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 339,1 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 332,4–9 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 340,1 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða brtt. sem er flutt í beinu framhaldi af þeim miklu umræðum sem urðu um stöðu raungreina í grunnskólum. Tillagan gengur út á það að Rannsóknastofnun uppeldismála fái fjármunina en að undirbúið verði raungreinaátak í samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans á Akueyri, Kennaraháskóla Íslands og grunnskólanna en allt verði þetta undir forustu menntmrh. Ég tel að hér sé um rökrétta niðurstöðu að ræða af þeim umræðum sem urðu um þessi mál fyrir nokkrum dögum.

Þá voru haldnar mjög dramatískar ræður um ástand raungreina af ýmsum stjórnarliðum, m.a. tveimur hv. þm. Framsfl. Ég mun taka grannt eftir því hvernig þeir greiða atkvæði nú í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu sem ég vona

að þingheimur eins og þeir og allir aðrir samþykki.

Brtt. 332,10–11 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 349 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 353 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 340,2.a felld með 32:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
13 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, KHG, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það eru hér tvær litlar tillögur um það að taka myndarlega á í sambandi við endurbætur á tveimur mikilvægum framhaldsskólum í Reykjavík, annars vegar Menntaskólanum í Reykjavík og hins vegar Fjölbrautaskólanum Ármúla sem hefur lengi beðið eftir því að þar yrði tekið myndarlega til hendinni. Menntaskólinn í Reykjavík liggur satt að segja undir stórkostlegum skemmdum vegna þess að þar hefur verið vanrækt allt eðlilegt viðhald á húsnæði og því eru þessar tillögur fluttar.

Brtt. 332,12.a samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 332,12.b samþ. með 32:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
nei: ÁRJ, GGuðbj, KÁ, KH, SJS, SvanJ.
13 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, RA, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 340,2.b felld með 32:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LMR, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,12.c samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 348 felld með 31:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
2 þm. (GÁ, HjÁ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í fjárlagafrv. eru fjárveitingar til framhaldsskóla skertar um 200 millj. kr. þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna áherslu á menntamál og sérstaka áherslu á eflingu verkmennta. Meiri hlutinn leggur til að þessi skerðing verði bætt að litlum hluta. Þá er í frv. gert ráð fyrir heimild til innheimtu svokallaðs fallskatts. Minni hlutinn getur engan veginn sætt sig við þennan niðurskurð til framhaldsskólanna og flytur því þessa tillögu um 250 millj. kr. hækkun til liðarins Framhaldsskólar, óskipt og að sú hækkun verði notuð til þess að skila framhaldsskólunum aftur þeim niðurskurði sem birtist í fjárlagafrv. og til þess að hætta við heimskuleg áform um fallskatt á nemendur sem af einhverjum ástæðum standa höllum fæti í kerfinu og þurfa að endurtaka próf. Við leggjum til að þessum fjármunum verði deilt út til skólanna eftir þeim reglum og gildistölum sem verið hafa til viðmiðunar og markmiðið er að þar með verði sama fé að raunvirði á hvern nemanda í framhaldsskólum og þeir búa við nú á þessu ári. Ég segi já.

[11:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fallskatturinn er satt að segja, með leyfi forseta, alveg ótrúlegt svínarí. Það er skattur sem á að leggja á námserfiðleika nemenda, það er skattur sem á að leggja á fátæka framhaldsskólanemendur. Við höfum barist fyrir því hér í stjórnarandstöðunni að þessi skattur verði felldur niður og það er augljóst að það þarf lagabreytingu til þess að leggja hann á. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig málið á að útfæra en samkvæmt því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir er bersýnilegt að hver skóli mun græða sérstaklega á því að fella eins marga nemendur og hann getur af því að sértekjurnar af fallskattinum eru færðar á hvern skóla fyrir sig. Þessi skattur er með endemum. Þess vegna er hér lagt til að rekstur framhaldsskólanna verði að þessu leytinu til greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ég skora á stjórnarliða að hafna þessu hneyksli.

Brtt. 332,13–18 samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 345,1 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 339,4 felld með 32:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, EgJ*, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Undir forustu menntmrh. Sjálfstfl. og fulltrúa þeirra í stjórn LÍN hefur með ýmsum ráðstöfunum verið staðið þannig að málum að staða Lánasjóðs ísl. námsmanna

hefur veikst frá ári til árs. Eiginfjárstaðan hefur versnað og veik staða sjóðsins hefur síðan verið notuð gegn námsmönnum. Við svo búið má ekki standa. Lánasjóður ísl. námsmanna er tæki til þess að jafna aðstöðu manna til náms á Íslandi, tryggja jafnrétti. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 332,19 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, ÖJ.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:25]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram hafa komið við 2. umr. fjárlaga er gert ráð fyrir því að þessar 100 millj. kr. verði notaðar til þess að koma til móts við kröfur námsmanna um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna. Gert er ráð fyrir því að breyta reglum um endurgreiðslur og það gert er ráð fyrir því að sögn að taka upp samtímagreiðslur. Það er alveg augljóst mál að þessi upphæð dugir ekki til þess að tryggja samtímagreiðslur á árinu 1997 og hafa engar upplýsingar komið um það með hvaða hætti að því máli verður staðið.

Ég kvaddi mér hljóðs í atkvæðaskýringu, hæstv. forseti, til að undirstrika þetta og leggja á það áherslu að það verður að tryggja það með viðbótarfjármunum að samtímagreiðslur verði teknar upp. En að sjálfsögðu hljóta menn að styðja það skref sem hér er stigið.

Brtt. 332,20–21.a samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 340,4 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 332,21.b–27 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 339,2 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LMR, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:27]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða brtt. þingflokks jafnaðarmanna um að hækka framlag til Kvikmyndasjóðs um 70 millj. kr. Við teljum brýnt að auka framlög í þennan málaflokk og tillaga meiri hluta fjárln. um 25 millj. kr. hækkun gengur ekki nógu langt að okkar mati. Jafnaðarmenn hafa jafnframt lagt fram breytingartillögur við þetta fjárlagafrv. til tekjuöflunar fyrir öllum okkar útgjaldatillögum. Aukin framlög til kvikmynda eru mjög arðbær fyrir ríkissjóð og samfélagið allt.

Brtt. 332,28–33 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 332,34 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,35 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Samtök launafólks hafa farið fram á að utanrrn. taki meiri þátt í kostnaði við þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA/EES-samstarfi en verið hefur en þeir hafa sjálfir kostað þetta að miklu leyti hingað til. Hér er lagt til að 2,5 millj. kr. verði settar í þetta verkefni en á móti verður liðurinn Vinnumál, ýmislegt í félmrn. skertur um sömu fjárhæð. Þarna er ekki verið að taka ábyrgð á þeim lögbundna kostnaði sem ríkið leggur á samtök launafólks, heldur verið að skerða önnur framlög á móti. Ég greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 341,1 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í ljósi skammarlega lágra framlaga Íslendinga til þróunarsamvinnu þá er hér á ferðinni afar hógvær tillaga um að hækka þau framlög um litlar 10 millj. kr. Þessi brtt. tengist till. til þál. sem er til umfjöllunar á þingi um að gera sérstakt átak í að hækka framlög okkar Íslendinga til þessara verkefna með því að taka upp sjálfstæðan tekjustofn eða markaðan tekjustofn til að standa straum af kostnaði við slíkt átak og þessar 10 millj. eru rökstuddar þannig eða hugsaðar þannig að um undirbúningsfjárveitingu sé að ræða til þess að gera Þróunarsamvinnustofnun og öðrum slíkum aðilum kleift að undirbúa stærri verkefni í framtíðinni.

Brtt. 339,5 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga jafnaðarmanna um nýjan lið. Við leggjum til nýjan lið í fjárlögunum, Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi, 70 millj. kr. Við Íslendingar höfum verið nánasarleg í okkar þróunaraðstoð, framlög okkar langt undir því hlutfalli sem vestræn ríki og þar með hinar efnameiri þjóðir leggja af mörkum. Framlög okkar eru þjóðinni til vansæmdar. Við getum betur og eigum að gera betur. Þess vegna legg ég þessa tillögu fram og ég segi já.

Brtt. 332,36–37 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 339,3 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 332,38–40 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,41 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,42 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

16 þm. (ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,43–45 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 357 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 332,46 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 347,1 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁÞ, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:37]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér leggur minni hluti fjárln. til að liðurinn Atvinnumál kvenna verði áfram sérliður í félmrn. auk þess að hann verði efldur verulega. Ríkisstjórnin ætlar að færa þennan lið undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Því er mótmælt. Þannig er ekki tryggt að féð verði notað til þess að efla atvinnumál kvenna en það verkefni á ekkert skylt við atvinnuleysistryggingar eins og margoft var bent á í umræðum í gær. Ég segi já.

Brtt. 332,47 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 360, a-liður, felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LMR, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Ásta B. Þorsteinsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er lögð til óveruleg hækkun í reynd á málefnum fatlaðra í Reykjavík. Það var að vísu eftir því tekið að í meðförum meiri hluta fjárln. var lítillega hækkað framlag til málefna fatlaðra í Reykjavík og er það visslega fagnaðarefni. Þessi tillaga gengur ögn lengra og hún er lögð fram með ákveðin markmið í huga. Á þessu ári var framlag til verkefna í Reykjavík veitt úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til tveggja sambýla í Reykjavík og til skammtímavistunar í Reykjavík að auki.

Það var alveg ljóst að það verður ekki hafist handa við þessi verkefni nema komi til rekstrarfé og með því viðbótarframlagi sem hér er lagt til og því viðbótarframlagi sem lagt er til í næsta málslið, um skammtímavistun, er tryggt að þessi verkefni verða að veruleika og leysa a.m.k. vanda nokkurra fatlaðra í Reykjavík sem bíða eftir mjög brýnum úrræðum. Ég vona að þetta hljóti náð fyrir augum hv. Alþingis.

Brtt. 332,48 samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 360, b-liður, felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GB, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 346 felld með 33:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Minni hlutinn varar við ráðstöfun ríkisstjórnar varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þegar sjóðurinn tók við ákveðnum hluta af rekstrarkostnaði í þessum málaflokki var það raunverulega samkvæmt samkomulagi í síðustu ríkisstjórn og það var sett í fjárlögin þá að við það væri miðað að ef þessi sjóður ætti að einhverju leyti að fjármagna rekstur, yrði tryggt að hann fengi óskertar tekjur af erfðafjárskatti sem nú eru 420 millj. kr. Nú eru einungis 165 millj. kr. settar í sjóðinn þannig að um 255 millj. kr. renna í ríkissjóð. Minni hlutinn fellst á 107 millj. kr. ráðstöfun vegna liðveislu og gerir því tillögu um að liðurinn verði 313 millj. kr. Þingmaðurinn segir já.

[11:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Það er augljóst mál að sú reynsla sem fékkst af því að skerða Framkvæmdasjóð fatlaðra er slæm. Það hefur komið niður á þjónustu við fatlaða á undanförnum árum og mun koma niður á þjónustu við fatlaða í vaxandi mæli á næstu árum ef haldið verður áfram á þessari braut. Formaður Þroskahjálpar skrifaði nýlega grein í blað þar sem hann sagði: „Skerðing sjóðsins nú er hins vegar meiri en nokkru sinni fyrr og það þrátt fyrir að tekið sé tillit til þess að rekstri hafi verið létt af sjóðnum."

Með öðrum orðum er hér greinilega um að ræða ljótari umgengni við Framkvæmdasjóð fatlaðra en nokkru sinni fyrr og það er augljóst að það mun koma niður á þjónustu við fatlaða í framtíðinni. Þess vegna styðjum við þá tillögu sem hér er flutt af minni hlutanum í fjárlögum um að hækka fjármuni til framkvæmdasjóðsins þannig að hann geti gegnt sínum lögbundnu skyldustörfum á næstu árum með myndarlegum hætti sem hann mun ekki geta með þeim niðurskurði sem hér er gerð tillaga um.

Brtt. 332,49–50 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 347,2 felld með 33:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér leggur minni hluti fjárln. til að liðurinn Starfsmenntun í atvinnulífinu verði áfram sjálfstæður liður eins og verið hefur í félmrn. en með þeirri tillögu sem meiri hlutinn hefur lagt til eða sem lagt er til í frv., þá ætlar ríkisstjórnin að gera þennan lið að nokkurs konar hliðarbúgrein í Atvinnuleysistryggingasjóði.

Minni hluti fjárln. telur nauðsynlegt að þessi liður sé merktur sérstaklega til þessa mikilvæga verkefnis sem er starfsmenntun í atvinnulífinu. Aðeins þannig er tryggt að það fé sem um ræðir verði framvegis notað til eflingar starfsmenntun sem er eitt mikilvægasta verkefni í atvinnulífinu í dag. Ég segi já.

Brtt. 332,51 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 347,3 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 332,52.a samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 345,2 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 332,52.b samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,53 samþ. með 33:13 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
6 þm. (ÁÞ, GÁS, HG, KHG, RA, SJóh) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:48]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að skera niður bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Þessar bætur voru skertar mjög tilfinnanlega við síðustu fjárlagagerð og nú á enn að þrengja reglurnar. Þeir sem njóta þessara greiðslna eru þeir sem minnst mega sín í samfélaginu og ég mótmæli því að enn skuli eiga að höggva í sama knérunn. Ég segi nei.

Brtt. 332,54 samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.
nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að færðar verði 970 millj. kr. frá sjúkratryggingum og búinn til nýr liður sem er næsti liður á dagskrá, Verkgreiðslur til sjúkrahúsa. Lauslegar og gjörsamlega óútfærðar hugmyndir eru á sveimi um að endurskoða gjaldskrá og semja um greiðslur fyrir rannsóknir og röntgengreiningu á sjúkrahúsum og einkareknum rannsóknastöðvum. Með því er ætlunin að spara heilar 100 millj. kr. á næsta ári en engar nánari skýringar hafa fengist í hv. fjárln. Hér er á ferðinni árviss uppákoma með ýmsum tilbrigðum úr heilbr.- og trmrn., enn eitt ruglið um sparnað og niðurskurð sem engin leið er að átta sig á og engin trygging fyrir að ekki bitni á þjónustunni eða þeim sem hana þurfa. Á þeirri forsendu greiði ég atkvæði gegn þessum lið og hinum næsta.

Brtt. 332,55 samþ. með 34:17 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

nei: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða fyrsta tillagan af nokkrum sem tengjast málefnum Barnaspítala Hringsins eða nýbyggingar barnaspítala. Í ljósi þeirra umræðna og upplýsinga sem komu fram við 2. umr. í gær og þeirra loforða sem gefin voru að inn í 6. gr. fjárlaga verði tekin heimild til þess að verja andvirði sölu á landi Vífilsstaðaspítala til þessa verkefnis og í trausti þess að gengið verði þannig frá málinu með óyggjandi hætti fyrir 3. umr. og endanlega afgreiðslu fjárlaga að ljóst verði að framkvæmdir geti hafist á næsta ári og Alþingi skilji ekki við málið fyrr en það er í höfn, þá kalla ég þessa tillögu til baka þar sem ekki er rétt að láta þá vera að fella tillögu sem gengur í sömu átt og vonandi verður endanleg niðurstaða Alþingis.

Brtt. 341,2 kölluð aftur til 3. umr.

[11:52]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er lögð fram til þess að undirstrika vilja Alþingis til þessa mikilvæga verkefnis sem er bygging barnaspítala. Í nótt féllu yfirlýsingar af hálfu hæstv. heilbrrh. í þá veru að þetta verkefni nyti velvilja hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar í heild og ráðist yrði í framkvæmdir þegar á næsta ári. Þess er einnig að vænta að á þessum fundi og raunar við 3. umr. einnig að sá vilji ríkisstjórnarinnar verði rækilega undirstrikaður. Í ljósi þess og í trausti þess er tillagan dregin til baka til 3. umr.

Brtt. 339,7 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 340,3 felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:53]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í kjölfar deilu heilsugæslulækna síðasta sumar gerðu heilsugæslulæknar og heilbrrn. samkomulag um uppbyggingu heilsugæslunnar m.a. á Reykjavíkursvæðinu á næstu árum. Þessi tillaga er flutt til að tryggja það að staðið verði að fullu við það samkomulag. Það er afar slæmt ef því samkomulagi er teflt í tvísýnu. Við viljum það ekki og þess vegna flyt ég þá tillögu sem hér liggur fyrir og ég vona að hún njóti yfirgnæfandi meiri hluta þingheims og að sjálfsögðu sérstaklega hæstv. heilbrrh.

Brtt. 359 (liður 17) felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tillögu um kaup á viðbótarhúsnæði fyrir heilsugæsluna í Hafnarfirði. Í fyrirliggjandi frv. til fjárlaga er heimildargrein þessa efnis, raunar einnig í gildandi fjárlögum. Sú heimild hefur ekki verið nýtt þrátt fyrir talsverðan eftirgang í þeim efnum. Því er brýn nauðsyn að hið háa Alþingi lýsi yfir skýlausum vilja sínu til þessarar framkvæmdar en láti ekki standa inni ónotaða heimild um langan tíma. Þess vegna vil ég eindregið fá svar við því, og horfi sérstaklega á hæstv. heilbrrh. í þeim efnum, hvort þessi heimild sé orðin tóm eða raunveruleiki sem fara á eftir. Ég segi já.

Brtt. 359 (liður 18) felld með 33:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,56–57.b samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 339,6 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HjÁ*, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:57]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga þingflokks jafnaðarmanna um *nýjan lið, Vímuefnavarnir undir* heilbrigðismál. Við höfum hugsað okkur að þessi fjárhæð, 20 millj., fari til fræðslu og forvarna heima í héraði og þannig viljum við efla það forvarnastarf sem á að eiga sér stað á heilsugæslustöðvum, að reglubundin fræðsla fari fram á heilsugæslustöðvum sem taki mið af þörfum ólíkra hópa í þjóðfélaginu, t.d. ungmenna sem horfið hafa úr skyldunámi, t.d. foreldra og forráðamanna barna, ungmenna sem lenda í vanda, barnshafandi kvenna, fjölskyldna ofneytenda og fleiri. Við viljum að unnt verði að sinna þessu forvarnastarfi á heilsugæslustöðvunum og í næsta nágrenni við þá sem lenda í erfiðleikum vímuefnaofneyslunnar. Ég segi já.

Brtt. 332,57.c–58 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,59 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,60 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,61 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,62–67 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,68 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,69–78 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 332,79 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH.

9 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, KÁ, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 345,3 felld með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JónK*, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Fram undan eru kjarasamningar og í þeim verður að taka á því óþolandi launamisrétti kynjanna sem við vitum að er þjóðarskömm. Hér er lagt til að búinn verði til sérstakur launapottur sem síðan verði notaður til þess að bæta sérstaklega laun kvenna. Hér er kærkomið tækifæri fyrir Sjálfstfl. til þess að fylgja eftir samþykktum síðasta landsfundar og því efast ég ekki um að þessi tillaga fái drjúgan stuðning.

Brtt. 332,80 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,81–82 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,83.a samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VH.

6 þm. (BH, JóhS, KÁ, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,83.b–c og 84 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 332,85.a samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EOK, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,85.b samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VH.

10 þm. (BH, GÁS, HG, KHG, KÁ, RA, SJóh, SJS*, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 332,86 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

18 þm. (ÁE, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 332,87–88 samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 344 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 343 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 342 kölluð aftur til 3. umr.
Brtt. 332,89 samþ. með 52 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[12:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Málefni sjúkrahúsa verða til umræðu og afgreiðslu við 3. umr., svo og 6. greinar liðir almennt. Þar á meðal verður tekið á því máli sem næsta brtt. fjallar um með þeim hætti sem lýst hefur verið í 2. umr. Það er því ósk mín að flm. kalli tillögu sína aftur.

[12:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi orð hæstv. fjmrh. á þann veg að sú viljayfirlýsing sem er að finna í þessari tillögu, þessum nýja lið í 6. greinar heimildum, verði upp tekin við 3. umr. í ljósi yfirlýsinga hæstv. heilbrrh. frá í gærkvöldi, með öðrum orðum að andvirði sölunnar á landi í eigu Vífilsstaða verði notað til byggingar barnaspítala. Í trausti þess er tillagan dregin til baka til 3. umr.

Brtt. 339,8 kölluð aftur til 3. umr.

6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VH.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, ÁÞ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, ÁÞ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VH, ÖJ.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, GuðjG, GL, GÁS, GMS, LB, SighB, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dálítið umhugsunarefni að fyrir nokkrum árum var það þannig að 2. umr. var aðalumræða um fjárlagafrv. Nú er það bersýnilega svo að sú umræða sem hér er að ljúka er í raun og veru markleysa vegna þess að langstærstu þættirnir í fjárlagafrv. eiga eftir að fá afgreiðslu. Öll tekjuhliðin á eftir að fá afgreiðslu, sjúkrahúsin, sem eru veigamikil deilumál, eiga eftir að fá afgreiðslu, Lánasjóður ísl. námsmanna, sem hefur verið mikið og heitt pólitískt deilumál, á eftir að fá afgreiðslu. Það er því greinilegt að verið er að þróa meðferð fjárlaganna hér í þinginu inn í það að 3. umr. sé hin raunverulega ákvarðandi umræða um málið. Á þessu vil ég vekja athygli, hæstv.

forseti, m.a. til að undirstrika að eins og frv. lítur út núna er það í raun og veru markleysa.

Fundi slitið kl. 12:16.

45. FUNDUR

mánudaginn 16. des.,
kl. 2 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrv. alþingismanns.
2. Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 1 (með áorðn. breyt. á þskj. 332). — 3. umr.
3. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160, nál. 324, 333 og 336, brtt. 325. — 2. umr.
4. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157, nál. 236, brtt. 237. — 2. umr.
5. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 181. mál, þskj. 202, nál. 361 og 363, brtt. 362. — 2. umr.
6. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 354. — 3. umr.
7. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 203. mál, þskj. 229, nál. 318. — 2. umr.
8. Listamannalaun, stjfrv., 135. mál, þskj. 149, nál. 335. — 2. umr.
9. Höfundalög, stjfrv., 62. mál, þskj. 62, nál. 323. — 2. umr.
10. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358. — 1. umr.
11. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328, brtt. 329. — 2. umr.
12. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326, brtt. 327. — 2. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Minning Péturs Sigurðssonar.

[14:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Pétur Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður, sjómaður og forstöðumaður Hafnistu í Hafnarfirði, andaðist í gær, sunnudaginn 15. desember. Hann var 68 ára að aldri.

Pétur Sigurðsson var fæddur í Keflavík 1. júlí 1928. Foreldrar hans voru hjónin Sigurður Pétursson skipstjóri og útgerðarmaður þar og síðar í Reykjavík og Birna Ingibjörg Hafliðadóttir húsmóðir. Hann lauk gagnfræðaprófi í Reykjavík árið 1944, fiskimannaprófi hinu meira í Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1949 og farmannaprófi 1951. Árið 1961 stundaði hann nám í hagræðingartækni og stjórnunarstörfum hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Pétur Sigurðsson var sjómaður á árunum 1943–1963. Hann var fyrst háseti, síðar bátsmaður og stýrimaður á vélbátum, togurum og farskipum, frá 1952 vann hann á skipum Eimskipafélags Íslands.

Við alþingiskosningar haustið 1959 var hann í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík og hlaut kosningu. Hann var þingmaður Reykvíkinga 1959–1978 og 1983–1987 og landskjörinn þingmaður 1979–1983, sat á 28 þingum alls. Hann var fyrri varaforseti sameinaðs þings árið 1980, kosinn í febrúar.

Erindreki Sjálfstæðisflokksins var hann milli þinga 1963. Frá 1977 til 1992 var hann forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði.

Pétur Sigurðsson var kjörinn til trúnaðarstarfa í samtökum sjómanna. Hann var í stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur 1962–1994 og í miðstjórn Alþýðusambands Íslands 1972–1976. Formaður sjómannadagsráðs var hann 1962–1994 og jafnframt stjórnarformaður Hrafnistu, dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Happdrættis DAS, Laugarásbíós, Bæjarbíós í Hafnarfirði og barnaheimilisins Hraunáss í Grímsnesi til 1992. Hann var í stjórn Fiskimálasjóðs 1983–1987 og formaður öryggismálanefndar sjómanna 1984–1986. Hann var kosinn í vinnutímanefnd 1961 og var formaður hennar og hann átti sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 1963–1987, formaður frá 1983. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga var hann 1968–1975. Hann var fulltrúi á þingi Evrópuráðsins 1967–1972 og 1975–1984, átti sæti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1972 og 1975, í Norðurlandaráði 1983–1987 og í Vestnorræna þingmannaráðinu 1986. Formaður bankaráðs Landsbanka Íslands var hann 1985–1989.

Pétur Sigurðsson var starfsamur röskleikamaður. Starfsferill hans, sem hér hefur verið rakinn, ber vitni um traust sem hann naut og er þó ekki allt talið. Meðal annars vann hann ötullega að stofnun Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið og var í fyrstu stjórn þeirra samtaka. Hæst ber starf hans í þágu sjómanna. Með stuðningi traustra samherja varð mikið ágengt undir forustu hans til hagsbóta fyrir sjómenn, ekki síst hina öldruðu. Á Alþingi átti hann frumkvæði að lögum og ályktunum um hagsmunamál sjómanna og annarra launþega, öryggismál og öldrunarmál. Fjöldi dvalarheimila aldraðra, stórra og smárra, er sýnilegasta vitni um árangur af ævistarfi Péturs Sigurðssonar.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Péturs Sigurðssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[14:07]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, þskj. 354.

Veiting ríkisborgararéttar, 121. mál, nál. allshn., þskj. 365; brtt. allshn., þskj. 366.

Fjárlög 1997, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 364.

[14:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Enda þótt frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 sé nú tekið á dagskrá samkvæmt ákvæðum þingskapa þá hefur fjárln. ekki lokið athugun sinni á frv. Því legg ég til, herra forseti, að ég fái að fresta ræðu minni og jafnframt að umræðunni verði frestað til þess tíma sem forseti telur hagkvæman fyrir frekari umræðu um málið.

Umræðu frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 160, nál. 324, 333 og 336, brtt. 325.

[14:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Í fjarveru hv. formanns efh.- og viðskn., hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, mæli ég fyrir nál. á þskj. 324 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Indriða H. Þorláksson, Bolla Þór Bollason, Braga Gunnarsson, Maríönnu Jónasdóttur og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá komu á fund nefndarinnar Jónas Fr. Jónsson og Birgir Ármannsson frá Verslunarráði Íslands, Ingólfur Bender frá Samtökum iðnaðarins, Arnar Sigurmundsson frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Kristján Ragnarsson og Sveinn Hjörtur Hjartarson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökunum, Birgir Rafn Jónsson og Stefán Guðjónsson frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Guðni Níels Aðalsteinsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Sigurður Jónsson frá Kaupmannasamtökunum, en þeir sendu nefndinni einnig skrifleg erindi um málið. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Á móti breikkun á gjaldstofni, sbr. skýringar við 2. tölul. hér að neðan, er lagt til að hlutfall tryggingagjaldsins lækki samsvarandi. Í stað meðalprósentunnar 5,5% kemur 5,25%. Er hlutfallstölum breytt til samræmis við þetta. Af sömu ástæðum lækkar gjald í Atvinnuleysistryggingasjóð úr 1,35% í 1,3%.

2. Lagt er til að við frumvarpið bætist tvær nýjar greinar. Annars vegar er lagt til að við 3. gr. laganna bætist tveir töluliðir um að Staðlaráð fái í sinn hlut 0,007% af gjaldstofni tryggingagjalds og Icepro, sem er aðili að stöðlunarverkefnum á sviði tölvusamskipta, fái 0,001%. Til stóð að leggja á sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við gerð staðla, en talið var betra að fara þá leið sem hér er lögð til. Er þetta sama fyrirkomulag og gildir um Vinnueftirlit ríkisins. Þessi breyting mun þýða að tekjur Staðlaráðs verði um 16 millj. kr. og tekjur Icepro um 2 millj. kr. Hins vegar er lögð til sú breyting á 1. tölul. 7. gr. laganna að gjaldstofn tryggingagjalds verði breikkaður þannig að hluti launagreiðenda lífeyrissjóðsiðgjöldum verði að fullu tekinn inn í stofninn, en miðist ekki við þann hluta framlagsins sem er umfram 6% af launum eins og nú er.

Undir nál. rita auk formanns Vilhjálms Egilssonar, hv. þm. Pétur H. Blöndal, Gunnlaugur M. Sigmundsson og Sólveig Pétursdóttir auk þeirrar sem hér talar.

[14:13]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. en auk mín skrifar undir álitið hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir sem sat í nefndinni þegar þetta mál var afgreitt. Málið snýst um samræmingu tryggingagjalds þannig að á fjórum árum verður samræmt gjald af einstökum atvinnuvegum. Gjald mun hækka á þeim sem nú eru í lægri gjaldflokki og lækka á þeim sem eru í hærri gjaldflokki.

Við í 1. minni hlutanum höfum dregið fram, bæði í nefndarstarfinu og einnig við 1. umr., að hér er um að ræða tryggingagjald, þ.e. launaskatt sem er álagning á greidd laun fyrirtækja. Við þingmenn jafnaðarmanna lítum svo á að það sé eðlilegt að atvinnuvegum sé ekki mismunað varðandi álagningu launaskatts í löggjöf um skattamál. Það er ekki nema menn kjósi af sérstökum ástæðum að hafa ívilnanir gagnvart tilteknum atvinnugreinum, en það er skoðun okkar að slík ívilnun eða mismunun í atvinnulífinu, sem við höfum oft búið við undanfarna áratugi, sé ekki af hinu góða og atvinnuvegir verði að keppa á jafnréttisgrunvelli um framleiðsluþætti, þar á meðal um vinnuafl. Það hefur verið sérstök ívilnun fyrir sjávarútveg, landbúnað og iðnað í þessu tryggingagjaldskerfi og víst má færa rök fyrir því að afkoma t.d. í landbúnaði eða botnfiskvinnslu sé ekki þess eðlis að menn geti borið mjög vel þær auknu álögur sem hækkun tryggingagjalds á þessum atvinnugreinum vitaskuld hefur. Þá verður hins vegar að hafa í huga að hér er veittur eðlilegur aðlögunartími og þetta mál snýst fyrst og fremst um grundvallarákvörðun. Þetta mál snýst um það hvort mönnum finnst vera eðlilegt að ívilna eða mismuna einstökum atvinnugreinum eða ekki. Það er skoðun okkar að það sé ekki góð aðferðafræði í íslenskri löggjöf.

Við bendum einnig á í okkar áliti að þessi skoðun styðst ekki einungis við okkar sannfæringu heldur einnig við löggjöf erlendis frá þar sem mjög víða — og er hægt að benda á löggjöf í Evrópu því til sanninda — hefur löggjöf verið færð í það horf að slík mismunun milli atvinnugreina er mjög á undanhaldi. Lagt er til í brtt. af hálfu meiri hlutans að miða við heildarlaun við útfærslu þessa, þ.e. að taka inn lífeyrissjóðsiðgjald. Þetta breytir ekki efni málsins og hefur sáralítil fjárhagsleg áhrif. Fyrsta minni hluta finnst eðlilegt að þessi brtt. sé gerð og munum við styðja hana. Sömuleiðis styðjum við meginefni frv., þ.e. að leggja á tryggingagjald í því formi sem hér er lagt til, þ.e. til fjögurra ára.

Hins vegar erum við á móti þeirri brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. að gera ráð fyrir mörkuðum tekjustofni til Staðlaráðs og Icepro. Þetta eru fyrirtæki sem annast útgáfu staðla hér á landi. Það hefði verið mun eðlilega að fjárveitingar til þessa þáttar væru á fjárlögum ef menn kysu að hið opinbera kæmi að þeim þætti frekar en að eyrnamerkja tekjustofn úr tryggingagjaldi eins og gert er. Við bendum á að þar með er verið að hygla tilteknum stofnunum og fyrirtækjum umfram önnur sem e.t.v. eiga eftir að koma inn á þennan markað. Við teljum þetta dæmi um slæm vinnubrögð að vera að tengja það inn í afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu. Við leggjumst gegn þessari brtt. meiri hlutans, munum hins vegar styðja meginþætti frv. sem fjallar um samræmingu á tryggingagjaldi og aðlögun á því næstu fjögur árin. Við lítum svo á að hér sé um grundvallarmál að ræða. Afstaða manna kemur mjög skýrt fram í atkvæðagreiðslu um þetta efni, þ.e. hvort menn telja eðlilegt að það sé mismunun milli atvinnuvega eða ekki varðandi álagningu skatta. Það er skoðun okkar jafnaðarmanna að slík mismunun eigi ekki að vera í lögum.

[14:19]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. en þann minni hluta skipar sá sem hér talar.

Þetta frv. er eitt af nokkrum skattamálum hæstv. ríkisstjórnar sem meira og minna hanga saman eins og reyndar er farið yfir í stuttaralegri greinargerð með frv. Þá þarf að skoða þetta mál m.a. í tengslum við breytingar á vörugjöldum sem gerðar voru í fyrra og fleiri mál eru þarna samhangandi. Þetta tengist einnig tilfærslu á fjármunum frá Atvinnuleysistryggingasjóði yfir í tryggingagjaldshluta tryggingagjaldsins, þ.e. þann hlutann sem rennur til Tryggingastofnunar ríkisins eða í ríkissjóð í reynd. Sömuleiðis er þetta auðvitað í tengslum við aðrar tilfærslur í skattkerfinu sem við höfum gagnrýnt margar hverjar mjög harðlega. Þá nefni ég sérstaklega ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við húsbyggingar og viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á byggingarstað. En tekjuöflunin sem felst í þessu frv. sérstaklega er merkt lækkun vörugjalda og þar með er með þessum breytingum, herra forseti, skattbyrðin í landinu að færast til, frá neyslusköttum og yfir í launatengd útgjöld. Og þó að ekki séu stórir fjármunir á ferðinni kannski í þessu tilviki, þá hlýtur maður að staldra fyrir það fyrsta við slíka áherslubreytingu. Það er auðvitað nokkuð sérstakt, m.a. í ljósi þess að nú hafa menn miklar áhyggjur af þenslu og vaxandi viðskiptahalla og öðru slíku, að einmitt við þær aðstæður skuli menn vera að færa skattbyrði til í skattkerfinu frá neyslusköttum og yfir í launatengd útgjöld.

Í öðru lagi er gefin upp sem meginástæða þessara breytinga, herra forseti, sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að samræma tryggingagjald milli atvinnugreina í áföngum. Það felur einfaldlega í sér að hækka gjaldið á þær útflutnings- og framleiðslugreinar í landinu sem búið hafa við lægri álagningu tryggingagjalds en aðrar, þ.e. þær greinar sem verið hafa í lægra þrepi, og lækka það að sama skapi á hinar ef ekki eiga að vera nein nettótekjuöflunaráhrif samfara breytingunum fyrir ríkissjóð.

Það er, herra forseti, eðlilegt sjónarmið í sjálfu sér að samræma þessi hlutföll og því er ekki á móti mælt að að mörgu leyti sé það eðlilegast að a.m.k. almenn skattlagning af þessu tagi sé höfð jöfn en að um sértækar aðgerðir, sem miða þá að starfskjörum einstakra greina að breyttu breytanda, sé búið í skattalögum eða fjárlögum með öðrum hætti. En það breytir ekki hinu að með þessum breytingum verða íþyngjandi áhrif fyrir þær sem taka á sig hækkunina og samræmingin felur það óumflýjanlega í sér að skattlagningin færist með auknum þunga yfir á þær greinar sem eru mannaflsfrekar. En það er almennt talinn helsti ókosturinn við launatengd útgjöld af hvaða tagi sem er að þau koma þyngra niður á þeim greinum þar sem launahlutfallið er hátt í tilkostnaðinum og þar sem mannaflsfrek starfsemi er á ferðinni.

Spurningin hlýtur einnig að vakna á hvaða grundvelli þessi samræming er byggð því þar getur komið ýmislegt fleira til greina heldur en sú formúla sem hér er notuð, að um sé að ræða sömu prósentu á launaútgjöldin sem slík. Eins og bent er á í mörgum umsögnum um málið frá ýmsum aðilum á vinnumarkaði geta þar margar aðrar formúlur komið til greina, svo sem þær að um einhverja meðaltalsviðmiðun sé að ræða á hvert starf eða vinnustundir.

Herra forseti. Það er eðlilegt að við þessar breytingar sé skoðað hvernig aðstæður eru hjá hverjum og einum, sem þarna verður fyrir breytingum, að taka þær á sig. Það er staðreynd sem ekki verður falin að þær greinar sem verða kannski fyrir hvað mestum breytingum eru einkum tvær, það er landbúnaðurinn og það er fiskvinnslan. Það gerist vegna þess að í þessum greinum er um mannaflafreka starfsemi að ræða og því verður tæplega haldið fram, held ég, að aðstaða þeirra sé þannig um þessar mundir að þær séu sérstaklega vel í stakk búnar til að taka á sig þessar álögur.

Við sem stöndum á bak við álit 2. minni hluta teljum að óvarlega sé farið í þessar breytingar og hæstv. ríkisstjórn verði að bera ábyrgðina á því hvernig þetta er upp sett því að ekki fer mikið fyrir því einhverjar hliðarráðstafanir eða mótvægisaðferðir séu á ferðinni gagnvart þessum greinum og þarf væntanlega ekki að fjölyrða hér við hv. alþingismenn um til að mynda ástandið í hefðbundinni bolfiskvinnslu. Innan fiskiðnaðarins er það bolfiskvinnslan sem er með langhæst launagreiðsluhlutfallið. Ýmsar aðrar greinar í fiskvinnslu eru meira vélvæddar eða með lægra launahlutfall, t.d. rækjuiðnaðurinn, en hefðbundna bolfiskvinnslan og frystingin eru sá hluti fiskvinnslunnar sem hvort tveggja í senn fær þetta á sig af mestum þunga og býr einmitt um þessar mundir við langverstu afkomuna.

Um landbúnaðinn þarf heldur ekki að fjölyrða, enda leggjast þeir sem tala fyrir hans hönd í þessu máli mjög hart gegn þessum breytingum og ég vísa þar í fskj. I með þessu nefndaráliti sem er umsögn Bændasamtaka Íslands frá 22. nóv. 1996. Þar er ekki síst rætt um stöðu sauðfjárbænda og sauðfjárframleiðslunnar og þá stórfelldu kjaraskerðingu sem menn hafa tekið á sig þar á undanförnum árum. Og því er haldið fram, og verður sjálfsagt ekki mótmælt, að tæpast hafi nokkur önnur stétt í landinu mátt sæta annarri eins skerðingu á sínum kjörum undanfarin ár en einmitt sauðfjárbændur. Það er talið að þetta þýði lauslega áætlað 80–100 millj. kr. auknar árlegar álögur á greinina þegar hækkunin er öll komin fram.

Sömuleiðis nefna þeir hjá Bændasamtökunum í sinni umsögn þetta sama álitamál og ég gerði hér að umtalsefni í upphafi máls míns, þ.e. þessa tilfærslu á skattbyrði frá neysluskatti yfir á atvinnureksturinn eða launatengd útgjöld atvinnulífsins. Síðast en ekki síst nefna þeir, og af eðlilegum ástæðum, að bændur hafi undanfarin fimm ár greitt tryggingagjald, og þar með talið atvinnuleysistryggingagjald, þann hluta gjaldsins sem rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að njóta réttinda í þeim sjóði og fer nú að verða einhver mesti skandall, herra forseti, sem lengi hefur verið uppi hversu hörmulega það hefur gengið að koma vægi á þau mál. Það var mjög harkalega gagnrýnt hér á síðasta kjörtímabili að þáverandi félagsmálaráðherrar stóðu sig illa í þessu máli og komust hvorki lönd né strönd með það að útfæra reglur sem tryggðu einyrkjum eins og bændum, trillusjómönnum og vörubifreiðastjórum eðlileg réttindi til atvinnuleysisbóta. Menn þvældust með þetta fram og til baka og gáfu út gagnslausar reglugerðir og guð má vita hvað sem voru svo illa úr garði gerðar að þær komu fyrir ekki.

Einn af þeim sem hvað vasklegast gengu fram í því að gagnrýna þáv. hæstv. félmrh. var núv. hæstv. félmrh., þáv. óbreyttur hv. þm. Páll Pétursson, (**Gripið fram í:** Vaskur og reifur.) Vaskur og vígreifur hér, dögum oftar í ræðustóli og hafði hin hörðustu orðum þetta sleifarlag hjá hæstv. félagsmálaráðherraum Alþfl., en þeir voru allmargir eins og kunnugt er á því kjörtímabili og man ég ekki röðina lengur. Það voru endalausar hrókeringar og ýmsir menn urðu meira að segja umhverfisráðherrar og ég veit ekki hvað og hvað. (Gripið fram í.) Þetta var skógarferð, já, ekki Kínaferð heldur skógarferð. En nú er það svo, herra forseti, að hæstv. núv. félmrh. er búinn að vera í embætti sínu í rúmlega eitt og hálft ár, er það ekki, og enn er hæstv. ráðherra að baksa með þetta.

Að vísu er hér komið frv., hygg ég, eða a.m.k. veit ég að til er slíkur pappír, er sennilega hér á borðum okkar, um atvinnuleysistryggingasjóð einyrkja og það er viðleitni til þess að koma loksins einhverju í gegn sem tryggir stöðu þessa hóps, en eftir stendur þetta mikla hneyksli að þarna hafa heilar atvinnugreinar, heil stétt eins og bændur, greitt árum saman í þennan sjóð án þess að njóta þar nokkurra réttinda. Vonandi verður þetta mönnum eitthvert umhugsunarefni en svona á auðvitað ekki að ganga frá hlutunum, að byrja á því að skella álögunum á og hefja gjaldtökuna og ætla síðan að leysa það eftir á að úfæra réttindi manna. Auðvitað hefði verið eðlilegt að landbúnaðurinn hefði verið gjaldfrír í einhver ár í nýja kerfinu til þess að vega þetta upp.

Herra forseti. Í öðru lagi vísa ég til umsagnar Samtaka fiskvinnslustöðva sem er fskj. II með þessu nefndaráliti. Þar er komið inn á þá þætti sem ég var að nefna, bæði afkomu fiskvinnslunnar og það hversu mannaflafrekar sumar greinar þar eru og þar af leiðandi hversu íþyngjandi þetta er við þær aðstæður sem við búum við hvað afkomu þeirrar greinar snertir.

Þar er reyndar einnig komið inn á mjög sérkennilegan anga þessa máls sem er tengsl þessara breytinga við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það hefur satt best að segja verið afar misvísandi og furðulegt hvernig það mál hefur verið notað því að hæstv. ríkisstjórn gaf það út sem eina af meginástæðunum fyrir sínum breytingum að þessu leyti að Eftirlitsstofnun EFTA, sem miklu ræður eins og kunnugt er, hefði verið með aðfinnslur og jafnvel haldið því fram að mishátt tryggingagjald samrýmdist ekki samningnum um Evrópskt efnahagssvæði því það mætti hugsanlega jafna því til einhvers konar ríkisstyrkja að hafa lægra gjald á sumar greinar. Og þvílík svívirða. Það er von að þeir verði þungir á brún úti í Evrópu ef menn eru farnir að ríkisstyrkja sjávarútveg. Þeir þekkja ekki það fyrirbæri, er það, og von að þeir standi alveg á haus af reiði yfir slíkri ósvinnu. Hæstv. ríkisstjórn gaf þessa alveg sérstaklega upp sem ástæðu. Þeir hjá fiskvinnslunni vildu fá um þetta nánari skýringar og skrifuðu hæstv. ríkisstjórn og báðu um að fá það á pappír, svart á hvítu, hvað það væri í EES sem gerði það að verkum að þessu yrði að breyta. Og þar vísuðu þeir m.a. í fréttatilkynningu frá fjmrn., dags. 25. júní sl., en þar var einmitt skýrt frá viðræðum milli íslenskra stjórnvalda og Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. En þá gerist það skrýtna að í svarbréfi fjmrn. til Samtaka fiskvinnslustöðva kom fram að þessi fyrirhugaða hækkun á tryggingagjaldi á sjávarútveg væri alfarið innlend pólitísk ákvörðun og þá eingöngu réttlætt með því að óeðlilegt væri að láta skattheimtu eins og tryggingagjald hafa áhrif á innbyrðis stöðu atvinnustarfsemi í landinu. Þá var allt í einu ESA-röksemdin gufuð upp, bara fallin fyrir borð. Auðvitað er það hið sanna í málinu að hæstv. ríkisstjórn er hér að langmestu leyti til að hækka þessi gjöld á greinum sem koma ekkert við EES-samninginn og eru þrælríkisstyrktar í öllum helstu samkeppnislöndum okkar. Það er því alveg út úr kú að nota þau rök að lægra skattþrep þarna geti talist ígildi ríkisstyrkja þegar greinarnar falla alls ekki undir samkeppnisákvæði EES-samningsins eða Evrópuréttarins og eru bullandi ríkisstyrktar í þeim löndum. Hæstv. ríkisstjórn verður að finna sér einhver haldbærari rök og þau eru þá fagurfræðileg aðallega, ef svo má að orði komast, að það fari í hinar fínu taugar hæstv. ríkisstjórnar að tryggingagjald sé eitthvað lægra eða eitthvað öðruvísi skattalegt umhverfi á t.d. höfuðútflutningsatvinnugrein þjóðarinnar, sjávarútveginum, eða landbúnaðinum sem býr við mjög sérstakar aðstæður eins og menn þekkja. Ég get ekki kallað það annað, herra forseti, þegar ESA-röksemdin er gufuð upp en að þetta séu þá aðallega orðnar fagurfræðilegar röksemdir hjá hæstv. ríkisstjórn, að það fari í fínu taugarnar á þeim að þetta sé mismunandi.

En alvarlegast finnst mér, herra forseti, að málafylgja hæstv. ríkisstjórnar, t.d. hvað snertir fiskvinnsluna og bolfiskvinnsluna, sem berst fyrir lífi sínu víða um land einmitt þessa mánuðina, fjölmörg frystihús hafa sagt upp fólki og það mun ekki mæta til starfa eftir áramótin á mörgum stöðum á landinu, fólk sem er að vinna út sinn uppsagnarfrest. Ég hygg að það sé t.d. þannig bæði í Ólafsfirði og í Skagafirði. Og hvað er hæstv. ríkisstjórn að gera í þeim efnum? Það sem snýr að fiskvinnslunni eða hefur snúið að henni er mörg hundruð millj. kr. útgjaldaaukning annars vegar í formi hækkunar á tryggingagjaldi og hins vegar átti í frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að festa þar gjaldtöku á fiskvinnsluna langt fram á næstu öld. Nú hefur meiri hlutinn að vísu ákveðið að láta annað duga, það sé nóg að hækka þetta öðrum megin og það mun vera á ferðinni brtt. sem tekur fiskvinnsluna út undan þróunarsjóðsgjaldtökunni frá og með næsta ári. En eftir stendur að það sem hér er á ferðinni er stórlega íþyngjandi fyrir fiskvinnsluna og ekki verður séð að ríkisstjórnin hafi af því nokkrar minnstu áhyggjur að hefðbundin bolfiskvinnsla til að mynda er á stórfelldu undanhaldi og mjög víða að leggjast af. Menn eru að gefast upp á því að halda úti vinnslu í bullandi taprekstri og loka húsunum hverju á fætur öðru.

Nú er ég ekki að segja, herra forseti, að það sé mjög einfalt mál að ráða fram úr þessu og það er ljóst að ekki eru á dagskrá neinar allsherjaraðgerðir eða almennar aðgerðir af því tagi að breyta gengi krónunnar eða fara í víðtækar efnahagslegar aðgerðir sem slíkar, enda að mörgu leyti ekki sömu efnahagslegar forsendur fyrir því þar sem raungengi er frekar lágt og afkoma ýmissa annarra útflutningsatvinnugreina allgóð, þá ber þetta vandamál að okkur með nokkuð öðrum hætti en oft áður hefur verið. En það breytir ekki hinu að þetta er staðan. Það er grafalvarlegt mál út frá atvinnuhagsmunum í viðkomandi byggðarlögum. Það er stóralvarlegt mál út frá langtímamarkaðshagsmunum okkar þar sem við höfum byggt upp markaði á grundvelli þessarar vinnslu og við þekkjum það af biturri reynslu, t.d. þegar dró mjög úr framleiðslu á Bandaríkjamarkaði á síðasta áratug, að þá geta tapast landvinningar á skömmum tíma sem tekið hefur ártugi að byggja upp og vinna. Og þeir verða ekki auðveldlega endurheimtir þó að menn vilji aftur snúa á fyrri slóðir.

Mér finnst satt best að segja alveg merkilegt tómlæti ríkja um þessa stöðu, herra forseti. Það er eins og maður sé að tala í tómu húsi þegar maður reynir að ná eyrum hæstv. ríkisstjórnar og ráðamanna um þetta vandamál. Það er eins og enginn hafi áhuga á þessu, öllum sé bara skítsama, herra forseti, með leyfi, hvort fiskvinnslan í landinu lifir eða deyr. Það er nokkuð mikið umhugsunarefni, satt best að segja. Kannski er ekki bara stór hluti þjóðarinnar, eins og manni stundum finnst, búinn að gleyma því á hverjum við lifum heldur líka sjálfir ráðamennirnir og farnir að trúa því að við lifum á verðbréfabraskinu og öðru slíku, þar sé uppspretta verðmætanna, eða að peningarnir verði til í Seðlabankanum eins og einu sinni var sagt. Ég held samt að enn sé ekki svo komið, þó að það kunni einhvern tíma að verða, að þar verði til verðmæti af sjálfu sér, þau spretti bara upp úr gólfinu,

þó að sökkullinn sé þykkur undir Seðlabankanum, þá getur það vel verið að þar opnist einhverjar lindir. En enn held ég að þetta sé þannig að frumframleiðslan og verðmætasköpunin sé að stærstum hluta framleiðslugreinanna. Það eru fáar þjóðir í heiminum sem byggja afkomu sína í hlutfallslega jafnmiklum mæli á slíkri starfsemi og við og þess vegna held ég að það gætu verið ýmis rök jafnþung ef ekki sterkari eins og þessi fagurfræðilegu skattatæknirök sem hér eru flutt fyrir því að hækka sérstaklega launatengd útgjöld þessara mannaflafreku greina, fiskvinnslu og landbúnaðar. Ég hef a.m.k. ekki tekið þá trú, herra forseti, ég er ekki sannfærður og tel þessar breytingar þar af leiðandi ekki tímabærar.

Ég get svo að lokum hvað þetta snertir vísað í fskj. III sem er umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna og hnígur mjög í sama farveg og tvær þær fyrri. Þar er þó sérstaklega bent á það að greiðslurnar verða mjög þungar á útveginn vegna þess að launin þar eru hærri vegna hlutaskiptakerfisins og af slíkum ástæðum kemur prósentuálagning af þessu tagi hvað upphæðir snertir mjög þungt niður hjá útgerðinni. En hæstv. ríkisstjórn hefur sjálfsagt ekki áhyggjur af henni frekar en öðru í þessu samhengi.

Þá vil ég, herra forseti, gera aðeins að umtalsefni stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég veit ekki hversu vandlega menn hafa skoðað það hér í þinginu, t.d. í þeirri nefnd sem Atvinnuleysistryggingasjóður heyrir undir, hvernig staða hans er að verða, hvað verið er að gera við Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég held að það sé afar mikið umhugsunarefni. Hvað er verið að gera? Jú, það er verið að gefa sér það að vegna þess að sem betur fer er kominn a.m.k. tímabundinn bati í atvinnuástandið þá verði um varanlegar breytingar að ræða. Menn reikna sem sagt ekki með því að það geti farið svo að atvinnuleysið fari upp á við á nýjan leik í skammdeginu og menn reikna að fullu inn í áætlun sjóðsins fyrir allt næsta ár þennan skammvinna bata sem orðinn er varðandi atvinnuástandið. Ég er ekki viss um að þar sé á vísan að róa. Ég er t.d. ekki viss um að þetta gangi eftir ef öll fiskvinnslan í landinu meira og minna lokar nú um áramótin og endurræður ekki sitt fólk. Er hæstv. félmrh. búinn að reikna það inn í útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs ef engin vinna verður í landi í Skagafirði, Ólafsfirði og víðar, og víða á Vestfjörðunum?

Svo er í öðru lagi verið að hengja alls konar pinkla á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er verið að gera hann að einhverjum tekjustofni fyrir ríkið fyrir meira og minna óskyld verkefni. Það er hengd á hann starfsfræðsla, námskeið og guð má vita hvað sem í mínum huga er mikið umhugsunarefni hvort er skynsamleg ráðstöfun. Og fleira í þessum dúr er hér á ferðinni sem er mjög sérkennilegt. Nú hélt ég að ríkisstjórnin, og ekki síst þeir flokkar sem að henni standa, væru ákaflega kaþólskir flokkar, ekki í trúarlegum skilningi, herra forseti. Ég veit að þetta eru góðir lúterstrúarmenn upp til hópa, en kaþólskir í þeim skilningi að þeir væru strangtrúaðir varðandi prinsippin í skattamálum og væru yfirleitt á móti svona eyrnamerkingum og mörkuðum tekjustofnum. Það er eins og mig minni að ég hafi einhvern tíma heyrt það, sérstaklega hjá Sjálfstfl. Það er þess vegna dálítið merkilegt að hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, sem var einu sinni talinn tilheyra frjálshyggjuliðinu og stuttbuxnadeildinni í Sjálfstfl. og hefur þá örugglega verið mjög mikið á móti svona eyrnamerkingum og mörkuðum tekjustofnum og svoleiðis jukki, hann er hér að flytja alls konar frumvörp og breytingar sem í raun eru stórbrotin nýmæli í þessum efnum. Að taka inn á tekjustofn Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar alls konar verkefni, Staðlaráð og eitthvað sem heitir Icepro, því fallega íslenska nafni, — og væri nú gaman ef hv. formaður efh.- og viðskn. væri hér til staðar til að þýða þetta, segja okkur hvað þetta þýðir, Icepro. Það er spurning hvort þetta er ekki brot á nafnalöggjöfinni, herra forseti, að taka lögaðila inn í fjárlögin eða lög um tryggingagjald sem heitir erlendu nafni. Eiga ekki slík fyrirbæri að skírast á íslensku sem fá fjárveitingar í gegnum skattkerfi hins opinbera og koma inn á fjárlög? Ég óska eftir því að hæstv. forseti hugleiði þetta, hvort þetta sé a.m.k. ekki jafnslæmt fagurfræðilega og mismunandi hátt tryggingagjald.

En það er eitt það kostulega sem hér er á ferðinni að allt í einu skýtur upp kollinum í efh.- og viðskn. ósk frá hæstv. fjmrh. um það að taka 16 millj. inn á þennan tekjustofn fyrir Staðlaráð og það má þá alveg skýra frá því að þá sagði hv. formaður efh.- og viðskn.: Ja, þá verður Icepro að koma líka. Hann mundi bara ekki eftir fleirum í bili til að taka með. Annars hefði það örugglega gerst. Það er svo sem allt í lagi að auglýsa eftir því ef það eru einhverjir fleiri sem hafa áhuga á að koma þarna inn að þeir gefi sig þá fram. Það hljóta að vera ýmsar fleiri snotrar stofnanir sem heita annaðhvort innlendum eða erlendum nöfnum sem hægt er að tína þarna inn úr því að hæstv. fjmrh. er búinn að vera svo vinsamlegur að opna þennan reikning á annað borð. Staðlaráð og Icepro og ýmsir slíkir aðilar.

Þannig er það, herra forseti, um efndirnar á stóru og fallegu yfirlýsingunum, t.d. um átak í starfsmenntun, endurmenntun og ýmiss konar námskeiðahaldi og þjálfun af því tagi, að það eru að verða örlög þeirra hástemmdu loforða að velta þessu yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er kostulegt. Og svo er verið að gera þetta tryggingagjald sem í grunninn átti eingöngu að vera til þess að kosta tvo þætti, útgjöld almannatryggingakerfisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, að allsherjarruslakistu þar sem eru tíndir inn svona smáaðilar og fá heilar 2 millj. kr. eins og Icepro. Ég verð að segja alveg eins og er að litlu verður Vöggur feginn. Mér finnst það nokkuð mikið mál að vera að tína inn smátölur af þessu tagi. Hvers vegna er þetta ekki sett á fjárlög og haft þar? Af hverju er verið að leggja hér á 0,000-eitthvað prómill til þess að reyta út úr þessu 2 millj. handa Icepro? Mér finnst þetta satt best að segja svo smásmugulegt að engu tali tekur. Er hæstv. fjmrh. svona níðskur eða illa haldinn, (**Fjmrh.:** Nema hvort tveggja sé.) nema hvort tveggja sé, að honum finnist það fagurfræðilega verjandi að taka þarna — hér er þetta komið, herra forseti. Það er 0,001% sem fer í þetta Icepro. Nei, auðvitað á þetta að vera þannig, herra forseti, að ef svona útgjaldaliðir eru annaðhvort kostaðir alfarið eða styrktir af ríkinu, þá eiga þeir að sjálfsögðu að vera á föstum fjárlögum. Og það er alveg furðulegt að við skulum vera með í höndunum þingmál annars vegar þar sem hæstv. ríkisstjórn notar það sem rök að afnema sjálfvirkni og það megi ekki vera með svona markaða tekjustofna, það megi ekki vera með tengingu bótaliða, t.d. við launaþróun eða annað því um líkt því það sé sjálfvirkni og eyrnamerkingar og annað því um líkt sem ekki megi viðhafa. En þegar kemur að svona hlutum, þá er það í lagi. Þá eru tíndir inn hreinir smámunir og gerðir að sjálfstæðum aðila gagnvart álagningu tryggingagjalds og fá bara heil 0,001%. Það er ekkert smáræði. Það er ljótt ef einhver þarf eina milljón. Þá hlýtur það að vera 0,0005 o.s.frv.

Ég held að það væri hreinlegast, herra forseti, að henda þessu út og ég vara að lokum hvað þennan þátt snertir alveg sérstaklega við því að hér sé verið að veikja Atvinnuleysistryggingasjóð miklu meira en nokkurt vit er í. Það ætti frekar að láta hann njóta vafans ef atvinnuástandið verður eitthvað skárra, sem við skulum svo sannarlega vona, heldur en það var t.d. sl. vetur, ef skammdegiskúfurinn í atvinnuleysinu og útmánuðirnir, sem oft hafa verið okkur erfiðir, verða skárri, Atvinnuleysistryggingasjóður fengi þá að njóta þess vafa og safna í sarpinn. Ætli það geti ekki komið sér vel, því miður, eins og oft hefur orðið raunin.

Að lokum, herra forseti, felur þetta mál í sér að gjaldstofninn sjálfur er breikkaður og greiðslurnar taka mið af öllum launaútgjöldum, þar með talið 6% atvinnurekenda í lífeyrissjóð, og það felur í sér að prósenturnar eru lækkaðar á móti af eðlilegum ástæðum. Ég hef að vísu vini mína í fjmrn. grunaða um að vera pínulítið að svindla þar líka. Þeir ætla að ná sér í smáaura í viðbót með því að breikkun gjaldstofnsins muni gefa aðeins meira en fer út á móti vegna lægri prósentu. Og þegar þetta var borið á þá ágætu reiknimeistara, þá þvertóku þeir ekki fyrir að það gætu komið aðeins meiri tekjur út úr þessu. Ég hef því þann fyrirvara á að þarna gætu menn verið að ná sér í pínulitla klípu í viðbót, en það er væntanlega ekki stórt mál. Ég held að þessi breyting sé að mörgu leyti eðlileg. Það sé að mörgu leyti eðlilegt að miða við allan launagreiðslustofninn en ég vek athygli á því að með þessu er þarna að eiga sér stað aftur örlítil tilfærsla. Það liggur í hlutarins eðli að það verður einhver tilflutningur á greiðslubyrði milli greina eða milli aðila, þar sem greidd hafa verið meira en 6% og yfir til hinna sem eingöngu hafa greitt þau. Það eru sjálfsagt ekki stórar fjárhæðir og ekki ástæða til að hafa af því þungar áhyggjur en um þetta var engar upplýsingar að hafa þegar eftir var spurt aðrar en þær að það var að vísu viðurkennt að þarna væru væntanlega á ferðinni einhverjar minni háttar færslur. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til, herra forseti, að gera athugasemdir við þennan lið en hef þennan fyrirvara á að um það var í sjálfu sér engum upplýsingum skilað hvaða hreyfing yrði á grundvelli þessarar breytingar.

Að öðru leyti, herra forseti, hef ég ekki fleira um þetta að segja en vísa til þess sem þegar hefur komið fram og gefur að líta á nefndaráliti 336 um afstöðu mína.

[14:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur gert grein fyrir sínu nefndaráliti. Hann kaus að vera ekki með meiri hlutanum í þessu máli og er ekkert um það að segja. Ég þakka honum fyrir ágætt samstarf í nefndinni.

Hv. þm. eyddi nokkrum tíma í það að tala um að ekki hafi verið gripið til neinna hliðarráðstafana af hálfu stjórnvalda vegna þess álags sem óneitanlega leggst á sjávarútveg og landbúnað með samþykkt þessa frv. Hv. þm. veit að það er ekki rétt. Hann veit það mjög vel að hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. um Tryggingasjóð einyrkja sem er baráttumál sem lengi hefur verið til umræðu á hv. Alþingi og er nú loksins orðið að veruleika og fagna ég því sérstaklega. Eins veit hv. þm. að með breytingum á lögum um Þróunarsjóð sem nú er á leiðinni í gegnum þingið hefur verið tekin sú ákvörðun að fiskvinnslan greiði ekki lengur gjald til Þróunarsjóðsins eða eins og kemur fram á nefndaráliti í því máli, með leyfi forseta, sem brtt. á lögum um Þróunarsjóðinn: „Í fyrsta lagi að árið 1996 verði síðasta árið sem fiskvinnslunni verði gert að greiða til Þróunarsjóðsins." Þetta liggur fyrir og þetta veit hv. þm. manna best sem formaður í hv. sjútvn.

Hann gerði nokkuð mikið mál úr því að Staðlaráð og Icepro væri tekið inn á tryggingasjóðsgjald, eða kostað af tryggingasjóðsgjaldi. Það er nú þannig í okkar nágrannalöndum að atvinnulífið greiðir þennan kostnað og það er dálítið vandlifað, hæstv. forseti, þegar stjórnarflokkarnir eru ýmist skammaðir fyrir það að vera of góðir við atvinnulífið eða í þessu tilfelli væntanlega vondir við það.

[14:52]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fór rækilega yfir þetta hvort tveggja sem hv. þm. nefndi og taldi að mér hefði yfirsést, þ.e. annars vegar að fram væri komið frv. um Tryggingasjóð einyrkja og eins hitt að í brtt. meiri hlutans ætti að taka fiskvinnsluna út úr Þróunarsjóði. Ég var í sjálfu sér ekki að vísa til þess þegar ég talaði um hliðarráðstafnir gagnvart t.d. landbúnaðinum, því makalausa óréttlæti að hann skuli hafa greitt tryggingagjald í fimm ár án þess að njóta þar réttindanna. Ég var að tala um afkomu greinarinnar og starfsskilyrði. Þó það nú væri að menn væru loksins eftir fimm ár að koma þessum málum í eitthvert horf gagnvart atvinnuleysisbótarétti bænda. En eftir stendur það að samkvæmt umsögn Bændasamtakanna eru um 80 eða 100 millj. kr. íþyngjandi ráðstöfun að ræða fyrir landbúnaðinn sem engar hliðarráðstafanir eru gerðar gagnvart hvað afkomuna snertir.

Um fiskvinnsluna sagði ég, og ég stend við það, að ríkisstjórnin eða meiri hluti hennar virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að það sé nóg að hækka annað en ekki hvort tveggja, þróunarsjóðsgjaldið og tryggingagjaldið á fiskvinnsluna. Og það á að láta það nægja að auka útgjöld hennar um hundruð millj. með hækkun tryggingagjalds en sleppa því að láta hana borga áfram að fullu inn í Þróunarsjóðinn. Og það kalla ég ekki að vera með aðgerðir þó hætt sé við helminginn af þeim álögum, þeim viðbótarálögum sem átti að leggja á greinina nú, því að í sjálfu sér var aldrei ljóst hver framtíðin yrði hvað varðaði útgjöld fiskvinnslunnar í Þróunarsjóð. Mér finnst því þetta satt best að segja ekki mikil eða merkileg rök gagnvart afkomu landvinnslunnar og sérstaklega bolfiskvinnslunnar.

Hvað varðar tekjuöflun í þessi ráð og staðla þá getur það verið pólitík út af fyrir sig að atvinnulífið eigi að bera svona kostnað. En þarna er verið að fara yfir fjárlög og þarna er verið að lögvernda tekjustofninn eða innheimtuna fyrir þessa starfsemi (Forseti hringir.) og þegar smámunir eiga í hlut af þessu tagi eins og 2 millj. til Icepro, þá tel ég, herra forseti, að það sé einfaldara að fara yfir í fjárlög.

[14:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hafi viðurkennt það í ræðu sinni að þetta eru hliðarráðstafanir. A.m.k. er gripið til þeirra vegna þess að menn vildu létta þetta högg sem ekki er hægt að neita að á sér stað við það að hækka tryggingagjald á þessar undirstöðuatvinnugreinar okkar. En ég vil líka benda á það að sú upphæð sem fiskvinnslan sparar á fyrsta ári, 1997, með því að þurfa ekki að greiða til Þróunarsjóðsins er hærri en þrepið sem tekið er á fyrsta ári vegna hækkunar tryggingagjalds þannig að þetta hlýtur að skipta verulegu máli.

[14:55]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hin raunverulega ástæða sé sú að það var að bresta á flótti í liði stjórnarsinna. Það voru ýmsir að guggna á því að kyngja þeim súra miði að standa að því að skella þessum álögum á sjávarútveginn öllum saman við þær aðstæður sem t.d. fiskvinnslan býr og ætli ég viti ekki ýmislegt um það, m.a. úr efh.- og viðskn., hvernig það leit orðið út hjá hv. stjórnarliðum að halda hópnum saman. Þess vegna er ég því miður ekki einu sinni sannfærður um að þetta hafi verið efnislegt í grunninn eða umhyggja í sjálfu sér í fyrstu umferð fyrir greininni heldur meira hitt að menn voru komnir í vandræði með málið og það var að bresta á flótti.

Hvað varðar útkomu fiskvinnslunnar í þessu þá getur það út af fyrir sig snúið þannig ef menn stilla málum þannig upp að í staðinn fyrir að bæði slá fiskvinnsluna og sparka í hana þá eigi að láta nægja að sparka í hana. Og það er auðvitað fínasta röksemdafærsla, þar með megi hún teljast góð og heppin. Það er í raun og veru þetta sem hv. þm. er að segja. Meiningin var að leggja bæði fullt þróunarsjóðsgjald og hækkun tryggingagjaldsins á. Nú erum við hætt við annað og þar með eiga allir að vera glaðir. Þetta er gamalkunn aðferðafræði og röksemdafræðsla til að fá menn til að sætta sig við löðrunginn að þeir hefðu getað átt von á hreinu og kláru kjaftshöggi. Þannig er nú það. Auðvitað mun þetta síðan elta sig uppi þannig að þegar inn í framtíðina kemur verður fiskvinnslan að sjálfsögðu miklu verr stödd með þessa niðurstöðu vegna þess að ef menn taka mark á því að þróunarsjóðsgjaldið hefði orðið tímabundið og síðan fallið niður, þá hefði hún að lokum losnað við það en tryggingagjaldið á að hækka upp í fullar prósentur á fjórum árum og verður þá orðið mun þyngra fyrir fiskvinnsluna þó að kannski fyrsta árið á meðan eingöngu lægsta þrepið í samræmingunni er komið til framkvæmda komi eitthvað örlítið betur út.

[14:57]

Útbýting þingskjals:

Skipulagslög, 240. mál, frv. umhvn., þskj. 367.

[14:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum, og því nefni ég það að á undanförnum árum hafa verið gerðar allmargar breytingar á þessum lögum og þá einkum til hækkunar á tryggingagjaldi. Það vekur þá spurningu: Undir hverju á tryggingagjaldið að standa og hvað er það sem atvinnulífið á að borga?

Þær tillögur sem við sjáum hér tengjast ráðstöfunum á öðrum vettvangi þar sem m.a. er verið að færa ný og ný verkefni undir Atvinnuleysistryggingasjóð en tryggingagjaldið rennur sem kunnugt er þangað auk þess að standa undir Vinnueftirliti ríkisins.

Ég get tekið undir það meginsjónarmið að samræma beri tryggingagjaldið. Mér finnst það eðlilegt að atvinnugreinar beri sama gjald, hverjar sem þær eru, en það er auðvitað ekki sama hvernig slíkri breytingu er komið á. Við vitum að þegar verið er að hækka tryggingagjald eins og hér er verið að gera í ákveðnum greinum og það meira að segja þeim greinum sem standa hvað verst að vígi, þá er afar mikilvægt að varlega sé farið og menn hugi að því að draga sem mest úr því höggi sem einstakar greinar verða fyrir.

Mér finnst, herra forseti, að það sé sérstaklega einn hópur umfram aðra sem muni verða illa fyrir þessari hækkun og það eru bændur. Það er sá hópur sem fer langsamlega verst út úr þessu. Og það tengist því að bændur hafa orðið fyrir mikilli tekjuskerðingu á undanförnum árum. Þeir eru bundnir af samningum við ríkið bæði um að draga saman framleiðslu og að lækka verð á sinni vöru. En með þeirri breytingu sem hér er verið að gera og reyndar á að koma á á fjórum árum verða bændur að taka á sig hækkun á tryggingagjaldi upp á 80–100 millj. að mati Bændasamtakanna. Það er augljóst að þetta lendir á einstökum heimilum, einstökum bændum og ég hlýt að spyrja: Telja menn virkilega að landbúnaðurinn geti tekið þetta á sig? Hvað þýðir þetta fyrir einstaka bændur, heimili þeirra og fjölskyldur? Hafa menn ekki í hyggju að skoða sérstaklega hvernig þetta kemur niður og hvort ekki þurfi að grípa til einhverra hliðarráðstafana varðandi þennan hóp sérstaklega?

Ég hlýt að vekja athygli á þessu máli, herra forseti, þó að reyndar megi velta fyrir sér hvernig þessi hækkun kemur við aðra. Hér hefur mikið verið talað um fiskvinnsluna. Það er komið að hluta til til móts við hana en við vitum að hún stendur víða mjög illa að vígi. Og hvað þýðir þetta t.d. fyrir þá sem stunda kvikmyndagerð og eiga afar erfitt uppdráttar hér? Ég held að þegar menn eru að reyna að jafna gjaldi með þessum hætti, og þetta er gjald sem er algjörlega óháð því hvort fyrirtæki eru rekin með tapi eða hagnaði, þá hljóti menn að verða að skoða það hvernig þetta kemur niður og hvort það þurfi að grípa til annarra ráðstafana. Nú veit ég að við samþykktum á laugardaginn allnokkra hækkun á fjárframlögum í Kvikmyndasjóð sem kemur kvikmyndagerð í landinu til góða, en hún á reyndar í miklum erfiðleikum. Það er erfitt að fjármagna kvikmyndir hér á landi og menn eru að leggja í mikla áhættu við það að hefja gerð kvikmyndar. Ég hygg að þetta geti sett nokkurt strik í reikninginn þó að það komi ekki fram hér í upplýsingum og ekki var eftir því kallað í efh.- og viðskn. hvað þetta þýddi fyrir kvikmyndagerðina sem vissulega veitir mörgum vinnu.

Ég vil líka nefna hótel- og veitingahúsareksturinn, þ.e. þann hluta ferðaþjónustunnar. Og reyndar kemur fleira til. Tryggingagjald á bílaleigu hækkar. En þetta eru greinar sem standa ekki alls staðar jafn vel að vígi eða mjög misjafnt að vígi. Það sem ég er hér að reyna að segja, herra forseti, er að um leið og við gerum svona breytingar, sem vissulega eru réttlætanlegar, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því hvað þær þýða. Hvaða afleiðingar þær geta haft fyrir viðkomandi greinar á komandi árum. Ég held að við þurfum að hafa það í huga að þetta getur kallað á aðrar aðgerðir síðar meir.

Hér hefur nokkuð verið rætt um bændur, svo ég komi nú að þeim aftur, og því að þeir hafa um árabil greitt tryggingagjald án þess að hafa nokkur réttindi þar á móti. Nú er búið að leggja fram frv. sem gera ráð fyrir því að bændur öðlist rétt til atvinnuleysisbóta og það er gott og blessað að tryggja þeirra réttindi. En það breytir ekki því að hér er fyrst og fremst um kjaraskerðingu til bænda að ræða. Það verður aldrei nógsamlega undirstrikað.

Hvað varðar önnur atriði vil ég taka undir það að sú lagasetning sem er verið að leggja til í 2. lið brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. er fráleit. Hér er að mínum dómi um algjörlega fráleita lagasetningu að ræða. Ég minnist þess ekki að hafa

séð það á undanförnum árum að menn væru að tína upp í lagagreinar einstök fyrirtæki sem skuli hljóta svo og svo mikið í sinn hlut til að þjóna ákveðinni starfsemi. Við spurðum að sjálfsögðu um það í efh.- og viðskn.: Hvað um önnur fyrirtæki? Hvað ef önnur fyrirtæki á þessu sviði verða til? Á þá að koma viðbótarlagagrein, breyting á lögum? — Hvar lenda menn með svona vitlausri lagasetningu? Auðvitað á bara að orða þetta almennum orðum ef það er vilji meiri hlutans hér á Alþingi að tryggingagjaldið standi undir því að semja staðla, þá á bara að orða það í almennri lagagrein. Eins og gert er t.d. með Vinnueftirlitið að 0,008%, eins og mér telst til að þetta sé hér eða 0,001%, eða hvað menn vilja hafa það, renni til þessarar starfsemi. En ég vil reyndar draga það í efa að það sé hlutverk atvinnulífsins eitthvað frekar en opinberra aðila að standa undir þessari staðlagerð vegna þess að ég veit ekki betur en að það sé verið að setja staðla um allt milli himins og jarðar. Rafmagnstæki, rafmagnseftirlit og allt mögulegt sem líka viðkemur opinberum stofnunum og því hlutverki sem ríkið sinnir. Ég vil því líka draga það mjög í efa að það sé rétt að tryggingagjaldið standi undir þessari starfsemi. Það er að segja annars vegar það sjónarmið að þetta eigi ekki heima undir tryggingagjaldi og hins vegar það að mér finnst þetta algjörlega lagasetning.

Hér hefur aðeins verið komið inn á Atvinnuleysistryggingasjóð og hvað er verið að gera með honum. Það var reyndar farið út í allverulega leikfimi í upphaflegu frv. Það átti að hækka tryggingagjaldið til þess að mæta lækkun á vörugjöldum en síðan komst ríkisstjórnin að þeirri niðurstöðu að þess þyrfti ekki vegna þess að það væri að draga úr atvinnuleysinu. Ég vil benda á það ýmsir þeir aðilar sem sendu inn umsögn um þetta frv., m.a. Landssamband íslenskra útvegsmanna, bentu á að það væri kannski óhóflega mikil bjartsýni af ríkisvaldinu að fara núna strax að taka það inn í dæmið að atvinnuleysið væri búið spil. Hver veit hvernig þróunin verður hér á næstu árum? Hver veit það? Þó að það virðist blása byrlega í bili þá er þetta sjóður sem á að vera viðbúinn því að taka áföllum sem upp kunna að koma og mér segir svo hugur um að staðbundið atvinnuleysi verði á þeim nótum sem verið hefur. Það er margt sem bendir til þess og spá Þjóðhagsstofnunar bendir til þess að við séum því miður nokkuð föst í prósentutölunni í kringum 4% og það er margt sem veldur því. Ég held því að það sé ekki rétt að fara þá leið sem hér er verið að gera, að lækka framlögin sem eiga að standa straum af atvinnuleysi og taka í staðinn ný verkefni inn í Atvinnuleysistryggingasjóð sem koma upphaflegum tilgangi þess sjóðs sáralítið við eins og hefur verið rakið í umræðum að undanförnu og á eftir að koma betur til umræðu síðar í dag, eða kvöld væntanlega, þegar við förum að ræða um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er því margt hæpið á ferðinni, herra forseti, og þó ég sé í grundvallaratriðum sammála því að samræma tryggingagjaldið þá er ég ekki ánægð með það hvernig að þessu er staðið og ég held að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hér á hinu háa Alþingi verði að bera ábyrgð á þessum breytingum.

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Bara örfá orð til þess að minna á að það þarf að lagfæra þetta frv. ofurlítið áður en það kemur til 3. umr. Þannig er að á borðum þingmanna er frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja og ég vonast til að það verði að lögum áður en langt um líður. Í því frv. er gert ráð fyrir, og um það er samkomulag meðal stjórnarflokkanna, að til Tryggingasjóðs einyrkja renni atvinnuleysistryggingasjóðshluti tryggingagjalds þeirra stétta sem eru aðilar að sjóðnum, þ.e. bænda, smábátasjómanna og vörubílstjóra. Þetta þarf að koma fram í þessu frv. og mér fyndist eðlilegast að festa það sem ákvæði til bráðabirgða.

Hér hafa komið fram áhyggjur af Atvinnuleysistryggingasjóði eða fjárhagslegri stöðu hans. Ég tel að sem betur fer sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af Atvinnuleysistryggingasjóði. Atvinnuleysi hefur farið minnkandi að undanförnu en fari svo að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi ekki peninga til þess að standa undir verkefnum sínum þá er náttúrlega ríkissjóður í bakábyrgð.

[15:11]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Örlítið í framhaldi af orðum hæstv. félmrh. varðandi Tryggingasjóð einyrkja. Í efh.- og viðskn. veltu menn vöngum yfir því, sérstaklega stjórnarliðar, hvort taka ætti inn ákvæði um þennan tryggingasjóð. Mönnum fannst kannski óeðlilegt að það yrði beint í löggjöfinni. Síðan endaði það hjá meiri hluta nefndarinnar — nú er ég kannski farinn að endursegja hvað meiri hlutinn ákvað í þessu máli — að hafa þetta til bráðabirgða eins og ég skildi að hæstv. ráðherra væri að tala um að væri mjög æskilegt. Síðan var það tekið út af borðinu af háflu meiri hlutans. Minnihlutamenn sögðust ekki hafa neitt á móti Tryggingasjóði einyrkja nema síður væri, heldur væri óeðlilegt að setja í löggjöf, sem væri verið að afgreiða, tilvísun í sjóð sem ekki væri búið að stofna. Hins vegar var fundið bráðabirgðaákvæði á þessari útfærslu en af hálfu meiri hlutans var hætt við að flytja þá brtt. Það var búið að orða hana en sú brtt. var ekki flutt. Þetta tel ég rétt að sé upplýst hér í umræðunni. Ég veit ekki hvort nauðsynlegt samráð hafi verið haft við hæstv. félmrh. varðandi þetta mál. En svo ég lýsi afstöðu minni hlutans gagnvart þessu þá var það ekki andstaða við sjóðinn sem slíkan, eða að hann væri þarna vistaður, heldur fyrst og fremst það að taka það þá inn þegar það frv., sem mér skilst að hafi verið kynnt hér af hálfu ríkisstjórnarinnar og sé jafnvel búið að leggja fram á hinu háa Alþingi, væri þá orðið að lögum, en vera ekki með tilvísun til sjóðs sem er ekki orðinn til.

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get staðfest allt sem hv. þm. sagði. Ég hef fylgst með þessu máli. Þarna er um lagatæknilegt atriði að ræða, hvort eðlilegt sé að vísa í bráðabirgðaákvæði í lögum um eitthvað sem ekki er skeð. Ég tel hins vegar að það sé í lagi og eftir þeirri skoðun sem fram hefur farið á mínum vegum, og ég hef rætt þetta við formann nefndarinnar, og ég held að hann sé samþykkur því að gera þetta svona. Hin leiðin væri sú að um leið og Tryggingasjóður einyrkja yrði að lögum væri þetta frv. þá tekið upp aftur og látið fara í gegnum þrjár umræður í þinginu. Það finnst mér vera dálítið eins og að sækja vatnið yfir lækinn.

[15:14]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vafalítið verður málið rætt í efh.- og viðskn. og eins og hæstv. ráðherra segir er þetta kannski spurning um lagatæknilegt atriði. En ég bendi á aðra leið í þessu. Það væri náttúrlega hægt að flytja frv. sem hann er með sem bandormsfrv. þó að ég sé ekki almennt að mæla með því en

það er þá breyting á þessum tilteknu lögum sem við erum að ræða hér. Ég er þeirrar skoðunar, og ég held að fleiri hafi verið það í nefndinni, að þetta væri ekki góð aðferðafræði við lagasetningu. Hins vegar fellst ég á að það getur verið matsatriði með hvaða hætti þetta er gert. En ég vil fullvissa hæstv. félmrh. um það að ég held að menn séu allir reiðubúnir til að reyna að leysa þetta mál þannig að vel fari og gætt verði bæði að efni málsins en ekki hvað síst formi þess.

[15:15]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom hjá talsmanni meiri hluta efh.- og viðskn. er nafnið mitt ekki undir því nál. og rétt og skylt að gera grein fyrir því. Ástæðan er einfaldlega sú að ég hef verið mjög andsnúinn þessu frv. Ég hef talið það rangt og þess vegna er afstaða mín sú að ég mun greiða atkvæði gegn því.

Það er í sjálfu sér alvarlegt mál að greiða atkvæði gegn stjfrv., frv. stjórnar sem ég svo sannarlega styð eins dyggilega og nokkur kostur er á. En ástæður mínar eru þær að frá upphafi umræðna um þetta tryggingagjald hef ég mælt gegn því og talið það mjög hættulegt.

Sú ríkisstjórn sem nú situr og sú sem sat þar áður, fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar, þær stjórnir hafa fylgt mjög gæfulegri efnahagsstjórn sem hefur borið ríkulegan ávöxt og ég tel að lykillinn að því hafi einmitt verið að allan þennan áratug hafa ríkisstjórnirnar gætt þess að halda raungengi íslensku krónunnar eins neðarlega og frekast væri unnt til að tryggja afkomu þessa þjóðarbús, til að tryggja afkomu atvinnuveganna þannig að við ættum möguleika á nýrri atvinnusókn og byggja upp þetta þjóðfélag til betri afkomu.

Ég tel engum vafa undirorpið að með því að hækka tryggingagjaldið núna erum við að vísu ekki að tala um mjög stórar upphæðir, það er alveg rétt. Stóru upphæðirnar er annars staðar að finna. En það er samt táknrænt, táknræn athöfn. Það er verið að þyngja stöðu allra samkeppnisgreina í landinu. Þetta er verið að gera núna nokkrum klukkustundum eða nokkrum vikum áður en gengið er til samninga á almennum grundvelli að semja um kaup og kjör í landinu. Það er eitt að greiða skatta og annað að bera þá. Það er eitt að greiða laun og annað að bera þau. Og samkeppnisgreinarnar á Íslandi hafa löngum mátt þola það að aðrir hafa greitt skattana, greitt launin en velt því yfir á aðra, velt því yfir á útflutningsgreinarnar, velt því yfir á samkeppnisiðnaðinn, þeir sem verða að standa uppi og borga. Ég tel því að þetta hafi verið ófær leið vildu menn samræma tryggingagjaldið. Ef menn vildu samræma það var eina færa leiðin að fara lækkunarleiðina, að lækka smám saman hin hærri gjöld þar til jöfnuði væri náð. Það eru vissulega rök fyrir því að æskilegt sé að tryggingagjöldin séu þau sömu. Það eru vissulega til rök fyrir því þó að mér finnist þau ekki mjög þung. Þau eru léttvæg. Og það sem mér finnst verra í þessu máli er að það var engin nauð sem rak ríkisstjórnina til þess að flytja þetta mál. Það var engin nauð sem rak til þess, engin, þannig að það hefði betur verið látið eiga sig. Við eigum núna mjög erfiða stöðu. Vaxtarbroddurinn í iðnaðinum hefur verið þó nokkur undanfarin ár en við höfum áður lifað það að iðnaðurinn hefur smám saman verið að rétta úr kútnum. Síðan hafa komið hágengistímar og hágengið hefur virkað á iðnaðinn rétt eins og frostnótt á nýgræðinginn á vorin. Þannig höfum við hvað eftir annað unnið iðnaðinum hina mestu skemmd með óvarlegri efnahagsstjórn.

Það þarf ekkert að fara yfir það hvernig staða sjávarútvegsins er. Ég tel að landvinnslan sé núna í einhverri dýpstu og erfiðustu kreppu sem hún hefur lent í um áratugi og ekki séð fyrir endann á því. Við heyrum núna í hverri viku að þessi landvinnsla sem þorpin og bæirnir allt í kringum landið hafa meira og minna byggt afkomu sína á er að gefast upp. Það er mjög alvarlegt. Ég veit að ríkisstjórnin og stjórnvöld geta ákaflega lítið í því máli gert og er ekki ætlast til þess, en þess vegna er ákaflega óheppilegt að koma með slíkt gjald. Þó að menn segi að það sé ekki mikið, þá er það samt táknrænt svona rétt áður en við förum að ræða um kaup og kjör.

Um landbúnaðinn hefur verið rætt. Það þarf ekki að fara neitt í grafgötur með það. Eini niðurskurðurinn sem hefur átt sér stað í ríkisútgjöldum á undanförnum árum er til landbúnaðarins, sama hvað menn eru að hrópa og kalla um niðurskurð hingað og þangað þá hefur enginn niðurskurður átt sér stað nema til landbúnaðarins. Og íslenskir bændur, ég tala nú ekki um sauðfjárbændur, eru fátækasta fólk þessa lands, langsamlega fátækast og það hefur þurft að þola mjög miklar búsifjar lengi þannig að það er ástæða til að biðja íslenskum bændum griða, það er mikil ástæða til þess og vonandi eru nógu margir hér inni á hinu háa Alþingi sem hafa skilning á því.

Ég geri það sem sagt ekki að gamni mínu heldur þykir mér mjög leiðinlegt að þurfa að ganga gegn minni ágætu ríkisstjórn í þessu máli en annað er óhugsandi. En það er nú svo, herra forseti, að mín góða ríkisstjórn er ekki á flæðiskeri stödd þrátt fyrir það að einhverjir okkar geti ekki stutt hana. Það hefur komið fram að hvorki meira né minna en heil breiðfylking jafnaðarmanna ætlar að styðja stjórnina til þessa verks þannig að ekki mun þetta trufla fyrirætlanir stjórnarinnar þó að mér sé það aldeilis útilokað að styðja hana í þessu máli.

[15:21]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af síðustu orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um afstöðu okkar jafnaðarmanna um þetta mál. Hún byggist í sjálfu sér ekkert á því að styðja þessa ríkisstjórn eða ekki. Við höfum lýst því mjög skilmerkilega í umræðunni um hvað þetta mál snýst. Það snýst um það hvort menn vilji hafa mismunun gagnvart atvinnugreinum hér á landi eða ekki. Vilja menn viðhalda því kerfi sem hefur verið hér og hefur byggst á ívilnunum til handa tilteknum atvinnugreinum? Þessar atvinnugreinar hafa verið undanfarin ár sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður. Um þetta snýst málið. Það snýst ekki um neitt annað. Okkur jafnaðarmönnum finnst að slík ívilnun gagnvart einstökum atvinnugreinum sé stefna sem heyrir fortíðinni til og eigi ekki að vera hér í löggjöf. Með þessu frv. er lögð til breyting í máli sem við teljum vera réttlætismál. Það er gefinn fjögurra ára aðlögunartími sem er fullkomlega eðlilegur. Bændur geta lifað alveg með þeim breytingum á aðlögunartíma og það er landbúnaði og sjávarútvegi fyrir bestu að búa við sambærileg skattaleg skilyrði og aðrar atvinnugreinar. Það á ekki að draga atvinnugreinar í dilka hvað varðar skattalög. Þá geta menn flutt hér sérstakar tillögur um aðstoð við tilteknar atvinnugreinar eða starfsstéttir ef menn telja það eiga við hverju sinni og hægt er að rökstyðja þann þátt en menn eiga ekki að mismuna með skattalögunum. Um það snýst þetta mál.

[15:23]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef menn telja að æskilegt sé að sama tryggingagjaldið sé á öllum atvinnugreinum, þá vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan að það er aðeins ein leið fær til þess; að hefja þá aðgerð að lækka þau tryggingagjöld sem eru hæst eftir því sem ríkissjóður telur sig hafa efni á og gera það á þann veg ef menn vilja ná þessum jöfnuði, sem eru kannski einhver rök fyrir að sé hægt að hafa en þau eru ekki mikil né þung.

Það liggur fyrir að ekki er verið að skaða neitt samkeppnisstöðu fyrirtækjanna í dag þó að tryggingagjald sé mismunandi. Við erum að versla með íslenska og erlenda vöru og það er ekki sama tryggingagjaldið. Þetta er ekkert að rekast á. Það er langt frá því. En það er allt í lagi, það er óhætt að taka undir það ef menn endilega vilja. Við skulum stefna að því einhvern tíma að hafa sama tryggingagjaldið ef mönnum finnst það snyrtilegra og eðlilegra og ég ætla ekkert að mæla sérstaklega gegn því. En þessi leið sem hæstv. ríkisstjórn er að fara í dag er ófær. Hún er ófær. Það er það sem ég er að nefna hér. Og þetta skiptir máli vegna þess að ég fullyrði að viðfangsefnin á næstu missirum, viðfangsefni efnahagsstjórnarinnar verður að fást við hækkun raungengisins. Þess vegna erum við að vinna gegn okkur sjálfum og gegn þeirri efnahagsstefnu sem hefur verið svo farsæl með því að fara núna að hækka tryggingagjaldið og á þann veg mun samkeppnisstaðan versna. Það er það sem ég er að hafa áhyggjur af og það er fyrir því sem ég er að berjast, að við gerum þetta ekki.

[15:25]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég talaði við 1. umr. þessa máls og í ræðu minni komu fram miklar efasemdir um málið. Ég beindi því sérstaklega til þeirra sem hefðu það til umfjöllunar í þinginu að skoðað yrði nákvæmlega hvernig hægt væri að komast að líðanlegri og skárri niðurstöðu. Það hefur ekki verið gert við afgreiðslu málsins í nefndinni og þar af leiðandi er erindi mitt hingað að undirstrika sérstöðu mína í þessu máli.

Nú vill svo til að hv. 3. þm. Vestf. sem talaði á undan mér hefur gert skýra og góða grein fyrir afstöðu sinni og ég held að ég hafi varla hlýtt á ræðu í þinginu, þann tíma sem ég hef átt hér sæti, sem ég hef verið svo algerlega sammála í öllum efnisatriðum eins og kom fram hjá þessum hv. ræðumanni. Ég vil þó sérstaklega árétta það sem hann lagði þunga áherslu á að auðvitað hljóta menn að þurfa að líta á afleiðingar þess að koma á þessum margumtalaða jöfnuði milli atvinnugreinanna í landinu í sambandi við skattlagningu sem tryggingagjaldið felur í sér. Þó rök finnist auðvitað með því að haga tryggingagjaldinu á þann veg að þeir sem það greiða séu jafnir fyrir lögunum, þá hljóta menn eigi að síður þegar breytingar eru gerðar að horfa til þess hverju þær kunna að valda. Og ég undirstrika það alveg sérstaklega að auðvitað er hægt að fara fleiri en eina leið til þess að ná þessum jöfnuði og þá með því að lækka tryggingagjaldið á þær greinar sem bera þar þyngri byrðar en hinar. Þá er fyrir því séð að ekki séu sköpuð vandræði með slíkum breytingum sem þessum.

Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum hv. alþingismanni, það er ég alveg sannfærður um án tillits til þess hvar hann er kjörinn á þing, hver afkoman er og hverjar horfur eru í landvinnslu í sjávarútvegi. Það getur ekki verið að það hafi farið fram hjá nokkrum einasta alþingismanni. Og áreiðanlega er hverjum einasta alþingismanni það fullkomlega ljóst hvað það boðar ef sú grein atvinnurekstrarins getur ekki gengið bærilega fyrir sig. En þrátt fyrir þessa vitneskju á að skattleggja sjávarútveginn, m.a. landvinnsluna, um kannski 1 milljarð kr. Það munar um minna. Það vekur reyndar nokkra eftirtekt hvernig menn tala til landbúnaðarins, alveg án tillits til þess úr hvaða flokki þeir koma og hvaðan þessir hv. alþingismenn eru kjörnir á Alþingi. Mönnum er farið að ofbjóða hvernig til hefur verið reitt í sambandi við landbúnaðinn á undanförnum árum. Auðvitað stenst það ekki orðið neinn venjulegan samskiptamáta í þessu þjóðfélagi og eiga menn áreiðanlega eftir að sjá gleggri merki um það þótt síðar verði.

Ég hef nýlega fengið tölur um það frá Hagþjónustu landbúnaðarins hvernig afkoma sauðfjárbænda hefur þróast á síðustu árum. Það kemur í ljós að frá árinu 1992 til ársins 1995 hefur launatekjusamdráttur í þessari grein verið um 40% og var þó ekki of beysinn fyrir, um 40%, hvorki meira né minna. Þetta kemur m.a. fram í því að höfuðstóllinn sem þessir bændur eiga og búa við hefur á þessum tíma rýrnað um 20%. Tekjurnar hafa dregist saman um 40%, höfuðstóllinn hefur rýrnað um 20%. Um $^1/_5$ hafa bændur í sauðfjárrækt þurft að taka af þessum höfuðstól til þess að hafa getað lifað af þessi ár.

Ég benti á það við 1. umr. að tryggingagjaldið væri lagt á áætlaðar tekjur eða reiknaðar tekjur en ekki rauntekjur. Auðvitað er hægt að fá það leiðrétt þegar skattframtal liggur fyrir, ef menn þá hafa sig í það, þannig að álagningin er með þeim hætti að ég óttast að menn greiði þetta gjald af hærri upphæð en rauntekjurnar eru.

Ég vil að lokum, herra forseti, minna á það vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið í sambandi við atvinnuleysisbætur og rétt bænda í sambandi við þær bætur, að ég met að sjálfsögðu mikils þá viðleitni hæstv. félmrh. að taka á því máli eins og þingmál hans vitna um. Ég get ekki álasað ráðherranum fyrir það að hafa tekið í þá umfjöllun og þann undirbúning eitt og hálft ár. En hann er að koma því núna í kring sem var ákveðið fyrir fimm árum og er algerlega óskylt þeirri skattlagningu sem nú fer fram. Þessi ákvörðun um fyrri hækkun á tryggingagjaldi var forsvöruð með því að bændur ættu að fá aðgang að atvinnuleysisbótum. Það hefur hins vegar ekki orðið. Þar af leiðandi er út í hött að tengja þessa ákvörðun eða hugsanlegan árangur í þessum efnum við það að tryggingagjaldið sé núna hækkað.

Það er svo annað mál að miðað við það hvernig sú umræða fór fram og miðað við þær tillögur sem var verið að reyna að leggja fram í þeim efnum, óttast ég að það verði annmörkum háð að fara að borga atvinnuleysistryggingar í landbúnaði. Satt að segja finnst mér það svo sem ekki neitt sérstaklega smekkleg tilhugsun að rekstur landbúnaðarins eigi að vera slíkar að hann þurfi atvinnuleysisbætur til þess að komast af.

Það er rétt að ég árétti það sérstaklega og tek undir orð hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að ég mun ekki styðja þetta frv. og gildir einu þótt það sé stjfrv.

[15:36]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Mér finnst tilefni til að vekja athygli á því að hér hafa tveir hv. þm., stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar, komið upp og lagst gegn þessu stjfrv. og flutt ýmis rök fyrir sinni afstöðu, hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og

Egill Jónsson sem báðir eru þungavigtartalsmenn síns flokks í málefnum sjávarútvegs og landbúnaðar og mér finnst það verðskulda að a.m.k. sé kvittað fyrir að menn hafi tekið eftir þeirra afstöðu í þessu máli. Ég sakna þess að hæstv. ráðherrar hafa ekki blandað sér í málið. Það vill að vísu svo vel til að nánast í þessum töluðu orðum kemur hæstv. sjútvrh. í salinn en það hefur verið djúpt á hæstv. landbrh. og væri þó tilefni til að þeir heiðruðu þessa umræðu með nærveru sinni, kæmu hingað og svöruðu þeim efnislegu rökum sem menn hafa hér flutt, bæði tveir síðustu hv. ræðumenn og fleiri, um stöðuna í þeim greinum sem nú eiga að fara að taka á sig íþyngjandi áhrif eða afleiðingar þessara skattkerfisbreytinga. Ég mundi gjarnan vilja að til að mynda hæstv. sjútvrh. mundi tjá sig um það hvernig hann telur sjávarútveginn og þá einkum og sér í lagi fiskvinnsluna í stakk búna til að mæta þessum útgjöldum. Þá væri ekki síður ástæða til að hæstv. landbrh. kæmi inn í umræðurnar um stöðu landbúnaðarins og sauðfjárræktarinnar sem hér hefur ítrekað verið gerð að umtalsefni.

Það er reyndar, herra forseti, að verða nokkurt umhugsunarefni hvernig það gengur orðið eða öllu heldur gengur ekki, að ná yfirleitt upp einhverri málefnalegri eða vitrænni umræðu um starfsskilyrði og stöðu þessara undirstöðuatvinnugreina. Það er satt best að segja að verða nokkurt umhugsunarefni hvernig þær eru, eins og mér liggur við að segja, gleymast eða er þokað til hliðar. Þá sjaldan umræða verður, þá er það um einhver afmörkuð upphlaupstilefni sem tengjast tilteknum þáttum, svo sem eins og þegar Dagblaðið tekur sínar árlegu rispur á útgjöldum til landbúnaðarmála eða þegar menn rjúka upp út af framsalsmálum í kvótakerfinu. En þegar reynt er að fá umræðu um almenn starfsskilyrði og stöðu þessara greina, er eins og á því hafi ekki nokkur maður áhuga og breytingar af þessu tagi þar sem verið er að leggja hundruð millj. kr. í formi nýrra útgjalda á þessar greinar hreyfa ekki við nokkrum manni.

Ég tel að þau orð sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson lét falla t.d. um framtíðina varðandi stöðu útflutningsgreinanna og hættuna á hækkun raungengis og svo fleira kalli á það og réttlæti að um þetta yrðu einhverjar umræður og svör af hálfu hæstv. ráðherra.

Hv. þm. Egill Jónsson nefndi þetta dæmalausa réttleysi bænda að þeir skulu hafa vera látnir borga fullt tryggingagjald í fimm ár og að menn séu fyrst núna að baksa við að koma einhverjum breytingum í gegn varðandi löggjöf til að bæta úr þessu og vonandi tekst það að einhverju leyti þó að vissulega sé það ekki alveg einfalt mál að útfæra leikreglur um slíkar bótagreiðslur til sjálfstætt starfandi einyrkja. En af þessu tilefni hlýt ég að leyfa mér að benda hv. þm. á að þennan reikning verður að senda þessum tveimur hæstv. ríkisstjórnum sem setið hafa einmitt að völdum þessi sömu fimm ár og eitthvað er það mál nú hv. þm. Agli Jónssyni skylt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 142. mál (gjaldflokkar, lækkun gjalda). — Þskj. 157, nál. 236, brtt. 237.

[15:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir breytingartillögum frá meiri hluta efh.- og viðskn., á þskj. 237. Þetta eru tvær mjög veigalitlar breytingar. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

Í því felst að tvö tollskrárnúmer falla brott úr magngjaldinu, þ.e. annars vegar morgunverðarkorn með súkkulaði og hins vegar ilmblöndur sterkari en 60%. Ekki þykir eðlilegt að þessar vörur beri vörugjald.

Þá er lagt til að að gildistöku frv. verði frestað um einn mánuð.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk mín Sólveig Pétursdóttir, Pétur H. Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson auk formannsins Vilhjálms Egilssonar.

[15:42]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Frv. sem hér er til 2. umr. hangir saman við frv. um tryggingagjald sem við vorum að ræða áðan vegna þess að með þessu frv. er vörugjald lækkað af tilteknum vörum sem felur í sér tekjutap fyrir ríkissjóð upp á einar 300 millj. kr. Hins vegar kom fjármögnunin fram í frv. sem rætt var áðan, þ.e. tryggingatillagið í Atvinnuleysistryggingasjóð var lækkað vegna minni fjárþarfar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði en almenni hlutinn var hækkaður og þá til að standa undir þeirri vörugjaldslækkun sem hér er.

Við í þingflokki jafnaðarmanna styðjum þá lækkun sem kemur fram í þessu frv., þ.e. lækkun á vörugjaldi. Við teljum það eðlilega stefnu sem þar kemur ram. Við bendum á að þetta er lækkun á útgjöldum heimilanna. Að vísu er þetta ekki tekjuskattslækkun í því formi sem við þekkjum vegna þess að þetta er fjármagnað með öðrum hætti, en okkur finnst hins vegar eðlilegt að þessi leið sé farin. Ástæða þess að við skilum ekki sérstöku nefndaráliti er að tryggingagjaldið festist inni í efh.- og viðskn. vegna ágreinings stjórnarliða um nokkurn tíma. En meiri hlutinn kaus að taka þetta mál út úr nefndinni þó að þessi tvö mál hangi saman og ættu að vera í umræðu á sama tíma. Það var í sjálfu sér ekki ágreiningur, ekki minnist ég þess, í efh.- og viðskn. um þetta mál eða lækkun á þeim vöruflokkum sem hér eru taldir til. Ég held að mönnum hafi fundist eðlilega að verki staðið og það má benda á að lækkun vörugjalds er einnig í anda skattbreytinga sem hafa rutt sér til rúms erlendis þannig að við sjáum þessu máli síður en svo nokkuð til foráttu og munum styðja það þegar það kemur til atkvæðagreiðslu, enda er það nátengt tryggingagjaldinu sem ég fjallaði um áðan. Ég lýsti þá yfir stuðningi okkar við meginþætti þess máls þannig að það er samfella í málflutningi okkar um að þær skattalækkanir sem hér er lagðar til þar sem þær eru fjármagnaðar í öðru frv. sem við styðjum einnig. Afstaða okkar er því í samræmi við fyrri yfirlýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 181. mál. — Þskj. 202, nál. 361 og 363, brtt. 362.

[15:46]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta hv. sjútvn. og breytingartillögum sem meiri hlutinn gerir við frv. til laga um breyting á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið ýmsa aðila á sinn fund til að kynna sér efni þess og hugsanleg áhrif þeirra breytinga sem þar voru lagðar til. Eftir þá athugun leggur meiri hlutinn til að gerðar verði þrjár efnislegar breytingar á frv. sjálfu sem lýst er á þskj. 362. Brtt. meiri hlutans eru þess efnis að við 1. gr., í stað þess að nefndar eru 4., 5. og 6. gr., um hluta Þróunarsjóðs, komi: 4. og 6. gr. Sams konar breyting verði gerð á 5. gr. en ný 7. gr., um gildistöku, verði þannig:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Kemur 2. gr. til framkvæmda þegar umboði núverandi stjórnar lýkur og 6. gr. kemur til framkvæmda við gerð efnahags- og rekstrarreikningsársins 1998. 4. gr. laganna (nr. 92/1994) fellur úr gildi 31. desember 2008, 5. gr. þeirra fellur úr gildi frá og með gjaldárinu 1997 og 6. gr. þeirra frá og með því fiskveiðiári er hefst 1. september 2008. Að öðru leyti gilda lögin til 31. desember 2009. Skulu eignir sjóðsins umfram skuldir að loknum gildistíma laganna renna til Hafrannsóknastofnunarinnar og andvirði þeirra varið til hafrannsókna."

Þá leggjum við í meiri hlutanum einnig til að við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er verði ákvæði til bráðabirgða III í lögunum og orðist þannig:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal greiða styrk til úreldingar krókabáta á sóknardögum til 1. júlí 1997. Skal úreldingarstyrkur nema allt að 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II, sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Skal það styrkhlutfall, sem ákveðið er á grundvelli þessa ákvæðis, einnig gilda um krókabáta á sóknardögum sem úreltir eru á tímabilinu frá 1. október 1996 til gildistöku laga þessara, sbr. lög nr. 109/1996."

Herra forseti. Þessar brtt. bera það með sér að meiri hluti nefndarinnar hefur orðið þess áskynja að enn eru fyrirsjáanleg verkefni þessa sjóðs í úreldingu og er þar með gert ráð fyrir að úrelding krókabáta með því háa hlutfalli sem hér er nefnt, sem gilt hefur að undanförnu, gildi lengur en var ákveðið á síðasta ári, auk þess sem gert er ráð fyrir að gjöld til úreldingarsjóðs vegna stærðar fiskvinnsluhúsa verði ekki innt af hendi eftir næstu áramót en um tilurð þess mun hafa verið rætt fyrr á fundinum þegar rætt var um tryggingagjaldið. Með þeirri breytingu er gengið til móts við nýjar álögur á fiskvinnslustöðvar vegna hækkunar tryggingagjalds á þær.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir að fram gangi aðalhugmynd frv. sem er að Þróunarsjóður fjármagni nýtt hafrannsóknaskip sem gerir Hafrannsóknastofnun kleift að koma að og vinna þau verkefni sem henni er ætlað á miðum sem nú eru orðin fjær landi, erfiðari og þurfa því öflugri skip en áður hefur verið.

Ég legg að lokum til að þessar brtt. verði samþykktar ásamt frv. í lok þessarar umræðu og því vísað áfram til 3. umr.

[15:51]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta sjútvn. á þskj. 363 en að því standa auk mín Steingrímur J. Sigfússon, formaður sjútvn., Svanfríður Jónasdóttir, auk þess sem Guðný Guðbjörnsdóttir hefur setið fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Minni hluti nefndarinnar gerir ekki athugasemd við þau áform að fjármagna nýtt hafrannsóknaskip með þróunarsjóðsgjaldi. Minni hlutinn styður einnig þá breytingu á frv. að árið 1996 verði síðasta árið sem fiskvinnslunni verði gert að greiða til Þróunarsjóðsins. Minni hlutinn telur hins vegar gagnrýnivert hvernig ákvæðin um úreldingu fiskvinnsluhúsa hafa verið túlkuð en það kom fram hjá gestum sem til nefndarinnar komu að þau hafi verið túlkuð þannig að fiskvinnsluhús hafi ekki verið úrelt nema legið hafi fyrir að mögulegt væri að selja þessi hús. Það er hvergi kveðið á um það í núgildandi lögum um Þróunarsjóð að þetta skilyrði sé til staðar og því vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh., sem er kominn í salinn, hvort þetta séu fyrirmæli frá hæstv. sjútvrh. að úrelda ekki fiskvinnsluhús fyrr en það liggi fyrir að mögulegt sé að selja þau hús.

Minni hlutinn hefur allan vara á varðandi hringl með önnur ártöl í frv. og hefur litla trú á að sólarlagsákvæði frv. haldi þegar þar að kemur. Þá bendir minni hlutinn á að einfalda hefði mátt það gjald sem innheimt er af útgerðinni þannig að einungis væri innheimt skv. 6. gr. Aðeins hefði þurft að hækka upphæðina sem þar er tilgreind, 1 kr. fyrir hvert þorskígildiskíló, í 1 kr. og 27 aura til að fá sömu fjárhæð *og nú á að ná með því að innheimta einnig gjald miðað við* stærð skipa, sbr. 4. gr. Sú aðferð gerir innheimtuna flóknari en efni standa til auk þess sem hún leiðir til mismununar þar sem hámark er á gjaldinu og stærstu skipin greiða þar með hlutfallslega minna en þau litlu og meðalstóru. Brtt. meiri *hlutans gera ráð fyrir framlengingu á ákvæðinu um úreldingu* krókabáta. Þar er um að ræða framhaldssögu sem þingheimi er kunn, en þetta er í þriðja skipti á einu og hálfu ári sem lögum um Þróunarsjóðinn er breytt til þess að stuðla að fækkun í smábátaflotanum. Þessi breyting á frv. er á ábyrgð meiri hlutans, *enda ekki ljóst hver staða smábátaflotans verður þótt* lögunum sé breytt nú hans vegna eina ferðina enn. Minni hlutinn mun greiða atkvæði um einstakar greinar frv. eftir efni þeirra.

[15:54]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu álit meiri hluta eða álit hv. sjútvn. um frv. til laga um breytingar á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Í nál. meiri hlutans kemur fram tillaga um breytingu á frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram á Alþingi. Brtt. meiri hluta sjútvn. kveður á um að framlengja þann frest sem eigendur krókabáta á sóknardögum hafa til að láta úrelda báta sína og gert er ráð fyrir að þessi frestur framlengist um sex mánuði eða frá næstu áramótum til 1. júlí á næsta ári.

Röksemdir fyrir þessum breytingum eru þær að vegna afla krókabáta á sóknardögum umfram það sem þeim er ætlað á yfirstandandi fiskveiðiári blasi við að sóknardögum þeirra muni fækka verulega á næsta fiskveiðiári. Þess vegna þykir rétt að gefa eigendum þessara báta kost á lengri fresti til að óska eftir úreldingu sinna báta. Þannig eigi að freista þess að fækka í þessum bátaflokki.

Af þessu tilefni er rétt að rifja það upp að á síðasta þingi, á vordögum 1996, voru samþykktar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og um Þróunarsjóð hvað varðar smábátaflotann og byggðust þessar breytingar á samkomulagi hæstv. sjútvrh. við Landssamband smábátaeigenda. Við afgreiðslu málsins var tekið skýrt fram í sölum Alþingis að um frekari breytingar á lögum er varðar hagi krókabáta verði ekki að ræða. Þessi yfirlýsing var m.a. gefin til að gera eigendum krókabáta grein fyrir því að það fiskveiðistjórnarkerfi sem gilti eftir þessar lagabreytingar ætti að standa og það ætti að eyða þeirri eilífðaróvissu sem smábátamenn höfðu lifað við í langan tíma varðandi fiskveiðistjórn þessa bátaflokks. Þess vegna tel ég að með þeim breytingum sem eru lagðar til sé á vissan hátt verið að koma aftan að smábátamönnum, m.a. þeim sem nú þegar hafa ráðist í að láta úrelda sína báta og ekki síst að öðrum aðilum víða úti í þjóðfélaginu.

Með því að framlengja þann frest til úreldingar sem hér er fjallað um verður aðilum í sjávarútvegi gert að fjármagna Þróunarsjóð sjávarútvegsins lengur og meira en gert hefur verið ráð fyrir hingað til. Ég er ekki sannfærður um að þetta sé réttlátt gagnvart þeim og þá hefur ekki komið fram um hve háar fjárhæðir er að ræða.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hluta sjútvn. virðist helsta ástæða þessarar brtt. vera sú að bregðast við afleiðingum mikillar veiði krókabáta á sóknardögum umfram það sem þeim er ætlað. Þá virðist það vera hugmyndin að þessi breyting sé aðgerð til að bregðast við ákveðnu vandamáli sem kemur upp hjá þessum bátaflokki vegna umframveiði á yfirstandandi fiskveiðiári.

Eins og ég sagði fyrr voru gefnar yfirlýsingar um það sl. vor að ekki yrði um frekari breytingar að ræða hvað varðar fiskveiðistjórnun er lýtur að þessum bátaflokki. Hér er að vísu ekki um að ræða tillögu um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða en engu að síður er með þessu verið að hafa áhrif á stjórn fiskveiða í gegnum lögin um Þróunarsjóð sjávarútvegsins þvert gegn fyrri yfirlýsingu.

Ef þessi tillaga verður að lögum tel ég mikla hættu á því að veiði þessa bátaflokks verði enn meiri umfram heimildir en ella því breytingin virki hvetjandi til aukinnar veiði, sérstaklega hjá þeim aðilum sem horfi til þess að úrelda sína báta innan aukins frests þar um. Það mun síðan koma enn harðar niður á þeim sem ætla að starfa áfram í kerfinu eftir þetta fiskveiðiár. Ef menn telja á annað borð ástæðu til að bregðast við því vandamáli sem er að koma upp, að róðrardagar krókabáta á sóknardögum verði það fáir á næsta fiskveiðiári að það útiloki útgerðarmenn nánast frá því að geta rekið sínar útgerðir, þá ættu menn að fara aðrar leiðir. Ég er þeirrar skoðunar að ef á annað borð á að hafa svona sóknardagakerfi eigi það eingöngu að gilda fyrir smábáta á handfæraveiðum en alls ekki fyrir smábáta á línuveiðum.

Það hefur sýnt sig hvað eftir annað að afköst smábáta á línuveiðum eru það mikil að þau sprengja öll aflamörk sem sett hafa fyrir fyrir þennan bátaflokk. Þess vegna tel ég að eingöngu eigi að heimila smábátum með aflahámarki línuveiðar. Með því að binda sóknardagakerfið við handfæraveiðar er hægt að gefa mun meira svigrúm í sóknardögum því afköst handfæraveiðanna eru hverfandi miðað við línuveiðarnar og lítil eða engin hætta er á því að krókabátar á handfærum í sóknardagakerfi sprengi það heildaraflamark sem ákveðið er fyrir þann bátaflokk.

Herra forseti. Ég tel að þær breytingar sem eru lagðar til varðandi krókabáta séu mjög vafasamar. Það byggist á því sem ég hef sagt og því beini ég því til meiri hluta sjútvn. að skoða hug sinn betur í þessu máli.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessum pakka sem tengist breytingum á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins kennir reyndar ýmissa grasa og ekki síst nú eftir að brtt. meiri hlutans hafa litið dagsins ljós. Fyrsta atriðið sem þarna er á ferðinni er það sem snýr að áformum um að fjármagna nýtt hafrannsóknaskip af tekjustofni Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Það segir í nál. minni hlutans að við gerum ekki athugasemdir við þau áform og er það rétt. Að sjálfsögðu er ekki umdeilt að mikil þörf er á að fá nýtt hafrannsóknaskip. Ég lýsti hins vegar við 1. umr. málsins fyrirvörum í mínum þingflokki hvað það snertir þegar málið beið 1. umr. að þar væri í raun og veru verið að fara út á braut sem menn þyrftu að átta sig á þegar ríkið væri þá að hverfa frá því að kosta grunnrannsóknir af því tagi sem hafrannsóknir eru.

Það er líka athyglisvert að skoða þetta mál í ljósi sögu alls konar gjaldtöku af þessu tagi og hvernig reynslan sýnir endurtekið að gjöld sem lögð eru á, tekin eru upp í einhverjum yfirlýstum tilgangi, breyta oftar en ekki um eðli og verða mönnum tæki til allt annarra hluta þegar frá líður heldur en upphaflega var stofnað til. Á það var að sjálfsögðu aldrei minnst á sínum tíma þegar þróunarsjóðsgjaldið var að verða til og hækka að til stæði að það yrði síðan tekjustofn í reynd fyrir ríkið til þess að létta af því útgjöldum sem það hafði áður borið. Að vísu eru fordæmi fyrir því frá fyrri tíð að gera sérstakt átak til að bæta tækjakost af þessu tagi með gjaldtökum á sjávarútveginn. Það er að sjálfsögðu skýringin á því að menn sætta sig við þetta að þörfin er brýn og menn vita að bið getur orðið á því að slík hagsmunamál komist í höfn nema menn séu tilbúnir til þess að axla útgjöldin sjálfir innan atvinnugreinarinnar. En auðvitað er það þannig að í grunninn á það að vera hlutskipti ríkisins að sinna grunnrannsóknum. Allt annað er hættulegt og hefur leitt til ófarnaðar þar sem menn hafa lent um of inn á þá braut að grunnrannsóknir séu kostaðar af hagsmunaaðilum sem aftur vill kalla á það að áhersla á hagnýtar rannsóknir og praktískan skammtímaávinning verður of rík en langtímasjónarmið víkja, fræðileg sjónarmið og grundvallarsjónarmið víkja, með afleiðingum sem geta orðið mjög alvarlegar.

Um það, herra forseti, er eins og áður segir ekki deilt að það er orðin mikil þörf á því að taka ákvarðanir um skipakost Hafrannsóknastofnunar og reyndar fleira í hinum opinbera skiparekstri. Landhelgisgæslan er þar í mjög svipaðri stöðu. Það er að því leyti til fagnaðarefni að loksins skuli vera komin hreyfing á þessi mál.

Ég tel sömuleiðis að enginn vafi sé á því að það sé rétt stefna að byggja eitt stórt og öflugt hafrannsóknaskip því að það er nákvæmlega það sem nú vantar mest í íslenskum hafrannsóknum. Það er mun öflugra skip sem fylgir eftir afkastagetu og krafti veiðiskipanna, er fært um að stunda rannsóknir á fjarlægari miðum og meira dýpi en núverandi skipakostur ræður við og getur orðið liður í sókn út á við í þeim efnum. Það kallar á nýtt skip eða a.m.k. mun stærra og öflugra skip en þau sem fyrir eru og ég vefengi ekki þær niðurstöður sérfróðra aðila sem þetta hafa skoðað að vænlegasti kosturinn í þeim efnum sé að byggja skip frekar heldur en leita eftir notuðu. Þá vita menn hvað þeir fá, þá fá menn í hendur nýtt og fullkomið tæki sem svarar kröfum tímans að öllu leyti. Ef verðmunur er ekki meiri heldur en

sá sem talinn er í greinargerð að sé milli nýsmíði annars vegar og þess að kaupa t.d. stóran nýlegan vinnslutogara hins vegar, þá er enginn vafi á því í mínum huga að það er rétt stefna að stefna á nýtt skip.

Ég hef hins vegar meiri efasemdir um það sem virðist vera forsendur ákvarðanatökunnar samkvæmt frv., að í framtíðinni verði eingöngu rekin tvö skip af Hafrannsóknastofnun. Ég vek athygli á því að á bls. 4 í athugasemdum með frv. er vitnað í þá samþykkt stjórnar Hafrannsóknastofnunar frá fundi 28. október um að smíða skuli eitt nýtt skip, 65 metra langt og áætlaður kostnaður á bilinu 1.100–1.300 millj., að annaðhvort Árna Friðrikssyni eða Bjarna Sæmundssyni verði lagt og jafnframt lagt í nauðsynlegar endurbætur á því skipi sem rekið verði áfram og að ms. Dröfn verði seld og söluverð hennar, á bilinu 40–60 millj. kr., gangi í þessi endurnýjunarverkefni.

Hér er dálítið öðruvísi fjallað um málin en í þeirri nefnd sem upphaflega vann að þessu á vegum Hafrannsóknastofnunar. Ég vísa þar til fskj. I með fyrirsögninni: Úttekt á skipastól Hafrannsóknastofnunarinnar, samantekt. Þetta er dagsett í apríl 1996 og að því komu tæknideild Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands sem unnu þetta verkefni. Þar er, samanber útdrátt úr niðurstöðum þeirrar skýrslu á bls. 8 og 9, lagt til að yngra og stærra skipið, Bjarni Sæmundsson, verði rekið áfram samhliða nýju og ráðist verði í breytingar á Bjarna á árinu 1997, að nýsmíði og þá væntanlegt stærsta skip Hafrannsóknastofnunar komi í gagnið fyrir aldamót eða í ársbyrjun 1999 og að notað skip, minnsta skipið, verði keypt á miðju ári 2001. Þar er gert ráð fyrir því að stefnt sé að rekstri þriggja hafrannsóknaskipa en ekki tveggja og það verði Bjarni Sæmundsson sem verði rekinn samhliða hinum tveimur en ekki eldra og minna skipið, Árni Friðriksson.

Það skiptir talsverðu máli, herra forseti, hvor stefnan er tekin í þessum efnum og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. aðeins út í þessi mál. Þetta hefur mér ekki fundist koma nógu skýrt fram en því miður sýnist mér að forsendur, eins og þær eru lagðar upp af hálfu hæstv. ráðherra í frv. og samanber þessa samþykkt stjórnar Hafrannsóknastofnunar, þar séu menn að reikna með metnaðarminni, ef ég má orða það svo, áætlun í þessum efnum en var meginniðurstaða þeirra sem unnu að úttektinni og fjallað er um í fskj.

Ég hlýt t.d. að spyrja að ef eingöngu yrðu rekin tvö skip, eitt stórt skip, sem sérstaklega væri að sinna djúpvatnsrannsóknum og jafnvel á fjarlægari miðum, væri þar af leiðandi að sjálfsögðu miðað við stærð sína talsvert dýrt í rekstri, og eitt annað skip hvernig Hafrannsóknastofnun hygðist þá til að mynda sinna rannsóknum á grunnsævi, á innfjarðastofnum o.s.frv. Þótt að einhverju leyti megi leysa slík verkefni með því að taka báta á leigu þá er enginn vafi á því í mínum huga að það er mikil þörf á því að eiga lítið en sérhæft rannsóknaskip sem getur sinnt slíkum verkefnum. Það hefur verið mat manna að á þessu sviði liggjum við í raun og veru ekkert síður eftir heldur en hvað varðar djúphafsrannsóknir gagnvart nýtingu ýmissa tegunda upp á grunnslóðinni og allt of hægt hefur miðað í þeim efnum að kortleggja bæði vannýtta eða jafnvel ónýtta stofna og tegundir sem þar halda sig. Ég held, herra forseti, að það væri áhugavert að heyra aðeins betur hverjar hinar eiginlegu áætlanir sem þarna eiga að liggja til grundvallar á komandi árum eru. Að sjálfsögðu er tími til stefnu hvað það snertir að taka endanlegar ákvarðanir um hluti eins og þá til að mynda hvort minnsta skipið verður selt og ekkert annað kemur í staðinn en æskilegast væri að þessir hlutir lægju sem skýrast fyrir.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég nefna þá breytingu sem felst í breytingartillögu meiri hlutans að fallið verði frá því að láta fiskvinnsluna greiða í Þróunarsjóð frá og með næsta ári. Ég fagna þessari breytingu. Hún sýnir þó að í litlu sé örlítinn skilningsvott á þeirri stöðu sem fiskvinnslunni var búin í þessu máli, að ætla henni að greiða hundruð milljóna í þennan úreldingarpott hafandi sáralítið fjármagn fengið nettó út úr úreldingarverkefnum þegar endursöluverð eigna var frá dregið, aðeins 19 millj. kr. enn sem komið er. Jafnvel þó að þar yrðu einhver útgjöld núna fram að næstu áramótunum, þá er ólíklegt að það mundi nema nema broti af þeirri upphæð sem að óbreyttu hefðu orðið örlög fiskvinnslunnar að greiða í Þróunarsjóðinn, eða samdráttarsjóðinn eins og er nú réttnefni á sjóðnum en ekki þróunarsjóður því hann hefur mest lítið komið nálægt nokkru sem hægt er að kalla þróun.

Hins vegar er þó óhjákvæmilegt að staldra aðeins við það hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessara umdeildu ákvæða um úreldingu fiskvinnslustöðva. Það ber vel í veiði að hafa hér hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég fæ ekki betur séð, herra forseti, en að þar hafi átt sér stað reginmistök og að í framkvæminni hafi menn gert sig seka um það að standa alls ekki að málum með þeim hætti sem ætlun Alþingis var og sjálfur lagatextinn hljóðar upp á. Það er alls ekki á nokkurn hátt gefið í skyn í viðkomandi lagatexta að það eigi að vera hlutverk stjórnar Þróunarsjóðs að setja einhverjar sérstakar reglur sem þrengi möguleika fiskvinnslustöðva til að fá úreldingu ef þær bera sig eftir slíku. En þá bregður svo við að upplýst er að stjórn sjóðsins hefur sett sér þá vinnureglu að ekki skuli fallist á og gengið til samninga um úreldingu fiskvinnslustöðva þeirra sem eftir slíku leita nema að fyrir liggi fyrir fram kaupandi að umræddri fasteign eftir að hún hefur verið úrelt. Ég skora á menn að kynna sér betur bæði lagatextann eins og hann liggur fyrir og umræður um þetta mál á þinginu á sínum tíma og finna því stoð að þessi takmörkun fáist staðist. Þetta er auðvitað meginástæðan fyrir því að sama og ekki neitt hefur orðið úr úreldingu fiskvinnslustöðva enn sem komið er. Samtals hafa fyrirtæki að andvirði 100 millj. kr. verið úrelt og þegar endursöluverðið er frá dregið þá hafi nettóútgjöld sjóðsins af þessum sökum verið heilar 19 millj. kr. En allmörgum stórum aðilum hefur enn sem komið er verið synjað um úreldingu af þeirri einföldu ástæðu að ekki liggur fyrir kaupandi að eignunum.

Þarna hafa menn sem sagt tekið sér vald til þess að skilyrða eða takmarka mjög hverjir geti nýtt sér þennan rétt og setja það í raun og veru í hendur fasteignamarkaðnum eða slíkum aðilum á hverjum stað. Það verður tilviljanakennt eftir því hvort í viðkomandi byggðarlögum eru tiltækir kaupendur að eignunum eða ekki sem ræður því hvort eitthvert fyrirtæki, einstakir fiskvinnsluaðilar eða aðilar sem hafa rekið fiskvinnslu en eru hættir því geta úrelt sínar eignir eða ekki. Mér finnst þetta, herra forseti, afar sérkennileg ráðstöfun og sérkennileg aðgerð. Ef menn vildu takmarka mjög og skilyrða hverjir gætu og við hvaða kringumstæður menn gætu fengið þessa úreldingu, væntanlega til þess að takmarka umfangið á þessari aðgerð, þá átti að gera það með skýrum og efnislegum hætti í lögunum en ekki með þrengingum af þessu tagi eftir að málið er komið í hendur stjórnar sjóðsins. Ég leyfi mér að segja það, því miður, herra forseti, hlýt ég að segja að ég hef enga trú á því að þessi takmörkun stjórnarinnar fái staðist. Mér sýnist næsta einboðið að ef aðilar sem nú hafa sótt um úreldingu fiskvinnslustöðva en

ekki fengið vegna þessarar vinnureglu sjóðsins leiti með sitt mál til dómstóla, þá vinni þeir slík mál.

Auðvitað verður framkvæmdin á þessu öllu meira og minna ómark úr því að svona var að þessu staðið. Ýmsir hafa vitað um þessa reglu og kannski ekki talið ómaksins vert að sækja um úreldingu við þær aðstæður hafandi ekki nokkra trú á því að nokkur kaupandi fyndist að fiskvinnslustöðvum á þeirra svæði eða í þeirra byggðarlagi. Þannig getur þetta beinlínis einnig hafa haft áhrif í þá átt að fæla menn frá því að leita réttar síns í kerfinu.

Það liggur líka í hlutarins eðli að kannski er þörfin fyrir úreldingarsjóð af þessu tagi einmitt mest þar sem ólíklegast er að nokkur kaupandi finnist að eignunum. Það er í sjálfu sér ekki stórt vandamál fyrir aðila sem á fiskvinnsluhús sem er einhvers virði að leysa það mál sjálfur án hjálpar sjóðsins. Ef það er fasteignamarkaður fyrir hendi, þá er sjóðurinn í sjálfu sér ástæðulaus milliliður og ekki mikið um það að segja. En við þær aðstæður að ekki séu líklegir neinir kaupendur þá hefðu getað verið rök fyrir slíku ef menn vildu fækka þessum einingum og/eða eftir atvikum aðstoða menn við að komast út úr málinu, að beita tæki af þessu tagi.

Það eru síðan ekki nokkur rök gagnvart því sem liðið er í framkvæmdinni að nú eigi að loka þessu um áramótin og hætta að leggja gjald á fiskvinnsluna. Eftir standa þau lög sem í gildi hafa verið og þau áform sem uppi voru og sú gjaldtaka sem þegar er orðin á fiskvinnsluna. Ég sé ekki annað en það verði að reyna að klára málið með einhverjum þeim hætti sem fær staðist og núna fram að áramótunum, þann tíma sem enn stendur opið á grundvelli eldri laga að sækja um úreldingu.

Ég er að sjálfsögðu þeirrar skoðunar eins og ég tel mig hafa rökstutt, herra forseti, að langeðlilegast væri að stjórnin félli frá þessum skilyrðum sem ekki fá staðist og tæki á móti umsóknum fram að áramótum á jafnræðisgrundvelli frá öllum sem vildu láta á þetta reyna og málin yrðu síðan gerð upp. Það er alveg ljóst að það gæti þýtt einhvern kúf umsókna og einhver talsverð útgjöld en síðan yrði það hlutverk sjóðsins, eins og ég tel að alltaf hafi verið ætlunin, að leita eftir því að koma eignunum í verð eftir á. Það er a.m.k. alveg ljóst að ég var þeirrar skoðunar og skildi málið svo að þannig væri framkvæmdin hugsuð og hafi aldrei verið hugsuð öðruvísi enda að mínu mati næsta fáránlegt að láta sér detta í hug að öðruvísi væri hægt að standa að þessu. Í sambærilegum tilvikum svo sem hvað varðar úreldingu í landbúnaðinum, bæði á mjólkurstöðvum og sláturhúsum, hefur nákvæmlega sú leið verið farin að sjóðirnir keyptu eignirnar án tillits til þess hvort eitthvað lægi fyrir um möguleikana til að koma þeim aftur í verð og síðan var einfaldlega farið í þá vinnu eftir á að leita að nýjum nýtingarmöguleikum og nýjum kaupendum.

Herra forseti. Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að um þetta urðu talsverðar umræður í sjútvn. Það var reyndar skoðun okkar í minni hlutanum a.m.k., svo ekki sé fastar að orði kveðið, að framkvæmdin eins og hún hefur verið á þessu fengi ekki staðist og í reynd kom það mönnum í opna skjöldu að svona hefði verið að þessu staðið.

Þá, herra forseti, að því sem lýtur að andláti þessa svokallaða Þróunarsjóðs, Úreldingarsjóðs eða Hagræðingarsjóðs, sem hefur gengið undir ýmsum nöfnum gegnum tíðina. Ég segi fyrir mitt leyti að farið hefur fé betra heldur en þetta allt saman, þegar þetta leggur þá vonandi upp laupana þegar tæpur áratugur verður liðinn af næstu öld. Þetta er satt best að segja nokkuð merkilegur kafli í íslensku sjávarútvegssögunni held ég, þetta sjóðafargan sem sett var upp til þess að draga saman í íslenskum sjávarútvegi og gefið það sérkennilega nafn Þróunarsjóður. En í raun og veru er hugsunin sem að baki býr sú að það sé ekkert um annað að gera þegar erfiðleikar steðja að eða þegar degur tímabundið úr veiðimöguleikum í einhverjum stofnum á heimamiðum en að draga sig inn í skelina og mæta því með tilheyrandi samdrætti og tekjuminnkun í greininni og það kalla menn þróun. Að mínu mati átti þetta mál að snúa akkúrat öfugt. Ef menn vildu á annað borð fara í einhverja kollektíva innheimtu í greininni, til að mynda sjóð, þá átti fyrst og fremst að reyna að beina þeim sjóði að raunverulegri þróun og raunverulegri sókn í greininni, t.d. með því að styðja menn til að leita nýrra möguleika og nýrra verkefna. En það hefur ekki verið gert nema að sáralitlu leyti og kom inn við breytingar í meðförum þingsins á þessu máli þegar það var til umfjöllunar á sínum tíma.

Það er dálítið athyglisvert að bera saman til að mynda framkvæmdina og tíðarandann í þessum efnum á sjötta og sjöunda áratugnum. Þá var við lýði um langa hríð sérstök nefnd sem hafði fjármuni til þess að hvetja menn til að leita nýrra verkefna í sjávarútvegi. Teknir voru á leigu togarar og það var tekin áhætta með útgerðum sem vildu senda sín skip til að reyna fyrir sér við veiðar á fjarlægum miðum. Þá voru Íslendingar að finna ný og gjöful fiskimið í okkar heimshluta, norður í höfum, við austurströnd Grænlands og vestur við Kanada svo dæmi séu tekin. En núna bregðast menn þannig við eða hugðust bregðast þannig við að einasta svarið væri þetta sem falið var í þessu máli. Í þessu skyni hefur sjávarútvegurinn verið skuldsettur um þúsundir millj. kr. sem hann verður síðan með á bakinu, samanber þessi áform, langt fram á næstu öld.

Hér er lýst, af vissum ástæðum og skiljanlegum, ákveðnum efasemdum um að síðan gangi það eftir að afleggja þessa gjaldtöku og loka Þróunarsjóði á árinu 2009 eða hvenær það nú verður. Það má hafa það til marks um það hvort þetta sé mjög trúverðug áform að einungis á fáeinum vikum í meðförum þingsins hafa áformin tekin þeim breytingum að gjaldtakan hefur verið framlengd um þrjú ár. Það er að vísu að hluta til í tengslum við þá breytingu að hlífa fiskvinnslunni við þessari gjaldtöku. En einnig er um það að ræða að menn hafa séð fyrir sér að fleiri verkefni munu kalla á útgjöld og meiri en áður var ætlað.

Að síðustu, herra forseti, vil ég nefna þá brtt. meiri hlutans að gera ráð fyrir framlengingu á ákvæðum um úreldingu krókabáta, þess hluta smábátaflotans sem enn er í því kerfi. Í tengslum við þær upplýsingar sem liggja fyrir hefur afli þessa hluta smábátaflotans verið umtalsverður og það stefnir í óskyggilega fækkun sóknardaga strax á næsta fiskveiðiári ef svo heldur sem horfir. Sumir segja að dagafjöldinn fari jafnvel niður í eitthvað á bilinu 10–20 að óbreyttu ef ekkert yrði að gert. Þá verður mönnum það fyrst fyrir eins og stundum áður að ákveða að framlengja úreldingartilboð til að fækka í hópnum. Þessir hlutir, herra forseti, voru auðvitað svo algerlega fyrirséðir þegar gengið var frá málinu síðast að ekki ætti að koma nokkrum manni á óvart að nú stefni í enn eina hringferðina í þessu máli og fara þær nú að verða býsna margar vegna þess að aldrei hefur verið gengið frá þessu máli nema til árs í senn í besta falli með ráðstöfunum eða aðgerðum sem voru fyrir fram dæmar til þess að kalla á nýja hringferð. Ég á eftir að sjá, jafnvel þó að með þessu tilboði

takist að kaupa út nokkra báta í viðbót, að menn treysti sér þá eftir sem áður til þess að setja þennan dagafjölda niður í kannski 25 eða eitthvað svoleiðis. Það kemur að vísu til með að skipta talsverðu máli hvernig framkvæmdinni verður hagað, til að mynda það atriði hvort veiðireynsla þeirra báta sem ákveða að hætta og verða úreltir verður látin telja til fækkunar daga hjá hinum sem eftir standa eða ekki, svo að nefnt sé dæmi um atriði sem þarna þarf að huga að og skipt getur verulegu máli og ekki er endilega skýrt hvernig fara á með, og svo auðvitað hversu margir kunna að ganga inn á svona tilboð. Eftir stendur, held ég að það eru allar líkur á því að þarna blasi við hið mesta óefni hvað varðar starfsskilyrði og afkomumöguleika þessa hóps sem er nú að verða tiltölulega fámennur strax á næsta fiskveiðiári.

Ég tel, herra forseti, að það hafi verið hið mesta óráð að ganga ekki frá einhvers konar gólfi eða tryggingum hvað dagafjöldann snertir þannig að það yrði a.m.k. lífvænlegt fyrir þennan hóp ef svo færi sem hér er að gerast að aflinn yrði umtalsvert meiri en gefur tilefni til óbreytts dagafjölda. Sömuleiðis tel ég að það hefði verið skynsamlegra frekar en hafa dagafjöldann beintengdan við aflann, að hafa heimildir til að grípa t.d. til sérstakra takmarkana á þeim hluta flotans sem rær með línu heldur en láta þetta ganga yfir alla.

Þetta er að verða mikil framhaldssaga, herra forseti, sem menn þreytast á að vera endalaust að skrifa nýja kafla í. Það er kannski ekki ástæða til að taka í þetta meiri tíma á þessu stigi málsins vegna þess að það er svo augljóst að mínu mati að málið hlýtur að koma fyrir þingið á nýjan leik og fyrir vorið þegar við mönnum blasir það sem í vændum er 1. september á næsta ári.

Að öðru leyti, herra forseti, er ekki mikið um þetta að segja umfram það sem þegar hefur komið fram. Hæstv. ríkisstjórn verður að sjálfsögðu að fá að halda áfram að drekka af sínum bikar í þessum efnum. Það er búið að vera heldur dapurlegt að nánast árlegt hringl hefur verið í gangi með þessi mál. Allt síðasta kjörtímabil gekk á með endalausum æfingum í þessum efnum, þ.e. breytingum á Hagræðingarsjóði og yfir í Þróunarsjóð og hugmyndum um að selja veiðiheimildirnar og reka fyrir það Hafrannsóknastofnun og þetta og hitt sem allt var svo meira og minna dregið til baka eða breyttist ár frá ári þannig að yfirleitt vissu menn aldrei hvað upp sneri eða niður deginum lengur í þessum efnum. Sömu sögu er að segja um meðferðina hvað varðar fiskveiðistjórnun smábátanna. Að mínu mati er það búin að vera samfelld raunasaga frá upphafi, alveg frá árunum 1986–1988 þegar fyrst var byrjað að takmarka eitthvað sókn þess hluta flotans í takt við það sem gerðist annars staðar og til þessa dags. Það dapurlegasta er þó að það sér engan veginn fyrir endann á þeim ósköpum og er þó ekki sá hluti þessa flota sem eftir er að verða svo stór né fjölmennur að það ætti að vera stórkostlegt vandamál að koma því einhvern veginn þannig fyrir í kerfinu að það yrði til friðs til frambúðar. Ég held að það sé líka ástæða til að staldra aðeins við þá miklu fækkun smábáta sem hefur orðið núna á skömmum tíma vegna úreldingartilboðanna. Og menn hljóta að spyrja sig að því þó þessi sé staðan varðandi sóknardagafjöldann á næsta fiskveiðiári hvort það sé enginn bilbugur á mönnum gagnvart því að halda áfram þessum gylliboðum frá Þróunarsjóði til þess að reyna að fækka enn og draga saman í þessum bátaflota því það er auðvitað ávísun á minni umsvif á vissan hátt. Þó að aflinn sem slíkur eigi ekki að breytast heldur færast á færri skip þá vitum við að því fylgir að sjálfsögðu samdráttur. Þeim einingum sem í rekstri eru fækkar og það kemur fyrst og fremst við atvinnuna í mörgum af minnstu og afskekktustu byggðarlögum landsins. En það verður þá að vera hin pólitíska niðurstaða að hæstv. ríkisstjórn vilji nákvæmlega hafa það þannig að þarna telji hún áframhaldandi og sérstaka þörf fyrir að draga saman. Ég er ekki ýkjahrifinn af þeirri nálgun, herra forseti, og mun ekki styðja málið eins og það er hér lagt fyrir.

[16:28]

Útbýting þingskjala:

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 57. mál, brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 369.

Póstminjasafn Íslands, 242. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 371.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 368.

Skipan prestakalla, 241. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 370.

[16:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna athugasemda hv. 4. þm. Norðurl. e. um fjölda rannsóknaskipa og þá stefnumörkun sem fram kemur í athugasemdum með frv. þar að lútandi, er rétt að taka fram að ráðuneytið byggði frv. á þeirri stefnumörkun sem fram kemur hjá stjórn stofnunarinnar. Það getur vissulega leitt til nokkurra vandkvæða, einkanlega varðandi innfjarðarannsóknir, en niðurstaða manna er sú að ekki eigi að valda neinum teljandi örðugleikum að skipuleggja þær rannsóknir með leiguskipum.

Um þær athugasemdir hv. þm. sem lutu að úreldingu fiskvinnsluhúsa er þess að geta að í lögunum er skýr greinarmunur gerður á úreldingu fiskvinnsluhúsa annars vegar og fiskiskipa hins vegar. Þær reglur sem settar eru í lögunum um úreldingu fiskiskipa byggja á sjálfkrafa rétti þeirra sem fullnægja ákveðnum skilyrðum og óska eftir úreldingu. Hins vegar gera lögin ekki ráð fyrir því þegar um fiskvinnsluhús er að ræða að þar sé sjálfkrafa réttur. Það byggist á mati stjórnar stofnunarinnar og það var eðlilegt að minni hyggju að stjórnin reyndi að setja almennar reglur þar um. En það er mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að þarna var reginmunur að þessu leyti, að annars vegar var um sjálfkrafa rétt að ræða og hins vegar rétt sem háður var mati stjórnar sjóðsins. Það er svo höfuðskylda stjórnarinnar að gæta þess að halda útgjöldunum innan við fjárhagsrammann. Ég geri ráð fyrir því að verklagsreglurnar hafi tekið mið þar af. Nú kann það að vera að fjárhagsramminn rýmkist eitthvað miðað við að búið er að framlengja gjaldtökutímabilið og það verður þá mat stjórnarinnar hvort það gefur (Forseti hringir.) tilefni til þess að rýmka eitthvað reglurnar nú, eins og hv. þm. minnti á, en það er mat stjórnarinnar sem þar þarf að liggja fyrir.

[16:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en hlýt um leið að lýsa vissum vonbrigðum með þau. Ég verð því miður að segja að ég hef fyrirvara á um þessi áform og að það sé mjög framsækið að stefna að því að reka eingöngu tvö hafrannsóknaskip. Ég hlýt að lýsa miklum vonbrigðum með það t.d. að ekki er ætlunin að reka eða eiga í landinu neitt sérhæft rannsóknatæki til að sinna rannsóknum upp á

grunnslóð á innfjarðamiðum. Ég bendi á að hugmyndir eru í gangi og þegar eru reyndar komnar af stað verksmiðjur sem ætla sér að fara að nýta hér skelfiskstofna í auknum mæli, kúfisk og jafnvel fleiri tegundir sem ekki hafa verið nýttar áður. Bæði á Vestfjörðum og Norðausturlandi eru fyrirtæki sem hyggjast vinna að slíkri nýtingu. Það kallar eitt og sér t.d. á heilmiklar rannsóknir og kortlagningu ef vel á að vera. Fjölmargar aðrar tegundir lindýra og margs konar tegunda, staðbundinna og botnlægra tegunda á grunnslóðinni, hafa menn verið að skoða og velta fyrir sér nýtingu á. Og það hlýtur að vera nokkuð umhendis að eiga þá ekkert sérhæft rannsóknatæki sem getur undirbyggt þekkingargrunninn fyrir slíka nýtingu. Og mér finnst það metnaðarlítið, ég verð að segja það, með fullri virðingu fyrir — ja, það verður þá að vera þessi blessuð stjórn Hafrannsóknastofnunar því hér er hún borin fyrir, að minnsta kosti að hafa ekki þá framtíðarsýn að það bætist á nýjan leik við þriðja skipið, sérhæft á þessu sviði. Ég er ekki sannfærður um að þetta sé skynsamlega ráðið.

Hvað varðar fiskvinnslustöðvarnar þá er mér ljóst að það eru sitt hvorar lagagreinarnar sem lúta að annars vegar úreldingu fiskiskipanna og hins vegar stöðvanna. En það breytir að mínu mati ekki því, þó ekki sé um sjálfkrafa rétt fiskvinnslustöðvanna að ræða, að ekki er hægt að setja hvaða reglur sem er. Þær reglur verða að vera efnislegar, sem notaðar eru til að úrskurða hverjir fá og hverjir ekki. Og þær verða að standast jafnræðissjónarmið, jafnræðiskröfur. Þannig að ég hef því miður ekki sannfærst um það nema síður sé að þetta haldi hjá stjórninni og ég skora á hæstv. ráðherra að fara yfir þetta mál með stjórn Þróunarsjóðsins og reyna að kanna hvort ekki sé rétt að reyna (Forseti hringir.) að afstýra því að menn lendi þarna í ógöngum.

[16:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins varðandi ummæli hv. þm. um metnað með áframhaldandi rannsóknir þá er nauðsynlegt að það liggi hér alveg skýrt fyrir að það er stefna Hafrannsóknastofnunar að halda þeim áfram af fullum krafti. Það svigrúm sem hér er verið að veita gefur kost á að auka þessar rannsóknir og það er talið að hægt sé að framkvæma innfjarðarannsóknirnar með leiguskipum. Og í ljósi þess sem var nefnt, eins og til að mynda rannsóknir á skelfiski og kúfiski, sem hv. þm. minntist sérstaklega á fyrir vestan og norðan, er í mörgum tilvikum eins og t.d. hvað kúfiskinn snertir um að ræða mjög sérhæfðar veiðar og nauðsynlegt hefur verið að leigja alveg sérstök skip og sérhæfð til að sinna þeim verkefnum. Þess vegna munu umrædd áform ekki draga á neinn hátt úr markmiðum manna með frekari rannsóknir á þessum sviðum nema síður sé. Ég held að í heild muni þetta mjög svo styrkja stöðu stofnunarinnar til frekari rannsókna.

[16:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. reyni að fullvissa okkur um að ekki standi til að láta þær breytingar koma niður á þeim þætti rannsóknanna. Ég vona að hægt sé þá að leysa þetta með leiguskipum eingöngu en einhvern veginn hefur það verið svo í mínum huga að mikilvægt væri að stofnun af tagi Hafrannsóknastofnunar gæti sjálf sinnt vissum verkefnum og sumir þessara hluta kunna nú að vera það sérhæfðir hvað varðar tækjakost og aðstöðu um borð að venjulegir fiskibátar, sem væntanlega er þá um að ræða til að nota í þessu skyni, fullnægja ekki öllum þeim kröfum. Ég held líka t.d. að það gæti verið ástæða fyrir Hafrannsóknastofnun að skoða samvinnu við ýmsa aðila um rekstur á minni rannsóknaskipum. Ég nefni þar sérstaklega Háskólann á Akureyri og sjávarútvegsstarfsemina þar og rannsóknastofnanirnar sem reyndar eru Hafrannsóknastofnun ásamt fleirum. Og aðalatriðið er auðvitað það að menn ætli sér ekki annað en að sækja fram í þessum efnum og það þarf auðvitað að auka rannsóknir og gera miklu betur en gert hefur verið. Það er mergurinn málsins. Hér var nú reyndar fyrir nokkrum árum samþykkt á Alþingi sérstök þáltill. um að stórefla rannsóknir á grunnslóð sem sennilega hefur nú ekki nema að litlu leyti gengið eftir, því miður. En við skulum að sjálfsögðu vona að þetta reynist allt saman mögulegt og ekki efa ég að vilji manna stendur til þess á Hafrannsóknastofnun og annars staðar að gera sitt besta í þessum efnum.

[16:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Enn eru komin til umræðu hin tveggja ára gömlu lög um svokallaðan Þróunarsjóð sjávarútvegsins í þriðja eða fjórða sinn, að ég tel, síðan ég tók sæti á Alþingi fyrir einu og hálfu ári. Markmið sjóðsins var fyrst og fremst að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi og aðalleiðin var sú að minnka fiskiskipaflotann eða aðlaga hann því sem hagkvæmast þótti. Með öðrum orðum, það átti að koma í veg fyrir að of margir væru um hituna og reyna að auka arðsemina. Hér lá í upphafi fyrir frv. sem átti algjörlega að breyta hlutverki þessa sjóðs, þ.e. það átti að stöðva úreldingu skipa, bæði skipa og fiskvinnslustöðva, en nú eru komnar fram brtt. frá meiri hlutanum þess efnis að heimila eigi úreldingu á krókabátum á sóknardögum til 1. júlí 1997. Nú virðist hlutverk sjóðsins vera áfram að úrelda krókabáta fram undir mitt næsta ár svo og á sjóðurinn að taka að sér nýtt hlutverk; nefnilega að fjármagna hafrannsóknaskip.

Eins og fram kemur í nál. minni hluta sjútvn. styðjum við kvennalistakonur það álit. Ég vil koma ögn nánar inn á helstu efnisatriði frv. og nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. nokkurra spurninga sem reyndar eru í svipuðum dúr og aðrir hv. þm. hafa spurt, því það er engan veginn ljóst að mínu mati hvernig verður farið með nokkur grundvallaratriði.

Í fyrsta lagi vil ég koma að væntanlegum kaupum á hafrannsóknaskipi. Ég tel í sjálfu sér gott mál að fjárfesta eigi í hafrannsóknaskipi og tel að efla þurfi rannsóknir, hafrannsóknir, á sem flestum sviðum. Eftir yfirlýsingar LÍÚ og fagnaðarlætin í þeim herbúðum yfir að fá að leggja fé í þessi kaup sem ég hélt satt best að segja að ættu við kaup á öðru skipi verð ég sem vísindamaður að vara við því að of sterk hagsmunatengsl séu á milli hagsmunaaðila eins og LÍÚ og hafrannsókna. Viðbrögð LÍÚ voru ekki þess eðlis að búast mætti við að þarna yrðu algjörlega stundaðar sjálfstæðar rannsóknir. Því vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig rannsóknum verði hagað á þessu skipi og hver verði þáttur LÍÚ í að hafa áhrif á þær rannsóknir.

Í öðru lagi vil ég fagna því að hætta á gjaldtöku á fiskvinnslustöðvum í þennan sjóð núna um áramótin 1996/1997. Ljóst er að þegar er búið að innheimta um 800 milljónir af fiskvinnslunni í þennan sjóð en stöðvar hafa einungis verið

úreltar fyrir andvirði 19 millj. Ég vil í framhaldi af þessu skerpa aðeins á spurningum frá orðaskiptum sem hafa farið fram á milli hv. þm. og sjútvrh., um framkvæmdina hingað til — hvort hún geti talist lögleg. Ég get alls ekki séð sjálf og er sammála túlkun hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það sé verulegt álitamál að löglegt geti talist miðað við lögin, eins og þau eru núna, að gera þá kröfu að ekki megi úrelda fiskvinnslustöð nema kominn væri tryggur kaupandi á móti. Þess vegna finnst mér ekki ólíklegt að það eigi eftir að koma til málaferla eða annars slíks út af þessu og vil því spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann styðji algjörlega þá aðferð sem stjórn sjóðsins hefur notað við að meta hvort úrelda beri fiskvinnslustöðvar eða ekki.

Í þriðja lagi vil ég láta í ljós verulegar efasemdir um framlengingu á því að úrelda krókabáta á sóknarmarki fram til miðs næsta árs, ekki síst vegna þess að forsvarsmenn krókabáta eða smábátaeigenda eru ekki, að því er virðist, ánægðir með þessa ráðstöfun eftir því sem fram kom í hv. sjútvn. Það sem skiptir kannski mestu máli er hvernig veiðireynsla þeirra báta sem hætta verður metin varðandi útreikning á sóknardögum á komandi tímabilum. Og þess vegna vil ég spyrja enn nánar hvort það sé ljóst nú þegar hvernig farið verði með veiðireynslu þeirra. Núna keppast margir við og veiða og veiða fram til 1. júlí á næsta ári. Ef reikna á veiðireynslu þeirra inn í veiðidagana fyrir næsta tímabil muni svo til engir sóknardagar verða eftir. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. nákvæmlega hvernig farið verður með veiðireynslu þeirra krókabáta sem verða úreltir og eru á sóknardögum fyrir tímabilið næst á eftir.

Að lokum vil ég fagna því, eins og ég sagði áðan, að fiskvinnslustöðvarnar hætta að greiða í þennan sjóð og vil benda á þá afstöðu sem fram kemur í nál. minni hlutans að langeðlilegast hefði verið að gjaldtakan væri alfarið af úthlutuðum þorskígildum og mætti þá jafnvel útfæra það sem einhvers konar ígildi veiðileyfagjalds. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort ekki hafi komið til tals, og hvað mæli fyrst og fremst gegn því, að einfalda innheimtuna í þá veru.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 354, brtt. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 369. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[16:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Sem 1. flm. brtt. sem birt er á þskj. 369 vil ég gera grein fyrir henni. Hana flytja auk mín hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, Stefán Guðmundsson, Guðmundur Hallvarðsson og Hjálmar Árnason. Auk okkar er í meiri hluta sjútvn. Vilhjálmur Egilsson sem er fjarstaddur þingstörfin nú.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að inn í frv. bætist ákvæði um verulegar tafir frá veiðum og að inn í 5. gr. og 6. gr. komi samhljóða málsgreinar og verði í báðum tilvikum næstar á eftir núv. 2. mgr. beggja þessra greina þannig orðaðar, með leyfi forseta:

„Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða."

Málsgreinarnar sem bætast eiga við 5. og 6. gr. eru eins, herra forseti, og því mun ég ekki lesa þær báðar en legg til að þær verði samþykktar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 229, nál. 318.

[16:55]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti gípur til þess ráðs að fresta umræðu um sjöunda dagskrárliðinn þar sem framsögumaður er fjarverandi.

Umræðu frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 358.

[16:56]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum, sem flutt er á þskj. 358 og er 239. mál þingsins.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frv. er það flutt til þess að lögfesta nauðsynlegan aðskilnað stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum frá framkvæmda- og rannsóknaverkefnum sem Veiðimálastofnun hefur á hendi.

Með lögum nr. 63/1994, um breytingu á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, var Veiðimálastofnun í fyrsta sinn skilgreind sem sérstök rannsókna- og þjónustustofnun í veiðimálum. Þá var jafnframt kveðið á um skipan stjórnar fyrir Veiðimálastofnun.

Veiðimálastjóri er samkvæmt núgildandi lögum forstjóri Veiðimálastofnunar. Í seinni tíð hafa komið upp atvik þar sem bornar eru brigður á hæfi veiðimálastjóra til meðferðar mála vegna afskipta hans sem stjórnvalds á fyrri stigum. Slík mál kunna að rísa þegar um andstæða hagsmuni er að ræða. Veiðimálastjóri getur, miðað við núverandi starfssvið, átt ýmiss konar aðild að máli eins og nánar er vikið að í athugasemdum með frv. þessu.

Af upptalningunni sést að veiðimálastjóra er ætlað að hafa afskipti á öllum stigum máls. Þannig getur hann komið að rannsókn og ráðgjöf fyrir hagsmunaaðila sem sérfræðingur og forstjóri Veiðimálastofnunar. Hann getur mælt með eða gert tillögur til ráðherra, ef til vill á grundvelli rannsókna, um að banna, leyfa eða veita undanþágu frá reglum, allt eftir málsatvikum hverju sinni. Það getur síðan komið í hlut veiðimálastjóra að setja nánari reglur, mæla fyrir um framkvæmd og gera úttekt á mannvirkjum. Sem fulltrúi í stjórn Fiskræktarsjóðs getur hann þurft að taka afstöðu til umsókna eða hlutast til um styrki til framkvæmda sem áður hafa komið til umsagnar hjá embættinu. Þá getur Veiðimálastofnun verið meðal umsækjenda.

Veiðimálastofnun, eins og öðrum rannsóknastofnunum, er nauðsynlegt að geta sýnt fram á að hún stundi óvilhallar og hlutlausar rannsóknir. Að rannsóknastofnun taki þátt í að rannsaka hugsanlegar afleiðingar leyfisveitinga sem forstöðumaður hefur átt aðild að getur ekki samrýmst kröfunni um hlutleysi í vinnubrögðum og er frekar til þess fallið að draga úr trúverðugleika stofnunarinnar. Þá getur ekki talist eðlilegt að forstöðumaður opinberrar stofnunar geti hlutast til um styrkveitingar til stofnunarinnar sem hann stýrir með beinum hætti með setu sinni í Fiskræktarsjóði.

Skipulag rannsóknaþjónustu í landbúnaði hefur verið til endurskoðunar frá því á haustdögum 1995 og hefur nefnd um það efni skilað áfangaskýrslu. Einnig er í gangi vinna á vegum ríkisstjórnarinnar um heildarendurskoðun skipulagsrannsókna fyrir atvinnuvegina. Sá starfshópur hefur ekki skilað tillögum enn þá. Breytingar á skipulagi rannsókna innan stofnana landbrn. bíður tillagna frá þeim hópi.

Það hefur verið samdóma álit þeirra sem hafa tekið þátt í umræðum um hugsanlegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi rannsókna í veiðimálum að aðskilja eigi embætti veiðimálastjóra frá rannsóknunum óháð því hvaða skoðun menn hafa á skipulagi rannsóknanna. Þessi skoðun kemur m.a. fram í áfangaskýrslu áðurnefndrar nefndar sem fjallar um endurskipulag rannsóknaþjónustu í landbúnaði. Skoðun stjórnar Veiðimálastofnunar er sú sama og einnig hefur stjórn Landssambands veiðifélaga sent mér ályktun þess efnis að hún sé þessari breytingu og þessum aðskilnaði samþykk.

Hagsýsla ríkisins hefur einnig að beiðni ráðuneytisins komið með tillögur að endurskoðun stjórnskipulags Veiðimálastofnunar og stöðu embættis veiðimálastjóra. Einnig er talið nauðsynlegt að aðskilja stjórnsýslu málaflokksins frá framkvæmda- og rannsóknaverkefnum.

Sú breyting sem hér um ræðir truflar alls ekki hugsanlegar skipulagsbreytingar sem geta orðið á rannsóknarþættinum. Hún er einungis fyrsta skrefið, hvert svo sem framhaldið verður. Hvað varðar embætti veiðimálastjóra þá er brýnt að koma þessu fyrirkomulagi á sem fyrst.

Nauðsynlegt er að árétta að lögfestingu frv. á ekki að fylgja breyting á starfsmannafjölda Veiðimálastofnunar. Ef ráðinn verður framkvæmdastjóri sem ekki starfar við stofnunina í dag þá verður hún að hagræða í rekstri sem því nemur. Það kemur fram í greinargerð frv. með fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. að frv. á ekki að fylgja aukinn kostnaður fyrir ríkissjóð.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar vegna frv. Ég vísa til greinargerðarinnar. Þar er ítarlega fjallað um málið. Ég bið hins vegar um það ef mögulegt er, að málið verði afgreitt áður en jólahlé þingsins hefst í lok þessarar viku vegna þess að það er a.m.k. æskilegt að þessi breyting geti farið fram um áramót. Ég segi ekki að það farist himinn og höf þó það gerist ekki, en það væri mjög æskilegt af tæknilegum ástæðum að það gerðist um áramót þannig að hægt yrði að skipta formlega upp fjárveitingum í fjárlögum fyrir næsta ár milli stofnunarinnar annars vegar og embættis veiðimálastjóra hins vegar. Ég fer fram á þetta þó mér sé ljóst að tíminn er afar naumur. En ég tel að málið sé ekki svo stórt og jafnframt, eins og fram hefur komið í framsögunni, að um málið er samkomulag milli hagsmunaaðila eða þeirra sem helst hafa um málið að segja.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[17:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Mér sýnist að hér sé þjóðþrifamál á ferðinni og verið sé að gera eðlilega breytingu í ljósi þróunar í stjórnsýslu hér á landi. En ég get ekki látið hjá líða að gera athugasemdir við vinnubrögð og að lýsa furðu minni á því að það skuli vera mælt fyrir þessu máli á mánudegi í síðustu viku fyrir jól og að ráðherra skuli fara fram á að málið verði afgreitt núna í vikunni. Það kann að vera að hv. landbn. hafi ríkulega þekkingu á þessu máli og geri sér grein fyrir því hvað hér er á ferð og að málið kalli ekki á mikla skoðun. Ég veit hins vegar að þetta mál kom til efh.- og viðskn. og þar var farið fram á að það yrði tekið inn í bandorm. Þar þótti mönnum afar sérkennilegt að fá algjörlega nýtt mál inn á milli umræðna, mál sem í sjálfu sér kemur ráðstöfunum í ríkisfjármálum ekkert við, enda kemur fram hér að þessar breytingar hafa engin áhrif á fjármál ríkisins. Málið var sent landbn. og þar fékk það sömu viðtökur, þ.e. á þá leið að eðlilegast væri að málið fengi þinglega meðferð og kæmi fram sem frv.

Ég vildi að það kæmi fram, hæstv. forseti, að ég skil ekki hvers vegna málið er svona seint fram komið og vil hafa alla fyrirvara varðandi það að þetta mál verði afgreitt nú í vikunni nema hæstv. ráðherra rökstyðji það betur og sannfæri okkur um að nauðsyn sé á því og að hann skýri jafnframt hvers vegna þetta mál er ekki fyrr fram komið. Hins vegar skal ég ekki standa í vegi fyrir því að þetta komist í gegn ef svona brýna nauðsyn ber til. En við hljótum að gera athugasemdir við það, þegar svo skammt lifir þingtímans fram að jólahléi, að menn skuli koma með ný mál svona í síðustu vikunni, nema brýna nauðsyn beri til.

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil mjög vel athugasemdir hv. þm. og vil þakka henni fyrir að leggja áherslu á að málið sé út af fyrir sig efnislega mikilvægt og eðlilegt. Það er stjórnskipulegs eðlis eins og ég hef reynt að gera grein fyrir í framsöguræðu og kemur mjög vel fram í athugasemdum við frv. En út af vinnubrögðunum og því hversu seint málið er komið fram, þá er það rétt að það var fyrst sent hv. efh.- og viðskn. vegna þess að við töldum í upphafi að það gæti hugsanlega átt leið með öðrum málum sem þar var verið að fjalla um í sambandi við ráðstafanir í ríkisfjármálum, því verið er að taka nokkuð á fjármálum stofnunarinnar þó það varði ekki þessa breytingu sérstaklega. Og það er rétt að þegar málið var skoðað nánar og sent til landbn. kom auðvitað í ljós að efnislega varðaði þetta mál ekki það sem tengdist ríkisfjármálunum eða fjárlögunum. Það varðaði samning um ákveðin verkefni sem verið hafa hjá Veiðimálastofnun en verið var að fela

Stofnfiski hf., svoleiðis að efni frv. sem hér er til umræðu átti ekki beint samleið með frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þess vegna var eðlilegt að kalla það til baka. Og þar sem málið var komið í þessa tímaþröng — það var að vísu kannað hvort landbn. sem slík mundi vilja flytja málið — var að öllu athuguðu talið eðlilegast að ráðuneytið undirbyggi það og ráðherrann legði það með eðlilegum hætti hér fram. En hv. þm. þekkja líka að þá tekur það nokkuð lengri tíma því að þá fer málið sinn gang til ríkisstjórnar og fyrir stjórnarflokka og síðan formlega og eðlilega hér inn eins og hefði átt að gera strax svo ég hefði sannarlega sparað tíma. Hefði ég farið strax með málið í þennan farveg sem mér auðvitað bar að gera, þá hefði það að minnsta kosti verið hálfum mánuði fyrr á ferðinni, kannski þremur vikum. Sökin verður því ekki á annan borinn en þann sem hér stendur, þ.e. hversu seint málið er fram komið. Í ljósi þess ítreka ég enn þá óskir mínar um að hv. landbn. leggi sig fram um að reyna að afgreiða málið nú fyrir áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 229, nál. 318.

[17:07]

Frsm. samgn. (Magnús Stefánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti.

Í frumvarpinu er lagt til að frestur sá sem skipstjórnarmenn og aðrir skipverjar hafa til að ljúka öryggisfræðslunámi í Slysavarnaskóla sjómanna samkvæmt lögunum verði framlengdur um eitt ár eða til 31. desember 1997. Margir sjómenn hafa enn ekki sótt þessi námskeið og ekki er unnt að koma fleiri nemendum að fyrir áramót þar sem öll námskeið eru fullbókuð.

Nefndin stendur samhljóða að þessu áliti ogmælir með því að frv. verði samþykkt.

Undir nefndarálitið skrifa eftirtaldir hv. alþingismenn: Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Árni Johnsen, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Egill Jónsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ragnar Arnalds og Guðmundur Árni Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Listamannalaun, 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (markmið, greiðslufyrirkomulag o.fl.). — Þskj. 149, nál. 335.

[17:08]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 335 um frv. til laga um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991. Nefndarálitið er frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila til viðræðna. Enn fremur bárust nefndinni margar gagnlegar umsagnir um málið.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um listamannalaun sem felast helst í því að gera lögin skýrari en nú er. Þannig er í frumvarpinu kveðið skýrar á um tilgang með listamannalaunum og heimild sjóðstjórnar til að fella niður starfslaun komi í ljós að viðkomandi listamaður sinnir ekki list sinni. Enn fremur felur frumvarpið í sér nokkrar breytingar á 9. gr. laganna er fjallar um Listasjóð. Þær miða að því að þrengja ákvæði laganna þess efnis að helmingur úthlutunarfjár sé bundinn við einn hóp án tillits til þess hversu margir sækja um. Þannig er lagt til að leiklistarráð fjalli um veitingu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna vegna þátttöku í uppfærslum leiksýninga á vegum leikhópa og að allt að þriðjungi fjárveitingar Listasjóðs verði varið til þeirra.

Nefndin leggur til þá breytingu við 9. gr. frumvarpsins að við úthlutun úr Listasjóði hafi stjórn listamannalauna heimild til að fela framkvæmdastjórn leiklistarráðs að fjalla um veitingu starfslauna til leikhúslistamanna vegna þátttöku þeirra í uppfærslum leikhópa. Þykir eðlilegt að leiklistarráð, sem kveðið er á um í leiklistarlögum, komi að úthlutun á þessum hluta starfslaunanna. Er breytingartillaga þessi gerð til að taka af öll tvímæli um framkvæmd úthlutunarinnar.

Þá vill nefndin benda á að huga þarf sérstaklega að stöðu höfunda fræðirita þegar úthlutað er úr Launasjóði rithöfunda.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu við 9. gr. frv. sem mælt hefur verið fyrir.

Menntmn. er einróma í þessari afstöðu sinni. Hér er á ferðinni mál sem mikil samstaða er um bæði í þinginu og á meðal listamannanna sjálfra. Það er lagt fram í þeim tilgangi að sníða helstu vankanta af lögunum sem hafa komið fram við framkvæmd þeirra.

[17:11]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að nota rétt minn til andsvars til að spyrja hv. formann menntmn. út í síðustu setninguna í nefndaráliti þar sem bent er á að huga þurfi sérstaklega að stöðu höfunda fræðirita þegar úthlutað er úr Launasjóði rithöfunda. Ég hef skilið það svo og les það út úr þessu frv. að þar sé fyrst og fremst verið að tala um listamenn. Launasjóður rithöfunda á fyrst og fremst að vera til að veita þeim styrki sem eru að semja skáldskap. Og það kemur einnig skýrt fram í athugasemdum við greinar, hér er talað um listgreinar. Þess vegna fór ég að velta því fyrir mér hvað hv. menntmn. væri að fara með þessari athugasemd, þ.e. hvort verið er að leggja til að Launasjóður rithöfunda fari að styrkja fræðimenn. Er hv. menntmn. þá að hugsa um þá sem eru fyrst og fremst að semja fræðirit um bókmenntir eða er verið að tala um fræðirit almennt? Mér finnst þetta ekki fara saman. Ég vara við því að farið sé að skerða það fé sem rithöfundum er veitt til þess að semja skáldskap og fara að veita þeim peningum til fræðimanna þó að vissulega hafi verið skorið nokkuð niður til fræðimanna með þeim breytingum sem gerðar voru á síðasta kjörtímabili á Menningarsjóði og hlutverki hans sem hefur vissulega gert fræðimönnum mun erfiðara fyrir að koma sínum verkefnum á framfæri. En fræðimenn eiga aðgang að Vísindasjóði og jafnvel fleiri sjóðum þannig að ég vil biðja um skýringu á þessu.

[17:13]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra foreti. Í 6. gr. þessa frv., þar sem eru sömu ákvæði og eru í 6. gr. núgildandi laga, er ákvæði um að rétt til greiðslu úr Launasjóði rithöfunda hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Ég vek athygli á þessu: „... og höfundar fræðirita." Það er líka heimilt að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Í umfjöllun nefndarinnar og í viðræðum við fulltrúa frá Hagþenki kom fram að þeim þykir að þeir hafi borið skarðan hlut frá borði. Nefndin vill koma til móts við ábendingar þeirra þess efnis og taka þetta inn með þessum hætti í nefndarálitið.

[17:14]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni menntmn. fyrir þessa skýringu. Ég verð að viðurkenna vanþekkingu mína á þessu sviði. Ég hef fylgst nokkuð með hverjir hafa fengið styrki en ég minnist þess ekki á undanförnum árum að hafa séð fræðimenn á þeim lista og þess vegna gerði ég mér hreinlega ekki grein fyrir því að lögin kveði á um að þeir skuli vera þarna inni. Ég skil þá þessa ábendingu en samt sem áður hef ég vissar efasemdir um það hvort þetta sé rétt braut nema þá sérstaklega sé verið að huga að bókmenntum og slíku.

[17:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Af þessu tilefni vil ég upplýsa að við undirbúning á frv. var rætt við fulltrúa frá Hagþenki og fulltrúa fræðimanna eða höfunda fræðirita og því erindi var m.a. beint til nefndarinnar sem vann að samningu og endurskoðun laganna og samningu frv., að hún tæki afstöðu til hvort árétta ætti betur en gert er rétt fræðimanna til styrkja. Niðurstaðan varð sú að það er ekki gert frekar en fram hefur komið í þessum frumvarpsdrögum eða því sem við erum að fjalla um. En hins vegar er unnið að því á vegum nefndar eða hóps með þátttöku menntmrn. að reyna að skilgreina betur hlut fræðibókahöfunda að þessu leyti. Það er rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði, að þeir eiga margir hverjir rétt á styrkjum úr rannsóknasjóðum eða Vísindasjóði. En það eru einnig önnur svið og hér í þessum þingsal eru staddir menn sem hafa skrifað fræðirit, sem eru þess eðlis að mundu kannski ekki falla undir styrki Vísindasjóðs eða þeirra sjóða en full ástæða væri til að styðja við þau fræðistörf. Og það er sá hópur manna sem verið er að fjalla um þegar menn velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að stofna sérstakan sjóð til styrktar slíkum ritum. Fyrir okkur sem þjóð og okkar menningarlegu starfsemi, þá held ég að mjög íhugunarvert sé að stíga skref í þessa átt, því það er ekki nóg að stuðla að ritun fagurfræði heldur þarf einnig að hafa annars konar fræði í frammi til að menn hafi á íslensku rit um margt af því sem er að gerast í okkar samtíma. Þá þarf hugsanlega að styðja það með öðrum hætti en gert hefur verið til þessa. Það sem verið er að athuga og komi skynsamleg niðurstaða út úr þeim athugunum mun það vera lagt fyrir Alþingi sem tillaga, kannski á síðari stigum.

[17:18]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar upplýsingar og ég tek svo sannarlega undir að mjög mikil nauðsyn er á að fara yfir þetta svið og átta sig á hvaða möguleika fræðimenn hafa til styrkja og til að stunda sínar rannsóknir því vissulega getur verið takmarkaður hópur sem kemst í hina opinberu sjóði. Það eru margir alþýðufræðimenn sem hafa unnið hin merkustu verk og vil ég t.d. minna á Lúðvík Kristjánsson, sem skrifaði afar merkileg fræðirit. Það er vissulega mikil ástæða til að fara yfir þetta og kanna hvort og hvernig væri ástæða til að styrkja slíkar fræðigreinar. En mig langaði að fá það upplýst ef hæstv. menntmrh. hefur það á takteinum eða hv. formaður menntmrn.: Er ástæðan fyrir þessari umræðu um fræðimennina í þessu samhengi sú, að fræðimenn hafa ekki sótt um eða er það fyrst og fremst úthlutunarnefndin sem hefur markað þá stefnu að veita fyrst og fremst rithöfundum fagurbókmennta starfslaun rithöfunda?

[17:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki svarað þessari spurningu fullnægjandi hér, en eitt er víst að höfundar fræðirita telja að hlutur sinn sé ekki nægilega traustur og öruggur í þessu. Hvað það er sem veldur ætla ég ekki að svara hér og nú og ástæðan fyrir því að við höfum sett þessa vinnu af stað, að skoða hlut þeirra er m.a. sú að ég er þeirrar skoðunar að það beri að huga að þessari starfsemi einnig sem mikilvægri þegar við fjöllum um bókaútgáfu og ritun bóka hér á landi.

[17:20]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Til að skýra þetta mál frekar ætla ég að vitna, með leyfi forseta, í umsögn sem menntmn. barst frá Hagþenki. Þar segir m.a.:

„Fulltrúaráð Hagþenkis telur núverandi skipan á stuðningi ríkisins við fræðiritahöfunda óviðunandi. Höfundar alþýðlegra fræðirita sem starfa utan stofnana og án fastra launa eiga ekki kost á sambærilegum stuðningi við starf sitt og aðrir höfundar njóta. Lög um listamannalaun og þar með ákvæði um Launasjóð rithöfunda og 480 mánaðalaun, sem honum er ætlað að veita árlega til starfandi höfunda samkvæmt umsóknum, hafa verið túlkuð þannig að þau ættu fyrst og fremst að renna til höfunda skáldverka."

Það eru einnig hugmyndir um það í þessari umsögn frá Hagþenki að hugsanlegt væri að efla Launasjóð rithöfunda og skipta honum í tvær deildir. Þetta er sem sagt hugmynd sem þeir leggja fram. Eins hafa þeir líka komið fram með hugmynd um launasjóð fræðiritahöfunda, þannig að það er alveg ljóst að þarna er á ferðinni ýmislegt sem þarf að skoða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Höfundalög, 2. umr.

Stjfrv., 62. mál (EES-reglur). — Þskj. 62, nál. 323.

[17:22]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 323 um frv. til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73 frá 23. maí

1972, samanber lög nr. 78 frá 30. maí 1984 og lög nr. 57 frá 2. júní 1992. Nál. er frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu. Frumvarpið hefur verið lagt fram tvisvar áður og fjallaði nefndin ítarlega um það á 120. löggjafarþingi, fékk til sín fjölda gesta og aflaði gagna, auk þess sem stuðst hefur verið við umsagnir um málið frá 119. löggjafarþingi.

Frumvarpið fjallar um verndartíma höfunda, réttarstöðu notenda tölvuforrita, höfundarétt vegna leigu og útlána hugverka og höfundarétt vegna endurvarps hugverka og listflutnings um gervihnött eða kapal. Miða breytingarnar eingöngu að því að aðlaga höfundalögin að tilskipunum Evrópusambandsins um höfundavernd. Frumvarpið er að mestu óbreytt frá 120. löggjafarþingi, en gerðar hafa verið smávægilegar breytingar á texta 1. gr. sem fjallar um tölvuforrit, auk þess sem skýringum við 10. gr. var breytt. Eru breytingarnar í samræmi við athugasemdir þær er menntamálanefnd gerði við frumvarpið á síðasta löggjafarþingi.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Menntmn. er einróma í þeirri afstöðu sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130, nál. 328 og 368, brtt. 329.

[17:24]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 328 og breytingartillögur á þskj. 329.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund til sín Ólaf Davíðsson frá forsætisráðuneyti, Magnús Pétursson, Halldór Árnason og Ólafur Hjálmarsson frá fjármálaráðuneyti, Atla Frey Guðmundsson frá viðskiptaráðuneyti og Þórð H. Ólafsson frá umhverfisráðuneyti. Þá fékk nefndin sendar umsagnir um málið frá meiri og minni hluta félagsmálanefndar, meiri og minni hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar, iðnaðarnefnd, landbúnaðarnefnd, meiri og minni hluta menntamálanefndar, samgöngunefnd, meiri og minni hluta umhverfisnefndar, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 2. gr. sem fjallar um lög nr. 80/1996, um framhaldsskóla. Í fyrsta lagi er lagt til að heimild til að leggja á viðbótargjald vegna innritunar utan auglýsts innritunartíma verði hækkuð, en að mati Skólameistarafélags Íslands er slík hækkun nauðsynleg til þess að stuðla að markvissari innritun í framhaldsskóla. Jafnframt er skólanefndum heimilað að láta gjaldið renna til skólasjóðs enda verði sjóðnum ráðstafað í þágu nemenda. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæði gildandi laga um að efnisgjald skuli miðast við þriðjung af raunverulegum efniskostnaði. Ákvæði um hámark efnisgjalds, 12.500 kr. á önn, verði óbreytt. Enda þótt efniskostnaður á matvælabrautum framhaldsskóla hafi reynst nokkuð hærri ber að geta þess að hluti hans er fæðiskostnaður nemenda. Í öðru lagi er lagt til að heimild ráðherra samkvæmt frumvarpinu til að kveða á um gjaldtöku vegna endurinnritunar í bekkjardeildir eða áfanga verði gerð skýrari. Breytingin miðar að því að sérstakt gjald verði innheimt við endurinnritun í áfanga eða bekkjardeild og nær því ekki til upptöku- eða sjúkraprófa. Lagt er til að endurinnritunargjaldið verði 500 kr. fyrir hverja einingu. Þannig þyrfti t.d. að greiða 1.000 kr. fyrir endurinnritun í tveggja eininga áfanga og 1.500 kr. ef um þriggja eininga áfanga er að ræða. Ráðherra er falið að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. Lagt er til að 10. gr. verði breytt þannig að Atvinnuleysistryggingasjóður fjármagni einnig starfsmenntun fiskvinnslufólks. Þannig verður öll starfsmenntun í atvinnulífinu á vegum hins opinbera fjármögnuð með sama hætti með framlögum frá sjóðnum.

3. Til samræmis við tillögur meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar er lagt til að 17. gr. verði breytt þannig að ráðherra verði skylt að leita samráðs við hlutaðeigandi sveitarfélag, auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, áður en hann ákveður að setja reglugerð um að breyta skiptingu heilsugæsluumdæma, fjölda og flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra.

4. Á 19. gr. er lögð til sambærileg breyting og á 17. gr. frumvarpsins um samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag, sbr. umsögn meiri hluta heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

5. Lagt er til að 25. gr., um sérstakt áfrýjunargjald til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, falli brott.

Meiri hlutinn tekur fram að þar sem enn eru óleyst tiltekin mál er varða þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu o.fl. atriðum muni nefndin taka málið aftur til skoðunar milli 2. og 3. umræðu.

Með þessu nál. eru nokkur fylgiskjöl varðandi umsögn meiri hluta félmn., umsögn minni hluta félmn. III. fskj. er umsögn meiri hluta heilbr.- og trn. IV. fskj. er umsögn minni hluta heilbr.- og trn., V. er umsögn iðnn., VI. er umsögn landbn., VII. er umsögn meiri hluta menntmn., VIII. fskj. umsögn minni hluta menntmn., IX. fskj. er umsögn samgn., X. umsögn frá meiri hluta umhvn. og XI. umsögn 1. minni hluta umhvn. og loks er XII. fskj. umsögn 2. minni hluta umhvn.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa eitt fskj. frekar en annað þar sem þetta liggur allt fyrir hjá hv. þingmönnum. Undir nefndarálitið skrifa auk mín Gunnlaugur M. Sigmundsson, Pétur H. Blöndal, Valgerður Sverrisdóttir, Sólveig Pétursdóttir ásamt formanni nefndarinnar, Vilhjálmi Egilssyni.

[17:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. Auk mín standa að álitinu hv. þingmenn Steingrímur J. Sigfússon og Ásta B. Þorsteinsdóttir. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og hún er samþykk þessu áliti.

Herra forseti. Þingheimur skiptist í stjórn og stjórnarandstöðu um þetta mál og það í sjálfu sér ekki að ástæðulausu vegna þess að þetta er eitt af meginfrumvörpum ríkisstjórnarinnar sem hún hefur lagt fram á þessu þingi. Þetta er hefðbundið frv. í tengslum við ríkisfjármál þar sem gerðar

eru fjölmargar breytingar á mörgum lögum. Þetta frv. er kallað vinnuheitinu bandormurinn. Það er ekki nýyrði. Slíkt frv. hefur sést oft áður og þá venjulega gengið undir þessu heiti vegna þess að í því eru gerðar breytingar á mörgum lögum.

Frv. endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar í skatta- og ríkisfjármálum. Það er tekið á mjög mörgum málaflokkum í þessu frv. og minni hlutinn og stjórnarandstaðan öll er andsnúin því og þær breytingartillögur sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur lagt fram bæta þetta mál lítið og gera það að nokkru leyti enn verra.

Fyrst er til að taka að í frv. er lögum sem varða menntamál breytt. Og það er ánægjulegt að sjá í þingsal bæði hæstv. menntmrh. og hv. formann menntmn. svo að greinilegt er að þeir hv. þm. vita upp á sig einhverja sök í þessu máli og vilja vera tilbúnir til andsvara. Og vissulega er það svo, herra forseti, að af nokkru er að taka hvað varðar þennan málaflokk.

Fyrst er að nefna að í 1. gr. frv. eru framlög til Þjóðarbókhlöðunnar skert. Það fer vel á því, herra forseti, að það skuli vera gert í 1. gr. þessa merka frv. ríkisstjórnarinnar að skerða sérstaklega gildandi lög og gildandi tekjustofn, lögbundinn tekjustofn Þjóðarbókhlöðu og menningarbygginga. Þessi sérstaki skattur sem lagður var á fyrir þó nokkuð mörgum árum til að klára byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Eins og einhverjir hv. þm. muna eftir hófst, ef ég man rétt, bygging Þóðarbókhlöðunnar 1978 eða 1974, ég man nú ekki alveg hvort var. Ég held að það byggingartíminn hafi verið kominn upp undir 20 ár þegar hún var opnuð með viðhöfn. Skatturinn var lagður á með þeirri röksemd að það þyrfti að klára þetta mannvirki. Framlagið hefur verið skert undanfarin ár og þess má geta að í þessu frv. er gert ráð fyrir að spara ríkinu 150 millj. kr. vegna þessarar skerðingar á tekjustofninum og renna þær í ríkissjóð. Minni hlutinn hefði talið rétt með tilliti til forsögu málsins að verja þessum tekjum til upprunalegs markmiðs, þ.e. til Þjóðarbókhlöðunnar eða þess vegna annarra menningarbygginga eins og getið var um í lögunum á sínum tíma því að það er sorglegt að þurfa að segja frá því að jafnvel þó að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar sé lokið, þá er langt í frá að hún hafi verið gerð þannig úr garði að geta kallast alvöru háskólabókasafn, því miður. Nú tala ég af nokkurri reynslu því að ég þekki vel til bókasafnsmála Háskóla Íslands. Það hefur verið þannig um mjög mörg ár að aðstöðuleysi háir Háskóla Íslands og öðrum menntastofnunum. Úr því var bætt því með byggingu Þjóðarbókhlöðunnar. Þetta er glæsilegt hús og þjónar mjög vel því markmiði sem því var ætlað, glæsileg umgjörð um þá starfsemi sem á að fara fram í þessu húsi. Hins vegar vantar mikið á að bókakostur þessa safns sæmi þjóð sem vill kalla sig menntaþjóð og vill leggja áherslu á háskólakennslu og háskólarannsóknir. Þetta er sorgarsaga og fram hefur komið í mörgum skýrslum að hér hefði þurft að taka á. Það var að hluta til gert þegar Þjóðarbókhlaðan var tekin í notkun og þá einkum að frumkvæði stúdenta við Háskóla Íslands sem söfnuðu fé til bókakaupa og tímaritakaupa og margir lögðust á árina við að búa þessa glæsilegu byggingu þeim bókum sem nauðsynlegar eru. En enn vantar mikið á að hægt sé að vinna í henni á viðunandi hátt. Það má til að mynda geta þess að háskólakennarar sem vinna að rannsóknastörfum verða nær allir að fara til útlanda á bókasöfn ef þeir vilja sinna fræðasviðum sínum. Ég sé ástæðu til að gera þetta að sérstöku umtalsefni vegna þess að uppbygging í menningarmálum hefur að mörgu leyti verið afskipt í tíð núverandi ríkisstjórnar og sjást þess merki greinilega bæði í fjárlagafrv. og í fjárlögum síðasta árs. Það hefði verið tilefni að okkar mati til að skoða þessi mál varðandi þjóðarbókhlöðuskattinn í samhengi, þ.e. hvort ekki væri hægt að finna not fyrir tekjur á þessu sviði menningu og menntun til framdráttar.

2. gr. bandormsfrv. snýr einnig að skólakerfinu og það er hinn margfrægi fallskattur hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar, þar sem að mati okkar er vegið að grundvallaratriðum menntakerfis okkar með þeirri framsetningu sem er í frv. Þar er lagt til sérstakt innritunargjald fyrir nemendur sem endurritast í bekk eða áfanga í framhaldsskólum. Upphaflega þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir að gjaldið yrði 1.500 kr. á áfanga eða á próf, en síðan tók þetta breytingum í nefndinni og meiri hlutinn lagði til aðra útfærslu. Það er ein af þeim breytingartillögum sem lögð er til af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. og gerði hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson grein fyrir henna fyrir hönd meiri hlutans. Þar er orðalagið þannig varðandi þetta gjald, með leyfi forseta:

„Heimilt er framhaldsskólum að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og skal upphæð gjaldsins miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn."

Síðan skal setja nánari ákvæði um reglugerð um gjaldtökuna af hálfu menntmrh., m.a. um tilhögun innheimtu og undanþágu frá greiðslu gjaldsins. Minni hlutinn og stjórnarandstaðan lýsa sig andvíga þessari aðferðafræði sem hér er lagt upp með, þessum fallskatti á nemendur sem einhverra hluta vegna verða að endurtaka áfanga eða bekk í framhaldsskólum. Að okkar mati er ekki tekið tillit til sérstakra aðstæðna sem vitaskuld geta verið orsakir þess að nemendur lenda í því að þurfa að endurtaka nám sitt að nokkru leyti. Að okkar mati sýnir þessi framsetning fjandsamleg viðhorf skóla og ríkisvalds gagnvart nemendum. Þessi útfærsla getur einnig hrakið nemendur frá námi. Þó að við í nefndinni gengjum ítrekað eftir því hvernig þetta yrði útfært í einstökum atriðum, þá lá meiri hluta hv. efh.- og viðskn. svo á að keyra málið í gegn að þau svör fengust ekki. Það er vitaskuld ekki góð stefna, þegar verið er að setja íþyngjandi löggjöf á viðkvæmu sviði, að margir endar lausir skuli vera í útfærslu málsins.

Mig langar, herra forseti, að vitna aðeins til álits minni hluta menntmn., en efh.- og viðskn. vann þennan bandorm þannig að hún vísaði einstökum greinum til viðkomandi fagnefnda þingsins og eru það vinnubrögð sem hafa verið tíðkuð áður í sambandi við bandormsfrumvörp. Við mættum e.t.v. viðhafa slík vinnubrögð í meira mæli á hinu háa Alþingi, þ.e. að kalla til mats hjá einstökum fagnefndum. Það var gert í þessu tilfelli. Ýmsar nefndir klofnuðu í afstöðu sinni. Undir álit minni hluta menntmn. rita fulltrúar stjórnarandstöðunnar í menntmn.: Hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Þær eru allt hv. þm. sem kunna vel skil á skólamálum og efast ég satt að segja um að til sé bærari hópur á Alþingi til að fjalla um menntamál af víðsýni og þekkingu en einmitt þessi minni hluti menntmrn. Í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Þá vara undirritaðar við áformum um svokallaðan fallskatt þar sem til stendur að innheimta 1.500 kr. gjald af nemendum sem endurinnritast í próf eða áfanga í framhaldsskóla. Þetta er rökstutt með því að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og skipulagningar kennslu. Þetta gjald á að gefa 32 millj. kr. í ríkissjóð. Ef um skipulagsvanda í

einstaka skólum er að ræða telja undirritaðar að taka eigi á honum með viðeigandi hætti en ekki að láta nemendur greiða viðbótargjöld. Aukin ráðgjöf og eftirlit væri mun virkari leið til skilvirkara skólastarfs.

Enda þótt tekið verði tillit til fötlunar einstaka nemanda er ljóst að jaðartilvik verða fjölmörg og innheimta því flókin og erfið, ef ekki óframkvæmanleg.

Þá er líklegt að þetta gjald auki enn frekar á brottfall nemenda, ekki síst þeirra sem erfiðast eiga uppdráttar í skólunum og koma frá efnalitlum heimilum. Þessum hópi er hvorki boðið nám við hæfi, atvinna né atvinnuleysisbætur."

Þetta var úr áliti minni hluta menntmn. um fallskatt hæstv. menntmrh. Þótt svo greinin tæki nokkrum breytingum í meðförum nefndarinnar eins og ég gat um áðan, þá er ekki um að ræða neinar efnisbreytingar og engar þær breytingar sem gefa tilefni til endurmats á þessari álitsgerð minni hluta menntmn.

Herra forseti. Meiri hluti efh.- og viðskn. bætti um betur í meðförum því við héldum nú þegar umræðan byrjaði í nefndinni að það yrði reynt að endurmeta þetta. Það yrði reynt að lækka þetta og finna þessu betri farveg. Okkur fannst á tímabili að meirihlutamenn í efh.- og viðskn. væru aðeins hugsi yfir þessum skatti sem þarna var lagður á. En efnislegar breytingar komu ekki varðandi þennan þátt. Hins vegar komu þeir með eina efnislega breytingu en hún var ekki í áttina til þess að létta þetta mál heldur var bætt við sérstakri heimild til álagningar innritunargjalds þannig að nú verður heimilt að taka 25% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til innritunar utan auglýsts innritunartíma. Innritunargjald má ekki vera hærra en 6 þús. kr. ári, það er óbreytt, en það er bætt inn heimild ef menn einhverra hluta vegna innritast utan venjulegs tíma, þá er hægt að gera það með álagi upp á 25%. Hér er bætt við íþyngjandi heimild gagnvart nemendum í framhaldsskólum. Þannig að allt er nú þetta á sömu bókina lært. Þrátt fyrir þá umræðu sem hófst varðandi þennan fallskatt hæstv. ráðherra að þá var bætt við viðbótarheimild til að innheimta aukagreiðslu ekki einungis við það að menn missa af prófum eða falla á prófum heldur líka einnig ef menn geta einhverra hluta vegna ekki innritað sig á réttum tíma.

Herra forseti. Okkur í minni hlutanum og stjórnarandstöðunni finnst að menntastefna hæstv. ríkisstjórnar sé alltaf að birtast skýrar. Okkur finnst að þessi ákvæði í bandorminum geri ekkert annað en að staðfesta það mat okkar að ríkisstjórnarstefnan er fjandsamleg gagnvart menntamálum. Við segjum í okkar nál. að við teljum að afstaða ríkisstjórnarinnar gagnvart menntamálum einkennist af því að sýna þessum málaflokki lítilsvirðingu. Okkur finnst í ljósi þess hve menntamál eru mikilvæg í þjóðfélagi okkar, hafa að vísu verið það en verða enn mikilvægari á næstu áratugum og ekki hvað síst í ljósi þeirrar umræðu sem átti sér stað hér fyrir síðustu kosningar, að hér sé heldur betur komið aftan að hlutunum þegar við skoðum menntastefnu ríkisstjórnarinnar í heild. Það hefur komið fram í niðurskurði til framhaldsskóla, t.d. í fjárlagafrv. sem nú er til afgreiðslu. Þetta kom strax fram á fyrsta þingi ríkisstjórnarinnar í samdrætti gagnvart mörgum málaflokkum í menntamálum og það birtist enn og aftur í þessum tveimur bandormsgreinum, þ.e. skerðing á tekjustofni til Þjóðarbókhlöðu og menningarbygginga og síðan hinn margfaldi fallskattur hæstv. menntmrh. Þetta eru stefnumálin hans, þetta er stefna hans sem kemur hér mjög skýrt fram.

Það er ekki einungis, herra forseti, að búið sé að svíkja, að mati okkar í stjórnarandstöðunni, öll þau kosningaloforð sem þessir ríkisstjórnarflokkar gáfu fyrir síðustu kosningar en þá átti að gera mjög mikið í menntamálum. Við höfum ekki orðið vör við það í ríkisstjórnarstefnunni, þvert á móti höfum við einnig verulegar áhyggjur af því að lítil áhersla ríkisstjórnarinnar á þennan málaflokk gerir vitaskuld ekkert annað en að endurspegla forgangsröðun ríkisstjórnarinnar. Það er ljóst að þessi ríkisstjórn setur ekki menntamál í forgang. Það eina sem hæstv. ríkisstjórnin hefur haft gagnvart menntamálum að segja hafa verið svo sem fögur orð á tyllidögum þegar svo ber undir en það hefur ekki komið fram í skýrari stefnumörkun, auknum fjármunum né langtímastefnu í þessum málaflokki.

Þetta væri e.t.v. ekki svo alvarlegt, herra forseti, ef við værum ekki að horfa upp á stöðu okkar í alþjóðlegu samhengi. Allir þeir sem vilja vita þekkja að lífskjör í upphafi næstu aldar munu markast fyrst og fremst af stöðu einstakra þjóða í menntamálum. Hversu menntuð er þjóð — og þegar maður talar um menntun þjóðar þá er það mjög breitt svið. Það þarf ekki endilega að vera háskólamenntun, það getur alveg fólgist í verkmenntun, tæknikunnáttu, vísindarannsóknum og góðum grunnskólum. Það er mjög margt sem tengist menntamálum í víðu samhengi þegar við eru að skoða stöðu okkar á alþjóðlegum mörkuðum. Því það er eitt sem við vitum, þó við vitum e.t.v. ekki mjög margt um framtíðina, að samkeppni milli þjóða og milli einstaklinga á sviði verslunar og viðskipta mun aukast mjög mikið á næstu áratugum. Það er allt sem stefnir til nánara sambands og nánari samskipta einstakra þjóða og þessi samkeppni ræðst vitaskuld af því hvernig menn koma undirbúnir til þeirrar orrustu. Það að leggja ekki áherslu á menntamál eins og fjölmargar aðrar þjóðir, nágrannaþjóðir, gera segir okkur einungis það að við munum vera verr undir það búin að mæta öðrum þjóðum á alþjóðavettvangi.

Við þekkjum það reyndar, Íslendingar, af því búum við ágætis lífskjör að mörgu leyti, með hverju við höldum uppi þessum lífskjörum. Það gerum við fyrst og fremst með einu — með því að vinna yfir 30% lengri vinnudag en nágrannaþjóðirnar. Þannig getum við haldið okkur uppi hvað viðvíkur lífskjörum. En það er ekki svo með menntamál. Ef við leggjum ekki áherslu á menntamál og grunnmenntun alveg frá grunnskóla og upp í háskóla getum við ekki bætt okkur það upp. Við getum ekki bætt okkur upp menntunarleysi með aukinni vinnu eða auknum fiskafla. Þetta er miklu alvarlegra mál en svo. Ef menntamál eru látin drabbast niður vegna sparnaðar, eins og það heitir hjá hæstv. ríkisstjórn, þá tekur ótrúlega langan tíma að byggja upp menntunarstig þjóða aftur. Þetta vita allir sem þekkja til mála og hafa kynnt sér þessi mál, að það er allt annað að dragast aftur úr í menntamálum heldur en í nokkrum öðrum málaflokki sem er studdur eða unninn af opinberri hálfu.

Herra forseti. Við í stjórnarandstöðunni höfum kosið að gera menntamál að umtalsefni varðandi þessa ríkisstjórn, bæði í sambandi við þetta bandormsfrv. og einnig í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Við höfum verulegar áhyggjur af því að með þessari ríkisstjórnarstefnu sem endurspeglast í hverju frv. á fætur öðru, þá séum við ekki að gera neitt annað en að rýra lífskjör þegar fram líða stundir. Við erum ósammála þessari stjórnarstefnu. Við erum hrædd við þessa stjórnarstefnu. Við ætlum að reyna allt sem við getum til að berjast gegn þessari stjórnarstefnu.

Ég hef farið yfir þá þætti sem snúa að menntmrn. en ekki batnar lesningin þegar komið er lengra fram í frv. Þar er sérstaklega tekið á og skert framlög til fatlaðra. Það var þá málaflokkurinn, herra forseti. Það er sennilega það fólk sem hefur mesta möguleika á að leggja eitthvað til ríkisfjármála, sennilega sá hópur manna sem getur nú greitt best úr ríkissjóðsvandræðum núv. hæstv. ríkisstjórnar. Í frv. eru framlög til málefna fatlaðra skert, þ.e. til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Það er gert ráð fyrir því að ríkisstjórnin nái af sjóðnum 268 milljónir og er nú reitt hátt til höggs gagnvart þeim einstaklingum sem hvað erfiðast eiga með að bera hönd fyrir höfuð sér. Okkur í minni hlutanum finnst ekki stórmannlega að farið hér og hefði verið nær að hlífa þessum málaflokki við skerðingaráformum ríkisstjórnarinnar eins og þær birtast í frv. Þar er haldið áfram uppteknum hætti. Það var að hluta til gert í fyrra einnig, að það er skertur markaður tekjustofn í mjög mikilvægum málaflokki. Ekki má gleyma því að það var ekki að ástæðulausu þegar menn stofnuðu Framkvæmdasjóð fatlaðra og mörkuðu honum ákveðinn tekjustofn. Það var ekki að ástæðulausu að menn kusu þennan farveg. Menn vissu að hér var brýnt að fjármagna úrbætur á sviði sem er mjög erfitt aðkomu og felur í sér fyrir þá einstaklinga, bæði fjölskyldur og fatlaða, mjög þungbæra hluti sem samfélaginu ber skylda framar öðru að hlúa vel að. Það er einfaldlega skylda okkar gagnvart meðborgurum að gera eins vel og við getum gagnvart því fólki sem á við fötlun að etja, sama hvers eðlis hún er, og ekki hvað síst að taka tillit til fjölskyldna slíkra einstaklinga. Þetta er mjög brýnt.

Þetta er e.t.v. eitt af því sem skilur á milli hvort fólk aðhyllist jafnaðarstefnu eða þá hægri frjálshyggju, afturhaldsstefnu, sem þessi ríkisstjórn einkennist svo mikið af. Þar kemur e.t.v. lífsskoðun vel í ljós þegar menn taka til við að þrengja að þessum málaflokkum. Við lítum svo á í stjórnarandstöðunni að hér sé um ranga stefnu að ræða. Hv. félmn. fékk þetta mál til umfjöllunar og þar klofnaði nefndin því meiri hlutinn gerði satt best að segja ekkert annað í þessu nefndarstarfi en meira og minna skrifa upp á frv. eins og það leit út en minni hlutinn lagði nokkuð meiri vinnu í málið. Mig langar að vitna aðeins til umsagnar minni hluta félmn. en þann minni hluta skipa Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Þar segir svo einmitt um þetta mál sem ég er hér að gera að umtalsefni, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hlutinn er andvígur 9. gr. frv. sem felur í sér að erfðafjárskattur umfram 165 milljónir renni til ríkissjóðs. Þegar lögfest var heimild Framkvæmdasjóðs til að veita framlag til nýrra viðfangsefna á rekstrarsviði, svo sem til liðveislu og til stuðningsfjölskyldna fatlaðra, var það gert með þeim formerkjum að erfðafjárskattur rynni óskiptur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þarna var um mjög mikilvæg stuðningsúrræði að ræða, til þess fallin að minnka þörf fyrir stofnanir eins og verndaða vinnustaði og skammtímavistanir. Reiknað var með að þegar rekstrarverkefnum yrði létt af sjóðnum (væntanlega þegar mestu efnahagsþrengingarnar væru að baki) mundu sjóðsframlög renna óskipt til uppbyggingar að nýju. Minni hlutinn varar við að þegar umræddum rekstrarliðum er létt af sjóðnum skuli fjárframlög jafnframt skorin niður og bendir á að þrátt fyrir mikla þörf fyrir uppbyggingu, svo sem sambýli, eiga 255 millj. kr. að renna í ríkissjóð."

Hér er mjög skýrt að orði komist, herra forseti, og það er augsýnilegt af þessari tilvitnun í nál. minni hluta hv. félmn. að þessi útfærsla eins og frv. gerir ráð fyrir er satt best að segja fyrir neðan allar hellur.

Herra forseti. Nú er mér ekki alveg kunnugt um dagskrá en mig minnir að gert væri ráð fyrir að gert yrði fundarhlé.

(Forseti (GÁS)**:** Það er miðað við að ljúka þessum fundi eftir 5 til 10 mínútur. Efh.- og viðskn. áformar að halda fund í kvöld þannig að það er vandséð hvernig hægt verður að halda áfram umræðum um þetta mál. Eftir u.þ.b. 5 til 10 mínútur verður þessum fundi slitið á heppilegum stað í ræðu hv. þm.)

Ég þakka fyrir, herra forseti, og mun ég þá reyna að taka tillit til þess skipulags sem forseti hefur ákveðið á fundinum. Mér líst þunglega á það, miðað við framgang í ræðu minni, að ég ljúki henni á þeim tíma sem eftir er, en það gefst þá tækifæri til þess að koma aftur að málinu þótt svo að ræðu yrði frestað.

Í þessum samdrætti sem er látinn bitna á Framkvæmdasjóði fatlaðra er ekki einungis sá málaflokkur sem snýr að fötluðum heldur einnig varðandi byggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Það er alveg sérstaklega skorið niður hjá þeim og kemur þetta enn og aftur. Ég á erfitt með að skilja hugsunarhátt hæstv. ríkisstjórnar. Maður getur sagt að stundum gera menn eitthvað í athugunarleysi en því er ekki að heilsa í þessu tilviki vegna þess að á þetta var bent mjög ítarlega við 1. umr. þessa máls. Mig langar, herra forseti, að vitna aftur í álit minni hluta félmn. en þar kemur einmitt mjög skýrt fram hvernig er komið fram gagnvart geðfötluðum. Það segir í álitinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Minni hlutinn bendir jafnframt á að skv. 39. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er fimm ára átak í gangi varðandi byggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Engar upplýsingar er að finna um fimmtu og síðustu greiðslu til þessarar uppbyggingar fyrir geðfatlaða sem Alþingi ákvað fyrir fimm árum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var sérstaklega tilgreind 20 millj. kr. fjárveiting úr ríkissjóði og að hún væri sú fjórða af fimm."

Herra forseti. Hér er mjög skýrt lýst hvernig atburðarásin átti að vera gagnvart geðfötluðum. Það var fimm ára áætlun sem átti að vinna eftir og ég skil það svo að hér hafi verið um að ræða lögbundin ákvæði sem með þessu frv. eru einfaldlega brotin. Og nú, herra forseti, er ég í nokkrum vandræðum vegna þess að ég vildi mjög gjarnan spyrja einhvern af forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar um ástæðu fyrir því að hafa lagt til í fyrra 20 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði og tekið sérstaklega fram að það væri sú fjórða af fimm greiðslum, ég óska eftir að fá að vita og fá skýringar, herra forseti, frá fjmrh. eða einhverjum forsvarsmanni þessarar ríkisstjórnar hvernig stendur á þessu.

(Forseti (GÁS)**:** Nú er úr vöndu að ráða því enginn þeirra er í húsi. Eins og forseti gat um áður er hugmyndin að ljúka þessum fundi núna á hverri stundu. Ef til vill er þetta heppilegur tími til að gera hlé á ræðu hv. þm.)

Herra forseti. Ég þakka upplýsingarnar. Ég hélt að stjórnarflokkarnir mundu sjá til þess að einhver væri á vaktinni þegar verið væri að ræða eitt mikilverðasta mál ríkisstjórnarinnar. Ég er hins vegar svo vanur því að sjá fáa stjórnarliða, hvað þá ráðherra, í þingsölum að ég kippti mér ekki upp við það, bjóst hins vegar við að menn hlustuðu með gaumgæfni í hliðarsölum og væru reiðubúnir að grípa inn í. Nú upplýsir hæstv. forseti að svo sé ekki. Ég er með spurningar til fjmrh. eða forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar varðandi þennan málaflokk, hvort sem það er fjmrh., heilbrrh. eða félmrh.,

sem verða að svara því að það þarf að skýra hvort hér sé hreinlega um lögbrot að ræða á þeirri samþykkt. Ég veit það ekki. Sérlög eru látin taka af önnur lög en ég vil alla vega fá skýringar á þessari vöntun á fimmtu greiðslunni. Úr því að ég fæ ekki svar við þessu, herra forseti, því enginn er viðstaddur til að svara, fer ég þess á leit við forseta hvort við getum þá ekki gert hlé á þessari umræðu og tekið hana upp aftur þegar hér er einhver forvígismaður til að svara spurningum sem upp kunna að koma í umræðunni.

(**Forseti** (GÁS):Forseti tekur undir það og finnst þetta vera prýðilegur tími til þess að gera hlé á ræðu hv. þm. Ég sé að hv. þm. tekur þeim tilmælum forseta.)

Já, ég þakka forseta.

[18:07]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 150. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 372; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 373.

Póst- og fjarskiptastofnun, 149. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 374; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 375.

Póstþjónusta, 151. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 376; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 377.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 18:08.

---

46. FUNDUR

þriðjudaginn 17. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160, nál. 324, 333 og 336, brtt. 325. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157, nál. 236, brtt. 237. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 181. mál, þskj. 202, nál. 361 og 363, brtt. 362. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, stjfrv., 57. mál, þskj. 354, brtt. 369. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 203. mál, þskj. 229, nál. 318. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Listamannalaun, stjfrv., 135. mál, þskj. 149, nál. 335. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Höfundalög, stjfrv., 62. mál, þskj. 62, nál. 323. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 121. mál, þskj. 132, nál. 365, brtt. 366. — 2. umr.
10. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164, nál. 374, brtt. 375. — 2. umr.
11. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165, nál. 372 og 373. — 2. umr.
12. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166, nál. 376, brtt. 377. — 2. umr.
13. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328 og 368, brtt. 329. — Frh. 2. umr.
14. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326, brtt. 327. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, 243. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 378.

Öryggi raforkuvirkja, 73. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 379; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 380.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um kl. fimm síðdegis fer fram utandagskrárumræða, það gæti orðið um 15 mín. yfir fimm. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson og dómsmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða. Efni umræðunnar er Schengen-samstarfið.

Um fundarhaldið að öðru leyti vill forseti geta þess að þegar lokið er atkvæðagreiðslum um átta fyrstu dagskrármálin og 9. dagskrármálið er gert ráð fyrir að settur verði nýr fundur og fari þá fram frekari atkvæðagreiðslur.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 160, nál. 324, 333 og 336, brtt. 325.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]

Brtt. 325,1.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP.

11 þm. (BH, EOK, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 325,1.b samþ. með 38 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, VH, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÓE.

10 þm. (KHG, KH, GL, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, BH, EOK, GGuðbj) greiddu ekki atkv.

15 þm. (JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE, ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi tillaga fjallar um að samræma tryggingagjald milli atvinnuvega. Tillaga fjallar um grundvallaratriði. Þeir sem vilja áframhaldandi mismunun milli atvinnugreina styðja ekki þessa tillögu. Þingflokkur jafnaðarmanna telur að ívilnanir og mismunun gagnvart einstökum atvinnugreinum eigi ekki að vera í skattalögum. Með næstu tillögu er þessari samræmingu dreift á fjögur ár sem er að okkar mati viðunandi útfærsla. Við styðjum þessa tillögu og ég segi já.

Brtt. 325,1.c–d samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (BH, EOK, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (BH, EOK, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 325,2.a (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 29:16 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GL, GÁS, JóhS, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

3 þm. (EOK, GGuðbj, SJS*) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við í þingflokki Alþb. og óháðra stöndum ekki að þessum skattalagaæfingum hæstv. ríkisstjórnar sem felast m.a. í breytingum á tryggingagjaldi og síðan í breytingum á álagningu vörugjalda og lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts á viðhaldi íbúðarhúsnæðis. Við höfum því ekki greitt atkvæði um meginefnisgreinar frv. En hér eru brtt. á ferð í staflið a á 2. tölul. á þskj. 325 sem sérstök ástæða er til að vekja athygli á þar sem verið er að tína ýmsa útgjaldaliði inn á þennan tekjustofn, tryggingagjaldið, fjárveitingar til Staðlaráðs og fyrirbæris sem hér er nefnt Icepro sem á að fá 0,001% af þessum gjaldstofni. Við teljum þetta óeðlilegt með öllu og ef ríkið kostar slíka starfsemi eða styrkir hana þá eigi að gera það með venjubundinni fjárveitingu á fjárlögum. Við greiðum því atkvæði gegn þessum tölulið brtt.

[13:42]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í þessari brtt. er kveðið á um markaðan tekjustofn til tveggja tiltekinna stofnana, Staðlaráðs og Icepro. Við í þingflokki jafnaðarmanna erum alfarið á móti því að taka upp markaðan tekjustofn með þessum hætti. Með þessu er tilteknum stofnunum og fyrirtækjum veittur forgangur fram yfir önnur sem síðar kynnu að hasla sér völl á þessu sviði. Þessi brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. er dæmi um vond vinnubrögð og slæma stefnu. Ég segi því nei.

Brtt. 325,2.b (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (BH, EOK, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (BH, EOK, GL, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHall, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 142. mál (gjaldflokkar, lækkun gjalda). — Þskj. 157, nál. 236, brtt. 237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (KHG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:45]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um breytingar á vörugjaldi. Það hangir að nokkru leyti saman við frv. um tryggingagjald sem hér var verið að afgreiða og við studdum meginþætti þess frv. Þetta frv. gengur út á lækkun vörugjalds og þar með lækkun á útgjöldum einstaklinga. Við styðjum þá aðferðafræði sem þar er lagt upp með og gerum ekki athugasemdir við þá vöruflokka sem lækkuð eru gjöld á. Við teljum vera samræmi í þessu í ljósi breytinga sem gerast á alþjóðlegum vettvangi, þ.e. að lækka vörugjöld. Fjármögnun þessa liðar er einnig tryggð með afgreiðslu fyrra frv. sem hér var til afgreiðslu. Við styðjum því þetta frv. eins og það kemur frá meiri hluta efh.- og viðskn.

2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (BH, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 237,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (BH, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (BH, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 237,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (BH, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (BH, GL, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP.

8 þm. (BH, GL, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GGuðbj, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, RA, SighB, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 181. mál. — Þskj. 202, nál. 361 og 363, brtt. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]

Brtt. 362,1 samþ. með 49 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 362,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 362,3 (ný 7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 362,4 (nýtt ákvæði til brb.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, MS, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við höfum stutt þau ákvæði þessa frv. sem við teljum til bóta og sömuleiðis brtt. sem varða það að fella niður þessa gjaldtöku á fiskvinnsluna frá og með næsta ári. En hér er til atkvæða brtt. um að nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við langan lista af slíkum í þessum lögum sem flest tengjast því klúðri sem verið hefur í meðferð málefna smábátanna eða krókabátanna. Því var haldið fram af okkur í stjórnarandstöðunni á sl. vori að enn einu sinni væru menn að tengja tímasprengju með frágangi þess máls og það er enn að sannast, m.a. með þessari brtt., þar sem ætlunin er að reyna að fækka í hópi krókabáta á sóknardögum sökum fyrirsjáanlegra þrenginga sem þar eru fram undan þegar á næsta fiskveiðiári en líkur eru á að sóknardögum fækki til mikilla muna. Við lýsum allri ábyrgð á hendur hæstv. ríkisstjórn fyrir þetta endurtekna klúður hvað varðar meðferð málefna smábátanna og greiðum ekki atkvæði.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GL, KHG, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 57. mál (heildarlög). — Þskj. 354, brtt. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]

Brtt. 369,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VH, ÞorstP.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Brtt. 369,2 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GL, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JónK, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VH, ÞorstP, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VH, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, KHG, KH, LB, RG, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GuðjG, GMS, HjálmJ, HG, IP, JBH, KÁ, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 388).

Lögskráning sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 203. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 229, nál. 318.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Listamannalaun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 135. mál (markmið, greiðslufyrirkomulag o.fl.). — Þskj. 149, nál. 335.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 335 samþ. með 51 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
10.–12. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Höfundalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 62. mál (EES-reglur). — Þskj. 62, nál. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–13. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 358.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 132, nál. 365, brtt. 366.

[14:04]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar og meðfylgjandi brtt.

Nefndin hefur fjallað um málið og var umfjöllun hennar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Formaður og einn nefndarmanna fóru yfir þær umsóknir um ríkisborgararétt sem nefndinni bárust í því skyni að kanna hvort þær uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisborgararéttar, sbr. þskj. 723 á 118. löggjafarþingi. Síðan fjallaði nefndin í heild sinni um umsóknirnar.

Við afgreiðslu á frumvarpinu hefur nefndin haft að leiðarljósi fyrrgreindar reglur um veitingu ríkisborgararéttar. Umsóknir sem ekki hljóta afgreiðslu nú bíða þar til síðara frumvarpið um ríkisborgararétt verður afgreitt á vorþingi, en þá koma óafgreiddar umsóknir aftur til skoðunar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er lagt til að 53 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Allir nefndarmenn undirrita nál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Brtt. 366 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. mál.

Fundi slitið kl. 14:08.

---

47. FUNDUR

þriðjudaginn 17. des.,
að loknum 46. fundi.

Dagskrá:

1. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 203. mál, þskj. 229. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Listamannalaun, stjfrv., 135. mál, þskj. 149 (með áorðn. breyt. á þskj. 335). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Höfundalög, stjfrv., 62. mál, þskj. 62. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 121. mál, þskj. 132 (með áorðn. breyt. á þskj. 366). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 160 (með áorðn. breyt. á þskj. 325). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Vörugjald, stjfrv., 142. mál, þskj. 157 (með áorðn. breyt. á þskj. 237), brtt. 391. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 181. mál, þskj. 202 (með áorðn. breyt. á þskj. 362). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164, nál. 374, brtt. 375. — 2. umr.

9. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165, nál. 372, brtt. 373. — 2. umr.

10. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166, nál. 376, brtt. 377. — 2. umr.

11. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379, brtt. 380. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

12. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328 og 368, brtt. 329. — Frh. 2. umr.

13. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326, brtt. 327. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

[14:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það hagar svo til um 1.–7. dagskrármál að of skammt er liðið frá 2. umr. og þarf að leita afbrigða til þess að dagskrármálin megi koma fyrir. Í öðru lagi er of skammt liðið frá útbýtingu nál. í 11. dagskrármáli, Öryggi raforkuvirkja. Og í þriðja lagi er of skammt liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 391. Forseti hyggst nú leita afbrigða fyrir öllum þessum málum í einu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:10]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kann vel að meta það að menn reyni að vinna rösklega hér á síðustu dögum þingsins fyrir jól. En mér finnst satt að segja nokkuð langt gengið hér að það sé verið að óska eftir afbrigðum fyrir máli sem ekki er einu sinni búið að dreifa nál. með, sem er 11. dagskrármálið á þessari nýju dagskrá. Síðan eru hér inni stórpólitísk ágreiningsmál þó að menn hafi ekki mótmælt þeim harkalega í umræðum að undanförnu. Ég verð því að segja alveg eins og er að mér hefði fundist eðlilegra að þessi mál hefðu verið rædd á vettvangi formanna þingflokkanna áður en knúin er fram atkvæðagreiðsla um afbrigði. Ég gagnrýni það, hæstv. forseti, og mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um afbrigðin.

[14:11]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur heyrt þetta. Honum var kunnugt um að þetta nál. er á leiðinni og málið verður auðvitað ekki tekið fyrir fyrr en því hefur verið útbýtt. En við greiðum þá atkvæði um þetta hvert í sínu lagi. (**SJS:** Forseti. Ég óska eftir sér atkvæðagreiðslu um fyrstu fjögur dagskrármálin.) Já.

Forseti er nú upplýstur um að nál. sé þegar komið á borð þingmanna. (Gripið fram í.) Við greiðum atkvæði um þessi afbrigði hvert í sínu lagi, en þó fyrst um 1.–4. dagskrármál.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–4. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv.

[14:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er leitað afbrigða um að 5., 6. og 7. dagskrármál megi koma til afgreiðslu á fundinum.

Of skammt var liðið frá 2. umr. 5.–7. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, ÞorstP.

nei: ÖJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, ÓÖH, RG, SighB, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

[14:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er leitað afbrigða um að 11. dagskrármál megi koma til umræðu og afgreiðslu á fundinum en það er of skammt liðið frá útbýtingu nefndarálits. (**Gripið fram í:** Það er ekki búið að dreifa nefndarálitinu.) Forseti er upplýstur um að það sé búið að dreifa því. (**Gripið fram í:** Það er ekki búið að dreifa því.) Forseti ætlar að ganga úr skugga um hvað er rétt í þessu.

Minnihlutaálitið um 11. dagskrármálið mun ekki vera komið og málið verður að sjálfsögðu ekki tekið fyrir fyrr en það liggur fyrir, en meirihlutaálitið liggur fyrir, og verður þá leitað afbrigða um málið.

[14:17]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en verið á móti því að þetta mál komi til umfjöllunar á þinginu. Ég vil að það sé farið eftir því, sem er venjulegt að þegar aðilar óska eftir því að fá að koma til viðræðu við nefndir, að því sé þá sinnt. Það var sérstaklega farið fram á að aðilar sem höfðu skýringar fram að færa í málinu kæmu til viðræðna. Því var ekki sinnt. Ég get ekki fallist á svona málsmeðferð og greiði svo sannarlega atkvæði gegn þessu. Þarna er um það að ræða að verið er að flytja kostnað yfir á almenning í landinu sem skiptir í sumum tilvikum allt að 1.000% í hækkun. 1.000% til hækkunar. Þetta er mál sem er ekki nægjanlega vel unnið og ég get engan veginn fallist á svona vinnubrögð.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. 379. — Afbrigði felld með 17:29 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VH, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ÁMM, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

[14:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þetta leysist með þeim einfalda hætti að afbrigðin eru felld og atkvæðagreiðslunni er lokið. Það þarf tvo þriðju atkvæða til að málið megi koma fyrir.

Þá er leitað afbrigða um að brtt. á þskj. 391 við frv. um vörugjald, sem er 6. dagskrármálið.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 391. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

[14:19]

Útbýting þingskjala:

Fjarskipti, 150. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 384.

Póst- og fjarskiptastofnun, 149. mál, nál. minni hluta samgn., þskj. 382.

Póstþjónusta, 151. mál, nál. 1. minni hluta samgn., þskj. 383.

Vörugjald, 142. mál, brtt. EOK, þskj. 391.

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 203. mál (öryggisfræðsla). — Þskj. 229.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, MS, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 392).

Listamannalaun, 3. umr.

Stjfrv., 135. mál (markmið, greiðslufyrirkomulag o.fl.). — Þskj. 389.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EOK, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 393).

Höfundalög, 3. umr.

Stjfrv., 62. mál (EES-reglur). — Þskj. 62.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 394).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 390.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VH, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GÁS, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 395).

Vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 142. mál (gjaldflokkar, lækkun gjalda). — Þskj. 386, brtt. 391.

[14:23]
Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Brtt. á þskj. 391 er flutt vegna mistaka sem urðu hér í gær. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 4. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður er orðist svo: Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans: 1806.9027 og 3302.1029."

Þetta þótti rétt til þess að ekki færi milli mála að þetta væri A-liður viðaukans. Það sem um er að ræða hér er morgunkorn með súkkulaði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Brtt. 391 samþ. með 30:8 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP.
nei: BH, GÁ, GGuðbj, KH, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.
3 þm. (GL, GÁS, SJS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, LB, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KPál, LMR, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (BH, GL, GÁS, GGuðbj, KHG, KH, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, LB, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 396).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 181. mál. — Þskj. 387.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VH, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (ÁE, BH, GE, GL, GÁS, GGuðbj, KHG, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, GMS, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, StG, TIO, VE, ÖJ) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130, nál. 328 og 368, brtt. 329.

[14:29]
Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) (frh.):

Herra forseti. Í gær byrjaði ég að fjalla um og gerði grein fyrir minnihlutaáliti efh.- og viðskn. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, svokallað bandormsfrv. Að þessu áliti standa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn. en auk mín undirrita nál. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hv. þm. Ásta B. Þorsteinsdóttir, sem sat þá á þingi,

og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Að okkar mati eru meginþættir í frv. sem marka efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar rangir. Ég fjallaði í gær nokkuð um þætti sem tengdust menntamálum og gagnrýndi þá skerðingu sem hefur átt sér stað á framlögum til Þjóðarbókhlöðu. Einnig gerði ég ítarlega að umtalsefni svokallaðan fallskatt hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar, en við í stjórnarandstöðunni leggjumst mjög harkalega gegn þeirri útfærslu sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir í þessu frv. Við teljum að menntastefna ríkisstjórnarinnar sé röng í grundvallaratriðum og það hefði þurft að efla mjög bæði stefnumörkun og framlög til menntamála en það er ekki gert í þessu frv. né öðrum sem hafa verið lögð fyrir á hinu háa Alþingi. Þetta er eitt alvarlegasta ágreiningsefni milli stjórnar og stjórnarandstöðu á þessu þingi, það er afstaðan til menntamála. Við höfum séð minnkun á framlögum til þessa málaflokks, bæði á sl. ári og þessu ári og sá hlutur sem nokkur aukning verður á er tiltölulega lítill. Benda má einmitt á í sambandi við þennan málaflokk þær fréttir sem voru í blöðunum um handrit sem liggja undir skemmdum vegna fjárskorts að mati þeirra manna sem til þekkja. Þetta er vitaskuld alvarlegt og ég hvet hæstv. ríkisstjórn til að reyna að taka á því máli þannig að samstaða gæti þá skapast um að gera viðgerð á handritum og öðrum fornum skjölum þannig úr garði að þau geymist vel til framtíðar og sé sýnd sú virðing sem þeim ber.

Ég gerði einnig aðeins að umtalsefni í gær þann málaflokk sem tengist félmrn., þ.e. skerðingu á framlögum til málefna fatlaðra. Þar er mikill niðurskurður til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, eyrnamerktur tekjustofn, skertur verulega og jafnframt er skert til málefna geðfatlaðra.

Nú erum við svo lánsamir, herra forseti, að hæstv. fjmrh. er hér í salnum því komið var að því í ræðu minni í gær að ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um tiltekið efni sem kemur fram í minnihlutaáliti félmn. og er tekið upp í nál. minni hluta efh.- og viðskn. Í minnihlutaáliti félmn. segir:

„Minni hlutinn bendir jafnframt á að samkvæmt 39. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er fimm ára átak í gangi varðandi byggingu sambýla fyrir geðfatlaða. Engar upplýsingar er að finna um fimmtu og síðustu greiðslu til þessarar uppbyggingar fyrir geðfatlaða sem Alþingi ákvað fyrir fimm árum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var sérstaklega tilgreind 20 millj. kr. fjárveiting úr ríkissjóði og að hún væri sú fjórða af fimm."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig standi á þessu því svo virðist vera að skert séu framlög sem búið var að lofa til málefna fatlaðra. Eins og ég skil minnihlutaálit félmn. hefur verið unnið eftir sérstakri áætlun, fimm ára áætlun og úr því að fjórða greiðsla af fimm var tilgreind við síðustu fjárlög, þá sé ég ekki hvernig hægt er að komast hjá að inna af hendi lokagreiðsluna varðandi þennan málaflokk. Ég óska eftir að hæstv. ráðherra skýri þetta, því ég átta mig ekki á hvort hér sé um að ræða hefðbundin niðurskurðaráform ríkisstjórnarinnar eða hvort eitthvað annað er á ferðinni. Alla vega kveður minni hluti félmn. mjög fast að orði um þennan málaflokk og ég sé enga ástæðu til annars en að taka undir þær röksemdir sem þar eru.

Einnig er í þessu frv. kveðið á um breytingar í starfsmenntun í atvinnulífinu og þar eru gerðar mjög varhugaverðar breytingar að mati minni hluta efh.- og viðskn. Starfsmenntun í atvinnulífinu er mjög merk umsýsla á vegum hins opinbera í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, bæði vinnuveitendur og verkalýðsfélög. Þetta hefur verið í ágætum farvegi að mörgu leyti en nú er þetta allt sett í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er merkilegt við þá útfærslu vegna þess að starfsmenntun útheimtir mjög mikla samvinnu bæði vinnuveitenda og verkalýðsfélaga. Ég hef ekkert á móti því að gerðar séu breytingar á þessum málaflokki ef hlutir mega betur fara, en þegar báðir aðilar vinnumarkaðarins, bæði Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið leggjast mjög hatrammlega gegn þessari breytingu á starfsmenntun í atvinnulífinu, þá finnst mér að ríkisstjórnin sé komin út í ógöngur hvað þennan mikilvæga málaflokk snertir. Það kemur fram í áliti minni hluta félmn. hörð gagnrýni á þennan þátt, sem minni hluti efh.- og viðskn. tekur undir. Við bendum á nauðsyn samráðs varðandi þennan málaflokk, en einnig drögum við í minnihlutaáliti okkar mjög skýrt fram einn þátt sem veldur okkur áhyggjum. Það er atvinnuþátttaka kvenna sem hefur hingað til verið styrkt m.a. í gegnum sjóð innan félmrn. og sú útfærsla hefur reynst vel að mati þeirra sem að því máli hafa komið. Nú er þetta fellt undir Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að því verði gerð skil að þessum mikilvæga málaflokki verði sýndur sá sómi sem nauðsyn ber. Við leggjumst mjög harkalega gegn þessu og við viljum benda á, herra forseti, að einmitt atvinnuþátttaka kvenna er mjög mikilvæg í hagvexti framtíðarinnar. Rannsóknir hafa sýnt að bæði í Evrópu og Bandaríkjunum — þetta er einkum áberandi fyrir Bandaríkin — að smærri fyrirtæki, stjórnuð af konum, hafa sýnt mesta aukningu undanfarin missiri. Sóknin er mest á þessu sviði, þ.e. smáfyrirtæki sem konur stýra. Hér á landi hefur þessum málum ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur hvorki með framlögum eða stuðningi, og í umræðu ekki nema að litlu leyti. Við gagnrýnum þá aðkomu að málinu.

Við teljum í minni hlutanum að leggja þurfi miklu meiri áherslu af opinberri hálfu til að stuðla að framgangi smærri fyrirtækja. Það er hægt að gera með ýmsu móti, bæði með skattaráðstöfunum, með stuðningi við rannsóknir og á mörgum öðrum sviðum. Það eru fjölmörg nágrannalönd okkar sem gera það. En í stað þess einblínir ríkisstjórnin alltaf á hagsmuni hinna stærri fyrirtækja við útfærslu á stefnu sinni. Þetta höfum við gagnrýnt og bendum sérstaklega á að þetta er að koma niður á frumkvæði kvenna í atvinnulífinu. Það er ekki gott mál.

Aukin þátttaka kvenna í stjórnunarstöðum í atvinnulífinu er mjög veigamikið skref til jafnréttis. Og þegar verið er að tala um „undir stjórn kvenna" þá er það ekki einungis að konur stjórni þessum minni fyrirtækjum í Bandaríkjunum, eins og ég lýsti áðan, heldur eru þær eigendur. Í nágrannalöndunum er því mjög merkileg þróun að eiga sér stað, sem við eigum að styðja en við gerum þvert á móti, þ.e. ríkisstjórnin fer þveröfuga leið. Hún stefnir í hættu þeim stuðningi, sem þessi málaflokkur þó hefur og rífur málið úr þeim farvegi sem það er í og er það mjög ámælisvert að okkar mati.

Það er fjallað nokkuð mikið um heilbrigðismál í bandorminum. Sú útfærsla hefur mikla sérstöðu vegna þess að þær lagagreinar sem settar voru inn í bandorminn hafa nánast ekkert eða mjög lítið með tekjuöflun fyrir fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar að gera. Hér er enn og aftur verið að smygla inn í bandormsfrv. við afgreiðslu fjárlaga ákvæðum sem eiga heima í sérstöku frv. og varða stefnumörkun til langs tíma. Þetta kemur mjög skýrt fram um þær auknu heimildir sem á að lögfesta til heilbrrh. í frv. Þannig er gert ráð fyrir að heimilað verði að sameina stofnanir, breyta skiptingu heilsu-

gæsluumdæma og starfssvæði heilsugæslustöðva. Ráðherra verður einnig heimilt með reglugerð að setja ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu og hann getur einnig ákveðið sameiningu sjúkrastofnana. Og það er augljóst af þessari upptalningu að hér er um að ræða mjög rúmar heimildir til hæstv. ráðherra hvað þennan málaflokk snertir. Það er ekki gert ráð fyrir neinu sérstöku samráði við beitingu þessara víðtæku heimilda. Það á að hafa samráð við Samband sveitarfélaga en það er ekki gert ráð fyrir t.d. samráði við stéttarfélög eða starfsfólk. Nei, hér er heilbrrh. og ríkisstjórnin að ná sér í viðamiklar heimildir til endurskipulagningar á heilbrigðiskerfinu eftir sínu höfði án þess að koma fram með þá stefnumörkun á þinginu og mæta stjórnarandstöðunni þá í pólitískri umræðu um það efni.

Nú efa ég ekki, herra forseti, að mjög mörgu mætti breyta til batnaðar í heilbrigðiskerfinu. Ég held að skýr ákvæði um forgangsröðun sé e.t.v. það brýnasta og langt mál mætti hafa um þennan þátt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að stefnan undanfarin ár hafi verið fyrst og fremst fólgin í því að skera niður í heilbrigðisþjónustunni án þess að minnka þjónustuna og án þess að forgangsraða. Þessi stefna er búin að ganga sér gersamlega til húðar og er svo komið að menn vita ekki sitt rjúkandi ráð varðandi þessa þætti. Það er hægt að vitna m.a. í viðtal við hjúkrunarforstjóra Sjúkrahúss Reykjavíkur í Morgunblaðinu í dag þar sem hann hefur verulegar áhyggjur af lokun deilda nú yfir hátíðarnar og segir einmitt lítinn sparnað felast í þessu.

Það er hægt að nefna annað dæmi, lokun aðstöðu eða hluta af aðstöðu í Arnarholti á Kjalarnesi sem er ámælisverð framkoma gagnvart þeim einstaklingum sem þar eiga hlut að máli, sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þetta hefur í reynd ekki í för með sér neinn sparnað. Ríkisstjórnin er komin út í ógöngur í heilbrigðismálunum. Þá er það algerlega röng stefna, herra forseti, að mæta því þannig að ríkisstjórnin eða heilbrrh. fái svo víðtækar heimildir, óútfyllta ávísun eða blankótékka til að fara með allan þennan málaflokk. Þá ætti heilbrrh. að leggja fyrir sína stefnu og ef hún er vel grunduð er vel hugsanlegt að stjórnarandstaðan — ég hef ekki nokkra trú á öðru — mundi styðja þá þætti sem hún teldi horfa til bóta. Þetta er mjög viðkvæmur málaflokkur og það má ekki gera það á þann hátt sem hér er lagt til. Og mig langar, herra forseti, að vitna til minnihlutaálits heilbr.- og trn. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Vinnuaðferð ríkisstjórnarinnar endurspegla því augljóslega að hún óttast umræðu um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það segir sína sögu um eðli þeirra.

Sérstök athygli er vakin á því að heilbrigðisþjónustukaflinn sker sig úr að því leyti að ekki er að finna annars staðar viðlíka efnisbreytingar á gildandi lögum í frv. Þá er hér um víðtækt framsal að ræða til ráðherra."

Af þessum orðum minni hluta heilbr.- og trn. má vera ljóst að þessi ákvæði í bandorminum eiga ekki við fjárlagaafgreiðsu á þessu þingi og hefði þurft aðra aðkomu að því máli. Við höfum líka óskað eftir því að sjá hvernig niðurskurður á spítölunum verður útfærður, en gert er ráð fyrir að spara um 160 millj. kr. á næsta ári á þessum lið, og hvaða sjúkrastofnanir komi til með að lenda undir. Við höfum líka óskað eftir að fá að vita hvernig ráðherra ætlar að fara með það aukna vald sem honum er ætlað með þessu frv. en það hefur orðið lítið um svör.

Það hefur hins vegar verið upplýst að niðurskurður hvað varðar spítalana, eða ég hef skilið það þannig, muni liggja fyrir áður en 3. umr. málsins fer fram, en það má geta þess að efh.- og viðskn. hefur ákveðið að taka frv. aftur inn í nefndina milli 2. og 3. umr. sem er ekki algilt um afgreiðslu mála.

Stjórnarandstaðan og reyndar aðrir aðilar náðu þó fram einum þætti varðandi þetta bandormsfrv. Í upprunalega frv. var gert ráð fyrir að menn þyrftu að greiða sérstakt áfrýjunargjald við málarekstur við Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráð. Ef menn áfrýjuðu úrskurði samkeppnisráðs hefðu menn þurft að greiða 120 þús. kr. áfrýjunargjald. Þetta töldum við strax við 1. umr. orka mjög tvímælis. Þetta er vitaskuld há upphæð og einnig töldum við að hér væri e.t.v. verið að hindra möguleika einstaklinga og fyrirtækja í að fá fullnaðarúrskurð í sínu máli og það væri hægt að líta á þetta sem hindrun á eðlilegri málsmeðferð. Þessar athugasemdir komu reyndar fram hjá fleirum en stjórnarandstöðunni og niðurstaðan varð að þarna sá meiri hlutinn ljósið og ákvað að fella niður þessa grein. Að vísu náði hún inn þeim tekjum annars staðar með smávægilegri hlutfallsbreytingu á öðrum lögum þannig að þessi breyting þýðir ekki tekjutap fyrir ríkissjóð vegna þess að í öðru frv. sem við höfum þegar afgreitt, var prósentuhlutfall hækkað upp þannig að það komu inn aðeins meiri tekjur í ríkissjóð. Þetta átti nú ekki að skila miklum tekjum.

Mikilvægt ákvæði í hugum mjög margra, sérstaklega þó þingmanna á landsbyggðinni, var sú fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að ríkið hætti að greiða fyrir eyðingu refs. Ríkið tekur þátt í því með sveitarfélögunum að greiða fyrir eyðingu refs eftir tilteknum reglum. Ríkið hugsaði sér að hætta afskiptum af því máli og láta sveitarfélögin alveg um það. Þetta var rætt töluvert við 1. umr. og fyrir liggja umsagnir umhvn. varðandi þann þátt að menn telja að þetta þurfi að skoðast aðeins betur, t.d út frá líffræðilegum ástæðum fyrir þessum ofsóknum á hendur rebba. Sumir telja að hann sé orðinn slíkur vargur að það beri að leggja sérstaka áherslu á útrýmingu hans. Aðrir segja og færa fyrir því rök að þessar veiðar hafi ekkert að segja varðandi stofnstærð refsins. Ég treysti mér ekki til þess að fella dóm um þetta. Það eru fjölmargir refasérfræðingar í þingsölum og þeir geta tjáð sig betur um þann þátt málsins. En niðurstaðan varð sú að við skildum meiri hlutann þannig að hann mundi leggja fram sérstakar tillögur varðandi þennan lið við 3. umr. Við drögum hins vegar sérstaklega fram að það þarf að kanna þetta mál betur, bæði hvað viðvíkur rannsóknum og ekki hvað síst samvinnu við sveitarfélögin við útfærslu málsins. Þetta hefði þurft að vinna betur og stefnumörkun hefði þurft að liggja skýrar fyrir.

Það er rétt að upplýsa, herra forseti, að bandormurinn sem tekur á breytingum á mjög mörgum lögum dugði ríkisstjórninni ekki því að núna er í undirbúningi nýtt lagafrv. sem varðar breytingar á nokkrum lögum til viðbótar sem tengjast afgreiðslu fjárlaga. Þetta frv. sem er í smíðum gengur undir vinnuheitinu skröltormur. Það er orðin lenska hjá þessari ríkisstjórn að leggja bæði fram bandorm og skröltorm á haustþingum. Hún gerði þetta í fyrravetur og gerir þetta aftur núna. Auðvitað er það ekki dæmi um annað en slök vinnubrögð að menn geti ekki komið fram með vönduð lagafrumörp um breytingar á einstökum lagagreinum heldur þurfi að skella saman í eitt frv. brtt. við fjölmörg lög við afgreiðslu fjárlaga. Þetta eru ekki góð vinnubrögð gagnvart löggjafarvaldinu. Þau hafa tíðkast nokkuð lengi en eru jafngagnrýniverð fyrir því.

Þess má geta að minni hlutinn óskaði eftir að vita nánar um áform ríkisstjórnarinnar um niðurskurð til að mæta þenslu í þjóðélaginu vegna álvers og virkjunarframkvæmda. Við höfum ekki fengið nánari upplýsingar um hvar ríkisstjórnin hyggst skera niður á næsta ári. Mér skilst að meiri hluta efh.- og viðskn. og stjórnarmeirihlutinn hafi ekki náð niðurstöðu um útfærslu þess efnis. Ef svo er þá gæti verið gott að upplýsa nákvæmlega um það. Fyrir liggja nokkrar ákvarðanir eins og t.d. frestun á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli við Leifsstöð og frestun á uppstokkun fjármála tengdri flugstöðinni, en mér skilst að það sé meira í farvatninu sem á líka að kalla á samdrátt hjá sveitarfélögum, sérstaklega á suðvesturhorninu. Mér er ekki kunnugt um að nauðynlegt samráð hafi átt sér stað við forsvarsmenn sveitarfélaganna hér, hvorki við Reykjavíkurborg né aðra á suðvesturhorninu varðandi þennan þátt málsins. Óska ég nú eftir því að stjórnarliðar upplýstu betur um þann þátt málsins, en ég vil ekki dæma um þetta hér vegna þess að stefna ríkisstjórnarinnar varðandi þann þátt liggur ekki fyrir.

Við teljum eitt vera mjög ámælisvert, bæði við afgreiðslu bandormsins og fjárlagafrv. sem er eitt af aðalatriðunum í tekjustefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. hækkun atvinnuleysisbóta, ellilífeyris og bóta úr almenna tryggingakerfinu, örorkubóta og fleiri þátta, um 2%. Þeir eru ákveðnir núna í fjárlögum og taka samkvæmt fjárlögum núna 2% hækkun. Þetta var áður þannig að miðað var við breytingar á launum innan ársins. Tekist var á um þetta fyrir ári síðan. Þá lagði ríkisstjórnin til að gera þessar breytingar í fjárögum hverju sinni, lofaði því þá statt og stöðugt að ekki yrði um að ræða skerðingu á hlut ellilífeyrisþega og örorkuþega, heldur væru það eðlilegar viðmiðanir að hætta að miða við sjálfvirkar breytingar sem ættu sér stað í þjóðfélaginu. Nú kemur hins vegar í ljós að með þessari 2% hækkun er búið að festa hækkunina fyrir næsta ár og það er ekki ólíklegt að launahækkanir eigi eftir að verða meiri en 2% á næsta ári og þá sitja ellilífeyrisþegar og örorkuþegar eftir með sárt ennið. Þetta finnst okkur óhæfa og vera mjög gagnrýnisvert í stefnu ríkisstjórnarinnar. Við munum flytja tillögu um breytingu þessa, reyndar ekki við þetta frv. heldur við skröltorminn sem ég sagði frá áðan vegna þess að þar verða gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar og breytingartillagan varðar þann málaflokk. Við leggjum þunga áherslu á að þessi mál verði færð aftur til fyrra horfs, þ.e. að miða bætur úr almannatrygingkerfinu við launabreytingar. Það er eðlilegt og sanngjarnt gagnvart fólki sem fær bætur úr þessu kerfi.

Frv. gerir ráð fyrir sparnaði í útgjöldum ríkisins um 1,6 milljarða kr. Okkur finnst eins og ég hef rakið hér, að mjög mörg af þessum sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnr orki tvímælis. Það er mikill niðurskurður í samgöngumálum í frv., en það eru einkum málaflokkar á sviði heilbrigðis-, mennta- og félagsmála sem verða fyrir barðinu á ríkisstjórninni. Við í minni hlutanum erum andvíg þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í grundvallaratriðum. Við höfum tekist á í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, en 2. umr. fjárlaga er lokið. Við tökumst á varðandi þetta bandormsfrv. og munum gera það í lánsfjárlögum sem koma til umræðu væntanlega síðar í dag. Við höfum verið sjálfum okkur samkvæm varðandi það að sumt sem ríkisstjórnin leggur til í einstökum þáttum er vitaskuld til bóta og við höfum stutt sumt af því sem kemur fram bæði í fjárlögum og í öðrum frv. ríkisstjórnarinnar. En meginþætti stefnu hennar teljum við vera fjandsamlega einstaklingum í landinu, ekki horfa til framtíðar og koma harkalega niður á þeim landsmönnum sem minna mega sín. Við erum andvíg þessari stefnu ríkisstjórnarinnar í grundvallaratriðum.

[14:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend upp til þess að andmæla því sem hv. þm. sagði um 1. og 2. gr. frv. Hann gaf til kynna að Endurbótasjóð menningarbygginga mætti nota til að styrkja rekstur Þjóðarbókhlöðunnar. Þetta er alrangt. Lögum samkvæmt er ekki hægt að nota sjóðinn í þessum tilgangi. Við fjárlagagerð að þessu sinni var hins vegar lagt til að rekstrarframlag til Þjóðarbókhlöðu ykist um 15,6 millj. kr., en nú var samþykkt við 2. umr. fjárlaga á laugardaginn að auka fjárveitingar vegna ritakaupa Þjóðarbókhlöðunnar um 12 millj. kr. Ég held að með engu móti sé unnt að segja annað en að með þessu sé hugað vel að málum Þjóðarbókhlöðunnar.

Allt sem hv. þm. sagði um svonefndan fallskatt er alrangt. Það virðist sem svo að þingmaðurinn hafi ekki áttað sig á þeim brtt. sem ég kynnti eða voru sendar hv. efh.- og viðskn. þar sem fram kemur það sem áður lá raunar ljóst fyrir að hér er um endurinnritunargjald að ræða miðað við það að menn standist ekki ákveðna áfanga í námi eins og þeir hafa ætlað sér að gera. Það er því alrangt að leggja þetta upp eins og hv. þm. gerði og er raunar furðulegt að hann skuli hafa eytt jafnmiklu púðri á þetta mál miðað við þær röngu forsendur sem hann gaf sér. Og hann gaf sér meira að segja þær forsendur að lesa úr áliti minni hluta menntmn. sem var gefið áður en þær tillögur lágu fyrir sem nú eru í frv. og það er til marks um að hv. þm. var ekki vandur að virðingu sinni þegar hann ræddi um þetta mál, því að hér er ekki um það að ræða að ganga gegn þeim sem minna mega sín í skólakerfinu heldur er verið að koma á þessu skipulagi sem ég hef lýst til þess að auka hagræðingu og bæta skipulag í skólunum.

[14:56]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi fyrri liðinn sem hæstv. menntmrh. gerði að umtalsefni, þ.e. skerðingu á lögbundnum tekjustofni Þjóðarbókhlöðu og menningarbygginga, þá vakti ég sérstaklega athygli á því að hér er um 150 millj. að ræða og það hefði verið nær að veita þetta til uppbyggingar menningarmálefna eins og ég rakti. Það er vitaskuld rétt sem hæstv. ráðherra segir að lög um þennan sjóð gera ekki ráð fyrir því. Það sem ég er hins vegar að tala um er að ef hæstv. menntmrh. hefði lagt til að taka með lagabreytingu þær tekjur sem hefðu farið í þennan farveg, víkka út verksvið sjóðsins, og láta þær renna almennt til menningarmála, þá hefði ég stutt það. Það sem ég er fyrst og fremst að draga fram er að menn ætla sérstakan tekjustofn í þennan málaflokk. Það er full ástæða og þörf á því að láta þetta renna í þá menningarstarfsemi sem ég hef gert að umtalsefni. Ég nefndi sérstaklega í ræðu minni áðan ummæli forstöðumanns handritadeildar um það að handrit okkar og forn skjöl liggja undir skemmdum vegna þess að fjármagn vantar til að reka þetta dæmi sómasamlega. Þetta finnst mér vera til vansa og það er það sem ég er að gagnrýna varðandi afstöðu og stefnu ríkisstjórnarinnar í menntamálum.

Varðandi seinni liðinn, það sem við köllum fallskatt hæstv. menntmrh., þá gat ég um það í framsögu minni þegar ég vitnaði í minnihlutaálit menntmn. að breytingartillögur hefðu verið lagðar fram af efh.- og viðskn. Ég sagði hins

vegar að það breytti ekki í grundvallaratriðum neinu í umsögn þeirri sem þar kemur fram, það er andstaða við þá stefnumörkun og lögfestingu ríkisstjórnarinnar að láta þá nemendur sem einhverra hluta vegna þurfa að endurinnritast í bekk eða áfanga greiða sérstaklega fyrir það. Við erum andvíg slíkri menntastefnu. Ég geri mér fulla grein fyrir að það kom brtt. í sambandi við útfærslu þessa máls en það breytir engu varðandi grundvallarafstöðu okkar. Við erum andvíg þessari stefnu.

[14:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Öll ráðstöfun á fé úr Endurbótasjóði rennur til menningarstarfsemi. Hún rennur til uppbyggingar á menningarmannvirkjum og til þess að styrkja menningarstofnanir en samkvæmt lögum um sjóðinn er ekki unnt að veita fé úr honum til rekstrar.

Breytingin varðandi endurinnritunargjaldið tekur mið af þeirri útfærslu sem að mati menntmrn. stuðlar að aðhaldi við skipulagningu í kennslu á hverjum tíma í skólanum. Þannig er gert ráð fyrir að framkvæmd innheimtu og eftirlits verði eins einföld og greið og kostur er um leið og tekið er tillit til nemenda sem eiga við námsörðugleika að stríða með því að ákveðinn fjöldi eininga verði undanþeginn gjaldskyldu að teknu tilliti til mismunandi möguleika nemenda til að hafa áhrif á umfang náms á hverri önn eftir því hvort þeir stunda nám í skólum sem starfa eftir áfangakerfi eða bekkjakerfisskólum. Ráðuneytinu þykir eðlilegt að miða við 12 einingar í skólum sem starfa eftir áfangakerfi og 15 einingar í bekkjakerfisskólum. Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi miðist gjaldstofn við fjölda ólokinna eininga á síðustu önn en fjöldi ólokinna eininga er samanlagður einingafjöldi þeirra áfanga sem nemandi hefur skráð sig í að frádregnum samanlögðum einingafjölda þeirra áfanga sem nemandi hefur staðist. En áður en þetta er reiknað er gert ráð fyrir því að 12 einingar verði dregnar frá samanlögðum einingafjölda sem kemur þá til móts við á sem eiga undir högg að sækja í námi ef þannig má að orði komast. Það er því með engu móti hægt að halda því fram að með þessari gjaldtöku sé verið að vega að þeim sem eru minni máttar í skólakerfinu eða að skapa þeim sérstaka erfiðleika sem eiga erfitt með nám, því er um að ræða sanngjarna kröfu til nemenda um að þeir skipuleggi nám sitt vel. Og geri þeir það ekki þá bera þeir nokkuð af þeim kostnaði sem af því hlýst að námið fer úrskeiðis.

[15:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf batnar röksemdafærslan hjá hæstv. ríkisstjórn. Nú var fallskatturinn orðinn sanngjarn, þetta er orðið sanngjarnt sem hér var verið að leggja til. Ég veit ekki hvert við erum komin varðandi þennan þátt. Á það er bent mjög skýrt bæði í umræðu, eins og ég hef haldið fram, og í áliti minni hluta menntmn. að sé skipulagsvandi í einstökum skólum, þá er miklu fremur að leita ráða, auka ráðgjöf og eftirlit sem er mun virkari leið til skilvirkara skólastarfs. Þetta er skýrt tekið fram. Við teljum rangt að á sama tíma og það er niðurskurður til þessa mikilvæga málaflokks, þá séu skilaboðin til nemenda í framhaldsskólum frá ríkisstjórninni ekki einungis um að skerða framlög til þessa málaflokks almennt heldur eru nemendurnir sérstaklega skattlagðir varðandi sitt nám. Það er ekki sanngirni í þessu. Þetta er ósanngjarnt og það sem meira er, þetta er vond menntastefna að mati okkar í minni hlutanum. Efnisbreytingin kostar um 500 kr. á einingu þannig að þriggja eininga áfangi gerir þá 1.500 kr. Þetta er bitamunur en ekki fjár. Það eru nokkrir þættir í þessari brtt. sem skýra málið en það er jafnvont fyrir því. En það að kalla þessa útfærslu sanngjarna finnst mér e.t.v. lýsa betur en margt annað raunverulegum viðhorfum hæstv. menntmrh. til þessa málaflokks.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hún er að verða næsta heföbundin bandormasmíðin hér fyrir jólin og innihald þessara bandorma, uppsetning og gerð hefur þróast nokkuð gegnum tíðina. Það urðu hér allsnarpar umræður í fyrra um bandorm sem þá birtist og hæstv. forsrh. var hreykinn af því að nú hefði að nokkru verið tekið tillit til þeirrar gagnrýni sem þá var fram sett því að þá hafði þetta sullumbull náð því hástigi að vaðið var úr einu lagafrv. í annað án millifyrirsagna í upphaflegu frv. Nú er þetta að vísu sett þannig upp að fyrir hverjum lögum sem breyta á er fyrirsögn og ein eða fleiri lagagreinar. Að því leyti má kannski segja að þessi bandormur sé kannski skárri en það ljótasta sem við höfum áður séð í uppsetningu en á hinn bóginn er hann að eðli til verri. Þá á ég fyrst og fremst við það að hér er í ríkari mæli en nokkru sinni fyrr farið út í að gera varanlegar breytingar á sérlögum eða faglegri löggjöf með ákvæðum í bandormi. Að langmestu leyti hafa frumvörp af þessu tagi sem grípa inn í mörg lög verið sett upp sem bráðabirgðaráðstafanir og bráðabirgðaaðgerðir og þannig hófu þessir bandormar sögu sína með „þrátt-fyrir"-ákvæðum og síðan sérstökum frumvörpum sem oftast tengdust einhvers konar ráðstöfunum í efnahagsmálum eða ríkisfjármálum og tóku á mörgum lagaákvæðum í einu.

Það, herra forseti, hefur gengið illa að fá menn til þess að fallast á að þeir þurfi að setja sér einhver takmörk í þessum efnum og hvað vinnubrögð snertir. Satt best að segja er það þannig að maður er að verða svolítið þreyttur, herra forseti, á að reyna að fá upp einhverja umræðu, einhvern díalóg um það hvort menn ætli á Alþingi — og þá ber vel í veiði að hafa hvorki meira né minna en tvo virðulega forseta aftan við sig — að reisa einhvers staðar rönd við í þessum vinnubrögðum í lagasetningu. Ég held að það sé líka til marks um stöðu Alþingis í þessu sambandi, hæstv. forseti, að engum einasta ráðherra dettur í hug að láta sjá sig hér við umræðuna. Hæstv. menntmrh. var hér áðan, gekk út, og á hann þó eitt umdeildasta ákvæðið í frv. Hæstv. forsrh., flutningsmaður málsins, hefur ekki sést við umræðuna og nú er enginn ráðherra á bekkjunum og enginn stjórnarliði í salnum nema hæstv. forsetar. (**Gripið fram í:** Jú.) Ég biðst mikillega afsökunar, hæstv. forseti. Ég sá ekki að í kvennafansinum þarna aftur í horninu er einn stjórnarliði meðal hv. þm. og það gleður mig auðvitað (**Gripið fram í:** Þetta er enginn kvennafans, þetta er sterkur kvennahópur.) að dýpstu, innstu hjartans rótum. Ég hlýt samt að láta alvarleg og þung orð falla, herra forseti, um að mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur og ég fer fram á það, herra forseti, að fá að gera hlé á máli mínu þangað til ríkisstjórnin er mætt til leiks.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti mun nú gera ráðstafanir til þess að sá hluti ríkisstjórnarinnar ...)

Já, mér er alveg nóg boðið. Ég fer fram á það, forseti, að fá að gera hlé á máli mínu, þangað til ráðherrar koma í salinn.

(**Forseti** (GÁ)**:** Kemur hæstv. fjmrh.)

Er það ekki hæstv. forsrh. sem er flutningsmaður málsins? (**Fjmrh.:** Ég hlustaði. Jú, hann er það.) Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur, hæstv. forseti, og fer fram á það að þetta verði ekki tekið sem eitthvert venjulegt nöldur. Það er tímabært að menn fari að gera virkilega alvarlegar athugasemdir við þessa framkomu. Er þá hæstv. forsrh. einhvers staðar nálægur þannig að hann komi hér í salinn?

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu sem stendur, en forseti mun gera ráðstafanir til þess að hann fái boð.)

Ég fer einnig fram á það, herra forseti, að hér verði hæstv. menntmrh., hæstv. heilbrrh., hæstv. félmrh. og hæstv. samgrh. Allir þessir ráðherrar eiga hér sérstök fagleg mál undir, og reyndar fleiri, en a.m.k. þessir fjórir eiga að vera hér. — Það rætist svolítið úr, herra forseti, og ber að fagna því, en það er alveg lágmark að ráðherrarnir sinni þeirri skyldu sinni að vera hér. Ef um væri að ræða einstök afmörkuð frumvörp á hverju sviði, þá býst ég ekki við að viðkomandi ráðherrum dytti í hug að sýna þinginu það virðingarleysi að vera ekki til staðar. Þetta er í raun og veru alveg eins vaxið. Hér er verið að breyta sérlögum og hæstv. ráðherrar verða að taka það alvarlega að vera hér til viðræðna um þau mál fyrir nú utan að þeir eiga að gegna þingskyldum eins og aðrir þingmenn, herra forseti. Ef hæstv. forseti skyldi ekki vita það, þá er það þannig.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti þekkir þingsköpin og veit um þetta.)

Já, það er mjög mikilvægt. Ég fagna því að þetta er á hreinu.

Herra forseti. Ég ætla þá fyrst að staldra lítillega við fyrsta efnisatriði þessa frv., þ.e. breytingarnar á lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, með síðari breytingum. Það er ágætis dæmi að verða um það hvernig fer með slík fögur fyrirheit þegar lögð voru á sérstök gjöld, sérstakt álag á eignarskatt, til þess að flýta framkvæmdum við byggingu Þjóðarbókhlöðunnar og koma þjóðargjöfinni í höfn áður en aldarfjórðungur yrði liðinn frá því að hún var gefin og rétt tókst. Vissulega hafði þessi tekjustofn mikið að segja á ákveðnu árabili meðan hann rann óskiptur til uppbyggingar Þjóðarbókhlöðu. En það stóð ekki lengi. Fljótlega voru færð yfir á sjóðinn verkefni við endurreisn á Bessastöðum og fyrir því mátti svo sem færa rök. Þar var um brýn og mikil verkefni að ræða. Nú er hins vegar að síga heldur betur á ógæfuhliðina því að nú á að ganga á þennan tekjustofn og taka hluta af honum í ríkissjóð. Reyndar er það svo þegar farið er í gegnum þetta frv. að það felur í sér skerðingu á velflestum sjálfstæðum, mörkuðum tekjustofnum sem eftir eru. Ég held að það séu ekki að verða margir slíkir sem er ekki þannig útbúið um með annaðhvort varanlegum skerðingarákvæðum eða tímabundnum, að hluti tekna þeirra rennur beint í ríkissjóð. Hæstv. fjmrh. er búinn að fara um og bora göt á svo til alla sjóði og alla markaða tekjustofna og setja þar undir fötur og taka í ríkissjóð. Það á við um málefni fatlaðra og aldraðra, það á við um menningargeirann í stórum stíl o.s.frv.

Það sem mér finnst hvað fyndnast við þetta mál, herra forseti, ef svo má að orði komast, er að það skyldi vera Sjálfstfl. sem stendur núna fyrir því að gera þetta að skattstofni í heföbundnum skilningi fyrir ríkissjóð af því að hér er um að ræða álag á eignarskatt. Þetta er sami flokkurinn og hafði mestan hávaða uppi á sínum tíma og hamaðist gegn hliðstæðum álögum á stóreignir og kallaði ekknaskatta. Ég hefði talið, herra forseti, að í þessum breytingum hefði falist einhver endurskoðun og einhver stefnumótun til lengri tíma litið um það hvernig farið skyldi með þetta fé í kjölfar þess að Þjóðarbókhlaðan er nokkurn veginn komin í endanlegt horf, a.m.k. hvað byggingar og stofnkostnað snertir. Ef menn hefðu til að mynda ákveðið að færa tekjur af þessum sjóði yfir í húsfriðunarmál, þá hefði þar verið einhver framsækin stefna á sviði þjóðarverðmætanna að ræða, en svo er ekki. Það er smánarlega lágum fjárhæðum varið til varðveislu menningarverðmæta í landinu og ég þekki fáar þjóðir sem eru jafnótrúlega hirðulausar um menningararf sinn að þessu leyti og við erum. Fornminjar og merkar sögulegar byggingar víða um land liggja undir skemmdum og þeir fjármunir sem þyrfti til að gera þar átak eru ekki verulega miklir vegna þess að þetta er mannaflafrek starfsemi. Kostnaðurinn felst fyrst og fremst í vinnulaunum þannig að það má gera verulega mikið með fjármunum sem mældust kannski í fáeinum tugum milljóna ef þeir væru til ráðstöfunar í þessu skyni. En hæstv. menntmrh. hefur ekki reynst meiri bógur en það að hann hefur látið það yfir sig ganga að taka af þessum tekjustofni, sem sérstaklega var ætlaður endurreisn menningarverðmæta í kjölfar þess að Þjóðarbókhlöðubyggingunni lauk, taka kúfinn af þeim tekjum í ríkissjóð. Þar leggst lítið fyrir kappann verð ég að segja, herra forseti, á sama tíma og ýmsar þjóðminjar eru að rigna niður og aðrar að fúna í sundur. Það fyndnasta af öllu eins og ég segi er að þarna, ef svo má að orði komast, þykir kannski kaldhæðnislegt, að hér er um að ræða sérstakt álag á eignarskatt sem Sjálfstfl. er að gera að sérstökum skattstofni sínum.

Herra forseti. Það urðu hér orðaskipti áðan milli frsm. minni hluta, hv. 11. þm. Reykn., Ágústs Einarssonar, og hæstv. menntmrh. um fallskatt Björns Bjarnasonar, en hann gengur nú almennt undir því heiti í þjóðfélaginu og hefur hæstv. menntmrh. enn einu sinni komið sér á spjöld sögunnar fyrir hugkvæmni í þessum efnum. Eins og menn heyrðu áðan er hæstv. menntmrh. ákaflega viðkvæmur fyrir þessu máli. Út af fyrir sig er það rétt, samanber breytingartillögur meiri hlutans, að hæstv. ráðherra eða meiri hlutinn er á vissum flótta í málinu, er að reyna að bjarga því í horn, samanber þær breytingar sem þarna eru lagðar til, en eftir stendur þetta fallgjald upp á 500 kr. á einingu. Hæstv. menntmrh. verður bara að bíta í það súra epli að hann situr uppi með höfundarréttinn á þessari snilldarlegu hugmynd að skattleggja sérstaklega þá sem lenda í námserfiðleikum. Pólitíska ábyrgðin er í öllu falli hæstv. ráðherra sem að sjálfsögðu hlýtur að hafa komið að breytingum að þessu leyti sem vörðuðu hans málaflokk áður en stjfrv. um þetta efni leit dagsins ljós.

Ég segi reyndar líka, herra forseti, um gjaldtöku í skólakerfinu almennt að þetta hlýtur að þurfa að skoðast í tengslum við þá braut sem menn eru þar að halda út á. Ég verð að segja alveg eins og er að ég efast um að menn hafi almennt reynt að setja sig í spor t.d. stjórnenda skólanna við þessar aðstæður, að það er ár frá ári verið að fjölga alls konar gjöldum sem þeir fá heimildir til eða beinlínis er skipað að leggja á nemendur. Það er vitnað í það, samanber breytingartillögur meiri hlutans, að þar á að heimila að leggja á viðbótargjald vegna innritunar utan auglýsts innritunartíma, þ.e. að þetta gjald verði hækkað, en að mati skólameistarafélagsins sé þessi hækkun nauðsynleg til þess að stuðla að markvissri innritun í framhaldsskóla. Og svo kemur þessi fallskattur.

Skólagjöldin sem hér var þröngvað á á síðasta kjörtímabili standa auðvitað eftir, efnisgjöldin gagnvart verknáminu o.s.frv. Og þegar upp er staðið er staða margra stjórnenda

skóla og brautastjóra t.d. í fjölbrautaskólum sú að þeir eiga meira og minna í stanslausri tilvistarkreppu, í innri baráttu í þessum efnum, því þeir eru, vegna þess hversu naumt er skammtað til skólanna, neyddir til þess að reyna að nýta til fulls alla slíka gjaldtökumöguleika á sama tíma og þetta stríðir gegn grundvallarsjónarmiðum margra þeirra um að námið eigi að vera í aðalatriðum ókeypis. Það getur vel verið að hæstv. menntmrh. þekki enga slíka stjórnendur í framhaldsskólunum eða kennara eða brautastjóra en ég þekki marga og hef oft lent í umræðum um þessi mál. Að mínu mati væri öllum, og þá náttúrlega sérstaklega þessum mönnum sem standa frammi fyrir því að framkvæma þessa hluti og rukka þetta inn af nemendun, mikill greiði gerður með því að þessi kaleikur væri tekinn frá þeim. Ég held að það væri miklu skynsamlegri ráðstöfun að byggja þetta upp þannig að námið væri í aðalatriðum kostað af hinu opinbera, væri á félagslega ábyrgð og slík gjaldtaka væri hverfandi og helst engin önnur en sú sem væri lögvarin vegna innheimtu á félagsgjöldum vegna félagslífs í skólunum o.s.frv. Það er alveg augljóst mál að ef menn hrekjast lengra og lengra út á þessa braut þá endar það að sjálfsögðu með því að efnahagsleg staða nemenda fer í æ ríkari mæli að skipta sköpum um það hvernig mönnum vegnar í námi eða hvort menn geti yfir höfuð stundað nám. Það fer líka að sjálfsögðu að hafa vaxandi áhrif í þá veru að eingöngu betur efnaðir námsmenn eða þeir sem eiga slíka að, geta farið í það nám þar sem um útgjöld t.d. vegna efniskaupa er að ræða. Aðrir verða þá að velja sér nám þar sem minnst er um slíkan kostnað.

En það er, herra forseti, eins og það sé mjög erfitt orðið að fá upp nokkra faglega umræðu um þessi mál og menn hverfa á bak við skjöld einhverra fyrirsagna eins og hæstv. menntmrh. gerir, um hagræðingu í skólakerfinu og þar með er málið leyst. Þar með er komið svar að mati hæstv. ráðherra. En þetta er ekki faglegt svar. Við verðum að fara ofan í það hvaða áhrif þetta hefur á sjálfa menntunina, á starfið í skólunum. Það getur vel verið að menn vilji hafa það þannig að að einhverju leyti eigi aðstaða nemendanna bara að vera ólík, á grundvelli efnahags eins og hún er auðvitað ólík í samfélaginu að ýmsu öðru leyti. Það er hægt að hafa það sem lífsskoðun. Það getur vel verið að hæstv. menntmrh. hafi slíka lífsskoðun. Ég veit ekkert um það og ætla ekki að gera hæstv. ráðherra upp skoðanir. En þá væri miklu hreinlegra að ræða þetta þannig en fara ekki eins og köttur í kringum heitan graut.

Mér hafa fundist viðbrögð manna og sérstaklega ýmissa talsmanna Sjálfstfl. við umræðum um skólamál á síðustu vikum býsna sérkennileg, býsna athyglisverð satt best að segja, en þær hafa orðið nokkrar og þökk sé fyrir það. Það er ánægjulegt að menn taka þó einstöku sinnum fyrir að ræða hér skólamálin. Ég minni t.d. á þegar hér varð umræða um frammistöðu grunnskólanema á Íslandi í raungreinanámi. Þá komu upp a.m.k. þrír ef ekki fjórir hv. þm. og einn hæstv. ráðherra Sjálfstfl. eins og samstilltur kór og stukku á þá patentskýringu gagnvart þessari útkomu grunnskólanna að sökudólgurinn væri skólastefnan sem innleidd hefði verið á áttunda áratugnum. Að sökudólgurinn væri blandaðir bekkir, væri sú staðreynd að menn væru hættir að raða í bekki eftir námsárangri eða inntökuprófum eða einhverju slíku og það vantaði eiginlega ekkert nema það ósagða sem hékk í loftinu að í raun og veru vantaði líka spanskreyrinn til þess að þetta væri fullkomnað. Það vantaði samkeppni, það vantaði röðun í bekki og það vantaði í raun meiri markaðshyggju í skólana. Sökudólgurinn er sem sagt sú húmaníska skólastefna sem menn hafa þó að einhverju leyti verið að reyna að byggja upp á Íslandi síðastliðna tvo til þrjá áratugi. Þetta er mjög athyglisvert og mjög umhugsunarvert og spurningin er: Er ekki nákvæmlega sama hugsunin að baki hér þegar hæstv. menntmrh. kemur og svarar spurningum um fallskattinn þannig að markmiðið sé m.a. að bæta skipulag og auka samkeppni?

Það hefur víða glitt í þessa hugsun á undanförnum mánuðum í umræðum um þessi mál. Ég minni líka á umræður um að upplýsa árangur á prófum og bera saman skóla með einhverjum slíkum hætti, allt í nafni þess að nauðsynlegt sé að innleiða meiri samkeppni þarna á milli. Og þá er orðið stutt til Nýja-Sjálands. Þar átti nú heldur betur að gera átak og tilraun í menntamálum og heilbrigðismálum. Það átti að auka samkeppnina í skólunum og það var gengið svo langt í því að t.d. var allri svæðisskiptingu skóla varpað fyrir borð. Foreldrar áttu að hafa frelsi til þess að velja börnum sínum skóla þar sem þeim sýndist, þar sem bestur væri árangurinn. Niðurstaðan er svo síðan skelfileg, auðvitað í og með vegna þess að þar var ofstækið svo gegndarlaust að menn t.d. felldu niður allar kröfur til kennara. Skólarnir áttu bara að ráða því sjálfir hvernig fólk þeir réðu til að kenna. Það var hluti af frjálshyggjunni. Þar mátti ekki vera neitt eins og einhver réttindi, starfsréttindi og annað því um líkt. Spurningin er hvort það sé leiðarljósið sem hér er siglt eftir, þó menn segi það nú ekki fullum fetum. Sú strategía virðist meira hafa orðið ofan á hjá hæstv. ríkisstjórn og Sjálfstfl. alveg sérstaklega, að taka þetta svona í áföngum en fara ekki nýsjálensku leiðina með leiftursókn. Kannski er það hin bitra reynsla frá fyrri tíð sem veldur þessu þegar Sjálfstfl. ætlaði einu sinni að taka hlutina með leiftursókn fyrr á öldinni.

Ég held, herra forseti, að full ástæða hefði verið til þess að taka þetta ákvæði um framhaldsskólana út úr frv. og fá sérstakt þingmál um þau efni inn á borð þingmanna og ræða þau mál sérstaklega og reyna að draga hæstv. menntmrh. upp í ræðustólinn í umræðu um skólamál og biðja hann að leysa frá skjóðunni og lýsa grundvallarviðhorfum sínum í þessum efnum en ekki vera að láta svona glitta í frjálshyggjuna hér og þar og í hálfkveðnum vísum þar sem fjallað er um samkeppni og skipulag og allt þar fram eftir götunum.

Síðan, herra forseti, er næst á ferðinni af því sem ég ætlaði að nefna útreiðin sem málefni fatlaðra fá. Því hefur hv. þm. Ágúst Einarson gert ágætlega skil og það er komið inn á það í nefndaráliti minni hluta þannig að um það þarf ég í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Ríkissjóður ætlar nú að reyta af Framkvæmdasjóði fatlaðra 268 millj. kr., það er svo langt gengið að það er farið að slaga í 300 milljónir sem ríkissjóður er kominn inn á þennan sérstaka markaða tekjustofn. Og það er alveg ljóst hver hefur haft betur undanfarin ár í þessum efnum og hverjir hafa gefið eftir. Það er hæstv. fjmrh. sem hefur farið eins og logi yfir akur og lagt í rúst hvern markaða tekjustofninn á fætur öðrum þannig að það er ekkert að verða eftir sem fær að vera í friði. Nú síðast er þjóðarbókhlöðuskatturinn tekinn og hirtur í ríkissjóð að verulegu leyti, markaðar tekjur til vegagerðar, markaðar tekjur til flugmála, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, menningarendurreisnarsjóðurinn o.s.frv.

Menn hafa, herra forseti, á undanförnum árum sæst á þá breytingu, að vísu ýmsir með semingi þó, að hinir stóru framkvæmdasjóðir bæði fatlaðra og aldraðra færu að taka í einhverjum mæli þátt í að kosta rekstur þeirra stofnana sem þeir hafa sjálfir verið aðalaðilinn í að byggja upp á undan-

förnum árum. Að sjálfsögðu gera allir sér grein fyrir því að ekki er nóg að byggja, það þarf líka að reka. Og það má segja að það hafi að mörgu leyti verið eðlileg áherslubreyting þó að ýmsum hafi þótt að menn hefðu þurft að fá frið nokkur ár í viðbót til að ljúka betur mikilvægum verkefnum á sviði uppbyggingar að þessu leyti. En hitt að síðan skuli í kjölfarið komið aftan að mönnum með því að skerða tekjur þessara málaflokka beint í ríkissjóð eru ekkert annað en löðurmannleg svik við þau áform sem hér voru kynnt fyrir nokkrum árum t.d. í þessum tveimur tilvikum hvað varðar málefni aldraðra og málefni fatlaðra, þ.e. að ekki stæði annað og meira til en að láta sjóðina að einhverju leyti standa undir rekstri af tekjum sínum. En við sjáum efndirnar á þessum orðum. Verulegir fjármunir eiga nú að renna beint í ríkissjóð á næsta ári.

Þá næst, herra forseti, kem ég að málefnum Atvinnuleysistryggingasjóðs og því sem á hann er verið að hengja í þessum efnum. Það er eiginlega orðin þörf á því, herra forseti, að við fáum sérstaka úttekt á því sem er að gerast með Atvinnuleysistryggingasjóð því hér er á ferðinni í þessu frv., í frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald og svo að sjálfsögðu í sjálfum forsendum fjárlagafrv., hlutir sem að mínu mati eru mjög alvarlegir og varða afkomu og stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald er verið að lækka það hlutfall tryggingagjaldsins sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs en hækka hitt sem rennur í reynd til ríkissjóðs eða í lífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Í því frv. er til viðbótar verið að tína inn á þann tekjustofn alls konar ný verkefni, Staðlaráð og Icepro og hvað það nú heitir allt. Og hvað er svo verið að gera í þessum bandormi? Jú, hér er verið að færa alla starfsmenntun í atvinnulífinu yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Og meiri hlutanum þótti ekki nóg að gert þó að búið væri að ákveða að starfsmenntun í atvinnulífinu ætti að fara yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð heldur flytur hann nú breytingartillögu um að einnig kostnaður vegna starfsmenntunar fiskvinnslufólks skuli fara þarna inn og rökin eru að þetta sé til samræmingar.

Þessi liður hefur verið nokkuð sérstakur, herra forseti, því þetta var upphaflega hluti af kjarasamningum. Kjarasamningar voru gerðir þar sem ákveðið var að reyna að gera átak í sambandi við starfsmenntun fiskverkafólks og þeir tengdust þeim kjarasamningum í þeim skilningi að til þess að hvetja fólk til þessarar starfsmenntunar, voru ákveðin þrep í kjarasamningunum, þ.e. launahækkanir sem tengdust námskeiðunum. Þessi námskeið hafa verið á vegum samningsaðila og sjútvrn. allt fram til þessa. En í einhverjum sparnaðarþrengingum í haust munu hæstv. ráðherrar sem voru með þessi starfsfræðslumál, hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh., hafa dottið ofan á það snjallræði að henda því út úr ráðuneytunum og láta bara einhverja aðra borga það. Og sú niðurstaða er fengin í frv. og breytingartillögum meiri hlutans að þessu er hent í Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann er að verða einhvers konar ruslakista fyrir ýmis verkefni af þessu tagi. Auðvitað er það alveg óskaplegt metnaðarleysi, herra forseti, að menn skuli eftir allar hinar hástemmdu ræður um að gera átak í starfsmenntun, endurmenntun og símenntun fullorðins fólks, launafólks, afgreiða þessi mál svona, þ.e. að henda þessu frá ráðuneytunum yfir í Atvinnuleysistryggingasjóð og láta hann sitja uppi með þetta. Spurningin er líka sú hvort það sé yfir höfuð skynsamlegt. Er það rétt tenging að líta á það sem einhverja hina hlið á atvinnuleysi að halda uppi starfsmenntun og faglegri fræðslu meðal fólks á vinnumarkaðnum? Er þetta einhver vandamálahugsun að þetta sé nátengt þeim vandamálum og atvinnuleysi í þjóðfélaginu? Er það metnaðurinn sem í þessu er? Í staðinn fyrir að líta frekar á þetta sem hluta af sókn í atvinnulífinu og hjá því fólki sem er í störfum þar sem liggja möguleikar til aukinnar verðmætasköpunar og aukinnar framleiðni og þróunar. Ég hélt satt best að segja að það væri ekki síður þannig sem menn vildu hugsa þessi mál. Að við vildum reyna að stefna að því að eiga hæfara, betur þjálfað og menntað starfsfólk. Að það væri hluti af því að sækja fram í íslensku atvinnulífi en ekki að líta á þetta sem vandamál sem séu hengd á herðar Atvinnuleysistryggingasjóðs og séu næsti bær við það að greiða atvinnuleysistryggingabætur. Mér finnst þetta satt best að segja, herra forseti, afar aumingjalegt. Ég lýsi eftir því að menn ræði þetta eitthvað á þeim nótum en afgreiði málin ekki bara málin sisvona eins og hér á að gera.

Okkur helst illa á ráðherrunum, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ): Já.)

Þetta er nú ljóta ástandið. (**Gripið fram í:** Nú kemur einn skeiðandi í salinn.) Það fer vel á því. Ég er einmitt að koma þar að í frv. sem kemur að hæstv. heilbrrh. Og þó það hafi þegar verið gert hér lítillega að umtalsefni og haldi ábyggilega áfram, þá kemst ég ekki hjá því að bæta nokkru við það sem ég sagði við 1. umr. um það mál vegna hins fráleita frágangs á málinu í frv. og að því er virðist áfram, ef marka má það að ekki koma þar fram neinar brtt. sem í sjálfu sér neinu máli skipta um þær greinar frv. sem lúta að heilbrigðismálum.

Það eru sem sagt breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, 15.–20. gr. frv. Nú er það svo, herra forseti, að heilbrigðismálin eru meira og minna í upplausn, ekki bara úti í þjóðfélaginu, heldur líka í meðförum þingsins og hjá hæstv. ríkisstjórn því þau eiga nánast öll að bíða 3. umr. fjárlaga. Til að mynda málefni stóru sjúkrahúsanna og þær sparnaðaraðgerðir sem boðaðar eru samkvæmt forsendum fjárlagafrv. og hæstv. heilbrrh. á víst að reyna að fylla út í.

Ég verð að segja að úr því að svo er hefði mér fundist eðlilegast að þessi umræða, herra forseti, færi ekki fram fyrr en í kjölfarið á 3. umr. fjárlaga eða a.m.k. engar brtt. yrðu fluttar og þar með alveg ljóst að þessi kafli frv., 15.–20. gr. væru óafgreiddar vegna þess að ég trúi því ekki enn, að ætlunin sé að troða þessu í gegnum þingið eins og það er. Ég tek það fram að ég gef ekkert fyrir þessar litlu lagfæringar sem að nafninu til er, samkvæmt brtt. meiri hlutans, verið að gera t.d. á 17. gr. um eitthvert samráð sem oft hefur ekki reynst mikið gefandi fyrir eins og kunnugt er við annaðhvort Samband íslenskra sveitarfélaga eða hlutaðeigandi sveitarfélög. Það er gott og blessað í sjálfu sér og í raun og veru svo sjálfsagður hlutur að ekki ætti að þurfa að hafa um það einhver bindandi ákvæði í lögum að menn ynnu slíka hluti í samráði eins og kostur væri. En það er eins og það sé orðin alveg sérstök gæska, sem meiri hlutinn telur ástæðu til að hrósa sér af, ef sett er einhvers staðar inn í lagatexta að hann hyggist hafa samráð við einhverja. Það lýsir náttúrlega hugarfarinu sem þarna er á ferðinni almennt. En eftir stendur það að þrátt fyrir að nánast engar upplýsingar hafi verið veittar um afgreiðslu þessara vandasömu og erfiðu mála sem tengjast stóru sjúkrahúsunum og niðurskurðinum gagnvart sjúkrastofnununum á landsbyggðinni og því öllu sópað til 3. umr., þá er verið að fara fram á að fá þær heimildir, svona afgreiddar til handa hæstv. heilbrrh. Í reynd er það þannig að þessar greinar og

alveg sérstaklega 19. gr. fela heilbrrh. alræðisvald. Ég vil meira og minna meina að ástæðulaust sé að vera að hafa nokkur önnur lagaákvæði um heilbrigðismál í lagasafninu og það megi stytta lagasafnið um mörghundruð blaðsíður. Það er fróðlegt að heyra hvað hv. þm. Össur Skarphéðinsson, formaður heilbrn., hefur um þetta að segja. Ég sé ekki annað en að í raun og veru dugi 19. gr. í frv. ein og sér, það þurfi ekkert að hafa meira í lögum á Íslandi um heilbrigðismál en þetta: Ráðherra ræður. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu að höfðu samráði við Samband sveitarfélaga. Hann getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana og óskilgreint, sjúkrastofnanir yfirleitt, sem reknar eru af ríkinu, með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég veit að þeir sem hlusta á erlendar fréttir og heyra einstöku sinnum fréttir frá Rússlandi kannast við orðið tilskipanir því Jeltsín, vinur okkar, milli þess sem hann er upptekinn af öðru þá stjórnar hann landinu að verulegu leyti með tilskipunum. (Gripið fram í.) Þannig er stjórnarfarið þar. Tilskipanir eru reyndar þekktar líka í Brussel, svo ekki sé nú farið alveg svona langt austur. Mér sýnist að í raun og veru vanti bara — það væri í stíl við þetta — að inn kæmi ákvæði um að hæstv. ráðherra gæfi síðan út tilskipanir um ákvarðanir sínar.

Herra forseti. Ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta með hreinum ólíkindum. Mér finnst alveg sérstaklega merkilegt að menn skuli einmitt við þær aðstæður í heilbrigðismálum sem nú eru uppi fara fram á að fá slík ákvæði í lög. Það þekkja allir hvernig ástandið hefur verið í okkar heilbrigðiskerfi undanfarin ár. Ég held að það sé ekki of djúpt í árinni tekið að segja að upplausnarástand ríki í heilbrigðiskerfinu á Íslandi, því miður. Hér hafa verið verkföll og harðvítugar deildur. Heilsugæslan, sérstaklega á suðvesturhorni landsins hefur verið í molum og upplausnarástand í þeim efnum. Heimilislæknar hafa litið svo á að í raun væri stétt þeirra að líða undir lok vegna þess að það er slíkt ófremdarástand m.a. af skipulagslegum ástæðum, sérstaklega hér á þessu svæði þar sem aldrei hefur verið lokið uppbyggingu heilsugæslunnar. Læknar eru að flýja úr landi. Atgervisflótti er í heilbrigðisstéttum á Íslandi vegna þess að búið er þannig að þeim stéttum, bæði hvað kjör snertir en þó held ég alveg sérstaklega hvað varðar allar vinnuaðstæður, álag á vinnustað og afleiðingar þessa handahófskennda sparnaðar og ófriðar sem verið hefur í heilsugæslunni undanfarin ár. Það er a.m.k. það sem ég heyri oftast þegar ég ræði þessi mál við starfsfólk úr þeim geira að eitt sé að búa við þessi laun. Og þar eru heilbrigðisstéttir kannski ekki svo langt frá því að vera svipað settar og aðrar stéttir ef borið er saman við nágrannalöndin. Munurinn er kannski sá, að vísu, að vel menntað fólk í heilbrigðisgeiranum á oft auðveldara með að finna sér góð störf í nágrannalöndunum af því að eftirspurn er eftir slíku fólki, t.d. í Noregi um þessar mundir. Norðmenn hafa auglýst bæði eftir læknum og hjúkrunarfræðingum á hinum Norðurlöndunum. Við bætist að vinnuaðstæðurnar eru hörmulegar, mönnun á deildum, t.d. á sjúkrastofnunum á Íslandi er langt undir því sem gerist í nágrannalöndunum, vinnuálagið er miklu meira, þrengslin eru meiri, það eru miklu fleiri rúm á fermetra á legudeildum o.s.frv. Þetta finnst mér að menn neiti að horfast í augu við. Og svo bætist það við, sem er auðvitað verst af öllu því að það er heimatilbúinn vandi, að haldið hefur verið þannig á málum síðustu árin að það er engin heilbrigðisstefna í framkvæmd. Hún er mótuð með handahófskenndum niðurskurðarrassíum og bandormum og látum og illindum á hverju ári við afgreiðslu fjárlaga. Það hefur einn heilbrrh. komið hér á fætur öðrum, staðið í alls konar æfingum að þessu leyti. Ýmist á að taka upp tilvísunarskyldu eða ekki o.s.frv. Því miður er það þannig, herra forseti, að það ríkir algjör upplausn í heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Er þá skynsamlegt að leggja fram pappír og biðja um alræðisvald til handa heilbrrh. ofan í allt sem á undan er gengið? Er það skynsamleg afgreiðsla af hálfu Alþingis? Ég held ekki. Ég held að nær væri að reyna að leysa úr þeim brýnu vandamálum sem uppi eru og það þarf að gera til að halda hlutunum á floti, t.d. næsta ár, og setja menn, sem því valda, í að ná einhverri sátt um heilbrigðisstefnuna í landinu. Það eru engin smámál t.d hvaða sérhæfða heilbrigðisþjónusta er veitt á landsbyggðinni og hvaða þjónusta ekki. Kannski er eitt mikilvægasta málið þegar kemur að því fyrir fólk að gera upp við sig hvort það vill heyja sína lífsbaráttu þar, búa í tilteknum byggðarlögum, það að fá einhver svör við því að hverju við komum til með að ganga t.d. hvað varðar líf og öryggi okkar sjálfra og barnanna okkar á heilbrigðissviðinu. Verður hér læknir eða verður sjúkrahús í næsta byggðarlagi? Halda menn þá að það sé gæfulegt að hafa hlutina í þessu fari? Að boðaður sé fyrir fram niðurskurður upp á 160 millj. kr. Svo á algjörlega eftir að útfæra hvernig á að koma honum við. Fyrst gefa menn sér töluna, fyrst gefa menn sér niðurstöðuna og svo er farið í einhverjum vandræðagangi að reyna að leita að aðferðum til að koma því í framkvæmd.

Þetta eru algjörlega ótæk vinnubrögð. Fyrir utan það að mestallt þetta brölt undanfarin ár hefur ekki leitt til nokkurs sparnaðar. Þegar upp er staðið eru t.d. flestallar lokanirnar út í loftið vegna þess að vandamálin gufa ekki upp þó deildum sé lokað. Að vísu hefur ekki verið reynt aftur að loka fæðingardeildunum, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði einu sinni sem heilbrrh. Hann ákvað að loka fæðingardeildum. Hann tilkynnti það að vísu ekki níu mánuðum fyrir fram þannig að menn gætu gripið til fyrirbyggjandi ráðstafana heldur fimm mánuðum. Auðvitað varð ekki af þessu mjög mikill sparnaður. Af hverju? Af því að konurnar voru þegar gengnar fjóra mánuði með og þurftu að fæða einhvers staðar. Og þar sem var lokað fluttust vandamálin ósköp einfaldlega til og yfir á aðrar deildir með tilheyrandi útgjöldum. Það sem enginn vildi náttúrlega nefna og ræða var óhagræðið fyrir fólkið. Þannig ná menn ekki árangri. Menn ná heldur ekki árangri með þessum aðferðum sem hæstv. heilbrrh. er að reyna hér.

Ég, herra forseti, held að eitt það alvarlegasta sem við erum að ræða um í þessu samhengi, og er þó margt ljótt í þessum bandormi, sé sú algjöra upplausn sem ríkir í heilbrigðismálunum og í raun og veru viðurkenning hæstv. heilbrrh. á því að málin séu í upplausn. Því ef hæstv. heilbrrh. og hæstv. ríkisstjórn vissi hvað ætti að gera þá þyrfti ekki þessar heimildir. Þá væri hægt að ganga frá því máli hér. Það þarf ekki opnar heimildir til að taka geðþóttaákvarðanir inn á miðju fjárlagaári ef engar slíkar stendur til að taka. Eða ef málin liggja ljós fyrir og hægt er að boða og kynna þær breytingar sem á að grípa til og lögfesta heimildir sem því eru samfara ef einhverjar eru. En ástæðan fyrir því að þetta er afgreitt svona er sú að enginn botn er kominn í þessi mál, leyfi ég mér að fullyrða. Kerfið logar allt í sögusögnum um hverja eigi að slá af og hverja ekki. Það þorir varla nokkur maður að líta framan í annan í heilbrigðiskerfinu því þar ríkir tortryggni og hræðsla í allar áttir við þessar aðstæður þegar

menn hafa yfir sér einhverjar ósundurliðaðar tölur um svo og svo mikinn niðurskurð og sparnað án þess að á nokkurn hátt hafi verið að því unnið að undirbyggja einhverjar skynsamlegar ákvarðanir sem gætu ef til vill leitt til sparnaðar eða að minnsta kosti haldið aftur af útgjaldaaukningu.

Enginn gerir lítið úr því að mikilvægt er að ná sem mestum árangri hvað varðar meðferð fjármuna í þessum langdýrasta hluta opinberrar þjónustu sem heilbrigðismálin eru, og tryggingamálin. En ég óttast að vísu mjög, herra forseti, að margt af þeirri þróun sem við höfum verið að sjá undanfarin missiri og ár í þessum efnum, sé að ganga í þveröfuga átt, þ.e. að breytingar séu að gerast einmitt í okkar heilbrigðisþjónustu sem verði þegar frá líður miklu dýrari, valdi því að hún verði dýrari en ella. Ég nefni þar til að mynda hversu illa okkur hefur tekist að byggja upp og leggja áherslu á grunnþjónustuna, undirstöðuheilbrigðisþjónustuna, heilsugæsluna, og ég nefni offjárfestingu í sérfræðingageiranum á Suðvesturhorninu þegar svo er komið að Tryggingastofnun og ríkið virðist vera varnarlaust gegn því að einhverjir sérfræðingar taki sig saman og fjárfesti í lækningatækjum eða rannsóknartækjum upp á tugi ef ekki hundruð millj. kr. Það er eins og enginn hafi völd í landinu til að koma í veg fyrir að slíkar fjárfestingar séu síðan borgaðar niður af almannafé.

Ég spyr: Hvers lags er þetta? Það væri fróðlegt að heyra hæstv. heilbrrh. fara aðeins inn á það mál. Verður það þannig áfram að sérfræðingar á sjálfstætt starfandi stofum geti keypt nánast hvaða lúxustæki sem er og sent Tryggingastofnun, þ.e. ríkinu, reikninginn og ef það neitar að borga eða er eitthvað að þráast við að borga, þá fari þeir bara í mál og vinni það og ríkið skuli veskú borga hvað sem tautar og raular? Hvernig hefur hæstv. heilbrrh. hugsað sér að hafa þetta í framhaldinu? Megum við kannski búast við því að sum nýjustu og dýrustu lækningatækin, sem koma til landsins á næstu árum, komi ekki inn á sjúkrahúsin, þau komi ekki inn á Landspítalann, Sjúkrahús Reykjavíkur eða Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem væri rökrétt? Nei. Þau komi inn á einkastofur og síðan fari það miklir opinberir fjármunir í að borga niður þessi tæki að ekkert verði afgangs handa spítölunum? Hvað er þá að gerast? Þá er verið að flytja þessa sérhæfðu þjónustu út og suður. Þá er fjárfestingin stjórnlaus og kerfið verður að sjálfsögðu þegar upp er staðið miklu dýrara. Ég held að þarna þurfi að móta stefnu. Þarna þarf að stíga á bremsur. Setja þarf mjög skýrar reglur um hvaða kostnað sjálfstætt starfandi sérfræðingar eða stofur eiga rétt á að fá greiddan í gegnum sína þjónustu og það má ekki gera svo arfavitlausa samninga við slíka aðila að ríkið sé varnarlaust gagnvart því, a.m.k. innan gildistíma samningsins, hvaða fjárfestingar þeir ráðast í og senda svo ríkinu reikninginn. Hefur hæstv. heilbrrh. hugsað sér að framlengja að þessu leyti til óbreyttum gildandi samningum við sérfræðinga? Það væri fróðlegt að fá svör við því. Það eru engin smámál sem þar eru á ferðinni því að fordæmið liggur nú fyrir. Eitt af dýrustu tækjum í íslensku heilbrigðisþjónustunni er núna á slíkri einkastofu og sérfræðingar reyndust í krafti samningsins hafa rétt til þess eða stöðu til að knýja ríkið til að taka að sér að borga niður þá fjárfestingu sem þeir einir tóku ákvörðun um án leyfa og án samráðs við kóng eða prest. Menn verða auðvitað að horfast í augu við það að ef þessu heldur áfram þá verður kerfið stjórnlaust. Þá eru aðilar einhvers staðar úti í bæ sem geta í raun og veru skrifað ávísanir á ríkissjóð án þess að yfirvöld heilbrigðismála eða ríkisfjármála komi nokkrum vörnum við.

Þetta og margt, margt fleira af svipuðum toga, herra forseti, væri auðvitað ástæða til að ræða í langri og ítarlegri ræðu um stefnumótun í heilbrigðismálum en ekki að vera fela það inni í fáeinum lagagreinum í bandormi um annars óskyld mál. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að velta því fyrir sér að draga þessar greinar til baka út úr frv. Það sem hæstv. heilbrrh. ætti að gera í öðru lagi væri að fara fram á það við þingflokka að skipa þverpólitíska nefnd til að fara ofan í þessi mál og reyna að ná einhverjum tökum á nýjan leik á yfirstjórn og stefnumótun í heilbrigðismálum.

Ég held að einn vandinn sem við eigum við að glíma í þessum efnum sé líka sá að stjórnkerfi heilbrigðismálanna sé mjög veikt. Ég held að það sé mikið umhugsunarefni hvernig það í raun og veru virkar. Ég held t.d. að samspil Tryggingastofnunar og heilbrrn. og þess vegna Alþingis sé alls ekki eins og það þyrfti að vera, langt í frá. Ég vísa aftur til þess sem ég var að rekja áðan í sambandi við samninga og fjárfestingar sérfræðinga og fleira því um líkt. En það er sjálfsagt ekki í tísku að þessu leytinu til frekar en öðru að reyna að vinna hlutina faglega og ég tala nú ekki um þverpólitískt og með samstöðu að leiðarljósi. Sjálfsagt verður það ógæfa núv. hæstv. heilbrrh., eins og þeirra sem á undan henni störfuðu, að það verði endalaus illindi og ófriður um þetta út kjörtímabilið, en þannig virðist þetta því miður ætla að verða. Það er svo komið með þennan mikilvæga málaflokk sem tekur til sín langmesta fjármuni af öllum, að þar stendur ekki steinn yfir steini.

Herra forseti. Að lokum ætlaði ég að nefna lítillega önnur mál sem koma inn í aftari hluta frv. Það er til að mynda skerðingin á mörkuðum tekjum Vegasjóðs. Ég geri það kannski meira af skyldurækni, því miður, en trú á að mikið þýði að hefja umræður um þau. En ég bendi á að jafnt og þétt sígur enn á ógæfuhliðina í þeim efnum hvernig ríkissjóður seilist inn á hinn markaða tekjustofn vegamálanna samtímis því sem skattar og álögur á umferðina aukast að öðru leyti, þannig að sorglega lágt hlutfall af skatttekjum, sem á umferðina leggjast og eru að nálgast 20 milljarða kr., renna nú til vegamála eða einhvers staðar á milli 6 og 7 milljarðar, rétt um þriðjungur af skatttekjunum. Það er þó ekki þannig að verkefnin vanti til að ráðast í. Þvert á móti er óhugnanlega langt í land, í áratugum talið, að íslenska vegakerfið komist í það horf að við getum sagt að það fullnægi sæmilega lágmarksstöðlum með tilliti til umferðarþunga og aðstæðna í landinu.

Fyrir nokkrum árum á meðan enn var verið að vinna samkvæmt skipulagningu á einhverri áætlanagerð á þessu sviði, en slíkt hefur ekki tíðkast í tíð núv. og síðustu hæstv. ríkisstjórnar, þá vann Vegagerðin mikið starf að undirbúningi að langtímaáætlun í vegagerð. Þá var það metið svo að þrátt fyrir nokkra hækkun á framlögum til vegagerðar, sem þá var forsendan, tæki um 25 ár að koma vegakerfinu, að uppistöðu til, í sæmilegt horf. Ég veit, herra forseti, að sá tími hefur því miður nánast ekkert styst þó að nokkur ár séu liðin vegna þess að þung viðbótarverkefni hafa komið inn í myndina og vegatekjurnar hafa verið skertar. Og það væri fróðlegt, herra forseti, að vita hvar þær væru núna, hetjurnar sem fluttu tillöguna um hækkaðan hámarkshraða og ræða aðeins við þær um þessa skerðingu á tekjum til vegagerðar. Maður skyldi ætla að þessi fjögur atkvæði skiluðu sér ekki síður í því að mótmæla þessari skerðingu á vegafé úr því að hv. þingmenn hafa þá stefnu að hækka eigi hámarkshraðann um 20%. Hvar eru hv. þm. Árni Johnsen, hv. þm. Siv

Friðleifsdóttir, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og einhver ein enn hetjan mun hafa greitt tillögunni atkvæði sitt, gott ef það er ekki sjálfur formaður samgn., Einar K. Guðfinnsson? (**Gripið fram í:** Þeir eru úti að aka.) Ef hugur fylgdi máli hjá þessum hv. þm., þá ættu þeir auðvitað að koma hér og taka þátt í því að koma fyrir kattarnef 22. gr. frv. sem felur í sér að 656 millj. kr. af innheimtum mörkuðum tekjum samkvæmt vegalögum skuli renna í ríkissjóð á árinu 1997.

Sömuleiðis er ástæða til að nefna 23. gr. sem fjallar um skertar tekjur flugmálaáætlunar. Þar hefur svo hörmulega tekist til að á einum þremur árum hefur flugmálaáætlunin í raun hrunið, herra forseti, frá því að hafa óskertar tekjur upp á um 400 millj. kr. til framkvæmda í flugmálum og staðan var að verða slík að ekki hefði þurft nema tiltölulega fá ár, nokkur ár í viðbót sem þessi áætlun hefði fengið að halda sér í friði. Þá hefði náðst að ljúka þeirri framkvæmdaáætlun um uppbyggingu í flugmálum sem lögð voru drög að á árunum milli 1986 og 1990. En farið var út á þá óheillabraut fyrir tveimur eða þremur árum að skerða í fyrsta sinn þessar tekjur og þá til rekstrar Flugmálastjórnar. Hluti af rekstri flugvallanna var færður inn á þennan tekjustofn, síðan aukinn hluti, snjómokstur og fleira tínt til og svo enn meira og nú á til viðbótar öllu þessu, að taka peninga úr þessu í hítina Flugstöð Leifs Eiríkssonar og veit maður ekki hversu aumingja Leifur Eiríksson á að gjalda eftir öll þessi ár að þau ósköp skuli vera heitin eftir honum. En það er sem sagt þannig að óráðsíusúpunni upp á hátt í 5 milljarða kr. velta menn á undan sér. Og til að kljóra eitthvað í bakkann er nú talað um að fara að reyta af tekjum flugmálaáætlunar inn í þetta sem aldrei var meiningin, því flugmálaáætlunin átti fyrst og fremst að taka til almennra framkvæmda og reyndar var hún þannig upp sett í byrjun að sérverkefni, svo sem bygging flugstöðvar á Reykjavíkurflugvelli, nýr varaflugvöllur við Egilsstaði og aðrar slíkar framkvæmdir áttu að fjármagnast sérstaklega. En þó það hafi ekki orðið eða yrði ekki og verkefni sem eru beint tengd uppbyggingu flugsins komi þarna inn, þá er auðvitað um allt aðra hluti að ræða þegar að því kemur að borga niður óráðsíuskuldirnar frá flugstöðinni í Keflavík.

Herra forseti. Síðan hafa verið að berast fréttir af því og liggur fyrir að einhverjar breytingar verði á afgreiðslu mála hvað varðar flugstöðina í Keflavík, þ.e. að frestað verði þeim nýframkvæmdum að mestu leyti, sem þar átti að ráðast í, tengt svonefndum Schengen-samningi og að í frv. til lánsfjárlaga komi til breytingar þar sem lántökuheimildir vegna slíkra framkvæmda verði lækkaðar um meira en hálfan milljarð kr. Eftir stendur að málefni flugstöðvarinnar eru í upplausn, eins og venjulega verður maður því miður að segja. Boltanum er rúllað á undan sér með lánalengingum og flugstöðin fær eitthvað á annan milljarð kr. í lánsheimildir í slíku skyni.

Að lokum, herra forseti, eru ákvæði sem mikið hefur verið rætt um, svo merkilegt sem það er liggur mér við að segja, því þar eru ekki stórar tölur á ferð. Ég nefni til að mynda ákvæðið um breytingu á samkeppnislögum í 25. gr. Það þótti mörgum nokkuð sérkennilegt þegar menn sáu það ákvæði að leggja ætti á sérstakt áfrýjunargjald upp á 120 þús. kr. ef menn sem hefðu leitað með sín mál til Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs væru ekki sáttir við þann úrskurð eða þá niðurstöðu sem þeir hefðu þar fengið. Í lögunum er sérstakur áfrýjunarfarvegur til svonefndrar áfrýjunarnefndar og menn höfðu hugsað sér það hjá hæstv. ríkissjtórn, hjá hæstv. viðskrh. sem væntanlega ber ábyrgð á þessu, að láta menn kaupa sér réttlæti fyrir 120 þúsund kall. Þeir sem höfðu ekki efni á því urðu bara að verða af réttlætinu. Þetta var náttúrlega stórbrotin hugsun, sérstaklega frá réttarfarslegu sjónarmiði séð og þurfti náttúrlega framsóknarmann til að láta sér detta þessi ósköp í hug. En það ber að virða þegar það gerist einstöku sinnum að jafnvel þeir taka sönsum. Nú er búið að ákveða að henda þessu ákvæði út og ég vil fagna því að svo er, svo arfavitlaust sem það auðvitað var frá byrjun. Vissulega gleður það mann að einstöku sinnum skuli opnast augu manna fyrir slíku þó að allt of margt óskynsamlegt eða ranglátt sé hér inni eftir sem áður.

Svo að lokum og allra síðast, herra forseti, um 26. gr. um þetta stórbrotna ákvæði um að ríkið hætti að taka þátt í kostnaði við eyðingu á ref og heilar 19 millj. kr. ætlaði hið háa ráðuneyti eða hinn mikli ríkissjóður, sem veltir eins og kunnugt er 120 milljörðum, að hafa upp úr krafsinu. Ekki þannig þó að þessi starfsemi ætti að leggjast af. Nei, því engin ákvörðun var tekin um slíkt heldur yrði það þannig að nokkur fátækustu og afskekktustu héruð eða sveitahreppar landsins áttu að taka kostnaðinn yfir á sínar herðar. Það var nú allt veglyndið í þessu ákvæði, herra forseti.

Síðan hafa menn auðvitað átt ákaflega skemmtilegar og lærdómsríkar samræður um þessi mál, m.a. við hið háa umhvrn. um hvort þörf sé á því að eyða þessum ref og er í raun annað mál. Það er eiginlega lítill botn fenginn í það mál því að kenningarnar virðast vera nokkuð margar og nokkuð mismunandi og eitt er víst að ekki liggja fyrir miklar rannsóknir. Ráðuneytið treystir sér þar af leiðandi ekki til að leggja til að þetta sé óþarfi og það eigi að hætta þessu heldur frekar hitt að ekki sé í sjálfu sér verið að boða neina breytingu á því að áfram verði það markmið og keppikefli að eyða ref. En kostnaðurinn skal ekki lengur greiðast af ríkinu.

Þetta ákvæði hefur valdið ýmsum sálarkvölum og hefur ekki mælst mjög vel fyrir að sögn. Það ganga sögur af því að hv. þm. sem hafa verið á yfirreið um kjördæmi sín, til að mynda hv. þingmenn Norðurl. v., hafi fengið í andlitið á hverjum einasta fundi að þetta væri ekki nógu gott og komu dálítið dasaðir úr þeirri yfirreið að sögn. En eftir stendur að það á eftir að fá botn í þetta mikla mál og efh.- og viðskn. fékk ekki neinar tæmandi upplýsingar um hvernig þetta yrði að lokum afgreitt aðrar en þó þær að menn væru mikið að velta þessu fyrir sér og við vorum auðvitað verulega miklu nær með þau svör. En það vill nú svo til að þetta mál mun koma aftur til nefndarinnar hvort sem er og enn er þar af leiðandi ekki útséð um að á þessu verði gerð einhver breyting.

Það hefur enginn mér vitanlega útilokað að skynsamlegt geti verið að gera þarna einhverja breytingu á t.d. tilhögun framkvæmdanna. Menn hafa nefnt þann möguleika að greidd verði föst upphæð á hvert unnið dýr o.s.frv. og allt gæti það komið mjög vel til skoðunar, en frágangurinn eins og hann var hér settur upp var ekki hæstv. umhvrh., svo merkilegt sem það nú reyndar er, einnig hæstv. landbrh., mikið til sóma og er þar þó vænn maður á ferð sem er hæstv. umhvrh. En þarna þyrfti hann að hleypa í sig aðeins meira skapi og meiri hörku og láta ekki hafa sig út í að leggja þessa eða slíka hluti til.

Herra forseti. Hér er sem sagt á ferðinni heldur rislítið mál ef svo má að orði komast. Ég hygg að sómi hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra verði ekki mikill af því sem hér er á ferðinni. Fæst telst til stórbrotinna og jákvæðra tíðinda í lagasetningu sem þarna er á ferðinni. Ég held að þeir

bautasteinar sem þarna er verið að reisa, svo sem fallskattur hæstv. menntmrh., heimildir hæstv. heilbrrh. eða refaákvæði hæstv. umhvrh., verði ekki taldir til meiri háttar minnisvarða um þá þegar fram líða stundir. Málið í heild sinni er heldur illa undirbúið og þyrfti að vinnast betur.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þá ekki meira um þessi ósköp að segja að svo stöddu a.m.k.

[16:02]

Útbýting þingskjals:
Fjárlög 1997, 1. mál, þskj. 364.

Umræðu frestað.

Póst- og fjarskiptastofnun, 2. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375.

og

Fjarskipti, 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373.

og

Póstþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 376 og 383, brtt. 377.

[16:04]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forseta verður mælt fyrir nefndarálitum vegna þriggja frumvarpa. Í fyrsta lagi nefndaráliti meiri hlutans ásamt breytingartillögum við frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nefndaráliti meiri hlutans ásamt breytingartillögum um frv. til laga um fjarskipti og nefndaráliti ásamt breytingartillögum frá meiri hluta um frv. til laga um póstþjónustu.

Það frv. sem við ræðum hér um Póst- og fjarskiptastofnun er eðlilegt framhald af þeim breytingum sem eru að verða á fjarskiptaumhverfinu og þeirri ákvörðun sem tekin var á sl. vori um formbreytingu Póst- og símamálastofnunar sem í raun og veru hefur verið eins konar framlengdur armur framkvæmdarvaldsins að því leytinu að það hefur séð um stóran hlut af þeirri stjórnsýslu sem þessi mál hafa þurft á að halda. Póst- og fjarskiptastofnun mun hafa það að meginmarkmiði að vera í fyrsta lagi almenn stjórnsýsla á póst- og fjarskiptasviðinu og yfirtekur að hluta til verkefni fjarskiptaeftirlitsins. Hún er í raun og veru eftirlitsaðili í hinu breytta umhverfi á póst- og fjarskiptamarkaðnum.

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á 8. gr. frv. þar sem kveðið er á um sjálfstæði Póst- og fjarskiptastofnunar sem er ákaflega þýðingarmikið í þeirri umræðu sem hér fer fram. Það er gert ráð fyrir því og reyndar enn þá undirstrikað í þeim breytingartillögum sem fram koma af hálfu meiri hlutans að Póst- og fjarskiptastofnun hafi sjálfstæða stöðu. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar og einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Úrskurðir þeir sem úrskurðarnefndin fær skulu vera endanlegir á stjórnsýslustigi og þeim er ekki hægt að skjóta til samgrn. Þetta er liður í því að styrkja sjálfstæði þessarar stofnunar og þessarar starfsemi.

Ég vil aðeins fara yfir þær breytingartillögur sem meiri hlutinn leggur til. Í fyrsta lagi er lagt til að ákvæði 7. gr. frv., þar sem kveðið er á um að notandi fjarskipta- eða póstþjónustu geti beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna reikninga sem gefnir eru út vegna almennrar fjarskiptaþjónustu, verði fellt brott. Þetta er gert með hliðsjón af þeim breytingum sem lagðar eru til á frv. til laga um fjarskipti og ég kem að hér á eftir og miðar að því að takmarka afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar af þeim hluta fjarskiptaþjónustu sem ekki varðar sérstaklega tæknileg atriði eða skilyrði rekstrarleyfa. Þetta er gert, virðulegi forseti, til þess að gera skarpari skil á milli starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar og starfsemi annarra eftirlitsaðila eins og Samkeppnisstofnunar. Það er mjög mikilvægt að ljóst sé hvert valdsvið Póst- og fjarskiptastofnunar er og hvert valdsvið annarra eftirlitsaðila í þjóðfélaginu er á þessu sviði.

Enn fremur er lagt til í breytingartillögum meiri hluta samgn. að hæfisskilyrði, sem kveðið er á um í 8. gr. frv. og ég vék aðeins að áðan, verði breytt þannig að aðrir nefndarmenn en formaður og varaformaður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála skuli hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála, verði felld brott. Ástæðan fyrir þessu er sú að við töldum að það gæti orðið erfitt að finna nægilega marga aðila sem uppfylltu þessi skilyrði án þess að þeir tengdust Pósti og síma beint eða óbeint og þetta væri enn einn liður í því að tryggja sjálfstæði þessarar stofnunar og þeirra úrskurða sem hún mun eðli málsins þurfa og verða að fella.

Þá vík ég að nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta samgn. varðandi frv. til laga um fjarskipti. Það má segja þegar þessi mál eru skoðuð að þetta frv. sé kannski það viðurhlutamesta í þessari umræðu. Fjarskiptamálin er ákaflega flókin og margslungið svið sem kallar á miklar breytingar á lagarammanum vegna þess að fjarskiptamálin eru að taka miklum breytingum í okkar heimshluta, ekki síður hér á landi en annars staðar. Stóra breytingin kemur fram í ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir því að einkaleyfi til almenns fjarskiptarekstrar falli niður ekki síðar en 1. janúar árið 1998. Þetta er stærsta breytingin. Það verður grundvallarbreyting á öllu rekstrarumhverfinu sem þýðir að það er mjög mikilvægt að allar leikreglur á þessum markaði séu sem skýrastar, hlutlægastar og gagnsæjastar til þess að tryggja það í senn að hér sé hægt að starfrækja sem öflugast fjarskiptanet en jafnframt að tryggja þá samkeppni sem óhjákvæmileg er og eðlileg er á þessum markaði eins og öðrum og tryggja sem mest jafnræði þeirra aðila sem þar starfa.

Markmiðið með þeim breytingartillögum sem meiri hluti samgn. leggur til við þetta frv. er nákvæmlega það að skýra sem best þennan ramma sem fyrirtækin starfa innan þannig að þær leikreglur sem menn verða að hlíta á þessum markaði séu sem ljósastar. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 6.

og 11. gr. frv. sem miða að því að skilgreina nánar skilyrði þau sem Póst- og fjarskiptastofnun setur fyrir veitingu rekstrarleyfis og afskipti stofnunarinnar. Miðað er við að skilyrði fyrir leyfisveitingu skuli ekki einungis vera skýr og að gæta verði jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa, heldur þykir líka rétt að taka fram að skilyrðin skuli einnig vera hlutlæg, samanber 1. mgr. 6. gr. Þetta styðst m.a. við sambærilegt ákvæði í frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun og enn fremur tilskipanir Evrópusambandsins eða EES sem kveða á um mikilvægi þess að þetta sé til staðar í lagatextanum.

Þá er lagt til að í stað þess að miða við að eitt af skilyrðum fyrir rekstrarleyfi geti verið að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í almennri fjarskiptaþjónustu séu háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar verði miðað við að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í alþjónustu verði háðir slíku samþykki, samanber g-lið 2. mgr. 6. gr. Þetta er enn þáttur í því að skýra betur umfang þessara laga og gera skarpari skil á milli starfsemi annars vegar Póst- og fjarskiptastofnunar og hins vegar Samkeppnisstofnunar sem er eins og ég hef áður sagt ákaflega þýðingarmikið að séu mjög ljós. Með þessum breytingum er því verið að þrengja skilgreiningarnar nokkuð frá því sem frv. gerði ráð fyrir og gera þetta mál skýrara.

Þá eru lagðar til breytingar á 11. gr. frv. sem miða að því að takmarka afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar við tiltekna þætti sem varða tengingar neytenda við fjarskiptanet og lágmarksbilanaþjónustu. Hér er fyrst og fremst um tæknilegar kröfur að ræða fyrir tengingar og þess háttar og enn er þetta liður í því að afmarka skýrar þá starfsemi sem hér um ræðir.

Lagt er til að í 15. gr. verði kveðið sérstaklega á um að jöfnunargjaldið, sem innheimta skal af rekstrarleyfishöfum innan viðkomandi þjónustusviðs samkvæmt VIII. kafla frv., verði ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998, og felld verði niður heimild ráðherra í 6. mgr. til að setja nánari fyrirmæli um álagningu gjaldsins. Þetta er augljóst ákvæði vegna þess að það er mjög þýðingarmikið í lagasetningu af þessu taginu að skattlagningarvaldið sé skýrlega hjá þinginu og að það sé ljóst að gjaldtaka af þessu taginu liggi ljós fyrir. Þess vegna er það í samræmi við það sem hefur verið að gerast í lagasetningu á síðustu árum að ákveða gjaldið árlega í hvert sinn til þess að framselja ekki valdið ótakmarkað til framkvæmdarvaldsins í heild sinni þannig að þetta er mjög í samræmi við þá umræðu alla saman.

Eins og menn muna var sú ávörðun tekin þegar verið var að endurskoða og gera minni háttar breytingar á fjarskiptalöggjöfinni sl. vor að setja inn sérstakt ákvæði sem kvað á um notkunargjald fyrir talsímaþjónustu í landinu. Þetta var ákveðið með sérstakri lagabreytingu á liðnu vori. Hér er lagt til að inn verði sett mjög svipað ákvæði og er í 24. gr. gildandi fjarskiptalaga, þó með örlítilli breytingu, breytingu í samræmi við m.a. þá túlkun sem ég sem formaður samgn. hafði uppi í umræðunum í vor. Í breytingartillögunni er kveðið á um að notkunargjald fyrir talsímaþjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skuli vera hið sama alls staðar. Með þessu er verið að tryggja það markmið laganna frá því í vor að jafna símakostnað í landinu.

Að lokum, virðulegi forseti, mæli ég svo fyrir breytingartillögum og nefndaráliti við frv. til laga um póstþjónustu sem meiri hluti samgn. hefur lagt til. Meginmarkmiðið með póstþjónustulöggjöfinni er það sem kemur hér fram í athugasemdum, að í fyrsta lagi er stefnt að því að í íslenskri löggjöf um póstþjónustu sé hugtakið grunnpóstþjónusta skilgreint. Ýmis nýmæli eru í þessu frv. Það má nefna að íslenska ríkið er skuldbundið til þess að tryggja landsmönnum reglulega póstþjónustu á sendingum sem taldar eru upp í 4. gr. frv. Þá er í frv. gert ráð fyrir því að ríkið geti falið einum eða fleiri póstrekendum með sérstöku rekstrarleyfi að annast rekstur þeirrar póstþjónustu sem ríkið skuldbindur sig til að veita öllum landsmönnum.

Þær breytingar sem meiri hluti samgn. gerir á frv. eru í meginatriðum tvær. Í fyrsta lagi, og það er auðvitað langstærsta málið, gerði frv. ráð fyrir því að einkaréttarsviðið væri útvíkkað frá því sem það er í dag jafnframt því að hugtök á þessu sviði voru skilgreind til samræmis við það sem eðlilegt má teljast í ljósi breyttra aðstæðna. Meiri hluti samgn. leggur hins vegar til að einkaréttarskilgreiningin verði eins og hún er í dag. Það eru í raun og veru engar sérstakar efnislegar ástæður fyrir því að útvíkka einkaréttarsviðið. Það er ljóst að ef slík útvíkkun ætti sér stað, þá mundi einkaréttarsviðið ná til opinna sendinga, þar með talinna jólakorta, póstkorta og annarra slíkra opinna sendinga, og gæti t.d. haft áhrif á starfsemi íþróttafélaga, góðgerðarfélaga og menningarfélaga af ýmsu tagi sem taka að sér tímabundna dreifingu á pósti af þessu taginu. Það eru því auðvitað engin sérstök knýjandi rök fyrir því að færa út þetta einkaréttarsvið. Meiri hluti nefndarinnar taldi eðlilegt að hafa að þessu leytinu svipaðan háttinn á eins og er í dag til viðbótar því að við höldum okkur við þær almennu, skýru skilgreiningar sem frv. gerði ráð fyrir.

Í annan stað voru skilyrði til rekstrarleyfisins samanber 13. gr. frv. gerðar skýrari heldur en frv. gerði ráð fyrir. Á það var bent m.a. í umfjöllun nefndarinnar að textinn eins og hann stendur í frv. gæti þýtt að hægt væri að setja mjög miklar skorður við rekstri á póstdreifingu og póstþjónustu sem væri gjörsamlega vonlaust fyrir aðra að uppfylla en þá sem störfuðu á landsvísu við mjög viðurhlutamikla dreifingarþjónustu og gæti m.a. kveðið á um að aðili sem tæki að sér minni háttar dreifingu væri skyldaður til þess að dreifa pósti fimm daga vikunnar þótt ekki væri sérstakt tilefni til þess. Því var talið nauðsynlegt að breyta skilyrðunum í 13. gr. til samræmis við það sem segir í breytingartillögunum, með leyfi virðulegs forseta:

„Skilyrði fyrir leyfisveitingu geta verið eitt eða fleiri þar með talið.“ — Síðan er það talið upp í allmörgum liðum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir meginefni þessara frumvarpa og þær breytingartillögur sem meiri hluti samgn. leggur fram. Með þessum breytingartillögum eru ekki gerðar grundvallarbreytingar á frv. Það er haldið stíft við þann anda sem í þessum frumvörpum er, sem er andi frjálsræðis og þess að við þurfum að feta okkur inn á nýtt svið, vegna þess að fjarskiptin eru að taka miklum breytingum með því að einkarétturinn er afnuminn eftir liðlega ár. Það er auðvitað ljóst að þær breytingar eru ekki að gerast jafnhratt á póstþjónustusviðinu þó að þar séu líka miklar breytingar fram undan, m.a. af tæknilegum ástæðum. Þær brtt. sem samgn. er að leggja fram eru eingöngu til þess fallnar að skýra málið og gera að okkar mati lagasetninguna ljósari og betri til þess að vinna eftir í anda þess sem fram kemur í þessum frumvörpum.

[16:20]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur fólks undir lögaldri að vínveitingahúsum, 245. mál, fsp. GHall, þskj. 398.

Tryggingar fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum, 246. mál, fsp. GHall, þskj. 399.

[16:20]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Þau þrjú frumvörp sem hér eru til 2. umr. skarast að verulegu leyti að efni og innihaldi og einnig formi. Að því leytinu til er fullkomlega eðlilegt að þau séu hér rædd undir einum og sama hattinum. Hér er um geysilega viðurhlutamikil mál að ræða, fjölþætt og flókin, sem lúta að því landslagi sem við erum að búa okkur í þessum þætti samgöngumála sem eru fjarskiptamál og póstþjónusta. Raunar er skörunin á milli fjarskiptamála annars vegar og póstþjónustu hins vegar einnig umtalsverð. Það þekkja auðvitað notendur og nægir í því sambandi að nefna faxið annars vegar og tölvupóst hins vegar. Þar er það skilgreiningaratriði hvort um er að ræða póstsendingar í hefðbundnum skilningi þess orðs eða fjarskipti eins og þau eru skilgreind. En þetta er auðvitað aðeins örlítill hluti af þeim fjöldamörgu álitamálum sem uppi eru, ekki eingöngu hér á landi heldur hafa verið um síðari ár í allri Evrópu og eru enn.

Sannleikurinn er auðvitað sá að vandinn er ekki síst sá að fæstir telja sig til þess búna að geta spáð um þróun í framtíðinni í þessum efnum, þ.e. nýjungarnar nánast vakna á degi hverjum. Það sem var nýtt í gær er gamalt í dag. Það gerir það að verkum að löggjöf af þeim toga sem hér um ræðir hlýtur auðvitað að kalla á mjög vönduð vinnubrögð, þar sem menn reyna eins og kostur er að skyggnast inn í framtíð og reyna að búa þannig um hnúta að þessi löggjöf geti staðist tímans tönn. Þess vegna vil ég segja í upphafi þessarar umræðu að ég hef af því áhyggjur að þau frumvörp sem hér um ræðir geri það ekki. Ástæðan er af mörgum toga sem ég mun gera grein fyrir á eftir með nokkrum dæmum. En meginatriðið er það að ég hygg að bæði frumvarpshöfundar, hæstv. samgrh. sjálfur og einnig samgn., hefðu þurft að læra eilítið af mistökum sl. vors — og þá gengur hæstv. samgrh. á dyr eðlilega — þegar Póstur og sími var hlutafélagavæddur með miklum látum og þrátt fyrir skýr dæmi og skýrar röksemdir stjórnarandstæðinga um ýmis atriði sem þar hefðu betur mátt fara.

Þar hefur reynslan auðvitað sýnt okkur að hv. stjórnarandstæðingar höfðu rétt fyrir sér. Hæstv. samgrh. og menn hans í undirbúningsnefnd að hlutafélagavæðingu Pósts og síma, sem tekur formlega gildi núna 1. janúar, hafa lent í ýmsum hremmingum og erfiðleikum. Ég held að áður en við gerum formlega grein fyrir álitamálum sem uppi eru og áhersluatriðum sem minni hluti samgn. hefur uppi um þessi þrjú frumvörp sé óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um aðdraganda þessarar lagasetningar, þ.e. hlutafélagavæðingu Pósts og síma eins og hún var frá gengin sl. vor. Þá bentum við stjórnarandstæðingar á að að sumu leyti væri öfugt í málið farið og það væri fullkomlega óeðlilegt að taka sjálfstæða og einangraða ákvörðun um hlutafélagavæðingu Pósts og síma og hlutverk þess stóra fyrirtækis í fjarskiptaheiminum og í póstþjónustu hér á landi, þegar allir vissu, og viðurkennt var í þessum ræðustól af hálfu minnihluta- og merihlutamanna, að veigamiklar breytingar yrðu óhjákvæmilega á starfsemi þessa fyrirtækis sem ég sagði að hefði gegnt hér stóru hlutverki og veigamiklu í póstþjónustu og fjarskiptaþjónustu til margra áratuga en ekki síður vegna þess að hér er um að ræða eitt stærsta ríkisfyrirtæki í landinu og með stærri fyrirtækjum í landinu, fyrirtæki sem telur um það bil 2.500 starfsmenn. Þess vegna vil ég greina frá því hér, virðulegi forseti, að í framhaldi af orðaskiptum sem ég átti við hæstv. samgrh. á dögunum í utandagskrárumræðu um ýmsar kerfisbreytingar á því fyrirtæki, ýmsar breytingar á þjónustu þess, þá einkanlega úti á landi, boðaði ég að ég mundi fara fram á það við hæstv. ráðherra að hann gerði þingheimi grein fyrir framgangi þeirra mála, undirbúningi að hlutafélagavæðingu, eins og hann hafði gefið fyrirheit um við umræðuna sl. vor og enn fremur hv. formaður samgn., hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hann hefur reynt að uppfylla það, sá síðarnefndi, með því að kalla til skrafs og ráðagerða fulltrúa starfsmanna og forsvarsmenn Póst- og símamálastofnunar og samgn. hefur átt gagnlegar og ítarlegar viðræður við þá aðila á nefndarfundum.

Hæstv. ráðherra hefur hins vegar ekki látið svo lítið að koma upplýsingapunktum á framfæri við þingheim, hv. þingmenn, um þróun þessara mála enda þótt í fjölmiðlum og annars staðar hafi komið mjög skýrt fram að óánægja er kraumandi undir niðri, áhyggjur sívaxandi af hálfu fjölmargra starfsmanna um það hvað í raun taki við um áramótin. Þess vegna hefur þingflokkur jafnaðarmanna, í samræmi við heimild í þingsköpum, lagt drög að því að óska eftir skýrslu samgrh. um þessi efni. Skýrslubeiðninni verður væntanlega dreift á næstu mínútum eða klukkustundum, þar sem þess er farið á leit við hæstv. ráðherra að hann geri þingheimi grein fyrir því hver þróun þessara mála hefur verið. Spurningar á borð við þær hvort öllum starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar hafi verið boðið starf hjá Pósti og síma hf. og ef ekki, þá hvers vegna og hversu margir fengu ekki slíkt tilboð. Spurningar á borð við þær hvort það hafi verið gerðir starfslokasamningar við marga starfsmenn Póst- og símamálastofnunar og ef svo er, við hvað marga, hverja og hvers vegna. Einnig hvert var innihald þessara samninga. Ég hef upplýsingar um það að samningar sem hafa verið gerðir við nokkra starfsmenn Póst- og símamálastofnunar af þessum toga hafa m.a. falið í sér að þessir aðilar voru knúnir til þess að lýsa því yfir í slíkum starfslokasamningum að þeir tækju ekki upp störf hjá væntanlegum samkeppnisaðilum innan tiltekins tíma. Ef svo er, þá munum við óska upplýsinga um það.

Þess verður líka farið á leit við hæstv. samgrh. að hann geri þingheimi grein fyrir því hversu margir starfsmenn hafi undirritað nýja ráðningarsamninga, með öðrum orðum hversu margir af þessum 2.500 starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar verða starfsmenn Pósts og síma hf. upp á punkt og prik þegar nýársdagur rennur upp. Einnig verður óskað upplýsinga um það hvort einhverjar breytingar hafi orðið á högum og kjörum þessara starfsmanna hlutafélagsins og þá einkanlega er kallað eftir því hvort undirbúningsnefndin, umboðsmenn hæstv. ráðherra hafi verið að gera breytingar á högum og kjörum yfirmanna fyrirtækisins. Um þetta er spurt vegna þess að reglan fremur en undantekningin erlendis þegar slíkar kerfisbreytingar eiga sér stað hefur leitt í ljós að hagur yfirmannanna batnar til mikilla muna, laun þeirra og önnur kjör snarhækka stundum, tvöfaldast og þrefaldast stundum. Það eru dæmi um slíkt. Og það er auðvitað ekki ástæða til að ætla annað í fljótu bragði en að sama þróun eigi sér stað hér og þess vegna er nauðsynlegt að fá þetta upp á borð líka.

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fara örlítið yfir þennan þátt mála því hann er undanfari þeirra frv. sem eru hér til umræðu og ég bið virðulegan forseta að hafa eilitla biðlund

meðan ég fer yfir aðdraganda þessara stóru mála sem eru til umræðu. Við munum einnig leita eftir því hjá hæstv. ráðherra samgöngumála hvort fyrir liggi eða áform séu uppi um breytingar á stjórnskipan Pósts og síma hf. og hverjar þær eru. Það er opinbert og ekki hægt að neita því að fyrir liggur nú þegar að leggja af svokallaðar umdæmisskrifstofur. Það er óskað eftir því að hæstv. ráðherra geri þingheimi grein fyrir hugmyndafræðinni að baki þeirri breytingu. Þrjár þessara svokölluðu umdæmisskrifstofa eru staðsettar úti á landi, á Austfjörðum, Vestfjörðum og Norðurlandi og lokun þeirra mun hafa umtalsverð áhrif á hagi og möguleika þess starfsfólks sem þar hefur starfað.

Það er einnig spurt, eins og upplýsingar hafa borist um frá undirbúningsnefnd ráðherra sem hefur hitt samgn. að máli, hvort og hvers vegna verið er að loka strandstöðvum og hvort ætlunin sé að loka fleiri póststöðvum á næsta ári en nú þegar hefur verið gert uppskátt. Hvaða póststöðvar eru það? Hvað hefur það áhrif á marga starfsmenn? Og samkvæmt hvaða kerfi og fyrirkomulagi eru slíkar lokanir eða breytingar á þjónustu Pósts og síma ráðgerðar? Hver eru markmiðin með þeim og hugmyndafræðin að öðru leyti? Það er líka spurt: Hvað verður um starfsfólk þeirra stofnana sem starfa við þessar póststöðvar sem verða þessum þegar orðnu og væntanlegu breytingum umboðsmanna hæstv. ráðherra að bráð? Það er líka spurt um það hvort til standi að skipta fyrirtækinu Pósti og síma hf. upp í tvö aðskilin fyrirtæki á næsta ári, þ.e. tvö eða fleiri jafnvel. Það er ekkert launungarmál að umboðsmenn hæstv. ráðherra í svokallaðri undirbúningsnefnd höfðu það á orði að að forminu til yrði gerður fullkominn aðskilnaður þar í verki. Er það hugmynd hæstv. ráðherra, umboðsmanns bréfsins eina, forsjármanns ríkissjóðs í þessu hlutafélagi, að ganga alla leið og skipta þessu fyrirtæki upp með lagabreytingu á hinu háa Alþingi?

Það var einnig spurt um það hvaða meginmarkmið verða höfð að leiðarljósi þegar fram gengur sú ákvörðun samgrh. að bjóða út aðrar rásir fyrir GSM-símkerfið. Það snertir út af fyrir sig þau álitamál sem við erum að ræða í þeim frv. sem fyrir liggja um Fjarskiptastofnun annars vegar og lög um fjarskipti hins vegar. Þess vegna er óskað hreinlega eftir útboðsskilmálum vegna þess. Það væri nefnilega í þessu samhengi mjög lærdómsríkt, held ég, og snertir þá umræðu sem hér á sér stað að fá hugmyndir ráðherra og þann ramma sem hann leggur upp með um þetta fyrsta útboð þeirrar tegundar, þ.e. hvort að meginmarkmiðin verða í útboðinu á upphæðir, þ.e. að þau fyrirtæki sem sýna þessu áhuga eigi að bjóða eins hátt verð og nokkur kostur er til samneyslunnar. Hvort megináherslan verði lögð á að þessi fyrirtæki geti sýnt fram á það nú þegar að þau ætli að reyna að bjóða eins lágt verð til notenda og kostur er og megináherslan verði lögð á það, virðulegi forseti, að þau fyrirtæki sem ætla sér að sækja um og bjóða í aðra rás fyrir GSM-kerfið ætli sér eða geti þjónustað lítil svæði eða landið allt. Þetta eru meðal þeirra álitamála sem uppi eru nú þegar um GSM-kerfið og ganga síðan aftur í þeim frv. sem ég nefndi áðan. En því miður er það svo að þótt yfir þessi álitamál sé farið nokkuð ítarlega í frv. þá svara þau ekki þeim álitamálum sem ég nefndi áðan. Þau svara í rauninni engu um það hvort viðmiðin eigi að vera gæði þjónustunnar, umfang hennar, þ.e. hvort umsækjendur um rekstrarleyfi eigi að geta þjónustað landið allt eða hvort meginástæðan sé lögð á að þeir geti borgað sem hæst verð fyrir rekstrarleyfið eða hvort hugsanlega þessir umsækjendur um rekstrarleyfi verði fýsilegur valkostur vegna þess að þeir geti lofað lágu verði fyrir neytendur. Þetta er algjörlega skilið eftir í annars þessum ítarlegu frv. sem við erum að fjalla um. Og hvernig er það skilið eftir, virðulegi forseti? Jú, það er skilið eftir með þeim hætti að hæstv. samgrh. á að leggja línur um þetta í reglugerð. Þetta er auðvitað ekki viðunandi frágangur af hálfu löggjafarsamkundunnar, hins háa Alþingis. Þetta er ekki viðunandi, ekki síst í ljósi þess sem ég mun fara nánar yfir á eftir, að hæstv. samgrh. er nú kominn í þá stöðu og verður kominn í þá stöðu raunar frá og með næstu áramótum að hann er hagsmunagæsluaðili fyrir langstærsta fyrirtækið á hinum nýja samkeppnismarkaði, nefnilega Póst og síma hf. Með öðrum orðum að hæfi hans til að úrskurða eða leggja upp línur varðandi leikreglur á samkeppnismarkaðnum eru takmörkunum háð og það er bókstaflega fyrirskrifað í frv. og í athugasemdum með því. En eftir sem áður er frumvarpstextinn þannig, þrátt fyrir að það eigi að forðast að hæstv. ráðherra lendi í þessum hagsmunaárekstrum, þ.e. hvort hann eigi að hugsa fyrst um hag Pósts og síma hf. þegar hann leggur upp þessar leikreglur í stóru og smáu eða hvort hann eigi að hugsa um það að meginandi laganna um jafnræðið eigi að vega þyngra.

Ég hef, virðulegi forseti, áhyggjur af því og ber fyrir því kvíðboga. Satt að segja vorkenni ég hæstv. samgrh. að lenda í þessum innanmeinum því auðvitað getur hann ekki með nokkru móti sýnt hlutlægni þegar kemur að því að hagsmunir togast á með jafnskýlausum hætti og hér um ræðir. Það gefur auga leið og þess vegna er það hlutverk Alþingis að losa hæstv. ráðherra úr þessari klemmu og gera það skýrt hér og nú við frágang málsins í þingsölum hvernig menn vilja sjá þessar leikreglur útfærðar í smáu og stóru.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða þrjú frv. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hluta samgn. er bakgrunnur þeirra slíkur að um er að ræða nánast byltingu í fjarskiptamálum hérlendis. Breytingarnar eru að sönnu minni hvað varðar póstþjónustuna og þar eru að mestu leyti kyrr kjör frá núgildandi lögum. Í grg. meiri hluta nefndarinnar er vísað til þess að þar sem tilskipanir eða áreiti að utan, frá Evrópusambandinu í þessum efnum geri ekki sérstakar kröfur til þess að samkeppni verði þar að veruleika, a.m.k. ekki að svo komnu máli, þá hefur ríkisstjórnin og meiri hluti nefndarinnar farið í þann farveg að breyta sem minnstu. Það er hins vegar vitaskuld í hrópandi ósamræmi við þær almennu yfirlýsingar sem hæstv. ráðherra hefur gefið og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður nefndarinnar, um að frv. miði öll að því að auka hér samkeppni á þessum vettvangi. Þannig að þarna rekst hvað á annars horn í almennum málflutningi um málið.

Þessum nýju kringumstæðum verður ekki komið á nema gera á þessu verulegar stjórnkerfisbreytingar og þess vegna er hér frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem hefur tvíþættu hlutverki að gegna raunar. Annars vegar eftirlitsstofnun og tekur að sumu leyti þar við hlutverki annarrar stofnunar sem hefur haft þau mál með höndum. En þrátt fyrir það er eftirlitið langtum mun víðfeðmara og veigameira að breyttu breytanda og völd og áhrif þessarar fjarskiptastofnunar feikimikil þegar kemur að þessu eftirlitshlutverki. Ekki síður eru völd og áhrif þessarar nýju Póst- og fjarskiptastofnunar feikimikil þegar kemur að því að deila og drottna þegar margir eru kallaðir en fáir eru útvaldir. Með öðrum orðum að veita rekstrarleyfi til þeirra lysthafenda sem gera vart við sig. Nú vitum við ekki gjörla hversu margir þeir verða. En það er rétt að minna á að hér er ekki eingöngu um það að ræða

að íslenskir aðilar sækist eftir að fara í samkeppni við Póst og síma í talsímanum, í internetinu eða hvarvetna sem menn fýsir að bera niður heldur getur líka hver einasti lögaðili á Evrópska efnahagssvæðinu og í Evrópu allri komið hér inn á markað og farið í bullandi samkeppni við hið stóra fyrirtæki Póst og síma og önnur þau fyrirtæki sem þarna munu hasla sér völl.

Það er tilskipun frá Evrópusambandinu sem mun taka gildi 1. janúar 1998 sem í raun kallar á allar þessar breytingar. Og maður verður auðvitað sannarlega var við það að menn ganga misjafnlega viljugir til þess verks að laga sig að þessum breytta tíðaranda. Ég sé fyrir mitt leyti ýmsa möguleika í þessari auknu samkeppni en segi jafnframt að þarna verður að vanda mjög vel til allrar lagasetningar og gæta þess mjög að við missum ekki tök á þessari þróun og göngum hægt um gleðinnar dyr. Það er ekkert sjálfgefið í þessum efnum.

Ég sagði að þessi nýja stofnun, Póst og fjarskiptastofnun, væri feikilega valdamikil. Ég sagði líka áðan að nú væri úr vöndu að ráða fyrir hæstv. samgrh. því þessi stofnun lögum samkvæmt á að njóta sjálfræðis. Það má að sumu leyti líkja henni við Ríkisendurskoðun. Hún á að vera eftirlitsaðili yfir öllum þeim aðilum sem starfa á þessum markaði og þar á meðal fyrirtækinu hans Halldórs, fyrirtæki hæstv. samgrh. Og hvernig ætlar þá hæstv. samgrh. að ganga hinn gullna meðalveg og draga ekki taum fyrirtækis síns sem hann á að gera, og land og lýður og hið háa Alþingi gerir kröfu til, að hann passi upp á þessa eign almennings og verndi og varðveiti og láti vaxa með ráðum og dáð? Hvernig ætlar hann að gera það á sama tíma og hann á að gæta þess að aðrir samkeppnisaðilar fyrirtækis hans eigi að njóta jafnræðis? Það segir orðrétt í athugasemdum með þessu frv. um hina gjörbreyttu stöðu samgrh., með leyfi forseta:

„Með því móti er ætlunin að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar m.a. með tilliti til þess að samgrh. fer með eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf., sem kann að eiga í samkeppni við aðra aðila á umræddum sviðum, en með lögum nr. 103/96 var Póst- og símamálastofnun breytt í hlutafélag og tekur sú formbreyting gildi þann 1. janúar 1997. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laganna fer samgrh. með eignaraðild ríkisins að Pósti og síma hf."

Síðar í þessum sömu athugasemdum kveður við eilítið annan tón og segir, með leyfi forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun er samkvæmt frv. sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgrh. Þannig heyrir stofnunin undir samgrh. í skilningi stjórnsýsluréttar án þess þó að hann hafi boðvald yfir stofnuninni eða starfsmönnum hennar, í þeim skilningi að hann geti haft áhrif á einstakar ákvarðanir þeirra."

Þegar maður les þessar athugasemdir og síðan frv. í ljósi þeirra þá rekur maður sig fljótlega á nokkra þröskulda. Hvernig á það að fara saman að hæstv. samgrh., sem á í miklum vanda í þessum efnum og lendir í mótsögn við sjálfan sig, sé afskiptalaus um þróun þessarar stofnunar þegar hann á að byrja á því að ráða forstöðumann hennar? Hvar liggur húsbóndavaldið þar? Er það ekki fullkomlega ljóst? Það liggur í höndum þessa sama ráðherra sem á að vera afskiptalaus um stofnunina.

Reglugerðarvald ráðherra, eins og ég gat um í inngangi, er mjög víðtækt í frv. um þessa sömu stofnun sem hæstv. ráðherra á að vera fullkomlega afskiptalaus um því hún á að njóta sjálfstæðis. Hann á að setja reglugerð um nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar. En þar eru heimildir mjög víðtækar og má jafna við skattstofur og innheimtumenn ríkissjóðs. Þar er eftirlitsaðilum nýju Póst- og símamálastofnunar heimilt að ganga inn í fyrirtæki fyrirvaralaust og gera þar athuganir og skoðanir sem þeim lystir. Þeir hafa með öðrum orðum ígildi lögregluvalds. Þeir hafa heimildir til að loka með litlum sem engum fyrirvara. Þeir hafa heimildir til að leggja á dagsektir upp á 50–500 þús. kr. á dag ef þeim líst ekki á blikuna og eitthvað er það í rekstri einstakra rekstrarleyfishafa sem þeim finnst ekki ganga. Heimildir og áhrif þessarar fjarskiptastofnunar, sem hæstv. ráðherra má ekki skipta sér af, eru þannig feikiviðamiklar. Svo á hins vegar ráðherrann sjálfur að setja þessari sömu stofnun reglugerðir um útfærslu verkefnisins. Einnig er þessi almenna opna reglugerðarheimild, sem er oft að finna í lagasetningum af þessum toga, samgrh. setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna. Það er sem sagt opin reglugerðarheimild um það sem honum þykir nauðsynlegt að taka á og fylla út.

Við hljótum að gera umtalsverðar og alvarlegar athugasemdir við lagasetningu af þessum toga. Menn þurfa a.m.k. að vera alveg skýrir á því í hvaða siglingu við erum að fara.

Ekki tekur betra við, virðulegi forseti, þegar kemur að því að notendur eða rekstrarleyfishafar taka ákvörðun um að kæra úrskurði þessarar stofnunar. Hvert kæra þeir? Jú, þeir kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar. Hver er það sem skipar þessa úrskurðarnefnd? Jú, það er maðurinn í símanum, það er hæstv. samgrh. Hann skipar þessa úrskurðarnefnd. Þetta er engin venjuleg úrskurðarnefnd. Þetta er úrskurðarnefnd sem hefur endanlegan úrskurð í sínum höndum. Það eru eingöngu dómstólar sem geta tekið upp ... (**Samgrh.:** Það væri alveg ný lögfræði ef úrskurður væri endanlegur.) Þetta er endanlegur úrskurður á þessu stigi. (**Samgrh.:** Þessu stigi, já.) Það er rétt. Nú er hæstv. ráðherra farinn að skilja þetta. En hann skilur það líka að hann sem hinn óháði hlutlægi aðili sem á að gæta jafnræðis og jafnréttis í reynd á þessum samkeppnismarkaði ætli sér að skipa þessa úrskurðarnefnd. Hverjir halda þingmenn að verði fyrst fyrir því að fá kæru á sig? Það skyldi þó aldrei verða að það yrði fyrirtæki Halldórs hæstv. samgrh., þ.e. Póstur og sími hf. Þess eru nefnilega dæmi á undanförnum missirum að smærri samkeppnisaðilar á þessum vettvangi hafa verið að kæra fyrirtæki og þá til Samkeppnisstofnunar. Nú munu þessar kærur fara til Póst- og fjarskiptastofnunar og síðan til úrskurðarnefndarinnar sem hæstv. ráðherra ætlar sjálfur að skipa.

Hins vegar er það vissulega þannig að formaður þeirrar nefndar á að vera skipaður af Hæstarétti. Hann á að vera tilnefndur af Hæstarétti. Annar aðilinn í nefndinni á að koma frá Félagi verkfræðinga, ef ég man rétt. En þriðji aðilinn á að vera umboðsmaður hæstv. ráðherra sjálfs. Það er sem ég sjái hversu virkur sá þriðji aðili að minnsta kosti verður við að úrskurða um ýmis álitaefni sem lúta að fyrirtækinu hans Halldórs, hæstv. samgrh., Pósti og síma. Mér finnst það kýrskýrt í þessum efnum að það skuli vera hið háa Alþingi sem skipi a.m.k. þessa úrskurðarnefnd þannig að það sé algjörlega klárt og kvitt að úrskurðarnefndin hafi ekkert saman að sælda við hæstv. samgrh., skipti sér bara ekkert af honum, viti ekki af honum og hlusti ekki á hann. Það er algjörlega fráleitt í mínum huga að skipunarvaldið í þessari úrskurðarnefnd skuli vera á hendi hæstv. samgrh. sem á að passa upp á fyrirtæki okkar allra skattgreiðenda, Póst og síma hf. Það kanna að vera að mörgum finnist þetta

ekki stórvægilegt eða skipta miklu máli. En ég er hræddur um að hið háa Alþingi þurfi að gaumgæfa og gæta mjög vel að atriðum af þessum toga. Það getur ekki verið vilji löggjafans að við séum að setja hér á eilíf leiðindi og eilífar uppákomur undir nýjum anda og nýju landslagi í samkeppni á þessum vettvangi árið 1998, að hér logi allt í kærumálum, undirmálum og grunsemdum af öllum toga.

Það getur vel verið að hæstv. ráðherra líti þannig á að hann verði hættur þá og honum komi þetta ekkert við. Ég get út af fyrir sig deilt þeirri ósk með honum ef hann vill hafa það þannig. En það er of léttilega sloppið og sennilega verður það þannig, virðulegur forseti, að við búum við hann enn á árinu 1998. Það verði ekki fyrr en á vordögum 1999 sem við getum skipt og gerum það. En þetta er ekki boðleg lagasetning. Þetta eru ekki boðleg vinnubrögð. Ég trúi ekki að vandaðir hv. þm. á borð við 1. þm. Vestf. og formann nefndarinnar sjái ekki að athuguðu máli þegar hann gaumgæfir það að svona er í pottinn búið að þetta eru hlutir sem ganga ekki upp þegar til framkvæmdanna kemur.

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar, sem ég hef eilítið drepið á, eru margþætt. Við það er miðað að stofnunin sjálf standi undir eigin rekstri. Við það geri ég út af fyrir sig engar athugasemdir og tel það að mörgu leyti skynsamlegt að eftirlitsstofnanir af þessum toga geti notið tekna frá rekstraraðilum á sama sviði. Þetta hafa menn verið að feta sig hægt og bítandi inn í í sjávarútveginum og þurfa að ganga lengra í þeim efnum á þeim vettvangi. Þetta er gert með ýmsum hætti í þessu frv. Bæði er um að ræða fasta árlega greiðslu sem hlutfall af bókfærðri veltu þeirra fyrirtækja sem leyfis njóta. Einnig er um að ræða sérstök eyrnamerkt framlög til svokallaðs Jöfnunarsjóðs. Í þriðja lagi, sem er nýmæli og kannski getur vegið býsna þungt í afmörkuðum tilvikum, er uppboðsleiðin. Þá kemur aftur að því sem ég gerði að umtalsefni varðandi nútímann, GSM-útboðið. Hvernig ætla menn að láta leikreglur líta út þar í „grund og bund"? Hvaða meginatriði eru það sem eiga þar að ráða ferðinni? Þetta er skilið eftir í höndum hæstv. samgrh., sem á að passa upp á Póst og síma fyrir okkur. Það verður að vera alveg skýrt á þessu stigi máls, hér í sölum Alþingis, hvort meginatriðið eigi að vera það að Póst- og fjarskiptastofnun, ergó ríkissjóður, fái sem hæst verð fyrir þessi takmörkuðu réttindi sem á að meta til fjár, hvort það sé markmið þessara bjóðenda að geta boðið sem lægst verð fyrir notendur eða hvort það séu gæði þjónustunnar eða umfang þjónustunnar sem eigi að ráða ríkjum. Við þessu verða að fást skýr svör. Ef hv. alþm. ætla sér að hlaupa undan því á þessu stigi málsins að svara þessu þá hljótum við að neyðast til að kalla eftir svörum frá hæstv. samgrh. um það hvernig hann ætli að fara með þetta reglugerðarvald sitt. Enn og aftur eru ákveðnir lykilþættir í þessum efnum settir í hans hendur. Þykir mönnum það þá mjög trúverðugt þegar samkeppnisaðilar Pósts og síma, fyrritækið hans Halldórs, hæstv. samgrh., er að keppa um rekstrarleyfi að handhafi hlutabréfanna í einu fyrirtækinu leggi leikreglur á þessum almenna markaði? Ég bara spyr. Ég tek það mjög skýrt fram og það kom mjög rækilega í ljós í umræðunni í vor og einnig í mínum upphafsorðum að ég ber mjög hlýjar tilfinningar til þessa ágæta fyrirtækis, Pósts og síma. (Gripið fram í.) Svo ég tali nú ekki um hann. Ég vil mjög vanda til þess að það ágæta starfsfólk, hundruðum eða þúsundum saman sem hefur starfað margt hvert um langt árabil, verði ekki skilið eftir á köldum klaka og þess vegna gerði ég í upphafi grein fyrir beiðni okkar jafnaðarmanna um skýrslu um framgang þeirra mála. En það breytir því ekki að þegar við erum komin með þetta rekstrarumhverfi þá verður auðvitað rétt að vera rétt. Þá verður að ganga frá löggjöfinni með þeim hætti að hægt sé að vinna eftir henni.

Að þessu öllu sögðu er það skoðun minni hluta nefndarinnar að ekki sé nokkur forsenda til þess að unnt sé að afgreiða þetta frv. um þessa nýju mikilvægu og valdamiklu eftirlits- og úthlutunarstofnun á þeim örfáu dögum sem eftir lifa fram að jólahléi í þinginu. Það er enginn bragur á slíkri lagasetningu og í ljósi þeirra dæma sem ég hef hér rakið og bent á þá hygg ég að flestir geri sér ljóst í hjarta sínu að svona er ekki hægt að skilja við þetta mál um þessa nýju, mikilvægu stofnun. Menn hafa verið að gefa sér það hversu stór þessi stofnun eigi að vera og hafa ýmsar tölur verið nefndar í því sambandi, 80 manns, 120 manns. Mér er nær að halda að við værum fljótlega komin upp í 150 manns. Það liggur heldur ekkert fyrir um það. Þótt að fjmrn. hafi reynt að nálgast það eitthvað í sínum vangaveltum með þessu frv. til laga um það hverjar tekjurnar verði og hver kostnaðurinn verði þá liggur ekkert um það hvernig verðlagningin verði á réttindum á borð við GSM, á réttindum á borð við talsímaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í samkeppni við Póst og síma, hvaða verð er þar verið að tala um. Við gætum fljótlega verið að tala um hundruð millj. kr. hygg ég. Kannski verður þessi eftirlitsstofnun orðin aflögufær, getur skilað einhverju í ríkissjóð jafnvel. En ég sé fyrir mér að þessi stofnun verði að minnsta kosti 100 manna stofnun og fljótlega 150 manna stofnun. Hér er ekki um lítið mál að ræða, hér er um stórmál að ræða, líka í þessu tilliti.

Það er líka rétt í því samhengi að minna á að hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar hefur undir öðrum kringumstæðum nefnt að þessi Póst- og fjarskiptastofnun væri alveg klæðskerasaumuð til þess að setja niður úti á landi, t.d. í Bolungavík eða á Akureyri eða hvar sem er, hugsanlega með deildum eða útibúi í Reykjavík. Það er að sumu leyti rétt hjá hv. þm. að sumpart er þessi eftirlits- og úthlutunarstofnun þannig hugsuð að hún gæti mjög auðveldlega verið t.d. í Hafnarfirði, svo ég nefni það. En hugsanlega líka í Bolungarvík. Ég veit ekki um Akureyri, það er ekki óhugsandi, eða á Grenivík, svo við tölum nú ekki um það. Þess eru dæmi við lagasetningu fyrri tíma að menn hafa bókstaflega sagt það í lagatexta að þessi eða hin stofnunin eigi að eiga heima hér eða þar og oftast er það nú í Reykjavík.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson gerði þetta að umtalsefni undir öðrum kringumstæðum þegar hann mælti fyrir þáltill. sinni þess efnis að nota möguleikann þegar nýjar ríkisstofnanir yrðu til, að skáka þeim út á land þannig að menn væru ekki alltaf að eltast við drauga fortíðar eins þegar verið er að flytja gróna starfsemi út á land og starfsfólkið með. Þetta hlægir greinilega hæstv. samgrh. Hann brosir út í bæði og hefur sennilega engan áhuga á því þegar allt kemur til alls að skoða slíka möguleika. Ég held hins vegar að það sé sjálfsagt að ræða það við þessa umræðu hvort þetta sé stofnun af því tagi sem menn geti að hluta til eða að mestu leyti flutt út á land. Ég vil a.m.k. fyrir mína parta ekki útiloka neitt í því sambandi. Ég veit um húsnæði í Hafnarfirði ef því er að skipta. Þetta er hins vegar aukaatriði málsins í frv. en samt sem áður til umhugsunar.

Víkur þá sögunni að frv. til laga um fjarskipti sem er að mörgu leyti skylt hinu fyrra áliti eins og skeggið er skylt hökunni. Það frv. er hvað mest að vöxtum í þessari trílógíu og er að mörgu leyti ekki síður flókið og snúið úrlausnar

heldur en það að koma heim og saman nothæfum lagatexta um Póst- og fjarskiptastofnun. Aðdragandi þessa máls og grunnþáttur er sá að lagt er til að einkabundinn réttur ríkisins verði afnuminn og að þeir sem fullnægja ákveðnum skilyrðum fái leyfi til að veita fjarskiptaþjónustu. Þetta segir með öðrum orðum að það er eiginlega allt leyft sem ekki er bannað. Frelsið samkvæmt þessu frv. hefur haldið innreið sína enda þótt þegar textinn er skoðaður þá séu því settar mjög umfangsmiklar og viðamiklar tálmanir. Ég geri enga athugasemd við það og brýnt og nauðsynlegt að það sé gert. Ég er ekki slíkur trúmaður að ég hafi nokkurn tímann talið frelsið í sinni frjálsustu mynd vera hið besta fyrirkomulag hvort heldur er á samkeppnismarkaði eða í samfélagslegri þjónustu og finnst það ekki trúaratriði, langt í frá.

Hér erum við hins vegar að bregðast við því að Evrópa er öll að frelsisvæðast, ef svo mætti segja. Það er þegar orðin samkeppni í einstökum Evrópuríkjum. Í öðrum hefur þetta ekki gerst enn þá en er í undirbúningi. Ef satt skal segja þá veit ég til þess að þjóðþing víða annars staðar hafa lent í vandamálum og erfiðleikum við að marka þann lagaramma í viðkomandi þjóðlandi sem nauðsynlegur er til þess í fyrsta lagi að menn tapi ekki þræðinum og missi frelsið út um allar áttir með ófyrirséðum afleiðingum á borð við þær að þjónustustigið hrapi, t.d. í dreifðari byggðum, fyrri einkaleyfastofnanir á borð við Póst og síma víða annars staðar hrynji til grunna á tiltölulega stuttum tíma með óhjákvæmilegum afleiðingum.

(**Forseti** (RA)**:** Eins og tilkynnt hefur verið er ætlunin að hér fari fram utandagskrárumræða og var hún tímasett kl. fimm. Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort heldur hann kýs að ljúka ræðu sinni á næstu fimm mínútum eða halda henni áfram síðar.)

Ég kýs að halda henni áfram síðar, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Schengen-samstarfið.

[17:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nefna hér þegar þessi utandagskrárumræða hefst að ég hafði óskað eftir því að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. yrðu viðstaddir umræðuna ef tök væru á fyrir utan hæstv. dómsmrh. sem fer með málið í ríkisstjórninni formlega séð og er hér viðstaddur. Ég vildi því biðja hæstv. forseta að kanna hvort þessir ráðherrar eru viðlátnir og geta verið viðstaddir umræðuna.

Hér er um að ræða mál sem vissulega er erfitt að taka til almennrar umræðu hér innan þeirra tímamarka sem liggja fyrir af hálfu forsn. varðandi umræðuna. En ég mun reyna að koma helstu sjónarmiðum á framfæri við hæstv. dómsmrh. og þingið af minni hálfu. Til að greiða fyrir því að menn átti sig á því sem ég hef hér fram að færa hef ég látið dreifa til hv. þm. fyrirspurnum mínum til hæstv. ráðherra sem ég kom á framfæri við ráðherrann í morgun og nokkrum ljósritum úr norrænum blöðum sem hafa fjallað mikið um þetta mál undanfarna daga. Þar á meðal er norska blaðið Aftenposten, sem ég tók með mér í morgun, frá í dag, sem er með heilsíðu undir þetta mál, sett fram býsna skilmerkilega þó ég skrifi ekki undir allt sem þar er sagt. Þetta er að finna í gögnum sem þingmenn hafa fengið. Þar er einnig að finna forsíðufréttir úr Politiken, dönsku blaði, og fleiri fréttir sem snerta málið og gera mönnum ljóst að þarna er um mál að ræða sem nýtur mikillar athygli nú um stundir í nágrannalöndum okkar og ekki að ástæðulausu. Hér hefur hins vegar minna farið fyrir umræðu um þetta en skyldi.

Ég beini fyrirspurnum í sex liðum til hæstv. dómsmrh.:

1. Hvenær munu liggja opinberlega fyrir á íslensku öll þau gögn er varða Schengen-samninginn, m.a. viðaukar, reglugerðir og handbækur?

Mér er ekki kunnugt um að þetta sé enn þá komið til utanrmn. t.d., en það er auðvitað forsenda þess að hægt sé að meta málið að öll þessi gögn liggi fyrir aðgengilega á íslensku.

2. Hver er áætlaður kostnaður Íslands af Schengen-samstarfinu, flokkað í þrennt:

a. stofnkostnaður í flughöfnum og víðar,

b. stofnbúnaður af tölvum og öðru,

c. árlegur rekstrarkostnaður og þátttökugjöld vegna Schengen?

Þegar hæstv. dómsmrh. gaf þinginu skýrslu um þetta mál í apríl sl. þá vantaði þær upplýsingar, það voru að vísu ágiskanir um tilkostnað varðandi rekstur og stofnbúnað, en varðandi kostnað vegna breytinga og stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar hafa margar sólir verið á lofti svo ekki sé meira sagt. Hæstv. utanrrh. var búinn að reikna þennan kostnað niður í 150 millj. kr. úr 1 milljarði kr. sem nefndur var hér í byrjun árs. Það færi fróðlegt að vita hvar þetta er statt núna.

3. Telur ráðherra rétt að binda Ísland við flókin ákvæði Schengen-samningsins um upplýsingakerfi og persónunjósnir þegar ekki er tryggð persónuvernd og lýðræðislegt eftirlit?

Þessi þáttur málsins er fyrirferðarmestur í umræðunni á Norðurlöndum núna. Hann tengist með vissum hætti þeim hneykslismálum sem hafa skekið norsku ríkisstjórnina að undanförnu sem varpar ljósi á það hvernig lögregluyfirvöld þar hafa unnið ólöglega að upplýsingasöfnun, en m.a. í tengslum við þá eftirgrennslan sem mest er talað um vegna afsagnar olíuráðherra, áður dómsmálaráðherra landsins, í gær var notaður farvegur þessa upplýsingakerfis kennt við Schengen.

4. Er að mati ríkisstjórnar viðunandi fyrir Ísland að bindast samningi eins og Schengen þar sem íslensk stjórnvöld verða að taka yfir allar ákvarðanir og breytingar sem önnur ríki ákveða að því er Schengen varðar en vera vísað á dyr ella?

Þannig er um hnútana búið. Fyrirmæli, og ef þeim er ekki lotið þá er okkur vísað á dyr.

5. Er íslenskum stjórnvöldum ljóst:

Að mörg ákvæði Schengen-samningsins geta innan skamms orðið hluti af reglum Evrópusambandsins og þar háð meirihlutaákvörðunum?

Að ólíklegt má telja, ef þetta gerist, að Noregur verði áfram þátttakandi í Schengen-samstarfinu og norræna vegabréfasambandið væri þá í uppnámi eða úr sögunni?

Þá væri nefnilega, virðulegur forseti, komin upp sú staða að þetta væri orðið stjórnarskrármál í Noregi og það er nægur meirihlutahópur á norska þinginu til að stöðva framgang slíkrar stjórnarskrárbreytingar. Það eru fimm þingflokkar á norska þinginu af sjö, að vísu ekki allir með marga þingmenn, sem eru andvígir þessum samningi.

6. Telur ráðherra ekki skynsamlegt að fresta a.m.k. fram yfir lok ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins að skuldbinda Ísland með undirritun sinni sem aðila að Schengen-samstarfinu?

Mín ráð til hæstv. ráðherra er að fara hvergi utan á morgun til að undirrita samning á fimmtudag og draga það a.m.k. þangað til að þingheimur hefur athugað málið og það hefur verið betur rætt hér innan lands en orðið er.

[17:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurn hv. þm. er það að segja að gert er ráð fyrir að þær upplýsingar sem hér er spurt um verði tilbúnar næsta haust, í september eða október, áður en Alþingi fær samninginn til staðfestingar og fullgildingar.

Varðandi aðra spurningu um kostnaðinn þá er það svo að það liggja ekki fyrir nýjar upplýsingar varðandi mat á honum frá því ég gerði þinginu grein fyrir þeim kostnaðaráætlunum sem fyrir lágu í apríl sl. Þar kom fram að áætlað hefur verið að kostnaður vegna stækkunar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar sé um 650 millj. kr. en þar af um 150 millj. sérstaklega vegna Schengen-samstarfsins og að kostnaður vegna uppsetningar upplýsingakerfisins muni vera um 20 millj. kr. Þar var gert ráð fyrir að aukinn kostnaður vegna reksturs gæti orðið á bilinu 40–60 millj. kr. Þessar áætlanir hafa ekki verið endurmetnar varðandi uppsetningu á upplýsingakerfinu og reksturskostnaðinum. Þær geta tekið breytingum við endurmat þegar þar að kemur. Árgjald vegna þátttöku okkar á þessu ári var 4,5 millj. kr., verður 5,5 millj. á næsta ári en gert er ráð fyrir að nýtt fyrirkomulag varðandi kostnaðarskiptingu taki gildi á árinu 1998 og liggur ekki enn fyrir hvaða þýðingu það mun hafa fyrir okkur.

Varðandi þriðju spurninguna er það að segja að þar er í forsendum hallað verulega réttu máli. Það stenst ekki að verið sé að koma upp persónunjósnum þar sem eðlileg persónuvernd er ekki tryggð. Eins og hv. þm. muna frá fyrri umræðu um þessi málefni er sérstök óháð eftirlitsnefnd með miðlæga upplýsingakerfinu. Þar að auki er gert ráð fyrir sérstakri innlendri eftirlitsnefnd sem fylgist með kerfinu. Þar er gert ráð fyrir að menn fullnægi a.m.k. Evrópuráðssamningum um persónuvernd í þessu efni. Hér er því tryggt svo sem nokkur kostur er að fullnægjandi eftirlit sé með þeim upplýsingum sem þarna eru á ferðinni.

Hitt er annað mál að hér er um að ræða nýjan þátt í lögreglusamvinnu landanna sem er afar mikilvæg og þýðingarmikil eins og reyndar hefur komið fram í umræðum um þessi efni, ekki síst í baráttu gegn eiturlyfjum. Upplýsingarnar sem hér liggja fyrir eru veigamikill þáttur í því samstarfi sem óhjákvæmilegt er að taka upp þegar persónueftirlit á landamærum fellur niður en á hinn bóginn eins og hv. þingmönnum er kunnugt verður haldið áfram af okkar hálfu venjulegu tolleftirliti.

Um fjórðu fyrirspurnina er það að segja að í þessum samningum hafa samningsmarkmið Íslands náðst. Við stefndum að því að tryggja og varðveita norræna vegabréfasamstarfið á þennan hátt og Ísland tekur sjálfstæðar ákvarðanir um nýjar ákvarðanir innan Schengen en fari svo að það geti ekki á þær fallist þá lýkur þessu samstarfi.

Um fimmtu spurninguna er það að segja að það er rétt að umræður hafa farið fram innan ESB um það hvort þar eigi að taka ákvarðanir sem feli það í sér að Schengen-reglurnar verði yfirteknar af Evrópusambandinu. Það er sjálfstætt ákvörðunaratriði þegar þar að kemur að taka um það ákvörðun hvort við óskum eftir viðræðum um að gerast aðilar þar að eða ekki og eðlilegt að taka afstöðu til þess. Enginn veit hver niðurstaðan verður innan Evrópusambandsins á þessu stigi og við hljótum að taka afstöðu til þess þegar þar að kemur.

Svar mitt við sjöttu spurningunni er: Nei. Ég tel eðlilegt að við fylgjum hinum Norðurlandaþjóðunum eftir og það væri rangt af okkur að taka ákvörðun um það á þessu stigi að rjúfa sameiginlega vegferð Norðurlandaþjóðanna varðandi norræna vegabréfasamstarfið.

[17:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í þessu samhengi vil ég undirstrika að ég tel Schengen-aðild mikilvæga fyrir stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Það er engum blöðum um það að fletta í mínum huga. Ég hygg að mörgum íslenskum ferðalöngum eigi eftir að bregða mjög alvarlega í brún þegar þeir verða annars flokks ferðamenn við vegabréfa- og tollskoðun í öðrum Evrópuríkjum eftir að Schengen hefur orðið að veruleika. Ég er einnig hræddur um að mörgum eigi eftir að bregða í brún þegar Norðurlandasamningurinn okkar ágæti og samstarf okkar við aðrar Norðurlandaþjóðir verður í uppnámi ef ekki kemur til Schengen-aðildar. Í reynd eru Norðurlöndin án landamæra þegar kemur að vegabréfaskoðun og það er hrygglengjan að sumu leyti í annars ágætu samstarfi Norðurlanda. Ávinningnum af því samstarfi má ekki undir nokkrum kringumstæðum stefna í voða. Það kostar vissulega peninga að gerast aðili að þessu samkomulagi og það veldur auðvitað áhyggjum, ekki síst þegar til þess er litið að Leifsstöð, þessi flugstöð sem byggð var í tíð hægri stjórnar 1983–1987, sömu flokka sem nú fara með stjórn mála, en sú stjórn réðst í þá framkvæmd án þess að hafa nokkra fjármuni undir höndum. Ástandið er þannig í dag að þar hefur ekkert þokast, sömu skuldir eru því sem næst á stöðinni og voru þegar hún var í gagn tekin. Það þrengir okkar svigrúm til þess að fara í annars bráðnauðsynlega stækkun á þessari flugstöð, stækkun sem er líka nauðsynleg þótt ekki kæmi til Schengen-aðildar. Því segi ég, virðulegi forseti, að lyktum að ég tel að að flestu leyti hafi hæstv. ríkisstjórn aldrei þessu vant staðið rétt að málum og farið rétt í þessi mál, hægt en örugglega, og tel engin efni til þess að undir þessum formerkjum sé hrópað úlfur, úlfur.

[17:19]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Ég tek undir orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar um aðildina að Schengen. Ég tel að undirbúningur undir þetta samstarfsferli sé mjög góður og á því skriði að það sé full ástæða til að undirrita þá samninga sem því eru nauðsynlegir. Ávinningurinn af þessu fyrir okkur er verulegur og hefur þegar komið fram. Fyrir utan það tel ég persónulega að þróunarferlið sem hefur átt sér stað hjá okkur inn í EES megi ekki slíta. Ég tel lið í því ferli að ganga inn í Schengen, og með þá útflutningsþröskulda sem þegar eru til staðar þá hygg ég að ef við stöndum fyrir utan Schengen þá gætum við átt enn fleiri þröskulda á hættu og ekki er á bætandi.

Samstarf gegn ógn eiturlyfja er enn eitt vandamál sem við erum að glíma við í dag og er gríðarlega mikilvægt að ná tökum á því. Tollyfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafa upplýst mig og fleiri um það að innganga í Schengen og við

það að komast í samband við kerfi tollyfirvalda í Evrópu muni auðvelda þeim mjög að fylgjast með grunsamlegum mönnum sem koma hingað til lands og bara það eitt í mínum huga réttlætir það að við förum inn í þetta samstarf og bíðum ekki með það. Mér finnst mjög slæmt að það skuli vera að koma upp að við förum ekki út í nauðsynlegar breytingar á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og tel mikla skammsýni að ekki skuli vera farið út í breytingar sem geta tekið við þessum samningi sem allra fyrst.

[17:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er ekki vanþörf á. Það er satt best að segja furðulegt hversu hljótt hefur verið um þetta stóra mál í umræðum á Íslandi. Ef maður ber það saman við þá miklu umræðu sem er á hinum Norðurlöndunum nú og ekki síst í Noregi, þá vekur það furðu hversu skeytingarlítil við virðumst vera um þetta mikla mál. Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna einnig sérstaklega þátt íslenskra stjórnvalda í því að upplýsa almenning og þar á meðal þingheim um hvað hér er á ferðinni. Af ummælum ráðamanna hefur stundum mátt ætla að þetta mál snerist eingöngu um það að framlengja eða bjarga norræna vegabréfasambandinu en það er auðvitað fjarri öllu lagi og til þess voru ýmsar aðrar leiðir færar en þessi. Staðreyndin er sú að við erum með þessu samkomulagi að gerast hluti af landamærum Evrópusambandsins og verðum ytri landamæri þess með stórhertu eftirliti út á við en afnámi landamæraeftirlits inn á við. Ég held að hv. þm. Kristján Pálsson hafi nú verið sérlega óheppinn að nefna eftirlit með eiturlyfjum sem jákvæðan þátt í samhengi við þetta mál. Staðreyndin er sú að það er akkúrat eitt af því sem mjög margir út um alla Evrópu hafa miklar áhyggjur af og veldur m.a. tregðu Frakka við að staðfesta Schengen fyrir sitt leyti, að þeir óttast að þá muni eiturlyfin flæða um landamæralausa Evrópu sem aldrei fyrr. (**Gripið fram í:** Það eru tollyfirvöld ...)

Í sambandi við svör hæstv. utanrrh. við þriðju spurningunni, um leyndina, þá liggur það fyrir nú að einum alvarlegasta hluta þessa máls hefur verið haldið leyndum þangað til að það tókst að draga hann fram í dagsljósið á danska þinginu, þ.e. leynisamkomulagi, leyniplöggum leyniþjónustu Evrópuríkjanna um að leyniþjónusturnar geri með sér sérstakt samkomulag til hliðar við það eftirlitskerfi sem lögreglu- og tollyfirvöld reka til þess að skiptast á upplýsingum um einstaklinga sem er njósnað um, sem eru undir sérstöku eftirliti leyniþjónustunnar. Þetta plagg var allt stimplað sem trúnaðarmál og því átti að halda leyndu þangað til það tókst á danska þinginu að draga það fram. Og hæstv. dómsmrh. svaraði hér eins og hann hefði ekki hugmynd um að það væri til. Annaðhvort hefur hann ekki hugmynd um að það sé til eða hann tekur þátt í því með kollegum sínum annars staðar í Evrópu að reyna að halda þessu leyndu. Hvað segir hæstv. dómsmrh. um þær upplýsingar sem nú hafa verið dregnar fram á danska og norska þinginu um leynihluta þessa máls?

[17:24]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér heyrðist hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tala um ýmsar aðrar leiðir sem hefðu verið færar til þess að viðhalda norræna vegabréfasambandinu án þess að gerast aðilar eða taka þátt í Schengen-samstarfinu. Ég veit ekki hvaða leiðir þetta eru. Ég álít að þær séu ekki til. Ég lít á þetta mál út frá sjónarhóli norræns samstarfs sem er okkur gífurlega mikilvægt. Norræna vegabréfasambandið hefur þjónað okkur Íslendingum ákaflega vel í nokkra áratugi og ég vil taka svo mikið upp í mig að segja að það væri glapræði að skilja okkur frá hinum Norðurlöndunum með því að taka ekki þátt í samstarfinu um Schengen. Enda er ekkert sem mælir gegn því að við verðum með nema ef vera skyldi að það kostar einhverja fjármuni eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. dómsmrh.

Sá misskilningur hefur verið í umræðunni að hætta á aukinni glæpastarfsemi sé því samfara að taka þátt í Schengen-samstarfinu og innflutningur á fíkniefnum muni aukast o.s.frv. Þetta tel ég vera rangt miðað við þær upplýsingar sem ég hef aflað mér og kynnt mér, þar sem þetta samstarf gengur líka út á samstarf lögreglu og upplýsingakerfi sem hér hefur verið minnst á og hefur verið nefnt SIS. Það er nú ágætt að viðhalda því orði í íslensku máli. (**Gripið fram í:** Og hvernig fór fyrir því?) Tími minn er víst brátt á þrotum en ég vil bara segja að ef svo fer að Schengen-samstarfið rennur saman við Evrópusambandið eða það samstarf þá hlýtur að þurfa að semja á nýjan leik við Ísland og Noreg.

[17:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé vonum seinna að þetta mál kemur til rækilegrar umræðu í þessari virðulegu stofnun. Ég hlýt í tilefni af umræðunni að spyrja að því hvort þetta mál hefur verið rætt á vettvangi ríkisstjórnarinnar og hvort það hefur verið samþykkt að fara nákvæmlega í málið eins og verið er að tala um núna. Og hvort menn hafa þar ekki áhyggjur af því hvaða kostnað Schengen-aðildin gæti haft í för með sér. Ég hefði t.d. getað hugsað mér að spyrja hæstv. samgrh. um þetta mál. Hefur málið verið skoðað út frá forsendum samgangna og ferðamannastefnu, ferðamálastefnu, hér á landi? Hefur hv. samgn. verið beðin um að fjalla um þetta mál? Ég spyr. Nei, ég held að hún hafi ekki verið beðin um að fjalla um það sérstaklega. Ég hlýt þess vegna að spyrja: Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar sem heildar? Og hver er afstaða hæstv. samgrh. sérstaklega? Ég held að það væri einnig mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að það kæmi fram hver er kostnaður annarra af því að Ísland gerðist aðili að Schengen-samstarfinu, t.d. kostnaður Flugleiða. Ég tel að það skipti máli í þessu dæmi, þar sem um er að ræða aðila sem veltir á milli 20 og 30 milljörðum íslenskra kr. þegar allt er talið og því eigi að ræða við aðila af þessu tagi. Og ég spyr: Hefur það verið gert? Hver er skoðun Flugleiða á þessu máli sem er í rauninni aðalþjónustuaðili einkaaðila á þessu svæði? Ég spyr: Hefur það verið kannað hæstv. ráðherra? Og ég segi að lokum líka þetta: Málið hefði auðvitað átt að ræða hér fyrr og áður en ráðherrann fer utan til að skrifa undir pappírana. Ég hefði talið að um málið hefði átt að fjalla í þessari stofnun og leita afstöðu Alþingis. Af hverju er það ekki gert, hæstv. forseti, fyrr en eftir langan tíma, þ.e. nærri ár héðan í frá? Loksins eftir eitt ár á að sýna Alþingi þá virðingu að spyrja það um málið. Þetta er virðingarleysi við Alþingi sem það lætur aftur og aftur bjóða sér, því miður, í stórum málum eins og þessu.

[17:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kom með gamalkunnuga ræðu um að þetta snerist sérstaklega um að bjarga norrænu samstarfi en einmitt einn ljótasti leikurinn í

sambandi við þetta mál er hvernig jákvæð viðhorf manna til norrænnar samvinnu hafa verið misnotuð til þess að pranga inn á menn aðild að þessu Schengen-fyrirbæri. Þannig var málið vaxið að þegar lagt var upp þá sögðu forsætisráðherrar allra Norðurlandanna: „Það verður einn fyrir alla og allir fyrir einn." Með öðrum orðum ef ekki næst viðunandi lausn fyrir Ísland, ef Ísland og Noregur kjósa að standa utan við, þá verða hin Norðurlöndin líka utan við og við leysum málin hvað varðar samskipti Norðurlandanna við Evrópu eða Schengen-svæðið öðruvísi. Þetta var fullyrt og menn voru fullvissaðir um að það yrði ekki komið í bakið á einum eða neinum. Og svo á um hálfu ári sneru menn við blaðinu og fóru að melda það í smáskömmtum til Íslands og Noregs að þau yrðu þá bara skilin eftir. Það var að mínu mati virkilega lúalegt hvernig að þessu var staðið og misnotkun á jákvæðum viðhorfum manna til norrænnar samvinnu. Að sjálfsögðu hefðu menn getað farið þá leið í málinu að semja sérstaklega um stöðu norræna svæðisins og án vegabréfaeftirlits við þetta nýja svæði eins og gert er til að mynda gagnvart þeim ríkjum sem ekki eru aðilar að Schengen en tilheyra þó Evrópusambandinu. Á nákvæmlega sama hátt hefðu Evrópusambandsríkin á Norðurlöndum getað leyst sín mál eins og Bretar og Írar o.s.frv.

Ég minni á að þetta verður ekki eingöngu á þá hliðina að menn verði fyrsta flokks ferðamenn og fái að ferðast án vegabréfa því að hluti af þessum pakka er að herða landamæraeftirlitið út á við. Til dæmis munu Íslendingar sjálfir þurfa að sýna vegabréf þegar þeir koma inn í sitt eigið land ef þeir koma frá svæðum utan Schengen og það verður miklu meira eftirlit gagnvart ferðamönnum t.d. frá Ameríku hingað en hefur verið þannig að þetta er langt því frá einhliða jákvætt, eins og sumir virðast halda og ber allt að sama brunni, herra forseti, að það er auðvitað til skammar og vansa hversu litlum upplýsingum hefur verið miðlað um þetta mál og bítur auðvitað höfuðið af skömminni af þessum ljóta hluta þess að leynisamkomulaginu um samstarf leyniþjónustunnar og um njósnirnar hefur verið algerlega haldið utan við alla umræðu. Ég skora á hæstv. ráðherra að svara einhverju um það á eftir.

[17:32]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að ég hefði verið óheppinn að nefna fíkniefnavandann í umræðunni. Ég álít að þeir aðilar sem ég vitnaði til, sem eru tollyfirvöld á Keflavíkurflugvelli, viti mun betur um það hvernig best er að haga eftirliti með fíkniefnum um Keflavíkurflugvöll en hv. þm. Þeirra mat er að samtenging tölvukerfa toll- og útlendingaeftirlitsins í þessum löndum muni styrkja þá mjög í öllu eftirlitsstarfi á Keflavíkurflugvelli þannig að mat þeirra er einfaldlega það, hvað sem hv. þm. hefur um það að segja. Könnun og leit í töskum og pökkum sem koma með flugvélum verður óbreytt frá því sem verið hefur þannig að ég skil ekki almennilega hvaðan hv. þm. hefur þessar upplýsingar. Ég tel í rauninni að meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er að tala um óheppni hvað mig varðar, þá hafi hann verið sérstaklega óheppinn að gera lítið úr því vandamáli sem fíkniefnin eru almennt.

[17:33]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um að þetta væri spurning um að vera 1. flokks ferðamaður eða ekki. Ég vil bara mótmæla því, því að þetta mál snýst um allt annað og miklu meira en það hvort ferðamenn sem ferðast innan Schengen-svæðisins þurfi að vera með vegabréf í brjóstvasanum eða ekki og það er með ólíkindum hvernig fólk hefur misflutt þetta mál og hefur jafnvel mátt lesa greinar í blöðum sem skrifaðar hafa verið af nokkuð háttsettum mönnum í þjóðfélaginu sem hafa haldið því fram að þetta snerist um það, hvort maður væri með bréfið í brjóstvasanum eða ekki en það er aldeilis ekki.

Hv. þm. talaði um samkomulag forsætisráðherranna sem gert var í Reykjavík, ef ég man rétt, um að þeir skyldu vinna að því að halda hópinn í sambandi við þetta mál. Þeir ákváðu að skapa öllum þjóðunum viðunandi lausn til að taka þátt í þessu samstarfi og það var gert. Sú lausn sem fundist hefur er viðunandi fyrir allar þjóðirnar að mínu mati og meira er ekki hægt að biðja um. Það er ekki hægt að ætlast til þess að hinar Norðurlandaþjóðirnar hætti við bara út af því að við séum með einhverja sérvisku. Við ætlum heldur ekki að vera með neina sérvisku, við ætlum að taka þátt í þessu. Það er mín von a.m.k.

[17:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þeir ágætu þingmenn sem hafa talað fyrir utan ráðherra, þingmenn stjórnarliðsins, ættu að kynna sér og hafa fyrir því að lesa greinarnar úr Aftenposten frá því í morgun með fyrirsögninni „Passunion eller politistat", vegabréfasamband eða lögregluríki, eða fyrirsagnir eins og „Orwell i dobbeldose", tvisvar sinnum Orwell. Þetta er í einu virtasta borgaralegu blaði Noregs og hæstv. ráðherra getur fengið það litprentað. Ég held að hæstv. dómsmrh. ætti að kynna sér betur það sem varðar persónunjósnir og söfnun upplýsinga og hvernig m.a. var litið á það efni af danskri nefnd, registertilsynet 1991, og hann getur fengið hér álit þeirra og kannað hvort búið er að koma þeim hlutum í það horf sem þar er lagt til varðandi þessi efni.

Vegna spurningarinnar til hæstv. ráðherra um það hvort allt verði þýtt og hvenær það liggi fyrir, þá ítreka ég spurningu mína. Því var svarað jákvætt. Það er gott, þar á meðal væntanlega lögregluhandbókin, konsúlahandbókin, almenna handbókin og svokölluð SIRENE-handbók sem hafa verið lokuð gögn hjá Schengen, en hæstv. ráðherra hefur nú lofað að liggi fyrir Alþingi í síðasta lagi haustið 1977 og það er vel. Hérna er smáyfirlit yfir það eins og gerðirnar ef hæstv. ráðherra hefur ekki fengið þau gögn frá danska þinginu.

En ég verð að segja það, virðulegur forseti, að það er mjög illa farið að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa staldrað við þegar ljóst er að þetta samstarf kemur ekki til framkvæmda á næstunni, gæti dregist fram á árið 2000 eða lengur. Hvað eru menn að skuldbinda sig í Lúxemborg núna með undirskrift á samkomulagi sem ljóst er að frestast langt yfir það sem gert var ráð fyrir í staðinn fyrir að skoða málin, átta sig á því hvað gerist á ríkjaráðstefnunni þannig að menn séu að tala um raunverulega hluti? Því að það er ekkert smámál hvort Noregur skerst úr leik fyrir lok næsta árs vegna breytinga sem gerðar yrðu á Schengen með því að það færðist að hluta yfir í Evrópusambandssamninginn og þá er ekki nægur stuðningur á norska þinginu fyrir þessum samningi. Þá er hann stöðvaður og hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir ætti að hafa áhyggjur af þeim efnum Ég tala nú ekki um það sem snýr að fíkniefnum og þess háttar. Það er aldeilis hörmulegt að heyra þá fávisku sem hér kemur fram hjá vissum þingmönnum um þau efni.

En það er líka sérkennilegt að heyra uppáskriftina frá Alþfl. um þetta mál án nokkurs fyrirvara, klappað fyrir ríkisstjórninni.

[17:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er fróðlegt í þessari umræðu að hlýða á þegar hv. 4. þm. Austurl. upplýsir um niðurstöður í atkvæðagreiðslu í norska Stórþinginu um spurningu sem ekki einu sinni hefur verið lögð fyrir þingið (Gripið fram í.) og er nú býsna athyglisvert hvernig ákvarðanir eru teknar þar á bæ. Ég held að það sé fullkomlega eðlilegt og annað væri órökrétt í þessu samhengi annað en að undirrita þann samning sem Norðurlöndin hafa sameiginlega undirbúið í þessu efni. Síðan kunna þjóðirnar, bæði Norðmenn og Íslendingar, að þurfa að taka afstöðu til þess síðar ef nýjar ákvarðanir verða teknar um þessi efni á vettvangi Evrópusambandsins.

Varðandi fyrirspurn hv. 8. þm. Reykv. um það hvort rætt hefði verið við Flugleiðir í þessu efni, þá hefur það áður verið upplýst í umræðum um þessi efni að farið hafa fram mjög ítarlegar viðræður við Flugleiðir og var alger forsenda af hálfu ríkisstjórnarinnar að það væri unnt að leysa tæknilega öll þau mál varðandi afgreiðslu á farþegum Flugleiða. Að öðrum kosti hefði ekki verið farið í þessa samninga, en fyrir lá að unnt var að leysa þau mál með viðunandi hætti fyrir Flugleiðir.

Hvað varðar þá fullyrðingu hv. 4. þm. Norðurl. e. þá kannast ég ekki við sérstaka leynisamninga á milli leyniþjónusta þeirra ríkja sem hafa slíka starfsemi með höndum og samningamenn Íslands kannast ekki við slíkt. Slíkar stofnanir hafa ekki samkvæmt samningnum aðgang að þessu upplýsingakerfi heldur þar til bærar stofnanir sem um er fjallað í samningnum.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar að bera af sér sakir.

[17:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég neyðist til að bera af mér þær sakir að ég hafi í orðum mínum áðan gert lítið úr eiturlyfjavandamálinu sem slíku. Það var fjarri því og voru engin tilefni til að snúa út úr mínum orðum á þann veg að ég væri með þeim að gera lítið úr því að við gríðarlegt vandamál væri að stríða. Þvert á móti sagði ég einmitt að af því hefðu margir víða um Evrópu einmitt mjög miklar áhyggjur, að þetta mundi leiða til þess að eiturlyfin flæddu um Evrópu þvera sem aldrei fyrr. Við ættum að geta verið menn til þess, ég og hv. þm. Kristján Pálsson, að rökræða og þess vegna vera ósammála um hvort þetta sé líklegt eða ekki, hvort þessi breyting á landamæraeftirliti og skipan mála í Evrópu muni verða til góðs eða ills í baráttunni við vandamál sem ég hélt ekki að þyrfti að vera að deila um og við eins og allir aðrir hugsandi menn í landinu viðurkennum sem eina af alvarlegustu meinsemdum sem nú er við að glíma í vestrænum samfélögum. En ég bið hv. þm. að láta sér aldrei detta það í hug eitt augnablik að ég sitji þegjandi undir ærumeiðingum af því tagi að ég geri lítið úr eiturlyfjavandamálinu.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 10. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[17:43]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að orða þetta þannig til hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að saka hann um eitt eða annað og bið hann afsökunar á því ef hann hefur tekið þessu þannig, en aftur á móti vil ég ítreka að það sem tollyfirvöld á Keflavíkurflugvelli hafa sagt finnst mér vega mjög þungt í þeirri umræðu sem lýtur að því að reyna að stemma stigu við ólöglegum innflutningi eiturlyfja sem hafa skaðað ungmenni okkar um allt land og fleiri. Ég tek undir þær áhyggjur hv. þm. og ég vona að við eigum eftir að eiga góða umræðu um þetta mál saman.

[17:43]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1997, 24. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 400.

Póstþjónusta, 151. mál, nál. 2. minni hluta samgn., þskj. 401.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, 248. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 404.

Umboðsmaður Alþingis, 244. mál, frv. ÓE o.fl., þskj. 381.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373.

og

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377.

[17:44]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var kominn þar sögu að ég var farinn að ræða eilítið nefndarálit minni hluta samgn. um annað af þremur frv. um þessi efni, þ.e. frv. um fjarskipti og nefndi þar með nokkrum orðum þann aðdraganda sem átt hefur sér stað að málinu annars staðar í Evrópu og þeirri tilskipun ESB sem tekur gildi hér sem annars staðar 1. janúar 1998.

Þetta frv. er eins og ég sagði þannig úr garði gert að allt er leyft sem ekki er bannað en ítarlegir skilmálar eru settir fram í frv. sem rekstrarleyfishafar þurfa að uppfylla séu þeir tækir til þess að inna þessa mikilvægu þjónustu af hendi. Þessi skilyrði eru af ýmsum toga og ekki færri en 15 þeirra eru tíunduð í frv. en því er hins vegar í raun ekkert svarað eftir sem áður hvort væntanlegir umsækjendur um rekstrarleyfi þurfi að uppfylla aðeins eitt af þessum 15, tvö af þessum 15, 10 af þessum 15 eða öll 15. Því er algerlega haldið opnu og

er til túlkunar síðar meir. Enn og aftur rekur maður sig því á það að þrátt fyrir það að þessi frumvörp öll séu tiltölulega ítarleg í allri gerð, a.m.k. nógu margar blaðsíður, þá eru eftir sem áður skilin eftir lykilatriði og stórar spurningar á borð við það eftir hvaða leikreglum verður síðan farið þegar að framkvæmdinni kemur. Með öðrum orðum er það eitt skilyrði af þessum 15, öll 15 eða helmingurinn af þeim sem rekstrarleyfishafar og umsækjendur þurfa að uppfylla til að ganga inn í hið heilaga og njóta rekstrarleyfis. Eftir þessu kalla ég og minni hluti samgn.

Það sem meira er, í þessu frv. er að finna lykilatriði sem nefnist alþjónusta. Ég er mjög sammála þeirri hugsun sem þar kemur fram að einhverjir grundvallarþættir í þjónustu á vettvangi fjarskipta sem séu í lögum viðkomandi þjóðríkis séu þannig úr garði gerðir að allir geti notið þeirrar þjónustu. Þetta er skilgreint á eftirfarandi hátt í frv., með leyfi forseta:

„Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu."

Nú skyldi maður ætla að þetta væri allt býsna gott og á grundvelli þessa ákvæðis væri það tiltölulega skýrt að t.d. talsímaþjónustan félli undir þessa alþjónustu og að allir landsmenn sem njóta nú símans geti verið nokkuð öruggir um að þeir geti gert það áfram undir þessum breyttu formerkjum. Það er þó ekki svo því að þó að talsímaþjónustan sé nefnd í framhjáhlaupi sem einn mögulegur þáttur alþjónustu, þá eru ekki tekin af nein tvímæli í þeim efnum í frv. um það hvaða grundvallarþættir þjónustunnar eru svo veigamiklir að þeir eigi að falla undir þessa alþjónustu og vera tækir öllum alls staðar á viðráðanlegu verði. Nei, enn og aftur ætlar hið háa Alþingi að víkja sér undan því að svara þessu. Og hver skyldi nú eiga að svara þessu, virðulegi forseti? Jú, það er þessi maður þarna, hæstv. samgrh. Hann á að skilgreina það fyrir hið háa Alþingi hvað telst grundvallarþjónusta í þessu sambandi því að hið háa Alþingi, eða a.m.k. meiri hluti samgn., treystir sér ekki til þess. Þetta er auðvitað gagnrýni vert, svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Enn og aftur hlýt ég líka að skjóta því hér inn í að það er hæstv. samgrh. sem á að skilgreina þessi grundvallarþjónustumarkmið og óhætt er að gefa sér það að eitt þeirra verði það að allir alls staðar geti fengið að tala í síma. En það er hann hins vegar sem á að ákvarða hvort og hversu margir geta komið inn á þennan markað og fallið undir tiltölulega stranga skilmála og afmarkaða um að veita alþjónustu. Með öðrum orðum eiga smærri fyrirtæki væntanlega erfitt með að undirgangast stífa skilmála um það að leyfa öllum að tala í síma alls staðar á landinu á sínu grunnneti eða samkvæmt sínum tilboðum, en látum vera með það.

Meginatriðið er það gagnvart viðskiptavinum, þ.e. gagnvart fólki í landinu, hvort almenningur eigi að eiga það alfarið undir hæstv. samgrh. hvaða þættir eru svo veigamiklir að þá skuli tryggja í þessari alþjónustuskilgreiningu. Við eigum að vera fólk til þess, hv. þingmenn, að búa tryggilega um þá hnúta þannig að enginn velkist í vafa um það í þéttbýli og dreifbýli hvaða grundvallarþjónusta verði á borð borin fyrir almenning í landinu að samþykktu þessu frv. Það er allsendis óviðunandi að skilja við málið eftir jafnopið og hér er gert í þessum efnum.

Síðan hins vegar kemur að því þegar þessi alþjónustumarkmið, hver sem þau verða, eru skilgreind að tillögu hæstv. samgrh., að rekstrarleyfishafar geta fengið afslátt frá þessum altæku skilmálum, geta með öðrum orðum komið til fjarskiptastofnunar og sagt: Það er nú svo óarðbært og erfitt að halda úti talsímaþjónustu til Bolungarvíkur — svo ég nefni það bara eins og að draga kanínu upp úr hatti, ég nefni það af því að mér datt það í hug af algerri tilviljun — að ég vil fá styrk úr svonefndum Jöfnunarsjóði sem Póst- og fjarskiptastofnunin hefur yfir að ráða. Og það sem meira er að þessi almenni styrkur dugir mér ekki. Ég ætla að sýna ykkur í bókhaldi hjá mér að það kostar mig allt of mikla peninga að halda úti þessari talsímaþjónustu til hinna dreifðari byggða. Frv. gerir sannarlega ráð fyrir því að óarðbæran rekstur megi styrkja með einhverjum óskilgreindum hætti. Enn og aftur er það alfarið á valdi þessarar stofnunar og fyrir atbeina hæstv. samgrh. hvernig eigi að standa að verki þegar þar að kemur.

Auðvitað fer maður að hugsa með sjálfum sér þegar maður horfir á þennan markað eins og hann blasir við okkur í dag, hvernig svo sem hann verður í raun þegar fram líða stundir, að það verði Póstur og sími hf., hið stóra og mikilvæga þjónustufyrirtæki sem hér eftir eins og hingað til muni sinna þjónustu um landið allt, en smærri aðilar muni gera annað af tvennu, muni í fyrsta lagi bera því við að þeir hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til þess né heldur séu markaðsaðstæður þannig að þau sjái nokkurn tilgang í því að bjóða upp á þessa alþjónustu, þessa talsímaþjónustu, vítt og breitt um landið. Þau munu þess vegna væntanlega sækja um undir þeim formerkjum að þau ætli aðeins að sinna þessari talsímaþjónustu hér — ég vil ekki segja í miðbæ Reykjavíkur en hér á Stór-Hafnarfjarðarsvæðinu, hér á suðvesturhorninu þar sem flestir notendur eru og væntanlega minnstur tilkostnaður að koma netinu í viðunandi horf og rekstur þess sömuleiðis verði minni heldur en þegar kemur til hinna dreifðari byggða.

Þá kemur væntanlega að því að hinn stóri Póstur og sími hf., sem telur sig hafa þjóðfélagslegum skyldum að gegna fyrir atbeina og undir stjórn hæstv. samgrh., sæki þá um það gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun að fá úr þessum jöfnunarsjóði, leggur sennilega líka fram reikning um það hversu óarðbært það er og dýrt að halda úti talsímaþjónustu í Bolungarvík, af því að ég nefndi það áðan. Þá kemur til þess að fara eftir reglum fjarskiptastofnunar, sem til verða fyrir atbeina hæstv. samgrh., undir hvaða formerkjum eigi að borga til baka þennan tilkostnað sem væntanlega í þessu tilfelli Póstur og sími verður fyrir við það eitt að halda úti óbreyttu þjónustuumfangi eins og verið hefur um langt árabil.

Þetta rek ég hér, virðulegi forseti, til þess að reyna að gera hv. þingmönnum einhverja grein fyrir því hvers konar landslag, hvers konar flækjur það eru, hvers konar millilíðaverslun það er í raun sem við erum að fara inn í með þessu frv. Ég er ekki að halda því fram að hugsunin í þessa veru sé fjarri öllu lagi. Ég tel þvert á móti að margt mæli með því og út í slíka millifærslupólitík sé brýnt og nauðsynlegt að fara til þess einmitt að tryggja þessa grundvallarþjónustu víða úti um land. En vissulega fer maður að hugsa um það hvað út úr þessari millifærslupóltík kemur, þ.e. hvert verður þetta verð sem á að vera jafnaðarverð á landinu öllu vegna tillögu sem er fram komin við 2. umr. um sama verð allt í kringum landið í talsímanum og langlínuálag er forboðið, en þá veltir maður því fyrir sér hvað út úr þessu komi innan sama fyrirtækis, hver verði samkeppnisfærni þeirra fyrirtækja sem ætla sér að þjónusta allt landið, njóta styrks úr jönunarsjóðum, njóta styrks vegna óarðbærra þátta í þjónustu við landsbyggðina,

á móti hinum sem fá hugsanlega til þess heimild, af því að það er opnað fyrir það að þjónusta aðeins höfuðborgarsvæðið. Hver verður eiginlega niðurstaðan í þessari samkeppni þegar allt er talið? Er það þessi stofnun undir atbeina hæstv. ráðherra sem ætlar að tryggja það að stóra fyrirtækið, sem ætlar að þjónusta allt landið, gjaldi þess ekki og geti farið jafnlangt niður með verðið og hugsanlegir samkeppnisaðilar sem eru smærri í sniðum með ódýrari og einfaldari rekstur og ætla sér að bjóða upp á tiltölulega lág símgjöld á höfuðborgarsvæðinu?

Þetta veit ekki nokkur maður. Það getur enginn svarað þessum vangaveltum fyrir fullt og fast. Mér er það fullkomlega ljóst. En á móti kemur hins vegar að þetta frv. gerir að sönnu sáralitlar tilraunir til þess að nálgast þetta svar. Við stöndum eiginlega eftir í nákvæmlega sömu sporum eftir að hafa lesið í gegnum ítarlegt frv., ítarlegar athugasemdir og raunar líka eftir að hafa átt ágætissamtöl við höfunda þess og fengið síðan athugasemdir frá ýmsum aðilum sem til málsins þekkja. Þetta veldur mér áhyggjum og ég held að þetta hljóti að valda miklu fleirum áhyggjum þegar við erum að reyna að mjaka okkur inn í nýjan veruleika, nýjan tíma í þessum efnum. Enn og aftur segi ég, virðulegur forseti, að þarna þurfum við að gera miklum mun skýrar, eins skýrt og nokkur möguleiki er, hvernig við ætlum að láta þessi mál ganga fram í raunveruleikanum, í praktíkinni þegar þetta á allt að verða að veruleika. Ef ekki þá skapar þetta óróleika, ekki aðeins meðal þeirra aðila sem eru að sinna þessari þjónustu og veita hana hingað og þangað, heldur skapar þetta ekki síður óróleika hjá notendum þjónustunnar. Mikið skelfing færi það nú fyrir lítið, virðulegur forseti, ef gamalt baráttumál, sem ég er mjög sammála að gangi fram, um að kostnaður við símaþjónustu verði hinn sami hvar sem er á landinu, skyldi allt í einu birtast í þeim veruleika um mitt ár 1998 að smærri fyrirtæki, sem sinna eingöngu þjónustu á suðvesturhorninu, gætu allt í einu boðið fólkinu á suðvesturhorninu langtum lægri taxta á símgjöld en stóra fyrirtækið sem ætlar að þjónusta allt landið. Það er möguleiki sem er fullkomlega til staðar og frv. tekur langt í frá fyrir að geti blasað við okkur. Þá verður þetta gamla baráttumál um jafnan rétt þéttbýlis og dreifbýlis til að borga þjónustugjöld af þessum toga orðið býsna veigalítið og fara þá fyrir lítið stóru loforðin sem ýmsir hv. þingmenn og pólitíkusar hafa nú farið fram með um tiltölulega langt árabil. Þess vegna var það m.a. að hv. þm. Ragnar Arnalds, sá sem hér stendur, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir o.fl. ef ég man rétt, lögðu það til sl. vor að til þess að tryggja jafnræði þéttbýlisbúa og dreifbýlisbúa, a.m.k. þetta eina og hálfa ár sem eftir lifir fram að þeim tíma að frelsið heldur innreið sína, að lækka þetta og gera þennan jöfnuð að veruleika strax þá, því það eru óneitanlega uppi ýmis álitamál sem engin svör eru gefin við hvað tekur við eins og ég hef gert hér allítarlega að umtalsefni.

Vangaveltur mínar hafa einnig farið nokkuð í þá veru hvort og hvernig þessi jöfnuður geti farið saman við þau samkeppnissjónarmið sem eru jafnofarlega á baugi og raun ber vitni í þessu frv. Álit Samkeppnisstofnunar, sem ég tek auðvitað ekki sem hið eina sanna og rétta, veldur engu að síður áhyggjum í þessu samhengi. Álit hennar er fskj. I en þar eru ýmis varnaðarorð látin falla og frumvarpshöfundar og þeir sem bera á því pólitíska ábyrgð eru varaðir mjög við.

Ég hafði einnig á orði sl. vor í þessu samhengi að ýmislegt væri nú á kreiki í Brussel sem gerði það að verkum að hugsanlega yrði erfitt að koma því við í framkvæmd að láta ákvæði sem þetta ganga upp í ljósi þeirrar meginstefnumörkunar ESB-tilskipunarinnar um þetta frelsi og þessa samkeppni. Fræðimenn eru ósammála um það. Fræðimenn ráðuneytisins hafa haldið því fram að þetta sé hægt. Hv. frsm., formaður samgn., hefur gert hið sama. Ég vona svo sannarlega að svo sé og vil auðvitað taka það skýrt fram að aðrir fulltrúar í minni hluta samgn. hafa ekki skipt um skoðun í þessu máli og styðja jafnmikið og kröftuglega og fyrr þetta spor í réttindaátt, þ.e. að gera landið allt að einu kjördæmi þegar kemur að kostnaði við símaþjónustu. Þannig að viðvörunarorð mín og annarra nefndarmanna má alls ekki túlka á þann veg að við viljum bregða fæti fyrir hina pólitísku markmiðssetningu. Það vil ég gera algerlega skýrt og í því ljósi munum við styðja þetta ákvæði og setja fingurna í kross og vona hið besta að þetta sé mögulegt þegar til kastanna kemur. Hins vegar er ástæða til í þessu samhengi að vona hið besta en vera viðbúinn hinu versta.

Virðulegi forseti. Víkur þá sögunni að þriðja frv. sem er í blaðsíðum talið jafnþykkt og hin tvö fyrri en sumpart dálítið stílbrot í þessari trílógíu því að þá bregður allt í einu svo við að meginatriðin um frelsi og samkeppni eru ekki í hávegum höfð heldur fyrst og fremst reynt að stilla mál þannig af að halda kyrrum kjörum, að breyta ekki í stóru sambýli Pósts og síma sem einkaleyfishafa að verulegu leyti og annarra sem á markaði eru á þeim vettvangi sem slíkt er heimilt. Þetta gerist náttúrlega fyrst og síðast vegna þess að Evrópa er ekki jafnlangt komin á þessum vettvangi en er hins vegar dálítið stílbrot á stefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. á þeirri stefnu sem menn halda mjög á lofti og hafa nú gert í umræðunni almennt um að það sé allra meina bót að fara í mikla samkeppni og einkavæða og ég veit ekki hvað og hvað.

En nú kippa menn allt í einu að sér höndum þegar kemur að póstþjónustunni og þá á að hreyfa við sem minnstu. Raunar var það þannig, eins og frv. var í sinni fyrstu gerð, að frekar var þessi réttur einkaleyfishafans aukinn á kostnað samkeppnisaðila heldur en hitt. Umsagnaraðilar sem til nefndarinnar komu kvörtuðu mjög yfir því að þetta væri skref í þá átt að minnka samkeppni og, eins og ég segi, auka rétt einkaleyfishafans. Það kemur m.a. fram í fskj. með 1. minni hluta samgn., þess sem hér stendur og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur. Þar er á ferðinni umsögn Póstdreifingar ehf. Að vísu hefur verið gerð á því smávægileg bragarbót með brtt. meiri hlutans sem lýtur að því að þrengja ekki hag þeirra örfáu sem þó hafa verið í samkeppni á tilteknum afmörkuðum sviðum í póstþjónustunni. Þannig að í grófum dráttum held ég að óhætt sé að fullyrða að þessi viðskiptarammi verður mjög svipaður því sem verið hefur. Ég tek fram, virðulegi forseti, að ég geri engar athugasemdir við það og finnst það í sjálfu sér óvitlaus pólitísk stefnumörkun miðað við það sem gerist og gengur. Segi sem svo að nóg sé nú samt í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem verða á vettvangi fjarskiptanna og alveg óhætt sé fyrir Íslendinga að taka eitt skref í einu í þessu sambandi. Að setja nú ekki allt á annan endann bæði á vettvangi fjarskipta og pósts þannig að hyggilega sé að verki staðið. En það breytir auðvitað ekki því að ríkisstjórnin og hv. stjórnarþingmenn tala dálítið austur og vestur í þessu samhengi og eru samhengislausir ef svo má segja. Þeir tala um nauðsyn á samkeppni í fjarskiptamálunum en síðan tala þeir um nauðsyn þess að halda kyrrum kjörum og óbreyttri stefnu í póstmálunum og er svo sem fróðlegt að fá þá til að leggja þetta saman og fá út úr þessu einhverja heildstæða stefnumörkun í póst- og fjarskiptamál-

um yfirleitt. Og ég kalla eftir því. Ég held að ástæðulaust sé að spyrja hæstv. ráðherra um það. Hann getur vafalaust ekki svarað mér. Ég spyr því hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hverju það sæti að stefnumörkunin gengur svona á misvíxl. En ég undirstrika þó enn og aftur að þarna held ég að skynsamlega sé að verki staðið.

Virðulegi forseti. Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir þeim helstu álitamálum sem uppi eru um þessi efni. Ég hef ekki, til þess að spara tíma, lesið þessi nál. minni hluta samgn. staf fyrir staf. Þau tala að vissu leyti fyrir sig sjálf og eru ítarleg að gerð og ástæðulaust að tefja tíma þingsins með því að lesa þau upp frá a til ö. Þess vegna hef ég fremur kosið að fara í grófum dráttum yfir aðeins örfá af þeim fjölmörgu álitamálum sem vissulega vakna við þessa yfirferð og vil undirstrika það mjög rækilega að minni hluti samgn. hefur við undirbúning og yfirferð þessa máls reynt að haga málum þannig að vinna í góðu samstarfi við meiri hluta nefndarinnar. Minni hluti nefndarinnar er meðvitaður um það að þegar ákvörðun um hlutafélagavæðingu Pósts og síma varð að veruleika þá var ekkert undan því vikist að fara í endurmat á gildandi lögum um fjarskipti og póstþjónustu. Ég tel því brýnt að löggjöf af þessum toga sé frágengin fyrr en síðar. Það er hins vegar ekkert, nákvæmlega ekki nokkur skapaður hlutur, sem kallar á það að þessi frv. þurfi að afgreiða í þessari viku eða með öðrum orðum fyrir næstu áramót. Það er engin brýn þörf á því og engin rök hafa svo sem verið færð fyrir því. Í lagatextanum um Póst- og fjarskiptastofnun er raunar gert ráð fyrir að hún taki ekki til starfa fyrr en 1. apríl 1997. Það gerist ekkert stórt þó að byrjun þeirrar starfsemi yrði frestað til hausts 1997. Það mundi ekkert gerast. Það mundi heldur ekki gerast nokkur skapaður hrærandi hlutur þó að þessum frv. um fjarskipti og póstþjónustu yrði frestað fram á næsta ár, þ.e. að nefndin tæki sér þann tíma sem hún þyrfti til að fylla upp í sannanleg göt í frv. Mótsagnir sem í þeim er að finna, m.a. um hlutverk hæstv. samgrh., m.a. um grunnþjónustu sem þessi löggjöf á að tryggja landsmönnum öllum en er ekki sagt fyrir fullt og fast í hverju á að vera fólgin, svo aðeins séu nú tekin tvö dæmi. Með öðrum orðum, það gerist út af fyrir sig ekkert í sjálfu sér í meginatriðum með hlutafélagavæðingunni um áramótin sem kallar á að þessi löggjöf verði afgreidd laugardaginn fyrir jól eða á Þorláksmessu eftir efnum og ástæðum, sem taki síðan gildi viku síðar. Þess vegna undirstrika ég þá tillögu minni hluta nefndarinnar að stjórnarþingmenn og meiri hluti nefndarinnar taki það mjög til gaumgæfilegrar athugunar og velvilja að setjast nú yfir þetta frv. eilítið lengur og eiga um það gott samkomulag að sníða af því verstu agnúana á vorþingi og ljúka því verki með afgreiðslu þeirra á vorþingi. Ég nefni í því samhengi póstlögin. Það hefur verið yfirlýst af hálfu stjórnarþingmanna að ekki sé verið að gera neinar breytingar sem breyti þessu rekstrarumhverfi og þá hlýtur maður auðvitað að spyrja hvers vegna í veröldinni er þá jafnbrýnt og haldið er fram að klára þetta núna, helst í gær.

Ég fer þess mjög eindregið á leit, virðulegi forseti, fyrir hönd minni hluta nefndarinnar að menn hlusti á þessar ábendingar og óskir minni hluta nefndarinnar um að taka sér þann tíma sem nauðsynlegur er til að ljúka lagagerðinni. Að minnsta kosti er það alveg skýrt í mínum huga og ég vil að það komi klárt fram að ég mun eindregið óska eftir því að nefndin yfirfari nokkur þau álitamál sem hér hafa vaknað við 2. umr. málsins, milli 2. og 3. umr. þ.e. að nefndin komi saman og ræði nokkur þau álitamál sem uppi eru. Það er þó lágmarkskrafa þegar um er að ræða jafnumfangsmikla lagasetningu og hér um ræðir, doðranta sem telja samtals um 100 síður. Lagasetning sem mun hafa varanleg áhrif á rekstrarumhverfi í þeim sívaxandi málaflokki og ekki síður á neytendurna í þessu landi sem er auðvitað hver og einn lifandi þegn. Það skal vanda sem lengi skal standa, virðulegi forseti.

[18:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér kemur ræða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar ekki á óvart. Öðrum þræði fjallaði ræðan um að reyna ætti að draga málið á langinn eftir því sem hægt væri. Það er í samræmi við afstöðu Alþfl. til þessa máls frá upphafi. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.) Í síðustu ríkisstjórn stóð Alþfl. gegn því að Pósti og síma yrði breytt í hlutafélag. Það var yfirlýst stefna Alþfl. fyrir síðustu kosningar að hvorki Pósti og síma né ríkisbönkunum yrði breytt í hlutafélög og á meðan við áttum stjórnarsamstarf, Sjálfstfl. og Alþfl., reyndi Alþfl. með öllum ráðum að tefja fyrir málinu og spilla fyrir því. Það var ekki fyrr en Framsfl. kom í ríkisstjórn í stað Alþfl. sem málið náði fram að ganga. Enda, herra forseti, endurspeglaði ræða hv. þm. andúð hans og ég vil segja ónot út í það að Pósti og síma skuli nú breytt í hlutafélag. Á hinn bóginn hlýt ég að þakka hv. þm. fyrir hversu lofsamlegum orðum hann fór um það hversu miklu umhyggju ég beri fyrir fyrirtækjunum Pósti og síma. Og ég vil þakka honum fyrir að hann skuli treysta mér fyllilega til að sjá hagsmunum Pósts og síma borgið og mun reyna eftir megni að standa þannig að þeim málum að ekki verði hallað á þá stofnun eða það fyrirtæki. Ég hafði raunar talið að það væri skylda allrar ríkisstjórnarinnar og raunar Alþingis einnig og þeirra sem eru kjörnir til trúnaðar fyrir íslensku þjóðina hingað inn á Alþingi að reyna að sjá til þess að sæmilega væri séð fyrir þeim hagsmunum sem þjóðin og Alþingi á í sambandi við Póst og síma og það ætti ekki að vera sérstakt keppikefli okkar eins og hv. þm. komst að orði svo að þær yrðu afskiptalausar um hagsmuni Pósts og síma.

[18:16]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hirði ekki um að eyða mörgum orðum í fyrri hluta andsvars hæstv. samgrh. varðandi sögu þessa máls og hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Ég hygg að það eigi eftir að koma á daginn að þar hafi menn farið fram með slíku offorsi að það eigi eftir að hitta hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn alvarlega fyrir. Það væri fróðlegt að heyra viðbrögð Framsfl. í þessu ríkisstjórnarsamstarfi, að þeir hafi verið léttir í taumi þegar kom að því að þeir settust í mjúka ráðherrastóla og fóru létt í vasa hæstv. samgrh. Ég veit ekki hvað varaformaður, hv. þm. Magnús Stefánsson, segir um slíkar fullyrðingar.

En mergur málsins er þessi: Hæstv. ráðherra þakkaði mér fyrir það að ég skyldi hafa á honum jafnmikla trú og ég hef þegar kemur að því að gæta mála hjá Pósti og síma, gæta þessa fyrirtækis sem telur 2.500 manns og veltir um 20, 30 eða 40 milljörðum á ári hverju. Það hef ég að vissu marki þó hann fari náttúrlega klaufalega að starfsmönnum sem hafa áhyggjur og eru með andvörp nú í jólamánuðinum.

En mín spurning var þessi: Hvernig í veröldinni ætlar hann að passa nú upp á þetta stóra og mikla fyrirtæki og gæta þess í hvívetna, en á sama tíma gæta þess að samkeppnis-

aðilar þessa sama fyrirtækis á markaði njóti hlutlægni, njóti þeirra almennu réttinda sem eru hér í almennum orðum og er grundvöllur þeirrar lagasetningar sem við erum hér að ræða? Það eru þessar mótsagnir, virðulegi forseti, sem ég gerði mjög rækilega að umtalsefni og sem ég held að hæstv. ráðherra eigi eftir að lenda í miklum erfiðleikum með. Þess vegna er frv. eins og það er hér á borð borið meingallað. Ég bauðst til þess að hjálpa til við það að koma hæstv. ráðherra út úr þessari krísu þannig að hann geti bara einbeitt sér að einu í einu. Ég held að það sé alveg nægilegt.

[18:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið skýrt hér rækilega áður að sérstök úrskurðarnefnd (**GÁS:** Þú átt að skipa hana.) mun fjalla um þau málefni Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem talið er að samgrh. geti orðið vanhæfur. Það er alveg rétt að samgrh. á að skipa hana, alveg eins og dómsmrh. t.d. skipar hæstaréttardómara og hefur ekki verið að fundið. Það ætti kannski að biðja Alþfl. um það.

Ég vil jafnframt segja að því gefna tilefni að hv. þm. sagði áðan um starfsmenn Pósts og síma að þeir séu í uppnámi. Hann efndi til sérstakrar utandagskrárumræðu um daginn þar sem ég upplýsti að þau ummæli hans væru úr lausu lofti gripin um að tugir starfsmanna yrðu atvinnulausir, sérstaklega á Austurlandi. Ég upplýsti í þeim umræðum að þetta væri úr lausu lofti gripið. Síðan er þannig brugðist við af hv. þm. að hann endurtekur ósannindin í málgagninu, Alþýðublaðið, endurtekur það sem hann hafði sagt hér í ræðustólnum og hafði ekki einu sinni blaðamaðurinn fyrir því að reyna að kynna sér það hjá póst- og símamálastjóra hvort þingmaðurinn hefði rétt fyrir sér.

Það er náttúrlega alveg sérstakt pólitískt siðferði sem er í því fólgið að stjórnmálaflokkur skuli gefa út málgagn af þessu tagi þar sem endurtekin eru þau ósannindi sem höfð eru uppi í þingsölum þó leiðrétt séu af ráðherrum eða öðrum þingmönnum og satt að segja varla við því að búast að menn telji siðferði slíkra þingmanna eða slíks stjórnmálaflokks upp á marga fiska.

[18:20]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sumir ættu að fara varlega í það að ræða hér um siðferði og um skipanir dómara. Ég held að við eigum ekki að eyða miklum tíma í það. Það kann auðvitað hver þá lexíu og þá sögu eins og hún er. Það skyldi þó aldrei vera nein tilviljun að allir héraðsdómarar og hæstaréttardómarar eru úr tveimur flokkum, flokki hæstv. ráðherra og flokki þeirra framsóknarmanna. Ég hefði ekki nefnt snöru í hengds manns húsi í þeim efnum.

Auðvitað er á því grundvallarmunur þegar um er að ræða úrskurðarnefnd á sama framkvæmdarstiginu og hæstv. ráðherra starfar sjálfur á. „Ég get orðið vanhæfur" voru orð hæstv. ráðherra. Já, hann getur orðið vanhæfur. En samt er honum gert það að skipa þessa úrskurðarnefnd þó einn fulltrúi í henni sé sérstakur umboðsmaður hans sjálfs. Tengingin er fullkomlega augljós og fyrirliggjandi og á hvert barn að skilja það, virðulegi forseti, hver tenging er þarna á milli.

Hvað varðar stöðu starfsmanna Pósts og síma, þá hygg ég að það sé býsna sniðugt og klókt fyrir hæstv. ráðherra að taka ekki stórt upp í sig í þeim efnum. Hann hefur gullið tækifæri til þess á næstu vikum og mánuðum þegar hann setur saman skýrslu sína sem við þingmenn jafnaðarmanna höfum óskað eftir og fjallar einmitt um stöðu starfsmanna Póst- og símamálastofnunar og síðan Pósts og síma hf. Við skulum sjá þá, virðulegi forseti, hvor hefur rétt fyrir sér, hvort það sé himinlifandi lukka nú í jólamánuðinum hjá þessum hundruðum og þúsundum starfsmanna Póst- og símamálastofnunar með framgang mála, hvort þeir séu nú allir kátir og glaðir, sem hefur verið ýtt út um hliðardyrnar með starfslokasamningum, eða boðið upp á ný störf, hér og þar á landinu jafnvel. Við skulum gæta að því og gera síðan upp sakir þegar umræða um þá skýrslu fer fram, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherra hefur barið saman einhver svör við þeim lykilspurningum sem þar á brenna. Við skulum sjá hver stendur uppi sem sigurvegari í þeim orðaræðum.

[18:22]

Útbýting þingskjals:

Öryggi raforkuvirkja, 73. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 402.

[18:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni um að enn er margt óljóst varðandi starfsmannahald, réttindi og kjör starfsmanna. Ég mun ekki gera það að umræðuefni núna en að sjálfsögðu fylgjast grannt með framvindu mála.

Það sem hér er til umræðu eru þrjú lagafrumvörp sem öll tengjast þeirri breytingu sem ákveðin var sl. vor á Pósti og síma, að gera þá stofnun að hlutafélagi. Í fyrsta lagi er um að ræða frv. til laga um fjarskipti þar sem lögbundinn einkaréttur Pósts og síma er afnuminn, en einnig settar um það reglur hvernig samkeppni skuli hagað á þessu sviði. Þá er um að ræða frv. til laga um póstþjónustu þar sem brugðist er við þessum sömu breytingum á rekstrarformi Pósts og síma og í þriðja lagi er um að ræða frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem á að fylgjast með því að þær reglur sem settar eru í hinum frumvörpunum verði virtar.

Það sem vekur fyrst athygli er að öll umfjöllun um þessi mál er að færast úr þeim farvegi þar sem menn ræddu fyrst og fremst um þjónustu við notendur yfir í umræðu um viðskipti. Það er athyglisvert að skoða hverjir hafa verið kvaddir til fundar hjá samgn. til að segja álit sitt á málum, t.d. um póstþjónustu. Þar koma fulltrúar frá samkeppnisaðilum, þar koma fulltrúar frá Pósti og síma hf., frá Interneti á Íslandi hf., Póstdreifingunni ehf. og síðan eru að sjálfsögðu kvaddir til fundar fulltrúar Verslunarráðsins. Þetta finnst mér segja ákveðna sögu og þá ekki síður hitt hverjir ekki eru kvaddir til fundar. Það koma engir fulltrúar almannavalds aðrir en að sjálfsögðu hv. þingmenn sem eru í nefndinni, en ekki t.d. fulltrúar sveitarfélaga til þess að fjalla um þá þjónustu sem um er að tefla, póstdreifingu á landinu. Þetta er fyrsta atriðið sem mig langaði til að benda á.

Annað sem ég vildi nefna er í ætt við það sem krakkarnir segja stundum: Við sögðum ykkur það. Það sem er að gerast með þessari lagasmíð er nákvæmlega það sem spáð var fyrir um sl. vor við umræðu um hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Þá var bent á það að alls staðar þar sem farið væri út á þessa braut þá sprytti upp nýr iðnaður, eftirlitsiðnaður, nýjar stofnanir, eftirlitsstofnanir. Hér er ein slík stofnun að líta dagsins ljós. Póst- og fjarskiptastofnun skal hún heita. Samkvæmt fyrstu fjárlögum sem hún á að starfa eftir er ætlað til hennar 58 millj. kr. Í umsögn um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun kemur þetta einmitt fram en einnig hitt

að ætla megi að kostnaður vegna reglubundinnar starfsemi stofnunarinnar verði 85–87 millj. kr.

Nú er það samviskusamlega tíundað að sjálfsögðu í greinargerð fjmrn. að það verði fyrirtækin sem komi til með að standa straum af þessum kostnaði. En auðvitað vitum við öll að þegar upp er staðið, þá verður það að sjálfsögðu notandinn sem borgar brúsann. Þetta er mjög í sömu veru og við höfum séð í Bretlandi. Þar eru óteljandi stofnanir með heiti á borð við „oftel" og of þetta og of hitt. Það eru eftirlitsstofnanirnar með hinni einkavæddu starfsemi. Hér eru líka að líta dagsins ljós alls kyns nefndir, ráð, jöfnunarsjóðir og tilfæringarsjóðir margvíslegir til þess að hafa eftirlit með öllu hagræðinu, eða allri samkeppninni. Og það dugar ekki minna náttúrlega en að Hæstiréttur skipi í allar þessar nefndir, verkfræðingafélög og hinir og þessir aðilar, til þess að hafa eftirlit með öllu hagræðinu.

Í 4. gr. í frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun segir, með leyfi forseta: „Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá aðila sem hafa rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um póstþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu leyfishafa."

Í 3. gr. þessa sama frv. eru rækilega tíunduð verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar. Það er að gefa út öll leyfin, að setja margvíslegar reglur og í 7. lið segir: „Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við." Það er þetta sem hefur gerst þar sem þessar risavöxnu einokunarstofnanir hafa verið einkavæddar, eins og það hefur verið kallað, að þegar allt kemur til alls, hafa þær ekki ráðið við samkeppnina betur en svo að setja hefur þurft á fót sérstakar eftirlitsstofnanir til þess að hafa eftirlit með verðlaginu einnig. Hér er þetta að gerast líka. Hér á eftirlitsstofnun að hafa eftirlit með gjaldskrám þessara stofnana. Með öðrum orðum hafa þeir sem trúðu því að kostirnir við einkavæðingu eða breytingu á stofnuninni í hlutafélag væru einmitt markaðskostirnir, samkeppnin, verið í blekkingu vegna þess að auðvitað á ekkert að keppa. Þessi einkavæðingarárátta á sér allt aðrar orsakir. Þetta er þrýstingur sem kemur frá fyrirtækjum og fjárhagsaðilum um að komast á spenann hjá þessari starfsemi. Það eru hinar raunverulegu ástæður fyrir því að almannaþjónusta um heim allan er einkavædd, það er ástæðan. Það hefur aldrei verið markmiðið að nýta kosti markaðarins, það hefur aldrei staðið til, það hefur aldrei átt að gera það, enda kemur á daginn að þegar eftirlitsstofnunin er sett á fót, þá á hún að hafa eftirlit með öllu því sem markaðurinn gerir alla jafna. Það er mergurinn málsins.

Nú fer því fjarri að ég sé að mæla gegn því að haft sé eftirlit með gjaldskránni. Ég er ekki að gera það. Ég er einvörðungu að sýna fram á þær mótsagnir sem menn gerðu grein fyrir við umræðu um hlutafjárvæðingu Pósts og síma sl. vor. Allt saman er þetta að koma á daginn. Ég ítreka að ég er síður en svo að mæla gegn því að eftirlit sé haft með gjaldskránni.

Ég minnist þess að þegar þessi mál voru til umræðu sl. vor hafi stjórnvöld fullyrt að þeir sem kæmu til með að sinna þessari þjónustu, og þá er ég bæði að tala um símþjónustu og póstþjónustu, yrðu að vera í stakk búnir til að sinna landinu öllu vegna þess að menn sáu fram á það, bæði varðandi fjarskiptaþjónustuna og einnig varðandi póstþjónustuna, að tilteknir aðilar mundu velja úr þau svæði sem hagstæðast væri að þjóna, t.d. póstinn á Reykjavíkursvæðinu eða fjarskiptaþjónustu þar sem auðvelt væri að sinna henni, en láta skattborgarann um aðra hluta landsins og aðra landsmenn. Þá vildu menn fremur búa svo um hnútana að hagnaðinum af þessari starfsemi á þéttbýlustu svæðunum yrði varið til að niðurgreiða þjónustu við aðra landsmenn. Nú kemur hins vegar á daginn að þessar fullyrðingar um að svo yrði staðið að málum munu alla vega ekki eiga stoð í lögum. Það er að vísu ekkert sem mælir gegn því þar að þessi háttur verði hafður á, en þetta er alla vega ekki lögbundið.

Í b-lið 6. gr. í frv. til laga um fjarskipti segir t.d., með leyfi forseta, þar sem rætt er um skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum að rekstrarleyfishafi veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu eða á tilteknum landsvæðum og hún nái til tiltekins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður. Með öðrum orðum er ekki verið að gera það að skilyrði að þjónustan nái til landsins alls.

Sama kemur fram í frv. til laga um póstþjónustu. Þar segir í 11. gr. að samgrh. sé heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnþjónustu skuli undanþegnir rekstrarleyfi. Ég fæ ekki betur séð en þarna sé opnað á heimild til ráðherra til þess að veita leyfi til samkeppni, t.d. í póstdreifingu, sem ég fyrir mitt leyti hef mjög miklar efasemdir um nema í undantekningartilvikum sem kunna að vera uppi en sem almenna reglu að láta fyrirtæki taka arðinn af póstdreifingunni, þar sem hún er auðveldust á þéttbýlissvæðinu, en láta síðan skattborgarana um að greiða fyrir póstdreifinguna á landsbyggðinni finnst mér ekki góð og ekki heppileg hagfræði og ekki heppileg pólitík og ekki heppileg stefna. Mér finnst þetta ganga þvert á það sem hér var rætt sl. vor þegar þessi mál voru til umfjöllunar og vildi gjarnan fá skýringar hæstv. ráðherra eða hv. formanns samgn. um þessi efni, um þær yfirlýsingar sem gefnar voru hér sl. vor þess efnis að það yrði skilyrt að þjónustan tæki til landsmanna allra og þá er ég bæði að tala um póstdreifinguna, fjarskiptaþjónustuna og símaþjónustuna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mjög um þessi frumvörp. Þau eru að mörgu leyti rökrétt framhald af því sem gerðist sl. vor. Ég sé á þessum málum ýmsa agnúa og ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér kom fram varðandi ýmsa þætti eftirlitsins af hálfu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég er ekki sammála honum um alla þætti, t.d. varðandi póstdreifinguna. Ég er ekki sammála 1. minni hluta um það atriði eins og hefur komið fram í mínu máli en vek enn og aftur athygli á því að hér er farinn að blómstra undir handarjaðri þeirra sem kenna sig við frjálsa samkeppni nýr, ríkisrekinn eftirlitsiðnaður. Það er blekking þegar sagt er að það verði ekki notandinn eða skattborgarinn, landsmenn allir, sem verði látnir standa straum af kostnaði við þá starfsemi því að að sjálfsögðu þurfum við öll, landsmenn allir, að borga þann brúsa.

[18:40]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þau þrjú frumvörp sem hér eru til umfjöllunar, frv. um Póst- og fjarskiptastofnun, frv. um fjarskipti og frv. um póstþjónustu, eru í beinu framhaldi af lagasetningunni um að breyta Pósti og síma í hlutafélag sem við stóðum að í vor og einnig í beinu framhaldi af þeim breytingum sem eru fram undan í fjarskiptaumhverfi okkar 1. janúar 1998, en eins og menn vita gengumst við undir reglur Evrópusambandsins þegar við gerðumst aðilar að Evrópska

efnahagssvæðinu og verðum því að hlíta þeim reglum sem þar gilda.

Frsm. minni hluta samgn. hefur gert mjög vel grein fyrir áliti okkar í minni hluta samgn. á þessum breytingum. Það er ekki meiningin að tefja þetta mál á nokkurn hátt, en það hefur komið fram að við teljum að í þessum frumvörpum sé ýmsu ábótavant og ýmsir þættir sem þyrfti að að skoða nánar.

Mig langar aðeins að byrja á því að minnast á frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar höfum við gagnrýnt hvernig staða samgrh. er gagnvart þeirri stofnun sem hér á að setja á laggirnar, Póst- og fjarskiptastofnun, sérstaklega með tilliti til þess að hann er æðsti yfirmaður Pósts og síma sem mun einnig heyra undir eftirlit þessarar stofnunar. Það sem við höfum gagnrýnt er að samgrh. er æðsti yfirmaður þessarar stofnunar. Hann skipar forstöðumann og er þá beinn yfirmaður æðsta yfirmanns þessarar stofnunar, hann skipar úrskurðarnefnd þá sem tekur til umfjöllunar kærur vegna ákvarðana og úrskurða Póst- og fjarskiptastofnunar. Reyndar eru tilnefndir tveir af þremur nefndarmönnum, einn frá Hæstarétti og annar frá stjórn Verkfræðingafélagsins en þriðji nefndarmaðurinn ásamt varamanni er skipaður af samgrh. sjálfum. Einnig hefur samgrh. allvíðtækt vald með því að hann hefur reglugerðarvaldið hvað varðar starfsemi þessarar óháðu stofnunar, Póst- og fjarskiptastofnunar.

Einnig kemur fram í 9. gr. frv. að samgrh. skuli setja gjaldskrá fyrir ýmsa þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar þannig að það er spurning hvort það samrýmist stjórnsýslulögum að samgrh. skuli fara með svona mikil völd þar sem hann er eini handhafi þessa eina hlutabréfs Pósts og síma. (Gripið fram í.) Þetta hlutabréf? Hæstv. samgrh. er kannski með það á sér.

Það er spurning hvort þessi stofnun sé þá nógu sjálfstæð því í tilskipun ESB á sviði fjarskipta og póstmála eru mjög skýr ákvæði um sjálfstæði úrskurðar- og eftirlitsaðila stofnana eins og þessarar.

Það kom fram í máli hv. formanns samgn. að úthlutunarreglur og allar reglur um þessa stofnun þyrftu að vera skýrar en við gagnrýnum það hér í okkar minnihlutaáliti að því miður virðast okkur þessar reglur ekki vera nógu skýrar. Einnig gagnrýnum við hvernig staðið er að eftirliti stofnunarinnar. Það kom fram hjá þeim sem sendu umsagnir um þessi frv. að þeir teldu óeðlilegt að eftirlitsaðilar gætu komið inn í húsakynni leyfishafa og krafist þar ýmissa upplýsinga og gætu komið án þess að gera boð á undan sér. Samkvæmt þessum lögum getur eftirlitsstofnunin krafist þess að leyfishafar láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðanda og aðrar sambærilegar upplýsingar, telji Póst- og fjarskiptastofnunin að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að þeir geti ekki staðið við þær skyldur sem getið er um í rekstrarleyfinu.

Þessi gagnrýni okkar kemur mjög skýrt fram hér í minnihlutaáliti frá eokkur. Óskum við eftir að þetta mál komi aftur fyrir samgn. og farið verði betur yfir þessa þætti. Það liggur ekki svo á að afgreiða þessi mál að ekki sé hægt að fara yfir þá þætti sem hafa verið gagnrýndir og að við stöndum betur að þessari lagasetningu heldur en núverandi frv., með þeim breytingum sem meiri hlutinn hefur lagt fram, gerir ráð fyrir.

Ég held að ég sé ekki að lengja mjög þessa umræðu en ætla aðeins að minnast hér á frv. um fjarskiptin. Þar kemur fram m.a. í brtt. sem lögð var til hér við lokaafgreiðslu í nefndinni að það skuli vera sama verð á öllu landinu. Hún kemur í framhaldi af því að við í minni hluta samgn. lögðum fram í vor brtt. þar sem við lögðum til að sama gjaldskrá gilti fyrir allt landið um símtöl. Sú tillaga var felld en meiri hluti nefndarinnar kom með aðra tillögu þar sem lagt var til á sama hátt að sama gjald yrði tekið fyrir símtöl á öllu landinu en það skyldi ekki taka gildi fyrr en síðar. Við í minni hlutanum stóðum að þeirri tillögu og hún var samþykkt. Nú er tillagan komin hér inn í þessa lagasmíð en samkvæmt þeim umsögnum sem við höfum fengið frá ýmsum aðilum, m.a. samkeppnisráði og ég held fleirum, þá telja menn að það sé e.t.v. ekki unnt að standa við þetta vegna þess að það stangist á við samkeppnislög. En ég ætla nú að vona engu að síður að það verði hægt því þetta er jú vilji þingsins. En við bentum á það þegar við mæltum fyrir brtt. okkar hér í vor að það væru líkur á því, ef beðið yrði með þetta þangað til að rekstrarumhverfi í fjarskiptum yrði breytt eftir 1. janúar 1998, að okkur yrði ekki heimilt að breyta þessu. En það verður að koma í ljós. Við skulum sjá hvað setur.

Ég held að svo sé um fleira í þessum lögum, ég gæti trúað að menn þurfi að taka ýmsa þætti upp aftur og breyta ýmsu í þessum lögum áður en þetta rekstrarumhverfi breytist 1. jan. 1998.

Ég held að ég sé ekki að lengja þessa umræðu frekar en ítreka þá gagnrýni sem við höfum lagt fram hér í nál. okkar. Mig langar til að minnast á það vegna laga um póstþjónustu að það kom fram hjá Póstdreifingu, en umsögn póstdreifingarfyrirtækisins fylgir með nál. okkar hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og þar kom fram í umsögn að það væru atriði í frv. sem gætu gert litlum fyrirtækjum erfitt að starfa við póstdreifingu en eins og menn vita eru fyrirtæki nú þegar í samkeppni við Póst og síma í þessum málaflokki.

Ég vil ítreka þá ósk okkar í minni hlutanum að farið verði betur yfir þessa þætti og málið skoðað betur. Það verði ekki flanað að neinu við þessa lagasetningu og að við fáum málin aftur inn í samgn. til að skoða betur ýmsa þætti málsins.

[Fundarhlé. — 18:53]

[21:00]

Frsm. 2. minni hluta samgn. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Málefni Pósts og síma voru mjög til umræðu á Alþingi á síðastliðnu vori en þá var ákveðið að stofnað yrði hlutafélag um rekstur Pósts og síma. Við alþýðubandalagsmenn létum þá í ljósi miklar efasemdir um stefnu, markmið og vinnubrögð ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og gagnrýndum ríkisstjórnina fyrir það að ekki hefði verið gengið frá réttindamálum starfsmanna áður en ákvarðanir um breytingu og umbyltingu Pósts og síma voru ákveðnar. Einnig drógum við í efa að þessi breyting hefði í för með sér mikinn ávinning fyrir land og þjóð. Við bentum á það að mjög ótryggt væri, að ekki væri nú meira sagt, að neytendur póst- og símaþjónustu mundu hagnast á þeirri stefnu sem nú væri mörkuð á þessu sviði.

Við minntum á að víða er símkostnaður almennings verulega miklu hærri en hann er hér á landi. Staðreyndin er sú að t.d. í Bretlandi er þriggja mínútna staðarsamtal um það bil 100% dýrara en það er á Íslandi. Þó höfðu þar verið stigin skref í átt til aukinnar samkeppni fyrir allmörgum árum síðan sem áttu að leiða til lægri kostnaðar fyrir neytendur, en reyndin varð allt önnur. Reyndin þar varð sú að símkostnaður almennings jókst hröðum skrefum í kjölfar einkavæðingar og

reynslan erlendis hefur alls ekki verið sú að stefnubreyting í átt til einkavæðingar hafi orðið almenningi til hagsbóta.

Það er mín skoðun að hér á Íslandi séu enn minni líkur á að einkavæðing verði neytendum til hagsbóta heldur en er þó í ríki þar sem eru kannski 50–100 millj. neytendur. Það á enn frekar við í litlu landi eins og á Íslandi að gott er að hafa sterk ríkisfyrirtæki á sviði þar sem samkeppni á mjög erfitt með að njóta sín. Það er líka mjög óljóst að ríkið hagnist mikið á þessari stefnubreytingu sem verið er að gera. Fyrirtækið hefur skilað miklum fjármunum í ríkissjóð á liðnum árum og er þar ekki um neinar smáupphæðir að ræða því að á liðnu ári var upphæðin um 800 millj. kr. og hafði stundum farið í upp undir milljarð, þ.e. sá arður sem fyrirtækið hafði skilað til ríkisins. En ég er ekki viss um að reynslan eigi eftir að sýna að skattar af hlutafélaginu muni nema jafnháum upphæðum í þágu ríkisins og arðurinn hefur verið á undanförnum árum þannig að það er margt sem bendir til þess að einnig ríkið muni bera skarðan hlut frá borði við þessa breytingu.

Ég er líka mjög efins um að þessi stefnubreyting muni hafa mikinn efnahagslegan búhnykk í för með sér fyrir íslenskt þjóðarbú vegna þess að ég held að samkeppni á þessu sviði sé afar erfið og viðleitnin til þess að skapa samkeppnisskilyrði mun verða þjóðarbúinu talsvert dýr. Þannig liggur t.d. fyrir þinginu nú til afgreiðslu frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nýja ríkisstofnun sem eingöngu er ætluð til þess að stjórna þeirri samkeppni sem á að verða á þessu sviði. Og bara reksturinn á þessari nýju ríkisstofnun mun kosta skattgreiðendur um 100 millj. kr. á hverju ári. Sumir segja að sú upphæð eigi síðan hugsanlega eftir að margfaldast og þarna geti orðið um miklu dýrari rekstur að ræða en í fyrstu eru horfur á eins og oft vill verða.

Ég held líka að það sé mikill misskilningur að íslensk símastarfsemi verði betur í stakk búin til að mæta erlendri samkeppni með einkavæðingu á Pósti og síma og aukinni samkeppni. Ég held að við þurfum einmitt á að halda að eiga sterkt, gott og vel skipulagt fyrirtæki með ríkið að bakhjarli til þess að geta háð árangursríka samkeppni við erlenda aðila á þessu sviði.

Mín fyrstu orð við 2. umr. um Póst- og fjarskiptastofnunina hljóta því fyrst og fremst að fela í sér vantrú á þeirri stefnubreytingu sem nú á sér stað í póst- og símamálum á Íslandi. Ég dreg það í efa að þessi stefnubreyting verði neytendum til hagsbóta. Ég er sannfærður um að ríkið og ríkissjóður mun tapa á þessari breytingu og ég óttast að þessar skipulagsbreytingar verði nokkuð dýru verði keyptar og muni kosta í eftirliti býsna mikið.

Það sem ég hef nú sagt lýtur auðvitað meira að liðinni tíð. Ríkisstjórnarflokkarnir tóku sínar ákvarðanir á sl. vori og það stefnir í að Póst- og símamálastofnunin heyri sögunni til og Póstur og sími hf. yfirtaki þá starfsemi sem hin aldna ríkisstofnun hefur sinnt þannig að við stöndum frammi fyrir gerðum hlut og verðum að skoða málin í ljósi þess sem orðið er. Og ég get út af fyrir sig játað það að Póst- og fjarskiptastofnunin, sú eftirlitsstofnun sem þetta frv. fjallar um, er í eðli sínu rökrétt framhald af þeirri stefnu sem hæstv. samgrh. hefur mótað og er nauðsynlegur hlekkur í þeirri nýju keðju sem verið er að koma upp, því ef ákveðið er að skapa samkeppni á þessu sviði, þá verður að sjálfsögðu að vera eitthvert eftirlit með því að sú samkeppni eigi sér stað á heiðarlegum jafnréttisgrundvelli. Ég hef því ekki uppi bein andmæli við því að þessi stofnun sé sett á fót úr því að sú ákvörðun var tekin á sl. vori að stofna hlutafélag um rekstur Pósts og síma.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég hef þegar sagt að ég tel að það hefði verið skynsamlegra að Póstur og sími hefði áfram verið ríkisstofnun, ekki í hlutafélagsformi heldur sjálfstæð stofnun líkt og Landsbankinn og margar aðrar stofnanir sem ríkið rekur og á. Ég tel að við séum með þetta mál allt á miklu meira flugi en nokkur ástæða er til þar sem við sjáum ekki fyrir endann á hvað getur orðið og þar sem mörg slys gætu átt eftir að eiga sér stað.

Í þessu sambandi legg ég að sjálfsögðu áherslu á að Alþb. hefur aldrei verið neinn þjóðnýtingarflokkur. Við höfum ekki lagt áherslu á að ríkið væri að reka fyrirtækin í þjóðfélaginu í stórauknum mæli, það höfum við aldrei boðað og það er hvergi hægt að finna í stefnuskrá Alþb. Við höfum aldrei verið þjóðnýtingarflokkur. Þótt kannski ýmsir aðrir sósíalískir flokkar fyrr og síðar hafi alið þann draum, þá hefur það ekki verið á stefnuskrá Alþb. Við höfum aðhyllst blandað hagkerfi. En við höfum hins vegar talið að í blönduðu hagkerfi ætti heilbrigður ríkisrekstur fullan rétt á sér í vissum tilvikum. Um það geta allir verið sammála að við losnum aldrei við ríkisrekstur að öllu leyti. Ég býst við að það verði seint farið að þjóðnýta Vegagerð ríkisins svo ég nefni eitt dæmi. En þannig mætti nefna mörg dæmi um ríkisrekstur sem hlýtur að eiga framtíð fyrir sér og er óhjákvæmilegur í nútímaþjóðfélagi. Ég tel að fullkomin síma- og póstþjónusta á vegum ríkisins sé í þeim hópi fyrirtækja eða rekstrar sem sé fulkomlega eðlilegt að sé í hverju þjóðfélagi og að við séum komin út á hættulega braut þegar slík fjarskipti eru einkavædd.

Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt á það áherslu í þessari umræðu að reyna að koma í veg fyrir að stórslys verði með þeim breytingum sem hér eru að gerast og t.d. lögðum við það til á sl. vori, sem eins konar varatillögu, að þótt samþykkt yrði að gera Póst- og símamálastofnunina að hlutafélagi, yrði grunnnetið í fjarskiptaþjónustunni áfram í eigu ríkisins. Þannig hljómaði tillagan sem ég var 1. flm. að þegar málið var afgreitt á sl. vori og ég er enn þessarar skoðunar. Ég tel það vera algera lágmarkskröfu að grunnnetið í fjarskiptaþjónustunni verði í eigu ríkisins og í eigu landsmanna allra, rétt eins og vegakerfið. Rétt eins og vatnsveitukerfið er yfirleitt í eigu sveitarfélaga og hitaveiturnar eru það líka og vegirnir eru þjóðareign og hafnirnar eru að sjálfsögðu í eigu sveitarfélaganna, þá ætti það sama að gilda á fjarskiptasviðinu, þ.e. að grunnnetið væri í eigu samfélagsins alls sem reyndi síðan að tryggja að allir ættu þar aðgang. Og á þetta legg ég sérstaka áherslu vegna þess að ég sé ekki betur en að í því frv. til laga um fjarskipti sem hér liggur fyrir sé þetta enn síður tryggt en áður var og að bersýnilegt sé að það eigi að slíta grunnnetið í sundur og dreifa því til margra aðila með tíð og tíma og það tel ég vera þróun af hinu vonda.

Ég vil þó alveg sérstaklega vara við því að þegar samkeppni hefst á þessu sviði verði fyrirtækjum heimilt að tína bestu bitana úr í fjarskiptaþjónustu en skilja þá erfiðustu eftir. Það er t.d. alveg ljóst að sá aðili sem vill bjóða upp á fjarskiptaþjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu mun verða í sterkari stöðu til þess en aðili sem býður öllum landsmönnum þjónustu sína. Það er dýrara að þjóna dreifbýlinu en höfuðborgarsvæðinu og ég tel það ágalla á þeirri lagasetningu sem hér er gerð tillaga um að þetta skuli ekki tryggt. Það er einmitt nauðsynlegt að reyna að tryggja það að sérhvert það

fyrirtæki sem fer út í beina samkeppni við hið nýja hlutafélag Póst og síma bjóði þjónustu sína örugglega um allt land. Mér finnst að þessir endar séu ekki nægilega hnýttir í frv.

Ég beitti mér fyrir því þegar málið var til meðferðar á Alþingi í fyrravor að sett yrði í lög að Póst- og símamálastofnuninni og arftaka hennar og öllum öðrum sem fengjust við póst- og símaþjónustu yrði gert að hafa eina gjaldskrá fyrir allt landið, að landið yrði gert að einu gjaldsvæði hvað símaþjónustu varðar. Um þetta fluttum við nokkrir stjórnarandstæðingar tillögu í þinginu sem ég var 1. flm. að. Það var eftir að sú tillaga hafði verið flutt sem hv. meiri hluti nefndarinnar, stjórnarliðarnir í samgn., tóku málið upp í samvinnu við hæstv. samgrh. og hafa nú komið þessu ágæta máli í höfn. Þessum aðilum vil ég þakka fyrir þeirra hlut að málinu og er auðvitað mjög ánægður með að þessi árangur hefur náðst og er að því stefnt að landið allt verði eitt gjaldsvæði. Það er mjög merkur árangur sem unnið hefur verið að í tvo áratugi og ekki fyrr en nú að fullur sigur vinnst. Þeir sem að því hafa komið eiga þakkir skildar. En þá megum við einmitt gæta okkar á því að það atriði, sem ég var að enda við að nefna rétt áðan og varðar það hvort nýir aðilar bjóða þjónustu sína um allt land, verði þá ekki til þess að hinu markmiðinu um sama gjaldsvæðið sé hnekkt. Á því er viss hætta. Maður sér það í umsögnum ýmissa aðila sem komið hafa að þessu máli og sent hv. samgn. álit sín að menn draga í efa að markmiðunum um landið allt sem eitt gjaldsvæði verði haldið til streitu jafnhliða því sem gerð er krafa um að aðilar sinni öllu landinu sem einu þjónustusvæði. Það væri þokkalegt ef við glötuðum þessu markmiði okkar vegna þess að við værum að reyna að tryggja sem mesta samkeppni. Þetta þarf að fara saman og ég skora á hæstv. samgrh. að tryggja það þegar þessi lög verða komin til framkvæmda að á því verði ekki neinn misbrestur.

Herra forseti. Ég ætla að láta þessi orð nægja að sinni um þau frumvörp sem hér liggja fyrir. Það er skoðun okkar sem skipum minni hluta samgn. að ýmislegt í þeim þarfnist nánari skoðunar og að það væri affarasælla að frumvörpin fengju nákvæmari skoðun í nefnd áður en þau yrðu afgreidd frá Alþingi. Það er margt í þessum málum sem er óljóst og ég held að umsagnir sem borist hafa beri þess nokkurn vott að margt þarf að skoða áður en málið er afgreitt. Það er því tillaga okkar að frumvörpin verði ekki afgreidd á þessu hausti en betri tími gefist í vetur til þess að fara yfir málin í nefnd.

Ég er aðili að áliti minni hluta samgn. um lögin um fjarskipti og um lögin um Póst- og fjarskiptastofnun en ég átti ekki samleið með 1. minni hluta samgn. varðandi nefndarálit um póstþjónustu. Mér fannst að í því nefndaráliti gætti um of hugleiðinga um frekari hugsanlega einkavæðingu á sviði póstmála sem ég er algerlega mótfallinn. Að vísu má kannski segja að það komi ekki fram í nefndaráliti 1. minni hluta samgn. að það sé beinlínis ætlun þeirra sem undir það nefndarálit skrifa að stuðla að því, en samt hefði ég viljað orða þær hugleiðingar á allt annan og skýrari hátt en þar er gert. En þar sem okkur nefndarmönnum var skammtaður svo lítill tími til að undirbúa okkar nefndarálit, og ég t.d. fjallaði ekki um þessi nefndarálit nema í hálfa stund rétt áður en fundur var að hefjast í dag vegna þess hraða sem var á málinu, þá gafst okkur ekki tími til þess að samræma sjónarmið okkar og úr varð að ég skilaði sérstöku nefndaráliti um þennan þátt málsins.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt. Ég tel að póstþjónusta og símaþjónusta hér á landi sé einna sambærilegust við vegakerfið í landinu, vatnsveiturnar og hitaveiturnar og annað það sem á að vera á vegum landsmanna allra og stofnana sem eru í eigu landsmanna allra. Við eigum ekki að gera okkur leik að því að veikja þær ágætu stofnanir sem við þegar höfum, sem hafa staðið sig vel, hafa skilað miklum arði í ríkissjóð, hafa boðið þjónustu hér á landi, eins og Póst- og símamálastofnunin sannarlega hefur gert, sem er ódýrari og betri en í mörgum nálægum löndum. Við eigum ekki að setja þennan ávinning í hættu með því að vera að búta slíkar stofnanir niður eða siga á þær villtri samkeppni heldur eigum við einmitt að ætlast til þess að þarna sé um að ræða sterkar stofnanir ríkisvaldsins sem geta háð árangursríka samkeppni við erlenda aðila. Ég ítreka: Þetta er ekki þjóðnýtingarstefna. Þetta er stefna sem menn ættu að geta tekið undir hvar í flokki sem þeir standa.

[21:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Póstur og sími er stofnun sem hefur frá fyrstu áratugum þessarar aldar þróast með þjóðinni og er óhætt að segja að þessi stofnun hafi farsællega náð því að þjóna Íslendingum með svo miklum ágætum að í rauninni eru fá dæmi um annað eins þótt víðar væri leitað. Það var ekki spáð vel fyrir þessari stofnun á sínum tíma, en tíminn hefur sem sagt leitt annað í ljós.

Okkur Íslendingum hefur síðustu ár þótt það sjálfsagt að Póstur og sími væri hér á landi með þá þjónustu sem hægt er að búast við hvar sem er annars staðar í heiminum. Við höfum ekki gert okkur grein fyrir því hvað t.d. gjaldskrá þessarar stofnunar er samkeppnisfær og í rauninni einstök miðað við það sem við höfðum áður talið. Við sem vorum svo lánsamir að geta farið í ferð til Noregs og Danmerkur til að kynna okkur aðferðir Norðmanna og Dana við að gera símastofnanir sínar að hlutafélögum urðum mjög varir við það hversu þessir frændur okkar dáðust að því hvernig tækniváðing og uppbygging póstsins og símans á Íslandi hefði virkað og hversu fljótir þeir væru að tileinka sér þær nýjungar sem til eru í heiminum.

Það kom einnig fram í Kaupmannahöfn þar sem dreginn var fram listi yfir gjaldskrár pósts og síma í öllum OECD-ríkjum að í langflestum tilvikum var Póstur og sími með lægstu gjaldskrá sem þekktist. Ég verð að viðurkenna það að ég vissi það ekki fyrr en ég sá það úti í Danmörku hversu vel Póstur og sími stóð sig í gjaldskrármálum miðað við aðrar þjóðir og ég hygg að fleiri en ég hafi komið þar af fjöllum. En það sýnir kannski hversu hógværlega Póstur og sími hefur farið í þessi mál að tíunda það hversu hagkvæmur sá rekstur hefur verið.

Það er svo sem ekki verið að segja neitt nýtt með því að það er sjálfsagt að breyta umgjörð Pósts og síma eins og sambærilegra stofnana í heiminum sem eru að þróast inn á ný svið fjarskipta, inn á ný svið viðskipta og inn á nýtt svið frjálsræðis sem er að skapast á þessum vettvangi í Evrópu og víðar í hinum vestræna heimi. Það var því mjög nauðsynlegt og tímabært skref að gera Póst og síma að hlutafélagi og í rauninni óhjákvæmilegt skref til að mæta bæði samkeppni og þeim mikla hraða sem er í t.d. hlutafjárkaupum og uppbyggingu fyrirtækja erlendis, til að geta fylgst með nýjungum og til að geta mætt betur samkeppni sem kæmi hér heima. Af þessum ástæðum og mörgum fleirum taldi ég ásamt öðrum í meiri hluta Alþingis, að hlutafjárvæðing Pósts og síma væri nauðsynleg.

Þau frumvörp sem við fjöllum um hér í dag eru í rauninni leikreglur sem verður að fara eftir þegar einkaleyfi Pósts og síma hefur verið afnumið og búast má við mikilli erlendri samkeppni á næstu árum og jafnvel strax á næsta ári.

Þau þrjú frv. sem hér um ræðir hafa verið lengi til umræðu í hv. samgn. þar sem ég á sæti. Ég get ekki tekið undir að þar hafi komið fram margar athugasemdir við frv. sem þar liggja frammi. Eigi að síður hafa verið ýmsar vangaveltur um að þar mætti breyta. Ég held samt að okkur sem að þessum málum höfum komið sé ljóst að sama hversu vel við mundum vanda okkur við þau frv. sem hér eru lögð fram hljóti að verða miklar breytingar á þeim nánast árlega þar sem hraðinn og breytingarnar á þessum markaði eru ófyrirsjáanlegar. Ég hygg því að minni háttar breytingar hljóti alltaf að vera í spilunum þannig að við getum aðlagað bæði reglur og lög og náttúrlega markaðinn fyrir þeirri samkeppni sem við eigum von á. Við þurfum líka að átta okkur á því að eins og þetta lítur út í dag er ekki nema eitt fyrirtæki á Íslandi sem getur tekið á móti erlendri samkeppni og það er Póstur og sími eða Póstur og sími hf. eins og fyrirtækið verður eftir áramót.

Við vonum náttúrlega að með þeirri miklu uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað muni fyrirtækið hafa burði til að geta þjónað landinu öllu og mætt um leið þeim kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af því að vera í mikilli samkeppni. Auðvitað verður Póstur og sími að sýna umburðarlyndi gagnvart veikburða fyrirtækjum sem eru að reyna að hasla sér völl á Íslandi í samkeppni við Póst og síma. Ég trúi því að þeir aðilar sem þar stjórna sjái að samkeppni hér heima, sem getur aldrei orðið nema lítil, muni ekki gera annað en að styrkja Póst og síma. Ég treysti því að þeir árekstrar sem þar hafa komið upp undanfarna mánuði verði leystir í sátt og samlyndi.

Það hefur aðeins heyrst að stjórnarandstæðingar, minni hluti samgn., hafa talið að ástæða væri til að skoða þessi frv. mun betur og fresta því að lögfesta þau fyrr en að vori komanda. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að fara út í þá seinkun því samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir gildistökuákvæði frv. um Póst- og fjarskiptastofnun fyrr en 1. apríl á næsta ári. Þá getum við sagt sem svo að það séu aðeins níu mánuðir þar til algjört frelsi verður á fjarskiptum og Póstur og sími þegar farinn að starfa samkvæmt hlutafélagalögum. Ef eitthvað væri mundi ég segja að við værum of seint á ferðinni með þetta. Að draga það í þeirri von að það verði betra frv. út úr því held ég að sé misskilningur. Eins og ég sagði áðan er ljóst að við þurfum að endurskoða slík lög á hverju ári og þar með að læra hvernig þessu verði best stjórnað.

Ég tek að sjálfsögðu undir ýmislegt sem hv. minnihlutamenn hafa sagt, m.a. að kostnaður við Póst- og fjarskiptastofnun hlýtur að verða verulegur. Ég held samt að menn viðurkenni að Póst- og fjarskiptastofnun verður að vera til þegar um er að ræða frjálsan markað og eftirlit með honum og eftirlit með mörgum jafnvel mismunandi fyrirtækjum starfandi á þessu sviði. Þar af leiðandi er óhjákvæmilegt annað en að hafa um það eitthvert eftirlit og ráðgjöf sem ráðuneytið getur stuðst við.

Ég tek ekki undir þá gagnrýni sem mér finnst hafa komið á svokallaða úrskurðarnefnd sem á að skipa samkvæmt þessum lögum og að þar sé um að ræða nefnd sem muni alfarið fara eftir hentistefnu samgrh. hverju sinni þar sem skipunin sé ekki alfarið skulum við segja úti í bæ eða í höndum Alþingis. Eftir þeim upplýsingum sem við í samgn. fengum eru svona úrskurðarnefndir til annars staðar í Evrópu, nefndir sem gegna sambærilegu hlutverki, og þær eru alfarið skipaðar af ráðherrum viðkomandi málaflokks. Hér erum við að tala um að Verkfræðingafélag Íslands skipi einn, Hæstiréttur annan og ráðherra þann þriðja. Ef eitthvað er þá er þetta mun lýðræðislegra, ef það mætti orða það þannig, og fjær framkvæmdarvaldinu heldur en tíðkast í nágrannaríkjum okkar og þeim ríkjum sem við berum okkur helst saman við. Ég tel því, herra forseti, að í megindráttum getum við sagt að þessi undirbúningur og þessi frv. séu það þroskuð að við eigum að geta samþykkt þau hér á þinginu fyrir jól þannig að þau geti orðið að lögum og hægt sé að fara að vinna eftir þeim. Okkur veitir heldur ekkert af þeim tíma sem fram undan er til að þroska bæði þessar stofnanir og þroska þær með Pósti og síma þegar hann verður að hlutafélagi því þessi fyrstu skref og fyrstu mánuðir skipta oft mestu um samstarf svona stofnana á jafnréttisgrundvelli.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins koma inn á önnur mál er hafa tengst þessari umræðu. Það er varðandi starfsmenn Pósts og síma sem nú verða starfsmenn Pósts og síma hf. Eins og hv. þm. rekur minni til var mikil umræða um það hvernig færi með starfsmannamál og hvort þeir starfsmenn sem nú eru hjá þessari stofnun mættu eiga von á að tapa vinnunni eða verða á allt öðrum kjörum heldur en þeir hafa verið hingað til. Í þeirri umræðu sem fór þá fram m.a. með hv. þm. Ögmundi Jónassyni formanni BSRB og með hæstv. ráðherra var því lofað, og ég veit að við það verður staðið, að allir starfsmenn sem unnið hafa hjá Pósti og síma fái sambærileg störf hjá Pósti og síma hf. og engum manni verði sagt upp. Ég ræddi einnig sérstaklega við hv. þm. Ögmund Jónasson um kjör og samninga sem fram undan væru eins og um lífeyrisréttindi og annað, að menn gerðu fastlega ráð fyrir því að um þau réttindi sem ekki væri hægt að ávinna sér í nýja fyrirtækinu, fyrir þá sem væru að taka sér inn svokallaða eftirmannsreglu eða annað, að um það yrði samið við Póst og síma hf. Það hefur verið minn skilningur alla vega á þessu að það sem ekki væri hægt að tryggja með lagasetningunni yrði gert með samningum milli starfsmannafélaganna og Pósts og síma hf. Í mínum huga hefur það alltaf verið ljóst að hlutur starfsmannanna yrði ekki fyrir borð borinn.

Því hefur verið slegið fram að starfsmenn væru að missa vinnuna hjá Pósti og síma og fengju jafnvel ekkert annað starf í staðinn. Ég hef persónulega spurt að því hvort þetta væri staðreynd og það hefur verið sagt að svo væri ekki. Þetta væri misskilningur. (**Gripið fram í:** Hverja þá?) Hverja hef ég spurt? Ég hef spurt æðstu menn sem við þetta starfa. Ég ætla ekki að nafngreina neina. Ég get gert það síðar. Mér hefur verið tjáð að svo væri ekki. Ég ætla ekki að efast um að mér sé sagt rétt frá í þessu efni. Ef annað kemur á daginn þá er ég jafntilbúinn til að taka á því máli með forustumönnum starfsmannafélaga og þeirra aðila sem að þessu koma að öðru leyti og ná fram þeim leiðréttingum sem um var talað í upphafi. Í þessu tilliti, hvað varðar starfsmennina, eiga orð að standa.

[21:40]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var kúnstug ræða um margt og mótsagnakennd. Hv. þm. hóf hana á því að lýsa aðdáun sinni á Póst- og símamálastofnun til margra ára. Hann vitnaði sérstaklega til ferðar sinnar til Norðurlandanna í því

sambandi hversu mjög yfirmenn póst- og símamálastofnana þar í löndum hefðu lokið miklu lofsorði á uppbyggingu og verðskrárpólitík Póst- og símamálastofnunar. Hann leiddi síðan af því nauðsyn þess að hlutafélagavæða fyrirtækið. Ég fékk ekkert samhengi í þetta, bara nákvæmlega ekki neitt. Vonandi getur hv. þm. fengið samhengi í þetta tvennt.

Í öðru lagi kom hv. þm. inn á að ekki hefðu sérstaklega margar athugasemdir heyrst við umfjöllun málsins í samgn. en bætti síðan jafnharðan við að hann væri sammála ýmsum þeim ábendingum sem fram hefðu komið af hálfu minni hluta nefndarinnar í nál. og umræðum um þessi mál hér. Enda væri það þannig, eins og hann orðaði það, að það þyrfti væntanlega að endurskoða þessi lög á hverju ári. Menn gætu strax í upphafi nýs árs farið að undirbúa endurskoðun þessara laga sem menn ætla að festa í lög á næstu dögum. Ekki er nú mikil trú hv. þm. á eigin verkum í þessum hópi meiri hluta samgn. og væri líka fróðlegt að hann gerði okkur grein fyrir samhengi þessara hluta sem ég fæ ekki til að ganga upp.

Auðvitað er staðreyndin sú að þegar við erum að reyna að gera tiltölulega ítarlega rammalöggjöf fyrir framtíðina þá gerum við ekki út á það að við endurmetum hana á hverju ári. Það kann að koma til þess en vissulega er affarasælla að gera það nú þegar þegar á það hefur verið bent með gildum rökum að í þessari löggjöf eru slík göt að ekki er unnt að skilja við málið með þeim hætti sem hér um ræðir.

Í bláendann spyr ég hv. þm. hreint út: Hver er þörfin á því að lögfesta þessi frv. 1. janúar nk.? Hver er hin brýna þörf í þeim efnum? Það hefur ekki komið fram í þessum umræðum.

[21:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sá ástæðu til að tala vel um Póst og síma sem stofnun en er í sjálfu sér ekki að tengja það við neitt annað en það hversu gott starfsfólk er þarna og tilbúið í rauninni í þær breytingar sem eru nauðsynlegar þegar við lítum á allt sviðið, þegar við lítum á þær breytingar sem eru að verða á fjarskiptasviðinu, viðskiptasviðinu og almennt. Sú breyting hefur átt sér stað á Norðurlöndum eins og ég þarf ekki að endurtaka fyrir hv. þm. Ég sá út af fyrir sig ekkert misræmi í því.

Þegar ég tala um að ekki sé mikið um athugasemdir þá vil ég benda á álit minni hlutans þar sem í rauninni eru ekki gerðar neinar athugasemdir við þetta frv. aðrar en þær að best væri að draga löggildingu frv. fram á næsta ár. Að öðru leyti gerið þið, hv. minnihlutamenn, ekki miklar athugasemdir við þetta frv. Nema þá eins og ég talaði um varðandi þá stofnun sem er kölluð úrskurðarnefnd. Ég held að mér sé óhætt að segja að þá sé að mestu leyti upp talið.

Að öðru leyti snerist ræða hv. þm. um starfsmannamál að miklum hluta til sem ekki var út af fyrir sig á dagskrá. Þess vegna minntist ég aðeins á það hér áðan.

Ég ræddi það aðeins áðan hvers vegna ég teldi að það væri nauðsynlegt að ljúka þessari lagasetningu strax en draga það ekki fram á haust. Það væri fyrst og fremst vegna þess að við erum að sjá fram á það að samkeppnin sé að skella á og við erum komnir með Póst og síma sem hlutafélag. Þess vegna þurfa þessar stofnanir að þroskast saman.

[21:45]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri á öllu að hv. þm. er tæpast læs en eitthvað skortir nú líka á heyrnina, því ef hann hefur skynjað það svo við hlustun að hér væri ekkert að málum og yfirleitt væri þetta allt í hinu besta lagi þá er eitthvað mikið að. Og hv. þm. þarf auðvitað að fara að gæta að skilningarvitum. Hér eru ítarlegar grg. minni hluta nefndarinnar upp á sex blaðsíður og ég hvet þingmanninn mjög eindregið, til þess að hann sé tækur í umræðu á málefnalegum grunni, að setjast nú við lestur og fara yfir öll frv. þrjú og lesa álit minni hlutans þannig að hægt sé að ræða við hann á málefnalegum grunni. Hins vegar er líka brýnt og ég ætla ekki að fara að endurtaka ræðu mína frá því fyrr í dag nema á því sé brýn þörf. (**Gripið fram í:** Nú!) Það kann að vera að ég geri það við betra tækifæri en ég geri það ekki á einni mínútu. Ég vil hins vegar árétta að 1. janúar nk. gerist í sjálfu sér ekkert og ekkert sem kallar á að við breytum um löggjöf í fjarskipta- og póstmálum. Það eina sem gerist þá er að ríkisfyrirtæki breytist í hlutafélag. Það er ekki fyrr en 1. janúar 1998 sem gerð er krafa um það samkvæmt alþjóðasamningum sem við höfum undirgengist að hér skuli þetta frelsi bresta á í fjarskiptamálum. Þá er þessi tímapunktur runninn upp. Með öðrum orðum, það er ekkert um þessi áramót sem knýr á um að þessi frv. séu lögfest. Ég minni líka á að það eru þrír eða fjórir mánuðir sem líða frá því að við festum samkeppnina í sessi þar til þessi fjarskiptastofnun verður að veruleika. Þar er misræmi til fjögurra mánaða þar sem samgrh. í myljandi hagsmunagæslu á að sjá svo um og feta þessi fyrstu skref til hlutlægrar og heiðarlegrar samkeppni á þessum markaði. Hér rekst auðvitað hvað á annars horn, virðulegi forseti.

[21:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú tæpast svara vert því að ég kann ekki við rökræður af hálfu hv. þm. þar sem verið er að tala um að fólk sé ekki læst og það sé í rauninni ekki hægt að tala við það. Ég átta mig ekki almennilega á svona röksemdafærslu, hv. þm. Ég tel mig hafa fært fullkomin rök fyrir því sem ég hef sagt hérna. Ég ætla ekkert að fara að lesa upp nál. fyrir minni hlutann. Ég las þau og kynnti mér innihald þeirra. Ég vísa því til föðurhúsanna með læsið og bið hv. þm. að lesa sitt eigið álit þannig að hann geti þá séð hvað hann setti niður á blað eða hvað hann skrifaði undir.

[21:48]

Útbýting þingskjals:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar, 247. mál, beiðni GÁS o.fl. um skýrslu, þskj. 403.

[21:48]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vakti máls á nokkrum atriðum í ræðu minni fyrr í kvöld sem ég tel brýnt að fá svör við frá talsmönnum ríkisstjórnarinnar, hæstv. ráðherra eða hv. formanni samgn. En áður en ég kem að þessum efnisatriðum aftur langar mig til að fara örfáum orðum um það sem hv. þm. Kristján Pálsson sagði áðan um starfsmannamál. Hann sagði að talað hefði verið um það sl. vor að frá lífeyrismálum yrði gengið þannig að réttindi manna yrðu á engan hátt skert og það sem lögin ekki heimiluðu, um það yrði samið. Ég vil aðeins upplýsa það hér og nú að frá þessum málum hefur ekki verið gengið enn á þann hátt sem hv. þm. nefndi en frá samningum hefur yfir höfuð ekki verið gengið þannig að það á enn eftir að koma á daginn hver niðurstaðan verður í þeim málum. En ég geri ekki annað en að fagna þessari afstöðu hv. þm. því það kann að reyna á hana í verki síðar.

Annað í máli hans vil ég leyfa mér að gagnrýna nokkuð. Hann vék að ferð þingmanna fyrir réttu ári þegar þingmenn sem eiga sæti í samgn. fóru til Noregs og Danmerkur til að kynna sér rekstur pósts og síma á Norðurlöndum. Hv. þm. sagði að allir þeir sem íslensku þingmennirnir hefðu hitt að máli hefðu verið sammála um að óhjákvæmilegt væri að stíga það skref sem síðar var stigið, þ.e. að breyta Pósti og síma í hlutafélag. Ég vil aðeins halda því til haga, á sama hátt og ég gerði við umræðuna sl. vor, að þeir sem þingmennirnir hittu í þessari för voru einvörðungu æðstu stjórnendur þeirra sömu stofnana sem voru mjög eindregið á þessari skoðun, á hinni pólitísku skoðun. Vegna þess að hér erum við að tala fyrst og fremst um pólitík. Við erum að tala um stjórnmálastefnu. Og það var athyglisvert að hlýða á mál lagaprófessors sem var hér á landi yfir helgina og hélt mjög fróðlegt erindi í gærmorgun um einkavæðingu á Nýja-Sjálandi og víða um lönd en í hennar máli kom einmitt fram að einkavæðingin byggðist fyrst og síðast á því að stjórnmálamenn væru að reyna að laga heiminn að sinni hugmyndafræði. Að sinni hægrisinnuðu hugmyndafræði.

Í því sambandi langar mig til að vitna í bréf sem hv. þm. hefur borist frá ungum hægrisinnum á Íslandi. Þeir skrifuðu nefnilega þingmönnum bréf, þar á meðal hæstv. samgrh., Halldóri Blöndal, og þeir eru að segja okkur hvernig við getum glatt litlu börnin fyrir jólin. Þeir eru að skrifa hæstv. samgrh. og benda honum á hvernig hann getur glatt litlu börnin. „Þessa dagana" segja heimdellingar í bréfi til hv. þm. og þar á meðal Halldórs Blöndals samgrh. með leyfi forseta, svo ég vitni í þetta bréf „eru litlu börnin skiljanlega farin að hlakka til jólanna. Jólasveinarnir eru að tínast til byggða og heimilið og umhverfið allt tekur á sig jólalegan blæ. Öll viljum við gleðja börnin um jólin og færa þeim góðar gjafir. Besta jólagjöfin sem hægt er að færa börnunum í þessu landi er björt framtíð." Og hvað vilja ungu heimdellingarnir að hæstv. samgrh. og aðrir þm. færi litlu börnunum og landsmönnum öllum og framtíðinni í jólagjöf? Jú, þeir senda hæstv. samgrh. pappahönd Heimdallar til aðstoðar við atkvæðagreiðslu og svo ég vitni orðrétt í þetta bréf: „Við hvetjum þig til að segja nei við auknum ríkisumsvifum, hærri ríkisútgjöldum og fjárlögum með halla. Á sama hátt hvetjum við þig til að segja já við minni ríkisumsvifum, lægri ríkisútgjöldum og hallalausum fjárlögum." Svo mörg voru þau orð. (**Gripið fram í:** Er eitthvað fleira?) Þetta er óskaplega einfaldur heimur.

En það sem mér verður umhugsunarefni er hvort sú stefna sem hæstv. samgrh. og ríkisstjórnin öll fylgir þessi missirin er í raun í þessum anda. Við erum að tala um stofnun, Póst og síma, sem gaf ríkissjóði, skattborgurunum, á annan milljarð króna á hverju ári. Hvert verða þessir peningar sóttir þegar fram líða stundir? Þeir verða sóttir ofan í vasa skattborgarans nema menn ætli að auka hallann á fjárlögum. Og hafa menn velt því fyrir sér hvaða afleiðingar þessi einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar hefur haft? Lyfjaverslun ríkisins, svo eitt dæmi sé tekið, gaf ríkissjóði um 30 millj. kr. á ári hverju. Hvernig voru þessir peningar notaðir? Þeir voru t.d. notaðir í bólusetningar fyrir fullorðið fólk. Það er áfram verið að bólusetja fullorðið fólk. Hvernig er það fjármagnað? Að sjálfsögðu með skattpeningum. Hvernig öðruvísi? Eru menn virkilega svo blindir að trúa því að einkavæðingarstefnan leiði til minni halla á fjárlögum? Hún gerir það alls ekki.

En það er ekki nóg með það að einkavæðingin hafi þær afleiðingar í för með sér að fjárstreymi til ríkissjóðs verði minna heldur er núna verið að boða stofnun rándýrra stofnana til þess að hafa eftirlit með einkavæðingunni. Nú er farinn að bólgna út hér á landi sá iðnaður sem hefur hvað best rekið sig í Bretlandi og öðrum einkavæðingarlöndum, þ.e. eftirlitsiðnaðurinn. Og hvað skyldi Póst- og fjarskiptastofnun eiga að gera? Hvað skyldi hún eiga að gera? Hér er talið upp í 17 liðum verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun á að sinna. Og fyrir hvað mikla peninga? Jú, það kemur fram í umsögn um frv. frá fjmrn. 58 millj. kr. á þessu ári, 85–87 millj. kr. á ári er reiknað með eða trúir því einhver að þeir peningar muni duga til? Trúir því einhver? Til að gera hvað? Jú, til að gefa út og veita leyfi til fjarskipta og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Að hafa eftirlit með því að leyfishafar uppfylli og virði þau skilyrði og aðrar kvaðir sem rekstrarleyfunum fylgja. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra leyfishafa og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við. Ég er ekki hálfnaður. Ég er ekki hálfnaður að lesa upp þau verkefni sem þessi stofnun á að sinna. En ég stoppa við síðasta atriðið sem ég nefndi. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi. Hver skyldi nú verða niðurstaðan í þessu þegar fram líða stundir? Hvað skyldi nú gerast í þessu efni þegar fram líða stundir?

Ég vitnaði áðan í fræðimann sem kom hingað frá Nýja-Sjálandi og flutti mjög fróðlegt erindi á opnum fundi á Hótel Loftleiðum í gær. Eitt af því sem þessi fræðimaður, Jane Kelsey, sem er lagaprófessor frá Auckland á Nýja-Sjálandi, sagði, var að þegar kæmi að því að hafa eftirlit með heilbrigðiskerfinu á Nýja-Sjálandi, sem að sjálfsögðu er búið að einkavæða og gera að sjálfstæðu fyrirtæki á þjónustusamningum við ríkið, þá væri ekki lengur hægt að hafa eftirlit með og aðgang að þessu sama bókhaldi. Hvers vegna? Og ég vitna, með leyfi forseta, í viðtal í Morgunblaðinu í dag við þennan sama lagaprófessor, dr. Jane Kelsey. Í viðtalsgreininni segir:

„Í umræðum á eftir sagði hún [og er þá vísað til Jane Kelsey] m.a. að erfitt væri að meta áhrif sem breytt skipulag á rekstri heilbrigðiskerfisins hefði haft í för með sér, mikilvægar tölulegar upplýsingar væru ekki aðgengilegar þar sem þær gætu verið viðskiptaleyndarmál. Stofnanirnar eru reknar á grundvelli einkafyrirtækis."

Þetta er næsti bær við. Við erum að stefna þangað.

Að vísu er það lögbundið hér að hinn opinberi eftirlitsaðili eigi að geta haft aðgang að bókhaldinu og ekki bara það því í 5. gr. frv. um Póst- og fjarskiptastofnun segir, með leyfi forseta:

„Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa."

Það er heimilað að gera húsleit. Hvert erum við eiginlega komin? Var ekki verið að opna á aukna samkeppni? Átti ekki

að keppa um verðlag? Átti ekki að keppa um verð? Átti ekki að bæta þjónustuna? Það sem við erum að koma hér upp með eru sovéskar eftirlitsstofnanir. Þetta er sovéskt kerfi. Þetta er hluti af kerfi sem menn hafa verið að leggja af. En þetta er hin nýja Evrópa. Þetta er Evrópa Evrópustaðlanna. Enda þarf ekki að lesa lengi í greinargerðum með þessu frv. til að sjá að að hluta til eru þeir að hlíta Evrópustöðlum, kvöðum sem EES og Evrópa leggur á okkur. En þeir eru líka að gera eins og allir hinir, eins og Kristján Pálsson, hv. þm., sagði áðan. Við erum að gera eins og allir hinir. Það er óhjákvæmilegt að aðlaga íslenskan veruleika frjálshyggjuhugmyndafræðinni. Og svo láta allir teyma sig áfram og búa til eftirlitsbáknin sem geta ætt inn í fyrirtækin og gert þar húsleit til að vita hve mikið er svindlað hverju sinni. Ég hélt að menn hefðu lagt upp í allt aðra för í upphafi. Menn alla vega sögðu þjóðinni að þeir væru að gera þetta til að efla samkeppni á sviði fjarskiptamála. Það var okkur sagt. Við sem vissum hvert stefndi, við sem þekktum þennan veruleika og höfum kynnt okkur hann bentum á að þetta yrði niðurstaðan, að sjálfsögðu yrði þetta niðurstaðan.

Eins og ég gat um áðan er mjög fróðlegt að fylgjast með þessari umræðu allri, að fylgjast með því hvernig þessi umræða hefur öll smám saman verið að taka breytingum. Skref fyrir skref og stig fyrir stig hefur hún verið að taka breytingum. Smám saman hætta menn að tala um þjónustu við notandann, símaþjónustu, póstþjónustu og við erum farin að ræða bissniss. Og í þeim anda og samkvæmt þeirri hugsun er náttúrlega ekki einu sinni kallað á Neytendasamtökin, ekki Samband íslenskra sveitarfélaga, ekki Samband sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, sem núna er að mótmæla öðru einkavæðingarruglinu sem er að koma frá hæstv. ríkisstjórn, á Rafmagnseftirliti ríkisins, eða Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem er að koma með sams konar mótmæli, eða Samband íslenskra sveitarfélaga sem var að senda frá sér erindi þess efnis í dag um Rafmagnseftirlit ríkisins. Nei, það er ekki kallað á þessa aðila. Það er kallað á fulltrúa Verslunarráðsins. Þeir koma í stórum spyrðum á hvern fund, tjá sig og úttala sig um hvað þurfi að gera fyrir viðskiptin. En hvers konar viðskiptasjónarmið eru þetta eiginlega? Hversu smá hugsun er hér eiginlega á ferðinni, að það eina sem menn sjá bitastætt í íslensku efnahagslífi er það sem þjóðin hefur þegar búið til og þurfa að reyna komast yfir þá eign? Þess vegna var meiri hluti þingsins að samþykkja í fjáraukalögum aukið framlag til einkavæðingarmannanna sem eru að vinna fyrir hæstv. forsrh. og þeir eru að skáka þeim verkefnum á milli ráðuneyta. Þar erum við að tala um milljónir króna til að halda áfram á sömu braut.

En þær spurningar sem ég vildi fá svör við frá hinum áköfu lýðræðissinnum sem fylla sali hæstv. Alþingis úr liði ríkisstjórnarinnar — ég sé nú ekki einn einasta en salurinn er hins vegar vel skipaður stjórnarandstæðingum. (**Gripið fram í:** Forseti er við skyldustörf.) Forseti er við skyldustörf. Ég skilgreini nú menn eins og mér líkar. Þó ég efist ekki um að hæstv. forseti standi með sinni ríkisstjórn þá er ég jafnsannfærður um það að þar á bæ eru ekki allir jafnsáttir við allt sem menn eru að gera, sem betur fer. En þar sem hæstv. samgrh. er í þinginu og hefur verið hér — mér var kunnugt um að hann þurfti að sinna brýnum skyldustörfum um stundarsakir — og þar sem hv. formaður samgn. er hér einnig, þá vil ég ítreka þær spurningar sem ég setti fram í ræðu minni fyrr í kvöld og óska eftir svörum við þeim. Það væri fróðlegt líka að heyra hvernig hæstv. samgrh. ætlar að sannfæra heimdellingana, ungu sjálfstæðismennina sem voru að skrifa honum bréf í dag og senda honum svokallaða pappahönd til aðstoðar við atkvæðagreiðslur þar sem hann er hvattur til að grípa ekki til neinna þeirra aðgerða sem koma til með að auka á ríkishallann og skuldir ríkissjóðs. Hér hafa verið færð rök fyrir því að einkavæðingin muni þegar fram líða stundir skerða tekjur ríkissjóðs stórlega á sama tíma og verið er að blása út sovéskar eftirlitsstofnanir sem hafa leyfi til húsleitar til að grafa upp það óhreina mjöl sem kann að leynast í mjölpokum þessara fyrirtækja sem koma til með að starfa í framtíðinni á þessum markaði eða þannig virðist hugsunin alla vega vera. Við erum komin langan veg frá þeirri stefnu sem var boðuð í vor, þ.e. að verið væri að einkavæða þetta til að taka þátt í markaðssamkeppni. Við bentum á það þar þá. Við bentum þá á það úr liði stjórnarandstöðu, og ekki síst úr þingflokki Alþb. og óháðra, að niðurstaðan yrði sú að upp mundu spretta eftirlitsstofnanir. Ég gafst nú upp á að lesa eftirlitshlutverkið á 7. lið en vék aðeins að því að eftirlitsaðilarnir hefðu leyfi til að fara án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar í eftirlitsferðir inn í húsakynni leyfishafa til rannsóknarstarfa. Þessar millifyrirsagnir segja í rauninni allt sem segja þarf: Eftirlit með leyfishöfum. Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög. Þagnarskylda. Kvartanir. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, nefnd á nefnd ofan. Gjaldtaka o.fl. Skýrsla. Reglugerðir. Það er verið að búa til nýtt sovéskt eftirlitskerfi í anda hins evrópska reglugerðarveldis. Það er það sem verið er að gera. Og svo eru menn alltaf að stæra sig af einhverjum frjálsum viðskiptaháttum. Þetta mál snýst ekkert um það. Þetta mál snýst um það að undirbúa þessar stofnanir fyrir sölu. Þetta er arðvænlegasti bissniss í heiminum núna, þ.e. póst- og símastofnanir, þ.e. almannaþjónustan. Vatnsveitan í Yorkshire t.d. Það er nú komið svo þar að starfsmenn vatnsveitunnar í Yorkshire eru orðnir svo óvinsælir að þeir þora ekki að láta sjá sig á götum úti í einkennisbúningum. Þetta er ein svona einkaþjónustan, einokunarfyrirtæki sem var einkavætt. Ég held að það sé hótelkeðja í Suður-Frakklandi sem á það. Þetta er það sem er að gerast. Allt saman er þetta að gerast undir fölsku flaggi frjálsrar samkeppni, opins samfélags, opins þjóðfélags. Hvenær skyldi koma að því að þetta verði mönnum umhugsunarefni? Og svo fáum við ræður frá hv. þingmönnum úr stjórnarliðinu í kvöld sem segja þetta gamalkunna: „Allir eru að gera þetta. Það er alls staðar verið gera þetta." En það er líka alls staðar verið að gera þetta. Það er alls staðar verið að blása þennan eftirlitsiðnað út.

Ég spurði nokkurra spurninga fyrr í kvöld og það væri gaman að fá útskýringar fulltrúa ríkisstjórnarinnar á þeim atriðum.

[22:14]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að spyrja forseta um áform hans varðandi fundinn. Ekki það að svo langt sé liðið á kvöld enn þá en þingmenn hafa verið að störfum síðan kl. 8 í morgun og það er út af fyrir sig í góðu lagi, en það eru þrír til fjórir dagar eftir fram að jólahléi og mörg löng kvöld miðað við þau mál sem bíða. Mjög margir eru á mælendaskrá í þeim málum sem hér eru rædd enda þrjú mál á dagskránni undir í einu. Á dagskránni eru reyndar líka, virðulegi forseti, ríkisfjármál og lánsfjárlög. Það eru mjög stór mál sem jafnvel var búist við að kæmu til umræðu í gærkvöld, á mánudagskvöldi. Mér sýnist stefna í að þriðjudagskvöldið líði án þess að við

komumst í þessi mál. Það er ekkert samkomulag um skipulag þingstarfa þessa daga sem eftir lifa fram að jólahléi og ég vek sérstaka athygli á því að ekki hefur verið leitast við að vinna slíka starfsáætlun þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hafi sýnt sérstakan vilja til þess að gera starfsáætlun um lokalotuna fram að jólum sem e.t.v. er ekki það sem menn hafa átt að venjast en það hefur legið fyrir. Með ákveðnum vinnubrögðum gætum við unnið þannig að málum að allir mættu vel við una.

Forseti. Eitt af stóru málunum sem við eigum von á hingað inn í þingsal er frv. um Landsvirkjun. Á þingflokksfundi jafnaðarmanna í dag kynnti fulltrúi okkar umræðu sem var í gangi um að hugsanlega næðist samstaða um lagfæringar á ákveðnum greinum sem mundu gera það að verkum að mikil samstaða gæti orðið um afgreiðslu og vinnslu þess máls. Og það var mikill velvilji fyrir því í þingflokki jafnaðarmanna að líta á þessi mál alveg sérstaklega, ef til þess kæmi að það væri sýnd einhver samstaða um slík vinnubrögð. Síðan gerist það að á fundi iðnn. í kvöldmatnum er málið rifið út, og ég legg áherslu á rifið út, með meirihlutavaldi án nokkurrar tilraunar til að skoða nánar það sem um var rætt. Ég verð að segja það að þetta hefur valdið mér mikilli undrun. Ég geri mér grein fyrir því, forseti, að stjórnarflokkarnir ráða ferð í krafti meirihlutavalds síns. En það er auðvitað kurteisi að eiga samstarf við stjórnarandstöðuna og það er mjög mikilvægt fyrir stjórnarandstöðuna að hafa einhverja hugmynd um það með hvaða hætti á að fara í þessi stóru og miklu mál sem enn á eftir að vinna fram að jólahléi. Þess vegna spyr ég forseta: Hvað hyggst hann fyrir með þennan fund?

[22:17]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti getur upplýst að hann hyggst halda umræðunni áfram en hins vegar tekur forseti undir áhyggjur hv. þm., ber stjórnarandstöðunni hið besta orð og væntir þess að fljótlega verði samkomulag.

[22:18]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að votta sitjandi forseta alveg sérstakt traust og lýsi yfir ánægju með það að einmitt hann skuli vera hér í stólnum þegar við erum að ræða þessi mál.

Hv. þingmenn hafa tekið eftir því og ég hef líka orðið var við það í almennum umræðum m.a. í fjölmiðlum að haustið hafi borið þann svip hér í þinginu að þar hafi hlutirnir verið rólegri og dálítið öðruvísi heldur en oft áður. Fyrir því eru ákveðin rök. Meginrökin eru þau að hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru verið með tiltölulega lítið af miklum deilumálum á dagskrá haustþingsins fyrr en núna alveg síðustu dagana. En hin rökin eru þau, og það skiptir kannski ekki síður máli, að það hefur tekist óvenjulega gott samstarf á milli forsætisnefndarinnar, forseta Alþingis annars vegar og stjórnarandstöðunnar og formanna þingflokkanna hins vegar. Og ég leyfi mér að segja miðað við þann tíma sem ég hef setið hér að ég man ekki eftir því að menn hafi lagt sig eins fram um það að reyna að ljúka þingmálum, m.a. ýmsum umdeildum málum, með skikkanlegum og eðlilegum hætti innan þess ramma sem þingsköpin segja til um. Þannig að svipurinn á haustþinginu hefur verið betri og hefur verið annar heldur en oft áður. Við sem höfum átt dálítinn hlut að þessu með formönnum þingflokkanna og forsætisnefndinni höfum verið ánægð með þetta mál og við höfum verið að gera okkur vonir um það að þinginu ljúki núna fyrir jólin með þessum hætti, að það væri auðvitað ágreiningur, staðfestur, eins og eðlilegt er en að menn reyndu að komast frá málunum með myndugum hætti sem væri Alþingi og öllum aðilum hér til sóma.

Nú ber hins vegar nýrra við á þessu kvöldi. Nú hefur það komið í ljós að það á að fara að beita gömlu aðferðunum sem voru tíðkaðar í ráðhúsinu fyrir allmörgum árum og hefur verið reynt að úthýsa héðan úr þessu húsi og tekist allvel í raun og veru, m.a. með ágætri samstöðu ýmissa þingmanna Sjálfstfl. og Framsfl. En núna virðist eiga að fara að beita þessum gömlu aðferðum aftur. Nú virðist vera meiningin á nýjan leik að reyna að berja stjórnarandstöðuna til hlýðni og beygja hana. Og út af orðum hæstv. forseta vil ég segja að það hefur engin tilraun verið gerð til þess á þessu kvöldi eða síðustu daga að ná neinu samkomulagi. Ég tek undir það með hæstv. forseta að það þarf að tryggja að það náist samkomulag um lok þingsins fyrir jól en það hefur engin tilraun verið gerð til þess. Það eina sem hér hefur komið fram, hæstv. forseti, er það að Heimdallur hefur sent okkur kveðju þar sem það kemur fram að hann vonast til þess að pappahönd Heimdallar verði til þess að leiða okkur á rétta braut, pappahönd Heimdallar. Mér sýnist að það sé hins vegar hönd hæstv. forsrh. sem því miður er ekki pappahönd í þessu tilviki sem er að reyna að berja stjórnarandstöðuna til hlýðni með óvenjulegri ósanngirni á þessu kvöldi.

[22:21]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka orð forseta þar sem hann ber stjórnarandstöðunni gott orð og það kemur mér ekkert á óvart því ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að stjórnarandstaðan hefur tamið sér ný vinnubrögð á þessu hausti og við höfum átt afar gott samstarf við forseta. Og með öllum þeim breytingum sem við höfum gert á vinnubrögðum og skipulagi höfum við verið að stíga skref í þá átt að taka upp ný og bætt vinnubrögð um störf þingsins. En það dugir skammt að hrósa stjórnarandstöðunni ef meiri hlutinn á Alþingi sýnir fullkominn hroka í samskiptunum.

Reyndar ætla ég með því að koma aftur hér í ræðustól að benda forseta á að ef hann hyggst halda áfram með dagskrána umfram það að taka 9., 10. og 11. mál sem hér eru til umræðu, þá sýnist mér að það sé sjálfhætt vegna þess að hæstv. forsrh., sem hefur forræði á 12. máli, er ekki hér í húsinu og ómakar sig reyndar ekki mjög til að vera viðstaddur þau stóru mál sem hafa verið á dagskrá undangengna daga. Og það er alveg ljóst að ef það verða hafðir uppi einhverjir burðir með að taka fyrir ráðstafanir í ríkisfjármálum hér í kvöld upp á það að halda áfram inn í nóttina, þá verður kallað eftir því að sá ráðherra sem hefur forræði málsins birtist hér vegna þess að það er búið að vera óþolandi t.d. í fjárlagaumræðunni að við stjórnarandstæðingarnir höfum talað meira eða minna hver við annan á meðan fulltrúar stjórnarliðanna hafa varla sést hér í stólum umfram það sem fjmrh. hefur setið hér stutt í senn svona eins og fugl á priki.

[22:23]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Það er nú það hvort þessar umræður um fundarstjórn forseta séu ekki óþarfar. Forseti á eftir 5 mínútur í forsetastólnum og mun beita sér fyrir því að gá hvar samkomulagið er og reyna að tryggja að samkomulag náist. Ég tek undir það með hv. þingmönnum að við höfum ekki hér nema

um þrjá daga til stefnu þannig að það er mikilvægt að ná samkomulagi.

[22:24]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hlýt að taka undir orð félaga minna í þingflokksformannaklúbbnum. Það vill nú svo til að sú sem hér stendur er í hv. fjárln. og þar hafa fundir staðið með hléum í allan dag og berast nú fréttir þangað inn svona eins og á kosninganótt, nýjar og nýjar tölur svo að það er nóg að hugsa. Ég hélt hálfpartinn að ég hefði misst af fundi þingflokksformanna og forseta en hann hlyti í raun að hafa verið haldinn í dag en ég heyri það á því sem hér kemur fram að enginn fundur hefur verið haldinn og samkomulagið sem virðulegur forseti nefndi hér áðan að hann mundi leita að er víst hvergi svo að hann mun ekki finna það. En ég hlýt að taka undir það og treysta hæstv. forseta til þess að reyna að komast að samkomulagi um þinghaldið.

Ég velti því fyrir mér hvort við förum ekki að nálgast brot á vinnulöggjöfinni ef halda á áfram hérna lengi enn. Mér er kunnugt um það að a.m.k. allmargir þingmenn eiga að mæta til fundar eldsnemma í fyrramálið í nefndum þannig að mér finnst mest áríðandi núna að það verði komist að einhverri niðurstöðu og samkomulagi um þinghaldið. Öðruvísi getur þetta ekki gengið og ég held að það verði ekki til þess að bæta vinnubrögðin ef það á að halda áfram eins og hér virðist hafa verið gert.

[22:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil þakka forseta fyrir hvað hann er skilningsríkur á þetta ástand sem hér ríkir. En ég tek undir þá gagnrýni sem komið hefur fram hér á undan hjá þeim þingmönnum sem hafa rætt um fundarstjórn forseta og vil bæta við það sem kom fram hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Það er ekki aðeins í fjárlagaumræðunni sem stjórnarliðar hafa ekki verið viðstaddir. Hér höfum við verið að ræða þrjú stór mál sem hafa verið á dagskránni í dag og í kvöld og lengi vel var enginn stjórnarliði í salnum nema starfandi forseti. Þetta er lítilsvirðing og ekki boðlegt hér í þinginu að stjórnarandstaðan ... (**Gripið fram í:** Hvenær?) Það var hér núna áðan. (Gripið fram í.) ... að stjórnarandstaðan sé hér ein í salnum að ræða svo veigamikil mál eins og þau mál er varða fjarskiptin sem hafa verið hér til umræðu. Ég vil kalla eftir því að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar komi til þessarar umræðu og verði hér viðstaddir meðan er verið að ræða þessi mál. Við höfum verið að hliðra til hér stjórnarandstæðingar til þess að tefja ekki fyrir störfum þingsins og samþykktum það að okkar mál, sem hefðu átt að vera á dagskrá á morgun, yrðu ekki á dagskránni til þess að við getum haldið áfram með þau stórmál sem eru á döfinni, aðallega frá hæstv. ríkisstjórn. Og ég mótmæli því að stjórnarliðar sýni okkur þá vanvirðingu að vera ekki viðstaddir hér þó svo einn og einn hafi komið hér inn. Ég veit að einhverjir hafa þó verið á skrifstofum sínum eða e.t.v. frammi en það er mikilvægt að þegar menn eru að ræða þessi mál eigi þeir orðastað við þá þingmenn sem styðja þau mál sem eru til umfjöllunar og þeir hlusti á þá gagnrýni sem við höfum fram að færa á málin.

[22:28]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég verði að mótmæla þessum síðustu orðum hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur því að sannleikurinn er sá að þingmenn stjórnarliðsins hafa setið hér undir þessum umræðum eins og eðlilegt er og tekið þátt í þeim líka. Og þó að það kunni að hafa verið þannig að stjórnarþingmenn hafi í einhverjum tilvikum ekki setið í salnum en setið hér í hliðarsölum og hlýtt á umræður, þá gefur það ekkert tilefni til umræðu eða yfirlýsinga af þessu tagi sem hv. þm. hafði hér yfir áðan. Og það er algerlega rangt að t.d. samgöngunefndarmenn hafi ekki tekið eðlilega þátt í þessari umræðu. Það hafa þeir sannarlega gert, hlýtt á þessar umræður. Hæstv. samgrh. hefur setið yfir þessum umræðum líka með eðlilegum hætti, blandað sér í þær með andsvörum og hefur þannig tekið þátt í þessum umræðum. Þetta er alveg fráleitur málflutningur eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafði hér yfir áðan.

[22:29]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill segja við þetta tækifæri að það var ekki seinna vænna að hefja þessar umræður. Þetta eru fyrstu umræðurnar um að þingmenn vilja ná samkomulagi hér í þingsalnum og tekur forseti undir það og vonar að þær verði til þess að viðræður forseta og þingflokksformanna fari í gang, en forseti vill segja við það tækifæri að það er ekki orðið kvöldsett, klukkan er 10.30 þannig að honum þætti vænt um að geta haldið áfram umræðunni. Forseta finnst að hv. þingmenn hafi komið sínum sjónarmiðum vel á framfæri og vill fá tækifæri til þess að kanna málið. Geta menn ekki fallist á það?

[22:30]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. sitjandi forseta fyrir það hvernig hann tók undir þær ábendingar sem fram komu frá hv. þingmönnum áðan og sem helgast af því að hann hefur mikla reynslu af því að vera okkar megin við línuna og stóð sig oft hetjulega á síðasta kjörtímabili og þekkir vel til þess sem stjórnarandstæðingar verða við að una. Þó að ég verði að vísu að játa það að mér finnst pínulítið af honum dregið af og til í seinni tíð miðað við það sem var á síðasta kjörtímabili, þá get ég ekki sagt að hann hafi breytt verulega frá því sem þá var, en þá færðist hv. þm. allur í aukana og var eins og nýr maður frá því sem verið hafði í stjórnaránauð Framsfl. um áratuga skeið og var satt að segja alveg ótrúlegt að sjá suma þingmenn Framsfl. lifna við eftir þau ósköp að Framsfl. hafði verið í ríkisstjórn í áratugi.

Ég ætla, hæstv. forseti, líka að segja það út af þeim orðum sem hv. 1. þm. Vestf. og formaður samgn. sagði hér áðan að það er engin hemja hvernig þátttaka stjórnarliða hefur verið í salnum í dag. Ég tók t.d. mjög vel eftir því þegar hv. þm. Ögmundur Jónasson var að tala í kvöld að þá var varla að það væri nokkur maður hér í salnum af stjórnarliðinu. Ég segi eins og er að ég geri þær kröfur a.m.k. til hv. þingmanna stjórnarflokkanna sem hafa fyrir þessu máli að segja, að þeir hlusti ekki síður á þá menn sem þekkja vel til eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerir. Mér fannst það afar sérkennilegt að þeir skyldu víkja af vettvangi einmitt þegar hann var að halda sína ræðu en þá tek ég fram að hæstv. samgrh. var reyndar á þeim tíma löglega afsakaður og hafði gert viðvart um fjarveru sína. Þetta sýnir ákveðinn hroka gagnvart málinu, þinginu, stjórnarandstöðunni og þjóðinni að halda á málum eins og hér hefur verið gert. Það sýnir dónaskap og hroka og ég spyr, hæstv. forseti: Til hvers er þetta þing? Til hvers er þetta tal? Til hvers er þetta þing? Er það ekki til

þess að menn skiptist á rökum og gagnrökum og reyni að hafa áhrif hver á annan? Er það bara til þess að menn tali bara fyrir þingtíðindin og punktur? Auðvitað er upphafleg hugsun með þinginu og þingræðinu sú að menn talist við, að menn skiptist á rökum og hafi áhrif hver á annan og breyti málum og leyfi sér að láta sannfærast af nýjum rökum og nýjum sjónarmiðum sem eru borin fram á hverjum tíma. Það hefur hins vegar færst í vöxt og er alveg í hámarki í þessari hæstv. ríkisstjórn að hún ber enga virðingu fyrir því skapandi innihaldi lýðræðisins, að menn flytji mál sitt með þeim hætti að þeir beri fram rök og gagnrök og reyni þannig að komast að sameiginlegri niðurstöðu og allir reyni að láta nokkuð gott af sér leiða. Það er í raun og veru mjög alvarlegur hlutur sem hefur verið að þróast með núverandi hæstv. ríkisstjórn, það er fullkomið virðingarleysi fyrir þingræðinu að þessu leytinu til. Ég tel að það sé sérstaklega gagnrýni vert og sérstakt áhyggjuefni.

Ég tók eftir því að hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, komst þannig að orði í einhverju máli, og var því mótmælt mjög harðlega af hæstv. forseta Alþingis, að þetta væri að verða framkvæmdarvaldsþing. Mér fannst það mikið sagt. Mér fannst það eiginlega harður dómur um þingið og ég held að hann sé ekki að öllu leyti sanngjarn. Ég held að þingmenn, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, reyni að umgangast hlutina með þeim hætti að ekki sé hægt að kalla þetta stimpilpúða eða framkvæmdarvaldsþing en þó verð ég að segja alveg eins og er að þetta kemur mér stundum í hug, þetta orð hv. þm. að hér sé um framkvæmdarvaldsþing að ræða og sérstaklega á svona stundum eins og núna í kvöld þegar hv. þingmenn stjórnarflokkanna nenna ekki að vera hér í salnum nema með örfáum undantekningum.

Ég ætla hér, hæstv. forseti, að fara nokkuð almennt yfir þetta mál. Ég ætla að byrja á því að vísa til ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds fyrr í kvöld og hv. þm. Ögmundar Jónassonar sem gerðu mjög góða grein fyrir þeim sjónarmiðum sem við höfum verið með uppi í sambandi við þessi póst- og símamál. Í fyrsta lagi ætla ég að nefna í þessu sambandi þá umræðu sem hefur staðið yfir í þessu máli og í sambandi við aðrar ríkisstofnanir um réttindamál starfsmanna. Það hefur ekki verið vel á þeim málum haldið af hæstv. ríkisstjórn. Sem betur fer hafa dómstólarnir gengið í lið með starfsmönnunum í sumum tilvikum og nýlega féll dómur sem dæmdi starfsmanni biðlaun þvert á það sem ríkisstjórnin og fjmrn. hafði gert ráð fyrir. Við höfðum í umræðum um það mál aftur og aftur haldið því fram að það hlyti að fara þannig að starfsmennirnir ættu þennan biðlaunarétt. Það hlyti að fara þannig. Hæstv. fjmrh. neitaði alveg að hlusta á okkur um þau mál og sagði að við hefðum rangt fyrir okkur, starfsmennirnir mundu ekki geta átt þennan biðlaunarétt sem þarna var um að ræða, en annað kom í ljós. Bæði undirréttur og Hæstiréttur hafa kveðið upp dóma um það að starfsmennirnir áttu þann rétt þvert ofan í hin hrokafullu viðbrögð fjmrn. við okkar gagnrýni í þessu máli.

Í þessari umræðu hef ég oft haldið því fram að fjmrn. hefði átt að gera tilraun til þess að semja um réttindamál starfsmanna við breytingar á fyrirtækjunum þannig að fjmrn. gerði almennan samning um réttindamál þeirra ríkisstarfsmanna sem eru hjá fyrirtækjum sem breytt yrði í einkafyrirtæki eða hlutafélög. Ég komst einhvern veginn þannig að orði úr þessum ræðustól að auðvitað yrði að vera til leið til þess að einkavæða ríkisfyrirtæki. Auðvitað verður að vera til leið til þess. En hún hefur ekki verið til af því að fjmrn. hefur stíflað þessa leið, lokað henni af því að fjmrn. hefur ekki unnið sína heimavinnu. Þess vegna hafa þau mál sem lúta að starfsmönnunum verið í hreinu uppnámi. Það kemur í raun og veru mjög vel í ljós í þessu máli sem við alþýðubandalagsmenn bentum á á síðasta þingi að réttindamál starfsmanna eru í ólestri.

Í öðru lagi segjum við: Það getur verið eðlilegt að breyta rekstrarformi fyrirtækja ef þau hafa ekki veitt þá þjónustu sem óhjákvæmileg er, ef þau eru illa rekin og ef þjónustan er dýr. Niðurstaðan varð hins vegar sú með Póst og síma þegar símaþjónustan hér á landi var athuguð að hún reyndist vera ódýrari en nokkurs staðar annars staðar. Við reyndumst hafa ódýrari þjónustu en nokkurs staðar annars staðar þrátt fyrir það að við búum í einkar strjálbýlu og erfiðu landi og þess vegna mætti kannski búast við því að þessi þjónusta væri hér dýrari en víða annars staðar en það var eitthvað annað. Það er ótrúlegt afrek, verð ég að segja, hjá fyrirtækinu Póstur og sími að standa þannig að málum að þjónustan sé ódýrari í þessu dreifbýla landi sem við búum í og jafnframt er Póstur og sími að skila í ríkissjóð — er það ekki milljarður kr. á ári, eða hvað, í tekjur sem skilað er frá þessu fyrirtæki inn í ríkissjóð? Þess vegna er það alveg á hreinu, hæstv. forseti, að rökin fyrir því að breyta Pósti og síma eru ekki þau að fyrirtækið hafi verið illa rekið, eru ekki þau að fyrirtækið hafi verið óhagkvæmt, eru ekki þau að starfsmennirnir hafi unnið illa og eru ekki þau að neytendur muni hagnast á breytingunni. Því reynir enginn maður að halda fram.

Hver eru þá rökin, hæstv. forseti, þegar upp er staðið í máli af þessu tagi? Það er umhugsunarvert. Þá er það rétt sem hér hefur verið bent á að þessi rök eru hluti af mjög víðtækri, pólitískri umræðu sem lýtur að því að selja SR-mjöl, að selja Sementsverksmiðjuna, að selja Áburðarverksmiðjuna, að selja helst öll ríkisfyrirtæki, öll opinber fyrirtæki, af því að það henti betur á markaðnum. Þau séu sveigjanlegri á markaðnum og geti þar af leiðandi betur staðið sig í að tryggja þjónustu og endurnýjun og nýsköpun fyrst og fremst. Það eru aðalrökin sem notuð eru og það eru rök sem ég t.d. segi fyrir mig að ég hlusta á. Ég hlusta líka á þau rök að aðalatriðið í máli af þessu tagi sé það hvernig fyrirtæki eins og Póstur og sími eða hvaða fyrirtæki sem er, kemur fram gagnvart almenningi.

Í raun og veru hefur það verið þannig, hæstv. forseti, að þau sjónarmið sem komið hafa fram til rökstuðnings því að selja Landsbankann, selja Búnaðarbankann, selja Sementsverkmsiðjuna, að selja Póst og síma, eru allt annars eðlis. Það er ekki vegna þess að það tryggi meiri nýsköpunar- og endurnýjunarkraft fyrirtækja en ella væri. Rökin eru allt önnur og aumingjalegri, verð ég að segja, hætsv. forseti. Rökin eru þau að við verðum að gera eins og aðrir og hafa okkar fyrirtæki á öllum sviðum eins og aðrir. Það er satt að segja næstum því grátbroslegt að heyra þessi rök koma frá hæstv. samgrh. sem er nú ekki sjálfur mikið fyrir það að vera eins og aðrir á öllum sviðum heldur fer sínar eigin leiðir eins og kunnugt er og les gjarnan hér í þingsalnum upp úr öðrum bókum en aðrir menn mundu gera. En líka hann er eins og grammófónplata með þessi rök: „Við verðum að vera eins og aðrir. Þetta eru rök minnimáttarkenndarinnar því að það getur verið þannig að það sé gott sem við höfum í landinu og menn þurfi ekki endilega að beygja sig fyrir því sem annars staðar er. En það má segja að það séu næstum að segja sjálfvirk viðbrögð íslensku þjóðarsálarinnar að ef eitthvað annað kemur að utan, þá sé það sjálfkrafa vont sem

við erum með. Átakanlegasta dæmið um þetta í seinni tíð er umræðan um raungreinar í grunnskólum á Íslandi, átakanlegasta dæmið þar sem engum manni datt í hug að spyrja sig þeirrar spurningar: Er þetta kannski gott hjá okkur? Það er spurning t.d. sem menn spyrja sig, segjum í Bandaríkjunum eða í Svíþjóð þar sem menn hafa, mér liggur við að segja, þroskaðri sjálfskennd heldur en mér finnst stundum að Íslendingar hafi. Það er þessi minnimáttarkennd sem beygir menn inn á þessa braut, að gera eins og aðrir, meira að segja með fyrirtæki eins og Póst og síma og beygja sig þannig fyrir tískunni. Þannig er þetta, að þetta er eins og trúarbrögð að verða. Þetta geysist hér eins og logi yfir akur þannig að hvert fyrirtækið á fætur öðru verður að verða að einkafyrirtæki hvað sem tautar og raular af því að allir aðrir eru að gera þetta svona. Á okkur sem höfum verið að amla aðeins á móti og gagnrýna þessa bylgju og segja: Við skulum reyna að spyrja um hvert mál fyrir sig, vegna þess að þannig finnst mér að eigi að nálgast þetta, þá reyna menn að setja á okkur þann stimpil að við kunnum ekki að fylgjast með tímanum og annað eftir því sem ég er í sjálfu sér ekki viðkvæmur fyrir persónulega.

En ég segi alveg eins og er að mér finnst að í máli af þessu tagi eigum við að spyrja um hvert mál fyrir sig. Við eigum að spyrja: Hvernig þjónar fyrirtækið fólkinu? Er fyrirtækið hagkvæmt í rekstri? Skilar það þjóðinni arði? Er það þannig uppbyggt að það skili nýsköpunarkrafti inn í íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf á komandi árum eða hvað? Spyrjum um þetta. Þá getur það oft farið þannig að það eigi að breyta ríkisfyrirtækjum í einkafyrirtæki en það getur líka farið þannig að það ætti að breyta einkafyrirtækjum í ríkisfyrirtæki. Það getur allt verið til í þeim efnum og menn eiga ekki að umgangast þetta með orþódox, rétttrúnaðarhætti, eins og mér finnst að núverandi hæstv. ríkisstjórn geri.

Þau sjónarmið sem ég er að flytja hér, hæstv. forseti, voru oft flutt á undanförnum árum. Þau hafa ekki bara verið flutt af okkur alþýðubandalagsmönnum. Þau hafa verið flutt t.d. af þingmönnum Framsfl. og Alþfl. Það er satt að segja alveg ótrúlegt þegar maður hugsar til ræðuhaldanna á síðasta kjörtímabili af hálfu þingmanna Framsfl. Erum við búin að gleyma því? Ætli við séum búin að gleyma ræðum hv. þm. Guðna Ágústssonar? Hæstv. félmrh. Páls Péturssonar? Erum við búin að gleyma þessum ræðum? Hæstv. iðnrh. Finns Ingólfssonar? Erum við búin að gleyma þessum hástemmdu ræðum um félagslega þjónustu og félagslegan rekstur og að maðurinn sjálfur sé markmiðið en ekki formið á fyrirtækjunum sjálfum? Og hvað er það, hæstv. forseti, í okkar lýðræði sem gerir það að verkum að menn eru allt í einu eins og viðsnúningar um leið og þeir verða ráðherrar í stjórnum með íhaldinu og hætta að hugsa sjálfstætt? Þeir snúast algjörlega við og spila allt aðra grammófónplötu í þessum málum en þeir gerðu þegar þeir voru í stjórnarandstöðu? (**Gripið fram í:** Það er venjulega annað lag hinum megin á grammófónplötunni.) Það er nákvæmlega rétt. Það er út af fyrir sig rétt. En það er eins og hæstv. ráðherrar Framsfl. séu eins og umskiptingar í þessu máli, eins og það heitir í þjóðsögunum. Þeir breytast. Það er eins og þessir fimm ráðherrastólar verki eins og dóp á mennina því þeir eru eins og í allt öðrum heimi eftir að þeir urðu ráðherrar og settust í þessa stóla. (**Gripið fram í:** Þetta þekkjum við nú sjálfir.)

Síðan segja menn sem svo: Við verðum að gera þessa hluti eins og allir aðrir m.a. vegna þess að umhverfið krefst þess. Þá gleyma menn því mikilvæga atriði að á Íslandi búa 270 þús. manns eða svo. Ríkisrekstur á Íslandi hefur ekki orðið til af því að hv. þm. Ögmundur Jónasson hafi endilega viljað það. Heldur er það vegna þess að aðstæður á Íslandi hafa kallað á það að við leystum hlutina saman. Þannig hefur sundurvirkni gróðalögmálanna verið með þeim hætti að það hefur ekki dugað til að leysa vandamálin á Íslandi og þess vegna höfum við orðið að gera það saman á félagslegum samvinnugrundvelli. Það er þess vegna. Það er ekki vegna þess að það séu einhverjar göfugar hugsjónir sem hafi endilega borið menn uppi sem stofnuðu ríkisfyrirtæki fyrr á öldinni. Nei, það var vegna þess að það var engin önnur leið. Engin önnur leið en sú að við legðum saman krafta okkar hönd í hönd. Þetta er veruleikinn, hæstv. forseti. En núna horfumst við í augu við það að við erum með ríkisstjórn sem er að breyta þessu kerfi öllu eins og það leggur sig. Það er náttúrlega SR-mjöl og það er Sementsverksmiðjan og Áburðarverksmiðjan gær og í dag er það Póstur og sími og á morgun verða það skólarnir. Senda tékka í hvern skóla og láta svo bjóða í skólann. (**Gripið fram í:** Og fangelsin.) Bjóða út fangelsin, það er það næsta. Það hefur reyndar verið rætt í fullri alvöru af núv. hæstv. ríkisstjórn að bjóða út fangelsin og væntanlega að láta þá reka fangelsin sem hafa reynslu af því að vera þar eða hvað?

Veruleikinn í þessum efnum er alveg ótrúlegur. Hv. þm. Ögmundur Jónasson minnti á það í kvöld hvernig þessi þjóðfélagstilraun hefði verið framkvæmd á Nýja-Sjálandi þar sem hlutirnir hafa verið þróaðir t.d. í menntamálum með eiginlega nákvæmlega sama hætti og núv. hæstv. menntmrh. er að tala um hér á landi en forveri hans, við hvern undirritaður háði marga hildi, fór ekki inn á þá braut. Nú er verið að fara inn á alveg nýja braut, hægribraut, frjálshyggjubraut, í skólamálum. Samkeppni, losa um réttindakerfi kennara, losa um hverfaskipulagið, leyfa mönnum að velja, senda foreldrum heim tékka þannig að þau geti farið með tékkann í skólann sem veitir börnunum besta þjónustu og hallelúja. Birta svo einkunnir skólanna. Þannig að skólarnir í góðu og fínu hverfunum geti sýnt háar einkunnir en skólarnir í hinum hverfunum, þar sem fólkið býr við önnur kjör, sýni lágar og hraklegar einkunnir. Þetta er umræðan sem er að verða til á Íslandi. Þessir hæstv. ráðherrar sem núna beita sér fyrir þessu eru í raun og veru að undirbúa það að selja þær stofnanir sem verið er að tala um, eins og Póst og síma. Ég tel að það sé verið að taka ákvörðun og búið að taka ákvörðun um að einkavæða Póst og síma og selja hann. Menn vilji í raun selja hann. Það er verið að stíga þetta skref til að hægt verði að selja fyrirtækið.

Hæstv. póst- og símamálaráðherra hefur eitt hlutabréf. Eins og ég sagði fyrr í dag væri gaman að fá að sjá bréfið, hvernig það lítur út, þetta eina hlutabréf. En það er alveg augljóst mál að einkavæðingin og kerfisbreytingin á Pósti og síma skilar sér ekki að fullu að mati markaðssinnanna fyrr en búið er að selja eitthvað af hlutabréfunum. Þess vegna eru þeir auðvitað á þessari braut, hv. þm. Framsfl. og Sjálfstfl.

Við þekkjum að til eru sannfærðir markaðshyggjusinnar í þessu liði eins og gengur. Ég tel hæstv. samgrh. ekki í því liði. Ég held að hæstv. samgrh. hafi lært þessa rullu einhvern tímann á ungum aldri og haldi að hún eigi sæmilega vel við en ég tel að þegar hann hugsar um þessa hluti sjái hann að forsendur lífs í hans eigin kjördæmi byggjast á jafnaðarhugsjón á félagslegum grundvelli. Ég er alveg sannfærður um að hann hefur bein til að hrista af sér margt af því sem menn heimta af honum í þjónustu við markaðsöflin.

Ég get játað það hér líka, hæstv. forseti, að ég sé eftir því þegar ég horfi á jafngóðan dreng og hv. 3. þm. Vesturl. vera að stýra Pósti og síma inn í þetta kerfi. Ég er viss um að betra sé að hafa hann en suma aðra þarna og ég er alveg sannfærður um að til eru verri menn en hann. En það er leiðinlegt til þess að vita að góðir drengir og ungir þingmenn skuli lenda í þessu sem sínu fyrsta verki í forustu fyrir stjórnarflokk að stýra fyrirtæki eins og Pósti og síma inn í einkavæðingarheiminn. Það er leitt til þess að vita þó ég viti að hann eigi góðan bakgrunn að vestan sem stýri honum í gegnum erfiðustu brimskaflana í þessu efni. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki Magnúsi Stefánssyni.) Það er nákvæmlega hann, hv. 3. þm. Vesturl., sem ég er að tala um.

Nei, hæstv. forseti, þessi siður gengur yfir. Hann er eins og siðaskipti. Það er eins og verið sé að boða nýja trú á vegum þessara manna. Það verður allt að breytast, allt að breytast. Boðun Ólafs digra á trúnni fyrr á öldum og seinna Lúters bliknar í samanburði við trúarofstækið sem stendur stundum upp úr mönnum í sambandi við mál af þessu tagi og þó eru þetta góðir drengir, en þeir átta sig ekki á því stundum, þessir ágætu ungu menn og ágætu þingmenn margir, að þeir eru fangar. Þeir eru fangar pólitíska viðhorfa. Hæstv. samgrh., t.d. svo ég nefni dæmi og hv. þm. Magnús Stefánsson og hv. 1. þm. Vestf., formaður samgn. eru allir vænir menn. Þeir eru ekki að einkavæða vegna þess að þeim sé illa við þjóðina, það er langt frá því. (**Gripið fram í:** Þjóðinni verður illa við þá ef þeir gera það ekki.) En þeir sjá enga aðra leið af því að þeir hafa tekið þessa trú og þeir enda jafnvel með því að gera allt annað en þeir vita að er rétt af því að þeir eru orðnir partur af þessum trúarbrögðum. Þeir berast með þessum straumi.

Hv. þm. telja sig t.d. vera mikla talsmenn dreifbýlisins og skrifa lofgreinar um ráðherrana sem flytja Landmælingar upp á Akranes. En hver er veruleikinn? Hvað eru þeir sjálfir að gera í nafni einkavæðingarinnar og hægri stefnunnar þar sem þeir eru orðnir eins og tugthúslimir, með leyfi forseta, og geta enga björg sér veitt? Hvað er að gerast t.d. í raf-magnseftirlitsmálum í landinu? Það er verið að flytja tuttugu starfstækifæri utan af landi til Reykjavíkur í nafni hægri stefnunnar og einkavæðingarinnar. Hvað er verið að gera í vinnumarkaðsmálum á Íslandi? Það er verið að leggja niður vinnumarkaðsskrifstofurnar út um allt land og flytja þær allar til Reykjavíkur. Hvað er að gerast í raforkumálum í landinu? Það er verið að fella niður og brjóta á bak aftur verðjöfnun á raforku í nafni samkeppninnar sælu, í nafni þess að þetta verði að ganga yfir til þess að Íslendingar verði eins og allir aðrir, eins og Evrópa, eins og markaðsöflin, eins og þetta lið allt. Þess vegna er það þannig, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson orðaði það fyrr í kvöld og hv. þm. Ragnar Arnalds, að hér er verið að koma á samkeppni á kostnað jafnréttis, samkeppni sem mun brjóta niður það kerfi sem hjálpar til við að tryggja að fólk lifir enn þá sæmilegu lífi í hinum dreifðustu byggðum landsins. Svo ætla þessir menn, herra forseti, að koma til þingsins og þjóðarinnar og þvo sér með einni og einni landmælingaskrifstofu á einu og einu Akranesi þegar búið er að húrra öllu liðinu hingað suður í nafni markaðshyggjunnar. En þessir menn eru eins og bundnir á höndum og fótum, þeir geta enga björg sér veitt af því að þeir hafa játað þessu markaðsgoði trú sína og þeir verða að gera eins og búið er að gera í öllum öðrum löndum.

Ég held, hæstv. forseti, að þessi frv. sem verið er að fjalla um, sem eru framhald á markaðsvæðingarfrv. Pósts og síma, staðfesti það sem ég hef verið að segja. Það kemur ákaflega vel fram í umræðunum líka, eins og t.d. í ræðu hv. þm. Ögmundar Jónassonar, hvernig hin félagslega atvinnusköpun á Íslandi er í dag. Hver er hún? Hún er eftirlitsiðnaðurinn. Það er ótrúlegt að sjá þetta fyrirbæri hér, Póst- og fjarskiptastofnunina. Það er ótrúlegt að lesa umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um Póst- og fjarskiptastofnunina sem kostar milljónatugi. Til hvers? Til að hafa eftirlit með frelsinu. Þannig er verið að setja upp hverja stofnunina á fætur annarri til að hafa eftirlit með frelsinu. En það á að láta frelsið hafa sinn gang. Það á að loka pósthúsunum hér og þar um landið. (**Samgrh.:** Það þarf að passa upp á frelsið.) Þetta var athyglisvert frammíkall. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt að það þarf nefnilega að passa upp á frelsið. Hæstv. samgrh. hefur fundið það út að til þess að þjóna flokki sínum með sem öruggustum hætti, þá sé best að láta hlutina líta þannig út að hann sé að einkavæða dálítið og selja eins og eina og eina skipaútgerð. Gera sig dýrðlegan og verður kannski þingmaður ársins einhvern tímann á vegum Heimdallar. (**Gripið fram í:** Því nær hann aldrei.) Nei, því nær hann sennilega aldrei sem eru meðmæli með þeim mæta manni, hæstv. samgrh. Hann verður örugglega aldrei þingmaður ársins á vegum Heimdallar. En hann vill þó hanga í þessum sólargeisla einhvers staðar. (Gripið fram í.) Hann áttar sig samt sem áður á því að þegar upp er staðið þá verður auðvitað að reyna að koma hlutunum þannig fyrir að um sé að ræða einhverjar reglur sem menn verði að lúta og líka t.d. verðjöfnun á þeirri þjónustu sem verið er að veita, eins og verið er að tala um í þessum frv. Samt sem áður finnst mér hann ekki sjá, frekar en margir aðrir stuðningsmenn stjórnarinnar, hlutina í eðlilegu samhengi. Markaðslögmálin eru að flytja þetta dót allt hingað á þéttbýlissvæðið, alla þessa þjónustu meira og minna. Og það dugir þessum mönnum ekki, hæstv. forseti, að þvo sér með landmælingaskrifstofum einu sinni á ári vegna þess að það er í hrópandi mótsögn við allt sem þeir eru að gera að öðru leyti.

Hvað varðar einstök atriði í frv., herra forseti, þá ætla ég að víkja að nokkrum og leggja fáeinar spurningar fyrir hæstv. samgrh. sem ég hef ekki heyrt svör við í dag. Það er fyrst 14. gr. frv. um póstþjónustu, 151. mál, þskj. 166. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Skylda til að bera út dagblöð, vikublöð og tímarit.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um að einkaréttarhafar annist póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita á Íslandi samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar póstsendingar af sömu þyngd, stærð og umfangi að öðru leyti. Samgönguráðherra skilgreinir nánar í reglugerð hvað teljist til dagblaða, vikublaða og tímarita samkvæmt þessari grein.

Póst- og fjarskiptastofnun ber að bæta einkaréttarhafa upp mismun á burðargjaldi samkvæmt gjaldskrá hans og því gjaldi sem samgönguráðherra mælir fyrir um skv. 1. mgr. fyrir sambærilegar sendingar."

Ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvernig hann skilgreini þessa grein. Hvaða fjármunir eru hér á ferðinni? Með hvaða hætti og í samráði við hvern ætlar hann að úrskurða hvað er dagblað og hvað er vikublað og hvað er tímarit og við hvað er stuðst í þessu efni? Ég segi alveg eins og er að ég sé ekki að neitt vit sé í því að láta ráðherra um það á hverjum tíma að sortera hluti af þessu tagi niður í smáatriðum og þess vegna spyr ég.

Ég vek líka athygli, hæstv. forseti, á fjöldamörgum greinum í þessu frv. sem lýsa alveg ótrúlegri smásmygli og minna á ekkert annað en reglugerðarframskóga Evrópusambandsins þar sem alltaf er verið að setja reglugerðir svo að segja um alla skapaða hluti, um allt milli himins og jarðar. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skemmti sér eina kvöldstund við að lesa upp greinar úr þessum frv. Um það má margt segja. Ég ætla ekki að fara út í það hér en ég ætla að lesa eina til fróðleiks. Það er 25. gr. sem heitir bréfakassar og bréfarifur:

„Húseigendum er skylt að hafa bréfarifur á útihurðum eða setja upp bréfakassa í eða við hús sín á eigin kostnað.

Samgönguráðherra setur nánari ákvæði þar um í reglugerð.“ Þetta satt að segja er alveg ótrúlegt skriffinnskusamfélag sem Sjálfstfl. er að innleiða í landinu. (**Samgrh.:** Það er forsenda fyrir því að hægt sé að nota bréfarifur að einhver nenni að skrifa.) Þetta var skörp ábending. En skyldi það endilega vera ritað mál sem fer í gegnum bréfarifur? Það er alls ekki víst, þetta gætu líka verið aðrir hlutir sem færu þar í gegn. En það er greinilegt að hæstv. samgrh. hefur þegar búið sig undir að setja mjög glögga reglugerð um bréfarifur og það sem fer inn í þær. Mér þætti vænt um ef hæstv. samgrh. vildi kannski útlista það nánar fyrir þingheimi á eftir.

Það úir og grúir af svona hlutum og ég spyr samgrh. og formann samgn.: Af hverju var þessu drasli, svona dóti ekki hent út úr frv.? Hvað er verið að hafa þetta hérna?

Síðan vík ég að IX. kafla frv. sem heitir Greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu. 30. gr. ber yfirskriftina Jöfnunargjald og þar segir svo í 6. mgr., með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í póstþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita þjónustuna, um útreikning rekstrartaps og um álagningu jöfnunargjalds á rekstrarleyfishafa.“

Þetta er næstsíðasta mgr. 30. gr. á bls. 7 í frv. og í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, spyr ég hæstv. samgrh. og formann hv. samgn.: Kom það aldrei til tals að hér væri um framsal á skattlagningarheimild að ræða frá Alþingi til framkvæmdarvaldshafans? Mér satt að segja sýnist að það sé þannig. Ég held að það sé verið að framselja skattlagningarvald, sem er óheimilt samkvæmt stjórnarskránni og samkvæmt dómum sem gengið hafa eins og menn þekkja, m.a. frægum dómi um kjarnfóðurgjald, sem hæstv. samgrh. kannast við. En ég sé ekki betur en verið sé að opna fyrir það að hæstv. samgrh. hafi allmikla möguleika til þess að ákveða þetta gjald tiltölulega rúmt og ég vil spyrja: Var það kannað sérstaklega í hv. samgn. eða í samgrn. hvort hér er um framsal á skattlagningarvaldi að ræða? Ég spyr beint þeirrar spurningar, hæstv. forseti.

Þá ætla ég næst að víkja aðeins að meginefni frv. og grg. Ég vil þakka fyrir þessa grg., herra forseti. Hún er uppfull af fróðleik. Þar er heilmikið um það hvernig þetta er í Evrópusambandslöndunum og heilmikið um þróun póstmála í Evrópu og þróun sögu póstþjónustu á Íslandi. Stendur m.a.: „Saga póstþjónustu á Íslandi er löng.“ Þetta er afskaplega athyglisvert og kemur mjög mikið á óvart, verð ég að segja. Þó mér hefði fundist það vera líkara hæstv. samgrh. að hafa hér söguþætti landpóstanna til skemmtunar í grg. heldur en þessar Evrópusambandssögur þá kann ég ágætlega að meta grg. En á bls. 14 í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta, undir kaflaheitinu Meginstefna frv. og helstu nýmæli:

„Fjölmörg nýmæli eru í frumvarpinu. Í fyrsta lagi má nefna að íslenska ríkið er skuldbundið til þess að tryggja landsmönnum reglulega póstþjónustu á sendingum sem taldar eru upp í 4. gr. frumvarpsins.“

Ég vil spyrja af þessu tilefni, hæstv. forseti: Hvað eru reglulegar póstsendingar? Hvað er regluleg póstþjónusta — hvað er það? Hversu tíðar póstsamgöngur eru það sem menn eru þarna að tala um? Og áfram segir:

„Í öðru lagi er tekin upp ný skilgreining á einkarétti ríkisins til póstmeðferðar nánar tilgreindra póstsendinga og er þar tekið mið af tilskipunartillögum Evrópusambandsins.“

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju gerir hann það? (**Samgrh.:** Nefndin hefur fallið frá þessu.) Hefur nefndin algjörlega fallið frá þessari viðmiðun? Og hefur það komið fram að svo sé? Og þessu ákvæði alveg sérstaklega? Þannig að ekki sé um að ræða beina tengingu, ef þær verða samþykktar, við tilskipunartillögur Evrópusambandsins? Ekki lengur? Það er þetta sem ég vildi spyrja um og þykir gott að hv. þm. og hæstv. ráðherra bregðast við í sal. Og áfram segir:

„Í þriðja lagi er í frv. gert ráð fyrir því að ríkið geti falið einum eða fleiri póstrekendum með sérstöku rekstrarleyfi að annast rekstur þeirrar póstþjónustu sem ríkið skuldbindur sig til að veita öllum landsmönnum.“ — Það er væntanlega alveg tryggt, spyr ég þá í framhaldi af þessu, að það sé hægt að setja verðjöfnunarkvaðir á þessa nýju aðila, póstrekendur, líka? Mér þætti vænt um ef hv. formaður samgn. gæti brugðist við þessari spurningu líka vegna þess að hún skiptir miklu máli.

Virðulegi forseti ég hef farið nokkuð almennt yfir pólitískan bakgrunn þessara mála. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að menn séu að rasa um ráð fram í þessu einkavæðingaræv-intýri. Að menn hefðu frekar átt að spyrja fyrst hvað er hægt að gera til þess að tryggja að þjónustan haldist jafngóð og verið hefur frekar en að ákveða endilega að breyta hlutunum í grundvallaratriðum eins og hér er stefnt að. Ég þykist einnig hafa sýnt fram á það að fyrir þessari kerfisbreytingu séu engin önnur rök en pólitísk trúarbragðarök hægri stefnunnar. Engin efnisleg rök — engin. Eða hver eru þau? Hver eru hin efnislegu rök fyrir þessari breytingu á Pósti og síma? Fyrir fólkið í landinu? Ég er þá ekki aðeins að tala um dreifbýlið sem ég nefni enn sérstaklega, ég er líka t.d. að tala um Reykjavík þar sem þegar er farið að loka póstútibúum með skírskotun til þess að fyrirtækið sé að fara út úr því eignarformi sem verið hefur. Hver eru hin efnislegu rök? Hver er þörfin sem æpir á það að þessu fyrirtæki verði breytt. Ég þykist hafa sýnt fram á það í mínu máli að þessi þörf er ekki til. Það liggur ekkert fyrir í rökum um hana.

Loks hef ég, hæstv. forseti, spurt hæstv. samgrh. og hv. formann samgn. nokkurra spurninga og vænti þess að þeir svari þeim svo skýrt sem verða má á þessum kvöldfundi.

[23:09]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að svara nokkrum þeim spurningum sem hv. 8. þm. Reykv. beindi til mín. Það er í fyrsta lagi varðandi jöfnunargjaldið og sú spurning hvort þar væri verið að framselja skattlagningarvald. Svo er alls ekki. Ef við skoðum frumvarpsgreinina þá er gert ráð fyrir því í 3. mgr. að jöfnunargjaldið samkvæmt þessum lögum skuli ákveðið árlega í upphafi hvers árs, í fyrsta skipti 1. janúar 1998. Ef menn síðan skoða þær brtt. sem liggja fyrir frá meiri hluta samgn. er einmitt gert ráð fyrir því varðandi

fjarskiptalögin að nákvæmlega sams konar ákvæði sé þar inni. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að þetta skuli ákveðið árlega, í upphafi hvers árs. (**Gripið fram í:** Af ráðherra?) Af fagráðherra, já. Ég tel að þar með sé fyrir því séð að það sé ekki verið að afhenda þetta vald.

Í öðru lagi var spurningin um einkaréttinn. Það kom fram í frammíkalli okkar hæstv. samgrh. að meiri hluti samgn. hefði þegar lagt til að það yrði hætt við að útvíkka einkaréttinn eins og gert var ráð fyrir í þessu frv. og þeim málum verður komið fyrir með mjög sambærilegum hætti og er núna í gildandi lögum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í frv. að póstrekendur sem annast póstmeðferð tiltekinna blaða og tímarita, eins og segir í 14. gr., skuli fá uppbættan kostnað við það að dreifa þessum blöðum og það sé gert af Póst- og fjarskiptastofnun.

Að lokum, vegna þess að hv. þm. nefndi 25. gr. um bréfarifurnar, vil ég einungis geta þess að hér er um að ræða ákvæði allt frá árinu 1986 hið minnsta og ég held að ég verði að beina spurningunni til hv. þm. Svavars Gestssonar sem sat á þingi þann tíma og hefur væntanlega komið að málinu með einhverjum hætti. En það var engin sérstök ástæða talin til að breyta þessu. Þetta er gamalt ákvæði, eins og ég segi, og í athugasemdum var ekki sérstaklega fundið að þessu máli.

[23:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það engin rök að þetta hafi verið í lögum 1986. Aftur á móti hefði það verið í lögum 1886 þá hefði mér fundist það rök að halda því áfram. Ég satt að segja skil ekki af hverju menn hafa ekki hreinsað svona drasl út úr frv. úr því menn voru á annað borð að setja ný lög. Það er dálítið skrýtið, satt að segja, að það er alltaf verið að setja lög sem breyta kannski einstökum greinum en svo er annað látið halda sér og vera alveg óbreytt. Besta dæmið um það er þessi starfsmannabandormur þar sem greinilegt er að það á að láta standa alveg ótrúlega vitlaus ákvæði þó verið sé að krukka í viðkomandi lög.

En þetta er nú ekki aðalatriðið, hæstv. forseti, heldur hitt að ég gat því miður ekki látið sannfærast af ágætri ábendingu hv. þm. varðandi framsal á skattlagningarvaldi. Hér stendur, með leyfi forseta, efst á bls. 7, sem hv. þm. las upp: „Jöfnunargjaldið samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega í upphafi hvers árs, í fyrsta skipti 1. janúar 1998.“ Þetta segir mér ekki neitt. Það er talað um að þetta gjald eigi að setja á hverju ári með reglugerð sem hæstv. ráðherra setur miðað við tiltekin viðmið sem eru tilgreind en þau eru rúm. Þess vegna finnst mér að það verði að fá skýrari svör um það hvernig menn rökstyðja að þetta sé ekki framsal á skattlagningarvaldi. Mér sýnist þetta vera framsal á skattlagningarvaldi og ég mundi í sporum meiri hlutans, til þess að leita af mér allan vafa í máli af þessu tagi, kanna það hvort Lagastofnun Háskólans eða einhver vildi fjalla um mál af þessum toga milli 2. og 3. umr. Því það má auðvitað ekki koma til þess, af því þetta er mikilvægur tekjustofn, að hann verði felldur á því að hann stangist á við grundvallaratriði stjórnskipunar landsins.

[23:14]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rétt ábending að það er munur á þessu ákvæði og ákvæðinu í brtt. meiri hlutans varðandi fjarskiptalagafrv. Í brtt. meiri hlutans varðandi fjarskiptalagafrv. er talað um að ákveða árlega með lögum. Ég tel alveg sjálfsagt að verða við þeirri beiðni að skoða þetta mál sérstaklega vegna þess að það var ekkert sérstaklega skoðað í meðferð hv. samgn. Alþingis. Hitt var skoðað betur varðandi fjarskiptamálin og við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri skynsamlegra að hafa þetta með þessum hætti. Ég tek því ekki illa að við endurskoðum það þó ég fyrir fram ætli ekkert gefa mér að við séum með þessu að framselja skattlagningarvaldið.

[23:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fyrir hans viðbragð sem var drengilegt, eins og hans var von og vísa, því hér er dálítið öðruvísi orðum um þetta farið en í fjarskiptalagabrtt., en ég bendi þó á það, mönnum til frekari umhugsunar, að það er kannski dálítið brotamikið að ákveða þetta gjald árlega með lögum. Spurningin er þess vegna sú hvort menn verði ekki að reyna að orða mjög nákvæmlega á hvaða forsendum jöfnunargjaldsákvörðunin byggist, nákvæmar en gert er í 30. gr. eins og hún lítur út hér.

[23:15]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 48. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 405; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 406.

[23:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef hugsað mér að leggja lítillega orð í belg um þennan frumvarpabunka sem tengist fjarskiptamálum, Pósti og síma, póstþjónustunni og fjarskiptalöggjöfinni. Það hefur víst orðið sá hátturinn á að ræða þetta allt í belg og biðu, ef ég hef tekið rétt eftir, virðulegur forseti. Það er kannski þar af leiðandi ekki hægt um vik eða ástæða til að fara djúpt ofan í efni einstakra greina í einstökum frv. af þessum þremur þar sem talsvert er liðið á umræðuna. En nokkur meginatriði í málinu vildi ég staldra við. Auðvitað er sú umræða ekki að öllu leyti ókunnug mönnum því að breytingarnar á Pósti og síma og breytingarnar í fjarskiptamálum og póstmálum hafa verið hér til umræðu áður, í öðru samhengi að vísu.

Ég vil gjarnan byrja, eins og ég hef stundum áður gert, á því að varpa fram þeirri spurningu hvers vegna Póstur og sími mátti ekki vera í friði. Af hverju er ekki hægt að láta það sem hefur gefist vel og þjónað sínu hlutverki vel vera í friði? Þurfa menn ekki að leggja svolítið á sig við að rökstyðja breytingar þegar verið er að kasta fyrir róða fyrirkomulagi sem sannarlega hefur gefið mjög góða raun? Er það svo að einhverjir meginstraumar í breytingum sem menn telja að séu uppi aðallega utan úr heimi eða eingöngu, vegi svo þungt og séu réttthærri en önnur rök í málum að menn verði að láta undan þeim? Af því bara, af því að það sé verið að gera þetta eða hitt einhvers staðar annars staðar, þá verði Íslendingar að gjöra svo vel og gera slíkt hið sama. Ég velti því svolítið fyrir mér hvernig við stæðum í dag ef menn hefðu alltaf og á öllum tímum hugsað svona á Íslandi. Ef menn hefðu aldrei þorað að taka íslenska hagsmuni og íslenskar séraðstæður fram yfir annað og segja: Hvað sem öðru líður þá ætlum við að gera þetta eða hafa hitt svona. Við þorðum t.d. á sínum tíma að færa út landhelgina þótt það væri alveg þvert á það sem þá var verið að reyna að festa í sessi og öll helstu stórveldi í okkar heimshluta væru á móti. Þá vorum við ekki að hirða upp einhverja línu frá Bretlandi,

Þýskalandi eða Brussel eða einhvers staðar annars staðar frá. Ég spyr mig t.d. hvort ekki séu næg rök í sérislenskum aðstæðum hvað varðar landfræðilegar aðstæður, fámenni þjóðarinnar, strjálbýlið í landinu, til þess að þora a.m.k. að hugsa þá hugsun til enda að það geti hentað Íslendingum að hafa að einhverju leyti annað skipulag í þessu heldur en milljónaþjóðirnar á meginlandinu. Ætli það sé ekki þannig að það sé og verði lengi vel dálítið annað að reka fjarskipti á Íslandi, t.d. á Vestfjarðakjálkanum, en að reka símann í Bonn, Berlín eða London? En það hefur ekki komist mikið inn í umræðuna að það geti átt rétt á sér að við Íslendingar þorum að hafa okkar eigið skipulag í þessum efnum. Það eru færð fram sem rök, sem ekki þurfi að ræða frekar að þetta sé að breytast annars staðar. Það er vissulega rétt að víðast hvar er þetta að breytast á ýmsan hátt. Það eru að koma hér alls konar fínar tilskipanir o.s.frv. En jafnvel það er ekki þar með sjálfkrafa röksemd fyrir því að breyta hlutunum, a.m.k. ekki svona. Mér vitanlega hefur ekki verið farið yfir hvaða ráðstafanir hefðu nægt af okkar hálfu til að uppfylla að lágmarki þær samningsskuldbindingar sem menn telja að verði að gera varðandi aukna samkeppni á þessum sviðum. Ég hef hvergi séð það sannað að óhjákvæmilegt hafi verið að breyta Pósti og síma í hlutafélag til að uppfylla fjárskiptaákvæði EES-samningsins eða viðaukana sem þar eru að koma til sögunnar. Ég hef hvergi séð það. Einkaréttinn hefði sjálfsagt orðið að afnema og skilgreina samkeppnisforsendur sem fengjust staðist. Það er ekki þar með sagt t.d. að það þurfi að gera þær breytingar á Pósti og síma og stöðu þess fyrirtækis sem hefur verið ákveðið að gera. Ég held að menn séu þar líka að hluta til að þjóna pólitískri lund sinni. Ég held að það sé nefnilega þannig. Það hefur enginn sýnt fram á t.d. að Póstur og sími eða sambærilegt fyrirtæki sem sjálfstætt óháð ríkisfyrirtæki, ekki hreint ríkisfyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð eigandans á bak við sig, eins og það er í dag, heldur sjálfstætt ríkisfyrirtæki með eigin fjárhag, með stöðu hliðstæða t.d. því sem Landsvirkjun hefur eða stöðu hliðstæða því sem sjálfseignarstofnanir hafa, hefði ekki getað eftir sem áður starfað á þeim vettvangi.

Herra forseti. Ég tel það hafa verið einkennandi í þessu máli að menn hafa ekki haft fyrir því að rökstyðja almennilega nauðsyn þeirra breytinga sem verið er að leggja til og þá hvers vegna nákvæmlega þær. Hvers vegna breyta þessu nákvæmlega svona? Þá er ástæða til að fara aðeins yfir það hvernig Póstur og sími hefur staðið að málum, hvaða árangri starfsemi þeirrar stofnunar hefur skilað fyrir Ísland á umliðnum árum og áratugum. Ég ætla þó ekki alveg aftur til þess tíma þegar síminn tók land á Seyðisfirði heldur láta nægja síðustu 10–20 árin. Á þeim tíma hefur eins og kunnugt er margt verið að gerast og mikið að breytast í fjarskiptamálum almennt. Á ég þá ekki aðallega við þessi rekstrarlegu eða stofnanalegu mál heldur tæknina og hvernig henni hefur fleygt fram og nýir möguleikar opnast.

Herra forseti. Eins og kunnugt er búa um 270 þús. hræður í landinu sem er 103 þús. km² ef mig misminnir ekki og það mundu vera um 39 þús. fermílur ef mönnum er tamara að taka þá viðmiðun. Það gæti verið að breskmenntaðir menn væru vanari að mæla flatarmál í fermílum. Þá hafa þeir það, að Ísland er 39 þús. fermílur. Á þessum bletti búa 270 þús. manns tæplega. Þar af búa næstum 60% á einu landshorni og afgangurinn á því sem eftir er af landinu. Samt hefur þessari fámennu þjóð tekist í gegnum þessa stofnun sem hún hefur átt saman, Póst og síma, að byggja upp að mörgu leyti einhverjar nútímalegustu og bestu fjarskiptasamgöngur, ef svo má að orði komast, sem þekkjast í heiminum. Það sem meira er: Þær eru með því ódýrasta sem gerist í heiminum. Er það þá ekki nokkuð til að gleðjast yfir, herra forseti, að við skulum geta stært okkur af því og notið þess að staðan skuli vera svona? Við urðum t.d. fyrstir þjóða til að gera símkerfið algjörlega stafrænt. Ég held ég megi fullyrða að önnur þjóð hafi ekki náð að vera fyrr á ferðinni með þá hluti. Við vorum í allra fremstu röð og auðvitað þarf ekki að fara yfir það fyrir alþingismenn sem eru tæknilega sinnaðir og vel að sér yfirleitt um þau mál hversu miklu það breytir þegar kerfið er orðið að fullu og öllu leyti stafrænt. Þá nýtast mönnum allir þeir miklu möguleikar sem þar með opnast í símkerfinu að nota það á fjölþætta vegu fyrir alls konar tæki og tól sem byggja á stafrænni tækni, fyrir skilaboð og annað slíkt. Þessu náðum við sem sagt fyrstir þjóða, stafrænu símkerfi í öllu landinu.

Við vorum í fremstu röð að byggja upp farsímakerfið sem tók í grófum dráttum til alls landsins. Við slógum reyndar næstum því heimsmet í leiðinni í farsímaeign. En það hefur gjarnan fylgt okkur að vera nýjungagjarnir og kaupglaðir, Íslendingar, þegar slíkt er í boði allt frá fótanuddtækjum upp í farsíma. Við höfum hringtengt landið með ljósleiðurum, við höfum hafið breiðbandavæðingu í mörgum þéttbýlisstöðum og á Íslandi hefur verið lagður grunnur að fleiri tækninýjungum nokkurn veginn samtímis því sem þær eru að koma til sögunnar í heiminum. Við höfum átt það öfluga stofnun sem hefur haft það góðan rekstur og sterkan fjárhag að eiga sitt fjarskiptakerfi og dreifikerfi og póstþjónustukerfi skuldlaust. Ég held að ég megi fullyrða að svo sé enn í dag að Póstur og sími eigi sínar fjárfestingar skuldlausar nema vera kynni að lítils háttar lán hafi verið tekin vegna eignarhluta Pósts og síma í alþjóðlegum fyrirtækjum um lagningu sæstrengs. (Gripið fram í.) Ekki man ég það nákvæmlega en ég get út af fyrir sig aflað þeirra upplýsinga fyrir hv. þm. Þær skipta vissulega máli í þessu samhengi. Það sem meira er, herra forseti, Pósti og síma hefur verið gert hin seinni ár með batnandi afkomu fyrirtækisins, og ég viðurkenni alveg að fyrir því hafa verið nokkur rök, að greiða umtalsverðar og myndarlegar fjárhæðir í ríkissjóð og menn geta sagt að það samsvari arði sem fyrirtækið sé þarna að greiða í formi hagnaðar inn í ríkissjóð upp á hátt í 1 milljarð kr. nú um nokkurt árabil. En auk þess hefur Póstur og sími getað fjármagnað með tekjum sínum fjárfestingar í nýjungum í fjarskiptakerfinu svo nemur svipuðum upphæðum og jafnvel rúmlega það. Með öðrum orðum, fjármunamyndunin út úr rekstri Pósts og síma hefur verið í kringum 2 milljarðar kr. eða jafnvel rúmlega það undanfarin ár. Það er ekki lítið. Þess vegna spyr ég einu sinni enn, herra forseti: Af hverju má ekki slíkt fyrirkomulag vera í friði? Af hverju er það ekki pólitískt markmið og keppikefli allra hugsandi manna að verja það eins og kostur er, að við getum haldið áfram að byggja upp og þróa nútímaleg fjarskipti og póstsamgöngur í gegnum eina sterka einingu sem við eigum og ráðum sjálfir af þessu tagi? Mér finnst dapurlegt að einhverjar erlendar kreddur og trúarbrögð utan að skuli blinda mönnum sýn og bera rökhugsun manna þannig ofurliði, að þeir láti glepjast af slíku í staðinn fyrir að horfa á hina raunverulegu stöðu málsins.

Það er alveg morgunljóst að aðstæður á Íslandi eru þannig að allt þetta samkeppnishjal t.d. í símaþjónustu er meira og minna bull. Það er meira og minna bull vegna þess að að-

stæður í landinu bjóða ekki upp á það nema þá hugsanlega að einhverju leyti á einum bletti, suðvesturhorni landsins. Það þarf enginn maður að segja mér að nokkur einkaaðili leggi á næstu árum í að byggja upp sambærilegt fjarskiptakerfi eða grunnnet sambærilegt að gæðum og Póstur og sími á í dag til að halda uppi fullri samkeppni á öllum sviðum um land allt. Það þarf enginn að segja mér að það verði gert. Það mundi taka í hjá miklu stærri aðilum heldur en til eru á Íslandi að snara út um 20 milljörðum kr. eða hvað við eigum að giska á að gæti orðið endurstofnverð fjárfestinga sem til þess þyrfti. Það gæti tekið nokkurn tíma að ná þeim arði úr úr slíkum fjárfestingum svo einhver glóra væri í því.

Hitt er alveg augljóst mál, og það er aðalhættan í þessu máli, að einkaaðilar, að aðrir aðilar gætu séð sér hag í því að bjóða upp á tiltekna afmarkaða þjónustu á tilteknum afmörkuðum svæðum í landinu með það að markmiði að fleyta þar rjómann af en skilja aðra eftir með undanrennuna. Þannig yrði sá samyrkjubúskapur, ef til hans kæmi, að einkaaðilarnir mundu þá fyrst og fremst hugsa sér slíkt.

Herra forseti. Það er fróðlegt í þessu sambandi að bera aðeins saman reynslu annarra þjóða af einkavæðingu á starfsemi af þessu tagi við það sem hér gæti orðið í vændum. Það er dálítið merkilegt að svo sterk hefur frjálshyggjukreddan og trúarbrögðin í sambandi við einkavæðinguna verið að það hefur nánast aldrei tekist að ná upp neinum umræðum um afleiðingar einkavæðingarinnar þar sem þær hafa orðið verstar. Menn gáfu sér það fyrir fram að þetta væri hin 100% eina rétta skoðun og hafa aldrei fengist til að ræða það neitt meira. Nú blasir það þó við, t.d. í Bretlandi sem er aldeilis búið að finna fyrir þessum hlutum, að reynslan af einkavæðingu á tilteknum sviðum er skelfileg. Hún er ekki alls staðar þannig. Sums staðar má segja að hún hafi verið góð. Sums staðar hafa kannski þeir sem vöruðu við og voru hræddir við þetta sem betur fer haft rangt fyrir sér og það hafi tekist skaplega að færa starfsemi frá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, yfir til einkaaðila og ekki ástæða til annars en viðurkenna það þá. En reynslan er sums staðar annars staðar svo sannarlega skelfileg, svo sannarlega slæm. Yfirleitt er það niðurstaðan hjá þeim sem hafa lagt í það einhverja vinnu að skoða þetta að einkavæðingin hafi nánast undantekningarlaust leitt til ófarnaðar þar sem í hlut á starfsemi sem annaðhvort beint eða í eðli sínu er fákeppnis- eða einokunarstarfsemi. Það er niðurstaðan og það er svo sem ekkert flókið að skilja hvers vegna það hefur farið þannig, hvers vegna reynslan t.d. af einkavæðingu veitufyrirtækjanna í Bretlandi var jafnhörmuleg og raun ber vitni. Það er ekki flóknara en það, herra forseti, að ef einn maður á vatnslögnina heim í húsið þitt og hann fær síðan einn aðstöðu til þess að selja þér vatn, þá er hann í prýðisaðstöðu til að hafa gott upp úr því því hann skrúfar fyrir vatnið ef þú borgar ekki það sem hann vill fá. Það er málið í hnotskurn.

Samkeppni er tómt mál. Hún er út í loftið gagnvart aðstæðum sem þannig eru og þannig liggja og fjarskiptin eru að þó nokkru leyti af þessum sama toga, a.m.k. þar sem aðstæður eru þannig og uppbyggingunni háttar þannig til að eingöngu einn aðili hefur möguleika á því að veita fullkomna þjónustu. Það er bara einn aðili sem á vatnslögnina, í þessu tilviki grunnnetið.

Það er líka fleira sem þarf að hugsa í þessum efnum ef út í samkeppnina kemur á annað borð, herra forseti, og það er hverjir eru líklegir til að koma inn í þá mynd. Það eru fyrst og fremst örfáir risastórir aðilar í heiminum sem hafa verið að leggja hann að fótum sér og kaupa sig inn í símfyrirtæki í þeim löndum sem hafa opnað þau upp og einkavætt þau. Það eru stóru amerísku risafyrirtækin og það eru einn til tveir aðilar á meginlandi Evrópu. Einhverjir peningar kunna að hafa komið í þetta líka, a.m.k. í Asíu frá Japan, en fyrst og fremst eru þetta stóru amerísku símafyrirtækin, risastór, og fjársterkir ameríkskir auðhringar sem hafa lengi grætt á því furðulega fjarskiptakerfi og símkerfi sem Ameríkumenn hafa rekið með glæsilegum árangri eins og kunnugt er og er gaman fyrir menn að prufa að hringja í síma í Bandaríkjunum t.d. á sumum flugvöllum þar sem þjónustan er hvað glæsilegust og þurfa að rata á réttan aðila til þess að eiga von til þess að ná til tiltekinna borga o.s.frv.

Nýsjálendingar urðu fyrir þeim hamförum sem alkunnugt er að 1984 komst þar til valda svokölluð verkamannastjórn sem í raun og veru var ósvikin og hreinræktuð frjálshyggjustjórn sem nánast framdi valdarán í landinu í tvöföldum skilningi. Hún rændi völdunum í nýsjálenska verkamannaflokknum og landsstjórninni í leiðinni. Eitt af mörgu sem þar var gert var að einkavæða símann. Það leiddi síðan til þess á skömmum tíma að eignarhaldið fluttist úr landi, að gjaldskrárnar hafa rokhækkað og hin einkavæddu fyrirtæki hafa orðið að skila nýjum eigendum arði, uppfylla mjög háar arðsemiskröfur og sá arður hefur að langstærstum hluta runnið úr landi. Reynslan af þessari einkavæðingu var svo slæm eftir fyrstu fjögur til sex árin að Ástralir frestuðu því að einkavæða símann hjá sér einfaldlega vegna þess að reynsla nágrannanna var svo slæm, hún var svo hroðaleg. Það var alveg sama hvar borið var niður, þjónustan hafði versnað og orðið mikið dýrari. Nánast allri þjónustu á vegum símans í minni byggðarlögum og minni þéttbýliskjörnum var lokað, t.d. til sveita í Nýja-Sjálandi sem er mikið landbúnaðarland eins og kunnugt er og byggðin byggir mikið á litlum þjónustukjörnum í sveitahéruðum Nýja-Sjálands. Þar var öllu meira og minna lokað og kerfið er þannig að menn sitja þar uppi með draugabæi í stórum stíl. Það er eins og að keyra í gegnum yfirgefna gullgrafarabæi að fara þar um sveitir nú um stundir er mér sagt. Það er nokkuð um liðið síðan ég hef verið þar á ferð en stendur til bóta. En þannig er það. Þar sem áður voru pósthús, sími, bankar og annað slíkt, er allt lokað og læst og menn þurfa að keyra hundruð kílómetra til þess að komast í þjónustu af þessu tagi eða komast í viðskipti við banka. Síðan er kerfið þannig að þú getur ekki fengið greiddan út ellilífeyri nema hann sé borgaður inn á bankabók og það er búið að loka bankanum í þínu byggðarlagi þannig að þú verður að keyra, eða hjóla eða ganga eða hvernig sem þú berð þig að, kannski hundruð kílómetra til þess að ná aurunum út, því litla sem eftir er af þeim. Það er niðurstaðan í frjálshyggjunni þar.

Þó að við förum ekki í úttekt á því, herra forseti, að svo stöddu nema að þessu leyti sem snýr að símanum, þá er alveg nóg til þess að staldra aðeins við. Það er eins og mig minni, herra forseti, að einhverjir menn hafi farið á vegum Alþingis til Noregs til þess að skoða hvernig Norðmenn hyggist breyta símanum hjá sér, gott ef bara ekki mestöll eða öll samgöngunefnd þingsins. Ég verð að segja alveg eins og er, þó að það þyki kannski ábyrgðarleysi að hvetja til slíkra langferðalaga, að ég held að það ætti að senda þá til Nýja-Sjálands og láta þá læra svolítið af ósköpunum sem þar urðu. (**GÁ:** Heyr.) Það getur vel verið að ýmsa langi þá til fararinnar, herra forseti, og erfiðara verði að velja í hópinn en þegar farið var í Noregsferðina. En að öllu gamni slepptu þá held ég að þessi

Noregsferð hafi verið hálfmislukkuð því að á þeim tíma voru Norðmenn helst á því að þeir mundu reyna að verja sinn síma án þess að breyta honum í hlutafélag og ætluðu sér að fara í eins konar sjálfseignarstofnunarfyrirkomulag en gáfust síðan upp á því. Þeir létu undan. Þeir voru það hallir undir frjálshyggjuna, enda eru þeir með svona hægri krataflokk þar við völd því miður, einn af þessum sem hefur tekið sýkina að allt of miklu leyti sem nánast lagði nýsjálenska verkamannaflokkinn í gröfina, þ.e. trúnað á þessi ósköp. Þeir gáfu eftir og enduðu víst með því að breyta símanum þar í hlutafélag. En vilji menn virkilega sjá víti til varnaðar, þá gætu þeir t.d. farið til þessa ágæta lands sem heitir á máli frumbyggja langa hvíta skýið.

Herra forseti. Ég vil svo gera hér að umtalsefni aðeins einn þátt í þessu máli og hann varðar spurninguna um þær reglur, þau skilyrði sem lögð verði á þá aðila sem hyggjast þá fara að veita þjónustu á þessu sviði þegar og ef það verður opnað upp fyrir svokallaðri samkeppni. Verði þau ósköp yfir menn að koma, þá skiptir náttúrlega alveg úrslitamáli hvernig leikreglur verða þá lagðar til grundvallar þeirri starfsemi. Það er alfa og omega þessa máls sem hér er til umræðu og þá er spurningin um það hvernig þau ákvæði sem hér er verið að leggja til um svonefnda alþjónustu í fjarskiptunum verða skilgreind og hvernig þau verða útfærð. Þar kemur inn á hluti eins og gjaldskrármál, eins og jafnræði landsmanna gagnvart slíkri þjónustu o.s.frv.

Ég viðurkenni að það örlar hér á þó nokkurri viðleitni til að reyna að ganga þannig frá þessum málum að við fáum ekki verstu útgáfuna strax, ég viðurkenni það, í þessum tilburðum til þess að reyna að skilgreina eitthvað sem heitir alþjónusta eða hvað það nú er og að setja kvaðir um að hver og einn þjónustuaðili skuli þá bjóða sína þjónustu á sama verði, t.d. um allt land, innan tiltekinna tímamarka. En spurningin er þá: Hvers konar þjónustu og heldur þetta, herra forseti.?

Sá sem hér stendur sat á sínum tíma og situr reyndar enn í efh.- og viðskn. Alþingis og kom að því að ganga frá frv. til samkeppnislaga sem mikil vinna var lögð í á sínum tíma af hálfu Alþingis. Það var til meðferðar tvo vetur í röð og tók miklum breytingum vegna mikillar vinnu í þinginu. Ég hef oft hugsað um það síðan, herra forseti, hvort við höfum kannski að einhverju leyti misskilið eða feilreiknað okkur þegar við vorum að ganga frá þeirri lagasetningu og ég held að það hafi aldrei verið farið almennilega yfir það á þingi hvort framkvæmdin og túlkun þessara laga hafi síðan í reynd orðið sú sem fyrir mönnum vakti að öllu leyti. Ég er ekki viss um það og ég segi þetta vegna þess að mig hafa stundum undrað niðurstöður og úrskurðir hinnar ágætu Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs. Mér hefur stundum fundist að menn hafi orðið þar svo kaþólskir í þessum samkeppnismálum að það hafi borið menn ofurliði og það komi jafnvel beinlínis niður á almannahag að alræði samkeppninnar og markaðarins skuli í öllum tilvikum vera algert. Það er ekki í mínum skilningi andi samkeppnislaganna að svo sé. Andi samkeppnislaganna er fyrst og fremst að tryggja almannahag gagnvart þeirri starfsemi sem fellur undir lögin og það þýðir ekki endilega að alltaf og í öllum tilvikum skuli samkeppni og markaður ráða. Það þýðir nefnilega ekki það.

Lögin segja: Þar sem forsendur eru fyrir hendi, þar sem samkeppnin er besta tækið til að tryggja verðið og gæði þjónustunnar, þar skal hún ráða, það er rétt. En það er bara ekki alls staðar. Þess vegna spyr ég mig að því þegar Samkeppnisstofnun kemst að niðurstöðu eins og þeirri sem hún hefur sent virðulegri nefnd þingsins, þegar í hlut á starfsemi sem enn er einokunarbundin og sem í eðli sínu hlýtur að verða fákeppnisstarfsemi langt inn í framtíðina, eru menn þá ekki á villigötum að beita þröngri túlkun upphafsákvæða samkeppnislaganna gagnvart slíku ástandi? Ég segi: Jú. Vegna þess að það er að mínu mati þannig að það er langt í land að hægt sé að sýna fram á að einhver raunveruleg samkeppni verði til staðar á þessum sviðum. Og þó að hér komi annað farsímakerfi eða GSM-kerfi, herra forseti, á næstu árum hugsanlega, og þau verði tvö, er þá að mati Samkeppnisstofnunar orðin fullnægjandi samkeppni? Telja menn það? Hvað heitir það á erlendum málum? Nei, það er fákeppni. Það er næsti bær við einokun. Það er það sem Jónas Kristjánsson kallar í leiðurum Dagblaðsins fáokun til þess að tengja það við hugtakið einokun. (**Gripið fram í:** Tryggingar og olíumarkað.) Og ætli það sé nú ekki alveg rétt, herra forseti, eins og hér er bent á í vinsamlegu frammíkalli að íslenski viðskiptaheimurinn er meira og minna undirlagður af svona fákeppni, fáokun, á sviði tryggingastarfsemi, bankastarfsemi, olíudreifingar o.s.frv. En samt eru menn nú svo heilagir í þessum efnum að þeir láta eins og þeir séu hér staddir í fullkomnu samkeppnisumhverfi og verði það kannski innan tíðar einnig í fjarskiptum. Ég held að þetta sé misskilningur, óraunsæi og draumórar.

Með því er ég ekki að segja að það geti ekki verið fullkomlega réttmætt hjá Samkeppnisstofnun að koma með ábendingar, t.d. gagnvart því hvernig gengið er frá orðalagi um þessa alþjónustu og mér sýnist í sjálfu sér að brtt. meiri hluta á þskj. 373 horfi til bóta í þeim efnum, þ.e. að rétt sé að taka af öll tvímæli um það að þegar talað er um sömu gjaldskrá alls staðar á landinu þá sé rétt að gera það skýrt að átt er við sömu gjaldskrá hjá hverjum og einum rekstraraðila. Þá er að sjálfsögðu ekki verið að banna mönnum að hafa mismunandi verð. Það er eingöngu sagt: „Þeir skulu bjóða þjónustuna til allra á sama verði, öllum á sama verði.“ Það er annar hlutur. Það er alls ekki verið að segja að einhverjir framtíðarsamkeppnisaðilar Pósts og síma eða Póst- og fjarskiptastofnunarinnar sem þetta á að heita samkvæmt lögunum, geti boðið þjónustu sína á öðru verði eða að mismunandi rekstraraðilar geti boðið þjónustu sína á mismunandi verði, Póstur og sími hf. eða hvað það nú er og svo einhverjir aðrir.

Það sem ég hef aðallega áhyggjur af er að tryggt verði að þetta haldi, að ekki verði lúffað með þetta skilyrði og að skilgreiningin á þjónustunni verði fullnægjandi. Og af hverju er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu? Það er vegna þess að það eru þegar í gangi í dag tilraunir til að brjóta sömu hluti niður. Ég minni þar t.d. á útboð núna um annað GSM-kerfi. Hver er umræðan í kringum það útboð? Jú, það eru komnir fram aðilar sem nöldra yfir því að það sé verið að gera of stífar kröfur. Það eru auðvitað komnir af stað aðilar sem vilja fá að bjóða upp á þessa þjónustu eingöngu á suðvesturhorni landsins. (Gripið fram í.) Við getum rætt um það hv. þm. en hvað þá með alþjónustuna? Hvert er hún þá komin? Nú var ekki gengið lengra í þessum útboðsskilmálum, ef ég hef tekið rétt eftir, heldur en að segja að þessa þjónustu ætti að veita um allt land og í öllum byggðarlögum þar sem væru þúsund íbúar eða fleiri. Með öðrum orðum var opnað fyrir það að þetta farsíma- eða GSM-kerfi nr. 2 yrði verulega götótt strax frá byrjun. En því una menn ekki, því mótmæla menn. Og inn í hvaða framtíð teiknar það annað en það að við verðum að búast við því þegar við afgreiðum þessa hluti

að það verði í gangi tilraunir til að brjóta þetta niður strax frá byrjun. Það verði í gangi tilraunir af hálfu aðila sem hafa til að mynda engan áhuga á því að bjóða upp á einhverja alþjónustu á fjarskiptasviðinu á Vestfjörðum, ætla ekkert að vera að púkka upp á Árneshrepp á Ströndum eða annað því um líkt. Þannig að menn skulu ekki láta sér detta annað í hug heldur en það að svona verður þetta og við því verða menn að vera búnir. Þess vegna skiptir miklu máli að hér sé reynt að ganga þannig frá hlutunum að þeir leki ekki í stórum stíl, herra forseti.

Ég er þess vegna, herra forseti, algjörlega sammála því sem hér kemur fram í áliti minni hlutans í nefndarálitum við þessi frumvörp að það er ótímabært að afgreiða þessi mál nú. Þau mundu bíða sér til mikilla bóta fram yfir nýárið og til frekari umfjöllunar á þingi eftir áramót. Það er alls engin tímanauð sem rekur til þess að afgreiða þetta nú, ekki nokkur, og það væri full ástæða til að vanda betur frágang ýmissa hluta hér, bæði tæknilega en líka pólitískt.

Ég segi þetta líka vegna þess, herra forseti, að ég er svo ótrúlega mikill bjartsýnismaður þrátt fyrir allt, og ekki síst svona þegar klukkan er að nálgast miðnætti og hillir undir nýjan dag í lífi okkar allra, að ég trúi því að þetta einkavæðingarfár, þessi mikla sefasýki sem hefur tröllriðið Vesturlöndum um nokkurt árabil, sé nú að lenda á undanhaldi og það sé einungis tímaspursmál hvenær þessi mál komast á nýjan leik í raunsærra ljós og menn fara að meta þetta meira eftir eðli máls og kosti og göllum í hverju tilviki. Þá held ég að væri til nokkurs unnið fyrir okkur Íslendinga ef við næðum að bíða þetta fár og þessa hrotu af okkur, og gætum á nýjan leik leik farið að setjast yfir það að skoða hlutina efnislega út frá okkar sjónarhóli og aðstæðum í landinu, hvernig væri skynsamlegast og best að hafa skipulagið á málum hér hjá okkur. Og að sjálfsögðu þurfum við þá í leiðinni að verja stjórnskipulegan og fullveldislegan rétt til þess að ráða einhverju um það sjálf hvernig við höfum hlutina.

Þessi óskaplega nauðhyggja, herra forseti, nauðhyggja undir tískustrauminn, einkavæðingarbylgjuna og fárið, og svo hitt að það verða allir að apa allt upp eftir öllum, hún er þreytandi og dapurleg og hefur auðvitað ráðið hér allt of mikið ferðinni, herra forseti, á undanförnum árum. Það er leitt til þess að vita ef við náum ekki að standa af okkur það sem vonandi eru síðustu missirin, kannski árin, af þessari bylgju áður en hún fer að hjaðna verulega, áður en meira og meira kemur upp úr kafinu, kemur fram í dagsljósið um mistökin sem hafa verið gerð, um hinar skelfilegu afleiðingar sem orðið hafa víða af þessu ofstæki. Þá er alveg ljóst að það yrði eingöngu tímaspursmál hvenær menn tækju þessi mál til skoðunar á nýjum og heilbrigðari forsendum en hefur verið nú um skeið. Þannig að ég, herra forseti, tel að það séu afar góð hollráð sem hér eru ráðin að fresta afgreiðslu þessara frumvarpa.

[23:51]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa til þess að fyrr í kvöld sagði hæstv. forseti Guðni Ágústsson, hv. þm. Guðni Ágústsson, að hann ætlaði að kanna hvort hann fyndi samkomulagið. Nú hefur hann sem sagt fengið tíma til þess í um það bil klukkustund að leita að samkomulaginu og birtist nú glaðbeittur. Spurningin er hvort það væri ekki ráð að gefa hlé augnablik, í 10 mínútur eða svo, meðan það er kannað hvort ekki er alla vega hægt að fá það upplýst hvenær ætlunin er að ljúka umræðunni núna þannig að það verði ekki farið að halda hérna fundi í þýðingarleysi inn í nóttina. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta að það yrði kannað hvort ekki mætti gera hlé til þess að fá svar við þeirri spurningu hvenær ætlunin er að ljúka þessum fundahöldum sem þegar eru orðin nógu löng.

[23:52]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti er nú stýrir fundi hefur ekki haft tök á því að leita af sér allan grun um það meinta samkomulag sem hér var vísað til fyrr í kvöld en mun gera ráðstafanir héðan úr forsetastól á næstu mínútum að þaulkanna hvort það hafi fundist og hvar það standi. Forseti vill því biðja hv. 8. þm. Reykv. um eilitla biðlund svo að forseti sá sem nú situr geti aflað nýjustu upplýsinga um þessi mál og upplýst þá um þau hér innan örfárra mínútna. Forseti mun freista þess að umræðan fái að halda áfram á meðan. Það eru örfáar mínútur sem þetta tekur.

[23:53]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég met nú mikils vilja hæstv. forseta til þess að reyna að leita af sér allan grun um þetta samkomulag, hvort það finnst einhvers staðar hér í húsinu. En mér fyndist kannski (**SJS:** Er ekki ráðherra með það í bókinni?) spurning hvort það væri hægt að fara þannig í þetta að það yrði tekið hlé í örfáar mínútur meðan málið verður kannað frekar en að byrja á nýjum ræðuhöldum af mælendaskránni. Því vil ég mælast til þess við forseta að það verði gert hlé ef nokkur vegur er fyrir hæstv. forseta að finna rök fyrir því án þess að ég gangi allt of nærri stjórn hans á þessum fundi.

[23:53]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi vinsamlegu tilmæli hv. þm. Svavars Gestssonar. Það hefur áður í kvöld farið fram umræða um nauðsyn þess að það yrðu einhverjar samræður milli stjórnar og stjórnarliða og ég undirstrika það sérstaklega að menn mátu það hér í salnum sem kom fram af stóli forseta. Hæstv. forseti sem þá sat, Guðni Ágústsson, tók undir með þeim þingmönnum sem hér mæltu og taldi að það væri nauðsynlegt að freista þess að ná einhvers konar samstöðu um það hvernig ætti að haga þessari umræðu.

Herra forseti. Það er langt liðið á kvöld og eins og stundum hefur verið bent á úr þessum stóli megum við ekki níðast of mikið á hinu ágæta starfsfólki þingsins sem þarf auðvitað góða hvíld ekki síður en við, herra forseti. Það liggur fyrir að við eigum eftir mjög annasama daga það sem eftir lifir þessarar viku ef það á að takast að ljúka hér ýmsum mikilvægum málum, sem stjórnarandstaðan mundi fyrir sitt leyti gjarnan vilja leggja lið að næðist. Það er hins vegar alveg ljóst að til þess að svo verði, verður með einhverjum hætti að koma fram einhvers konar samkomulagsvilji af hálfu stjórnarliðsins. Það hefur komið fram eins og ég sagði, herra forseti, að a.m.k. stöku maður í liði stjórnarinnar, og þá vísa ég aftur til ummæla hv. þm. Guðna Ágústssonar, er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að reyna að freista samtöðu um þetta mál. En ég sé ekki, herra forseti, að það gagnist mikið að við höldum áfram að ræða þetta mál meðan allt er í óvissu um það hvernig því verði náð niður að lokum sem og öðrum málum. Þess vegna mælist ég til þess að meðan menn kanna landið í þessum efnum þá verði gert hér örfárra mínútna hlé til að menn geti kannað til þrautar þá möguleika sem kunna

að leynast í þessari stöðu sem er ekki mjög flókin.

[23:55]

Kristín Halldórsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að taka undir þá ósk sem hér hefur komið fram að það verði gert hlé á fundi. Það er orðið býsna áliðið og raunar dagur að verða liðinn, þessi þriðjudagur sem við höfum notað til langra umræðna og margra og langra funda. Ég tel nauðsynlegt að það fari að komast einhver botn í það hvenær ætlunin er að ljúka þessum fundi. Við höfum áður lagt þessa ósk fram, að það komist niðurstaða í það hvernig fundahöldum verði háttað. Og hér í hliðarsal situr sá forseti sem lofaði að leita eftir niðurstöðu í þessu máli en við höfum ekki fengið að vita hver sú niðurstaða er. Ég tel að það sé þó nokkuð mikið eftir af umræðu um þetta mál. Mér skilst að það séu a.m.k. þrír enn á mælendaskrá og ekkert séð alveg fyrir endann á þessari umræðu. Ég vil aðeins undirstrika og taka undir með þeim félögum mínum sem hér hafa talað að það er alveg fráleitt annað en við reynum að komast að einhverri niðurstöðu og samkomulagi um það hvernig eigi að ljúka þessum fundi, sem sýnilega verður varla lokið á þessum degi. Það eru aðeins tvær mínútur eftir af honum.

[23:57]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill upplýsa og hefur fengið um það ábyggilegar upplýsingar frá þeim forseta er hér sat áður, að þrátt fyrir ítarlega leit að meintu samkomulagi hefur það ekki fundist, sem þýðir með öðrum orðum að ekki er um það að ræða.

Hins vegar vill forseti upplýsa að það er ekki ætlunin að halda hér umræðu áfram langt inn í nóttina. Raunar er forseti þeirrar skoðunar og vill lýsa því yfir að ráð er fyrir gert að fresta umræðum innan klukkustundar, þannig að ekki verði haldið áfram mikið lengur en til kl. eitt í nótt. Þetta kann að upplýsa þingheim um stöðu máls og verða til þess að ekki sé brýn þörf á sérstöku fundarhléi núna. Það væri vissulega til bóta og mundi spara tíma til þess að umræðan gæti haldið áfram þessa stund sem ég áður nefndi.

[23:58]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var ekki alveg orðið kvöldsett þegar við hófum umræðu um fundarstjórn forseta. Klukkan var aðeins um 22, það eru tveir tímar síðan. Þá kölluðum við eftir áformum forseta og bentum á hversu mörg mál biðu, hversu fáir dagar væru eftir til jólahlés og við þingmennirnir sem erum hér að störfum höfum áhyggjur af þessu og hvernig eigi að ná fram þeim málum sem eru svo brýn fyrir ríkisstjórnina. Fyrir okkur er það undarlegt að ekki skuli vera reynt að koma til móts við þau góðu áform sem við höfum með því að gera samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu um starfsáætlun fram til jólahlés. En það er alveg greinilegt á störfum forseta að ekkert slíkt liggur fyrir og annað hitt að ekki hefur verið leitað eftir því eins og svo oft hefur verið gert að þingflokksformenn kæmu til fundar við forseta til að ræða hvernig skuli halda áfram þingstörfum þann dag sem verið er að fjalla um mál. Nú er miðnætti og við erum búin að vera að síðan kl. átta í morgun. Okkur er að sjálfsögðu engin vorkunn en þannig mun þetta væntanlega verða næstu daga líka og dagar eiga eftir að verða langir. Ekki má haga málum þannig að hætta sé á vondum vinnubrögðum eða mistökum í lagasetningu af því að þingmenn séu ekki alveg skýrir í kollinum. En forseti orðar það svo að hann kysi að gera ekki fundarhlé en halda áfram fundi til kl. eitt. Ég vil gera þá málamiðlunartillögu til forseta hvort ekki sé ásættanlegt að við höldum þessum fundi áfram svona fram undir hálfeitt. Miðað við þann litla vilja til samstarfs sem kemur fram í upplýsingum forseta held ég að það væri mjög gott að við sameinuðumst um það að vera ekki mikið lengur en til hálfeitt og þá lykjum við þessum fundi. Og svo hljótum við að vona að á morgun verðum við vör við meiri samstarfsvilja heldur en í ljós hefur komið á þessum degi og þessu kvöldi.

[00:01]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill upplýsa það af því að hér var rætt um mælendaskrá að raunar eru þeir fjórir hv. þm. sem á henni eru. Forseta þykir nokkuð sýnt miðað við lengd ræðna fram undir þetta að tæpast verði umræðunni lokið á þessu kvöldi. Forseti gerir ekki mikið með það í þessu sambandi hvort frestað verði hér fundi kl. hálfeitt eða eitt. Menn geta við það miðað að að lokinni ræðu hv. næsta ræðumanns verði hún á þessu bili hálftími, klukkustund, að eftir það verði fundi slitið og umræðunni frestað og vil ég árétta það enn og aftur að forseti deilir þeim viðhorfum með hv. þm. hér að það er vilji til þess að hafa góðan brag á þessari umræðu og fara ekki með hana inn í nóttina eins og hér hefur áður verið upplýst. Forseti væntir þess að um þetta geti náðst allgóð sátt.

[00:02]

Útbýting þingskjals:

Tryggingagjald, 145. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 407.

[00:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég held að ég tali fyrir hönd a.m.k. stjórnarandstöðunnar þegar ég segi að við metum þessa viðleitni forsetadæmisins til þess að ná ágætu samkomulagi um það hvernig þessu kvöldi er ráðið til lykta. Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan vill fyrir sitt leyti reyna að ná samkomulagi við stjórnina um það hvernig þinghaldi verði háttað hér fyrir jólahátíðina og hvernig hægt er að ná farsælli niðurstöðu, þannig að þau mál sem þarf að samþykkja fyrir jól verði samþykkt. Það er alveg ljóst að stjórnarandstaðan ætlar ekki að halda hér uppi neinu málþófi til þess að tefja mál en hitt er líka alveg jafnljóst að til þess að hægt sé að ná samkomulagi verður að vera vilji til þess líka af hálfu stjórnarliðsins. Sá vilji hefur birst með afskaplega takmörkuðum hætti það sem af er þessa dags, a.m.k. þangað til að forsetar tóku e.t.v. völdin af stjórnarliðinu í þessum efnum hérna áðan og sýna það að auðvitað eru það þeir sem eiga að ráða en ekki endilega þeir sem fara með meiri hluta hverju sinni. Það skiptir öllu máli fyrir traust þingsins til forsetanna að þeir taki á málum eftir því sem þeim þykir réttsýnast og sanngjarnast.

Það er nú svo, herra forseti, að þegar liðið er á þennan tíma ársins þá gerist það yfirleitt þegar menn líta augum persónu hæstv. samgrh. að það vekur með þeim jákvæðar kenndir, sennilega vegna þess að fas allt og látæði hæstv. ráðherra er með þeim hætti að ósjálfrátt kemur upp í huga þeirra mynd þeirrar persónu sem á þessum tíma árs er yfirleitt talinn besti vinur barnanna, þ.e. jólasveinsins. Nú er það hins vegar svo að viðbrögð hæstv. ráðherra í kvöld gagnvart ýmsum ummælum þingmanna, ég á þá sérstaklega við orðaskipti hans og hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, hafa verið þannig að það er af og frá að það sé hægt að gefa honum sæmdarheitið jólasveinn ríkisstjórnarinnar á þessu

kvöldi. Og vera kynni að ýmislegt sem hann lét sér um munn fara sé þess eðlis að það rifjar upp í huga manns fjarskyldan ættingja þeirrar ágætu stéttar, sem í minni sveit var nú kallaður Leppalúði. Ég vona að hæstv. forseti ávíti mig ekki fyrir þetta því hér er ég að vísa til minna úr þjóðsögum sem ég veit að við höfum allir mikla ást á, ég, hæstv. forseti og auðvitað hæstv. ráðherra.

En þetta mál sem hérna er til umræðu er auðvitað umdeilt. Ég vil hins vegar leiðrétta það strax sem hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra þegar hann átti hér orðaskipti við hv. þm. Guðmund Árna Stefánsson úr *mínum flokki*, að Alþfl. hafi jafnan lagst gegn þeim breytingum sem hafa orðið á högum Pósts og síma. Ég vil rifja það alveg sérstaklega upp að þó að stjórnarandstaðan hafi á þessu kvöldi sameinast um að óska eftir því að þessu máli verði frestað, þá eru auðvitað skiptar skoðanir innan stjórnarandstöðunnar. Ég vil sérstaklega rifja það upp, herra forseti, að ég lýsti því alveg skorinort yfir hér á síðasta vori að ég teldi að það ætti og væri farsælt að gera Póst og síma að hlutafélagi. Og ég deildi skoðunum nákvæmlega með hv. þm. og varaformanni samgn., Magnúsi Stefánssyni, þegar hann kom hér líka upp og sagði að hann teldi að það ætti að gera fyrirtækið að hlutafélagi, en það væri eitt og hins vegar allt annað að einkavæða það. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi skýrt fram. Það er ekki hægt að segja að menn séu á móti eðlilegum breytingum á ríkisfyrirtækjum vegna þess að þeir séu á móti frv. sem kunna að lúta að viðkomandi málum ef ástæðan, eins og hefur verið rakið hér í skýru máli stjórnarandstöðunnar í kvöld, er sú að þeir einfaldlega telja málið vera allt of losaralegt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og ég verð að segja að jafnskýr og hv. þm., formaður samgn., jafnan er og vandaður í vinnubrögðum, þá fyllist ég auðvitað nokkurri samúð með honum að þurfa að leggja nafn sitt við það sem hér er. *Eins og ég mun rekja í* ítarlegu máli hér á eftir er auðvitað að finna í frv. afskaplega margt sem a.m.k. meðal Íslendingnum mun ganga erfiðlega að skilja, og jafnvel jafnskýrum mönnum og þeim hæstv. ráðherra og hv. formanni líka. Það er einfaldlega svo að í frv. eru skilgreiningar sem ekki ganga upp og ákvæði sem virðast ganga gegn hvert öðru. Það eru mikilvæg ákvæði eins og t.d. það sem varðar alþjónustu sem ég mun ræða hér á eftir.

En fyrst, herra forseti, vil ég segja það út af orðum hæstv. ráðherra um afstöðu Alþfl., að það er nauðsynlegt að fara aðeins aftur í söguna þótt ég ætli ekki að eyða of miklum tíma í það, en það er bara nauðsynlegt að rétt sé haldið á málum og hið rétta komi fram.

Hæstv. ráðherra sagði að Alþfl. hefði jafnan lagst gegn því að fyrirtækið Póstur og sími yrði gert að hlutafélagi og hefði komið í veg fyrir að svo væri gert í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þetta er rétt hjá hæstv. ráðherra. En það er hins vegar rangt hjá honum að halda því fram að Alþfl. sem heild hafi verið á móti því að hlutafélagavæða Póst og síma. Við töldum einfaldlega á sínum tíma að vinnubrögðin við það og þær hugmyndir sem þá voru uppi væru þess eðlis að það væri afskaplega erfitt fyrir framfarasinnaðan, *nútímalegan* jafnaðarmannaflokk eins og Alþfl. var og er, að gangast undir það jarðarmen sem fólst í því frv. Og ég verð að segja það líka, herra forseti, og tala þá frá sjónarhóli talsmanns frjálsrar samkeppni, að ég lít önn fyrir að lesa ýmislegt í þeim frv. sem hérna liggja fyrir og ég nefni þá sérstaklega 8. gr. í frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem varðar úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála og líka 7. gr. í frv. til laga um fjarskipti — raunar 7., 8. og 9. gr. og kannski sérstaklega þá grein sem varðar útboð. Þar verð ég að segja, herra forseti, að ég tel að ekki sé nándar nærri nógu fast að orði kveðið t.d. um útboð. Ég kem nú að því síðar í þessari ræðu minni eða þá þeim ræðum sem ég á síðar eftir að flytja um þetta mál. En með nákvæmlega sömu rökum er það þannig, herra forseti, að á síðasta þingi treysti Alþfl. sér ekki til að styðja það frv. sem hæstv. ráðherra lagði fram um að gera Póst og síma að hlutafélagi.

Og af því ég sé nú hæstv. forsrh. reka sitt hrokkna höfuð hér *inn um gættina*, þá veit ég það líka að ef hann mundi skoða þetta mál grannt þá væri hann mér sammála vegna þess að hann var a.m.k. á sínum frægu sokkabandsárum sannur talsmaður frjálsrar samkeppni. En sem stuðningsmaður þessa frv. hlýt ég að draga í efa að hann sé það enn þá, því miður. Hann virðist sem sagt hafa tapað því með e.t.v. ýmsu öðru, kílóunum. En, herra forseti, þetta frv., sem hæstv. samgrh. kvartaði undan að Alþfl. hefði ekki stutt í fyrra, var að mörgu leyti losaralegt. Ég gat þess sérstaklega, þá og tel rétt að rifja upp þá afstöðu mína, að samhliða því sem ég taldi sjálfsagt að íhuga það að gera Póst og síma að hlutafélagi benti ég á að það voru mjög erfið ákvæði í frv. sem var mjög erfitt fyrir Alþfl. að fallast á. Það voru þau ákvæði sem vörðuðu réttindamál starfsmanna. Enda var það svo að það þurfti mikla umræðu hér í þinginu og nokkra yfirferð af hálfu samgn., breytingar á þeim ákvæðum, til þess að stjórnarliðið treysti sér til að samþykkja þau ákvæði en þau gengu að mínum dómi alls ekki nógu langt. Það var auðvitað ýmislegt fleira. Ég minnist þess að mönnum þótti skrýtið í því frv., t.d. það að hæstv. samgrh. vildi fara sjálfur með hlutafélagið en þurfti samt sem áður sjö manna stjórn sem hann ætlaði skipa alla sjálfur. Svo ætlaði hann auðvitað *að halda aðalfund og hverjir fara á aðalfund?* Það eru auðvitað þeir sem fara með hlutaféð. Með öðrum orðum, það var ákvæði í lögum um að halda skyldi aðalfund með þessum eina tiltekna ráðherra. Það er sennilega einsdæmi í sögunni að einn tiltekinn ráðherra sé skilgreindur sem fundur.

Herra forseti. Ég vil líka, sögunnar vegna, geta þess að ég taldi að það væri margt sem mælti með því að fyrirtækið Póstur og sími yrði gert að hlutafélagi. Ég er enn þeirrar skoðunar að það sé hið eðlilega form á þessu fyrirtæki. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að hlutafélagsformið sé notað fyrir miklu fleiri ríkisfyrirtæki. Ég vil líka, vegna þeirrar umræðu sem spannst hér fyrr í kvöld, rifja það upp að ég held að vel flestir flokkanna sem hafa staðið að ríkisstjórnum síðustu ára, ég held að allir hinir svokölluðu fjórflokkar sem standa á gömlum merg hafi komið að því, ekki bara að því að gera fyrirtæki að hlutafélögum heldur að því að einkavæða þau með einum eða öðrum hætti. Það er t.d. alveg ljóst að Alþfl. kom að því í síðustu ríkisstjórn og þeirri næstsíðustu og Framsfl. hefur komið að því og vitaskuld Sjálfstfl. En menn mega heldur ekki gleyma því að það var einn af mínum gömlu pólitísku fósturfeðrum, hv. þm. Svavar Gestsson, sem sagði það hér í umræðu um *Sementsverksmiðjuna árið 1992, að ég hygg, þegar menn* voru að gera Sementsverksmiðjuna að hlutafélagi, að það þyrfti að vera leið til þess að einkavæða ríkisfyrirtæki. Og það er auðvitað merkilegt að einn af talsmönnum Alþb. hefur látið sér þetta um munn fara en það er kannski ekki merkilegt þegar maður horfir til þess að Alþb. tók líka þátt í því, sennilega 1990, að ekki bara hlutafélagsvæða heldur einkavæða Ferðaskrifstofu ríkisins. Og ég man ekki betur

en að í sömu ríkisstjórn sem Alþb. átti sæti í hafi menn líka einkavætt Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg. Þannig hafa allir bergt á þessum kaleik. Og ég held að það sé alveg ljóst að allir flokkar eru þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að hafa einhvern farveg til þess að gera ríkisfyrirtæki bæði að hlutafélögum og líka að einkavæða þau. En menn verða að gera það skynsamlega. Og þegar ég segi að farveginn skorti, þá er það auðvitað svo að ríkisstjórnum, bæði þeirri sem nú situr og líka fyrri ríkisstjórnum, hefur gengið brösuglega að finna þennan farveg. Og það er sérstaklega einn steinn sem steytt hefur á, það eru réttindamál starfsmanna.

Ég rifja það upp að ég tók sjálfur þátt í því í góðri trú og með ráðleggingum fjölda lærðra lögspekinga árið 1992, að koma hér í gegn tveimur frv. sem hlutafélagavæddu merk ríkisfyrirtæki, annars vegar Sementsverksmiðjuna og hins vegar Síldarverksmiðju ríkisins. Ég taldi að þá væri rétt staðið að því hvernig unnið var að réttindamálum starfsmanna. Það hefur komið í ljós að ég hafði rangt fyrir mér. Sú ríkisstjórn sem þá sat hafði rangt fyrir sér vegna þess að það hafa fallið dómar sem sýna fram á það. Og menn verða auðvitað að læra af reynslunni, herra forseti, og taka mið af því þegar þeir leggja fram mál sín. Þetta var ástæðan fyrir því, herra forseti, að ég treysti mér ekki til þess að styðja með atkvæði mínu frv. sem hæstv. samgrh. lagði fram í fyrra um að gera Póst og síma að hlutafélagi. En ég er þeirrar skoðunar að það sé af hinu góða og geti verið gott. Það er í fyrsta lagi nauðsynlegt að gefa ríkisfyrirtækjum oft og tíðum meiri sveigjanleika heldur en þau hafa og það var nauðsynlegt fyrir Póst og síma að hafa þessa sveigju. Það er ljóst að það er sennilega enginn geiri atvinnulífsins sem sætir jafnörum breytingum. Framvinda tækninnar er slík að við getum í dag ekki séð fyrir þá hörðu samkeppni sem þetta fyrirtæki mun þurfa að taka þátt í á næstu árum. Það er alveg ljóst að þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum axlað t.d. með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, setja fyrirtækin í þá stöðu að það þarf að geta brugðist mjög hratt og skjótt við breytingum og það er það sem ég á við að sveigjanleiki hlutafélagaformsins er fyrirtækinu nauðsynlegur.

Það hefur réttilega komið fram fyrr í kvöld að Póstur og sími er vel rekið fyrirtæki. Það hefur verið undanfari annarra svipaðra evrópskra símafyrirtækja um upptöku nýrrar tækni, samanber hina stafrænu símatækni og það má auðvitað nefna ýmislegt fleira. Það má nefna að í sumum efnum er ekkert símafyrirtæki í öllum heiminum, eða a.m.k. ekki í Evrópu, sem getur boðið þjónustu fyrir jafnlágt verð. Það í sjálfu sér eru ekki rök fyrir því að það megi ekki gera fyrirtækið að hlutafélagi heldur eru það ekki síður rök fyrir því að til þess að gera fyrirtækinu kleift að halda þessari stöðu, þá þarf að brynja það þeim tækjum og vopnum sem það þarf á að halda í samkeppni komandi ára og að mínu viti er hlutafélagaformið bæði sverð og skjöldur í slíkri baráttu. Það gerir fyrirtækinu kleift líka að mæta öðrum hlutafélögum á jafnréttisgrunni og það er alveg ljóst að upp munu koma fyrirtæki, fyrirtæki sem e.t.v. eru ekki til í dag, sem munu reynast skæðir keppinautar.

Ég tala líka sem skattborgari, herra forseti, þegar ég segi að það er ágætt og æskilegt að gera svona ríkisfyrirtæki að hlutafélögum oft og tíðum vegna þess að mér finnst t.d. þægilegt sem skattborgari að vita til þess að í hinum harða heimi samkeppninnar sem við vitum að er á næstu grösum, takmarkast ábyrgð ríkisins, míns ríkis, ekki lengur við ótakmarkaða ábyrgð eins og áður fyrr heldur einungis við hlutaféð og það skiptir auðvitað máli. Ég er líka þeirrar skoðunar og tek undir með þeim sem segja að hlutafélagaformið setur vissan aga, setur meiri ábyrgð á stjórnendurna. Ég ítreka það hins vegar sem hv. varaformaður samgn., Magnús Stefánsson, sagði hér í fyrra. Það er eitt að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum og það er annað að einkavæða þau. Menn mega ekki einkavæða í blindri trú. Þó það hafi verið hv. þm. Svavar Gestsson sem sagði einmitt í umræðu um Sementsverksmiðjuna 1992: „Við verðum að hafa leiðir til þess að einkavæða ríkisfyrirtækin", þá er það samt sem áður þannig að einmitt í tengslum við Sementsverksmiðjuna hf. birtist okkur á síðustu dögum blind trú á nauðsyn einkavæðingar.

Við heyrðum það í fréttum fyrr í kvöld að nú vill ríkisstjórnin selja 25% af Sementsverksmiðjunni. Gott og vel. Það má rifja upp að margir úr liði stjórnarinnar sem komu þessu í gegn, þar á meðal ég og ýmsir úr liði Sjálfstfl. komu upp og sögðu að það kæmi ekki til mála að selja þetta hlutafé. En það gæti samt sem áður verið réttlætanlegt ef um væri að ræða einhverja fjárfesta sem væru að koma inn í fyrirtækið og hefði með sér nýja tækni, nýtt hugvit og umtalsvert fjármagn, en því er ekki að heilsa. Það á að selja 25% í Sementsverksmiðjunni af því að einhverjum strákum úti í bæ dettur það í hug. Þeim finnst að það sé í stíl við einhverja stefnu sem þeir hafa barist fyrir árum saman innan einkavæðingarnefndar, en það er ekkert sérstakt tilefni. Það er bara einhver tala sem var búin til á einhverri fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem segir: Við þurfum að selja þetta mikið af hlutum í ríkisfyrirtækjum til þess að ná þessu tiltekna marki. Það er ekkert sem knýr á um það, herra forseti, að núna nákvæmlega séu seld 25% í Sementsverksmiðjunni. Það sést best á því að hæstv. ráðherra, sem reifaði þetta í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum í kvöld, sagði að auðvitað ætti að gefa starfsmönnum verksmiðjunnar forkaupsrétt. Bíðum nú við, herra forseti. Starfsmönnum verksmiðjunnar? Á hvaða launum eru þeir? Hverjir eru þessir hálaunamenn hjá Sementsverksmiðju ríkisins sem hafa færi á því að notfæra sér þennan forkaupsrétt? Það eru kannski örfáir forstjórar og stjórnendur en það eru ekki þeir sem eru að aka sementinu, sem eru að sekkja sementið, sem eru að vinna hörðum höndum í verksmiðjunum, mennirnir sem hafa milljón til $1\,^1/_2$ millj. í tekjur á ári. Það eru ekki þeir sem geta séð af naumum launum sínum til þess að fjármagna hlutabréfakaup í slíku fyrirtæki.

Herra forseti. Af því að ég sé að hæstv. samgrh. hefur nú hætt lestri þessarar annars mjög góðu bókar sem fyrir framan hann liggur þá ég vil nota tækifærið og reyna að upplýsa hann í þessum efnum. Þetta er dæmi um blinda trú á einkavæðingu. Þetta er einkavæðing einkavæðingarinnar vegna en ekki endilega vegna þarfa fyrirtækisins, vegna þess að það skiptir engu máli fyrir starf þessa fyrirtækis eða framtíð þó að t.d. fjórðungur þess verði seldur starfsmönnum fyrirtækisins.

Þetta vildi ég nú segja um það sem ég kalla oftrú á einkavæðingu. Samhliða því sem ég lýsi því alveg skorinort yfir að ég tel að það eigi að beita hlutafélagaforminu í ríkari mæli á ríkisfyrirtæki, ítreka ég aftur sameiginlega skoðun mína og hv. varaformanns samgn. að það er eitt að hlutafélagavæða og allt annað einkavæða. (**Samgrh.:** Hvað segir þingmaðurinn um bókina? Er þetta er góð bók?) Herra forseti. Hæstv. samgrh. skýtur hér að mér spurningu um það hvort ég sé kunnugur skáldskap Jónasar Guðlaugssonar. Svarið er: Já. Og ég mætti þá kannski biðja hann um að lesa kvæðið sem byrjar svo:

Þú ert eins og kirkja á öræfatind
svo auð sem við hinsta dauða.

Framhaldið veit ég að hæstv. ráðherra kann.

En ég lofaði því í upphafi ræðu minnar að sýna hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni fram á að sitthvað er í þessu frv. sem maður með hans atgervi, og sem sannarlega er enginn aukvisi að andlegum burðum, á ekki að leggja nafn sitt við. Ég gríp til að mynda niður, herra forseti, í 2. gr. frv. til laga um fjarskipti, orðskýringar. Og af því að ég veit að hæstv. ráðherra er unnandi orðsins mennta og ber óvanalega gott skyn á íslenskt mál, þá langar mig aðeins að velta fyrir mér tiltekinni skilgreiningu sem þar er af því að ég veit að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er að hlusta hér í hliðarherbergi, þ.e. skilgreiningunni á „alþjónustu." Það er lykilhugtak í þessu frv. og skiptir verulega miklu máli þegar kemur að jafnmikilvægum þætti og t.d. útboðum á miklum hlunnindum eins og t.d. tíðnisviðum og fjarskiptarásum sem fela í sér mjög mikil fémæt réttindi. Þar segir svo, herra forseti:

„Alþjónusta: Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra."

Ég þori að fullyrða, herra forseti, að hæstv. samgrh. veit ekki hvað í þessu felst. Það er ómögulegt fyrir venjulegan Íslending að skýra hvað í þessu felst og það er meira að segja ómögulegt fyrir óvenjulegan Íslending eins og hæstv. samgrh. Hæstv. samgrh. sem leggur fram þetta frv. getur ekki komið hingað upp og skýrt út fyrir mér hvað felst í orðinu „alþjónustu". Og jafnvel sá svinni Vestfirðingur sem þarna situr, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður samgn., getur ekki heldur skýrt út fyrir mér hvað í þessu felst. Og hvers vegna, herra forseti, leyfi ég mér að fullyrða þetta? Það er vegna þess að í frv. sjálfu kemur fram, að enn þá veit enginn Íslendingur hvað í alþjónustu hæstv. samgrh. felst. Það kemur nefnilega fram að varðandi þetta lykilhugtak í frv., á enn eftir að skilgreina hvað í því felst. Það segir nefnilega, herra forseti, að í alþjónustu felist eins og ég sagði áðan, með góðu leyfi forseta: „Afmarkaðir þættir fjarskipta." Hvaða þættir fjarskipta eru þetta? Þeir eru ekkert skýrðir frekar. Það er ekkert á þá minnst. Það er einungis sagt að síðar eigi að mæla fyrir um það í reglugerð sem samgrh. setur hvað í þessu felst, hvað felst í alþjónustu sem er eitt af þeim skilyrðum sem hæstv. ráðherra getur t.d. sett þeim sem vilja sækja um rekstrarleyfi fyrir afar mikilvægri starfsemi. Þeir menn sem hafa hug á því í dag eiga það á hættu að hæstv. ráðherra segi að þeir verði að geta sinnt alþjónustu án þess að hann geti skýrt út fyrir þeim hvað í því felst.

Herra forseti. Þetta er óskaplega merkilegt. Þetta er lykilhugtak sem kann að vera ráðandi um það hverjir fá úthlutað miklum verðmætum í formi fjarskiptarása og líka hverjir fá niðurgreidda starfsemi sína í gegnum þetta jöfnunargjald sem einnig er að finna í frv.

Þegar einfaldur Íslendingur eins og sá sem hér stendur skyggnist dýpra í þetta hugtak og reynir að gera veikburða tilraun til þess að tengja það við aðra þætti frv. sem það varða, þá tekur heldur ekki betra við. Ég vek athygli á því, herra forseti, að hugtakið segir eins og fyrr er sagt að þetta þýði afmarkaða þætti fjarskipta, með leyfi forseta: „sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra."

Herra forseti. Hér vakna strax tvær spurningar um það hvernig beri að skilja mælt mál. Hvað er t.d. viðráðanlegt verð? Hvernig geta menn sett svona inn í skilgreiningu á lykilhugtaki. Hvað er viðráðanlegt verð? Ég get ekki skýrt það, herra forseti. Og hæstv. samgrh. getur heldur ekki skýrt það. Og það sem meira er, frv. gefur honum ekki færi á að setja reglugerð um það vegna þess að orðalag þessarar greinar um reglugerðarheimild ráðherra er slíkt að það er alveg ljóst að hann á ekki að setja neina gjaldskrá í þeirri reglugerð. Þetta er því hálfkarað og óskýrt. Það getur enginn í dag metið hvað í þessu felst.

Hin spurningin sem vaknar þegar ég les bara þessa skilgreiningu, a.m.k. í krafti þess hvernig ég skil mælt mál, er hvort hér sé ekki fortakslaust verið að kveða upp úr með það að alþjónustan, hvernig sem hún er að öðru leyti skilgreind, verði að ná til alls landsins. Ég spyr: Hvernig ber öðruvísi að skilja orðin „öllum notendum" og síðan orðin „óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra"? Í mínum huga er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo að þegar upp er staðið verði ekki annað hægt en að alþjónustan eigi að ná til alls landsins án tillits til þess hvar menn eru staðsettir.

Ég vek sérstaka athygli hv. formanns samgn. á því að í þessari grein og við þessa skilgreiningu er ekkert sem mælir fyrir um það að framkvæmdarvaldið eigi að takmarka þennan skilning á orðinu við starfssvæði viðkomandi rekstrarleyfishafa. Það segir ekkert um það í þessari skilgreiningu. Það hlýtur auðvitað að verða mjög mikilvægt þegar menn fara að skilgreina hvað í þessu felst í framtíðinni. Þetta er mikilvægt, segi ég, vegna þess að í 7. gr., sem fjallar um skylduna til að veita alþjónustu, þá allt í einu skýtur upp kolli ákvæði þar sem segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti mælt svo fyrir að sá sem uppfyllir skilyrði greinarinnar á undan um forsendur rekstrarleyfis, verði líka að veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Og ég spyr, herra forseti: Er sá sem er skyldur til þess að veita alþjónustu, skyldur til þess að veita hana öllum alls staðar á landinu? Það er ekki hægt að skilja orðskýringarnar með nokkru öðru móti. Eða er til eitthvað allt annað sem heitir starfssvæði?

Herra forseti. Þarna hafa menn í besta falli ekki unnið nógu vel og í versta falli rekast þessar tvær greinar á. Jafnvel þingmaður sem er góðviljaður bæði hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, formanni samgn., og hæstv. ráðherra, getur ekki fallist á að þetta sé skýrt. Þetta er mjög óskýrt og ég segi það, herra forseti, að ef menn ætla að halda því fram að hér sé skýrt að orði kveðið, hvernig tala þessir menn þá þegar þeir tala loðið? Ég, herra forseti, ver löngum tíma í þetta mál til að rökstyðja þá fullyrðingu sem kemur fram í niðurlagi álits minni hlutans og kom fram í ítarlegri og merkri ræðu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar, að frv. án tillits til meginefnis þess sé tæknilega svo vanbúið enn þá, sé hálfkarað og því sé nauðsynlegt, herra forseti, að skoða málið miklu betur, taka það aftur inn til nefndar og vinna betur úr því. Ég vek athygli á því að það kemur ekki fram í áliti minni hlutans í fagnefndinni um þetta tiltekna frv. að hann leggist gegn frv. Það kemur einfaldlega fram að minni hlutinn er reiðubúinn að taka þátt í að fullvinna frv. og skjóta byttu undir leka á borð við þennan, en þeir eru vitaskuld margir fleiri, herra forseti.

Það er alveg ljóst að það væri hægt að halda mjög langa ræðu til að mynda um það hvernig menn fara með úthlutun rekstrarleyfa. Ég vek athygli á því að í 6. gr. frv. sem ég er að ræða um núna, frv. til laga um fjarskipti, er talað um að til að fá rekstrarleyfi þurfi að uppfylla tilteknar forsendur. Upp eru taldar 15 forsendur og síðan segir bókstaflega efnislega í aðfara þeirrar upptalningar að rekstrarleyfishafar þurfi að

uppfylla öll, eitt eða ekkert þessara 15 skilyrða og þetta er satt að segja dálítið skondið. Enn skondnara verður þegar maður les síðan áfram og þá kemur í ljós undir lokin að þar fyrir utan, fyrir utan þessi 15 atriði, má ráðherra líka setja frekari skilyrði með reglugerð. Í 7., 8. og 9. gr. er líka talað um að hann geti, ef svo vill verkast, skilyrt þá líka til þess að þeir verði að takast á hendur alþjónustu án þess að hann geti skýrt út hvað það er.

Herra forseti. Þetta skiptir mjög miklu máli þegar kemur t.d. að úthlutun þeirra fémætu réttinda sem felast í tíðnisviðum og fjarskiptarásum. Þegar menn ætla að fara að úthluta takmörkuðum auðlindum eins og til að mynda GSM-rásum eða rásum fyrir svipaða tækni sem enn hefur ekki numið land á fjörum Íslands en er þegar orðin a.m.k. hálffleyg og komin í notkun í Evrópu og mun knýja dyra uppi á Íslandi innan skamms, þá er það alveg ljóst að það verður sérhverjum ráðherra mikill vandi á höndum að úthluta þessum miklu réttindum. Þess vegna er, eins og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í sinni fyrstu ræðu í kvöld, alfarið nauðsynlegt til að þessi lög nái tilgangi sínum að reglurnar eins og hann orðar það, séu hlutlausar og gegnsæjar. Þessar reglur eru ekki gegnsæjar. Ég get ekki heldur fullyrt að þær séu hlutlausar. Ég er sannfærður um að frumvarpshöfundar höfðu það að leiðarljósi sínu að gera þær hlutlausar. En ég get ekki fullyrt það vegna þess að reglurnar eru mér ekki ljósar, vegna þess að hæstv. ráðherra á enn eftir að setja þær í formi reglugerðar.

Ég verð líka að segja það, herra forseti, að það rennur mér til rifja að sjá jafnvaskan víking og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson standa að frv. eins og þessu og þá á ég sérstaklega við ákvæðin sem varða það hvernig menn koma rekstrarleyfum í hendur þeirra sem þau munu fá þegar upp er staðið, með öðrum orðum hvernig þeim er úthlutað. Ég veit það að hæstv. ráðherra hefur verið hálfvolgur í afstöðu sinni til frjálsrar samkeppni. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var hins vegar volgur vel hér á árum fyrri. Ég segi þetta núna vegna þess að það liggur fyrir að þau fémætu réttindi sem felast í þessum mikilvægu rásum eru mjög takmörkuð. Þetta eru takmarkaðar auðlindir og það þarf að vera alveg ljóst að þegar þeim er úthlutað, þá verði sú úthlutun hafin yfir allan vafa. Þá skiptir engu hver það er sem situr í stóli hæstv. samgrh. Það þarf bara að vera alveg ljóst að þarna sé allt hafið yfir allan vafa. Besta leiðin til þess væri auðvitað að bjóða þessi réttindi út.

Nú viðurkenni ég það fúslega að í 7. eða 8. gr. þessa frv. er sagt að framkvæmdarvaldið geti boðið þetta út. Útboð er hins vegar eina sanngjarna og réttmæta lausnin á þessu máli, eina lausnin sem tryggir það að allir geti vel við unað og þá ekki síst skattborgararnir vegna þess að eðlilega hlytu þeir sem mundu bjóða í þetta fá úthlutað rásum í krafti þess hversu hátt þeir byðu fyrir þessi fríðindi. Það er svo, herra forseti, að það erum við skattborgararnir, þegnarnir í landinu sem eigum þessi réttindi og það er í okkar þágu að þau séu nýtt sem best fyrir okkur. Þess vegna ætti fortakslaust að vera inni ákvæði um það að fjarskiptarásir, sem eru gríðarlega verðmæt réttindi, væru boðnar út og ég hefði talið að a.m.k. Sjálfstfl., flokkur einstaklingsframtaksins og frjálsrar samkeppni, hefði beitt sér fyrir þessu. En það er Sjálfstfl. sem leggur fram þetta frv. sem ég get ekki sagt annað um en að sé nokkur afturför frá þeim gömlu hugsjónum um frjálsa samkeppni sem sá flokkur varð frægur fyrir fyrr á tíð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri en ég áskil mér auðvitað allan rétt til þess að rökstyðja þetta í miklu ítarlegra máli í næstu ræðu minni sem væntanlega verður á morgun.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 11. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 00:36.

---

48. FUNDUR

miðvikudaginn 18. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Atvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðir, fsp. VH, 224. mál, þskj. 299.

Til umhverfisráðherra:

2. Skipulag miðhálendis Íslands, fsp. VH, 231. mál, þskj. 322.

Atvinnuleysi og vinnumarkaðsaðgerðir.

Fsp. VH, 224. mál. — Þskj. 299.

[13:00]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir):

Hæstv. forseti. Hér á landi eins og í nágrannalöndunum er atvinnuleysi, mismikið þó eftir landshlutum. Höfuðborgarsvæðið kemur ætíð hlutfallslega verst út hvað þetta varðar, þrátt fyrir mikla fjölgun starfa á því svæði. Á landinu öllu hefur störfum stórfjölgað. Fimm til sex þúsund störf hafa bæst við á undanförnum missirum. Því hlýt ég að álykta að atvinnuástand hafi batnað hér til muna og er það gleðilegt. Konur hafa yfirleitt verið fleiri á atvinnuleysisbótum en karlar á landinu öllu og er það umhugsunarefni. Í skýrslu um skráð atvinnuleysi í Reykjavík frá 30. nóvember sl. frá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar kemur fram að konur á aldrinum 21–40 ára eru langfjölmennasti hópur atvinnulausra, alls 1.075 eða 35% allra á atvinnuleysisskrá. Tæplega 60% kvenna á skrá eru mæður með börn undir 18 ára aldri á framfæri og rúmlega fjórðungur allra kvenna á atvinnuleysisskrá eða 27% eru einstæðar mæður. Um 200 ungmenni 20 ára og yngri voru atvinnulaus á sama tíma.

Hæstv. forseti. Í ljósi þessara upplýsinga leyfi ég mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. félmrh.: Í fyrsta lagi. Hvert hefur skráð atvinnuleysi verið á landinu öllu undanfarin tvö ár? Í öðru lagi. Hver hefur verið þróun atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu samanborið við skráð atvinnuleysi á landinu öllu sl. tvö ár, sundurliðað eftir kynjum og sundurliðað eftir aldri? Í þriðja lagi. Hefur verið gripið til sérstakra vinnumarkaðsaðgerða af hálfu stjórnvalda til þess að rjúfa vítahring þeirra einstaklinga sem hafa orðið atvinnulausir?

[13:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu spurningunni: Á árinu 1995 var skráð atvinnuleysi í landinu öll 6.538 manns að meðaltali eða 5% af mannafla. Síðastliðna 12 mánuði, nóvember 1995 til og með október 1996, var skráð atvinnuleysi 5.870 eða að meðaltali 4,4%.

Liður tvö: Skráð atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu 1995 var 3.945 manns eða 5,1% af mannafla eða einu prósentustigi hærra en á landinu öllu. Síðastliðna 12 mánuði var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu 3.903 eða 5% sem er 0,1 prósentustigi lægra en árið 1995 en 0,6 prósentustigum hærra en á landinu öllu síðastliðna 12 mánuði. Sundurliðað eftir kynjum lítur það þannig út að atvinnulausir karlar á landinu öllu voru 3.063 eða 4% af mannafla árið 1995 en 2.549 eða 3,3% síðastliðna 12 mánuði, sem er lækkun um 0,7 prósentustig. Á höfuðborgarsvæðinu voru atvinnulausir karlar 1.898 eða 4,3% af mannafla 1995 en 4% síðastliðna 12 mánuði sem er lækkun um 0,3 prósentustig. Atvinnulausar konur voru á landinu öllu 3.476 eða 6,4% af mannafla 1995 en 3.322 eða 6% á síðustu 12 mánuðum sem er lækkun um 0,4 prósentustig.

Innan félmrn. hefur verið mörkuð sú stefna að vinnumarkaðsaðgerðir á vegum ráðuneytisins miði að því að hjálpa atvinnulausu fólki til sjálfshjálpar. Þetta felur í sér að einstaklingum sem hafa verið atvinnulausir um lengri tíma hefur í mörgum tilfellum verið boðið upp á endurhæfingu í því skyni að gera þá samkeppnishæfa á vinnumarkaði að nýju. Reynslan hefur sýnt að þeir sem hafa verið án atvinnu svo missirum eða árum skiptir eiga orðið erfitt með vinnu beinlínis vegna langtímaatvinnuleysis.

Það má nefna nokkrar tilraunir sem gerðar hafa verið á árinu. Ráðuneytið hefur verið beinn þátttakandi í sumum þessara verkefna og styrkt önnur og viðræður standa yfir um þátttöku í a.m.k. einu verkefni. Það er í fyrsta lagi námskeið í fiskvinnslu fyrir atvinnulausa. Þetta námskeið gaf góða raun og var í samráði við fræðsluaðila í fiskiðnaði og Verkamannasamband Íslands og Samband fiskvinnslustöðva. Þetta gaf góða raun og $^3/_4$ komust strax í vinnu. Það var komið á fót tilraunaverkefni til eins árs milli félmrn. og Reykjavíkurborgar, vinnuklúbbaverkefni. Þriðjungurinn var borgaður af Reykjavíkurborg, þriðjungurinn af félmrn. og þriðjungurinn af Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta er gert að erlendri fyrirmynd og hefur skilað mjög góðum árangri. Yfir 60–70% þeirra sem þátt tóku hafa fengið vinnu. Atvinnumálanefnd Kópavogs hefur verið í samstarfi við okkur og það er líka mjög athyglisvert verkefni og árangur er 60–70% hjá þeim hópi sem hefur staðið að því. Það standa yfir viðræður milli ráðuneytisins og Kópavogsbæjar um frekari útfærslu á því verkefni.

Þá höfum við styrkt námskeið á vegum Sóknar og Reykjavíkurborgar í heimilishjálp en sem kunnugt er vantar mjög starfskrafta til heimilishjálpar hér í borginni. Þá er að geta um skrifstofu EURES-vinnumiðlunarinnar á Íslandi sem var opnuð á þessum vetri. EURES-vinnumiðlunin er sett á stofn til þess að auðvelda fólki að nýta sér frjálsan atvinnu- og búseturétt innan EES. Þessi vinnumiðlun á Íslandi er staðsett hjá Vinnumiðlun Reykjavíkur en kostuð af félmrn.

Herra forseti. Tími minn er búinn og hér verð ég að ljúka máli mínu.

[13:08]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Ég velti fyrir mér tilganginum með þessari fyrirspurn og hlýt að spyrja að því hvort sambandið innan þingflokks Framsfl. sé svo dapurt að hv. þm. verða að nota þessa aðferð til að komast að hæstv. ráðherrum.

Annaðhvort hlýtur tilgangurinn að hafa verið sá eða hinn, að gefa hæstv. félmrh. tækifæri til þess að lýsa því yfir að atvinnuástandið væri nú með besta móti og allt í betri átt. Ekki gat ég skilið mál hæstv. félmrh. svo að svo væri, því miður. Og enn sýnist mér nokkuð langt í land með það að efnt verði kosningaloforð Framsfl. um 12 þúsund ný störf sem lofað var þannig að mér sýnist fátt stefna í rétta átt í þessum efnum.

[13:09]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. greinargóð svör við spurningum mínum. Það er mjög mikilvægt að atvinnuleysi fari minnkandi. Samt harma ég hlut kvenna. Það er áhyggjuefni að e.t.v. skuli skýring á atvinnuleysi kvenna felast í lágum launum. Að þær telji hag sínum betur borgið á bótum heldur en að taka þátt í atvinnulífinu. Eða höfðar kannski átaksverkefni í vinnumálum ekki til kvenna? Þessu verður að breyta. Ég fagna þessari skýru stefnu stjórnvalda til upprætingar atvinnuleysi og sterkra áherslna í vinnumarkaðsaðgerðum fyrir langtímaatvinnulausa.

[13:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það leikur nú held ég enginn vafi á því að okkur takist að skapa hér 12 þúsund störf fram til aldamóta. En við þurfum hins vegar að fá að flytja til landsins töluvert vinnuafl til þess að gegna þessum störfum. Hér á landi eru starfandi með leyfi félmrn. um 1.200 einstaklingar en við þurfum sem kunnugt er ekki að veita atvinnuleyfi íbúum á EES-svæðinu þannig að talan er töluvert hærri.

Það er líka rétt að geta þess að inn í þessum atvinnuleysistölum er fólk sem er í hlutastörfum, svona upp undir 1.000. Obbinn af því eru konur og hér í Reykjavík voru t.d. fyrir skemmstu 704 konur á skrá, reyndar ekki allar í hlutastörfum, með börn innan sex ára aldurs, og það voru 42% allra atvinnulausra kvenna. Þannig að í sumum tilfellum mun það vera sjálfvalið að vera heima og vinna e.t.v. hluta dagsins. Þetta sker mjög í augun enda er reyndar launakerfi þannig háttað að það er ekki mikil hvatning að taka störf á lægstu laununum fremur en að vera á atvinnuleysisbótum.

Það er rétt að geta þess að til atvinnumála kvenna sérstaklega hefur verið varið verulegu fjármagni, 20 milljónum á ári undanfarið. Ég held að þeir peningar hafi nýst ákaflega vel. Þá er líka rétt að geta þess að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur afgreitt á þessu ári um 240 milljónir til átaksverkefna en það gerir 350–360 ársverk.

Skipulag miðhálendis Íslands.

Fsp. VH, 231. mál. — Þskj. 322.

[13:13]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir):

Hæstv. forseti. Smátt og smátt er Íslendingum að verða ljóst að miðhálendi Íslands er ein dýrmætasta perla landsins.

Erlendir ferðamenn hafa orð á því að við eigum í miðhálendinu ósnortinn og einn sérstakasta stað í Evrópu sem í vaxandi mæli dregur til sín náttúruunnendur og ferðamenn. Því er mikilvægt að við sjálf skynjum að öll mistök geta ofboðið augum ferðamannsins. Öræfakyrrðin, auðnin, jöklarnir og landslagið gerir svona svæði mjög eftirsóknarvert og dýrmætt. Því er ekkert mikilvægara en að sem fyrst liggi fyrir hverjir fara með stjórnsýslu á miðhálendinu og fyrir liggi svæðisskipulag. Við verðum að fara varlega með alla mannvirkjagerð á þessu svæði. Að sökkva náttúruperlum í þágu virkjana eða dreifa lúpínu um alla mela gæti skapað fordóma í okkar garð og skaðað okkur sem ferðamannaland sé horft til framtíðar.

Hæstv. forseti. Því leyfi ég mér að spyrja hæstv. umhvrh.: Hvað líður gerð svæðisskipulags miðhálendis Íslands? Hverjir taka þátt í gerð skipulagsins og við hverja hafa þeir haft samráð? Hver er áætlaður kostnaður við gerð skipulagsins og hvaða áform eru uppi um stjórnsýslu á miðhálendinu?

[13:14]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur borið fram fyrirspurn til mín í fjórum liðum og fyrsti liðurinn er: Hvað líður gerð svæðisskipulags miðhálendis Íslands? Um þetta hefur verið fjallað nokkrum sinnum áður og reynt að gefa skýringar á því hvað þessu líður en sjálfsagt að undirstrika það enn frekar. Drög að svæðisskipulagi miðhálendisins liggja nú fyrir og mun samvinnunefnd um svæðisskipulag m.a. taka afstöðu til draganna í byrjun febrúar nk. Að því loknu er stefnt að því að tillagan verði auglýst og kynnt í samræmi við þá kynningu sem svæðisskipulög skulu hljóta, samanber 16. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, með síðari breytingum. Samkvæmt því skal samvinnunefnd senda Skipulagsstjórn ríkisins tillögu um skipulag ásamt rökstuddri greinargerð. Falli Skipulagsstjórn á tillöguna skal tillagan send til umsagnar þeirra sveitarfélaga sem hún tekur til.

Rétt er að benda á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögunum eins og þeim var breytt með lögum nr. 73/1993 skal fresta frekari afgreiðslu tillögunnar uns ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt á Alþingi. Frv. til skipulags- og byggingarlaga er til meðferðar á Alþingi og þess að vænta að það nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Endanleg afgreiðsla tillögunnar mun því væntanlega ráðast af þeim ákvæðum í nýjum byggingar- og skipulagslögum sem fjalla um svæðisskipulag miðhálendisins.

Af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson skaut fram í áðan þegar fyrirspyrjandi var að bera upp fyrirspurn sína hver hefði komið þessu öllu af stað, þá er það vissulega rétt að það var í hans tíð sem sú breyting var flutt á lögunum um að fela sérstakri nefnd að fjalla um málið og eins upphafið að því að koma inn frv. til breytinga á skipulags- og byggingarlögunum sem er nú til meðferðar. En það kemur nánar fram í svari við 2. lið sem er svohljóðandi: Hverjir taka þátt í gerð skipulagsins og við hverja hafa þeir haft samráð? Samkvæmt þessu tilgreinda ákvæði til bráðabirgða, samanber lög nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögunum, skulu héraðsnefndir þær sem hlut eiga að máli skipa hver um sig einn fulltrúa í samvinnunefnd en ráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina og skal hann vera formaður. Formaður þessarar nefndar er Snæbjörn Jónasson, fyrrv. vegamálastjóri, en auk hans eiga sæti í nefndinni fulltrúar héraðsnefnda Borgarfjarðar, Mýra, Vestur-Húnvetninga, Austur-Húnvetninga, Skagfirðinga, Eyfirðinga, Suður-Þingeyinga, Múlasýslna, Austur-Skaftfellinga, Vestur-Skaftfellinga, Rangæinga og Árnesinga.

Hver héraðsnefnd af þessum 12 á tvo fulltrúa í nefndinni þannig að það eru því samtals með formanni 25 einstaklingar sem skipa þessa nefnd. Samvinnunefndin hefur haft samráð við fjölmarga aðila sem tengjast skipulagsvinnu á einn eða annan hátt. Nefndin hefur haldið fjölmarga samráðsfundi auk funda með fulltrúum heima í héraði og með fulltrúum stofnana og félagasamtaka.

Það má skipta þessum samráðsaðilum í þrjá hópa:

1. Héraðsnefndir og heimamenn.
2. Stofnanir.
3. Félagasamtök.

Haldnir hafa verið 15 fundir í hlutaðeigandi héruðum þar sem leitað var eftir upplýsingum og ábendingum í upphafi starfsins. Þá fundi sóttu heimamenn, landeigendur, fulltrúar frá upprekstrarfélögum, sem og frá Vegagerð, náttúruverndarnefndum, skipulagsnefndum og ferðamálafulltrúar. Síðastliðið vor voru haldnir átta fundir með þessum sömu aðilum. Á þá fundi hafa komið samtals um 500 manns þannig að allmargir hafa nú þegar komið að þessari vinnu og fylgst með henni.

Þær stofnanir sem nefndin hefur haft samráð við eru Vegagerð, Orkustofnun, Landsvirkjun, Ferðamálaráð, Landgræðsla ríkisins, RALA, náttúruverndarráð, Náttúrufræðistofnun Íslands, Veðurstofa Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Landmælingar Íslands, veiðistjóri, veiðimálastjóri, umhverfisnefnd Alþingis, Samband ísl. sveitarfélaga og Skipulag ríkisins. Og þau félagasamtök sem sérstaklega hefur verið leitað til eru Landvarðafélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4, Ferðafélag Íslands, Félag ísl. ferðaskrifstofa, Skotvís sem er félag skotveiðimanna, upprekstrarfélög og samtök eigenda hálendisjarða. Af því að stundum er sagt að það séu aðeins fulltrúar héraðsnefndanna sem hafa komið að þessu máli, þá er af þessari upptalningu ljóst að ýmsir aðrir hafa einnig lagt sitt af mörkum.

Þriðja spurningin var um kostnað við gerð skipulagsins en áætlaður kostnaður er um 30 millj. kr. og er þá ekki reiknað með vinnuframlagi Skipulags ríkisins. Erfitt er að meta þátt þeirrar stofnunar til fjár í þessu tilviki en segja má þó að einn starfsmaður sem sinnt hefur verkefnisstjórn hafi á starfstíma nefndarinnar nánast sinnt þessu starfi einu auk þess sem skipulagsstjóri sjálfur hefur tekið virkan þátt í meðferð málsins.

Fjórði liður spurningarinnar var um áform um stjórnsýslu á miðhálendinu. Má segja að fljótlega eftir að samvinnunefndin hóf störf kom í ljós að stjórnsýslumörk þeirra 40 sveitarfélaga sem hér eiga hlut að máli eru um margt óljós. Að fenginni beiðni nefndarinnar var því settur á fót starfshópur skipaður lögfræðingum tilnefndum af umhvrh., dómsmrh. og félmrh. sem falið var að fara sérstaklega yfir þau mál út frá þeirri forsendu að stjórnsýsla inn til miðhálendis yrði á vegum hlutaðeigandi sveitarfélaga, þ.e. þeirra sem þátt taka í starfi samvinnunefndarinnar og eiga stjórnsýslu á miðhálendinu. Það er því ljóst að stjórnsýsla sveitarfélaganna verður að ná til alls landsins en ekki aðeins til byggða og afrétta og þeirri hugmynd að miðhálendið verði eitt sveitarfélaga þar sem ríkisvaldið komi að málum má segja að hafi í raun verið hafnað af löggjafarsamkomunni. Vísa ég í því sambandi til frv. sem lagt var fram á Alþingi 1991 um slíkt fyrirkomulag en fékk ekki afgreiðslu þingsins.

[13:20]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Áhugi þingmanna sem annarra á þessu málefni er góðra gjalda verður. Við höfum rætt þetta ítrekað í þinginu það sem af er og oft áður. Ég tek undir áherslur hv. fyrirspyrjanda um gildi þess að gera gott skipulag. Ég vil hins vegar harma að alltaf er verið að taka ákvarðanir sem ganga gegn þessum hugmyndum um að halda hálendinu sem mest utan mannvirkjagerðar og sérstaklega á völdum svæðum. Síðasta dæmið er ákvörðun hæstv. umhvrh. varðandi Hágöngulón sem rýfur með mjög grófum hætti ósnert víðerni þar sem hægt hefði verið virkilega að ná stóru svæði utan mannvirkja. Þarna gengur hæstv. ráðherra gegn ráðum margra góðra manna sem lögðu áherslu á að ekkert yrði úr þessari framkvæmd og hv. fyrirspyrjandi ætti að ýta við hæstv. ráðherra hvort hann getur ekki bætt ráð sitt.

Fyrsti umhvrh. sem færði þetta mál inn á Alþingi var Júlíus Sólnes árið 1990 og Alþfl. tók undir þær tillögur sem þá voru um að miðhálendið yrði eitt sérstakt stjórnsýslusvæði en því var hrundið af mönnum í Framsfl. og Sjálfstfl. sem risu öndverðir gegn þessari hugsun þannig að stórir hlutar landsins eru í rauninni utan áhrifa. Það fékkst hins vegar mikilvæg yfirlýsing frá hæstv. umhvrh. í umræðum um skipulagslög þess efnis að allir landsmenn mundu hafa rétt til athugasemda varðandi væntanlegt svæðisskipulag miðhálendisins. Það er mikilvægt og vonandi verður það fest í lög með afgreiðslu skipulagslaga.

[13:22]

Fyrirspyrjandi (Vigdís Hauksdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka umhvrh. fyrir greinargóð svör í þessu máli.

Fundi slitið kl. 13:22.

---

49. FUNDUR

miðvikudaginn 18. des.,
að loknum 48. fundi.

Dagskrá:

1. Starfsemi Póst- og símamálastofnunar, beiðni um skýrslu, 247. mál, þskj. 403. *Hvort leyfð skuli.*

2. Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, stjtill., 248. mál, þskj. 404. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

3. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375. — Frh. 2. umr.

4. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373. — Frh. 2. umr.

5. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377. — Frh. 2. umr.

6. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 310, frhnál. 405, brtt. 406. — 3. umr.

7. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 385, brtt. 407. — 3. umr.

8. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 265. — 3. umr.

9. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328 og 368, brtt. 329. — Frh. 2. umr.

10. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326 og 400, brtt. 327. — 2. umr.

11. Skipulagslög, frv., 240. mál, þskj. 367. — 1. umr.

12. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[13:23]

Útbýting þingskjala:

Lánsfjáraukalög 1996, 226. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 408.

Tryggingagjald, 145. mál, þskj. 385.

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar.

Beiðni GÁS o.fl. um skýrslu, 247. mál. — Þskj. 403.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:25]

Beiðni leyfð með 37 shlj. atkv.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, fyrri umr.

Stjtill., 248. mál. — Þskj. 404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:26]

Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

[13:31]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997.

Samkvæmt þessari þáltill. er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningum um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997 sem gerðir voru í Ósló þann 14. desember sl. Í fyrsta lagi er sameiginleg bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafinu á árinu 1997 ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr stofninum.

Í öðru lagi er samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á sama ári og í þriðja lagi er samkomulag milli Íslands og Noregs um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 1977. (**Gripið fram í:** 1997.) 1997, já. Ég biðst velvirðingar, ég hafði ekki hugsað mér að fara 20 ár aftur í tímann en þá var ástandið heldur verra í sambandi við þennan stofn.

Í fjórða lagi samkomulagið milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 1997.

Aðilar að þessari bókun eru Evrópubandalagið, Færeyjar, Ísland, Noregur og Rússland. Samkvæmt bókuninni verður heildarafli þessara aðila á árinu 1997 1.498 þús. lestir en samkvæmt sérstakri bókun er Rússland skuldbundið til að veiða ekki 12 þús. lestir af þeim kvóta sem í þess hlut kemur.

Aflinn skiptist þannig að í hlut Íslands koma 233 þús. lestir, í hlut Færeyja koma 82 þús. lestir, í hlut Evrópusambandsins 125 þús. lestir og í hlut Noregs 854 þús. lestir og að síðustu í hlut Rússlands 192 þús. lestir.

Í bókuninni er gert ráð fyrir að aðilar komi sér saman í sérstökum tvíhliða samningum um frekara fyrirkomulag veiða, m.a. um heimildir til veiða í lögsögu hvers annars. Eins og ég hef áður gert grein fyrir voru gerðir samningar um slíkt.

Aðalatriðið í þeim samningi sem hér um ræðir er að tekist hefur í fyrsta sinn að ná heildarstjórnun á veiðum úr norsk-íslenska síldarstofninum, þ.e. samkomulagi allra þeirra aðila sem stundað hafa veiðar úr stofninum. Eins og kunnugt er tókst ekki samkomulag við Evrópusambandið um veiðar skipa aðildarríkjanna á árinu 1996. Það er alveg augljóst að Ísland á mjög mikið undir því að síldarstofninn taki sem fyrst um fyrra göngumynstur en eins og vitað er skiptu þessar veiðar gífurlegu máli í efnahagslífi Íslands fyrir nokkrum áratugum. Við eigum mikið undir því að vel takist til um uppbyggingu stofnsins og má því segja að sá samningur, sem tókst að ná á síðasta ári, skipti sköpum í þessu sambandi. Sá samningur sem hér hefur verið gerður er algerlega sambærilegur við hann og eina breytingin sem hefur orðið á honum er sú, þótt hún sé mikilvæg, að Evrópusambandið kemur nú inn í veiðarnar með þeim hætti sem hér er samið um, þ.e. þeir fá heimild til að veiða 125 þúsund lestir. Við hefðum vissulega viljað sjá þessar veiðar Evrópusambandsins minni en hér hefur orðið niðurstaða milli allra þessara aðila og höfðu þeir mismunandi áherslur í samningunum. Þrátt fyrir að ég hefði viljað sjá veiðar Evrópusambandsins minni en hér er gert ráð fyrir, þá tel ég þennan samning vera mjög mikilvægan fyrir Íslendinga og verður til þess að nú ríkir enn meiri von um að það takist að byggja upp stofninn þannig að norsk-íslenski síldarstofninn verði á nýjan leik stærsti fiskstofn á Norður-Atlantshafi.

Í samningnum er svonefnt þróunarákvæði sem miðast við að veiðar breytist í framtíðinni þegar göngumynstur síldarinnar breytist en síðan síðasti samningur var gerður hafa ekki orðið nein efni til að fara út í slíkar breytingar því að síldin hefur því miður lítt sem ekkert gengið inn í efnahagslögsögu Íslands en vonandi verður þar mikil breyting á á næstu árum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð í upphafi um þessa þáltill. Ég vitna til ítarlegrar greinargerðar með henni. Ég vitna jafnframt til allmikillar umræðu sem varð um þessi mál fyrr á þessu ári þegar gengið var frá samkomulagi um síldveiðarnar sem fóru fram á því ári sem nú er að líða. Ég tel að sá samningur hafi verið til heilla og skipt miklu máli fyrir uppbyggingu stofnsins. Eins tel ég þennan samning mjög mikilvægan og vænti þess og legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til seinni umræðu og hv. utanrmn.

[13:38]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi samningur sem við ræðum er afskaplega mikilvægur fyrir hagsmuni Íslendinga. Því miður er það alveg rétt sem hæstv. utanrrh. segir, að þetta er samningur sem er algerlega sambærilegur við þann samning sem gerður var í fyrra og það er hið dapurlegasta við samninginn. Við hann hefur bæst að vísu að búið er að semja við Evrópusambandið sem fær núna 125 þús. tonna kvóta og er eiginlega meira en hálfdrættingur á við Ísland. Þó liggur það ljóslega fyrir að Evrópusambandið hefur nánast enga sögulega veiðireynslu og rökin fyrir þessum kvóta eru nánast engin. Ég verð hins vegar að segja að eins og staðan var orðin fyrir Íslendinga var búið að leika þá inn í slíka kastþröng að það kann vel að vera rétt hjá hæstv. utanrrh. að í stöðunni hafi ekki verið um annað að ræða en fallast á þennan fráleita kvóta til Evrópusambandsins. En það var komið fram áður, m.a. í umræðum í utanrmn. að Íslendingar og stjórnvöld á Íslandi voru í sjálfu sér búin að fallast á það í huganum að nauðsynlegt væri að rjúfa þennan 100 þús. tonna múr til að ná samningum við fjórlöndin og við Evrópusambandið. Það má hins vegar vera að í þeim samningi sem tekur til Evrópusambandsins felist líka sóknarmöguleikar fyrir Íslendinga á öðrum sviðum. Það kom mér satt að segja á óvart að hæstv. utanrrh. skyldi ekki benda á þá augljósu staðreynd sem kynni ef til vill að gagnast okkur í samningum um þorskveiðar í Smugunni, að það voru Norðmenn sem allra manna harðast beittu sér fyrir því að ná tökum á veiðum Evrópusambandsins. Til að gera það veittu þeir og stuðluðu að því að það fengi umtalsverðan kvóta án þess að nokkur söguleg veiðireynsla væri fyrir hendi. Í þessu hljóta að felast einhver rök sem við getum notað málstað okkar til framdráttar í deilunum við Norðmenn um þorskveiðar í Smugunni og það er satt að segja það eina ljósa sem ég sé við þetta.

Það er hins vegar svo að stóri og alvarlegi hluturinn við þennan samning er ekki sá kvóti sem Evrópusambandið fær, a.m.k. ekki að mínum dómi, heldur er búið að geirnegla þessa lágu hlutdeild sem Íslendingar féllust á með samningunum í fyrra. Eins og hæstv. utanrrh. man, þá var nánast hver einasti talsmaður stjórnarandstöðunnar í umræðunum í fyrra og í umræðunum þar áður, líka um síldarsamningana, sem lagðist mjög harkalega með sterkum rökum gegn því að Íslendingar féllust á þessa lágu hlutdeild. Eigi að síður varð það niðurstaðan að Íslendingar féllust á það að taka sér einungis 17,2% af heildarkvótanum, sem út af fyrir sig voru skelfileg tíðindi, vegna þess að út frá sögulegri veiðireynslu og út frá líffræðilegri dreifingu fullorðnu síldarinnar er ekki hægt annað en fallast á að það eru öll rök sem hníga að því að við ættum a.m.k. að fá þriðjung af fullorðnu síldinni, en við féllumst á 17,2%. Vörn hæstv. utanrrh. var fólgin í einu ákvæði samningsins þar sem sagði að þetta hefði ekkert fordæmisgildi. Hvenær hefur það gerst, herra forseti, að alþjóðlegur samningur hefði ekki fordæmisgildi inn í framtíðina? Auðvitað aldrei. Og nú hefur það komið í ljós sem við vöruðum við þá að auðvitað var verið að negla okkur í þessa lágu hlutdeild til framtíðar. Og það sem stendur upp úr þessum samningi er það, að við erum föst í því fari og það sem meira er að okkar hlutdeild hefur minnkað um einn tíunda frá því sem áður var. Hún er einungis 15,2% núna.

Það er líka vert að rifja upp að þessi ríkisstjórn hóf feril sinn heldur glaðhlakkaleg að því er varðaði samninga við aðrar þjóðir um fiskveiðar á úthöfunum. Það var látið að því

liggja að það væri einungis þvergirðingur fyrrv. utanrrh., hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem gerði það að verkum að ekki næðust samningar. Hæstv. utanrrh. lét að því liggja að hann hefði góð sambönd í Noregi og við minnumst þess að það voru sýndar sjónvarpsmyndir af honum að skokka með norskum ráðherrum í fjörunni. Hæstv. sjútvrh. taldi líka að nú væri allt annað uppi. Nú kæmi það í ljós að Íslendingar gætu samið og eins og hæstv. utanrrh. sagði í 1. umr. um síldveiðar: „Ísland verður að sýna að það getur samið". Það hefur heldur betur komið í ljós að Íslendingar semja. En í þessum efnum, herra forseti, er niðurstaða mín sú að þeir hafa einungis sýnt að þeir geti samið af sér.

Ég get ekki sagt annað en að öll þessi saga hafi verið harmsaga. Hún hefur verið undanhald samkvæmt áætlun og þetta niðurlag sem við sjáum núna er í góðum stíl við það sem áður hefur gerst. Við verðlaunuðum Norðmenn á sínum tíma fyrir að hafa drepið niður stofninn fyrir okkur með því að fallast á miklu hærri hlutdeild en þeir áttu nokkurn sögulegan rétt á. Við verðlaunum Rússa líka fyrir að taka ekki upp fullkomlega siðlausar veiðar á ungsíld innan þeirra lögsögu með því að veita þeim fordæmalausan einhliða aðgang að íslenskri lögsögu án þess að við fengjum nokkurn gagnkvæman aðgang að þeirra miðum. Þetta er algerlega óskiljanlegt verð ég að segja, herra forseti. Og þegar við á sínum tíma tókum okkur einhliða kvóta ásamt Færeyingum sem flestum þótti allt of lítill miðað við sögulega reynslu, þá sáu þessir ágætu herramenn til þess að til að ná samningum við Norðmenn á þeim tíma, voru það bara Íslendingar sem gáfu eftir, nánast bara Íslendingar og Færeyingar sem gáfu eftir á milli fimmtungs og fjórðungs af þeim kvóta sem þeir höfðu þá tekið sér sem þó var allt of lítill. Norðmenn gáfu eftir aðeins 4% til þess að auka hlut Rússa.

Hvers vegna er verið að greiða Rússum fyrir að veiða ekki ungsíld innan sinnar lögsögu? Við verðum að horfa til þess, herra forseti, að allur kvóti Rússa er veiddur annaðhvort í íslenskri lögsögu eða norskri lögsögu. Þeir veiða ekki eitt kíló innan sinnan eigin lögsögu vegna þess að þar er ekki að finna neinar hrygningarstöðvar, þar er ekki að finna neina fullorðna síld og stundum er þar að finna afskaplega lítið af ungsíld.

Það er vissulega staðreynd að þegar koma upp mjög stórir árgangar þá heldur talsverður hluti af ungviðinu til innan rússneskrar lögsögu. Á árunum eftir 1971 hefur þetta verið um það bil 10% samkvæmt mati sérfræðinga en Rússar fá miklu, miklu meiri hlutdeild en þessu nemur. Þegar ég og aðrir talsmenn stjórnarandstöðunnar í þessu máli hafa gagnrýnt linkind íslenskra stjórnvalda, þá er vísað til módela, þá er vísað til nafnkunnra erlendra vísindamanna sem hafa komist að því að dreifing eða skipting kvótans ætti að vera eftir einhverjum tilteknum formúlum sem byggjast á líffræðilegri dreifingu og sögulegri veiðireynslu. Hverjir eru það sem veiða út frá þessu? Ekki eru það Rússar, því þeir fá langt umfram það sem niðurstaðan af öllum mögulegum mötum á þeirra hlut ætti að vera. Þeir fá miklu meira, Norðmenn frá miklu meira og núna fær Evrópusambandið miklu meira en því ber. Samkvæmt útreikningum okkar eigin fræðimanna ættu þeir ekki að fá nema 22 þús. tonn en þeir fá 192 þús. tonn. Hvaða þjóð er það sem nánast ein hlítir niðurstöðum þessa mats? Það er Ísland sem ætti að vera með a.m.k. kringum þriðjung af fullorðna stofninum að mínu mati en er komin niður í 15,2%. Þetta skiptir gríðarmiklu máli fyrir framtíðina.

Hæstv. ráðherra hefur ýmsar varnir í málinu. Þeir nefna það t.d. að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að sjá til þess að stofninn stækki og það er vissulega rétt að söguleg reynsla sýnir að það eru fyrst og fremst eldri árgangarnir sem halda vestur á bóginn, sem hafa veturseta innan íslenskrar lögsögu, og sem gætu leitt til þess ef stofninn nær að eldast nógu mikið, að dreifingin mundi breytast okkur í hag. Það er alveg hárrétt að ef árgangarnir fá að eldast eru líkur á að þetta gerist. En við höfum það hins vegar frammi fyrir okkur að samkvæmt niðurstöðum á athugunum Alþjóðahafrannsóknaráðsins er mjög líklegt að strax eftir næsta ár þá fari stofninn að minnka. Hann er í góðu ástandi núna vegna þess að árgangarnir frá 1991 og 1992 eru sterkir en árgangarnir 1993, 1994 og 1995 eru ekki sterkir og mér skilst að árgangurinn frá 1996 sé í meðallagi. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Að okkur mun ekki, þrátt fyrir þessar fórnir, takast að stækka stofninn. Þvert á móti munum við á næstu árum þurfa að minnka kvótann, ekki bara okkar, heldur mun heildarkvótinn minnka. Halda menn þá, jafnvel þó að eitthvað verði komið af eldri síldinni inn í íslenska lögsögu að okkur gangi eitthvað í krafti þessa veika endurmatsákvæðis sem hæstv. sjútvrh. og aðrir ráðherrar vitna í, að ná fram endurmati á aflaskiptingunni þegar búið er að taka þennan stóra kúf ofan af óskiptum kvóta handa Evrópusambandinu? Ég held að það verði gríðarlega erfitt. Og sú vörn sem felst í þessu endurmatsákvæði er mjög veik. Ég minnist þess að hæstv. sjútvrh. kom hér og sagði: „Við höfum fengið það klárt fram að ef dreifing síldarinnar breytist þá verður hægt að taka málið upp aftur og við munum fá meira í okkar hlut." Þannig skildi ég hans mál í fyrra. En þegar menn skoða þetta ákvæði, hvernig er það þá á frummálinu, á enskunni? Það er talað um possible adjustments. Það er talað um hugsanlegar breytingar, bara hugsanlegar. Og þegar líður að aldamótum þegar stofninn er örugglega orðinn talsvert minni en hann er nú og þegar ESB er búið að fá þennan kúf, halda menn þá að okkur gangi vel að fá endurmat á okkar hlut?

Hæstv. ráðherrar hafa líka sagt það að partur af þeim samningi sem gerður var í fyrra feli í sér mikla breytingu okkur í hag vegna þess að við getum fengið að veiða í lögsögu Jan Mayen. Og hvað létum við á móti? Við leyfðum á móti að Norðmenn máttu veiða í lögsögu okkar Íslendinga, innan okkar eigin lögsögu, allt að $^2/_3$ sem nam okkar eigin kvóta. Með öðrum orðum 150 eða 160 þúsund tonn innan okkar lögsögu. Hvað fengum við á móti? Jú, við megum veiða í lögsögu Jan Mayen.

Herra forseti. Ég get ekki annað en sagt að ég mótmæli þessum málflutningi. Það er alveg ljóst að samkvæmt Jan Mayen samningnum frá 1980 þá eigum við heimtingu á því, þegar samningur er kominn á, að veiða tegundir eins og síld eins og þar segir: „í sanngjörnum mæli". Það er því með engu móti hægt að skipta á þessu tvennu. Og það er ekki fyrr en núna með þessum samningi að við fáum möguleika á því að veiða 10 þúsund tonn innan hinnar raunverulegu lögsögu Noregs.

Ég verð líka að lýsa eftir skýringum á því hvernig stendur á því að Rússar fá að veiða hérna 6.500 tonn innan okkar lögsögu. Hvers vegna fáum við ekki á móti ívilnanir innan þeirra lögsögu? Og hvernig er eftirliti háttað með þessu, herra forseti? Og hvað kemur í veg fyrir að sjötta landið kæmi e.t.v. líka í síldarsmuguna og reyndi að ná sér í kvóta? Ætlum við þá líka að fara að minnka hlutdeild Íslendinga aftur?

Herra forseti. Ég get ekki annað að lokum en farið aðeins yfir þau rök sem menn hafa haft fyrir þessari skrýtnu skiptingu á heildarkvótanum. Mér hefur alltaf fundist að Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafi ekki skilið forsögu málsins. Ég vísa til þess að hæstv. sjútvrh. sagði í umræðum síðasta vor um síldarsamninginn að niðurstaðan væri vel viðunandi vegna þess að á því sem hann nefndi hinu klassíska síldveiðitímabili Íslands þá hefðum við verið að veiða að meðaltali 250 þúsund tonn.

Herra forseti. Í svona málflutningi felst ekkert annað en undanhald sem aðrar þjóðir hljóta auðvitað að horfa til. Það er með engu móti hægt að fallast á ummæli af hálfu íslenskra ráðherra af þessu tagi vegna þess að það er ekki hægt að lesa út úr þessu annað en að menn ætli sér að fallast á magn sem því næmi, sem er algjörlega út í hött. Það voru ekki Íslendingar sem eyddu stofninum. En mér fannst þegar við höfum þessar umræður hér fyrst að hæstv. ráðherrar gerðu sér ekki grein fyrir því að sökin var að engu leyti Íslendinga eða þeirra sem voru að veiða hina fullorðnu síld. Sökin var alfarið þeirra sem höfðu áratugum saman stundað rányrkju á ungsíld og það virtist algjörlega hafa farið fram hjá hæstv. ráðherrum íslensku ríkisstjórnarinnar að það voru norskir vísindamenn sem lýstu því yfir opinberlega í vísindagrein árið 1980 að sektarlömbin í þessu dæmi voru Norðmenn sjálfir. Þessir sérfræðingar sem oft hefur verið vitnað til, a.m.k. tveggja, af hálfu íslenskra stjórnvalda voru t.d. Ulltang og hinn frægi Johannes Hamre, sem hæstv. sjútvrh. vísar oft til. Þeir sögðu sjálfir í grein árið 1980 að eina takmörkunin sem þurfti til að koma í veg fyrir eyðingu stofnsins hefði verið að setja á árunum fyrir 1970 reglur um lágmarksstærð síldar í afla sem vernduðu núll til eins árs árganginn. Það er því alveg ljóst að Norðmenn sjálfir gera sér grein fyrir því að það voru þeir sem eyðilögðu þennan stofn. Hvað þýddi það fyrir Íslendinga á sínum tíma? Í hvaða siðferðilegu skuld standa Norðmenn við Íslendinga vegna þess að þeir fóru offari í þessum efnum?

Á þeim tíma þegar síldarstofninn hrundi var þriðjungur af útflutningstekjum Íslendinga vegna síldarafurða. Þá var hér í gangi mikil uppbygging víða um land sem í einu vetfangi, næstum því á einu ári, var öllum stoðum kippt undan. Hvað þýddi þetta? Þetta leiddi hörmungar yfir Ísland, mikla kreppu. Fjöldi Íslendinga neyddist til þess að flytja búferlum frá landinu vegna þess að þessi meginstoð sjávarútvegsins hrundi svo að segja á einni nóttu. Og það voru Norðmenn sem ýttu henni um koll. Þetta verðum við að hafa í huga. Við höfum í upphafi þurft að fara miklu harðar fram í þessum samningum á þessum grundvelli. En nú stendur það upp úr að búið er að geirnegla þessa lágu hlutdeild Íslands. Það stendur upp úr sem stjórnarandstaðan sagði í fyrra, að þessi samningur væri fordæmisgefandi. Það er rétt. Þessi 17% sem við vorum með á borðunum fyrir framan okkur í fyrra eru minni í dag. Við höfum $^{1}/_{10}$ hluta minna af hlutdeildinni heldur en þá. Ég verð að segja að þetta er lakleg niðurstaða. Og mér finnst það líka slæmt að í þessum ósigrum sem við höfum beðið að skuli hæstv. ráðherrar a.m.k. ekki sjá smáar vinningsleiðir og sjá þó það góða sem í þessu felst vegna þess að það kom ekki fram í máli hæstv. ráðherra hérna áðan.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki um það að deila að samningarnir um meðferð norsk-íslenska síldarstofnsins eru einhverjir þeir allar mikilvægustu sem við höfum lengi gert hvað varðar nýtingu sjávarstofna á okkar hafsvæði. Um þetta mál urðu allmiklar umræður hér í fyrra og því er ekki að leyna að ýmsir af þeim sem þá töluðu lýstu miklum vonbrigðum með það hvernig málið fór af stað. Þegar samningar voru í fyrsta skipti gerðir eftir áralangar umleitanir af okkar hálfu til að fá Norðmenn til þess að ræða við okkur um framtíðarmeðferð mála þegar þessi stofn væri aftur að byggjast upp, var ýtt úr vör með samningi af því tagi sem að okkar mati margra teiknaði til mjög óhagstæðrar niðurstöðu fyrir Ísland. Vörn manna í fyrra var að hluta til sú að samningurinn væri ekki fordæmisgefandi. Það má svo sem reyna að halda því fram og það hefur oft áður verið reynt í mannkynssögunni að halda því fram að samningar af þessu tagi séu alls ekki fordæmisgefandi. En ætli reynslan sé nú ekki ólygnust um að það reynist oft á tíðum afar erfitt að hreyfa mikið til niðurstöðu sem einu sinni lendir niður á pappír. Og það sem er kannski verra er að þessir samningar í fyrra virðast, ef eitthvað er, hafa verið fordæmisgefandi í þá áttina að hlutur Íslands yrði í kjölfar þeirra og í framhaldinu niður á við en ekki upp á við. Nú er það lagt á borð okkar að hlutdeild Íslands í þessum stofni verði minni á næsta ári heldur en hún var á þessu. Þá er aftur gripið til þess að rökstyðja og verja þá niðurstöðu með því að það sé afar mikilvægt að tekist hafi að koma böndum á veiðar Evrópusambandsins. Það hefur að vísu verið gert a.m.k. á pappírnum. En eins og kunnugt er hefur stundum gengið erfiðlega að halda mönnum sem tilheyra því bandalagi við að efna slíka hluti.

Ég held, herra forseti, að það hljóti að verða mönnum ærið mikið umhugsunarefni að þessi stofn sem var að stórum hluta og jafnvel stærstum hluta á áralöngu bili nýttur frá Íslandi, var hálft árið eða meira innan íslensku efnahagslögsögunnar og veiddur af okkur um árabil svo nam milli 30 og 40% miðað við fullorðna síld, að það skuli nú verða okkar hlutskipti að fá úr honum 15,6 eða 15,7% á næsta ári eftir því hvort dregin eru frá þessi 12 þúsund tonn sem Rússar hafa skuldbundið sig til að veiða ekki.

Ef fleiri bættust í hópinn, ef Austur-Evrópuþjóðir utan Evrópusambandsins leggðust nú í víking og herjuðu á síldarsmuguna og tækju úr stofninum yrði þá framhaldið einnig það að við yrðum að gefa eftir og lækka okkar hlut til þess að greiða fyrir samningum sem Norðmenn vilja gera við Evrópusambandið? Þá held ég að það færi að verða nokkuð hörð sambúð okkar við þá frændur vora því það liggur fyrir og kom fram í málinu að aðaláhugaaðilinn um að semja við Evrópusambandið hvað sem það kostaði og ganga að þessum allt of stóra hlut til Evrópusambandsins voru Norðmenn. En Íslendingar greiða hins vegar ekkert síður en aðrir og jafnvel frekar herkostnaðinn af þeim samningum. Ef þetta væri hluti af einhverjum sinnaskiptum af hálfu Norðmanna sem fælu það í sér að þeir vildu þá ljúka öðrum að einhverju leyti hliðstæðum deilumálum á svipaðan hátt þá væri líka málið í öðru samhengi. En svo er ekki. Það hafa engar fréttir komið um það að Norðmenn ætli að sýna sambærilegan vilja og þeir eru að gera hér til þess að semja um uppskiptingu veiða á þorskstofninum í Barentshafi hvað varðar veiðimöguleika Smugunnar þar. Þvert á móti er allt þversum þegar kemur að samningum við okkur Íslendinga á þeim slóðum. Og eru menn þó ekki að tala þar um það að Íslendingar fái næstum því það sem þeir hafa veitt undanfarin ár eins og hér á við því af veiðum Evrópusambandsins upp á kannski upp undir 200 þúsund tonn af síld í fyrra — og veit þó enginn hvað er

satt og hvað er logið í því vegna þess að þeir gefa það upp sjálfir — fá þeir núna talsvert á annað hundrað þúsund tonn eða meira en helminginn af því sem þeir veiddu. Með sömu rökum ættum við að fá á milli 15 og 20 þúsund tonn miðað við veiðarnar tvö undanfarin ár í Smugunni.

Nú er það svo, herra forseti, að samningagerðin núna er fyrst og fremst rammi um veiðina á árinu 1997 og ég skil það þannig að það liggi í hlutarins eðli að bókunin frá 6. maí í fyrra haldi gildi sínu að svo miklu leyti sem hún var ekki tímasett og bundin við það ár. Það þýðir að hin almennu ákvæði bókunarinnar frá því í fyrra, þar með talin hin umdeilda 6. gr., eru enn í gildi. Og það hefur ekkert nýtt samkomulag tekið við af þeim. Þá umræðu þekkjum við. Það var reynt að halda því fram að mönnum yrði stoð í 6. gr., tölulið 6.2. þegar kæmi að því að endurmeta hlutföll samningsaðila vegna hugsanlegra breytinga á leyfilegum heildarafla og aflahlutdeild aðila að svo miklu leyti sem dreifing stofnsins réttlætti breytingar. Og er það því sem sagt jafnóútkljáð og jafnóskýrt og það var þá hvaða hald mönnum yrði í þessari grein eða hvort yfirleitt yrði eitthvert hald í henni.

Ég held að tilkoma Evrópusambandsins sem samningsaðila inn í þetta mál einfaldi ekki þessa hluti. Og ekki bætir það úr skák hvað varðar stöðu Íslands að fá Evrópusambandið þarna inn með engan sögulegan rétt til þessa stofns og með engar líffræðilegar forsendur aðrar en þær að stofninn gangi hratt í gegnum þetta alþjóðlega hafsvæði. En halda menn að það verði létt að taka niður hlut Evrópusambandsins? Er það reynslan af samskiptum við þá að það hafi verið auðvelt mál?

Eru þeir mjög ginnkeyptir fyrir líffræðilegum rökum hjá Evrópusambandinu? Er það reynsla Kanadamanna af samskiptum við þá? Ég held að menn hafi tekið inn á sig mjög erfiðan bólfélaga ef svo má að orði komast inn í þennan samning þar sem er Evrópusambandið og mér er það alveg stórkostlega til efs að það hefði ekki verið betra að taka af því áhættuna að glíma við það með öðrum ráðum en þeim að semja við þá á þessum kjörum. En þar gætir sjálfsagt þess að Norðmenn munu hafa lagt mikið kapp á að ganga frá samningum við Evrópusambandið og kannski hafa þeir hitt Evrópusambandið á leynifundi hugsanlega einhvers staðar annars staðar en í London að þessu sinni. Og ætli það gæti ekki átt eftir að koma á daginn að fiskur lægi þar undir steini. Voru Norðmenn kannski að fá eitthvað annað á móti því að vera svona liðlegir við Evrópusambandið í sambandi við samninga um síld? Það er von að maður spyrji, herra forseti, því að það tókst að draga það hér upp úr hæstv. ráðherrum með töngum sem var haldið leyndu fyrir Íslendingum í næstum hálfan mánuð, að það hafi verið gengið frá hinum upphaflega síldarsamningi á leynifundi Íslendinga og Norðmanna í London tíu dögum áður en nokkrum manni var sagt frá því hér heima. Og sett var á svið leikrit, eins og menn muna, þar sem var haft samráð við sjútvn., utanrmn. og Alþingi og svo var haldin önnur leiksýning úti í Ósló þar sem menn vöktu heila nótt til þess að ná fram samningum og voru alveg úrvinda undir morgun af erfiði vegna hluta sem gengið hafði verið frá með leynd í London tíu dögum áður. Þannig voru nú vinnubrögðin. Þannig var hið lögbundna samráð við utanrmn. Alþingis um einn af mikilvægari milliríkjasamningum sem Íslendingar hafa gert um langt árabil.

Er þá nema von að maður spyrji: Er kannski við einhverju svipuðu að búast núna? Kannski ekki með aðild Íslendinga að þessu sinni, en gæti það hugsast að við værum látnir greiða herkostnaðinn af góðviljasamningi Norðmanna við Evrópusambandið um síldveiðimál vegna þess að Norðmenn eiga hagsmuna að gæta á fjölþættum sviðum í sínum prívatsamningum við Evrópusambandið um þessar mundir? Mér finnst satt best að segja grunsamlegt að Norðmenn sem ekki hafa verið útbærir á veiðiheimildir til handa öðrum, a.m.k. ekki Íslendingum undanfarin ár verði allt í einu svona liðugir og vinveittir Evrópusambandinu að þessu leyti.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðherra hvort samhengi þessara samninga sé ekki svo að bókunin frá 6. maí sé í gildi og hún eigi að verða varanlegur rammi um þessi mál. Og þá er náttúrlega svona og svona að reyna að halda því fram að niðurstaðan frá í maí í fyrra hafi ekki verið fordæmisgefandi ef hér er að verða til samningur hvað bókunina snertir sem stendur árum saman.

Rökin fyrir því, herra forseti, að við Íslendingar göngum að þessum samningum sem enginn reynir að halda fram, ekki einu sinni hæstv. ráðherra, að séu góðir, séu hagstæðir okkur, enda borin von, eru þá þessi og þessi ein að það sé svo mikilvægt fyrir okkur og miklu mikilvægara okkur heldur en öllum öðrum að koma með einhverjum ráðum fiskveiðistjórnun á þennan stofn til þess að hann byggist upp og hefji göngur sínar á nýjan leik í auknum mæli inn í íslensku efnahagslögsöguna. Þar með skapist forsendur fyrir okkur til þess í framtíðinni að sækja á um aukinn hlut. Að sjálfsögðu viðurkenni ég að það er okkur gífurlega mikið hagsmunamál að þróunin verði slík. Fyrir því eru engar tryggingar vegna þess að við vitum ekki svo sem nákvæmlega, þó okkar bestu sérfræðingar reikni með því og voni það, að þegar síldin kemst í sambærilegt horf hvað varðar aldurssamsetningu og stærð eins og hún var í á sínum tíma, þá taki hún upp sitt fyrra hegðunarmynstur og verði innan íslensku efnahagslögsögunnar vonandi verulegan hluta úr árinu. En þá er líka verið að segja það með þessari röksemdafærslu að í raun og veru verði Íslendingar einir að greiða kostnaðinn af því að sýna þessa ábyrgð. Snýr þetta ekki þannig að það sé líka hagsmunamál hinna að þessi stofn sé skynsamlega nýttur, ekki ofveiddur? Ég held að Íslendingar hafi gert þau örlagamistök í nálgun í þessum efnum að hafa kyngt því að það værum við einir sem ættum hagsmuni í því að byggja stofninn upp. Og Norðmenn hafa hótað því með því að láta það birtast í pressunni í Vestur- og Norður-Noregi svona tvisvar á ári að norskir sjómenn séu reiðir og þeir vilji ofveiða stofninn þannig að hann gangi aldrei út úr norskri lögsögu og Íslendingar segja: Nei, það má ekki gerast. Það má ekki gerast. Við verðum að gefa eftir og semja til þess að þeir hegði sér með ábyrgum hætti. Til þess að Rússar veiði ekki smásíld, til þess að Norðmenn þurrki hana ekki upp á fjörðunum, þá verðum við að gefa eftir. Eigum við sem sagt einir að bera þennan kyndil ábyrgðarinnar um heiminn vegna hótana frá hinum um að hegða sér eins og villimenn? Það er það sem hér er á ferðinni.

Af hverju höfðu menn þá ekki kjark til þess að segja: Nú, ef við viljið eyðileggja þennan stofn sem með ábyrgri fiskveiðistjórn gæti gefið okkur 1,5 millj. tonn á ári sem við skiptum með réttlátum hætti á milli okkar, gerið þið svo vel. Veiðið þið þá bara ykkar smásíld og drepið ykkar síld inni á fjörðunum þannig að enginn fái neitt því að auðvitað liggur málið þannig að það eiga allir jafnra hagsmuna að gæta í því að breyttu breytanda miðað við sanngjörn skiptahlutföll að stofninn sé byggður upp og nýttur á ábyrgan hátt. Það eru

ómálefnaleg og óréttmæt rök af hálfu Norðmanna og Rússa að hóta okkur með rányrkju í þessum efnum og við eigum ekki að lúffa fyrir þeim. Menn áttu að hafa kjark til þess að segja: Nei takk, við lúffum ekki fyrir svona röksemdafærslu. Ef þið ætlið að hegða ykkur eins og villimenn að þessu leyti, þá skuluð þið bara gera það. Við mætum ekki að samningaborði með mönnum sem flytja mál sitt með þeim hætti. Ég tel því að menn hafi látið kúska sig alveg langt umfram það sem efni stóðu til með hótunum sem menn eiga aldrei að láta undan. Menn eiga þvert á móti að bregðast þannig við ætíð og hvarvetna ef þeim hótað að verða hálfu fastari fyrir og standa fastar á sínu en fyrr. Það er besta ráðið.

Að öðru leyti var þetta réttlætt þannig, herra forseti — það er ekki hægt því miður að hlífa hæstv. ráðherra að fara aðeins yfir það — og það var sérstaklega notað í umræðunum á Alþingi í fyrravor að eitt allra mikilvægasta málið í sambandi við það að ná stjórn á veiðunum og fá kvóta væri að þá gætum við nýtt allan stofninn til manneldis. Síðan voru sérfræðingarnir við skrifborðin í ráðuneytinu svo nákvæmlega vissir um að þeir hefðu stjórn á þessu máli og gætu stýrt göngum síldarinnar að þeir frestuðu upphafi veiðanna til þess að fita hana. Þeir hugsuðu sér að hafa hana á beit í tíu daga í viðbót og fita hana og svo ætlaði íslenski flotinn að koma og veiða hana alla til manneldis af því að það var búið að semja. Hvernig tókst þetta? Við misstum af meira en 20 þúsund tonnum af því að við byrjuðum veiðarnar of seint og það fór ekki eitt einasta kvikindi til manneldis vegna þess að samningurinn bauð ekki upp á það sem þó var réttlættur með því að það ætti að ná síldinni til manneldis með þessu. Fyrir nú utan það að við eigum sáralítinn flota sem getur flutt hráefni sem er hæft til manneldisvinnslu yfir sumartímann í land. Þökk sé heimskulegum úreldingarreglum sem menn hafa haft í gildi til þess að torvelda endurnýjun flotans um árabil. En það var ekki samið t.d. um gagnkvæman veiðirétt inn í norsku efnahagslögsöguna þannig að við gætum tekið síldina á þeim tíma sem hún er orðin góð til manneldis og þess vegna þá landað henni þar sem vel væri borgað fyrir hana.

Nei, okkur voru eftir sem áður ætlaðir þeir kostir að taka síldina eingöngu í okkar lögsögu, Smugunni, færeysku lögsögunni og svo að einhverju leyti við Jan Mayen, en það lá auðvitað alveg fyrir að það gat þýtt að veiðitíminn yrði mjög stuttur og mikil óvissa á því að við næðum nokkru í manneldi sem raunin varð á. Svo mikið fyrir þau rök, herra forseti, að réttlæting samningsins í fyrra var aðallega sú að það ætti að vinna eins mikið og hægt væri af síldinni í manneldi. Útkoman varð sú að við misstum af yfir 20 þúsund tonnum af kvótanum og það fór ekkert til manneldis. Þetta verða menn að horfast í augu við að varð niðurstaðan af málinu hvað sem öllum málflutningi í fyrra leið. Og ég vona að menn muni eftir þessu þegar að því kemur að ræða þessi mál frekar.

Staðan, herra forseti, að öðru leyti hvað varðar samningaviðræður okkar við Norðmenn eða deilur og stjórn mála á nálægum slóðum þar sem uppi hafa verið deilumál er mikið umhugsunarefni, þ.e. hvernig okkur Íslendingum hefur tekist að halda á þessum málum almennt núna síðustu missirum. Og ég get ekki annað því miður en tekið undir það að nokkru leyti með hv. síðasta ræðumanni að ég er ekki sáttur við þann hlut sem við höfum uppskorið að mestu leyti í þessum efnum og ég tel að íslensk stjórnvöld hafi ekki haldið af nógu mikilli festu á þessum málum og ekki verið nógu samkvæm sjálfum sér. Það vantaði að móta strax í byrjun þessarar útrásar okkar á alþjóðleg fiskimið stefnu sem unnt væri að framfylgja þannig að við værum sæmilega sjálfum okkur samkvæm og næðum að gæta skynsamlega okkar blönduðu hagsmuna í þessum efnum. Og hagsmunir okkar eru orðnir blandaðir að því leyti að við erum bæði strandríki og úthafsveiðiþjóð eins og reyndar flestar aðrar fiskveiðiþjóðir í heiminum eru öfugt við það sem stundum hefur verið haldið fram að þetta séu einhverjar tvær andstæður sem alls staðar takist á. Svo er ekki. Íslendingar eru ósköp einfaldlega komnir með blandaða hagsmuni sem við þurfum að reyna að gæta eftir bestu föngum og það sést best á því að nálægt 15% af heildaraflaverðmæti íslenska flotans kemur á þessu ári frá veiðum utan landhelginnar. Það segir allt sem segja þarf um það að okkar hagsmunir eru þarna orðnir blandaðir í þeim mæli að við verðum að reyna að halda þannig á málum.

Menn þekkja hvernig okkur hefur gengið að verja eða ná okkar hlut og festa hann í sessi á Flæmska hattinum. Þar róum við einir á báti og höfum mótmælt og verðum aftur að mótmæla niðurstöðunni sem þar hefur tekist um stjórn á veiðum. Staðan uppi í Barentshafi er slík að þar hefur hvorki rekið né gengið. Það sem í loftinu liggur að væri í boði af hálfu viðsemjenda okkar þar er algerlega óaðgengilegt, aðeins brot af þeirri veiði sem við höfum þar tekið og með skilmálum sem eru okkur alls ekki nógu hagstæðir. Á Reykjaneshryggnum ganga hlutir þannig að þar náðist þó að vísu óumdeilanlega skársta niðurstaðan. Okkar hlutur er þar skárri en annars staðar og þar er þó í gildi samkomulag sem býður upp á veiðistjórnun sem við getum sætt okkur við. En þar er staðan þannig að vegna þess að Rússar mótmæltu í fyrra og sættu sig ekki við samkomulagið, hvað varð þá að gera? Bjóða einhliða 5.000 tonn í viðbót handa þeim. Og það mundi þýða, ef Rússar gengju að því samkomulagi, að hlutur þeirra á Reykjaneshryggnum yrði kominn upp að hliðinni á Íslendingum og það finnst manni ansi hart þar sem við erum bæði strandríki með verulegan rétt til þessa deilistofns og erum sá aðili sem hefur verið með mesta veiði undanfarin ár. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þá líka við vera farin að leggja ansi mikið á okkur til þess að reyna að bera einir þennan kyndil ábyrgrar fiskveiðistjórnunar og umgengni um miðin að þessu leyti um heiminn.

Herra forseti. Ég tel að mínusarnir í þessu máli séu a.m.k. þrír og þeir eru allir mjög stjórir. Plúsinn er vissulega sá að þetta gefur meiri vonir um að stofninn fái frið til að byggjast upp og vonandi taka upp sína fyrri hegðun og koma hingað inn í landhelgina þó að hins vegar hin samningslega umgjörð sem búið er að leggja fyrir okkur sé allt of veik til þess að leiðrétta okkar hlut, þar sem eingöngu er talað um að hugsanlega megi endurskoða þessi hlutföll. En plúsinn er þessi. Það er alveg hárrétt og auðvitað ber manni að hlusta á landsföðurleg orð eins og þau sem Jakob Jakobsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar viðhefur í þessu sambandi og við höfum ekki öðrum betri mönnum á að tefla til þess að taka á mark að því leyti. En það verður jafnframt að meta hina pólitísku stöðu og það er okkar hlutverk sem hér ræðum málin.

Mínusarnir eru a.m.k. þrír og allir veigamiklir að mínu mati. Þeir eru í fyrsta lagi allt of lág upphafsprósenta okkar Íslendinga. Þeir eru í öðru lagi allt of hár hlutur Evrópusambandsins sem verður til stórkostlegra vandræða oftast hér í framtíðinni í þessum samskiptum og þeir eru í þriðja lagi, sem of lítill gaumur hefur verið gefinn að. Þriðji mínusinn

er sá að það er nánast um einhliða ívilnanir til handa Rússum og Norðmönnum að ræða hvað varðar veiðar í íslenskri efnahagslögu, án nokkurs gagnkvæmnisréttar hvað varðar Rússa og nánast hverfandi hvað varðar Norðmenn. Það er að vísu búið að læða þarna inn litlum 10 þúsund tonnum í norsku efnahagslögsögunni, 10 þúsund tonnum. Það þarf sex stærstu íslensku loðnuskipin til að sækja það magn. Sex þeirra gætu farið og náð því og jafnvel varla það eftir að búið er að stækka Hólmaborgina. Þannig er nú það. Það er ekki mikið á sama tíma og Norðmenn mega taka drjúgan hlut af sumarveiðum sínum sem þeir á annað borð stunda, vegna þess að veiðin hjá þeim dreifist allt öðruvísi yfir árið og tekur miklu stærri hlut úr árinu heldur en annarra samningsaðila, þá mega Norðmenn taka verulegan hluta af því sem þeir yfir höfuð koma til með að hafa áhuga á að veiða yfir sumarið innan íslenskrar efnahagslögu. Þannig að það er þriðji og stóri mínusinn.

Herra forseti. Sjálfsagt verður þessum málum ekki þokað úr þeim farvegi sem þau eru komin í nú, þegar hér er lögð til staðfesting á hliðstæðum samningi annað árið í röð. Ég reikna með því að þetta sé að teikna til þeirrar framtíðar að um sinn verði þetta í grófum dráttum óbreytt. A.m.k. sýnist mér ekki vera þær pólitísku aðstæður uppi á Íslandi í nánd að þessu verði breytt. Ef hins vegar síldargöngurnar taka að breytast, þá reynir vonandi einhvern tíma á hvort við getum rétt okkar hlut, m.a. á grundvelli 6. gr. í bókuninni. Ég hef því miður ekki mikla trú á að það takist. Ég vil nú ekki taka dýpra í árinni vegna þess að það er sjálfsagt rétt að reyna að berja í brestina og bera sig mannalega og ekki um annað að ræða þegar svo er komið en reyna að túlka þetta á þá lund að okkur sé eitthvert gagn í þessum ákvæðum. En ég óttast miklu frekar að ef við ætlum í framtíðinni á annað borð að reyna að gera einhverja verulega atrennu að því að rétta okkar hlut, þá muni það ekki takast nema með því að slíta þessum samningum. Og það bíði okkur þar af leiðandi kannski eftir 3–5 ár nýtt tímabil, þar sem menn lenda í áflogum af því að samningsaðilarnir munu ekki fallast á að hlutdeild Íslands hækki með sanngjörnum hætti þó að stofninn fari að dvelja einhvern hluta ársins innan íslensku lögsögunnar. Ég sé t.d. ekki Rússa, sem fá svona mikið út úr niðurstöðunni þó að síldin sé aldrei í raun og veru í veiðanlegum mæli innan þeirra lögsögu, gefa mikið eftir á þeirri forsendu að hún hafi fært sig eitthvað til í lögsögum hinna. Er það líklegt? Eða Evrópusambandið? Er líklegt að það muni gefa sinn hlut eftir? Nei. Það er engin fiskifræðileg eða líffræðileg forsenda hvort sem er til grundvallar þeirra kvóta þannig að þeir munu að sjálfsögðu segja nei.

Ætlum við þá að taka það af Færeyingum þó að síldin kynni að verða eitthvað meira innan íslensku lögsögunnar en þeirrar færeysku á næstu árum? Ég sé það nú ekki og er ekki viss um að ég mundi mæla með því sjálfur, svo mikilvæg sem samstaðan með þeim hefur verið okkur núna tvö undanfarin ár. Þá er einn aðili að samningnum eftir sem yrði þá einhliða að gefa eftir til þess að Ísland gæti aukið sinn hlut. Það eru Norðmenn. Og ég spyr í ljósi reynslunnar, herra forseti: Er líklegt að Norðmenn muni sjálfkrafa gefa eftir af sínum hlut eftir því sem hlutur Íslands fer upp? Það yrði við þá fyrst og fremst sem þetta stæði ef samkomulag ætti að takast um leiðréttingu. Ég óttast að það verði þungt fyrir fæti. Og þá mundi ekkert annað bíða okkar en tvennt: Að gefast upp eða slíta samningunum, segja þeim upp og taka að veiða meira magn innan íslensku lögsögunnar og eftir atvikum í þeirri færeysku og úti í Smugunni í trausti þess að göngur síldarinnar byðu orðið upp á það. Þá mundi hefjast nýtt síldarstríð.

Því miður, herra forseti, kemst ég ekki hjá því að draga upp þessa dapurlegu framtíðarsýn. Þannig óttast ég að þetta muni geta farið ef svo heldur sem horfir. Margt teiknar til að við sitjum föst í þessum farvegi einhver næstu árin og eigum svo ekki á neitt annað að treysta til að leiðrétta okkar hlut en þessi afar veiku ákvæði í bókuninni, hverrar lífdaga er verið að lengja hér. Þannig að niðurstaðan eru mikil vonbrigði, herra forseti. Ég tel að þetta mál hafi alls ekki farið af stað með þeim hætti sem nauðsynlegur hefði verið til að undirbyggja framtíðarhagsmuni og stöðu Íslands í nýtingu þessa stofns sem er íslenskur deilistofn, fiskifræðilega og líffræðilega að stórum hluta til, og öll rök hníga til að við eigum a.m.k. þriðjungshlutdeild í.

[14:21]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess í upphafi að fagna því að samningar hafa nú tekist milli strandríkjanna fjögurra annars vegar og Evrópusambandsins hins vegar að því er varðar skiptingu á síldarkvóta fyrir næsta ár. Mál þetta var kynnt utanrmn. eftir viðræðufundinn í London í síðasta mánuði og einnig á fundi sl. mánudagsmorgun strax eftir að samninganefndarmenn komu heim. Ég tel að það sé ekkert athugavert við þá kynningu eða upplýsingaskil utanrrn. og sjútvrn. gagnvart utanrmn.

Það sem menn standa frammi fyrir í þessu máli er annars vegar það að gera samning í líkingu við það sem gert hefur verið núna eða taka áhættu og fara út í óvissuna að því er varðar nokkra þætti ella. Menn gætu freistast til þess að sleppa Evrópusambandinu lausu, líkt og gert var á sl. ári, taka þá áhættuna af því að þeir veiði ekki 160 þús. tonn, ekki 188 þús. tonn, heldur jafnvel nokkur hundruð þúsund tonn upp á eigin spýtur, utan alls samkomulags, með þeim flota sem þeir hafa komið sér upp og sem þeir eflaust hæglega gætu ef þeir ákvæðu að fara í málið með þeim hætti. Ekki þjónar það hagsmunum Íslendinga.

Menn gátu líka tekið áhættuna af því að Íslendingar hefðu verið skildir út undan í þessum samningum og önnur lönd sem þarna koma að freistuðust til þess að semja án þess að Íslendingar væru með, ef Íslendingar hefðu tekið svo fasta, ákveðna og eindregna afstöðu og óhagganlega. Þá hefði mátt búast við því að önnur lönd hefðu ákveðið að semja engu að síður og þá hefðum við setið uppi án alls kvóta í lögsögum hinna landanna og þurft að freista þess að veiða okkar eingöngu í síldarsmugunni og að því litla marki sem síldin fer væntanlega innan okkar eigin lögsögu.

Við skulum ekki gleyma því að Evrópusambandið og aðrir sem þarna koma að hafa reynt og geta reynt að leggja ýmsar freistingar fyrir aðra samningsaðila þarna eins og t.d. vini okkar og frændur í Færeyjum. Það er því auðvitað að mörgu að hyggja þegar svona samningar eru gerðir og auðvitað eru það allra hagsmunir, allra ábyrgra aðila, að reyna að ná heildarsamkomulagi um stofn sem þennan sem skiptir svona gríðarlega miklu máli, ekki síst fyrir okkur Íslendinga, að hann haldi velli og nái að stækka til þess að hann geti gengið inn á sín gömlu mið og göngusvæði við Ísland.

Auðvitað er alltaf hægt að segja sem svo, eins og menn hafa gert í þessari umræðu: Þessir aðilar fengu of mikið eða hinn aðilinn fékk of mikið. Þessi fékk allt of mikið. Auðvitað geta menn tekið undir það að Evrópusambandið hafi kannski

fengið miklu meira heldur en það hafi átt að fá út frá sögulegri reynslu þeirra og út frá rökum sem lúta að dreifingu stofnsins. Ég get alveg tekið undir það að auðvitað hefði verið miklu betra að Evrópusambandið hefði fengið minni kvóta. En menn standa frammi fyrir þessum raunveruleika sem ég var að lýsa hér áðan og þá verða menn að gera það upp við sig: Vilja menn taka þá áhættu sem í því felst að gera ekki samninga eða vilja menn standa föstum fótum í tilverunni að þessu leyti, með samning að vopni, sem er þá jafnframt fast land undir fótum að því er varðar frekari þróun og frekara samningsferli síðar meir, fótfesta gagnvart framtíðinni? Ég held að það sé ekkert vafamál að fyrir okkur Íslendinga er skynsamlegast að freista þess að ná samningum um þessi mál og það hefur verið gert og ég tel að beri að fagna því.

Ég er reyndar sammála því sem fram kom í máli hv. 15. þm. Reykv. og hv. síðasta ræðumanns, þeirra hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, að vissulega skapar þessi samningur ákveðið fordæmi að því er varðar aðra samninga við Norðmenn um fiskveiðimál. Norðmenn hafa gefið fordæmi með þessu um það hvernig á að taka við nýjum aðila með litla veiðireynslu þegar gengið er til samninga um kvótaúthlutanir. Þeir hafa tekið Evrópusambandinu fagnandi hér má segja. Það kom okkur á óvart. (**Gripið fram í:** Þeir borga brúsann.) Það kom okkur á óvart. Skyldi ekki mega halda því fram gagnvart okkar veiðum í Smugunni að það beri sömuleiðis að taka okkur með sama hætti fagnandi þegar kemur að samningaborði þar? Ég er ekki í nokkrum vafa um að það verður hægt að heimfæra þessa samlíkingu upp á Norðmenn næst þegar menn hittast út af Smugudeilunni.

Ég held þegar öllu er á botninn hvolft, virðulegi forseti, að hér hafi verið skynsamlega að málum staðið. Ég leyfi mér að vitna líka til ummæla Jakobs Jakobssonar fiskifræðings sem mönnum er auðvitað skylt að taka mikið mark á. Ég bendi einnig á að formaður samninganefndar Íslands í þessu efni er einn af virtustu og þekktustu sérfræðingum landsins í sjávarútvegsmálum, í hvölum og í fleiru úr ríki náttúrunnar í sjónum, og ég tel að við höfum afskaplega góðu liði á að skipa í þessu efni í fiskifræðunum. (**Gripið fram í:** Að hann sé betri í lögfræði?) Ja, ætli það ekki bara í þessu efni. Það mætti segja mér það að við gætum sameinast um það hérna sem ekki erum lögfræðingar.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu segja frá því að ég hyggst boða til fundar í utanrmn. jafnskjótt og þessari tillögu hefur verið vísað til hennar. Ég mun óska eftir því þar að tillögunni verði vísað til umsagnar í sjútvn. Ég geri mér vonir um að hún fjalli um málið hratt og örugglega í þessari viku þannig að okkur auðnist að ljúka afgreiðslu þessa máls áður en þingmenn halda í jólahlé. Ég tel að það sé skynsamlegast að draga ekki afgreiðsluna heldur ljúka henni jafnskjótt og okkur er auðið.

[14:28]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um staðfestingu samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 1997. Enn eitt samkomulagið um síldveiðar er í höfn sem er sögulegt að því leyti að tekist hefur að koma heildarstjórn á veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Því miður virðist hafa verið ansi dýrkeypt að koma böndum á veiðar ESB sem samkvæmt samningnum fær 125 þúsund tonn nú eða 8,4% af heildaraflanum þótt færa megi rök fyrir því að því beri aðeins um fjórðungur þessa magns eða jafnvel minna.

Samkomulagið við ESB er pólitískt fyrst og fremst en með því er viðurkennd veiðigeta sambandsins og veiðar þess á undanförnum árum. Þó að samkomulagið við ESB gildi formlega aðeins í eitt ár, þá verður vafalaust erfitt að horfa fram hjá því við úthlutun úr stofninum í framtíðinni eins og reynslan sýnir. Um leið og hlutur ESB er samþykktur minnkar hlutdeild Íslands eins og annarra strandríkja, í okkar tilfelli úr 17,1% af heildinni árið 1996 í 15,7% árið 1997. Hið ánægjulega er þó að vegna aukins heildarkvóta eykst kvóti Íslands út 190 þúsund tonnum í 233 þúsund tonn og því stefnir í gott síldveiðiár á næsta ári ef kvótinn næst sem fer m.a. eftir því hvernig á stjórnun íslensku veiðanna verður haldið. Þessi niðurstaða staðfestir það sem smám saman hefur verið að koma í ljós að hin fyrri veiðireynsla Íslendinga á síld og fyrra göngumynstur síldarinnar eru lítils metin eftir að síldin flutti sig alfarið austar nær ströndum Noregs. Undangjöf okkar Íslendinga virðist enn byggja á þeirri forsendu að ef síldarstofninn stækkar þá aukist líkurnar á því að eldri árgangar gangi vestar og verði meira í námunda við Ísland sem styrkti okkar rétt á ný.

Þá er vert að minna á að það er einungis tilgáta að stærri stofn leiði til fyrra göngumynsturs og því miður er síldin mjög duttlungafullur fiskur og mikið vantar enn á að atferli hennar og hinar gríðarlegu sveiflur í viðkomu stofnsins lúti skiljanlegum lögmálum. Því ber að vara við tilslökunum sem byggja á forsendum sem ekki eru sannanlega nægilega traustar.

Þetta samkomulag er ekki eins hagstætt fyrir okkur Íslendinga og vonir stóðu til. Það er þó vafalítið framfaraspor að það tókst að koma heildarstjórn á veiðar úr þessum síldarstofni og að eftirlitsmálin eru komin í góðan farveg innan NEAFC. Skynsamleg nýting á síldarstofninum er öllum til hagsbóta. Norðmenn hafa lagt mikla áherslu á að ná heildarstjórnun á stofninum en þessi samningur nær einnig yfir veiðar í síldarsmugunni svokölluðu.

Því miður náðist ekki betra samkomulag en ljóst er að mjög erfitt hefði verið fyrir Ísland að standa utan við þennan samning og lýsa yfir einhliða kvóta eða einhvers konar síldarstríði. Orðspor okkar bæði í Smugunni og á Flæmingjagrunni er þannig að nauðsynlegt er að við styrkjum ímynd okkar sem ábyrg fiskveiðiþjóð. Að fara í síldveiðistríð nú væri að mínu mati mjög erfitt vegna stöðu okkar í samfélagi fiskveiðiþjóða eins og er. Þó að niðurstaðan bendi til að við séum á undanhaldi í þessu máli er verulega umhugsunarvert hvort það er vegna þess að rökstuðningur okkar, í samningum um fyrra göngumynstur síldarinnar og eldri veiðireynslu, á ekki lengur hljómgrunn meðal annarra samningsaðila eða hvort staðan er svona slæm vegna þess að okkar samningsaðilar hafa ekki haldið nógu vel á okkar málstað. Það er alla vega mjög mikið umhugsunarefni hvað nú er að gerast.

Ég held að mjög mikilvægt sé að við setjumst yfir þetta, hvað hafi gerst og veltum fyrir okkur hvort þurfi að breyta alfarið um taktík í málinu. Við kvennalistakonur munum ekki leggjast gegn því að Alþingi staðfesti þá samninga sem umrædd þáltill. kveður á um þó við séum alls ekki of ánægðar með þá niðurstöðu sem fékkst. En það er ástæða til að grandskoða okkar röksemdafærslu í samningunum og leita allra leiða til að rétta af okkar hlut á næstu árum.

[14:35]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Allir þeir sem hafa tjáð sig um samningsniðurstöðurnar úr röðum hagsmunaaðila hafa sagt það valda helst vonbrigðum að hlutur Evrópusambandsins hafi reynst vera of stór. Og hæstv. ráðherra tók undir það í ræðu sinni áðan. Það kann þess vegna að þykja nokkuð þversagnakennt en er samt engu að síður staðreynd að ef maður spyr sjálfan sig hver er helsti ávinningur af þessum samningi, þá er hann bara einn. Nefnilega að hafa tekist að koma böndum á veiðar Evrópusambandsins, stjórnlausar veiðar Evrópusambandsins. Ef þessi samningur hefur skilað einhverjum ávinningi þá er það hann. Hver eru rökin fyrir þessu? Rökin eru þau í fyrsta lagi með vísan til reynslunnar að seinast tókst það ekki. Evrópusambandið lýsti yfir einhliða kvóta upp á 150 þúsund tonn, hefur eftir því sem best er vitað veitt tæplega 190 þúsund tonn, kannski meira. Kannski allt að 200 þúsund tonnum vegna þess að veiðieftirliti með veiðum þeirra er áfátt. Hvað er síðan vitað um veiðigetu Evrópusambandsins? Jú, fjögur af aðildarríkjum þess sem helst sækja í þessar veiðar, Hollendingar, Danir, Írar og Skotar, hafa byggt upp mjög nútímalegan flota með gríðarlegri veiðigetu, miklum styrkjum, skjótri úreldingu — talsvert öðruvísi úreldingarreglum en við beitum á okkar flota. Og ekki er nokkur vafi á því að ef þessir samningar hefðu ekki tekist, þá hefðu þeir veitt langt yfir 200 þúsund tonn, sennilega verulega mikið meira vegna þess að þessi floti hefði ekki verið haminn. Með öðrum orðum rökin fyrir því að þessi samningsniðurstaða sé frambærileg eru fyrst og fremst þau að í staðinn fyrir að sitja uppi með óheftar veiðar samkvæmt einhliða ákvörðun Evrópusambandsins upp á kannski 200–300 þúsund tonn, þá hefur tekist samkomulag um það að minnka veiðar Evrópusambandsins bæði í tonnum talið og hlutfallslega frá því sem þeir gerðu á yfirstandandi ári og frá því sem sýnilegt var að hefði orðið. Þetta er veruleikinn í samningunum. Og mér er sem ég sæi að því hefði verði fagnað ef það hefði ekki tekist.

En samt sem áður er það staðreynd að víðtæk óánægja er með hlut Íslands og fyrir því hafa verið færð nokkuð sannfærandi rök. Og alveg eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sagði áðan, að ef við lítum á hin sögulegu rök þá getum við sagt að samningsniðurstaðan fyrir yfirstandandi ár, þ.e. samningsniðurstaðan á fyrri hluta þessa árs, olli vonbrigðum. Á hvaða forsendum var þá verið að reyna að semja? Á forsendum sögulegrar reynslu? Á forsendum þess hversu háð strandríkin væru veiðunum? Hvert væri framlag þeirra til vísindarannsókna o.s.frv.? Við Íslendingar höfum fært fyrir því óyggjandi rök með vísan til reynslunnar, söguleg rök varðandi örlög veiðistofnsins eins og fram kom í ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, að með smáfiskadrápi voru Norðmenn ábyrgir fyrir hruni síldarstofnsins, að hlutur okkar í veiðum á fullorðnu síldinni var samkvæmt sögulegum rökum kannski allt að þriðjungur, ekki minni. Engu að síður var það svo þá að okkur tókst ekki að tryggja meiri hlut heldur en 15,2%. Og höfum nú orðið að minnka okkar hlut hlutfallslega í framhaldi af þessum samningum. Það var það sem olli vonbrigðum. Þá var sagt að þetta hefði ekki fordæmisgildi. Nú hefur komið á daginn að sá samningsgrundvöllur sem lagður var seinast blasir við í niðurstöðunum núna og við komumst ekki frá þeirri grundvallarskiptingu. Þannig að það sem reynst hefur rangt er að þeir samningar hafa ekki fordæmisgildi. Og að því leyti hefur þessi niðurstaða staðfest þá gagnrýni sem flutt var af hálfu stjórnarandstöðunnar á fyrri hluta þessa árs.

En það er tvennt í þessu ef við lítum til framtíðar, sem við ættum sérstaklega að staldra við: Hvaða fordæmisgildi hefur þessi samningsniðurstaða gagnvart hugsanlegri samningsniðurstöðu milli Íslendinga og Norðmanna og Rússa að því er varðar Smuguna í Barentshafi? Hver var samningsstaða Evrópusambandsins í þessum samningum? Hver var hún gagnvart sögulegum rétti til síldveiða á norsk-íslenska stofninum? Nánast engin. Hver var hún gagnvart veiðireynslu? Afar takmörkuð fyrir nokkur af aðildarríkjunum. Hver var hún gagnvart framlagi þeirra til vísindarannsókna á þessum stofni? Engin. Hver var hún gagnvart mikilvægi veiðanna í þjóðarbúskap þessara landa? Afar lítilfjörleg.

Þegar Norðmenn reka sitt mál gagnvart Íslendingum varðandi veiðar í Barentshafi, þá segja þeir: Um er að ræða norsk-rússneskan fiskstofn sem fer inn og út úr norskri lögsögu. Veiðireynsla Íslendinga er afar takmörkuð. Hins vegar geta þeir ekki neitað því að mikilvægi þessara veiða fyrir Ísland, íslenska hagkerfið, er afar mikið. Norðmenn beittu sér í þessum samningum gagnvart nýjum aðila, Evrópusambandinu, fyrir því að fá þá inn í samninga með rökum um að ná ábyrgri heildarstjórn á veiðistofnunum. Ef þessi rök Norðmanna eru yfirfærð á Barentshafið þá ættu Norðmenn að segja núna: Það er mjög mikilvægt, í ljósi þeirrar staðreyndar að Íslendingar hafa veitt svona mikið magn af þorski í Barentshafi á undanförnum árum, að koma stjórn á heildarveiðarnar og að taka nýjum aðila að þeim veiðum með svipuðum niðurstöðum, svipuðum rökum, og þeir hafa sjálfir beitt sér gagnvart Evrópusambandinu.

Ef Norðmenn tala sitt hvorri röddinni annars vegar gagnvart Evrópusambandinu og hins vegar gagnvart okkur og Færeyingum eða Grænlendingum þá eru þeir að gera sig bera að tvískinnungi. Þrátt fyrir það að þeir hafa að vísu, því miður að ég hygg, unnið áróðursstríð um að reyna að koma óorði á Íslendinga fyrir óábyrgar veiðar. Þessi samningsniðurstaða er vopn í okkar höndum gagnvart framhaldssamningum við Norðmenn sjálfa og reyndar Rússa að því er varðar veiðar á þorski í Barentshafi. Þeir geta ekki haldið fram þeim rökum að þeir séu tilbúnir til samninga við Evrópusambandið að því er varðar norsk-íslenska síldarstofninn en snúið þeim málflutningi öllum öfugt þegar kemur að viðræðum við Íslendinga gagnvart þorskveiðum í Barentshafi.

Og annað að því er varðar mat á framtíðarmöguleikunum. Það er staðreynd að við eigum meira undir því en allar aðrar þjóðir hvað snertir veiðar úr síldarstofninum að hið fyrra göngumynstur verði tekið upp aftur, þ.e. samningsstaða okkur styrkist ef síldargöngurnar hefjast inn í íslenska lögsögu. Vegna þess að Norðmenn beittu því sem rökum á sínum tíma, og það leiddi til hinnar löku niðurstöðu seinast, að síldin væri að öllu leyti eða því sem næst að öllu leyti innan norskrar lögsögu, eiginlegrar norskrar lögsögu — lögsögunnar í kringum Jan Mayen og að hluta til úr síldarhafinu en nánast ekkert í íslenskri lögsögu. Það var á þeim forsendum sem þeir sögðu: Okkar samningsstaða er sterk núna og látum nú kné fylgja kviði gegn Íslendingum. Samningamenn Íslendinga hafa væntanlega sagt sem svo: Ja, það er betra fyrir okkur að ná stjórn á veiðunum að stofninn eflist í voninni með fyrirheit um að þessir stofnar gangi inn í íslenska lögsögu og með fyrirheiti um að þá verði þessum samningsforsendum sprett upp. Því aðeins getur þetta ræst, þó það sé engin vissa fyrir því, að takist að koma böndum

á veiðarnar og stofninn geti haldið áfram að vaxa þannig að þetta mynstur náist fram. Og þess vegna er það að við áttum meira í húfi og það er mikilvægara fyrir okkur að koma böndum á veiðar Evrópusambandsins en að standa frammi fyrir óheftum veiðum þeirra samkvæmt sjálftökurétti með þeim flota sem við þekkjum og veiðigetu þeirra.

Þá er spurningin þessi: Var þannig um hnútana búið, í hinu upphaflega rammasamkomulagi sem Evrópusambandið á ekki aðild að þrátt fyrir skiptinguna núna, að því megi treysta sem þá var sagt að þessir samningar hafi ekki fordæmisgildi til lengri tíma litið og að það muni takast samstarf við Norðmenn um að spretta upp samningsforsendunum ef síldin leitar í vaxandi mæli inn í íslenska lögsögu? Þá reynir á það í raun og veru og þeirri spurningu svarað hvort við sömdum illilega af okkur í upphafi eða hvort þetta heldur. Vegna þess að það er náttúrlega á veikum grunni byggt þegar menn segja: Ja, samningarnir í upphafi hafa ekki fordæmisgildi. En samt sem áður er vonin um að losna frá því og bæta og styrkja stöðu okkar nánast bundin því að forsendur breytist að því leyti að stofnarnir gangi inn í íslenska lögsögu. Að því leyti er þessi samningur núna, við það að koma böndum á Evrópusambandið, leið að því að við getum styrkt stöðu okkar í samningunum í framtíðinni.

Að lokum, virðulegi forseti, eitt atriði sem ég bið hæstv. utanrrh. að skýra nánar. Þegar samið er um veiðiheimildir innan lögsögu ríkja, þá er það því sem næst alltaf undantekningarlaust á gagnkvæmnisgrundvelli. Ég spyr einfaldlega: Hvaða skýringar að því er varðar einhliða veiðiheimildir Rússa innan íslenskrar lögsögu upp á 6.500 tonn, er fram að færa í því tilviki? Hvers vegna eru þær veiðiheimildir ekki gagnkvæmar?

[14:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu. Það hefur komið fram mikil gagnrýni á þá samningsniðurstöðu sem sérstaklega varð í maí og mér heyrist á þeim sem hæst gagnrýna að það sé þeirra ætlan að það hefði verið hægt að ná niðurstöðu sem hefði verið í samræmi við útbreiðslu síldarinnar fyrir nokkrum áratugum. Það hefði átt að vera byrjunarpunkturinn. Þetta hefði út af fyrir sig verið mjög góð niðurstaða fyrir Ísland, ekki vil ég draga úr því, og ég hefði tekið ofan fyrir þeim samningamönnum sem hefðu náð þeirri niðurstöðu. En hinar þjóðirnar eru ekki á því að þetta sé hinn eini útgangspunktur. Norðmenn telja að það eigi að fara eftir útbreiðslu síldarinnar eins og hún er nú og það vill svo til að meginhluti þessa stofns er inni í norsku lögsögunni. Það var töluverður vilji fyrir því að breyta skiptingunni núna. Færeyingar vildu það og Rússar og Norðmenn vildu það líka, Færeyingar sérstaklega vegna þess að meira af síld er nú inni í færeysku lögsögunni en var áður. Íslendingar voru þeirrar skoðunar að það ætti ekki að gera það vegna þess að við teljum að sú hlutdeild sem við fengum í fyrra sé það algera lágmark sem við getum sætt okkur við miðað við sögulegar forsendur hafandi í huga þá staðreynd að síldin er ekki enn farin að ganga inn í íslensku lögsöguna. Þetta er vandamál sem menn standa frammi fyrir við samningsborðið í sambandi við þetta mál og þessa staðreynd verða menn að hafa í huga þegar þeir gagnrýna þessa samninga svo harkalega og hér hefur verið gert.

Það er alveg rétt að þegar útbreiðsla síldarinnar var mest þá var um það bil fjórðungur má segja í íslenskri lögsögu og þegar mest var þá var veiðin allt að einum þriðja af heildaraflanum, en þetta er þegar mest var. Veiðin var stundum mun minni. En útbreiðslan í framtíðinni skiptir þarna gífurlegu máli og það má vel vera að hún verði jafnvel meiri í íslenskri lögsögu þegar fram líða stundir en nokkru sinni var áður ef vel tekst til um uppbyggingu stofnsins og stjórnun veiðanna. Ég tel því ekki rétt að binda sig eingöngu við fortíðina í þessu sambandi.

Ég er alveg sannfærður um það að ákvæðið sem við sömdum um í maí, svokallað þróunarákvæði, mun reynast okkur vel. Það var mjög þýðingarmikið ákvæði og nú hefur verið ákveðið að sérstök vinnunefnd NEAFC skili áliti á næsta ári um eftirlit og skýrsluskil varðandi veiðar úr stofninum þannig að við höfum fyrst og fremst verið að líta til lengri framtíðar í þessu máli. Við höfum ekki verið að líta aftur í tímann heldur haft það í huga að það skiptir gífurlegu máli fyrir framtíð íslensks samfélags að þarna takist vel til og m.a. með það í huga höfum við lagt mikið upp úr því að ná samningum.

Það má vel vera að einhverjir séu þeir til sem álíta að það hafi verið betra fyrir okkur Íslendinga að standa eina. Menn ganga út frá því sem vísu að það hefði alltaf verið hægt að tryggja samstöðu með Færeyingum og menn ganga út frá því sem vísu að ef ekki hefði verið gengið til samninga við ESB, þá hefðum við getað haldið fjögurra landa samkomulaginu. Þetta er því miður ekki svona einfalt. Þetta er flóknara og ég tel að við höfum komið fram með ábyrgð í þessu annars mjög svo erfiða máli.

Hér hefur verið mikið gert úr því að nú hafi sannast að samningurinn frá í fyrra hafi haft fordæmisgildi. Hann hafi aldeilis haft fordæmisgildi því að ekkert hafi breyst í þessum samningi og þar af leiðandi hafi allur málflutningur stjórnarandstöðunnar frá í fyrra verið réttur, bara upp á orð, hvort sem það var hv. þm. Össur Skarphéðinsson eða aðrir sem fara mikinn í þessu máli, hvert einasta orð rétt vegna þess að nú hafi litlu verið breytt. Auðvitað hefur ekkert fordæmisgildi komið þar fram vegna þess að aðstæður hafa ekki breyst. Því miður gekk síldin ekki inn í íslenska lögsögu og það var ekki ástæða til þess af hálfu Íslendinga að sækja á um breytingar. Það var engin breyting á forsendum. (**ÖS:** Þetta er þá sami vondi samningurinn.) Það er sami góði samningurinn og áður var nema nú er sú breyting á að Evrópusambandið kemur þarna inn og það er ekki nóg að reikna út frá því eins og Evrópusambandið hafi ekki verið með í fyrra. Nú er samið um 125 þúsund tonn út úr 1.500 þúsund tonnum þeim til handa en þeir veiddu tæp 200 þús. tonn af þeim 1.100 þúsund tonnum sem komu til úthlutunar og 200 þús. tonnum sem komu til viðbótar í þeirra veiði þannig að það er náttúrlega mikilvægt að menn hafi þrátt fyrir sína gagnrýni staðreyndir fyrir framan sig í þessu máli.

Aðeins ein spurning hefur komið fram og það er spurningin um það af hverju við semjum við Rússa með þessum hætti. Við semjum við Rússa með þessum hætti af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi er nánast eingöngu smásíld í rússneskri lögsögu og það eru allir sammála um það, bæði Rússar og aðrir að það sé nauðsynlegt að koma í veg fyrir veiðar í rússnesku lögsögunni og þar af leiðandi verði hinar aðildarþjóðir samningsins að veita Rússum aðgang að sinni lögsögu og okkur Íslendingum ber að gera það jafnt sem Norðmönnum og Færeyingum. Það er líka staðreynd að hefð er fyrir mikilli síldveiði Rússa á Íslandsmiðum hér áður fyrr og ef við ætlum að byggja á þeirri fortíð sem þar liggur, hvort sem það er varðandi okkar veiðar eða annarra, þá verðum við að vera

samkvæmir sjálfum okkur í þeim efnum. Á þessum grundvelli hefur okkur þótt sjálfsagt að veita Rússum takmarkaðan aðgang á takmörkuðum svæðum að okkar lögsögu og það varð m.a. þess valdandi að samningar náðust í maí í fyrra, en á þeim tíma töldu Rússar óeðlilegt að við fengjum meira í okkar hlut en þeir í sinn miðað við útbreiðslu síldarinnar á þeim tíma.

Herra forseti. Aðeins að lokum vegna fullyrðingar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um að upp hefðu verið settar einhverjar leiksýningar í sambandi við þetta mál í fyrra, þá vil ég harðlega mótmæla því. Við sem stöndum að þessu máli tökum það mjög alvarlega. Það var mikilvægur fundur sem var haldinn í London á sínum tíma og það var nauðsynlegt að fá góðan frið til þeirra viðræðna sem þar fóru fram. Þar mættu utanríkisráðherrar Íslands og Noregs og sjávarútvegsráðherrar Noregs og Íslands og það var fundur sem markaði þáttaskil í þessu máli og varð til þess að samningar náðust. Hins vegar var mikið eftir þegar gengið var frá málum í London þó að mikið hafi áunnist þar og menn voru ekkert að leika sér við það að vaka fram á nótt í Ósló. Mér þykir leiðinlegt að heyra það frá jafnmætum þingmanni og Steingrími J. Sigfússyni, formanni sjútvn., að hann skuli vera að bera það á borð að menn séu með einhverja uppgerð í þessu máli. Ég veit að hann trúir því ekki sjálfur að menn komi þannig fram að menn séu að búa til einhverja fundi og leika sér að því að hafa þá sem lengsta til að villa um í svo alvarlegu og mikilvægu máli sem þessu þannig að ég vænti þess að hann taki þetta til baka því að hér er ekki um neitt grín að ræða. Það er betra að hafa í flimtingum í öðrum málum.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt að ég hafi nokkurn tíma haldið því fram að engin önnur niðurstaða hefði verið ásættanleg fyrir okkur en sú að við fengjum að fullu tekið tillit til sögulegrar dreifingar stofnsins eins og hún var fyrir þremur, fjórum áratugum hvað varðar hlutdeild í upphafi samninga nú, enda má nú talsvert á milli vera þess og hins sem hér er niðurstaðan.

Ég bendi á það að til viðbótar hlutfallinu sem við byrjuðum með þá skipti mjög miklu máli hver samningsumgjörðin var og að það væri tekið á málinu í samningsumgerðinni með hliðsjón af því að verði þróunin sú sem við vonum, þá er það fyrst og fremst Ísland sem á að eiga tilkall til hækkandi hlutdeildar og auðvitað átti þá að búa um það í samningnum að við hefðum hald í sérstökum prósess í leiðréttingarformúlum sem tryggðu okkur þessa auknu hlutdeild í takt við breyttar aðstæður. Það er ekki. Það er algerlega í lausu lofti hvernig okkur gengur að sækja okkar rétt á grundvelli breyttrar hegðunar stofnsins. Og ég minni á að í loðnusamningum höfum við Íslendingar á hinn bóginn fallist á að Norðmenn haldi hlutdeild sinni í loðnu upp á 11% árum saman þó að engin loðna hafi verið veiðanleg í þeirri lögsögu sem gaf þeim á sínum tíma tilkall til þessara 11%. Það hefur ekki kvikindi veiðst í Jan Mayen lögsögunni árum saman en samt hafa Norðmenn haldið sínum 11% og samningar verið framlengdir af okkar hálfu um það vegna þess að við höfum viðurkennt þá stöðu sem var lögð til grundvallar á sínum tíma. Ef málið hefði byrjað þannig að við hefðum haft 22–24% plús sjálfvirka eða bundna leiðréttingarformúlu inni í samningsumgjörðinni hefði verið talsvert öðru til að dreifa.

[14:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að flestir skilji það að þegar verið er að semja í máli sem þessu, þá sé alveg útilokað að segja nákvæmlega fyrir um hvað gerist, að því gefnu að þetta og hitt gerist eftir lengri tíma. Slíkur fiskveiðisamningur hefur aldrei verið gerður. Hins vegar er sett upp ákveðin formúla hvernig skuli unnið að málum, hvernig skuli staðið að samningum sem menn munu að sjálfsögðu vitna til. Menn vitna í loðnusamninginn í þessu sambandi og það er e.t.v. það sem er skemmtilegt í þessum erfiðu samningum báðum, hvort sem það eru loðnusamningarnir eða síldarsamningarnir, að rökin sem við notuðum í loðnusamningnum í sínum tíma eru rök Norðmanna í síldarviðræðunum vegna þess að það vill svo til að loðnan hrygnir við Ísland, en síldin hrygnir við Noreg þannig að rökin snúast nokkuð við í höndum samninganefndanna þegar þær eru að tala um þessa stofna sitt á hvað.

En auðvitað er það ákveðin sanngirni sem ræður að lokum, sanngirni sem byggir á því hvernig síldin dreifist, hvernig veiðin hafi verið, hvað þjóðirnar eru háðar þessum veiðum. Slík rök verða alltaf uppi á borðinu og það er engin leið þó að hv. þm. óski sér þess að gera slíkan samning, að semja um alla hluti og hvernig þetta skuli nákvæmlega gerast. Það er eins og ætla að semja um lífið fyrir fram áður en maður lifir því.

[14:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta eru stórkostleg rök hjá hæstv. ráðherra og gott á meðan menn fara ekki að semja um lífið eftir dauðann. Auðvitað snýst þetta mál ekki um það. En það þýðir ekki að halda því fram af jafnreyndum manni og hæstv. utanrrh. er að það finnist ekki í alþjóðlegum samningum pínulítið flóknari formúlur heldur en töluliður 6.2 í bókuninni frá því í fyrra. Ætli hann sé ekki sjö línur, ákaflega ræfilslegur texti þar sem á frummálinu, enskunni, er talað um possible adjustments, mögulegar breytingar eða aðlögun. Það er nú allt og sumt sem við höfum. Ég segi alveg eins og er að mér er stórlega til efs að það hefði ekki verið betra að sleppa þessu og láta á það reyna með sjálfstæðum hætti þá á hverju ári við framlengingu bókunar eða samninga að laga hlutina til. Auðvitað var hægt að búa þarna miklu betur um hnútana í samningagerðinni heldur en gert var og það var þeim mun mikilvægara sem upphafsprósentan var okkur óhagstæðari. Það liggur í hlutarins eðli.

Þegar ég vitna til loðnusamninganna þá er ég að vitna til þess að um árabil hafa gilt tímabundnir samningar milli okkar, Norðmanna og Grænlendinga, frá einu og upp í þrjú ár í senn. Þeir samningar hafa nú í tvígang ef ekki þrígang verið endurnýjaðir við aðstæður þar sem frá undanförnum vertíðum hefur blasað við að Norðmenn hafa ekki haft möguleika á að veiða neina loðnu í sinni lögsögu, sem gaf þeim þó tilefni til að fá 11% hlutdeild í stofninum. Við höfum ekki við þá framlengingu notað þau rök sem Norðmenn að notuðu á okkur í síldinni og sagt: Niður með prósentuna, burt með ykkur af því að það hefur engin loðna veiðst í Jan Mayen lögsögunni nema sú sem þið veiðið innan íslensku lögsögunnar og skráið í Jan Mayen lögsögunni. Norðmenn eru duglegir við það eins og kunnugt er.

Að lokum, herra forseti, varðandi leiksýninguna frá því í fyrravor, þá liggur það allt saman fyrir. Menn geta bara flett upp í blöðum og farið yfir fjölmiðlana í frá í fyrra hvernig

það var dregið fram í dagsljósið, eftir umræðuna í þinginu og svokallað samráð við nefndir þingsins, hvað hafði gerst á fundinum í London. Og mönnum var talin trú um að það væri verið að fara til Óslóar til að ganga frá eiginlegum samningum þegar öll aðalatriði málsins voru klöppuð og klár á leynifundinum í London. Ég fékk tölurnar frá austfirskum útgerðarmönnum fimm dögum áður en málið kom til umræðu á Alþingi. Það skakkaði ekki einu einasta tonni.

[15:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það hvað er leiksýning og hvað er ekki leiksýning. Mér heyrist að hann telji að stjórnmál almennt séu einhvers konar leikrit en ég lít ekki þannig á. Þetta voru mjög alvarlegir fundir og hann getur leitað sér upplýsinga um það hjá ýmsum mönnum sem tóku þátt í þessu ef hann trúir ekki mínum orðum í því sambandi.

Ég vil hins vegar mótmæla þeirri miklu svartsýni sem kemur fram hjá stjórnarandstöðunni í sambandi við framtíð þessara mála. Þeir ganga út frá því að þarna geti ekkert breyst og þeir túlka þessi ákvæði á versta veg. Það er rétt að það stendur possible adjustments, eins og það var þýtt hugsanlegar breytingar. Við túlkum það hins vegar þannig að þessar breytingar verði örugglega. Þó að það standi að þær séu hugsanlegar, þá teljum við að þær muni verða og ef þær verði, þá eigi að eiga sér stað þarna breytingar. Norðmenn túlka það með sama hætti. Þannig að þetta er ekki túlkað sem veikt orðalag vegna þess að þetta er ekki leikrit, þetta er ekki reyfari, þetta er alvarleg samningsgerð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:03]

Útbýting þingskjals:

Málefni heyrnarskertra, 249. mál, fsp. SvanJ, þskj. 409.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373.

og

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377.

[15:05]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að ræða um þrjú frumvörp sem hér eru til meðferðar og tekin fyrir öll í einu, þ.e. lög um Póst- og fjarskiptastofnun, lög um póstþjónustu og lög um fjarskipti.

Virðulegi forseti. Það sem er áberandi við þessi frumvörp er að þau eru sett í því skyni að samræma íslensk lög að þeim tilskipunum sem settar hafa verið í Evrópu og eru kannski sett í því sérstaka umhverfi að hæstv. samgrh., sem er yfirmaður þessara mála, er jafnframt handhafi eina hlutabréfs í því fyrirtæki sem ræður lögum og lofum á þessum markaði. Vitaskuld markast tilraunin mjög af því að það er erfitt að koma hér á einhverjum hlutlægum reglum sem eiga að skýra þennan markað og skapa honum eðlilegt umhverfi þegar yfirmaður og handhafi eina hlutabréfsins í stærsta fyrirtækinu er jafnframt yfirmaður eftirlitsins í þessum málaflokki.

Tilefni þess að ég kveð mér hljóðs er fyrst og fremst að ræða um frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, en það er ný stofnun sem á að setja á fót og hefur mjög víðfeðm verkefni. Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að hafa umsjón með framkvæmd fjarskipta og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipti og póstmál fjalla. Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir samgrh.

Það sem vekur fyrst athygli mína í því frv. er 2. mgr. 2. gr., en þar er kveðið á um að starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar megi ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með og þeir mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra. Hér kemur enn og aftur að því umhverfi sem þessi lög eru sett í, að starfandi samgrh. sem heldur utan um þetta eina hlutabréf sem er að finna í fyrirtækinu Pósti og síma er vitaskuld í miklum hagsmunatengslum við hina ýmsu aðila í samfélaginu. Og ef hart er fram gengið og ákvæðið túlkað samkvæmt orðanna hljóðan, þá hlýtur að vera mjög erfitt að ráða sjálfstæðismenn í vinnu hjá þessari nýju stofnun, því það mætti jafnvel túlka það svo að þar sé um einhvers konar hagsmunatengsl að ræða við handhafa hins eina bréfs. Ég sé ekki alveg hvernig menn ætla að túlka þetta, en þetta er það vandamál sem við er að etja á meðan málum er þannig fyrir komið að hæstv. samgrh. situr á þessu eina bréfi. Væntanlega mun þetta mál ekki leysast fyrr en þetta bréf verður selt sem að mati þess sem hér stendur er alls ekki svo fráleit hugmynd en það er ekki á dagskrá hér.

Í öðru lagi eru verkefni stofnunarinnar talin upp í 3. gr. Þar er Póst- og fjarskiptastofnun í fyrsta lagi ætlað að gefa út leyfi og veita leyfi til fjarskipta- og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu.

2. Að hafa eftirlit með því að leyfishafar uppfylli og virði þau skilyrði og aðrar kvaðir sem rekstrarleyfunum fylgja.

3. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstþjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.

4. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála.

5. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra leyfishafa og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.

6. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.

7. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrám og bókhaldi, þar sem það á við.

8. Að hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög vegna alþjónustu og óarðbærrar þjónustu.

9. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.

10. Að setja reglur um úthlutun notendanúmera.

11. Að hafa eftirlit með samtengingu fjarskiptaneta.

12. Að veita leyfi til að annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.

13. Að framkvæma gerðarprófanir, gefa út gerðarsamþykki og hafa umsjón með innflutningi fjarskiptabúnaðar.

14. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.

15. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.

16. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur.

17. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

Þetta eru vægast sagt víðfeðm verkefni. Og þó þau komi ekki fram í frv. eða greinargerð með lögunum má reikna með að þarna séu kannski komin 100 störf eða svo, 150 kannski ef menn ætla að sinna öllum þeim verkefnum sem þarna er að finna. Kannski er þetta innlegg í kosningaloforð framsóknarmanna um — var það ekki 12–13 þúsund störf held ég, (**Gripið fram í:** 12 þúsund.) 12 þúsund já, þannig að þá eru 11.850 eftir. (**Gripið fram í:** Svo tekur það verðlagsbreytingum.) Já, hv. þm. heldur að þetta sé verðtryggt eða hvað, þessi loforð? (**Samgrh.:** Þetta á nú ekki að vera kratastofnun. Hún verður ekki svona stór.)

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að koma að þessu máli því að það getur reynst þrautin þyngri að ráða mannskap í þessa stofnun. Samkvæmt 3. gr. verður mjög erfitt að ráða a.m.k. flokksbundna sjálfstæðismenn því að hagsmunatengslin eru slík. Þannig að það er aldrei að vita nema þarna sé hægt að finna stofnun þar sem krötum verður vel tekið. Ég vænti þess (**Samgrh.:** ... formann Alþfl. þegar einhver störf eru á lausu.)

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég fór vel yfir þau verkefni sem þessari stofnun er ætlað að sinna er einkum sú að 5. gr. frv. er líklega merkasti hluti þessarar lagasetningar, því þar er að finna eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög sem sennilega eiga engan líka í íslenskri löggjöf, hæstv. samgrh. En þar segir í 1. mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem leyfið eða skráningin tekur til. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður."

Hver skyldi nú vera þessi hæfilegi frestur, virðulegi forseti? Er það klukkutími, eru það tveir dagar eða eru það einhverjar vikur eða mánuðir? Hver skyldi vera þessi hæfilegi frestur? Það getur skipt verulegu máli fyrir þá sem þurfa að svara að þessi frestur sé a.m.k. þannig að þeir geti svarað svo að vel fari.

Í 2. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilað eftirlit með fjárhagsstöðu, að krefjast þess að leyfishafi láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi getur stofnunin krafist þess að bætt sé úr. Og ekkert frekar. Engin frekari skilgreining á því við hvað þessi stofnun á að miða. Ég hlýt að spyrja hæstv. samgrh., til þessarar stofnunar verður að ráða endurskoðendur, viðskiptafræðinga, lögfræðinga og alla vega mikið af háskólamenntuðu fólki til þess að það sé hægt að sinna þessu eftirliti. Og það gæti orðið þrautin þyngri a.m.k. á meðan kjörin á opinbera markaðnum eru eins og þau eru. Þannig að það er augljóst að þessari stofnun er ætlað að sinna miklum verkefnum.

Virðulegi forseti. Sennilega er 3. mgr. 5. gr. frv. það sem slær nú flest út sem hægt er að slá út en hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa." Það er ekkert minna. Menn geta bara dúkkað upp ef þeir vilja svo við hafa. Kíkt þar ofan í skúffur og skoðað það sem þeim sýnist þrátt fyrir meginreglur um friðhelgi einkalífsins og að mál séu ekki rannsökuð nema að undangengnum dómsúrskurði. Að menn æði ekki inn á annarra manna eignir nema að undangengnum dómsúrskurði. Það er meginreglan hvar sem er í heiminum. Það er meira að segja í mannréttindasamningnum að slíkt sé gert. En þessari stofnun er ekki einu sinni ætlað að óska eftir dómsúrskurði. Henni er ætlað að vaða inn á leyfishafa hvenær sem vera vill og þarf ekki að tilkynna um eitt eða neitt og fara í eftirlitsferðir um húsakynni leyfishafa. — Gengur þá í salinn hv. form. samgn.

Virðulegi forseti. Ég var að fara yfir þessa stórkostlegu 3. mgr. 5. gr. og bar upp fyrirspurnir um það hvernig á því stæði að þessi tiltekna stofnun þurfi svona sérstakar heimildir. Heimildir til að vaða inn í hús og híbýli manna án nokkurs úrskurðar, án þess að nokkur fari yfir þær heimildir eða þær kröfur sem viðkomandi stofnun hefur. Ég nefndi áðan að ef á að sinna þessum verkefnum sem henni er ætlað að sinna, þá verður að fylla þessa stofnun af háskólamenntuðu fólki hvaðanæva að. Ég fæ ekki betur séð ef vel á að fara, en að þarna sé kominn nýr vettvangur fyrir lögreglumenn. Það held ég hljóti að vera. Ekki verða menn sendir inn í eftirlitsferðir án þess að þeir hafi nokkurt vit á rannsóknum eða meðferð opinberra mála. Ég get ekki ímyndað mér annað. Þarna eru kannski tíu stöðugildi fyrir lögreglumenn. (**Gripið fram í:** Eða Securitas?) Já, að ekki sé nú minnst á Securitas.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir því að formaður nefndarinnar skýri þá nauðsyn að við séum að ganga gegn — ja, mannréttindasamningnum, það er ekkert minna. Að við séum að ganga gegn meginreglunni sem er í stjórnarskránni um friðhelgi heimilisins sem hefur verið túlkuð þannig að jafnan þurfi dómsúrskurð til að fara inn í híbýli manna. Ég get ekki látið hjá líða að vitna til laga um meðferð opinberra mála, því þessa heimild er ekki einu sinni að finna þar. Þessa heimild er ekki einu sinni að finna í lögum um meðferð opinberra mála. Hvað knýr svo sterklega á að Póst- og fjarskiptastofnun hafi ríkari úrræði eða heimildir en lögreglan? Hverjum á að fara að veita leyfi? — Einhverjum stórkrimmum? Það er von að spurt sé. Af hverju þarf að ganga lengra í heimildum til eftirlitsstofnana en lögreglunnar? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um leyniþjónustuna — ég þakka nú fyrir að hún er ekki hér. Þetta eru kannski drög að leyniþjónustu. Það skyldi þó ekki vera. (**Gripið fram í:** Gæti verið dulbúningur.) Það gæti verið dulbúin leyniþjónusta. Menn hljóta að spyrja: Af hverju þarf ríkari heimildir fyrir þessa stofnun en lögregluna? Von að spurt sé. Ég vænti þess að formaður samgn. geri grein fyrir því. Þeir hljóta að óttast mjög að inn á þennan markað komist einhver óþjóðalýður.

Reyndar er í lögum um meðferð opinberra mála heimild til að fara inn í húsnæði án þess að dómsúrskurður liggi fyrir en heimildin er bundin við það, virðulegur forseti, að þar venji komur sínar lausungarlýður og brotamenn. Þá þarf ekki dómsúrskurð. Þá geta menn bara vaðið þar inn, svo vitnað sé til orða laganna. Ég held að það sé þá alveg ljóst, virðulegur forseti, að þeir sem að frv. standa reikna með að lausungarlýð og brotamönnum verði veitt leyfi til að sinna pósterindum eða fjarskipta- og póstþjónustu. Alla vega er það eina samlíkingin sem ég finn í lögum um að hægt sé að fara inn án þess að óska eftir dómsúrskurði. Það er þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar. Það er eina sambærilega heimildin í íslenskum lögum við þetta. (Gripið fram í.) Ja, það skyldi þó ekki vera. Þeir hljóta að hafa heimild til þess. En ég hlýt að spyrja, virðulegi forseti, af hverju er gengið svona langt í þessu tilviki?

Ég held að ekki sé ástæða til að veita heimildir af þessu tagi í lýðræðislegu þjóðfélagi nema um þjóðaröryggi sé að ræða, þegar undanskilinn er lausungarlýður og brotamenn. Þá sé það grundvallarregla að þjóðaröryggi sé í hættu eða þetta sé fyrir almannaheill. Er það í þágu almannaheilla að menn geti bara vaðið inn, kíkt ofan í skúffur og kannað hvað sé að gerast? Þetta skyldi þó ekki tengjast því að hæstv. samgrh. er náttúrlega yfirmaður Pósts og síma sem er væntanlega þá á sama samkeppnismarkaði? Ég skal ekki segja. Ekki er það efnaleg farsæld þjóðarinnar sem ætti að hvetja til nauðsynjar á ákvæði sem þessu.

En svo vitnað sé til 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu er þar að finna ákvæði í þá veru að þetta sé í lagi í því skyni að firra glundroða eða glæpum til verndar heilsu manna, siðgæði, réttindum og frelsi annarra. Þetta eru einu hugsanlegu tilvikin að undanskildum lausungarlýð og brotamönnum þar sem þetta er heimilað. En að nauðsynlegt sé að þessi heimild sé til staðar til að skoða þá sem fá fjarskipta- og póstþjónustuleyfi til að reka fjarskiptastarfsemi og póstþjónustu, ja, ég veit ekki hvers konar fólki á að fara að veita leyfi, virðulegi forseti. Það skyldi þó ekki vera að lögreglan eða Rannsóknarlögregla ríkisins eða væntanlegur ríkislögreglustjóri muni leita á náðir þessarar stofnunar til þess að þurfa ekki að leita dómsúrskurðar. Hann muni fara til Póst- og fjarskiptastofnunar því hún getur bara vaðið um á skítugum skónum eins og henni sýnist. Það er ekki amalegt að hafa svona stofnun. Enda af verkefnaupptalningunni að dæma sýnist mér að henni sé ekkert heilagt í þessum efnum, ekki nokkuð. Ég held að verulegar útskýringar vanti á þessu ákvæði.

Virðulegi forseti. Það er hvergi í lögum að finna heimild eins og þessa, hvergi nokkurs staðar. Jafnvel Samkeppnisstofnun, sem ég veit að hæstv. samgrh. hefur einstakt dálæti á, þarf að fara eftir lögum um meðferð opinberra mála. Hún þarf að leita dómsúrskurðar (**Samgrh.:** Þurfa ekki allar stofnanir að fara út í það?) Ekki þessi, hún bara bankar upp á og segist vera mætt í bæinn. Sé bara að fara að skoða hjá strákunum. Virðulegi forseti. Það er nú lágmark að færð séu fram rök fyrir því sem hér er verið að setja fram.

Ef áfram er haldið í þessari dómadags 5. gr., sem er hreint með ólíkindum og ég hvet formann samgn. að taka þessa grein til endurskoðunar vegna þess að hvað sem öðru líður þá er nú að finna í þessum þremur frv. víða talsverða viðleitni til að koma á þokkalegum markaði, koma hér á samkeppnismarkaði þó vitaskuld sé það gert í skugga þess að hæstv. samgrh. er handhafi þess eina bréfs, þá er víða að finna viðleitni í að gera þetta þokkalega úr garði. En þessi 5. gr. gerir það að verkum að kannski fer lítið fyrir þeim góðu tilraunum. 4. mgr. er náttúrlega ekki síðri á þessu sviði. Þar er stofnuninni heimilt að leggja á dagsektir sem geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. og eru slíkar sektir aðfararhæfar og kannski lítið um það að segja í sjálfu sér. En síðan kemur enn eitt ákvæðið, virðulegi forseti, sem vert er að staldra við. Það er 6. mgr. þessarar greinar en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ef grunur vaknar um að aðili reki leyfis- eða skráningarskylda póst- eða fjarskiptastarfsemi án þess að hafa til þess rekstrarleyfi skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að viðkomandi upplýsi um starfsemi sína."

Þannig að ef stofnunin hefur einhvern grun um að einhvers konar fjarskipta- eða póststarfsemi sé á starfstöð viðkomandi þá skuli þeir upplýsa þessa eftirlitsstofnun eða leyniþjónustu. Ég veit ekki alveg hvað á að kalla þetta. Það er kannski nær að kalla þetta leyniþjónustu. Ef einhver minnsti grunur leikur á að þarna sé kannski sími og faxtæki að þá geti stofnunin krafist upplýsinga um aðra starfsemi í húsinu. Það er von að menn brosi. Þetta er náttúrlega dálítið broslegt.

Síðan kemur kannski það stórkostlega í þessu ef ég held áfram, með leyfi forseta, að lesa upp úr frv.: „Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar ..." sem er hið eðlilegasta mál en framhaldið: „... og saksóknar ...". Þá getur stofnunin bara krafist saksóknar. Er með þessu verið að færa ákæruvaldið til leyniþjónustunnar? Ég spyr, virðulegi forseti, það er von að spurt sé. Þetta er algert einsdæmi í íslenskum lögum. Hvað á að gera við Hallvarð? (**Gripið fram í:** Hvað með Hallvarð?) Já, hvað með Hallvarð? Hann verður að fá vinnu þarna. Ég spyr hv. formann samgn. Er ekki eitthvert grín í gangi? Eru menn ekki eitthvað að gantast með þetta? Ætla menn ekki að ræða saman á milli 2. og 3. umr. og reyna að sníða af þessu helstu hnökrana? Þessi löggjöf er náttúrlega ekki bjóðandi.

Já, maður getur krafist saksóknar. Ég veit ekki hvort þeir eiga að undirrita þá ákæru. Það er ekki gott um það að segja. Þetta er nýtt. Veit hæstv. dómsmrh. um þetta? Er hann alveg með það á hreinu að þessi nýja eftirlitsstofnun eigi að gefa út ákæru? Hann er ekki staddur í salnum en það væri nú gaman að heyra af því hvort hæstv. dómsmrh. viti að þessi nýja eftirlitsstofnun eigi að fara með saksókn í landinu. Það er von að spurt sé. Hún getur bankað upp á, kíkt í skúffur og spurt hvað sé að frétta. Ef faxtæki og sími er í húsinu þá getur hún spurt um aðra starfsemi. Og ef menn eru ekki almennilegir er gefin út ákæra. Það er ekkert minna, virðulegi forseti. Ja, það er ekki í lítið ráðist. Ég verð að viðurkenna að ég hélt að þetta væri grín þegar ég las þetta yfir. Ég hélt að menn væru að gantast með þetta.

Hvaða rök knýja á um að í þessum lögum sé gengið lengra en í lögum um meðferð opinberra mála? Og í þessum lögum er gengið lengra en kveðið er á um í mannréttindasamningum. Hvaða óþjóðalýð á að veita leyfi? Hvaða rummungalýð á að veita leyfi sem krefst þess að slíkar heimildir séu í lögum? Ég bara spyr og von að spurt sé. Ég sé að hv. varaformaður samgn. er hérna líka. Það væri gaman að heyra hvort hann gæti útskýrt þetta. Það er alveg ljóst að það þarf að ráða til þessarar stofnunar, miðað við verkefni, fjöldann allan af háskólamönnum, lögreglumönnum og Hallvarð. Ætli núverandi ríkissaksóknari verði ekki ráðinn til starfa líka. (**Gripið fram í:** Á kvöldin.) Í eftirvinnu kannski, ég veit það ekki.

Hér fer nú ýmislegt í gegnum þingið en það eru takmörk. Hv. form. samgn., það hljóta að vera einhvers staðar takmörk. Svo tekur nú steininn úr hér í restina. Ég þarf nú að lesa það, virðulegi forseti: „Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.“ Þegar þetta allt saman hefur yfir okkur gengið þá kemur hæstv. samgrh. og setur frekari reglur um málið. Ætli það varði kannski vopnaburð? Það er nú kannski það fyrsta sem manni dettur í hug. Það er kannski rétt að þessir menn hafi vopn ef þeir ætla að framfylgja öllum þessum heimildum eða nýta þær. Ég held að menn hafi reyndar ekki alveg hugsað þetta svona en hér er einfaldlega gengið lengra heldur en tíðkast í löggjöf og gengið lengra en nokkurs staðar annars staðar tíðkast í löggjöf. Það er ekkert annað. Ég held að hefði verið mun eðlilegra að hér væri einfaldlega kveðið svo á um að menn skyldu útvega sér dómsúrskurð ef svo mikið liggur við að það þurfi að fara í eftirlitsferðir hjá þeim aðilum sem hafa leyfi. Ég held að sé alveg ástæðulaust að ganga svona langt.

Ég vil síðan víkja aðeins að 8. gr. Ég get ekki að því gert að ég vil fá að hæla form. samgn. og samgn. fyrir þá tilraun til þess að draga úr valdi samgrh. ef svo má að orði komast. En þar er kveðið á um að ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar skuli sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Samgönguráðherra skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Að undanskildu þessu tilnefningarvaldi samgrh. þá er þarna að finna a.m.k. nokkuð virðingarverða tilraun til að koma skikki á þetta umhverfi, einkanlega í ljósi stöðu hæstv. samgrh. sem handhafa að þessu fræga hlutabréfi.

Annars var erindi mitt fyrst og fremst hingað upp að ræða þessa stórkostlegu 5. gr. Ég held að mönnum hafi orðið örlítið á í messunni. Ég held að menn hljóti að taka þessa grein til endurskoðunar. Ég held að við það vinnuálag sem nú er og í þeim hraða sem er í þessum málum þá hafi mönnum orðið örlítið á, menn hafi svona aðeins farið fram úr sjálfum sér og ég vænti þess að þetta verði skoðað á milli umræðna. Ég get þó ekki nema að lokum aðeins nefnt 11. grein en þar er að finna þann hefðbundna ófögnuð, ef svo má að orði komast, í íslenskri löggjöf um að það sem ekki er kveðið á um setji samgrh. reglugerð, nánari fyrirmæli o.s.frv. Því miður er það orðin hefð í íslenskri löggjöf að svona ákvæði er þar að finna. Þau eru ekki til fyrirmyndar og oftar en ekki hafa dómstólar talið að framkvæmdarvaldið hafi gengið fulllangt í að notfæra sér þessar heimildir. En þetta er eins og ég segi langt frá því vera einsdæmi og miklu frekar hefð fyrir þessu þó hún sé ekki góð.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá var megintilgangur minn hingað upp að ræða þessa stórkostlegu 5. gr. og ég vænti þess að form. samgn. komi upp og útskýri fyrir mér og þeim sem ekki alveg átta sig á nauðsyn þess að stofnunin hafi jafn gríðarlega mikið eftirlitsvald og jafnmiklar heimildir og raun ber vitni, af hverju þarna þurfi að ganga lengra en tíðkast almennt í rannsóknum brotamála. Ég vænti þess að formaður nefndarinnar komi upp og upplýsi mig og aðra sem hér eru um þetta mál.

[15:36]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var út af fyrir sig ánægjulegt að fylgjast með þessari málfundaæfingu hjá hv. 6. þm. Suðurl. og svo sem hressandi á vissan hátt á köldum degi að heyra ræðuæfingar af þessu taginu. Hins vegar verð ég nú að hryggja hv. þm. með því að allar hans dramatísku lýsingar á þessu ástandi voru náttúrlega mjög orðum auknar og lítt í samræmi við þann texta sem getur að líta í frv. Að minnsta kosti þegar hv. þm. fór á flug og reyndi að segja að hér væri um að ræða einstakar heimildir sem hvergi nokkurs staðar fyndust — ja, mér lá við að skilja hans orð þannig — ekki bara í íslenskum lögum heldur bara um hinn gervalla vestræna heim. En þannig er nú að í tiltölulega nýsettum lögum um Samkeppnisstofnun, í 40. gr., segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisyfirvalda.“

Þarna eru með öðrum orðum, virðulegi forseti, nákvæmlega sömu heimildirnar á ferðinni, þ.e. að eftirlitsaðili á borð við Póst- og fjarskiptastofnun og eftirlitsaðili á borð við Samkeppnisstofnun fær heimildir til þess að fara í fyrirtæki og leita eftir þeim gögnum sem nauðsynleg eru til að hægt sé að upplýsa mál ef ástæða þykir til. Þannig er nú með þetta mál. Nákvæmlega sama segir í 42. gr. sömu laga um Samkeppnisstofnun þar sem því er hnýtt við að Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum á sama hátt og Samkeppnisstofnun. Og sama gildir um fulltrúa framkvæmdastjórnar EB sem geta með sama hætti farið hér inn í fyrirtækin og gert þessar vettvangsskoðanir alveg án frekara tilefnis eða án frekari heimilda. Það kemur glögglega fram í þessum lögum þannig að allur málatilbúnaður hv. þm. um það að þessi lög séu alveg sérstök, að hér væri verið að veita óeðlilegar heimildir, hrynur eins og spilaborg.

[15:38]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið merkilegt af form. samgn. að líta svo á að þegar gagnrýndar eru gríðarlegar heimildir þessarar stofnunar þar sem gengið er lengra í heimildum heldur en jafnvel lögregla íslenska ríkisins hefur, að þá líti hann á það sem málfundaæfingu. Þegar bent er á að þar sé gengið lengra en mannréttindasamningur kveður á um þá er það bara málfundaæfing. Kannski er mannréttindasamningurinn þá bara skrifleg æfing, eða hvað? Hvers konar málflutningur er þetta eiginlega? Virðulegur forseti. Ég verð að hryggja hv. þm. með því að í lögum um Samkeppnisstofnun er hvergi nokkurs staðar kveðið á um að ekki þurfi dómsúrskurð til húsleitarheimildar. Hvergi nokkurs staðar. Það er kveðið á um að þeir geti farið í vettvangskönnun en það er hvergi kveðið á um að það þurfi ekki dómsúrskurð og það er meginregla í íslenskum rétti að dómsúrskurð þurfi til þess að fara inn á heimili annars fólks og til þess að fara inn á starfsstöð. Hér er ekkert um það, ekki aukatekið orð. Þannig að málflutningurinn sem hann taldi að hér hefði hrunið eins og spilaborg, bara í einu vetfangi, stendur enn, traustari en fyrr, aldrei traustari. Og hér er reyndar í frv. sem við erum að ræða gengið miklu lengra. En ég verð að viðurkenna að það er gengið nokkuð langt hérna þó það sé ekki gengið eins

langt og fyrir mér eru það nú ekki mikil rök að halda því fram að svo megi böl bæta að benda á eitthvað annað. Ekki finnast mér það þung rök. Ég verð að segja það alveg eins og er. Svo, virðulegur forseti, það stendur hvert einasta orð af því sem hér var sagt áðan. Ég vænti þess og trúi því að form. samgn. boði til fundar á milli 2. og 3. umr. og taki þetta til skoðunar.

[15:41]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki skýrði þessi málflutningur mjög mikið í þessu máli því sannleikurinn er sá að ég benti á þá ofureinföldu staðreynd að sambærilegar heimildir og hv. þm. hafði ákaflega stór orð um hafa staðið í samkeppnislögunum allt frá upphafi, í lögum sem voru sett m.a. að frumkvæði þáv. hæstv. viðskrh. sem kom úr Alþfl. Nú segir hv. þm. að hérna sé nokkuð langt gengið í þessum heimildum þó ég hafi nú að vísu ekki heyrt hann segja að verið væri að brjóta gegn öllum þessum mannréttindasáttmálum sem hann telur að verið sé að brjóta gegn með frv. um Póst- og fjarskiptastofnun. En það væri mjög fróðlegt ef hv. þm. talaði svolítið skýrar um lögin um Samkeppnisstofnun vegna þess að hv. þm. hefur fimbulfambað í löngu máli sínu um Póst- og fjarskiptastofnun en hefur síðan gefið til kynna að verið sé að ganga, eins og hann sagði, nokkuð langt varðandi samkeppnislögin. Og ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir þessa umræðu að hv. þm. svari því núna í seinna andsvari sínu hvort hann telji að ástæða sé til þess að fara sambærilegum orðum um lögin um Samkeppnisstofnun, hvort lögin um Samkeppnisstofnun séu brot á mannréttindasáttmálum, hvort á Alþingi Íslendinga, sem mig minnir nú að hafi samþykkt samkeppnislögin mótatkvæðalaust, hafi með því vaðið á skítugum skónum yfir öll mannréttindaákvæði í heiminum. Það er mjög mikilvægt að hv. þm. upplýsi okkur um þetta. Hann hefur komið á framfæri sínum sjónarmiðum varðandi Póst- og fjarskiptastofnun en hann hefur tækifæri til þess núna í seinna andsvari að tala um Samkeppnisstofnunina sem líka er nauðsynlegt.

[15:43]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi eru þessi lög ekki sambærileg því það er kveðið á um miklu ríkari heimildir í þessu frv. sem nú er til umræðu en í lögum um Samkeppnisstofnun. Og lög um Samkeppnisstofnun eru ekkert hér til umræðu. Við erum að ræða allt annað frv. Ég get upplýst það hér að ég hef kannað það hjá Samkeppnisstofnun hvernig þeir nýta sér þessa heimild og þar hefur mér verið tjáð að þeir muni aldrei nýta þessa heimild nema að undangengnum dómsúrskurði. Ég get upplýst um það hér. Þannig að hvert einasta orð stendur, hvert eitt og einasta orð og ég hvet form. samgn. enn og aftur, sennilega í þriðja eða fjórða sinn, að boða nú til fundar á milli 2. og 3. umr. og kippa þessu í liðinn vegna þess að að mörgu leyti eru þetta ágæt frumvörp sem hér eru á ferðinni. En þessar ambögur þarf einfaldlega að sníða af og ég treysti jafnvönduðum þingmanni og 1. þm. Vestf. er, til að sjá til þess að þessir annmarkar sem þó eru ekki litlir verði nú sniðnir af fyrir 3. umr.

[15:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. Alþfl. er mikið niðri fyrir. Það er kannski vegna þess að þetta eftirlitshlutverk eins og það er hér skilgreint er í samræmi við það eftirlitshlutverk sem gert er ráð fyrir hjá Evrópusambandinu og í þeim reglum og gerðum sem þaðan koma og eru þær leiðbeiningar sem okkur Íslendingum eru ætlaðar. Og hélt ég raunar að þessi mikli talsmaður þess að við gengjum í Evrópusambandið mundi koma upp annarra erinda en að segja að slíkar gerðir frá höfuðstöðvum þess ágæta bandalags stönguðust á við almenn mannréttindi hér á landi. Ég hygg að honum hafi orðið á einhver mismæli eða a.m.k. hefur hann eitthvað ruglast í textanum, gleymt sér sem nútímalegur jafnaðarmaður þegar hann hefur farið að tala hér á öðrum nótum en Evrópusambandið. Ég vona að það komi ekki oftar fyrir hv. þm.

Í annan stað vil ég segja að ef hv. þm. læsi t.d. um Tryggingareftirlitið, lög nr. 50 16. maí 1978, þá gæti hann uppgötvað að sambærileg ákvæði eru þar um réttindi eftirlitsaðila. Það er spurningin hvort eitthvað lítið er í húfi. Við erum að ræða um hvort við eigum að hafa náið eftirlit með þeim sem aðrir aðilar fela að flytja t.d. póst fyrir sig. Það geta verið mikilvægar orðsendingar sem á miklu veltu að komist til skila á réttum tíma. Þannig að við erum að tala um mikla persónulega og viðskiptalega hagsmuni sem hér eru í húfi og þess vegna er það sem eftirlitshlutverkið er svo vel skilgreint og þess vegna er það sem gert er ráð fyrir því að aðilar fái fyllstu möguleika til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Herra forseti. Ég hef ekki tíma í þessu andsvari til að víkja frekar að ræðu hv. þm.

[15:46]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég áttaði mig ekki alveg á tilefni hæstv. samgrh. til að koma hér upp til að tjá sig. Hann fjallaði um að mönnum hefði orðið eitthvað á í messunni og svo hefur hann þennan frasa sem hann virðist vera fastur í, þessi „nútímalegi jafnaðarmaður" sem er eitthvert óskilgreint hugtak í huga hæstv. samgrh. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að hæstv. samgrh. getur komið hér upp, slegið sig til riddara og sagt sem svo: ja, tilskipanir Evrópusambandsins kveða bara á um að svona langt sé gengið. Menn geta sagt ýmislegt. En mikið asskoti hefði ég gaman af því — fyrirgefðu orðbragðið, virðulegur forseti — að hæstv. samgrh. kæmi með þessa tilskipun, sýndi okkur hana. Það væri ekki slæmt ef hann kæmi nú og sýndi okkur hvar kveðið er á um að svona gríðarlega langt þurfi að ganga. Menn geta komið hér upp og slegið sig til riddara í tveggja mínútna tali.

Virðulegur forseti. Það kom nú satt að segja ekkert fram í þessu andsvari sem í sjálfu sér gaf tilefni til að koma hér upp aftur. En það væri gaman að heyra, ef hæstv. samgrh. sér ástæðu til að koma upp aftur, hann leggja eitthvað málefnalegt til og jafnvel skilgreina hugtakið „nútímalegur jafnaðarmaður". Það væri gaman að heyra þá skilgreiningu úr munni hæstv. samgrh. sem verður nú seint talinn nútímalegur jafnaðarmaður. (**Samgrh.:** Það eru ekki fjarskipti.)

[15:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt að það hefið ekki farið fram hjá hv. þm. þegar hinn nýkjörni formaður Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, tók til máls og kynnti sjálfan sig sem nútímalegan jafnaðarmann, fremstan í flokki jafningja. Mér skildist að það ætti að fara fram hér mikil breiðfylking nútímalegra jafnaðarmanna sem væru í grófum dráttum eins og nútímalegir jafnaðarmenn í öðrum löndum. Það er leiðinlegt

ef þetta hefur farið fram hjá hv. þm. Hann hefur kannski verið vant við látinn á meðan formaðurinn flutti ræðu sína.

Hv. þm. var að tala um að Póst- og fjarskiptastofnun mundi þenjast mjög út. Við erum með sérstakt fjarskiptaeftirlit. Það er gert ráð fyrir því á fjárlögum að það kosti um 58 millj. kr., starfsmenn þess eru tíu. Það er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við Póst- og fjarskiptastofnun verði 85–87 millj. kr. Þessi stofnun mun taka yfir ýmis verkefni sem nú eru hjá Pósti og síma þannig að þessi hrollvekja sem hann var að reyna að lýsa um hvernig þessi stofnun muni vaxa út er aðallega í hans eigin hugarheimi.

Ég vil aðeins lesa hér upp af því að hv. þm. virtist ekki skilja hvað stendur um m.a. úrræði Tryggingaeftirlitsins. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingastarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra, að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma.“

Þannig að það er alveg ljóst að þau ákvæði sem við erum að tala um eru ekki einsdæmi. Ég hélt satt að segja að hv. þm., sem er vel að sér í lögum og vandvirkur í þeim efnum og gjörhugull hefði áttað sig á þessu.

[15:50]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem er ástæða til að svara hér í andsvari. Annars vegar þessi tilvitnun til laga um Tryggingaeftirlitið. Þar er hvergi kveðið á um að ekki sé þörf á dómsúrskurði. Þar er þó kveðið á um að menn skuli líta við á skrifstofutíma, menn skuli þó koma við á meðan fólkið er þarna í vinnu. Það er ekki í þessum lögum þannig að þar er gengið mun styttra.

Að öðru leyti verður nú að segja að skilgreiningar hæstv. samgrh. á nútímalegum jafnaðarmanni — ég er nú satt best að segja ekki miklu nær þó að nýkjörinn formaður Alþfl. hafi lýst yfir að hann sé nútímalegur jafnaðarmaður. Sennilega er hann nútímalegur jafnaðarmaður. Ég er í sjálfu sér ekki í nokkrum vafa um það. Mér sýndist bar hæstv. samgrh. vera í einhverjum vafa.

Ég vil að lokum, af því að þetta er mitt síðasta andsvar, endurtaka enn og aftur óskir um að hæstv. samgrh. og hv. formaður samgn. setjist niður og hugi að helstu ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi heimilis og ákvæðum mannréttindasamnings um að menn séu ekki að vaða þarna yfir á skítugum skónum.

[15:52]

Útbýting þingskjala:

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, 54. mál, nál. utanrmn., þskj. 411.

Málefni fatlaðra, 228. mál, nál. félmn., þskj. 410.

Umræðu frestað.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, frh. fyrri umr.

Stjtill., 248. mál. — Þskj. 404.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

[Fundarhlé. — 15:56]

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og lyfjalög, 250. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 412.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 416; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 417.

[Fundarhlé. — 18:02]

[21:00]

Útbýting þingskjals:

Landsvirkjun, 175. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 418.

Um fundarstjórn.

Þingstörf fram að jólahléi.

[21:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um fundarstjórn forseta til að kanna hvort forseti hefur sett sér einhverja starfsáætlun um hvernig ljúka megi þessum dögum til jólahlés til sóma þannig að tímabært sé orðið að ræða það við okkur þingflokksformenn. Ég kvaddi mér hljóðs í gær um tíuleytið til að ræða sömu mál. Vissulega eru þau þrjú mál sem eru á dagskrá afar stór og mikilvæg og margir sem hafa þurft að fjalla um þau og enn þó nokkrir sem hyggjast taka til máls undir þeim dagskrárliðum. Það er ekki laust við að ég sé nokkuð óróleg um framvinduna þó að ég beri að sjálfsögðu ekki þá ábyrgð sem stjórnarliðar bera á því að hér gangi hlutir vel eftir en ég geri mér grein fyrir því að efh.- og viðskn. er enn að starfa. Hún var að starfa nú í kvöldmatarhléi og fjárln. er að vinna í kvöld. Það er verið að hamast við að reyna að hnýta þá lausu enda sem enn eru eftir í störfum hinna stóru nefnda og það er umhugsunarefni fyrir okkur hvernig unnt verði að takast á við þessi stóru mál.

Ég minni á það sem bar á góma við umræðu um fjárlög bæði um nóttina og eins í yfirlýsingu hv. þm. Svavars Gestssonar í lokin að 2. umr. fjárlaga er orðin nokkuð ómark því að við eigum svo stór mál eftir við 3. umr. Það má ekki gleyma því. Og áformað er að taka fjölmörg mál fyrir áður en yfir lýkur. Það getur vel verið að ég eigi ekki að vera að hafa áhyggjur af þeim málum en ég hef viljað leggja mitt af mörkum til að hlutir geti gengið vel eftir og við höfum verið að taka upp ný og betri vinnubrögð á þessu hausti. Það stefnir í óefni með öll þau góðu áform miðað við stöðuna. Við erum annað kvöldið í röð að ræða stóru málin um póst og fjarskipti. Ég hef miklar áhyggjur af því ef ekki tekst að taka öðruvísi á og skipuleggja betur fundahaldið og reyna að sjá fyrir endann á því hvaða tíma við eigum fyrir stóru málin.

Herra forseti. Ég spyr því hvort einhver áform séu uppi um að reyna að leita samstarfs við stjórnarandstöðuna um hvernig við getum skipulagt okkur til að ná sem bestum árangri.

[21:03]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Hér á hinu háa Alþingi eru sett ýmis lög sem almenningi er gert að fara eftir, ekki bara almenningi heldur hinum ýmsu stofnunum víðs vegar um þjóðfélagið. En mér sýnist að á þessum ágæta vinnustað ætli forseti að brjóta lög nr. 46 frá 28. maí 1980, sem fjalla um hvíldartíma og frídaga. Hæstv. forseti hefur í mínum huga unnið gott starf í því að reyna að vekja áhuga almennings á störfum Alþingis og reyna að stuðla að því að almenningur í landinu beri virðingu fyrir þeim störfum sem unnin eru á hinu háa Alþingi. Þess vegna finnst mér það ekki tilheyra þeirri stefnu, sem hæstv. forseti hefur beitt sér fyrir, að auka virðingu Alþingis með því að Alþingi brjóti þau lög sem það hefur sett sjálft. Vil ég mælast til þess, herra forseti, að lög nr. 46 frá 28. maí 1980 séu haldin á hinu háa Alþingi eins og öðrum er ætlað að vinna eftir annars staðar í þjóðfélaginu.

[21:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun reyna að svara þeim spurningum sem beint hefur verið til hans. Í fyrsta lagi hvort fyrir liggi starfsáætlun frá forseta um hvernig megi ljúka þingstörfum fyrir jól, með sóma eins og hv. 5. þm. Reykn. nefndi. Jú, forseti hafði reynt að gera sér í hugarlund hvernig þetta mætti gerast í góðu samstarfi við formenn þingflokka og þingmenn yfirleitt. Því miður hefur það ekki gengið eftir sem forseti hafði hugsað sér og hv. þingflokksformönnum er kunnugt hvers vegna. Forseti deilir áhyggjum með öðrum af því hvernig við megum ljúka hinum mikilvægu verkefnum sem bíða okkar á þeim nauma tíma sem eftir lifir til jóla. Honum er alveg ljóst að það tekst ekki að ljúka hinum mikilvægustu frumvörpum nema í samstarfi við hv. alþingismenn og þá ekki síst stjórnarandstöðuna. Forseti vill taka skýrt fram að afgreiðsla þingmála hefur gengið óvenjulega vel allt fram til þessa og sér ástæðu til að þakka einmitt hér og nú fyrir hið góða samstarf. Forseti vonar að málin skýrist að einhverju leyti í kvöld. Við sjáum hvernig okkur gengur á eftir. Við gerum ráð fyrir að fundur gæti staðið eitthvað fram að miðnætti.

Þá er komið að lögum nr. 46/1980. Það er svo sem ekki í fyrsta skiptið sem þau ber á góma í þinginu og minnt á að þingið sjálft fari ekki eftir þeim og það er ekki nýtt. Segja má þó að menn skiptist kannski nokkuð á um störfin og það eru fæstir sem sitja hér allan tímann þannig að ástæða er til að ætla að hinir einstöku þingmenn taki sér hvíld á fundatímanum þannig að það þarfnast frekari athugunar hvort raunverulega sé verið að brjóta lögin. En þetta er út af fyrir sig þörf ábending.

Meira getur forseti ekki sagt um framhald þingstarfa á þessari stundu.

[21:07]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð þeirra þingmanna sem kvöddu sér hljóðs áðan um fundarstjórn forseta, bæði hv. 5. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Reykn. og þakka einnig forseta fyrir þær undirtektir sem fram komu í máli hans. Ég vil þó bæta við einni spurningu í safnið til hæstv. forseta og hún er þessi: Hvenær gerir hæstv. forseti ráð fyrir að þinginu ljúki fyrir jól? Ég held að það sé æskilegt að menn geti áttað sig á því hvort það verði á föstudag, laugardag eða mánudag. Ég geri ekki ráð fyrir að menn treysti sér til að vera með þingfundi á þriðjudag en ég held að nauðsynlegt sé fyrir þá þingmenn sem eiga um langan veg heim að fara að fá að vita sem fyrst hvenær þeir geta skipulagt heimferðir sínar. Venjan er reyndar sú frá undanförnum árum sem ég þekki til að menn hafa getað sagt fyrir með örfárra sólarhringa fyrirvara hvenær þeir yrðu hugsanlega lausir og ég held að mikilvægt sé að halda þeirri góðu venju.

Ég vil einnig láta það koma fram, hæstv. forseti, út af ummælum hæstv. forseta áðan að alveg liggur fyrir og hefur legið fyrir nú um nokkurt skeið af hálfu þingmanna stjórnarandstöðuflokkanna og þingflokksformanna stjórnarandstöðuflokkanna að við erum tilbúin til þess að halda þannig á málum að öll þau mál sem er óhjákvæmilegt að afgreiða vegna fjárlaganna eða í tengslum við fjárlögin verði afgreidd og mínúturnar sem eftir eru til þingfrestunar verði skipulagðar í samræmi við það. Og við höfum sagt að við værum tilbúin til að taka þátt í því. Ríkisstjórnin hefur hins vegar kosið að stilla þinginu upp við vegg og það er útilokað annað en segja það fullum fetum að ríkisstjórnin er að stilla þinginu upp við vegg og gerir kröfur til þess að þingið á örfáum sólarhringum ljúki þungum, erfiðum og flóknum málum sem engin nauðung rekur okkur til að ljúka einmitt á þessum sólarhringum. Þetta er óhjákvæmilegt að segja hér, hæstv. forseti, um leið og ég endurtek það sem áður hefur komið fram af hálfu míns þingflokks, þingflokks Alþb. og óháðra, að við erum tilbúin til þess að ganga í það verk með hæstv. forseta að skipuleggja þær klukkustundir sem eftir eru þangað til jólaleyfi þingmanna hefst þannig að þær mættu nýtast þinginu sem best.

[21:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti þakkar þessi orð hv. þm. Forseti vissi svo sem fyrir að vilji hefur staðið til þess hjá formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að taka þátt í afgreiðslu mála og semja um hvaða mál gætu náð fram að ganga og forseti vonast til að geta þá rætt það frekar í kvöld. Hv. þm. spurði hvenær forseti gerði ráð fyrir að þingi lyki fyrir jól. Forseti hafði gert ráð fyrir að við gætum lokið á föstudagskvöld en sá tími er sennilega hlaupinn frá okkur en þó vonast forseti enn til að við getum lokið störfum á laugardegi en það er að sjálfsögðu háð því að gott samkomulag náist um framhald þingstarfanna.

[21:11]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég staðfesti það sem kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Það hefur legið fyrir að við viljum standa vel að málum og ljúka þeim málum sem nauðsynlegt er og hefðbundin eru fyrir jól.

Ég vil gjarnan minna á að sú umræða er sífellt áleitnari úti í þjóðfélaginu að þegar einhver lagasetning er gagnrýnd er gjarnan rifjað upp að þingmenn taki þetta í gegn í æsingnum og stressinu rétt fyrir jól. Það er ekki gott þó að það hafi viðgengist árum saman að lagasetning sem á að og getur farið fram á öðrum tímum en í sömu vikunni og við erum undirlögð — ég leyfi mér að taka þannig til orða, af störfum við hin hefðbundnu fjárlagamál og mál tengd fjárlagagerðinni og ríkisfjármálum, þá sé verið að taka ýmsa lagabálka í gegn og vinna við þá og keyra þá hratt í gegnum þingið.

Ég er alveg sannfærð um það, hæstv. forseti, að hver einasti nefndarformaður er tilbúinn að staðfesta að stjórnar-

andstaðan hefur ekki tafið mál í nefndum. Hún hefur lagt sig fram um samvinnu og góð vinnubrögð í nefndunum en á þessum tíma er þannig háttað að stjórnarandstöðunni finnst að ekki eigi að keyra mál í gegn fyrir jólin sem unnt er að geyma þangað til fyrstu dagana í febrúar. Fram hefur komið að við erum tilbúin til að leggja okkar af mörkum til að mál sem ekki hefur verið unnt að ljúka komi til umræðu strax á fyrstu dögum í febrúar og festa dagsetningar í því. Mér finnst afar mikilvægt að forseti taki það upp við félaga sína í stjórnarflokkunum að við tökum höndum saman og bætum þessi vinnubrögð. Það á ekki að þurfa að vera þannig að við séum að fjalla um mál í stressi síðustu þrjá dagana fyrir jólahlé umfram það sem er tengt fjárlögunum. Og, virðulegi forseti, það er líka að verða spurning hvort fjárlagaumræðan, mál tengd fjárlögum, ríkisfjármálum, þurfi að vera á ferðinni svo seint sem raun ber vitni og að við 3. umr. fjárlaga séum við að taka stórar og miklar grundvallarákvarðanir sem ekki hafa fengið nema takmarkaða umræðu.

[21:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að hann hefur þegar gert hæstv. forsrh. grein fyrir hvernig forseti telur að leysa mætti þessi mál og væntir þess að viðbrögð komi frá hæstv. forsrh.

[21:14]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Ekki er ég viss um að allir hv. þingmenn geti tekið undir þá skoðun hæstv. forseta að þeir hafi verið að leggja sig af og til í dag og notið hvíldar. Flestallir hv. þingmenn hafa unnið baki brotnu, a.m.k. þeir sem stunda nefndastörf. Meginregla þeirra laga sem ég vitnaði til áðan, þ.e. laga nr. 46 frá 28. maí 1980, gerir ráð fyrir tíu tíma hvíld. Þó megi stytta samfelldan hvíldartíma í átta klukkustundir þegar um er að ræða vaktavinnu, störf að landbúnaði eða björgun verðmæta frá skemmdum. Það er auðvitað spurning hvort hæstv. forseti er að túlka lögin með þeim hætti að verið sé að bjarga verðmætum frá skemmdum. Ég lít svo á að svo sé ekki heldur eigi meginreglan við, þ.e. um tíu tíma hvíld, eigi hér að gilda og mér finnst ómaklega vegið af hæstv. forseta að hv. þingmönnum sem hafa flestir starfað hér af fullum heilindum og mikilli atorku frá því kl. átta í morgun.

[21:15]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þessu vill forseti svara svo að það var alls ekki ætlun hans að fara að vega að þeim þingmönnum sem vinna hér sem mest og sitja reglulega og vel fundi.

En það er sjálfsagt að taka þetta mál upp til sérstakrar yfirvegunar hér í þinginu á vettvangi forsætisnefndar og þingflokksformanna, með þessi löngu fundahöld. Forseti er reiðubúinn til þess. Hann ætlar ekki að leggja út í neinar túlkanir á því hvort verið sé að bjarga verðmætum með hinum löngu fundahöldum hér.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375.

og

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373.

og

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377.

[21:16]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við munum eftir því sem vorum hér á síðasta þingi og það munu flestir vera sem sitja þetta þing, að harðar deilur voru uppi um stjfrv. sem þá var um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar. Það frv. var mikið rætt í þinginu og ekki síst sú ákefð og sá ásetningur ríkisstjórnar sem þá lá fyrir og var síðan lögfestur að breyta Pósti og síma úr því fyrirtæki sem það var sem ríkisfyrirtæki og færa það í hlutafélagsform með einu hlutabréfi sem hæstv. samgrh. geymir í sinni skúffu eða forvartar.

Annað atriði sem mikið var rætt í sambandi við það frv. varðaði aðstöðu starfsmanna fyrirtækisins í framhaldi af þessari breytingu og sem eðlilegt var höfðu menn miklar áhyggjur af því, bæði starfsmenn og þeir sem litu til þessa máls almennt séð hér á Alþingi og hlaut það mikla umræðu og mikla gagnrýni. Niðurstaðan varð hins vegar sú sem við vitum að ríkisstjórnin hafði sitt fram. Fyrirtækinu var breytt í hlutafélag. Að vísu lágu þá fyrir yfirlýsingar frá hæstv. samgrh. um að hann mundi ekki beita sér fyrir því að hlutur ríkisins yrði seldur og við skulum ekkert fullyrða hvað verður um þá eiða eða hversu lengi þeir duga. Ljóst er að ekki vantar eggjanir úr baklandi hæstv. ríkisstjórnar í þá átt að selja ríkisfyrirtæki. Nú nýverið fengu þingmenn í hólf sín pappaspjald frá æskulýðssamtökum Sjálfstfl., Heimdalli, með eindreginni hvatningu um að standa sig í þessu hjartans máli ungra sjálfstæðismanna að selja ríkisfyrirtækin. Það var köld hönd og köld kveðja sem þar var á ferðinni en við skulum vona að hæstv. samgrh. standist þau frýjunarorð í bili a.m.k. að verða ekki við þeirri kröfu að því er snertir Póst og síma hf.

Við erum að ræða þrjú frumvörp sem snerta framhald málsins og boðuð voru sumpart í fyrra, frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun, frv. til laga um póstþjónustu og frv. til laga um fjarskipti. Þessi mál varða afar þýðingarmikið svið hvert og eitt og til samans. Fjarskiptamálin eru að verða æ þýðingarmeira svið í daglegum samskiptum manna, daglegu lífi og það skiptir mjög miklu máli hvernig á þeim er haldið. Þar eru mörg sjónarmið sem hægt er að færa fram sem undirstöðuþætti. Það á auðvitað við um jafnræðissjónarmiðið að allir fái notið þeirrar þjónustu sem á annað borð er í boði og

það er krafan um að gætt sé jafnræðis einnig varðandi gjaldtöku og þá á ég við þau sjónarmið sem minn flokkur hefur mælt fyrir lengi í sambandi við gjaldtöku fyrir símaþjónustu og fjarskiptaþjónustu. Það er ekki aðeins almenningur, sérhver einstaklingur sem þar á mikið undir í þeim efnum heldur einnig atvinnureksturinn í landinu sem byggir mikið á fjarskiptum og þarf mikið á fjarskiptum að halda, bæði innan lands og í samskiptum við útlönd og sú krafa er mjög eðlileg að þar sé ekki um mismunun að ræða.

Við afgreiðslu málsins í fyrra um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunarinnar, voru gefin um það fyrirheit að þess yrði gætt að jöfnuður næðist í gjaldtöku og það hafa ákveðin skref verið stigin í því efni og það er vissulega vel. En hitt veldur aftur áhyggjum að í tengslum við þau mál sem við ræðum hér sjáum við að það er ekki þannig um hnúta búið, því miður, að því megi treysta að slíkt jafnræði ríki til frambúðar vegna þess að hvað sem líður almennum orðum og yfirlýsingum, þá er þannig um hnútana búið t.d. í frv. til laga um fjarskipti að þar er margt óráðið í þessum efnum og opnað fyrir það að rekstraraðilum heimilist að þjóna tilteknum markaði, aðeins hluta markaðar, og segir það sig sjálft til hvers það mun leiða ef fyrir slíkt *verður opnað. Ég er hér að vitna til 7. gr. í frv. til laga um* fjarskipti og leyfi mér að vitna til hennar, virðulegur forseti, því þar er eitt af þeim atriðum sem miklu varða í þessu máli. Greinin er svohljóðandi undir fyrirsögninni: „Skylda til að veita alþjónustu", en alþjónusta er skilgreind í frv. sem afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu. Greinin er síðan þannig orðuð:

„Við útgáfu rekstrarleyfa til þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu á almennum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að auk þess að uppfylla skilyrði skv. 6. gr. [en þau eru í stafliðum frá a–o] skuli rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu á starfssvæði sínu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur vegna synjunar borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar."

Eins og menn sjá má út úr þessari grein lesa að ef yfirboðari fyrirtækisins ekki mælir þar gegn, þá er hægt að skipta upp markaðinum á þann hátt sem hér er opnað fyrir og segir sig sjálft að þá kemur upp mismunun í verðlagningu eða hættan á mismunun í verðlagningu sem rætt var um við afgreiðslu frv. um Póst- og símamálastofnun á síðasta þingi að ætti einmitt að vinna gegn og afnema. Enn þá er þó ríkisstjórnin bundin af því að þetta er fyrirtæki í eigu ríkisins og ríkið getur haft þar stjórn á málum og það skiptir mjög miklu í þessu sambandi á meðan svo er, þó að hætta sé auðvitað yfirvofandi á að meiri hluti skapist fyrir breytingu á þessu formi og þarna verði beinlínis opnað fyrir íhlutun annarra, rekstur annarra aðila eða fyrirtækja, réttara sagt, annarra heldur en Pósts og síma.

Það var mjög misráðið að hverfa að því ráði að breyta þessu fyrirtæki úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag og vöruðum við alþýðubandalagsmenn mjög eindregið við því. Rökin fyrir þeirri breytingu og ég tala ekki nú um varðandi póstþjónustuna, voru vissulega veik og þeim var andmælt og það m.a. af þeim sem mjög gjörla þekkja til reksturs Pósts og síma, t.d. skrifaði Bergþór Halldórsson yfirverkfræðingur margar og góðar greinar um þetta efni í Morgunblaðið og deildi m.a. við ritstjórn blaðsins um þessi efni. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, aðeins að minna á sjónarmið sem hann færði fram, smákafla úr grein sem hann skrifaði um þetta efni í Morgunblaðið 15. júlí 1995 sem svar við leiðara sem hafði komið í Morgunblaðinu. Þar sagði Bergþór m.a., með leyfi forseta:

„Undirritaður þekkir best til rekstrar fjarskiptahluta Pósts og síma en ætlar þó að drepa á nokkur atriði sem snerta einkavæðingu almennt, sérstaklega þar sem í áðurnefndum leiðara er eins og oft áður í slíkri umræðu ekki minnst á hagsmuni viðskiptavina þeirra fyrirtækja sem á að einkavæða.

Sala á þjónustufyrirtækjum í eigu opinberra aðila til að grynnka á skuldum eins og lagt er til, er óráðleg, þar sem söluverðið verður greitt með hærri þjónustugjöldum til neytenda, sem þegar hafa byggt upp fyrirtækið, því að sjálfsögðu vilja nýir eigendur fá kaupverðið til baka sem fyrst.

Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um einkarekstur og opinberan rekstur sést því sjónarmiði oft haldið fram að ríkið eigi ekki að skipta sér af hlutum sem aðrir geti séð um og opinber fyrirtæki eigi ekki að standa í samkeppni við einkaaðila. Með þessum fullyrðingum er ekki litið á aðalatriði *málsins sem hlýtur að vera, á hvern hátt hægt sé* að veita besta þjónustu á hagstæðasta verðinu.

Nákvæmlega sömu lögmál gilda um rekstur fjarskipta. Þó að menn komist að því að samkeppni gæti skilað árangri í Þýskalandi þar sem 80 milljónir búa á landsvæði, sem er rúmlega þrefalt stærra en Ísland, er alls ekki sjálfgefið að sami árangur náist í dreifbýlinu hérlendis."

Við afgreiðslu þessa frv. á síðasta þingi, frv. um stofnun hlutafélags, þá andmælti minni hluti samgn. eindregið því hversu langt var seilst í hlutafélagavæðingu og sagði í nefndaráliti sínu um þetta efni m.a., með leyfi forseta:

„Um það er ekki deilt að þróun fjarskiptamála hefur verið ákaflega hröð hin síðari ár. Þá eru fyrirsjáanlegar veigamiklar breytingar í Evrópu í fjarskiptamálum og snerta þær breytingar Ísland eins og önnur ríki. 1. janúar 1998 skulu afnumin öll sérréttindi símastofnana og opnað verður fyrir fulla samkeppni á grunnnetinu. Í því ljósi er nauðsynlegt að skoða stöðu Póst- og símamálastofnunar. Þær breytingar hafa hins vegar ekkert að gera með stöðu póstþjónustunnar í landinu né heldur kalla þær sjálfkrafa á það að stofnuninni verði breytt í hlutafélag. Því til viðbótar svarar frumvarpið heldur engu um það hvernig hlutafélagið Póstur og sími ætlar að mæta og laga sig að breyttum veruleika í upphafi ársins 1998. Boðuð hefur verið ný heildarlöggjöf um fjarskiptamál sem væntanlega mun að einhverju leyti taka á þeim málum. Frumvarpið um Póst og síma hf. gerir það ekki."

Virðulegur forseti. Þetta var úr áliti minni hluta samgn. varðandi hlutafélagafrv. sem varð að lögum á síðasta þingi. Nú erum við að fjalla um framhaldið. En það er rétt eins og sagði í áliti minni hluta samgn. á fyrra þingi að það er langt frá því að skorið sé úr öllum atriðum eða sviðið sé lýst upp *í þessu frv. sem við ræðum hér um fjarskipti. Það sést m.a.* á þeirri grein sem ég vitnaði til um þær opnu heimildir sem þar eru fyrir þann aðila sem veitir rekstrarleyfi, þ.e. Póst- og fjarskiptastofnun sem getur heimilað aðilum aðgang aðeins að hluta af markaði og að sleppa undan þeim almennu kröfum sem annars eru settar. Þetta vil ég átelja harðlega sem mjög viðsjárvert atriði í þessu frv. sem við erum að ræða, virðulegur forseti. Vissulega er fjölmargt annað sem ástæða er til að taka á í þessu sambandi en það hefur verið gert

ágætlega hér af mörgum ræðumönnum þannig að ég ætla ekki að fara langt út í einstök efnistriði þessa frv.

Ég vil vekja athygli á því hins vegar að margir þeir sem hafa gagnrýnt þessi frv. af hálfu stjórnarandstöðunnar, og hafa gert það með réttu, voru á sínum tíma stuðningsmenn þess að Ísland gerðist aðili að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Þar á ég sérstaklega auðvitað við þingmenn Alþfl. sem studdu þann samning og leiddu það mál í þinginu undir forustu þáv. utanrrh. Það er vissulega ánægjuefni að menn eru farnir að veita því athygli hvaða áhrif sú binding sem menn þar undirgengust hefur í lagasetningu sem þeirri sem við erum hér að ræða, þó að viðkomandi hafi ekki beitt geiri sínum með beinum hætti að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði heldur að afleiðingum hans.

Það er vissulega svo, virðulegur forseti, að við erum að reyna það hér á löggjafarsamkomunni þing eftir þing og mánuð eftir mánuð, hvaða áhrif þessi samningur hefur, hvernig menn þurfa að beygja sig undir það eða telja sig þurfa að beygja sig undir kröfurnar um það að breyta hér lögum í samræmi við settar réttarreglur í Brussel og það oft nauðugir. Það má jafnvel heyra það á stjórnarliðum sem bera þessi mál fram að þeir kveinka sér. Það á t.d. við um hæstv. félmrh. sem hefur verið að koma með frumvörp inn í þingið eins og varðandi reglur um vinnutíma. Og þó að menn geti metið sumar af þeim tilskipunum sem settar eru í Brussel þannig að þær séu ekki að öllu leyti afleitar, því þar flýtur auðvitað sitthvað með sem hægt er að taka undir, þá er það samt svo að það er auðvitað alveg fráleitt að menn séu að gangast undir svo víðtækar skuldbindingar sem leiða til þess að menn þurfa hér að vera að breyta lögum og reglum í landinu, í rauninni þvert á þær aðstæður sem hér eru og án þess að nokkur skýr rök séu fyrir því eða það lúti að því að styrkja íslenska hagsmuni eða hagsmuni þeirra sem þar er um að ræða.

Svo ég nefni nánar þetta dæmi um styttingu vinnutíma eða ákveðnar reglur um vinnutímalengd, vinnu barna o.s.frv., að það megi taka undir margt í þeirri almennu stefnu, þá ættu Íslendingar auðvitað sjálfir að geta ákveðið þau atriði en ekki að þurfa að breyta þeirri löggjöf vegna þess að kommissörum, um 20 talsins, í framkvæmdastjórninni í Brussel hefur dottið í hug að setja um þetta reglugerð. Og þetta á alveg eins við um ákvæði sem varða einstök atriði í sambandi við fjarskiptamálefni að þar er það auðvitað öfugsnúið, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að við þurfum að breyta löggjöf okkar að öllu leyti eftir kröfum sem eru settar erlendis, sem við fáum engu um þokað hvernig mótaðar eru og hvernig ákveðnar eru a.m.k. Þannig eru menn smám saman að átta sig á afleiðingum aðildar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og hvernig hann virkar inn í löggjafarstarfið hér hjá okkur.

Það hefur, virðulegi forseti, verið réttilega á það bent að í frv. um Póst- og fjarskiptastofnun er að finna mörg gagnrýniverð ákvæði. M.a. hafa menn bent á 5. gr. þess frv. sem varðar eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög. Það er dæmi um það hvernig farið er offari í löggjöf, að manni sýnist, þar sem segir, með leyfi forseta, í 5. gr. 3. mgr., eins og það er kallað hér á lagamáli þingsins:

„Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa."

Þannig að hv. þingmenn, þar á meðal hv. formaður samgn. sem hér situr og hv. þm. Egill Jónsson, mega eiga von á því að sendimenn frá hæstv. samgrh. eða stofnun sem undir hann heyrir komi og beiti þeim ákvæðum sem hér um ræðir. Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni er þeim heimilt án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar að fara eftirlitsferð í húsakynni leyfishafa. Það gildir kannski ekki um einstaka símnotendur heldur þá sem hafa rekstrarleyfi í krafti Póst- og fjarskiptastofnunar. En þetta er mjög krefjandi atriði sem hér er að finna og eðlilegt að á það hefur verið bent og það hefur verið gagnrýnt.

Virðulegur forseti. Það er farið að glitta í ýmislegt sem snertir útfærslu á þeim hörðu hagræðingarkröfum sem gera á til þessa fyrirtækis, Pósts og síma hf. Við þingmenn Austurl. höfum m.a. fengið erindi ekki alls fyrir löngu, dags. 9. desember 1996, sem varðar það atriði og ég ætla að leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til þessa erindis. Það er reyndar ekki langt þannig að það er rétt að það komi hér í heild. Stílað á samgrn., hr. Halldór Blöndal ráðherra, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík:

„Á fundi framkvæmdaráðs Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 6. desember 1996 var m.a. fjallað um þá ákvörðun að leggja niður umdæmisskrifstofur Pósts og síma frá og með 1. janúar 1997. Fyrir fundinum lá svarbréf Pósts og síma, dags. 30. nóvember 1996, við fyrirspurn bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar um málið. Er ekki hægt að túlka það á annan veg en þann að um leið og „háeffið" kemur fyrir aftan nafn Pósts og síma í byrjun næsta árs skuli blásið í herlúðra og liði fylkt við Austurvöll og víðar í herbúðum stofnunarinnar svo að hægt verði að verjast innrásarsveitum harðsnúinna samkeppnisaðila og jafnharðan unnt að fylla í skörðin verði mannfall tilfinnanlegt." Þetta er erindi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem ég er að lesa, virðulegur forseti.

„Er ámælisvert að samgönguráðherra, æðsti yfirmaður stofnunarinnar, skuli ekki hafa betri yfirsýn en raun ber vitni um framkvæmd þessa þáttar einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar og jafnvel mæla henni bót. Og mönnum hlýtur að vera spurn hvað nú dvelji svonefnda landsbyggðarþingmenn sem varla hafa æmt né skræmt og a.m.k. ekki snúið bökum saman til að reyna að koma í veg fyrir þessar hremmingar. Verður því ekki trúað að óreyndu að enn skuli baráttulaust höggvið í þann knérunn að fækka stöðugildum á landsbyggðinni á misskildum forsendum um hagkvæmni stærðarinnar. Einnig er þunglega átalið sinnuleysi yfirmanna Pósts og síma að enn skuli fólki sem af þessum sökum mun missa fyrri störf sín haldið í algjörri óvissu um aðra starfsmöguleika innan stofnunarinnar.

Ofangreindum áformum er hér með harðlega mótmælt og þess krafist að leitað verði allra leiða til að koma í veg fyrir að þau nái fram að ganga.

Stöðvarfirði, 9. desember 1996.
Björn Hafþór Guðmundsson."

Afrit af þessu bréfi, sem stílað er á hæstv. samgrh., var sent ýmsum, þar á meðal formönnum þingflokka og þingmönnum Austurl.

Ég minni á það sem viðtakandi afrits af þessu bréfi að við alþýðubandalagsmenn beittum okkur hart gegn því að fyrirtækinu Pósti og síma yrði breytt í hlutafélag og það sett undir þann harða mælikvarða sem birtist m.a. í því sem hér er verið að mótmæla. Og fleiri sem voru í stjórnarandstöðu á síðasta þingi beittu sér gegn því. Ég man ekki betur en

þingmenn Kvennalistans hafi einnig verið í þeim hópi og Alþfl. a.m.k. greiddi þessu ekki atkvæði en ég held að hann hafi setið hjá við lokaatkvæðagreiðslu um málið, kannski undir áhrifum samningsins sem flokkurinn hafði átt drjúgan þátt í að koma í gegnum þingið á árinu 1993. En það er önnur saga sem ég ætla ekki að fara að rifja upp frekar.

Það er vissulega áhyggjuefni, virðulegur forseti, að þess er farið að sjást merki að það eigi að grípa til aðgerða í þessu hlutafélagi, sem hæstv. samgrh. fer með fyrir hönd ríkisvaldsins, m.a. með því að fækka störfum hjá stofnuninni úti um land. Menn óttast að farið verði að fækka póstafgreiðslustöðvum, þær jafnvel lagðar niður á stöðum sem liggja nokkuð afskekktir frá meginstraumi umferðar í landinu og þar sem póstþjónustan og afgreiðslustöðvar Pósts og síma hafa verið verulega þýðingarmikið tákn um það að þessari þjónustu sé sinnt við fólk á slíkum stöðum, oft ekki margmennum. Þetta eru atriði sem ég hlýt að nefna hér í sambandi við þessi mál þegar við ræðum um ný lög um póstþjónustu og Póst- og fjarskiptastofnun. Það er alveg greinilegt að þessari stofnun er ætlað að starfa með allt öðrum hætti út frá markaðssjónarmiðum, allt öðrum og harðari heldur en áður giltu og þá er ekki að spyrja að afleiðingunum. Það var ekki svo að Póstur og sími væri einhver þurfalingur eða baggi á ríkissjóði á árum áður. Þessi stofnun skilaði háum upphæðum í tekjuafgang oft á tíðum og sumt af því gekk beint í ríkissjóð en annað til fjárfestinga á vegum stofnunarinnar sem gengu býsna greitt, þannig að við Íslendingar náðum á margan hátt lengra og hraðar í uppbyggingu m.a. á ljósleiðarakerfi heldur en gerðist í öðrum löndum. Þannig að það er ekki það sem rak á eftir í þessu máli heldur voru það boðin frá Brussel, krafan um það að koma á samkeppni, opna fyrir samkeppni frá árinu 1998 að telja. Og undir þá kröfu var gengið með vísan til samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég er hræddur um að það sé ansi margt í þessu máli sem á eftir að minna á sig nú á næstunni þegar menn fara að sjá hagræðingarkröfurnar, arðsemiskröfurnar sem þetta hlutafélag hæstv. samgrh. og ríkisvaldsins verður farið að setja fram og þær aðgerðir sem þar á bæ verður talið nauðsynlegt að grípa til. Ég minnist þess að það mátti merkja hik hjá sumum þingmönnum Framsfl. þegar þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi. Ég er ekki viss sum að þar hafi allir gengið glaðir til leiks í sambandi við breytingar á þessu fyrirtæki. Og þar á bæ eins og víðar áttuðu menn sig á því sumir hverjir að það væri ekki víst að eiðarnir stæðust allt of lengi, sem gefnir voru í tengslum við afgreiðslu þess máls um það að þetta hlutafélag skyldi vera í eigu ríkisins um langa hríð. Ég hef hér fyrir framan mig frá útmánuðum á síðasta vetri leiðara úr vikublaðinu Austra sem gefið er út á Egilsstöðum. Ritstjóri þess og ábyrgðarmaður er hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., sem skrifar leiðara í blað sitt undir fyrirsögninni „Síðasta skrefið?“ Þar er hann að reyna að berja í brestina í sambandi við stuðning framsóknarmanna við stjfrv., en það má vel lesa það á milli línanna í þessum leiðara sem ég ætla ekki, virðulegur forseti, tímans vegna að fara að lesa upp í heild, því að við erum hér að reyna að greiða fyrir þingstörfum svo mest við megum sem skipum stjórnarandstöðu og erum því ekki að fara yfir langar blaðagreinar nema sérstaklega séu efni til, en það væri vissulega ástæða til að hafa yfir leiðara hv. þm. En ég ætla aðeins, með leyfi forseta, að fara með niðurlagið:

„Sú þjónusta sem Póst- og símamálastofnun veitir er afar mikilvæg fyrir landsbyggðina og það er ástæða til þess fyrir landsbyggðarfólk og fulltrúa þeirra á Alþingi og í sveitarstjórnum að fylgjast grannt með þróun þessara mála og breytingar verði ekki til þess að veikja þá þjónustu. Eins og frv. er mun ekki ástæða til að óttast það, en allur er varinn góður.“ (**SvG:** Nú. Það er þokkalegt.) Og það skyldi nú vera að það sé ekki ástæða fyrir hv. þingmenn Framsfl. að hafa áhyggjur eins og hv. þm. Jón Kristjánsson hafði á síðasta þingi þegar fjallað var um Póst- og símamálastofnunina hf. Það er farið að minna aðeins á þetta í orðsendingum að austan, eins og ég las upp áðan þar sem sagði svo, — ég tengi það við þennan leiðara og það er tilvitnun í annað sinn, ein málsgrein, virðulegur forseti:

„Og mönnum hlýtur að vera spurn hvað nú dvelji svonefnda langsbyggðarþingmenn sem varla hafa æmt né skræmt og a.m.k. ekki snúið bökum saman til að reyna að koma í veg fyrir þessar hremmingar.“

Afleiðingarnar af hagræðingarkröfunni á hið nýja hlutafélag sem hæstv. samgrh. fer með fyrir hönd ríkisins.

Virðulegur forseti. Það eru fjölmörg önnur atriði í þessum frumvörpum sem ástæða væri til að ræða frekar en með vísan til þess sem ég sagði áðan, ætla ég ekki að gera það að þessu sinni en áskil mér rétt til að taka til máls síðar eftir því sem ástæða er til.

[21:48]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það verður að segja að mörg athyglisverð mál hafa komið fram í þessari umræðu um þau þrjú frumvörp sem eru til meðferðar og mér finnst satt að segja að hv. talsmenn stjórnarflokkanna í málinu, hæstv. samgrh. og hv. 1. þm. Vestf., hafi út af fyrir sig greitt úr mörgum þeim spurningum sem bornar hafa verið fram en þó ekki í rauninni nærri öllum. Mörg atriði eru með þeim hætti að mér finnst að þau standi nokkuð opin enn þá, því miður, og óhjákvæmilegt sé að inna frekar eftir þeim.

Mér fannst t.d. viðbrögð þeirra við ræðu hv. 6. þm. Suðurl. í dag vera óþarflega snefsin. Ég vek athygli á því að hv. 6. þm. Suðurl. er löglærður maður og veit hvað hann er að tala um í þessum málaflokki og þekkir vel til. Ég tel að ýmsar þær ábendingar sem hann kom fram með séu býsna alvarlegar og það sé í rauninni ekki hægt að hrista þær af sér eins og ómagaorð af neinu tagi heldur beri þvert á móti að fara yfir þær athugasemdir og ábendingar af mikilli alvöru.

Ég átti kost á því í gærkvöld, hæstv. forseti, að fara yfir fáein atriði í þessum málum. Meðal annars benti ég á að hugsanlega væri um að ræða framsal á skattlagningarvaldi í einu þeirra frumvarpa sem hér liggja fyrir og hv. 1. þm. Vestf. tók undir að ástæða væri til að kanna það mál og kvaðst mundi beita sér fyrir því að það verði gert á milli 2. og 3. umr. og ég tel ástæðu til að rifja það upp hér. En í framhaldi af því og í tengslum við þá umræðu sem hefur verið í kvöld og í dag hef ég aðeins farið yfir málin frekar. Það eru fjórar spurningar eða fjögur efnisatriði í viðbót sem ég hafði hugsað mér að inna hæstv. samgrh. eftir og hv. 1. þm. Vestf., formann samgn., til að flýta fyrir umræðunni og skýra málin örlítið frekar.

Ég ætla fyrst, hæstv. forseti, að víkja að einu ákvæði í frv. til laga um fjarskipti sem er í 6. gr. frv., stafliður b, þar sem fjallað er um skilyrði fyrir rekstrarleyfi. Upphaf greinarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 5. gr. Skulu skilyrði vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa."

Allt er þetta rétt og skynsamlegt. Síðan segir: „Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin. Skilyrði fyrir rekstrarleyfi geta verið eitt eða fleiri þar með talið:" Síðan eru taldir upp stafliðir a til og með o og stafliður b hljóðar svo, með leyfi forseta:

„að rekstrarleyfishafi veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu eða á tilteknum landsvæðum, og að hún nái til tiltekins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður."

Ég hefði gaman af því að heyra hvernig hæstv. samgrh. sér fyrir sér að þetta verði tryggt, þ.e. í fyrsta lagi að þessi þjónusta verði veitt á öllu landinu þar sem það skilyrði er sett. Hvað telst allt landið? Það má auðvitað spyrja þeirrar spurningar. Það eru væntanlega ystu annes og innstu dalir eða hvað? Ég inni eftir því. Hvað telst vera „á öllu landinu" í þessu sambandi? Ég spyr varðandi „tiltekið landsvæði" með hvaða hætti þau eru afmörkuð sem reyndar kemur fram annars staðar í lögum. Og síðan segir „að hún nái til tiltekins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður".

Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. samgrh. færi aðeins yfir þennan staflið því að það er talsvert undirstöðuatriði fyrir afstöðu manna til þessa máls að tryggt sé að um sé að ræða þjónustu sem veitt er á Íslandi öllu. En það virðist vera meiri og meiri þörf fyrir það í seinni tíð að ganga úr skugga um að menn eigi við Ísland allt þegar þeir tala um landið. Stundum virðast menn bara eiga við ákveðinn part af landinu þegar talað er um landið en ekki landið allt. Þess vegna vil ég fara fram á það í fullri vinsemd við hæstv. samgrh. að hann útskýri aðeins fyrir mér og þingheimi að öðru leyti hvað er átt við í þessu efni og hvernig staðið verður að því að tryggja þjónustu á landinu öllu.

Í grg. frv. segir reyndar að leyfi til fjarskiptareksturs skuli einungis veitt íslenskum aðilum eða aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta hlýtur þá að þýða að þær kvaðir sem um er að ræða megi einnig leggja á erlenda aðila sem hér kunna að starfa, eða hvað? Það er væntanlega alveg ljóst að ef hér væri um að ræða Ericsson eða Telecom eða hvað það nú er, þá mætti gera sömu kröfur til þeirra og íslenskra aðila. Það sé í raun alveg skýrt að allir þeir aðilar sem fái fjarskiptaleyfi verði að sæta þessum kröfum jafnvel þó um erlenda aðila sé að ræða. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að stjórnvöld yrðu að setja sömu kvaðir á þessa erlendu aðila 100% ef um jafnræði á að vera samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þá kem ég að hinni frægu 5. gr. frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl., gerði að umtalsefni í dag í afskaplega greinargóðri ræðu sem fór pínulítið í skapið á þeim samgönguleiðtogum ríkisstjórnarinnar. Í þeirri grein, sem fjallar um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög, og hv. þm. reyndar rakti rækilega í ræðu sinni í dag segir, með leyfi forseta:

„Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa."

Menn geta sem sagt gengið þar inn á skítugum skónum án þess að vera með sérstakar heimildir og fólk verður að taka því og allt sem heitir friðhelgi einkalífsins og þess háttar verður að víkja fyrir þessum eftirlitsmönnum sem hæstv. samgrh. ætlar að fara að senda inn á heimilin í landinu. Í þessum efnum er hann væntanlega einnig að taka á aðilum sem eru með þessa starfsemi og eru erlendir að uppruna, þ.e. starfa og geta starfað hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Og þá spyr ég hæstv. ráðherra samgöngumála að því hvort menn geri þá ráð fyrir að þeir aðilar sem stundi slíka eftirlitsstarfsemi geti farið eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa hvar sem þau eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Er með öðrum orðum gert ráð fyrir að sendinefnd Póst- og fjarskiptastofnunarinnar geti verið í ferðalögum að taka hús á British Telecom og Ericsson? Vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að húsakynni leyfishafa, ef þau eru ekki skilgreind nánar, geta verið hvar sem er á Evrópska efnahagssvæðinu. Það á væntanlega ekki að mismuna mönnum að neinu leyti og m.a. hljóta menn að þurfa að sæta sömu kröfu um eftirlitsaðila hvar sem þeir eru á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þetta atriði láðist hv. 6. þm. Suðurl. að nefna sérstaklega í ítarlegri ræðu sinni í dag og er auðvitað ástæða til að gagnrýna hann fyrir það. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu máli, hæstv. forseti, og ég vona að hv. 1. þm. Vestf. blandi sér líka í umræðuna því ég sé að hann er að undirbúa viðamikil fjarskipti í tilefni jólanna eins og fleiri í þessum sal.

Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég hefði viljað nefna, hæstv. forseti, og vildi fá nánari útskýringar á miðað við þá umræðu sem fram hefur farið um hið ótrúlega lögregluríkisákvæði í 5. gr. sem þeir samgönguleiðtogar Sjálfstfl. ætla að fara að innleiða í löggjöf á Íslandi.

Þá vil ég víkja að 8. gr. þessa sama frv. sem fjallar um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ég tók eftir því að alveg ótrúleg orðaskipti urðu á milli hæstv. samgrh. um það mál og hv. 9. þm. Reykn. í gær, en hv. 9. þm. Reykn., hæstv. forseti sem hér situr sem slíkur, gerði nokkrar athugasemdir við þessa úrskurðarnefnd en um hana segir svo í 8. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgrh. og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Samgrh. skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu eða reynslu á sviði fjarskipta- og póstmála. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár."

Í grg. frv. er fjallað ítarlega um þetta mál á hálfri blaðsíðu, bls. 8 á þingskjalinu og ætla ég ekki að fara að níðast á þolinmæði þingheims með því að lesa þær útskýringar yfir í heilu lagi. Það er greinilegt að um er að ræða allviðamikla og allmerkilega nefnd, úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Ég verð að segja að það er til fyrirmyndar hjá hæstv. samgrh. og ríkisstjórninni að hugsa fyrir því að svona úrskurðarnefnd skuli vera til vegna þess að einhver getur þurft að bera sig upp undan ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar hverjar svo sem þær kunna að vera og út af fyrir sig getur vel verið að líka sé eðlilegt að sérstök nefnd hafi með það að gera. En þá kemur þessi spurning, hæstv. forseti: Er eðlilegt að sú nefnd starfi einnig undir boðvaldi hæstv. samgrh.? (**Gripið**

fram í: Sem á bréfið.) Það er afar sérkennilegt. Það er sá sem á bréfið. Það er margt bréfið, sagði Jón Hreggviðsson og þeir félagarnir sem voru að höggva niður klukkuna, hina einu sameign þjóðarinnar á Þingvöllum forðum, og segir frá í Íslandsklukkunni. Sagt er að það sé eitthvert frægasta bréf sem talað hefur verið um nokkurn tíma í Íslandssögunni en það fer nú bráðum að blikna fyrir þeim ótrúlega pappír sem hæstv. samgrh. eignast bráðum, sem er hlutabréfið eina í þessari stofnun. En hvað um það, hæstv. forseti.

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir að þessi úrskurðarnefnd starfi algerlega á vegum ráðherra. Nú er það út af fyrir sig skynsamlegt hjá ríkisstjórninni og hæstv. ráðherra að þeir menn eru tilnefndir af Hæstarétti. Það er að vísu almennt séð umdeilanlegt að mínu mati, hversu langt á að seilast í því að láta Hæstarétt vera að tilnefna menn í ráð og nefndir. Það er mikið álitamál en látum það vera. Hér er gerð tillaga um það. Síðan er gert ráð fyrir að einn nefndarmaður ásamt varamanni verði skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Allt um það. En svo kemur samgrh. sem skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Ég held að þetta sé óeðlilegt. Ég held að enginn ætti að vera í þeirri nefnd frá samgrh., enginn. Ég held að þessir nefndarmenn ættu ef til vill að vera þessir tveir frá Hæstarétti sem þarna er gert ráð fyrir. Einn nefndarmaður ætti ef til vill að vera frá stjórn Verkfræðingafélags Íslands en síðan ætti samgrh. alls ekki að eiga einn einasta mann í þessari nefnd. Mér fyndist langeðlilegast að það væru aðrir en samgrh. sem tilnefndu menn í þessa nefnd.

Nú er það flókið úrlausnarefni að hafa skoðun á því í sjálfu sér hvaða ráðherra ætti að tilnefna menn í nefndina. Ég skal út af fyrir sig ekki segja um það, hæstv. forseti. En ég velti því fyrir mér hvort það mætti hugsa sér að nefndin væri algerlega á boðvaldssviði einhvers annars ráðherra eða a.m.k. að hæstv. samgrh. tilnefni engan mann í nefndina.

Ég vildi gjarnan inna hæstv. samgrh. eftir því hvort hann hefur ekki áhyggjur af því að úrskurðarnefndinni verði vantreyst af því að hún er á hans valdi, hans eins. Og til þess að um sé að ræða algerlega hlutlægan aðila, þá held ég að að mörgu leyti væri eðlilegast að nefndin væri á vegum einhvers allt annars ráðherra eða, sem er lágmark, að samgrh. tilnefni engan mann í nefndina heldur komi hún algerlega og sé sett á laggirnar samkvæmt tilnefningum frá öðrum ráðherrum.

Það kann að vera að einhverjir menn hér í salnum hafi hugmyndir um hvernig væri best að skipa svona nefnd og gætu upplýst okkur jafnframt um það hvernig venjan er að skipa nefndir af þessum toga við svipaðar aðstæður í öðrum löndum. Ég þekki það ekki. Þessar vangaveltur af minni hálfu koma auðvitað til af því m.a. að við erum á Íslandi með ótrúlega frumstæða neytendalöggjöf. Í flestum öðrum löndum er um að ræða almennar úrskurðarnefndir sem geta tekið á málum sem valdastofnanir eins og Póst- og fjarskiptastofnunin verður að taka á. En mér fyndist lágmark að kanna hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um að t.d. dómsmrh. skipi þennan eina nefndarmann í stað samgrh. þannig að nefndin sé ekki með nokkurn mann frá samgrh. vegna þess að hann er í margfaldri rullu allt í kringum þetta borð og það getur ekki talist eðlilegt.

Þetta vildi ég nefna í þriðja lagi, hæstv. forseti, í máli mínu í kvöld 11. gr. frv. til laga um póstþjónustu þar sem fjallað er um útgáfu rekstrarleyfa. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Öðrum en þeim sem fengið hafa til þess rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar er óheimilt að annast grunnpóstþjónustu. Í rekstrarleyfi skal tilgreina til hvaða þátta grunnpóstþjónustu rekstrarleyfið nær og þær kvaðir og skilyrði sem leyfinu fylgja.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu skuli undanþegnir rekstrarleyfi."

Það væri fróðlegt að átta sig á því, hæstv. forseti, hvernig ætlunin er að framkvæma þessa grein í einstökum atriðum. Ég hef tekið eftir því og las greinargerðarákvæðin um greinina þar sem allítarlega er fjallað um hana í hinu fróðlega þingskjali þar sem eru afskaplega skemmtilegar sögulegar staðreyndir um þróun póstmála í Evrópu og einstökum löndum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það er t.d. ítarlega fjallað um þetta mál í grg. um 11. gr. og ætla ég í sjálfu sér ekki að fara yfir hana í einstökum atriðum en þar segir þó, með leyfi forseta, í 2. mgr.:

„Í rekstrarleyfinu sjálfu skal tilgreina nánar til hvaða þátta grunnpóstþjónustu rekstrarleyfið nær, þ.e. til hvaða framangreindra þjónustuþátta það tekur, hvort það er bundið við ákveðin svæði o.s.frv. Í leyfinu skulu einnig tilgreindar nákvæmlega þær kvaðir og þau skilyrði sem leyfinu fylgja.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu séu undanþegnir rekstrarleyfi. Þannig getur samgönguráðherra mælt fyrir um að ekki sé þörf á sérstöku leyfi vegna tiltekinnar starfsemi sem að öllu jöfnu telst þó til grunnpóstþjónustu. Sem dæmi má nefna aðila sem einungis annast flutning á póstsendingum á milli staða, eftir atvikum með annars konar sendingum. Er ráðherra heimilt að undanþiggja slíkan aðila skyldu til rekstrarleyfis, enda hlýtur að teljast óþarflega viðurhlutamikið að krefjast sérstaks rekstrarleyfis fyrir slíka starfsemi. Hann telst þó póstrekandi, ... og er því skráningarskyldur skv. 20. gr. Með því móti hefur Póst- og fjarskiptastofnun eftir sem áður eftirlit með slíkri starfsemi."

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir þessa greinargerð. Mér finnst hún vera ágæt og glögg um það sem skiptir máli. En þó verð ég að segja að ég átta mig ekki alveg á því hvað hér er verið að fara. Hvaða tegund af grunnþjónustu er um að ræða? Sending á milli staða sem ekki flokkast undir venjulegar póstsendingar? Hvaða dæmi eru það eiginlega sem menn eru með í huga? Auðvitað mega menn ekki ganga svo langt í þessu leyfisveitingafargani að menn geti ekki boðsent bréf á milli bæja eða húsa án þess að biðja um leyfi í samgrn. Auðvitað er alveg ljóst að menn eiga að geta hlaupið með pappíra á milli húsa, hverfa eða landshluta eftir atvikum án þess að þurfa að spyrja kóng eða prest að því máli, þ.e. ráðherra eða póst- og símamálastjóra. Þess vegna fagna ég því út af fyrir sig að opnað er fyrir það að ýmsir þættir grunnþjónustu geti verið utan við þessi svokölluðu rekstrarleyfi. En ég hefði viljað biðja hæstv. ráðherra að fara aðeins betur yfir það með okkur í þessari virðulegu stofnun, hvað það er sem nákvæmlega er átt við.

Herra forseti. Ég hef í ræðu minni nefnt nokkur atriði. Í fyrsta lagi 6. gr. frv. um fjarskipti sem lýtur að skyldum rekstrarleyfishafa við að veita þjónustu á landinu öllu. Ég hef aðeins vikið að úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sérstaklega í frv. um Póst- og fjarskiptastofnun, 8. gr. þess frv., og ég hef vikið líka lítillega að útgáfu rekstrarleyfa samkvæmt 11. gr. frv. til laga um póstþjónustu. Í tengslum við þessa umfjöllun hef ég síðan lagt fyrir hæstv. samgrh.

nokkrar spurningar og þætti vænt um ef hann gæti svarað þeim við fyrsta hentugt tækifæri.

[22:11]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Umræða um þrjú viðamikil og mikilvæg frv. sem marka veginn til framtíðar á mjög mikilvægum þjónustusviðum hér á landi hefur nú staðið um alllangan tíma. Það er hins vegar athyglisvert í því sambandi að ekki virðist vera mikill vilji af hálfu hæstv. samgrh. eða forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar á hinu háa Alþingi til að reyna að flýta fyrir umræðunni og leiða hana skynsamlega til lykta. Ég lýsi ábyrgð, virðulegi forseti, á hendur hæstv. samgrh. og hv. þm., talsmönnum meirihlutaálits hér í þessum sal sem fóru fram með þetta mál jafnvanbúið og það í raun er. Ég lýsi ábyrgð á hendur þeim vegna þess að þeir hafa ekki borið það við í þeirri umræðu sem hefur staðið klukkustundum saman að koma til þátttöku í umræðunum, að koma hér til að ræða málefnalega ýmis álitamál sem hafa verið vakin upp, að svara ýmsum þeim spurningum sem hafa verið fram bornar.

Ég viðurkenni fúslega, virðulegi forseti, að þeir örfáu talsmenn ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans í málinu hafa endrum og sinnum á þeim tveimur dögum komið upp til andsvara, haldið tveggja mínútna ræður og reynt að drepa á einstök tiltölulega mjög afmörkuð atriði. Þannig hefur t.d. hæstv. samgrh. komið nokkrum sinnum upp í andsvörum með miklu írafári og látum og ausið úr skálum reiði sinnar fyrst og síðast, um mál sem lúta í sjálfu sér ekkert að þessu viðfangsefnum sem við erum að fást við, mál sem koma þessum frv. ekkert við. Hann hefur eytt veigamiklum mínútum af andsvaratíma sínum í að reyna að skilgreina nútímajafnaðarstefnu og varið sennilega fjórðungi af sínum tíma til slíkra orðræðna. En ekkert hefur borið á því, enda ekki furða. Hann hefur undir umræðum, sem hann hefur setið samviskusamlega, verið við lestur fagurbókmennta. En ég held að þetta sé stór og veigamikil ástæða fyrir því að við mjökumst ákaflega lítið í átt að nauðsynlegu markmiði umræðunnar, þeim markmiðum að hér sé skipst á rökum, skipst á sjónarmiðum og upplýsingum. Þessi skoðanaskipti hafa því miður ekki átt sér stað, virðulegi forseti. Það ber að harma mjög ákveðið að hér hafa stjórnarandstæðingar með mikilli samviskusemi komið á framfæri ýmsum gildum athugasemdum um útfærsluatriði, um tæknileg atriði, um pólitísk atriði sem liggja hjá garði algerlega ósvöruð.

Ég hlýt að kalla mjög ákveðið eftir því að hér hefjist hin eiginlegu skoðanaskipti, hin pólitísku skoðanaskipti um þetta mál og af því að ég sé hér í hliðarsal hv. þm. Magnús Stefánsson, þá get ég auðvitað ekki látið hjá líða að kalla mjög eindregið eftir því að hann komi inn í þessa umræðu, ekki síst vegna þess að margir þingmenn hafa með réttu fært í tal stöðu mála hjá Póst- og símamálastofnun, hjá þessari stofnun sem hefur verið í þjónustuhlutverki um langt árabil en lýkur því undir því heiti eftir tæpan hálfan mánuð. Það hefur gengið á ýmsu hjá þeirri stofnun á síðustu vikum og mánuðum eða allt frá því að hið háa Alþingi eða meiri hluti þess tók ákvörðun um að hlutafélagavæða þetta fyrirtæki. Gildistaka þeirra laga er núna 1. janúar nk. Það ber svo vel í veiði að hv. 3. þm. Vesturl., fulltrúi Framsfl. í samgn. og raunar varaformaður þeirrar nefndar, situr einnig í þeirri undirbúningsnefnd sem hæstv. samgrh. setti á fót fljótlega eftir að Alþingi gekk frá lagasetningu um hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Þessi undirbúningsnefnd hefur að sönnu talsvert vald samkvæmt ákvæðum laganna og í henni eru þrír menn. Einn af þeim er títtnefndur hv. þm. Magnús Stefánsson og ég held að það mundi stytta okkur mjög leiðina í þessum umræðum um stöðu fyrirtækisins, stöðu þessara hundruða og þúsunda starfsmanna sem eru þar margir hverjir, svo ekki sé fastar að orði kveðið, í uppnámi vegna ákveðinnar óvissu um framtíð þeirra og starfsfélaga hjá Pósti og síma hf. á nýársdag. Það mundi skýra mjög þessa umræðu og gera hana markvissari, flýta fyrir henni og aukin heldur hygg ég róa vonandi margan starfsmanninn hjá Póst- og símamálastofnun ef hv. þm. gerði glögga grein fyrir því hver raunveruleg staða þessara starfsmanna væri, hver væri framtíðarsýnin hjá þessari undirbúningsnefnd hvað varðar hina nýju sýn sem birtist mönnun á næsta ári í þessari hlutafélagavæðingu.

Ekki dreg ég af mér þegar ég sé hv. þm. Stefán Guðmundsson að spjalli við flokksbróður sinn því að hann þekkir þennan málaflokk vel og hefur eftir því sem ég best veit setið um langt árabil í samgn. og þekkir mætavel aðdraganda þessa máls. Hann þekkir það eins vel og fingurna á sér hversu veigamiklu hlutverki Póstur og sími hefur gegnt í atvinnumálum í hinum dreifðari byggðum, m.a. í hans kjördæmi. Hann tók þess vegna myndarlega á og rösklega í utandagskrárumræðum um þessi mál og önnur skyld, þegar menn ræddu þá stöðu sem virðist blasa við og er þegar að koma í ljós, þ.e. að menn ætli sér að gjörbreyta í mörgum þáttum þeirri þjónustu sem þjóðin hefur átt að venjast af hálfu Póst- og símamálastofnunar. Hann sagði þá mjög heiðarlega, án þess að ég geti vitnað orðrétt í hans mæta innlegg í þessari utandagskrárumræðu sem laut að raunverulegri lokun ákveðinna þjónustustöðva víða um landið, póststöðva, strandstöðva, umdæmisskrifstofa, að ekkert slíkt hafi verið uppi á borðum af hans hálfu né stórs hluta stjórnarsinna þegar menn gengu frá málum um hlutafélagavæðingu Pósts og síma á vordögum sl. En það er allt annað að koma upp úr dúrnum, því er nú verr og miður. Og í því sambandi rakst ég fyrir tilviljun á það að ekki einasta eru upplýsingar varðandi ýmiss konar undirmál og leynimakk í samskiptum yfirstjórnenda Póst- og símamálastofnunar við starfsmenn sannar og réttar, heldur er fullyrt í blaði Bandalags háskólamanna að við tiltekna 100 háskólamenntaða starfsmenn fyrirtækisins hafi verið gerðir „persónulegir ráðningarsamningar“. Ég endurtek, virðulegi forseti: „persónulegir ráðningarsamningar“. Þessir samningar eru sagðir vera trúnaðarmál yfirmanna nýja hlutafélagsins og viðkomandi starfsmanna. Ég spyr bara hreint og beint hv. þm. Mangús Stefánsson sem hlýtur að vera þarna öllum hnútum kunnugur: Er rit Bandalags háskólamanna að segja satt og rétt frá? Er það þannig að undirbúningsnefndin undir forustu Péturs Reimarssonar með aðild hv. þm. Magnúsar Stefánssonar hafi beitt sér fyrir því að gerðir hafi verið leynisamningar við svo og svo stóran hóp starfsmanna Póst- og símamálastofnunar, væntanlegra starfsmanna Pósts og síma?

Hér er rætt um 100 háskólamenntaða starfsmenn fyrirtækisins og það kemur skýrt fram í þessari frétt að enginn þvættingur eða vitleysa er á ferðinni því að hér er viðtal við mann að nafni Hörð Jónsson sem er formaður Kjarafélags viðskipta- og hagfræðinga. Hann hefur sagt af sér formennsku í því félagi og gerði það 29. nóvember sl. Og afsögnin, eins og blaðið segir hér frá, tengdist að nokkru leyti breytingu Pósts og síma í hlutafélag núna um næstu

áramót. Það staðfesti Hörður í samtali við BHMR-tíðindin og Hörður Jónsson segir hér orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég tel að það fari ekki saman að vera í kjarabaráttu fyrir stéttarfélag eftir að hafa skrifað undir persónubundinn ráðningarsamning. Frumkvæðið er mitt. Ég var ekki skikkaður til að gera þetta, en ég met það svo sjálfur að mér sé best borgið svona."

Hvað þýðir þetta í mæltu máli, virðulegi forseti? Þetta þýðir að þessir 100 háskólamenntuðu starfsmenn Pósts og síma voru knúnir til þess að gera, eins og það er hér orðað, persónulega samninga sem þeim er bannað að gera uppskátt um við vinnufélaga sína, við kollega sína í vinnunni. Það leiðir aftur til þess að menn missa hina félagslegu stöðu í stéttarfélögum sínum, því að eins og þessi maður segir hér ærlega: „Hvernig á ég að geta verið í forsvari í kjarabaráttu fyrir mitt stéttarfélag þegar ég bý sjálfur við þau skilyrði að mega ekki segja frá því hvað ég hef í laun, hvert er mitt kaup og kjör?"

Það kemur einnig fram í þessari frétt að formenn Póstmannafélagsins og Félags ísl. símamanna sem eru trúnaðarmenn langstærsta hluta starfsmanna Póst og síma, ekki þeirra 100 sem ég nefndi áðan, ekki háskólamennaðra starfsmanna, gagnrýndu líka þessa meintu leynisamninga harðlega í nóvemberblaði BHMR-tíðinda og sögðu að atvinnurekandinn þvingaði viðkomandi starfsmenn til að segja skilið við stéttarfélögin sín. Hér er náttúrlega um háalvarleg tíðindi að ræða, virðulegi forseti. Er svo komið málum, meira að segja áður en fyrirtækið verður að hlutafélagi, á meðan þetta fyrirtæki er venjubundið opinbert þjónustufyrirtæki, að starfsmenn þar sem eru í kringum 2.500 talsins, þ.e. einhver óskilgreindur hluti þeirra er píndur til þess að gangast inn á leynimakk og leynisamninga um kaup þeirra og kjör til að koma í veg fyrir að stéttarfélögin þeirra geti barist fyrir bættum kjörum þeim til handa?

Ég get út af fyrir sig ekki fullyrt um þetta. Ég hef heyrt þessu fleygt og mér hefur verið sagt þetta af hálfu starfsmanna. Ég hef það hins vegar svart á hvítu í þessu blaði sem ég hef áður nefnt og þykir brýnt og raunar nauðsynlegt að hæstv. samgrh. taki af öll tvímæli og svari því fyrir fullt og fast hvernig hans umboðsmenn í þessari svokölluðu undirbúningsnefnd hafi gengið frá málinu, þ.e. hvort þarna sé um að ræða stefnumörkun úr hinu háa ráðuneyti, hvort þarna sé um það að ræða að undirbúningsnefndin fái línu frá hinu háa ráðuneyti um að þannig skuli búa um hnúta þegar nýir samningar séu gerðir við starfsmenn hjá væntanlegu nýju hlutafélagi. Það er auðvitað alveg ný starfsmannastefna, alveg glæný starfsmannastefna og gengur ekki og er í fullkomnu ósamræmi við það sem menn segja nú mjög gjarnan, að ríkið og hinn almenni markaður þurfi að temja sér betri siði í þeim efnum og þurfi þvert á móti að fara að sópa undan teppinu og koma öllum kjaraatriðum upp á borð þannig að þeir séu gagnsæir eins og gjarnan er sagt á seinni tímum.

Nei, hér er algerlega farin hin leiðin, farið í hina áttina. Hér á að ganga veg leyndarinnar og gera samninga sem ekki skulu öllum sýnilegir. Það kemur því æ gleggra í ljós að full þörf er á því að hv. alþingismenn og ekki síður starfsmenn þessa fyrirtækis fái greinargóð svör við þeim spurningum m.a. sem festar hafa verið á blað á þskj. 403, beiðni um skýrslu, þar sem undirritaður ásamt öðrum þingmönnum jafnaðarmanna hefur farið þess á leit við samgrh. — og Alþingi hefur heimilað það, gerði það á fundi í dag — að hann gefi okkur skýrslu um starfsemi Póst- og símamálastofnunar og þær formbreytingar sem verða á stofnuninni um áramótin 1996/1997 þegar hún verður gerð að hlutafélagi í eigu ríkisins.

Hæstv. samgrh. hefur heilar tíu vikur til að tína þessar upplýsingar saman og ég hef alvarlegar áhyggjur af því hvað getur gerst á þessum tíu vikum. Hvaða skemmdarstarfsemi ekki er hægt að gera á öllum þessum tíma gagnvart þeim hundruðum og þúsundum starfsmanna sem þarna eiga hlut að máli og hafa verið knúnir til þess í mörgum tilfellum að ganga á vit leynisamninga, á vit lokaðra kjarasamninga og persónubundinna starfsmannasamninga? Og ég hef áhyggjur af því að of mikið vatn hafi runnið til sjávar þegar loksins fást upp úr undirdjúpunum svör við þeim spurningum sem sérstaklega er kallað eftir í þessari beiðni um skýrslu. Hér er m.a. spurt að því — mörgum þótti ótrúlegt að þörf væri á því að spyrja um slíka hluti en ég sé á öllu af nýjustu tíðindum að það var meir en þörf á því, það var brýn nauðsyn á því að fá það upplýst — hvort einhverjir hinna svonefndu starfslokasamninga sem hæstv. samgrh. þekkir nú býsna vel, hafi verið gerðir við fyrrum starfsmenn Póst- og símamálastofnunar og hafi jafnframt innifalið það að hætti þeir störfum nú þegar eða alveg á næstunni þá fái þeir borgaðan svo og svo langan uppsagnarfrest — ekki veit ég hversu langan en hæstv. samgrh. getur væntanlega uppýst um það — en jafnframt væri þeim gert að þeir mættu ekki vinna á sama vettvangi í svo og svo langan tíma.

Með öðrum orðum þá hefur ríkisstofnun núna þessa dagana að því mér er sagt gengið frá allnokkrum fjölda slíkra starfslokasamninga við starfsmenn sína. Án þess að ég geti þó fullyrt um það hafa veigamikil störf stöðvarstjóra sérstaklega verið nefnd í því samhengi. Ég get ekki fullyrt um það en mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra gæti annaðhvort borið það til baka eða staðfest að það væri nokkur hreyfing einmitt á þeim mönnum sem sumir hverjir eru komnir eitthvað við aldur og það hafi verið vilji hæstv. ráðherra eða umboðsmönnum hans hjá Póst- og símamálastofnun að hnika þeim til og koma þeim heim og gera við þá starfslokasamninga.

Þess vegna mundi það hjálpa mjög mikið til í þessari umræðu að menn styttu sér leið í þessu og þyrftu ekki að bíða tíu vikur eftir því að hæstv. samgrh. tíndi saman svörin, heldur gæti hann hér í nokkrum lykilatriðum a.m.k. dregið úr eðlilegum ótta okkar sem berum hag starfsmanna fyrir brjósti og svarað því af eða á hvort þær fullyrðingar sem m.a. er að finna í tímariti háskólamanna, stéttarfélagi þeirra háskólamenntuðu starfsmanna sem hér eiga hlut að máli, 100 manna, og fulltrúar launamanna annarra hafa haft uppi. Eða er þetta allt tómur misskilningur? Sennilega gætum við verið búnir að afgreiða þetta mál frá okkur ef hv. þingmenn ríkisstjórnarinnar, stjórnarþingmenn í þessum virðulega sal, hefðu haft uppi einhverja tilburði til þess að taka þátt í umræðum. Ég sé hér á öllu, virðulegi forseti, að það var ekki að ástæðulausu heldur bar brýna nauðsyn til þess að kalla eftir skýrslu samgrn. um stöðu starfsmanna hjá þessu fyrirtæki. Mig rekur ekki sérstaklega minni til þess að gert hafi verið ráð fyrir því að þeir traustu og góðu starfsmenn sem þar hafa sumir hverjir verið alla sína starfsævi þyrftu að verða fyrir því áður en félagið verður að hlutafélagi að vera kastað til og frá, að vera ýtt út um dyrnar, stundum með einhverjum starfslokasamningum, stundum með einhverju öðru. Menn gátu ekki einu sinni beðið eftir því að fyrirtækið yrði að hlutafélagi og farið þá að sópa úr öllum hornum eða taka

á þessum „starfsmannavandamálum" sem allt í einu virðast hafa skotið upp kollinum.

Ég gef auðvitað ekkert fyrir það því að í fyrirtæki sem hefur í skilað jafngóðum árangri og raun ber vitni í gjaldskrármálum og margháttaðri þjónustu, þó að þetta fyrirtæki sé auðvitað ekki alhvítt frekar en önnur, hafi borið hitann og þungann af starfseminni og þjónustunni óhæfir starfsmenn sem brýna þörf bar til að koma úr starfi og eitthvert annað, helst heim til sín.

Ég vildi líka gjarnan við þessa umræðu nú og ég hygg að hæstv. ráðherra hafi það hér allt á hendi, spyrja hann hvort það hafi orðið miklar mannabreytingar núna á síðustu vikum og mánuðum í æðstu stjórn fyrirtækisins. Mér er auðvitað kunnugt um og það hefur verið gert opinbert í fjölmiðlum að póst- og símamálastjóri sjálfur hefur að eigin ósk leitað eftir því að losna um næstu áramót og ágætur aðstoðarpóst- og símamálastjóri, Guðmundur Björnsson, mun taka við því starfi um áramót og verða þá fyrsti forstöðumaður hins nýja hlutafélags. Ég geri ekki athugasemdir út af fyrir sig við þau skipti, en mér er einnig sagt að frekari breytingar séu í deiglu í æðstu stjórn fyrirtækisins, þar sé verið að hrista til menn og kippa í stóla og gera ýmsar breytingar sem menn kjósa að fari ekkert mjög hátt.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, í ljósi þess sem ég sagði áðan, hvort það þjónar nokkrum tilgangi að spyrja hæstv. ráðherra út úr. Ég sé að hann er upp tekinn við aðra iðju. Þess vegna má það alveg vera ljóst að ég geri svo sem ekkert með það hvort hann sitji við lestur fagurbókmennta í þessum sal eða heima hjá sér. Það er ekki að minni ósk sem hann er við þessa umræðu því hann er ekkert við hana. Ég vil hins vegar segja það að mér finnst þessi meðferð á starfsfólki, sem ég veit að sumu leyti með nokkuð öruggum heimildum, að öðru leyti í gegnum krókaleiðir og get því ekki fullyrt um hvort satt er eða rétt, en mér finnst öll umgjörðin og andinn vera allt öðruvísi en upp var lagt með, virðulegi forseti, þegar þetta fyrirtæki og þessi undirbúningsnefnd, væntanlega að undirlagi hæstv. ráðherra, dreifði hér litprentuðum bæklingi. Ég á bara svart/hvítt ljósrit af honum þar sem yfirskriftin er: Til móts við nýja tíma. Breytingar í ljósi nýrra laga, bæklingi sem dreift var meðal starfsmanna núna í sumar og í aðdraganda þessara ráðningarsamninga sem átti að leita eftir við starfsmenn Póst- og símamálastofnunar. Hér er allt málað mjög rósrauðum litum og ég hygg að enginn þeirra sem nú skjálfa og hafa áhyggjur af framtíð sinni hafi haft það þegar hann renndi fyrst augum yfir þennan rósrauða samning yfirmannanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áhersla er lögð á að allir fastir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar, sem taka boð um ráðningu hjá Pósti og síma, muni halda þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér." Það hefur sennilega enginn áttað sig á því að hér er ekki fullyrt að öllum verði þetta boðið, það er á milli línanna. En þeir hafa sennilega haldið það samt sem hafa verið beðnir um að ljúka sinni starfsævi með starfslokasamningi eða einhverju ámóta og ekki reiknað með því þegar þeir lásu eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Jákvætt viðhorf ásamt góðri samvinnu er undirstaða framfara. Þess er vænst að breytingin gangi vel og verði til farsældar bæði fyrir fyrirtæki og starfsfólk."

Vissulega væri hægt að taka undir þessi orð af heilum hug og það gerðum við auðvitað líka fulltrúar stjórnarandstöðunnar þegar þessi mál voru afgreidd sl. vor. Við óskuðum þess af heilum hug að þetta gæti gengið vel fram og að starfsfólk fyrirtækisins þyrfti ekki að óttast um hag sinn né kjör. Á hinn bóginn vöruðum við mjög alvarlega við því í ljósi þeirrar löggjafar sem meiri hluti þingsins staðfesti þá að þar væru slík göt og þar væru skildar eftir slíkar spurningar m.a. gagnvart réttindum starfsfólks að ekki væri við unað. Það var fussað og sveiað yfir þeim varnaðarorðum þá. Þó var það þannig að hv. talsmenn ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki undir forustu hæstv. samgrh. höfðu um það góð orð að halda nú upplýsingum að hinu háa Alþingi og þá einkanlega samgn. um framþróun þessara mála. Ég hef minnst af upplýsingum um þá þróun fengið frá hæstv. samgrh., satt að segja ekki neitt. Eitthvað lítils háttar hefur verið reynt að sönnu, og skal þakkað, af hálfu formanns samgn. sem að beiðni minni og fleiri í samgn. kallaði til fulltrúa stærstu stéttarfélaga sem hér eiga hlut að máli til skrafs og ráðagerða núna í haust. Ef satt skal segja, virðulegi forseti, juku þau tíðindi sem þar heyrðust ekki sérstaklega bjartsýni, því að ýmislegt og flest var óljóst og annað sem starfsmennirnir voru hreint ekkert mjög ánægðir með. Ég skildi og skil ósköp vel þeirra áhyggjur eftir að við í samgn. áttum orðastað við þá undirbúningsnefnd sem ég hef sérstaklega gert að umtalsefni, umbar hæstv. samgrh. til að undirbúa þessa formbreytingu sem á að eiga sér stað um næstu áramót, því að hugmyndir þar voru slíkar að mér brá dálítið satt að segja og gat ekki stillt mig á þeim fundi um að spyrja formann þeirrar nefndar, sérstakan umboðsmann hæstv. ráðherra, hvort honum fyndist ekki heldur hratt farið yfir sögu og hvort honum fyndist ekki að hann sem formaður undirbúningsnefndar sem hafði það meginhlutverk að undirbúa þessa formbreytingu á hlutafélaginu væri farinn að teygja sig býsna langt þegar hann var farinn að undirbúa það og leggja upp skipurit um það hvernig þetta fyrirtæki ætlaði sér að spara í rekstri á næsta ári, hagræða í rekstri á næsta ári og hvernig það ætlaði að takast á við þá samkeppni sem sennilega yrði. Mér fannst menn vera komnir eilítið fram úr sér og undirbúningsnefndin í raun orðin stjórn fyrirtækisins. En eins og kunnugt er, virðulegi forseti, þá tekur stjórn fyrirtækisins ekki við alveg strax. Hún gerir það, ef ég man rétt, 27. desember nk.

Vafalaust er hæstv. samgrh. búinn að undirbúa það mjög gaumgæfilega hvernig hann ætlar að standa að því að skipa í stjórn fyrirtækisins. Það skiptir mjög miklu máli og segir heilmikið um hug ráðherrans og stefnumið þegar kemur að því að skipa þessu stóra og viðamikla fyrirtæki stjórn. Hann skipar alla stjórnina og ég vil rifja það upp að í umræðum um þau mál sl. vor fóru menn mjög gaumgæfilega ofan í það og höfðu áhyggjur af því, margir spurðu beint um það, hvort þetta þýddi ekki að nú ætlaði hæstv. ráðherra að setja saman enn eina einlita stjórn, pólitískt skipaða stjórn, samsafn flokkssystkina, sem gæti dansað að vild eftir hans eigin hugmyndum. Hann neitaði því á þeim tíma og sagði engin áform uppi um það. Vissulega má með sanni segja að hann hafi staðið við þau áform sín þegar kom að skipan formanns þessarar undirbúningsnefndar. Mér vitanlega hefur sá maður ekki sérstaklega verið kenndur við flokk hæstv. samgrh. En nú reynir á við skipan þessarar stjórnar hvort þar gangi eftir hin góðu fyrirheit samgrh. um breiða og góða pólitíska dreifingu í þessari stjórn því að margir höfðu það á orði hér að það væri nauðsynlegt að hið háa Alþingi kysi stjórn fyrirtækisins til þess að tryggja að breið pólitísk dreifing væri í þessu stóra og mikilvæga fyrirtæki og ýmis sjónarmið fengju þar að njóta sín. Ég kalla mjög ákveðið eftir því við

þessa umræðu, því að hér er um náskylt mál að ræða þeim frumvörpum sem við ræðum hér, hvort hæstv. ráðherra hafi enn þá sömu hugmyndir uppi og ætli sér í næstu eða þar næstu viku þegar hann skipar þessa stjórn að gæta þess mjög að hún verði skipuð fulltrúum sem flestra stjórnmálaflokka og pólitískra viðhorfa sem hér hafa gert sig gildandi á síðustu tímum.

Ég hvet hann mjög eindregið til þess. Hér er um að ræða mikilvægt próf á hendur honum, próf um það hvernig hann sér þetta stóra og mikilvæga þjónustufyrirtæki í samkeppni, hvernig hann sér það geta notið sín. Þetta er líka próf í þá veruna hvort hann vilji yfirleitt eiga samtöl við okkur hin sem erum honum ekki sammála um ýmis smá og stór atriði, erum hér í stjórnarandstöðu, erum m.a. að eiga við hann orðræður um mikilvæg frumvörp sem hér eru til umræðu. Vill hann ekkert hlusta á þetta hjal? Vill hann ekkert hafa með þetta fólk að gera? Vill hann bara sína jábræður og -systur í kringum sig eða er hann nógu stór til þess að stíga aðeins upp fyrir það og sýna það í verki núna skömmu eftir jól þegar skipun fyrstu stjórnar nýs hlutafélags verður að veruleika með því að hafa þar dálitla breidd í manna- og kvennavali?

Ég hef í andsvörum, gerði það m.a. við hv. þm. Kristján Pálsson sem að sönnu lagði hér orð í belg og ber að þakka fyrir það alveg sérstaklega að hann hafi séð ástæðu til þess að taka þátt í orðræðum og rökræðum um þessi mál. Ég kastað því fram að gefnu tilefni hvers vegna hann sæi á því brýna nauðsyn endilega núna að lögfesta þessi frumvörp. Raunar hafði ég áður spurt um það ítrekað í nefndinni og við þessa umræðu í upphafi, hvers vegna það væri endilega svo brýnt og nauðsynlegt að ljúka þessari umfjöllun og festa þessi frumvörp í lög með gildistíma 1. janúar nk. Hvað væri það í raun sem kallaði á það? (Gripið fram í.) 1. janúar er það, virðulegi þingmaður. 1. janúar hvað varðar fjarskiptin og póstþjónustuna. Það er hins vegar Póst- og fjarskiptastofnunin sem á að taka til starfa 1. apríl af því að menn telja, með réttu, að þeir hafi ekki tíma til þess að hlaða öllum þeim fjölda þar á jötu sem verður nauðsynlegt. Það bara er ekki tími til þess vegna allra helgidaga og þess vegna verða menn að hafa einhverjar vikur eða mánuði til þess að koma þeirri stóru og miklu stofnun á fót.

Eftir sem áður stendur þessi lykilspurning: Hvers vegna núna um áramót? Af hverju liggur svona lífið á? Frelsið í Evrópu, samkvæmt tilskipun ESB, brestur ekki á fyrr en eftir rúmt ár. Það verður ekki fyrr en á nýjársdag 1998. Ég gerði mér það til gamans að fletta upp í ágætri samantekt sem gerð var í kjölfar ágætrar ferðar þingmanna til Noregs og Danmerkur, sem að stærstum hluta til voru úr samgn., þar sem þeim voru kynnt málefni póst- og símastofnana. Það er líka rétt að geta þess og ítreka enn og aftur þakkir til hæstv. samgrh. að það var í boði hans og Póst- og símamálastofnunar því þá var það hans vilji að menn mundu vanda þessa lagasetningu og alla þessa gjörð. Það var á þeim tíma.

Þar kom fram einmitt, sem er veigamikill þáttur í tengslum við þessa tímasetningu og ekkert hefur breyst í því frá þeim tíma, að fjarskiptaráðið sem er í raun ráðherraráð ESB, fjarskiptaráðið samanstendur af samgönguráðherrum landanna í ESB, hefur fjallað um þennan málaflokk og það var að þess undirlagi sem þetta frelsi og þessi tilskipun var samþykkt. Þar kemur fram að margir í framkvæmdastjórn ESB hafa verið þess fýsandi að gera þetta miklum mun fyrr en aðildarríkin mörg hver töldu ekki forsendu til þess að ráðast í þetta frelsi og þær óhjákvæmilegu breytingar sem því fylgdu fyrr en í fyrsta lagi árið 1998. Í rauninni hafa ýmis aðildarlönd farið fram á það að fá frest, virðulegi forseti, frá þessum áskilnaði og nokkur lönd hafa óskað eftir því og fengið umþóttunartíma varðandi það að stuðla að samkeppni í innviðum og talsíma á þeim grundvelli að fjarskiptakerfi þeirra séu annaðhvort lítil eða vanmáttug og muni því ekki geta staðist samkeppni þegar á árinu 1998. Við skulum muna það, virðulegi forseti, að við erum að tala um samkeppni á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, í allri Evrópu. Það er ekki verið að tala um það eitt að risinn Póstur og sími fái vaxandi samkeppni frá Friði 2000 eða frá þeim litlu fyrirtækjum sem hér eru á markaði. Nei, það gæti farið svo að það yrði Telenor, það yrði Posttele, það yrði Tele-Danmark og það yrði Postverket þegar pósturinn fer inn í samkeppnisumhverfið. Það eru aðildarlönd Evrópusambandsins sem hafa farið fram á það og fengið gulgrænt ljós á það að fresta því að takast á við þessar gerbreyttu aðstæður.

Kannski er það svo að hæstv. ráðherra og meiri hluti samgn. gefi sér það að enn og aftur muni fjarlægðin tryggja að erlendir samkeppnisaðilar komi ekki hér á markað. En það held ég að sé hjóm eitt og engar forsendur til að ætla það því að óvíða eru vegalengdirnar styttri en einmitt á þessum vettvangi. Hér eru vegalengdirnar ekki til. Þær eru alls ekki til á fjarskiptasviðinu. Enda gera frumvarpshöfundar sér fullkomlega grein fyrir því að vegalengdir eru ekki til þegar kemur að samkeppni á vettvangi fjarskipta.

Af því að ég nefni þetta sérstaklega, þá er athyglisvert í þessu samhengi að skoða eitt af skilyrðunum 15 sem umsækjendur og leyfishafar þurfa að uppfylla til þess að njóta náðarinnar hjá Póst- og fjarskiptastofnun. Þetta er stafliður k og þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„að erlendur rekstrarleyfishafi setji upp starfsstöð hér á landi eða hafi hér á landi fulltrúa sem umboð hefur til að koma fram fyrir hönd rekstrarleyfishafa gagnvart notendum hér á landi."

Hvað segir þetta okkur, virðulegi forseti? Þetta segir okkur að tæknin í þessum efnum er orðin svo mikil að það verður væntanlega ekki þörf fyrir það, í sumum tilvikum a.m.k., að erlendir rekstrarleyfishafar sjái ástæðu til þess út af fyrir sig að setja hér upp starfsstöðvar heldur stýri öllum þessum málum frá útlöndum, frá Danmörku, Noregi eða Mið-Evrópu og eigi hér hugsanlega eingöngu fulltrúa sem sé ábyrgur fyrir fyrirtækinu og gæti réttar þess eftir efnum og ástæðum. Það var kannski ekkert grín þegar allt kemur til alls sem hv. 8. þm. Reykv. sagði áðan þegar kom að þeim víðtæka rétti sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur um innra eftirlit og athuganir á starfsstöðvum leyfishafa á fjarskiptasviðinu. Það gæti, og er kannski meira en fræðilegt, það er kannski raunverulegur möguleiki, það gæti svo farið þegar um það er að ræða að viðkomandi erlend fyrirtæki ætli sér ekki að hafa hér neinar starfsstöðvar, ætli sér að hafa þetta allt í útlöndum, að þessi póst- og fjarskiptamiðstöð þyrfti að hleypa heimdraganum og skoða málin á erlendri grund og hræddur er ég þá um að lítið dugi ítarleg löggjöf á hinu háa Alþingi þegar kemur að því að ryðjast inn um dyr erlendra fyrirtækja til að skoða bókhaldsgögn og annað það sem nauðsynlegt er talið. Þá dugir heldur ekki að vísa til hliðstæðrar löggjafar í tryggingamálum. Ég spyr því enn og aftur fyrst ég er að ræða þetta í þessu samhengi: Það verður auðvitað létt verk og löðurmannlegt ef þetta er svona alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, alls staðar í Evrópusambandinu því að hæstv.

ráðherra nefndi það í andsvari fyrr í dag að þetta þyrfti allt að gerast svona vegna þess að Evrópusambandið krefðist þess, að Evrópusambandið gerði kröfu um það að slíkt vægi og slík völd væru falin Póst- og fjarskiptastofnuninni m.a. um þetta atriði sem ýmsir hafa gert hér að umtalsefni áður, með öðrum orðum að það væri tilskipun frá ESB. Hann var krafinn um þessa einu tilskipun, þessa tilskipun sem gerði það að verkum að hér værum við að setja á eins konar lögregluríki þegar kemur að eftirliti með væntanlegum leyfishöfum á vettvangi fjarskiptanna. En auðvitað hefur hæstv. ráðherra ekki getað sýnt þessa tilskipun. Hún er ekki til. Hér er fabrikasjón í gangi. Hér er um íslenska uppfinningu að ræða, alíslenska, og kemur Evrópusambandinu og kröfugerð þaðan ekkert við, kannski aldrei þessu vant.

Ég var að ræða um tímann, virðulegi forseti. Ég var að tala um það hvers vegna mönnum liggur svona lífið á. Frelsið brestur ekki á fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 1998. Út af fyrir sig gerist ekkert hér á markaði, það verða engar kollsteypur á þessum markaði í sjálfu sér þó að Póstur og sími verði hlutafélagavæddur. Það gerir ekkert. Það er þessi löggjöf sem við erum að ræða núna sem gerir þessa samkeppni mögulega.

Ég vil vekja á því athygli sérstaklega, virðulegi forseti, að það er einn stór galli hér á. Það er ekki hægt miðað við anda laganna og hæfi ráðherrans sjálfs að lögfesta frv. um fjarskipti og lögfesta frv. um póstþjónustu en gildistími fjarskiptastofnunar verði þremur mánuðum síðar. Hvers vegna er það ekki hægt? Vegna þess að í bráðabirgðaákvæði með frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun er gert ráð fyrir því að samgrn. annist þau verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið með lögum þessum. Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson leggi nú við hlustir. Ég er að nefna það hér, virðulegi forseti og hv. þm., að gildistími laga um fjarskipti og póstþjónustu er 1. janúar. Gildistími laga um Póst- og fjarskiptastofnun er 1. apríl 1997. Hver á að hafa þessa umsýslu með frelsinu með höndum þá þrjá mánuði sem líða frá 1. janúar til 1. apríl? Jú, í bráðabirgðaákvæði er rætt um það að samgrn. skuli annast þau verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið í lögum þessum. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir bara það að þessi óháða stofnun, með þetta víðtæka vald til eftirlits, til þess að veita leyfi, er í höndum samgrn. Það verður ekki klipptara og skornara en þetta. Ætla menn sér að byrja frelsið, hið hlutlæga frelsi, og fara af stað með þessar víðtæku heimildir þessarar stofnunar sem byggjast á lögum um fjarskipti og póstþjónustu með þeim hætti að hæstv. ráðherra sjálfur sjái bara um þetta allt saman? Auðvitað verður gildistími beggja þessara laga að fara saman. Það er alveg lágmarkið í málinu. Ég ætla ekki að fara aftur með þau viðlög sem ég hef áður gripið á um það að þessi stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, þarf að vera sem lausust frá framkvæmdarvaldinu, a.m.k. svo lengi sem hæstv. ráðherra passar upp á bréfið eina. Hér er ekkert verið að fela það í þessu bráðabirgðaákvæði. Það er bara einfaldlega sagt að vegna þess að það tekur svo langan tíma að koma þessari Póst- og fjarskiptastofnun á fót, þá verði það kontóristarnir í samgrn. sem sjái um þetta allt saman, sjái um að fara í útboð á rekstrarleyfum, sjái um að kanna og gaumgæfa fjárreiður væntanlegra rekstrarleyfishafa, eftir efnum og ástæðum ganga þar um dyr og ganga eftir því sem þeir vilja og skoða þar plögg. Samgrn., sem á sama tíma á að gæta að því að Póstur og sími hf. græði sem mest, skili sem mestum arði þannig að ríkissjóður njóti.

Er einhver glóra í lagasetningu af þessum toga, virðulegi forseti? Er eitthvert vit í þessu? Þetta helgast auðvitað af því að mönnum liggur svona lífið á og misræmi af þessum toga blasir við í bráðabirgðaákvæði af því að einhverra hluta vegna verður þetta að gerast 1. janúar. En það er ekki hægt tæknilega vegna þess að það tekur svo langan tíma að ráða fólk að gera þetta varðandi Póst- og fjarskiptastofnun og þá er þessari mikilvægu og óháðu eftirlits- og úthlutunarstofnun bara skákað inn í ráðuneytið, inn á kontórinn hjá hæstv. ráðherra eða einhverjum þar. Þeir munu bara sjá um að veita leyfi til fjarskipta og póstþjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstþjónustu. Þeir munu hafa eftirlit með því fyrstu mánuðina. Þá má vænta þess að fjölmargir bregðist mjög hratt við og séu nú í startholunum með það að fara inn á þennan samkeppnismarkað. En þá er engin stofnun til. Þá er ekki til nein sérhæfð stofnun sem er gerð tillaga um í frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun því að menn þurfa svo að flýta sér að lögfesta frv. til laga um fjarskipti og frv. til laga um póstþjónustu að það næst ekki að ráða menn til þessarar nýju stofnunar.

Er nokkur glóra í þessu? Ég spyr hv. þm., það þýðir ekkert að spyrja hæstv. ráðherra um þetta því að hann veit ekkert um þetta. Ég spyr hv. þm. Einar K. Guðfinnsson: Hvernig ætlar hann að skýra út þetta misræmi? Hvernig ætlar hann að láta það ganga upp í ljósi þess anda um sjálfstæði og hlutlægni, í ljósi þess vilja að þessi stofnun sé eins óháð og yfir gagnrýni hafin og nokkur kostur er, að skáka þessu bara inn í ráðuneyti nú í fjóra mánuði. Að láta þá bara sjá um þetta þar. Og hverjir skyldu sjá um það þar? Væntanlega hefur hæstv. ráðherra ekki mikinn tíma aflögu til þess. Það skyldi þó aldrei vera sá sem samdi þetta frv. sem auðvitað veit að sönnu langmest um málið? Með öðrum orðum við erum komin hringinn. Hin óháða eftirlits- og leyfisstofnun er sennilega komin í hendur þess sem samdi þessi ítarlegu frumvörp og þetta segir nú allt um stjórnkerfi okkar hér heima á Íslandi. Það verður ekki mikið meira sagt um það. Þetta segir allt um það.

Ég fer nú þess mjög á leit, ekki síst í ljósi þessa, að menn hugsi þetta dálítið upp á nýtt og velti því fyrir sér hvort nokkur glóra sé í því að fara fram með slíkum flumbrugangi í jafnviðamiklum og viðkvæmum málaflokki og hér um ræðir. Við erum að stíga alveg glæný skref. Hér blasir við okkur glænýtt viðskiptaumhverfi og kannski er það rétt að sumu leyti að við höfum lagt of mikla áherlsu á þetta viðskiptalega umhverfi og hvernig við munum geta tryggt að þeir sem ætla sér að starfa á þessum vettvangi geti gert það eftir ýmsum flóknum fyrirséðum og ófyrirséðum leikreglum. Það er kannski allt of lítið talað um það, hvernig þetta kemur til með að virka á hinn almenna notanda, hvert einasta heimili hér á landi sem notar símann til að mynda, sem er þessi einfalda mynd af fjarskiptum sem flestir þekkja.

Ég fór aðeins yfir það, virðulegi forseti, og það er kannski ástæða til þess að velta aðeins vöngum yfir því, hvaða breytingar þetta mun hafa í för með sér fyrir allan almenning. Mun hann hafa einhvern ágóða af þessu í því formi að símgjöld lækki? Mun hann njóta þess að þjónustan verði miklum mun betri? Ég veit það ekki. Ég vona svo sannarlega að þannig verði þessi þróun. En samkvæmt þessum frumvörpum um leikreglur á markaðnum, þessum frjálsa markaði, þá er auðvitað ekkert hægt að fullyrða um það, því að enda þótt sérstaklega sé nefnd talsímaþjónusta þegar svokölluð skilgreining á alþjónustu er hér rædd og reifuð, þá er auðvitað ekkert í hendi um það að talsíminn frekar en

eitthvað annað teljist til þessarar grunnþjónustu. En gott og vel, gefum okkur það. Látum hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn njóta vafans og gefum okkur það að síminn, telefonen, verði nú skilgreindur þannig að allir eigi rétt á honum og hann verði skilgreindur sem grunnþjónusta. Veltum því þá aðeins fyrir okkur áfram. Er þess að vænta að það verði mörg fyrirtæki sem fari í samkeppni eftir hálfan mánuð eða þrjár vikur við risann á markaðnum, Póst og síma hf.? Eru margir í startholunum og hvernig eiga þeir að undirbúa sig? Hvað er það sem þeir þurfa nú að leggjast í á þessum síðustu vikum yfirstandandi árs? Jú, þeir geta átt von á því að það fari fram útboð, almennt útboð. Gott og vel. Þeir búa sig undir það, gefa sér einhver arðsemissjónarmið, reikna út einhvers konar rekstrarkostnað og fara yfir sviðið miðað við ólíkar forsendur. Þeir lenda hins vegar fljótlega í því að spyrja sjálfa sig: Hvert á markaðssvæðið að vera? Eru einhverjir skilmálar um það að ég verði að þjónusta allt Ísland? Nei, því er ekki beinlínis svarað fyrir fullt og fast hvort þessir aðilar þurfi að þjónusta allt Ísland. Að vísu er gefið til kynna að það væri ekki verra og til þess sé horft, þ.e. að rekstrarleyfishafi væntanlegur veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu. En svo er líka tekið fram: eða á tilteknum landsvæðum, þannig að þessu er gersamlega haldið opnu og raunar síðar sérstaklega tekið fram að sjái einhver rekstrarleyfishafi, væntanlegur umsækjandi, sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu, og nú er ég að tala um símaþjónustu, svo sem vegna fjarlægðar, sjái einhver vandkvæði á því til að mynda að koma símanum í sæmilegu horfi til Bolungarvíkur, af því að ég hef nefnt það dæmi áður, eða vegna þess að það er svo dýrt og kostar svo mikið eða vegna bara annars óhagræðis, þá getur hann leitað til Póst- og fjarskiptastofnunar og óskað úrskurðar þess efnis að hann megi verða undanskilinn. Að vísu er þetta ekki þannig fyrstu þrjá mánuði ársins, virðulegi forseti, því að þá ætlar hæstv. ráðherra sjálfur að ákvarða, því að hann kemur í staðinn fyrir Póst- og fjarskiptastofnun í janúar, febrúar og mars. Hann ætlar að sjá um þetta sjálfur, þessa fyrstu þrjá mánuði, þessa veigamiklu þrjá mánuði þegar við ætlum að fara að móta þessi fyrstu skref í hinu nýja viðskipta- og þjónustuumhverfi í fjarskiptamálunum á Íslandi. Hann ætlar bara að hafa þetta á kontórnum hjá sér.

Og enginn veit hvað átt er við með fjarlægð hér. Enginn veit hvað átt er við með kostnaði eða öðru óhagræði. Svo geta þessir umsækjendur haldið áfram og velt fyrir sér: Já, en kannski væri skynsamlegra að þjónusta bara Bolungarvík líka og láta sig hafa það, og þjónusta með öðrum orðum allt landið, því að þá á þessi umsækjandi líka kost á því að fara í sjóði Póst- og fjarskiptastofnunar og fá til baka peninga vegna þess að hann ætlar að sýna fram á að það kosti svo mikið, sé svo óhagkvæmt og hann tapi svo miklum peningum á því að þjónusta hinar dreifðari byggðir. Þá á hann möguleika á sérstökum niðurgreiðslum frá þessari fjarskiptastofnun, frá þessum kontór hæstv. ráðherra. Væntanlega verður hann mestan part tekinn úr þessum svokallaða jöfnunarsjóði. Það verður sem sagt gætt jöfnuðar. Ég sé fyrir mér að væntanlegur umsækjandi um rekstrarleyfi þarf að velta fyrir sér mörgum valkostum. Og það verður auðvitað ákaflega erfitt fyrir hann að kveða upp úr með það hvað sé nú skynsamlegt og hvað óskynsamlegt fyrir hann þegar hann ætlar að ríða á þetta vað, því að það vantar auðvitað allar skilgreiningar á því hvað er átt við með þessu. Hvað er átt við með fjarlægðarhugtakinu, kostnaðarhugtakinu og öðru slíku? En án þess að það hafi nokkurs staðar verið fullyrt hér og hæstv. ráðherra eða hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi kveðið upp úr með það, þá skulum við gefa okkur að þessi samkeppni, þrátt fyrir vankantana, verði að veruleika og það verði einhverjir aðilar sem ætli sér að keppa um hylli notenda hér á landi um talsímaþjónustu. Þá skyldi maður ætla að markmiðið með öllu þessu írafári og fimbulfambi væri að verðið lækkaði, að notendurnir, viðskiptavinirnir, hefðu einhverja valkosti um verðið, um gæðin, um þjónustuna o.s.frv. því að annars væri ákaflega lítill tilgangur í því að standa í þessu öllu saman ef við gæfum okkur ekki að það væri einhver verðmismunur og einhver mismunur á þessari þjónustu. Og flestir þeir sem eitthvað þekkja til sjá það nú fyrir sér fyrst og fremst að það væri fólgið í því að minni fyrirtæki teldu sig ekki hafa bolmagn til þess að leggja í þann „fórnarkostnað" að fara að þjónusta Bolungarvík, Raufarhöfn eða fjarlægari byggðir. Það væri of mikill kostnaður, a.m.k. í upphafi, til þess að það borgaði sig og þau mundu auðvitað freista þess að fara þess á leit við Póst- og fjarskiptastofnun að fá undanþágu frá þessu ákvæði alþjónustunnar um að þjónusta allt landið og væntanlega byrja á því að gera þetta sem einfaldast og ódýrast, þ.e. þjónusta höfuðborgarsvæðið, þjónusta þær 150 eða 170 þúsund manneskjur sem hér búa og er sannarlega auðveldast að komast í samband við í þessu samhengi.

Þá kemur auðvitað að mjög flóknum útreikningi. Ef þetta litla fyrirtæki með litlum tilkostnaði getur sökum hagræðis þjónustað aðeins lítið svæði þar sem margt fólk býr, getur boðið lægra verð heldur en stóri aðilinn, Póstur og sími hf., sem ætlar sannarlega að þjónusta allt landið eins og hann hefur gert, getur bara hreinlega boðið langtum lægra verð, við skulum segja að það muni 30% á verði og það er ekkert óeðlilegt að ætla það. Það þarf ekkert að jafna út kostnaði við langlínusamtöl eða innan bæjar, þetta er allt innan bæjar. Það er ósköp einfalt mál. Í hvaða klemmu lendir þá hæstv. ráðherra og þessi margnefnda Póst- og fjarskiptastofnun? Hún verður náttúrlega fyrir þeim þrýstingi að fara að skilgreina þetta jöfnunargjald, að fara að skilgreina hvað það á að kosta þetta litla fyrirtæki, sem ætlar bara að þjónusta höfuðborgarsvæðið, að losna við að þjónusta allt landið, og hvað þurfi að koma upp sameiginlegum sjóðum til þess að Póstur og sími geti staðist samkeppni við litla fyrirtækið. Þá kem ég að vangaveltum Samkeppnisstofnunar um niðurgreiðslur á síma um dreifðar byggðir. Er það fyrirkomulagið sem við viljum sjá í þessu samhengi? Ég er ekki sérlega spenntur fyrir því satt að segja. Og ekki er það í neinu samhengi við þá annars ágætu brtt. meiri hluta samgn. þar sem það er áréttað sem samþykkt var sl. vor að það væri óheimilt að leggja álag á langlínusamtöl. En vandinn er bara þessi: Það verða hugsanlega sum fyrirtæki sem ætla ekkert að bjóða upp á langlínusamtöl þannig að það reynir bara hreinlega ekkert á það gagnvart þeim fyrirtækjum. En stóra fyrirtækinu, núverandi ríkisfyrirtæki sem hefur sinnt öllu landinu og gerir það væntanlega áfram og mikill þrýstingur á það og vænti ég þess að þeir geri það, því verður bannað að vera með álag á langlínusamtöl og þarf þá væntanlega að færa niður verð úti á landi og hækka það hér á höfuðborgarsvæðinu, þannig að eftir sem áður erum við farin að búa til ólíkt verð á höfuðborgarsvæði og í dreifbýli.

Ég er ekki að segja, virðulegi forseti, að þetta verði sú mynd sem við okkur blasir á næsta eða þar næsta ári. En eftir að maður fer yfir þær forsendur sem þetta frv. gerir ráð fyrir og reynir sjálfur að fylla upp í ýmis þau göt sem eru

hér og ég hef margsinnis farið yfir, þá er þetta mynd sem er ekki óhugsandi að verði hér til. Og ég hugsa að margir velti því fyrir sér hvort frelsið og samkeppnin sé ekki býsna dýru verði keypt ef þetta verður niðurstaðan, að það þýði í raun að fyrirtæki sem ætlar að sinna landsbyggðinni verði að halda uppi hærra verði á öllu landinu en þeir sem ætla að fleyta rjómann ofan af geti verið með lægra verð sem passar vel fyrir þéttbýlisbúana. Ég vona svo sannarlega að þannig fari það ekki. En ef það fer ekki svona og ef menn ætla að jafna samkeppnina, þá fer maður að velta fyrir sér í hvaða form hún sé komin ef einhver stofnun úti í bæ ætlar að fara að taka ákvörðun um það hvað eigi að borga mikið úr jöfnunarsjóði, hvað eigi að borga hátt verð fyrir það að menn fari í slíkan fórnarkostnað. Þetta er ekkert auðvelt púsluspil. Þetta er ákaflega margflókið púsluspil og ég hef stundum sagt það áður að ég held að við hefðum mikið gagn af því að fara nú enn og aftur í smiðju til þeirra sem hafa verið að feta sig af stað í þessari vegferð og fá það nánar upp hvar þeir hafa rekist á horn og hvar þeir hafa rekist á þröskulda, hvernig þetta hefur gengið hjá þeim.

Þegar við fórum í þessa ágætu ferð til Danmerkur og Noregs, stór hluti samgn., og kynntum okkur mál þar, þá voru þeir auðvitað mjög tvístígandi um margt og sögðu: Tíminn á eftir að leiða í ljós hvernig til tekst, hver þróun þessara mála verður. Maður hefur svo sem heyrt af ýmsum erfiðleikum sem átt hafa sér stað í þessum löndum og ekki útséð um allt enn þá þannig að ég sé ekki brýna þörf á því að við förum að þessu leytinu til fram úr ýmsum Evrópusambandslöndum með að innleiða þessa nýju háttu og gerumst frumkvöðlar í þeim efnum. Ég held að hyggilegra væri í þessu sambandi að við yrðum þarna sporgöngumenn og reyndum að læra af mistökum annarra en það er greinilega lítill vilji til þess. Hér á að láta vaða á súðum eins og stundum áður.

Virðulegi forseti. Menn hafa eðlilega staldrað við Póst- og fjarskiptastofnun og hafa haft ýmis sjónarmið uppi um það hversu stór hún skuli verða. Í fjárlagaskrifstofu fjmrn. er eiginlega gengið út frá því mestan part að þessi stofnun verði í raun aðeins framhald eða framlenging af fjarskiptaeftirliti ríkisins sem mun hafa kostað 58 millj. kr. og starfsmenn þar eru tíu talsins. Fjmrn. gerir ráð fyrir að sennilega verði aukin útgjöld upp á 15–16 millj. kr. vegna fleira starfsfólks sem miðast við fjóra háskólamenntaða starfsmenn. Ég segi og skrifa fjóra háskólamenntaða starfsmenn. Er það virkilega ætlunin og trúir því nokkur maður, sem hefur rennt yfir og hugsað eilítið um þessi mál, að allt hið nýja hlutverk sem Póst- og fjarskiptastofnun á að hafa umfram þau verkefni sem fjarskiptastofnun ríkisins hefur haft með höndum kalli ekki á nema fjóra háskólamenntaða starfsmenn? Einn, tvo, þrjá, fjóra. Þetta er auðvitað þvílík fjarstæða að ekki tekur nokkru tali. Þessi stofnun er í fyrsta lagi hagdeild. Það gefur auga leið að hún þarf sérfræðing á sviði útboða. Þessi stofnun þarf að hafa yfir bókhaldsfróðum starfsmönnum að ráða til þess að maður geti farið inn í fyrirtækin, skoðað rekstrarforsendur, rekstraráætlanir, til að reikna út hvað er arðbært og hvað er óarðbært og búið til einhverjar línulögn varðandi það hvernig á að jafna aðstöðu þessara rekstrarleyfishafa. Það gefur auga leið og þegar ég er að tala um hagdeild, þá er ég ekki að tala um einn eða tvo menn. Ég er að tala um a.m.k. fjóra til fimm menn, fyrsta flokks menn. Sama um bókhaldsdeildina. Og stofnunin þarf að hafa löglærða menn í stórum flokkum. Hún þarf auðvitað að hafa menn sem geta farið á milli og skoðað, þ.e. bókhaldið og það sem hv. 6. þm. Suðurl. gerði mjög rækilega að umtalsefni. Einnig þarf að fylgjast með því sem fjarskiptaeftirlit ríkisins hefur haft með höndum en hefur verið tiltölulega einfalt í allri gerð eða fram undir það síðasta því að lengi vel og lengst af hefur fjarskiptaeftirlit ríkisins verið í nánum skipulagslegum tengslum við einkaleyfishafann, Póst- og símamálastofnun og margháttuð vinna sem þessi Póst- og fjarskiptastofnun á að hafa með höndum hefur verið unnin meðal þeirra 2.500 starfsmanna sem hafa starfað í Póst- og símamálastofnun. Það gefur því auga leið, án þess að ég geti nokkuð fullyrt um það, í þessu samhengi að menn eru ekkert að tala um 15 manna stofnun í allt. Ég hygg að menn séu a.m..k. mjög fljótlega að tala um 50–100 og kannski ekki innan margra ára 150. Hér eru menn að tala um feykilegt eftirlits- og úthlutunarapparat ef vel á að standa að verki og ef raunveruleg samkeppni á að ríkja og ef hér verður eftirspurn eftir því að halda úti þjónustu til símnotenda á Íslandi og annarra þeirra sem njóta þjónustu á vettvangi fjarskipta. Hér er ekki um lítinn vettvang að ræða og það er satt að segja hlægilegt að fjmrn. og fjárlagaskrifstofa skuli ganga þannig til verka og skila frá sér áliti af þessari tegund. Ég held meira að segja að hæstv. samgrh. og þeir í samgrn. hefðu með einföldum skilaboðum getað komið fjárlagaskrifstofunni í skilning um það að menn eru ekki að tala um neina fjóra nýja starfsmenn. Menn eru kannski öllu heldur að tala um 40 nýja starfsmenn. (**Gripið fram í:** Eða 80.) Já, 80 er alveg eins góð tala. En fjórir er náttúrlega alveg fjarri öllu lagi og ég vil leita sérstaklega eftir því hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni hvert hans mat er í þessu samhengi, hvernig hann sér umfang þessarar ríkisstofnunar fyrir sér.

Hann lét sér koma til hugar og það er kannski ekki óklókt í þessu samhengi að þessi stofnun gæti vel átt sér heimastöð einhvers staðar úti á landi, fyrir vestan eða austan eða hvarvetna og væri síðan með útibú í Reykjavík. Kannski var hugsun hans sú í því samhengi að draga úr því að þessi stofnun bólgnaði um of út. Ég veit það ekki. Það getur verið. En ég spyr hann samt og bið hann að velta því fyrir sér hvernig hann sjái umfang þessarar stofnunar hvað varðar mannahald, fjölda og annað því um líkt í ljósi þeirra viðamiklu verkefna sem er um að ræða.

Ég vil rifja það upp enn og aftur, virðulegi forseti, að þessi stofnun getur ekki leitað í smiðju hjá Pósti og síma. Það er bara harðbannað, það má ekki. Þessi stofnun getur ekki leitað í smiðju hjá samgrn. þó að þar sé til einhver þekking, því báðir þessir aðilar eru vanhæfir, mega strangt til tekið ekki, þó að lögin séu mótsagnakennd í því efni, koma nálægt beinum rekstri þessarar óháðu eftirlits- og úthlutunarskrifstofu. Þetta er líka þannig úr garði gert að maður hefur áhyggjur af því að höfundar og talsmenn ríkisstjórnarinnar geri sér ekki sjálfir nokkra grein fyrir því út í hvers konar rekstrarumhverfi okkur miðar og út í hvað við erum að fara, ekki einhvern tíma á næsta ári. Nei, nei. Bara eftir 13 daga, núna 1. janúar. Þá ætlum við að vinda okkur í þetta en að vísu verður ekki hægt að ná í þessa fjóra nýju starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar fyrr en 1. apríl nk. Það er vandamálið sem menn sjá helst í praktíkinni. En hann Halldór í samgrn., hæstv. ráðherra, ætlar að sjá um þetta á meðan. Hann ætlar bara að gera þeim grein fyrir því, umsækjendunum, þegar þeir koma til hans í löngum bunum frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð og alls staðar að, þá ætlar hann að fara yfir og skýrgreina fyrir þeim þessi 15 skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla. Að vísu vitum við ekki hvort þeir þurfa að uppfylla

öll skilyrðin eða bara eitt eða bara tvö eða öll 15, en hann ætlar að sjá um þetta á meðan og starta þessari samkeppni með vinstri hendinni, ætlar að ýta úr vör. 2. janúar. Þá áætlar hæstv. ráðherra að setja í gang, klippa á borðann. Hann fer létt með það. Þá ætlar hann kannski með aðstoð þeirra meirihlutamanna í samgn. að setja í gang samkeppni í fjarskiptum á Íslandi. Skítt með það þó að það vanti einhverja smástofnun, Póst- og fjarskiptastofnun sem gefst ekki tími til að setja á stofn fyrr en einhverjum mánuðum seinna, sem er auðvitað lykillinn að því að fylgjast með því að reglurnar séu haldnar og passað sé upp á þetta allt saman. En það er engin þörf á því.

Sá sem á eina bréfið í Pósti og síma hf. ætlar líka að sjá um að samkeppnisaðilarnir hafi þetta eins og þeir best vilja og græja þessi mál, einn, tveir og þrír. Að vísu gæti einhverjum dottið í hug að efast um það í ljósi þessara laga og þeirra forsendna sem að baki eru og farið hugsanlega til úrskurðarnefndarinnar og sagt: Þetta gengur ekki. Það gengur ekki að hæstv. samgrh. Halldór Blöndal sé að sýsla með þessi mál. Hann má það ekki. Hvernig í veröldinni á ég að treysta honum? Hann var að koma af hlutafélagafundi í Pósti og síma hf. og var að skipa þar stjórn, flokksfélaga sína og vini. Ætlar hann svo að sjá um að ég njóti jafnræðis og réttar í samkeppni við Póst og síma? Það gæti vel farið að einhverjir mundu gera svona athugasemdir. Þeir munu þá væntanlega kæra til úrskurðarnefndarinnar, sem hæstv. ráðherra verður þá búinn að koma á laggirnar 2. janúar nk., skipaða þremur mönnum. Þeir verða þá byrjaðir strax þann 3. janúar, einn frá Hæstarétti, einn frá Verkfræðingafélaginu og svo einn fulltrúi hæstv. ráðherra. Þeir verða auðvitað í standi, klárir í slaginn, tilbúnir í allt. Það mun ekki standa á því. En kannski getur verið að menn verði ekkert sáttir við þennan framgang mála og finnist þetta að sumu leyti eins og í bananalýðveldi og finnist það engin rök þegar hæstv. ráðherra segir þeim: Er það ekki þannig að dómsmrh. skipar dómarann, hæstaréttardómarann? Þeir verða sennilega mjög glaðir og kátir þá og segja: Jú, jú, þetta er sennilega alveg hárrétt hjá þér og þetta á bara að vera svona.

Auðvitað á þetta ekkert að vera svona. Auðvitað er þetta ekki eins og hjá mönnum og að ímynda sér það að menn geti tekist á við þetta vandasama verk með þessum hætti núna eftir 13 daga er auðvitað fjarri öllu lagi. Og ég höfða nú til skynsemi, sem ég veit að sumir hv. þingmenn stjórnarliðanna, a.m.k. þeir menn sem eru í forsvari fyrir þessu máli hafa til að bera í ríkum mæli, að þeir gaumgæfi nú og kanni hvort nokkurt vit sé í lagasetningu af þeim toga. Hvort ekki sé ráð, eins og við höfum verið að benda á, að menn gefi sér tíma og gaumgæfi, andi nú með þessu og gaumgæfi hvort ekki séu ýmis göt sem þurfi að fylla í og ýmis útfærsluatriði sem sé réttara að hafa á þurru og kláru áður en menn hleypa heimdraganum, áður en látið er slag standa.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur að beiðni okkar minnihlutamanna brugðist mjög drengilega við því að nefndin eigi orðastað um þessi efni í fyrramálið svo fremi sem umræðu um málið lýkur á þessum kvöldfundi að vísu. Þar getum við tekið á nokkrum þeim álitamálum og m.a. þeim hvort nokkur glóra sé í að fara fram með málið í þessu hasti og á þessu harða stökki.

Það er svo, virðulegi forseti, að þetta mál er svo viðamikið að hægt er að bera nánast endalaust niður í því. Ég hef sagt áður að um margt eru greinargerðir og allur umbúnaður frv. með ágætum ef frá eru talin þau göt um hina tæknilegu og hina raunverulegu útfærslu sem er auðvitað lykilatriði í málinu. Það er grátlegt í sjálfu sér þegar menn gera þrátt fyrir allt heiðarlega tilraun til þess að leggja einhverjar leikreglur um samkeppni í fjarskiptum upp á 40 greinar og síðan, eins og hæstv. ráðherra veit og hefur væntanlega lesið alveg orð fyrir orð, eru athugasemdir upp á 20 blaðsíður þéttritaðar, þar sem er rakin saga þessara mála og yfirleitt nokkuð vel útfærðar athugasemdir með einstökum greinum. En vandamálið er bara ekki það. Vandamálið er það sem ekki stendur í þessu þrátt fyrir allt. Það eru þau atriði sem ég hef gert að umtalsefni í alllöngu máli. Ég hefði auðvitað getað haft þetta miklum mun styttra og hnitmiðaðra hefðum við átt orðaskipti og skipst á sjónarmiðum eins og eðlilegt hefði verið, stjórnarandstæðingar og stjórnarliðar, og þeir hefðu reynt að gera okkur glögga grein fyrir hvernig þeir sæju þetta landslag samkeppninnar birtast okkur á nýju ári en þeir hafa ekki reynt það eitt aukatekið andartak, virðulegi forseti. Ef ekki verður breyting þar á þegar nær dregur lyktum umræðunnar og við fáum ekki nein tilsvör með viti eða ræðu frá hæstv. samgrh. um þessi mál á málefnalegum grunni, hvernig hann sér þessa framtíðarsýn, þetta nýja viðskiptaumhverfi blasa við sér, hvernig hann hefur hugsað sér að útfæra þessa reglugerð, þessar leikreglur í smáatriðum, ef hann gerir það ekki og ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson lætur ekki svo lítið að fara yfir málin á grundvelli þeirra orðræðna sem hafa átt sér stað sl. tvo daga og ef hv. þm. Magnús Stefánsson telur ekki ástæðu til þess einu sinni að anda að okkur í þessari umræðu, ekki hósta hér í þessum ræðustóli, þá sé ég auðvitað engan annan kost í þessu samhengi, virðulegi forseti, heldur en að fara enn og aftur yfir málið mjög ítarlega í minni þriðju ræðu. En ég vona svo sannarlega að til þess komi ekki.

[23:30]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Þar sem ég reikna með að þurfa að spyrja hæstv. samgrh. nokkurra spurninga, þá væri ákjósanlegra að hann væri viðstaddur svo hann gæti hlýtt á spurningarnar. Ella þyrfti ég að tvítaka ræðu mína og mér er verr við það. Það væri gott ef hæstv. forseti gerði nú tilraun til þess að ná hæstv. samgrh. í salinn. Ég er viss um að hann er ekki alveg búinn að lesa þær tvær bækur um kosningaúrslit sem hann hefur verið að lesa hér í kvöld. Hann gæti haldið því áfram.

(**Forseti** (RA)**:** Ráðherrann gengur í salinn.)

Hann er kominn í salinn og það er mjög gott því það eru nokkrar spurningar sem mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðherra um frv. þau sem hér eru til umræðu.

Ég vakti athygli á því við 1. umr. málsins að þessi lagatexti væri stundum nokkuð kyndugur og ég væri þeirrar skoðunar að það þyrfti sums staðar og mjög víða raunar að bæta um betur svo að menn skildu hvað við væri átt. En það hefur því miður ekki verið gert og því bregð ég á það ráð að beina nokkrum spurningum til hæstv. samgrh. og formanns samgn. Alþingis um hvað menn eiga við í þeim lagatexta sem þeir eru að biðja hv. Alþingi um að samþykkja.

Það er í fyrsta lagi ákvæði sem er í 2. gr. frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Þar stendur í 2. mgr. 2. gr., með leyfi forseta:

„Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með.“ Það er ekkert við því að segja, það er ekki nema sjálfsagt. Síðan segir, með leyfi forseta: „Þeir

mega ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra."

Þá spyr ég: Hvað eiga menn við? Eru það ekki fjárhagstengsl að vera í viðskiptum við slíkar stofnanir? Það hefði ég nú haldið. Og þýðir þetta t.d. að þeir sem eiga sæti í Póst- og fjarskiptastofnun og starfa þar megi ekki vera áskrifendur að síma eða þá að þeir megi ekki stunda nein slík þjónustuviðskipti eða hagsmunatengsl við þá aðila sem þeir eiga að hafa eftirlit með því að vissulega eru það fjárhagstengsl ef einn aðili stendur í viðskiptum við annan?

Nú þýðir þetta að sjálfsögðu ekki það eða menn ætlast ekki til þess að þetta ákvæði sé túlkað svona. En hvernig á þá að túlka það? Væri ekki ráð að menn reyndu að setjast niður og semja þennan texta þannig að ekki væri hægt að snúa út úr honum eða túlka hann eins og ég er hér að gefa færi á að gera. Þetta er óskýr texti og menn verða að orða betur hvað menn eiga við.

Í öðru lagi langar mig til þess að vekja enn athygli á ýmsum nýyrðum sem er að finna í þessari löggjöf sem mér finnst vera hálfgerðir hortittir. Hér er t.d. nýyrðið póstrekandi, þ.e. fyrirtæki sem stundar póstþjónustu. (**SJS:** Ekki maður sem rekur póst?) Nei, það er ekki maður sem rekur póst heldur maður sem rekur fyrirtæki. Hvaða þörf er á því að búa til svona orðskrípi, virðulegi forseti, hvað þá heldur að skilgreina það? Er ekki einfaldlega hægt að nota skiljanlegt mál og ræða um fyrirtæki sem stundar póstþjónustu eða rekur slíka starfsemi? Eru þá útgerðarfyrirtæki t.d. allt í einu orðin útrekendur? Og t.d. þingforsetadæmið á okkar háa Alþingi, eru þingforsetar orðnir þingrekendur (**Gripið fram í:** Atvinnurekendur.) o.s.frv. Ég vildi biðja menn um að staldra aðeins við og breyta svona hortittum sem er engin ástæða til að hafa.

Síðan kemur mér nokkuð á óvart ákvæðið í 5. gr. Þau eru raunar mörg sem koma þar á óvart. Í 1. mgr. segir svo, með leyfi forseta:

„Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem leyfið eða skráningin tekur til. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður."

Það er ekki oft sem tekið er svona til orða í lagatexta, að hægt sé að krefjast munnlegra eða skriflegra upplýsinga innan hæfilegs frests sem sá á að ákveða sem upplýsinganna krefst.

Þá er í næstu mgr. talað um heimild til þess að krefjast upplýsinga um fjárhagstöðu og þar er m.a. gert ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist þess að leyfishafar láti stofnuninni í té milliuppgjör. Ég spyr hæstv. ráðherra og formenn samgn.: Hvað eiga menn við með þessu? Þarna er ekki verið að ræða um ársfjórðungsuppgjör. Eru menn að gera því skóna að Póst- og fjarskiptastofnun geti t.d. krafist þess af leyfisaðila að hann láti henni í té mánaðarlegt uppgjör? Hvað eiga menn við með þessu? Er ekki eðlilegt að skýra það þá, t.d. með því að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist hálfsársuppgjörs eða ársfjórðungsuppgjörs, en ekki að veita henni heimild til þess að krefjast einhvers konar milliuppgjörs sem enginn veit hvað þýðir og hún á sjálf að túlka hvað átt er við með? Við skulum átta okkur á því að gert er ráð fyrir því annars staðar í þessum lagatexta að þessi sama stofnun geti krafist þess að viðkomandi fyrirtæki greiði allan kostnað af eftirliti sérstaklega. Það er þá orðið nokkuð mikið eftirlitsvald ef hægt er að gera ráð fyrir því að Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist hverra þeirra upplýsinga úr bókhaldi viðkomandi fyrirtækis, undir heitinu milliuppgjör sem enginn veit hvað átt er við með, eftir því sem henni þykir hlýða. Síðan er sagt í sömu grein: „yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar." Hvað er átt við með því? Hvaða aðrar sambærilegar upplýsingar eiga menn við, aðrar en ársreikninga, ársfjórðungs- eða hálfsársuppgjör og yfirlýsingar endurskoðanda? Ég vildi fá að vita það frá hv. nefndarformanni hvaða aðrar upplýsingar teljist vera sambærilegar og Póst- og fjarskiptastofnun geti krafist frá viðkomandi fyrirtækjum.

Þá segir í 3. mgr. að Póst- og fjarskiptastofnun sé heimilt án dómsúrskurðar að fara eftirlitsferðir í húsakynni leyfishafa, þ.e. það er verið að veita stofnuninni þá heimild að láta fara fram húsrannsókn án undangengins dómsúrskurðar. Hvað mörg tilvik eru í íslenskri löggjöf þar sem opinberri stofnun eða eftirlitsstofnun er heimiluð slík aðgerð án fyrir fram dómsúrskurðar? Ekki hefur löggæslan heimild til slíkrar húsrannsóknar, ekki einu sinni þó að ætla megi að alvarlegt afbrot kunni að hafa átt sér stað í viðkomandi húsnæði, án undangengis dómsúrskurðar. Lögreglan verður að fá húsleitarheimild til þess að geta beitt þeim úrræðum. Hvað er það sem veldur því að gerð er undanþága í þessu efni um að Póst- og fjarskiptastofnun þurfi ekki að leita dómsúrskurðar til þess að láta framkvæma húsrannsókn hjá fyrirtæki sem hún á að hafa eftirlit með? Þetta hljóta menn að hafa skoðað og eiga svar við þessari spurningu.

Ég vil spyrja formann samgn. annarrar spurningar: Hvar annars staðar er sambærilegt ákvæði að finna í íslenskum lögum, þ.e. að eftirlitsaðila sé fært að framkvæma húsleit eða húsrannsókn hjá aðila sem hann á að hafa eftirlit með, án dómsúrskurðar, án heimildar dómstóla til slíks?

Þá segir í 6. mgr. 5. gr. frv., með leyfi forseta:

„Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála."

Er þarna verið að veita Póst- og fjarskiptastofnun saksóknaravald? Hefur verið leitað álits ríkissaksóknara á þessu ákvæði? Hefur hann einhverja skoðun á því að með lögum sé verið að veita Póst- og fjarskiptastofnuninni vald til saksóknar eins og mætti ætla ef þessi orð eru lesin eins og þau standa í greininni? Eða er það eitthvað annað sem vakir fyrir mönnum? Vakir það einungis fyrir mönnum að Póst- og fjarskiptastofnunin geti óskað eftir því við ríkissaksóknara að hann höfði opinbert mál? Ef það er það sem menn eiga við, þá eiga menn að orða greinina þannig. Eins og hún stendur í frv. mætti ætla að það sé verið að gefa Póst- og fjarskiptastofnun saksóknaravald sem engin önnur stofnun hins opinbera hefur með höndum að ríkissaksóknaraembættinu einu frátöldu.

Þá spyr ég, virðulegi forseti, um hvernig túlka beri ákvæði 6. gr. um þagnarskyldu. Ákvæði 6. gr. koma fram í tveimur málsgreinum. Fyrri málsgreinin er algerlega afdráttarlaus um þagnarskyldu. Í síðasta málslið þeirrar greinar má segja að þagnarskyldan teygi sig út yfir gröf og dauða eða allt að því, því að þar stendur: „Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum." En síðan kemur 2. mgr. og hvað segir í henni? Í henni segir að með gögn og aðrar upplýsingar skuli að jafnaði fara sem trúnaðarmál, þ.e. þar eru menn að draga í land frá því sem segir í 1. gr. því að í 1. gr. eru skýlaus ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna Póst- og fjarskiptastofnunar þar

sem þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur. En síðan segir í 2. mgr. að með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum, skuli að jafnaði fara sem trúnaðarmál. Ég verð að segja, herra forseti, að þessar tvær málsgreinar ríma ekki saman því annaðhvort er um að ræða þagnarskyldu og trúnaðarskyldu eða ekki og menn geta ekki á einum stað sagt að þagnar- og trúnaðarskylda skuli vera fortakslaus en svo í næstu málsgrein á eftir að trúnaðarskyldan skuli ríkja að jafnaði, því þá eru menn að gefa undir fót með að það sé þó í ákveðnum ótilteknum undantekningartilvikum sem trúnaðarskyldan eigi ekki að ríkja. Og ég segi enn, virðulegi forseti, að þarna hljóta höfundar frv. og þeir sem um málið hafa fjallað að verða að skera úr um hvað menn eiga við og verða að gera það með gleggri hætti en kemur fram í þessari grein.

Þá kemur mér líka spánskt fyrir sjónir ákvæði 9. gr. en í 2. mgr. 9. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi."

Fyrst er rætt um veltu sem er almennt viðtekið hugtak í íslenskum atvinnurekstri og síðan er það nánar skýrt að með veltu sér hér átt við rekstrartekjur og þá spyr ég: Af hverju eru menn að hafa þetta óþarflega flókna orðalag? Af hverju segja menn ekki einfaldlega eitthvað á þá leið að rekstrarleyfishafar skuli greiða árlega rekstrargjald sem nemur 0,25% af rekstrartekjum sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi og vera ekkert að blanda veltu fyrirtækisins inn í þetta, þar sem í ljós kemur að það á aðeins að hafa mið af veltu í þeim skilningi að átt er við rekstrartekjur af leyfisbundinni starfsemi. Þetta er enn eitt dæmið af mörgum um að frv. þetta er mjög illa unnið. Það er kastað til þess höndunum þegar það er samið og hv. samgn. hefur því miður ekki lagt sig fram um að lesa frv. þannig að það sé orðað á skiljanlegu máli.

Víðar í þessari grein er erfitt að skilja hvað fyrir höfundum vakir. Í næstsíðustu mgr. 9. gr. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist." Og nú spyr ég: Hvað eiga menn við? Hver er stofn rekstrarárs? Það er ekki hægt að lesa setninguna öðruvísi en svo að verið sé að vísa til rekstrarársins þegar talað er um einhvern stofn sem myndast hafi. Hver er stofn rekstrarárs? Er það árið þegar rekstur upphaflega hófst, þ.e. þegar til rekstursins var stofnað eða er það ár sem tímatal okkar tekur mið af, þ.e. árið eitt, fæðingarár frelsarans, en fæðingarhátíð hans er nú á næstu grösum eins og menn vita. Hvað er átt við með þessu orðalagi? Hvert eru menn að vísa? Eða eiga menn kannski við að það sé heimilt að draga gjöld samkvæmt þessari grein frá tekjum rekstrarársins sem gjöldin eiga við um? Ef menn eiga við það, þá verða menn að breyta orðalagi þessa ákvæðis því eins og það er fram sett hér er það gersamlega óskiljanlegt. Ég spyr: Ef það er réttur skilningur sem ég var að lýsa, hvaða þörf er þá fyrir slíka lagasetningu? Hvaða þörf er fyrir lagasetningu sem segir einfaldlega að gjöld megi draga frá tekjum? Þarf að taka sérstaklega fram í lögum að verði fyrirtækið fyrir gjöldum, þá megi fyrirtækið draga viðkomandi gjöld frá tekjum sínum? Ég hélt að það væri eitt meginatriðið í öllum rekstri að menn hefðu það leyfi og þyrftu ekki sérstaka lagastoð til þess að draga gjöld frá tekjum. En allténd, eins og setningin er orðuð, næstsíðasta mgr. 9. gr., er hún gersamlega óskiljanleg og það nær ekki nokkurri átt, virðulegi forseti, að Alþingi sendi frá sér slíkan lagatexta. Þarna hefur samgn. orðið illilega á. Hún hefur ekki unnið þá einföldu heimavinnu að yfirlesa texta frv. sem hún fékk í hendur og snúa honum yfir á mælt og skiljanlegt mál.

En það er víðar, virðulegi forseti, sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við það sem kemur frá hv. samgrn. Ég minntist á það þegar rætt var um þessi mál við 1. umr. þar sem kemur fram í texta samgrn. orðalagið „hugtakið póstkassi" sem ég hef hvorki fyrr né síðar séð skilgreint þannig að kalla póstkassa hugtak. En það hefur bæst í þetta fjólusafn úr hv. samgrn. ýmislegt nokkuð kyndugt eins og kemur fram t.d. í fskj. II með nefndaráliti minni hluta samgn. þar sem birt er bréf frá samgrn. Þar er gerð tilraun til að skilgreina alþjónustu. Þar segir m.a. svo, með leyfi forseta, í þessu bréfi frá samgrn.:

„Hugtakið alþjónusta" — og kemur þá enn hugtakið. Síðast var það hugtakið póstkassi, nú er það hugtakið alþjónusta. „Hugtakið alþjónusta og ákvörðun á því hvaða þjónusta skuli teljast alþjónusta er hápólitísk." Með öðrum orðum hugtakið alþjónusta er hápólitískt. Undir hvaða flokksstefnu skyldi það hugtak falla? Er það hægra hápólitískt hugtak? Er það vinstra hápólitískt hugtak? Er það úr hugtakasafni Sjálfstfl. eða einhvers annars flokks? Hvernig verður hugtakið alþjónusta hápólitískt? Það get ég ekki skilið. Síðan segir svo orðrétt í síðustu málsgrein þessa sama bréfs frá samgrn., með leyfi forseta:

„Af þeim orsökum var ekki talið rétt að telja upp í frv. þær þjónustur sem skulu falla undir alþjónustu." (**Gripið fram í.**) Já, já. Skuli telja upp í frv. þær þjónustur sem skuli falla undir alþjónustu. Þetta er hv. samgrn., þetta er bréf þaðan. (**SJS:** Ekki hefur ráðherra skrifað það.) Ráðherra hefur örugglega ekki skrifað það því að hann er nú málvandari maður en svo að hann sendi svona texta frá sér. En það eru tilvik þar sem þetta orð er notað í fleirtölu, virðulegi forseti. Það er hægt að tala um þjónusturnar, en þá eiga menn við talsvert annað heldur en hv. samgrn. á við hér. En svo háttaði til á svipuðum tíma og gefið var út matreiðslukver fyrir heldri manna húsfreyjur að þá voru í slíkum húsum gjarnan stúlkur, sem kallaðar voru þjónustur. Það er eina tilvikið sem ég veit um að þetta orð, þjónusta, hafi verið notað í fleirtölu. Ég veit ekki hvort átt sé við kvenkyns starfsmenn póstrekanda með því orðalagi sem hv. samgrn. notar hér þegar það telur ekki rétt að telja upp í frv. þær þjónustur sem skulu falla undir alþjónustu. Þá verður þetta náttúrlega skiljanlegt því að það er vissulega algerlega ástæðulaust að fara að telja upp í frv. allt það kvenskyns starfsfólk sem e.t.v. á að starfa á þessum vettvangi, enda yrði ekki auðvelt um vik fyrir hæstv. ráðherra að gera það áður en starfsemin er sett af stað. En sé ekki átt við þjónustur í þessum skilningi, þá veit ég ekki hvað samgrn. á við, en ég held að það væri vissulega tímabært, herra forseti, að hæstv. samgrh. sendi frumvarpasmiði sína á námskeið í íslensku máli því það er málvöndunarmanni eins og honum til skammar að láta orða svona lagatexta og svona bréf fara frá því ráðuneyti sem hann á að stjórna. Þetta er ekki vansalaust, virðulegi forseti, að senda frá sér lagatexta sem eru óskiljanlegir eða sem eru svo klúðurslega orðaðir að með fádæmum má telja. Það er heldur ekki vansalaust að láta

í bréfum til hins háa Alþingis taka til orða eins og samgrn. gerir í því bréfi sem birt er sem fskj. II með nefndaráliti minni hluta samgn.

Það getur vel verið að þessar athugasemdir mínar flokkist ekki undir efnislegar athugasemdir um efni frv., ekki sú síðasta. Engu að síður er það áhyggjuefni þegar æðstu stjórnsýslustofnanir íslenska ríkisins senda frá sér svona texta.

Þá er ein spurning í viðbót sem ég vildi leyfa mér að beina til hæstv. ráðherra. Hún varðar 6. mgr. 13. gr. frv. til laga um fjarskipti þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð bókhaldslegan aðskilnað eða aðgreiningu einstakra rekstrarþátta þannig að unnt sé að fylgjast með stofnkostnaði og kostnaði af rekstri samtengdra fjarskiptaneta."

Þar sem hann er nú handhafi hins eina hlutabréfs í Pósti og síma hf. (**Samgrh.:** Ég bið afsökunar en hvaða grein er þetta?) Þetta er síðasta mgr. í 13. gr. frv. til laga um fjarskipti. Þar sem hæstv. ráðherra er nú eini handhafi hins eina hlutabréfs í Pósti og síma hf., þá langar mig til að spyrja hann þessarar einföldu spurningar: Hyggst hann beita þessu valdi sem þarna er verið að fela honum til þess að greina rekstur Pósts og síma þannig í sundur að Samkeppnisstofnun verði ekki hleypt að nema hluta af þeim rekstri eins og hann verður í höndum stofnunarinnar? — Ég vil endurtaka þessa spurningu til þess að þetta sé alveg skýrt: Hyggst hann beita þessu valdi sem þarna er verið að fela honum til þess með einhverjum hætti að greina rekstur Pósts og síma hf. þannig í sundur að ekki sé hægt að hafa það eftirlit sem Samkeppnisstofnun er ætlað að veita gagnvart þeim rekstri öllum? Hyggst hann beita þessu valdi sínu með einhverjum þeim hætti að undanþiggja einhverja ákveðna þætti í starfsemi stofnunarinnar undan eftirliti samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar?

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara miklu fleiri orðum um þau frumvörp sem hér liggja frammi. Ég vil taka það fram, eins og kom fram hjá mér við 1. umr. málsins, að ég er samþykkur meginefni þessara frumvarpa, þeirri meginstefnumörkun sem þar fer fram, en ítreka þær athugasemdir mínar að menn verða að vinna sína heimavinnu þannig að það sé ljóst og skýrt hvað fyrir mönnum vakir í lagasetningu og enginn vafi á því hvernig eigi að túlka og hvernig eigi að framkvæma þær lagagreinar sem verið er að samþykkja á hinu háa Alþingi.

[23:56]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í þessu andsvari svara örfáum af þeim spurningum sem hv. 4. þm. Vestf. lagði hér fram. Í fyrsta lagi varðandi það ákvæði frv. þar sem kveðið er á um fjárhagstengsl starfsmanna Póst- og fjarskiptastofnunar, þá vil ég eingöngu vísa í athugasemdir sem fylgja viðeigandi grein þar sem kemur fram hvað er átt við. Það er auðvitað ekki þannig, eins og hv. þm. reyndar vék að, að það sé átt við fjárhagstengsl eins og þau að eiga viðskipti við tiltekna stofnun heldur er talað um það hér, með leyfi virðulegs forseta: „Mega starfsmenn stofnunarinnar þar af leiðandi t.d. ekki eiga hlutabréf í rekstrarleyfishöfum eða póstrekendum ef ástæða er til að ætla að hlutafjáreignin sé til þess fallin að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Þetta er þannig rækilega skýrt að mínu mati, virðulegi forseti.

Varðandi athugasemdir hans um hugtakið milliuppgjör, þá verð ég að segja að það kemur mér heldur á óvart að hv. þm. finni að þessu hugtaki vegna þess að þetta er mjög algengt hugtak í viðskiptum. Þetta hugtak milliuppgjör er auðvitað fullkomlega að jöfnu lagt við árshlutauppgjör.

Í þriðja lagi gerði hv. þm. líka að umtalsefni hið sama og hv. 6. þm. Suðurl. um heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til eftirlits inni í fyrirtækjunum. Ég vakti athygli á því fyrr í dag að þetta er mjög sambærilegt ákvæði og í 40. gr. gildandi samkeppnislaga. Og af því að hv. þm. spurði líka um atriði sem hv. 6. þm. nefndi fyrr í umræðunni í dag, það var spurning um saksókn þar sem segir í næstsíðustu mgr. 5. gr., að stofnunin geti krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, þá er það að sjálfsögðu þannig að það er eingöngu verið að gefa heimild til stofnunarinnar að vísa þessum málum til ríkissaksóknara eða Rannsóknarlögreglu ríkisins til frekari málsmeðferðar. Það skýrt í lögunum nr. 19/1991, hvernig með þessi mál skuli fara og það er ekki verið að opna á neinar nýjar heimildir umfram það.

[23:59]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur í frumvarpstextanum að stofnunin geti krafist saksóknar, ekki að hún geti farið þess á leit við saksóknara að um saksókn verði að ræða, eins og hún eðlilega getur jafnvel þó ekki væri um það fjallað í lagatexta, heldur stendur að hún geti krafist saksóknar. Það er heldur óvanalegt orðalag ef átt er við með því orðalagi það sem hv. þm. sagði. Þá hvet ég hv. þm. til þess að taka hér af öll tvímæli og ég ítreka spurningu mína: Hefur verið leitað eftir umsögn ríkissaksóknara um þetta ákvæði?

Ég þakka honum fyrir aðrar spurningar sem hann svaraði en það voru nokkrar fleiri sem hann lét ósvarað. Ef hann kemur hér aftur vil ég sérstaklega biðja hann að skýra fyrir mér hvað átt er við með því sem kemur fram í næstsíðustu mgr. 9. gr. og jafnframt athugasemdina sem ég gerði við 2. mgr. 9. gr. þar sem er verið að skilgreina veltu sem rekstrartekjur, hvort hann sjái ekki ástæðu til þess að gera það orðalag skýrara.

Enn fremur vil ég benda hv. þm. á að með því að nota orðið milliuppgjör í staðinn fyrir t.d. hálfsársuppgjör eða ársfjórðungsuppgjör þá er verið að leggja í hendur Póst- og fjarskiptastofnunar hvaða upplýsinga hún getur krafist, þ.e. hún getur túlkað það sjálf hvers konar milliuppgjör hún er að biðja um. Væri þá ekki frekar ástæða til þess að segja í lagatextanum ársfjórðungsuppgjör eða sexmánaðauppgjör ef menn eiga við það fremur heldur en að nota orðið milliuppgjör sem hægt er að túlka með ýmsum hætti eftir hentugleikum.

[00:01]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski þannig vegna þess að þetta mál hefur verið til vandaðrar meðferðar í samgn. og ofan í þennan lagatexta hefur verið farið, að ég held að það hafi ekki komið fram í nefndinni að neinum væri það hulin ráðgáta hvað næstsíðasta mgr. í 5. gr. þýddi, að það væri einfaldlega verið að opna á þá heimild, árétta það í frv., að stofnunin gæti eins og segir orðrétt í textanum, með leyfi forseta:

„... krafist opinberrar rannsóknar..." krafist ekki framkvæmt, heldur „... krafist opinberrar rannsóknar og saksókn-

ar.“ Það verður auðvitað að lesa þetta í þessu samhengi. Síðan er vísað í lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Ég get vel áréttað það sem ég sagði áðan að þetta þýðir nákvæmlega það að þessi stofnun getur krafist þess, óskað þess af saksóknara eða Rannsóknarlögreglu ríkisins að slík rannsókn eða saksókn fari fram, óskað eftir því að þessar stofnanir, sem einar hafa valdið til þess að vinna slík verk, vinni þau.

Að öðru leyti varðandi milliuppgjör, þá sagði ég áðan að milliuppgjör þýddi árshlutauppgjör. Eins og við vitum báðir, ég og hv. þm., getur staðið þannig á að það sé eðlilegt að óska eftir uppgjöri sem ekki er ársfjórðungs- eða hálfsársuppgjör heldur uppgjör sem tekur til einhvers annars tíma. Þetta er bara mjög eðlilegt í slíku máli.

Varðandi 9. gr. vil ég taka það fram að það er rétt sem hv. þm. segir. Þarna var það líka svo að þegar ég las þessa grein yfir, þá skildi ég það þannig, eins og rétt er, að það er verið að vísa til stofngjaldsins, en ég verð að játa að málvitund mín var þannig að ég skildi þetta rétt þó að ég sjái að þarna er þetta í eintölu sem ætti að vera í fleirtölu og verður að sjálfsögðu lagfært.

[00:04]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá held ég að hv. þm. ætti líka að beita sér fyrir því að það orðalag verði lagfært þar sem í textanum stendur krafist, en hann leggur þann skilning í orðið krafist að það þýði það sama og orðin óska eftir. Ég hef hingað til lagt annan skilning í það þegar veitt er heimild til þess að krefjast opinberrar rannsóknar eða saksóknar en þegar rætt er um það að heimild sé að fara fram á opinbera rannsókn eða saksókn, enda er það meira í samræmi við þau lög sem vitnað er í í þessari grein, þ.e. lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Þar er skýrt tekið fram að opinber rannsókn og saksókn og ákvörðun um slíkt sé í höndum til þess bærra aðila sem þar eru nefndir. Fyrst hv. þm. er loksins búinn að fallast á að ástæða sé til að skoða betur textann í þessu frv., þá ætti hann að taka þetta líka til endurskoðunar og ekki síður það sem ég spurði hann að og hann hafði ekki tíma til að gefa mér svar við, ákvæði 2. mgr. 9. gr. þar sem menn eru að tala um bókfærða veltu og skilgreina hana síðan sem rekstrartekjur. Ég held að hv. þm. hljóti að gera sér það ljóst að líka þarna er þörf á að Alþingi geri nánari grein fyrir hvaða skilning beri að leggja í þann lagatexta sem Alþingi er að samþykkja. Þó að svona handarbakavinnubrögð kunni að vera ástunduð af þeim sem frv. sömdu eða samdi, þá má hv. Alþingi að sjálfsögðu ekki láta svona athugasemdalaust frá sér fara. Hv. þm. ætti að sjá sóma sinn í því að leiðrétta svona mállýti og rökleysur eins og er að finna mjög víða í textanum að þessum frumvörpum og hef ég þó aðeins haft tíma til að fara í nokkur dæmi þar að lútandi.

[00:06]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns að hrósa hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir það að hann skuli nú hafa tekið að sér það verkefni að laga málfar og tungu einstakra þingmanna, sérstaklega þó ráðherra. Það er ærið verk og mætti segja mér að hann muni einhvern tíma svitna yfir því verkefni. Þeim mun athyglisverðara er að hann skuli taka þetta að sér sjálfviljugur.

Annars er það náttúrlega um íslenskuna að segja að hún er breytileg frá degi til dags, hvað þá frá einum áratug til annars, ekki síst kannski frá upphafi Íslandsbyggðar til dagsins í dag. Auðvitað er það laukrétt hjá hv. þm. að við lærðum það í skóla að orðið „þjónusta“ er fleirtala, þýddi vinnukona og þótti það svolítið fyndið þegar maður var á gelgjuskeiði. Hitt held ég að sé líka alveg laukrétt að það eru ýmis orð sem við vöndumst þá á að nota eingöngu í eintölu sem við erum farnir að nota í fleirtölu sem kannski tölum málið ekki nógu vel, eins og t.d. orðið keppni. Menn eru fyrir löngu hættir að amast við því að talað sé um margar keppnir, (**Gripið fram í:** Frelsin fjögur.) frelsin fjögur og eins er um orðið þjónusta. Við erum oft í vandræðum þegar við erum að velta fyrir okkur hvernig við eigum að beita þessari gömlu tungu um ný hugtök þannig að hún verði skýr, gegnsæ, og við getum haft orðin sem fæst. Og þó að það meiði mann til að byrja með að orðið þjónusta skuli notað í fleirtölu með þessum hætti, þá er það tímanna tákn. Tungan er að breytast með siðvenjunum, með viðskiptaháttunum, með nýjum búnaði og tækni og þetta er eitt dæmið um það. Þess vegna get ég ekki tekið undir með hv. þm. Vestfirðinga að það sé ámælisvert þegar fólk er að reyna að notast við þessi gömlu orð okkar, kannski í pínulítið yfirfærðri merkingu má kannski líka skilja það t.d. ef viðkomandi hefði lesið pínulítið í Jónasi Hallgrímssyni, að hann hefði nokkurn skilning á því að tungan þurfi ekki endilega að vera eins og hún var áður notuð eða henni beitt. Ég get þess vegna ekki tekið undir þau áfellisorð sem hv. þm. hafði uppi, en ég tek undir með honum að það geti tekið nokkurn tíma að venjast því að tungunni sé öðruvísi beitt en áður.

Nú skulum við líka af því að mér finnst athyglisvert það sem hann segir um tunguna, velta fyrir okkur orðinu póstkassi. (**SighB:** Hugtakinu póstkassi.) Orðinu og hugtakinu póstkassi. Hvað er póstkassi? Það stendur hér. Ég heyri að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hlær að þessu líka og tekur þannig undir með formanni Alþfl. og þeir eru með því vona ég sammála um þessa túlkun að póstkassi sé ekki hugtak. Er það ekki rétt? (Gripið fram í.) Ja, mér skilst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sé sammála því. Skyldi nú póstkassi ekki vera hugtak? Ef maður gengi hér um götur og sæi svona þrjá, fjóra kassa og einn af þeim væri póstkassi en hinir ekki. Ætli flestir mundu ekki láta bréfið í póstkassann. Ætli það sé ekki eitthvað í þessu orði póstkassi sem hefur skyldleika við hugtök? Það skyldi nú ekki vera að póstkassi sé einmitt hugtak um leið og póstkassi getur verið áþreifanlegur. Því að það er alger misskilningur að ímynda sér það að póstkassi sé venjulegur kassi. Þess vegna er það að minni hyggju að skilja ekki orðið hugtak að halda að það eigi ekki skylt við póstkassa og vil ég raunar biðja þá sem velta þvílíku fyrir sér að sofa á því til morguns og athuga hvort þeir komist þá ekki að þeirri niðurstöðu að það sé rétt með einhverjum hætti að skilgreina hugtakið póstkassi fyrir mönnum þannig að menn villist nú ekki á kössum. (**SighB:** En hugtakið Halldór Blöndal?) Hugtakið Halldór Blöndal er alveg lifandi með þjóðinni svo að það þarf ekki neitt að velkjast í vafa yfir því.

Það eru hér ýmis atriði og ég hef kosið að svara þessu eftir því sem ég hef séð það í öllum þessum frumvörpum. Ég var spurður að því í sambandi við útgáfu rekstrarleyfa hvað við væri átt þegar sagt væri að samgrh. væri heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnþjónustu skyldu undanþegnir rekstrarleyfi. Eins og sést í orðskýringum er með grunnþjónustu átt við póstmeðferð

bréfa og annarra sendinga með utanáskrift sem vega allt að 20 kg á þyngd. Nú má auðvitað velta því fyrir sér hvernig með slík bréf skuli farið. Samkvæmt þessari grein er heimilt að slík bréf skuli send með jafnvel flutningsaðila sem hefur ýmislegt annað meðferðis, kannski vegna fjarlægðar ef við hefðum í huga Hveravelli og þá sem þar hafa vetursetu. Það má líka hugsa sér að póstur sé fluttur milli staða og færður frá einu pósthúsi til annars þannig að nauðsynlegt er að hafa þarna nokkurt svigrúm sem ég veit að hv. þingmönnum er raunar ljóst.

Ég var spurður um útskýringu á því hvað fælist í 14. gr. frv. til laga um póstþjónustu, hvort ég ætlaði að nýta mér þá heimild sem þar er til þess að greiða niður ákveðna póstmeðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða o.s.frv. Hugmynd mín stendur ekki til að gera það.

Ég var einnig spurður um það, að ég hygg af hv. þm. Svavari Gestssyni, hversu oft póstsendingar bærust viðtakendum. Um það er það að segja að í þéttbýli eru bréf borin út fimm daga vikunnar. Þó oftast séu bréf borin út þrisvar í viku í dreifbýli er dæmi um í sumum sveitum að það sé tvisvar.

Hv. þm. Einar Guðfinnsson skýrði fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni hvað átt væri við með niðurlagsorðum 2. gr. frv. um Póst- og fjarskiptastofnun og er ekki neinu við það að bæta sem þar var sagt þar sem skýring formanns samgn. var fullnægjandi.

5. gr. frv. um Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem talað er um eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar, hefur verið rædd af mörgum þingmönnum og að því fundið hversu ítarleg greinin sé. Sumum þingmönnum hefur raunar þótt óþarft að nokkur eftirlitsúrræði skuli vera í höndum Póst- og fjarskiptastofnunar. Talað hefur verið um að þessi grein brjóti í bága við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna eða eitthvað þvílíkt og ýmsar aðrar ábendingar glöggar komið fram í ræðum manna.

Nú er það svo að póstþjónusta og fjarskiptaþjónusta er mjög umfangsmikil, mjög breytileg og reynir mjög á trúnað þeirra sem um slíkt sýsla. Augljóst er það í sambandi við póstþjónustuna þar sem þeim sem leyfi hafa til slíks rekstrar er gefið í rauninni opinbert vottorð um að þeim sé treystandi til að koma sendingum til skila innan ákveðins tíma og án þess að við þeim sé hróflað og jafnframt eru mjög skýr ákvæði um það að fullur trúnaður og full þagnarskylda skuli gilda um útburð á póstinum. Eins og ég gat um við 1. umr. málsins er meira að segja komið svo í Bandaríkjunum að pósturinn þar, sem er opinber stofnun, hefur tekið sér internetsþjónustu í hendur til að koma bréfum eða tilkynningum áleiðis til viðtakenda þannig að sá sem sendir geti treyst að rétt sé með farið og hinn viðskiptavinurinn sem við tekur fengið það staðfest af póstþjónustunni að dagsetningin sé rétt.

Dagsetning getur skipt máli í sambandi við póstþjónustu og af þeim sökum er auðvitað mjög mikilvægt að góð regla sé á öllum hlutum. Eins og ég sagði áðan eiga viðskiptamenn póstsins, margir hverjir, mikla fjármuni undir því að sendingar komist til skila. Þess vegna er auðvitað nauðsynlegt að slík fyrirtæki hafi góðar reiður á öllum hlutum, fjárhagur slíkra fyrirtækja sé í lagi þannig að þau freistist ekki til að draga úr árvekni sinni og nákvæmni við póstburðinn. Það er talið eðlilegt hér eins og það er talið eðlilegt í öðrum löndum á hinu Evrópska efnahagssvæði að mjög ströng eftirlitsúrræði séu fyrir hendi til að fylgja slíkri starfsemi eftir og hafa eftirlit með henni.

Hið sama er raunar að segja um fjarskiptaþátt Pósts og síma. Þar reynir líka mikið á að rétt sé að málum staðið, reksturinn sé heilbrigður og þeir sem bera ábyrgð á honum standi við sitt. Það er t.d. hægt að hlera símtöl. Það er hægt að breyta texta í skeytum. Það er hægt að gera ýmislegt. Ég hef ekki hugmyndaflug til að skýra það sem hugsanlega getur misfarist í svo umsvifamiklum rekstri.

Það sem stendur í 5. gr. er sambærilegt við það sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Reglur Evrópusambandsins gera ráð fyrir óháðum sjálfstæðum stjórnsýsluaðila er hafi eftirlit með póst- og fjarskiptastarfsemi. Til þess að eftirlit sé virkt verður stofnunin að geta beitt tilteknum úrræðum. Eru því eftirlitsúrræði sem nefnd eru í 5. gr. í samræmi við reglur Evrópusambandsins. Sams konar reglur um eftirlitsúrræði eru einnig í löggjöf nágrannaþjóða okkar, t.d. í 25. gr. danskra laga um póststarfsemi. Víðtæk eftirlitsúrræði líkt og þau sem fram koma í 5. gr. frv. er einnig að finna í íslenskri löggjöf. Má þar m.a. nefna V. kafla laga nr. 60/1994, um vátryggingarstarfsemi, þar sem eru ákvæði um víðtæk eftirlitsúrræði vátryggingareftirlits. Hvað eftirlit með fjárhagsstöðu áhrærir eru þær reglur sem fram koma í 5. gr. í samræmi við þær reglur sem gilda um eftirlit með flugrekstraraðilum og ég man ekki betur en eftir að ég varð samgrh. hafi á það reynt að endurskoðendur flugmálaeftirlitsins óskuðu eftir sérstöku milliuppgjöri þar sem vafi lék á því að flugrekstraraðilinn hefði það fjárhagslega sjálfstæði eða fjárhagslegt bolmagn sem krafist var, en ýmsir óttast að ef á slíkt skortir þá dragi úr eftirliti með flugvélum og öryggi verði minna.

Heimild til dagsekta líkt og sú sem fram kemur í 5. gr. frv. er einnig alþekkt í íslenskri löggjöf. Má þar m.a. nefna 51. gr. laga nr. 87/1993, þar sem gert er ráð fyrir heimild samkeppnisráðs til að leggja á dagsektir til að framfylgja boðum ráðsins. Það er því alveg ljóst að sambærileg ákvæði þessum eru í íslenskum lögum og í sambærilegum lögum sem gilda um póst- og fjarskiptastarfsemi á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Ég held að ástæðulaust sé að gera það tortryggilegt þegar sagt er að stofnunin geti krafist upplýsinga innan hæfilegs frests sem hún ákveður og reyna að gera slíkt orðalag tortryggilegt. Ég held að það sé alveg óþarfi.

Ég vil líka segja að þegar sagt er hér í niðurlagi: „Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.“ Þetta er ekkert annað en venjulegt orðalag. Það hefur komið fyrir t.d. í sambandi við Flugmálastjórn eftir að ég varð samgrh. að krafist hefur verið opinberrar rannsóknar sem stundum hefur leitt til málssóknar en ég veit líka dæmi þess að það hafi ekki gerst. Opinber rannsókn leiðir ekki alltaf til saksóknar. Það er ríkissaksóknari sem slíkt ákveður á grundvelli þeirrar rannsóknar sem fram fer. Ég held að þetta sé alveg ljóst. Það er ekki verið að dæma fyrir fram. Opinbera rannsóknin er einn liður í þeirri keðju og eins og er hér í niðurlaginu — samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinbera mála. Það er því alveg ljóst að ekki er verið að tala um að hér eigi að gilda einhverjar aðrar reglur en þar er kveðið á um, að saksókn ef úr verður, ákæra ef úr verður, skuli vera samkvæmt þeim lögum og af því leiðir að augljóst er hverjum manni sem vanur er að

lesa lög að það er ekki verið að tala um að breyta Póst- og fjarskiptastofnun í ríkissaksóknara.

Í sambandi við úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála vil ég segja það eitt, að auðvitað hljótum við að velta því fyrir okkur úr því að Póstur og sími hf., stærsta fjarskiptafyrirtækið og raunar það eina sem nægt er að kalla því nafni nú, fyrirtæki sem hefur jafnmikil umsvif og jafnsterka eiginfjárstöðu, jafnfyrirferðarmikið á markaðnum, er í ríkiseign, þá er eðlilegt að síðara stjórnsýslustigið sem að öðru jöfnu er í höndum ráðherra sé fært til sérstakrar úrskurðarnefndar, eins og gert er í 8. gr. Þetta er raunar ekki eina dæmið um að slíkt sé gert. Það má t.d. benda á loftferðalögin í því sambandi. Eins og fram kemur og öllum má vera ljóst er ekki gert ráð fyrir að meiri hluti úrskurðarnefndar sé skipaður fulltrúum sem ráðherra velur heldur er meiri hlutinn annars vegar formaður skipaður af Hæstarétti og einn samkvæmt tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands. Skipan þessarar nefndar er í samræmi við þær reglur sem gilda innan Evrópusambandsins og fullnægir þeim skilyrðum sem þar hafa verið sett.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vakti athygli á því að orðalag 6. gr. frv. þar sem komið er að þagnarskyldu væri kannski óþarflega óhnitmiðað þar sem stendur: „Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum skal að jafnaði fara sem trúnaðarmál." Hann telur að hér sé ekki nógu fast að orði kveðið. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á að þagnarskylda hefur verið í lögum fram að þessu og nauðsynlegt að halda þeim ákvæðum inni. Á hinn bóginn eru viðskipti stofnana eins og fjarskiptastofnana og póststofnana orðin mjög flókin og margvísleg og má kannski segja að erfitt sé að slá því föstu að svo skuli endilega ævinlega vera, að allt sem fram komi skuli til eilífðar vera trúnaðarmál. Mér finnst sjálfsagt úr því að samgn. kemur saman milli 2. og 3. umr. að orðalag 2. mgr. 6. gr. sé athugað sérstaklega og yfir það farið með lögfræðingum samgrn.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að sérstöku umtalsefni 7. mgr. 9. gr. þar sem stendur: „Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist." Þetta ákvæði er fullkomlega eðlilegt eftir að menn hafa glöggvað sig á við hvað átt er. Þannig getur staðið á að Póst- og fjarskiptastofnun sjái ástæðu til að gera sérstakar kannanir sem komi ekki öllum leyfishöfum til góða og snerta ekki alla leyfishafa og er þá auðvitað eðlilegt að kostnaður af þeim komi ekki á heildina heldur einungis á þá sem í hlut eiga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég hygg að málið sé fullskýrt. Þeir sem hafa beint til mín fyrirspurnum hafa greinilega fengið skýringar annars staðar svo að ég læt máli mínu lokið.

[00:29]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hún var stutt í annan endann, ræða hæstv. ráðherra þegar svo brá við að hér tæmdist þingsalur. Hann hefur svo sem gott af því að venjast því eilítið hvernig er fyrir stjórnarandstæðinga að koma með röksemdir og sjónarmið og ná ekki eyrum hv. þingmanna þannig að þarna fann hann smjörþefinn af því og hætti þá ræðu sinni með það sama. En ég lagði vitaskuld við eyru og því miður var það svo, virðulegi forseti, að hæstv. ráðherra nefndi ekki einu orði nokkur þau álitamál sem ég hafði gengið mjög ákveðið eftir. Þau lúta m.a. að hæfi hans sjálfs. Ég óska mjög eindregið eftir því að hann fari um það nokkrum orðum í andsvari — virðulegur forseti hefur kannski gleymt að setja á klukkuna hjá ræðumanni. Ekki það að ég sé að kalla eftir því.

(**Forseti** (RA): Ræðumaður á eftir eina mínútu.)

Með öðrum orðum, ég vildi mjög gjarnan ganga eftir því hvernig hann lítur á stöðu sjálfs sín gagnvart þessari óháðu eftirlitsstofnun, einkum og sér í lagi það sem ég gerði að umtalsefni, þessa þrjá mánuði sem munu líða frá því að frelsið tekur gildi, frá því að lög um fjarskipti taka gildi og þar til Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa.

Einnig vil ég spyrja hann hvort hann hafi lagt drög að þeim reglugerðum og þeim leikreglum öðrum sem ekki er að finna í þessu frv. en eiga að vera tilbúnar þann 1. janúar nk. þegar þeir storma að, lysthafendur og umsækjendur rekstrarleyfis sem vilja taka þátt í þessari samkeppni. Er hann með það á hreinu m.a. þetta lykilatriði um hvernig skilgreina skuli þessa grunnþjónustu? Það er hans mál. Hann á að fara með þau mál algerlega sjálfur.

Ég hef ekki tíma til þess að nefna öll þau atriði sem hann skautaði yfir og nefndi ekkert í sinni ræðu. Ég vil bara nefna að lokum að nú er það í lögum um Póst og síma hf. að þar skuli efna til aðalfundar fyrir 27. desember nk. og þá skuli leggja þar ákveðnar línur. Hefur hann boðað til þess fundar og hefur hann tekið ákvörðun um hvernig stjórnin skuli skipuð?

[00:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið ákveðið að hluthafafundur verði haldinn 27. desember, það er í fyrsta lagi. Í öðru lagi fór ég nokkrum orðum um það áðan að skipuð hefur verið sérstök eftirlitsnefnd sem fer með seinna stjórnsýslustigið. Ég vakti athygli á því sérstaklega áðan og gerði að umræðuefni að það verður ekki í höndum samgrh. heldur hjá sérstakri eftirlitsúrskurðarnefnd, þannig að í málefnum Póst- og fjarskiptastofnunar verður samgrh. ekki með hið æðra stjórnsýslustig. Og það svarar þeirri spurningu sem hv. þm. beindi að mér í sambandi við hæfi mitt eða vanhæfi í þessum málum og svarar raunar einnig því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði að hér áðan. Þessari úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er ætlað að starfa á stjórnsýslustigi og er endanlega á því stigi en kemur auðvitað hvorki Samkeppnisstofnun né dómstólum við, því að það er hægt að áfrýja úrskurðum hennar.

Ég vil í öðru lagi segja að það er auðvitað eðlilegt að nokkur tími líði áður en frv. til laga um Póst- og fjarskiptastofnun verður að lögum til þess að hægt sé að undirbúa stofnunina, ganga frá nauðsynlegum reglugerðum og öðru sem þar að lýtur. Það er gert ráð fyrir því að samkeppni á GSM-sviði hefjist á miðju næsta ári eins og fram hefur komið í útboðum. Og ef spurt er um það til hverra alþjónustan á að ná, þá er um það að segja að hér á landi eru tvenns konar farsímar. Það er gamli farsíminn sem nær til alls landsins. Síðan er GSM-síminn. Það er gert ráð fyrir því í útboðinu að hann skuli taka til 80% þjóðarinnar. Sá nýi keppinautur sem inn kemur skal hafa búið sig tæknilega undir það að síminn nái til 80% þjóðarinnar á næstu fimm árum, en ég skal jafnframt láta þess getið að GSM-síminn hjá Pósti og síma nær þegar til rúmlega 81% þjóðarinnar. Þessi GSM-sími, ef

ég man rétt, hefur svið fyrir 20–25 km. Síðan er að koma enn einn fjarsími sem aðeins hefur held ég 5 km radíus, ef ég kann þetta rétt, og það er auðvitað óhugsandi að slíkur sími geti tekið til alls landsins en rekstur á slíkum síma hefur ekki hafist hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–12. mál.

Fundi slitið kl. 00:35.

---

50. FUNDUR

fimmtudaginn 19. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 48. mál, þskj. 310, frhnál. 405, brtt. 406. — 3. umr.
5. Tryggingagjald, stjfrv., 145. mál, þskj. 385, brtt. 407. — 3. umr.
6. Virðisaukaskattur, stjfrv., 144. mál, þskj. 265. — 3. umr.
7. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328 og 368, frhnál. 416, brtt. 329 og 417. — Frh. 2. umr.
8. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326 og 400, brtt. 327. — 2. umr.
9. Skipulagslög, frv., 240. mál, þskj. 367. — 1. umr.
10. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380. — 2. umr.
11. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 241. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306, nál. 408. — 2. umr.
13. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308, nál. 410. — 2. umr.
14. Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, stjtill., 54. mál, þskj. 54, nál. 411. — Síðari umr.
15. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Finnur Ingólfsson viðskrh.

Fjarvistarleyfi:
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Fasteignir sem ríkisbankar hafa leyst til sín, 185. mál, svar viðskrh., þskj. 414.

Tekjur ríkissjóðs af slökkvi- og björgunarbúnaði, 126. mál, svar fjmrh., þskj. 415.

Athugasemdir um störf þingsins.

Þingstörf fram að jólahléi.

[10:03]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undangengnum kvöldum hafa þingflokksformenn stjórnarandstöðu hvatt forseta til að reynt yrði að koma sér saman um starfsáætlun fyrir þá daga sem eftir lifa til jólahlés. Nú hefur það gerst eins og kunnugt er að *náðst hefur samkomulag um að setja nokkur þeirra stóru* mála, sem hefðu kallað á bæði mikla umræðu og jafnvel orðið átök um, út af fyrirhugaðri dagskrá. Mun það liðka mjög fyrir því að þingmönnum eigi að verða unnt að ljúka störfum tímanlega fyrir jólahlé. Það er mikils virði að við höfum náð þessu samkomulagi, herra forseti, og þingflokksformenn stjórnarandstöðu munu leggja sitt af mörkum til þess að hér verði viðhöfð góð og skipulögð vinnubrögð og að við getum reynt að leysa mál vel af hendi.

Hins vegar er það svo að í þessum málum sem hér á eftir að ræða og taka til afgreiðslu, svo sem eins og ríkisfjármálum og fjárlögum, er að finna stórpólitískar ákvarðanir sem varða fjölskyldurnar í landinu og það er óhjákvæmilegt að um þau mál verði harðar umræður. Því er mjög mikilvægt að við höldum þannig á málum að slík umræða geti farið fram en að við höldum nokkurn veginn þeim tímamörkum sem við verðum að setja okkur. Því hvet ég til þess að þingmenn haldi uppi öflugri umræðu um þessi mikilvægu mál en reyni að halda þannig á málum að umræðan verði öflug en markviss og að forseti eigi sem nánast samráð við þingflokksformenn um framvindu mála hvern þessara daga þannig að við getum sem best staðið þannig að málum að allir verði sáttir hér þegar við kveðjumst og höldum til jólaverka heima fyrir.

[10:05]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur það verið reglubundið fyrir jól og að vori að það hefur safnast upp mikill fjöldi mála og hefur iðulega verið þannig ástand hér í þessari stofnun að það hefur stundum verið þinginu til lítils sóma hvernig um mál hefur verið farið vegna þess að menn hafa reynt að hella í gegnum þingið mörgum erfiðum og flóknum málum á síðustu klukkutímunum áður en þinginu er frestað eða því slitið.

Það hefur verið stefnt að því í allt haust að reyna að koma þessum hlutum öðruvísi fyrir núna fyrir hátíðarnar og það sýndist örvænt um að það gæti orðið síðustu tvo til þrjá daga. Forseti beitti sér hins vegar með myndarlegum hætti í þessu máli til að reyna að lenda hlutum á eðlilegan hátt og ég tel ástæðu til að færa honum þakkir fyrir það. Ég tel jafnframt ástæðu til að taka undir með hv. 5. þm. Reykn. að öðru leyti og bæta því við að ég teldi skynsamlegt að í framtíðinni yrði reynt að koma vinnu af því tagi sem við, formenn þingflokka og forseti, *unnum hér í nótt, og niðurstöðum hennar þannig*

fyrir, að hún birtist þingmönnum öllum með öðrum hætti en eingöngu í fjölmiðlum.

[10:06]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti sér ástæðu til vegna þessara orða að þakka formönnum þingflokka fyrir mjög gott samstarf við að koma málum áfram og lýsir sérstakri ánægju sinni með það samkomulag sem tekist hefur.

Póst- og fjarskiptastofnun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 164, nál. 374 og 382, brtt. 375.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:11]

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GL, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:08]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stofnunin sem hér er verið að koma á fót verður að teljast óhjákvæmileg afleiðing af umdeildri formbreytingu á rekstri Pósts og síma sem staðfest var á síðasta þingi. Þetta frv. er því miður sama marki brennt og frv. um Póst og síma. Það er ekki nógu vandlega unnið og þrátt fyrir umfjöllun hv. samgn. er enn þörf úrbóta og ýmsum spurningum ósvarað. Vald og umfang þessarar úthlutunar- og eftirlitsstofnunar er allmikið og mikilvægt að henni séu markaðar eðlilegar og skýrar starfsreglur. Á það skortir. Tímans vegna hefði verið ráðrúm til að fara ítarlegar yfir málið og skýra álitaefni þess betur en gert hefur verið, m.a. um skilyrði fyrir rekstrarleyfi, um framkvæmd eftirlits o.fl., en nánari ákvarðanir um slíkt eru meira og minna settar í hendur ráðherra. Stangast það á við markmiðið um sjálfstæði stofnunarinnar. Með tilliti til þessa mun ég sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[10:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að setja á stofn viðamikla og dýra eftirlits- og úthlutunarstofnun vegna væntanlegs frelsis og samkeppni í fjarskiptamálum. Stofnun af þessum toga er nauðsynleg við þær aðstæður. Á hinn bóginn vantar talsvert upp á að hlutverk hennar sé nógu vel skilgreint og sjálfstæði hennar gagnvart samgrh. er ekki nægilega tryggt og þær leikreglur sem henni er ætlað að vinna eftir óljósar.

Í frv. er hins vegar viðurkennd sú hugsun að úthlutun rekstrarleyfa er talin til verðmæta og skulu m.a. boðin út. Það er hliðstætt hugmyndum jafnaðarmanna um veiðileyfagjald í sjávarútvegi. Að öðru leyti er gerð ítarleg grein fyrir þessum atriðum og öðrum í nál. minni hluta samgn. Það er viðhorf þingflokks jafnaðarmanna að þetta frv. þurfi að vinna miklu betur og þess vegna eigi að fresta afgreiðslu þess. Í því ljósi mun þingflokkur jafnaðarmanna sitja hjá við afgreiðslu málsins og lýsa ábyrgð á hendur stjórnar meiri hlutans hér á hinu háa Alþingi.

[10:10]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Með skírskotun til 2. minni hluta samgn., hv. þm. Ragnars Arnalds, munum við þingmenn Alþb. og óháðra sitja hjá við afgreiðslu á þessu máli og þeim tveimur frv. öðrum sem koma hér til meðferðar á eftir. Ástæðurnar hafa sumpart komið fram, m.a. við atkvæðaskýringu hv. 12. þm. Reykn., sem ég tek undir, og vil auk þess bæta við að í frv. eru veigamikil ákvæði meingölluð og við viljum enga ábyrgð bera á því að mál af þessu tagi fari með þessum hætti í gegnum Alþingi.

2.–6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, GL, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 375,1 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, HBl, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, HBl, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 375,2 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, HBl, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, HBl, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9.–12. gr. og ákvæði til brb. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, BH, DO, EOK, HBl, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, RA, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Fjarskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 165, nál. 372 og 384, brtt. 373.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:17]

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna gerir ekki athugasemdir við að opnað sé á aukna samkeppni á vettvangi fjarskiptamála. Það er hins vegar mikilvægt að vel sé frá öllum leikreglum gengið í þeim efnum þegar af stað er farið. Þetta frv. um fjarskipti, þótt mikið sé að vöxtum, lætur ósvarað stórum og mikilvægum spurningum. Það er óviðunandi. Má í því sambandi nefna skort á skilgreiningu á grundvallarþjónustu, svokallaðri alþjónustu, fyrirkomulag og úthlutun rekstrarleyfa, svo sem útboð, undanþágu frá þjónustu við dreifðari byggðir, bein og óbein afskipti samgrh. af framgöngu mála, þrátt fyrir meint vanhæfi hans, o.fl.

Þetta eru vinnubrögð sem ekki eru samboðin hinu háa Alþingi og þykir jafnaðarmönnum brýnt að stoppa í þessi göt og önnur í frv. og fresta eigi afgreiðslu þess fram á vorþing. Af þeim sökum munu jafnaðarmenn sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísa ábyrgð á hendur stjórnarmeirihlutanum með vísan til ítarlegs nál. minni hluta samgn.

Þingflokkur jafnaðarmanna mun hins vegar styðja brtt. meiri hlutans sem lýtur að því að óheimilt sé hverjum einstökum rekstrarleyfishafa að innheimta sérstakt álag vegna langlínusamtala. Efasemdir eru að vísu um heimildir til slíkra skilyrða á samkeppnismarkaði en stjórnarmeirihlutinn og samgrn. telur heimildir þar að lútandi fyrir hendi. Í því trausti munum við greiða þeirri tillögu atkvæði okkar enda um jafnréttismál gagnvart notendum að ræða. [10:16]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Um þetta mál gildir hið sama og um 149. mál. Það er ekki fullunnið og ýmsum spurningum er ósvarað. Um það mætti nefna nokkur dæmi. Ég vil sérstaklega nefna tvennt. Í fyrsta lagi þyrfti að skoða betur ákvæði 6. gr. um skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa og hlutverk samgrh. í því ferli.

Í öðru lagi er furðulegt að menn skuli telja forsvaranlegt að ganga frá þessu máli og binda í lög án þess að fengist hafi niðurstaða í því hvað nákvæmlega felst í hugtakinu alþjónusta, sem er þó mjög mikilvægt atriði í þessu máli öllu. Það segir í skjali frá hv. ráðuneyti til samgn. að það sé hápólitískt mál sem hljóti að vera í höndum ráðherra. Honum er sem sagt eftirlátið að skilgreina þetta lykilatriði á sinn hápólitíska hátt. Ég mun sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

2.–5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 373,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7.–10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ,

IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 373,2 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, StG, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 373,3 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

16.–37. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 373,4 (ný fyrirsögn XVIII. kafla) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

38. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, VS, VE.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SighB, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 373,5 (ný grein, verður 39. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

12 þm. (BH, DO, EOK, HjálmJ, JóhS, KÁ, LMR, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:22]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegur forseti. Um er að ræða brtt. sem ég gerði að umtalsefni áður í atkvæðaskýringu um frv. í heild sinni. Hér er um það að ræða að samþykkja að óheimilt verði að leggja á sérstakt álag vegna langlínusamtala og taki þetta ákvæði gildi 1. júlí 1998. Það er að sumu leyti undarlegt að ákvæði af þessu tagi skuli vera sett í frv. sem fyrst og fremst felur í sér frelsi. Hér er hins vegar um mikilvægt jafnréttismál að ræða fyrir alla landsmenn og hefði málum betur verið farið svo að tillaga stjórnarandstöðunnar hefði verið samþykkt á vorþingi um sama efni þannig að tryggt hefði verið að landsmenn hefðu getað notið þessa jafnræðis örugglega og tryggilega því ýmsir hafa bent á að verulegar efasemdir séu uppi um að á miðju ári 1998 geti þetta ákvæði staðist, bæði tilskipun ESB og ýmsar ábendingar sem m.a. hafa komið

frá Samkeppnisstofnun. En í trausti þess að það standist og fullyrðingar meiri hluta stjórnarinnar séu réttar segi ég já.

39.–40. gr. (verða 40.–41. gr.) og ákvæði til brb. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, StG, SvG, VS, VE, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, HG, JBH, KHG, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, DO, EOK, JóhS, KÁ, LMR, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv.

Póstþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 166, nál. 376, 383 og 401, brtt. 377.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:26]

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÖJ, ÖS.

11 þm. (BH, DO, EOK, JóhS, KÁ, LMR, SF, SP, StB, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:25]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. eru í sjálfu sér litlar breytingar gerðar á núv. fyrirkomulagi póstþjónustu á landinu þrátt fyrir viðamikið frv. í blaðsíðum talið. Þar er í raun slegið á frest að innleiða þá þróun sem er að eiga sér stað annars staðar í Evrópu, nefnilega afnám einkaréttarleyfis og vaxandi samkeppni. Það er einnig í fullkomnu ósamræmi við önnur skyld frv. ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, nefnilega um fjarskipti og Póst- og fjarskiptastofnun. Frv. er hins vegar meinlaust í sjálfu sér og mun því njóta stuðnings þingflokks jafnaðarmanna.

[10:26]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Í framhaldi af breyttum lögum um rekstur Pósts og síma var óhjákvæmilegt að endurskoða lög um póstþjónustu ekki síður en fjarskiptalögin sem voru áðan til umfjöllunar. Þetta þriðja frv. í póst- og símatríóinu er ekki jafnóljóst og illa unnið og hin tvö þótt eðlilegt hefði verið að þau hefðu öll fengið nánari umfjöllun í nefnd samhliða. Afgreiðsla allra þessara frv. hefði vel mátt bíða fram yfir áramót svo tími hefði gefist til að yfirfara þau betur. Ég er hins vegar tiltölulega sátt við efni þessa frv. og mun styðja það.

2.–5. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 377,1 samþ. með 51 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
7.–12. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Brtt. 377,2 samþ. með 52 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
14.–47. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1996, 3. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 310, frhnál. 405, brtt. 406.

[10:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996 en fjárln. hefur gengið frá svohljóðandi frhnál.:

Í ræðu formanns nefndarinnar við 2. umræðu um frumvarpið kom fram að fjallað hafði verið um nokkur mál í nefndinni sem frestað var til 3. umræðu að taka ákvörðun um. Umfjöllun um þau mál er nú lokið í nefndinni og leggur meiri hluti hennar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim fimm breytingum við 3. gr. frumvarpsins sem gerðar eru tillögur um á þingskjali 406, en þær nema alls 133,3 millj. kr. Einstakar breytingartillögur eru skýrðar í athugasemdum með álitinu, auk þess sem fjallað verður um þær í framsögu. Einnig skal þess getið að í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fjármálaráðuneytisins er nú gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjur ríkissjóðs aukist um 1,2 milljarða króna frá fyrri áætlun og verði alls 127,2 milljarðar króna, sbr. breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins.

Skýringar við þær brtt. sem fluttar eru eru eftirfarandi:

Landbúnaðarráðuneyti: Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Lagt er til að heiti liðarins 04-851 verði Greiðslur vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar í stað Greiðslur vegna riðuveiki. Fjárveiting verður óbreytt en eins og nafnið gefur til kynna er gert ráð fyrir rýmri heimild til að ráðstafa henni.

Félagsmálaráðuneyti: Félagsmál, ýmis starfsemi. Farið er fram á 18 millj. kr. viðbótarheimild í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að bjóða 25 flóttamönnum frá Bosníu hæli á Íslandi. Fjárheimildin er ætluð til að standa straum af útgjöldum Ísafjarðarbæjar og Rauða kross Íslands vegna komu flóttamannanna

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið: Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Leitað er eftir 35 millj. kr. viðbótarframlagi til þess að mæta rekstrarvanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni, þar á meðal í Neskaupstað. Unnið er að lausn á fjárhagsstöðu sjúkrahúsanna en þeirri skoðun er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að fjárveitingar til þeirra verði ákvarðaðar endanlega þegar gengið hefur verið frá samkomulagi við stjórnir sjúkrahúsanna um fjárframlög og starfsumfang og að þær verði greiddar út eftir því sem aðhaldsaðgerðir koma til framkvæmda.

Sjúkrahús og læknisbústaðir. Gerð er tillaga um 40,5 millj. kr. aukafjárveitingu til uppgjörs á skuldum vegna framkvæmda við heilbrigðisstofnanir. Þar af eru 23 millj. kr. vegna hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar, Eskifirði, 7,8

millj. kr. vegna hjúkrunarheimilisins Kirkjubæjarklaustri, 5,8 millj. kr. vegna hjúkrunarheimilisins Lundar, Hellu, og 3,9 millj. kr. vegna heilsugæslustöðvar á Stokkseyri.

Samgönguráðuneyti: Vita- og hafnamálastofnun. Gerð er tillaga um 39,8 millj. kr. viðbótarframlag á þessum lið. Framlagið er ætlað til að endurgreiða Hafnarsjóði Vestmannaeyja hlut ríkisins í bótum sem Hæstiréttur dæmdi sjóðinn til að greiða fyrirtækinu Hafverki í kjölfar málaferla varðandi dýpkunarframkvæmdir í Vestmannaeyjahöfn á árinu 1992.

Undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Hjálmar Jónsson og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Þá vil ég geta þess að í skýringum á bls. 33 í fjáraukalagafrv. er gerð grein fyrir fjárveitingum til Byggðastofnunar. Tillaga er gerð um að orðið afskriftasjóður falli út úr texta í athugasemdum undir forsrn. og næstsíðasti málsl. orðist þannig: „Í öðru lagi er gert ráð fyrir 80 millj. kr. framlagi sem renni til Byggðastofnunar til að uppfylla bókanir í viðauka II við fyrri búvörusamning frá árinu 1991."

Fjárlagaskrifstofa fjmrn. hefur lagt lauslegt mat á afkomu ríkissjóðs eftir afgreiðslu fjáraukalaga en endanleg niðurstaða fæst við uppgjörsfjárlög sem lögð verða fram á vorþingi.

Eftirfarandi niðurstöður komu fram í því mati:

Við samþykkt fjárlaga fyrir ári síðan var gert ráð fyrir því að halli á fjárlögum yrði tæpir 4 milljarðar kr. árið 1996. Í frv. til fjáraukalaga 1996 var gert ráð fyrir að hallinn yrði tæpir 3 milljarðar kr. miðað við fjárheimildir frv. Á sama tíma var áætlað að raunveruleg útkoma yrði um 2,7 milljarðar kr. þegar reiknað var með að 300 milljónir komi ekki til greiðslu heldur falli niður við áramót. Við afgreiðslu fjáraukalaga eftir breytingar við 2. og 3. umr. má ætla að hallinn stefni í það að verða um 2 milljarðar kr. eða um helmingi lægri upphæð en samkvæmt fjárlögum miðað við að heimildir sem nemi 300 millj. kr. verði ekki nýttar.

Þegar ég geri grein fyrir þessum tölum þá verður að geta þess að afkoman eftir að gengið er frá fjáraukalögum er 12,3 milljarðar kr. vegna innlausnar á ríkisskuldabréfum sem hefur verið kynnt og verið til umræðu áður en hún mun koma til góða síðar til þess að lækka vaxtakostnað ríkissjóðs.

Það er nú orðið nokkuð ljóst að afkoma ríkisbúskaparins er betri nú þegar sér fyrir endann á árinu heldur en reiknað var með þegar lagt var upp með samþykkt fjárlaga fyrir ári síðan. Ég á þá við afkomuna án innlausnar sem er eins og ég sagði áður sérmál og mun bæta afkomu ríkissjóðs síðar með því að draga úr vaxtakostnaði. Hér er fyrst og fremst um að ræða mikla tekjuaukningu sem kemur til góða en það hefur þó orðið svo að tekjuaukningin hefur ekki farið öll í aukin útgjöld. Þetta er auðvitað fagnaðarefni því það er svo sannarlega þörf fyrir bætta afkomu ríkissjóðs. En ég ætla ekki að fjölyrða um það mál að þessu sinni. Ég mun nánar fjalla um framtíðarhorfurnar við 3. umr. fjárlaga sem fer væntanlega fram hér á morgun. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[10:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég ætla að nefna í andsvari við hv. frsm., formann fjárln. Það snertir 4. lið í sundurliðun, við 3. gr. Sjúkrahús utan Reykjavíkur. Nýr liður undir liðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Í áliti er segir:

„Leitað er eftir 35 millj. kr. viðbótarframlagi til þess að mæta rekstrarvanda sjúkrahúsa á landsbyggðinni, þar á meðal í Neskaupstað."

Eins og hv. þm. Jóni Kristjánssyni og öðrum í fjárln. vafalaust er kunnugt um er halli á sjúkrahúsinu talinn um 40 millj. kr. samkvæmt greinargerð frá stjórn sjúkrahússins í Neskaupstað. Og ég átta mig ekki á því hvernig rekstraraðili sjúkrahússins, ríkið, ætlar að láta sjúkrahúsið búa við það að safna áfram halla eða búa áfram við hallarekstur og jafna ekki þennan halla sem safnast hefur upp og hverfur auðvitað ekki út í buskann. Auk þess hef ég heyrt að boðaður sé áframhaldandi samdráttur fjárveitinga til sjúkrahúsa á landsbyggðinni upp á 60 milljónir á næsta ári og meira á þarnæstu árum. Ég átta mig ekki á að þetta sjúkrahús, sem ég þekki vel til, nái því að búa við óbreyttar fjárveitingar miðað við það að halda uppi bráðaþjónustu allt árið. Ég inni þess vegna eftir því af hverju þarna í fjáraukalögum er ekki gert ráð fyrir að jafna þann halla sem hefur safnast upp og liggur fyrir.

[10:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir því varðandi þetta mál að á fjáraukalögum 1995 var 75 millj. kr. hagræðingarliður til þess að jafna halla nokkurra sjúkrahúsa og þessi hagræðingarliður er endurvakinn með þessari 35 millj. kr. fjárveitingu. Það er í rauninni aðeins sjúkrahúsið í Neskaupstað sem á eftir að ganga frá í þessum efnum og það er vegna þess að úttekt og tillögur stjórnar bárust á lokastigi og það er hlutverk heilbrrn. að ganga frá samningum við sjúkrahúsið um aðgerðir í kjölfar þess. Sá samningur lá ekki fyrir en ég tel að það eigi að vera svigrúm til þess, þegar það liggur fyrir, að ná því að jafna hallann, að ná langt til upp í það takmark án þess að þjónustu sjúkrahússins verði stefnt í voða.

[10:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vona sannarlega að það markmið náist sem hv. þm. gat um og ég held að stefnt verði í voða ef það á að skerða bráðaþjónustuhlutverk sjúkrahússins með t.d. sumarlokunum. Varðandi uppgjörið þá skil ég það ef heilbrrn. hefur ekki gert upp um málin og ætlar að doka við þess vegna, þ.e. að fá aukafjárveitingu vegna þess að ekki hafi verið gengið frá reikningum eða sem sagt að uppgjörið liggi ekki hreint fyrir. En þessi 40 millj. kr. tala er það sem hefur verið fram borið og það er alveg ljóst að ekki verður það brúað með einhverri hagræðingu á næsta ári sem mun verða erfitt að ná fram þó að vilji standi til þess að fá þar einhverju um þokað til lækkunar. Einhver skuld yfirfærð á næsta ár léttir því auðvitað ekki það markmið að hagræða í rekstrinum og þessi uppsafnaði halli eða það sem eftir stendur hverfur ekki. Þetta gerir hv. þm. sér vafalaust fulla grein fyrir og hefði verið affarasælast að þetta væri sléttað út núna með þessum fjáraukalögum þannig að þessi uppsafnaði halli hyrfi.

[10:45]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hefur ekki verið hægt að ganga þannig frá málum varðandi sjúkrahúsin almennt að halli þeirra hafi verið jafnaður til fulls og það verður vafalaust svo í þessu tilfelli einnig að það verður ekki hægt með þessari fjárveitingu að jafna til fulls þessa reikninga. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ekki var til fulls gengið frá þess-

um málum vegna þess að samningur milli ráðuneytisins eða endanleg niðurstaða í þessum málum lá ekki fyrir. Ég vil aðeins segja það hér að þessi ákvörðun eins og hún liggur fyrir felur ekki í sér ákvörðun um að leggja niður bráðavaktir á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Ég vil að það komi fram að þær ákvarðanir sem hér eru teknar fela það ekki í sér.

[10:46]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Minni hluti fjárln. sá ekki ástæðu til að leggja fram sérstakt framhaldsnefndarálit enda allt komið fram í áliti okkar á þskj. 288 fyrir 2. umr. sem við töldum rétt að leggja áherslu á. Þar var að vísu fyrst og fremst fjallað um helstu atriði varðandi útgjaldahliðina. En nú höfum við fengið nýjustu tölur á tekjuhliðina og þær eru að sjálfsögðu allrar athygli verðar þótt ekki komi þær beinlínis á óvart. Sannast það sem fyrr var ljóst jafnvel við afgreiðslu fjárlaga fyrir ári, og þó enn frekar eftir því sem liðið hefur á árið, að tekjurnar voru verulega vanáætlaðar ekki síður en útgjöldin. Það er eins og fyrri daginn eitthvað annað en raunveruleikinn sem ræður við fjárhagsáætlun ríkisins hvort sem við köllum það óraunsæi, óskhyggju eða svartsýni eftir því hvað um er að ræða hverju sinni. Hækkun tekna frá fjárlögum er þannig nú talin nema 6,3 milljörðum kr. og ætti að vera nokkuð áreiðanleg tala þar sem inn eru komnar tekjur ellefu mánaða ársins og tiltölulega auðvelt að sjá fyrir heildarniðurstöðutölur ársins.

Tekjupóstarnir breytast mismunandi mikið og þar vekur einna mesta athygli mikil hækkun tekjuskatta eða tæplega 3,6 milljarðar í allt og þá ekki síður að fyrst og fremst einstaklingar standa undir þeim auknu sköttum en fyrirtækin síður. Ástæður þessa eru svo sem ekki flóknar. Aðstæður í atvinnulífinu hafa farið batnandi. Það hefur dregið úr atvinnuleysinu og tekjur einstaklinga hafa hækkað á heildina litið. Sú hækkun hefur síðan að stórum hluta skilað sér í ríkiskassann vegna þess að persónufrádrátturinn er fastsettur til alls ársins en hækkar ekki hlutfallslega í takt við launaþróun eins og áður var.

Hvað fyrirtækin varðar er alltaf nokkuð um að þau skili ekki skattframtölum og fái þess vegna á sig áætlun sem oftast er höfð nokkuð rúm og kemur reyndar að lokum fram sem óinnheimtar skattaskuldir það sem út af stendur. En hvað sem um það má segja, sem er sérmál út af fyrir sig, þá virðist nú sem fyrirtækin hafi staðið óvenjuvel í skilum með sín framtöl og því auðveldara en oft áður að átta sig á lokatölum úr þeirri áttinni.

Liðurinn, Skattar á vörur og þjónustu, hækkar einnig mikið eða um rúmlega 1,5 milljarða. Þó er virðisaukaskatturinn þarna inni sem lækkar í raun um hálfan milljarð frá því sem áætlað var. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að umtalsverð aukning fjárfestingar varð á árinu eða um 25% og virðisaukaskattur af þeim sökum skilar sér ekki fyrr en síðar. En vörugjöldin skila hins vegar liðlega 1 milljarði í viðbótartekjur frá því sem áætlað var og þar vegur þyngst bifreiðainnflutningur og sömuleiðis tekjur af almennu bensíngjaldi. Að auki er margvíslegur annar innflutningur sem skilar meiru en búist var við. Til viðbótar eru svo auknar tekjur af bifreiðagjaldi og eru þá stærstu málin upptalin.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um brtt. meiri hlutans á útgjaldahlið frv. Þær eru skýrðar í nál. meiri hlutans og ég styð þær allar. Mér finnst þær eðlilegar og við tókum fullan þátt í afgreiðslu þessara liða. Það má kannski segja um þann lið sem fjallar um aukningu framlaga til félagsmála, ýmis starfsemi, að það er svo sannarlega sjálfsagt framlag af ríkisins hálfu því þetta er vegna ákvörðunar um að bjóða 25 flóttamönnum frá Bosníu hæli á Íslandi og er ætlað til að standa straum af útgjöldum vegna komu flóttamannanna. En rétt er að taka fram að sú ákvörðun var tekin fyrir síðustu áramót, í nóvember eða desember það ár. Ég man ekki alveg nákvæmlega hvenær ákvörðunin var tekin en alla vega var hún tekin fyrir löngu og því hefði átt að vera löngu búið að ganga frá því af hvaða lið fjárlaga þetta fjármagn er tekið.

Um aðra liði er það eitt að segja að upp koma að venju óhjákvæmileg atriði í sambandi við rekstur sjúkrahúsa. Hér er enn verið að taka á vanda sjúkrahúsa úti á landi og þarf ekki að bæta við það sem fram fór hér á milli hv. síðustu ræðumanna um það efni. Ég hefði reyndar óskað þess að meiri hlutinn tæki upp brtt. minni hlutans við 2. umr. að minnsta kosti að einhverjum hluta og kæmu til móts við rekstrarvanda heilsugæslunnar í Reykjavík, sem eins og kunnugt er stafar fyrst og fremst af aðhaldsaðgerðum á sjúkrahúsunum í Reykjavík sem valda því að biðlistar lengjast, fólk fer veikara inn á sjúkrahús, fólk er sent fyrr heim en áður var og það kallar á aukna heimahjúkrun sem veldur vaxandi halla hjá heilsugæslustofnunum. Því miður var ekki fallist á að taka þyrfti á þeim vanda núna og hann mun halda áfram að vaxa að mínu mati og einhvern tímann kemur að skuldadögunum í þessu efni.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það sem hér er til umfjöllunar. Ég reikna með að minni hlutinn styðji allur þessar brtt. meiri hlutans en að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins sem er að sjálfsögðu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans.

[10:55]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er ekki ástæða til hafa langa umræðu um það sem fyrir liggur í sambandi við fjáraukalög nema að ítreka að óhætt er, eins og minni hluti fjárln. hefur margoft komið inn á með vísan til ábendingar Ríkisendurskoðunar, að um uppsöfnun óráðstafaðra heimilda er að ræða hjá ráðuneytunum. Það er eðlilegt að leita heimilda þegar útgjaldatilefni er til staðar og menn ætla að hefja fjárheimild.

Það kom fram í ræðu minni hlutans við 2. umr. að nokkur atriði yrðu til umfjöllunar milli umræðna í fjárln. og gerði talsmaður minni hlutans grein fyrir þeim. Þá var líka ljóst að niðurstöður vantaði varðandi tekjuaukningu en það er ljóst nú að miðað við síðustu niðurstöðu við endurskoðun aukast tekjur ríkissjóðs enn um 1,2 milljarða kr. og verða 127,2 milljarðar kr. á móti því að gert var ráð fyrir tekjum upp á tæpa 120 milljarða kr. á sl. hausti. Ber þá allt að sama brunni. Tekjur voru vægast sagt mjög varlega áætlaðar og útgjöld verulega vanáætluð miðað við það sem minni hluti fjárln. gerði ráð fyrir á sl. ári. Þessi atriði, herra forseti, tel ég að hljóti að vera skoðunarverð. Ég virði að sjálfsögðu varfærni en menn hljóta að vilja skoða raunsæjar athugasemdir. Heildarfrávik tekjuáætlunar fjmrn. vegna ársins 1996 er 6,3 milljarðar og það sama ætlar að verða upp á teningnum hjá hæstv. ríkisstjórn núna. Tekjuspáin er reiknuð eftir vafasömum forsendum og þensluaðgerðir ríkisstjórnarinnar miðast við það sem ekki er tekið til greina í tekjuforsendum. Það eru mjög undarleg vinnubrögð, herra forseti, eða réttara sagt að mjög vafasamt er að taka við slíkum vinnubrögðum eins og viðhöfð eru.

Það er rétt að benda mönnum á og það má vera ljóst að vandi mun koma upp á árinu 1997 vegna rekstrarvanda Sjúkrahúss Reykjavíkur, því stofnunin mun verða með 190 millj. kr. skuld frá árinu 1996. Rekstrarvandi mun verða að lágmarki 150 millj. kr., þannig að skuldir Sjúkrahúss Reykjavíkur verða a.m.k. 341 millj. kr. í lok ársins. Ég held að ástæða sé til að hafa áhyggjur af þeim vaxtakostnaði sem verður til út af þessum vanda. Ef farið er yfir málin varðandi Ríkisspítala á sama hátt, þá stendur dæmið þannig, að skuld frá fyrra ári er um 260 millj. kr. Rekstrarvandi 1997 verður um 227 millj. kr. Skuld Ríkisspítalanna í árslok verður því um 487 millj. kr.

Herra forseti. Ég benti á það við fjárlagaumræðuna í fyrra að fyrirsjáanleg væri vöntun upp á 450–500 millj. kr. á fjárlögum vegna þessara stofnana. Það kemur nú fram sem framlag á fjáraukalögum. Ég bendi núna á þá staðreynd að fyrirsjáanlega vantar 828 millj. sem ættu að vera í fjárlögum ársins 1997. Það er einnig ljóst að þó svo stofnunum sé gert að dragast með skuldir upp á 300 millj. á milli mánaða, þá vantar samt fyrirsjáanlega 500 millj. kr. inn á fjárlög vegna ársins 1997. Það mun koma í ljós við fjárlagagerð næsta árs. Ég spyr: Hvers konar leikfimi er hér á ferðinni? Hvaða markmiðum eru menn að reyna að ná? Ef til vill á hv. formaður fjárln. örðugt með svör annað en að segja að svona ætli þeir að gera þetta.

Ég hef haft uppi áróður fyrir breyttum vinnubrögðum varðandi fárreiður ríkisins, þ.e. að fjárlagatillögur verði raunhæfar og fyrirsjáanleg útgjaldatilefni séu afgreidd inn í fjárlagafrv. í hvert sinn. Það geri ég enn athugasemd um nú varðandi árið 1997. Ég lýsi óánægju yfir þeim vinnubrögðum að fyrirsjáanleg útgjaldatilefni séu ekki tekin inn í fjárlög.

Herra forseti. Að öðru leyti vísa ég til nál. minni hlutans við 2. umr. og síðan umsagnar hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur varðandi atkvæðagreiðslu um brtt. meiri hlutans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 385, brtt. 407.

[11:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 407 við frv. til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Þessi brtt. felur í sér að við lögin verði bætt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að er sett hafi verið lög um tryggingasjóð einyrkja skuli tekjur af af atvinnutryggingagjaldi einyrkja af reiknuðu endurgjaldi þeirra sem falla munu undir gildissvið þeirra laga renna í þennan sjóð.

Hæstv. forseti. Þetta er einföld ráðstöfun gerð í því skyni að tryggja að hinn væntanlegi tryggingasjóður einyrkja muni hafa þær tekjur sem honum ber.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 265.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130, nál. 328 og 368, frhnál. 416, brtt. 329 og 417.

[11:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er eitt af stóru málunum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þetta eru þær lagabreytingar sem þarf til til þess að áform ríkisstjórnar sem birtast í fjárlagagerðinni nái fram að ganga. Þess vegna hefur það verið svo að þessi umræða um ríkisfjármálin hefur oft verið sú beittasta sem fram fer hér í tengslum við stefnu ríkisstjórnar og þær aðgerðir sem hún grípur til við fjárlagagerð hverju sinni. Þannig er með ríkisfjámálin að þau eru sett fram í bandormi, sem er frekar ólýðræðislegt form eins og ég hefur áður vikið að. Þar er raðað saman lagabreytingum, breytingum á mörgum lögum og þau eru rædd í einu lagi. Það er frekar auðvelt, kjósi menn svo, að fara hraðferð á lýðræðið með slíku frumvarpi. Þannig gerðist það í fyrra að í einu vetfangi voru aftengd nærri 40 lagaákvæði og sum þeirra og reyndar mjög mörg kváðu á um lögbundna tekjustofna sem á sínum tíma höfðu verið settir í lög við öfluga umræðu og sterka pólitíska umfjöllun. Mér finnst það mjög alvarlegt, virðulegi forseti, og ég rifja það upp til þess að við höldum til haga þingræðishugmyndafræðinni um það að hvert þingmál fái sem besta og lýðræðislegasta umfjöllun.

Bandormur og fjárlög eru samofin mál og þetta sett birtir okkur stefnu ríkisstjórnar. Sú ríkisstjórn sem hér er að setja fram fjárlög hefur setið í 20 mánuði og það verður að segjast eins og er að á þessum 20 mánuðum höfum við ekki fengið að kynnast sterkri pólitískri sýn og þaðan af síður hefur okkur birst framtíðarsýn þessarar ríkisstjórnar. Hins vegar höfum við fengið að kynnast áherslum hennar og þær áherslur eru enn sem komið er þær einar að draga úr alls staðar. Draga saman seglin, skera niður, draga úr framlögum og spara. Nú er ég ekki andvíg því að farið sé vel með almannafé og reynt að halda þannig á málum að við höldum bæði verðbólgu í skefjum og vöxtum niðri. En það er sorglegt til þess að hugsa að ríkisstjórn sem hefur í orði haft svo góð áform uppi skuli í raun og veru vera rígbundin nú eftir nær sex ár, ef ég lít til þess að hæstv. forsrh. hefur verið oddviti ríkisstjórnar í tæp sex ár, að forustan skuli fyrst og fremst hafa snúist um það að reyna að aftengja, draga úr velferðarþjónustu, minnka þjónustu og skerða framlög. Það er það sem birtist okkur og það er það sem birtist þjóðinni í verkum þessarar ríkisstjórnar.

Ég hef einsett mér það, virðulegi forseti, að eyða ekki mjög löngum tíma í umfjöllun um ríkisfjármálin þó að mér liggi mjög mikið á hjarta um það sem birtist í frv. og nál. frá

efh.- og viðskn. Ef við víkjum t.d. að menntamálunum, sem vikið var mjög sterklega að í ræðum þeirra sem þegar hafa talað í þessu máli, þá einkennir þau harka og skattheimta. Það er umhugsunarefni hvernig okkur birtast viðhorf til unga fólksins í landinu. Ég hef nefnt að það fer lítið fyrir framtíðarsýn ríkisstjórnarinnar og það verður að segja alveg eins og er að það birtast engin áform né aðgerðir af hálfu menntmrh. sem beinast að því að fjárfesta í unga fólkinu. Við heyrum það á hátíðarstundum að auður landsins sé æska landsins. Að fjárfesting í menntun og fjárfesting í unga fólkinu sé fjárfesting til framtíðar. En þegar kemur að aðgerðunum er svo afskaplega langt frá orðum til athafna og þá bólar lítið á aðgerðunum sem ættu að sjást til þess að þessi orð fái eitthvert gildi.

Virðulegi forseti. Ég tel að nýr menntmrh. þurfi sannarlega að fara að taka sig á. Það er vegna þess að þegar við horfum yfir þessa 20 mánuði þá hefur ekkert sérstakt verið að ske í menntmrn. Það sem við höfum verið að fjalla um, t.d. í fyrra, og snýr að menntamálunum, að Alþingi hefur sett ný grunnskólalög og ný framhaldsskólalög eru verk sem unnin voru undir forustu fyrrv. menntmrh. og lágu í raun og veru fyrir í lok síðasta kjörtímabils. Þau stóru lög sem ríkisstjórnin setti í upphafi síns ferils núna, í þessu samstarfi, er í raun og veru verk fyrrum menntmrh. Ég hlýt að spyrja hæstv. núv. menntmrh.: Hvert ætlar hann að stefna í menntamálum? Hvaða framtíðarsýn ætlar hann að boða okkur? Þannig að við getum haft einhverja þá mynd að stefna hans sé meira en orðin tóm þegar við lítum til þess að verkin eru fyrirrennara hans en það sem hann sjálfur kemur með hingað inn á þing er samdráttur, niðurskurður, hvort heldur er framhaldsskólar, lánasjóður eða önnur verk.

Ég ætla ekki að fjalla neitt um nefndarálitið sem slíkt, hvorki hvað varðar fallskattinn né annað sem minni hlutinn nefnir í sínu áliti. Þar er gerð vel grein fyrir þeim málum og þeir sem hér hafa þegar talað hafa farið hörðum orðum um þau áform en ég nefni það sem minni hlutinn tekur fram í nál. að eitt alvarlegasta vandamálið í íslensku þjóðfélagi er skortur á stefnu og auknum fjármunum til menntamála. Það er hægt að draga okkar skoðun í þessa einu setningu og það er hægt að draga saman gagnrýni á ríkisstjórnina í menntamálum í þessa einu setningu: skortur á stefnu og skortur á auknum fjármunum til menntamála. Og þar til eitthvað verður gert í þessum málum er tómt mál að tala um að fjárfesta í unga fólkinu og að fjárfesta í menntun. Ég kalla eftir viðbrögðum menntmrh. varðandi þessi mál.

Það sem mér liggur alvarlega á hjarta, virðulegi forseti, eru þau félagslegu mál sem eru til meðferðar í þeirri nefnd sem ég starfa í sem er félmn. og eru þau verkefni sem ég hef eytt mestum krafti í á mínum pólitíska ferli. Það eru félagsmálin og málefni fjölskyldunnar og það er ekki hægt annað en að hafa áhyggjur af því hvert stefnir í þessum málum í höndunum á núv. ríkisstjórn.

Þegar sett voru lög um málefni fatlaðra fyrir fjórum árum þá náðist um þau lög víðtæk samstaða. Í þeim lögum fólst mikill boðskapur um að hverfa frá stofnanaþjónustu, hverfa til þess að styðja fatlaða til sjálfsbjargar með aukinni liðveislu, með stuðningi út í atvinnulífið. Reyna að hverfa frá því að vera að byggja upp dýra, verndaða vinnustaði þar sem fatlaðir eru lokaðir af í afmörkuðum verkefnum þó að allir geri sér grein fyrir því að slíkir vinnustaðir verði að vera til staðar. Að styðja fatlaða til sjálfstæðrar búsetu ýmist í íbúðum, á sambýlum ýmiss konar, og hafa fjölbreytt búsetuúrræði þannig að hægt sé að koma til móts við þarfir hvers og eins og að hverfa frá þungum ómanneskjulegum stofnunum. Þetta eru mikilvæg mál í nútímaþjóðfélagi þó að það sé alveg ljóst hvað varðar fatlaða með þunga fötlun að þá verða að vera til staðar þjónustustofnanir sem veita bæði félagslega og heilbrigðislega þjónustu. Allt þetta er að finna í lögunum um málefni fatlaðra og þess vegna var svo brýnt að halda til streitu þeim áformum að erfðafjársjóður rynni óskiptur til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, sem eins og allir vita stendur undir þeim framkvæmdum sem þarf til þess að hægt sé að breyta búsetuúrræðum fatlaðra.

Ég held því til haga í þeirri umræðu, virðulegi forseti, að það var gert samkomulag um útskriftir af Kópavogshæli, en Kópavogshælið er ein stærsta stofnun sinnar tegundar í þessum málaflokki og er skráð sem heilbrigðisstofnun þó að upp undir 90–100 einstaklingar hafi átt þar heimili sitt undanfarin ár og áratugi. Þessu var áformað að breyta með skipulögðum útskriftum af Kópavogshæli á nokkurra ára bili þannig að þeir sem eiga þarna heimili sitt og þurfa ekki að búa á heilbrigðisstofnun mundu flytjast til annarra staða. Þetta hefur jafnframt verið gert á Sólborg á Akureyri en eins og þingmenn vita er Sólborg núna menntastofnun og var keypt undir starfsemi Háskólans á Akureyri en þeir íbúar sem til margra ára áttu þar heimili sitt hafa horfið til annarra búsetuúrræða, ýmist í íbúðir eða á sambýli sem staðsett eru á ýmsum stöðum á Norðurlandi og í mörgum tilfellum hafa fatlaðir þar með flust nær heimahögum sínum. Fyrir utan slík áform, að flytja með skipulögðum hætt einstaklinga til nýrrar búsetu, þá bíður á biðlistum fjöldi einstaklinga í þéttbýlinu.

Meðan verið var að byggja upp sambýli og úrræði fyrir norðan til þess að losa Sólborg þá biðu þeir sem vinna með þessi mál hér á suðvesturhorninu þolinmóðir, ef hægt er að nota það orð, eftir að að þeim kæmi. Hér er þéttbýlið. Hér eru flestir einstaklingar sem eiga bæði um sárt að binda og í erfiðleikum. Hingað hverfur oft fólk þegar erfiðleikar steðja að af því fólk treystir því að á suðvesturhorninu sé þjónustan betri en á stöðum út um land. Við því var m.a. verið að bregðast með lögunum um málefni fatlaðra, að sporna gegn því að fólk þyrfti að rífa sig upp úr heimahögum og flytjast suður. Þess vegna fékk landsbyggðin forgang í uppbyggingu sambýla og þess vegna hefur suðvesturhornið beðið meðan verið var að taka á þessum úrræðum, meðan var verið að flytja út 37 einstaklinga af 100 á Kópavogshæli og meðan var verið að flytja út einstaklinga af Sólborg á Akureyri og finna þeim búsetu í takt við nýja tíma. Þegar kemur að suðvesturhorninu, þar sem má segja að neyðin sé mest, þá er skrúfað fyrir fjármagn í Framkvæmdasjóð fatlaðra og þá er sagt: Nú er búið að gera nóg.

Virðulegi forseti. Af því að mér finnst að þau mál sem ég mun ræða hér, málefni fatlaðra, starfsmenntamál o.fl., séu svo þýðingarmikil og brýnt að koma athugasemdum á framfæri við félmrh. þá bið ég um það að hann sé kvaddur í húsið ef hann er ekki hér eða kvaddur í salinn ef hann er í húsinu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hann er í húsinu. Forseti gerir ráðstafanir.)

Ég þakka forseta fyrir. Og hver er þá staðan hér á suðvesturhorninu hjá þeim sem hafa beðið eftir að að þeim kæmi meðan var verið að framkvæma þá stefnumörkun að fyrst yrði tekið á málum þeirra sem byggju úti um land til að snúa við þeirri óheillaþróun að fjölskyldur rifu sig upp með rótum og flyttu í angist sinni á suðvesturhornið þar sem þjónustan hlyti að vera betri og þar sem a.m.k. fram til

síðustu ára var að finna félagslega þjónustu hjá stóru sveitarfélögunum sem í mörgum tilfellum var ekki að finna úti um land? Jú, staðan er sú að það var upplýst á fundi félmn. í síðustu viku að á biðlista í Reykjavík eftir búsetuúrræðum eru 191 einstaklingur. Þessar upplýsingar eru ekki einhverjar þrýstiupplýsingar. Þetta eru ekki upplýsingar sem teknar eru saman af hagsmunasamtökum til þess að sýna fram á háa tölu ef menn skyldu halda það. Þessi tala kom fram hjá Vilhjálmi Vilhjálmssyni, formanni Sambands sveitarfélaga, í umfjöllun um ýmis mál sem hann kom til okkar í félmn. út af og lét í ljós áhyggjur sínar út af því að þörfin væri brýn á suðvesturhorninu og núna þegar ætti að taka á þar væri ekkert fjármagn.

Hvernig er þá staðan á Reykjanesi? Hún er þannig, virðulegi forseti, að um 120 einstaklingar bíða eftir búsetuúrræðum og sá listi er þannig samsettur að þar eru sjö einstaklingar á aldrinum 6–11 ára sem bíða, átta einstaklingar 12–15 ára, 28 einstaklingar 16–20 ára, 58 einstaklingar 21–40 ára og 21 einstaklingur eldri en 41 árs. Nú mundu e.t.v. einhverjir segja sem svo: Það er nú í lagi með þetta unga fólk. Það hlýtur að hafa aðbúnað heima hjá sínum fjölskyldum úr því að það er búið að byggja upp góða liðveislu og stoðþjónustu. Það er þá frekar að það verði litið til þeirra sem eldri eru. En ef við lítum eingöngu til þeirra sem eldri eru þá erum við að tala um 80 einstaklinga sem bíða á aldrinum 21 árs og eldri, 80 manns sem bíða eftir úrræðum. Og varðandi þá sem yngri eru verð ég að benda á það, af því að ég þekki málaflokkinn vel, virðulegi forseti, að margir þeir sem eru yngri eru einstaklingar með svo mikla fötlun að jafnvel þó foreldrana dreymi um að hafa þessi börn á heimilinu — vegna þess að þessi fötluðu börn eru ekki minna elskuð af foreldrum sínum en þau sem heilbrigð eru og ég þori að fullyrða ef eitthvað þá er kærleikurinn enn þá sterkari vegna þess að umhyggjan er svo rík og ótti um afdrif og aðbúnað þessara barna þegar foreldra mun ekki njóta lengur við. — Þess vegna er það að þegar foreldrar grípa til þess ráðs að sækja eftir því að þessi börn komist í önnur úrræði þá er það vegna þess að fötlunin er svo þung að foreldrar ráða ekki einir við þessi mál.

Þannig er staðan, virðulegi forseti, á suðvesturhorninu. Við þessar aðstæður á að veita framlag til eins sambýlis fyrir einhverfa. Það er sambýli sem er búið að bíða lengi eftir. Það eru mál sem við höfum tekið utandagskrárumræðu um þannig að þingmenn þekkja það. Og þingmenn þekkja það líka eftir umræður í þessum sal að einhverfir greinast nú fleiri en áður og greinast fjórir til átta einhverfir á hverju ári og þess vegna er þörfin mjög brýn. Þess vegna er það mjög mikilvægt að úr því að veitt er framlag til sambýlis að það sé fyrir einhverfa. Ég minni á það að skammtímavist sem hefur verið rekin að Hólabergi — en skammtímavist er eins og þingmenn vita úrræði sem er til að hjálpa til í þeim tilfellum þar sem börnin hafa fasta búsetu heima hjá foreldrum. Þau fara í skammtímavistina ýmist ákveðna daga eða ákveðnar helgar í mánuði til að létta á örþreyttu heimili. En til langs tíma hafa þrír einhverfir einstaklingar frá 9–13 ára haft fasta búsetu á slíkri skammtímavistun af því að úrræði þeirra voru engin. Þess vegna er mjög mikilvægt að þetta sambýli skuli rísa fyrir einhverfa. En það er sorgleg staðreynd að á sama tíma og félmrh. hefur ákveðið að nú sé ekki þörf á því að erfðafjársjóður renni óskiptur til málaflokksins, til frekari uppbyggingar, þá skuli þessi mikla þörf vera á suðvesturhorninu, í Reykjavík og Reykjanesi, á meðan reynt hefur verið að gera eins og unnt hefur verið á Norðurlandi. Þetta finnst mér döpur staðreynd og ég hvet til þess, ef þess er nokkur kostur, að ráðherrann endurskoði hug sinn milli 2. og 3. umr. Hann hefur nú verið að ná sér í nokkur prik hjá þeirri sem hér stendur, sem annars hefur gjarnan verið uppi með harða gagnrýni á stefnu ráðherrans. Mikið skelfing mundi það mælast vel fyrir hjá öllum sem þekkja þennan málaflokk vel ef ráðherrann reyndi að liðka til í þessum málum á milli 2. og 3. umr.

Það er auðvitað engin staða að draga svona harkalega saman í Framkvæmdasjóði fatlaðra þegar þörfin er svona brýn og draga þannig saman í málaflokknum að ekki mun nást annað en að ljúka þeim heimilum á næsta ári sem eru í byggingu og voru komin í byggingu áður en þetta framlag er veitt. Vegna þess að þau sem gætu komið í rekstur gera það ekki þar sem ekki er veitt til rekstrar.

Þetta er mjög mikilvægt og ég minni á það að Framkvæmdasjóður fatlaðra er fremur ungur þannig að menn verða að gera sér grein fyrir því að þetta er ekki sjóður sem í marga áratugi sem slíkur hefur verið að veita fé til uppbyggingar. Hann var stofnaður 1978 að frumkvæði Alþýðuflokksins, að tillögu Jóhönnu Sigurðardóttur, og hann hefur bylt aðbúnaði fatlaðra um allt land. En þið sjáið að það eru innan við tveir áratugir síðan þessi sjóður var stofnaður og hann hefur haft gífurleg verkefni og hans bíða gífurleg verkefni enn þá.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að ég get ekki leyft mér að dvelja of lengi við þessi mál. Ég hef sjálf vakið þá umræðu að við reyndum að vera skipuleg í umræðunni og ná því að ljúka við öll þessi mál á næstu tveimur dögum. En ég hlýt að benda á að í lögunum um málefni fatlaðra sem voru lögfest fyrir fjórum árum þá var bent á mikla neyð geðfatlaðra. Í þeim lögum var í raun og veru í fyrsta skipti verið að viðurkenna geðsjúkt fólk sem varanlega fatlað sökum þessa sjúkdóms. Það höfðu þessir einstaklingar ekki verið áður. Það var ákveðið í þeirri lagasetningu, Alþingi ákvað það, að gert yrði fimm ára átak þar sem veitt yrði 20 millj. kr. á hverju ári sérstaklega til málefna geðfatlaðra. Þessar 20 milljónir yrðu eyrnamerktar í fjárlögum, sérstakt framlag ríkisins hvert ár, 20 milljónir, til geðfatlaðra. Í fjárlögunum í fyrra var þess sérstaklega getið í greinargerð af hæstv. félmrh. að þarna væri að finna 20 millj. kr. ríkisframlag sem væri fjórða framlag af fimm til þessa átaks í málum geðfatlaðra. Ég var afskaplega ánægð með þetta í fyrra og hafði orð um það.

Nú kemur fjárlagafrv. þar sem verið er að draga heiftarlega saman í málaflokknum og 255 milljónir látnar renna í ríkissjóð af lögbundnum tekjustofni erfðafjársjóðs. Þá gerist það jafnframt að 20 millj. kr. framlagið, hið fimmta og síðasta samkvæmt lögum sem Alþingi setti, hverfur, er hvergi getið og sést ei meir. Þetta eru óviðunandi vinnubrögð. Það eru óviðunandi vinnubrögð að Alþingi skuli setja lög við langa og ítarlega umræðu, taka ítarlega umræðu um stöðu þessa sérstaka hóps fatlaðra, geðfatlaðra, sem var smánarblettur á okkar velferðarþjóðfélagi, og gert sé um það samkomulag og sett í lög á Alþingi að 20 milljónir á fimm ára tímabili skuli vera veitt sérstaklega til málaflokksins, að þá skuli það gerast þegar fimmta árið gengur í garð að þá er bara sagt að nú þurfi ekki að gera þetta meira. Og hverjum dettur í hug að það þurfi ekki þegar ég hef rakið þörfina í málflokknum í fáum orðum?

Ég veit að félmrh. mun koma hér upp og tíunda hvað hafi verið gert á liðnum árum í málum geðfatlaðra. Hvað hafi

verið veitt þangað og hingað sem samanlagt geri yfir 100 millj. kr. Ég veit það vegna þess að ég bað um upplýsingar um þetta í félmn. og mér voru sendar sérstaklega upplýsingar um hverja einustu krónu sem hefði runnið til geðfatlaðra. Ég segi bara: Og hvað með það þó Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi látið renna af þeim sjóði sem hann hafði til umráða til þessa mikilvæga uppbyggingarstarfs umfram þær 20 milljónir á ári sem Alþingi ákvað að skyldu renna til þess á fimm ára tímabili? Það er ekki eins og Alþingi hafi verið að binda ríkisstjórnir til tíu eða tuttugu ára — fátæk fimm ár voru það sem Alþingi ákvað að svona skyldi staðið að málum. En á fimmta ári ákvað ríkisstjórnin, þessi stefnulausa ríkisstjórn, þessi ríkisstjórn sem er svo laus við framtíðarsýn, þessi ríkisstjórn sem fjárfestir ekki í nokkrum sköpuðum hlut nema sjálfri sér vegna þess að hún dregur stöðugt saman seglin og segir fólki sífellt að nú verði þeir sem minnst hafa og bágast eiga að sætta sig við lakari kjör og minni úrbætur vegna þess að það sé verið að taka á í ríkisfjármálum, hún ákvað að fella þetta 5. framlag niður.

Engin forgangsröðun er hjá ríkisstjórn sem hefur ákveðið að vera með ramma og að öll ráðuneyti skuli skera niður, óháð því hvort þar séu félagsleg verkefni eða einhver önnur dægurverkefni. Má þar nefna forganginn þegar á sínum tíma var ákveðið að byggja stórt og dýrt hæstaréttarhús hér á meðan dregið var saman og skorið niður í öllum viðkvæmu félagsmálaþáttunum. Og af hverju var það? Af hverju gat það gerst í ríkisstjórn þar sem það er staðreyndin á liðnum árum að annar flokkurinn hefur verið félagslega- eða samvinnusinnaður? Jú, vegna þess að ríkisstjórnin er ekki eins og sveitarstjórnirnar þegar menn koma sér saman um það á lægra stjórnsýslustigi að nú skuli menn setja menntamálin algjörlega í forgang eða félagsmálin eða dagvistaruppbygginguna og önnur mál bíða. Nei, hjá svona ríkisstjórn verða allir að fá sitt og ekkert er sett í forgang, nema hvað? Hvað er það sem er sett í forgang? Það er það sem við drögum fram í þessari lokarispu fyrir jólahlé.

Virðulegi forseti. Mér er þungt í huga með það hvernig haldið er á þessum málum fatlaðra. Ég hefði óskað þess að ráðherrann hefði haldið öðruvísi á málum. Félmn. var að afgeiða frv. hæstv. ráðherra um breytingar á lögum um málefni fatlaðra. Það mál var afgreitt einróma út úr félmn. Að því máli ætla ég að standa. Í því máli felst sú stefnumörkun að málaflokkurinn verði færður til sveitarfélaganna. Um það náðist full samstaða enda komið með breytingar sem sú sem hér stendur taldi mikilvægar inn í þau lög. Ég tel að björgin í mörgum af þeim verkefnum sem við köllum nærverkefni fjölskyldnanna sé að þau fari yfir til hins stjórnsýslustigsins, yfir á sveitarstjórnarstigið, þar sem íbúarnir hafa betri aðgang að stjórnmálamönnunum, skýrari mynd af því hvernig þeir sem þeir hafa valið til áhrifa halda á fjármununum, útsvarinu, skattinum. Hvaða forgangur er gerður hjá viðkomandi sveitarstjórn. Þetta er eina vonin til þess að þetta þjóðfélag sem við búum í haldi áfram að vera velferðarþjóðfélag og verði byggt upp sem slíkt. Sú mynd sem maður hefur haft af stefnunni í ríkisstjórn þar sem allt er jafnað út og ekkert fær forgang, engin umhyggja eða birta yfir verkunum — bara dregið saman og allt sett undir mælikvarða fjármagnsins. Það er vonlaust að vera með þessi þýðingarmiklu verkefni í höndunum á slíku fólki. Og þess vegna mun ég fagna því sérstaklega og, virðulegi forseti, halda afskaplega jákvæða ræðu þegar það frv. kemur hér til 2. umr., væntanlega síðar í dag eða á morgun.

Virðulegi forseti. Það er annað mál sem ég ætla hér að ræða við félmrh. og reyndar lét ég sérstaklega kalla í hann út af því, vegna þess að ég er ekkert of bjartsýn á að ég geti haft áhrif á hann varðandi málefni fatlaðra en ég er enn að vona að ég geti haft áhrif á ráðherrann varðandi starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna. Þau mál hefur ráðherrann fært undir Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem þau eiga engan veginn heima. Og ég hef af því þungar áhyggjur, virðulegi forseti, að sú ákvörðun hafi verið tekin, að færa þennan þýðingarmikla sjóð, Starfsmenntasjóðinn, undir atvinnuleysistryggingar. Ég skal upplýsa af hverju ég er svo áhyggjufull um það. Það er vegna þess að formaður nefndarinnar sem vann atvinnuleysistryggingafrumvarpið hefur talað þannig, og það er mjög erfitt, virðulegi forseti, að hafa eftir einhver slík orð vegna þess að hv. þm. er náttúrlega ekki hér í salnum. Og við það verðum við að búa, stjórnarandstæðingar, að menn láta sig litlu varða, þegar stóru málin eru að koma á dagskrá, að vera hér. Ég hefði talið það mjög mikilvægt að sá þingmaður, félagi minn úr kjördæminu, hefði verið við þessa umræðu, þar sem verið er að taka á málum að undirlagi hans, en það verður svo að vera fyrst hann sér ekki ástæðu til þess. Hann hefur talað þannig að ríkissjóður eigi ekki að fjármagna námskeið nema fyrir atvinnulausa. Það séu námskeiðin sem ríkissjóður eigi að fjármagna. Að öðru leyti eigi mál að vera undir menntakerfinu, undir handarjaðri hæstv. menntmrh. Unga fólkið sem hefur flosnað upp úr skóla eigi bara að fara inn í skólana aftur. Í frv. um atvinnuleysistryggingar, sem ég ætla ekki að taka til umræðu hér, virðulegi forseti, birtist okkur sú sýn, eina framtíðarsýnin hjá þessari ríkisstjórn, að ungt fólk eigi bara að fara í forsjá mömmu og pabba. Og hafi það verið komið út á vinnumarkaðinn og misst vinnuna þá á það að fara aftur í forsjá mömmu og pabba, enda gengið út frá því að það séu mamma og pabbi til að halda utan um börnin til 18 ára aldurs, og fara í framhaldsskóla. Það eigi þau bara að gera. Þess vegna hlýt ég að hafa áhyggjur af því að við þær aðstæður sem verið er senda slíkan boðskap inn á Alþingi og út í þjóðfélagið skuli það gerast að Starfsmenntasjóðurinn, sem var svo mikilvægt úrræði, skuli vera færður undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Og ég er enn að vona það, virðulegi forseti, að það sé einhver misskilningur í málinu sem hafi fengið hæstv. félmrh. til að fallast á að flytja sjóðinn þangað. Það er nefnilega þannig að þegar þessi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru sett, þá voru þetta gífurlega mikilvæg lög. Og það var full samstaða um þau á Alþingi. Að vísu voru nokkrir einstaklingar hér sem ekki máttu til þess hugsa að fræðslustarf væri annars staðar en undir menntmrn., ég viðurkenni það, en í stórum dráttum var full samstaða um þau hér í þessu húsi og milli aðila vinnumarkaðarins, ekki síst launþegahreyfingarinnar. Það var tekið saman fyrir svona þremur, fjórum eða fimm árum hve margir hefðu fengið úthlutað úr Starfsmenntasjóði og þá voru það um sjö þúsund einstaklingar. Ég hef þess vegna gefið mér það að hann sé orðinn á annan tug þúsunda hópurinn sem hefur fengið stuðning til endurmenntunar úti í atvinnulífinu í gegnum þennan sjóð. Og við hvaða aðstæður er þetta? Það eru 50–60% sem fara út úr skólakerfinu án þess að hljóta formlega menntun og framhaldsmenntun. Þetta kom m.a. fram hjá hæstv. menntmrh. á ágætu þingi hér í haust, að það væri svo stór hópur, u.þ.b. 50% á vinnumarkaði, sem væri ekki með framhaldsmenntun.

Unga fólkið í dag í þessum hópi, sem er þannig statt, er dæmt til að flosna upp. Og ég deili þeirri von að við náum

því að sem flest ungt fólk ljúki skólagöngu, fari í gegnum framhaldsskólann og að hann beri gæfu til að aðlaga sig þannig að hann haldi þessu unga fólki innan borðs, en missi það ekki út á götuna eða í vinnu, sem annaðhvort verður ekki til framtíðar eða eitthvað sem óljóst er hvort viðkomandi haldi eða geti framfært sig á. Þetta unga fólk er dæmt til að flosna upp og það þarf oft að byrja á grunnfræðslu þegar þetta fólk kemur í hendur fræðslusamtaka, sem er hvenær? Þegar þetta unga fólk er búið að flosna upp úr skóla, þegar það er búið að leita út á vinnumarkaðinn, vera á vinnumarkaði og vera þeir einstaklingar sem fyrst eru settir út þegar harðnar á dalnum. Þá koma þeir fyrst í gegnum atvinnuleysisbætur og í hendurnar á þeim sem eru með fræðslu- og starfsmenntun í atvinnulífinu og þá kemur í ljós að það þarf oft að byrja á grunnfræðslunni með þetta unga fólk. Og það hefur tekist. Í mörgum tilfellum hefur fólkinu sem heldur utan um fræðslustarfið í verkmenntuninni tekist að draga að þetta fólk og vekja áhuga þess með öðrum hætti en gert er í skólakerfinu. Það er þetta sem gerir starfsmenntun í atvinnulífinu afar mikilvæga. Auk þess er okkur bent á, í öllum löndum í kringum okkur, að til að afstýra atvinnuleysinu og til þess að reyna að halda uppi öflugu atvinnustigi, fyrir utan það auðvitað að geta boðið upp á störf, þá verði að gera fólki kleift að vera hæft til starfa, aðlaga sig til nýrra starfa þegar störf úreldast. Þess vegna er símenntun, endurmenntun, fullorðinsmenntun, hugtak sem er orðið almennt samofið þjóðfélagshugmyndafræðinni og félagshyggjunni í nágrannalöndum okkar. Og þetta er það sem gerir það að verkum að oft er talað um „det nordiske model" á Norðurlöndunum, alveg óháð því hverjir eru við stjórnvölinn í þessum löndum og það er haldið um þessa hluti jafnt af konservatífum sem öðrum í ríkisstjórnum nágrannalandanna. En hér hjá okkur á Íslandi er eins og við séum svo fáfróð um það sem máli skiptir, við erum svo lítið upptekin af gildunum í okkar þjóðfélagi, að þegar peningakvarðinn kemur og mér liggur við að segja, virðulegi ráðherra, fjandans ramminn sem á að fylla, þá liggur allt undir. Þess vegna segi ég að starfsmenntun í atvinnulífinu voru einhver merkilegustu fræðslulög sem hafa verið sett, síðustu lög, og er ég þá ekki að gera lítið úr menntakerfi okkar. Ég tel að það að draga úr þessu eða stefna þessum málum í hættu sé gífurleg afturför. Og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þeir sem hafa unnið að málefnum atvinnulausra segja að það sé sérstök reynsla að kynnast því hvernig þetta fólk tileinkar sér fræðslu, endurmenntun og annað þegar það kemst í hendurnar á þeim sem hafa skilning á þessum málum og taka á í þeim, alveg óháð aldri, þó að ég beri mest fyrir brjósti unga fólkið sem flosnar upp. Það er alveg ljóst að þessi lög hafa mikið gildi enn þá.

Ég veit að það liggur hér frammi brtt. um að félmrh. og sjútvrh. eigi að gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunar, um að árlega skuli verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu. Ég er búin að sjá þessa tillögu, virðulegi forseti, þó ekki sé búið að mæla fyrir henni. Ég verð að segja að mér finnst þetta vera að klóra í bakkann. Það hefur engan tilgang að láta Starfsmenntasjóðinn millilenda inni í Atvinnuleysistryggingasjóði. Félmrh. ætti bara að taka um það ákvörðun hér og nú að taka Starfsmenntasjóðinn út vegna þess að eftir það sem á undan er gengið þá treystir enginn svona ákvæði. Það treystir því enginn að þessi sjóður fái nokkra verulega stöðu eftir að búið er að rífa hann úr sínu umhverfi og setja hann í allt annað umhverfi þar sem verið er að fást við allt aðra hluti.

Virðulegi forseti. Ég talaði hér áðan um bandorminn. Ég talaði um lögin sem við erum að setja sem eru oft rifin úr samhengi í einu vetfangi í bandormi ríkisstjórna hverju sinni. 17. des. var samþykkt brtt. efh.- og viðskn. þar sem lagðir voru til sérstakir tekjustofnar sem áttu að renna annars vegar til Staðlaráðs og hins vegar til Icepro. Þetta var gagnrýnt hér, ekki af því að menn væru ekki stuðningsaðilar að þessu, heldur vegna þess að þeir töldu að það væri óþarfi lengur að eyrnamerkja slíka þætti. Og ég ætla að segja það hér úr þessum stól, að sú tillaga sem þar var samþykkt er fyrir mér algjört grín. Hún er fyrir mér algjört grín. Ég lít svo á að að þessu sinni muni Staðlaráð og Icepro fá sitt prómill af þessum gjaldstofni, en ég tek ekki mark á þessu plaggi fyrir fimm aura að það muni gerast næsta ár eða þarnæsta ár, vegna þess að í fyrra aftengdi þessi bandormur í ríkisfjárlögum bókstaflega alla tekjustofna, a.m.k. á velferðarsviðinu, í einu vetfangi. Í stuttri umræðu eins og hér verður þetta allt sett út og menn halda hér ræður um að það eigi ekkert að binda hendur ríkissjóðs og þess vegna lít ég á þetta sem grín.

Virðulegi forseti. Af því ég hef einbeitt mér að Framkvæmdasjóði fatlaðra, starfsmenntun í atvinnulífinu og velferðarmálunum, þá ætla ég í lok ræðu minnar jafnframt að nefna það, vegna þess að ég fór hér orðum um þetta eina sambýli sem nú verður byggt af rausnarskap þessarar ríkisstjórnar og er fyrir einhverfa, að hér átti ég orðastað við heilbrrh. fyrir ekki alllöngu um framlag hennar á síðustu fjárlögum til barna- og unglingageðdeildar. Þá hét það svo fallega að 12 millj. kr. yrði veitt til þess að stofna upplýsingamiðstöð fyrir foreldra og aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda. Það kom fram í svari ráðherrans til mín að þessi upplýsingamiðstöð hefur ekki farið af stað að öðru leyti en því að foreldrar, það er kannski ljótt að orða það svo, sem álpast til að hringja þangað, munu fá einhver svör vegna þess að þar er sérstakur hjúkrunarfræðingur sem svarar. Það hafa verið ráðnir sérfræðingar til starfa, og ég geri mér grein fyrir því að það var full þörf á því, vegna erfiðleikanna sem eru þarna. En þarna byrjar forvarnastarfið, þarna byrjar vinnan með einhverfa. Barna- og unglingageðdeildin sendi frá sér þau skilaboð í upphafi þessa árs að hún treysti sér ekki til að taka á móti fleiri einhverfum börnum til meðhöndlunar og meðferðar. Það mál er í höndum félmrh. Mér er kunnugt um að hann hefur skrifað bréf til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins til þess að biðja hana að koma með tillögur í þessari stöðu — hvað sé hægt að gera. Barna- og unglingageðdeildin vísar frá sér og Greiningarstöðin fær boltann sem fyrir rest verður hjá félmrh. og heilbrrh. í öllum niðurskurðinum. Ég hlýt að spyrja: Hvernig líður þeim nú?

[11:46]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. talaði hér fjálglega og af mikilli tilfinningu. Hún rakti hvernig biðlistarnir voru byggðir upp af fyrirrennurum mínum og við þeim tók ég. Höfuðáherslan var á það að rýma Sólborg og Kópavogshæli. Það er rétt hjá henni að vegna þess að farið var að búa til ný búsetuúrræði fyrir þá sem þegar höfðu athvarf, skulum við segja, þá mynduðust biðlistar af því að það var verið að leysa í annað skipti úrræði fyrir þá sem voru á þessum tveimur stofnunum. Það var skipulega að þessu staðið með Sólborg en ekki, því miður, með Kópavogshæli því það var ekki gengið frá fjárveitingum til þess að það væri unnt og

við höfum verið að glíma við það mál enn þá. Það er ástæðan fyrir því að biðlistar hafa myndast. Það hefur verið gerð úttekt í Reykjavík á málefnum fatlaðra og í henni kemur í ljós að það eru um 100 einstaklingar sem þurfa einhver úrræði. Svipuð tala mun vera á Reykjanesi. Þetta er auðvitað mjög erfitt að búa við og verður að vinna að því að leysa þetta mál og sjá fyrir endann á því áður en málaflokkurinn er fluttur til sveitarfélaganna eða gera ráð fyrir því að þessi mál leysist fyrir þann tíma.

Hér hefur verið gert nú og oft áður mikið veður út af því að Framkvæmdasjóður fatlaðra hafi verið skertur. Ég þarf ekki að endurtaka það. Ég veit að hv. þm. vita það allir að Framkvæmdasjóð fatlaðra er nú eingöngu ætlað að fjármagna framkvæmdir. Rekstur sem hefur líka verið fjármagnaður fram að þessu eða í nokkur ár af ráðstöfunarfé framkvæmdasjóðs er færður á aðra fjárlagaliði. Það sem skiptir máli í þessu sambandi þegar menn eru að tala um málefni fatlaðra er það að málaflokkurinn sem slíkur fær tæpum 200 millj. kr. meira á næsta ári heldur en hann fékk í fjárlögum þessa árs. Það eru 2.318 millj. kr. sem ætlað er í málefni fatlaðra í heild á fjárlögum þessa árs. Á næsta ári er áformað að taka í notkun fimm sambýli. Það voru fjögur tekin í notkun á þessu ári. Á þessu ári var komið upp sambýli fyrir einhverfa í Tjaldanesi og í undirbúningi er að setja á fót fagteymi um málefni einhverfra.

Það er kannski ástæða til þess að fara örfáum orðum um stöðuna í málefnum fatlaðra því ég er ekki alveg viss um að hv. þm. viti um hana nógu nákvæmlega. Fjöldi sambýla á landinu eru 72 og í þeim búa 373. Eins og ég sagði áðan hafa verið opnuð fjögur sambýli á þessu ári og þar af tvö vegna útskrifta af Kópavogshæli. Meðalrekstrarkostnaður hvers sambýlis er 12–13 millj. kr. Á næsta ári er gert, eins og ég sagði, ráð fyrir fjórum til fimm nýjum sambýlum þar af einu eða tveimur vegna útskriftar af Kópavogshæli. Til frekari liðveislu á þessu ári er varið 80 milljónum og er fjöldi þjónustuþega um 270. Á næsta ári er ætlað að verja 100 milljónum til frekari liðveislu og það er 20% hækkun miðað við liðið ár. Það er gert ráð fyrir að fjöldi þjónustuþega þá verði 320, þ.e. 50 fleiri fá þjónustu í frekari liðveislu. Fjöldi hæfingarstöðva og dagvistarstofnana er tólf og þeirrar þjónustu njóta 314 einstaklingar. Verndaðir vinnustaðir eru átta og þar starfa 280 einstaklingar. Þá njóta rúmlega 100 einstaklingar liðveislu á almennum vinnumarkaði. Það eru reknar 14 skammtímavistanir. Upplýsingar um fjölda þjónustuþega liggja ekki fyrir en dvalarsólarhringar í þessum skammtímavistunum kosta í kringum 14 þús. Hjá stuðningsfjölskyldum kosta dvalarsólarhringarnir u.þ.b. 8 þús. Á fjórum heimilum fyrir börn búa 18 einstaklingar. Í fjárlagafrv. næsta árs er heimild fyrir nýju heimili í umdæmi Svæðisskrifstofu Reykjaness fyrir einhverf börn og þar er áætlað að búi fimm til sex einstaklingar.

Hv. þm. ræddi um málefni geðfatlaðra og þjónustu við þá. Eins og hún réttilega tók fram var í gildi samningur um fimm ára framlög til þessa sérstaka verkefnis, þ.e. um 100 millj. kr. framlag frá ríkissjóði sérstaklega til þess arna. Það er búið að verja til málaflokksins á fjórum árum um 100 milljónum, þ.e. frá ríkinu beint eru komnar 80 milljónir og 20 til viðbótar hafa komið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Það varð samkomulag um það við þessa fjárlagagerð að lengja þetta tímabil um eitt ár, þ.e. á fjárlögum næsta árs verða 20 milljónir til málefna geðfatlaðra sérstaklega merktar. Og ég get alveg lofað hv. þm. að það verður gengið frá því. Þá eru komnar samtals 120 milljónir til þessa verkefnis sem upphaflega var áætlað að verja í 100 milljónum og e.t.v. tekst á þessu ári að opna til viðbótar þeim heimilum sem ég hef verið að nefna eitt heimili fyrir geðfatlaða. Það eru uppi um það hugmyndir en þær eru ekki fullmótaðar enn þá þannig að ég tel að það sé of snemmt að slá neinu föstu um það.

Hv. þm. talaði líka um starfsmenntun í atvinnulífinu. Til starfsmenntunar í atvinnulífinu á þessu ári verður varið 47 milljónum. Á næsta ári verður varið í málaflokkinn 47 milljónum sem er nákvæmlega sama upphæð og varið var til þessa verkefnis á þessu ári. Til atvinnumála kvenna sérstaklega verður varið 20 milljónum og það er líka sama upphæð og á þessu ári. Út af fyrir sig hefði verið gaman að verja meiri peningum í þetta. Hins vegar var það viðhorf mitt og okkar í félmrn. að það bæri að setja málefni fatlaðra í forgang og sú hækkun sem við höfðum svigrúm til er fyrst og fremst í málefnum fatlaðra. Peningarnir eru engu verri þótt þeir komi í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og ég skil ekkert í þeirri tortryggni sem kemur fram hjá einstökum þingmönnum vegna þess. Ríkissjóður er í bakábyrgð fyrir Atvinnuleysistryggingasjóði og ef Atvinnuleysistryggingasjóður getur ekki gegnt skyldum sínum með þeim fjármunum sem hann fær, ef svo illa færi að atvinnuástand snöggversnaði og við kæmum til með að búa við mikið atvinnuleysi á næsta ári sem ekki eru nú horfur á núna, þá er ríkissjóður í bakábyrgð fyrir atvinnuleysistryggingunum.

Ég rakti í svari við fyrirspurn í gær, herra forseti, margvíslegar aðgerðir á vegum félmrn. og námskeið fyrir atvinnulausa. Ég tel mjög mikilvægt að sinna starfsmenntun í atvinnulífinu og það er mikilvægur málaflokkur. Ég tel líka að það sé mjög mikilvægt að verja fjármunum til atvinnumála kvenna sérstaklega. Ég held að þeim peningum sé vel varið og þó að þar sé ekki um stórar fjárhæðir að ræða þá verða þær til þess að örva framtak og þeir fjármunir skila sér.

Herra forseti. Ég ætla ekki orðlengja þetta meira. Ég held að ég hafi komið fram svörum og útskýringum við þeim spurningum sem til mín var beint.

[11:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vék ekki að upphæðunum í Starfsmenntasjóð en ég bið þingmenn að minnast orða ráðherrans að það eigi ekki að vera verra að þessi Starfsmenntasjóður sé fluttur undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Já, ég ber ugg í brjósti út af því. Ég hef á þessu illan bifur og ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Aðeins vegna umfjöllunar um fatlaða og að verið sé að setja meira fjármagn þarna inn. Ég vek athygli á því að það er verið að flytja á milli heilbrrn. og félmrn. ákveðinn rekstur sem var á Kópavogshælinu. Það var rekstur sem sneri að fötluðum. Hann var undir öðru ráðuneyti og það hækkar ekkert framlög til fatlaðra þó sá rekstur flytjist á milli ráðuneyta og komi yfir til félmrn. Þessi rekstur er talinn með í því þegar ráðherrann er að reyna að draga upp mynd af að hann sé að auka framlög í málaflokkinn. Að sjálfsögðu þegar opnuð eru sambýli sem hafa verið í byggingu undanfarin ár þá eykst eitthvað reksturinn. Við kunnum nú a.m.k. þann reikning.

En ég ætla að nefna það, virðulegi forseti, að Sólborg var seld í fyrra. Hún var seld fyrir 80 milljónir. Það var búið að leggja út fjármagn fyrir norðan fyrir sambýlum og þetta var endurgreiðsla fyrir það. Þá voru 80 milljónirnar taldar fram sem framlög og viðbætur í framkvæmdasjóðinn.

Í samanburði á milli áranna í fyrra og ársins á undan þá voru 80 milljónirnar hafðar inni af því þá var það hagstætt. Í umræðunni í haust um framlögin í fyrra þegar verið er að gera samanburð er 80 milljónunum sleppt. Þetta er leikur að tölum.

Virðulegi forseti. Minni hlutinn var með tillögur varðandi framkvæmdasjóðinn. Hann tók tillit til þeirra 107 milljóna í liðveislu sem eru farnar í rekstur. Hann tók tillit til þeirra þannig að af þessum 255 milljónum stendur enn þá dágott eftir þó vísað sé til liðveislunnar sem veitt var til úr framkvæmdasjóðnum. Og framlögin til geðfatlaðra voru sérstök ríkisframlög þó hægt sé að tíunda að framkvæmdasjóðurinn hafi komið að öðrum verkefnum.

[11:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé engin ástæða til þess að tortryggja Atvinnuleysistryggingasjóð. Það sé alveg ástæðulaust. Þessir peningar eru merktir og verða notaðir til starfsmenntunar í atvinnulífunu, 47 milljónir, og 20 milljónir til atvinnumála kvenna.

Að sjálfsögðu kostar rekstur sambýla eitthvað, sagði hv. þm. Það var nú út af fyrir sig viðurkenning að hún skyldi hafa tekið eftir því. Því mér finnst að í allt of mörgum tilfellum átti menn sig ekki á því að rekstur kostar. Það er gaman að byggja en það kostar líka að reka. Að byggja sambýli kostar í kringum 20 milljónir en árlegur rekstur þess kostar 12–15 milljónir.

[12:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo sem ekki mikil þörf á því að koma hér upp aftur. Ég ætla bara að nefna það varðandi orð ráðherrans að það hefur aldrei hvarflað að mér að svo illa gæti verið komið fyrir ríkisstjórn að það væru byggð sambýli en reksturinn væri ekki settur í gang þegar þau stæðu tilbúin þó ég viti að það hafi oft dregist. Ég þekki mjög vel til bæði til rekstrar og framkvæmda í þessum málaflokki.

[12:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég man frá fyrri tíð eftir töluverðum umræðum á Alþingi m.a. um dvalar- og hjúkrunarheimilið Eir sem stóð fullbúið í marga mánuði, ef ekki skipti árum, áður en það var tekið í notkun vegna þess að það var ekki hugsað fyrir fjármagni til rekstrar. Ég hygg að það hafi nú komið fyrir með sambýli líka að ekki hafi verið hugsað fyrir rekstrinum þegar menn í ákafa sínum byggðu. Það er afar nauðsynlegt að reyna að nýta fjármagnið sem best og að því er unnið. Að reyna að gera sem mest úr peningunum og reyna að hafa þjónustuna sem besta eða fullnægjandi fyrir sem allra flesta sem hennar þurfa að njóta.

[12:01]

Útbýting þingskjala:

Póst- og fjarskiptastofnun, 149. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 424.

Póstþjónusta, 151. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 425.

[12:01]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að ræða nokkur atriði í kaflanum um heilbrigðis- og tryggingamál. Ég hef, bæði í þingflokki mínum og í heilbr.- og trn., gert nokkrar athugasemdir og fyrirvara við ráðstafanir í heilbrigðismálum. Þá ber fyrst að nefna fyrirvara við þá tilhögun sem lögð er til, að í stað fjögurra stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík komi ein stjórn. Ég tel þar vera kominn möguleika á útboði á þjónustu frá einum aðila sem þjónar nærri helmingi landsmanna. Þar með yrði að sjálfsögðu einnig tilvísunarskyldan enn einu sinni komin til umræðu en hún er, eins og mörgum er kunnugt, algjörlega andstæð skoðunum mínum og leiðir að mínu mati eingöngu til verri og dýrari þjónustu og minni skilvirkni. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að setja saman eina stjórn vegna þess að skýringarnar á því að setja saman eina stjórn hafa verið þær að kvartanir frá aðilum í heilbrigðisþjónustunni um að þessar fjórar stjórnir væru frekar slappar og berðust ekki jafnharkalega fyrir málefnum hvers heilsugæslusvæðis fyrir sig þannig að það væri allt eins gott að setja þetta í eina stjórn. Ég tel að við svona stóra einingu sem er verið að skapa sem þjóna skal nær helmingi landsmanna þá muni samtímis því að hætta á útboði leiði til tilvísunarskyldu þar að auki verða hætta á því þegar ákveðnir aðilar fá fastan samning við svona útboð séu þessir aðilar jafnvel ekki þeir bestu til þess að sinna þessum störfum þar sem líklegast yrðu það þeir sem byðu lægst sem fengju starfið.

Hugsanlega mundi svona fyrirkomulag minnka stórlega gæði og jafnvel afköst heilbrigðisþjónustunnar og ekki síst endurnýjun og framþróun í þessum þætti heilbrigðisþjónustu sem og öðrum þáttum hennar eins og þegar er farið að bera á. Ég er þá að tala um endurnýjun á starfskrafti og framþróun, þ.e. nýtt blóð inn í heilbrigðisþjónustuna. Mér er vel kunnugt um það að læknar, heimilislæknar t.d. og jafnvel sérfræðingar sem hafa komið hingað til landsins, en mér er kunnugt sérstaklega dæmi um heimilislækna, sem hafa ekki fengið leyfi til þess að praktísera sem heimilislæknar. Þar með er komin á þessi stöðnun í heilbrigðisþjónustu sem ég hef verið að ræða um. Þar að auki tel ég að með svona útboðum skapist hætta á broti á samkeppnisreglum. Nú veit ég að það er nokkur hópur aðila sem eru í einkapraxís, eins og kallað er, í heimilislækningum og það mun að sjálfsögðu rétta við eitthvað þennan halla sem ég tel verða á heilbrigðisþjónustunni, faglega og í þróun.

Samt sem áður tel ég afar varasamt að hafa eina framkvæmdastjórn, eina stjórn yfir öllu heilsugæslubatteríinu. Það eru sérstakar stjórnir í öðrum og mun minni kjördæmum úti á landi sem ráða sínum ráðum en hér í Reykjavík, með okkar rúmlega 100 þús. manns, eigum við að hafa eina stjórn yfir allri heilsugæslunni. Ég tel það mjög varasamt og vil vekja athygli þingmanna á þessu máli því það verður erfitt að snúa til baka þegar svona mál er einu sinni komið á koppinn.

Í öðru lagi var beðið um umsögn um það að taka af allan vafa um hvað átt sé við með sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru ef ríkinu. Sendi heilbrrh. minnisblað til heilbr.- og trn. því til skýringar. Þetta minnisblað fylgir þó ekki sem fylgiskjal í þingskjölum frá efh.- og viðskn. en ég er þeirrar skoðunar að minnisblaðið sem ég hef séð sé ekki fullnægjandi og þar að auki loðið. Í minnisblaðinu eru ríkisrekin sjúkrahús talin upp og bent á að það séu Ríkisspítalar og flest sjúkrahús utan Reykjavíkur svo sem Fjórðungssjúkrahús Akureyrar, Sjúkrahús Húsavíkur, Suðurnesja, Akraness o.fl. Síðan eru tiltekin nokkur sjúkrahús sem eru rekin af sveitarfélögum. Þar eru tiltekin Sjúkrahús Reykjavíkur, einkasjúkrahús og sjálfseignarstofnanir.

Þetta orðalag nægir mér engan veginn þar sem þessar stofnanir eru að langmestu eða öllu leyti fjármagnaðar af rík-

inu og er þá ekki orðinn mikill vandi að snúa skilgreiningu um sjúkrahús rekin af sveitarfélagi við í það og skilgreina þau sem ríkisrekin vegna fyrirkomulags fjármögnunarinnar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það liði ekki á löngu þar til að sjúkrahús sem rekin eru af sveitarfélögum væru komin undir allt aðra skilgreiningu. Þess vegna tel ég að það þurfi að bæta og skýra textann þannig að enginn vafi leiki á hvað meint er með skilgreiningu á sjúkrahúsum sem rekin eru af sveitarfélögum og sú skilgreining verði varanleg þangað til Alþingi viðurkenni annað.

Þetta tel ég ekki síst mikilvægt vegna þrýstings ákveðinna afla til þess að sameina Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur. Ég hef, eins og þekkt er, iðulega varað við slíkri sameiningu vegna hættu á því að metnaður manna til að halda uppi gæðum og framförum í heilbrigðisþjónustu hér á landi minnki. Það er nefnilega þannig að framfarir í heilbrigðisþjónustu, þó að okkur finnist þær stundum dýrar og það séu stundum keypt tvöföld tæki — þó ekki dýrustu tækin heldur ódýr tæki, að þessi tvöföldun hefur oft skapað ákveðinn metnað milli sjúkrahúsanna og bætt þjónustuna fyrir sjúklingana. Við verðum að hugsa um það fyrir hverja við erum að vinna. Við erum að vinna fyrir borgarana, við erum að vinna fyrir sjúklingana sem koma á sjúkrahúsin og þeirra ættingja og við verðum fyrst og fremst að hugsa um það hvernig við getum veitt sem besta þjónustu á sem hagkvæmastan máta. En ég tel að sú sameining sem rætt hefur verið um í mörg herrans ár muni ekki til lengdar skapa neina hagræðingu í heilbrigðisþjónustunni og alls ekki bæta gæðin. Enn fremur höfum við haft reynslu af sameiningu Borgarspítala og Landakotsspítala og vitum að það er hægara sagt en gert að standa í slíkri sameiningu, ekki síst þar sem starfsemin byggist á mannafla og mannleg samskipti skipta sköpum.

Ég vil í þessu sambandi líka nefna að þeir sem hafa talað fyrir sameiningunni hafa sagt að erlendir ráðgjafar hafi sagt sem svo að íslensk hátæknisjúkrahús ættu að verða eitt og við ættum að bera okkur saman við sjúkrahús erlendis. Það er gott og blessað fyrir það fólk sem er að vinna á sjúkrahúsunum, hefur aðgang að fagritum og þekkir hvernig mæla skal þjónustu, gæði og framþróun í heilbrigðisþjónustunni. Þetta getur almenningur ekki. Almenningur hefur ekki neina möguleika á því að velja, skoða og meta hver gæðin eru þegar ekki er nema um einn valkost að ræða. Ég efast um það að við þingmenn mundum ef við þyrftum á hjartaaðgerð að halda eða öðru slíku, reyna að meta í bak og fyrir hvert ætti að fara ef bera ætti saman gæði þjónustu eins hátæknisjúkrahúss í Reykjavík og svo hins vegar kannski í Edinborg eða annars staðar, hvað þá heldur almenningur, og hvað þá heldur ef um minni aðgerðir er að ræða, t.d. botnlangaskurð sem margir telja lítið hættulegan en getur orðið stórhættulegur við ýmis tilvik.

Ég vil einnig segja það í þessu sambandi að ég ber kvíðboga fyrir þeirri þróun sem hefur orðið á viðhorfum heilbrigðisstétta til starfa sinna eftir þær miklu breytingar og átök sem við höfum orðið að fara í gegnum á undanförnum árum í heilbrigðisþjónustunni þó ég viðurkenni fúslega að mikil hagræðing var nauðsyn. Það er nefnilega svo að um tíma hefur verið laust prófessorsembætti í röntgenlækningum á Landspítalanum og það hefur ekki fengist neinn til þess starfa. Þetta virðist vera ákveðin þróun sem er að gerast, að þeir sem fara til útlanda til að læra bera saman aðstöðu hér og aðstöðu þar sem þeir starfa nú, þeir eru kvíðnir og vilja heldur koma fyrst til reynslu hingað heim áður en þeir taka endanlega ákvörðun um hvar þeir ætla að dvelja.

Í þriðja lagi tel ég vafasamt að á sama tíma og rætt er um að veita sveitarstjórnum ábyrgð á heilsugæslu í viðkomandi héraði þá verði heilsugæslan sameinuð sjúkrahúsunum sem ríkið ber líklega áfram, að ég tel, rekstrarlega ábyrgð á. Það verður ekki auðvelt að snúa til baka og skipta rekstrinum upp í heilsugæslueiningu annars vegar á vegum sveitarfélaga og sjúkrahús hins vegar á vegum ríkis þegar þar að kemur. Í því sambandi vil ég minna á þann leik sem leikinn var á sínum tíma þegar heilsugæsla og sjúkrahús voru rekin hlið við hlið, það eru nú ekki nema um 15–20 ár síðan (**Gripið fram í:** 8–9 ár) já, kannski 8–9 ár síðan, að sjúkrahúsin voru látin bera stóran hluta heilsugæslunnar. Það var oft þannig að rekstrarvörur voru nýttar úr sjúkrahúsinu yfir í heilsugæsluna þannig að sveitarfélögin spöruðu sinn hluta af rekstrarkostnaðinum og lögðu hann á ríkið. Því miður þá er þetta sannleikur sem fólk hefur ekki þorað að viðurkenna. Hætta gæti nefnilega orðið á því að það sama gerðist við umsnúning í þessum málum.

Í fjórða lagi vil ég ræða aðeins tryggingamálin. Ég vil geta þess að bráðabirgðaákvæði í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, um skipun bráðabirgðastjórnar Sjúkrahúss Reykjavíkur, mun samkvæmt þessu frv. falla úr gildi. Að vísu er mér kunnugt um að önnur eldri lög sem áður voru við lýði munu taka við en þetta er ekki tekið fram í frv. og þykir mér rétt að það sé tekið fram svo þessi breyting verði almenningi skiljanleg og fólk velkist ekki í vafa um hvað við taki. Því nóg er komið af óvissu í skipulagi bæði í heilbrigðis- og tryggingamálum. Þetta var um heilbrigðismál.

Ég ætla í fimmta lagi að tala um elli- og örorkulaun. Í frv. er talað um að þau skuli hækka um 2%. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið voru forsendur fyrir þessum 2% spár um almennar launahækkanir á næsta ári frá stofnunum sem gera slíkar spár en þær spár námu 1,5–2%. Þessar forsendur eru þó ekki tilteknar í skýringum með frv. og tel ég nauðsynlegt að fram komi í textanum við 3. umr. að elli- og örorkulífeyrir skuli fylgja almennum launahækkunum eins og ætlast var til eða hugsunin var við samningu frv.

Að lokum tel ég vafasamt að fela ráðherra, að vísu í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga, að nánast móta framtíðarstefnu í heilbrigðisþjónustu fyrir landið í bitum frekar en sem heildstæða stefnu. Minni málaflokkar en heilbrigðis- og tryggingamál, sem taka um 40% af útgjöldum ríkisins, eins og fólki er kunnugt, hafa átt erindi inn á Alþingi til umræðu um mótun heildarstefnu þeirra og meira hefur verið rætt um þá málaflokka en nokkurn tíma heilbrigðismál. Mér þykir því vafasamt að framselja svo mikið vald til heilbr.- og trmrh. með allri virðingu fyrir okkar ágæta hæstv. núv. heilbrrh. Of mikið er í húfi fyrir þennan stóra og mikilvæga málaflokk.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti, en ég vildi óska að tekið yrði tillit til þessara athugasemda minna við 3. umr. og þeim komið inn í skýringar sem ég hef beðið um og að sömuleiðis verði tekið tillit til þeirrar gagnrýni og þeirrar áhættu sem ég veit að getur orðið að sameiningu stjórnar heilsugæslunnar í Reykjavík og það að koma með loðin ákvæði sem leitt gætu til þess að hvenær sem er væri unnt að snúa þeim aðilum í hag sem vilja sameina tvö stærstu sjúkrahúsin í Reykjavík.

[12:17]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir sem talaði áðan á sæti í heilbr.- og trn. þingsins og hefur setið þar um margra ára skeið. Hún hefur sérmenntun á sviði heilbrigðisfræða og sérþekkingu og reynslu á rekstri stórra spítala. Þetta er nauðsynlegt að taka fram vegna þess að það ber að hlusta á þingmann sem hefur jafnmarghátttaða reynslu af slíku máli eins og sú sem talaði áðan.

Frá því er skemmst að segja, herra forseti, að ég get tekið undir nánast hvert einasta orð í þeirri hörðu gagnrýni sem hv. þm. setti fram á þær hugmyndir sem er að finna í bandorminum um heilbrigðisþáttinn sérstaklega. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði í niðurlagsorðum sínum að verið er — alveg án tillits til þess hver situr í stóli heilbrrh. hverju sinni — að framselja mikið vald til ráðherrans, of mikið tel ég, allt of mikið telur stjórnarandstaðan sem hefur skilað sérstöku áliti þar sem þetta viðhorf kemur einmitt fram. Ég held líka að menn hljóti að staldra við og gefa því gaum sem hv. þm. sagði eða þeim varnaðarorðum sem hún lét sér um munn fara varðandi afstöðu sína til að leggja af stjórnir heilsugæslunnar í Reykjavík og skipa í staðinn eina stóra. Þetta er mjög merkilegt.

Mér finnst líka að menn þurfi að velta því fyrir sér hvort það geti verið rétt sem hv. þm. eiginlega lét að liggja að verið væri með 19. gr. að fara fjallabaksleið til að sameina stóru sjúkrahúsin og ég vek sérstaka athygli á því að hún nefndi það svo að þetta mundi ekki skapa hagræðingu og gæti alls ekki bætt gæðin.

Nú er það svo að hv. þm. lagðist í rauninni gegn 19. gr. þar sem hæstv. heilbrrh. fær nánast blankótékka til að sameina sjúkrahús. Hins vegar kemur sá rökstuðningur fram í grg. með frv. að það sé nauðsynlegt til að geta náð fram 160 millj. kr. sparnaði á dreifbýlissjúkrahúsunum. Nú hefur komið í ljós að því á að breyta og það muni ekki nást á næsta ári. Þess vegna spyr ég hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur hvort hún telji ekki að þá sé eðlilegt miðað við það sem hún sagði og miðað við þær breytingar á afstöðunni til sparnaðarins á dreifbýlissjúkrahúsunum að frestað yrði að afgreiða 19. gr. eða hún yrði hreinlega tekin út.

[12:20]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það þurfi frekari umræðu við að standa að flokkun sjúkrahúsa, starfssviði og verkaskiptingu og það að ákveða sameiningu sjúkrastofnana. Ég tel ekki nægjanlegt að gera þetta í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Það þarf að gera þetta í samráði og í sameiginlegri vinnu við viðkomandi sveitarfélög en ekki Samband ísl. sveitarfélaga, því að þarna er um að ræða stór sveitarfélög sem eiga hugsanlega að liggja undir sameiningu í framtíðinni. Ég hef rætt við nokkra aðila sem hafa verið í forsvari fyrir minni spítölum úti á landi og þeir, margir hverjir, hafa sjálfir lýst því yfir að rangt hafi verið að byggja svo stóra stofnun á sínum tíma og það hafi verið rangt að gera ráð fyrir fullkomnustu skurðaðstöðu o.s.frv. Ég held því að afstaða aðila og fólks á þeim svæðum muni smám saman þróast í þá veru: Hvað ætlum við að gera?

Hins vegar veit ég að full ástæða er til að sameina eða leggja niður ákveðna þjónustu á sjúkrahúsum sem eru hér vítt um landið vegna þess að það er hreinlega ekki til mannskapur eða sérfræðiþekking til að sinna þeirri þjónustu.

[12:22]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki hægt annað en virða hreinskilni hv. þm. Það kemur einfaldlega fram í máli hennar að hún hefur miklar efasemdir um heilbrigðiskafla frv. sem er til umræðu. Ég deili þessum efasemdum. Ég tel að þær breytingar sem verið er að gera í frv. komi í sjálfu sér ekkert við ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Ég tel að hæstv. heilbrrh. sé að koma smyglgóssi í farteski frv. vegna þess að hún er að koma fram róttækum breytingum sem margar hverjar varða ekkert ríkisfjármálin.

Nú hefur komið fram að a.m.k. einn þingmaður og ekki bara venjulegur þingmaður heldur einn af þingmönnum stjórnarliðsins í hv. heilbr.- og trn. er búinn að lýsa andstöðu og miklum efasemdum við meginefni í heilbrigðiskafla bandormsins. Ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra og vænti þess að hún svari því síðar í umræðunni: Eru fleiri þingmenn stjórnarliðsins sömu skoðunar og hv. þm.? Eru fleiri stjórnarliðar sem treysta sér ekki til að samþykkja heilbrigðiskaflann fyrr en að undangenginni frekari umræðu?

[12:23]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki að ræða um það að hæstv. heilbrrh. sé með eitthvert smyglgóss inni í frv. Hins vegar tel ég að nánari og skýrari texta þurfi um það hvað gera eigi í þessum málum þannig að almenningi, jafnt sem okkur þingmönnum verði skýrt sagt frá því hvað eigi að gera og skýrari skilgreiningar þurfi á því t.d. hvar eru sjúkrahús rekin af sveitarfélögum o.s.frv. Mér finnst þeir kaflar ekki vera nægilega vel skrifaðir, og þess vegna sagði ég loðnir, til þess að hægt sé að fara fram með þá. En ef möguleiki er á því að fá þetta fram í 3. umr., sem sagt endurrita þessa kafla með skýrari hugtökum, þá er ég tilbúin að kyngja því.

[12:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst satt að segja að hér hafi orðið nokkuð mikil tíðindi. Það er spurning hvort ekki er nauðsynlegt að velta því fyrir sér að hv. heilbr.- og trn. taki þennan kafla til endurskoðunar. Hún fjallaði um málið í umboði eða að beiðni hv. efh.- og viðskn. á sínum tíma en núna sýnist mér að staðan sé þannig að hv. heilbr.- og trn. verði að skoða þetta mál aðeins betur. Það er auðvitað spurning hvort ekki væri hugsanlegt að hv. heilbr.- og trn. endurskrifaði þennan kafla vegna þess að ég tek undir það með hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að kaflinn er gallaður. Auk þess eru í honum atriði sem koma ríkisfjármálum ekkert við og á knöppum tíma þingsins núna fyrir jól ætti auðvitað að strika slíkar setningar út vegna þess að þær tefja bara og eiga ekki að vera með. Það er smyglgóss. Það er rétta orðið yfir það.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs, hæstv. forseti, voru önnur ummæli hv. þm. sem ég tel að sæti engu minni tíðindum og ég kom hér upp til að þakka sérstaklega fyrir og það eru yfirlýsingar hennar um það að elli- og örorkulífyrir, bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga og aðrar slíkar opinberar bætur, hljóti að fylgja launum á næsta ári. Ekki einasta hljóti þær að hækka um 2% eins og menn hafa verið að tala um að geti orðið og miðað er við í almennum forsendum ríkisfjármálanna 1997, heldur hljóti þær að hækka meira og nákvæmlega eins og kaupið á sínum tíma.

Það er okkar ákvörðun og ætlun í umræðunni að taka þau mál mjög rækilega fyrir. En það er nauðsynlegt að kvitta fyrir það, að ég tók eftir þeim ummælum hv. þm. og hvað sem öllu öðru líður, er algert úrslitaatriði að mínu mati að þinginu ljúki ekki núna fyrir jól nema fyrir liggi að ríkisstjórnin ætli að fara þá leið varðandi bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur sem hv. 6. þm. Reykv. lýsti áðan. Það er algert hneyksli ef þinginu lýkur fyrir jól án þess að niðurstaða liggi fyrir að því er varðar þennan stærsta hóp launamanna hjá ríkinu, sem eru aldraðir og öryrkjar, þannig að eftir því verður gengið mjög rækilega af okkar hálfu og ég þakka hv. þm. fyrir að vekja athygli á málinu.

[12:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hélt ágæta ræðu áðan en það gætti mikils misskilnings í máli hennar, sérstaklega varðandi heilsugæsluna á Reykjavíkursvæðinu. Gert er ráð fyrir einni stjórn í stað fjögurra stjórna í dag. Hún telur að þessi eina stjórn geti leitt af sér aukin útboð. Ég skildi það ekki almennilega í ræðu hennar en við skulum bara skoða hvernig þetta er í dag.

Það eru fjórar stjórnir yfir heilsugæslunni, en það er einn forstjóri yfir allri heilsugæslunni, það er ein stjórnsýsla, það er eitt starfsmannahald, þannig að þarna er ekki um mikla breytingu að ræða. Þetta er sparnaður. Það er verið að spara stjórnir og það er samkomulag um þetta. Ég hef haft samráð við borgina og mönnum þykir þetta eðlilegt. Það er sem sagt ekki í dag ein stjórn yfir hverja heilsugæslustöð heldur eru þær fjórar. Það er eðlilegt að það sé ein og þannig næst meiri samhæfing en er í dag.

Hitt atriðið sem hv. þm. gerði athugasemd við, þ.e. að hægt væri að sameina sjúkrastofnanir, þá er þetta í beinu framhaldi af þeirri vinnu sem verið er að vinna um samhæfingu sjúkrahúsa, bæði úti á landi og á Reykjavíkursvæðinu. Þessi samhæfing getur leitt af sér sameiningu sem er ekki óeðlilegt ef við erum með því að bæta þjónustuna og minnka kostnað við yfirstjórn.

[12:29]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan útskýra fyrir hæstv. heilbrrh. hvað það þýðir að fækka úr fjórum stjórnum í eina. Það eru eins og ég sagði áðan kvartanir yfir því. Og ástæðuna fyrir að verið er að fækka úr fjórum stjórnum í eina segir hæstv. ráðherra vera sparnað. Ég tel að ef sterkar stjórnir og fámennar stjórnir yfir heilsugæslustöðvunum væru fjórar, eins og er í dag, *væru þær sjálfstæðari og hefðu meira* olnbogarými til að stýra því sem þeim þóknaðist og ná í þá þjónustu sem þeim þóknaðist á hverjum tíma. Með einni yfirstjórn er heilsugæslustöðvunum gert að hlíta ákvörðun eins framkvæmdastjóra og einnar stjórnar án þess að geta rönd við reist. Ég tel það vera afar, afar hættulegt. Og eins og ég sagði mun það leiða til minnkandi gæða. Ég efast um að kostnaður verði minni vegna þess að það lendir í lengra ferli sjúklingsins innan heilbrigðiskerfisins ef gæðin eru ekki þau sömu og þau hafa verið í dag. Og eins og einn ágætur læknir í heilsugæslunni sagði við mig um daginn, sem hefur ekki alltaf verið sammála mér: Mér finnst eins og það verði andað ofan í hálsinn á mér.

Að sameina sjúkrastofnanir. Það má vel vera að í upphafi verði einhver smásparnaður af sameiningu. En ég skal fullvissa ráðherra um það að með sameiningu þessara tveggja sjúkrastofnana mun metnaður leggjast niður. Hann mun minnka, meina ég, og fólk mun ekki hafa möguleika á því að velja á hvaða sjúkrahús það leggst. Það er nefnilega þannig að það er nokkuð til sem heitir fyrirtækjamenning og hún ríkir líka á sjúkrahúsum og það er það sem neytendur vilja. Þeir vilja fara þangað sem þeir telja að menningin hæfi sér.

[12:31]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara hv. þm. með einni spurningu: Heldur hv. þm. að það auki gæði þjónustunnar í heilbrigðismálum að fjölga yfirstjórnum? Er það það sem þingmaðurinn á við?

[12:32]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Það var ágætt að fá þessa spurningu, hæstv. forseti, því að hæstv. heilbrrh. skilur enn ekki hvað ég hef verið að segja. Ég er ekki að tala um að fjölga yfirstjórnum. Ég er að tala um að halda sömu tölu yfirstjórna og jafnvel fækka í þeim. Ég tel að það verði metnaður sérhverrar yfirstjórnar að gera betur en aðrar stjórnir og því muni fólk sækja til heilsugæslustöðva eftir því hvaða gæði og hvers konar þjónustu þær veita. Þar með standa þær í, ég vil ekki segja samkeppni, en þær munu alla vega byggja upp faglegan metnað af meiri þrótti.

[12:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997 á þskj. 416.

Eins og boðað var í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 328 hefur nefndin tekið málið til frekari umfjöllunar og leggur meiri hlutinn til nokkrar viðbótarbreytingar á frv. sem eru á þskj. 417. Þessar breytingartillögur eru í fjórum liðum.

Í 1. lið breytingartillagnanna er umorðun á breytingartillögu sem var áður lögð fram um starfsmenntun í atvinnulífinu. Meginatriði í því er að starfsmenntun í fiskvinnslu var tekin inn og verið er að fjalla nánar um hvernig stjórn þessarar starfsmenntunar skuli háttað.

Í 2. lið breytingartillagnanna er verið að fjalla um að framlengja bráðabirgðaákvæði í lögum sem fjallar um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Í 3. lið breytingartillagnanna er verið að takmarka við árið 1997 hvernig verja skuli tekjum af flugvallagjaldi.

Og í 4. lið breytingartillagnanna er umorðun á 26. gr. frv. sem verður 27. gr. Hún orðist eins og segir á þskj. 417, með leyfi forseta:

„2. málsl. 4. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslur til veiðistjóraembættis um refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum."

Hæstv. forseti. Þessi síðasti liður breytingartillagnanna er lagður fram með þeim hætti til þess að það sé skýrt tekið fram að ríkissjóður muni eins og ákveðið er í fjárlögum greiða með refaveiðunum og í annan stað að leggja áherslu á að hluti af þeim kostnaði sem ríkið leggur í af þessum sökum renni til lítilla sveitarfélaga sem ekki hafa fjárhagslega getu til þess að standa undir þessum kostnaði.

Það vill svo til, hæstv. forseti, að kostnaður við refaveiðar fer mjög hátt í fámennum sveitarfélögum og tekjustofnar þeirra eru alls ekki við það miðaðir að geta staðið undir þeim kostnaði.

[12:36]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður efh.- og viðskn. var að gera grein fyrir breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar. Það hefur verið fjallað um þessi efnisatriði í efh.- og viðskn. Þessar breytingartillögur breyta engu um eðli bandormsins sem verið er að fjalla um. Gagnrýni okkar stendur að öllu leyti. Við erum óánægðir með fyrirkomulag starfsmenntunar sem er fært til í einni af breytingartillögunum.

Varðandi refamálin þá eigum við kannski eftir að ræða þau betur þegar kemur að peningamálum í þeim þætti, en mitt erindi hér er fyrst og fremst að ítreka það að andstaða okkar við bandorminn eins og komið hefur fram í umræðunni er óbreytt. Öll okkar rök gegn þessari stefnu standa. Þessar breytingartillögur meiri hluta efh.- og viðskn. breyta engu um þann þátt.

[12:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti nú ekki von á því að fulltrúi stjórnarandstöðunnar teldi að þessar breytingartillögur væru neinn sérstakur gleðiboðskapur. Þó er ég viss um það að hann hafi aðeins mýkst í málinu í kjölfar mikilla umræðna í efh.- og viðskn. um refaveiðarnar og geti verið sammála því að málið er komið í betra horf.

[12:37]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðasta lið breytingartillagnanna um refaveiðar og fyrirkomulag þeirra get ég tekið undir með formanni efh.- og viðskn. að þar er fært til betri vegar en ég vil geta þess að það er grafalvarlegt mál hvernig staðið verður að refaveiðum og þátttöku ríkisins á því sviði og urðu um það mjög heitar umræður í efh.- og viðskn., enda fjölmargir sérfræðingar á því sviði í nefndinni.

Ég vona að þó að við tökum kannski ekki stóra umræðu um fyrirkomulagið núna, við gerðum það vel í nefndinni, þá eigi þetta mál e.t.v. eftir að koma aftur til umræðu í tengslum við fjárlagagerðina, þ.e. þær tölur sem er ráðstafað til þessa merka málaflokks. En ég legg áherslu á það, herra forseti, að refaveiðar og þátttaka ríkisins í þeim málaflokki er ekki útrætt mál.

[12:39]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í því frv. sem hér er til 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er ekki um að ræða miklar breytingar frá 1. umr. Þó eru þær nokkrar og satt að segja ekki allar til bóta. Ég ætla að fara yfir nokkrar greinar sem varða þær nefndir sem ég sit í á Alþingi.

Í 1. gr. frv. er um að ræða svokallað „þrátt-fyrir"-ákvæði, þar sem lagt er til að tekjur sem áttu að renna til Þjóðarbókhlöðu og endurbóta menningarbygginga verði skertar og það þó að mjög brýn verkefni blasi við. Það hefði svo sannarlega verið full þörf fyrir þær 150 millj. kr. sem hér er lagt til að á næsta ári renni í ríkissjóð af áður mörkuðum tekjustofni til þessara verkefna því að margar af okkar menningarbyggingum þarfnast mjög viðhalds sem hefur verið látið dragast úr hömlu. Þessar sparnaðaraðgerðir hefðu kannski verið skiljanlegri væri ríkissjóður í miklum fjárhagsvanda. En þar sem hér er verið að samþykkja fjárlög með miklum tekjuafgangi, sumir segja með jafnvel enn meiri en gert er ráð fyrir í frv., þá fæ ég ekki séð hvaða brýna nauðsyn ber til að klípa af þessum lið og gagnrýni harðlega þá stefnu sem þarna kemur fram af hálfu ríkisstjórnar í varðveislu menningarmannvirkja. Ætlum við að láta það litla sem hefur náðst að byggja upp á undanförnum áratugum grotna niður? Það virðist því miður allt benda til þess.

Í 2. gr. frv. er enn gert ráð fyrir að lagður verði á svonefndur fallskattur en útfærslan hefur svolítið breyst. Nú er gert ráð fyrir að greiða eigi 500 kr. fyrir hverja einingu sem áfangi sá er nemandi fellur í eða hættir í fyrir próf er virtur á og er þessi leið sennilega aðeins auðveldari í útfærslu en sú sem áður var rætt um. Það breytir þó ekki eðli málsins. Þetta er framúrskarandi óréttlát skattlagning. Það er mikil niðurlæging og persónulegt áfall sem nemendur upplifa þegar þeir falla eða gefast upp í námi, oft á tíðum af ástæðum sem þeim eru ekki sjálfráðar og þetta er því miður salt í sárin, herra forseti. Þetta hlýtur að koma verst við þá sem erfiðast eiga fyrir.

Í þeim reglugerðarheimildum til hæstv. ráðherra, sem lagðar eru til í greininni, er gert ráð fyrir að hann útfæri nánar framkvæmd þessara laga og verður maður þá að vona að sett verði hámark á hvað hver nemandi má greiða. Hæstv. ráðherrann er svo sannarlega ekki öfundsverður af þeirri reglugerðarvinnu því að hún verður bæði flókin og erfið og mun hvað rekast þar á annars horn því að ofan í allt annað er um að ræða ólíkar gerðir framhaldsskóla.

Þau uppeldismarkmið sem komið hefur fram að eigi að ná eru vægast sagt hæpin. Ef vinna á á móti brottfalli nemenda úr framhaldsskólum verður að gera það með aukinni sérkennslu og námsráðgjöf en ekki með því að taka upp ógnarstjórn af neinu tagi. Ég hef satt að segja oft undrast hverjum datt þessi fjáröflunarleið fyrir ríkissjóð í hug. Ég hef rætt þessi mál við fjölda skólamanna undanfarið og ekki einn einasti hefur mælt þessu bót í mín eyru. Þó verð ég að taka það fram að þetta á stuðning meiri hluta hv. menntmn.

Ekki tekur betra við þar sem meiri hluti hv. efh.- og viðskn. mælir með því að ákvæði laga um að nemendur megi aldrei borga meira en $^1/_3$ af efnisgjaldi í framhaldsskóla falli brott. Í staðinn eru tekin upp ákvæði um að nemendur sem njóta verklegrar kennslu eigi að greiða efnisgjald, þó að hámarki 12.500 kr. á önn, þ.e. um 25 þús. kr. á ári. Og er nú eins gott að sjálfur reglugerðarmeistarinn, hæstv. ráðherrann, kveði á um það í reglugerð að leggja verði fram reikninga fyrir sannanlegum efniskostnaði áður en gjaldið er innheimt, en þetta verði ekki eins konar skattur sem lagður er á alla nemendur í verknámi án tillits til þess hver efniskostnaður raunverulega er fyrir hvern og einn.

Einnig verð ég að lýsa efasemdum mínum við réttmæti 25% álags á þá nemendur sem innrita sig utan auglýsts innritunartíma. Fyrir slíku geta verið eðlilegar ástæður, svo sem að nemandinn hafi ekki getað fengið skólavist í þeirri stofnun sem hann innritaði sig fyrst í og hefur slíkt verið nokkuð algengt. Ég tel að það eigi af hálfu þjóðfélagsins að gera allt sem unnt er til að laða nemendur á framhaldsskólastigi að skólanámi en ekki leggja á þá aukagjöld ef þeir innrita sig utan auglýsts tíma. Í staðinn mætti hugsa sér að námsráðgjafi ræddi sérstaklega við þá nemendur sem þannig stæði á fyrir og gengi úr skugga um að þeir ætluðu sér raunverulega að

stunda nám af tilhlýðilegri alvöru og uppörvaði þá í leiðinni því sjálfsmyndin er stundum svolítið skekkt eftir að búið er kannski að neita þeim um skólavist í þeim skóla sem þau alltaf höfðu ætlað sér í. Það er nefnilega þannig að natni og umhyggja kennara og skólayfirvalda hafa sitt að segja til að vinna gegn námsleiða sem allt of margt ungt fólk þjáist af, oft um stundarsakir, og skiptir miklu máli að tekið sé rétt á þeim málum, þeir ekki flengdir með vendi eins og sumir virðast álíta heppilegast heldur með viðtölum og uppörvun.

Í 9. gr. frv. er lagt til að lögbundið framlag til málefna fatlaðra verði skert með því að sett er þak á það fjármagn sem á að renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra við 165 millj. og þar með er áætlað að 265 millj. af erfðafjárskatti renni til ríkissjóðs, en samkvæmt lögum á það fé að renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Félmrh. hefur hér í umræðunni skýrt að nokkru leyti brottfall 20 millj. kr. sérmerkts framlags til sambýla fyrir geðfatlaða af fjárlögum. Hann segir 20 millj. hafa komið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til þessa verkefnis svo að framlagið sé í raun orðið 100 millj. eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Hann segist þó sjálfur ætla að sjá til þess að þessar 20 millj. komi inn í fjárlög á árinu 1998 og er það vel. En betur má ef duga skal. Þetta er mjög viðkvæmur málaflokkur, þar sem mikið vantar upp á að nóg hafi verið aðhafst. Veldur það sérstökum áhyggjum núna þegar áætlað er að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. Þá hefur þessum málaflokki verið afar lítið sinnt og þarf að gera þar stórátak, því að öllum þeim sem eitthvað hafa kynnt sér málefni geðfatlaðra og aðstandenda þeirra sem skildir eru eftir með ofurmannlegar byrðar er ljóst að við svo búið má ekki standa.

Það er meðal sérkennilegra nýjunga í þessu frv. að það er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður fari að greiða fyrir starfsmenntun í atvinnulífinu, en áður var veitt til þess fjármagn á fjárlögum. Ég hélt fyrst að þetta ákvæði væri komið inn fyrir misskilning. Einhverjir þeir sem sömdu frv. hefðu ekki vitað um hlutverk þessa merka sjóðs, sem hefur verið að styrkja námskeið fyrir fólk í atvinnulífinu en þau hafa notið mikilla vinsælda. En þetta hefur því miður ekki verið sá misskilningur sem ég hélt því að þrátt fyrir mótmæli aðila vinnumarkaðarins, þar á meðal Vinnuveitendasambandsins, er þetta ákvæði enn inni. Þetta er grafalvarlegt mál því að með þessu er einnig lokað á leið til að styrkja atvinnuþátttöku kvenna sem gert var með sérstökum sjóði úr félmrn.

Þá er ekki hægt að segja að þessi bandormur sem hér liggur fyrir lýsi sérstökum áhyggjum hjá stjórnarliðum vegna afkomu þeirra sem verða að sæta því hlutskipti að ganga um atvinnulausir. Hér er nefnilega gert ráð fyrir því að þegar hæstv. ríkisstjórn hefur gert ráð fyrir launahækkunum upp á 3,5% hækki atvinnuleysisbætur um 2%. Það er stórmannlegt nú í góðærinu að koma með tillögu í bandormi í þessum dúr, sérstaklega þar sem önnur frumvörp um vinnumarkaðsmál og atvinnuleysisbætur liggja fyrir hinu háa Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir að setja þetta fólk í eins konar stjórnargrjót að hætti þeirra Sviðinsvíkinga forðum, að viðlögðum að sjálfsögðu bótamissi ef ekki verða þegin slík tilboð. Það væri nær að hér í þessu frv. væri ákveðið í eitt skipti fyrir öll að bætur eins og atvinnuleysisbætur, örorku- og ellilífeyrir, væru tekjutengdar þannig að ekki þyrfti að vera að slumpa á einhverjar lágmarksfjárhæðir til hækkunar slíkra bóta við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Slíkt getur ekki leitt til annars en að bætur til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu lækki hlutfallslega eftir því sem lengra líður. Það er pólitík sem okkur er ekki sæmandi í okkar vel stæða þjóðfélagi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:49]

Skipulagslög, 1. umr.

Frv. umhvn., 240. mál (skipan skipulagsstjórnar). — Þskj. 367.

[13:32]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á skipulagslögum frá umhvn. Nefndin stendur öll að flutningi þessa frv. Frumvarpið er flutt vegna breytinga sem hafa orðið annars vegar á embætti vita- og hafnamálastjóra og hins vegar vegna þess að um áramót verður embætti húsameistara ríkisins lagt niður. Til þess að fylla þá nefndarskipan sem húsameistari hefur átt aðild að í skipulagsstjórn ríkisins þarf að gera þessar lagabreytingar með þeim hætti að forsrh. skipi mann í skipulagsstjórn ríkisins.

Eins og kom fram hér fyrr í máli mínu stendur nefndin að þessu einhuga og vænti ég þess að málið fái skjóta afgreiðslu hjá hæstv. Alþingi.

[13:33]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég er dálítið hissa á þessu frv. sem lagt er fyrir núna þegar skammt lifir eftir af þingi. Ég skil það hins vegar svo af máli hv. formanns umhvn. að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á þeim lögum sem lúta að skipulagsstjórn vegna þess að aðrar breytingar hafa áhrif á skipulagsstjórnina. Hér liggur fyrir ágætt frv. sem hefur hlotið mikið lof hjá þingheimi, lagt fram af hæstv. umhvrh., sem gerir ráð fyrir því að skipulagsstjórn verði lögð niður Ég tel það í sjálfu sér hið besta mál. Nú sýnist mér að hér sé verið að leggja til að hún lifi áfram, vegna þess að það á að fara þá leið að skipa nýja menn þar þótt tveimur embættum, sem hafa lagt til fulltrúa í skipulagsstjórnina, verði annaðhvort breytt eða þau lögð af, eins og í tilviki húsameistara ríkisins. Ég hefði talið að það væri þá eðlilegast, miklu betra og farsælla og í rökréttu samhengi við frv. hæstv. umhvrh. um skipulagsmál, að það yrði þá einungis fækkað í nefninni og ekki yrðu skipaðir þessir tveir fulltrúar og lögunum breytt í þá veru. Ég sé til að mynda ekki rökin fyrir því að forsrh. eigi að skipa sérstaklega eða tilnefna fulltrúa í skipulagsstjórn, vegna þess að búið er að leggja niður embætti húsameistara ríkisins. Ef það embætti verður lagt niður um áramót, þá þýðir það einfaldlega að það embætti getur ekki lagt til mann. Þá eru engin rök fyrir því að forsrh. tilnefni mann í þessa skipulagsstjórn. Ég held að það sé miklu æskilegra að skipulagsstjórn, ef hún þarf að vera áfram við lýði, verði þá minnkuð og fulltrúum í henni fækkað sem nemur þessum tveimur sem hv. þm. nefndi hérna. Úr stjórninni hverfi annars vegar sá fulltrúi sem áður var tilnefndur af Vita- og hafnamálastofnun, sem ekki er lengur til, og hins vegar fulltrúi húsameistara ríkisins og þetta verði þriggja manna stjórn. Ég tel að það séu góð rök fyrir þessu, herra forseti, vegna þess að það liggur fyrir að það er almennur vilji að skipulagsstjórn hverfi. Og við eigum þá frekar að stíga hálft skref í þá átt heldur en að taka upp þann hátt sem hér er lagður til.

[13:36]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og þingheimi er kunnugt liggur fyrir frv. sem vísað hefur verið til umhvn. þar sem komið verður í endanlegt horf skipan skipulagsstjórnar en þá verður gengið frá þeirri nefnd sem hér er til umræðu. Því er sú tillaga sem kemur fram í þessu frv. vegna þess tímabundna ástands sem nú skapast þegar embætti húsameistara ríkisins verður lagt niður nú um áramót og þar til að hæstv. Alþingi hefur væntanlega samþykkt frv. til skipulags- og byggingarlaga. Ástæðan fyrir því að forsrh. er hér nefndur til þess að skipa í nefndina er sú að húsameistari ríkisins heyrir nú undir forsrh.

[13:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að tefja framgang þingmála hér þegar svo stutt lifir þingsins. En mér finnst þetta skjóta dálítið skökku við þann raunveruleika sem blasir við. Raunveruleikinn er sá að þessi skipulagsstjórn á ekkert hlutverk lengur. Það á að leggja hana af og það er ekki hægt, eins og hv. formaður umhvn. gerir, að tala um tímabundið ástand þegar við erum að ræða um embætti húsameistara ríkisins vegna þess að það er ekki lengur til. Það er ekki til neitt sem heitir tímabundinn dauði. Annaðhvort hverfa stofnanir að fullu af yfirborði jarðar endanlega eða þær eru til. Embætti húsameistara ríkisins verður ekki til eftir áramótin þannig að það er ekki hægt að tala um neitt tímabundið ástand í lífsferli þeirrar stofnunar. Það er farið og farið hefur fé betra. Ég gæti af því tilefni farið hér með lítið ljóð eftir ágætt skáld, Stein Steinarr, sem endar svo: „Húsameistari ríkisins, ekki meir, ekki meir." Og ég fæ engin rök úr máli hv. þm. sem réttlæta það að forsrh., sem við vitum að vísu að hefur mikið vit á stórum og miklum húsbyggingum og hefur reist sér og Reykvíkingum marga góða minnisvarða, eigi í framtíðinni, meðan þessi tímabundni dauði embættis húsameistara ríkisins varir, að leggja til sérstakan mann í þessa stjórn. Það liggur fyrir í mjög skeleggu máli hæstv. umhvrh. að eins og hann, og ég hygg þingið, vill skipa málum sem lúta að skipulagi til framtíðar, þá á ekki að vera nein skipulagsstjórn og þá eigum við bara að stíga hálft skref núna og fækka í þessari stjórn, minnka hana fremur en að samþykkja þennan hortitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, síðari umr.

Stjtill., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 411.

[13:39]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá utanrmn. um þær tillögur sem forseti hefur kynnt, um fullgildingu hins svokallaða úthafsveiðisamnings. Utanrmn. hefur haft þetta þingmál til meðferðar í allt haust og hafði reyndar fylgst með aðdraganda málsins allvel undanfarin missiri. Nefndin leitaði álits bæði frá sjútvn. og umhvn. þingsins og þær nefndir báðar mæla með samþykkt tillögunnar eins og utanrmn. gerir samhljóða.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð í tilefni af því að þessi merki samningur er hér að koma til lokaafgreiðslu. Sjútvn. fékk málið frá utanrmn. og fjallaði talsvert um það og mælir með staðfestingu samningsins eins og fram kom. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það sem kemur fram í umsögn okkar að við teljum mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld vinni mjög vel að undirbúningsvinnu á því tímabili sem nú fer í hönd, frá því að við fullgildum samninginn fyrir okkar leyti, einna fyrstir þjóða ef ekki fyrstir, ekki kannski fyrstir en þó í fremstu röð. Og vonandi verður þess ekki mjög langt að bíða, að tilskilinn fjöldi ríkja hafi fullgilt samninginn þannig að hann komist til framkvæmda sem bindandi gjörningur að þessu leyti. En á þeim tíma er að okkar dómi afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld undirbúi málin og búi í haginn eins og kostur er fyrir okkur til þess að nýta okkur réttindi samningsins til að byggja sem allra sterkasta stöðu gagnvart túlkun hans, gagnvart uppbyggingu þeirra stofnana sem samningurinn gerir ráð fyrir og þá sérstaklega úrskurðarfarveginn sem samningurinn leggur niður. Þar geta upphafsskrefin og fyrstu árin skipt mjög miklu máli eins og reynslan sýnir í öðrum sambærilegum tilvikum. Það er alveg ljóst að með þessu hefur þjóðarétturinn á úthöfunum verið samningsbundinn og honum markaður farvegur. Þessi samningur kemur til með að hafa gríðarleg áhrif og gríðarlega þýðingu fyrir þróun þjóðaréttarins um væntanlega langa framtíð líkt og hafréttarsamningurinn hefur haft, jafnvel þótt hann væri ekki kominn í gildi. Það skiptir því mjög miklu máli að við bregðumst þannig við að við reynum að túlka þá möguleika sem hann býður upp á okkur til handa með jákvæðum hætti og beita þeim í okkar þágu.

Ég held að það sé ótvírætt hægt að segja, herra forseti, að það er heilmikil vinna eftir í íslenska stjórnkerfinu einfaldlega að fara yfir þetta mál og undirbúa þátttöku okkar og framgöngu á þessu sviði. Það eru t.d. hlutir sem þarf að taka afstöðu til á næstu missirum. Ætla Íslendingar að móta þá stefnu að við viljum byggja upp sjálfstæðar svæðisstofnanir hér í okkar heimshluta til að fara með fiskveiðistjórnunina á aðliggjandi hafsvæðum? Viljum við nota þær heimildir sem samningurinn býður upp á t.d. til þess að til verði sjálfstæð svæðisstofnun í norðvestanverðu Atlantshafinu, þar sem við og nágrannar okkar, Færeyingar og Grænlendingar, gætum verið aðalgerendurnir? Álitamál af þessu tagi kalla á að hlutirnir séu skoðaðir og ég vil því enda með því, herra forseti, að undirstrika á nýjan leik mikilvægi þess að slík vinna fari fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[13:44]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 426; brtt. HG, þskj. 427, 428; brtt. HG o.fl., þskj. 429; brtt. HG, þskj. 430.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 180. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 431; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 432.

Fjáraukalög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 48. mál. — Þskj. 310, frhnál. 405, brtt. 406.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
Brtt. 406,1 samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁ, HBl, JónK, KHG, KÁ, MS, ÓE, PHB, SighB, SP, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 406,2–6 samþ. með 46 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GMS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, JónK, KHG, KÁ, ÓE, PHB, SighB, SP, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 435).

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 145. mál (gjaldhlutfall). — Þskj. 385, brtt. 407.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
Brtt. 407 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KHG, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, BH, DO, EgJ, EOK, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SighB, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:50]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi breytingartillaga meiri hluta efh.- og viðskn. er formlega mjög slæm. Hér er vísað til tryggingasjóðs einyrkja og sagt í lagatextanum: „Er sett hafa verið lög um tryggingasjóð einyrkja“ o.s.frv. Það er vísað í sjóð sem ekki er til. Það er getið um tryggingasjóð einyrkja í frv. sem bíður 1. umr. Það er óhæfa í lögum að vísa í lög sem ekki eru til þótt í ákvæði til bráðabirgða sé og þó svo fordæmi um slíka afgreiðslu séu til. Þetta er óvönduð lagasetning. Ég hef ekki á móti efni málsins og það hefur komið alveg skýrt fram af minni hálfu. Ég hef boðist til þess í efh.- og viðskn. að standa að því að nefndin flytti þessa tillögu þegar frv. um tryggingasjóð einyrkja var komið á það stig í þinginu að hægt væri að lögfesta þetta samtímis. Það ber enga brýna nauðsyn til þess að setja þetta ákvæði til bráðabirgða eins og lagt er til í tillögu meiri hlutans. Ég sit hjá við afgreiðslu þessarar breytingartillögu en varðandi tryggingagjaldið í heild hefur það komið fram að við þingmenn jafnaðarmanna styðjum það frv.

Frv., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: EOK.
12 þm. (GL, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SighB, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 436).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 144. mál (málsmeðferðarreglur o.fl.). — Þskj. 265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
Frv. samþ. með 31:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
12 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [13:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Meginbreytingin á þessu frv. til laga um breytingu á virðisaukaskattslögunum tengist þeirri heimskulegu og ranglátu ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar frá síðasta ári að fella niður eða stórlækka endurgreiðslu til húsbyggjenda eða þeirra sem eru að endurbæta húsnæði sitt vegna vinnu á byggingarstað úr 100% í 60%. Þessi óskynsamlega ráðstöfun er mjög íþyngjandi fyrir þá sem þannig stendur á hjá að þeir eru að leggja í kostnað af þessum sökum. En hún er líka heimskuleg frá skattalegu sjónarmiði séð þar sem enginn vafi er á því að hún stóreykur hættuna á undanskotum og svartri atvinnustarfsemi.

Það er sérstaklega umhugsunarvert nú þegar fyrir liggja nýjar upplýsingar um að tekjur ríkisins af virðisaukaskatti hafa af einhverjum ástæðum mitt í góðærinu farið lækkandi nú síðustu mánuðina, að menn skuli þá eftir sem áður ætla að halda til streitu jafnóskynsamlegri ráðstöfun og þessi er. Við erum algerlega andvíg þessari breytingu, herra forseti, og greiðum atkvæði gegn henni í stjórnarandstöðunni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 437).

Skipulagslög, frh. 1. umr.

Frv. umhvn., 240. mál (skipan skipulagsstjórnar). — Þskj. 367.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Fullgilding samnings um verndun víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim, frh. síðari umr.

Stjtill., 54. mál. — Þskj. 54, nál. 411.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:57]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.
13 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, KH, ÓE, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 438).

Út af dagskrá voru tekin 8., 10.–13. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 13:58.

---

51. FUNDUR

fimmtudaginn 19. des.,
að loknum 50. fundi.

Dagskrá:

1. Póst- og fjarskiptastofnun, stjfrv., 149. mál, þskj. 421, brtt. 424. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjarskipti, stjfrv., 150. mál, þskj. 423. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Póstþjónusta, stjfrv., 151. mál, þskj. 422, brtt. 425. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Skipulagslög, frv., 240. mál, þskj. 367. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130, nál. 328 og 368, frhnál. 416, brtt. 329 og 417. — Frh. 2. umr.
6. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 24, nál. 326 og 400, brtt. 327. — 2. umr.
7. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380. — 2. umr.
8. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 241. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306, nál. 408. — 2. umr.
10. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308, nál. 410. — 2. umr.
11. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412. — 1. umr.
12. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355. — 1. umr.
13. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 201, nál. 431, brtt. 432. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Of skammt var liðið frá 2. umr. og/eða útbýtingu þskj. í 1.–4., 11. og 13. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Póst- og fjarskiptastofnun, 3. umr.

Stjfrv., 149. mál. — Þskj. 421, brtt. 424.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Brtt. 424 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
14 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JBH, JónK, KÁ, KH, ÓE, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.
Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 439).

Fjarskipti, 3. umr.

Stjfrv., 150. mál (heildarlög). — Þskj. 423.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, LMR, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, DO, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 440).

Póstþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 151. mál (heildarlög). — Þskj. 422, brtt. 425.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Brtt. 425 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖS.
7 þm. (HG, KHG, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
10 þm. (BH, EgJ, GE, GÁ, HBl, JónK, KÁ, ÓE, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 441).

Skipulagslög, 2. umr.

Frv. umhvn., 240. mál (skipan skipulagsstjórnar). — Þskj. 367.

[14:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um breytingu á skipulagslögum frá umhvn. Þetta er ekki stórt mál sem hér er flutt og meira vegna formbreytinga varðandi skipulagsstjórn ríkisins. Ég vil geta þess hér, sem ég náði ekki að koma á framfæri við 1. umr., að ég var ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls úr nefndinni og tók ekki afstöðu til þess og var ekki eftir henni leitað. Ég vildi bara að það lægi fyrir. Ég tek það fram að það hefði komið til greina að mínu mati að fara þá leið sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að reifa við 1. umr., a.m.k. varðandi fulltrúa í stað húsameistara ríkisins, en það embætti er lagt niður frá áramótum og er kannski aðaltilefni þess að þetta mál er flutt. Eins er í umhvn. til umfjöllunar frv. til skipulags- og byggingarlaga þar sem tekið verður á þessum málum til frambúðar. Hér er því væntanlega um að ræða skammtímabreytingu á lögum að þessu leyti og ætla ég ekki að gera þetta frekar að umtalsefni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, HG, JóhS, KHG, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
16 þm. (BH, DO, EgJ, FI, GE, GÁ, HBl, IP, JBH, JónK, KÁ, PHB, RG, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, HG, JóhS, KHG, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (BH, EgJ, FI, GE, GÁ, HBl, IP, JBH, JónK, KÁ, PHB, RG, SP, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130, nál. 328 og 368, frhnál. 416, brtt. 329 og 417.

[14:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Heiti frv. gefur tilefni til að ætla að hér fari fyrst og fremst fram umræða um bókhald ríkisins. Það er rangt. Við erum að ræða um pólitík. Þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum er í rauninni eins konar pólitísk stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar um hvernig hún vilji skipta sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar. Reyndar hefur frést úr fjmrn., og það er nauðsynlegt að fá staðfestingu á því hér í þingsal, að til standi að lækka skattleysismörk á næsta ári að raungildi. Það hefur frést að til standi að lækka barnabætur að raungildi á næsta ári. Það hefur frést að til standi að lækka barnabótaauka á næsta ári að raungildi. Ef þetta er rétt þá þýðir þetta það að náð verður í 800–1.000 millj. kr. ofan í vasa launafólks á næsta ári.

Þetta eru svo alvarleg tíðindi, ekki aðeins fyrir launafólk og allan almenning í landinu, heldur er þetta sprengja inn á samningaborð kjaraviðræðna sem nú standa fyrir dyrum og menn spyrja sig núna hvað það sé sem raunverulega vaki fyrir ríkisstjórninni.

Þegar þessi ríkisstjórn var mynduð var því lýst yfir í stjórnarsáttmálanum að til stæði að lækka jaðarskatta. Fljótlega kom í ljós að þetta hygðist ríkisstjórnin gera í tengslum við kjarasamninga. Ríkisstjórnin ætlar að semja við launafólk um sín eigin kosningaloforð og nú er að koma á daginn hvernig á að fjármagna þessi sömu kosningaloforð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Það á að seilast ofan í vasa launafólks eftir 800–1.000 millj. kr., væntanlega til að semja um í komandi kjarasamningum. Ef þetta er rétt, og um þetta verður að fá upplýsingar hér í þingsal, þá er þetta reginhneyksli. Í rauninni erum við að tala um miklu hærri upphæðir en þetta. Við erum að tala um hærri upphæðir en þessu nemur vegna þess að gera má ráð fyrir því að í komandi kjarasamningum verði samið um launahækkanir og þá munu breytingar á þessum stærðum, á persónuafslætti og þessum bótum, vega miklu þyngra en þessu nemur.

Þetta eru hlutir sem við verðum að fá upplýsingar um. Alþingi og þjóðin öll á kröfu á því að þetta verði upplýst. Stendur til að lækka að raungildi skattleysismörkin? Stendur það virkilega til að halda frystum persónuafslætti sem jafngildir því að skattleysismörk hjá launafólki verði lækkuð? Og ekki nóg með þetta. Það á að auki að seilast ofan í vasann hjá barnafólki og hjá því barnafólki sem er tekjulægst því það á einnig að skerða barnabótaaukann að raungildi. Upplýsingar um þetta verðum við að fá í þingsal og við þessa umræðu.

Það er umhugsunarefni að á sama tíma og fréttir berast af metafla hjá Íslendingum, það hefur aldrei nokkurn tíma í sögu þjóðarinnar fiskast eins vel og á þessu ári, og þetta er nokkuð sem við skulum ekki hafa í flimtingum, á sama tíma og þetta gerist berast fréttir frá hjálparstofnunum um að aldrei hafi verið eins mikið leitað til þeirra af fólki sem er í nauðum statt. Í öllu góðærinu berast þessar fréttir af misskiptingunni. Það er í þessu samhengi sem við erum að ræða þessa pólitísku stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna þess að í því plaggi sem hér er til umfjöllunar, í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, kemur fram að þeir hópar sem sérstaklega er ráðist á eru þeir hópar sem einkum eiga undir högg að sækja í íslensku þjóðfélagi. Það eru fatlaðir. Það er sérstaklega ráðist á fatlað fólk í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Ég ætla að gera nokkrar greinar frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum að umræðuefni hér. Ég ætla að byrja á því að nefna 2. gr. frv. sem gerir ráð fyrir því að innheimt verði sérstakt gjald, endurinnritunargjald, af nemanda sem endurinnritar sig í próf eða áfanga. Í hinu upprunalega frv. er kveðið á um að þetta skuli vera upphæð sem nemi 1.500 kr. Sú upphæð hefur nú í brtt. verið lækkuð niður í 500 kr. En eftir sem áður er verið að skattleggja unglinga. Það er verið að leggja álögur á unglinga sem eiga í erfiðleikum við námið og eins og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi það, þá er þetta sérstakur skattur á námserfiðleika. Þetta er sérstakur skattur sem lagður er á námserfiðleika. Það er umhugsunarefni þegar reynt er að setja alla hluti upp á bókhaldsvísu og leysa alla hluti á bókhaldsvísu, þá fara menn inn á brautir sem þessa, en við skulum ekki gleyma því að það fólk sem hér á í hlut, ungt fólk, er iðulega, og sérstaklega þeir sem lenda í vandræðum í sínu námi, fólk sem er á því skeiði ævinnar sem það er kannski einna síst í jafnvægi og hefur þörf fyrir stuðning frá sínum fjölskyldum og sínu umhverfi og þar á meðal skólunum. Þessi refsivöndur sem er reiddur á loft í frv. verður ekki til að bæta úr því sem segir í greinargerð með frv. þar sem talað er um að endurtekning prófa sé óeðlilega mikil og hugsunin með því gjaldi sem þarna á að leggja á nemendur sem þurfa að endurinnrita sig sé sú að með þessu verði nemandinn látinn standa straum af kostnaði sem óhjákvæmilega hlýst af því að halda endurtekningarpróf en hugsunin er einnig sú að með þessu móti sé hægt að aga unga fólkið.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé afskaplega misráðið að gera þetta. Það sem skólayfirvöldum og löggjafanum ber að gera er að leita leiða til þess að veita þessu unga fólki öryggi og finna leiðir sem styrkja sjálfsímynd þess í stað þess að finna upp refsingar af þessu tagi.

Samtök námsfólks hafa mótmælt þessum skatti mjög harðlega, kalla þetta fallskatt, og samtök skólafólks hafa mælt mjög eindregið gegn þessari lagabreytingu. Skólamenn eru almennt mjög andvígir þessari breytingu. En þeir sem hugsa samkvæmt þankagangi bókhaldarans og vilja leysa öll vandræði og allt sem á bjátar með refsingum og refsivöndum og sektum koma fram með tillögur af þessu tagi. Það er ekki nóg með þetta því að í frv. er líka verið að festa í sessi skólagjöld.

Hér hafa verið miklar deilur í þjóðfélaginu undanfarin ár um hvort yfirleitt eigi að leggja gjöld á nemendur. Það hefur verið deilt um þetta varðandi háskólastigið og skólagjöld á framhaldsskólastigi. Með þessu frv. er verið að festa skólagjöld í sessi. Við sjáum það gerast og erum búin að sjá það gerast á undanförnum árum hvernig menn hafa smám saman verið að færa sig upp á skaftið í þessum efnum, aukin gjaldtaka á öllum sviðum og þá einnig í skólakerfinu. Ég vil sérstaklega andmæla þessum lagabreytingum.

Varðandi Framkvæmdasjóð fatlaðra, þá er hann skertur verulega. Í lagafrv. er kveðið á um það að erfðafjárskattur umfram 165 millj. kr. skuli renna til ríkissjóðs en ekki til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þær tölur sem nefndar hafa verið í þessu sambandi, ef fjármagnið allt hefði runnið til fatlaðra, eru 420–430 millj. kr. sem hefðu átt að renna óskiptar til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. En í frv. er kveðið á um það að einvörðungu 165 millj. kr. skuli renna til fatlaðra. Eins og fram hefur komið í umræðunni í dag er verið að skáka ýmsum kostnaðarliðum til í kerfinu en eftir því sem ég kemst næst er með þeim breytingum sem verið er að gera í þessu frv. og í fjárlagafrv. verið að skerða framlag til þessa málaflokks um 130–140 millj. kr. Mitt í góðærinu er verið að skerða framlag til fatlaðra um 130–140 millj. kr. þegar upp er staðið. Það eru þær ákvarðanir sem hér er verið að taka í þessari stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Annað sem hefur verið gagnrýnt mjög harðlega er sú ákvörðun að færa Starfsmenntasjóð undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég vil ítreka þau mótmæli sem hér hafa komið frá stjórnarandstöðu og eru að hluta til endurómur mótmæla sem borist hafa víða að úr þjóðfélaginu, frá verkalýðshreyfingunni t.d. og ekki síst, um þessa ráðstöfun.

Enn eitt atriði sem ég vil sérstaklega gera að umræðuefni er sú ákvörðun að ávísa auknu valdi til heilbrrh. Í nefndaráliti frá minni hluta efh.- og viðskn. er talað um „blankótékka" handa heilbrrh. af þessu tilefni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sérstakur kafli er í frumvarpinu um heilbrigðisþjónustu. Þær greinar varða fjárlögin ekki nema að litlu leyti en eru settar inn í bandorminn til að fá auknar heimildir fyrir heilbrrh. til að endurskipuleggja heilbrigðisþjónustuna að eigin geðþótta.

Þannig er í frv. heimilað að sameina stofnanir og breyta skiptingu heilsugæsluumdæma og starfssvæða heilsugæslustöðva og ráðherra verður heimilt að setja með reglugerð ákvæði um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið og verkaskiptingu, svo og ákveða sameiningu sjúkrastofnana. Það er ljóst af þessu að hér er um mjög víðtækar heimildir að ræða."

Í þessu áliti er vitnað í minni hluta heilbr.- og trn. en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vinnuaðferð ríkisstjórnarinnar endurspeglar því augljóslega að hún óttast umræðu um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Það segir sína sögu um eðli þeirra. Sérstök athygli er vakin á því að heilbrigðisþjónustukaflinn sker sig úr að því leyti að ekki er að finna annars staðar viðlíka efnisbreytingar á gildandi lögum í frv. Þá er hér er um víðtækt framsal að ræða til ráðherra." Svo mörg eru þau orð.

Um þetta vil ég segja þetta: Það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að framkvæmdarvaldið leiti eftir því að Alþingi gefi heimildir til víðtækra skipulagsbreytinga í stjórnkerfinu. Það er ekki svo ýkjalangt síðan hæstv. fjmrh. reyndi að fá samþykkt á Alþingi víðtæka heimild fyrir svokölluðum þjónustusamningum, að ríkisvaldið fengi heimild til að gera þjónustusamninga við einstakar stofnanir. Þetta vakti mikil mótmæli á þingi þegar þetta kom til umræðu og menn bentu réttilega á að til þess væri löggjafinn að setja leikreglurnar og menn vildu fá að vita, hvað það væri sem framkvæmdarvaldið hefði í hyggju. Hið sama er upp á teningnum hér. Jafnvel þótt menn kunni að vera sammála því að það þurfi að ráðast í margvíslegar kerfisbreytingar í heilbrigðiskerfinu, þá vilja menn fá tækifæri til að ræða þetta í opinni og lýðræðislegri umræðu áður en ákvarðanir eru teknar. Það var merkilegt að fylgjast með því þegar frv. í þessa veru var rætt á þinginu sl. vor einmitt um skipulagsbreytingar í heilbrigðiskerfinu, heilbrigðisþjónustunni, þá kom fram í umsögnum víða að á landinu að menn væru reiðubúnir til að taka þar á margvíslegum skipulagsvanda, en vildu vita að hverju þeir væru að ganga, vildu fá tækifæri til að veita löggjafanum umsögn um málið áður en gengið væri frá, ég vil kalla það, valdaafsali að þessu leyti. Ég skrifa þess vegna algerlega upp á þessar efasemdir sem fram koma í minnihlutaáliti bæði heilbr.- og trn. og einnig af hálfu minni hluta efh.- og viðskn.

Hér hefur verið upplýst og er upplýst í nál. minni hluta efh.- og viðskn. að af hálfu meiri hlutans væri í undirbúningi frv. um breytingar á nokkrum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga og mun það ganga undir heitinu skröltormur. Minni hlutinn hyggst við afgreiðslu þessa svokallaða skröltorms leggja fram brtt. um að hækkun atvinnuleysisbóta, ellilífeyris og bóta úr almannatryggingakerfinu miðist við launabreytingar eins og áður. Þetta tel ég vera algjört grundvallaratriði. Við erum í rauninni ekki aðeins að fást við efnahagsstærðir, við erum að ræða um siðferði. Menn höfðu af því þungar áhyggjur við afgreiðslu fjárlaga síðastliðið vor þegar atvinnuleysisbæturnar og tryggingabæturnar almennt voru teknar úr tengslum við launaþróun í landinu, að það kynni að koma niður á þeim hópum, að það kynni að bitna á þeim, að það kynni að skerða kjör þessara hópa.

Það er mín skoðun að Alþingi eigi að sjá sóma sinn í því að þinghaldinu verði ekki lokið fyrir jólin nema að frágengnum þessum málum. Að því frágengnu að gulltryggt verði að lífeyrisþegarnir, atvinnulausa fólkið muni halda sínum hlut óskertum á næsta ári. Það þykir mér vera algjört grundvallaratriði. Það er athyglisvert, og menn skyldu hafa það í huga í tengslum við komandi kjarasamninga, að samtök launafólks hafa lagt á það mjög þunga áherslu að frá kjarasamningum verði ekki gengið nema þessi mál séu í höfn. Mér finnst að Alþingi eigi að sjá sóma sinn í því áður en þinginu er slitið og menn halda að jólaborðinu að frá þessum málum verði gengið.

[14:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom í máli hv. ræðumanns vil ég segja þetta. Í fjárlögum verður ekki tekjuauki vegna þess að afsláttarliðir hækka ekki í hlutfalli við verðlag. Engin skattahækkun verður að óbreyttum launum nema útsvarshlutfall hækki meira en nemur tekjuskattshlutfallslækkun. Útsvar til sveitarfélaganna skilar þeim helmingi hærri upphæð en tekjuskatturinn gerir nettó til ríkisins. Sá sem hefur t.d. 100 þús. kr. í laun í desember og aftur sömu upphæð í janúar mun standa skil á nákvæmlega sömu upphæð í skatta. Í fjárlögum er gert ráð fyrir að skattar verði lækkaðir um fjárhæð sem nemur hækkun afsláttarliða vegna verðlagsbreytinga. Jaðarskattanefnd, sem margoft hefur verið rætt um, mun skila áliti sínu í næsta mánuði. Að því fengnu verður tekin ákvörðun um hvar skattalækkunin verður. Og mín afstaða er sú að hún þurfi fyrst og fremst að koma barnafólki og öðrum þeim sem verða mest fyrir jaðaráhrifum skattkerfisins til góða. Þess vegna var algjörlega óeðlilegt að breyta nú afsláttarliðunum eins og mátti heyra hjá ræðumanni áðan að þyrfti að gerast. Ég ítreka það að ekki er gert ráð fyrir tekjuhækkun í fjárlögum af þessum sökum.

[14:34]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði áðan hvort það væri rétt sem við hefðum heyrt úr stjórnkerfinu að virkilega standi til að frysta persónuafsláttinn vegna þess að það þýðir í raun að skattleysismörkin verða lækkuð. Og hvort virkilega standi til að frysta barnabæturnar og hvort virkilega standi til að frysta barnabótaaukann sem þýðir í raun skerðingu á ráðstöfunartekjum hjá almennu launafólki og skerðingu sérstaklega hjá launafólki sem býr við barnaómegð. Því ef þetta er rétt þá er ríkissjóður að seilast ofan í vasa hjá almenningi um 800 millj. kr. Og ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh. væri að staðfesta að síðan ætti að semja um þessa hluti sem þeir eru að taka frá launafólki. Að til standi að setjast að samningaborði til að semja um það sem ríkisstjórnin er að hafa af almennu launafólki núna.

[14:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort svarar kostnaði að reyna aftur. Persónuafslátturinn breytist ekkert. Ef launin eru óbreytt á milli mánaða, sem allar líkur eru til, þá verða skattarnir nákvæmlega þeir sömu. Þær 800 milljónir sem hv. þm. er að ræða um og er munurinn á verðlagsbreytingunni mynda ekki tekjuauka í fjárlögunum vegna þess að hugmyndin er að ráðstafa þessum fjármunum til skattalækkunar, væntanlega til skattalækkunar til að eyða jaðaráhrifum skattkerfisins. Það hefur enginn talað um samninga í því skyni. Menn hafa verið að tala um að horfa á niðurstöður nefndar

sem hefur verið að störfum um alllanga hríð og á grundvelli þeirrar niðurstöðu að meta málið. Ég minni hv. þm., sem er fulltrúi Alþb. og óháðra, á að þingmenn hans flokks hafa flutt tillögu á þinginu um að breyta tekjuskattinum þannig að jaðaráhrifin verði minni en nú eru. Ég segi fyrir mig að ég fagna þessari tillögu vegna þess að ég held að stefnan í henni sé rétt og mér finnst þess vegna koma fyllilega til greina að fyrirhuguð skattalækkun komi fram m.a. til að lækka eða draga úr jaðaráhrifum tekjuskattkerfisins. Ég vona, virðulegi forseti, þó ég efist reyndar dálítið, en ég vona samt að ég hafi sagt þetta nægilega skýrt þannig að hv. þm. og aðrir skilji nákvæmlega út á hvað þetta gengur.

[14:38]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að mjög mikilvægt sé að fólk láti ekki blekkjast í þessu efni. Það er mjög mikilvægt að menn átti sig á staðreyndum þessa máls. Persónuafslátturinn hefur verið hækkaður í lok árs. Áður var þetta gert tvisvar á ári. Núna stendur hins vegar til að frysta persónuafsláttinn. Að færa hann ekki upp samkvæmt verðlagi. Þetta þýðir að skattleysismörkin eru lækkuð að raungildi sem þýðir það svo aftur að tekjur launafólks eru skertar. Sama er að gerast með barnabæturnar og barnabótaaukann. Við erum að tala um upphæðir sem nema hundruðum milljóna. Við erum að tala um 800–1.000 millj. kr. Og hæstv. ráðherra staðfesti áðan að við ættum að bíða eftir því sem gerðist hjá svokallaðri jaðarskattanefnd. Af hverju á að bíða eftir því? Vegna þess að um þetta á að semja við launafólk. Það sem verið er að hafa af fólki núna á að semja um á næstu vikum. Þetta er fullkomið siðleysi. Ríkisstjórnin lofaði því þegar hún tók við völdum að lækka jaðarskatta. Síðan sagði hún: Við ætlum að bíða með málið. Við ætlum að semja um það. Og núna er verið að hafa þessa peninga af almenningi, af launafólki, til að geta samið um það eftir fáeinar vikur. Auðvitað sjá allir í gegnum þennan loddaraleik. Það er mjög mikilvægt að íslenskt launafólk láti ekki blekkjast í þessu efni.

[14:40]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu, ráðstafanir í ríkisfjármálum, er eiginlega rangnefni. Það er nefnilega þannig að þau ákvæði sem mestu skipta í frv. eru þess eðlis að þau koma ríkisfjármálunum ekkert við. Ég nefni t.d. sérstaklega þann þátt sem hefur verið gagnrýndur allverulega af stjórnarliðum og kannski mætti hæstv. fjmrh. dvelja örlitla stund hér í dag til að hlusta á hvernig hans eigið fólk hefur farið eldi um frv. Ég bendi á að stjórnarliðinn, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, bókstaflega tætti í sig með mjög rökfastri ræðu fyrr í dag nánast öll lykilatriðin í þeim kafla frv. sem lýtur að heilbrigðismálum. Það er hæstv. fjmrh. sem á frumburðarréttinn að þeim og ég held að hann hefði gott af því að sitja hér og hlýða á það mál, því ég vænti þess að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir eigi eftir að koma aftur og gera ítarlegri grein fyrir sínu máli síðar í dag þegar hæstv. ráðherra, þ.e. fagráðherrann, verður búinn að svara rökum hennar.

Það er jafnan svo, herra forseti, að þegar líður á haustið kemur ríkisstjórnin með frv. af þessu tagi þar sem verið er að reyna að efna til ákveðinna ráðstafana sem eiga að sjá til þess að markmið ríkisstjórnarinnar í fjármálum náist hverju sinni. Það hefur jafnan verið eðli þeirra breytinga að þær hafa verið tímabundnar. Það hefur hins vegar færst í vöxt á seinni árum að breytingarnar hafa verið varanlegar. Það er verið að gera verulega róttækar breytingar á ýmsum lagabálkum og ég ætla ekkert að undanskilja þá ríkisstjórn sem ég átti aðild að á sínum tíma. Hún tók líka þátt í þessari þróun. Hins vegar finnst mér nú skörin vera farin að færast rækilega upp í bekkinn með þessu frv. Hérna er nefnilega gert ráð fyrir að gerðar séu breytingar á hvorki meira né minna en 18 lagabálkum en einungis er gert ráð fyrir að fjórar verði tímabundnar. Breyting á 14 lögum sem er lögð til á að vera varanleg. Það er auðvitað allt annað en menn lögðu upphaflega af stað með þegar þessi háttur var tekinn upp. Ég vek sérstaka eftirtekt á því að sumar þessar breytingar eru þannig að ekki er hægt að kalla annað en smyglgóss.

Ég hef tekið stórt upp í mig, herra forseti, þegar ég hef sagt að þær breytingar sem verið er að leggja til í heilbrigðismálum séu ekkert annað en smyglgóss í farteski þessa frv. Hvers vegna segi ég það? Vegna þess að þær breytingar eru að mörgu leyti alls óskyldar ráðstöfunum í ríkisfjármálum, eins og ég færi rök að í seinni hluta ræðu minnar. Hér er verið að gera varanlegar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og það liggur í hlutarins eðli að hér er um að ræða annaðhvort breytingar sem hæstv. heilbrrh. hefur ekki haft nennu til að útfæra nákvæmlega og færa fram í sérstöku frv. eins og væri auðvitað eðlilegt eða þá einfaldlega, sem ég tel líklegra, að þessar breytingar séu þess eðlis að ekki sé fullt samþykki fyrir þeim innan stjórnarliðsins og þess vegna sé verið með þessu móti að freista þess að smygla þeim í gegn. Ég leyfi mér nefnilega, herra forseti, að efast stórlega um það að ef hv. þm. stjórnarinnar gerðu sér grein fyrir hvað felst í sumum þessara breytinga, hvers konar uppstokkun er þar fólgin í öllu umhverfi, t.d. sjúkrahúsa í dreifbýlinu, þá mundu þeir tæpast sitja þegjandi undir þessum umræðum. Þá mundu þeir tæpast vera reiðubúnir til að ljá samþykki sitt við þeim. Og þá mundu e.t.v. fleiri stíga í þennan stól, eins og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir fyrr í dag, og upplýsa um eðli þeirra. Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur nefnilega mikla þekkingu á þessum málum og hefur kafað djúpt í frv. og niðurstaða hennar, herra forseti, var nánast með sömu orðum og sú niðurstaða sem minni hlutinn í heilbr.- og trn. komst að og færir fram í áliti sínu, þ.e. að hér væri í allt of ríkum mæli verið að framselja vald til heilbrrh. Og það eru söguleg tíðindi í umræðum af þessu tagi þegar einn af stjórnarliðunum, og þar að auki fulltrúi stjórnarliðsins í heilbr.- og trn., kemur hingað í þennan stól og lýsir harðri andstöðu við fyrirætlun fagráðherrans í málinu. Það hljóta að teljast merk tíðindi og ég lýsi eftir því, herra forseti: Eru fleiri hv. þm. í heilbrn. sömu skoðunar og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir? Mun til að mynda hv. þm. Guðni Ágústsson, sem hefur hefur getið sér orð ekki bara fyrir að vera skeleggur heldur réttsýnn, treysta sér til að koma í þennan stól og lýsa því yfir að málflutningur félaga hans í stjórnarliðinu, hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, sé rangur? Ef hv. þm. Guðni Ágústsson treystir sér ekki til að gera það, þá hlýtur að mega gagnálykta, að hann sé sammála þeim rökum sem hv. þm. Lára Margrét flutti gegn þessum flausturslegu breytingum sem eru lagðar til af hálfu hæstv. heilbrrh.

Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur á síðustu árum viðað að sér mikilli þekkingu á heilbrigðismálum og það hefur komið fram aftur og aftur í umræðum á þinginu og þá ekki síður höfum við mátt njóta þessarar nýfengnu reynslu hans og

þekkingar í umræðum í heilbrn. Ég spyr þess vegna hv. þm.: Hefur hann kynnt sér þetta mál í þeim mæli að hann treysti sér til að taka málefnalega afstöðu til þess? Þá á ég við, herra forseti, treystir hv. þm. sér til að koma hér og segja að það sé rangt sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir flutti í morgun, að heilbrigðiskafli þessa frv. fæli í sér allt of mikið framsal á valdi til ráðherra? Að það væri líklegt að með þessum breytingum yrði vegið að ákveðnum þáttum í starfi sjúkrahúsa ekki síst í dreifbýlinu? Og treystir hann sér til að hafna þeirri skoðun hv. þm. Láru Margrétar, sem kemur raunar einnig fram í nál. meiri hlutans, að það sé líklegt að með þeirri breytingu sem á að gera á högum heilsugæslunnar í Reykjavík að samþykktar reglur um samkeppni verði brotnar? Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, herra forseti. Ég tek hins vegar eftir því að hæstv. heilbrrh. hefur kosið að vera ekki í salnum þegar formaður heilbr.- og trn. ræðir heilbrigðiskafla frv. þannig að ég ætla þá á þessu stigi ræðu minnar að víkja að öðrum þáttum.

Í ræðu minni við 1. umr. þessa máls voru nokkur atriði sem ég gagnrýndi. Eitt af þeim var það ákvæði sem lagt var til í 25. gr. en þar var gert ráð fyrir að tekinn yrði upp sérstakur áfrýjunarskattur. Þeir menn sem hygðust ná rétti sínum, sem þeir e.t.v. kynnu að telja sig eiga með sjálfsögðum hætti gagnvart samkeppnislögum og vildu áfrýja niðurstöðu Samkeppnisstofnunar til sérstakrar áfrýjunarnefndar, áttu samkvæmt þeirri grein að greiða sérstakan skatt, 120 þús. kr. áfrýjunarskatt. Ég lagðist harkalega gegn þessu og reyndar fleiri talsmenn stjórnarandstöðunnar.

Það ber að þakka það sem vel er gert, herra forseti, og ég tek eftir því í þeim brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur flutt inn í þingið að gert er ráð fyrir að 25. gr. sé felld brott. Þetta er sérstakt fagnaðarefni og sýnir að lengi er von á einum. Það er jafnvel til í dæminu að hv. þm. sem eiga sæti í þeirri nefnd taki rökum. Því miður er þetta einangrað dæmi því að í óskaplega fáum öðrum atriðum er tekið tillit til þeirra raka sem menn hafa flutt fram gegn einstökum ákvæðum þessa máls. Það er t.d. sorglegt að sjá að efh.- og viðskn. hefur kosið að hafa að engu þær röksemdir sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur beitt af nokkri rökfimi að ég tel gegn þessum flausturslega heilbrigðiskafla sem hér er fluttur.

Ég tel reyndar, herra forseti, að mál séu nú komin í allt aðra stöðu en þegar frv. var flutt. Það hefur komið fram að tekjur ríkisins eru snöggt um meiri og munu verða snöggt um meiri en ráð var fyrir gert. Það hafa verið flutt rök fyrir því, a.m.k. af talsmönnum stjórnarandstöðunnar í fjárln., að líklegt sé að tekjuauki ríkisins á næsta ári verði miklu meiri, jafnvel fast að 1,5 milljörðum kr. meiri heldur en stjórnvöld láta uppi. Það er eðlilegt. Það er gert ráð fyrir auknum hagvexti, miklu meiri hagvexti heldur en Þjóðhagsstofnun sá fyrir um mitt síðasta ár. Það er ljóst að allir nytjastofnar sjávar eru á góðri uppleið, afli eykst í uppsjávartegundum, afli mun aukast í þorski. Það hefur þegar verið gefið út að það sé mjög líklegt að heildarkvóta í þorski verði breytt og allt bendir til þess að innan skamms verði gerðir mjög mikilvægir samningar um nýja stóriðju á Íslandi. Allt hnígur þetta í þann farveg, herra forseti, að tekjur hins opinbera verða mun meiri en gert er ráð fyrir. Það þýðir breytta stöðu. Það þýðir að ekki er jafnmikil nauðsyn til þess að ráðast í sumar þessara ráðstafana sem hér eru lagðar til. Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að ríkisstjórn, og meiri hluti hverju sinni, verður að ná í gegn þeim málum sem hún telur algerlega nauðsynlegt að fá fram til þess að ná yfirlýstum markmiðum í ríkisfjármálum.

Mig langar sérstaklega áður en ég lýk þessum hluta umfjöllunar minnar um heilbrigðismálin að nefna að ein grein er alveg sérlega vond í heilbrigðiskaflanum, þ.e. 19. gr. Þar er bókstaflega gert ráð fyrir því að hæstv. heilbrrh. fái blankótékka til þess að hræra eins og hún vill hverju sinni í málefnum sjúkrahúsa. Það er talað um að hún geti sameinað með einfaldri reglugerð sjúkrahús sem rekin eru af ríkinu. Ég vísa til þeirra raka sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir flutti gegn þessu. Þetta ákvæði sérstaklega er flausturslega unnið. Það er sérlega ámælisvert vegna þess að fagnefnd þingsins, heilbr.- og trn., hefur ekki fengið nokkrar einustu upplýsingar um það hvernig eigi að beita þessu. Það eru heldur engin rök í greinargerð ráðuneytisins sjálfs fyrir nauðsyn þessarar breytingar. Rökin er hins vegar að finna í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar kemur fram að nauðsynlegt er að ná fram þessari grein til þess að ná fram 160 millj. kr. sparnaði sem átti að klípa af sjúkrahúsunum í dreifbýlinu. Við höfum aldrei fengið að sjá útfærslu á þessu. Það var ekki haft lögbundið samráð heldur við Landssamband sjúkrahúsa um þetta mál. Þegar fulltrúar þeirra voru kvaddir til fundar við heilbr.- og trn., kom það í ljós sem sætti furðu allra nefndarmanna, líka stjórnarliðanna, að Landssamband sjúkrahúsa vissi ekkert um þetta mál. Það hafði ekki verið rætt við einn einasta forsvarsmann sjúkrahúsanna. Einn af þeim sem kom t.d. til fundar við nefndina var framkvæmdastjóri Sjúkrahússins á Sauðárkróki sem er í kjördæmi hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem á sæti í fjárln. Þessi ágæti maður flutti okkur þau tíðindi að hann vissi ekkert um hvernig væri fyrirhugað að ná fram þessum sparnaði.

Nú liggur það fyrir, herra forseti, að til viðbótar þessu er það niðurstaðan í heilbrrn. að þar sjá menn heldur engar leiðir til þess að ná fram þessum sparnaði. Staðan er breytt að því leyti til að í staðinn fyrir þennan 160 millj. kr. sparnað sem átti að ráðast í á næsta ári þá á að draga úr þessu og skipta því í þrjú ár þannig að það er einungis stefnt að 60 millj. kr. sparnaði á næsta ári. Enginn veit hvernig á að ná honum fram og enginn mun vita það fyrr en kemur fram í mars í fyrsta lagi þegar vinnunefnd sem að þessu starfar innan ráðuneytisins kann mögulega að skila áliti sínu.

Við 1. umr. gagnrýndi m.a. sá sem hér stendur þessi vinnubrögð og sagði að svo skammt væri til upphafs nýs fjárlagaárs að það væri með engu móti hægt að standa við þetta. Nú hefur það sannast. Hæstv. heilbrrh. hefur lagt á flótta í þessu máli. Stjórnarliðið hefur auðvitað reynt að skera hana niður úr þeirri snöru sem hún hefur fléttað sjálfri sér í málinu. En ég spyr: Í ljósi þess að staða ríkissjóðs er betri, í ljósi þess að stjórnarliðar hafa í dag í skeleggu máli flutt rök gegn þessu ákvæði og í ljósi þess að hæstv. ráðherra hefur þegar ákveðið að breyta því verulega og í fjórða lagi í ljósi þess að það liggur ekkert fyrir um það hvernig á að útfæra þennan sparnað og þessar breytingar sem á að ráðast í gagnvart sjúkrahúsum og dreifbýlinu, er þá ekki mál að linni? Geta menn þá ekki komist að þeirri niðurstöðu, herra forseti, að þetta umdeilda ákvæði verði fellt út, verði dregið til baka. Það er alveg ljóst að það er ekki líkt því alveg eins nauðsynlegt og þegar frv. var lagt fram. Forsendurnar eru breyttar. Markmiðið sem þetta tiltekna ákvæði átti að þjóna er ekki lengur til staðar. Það á ekki lengur að ná 160 millj. kr. sparnaði. Það á að dreifa þessum sparnaði og það liggur jafnvel í loftinu að það verði fallið frá þessu

þegar líður fram á árið. Þá eftir sem áður sitjum við uppi að þessu frv. samþykktu með ákvæðið sem gerir ráð fyrir því að hæstv. heilbrrh., hvort sem það er Ingibjörg Pálmadóttir eða einhver annar í framtíðinni, getur eins og hún vill breytt starfsumhverfi sjúkrahúsa. Hún getur ákveðið sameiningu sjúkrastofnana með því einu að breyta um reglugerð. Hún þarf ekki að fara til þingsins. Hún þarf ekki að spyrja þá fulltrúa sem eru kjörnir af landsbyggðinni til þess að gæta hagsmuna þeirra sem búa á landsbyggðinni. Það þarf t.d. ekki að leita álits hv. þm. Hjálmars Jónssonar sem ekki bara á sæti í fjárln. heldur er fulltrúi fyrir mikilvægt kjördæmi. Þá þarf ekki að leita álits eins eða neins. Hún getur gert það sem henni dettur í hug þá stundina. Ég tel að þetta brjóti í bága við grundvallarreglur fulltrúalýðræðisins og ég hef sýnt fram á það hér að forsendur ríkisstjórnarinnar eru breyttar og einn af stjórnarliðum hefur flutt fullgild rök fyrir því að ákvæðið í sjálfu sér er hættulegt og alls ólíklegt að það verði til þess að treysta grunn sjúkrahúsanna á landsbyggðinni sem þegar er búið að veikja um of bara með þeirri óvissu sem þessi umræða hefur sett málið í.

Herra forseti. Ég ætla nú að víkja frá heilbrigðiskaflanum um stund. Án þess að ég geri nokkra kröfu sérstaklega til þess að ráðherrar verði sóttir til þessarar umræðu, þá ætla ég að sjá hvort hæstv. heilbrrh. rekist ekki hér inn einhvern tíma þegar líður á daginn og má vera að ég verði þá kominn undir síðasta fjórðung minnar ræðu.

Ég hef þegar vikið að því, herra forseti, að **(Gripið fram í:** Maður kemst ekki í andsvar þá.) hv. efh.- og viðskn. hefur orðið við þeim óskum að fella niður áfrýjunarskattinn. Því miður varð hún ekki við því að fella niður annan skatt sem hefur verið nefndur hér í þinginu fallskattur hæstv. menntmrh. Ég er algerlega andvígur þeirri tilhögun sem lögð er til í 2. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að þeir námsmenn sem skráðir eru til að mennta sig í framhaldsskólum verði að borga sérstakt gjald, 1.500 kr. endurinnritunargjald ef þeir hafa einhverra hluta vegna fallið eða þurft að hætta í áföngum í sínum skólum. Að vísu kaus hv. efh.- og viðskn. að breyta þessu lítillega og hefur sennilega að einhverju leyti tekið tillit til þeirra raka sem hér voru flutt gegn þessu ákvæði. Hún hefur breytt því þannig að í staðinn fyrir að það eigi að greiða 1.500 kr. endurinnritunargjald þá á að borga 500 kr. endurinnritunargjald fyrir sérhvern áfanga. Hins vegar er það svo að fjármagnið sem á með þessum hætti að plokka af nemendum öllum innan við tvítugt á að nema sömu upphæð og gert var ráð fyrir upphaflega í frv. Hver eru rökin fyrir þessu, herra forseti? Rökin er að finna í greinargerðinni og þar eru þau fólgin í eftirfarandi setningu, með leyfi forseta: „... brottfall nemenda úr framhaldsskólum og endurtekning prófa er talin óeðlilega mikil."

Ég spyr, hæstv. menntmrh. sem væntanlega situr við tölvuna sína í skrifstofunni í menntmrn. og fylgist með þessum umræðum á skjánum, sem í sjálfu sér er lofsvert: Hvað liggur þessari staðhæfingu til grundvallar? Hvernig getur hann fullyrt að brottfall nemenda úr framhaldsskólum og endurtekning prófa sé óeðlilega mikil? Hvaða rannsókn hefur farið fram á því sem leiðir til þessarar niðurstöðu? Er hún óeðlilega mikil miðað við önnur lönd eða er hún óeðlilega mikil miðað við prívatskoðun hæstv. menntmrh.? Hæstv. ráðherra er um margt glöggur og gegn maður og hefur skynsamar skoðanir á mörgu en ég tel að þarna hafi skýrum skjöplast. Ég tel að hæstv. menntmrh. hafi þarna komið með sleggjudóm, komið með fullyrðingu sem hvorki hann né nokkur annar fulltrúi stjórnarliðsins getur skotið rökum undir. Ég spyr a.m.k. stjórnarliðana: Hver eru rökin? Sá sem ber faglega ábyrgð á þessu frv. eins og því er komið núna er auðvitað hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Hann er formaður efh.- og viðskn. Hann hefur farið um þetta höndum og ég hlýt í fjarvist hæstv. menntmrh. að spyrja hv. formann efh.- og viðskn.: Hvað er það sem liggur því til grundvallar að hann getur tekið undir að brottfall nemenda úr framhaldsskólum og endurtekning prófa sé óeðlilega mikil? Ég held nefnilega að samþykkt þessa ákvæðis geti þvert á móti leitt til þess að brottfallið aukist og um verði að ræða óeðlilegt brotthvarf nemenda sem hrökklast algerlega frá námi.

Hverjir eru það, herra forseti, sem eru líklegir til að hafa einhverra hluta vegna þurft að hætta við áfanga í framhaldsskólum? Það er hægt að nefna ýmsa möguleika. Fólk getur orðið sjúkt. Á þá sérstaklega að skattleggja þá sem verða að hætta við einhvers konar áfanga í framhaldsskólum vegna þess að þeir hafa orðið sjúkir? Ég held að það sé í andstöðu ekki bara við sanngirni og réttsýni þingmanna stjórnarandstöðunnar, heldur hygg ég að það sé beinlínis í blóra við þá mannhyggju sem hefur þrátt fyrir allt fylgt Sjálfstfl. í gegnum tíðina.

Það er líka hægt að hugsa sér að aðrar ástæður valdi því að fólk þarf að hrökklast frá námi um stundarsakir eða fellur í áföngum. Við vitum að fátækt hefur aukist á Íslandi. Við vitum, og rannsóknir liggja því til staðfestu, að æ fleiri framhaldsskólanemar neyðast til að vinna með námi. Hvaða fólk er það sem er líklegra til að þurfa að vinna með námi til að framfleyta sér? Það er auðvitað fólkið sem ekki býr að auðugum foreldrum, sem ekki hefur sama stuðning og þeir sem koma frá vel stæðum heimilum. Það er fólkið sem við getum í dag sagt að komi frá fátækum fjölskyldum. Þetta fólk verður í æ ríkari mæli að framfleyta sér með vinnu meðfram náminu. Það er þetta fólk sökum þessa vinnuframlags sem er líklegra til að falla á prófum. Ég spyr þess vegna hv. stjórnarliða: Á með þessum hætti að fara að skattleggja fátæktina? Á að nota fátæktina til að fæla fólk frá námi? Ég get ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu að verið sé að gera það. Ég ætla ekki hv. stjórnarliðum þá undirhyggju að það beinlínis vaki fyrir þeim, en ég tel hins vegar að hér sé flaustурslega unnið, hér sé af vanhugsun lagt fram frv. og ákvæði sem stenst ekki rök. Ég fullyrði, herra forseti, þangað til stjórnarliðið sýnir mér fram á annað að sú staðhæfing að brottfall nemenda úr framhaldsskólum sé óeðlilega mikið sé röng vegna þess að ég hef spurt þessarar spurningar áður og hef engin svör fengið. Ég hef spurt: Hvað liggur þessu til grundvallar? Engin svör.

Herra forseti. Mig langar að drepa á annað mál sem tengist hæstv. menntmrh. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögum frá 1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, verði breytt. Þessi lög voru afskaplega þörf á sínum tíma. Þau voru grundvöllur þess að Þjóðarbókhlaðan var reist og eftir því sem ég hef þurft að nota þá merku stofnun meira, sem ég hef gert talsvert á seinni missirum, þá fyllist ég í senn þakklæti og ánægju til þeirra frumkvöðla, til þeirra menntamálaráðherra fortíðarinnar sem höfðu þá framsýni að leggja fram frv. sem síðar var samþykkt og varð að lögum. Ég held að Þjóðarbókhlaðan sé einhver merkasta stofnun sem Íslendingar hafa eignast á seinni árum og við getum þakkað hana þessum lögum.

Þjóðarbókhlaðan geymir arfleifðina. Þar er að finna skjöl og handrit frá seinni öldum, frá 1500 og fram eftir og það

er þarna sem arfleifð Íslendinga er að finna. Sú arfleifð er auðvitað miklu mikilvægari en byggingin sjálf.

Nú hefur það komið fram í fjölmiðlum að fjárveitingar til bókasafnsins eru ekki nægilega miklar. Það hefur t.d. komið fram að skjöl og handrit liggja undir skemmdum. Eins og ég gat um áðan eru það ekki síst skjöl og handrit frá síðari öldum, sem þarna eru varðveitt, og þau skera sig frá handritum fyrri alda að því leyti til að efnið í þeim er öðruvísi, það er veikara, blekið er þynnra og getur með tímanum gufað upp. Ég velti því þess vegna fyrir mér, herra forseti: Í staðinn fyrir að láta fé, sem þarna er áfram tekið með þeirri skattlagningu sem mælt er fyrir um með þessum lögum, renna beint inn í ríkissjóð, hvers vegna breytum við þá ekki þessum lögum núna? Notum tækifærið og breytum þeim þannig að hægt sé að nota þessar 150 millj. a.m.k. að einhverju leyti til að ráða starfsfólk til að manna mjög tæknivædda og fullbúna rannsóknar- og viðgerðarstofu sem er að finna í Þjóðarbókhlöðunni en er ekki hægt að nota vegna þess að mannafla vantar. Nota þetta fjármagn og ráða fólk til að ráðast í endurbætur á handritunum. Hið lofsverða markmið þeirra laga sem hér er verið að breyta er að ráðast í endurbætur menningarbygginga. En hvers vegna má ekki nota þetta fjármagn til að ráðast í endurbætur á menningararfleifðinni sjálfri? Ég held að það sé íhugunarefni og væri meira en einnar messu virði fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson, sem gegnir forstöðu í efh.- og viðskn., að leyfa sér þann munað að velta fyrir sér (Gripið fram í.) hvort hann gæti ekki runnið í skóð ýmissa fyrri merkra þingmanna Sjálfstfl. sem áttu a.m.k. hluta að frumburðarréttinum að Þjóðarbókhlöðunni og breyta lögunum þannig að þessu fjármagni verði hægt að verja til að halda við menningararfleifðinni. (Gripið fram í.) Við getum byggt ný hús, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og við getum endurbætt gamlar byggingar en handrit sem týnast og verpast í tímans rás og glatast, getum við aldrei kallað fram aftur. (**VE:** Við vorum að bæta í Kvikmyndasjóð.)

Herra forseti. Ég sé á þessum þéttsetnu sölum þar sem hvert sæti stjórnarliða er skipað að menn eru fullir af áhuga. Ég vænti þess að í umræðunum sem hljóta að spinnast um hugmynd okkar jafnaðarmanna um að breyta lögunum frá 1989 á þann veg að ekki eigi bara að nota það fjármagn sem sprettur af þeim til að endurbæta menningarbyggingarnar heldur líka menningararfleifðina, muni hv. þm. Vilhjálmur Egilsson a.m.k. sýna arfleifð sinni og fortíð sem Íslendings þann sóma að koma hingað á eftir og láta í ljós skoðun sína. Ef hann er ósammála þessu, þá spyr ég hv. þm. vegna þess að ég veit að hann er menningarlega sinnaður og er jafnvel þekktur fyrir á góðri stundu að varpa fram stöku stöku: Hvernig vill hann með öðrum hætti verja þessa arfleifð? Ég vil nota tækifærið... (**VE:** Með því að sýna framtíðinni sóma, hv. þm.) Sýna framtíðinni sóma? (**VE:** Hyggja að framtíðinni?) Framtíð skal á fortíð byggja. Það veit hv. þm. vegna þess að hann er lesinn og hefur stundum farið með ýmislegt fyrir mig eftir löngu gengna menn, að vísu ekki úr Sjálfstfl., eins og t.d. Alexander mikla og líka Filippus föður hans, en það var einmitt hann sem lagði fram fyrsta lögmál hagfræðinnar sem hljóðar svo: „Engir borgarmúrar eru það háir að asni klyfjaður gulli komist ekki yfir þá."

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er bersýnilega uppfullur af áhuga á þessu máli því hann kallar stöðugt fram í mál mitt og hann segir: Við eigum frekar að hyggja að framtíðinni. Það er rétt. Hvað er framtíð okkar? Er hún ekki ungu kynslóðirnar? Hefur ekki komið fram á síðustu misserum að Íslendingar standa skyndilega miklu verr en þeir hugðu í menntamálum? Menntun þjóðarinnar er miklu verri en menn töldu. Þurfum við ekki að gera bragarbót þar á? Eitt af því sem skiptir miklu máli varðandi menntun eru góð bókasöfn. Þess vegna er sérlega lofsvert að í þeim fjárlögum sem núna liggja fyrir er gert ráð fyrir t.d. varðandi þetta sérstaka bókasafn að 12 millj. kr. sé varið umfram það sem áður var gert til ritkaupa. En það er þannig, herra forseti, eins og ég veit að hv. formaður efh.- og viðskn. þekkir, því miður sennilega ekki af eigin raun, að það er ekki fyrir alla að nota þessa Þjóðarbókhlöðu sem við erum að ræða hérna.

Hverjir eru það sem ávaxta pundið sem liggur fólgið í menningararfleifðinni? Jú, það eru þeir ágætu menn sem starfa við stofnunina og háskólann og líka menn eins og ég og aðrir sem vilja sinna fræðagrúski og reyna að draga úr gömlum handröðum og glatkistum sögunnar einhvers konar vitneskju og koma henni á framfæri. Hverjir eru það sem hafa á síðustu árum verið að koma arfleifðinni á framfæri við þjóðina? Því miður ekki bara og sennilega að minnstum hluta starfsmenn háskólans og Þjóðarbókhlöðu. Það eru alls konar fræðimenn úti í bæ. Oft eru það menn sem sinna fullu starfi annars staðar. Þeir geta ekki komið og nýtt sér þá ágætu þjónustu, sem boðið er upp á af því ágæta starfsfólki sem þar er að finna, nema utan venjulegs vinnutíma. Ég mæli hér af eigin reynslu vegna þess að ég veit að hv. þm. er kunnugt um það að ég hef nýlega sent frá mér litla bók um mikinn fisk sem er um að bil að deyja út og hef sótt í þá bók mikið af efni úr kistum þessarar ágætu stofnunar. En ég hef ekki getað komið þar þegar ég er að sinna störfum mínum hér. Hvenær geta menn, sem ekki eru ráðnir beint af háskólanum, komið og sinnt því fræðagrúski sem er undirstaða þess að menn reyni að ávaxta þetta talent sem þarna er og koma þessari arfleifð á framfæri við þjóðina? Þeir geta það utan hefðbundins vinnutíma og þeir geta það um helgar. En er Þjóðarbókhlaðan opin þá? Nei. Hún er ekki opin á kvöldin. Hún er ekki að öllu leyti opin um helgar. Þannig að ég held að það væri mjög vel þess virði fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson að leggjast á þá sveif með mér að við reynum að auðvelda áhugamönnum um gömul fræði að notfæra sér það efni sem þar er að finna, en ekki síður námsmönnum við háskólann sem hafa aftur og aftur kvartað undan þessu. Reyna að finna fjármagn til þess og opna Þjóðarbókhlöðuna miklu betur til að við getum nýtt hana betur. Ég ætla ekki, hv. þm. að leggja til að þessum tilteknu lögum sem við erum að ræða hér verði breytt þannig að setja eigi á sérstakan eignarskatt til að fjármagna reksturinn, en ég undanþigg menningararfleifðina sjálfa. Ég segi: Varðveisla handritanna á að njóta sömu réttinda og byggingarnar sem hýsa þau. Það finnst mér liggja í hlutarins eðli og jafnvel þó að það liggi ekki í augum uppi fyrir marga, þá er ég reiðubúinn að ræða það alveg sérstaklega en ætla ekki að gera það að svo stöddu, herra forseti.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að ég er bjartsýnn maður og er eins og hæstv. forseti veit af löngum kynnum seinþreyttur til vandræða. En ég hefði mjög gjarnan viljað eiga áheyrn hæstv. heilbrrh. þegar ég ræði í þaula þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum frá 1990, um heilbrigðisþjónustu. Ef hæstv. ráðherra er í húsi þætti mér vænt um að hún komi hér svo fremi sem hún leggist ekki beinlínis gegn því. En ég fer ekki fram á það, herra forseti, ef hún er utan húss að hún verði kölluð hingað sérstaklega.

(**Forseti** (RA)**:** Hæstv. ráðherra mun vera í húsinu.)

Herra forseti. Ég hef áður lítillega drepið á málefni heilbrigðisþjónustunnar. Ég tel að versti kafli bandormsins sé einmitt sá sem lýtur að þeim breytingum sem þar eru lagðar til. Ég verð að segja að eftir þá hraklegu meðferð sem heilbrigðiskafli bandormsins hefur fengið af hendi stjórnarliðsins, þá hljóti hæstv. ráðherra að vera reiðubúinn að velta því fyrir sér hvort ekki sé mál að linni, hvort ekki sé rétt að freista þess að breyta þeim kafla eitthvað. Það er nefnilega svo, herra forseti, að ég held að allir stjórnarliðar sem hafa tekið til máls um þennan kafla í umræðunni hafi lagst gegn honum. Það var að vísu bara einn stjórnarliði vegna þess að hinir sitja og þegja þunnu hljóði, sennilega vegna þess að þeir treysta sér ekki til að koma hér upp og styðja þennan kafla. Ég lýsi eftir þeim stjórnarliða sem er reiðubúinn að koma hingað og hrekja rök hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur sem hún flutti í morgun. Ég á eftir að sjá þann mann sem getur komið hingað og sagt að hún hafi rangt fyrir sér. Það er nefnilega þannig að þessi kafli sker sig algerlega frá þeim 17 öðrum köflum frv. sem einnig er gert ráð fyrir að verði breytt með bandorminum að öll þessi ákvæði eru varanleg. Þarna er verið að leggja til að gerðar séu mjög verulegar breytingar á því umhverfi sem hefur ríkt um heilbrigðisþjónustuna í landinu. Og rökin fyrir því eru nánast engin. Ég sagði það hér í umræðu um daginn að ég væri reiðubúinn að ræða tilteknar breytingar eins og t.d. í a-lið 18. gr. og í 20. gr. Ég væri vel til í að ræða það. En það er einfaldlega svo að þetta eru mál sem með engu móti koma nálægt ríkisfjármálunum. Það er ekki einasta að það sé skoðun formanns heilbr.- og trn. heldur segir það bókstaflega berum orðum í grg. fjárlagaskrifstofu fjmrn. Þar er einfaldlega sagt um þessar tvær greinar, með leyfi forseta: „Ákvæðin hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs ...“ Hvaða greinar eru þetta? Þetta eru greinar sem gera ráð fyrir því að skipunartími formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva miðist við embættistíma þess ráðherra sem skipaði viðkomandi formann. Þetta eru alls ekki heimskulegar hugmyndir. Það er alls ekkert vitlaust við þetta í sjálfu sér. Ég tel í fyllsta máta eðlilegt að þessi háttur verði hafður á. Ég hef lýst því yfir. En ég spyr hæstv. heilbrrh. og þess vegna formann hins áttræða Framsfl.: Með hvaða hætti tengist þetta ríkisfjármálunum?

Nú veit ég það eins og hæstv. formaður Framsfl. veit líka að það er eðli þeirra breytinga sem menn gera með ráðstöfunum í ríkisfjármálum að það sé verið að gera tímabundnar breytingar sem eiga að hjálpa viðkomandi ráðherrum að ná fram markmiðum sínum um fjárlög. Og ég er þeirrar skoðunar að þeir eigi að fá það fram eftir hæfilega og sanngjarna umræðu. (**Utanrrh.:** Hvað er Alþfl. gamall?) Hann er áttræður líka, hæstv. utanrrh., og á eftir að lifa mjög lengi hygg ég. (**Gripið fram í:** Ertu viss?) Ég tel það, þó auðvitað gæti orðið sú breyting á að hæstv. formaður Framsfl. sæi þann kost grænstan að renna saman við Alþfl. eins og einn af foringjum beggja flokkanna, Jónas frá Hriflu, í upphafi þessarar aldar. Og ég segi vertu velkominn í okkar kratíska faðm. En þangað til, herra forseti, þá vildi ég gjarnan fá not af visku og andlegu atgervi hæstv. formanns Framsfl. Mig langar að spyrja hann: Hvernig tengist það ríkisfjármálunum þegar menn leggja hér til að skipunartíma formanna stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva verði breytt? Ég skal svara því fyrir þennan ágætlega greinda hæstv. ráðherra. Hann getur lesið svarið sem embættismenn hans eigin ríkisstjórnar hafa sett niður. Þeir segja: „Ákvæðin hafa óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs.“ Hvers vegna er þá verið að leggja þetta til? Hvers vegna er verið að gera það? Ég hef spurt að þessu áður, í fyrri umræðu, og ég hef engin svör fengið. Er það rangt, hæstv. heilbrrh., sem embættismenn fjárlagaskrifstofu fjmrn. segja, að ákvæðin hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs? Ef það er ekki rangt, ef hæstv. ráðherra fellst á að það sé rétt, er hún þá ekki reiðubúin að viðurkenna að þetta tengist ekki ríkisfjármálunum og þar með að fallast á það, til samkomulags, að þessi ákvæði verði tekin út? Ég hef lýst því yfir áður að ef hæstv. ráðherra flytur þetta í sérstöku frv. þá mun ég styðja það. Þetta tengist bara ekkert ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Þetta er óskylt ráðstöfununum.

Það er einn möguleiki sem þetta gæti með einhverjum hætti varðað ríkisfjármálin. Hann er sá að uppi væri stórkostlegt vandamál í stjórnun sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, þ.e. að einhvers staðar væru einhverjir formenn sem beinlínis gengju gegn vilja hæst. ráðherra. Ef staðan er þannig þá tel ég rétt að a.m.k. verði þær upplýsingar lagðar fram sem rök í málinu innan heilbr.- og trn. en helst vildi ég fá þau hér. En ég er reiðubúinn til þess að boða til fundar í heilbr.- og trn. til þess að skoða það hvort ráðherrann getur fært fram slík rök. Það getur vel verið að slík mál séu uppi og þau séu í eðli sínu það viðkvæm að ekki sé hægt að ræða þau í þessum sal. Ég skil það mætavel og býðst þá til þess, sem formaður nefndarinnar sem um þessi mál fjallar í þinginu, að kalla saman sérstakan fund þar sem hægt er í skjóli trúnaðar að leggja fram þessar upplýsingar. En ef hæstv. ráðherra treystir sér ekki til þess þá er ekkert að gera í þessu máli annað en að draga þetta til baka vegna þess að hér er ekki verið að ræða um ríkisfjármál og það er staðfest af fjmrn.

Herra forseti. Ég hef sagt að hér sé smyglgóss í frv. Ég kalla það smyglgóss þegar hæstv. heilbrrh. er að lauma inn umdeildum breytingum á merkum lagabálki með 17 öðrum lagabálkum. Hvað þýðir það? Það þýðir það einfaldlega að hv. þm. úr hvaða flokki sem er hafa ekki eðlileg, sjálfsögð og hefðbundin tækifæri til þess að kynna sér þessar breytingar út í hörgul, til þess að vega það og meta hvort þær séu réttmætar eða ekki. Ég tel að að verulegu leyti sé það ástæðan fyrir því að stjórnarliðið hefur setið meira og minna þegjandi undir þessu vegna þess eðlilega að það hefur eins og aðrir þingmenn verið upptekið við það að kynna sér þessar flóknu og yfirgripsmiklu breytingar. En það er athyglisvert að sá *stjórnarþingmaður sem hefur sérþekkingu á málinu*, hefur sérmenntun á því og hefur gefið sér tóm til þess að kafa ofan í málið hefur komið hér, hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir, og fundið að ekki bara einni grein, ekki bara tveimur heldur þremur greinum. Hún hefur fundið að þremur lykilgreinum. Ég spyr, vegna þess að hún er eini fulltrúi Sjálfstfl. sem hér hefur talað og vegna þess að við vitum að innan Sjálfstfl. er stór hópur sem er sömu skoðunar: Getur það verið að þetta sé þrátt fyrir allt og eftir allt saman skoðun Sjálfstfl.? Getur það verið að það séu fleiri stjórnarliðar innan Sjálfstfl. og e.t.v. Framsfl. líka sem taka undir rök hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, sem telja að þær breytingar sem verið er að gera á högum heilsugæslunnar í Reykjavík kynnu að leiða til þess að reglur Samkeppnisstofnunar verði brotnar eins og hv. þm. sagði ekki bara í ræðu sinni heldur skrifaði líka í sérstakri bókun í áliti meiri hlutans? Getur það líka verið að það sé rétt hjá henni að þetta fæli í sér allt of mikið framsal á valdi til ráðherra?

Þetta eru auðvitað hlutir sem hv. heilbr.- og trn. ætti að ræða út í hörgul. M.a. vegna þess að það kom fram í máli hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur fyrr í morgun um

sérstakt minnisblað sem lagt var fram í nefndinni af hálfu hæstv. heilbrrh. um hvaða skilgreiningu ætti að leggja í orðin sjúkrastofnanir sem reknar eru af ríkinu, en það er skilgreining sem kemur fram í 19. gr. sem hæstv. forsrh. var búinn að ræða úr ræðustól við hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, að hún einfaldlega bar brigður á að þær upplýsingar sem hæstv. heilbrrh. lagði fram í minnisblaðinu í nefndinni væru fullnægjandi. Það ætti í sjálfu sér að vera nægilegt tilefni til þess að kalla saman heilbr.- og trn. Ég get sagt hæstv. heilbrrh. það að ef hún óskar eftir því, til að hreinsa upp þetta mál, mögulega til þess að koma á friði um málið innan stjórnarliðsins, þá er ég reiðubúinn til þess að kalla saman fund til að ræða það en ég ætla ekki að hafa frumkvæði að því sjálfur.

Það er svo, herra forseti, að tvennt hefur vakið eftirtekt og athygli í tíð núv. heilbrrh. Síðan hún varð ráðherra hafa heilbrigðismálin stöðugt verið í fréttum ljósvakamiðlanna og á forsíðum fjölmiðlanna. Er ekki mál að þessu linni? Er ekki kominn tími til að menn fari að taka upp eðlileg vinnubrögð? Ég kalla það óeðlileg vinnubrögð þegar lagðar eru fram svo viðamiklar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu innan bandorms. Ég hef sagt það áður. Þessar breytingar eru flestar þess eðlis að það er enginn sem getur haft á móti því að hæstv. heilbrrh. leggi þær fram, en það verður þá að gerast með eðlilegum hætti. Það verður að gerast þannig að þingmenn geti rætt þetta og fái nægilegan tíma til þess en þurfi ekki að hafa það undir með 17 öðrum mikilvægum lagabálkum.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að annað sem hefur líka verið áberandi í fari hæstv. heilbrrh. er það sem ég kalla miðstýringarárattu. Nú hafa bæði hæstv. forsrh. og reyndar heilbrrh. líka talað þannig að þau vilji draga úr miðstýringu hins opinbera m.a. í heilbrigðismálunum. Hæstv. heilbrrh. hefur mörgum sinnum nefnt hér, yfirleitt í tiltölulega stuttu máli og stundum allt of stuttu máli, umbætur sem hún hyggst beita sér fyrir í heilbrigðismálum og ég hef kallað kjördæmastjórnir, að það verði settar upp sérstakar kjördæmastjórnir í heilbrigðismálunum. Nú sýnist mér að vísu að það sé kominn vísir að þeim stjórnum í þeirri niðurstöðu sem varð innan stjórnarliðsins varðandi breytingarnar sem á að ráðast í gagnvart dreifbýlissjúkrahúsum til þess að ná fram þeim sparnaði sem upphaflega átti að vera 160 millj. kr. á næsta ári en er einungis kominn niður í 60 millj. kr. núna. En hæstv. ráðherra hefur aftur og aftur talað um að það væri nauðsynlegt að draga úr miðstýringu, flytja valdið til fólksins, flytja valdið til sveitarfélaganna. Ég tel að það sé rétt stefna. Ég vek eftirtekt á því að t.d. félagi hennar í ríkisstjórninni, hæstv. félmrh., er að gera þetta í málefnum fatlaðra, lof sé honum og þökk. En hvers vegna ekki í þessu máli? Málið er einfaldlega það, herra forseti, að breytingarnar sem hér birtast, næstum því allar, fela í sér að það er verið að auka miðstýringu ráðuneytisins. Ég bendi t.d. á að í 17. gr. er lagt til að ráðherranum verði heimilt með reglugerð að breyta skiptingu í heilsugæsluumdæmi, breyta flokkun heilsugæslustöðva og starfssvæði þeirra með einfaldri reglugerð. Þetta tel ég vera algjöra tímaskekkju, ekki síst á þeim tímum valddreifingar sem við lifum núna og sem næstum allir stjórnmálaflokkar sem eiga sæti á þinginu hafa lagt talsverða áherslu á og sem sveitarfélögin sjálf hafa krafist. Þau hafa krafist aukinna áhrifa um eigin málefni en þetta gengur í þveröfuga átt. Núna á ráðherrann að geta, bara með reglugerð, sippað þessu út og suður eins og henni sýnist sjálfri. Þetta var einmitt eitt af þeim atriðum sem var gagnrýnt hér í máli stjórnarliðans sem mér hefur orðið tíðnefnt í ræðu minni í dag.

Í 19. gr., sem er langversta greinin, er gengið miklu lengra en í 17. gr. í þá átt að færa valdið úr héruðum landsins beint inn á skrifborð ráðherrans. Þar er nefnilega bókstaflega gerð tillaga um það að ráðherrann geti með reglugerð, bara með einu pennastriki, ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem eru reknar af ríkinu. Mér finnst þetta vera alveg forkastanleg tillaga. Ég verð að segja það, herra forseti, að ef ríkisstjórnin ætlar sér að ná fram jafndjúpristri breytingu og þessari verður hún einfaldlega að gefa þinginu og fagnefndinni aukið tóm til þess að ræða þetta mál út í hörgul. Vegna þess að það þarf auðvitað, sem ekki gafst tóm til við þessa umræðu, að fá skriflegar umsagnir þeirra sem þetta mál varðar. Það þarf að fá skriflegar umsagnir sveitarfélaganna, Landssambands sjúkrahúsa og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þær þurfa að liggja fyrir. Svona mál er einfaldlega ekki hægt að afráða fyrr en búið er að ræða það í þaula á þeim vettvangi sem málið snertir mest, þ.e. á vettvangi sveitarfélaganna. Það er algjörlega nauðsynlegt. Ég verða að segja að það er Framsfl. til hneisu og það er ríkisstjórninni til vansa að koma fram með breytingu af þessu tagi sem bókstaflega gefur hæstv. heilbrrh. alræðisvald í málefnum sjúkrastofnana sem eru reknar af ríkinu. Leyfir henni að sameina þær og sundra og breyta starfsskiptingu og starfssvæðum eftir geðþótta og vild.

Og hvað sagði hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir? Hún gekk feti lengra heldur en ég hef nokkru sinni gert vegna þess að hún bar brigður á að það minnisblað, sem var einmitt lagt fram af hæstv. heilbrrh. í heilbr.- og trn. til þess að skýra hvað felst í þessum orðum, væri fullnægjandi. Ég geri það ekki. Ég tek það fram að mér fannst það minnisblað vera nægilega skýrt og ég skil hvað til míns friðar og sjúkrastofnana heyrir eftir að hafa lesið það. En það er dæmigert fyrir málið og samstöðuna innan ríkisstjórnarliðsins að hér kemur einn þingmaður og gagnrýnir útskýringar hæstv. ráðherra og það er ekki stjórnarandstæðingur heldur stjórnarliði. Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvægt.

En 19. gr. felur líka í sér frekari dæmi um andúð ríkisstjórnarinnar á valddreifingu, andúð á því að hafa samráð við fólkið sem á að notfæra sér þessa þjónustu. Þar er lagt til að úr lögum falli ákvæði sem nú gilda um lögbundið samráð við Landssamband sjúkrahúsanna. Ég hegg eftir því að þegar efh.- og viðskn. hefur farið höndum um þetta frv. þá hefur hún þó á tveimur stöðum tekið undir með minni hluta heilbr.- og trn. þar sem ráðist var harkalega að því að það var líka tekið burt lögbundið samráð við viðkomandi sveitarfélög. Það er komið inn á tveimur stöðum, þökk sé hv. efh.- og viðskn. En það er ekki komið inn aftur ákvæði um að það eigi að hafa lögbundið samráð við Landssamband sjúkrahúsa. Með öðrum orðum þarna er hæstv. ráðherra að skjóta sér undan gagnrýni.

Ég hefði talið stórmannlegra ef áfram væri inni þetta ákvæði í gildandi lögum um að það væri ekki hægt að gerbreyta högum sjúkrastofnana, t.d. með sameiningu, öðruvísi en leita eftir a.m.k. áliti Landssambands sjúkrahúsa. Það var lögbundið áður. Það er tekið út. Hver er skýringin á því? Það er engin skýring gefin í þessu frv. Ég get ekki fundið aðra en þá að hæstv. ráðherra er að skjóta sér undan því að þegar hún ætlar að ráðast í þessar breytingar, ef einhvern tíma verður, að Landssamband sjúkrahúsa leggist gegn þeim. Það hefur ekki lengur lögbundinn samráðsrétt. Mér þykir það

afskaplega miður. En mér þykir það líka vera tákn fyrir andann í heilbrigðiskaflanum. Það er mitt mat. Það er mat stjórnarandstöðunnar að þar sé í velflestum atriðum verið að auka miðstýringu ráðuneytisins í heilbrigðismálum og það er að verða aðalsmerki þessarar ríkisstjórnar. Hún er að auka miðstýringu í heilbrigðismálum. Hvar sem borið er niður.

Ég spyr líka: Hvernig stendur á því að þessar breytingar eru ekki lagðar fram í sérstöku frv.? Er það vegna þess að heilbrrn. sé svo önnum kafið við að búa til önnur frumvörp? Er frumvarpsvinnan svo íþyngjandi í ráðuneytinu að það hafi einfaldlega ekki komist í þessar róttæku breytingar? Ef svo er veit heilbr.- og trn. ekkert af því því að hún er starfslaus, vegna þess að þar er ekki nema eitt lítið frv. um heilbrigðismál frá hæstv. ríkisstjórn. Það koma engin frumvörp til heilbr.- og trn. þingsins af þeirri einföldu ástæðu að þau eru ekki lögð fram. En síðan gerist það að róttækar breytingar á borð við þessa eru lagðar fram í bandormi. Þetta eru afskaplega slæm vinnubrögð, tel ég, sem eru ekki til eftirbreytni og ég vona svo sannarlega að eigi ekki eftir að verða aðalsmerki það sem eftir lifir af stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar.

Ég vek líka eftirtekt, herra forseti, á tiltölulega einföldu atriði þar sem segir í 15. gr.: „Þar sem aðstæður leyfa skulu heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn." Þetta virkar mjög sakleysislega. Ég veit bara ekki hvað í þessu felst vegna þess að í nefndinni gat ég ekki fengið fullnægjandi svör við því. Ég vek sérstaklega athygli á því að það náðist ekki í það að fá óyggjandi upplýsingar um hvaða skilning beri að leggja í orðalag 15. gr. Það er óvíst hvort þar sé einungis átt við heilsugæslustöð og sjúkrahús sem er í starfstengslum eða hvort átt er við heilsugæslustöð og sjúkrahús í sama byggðarlagi eða hvort það er hægt að greininni samþykktri að sameina undir eina stjórn sjúkrahús og fleiri en eina heilsugæslustöð í nálægum en mismunandi byggðarlögum. Ég hefði talið, herra forseti, að í svona mikilvægu efni væri það frumkrafa og frumskylda ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að það lægi fyrir hvað þetta þýddi.

Þetta var rætt sérstaklega í heilbr.- og trn. Er þetta skýrt í áliti meiri hlutans? Nei. Það er drepið á málið, herra forseti, en það er hvergi skýrt. Það er sérstök málsgrein um þetta mál en það eina sem meiri hlutinn treystir sér til þess að segja um þetta sem hlýtur að vera gríðarlega mikilvægt fyrir sérstaklega smærri byggðarlög þar sem byggð stendur víðar höllum fæti, þar sem röskun vofir yfir ef byggðirnar tapa læknum, ég tala nú ekki um ef þær tapa heilsugæslustöð. Ég er ekki að segja að það liggi einhvers staðar tillögur á borðinu um það að loka einhverjum heilsugæslustöðum eða setja þær undir stjórn sjúkrahúss eða stjórnar í einhverju öðru byggðarlagi. En þessi möguleiki er samt sem áður fyrir hendi á meðan ekki liggur fyrir hvað í þessu felst. Ég vek eftirtekt á því að það eina sem meiri hlutinn treystir sér til þess að segja um þetta mál, sem var umdeilt í nefndinni, er eftirfarandi í áliti á bls. 5, með leyfi forseta: „... heilsugæslustöðvarnar eiga samkvæmt ákvæði 15. gr. að hafa sömu möguleika og hingað til til að sinna hlutverki sínu." Það er allt og sumt.

Þetta galopnar þann möguleika að stjórnir heilsugæslustöðvanna verði fluttar úr byggðarlaginu til einhverra vonandi nálægra byggðarlaga. Alla vega ef það er ætlunin, þá finnst mér a.m.k. að það sé heiðarlegt að það liggi fyrir. Ég er ekki að segja fortakslaust að það þurfi alltaf að vera von en það er lágmark að a.m.k. fagnefnd þingsins sem um þetta fjallar viti hvað í þessu felst, en hún veit það ekki, hvorki minni hlutinn né meiri hlutinn og ég segi: Það reynir svo á það hér á eftir í svari hæstv. heilbrrh. hvort hún veit það. Ég dreg það í efa.

Herra forseti. Ég hef lokið því að fara yfir þessar greinar efnislega en vil samt sem áður taka inn í þessa umræðu þær breytingar sem hljóta að hafa orðið síðustu daga á afstöðu stjórnarliðsins til þeirra greina sem ég nefndi hérna, 15., 16., 17. og 19. gr. Það liggur ekki ljóst fyrir með hvaða hætti þær tengjast ríkisfjármálunum að 19. gr. undanskilinni. Ég sé það ekki alveg nákvæmlega og hef rökstutt það í ræðu minni. Það kemur ekki fram í greinargerð fagráðuneytisins en það segir hins vegar í greinargerð fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þetta sé nauðsynlegt til þess að ná fram 160 millj. kr. sparnaði á sjúkrahúsunum úti á landi.

Ég tel að það sé efa bundið hvort hægt sé með þokkalegu móti að ná fram þessum sparnaði vegna þess að mér er tjáð af mönnum innan Landssambands sjúkrahúsa að mörg þessara sjúkrahúsa dragi á eftir sér skuldaslóða. Er þá ekki mjög erfitt að ætlast til þess að þessi skuldugu litlu sjúkrahús, þar sem hver milljón skiptir miklu máli, eigi síðar að sæta niðurskurði sem að meðaltali þýðir 10–11% flata skerðingu? Ég ímynda mér að með einhvers konar hagræðingarátaki væri hægt að ná einhvers konar sparnaði án þess að það þýddi verulega skerðingu á starfseminni. Ég veit það hins vegar ekki vegna þess að þegar við spurðum um þetta í nefndinni þá komu engin svör. Eins og ég hef rakið fyrr í dag, þá veit enginn enn þá hvernig þetta á að gerast. Ríkisstjórnin er meira að segja fallin frá þessari meginforsendu fjögurra greina í heilbrigðiskafla bandormsins. Hún er fallin frá því. Okkur hefur að vísu ekki verið tilkynnt það í heilbr.- og trn., en við höfum heyrt það í fjölmiðlum að hæstv. heilbrrh. er flúinn frá því markmiði sínu að ná fram 160 millj. kr. sparnaði á næsta ári. Hún ætlar að dreifa því á þrjú ár. Hún ætlar að reyna að ná fram 60 millj. kr. sparnaði af þessum 160 millj. á næsta ári, en mér skilst að það komi ekki fram fyrr en í mars með hvaða hætti það á að verða. Það er enginn sem getur skýrt það út fyrir fagnefndinni hvort þetta sé hægt og ég dreg það í efa. Í ljósi þess að tekjustaða ríkisins verður talsvert betri á næsta ári en menn gerðu sér grein fyrir þegar í þessa sjóferð var lagt, þá spyr ég hæstv. forsrh., sem hér hlýðir á umræðuna: Kemur ekki til mála í ljósi þess að það er búið að minnka þessa sparnaðarkröfu svona gríðarlega, úr 160 millj. kr. niður í 60, og miðað við hina góðu stöðu í ríkisfjármálunum sem fer batnandi og batnandi árferði hvert sem litið er í þjóðlífinu, að draga þessar greinar til baka eða a.m.k. fresta þeim og leggja þær fram í sérstöku frv. sem við gætum þá fengið tóm til að ræða hér í þinginu?

Ég minni á að við höfum tímann fyrir okkur vegna þess að það hefur verið gefið út að það er ekki fyrr en í mars sem niðurstöður um sparnaðaráætlanir til þess að ná fram þessum 60 millj. eiga að liggja fyrir og mér er tjáð, ég hef a.m.k. heyrt það í fjölmiðlum, að þessar aðgerðir eigi ekki að koma til framkvæmda, hverjar sem þær verða, fyrr en á seinni hluta ársins. Þýðir það ekki að við höfum tímann fyrir okkur til þess að kanna þetta betur?

Ég hef fært rök að því, herra forseti, að þessi heilbrigðiskafli er sérstakur í frv. að því leyti til að þar er farið í svo gífurlega róttækar breytingar. Tillögurnar eru miklu djúpristari en í öðrum köflum bandormsins og er þá ekki rétt að nota okkur þetta lag sem gefst til þess að skoða málið, leggja þetta fram í sérstöku frumvarpi til laga til breytinga á heilbrigðisþjónustunni þannig að þingið geti leyft sér þann

sjálfstæða munað að kafa djúpt ofan í málið og brjóta það til mergjar líka í fagnefndinni og fá skriflegar umsagnir frá öllum þeim sem málið varðar, ekki síst Landssambandi sjúkrahúsa, ekki síst sveitarfélögunum, frá þeim sem eiga að gjalda þessara breytinga eða njóta á vettvangi? Ég held að það sé mjög mikilvægt og ég beini því til hæstv. forsrh. hvort hann telji ekki mögulegt að þessar umdeildu breytingar í heilbrigðiskaflanum, sérstkaklega 19. gr., verði a.m.k. frestað og menn skoði þetta betur. Ég vísa til þess að þessi einasta grein hefur ekki einungis hlotið gagnrýni stjórnarandstöðunnar, heldur líka stjórnarliða hér í dag.

[15:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu snertir þetta frv. mörg ráðuneyti, flestar nefndir þingsins og fjölmarga lagabálka. Frv. á fyrst og fremst að taka á nauðsynlegum lagabreytingum vegna afgreiðslu fjárlaga en eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns fylgir ýmislegt smyglgóss með.

Efh.- og viðskn. þingsins hefur farið með forræði málsins en hefur jafnframt leitað umsagna frá fagnefndum vegna þeirra mála sem varða þeirra fagsvið. Stjórnarandstaðan á Alþingi stendur saman að minnihlutaáliti efh.- og viðskn., þar með taldar við kvennalistakonur.

Ég vil byrja á því, herra forseti, að taka undir þá hörðu gagnrýni sem hefur komið fram í ræðum ýmissa hv. þingmanna, gagnrýni á að skerða framlög til menningarbygginga, þ.e. að 150 millj. af lögbundnum tekjustofni sem ætlað er í þetta viðfangsefni eiga samkvæmt frv. að renna í ríkissjóð. Ef þarna eru í raun töluverðir afgangsfjármunir, þá er ég sammála öðrum sem hafa tjáð sig um þetta mál því að þá væri auðvitað eðlilegt að þeir mundu renna til endurbygginga á menningarstofnunum, þ.e. mundu þá a.m.k. renna til menningarmála. En svo er ekki. Þetta á að fara beint í ríkissjóð, en kannski er það erfitt miðað við hvernig lögin eru að láta þetta renna í hvað sem er. Það er athyglisverð hugmynd sem kom fram áðan hjá síðasta ræðumanni að flokka handritin okkar sem menningarstofnanir. Væntanlega þyrfti lagabreytingu til þess, en vissulega er það skilgreiningaratriði. Það er reyndar til skammar að handritin skuli liggja undir skemmdum án þess að þar komi til nægilegt fjármagn.

Eitt umdeildasta atriði þessa frv. er án efa fallskattur Björns Bjarnasonar. Sú sem hér talar og á aðild að menntmn. þingsins skilaði ásamt minni hlutanum áliti til efh.- og viðskn. þar sem varað er við því að 2. gr. þessa frv. verði samþykkt, en hún á við nýsett lög um framhaldsskóla. Umsögn okkar í minni hlutanum var um upphaflega gerð frv. en hún á efnislega enn þá við þó meiri hlutinn hafi nú flutt brtt. við greinina en það er augljóst mál að eftirfarandi umsögn á enn við. Ég vil leyfa mér að vitna aðeins til hennar, herra forseti, en í umsögninni segir:

„Þetta [þ.e. endurinnritunargjaldið, sem gengur undir öðru nafni fallskattur] er rökstutt með því að gjaldtakan leiði til markvissari innritunar og skipulagningar kennslu. Þetta gjald á að gefa 32 millj. kr. í ríkissjóð. Ef um skipulagsvanda í einstaka skólum er að ræða telja undirritaðar að taka eigi á honum með viðunandi hætti en ekki láta nemendur greiða viðbótargjald. Aukin ráðgjöf og eftirlit væri mun virkari leið til skilvirkara skólastarfs.

Enda þótt tekið verði tillit til fötlunar einstakra nemenda er ljóst að jaðartilvik verða fjölmörg og innheimta því flókin og erfið, ef ekki óframkvæmanleg.

Þá er líklegt að þetta gjald auki enn frekar á brottfall nemenda, ekki síst þeirra sem erfiðast eiga uppdráttar í skólunum og koma frá efnalitlum heimilum. Þessum hópi er hvorki boðið nám við hæfi, atvinna né atvinnuleysisbætur."

Í hverju felast þá þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til núna? Er verið að draga eitthvað úr þessum fyrirhugaða fallskatti? Nei, aldeilis ekki. Í stað þess að tala um 1.500 kr. sem eiga að greiðast vegna endurinnritunar í áfanga eða próf í upphaflegu gerð frv., er nú talað um 500 kr. á hverja ólokna einingu. Langflestir áfangar í framhaldsskólum eru þrjár einingar þannig að að verulegu leyti er verið að orða sama hlutinn öðruvísi. En breytingartillagan nær til fleiri þátta sem þýðir í raun meiri álögur á framhaldsskólanema. Það er verið að íþyngja framhaldsskólanemum. Það er verið að koma á meiri og meiri skólagjöldum undir öðrum nöfnum af því að skólagjöld eru ekki heimil.

Samkvæmt þessari brtt. sem liggur fyrir og meiri hlutinn stendur að á að vera heimilt að taka 25% hærra innritunargjald af þeim sem innrita sig utan auglýsts innritunartíma og síðast en ekki síst er verið að heimila auknar gjaldtökur vegna efniskostnaðar í verknámi í framhaldsskólum.

Það er ekkert launungarmál að skólameistarar, einkum í iðnskólum og verkmenntaskólum, hafa bent á að skólarnir geti ekki starfað við þau skilyrði sem þeim eru búin í fjárlagafrv. vegna skertra fjárframlaga og vegna þess að bæði innritunargjöld og efnisgjöld hafa verið fest við ákveðna upphæð í framhaldsskólalögunum frá því í vor. Eðlilega átti að hlusta á þessar raddir skólameistaranna en eðlilegra hefði verið að leggja meira fjármagn til þessara skóla, til framhaldsskólanna, iðnskólanna og verkmenntaskólanna, þannig að þeir geti í raun starfað eftir settum lögum. Nei, í staðinn er valin sú leið að heimila skólum að innheimta meira fé af nemendum í verklegu námi í gegnum efnisgjöld. Þessi gjöld voru bundin í lögunum við $^1/_3$ af raunverulegum kostnaði með 25 þús. kr. þaki, en nú á að taka mið af raunverulegum efniskostnaði þó að vísu eigi að halda sig við 25 þús. kr. þakið. Þetta er aðferð ríkisstjórnarinnar og hæstv. menntmrh., Björns Bjarnasonar, til að efla verkmenntun í landinu. Í fyrsta lagi eru engar nýjar brautir lagðar til eða aukið fjármagn til verkmenntunar eins og ætla hefði mátt að kæmi í framhaldi af nýsettum framhaldsskólalögum í vor og í öðru lagi á að láta þá nema sem þó komast í þessar fáu verknámsbrautir sem til staðar eru, standa straum af öllum efniskostnaði sjálfa.

Vissulega þurfa nemar í bóknámi að leggja út fyrir námsbókum en það þurfa langflestir nemar í verknámi einnig að gera. Með þessu er verið að gera verknám enn óaðgengilegra en áður þrátt fyrir öll fögru orðin frá því í vor um hið gagnstæða.

Almennt vil ég taka undir það, herra forseti, að einn stærsti ókostur þessa fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu og tengist frv. sem hér er til umræðu, er þetta gífurlega skilningsleysi sem birtist þar gagnvart menntun og menntamálum almennt. Það er hneisa að mínu mati að ekki skuli vera lagt neitt fé til átaks í framhaldi af margnefndri rannsókn á árangri nemenda í raungreinum og við kvennalistakonur munum leggja fram breytingartillögur í þá veru við 3. umr. fjárlaga. Menntun er fjárfesting til framtíðar og það eru svik við komandi kynslóðir sem draga mun langan dilk á eftir sér að standa ekki að menntun ungviðisins og menntun á

öllum skólastigum með sóma. Það er alveg sama við hvern er rætt, við hvaða framtíðarspekinga, hvort það eru hagfræðingar, stjórnmálafræðingar, menntunarfræðingar eða hvað, allir eru sammála um að ef fjárfest er í menntun þá er það ein öruggasta fjárfestingin sem til er. En núna á gósentímum og þenslutímum og miklum hagvaxtartímum á Íslandi, hvað er það fyrsta sem á að gera? Það á að draga saman í menntamálum.

Þegar sambærilegt frv. og þetta var afgreitt fyrir síðustu jól var gagnrýnt mjög af okkur stjórnarandstæðingum að í stað þess að breyta ákvæðum laga fyrir eitt ár í senn með hinum svokölluðu „þrátt-fyrir"-ákvæðum, þá var sá háttur tekinn upp á sl. ári að farið var að verulegu leyti út í varanlegar lagabreytingar. Og það virðist sem sami hátturinn sé hafður á nú að verulegu leyti því miður, þ.e. að áðurnefnd breyting á 7. gr. laga um framhaldsskólann, þ.e. ákvörðunin um fallskattinn og hækkuð efnisgjöld vegna verknáms er varanleg en ekki einungis tillaga um breytingu sem á að gilda eitt ár. Þetta er að mínu mati ein meginskýringin á því að þó að þessi bandormur sé ansi langur nú og nógu langur, þá hefur hann sést lengri. Og það er bara vegna þess að í fyrra voru afnumin varnalega mjög mörg ákvæði um sérstaka tekjustofna í tengslum við sérlög.

Ég ætla, herra forseti, ekki að fara í öll atriði þessa frv. en það eru þó nokkur atriði í viðbót sem ég vil koma sérstaklega að. Ég vil byrja á því að taka undir álit minni hluta efh.- og viðskn. og fordæma skerðingu á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þó skal viðurkennt að þetta ákvæði er skárra en ákvæðið um menningarbyggingarnar sem ég talaði um áðan að því leyti að viðkomandi tekjustofni er áfram varið til málefna fatlaðra, til rekstrarkostnaðar að vísu, en mér finnst það síður gagnrýni vert að svona lagað sé gert ef fjármagninu er haldið innan málaflokksins og það séu þá frekar ákvarðanir innan hans sem ráða hvernig skynsamlegast sé að veita fjármagnið. Þetta ákvæði er líka skárra en áðurnefnt ákvæði um framhaldsskólann vegna þess að það er tímabundið og á eingöngu við árið 1997.

Ekki verður komist hjá því að vekja athygli á því, herra forseti, sem á að gera samkvæmt 10. og 12. gr. þessa frv. og varðar starfsmenntun í atvinnulífinu og atvinnumál kvenna. Í því sambandi ætla ég að lesa úr áliti minni hluta félmn., sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir er formaður fyrir og undirritar ásamt öðrum fulltrúum úr stjórnarandstöðunni. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Minni hlutinn leggst gegn því að Starfsmenntasjóður og starfsmenntun í atvinnulífinu séu sett undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Starfsmenntun í atvinnulífinu er afar mikilvægt úrræði fyrir fólk á vinnumarkaði og Starfsmenntasjóður hefur veitt þúsundum manna stuðning. Starfsmenntun fólks á vinnumarkaði á alls ekki heima hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Minni hlutinn óttast að með þessari breytingu sé tekið fyrsta skrefið til þess að leggja af sjóðinn og stuðning vinnumálaráðuneytis við starfsmenntun í atvinnulífinu og varar eindregið við þessari breytingu.

Sama gagnrýni á við um framlög til atvinnumála kvenna. Sá litli sjóður hefur verið mjög þýðingarmikill. Hann hefur veitt mörgum konum tækifæri til að fara inn á nýjar brautir og þróa smáfyrirtæki sem hafa lítinn eða engan annan stuðning fengið. Staðan á vinnumarkaði og þróun hans sýna að mikil þörf er fyrir sérstakar aðgerðir í þágu kvenna. Mikilvægt er að til séu sjóðir í þágu kvenna sem veita lán eða styrki til nýsköpunar og stofnunar smáfyrirtækja eins og þekkist víða erlendis. Þeim sjóðum sem fella á undir Atvinnuleysistryggingasjóð á alls ekki að blanda saman við úrræði fyrir atvinnulausa þótt allar virkar leiðir sem styrkja fólk á vinnumarkaði hafi þýðingu fyrir atvinnu í landinu. Um er að ræða samtals 67 millj. kr. framlag til starfsmenntunar í atvinnulífinu og atvinnumála kvenna. Minni hlutinn mótmælir harðlega þessum tilflutningi. Að hans dómi er verið að blanda saman alls óskyldum málum því að styrkir Atvinnuleysistryggingasjóðs við verkefni fyrir atvinnulausa og átaksverkefni sveitarfélaga eru allt annars eðlis en almenn starfsmenntun, endurmenntun og símenntun fyrir vinnandi fólk."

Í þessu sambandi, herra forseti, vil ég minna á orð hv. þm. sem var frsm. fyrir minni hlutann frá efh.- og viðskn., Ágústs Einarssonar, en hann tiltók nokkrar nýjar rannsóknir sem benda til að helstu vaxtarbroddar í atvinnulífinu víða um lönd eru fyrirtæki sem eru rekin af konum, eru í eigu kvenna, og það eru einmitt slík fyrirtæki sem þessir sjóðir hafa styrkt og nú á að taka þann litla vaxtarbrodd í burtu.

Þá vil ég, herra forseti, koma aðeins inn á heilbrigðiskafla þessa frv. sem að mínu mati er mjög furðulegur eins og hér kom ítarlega fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og einnig fyrr í dag í máli Láru Margrétar Ragnarsdóttur. Þarna er ég fyrst og fremst að vísa til opinna heimilda heilbrrh. til að sameina stofnanir og breyta skiptingu heilsugæsluumdæma og starfssvæða heilsugæslustöðva og heimilda til þess að setja reglugerðir um flokkun sjúkrahúsa, starfssvið, svo og sameiningu sjúkrastofnana. Þetta er mjög erfiður geiri, ég geri mér vel grein fyrir því og það má vel vera að einhverjar breytingar í þá veru sem hæstv. heilbrrh. hefur í huga geti leitt til hagkvæmni. En þá á auðvitað að flytja um slíkar fyrirhugaðar breytingar frv. á Alþingi í stað þess að Alþingi afsali sér þessu valdi til ráðherra, þetta er jafnvel vald sem nú er hjá sveitarstjórnum. Enn skal minnt á nýlega dóma í Hæstarétti þar sem löggjafinn er varaður við því að framselja of mikið vald til ráðherra og framkvæmdarvaldsins. Ég tel að hér sé farið út á mjög hættulega braut og vona svo sannarlega að ríkisstjórnin sjái möguleika annaðhvort að útfæra þetta nákvæmar í þessum lögum eða hreinlega koma með sérstakt frv. inn í þingið sem allra fyrst.

Ekki er hægt, herra forseti, að ljúka umræðu um málið án þess að koma inn á þá óhæfu sem átti sér stað á sl. ári þegar afnumin var tengingin á milli greiðslu bóta úr almannatryggingakerfinu við laun. Minni hlutinn varaði við því þá að þetta mundi smátt og smátt leiða til þess að bótagreiðslur mundu lækka og mundu ekki halda í við laun. Samkvæmt frv. nú er gert ráð fyrir að bætur til ellilífeyrisþega, atvinnuleysistryggingabætur og aðrar bætur almannatrygginga hækki um 2% á næsta ári. Þó að samningar við verkalýðsfélögin liggi enn ekki fyrir þá þykir nokkuð ljóst að þar muni verða samið um meiri hækkanir en 2% og því er alveg ljóst að mínu mati að spár okkar í stjórnarandstöðunni reyndust réttar. Þetta bil á milli bóta og launa mun fara vaxandi.

Það þarf kannski ekki að koma neinum á óvart að sú hægri stjórn sem nú situr skuli níðast á þeim sem eru minni máttar í þjóðfélaginu. Það er alveg ljóst að þeir sem bera minna úr býtum, fatlaðir, aldraðir og sjúkir eiga alls ekki að fá að njóta þess góðæris sem allir eru sammála um að nú ríki hér og jafnvel sé von á einhverju meira á næsta ári, jafnvel svo miklu meira að grípa þurfi til aðgerða til að sporna gegn þenslu. En samtímis því að skerða bæturnar bólar ekkert á aðgerðum gegn hinum illræmdu jaðarsköttum þannig að

barnafólk á litla möguleika til að bæta kjör sín vegna hinna óréttlátu jaðarskatta sem allir viðurkenna að hér séu. Í þessu sambandi er rétt að benda á þær upplýsingar, sem fram komu fyrr í umræðunni, að nú standi til að frysta persónufrádrátt og frysta barnabótaauka þannig að í raun á að gera hlut láglaunafólksins jafnvel enn verri en almannabótaþeganna sem þó fá 2% hækkun á sínar bætur, þ.e. þarna er beinlínis ráðist að þeim sem síst skyldi.

Stefna ríkisstjórnarinnar opinberast sem sagt mjög vel að mínu mati í fjárlagafrv. og í fylgifrv. þess, m.a. því frv. sem hér er til umræðu og af öllum skattafrv. sem eru afgreidd á færibandi þessa dagana. Stefna hæstv. ríkisstjórnar eykur misréttið í þjóðfélaginu, sem virðist því miður vera það sem meiri hluti landsmanna vill ef marka má kjörfylgi þessarar ríkisstjórnar. Er ríkisstjórnin einungis að gera það sem hún var kosin til að gera? Og í því sambandi er verulega umhugsunarvert hvað er í rauninni að gerast í þjóðfélaginu. Svo virðist sem umburðarlyndi, umhyggja og samhjálp gagnvart náunganum sé á undanhaldi en sérhagsmunir hópanna, sem betur hafa það í þjóðfélaginu, eru festir æ betur í sessi. Það er kannski ekki við öðru að búast af Sjálfstfl. En að Framsfl. skuli skrifa upp á þá stefnu er verulega umhugsunarvert að mínu mati. En hvað er ekki gert fyrir ráðherrastólana á þeim bæ?

Góðærið er viðurkennt og mikið er rætt um það í blöðum og annars staðar að þörf sé á að spyrna gegn þenslu en aðgerðir ríkisstjórnarinnar í því sambandi eru ekki trúverðugar. Í þessu frv. beinast þær að því að herða sultarólarnar á þeim sem minnst mega sín, draga úr fjárframlögum til menntakerfisins eins og frv. gerir ráð fyrir og í þriðja lagi get ég ekki orða bundist og nefnt það einnig að stjórnarherra agnúast út í framkvæmdir Reykjavíkurborgar. Hafa þeir, þessir herramenn í hæstv. ríkisstjórn, ekki nóg með sig? Þetta er ótrúverðug stefna og mjög ámælisverðar aðgerðir sem við í stjórnarandstöðunni erum mjög andvíg.

[16:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Til umræðu er árvisst frv. sem hefur gengið undir nafninu bandormur og fylgir fjárlagagerðinni og er til að auðvelda þá smíð alla. Eins og fram hefur komið erum við að fjalla um breytingar á 18 lagabálkum og meiri hlutinn af þeim eru varanlegar breytingar. Venjan hefur verið að frumvörp sem þessi hafi falið í sér tímabundnar breytingar á lögum en því miður hefur þróunin orðið sú að tímabundnar breytingar eru fáar en meiri hlutinn af þeim breytingum sem lagðar eru til í frv. eru varanlegar. Það er erfitt og nánast óþolandi að þurfa að ræða breytingar á lögum samfara fjárlögum í mörgum köflum eins og við þurfum að gera nú. Hér erum við að fjalla um bandorm og það er boðað að enn séu á leiðinni inn í þingið frekari lagabreytingar vegna fjárlaganna, svokallaður skröltormur.

Einnig hefur okkur verið boðið upp á að ræða fjárlögin í þinginu án þess að stórir og veigamikilir þættir hafi komið fram, eins og stór hluti heilbrigðismálanna sem eru fjármál sjúkrahúsanna og sömuleiðis tillögur vegna niðurskurðar í samgöngumálum svo eitthvað sé nefnt. Er þinginu ætlað að fjalla um þessa þætti í síðustu umræðunni um málið áður en það verður afgreitt úr þinginu.

En ég vil fara nokkrum orðum um þær lagabreytingar sem lagðar eru til í frv. og byrja á því að gagnrýna hinn svokallaða fallskatt sem hæstv. menntmrh. hefur lagt til en um er að ræða mjög ósanngjarnt og ómannúðlegt gjald sem lagt er á nemendur sem hafa ekki náð að ljúka námi á tilsettum tíma. Ég hafði vonað að í meðförum hv. efh.- og viðskn. yrði tekið á þessu máli og þar yrði farið vægar í sakirnar og jafnvel að þetta yrði fellt út, en því miður, hér eru lagðar til smábreytingar á orðalagi sem þýða í rauninni það sama og upprunalegt orðalag á þessum fallskatti. Í upphafi voru það 1.500 kr. sem menn skyldu greiða ef þeir næðu ekki tilskildum prófum, en nú á að borga 500 kr. fyrir hverja einingu en að jafnaði eru 2–3 einingar á hverri önn. Þetta er skattur sem er lagður á þá sem eiga erfitt, þá sem eiga við námsörðugleika að etja og hefði ég talið eðlilegra að brugðist verði við brottfalli úr skóla á annan hátt, t.d. með auknum stuðningi við þá nemendur og aukinni ráðgjöf en ekki að taka á þeim málum með því að innheimta fé af þessu fólki sem oft er í vinnu með námi og þarf að leggja hart að sér til að geta leyft sér að stunda nám.

Einnig er lagt til að hærra innritunargjald verði innheimt í skóla, 25% hærra fyrir þá sem ekki innrita sig á tilskildum tíma, á þeim tíma sem auglýstur er. Hér er enn verið að gera framhaldsskólanemum erfiðara fyrir og verið að þrengja að námsmönnum. Í raun er með þessum tillögum verið að festa í sessi gjaldtöku í framhaldsskólakerfinu sem ég vil mótmæla.

Í 1. gr. frv., svo ég fari aðeins framar í frv., er verið að taka fé af mörkuðum tekjustofnum af framlögum til menningarbygginga. Það er markaður tekjustofn sem var settur í lög 1989 til að fjármagna byggingu Þjóðarbókhlöðu og nú á að taka af þessum tekjustofni 150 millj. kr. sem eiga að renna í ríkissjóð. Ég vil taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt þetta og hafa lagt til að nær væri að setja þessa peninga í að varðveita menningarverðmæti. Við höfum heyrt af því hvernig handrit okkar eru að eyðileggjast vegna þess að þeim hefur ekki verið sinnt. Því hefur ekki verið sinnt að gera við þau og halda þeim við þó svo að aðstæður til slíks séu fyrir hendi. Ég vil taka undir með þeim sem hafa gagnrýnt þetta og tel að það hefði verið ráðlegra að setja þá peninga í að laga þessi menningarverðmæti okkar heldur en taka peningana og setja þá í ríkissjóð.

Ég vil líka gagnrýna það hvernig í lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum er sífellt verið að taka af mörkuðum tekjustofnum og setja þá í ríkissjóð. Hér eru sett á ýmis gjöld og ýmsir skattar. Þeir eru sjaldan aflagðir en iðulega teknir og látnir falla beint í ríkissjóð í stað þess að láta þá falla til þeirra verkefna sem þeir voru upprunalega ætlaðir til.

Herra forseti. Í þessu frv. er enn einu sinni verið að skerða framlög til fatlaðra. Þar eru einnig markaðir tekjustofnar sem hafa verið ætlaðir til málefna fatlaðra. Þeir eru skertir enn á ný og vil ég vitna í minnihlutaálit efh.- og viðskn. þar sem fjallað er um þá skerðingu og bent er á að samkvæmt 29. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, er fimm ára átak í gangi vegna byggingar sambýla fyrir geðfatlaða. Engar upplýsingar er að finna um fimmtu og síðustu greiðslu til þessarar uppbyggingar fyrir geðfatlaða sem Alþingi ákvað fyrir fimm árum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var sérstaklega tilgreind 20 millj. kr. fjárveiting úr ríkissjóði og að hún væri sú fjórða af fimm. Hér á sem sagt ekki að koma til fimmta greiðslan vegna slíkrar uppbyggingar. Mig langar til að minnast á það af þessu tilefni að svo hefur verið skorið niður fé til fatlaðra og þá sérstaklega geðfatlaða, að foreldrar einhverfra barna hafa nánast enga þjónustu fengið á þessu ári frá því í byrjun þessa árs eftir að börn þeirra hafa verið greind einhverf. Þau hafa fengið greininguna en síðan hefur engin þjónusta verið fyrir hendi til handa þessum börnum

og foreldrum þeirra sem er geysilega mikilvægt atriði til að takast á við slíkan sjúkdóm. Þetta gagnrýni ég og hefði talið að þarna hefði mátt koma til fjárveiting af þeim fjármunum sem eiga að renna í ríkissjóð af hinum markaða tekjustofni til málefna fatlaðra, því að ég minnist þess að hér var til umræðu málefni einhverfra á sl. vetri og man ég ekki betur en bæði hæstv. heilbrrh. og hæstv. félmrh. hafi þá lofað að tekið yrði á í þessum málaflokki og þeir ætluðu í sameiningu að ráða bót á þeirri þjónustu sem hefur verið skert. En hvergi er hægt að sjá að nein áform séu uppi um slíkt og eru liðnir margir mánuðir frá því að þau orð féllu í þinginu.

Ég vil einnig koma inn á málefni heilbrrh. Þessar lagabreytingar sem heyra undir heilbrigðismálin eru breytingar á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum. Þar er verið að veita hæstv. heilbrrh. nánast alræðisvald til þess að ráðskast með málefni sjúkrahúsa og heilsugæslu. Þetta er heimild til ráðherra til að sameina stofnanir og breyta heilsugæsluumdæmum og starfssvæðum heilsugæslustöðva og getur ráðherra með reglugerðum ráðskast með þennan málaflokki eins og honum sýnist. Þetta eru fullkomlega óeðlilegar lagabreytingar, sérstaklega inni í lagabálki eins og þeim sem hér er til umræðu, þ.e. ráðstafanir í ríkisfjármálum, því að eins og kemur fram í umfjöllun um þessar lagagreinar frá fjmrn. hefur þetta nánast ekkert með fjármál að gera og fjmrn. bendir á að a.m.k. 18. og 20. gr. frv. hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs árið 1997 en gefi ráðherra kost á að fylgja betur eftir stefnu í heilbrigðismálum og ákvörðunum fjárlaga. Og ég gagnrýni það að ákvæði eins og þessi komi inn í frv. sem þetta um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ef menn vilja breyta lögunum um heilbrigðisþjónustu, þá á að koma sérstakt frv. fram um það og það á að ræða það undir þeim lið. Ég vil minna á að í meðförum heilbr.- og trn. eru nánast engin mál frá hæstv. ríkisstjórn. Það er eitt lítið mál þannig að heilbr.- og trn. hefði ekki verið skotaskuld úr því að taka þessi mál til umræðu. Heilbrigðismálin á auðvitað að ræða sérstaklega í þinginu ef menn vilja breyta einhverju í þeim málaflokki.

Ég tek undir þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., Láru Margréti Ragnarsdóttur. Hún hélt fyrr í dag mjög skelegga og ábyrga ræðu um það hvaða annmarkar væru á þessum lagabreytingum sem varða heilbrigðisþjónustuna og ég deili mörgum af þeim áhyggjum sem hún lýsti úr þessum ræðustóli með henni því þarna er margt mjög óljóst sem ekki hafa verið gefnar neinar skýringar á í meðförum heilbr.- og trn.

Það er einnig tekið til þess að það eigi að ná 160 millj. kr. sparnaði með þessu frv. vegna sjúkrahúsa úti á landi, en nú hefur komið fram í fjölmiðlum og reyndar borist óljósar fregnir af því úr fjárlaganefndinni að hæstv. ráðherra sé fallinn frá þessum 160 millj. kr. sparnaði og hann eigi að deilast á næstu þrjú ár. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra — ég geri fastlega ráð fyrir að hún sé í húsinu — hvort þessi ákvæði í frv. séu ekki í raun óþörf úr því að hæstv. ráðherra hefur breytt þarna um áform.

Ég vil einnig koma aðeins inn á áhyggjur mínar af fjármálum stóru sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu og þeim fréttum sem hafa borist úr fjárln., þó að það sé ekki komið inn í þingið, af því hver staða þeirra er. Þar hefur verið skorið mjög mikið niður, starfsfólk býr við mikið álag. Það er farið að bera á atgervisflótta fagfólks úr heilbrigðisstéttum sem starfa á sjúkrahúsunum og nú lítur út fyrir að heildarskuldir Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna verði hátt í milljarð á næsta ári. Ég tel þetta mikið áhyggjuefni og hefði talið að þarna hefðu þurft að koma frekari fjárveitingar en þær sem menn eru að ræða þessa dagana úti í fjárln.

Herra forseti. Í umræðum um fjárlögin hefur mönnum verið tíðrætt um þá þenslu sem talið er að muni fylgja álvers- og virkjanaframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru og hefur mér þótt menn tala heldur frjálslega um þá hluti því að margir hverjir tala eins og þegar sé búið að ákveða þessar framkvæmdir og jafnvel að þær séu hafnar. Ég vil gagnrýna hvernig varaformaður fjárln. hefur verið að senda sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu tóninn og nánast skilaboð um það hvernig þeir eigi að haga sínum rekstri og finnst það mjög sérkennilegt að fulltrúi Sjálfstfl. í þinginu, varaformaður fjárln., skuli tala til sveitarfélaganna eins og hann hefur gert og sérstaklega til borgarstjórnar Reykjavíkur og nánast talið að það eigi að draga úr framkvæmdum, komið með skilaboð um hvernig þau eigi að haga atvinnuuppbyggingu á meðan borgarfulltrúar sama flokks hafa verið að kvarta undan því að ekki sé nóg að gert í atvinnumálum. Það er nú orðið tímabært að Sjálfstfl. geri það upp við sig hvaða stefnu hann hefur í atvinnumálum höfuðborgarinnar, því stefna hans á þingi og stefna hans í borgarstjórn hér í Reykjavík stangast illilega á.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem maður hefur úr dagblöðum nú í morgun hefur ríkisstjórnin ákveðið að bregðast við þessari yfirvofandi þenslu með því að draga mjög úr samgönguframkvæmdum og skera þær niður og vil ég við þessa umræðu lýsa áhyggjum mínum sérstaklega vegna niðurskurðarins á Reykjavíkurflugvelli. Þar hefur nánast verið lýst yfir hættuástandi. Flugráð hefur lýst yfir áhyggjum sínum yfir ástandi flugvallarins og nú á að skera niður um 100 millj. í þeim framkvæmdum á næsta ári og ég vil mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Sömuleiðis hef ég verulegar áhyggjur af niðurskurði í vegaframkvæmdum á suðvesturhorninu, á Vesturlandsveginum. Ég bendi á að niðurskurðurinn í samgöngumálunum og frestun framkvæmda verður aðeins til þess að auka útgjöldin því að hann eykur slysahættuna. Ég bendi á vegakerfið í kringum höfuðborgina, úr borginni milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og úr borginni um Vesturlandsveginn. Eigi framkvæmdir að dragast enn á langinn, þá mun það auka útgjöldin í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í velferðarkerfinu.

Ég vil einnig gagnrýna þau áform sem virðast vera uppi og komu fram í umræðunni fyrr í dag að enn eigi að fara að skerða tekjur, þ.e. skerða kjör almennings með því að lækka í raun barnabætur með því að láta þær standa í stað og frysta persónuafsláttinn og þar með lækka skattleysismörkin. Þessi vinnubrögð eru eru óþolandi, þ.e. að ætla taka réttindi af launafólki og síðan semja við það í kjarasamningum um hvort það fái réttindin aftur. Þetta er slík della að ég mótmæli þessu. Mér finnst nóg komið af skerðingum hjá þessari ríkisstjórn.

Þá vil ég koma að almannatryggingabótunum. Eins og menn muna úr fjárlagaumræðunni og umræðunni um bandorm við síðustu fjárlagagerð, þ.e. um frv. ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum frá því á síðasta ári, þá var samþykkt af meiri hluta Alþingis að aftengja bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur launaþróun í landinu og kveðið á um að bætur skyldu hækka um 2%. Þetta er gjörsamlega óviðunandi ákvæði og hefur stjórnarandstaðan ákveðið að leggja til að tekinn verði upp sami háttur og

var fyrir þá breytingu þannig að almannatryggingabætur og atvinnuleysisbætur fylgi launarþróun. Það er réttlætismál og á auðvitað að vera í lögum.

Nú hefur komið fram í spám að laun muni að líkindum hækka meira en um 2% og það er ekki hægt að búa við það að enn eigi að skerða hlut þess fólks sem er á tryggingabótum, fær greiðslur úr almannatryggingunum. Það er búið að sauma svo að þessum hópum á fjárlögum síðasta árs og með aðgerðum þessarar ríkisstjórnar á þessu ári að ekki verður búið við það lengur. Einnig er þessi hópur með hvað hæsta jaðarskattana og álögum á þessa hópa, aldraða og öryrkja, verður að linna. Ég veit að margir eru mjög fátækir í þessum hópi. Margir aldraðir og öryrkjar hafa komið að máli við mig. Þeir kvíða mikið þeim tíma sem nú fer í hönd vegna þess hve pyngjan er létt og þeir óttast að þeir geti ekki haldið jól eins og aðrir. Það hefur einnig komið fram í fréttum frá líknarfélögum, Mæðrastyrksnefnd o.fl., sem aðstoða fólk um jólin að aldrei hafi fátæktin verið meiri. Þess vegna krefst ég þess að frv. og fjárlögin verði ekki afgreidd öðruvísi en að lífeyrisþegar haldi sínum hlut óskertum miðað við launþega. Það verður að ganga frá því áður en við höldum í jólafrí, að þetta fólk búi ekki áfram við skertan hlut. Það er gjörsamlega óviðunandi.

Herra forseti. Ég held ég hafi nokkurn veginn farið yfir þá þætti sem ég hugðist nefna vegna þessa frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1997, en ég mun koma inn á þessi mál frekar við umræðu um fjárlögin þegar tillögur ríkisstjórnarinnar, sem enn er verið að smíða, verða komnar á borð okkar og vonast ég til þess að menn þurfi ekki, herra forseti, að frétta af því í fjölmiðlum hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst gera í þessum málaflokki heldur berist upplýsingar til þingmanna áður þannig að við þurfum ekki að lesa um þetta í fjölmiðlum.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Listamannalaun, 135. mál, þskj. 389.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 180. mál, brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 434.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 251. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 433.

Veiting ríkisborgararéttar, 121. mál, þskj. 390.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 181. mál, þskj. 387.

Öryggi barna, 252. mál, fsp. ÖS, þskj. 442.

[16:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er væntanlega komið að lokum þessarar umræðu sem búin er að standa nokkurn tíma og þar sem farið hefur verið yfir málin á venjulegan hátt þar sem spurt hefur verið spurninga og komið á framfæri pólitískum skilaboðum. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði fyrr í dag að þetta er pólitísk umræða. Þetta er ekki umræða sem snýst um bókhald, hún snýst um pólitík, snýst um stefnu. Spurningin er um hvernig peningarnir eru eða verða notaðir.

Ég ætla að víkja mjög lauslega að tveimur, þremur málum en síðan aðallega að einu atriði. Ég hefði viljað kanna hvort hæstv. ráðherrar heilbrigðismála og fjármála væru í húsinu þannig að ég gæti lagt fyrir þá spurningar.

(**Forseti** (GÁ): Forseti upplýsir að þeir eru í húsinu og hefur þegar gert ráðstafanir til að þeir komi í þingsal.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir viðbrögð hans. Ég vil fyrst aðeins víkja örfáum orðum að þeirri grein sem lýtur að menningarmálum og ég segi alveg eins og er að mér sýnist að sá sjóður um endurbætur á menningarbyggingum verði eiginlega ónýtur með þessu. Ég mundi vilja spyrja hæstv. menntmrh., af því hann er hér, hvernig hann sér fyrir sér að þessum sjóði um endurbætur menningarbygginga verði háttað á næstu árum. Það eru gríðarleg verkefni sem blasa við þeim sjóði. Það er í fyrsta lagi t.d. Þjóðskjalasafnið, Þjóðleikhúsið — frekari endurbætur á því, og það eru fleiri stórar og dýrar byggingar sem kalla á miklar endurbætur. Já, og svo er það Þjóðminjasafnið. Ég hygg að um sé að ræða verkefni sem eru upp á gríðarlega háar fjárhæðir. Ég mundi giska á að þær væru á bilinu 1,5–2 milljarðar kr. Og það er greinilegt að ef þessi sjóður verður leikinn með þeim hætti áfram sem gert er í 1. gr. þá munu þessi verkefni taka allt of langan tíma. Og ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. menntmrh. hvernig hann hugsar sér að koma þessum málum fyrir miðað við það hvernig sjóðurinn er samkvæmt þessari tillögu.

Í öðru lagi mundi ég vilja spyrja hæstv. menntmrh. um fallskattinn. Það atriði hefur verið gagnrýnt bæði af mér og fleirum. Ég hef engu þar við að bæta í sjálfu sér en ég vil spyrja hann um tæknilegt atriði. Það er þetta: Er ætlunin að fallskatturinn verði færður hjá hverjum skóla fyrir sig? Með öðrum orðum: Bætir það tekjustöðu viðkomandi skóla ef margir nemendur falla eða ef margir nemendur þurfa að endurtaka próf? Það er mjög sérkennilegt kerfi ef það yrði til þess að styrkja stöðu skólanna ef margir nemendur þyrftu að endurtaka próf. Það er mjög öfugt í hlutina farið. Ég og við alþýðubandalagsmenn erum á móti þessum skatti. Við höfum lýst því yfir að við munum við fyrsta tækifæri sem við fáum einhverju ráðið í landinu beita okkur fyrir því að þessi skólagjöld verði strikuð út. En ég segi hins vegar að meðan þau eru lögð á, sérstaklega þessi endurtekningarprófaskattur sem virðist eiga að fara að leggja á núna, þá er auðvitað langrökréttast að þau fari í almennan sjóð en ekki í hvern skóla fyrir sig. Um þetta vil ég spyrja hæstv. menntmrh., líka í framhaldi af athugasemdum sem komu fram um þessi mál frá Ríkisendurskoðun fyrir nokkru, ég hygg í skýrslunni um ríkisreikninginn á árinu 1995 þar sem var ítarlega farið yfir þessi mál af Ríkisendurskoðun.

Í þriðja lagi ætla ég, hæstv. forseti, að víkja fáeinum orðum að kaflanum um heilbrigðismálin og segja þetta: Um það var talað í gærkvöldi í viðræðum hæstv. forsrh. og formanna þingflokkanna, að reynt yrði að ljúka við þau mál sem væru óhjákvæmilegur hluti af fjárlagaafgreiðslunni og auðvitað segir enginn neitt við því. Þó menn hafi eitthvað á móti þeim málum getur stjórnarandstaða lítið gert annað en að gagnrýna í þeim efnum. Hitt er annað að þegar verið er að setja inn ákvæði sem koma fjárlögunum ekkert við þá hlýtur maður að spyrja eins og hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, gerði aftur og aftur í dag: Er ekki skynsamlegt að fella þessar greinar út? Fella þessar greinar út sem eru ekki beinn partur af fjárlögunum? Og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvað hún segir um að þessar greinar séu með einhverjum hætti látnar liggja. Því það er algjörlega út í hött að vera að breyta stjórnkerfi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í skjóli ráðstafana í ríkisfjármálum. Það er mikið heiðarlegra að leggja málið fyrir þessa virðulega stofnun í frv. Og gallinn við vinnubrögðin í sambandi við meðferð ríkisfjármálanna er sá að efh.- og viðskn. er að verða aðalfagnefnd þingsins. Það er hún sem

fjallar meira og meira um heilbrigðismál. Það eru brtt. sem aldrei koma fyrir heilbr.- og trn. sem koma í gegnum efh.- og viðskn. Eins er það í menntamálum. Breytingartillaga t.d. við fallskattinn kom ekki fyrst fram í gegnum menntmrn. heldur í gegnum efh.- og viðskn. Það er verið að snúa við öllu því sem heitir fagleg umfjöllun í þinginu. Ég vil þess vegna gagnrýna þetta sérstaklega og spyrja hæstv. heilbrrh. hvort hún getur ekki hugsað sér að beita sér fyrir því að þau ákvæði a.m.k. sem breyta engu um ráðstöfun ríkisfjármála verði felld út til að greiða fyrir því að störfum þingsins ljúki seinni partinn á morgun eða annað kvöld með skikkanlegum hætti.

Loks vil ég, hæstv. forseti, víkja að máli sem ég hefði kannski viljað nefna við hæstv. fjmrh. sem kom hér fyrir skömmu og vildi gjarnan að væri ekki langt undan. Ég get út af fyrir sig hafið mál mitt meðan kallað er á ráðherrann, ef það er unnt. En þannig er að á síðasta þingi ... Ætli það sé ekki í lagi að ýta við hæstv. fjmrh. þó hann stoppaði ekki nema í fimm mínútur, ég ætla nú ekki að tala í langan tíma.

(**Forseti** (GÁ)**:** Hæstv. ráðherra er genginn í salinn.)

Það er stórkostlegt. Hæstv. fjmrh. er boðinn alveg hjartanlega velkominn í salinn. Það er alveg óskaplega gaman að sjá hann í salnum. (**Fjmrh.:** Og hlustar.) Og sérstaklega þegar hann segist hlusta, maður veit nú ekki hvort það er rétt en hann skynjar það sjálfsagt þannig sjálfur.

Ég ætla að bera undir hæstv. ráðherra eitt atriði. Þannig er að á síðasta þingi var ákveðið í nafni faglegra vinnubragða í ríkisfjármálum að fella út sem mest af sjálfvirkni í útgjöldum, m.a. elli- og örorkulífeyri svo dæmi séu tekin, þ.e. í öllum bótum almannatrygginga. Mér skilst að það sé í raun svipað sem er að einhverju leyti að gerast í sambandi við skattana sem bersýnilega er verið að hækka ef ekki verður brugðist við sérstaklega eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson benti á í dag. Um leið og þetta var ákveðið á síðasta þingi var sett inn, ef ég man rétt, í almannatryggingalögin ákvæði til bráðabirgða um að bætur almannatrygginga taki ekki verðlagsbreytingum framvegis svo sem var áður. En bætur almannatrygginga, elli- og örorkulífeyrir, breyttust áður sjálfvirkt með launum. Það var lengi miðað við taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar alveg frá því að almannatryggingalögin voru sett í upphafi 1935–1936. Og eftir að taxtar Verkamannafélagsins Dagsbrúnar urðu margir var miðað við 8. taxta A. Það var mjög lengi þannig og hann var skrifaður inn í lögin. Það er alveg ótrúlegt, hann stóð í lögbókinni, 8. taxti A Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þetta var í lögum um almannatryggingar sem voru sett, að ég hygg, í tíð Eggerts G. Þorsteinssonar sem þá var tryggingamálaráðherra. Á síðasta þingi var þessu hent út. Og nú er verið að tala um að þetta fólk, sem eru þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu, geti í mesta lagi búist við eins og 2% í hækkun á bótum sínum hvað sem líði launabreytingum á næsta ári. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. og heilbrrh. hvernig þau skilja þessa hluti. Segjum að launahækkanir verði meiri og verði aðrar. Er þá ekki alveg skýrt að þetta fólk fái hækkanir eins og aðrir launamenn? Er það ekki alveg skýrt? Er það ekki algjörlega skýr stefna af hálfu ríkisstjórnarinnar að litið verði þannig á að sá fjölmenni hópur launamanna hjá ríkinu, aldraðir og öryrkjar, fái a.m.k. sömu prósentuhækkun og gengur og gerist út úr næstu kjarasamningum hver svo sem hún verður?

Ég tel, hæstv. forseti, að þetta sé ákaflega mikilvægt atriði og mikilvægt að fá svar við því einmitt núna, nokkrum dögum fyrir jól, hvaða kjör verða búin þessu fólki í landinu á næsta ári og hver er vilji stjórnvalda í þeim efnum. Það hefur verið þannig, hæstv. forseti, á undanförnu árum að í nafni jafnvægis í ríkisfjármálum hafa menn aftur og aftur lent í að skera niður bætur almannatrygginga. Aftur og aftur á hverju einasta ári á undanförnum árum hefur gamalt fólk og öryrkjar fengið bréf frá Tryggingastofnun um að það væri verið að breyta reikningslegum forsendum heimilisuppbótar, sérstakrar heimilisuppbótar, tekjutryggingar eða hvað það nú er og hvað það heitir allt saman sem þetta blessaða fólk þarf að lifa af. Og ég hef stundum sagt, hæstv. forseti, að það þyrfti að setja ákvæði í stjórnarskrána um hversu oft á ári má breyta kjörum þessa fólks. Því það er enginn viðkvæmari fyrir því endalausa hringli með kjörin og bæturnar en einmitt gamalt fólk. Það þekkja t.d. þeir sem vinna hjá Tryggingastofnun ríkisins og það þekkja þeir sem þekkja gamalt fólk og vita hvað það er viðkvæmt fyrir breytingum af því tagi sem alltaf eru að koma á þessum endalausu eyðublöðum, bréfum og pappírum sem engin leið er að botna í, nema kannski fyrir hv. þm. Pétur Blöndal en engan annan í þessum sal. Það þarf að minnsta kosti tíu ára nám í tryggingastærðfræði til að komast í gegnum þessa bleðla sem stundum koma frá opinberum stofnunum um það hvernig á að skerða lífskjör þessa fólks. (**ÖJ:** Samt segist hann ekkert skilja.) Nú kemur það fyrir hann að skilja ekki neitt og þá tekur nú steininn úr.

Veruleikinn er sá, hæstv. forseti, að það er mikið umhugsunarefni fyrir okkur sem styðjum félagsleg sjónarmið, sem leggjum áherslu á að ríkið sinni tilteknum einstaklingum og tilteknum skyldum, hvernig á að setja reglur um hvernig á að verja þetta fólk fyrir endalausum inngripum ríkisins og breytingum á lífskjörum þess. Einhliða breytingum af því að þetta fólk hefur ekki samningsrétt eins og launamenn hafa yfirleitt. Þetta fólk er dæmt til að taka einhliða ákvörðunum stjórnvalda á hverjum tíma. Það eru ekki ákvarðanir, hæstv. forseti, sem eru bara teknar hér í þessum sal. Það eru ákvarðanir sem eru stundum teknar uppi í ráðuneyti með reglugerðum, oft algerlega óskiljanlegum reglugerðum, á grundvelli lagabreytinga sem smyglað er hér í gegnum alls konar bandorma og skröltorma sem verið er að afgreiða hér í skjóli náttmyrkurs í svartasta skammdeginu ár eftir ár. Það þyrfti, hæstv. forseti, að búa til varnarkerfi fyrir þetta gamla fólk vegna þess hvernig á þessum málum er haldið. Það hefur í rauninni verið illa á þessum málum haldið í seinni tíð vegna þess að menn hafa alltaf verið að skerða og skerða. Menn hafa aldrei mátt sjá neitt aumt án þess að skattleggja það eða skerða kjör þeirra á undanförnum árum af því að menn hafa ekki fundið neitt annað en einmitt þetta fólk.

Veruleikinn er hins vegar ekki sá í þessu efni, hæstv. forseti, að fjmrh. eða heilbrrh. eða öðrum ráðherrum sé í sjálfu sér sérstaklega uppsigað við þetta fólk. Það er langt frá því. Þau eru að nokkru leyti fangar pólitískrar umræðu sem þau hafa játað tiltekinn trúnað. En ég held að við þurfum að temja okkur að koma fram við þennan hóp einstaklinga með fullri virðingu og það tel ég að sé ekki gert með þessum endalausu skerðingarákvæðum sem renna í gegnum þingið og þjóðfélagið og hafa runnið í gegnum kontórana á undanförnum árum.

Af þessum ástæðum spyr ég, hæstv. forseti: Hvað verður gert með bætur almannatrygginga á næsta ári með hliðsjón af þeim launabreytingum sem verða?

Ég hef hér, hæstv. forseti, lagt fyrir ráðherrana þrjá fjórar spurningar og vænti þess að þeir svari þeim. Ég hef ekki

hugsað mér að halda uppi löngu máli með hliðsjón af því hvernig aðstæður eru og vona að svörin verði einnig til að greiða fyrir umræðum og að þau verði skýr og ótvíræð.

[16:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. ræðumanns var gerð lagabreyting á síðasta þingi og viðmiðun í almannatryggingum var breytt úr því að vera viðmiðun við launataxta í almennari viðmiðun sem átti að taka tillit til kjara á vinnumarkaði og til stöðu þjóðarbúsins og eitthvað fleira í þeim dúr sem ég man ekki nákvæmlega. Þrátt fyrir að engar launabreytingar hafi enn orðið vegna kjarasamninga á þessu ári og þess vegna ekki ástæða til að hækka af þeim sökum var sú ákvörðun tekin þegar fjárlagafrv. var lagt fram að hækka bætur til þeirra sem fá bætur samkvæmt almannatryggingalöggjöfinni um 2% sem eru verðlagsuppbætur, svara til breytinga á verðlagi á milli ára. (Gripið fram í.) Milli þessa árs og næsta árs eins og það er áætlað. Það eru 2% eða 2,1% eða eitthvað þar um bil.

Þegar kjarasamningar liggja fyrir verður að sjálfsögðu að líta til þessa máls sérstaklega en það er ómögulegt að segja hvernig kjarasamningarnir verða. Á undanförnum árum hefur verið gengið þannig frá þeim að um eingreiðslur hefur verið að ræða til að ná fyrst og fremst til þeirra sem hafa lægstu launin og þess vegna hafa bótaþegar almannatryggingakerfisins fengið eingreiðslu tvisvar á ári. Nú er óljóst hver niðurstaða verður í komandi kjarasamningum og þess vegna er ekki hægt að svara spurningunni fyrr en þá hvað verður um breytingar á lífeyri þessa fólks. Þó vil ég taka fram að það er gert ráð fyrir því útgjaldamegin í fjárlagafrv. að um einhverjar breytingar verði að ræða af þeim sökum. En það er ekki hægt að svara hvernig viðmiðunin verður fyrr en við sjáum hvort um eingreiðslu verður að ræða eða hvort eingöngu verður um almennar taxtabreytingar að ræða í kjarasamningunum. Það eina sem ég get sagt er að það verður litið á þessi mál þegar almennir kjarasamningar hafa verið gerðir.

[16:50]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Auðvitað er mér ljóst að hluti af þessu getur orðið eingreiðslur og svo geta þetta orðið misjafnar prósentur og það getur orðið krónutala kannski oft á samningstíma. Að sjálfsögðu er ekki hægt að svara því alveg í smáatriðum hvernig þetta muni líta út, það dettur mér ekki í hug. Það sem ég er í raun og veru að inna eftir er þetta:

Gerir hæstv. fjmrh. ráð fyrir að aldraðir og öryrkjar fái að jafnaði svipaðar launahækkanir og samið verður um á almennum markaði?

Á bak við þessa spurningu mína er t.d. orðalag bráðabirgðaákvæðisins sem mig minnir að við höfum að lokum náð samkomulagi um í fyrra. Þar var tekið tillit til ýmissa annarra þátta heldur en launa, m.a. þjóðhagsstærða, sem ég held að séu hagstæðar núna og gætu þar af leiðandi heldur ýtt undir að bætur almannatrygginga lagist á næsta ári frekar en hitt. Þess vegna spyr ég:

Stendur vilji hans til þess að bætur almannatrygginga breytist að jafnaði svipað og samið verður um á hinum almenna launamarkaði á næsta ári?

[16:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður get ég ekki svarað þessari spurningu beinlínis játandi eða neitandi. Það eina sem ég get sagt á þessari stundu er að þegar kjarasamningar hafa verið gerðir er efni til að endurskoða upphæð bótanna og taka þá tillit til m.a. útkomu úr þessum kjarasamningum. Ég get ekki hér og nú gefið loforð um að bæturnar hækki að jafnaði eins og almennt gerist í kjarasamningunum. Það kann líka að vera að við vildum beina hækkuninni, ef um hana verður að ræða, í sérstakan farveg, ekki láta allar bæturnar breytast eins. Í raun og veru er ekki hægt að svara spurningunni öðruvísi á þessari stundu. Það eina sem ég get sagt er að við erum við því búnir í fjárlagafrv., með því að leggja til hliðar ákveðna upphæð, að það verði um einhverjar launabreytingar að ræða sem hafi áhrif á bæturnar. Lengra er ekki hægt að komast einfaldlega vegna þess að við höfum ekki hugmynd um það á þessari stundu hvers konar launabreytingar verða.

Enn og aftur minni ég á að eingreiðslurnar. Þegar þær voru ákveðnar á sínum tíma, fyrst 1990 og síðan í tvennum samningum eftir það, höfðu þær kannski meiri fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð vegna bótaþeganna heldur en nokkurn tíma á vinnuveitendur á almennum vinnumarkaði vegna þess að allir bótaþegarnir voru með slíkar upphæðir í bótum að þeir fengu bætur en ekki nema örlítið brot af því fólki sem var á almenna vinnumarkaðnum. Þetta vildi ég að kæmi fram. Þannig er ljóst að um einhverja breytingu verður að ræða. Það er ekki hægt að svara neinu til um það hvernig þær verða fyrr en niðurstaða kjarasamninga liggur fyrir.

[16:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að ég skil vel að hæstv. fjmrh. sé varkár. Ég tel að það sé hans, við skulum segja, embættisskylda. En mér fannst svar hans tortryggilegt. Hann tók ekki af skarið í þessu efni eins og hann hefði þó getað gert. (**Gripið fram í:** Hann gerir það aldrei.) Jú, hæstv. fjmrh. á heiður skilinn fyrir að hann svarar yfirleitt skýrar heldur en flestir aðrir ráðherrar, bæði í jái og nei-i þegar þannig liggur á honum og aðstæður leyfa. En það sem ég á við er ósköp einfaldlega þetta: Setjum sem svo — og nú geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðherra hafi fullnýtt sinn andsvarsrétt, eða er það ekki? — segjum að hækkunin á almenna launamarkaðnum yrði 5% yfir línuna. Setjum það sem dæmi. Mundi þá hæstv. fjmrh. telja eðlilegt að bætur almannatrygginga hækkuðu eins eða svipað? Ég geri mér grein fyrir að hann á ekki kost á að svara þessu núna í andsvari en það verður vafalaust kostur á því seinna í þessum umræðum.

[16:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. beindi nokkrum spurningum til mín og mun ég svara þeim hér. Hann vill meina að þær breytingar sem boðaðar eru í bandormi tengist ekki fjárlögum. Ég vil í stuttu máli svara því þannig að hvert einasta atriði tengist á einhvern hátt fjárlögum. Ég tek í fyrsta lagi stjórn yfir heilsugæslunni í Reykjavík. Ein stjórn í stað fjögurra mun spara.

Í öðru lagi var spurt hvort ekki væri eðlilegt að heilbrrn. eigi einn fulltrúa í stjórnum sjúkrastofnana sem velta um 16 milljörðum á ári.

Það er mitt mat að svo sé. Um þessar mundir er mikil vinna lögð í að samræma störf sjúkrahúsanna bæði í Reykjavík og úti á landi. Þessi samræming getur leitt til þess að menn telji rétt að sameina stofnanir náist um það samkomulag. Til þess þarf þessar lagabreytingar. Ég tel rétt að við reynum að spara eins og mögulegt er í yfirstjórn þessara stofnana allra til að hlífa þjónustunni og helst bæta hana.

[16:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin sem ég verð nú að segja að ég varð fyrir vissum vonbrigðum með. Ég sé engin rök fyrir því að það að breyta stjórnum heilsugæslustöðva í Reykjavík t.d. með þeim hætti sem gert er ráð fyrir spari neitt sérstaklega mikið. Af hverju leggur hún þá ekki til að sameina rekstur heilsugæslustöðva t.d. á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi og að þær verði settar undir eina stjórn? Það yrði auðvitað mikill sparnaður. Mér finnst satt að segja að þessi svör séu út í hött. Ég verð að segja það alveg eins og er. Mér þykir leiðinlegt að ráðherrann skuli ekki vilja svara mér efnislega. Því t.d. hvers vegna verið er að breyta skipunartíma formanns í þessum lögum. Af hverju flytur ráðherrann bara ekki heiðarlegt frv. um að spara í heilbrigðiskerfinu? Ég spyr. Af hverju er alltaf verið að hengja þetta inn í einhver mál frá hæstv. fjmrh.? Af hverju kemur heilbrrh. ekki fram og segir: Þetta vil ég gera? Svoleiðis heilbrrh. langar mig til að sjá, hæstv. forseti.

[16:58]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar breytingar tengjast allar fjárlögum á einn og annan hátt og því er eðlilegt að leggja þær fram á þann hátt sem gert er.

Hv. þm. spurði hvort ekki væri rétt að sameina fleiri stjórnir heilsugæsluumdæma. Ég tel að það komi mjög vel til greina og geti komið í kjölfarið. Því sé eðlilegt að þessi lagabreyting sé gerð. Eins og ég sagði áðan er mikil vinna lögð í að samhæfa og sameina. Náist um það samkomulag er rétt að gera þær breytingar ef við getum sparað í yfirstjórnun.

[16:59]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er ég ekki miklu nær en ætla að segja að lokum að mér finnst dálítið um að fagráðherrarnir flýi af hólmi sem slíkir og breyti sér í hálfgerða fjármálaráðherra í þessum bandormum. Mér fyndist betra ef þetta væri tekið á faglegum grundvelli vegna þess að ég held að það sé líklegra að það verði meiri árangur í sparnaði ef það er gert á forsendum viðkomandi greinar, þ.e. heilbrigðismála í þessu tilviki, en að það sé gert í einhverjum heildarpakka sem kemur frá ríkisstjórninni á hverjum tíma. Ég skil út af fyrir sig vel að hæstv. heilbrrh. kjósi að fara þessa leið sem ég sé að allir aðrir ráðherrar fara en ég held að við getum verið sammála um að þetta séu ekki heppilegustu vinnubrögðin til að ná árangri í sparnaði m.a. Ég bendi á að gagnrýni okkar, mín og hæstv. heilbrrh., á síðasta kjörtímabili snerist m.a. um það að ekki var unnið að langtímastefnumótun til sparnaðar í heilbrigðismálum. Leiðin til að spara er örugglega langtímastefnumótun og langtímafjárlög á forsendum þeirrar þekkingar sem er til í hverju ráðuneyti fyrir sig. Í þessu tilviki í heilbrrn. þar sem er mikill fjöldi af góðu starfsfólki.

[17:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég bað um orðið í tilefni af fyrirspurnum hv. þm. vegna þess að ég taldi að það tæki mig lengri tíma en tvær mínútur að gera grein fyrir og svara þeim spurningum sem hann lagði fyrir og því væri æskilegt að þingmaðurinn fylgdist með þegar spurningunum er svarað.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. hvaða mat ég hefði á þróun Endurbótasjóðs og þeirra bygginga sem fjármagni úr honum er ætlað að standa straum af þegar litið er til endurbyggingar á þessum húsum eða viðgerða á ákveðnum húsum. Í fyrsta lagi má segja að samdrátturinn í útgjöldum Endurbótasjóðs tekur mið af þeirri almennu stefnumótun að ekki beri að auka þenslu og ekki beri sérstaklega að auka þenslu hér í þessum landshluta og þær byggingar allar sem hér er um að ræða eru í Reykjavík. Það fellur þannig að því almenna stefnumiði að það beri að draga úr þennslu á þessum slóðum og þess vegna er sparnaður á þessum lið til þess fallinn að skapa hér jafnvægi með tilliti til þróunar efnahagsmálanna almennt.

Að því er varðar hitt sem hv. þm. nefndi, þær byggingar sem um er að ræða, þá er það vissulega mikið áhyggjuefni hvernig komið er fyrir þeim mörgum. Nauðsynlegt er að gera markvissar áætlanir um uppbyggingu þeirra og vissulega hefur það verið gert. Það hefur smátt og smátt verið unnið að því að bæta húsakostinn og koma í veg fyrir frekari eyðileggingu á þessum húsum.

Hv. þm. nefndi sérstaklega Þjóðminjasafnið. Það er ljóst að miðað við þær fjárveitingar sem nú er um að ræða úr Endurbótasjóði þá rennur stærstur hlutinn til Þjóðminjasafns og hefur gert um nokkurt skeið. Á hinn bóginn er það svo að þegar rætt er um endurbætur á Þjóðminjasafnshúsinu þá kemur fleira til heldur en viðgerð á húsinu sjálfu. Það er spurningin um framtíðaraðsetur safnsins. Menn hafa varpað fram ýmsum spurningum og velt fyrir sér kostum í því efni. Rökin fyrir því að flytja Þjóðminjasafnið frá þeim stað þar sem það er nú eru mjög sterk. Það er margt sem mælir með því, eins og fram hefur komið hjá áhugamönnum um safnið og einnig öðrum sem bera hag þess fyrir brjósti, að það kunni að vera skynsamlegt að velja því annan stað en þann sem það er núna vegna þrengsla og vegna þeirrar aðstöðu sem safninu er búin á þessum stað. Þetta er eitt af þeim álitamálum sem hafa komið upp og menn þurfa að taka afstöðu til þegar rætt er um viðgerðir á Þjóðminjasafnshúsinu sem eru brýnar en hljóta að haldast í hendur við mat manna á því hvar safnið eigi að vera til frambúðar.

Fjármunum verður varið til viðgerða á Þjóðleikhúsinu. Unnt verður að ráðast í brýnustu viðgerðir þar. En þar þarf meira fé og þarf að leggja betur niður fyrir sér hvernig staðið skuli að framtíðarviðgerðum á Þjóðleikhúsinu. En fyrir þá fjármuni sem ráðstafað verður á næsta ári samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja verður unnt að ráðast í brýnustu viðgerðir í framhaldi af því sem gert hefur verið á undanförnum árum og halda því starfi áfram þótt vissulega hefði verið æskilegt að fá til þess meira fé eins og ætíð er.

Jafnt og þétt er haldið áfram að búa Þjóðskjalasafninu hæfilegt starfsumhverfi á þeim stað sem það er.

Síðan er á liðnum: Safnahúsið, 22 millj. kr., ef ég man rétt. Það er upphafið á viðgerðum á Safnahúsinu að utan sem verður skipt á nokkur ár. Það verður ráðist í að gera það hús þannig úr garði að til sóma sé. Vafalaust mun það kosta

hærri fjárhæðir heldur en þær sem hugmyndir eru um núna og það þarf að endurskoða áætlanir um það, en ætlunin er að gert verði við Safnahúsið með fé úr Endurbótasjóði.

Þá er einnig Listasafn Einars Jónssonar með 21 millj. kr., ef ég man rétt. Það verður unnt að gera við það að utan fyrir þessa fjárhæð að meginhluta og veita þá væntanlega á árinu 1998 lokafjárveitingu til þess verkefnis.

Þarna eru verkefni sem unnið er að misjafnlega hratt eftir því hvað fjármunirnir duga. En ég tek undir það með hv. þm. að þarna er mikið verk óunnið og vissulega hefði verið æskilegra að fá meiri fjármuni til þess. Það er ávallt æskilegt að hafa sem mest fé milli handa. En í þessu tilviki var sú ákvörðun tekin að skerða þennan sjóð, m.a. með hliðsjón af því markmiði að auka ekki þensluna um of í þessum landshluta.

Að því hvað spurningarnar um endurinnritunargjaldið varðar þá vil ég fyrst árétta að þetta heiti sem menn hafa valið því „fallskattur" er algjörlega rangnefni. (**ÖS:** Fallskattur Björns Bjarnasonar.) Það er algjört rangnefni því þá mun enginn nokkurn tíma skilja um hvað menn eru að tala ef þeir ætla að halda fast í það. Það mun verða til vitnis um að stjórnarandstaðan fer algjörlega vill vega ef hún heldur sig við þetta hugtak og það mun enginn nokkurn tímann skilja neitt af þeim þingskjölum eða ræðum sem menn hafa flutt um þetta mál þegar fram líða stundir og verður mjög sérkennilegt rannsóknarefni fyrir menn að átta sig á því um hvað í ósköpunum blessuð stjórnarandstaðan hafi verið að fjalla þegar hún var að ræða þetta mál í þinginu. (**GGuðbj:** Af hverju er þá fólk að endurinnrita sig?) Þannig er mál með vexti að hér er um endurinnritunargjald að ræða en alls ekki neinn fallskatt. (Gripið fram í.) Það getur verið af mörgum ástæðum sem menn ná ekki því markmiði í sínu námi sem þeir stefna að en ef þeir endurinnrita sig í áfanga eða bekkjardeildir þá ber þeim að greiða þetta gjald eins og mælt er fyrir um í lögunum. (Gripið fram í.) Það er ekki tekið fram ef ég má, herra forseti, ljúka máli mínu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég bið hv. þm. að hafa hljóð í salnum.)

Það er von að hv. þm. komist í uppnám þegar ég ræði þetta mál því þeir hafa auðvitað verið að fjalla um annað mál heldur en ég hér allan tímann. Ég hef hlustað á ræður þeirra í mikilli forundran og raunar hafa þeir verið að lesa upp úr nál. sem voru gefin út áður en lokatillagan í málinu kom fram eins og hún liggur fyrir nú í þeim texta sem við erum að fjalla um. Þar er hvergi talað um að menn hafi fallið á prófum eða annað slíkt heldur er rætt um að innheimta megi sérstakt endurinnritunargjald af nemendum sem endurinnritast í bekkjardeild eða áfanga og skal upphæð gjaldsins miðast við 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá síðustu önn sem áfangi er metinn á. Menntmrh. á að setja með reglugerð nánari ákvæði um gjaldtökuna, m.a. um viðmiðun gjaldtökunnar um mat á bekkjardeildum til eininga, tilhögun innheimtu og undanþágur frá greiðslu gjaldsins.

Ég get svo sem tekið undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að það sé óheppilegt þegar jafnmikilvægt mál og þetta er til umræðu að það fari í gegnum efh.- og viðskn. og hv. nefndarmenn í menntmn. hafi ekki nægilega góð tök á að kynna sér um hvað málið snýst og flytji síðan ræður um allt annað mál en lagatextinn mælir í raun fyrir um.

Ég fór yfir það fyrr í umræðunum hvernig þetta gjald verður reiknað út, hvaða kosti menn hafa. Það verður ákveðinn einingafjöldi, tólf einingar í áfanga í áfangaskólunum og 15 einingar í áfanga í bekkjarkerfisskólunum sem menn eiga alltaf inni. Menn geta því farið í gegnum skólana án þess að þurfa að hafa áhyggjur af þessu gjaldi ef þeir taka mið af þessum einingafjölda. Þess vegna er rökrétt að segja sem svo að gjaldið sé til þess fallið að auðvelda skipulag skólastarfsins, stuðla að hagræðingu og nýta þá fjármuni betur sem við höfum til ráðstöfunar fyrir framhaldsskólana heldur en áður hefur verið. Það er alrangt og ég bið hv. þm. að átta sig á því nú á lokastigum þessa máls ef þeir vilja leiðrétta fyrri ræður sínar með hliðsjón af því um hvað þetta mál snýst í raun og veru þá hafa þeir enn tök á því.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði: Verður þetta gjald þess eðlis að einstakir skólar geti nýtt sér það? Að það renni til einstakra skóla? Það er að sjálfsögðu þannig þar sem hér er um endurinnritun í viðkomandi skóla að ræða. Þess vegna fær hver og einn skóli þetta gjald til sín þegar nemandinn endurinnritast.

Hv. þm. vék einnig að nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar um skólasjóðina. Ég vil af því tilefni, herra forseti, fá leyfi hæstv. forseta til að lesa úr bréfi sem menntmrn. ritaði skólameisturum framhaldsskólanna 26. nóvember og varðar þetta mál. Það varðar athugasemdir Ríkisendurskoðunar við meðferð á skólagjöldum og hvernig skólarnir hafa ráðstafað hluta skólagjalda eða innritunargjalda til skólasjóða sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá á grundvelli laga nr. 19/1988. Í bréfinu til skólameistaranna, sem er dags. 26. nóv. sl., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. hefur nú svarað Ríkisendurskoðun á þá leið að ráðuneytið tekur undir þá afstöðu Ríkisendurskoðunar að ekki sé lagaheimild til að ráðstafa hluta þeirra innritunargjalda sem nemendum er skylt að greiða á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, til skólasjóða. Afstaða ráðuneytisins byggist á því að við endanlega ákvörðun upphæðar gjaldanna ber að hafa hliðsjón af því meginsjónarmiði að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem rekja má til ýmiss konar kennsluefnis og pappírsvara sem skólinn lætur nemendum í té án sérstaks endurgjalds og nauðsynlegt er fyrir starfsemi skólans.

Við umfjöllun Alþingis um efni 2. mgr. 7. gr. kom skýrt fram að af innheimtum innritunargjöldum sé miðað við að skólinn greiði kostnað af ýmiss konar þjónustu við nemendur svo sem útgáfu námsvísis, gerð stundaskráa, gerð tilkynninga, dreifibréfa og annarra pappírsgagna sem dreift er innan skólans. Teljast innritunargjöld því hluti af fjárreiðum skólans.

Það er því niðurstaða ráðuneytisins að óheimilt sé að láta innritunargjöldin renna öll eða að hluta til skólasjóða sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá á grundvelli laga nr. 19/1988, eða til þess að mæta annars konar kostnaði eða útgjöldum en þeim er ætlað lögum samkvæmt."

Síðan segir í bréfinu:

„Skólameistarafélag Íslands hefur lagt til við menntmrh. að hann beiti sér fyrir því að breyting verði gerð á 2. mgr. 7. gr. laga um framhaldsskóla þannig að lagaheimild fáist til innheimtu á sérstökum þjónustugjöldum af nemendum. Ráðuneytið hefur skýrt félaginu frá því að það muni ekki fallast á tillögur um frekari gjaldtöku af nemendum vegna þjónustu sem veitt er í skólum og telst nauðsynlegur hluti náms samkvæmt námskrá og ríkissjóði ber að greiða samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga.

Ef ekki er um slíka þjónustu að ræða telur ráðuneytið að skólayfirvöldum sé heimilt að innheimta gjöld vegna

þjónustunnar jafnóðum og hún er veitt án sérstakrar lagaheimildar, enda sé nemendum í sjálfsvald sett hvort þeir hagnýti sér slíka þjónustu eða ekki. Hér er átt við afnot af tækjum, t.d. síma, ljósritunarvélum, tölvubúnaði, þýðingu skírteina, o.s.frv.

Um leið og skólameisturum framhaldsskóla er skýrt frá þessari niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og ráðuneytisins er þeim tilmælum jafnframt beint til skólameistara að þeir beiti sér fyrir endurskoðun á gildandi skipulagsskrám fyrir skólasjóði viðkomandi framhaldsskóla ef um er að ræða að starfsemi þeirra standist ekki að þessu leyti 7. gr. laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla."

Þetta bréf var ritað 26. nóvember sl. og er alveg skýr afstaða ráðuneytisins til þess hvernig skólunum ber með að fara í þeim tilvikum sem um ræðir. Hið sama á við um endurinnritunargjaldið. Því má ekki verja til skólasjóðsins heldur er það hluti af þeim kostnaði sem fer í almennan rekstur skólans. Það fer ekki í skólasjóðina og þess vegna lýtur það ekki að þeirri gagnrýni sem Ríkisendurskoðun hafði uppi og varðaði meðferð á fjármunum í skólasjóði. Það er hins vegar tekið fram í brtt. sem efh.- og viðskn. flytur að það sé heimilt að verja af þeim fjármunum sem er hækkun á innritunargjaldinu ef menn skrá sig ekki á réttum tíma í skólann, 25% af innritunargjaldinu, í skólasjóðina. Þar er því skólunum gert kleift að fá fjármuni í skólasjóðina með sérstakri lagaheimild af þessum fjármunum sem nemendur þurfa ekki að greiða nema svo beri við að þeir skrái sig ekki á réttum tíma sem er að sjálfsögðu auglýstur og vel tilgreindur þannig að það á ekki að vera neinum ofraun að greiða það gjald á réttum tíma.

Þetta eru þau atriði sem ég vildi nefna, herra forseti, í þessu samhengi því að ég tel að málflutningur stjórnarandstöðunnar um þessi mál á undanförnum sólarhringum hafi byggst á miklum misskilningi og taki ekki mið af því sem um er að ræða þegar lagatextinn er lesinn eða þær tillögur sem settar hafa verið fram um þetta mál.

Ég vil einnig geta þess að tillögurnar eins og þær liggja fyrir núna taka m.a. mið af þeim umræðum sem fóru fram á Alþingi við 1. umr. þessa máls. Síðan hafa verið miklar viðræður af hálfu ráðuneytisins við Skólameistarafélagið um einstaka þætti þessara mála og jafnframt hafa fulltrúar frá Félagi framhaldsskólanema komið að málinu án þess að í sjálfu sér hafi verið um samþykki þessara aðila að ræða. Þeir vita nákvæmlega hvað felst í þessum tillögum (Gripið fram í.) en stjórnarandstaðan hefur greinilega ekki vitað það. Vonandi upplýsir þessi ræða hana um það um hvað þetta mál snýst í raun og veru.

[17:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og sérstaklega fyrir þessa ítarlegu greinargerð sem hann flutti um endurbætur menningarbygginga sem var fróðlegt að heyra. Út af fyrir sig ekki er tími til að ræða hana hér, en ég vil bæta því við svona af minni hálfu að ég tel að þörf sé á því að málið sé rætt hér þannig að þingmenn geri sér allir ljóst hvað þetta er risavaxið verkefni. Hér er um að ræða verkefni upp á marga milljarða kr. og það er nauðsynlegt að þessi sjóður sé til og að hann sé virkur.

Mér fannst það hins vegar beinlínis spaugilegt þegar hæstv. ráðherra reyndi að réttlæta niðurskurðinn á sjóðnum með þenslunni í Reykjavík og sannast þar hið fornkveðna að hæstv. núv. menntmrh. er eini andstæðingur borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík og kýs að kallast á við þann meiri hluta úr þessum sölum með alveg ótrúlegum hætti eins og þeim að hann hafi skorið niður framlögin til menningarstofnana af því að þær eru flestar í Reykjavík. En svo vill til, hæstv. forseti, að samkvæmt lögunum um sjóðinn er gert ráð fyrir því að hann geti endurbætt menningarbyggingar um allt land þannig að þessar röksemdir ráðherrans eru fjarstæða og auðvitað var þessi sjóður bara skorinn tilviljanakennt niður, en árásin á Reykjavík er athyglisverð.

Hann nefndi Safnahúsið og það er merkilegt og hefur ekki komið fram í þessari umræðu og ég get spurt hann núna eins og á morgun í fjárlagaumræðunni: Hvað er með þessa þjóðmenningarstofnun sem ku eiga að vera þar í því húsi og hefur aldrei verið greint formlega frá í þessari stofnun? Það væri fróðlegt að fara yfir það. Og að lokum: Fallskattur er auðvitað fallskattur af því að menn endurinnrita sig ekki nema af því að þeir hafa fallið. Oftast er það a.m.k. svo.

[17:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér þarf ekki miklu við þetta að bæta. Við erum sammála um það, hv. þm. og ég að að gera þarf bragarbót í byggingarmálum þessara menningarhúsa. En eins og ég sagði þá falla þessar ákvarðanir sem ég hef tekið í þessu og ríkisstjórnin um þetta og menn við afgreiðslu fjárlaganna, að þeim markmiðum að auka ekki þenslu í Reykjavík. Ég fór ekki yfir þann hluta af fjármunum sjóðsins sem ráðstafað er til annarra landshluta. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hluta af þessu fé er ráðstafað í öðrum landshlutum bæði til þess að styðja húsfriðun og einnig byggðasöfn og það er líka hlutur sem nauðsynlegt er að hafa í huga.

Varðandi ráðstöfun á Safnahúsinu, þá hefur rækilega verið greint frá henni og mér finnst að ef menn vilja ræða það, þá eigi að gera það við annað tækifæri. Ég er tilbúinn til þess að fara í umræður um það hér í þinginu. Menn hefðu getað spurst fyrir um það að sjálfsögðu í þinginu í haust. Það var greint frá því og er ekki um nein leyndarmál í því máli að ræða. Ég held að húsinu hafi verið valið verðugt hlutverk með þeim ákvörðunum sem ríkisstjórnin hefur tekið um ráðstöfun á því.

[17:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að halda því til haga að þetta þjóðmenningarhús eða verkefni þess hafa aldrei verið rædd sérstaklega á Alþingi og það er satt að segja dálítið merkilegt að á sama tíma og flestar menningarstofnanir kvarta vegna skorts á fjármunum — það koma fréttir um að handritin liggi undir stórkostlegum skemmdum vegna þess að ekki séu til peningar til að verja þau eða forverja eins og það heitir — er skyndilega tekin um það ákvörðun og send um það tilkynning til allra fjölmiðla að það hafi verið stofnuð þjóðmenningarstofnun í Landsbókasafninu. Það er dálítið sérkennilegt satt best að segja. Og það er dálítið sérkennilegt hvernig að því er staðið að velja stjórn þeirrar stofnunar, afar sérkennilegur hlutur og full ástæða til þess, úr því að hæstv. menntmrh. óskar beinlínis eftir því að það mál verði rætt við 3. umr. fjárlaga á morgun alveg sérstaklega.

Varðandi niðurskurðinn á menningarsjóðnum eða Endurbótasjóðnum sérstaklega, af því að hann er í Reykjavík, þá ætla ég að segja alveg eins og er að ég tel að hæstv. menntmrh. hafi engin rök í þessum efnum. Það hefur verið dálítið fróðlegt að fylgjast með því hvernig núv. ríkisstjórn hefur

viljað beita sér gegn borgarstjórn Reykjavíkur í sambandi við framkvæmdir og fleira þar sem hæstv. menntmrh. er algerlega þversum miðað við flokksmenn sína í borgarstjórn Reykjavíkur sem hafa kvartað undan því að framkvæmdir í Reykjavík á vegum meiri hlutans séu allt of litlar. Ég held því að það væri skynsamlegt af hæstv. menntmrh. að bera sig saman við flokkssystkini sín sem hann átti síðast þegar ég frétti handan við götuna í ráðhúsinu í Reykjavík.

[17:22]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi Safnahúsið þá hafa verið teknar ákvarðanir um það núna að unnið verði að því að tæma húsið, taka úr því þau skjöl sem tilheyra Þjóðskjalasafninu og bækur sem tilheyra Landsbókasafni – Háskólabókasafni þannig að þessi skjöl og bækur komist í varanlega geymslu. Það hefur engum manni nokkru sinni dottið í hug að Safnahúsið yrði geymslusafn fyrir leifar af Þjóðskjalasafninu eða leifar af Landsbókasafninu. Það er meginákvörðunin sem hefur verið tekin og þannig var valið í stjórn þessarar stofnunar sem hv. þm. orðaði svo, sem er í raun og veru ekki annað en hússtjórn: Það eru formaður stjórnar Landsbókasafnsins – Háskólabókasafnsins, þjóðskjalavörður og síðan fyrrv. forseti Alþingis sem sitja þar í stjórn og sé ég ekki að það sé í sjálfu sér ámælisvert miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið.

Jafnframt hefur verið ákveðið að húsið verði undir forsjá forsrn. og þegar þessum framkvæmdum er lokið, að tæma húsið og taka þessi skjöl úr því og þessar leifar safnanna, þá verði unnt að hafa þar aðstöðu til þess að sýna ýmsa þjóðardýrgripi og nýta það til þess að efla þjóðmenningu Íslands og það sem við viljum helst halda á loft til sýnis fyrir okkur og aðra. Ég held að þessar hugmyndir séu ekki mjög frumlegar því að þær hafa legið fyrir lengi og að því er stefnt að árið 2000 verði þetta komið til framkvæmda. Síðan hefur verið ákveðið að leggja fjármuni úr Endurbótasjóði til þess að hefja brýnustu viðgerðir á húsinu að utan og það var ekki seinna vænna að gera það miðað við stöðu hússins.

Þetta eru þær ákvarðanir sem teknar hafa verið. Ég er tilbúinn til að ræða það frekar við 3. umr. fjárlaga ef menn vilja, en hér hafa staðreyndirnar verið skýrðar.

[17:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ummæli hæstv. menntmrh. um orsakir þess að hann hefur kosið að skera niður Endurbótasjóðinn — hann skýrir það með því að það sé til þess að draga úr þenslu á höfuðborgarsvæðinu — sanni það sem ég hef lengi vitað en fáir aðrir hafa gert sér grein fyrir að hann er sennilega langbesti og e.t.v. eini húmoristinn í ríkisstjórn Íslands.

Hér hafa spunnist umræður, herra forseti, einmitt um þennan Endurbótasjóð og það hafa spunnist umræður líka um tiltölulega erfiða stöðu verðmætra handrita í Þjóðarbókhlöðunni. Ég saknaði þess að hæstv. ráðherra nefndi ekki þá tillögu sem ég varpaði fram í dag. Þess vegna ætla ég að reifa hana aftur í þessu stutta andsvari. Hún er um það hvort ekki sé rétt að nota þetta tækifæri hér til þess að breyta lögunum frá 1989 þannig að fjármagnið sem rennur til endurbóta menningarbygginga renni líka til þess að endurbæta menningararfleifðina. Mér finnst að það sé í sjálfu sér rökrétt að þessi tekjustofn verði ekki bara nýttur til þess að búa til hús í kringum arfleifðina heldur til þess að varðveita hana.

Það hefur komið fram að í fjárlögum er veitt 221 millj. kr. til rekstrar Þjóðarbókhlöðunnar og þar er hækkun um 27 millj. sem er lofsvert. Það er annars vegar 15 millj. kr. hækkun á rekstrarlið og hins vegar er 12 millj. kr. hækkun til ritakaupa. Þetta er mjög gott. En það liggur líka fyrir að dýrmæt handrit liggja þarna undir skemmdum. Það þarf að forverja þau. Hins vegar er til staðar í húsinu fullkomin vinnustofa en það vantar mannaflann til þess að sinna þessu þjóðþrifaverki. Ég spyr þess vegna hæstv. menntmrh.: Telur hann ekki koma til greina, þó ekki væri við þessa afgreiðslu málsins en e.t.v. einhvern tíma í framtíðinni, að velta því aðeins fyrir sér hvort ekki megi nýta eitthvað af þessu fjármagni til að verja handritin skemmdum sem tíminn kann að fella á þau?

[17:26]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel tvímælalaust að okkur beri skylda til þess að verja handritin skemmdum, jafnt skinnhandrit sem pappírshandrit. Hins vegar er varðveisla pappírshandrita fyrir marga og í augum margra óvinnandi vegur á heimsvísu því að enn hafa ekki verið fundnar upp þær aðferðir sem tryggja að okkur takist að verja öll pappírshandrit sem til eru. En við eigum að leggja okkar af mörkum og ég tel að það beri að búa þannig um hnúta fyrir Landsbókasafn – Háskólabókasafn að það geti sinnt þessu. Hvernig stjórn þess ver þeim auknu fjármunum sem samþykktir hafa verið, þar af 12 millj. kr. náttúrlega í ritakaup eins og við vitum en rúmum 15 millj. til þess að styrkja rekstur safnsins, ætla ég að láta henni eftir, en hún hlýtur að fylgjast með þeim áherslum sem fram hafa komið núna á lokadögum fjárlagaafgreiðslunnar.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það veiti ekki af þeim fjármunum sem eru í Endurbótasjóði til þess að verja mannvirkin þannig að þau séu í sómsamlegu horfi og er þess vegna ekki tilbúin að samþykkja að lögum um sjóðinn verði breytt á þann veg að það beri að verja fé úr honum til þess að vernda minjarnar sjálfar, heldur verði Alþingi að taka ákvarðanir um slíka hluti eða fjárveitingarvaldið þegar rætt er um rekstrarkostnað þessara stofnana. Það er unnt líka að hugsa sér samstarf, sjóði og aðra sjóði heldur en Endurbótasjóð til þess að vinna að slíkum framkvæmdum. Ég veit að af hálfu Landsbókasafns – Háskólabókasafns hefur m.a. verið hugað að samskiptum við erlend söfn um varðveislu á handritum þó ekki sé það kannski í þeirri mynd sem handritin eru heldur með nýrri tækni, upplýsingatækni þannig að þessar minjar eyðist ekki þó pappírinn eyðist. Það eru því margar leiðir í sjálfu sér færar til að vernda þennan menningararf og gera það þannig að hann verði eilífur og viðvarandi miðað við þá tækni sem við höfum.

[17:28]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona líka að þessi hæstv. menntmrh. verði eilífur og viðvarandi miðað við þá tækni sem við höfum yfir að búa. En það er sjaldgæft að jafnskýr hæstv. ráðherra og sá sem hér talaði flæki sig í sinni eigin röksemdafærslu. Hæstv. ráðherra sagði að hann teldi að ekki veitti af Endurbótasjóði til að gera við menningarbyggingar á Íslandi. Hann er sjálfur aðili að frv. þar sem lagt er til að af þeim 435 millj. sem verða til við þessi lög frá 1989, verði teknar á næsta ári 150 millj. og látnar renna beint í ríkissjóð, væntanlega vegna þess að hann hefur komist að þeirri niðurstöðu eða a.m.k. fallist á röksemdafærslu forsrh. sem flytur

frv., að það sé ekki þörf fyrir þessa peninga einmitt til þess að verja byggingarnar eins og hann sagði þó sjálfur.

Ég held, og hæstv. ráðherra tók undir það að sum þessara pappírshandrita væri erfitt og jafnvel illmögulegt að verja, að þá sé nauðsynlegt að huga að þessu máli. Í þessu tiltekna safni eru geymd pappírsskjöl frá síðari öldum sem eru á veikari pappír og skrifuð með veikara bleki heldur en eldri pappírshandrit og er þess vegna meiri hætta búin.

Ég held þess vegna að í ljósi þess sem ráðherrann sagði, hljótum við að geta orðið sammála um að það er nauðsynlegt að verja fjármagni til þess að verja þennan menningararf. Þessi hæstv. ráðherra getur ekki fundið neinn bautastein betri til þess að reisa sér heldur en einmitt þann að sýna það frumkvæði sem fælist í því að t.d. marka þessu sérstaka verkefni, sem er forvörn arfleifðarinnar, fastan tekjustofn með því að fallast á að þessum lögum yrði breytt. Ég veit að hann er mér sammála um að þetta mikilvæga verkefni er mjög þarft til framtíðar.

Sumir vilja láta minnast sín með því að reisa hús, en það eru til óbrotgjarnari minnisvarðar, hæstv. menntmrh.

[17:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru til óbrotgjarnari minnisvarðar eins og t.d. bækur um urriða sem menn geta reist sér. Og oft er það þannig með stjórnmálamenn að það eru frekar ritverk þeirra, ljóð eða skáldverk sem halda minningu þeirra á lofti heldur en það sem þeir segja hér í þingsölum eins og hv. þm. er ljóst. Við erum sammála um markmið í þessu, það er alveg ljóst. Við höfum hins vegar takmarkaða fjármuni. Og eins og ég sagði, þá eru sterk rök fyrir þeim tillögum sem gerðar eru með hliðsjón af almennu efnahagsástandi í landinu og þeirri þenslu sem menn óttast á þessum slóðum. Þessi rök eru skýr og klár og menn verða að taka mið af þeim einnig. Það var markmiðið með gerð fjárlaganna eins og við vitum að þau yrðu hallalaus og þetta er m.a. einn liðurinn í því, þótt vissulega hefði verið æskilegt að fá meira fé til þess að gera við menningarbyggingar reyndar. En við skulum sjá. Það eiga fleiri bækur eftir að koma út og menn eiga eftir að vinna fleiri verk hér og annars staðar og vonandi eigum við öll að lokum okkar minnisvarða.

[17:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér ræðum við frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997, samsetning í 27 greinum sem hver út af fyrir sig gefur tilefni til umræðu. Ég ætla ekki hér að ræða þetta mál ítarlega, enda hefur það verið gert af talsmönnum Alþb. og fleiri hv. þingmönnum sem eru í minni hluta og hafa gagnrýnt margt sem er í þessu frv. Vil ég taka undir þann málflutning sem fram hefur komið, m.a. hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, Ögmundi Jónassyni og Svavari Gestssyni sem og margt af því sem fram kemur í minnihlutaáliti efh.- og viðskn. á þskj. 368.

Það er aðeins ein grein í þessu frv. sem ég ætla að gera hér að umtalsefni vegna þess að ég fjallaði um hana sem fulltrúi í umhvn. þingsins. Það er 26. gr. sem varðar breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Þar er verið að fara inn í tiltekna grein þessa lagabálks, laga nr. 64/1994, sérstaklega þann þátt sem snýr að refum og veiðum á fjallref. Þessi hluti frv. var sendur umhvn. þingsins til umsagnar og sá sem hér talar skilaði séráliti. Það gerði reyndar annar fulltrúi í nefndinni, hv. þm. Gísli S. Einarsson, en meiri hlutinn, aðrir í nefndinni voru saman á meirihlutaáliti en gerðu þó vissar athugasemdir við þessa fyrirhuguðu lagabreytingu og töldu að það þyrfti að kanna ákveðna þætti betur áður en ríkið hætti með öllu kostnaðarþátttöku í sambandi við veiðar á fjallref.

Ég held að það sé rétt að ég lesi hér upp það álit sem ég skilaði. Það hefur ekki verið gert að sérstöku umtalsefni í umræðu um þetta mál að ég hef tekið eftir. Svohljóðandi er, með leyfi forseta, umsögn 2. minni hluta umhvn.:

„Undirritaður telur vel koma til greina að breyta fyrirkomulagi á greiðslum vegna refaveiða. Ekki hefur hins vegar verið gerð viðhlítandi grein fyrir því af hálfu umhverfisráðuneytis hvernig tillaga samkvæmt frumvarpinu, um að ríkissjóður hætti að endurgreiða allt að helming kostnaðar við veiðarnar, eigi að falla að öðrum ákvæðum um refaveiðar, sbr. lög nr. 64/1994.

Engin greinargerð hefur verið lögð fram af hálfu veiðistjóraembættisins um búsifjar eða tjón af völdum refa, né heldur um líkleg áhrif þeirrar tillögu sem hér um ræðir á viðkomu refastofnsins og möguleika til áframhaldandi rannsókna á stofninum, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1994. Ekkert hefur heldur heyrst um þetta frá ráðgjafarnefnd umhverfisráðherra um villt dýr, sbr. 3. gr. sömu laga. Erfitt er að sjá hvernig framfylgja eigi að öðru leyti ákvæðum 12. gr. (2.–3. mgr.) laga nr. 64/1994, þ.e. sérákvæði um refaveiðar þar sem segir m.a.:

„Þar sem umhverfisráðherra ákveður, að fengnum tillögum veiðistjóraembættis, að nauðsynlegt sé að láta veiða refi til þess að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, sbr. 7. gr., er sveitarstjórn skylt að ráða skotmann til grenjavinnslu og skal hann hafa með sér aðstoðarmann . . .

Umhverfisráðherra ákveður árlega viðmiðunartaxta launa til skotmanna og aðrar greiðslur fyrir unna refi sem veiddir eru skv. 2. og 3. mgr. . . .“

Lagasetningin var á sínum tíma umdeild og mælti undirritaður og fleiri með annarri skipan en lögfest var að því er varðaði refi. Erfitt er að rökstyðja, eftir að ríkið hættir þátttöku í kostnaði við refaveiðar, að umhverfisráðherra ákveði hvar veiða skuli refi og setji taxta fyrir laun til skotmanna sem sveitarstjórnum er síðan skylt að ráða samkvæmt 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Undirritaður leggur áherslu á að þannig sé frá málum gengið að áfram verði stundaðar traustar rannsóknir á refastofninum og fótum sé ekki kippt undan þeim að lítt athuguðu máli. Spurningunni um friðun eða veiðar á ref á hverjum tíma verður því aðeins svarað af viti að upplýsingar liggi fyrir um stofnstærð og áhrif verndunar og veiða á hana.

Rétt er að benda á vegna umræðu um ferðir einstakra refa“ — sumir mundu kannski segja far, notað hér ferðir, rétt eins og um ferðir okkar mannanna — „að rannsóknir hafa verið gerðar á þeim þætti og benda niðurstöður þeirra ekki til að einstök dýr leggi að baki miklar vegalengdir. Meðalvegalengd, sem endurheimt fullvaxin dýr, merkt á Vestfjörðum á árunum 1980–82, höfðu lagt að baki, var 24 km (staðalfrávik 10–15 km).

Annar minni hluti hvetur eindregið til þess að áður en endanleg afstaða verður tekin til málsins verði það athugað með hliðsjón af öðrum ákvæðum laga um refaveiðar, sérstaklega með það í huga að unnt verði að halda áfram marktækum rannsóknum á refastofninum.“

Undir þetta ritar Hjörleifur Guttormsson.

Þetta var minnihlutaálit 2. minni hluta í sambandi við þetta mál og fylgir prentað á þskj. 328, þ.e. nefndaráliti frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Örfá orð, virðulegur forseti, til viðbótar um þetta mál til frekari skýringa af minni hálfu. Ég tel að margt hafi verið ofsagt og í framhaldi af því ofgert í sambandi við að elta uppi refi og það hafi sannarlega verið þörf á því að breyta ákvæðum um það, þó að ekki hafi menn hitt naglann á höfuðið þegar umrædd lög voru sett í tíð fyrrv. umhvrh., hv. núv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. Hann mun hafa heimilað að það yrði gerð breyting gegn upphaflegri tillögu í margnefndu frv. um friðun og veiðar, til þess að bjarga málinu undan áliti þeirra sem skotglaðastir eru og ganga vilja lengst í því að heimila að elta uppi fjallref, m.a. á tryllitækjum af ýmsum toga, jafnvel að vetrarlagi. Ég mælti ýmis varnaðarorð í sambandi við þetta og tók upp þá tillögu sem upphaflega var í frv. um þessi mál. Þar var aðalviðhorfið að refir skyldu friðaðir en síðan væru undanþágur heimilaðar og umhvrh. kæmi að því máli. Mér áskotnuðust bandamenn óvænt í því máli, óvænt fyrir suma, ekki kannski fyrir mig, þar sem voru þáv. hæstv. landbrh., Halldór Blöndal, og hefði ég þó fyrr átt að nefna hæstv. núv. forsrh., Davíð Oddsson, sem greiddi tillögu minni atkvæði. Við fengum ekki nógan liðsafla hér þrátt fyrir þennan gilda stuðning sem þarna kom fram á sínum tíma.

Ég er sem sagt enn þeirrar skoðunar að það sé mjög eðlilegt að gera breytingar frá fyrri tillögum varðandi veiðar á fjallref. Gæta þarf hófs og gæta þarf þess jafnframt að kostnaður í sambandi við þetta sé innan eðlilegra marka. Að því leyti er ég ekki andsnúinn því að þessi mál séu tekin upp og endurskoðuð. En ég kem hér með flöt í málið eða viðhorf í málinu sem hefur lítið verið um fjallað, þ.e. ef ætti að taka á málinu eins og umhvrn. lagði til og hæstv. umhvrh., þá væri auðvitað algerlega fráleitt að líta ekki á önnur lagaákvæði sem að þessu lúta og breyta þeim þá. Hvers vegna ætti umhvrh. að vera að skipa fyrir varðandi ráðningu manna sem sveitarstjórnir ættu að annast, sem og launataxta sem sveitarstjórnir síðan eiga að borga eftir en um þetta eru ákvæði í nefndri lagagrein í lögum nr. 64/1994. Þetta eru óvönduð vinnubrögð sem mikil hætta er á einmitt þegar gengið er inn í lög eins og hér er gert í þessu frv., sem er af þeirri gerð sem kallað hefur verið bandormur hér á þingi um langa hríð. Og ég vil leyfa mér af þessu tilefni að mæla almenn varnaðarorð í þessu sambandi. Ég hef að vísu ekki borið saman það sem verið er að gera í öðrum lögum, en ég er ansi smeykur um að þar sé ekki alltaf af setningi slegið, ekki alltaf gætt að því hvort önnur lagaákvæði gætu þá þarfnast breytinga við. Hugsanlega hefur hv. efh.- og viðskn. gert slíka könnun á þeim lagabálkum sem verið er að fara inn í, en ég óttast að það sé ekki í öllum greinum og tel að það þurfi að hafa í huga ef menn halda uppi lagabreytingum í þessu formi sem hér er um að ræða og eru svo sem ekki mikil nýmæli hér í þinginu, heldur hefur lengi viðgengist.

Mér sýnist t.d., svo ég nefni bara annað atriði, virðulegur forseti, að þegar verið er að breyta ákvæðum laga eins og gert hefur verið í sambandi við ráðningarform opinberra starfsmanna, þá er ég kominn inn í allt annað mál að vísu, með leyfi forseta, en það er aðeins til þess að draga fram dæmi, frá því að ráðherra skipi yfir í að forstjóri ráði menn, með þeim ákvæðum öðrum sem í lögum eru, þá getur verið þörf á því að kanna önnur ákvæði sem varða tillögugerð til þeirra sem á að ráða eða skipa. Vegna þess að það geta verið aðrar aðstæður eða önnur sjónarmið sem þarf að gæta ef breytt er að þessu leyti til, eins og menn hafa verið að gera og tillögur og frumvörp hafa legið fyrir um í þinginu. Ég nefni þetta vegna þess að dæmið er nokkuð ferskt og svo er um fjölmörg önnur atriði. Þetta er alveg ljóst að þessu leyti um þá lagabreytingu sem er í 26. gr. þessa frv. ef henni væri fylgt fram.

Síðan er það rannsóknarþátturinn. Ef ríkið hefur ekki eftirlit eða er þátttakandi í þessu og sveitarfélögunum einungis eftirlátið að annast refaveiðarnar á svæðum sem umhvrh. ákveður og ekkert eftirlit í formi skýrslugjafar eða öðru formi þannig að tryggt sé, þá er ansi hætt við að fótum sé kippt undan upplýsingasöfnun sem menn verða auðvitað að hafa á stofni sem hugmyndin er að halda í skefjum með veiðum eins og hugmyndafræðin er á bak við refaveiðarnar. Það mundi tæpast endast dagurinn, virðulegi forseti, ef ég færi að fitja upp á umræðu um þau efni frekar og gæti vel verið að eitthvað gengi á víxl, sjónarmiðin, jafnvel í mínum eigin flokki að þessu leyti. Ég ætla því ekki að fara að efna til slíkrar umræðu. Ég á alveg sérstaklega við hversu langt skuli ganga í að elta uppi fjallref og hversu tjónið sé mikið o.s.frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í þau efni. Ég hef haft verulegar efasemdir um uppskeruna úr þessum veiðum með tilliti til markmiða að halda niðri tjóni. En allt um það, ég ætla ekki að taka það efni til frekari umræðu, virðulegur forseti.

Ég legg hins vegar ríka áherslu á að menn gæti þess að þannig sé um hnútana búið að heimildasöfnunin um þær veiðar sem leyfðar eru sé í lagi og gagnist við að meta þörfina á þessum veiðum, áhrif veiðanna, áhrif þess að halda stofninum niðri ef einhver eru, sem væntanlega er, og annað það sem varðar viðkomu stofnsins, frjósemi og annað þess háttar sem menn hafa verið að reyna að fylgjast með til þessa og skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Ég held að menn þurfi líka að átta sig á að ekki er hægt að yfirfæra erlendar rannsóknir á þessari tegund, sem er víðar til en á Íslandi sem kunnugt er, á íslenskar aðstæður að þessu leyti. Hér eru aðstæður allsérstakar að því er refinn varðar og það virðist svo sem æti t.d. sé ekki mjög takmarkandi þáttur hér eins og sums staðar er, eins og á Svalbarða og víðar á norðlægum slóðum þar sem rannsóknir hafa farið fram.

Ég hvet til að þessa sé gætt og ég tek eftir því í áliti meiri hluta efh.- og viðskn. að hugmyndin sé að fara yfir mál varðandi frv. milli 2. og 3. umr. frekar og þá bið ég um að litið verði sérstaklega til þessara sjónarmiða sem ég hef verið að gera að umtalsefni og skal ekki hafa þessa ræðu lengri, virðulegur forseti, þó að efnin væru ærin um það og ég hafi séð eða þóst lesa það út úr svip hv. formanns efh.- og viðskn. að hann óskaði eftir að ég gerði ýmsar aðrar greinar málsins að umræðuefni. Mér sýndist það blasa við úr svip hv. formanns nefndarinnar en ég verð að valda honum vonbrigðum með það og ætla ekki að taka það upp og hef vísað til skörulegs málflutnings annarra stjórnarandstæðinga, alveg sérstaklega talsmanna Alþb. í málinu um þetta efni og fyrir utan þá þrjá sem ég þegar hef nefnt, þá bæti ég við hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur sem flutti ágætt mál einnig um þetta og tek undir þau sjónarmið. (**Gripið fram í:** Hvað veit hann um okkar ...) Ég hef þegar gætt þess, virðulegur forseti, sem svar við frammíkalli og læt máli mínu lokið.

[17:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að vekja athygli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á brtt. á þskj. 417 við 26. gr. frv., en hún er frá meiri hluta efh.- og viðskn. og fram komin einmitt vegna framhaldsmeðferðar á málinu í efh.- og viðskn.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að ekki er eðlilegt að hið háa umhvrn. hafi mikið um veiðar á ref að segja ef ábyrgðin á þeim og kostnaður vegna þeirra á alfarið að falla á sveitarfélögin. Nú er því breytt samkvæmt þeirri tillögu sem liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar þannig að ekki er gert ráð fyrir að ríkið hætti þátttöku í kostnaði vegna veiðanna og þá er líka eðlilegt að einhver bönn eða viðmiðunarreglur séu vegna þess kostnaðar sem hið háa ráðuneyti þarf þá að samþykkja.

Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að nauðsynlegt er að heimildasöfnun sé í lagi vegna þeirra veiða sem stundaðar eru þannig að það geti nýst til rannsókna á þessu sviði. Ég held að ég geti þó sagt það fyrir hönd nefndarinnar að ástæðan fyrir því að leggja áherslu á áframhaldandi þátttöku ríkisins í þessum veiðum sé sú að menn hafi talið að það væri óeðlileg byrði fyrir lítil sveitarfélög að standa ein undir þeim kostnaði sem veiðunum fylgir. Sú byrði væri það þung að hún væri í rauninni ekki í nokkrum takt við fjárhagslega getu eða tekjumöguleika viðkomandi sveitarfélaga og þess vegna er nauðsynlegt að ríkið haldi að einhverju leyti áfram að taka þátt í kostnaðinum.

[17:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. formanni efh.- og viðskn. fyrir að vekja athygli mína á brtt. sem snertir 26. gr. sem hafði farið fram hjá mér að væri komin fram. Mér sýnist að þar sé einmitt tekið að nokkru á því efni sem ég var að vísa til en hef þó ákveðinn fyrirvara varðandi það sem þarna segir, svo að ég hafi nú upp orðalag brtt., með leyfi forseta:

„Viðkomandi sveitarstjórnir skulu árlega gefa skýrslu til veiðistjóraembættisins til refaveiðar og kostnað við þær, hver á sínu svæði, og endurgreiðir ríkissjóður þá hluta kostnaðar við veiðarnar, m.a. með tilliti til fjárhagslegrar getu hlutaðeigandi sveitarfélaga eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum."

Það er þetta „þá", þessi fyrirvari sem lesa má út úr því sem ég set spurningarmerki við. Það er auðvitað nauðsynlegt að hafa það sem algilda reglu hver sem að veiðunum stendur að skýrslum sé skilað til að heildarmynd fáist. Þetta er góðfúsleg ábending í sambandi við það efni. Og ég ítreka það að ég tel ofur eðlilegt að breytinga sé leitað varðandi kostnað við núverandi tilhögun mála því mér hefur sýnst að þar væri kannski óþarflega rúmt um í því efni og styð að því leyti þau sjónarmið sem voru í upphaflegu frv. þó að þar vantaði að eðlilega væri frá hnútum gengið um ýmislegt sem lögin kveða á um.

[17:55]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að ekki sé stórkostlegur ágreiningur á milli okkar hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um þetta mál. Það liggur fyrir að skil á skýrslum um veiðina og kostnað vegna þeirra er forsenda fyrir því að ríkissjóður taki þátt í kostnaðinum. Ég hygg líka að hv. þm. hljóti að vera okkur í meiri hlutanum sammála um að það hljóti að þurfa að taka að einhverju leyti tillit til fjárhagslegrar getu sveitarfélaganna til að stunda veiðarnar, ekki síst þeirra sem smæst eru og hafa minnstar tekjurnar.

[17:56]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svo lengi sem ríkið er þátttakandi á annað borð er auðvitað mjög eðlilegt að litið sé til fjárhagsgetu og aðstæðna. Það finnst mér ofur eðlilegt út af fyrir sig. Hitt mætti kannski spyrja um, og þá er ég að velta upp atriði sem ég hef ekki fært inn í umræðuna sérstaklega en það er hvort ekki er það mikill áhugi á skotveiðum að kannski mætti snúa dæminu við, svipað og verið er að gera varðandi veiðar á hreindýrum, að menn þurfi að kaupa sér veiðileyfi til að skjóta fjallref og þannig verði aflað tekna til málsins miðað við þann mikla áhuga sem víða er í löndum á veiðiskap. Hugsanlega væri hægt að gera þetta í sambandi við ferðamennsku hér á landi og afla tekna með því móti. Ég býst hins vegar við að þá þurfi einnig að fylgja aðstoðarmaður til að auðvelda mönnum leit að grenjum og þess háttar. Ég nefni þetta atriði vegna þess að hver veit nema sá tími renni upp að heimildir til veiða á fjallref verði eftirsóttar og menn reiðubúnir að borga ríflega fyrir að fá að stunda slíkar veiðar.

[17:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að of mikil áhersla sé lögð á nauðsyn þess að veiða refi. Menn telja að það þurfi að gera til að uppræta dýrbít. Ég vek athygli á að verstu dæmin sem hafa komið upp um sauðadráp, sem talið var af völdum refa á síðustu árum, hafa þegar skyggnst hefur verið dýpra reynst vera af völdum hunda. Eigum við þá að fara að takmarka hundahald í dreifbýlinu? Ég held ekki, herra forseti.

Ég held líka að nákvæmar rannsóknir skorti á því hvert umfang þess tjóns er, sem talið er að refir valdi. Ég held að það sé mjög orðum aukið og það gildir ekki bara um Ísland heldur líka um nágrannalönd þar sem svipuð og skyld vandamál hafa verið uppi.

Ég komst að þeirri niðurstöðu á meðan ég sat í stóli umhvrh. á síðasta kjörtímabili að þetta mál snerist að verulegu leyti um að skapa atvinnu í fámennum sveitarfélögum. Og ég hef fullan skilning á nauðsyn þess. En ég er ekki sammála því að við höldum uppi refaveiðum sem einhverri sérstakri atvinnubótavinnu. Ég held að það vandamál eigi að leysa á annan hátt. Ég lýsi eftir svari. Liggja fyrir nákvæmar skýrslur um það tjón sem er af völdum refa?

Að því er varðar umræður um skýrsluhald þá vek ég athygli á að með þeim lögum sem samþykkt voru um veiðar á villtum dýrum liggur fyrir að enginn má skjóta refi fremur en önnur dýr án þess að hafa veiðikort og veiðikort fæst ekki endurnýjað nema gefin verði skýrsla um umfang veiðanna þannig að því leyti til á að vera ljóst að hið opinbera mun hafa gögn um magn veiða og veiðiátak alveg burt séð frá því hvort umhvrn. komi að kostnaði við veiðarnar eða ekki. Ég held líka að veiðikortin og það gjald sem menn þurfa að greiða fyrir sé tekjustofn sem upphaflega átti að fara til þess að stunda refarannsóknir og það var gerður reki að því a.m.k. undir lok síðasta kjörtímabils.

[17:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir viss sjónarmið eða sumt af því sem fram kom í máli hv. þm. í sambandi við

nauðsyn á rannsókn á því hvert raunverulegt tjón er af völdum refa en komi ekki til jafnvel af öðrum ástæðum, en nánar ætla ég ekki að fara út í það. Ég vek hins vegar athygli á áliti 1. minni hluta umhvn. um þetta mál þar sem kemur fram mjög ákveðið það sjónarmið að hrófla sem minnst við gildandi kerfi. Undir það ritar fulltrúi Alþfl. í umhvn., hv. þm. Gísli S. Einarsson, og kann það að þykja dálítið sérstakt að úr þeirri átt komi fram svo ákveðið sjónarmið eins og þar liggur fyrir í þessu nál. að því er varðar þátttöku ríkisins í refaveiðum. En ég held að það hafi komið fram í umræðum og máli fulltrúa umhvrn. sem mætti á fund umhvn. að hið eina tjón sem vitað væri um — það hafði bara á einum stað verið metið tjón af völdum refa svo ráðuneytinu væri kunnugt, þ.e. á einum stað. Það var nú það veganesti sem þaðan kom — hafði verið á Vesturlandi í kjördæmi hv. þm. Gísla S. Einarssonar. Svo það hefur e.t.v. verið ástæðan fyrir því að svo skarplega var til orða tekið að þessu leyti og lagst eindregið gegn því að fallast á tillögu ráðuneytisins. Aðrir höfðu vissulega fyrirvara en þetta voru einna ákveðnustu andmælin við því sem fyrir lágu.

[18:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ljósi þeirra upplýsinga sem hv. þm. flytur hingað af borði hv. umhvn. má öllum ljóst vera til hvers á að verja fjármagni til að skera refina. Ég held að það sé alveg ljóst að að stórum hluta er þetta gert til þess að halda uppi atvinnu í fámennum sveitarfélögum. Og ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er þeirrar skoðunar að það sé rangt hjá mér þá held ég að menn eigi bara að gera reka að því að ganga úr skugga um þetta með því að kanna það. Þá skal ég fallast á niðurstöðuna. Það er hins vegar annars konar óbeint tjón sem ekki varðar beinlínis hlunnindi sem hægt er að mæla í krónum og aurum sem refirnir eru taldir valda. Það er tjón á varpi hvers konar fugla sem hafa verið gildur partur af lífríki náttúrunnar og menn hafa ánægju af og geta notið fegurðarinnar af fuglasöngnum og af því að horfa á fuglana að leik og lífi úti í náttúruinni. Auðvitað er það líka hlutur sem ber að taka tillit til. Það eru að ég hygg engar klárar rannsóknir sem hníga að því að refurinn sé mikill skaðvaldur þarna en það eru uppi ásakanir um það. Hvers vegna þá ekki að rannsaka það núna þegar liggur fyrir að það er markaður tekjustofn til þess að rannsaka villt dýr sem menn stunda veiðar á? Ég held að menn ættu að gera það ef það hefur ekki þegar verið ráðist í þessa tegund refarannsókna sem eru nú þegar talsvert umfangsmiklar fyrir. En ég vek athygli á því sem ég sagði áðan að ég held ekki, hvort sem umhvrn. kemur að þessum kostnaði eða ekki, að menn þurfi að óttast að ekki verði hægt að fylgjast með umfangi veiðanna. Það er hægt. Að því er varðar upplýsingar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi nauðsynlegar og vissulega er æskilegt að hafa, þ.e. upplýsingar um frjósemi og afkomu dýranna eftir árum, þá held ég að það væri mjög auðvelt að samtvinna rannsóknir á refum, t.d. háskólans og Líffræðistofnunar, við veiðar, jafnvel þó að umhvrn. komi ekki að þeim. En ég ítreka að ég hef aldrei séð rök sem hníga að því að nauðsynlegt sé að vera með þetta mikla átak í refaveiðum.

[18:04]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég setti ekki fram neina skoðun á þessu tjóni. Ég tel einmitt að það skorti nokkuð á að þar hafi rannsóknir farið fram sem skyldi. Og ég undraðist að svo ákveðið væri til orða tekið af hálfu talsmanna umhvrn. um þetta efni. Ég held að það sé erfitt að trúa því að aðeins eitt dæmi sé til um það að efnahagslegt tjón hafi orðið vegna refa. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að menn eigi að gæta hófs í sambandi við þetta og styðjast við sem bestar rannsóknir. Ég bendi líka á að refurinn hefur verið hluti af íslensku lífkerfi, íslensku vistkerfi um mjög langan aldur, vafalaust langtum lengur heldur en mennirnir hafa verið hluti af þessu með sínum búskap þannig að ég hef út af fyrir sig engar sérstakar áhyggjur af íslenskri náttúru vegna refsins hér á landi. Allt leitar jafnvægis og meðan það eru tegundir sem eru búnar að vera mjög lengi hluti af þessu vistkerfi þá er ekki ástæða til að hafa mjög miklar áhyggjur. Allt öðru máli gegnir með innfluttar tegundir sem koma, eins og minkurinn, hér inn í lífkerfið og valda þar mikilli röskun og á það raunar jafnt við um dýr sem plöntur. Menn eru að gera sér þetta ljóst í vaxandi mæli, þ.e. áhrif slíks innflutnings og hann hefur vissulega í mörgum tilvikum valdið tjóni á íslensku vistkerfi. En refurinn er hluti af þessu vistkerfi og hefur verið það og hér er því fyrst og fremst spurningin um efnahagslegt tjón gagnvart búskap okkar manna.

[18:07]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa staðið umræður linnulitlar frá því kl. 14 í dag. Þær hafa allar snúist um þetta tiltekna frv. sem hér liggur undir sem er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég hélt hér ræðu og ætlaði mér ekki að halda aðra ræðu. Sú ræða stóð í 55 mínútur. Í henni fór ég efnislega yfir þann þátt frv. sem varðar breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu. Ég ræddi hverja einustu grein ítarlega. Ég varpaði fjölmörgum spurningum til hæstv. heilbrrh., einni spurningu til hæstv. forsrh. Ég geri enga sérstaka kröfu til þess að hæstv. forsrh., þó hann sé flutningsmaður málsins, svari þeirri spurningu vegna þess að hún laut að mjög skyldu efni og þær spurningar sem ég varpaði til hæstv. heilbrrh. Þessar spurningar sem ég varpaði til fagráðherrans hæstv. lutu m.a. að skilgreiningum. Þær lutu að því hvað ákveðnar greinar þýddu. Ég benti á að ekki var hægt að fá tilteknar upplýsingar um ákveðna hluti innan nefndarinnar og það kemur meira að segja fram í áliti meiri hlutans. Er það virkilega ætlunin að ljúka þessari umræðu án þess að hæstv. heilbrrh., sem ber hina faglegu ábyrgð á þeim kafla sem er umdeildastur í þessu frv., svari spurningum sem til hennar er beint, að hún leyfi sér að yfirgefa þessa umræðu án þess að svara einni einustu spurningu frá form. heilbr.- og trn.? Ég verð að segja það, herra forseti að þetta er ekki bjóðandi. Það er ekki hægt af stjórnarliðinu að ætlast til þess að menn komi hérna undirbúnir eftir að hafa starfað vel að þessu máli í fagnefndinni og spyrji hæstv. ráðherra spurninga ef ráðherrann lætur sig síðan hverfa og kemur ekki nálægt málinu. Herra forseti. Er virkilega ætlunin að gera Alþingi bara að ómerkilegum stimpli fyrir ríkisstjórnina? Ég ætla stjórnarliðinu það ekki. Ég veit að í stjórnarliðinu er margt valinkunnra sæmdarmanna sem hafa fyrir sitt leyti staðið hér í málefnalegri umræðu. Hv. form. nefndarinnar hefur t.d. svarað þeim spurningum öllum sem til hans hefur verið varpað. Ég spurði hæstv. heilbrrh. sérstaklega hvort hún væri reiðubúin til að lýsa því yfir að ákveðnar skoðanir stjórnarliðanna sem hér hafa komið fram væru rangar, hvort að skoðun fjárlagaskrifstofu fjmrn. sem hefur opinberan stimpil eins af kollegum hennar í ríkisstjórninni, hæstv. fjmrh., væri röng, en það kemur fram í áliti þessarar skrifstofu að tvær

tilteknar lagagreinar hérna snerta ríkismálin ekki neitt. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort hún væri, í ljósi breyttrar stöðu og þeirrar ákvörðunar sem hún sjálf hefur tekið um breytingar á sparnaðaráformum varðandi dreifbýlissjúkrahúsin, reiðubúin til þess að fresta gildistöku 19. gr. Og er það ætlun stjórnarliðsins að þessari umræðu ljúki bara með því að hæstv. heilbrrh. sitji og brosi fallega í heilan dag og hlusti á menn halda málefnalegar ræður en svari engri spurningu? Ef það er ætlunin, herra forseti, þá verð ég auðvitað að kveðja mér hljóðs og halda þessa ræðu aftur.

[18:10]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Nú er það svo að hæstv. ráðherra heilbrigðismála er staddur í húsinu og hefur væntanlega lagt við hlustir. Það er hins vegar ekki á valdi forseta að ákvarða með hvaða hætti hún tekur hér þátt í umræðum um þessi mál. Það er hennar sjálfdæmi þannig að hér er úr vöndu að ráða. Fleiri eru ekki á ... (**ÖS:** Jú, ég hef kvatt mér hljóðs.) Hv. 15. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs og tekur til máls. Óskar hv. þm. eftir nærveru viðkomandi ráðherra? (**ÖS:** Svo sannarlega.)

[18:10]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla þá að halda áfram þar sem ég lét staðar numið áðan. Ég tel að það sé með algjörum ólíkindum að hæstv. heilbrrh. ætli ekki að svara einni einustu spurningu þeirra þingmanna stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað, einir þrír eða fjórir í dag, og allir drepið niður í þeim kafla sem lýtur að heilbrigðisþættinum. Ég get ekki dregið aðra ályktun af því að hæstv. ráðherra var ekki í salnum og hafði ekki kvatt sér hljóðs þegar hæstv. forseti taldi að umræðunni væri að ljúka. Og ég get þess vegna ekki annað, herra forseti, en farið aftur yfir þessar spurningar sem ég hef varpað til hæstv. heilbrrh.

Ég spurði í fyrsta lagi: Hvað þýðir 15. greinin? Þar er greint frá því að þar sem aðstæður leyfa skuli heilsugæslustöð og sjúkrahús rekin sem ein stofnun undir einni stjórn. Það var gengið eftir því í heilbr.- og trn. hvað þetta þýddi. Við því fengust ekki óyggjandi svör. Hv. þm. Ingibjörg Sigmundsdóttir, sem sat í nefndinni þá um tíma í fjarveru hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, gekk sérstaklega eftir þessu vegna þess að hún taldi að í krafti þessara ósamþykktu breytinga væru í bígerð ákveðnar breytingar í hennar byggðarlagi og nálægum byggðarlögum sem hún bar vissan kvíðboga fyrir. Hún vildi þess vegna fá úr því skorið hvað þessi grein þýddi. Þess vegna var það að hennar ósk að spurt var sérstaklega um þetta og í nál. minni hluta heilbr.- og trn. er sérstaklega bent á að ekki sé ljóst hvað felist í þessu. Er fyrst og fremst og einungis átt við heilsugæslustöð og sjúkrahús sem eru í starfstengslum eða er gert ráð fyrir því að hægt sé reka saman fleiri en eina heilsugæslustöð í tengslum við sjúkrahús? Getur jafnvel farið svo að stjórn heilsugæslustöðvar verði tekin út úr byggðarlagi og flutt til nálægs byggðarlags en þó ótengds? Það er nauðsynlegt að fá úr þessu skorið vegna þess að þetta liggur ekki fyrir og þetta skiptir máli og það kemur líka fram í nefndaráliti meiri hlutans að ekki liggur fyrir klár skýring á því hvað í þessu felst. Það þarf að fá svar við þessu. Er átt við það að hægt sé að reka saman margar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús undir einni stjórn jafnvel þó heilsugæslustöðvarnar séu í mismunandi byggðarlögum?

Ég spurði líka hæstv. heilbrrh. hvort hún væri sammála eða ósammála þeirri skoðun hæstv. fjmrh. að 20. gr. og aliður 18. gr. kæmu ekki við ríkisfjármálunum. Ég staðhæfi að þetta sé skoðun hæstv. fjmrh. vegna þess að hann ber ábyrgð á fjmrn. og þar af leiðandi fjárlagaskrifstofunni en hjá henni kemur einfaldlega fram, herra forseti, að þessi ákvæði hafi óveruleg áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Það er með öðrum orðum alveg ljóst að ekki þarf að samþykkja þessi ákvæði til þess að hæstv. ríkisstjórn nái markmiðum sínum um ríkisfjármálin. Þessi ákvæði varða það að skipunartími formanns stjórna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva skuli takmarkaður við embættistíma ráðherrans sem skipar. Nú hefur það komið fram, ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum og hér með í fjórða skiptið að ég er efnislega sammála þessu. Ég tel hins vegar að þetta eigi ekkert skylt við ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ég er þeirrar skoðunar.

Í fyrra var þetta líka inni í bandormi sem þá var lagður fyrir og þá féllst stjórnarliðið á þessa skoðun okkar og dró það út. Hvað hefur breyst síðan þá? Þá lýstum við í stjórnarandstöðunni því yfir að við værum reiðubúnir til þess að fjalla um þetta með faglegum hætti í þinginu ef lagt yrði fram sérstakt stjfrv. Menn áttu auðvitað von á því. Það stjfrv. hefur ekki komið í heilbrigðismálum frekar en önnur þau mál sem hæstv. heilbrrh. hefur boðað mánuðum saman. Frumvörpin koma ekki þó hæstv. heilbrrh. sé með munninn fullan af góðum fyrirætlunum. Það er einfaldlega þannig að þau koma ekki. Ég spyr: Telur hæstv. ráðherra að þetta tengist fjármálum með einhverjum hætti?

Ég reifaði hér í dag að það væri einn ákveðinn möguleiki á því, sem sagt sá að einhvers staðar væri sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar sem hefðu stjórnarformann sem stritaðist við að sitja og stritaðist við að vinna gegn vilja hæstv. ráðherra. Ég sagði jafnframt að það kynni vel að vera að það væri erfitt að ræða það í þingsölum og ég bauðst til þess, ef hún vildi frekar nota skjól trúnaðar heilbr.- og trn., að gera það innan nefndarinnar. Það er sjálfsagt að halda fund til þess. Ég bauð henni það. En ég tel að hæstv. ráðherra verði að skýra þá a.m.k. hvort svona liggur í málinu eða ekki og skýra fyrir okkur hvernig stendur á því að menn féllust á það að skipunartími formanns þessara stofnana tengdist ekki ríkisfjármálum í fyrra en hafa skipt um skoðun núna. Ég vildi gjarnan fá svör við þessu.

Ég spurði líka í fyllstu vinsemd hvort ekki væri mögulegt að ríkisstjórnin féllist á að íhuga að fresta gildistöku 19. gr. Þó að ekki komi fram í greinargerð sjálfs ráðuneytisins hvers vegna það er nauðsynlegt að samþykkja 19. gr., þá kemur það hins vegar skýrt fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. Það er talin nauðsynleg forsenda þess að það náist fram sparnaður sem nemur 160 millj. kr. á dreifbýlissjúkrahúsunum. Þessi sparnaður hefur aldrei verið skýrður fyrir heilbrn. og ekki skýrður fyrir nokkrum einasta manni vegna þess að enginn veit hvernig hann á að vera, vegna þess að það er ekki búið að vinna þessa vinnu. Það eitt er í sjálfu sér ámælisvert að það skuli lagt hér fram frv. án þess að búið sé að vinna þessa vinnu. Núna er komið að lokum haustþingsins og það er ekki enn búið að vinna vinnuna, enda er hæstv. ráðherra kominn á flótta frá málinu, sem er þakkarvert í sjálfu sér, og hefur lýst því yfir í fjölmiðlum en þó ekki í þinginu og allra síst gagnvart heilbr.- og trn. að það eigi að breyta þessu. Það á að dreifa þessum sparnaði á þrjú ár þannig að á næsta fjárlagaári á einungis að ná fram um 60 millj. kr. sparnaði. Það er enn ekki vitað hvernig eigi að gera það, en það liggur

fyrir að nefnd sem vinnur að þessu á líklegast að skila af sér í mars. Þá hefði hún a.m.k. tímann fram í mars. Síðan tel ég afar líklegt að þær aðgerðir sem þarf að ráðast í, ef einhverjar verða, komi ekki til framkvæmda fyrr en á seinni helmingi ársins. Það þýðir, herra forseti, að við höfum allt þetta þing, vorþingið líka, til þess að vega og meta hvort þetta sé nauðsynlegt. Hérna nefnilega er hæstv. ráðherra að gefa sjálfum sér blankótékka til þess að breyta svo að segja öllu því sem hún vill um sameiningu sjúkastofnaana. Ég spurði í fyllstu vinsemd hvort ríkisstjórnin væri ekki reiðubúin til þess að íhuga það að breyta þessu ákvæði. Nú hefur hæstv. ráðherra knúið mig til að nota seinni ræðu mína til að ítreka spurningarnar vegna þess að hún sýndi þinginu ekki þann sóma að svara þeim spurningum sem til hennar var beint. En það þýðir einfaldlega að ég mun þurfa að ræða þetta mál afar ítarlega við 3. umr. Það er algerlega klárt þegar fyrir liggja úrslitin við þessu.

Þetta er einfaldlega spurning sem er sett fram af nokkurri þykkju en þó í fullri vinsemd enn þá. Í ljósi þess að aðstæður eru breyttar er þá ekki mögulegt að ríkisstjórnin fallist á, ekki endilega að hætta við málið, en að íhuga hvort ekki sé hægt að fresta því fram yfir áramót og það verði þá lagt fram almennilegt frv. með þessu? Það er einfaldlega þannig að það er mjög erfitt fyrir þingheim að fallast á það að ráðherra fái það mikla vald sem í þessu felst. Þarna er honum framselt vald til þess að ákveða sameiningu sjúkrastofnana sem eru reknar af ríkinu.

Ég vek eftirtekt af því að einn af þingmönnum stjórnarliðsins hefur efast um réttmæti þessa ákvæðis. Ég vek eftirtekt á því að sami þingmaður bar brigður á að það væri fullnægjandi upplýsingar að finna í minnisblaði frá ráðherra sem barst heilbr.- og trn. þar sem skýrt var út hvað væri átt við með hugtakinu sjúkrastofnanir sem eru reknar af ríkinu. Ég taldi það minnisblað fullnægjandi og er ekki að óska eftir frekari skýringu á því. En hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir gekk svo langt í morgun að lýsa því yfir að hún teldi að þetta gæti verið undanfari þess að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík yrðu sameinuð án þess að það kæmi fyrir þingið. Ég tel það algerlega ómögulegt, enda hefur forsrh. lýst því yfir að það felist ekki í þessu. Eigi að síður liggur það fyrir að einn af fulltrúum ríkisstjórnarinnar í heilbr.- og trn. telur að þetta sé mögulegt. Þess vegna spyr ég: Er ekki mögulegt að fá þessu ákvæði frestað í ljósi þessarar breyttu stöðu?

[18:21]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar og lyfjalög, 250. mál, brtt. ÁE o.fl., þskj. 447.

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. SvG, þskj. 444; brtt. KÁ o.fl., þskj. 445; brtt. BH o.fl., þskj. 448; brtt. KHG o.fl., þskj. 449.

[18:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. formanni heilbr.- og trn. fyrir hans ágætu störf í heilbr.- og trn. og hans ágætu ræðu sem hann hefur flutt hér í dag. (**Gripið fram í:** Tvisvar.) Já, tvisvar sinnum. Honum finnst hann ekki hafa fengð nægileg svör við sínum spurningum og þess vegna finnst mér rétt að fara yfir þau mál sem hann hefur tilgreint sérstaklega. Hann sagði að honum þætti rétt að fresta þeim greinum sem væru boðaðar í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem hann teldi að það tengdist ekki ríkisfjármálunum beint. Allar þessar greinar tengjast ríkisfjármálunum beint eða óbeint. Sú eina grein sem hv. þm. og formaður heilbrn. taldi með nokkrum rökum að tengdist ekki ráðstöfunum í ríkisfjármálum er 20. gr. um formennskuna í sjúkrastofnunum.

Ég sagði í fyrri ræðu minni að ég teldi nauðsynlegt að heilbrrh. ætti einn fulltrúa í stjórn þessara sjúkrastofnana, sjúkrastofnana sem velta 16 milljörðum árlega. Hv. þm. talaði um það áðan að réttara væri að koma með sérstakt frv. um slíkt mál. Ég tel að það sé bitamunur á því hvernig þetta mál er lagt fram, enda finn ég að það er mikil samstaða um þetta atriði. Menn sjá að auðvitað er það rétt að heilbrrh. eigi einn fulltrúa í þessum stjórnum en eins og þetta er í dag á hann engan fulltrúa. Auðvitað er það rétt að hann eigi formennskuna. Og þó það sé ekkert eitt atriði sem ég vil benda á að hafi orðið tilefni þessarar greinar í frv., ég hef átt ágæta samvinnu við þá formenn sem Alþfl. skipaði á sínum tíma, er verið að hugsa til framtíðar. Þetta er þannig að ekkert er eðlilegra en málum sé háttað með slíkum hætti.

Aðrir þættir frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum tengjast allir fjárlagafrv. og ég hef margoft farið yfir það. Ég tel að hv. þm. hafi fengið fullnægjandi skýringar á hverri þeirri grein sem hér er til umræðu, en ég skal fara yfir það einu sinni enn í fullvissu um að hv. þm. mun í andsvari á eftir lýsa stuðningi við þessar greinar frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að hægt sé að sameina stjórnir heilsugæslustöðva. Af því er sparnaður og það er greinilegt að hægt er að ná betri tökum með færri stjórnum en nú er. Hv. þm. talaði sérstaklega um það áðan hvað átt væri við með því að heilsugæsla og sjúkrahús væru rekin sem ein heild. Þar sem sjúkrahús og heilsugæsla er í starfstengslum er oft og tíðum sama starfsfólkið við stofnanir og því eðlilegt að ein yfirstjórn sé yfir slíkri stofnun. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að stofnanir geti verið jafnrétthár, að sjúkrahúsið sé ekki stjórnandi yfir heilsugæslunni heldur sé heilsugæslan jafnrétthá og sjúkrahúsið. Þarna er verið að tala um litlar stofnanir sem reknar eru úti á landi.

Eitt atriði sem hv. þm. gerði eðlilega að umræðuefni er sameining heilbrigðisþjónustusvæða og þær 160 millj. sem ráðgert er að spara á sjúkrahúsum úti á landi. Eins og hv. þm. veit hefur nefnd verið að störfum síðan í haust sem fékk það verkefni að samhæfa þjónustu sjúkrastofnana úti á landi. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu að það væri hægt að ná þeim sparnaði sem ríkisstjórnin lagði til, en lagði jafnframt til að þessi sparnaður næðist á þrem árum í stað einu ári. Aðalröksemdin fyrir því er sú að það sé vænlegra til árangurs að fá heimamenn til samstarfs. Það er gert ráð fyrir því að inn í þær verkefnastjórnir sem munu vinna þetta mál komi heimamenn að málum og þannig náist betra samkomulag og betri árangur en ella hefði náðst.

Ég tel mig hafa skýrt þær greinar sem hér liggja fyrir, enda ekki flóknar eða margvíslegar þannig að ég býst við því að hv. formaður heilbr.- og trn. geti sæmilega við unað. En af því að hann hefur gert að umtalsefni nokkrum sinnum að einn hv. stjórnarliði og fleiri stjórnarandstæðingar, aðallega hefur hann talað um hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, efuðust um 19. gr. frv., þá er það þannig þegar margir koma saman að það er alveg pláss fyrir fólk þó svo það greiði ekki atkvæði eins og allur þorri þingmanna. Það kom fyrir síðast í dag að einn hv. stjórnarliði greiddi atkvæði gegn máli sem enginn stjórnarandstæðingur greiddi atkvæði á móti. Þannig er það í lýðræðisþjóðfélagi og það er mjög eðlilegt að menn

viðri skoðanir sínar og sannfæringu og fari eftir þeim. Ég virði skoðanir hv. þm. Láru Margrétar þó að ég sé ekki sammála þeim.

[18:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að teygja þennan lopa lengur. Hæstv. heilbrrh. fær ekki nema hálfa stjörnu fyrir viðleitnina. Ég varpaði fram mjög ítarlegum spurningum og þar af einni lykilspurningu og það fékkst ekki svar við henni.

Ég vek eftirtekt á því að ég bað um skilgreiningu á tilteknum hlut sem varðar 15. gr. Því var ekki svarað, en ég tel þó að í því svari hafi það falist að ekki sé heimilt að sameina undir eina stjórn sjúkrahús og fleiri en eina heilsugæslustöð. Ég tel sem sagt að í þessu svari og miðað við það að orðið heilsugæslustöð er í eintölu í 15. gr. sé bara verið að tala um eina heilsugæslustöð í tilteknu byggðarlagi og sjúkrahús. Það sé ekki heimilt að taka undir eina stjórn sjúkrahús og heilsugæslustöð og síðan heilsugæslustöð í öðru byggðarlagi. Ef hæstv. ráðherra er annarrar skoðunar finnst mér að hún ætti a.m.k. að gefa það til kynna hér og nú.

Ég spurði líka um 19. gr. sérstaklega og spurði í fullri vinsemd hvort það væri til umræðu í ljósi breyttrar afstöðu ráðuneytisins að fresta gildistöku 19. gr. vegna þess að það liggur fyrir að við höfum allt næsta þing til þess að fara í gegnum þetta. Það kom ekkert svar við þeirri spurningu sem er lykilspurning og ég ætlast ekki lengur til þess að hæstv. ráðherra svari henni, en ég mun inna hana eftir svörum við því á morgun í ítarlegri ræðu minni um þessi mál.

Ég vek líka eftirtekt á því að hæstv. ráðherra féllst á að það sem ég hef haft fram að færa um 20. gr. um að hún tengist ekki ríkisfjármálunum. Hún orðaði það svo: Þar má segja, sagði hún, að formaður heilbrn. tali með nokkrum rökum. Ég get ekki annað en dregið af þessu þá ályktun að hún sé mér að allmiklu leyti sammála. Hver er þá niðurstaðan af því ef hæstv. ráðherra hefur rökræna hugsun í lagi, sem ég efast ekki um, að hún fallist á það sem ég hef verið að segja að þetta eigi ekki heima í frv.? Ég ætlast ekki til þess að hún svari því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1997, 2. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 24, nál. 326 og 400, brtt. 327.

[18:33]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1997. Nál. er á þskj. 326 og brtt. á þskj. 327.

Nefndin hefur fjallað allítarlega um þetta mál og fengið aðila á sinn fund sem getið er á þskj. 326. Nefndin gerir nokkrar breytingartillögur við frv. sem eru í fimm liðum og mun ég gera grein fyrir þeim.

Í 1. lið brtt. er lagt til að upphæðir samkvæmt 1. gr. frv. breytist úr 12 í 11,8 milljarða. Það mun væntanlega verða lögð til frekari breyting á þessari upphæð við 3. umr. Þessi tala tekur mið af því hver verður niðurstöðutala fjárlagafrv.

Í 2. lið brtt. eru lagðar til breytingar við 3. gr. lagafrv. Í fyrsta lagi er lagt til að talan 6.183 millj. kr. lækki í 5.983. Þetta er samtala þeirra liða sem heyra þarna undir. Í b-lið er lagt til að lánasjóðurinn lækki úr 3.970 millj. í 3,8 milljarða. Það er vegna þess að fjárþörf sjóðsins hefur verið endurreiknuð og því er möguleiki á því að lækka þessa tölu.

Í c-lið er gert ráð fyrir því að lántökuheimild vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar lækki úr 1.950 millj. í 1.420. Það er lagt til vegna þess að það stendur ekki til að fara í nýja byggingu á næsta ári. Hins vegar er reiknað með því að lagt verði í breytingar á innritunarsal og önnur tengd verk. Áætlaður kostnaður við þær breytingar nemur allt að 120 millj. og þær breytingar verða fjármagnaðar að hálfu af tekjum flugmálaáætlunar og af hálfu tekjum fríhafnarinnar eða úr ríkissjóði.

Það var rætt allmjög um málefni flugstöðvarinnar í nefndinni. Það er skoðun meiri hlutans að það sé mjög mikilvægt að gengið verði í það að leysa fjárhagsvandræði stöðvarinnar til lengri tíma.

Þá er í d-lið lagt til að við bætist nýr töluliður sem verður þá 6. tölul. og þar komi að það megi lána til iðnaðarsvæðisins á Grundartanga allt að 500 millj. kr.

Í 3. lið brtt. er lögð til sú breyting að Landsvirkjun geti tekið allt að 9 milljarða kr. að láni á næsta ári sem er breyting úr 4,8 milljörðum sem voru í frv. Ástæðan fyrir aukinni lánsfjárþörf er áform um virkjanaframkvæmdir á árinu 1997 í þágu fyrirhugaðs 60 þúsund tonna álvers Columbia Ventures Corporation á Grundartanga sem áætlað er að hefji starfsemi um mitt ár 1998 og stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga sem áætlað er að verði lokið haustið 1999. Nefndin fjallaði ítarlega um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir svo sem fram hefur komið í fjölmiðlum. Það er búið að ganga frá meginatriðum samnings milli ríkisins og Columbia Ventures Corporation um málið og allt það sem hefur gerst hefur bent til þess að af þessari framkvæmd verði. Columbia Ventures Corporation er því nú að leita fjármögnunar á fjárfestingu sinni og er áætlað að því verki verði lokið í marsmánuði 1997.

Skilningur nefndarinnar er sá að framkvæmdir við virkjanir muni ekki hefjast nema fyrir liggi verklokaábyrgð vegna byggingar álverksins og er lánsheimildin til Landsvirkjunar veitt í því ljósi. Nefndin mun jafnframt taka málið til umfjöllunar á nýjan leik þegar fjármögnunarvinnu Columbia Ventures Corporation er lokið þannig að hún getur þá lagt mat á stöðu málsins áður en Landsvirkjun hefur framkvæmdir og tekur lán vegna þeirra. Þannig vill nefndinn ganga úr skugga um að þær forsendur standist sem upphaflega eru lagðar til grundvallar lánsheimild til Landsvirkjunar.

Nefndin vekur sérstaklega athygli á því að framkvæmdartími Landsvirkjunar vegna nýs álvers og stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar er þrjú ár og framkvæmdakostnaður er alls um 19 milljarðar kr. á vegum Landsvirkjunar. Þetta er að sjálfsögðu áhætta sem nefndin telur að sé hægt að taka. Það sem fyrir liggur er að það verður ekki lagt í virkjanaframkvæmd nema verklokaábyrgð vegna álversframkvæmdanna sé til staðar og jafnframt að hið nýja álver muni geta framleitt á kostnaðarstigi sem liggur fyrir neðan miðju í hópi þeirra álvera sem nú selja framleiðslu sína á álmörkuðum. Það er afar mikilvægt að álverið sé hagkvæmt í rekstri og bendir allt til þess að svo verði og því mun þessi framkvæmd á vegum Landsvirkjunar fyllilega vera áhættunnar virði.

Í 4. lið brtt. er lagt til að í fyrsta lagi fái hafnarsjóður Grundartangahafnar allt að 200 millj. kr. ábyrgð vegna framkvæmda við höfnina. Í öðru lagi er verið að veita Vatnsveitu

Akureyrar allt að 2.100 millj. kr. ábyrgð vegna skuldbreytingar eldri lána. Í þriðja lagi er verið að veita lyfjabúð Háskóla Íslands allt að 35 millj. kr. ábyrgð vegna endurbóta á fasteigninni Austurstræti 16. Greinargerðin með þessu er í nefndaráliti meiri hlutans.

Í 5. lið brtt. er lagt til að fjmrh. verði heimilt að ábyrgjast mögulegar skaðabótakröfur vegna notkunar lyfsis Thalidomide. Vegna auka- og hliðarverkana lyfsins afgreiðir framleiðandi þess það ekki nema viðkomandi ríki veiti slíka ábyrgð auk þess sem tilvonandi neytendur eru látnir undirrita skjal þess efnis að þeir muni ekki hafa uppi neinar bótakröfur vegna hugsanlegra aukaverkana lyfsins, hvorki á hendur framleiðanda né ríkissjóði.

Hæstv. forseti. Meiri hlutinn hyggst gera frekari brtt. við 3. umr. Þær felast í því að stilla af töluna í 1. gr. frv. Auk þess er framlenging á heimildum ríkissjóðs til skuldabréfaútgáfu sem tengist starfsemi þess á fjármagnsmarkaði en mun verða mælt fyrir því við 3. umr. málsins.

[18:42]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 419, 450.

[18:42]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur umræðuna. Eins ætla ég að nefna þrjú efnisatriði sem eru á verksviði annarra ráðherra ef þeir vildu vera svo vinsamlegir að vera til staðar. Mér er kunnugt um að a.m.k. var hæstv. menntmrh. hér rétt áðan. Ég ætla lítillega að nefna málefni lánasjóðsins sem hér falla undir, sömuleiðis málefni Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar heitins þannig að ef hæstv. samgrh. væri nærri, þá væri ekki úr lagi að hann yrði viðstaddur og að síðustu málefni sem varða iðnrn. og viðskrn., þ.e. áformaðar stóriðjuframkvæmdir og lántökuheimildir vegna þeirra. Þessi þrjú efnisatriði af mörgum ætla ég að nefna sérstaklega, herra forseti, og til hægðarauka læt ég forseta vita af því nú í byrjun ræðu minnar.

(**Forseti** (GÁS): Þannig að forseti hafi rétt eftir hv. þm., vildi hann fá menntmrh., samgrh. og viðskrh.?)

Rétt, auk hæstv. fjmrh. Þó að af ýmsu fleiru sé að taka, hæstv. forseti, ætla ég tímans vegna að láta nægja að staldra við þessi þrjú atriði, enda má segja að öllum tengist þeim stærri pólitísk álitamál.

(**Forseti** (GÁS): Ef forseti má trufla ræðu hv. þm. andartak, þá er það þannig að hæstv. viðskrh. er ekki í húsinu né heldur hæstv. samgrh. Er það ósk þingmannsins að þeir verði kallaðir hingað til fundar?)

Ég hefði gjarnan viljað það já, að þeim væri a.m.k. gerð grein fyrir því að þeirra nærveru væri óskað. Það verður svo að ráðast hvernig það stendur af sér. Ég tel nú til að mynda að hæstv. viðskrh., sem á hér undir stærstu töluna af öllum, ætti að reyna að greiða fyrir framgangi mála og hæstv. ráðherra almennt með því að vera tiltækir þegar þeirra mál koma á dagskrá. Við höfum orðið nauman tíma eins og kunnugt er, herra forseti, til að ljúka störfum fyrir jólaleyfi og hér eru stórmál á ferð þannig að ég mælist a.m.k. til þess að hæstv. viðskrh. mæti. Staðreyndin er sú að málefni flugstöðvarinnar heyra stjórnskipulega undir utanrrh. þó að það sé samgöngumál þannig að út af fyrir sig er það ekki síður hann en samgrh. sem ætti að koma þar til sögunnar þó að vísu sé hér verið að tala um þann þátt málsins að taka fjárveitingar af flugmálaáætlun og setja inn í þessa hít og þetta tengist því máli.

Herra forseti. Því er út af fyrir sig ekki á móti mælt að efnahagshorfur eru að ýmsu leyti um margt jákvæðar á yfirstandandi ári og hinu næsta. Þess sér t.d. stað í umtalsverðum tekjuauka ríkissjóðs á þessu ári sem ég ætla að koma lítillega að á grundvelli upplýsinga sem við í efh.- og viðskn. höfum fengið frá fjmrn. við yfirferð á tekjuhlið fjárlagafrv. en nú hefur farið fram endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár. Sömuleiðis endurmat á væntanlegri útkomu ríkissjóðs á þessu ári en þar eru á ferðinni umtalsverðar breytingar sem setja fjárlaga- og lánsfjárlagadæmið í þó nokkuð annað samhengi en það hefur verið áður.

En þrátt fyrir þetta, herra forseti, og þrátt fyrir góðærið, sem mikið er talað um, eru líka miklar skuggahliðar á ferðinni. Þetta sést t.d. hvað tilfinnanlegast í því að skuldaaukning heimilanna heldur áfram á þessu ári og talið er að heimilin muni auka skuldir sínar um nálægt 30 milljarða kr. Þetta er á öðru ári eftir kosningar þegar Framsfl. komst til valda sem hafði lofað því alveg sérstaklega í kosningabaráttunni að endurreisa fjárhag heimilanna. Heill kafli í kosningastefnuskrá Framsfl. um fólkið í fyrirrúmi var helgaður verkefninu að endurreisa fjárhag heimilanna. Ríkissjóður heldur sömuleiðis áfram að auka skuldir sínar þó nokkuð dragi úr skuldaaukningunni en það ánægjulega er að sveitarfélögin ná að snúa þróuninni við og þeim virðist vera að takast að komast fyrir hallarekstur ef meðaltalið er tekið og skuldir þeirra eru hættar að aukast jafnvel heldur á niðurleið.

Ýmislegt fleira mætti nefna, herra forseti, í þessu almenna samhengi sem hér hefur áhrif og þá vil ég sérstaklega nefna vextina. Minna á raunvaxtastigið sem nú geisar á Íslandi. Gífurlega háir raunvextir hljóta auðvitað að setja málin í alveg sérstakt samhengi og líka þetta sem ég nefndi, skuldastöðu heimilanna og fleiri aðila. Þá skiptir að sjálfsögðu raunvaxtastigið öllu fyrir möguleika heimilanna til að bera sínar skuldir. Það er ljóst að stór hluti af þeim skuldum eru lausaskuldir, skuldir sem eru næmar fyrir breytingum á vöxtum og hverra vextir fylgja upp tiltölulega fljótt þegar raunvaxtahækkun verður. Það er að mínu mati ekkert áhorfsmál þær andstæður sem við er að glíma í efnahagsstjórninni. Annars vegar viðleitni Seðlabankans til að slá á viðskiptahalla og verja gengi krónunnar fyrir þrýstingi með því að hleypa vöxtunum upp. Hins vegar skuldastaða heimilanna og áframhaldandi skuldaaukning. Þetta tvennt rekst á því það er auðvitað alveg ljóst að með vaxtahækkunum þarna er enn verið að íþyngja heimilunum að þessu leyti, skuldugari hluta þeirra.

Í heildina tekið, herra forseti, má segja að ekki fari mikið fyrir víðsýnni eða framsækinni efnahagsstjórnun eða samræmingu á henni. Það verður ekki séð að mjög góður taktur sé milli hæstv. ríkisstjórnar og Seðlabankans um þessar mundir. Ég hlýt að nefna að lokum sem undir þetta fellur, herra forseti, viðskiptahallann sem er mjög óskyggilegur og stefnir í eina 15 ef ekki 20 milljarða króna á næsta ári. Þar hafa orðið skörp og mjög hrikaleg umskipti og þau eru að sjálfsögðu ávísun á skuldasöfnun erlendis og gamalt ógæfufar sem við viljum mjög ógjarnan fara ofan í.

Herra forseti. Áður en ég kem að þeim þremur einstöku efnisatriðum sem ég ætla að gera sérstaklega að umtalsefni vil ég ræða aðeins um tekjuforsendurnar sem ríkisfjármálin hvíla á á þessu ári og hinu næsta og einnig um þá ákvörðun

hæstv. ríkisstjórnar að frysta persónufrádrátt og þar með skattleysismörk á næsta ári og leggja upp í árið með þær stærðir, óbreyttar frá fyrra ári, sem eru auðvitað ein mestu tíðindin sem komið hafa fram nú við afgreiðslu þessara frv. eða mála undir lok vinnunnar á þingi.

Í tekjuhlið ríkissjóðs kemur ýmislegt athyglisvert í ljós, herra forseti, sem ástæða er til að hafa í huga þegar við erum að loka ríkisfjármála- og lánsfjárlagadæminu um áramótin. Þá er nauðsynlegt að staldra fyrst við breytingarnar sem orðið hafa á árinu 1996 og vekja ýmsar spurningar svo ekki sé meira sagt. Það er þannig, herra forseti, að tekjuskattur einstaklinga hefur haldið áfram að aukast umfram áætlun þannig að þar hafa orðið allmiklar breytingar jafnvel bara nú við endurskoðun í desember frá því sem talað var um í september. Fjárlögum var lokað þannig að tekjuskattur einstaklinga átti að gefa 17 milljarða og 250 milljónir. Í september sl. var þetta endurskoðað og talið að tekjuskatturinn mundi skila 20 milljörðum og 515 milljónum. Nú í desember hefur þetta enn verið endurskoðað og talan er komin upp í 21 milljarð og 305 milljónir. Ef þetta gengur eftir sem það væntanlega gerir í öllum aðalatriðum þar sem svo langt er liðið á árið og það nánast búið mun tekjuskattur einstaklinga skila ríkissjóði á árinu 1996 rúmum 4 milljörðum króna umfram það sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Það er talsverður búhnykkur svo ekki verði meira sagt. En það athyglisverða er að á sama tíma er tekjuskattur fyrirtækja lækkandi við hverja endurskoðun. Fjárlögin gerðu ráð fyrir 4.600 milljónum, septemberendurskoðunin 4.450 milljónum, desemberendurskoðunin aðeins 4.115 milljónum. Tekjufallið frá fjárlögunum eru tæpar 500 milljónir króna. Þannig að þetta er algjörlega sitt í hvora áttina. Á sama tíma og tekjuskattur einstaklinganna, sá skattur sem launamennirnir bera vex um rúma 4 milljarða þá lækkar tekjuskattur fyrirtækjanna í góðærinu í um tæplega hálfan milljarð. Og ég vænti þess, herra forseti, að fleirum en mér finnist þetta skrýtið, finnist þetta a.m.k. ekki sanngjarnt. Og þá er rétt að hafa í huga fréttir af uppgjöri fyrirtækja bæði ársreikningum fram eftir ári og fram yfir mitt ár og milliuppgjörum nú síðustu mánuðina þar sem tíundaður er ríkulegur gróði margra stöndugustu fyrirtækja landsins sem ættu auðvitað að vera að leggja í þann pott að greiða tekjuskatt af hagnaði sínum í ríkissjóð.

En það er fleira, herra forseti, sem vekur athygli og ég ætla aðeins að staldra við eitt. Það er sú staðreynd að virðisaukaskattur er að skila ríkissjóði verulega lægri tekjum, eða ég kalla það verulega lægri tekjum, en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Þannig var í fjárlögunum reiknað með að virðisaukaskattur gæfi 45 milljarða og 820 milljónir, í septemberendurskoðuninni var gert ráð fyrir að þetta mundi standast allvel, gæfi 46 milljarða, jafnvel ívíð meiri tekjur en í desember er þessi tala allt í einu komin niður í 45 milljarða og 500 milljónir. Og vöntunin, það sem virðisaukaskatturinn gefur þá minni tekjur en fjárlög gerðu ráð fyrir, er upp á 320 millj. kr. Og ég spyr, rétt eins og með tekjuskatt fyrirtækjanna: Hvernig má það vera í miðju góðærinu, í allri þenslunni, í allri veltuaukningunni í þjóðfélaginu að virðisaukaskatturinn sé að skila minni tekjum í ríkissjóð? Er það ekki nokkurt umhugsunarefni að skattbyrðin sé þá í þessum skilningi að flytjast yfir á launamenn í svona gífurlegum mæli að þeir borgi 4 milljarða í viðbót en bæði neysluskattarnir, virðisaukaskatturinn og tekjuskattar fyrirtækjanna lækki.

Nú má leita skýringa við þessu og að sjálfsögðu höfum við spurt eftir því í efh.- og viðskn. hverju það sæti að bæði fyrirtækin og virðisaukaskatturinn eru að gefa eftir og skila minni tekjum, öfugt við það sem mætti ætla. Skýringin gagnvart fyrirtækjunum er nú sisona, að það séu sveigjanlegar fyrningarreglur og það séu gamlir tapfrádrættir sem reynist þeim eina ferðina enn notadrjúgir þegar kemur að því að komast hjá því að gjalda keisaranum, þ.e. hæstv. fjmrh., sitt. Og einmitt þá eru menn að grípa til þess að gera þær reglur rýmri samanber brtt. meiri hlutans við tekjuskattsfrv. á dögunum.

Hvað virðisaukaskattinn snertir er helst gripið til þeirrar skýringar að þar komi til stórauknar fjárfestingar og þar með aukinn innskattur til frádráttar við virðisaukaskattsuppgjör fyrirtækjanna. Það kann vel að vera og ekki ætla ég að neita því að á ferðinni sé í talsverðum mæli. En ég set spurningarmerki við að það geti dugað til að núlla algjörlega út alla veltuaukninguna sem ætti að fara yfir virðisaukaskattinn miðað við veltuaukninguna í þjóðfélaginu. Ég hvet menn til að fara út á göturnar og taka leigubíl eða fara á veitingahús eða gera eitthvað annað því um líkt, spyrja bara hvaða þjónustuaðila sem er í þjóðfélaginu um það hvort það stemmi við þeirra tilfinningu fyrir veltunni, fyrir peningum í umferð, að þeir séu að dragast saman. Ég hygg að svarið yrði nei. Þannig að það er afar erfitt að útskýra hvernig það getur gerst að virðisaukaskatturinn skuli ekki gefa meiri tekjur. Og við hljótum að hafa áhyggjur af því. Við hljótum að spyrja okkur: Eru einhverjir hlutir að gerast sem eiga eftir að koma í bakið á okkur? Er kerfið farið að leka meira en það hefur gert? Fer aukningin fram hjá kerfinu? Er veltuaukningin í þessum skilningi neðan jarðar? Erum við að fara inn í eitthvert ítalskt ástand að hagkerfið sé að vaxa fyrst og fremst í neðanjarðargeiranum? Eru breytingarnar, heimskulegu breytingarnar sem gerðar voru á endurgreiðslum virðisaukaskatts vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, bygginga og endurbóta íbúðarhúsnæðis og eru að hluta til komnar til framkvæmda, að hluta til fram undan, farnar að hafa áhrif á það að virðisaukaskattsskil vegna þeirrar starfsemi eru komin undir yfirborðið? Og eru jafnvel fælingaráhrif þar á ferð þ.e. að menn séu hættir að skila reikningum vegna þess að þeir hafa heyrt að þetta standi til?

Herra forseti. Þessar umhugsunarverðu staðreyndir um endurmat á tekjuforsendum ríkissjóðs á þessu ári endurspeglast að sjálfsögðu í áætlunum eins og þær liggja núna fyrir fjárlagaárið 1997, sem við erum að ganga frá í fjárlögum og lánsfjárlögum. Þannig er reiknað með því eðlilega að tekjuskattur einstaklinga skili meiri tekjum á næsta ári en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir í haust. Að sjálfsögðu framreikna menn það inn í næsta ár og launamönnunum er af sínum tekjum ætlað að greiða hærri skatt en áður upp á tæpan milljarð króna — 975 millj., 16.775 millj. í staðinn fyrir 15.800 millj. Og fyrirtækjunum er ætlað að greiða minna. Þau eiga í stað 4.835 millj. samkvæmt áætlun nú, að greiða 4.550 eða 285 millj. krónum minna. Þannig að ef við leggjum saman minni tekjuskattsskil fyrirtækjanna á þessum tveimur árum sem nú eru undir árinu sem er að líða og því næsta, þá eru fyrirtækin að borga næstum 800 millj. kr. minna. Og í samræmi við nýjustu upplýsingar um minni tekjur af virðisaukaskatti á næsta ári reikna sérfræðingar með því að 450 millj. kr. minni tekjur komi út úr virðisaukaskattinum á árinu 1997 en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Þetta þýðir, herra forseti, að heildartekjur ríkissjóðs vaxa samkvæmt þessari desemberendurskoðun um 640 millj. kr., verða 126 milljarðar rétt rúmlega. Það þýðir að menn hafa

rúmlega slátrað, með hækkun í meðferð fjárlaga við 2. umr., þessum tekjuauka þannig að útkoma ríkissjóðs verður sem því nemur. Ég held, herra forseti, að það sé fullkomin ástæða til að spyrja sig ákveðinna spurninga í sambandi við þessar tölur og fróðlegt væri að heyra mat hæstv. fjmrh. á nýjustu endurskoðun á tekjuhliðinni, hvort hann telji, hæstv. ráðherra, að þetta muni ganga eftir sem nú er reiknað með og hvort hæstv. ráðherra sé að fullu og öllu sáttur við þær skýringar sem menn hafa verið að reyna að finna á þessum breytingum.

Herra forseti. Þá er ég kominn að hinu aðalatriðinu sem ég ætlaði að ræða við hæstv. forseta og það er sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar sem varð heyrum kunn nú á síðustu sólarhringum; að það eigi að loka fjárlaga- og skattlagningardæmunum fyrir árið 1997 þannig að upphæðir, persónufrádráttar, sjómannafrádráttar og bótaliða eins og barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta eigi að standa í stað í krónutölu milli ára. Það þýðir á mannamáli að þessir liðir eiga ekki að taka verðlagsuppfærslum nú um áramótin eins og þeir hafa undantekningarlaust gert, þó með mismunandi hætti, í gegnum tíðina. En ég hygg að það hafi aldrei áður nokkur fjmrh. gengið svo langt að ætla að loka fjárlagafrv. án þess að hreyfa þessar stærðir. Að láta þær rýrna að fullu og öllu um verðlagshækkanir þótt litlar séu sem betur fer samanborið við það sem var stundum áður. Þetta mál þarf líka, herra forseti, að skoða og setja í samhengi við það sem hefur verið að gerast í tekjustreyminu í þjóðfélaginu og ekki síst hinum aukna tekjuskatti einstaklinga sem aftur stafar af því að það hefur sem betur fer orðið ákveðin launaþróun sem mælist í meiri tekjum og meiri skatti af þeim.

Staðreyndin er sú, herra forseti, að eins og nú er farið að uppfæra þessa þætti, þá er ég sérstaklega að tala um skattleysismörk eða persónufrádráttinn, þá vinnur það kerfi ákaflega markvisst með ríkissjóði við þær aðstæður að það er uppsveifla í þjóðfélaginu. Hæstv. fjmrn. býr sem sagt við það skínandi góða fyrirkomulag að persónufrádrátturinn er ákvarðaður við afgreiðslu tekjuskattsfrv., yfirleitt við áramót. Hann er festur þar í krónutölu og hann tekur kannski mið af einhverri tiltekinni spá um launaþróun eða launahækkanir ef hann á að fylgja þeim. Ef þær verða hins vegar meiri þá þyngist skattbyrðin af þeim sökum sjálfvirkt eftir því sem launaþróunin verður innan ársins. Þegar upp er staðið hefur hæstv. fjmrh. náð sér þar í viðbótarprik. Þetta kerfi hefur greinilega þjónað hæstv. fjmrh. ákaflega vel á yfirstandandi ári. Það á sinn þátt í því að tekjuskattur einstaklinga skilar miklu hærri fjárhæðum í ríkissjóð á árinu 1996 en reiknað var með, því persónuafslátturinn hefur staðið óbreyttur í krónutölu allt árið.

Herra forseti. Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að fá þær tölur sem ég hef nú fengið frá fjmrn. um það hvað þetta þýðir í krónum talið fyrir hvern og einn. Bara sú staðreynd að persónufrádrátturinn eða skattleysismörkin eiga ekki að breytast nú um áramótin, þótt ekki væri nema um þau skitnu 2% sem t.d. tryggingabæturnar eiga að gera. Persónuafslátturinn er nú á mánaði 24.544 kr. Miðað við tæplega 42% skatt og að teknu tilliti til skattfrelsis 4% iðgjalda í lífeyrissjóð, verða þá skattleysismörkin 60.960 kr. Ef þessar fjárhæðir hefðu hækkað, þótt ekki væri nema um þessi 2%, þá hefði persónuafslátturinn átt að fara í rúmlega 25.000 kr., úr þessum 24.500 kr., og skattleysismörkin í 62.000 kr. eða liðlega það. Ef þetta væri látið hækka í samræmi við áætlaða launaþróun á næsta ári sem er 3,5% samkvæmt forsendum fjárlagafrv. — það væri auðvitað hið eðlilega ef menn ætluðu að núllstilla skattleysismörkin gagnvart líklegri launaþróun á næsta ári — þá hefðu menn auðvitað átt að vera sjálfum sér samkvæmir og taka prósentuna sem er í forsendum fjárlagafrv. um launaþróun á næsta ári, 3,5%, og hækka persónuafsláttinn um það. Þá ætti hann að fara í 25.403 kr. og skattleysismörkin í nálægt 63.000 kr. Þá þegar er þetta farið að skipta fólk umtalsverðu máli. Liðlega 2.000 kr. kæmu í hverjum einasta mánuði í vasa launamannsins í stað þess að lenda í kassanum hjá hæstv. fjmrh. ef menn hækkuðu persónuafsláttinn eins og eðlilegt væri miðað við forsendur ríkisstjórnarinnar sjálfrar um áætlaða launaþróun á næsta ári. Ég fullyrði að það eru þúsundir og aftur þúsundir og tugir þúsunda skattgreiðenda í landinu sem munar mikið um þessar rúmlega 2.000 kr. á mánuði, sem munar mikið um þessa 25.000 kr. tekjuskerðingu á ári með þyngri sköttum ef skattbyrðin verður á þessum grundvelli allt næsta ár. Þá er það eftir sem þó er kannski alvarlegast að fram undan eru kjarasamningar. Fram undan eru væntingar um launahækkanir sem nema miklu hærri prósentum en hér er verið að tala um, að minnsta kosti hjá lægst launaða fólkinu. Það vita allir. Verkalýðshreyfingin er að gera sér vonir um að sækja umtalsverðar kjarabætur í samningum nú á næstu vikum. Við skulum þess vegna skoða hvernig dæmið gæti litið út ef launahækkanirnar yrðu ekki 2% og ekki 3,5% heldur t.d. 5% eða 10%. (**Samgrh.:** Eða fimm sinnum fimm prósent.) Eða fimm sinnum fimm prósent eins og hæstv. samgrh. vill hafa þær. Hann veit að láglaunafólkinu veitir ekkert af 25% kauphækkun. Þá verða tölurnar stærri, bæði skerðingin hjá einstaklingunum en líka tekjuaukinn hjá hæstv. fjmrh. Nú er það að vísu svo að hinir ágætu reiknimeistarar í fjmrn. aðallega hafa ekki treyst sér til á svo skömmum tíma að fara að umreikna dæmið miðað við mun meiri launahækkanir á næsta ári. Þá þarf að sjálfsögðu að taka inn í samhengi þess heildaráhrifin vegna þess að ríkið er náttúrlega líka launagreiðandi og missir út tekjur ef kaup opinberra starfsmanna hækkar. En það er engu að síður alveg ljóst að þarna er verið að búa til hroðalegan gaffal á verkalýðshreyfinguna í komandi kjarasamningum. Hæstv. fjmrh., ríkisstjórnin, hefur ákveðið að láta verkalýðshreyfinguna fara í samninga við vinnuveitendur við þær aðstæður að persónuafsláttur-inn er frystur. Það þýðir að skattbyrðin verður þeim mun meiri eftir því sem launin hækka um fleiri krónur. Þetta er óþverragaffall sem hæstv. fjmrh. ætlar að færa verkalýðshreyfingunni í jólagjöf. Að láta hana fara í kjaraviðræður við þessar aðstæður. Margt er fleira mjög sérkennilegt í þessu máli, herra forseti. Miðað við það sem fjmrn. gefur okkur upp, þá sparar þessi ákvörðun um að frysta persónuafsláttinn, sjómannafrádráttinn, barnabæturnar, barnabótaaukann og vaxtabæturnar, allt fast í krónum eins og gengið var frá því í desember í fyrra og miðað við 2% verðlagshækkun og 3,5% launahækkun þá sparar þetta ríkissjóði eitthvað um 800 millj. kr. En þá kemur að því sérkennilega, herra forseti, að það á ekki að telja þessar 800 millj. kr. fram. Það á að loka fjárlögunum, lánsfjárlögunum og stilla dæmið af með þessar 800 millj. kr. útiliggjandi. Það er skrýtin aðferð, herra forseti. Það er merkilegt bókhald. Það heitir á máli almennings að telja ekki fram tekjur sem menn eiga í vændum. Af hverju á þetta að vera svona? Jú, vegna þess segir ríkisstjórnin að hún reiknar með að peningarnir verði notaðir í annað á árinu. Eiga þeir þá ekki að fara yfir ríkisbókhaldið, hæstv. fjmrh.? Jú, ætli það eigi nú ekki að skrá þá þegar þar að

kemur. En það er stofnað til teknanna og því er svo vísað til framtíðarinnar hvernig þeim verður ráðstafað. Enn einu sinni er jaðarskatturinn dreginn fram og sagt, jú, þarna eru menn að skapa sér svigrúm til að gera ráðstafanir gagnvart jaðarskattinum. Höfum við ekki heyrt þetta einhvern tímann áður, herra forseti? Það er eins og mig minni það. Það voru nefnilega gerðar skattalagabreytingar í fyrra þar sem t.d. hlutabréfafrádráttur var lækkaður og það átti að fella hann niður. Hann verður þrepaður niður nú á næstunni. Hvað átti að gera við peningana? Það átti að nota þá í þetta sama. Í að mæta jaðarskattaaðgerðum. Það bólar hins vegar ekkert á þeim. Þannig að ríkisstjórnin er búin að selja okkur tvisvar að hún sé að ná sér í tekjur, sé að safna í sarpinn til að eiga þar forða þegar kemur að því að gera eitthvað í óréttlætinu vegna jaðarskattanna. Hvernig er safnað í sarpinn? Það er safnað í sarpinn núna með því að lækka skattleysismörkin sem auðvitað bitnar mjög þungt á nákvæmlega sömu hópum og bera óréttlætið af jaðarsköttunum. Að vísu mest á lágtekjufólkinu, því það er næmast fyrir breytingum á skattleysismörkunum að sjálfsögðu, en auðvitað er það þannig engu að síður að lágtekjufólk og miðlungstekjufólk situr fast hlið við hlið í þessari gildru.

Herra forseti. Ég átel og gagnrýni mjög harðlega hvernig ríkisstjórnin er að loka þessum málum. Ég tel það líka lúalega framkomu að tilkynna þessa ákvörðun ekki fyrr en hér á allra síðustu klukkustundum sem verið er að vinna þessi mál í þinginu. Þetta stórbreytir þeim forsendum sem við t.d. í efh.- og viðskn. höfum verið að vinna með gagnvart heildardæminu á næsta ári. Þetta hefur mikil áhrif á dreifingu skattbyrði gagnvart þeim sem í hlut eiga, gagnvart lágtekjufólki, öldruðum og öðrum slíkum, sem eru mjög næmir fyrir breytingum á þessum mörkum. Þegar maður setur þetta svo í samhengi við það að hæstv. ríkisstjórn er á hina hliðina búin að ákveða að hækka lífeyrisbætur einungis um 2% á næsta ári og er búin að aftengja atvinnuleysisbætur og elli- og örorkulífeyri þeirri launaviðmiðun sem áður var í gildi, með þeim svardögum að vísu í fyrra að það yrði ekki notað til að skerða bæturnar sem það gerir svo að sjálfsögðu nú með því að hækka þær eingöngu um 2% í stað þess að þær hefðu átt að fylgja launaþróuninni miðað við fyrri forsendur og hækka um 3,5% ef menn hefðu ætlað að standa við orð sín, þá finnst mér ríkisstjórnin vera að ganga fram af ótrúlegri ósvífni gagnvart þessu hvoru tveggja. Á aðra hliðina er persónufrádrátturinn frystur, bótafjárhæðirnar frystar, þar með talið barnabætur og barnabótaauki. Ætli það sé nú ekki barnafólkið með tekjutengingarnar á herðunum sem lendir hvað verst í vítahring jaðarskattanna þannig að ekki er þetta aðgerð sérstaklega til að hjálpa þeim. Hinum megin eru elli- og örorkulífeyrir og atvinnuleysisbæturnar í raun skertar á sama hátt.

Herra forseti. Ég hef undir höndum tölur um það hvernig t.d. barnabæturnar og barnabótaaukinn skerðast af þessum sökum í krónum og aurum. Ég veit að það eru tölur sem ýmsa varðar um, en tímans vegna ætla ég að sleppa því að lesa þær upp þótt fróðlegt hefði verið. Það er alveg ljóst að þarna eru á ferðinni umtalsverðar fjárhæðir. Ef við tökum t.d. bætur með börnum einstæðra foreldra þar sem hæstu tölur eru á ferð þá eru bætur með börnum einstæðra foreldra umfram eitt 74.000 kr. nú en færu í 77.700 ef þær hækkuðu um 5%, 76.000 kr. ef þær fylgdu launaþróuninni og hækkuðu um 3,5% og 75.500 þó hækkunin væri aðeins þau 2% sem lífeyririnn er þó hækkaður um, jafnskammarlegt og það er.

Þetta, herra forseti, tel ég óhjákvæmilegt að gagnrýna og að það sé eðlilegt að hæstv. fjmrh. svari fyrir þessar ákvarðanir hæstv. ríkisstjórnar við þær umræður sem eftir eru um lánsfjárlög og fjárlög. Ég spái því að þetta muni mælast gríðarlega illa fyrir úti í þjóðfélaginu, að þetta muni þykja fáheyrð fólska gagnvart almenningi. Og ég held að hæstv. fjmrh. sé að reisa sér hér alveg einstaka níðstöng í sögunni, að verða fyrsti fjmrh. sem frystir persónuafslátt og lætur hann ekki taka neinum breytingum milli ára og skerðir hann eða þyngir skattbyrðina með þeim aðferðum. Og ég tel að þegar verkalýðshreyfingin áttar sig á því hvers konar níðingsgaffal hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin er að setja á hana með þessum hætti þá geti menn varla talið annað en að ríkisstjórnin kasti stríðshanskanum með því að ætla verkalýðshreyfingunni að fara inn í kjarasamninga á móti þessum gaffli. Það liggur nú þannig.

Auðvitað er það alveg morgunljóst að fyrirslátturinn um jaðarskattana er orðinn beinlínis grátlegur, í besta falli grátbroslegur, í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur ekkert gert í þeim málum í eitt og hálft ár. Hún þvælir þeim áfram í nefnd einhvers staðar út í bæ og ber fyrir sig aftur og aftur við fjárlagaafgreiðslu eftir fjárlagaafgreiðslu að ekkert sé hægt að gera í því máli af því að það sé nefnd að störfum. Nefnd að störfum, heyr á endemi! Það var tveggja tíma verk að útfæra tillögur um bráðabirgðaaðgerðir að minnsta kosti til að taka á því óréttlæti.

Herra forseti. Með vísan til aðstæðna í þinghaldinu á síðustu klukkustundunum þá hef ég ekki fleiri orð um þetta en ég hefði svo sannarlega getað hugsað mér að ræða nokkuð rækilegar yfir hausamótunum á hæstv. ráðherrum til að reyna að stuðla að því fyrir mitt leyti að reyna að koma þessu út í þjóðfélagið því ég er alveg viss um að hér er mikil sprengja í farangrinum.

Þá er ég kominn að þeim efnisþáttum sjálfs lánsfjárlagafrv. sem ég ætlaði að gera sérstaklega að umtalsefni. Ég nefni þar í fyrsta lagi Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er að sjálfsögðu mál sem er alþekkt úr umræðunni hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið þar að málum. Þar hafa stjórnarflokkarnir deilt. Þar hafa kosningaloforðin verið gjörsvikin og efndirnar eru þær að sögn að það eigi að láta lánasjóðinn hafa 100 millj. kr. sem hann átti ekki að fá ella upp í eitthvert samkomulag sem enginn veit um hvað er, nema hæstv. forsrh. segir: „Ja, það felur í sér einhvers konar samtímagreiðslur á námslánum og þær verða eitthvað skoðaðar þessar óskir námsmanna um lagfæringar.“ En þá bregður svo sérkennilega við að breytingartillaga gagnvart Lánasjóði íslenskra námsmanna í þessu máli er til lækkunar upp á 170 millj. kr. Við höfum satt best að segja litlar skýringar fengið á því hvernig þetta samkomulag rímar við þessa breytingu. Hér er talað um að vísu að tekjuáætlun sjóðsins hafi verið endurskoðuð og komi skár út, þ.e. bæði meiri endurgreiðslur og minni þörf. En það er óhjákvæmilegt við þessar aðstæður nú að kalla eftir hvar samkomulag stjórnarflokkanna um Lánasjóð íslenskra námsmanna sé. Hvernig er það? Hvers konar samtímagreiðslur er þar verið að tala um? Er ekki alveg ljóst að það er hreint málamyndasamkomulag, það er ekki neitt ef það á einungis að þýða 100 millj. kr. breytingu á útgjöldum lánasjóðsins eða fjárhagsstöðu hans. Ég held, herra forseti, að það liggi í hlutarins eðli að úr því að þar er ekki verið að tala um meira en slíkt, hreina smáaura, þá hlýtur þar að vera á ferðinni minni háttar breyting.

Í öðru lagi, herra forseti, flytur meiri hlutinn breyting-

artillögu um að lækka lántökuheimild til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar um 530 millj. kr. Það skýrist af því að það á að fresta framkvæmdum við flugstöðina sem áður höfðu verið fyrirhugaðar strax á næsta ári m.a. og sérstaklega í tengslum við svonefnt Schengen-samkomulag. Nú er að vísu blessunarlega svo að þetta Schengen-samkomulag sem hæstv. utanrrh. hefur tekið einstakt ástfóstur við — hann telur það með sínum allra merkustu verkum að koma á þessari Schengen-aðild — mun sem betur fer frestast. Það frestast um að minnsta kosti ár. Þarf þar af leiðandi ekki að ráðast í þessar framkvæmdir þess vegna á flugstöðinni. Ef hæstv. ráðherra vildi aðeins staldra við í þingsalnum af því að ég er að ræða alveg sérstakt óskabarn allra utanrrh. eins og kunnugt er, þ.e. Flugstöð Leifs sáluga Eiríkssonar í Keflavík. (**Samgrh.:** Blessuð sé minning hans.) Blessuð sé minning hans. Ég veit ekki hvers hann á að gjalda blessaður karlinn að þetta skuli hafa verið skírt í höfuðið á honum. Það verð ég nú að segja.

Það á sem sagt að hætta við þessar framkvæmdir. Eftir stendur hins vegar að skuldasúpan, óráðsían sem hefur fylgt þessu mannvirki frá byrjun, allt frá því að því var prangað inn á þjóðina af helmingaskiptastjórn Framsóknar og íhaldsins á árunum 1983–1987 og spreðað í það mörg hundruð millj. kr. til að ná að opna það fyrir kosningarnar 1987 svo hægt væri að taka framboðsmyndir af vissum mönnum framan við flugstöðina. En svo kom reikningurinn, óráðsíureikningur upp á marga milljarða kr. sem þetta mannvirki varð dýrara heldur en nokkurn tímann hefði þurft að vera. Þannig að nú er svo komið, herra forseti, að þarna rúlla menn á undan sér snjóbolta vegna flugstöðvarinnar sem er stækkandi á fimmta milljarði kr., þ.e. óráðsíboltinn vegna flugstöðvarinnar. (**Samgrh.:** Flugstöðin er allt of lítil.) Það er nú það versta, hæstv. samgrh., að ofan í kaupið sitja menn uppi með einhverja dýrustu flugstöð í heimi og hún er þegar orðin of lítil. Hún er meira að segja svo illa hönnuð að það er ekki nokkur leið að byggja við hana. Það var ekki hægt að koma þar við innanlandsflugi því hún er kassi sem ekki er nokkur leið að breyta að neinu viti, enda hönnuð að hluta til sem hernaðarmannvirki með niðurfallsbrunnum sem þola engisprettur og guð má vita hvað af því að hún varð að standast staðla bandaríska hersins ef hann skyldi þurfa að grípa til hennar á válegum tímum eins og kunnugt er. Það mætti segja margar ótrúlegar sögur af því hvernig hönnunarvitleysan og óráðsían var þegar verið var að byggja þetta mannvirki. En það versta er, herra forseti, að flugstöðin er orðin of lítil og það þarf að stækka hana hvort sem er vegna samgönguþarfa Íslendinga sjálfra. Ég verð að segja alveg eins og er þó ég hafi vissa samúð með þessu aðhaldssjónarmiði og þessari þenslu-hræðslu hæstv. ríkisstjórnar, þenslufóbíunni sem hefur rænt þá svefni í stórum stíl, þá tel ég út af fyrir sig alvarlegt að menn skuli ekki komast í að undirbúa að minnsta kosti þær framkvæmdir sem eru augljóslega fram undan og verður að grípa til hvað sem líður öllum Schengen-samningum hæstv. utanrrh. Það á að vísu að bæta eitthvað úr því neyðarástandi sem ríkir í innritunarsalnum á næsta ári en þar er eins og kunnugt er biðröð langt út úr dyrum alla morgna á sumrin þannig að það er eiginlega ekki nokkur lífsins leið að leggja á sig að fara með flugvél að morgunlagi í gegnum Flugstöð Leifs Eiríkssonar yfir sumartímann. En það þarf líka að stækka flugvélahlöðin og koma þar við afgreiðslumöguleikum fyrir fleiri flugvélar. En það sem verst er þó er að hæstv. ríkisstjórn kemst ekki lönd né strönd með skuldaóráðsíuna. Enn einu sinni er verið að afgreiða lánsfárlög með viðbótarlántöku eða skuldbreytingaheimildum sem að vísu lækkar úr 1.950 millj. niður í 1.400 og eitthvað vegna þessa niðurskurðar. Eftir stendur að ríkisstjórnin hefur ekki frekar en fyrri ríkisstjórn komist áfram með að klára þetta mál. Það verður fróðlegt að vita hvort hæstv. núv. utanrrh. ætlar að verða sami sleðinn og forveri hans og velta þessu máli á undan sér árum saman, ár eftir ár og hafa það í fullkominni óráðsíu. Hæstv. utanrrh., sem er hér afar sjaldan eins og kunnugt er, hefur örugglega hina mestu ánægju af því að koma í ræðustólinn á eftir og gera okkur grein fyrir stöðunni í þessu máli. (**Utanrrh.:** Stöðuna í?) Stöðuna í flugstöðvarmálinu, hæstv. utanrrh. (**VS:** Ég var að trufla hann. Ég biðst afsökunar.) Það er illa gert að trufla hæstv. utanrrh., alveg sérstaklega illa gert.

Ég hef þá tillögu fram að færa til hæstv. utanrrh. að hann afhendi hæstv. samgrh. mannvirkið og láti á það reyna hvort samgönguráðherrar séu yfirleitt ekki betur til þess fallnir að leysa svona hluti heldur en utanríkisráðherrar (**Utanrrh.:** Hernaðarmannvirki?) því að það hefur gengið afar illa að ... Þetta á náttúrlega að vera samgöngumannvirki, hæstv. utanrrh. og er auðvitað stjórnskipulegt hneyksli að þessi hluti samgöngukerfisins skuli heyra undir utanrrn. sem hefur ekkert vit á samgöngumálum nema þá bara eigin ferðalögum eins og kunnugt er. (**Utanrrh.:** Það er nú dálítið.) Já, það er að vísu þó nokkuð, það er rétt.

Í þriðja lagi, herra forseti, ætla ég að ræða sérstaklega málefni Landsvirkjunar og stóriðjuframkvæmdir og má þá hæstv. utanrrh. slappa af í bili. En ég fagna því að hér er kominn hæstv. iðn.- og viðskrh. Þar er á ferðinni langstærsti pakkinn í þessu og sá sem við í minni hlutanum gerum alvarlegastar athugasemdir við. Við erum ekki einir um það því í raun og veru getum við að miklu leyti látið nægja að taka undir varnaðarorð meiri hlutans hvað varðar stöðuna í þessu máli. Ég er þá að sjálfsögðu að vísa til fyrirhugaðra samninga við fyrirtækið Columbia Ventures Corporation um byggingu álbræðslu á Grundartanga og tilheyrandi fjárfestingar Landsvirkjunar og fleiri aðila. Það er nokkuð óvenjulegt hvernig vinnan hefur þróast að því máli á vettvangi hv. efh.- og viðskn. og hvernig samskipti um það mál hafa verið við ýmsa aðila.

Ég ætla af ýmsum ástæðum, bæði tímans vegna en líka til að hlífa mönnum við því sem þar eiga hlut að máli, ekki að fara alveg ofan í saumana á því máli en láta nægja að segja (**Samgrh.:** Það væri nú samt fróðlegt.) að mér finnst sérkennilegt, hæstv. samgrh., þegar ein þingnefnd er að reyna að vinna vinnuna sína, fara ofan í saumana á hlutum þar sem milljarða ríkisábyrgðir eiga í hlut og draga að sem víðast upplýsingar um það mál, skuli hún fá kveðjur af því tagi sem hún hefur fengið. Ég er m.a. að vísa til þess að efh.- og viðskn. reyndi víða að afla sér upplýsinga um þennan samstarfsaðila og samningsaðila okkar Íslendinga. Ég endurtek að ég tel það falla undir hennar verksvið að gera einmitt nákvæmlega það. Ég vona að það sem við höfum upplifað í þessu máli verði okkur frekar hvatning til þess að gera meira af því að ástunda sjálfstæðari vinnubrögð gagnvart mati á stórum og dýrum fjárfestingum eða ríkisábyrgðum sem verið er að veita. Það er full þörf á að þingið reyni að gerast sjálfstæðara í slíkum vinnubrögðum. Hvað er hér á ferðinni, herra forseti? Það er verið að bæta við lánsfjárlögin samkvæmt beiðni tæpum 5 milljörðum kr. út af þessu eina máli, 4.200 millj. kr. viðbótarlánsheimild til Landsvirkjunar

sem ríkið ábyrgist, 500 millj. kr. lántökuheimild vegna fyrirhugaðra lóðarframkvæmda á Grundartanga og 200 millj. kr. lántökuheimild vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda. Þetta er samkvæmt því sem við kunnum best að leggja saman 4.900 millj. kr. eða tæpir 5 milljarðar. Er þá eitthvað skrýtið þótt efh.- og viðskn. vilji skoða það mál og hafa traustar forsendur fyrir ákvarðanatöku um það mál? Svo er ekki enda hefur meiri hluti efh.- og viðskn. í sínu nefndaráliti í raun og veru skilyrt þessar lántökuheimildir. Það er alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram herra forseti, af því að hv. þm. Villhjálmur Egilsson eyddi tiltölulega litlum tíma í að fara yfir það mál, að í nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. eru lánsheimildir Landsvirkjunar og þessara tengdu aðila vegna lóðarframkvæmda og hafnarframkvæmda skilyrtar. Þær eru skilyrtar þannig að þær verði ekki nýttar fyrr en endanlegir samningar liggja fyrir, fyrr en allar upplýsingar liggja fyrir í efh.- og viðskn., fyrr en að fjármögnunarsamningar liggja fyrir milli fyrirtækisins og þeirra aðila sem það er að ræða við um þau mál og ekki fyrr en efh.- og viðskn. hefur tekið málið fyrir á nýjan leik. Þetta stendur í nefndaráliti meiri hlutans og undir það tekur minni hlutinn. Það liggur því fyrir að öll efh.- og viðskn. afgreiðir málið frá sér með þessum hætti. Þá er það í raun og veru eingöngu að formi til sem lánsheimildirnar koma nú inn í lögin, en þær verða ekki nýttar fyrr en þessum forsendum hefur verið fullnægt. Ég hefði út af fyrir sig talið að eðlilegra hefði verið að geyma málið í heild sinni og efh.- og viðskn. hefði flutt eða tekið við lánsfjáraukalagafrv. í febrúar, mars eða nær það verður sem þessar forsendur allar liggja fyrir.

Ég undirstrika það, herra forseti, að með okkar vinnu var ekki á ferðinni neitt annað en að afla sem traustastra upplýsinga í þessu máli og byggja ákvarðanatöku og meðmæli eða ráðgjöf til þingsins í nefndarálitum eða framsöguræðum á sem traustustum forsendum. Að halda einhverju öðru fram er ómaklegt með öllu. (**Samgrh.:** Hver sagði?) Og ég mótmæli því að það hafi verið í okkar huga að rýra álit væntanlegra viðsemjenda eða samstarfsaðila Íslendinga.

Ég neyðist, herra forseti, til að láta þessi orð falla hér og láta þau fara inn í þingtíðindin vegna fjölmiðlaumræðu um aðra hluti á undanförnum sólarhringum og læt svo lokið að ræða um það mál.

En hér er alveg ljóst, herra forseti, að miklir fjármunir eru á ferð og það er líka ljóst að það skiptir ákaflega miklu máli um þróun ríkisfjármálanna og lánsfjármálanna á næsta ári hvort af þessum fjárfestingum verður. Þá er ég að vitna til málsins í heild, virkjanaframkvæmdanna, stóriðjuframkvæmdanna, bæði fyrirhugaðs álvers og fyrirhugaðrar stækkunar Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Það er hins vegar ekki reiknað inn í tekjuforsendur fjárlaga og ekki reiknað inn í lánsfjárlagarammann, ekki frekar en 800 millj. sem eru ekki taldar fram af hæstv. fjmrh. og er hann nú fyrsti fjmrh. sem mér er kunnugt um sem opinberlega og frammi fyrir þjóðinni er ber að því að telja ekki fram nema hluta af tekjum sínum. En það á að geyma utan við fjárlögin og ríkisbókhaldið eitthvað fram á næsta ár, væntanlegan tekjuauka sem leiðir af því að frysta fastan persónufrádrátt eins og ég vék hér að áðan. (Gripið fram í.) Það væri fróðlegt ef menn vel að sér um þá hluti, t.d. menn sem sátu löngum í endurskoðunarnefnd ríkisreiknings eða yfirskoðunarnefnd eða hvað það nú hét, kíktu á það mál að menn skuli frammi fyrir alþjóð loka fjárlögunum án þess að láta hluta af tekjum sem leiðir af lögfestingu laga um áramótin koma fram. Það er afar sérkennilegt og ég vakti athygli á þessu hér áðan og hæstv. fjmrh. spýttist á dyr þegar ég fór að ræða þetta frekar við hann.

Það er ljóst að stóra dæmið hér, sem ekki er inni í tekjuforsendum, ekki inni í veltutölum, ekki inni í áætlunum um þá hluti sem hér er verið að afgreiða, er stóriðjumálin. Þau eru ekki reiknuð inn, þau eru ekki talin fram. Þau eru þarna fyrir utan. Eru menn þó að segja að allt bendi til þess að þetta verði. Það er kannski ástæða til að fara varlega eftir sem áður í því að telja slíkt fram. Ég er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér sem niðurstöðu. Ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því og ég geri það m.a. vegna þess að það er ekki ýkjagömul en mjög slæm reynsla af því að menn fagni sigrum of snemma, að menn haldi sigurhátíðir og fari að reikna sér til tekna gróðann af stóriðjuframkvæmdum. Þeir þekkja það m.a. vel í Reykjaneskjördæmi, er það ekki, herra forseti? Það var heldur svona snautlegt að þurfa að horfast í augu við það að hin glæstu plön um mikil álver sem þar átti að rísa og menn töldu vera algerlega í hendi og menn slógu um sig með í kosningabaráttu og guð má vita hvað runnu út í sandinn sem og auðvitað að aldrei komu af þeim neinar tekjur. Þá er kannski betra að hafa geymt sér það að telja sér það til tekna heldur en gera það fyrir fram. Að því leyti til er ég ekki að gagnrýna í sjálfu sér að lánsfjárlögin og tekjugrein fjárlagafrv. tekur ekki mið af þeim breytingum sem gætu orðið og óumdeilanlega verða umtalsverðar ef álver rís, virkjanir fara á fulla ferð o.s.frv. En það mun hins vegar ekki gerast, herra forseti. Það verður ekki ýtt á ræsihnappinn, hvorki hjá Landsvirkjun né annars staðar fyrr en þeim forsendum sem efh.- og viðskn. hefur kosið að skilyrða þessar heimildir er fullnægt.

[Fundarhlé. — 19:34]

[20:30]

Útbýting þingskjals:

Staða og þróun bolfiskfrystingar í landi, 13. mál, skýrsla sjútvrh., þskj. 451.

[20:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þau sjónarmið sem við í stjórnarandstöðunni leggjum til grundvallar frv. til lánsfjárlaga sem er til umræðu hafa verið skýrð nokkuð í framsögu minni hluta. Ég mun því ekki fara mjög ítarlega yfir málið, enda hefur það verið í umræðu í tengslum við önnur frumvörp einnig á hinu háa Alþingi. Meginatriði málsins er það að þetta frv. endurspeglar stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta er nauðsynlegt fylgifrv. við efnahagsstefnu hennar og ber að skoðast í því samhengi. Við í stjórnarandstöðunni höfum lýst yfir andstöðu við þessa efnahagsstefnu.

Það sem okkur finnst athugavert við frv., þ.e. þær heimildir sem verið er að leita eftir, varðar nokkur atriði. Til að mynda er ekki tekið á vanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar eins og fyrirhugað var upphaflega þegar menn komu að því dæmi. Því var frestað hjá ríkisstjórninni og var það miður, en það er svo sem ekki í fyrsta sinn sem það gerist að menn ná ekki tökum á því máli. Við gagnrýnum og finnst sérkennilegt að heimild sem áður var óskað eftir til Lánasjóðs ísl. námsmanna er færð niður um 170 millj., að sögn vegna endurreiknings. Okkur finnst ekki vera mikið samræmi í því vegna þess að við teljum að einmitt sú fjárveiting sem veitt var til lánasjóðsins á fjárlögum og með þeirri hækkun

sem var ákveðin við 2. umr. sé síður en svo nægjanleg til að standa skil á þeim skuldbindingum og þeim æskilegu breytingum í þeim málaflokki sem við höfum talað fyrir á hinu háa Alþingi.

Eitt meginatriðið í lánsfjárfrv. er vitaskuld allt sem viðvíkur Landsvirkjun og fyrirhuguðum álversframkvæmdum. Áhyggjur ekki einungis minnihlutamanna í efh.- og viðskn. heldur einnig meiri hlutans hafa komið skýrt fram í umræðunni. Það var talin ástæða til að leita allra upplýsinga varðandi það efni, ekki einungis frá íslenskum aðilum. Það má e.t.v. segja að einmitt sú aðferð hafi markað óvissu málsins og vissan kvíða sem menn hafa varðandi það mál þó að nýjustu fréttir bendi til þess núna að allt horfi í rétta átt og hafi svo sem gert það. Þetta tekur sinn tíma. Hins vegar hefðum við í stjórnarandstöðunni kosið að ríkisstjórnin hefði ekki lagt fram lánsfjárlögin og breytingarnar við lánsfjárfrv. eins og hún gerði, þ.e. að taka inn Columbia-pakkann við þessa afgreiðslu. Við hefðum talið eðlilegt af því að menn vita ekki hvað af þessu verður, vonandi verður af þessum framkvæmdum að ríkisstjórnin eftir áramót, kannski í febrúar, mars apríl eða hvenær sem það hefði verið nauðsynlegt, hefði aflað sér heimilda á hinu háa Alþingi til að tryggja fjármögnun á þeim þáttum sem nauðsynlegir eru. Vitaskuld verða þessar heimildir ekki nýttar núna strax eftir áramót. Þær verða ekki nýttar fyrr en það liggur fyrir að samningar náist um þetta mál. Þetta hefðum við talið betri vinnubrögð og heppilegri með tilliti til stöðu málsins. Hins vegar er hægt að segja að það er líka nokkuð óheppilegt, úr því að þetta er komið fram í stjfrv. af hálfu ríkisstjórnarinnar, að draga það til baka til framlagningar síðar. Það má segja að úr því að það var lagt fram er ekki annað hægt en að láta heimildirnar ná fram að ganga. Við í minni hlutanum höfum sett ýmsa varnagla við framkvæmd þess máls og viljum fylgjast vel með því og erum að því leytinu til sammála meiri hluta efh.- og viðskn.

Það eru nokkur atriði sem tengjast þessu frv. sem við höfum gagnrýnt og ber að ræða í þessu samhengi. Við höfum bent á að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir einungis 2% hækkun úr almannatryggingakerfinu á næsta ári. Áður fyrr voru þessar hækkanir miðaðar við breytingar á launum. Við munum flytja við annað þingmál brtt. um að færa þetta í fyrra horf vegna þess að við teljum að hér sé ranglega að farið gagnvart þeim einstaklingum sem njóta bóta úr almannatryggingakerfinu. Það er ekki sá hópur sem breiðust hefur bökin í þjóðlífinu.

Sömuleiðis höfum við vakið athygli á, og tengist þessu frv. að hluta, þeirri sérkennilegu stöðu hvað tekjuskattur einstaklinga hefur aukist í þjóðfélaginu og langt umfram áætlanir vegna þess að í síðasta fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 17 millj. í tekjuskatt einstaklinga. Niðurstaðan varð 21 og núna fyrir 2–3 dögum urðum við að endurmeta tekjuáætlunina fyrir næsta ár fyrir fjárlagafrv. og þar var gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga mundi hækka um 1 milljarð. Þetta gerist á sama tíma og tekjuskattur fyrirtækja minnkar og staðfestir það sem við höfum haldið fram frá því að þessi ríkisstjórn tók við, sem hefur verið lykilatriði í efnahagsstefnu hennar, að það eru einstaklingarnir sem eru látnir bera meira og meira af sköttum til ríkisins. Á sama tíma og skattar þeirra hækka hafa skattar á fyrirtæki lækkað. Þetta er ekki góð efnahagsstefna að okkar mati og þessi forgangsröðun kemur mjög skýrt fram í þessum tölum.

Síðasta snilldarverk ríkisstjórnarinnar var kynnt í efh.- og viðskn. í gær. Það er að hreyfa ekki til bætur í sambandi við tekju- og eignarskatt sem hefur verið breytt einu sinni á ári hin síðari ár, þ.e. barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur, sjómannaafsláttur og persónuafsláttur. Þetta er látið standa óbreytt til að safna upp í mögulegar skattalækkanir í kjölfar jaðarskattabreytingar eins og fjmrh. hefur boðað. Þetta teljum við vera aðferðafræði sem er satt best að segja til vansa, að menn skuli ætla sér að mæta við samningsgerð núna eftir áramót með 800 millj., sem eðlilegt hefði verið að létta af einstaklingum hér á landi, og ætla að leika jólasvein í janúar eða febrúar með gjöfum sem þetta sama fólk hefur greitt. Við teljum það vera mjög ámælisverða stefnumörkun sem kemur fram í þessari útfærslu hæstv. ríkisstjórnar. Vafalítið á þessi gagnrýni eftir að heyrast í umræðu um fleiri mál hvort sem er í kvöld eða á morgun.

Það fór mikið fyrir umræðu í sambandi við lánsfjárlögin um þensluáhrif vegna álversframkvæmdanna. Sérfræðingar boðuðu að það væri nauðsynlegt að skera mjög niður og tilgreint sérstaklega í samgöngumálum og í skólabyggingum. Það varð minna úr því af hálfu ríkisstjórnarinnar heldur en upprunalega var rætt um. Hins vegar er augljóst ef litið er í kringum sig í þessu umhverfi, og það er ekki úr vegi að minna einmitt á þegar verið er að ganga frá síðustu lögum tengdum efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að rifja upp þær fréttir sem bárust frá mæðrastyrksnefnd þar sem beiðnir um aðstoð hafa aldrei verið meiri. Þetta segir okkur mikið um það umhverfi sem við búum núna í því að nú er hægt að segja að ríkisstjórnin sé komin yfir sinn reynslutíma. Hún hefur starfað í eitt og hálft ár. Ég fullyrði að fjölmargir einstaklingar í þessu þjóðfélagi hafa það betra en þeir höfðu fyrir einu og hálfu ári. Hins vegar fullyrði ég að í mjög mörgum tilfellum séu það einmitt þeir einstaklingar sem höfðu það ágætt áður en það eru fjölmargir einstaklingar í þjóðfélaginu sem minna mega sín sem hafa ekki haft það gott og ég tel að staða þeirra hafi versnað. Það er hægt að benda á fjölmargar tölur því til sanninda, til að mynda skuldaaukningu heimilanna. Í lok þessa árs verða skuldir heimilanna komnar upp í 350 milljarða og hafa aukist á þessu ári um marga milljarða. Það er þannig, herra forseti, að það góðæri sem stundum má lesa í hagtölum fyrir þetta ár og síðasta ár, góðæri hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, eins og það hefur oft verið nefnt, hefur komið sumum vel, e.t.v. þeim sem voru í ágætri stöðu fyrir. En þetta góðæri hæstv. ríkisstjórnar hefur farið fram hjá mjög mörgum einstaklingum í okkar þjóðfélagi.

[20:41]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert hve hv. ágætir stjórnarandstæðingar rugla saman því sem má segja að sé skattahækkun og því sem því fylgir að einhver tiltekinn skattur skilar meiri tekjum. Ég kannast ekki við að það hafi verið nein hækkun á tekjuskatti. Tekjurnar af skattinum hafa hins vegar aukist og af hverju skyldi það nú vera? Vegna þess að tekjur almennt í þjóðfélaginu hafa aukist. Tekjur aukast milli 1995 og 1996 væntanlega um 10% sem er mikið fagnaðarefni. Það gæti kannski verið, hæstv. forseti, að þær breytingar sem hafa orðið á skattalegu umhverfi fyrirtækjanna séu númer eitt að skila sér í auknum tekjum almennings, getu fyrirtækjanna til þess að greiða hærri laun sem þar með skilar ríkissjóði hærri tekjuskatti. Og í annan stað, númer tvö, að fyrirtækin eru farin að fjárfesta meira

sem mun í framtíðinni skila sér í enn þá betri möguleikum fyrirtækjanna til þess að greiða hærri laun og ná enn þá meiri tekjum í ríkissjóð. Síðan tala menn mikið um að tekjurnar af tekjuskatti einstaklinga hafi aukist. Ég tel að það sé mikið fagnaðarefni að svo sé og sýnir einmitt að þetta skattkerfi er mjög til þess fallið að jafna sveiflur í hagkerfinu, hamla á móti þenslu þegar uppgangur er en síðan dregur það úr samdrættinum þegar erfiðar gengur.

[20:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var vægt sagt meiri þvælan sem hv. formaður efh.- og viðskn. var að fara með. Það er alveg augljóst að það sem verið er að gera núna er að láta standa óbreytt persónuafslátt, barnabætur, barnabótaauka, sjómannaafslátt og allar þær stærðir sem tengjast tekjuskattsálagningu. Þessar tölur eru venjulega hækkaðar um áramót vegna þess að það er verðbólga í landinu. Það er 2–3% verðbólga í landinu og menn eru að fá þó menn séu að greiða sama skatt í janúar og þeir gera núna, þá hafa orðið verðlagshækkanir. Það er þess vegna sem menn hafa breytt þessum stærðum ár eftir ár. Þess vegna m.a. er verið að hækka bæturnar úr almannatryggingakerfinu um 2%. Það eru að vísu bara 2%, það er undir þeim launahækkunum sem eru væntanlegar á næsta ári. Þetta veit hv. þm. mætavel. Hér er verið að lauma inn skattahækkunum. Við getum orðað það öðruvísi: Hér er verið að lauma í gegn skattabreytingum gagnvart einstaklingum. Þeir hefðu greitt aðeins minni skatt á næsta ári sem er fullkomlega eðlilegt vegna þess að það er verðbólga í þessu landi og menn hafa alltaf aðlagað þessar stærðir. Menn voru með þær sjálfvirkar á tímabili þannig að þær breyttust oftar en einu sinni á ári. Um þetta snýst málið og það hefur alveg legið ljóst fyrir og fjmrh. hefur sagt það. Þetta er tekjuöflunartæki fyrir jaðarskattanefnd. Það var líka tekjuöflunartæki fyrir jaðarskattanefnd og var í rökstuðningi ríkisstjórnarinnar þegar hlutabréfaafslátturinn átti að vera afnuminn um áramót. Þá var sagt í greinargerð með því frv.: Þetta á að gefa okkur svona 600 millj vegna þess að við þurfum að hafa pening fyrir jaðarskattanefndina. Það er alveg augljóst til hvers á að nota jaðarskattanefndina eftir áramót. Það er alveg augljóst. Það þarf ekki hv. þm. Vilhjálm Egilsson til að segja okkur það. Auðvitað verður það lykilatriði í kjarasamningunum við næstu áramót. Það á að láta launþegana greiða fyrir kjarasamningana með skattahækkunum sem eru lagðar á þá í desember.

[20:45]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að hv. þm. fjallaði ekkert um það sem ég var að segja í mínu andsvari vegna þess að það sem hv. þm. talaði um var það sem kemur til með að gerast á næsta ári. En ég var að gera athugasemdir við það að hv. þm. ruglaði saman fyrir 1996 skattahækkunum og því að sami skatturinn hefði skilað hærri tekjum vegna þess að fólk hefur fengið meiri tekjur og þess vegna borgað meiri skatta. Það er algerlega tvennt ólíkt, hæstv. forseti.

Varðandi það sem hann segir um persónuafsláttinn er því til að svara að að sjálfsögðu er það skynsamlegt að ræða persónuafsláttinn og fjárhæðarmörk í samhengi við jaðarskattana og í samhengi við þá kjarasamninga sem munu koma til á næsta ári. Ég spyr: Væri einhver sérstök skynsemi í því að hækka persónuafsláttinn núna um 2%, til þess að nefna einhverja tölu, áður en menn vita hvernig kjaraþróunin er, fyrst það er svona mikið atriði að hækka persónuafsláttinn í tengslum við kjaraþróunina og þurfa svo að hækka hann kannski aftur eða vera búinn að eyðileggja fyrir sér ákveðna möguleika til þess að fjalla um ákvörðun á tekjuskatti þegar að kjarasamningum kemur? Ég verð að biðja hv. þm. að hugsa aðeins betur um það sem hann er að segja en koma ekki hér upp og vera í einhverju eilífðarfýlukasti út af þessu máli sem er alger óþarfi. Ég held að hv. þm. ætti einmitt að fagna því að tekjurnar eru að aukast í þjóðfélaginu, um 10% milli 1995 og 1996. Þetta skilar hærri tekjum í ríkissjóð og ástæðan fyrir þessu er m.a. sú að þær betrumbætur sem voru gerðar á skattalegu umhverfi fyrirtækjanna eru farnar að skila sér í hærri tekjum einstaklinganna, fyrirtækin geta greitt hærri laun og eru núna farin að fjárfesta.

[20:47]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. verði líka að hugsa sín mál. Það er alveg greinilegt hvað hér er verið að gera. Það á að nota persónuafsláttinn sem skiptimynt í samningum. Það er alveg augljóst og þarf ekkert að vera að bera á móti því. Það er upplegg ríkisstjórnarinnar við þessa útfærslu því það hefur ekki verið gert áður með þessum hætti að persónuafsláttur og barnabætur verða óbreyttar. Það er dýrara að láta börn komast af á næsta ári heldur en á þessu ári vegna þess að það er verðbólga í landinu, herra forseti, sem hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni ætti að vera ljóst. Það þarf ekki að ræða það, þetta er alveg augljóst.

Hitt málið sem hann nefndi og ég hef dregið fram í dagsljósið er varðandi 6 milljarða tekjuaukningu ríkissjóðs á þessu ári. 4 milljarðar af því eru vegna aukningar á tekjuskatti einstaklinga. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að tekjur í landinu hafa hækkað verulega á þessu ári. Mun fleiri einstaklingar lenda í hærra skattþrepi en áður. Það er á sama tíma og við þurfum að endurmeta ríkisstjórnaráætlanir. Í hvert skipti sem kemur að endurskoðun þarf að hækka tekjuskatt einstaklinganna. En á sama tíma þarf alltaf að endurmeta tekjuskatt fyrirtækjanna. Hvar er góðærið gagnvart þeim? Af hverju borga þau þá ekki hærri tekjuskatt fyrst það er svona mikið góðæri og tekjuaukning í landinu? Það er vegna þess að ríkisstjórnin hefur haft þá stefnu að láta einstaklingana bera þyngri hlut af útgjöldum ríkisins á sama tíma og hún léttir þessum útgjöldum af fyrirtækjunum. Það hefur verið lykilatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar. Hún á bara að standa hér upp og segja: Þetta hefur verið okkar stefna. Hún hefur gengið upp. Það eru meiri álögur á einstaklinga núna heldur en var fyrir einu og hálfu ári þegar þeir tóku við og það eru léttari álögur á fyrirtækin heldur en þau voru fyrir einu og hálfu ári. Þetta hefur verið stefnan og þannig hefur hún komið fram og þeim hefur tekist þetta ætlunarverk sitt.

Við í stjórnarandstöðunni erum andvígir þessari stefnu, en það eru tölurnar sem tala sínu máli um stefnu ríkisstjórnarinnar. Þessi aðferð að koma svona lúalega aftan að launþegum í sambandi við þá kjarasamninga sem menn eiga eftir að gera í janúar/febrúar finnst mér vera fyrir neðan allar hellur, herra forseti.

[20:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu hefur verið beint til mín nokkrum fyrirspurnum sem ég vil leitast við að svara þar sem ég hygg að það sé komið nokkuð nærri lokum umræðunnar. (**SJS:** Það er nógu mikið eftir.) Já, hvort sem það er nú óskhyggja eða ekki, þá leyfi ég mér að vona það.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon ræddi hér, eins og reyndar hv. síðasti ræðumaður, um tekjuskatt af fyrirtækjum. Reyndar svaraði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sjálfum sér þegar hann benti á þær skýringar sem fram hafa komið um breytingar á áætlun vegna tekna af tekjuskatti fyrirtækjanna. En það má ekki gleyma því að fyrir einu eða tveimur árum síðan, samkvæmt ríkisreikningi, voru tekjur af tekjuskatti fyrirtækja einungis rúmir 3 milljarðar. Í áætlun yfirstandandi árs og reyndar í áætlun sl. árs voru þannig verulegar hækkanir sem komu fram í tekjuskatti fyrirtækjanna svo mjög miklar að stjórnarandstæðingar á þeim tíma bentu á að það hlyti að hafa verið vanáætlaðar tekjurnar af sköttum á fyrirtækin. Þannig var það fyrir ári síðan. Nú snýst málflutningurinn alveg við. Það er alveg rétt hjá hv. stjórnarandstæðingum að það þarf að breyta þessum áætlunum vegna þess að sjálfsagt hefur það gerst við undirbúning fjárlagagerðarinnar að menn hafa áætlað nokkuð ríflega tekjuskattinn. Við höfum verið að breyta núna fyrir næsta ár og um það hefur verið fjallað í umræðunum um tekjuskatt og eignarskatt fyrr á haustþinginu. Verið er að gera breytingar á lögunum um tekjuskatt fyrirtækja. Þar á meðal er verið að lengja í fyrningarfresti og gefa meiri sveigjanleika til þess að fyrirtækin geti lagað afkomu sína innan hagsveiflunnar á hverjum tíma og einnig með því að lengja heldur í yfirfæranlegum tapsfrádrætti. Þetta verða menn að hafa í huga. Og alveg eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson benti réttilega á, þá hefur það gerst hér á landi, og sjálfsagt er það eitt mesta afrek þeirrar stjórnar sem þá sat, að hafa lagað þannig stöðu fyrirtækjanna að hér framkallaðist ekki nálægt því eins mikið atvinnuleysi og í nágrannalöndunum sem hafa svipaða uppbyggingu, eins og önnur lönd á Norðurlöndum og einnig hitt að núna hafa fjárfestingar þessara fyrirtækja aukist svo mikið að fjárfesting hér á landi, sem hefur legið í láginni á nokkrum undanförnum árum, hefur tekið slíkan kipp að á næsta ári er gert ráð fyrir því að fjárfestingarhlutfall af vergri landsframleiðslu fari upp fyrir meðaltalið hjá OECD ef okkur tekst að laða til okkar það álver sem um hefur verið rætt.

Hv. þm. vék síðan að virðisaukaskattinum og fannst bogið við það hvernig áætlanir hefðu lækkað varðandi virðisaukaskattinn. Þá verð ég enn að rifja upp að á síðari hluta ársins í fyrra kom í ljós einmitt um það leyti sem fjárfestingar voru að aukast í fyrirtækjunum að virðisaukaskatturinn skilaði nettó inn í ríkissjóð minna en búist hafði verið við á árinu 1995. Þegar verið var að áætla fyrir árið 1996 var sett inn í tekjuáætlun fjárlaga yfirstandandi árs veruleg upphæð til viðbótar vegna þess að menn töldu að það væri skammtímatöf í kerfinu. Nú kemur í ljós á yfirstandandi ári að töfin er lengri.

Nú gætu menn spurt: Hvernig stendur á því að menn geta ekki reiknað þetta einfaldlega út í fjmrn.? Ástæðan er sú að þetta kerfi er nýtt og í raun og veru höfum við aldrei búið fyrr við virðisaukaskattskerfi með innskatti og útskatti í uppsveiflu þar sem fjárfesting hefur verið að aukast. Þetta er áreiðanlega meginskýringin á því hvers vegna virðisaukaskatturinn er minni samkvæmt þessari tekjuáætlun heldur en gert hafði verið ráð fyrir. Ég minni á að áætlunin fyrir yfirstandandi ár var stórkostlega aukin vegna þess að menn bjuggust við því að þetta mundi skila sér. Nú er verið að leiðrétta til baka. Ég verð hins vegar að segja það eins og hv. þm. að mér finnst full ástæða til þess, og hef gert ráðstafanir til þess að það verði gert, að kanna þetta mjög nákvæmlega með því að gera stikkprufur hjá virðisaukaskattsgreiðendum og kanna hvort hér sé eingöngu á ferðinni auknar fjárfestingar eða hvort skýringanna er að leita í því yfirliti sem er að finna á bls. 265 og 266 í fjárlagafrv. þar sem eru gefnar einar þrjár eða fjórar skýringar á því hvernig á þessu getur staðið. Ég tek undir það með hv. þm., og reyndar öðrum hv. þingmönnum sem hafa rætt þetta mál, að það er fyllsta ástæða fyrir skattyfirvöld og fjmrn. að fylgjast mjög náið með því hvaða breyting er að eiga sér stað í virðisaukaskattinum.

Ég vil taka það fram að þetta er ekki bundið við Ísland. Það virðist hafa gerst og vera alþjóðleg þróun að menn eru annaðhvort að læra betur á þessa skattheimtu, koma fjárfestingunum og innskattinum sem fer til frádráttar betur fyrir. Þetta þarf auðvitað að kanna mjög rækilega og ég tek undir það. Það er skylda yfirvalda að reyna að komast til botns í því máli. Þó meginskýringin sé náttúrlega ljós, þá kunna að vera aðrar skýringar einnig sem við þurfum að leita eftir að geta svarað.

Hv. þm. spurðist síðan fyrir um það hvort tekjuáætlun fjárlaga stæðist. Ég hygg að það sé erfitt að svara þeirri spurningu nú. Þetta er áætlun og verður ekkert nema áætlun. Það sem á eftir að hafa áhrif á þessa áætlun er fyrst og fremst tvennt: Annars vegar kjarasamningar og hins vegar fjárfestingar erlendra aðila sem hugsanlega koma hingað til landsins. Hvort tveggja getur haft veruleg áhrif á tekjuáætlun fjárlaga. Kjarasamningar vegna þess að ef um verulegar tekjubreytingar verður að ræða hjá fólki mun það örugglega framkalla meiri tekjur eins og hér hefur verið bent á. Og í raun alveg burt séð frá því hvort einhver innstæða er til þess að greiða slík laun þá mun ríkissjóður hagnast á því ef tekjur einstaklinga munu hækka verulega á næsta ári. Eins er ljóst að ef um væri að ræða fjárfestingar við orkuver og iðjuver, þá mun það auðvitað auka veltu. Það mun þess vegna auka skatta. Þótt erfitt sé að gera nákvæmlega grein fyrir því, þá hygg ég að það megi slá á tölur eins og 500 millj. til 1 milljarðs eða einhvers staðar á því bili ef af því verður. Þetta er allt reyndar innan skekkjumarka þegar það er haft í huga að við erum að tala um heildarupphæð sem er vel yfir 100 milljarðar, kannski 120 milljarðar kr. Menn sjá að hér er verið að tala um eitthvað innan við 1% af heildartölunni.

Síðan kem ég að því sem menn hafa gert mest úr og af því að umræða hefur orðið nokkur um skattamál undir þessum lið, sem kannski er ekkert óeðlilegt og ekkert við því að segja. Menn hafa verið að halda því fram að það sé verið stela einhverju af fólki, það sé verið að stela einhverju og hækka skatta viljandi á fólki. Annaðhvort er vísvitandi verið að beita blekkingum eða þá fólk áttar sig ekki á því hvað er að gerast. Það sem málið snýst um er ósköp einfaldlega að í stað þess, sem hugsanlega var hægt, að hækka persónuafsláttinn um 2% sem nemur um það bil áætlaðri verðbreytingu á milli ára, er hugmyndin sú að það verði kannað með hliðsjón af starfi nefndar sem fjallar um jaðarskattinn m.a. hvort skila eigi skattinum til baka í persónuafslætti og öðrum afsláttum eða með því að draga úr tekjutengingu í skattkerfinu. En það liggur algerlega fyrir, þótt annað sé gefið í skyn og nú heyrði ég síðast einn af verkalýðsforkólfum þessa lands, formann Rafiðnaðarsambandsins fjalla um þetta mál, mér liggur við að segja af slíkri fáfræði að annað eins hefur bara ekki heyrst lengi, að það er áætlað að þessu sé skilað og þess vegna eru tekjurnar í tekjuáætluninni ekki hækkaðar upp að sama skapi. Hvað felst í því? Í því felst yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og reyndar meiri hlutans, verði fjárlögin samþykkt eins og þau eru, að þessu fjármagni verði skilað. Það liggur fyrir.

Annars hefðum við auðvitað sett þetta inn í tekjuáætlunina, hækkað hana um 800 millj. og komið út með fjárlög sem hefðu skilað meiri afgangi en gert er ráð fyrir. Því miður er sá afgangur allt of lítill. Þetta verða menn að hafa algerlega í huga. Svo segja menn: Það er verið að selja eitthvað tvisvar eða þrisvar. Það er alveg hárrétt að þegar rætt var um hlutabréfaafsláttinn voru okkar áætlanir á þann veg að reyna að nýta þá fjármuni sem þar spöruðust fyrir jaðarskattanefndina. Nú vita hv. þingmenn, sérstaklega þeir sem töluðu áðan, að fyrstu hugmyndir ríkisstjórnarinnar sem komu fram í því frv. urðu ekki að lögum. Vegna þess að menn ákváðu að fresta því að draga niður hlutabréfaafsláttinn af þeim ástæðum að menn töldu að það stæðist kannski ekki lög vegna afturvirknissjónarmiða. Þess vegna gerist það á næsta ári að menn geta ekki nýtt þann sparnað sem þá verður. Það liggur náttúrlega alveg í augum uppi, enda hefði hann aldrei komið fram fyrr en 1998, menn hljóta að sjá það og sá sparnaður, eða meiri tekjur ríkisins, verða ekki til ráðstöfunar fyrr en í fyrsta lagi á árunum 1998–2000 þegar þetta kemur inn í nokkrum þrepum. Þetta bið ég menn að hafa í huga.

Ég vil benda á það líka að í umræðum í þessari svokölluðu jaðarskattanefnd hafa menn verið að velta fyrir sér fleiri atriðum. Þar hafa menn verið að velta því upp hvort ekki eigi að skoða aðra afsláttarliði. Ég tel eðlilegt að það gerist. Menn hafa líka verið að kanna hvort ástæða sé til þess að skattleggja bæturnar í skattkerfinu vegna þess að með því fengju menn ekki þessi snöggu jaðaráhrif sem nú eru í kerfinu. Þetta hefur verið skoðað af hagfræðingum sambandanna á vinnumarkaði og eins fjmrn. til þess að kanna hvort við gætum eytt jaðaráhrifunum eða a.m.k. mýkt þau með slíkum aðgerðum.

Ég vil enn fremur benda á að menn hafa jafnframt verið að kanna í þessu kerfi hvort ástæða sé til þess að hafa þrep í tekjuskattinum, hverfa jafnvel alveg frá persónuafslættinum en hafa tvö eða þrjú þrep. Vandamálin við það eru hins vegar svo mikil að ég tel að það sé meira en að segja það vegna þess að með því erum við nánast að koma í veg fyrir það að hægt sé að greiða tekjuskatt í staðgreiðslu. Eins og allir muna sem voru á þingi þegar verið var að breyta tekjuskattslöggjöfinni, þá var það meginatriðið til þess að hægt væri að taka upp staðgreiðslu í tekjuskattinum að skattþrepið væri eitt. Nógu erfitt væri að halda úti svokölluðum hátekjuskatti sem er lagður á, þ.e. 5% fyrir ofan ákveðin tekjumörk. Þetta finnst mér vera ástæða til þess að minna á af því að ég heyrði í útvarpinu að menn eru ekki alveg klárir á þessu hvað eru tekjur og gjöld. Það er ekki verið að tala um að stofna til útgjalda. Það er verið að tala um að lækka tekjur þegar við erum að tala um þennan skatt.

Það er þannig í bókhaldi fjárlaganna að það eru nettótölur bæði gjalda- og teknamegin og allir afsláttar- og frádráttarliðir í tekjuskattskerfinu koma fram sem lægri tekjur en ekki sem útgjöld þótt það kunni að breytast að nokkru marki ef fjárreiðufrv. verður að lögum. Það er rangt sem kom fram í útvarpinu að það ætti að auka útgjöld sem þessu nemur. Menn eru að tala um að lækka tekjur sem þessu nemur. Það er mikilvægt að þeir sem fjalla um þessi mál, hvort sem þeir eru á fjölmiðlum eða á þingi, glöggvi sig á svona hlutum því að hér er um flókna hluti að ræða og viðkvæma og það er auðvitað ekki gott þegar menn eru að koma röngum skilaboðum út í þjóðfélagið. Af því að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallar af dálítilli léttúð um þessi mál, eins og það sé í fyrsta skipti sem menn eru að tala um persónuafsláttinn, þá langar mig til að rifja það upp hvernig þetta var þegar hann var í ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** Gerðu það.)

Það er nefnilega þannig (Gripið fram í.) að í frv. til fjárlaga — ég heyri að hv. þm. verður heldur ókyrr í sæti sínu, já, já, það heyrist, það brakar í stólnum. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var fjallað mjög ítarlega um þetta mál. Þar er rifjað upp hvað gerðist í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1988–1991. Og Steingríms Sigfússonar. Það sem gerðist þá var að skatthlutfallið jókst um 4,3%. Og hvað gerist þegar skatthlutfallið hækkar? Það sem gerist þá, ef persónuafslátturinn er fastur eða fylgir eingöngu verðlagi, er að þá dragast frítekjumörkin niður. Þetta er augljóst. Með því að hækka tekjuskattinn stórkostlega, halda persónuafslættinum á verðlagsbreytingum en engu öðru, þá breytti sú ríkisstjórn sem þá sat skattleysismörkunum gífurlega. Svo segja menn: *En hvað hefur síðan gerst? Hvað hefur gerst í fjármálaráðherratíð þess sem stendur hér?* Hefur ekki skatthlutfall tekjuskattsins stórkostlega hækkað? Við skulum kanna það.

Skatthlutfallið hækkaði um 0,35% þegar virðisaukaskatturinn var tekinn af matvælum, úr 24,5% niður í 14, 0,35%, en síðan kom fram 1,7% lækkun þegar það var ákveðið að 4% iðgjöldin í lífeyrissjóðina yrðu frádráttarbær. Það sem núv. ríkisstjórn hefur með öðrum orðum gert í tekjuskattinum er að lækka tekjuskattshlutfallið. Hins vegar hefur það gerst að útsvörin hafa hækkað. Og af hverju hækkuðu útsvörin? Vegna þess að við tókum af sveitarfélögunum tekjustofna eins og aðstöðugjaldið, en bættum þeim upp að stórum hluta til í gegnum útsvarið.

Það er ekki víst að allir átti sig á því að þótt ríkið taki þrisvar sinnum hærra hlutfall í staðgreiðslunni en sveitarfélögin, þá fá sveitarfélögin hér um bil helmingi hærri tekjur úr staðgreiðslunni heldur en ríkið nettó. Ríkið þarf að greiða sveitarfélögunum til baka útsvar af öllum tekjunum, líka þeim tekjum sem liggja undir skattleysismörkunum, sem ríkið fær frá fólki sem koma fyrir ofan skattleysismörkin. Þetta er meginskýringin. Nú þegar það er að gerast vegna yfirfærslu grunnskólans að útsvarið er að hækka verulega og tekjuskatturinn er aftur að lækka, ég hef ekkert fjallað um það, þá erum við komin í alveg nýja stöðu í tekjuskattsmálum þjóðarinnar.

Ég bið menn um að hugleiða að það kann að vera svo komið nú að nauðsynlegt sé að staldra við, íhuga hvort við séum á réttri leið og hvort þessi tekjustofn sé til framtíðar nægilega góður fyrir ríkið. Vegna þess, virðulegi forseti, að íslenska skattkerfið er svo gífurlega tekjujafnandi að eftir því sem hlutföllin lækka hjá ríkinu, þeim mun erfiðara er að koma allri tekjujöfnun til skila án þess að jaðaráhrifin verði óþolandi. Þetta þurfa menn að ræða við aðila vinnumarkaðarins og það hefði verið fyllsta óráð að ríkisstjórnin tæki fram fyrir hendur á nefndinni og ákvæði nú: Við skulum bara hækka persónuafsláttinn um 2%. Það var miklu eðlilegra, þrátt fyrir það að engar launabreytingar hefðu orðið í landinu, að líta þannig á: Við skulum bíða en við gefum út þá yfirlýsingu að jafngildi þessarar fjárhæðar mun fara í að lækka tekjuskatta.

Það er auðvitað snjallt í áróðrinum að segja: Sjáið þið fjmrh. Hann er þjófur. Hann er að stela. Hann er að hækka skattana. En menn verða að vera sanngjarnir og viðurkenna það sem er staðreyndin í þessu máli og það er að í fjárlagafrv. er ákvæði um að skila þessum fjármunum til baka og því er lýst og það hefur enginn dulið neinn nokkurs í þessu máli.

Þetta held ég, virðulegi forseti, að sé nauðsynlegt að komi fram vegna þess hve umræðurnar hér hafa orðið miklar um tekjuskattinn. Ég vil hins vegar í lokin þakka hv. þingmönnum fyrir þessa umræðu. Út af fyrir sig ætla ég ekki að bera mig undan því að taka þátt í henni. Hún er mikilvæg, en það er jafnframt afar mikilvægt að hinir réttu hlutir komist skýrt til skila en valdi ekki upplausn og óánægju þegar engin þörf er á slíku.

[21:10]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það sé alveg ljóst í þessari umræðu að hæstv. fjmrh. er að slá ryki í augun á fólki í sambandi við sína framsetningu. Fyrir ári lagði þessi ríkisstjórn fram frv. um að hækka persónuafslátt, barnabætur, barnabótaauka og fleiri liði sem tengjast álagningu skatta. Hún gerði það vitaskuld svipað og launin, sama ákvörðun og hefur oft verið tekin í íslensku þjóðlífi. Nú hækkar ríkisstjórnin ekki barnabætur. Við skulum láta persónuafsláttinn aðeins liggja á milli hluta. Hún hækkar ekki barnabótaukann. Þetta eru einfaldar tölur sem fólkið fær. Það fær sömu barnabætur og barnabótaauka á næsta ári og á þessu ári þrátt fyrir verðbólgu. Fjmrh. segir, og ég ætla ekkert að efast um það: Ég ætla að skila þessu aftur. Ég tel mig þurfa að eiga svigrúm við samninga. Það verðum við að draga fram. Fjmrh. er að gera þetta í fyrsta skipti, hann gerði þetta ekki í fyrra þó það væru samningar. Hann er núna að leggja inn til að eiga fyrir kjarasamningunum sínum og koma að þeim eins og hann lýsti hér áðan.

Ég hef áhyggjur af því, og það getur vel verið að fjmrh. sé ekki sammála mér í því, hvað tekjuskatturinn er orðinn hár í okkar þjóðfélagi. Hann er 43 milljarðar. Það fara í kringum 23 til ríkisins og 20 til sveitarfélaganna og svo getur maður fært 6 milljarðana á milli í sambandi við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna. Þar eru 16–17 milljarðar en það er eðlilegt við samanburð milli ára að bæta við 6 milljörðum vegna þessa flutnings því að skattur ríkisins hefur náttúrlega lækkað. Um þetta þurfum við í sjálfu sér ekki að deila. Ég hef hins vegar áhyggjur af þessu. Tekjuskatturinn er orðinn næstum jafnhár og virðisaukaskatturinn. Fólk er að lenda í hærra skattþrepi og hærri jaðarsköttum. Þetta mun hugsanlega leiða til þess að fólk fari meira í neðanjarðarhagkerfið. Við í þingflokki jafnaðarmanna erum að vinna að tillögum til að takast á við þennan vanda. Ef til vill er fjmrh. að því líka en það var ekki það sem málið snerist um hér.

[21:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig kannski litlu að svara. Ég held að hv. þm. hafi sagt hlutina þannig að það er tæplega ástæða til að svara því. En ég vil þó leiðrétta eitt.

Um svipað leyti í fyrra stóðum við hér í þinginu við að afgreiða fjárlög og skattafrv. Það voru engir kjarasamningar fram undan því að kjarasamningarnir voru gerðir til tveggja ára. Voru einhverjar breytingar gerðar á skattinum? Muna menn það? Jú, tekjuskatturinn var lækkaður um það sem nam 500 millj. kr. með því að taka niður jaðaráhrifin hjá barnafólki með nokkur börn. Það kostaði 500 millj. Var verið að gera það í tengslum við kjarasamninga? Það var ekki. Menn voru þar að taka fyrsta skrefið í þá átt að reyna að laga jaðaráhrifin. Ég vil segja það hér að mér finnst koma mjög sterklega til greina að menn hugsi það, og ég bið hv. þingmenn um að hugsa það, að við ættum kannski ekki í framtíðinni að leggja aðaláhersluna á að hækka persónuafsláttinn heldur fyrst og fremst að beina sjónum okkar að því fólki sem á kannski hvað erfiðast, fólki sem skuldar námslán, fólki sem skuldar vegna íbúðarbygginga eða íbúðarkaupa og fólki er með mikil útgjöld vegna þess að það er með börn. Það kann að vera betri nýting á fjármununum, sem eru dregnir frá skatti, að beina þeim til þessa fólks í stað þess að láta alla hafa litlar upphæðir, hvort sem þeir þurfa á því að halda eða ekki eins og persónuafslátturinn vissulega gerir.

[21:14]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að málið sé aðeins að skýrast. Það sem við erum að gagnrýna er það sem ríkisstjórnin er að gera núna. Hún hækkar ekki barnabæturnar, hún hækkar ekki barnabótaaukann eins og hún gerði í fyrra. Fjmrh. hefur lýst því af hverju hann gerir þetta ekki. Hann ætlar að nota þetta við kjarasamningagerðina núna eftir áramót. Bætur í almannatryggingakerfinu eru hækkaðar um 2% og ég veit að fjmrh. veit alveg af hverju það er. Það er vegna þess að það er nokkur verðbólga í landinu og hann vill ekki skerða hlut þessa fólks meira, jafnvel þó að launin hækkuðu um 3, 4 eða 5%. Fjmrh. gæti kannski svarað því. Ætlar hann þá að hækka bæturnar í almannatryggingakerfinu? Hann getur svarað því við þetta tækifæri eða síðar. Hann verður spurður að því.

Við erum fyrst og fremst að draga fram aðferðafræði ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu fjárlaga því það hefði verið eðlilegt að hækka persónuafsláttinn og barnabæturnar og í samræmi við ríkisstjórnarstefnuna að hækka það um 2%. Taka síðan á í kjarasamningum, það skipti ekki máli. En þessi aðferðafræði — að ætla að gera þetta með þessum hætti og selja síðan hækkun á barnabótum gagnvart fólkinu, sem hann var að vorkenna hér — barnafólkinu, því það þyrfti fyrst og fremst að gera eitthvað fyrir það. Af hverju hækkaði hann þá ekki barnabæturnar núna? Af því hann vill ekki gera það. Hann vill hækka þær í janúar eða febrúar í tengslum við kjarasamningana þannig að hann sleppi aðeins billegar frá kjarasamningunum. Þetta er svo augljóst. Það sér hver einasti maður hvað fjmrh. er að gera í þessu efni og það er það sem við erum að gagnrýna, herra forseti.

[21:16]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum forseta að halda ræðu, það er alveg sjálfsagt mál. (**Gripið fram í:** Stutta.) Stutta ræðu.

Í fyrsta lagi það sem hæstv. fjmrh. nefndi um tekjuskatt fyrirtækjanna. Það leyndi sér náttúrlega ekki hverjum hæstv. fjmrh. vorkennir. Hann færði það þeim sérstaklega til málsbóta að þau hefðu nú orðið að taka á sig þó nokkra hækkun frá því að fyrir nokkrum árum hefði tekjuskatturinn ekki verið nema 3 milljarðar. Og hvað með það? Ég hélt satt best að segja að menn væru yfirleitt að gera sér vonir um það að fyrirtækin kæmu nú, með batnandi afkomu, með vaxandi krafti inn í það að leggja til samneyslunnar. Vissulega hafa menn haft skilning á erfiðleikatímabili í atvinnulífinu fyrir og kringum 1990. Þess sá auðvitað verulega stað í skattalegum málum fyrirtækjanna og það er mikið uppsafnað tap sem rúmar frádráttarreglur leyfa þeim að nota inn í framtíðina. En menn voru að vonast til þess að þau væru smátt og smátt að komast út úr þeirri fortíð að það yrði höggvið á þennan gamla taphala og fyrirtækin, gróðafyrirtækin, færu að borga eðlilega skatta af hagnaði sínum. Það má minnast á það í

þessu sambandi að búið er að lækka þá prósentu úr 45 niður í 33 á skömmum tíma. Það er ekki eins og verið sé að rífa allan hagnaðinn af á sama tíma og launamennirnir borgar 42% af næstum að segja hverri krónu sem þeir fá í umslagið, að slepptum þessum lága frádrætti. Þá eiga fyrirtækin ekki að taka nema 33 af sínum nettóhagnaði eftir að hafa nýtt alla frádráttarliði. En það kemur á daginn að mörg stöndugustu fyrirtæki landsins með hundruð millj. kr. hagnað ár eftir ár borga ekki krónu til samneyslunnar vegna þess að þau eiga alls konar töp á lager. Að vísu og sem betur fer eru nú dómstólarnir aðeins að setja því skorður þessa dagana eins og kunnugt er þar sem fræg tapkaup ónefndra fyrirtækja hafa nú verið dæmd ólögleg. (**Fjmrh.:** Hver samþykkti þau?) Já, við skulum nú ekkert fara út í það eða hverjir stóðu fyrir þeim — hvað skyldu þeir kjósa sem stóðu fyrir þeim?

En ég segi aftur: Það er alvarlegt umhugsunarefni. Það hlýtur að vera fleirum en mér umhugsunarefni, herra forseti, að á sama tíma og tekjuskattar einstaklinga eru að aukast um 4 milljarða króna skuli skuli þeir lækka um hálfan milljarð á hagnaði fyrirtækjanna. Ég þarf ekkert að segja meira en þetta. Þetta er bara svona og menn geta reynt að fara hingað eins margar ferðir og þeir vilja og sannfæra fólkið í landinu um að allt sé bara í himnalagi og eins og það eigi að vera. Þetta þýðir og segir betur en flest annað hvernig þunginn af skattbyrðinni í landinu hefur verið að færast til undanfarin ár, yfir á herðar launamanna, yfir í launaskattana frá hagnaði fyrirtækjanna. Það er mergurinn málsins.

Í öðru lagi, herra forseti, í sambandi við tekjuaukann sem þarna er að skila sér. Hæstv. ráðherra og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson færa fram þá skýringu, sem vissulega er rétt, að þetta sé nú aldeilis fínt og til marks um það að launin séu að hækka. Og það er alveg rétt. Að sjálfsögðu endurspeglar þetta aukningu í veltu launasummunnar í þjóðfélaginu. Það er ljóst. En þá kemur líka fleira til. Kerfið er þannig að á tímum uppsveiflu í kaupgreiðslum í þjóðfélaginu hirðir ríkissjóður stærstan hlutann af því vegna þess að persónufrádrátturinn er festur um áramótin næstu á undan og þegar launin hækka síðan innan skattaársins þá dugar hann auðvitað minna og minna á móti launum. Skattbyrðin þyngist, það virkar þannig. Það er þetta sem ég var að reyna að ræða hér fyrir kvöldmat við hæstv. fjmrh. Eru ekki allar líkur á því að nákvæmlega það sama gerist líka á næsta ári og alveg sérstaklega vegna þess að hæstv. fjmrh. leggur a.m.k. upp í ferðina þannig að persónufrádrátturinn er frystur? Ég kem aðeins betur að því síðar vegna hinna hörðu orða sem hæstv. fjmrh. hafði í lokin um það og ásakanir sem hann taldi ranglega á sig bornar og enginn hafði nú uppi haft með þeim orðum sem hann notaði.

Þá vil ég aðeins nefna virðisaukaskattinn. Ég tek fyrst og fremst undir það sem hæstv. fjmrh. sagði þar og vil reyndar segja að ræða hans var ágæt á köflum. Það voru góðir sprettir í þessari ræðu þegar hann fór yfir ýmsa próblematík sem við er að glíma í skattamálunum. Það er alls ekki svo að ég sé honum að öllu leyti ósammála. Um ýmis skattatæknileg mál sem hæstv. fjmrh. fór hér yfir get ég tekið undir margt af því sem þar er við að glíma eða þar þarf að skoða t.d. þegar verið er að meta jaðaráhrifin og vænlegar leiðir í því sambandi. Ég þykist hafa reynt af mínu takmarkaða viti og tíma að grúska dálítið í því máli og tek undir að margt af því sem hæstv. ráðherra nefndi kemur vel til greina. Ég viðurkenni fúslega að það getur komið til greina einmitt sem lækning gagnvart þessu vandamáli, til að komast út úr vítahringnum sem við erum þarna föst í. Miðað við engin tekjuáhrif fyrir ríkissjóð þá erum við að tala um að færa skattbyrðina til, að dreifa henni öðruvísi. Ein leið sem auðvitað verður að skoða er að gera grundvallarbreytingar á uppbyggingu skattkerfisins t.d. þannig að við lækkum persónufrádráttinn samhliða lægra skattþrepi á lægri laun og hærra þrepi á hærri laun. Það er hægt að hugsa sér ýmsar slíkar aðgerðir en það er líka hægt að hugsa sér að fara fyrst og fremst í þetta tekjutengingarmegin og jafna þessu öðruvísi þannig. Það sem ég tel í sjálfu sér hvað alvarlegast, vegna þess sem gerst hefur í skattkerfinu undanfarin ár, er að skattalega hagræðið sem barnafólki t.d. átti að vera búið er sokkið í skattkerfinu. Það er horfið að miklu leyti. Þegar tekjur eru komnar upp fyrir viss mörk þá er nánast enginn skattalegur munur gerður t.d. á hjónum með fjögur börn annars vegar og hjónum með engin börn hins vegar. Vegna þess að það er sáralítið eftir af barnabótum, mest allt er þetta tekjutengdur barnabótaauki sem hverfur á tilteknu tekjubili. En það hlýtur að vera þannig að hugsunin hafi verið sú að það ætti að halda sér ákveðið skattalegt hagræði út í gegn gagnvart fjölskyldum sem eru með börn á framfæri annars vegar og þeim sem ekki eru með börn hins vegar burt séð frá því hvort menn hafa í sjálfu sér háar eða lágar tekjur. En ég tek undir að þetta þarf allt saman að skoða.

Varðandi virðisaukaskattinn þá er ég líka sammála því og fagna yfirlýsingu fjmrh. um að þar eigi að fara yfir málin vegna þess að ég er tortrygginn á þessar upplýsingar, þessar vísbendingar sem eru að berast, og að þarna geti verið eitthvað á ferðinni hvort sem það er nú að menn séu alltaf að læra betur og betur á kerfið. Sumir hafa þær kenningar að það þurfi að skipta um svona grundvallarkerfi að meðaltali á 10–20 ára fresti því það taki u.þ.b. þann tíma að læra á þau, þá séu þau orðin ónýt og þá verði að fara í kerfisbreytingu og snúa öllu við og þá taki það stundum nokkur ár hjá mönnum að læra bellibrögðin til þess að koma hlutunum fram hjá skatti. Þá erum við sjálfsagt að nálgast þann tíma með virðisaukaskattinn því hann var jú tekinn hér upp fyrir u.þ.b. 7–8 árum eða hvað það nú var. Alla vega var settur hér söluskattur á mat, eins og frægt er orðið, um áramótin 1987/1988. Auðvitað líka hægt að hugsa sér að það þurfi að fara yfir og laga ýmsa hluti í þessu. Við höfum náttúrlega fengið í andlitið Vatnsberamálið og annað af því tagi sem er svakalegt og sýndi okkur fram á hrikaleg göt sem voru í framkvæmdinni hjá okkur og í kerfinu, að menn gætu skilað inn endalausum innskattsnótum og fengið útborgaðar milljónir og milljónatugi út á gervirekstur sem enginn var til. Þarna var auðvitað um skelfileg göt að ræða sem þarf að fara yfir og annað af því tagi.

Síðan segi ég, herra forseti, að það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. fjmrh. að rjúka upp og tala um það einhver hafi borið hann þeim sökum að hann væri að stela einhverju. Það hefur enginn notað þau orð mér vitanlega í þessari umræðu annar en hæstv. fjmrh. sjálfur. Ekki bar ég það upp á hæstv. fjmrh. að hann væri að stela, aldeilis ekki. Ég bar ekki einu sinni upp á hann að hann væri að reyna að leyna. Ég sagði að vísu að það væri gagnrýni vert að þessar upplýsingar skyldu ekki koma fram fyrr, t.d. á meðan tekjuskattsfrv. voru hér til eðlilegrar umfjöllunar, að þessa óvenjulegu aðgerð ætti að viðhafa. Og hvað sem hæstv. fjmrh. segir og jafnvel þó hann fari aftur til 1988 eða þó hann fari aftur til 1930 þá er ég alveg viss um að hæstv. fjmrh. verður að lokum borinn ofurliði af sögunni og hún mun staðfesta að þetta er afar óvenjuleg

aðgerð sem hér er að fara fram, sjaldgæf aðferð, svo ekki sé meira sagt. Að breyta ekki í einni einustu krónu þessum fjárhæðum sem svo lengi sem elstu menn muna hafa verið uppfærðar með einhverjum hætti um áramót. Stundum hafa menn tekið pólitískar ákvarðanir um skattkerfisbreytingar, það er alveg rétt, en þær hafa yfirleitt ekki falið það í sér að menn færðu ekki upp til verðlags helstu kennitölur, bótaliði og annað því um líkt. Þessi ótrúlega aðferð að ætla að halda tekjunum utan við ríkisbókhaldið er að mínu mati stórbrotin. Hæstv. fjmrh. segir að það sé sönnun þess að þeir ætli að skila þessu að þetta er ekki talið fram, að 800 milljónirnar eru ekki taldar fram. Það er þannig, herra forseti. Ég veit að hæstv. fjmrh. finnst neyðarlegt að þurfa að ræða málið eins og það er en þetta er svona. Þarna er búið að lögfesta stærðir í skattafrv. og í væntanlegu fjárlagafrv. sem þýða, að óbreyttum lögum, 800 millj. kr. meiri tekjur en færðar eru í fjárlagafrv. Ég veit auðvitað að t.d. hv. þm. Egill Jónsson á Seljavöllum hefði haft ánægju af því að hafa þessar 800 milljónir til að deila þeim út í þessari ágætu nefnd. En það þurfti ekki að gera. Það var hægt að leyfa þessu að fara yfir í ríkisbókhaldið án þess að nota það, án þess að ráðstafa því. Það var hægt að merkja það aðgerðum í skattamálum. Það var hægt að segja: 800 millj. kr. meiri tekjur með þessum aðferðum og síðan var hægt að segja: Fyrirhugaðar aðgerðir í jaðarskattsmálum mínus 800 milljónir. Þar með var þetta þó a.m.k. komið inn í bókhaldið og hæstv. fjmrh. hefði ekki þurft að sitja uppi með þau ósköp að telja þetta ekki einu sinni fram. Eðlilegast hefði verið að uppfæra þessa hluti t.d. barnabæturnar, því þetta eru ekki bara skattarnir, hér er líka verið að leggja af stað með t.d. barnabætur og barnabótaauka, lægri í krónum en hann ætti að vera miðað við verðlagsuppfærslu, og hafa hlutina þannig þegar menn kæmu hér inn með tillögur um breytingar í skattamálum sem fælu í sér aðgerðir gagnvart jaðarskattinum. Það er afar sérkennileg ráðstöfun að taka þessar 800 milljónir frá með þessum hætti og ég segi, herra forseti, er nema von að menn séu tortryggnir þegar ekkert hefur gengið gagnvart lagfæringum á jaðarsköttum og það er búið að boða aðgerðir áður sem ekkert hefur orðið úr. Það var fyrirhugað að taka frá tekjur fyrir ári síðan sem áttu að mæta ráðstöfunum af þessu tagi sem þá var lofað að yrði reynt að vinna hratt og markvisst og vel að. Síðan líður tíminn og nefndin mallar og mallar og ekkert gerist. Þannig að menn eru orðnir tortryggnir, hæstv. fjmrh., og það er eðlilegt og það er ekki nema von. En það hefur hins vegar enginn notað svo gróft orðafar nema ráðherrann sjálfur að þessum peningum eigi að stela. (**Fjmrh.:** Það var...) Já, já, auðvitað liggur málið þannig, hæstv. fjmrh. Það þýðir ekkert að horfa fram hjá því, þetta byrjar að tikka núna strax um áramótin. Það gerir það. Það er auðvelt að reikna það út að skattleysismörkin, sem eru undir 61 þús. kr. núna, hefðu átt að vera talsvert yfir 62 þús. kr. strax í janúar. Það fer því meira en þúsundkall úr launaumslagi hvers einasta manns sem borgar skatta miðað við það að þessar breytingar hefðu þó ekki orðið nema 2% strax í janúar. Og á að skila honum eða hvernig ætlar hæstv. ráðherra að fara að þessu? Hann fer alla vega ekki til sömu aðila sjálfkrafa. Og hann verður tekinn af í janúar. (**Gripið fram í:** Það er verið að hafa þetta af fólki.) Ég kalla það í raun og veru að hafa af með þessari breytingu.

Það getur vel verið, og vonandi stendur það, að síðan verði snemma á árinu gerðar ráðstafanir sem séu góðar og réttmætar gagnvart ýmsu óréttlæti sem er í skattkerfinu. En menn skulu þá muna að þetta er stærsta breytan af öllum, sem færir til mestu fjárhæðirnar í íslenska skattkerfinu, það er persónufrádrátturinn. Þegar ég var að útfæra tillögur fyrir þingflokk Alþb. fyrir einum þremur árum síðan, þá man ég ekki betur en hver einasti þúsundkall hafi fært til 600–700 millj. kr. Svo dýr er hver breyting á skattfrelsismörkunum vegna þess að allur þorrinn liggur þarna rétt við þessi mörk og það færir til gífurlegar fjárhæðir að hreyfa þau til þó ekki sé um nema þúsundkall eða 1% eða hvað það er. Það er þannig. Þess vegna eru tekjuáhrifin, bæði fyrir ríkissjóð og fyrir alla þessa tugi þúsunda skattgreiðenda gífurlega mikil. (Gripið fram í.) Er það svo að hæstv. fjmrh. ætli að hjóla í mig bókstaflega eða bara í umræðunum?

(**Forseti:** (ÓE)**:** Hann var að tala við forseta.)

Já, ég þarf ekkert að passa bakið á mér, er það?

(**Forseti:** (ÓE)**:** Nei, nei.)

Nei, nei, ég veit að forseti ver það. Þá er þetta í góðu lagi, herra forseti.

Um þetta getum við að sjálfsögðu rætt við betra tækifæri, ég og hæstv. fjmrh. og við öll. Mér sýnist nauðsynlegt að gera það í og með vegna þess að þessi umræða fór ekki fram þar sem eðlilegast hefði verið í málunum sem tengdust álagningu tekjuskatts á næsta ári. Af hverju var það? Það var vegna þess að hæstv. ríkisstjórn var ekki svo vinsamleg að skila okkur niðurstöðu sinni í þessu máli fyrr en þau frumvörp voru farin héðan. Við sátum uppi með það að fá endanlega afstöðu og tillögur um þetta á elleftu stundu eða klukkan að verða hálftólf eða hvaða orðalag sem við viljum nota í þeim efnum. En einu get ég lofað, herra forseti. Ég mun halda hæstv. fjmrh. við efnið og gera mitt til þess að þessar 800 millj. komi einhvers staðar í góðar þarfir fyrr en seinna.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:39]

Brtt. 327,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, GÁS, GÁ, HG, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, GÁS, GÁ, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, GÁS, GÁ, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 327,2.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 327,2.b samþ. með 35:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
11 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Með þessari tillögu er meiri hlutinn að leggja til skerðingu á fjármunum Lánasjóðs ísl. námsmanna þrátt fyrir fögur fyrirheit um að bæta þjónustu lánasjóðsins fyrir námsmenn í landinu. Ég tel algerlega óeðlilegt að lækka þessa tölu eins og hér er gert ráð fyrir og greiði því atkvæði gegn tillögunni.

Brtt. 327,2.c–d samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KHG, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 327,3 samþ. með 35:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
nei: GGuðbj, KH.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, HG, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að auka lántökuheimildir Landsvirkjunar úr 4,8 milljörðum í 9 milljarða. Hér eru komnar til atkvæða sem sagt auknar heimildir til Landsvirkjunar vegna fyrirhugaðra álversframkvæmda. Minni hluti efh.- og viðskn. telur að þetta mál hefði átt að bera að með öðrum hætti, þ.e. að heimildarbeiðnin hefði átt að koma til afgreiðslu á Alþingi þegar endanlega lægi fyrir að af framkvæmdum yrði. Það er von okkar að það takist að gera þessa samninga en vinnubrögðin hefðum við kosið að væru önnur. Þrátt fyrir það munum við ekki leggjast gegn þessu ákvæði og öðrum tengdum auknum heimildum til Landsvirkjunar til að standa að þessum framkvæmdum. Þess vegna sitjum við hjá við atkvæðagreiðsluna.

[21:44]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessari tillögu um aukna lántökuheimild Landsvirkjunar. Ástæðan er hugmyndafræðin og stefnan á bak við hana. Stjórnvöld hafa í áraraðir haft frumkvæði að og lagt megináherslu á uppbyggingu stóriðju og tilheyrandi virkjunarframkvæmdir og ég er andvíg þeirri stefnu. Ég tel hana ranga og skaðlega þeirri í mynd sem atvinnustefna til framtíðar ætti að byggjast á. Framkvæmdir vegna stóriðju og virkjana eru andstæðar umhverfis- og náttúruvernd og leiða til staðbundinnar og tímabundinnar þenslu sem er skaðleg byggðaþróun og efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar í heild. Ég segi nei.

[21:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að hækka lántökuheimildir Landsvirkjunar um litlar 4.200 millj. kr. vegna fyrirhugaðra stóriðjuframkvæmda á Grundartanga og virkjana tengda þeim. Efh.- og viðskn. eyddi miklum tíma í að skoða þetta mál og liggur fyrir að það er álit nefndarmanna að í raun og veru hafi ekki verið fullnægjandi efnislegar forsendur til að taka endanlega afstöðu til þess hvort veita eigi þessar heimildir. Þannig varð það niðurstaða nefndarinnar að afgreiða skilyrtar heimildir til handa Landsvirkjun sem liggja óvirkar í lánsfjárlögum þangað til endanleg niðurstaða liggur fyrir um fjármögnun framkvæmdanna og þangað til efh.- og viðskn. hefur tekið málið fyrir á nýjan leik þegar þar að kemur. Í raun og veru er það formsatriðið eitt að hafa þessar heimildir í lánsfjárlögum þangað til skilyrðunum er fullnægt. Í því ljósi er ekki ástæða til þess í sjálfu sér að amast við því að þessar heimildir liggi þarna fyrir ónotaðar þangað til málið verður tekið fyrir á nýjan leik.

4. gr., svo breytt, samþ. með 35:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
nei: GGuðbj, KH.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, HG, JóhS, KHG, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 327,4 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, GÁS, GÁ, IP, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

5.–9. gr. (verða 6.–10. gr.)samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

12 þm. (GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, GÁS, GÁ, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

10. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, GÁS, GÁ, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 327,5 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.

11.–12. gr. (verða 13.–14. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, GÁS, GÁ, JBH, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 130, nál. 328 og 368, frhnál. 416, brtt. 329 og 417.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:52]

1. gr. samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÁJ*) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BH, EgJ, GÁ, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:51]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er að hefjast atkvæðagreiðsla um svokallaðan bandorm. Hann einkennist af ranglátri stefnu ríkisstjórnarinnar að mati okkar stjórnarandstæðinga og bitnar á mennta-, heilbrigðis- og félagsmálum framar öðru. Stjórnarandstæðingar standa saman í þessu máli. Þeir hafa skilað sameiginlegu nefndaráliti og gert skilmerkilega grein fyrir afstöðu sinni í þeirri umræðu sem hefur verið bæði í dag sem og við 1. umr. Við munum gera grein fyrir afstöðu okkar gagnvart einstökum greinum þegar kemur að þeim í atkvæðagreiðslunum, en hér er verið að greiða atkvæði um að skerða lögbundinn tekjustofn til Þjóðarbókhlöðu og við *erum andvíg því ákvæði.*

[21:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að mótmæla sérstaklega þeirri harkalegu skerðingu á Endurbótasjóði menningarbygginga sem hér er verið að gera tillögu um. Um er að ræða fjöldann allan af mikilvægum menningarstofnunum í landinu, þar sem nauðsynlegt er að leggja í verulegar endurbætur, en hér er verið að marka skref sem gæti beinlínis verið stórhættulegt fyrir þróun þessara stofnana á næstu árum.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að undirstrika þetta atriði, hæstv. forseti, um leið og ég tek undir hina almennu atkvæðaskýringu hv. 11. þm. Reykn. áðan um frv.

Brtt. 329,1, fyrri mgr., (ný fyrri mgr. 2. gr.) samþ. með 35:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

3 þm. (GL, HjÁ, SJóh) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SighB, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 329,1, síðari mgr., (ný síðari mgr. 2. gr.) samþ. með 35:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÓE.

nei: JóhS, JBH, KHG, KH, LB, GL, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG.
1 þm. (HjÁ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (KÁ, LMR, SP, ÞorstP, BH, GÁ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:56]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessari grein er enn gert ráð fyrir að lagt verði á svonefnt endurinnritunargjald, en útfærslan hefur nú svolítið breyst frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Nú er gert ráð fyrir að greiða eigi 500 kr. fyrir hverja námseiningu sem áfangi sá sem nemandi fellur í eða hættir í fyrir próf er virtur á og er þessi leið sennilega aðeins auðveldari í útfærslu en sú sem áður var rætt um. Það breytir þó ekki eðli málsins. Þetta er frámunalega óréttlát skattlagning sem kemur verst við þá sem eiga erfiðast fyrir. Ég segi nei.

[21:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða hinn illræmdi fallskattur Björns Bjarnasonar, hæstv. menntmrh., sem hæstv. ráðherra hefur reyndar reynt að bera á móti að sé slíkur fallskattur, en enn hefur ekki tekist að sanna að það séu ekki aðallega þeir sem falla á prófum sem þurfa að endurtaka þau. (**ÖS:** Hann féll á því prófi.) Ég held, herra forseti, að það hljóti að vera leitun að annarri eins hugkvæmni í skattlagningu yfirleitt um lönd og álfur bæði innan lands og utan eins og segir í lánsfjárlögunum, að skattleggja sérstaklega námserfiðleika, að skattleggja sérstaklega aðstöðu þess fólks sem af einhverjum ástæðum ræður ekki við áfanga í sínu námi og þarf að endurtaka þá. Ég óska hæstv. menntmrh. innilega til hamingju með það að eiga höfundarréttinn að þessu merka fyrirbæri, þessum fallskatti, og segi nei.

3.–7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 35:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
7 þm. (BH, GÁ, IP, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hér er vegið að þeim sem síst skyldi. Sú skerðing á Framkvæmdasjóði fatlaðra um 255 millj. kr. sem fram kemur í 9. gr. er grófasta aðför sem gerð hefur verið að fötluðum í áratugi. Herra forseti. Þetta er ljótur minnisvarði um verk hæstv. félmrh. sem með þessu er að eyðileggja Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er til vansa fyrir þingið að samþykkja þessa tillögu. Ég segi nei.

[22:03]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér eru reglurnar settar upp skýrar og skipulegar og Framkvæmdasjóður fatlaðra gengur til framkvæmda en ekki að stórum hluta til rekstrar eins og undanfarið. Meginmálið er að málaflokkur fatlaðra fær allt að 200 millj. meira til ráðstöfunar í fjárlögum næsta árs heldur en á þessu ári.

[22:04]

Svavar Gestsson:

Staðreyndin er sú, herra forseti, að frá því að Framkvæmdasjóður fatlaðra var stofnaður hefur hann aldrei haft minni fjármuni en gerð er tillaga um nú, aldrei. Ég tel að hér sé um hættulegan niðurskurð að ræða og að hann geti komið alvarlega niður á þjónustunni við fatlaða í framtíðinni. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 329,2 kölluð aftur.

Brtt. 417,1 (ný 10. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, GÁ, JóhS, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:05]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn höfum miklar áhyggjur af þeirri ákvörðun félmrh. að flytja starfsmenntun í atvinnulífi undir Atvinnuleysistryggingasjóð og erum þeim flutningi andvíg. Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu sem sett voru fyrir um það bil fimm árum voru tímamótalöggjöf. Starfsmenntasjóður hefur veitt mörg þúsund manns stuðning við endurmenntun og hefur mikla þýðingu fyrir launafólk.

Við óttumst að sú grundvallarbreyting að flytja starfsmenntun í atvinnulífi undir Atvinnuleysistryggingasjóð eigi eftir að hafa örlagaríkar afleiðingar.

Virðulegi forseti. Vegna þess hvernig þessi tillaga er orðuð veljum við að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu sem við ella hefðum greitt atkvæði gegn.

[22:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er vel séð fyrir fjárþörf til starfsmenntunar í atvinnulífinu. Til hennar verður varið 47 millj. sem er sama upphæð og í fyrra. Ég segi já.

[22:06]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta frv. í heild er í raun og veru botnlaus subbuskapur á öllum sviðum. Hér áðan var samþykktur fallskattur. Nýlega hefur verið samþykkt veruleg skerðing á framlögum til Framkvæmdasjóðs fatlaðra og hér er gert ráð fyrir því að létta starfsmenntakostnaði öllum af ríkissjóði og flytja hann yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er yfirgengilegt að standa svona að málum og sýnir virðingarleysi ríkisstjórnarinnar við starfsmenntun að svona skuli að hlutunum staðið. Svona vinnubrögðum á að hafna. En

með hliðsjón af því hvernig málið er sett upp sitjum við hjá við atkvæðagreiðslu um þessa tillögu.

11. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

5 þm. (ÁRJ, GE, GÁS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða tillaga um að hækka atvinnuleysisbætur á næsta ári um 2%. Við munum styðja þessa tillögu vegna þess að hér er um hækkun að ræða. En það sama á við þessa tillögu og tillögu í 14. gr. þar sem upphæðin er líka hækkuð um 2%. Við erum andvíg þeirri stefnumörkun að hækka bætur í almannatryggingakerfinu um einungis 2%. Við viljum að þetta miðist við launabreytingar eins og var áður. Við munum flytja tillögu þess efnis við annað frv. sem kemur síðar til umræðu. Við lítum svo á að með þessari útfærslu sé verið að skerða rétt á því fólki sem síst getur borið hönd fyrir höfuð sér.

[22:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um raunlækkun að ræða. Ég tek ekki þátt í því og greiði ekki atkvæði.

12. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

13.–14. gr. samþ. með 57 shlj. atkv.

15.–16. gr. samþ. með 36:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi grein, hin 15., er dálítið sérkennileg. Hún er óljós og við meðferð málsins bæði í þingnefnd og við umræður í þingsal fékkst ekki skýrt hvort greinin felur í sér að hægt sé að reka undir einni stjórn sjúkrahús ásamt fleiri en einni heilsugæslustöð í mismunandi byggðarlögum. Meðan málið er svo óskýrt af stjórnarinnar hálfu get ég ekki stutt það og greiði þess vegna atkvæði gegn því.

Brtt. 329,3 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: KHG.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (BH, DO, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr., svo breytt, samþ. með 36:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr. (a-liður) samþ. með 37:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

18. gr. (b–c-liðir) samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: GÁS.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÞorstP, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

5 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP) fjarstaddir.

Brtt. 329,4 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 36:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þessi grein er mjög sérkennileg vegna þess að hún selur ráðherra í hendur gríðarlegt vald. Hann getur að þessari grein samþykktri ákveðið að eigin höfði sameiningu sjúkrastofnana sem eru reknar af ríkinu án þess að þurfa að bera það undir Alþingi og hann getur nánast breytt starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem eru reknar af ríkinu eins og honum einum sýnist. Þess vegna get ég ekki sagt annað en að þetta er brot á öllum grunnreglum lýðræðisins og ég greiði atkvæði gegn þessu ákvæði.

[22:15]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér dettur ekki í hug að veita hæstv. heilbrrh. það alræðisvald sem hér er um að ræða. Ég segi nei.

[22:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þetta er fráleit lagasetning sem hér er að eiga sér stað. Í raun og veru er verið að fela hæstv. heilbrrh. með þessari einu grein svo mikið og víðtækt alræðisvald að það mætti að ósekju fella niður öll önnur lagaákvæði um heilbrigðismál úr lagasafninu því hér eftir ræður heilbrrh. því sem hann vill ráða um heilbrigðismál. Þessi afgreiðsla er enn fráleitari í ljósi þess að yfir vofir óútskýrður niðurskurður upp á tugi millj. kr., til að mynda 60 millj. kr. á sjúkrahúsum á landsbyggðinni á næsta ári. Það er með ólíkindum að það skuli eiga að bjóða Alþingi upp á að afgreiða málin þannig að niðurskurðurinn sé ákveðinn fyrst og síðan standi til að reyna að útfæra hann einhvern veginn og ganga í leiðinni frá alræðisvaldi til handa hæstv. heilbrrh. til að gera það sem hæstv. ráðherra sýnist í þessum efnum. Þetta eru fullkomlega óeðlilegir stjórnsýsluhættir. Þetta er ómannúðleg framkoma við það fólk sem starfar á þessum stofnunum. Ég segi mjög harkalega nei, herra forseti.

[22:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Síðari málsliður þessarar greinar hljóðar svo:

„Hann [heilbrrh.] getur jafnframt ákveðið sameiningu sjúkrastofnana sem reknar eru af ríkinu með reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga."

Með öðrum orðum getur heilbrrh. ákveðið að sameina öll sjúkrahús í landinu ef henni sýnist svo með einni reglugerð, nú eða sjúkrahúsin í Reykjavík t.d. með einni reglugerð. Hér er auðvitað um óvenjulega ruddalega tilraun til lagasetningar að ræða og það væri skynsamlegt að hugleiða hvort ekki þarf að setja í stjórnarskrá ákvæði til að koma í veg fyrir vinnubrögð af þessum toga. Ég er undrandi á því að þingmenn stjórnarflokkanna skuli láta ríkisstjórnina gera svo lítið úr sér að fallast á yfirgengilega tillögu af þessu tagi.

20. gr. samþ. með 38:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁRJ, GE, GÁS, RG, ÖS.

14 þm. (ÁE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 417,2 (ný grein, verður 21. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

16 þm. (ÁRJ, GL, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KH, LB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

21. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.

22. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 37:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 417,3 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

23. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 39:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: GL, GÁS, HG, KHG, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, GE, GGuðbj, JóhS, KH, LB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 329,5 (25. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv.

Brtt. 417,4 (ný 26. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GL, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

9 þm. (ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JBH, KH, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

27. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:10 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.
nei: GL, HG, KHG, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.
6 þm. (BH, GÁ, KÁ, LMR, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 7.–13. mál.

Fundi slitið kl. 22:24.

---

52. FUNDUR

fimmtudaginn 19. des.,
að loknum 51. fundi.

Dagskrá:

1. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, stjfrv., 119. mál, þskj. 130 (með áorðn. breyt. á þskj. 417). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Lánsfjárlög 1997, stjfrv., 24. mál, þskj. 456. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Skipulagslög, frv., 240. mál, þskj. 367. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 201, nál. 431, brtt. 432 og 434. — 2. umr.

5. Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 251. mál, þskj. 433. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

6. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306, nál. 408. — 2. umr.

7. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412. — 1. umr.

8. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308, nál. 410. — 2. umr.

9. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355. — 1. umr.

10. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380. — 2. umr.

11. Eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði, þáltill., 225. mál, þskj. 300. — Fyrri umr.

[Fundarhlé. — 22:24]

[22:37]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 452.

Lánsfjárlög 1997, 24. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 457.

Tekjuskattur og eignarskattur, 253. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 443.

Tilhögun þingfundar.

[22:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ætlun forseta er að taka fyrir, eins og dagskrá segir, fyrstu þrjú málin, ráðstafanir í ríkisfjármálum, lánsfjárlög og skipulagslög. Að lokinni umræðu um þau, sem forseti vonar að verði stutt, verður atkvæðagreiðsla. Að lokinni atkvæðagreiðslu um þau þrjú mál verða ekki frekari atkvæðagreiðslur á þessum fundi eða nú í kvöld eða nótt.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:39]

Of skammt var liðið frá 2. umr. og/eða útbýtingu þskj. í 1.–5. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 454, brtt. 455.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:41]

Brtt. 455 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 27:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, IP, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, TIO, VE.
nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
16 þm. (ÁRÁ, BH, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KÁ, LMR, MS, SP, StG, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs í atkvæðaskýringu út af þessari ótrúlegu grein um sameiningu sjúkrahúsanna. Ég held satt að segja að það sé óhjákvæmilegt að vekja sérstaka athygli á þessari grein og fara fram á að hlutaðeigandi aðilar, og þar á meðal hæstv. heilbrrh., kanni hvort þetta stenst í raun og veru. Það hafa gengið fjölmargir

dómar í Hæstarétti um valdaframsal sem aðallega hafa snert skattlagningarvald. Hér er gengið miklu lengra en nokkur dæmi eru um, fullyrði ég. Ég hvet til þess að hæstv. heilbrrh. og hæstv. forsrh., sem forráðamaður ríkisstjórnarinnar kanni mjög vandlega hvort það stenst að setja í lög ákvæði um reglugerðarsetningu sem afnemur fjöldann allan af lagaákvæðum eins og þau eru nú skráð í lagasafninu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 460).

[22:43]

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1997, 119. mál, brtt. heilbrrh., þskj. 455.

Lánsfjárlög 1997, 3. umr.

Stjfrv., 24. mál. — Þskj. 456, frhnál. 457.

[22:44]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til lánsfjárlaga.

Brtt. frá meiri hlutanum er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er brtt. við 1. gr. þar sem verið er að stilla af lántökuheimild í takt við niðurstöðutölu fjárlaga. Í öðru lagi er tillaga um nýja grein sem er samhljóða grein í lánsfjárlögum fyrir árið 1996 og miðar að því að ríkissjóður geti starfað eðlilega á fjármagnsmarkaði.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:45]

Brtt. í nál. 457 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, IP, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, TIO, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, BH, HÁs, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KÁ, LMR, MS, SP, StG, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GMS, HBl, IP, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, TIO, VE.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, BH, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KÁ, LMR, MS, SP, StG, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 461).

Skipulagslög, 3. umr.

Frv. umhvn., 240. mál (skipan skipulagsstjórnar).— Þskj. 367.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:46]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HBl, HjÁ, IP, KHG, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, SvG, TIO, VE, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, BH, HÁs, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KÁ, LMR, MS, SP, StG, StB, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 462).

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 201, nál. 431, brtt. 432 og 434.

[22:47]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum við frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 108. mál. Breytingartillögurnar eru á þskj. 432 og nefndarálitið á þskj. 431. Við venjulegan meiri hluta í efh.- og viðskn. hefur bæst liðsauki í þessu máli og einn hefur gengið úr skaftinu því að undir nefndarálitið rita auk mín hv. þm. Ágúst Einarsson, með fyrirvara, Gunnlaugur Sigmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Valgerður Sverrisdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, með fyrirvara, Einar Oddur Kristjánsson, með fyrirvara, og Árni R. Árnason.

Ég geri nú grein fyrir þeim breytingartillögum sem þessi meiri hluti leggur til við frv. en fyrst vil ég fjalla aðeins almennt um þau sjónarmið sem liggja að baki þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um í frv. Gengið er út frá þeirri meginforsendu að kostnaður ríkissjóðs við nýja lífeyriskerfið verði jafnmikill og kostnaður við núverandi kerfi. Nú er staðan sú að kostnaður við myndun lífeyrisskuldbindinga er færður til gjalddaga í ríkisreikningi. Enn fremur er í efnahagsreikningi ríkissjóðs gerð grein fyrir þeim skuldbindingum sem á ríkinu hvíla vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Fyrir Alþingi liggur frv. um fjárreiður ríkissjóðs þar sem gert er ráð fyrir því að í fjárlagafrv. og fjárlögum hverju sinni verði talin til gjalda myndun lífeyrisskuldbindinga sem hvíla á ríkissjóði. Þetta mun því koma fram á fjárlögum og hækka gjöld ríkissjóðs. Því liggur fyrir að við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni mun kostnaður ríkissjóðs af lífeyriskerfi starfsmanna sinna verða sýnilegur og iðgjaldaþörf ríkissjóðs vegna þessara lífeyrisréttinda liggja fyrir á hverjum tíma. Það hljóta því að verða verkefni okkar þingmanna á næstunni að endurskipuleggja núverandi lífeyrissjóðakerfi með þeim hætti að það sé gengið formlega frá skuldbindingum ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og að undirbúa að greitt verði í sjóðinn, sem fylgir núv. kerfi, samhliða myndun skuldbindinganna.

Í 1. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga á 3. gr. frv. eins og getið er á þskj. 432. Í a-lið eru lagðar til orðalagsbreytingar á 1. efnismgr. og smávægilegar breytingar á 2. mgr. í b-lið. Í c-lið að í 3. mgr. komi nánari ákvæði sem kveði á um að um aðild skuli fjallað í samþykktum sjóðsins.

Nefndin fjallaði ítarlega um 3. gr. frv. með tilliti til athugasemda sem fram höfðu komið þess efnis að 4. mgr. hennar

kynni að opna fyrir viðtækari aðild að sjóðnum fyrir starfsmenn sem ekki eru í stéttarfélögum opinberra starfsmanna en nú. Samkvæmt því sem fram hefur komið og upplýst hefur verið er megintilgangur 4. mgr. fyrst og fremst sá að tryggja ýmsum þeim áframhaldandi aðild að sjóðnum sem nú greiða til hans en eru ekki í stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Er þar m.a. um að ræða ýmsa starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana sem hafa ákveðið að vera utan stéttarfélaga og hafa á grundvelli ákvæða í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna selt það í hendur fjmrh. að ákveða launakjör sín. Falla þeir því hvorki undir 1. né 3. mgr. 3. gr.

Enn fremur er þessu ákvæði ætlað að taka til starfsmanna ýmissa aðila, hálfopinberra stofnana og samtaka sem samkvæmt 4. gr. núgildandi laga hafa fengið heimild til að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Núverandi starfsmönnum þessara aðila er tryggð áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins með 5. mgr. 4. gr. og þeir sem eru innan opinberra stéttarfélaga en eiga kost á aðild að A-deildinni samkvæmt 3. mgr. 3. gr. Hluti starfsmanna þessara aðila er hins vegar utan opinberra stéttarfélaga og ætti því ekki kost á að færa sig í A-deild sjóðsins.

Tilgangur ákvæðis 4. mgr. 3. gr. er þannig fyrst og fremst að tryggja sömu aðild að sjóðnum og áður var og koma í veg fyrir misræmi innan stofnana sem hafa verið aðilar að sjóðnum. Þær takmarkanir sem málsgreinin setur gera það að verkum að ekki á að vera hætta á að skörun verði á aðildarrétti gagnvart lífeyrissjóðum almennu stéttarfélaganna. Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er félögum í þeim skylt að vera í lífeyrissjóði innan sinnar starfsstétta. Málsgreinin útilokar þannig aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins fyrir einstaklinga úr stéttarfélögum með lögbundna lífeyrissjóðsaðild. Þá áskilur greinin samþykki viðkomandi launagreiðenda. Má því telja ljóst að málsgrein þessi breytir ekki núverandi aðildarrétti að neinu marki.

Í 2. lið brtt. eru gerðar tillögur til breytinga á 4. gr. Þar er lagt til að vilji sjóðfélagar í B-deild sjóðsins flytja sig yfir í A-deild þurfi þeir að hafa tilkynnt sjóðnum þá ákvörðun sína að skipta um deild fyrir 1. desember 1997.

Í 3. lið brtt. er gerð tilraun til breytinga á 7. gr. þess efnis að stjórn lífeyrissjóðsins skuli móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Þetta er sérstaklega mikilvægt vegna þess að réttindin sem sjóðnum er ætlað að standa undir eru bundin, en iðgjaldaprósentan ákveðin með hliðsjón af þeim og þess vegna er nauðsynlegt að sjóðurinn sé ávaxtaðar eins hagkvæmt og unnt er.

Í 4. lið brtt. er verið að gera leiðréttingar vegna þess að í frv. hafði láðst að tilgreina tvær greinar sem falla brott vegna ákveðinna starfsmanna sem eru starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur en störfuðu áður hjá St. Jósefsspítala í Reykjavík.

Í 5. lið brtt. er fjallað um að sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra beri eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar er nemi iðgjöldum sínum. Þetta þýðir að sú ákvörðun sem tekin er á hverjum tíma um iðgjöld til sjóðsins og greiðslu samkvæmt því fullnustar þeirri ábyrgð sem á launagreiðendum og sjóðfélögum hvíla á hverjum tíma. Komi til þess að sjóðnum verði lokað fylgir því engin frekari ábyrgð.

Í 6. lið brtt. er fjallar um 27. gr. Þar er gert ráð fyrir því að frestunarprósenta, sem lýsir því hversu mikið lífeyrir hækkar við að fresta lífeyristöku frá 65 ára aldri upp að allt að 70 ára aldri, lækkar úr 0,8% í 0,5%. Þessi breyting er nauðsynleg með hliðsjón af því markmiði sem í upphafi var getið, að hið nýja fyrirkomulag mundi kosta ríkissjóð það sama og núverandi fyrirkomulag. Því er nauðsynlegt að lækka þessa prósentu úr 0,8 niður í 0,5.

Í 8. lið brtt. er ákvæði til bráðabirgða sem tengist þessu ákvæði í 6. lið sem segir: „Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákvarða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.“ Ég vek athygli á þessari brtt., hæstv. forseti, sem tengist brtt. í 6. lið.

Í 7. lið brtt. er breyting á 28. gr. þar sem orðið „ekki“ er fellt niður en það hafði gerbreytt þeirri meiningu sem upphaflega var ætlað að væri í textanum. Síðan er í b-lið tilvísunarbreytingar.

Í 8. lið eru ákvæði til bráðabirgða. Annað hef ég skýrt en hitt ákvæði til bráðabirgða segir að iðgjald launagreiðanda í A-deild sjóðsins skuli vera 11,5% á árunum 1997–1999. Þetta er til þess að koma í veg fyrir það að iðgjaldaprósentan verði fyrirsjáanlega ákveðin allt upp í 18% þegar sjóðurinn tekur til starfa í stað þeirra 15,5% sem menn telja að sé iðgjaldaprósentan til lengri tíma út frá forsendum um 3,5% vexti. Með þessu er reiknað með því að á næstu þremur árum muni það margir nýir starfsmenn ganga til liðs við sjóðinn og einnig að hærri ávöxtun heldur en viðmiðunarávöxtun gerir ráð fyrir verða til þess að prósentan sem verður ákveðin eftir þrjú ár verður í námunda við þau 15,5% sem gengið er út frá í reikningum um sjóðinn.

Í 9. lið brtt. er ákvæði um fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og það er til samræmis við fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Í 10. lið brtt. eru tillögur um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga sem eru samhliða samsvarandi breytingum sem gerðar eru vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson skrifa undir þetta álit með fyrirvara sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu en ég vænti þess að þeir munu gera frekari grein fyrir sínum fyrirvörum. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson ritar einnig undir álitið með fyrirvara og mun gera væntanlega grein fyrir því síðar í umræðunni.

[23:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna. Skuldbinding þessara tveggja sjóða ásamt skuldbindingu Lífeyrissjóðs þingmanna og ráðherra óx um 9 milljarða á árinu 1995 eða 25 millj. á dag eða 1 millj. á klukkutíma dag og nótt, sunnudaga sem aðra daga. Svo eru menn að ræða hér um einhvers konar tölur fyrir refaveiði, 9 millj., þ.e. sem sagt níföld aukning af skuldbindingunni. Það er einkennandi fyrir vinnubrögð hv. Alþingis að þetta frv. er tekið til 2. umr. kl. 11 að kvöldi og á að ræðast um nótt, þetta frv. sem að mínu mati skiptir verulegu máli.

Í blaðagrein gat ég þess að þessi skuldbinding væri meira en verðmæti fasteignamats allra íbúða og bílskúra frá

Borgarnesi vestur til Vestfjarða, allt Norðurlandið, Akureyri meðtalin, Austurlandið og svo vestur til Víkur í Mýrdal.

Ég fékk fyrirspurn um daginn á internetinu um það hvenær afhending íbúðanna hæfist. Ég svaraði því til að fyrst þyrftu íbúarnir að borga niður skuldirnar vegna þess að þessi skuldbinding á við skuldlausar eignir. Þetta er auðvitað grátt gaman en lýsir því hve stór skuldbindingin er. Fyrir þessa skuldbindingu mætti byggja 10 álver. Þetta er eins og verðmæti 4–5 Landsvirkjana svo þetta er ekki lítið mál.

Þessi áfallna skuldbinding er 4.000 millj. kr. á ári í 40 ár. Niðurstaða tryggingafræðinganna sýndi að þetta er nokkurn veginn stöðug tala, 4.000 millj. kr. í 40 ár. Við erum sem sagt búin að veðsetja börnin okkar fram til ársins 2035 og þá eru 25 milljarðar eftir. Þetta eru tölurnar án vaxta og svo er þetta vaxtað niður með 3,5% vöxtum og þannig fáum við út 110 milljarða.

Við erum flækt í neti loforða og skuldbindinga. Við getum ekki lækkað vinnuletjandi skatta, jaðarskatta svokallaða, þetta er vítahringur. Við erum búnir að lofa svo miklu með erlendum skuldum, með þessum skuldbindingum og öðrum skuldbindingum að við getum okkur ekki hreyft. Þetta er ákveðinn vítahringur og þetta skerðir samkeppnisstöðu Íslands. Þessar 4.000 millj. kr. eru tæp 20% af launum þeirra sem greiddu í þessa sjóði, 20% af dagvinnulaunum er þessi skuldbinding á hverju ári.

Hver vinnandi Íslendingur, kjósendur okkar hv. þm., skuldar Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 850 þús. kr. Þetta eru skattar sem gleymst hefur að innheimta, en auðvitað verður það gert fyrr en seinna því að menn eru allir sammála um að þessi skuldbinding sé lögvarinn eignarréttur opinberra starfsmanna. Þetta verður greitt. Hver opinber starfsmaður á 3–4 millj. inni hjá ríkinu. Reyndar kom fram í tryggingafræðilegu úttektinni að 300 opinberir stafsmenn eiga meira en 20 millj. í skuldbindingum hjá ríkinu. Það er eins og skuldfrítt, gott og stórt einbýlishús. Það er ekki lítið. Reyndar voru 130 með yfir 25 millj.

Við erum hér að tala um mjög mikla skuldbindingu í mjög langan tíma. Það geta liðið 80 ár þar til tvítugur opinber starfsmaður, ef hann nær 100 ára aldri, tekur síðustu krónuna út úr lífeyrissjóðnum, jafnvel pínulítið meira. Við erum að tala um 80 ára skuldbindingu.

Herra forseti. Hvað erum við eiginlega að borga? Hvað skyldum við vera að borga? Ég stundaði nám í Menntaskólanum í Reykjavík 1960–1965 og þá voru öðlings kennarar sem kenndu mér en það gleymdist að borga launin fyrir kennsluna. Það er ekki búið að borga launin fyrir kennsluna enn þá. Þessir ágætu kennarar mínir eru nefnilega sumir hverjir enn þá vinnandi. Þeir eiga eftir að fá lífeyri og þeir eiga eftir að fá lífeyrisrétt fyrir þennan tíma sem þeir kenndu mér. Það á eftir að borga þetta. Það hefur gleymst. Við eigum eftir að borga velferðarkerfið áratugi aftur í tímann.

Margir hv. þm. eru enn þá svo ungir að það ágæta fólk sem aðstoðaði þá inn í heiminn, þ.e. ljósmæður, læknar, sjúkraliðar og fleiri, er enn að störfum. Það á eftir að gera upp laun þessa fólks. Fæðingarkostnaður umræddra hv. þm. er enn þá að hluta til ógreiddur. Þetta er sú skuldbinding sem við erum að gera upp. Við höfum verið að reka velferðarkerfið, en ekki greitt fyrir það. Við ætlum að láta börnin okkar greiða það.

Herra forseti. Við ræðum hér frv. sem byggir á samningi sem fjmrn. gerði við fulltrúa opinberra starfsmanna. Samningurinn sem gerður var tekur ekkert á þessari skuldbindingu. Hún heldur áfram að vaxa. Hún er ekki stöðvuð. Það er ekki þannig að nú sé slegið strik yfir þetta og byrjað upp á nýtt, nei, nei. Í B-deildinni verður haldið áfram að safna skuldbindingum, þangað verður borgað 10% iðgjald af dagvinnulaunum í staðinn fyrir 26% sem þyrfti. Þar verður haldið áfram að safna skuldbindingum. Þessar skuldbindingar munu hrannast upp í 20–30 ár í viðbót ef ekkert verður að gert.

Það var sagt að markmiðið með þessum samningi væri að tryggja samtímagreiðslur, þ.e. að launagreiðendur mundu greiða þá skuldbindingu sem starfsmenn þeirra yllu sjóðnum. Annað markmið var að ná því að vinnumarkaðurinn yrði ein heild, að fólk væri með sambærileg lífeyrisréttindi alls staðar. Hvorugt markmiðið náðist. Í B-deildinni verður áfram borgað 10% af launum. Það er gersamlega óklárt hver ber skuldbindinguna af því, hver á að borga hana, hvort það er ríkið eða aðrir launagreiðendur, SPRON eða sveitarfélögin, stjórnmálaflokkarnir o.s.frv. Þetta markmið náðist ekki. Viðbrögð aðila vinnumarkaðarins segja okkur að þetta frv. virkaði eins og sprengja inn á vinnumarkaðinn. Það náðist ekki fram það markmið. Við erum ekki búnir að ná fram sambærilegum lífeyriskjörum. Það er alls ekki sambærilegt að fá lífeyri 65 ára eða sjötugur, það er ekki sambærilegt.

Herra forseti. Ef ég væri opinber starfsmaður, og ég er reyndar tryggður í þessum sjóði, þá hefði ég dálitlar efasemdir um þessa skuldbindingu. Ég hefði ákveðinn ugg í brjósti um það að þessi skuldbinding yrði greidd. Einhvern tíma í framtíðinni, eftir 10, 15 ár, einhvern tíma, geta komið erfiðir tímar. Það getur orðið verðfall á útflutningsvörum, það getur orði fiskileysi o.s.frv. og þá verður þessi skuldbinding skert. Það er mjög hætt við því. Ég hefði af því áhyggjur ef ég væri opinber starfsmaður og ég hef af því áhyggjur sem þingmaður.

Hér var gerður samningur og þegar menn gera einhvern samning fær annar þetta og hinn fær hitt. Opinberir starfsmenn fengu réttindin negld niður. Þessi áunnu réttindi er negld niður og auk þess réttur til að halda áfram að ávinna sér réttindi. Hvað höfum við fengið í staðinn? Hvað fengu samningamennirnir okkar? Ekki neitt, minna en ekki neitt. Þeir verða að borga fyrir það að gera þennan samning. Þeir verða að borga fyrir það að tryggja opinberum starfsmönnum þann rétt að halda áfram að ávinna sér rétt. Komið hefur í ljós við skoðun hv. efh.- og viðskn. að það að mega velja úr B-deild í A-deild kostar 4–5 þús. millj. kr. Það er tæplega eigið fé Landsbankans, svo að nefnd séu einhver hlutföll. Þetta borgaði samninganefndin okkar fyrir samninginn.

Hvert er samkomulagið? Í stuttu máli er það óbreytt fyrir núverandi starfsmenn, ekki haggað við neinu, ekki hreyft við neinu. Nýir starfsmenn .... (**Gripið fram í:** Þeir fá betri réttindi.) Nýir starfsmenn fá jafngóð að sagt er. (**Gripið fram í:** Betri.) Nei, þeir fá jafngóð. En valið gefur mönnum kost. Þeir starfsmenn sem eru t.d. með mikla yfirvinnu og illa tryggðir geta valið og þeir munu bæta sinn hag á kostnað ríkisins og þangað munu fara inn hátekjumennirnir. Það eru hátekjumennirnir sem munu hagnast á þessu. Það er nefnilega málið. Þessi samningur er ekki einu sinni félagslegur, enda kannski ekki við að búast. Það er talið að tæplega helmingur starfsfólks ríkisins muni flytja sig. Hinir verða áfram í B-deildinni með fornfáleg yfirréttindi sem ég kem að á eftir. Þetta eru fornfáleg réttindi, ákaflega slæm á allan máta. (**Gripið fram í:** ... Kaupþing.) Nei, hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. (Gripið fram í.) Ég sé ekki hvað það kemur

málinu við, hv. þm. (**ÖJ:** Jú, þetta er hagsmunabarátta.) Hér eftir sem hingað til verða fornfálegu yfirréttindi opinberra starfsmanna til samanburðar á almennum markaði, í 30–40 ár héðan í frá.

Það sem munar á þessum lífeyrissjóði og öðrum lífeyrissjóði á markaðnum, ef menn eru að stefna að því að hafa þetta sambærilegt, er það að hér er breytilegt iðgjald og föst réttindi á meðan í öllum öðrum lífeyrissjóðum er iðgjaldið fast og réttindin breytileg. Ef illa gengur, ef örorkan vex, ef vextirnir detta niður, fara niður fyrir 3,5%, þá verður fólk í almennu sjóðunum að sætta sig við skerðingu og fólk hefur orðið að sætta sig við umtalsverða skerðingu í öðrum lífeyrissjóðum, sérstaklega í makalífeyri. Það er sagt að þetta sé eitthvað sambærilegt, það er það ekki. Auk þess er iðgjaldið 15,5%, sem væntanlega verður 17% með tímanum, samanborið 10%. Það er ekki sama iðgjaldið, það hlýtur hver einasti maður að sjá.

65 ára ellilífeyrisaldur borinn saman við 70, það er heldur ekki það sama, þetta er engan veginn sambærilegt. Þetta er félagslegt sprengiefni til skamms tíma. Réttindi opinberra starfsmanna eru sýnd, þau eru 15,5 upp í 18%, ef allir flyttu eða 26% af dagvinnulaunum. Þau eru sýnd en þau eru ekki jöfnuð. Þau eru ekki skert eins og eðlilegt hefði verið talið til framtíðar.

Herra forseti. Metur fólk yfirleitt lífeyrisréttindi? Opinber starfsmaður sem fær þessi góðu lífeyrisréttindi hvort sem hann vill eða ekki segir að sjálfsögðu að hann sætti sig ekki við lægri laun. Hann vildi bara ekki þessi lífeyrisréttindi. Hann segir: Ég vil fá laun eins og hver annar. Ég kæri mig ekkert um þessi lífeyrisréttindi. Þeim er þröngvað upp á mig og hann fær að sjálfsögðu sín laun. Að láta sér detta það í hug, eins og hæstv. fjmrh. lýsti yfir, að menn geti sætt sig við lægri laun af því að hann hafi góð lífeyrisréttindi, ég á eftir að sjá það.

Áður en ég varð þingmaður, var ég starfandi sem leiðbeinandi af því að ég er ekki með kennsluréttindi. Ég kenndi stærðfræði og af því að ég var leiðbeinandi var ég í Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda þangað sem var borgað 10% iðgjald og án ríkisábyrgðar. Kennararnir sem unnu við hliðina á mér, sem höfðu þessi frægu kennsluréttindi en minni menntun sumir, borguðu í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það var ekki talað um að ég fengi hærri laun fyrir bragðið, ekki til í dæminu.

Ég vil velta upp þeirri spurningu hvort opinbert starfsfólk hafi nokkurn tíma verið spurt að því hvort það vilji fórna einum mánaðarlaunum á ári alla starfsævina til þess að geta farið á lífeyri 65 ára í staðinn fyrir 70 ára. En það er meginmunurinn á þessum tveimur kerfum, að geta farið á lífeyri 65 ára eða 70 ára plús náttúrlega ýmis minni atriði. Ég spyr: Hví skyldi fólk ekki mega velja um góð lífeyrisréttindi og lægri laun eða venjuleg lífeyrisréttindi og hærri laun? Fá betri lífskjör fyrir sig og börnin sín á meðan það starfar og er að koma yfir sig húsnæði og falla frá þessum súperréttindum í ellinni. Treysta forustumenn opinberra starfsmanna ekki dómgreind síns eigin fólks? Treysta þeir því ekki að opinberir starfsmenn geti valið? Þurfa þeir að velja fyrir þá? Ég spyr.

Herra forseti. Hver verða áhrif þessa frv. á vinnumarkaðinn til skamms tíma? Það er annað sprengiefnið. Í fyrsta lagi: Inn í þetta frv. var laumað því að BHM, Bandalag háskólamanna, fengi aukinn aðildarrétt þannig að allir félagsmenn í BHM geta fengið rétt að þessum sjóði ef launagreiðendurnir samþykkja það. Það er verið að hleypa inn í sjóðinn menntuðu hátekjufólki yfirleitt, verkfræðingum, arkitektum, tæknifræðingum, og tölvunarfræðingum, hugsanlega. Það er verið að hleypa þeim inn ef launagreiðendur þeirra samþykkja það. Fólk sem hefur aldrei unnið hjá opinberu fyrirtæki og vinnur þar ekki heldur núna. Þetta fólk fær að koma inn í sjóðinn. Það er blíðunnar aðnjótandi. Það mun að sjálfsögðu þrýsta á sína launagreiðendur að samþykkja nú 15,5% iðgjald og veita þessi góðu réttindi.

ASÍ-fólkið hins vegar, sem er eitthvað um 7–8 þúsund manns, það eru opinberir starfsmenn, þeir vinna hjá hinu opinbera, en þeir flokkast ekki undir opinbera starfsmenn. Þeir fá ekki réttindi eins og aðrir opinberir starfsmenn. Þeir fá venjuleg lífeyrisréttindi: 10% iðgjald og ellilífeyrisaldur við sjötugt o.s.frv. Þetta er yfirleitt lágtekjufólkið, þetta er Sóknarfólkið. Það fær ekki inngöngu í sjóðinn. Það nýtur ekki blíðunnar.

Það sem mun gerast á vinnumarkaðinum er að BHM-félagar munu planta sér með réttindin á vinnumarkaðinn og það kemur allt í einu í ljós að maðurinn við hliðina er í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hjá einhverju einkafyrirtæki. Og þá segja aðrir starfsmenn: Af hverju er ég ekki í þessum ágæta Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins? Ég vil fá sömu réttindi, ég heimta sömu réttindi. Og svo hins vegar ASÍ-fólkið sem vinnur hjá ríkinu, sem er opinberir starfsmenn. Það mun segja: Við viljum fá þessi sömu réttindi. Þessi krafa er þegar komin fram. Hún kom fram hjá hv. efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Skiljanlega.) Skiljanlega, já. Þeir munu vilja fá þessi réttindi. Þá kemur í ljós að annað fólk í þessum stéttarfélögum, sem ekki vinnur hjá ríkinu, mun segja: Við viljum að sjálfsögðu fá sömu réttindi og þetta fólk sem vinnu hjá ríkinu. Og þetta mun planta sér svona yfir allan vinnumarkaðinn. (Gripið fram í.) Get ég fengið hljóð? Það yrði 15,5% iðgjald á allan vinnumarkaðinn. Þetta er sprengjan. Það er nefnilega þannig að einhver verður að borga þessar ágætu gjafir. Það verður einhver að borga þær.

Það kom fram hjá hv. efh.- og viðskn. að þessi réttindi munu kosta atvinnulífið 8.000 milljónir á ári. Og þeir munu ekki geta borgað þær 8.000 milljónir í laun, það segir sig sjálft. Það er ekki notaður sami peningurinn tvisvar, mér er alla vega ekki kunnugt um það. Þannig að þetta kemur niður á einhverjum. Og hver skyldi það nú vera? Það skyldi ekki vera fólkið sjálft sem á að fara gefa gjafirnar af því það getur ekki fengið hærri laun?

Launafólkið borgar að sjálfsögðu allt iðgjaldið. Það er enginn vandi að hækka bara laun allra Íslendinga um framlag atvinnurekandans, sem er skattfrjálst og 4% framlag launþegans er líka skattfrjálst. Það er enginn vandi að hækka launin um framlag atvinnurekandans og láta launþegann borga allt iðgjaldið sjálfan og það breytist akkúrat ekki neitt. Fyrirtækið hefur nákvæmlega sömu útgjöld, launþeginn hefur nákvæmlega sömu tekjur eftir sem áður. Þetta er rökstuðningur fyrir því að launþeginn borgar alltaf allt iðgjaldið. Hann á líka öll réttindin. Það er enginn sem á réttindin í lífeyrissjóðnum annar en launþeginn.

Herra forseti. Hvaða áhrif mun þetta hafa á lífeyriskerfi landsmanna? Þetta frv., sem við ræðum hérna kl. tuttugu mínútur yfir ellefu, hvað áhrif hefur það á lífeyriskerfi landsmanna? Eins og ég gat um áðan mun þetta smitast yfir allan vinnumarkaðinn, 11,5%, framlag launagreiðanda, samtals 15,5%. Hefur einhver hugleitt hvort við viljum það? Hefur einhver hugleitt þessa stefnu? Hér er verið að leggja stefnu

í mjög stórum lagabálki og því er bara slysað inn nánast án umræðu. Hvað erum við að velja? Við erum að velja 10% iðgjald og ellilífeyrisaldur 70 ára eða 18–20% iðgjald, því þannig endar það, og 65 ára aldur. Þetta er stefnan sem við höfum.

Við höfum ákveðnar líffræðilegar staðreyndir. Við höfum dánarlíkur, örorkulíkur og annað slíkt sem við breytum væntanlega ekki. Við getum breytt reglunum um lífeyri. Við erum að búa til kerfi sem allt í einu leggur miklu þyngri álögur á hinn vinnandi mann sem er að koma upp sínum börnum, sem er að koma sér upp húsnæði, sem er í atvinnurekstri og til þess að bæta stöðu hans þegar hann verður gamall.

Þetta er kerfi sem Evrópuþjóðirnar tóku upp fyrir löngu síðan og eru í standandi vandræðum með vegna þess að hinn vinnandi maður segir: Ég get ekki unnið, ég get ekki borið þessar byrðar. Það er búið að lækka ellilífeyrisaldurinn allt niður í 62 ára hjá Þjóðverjum. Þetta er kerfi sem gengur bara illa upp. Ég vil að menn geri sér grein fyrir því áður en þeir taka svona ákvörðun, áður en þeir gera svona samkomulag og áður en þeir taka svona ákvörðun sem smitar út á allan vinnumarkaðinn. Við erum í rauninni að velja það hvort fólk vilji fórna einum mánaðarlaunum á ári, það eru þessi 8%, 9%, alla starfsævina til þess að geta farið fimm árum fyrr á lífeyri. Þetta er spurningin.

Sumir hafa sagt: Það er fínt mál að fá svona mikil iðgjöld inn í lífeyrissjóðina, það eykur sparnað, minnkar þenslu o.s.frv. En þetta er þvingaður sparnaður. Minn flokkur, Sjálfstfl., hefur ekki verið hlynntur miðstýringu og kvöðum á einstaklingana. Við viljum sjá fólk spara þegar það vill spara en ekki þannig að það spari af því krónan er rifin úr vösunum á því og stungið ofan í einhvern annan vasa. Það höfum við ekki viljað sjá. Minn flokkur hefur ekki viljað sjá svona miðstýringu og skyldusparnað. (**Gripið fram í:** Þar til nú.) Ég er ekki viss um að hann átti sig á því. Ég get ekki tekið undir með þeim sem vilja blása út þvingaðan sparnað og sæi heldur umgjörð sem hvetti til frjáls sparnaðar. En það er náttúrlega ljóst þegar við þvingum svona mikinn sparnað af fólkinu þá getur það ekki sparað frjálst. Það er bara ekki til í dæminu, það hefur ekki lengur sparnaðarmátt. Svo ég tali nú ekki um þegar iðgjaldið er komið í 15,5% þá er ég hræddur um að einhvers staðar fari að kikna.

Vandi kerfisins er sá að 1974 voru sett alveg ótrúleg lög á Alþingi og þau voru ítrekuð 1980. Það var ein lítil setning sem sagði: Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Punktur, basta, ekkert meir. Þar með voru allir Íslendingar skyldaðir til að borga í lífeyrissjóði en það voru engin lög um þessa sömu lífeyrissjóði, ekki til í dæminu. Þetta er vanþróuð lagasetning sem mest má vera. Og eftir þessu höfum við starfað til dagsins í dag. Í þróuðum löndum taka menn 3–4 ár í að þróa breytingar á lífeyriskerfi. Hér var slengt inn, væntanlega rétt fyrir kl. 12 á miðnætti, einhverri breytingu sem skyldar alla til að vera í lífeyrissjóði.

Hvað hafa menn gert? Menn hafa skyldað suma til að fara í lífeyrissjóði þar sem meðalaldurinn er hár, eins og í Lífeyrissjóði verkstjóra, sem reyndar er búið að sameina núna. Það fólk fékk lakari lífeyrisrétt bara af því félagarnir í sjóðnum sem voru með þeim voru gamlir. Aðrir voru skyldaðir til að fara í aðra lífeyrissjóði eins og í Lífeyrissjóði garðyrkjumanna, þar sem er ungt fólk. Þeir fengu miklu meiri lífeyrisrétt bara af því félagarnir með þeim voru ungir. Lífeyrissjóður verslunarmanna stendur alveg dúndurvel af því það er ungt fólk í þeim lífeyrissjóði, bara út af því. Hvers slags kerfi er þetta eiginlega? Að skylda menn til að borga í lífeyrissjóði þar sem er algjör tilviljun hvort þeir standa vel eða illa.

Þetta er kerfið sem við búum við. Það er nefnilega þannig að þegar við erum með raunvexti í gangi eins og 3,5% sem reiknað er með þá ættu réttindi 30 ára manns að vera tvöföld réttindi 50 ára manns af því það er styttra þangað til 50 ára maðurinn fer á lífeyri og það eru hærri dánarlíkur hjá honum. Réttindi tvítugs manns ættu að vera þreföld réttindi fimmtugs manns. Svona höfum við þetta ekki á Íslandi. Við erum með öll réttindi eins. Maðurinn sem er tvítugur er að borga fyrir gamla manninn sem er fimmtugur í réttindum. Það er ástæðan fyrir öllum þessum vanda þegar verið er að sameina lífeyrisréttindi. Kerfið sem við búum við er orðið mjög illa farið og það þarfnast uppskurðar.

Herra forseti. Stjórnarandstaðan fagnaði þessum samningi og þessu frv. við 1. umr. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon óskaði opinberum starfsmönnum til hamingju. Það var mikill fagnaður. Aðspurður, af mér, hver borgaði gjafir hæstv. fjmrh. sagði hann að það væru einhver vesöl sveitarfélög og svo garmurinn hann ríkissjóður. En það væri nú sko allt í lagi. Og þegar hann var spurður: Og hver borgar þeim? Þá var eitthvað svona ja, ja, sem svar. Það var ekkert almennilegt svar.

Auðvitað borga skattgreiðendur þeim. Á hverju skyldu ríkissjóður og sveitarfélög lifa? Á skattgreiðendum, á fólkinu í landinu. Á þessu sama fólki og á að fara gefa réttindi núna. Ja, miklar eru gjafirnar. Stjórnarandstaðan stóð að áliti meiri hluta hv. efh.- og viðskn. sem er mjög óvenjulegt. Þeir vilja láta þetta frábæra kerfi ná til allrar þjóðarinnar og tóku það sérstaklega fram. Miklar eru gjafirnar. Mín persóna virtist vera leiðinlegi gesturinn í fagnaðinum, talandi um einhverjar leiðinlegar skuldbindingar, að gjafirnar kosti eitthvað. Og að sá sem fái gjafirnar verði að borga þær sjálfur. Þetta eru nú bara leiðinlegheit. Lifum heldur í sætum draumi á ljósrauðum skýjum. Raunveruleikinn er svo ósköp leiðinlegur.

Þessi afstaða stjórnarandstöðunnar er mjög oft uppi á borðinu á hinu háa Alþingi. Það er fullt af góðum málum, bara að nefna það. Snjóflóðavarnir, sjálfsagt mál. Í Reykjavík þótti sjálfsagt að taka upp holræsagerð, að sjálfsögðu. Allt bráðnauðsynleg og góð mál, ekki spurning. Þangað til kemur að því að borga dýrðina. Þá fer að verða leiðinlegt. Og svo hittir maður fólkið niðri á jörðinni. Þar púlar fólkið, púlar atvinnulífið og kveinkar sér undan sköttunum. Skolpskatturinn í Reykjavík. Snjóflóðaskatturinn, tvö þús. kr. á íbúð, það er svo sem ekki neitt, tvö þúsundkall — hvað er nú það? En þegar það kemur ofan á allt hitt þá munar aldeilis um það. Allt eru þetta góð mál.

Ég fór í heimsókn í Granda um daginn. Þar hitti ég fólk sem er ákaflega duglegt og vinnur hratt og vel. Hefur líka tiltölulega góð laun. Í fyrra kom loðna, sem við vonum að komi aftur núna í vetur. Fólkið vann þarna, sagði það mér dag og nótt í sex vikur, sá ekki börnin sín, og vann allar helgar, vann mikið starf. En þegar farið var að telja upp úr buddunum þá var heldur lítið eftir og svo þegar barnabæturnar komu sem voru tekjutengdar og allt hitt dótið sem er tekjutengt, vaxtabæturnar o.s.frv. þá var bara ekkert eftir. Það sagði ein konan við mig þarna niður frá: Ja, þeir skulu bara finna einhvern annan en mig til að vinna í loðnunni núna í vetur, ég stend ekkert í því. Þarna er skattlagningin. Þarna er verið að borga gjafirnar. Það er verið að klyfja þetta hross

enn frekar. Það er gott. Gefum öllum góð lífeyrisréttindi. Hrói höttur nútímans gefur hinum fátæku gjafir, hinum ríku líka en hann tekur ekki gjafirnar frá hinum ríku. Nei, hann tekur af þeim sem hann gefur þær og vill fá þakklæti fyrir. Það er hinn nútíma Hrói höttur.

Herra forseti. Núverandi kerfi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er með fádæmum flókið. Það er fádæma flókið. Ég skil það yfirleitt aldrei nema rétt þegar ég er að lesa það. Og ég hefði þurft sennilega eins og einn mánuð eða tvo til að skilja þetta frv. til hlítar. Ég fékk bara ekki þann tíma og samt er ég búinn að vera að dunda í þessu fagi í ein 20 ár. Hvað þá um aðra þingmenn sem koma frískir að þessu, nýir, og átta sig ekkert á þessu. Ég vorkenni þeim.

Það eru eiginlega þrjár reglugerðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Ein er 2% réttindaávinningur á ári, 1% þegar iðgjaldafrelsi er eftir 32 ár. Það er borgað iðgjald í 32 ár og svo er iðgjaldafrelsi þá er 1%. Lífeyrisaldur 65 ára og lífeyririnn fer eftir launum eftirmanns, 10% iðgjald. Þetta er fyrsta regla. Næsta regla er 95 ára reglan og 10% iðgjald. Ég ætla ekki að lýsa henni, hún er svo flókin. Það er þegar lífaldur og starfsaldur er 95 ár o.s.frv. og menn geta hafið töku lífeyris allt niður í 60 ára aldur. Þriðja reglan er vaktavinnukerfið, það er stigakerfi eins og í almennu sjóðunum með 2% réttindavinnslu á ári og 1% fyrir makalífeyrir og 10% iðgjald. Svo á að fara að bæta A-deildinni við núna, fjórðu reglugerðinni í sama lífeyrissjóðnum. Reyndar eru kennarar líka með sérákvæði, ég ætla ekki að fara inn á það. Þar er 1,9% réttindavinnsla fyrir hvert ár, makalífeyrir er 0,95%, ellilífeyrisaldur 65 ára og ef menn fresta töku lífeyris hækkar hann um 0,8% fyrir hvern mánuð, eða tæp 10% á ári. Það þýðir það að réttindavinnsla manns sem er búinn að vinna til sjötugs er 2,81% miðað við alla starfsævina. Það berum við saman við 1,8% hjá almennu sjóðunum þegar menn fá lífeyri um sjötugt. Og iðgjaldið er 15,5% að sagt er fyrstu árin en verður meira.

Valið úr B-deild í A-deild kostar 5 milljarða, 5.000 millj. kr., og til þess að ná því niður var samið um að lækka þessa réttindaávinnslu úr 0,8% í 0,5%, þ.e. 10% fyrir hvert ár niður í 6% og það var sagt að það yrði jafngilt. Ég trúi því ekki. Ég er tryggingafræðingur og ég mundi aldrei komast að þessari niðurstöðu. Vegna þess að ég veit að þegar fólkið hefur ekki eins mikið upp úr því að fresta töku lífeyris þá hefur það töku lífeyris 65 ára og það heldur bara áfram að vinna. Það er ekkert í þessari nýju deild, A-deild, sem bannar mönnum að vinna eftir að þeir hefja töku lífeyris. Þeir eru þannig með tvöföld laun og leggja launin inn, kaupa spariskírteini fyrir það sem eftir stendur eftir skattinn. Þegar þeir eru síðan komnir yfir sjötugt byrja þeir að taka lífeyri og hætta að vinna. Þá nota þeir spariskírteinin sem uppbótarlífeyri. Þetta kemur betur út fyrir opinbera starfsmenn. Þannig að þetta er ekki jafngilt.

Fjmrh. er sem sagt að borga fyrir þennan samning, það verður niðurstaðan. Við munum borga fyrir þennan samning. Við munum borga opinberum starfsmönnum fyrir það að negla niður þau réttindi sem þeir hafa þegar áunnið sér og leyfa þeim að halda áfram að ávinna sér réttindi. Það er borgað fyrir það slík ósköp. Ég spyr hvers vegna í ósköpunum.

Ég nefndi það í upphafi að þessar reglur hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins væru bæði gamaldags og úreltar. Í fyrsta lagi örorkulífeyririnn. Hann er mjög lélegur. Menn fá örorkulífeyrir miðað við áunninn rétt. Þannig að maður sem búinn er að vinna í fimm ár fær sáralítinn örorkulífeyri. Hann er lakur og lélegur. Þessu á að halda áfram. Síðan eru dagvinnulaunin tryggð en ekki heildarlaunin. Það kom fram að opinberir starfsmenn eru með 43% eftirvinnu ofan á dagvinnulaun. Einn þriðji af launum opinberra starfsmanna er eftirvinna og hún er ekki tryggð. Margir sem eru með mikla eftirvinnu, eins og sumir sjómenn á varðskipunum þar sem eftirvinnan getur farið upp í tvöföld dagvinnulaun, eru nánast ótryggðir. Þetta heldur áfram, nema þeir munu að sjálfsögðu skipta.

Svo er merkilegt ákvæði í þessum reglum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að menn borga iðgjald í 32 ár. Maður spyr hvers vegna í ósköpunum? Tvítugur maður sem byrjar í sjóðnum borgar til 52 ára aldurs. Þá er hann kominn úr skuldum, búinn að koma upp börnunum, og þá hættir hann að borga iðgjald. Ég spyr hvers vegna í ósköpunum? Þetta er eitthvað fornfálegt.

Makalífeyririnn er mjög ríflegur. Makinn byrjar með 20% eins og við þekktum hjá varaþingmönnunum áður en þessu var breytt á síðasta þingi. Hann byrjar með 20% þannig að ellilífeyrisþegi sem hefur unnið í 10 ár hjá ríkinu fær 20% af launum, en makinn fær 25% af launum ef ellilífeyrisþeginn fellur frá. Lífeyristekjur fjölskyldunnar hækka við það að annað hjónanna fellur frá. Hver er rökstuðningurinn á bak við þetta? Ég hef aldrei getað skilið þetta. Er það til að makinn geti skemmt sér eða hvað? Hann fær meira til ráðstöfunar fyrir sig einan heldur en hjónin höfðu bæði áður. Þetta er náttúrlega fráleitt.

Makalífeyrir er auk þess mjög ríflegur. Hann er borgaður öllum. Það hefur komið í ljós að velflestir Íslendingar eiga sinn eigin ellilífeyrisrétt. Það er ekki lengur þörf á þessum makalífeyrisrétti eins og var hér 1930 en þaðan koma þessar reglur. Þær eru orðnar svo gamlar að þær eru löngu orðnar úreltar. Segjum að þrítugur karlmaður falli frá, opinber starfsmaður. Hvers vegna á að borga konunni hans, sem er 29 ára, lífeyri til æviloka og ekkert barn og ekki neitt? Hvaða vit er í þessu?

Svo er ellilífeyrisaldurinn 65 ár enn þá eins og var fyrir 40 árum, þrátt fyrir að fólk búi við mikið betri heilsu og það sé ekki saman að líkja hvað sjötugur maður lítur betur út í dag en á þeim tíma. Svo er meira langlífi auk þess.

Þessum fáránlegu, úreltu og gamaldags reglum er öllum haldið í B-deildinni, öllum haldið, engu breytt. En það er eitt merkilegt við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem kemur sjaldan fram. Hann er óverðtryggður. Hann borgar óverðtryggðan lífeyri. Launagreiðandinn borgar verðbætur á lífeyrinn. Það er sem sagt háð verðbólgu og launahækkun eftirmannsins hvað launagreiðandinn borgar mikið í eftirlaun. Segjum að stofnun sé með einhvern mann í vinnu. Svo fer hann á eftirlaun og við tekur einhver háskólamaður sem er með tvöfalt hærri laun. Þá menntast menn eftir að þeir eru komnir á eftirlaun. Þeir fá allt í einu helmingi hærri laun, af því að eftirmaðurinn hefur betri menntun. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt kerfi, alveg ótrúlegt.

Þessar verðbætur launagreiðandans koma þannig út að þegar það er mikil verðbólga og miklar launahækkanir þá stendur sjóðurinn ljómandi vel því þá borgar atvinnurekandinn nánast allan lífeyrinn. Fyrir nokkrum árum borguðu atvinnurekendur, launagreiðendur, þar á meðal ríkið, 80% lífeyrisins vegna þess að lífeyririnn rýrnaði svo hratt. Núna borga þeir 25%. Og hlutur launagreiðandans lækkar óðfluga

vegna þess að verðbólgan er svo lítil. En þá stefnir líka í vandræði hjá lífeyrissjóðnum.

Ég þekki dæmi um að lífeyrissjóðurinn borgar 2.500 kr. í makalífeyri en atvinnurekandinn borgar 122.500 kr. í verðbætur. Samtals fær gamla konan 125.000 kr. í lífeyri. Það þýðir að lífeyrissjóðurinn borgar nánast ekkert af þessum lífeyri, nánast ekki neitt út af þessum furðulegu reglum.

Herra forseti. Hvernig gætum við leyst þetta öðruvísi? Þar er ég með lausn. Við metum aukaiðgjaldið umfram 10% af öllum launum sem yrði svona 16–17% fyrir allan sjóðinn. Síðan bjóðum við núverandi starfsfólki varanlega launahækkun sem nemur aukalífeyrisiðgjaldinu og segjum þeim að velja sér einhvern sjóð úti í bæ. Það mætti borga mönnum þarna um 7% launahækkun. Þetta væri algjörlega valkvætt. Það er enginn þvingaður inn í þetta, ekki einn einasti maður. Margir mundu velja þetta að sjálfsögðu og við erum búin að losna við skuldbindinguna af þeim alla vega. Nýtt fólk fengi strax launahækkun. Það er líka valkvætt því fólkið veit að hverju það gengur. Það getur líka hætt við að ráða sig hjá ríkinu. Það veit að hverju það gengur. Það fær þessa launahækkun og borgar í venjulegan lífeyrissjóð. Ef enginn lífeyrissjóður er til þá er alltaf til Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda sem tekur á móti öllum sem ekki eiga heima annars staðar. Þetta yrði ákaflega einföld lausn.

Svo er það samningsatriði við stéttarfélögin hvort þetta yrði gert á einstaklingsbasís þannig að sumir fengju meiri launahækkun heldur en aðrir. Eða hvort þetta yrði gert á félagabasís eða hvort þetta yrði gert fyrir allan hópinn í einu. Það yrði samkomulagsatriði.

Svo mætti hugleiða það að leyfa mönnum að selja þessi áunnu yfirréttindi sem ég gat um áðan, réttindi upp á 20 millj. kr. Leyfa þeim að selja það sem er umfram þessi venjulegu réttindi.

Þetta er lausn sem kæmi til greina og hún var til umræðu en stéttarfélögin vildu hana ekki. Af hverju vildu þau hana ekki? Af því að þá er komið val fyrir sjóðfélagana. Val sem þeir treysta ekki sínum eigin sjóðfélögum til að takast á við. Þeir treysta ekki sínu eigin fólki til að velja að vera með venjuleg lífeyrisréttindi eins og fólk á almennum vinnumarkaði eða að vera með þessi góðu réttindi. Þeir treystu því ekki. En það sem mundi gerast er náttúrlega það, að um leið og fólkið er komið út úr þessum lífeyrissjóði og er farið að borga í annan lífeyrissjóð, þá er það ekki lengur samningsatriði stéttarfélaganna. Það er kannski það. Það er verið að halda sálunum saman. Ég hef grun um að það sé ástæða þess að þeir völdu ekki þessa leið. Þeir völdu heldur að hafa þetta allt óbreytt, með kolrugluðum og úreltum reglugerðum eins og er í B-deildinni, og halda áfram að hlaða upp skuldbindingu sem hugsanlega gæti sprungið einhvern tímann.

Herra forseti. Ég hef flutt hér brtt. við þetta frv. og ég ætla að leyfa mér að fara í gegnum einstakar greinar. Í þessu frv. reyni ég að bjarga því sem bjargað verður í þessu samkomulagi, þ.e. að reikna upp skuldbindingu fyrir B-deildina. Mér finnst alltaf að menn eigi að borga sínar skuldir, jafnt ríkissjóður sem aðrir. Gera upp skuldbindinguna við B-deildina og þá er komið í ljós hvað hver launagreiðandi skuldar. Taka út ákvæðin um að launagreiðandi borgi verðhækkanir á lífeyri og reikna út hvað iðgjaldið þarf að vera hátt. Það þarf sennilega að vera um 18% af öllum launum. Eða 26% af dagvinnulaunum, eitthvað á því róli. Þetta er fyrsta skrefið.

Annað skrefið er að reikna út nauðsynlegt iðgjald fyrir B-deildina, þ.e. að menn fari virkilega að borga inn. Póstur og sími borgi þarna inn 26% af dagvinnulaunum síns fólks. Það er engu breytt gagnvart réttindum opinberra starfsmanna, ekki neinu. Þetta eru bara reiknikúnstir launagreiðendanna til að meta skuldbindinguna og gera hana upp. Ég er viss um að opinberir starfsmenn yrðu mjög hrifnir af þessu. Þá er komið í ljós að það er búið að borga skuldbindinguna með skuldabréfi frá ríkissjóði sem er með ríkisábyrgð að sjálfsögðu og sú skuldbinding sem myndaðist yrði alltaf borguð jafnóðum. Þegar búið er að reikna út svona breytilegt iðgjald í B-deildinni þá getum við afnumið ríkisábyrgðina nákvæmlega eins og í A-deildinni, því breytilega iðgjaldið dekkar ríkisábyrgðina.

Þetta eru þær brtt. sem ég er að gera hér við þetta frv., hæstv. forseti, og þar er ég að reyna að bjarga því sem bjargað verður. En af hverju geri ég þetta? Vegna þess að þá er þetta orðið sýnilegt. Það er orðið sýnilegt hvert iðgjaldið þarf að verða og þetta er orðið að einhverju leyti sambærilegt við almenna markaðinn. Það er orðið sýnilegt hvert iðgjaldið þarf að vera. Og menn geta sagt: Opinberir starfsmenn eru með þetta mikið hærri laun, þ.e. 8%. Þeir verða þá bara hreinlega að sætta sig við það lægri laun. Síðan kemur maður að sjálfsögðu með hugmyndir um að leyfa mönnum að velja en það kemur seinna.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara í gegnum rökstuðning fyrir þeim brtt. sem eru á þskj. 434, sem eru brtt. við frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins.

Í fyrstu brtt. er lagt til að tryggingafræðingur reikni út nauðsynlegt iðgjald fyrir báðar deildir sjóðsins í staðinn fyrir að reikna iðgjaldið aðeins fyrir A-deildina. Aðferðin við útreikning á iðgjaldi B-deildarinnar er sú sama og við iðgjald A-deildar. Ferlið er það að tryggingafræðingurinn hafi lokið útreikningum sínum fyrir 1. maí ár hvert, stjórnin hafi síðan tíma til 1. júní til að ákveða og tilkynna iðgjaldið og það taki gildi frá 1. júlí. Iðgjaldið yrði í námunda við næsta hálft prósent af launum sem þýðir að iðgjaldið getur aðeins tekið heil og hálf tölugildi, t.d. 11%, 11,5%, 12,5% o.s.frv. 11,264% yrði 11,5% en 11,246% yrði 11%, lækkaði niður. Þetta er gert til þess að það sé ekki eilíft verið að hringla með þetta iðgjald. Það er bara þegar komið er yfir þessi þrep sem því verður breytt. Annars mundum við sjá breytingar á hverju einasta ári.

Í öðrum lið er felld niður ábyrgð ríkissjóðs eins og ég gat um áðan til greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, enda fellur ábyrgðin á ríkissjóð og aðra launagreiðendur með breytilegu iðgjald samkvæmt 11. gr. frv. sem ég var að leggja til hérna áðan.

Í þriðja lið er tekið skýrt fram að fullt og rétt iðgjald skuli reiknað af þeim launum sem tryggð eru hjá B-deildinni í fullu samræmi við sambærilegt ákvæði í A-deildinni í 4. mgr. 25. gr. frv. Iðgjaldið standi undir þeim réttindum sem sjóðurinn veitir. Með því að taka upp greiðslur launagreiðanda á áfallinni skuldbindingu og sýna og fá greitt nauðsynlegt iðgjald til sjóðsins er staða sjóðsins sýnd á hverjum tíma. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt þarf þetta iðgjald að vera 26% af dagvinnulaunum í dag. Enn fremur er hér tekið fram að atvinnurekandinn greiðir 4% iðgjaldið fyrir launþegann eftir að hann hættir að greiða iðgjaldið eftir 32 ár, til viðbótar við iðgjald sem menn borga samkvæmt 3. gr. Hér er sem sagt lagt til að þegar iðgjaldagreiðslunni lýkur, þá borgi launagreiðandinn iðgjaldið fyrir launþegann. Þannig að það breytist ekki neitt.

Í 4. lið er lagt til að iðgjald af vaktavinnu, sem ég gat um áðan að er eitt kerfi þarna í sjóðnum, verði það sama og annað iðgjald, enda eru réttindin svipuð, 2% fyrir hvert ár, 1,9 í A-deildinni og 2% í B-deildinni, nema makalífeyririnn er lakari í vaktavinnukerfinu.

Fimmti liðurinn fjallar um það að fella niður skyldu launagreiðanda til þess að greiða hækkanir sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður. Þetta er afar óskynsamlegt ákvæði eins og það er í dag þar sem greiðslur launagreiðenda eru háðar launahækkunum eftirmanna lífeyrisþega, en þær eru svo aftur háðar verðbólgu. Lífeyrissjóðurinn greiðir óverðtryggðan lífeyri eftir að taka hans er hafin. Þannig er það í dag. Afleiðingin er sú að fyrir nokkrum árum greiddu launagreiðendur yfir 80% af lífeyri sjóðsins en núna 20 eða 25%. Ef verðbólgan er mikil, þá greiðir launagreiðandi nánast allan lífeyri starfsfólksins og launagreiðandinn er með manninn áfram í vinnu í rauninni. Til hvers er þá lífeyrissjóðurinn? Þegar verðbólgan minnkar og launahækkanir verða skaplegar minnkar þessi þáttur launagreiðanda og staða sjóðsins hríðversnar eins og núna.

Í liðnum er fellt niður sérákvæði um kennara og skólastjórnendur grunnskóla, en samkvæmt því skyldu sveitarfélögin greiða 15,5% iðgjald vegna þessara starfsmanna sinnar til viðbótar 4% iðgjaldi starfsmanna sjálfra, eða alls 19,5%. Þetta er reglan sem átti að taka upp. Ég hef ekki enn þá fengið útskýringu á því af hverju þetta fólk þarf að borga 19,5% iðgjald. Það er ekki einu sinni víst að þetta iðgjald nægi. Það er eðlilegt að leiða fram þá raunverulegu skuldbindingu, sem réttindi þessara starfsmanna valda. Þessi breyting kann að valda einhverri röskun á fjármálasamningi ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólans. Hins vegar er æskilegt að ekki séu skildar eftir óljósar ógreiddar skuldbindingar hjá sjóðnum og þetta er hluti af því að taka það allt undir meðaliðgjaldið.

Í sjöunda lið er sama ákvæðið, þ.e. að reikna iðgjald af dagvinnulaunum fyrir B-deild eins og var í A-deild.

Í áttunda lið er kannski meginatriðið. Hér er lagt til hvernig staðið skuli að uppgjöri áfallinna skuldbindinga við gildistöku laga þessara. Nauðsynlegt er að ganga frá og skilgreina hver bera skuli þá miklu skuldbindingu sem hlaðist hefur upp. Nú er það allsendis óljóst hver ber skuldbindinguna og fer það nokkuð eftir launabreytingum í framtíðinni eins og ég gat um áðan. Það verður að teljast ófullnægjandi fyrir launagreiðendur að þeir vita ekki hver skuldbindingin verður. Hún er háð því hvað launahækkanir verða miklar í framtíðinni. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að launagreiðendur greiða það sem stendur eftir af áunninni skuldbindingu vegna núverandi starfsmanna umfram núvirka eign sjóðsins í hlutfalli við réttindavinnslu sjóðfélaga hjá launagreiðanda. Það er sem sagt fundið út hver er réttindavinnsla ákveðins sjóðfélaga hjá ákveðnum launagreiðanda. Sem dæmi má taka einstakling sem vann í 20 ár hjá fyrirtæki A og fær fyrir það 40% rétt. Þá vann hann 20 ár hjá fyrirtæki B og er iðgjaldafrjáls í 8 ár. Hann er búinn að borga í 32 ár og þá hættir hann að borga iðgjöld og þá vinnur hann sér inn 1% fyrir hvert ár þannig að hann fær ekki nema 32% hjá launagreiðanda B þó að hann hafi borgað nákvæmlega í jafnlangan tíma þar og hjá fyrirtæki A og verið jafnvel með sömu laun. Skuldbindingin milli þessara tveggja launagreiðanda skiptist þá í hlutföllunum 40:32.

Eign sjóðsins skal nú vera þannig að hún gefi að jafnaði 3,5% ávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs eftir núvirðinguna. Þetta eru þær reglur sem Félag tryggingafræðinga hefur lagt til. Þannig yrðu öll skuldabréf sem eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs núvirt miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu og við þetta hækkar eign sjóðsins. Aðrar eignir, hlutabréf, fasteignir og annað slíkt yrðu metnar á sambærilegan hátt miðað við arðgjöf. Greiðslur vegna áunninna skuldbindinga falla nokkuð jafnt á næstu 40 árum, eða um það bil 4 milljarðar á ári. Þar sem tryggingafræðilegt mat á sjóðnum miðað við 2% ávöxtun umfram laun og sú ávöxtun svarar til 3,5% ávöxtunar umfram verðlagshækkanir er eðlilegt að skuldabréfið, sem skuldin yrði greidd með, sé verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs og beri 3,5% vexti og sé til 40 ára. Þess skal getið að slíkt bréf gefur í alla staði sömu greiðslur og verðtryggt bréf með 5,5% vöxtum, sem eru markaðsvextir núna, sem eru að nafnverði 75% af nafnverði þess fyrra. Með þessari aðgerð og með markaðsvöxtum lækkar skuldbindingin úr 110 milljörðum niður í 80 milljarða vegna þess að markaðsvextir eru hærri núna en er notað í útreikninginn. Þess ber að geta að það hafa ekki fengist skuldabréf til 40 ára hér á landi þannig að það er óljóst hverjir markaðsvextir yrðu af slíku bréfi.

Athugasemdir við brtt. 9–14, sem eiga við Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, eru nánast þeir sömu og þær athugasemdir sem ég nefndi hér áðan, þ.e. liður 9 svarar til liðs 4, liður 10 svarar til liðs 3, liður 11 svarar til liðs 1, liður 12 svarar til liðs 5 og liður 13 svarar til liðs 2 og liður 14 svarar til liðs 8. Hef ég þá lokið umfjöllun um þær brtt. sem ég hef lagt fram.

Þá má ljóst vera af þessari hugleiðingu minni allri að ég er ekki hrifinn af þessu samkomulagi og ég er ekki hrifinn af þessu frv. Ég held að við séum að gera hér meiri háttar mistök og ég mun greiða atkvæði gegn frv. nema brtt. mínar verði samþykktar. Þá mun ég greiða atkvæði með þessu frv. af því að ég tel að þá sé búið að laga það sem lagað verður í þessum óskapnaði.

[23:51]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. þm. dr. Péturs Blöndals. Ég hef fylgst með málflutningi hans í efh.- og viðskn. Ég hef lesið með athygli greinar hans í blöðum um þetta mál og ég tel að sú viðleitni hans að upplýsa almenning um staðreyndir mála um áfallnar skuldbindingar á skattgreiðendur hingað til, um muninn á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna á almennum vinnumarkaði og viðleitni til þess að koma með tillögur, að allt sé þetta afar virðingarvert. Og reynist hann nú forspár um að sú komi tíð hugsanlega að íslenska þjóðin verði fyrir einhverri þeirri þjóðarógæfu að henni reynist um megn að rísa undir þessum skuldbindingum, þá kann kannski sá tími að koma að lengi verði vitnað til þessarar ræðu. Engu að síður kemst ég ekki hjá að orða eina hugsun:

Hv. þm. Pétur Blöndal leitaði eftir umboði kjósenda sem frambjóðandi Sjálfstfl. í seinustu kosningum og á sæti í þingflokki Sjálfstfl. Í öllum venjulegum flokkum þætti mönnum nokkur fengur að því í málum sem eru jafnflókin og kalla á sérfræðiþekkingu eins og hér um ræðir að fá hálærðan tryggingastærðfræðing inn í sínar raðir. Ég spyr: Tók þingflokkur Sjálfstfl. ekkert mark á málflutningi hv. þm.? Hér er um að ræða stjfrv. sem er reyndar staðfesting á samningi sem einn af leiðtogum flokksins, hæstv. fjmrh., skuldbatt ríkisstjórnina til og frv. er ein staðfesting á því. Er það virkilega svo, af því að hv. þm. vitnar nú til flokksins síns og sagði: Sú var tíð, einu sinni var það svo að Sjálfstfl. trúði á einka-

framtak, á frjálst val einstaklinganna, á frjálsan sparnað, er enginn annar en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson í gervöllum þingflokki Sjálfstfl. sem tekur eitthvert einasta mark á því þegar maður sem er autoritet í sinni grein og fer ekki með fleipur vekur athygli og kveikir á viðvörunarljósum? Er enginn annar en þeir tveir í þingflokki Sjálfstfl. sem leggur við hlustir, staldrar við, hugsar, rökræðir eða tekur mark á málflutningi hv. þm.? Því að þetta álit er nefnilega ekki flutt af stjórnarandstöðunni.

[23:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði mig hvort leitað hefði verið ráða hjá mér. Svo var ekki gert. Nú er ég tiltölulegur nýgræðingur í pólitík þannig að ég þekki ekki alveg þá refilstigu sem þar eru en ég hygg að það hafi þótt pólitískt óþægilegt að hafa mig með í ráðum. Það má vel vera að menn séu að leika einhverja pólitíska leiki hér sem ég ekki skil og séu að ná fram einhverjum pólitískum markmiðum sem ég ekki skil og þá virði ég það og lýsi því yfir að ég skil það ekki. En það var ekki leitað eftir minni ráðgjöf í þessu máli. Þetta var rætt mjög ítarlega í þingflokki Sjálfstfl. og ég tjáði að sjálfsögðu mínar efasemdir og mína gagnrýni, menn hlustuðu á það og þetta var mikið rætt, en niðurstaðan er sem sagt hér komin á borð. Ég er andvígur henni af þeim ástæðum sem ég nefndi. En til að svara stutt þeirri spurningu hvort ég hafi verið hafður með í ráðum. Nei.

[23:55]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það hallar í miðnætti, klukkuna vantar þrjár mínútur í 12 þegar ég hef ræðu mína um þetta stóra mál og hafi einhver velkst í vafa um það að þetta er mikið mál, þá hafa menn væntanlega ekki efast um það eftir að hafa heyrt ræðu hv. þm. Péturs Blöndals.

Við erum hér að fjalla um frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins og reyndar ýmissa annarra í opinberri þjónustu. Þetta frv. byggir á samningi hæstv. fjmrh. við samtök opinberra starfsmanna og frv. er flutt til staðfestingar á þeim samningi. Það hefur hlotið býsna mikla umræðu en á mjög skömmum tíma í efh.- og viðskn. Hv. þm. Pétur Blöndal gat þess að þegar Þjóðverjar fóru í gegnum viðamiklar breytingar á sínu lífeyrisréttindakerfi tók það þá fjögur ár. Sjálfur kannast ég við það frá fjármálaráðherratíð minni fyrr að þegar Svíar fóru í gegnum slíkan breytingaferil, þá tók það sænska þingið níu ár frá því að ákvörðun var tekin um að hefja undirbúningsvinnuna og þar til löggjafarstarfi var lokið. Þetta segir kannski eitthvað um vinnubrögð Íslendinga eða þá, ef menn vilja heldur hafa það svo, um andlegt atgervi þeirra í samanburði við aðrar þjóðir.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, formaður efh.- og viðskn., gerði hins vegar grein fyrir því að í umfjöllun nefndarinnar á skömmum tíma tók frv. nokkrum breytingum. Ég vil aðeins nefna þær. Fyrsta breytingin varðaði viðleitni í þá átt að herða á orðalagi þar sem fjallað er um aðild að lífeyrisréttindakerfi opinberra starfsmanna. Annað atriði er um að setja tímamörk að því er varðaði tilfærslu úr B-deild í hina nýju A-deild. Þriðja atriðið varðaði orðalag um skuldbindingu stjórnar lífeyrissjóðsins til þess að leita eftir hámarksávöxtun. Fjórða atriðið var að herða á orðalagi um það að ríkisábyrgð væri einungis bundin við iðgjaldagreiðslur launagreiðenda, þ.e. ríkisins og annarra opinberra aðila í A-deild sjóðsins. Fimmta atriðið var um það að skerða réttindaávinnslu eftir töku lífeyris þegar menn eru orðnir 65 ára. Eins og fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals átti það að vera til þess að draga úr kostnaðarauka vegna kerfisins að mati sérfróðra, hugsanlega milli 4 og 5 milljarða kr., til þess að vega upp á móti óvissuþættinum varðandi kostnaðaraukann sem er háður því hversu margir kynnu að flytja sig til milli B- og A-deildar sem veitir í raun og eru verðmætari réttindi en hingað til hefur verið. Sjötta breytingin var um það að binda tímabundið iðgjöld launagreiðandans við 11,5% jafnvel þótt það sé brot á tryggingafræðilegum grundvallarreglum. Það markaðist af viðleitni til þess að draga úr röskunaráhrifum þess arna á lífeyrisréttindakerfið, vinnumarkaðinn, kjarasamninga sem fram undan eru auk þess sem bætt var inn ákvæði um endurskoðun á þessum þætti innan fimm ára að fenginni reynslu í ljósi þess hver yrði samsetning sjóðfélaga út frá tryggingafræðilegum forsendum þegar þar væri komið sögu.

Loks var bætt inn nýju bráðabirgðaákvæði, bráðabirgðaákvæði III, sem einnig tekur mið af þeirri óvissu sem varðar kostnaðarauka og kveður á um endurskoðun.

Herra forseti. Þetta frv. er algerlega stefnumarkandi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það mun hafa mikil áhrif á næstunni á þróun lífeyrisréttindamála annarra hópa, það mun hafa mikil áhrif á vinnumarkaðnum og það mun hafa mikil áhrif á kjarasamninga. En ríkisstjórnin hefur, og það verður að segja henni til hróss, a.m.k. aðhafst í málinu. Þeir sem heyrðu ræðu hv. þm. Péturs Blöndals geta ekki velkst í vafa um að aðgerða var þörf. Þegar menn líta til baka geta menn sagt: Þeir sem báru ábyrgð á upphleðslu skuldbindinga skattgreiðenda upp á 110 milljarða á liðinni tíð bera sína ábyrgð og hafi fjmrh. gengið það til að una ekki því ástandi lengur og sýna viðleitni í átt til þess að stöðva þessa tifandi tímasprengju, þá á hann út af fyrir sig hrós skilið fyrir það þótt vel kunni að vera að honum hafi reynst vera mislagðar hendur með lausnirnar.

Staðreyndir eru þær að þessar skuldbindingar hafa hrannast upp og allir menn eru væntanlega sammála um að á því máli varð að taka. Til þess voru tvær leiðir. Það hafa verið í allri umræðu um þetta sl. 20 ár, svo lengi sem ég hef fylgst með umræðu um það, fyrst og fremst lagðar til tvær leiðir: Önnur leiðin er sú að segja: Þessi lífeyrisréttindi eru meiri en hægt er að leggja á skattgreiðendur. Þess vegna bjóðum við fyrir hönd ríkisvaldsins starfsmönnum hins opinbera upp á samning í líkingu við það sem dr. Pétur Blöndal ræddi áðan, þ.e. þeir sætti sig við einhverja skerðingu lífeyrisréttinda gegn því að fá það að fullu bætt í hærra kaupgjaldi. Þá væri leiðin til þess að stuðla að samræmingu lífeyrisréttinda í því fólgin því að það er mikið eftirsóknarvert að reyna að ná fram samræmdu lífeyrisréttindakerfi sem næði yfir allan vinnumarkaðinn. Þetta er önnur leiðin. Þetta er leið sem margsinnis hefur verið lögð til í tillöguflutningi á Alþingi.

Hin leiðin er sú að segja: Það verður ekki aftur snúið. Við staðfestum þau lífeyrisréttindi sem best hafa áunnist hjá opinberum starfsmönnum, skuldbindum okkur til þess að greiða hinn áfallna reikning upp á 110 milljarða á þessum tíma og miðum síðan við það að iðgjaldahækkunin sem leggja verður á ríkið, launagreiðendur, skattgreiðendur, þurfi að standa undir þessu. Þegar ég segi að þetta frv. sé stefnumarkandi, þá meina ég það fyrst og fremst að hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin, sem sýndi reyndar ekki talsmanni Sjálfstfl. í þessari umræðu þá virðingu að ekki einn einasti ráðherra, ekki einu sinni fjmrh. sýndi hv. þm. Pétri Blöndal þá virðingu að hlýða á mál hans, hvað þá meir. En fjmrh. í broddi fylkingar fyrir

ríkisstjórninni hefur tekið stefnumarkandi ákvörðun um það að þeir völdu aðra leiðina. Þeir völdu þá leið að staðfesta hámarksréttindin.

Gagnrýni hv. þm. Péturs Blöndals er fyrst og fremst á þá leið og ég er sammála honum um eitt: Sú ákvörðun er algerlega stefnumarkandi. Ég er sammála honum um það að úr því að sú ákvörðun var tekin, þá er fyrir það í mínum huga algerlega ljóst að fyrir þá 6 eða 8 þúsund opinbera starfsmenn sem ekki eru í Samtökum opinberra starfsmanna, þá er það siðferðilega óverjandi að ætla að synja þessum hópi, Sóknarkonunum t.d., sem vinna á sömu vinnustöðum, á sömu lágu kjörunum, um það að fá sams konar réttindi. Það er algerlega óverjandi. Það eru engin rök finnanleg fyrir því að verja það ástand.

Þá kem ég að því að fyrirvari okkar fulltrúa þingflokks jafnaðarmanna í efh.- og viðskn., okkar hv. þm. Ágústar Einarssonar, snýst einmitt um þetta atriði. Þess vegna kemur fram í nefndarálitinu, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Ágúst Einarsson og Jón Baldvin Hannibalsson skrifa undir þetta álit með fyrirvara sem lýtur að því að þeir telja lögfestingu frv. í þessu formi fela í sér skyldur stjórnvalda að sjá svo um að starfsmenn ríkisins sem eru í stéttarfélögum ASÍ fái sömu lífeyrisréttindi og öðrum ríkisstarfsmönnum eru tryggð með frv."

Ég er nefnilega sammála því að það verður ekkert aftur snúið ef meiri hluti Alþingis staðfestir hér þá stefnumarkandi ákvörðun fjmrh. og ríkisstjórnar að velja þessa leið. Þá hlýtur um leið þessi ákvörðun að þýða að lífeyrisréttindamarkaðurinn á Íslandi mun smám saman leita eftir því að fá sömu niðurstöðu. Vegna þess að samræming lífeyrisréttinda er ekki bara af pólitískum eða siðferðilegum ástæðum réttlætismál heldur einnig vegna þess að það er gríðarlega mikið hagkvæmnismál. Það er ekki verjandi til lengdar að hópar fólks séu hólfaðir niður á vinnumarkaðnum eftir því hvort þeir eru opinberir starfsmenn eða ekki opinberir starfsmenn og eigi að njóta ólíkra lífeyrisréttinda eftir því. Það er ekki verjandi heldur að kröfur á hendur atvinnurekenda fari eftir því hvort þeir eru að hluta til í opinberum rekstri eða algerlega einkarekstri. Menn koma til með að þurfa að skipta um störf á starfsævinni ef vinnumarkaðurinn á að virka eðlilega og vera sveigjanlegur. Misræmið í lífeyrisréttindum veldur hvarvetna vandræðum. Þeir sem standa að hæstv. ríkisstjórn, þeir þeirra sem hafa kannski á áhuga á að hverfa í vaxandi mæli frá ríkisrekstri og breyta ríkisrekstri í hlutafélagaform og að einkavæða margvíslegan rekstur sem nú er á vegum ríkisins eiga eftir að reka sig á það að með því að staðfesta þessi góðu lífeyrisréttindi fyrir opinbera starfsmenn, ef þeir ætla að synja þeim sem áður voru í opinberri þjónustu en yrðu síðan í þjónustu annarra fyrirtækja á vinnumarkaðnum eftir einkavæðingu, eiga þeir eftir að kalla yfir sig þvílíka elda úlfúðar, illinda og deilna að það verður ekki séð fyrir endann á því. Þess vegna verðum við fyrst og fremst að staldra við þetta atriði.

Þessi stefnumarkandi ákvörðun hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnar er um það að stíga fyrsta skrefið í átt að samræmingu lífeyrisréttinda á íslenska vinnumarkaðnum á því stigi sem hér er verið að skilgreina nánar. Það er ekki búið að ljúka þessu máli. Þetta er byrjunin á þessu máli. Ég segi: Það er virðingarvert að taka á málinu. Ég virði þá viðleitni að loka gamla kerfinu og að segja við þá sem koma nýir í opinbera þjónustu: Eftirleiðis verður tryggt á tryggingafræðilegum forsendum að þær skuldbindingar sem efnt er til miðað við þessa réttindaávinnslu verða greiddar jafnóðum. Eins og fram kom í máli hv. formanns efh.- og viðskn., Vilhjálms Egilssonar, þá er það forsendan sem gengið er út frá og viðleitnin sem höfð er uppi. Það er ekki staðið við hana að fullu og öllu í framkvæmd. Það er líka rétt sem fram kom í máli hv. þm. dr. Péturs Blöndals að B-deildin er skilin eftir. Þar heldur áfram ávinnsla réttinda, upphleðsla skuldbindinga, kannski upp á 40 milljarða eða svo, til viðbótar. Því máli er slegið á frest. Það er eins og segir í nefndarálitinu, það er næsta verkefni. Það á að stíga skref, það skal tekið fram, þ.e. með samþykki frv. um fjárreiður ríkisins verður þetta gert gegnsærra með því að skuldbindingin er skráð og gjaldfærð, ekki bara í ríkisreikningi heldur í fjárlögum. Það er jákvætt skref. Það hefur ákveðin efnahagsleg áhrif, menn verða að taka mark á þeim skuldbindingunum en það er ekki búið að greiða skuldbindinguna.

Það eru líka stigin nokkur skref í þá átt að styrkja fjárhagsstöðu B-deildar. Ég held að það hafi ekki komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað hingað til. Þ.e. með því að létta af kröfunni um endurgreiðslu af ávöxtun sjóðsins að nokkru. Það munar kannski ekki miklu um það en það er þó skref í rétta átt. Eins að því er varðar einn annan þátt.

Að því er varðar A-deildina er stóra málið þetta: Hvers vegna treysti hæstv. fjmrh. sér ekki til þess að binda um hnútana í samningum þannig að iðgjaldaþátturinn væri bundinn? Svarið er væntanlega það — ég hef auðvitað svarið, það hefur ekki verið upplýst. Annaðhvort er það að samningamenn ríkisins hafa talið að það yrði dýrkeypt niðurstaða eða þeir viðurkenna að óvissuþátturinn, bæði að því er varðar þann fjölda sem kann að færast til úr B-deild í A-deild sé það stór að þeir treysti sér ekki til þess að binda iðgjaldagreiðsluna af þeim sökum og hafa hana þess vegna breytilega sem getur vissulega ýtt undir tortryggni um að þetta sé ekki á nægilega traustum forsendum byggt.

Herra forseti. Það er ástæða til alveg sérstaklega að vekja athygli manna á því að þessi stefnumarkandi ákvörðun hæstv. fjmrh. á eftir að hafa mikil áhrif. Það kom skýrt fram í viðræðum nefndarmanna í efh.- og viðskn. við forseta Alþýðusambands Íslands og það kemur mjög skýrt fram í nefndaráliti Alþýðusambandsins sem ég sé alveg sérstaka ástæðu til að vekja athygli á hér við umræðu málsins. Í nefndaráliti Alþýðusambandsins, undirritað af ekki aðeins forseta Alþýðusambandsins hedur formanni Verkamannasambandsins, formanni Sóknar, formanni Rafiðnaðarsambands Íslands, formanni Verkakvennafélagsins Framsóknar og formanni Dagsbrúnar, er vakin sérstök athygli á því að það er gríðarlegur munur á réttindum sem gilda annars vegar fyrir opinbera starfsmenn og hins vegar á almennum vinnumarkaði. Um það segir í álitsgerð Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Þannig tryggir A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 49–68% betri eftirlaun en þekkist í almenna lífeyrissjóðakerfinu, 42–49% betri örorkurétt og allt að helmingi betri fjölskyldubætur", sem er nánar skýrt á sérstöku minnisblaði. „Til að fjármagna þetta hefur ríkisstjórnin samþykkt fyrir sitt leyti að greiða á næsta ári sem nemur 11,5% af heildarlaunum starfsmanna sem iðgjald til þessa nýja sjóðs. Ríkisstjórnin hefur með þessu frv. staðfest að hún telji ekki ástæðu til þess að launafólk greiði meira en 4% af heildarlaunum sínum sem iðgjald til þessa sjóðs. Þetta er áréttað með því að lögbinda framlag launafólks til sjóðsins."

Að því er varðar hugsanlega áhættu af þessum stóru ákvörðunum segir svo í áliti Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur með þessu frv. jafnframt mótað þá skýru stefnu að koma verði með öllum ráðum í veg fyrir að þessi lífeyrisréttindi verði hugsanlega fyrir skerðingu í framtíðinni vegna hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar eða aukinnar örorkutíðni með því að færa alla áhættuna af tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins yfir á ríkissjóð. Eins og kunnugt er verða almennu lífeyrissjóðirnir sjálfir að axla þessa ábyrgð. Þetta kemur bæði fram í því að öll réttindi sjóðfélaga eru lögbundin og einnig því að iðgjald ríkisins verður í framtíðinni breytilegt miðað við tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR á hverju ári."

En það sem mestu máli skiptir þegar við reynum að meta áhrif þeirra ákvarðana sem hér er verið að leggja fyrir Alþingi er spurningin um hvaða áhrif þetta muni hafa á vinnumarkaðnum til lengri tíma og til undirbúnings kjarasamninga sem núna standa fyrir dyrum. Um það segir í álitsgerð Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Full ástæða er til þess að leggja á það áherslu við Alþingi að Alþýðusamband Íslands hefur ekki átt neina aðild að þeirri umræðu sem fram hefur farið í aðdraganda þessarar nýju stefnumörkunar stjórnvalda. Eins og alltaf vill verða við slíkar aðstæður koma upp skiptar skoðanir um ýmsa þætti svona stefnumörkunar, m.a. um forgangsröðun verkefna ríkisins með hliðsjón af takmörkuðum tekjum ríkisins. Málið ber hins vegar þannig að undirrituðum að ógerningur er að gera grundvallarbreytingar á þessari stefnu miðað við þann tímaramma sem því er markað.

Undirritaðir telja hins vegar að ekki verði hjá því komist að þessi nýja stefnumörkun ríkisstjórnarinnar hafi víðtæk áhrif í öllu samfélaginu. Þrátt fyrir að 3. gr. frv. geri ráð fyrir mjög þröngum aðildarskilyrðum í þennan nýja sjóð þar sem aðild að tilteknum samtökum launafólks er lögð til grundvallar má ríkisstjórninni vera ljóst að ekki verður hjá því komist að allir landsmenn búi við sambærileg réttindi og þarna er kveðið á um, enda er það í samræmi við þá yfirlýstu stefnu ríkisstjórnarinnar að jafna lífeyrisréttindi allra landsmanna eins og fram kom í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna." Það er innskot mitt að á þessu vakti forseti Alþýðusambandsins sérstaka athygli í samtölum í efh.- og viðskn. og það liggur fyrir skilningur hans á því að með þessu frv. sé hæstv. fjmrh. að stíga fyrsta skrefið til þess að efna það fyrirheit stjórnarsáttmálans að samræma lífeyrisréttindi allra landsmanna. Ég held áfram tilvitnuninni, virðulegi forseti:

„Annað væri hreinlega brot á jafnræðisreglunni. Sem dæmi um þetta mætti nefna að á bilinu 6–8 þúsund félagsmenn ASÍ eru starfandi hjá hinu opinbera og flestir þeirra falla, líkt og félagsmenn samtaka opinberra starfsmanna, undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá því í sumar. Miðað við aðildarákvæði frv. er hér verið að stefna að því að þessir félagsmenn, sem vinna sömu störf á sambærilegum kjörum og félagsmenn samtaka opinberra starfsmanna og greiða sama iðgjald af sínum launum til lífeyrissjóða, eigi að njóta ríflega helmingi verri lífeyriskjara bara vegna þess að þeir eru félagsmenn í almennum stéttarfélögum og af engri annarri ástæðu. Slíkt gengur auðvitað ekki upp. Málið snýr í sjálfu sér alveg nákvæmlega eins ef horft er til launafólks á almennum vinnumarkaði sem í krafti fjölda síns verður að greiða langstærstan hluta af þeim kostnaði sem af þessu kerfi hlýst með sköttum sínum, en á samt að njóta verri lífeyriskjara. Slíkt gengur einfaldlega ekki upp í okkar samfélagi. Um það verður aldrei sátt.

Í beinu framhaldi af þessi stefnumörkun sem ríkisstjórnin hefur opinberað með þessu frv. og yfirlýstrar stefnu um jöfnun lífeyrisréttar landsmanna er eðlilegt að það sama verði látið gilda um alla landsmenn. Þetta á bæði við um lögvarinn lífeyrisrétt og ábyrgð ríkissjóðs á tryggingafræðilegri samsetningu sjóðfélaga. Samþykki Alþingi meginefni frv. eins og það liggur fyrir felur sú samþykkt jafnframt í sér að ríkissjóður muni tryggja öllu launafólki í landinu þessi sömu réttindi og því verður ekki hægt að ganga frá kjarasamningum fyrr en óyggjandi staðfesting á því liggur fyrir."

Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að í umfjöllun efh.- og viðskn. fengum við einnig álitsgerð frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, þ.e. stjórnarmönnum og ábyrgðarmönnum lífeyrisréttindakerfis á almennum vinnumarkaði, dags. 13. desember. Það er um margt athyglisvert út af fyrir sig og samhljóða athugasemdum Alþýðusambandsins. Ég vil beinlínis taka það fram að þeir taka undir öll grundvallarsjónarmið sem fram koma í álitsgerð Alþýðusambandsins, en segja síðan, með leyfi forseta:

„Hjá lífeyrissjóðum á almennum markaði er það ekki sett sem skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi sé félagsbundinn í stéttarfélagi, heldur er við það miðað að sjóðfélaginn starfi á samningssviði þeirra stéttarfélaga sem að sjóðnum standa. Í 3. gr. frv. er hins vegar gert ráð fyrir mjög þröngum aðildarskilyrðum í A-deildina þar sem aðild að tilteknum samtökum launafólks er lögð til grundvallar. Hér er augjóslega um að ræða brot á jafnræðisreglunni og má í því sambandi minna á að allt að 8.000 launþegar innan ASÍ eru starfandi hjá hinu opinbera og flestir þeirra falla undir lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þannig getur misréttið komið fram í þeirri mynd að starfsmaður sem greiðir í A-deildina fái 50–60% hærri ellilífeyri en vinnufélagi hans sem greiðir í almennan lífeyrissjóð."

Af þessum tilvitnunum í talsmenn vinnandi fólks á almenna vinnumarkaðnum er alveg ljóst að þeir telja að þetta sé tímamótaákvörðun og stefnumarkandi ákvörðun. Þeir segja þrennt nú þegar:

1. Framhaldið hlýtur að verða það að félagar í ASÍ-félögum sem eru opinberir starfsmenn njóti sömu réttinda. Ég hygg að engum vörnum verði komið við í því máli.

2. Það er ekki unnt að ganga frá kjarasamningum án þess að þessi mál séu nú sett á oddinn beinlínis sem viðbrögð við þessari stefnumörkun stjórnvalda.

3. Þá kemur það skýrt fram að þeir eru sömu skoðunar og hv. þm. Sjálfstfl. dr. Pétur Blöndal um það að þegar fram líða stundir, þá muni þessi skilgreining lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna smita út frá sér um allan vinnumarkaðinn.

Herra forseti. Ég þarf ekki út af fyrir sig að segja neitt meira að því er varðar staðreyndir málsins um muninn á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna og verkafólks á almenna vinnumarkaðnum, ekki heldur um fortíðarvandann. Það er búið að gera rækilega grein fyrir því. Að því er varðar lausnirnar er ástæða til að vekja athygli á því að þetta mál er kannski ekki eins mikil lausn og sumir kynnu að halda. Því fer fjarri að við séum hér að setja punktinn aftan við þetta mál eða það sé þegar leyst. En eins og ég hef sagt fyrr í ræðu minni, áður en hæstv. fjmrh. var kominn í salinn, þá er engu að síður á þeim forsendum sem hæstv. fjmrh. skilgreindi í samningum við opinbera starfsmenn stigið fyrsta

skref. Það sem er virðingarvert er fyrst og fremst að gamla kerfinu er lokað og að stofnuð er ný deild sem á að byggja á því grundvallarsjónarmiði að áfallnar skuldbindingar eða ávinnsla réttinda í framtíðinni sé greidd.

Það er gagnrýni vert hins vegar að það er ekki stigið stærra skref. Það er rétt að að því er varðar leifarnar af eldra kerfinu, þá heldur það áfram réttindaávinnslu og uppsöfnun skuldbindinga sem ekki er búið að greiða. Það er líka gagnrýni vert að skilja við málið þannig að skilja eftir þessa gríðarlegu mismunun innbyrðis innan hóps opinberra starfsmanna eftir stéttarfélagaaðild sem fyrirvari okkar hv. þm. Ágústar Einarssonar snýst um og sem alþýðusambandið vekur athygli á. Það er mikið álitamál hvers vegna það er að hæstv. fjmrh. í sínum samningum og ríkisstjórnin í þessu frv. skilur við málið í þeirri óvissu um framtíðarþróun sem felst í því að binda ekki fast iðgjaldaupphæðina, jafnvel þótt hún yrði eitthvað hærri, eyða óvissunni en binda iðgjaldið fast.

Einn aðalvandinn sem við hefur verið að fást, fyrir utan upphleðslu skuldbindinga og þá óráðsíu sem fólst í þeirri fjármálastjórn, er náttúrlega fólginn í tvískiptingu vinnumarkaðarins. Hún skapar sjálf vandamál sem valda margvíslegum erfiðleikum. Ég vék að því áður að sveigjanlegur vinnumarkaður þarf að vera þannig skipulagður að menn geti auðveldlega skipt um starf, milli starfsgreina, milli fyrirtækja, milli atvinnurekenda, án hindrunar. Ef sett er upp eitthvert kerfi sem er þess eðlis að það byggir á slíkri mismunun réttinda að það dregur úr vilja manna til þess að færa sig til milli vinnuveitenda, milli rekstrarforma, opinberrar þjónustu, einkaaðila o.s.frv., þá skapar það vandamál fyrir einstaklingana og fyrir atvinnulífið í heild sinni. Það er einmitt þess vegna sem allar tillögur til lausnar á þessu stóra máli sem hingað til hafa verið fluttar hafa snúist um það að koma á samræmdu lífeyrisréttindakerfi. Vegna þess að menn hafa þóst sjá það fyrir að meðan það ekki næst, þá sitjum við áfram uppi með vandamálin. Það má segja að þetta frv. gerir það að svo miklu leyti sem það hefur ekki leitt málið til heildarniðurstöðu.

Ég held að það sé full ástæða til þess, herra forseti, að minna á það í mjög stuttu máli hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum árum út frá þessum punkti. Fyrsta þingmálið sem ég man eftir sem flutt var um samræmingu lífeyrisréttinda var flutt árið 1972 af páv. þingmönnum Alþfl. og undir forustu dr. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég minni á að fyrrv. hv. þm. Sjálfstfl., hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og fleiri, fluttu slíkt mál á árinu 1975 og reyndar 1978. Síðar var það mál tekið upp og flutt af þingmönnum eins og Eyjólfi Konráði Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Salome Þorkelsdóttur og síðar reyndar einnig af hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, Lárusi Jónssyni og Agli Jónssyni. Þessar tillögur voru um einn samræmdan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn og þar af leiðandi samræmingu lífeyrisréttinda. Það er ástæða til þess að minna á hvers vegna menn lögðu slíka áherslu á samræmingu lífeyrisréttinda. Hv. þm. Pétur Blöndal rakti það hversu ógrunduð fyrstu skrefin voru þegar fyrst var sett á skyldutrygging lífeyrisréttinda og hvernig fjöldi fólks fékk raunverulega lítil sem engin réttindi út á greidd iðgjöld. Það er ástæða til þess að rifja upp að þegar við Kjartan Jóhannsson flytjum till. til þál. árið 1986 um þjóðaratkvæði um sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þá gerum við það ekki síst á grundvelli rækilegrar greinargerðar frá fjölmennri nefnd sem gert hafði úttekt á lífeyrissjóðakerfinu þar sem raktir eru í löngu máli gallarnir á kerfinu, ekki aðeins fjöldi sjóðanna, ekki aðeins hversu áhættan var mikil í fjölda smárra sjóða, rekstrarkostnaðurinn mikill, heldur ekki hvað síst hversu takmarkaður áunninn réttur var í þessum sjóðum. Það var meðaltalið að menn voru í meira en sex sjóðum og takmarkanir að því er varðaði útborgaðan rétt voru gríðarlegar. T.d. var það algengt að settar voru takmarkandi og þrengjandi reglur um flutning réttinda milli sjóða. Það voru áreiðanlega fjölmörg dæmi þess að menn höfðu greitt skilvíslega til sjóðanna án þess að öðlast réttindi eða þau voru mjög skert. Það var illmögulegt fyrir fólk að halda til haga hver réttindaávinnslan var. Áhættudreifingin var mikil, fjöldi fólks týndi réttindum sínum o.s.frv. Röksemdirnar voru alltaf þær að ef menn vildu fá lausn í þessum málum sem stæðist til frambúðar, þá yrðu menn a.m.k. að koma á samræmdu lífeyrisréttindakerfi. Það var umdeilanlegt hvort þetta átti að vera einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn eins og við lögðum til. Á því höfðu menn skiptar skoðanir en yfirleitt var enginn ágreiningur um að markmiðið væri samræming lífeyrisréttinda til þess að losna úr þeim vanda sem hlýst af gríðarlega mismunandi réttindum af slíku tagi.

Það er ástæða til þess að minna á að í öllum þessum tillögum fyrr á tíð sem fluttar voru af hálfu Alþfl. var gengið út frá því að fara þá leið að bjóða opinberum starfsmönnum launahækkun fyrir samninga þar sem þeir féllust á nokkra skerðingu lífeyrisréttinda. Og af því að hv. þm. Pétur Blöndal sagði: „Opinberir starfsmenn hafa aldrei verið spurðir" þá töldum við 1986, fyrir áratug síðan, að málið væri orðið svo stórt, uppsöfnun skuldbindinga væri þá orðin svo mikil að full ástæða væri til miðað við mál af þessari stærðargráðu að leggja það fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu og spyrja allan almenning um það hvort menn féllust á það sem stefnumarkandi ákvörðun að réttindakerfið skyldi vera samræmt. Jafnframt var áréttuð sú stefna að af hálfu ríkisins væru boðnar kauphækkanir jafngildar að verðmæti í staðinn. Þetta er eftir að við höfðum komið á verðtryggingu. Þetta er eftir að fyrsti vísir af fjármagnsmarkaði er kominn á og það eru komnir á raunvextir þannig að það voru komnar forsendur fyrir því að taka á þessu máli þá þegar.

Reyndar minni ég á það líka að árið 1988, í ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar, beitti ég mér fyrir því sem fjmrh. að flytja á hinu háa Alþingi frv. sem 18 manna nefnd og átta manna nefnd allra hagsmunaaðila hafði þá samanknúsað um þetta mál. Af minni hálfu var það gert til þess að fá Alþingi til umræðu um málið, tilraun til þess að fá menn til þess að leggja við hlustir og finna lausn. Því miður þraut það stjórnarsamstarf fljótlega og eftir það höfum við ekki haft forræði til þess að koma málinu út af fyrir sig fram. Síðan er langur tími liðinn og eins og fram kom í málflutningi fyrra ræðumanns mikil uppsöfnun réttinda og gríðarlegar upphæðir áfallnar á skattgreiðendur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið lengri að svo stöddu en ég vil að lokum leggja áherslu á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi þetta: Óbreytt ástand var óþolandi. Það gat ekki haldið áfram til lengdar. Ríkisstjórnin hefur tekið af skarið með samningum við opinbera starfsmenn um að velja aðra af þeim tveimur leiðum sem einkum hafa verið í umræðunni. Sú leið kveður á um að festa í sessi og tryggja til frambúðar áunnin lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna. Af þeirri ákvörðun leiðir að sömu réttindi hljóta að ná til annarra opinberra starfsmanna þrátt fyrir ólíka stéttarfélagsbindingu. Annað er óverjandi. Og af þeirri ákvörðun leiðir að viðleitni

manna til þess að leysa vandamál á vinnumarkaðinum með því að enda tvískiptinguna og koma á samræmdum réttindum tekur mið af þessu frv.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að stofna til nýrrar deildar er mjög jákvæð. Það er hið jákvæða í þessu máli að gengið skuli a.m.k. út frá því að uppsöfnuð réttindi verði greidd jafnóðum þegar nýir einstaklingar koma inn í réttindakerfið. Fyrirheit eru um að næsta verkefni sé að taka á málefnum B-deildarinnar líka þótt það sé ekki gert í þessu frv. Fortíðarvandinn er þess vegna enn óleystur, en það er búið að taka þýðingarmiklar stefnumarkandi ákvarðanir sem munu ráða því hvernig það verður leyst og engin deila er um það. Reikningurinn er gjaldfallinn. Ríkissjóður skuldar þetta. Hann ber ábyrgð á þessu og fram hjá því verður ekki komist.

Eitt kann að vera jákvætt að því er varðar almenn efnahagsleg áhrif af þessu þrátt fyrir allt. Það er í ljósi þess að við erum nú þar stödd í hagsveiflunni að við erum svona heldur að færa okkur upp á við, jafnvel svo í sumum greinum að margir óttast að þensluáhrif muni valda því að við eigum á hættu að springa á limminu og glata þeim stöðugleika sem hingað til hefur ríkt, að svo miklu leyti sem hér er um það að ræða að verið er með skipulögðum og lögbundnum hætti að þvinga fram aukinn skyldusparnað, fyrst meðal opinberra starfsmanna sem þrátt fyrir allt samkvæmt þessu eiga nú að greiða meira af launum sínum vegna þess að þeir greiða til A-deildarinnar iðgjöld af öllum sínum launum allan samningstíma sinn. Þetta þýðir með öðrum orðum hærri greiðslur af þeirra hálfu og þar af leiðandi minni kaupmátt. Þetta dregur þar með væntanlega úr neyslu og er sennilega raunsærri andþensluaðgerð en nokkuð af því innihaldslausa pírumpári sem sett var fram undir þeim formerkjum af hálfu ríkisstjórnarinnar í þeim efnahagsmálapökkum sem við vorum að ræða hérna áðan.

Gagnrýnin er fyrst og fremst sú að skrefið var stigið of stutt. Það liggur fyrir hver næstu skref eiga að vera og hver næstu verkefni verða. Af því að ég nefndi nú að þetta væri kannski að hluta til steinn í þá hleðslu að sporna gegn þenslu þá hlýtur aðaláhyggjuefnið náttúrlega að vera kjarasamningarnir. Því er yfirlýst að þetta mál verði sett á oddinn í kjarasamningum. Ég er alveg sannfærður um það að menn munu ekki ná kjarasamningum nema a.m.k. með því að gera það sem við hv. þm. Ágúst Einarsson segjum í okkar bókun að sé skylduverk stjórnvalda að gera, þ.e. að tryggja þessum 6–8 þúsund opinberu starfsmönnum í stéttarfélögunum sama rétt. Það er alveg held ég deginum ljósara.

Hitt málið er síðan það að ég á ekki von á öðru en að verkalýðshreyfingin muni knýja stjórnvöld til þess í þessum kjarasamningum að skuldbinda sig einhvern veginn að því er það varðar hvernig næstu skref verði stigin og fram hjá því verður væntanlega ekki gengið. En aðalatriðið er þetta: Ef menn vilja skapa stöðugleika og festu á vinnumarkaðinum sem slíkum þá eru það þarfar aðgerðir. Það er betra að menn geri það fremur en að viðhalda tvískiptingunni á vinnumarkaðinum með öllum þeim vandamálum sem af því hlýst fyrir einstaklingana sem eiga að njóta þessara réttinda, fyrir launagreiðendur sem eiga að búa við kerfið til frambúðar.

[00:38]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna ræðu hv. þm. vil ég láta koma fram að aðalverkefnið og aðamálið í kringum allar þessar umbætur er í rauninni hvort ríkissjóði takist að ná niður þeim halla sem myndast þegar fjárreiðufrv. verður samþykkt og menn fara að reikna skuldbindingarnar til gjalda í fjárlögunum og líka þegar menn fara að greiða samtímaiðgreiðslur inn í sjóðinn. Það sem skiptir höfuðmáli varðandi allan útreikning til lengri tíma er hvort við erum að flytja byrðarnar af þessari réttindamyndun yfir á komandi kynslóðir eða ekki. Það skiptir í sjálfu sér minna máli upp á þessar byrðar sem við berum til framtíðarinnar hvort við gerum skil til B-deildarinnar nákvæmlega á þeim tíma eða hvort fortíðarvandinn er gerður upp. Aðalmálið er, númer eitt, tvö og þrjú, að ná halla ríkissjóðs niður sem samsvarar þessari gjaldfærslu sem menn hefðu svo sem getað verið búnir að gera miðað við núverandi kerfi og gera ráð fyrir alveg óháð öllum þessum umskiptum. Það skiptir höfuðmáli varðandi reikningana til lengri tíma.

Varðandi annað sem hv. þm. kemur inn á þá er margbúið að reyna að bjóða opinberum starfsmönnum í frjálsum kjarasamningum að breyta lífeyrisréttindunum til lækkunar upp á það að fá hærri laun. Það er margbúið að reyna það. Málið snýst kannski um það að kjarasamningarnir eru frjálsir og að lífeyrisréttindin bæði á hinum almenna vinnumarkaði og í hinu opinbera kerfi hafa mjög tengst kjarasamningum. Það er einu sinni þannig að á meðan kjarasamningarnir eru frjálsir, þá getur það einfaldlega leitt til mismunandi niðurstöðu varðandi lífeyrisréttindin miðað við laun, þ.e. hversu stór hluti af launakostnaðinum á að fara til lífeyrismála. Ég held að við verðum að hafa þetta í huga þegar við ræðum um sambúð þessara tveggja kerfa.

[00:40]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, formanni efh.- og viðskn., þegar hann segir að þau aðhaldsáhrif sem þessar ákvarðanir og þessar skuldbindingar og þessar lögbindingar hafa á væntanlega hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta að því er varðar ríkisfjármálapólitíkina almennt, séu aðalatriðið, a.m.k. eitt af aðalatriðum þessa máls.

Það er jákvætt skref að gera þetta sýnilegt með því að skuldbindingarnar komi fram í ríkisreikningi. Það er þýðingarmeira skref, ef það verður stigið, að þessar skuldbindingar verði færðar til bókar í fjárlagafrv. og í fjárlögum. Það þýðir að ríkisstjórn og þingmeirihluti á hvaða tíma sem er verður að axla ábyrgð af þessum ákvörðunum. Það þýðir jafnframt að krafan um ráðdeild í ríkisrekstri og, ef við horfum til næstu framtíðar, krafan um jafnvægi í ríkisbúskapnum verður úrslitakrafa auk þess sem það er alveg ljóst að vaxtaþróunin í landinu á næstu árum er ein af meginbreytunum eða stærðunum í því hvort þetta kerfi yfirleitt tekst eða tekst ekki. Um þetta erum við alveg sammála og þetta verður auðvitað spurning um pólitísk forgangsatriði.

Ég nefndi það í umræðum í efh.- og viðskn. að þegar menn horfðu á þessa skuldbindingu sem dr. Pétur Blöndal hefur verið að leika sér að sýna í ljósi allra handa samanburðardæma, sést að meiri hluti Alþingis Íslendinga hefur talið það vera algert forgangsatriði á undanförnum tveimur áratugum að verja þetta á milli, að raungildi, 1–2 tugum milljarða kr. til þess að leysa vanda sauðkindarinnar eins og ég kalla það gjarnan svo, þ.e. moka þeim peningum af lítilli skynsemi til þess að viðhalda óarðbærum rekstri. Við höfum ekki efni á því lengur vegna þess að eins og fram kom fyrr í þessum umræðum þá notum við ekki þessa peninga tvisvar.

[00:43]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. fjallaði í ræðu sinni einnig mikið um að þetta væri stefnumarkandi fyrir allan vinnumarkaðinn. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. um að þetta sé endilega svo stefnumarkandi. Það er fyrst og fremst verið að búa til jafngilt kerfi frá hendi launagreiðandans. Það eru opinberir starfsmenn hins vegar sem velja að spara meira til þess að velja lífeyriskerfi sem byggir á því að lífeyrisréttur byrjar við 65 ára aldur. Ég held að á meðan við höfum sjálfstæða kjarasamninga þar sem lífeyrisréttindin tengjast svo mikið kjarasamningum, þá hljóti alltaf að geta komið til þess að mismunandi hópar velji mismunandi leiðir og þess vegna sé ég ekki að þessi niðurstaða leiði til þess að aðrir þeir samningsaðilar við ríkissjóð heldur en opinberir starfsmenn fái sjálfkrafa sömu niðurstöðu og félagar í BHM og BSRB. Það er ekkert sjálfkrafa. Það hlýtur að tengjast þeirra vali á niðurstöðu að einhverju leyti.

Ég er alveg sammála því að lífeyrismálin hljóta að koma upp í framhaldi af þessu sem viðfangsefni í kjarasamningum og ég tel að það sé ekki nema gott eitt um það að segja að menn fari yfir þau mál á hinum almenna vinnumarkaði og geri það upp við sig hvernig þeir vilja haga þeim málum. En ég sé ekki að hægt sé að spá neitt um þær lausnir fyrir fram eða gefa sér það að þetta sem nú er verið að gera skapi einhverja fyrir fram ákveðna niðurstöðu á hinum almenna vinnumarkaði.

[00:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bið hv. þm. forláts en það hvarflar að mér jafnvel að ætla að hann tali hér gegn betri vitund. Ég segi þetta nú með fullri virðingu fyrir hv. þm. vegna þess að ég veit að hann er með mikla reynslu af vinnumarkaðsmálum. Og ég veit að hann hefur áreiðanlega heyrt skilaboðin alveg afdráttarlaust eins og þau birtast, ekki bara aðeins frá forustumönnum Alþýðusambandsins og helstu landssambanda innan Alþýðusambandsins, heldur einnig frá forsvarsmanna vinnuveitenda. Hann hefur heyrt viðvörunarorð þeirra og hann hefur heyrt alla útlistun á því hvernig misgengið eða misræmið í lífeyrisréttindum, sem er auðvitað stór partur og nú stærri partur af kjörum fólks, hefur á vinnumarkaðinum, t.d. að því er varðar þá viðleitni af hálfu stjórnvalda að stuðla að því að draga saman seglin í ríkisrekstri og ýta fram einkavæðingu, sem er stefnumál þessarar ríkisstjórnar. Þarna stöndum við bara frammi fyrir yfirlýsingum fulltrúa aðila vinnumarkaðarins sjálfra. Ég held að þær vegi miklu þyngra í þessu máli heldur en okkar orð. Við höfum það einfaldlega frá þeim. Og við vitum nákvæmlega og ég er algjörlega sannfærður um það, að af hálfu Alþýðusambandsins og af hálfu verkalýðshreyfingarinnar eru þetta ekki innantóm orð. Þetta er ekki bara til þess að skapa sér stöðu vegna þess að ég er alveg sannfærður um það að það er rétt. Þeir meina það sem þeir segja þegar þeir segja: Við munum að sjálfsögðu ekki ganga frá næstu kjarasamningum þannig að við látum þessi mál eins og vind um eyrun þjóta. Við ætlum að sækja okkur rétt sem ríkisvaldið hefur nú úthlutað sumum, í fyrsta skrefinu til þeirra starfsmanna, opinberra starfsmanna, starfsmanna ríkisins sem eru í okkar stéttarfélögum. Það verður fyrsta skrefið. Og í framhaldi af því er ég alveg sannfærður um það að þeir munu líta á þetta sem viðmiðun og reyna að sækja þennan rétt víðar á vinnumarkaðinum. Við þurfum nú ekki að deila mikið um þetta vegna þess að á næstu mánuðum og missirum mun reynslan skera úr um það hvor hefur rétt fyrir sér.

[00:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spyr: Af hverju reyndu menn ekki að negla niður iðgjaldið? Setja það á, segjum 16% hámark, og þá í ljósi þess að allir útreikningar sýndu að þetta var 15,5% og spyrja þá í leiðinni: Trúa menn ekki því að þetta iðgjald verði 15,5% eða halda þeir að það verði 20% eða eitthvað slíkt? Í breytingum á iðgjaldinu felst nefnilega ríkisábyrgðin. Það er það sem starfsmenn vilja ekki sleppa. Og þeir gera sér fullkomlega ljóst hvar vandinn liggur. Hann liggur í því að ef svo skyldi vilja til að vextir færu undir 3,5%, sem er mjög líklegt, þá rýkur iðgjaldið upp úr öllu valdi. Það fer úr 15,5% upp í 20, 25, 30%. Og þá kemur félagsleg sprengja til langtíma, sem ég tala um. Það er nefnilega það sem gerist á sama tíma og iðgjaldið rýkur upp, þ.e. skuldbinding ríkissjóðs, þá þarf að skerða lífeyri í öllum almennu lífeyrissjóðunum því þeir eru allir reiknaðir með 3,5% vöxtum. Og ef vextirnir lækka um 1%, úr 3,5% niður í 2,5% þá þarf að skerða lífeyrinn væntanlega um 20–25% í almennu lífeyrissjóðunum, á sama tíma og opinberir starfsmenn halda sínum réttindum gulltryggðum og þetta fólk sem er skert um 20–25% þarf að borga með sköttum iðgjald sem fer upp í kannski 20% hjá opinberum starfsmönnum. Þetta er vandinn og ríkisstarfsmenn halda þess vegna í þetta.

Og síðan varðandi það sem hv. þm. sagði um það að menn mundu ekki meta launahækkanirnar. Maður sem er með 100 þús. kr. í yfirvinnu og 100 þús. kr. í dagvinnulaun þarf að borga með þessu nýja samkomulagi 50 þús. kr. meira á ári í iðgjald. Og ég er nærri sannfærður um það að þó hann fái þessu gullnu réttindi að þá muni hann gera kröfu til þess að fá 50 þús. kr. bættar með launahækkun til viðbótar.

[00:49]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, ég spurði: Hvers vegna var það að hæstv. fjmrh., í samningum sínum við opinbera starfsmenn, lagði sig ekki allan fram um það að ljúka málinu, eyða óvissu, með því að binda iðgjaldið fast? Vegna þess að ég hef mikið hugleitt hvort það hefði ekki verið skynsamlegra og meira traustvekjandi jafnvel þótt það hefði kostað eitthvað hærra hlutfall heldur en 15,5. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur nú svarað vegna þess að hæstv. fjmrh. svarar ekki. Hann var í raun og veru að segja: Hæstv. fjmrh. samdi af sér, þ.e. hann samdi af sér fyrir hönd ríkissjóðs, hann samdi af sér fyrir hönd skattgreiðenda. Í hinu opna iðgjaldi, segir hv. þm., er ríkisábyrgðin fólgin. Það kemur alveg fram, kom fram í umræðum í efh.- og viðskn., kemur fram í nál. og hefur komið fram hér í þessum umræðum, að það eru ákveðnar efasemdir um forsendur og það er ákveðin óvissa um þróun þessa kerfis af því að það er opið. Og það sem hv. þm. sagði að ef fyrirsjáanlegar yrðu stórbreytingar í vaxtaumhverfinu þá er það auðvitað þáttur sem gjörbreytir mati manna á raunsæjum möguleikum til þess að standa undir kerfinu. Allt saman satt og rétt. Þetta undirstrikar það sem var í raun og veru mín niðurstaða. Það hefði verið mun skynsamlegri niðurstaða, það var partur af gagnrýni minni, að reyna að ná samningum um bindingu á iðgjaldinu. Það hefði breytt þessu í grundvallaratriðum. En hv. þm. er raunverulega að segja að þarna hafi opinberir starfsmenn út af fyrir sig unnið stórsigur

í samningum við fjmrh. sem átti að gæta almannahagsmuna og hagsmuna skattgreiðenda vegna þess að í þessu er hin opna ríkisábyrgð fólgin. Hann samdi með öðrum orðum af sér.

[00:52]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég legg ekki dóm það hvort hv. þm. hafi rétt fyrir sér að hæstv. fjmrh. hafi samið af sér. Ég hygg að hann hafi ekki getað samið öðruvísi, að opinberir starfsmenn hafi bara ekki verið til umræðu um það að falla frá ríkisábyrgðinni. Hún er svo mikils virði. Þeir hefðu aldrei fallist á neitt sem hefði skert ríkisábyrgðina þannig að þetta var ekki til umræðu. Og ég er nærri viss um að það er ekki til umræðu fyrr en löggjafarvaldið tekur á sig rögg og lokar sjóðnum eða býður upp á einhvers konar aðrar lausnir, að nýir starfsmenn fari hreinlega í aðra lífeyrissjóði án ríkisábyrgðar. Ef ég væri ríkisstarfsmaður og væri að að semja við ríkið mundi ég aldrei ljá því máls að falla frá ríkisábyrgðinni, aldrei, vegna þess að í henni felst tryggingin.

3,5% raunvextir eru mjög háir ef maður lítur á langa sögu, 20–30 ár aftur í tímann. Ég hugsa að það hafi nánast hvergi fengist slíkir vextir á gulltryggðar innstæður. Sem dæmi má nefna að á 20 árum þá tvöfaldast innstæðan með 3,5% vöxtum. Þannig að 260 milljarðar íslenskra lífeyrissjóða munu vaxa bara vegna vaxtanna. Án iðgjalda og nokkurs annars vaxa þeir bara vegna vaxtanna í 520 milljarða á 20 árum. Og þá flæðir allt í peningum og vextirnir munu lækka eingöngu þess vegna. Þannig að 3,5% vextir eru töluvert háir og ég sé ekki litlar líkur á því að vextir fari niður fyrir 3,5% á næstu 10–15 árum. Og það grunaði opinbera starfsmenn. Þess vegna voru þeir ekki til viðræðu um það að falla frá ríkisábyrgðinni með því að setja þak á iðgjaldið sem hækkar ef vextir lækka.

[00:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson fór vel yfir málið hér áðan og gerði þar á meðal grein fyrir fyrirvara okkar tveggja. Hann er sá að við teljum að lögfesting frv. í þessu formi feli í sér skyldur stjórnvalda að sjá um að starfsmenn ríkisins sem eru í stéttarfélögum ASÍ fái sömu lífeyrisréttindi og öðrum ríkisstarfsmönnum eru tryggð með frv. Þetta er grundvallaratriði í sambandi við frv. Það er hins vegar mikilvægt þegar rætt er um frv. að hugsa aðeins um forsöguna vegna þess að í vor átti þetta sama ríkisvald og leggur fram þetta frv. í stórfelldum deilum við stéttarfélög opinberra starfsmanna og reyndar verkalýðsfélögin á almenna vinnumarkaðinum. Það er atburðarás sem við þekkjum mjög vel. Hluti af því máli var að það voru kynntar hugmyndir í sambandi við uppstokkun á lífeyrismálum opinberra starfsmanna sem síðar kom í ljós að stóðust ekki almenn lög varðandi tryggingu einstaklings á lífeyrisréttindum sínum. Það er þeim mun athyglisverðara að þetta frv. yfirleitt leit dagsins ljós og þessi samningur náðist og að frv. hafi fengið tiltölulega greiða afgreiðslu hér í gegnum þingið. Að nál. meiri hluta efh.- og viðskn. standa allir þingmenn stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. nema einn, hv. þm. Pétur Blöndal, sem kynnti hér brtt. áðan, en allir aðrir stóðu að þessu auk fulltrúa stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn., hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon án fyrirvara, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson með þeim fyrirvara sem ég lýsti hér áðan sem endurspeglar hluta af sjónarmiðum Alþýðusambandsins varðandi þetta mál. Þetta er þeim mun merkilegra ef einnig er haft í huga að það er verið að tryggja sömu lífeyrisréttindi fyrir nýja starfsmenn hjá ríkinu og eru núna hjá eldri starfsmönnum. Það er ekki verið að tryggja opinberum starfsmönnum betri lífeyrisrétt með þessu frv. en þeir höfðu. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Og það var eitt aðalmálið í vinnu efh.- og viðskn. að skoða forsendur við mat á þessum tveimur deildum og hvernig þetta fjárhagslega mat ætti að vera til að það kæmi svipað út fyrir bæði launagreiðanda og einstaklinga. Og það gerir það í höfuðdráttum. Gagnvart einstaklingum út af fyrir sig eru náttúrlega tvö kerfi alltaf ólík, en í aðalatriðum er hér um að ræða sambærilega afkomu fyrir nýja starfsmenn ríkisins og eldri starfsmenn ríkisins. Vitaskuld getum við sagt að lífeyrisréttindi núna á opinberum vinnumarkaði eru 5,5% betri heldur en á almennum vinnumarkaði, einfaldlega vegna þess að iðgjöldin á almennum markaði eru 10%. Það eru almenn ákveðin réttindi sem þessi 10% standa undir. Í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er iðgjald núna 15,5% og það stendur undir ákveðnum réttindum. Þannig að munurinn núna á þessum lífeyrisréttindum er 5,5%. Síðan fer mjög eftir vaxtaþróun framtíðarinnar hvernig framhaldið verður.

Úr því að þetta er svona sambærilegt, hvernig stendur þá á öllum þessum óróleika í kringum frv.? Og það er ekki rétt sem hv. þm., form. efh.- og viðskn., hélt fram að hér væri e.t.v. kannski ekki um að ræða mjög mikla breytingu og þetta væri að einhverju leyti byggt á misskilningi. Hv. fjmrh. hefur stundum spurt hvort menn skilji ekki þessa jafnstöðu sem verið er að ganga út frá. Það sé í reynd ekki verið að gera neitt annað heldur en að viðurkenna staðreyndir. Það að viðurkenna staðreyndir, herra forseti, geta verið heilmikil tíðindi vegna þess að lífeyrismál, ekki hvað síst lífeyrismál opinberra starfsmanna, hafa verið hulin þoku mjög lengi, eins og margt í okkar samfélagi sem snerti efnahagssviðið sem tengdist verðbólgu hér á árum áður. En þá voru þessi lífeyrisréttindi hulin þoku og menn vildu kannski ekki horfast í augu við það að við byggjum við tvenns konar lífeyriskerfi í samfélaginu, þ.e. lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og lífeyriskerfi almenna markaðarins.

Það sem þetta frv. gerir er að svipta burt þessari þoku. Og það sem sést í þokunni er í sjálfu sér alveg það sama og var áður þó við sæjum það kannski ekki greinilega. Það er kannski þessi staðreynd sem gerir okkur dálítið erfitt í umræðunni og erfitt að nálgast þetta mál að sjá þessa hluti svona skýra, hluti sem við höfðum kannski ekki gert okkur vel grein fyrir áður. Eða ef til vill vildum ekki horfast í augu við áður. Það er algengt að menn vilji búa við sjálfsblekkingu. Margar perlur heimsbókmenntanna fjalla einmitt um það þegar menn hverfa frá sjálfsblekkingunni og þurfa að horfast í augu við veruleikann.

Þessi nálgun finnst mér vera mikilvæg til að átta sig á þeim heitu tilfinningum sem eru í umræðu um þetta mál. Þegar við erum að ganga frá löggjöf þurfum við að velta afleiðingum löggjafarinnar mjög vandlega fyrir okkur. Þessi löggjöf er ekki einkamál ríkisvaldsins og starfsmanna þessara fjögurra stéttarfélaga sem eru tilgreind í frv. Þetta er miklu víðtækara mál og það á að vera það. Við þurfum að horfast í augu við að með þessu frv. er mörkuð ný stefna. Það er alveg ljóst. Það voru til tvær leiðir. Þegar við vildum létta þokunni voru tvær leiðir til að búa til sambærilegt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn ef það var þá markmiðið á annað borð. Ég held að að mörgu leyti hafi mjög margir, líka í hinu stjórnmálalega baklandi hér á hinu háa Alþingi, viljað tryggja slíkt sam-

bærilegt lífeyriskerfi. Það var um tvær leiðir að velja. Það er ómótmælanlegt að lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var betra en það á almenna markaðnum og þá er bara tvennt til í aðlögun. Annaðhvort gerum við það þannig að nýir starfsmenn ríkisins verða á hærri launum með sambærileg réttindi og gilda á almennum vinnumarkaði eða þróunin á almenna vinnumarkaðnum verði sú að þar gildi sambærileg lífeyrisréttindi og nú gilda á opinberum markaði. Síðan geta menn vitaskuld mæst á miðri leið. Það eru ekki fleiri leiðir til í sambandi við að samræma lífeyriskerfið hérlendis.

Það er reyndar hægt að hugsa lífeyrismál í miklu víðtækara samhengi en bara út frá þessum 10% eða 15,5% eins og við gerum. Við getum fylgst með þeirri þróun sem er að gerast í Evrópu, að tryggja betur frjálsan sparnað með lífeyristryggingum sem njóta skattalegra fríðinda og reynt að byggja upp frjálsan sparnað ofan á grunnlífeyriskerfið. Okkur vantar ef til vill skýrari umræðu um þennan þátt en verið hefur. Við verðum líka að hafa í huga að íslenska lífeyrissjóðakerfið er gott. Það er mjög gott miðað við kerfi í Evrópu sem eru í geysilegum vandræðum við að ná tökum á þeim skuldbindingum og mismun sem þar ríkir. Ég held að vandamál okkar varðandi íslenska lífeyrissjóðakerfið séu mun minni heldur en stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins í nágrannalöndunum eiga við að etja.

Mín spá er sú að þessi stefnumörkun hvort sem hún var gerð vitandi vits eða ekki – ég er ekki viss um að hún hafi verið gerð vitandi vits eins og vinnubrögðin voru við gerð frv. og samningsins sem leiddi til frv. því það er greinilegt að allur undirbúningur einkenndist af samráðsleysi við aðra en fjmrn. og stéttarfélög opinberra starfsmanna. Nú geta menn ef til vill sagt: Einmitt þetta samráðsleysi gerði það að verkum að yfirleitt náðist einhver samningur. Það má vel vera að menn hefðu ekki getað lokað þessu dæmi ef menn hefðu kallað til víðtæks samráðs við endurskipulagningu á lífeyriskerfinu. Menn hafa oft reynt þá leið og ýmsir sem hér eru þekkja vel þegar settar voru upp 8, 18, 28 manna nefndir. Ég man ekki hvað nefndirnar voru margar sem unnu við þetta eilífðarverkefni að endurskoða lífeyriskerfi íslenska ríkisins. Hér komst hins vegar á samningur í friðsemd milli fjmrn., sem hafði staðið í blóðugu stríði við þessi sömu stéttarfélög nokkrum mánuðum fyrr, og öll samtök opinberra starfsmanna. Það náðist pólitísk samstaða um að greiða þessu máli veg hér á hinu háa Alþingi. Það er hins vegar andstaða við málið. Það höfum við heyrt. Vinnuveitendasambandið er með miklar áhyggjur af áhrifum þess á almenna vinnumarkaðinn og hefur lagt til við efh.- og viðskn. að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Alþýðusambandið tók aðra afstöðu í þessu máli og sagði: Hér eru fest í sessi réttindi sem eru betri en þau sem gilda hjá okkur sem höfum nýlega gengið frá samningi um 10% iðgjald gagnvart okkar vinnuveitendum. Hér er ríkisvaldið að ganga á undan með stefnumörkun í samræmi við sinn stjórnarsáttmála. Gott og vel, fyrst þessi stefnumörkun liggur fyrir og er núna látin taka gildi gagnvart starfsmönnum hins opinbera – alveg rétt með það þeir taka undir það – þá á ríkisvaldið að sjá til þess að þessi lífeyrisréttindi og þetta kerfi gildi fyrir aðra landsmenn. Þeir hafa reyndar sagt líka að það sé ríkisvaldið sem eigi að bera kostnaðinn af þeim breytingum.

Þetta er ákveðin afstaða og ákveðin nálgun á þessu máli. Að öðru leyti hafa þeir ekki tjáð sig um málið nema út frá þessum heildarhagsmunum og mati á áhrifum þess. Ég er sammála þessu mati að verulegu leyti. Það er hluti af fyrirvara okkar og hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar að lögfesting þessa máls, og það að búið er að svipta burt þokunni. Þetta er skýrara heldur en var áður, gjörbreytir nálgun og umræðu um þessi mál frá því sem var fyrir ári síðan. Auðvitað geta menn komið hér upp og sagt: Sóknarkonurnar voru fyrir ári með miklu lakari lífeyrisréttindi heldur en BSRB-konur við hliðina á þeim. Hvað hefur breyst í því? Hvað hefur breyst í þessari stöðu? Það er það sem ég er að reyna að draga fram. Núna er þessi mismunur kominn með skýrum hætti upp á yfirborðið því það er búið að festa þetta nýja kerfi, sem er raunverulega gamla kerfið áfram fyrir opinbera starfsmenn. Það er nýtt í stöðunni og það gefur því fólki sem vinnur hjá því opinbera og fellur undir lög um opinbera starfsmenn en er í stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði, herra forseti, þann rétt að fara fram á það við ríkisvaldið að það verði jafnsett. Að það geti ekki verið munur á því hvað varðar lífeyrisréttindi. Úr því að málin eru komin öll upp á yfirborðið ljós og tær þá er það réttur þeirra að fá sambærilegan rétt. Um það verður tekist á, herra forseti, í næstu kjarasamningum. Menn komast ekki hjá því.

Það er ef til þetta sem hefur valdið mörgum áhyggjum við lögfestingu málsins. Það eru kannski þrjár ástæður. Í fyrsta lagi að menn komu ekki að því, menn þekktu það ekki, það var ekki haft samráð. Einhver útfærsla hefði þá kannski verið öðruvísi, það er eins og gengur og gerist ef menn fá ekki að koma að málunum. Í öðru lagi telja menn ef til vill að þetta nýja kerfi sem mjög líklega verður almennt kerfi hér á Íslandi innan fimm eða tíu ára, þessi uppbygging á kannski 15,5% eða 16,5% eða hvað það er sem við erum að tala um, við verðum að tala um hvernig við útfærum það svo, að þetta hafi kannski ekki verið rétt nálgun á uppstokkuninni. Ég er ekkert að segja um það en þau rök geta líka komið fram. Það þriðja er að menn segja að útfærsla þessa máls sé með þeim hætti að það loki alls ekki fyrir skuldbindingar framtíðarinnar og það séu einfaldlega ekki nógu vel hnýttir þeir hnútar sem þarf að gera við uppstokkun á lífeyriskerfi. Það má benda á að hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur einmitt lagt mikla áherslu á þennan þátt að ef menn ætla að stokka upp lífeyriskerfi þá verði menn einfaldlega að gefa sér miklu lengri tíma til undirbúnings þess máls í stað þess að gera það eins og verið er að gera hér á landi.

Það er hægt að taka undir þau sjónarmið almennt. Aðrar þjóðir hafa tekið sér lengri tíma í þessa uppstokkun. Ég held hins vegar að það sé brýnt eins og málið bar að og úr því umhverfi sem það kom og ef maður hugsar til vorsins þá er mjög brýnt að þetta mál nái fram að ganga og að það nái fram að ganga í því formi sem það er núna. Það voru gerðar lagfæringar á málinu í efh.- og viðskn. sem koma fram í brtt. hér. Þær eru til bóta eins og breytingatillögur yfirleitt eru. Auðvitað getur það alltaf verið matsatriði en ég held að allar breytingartillögur dragi frekar úr spennu í kringum málið. Að einhverju leyti gera þær það ef hægt er að búa við þær af báðum samningsaðilum. Það hefur orðið niðurstaðan að svo sé.

Hins vegar er ekki hægt annað en að taka fullkomið mark á aðilum og stéttarfélögum eins og Sókn sem vinnur aðallega hjá opinberum aðilum. Ég nefni Rafiðnaðarsambandið sem vinnur hjá báðum. Það eru að skapast félagsleg vandamál á vinnumarkaðnum milli stéttarfélaga hins opinbera og stéttarfélaganna á almenna markaðnum og innan stéttarfélaganna vegna þess að staðan er miklu ljósari nú fyrir augum þeirra einstaklinga sem hlut eiga að máli þó raunverulega ekkert

annað væri að gerast en að þessir þættir komu upp á yfirborðið. Það er einmitt það sem menn eiga við með orðatiltækinu að eitthvað komi upp á yfirborðið. Það var jú alveg eins undir yfirborðinu en það er allt önnur sýn á hlut sem kominn er upp á yfirborðið. Það er ef til vill það besta við þetta að við skyldum loksins horfast í augu við lífeyrissjóðakerfið og þá uppstokkun sem nauðsynleg var í eldra kerfinu með þá 110 milljarða skuldbindingu skattgreiðenda framtíðarinnar sem það kerfi fól í sér og hélt áfram að bæta við sig.

Herra forseti. Ég ætlaði að spyrja hæstv. fjmrh. tveggja til þriggja spurninga. Ég geri ráð fyrir að hann sé einhvers staðar nálægur.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já, hann er í húsinu.)

Til flýta fyrir störfum þingsins bið ég um að hann komi til að ég þurfi ekki að bíða til að spyrja þeirra spurninga.

Þetta umrót sem er í gangi og þessar áhyggjur sem eru á almennum vinnukarkaði út af kjarasamningum á vitaskuld að taka alvarlega. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því. Það má vel vera að þetta lagist, að menn lagi sig að þessari nýju stöðu. Ég hef svo sem trú á að menn lagi sig að þeirri nýju stöðu sem fylgir þessari nýju löggjöf og vinni með henni. Og að út af fyrir sig þurfi þetta ekki að kalla á átök á vinnumarkaði. Þar geti menn fundið sér eitthvert annað tilefni. En það eru viss grundvallaratriði í þessu máli sem við höfum verið að draga fram og það er sérstaklega gagnvart þeim einstaklingum sem vinna hjá hinu opinbera og eru á almennum vinnumarkaði.

Þessi hugsun sem lagt er upp með um lífeyrissjóðakerfið hefur að vísu einn mikinn galla í mínum huga. Hann er að iðgjaldaprósenta launagreiðandans, sem er núna 11,5%, skuli vera breytileg með þessum hætti. Ég er ekki viss um að það hafi verið skynsamlegt upplegg í lífeyriskerfi framtíðarinnar. Þessi prósenta getur tekið svo miklum sveiflum háð vaxtaútreikningi hverju sinni. Þetta þarf ekkert að hafa með að gera að tryggja réttindi eða þess háttar. Það er hægt að ganga frá því öðruvísi en að hafa fljótandi iðgjaldaprósentu. Það er hins vegar niðurstaðan að samningurinn, frv. og brtt. ganga út frá þessu samt sem meginreglu. Það er hægt að færa rök fyrir því þó svo þessi 11,5% séu fryst fyrstu þrjú árin vegna þeirra nýju starfsmanna sem koma frá eldra kerfi yfir í hið nýja til að þurfa ekki að hafa þessa prósentu ef til vill 14%–15% eftir eitt til tvö ár því hún lækkar aftur. Þetta er hlutur sem menn þekkja sem hafa komið að þessu máli. Ég held að þessi frysting hafi verið skynsamleg til að komast yfir fyrsta hjallann í þróun hinnar nýju lífeyrissjóðsdeildar.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn. Það eru tvær spurningar sem ég vildi spyrja hann. Hvernig ætlar hann að svara starfsmönnum Alþýðusambandsins þegar þeir koma til hans — hann er jú samningsaðili — og biðja um þessi sambærilegu lífeyrisréttindi? Sókn og rafiðnaðarmenn koma og vilja sækja þau sambærilegu réttindi. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hlustaði áðan þegar ég gat um að það er allt önnur staða og allt annar þungi á bak við þessa kröfu en var fyrir einu eða tveimur árum. Ég veit að hægt er að segja: Staðan er óbreytt. Hún hefur ekkert breyst. Þið voruð með lakari réttindi. En það er samt önnur staða. Ef menn horfast ekki í augu við það þá eru þeir að vanmeta umhverfið. Hæstv. fjmrh. þarf að svara á hinu háa Alþingi hvernig hann ætlar að mæta kröfum stéttarfélaganna. Hann þarf að skýra stefnu sína því þetta er starfsmanna-, launa- og samningsstefna sem hann þarf að skýra við afgreiðslu þessa máls. Þetta er mjög mikilvægur þáttur hvað eftirmál snertir af þessu hvernig stéttarfélögum er svarað.

Önnur spurning sem ég spurði hæstv. ráðherra við 1. umr. málsins ... (Gripið fram í.) Ég held að hann hafi ekki svarað henni þá. Hún er um áhrif þessa á lífeyrissjóð alþingismanna og ráðherra. Ráðherra hefur svarað því áður opinberlega að það væri mál Alþingis. Ég vil hins vegar af því að ég spurði þeirrar spurningar við 1. umr. og óskaði þá eftir því, ef ráðherra vísaði á Alþingi, að þingflokksformenn stjórnarflokkanna gæfu einhverjar vísbendingar um í hvaða farvegi þeir ætluðu þá að vinna uppstokkun á lífeyrissjóðum alþingismanna og ráðherra. Ég held að mjög mikilvægt sé, herra forseti, að einhver svör séu gefin við því í hvaða farvegi sú uppstokkun verður. Fólkið í landinu vill, fyrst það sér uppstokkun hjá þessum lífeyrissjóðum eins og gert er með þessum hætti, líka fá að vita hvernig Alþingi, sem ætlar að setja þessi lög, ætlar að taka á sínum eigin málum en það vita allir sem hér eru inni að þeir sjóðir eru nú alveg sérstakir forréttindasjóðir og er þá vægt að orði komist. Það er nauðsynlegt fyrir okkur hér inni að svara því máli. (**Gripið fram í:** Er það þess vegna sem þingmaðurinn er á þingi?)

Það eru ákveðnir þættir sem tengjast þessu máli. Ég segi fyrir mig að lendingin í málinu sé viðunandi og góð. Það hefur verið brotist út úr kyrrstöðu og það hefur komið stefna sem er alveg hægt að lifa við. Það hefðu kannski nokkur atriði mátt vera öðruvísi en ég hef þá trú að nú sé kominn samningur og stefna sem hægt er að lifa við milli þeirra aðila sem gerðu þennan samning og líka hugmyndafræði sem hægt er að útfæra á breiðum grundvelli. Það getur vel verið að þetta leiði til þess að meiri samvinna verði milli stéttarfélaga á opinberum markaði og almennum markaði og ef til vill samruni. Ég veit það ekki en það getur vel verið að þetta sé skref í þá átt.

Ég hef þá trú og hefði ekki staðið að álitinu og brtt. og þeirri hugmyndafræði sem á bak við þetta er nema vegna þess að ég hef trú á að hér sé verið að stíga skynsamleg skref. Ég er kvíðinn eins og mjög margir aðrir sem hafa komið að þessu máli. Þetta hefur miklar afleiðingar, við skulum ekki horfa fram hjá því. Ég er hins vegar sannfærður um að þegar menn hugsa þetta í ró og næði og eru búnir að átta sig á að hlutirnir eru kannski ekki eins flóknir og þeir litu út fyrir að vera, við verðum bara að sjá sömu hlutina skýrar en áður, þá getum við vel unnið með þessu. En það er algert skilyrði, herra forseti, í mínum huga að komið verði fram gagnvart félögum innan Alþýðusambandsins með sambærilegum hætti og hér er gert gagnvart stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Það er slík yfirlýsing sem ég vildi óska að fjmrh. gæti gefið við þessa umræðu.

[01:20]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég er ekki sammála hv. þm. um þokukenningu hans. Það hefur legið fyrir í ríkisreikningum hversu mikil skuldbinding væri að myndast hverju sinni vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna ríkisins. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur líka verið óþreytandi við að minna okkur þingmenn og aðra á hversu há þessi skuldbinding væri og hefur unnið mikið starf við að létta þeirri þoku af. Ég held þó að það sem skiptir mestu máli til að létta þokunni af þessu máli sé það þegar þingið gerir sér grein fyrir hvað þetta þýðir í útgjöldum ríkissjóðs þegar fjárreiðufrv. verður orðið að lögum. Það verði þá aðalmálið að ná hallanum niður til

að þetta sé borgað raunverlega af þeirri kynslóð sem er að búa réttindin til en ekki að flytja réttindin yfir á þá kynslóð sem verður að borga skatta árið 2020 eða 2050. Þetta verður stóra málið til að þetta hafi einhver efnahagslega bætandi áhrif fyrir okkur.

Spurningin um hvort það hafi verið tvær leiðir til samræmingar, þ.e. leið eitt að berja réttindi BHMR og BSRB niður með illu eða leið tvö að færa alla upp með góðu. Þingmaðurinn nefndi sjálfur margar fleiri leiðir sem tengjast auknu frjálsræði sem ég hygg að hefðu vel komi til greina. Menn koma frá Alþýðusambandinu og tala um að sækja til ríkisvaldsins sömu réttindi. Í hvaða vasa á að sækja þau réttindi? Að sjálfsögðu í vasa skattgreiðenda sem eru sömu aðilar. En ég hygg að þegar menn taka eftir því að með því að færa réttindin úr hægri vasanum yfir í þann vinstri og taka 25% af með því að láta þau ganga í gegnum ríkissjóð þá velji menn nú kannski ekki endilega þá leiðina.

[01:23]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að mjög mikilvægt sé að gera það sem ég og hv. þm. gerðu að umtalsefni, þ.e. að við reynum að standa skil á þeim skuldbindingum sem við höfum stofnað til. Það er stundum sagt um þá kynslóð sem ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson erum af, þá kynslóð sem velflestir alþingismenn eru af, að við höfum sótt í verðbólgugróðann okkar lífskjör nútíðarinnar. Við erum að sækja til framtíðarinnar, til barnanna okkar, þau lífskjör sem við ætlum að búa við í framtíðinni. Við höfum bæði lifað á forfeðrum okkar og ekki nóg með það, við ætlum líka að lifa á börnunum okkar. Það er margt til í því að við höfum byggt upp slíkt efnahagskerfi. Ég lít svo á að við höfum breytt um fyrir 15 árum hvað varðaði verðbólguna og þá þætti sem tengdust óverðtryggðum skuldbindingum. Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor. Ég held að við séum að fóta okkur inn á það svið núna og hluti af þessu frv. og þeirri uppstokkun sem hér sé verið að reyna er að gæta þess að við verðum líka látin greiða okkar af skuldbindingum framtíðarinnar sem eru mjög verulegar.

Ég vil leiðrétta eitt. Ég talaði ekki um að önnur leiðin væri að berja niður réttindi BHMR eða BSRB heldur ræddi ég um að menn væru með lakari lífeyrisréttindi fyrir hærri laun. Þannig að við skulum hafa orðalagið með þeim hætti. Hér er um að ræða aðferðafræði um að hafa hlutina alveg jafna. Þetta er ein leiðin. Það eru vitaskuld fleiri eins og ég benti á og hv. þm. tók reyndar undir.

[01:25]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. veit að það er margbúið að bjóða upp á að skerða lífeyrisréttindin og hækka laun. Það er margbúið að bjóta BHMR og BSRB upp á þetta. Við í þingnefndinni sendum þetta mál til umsagnar til gífurlegs fjölda hinna og þessara félaga opinberra starfsmanna. Og af svörum þessara félaga gæti ég ímyndað mér að þau hafi komið frá hátt í eitt þúsund manns. Það var ekki ein einasta rödd sem lagði til að það ætti að fara þá leið að skerða réttindin og hækka launin á móti sem hefur alltaf staðið til boða. Þess vegna nefndi ég þetta að berja réttindin niður með illu eða að hækka alla upp með góðu. Ég held hins vegar að þetta sé ekki rétt skilgreining, það séu til fleiri leiðir.

Annað er ég vildi gera að umtalsefni er spurningin um annars vegar breytilegt iðgjald og bundin réttindi eða breytileg réttindi og bundið iðgjald og þann mun sem hv. þm. gerði á þessu tvennu. Þarna er munurinn miklu meiri til skemmri tíma en til lengri tíma. Það sem skiptir fyrst og fremst máli eru þær væntingar sem menn horfa á þegar menn greiða í lífeyrissjóð og hvað menn fá svo út úr honum í lokin. Við höfum séð t.d. á hinum almenna vinnumarkaði að menn hafa verið að skerða þar réttindi. En menn hafa líka verið að auka iðgjald, greiða í lífeyrissjóði af öllum launum þegar menn hafa talið sig sjá fram á það að iðgjaldið væri of lágt fyrir þau réttindi sem menn vildu fá. Það er alltaf þetta samhengi, bæði á hinum almenna vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum, um hvor leiðin er farin. Við munum sjá það í framtíðinni að menn eru alltaf að stilla af þessar væntingar miðað við það sem verið er að borga inn í sjóðina á hverjum tíma.

[01:27]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði að margbúið væri að reyna að bjóða hærri laun fyrir lægri réttindi. Víst er það. Því hefur verið varpað fram í samningum en það getur verið að munur sé á fólki og foringjum. Það getur verið að fólk í opinberri þjónustu eins og annars staðar kjósi ef til vill að taka hluta af sinni launahækkun og fá hærri laun fyrir lakari lífeyrisréttindi. Ég veit það ekki. Ég er ekki að fullyrða að svo sé. En ég bendi á að einmitt þetta getur orðið nálgunin á almenna markaðnum, kannski í næstu kjarasamningum eða þar næstu að einhver launahækkun verði. Við getum nefnt einhverja tölu, t.d. 5%, og menn geti valið um hvort þeir taki kannski 3% af því í auknum lífeyrisréttindum, ég er að setja upp einfalt dæmi, og 2% í hærri launum eða eitthvað þess háttar. Því ég bendi á að samningurinn felur í sér að opinberir starfsmenn eru að greiða meira í lífeyrissjóð. Og ég er sannfærður um að opinberir starfsmenn, ekki bara foringjarnir, eru ánægðir með þetta. Þeir eru sáttir við að greiða meira því þeir greiða af eftirvinnulaununum sínum og þeir eru sáttir við að fá meiri réttindi með því að taka meira af launanum í lífeyrissjóð. Ég held að það sé almennt í þjóðfélaginu að menn vildu það gjarnan þó ekki væri einmitt í þessum kjarasamningum. Nú ætla menn að sækja raunhækkun launa í þeim samningum. Við vitum um það og við skulum sjá hvernig það gengur eftir. En við erum að hugsa um þessa breytingu sem við erum að gera. Hún hefur ekki bara áhrif næstu tvo til þrjá mánuði eða næstu kjarasamninga, við eigum ekki að tala um hana út frá því. Þetta er breyting sem hefur áhrif jafnvel í 5–20 ár eða kannski lengur. Þetta er viðamikil breyting sem verið er að gera og ég held að það sé vel hægt að finna möguleika til að lifa við þetta. Ég finn að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson efast í sjálfu sér ekkert um að það sé hægt. En ég vil einungis taka fram að ég held að þessi samningur sem hér er gerður njóti stuðnings bæði fólks og foringja.

[01:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í meirihlutaáliti hv. efh.- og viðskn. getur hv. þm. þess í athugasemd sinni að lögfesting frv. á þessu formi feli í sér skyldu stjórnvalda til að sjá um að starfsmenn ríkisins sem eru í stéttarfélögum ASÍ fái sömu lífeyrisréttindi. Og hann sagði reyndar í ræðu sinni að hann teldi að þetta mundi fara yfir allt þjóðfélagið. Nú er það svo að í dag borgar atvinnurekandinn 6% í lífeyrissjóð, 5,5% tryggingagjald sem stefnt er að, 1% í sjúkrasjóð, 0,25% í orlofsheimilasjóð. Launþegi borgar 1% í félagsgjald og 4% í lífeyrissjóð. Ef til viðbótar koma 5,5% í lífeyrissjóð sem atvinnurekandinn

borgar, þá fær launþeginn 96 krónur af 121 krónu sem atvinnurekandi borgar í laun og launatengd gjöld. Launþeginn fær frá 79% og upp í 80% af þeim launum sem launagreiðandinn greiðir. Spurning mín til hv. þm. er þessi: Er auðvelt að bæta við þessum 5,5% ofan á launagreiðslur í ljósi þeirrar umræðu sem varð um tryggingagjaldið fyrir stuttu, sem er nákvæmlega sama tala — allt tryggingagjaldið?

Önnur spurning: Hv. þm. sagði að þokunni hefði verið létt af. Var ekki nauðsynleg forsenda þess að gera réttindin eins?

Þriðja spurningin er: Telur hv. þm. að Sóknarkonur muni sætta sig við launalækkun þegar þær fá lífeyrishækkunina?

[01:31]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrsta spurning — ræður atvinnulífið við að borga 5,5%? Ef íslenskt atvinnulíf og íslensk atvinnufyrirtæki sýndu t.d. sömu framleiðni og gengur og gerist í nágrannalöndum okkar þá ráða þau við þetta og munu leika sér að því. Ég ætla að benda hv. þm. á einn hlut sem hann var raunverulega að gefa í skyn, að eitt helsta vandamál í Evrópu er fólgið í því að launin eru of lág en launakostnaðurinn of hár. Þetta þekkjum við sem vandamál og tengist launatengdum gjöldum. Launatengd gjöld hérlendis eru lág miðað við það sem er erlendis. Og vandamál íslensks atvinnulífs felst í því að íslensk fyrirtæki eru svo langt frá því að ná sambærilegum árangri og næst í Evrópu. Við vitum það að eini möguleikinn fyrir íslenskt launafólk til að halda uppi sömu lífskjörum og eru í nágrannalöndunum er að vinna 30% meira. Og ég get haldið áfram að fara með þessa ræðu lengi, hún er þekkt. Vandamál íslenskra fyrirtækja liggur ekki í því að launatengd gjöld þeirra séu of lág. Vandamál þeirra liggur allt annars staðar. Við sjáum það nú m.a. á skattgreiðslum til samfélagsins sem eru einna lægstar innan OECD og skattgreiðslur íslenskra fyrirtækja til samfélagsins eru reyndar lægstar innan OECD sem hlutfall af landsframleiðslu. Það eru margar skýringar á því, m.a. hvað þau eru slök í rekstri sínum.

Önnur spurning — þurfti að létta þokunni? Er forsenda að gera það með réttindin eins? Það þarf ekkert að vera. Það var hægt að létta þokunni svona. Þokunni var létt með þessu frv.

Þriðja spurningin — munu Sóknarkonur sætta sig við launalækkun? Ég svara ekki fyrir Sóknarkonur. Ég fer ekki með samninga fyrir Sóknarkonur. Ég spurði hins vegar hæstv. fjmrh. um stefnu hans. Hann fer með samningamál fyrir ríkið. Ég hef bent á að ég telji að það verði ekki gengið frá þessu máli nema með því að gera þessa samninga og láta Sóknarkonur og aðra njóta sambærilegra hluta. (Forseti hringir.) Ég tel að ríkisvaldið eigi að gera það. Það sé réttlæti fólgið í því en ég fer ekki með samningamál, hvorki af hálfu stéttarfélaganna né ríkisins.

[01:34]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vissi ekki að vandamál íslensks atvinnulífs væri það að launatengdu gjöldin væru of lág eins og kom fram, og besta ráðið til þess að laga stöðu íslensks atvinnulífs sé að auka álögurnar á það. Ég hélt nú að það væri eitthvað annað sem þyrfti en að auka álögurnar um 5,5% af launum. Bæta við einu nýju tryggingagjaldi, bara bingó — yfir allt kerfið. Það held ég sé ekki til bóta. Og ég vil minna hv. þm. á það og spyr hann að því: Telur hann að þetta muni auka samkeppnisstöðu Íslands um fólk og fyrirtæki þegar búið er að bæta þessum klyfjum á klárinn? Þegar fólkið sér ekki nema 80% af þeim kostnaði sem fyrirtækin borga út og þá á eftir að borga skatta og útsvar. Þegar fólkið sér ekki nema 80% af krónunum sem fyrirtækin greiða. Telur hv. þm. að það bæti samkeppnisstöðu Íslands um þetta fólk? Það held ég ekki. Ég held að það fari til annarra landa þar sem eru minni skattálögur og minni kvaðir. Og ég mótmæli því að það sé best fyrir íslenskt atvinnulíf að auka álögurnar á það og það verði til þess að klárinn fari nú loksins að taka sporið.

[01:35]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. lýsti ágætlega efnahagsstefnu núv. ríkisstjórnar. Í þessum orðum hans koma fram áhyggjur af þessum auknu álögum sem atvinnulífið yrði fyrir ef það þyrfti að borga hærri lífeyrissjóðsiðgjöld eða tryggingagjald. Því stefna hv. þm. og ríkisstjórnarinnar er að slá skjaldborg um lág laun á Íslandi. Það er þannig sem þeir ætla að mæta samkeppni á heimsmarkaði og þeir verja öllum sínum ráðum og öllum sínum styrkleika til að halda við þessari skjaldborg. Í þessu er efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar fólgin. Við erum ekki samkeppnishæfir á erlendum mörkuðum nema með því að vinna hér yfir 30% lengri vinnudag en aðrir. Það er þannig sem við getum náð árangri á heimsmarkaði. Okkar launatengdu gjöld eru miklu lægri en erlendis. Vandamál okkar liggur ekki í þessu. Vandamál okkar liggur í íslenskum fyrirtækjum, fákeppnisfyrirtækjum mjög mörgum og lakri stjórnun mjög víða. Hlutirnir hafa batnað sums staðar en þeir eru enn mjög slakir. Þetta byggist á menntun, þetta byggist á rannsóknum. Það eru mjög margir þættir sem móta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. En íslensk fyrirtæki sjá aldrei neitt að hjá sjálfum sér. Það eina sem Vinnuveitendasambandið, fulltrúi fákeppnisaðilanna, hefur gert undanfarin 3–4 missiri er að reyna að sjá til þess að þessari skjaldborg um lágu launin sé viðhaldið. Við viljum ekki þessa efnahagsstefnu. En hv. þm. talaði frá hjartanu og ég veit að þetta er sannfæring hans, en hann var líka að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar.

[01:37]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 453; brtt. SJS, þskj. 463; brtt. VE o.fl., þskj. 465.

[01:38]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem við höfum verið að ræða hér í nótt er án efa flóknasta, erfiðasta og um leið örlagaríkasta frv. sem hér hefur verið meðhöndlað síðan ég tók sæti á Alþingi. Frá því að þetta mál kom fyrst til umræðu er það á vitund bæði flokkssystkina minna svo og samstarfsmanna í efh.- og viðskn. að ég hef haft um það miklar efasemdir, mjög miklar. Og í nál. sem ég skrifa undir með fyrirvara kemur fram að fyrirvarinn er fólginn í því að ég styð tillögur hv. þm. Péturs H. Blöndals og tel þær reyndar algjöra forsendu fyrir því að það sé hægt að greiða þessu frv. atkvæði. Ég skal koma nánar að því á eftir.

Það hefur verið farið yfir þetta mál hér í nótt á ákaflega skýran hátt, sagður allur aðdragandi að því og sagt frá vinnu efh.- og viðskn. Og það er rétt að byrja á því að skýra frá því að við töldum það skyldu okkar að ganga frá því eins gaumgæfilega og við gætum, að skoða það og sannreyna hvort nokkur ný skuldbinding lægi í þessu frv. miðað við það sem

ríkisstarfsmenn höfðu áður. Niðurstaða þeirrar athugunar var sú að svo væri ekki. Að vísu eru þarna vafaatriði sem ekki er svo sem hægt að fullyrða um, en niðurstaða okkar var í stórum dráttum sú, eftir þær breytingar sem nefndin leggur til, að svo væri ekki. Það er mjög nauðsynlegt að hafa þetta í huga þegar við ræðum um þetta mál.

Það hefur líka verið bent á það í þessari umræðu að með þessu frv. væri ríkisstjórnin að koma fram með ákveðna stefnumótun í lífeyrismálum almennt. Ég er nú ekki alveg sammála því að það þurfi að vera stefnumótun í lífeyrismálum almennt, en það er alveg ljóst að með frv. er ríkisstjórnin að koma með stefnumótun í lífeyrismálum opinberra starfsmanna í þá veru að áunnin umsamin réttindi skuli haldast og nýir starfsmenn eigi kost á því að fá sams konar réttindi jafnbær, að vísu í öðrum sjóði þar sem þetta er borgað af öllum launum. Ég þykist líka vita það af 1. umr. hér um þetta mál og svo af starfi okkar í efh.- og viðskn. að þetta sjónarmið á mjög mikinn hljómgrunn hjá Alþingi. Það virðist vera nokkuð þverpólitískur vilji fyrir því að láta þetta ganga svona fram. Ég hef hins vegar um það allar efasemdir, ekki vegna þess að ég sé með neinu móti að halda því fram að það eigi að skerða áunnin réttindi, því heldur enginn maður fram, alls ekki, heldur vegna þess að ég efast um að við stöndum undir því til langframa að vera með eins ríkuleg og mikil lífeyrisréttindi og raun ber vitni. Ég efast stórlega um það. Það er mín skoðun, herra forseti, að hið mikla fylgi við að gera þetta svona, sem sannarlega er á Alþingi, sé vegna þess að menn, alþm. og þjóðin í heild, eru ekki enn þá búnir að horfast í augu við það hvílíkar óskaplegar skuldbindingar þetta eru. Og ég trúi því að það verði ekki fyrr en við færum þetta inn í fjárlögin, og gerum ráð fyrir því við gerð þeirra á hverju ári að við verðum að standa bæði skil á samtímagreiðslunum, svo og að fást við það mál að lækka skuldbindingar sem við erum búin að safna saman í 40–50 ár, að augu manna muni ljúkast upp fyrir því að þetta kerfi er einfaldlega of dýrt og of þungt fyrir þjóðfélagið.

Mig langar til þess að koma hérna aðeins að máli sem hefur verið heilmikið rætt en það eru fyrirvarar þeirra félaga, hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar og Ágústar Einarssonar. Og eins og hv. þm. Jón Baldvin orðaði það hér í ræðu sinni, að með því að gera þessi réttindi opinberra starfsmanna sýnileg væri það algjörlega siðferðislega óhjákvæmilegt, minnir mig að hann hafi orðað þetta, að aðrir sem ynnu hjá ríkinu og hefðu ekki notið þessara ríkulegu lífeyrisréttinda yrðu að fá þetta. Þeir yrðu að fá þetta og það væri algjörlega siðferðislega óhjákvæmilegt. Nú er þetta dálítið athyglisvert því á þessu megum við sjá hvenær vor samviska sefur. Mér sýnist það vera alveg skýrt að það er svona: ef við vitum um misréttið en það sést ekki, þá sefur vor samviska, en ef misréttið sést, þá vaknar hún. Það gerist svona.

Það má enginn, herra forseti, líta á orð mín þannig að ég sé á nokkurn hátt að gera lítið úr þessu sjónarmiði. Þetta er bara svona. Og ég trúi því að mjög margir, fleiri en þeir félagar, líti þannig á. Við höfum líka séð það í efh.- og viðskn. af umræðum okkar við viðmælendur okkar úr verkalýðshreyfingunni að þeir segjast ætla að líta svona á. Þeirra samviska svaf líka þó að þeir vissu þetta allt því að þetta eru engin tíðindi. Allir sem hafa verið að fást við vinnumarkaðsmál hafa vitað þetta. Þeir vissu það alveg eins og við höfum allir vitað þetta. Samviska forustu verkalýðshreyfingarinnar gat sofið þó að hún vissi það meðan það sást ekki. Það er þannig.

Nú kann það að vera að þetta sjónarmið sé gegnumgangandi og mjög almennt og þá komum við að þessu. Vegna réttlætisins, vegna þess að það er óumflýjanlegt siðferðislega, vegna réttlætisins, ættum við, eða a.m.k. meiri hlutinn, að segja sem svo: Nú færum við þessi ríkulegu réttindi yfir til fleiri aðila. Um það bil 20% af vinnumarkaðinum, sem sagt ríkisstarfsmennirnir, hafa um mjög langan aldur haft miklu betri lífeyriskjör en aðrir. Þetta hafa allir vitað. 80% hafa haft mun lakari. Við það að gera þetta sýnilegt, þá telja menn sig tilneydda að láta hin miklu lífeyrisréttindi fara yfir að mér skilst allan vinnumarkaðinn í nafni réttlætisins, var það ekki? Jú, það var í nafni réttlætisins.

Horfum nú aðeins á vinnumarkaðinn. Ég er ekki alveg ókunnugur honum og ég veit að þó að það sé ætíð og alltaf þegar menn ræða um laun sín og afkomu að menn tala í nafni sanngirni og réttlætis, þá er það þó þannig að það er viðmiðunin, það er viðmiðunarfræðin sem er hreyfiafl kröfugerðar í öllum samfélögum. Ég tek mjög alvarlega þau ummæli sem forusta Alþýðusambandsins hefur viðhaft við okkur í efh.- og viðskn. Ég tek það mjög alvarlega.

Ég veit líka að krafan um sama lífeyrisrétt er ekki eina krafan. Hún hefur komið fram mjög skýrt hjá öllum sem um þetta hafa rætt við okkur. Í dag er það knýjandi fyrir verkalýðshreyfinguna að sækja þar að auki mjög aukinn kaupmátt í nafni réttlætisins líka, munið það. Í nafni réttlætisins. Hvar stöndum við þá? Ekki ósvipað því sem við höfum oft staðið áður á Íslandi. Í nafni réttlætisins teljum við að það verði að hækka verulega kaupgreiðslur allra, munið eftir, krafan er um það. (**Gripið fram í:** Næstum því.) Allra. Og enn þá einu sinni minni ég á að á árunum frá 1970 til ársins 1990 hækkuðu laun á Íslandi meira en í nokkru öðru ríki Vestur-Evrópu. (**Gripið fram í:** Hverjir mest?) Heildarlaunasumman á Íslandi, við erum bara að tala um heildina hérna, við skulum ekki vera að gera neitt grín að þessu, þetta er ekki til að spaugast um. (**Gripið fram í:** Þetta er full alvara.) Heildarlaunin hækkuðu mest á Íslandi en kaupmátturinn minnst. Hvernig mátti þetta vera? Vita ekki allir enn hverjir það voru sem töpuðu mestu þegar verðbólgubálið brann hér hvað heitast? Eru menn búnir að gleyma því? Eru menn búnir að gleyma því að þeir sem töpuðu mest á verðbólgubálinu var fátækt fólk? Fátækt fólk tapaði mestu. (**Gripið fram í:** Og því hefur fjölgað.) Fátækt fólk tapaði mestu. Ég spyr því núna: Hvað er það í veruleika dagsins í dag sem er öðruvísi en fyrir 10 árum, fyrir 15 árum? Ég spyr: Hvað er það? Jú, það er ýmislegt annað. Við erum með opnara samfélag, til allrar hamingju. Nú er ekki hægt að falsa gengi eins og var hægt áður. Peningarnir taka til fótanna, gengið bara hleypur og fer. Við erum með miklu frjálsari viðskipti þannig að öll efnahagsóráðsía og della er miklu fljótari að ganga yfir.

En ég spyr: Hvernig má það vera og hver trúir því að upp úr slíku báli verði ekki nákvæmlega sama niðurstaða, að það verði fátækt fólk sem tapar? Fátækt fólk. Munum við svo aftur í hvers nafni við ætluðum að gera þetta allt? Jú, í nafni réttlætisins. Ég spyr þá aftur: Getur það ekki verið, herra forseti, að þrátt fyrir allt sé betra að segja: Ég er ósanngjarn, ég er óréttlátur heldur en að segja: Ég er réttlátur. Ég er sanngjarn og þess vegna ætla ég að steypa efnahagslífinu í voða. (**Gripið fram í:** Hver er að segja það?) Ég er að tala hér og ég hef verið að rekja hvað það mundi kosta þetta samfélag ef við ætluðum að fara þá leið í dag að auka verulega kaupmátt á sama tíma og við ætluðum að auka greiðslur í lífeyrissjóði yfir heilu línuna um 5,5%. Ég er að halda því fram að samfélagið muni koksa á því dæmi. Ég

er að halda því fram. Þess vegna hef ég í efh.- og viðskn. verið að halda því fram að það væri mjög nauðsynlegt að vera óréttlátur, vera ósanngjarnt og tryggja það með 3. gr. að það færu ekki aðrir inn í A-deildina en voru þar áður í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. Ég hef verið að benda á það æ ofan í æ að það væri lífsnauðsynlegt að vera ósanngjarn, vera óréttlátur.

Ég veit að það er rétt sem menn hafa sagt hér í kvöld. Það að gera réttindin sýnileg mun valda miklum óróa. Ég tek ummæli aðila vinnumarkaðarins, Alþýðusambandsins, Vinnuveitendasambandsins og fleiri, sem til okkar hafa komið, mjög alvarlega. Ég held þess vegna, og kem þá aftur að fyrirvara mínum áðan, að eina leiðin til þess að fá Alþingi og þjóðina til að skipta um skoðun á því að við eigum að halda uppi svona ríkulegum lífeyrissjóðum sé það að Alþingi standi frammi fyrir því á hverju ári að það þurfi að greiða alla þessa óskaplegu peninga. Það er einmitt um það sem tillaga Péturs Blöndals fjallar og því ætla ég að styðja hana.

Ég geri mér alveg grein fyrir því miðað við viðbrögð samfélagsins að þau geti orðið svo hörð að það borgi sig að segja hér og nú: Nei, það er betur heima setið en af stað farið með þetta frv. Við höfum verið að segja að við ætluðum að gera þetta sýnilegt. En ef viðbrögð okkar allra eru á þann veg að okkur ofbýður svo að sjá þetta, við gefumst upp á að horfast í augu við mismuninn og ætlum þess vegna að hrópa: Nei, við getum þetta ekki, það verða bara allir að fá þetta, þá er það vegna þess að við treystum okkur ekki til þess að horfast í augu við þennan mismun sem við létum þó eiga sig meðan við bara vissum um hann en meðan við vorum ekki að horfa á hann. Þess vegna gæti borgað sig að stoppa núna, hætta við þetta, setjast niður aftur og reyna að finna aðra sátt í staðinn fyrir að horfa upp á það að kannski muni vinnumarkaðurinn í janúar/febrúar verða eitt logandi haf. Ég geri mér alveg fullkomlega grein fyrir því að það gæti verið réttara.

Það er þess vegna, herra forseti, sem ég hef haft svona óskaplega miklar efasemdir um þetta mál. Ég hef ætlað mér að styðja það ef brtt. Péturs Blöndals ná fram að ganga, að öðrum kosti ekki.

[01:56]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af fyrri kynnum mínum af hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni leyfi ég mér að efast um það að hann sem sagði um sjálfan sig: Nú er tími til kominn að vera óréttlátur og ósanngjarn og lýsa sök á hendur sér, að hann sem vinnuveitandi væri svo óréttlátur og ósanngjarn að hann byði starfsfólki sínu í útgerð eða fiskvinnslu upp á það að vinna hlið við hlið á sömu launatöxtunum, en hluti starfsfólksins hefði 50–60% betri lífeyrisréttindi en þeir sem vinna við hliðina á því. Ég leyfi mér að vefengja það. Af því að það hefur verið mikil umræða um að hér sé ekki verið að gera neitt nema staðfesta óbreytt ástand og samviskan sefur meðan vitneskjan um ranglætið er ekki vakandi, þá er það ekki alls kostar rétt vegna þess að það var raunverulega svo að menn höfðu uppi efasemdir um að það yrði staðið við hinar áföllnu skuldbindingar. Það voru uppi efasemdir um að við þær yrði staðið. Það sem ríkið hefur gert er að taka af öll tvímæli um að við þær verði staðið. Og í annan stað að svo miklu leyti, eins og fram kom í máli hv. þm. Péturs Blöndals, sem um var að ræða vantryggingu í opinbera kerfinu áður, þ.e. menn greiddu ekki af yfirvinnu, 42% af tekjum launþega að meðaltali er yfirvinna, þá er A-deildin að bjóða upp á betri tryggingu en áður, að vísu líka gegn hærra iðgjaldi launagreiðandans. Það er hvort tveggja að þessum efasemdum hefur verið eytt. Kerfið hefur verið fest í sessi og að hluta til hafa verið boðnar fram betri tryggingar en áður var. Það er því ekki rétt þegar menn segja að ekkert hafi gerst annað en það sem hafði viðgengist alla tíð er bara orðið sýnilegt. Að því leyti er þrátt fyrir allt þokukenning hv. þm., félaga míns Ágústar Einarssonar, ekki alls kostar rétt.

[01:59]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér mjög vel grein fyrir því að atvinnurekandi sem á að hafa starfsmenn í vinnu með sömu vinnuna og mismunandi kaup er í miklum vanda og líklega er það þannig að það fær ekki staðist. En þetta hefur nú samt gengið þann veg fram meðan þetta var í þoku. Mig rekur minni til þess að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var eitt sinn fjmrh. Þá var þetta í þoku og það eru ríkisstarfsmenn sem vinna hlið við hlið með sömu laun en mismunandi lífeyrisréttindi. Ég óttast, og það er það sem ég var að segja hér áðan, að kenning þeirra félaga væri rétt, við gætum ekki lifað við þetta eftir að þetta yrði sýnilegt. Það gæti verið rétt og þess vegna erum við að fara í ófæru. Við gátum lifað við það meðan það sást ekki, vissum um það, en þegar það kemur fram þá getum við það ekki, okkur er um megn að horfast í augu við það og við segjum: Nei, þetta gengur ekki, við verðum að færa þessi réttindi yfir alla þjóðina.

Ég trúi því að hið rétta fyrir íslenskt samfélag væri hitt, að reyna að leita samninga við opinbera starfsmenn með einhverjum ráðum þó að það hafi ekki gengið enn til þess að þeir hyrfu inn í sams konar kerfi og almenni vinnumarkaðurinn er með. Það væri kerfi sem ég hef trú á að samfélagið gæti lifað við. Þannig værum við betur settir og ég hef ekki trú á því við ráðum við það frekar en Þýskaland og hinar ríku þjóðir Evrópu sem eru að sligast núna undir lífeyriskerfi sem þeir borga í 18–20%. Það eru bara staðreyndir. Þessar þjóðir eru að sligast undan því í dag og þess vegna ætlum við að vera svo bjartsýnir að halda að þetta sé eitthvað sem við ráðum við. Ég hef ekki svo mikla trú.

[02:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við alþýðubandalgsmenn menn stöndum, eins og kunnugt er, að því nefndaráliti sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson mælti fyrir fyrr í kvöld eftir að hafa farið yfir þetta mál í okkar þingflokki. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma neitt á óvart miðað við það hvaða áherslu við höfum lagt á það á undanförnum árum og áratugum að tekið verði á lífeyrismálunum.

Á árunum 1980–1983 unnu nefndir að þessum lífeyrismálum á mínum vegum sem heilbr.- og trmrh. og Ragnars Arnalds sem fjmrh. þar sem farið var yfir þessi mál og reynt að leita samninga. Það tókst reyndar langleiðina í nefnd sem var undir forustu Hallgríms Snorrasonar og forustu Jóhannesar Nordals. Í rauninni tókst ótrúlega vel að ná öllum mönnum þar til þess að tala saman og það strandaði á einum tilteknum samtökum sem ekki fengust til þess að standa að þeim samningi sem þá var gerður, því miður. Þess vegna var ekki unnið í málinu eftir það, það var ómynd sem var reynt að vinna í málinu eftir það. En við, bæði alþýðubandalagsmenn og aðrir, höfum alltaf vitað að hér var um að ræða vaxandi vandamál sem gerðist stöðugt flóknara og stöðugt erfiðara úrlausnar eftir því sem lengra leið án þess að á því yrði tekið. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel ástæðu til þess að

fagna því að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og önnur samtök opinberra starfsmanna og fjmrh. hafa haft kjark til þess að stíga það skref sem hér liggur fyrir þó að það kunni að vera umdeilt því að það er örugglega fyrsta skrefið út úr vanda sem við viðurkennum út af fyrir sig öll að sé til staðar.

Ekkert okkar er þeirrar skoðunar að hérna hafi menn leyst vandamálin í eitt skipti fyrir öll. Öll erum við þeirrar skoðunar að við séum að leggja í langa vegferð sem m.a. muni hafa það í för með sér að hinn almenni launamaður í þjóðfélaginu, hvar sem hann er, muni leitast við að sækja sér þann rétt sem þarna er stefnt að að ná og tryggja. Í þeim efnum held ég að sé skynsamlegra að horfa til langs tíma, 5 ára, 10 ára eða 15 ára frekar en að gleyma okkur í þeim vandamálum sem við sjáum kannski í hinu harðasta augnabliki í statískri, frosinni nútíð. Ég held með öðrum orðum að hér hafi náðst mjög mikilvægur áfangi og tel að hæstv. fjmrh. sýni kjark og ég tel að opinberir starfsmenn geri það líka með því að ganga í verkið. Þess vegna finnst mér skrýtið þegar menn tala um þessi mál eins og hér hafi næstum að segja orðið verulegar náttúruhamfarir. Ég held að menn eigi líka að vera dálítið glaðbeittir andspænis þeirri framtíð sem menn sjá núna þrátt fyrir allt og taka undir það sem hér er sagt, m.a. af hæstv. fjmrh., að blindir hafa fengið sýn, menn sjá þessa hluti. Út af fyrir sig er það þó þannig að við sem höfum unnið við þessi mál lengi, t.d. ég sem hef verið yfirskoðunarmaður ríkisreikninga í mörg ár, höfum séð þessar skuldbindingar hlaðast upp. Ég hef talað um það á hverju einasta þingi ár eftir ár í öllum umræðum um ríkisreikninga að á þessu máli þyrfti að taka. Nú eru menn að taka á þessum hlutum. Að skjóta styrkari stoðum undir réttindakerfi opinberra starfsmanna með því að þeir leggja meira fram en verið hefur. Þeir hafa lagt heilmikið fram í lægri launum. Það eru upphæðir sem ekki sjást en eru viðurkenndar og hefur verið sagt við þá fullum fetum í öllum kjarasamningum á undanförnum árum og áratugum. Ég hlusta auðvitað líka á Alþýðusamband Íslands, það hef ég alltaf gert í þessum málum. Ég tel að það eigi að halda þannig á þessum málum að í framhaldi af þessari lendingu eigi menn að fara í rækilegar viðræður um hlutföllin á milli lífeyris, lífeyrisuppsöfnunar og kaupmáttar, lífskjara í núi og lífskjara í framtíð. Menn eiga að fara yfir þetta vandlega og reyna að stilla hlutina saman eins og kostur er, m.a. í því skyni að stuðla að því að verkalýðshreyfingin í landinu, bæði Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og öll þessi samtök geti átt samleið og þannig eigum við að tala. Við eigum ekki að setja þessi dæmi upp þannig að það sé óhjákvæmilegt að það endi í stríði á milli þessara samtaka, undirstöðusamtaka í íslenska þjóðfélaginu. Þau eru það. Heldur eigum við að leggja á það áherslu að þarna geti orðið samvinna og samstaða. Þar með er ég sannfærður um að þau vandamál, sem auðvitað munu mæta okkur á þessari vegferð eins og annarri, verður hægt að leysa ef við reynum að stilla saman strengina. Það er enginn hér að tala um að við ætlum að halda þannig á þessum málum, eða hvað? — ekki nokkur einasti maður eins og hv. 3. þm. Vestf. benti okkur á áðan, að nokkur maður hér vilji sökkva þjóðinni í verðbólgudíkið á ný og örugglega síst þeir sem hafa kannski af ýmsum ástæðum lent í því að vera brenndari af því stríði en margir aðrir. Bæði að sekju hefur mönnum verið nuddað upp úr því og ósekju.

Það er alveg augljóst mál að það er enginn áhugi á því hjá verkalýðshreyfingunni eða Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða kennarasamtökunum eða öðrum samtökum hér í landinu að setja allt af stað á nýjan leik í einhverja bullandi vitlausa verðbólgu. Það viljum við ekki, það gerum við ekki og það ætlum við ekki að gera. Það er óþarfi að mála skrattann á vegginn. Það er óþarfi að gera það. Við eigum að vera raunsæ, ég tek undir það. Ég tek undir margt af því sem fram kom t.d. í sumum andsvörum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar, en við eigum að vera raunsæ, horfa á hlutina eins og þeir eru og viðurkenna að hér hefur verið stigið fyrsta skref í átt til þess að fólkið í landinu geti yfirleitt búið við sambærilegt réttindakerfi, viðurkenna að það geti tekið tíma og fagna því skrefi sem tekið er og þeim kjarki sem menn sýna sem getur kannski orðið til þess að blása fleirum lífsanda í brjóst en þeim sem hafa akkúrat fengið réttindin núna. Þess vegna segi ég eins og er, hæstv. forseti, ég hef undrast þennan heimsendaspádómstón sem mér finnst stundum vera í þessum umræðum og lýk ræðu minni með því að óska fjmrh. og samtökum opinberra starfsmanna til hamingju með að hafa kjark.

[02:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn vinnandi maður stendur undir kynslóðinni á undan sér, þ.e. gamla fólkinu, með iðgjöldum í lífeyrissjóð og öðrum ráðstöfunum, elliheimili og slíku. Hann sér líka um kynslóðina sem er á eftir honum, þ.e. börnin, hann sér um uppeldi þeirra. Það er enginn annar sem stendur undir þessum tveim kynslóðum sem ekki aflar tekna heldur en hinn vinnandi maður. Og þar sem hann sér um tvær kynslóðir auk þess að sjá um sjálfan sjálfan sig, þá getur hann ekki haft nema um 50% af launum sem lífeyri og það er markmiðið sem margar þjóðir stefna að.

Við erum í þessu kerfi að stefna að 80%, 90%, upp í 100% af launum sem lífeyri. Hvernig gengur það upp nema með því að kvelja hinn vinnandi sem þarf að sjá um báðar kynslóðirnar, fyrir framan sig og á eftir? Er það virkilega meining hv. þm. að leggja þvílíkar byrðar á hinn vinnandi mann sem er að sjá um börn? Hv. þm. hefur hugsanlega einhvern tíma kynnst þeim erfiðleikum, þeim vandræðum, þeim fjárhagsvandræðum sem felast í því að sjá um börn, koma þeim í skóla, útvega þeim föt, sjá um húsnæði, borga af lánum, og borgað skatta ofan á allt saman. Hefur hv. þm. einhvern tíma kynnst þessu? Og svo vinna menn undir drep og það fer allt í skatta, jaðarskatta o.s.frv. Hér er verið að leggja til að auka þetta enn meira og það hefur enginn velt fyrir sér hvað menn vilja tryggja. Og ég spyr hv. þm.: Hvað vill hann tryggja og hvað vill hann leggja miklar byrðar á hinn vinnandi mann?

[02:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Í þessu frv., hæstv. forseti, felast engar viðbótarbyrðar. Það er að vísu gert ráð fyrir því að menn greiði aðeins meira í sjóðinn en verið hefur. Svo verð ég að segja hv. þm. það að ég hef reynslu af því að ala upp börn, kosta á þau föt og mat og taka þátt í því að lifa í stórri fjölskyldu og hef örugglega reynslu í þeim efnum á við hvern annan í þessum sal.

[02:11]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. gefur ekki mikið í álit ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Hann gefur ekki mikið fyrir álit þessara aðila um áhrif þessa frv. Þessir aðilar og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem ég tel að hafi hvað mest vit

allra þingmanna á vinnumarkaðinum, segja allir að þetta muni hafa áhrif á allan markaðinn. Að það verði mikil átök á vinnumarkaði, hugsanleg óðaverðbólga. Einhver sagði að nú ætti maður að kaupa verðtryggð spariskírteini og hætta að kaupa óverðtryggt. Það var sagt í efh.- og viðskn. Ég spyr hv. þm.: Telur hann virkilega að hann hafi meira vit á þessu og þetta hafi engin áhrif á allt þjóðfélagið og menn muni ekki auka lífeyrisréttindi annars staðar? Ég er á þeirri skoðun að þetta muni smitast út um allan vinnumarkaðinn og áður en við vitum af stöndum við uppi með 5,5% aukaálögur á hinn vinnandi mann.

[02:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Ég geri ráð fyrir því að þetta frv. muni í fyllingu tímans hægt og bítandi hafa þau áhrif að lífeyrisréttindi aukist annars staðar, ég geri ekki lítið úr því. Ég bendi á það að m.a. andspænis þeim efnahagsvanda sem nú er talað um, þ.e. mikilli þenslu, þá eru margir mjög upptekni af því að það geti verið skynsamlegt að spara, m.a. í lífeyrissjóðum og húsnæðissparnaðarreikningum og hv. þm. er þeirrar skoðunar. Ég held þess vegna að hann þurfi ekki að mála þessa hluti svona svarta og hann eigi ekki að vera að reyna að búa til fjendur úr Alþýðusambandinu annars vegar og opinberum starfsmönnum hins vegar. Mér finnst það ljótur leikur sem hv. 16. þm. Reykv. er aftur og aftur að reyna að setja hér á svið, að koma illu af stað á milli samtaka launafólks í landinu. Ég held að við þurfum á allt öðru að halda til að leysa þau mál sem hér eru uppi og eru vissulega viðurkennd bæði af mér og öðrum.

[02:14]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í statískri frosinni nútíð. Það kann að vera rétt, kannski er ég þar og get ekki annað. Kannski er það svo að menn eigi að reyna að sjá hið góða alltaf í öllum hlutum og ég er reiðubúinn til þess. En það var nú bara þannig þegar ég stóð hér áðan að ég vildi frekar vara því að ekki veldur sá sem varar. Við höfum vonda reynslu í efnahagsmálum og við Íslendingar höfum mjög oft farið út af veginum. Það er nú þannig.

Það hefur aldrei hvarflað að mér annað en það séu fullkomin heilindi hjá öllum þingmönnum, bæði hv. þm. Svavari Gestssyni og öðrum, að auðvitað vilja þeir ekki gera neitt sem kemur samfélaginu illa, auðvitað. Ég er alveg viss um það og treysti því og trúi. En það er samt ástæða til að vara því að það hefur svo oft komið í ljós í mannheimum að ástæða er til að rifja upp það sem Páll postuli skrifaði forðum eitthvað á þessa leið:

Hið góða, sem við viljum gjöra, það gjörum við eigi, en hið illa, sem við ekki viljum, það gjörum við.

[02:15]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér á við að segja: Takið hinni postullegu kveðju. Gæti ég þar með látið það verða endi minnar ræðu. Ég er eiginlega sammála öllum þeim ábendingum og áherslum sem hv. þm. hefur sett fram. Ég held hins vegar að það versta fyrir þjóðfélagið, fyrir ríkið, opinbera starfsmenn og fyrir launafólk á Íslandi hefði verið það ef menn hefðu ekki þorað að stíga það skref sem menn eru að reyna að stíga þó vissulega geti það haft í för með sér ákveðin vandamál, flækjur og ný verkefni. En það er nú þannig að við komumst ekki í gegnum lífið öðruvísi en að taka stundum á hlutunum eins og hér er gert. Ég tel að hér séu ekki skýjaglópar á ferð, ég tel að þetta sé líka raunsæi, t.d. hjá hæstv. fjmrh. í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar.

[02:16]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið fluttar margar athyglisverðar ræður og ýmis sjónarmið hafa verið reifuð en það er ánægjulegt að hilla skuli undir farsæla lausn í þessu margflókna og að mörgu leyti erfiða máli.

Mergurinn málsins er að sjálfsögðu sá að með þessum lagabreytingum er verið að tryggja sambærileg lífeyrisréttindi þeim sem opinberir starfsmenn hafa búið við til þessa. Það sem kann að vera þar umfram er fjármagnað úr vasa launamannsins sjálfs. Það verður dregið af yfirvinnukaupinu hans 1. jan. nk. Það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir þessu — að við erum að tala um sambærileg réttindi, um sambærilegt kerfi.

Ég ætla ekki að ræða einstaka þætti þessa frv. Það hef ég gert við annað tækifæri en ýmsir hlutir hafa verið nefndir. Menn hafa t.d. spurt hvort ekki hefði verið eðlilegra að draga úr óvissu með því að festa iðgjaldið. En þá er á það að líta að óvissan hlýtur að vera öðru hvorum megin. Annaðhvort er hún launagreiðandans megin eða launamannsins megin. Hér eru réttindi launamannsins tryggð. Þau er fest.

Ég hef áður gert grein fyrir því hvers vegna ég tel vera mjög skynsamlegt að breyta Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda þótt ég sé á þeirri skoðun að allt tal, sem reyndar hefur verið mjög áberandi um nokkurra ára skeið, um hve illa þessi sjóður standi sé ekki á rökum reist. Ég er þeirrar skoðunar að ef litið er á málið frá sjónarhóli skattgreiðandans, frá sjónarhóli ríkissjóðs sem launagreiðanda sem sparað hefur sér mikla fjármuni, sennilega um 700–800 millj. kr. á ári hverju með því að greiða ekki iðgjöld af öllum launum heldur dagvinnu og föstum launum einvörðungu, hvort litið er á þá hagsmuni ríkissjóðs að fá lán úr þessum sjóði, 40% af útlánum sjóðsins hefur gengið til ríkissjóðs vaxtalaust, eða hvort litið er á þá hagsmuni skattgreiðandans og ríkissjóðs sem handhafa almannatryggingakerfis sem sparað hefur sér milljarða, ef ekki tugi milljarða, með sterku lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna. Allir þessir þættir eru vanmetnir í þeirri umræðu sem fram hefur farið ekki aðeins í þessum sal heldur í þjóðfélaginu öllu á liðnum árum þegar menn hafa tíundað vanda lífeyrissjóðsins.

En við erum að fara yfir í nýtt kerfi og við erum að fara inn í nýja tíma. Menn neita því að skoða málin á heildstæðan hátt. Menn eru að fara inn í aukna valddreifingu innan hins opinbera kerfis og menn vilja einnig tryggja að réttindi á borð við lífeyrisréttindi verði fjármögnuð úr sjóði. Þeir vilja tryggja sjóðsmyndun. Á því byggist þetta nýja frv. að jafnmikið komi inn og fer út. Þetta er hugsunin á bak við kerfið. Ég held að hægt sé að einfalda þessa umræðu mjög mikið.

Ef litið er t.d. á félagsmann í BSRB og hvað hann komi til með að fá í lífeyrisgreiðslur, einstaklingur sem hefur unnið alla sína ævi og borgað í lífeyrissjóð. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvar hann er settur í launakerfinu. Ef við höldum okkur við meðaltalsmanninn má ætla að hann fái 80–90 þús. kr. á mánuði hverjum. Þá er rétt að spyrja: Finnst okkur þetta vera of miklir peningar? Finnst okkur þetta vera oftrygging í lífeyrisgreiðslum? Ef okkur finnst það ekki þá erum við jafnframt að segja að með einhverjum hætti þurfi að fjármagna

þær greiðslur og um það stendur deilan að verulegu leyti. Á að fjármagna greiðslurnar í gegnum almannatryggingar? Á að fjármagna þær í gegnum sjálfstæða samtryggingarlífeyrissjóði? Það er stefnan sem hér er tekin. Samtryggingarlífeyrissjóði þar sem greitt er núna fyrir réttindi sem nýtast í framtíðinni? Eða, á að fara aðra leið sem hefur verið nokkuð til umræðu í kvöld? Vilja menn að einstaklingurinn hafi val um að tryggja sig hjá sjálfstæðum fjárfestingarfyrirtækjum? Þar hefur verið mjög mikill þrýsingur á liðnum mánuðum, missirum og árum, að lífeyrissparnaði verði beint inn í þann farveg. Að fjárfestingarfyrirtækin, Kaupþing, Féfang og hvað þau heita öll, fjármagni lífeyrisgreiðslurnar. Um þetta snúast málin. Hér hefur hins vegar verið tekin sú stefna að fara samtryggingarleiðina. Ég tel það mjög vel.

Að lokum, hæstv. forseti, tel ég þær brtt. sem fram hafa komið við umræðuna vera viðunandi. Ég tel þær ekki vera til bóta og á það við um allflesta efnisliðina, bæði það að takmarka valtímann og einnig er það mín persónulega skoðun varðandi ávöxtunarstefnu og fjárfestingarstefnu að ákvæði um slíkt eigi að vera gerðar í sjóðstjórninni sjálfri. Ég vil geta þess í þessu samhengi að í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er nú unnið að ítarlegri stefnugerð í því efni þar sem með stuðningi samtaka launafólks er mótuð stefna sem er mjög áþekk því sem er að finna í brtt. Að leitað skuli bestu kjara með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Það er hins vegar mín skoðun að ákvæði af þessu tagi eigi ekki að lögbinda. Það eigi ekki að binda ákvæði af þessu tagi í lög. Við vitum hvernig það hefur verið á undangengnum árum þegar þjóðfélaginu öllu hefur þótt vaxtastigið keyra úr hófi fram, þá vitum við að iðulega hafa einmitt lífeyrissjóðirnir riðið á vaðið og haldið vaxtastiginu uppi. Ég tel óráðlegt að binda ákvæði um þetta efni í lög því það koma þeir tímar þegar þjóðfélagið allt vill taka á og gera þjóðarsáttir á þessu sviði hugsanlega sem öðrum. Að öðru leyti fagna ég því að hilla skuli undir farsæla lausn í þessu máli.

[02:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar til að segja örfá í lokin. Þó er ástæðan einkum sú fyrir því að ég kem í ræðustólinn að til mín var beint nokkrum fyrirspurnum frá hv. 11. þm. Reykn., Ágústi Einarssyni. Hann spurði þeirrar spurningar hvernig ég ætlaði að svara því þegar ASÍ-menn í starfi hjá ríkinu kæmu til mín sem viðsemjanda þeirra og óskuðu eftir að fá samsvarandi rétt. Því er til að svara af minni hálfu, og það hef ég reyndar gert margoft áður, að ég get ekki með nokkrum móti séð hvernig nýr réttur getur skapast hjá öðrum þótt þessi breyting sé gerð því forsendan fyrir breytingunni er sú að fólkið í svokallaðri A-deild fái jafnverðmæt réttindi fyrir framlag ríkisins og áður fengust. Mér er útilokað að sjá hvernig slíkt getur búið til rétt fyrir aðra aðila. Það er hins vegar ljóst að ríkið eins og aðrir á vinnumarkaði verður auðvitað að ræða við viðsemjendur sína um þessi mál og það kann vel að vera að undir einhverjum kringumstæðum vilji fólk breyta launum í lífeyrisrétt og það kann einnig að gerast einhvern tímann í framtíðinni að menn vilji breyta lífeyrisréttindum í laun. Það er vel hugsanlegt. Í þau mál verður þá farið í kjarasamningum eins og gera má ráð fyrir.

Hv. þm. spurðist fyrir um hvað ég segði um réttindi alþingismanna og ráðherra og hvernig ætti að fara með þau og greiðslur ríkisins í lífeyrissjóð þessara aðila. Ég hef áður svarað því að ég tel að að fara eigi sömu leið með þessa hópa. En ég hef jafnframt sagt að ég tel að forsn. þingsins eigi að vinna að því en ekki fjmrh. rétt eins og þegar forsn. breytti eða lagði til að Alþingi breytti biðlaunaréttinum eftir að starfsmannalögin voru sett á sínum tíma. Um þetta fjallaði ég í 1. umr. málsins. Þetta gefur mér tilefni til að segja frá því þegar menn eru að halda því fram að þessi breyting hljóti að kalla á að starfsmenn ríkisins biðji um sams konar réttindi og eigi í raun og veru heimtingu að fá þau á silfurfati, þá er svo alls ekki. Við höfum mýmörg dæmi um að menn hafa vitað um mismunandi lífeyrisréttindi og slík réttindi hafa komið í veg fyrir að fólk hafi fengið sömu laun. Við höfum t.d. dæmi um það sem ég kannast við að kona í BSRB fór fram á að fá sömu laun og karlmaður í öðru félagi sem vann nákvæmlega sömu störf hjá sömu stofnuninni. Niðurstaðan varð sú að ekki væri hægt að verða við því vegna þess að réttindi þeirra í lífeyrissjóðnum væru misjöfn og skýrðu muninn. Þannig að dæmi um þetta eru alþekkt nú þegar og það vita auðvitað allir þeir sem hafa verið fjmrh. og hafa þurft að sinna málum eins og þessu. Af því að hv. þm. spurðist fyrir um alþingismenn og ráðherra þá langar mig að leggja ákveðna þraut fyrir hann.

Segjum svo að forsn. þingsins ákvæði að breyta lögum þannig að ríkið ætti að borga með í sjóð alþingismanna og ráðherra af launum sem Kjaradómur ákvarðaði. Þá hygg ég að ríkið þyrfti að greiða kannski 20–25% hærri fjárhæð þannig að samtímagreiðslan nægði. Þá spyr ég hv. þm.: Er ekki alveg sjálfsagðasti hlutur í heimi að forseti þingsins bjóði öðrum starfsmönnum sem vinna hérna með okkur sams konar réttindi? Það er fólk sem vinnur hér og horfir á þetta, að við erum að fá jafnverðmætar greiðslur. Býr það ekki til rétt fyrir annað fólk? Ég held ef menn skoða þetta í fullri alvöru þá sjá menn að svo er ekki. Vegna þess að það er enginn nýr réttur sem verður til, þetta er viðurkenning á staðreyndum. Það eina sem hefur gerst er að hlutirnir hafa komið út úr þokunni, eins og hér hefur verið sagt í kvöld og orðið sýnilegir. Það er líka forsenda þess að hlutir geti breyst að þeir séu gerðir sýnilegir. Þegar staðreyndir sjást er það oftast til bóta. Það þýðir hins vegar ekki að nýr réttur verði til.

Ég vil taka það fram hér af því að mér er kunnugt um það að forsn. þingsins hefur þegar látið fara fram athugun á þessu máli þó þeirri athugun sé ekki lokið, en það er verið að kanna hvaða þýðingu þetta gæti haft fyrir alþingismenn og ráðherra. Ég vil að það sé sagt hér en ég tel að það sé ekki á mínu verksviði að gera slíkar tillögur.

Ég vil svo að allra síðustu, virðulegi forseti, þakka störf nefndarinnar. Mér er kunnugt um að margir nefndarmanna voru gagnrýnir á þessar tillögur og sumir auðvitað andvígur þeim. Mér finnst full ástæða til þess að það komi fram að nefndin hefur unnið sín störf mjög vel og ég tel að það beri að þakka sérstaklega. Ég vil einnig þakka þeim sem hér hafa tekið til máls af því að ég held að þessi umræða í kvöld hafi verið ákaflega gagnleg og skýrt marga hluti í málum sem skipta okkur miklu um langa framtíð. Það hefði vissulega verið gaman og fróðlegt ef menn hefðu getað gefið sér lengri tíma í þessa umræðu. En ég hygg að það skref sem verið er að taka núna í þessum málum verði giftudrjúgt. Það mun hafa áhrif, að sjálfsögðu. Það mun fyrst og fremst að mínu mati hafa þau áhrif að fólk mun hugsa meira um fyrirhyggju og ráðdeild heldur en hingað til hefur verið gert. Ég ætla líka að halda því fram að þetta sé ekkert endanlegt skref. Þetta er fyrsta skrefið. En það er eins með það ferðalag og

önnur að hver ferð hefst á einu skrefi. Það ættu menn sem eru nýkomnir frá Kína að vita að eru alþekkt sannindi.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að flytja lengri ræðu en ítreka þakkir mínar sérstaklega til nefndarmanna en einnig til allra þeirra sem hér tóku til máls.

[02:34]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði ekki skýrt hvernig hann ætlar að mæta kröfum stéttarfélaga innan Alþýðusambandsins þegar þeir sækja sambærilegan lífeyrisrétt. Við höfum talað um að nú séu hlutirnir sýnilegir og það verður allt önnur staða. Ég vil líka benda á að við erum að tala um fólk sem vinnur hlið við hlið og er jafnvel á sömu launum en með mismunandi rétt. Það vill fá þennan rétt. Mér finnst sanngjarnt og eðlilegt og á því byggist minn stuðningur við málið að stjórnvöld séu skuldbundin til að ganga að þessu þegar þetta frv. verður lögfest.

Ég ætla að benda á að það eru 5.000–6.000 manns í Alþýðusambandinu sem vinna hjá hinu opinbera. Þetta er ekki alveg svona einfalt. Það eru 34.000 manns sem vinna hjá ríkinu en það eru um 20.000 dagvinnustörf. Það eru 2.300 félagsmenn ASÍ, 7.500 félagsmenn BSRB, 4.300 félagsmenn BHMR og 3.000 manns í Kennarasambandinu. Það er það stór hópur fólks úr ASÍ sem vinnur hjá ríkisvaldinu og er í stéttarfélögum sinna heildarsamtaka að það verður ekki hjá því komist að taka á þessu máli með þeim hætti sem við höfum talað um. Þetta er vitaskuld samningsmál en þetta er eðlileg réttlætiskrafa sem þetta fólk mun gera vegna þess að það vinnur hlið við hlið á sömu launum og fjmrh., sem yfirmaður starfsmannastefnu ríkisins í kjarasamningum, kemst ekki hjá að svara þessu skýrar, a.m.k. þegar kemur að kjaraviðræðunum.

Það er fráleitur samanburður að segja þó það yrði gerð uppstokkun í lífeyrissjóði alþingismanna að starfsfólk hér í Alþingi, sem er náttúrlega alls góðs maklegt, er ekki alþingismenn. Þessi samanburður er náttúrlega alveg út í hött. Ég fagna því hins vegar að forsn. er að vinna að þessu máli. Og þar sem við erum svo heppnir að í forsetastól er forseti þingsins þá veit ég að hann hefur hlustað á þetta af gaumgæfni og gerir sér fulla grein fyrir því að það er nauðsynlegt að *það verði tekið á lífeyrismálum alþingismanna og ráðherra í* kjölfar samþykktar þessa frv. Það þarf að svara spurningunni í hvaða farvegi það mál er. En ég treysti forseta fullkomlega til að vinna að þeim þætti málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði, fyrri umr.

Þáltill. GL, 225. mál. — Þskj. 300.

[02:37]

Flm. (Guðmundur Lárusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að skorið verði úr um eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði."

Í greinargerð segir:

„Á undanförnum árum hefur krafa neytenda verið sú að hagræða beri í auknum mæli í mjólkuriðnaði þannig að kostnaður á vinnslu- og heildsölustigi verði hliðstæður því sem gerist í nálægum löndum. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum og hefur mjólkurvinnslu m.a. verið hætt á ýmsum svæðum. En betur má ef duga skal. Það hamlar t.d. frekari hagræðingu að í mörgum mjólkursamlögum er engan veginn ljóst hver hefur eignarhald á viðkomandi afurðastöð. Þetta á við um þau samlög sem eru talin í eigu samvinnufélaga í blönduðum rekstri þar sem fleiri aðilar en bændur standa fyrir rekstrinum. Brýna nauðsyn ber til að fá úr því skorið hvaða aðili fer með eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði þannig að vafi um eignarhaldið standi ekki í vegi fyrir nauðsynlegri hagræðingu. Því er tillaga þessi flutt."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 251. mál. — Þskj. 433.

[02:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Þetta frv. er flutt af meiri hluta efh.- og viðskn. Í því felst að tekin eru nokkur atriði úr stjfrv. sama efnis sem var lagt fram hér fyrir skömmu en nær ekki afgreiðslu í heild fyrir jólahlé.

Þetta frv. er flutt í trausti þess að það nái afgreiðslu. Ég vonast til að um það geti orðið gott samkomulag. Þau atriði sem í því eru eru um mál sem þarf að afgreiða fyrir jól og leiðir af öðrum atriðum sem hafa verið að breytast á síðustu mánuðum. Ákvæði þessa frv. þurfa helst að taka gildi um áramót.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim helstu atriðum sem í frv. eru.

Í I. kafla frv. er fjallað um breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, með síðari breytingum. Þar er gert ráð fyrir að Þingvallanefnd ráði framkvæmdastjóra og hann ráði annað starfslið.

Í II. kafla er lagt til að 7. gr. laganna orðast svo:

Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

Þessar breytingar eru nauðsynlegar vegna þess að um þessi mál er verið að fjalla þessa dagana og nauðsynlegt að ljóst sé hvernig þeim skuli háttað.

Í III. kafla frv. er fjallað um breyingu laganna á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingu. Þar er í 3. gr. verið að breyta tilvísunum. Í a-lið er fyrst og fremst er verið að taka inn í 1. tölul. aðra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Ástæðan er sú að með því að heilsugæslulæknar og prófessorar fara nú undir kjaranefnd þá eru komnir fleiri undir þann hóp heldur en embættismenn og þess vegna er nauðsynlegt að taka þarna á.

Í 5. gr. frv. er kveðið á um hlutverk Félagsdóms í úrskurði í ágreiningsmálum.

Í 6. gr. frv. er verið að taka heilsugæslulækna og prófessora undir Kjaradóm.

Í 7. gr. frv. er ný upptalning á því hverjir teljast vera í hópi embættismanna.

Í 8. gr. er verið að opna möguleika á því að hægt sé að setja mann til reynslu í embætti.

Í 9. gr. laganna er verið að taka inn ákvæði til bráðabirgða sem snertir rannsóknalögreglustjóra og vararannsóknalögreglustjóra en það verða breytingar á þeim embættum 1. júlí og þarna þarf að bæta úr ákvæði til bráðabirgða.

Í IV. kafla frv. er fjallað um menntmrn. Þar eru breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til leiðir fyrst og fremst af því að náðst hefur samkomulag um það að prófessorar falli undir Kjaradóm og kjaranefnd og síðan afleiddar breytingar á stjórnskipun í háskólunum sem tengjast þessum breytingum. Meiri hluta nefndarinnar þótti rétt að taka þessa kafla fyrir í heild. Ég vek sérstaka athygli á því að meiri hluti efh.- og viðskn. breytti því ákvæði sem var í upphaflegu frv. um ráðningamál í Kennaraháskóla Íslands. En í frv. eins og það var upphaflega lagt fram var gert ráð fyrir að það þyrfti að leita heimilda skólanefndarinnar til að ráða húsverði og tækjaverði og annað slíkt starfsfólk. Það væri ekki hægt að ráða það nema að fenginni tillögu skólanefndar. Ég hygg að slíkt ákvæði geti ekki þjónað neinum tilgangi og því var lagt til í frv. meiri hlutans að þetta yrði fellt út.

Hæstv. forseti. Ég hef nú gert grein fyrir frv. þessu. Ég geri ekki tillögu um að því verði vísað til nefndar þar sem meiri hluti nefndarinnar flytur málið og nefndin hefur þegar fjallað um það. En ég geri tillögu um að málinu verði vísað til 2. umr.

[02:45]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hv. formaður efh.- og viðskn. var að gera grein fyrir er útdráttur úr stóra bandormsfrv. Það kom skýrt fram í 1. umr. af hálfu okkar stjórnarandstæðinga að þetta bandormsfrv. er í raun og veru fylgifrv. löggjafar frá því í vor um starfsmenn ríkisins og að mörgu leyti eðlilegt framhald á því. Við vorum andsnúnir löggjöfinni þá en það er ekkert hægt að segja við því þótt hér komi inn frv. sem útfærir það frv. sem ríkisstjórnin hefur gert að sinni stefnu.

Það eru ýmsar greinar í stóra frv. sem þarf að skoða betur. Við sendum málið fagnefndum þingsins til umsagnar og höfum fengið umsagnir til baka. Sums staðar eru gerðar athugasemdir eða ábendingar. Hins vegar var nauðsynlegt að mati meiri hlutans að lögfesta nokkur atriði úr þessum bandormi fyrir áramót. Minni hlutinn getur fallist á það sjónarmið að það hefði þurft að taka nokkur atriði út úr bandorminum eins og gert eru í frv. Okkur sýnist svona í fljótu bragði að það séu teknir þeir þættir sem er nauðsynlegt að lögfesta núna og hefur ekki ríkt ágreiningur um í fagnefndunum. Við styðjum ekki málið eins og það kemur frá meiri hluta efh.- og viðskn. vegna þess að það er liður í stefnumörkun ríkisstjórnar sem við berum ekki ábyrgð á. Hins vegar verður ekki séð að þetta kalli á þá umræðu sem er nauðsynleg þegar bandormurinn sjálfur í heilu lagi verður afgreiddur, eða það sem eftir er af honum. Hér er um að ræða þau ákvæði sem er einungis nauðsynlegt að fái lögfestingu núna fyrir áramót. Ég sé ekki ástæðu til að lengja umræðuna og tel rétt að málið nái fram að ganga. Það er vitaskuld á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en það er ástæðulaust fyrir stjórnarandstöðuna að leggjast gegn því. Hin faglega umræða um meginmálið bíður þá næsta árs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjáraukalög 1996, 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (útgáfa húsbréfa). — Þskj. 306, nál. 408.

[02:48]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til lánsfjáraukalaga fyrir árið 1996 frá efh.- og viðskn. Þetta er á þskj. 408 og öll nefndin stendur að álitinu. Þetta nefndarálit er mjög stutt:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og lyfjalög, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 250. mál (kaup á vörum og þjónustu, lyfjaverðsnefnd). — Þskj. 412.

[02:49]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum. Það er meiri hluti efh.- og viðskn. sem stendur að þessu frv. Þetta frv. gengur undir nafninu skröltormur og er tengifrv. við bandorminn um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frv. þetta er í þremur greinum en tveimur efnisgreinum. Í 1. gr. frv. er lögð til sú breyting að Tryggingastofnun ríkisins skuli leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir og tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.

Í 2. gr. frv. er gerð sú breyting að þegar fjallað er um athugasemdir Tryggingastofnunar ríkisins um lyfjaverð, þá skuli fulltrúi Tryggingastofnunarinnar taka sæti í nefndinni.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ekki þurfi langar útskýringar á þeim breytingum sem hér verða. Þær eru báðar sjálfsagðar og til þess fallnar að draga úr ríkisútgjöldum.

[02:51]

Útbýting þingskjala:

Beingreiðslur til bænda eftir kjördæmum, 196. mál, svar landbrh., þskj. 420.

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. GL, þskj. 459.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, 248. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 458.

[02:51]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er kominn hefðbundinn skröltormur hæstv. ríkisstjórnar, umfangsminni reyndar en í fyrra, tvær

greinar sem lúta að því að gera skýrari þætti varðandi Tryggingastofnun ríkisins. Minni hlutinn hefur ekki neina sérstaka ástæðu til þess að leggjast gegn þeim skýrari lagatexta sem er lagður til í þessum skröltormi. Hins vegar bendir minni hlutinn á að það eru óvönduð vinnubrögð að þurfa hvað eftir annað að leggja bæði fram bandorm með breytingum á mörgum lögum og svo í kjölfarið skröltorm sem er aftur breytingar á mörgum lögum. Þetta sýnir að ríkisstjórnin er nú ekki með stefnumörkun sína eins vel á hreinu og þyrfti að vera til að mál gætu borið hér að með eðlilegum hætti.

Hins vegar, herra forseti, vil ég hér við 1. umr. málsins boða brtt. við málið sem kemur til atkvæðagreiðslu við 2. umr. Þessi brtt. sem ég boða er flutt af mér og hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Kristínu Ástgeirsdóttur. Þetta eru fulltrúar stjórnarandstöðunnar í efh.- og viðskn.

Brtt. gengur út á það að láta bætur úr almannatryggingakerfinu, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, barnalífeyri, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar taka mið af breytingum sem verða á launum hvers árs. Þetta er mjög mikilvægt ákvæði því að þetta var afnumið með bandormi, reyndar fyrir ári síðan. Þá ákvað ríkisstjórnin að bætur almannatrygginga skyldu ákveðnar á fjárlögum hverju sinni. Í fyrra var þetta ákveðið á fjárlögum og miðaðist þá við launaþróun. Í ár hefur ríkisstjórnin ákveðið 2% hækkun á næsta ári á bótum úr almannatryggingakerfinu en það er nokkuð líklegt að launaþróun verði eitthvað meiri. Þá er augljóst að þessir aðilar sitja eftir með sárt ennið. Það var fullyrt á síðasta ári að ekki stæði til að nota þessa kerfisbreytingu til að skerða bætur, en annað er að koma á daginn. Þess vegna flytjum við þessa tillögu sem ég er hér að boða. Við teljum þetta vera grundvallaratriði sem skilur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Þeir afnámu sjálfvirka tengingu tekjustofnanna til þess að rýra bætur úr almannatryggingakerfinu eins og sést best í fjárlagafrv. Þess vegna er þetta hápólitískt mál sem við leggjum hér fram. Ég vil hins vegar einungis kynna hér tillöguna með nokkrum almennu orðum, ekki fara í þá nauðsynlegu pólitísku umræðu á þessum tíma nætur varðandi þennan þátt, en það gefst tækifæri til þess betur í 2. umr.

Ég vil samt benda á að þetta er sama aðferðafræðin sem við sjáum, hvernig ríkisstjórnin fer fram gagnvart einstaklingunum. Umræða sem við áttum hér fyrr í dag þegar hún hækkar ekki barnabætur og barnabótaauka og aðrar greiðslur tengdar tekuskatti, persónuafslátt og annað slíkt, eins og alltaf hefur verið og sem þessi ríkisstjórn gerði meira að segja í fyrra. Aðferðin er hin sama, þ.e. að nýta sér afnám sjálfvirkninnar til að koma fram skerðingum, bæði á sviði tekjuskatts og einnig hvað varðar almenna bótakerfið. Okkur finnst hins vegar þessi atlaga að ellilífeyrisþegum og örorkuþegum vera mjög alvarleg. Þetta er fólk sem á ekki auðvelt með að bera hönd fyrir höfuð sér. Þess vegna teljum við mjög brýnt að færa þessi lög í sama horf og þau voru, þ.e. að fólk sem nýtur bóta úr almannatryggingakerfinu geti búið við það öryggi að fá bætur í samræmi við launabreytingar hvers árs. Þetta er réttlætismál, þetta er sanngirnismál, þetta er hlutur sem hefur verið sátt um mjög lengi í íslensku þjóðfélagi, allt þar til þessi ríkisstjórn afnam þetta fyrir ári síðan til þess að beita því eins og við sjáum í fjárlagafrv., þ.e. til að skerða kjör þessa fólks. Við í stjórnarandstöðunni erum alfarið á móti þessari stefnubreytingu og munum ræða þessa tillögu ítarlegar við 2. umr. málsins sem fer fram á morgun þegar tillagan kemur til atkvæða ásamt öðrum tillögum tengdum þessum skröltormi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 308, nál. 410.

[02:57]

Frsm. félmn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 410 um frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra, nr. 59 frá 1992. Í frv. er annars vegar að finna ákvæði sem lúta að yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra og hins vegar er að finna ákvæði vegna breytinga á öðrum lögum sem af þeim leiðir. Félmn. rakti sérstaklega skipan verkefnastjórna til að undirbúa yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Í því sambandi er m.a. og ekki síst stuðst við þá reynslu sem hefur þegar fengist við yfirtöku sveitarfélaga á málefum grunnskólans. Það er gert ráð fyrir því, og kemur raunar fram í athugasemdum við frv. sem hér er til umræðu, að í þessum verkefnastjórnum sitji auk fulltrúa af hálfu ríkisins m.a. fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, hagsmunasamtökum fatlaðra og stéttarfélögum.

Enn fremur ræddi félmn., m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu hjá gestum á fundum nefndarinnar, hvernig réttindagæsla í málefnum fatlaðra á landsvísu yrði best tryggð. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að kveða sérstaklega á um það í ákvæði til bráðabirgða að við undirbúning framangreindrar yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga skuli huga að þeirri réttindagæslu.

Nefndin mælir öll með samþykkt frv. með eftirfarandi breytingu:

Við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða bætist nýr málsliður svohljóðandi:

„Við undirbúninginn skal huga að réttindagæslu fatlaðra."

Kristín Ástgeirsdóttir, formaður félmn., var fjarverandi við afgreiðslu málsins, hafði veikindaforföll en undir þetta nefndarálit skrifa Siv Friðleifsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Magnús Stefánsson, Kristján Pálsson, Pétur H. Blöndal, Arnbjörg Sveinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir, með fyrirvara.

[02:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þótt þetta mál láti ekki mikið yfir sér þá er það afar stórt og það er mjög ánægjulegt að svo góð eining varð um það í félmn. sem raun ber vitni, líka það að bæta við með brtt. setningu um réttindagæslu fatlaðra, en það kom fram í nefndinni að mjög mikilvægt væri að huga að réttindagæslu fatlaðra á landsvísu og hvernig hún yrði sem best tryggð.

Þetta mál á rætur í setningu laga um málefni fatlaðra sem tóku gildi árið 1992, en í þeim lögum var það markmið að stefna að því að málaflokkurinn yrði fluttur til sveitarfélaganna. Hér hefur því verið fylgt eftir. Ég fagna því að ráðherra hefur flutt þetta mál og ég fagna því að félmn. var unnt á þessum skamma tíma frá því að mælt var fyrir því að fjalla um það og leita eftir sjónarmiðum úr ólíkum áttum til þess að fá mynd af stöðunni í þessu máli. Það er alveg ljóst að

einhverjir eru þeir sem hafa áhyggjur af að þessi tími til undirbúnings sé e.t.v. ekki nægur, að tvö ár dugi ekki, en við hljótum að bera það traust til verkefnisstjórnanna að þær leggi mat á það hvernig staðan er þegar þær fara að vinna með málið. Og ég minni á það að þegar þeirri verkefnisstjórn sem vann að flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna sýndist að þörf væri á lengri tíma, þá var sá tími lengdur. Það var það sem við höfðum m.a. að leiðarljósi við umfjöllun um þetta mál.

Eins og fram kemur á nefndaráliti styð ég þetta mál og vona að þau lög sem hér eru sett verði málaflokknum til framdráttar og að vel takist til með verkefnisstjórnirnar og undirbúninginn og árétta það að nefndin taldi mikilvægt að auk fulltrúa af hálfu ríkisins mundu fulltrúar frá Sambandi sveitarfélaga og hagsmunasamtökum og stéttarfélögum koma að verkefnisstjórnunum.

[03:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil árétta afstöðu mína sem ég lýsti við 1. umr. málsins um efasemdir í málinu, ekki endilega þær að ég telji að sveitarstjórnir séu ekki færar um að taka þetta verkefni að sér heldur hitt að sveitarstjórnirnar eru ákaflega misjafnar að stærð og getu. Það liggur fyrir, held ég að megi segja að það verður mjög mismunandi hvernig þeim mun farnast að vinna þetta mál og taka það að sér.

Það sem við þurfum ævinlega að hafa í huga í þessu máli er að við erum ekki að breyta vegna sveitarfélaganna heldur vegna fatlaðra, af því að við ætlum að gera breytingu sem er fötluðum til góðs og að breytingin geti búið þeim betra líf en núverandi ástand. Ég leyni því ekki að mér finnst hins vegar framgangur málsins vera með þannig að menn líti svo á að aðalatriðin séu sveitarfélögin og aukaatriðin séu hinir fötluðu. Og ég harma það, virðulegi forseti, að menn skulu gleyma aðalatriðum málsins og horfa á aukaatriðin eins og oft áður í þessari umræðu og vísa ég til hennar eins og hún hefur verið á undanförnum árum. Þar hefur verið horft til þess fyrst og fremst hvort sveitarfélög eins og þau hafa verið skilgreind hafi verið þess bær að sinna eða taka að sér þjónustu o.s.frv. og síðan hafa menn rifist um það hvort menn hafi getað sinnt henni eins og ríkið eða ekki. Með öðrum orðum, aðalatriðið hefur verið hvort sveitarfélögin gætu tekið að sér hlutverk ríkisins eða ekki, ekki hitt hvort breytingin sé til góðs fyrir fatlaða eða ekki. Og ég leyni því ekki, virðulegi forseti, að mér þykir að í þessu máli hafi menn gengið of langt í að huga að áhugamálum einstakra sveitarstjórnarmanna og einstakra sveitarfélaga.

Eins og ég gat um við 1. umr. málsins, þá tel ég, burt séð frá því hvað menn muni halda eða ætla eftir að hafa reynt málið eftir bestu vitund, að stór sveitarfélög, fjölmenn sveitarfélög séu nokkuð vel í stakk búin til að taka þetta að sér. Ég tel t.d. að Reykjavíkurborg muni geta sinnt þessu með miklum sóma. Ég tel líka að önnur stór sveitarfélög eins og t.d. Akureyri, Kópavogur og Hafnarfjörður muni geta gert það. Og ég hef satt að segja ekki áhyggjur af breytingunni hvað varðar fatlaða sem búa í þessum sveitarfélögum. Ég hef hins vegar áhyggjur af stöðu fatlaðra í fámennari sveitarfélögum þar sem augljóst er að sveitarfélögin munu ekki geta tekið þetta verkefni að sér af eigin rammleik og munu þurfa að leita stuðnings hjá öðrum sveitarfélögum og samráðs um það hvernig þau leysa þetta verkefni af hendi. Þá eru menn komnir í þá stöðu að tefla því í tvísýnu sem menn hafa áorkað undir núgildandi lögum, setja það í uppnám og hugsanlega, ef vel til tekst, ná þeirri niðurstöðu að menn sleppi skaðlaust frá breytingunni. Það er ekki ásættanleg niðurstaða fyrir hönd fatlaðra að það takist að afstýra því að breytingin verði til ills. Við hljótum að ætla að breytingin eigi að vera til góðs fyrir þá sem í hlut eiga.

Í þessum fámennari sveitarfélögum hafa menn staðið þannig að málum, af því að ríkið hefur haft þessi mál með höndum, að menn hafa byggt upp þjónustukerfi fyrir heil héruð eða heil kjördæmi. Þannig hafa menn getað búið til skrifstofur með starfsfólk sem hefur haft atvinnu af því og haft verkefni til þess að geta sinnt þessum málum.

Í stað þessara stóru héraða sem hafa getað staðið undir því að hafa tvo, þrjá eða fjóra starfsmenn í fullri vinnu við að hugsa um hag hinna fötluðu, þá ætla menn nú að láta hvert og eitt sveitarfélag um það hvernig það kemur þessum málum fyrir og kylfu ráða kasti hvernig menn vinna úr því. Og ég segi, það er of mikil áhætta. Menn eiga ekki að gera breytingar nema þeir séu vissir um að breytingarnar séu til góðs. Það er ekki nóg að segja að breytingarnar séu til góðs fyrir suma, kannski til góðs fyrir aðra. Menn verða að vera vissir um að breytingarnar séu til góðs fyrir alla, líka fyrir þá sem búa í fámennari sveitarfélögum. Þeir sem búa í fjölmennum sveitarfélögum og eru í fyrirsvari fyrir þau, verða að hafa hemil á þrá sinni til þess að yfirtaka ný verkefni.

Í þeirri tillögu sem nefndin gerir ráð fyrir er þó viðurkennt að ekki muni allt sem skyldi, a.m.k. ekki hægt að fullyrða um það og því þurfi að gera breytingu á málinu þannig að huga þurfi að réttindagæslu fatlaðs fólks. Gott og vel. Það er viðurkenning á því að málið er ekki fullkomið. En þá spyr ég þá sem málið flytja frá nefndinni: Hvernig ætlið þið að koma breytingunum á þar sem út af bregður? Þegar þið verðið þess áskynja að réttindamála er ekki gætt sem skyldi, hvernig ætlið þið að koma því á að það sem aflaga hefur farið gangi til réttrar brautar? Það er ekki nóg að segja: Við ætlum að vera góðir við alla í þessum skógi. Lögin verða að segja hvernig. Og ég sé ekki, hvorki í lögunum né þessari brtt. nein ákvæði sem tryggja hag þeirra sem ætlað er með þessum málum.

Ég hef lýst afstöðu minni til málsins eins og hún horfir við mér við 1. umr. þess og gert það til fullnustu og þarf ekki að endurtaka það. Ég hef minnt á að menn eru í tilraunaverkefni um málið og menn hafa ákveðið að gera tilraun til fjögurra ára og að lokinni þeirri tilraun ætla menn að taka ákvörðun um það hvort menn geri breytingar eða ekki. Og ég hef sagt: Við skulum halda okkur við þessa leið. En því miður eru aðrir sem vilja hafa hlutina öðruvísi og segja: Þrátt fyrir það að við ákváðum þetta fyrir tveimur árum, þá skulum við hafa annan hátt á í dag, sem er: Við skulum ákveða strax hvað við ætlum að gera og sjá svo til hvernig til tekst. Gott og vel. Það er ákvörðun þeirra sem að málinu standa og tefla málinu í þessa tvísýnu og taka áhættu með þá sem málið á um að fjalla. Ég tel ekki um mikla áhættu að ræða í hinum fjölmennari sveitarfélögum. En ég tel verulega áhættu í hinum fámennari sveitarfélögum. Og ég sé ekki að þeir sem bera málið hér fram láti sig það miklu varða að minnka áhættuna, heldur hafa þeir að leiðarljósi trúna á hina stjórnskipulegu breytingu sem er aðalatriðið, en hagsmunir fólksins sem í hlut á er aukaatriði.

Það verður því miður svo að vera að þingmeirihluti er fyrir hinu að horfa á formið en ekki fólkið. En ég vara við þessari breytingu fyrir hönd þeirra sem búa í tiltölulega fámennum byggðarlögum. Þegar það mun koma á daginn,

sem ég býst við og trúi, að með þessari breytingu munu menn eiga fullt í fangi með að halda í það sem menn hafa ef mönnum tekst það þá að brjóta ekki niður það sem menn hafa byggt upp í svæðisstjórnum um málefni fatlaðra, þá bið ég þá að minnast þess sem knýja fram þessa breytingu að það hefði kannski verið betra að fara hægar og vita hvert menn ætluðu að stefna.

[03:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil einungis þakka hv. félmn. fyrir góð vinnubrögð og skjót því að sannarlega er þetta mál seint fram komið og ég er mjög þakklátur fyrir að félmn. skyldi treysta sér til þess að afgreiða það. Ég held að hér sé um mikilvæga stefnumörkun að ræða en þetta er fyrst og fremst stefnumörkun.

Aðalatriðið er auðvitað að vel sé séð fyrir hinum fötluðu. Það eru hagsmunir hinna fötluðu sem eiga ráða og gera það. Ég tel að það væri vel hægt að hafa umsjá hinna fötluðu áfram á vegum ríkisins en ég stend í þeirri meiningu að hinum fötluðu verði betur þjónað á vegum sveitarfélaganna. Fámennari sveitarfélög verða auðvitað að hafa samvinnu sín á milli eða vinna með öðrum fjölmennari. Af því formi fæst reynsla næstu tvö ár í Þingeyjarsýslum þar sem sveitahreppparnir hafa sameinast með Húsavík í að taka við málefnum fatlaðra, ásamt því að reynsla fæst í reynslusveitarfélögunum. Og reyndar yfirtaka Vestmannaeyjar málefni fatlaðra en ekki á grundvelli reynslusveitarfélagaverkefnsisins. En lögin um málefni fatlaðra þarfnast endurskoðunar og þau þarf að fella að lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga áður en til þessarar yfirfærslu kemur. Ég tel það einboðið í því frv. að huga að réttindagæslu hinna fötluðu. Ef menn bera kvíðboga í brjósti eins og hv. síðasti ræðumaður að einhver sveitarfélögin kynnu að vanrækja skyldur sínar í þessu efni sem ég vil ekki trúa að óreyndu, þá er hægt að hafa öryggisákvæði í þessum lögum sem tryggi eftirlit.

[03:15]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda á að það er ekki svo að í lögum sé ákveðið að fámennari sveitarfélög verði að gera þetta eða hitt. Ef þeim er ætlað að leysa verkefni af hendi þá er þeim einfaldlega ætlað það og þau vinna síðan úr því. Það getur nefnilega gerst að þau geri það ekki. Það hefur t.d. gerst í Finnlandi þar sem sveitarfélögum var falið að taka að sér grunnskólann. Það hefur komið í ljós að nokkuð stór hluti þeirra hefur ekki gert það sem þeim bar að gera og þá eru málin vanrækt. Það sama óttast ég að muni gerast í þessu máli þegar of þungar byrðar eru lagðar á menn, þeir munu þá ekki geta sinnt þeim.

Við getum ekki gert ráð fyrir því að menn finni alltaf næstbestu lausnina ef þeir geta ekki sjálfir unnið úr því og vísa þar til hinnar finnsku reynslu varðandi flutning grunnskóla.

Ég vil árétta það við hæstv. félmrh. að aðalatriði málsins er að huga að því að málefni hins fatlaða sé sem best fyrir komið. Það er aðalatriðið, hitt er aukaatriði hvort það heitir ríki, sveitarfélag eða eitthvað annað sem vinnur verkefnið sem því er falið samkvæmt lögunum.

[03:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála síðasta ræðumanni um að meginatriðið er að huga að hagsmunum hinna fötluðu, þeir eiga að njóta þessarar þjónustu. Ég hef ekki orðið var við það, a.m.k. hefur það ekki farið í hámæli, að grunnskólinn sé vanræktur af hinum litlu sveitarfélögum á Íslandi. Þau hafa fundið leið til þess að vinna saman þar sem það á við. Ég vænti þess að eins verði með þennan málaflokk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[03:18]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 464.

Tryggingasjóður einyrkja, 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 355.

[03:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 355 um Tryggingasjóð einyrkja. Forsaga þessa máls er sú að bændum var gert fyrir allnokkrum árum að greiða tryggingagjald og þar með til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeim var heitið atvinnuleysisbótarétti í staðinn en sannleikurinn er sá að þeir hafa notið mjög lítils réttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það var mikil óánægja með þetta hjá bændum. Það bar líka á óánægju hjá vörubílstjórum og smábátasjómönnum um stöðu mála og þeir þóttust ekki njóta þess réttar sem eðlilegur væri. Ég setti í gang nefndarstarf til þess að breyta lögunum eða rýmka lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það reyndist torsótt og sú leið var valin að setja upp sérstakan sjóð, Tryggingasjóð einyrkja. Tekjur hans yrðu tekjur af atvinnutryggingagjaldi sem stafar frá sjóðfélögum Tryggingasjóðs einyrkja og rennur í sjóðinn. Stofnframlag frá Atvinnuleysistryggingasjóði sem er þannig fundið að það er mismunurinn á því sem þessar stéttir hafa greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð og hafa fengið úr honum. Einnig eru vextir af innstæðufé sjóðsins.

Þetta frv. er hliðstætt frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð í mjög mörgum greinum. Ég mun ekki orðlengja meira um þetta mál hér um óttubil. Ég geri tillögu um að frv. fari til hv. félm. og ég ætla að vonast eftir því að hún sendi það til umsagnar fyrir jólahlé þannig að unnt verði að afgreiða þessi þrjú frumvörp, frv. um vinnumarkaðsaðgerðir, frv. um Atvinnuleysistryggingasjóð og frv. um Tryggingasjóð einyrkja að loknu jólahléi.

[03:22]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferð eins og fram hefur komið frv. um Tryggingasjóð einyrkja, en hann er fyrir bændur, vörubifreiðastjóra og smábátaeigendur. Þetta er mjög ítarlegt frv. í allmörgum greinum, einum 30 greinum, og málið tengist tveimur málum sem þegar eru komin til félmn., atvinnuleysistryggingasjóðsfrv. og vinnumarkaðsfrv. Við höfum átt von á þessu frv. Það var boðað í atvinnuleysistryggingafrv.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, núna á þessum tíma sólarhrings að fara í nein efnisatriði frv. Það er mjög mikilvægt að það komist sem fyrst til umsagnar þannig að félmn. geti fjallað faglega um þetta frv. líka þegar hún tekur til við umfjöllun um hin tvö frumvörpin sem eru komin til nefndarinnar. Þess vegna er mjög brýnt að félmn. geti skotið á fundi á morgun og ákveðið að koma þessu máli til nefndar. Ég vil bara greiða fyrir því að málið komist í gegnum 1. umr. og legg áherslu á að félmn. fari í mjög faglega og góða

efnisumfjöllun um málið. Því sleppi ég að gera tilraun til þess að setja nokkrar skoðanir fram á þessu frv. Ég vil þó geta þess að mér sýnist að ýmsar þær athugasemdir sem komu fram við atvinnuleysistryggingafrv. þegar það var hér til ítarlegrar umfjöllunar, geti átt við þetta frv. líka, það litla sem ég hef skoðað það. En þetta verður skoðað í félmn.

[03:24]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Það er nýlega búið að samþykkja hækkun á tryggingagjaldi hjá bændum og sjómönnum. Ein meginrökin fyrir því að þessi hækkun var samþykkt voru þau að á leiðinni væri frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja sem ætti að taka á því réttindaleysi sem þessar starfsstéttir hafa búið við þrátt fyrir að hafa greitt tryggingagjad undangengin fimm ár. Og ég hygg að mjög margir hv. þm. hafi greitt hækkun tryggingagjalds atkvæði vegna þess að þeir töldu að með frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja væri réttarstaða þessara hópa tryggð.

Nú hefur frv. hæstv. félmrh. litið dagsins ljós. Við fyrstu sýn og yfirferð á því frv. sýnist mér að því miður séu réttindi þessara hópa á engan hátt tryggð. Í 5. gr. frv. segir, að sjóðfélagi skuli samkvæmt lögum þessum teljast atvinnulaus ef hann hættir rekstri í fyrsta lagi eða hafi ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri og hafi ekki hafið störf sem launþegi. Og í skýringu með 5. gr. frv. er einmitt kveðið á um að þetta sé það meginatriði sem hefur reyndar verið meginatriðið í núgildandi lögum. Þar segir, herra forseti, að það sé ekki gert ráð fyrir grundvallarbreytingum frá gildandi reglum, sbr. reglugerð nr. 304/1994 og viðmiðunarreglum 628/1994. Í þessum reglugerðum og viðmiðunarreglum er einmitt kveðið á um það sem segir í 5. gr. frv., þ.e. að rekstraraðili verður að leggja inn virðisaukaskattsnúmer og hætta rekstri til þess að fá greitt úr sjóðnum.

Nú er það svo að ég efast ekki um að það hafi vakað fyrir hæstv. félmrh. að tryggja réttindi þessara hópa. Og ég efast ekki um að hæstv. félmrh. hafi mælt svo fyrir við þá sem sömdu þetta frv. að sú skyldi vera niðurstaðan. En, herra forseti, ég sé ekki að með þessu frv. komist hugsun hæstv. félmrh. til skila. Á engan hátt eru réttindi bænda tryggð sem var þó tilgangurinn með flutningi þessa frv. og áfram sitja bændur í svipaðri stöðu nema að því leytinu til að þeir greiða nú mun hærra tryggingagjald heldur en þeir hafa áður greitt, án þess þó að fá réttindi miðað við það, samkvæmt því sem fram kemur í þessu frv.

[03:28]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég veit ekki betur en fulltrúar viðkomandi stétta sem unnu að undirbúningi málsins séu sáttir við frv. í þeirri mynd sem það er. En viðkomandi stéttir fá væntanlega þetta frv. til umsagnar og skoðunar og gefst rúmur tími til þess nú í janúarmánuði. Þær fá þá tækifæri til þess að gera athugasemdir við frv. Ef athugasemdir koma fram eða hugmyndir að breytingum og hv. fémn. telur að eitthvað megi betur fara í frv., þá vænti ég þess að hv. nefnd geri tillögu þar um. Ég vænti þess t.d. að þetta frv. verði sent Félagi kúabænda. Ég teldi það mjög eðlilegt og þá fær hv. síðasti ræðumaður væntanlega tækifæri til þess að gera efnislegar athugasemdir. Ég fagna því ef hann sér hluti sem þarna mega betur fara.

[03:29]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. fór ekki efnislega í umfjöllun mína um þetta frv. Mér finnst það kannski vera sönnun þess að hæstv. félmrh. hafi alfarið treyst á þá sem sömdu frv. að hans hugsun kæmi þar í gegn. Ég ítreka það sem ég sagði að mér finnst að með frv. komi sú hugsun ekki fram en ég vil taka það fram að ég efast ekki um að hæstv. félmrh. hugsaði vel í þessu máli. Ég fagna því að fá tækifæri til þess síðar að reyna að leiða þetta mál til lykta þannig að hugsun hæstv. félmrh. komist í gegn og að bændur njóti réttinda úr Tryggingasjóði einyrkja í hlutfalli við það sem þeir greiða til sjóðsins.

[03:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því að það sem ég ætlaði mér með þessu frv. skili sér ekki, en ef aðrir geta hugsað með mér og fundið enn betri ráð þá fagna ég því bara. Það er að vísu rétt að taka fram að það er ekki mitt að ákveða eða gera tillögur um til hverra þetta frv. verður sent til umsagnar. Það er verkefni hv. félmn. Ég leyfði mér að láta þess getið áðan að ég teldi eðlilegt að samtök viðkomandi stétta fengju frv. til skoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi raforkuvirkja, 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380.

[03:32]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. meiri hluta iðnn. um frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem er 73. mál.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Svein Þorgrímsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Berg Jónsson, forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins, Jóhann Ólafsson, deildarstjóra hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, Eirík Bogason, framkvæmdastjóra Samorku, Óskar Jónsson frá Skoðunarstofunni hf., Sigurð Magnússon, löggiltan rafverktaka, Árna Guðmundsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Agnar Árnason frá Rafveitu Akureyrar, Helga Andrésson frá Akranesveitum og Jens Andrésson, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana. Umsagnir bárust frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, BSRB, Rarik, Landsvirkjun, Orkubúi Vestfjarða, Staðlaráði Íslands, Löggildingarstofunni, BHM, Hitaveitu Suðurnesja, Landssambandi íslenskra rafverktaka, Meistarafélagi rafeindavirkja, Skoðunarstofunni hf., Skoðun hf., Kára Einarssyni rafmagnsverkfræðingi, Samorku, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafskoðun ehf., Rafmagnseftirliti ríkisins, Félagi ráðgjafarverkfræðinga og Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandi vestra.

Árið 1993 var framkvæmd rafmagnsöryggismála breytt umtalsvert með reglugerð nr. 543/1993 sem breytti reglugerð nr. 264/1971, um raforkuvirki. Á þeim tíma voru uppi hugmyndir um að fela óháðum skoðunarstofum hluta af þeim verkefnum sem Rafmagnseftirlitinu voru falin með lögum. Var fallið frá þeim eftir að ábending hafði borist um það frá iðnaðarnefnd að til þess skorti lagaheimild. Frumvarp

það, sem iðnaðarnefnd hefur nú haft til skoðunar, tengist beint þeim skipulagsbreytingum og er afrakstur endurskoðunar á lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins sem gerð hefur verið m.a. í ljósi reynslu sem fengist hefur af framkvæmd rafmagnsöryggismála frá árinu 1993. Með lögfestingu frumvarpsins er stefnt að tveimur meginmarkmiðum, í fyrsta lagi að stjórnsýsla rafmagnsöryggismála verði skilin frá framkvæmd eftirlits og í öðru lagi að eflingu gæðastjórnunar og innri öryggisstjórnunar þeirra sem fást við rafmagnsöryggismál.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til nokkrar breytingar á frumvarpinu:

1. Lagt er til að tvær breytingar verði gerðar á 2. gr. Í greininni er gert ráð fyrir því nýmæli að ákvæði laga og reglugerða um rafmagnsöryggismál nái einnig til skipa. Um eftirlit með skipum gilda lög nr. 35/1993 og þykir að svo stöddu ekki rétt að hreyfa við þeirri skipan sem verið hefur, þ.e. að ákvæði um rafmagnsöryggismál nái eingöngu til raforkuvirkja og neysluveitna í landi. Leiðir breytingu á 3. tölul. 1. mgr. 14. gr. af þessari breytingu. Meiri hlutinn beinir því hins vegar til iðnaðarráðuneytis og samgönguráðuneytis að fjalla nánar um tilhögun rafmagnsöryggismála í skipum þar sem enginn grundvallarmismunur er á rafkerfum skipa og rafstöðvum. Rafkerfi skipa eru í auknum mæli tengd við dreifikerfi í landi og þurfa að lúta sömu öryggisfyrirmælum og veitur sem þau eru tengd við. Síðari breytingin, sem lögð er til á greininni, lýtur að því að skýrt verði kveðið á um að einungis eigin virki farartækja séu undanþegin lögunum en ekki tengitæki vélknúinna ökutækja sem eru með rafbúnað fyrir 400/230 V spennu og má tengja við dreifikerfi.

2. Lagt er til að nokkrar breytingar verði gerðar á skilgreiningum í 3. gr.:

a. Orðið einkarafstöð verði skilgreint.

b. Um eftirlitskerfi og kerfisbundnar ráðstafanir til að tryggja að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir verði notuð hugtökin innri öryggisstjórnun og innri öryggisstjórnunarkerfi í stað þess að nota orðin innra eftirlit og innra eftirlitskerfi. Rafveitur nota hugtakið öryggisstjórnun í þessu sambandi og þykir rétt að leggja til að hugtakanotkun frumvarpsins verði í samræmi við það. Vegna þessarar breytingar þarf einnig að breyta ákvæðum í 2. mgr. 5. gr., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 2. og 6. tölul. 1. mgr. 14. gr.

c. Orðið virki verði einungis notað sem samheiti yfir raforkuvirki og neysluveitur en ekki rafföng. Þess í stað verði orðið rafmagnsbúnaður notað sem samheiti yfir raforkuvirki, neysluveitur og rafföng, en ekki er gerð tillaga um sérstaka skilgreiningu heldur stuðst við almenna málhefð. Af þessu leiðir að breyta þarf ákvæðum í 4. og 11. gr.

3. Lagt er til að heimildir ráðherra til að setja reglugerð, sem eru í lokamálslið 2. mgr. 5. gr. og í síðari málslið 7. gr., og heimild til að setja nánari ákvæði um framkvæmd laganna í 15. gr. verði allar fluttar til í frumvarpinu og teknar óbreyttar upp í 13. gr. sem fjallar um reglugerð um raforkuvirki. Skýrara er að hafa heimildir til að setja reglugerð í afmörkuðum greinum. Ef fallist er á breytinguna verður, auk heimildar 13. gr., heimild í 2. mgr. 14. gr. er lýtur sérstaklega að gjöldum. Vegna þessa er lagt til að umrædd ákvæði 5. og 7. gr. og 15. gr. falli brott en þess í stað verði nýjum málslið bætt við 1. mgr. 13. gr. og tveimur nýjum töluliðum við 2. mgr. 13. gr.

4. Ekki þykir ástæða til að einskorða fræðslu- og upplýsingastarf um hættu á rafmagni við almenning heldur gæti það líka beinst að fagfólki, t.d. í formi endur- eða símenntunar. Breyting á 9. tölul. 2. mgr. 13. gr. snýr að þessu.

5. Í 11. tölul. 2. mgr. 13. gr. er að finna heimild til handa ráðherra að kveða nánar á um heimildir Löggildingarstofu til að gefa út verklagsreglur og verklýsingar sem eru nánari leiðbeiningar eða fyrirmæli, tæknilegs eðlis, til þeirra sem starfa að rafmagnsöryggismálum. Lagt er til að liður þessi verði umorðaður til að kveða skýrt á um að eingöngu sé átt við nánari reglur um tæknilega útfærslu. Ekki þykir ástæða til að veita Löggildingarstofunni ómarkvissa heimild til að setja nánari reglur um starfsemi rafskoðunarstofa, rafveitna og rafverktaka, enda eru, eftir því sem við á, skýr ákvæði í frumvapinu um hana eða ráðherra falið að útfæra nánar slík ákvæði í reglugerð um raforkuvirki.

6. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að í 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. sé ráðherra fengin heimild til að setja reglugerðarákvæði um að í fasteignaviðskiptum liggi fyrir vottorð um ástand neysluveitu hins selda. Í greinargerð er tekið fram að ákvæðið miðist við þróun neytendaverndar. Ekki er með þessu frumvarpi verið að kveða á um réttarstöðu aðila í fasteignakaupum heldur snýr það að rafmagnsöryggismálum. Meiri hlutinn lítur svo á að í frumvarpinu séu nægilega tryggðar heimildir stjórnsýsluhafa til að kveða á um öryggismál neysluveitna og eftirlit með þeim, sbr. 7. gr., enda er um mikilvægt mál að ræða. Það hlýtur að vera stöðugt verkefni rafmagnseftirlits- og brunavarnamálayfirvalda að meta hvernig öryggi neysluveitna verði best tryggt, m.a. með tilliti til aldurs bygginga. Í ljósi þess sem að framan greinir telur meiri hlutinn ekki rétt að setja ákvæði í þetta frumvarp um neytendasjónarmið í fasteignakaupum þótt slíkar hugmyndir séu góðra gjalda verðar. Þyrfti það frekari undirbúnings við og eðlilegra er að fjalla um slíkar hugmyndir á heildstæðan hátt í tengslum við setningu löggjafar á sviði neytendaverndar. Rétt er að geta þess að almennt má telja að ekki sé nægjanlegt að kveða á um slík ástandsvottorð í viðskiptum í reglugerð heldur þurfi til þess beint lagaákvæði. Því er lagt til að 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. falli brott og er málsgreinin umorðuð í samræmi við það.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til á 13. gr. er komið til móts við athugasemd um að í frv. felist of víðtækt valdaframsal til ráðherra og er frekari fullyrðing í þá átt hafnað. Eru heimildir ráðherra gerðar mun skýrari með breytingum og í lögum sem þessum er útilokað að löggjafinn geti sett fyrirmæli um allar tæknilegar útfærslur.

7. Auk áðurgreindra breytinga á 14. gr. leggur meiri hlutinn til að við undanþáguákvæði 1. og 4. tölul. 14. gr. frá greiðslu gjalds vegna yfireftirlits Löggildingarstofu bætist nýtt ákvæði til að taka af allan vafa um að önnur stóriðjuver en þau sem talin eru upp í þeim liðum kunni að verða undanþegin þessari skyldu með ákvæðum í sérlögum. Þá er rafveitum í 4. tölul. 14. gr. falið að greiða gjald vegna yfireftirlits og úrtaksskoðana neysluveitna. Meiri hlutinn leggur til að þetta gjald verði innheimt þrátt fyrir ýmis ákvæði í lögum um rafveitur er kveða á um undanþágur frá opinberum gjöldum. Hér er um sérlög að ræða sem ganga framar almennum ákvæðum í þessu efni.

8. Að lokum er lagt til að breyting verði gerð á 17. gr. er varðar dómsupptöku þannig að greinin verði ítarlegri.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 380.

Undir nefndarálitið rita Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason og Pétur H. Blöndal.

Tvær alvarlegustu athugasemdirnar sem þeir sem andmælt hafa þessu frv. gera er að það muni leiða til mikillar kostnaðarhækkunar og það dragi úr öryggi. Ég tek skýrt fram að frv. er ekki ætlað að auka kostnað. Eftirlit með neysluveitum, t.d. rafföngum húsa, færist frá rafveitum og verður á hendi skoðunarstofa en gjald í 4. tölul. 14. gr. frv. er nýtt til að greiða kostnað af úrtaksskoðunum vegna neysluveitna þannig að kostnaður neytenda er sá sami á öllu landinu. Með öðrum orðum mun kostnaður neytenda ekki hækka þótt skoðunarstofur sinni úrtaksskoðunum. Sumir telja að taka beri út allar nýjar neysluveitur, þ.e. 100% skoðun. Ekki eru allir sérfræðingar sammála um hvort 100% skoðun tryggi 100% öryggi. Úrtaksskoðun nær til allra rafverktaka. Þeir verða að sæta skoðun en ekki allar veitur sem þeir gera nema úrtaksskoðun gefi tilefni til nánari athugunar. Ef þörf er á nánari skoðun hjá þeim aðilum sem standast ekki kröfur, þá verða þeir hinir sömu krafðir um kostnaðinn, ekki neytandinn. Því er mikilvægt að allir, bæði rafverktakar og rafveitur, komi sér upp innra öryggisstjórnunarkerfi, eins og frv. gerir ráð fyrir, til að yfirfara eigin vinnubrögð. Það er besta trygging okkar fyrir öryggi raforkuvirkja og neysluveitna. Eftirlitið er aðeins í öðru sæti hvað það varðar.

Varðandi kostnað rafveitna og rafverktaka af úrtaksskoðunum á búnaði og innra öryggisstjórnarkerfi þeirra er rétt að benda á að í frv. er að finna heimild til þess að rafveitur og rafverktakar semji beint við rafskoðunarstofur. Það er rétt að ég ítreki að heimild er að finna til þess að rafveitur og rafverktakar semji beint við rafskoðunarstofur. Það er trú mín að rafskoðunarstofum eigi eftir að fjölga, ekki eingöngu eins og haldið hefur verið fram að muni gerast á höfuðborgarsvæðinu. Samkeppni þeirra á milli leiðir til þess að rafveitur og rafverktakar nái hagstæðum samningum um skoðun án þess að slakað sé á öryggiskröfum, enda hefur Löggildingarstofan eftirlit með störfum rafskoðunarstofa.

Að lokum vil ég taka fram að eftir að hafa skoðað þetta mál gaumgæfilega og hlustað á með- og mótrök í þessu máli hef ég sannfærst um að þessi löggjöf kemur til með að bæta það ástand sem nú er í rafmagnsöryggismálum landsmanna og leggur góðan grunn að framtíðarskipulagi málaflokksins.

Það er rétt að rifja það upp að frv. þetta er flutt til að laga lagaákvæði um rafmagnsöryggismál að breyttum tímum og lögfesta tiltekin ákvæði um framkvæmd þeirra. Fyrst og fremst er hér um að ræða tvö atriði: Annars vegar aðskilnað stjórnsýsluþáttar rafmagnsöryggismála frá framkvæmd eftirlits og hins vegar eflingu gæðastjórnunar og innra eftirlits þeirra sem rafmagnsöryggismálin snerta í þeim tilgangi að auka öryggi eigenda og umráðamanna svo að unnt sé að minnka eftirlit hins opinbera. Einnig er í frv. gert ráð fyrir því að Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan verði sameinaðar í nýja stofnun, Löggildingarstofuna, er taki við hlutverki þeirra og verkefnum.

Þetta frv. var samið af allstórri nefnd. Ég held að ég muni það rétt að það hafi verið einir níu aðilar frá hinum ýmsu fagfélögum sem komu að því að taka saman drög að því frv. sem hér liggur fyrir. Í nefndinni sem fjallaði um undirbúning þessa máls sátu Ásgeir Einarsson frá iðn.- og viðskrn., Bergur Jónsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins, Gísli Þór Gíslason frá Landssambandi ísl. rafverktaka, Gunnar Ingi Gunnarsson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Ófeigur S. Sigurðsson rafmagnstæknifræðingur, Steinar Friðgeirsson frá Sambandi ísl. rafveitna, Sveinn Þorgrímsson frá iðn.- og viðskrn., sem var formaður nefndarinnar, og Þorleifur Finnsson frá Rafmagnseitu Reykjavíkur. Með nefndinni starfaði einnig Eiríkur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna.

Þessi nefnd komst að sameiginlegri niðurstöðu um þetta mál og styrkir það mjög trú mína á því að menn séu hér að feta sig inn á betri braut en þessi mál hafa verið á fram til þessa.

Það fyrirkomulag sem hér er verið að festa í sessi, þ.e. úrtaksskoðun, um kröfur innra eftirlits hjá rafveitum og rafverktökum ásamt því að færa ábyrgðina á neysluveitum og raforkuvirkjum til þeirra sem eiga eða vinna við neysluveiturnar og raforkuvirkin er í samræmi við það sem verið er að gera eða búið er að gera í nánast öllum nágrannalöndum okkar.

Það var athyglisvert að nær allir sem komu á fund nefndarinnar töldu að nauðsynlegt væri að breyta frá núverandi kerfi sem virkaði ekki eins og vænst hafði verið í upphafi. Ég held að það sé ekki ofsagt þó að ég segi það hér að svo hafi verið.

Ég vil líka taka fram að gefnu tilefni að allir sem þess óskuðu að fá viðtal við iðnn. vegna þessa máls var boðið það. Engum sem þess óskaði var synjað um að mæta á fundi nefndarinnar og koma sjónarmiðum sínum þannig á framfæri. Það er kannski rétt að segja það vegna þeirrar umræðu sem verið hefur í fjölmiðlum um málið og skýrir það aðeins að ljóst er að rafveitur og rafverktakar hafa heimild til þess að semja beint við rafskoðunarstofur og kostnaður vegna úrtaksskoðunar neysluveitna er sá sami á öllu landinu og er greiddur og jafnaður út eins og kemur fram í 14. gr. frv. og má þar benda á tölul. 4.

Ég vil einnig undirstrika það að Löggildingarstofan getur boðið út til faggiltra skoðunarstofa ákveðnar skoðanir, enda er það almenn stefna ríkisstjórnarinnar um innkaup að útboð fari almennt fram. Sá málflutningur manna stenst því ekki að halda því fram að það muni vera ógerningur að reka skoðunarstofur annars staðar en hér í Reykjavík. Þetta er veigamikið mál í mínum huga og mér finnst að þetta ætti einmitt að tryggja að skoðunarstofur ættu að hafa fulla burði til þess að geta starfað annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.

Það er einnig rétt að skýra að það er ekkert því til fyrirstöðu að rafverktakar skoði minni veitur ef þær geta sýnt fram á hæfni og hluteysi til að gera það. Til þess þurfa þær faggildingu sem ætti ekki að vera neinum óyfirstíganlegt ef vilji viðkomandi aðila stendur til þess. Menn hafa heyrt í þessari umræðu mjög háar og villandi tölur um kostnað við slíkt. Því höfum við reynt að glöggva okkur á kostnaði til slíkra skoðunarstofa og er talið að slíkt muni kosta 250 þús. kr. eða 300 þús. kr. auk árlegs kostnaðar við að viðhalda faggildingu sem mun trúlega vera eitthvað um helmingur af þessum kostnaði. Mér finnst að menn hafi skotið nokkuð yfir markið í þessum efnum þar sem þeir hafa verið að reyna að dæma það úr leik að þessar stofur yrðu annars staðar en hér á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt hefur sú umræða verið mjög villandi sem hefur af því leitt að menn teldu að um verulegan kostnaðarmun væri að ræða fyrir þá sem á þessari þjónustu þyrftu að halda miðað við það hvar búsetan væri. Á því er eins og ég hef áður sagt tekið í 4. tölul. 14. gr. frv. þar sem tekið er fram um jöfnun á þessum kostnaði.

[03:58]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Það frv. sem kemur nú til 2. umr. á þessari morgunstund á sér nokkuð merkilega sögu. Aðdragandinn er orðinn langur og má rekja hann allt aftur til ársins 1991, tel ég vera, þegar þáv. hæstv. iðnrh., Jón Sigurðsson, skipaði mann til þess að vinna tillögur um nýja skipan rafmagnseftirlitsmála, Hagsýsla ríkisins kom að málinu, skýrsla var gefin út, ég hygg á árinu 1992, og á grundvelli hennar var svo sett reglugerð á árinu 1993 sem breytti umhverfi þessara mála mikið.

Þessi reglugerð var unnin í iðnrn. undir forustu þáv. ráðuneytisstjóra, Björns Friðfinnssonar, og má segja að það komi vel á vondan að þessa dagana er sagt að hann sé að koma heim til Íslands á nýjan leik eftir langa fjarvist í utanríkisþjónustunni og hans nafn er nefnt í kringum þessa sömu Löggildingarstofu og við erum nú að ræða sem hann kom af stað ásamt samstarfsmönnum sínum í iðnrn. Sannast hér hið fornkveðna að miklu veldur sá sem upphafinu veldur þó að ég geri ekki ráð fyrir því að hann hafi kannski séð það fyrir að það gæti þróast með þeim hætti sem blasir við núna í býtið á þessum morgni á Alþingi Íslendinga.

Sannleikurinn er sá að þegar þessi reglugerð var sett 1993 vakti hún strax mjög mikla úlfúð, gríðarlega óánægju og áhyggjur um allt land. Reglugerðin gerði ráð fyrir að leggja svo að segja Rafmagnseftirlitið niður eins og það var og fela það öðrum aðilum, skoðunarstofum, í veigamiklum atriðum þó svo að engar lagaheimildir væru fyrir því. Þá gerðust þau tíðindi að málið var tekið fyrir í iðnn. Alþingis aftur og aftur. Ég hygg að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hafi verið formaður í nefndinni fyrst þegar það var þar tekið til meðferðar og síðan var ég þar í formennsku í ein tvö ár og niðurstaðan varð sú að í þessari glímu við ráðuneytið um reglugerðina höfðum við betur. Iðnn. hafði betur og það er afar sjaldgæft að það gerist satt að segja. Ég man eiginlega varla eftir því á mínum ferli hér að það hafi í annan tíma gerst að þingnefnd hafi rekið reglugerð ofan í ráðuneyti, en það gerðist. Það tókst ekki síst vegna þess að mikil samstaða var um málið í hv. iðnn. og áttu þar í hlut allir þingmenn hvort sem þeir voru fyrir stjórn eða stjórnarandstöðu á þeim tíma. Ég nefni þar mann eins og t.d. hv. þm. Gísla Einarsson sem þá var í iðnn. ásamt mér og ég nefni þar einnig hv. þm. og núv. hæstv. ráðherra, Finn Ingólfsson, sem tók þátt á þessum málum af miklum skörungsskap og dugnaði og fjallaði um málin ásamt öðrum forustumönnum Framsfl. á þeim tíma, t.d. hæstv. núv. félmrh., hv. þm. Páli Pétursyni.

Niðurstaðan af þeim umræðum var með öðrum orðum sú að það tókst að snúa ráðuneytið niður, ganga frá málum þannig að ráðuneytið gaf út endurnýjaða reglugerð og engu að síður var það viðurkennt að kerfið var meingallað. Núv. hæstv. iðnrh. fékk þetta kerfi í arf og þeir sem unnu að málinu bundu miklar vonir við hann og húsbóndavald hans í iðnrn. Það yrði ef til vill til þess að breyta þeim málum á nýjan leik í veigamiklum atriðum í þá átt sem starfsmenn Rafmagnseftirlitsins og fleiri höfðu gert sér vonir um.

Ég hygg, hæstv. forseti, að ekki sé of mikið sagt hins vegar að þeir hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum. Vegna þess að sú nefnd sem skilaði áliti og hafði verið skipuð af núv. hæstv. ráðherra reyndist fara í allt of veigamiklum atriðum í spor hinnar nefndarinnar og ekki er hægt að segja annað en þeir sem höfðu snúið sér til ráðuneytisins með stuðning í málinu hefðu farið bónleiðir til búðar. Það er dálítið umhugsunarefni satt að segja hvernig þessir hlutir þróast og nú geri ég ekki lítið úr þeim mönnum í ráðuneytinu sem með málin hafa farið, en það er dálítið flókið mál að velta því fyrir sér hver staða ráðherra er andspænis sérfræðingum í viðkomandi ráðuneyti. Ég ætla ekki að nota nein orð um það önnur en þau á þessum morgni að mér kemur það í hug að oft sé erfitt fyrir ráðherra að takast á við sérfræðileg úrlausnarefni eins og rafmagnseftirlitsmál og að styðjast þar við sömu sérfræðinga og fyrrv. ráðherrar hafa haft. Ég verð að segja að ég tel að þetta mál gefi tilefni til hugleiðinga um sjálfstæði ráðherra og möguleika ráðherra til þess að hafa sjálfstæði andspænis sterkum sérfræðingum.

Hæstv. ríkisstjórn lagði þetta mál fyrir Alþingi núna á haustdögum og það fór til meðferðar í hv. iðnn. Satt að segja áttaði ég mig ekki á því fyrr en komið var undir jól að mönnum lægi svo mikið á að jafnvel yrði reynt að þrýsta á um afgreiðslu málsins á fundartíma eins og þessum. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef engin rök heyrt fyrir því að það þurfi endilega að kýla þetta mál í gegnum þingið núna. Ég hef engin rök heyrt fyrir því. Það hafa að vísu borist fréttir um aðalhöfund málsins en ég hef ekki áttað mig á því að þær væru beinlínis viðkomandi meðferð þess í þinginu. Ég hef engin rök heyrt fyrir því að nauðsynlegt sé endilega að kýla þetta í gegn og ég segi eins og er, hæstv. forseti, ég mótmæli því. Mér finnst það ekki leggjandi á þingið að vinna mál á þennan hátt um hánótt og ég sé engin rök fyrir því af neinu tagi.

Í umfjöllun hv. menntmn. gerðist það að mjög margir komu á fund nefndarinnar og létu frá sér fara ýmsar athugasemdir við frv., mjög alvarlegar athugasemdir og ég vil bera lof á formann nefndarinnar fyrir að hann reyndi sem hann gat að koma til móts við þá gagnrýni og á hann þakkir skildar fyrir það. Ég vil í þessu sambandi þó taka fram, sem ég held að sé óhjákvæmilegt, að þessi tilraun og viðleitni hv. formanns nefndarinnar er auðvitað ekki nægileg til þess að við séum sátt við málið og þess vegna skilar minni hlutinn nefndaráliti á þskj. 402 sem er undirritað af mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi, samþykk áliti þessu. Í niðurstöðu okkar á þskj. 402 segir svo, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Fyrir því eru eftirfarandi rök:

kostnaður af eftirliti virðist aukast með því kerfi sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt frumvarpinu sem gæti leitt til hærra rafmagnsverðs fyrir neytendur;

kostnaður við skoðun húsveitna getur aukist verulega;

kostnaður eykst mest á landsbyggðinni nái breytingarnar fram að ganga;

kerfisbreytingin byggist á því að flytja tugi starfa frá dreifbýli til þéttbýlis;

ekki er ljóst að rafmagnseftirlit aukist og því er haldið fram að úr því geti dregið;

ekki hefur verið gengið frá því hvernig breytingin kemur við starfsmenn Rafmagnseftirlitsins;

frumvarpið felur í sér víðtækt valdframsal til ráðherra og það virðist almennt illa undirbúið."

Á þessum forsendum, herra forseti, leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar á ný til frekari vinnslu. Í grg. okkar og nál. förum við rækilega yfir málið og gerum grein fyrir nokkrum þeirra umsagna sem okkur bárust. Ég ætla ekki að fara yfir þær á þessari morgunstund.

En það verður að segjast eins og er að ýmsir aðilar eins og t.d. Meistarafélag rafeindavirkja mæltu heldur með málinu og skoðunarstofurnar mæltu auðvitað með málinu. Það kom náttúrlega engum á óvart. Skoðunarstofan hf. t.d. mælti heldur með málinu, Rafskoðun ehf. gerði það sömuleiðis, Skoðun hf. sömuleiðis og fleiri slíkir aðilar, t.d. hinir opinberu aðilar, og sumir voru jákvæðir í málinu, t.d. að nokkru leyti Rafmagnsveita Reykjavíkur, en flestir höfðu þeir þó athugasemdir að gera eins og Hitaveita Suðurnesja t.d. við gjaldtökuna sem í frv. er gert ráð fyrir. Þar er bent á, með leyfi forseta, að sérstök áhersla er lögð á að raforkusala til hersins á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt varnarsamningnum og samningi ríkisstjórnar Íslands og varnarliðsins 2. ágúst 1960, er undanskilin öllum sköttum og gjöldum. Það er því óhjákvæmilegt að sala til hersins sé einnig í slíkri upptalningu sé hún talin nauðsynleg. Það er verið að vitna í 14. gr. frv. Þar eru gerðar athugasemdir við þetta.

Það eru líka gerðar athugasemdir við stóriðjuna í þessu samhengi. Orkubú Vestfjarða mótmælir skattlagningu á rafveitur og Landsvirkjun mótmælir því gjaldi sem ætlunin er að leggja á fyrirtæki samkvæmt 4. tölul. 14. gr. frv. sem gerir ráð fyrir því að lagt sé 0,6% gjald á heildartekjur fyrirtækisins af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti.

Sömuleiðis bendir Landsvirkjun á fleiri þætti, m.a. valdaframsalið sem sem ég nefndi áðan í 2. mgr. 13. gr. frv. og bent er á að illa sé samþýðanlegt annars vegar ákvæði frv. og hins vegar þeir samningar um raforkusölu til stóriðjufyrirtækja sem þegar hafa verið gerðar. Hérna taldi ég upp, hæstv. forseti, þær ábendingar sem eru í raun jákvæðar í þeim skilningi að menn mæla svo að segja með að þetta frv. verði samþykkt.

Síðan koma fjöldamargir aðrir aðilar. Ég nefni t.d. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Ég ætla ekkert að fara að lesa það hér. Það er enginn tími til þess, hæstv. forseti, að lesa það. Það er skrifað og staðfest fyrir 8. des. 1996. Þar eru lagðar fram mjög alvarlegar ábendingar um þetta mál, t.d. um að öryggið verði kannski ekki nógu tryggt með þessu. Það er talað um gjaldtökuna sem gagnrýnivert atriði og fleiri slíka þætti.

Hér er ályktun frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurl. v. sem einnig gagnrýnir þessi mál. Hér er heit áskorun og löng og ítarleg frá rafverktökum á Vesturlandi. Mér er sagt að þeir hafi haft svo mikið við að þeir hafi leitað uppi þingmenn sína sem voru á fundi í Búðardal til að leggja sérstaklega fram þetta skjal. Hér er áskorun frá rafverktökum á Norðurlandi sem er rituð hæstv. iðnrh. 25. okt. 1996. Hér er áskorun frá rafverktökum á Austurlandi sem send var þingmönnum Austurl., iðnn. Alþingis og rafmagnseftirlitsstjóra, eins og það er orðað. Hún er dagsett 25. sept. 1996. Hér er bréf sem er dagsett í Búðardal 24. nóv. 1996 til iðnrh. frá Félagi rafverktaka á Vesturlandi undir forustu Einars Stefánssonar í Búðardal. Hér er ítarlegt bréf frá Landssambandi ísl. rafverktaka þar sem þetta mál er gagnrýnt mjög harðlega í bréfi sem er dagsett 25. nóv. 1996. Hér er síðan ítarlegra bréf frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og fleiri og fleiri og fleiri bréf mætti nefna. Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr ályktun t.d. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem tekur sérstaklega á réttindamálum starfsfólksins og öryggisleysinu sem menn óttast að geti fylgt þessu. BSRB telur, eins og segir, með leyfi forseta, að „eftirlit með öryggi borgaranna eigi að vera á höndum hins opinbera en ekki á vegum einkaaðila. Á hinum Norðurlöndunum er rafmagnseftirlitið almennt á vegum opinberra aðila," segir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Við fengum mjög fróðlegar umsagnir um þessi mál frá fyrrverandi og núverandi rafmagnseftirlitsmönnum eins og t.d. Sigurði Magnússyni, Árna Guðmundssyni og fleirum sem komu til fundar í nefndinni. Við lásum auðvitað eins og við er að búast fjöldann allan af blaðagreinum um þessi mál. Það sem við segjum um öryggið, um kostnaðinn, um vanda landsbyggðarinnar og allt þetta — þetta er ekki uppfinning okkar, svo er ekki. Þetta er eitthvað sem okkur sýndist að væri eins og við segjum hér. Kostnaður virðist aukast. Það var viðurkennt af fulltrúum skoðunarstofanna að kostnaður mundi aukast. Það var algerlega viðurkennt. Þeir sögðu að vísu að þegar fram í sækti gæti kostnaður minnkað en til að byrja með mundi kostnaður aukast.

Þeir viðurkenndu líka að kostnaður við skoðun húsveitna mundi aukast og við heyrðum um það dæmi frá Akureyri, alveg ótrúleg dæmi, þar sem annars vegar var um það að ræða að kostnaður við skoðun húsveitu í gamla kerfinu hefði verið 10 þúsund kr. en í nýja kerfinu 50 þúsund kr., í einu og sama húsinu eða íbúðinni. Við heyrðum dæmi um að kostnaður mundi aukast mest á landsbyggðinni vegna þess að það var fullyrt, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson gat um áðan, að ekki yrði hægt að reka faggiltar skoðunarstofur á landsbyggðinni og þess vegna yrði að fá menn að langar leiðir og borga mikinn ferðakostnað og annað til þess að skoða úti á landi. Þess vegna yrðu faggiltu skoðunarstofurnar hér af því þær eru svo dýrar. Og þess vegna sögðu menn að kostnaður mundi aukast mest á landsbyggðinni. Það var fullyrt að með þessu móti væri verið að flytja störf úr rafmagnseftirliti utan af landi til Reykjavíkur. Það er dálítið skrýtið að horfa upp á það að menn eru hér að skrifa lofgreinar um sjálfa sig í blöðin fyrir það að flytja Landmælingar upp á Akranes og svo eru þeir að húrra 20 störfum alls staðar að af landinu hingað til Reykjavíkur í rafmagnseftirliti. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, mér finnst það duga skammt til að bjarga æru manna í þessu máli að þvo sér með Landmælingum af og til eða viðlíka sjoppum, ég segi það alveg eins og er. Manni dettur í hug orðið hræsni. Mér finnst að menn séu að beygja sig fyrir markaðslögmálum, einhverjum tískulögmálum, að nokkru leyti í staðinn fyrir að reyna að rísa upp og standa í fæturna fyrir m.a. dreifbýlið af því ég er viss um að það er líka ódýrara fyrir þjóðfélagið. Því þegar menn vinna þannig að þessum málum að verið er að flytja fólk til Reykjavíkur, fólk neyðist til að fara hingað í stórum stíl og yfirgefa kannski íbúðir sínar, skóla og heilsugæslustöðvar úti á landi, þá þarf auðvitað að byggja það sama aftur upp hér og vegi, þ.e. sem kallað er infrastrúktúr. Niðurstaðan verður sú að það þarf eiginlega að byggja tvöfalt sett á ævina fyrir meðalmann af þessu sem allir þurfa af því jafnvægisleysið í byggðamálum er eins og það er. Okkur er sagt og það hefur ekki verið hægt að sannfæra okkur um annað að rafmagnseftirlitið minnki með þessu. Út af fyrir sig er það held ég alveg rétt hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að 100% skoðanir eru ekki 100% öryggi, það er nú einu sinni veruleikinn. Hún á nú við um fleira en rafmagnsskoðanir sú fullyrðing. Hins vegar er spurning hvort það er ekki of langt gengið að ætla sér að dæma alla hluti eins og hér er gert ráð fyrir með tiltölulega takmörkuðum úrtaksskoðunum á tíundu hverja íbúð eða svo.

Við höfum líka áhyggjur af því, herra forseti, hvernig er komið fram við starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins. Það er

reyndar ekki fjallað um þá neitt í frv. Það er í öðru frv. Það er í frv. um Löggildingarstofu sem liggur hérna einhvers staðar. Þar er gert ráð fyrir því að þessir starfsmenn Rafmagnseftirlitsins verði starfsmenn Löggildingarstofunnar. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja — mér nægir út af fyrir sig svar í þeim efnum við 3. umr. málsins ef menn vilja — og ég vil fá upplýsingar um það hvernig menn sjá þetta fyrir sér með þetta fólk sem er hjá Rafmagnseftirlitinu. Hvað verður um það? Ég held að þetta fólk leggi áherslu á að halda sinni atvinnu og sínu atvinnuöryggi. Það hefur verið greinilegt af því sem frá þessu fólki hefur komið að það hefur fundið fyrir því hver hefur húsbóndavaldið yfir Löggildingarstofunni. Það var ekki fallegt að sjá hvernig einstakir starfsmenn af vettvangi Rafmagnseftirlitsins höfðu verið beygðir þegar þeir komu til fundar hjá okkur.

Þessi atriði eru öll nægilega stór til þess a.m.k., herra forseti, að mér finnst engin ástæða til þess að afgreiða þetta frv. hér um hánótt. Þess vegna fer ég fram á það við hæstv. forseta Alþingis að hann hlutist til um að verja sóma Alþingis þannig að hér verði lokið fundarhöldum og haldið áfram umræðum á morgun, jafnvel í björtu þó það sé nú lítill kostur á slíku í skammdeginu. Það er engin þörf á því að ljúka þessu máli svona núna fyrir jólin, ekki nokkur. Skynsamlegast er almennt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Það er tillaga okkar í minni hlutanum. Við höfum ekki rekið þetta mál af okkar hálfu á fundum iðnn. af neinu offorsi. Við höfum reynt að halda á þessu málefnalega og leggja okkur fram um að komast að hagfelldri niðurstöðu. Við höfum tekið þátt í því að laga til orðalag á einstökum breytingartillögum og unnið þetta málefnalega eins og við höfum getu og vit til. Okkur finnst ekki að það hafi verið tekið á móti okkur hins vegar eins og við ættum skilið í þessu efni. Það hörmum við og leggjum til að málinu verði vísað héðan frá Alþingi aftur.

[04:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að byrja á því að þakka nefndinni fyrir samstarfið sem ég hefði nú átt að gera í upphafsorðum mínum. Við skildum kannski ekki nægjanlega sátt en samstarfið var samt allan tímann gott og fyrir það ber að þakka.

Mig langar aðeins til þess að svara örlitlu sem hér kom fram en get nú kannski gert síðar í ræðu. En það er rétt, og það hefði mátt misskilja mig þegar ég fór að vitna í það hverjir hefðu samið eða væru hugmyndamenn að þessu frv. og nefndi þá alla, að það er rétt að taka fram að Bergur Jónsson var sá eini sem skilaði þar séráliti, annars voru menn sammála. Þetta er því ekki, eins og mér fannst koma fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, fyrst og fremst hugverk ráðuneytismanna. Það er ekki svo. Mér finnst líka rétt að taka skýrt fram að nánast allar umsagnir sem við höfum fengið — þessi bunki hér, það er dálítið merkilegt að ef við lesum bunkann og lesum umsagnirnar þá lúta þær nánast allar að núverandi kerfi, að því kerfi sem við búum við nú og erum að leggja af. Það er nánast hvergi vikið að því frv. sem við erum hér að fjalla um og þeim tillögum, nánast ekki í einni einustu umsögn þó að grannt sé lesið. Menn eru að lýsa óánægju sinni með það kerfi sem við búum við í dag.

Það kom líka fram hjá hv. þm. um faggildingarstofurnar að þær yrðu bara í Reykjavík og miklir fólksflutningar ættu að verða af landsbyggðinni vegna þess. Þetta er að sjálfsögðu rangt vegna þess m.a. eins og ég gerði grein fyrir í máli mínu að þessar stofur geta verið hvar sem er. Ég vil líka undirstrika það sem ég sagði einnig að það er vissulega (Forseti hringir.) stefnt að möguleikum til þess að hefja útboð sem allir munu þá standa jafnir frammi fyrir og geta sótt til verka hvar sem er á landinu.

[04:24]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að þeir sem mótmæltu þessu voru að miklu leyti að mótmæla núverandi kerfi. En það er kannski fyrst og fremst vegna þess að þeir höfðu það á tilfinningunni, og ég held að það sé rétt hjá þeim að miklu leyti, að það er verið að staðfesta hið breytta og gallaða kerfi með þessu frv. Það er verið að gera reglugerð Björns Friðfinnssonar frá árinu 1993 að lögum. Það er sérkennileg upplifun að það skuli akkúrat gerast á þessum sólarhringum, verð ég að segja, herra forseti. Og ég held að reynslan af því máli sé ekki sú að ástæða sé til að taka undir það. Ég segi alveg eins og er og viðurkenni það alveg að það er flókið fyrir leikmann að vinna sig í gegnum mál af þessu tagi, leikmann eins og mig, sem hef lagt margt annað fyrir mig um ævina en að setja mig inn í raforkuöryggismál í smáatriðum. Ég viðurkenni það fúslega. Þess vegna neyðist ég til að hlusta á þá sem hafa haft með þessi mál að gera og þekkja þau, hafa t.d. unnið við þau sjálfir. Og mér finnst að ábendingar þeirra að austan og norðan og vestan og sunnan séu þannig að ég geti ekki annað en hlustað á þá því hérna erum við eins og kunnugt er ekki til þess að vinna eins og vélar heldur til að hlusta á fólk eins og ég veit að hv. formaður iðnn. vill gera.

[04:25]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið skýrt fram hjá mér og kom fram í þeim breytingartillögum sem við flytjum að auðvitað var tekið tillit til ýmissa þátta sem komu fram í umfjöllun málsins. Ég vil aðeins víkja að því sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi í sambandi við umsagnirnar. Hann vék t.d. að Norðurlandskjördæmi vestra, umsögn frá sambandi sveitarfélaganna þar, þar sem segir að tryggja þurfi öryggi neytenda og annað því um líkt. Það er orðið við því. Tryggja þarf að gjaldtaka vegna rafmagnseftirlits verði sú sama hvar sem er á landinu. Tryggja þarf samræmi eftirlitskoðunarstofanna ef af þeim verður. Það er séð fyrir því. Tryggja þarf að fyrirhugaðar breytingar leiði ekki til aukins kostnaðar. Það er líka séð fyrir því. Og þess vegna langar mig til að lesa hér aðeins þrjár línur, með leyfi forseta.

„Þá má nefna að iðnrn. fékk virtan verkfræðing, Karl Ómar Jónsson hjá Fjarhitun, til þess að gera ítarlega úttekt á nýja fyrirkomulaginu og bera það saman við hið gamla. Í skýrslu hans kemur fram að hann telur nýja fyrirkomulagið skilvirkara og síðast en ekki síst ódýrara heldur en það kerfi sem er komið í dag."

Hér er ekkert um mann frá ráðuneytinu að ræða eða einhvern formann nefndarinnar. Hér er verið að vitna í virtan verkfræðing, Karl Ómar Jónsson.

[04:27]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þekki mjög vel þessa álitsgerð Karls Ómars Jónssonar vegna þess að hún var til komin að undirlagi iðnn. í minni formennskutíð og í samvinnu við þáverandi

hæstv. iðnrh., Sighvat Björgvinsson. Við fórum mjög rækilega yfir þetta mál og ég átti viðræður við Karl Ómar Jónsson um þessa hluti. Og hvaða kerfi er það sem hann er að lýsa þarna í þessu skjali? Það er kerfið samkvæmt reglugerðinni sem hv. þm. telur sig vera að breyta. Það er nefnilega það sem Karl Ómar Jónsson er að gera í greinargerðinni. Hann er ekki að lýsa því kerfi sem hv. þm. telur sig vera að tala hérna fyrir heldur var Karl Ómar Jónsson fenginn til að vinna í þessu verki og hann skrifaði um það greinargerð sem hann átti að skila í febrúar 1995 og ég man ekki hvort það gerðist þá eða eitthvað seinna. Það er því miður ekki hægt að bera greinargerð hans fyrir sig í þessum efnum. Ég hafði miklar áhyggjur af því hvort hæstv. þv. iðnrh. Sighvatur Björgvinsson mundi skila þessu máli með nægilega traustum hætti. Ég hafði miklar áhyggjur af því. Og ég get ekki sagt að ég hafi orðið sérstaklega glaður þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð. En þegar hæstv. núverandi iðnrh. varð iðnrh. þá mundi ég allt í einu eftir þessum rafmagnsöryggismálum og það gladdi mig að vita mann með hans hug kominn í ráðuneytið. En því miður varð ég fyrir vonbrigðum eins og fleiri.

[04:28]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þetta mál var eitt af fyrstu málunum sem var lagt fyrir þingið í haust og hefur verið lengi til umfjöllunar í iðnn. Ég vil þakka nefndinni fyrir það starf sem hún hefur unnið. Það hafa verið gerðar breytingar á málinu og ekkert það mál er það fullkomið þegar það kemur hingað inn að ekki megi gera betur. Ég ætla ekki að rekja aðdraganda málsins. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur gert það og ég er lýsingu hans á aðdraganda að öllu leyti sammála. Í þeirri lýsingu kemur að því þegar ég tek við sem iðnrh. Það er rétt að þá voru þessi mál í algjörlega óviðunandi ástandi. Ég taldi vera eðlilegt að fá úr því skorið og gekk til þess verks með opnum huga. Ég var óviss um hvaða leið ætti að fara í þessum efnum eftir að hafa setið iðnn. og fylgst á sínum með vinnubrögðunum sem þar áttu sér stað og þeirri óánægju sem var um framkvæmd eftirlitsins.

Ég átti ágætis samráð við núverandi starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins. Á mörgum ágætum fundum sem ég átti með þeim við upphaf þessa máls var það niðurstaðan að það væri eðlilegt að skipuð yrði nefnd til að fara ofan í þessi mál. Það var talið eðlilegt að í henni sætu hagsmunaaðilar. Hagsmunaaðilarnir voru: Forstjóri Rafmagnseftirlitsins, Bergur Jónsson, fulltrúi Sambands íslenskra rafverktaka, sem var valinn af öllum rafverktökum í landinu og hafði stuðning þeirra allra til að taka þátt í þessu nefndarstarfi, Félag ráðgjafarverkfræðinga og Samband íslenskra rafveitna. Þegar nefndin skilaði sínum tillögum voru allir nefndarmenn sammála um meginefni þessa frv., nema einn, forstjóri Rafmagnseftirlits ríkisins, Bergur Jónsson. Það sem menn hins vegar greindi á um var hvernig ætti að haga gjaldtökunni. Meiri hluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar að gjaldtakan ætti að leggjast á eftir því hvar kostnaðurinn yrði til. Eða með öðrum orðum átti ekki að vera jafn kostnaður við rafmagnseftirlit í landinu öllu. Það var síðan mín ákvörðun að kostnaðurinn skyldi verða jafn, honum skyldi dreift á alla landsmenn og þannig kom frv. hér inn.

Um upphaf málsins var haft samráð. Það var mitt mat að það væri útilokað annað en leggja frv. fram með þessum hætti og tryggja framkvæmdina á því eftirliti sem verið hafði við lýði. Þegar ég segi að tryggja framkvæmdina er það vegna þess að það var framkvæmdin sem er óviðunandi. Ef menn lesa mótmæli rafverktaka víða um land, á Austurlandi, Vesturlandi, Norðurlandi eða hvar sem er, þá snúast þau ekki um skipulag kerfisins heldur segja menn: Það er ekki hægt að búa við þetta ástand í rafmagnseftirlitsmálum eins og það er núna. Af hverjum er þetta ástand metið svona slæmt? Jú, það er eftirlit Rafmagnseftirlits ríkisins núna þar sem tilkynningarnar frá rafverktökunum eiga berast inn til Rafmagnseftirlitsins, ég tók dæmi við 1. umr., ég man ekki nákvæmlega hve mörgum, en frá milli 20–30 rafverktökum á Austurlandi, hafði aðeins verið tilkynning um eina eða tvær veitur inn í hús. Á þennan hnút varð að höggva og það var þess vegna mitt mat að það væri nauðsynlegt að leggja frv. svona fram.

Í áliti minni hlutans er ágætis samantekt og hv. þm. Svavar Gestsson fór yfir það um hvað meginágreiningurinn snýst. Það er samantekt úr þeim álitum sem bæði ráðuneytinu og iðnn. hafa borist og mig langar að fá að svara þeim atriðum sem þar koma fram. Ég vonast til að það geti orðið til að greiða frekar fyrir umræðunni á eftir þannig að það sé ekki misskilningur um einstök atriði í þeim efnum. En fyrst aðeins varðandi kostnaðinn.

Því er haldið fram að kostnaðurinn muni tvöfaldast. Það er rangt, því miður. (**Gripið fram í:** Fjórfaldast.) Hann mun heldur ekki fjórfaldast. Hann mun verða talsvert miklu minni. Vegna þess að það var mat Sambands íslenskra rafveitna að heildarkostnaður við rafmagnseftirlit í landinu væri 200–240 millj. kr. við núverandi kerfi. Því hefur hins vegar verið haldið fram að það sé ekki nema 66 millj. kr. og það er rangt. (**ÖJ:** Fólk er að borga meira núna.) Hv. þm., ef menn líta á 14. gr. frv. og vilja kynna sér hana þá kostar gjaldtökukaflinn í 1. tölul. 14. gr., 14 millj. kr., 2. tölul. kostar 22,3 millj. kr., 3. tölul. 1,8 millj. kr., 4. tölul. 58,3 millj. og 5. tölul. 15 millj. eða samtals um 112 millj. kr. Með öðrum orðum er heildarkostnaður við rafmagnseftirlit í landinu minni eftir þessa breytingu nái hún fram að ganga. Það er verið að gera breytingar á núverandi kerfi með því frv. sem hér liggur fyrir. Það er verið að skýra verkaskiptinguna sem er óskýr í dag. Það er rétt að það er verið að festa í sessi meginhugmyndina í reglugerð frá 1993 en með þessu er verið að gera hlutina enn þá skýrari.

Ég vonast til að ég hafi skýrt um leið 1. lið þeirrar gagnrýni sem fram kemur í áliti minni hlutans.

Í öðru lagi óttast þingmaðurinn að kostnaður við skoðun húsveitna geti aukist verulega. Ég held að ég hafi svarað því líka að nokkru leyti. Varðandi að þetta verði dýrara á landsbyggðinni þá var sérstaklega á því gripið í þessu frv. Hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur skýrt það þannig að ég held að það þurfi ekki frekari skýringa við. Ég tel að ýmsu af þeirri gagnrýni sem kemur fram í áliti minni hlutans á einstaka þætti og hvað megi betur fara sé svarað í áliti meiri hlutans. Um leið tel ég að með því sem ég hef nú sagt varðandi kostnaðinn sé gagnrýninni að langstærstum hluta svarað.

[04:38]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég er nú búinn að vera á þessum vinnustað í tæpa 23 klukkutíma samfellt og ég stend ekki hér, herra forseti, bara að gamni mínu. Það mál sem hér er á ferðinni er mér mikið alvörumál. Ég hef látið það í ljós og sem varaformaður iðnn. hafði ég afskipti af málinu. Herra forseti, mér blöskraði hreinlega hvernig ástandið var. Þótt verið sé að

kenna það við mína flokksbræður þá breytir það ekki minni sannfæringu um málið.

Ég hefði viljað byrja, herra forseti, á tilvitnun í jólahugleiðingu séra Magnúsar Erlendssonar, safnaðarprests á Ísafirði.

Herra forseti, hvað er best í heimi hér? Ef einhver væri beðinn um að nefna það sem er dásamlegast í lífinu hvað kæmi þá upp í hugann? Ástin, fegurðin, vináttan? Er nokkuð yndislegra en að liggja í ástarfaðmlögum á kvöldin og vakna endurnærður að morgni með þá hugsun að öll veröldin bíði eftir manni? Er nokkur minning hugljúfari en sú þegar maður situr í eldhúsinu hjá ömmu og afa og hlustar á þau segja frá sínum fyrstu jólum, segja frá álfum, segja frá tröllum og undarlegum atburðum svo eitt andartak trúir maður því að heimurinn sé eins og ævintýrin segja að hann sé? Hvað er best í heiminum? Ef til vill kýs einhver að nefna til einhverjar holdsins lystisemdir eða andans nautnir svo sem gómsætan mat eða ljúffeng vín. Eða þá að benda á það sem mannsandinn hefur hugsað og skapað hvað stórfenglegast, magnþrungnar sinfóníur eða unaðslega ástarsöngva, hrein og tær ljóð, skáldsögur eða listaverk sem fanga hugann

Er ekki ástæða til herra forseti, að gefa þá jólagjöf eftir þessa hugleiðingu að veita nú mönnum lausn frá störfum þegar svona er komið, þegar maður hugleiðir þau fallegu orð sem hér er vitnað til?

Ég heyri engin svör við því, herra forseti, svoleiðis að ég hef upp mitt mál. Ég má til með að fara yfir það að allt frá því að rafmagnseftirlit var tekið upp á Íslandi fyrir meira en 60 árum, eða í kringum árið 1934, þá beindist starfsemin að því að koma á og viðhalda sem mestu öryggi fólks og húseigna gegn hættulegum slysum og tjóni af völdum rafmagns. Auk þess að miðast við að þjónustan væri sem best bæði af hálfu eftirlitsmanna rafveitnanna og starfsmanna Rafmagnseftirlits ríkisins, sem er skammstafað RER.

Í september 1991 var ákveðið að gera úttekt á fyrirkomulagi rafmagnseftirlits í landinu, hlutverki og rekstri Rafmagnseftirlits ríkisins og að móta tillögur um framtíðarskipulag þess. Það var falið Hagsýslu ríkisins. Það var vitað að meiri hluti stjórnenda rafveitna landsins vildi losa rafveiturnar undan því hlutverki að annast rafmagnsöryggiseftirlit með húseignum eða öðrum raforkuvirkjum. Það hafði komið fram hjá þeim þannig að engu var líkara en þeir teldu að rafveiturnar væru þeirra einkaeignir sem ekki ættu að sinna öryggi og hagsmunum sinna eigenda, þ.e. almennings, nema aðeins að því leyti sem viðkemur sölu og dreifingu raforkunnar. Er Landsvirkjun þar með talin. Eins og ég kom að áðan var Hagsýslunni falið að móta stefnuna. Það kom út skýrsla vorið 1992 og var stefnuinnihald hennar í samræmi við einkavæðingarhugsjón ráðuneytisins. Skyldi sú stefna framkvæmd hvað sem það hefði í för með sér þrátt fyrir ýmis mótmæli og mótbárur margra aðila til að koma í veg fyrir það sem ég vil kalla slys. Því það besta hefði verið að reyna að lagfæra á Rafmagnseftirliti ríkisins eins og það var. Það var unnt en það vildu menn ekki hlusta á. Ég held að þetta hafi haft í för með sér það sem við erum að kljást við, ég ásamt formanni iðnn. og hæstv. iðnrh. Það er verið að kljást við þau vandamál sem hafa orðið til í þessu máli. Því það mátti heita að í kjölfar þessara aðgerða væri um að ræða nánast eyðileggingu rafmagnseftirlits í landinu auk þess sem raffangaprófun RER var lögð niður og starfsemi hennar hætt. Haustið 1993 kom aftur út reglugerð um breytingu rafmagnseftirlitsins sem síðan varð aftur að breyta vegna ófullnægjandi lagaheimildar. Um áramótin 1993/1994 kom síðan út sú reglugerð sem enn er í gildi. Mönnum varð strax í upphafi ljóst hvað þessi nýja reglugerðarbreyting hafði í för með sér. Herra forseti, það var skipuð nefnd, sem hér var nefnd áðan, til að vinna að þessum málum. Ég má til með, herra forseti, að fara örlítið yfir þau mál.

Formaður nefndarinnar var skipaður Sveinn Þorgrímsson, deildarstjóri í iðnrn. Hann var í forsvari fyrir ráðuneytið við að koma á nýbreytni í samræmi við tillögur Hagsýslunnar sem fyrr voru nefndar.

Ritari var Ásgeir Einarsson lögfræðingur, starfsmaður iðnrn. Eins og ég hef upplýsingar um málið, þá talaði hann í nefndinni fyrir aðskilnaði stjórnvalds og framkvæmdarvalds sem gerði RER nánast óvirkt og ófært um að framkvæma öryggisþjónustu við almenning eins og áður var með því markmiði að þjóna almenningi sem best og viðhalda sem mestu öryggi á einfaldan og hagkvæman hátt. Ég dreg í efa að þau markmið náist með einkarekstrarfyrirkomulaginu sem í raun er í gildi núna.

Gísli Þór Gíslason, er fjórði maður, framkvæmdarstjóri Landssambands ísl. rafverktaka. Hann var talsmaður breytinganna og, eins og ég hef upplýsingarnar, þá virtist hann gæta hagsmuna skoðunarstofa í störfum nefndarinnar. Það verður bara að vera svo þó það virðist að einhverju leyti geta verið gegn hagsmunum rafverktaka.

Gunnar Ingi Gunnarsson, fulltrúi ráðgjafarverkfræðinga, er fimmti aðilinn. Hann er einn af aðaleigendum skoðunarstofunnar Skoðunar hf. Hann er einn af aðaltalsmönnum breytinganna og þess að faggiltar skoðunarstofur fái skuldbundinn einkarétt til rafmagnseftirlits. Hvað þýðir þetta? Getur ekki verið að þetta þýði fákeppni, herra forseti?

Sjötti aðilinn, Ófeigur Sigurðsson, einn af eigendum skoðunarstofunnar Rafskoðunar hf., og að sjálfsögðu talsmaður breytinganna og skoðunarstofanna af eðlilegum ástæðum sem eigandi slíkrar stofu.

Steinar Friðgeirsson frá Sambandi ísl. rafveitna, nú Samorku. Hann var í nefndinni sem fulltrúi hinna mismunandi sjónarmiða stjórnenda rafveitnanna. Eins og ég hef áður nefnt var það yfirlýst stefna sennilega meiri hluta stjórnenda rafveitna að rafveiturnar skyldu losaðar undan rafmagnseftirlitinu.

Áttundi fulltrúinn í þessari nefnd er Þorleifur Finnsson frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann er eftir minni eigin reynslu og af samskiptum og samræðum við hann einn helsti talsmaður breytinganna og mun hafa verið í nefndinni með tilliti til þess.

Níundi aðilinn var Eiríkur Þorbjörnsson, fráfarandi framkvæmdarstjóri SÍR, einn af aðaltalsmönnum breytinga og skoðunarstofa eins og Þorleifur. Hann sat marga fundi í stað Steinars Friðgeirssonar. Hann var varamaður réttara sagt og hafði mikil áhrif í samræmi við það.

Ásgrímur Jónsson er einn af aðaleigendum Skoðunarstofunnar hf. og af eðlilegum ástæðum talsmaður einkarekinna skoðunarstofa sem eigandi slíkrar stofu.

Ellefti aðilinn, varamaður, Árni Guðmundsson frá RER sem sat varamaður í nefndinni fyrir Berg Jónsson.

Herra forseti. Að hverju leiðir þessi upptalning? Hún leiðir að ákveðinni hugsun. Það er best að fara yfir það. Eins og sést af framantöldum lista, eru nefndarmennirnir, fyrsti, annar, fjórði, áttundi og varamaðurinn níundi, fimm aðilar, vægast sagt ekki hlutlausir varðandi þessar breytingar og varðandi einkarekstrinn og menn sem ég nefndi áðan,

sá fimmti, sjötti og tíundi, eru eigendur að skoðunarstofu. Vekur það ekki upp spurningu um hvort sjónarmið almennings hafi verið sett fyrir borð? Getur það ekki verið eftir þessa upptalningu að menn átti sig á því af hverju sá sem hér stendur er fullur efasemda? Getur ekki verið að menn átti sig á því að fyrstu reikningar sem bárust frá þessum skoðunarstofum voru óhuggulega háir? Ég veit ekkert hvað er að gerast núna. Ég er ekki í iðnn. og menn snúa sér ekki almennt til mín út af þessum málum. Samt hef ég haft spurnir af þeim.

Ég held að það sé enginn sem má telja raunverulegan talsmann neytenda í nefndinni. Ég dreg það í efa, herra forseti. Mér sýnist eftir þessu að meiri hluti nefndarinnar hafi í störfum sínum verið með ráðna, fastmótaða niðurstöðu jafnvel áður en hún hóf störf. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég er að leiða hugann að þessu máli svona. Ég má til með að upplýsa það af hverju ég stend hér eftir 23 tíma vöku og tala eins og ég geri. Það er ekki mér til yndisauka og ánægju, það get ég sagt, vitandi það að ég þarf að vera mættur hér kl. 10 aftur til þess að vinna að þeim málum sem ég hef fyrst og fremst verið að vinna að undanfarið, þ.e. fjárlagafrv. sem er nú á lokastigi.

Þessi meiri hluti var allan starfstímann, eftir því sem mér sýnist, að vinna að því að í væntanlegum lögum sem yrðu sett í framhaldi af störfum hennar yrði einokunarréttur faggiltra einkarekinna skoðunarstofa lögbundinn. Herra forseti. Hvað erum við að gera núna? Hvað erum við að gera með þessu frv. til laga? Erum við ekki að lögbinda einkarétt skoðunarstofa á þessum málum? Ég spyr. Hvað erum við að gera annað en að lögbinda einkarétt skoðunarstofa á þessum málum?

Já, með öðrum orðum er að mínu mati verið að lögbinda fákeppni. Það er verið að lögbinda að öllum, sem þurfa á rafmagnseftirliti að halda, verði gert skylt að skipta við skoðunarstofur hvort sem það er hagkvæmt eða ekki. Ég tel að víðsýni hafi verið hafnað í þessu máli. Ég tel að það hafi ekki verið hlustað eða tekið tillit til allra hugmynda þeirra sem töldu að rafmagnsöryggismálum væri betur fyrir komið á annan hátt. Nefndin hefur reyndar lokið störfum núna og við höfum verið að vinna með þetta og ég efast ekki um vinnubrögð, að menn hafi lagt sig fram við að lagfæra það sem út af hefur staðið. En ég tel að þessi fyrirframgefna niðurstaða liggi reyndar fyrir núna, að sú niðurstaða sem menn gáfu sér áður en þeir hófu verkið liggi fyrir.

Kröfu um faggildingu er haldið í frumvarpsdrögunum jafnvel þó að hennar sé sennilega hvergi krafist í nálægum löndum fyrir neitt annað en framleiðslueftirlit vöru, m.a. rafbúnaðar og raftækja. Eftir því sem ég skil það munu aðrar þjóðir ekki telja eðlilegt að krefjast sérstakrar faggildingar fyrir eftirlit með raforkuvirkjum, þ.e. húseignum og rafveitukerfum. Það getur vel verið að það sé rangt hjá mér, en ég þekki ekki til annarra þjóða sem hafa einkavætt rafmagnseftirlit eins og verið er að gera hér. Það væri gott ef hæstv. iðnrh. gæti svarað mér til um það. Er ég að fara með rangt mál? Það væri líka gott, ef það kemur í ljós, að fá að vita hvar það væri.

Ég hef þær upplýsingar frá Norðmönnum að þeir telja útilokað að einkavæða öryggiseftirlit og þá á ég við öryggiseftirlit með raforkuvirkjum og tilheyrandi þjónustu. Það er alveg ljóst að hæstv. iðnrh. hefur verið margbent á hvernig þessum störfum hefur verið háttað. Það veit hæstv. iðnrh. vegna vinnu sinnar í hv. iðnn. Það hlýtur hæstv. iðnrh. að þekkja. Ég tel að ekki hafi verið hlustað á gagnrýni í störfum þessarar nefndar eða óskir sem ekki hæfðu hinni fyrirframgefnu niðurstöðu. Eftir því sem ég best veit hafði hæstv. ráðherra sagt að ef niðurstaða nefndarinnar yrði svona einhliða, þ.e. að önnur rekstrarform hefðu ekki verið skoðuð, þá mundi hann einnig láta skoða þau á sama hátt. Það getur verið að ég hafi rangar upplýsingar en ég hygg að þetta sé rétt. Markmið hans væri að endanleg niðurstaða yrði það rekstrarform sem tryggði þjóðinni sem besta þjónustu rafmagnseftirlits á sem einfaldastan og ódýrastan hátt. Það heyrði ég hæstv. iðnrh. segja áðan að hann ætlaði. En lái mér hver sem vill að ég dreg í efa að það sem við erum með í höndunum núna sem frv. til laga og á að afgreiða einhvern tíma fyrir jól svari þessum væntingum.

Þessi niðurstaða nefndarinnar, þ.e. einkarekstrarformið, er að mínu mati sú leið sem er fjærst markmiði hæstv. ráðherra. Hún er flóknust og virðist skila almenningi minnstri þjónustu og, eins og hér var komið inn á áðan, úrtaksskoðunum, sem átti að vera langódýrast eftir því sem mér skildist, átti að lækka kostnaðinn. Ég kem að því, herra forseti, seinna þegar ég spyr um það á hvern hátt slíkt skuli framkvæmt. Það verður fróðlegt að fá þau svör.

Ég held að það sé hárrétt hjá mér að eftir setningu þeirrar reglugerðar sem er núna í gildi, varð Rafmagnseftirlit ríkisins nánast óvirk skrifstofustofnun sem aðeins mátti sinna pappírseftirliti en ekki raunverulegu rafmagnsöryggiseftirliti eins og hafði verið gert frá upphafi. Rafmagnseftirliti ríkisins hefur verið ætlað að skaffa hinum einkareknu skoðunarstofum verkefni með úrtakseftirliti á háspennu- og lágspennusviði og jafnframt greiðslu fyrir þau verkefni jafnvel þótt kostnaður sé sannanlega margfaldur á við það sem væri ef RER eða rafveitur hefðu eigin starfsmenn til eftirlits eins og áður var.

Herra forseti. Þetta segi ég vegna þess að fyrir tæpum tveimur árum hafði ég undir höndum og ég hef enn reikninga sem sýndu ótvírætt fram á margfaldan kostnað á við það sem áður hafði verið greitt fyrir þessa vinnu.

Það eru auðvitað ýmsar leiðir tiltækar til rekstrareftirlits með raforkuvirkjum og vil ég benda á nokkrar. Í fyrsta lagi að það hefði verið eðlilegast að taka Rafmagnseftirlit ríkisins eins og það var og breyta því og laga það. Það hefði mátt skoða þá leið að rafveitur annist úttekt nýrra virkja og að Rafmagnseftirlitið hefði séð um allar gamlar skoðanir. Það er eitt atriði sem veldur mér áhyggjum. Hvað telur hæstv. iðnrh. að það séu margar gamalveitur óskoðaðar í Reykjavík, á höfuðborgarsvæðinu einu? Hvað telur hv. formaður iðnn. að það muni kosta að fara með einkaskoðunarstofurnar í allar þessar veitur? Ég spyr, herra forseti. RER hafði áður eftirlit með rafmagnseftirliti og framkvæmdi það eftir því sem margir telja — margir af þeim sem ég hef rætt við eru eftirlitsmenn sem hafa verið á stöðvunum og hef að sjálfsögðu samband við eftirlitsmenn sem eru á stöðvunum á Vesturlandi — að það hafi verið ódýrustu og bestu lausnirnar og að það hafi verið einfaldur og góður kostur eins og það var. En að sjálfsögðu mátti bæta reksturinn. Það er eðlilegt að taka stofnun sem er orðin 60 ára gömul og endurskoða starfsemina. Það viðurkenni ég.

Það er spurning hvort rafveitur ættu ekki að annast úttektir og skoðunarstofur kannski og einstaklingar sem hafa starfsleyfi mundu annast gamalskoðun. Það mætti velta því fyrir sér hvernig ætti að gera þetta. Auk framantaldra leiða til reksturs rafmagnseftirlits má auðvitað hugsa sér margs konar sambland af þeim, þar á meðal þátttöku tryggingafélaga og fleira eins og oft hefur verið talað um á undanförnum

árum. Það er eiginlega furðulegt að tryggingafélögin sem eiga mikilla hagsmuna að gæta skuli ekki blandast alvarlega inn í þessa umræðu. Ég þekki ekki dæmi þess. Hvar hafa tryggingafræðingar komið að þessum málum? Hvar hafa tryggingafélögin komið að þessum málum? Er ekki eðlilegt að velta upp þessum spurningum?

Ég tel að ástandið eins og það er núna og búið að vera á undanförnum árum síðan var farið að hræra í þessu, sé óviðunandi. Og það er kannski ekki til þess að hæla því hvernig þetta mál hefur velkst áfram í kerfinu allt frá árinu 1990. Það er komið 1996 og það hefur ekki í raun verið framkvæmt eftirlit í langan tíma hér á landi og það er slæmur hlutur, það er mjög slæmt. Það hefur komið fram að áhugi stjórnenda Landsvirkjunar og margra rafveitna hefur beinst að því að losna við afskipti af rafmagnseftirliti, bæði verklega og fjárhagslega. En mér hefði fundist eðlilegt að þessum aðilum sem ég nefndi áðan, Landsvirkjun og stærri fyrirtækjum, væri gert að hafa leyfi til að annast innra eftirlit. Ef það er í því frv. sem við erum nú að fjalla um — en ég hef ekki komið auga á það — mundi það leiða til mjög mikillar skilvirkni. Ef stærri fyrirtækin okkar, ef Ísal, ef Járnblendifélagið og stærri fyrirtækin hefðu leyfi til að annast innra eftirlit og hefðu traust til þess, þá væri verið að spara. En ég er ekki viss um að skoðunarstofurnar vildu það. Það dreg ég í efa. Það færi nú aldeilis spónn úr aski þeirra þá.

Ég ítreka enn: Hvað telja menn, hvað telur hæstv. iðnrh., herra forseti, að margar gamalveitur á Reykjavíkursvæðinu, á Hafnarfjarðarsvæðinu séu óskoðaðar? Ég álít að ástandið alvarlegt sé. Þess vegna stend ég hér eftir 23 tíma vöku og hef áhyggjur af hlutunum, miklar áhyggjur. Ég væri ekki hér annars. Það byggist allt framhald eftirlits á því að núverandi hæstv. iðnrh. standi við þá skoðun sem hann lét koma fram þegar hann var í hv. iðnn. Þá ræddum við málin og komumst báðir að sömu niðurstöðu um að ástandið væri mjög alvarlegt. Herra forseti. Það hefur nánast ekkert breyst síðan. En það er kannski rétt að vona að breyting verði á með þessum lögum, ég ætla ekki að fortaka það. En ég hef miklar áhyggjur af því hvernig þetta verður, miklar áhyggjur af því og ég er hræddur við kostnaðinn sem á að færa út á almenning.

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. gaf fyrirheit um að láta kanna allar rekstrarleiðir rafmagnseftirlits og ef niðurstaða yrði sú sem ég tel að raunin verði á og að eftir þá könnun yrði það rekstrarform valið sem bestri þjónustu skilaði, væri skilvirkast, einfaldast og ódýrast. Ég minni á þetta einu sinni enn.

Hugmyndir í frumvarpsdrögunum um sameiningu Rafmagnseftirlits og Löggildingarstofunnar í hagræðingarskyni leysa ekki vanda rafmagnseftirlits í landinu eða Rafmagnseftirlits ríkisins. Það mun aðeins ef af yrði gera kerfið að mínu mati flóknara, auka heildarkostnað almennings og minnka þjónustu.

Herra forseti. Þegar raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins var lögð niður, var markaðseftirliti þess komið fyrir hjá Bifreiðaskoðun ríkisins. Það átti aðeins að vera bráðabirgðaráðstöfun samkvæmt umsögn þáverandi ráðuneytisstjóra. Settur var einn starfsmaður hjá Bifreiðaskoðun ríkisins. Hann var kostaður og honum var stjórnað af deildarstjóra hjá Rafmagnseftirliti ríkisins. Eftir fyrsta árið varð rafmagnseftirlitsstjóri oft að semja árlega við Bifreiðaskoðun ríkisins þó að kostnaður við að hafa markaðseftirlitsmanninn þar, í stað þess að hafa hann hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, væri þrefaldur. Það var þrefaldur kostnaður af því að hafa þennan mann hjá Bifreiðaskoðun ríkisins heldur en ef hann hefði verið kyrr hjá RER. Hvað segir þetta? Þetta liggur fyrir. Þetta er staðreynd.

Herra forseti. Ég má til þó að hv. síðasti ræðumaður færi ekki yfir þau bréf sem hann vitnaði til, að fá að vitna í bréf, með leyfi forseta, þar sem er um að ræða áskorun frá rafverktökum á Austurlandi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir rafverktakar í Austurlandsfjórðungi mótmælum hér harðlega þeirri nýskipan rafmagnseftirlits og rafmagnsöryggismála sem í gildi hafa verið síðan árið 1993. Jafnframt því leggjum við áherslu á að starfrækt sé virkt og öflugt rafmagnseftirlit sem miðast við þarfir og öryggi fólksins og atvinnuveganna í landinu. Sú breyting sem gerð var á þessum öryggisþáttum fyrir þremur árum að því er virðist með einkahagsmuni skoðunarstofa að markmiði" — Þetta er álit, herra forseti, þetta er álit og áskorun frá rafverktökum á Austurlandi. Þetta verður að koma fram — „ætlar ekki að heppnast af því að reynslan sýnir að það hefur þegar valdið skaða. Sú reglugerð sem tók gildi 1993 og gildir enn var samin af nefnd hagsmunaaðila, m.a. eigendum einkarekinna skoðunarstofa. Nefnd þessi sniðgekk öll sjónarmið er vörðuðu hagsmuni almennings og neytenda."

Herra forseti. Ég er að lesa þetta í fyrsta skipti. Þetta er nákvæmlega sama niðurstaða og ég var að fara hér yfir, rétt áðan.

„Sem dæmi nefnum við þann trúnað sem ríkti á milli rafverktaka og eftirlitsmanna sem nú er ekki lengur fyrir hendi þar sem fyrri eftirlitsmenn eru nú þegar að mestu hættir sínum reglubundnu störfum. Komin er upp alls konar sjálfbjarga viðleitni manna til að leggja sínar eigin raflagnir og er svo að sjá að alls konar fúsk geti nú viðgengist í rafiðnaði notendum til stórhættu. Fjölda annarra dæma mætti nefna, en verður ekki gert að sinni."

Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. formanni iðnn. sé skemmt. (**StG:** Mér er ekki skemmt.) Ég fullyrði, herra forseti, að þeir aðilar sem rita svona bréf geri það í fyllstu alvöru. Það er ekki sent til skemmtunar, hvorki mér né öðrum.

„Ýmsir sáu fyrir og vöruðu við þeim breytingum og röskunum sem umræddum aðgerðum mundu fylgja. Það virðist ekki hafa hrinið á stjórnvöldum. Er ekki mál að linni og litið verði til þeirra staðreynda sem reynslan hefur þegar leitt í ljós? Það verður að byggja á samfélagslegri þjónustu hins opinbera sem er í höndum ríkis, rafveitna eða sveitarfélaga. Þessi öryggisstörf eiga að vera þannig skipulögð og unnin að þau miðist við hagsmuni almennings auk þess að grundvallast á samvinnu og trúnaði áðurnefndra starfsaðila við neytendur. Eftirlitsstörfin þurfa að vera einföld í framkvæmd, fljótvirk og umfram allt laus við yfirþyrmandi skriffinnsku og óþarfa milliliði. En mikið er í húfi að ekkert bregðist."

Hvað er verið að tína upp hér? Óþarfa milliliði, yfirþyrmandi skriffinnsku. Er það, herra forseti, það sem er að koma yfir okkur með þessum nýju lögum? Spyr sá sem ekki veit. Að lokum þetta:

„Að okkar dómi leysir samruni RER og Löggildingarstofu ekki vanda rafmagnseftirlitsmála í landinu. Trúlega mundi þessi sameining verða til þess að festa enn frekar í sessi rándýrt, illa virkt kerfi öllum til tjóns."

Undir þetta rita fjöldamargir rafverktakar á Austurlandi. Getur það verið, herra forseti, að það sé verið að senda svona bréf víðs vegar að af landinu af gamansemi? Ég fullyrði að

hjá öllum þeim sem hafa sent slíkt bréf, svo sem rafverktökum á Norðurlandi, rafverktökum í Búðardal og svo sem í því bréfi sem hér er síðast í mínum pakka frá rafverktökum á Vesturlandi til hæstv. iðnrh., komi fram mjög alvarleg og þung ásökun og ég tel að vart sé hægt að fjalla um þessi mál nema þá að skoða þau vel. Ég er ekki að draga í efa að hv. formaður iðnn. hafi lesið bréfin. Ég dreg það ekki í efa. Ég hygg að hv. formaður iðnn. hafi frekar haft gaman af háttalagi þess sem hér stendur en því efni sem var verið að fjalla um. Ég treysti því að svo hafi verið.

Hér er að lokum bréf frá Samtökum sveitarfélaga í Norðurl. v. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Norðurl. v. þann 9. desember var til umræðu frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og frv. til laga um Löggildingarstofu, mál nr. 74, bæði lögð fram á 121. löggjafarþingi 1996.“ Þetta er örstutt bréf.

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga í Norðurl. v. lýsir efasemdum sínum um að verði framangreint frv. að lögum, leiði það til bættrar þjónustu eða lækkunar á kostnaði. Stjórnin leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Tryggja þarf öryggi neytenda með virku rafmagnseftirliti, ekki úrtaksskoðunum.

2. Tryggja þarf að gjaldtaka vegna rafmagnseftirlits verði hin sama hvar sem er á landinu.

3. Tryggja þarf samræmi í eftirliti skoðunarstofa ef af þeim verður.

4. Tryggja þarf að fyrirhugaðar breytingar leiði ekki til aukins kostnaðar.“

Varað er við útþenslu eftirlitsiðnaðarins og bent í því sambandi á þá þróun sem orðið hefur á eftirliti sem tengt er sjávarútvegi, af því að hann var nefndur hér í ræðu hv. formanns iðnn., með stórauknum kostnaði. Hér er að gefa álit sitt Samband sveitarfélaga í Norðurl. v. Ég hef ekki ástæðu til að ætla að þetta álit sé pantað.

Sömuleiðis er hér bréf frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Það er ástæðulaust að lesa upp það bréf. Það inniheldur mjög líka ályktun og fyrr var borin upp hér.

Að lokum er ég, herra forseti, með bréf og tilvitnun í Kára Einarsson rafmagnsverkfræðing, undir heitinu Embættismannavæðing þjóðkjörinna fulltrúa. Herra forseti, ég efast um að ég þurfi að segja meira en þetta: Embættismannavæðing. Þetta gefur tilefni til þess að hafa áhyggjur. Ég hef nógan tíma reyndar úr því að ég er búinn að vera hér þetta lengi til þess að lesa þessi bréf. Ég hef nógan tíma til þess og það væri kannski rétt að fara yfir þau alveg nákvæmlega. Ég sé til með það.

Þetta mál sem verið er að keyra núna í gegnum hið háa Alþingi er búið að malla í kerfinu frá árinu 1990–1992, einhvers staðar á því bili, og mér finnst allt hneigjast til þess að það skuli í gegn, hvort sem það verður með góðu eða illu. Ég segi þetta þó svo að hv. iðnn. hafi hamlað á móti undanfarin ár. Það gerðist í upphafi að það uppgötvaðist að reglugerðin sem átti að vinna eftir stóðst ekki lög. Sú reglugerð sem ég er að tala um var frá upphafi. Rafverktakar, rafveitur og neytendur forðuðust skoðunarstofur sem spruttu upp. Af hverju forðuðust þeir þær? Af því að í ljós kom að kostnaður hækkaði um hundruð prósentna.

Menn hafa vitnað til þess að vegna Evrópusamnings verði að taka upp eftirlitsstofur eins og hæstv. iðnrh. ætlar að koma á. Eftir minni vitund, herra forseti, þá er það svo að í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi er unnið á annan hátt. Ég kom að því áðan varðandi Noreg og fór yfir það mál. Því skyldi þurfa á litla Íslandi að taka upp svona eftirlitskerfi? Af hverju? Vegna hvers? Orkuvirkin í þessum löndum eru með öflugt innra eftirlit, stórfyrirtækin sömuleiðis og það er aðeins í undantekningartilvikum sem þarf að fá einhverja sérstaka úttekt. Reglugerðir sem rafverktakar vinna eftir leggur þeim þær skyldur á herðar að eftirlit fer þannig fram að gerðar eru úttektir á verkum þeirra. Það er rétt. Og ef í ljós kemur að þau verk eru ófullnægjandi þá sæta þeir viðurlögum.

Ég veit ekki hvað menn ætla að fara að gera. Á að vera úrtaksskoðun eða á að skoða allar gamalveitur á höfuðborgarsvæðinu eða á landinu öllu? Hvernig ætla menn að komast á núllpunktinn? Það hlýtur að vera óhuggulegt verk fram undan.

Ég spyr: Verður hvert einasta dreifivirki skoðað? Skýrir það áfergju þeirra sem sett hafa á laggirnar skoðunarstofur? Eftirlitsiðnaður af þessu tagi hlýtur að leggjast ofan á neyslukostnaðinn. Ferðakostnaður, uppihald o.s.frv. hlýtur að koma ofan á heildarkostnaðinn. Ég tel þessa þróun varhugaverða.

Herra forseti. Ég tel að þau vinnubrögð sem eru höfð við að keyra þetta mál í gegn séu ekki í lagi. Ég tel að við ættum að gefa okkur meiri tíma til að fjalla um málið. Það liggur ekki svo á að skilyrðislaust verði að koma málinu í gegn fyrir jól.

Ég fór yfir það áðan, herra forseti, að hér verða menn að leggja nótt við dag ef þeir ætla að fylgja sannfæringu sinni varðandi afgreiðslu þessa máls og annarra sem svo eru gerð, að þau hafa alvarleg áhrif á hag heimilanna. Ég er satt að segja mjög ósáttur við hvernig þetta gengur fram.

Ég hef aldrei, herra forseti, kveinkað mér neitt við vinnu. En sem verkstjórnandi í meira en áratug lýsi ég yfir vonbrigðum. Ég ætla ekki að fordæma, það er stórt orð, en ég lýsi yfir vonbrigðum með að það skuli þurfa að hátta svo til á Alþingi að menn séu vakandi í sólarhring við málefni sem ekki liggur meira á, en það er auðvitað mitt mat.

Mér er kunnugt um að hv. formaður iðnn. hefur lagt mikið af mörkum. Ég viðurkenni það, svo sem sjá má af brtt. á því skjali sem fylgir með í umræðunni. Það er vel en ég vísa að sjálfsögðu til álits minni hluta iðnn. Það ýtir svo sannarlega undir efasemdir. Ég geri mér grein fyrir að hv. iðnn. hefur reynt að klóra í bakkann til að rétta af sárustu gallana á lagafrv. um öryggi raforkuvirkja. En það er örugglega ofsagt að lögin séu viðunandi, enda er hver breytingin gerð á fætur annarri á lögunum, í a.m.k. átta liðum ef ég man rétt. Ég veit að einhverjir nefndarmenn meiri hlutans eru enn þá fullir efasemda um ágæti þessara laga og hengja sig í að gjaldajöfnun bjargi því sem þurfi til að geta hengslast með. Þegar ég tala um gjaldajöfnun þá vitna ég í orð hv. formanns iðnn. þegar hann talaði um að sama gjald yrði á öllu landinu.

Úrtaksvinnuferlið á að bjarga því að ekki verði um of mikinn kostnað að ræða. En þá spyr ég: Hver á að ákvarða úrtakafjöldann? Hver á að borga hin einstöku úrtakaverk? Er það neytandinn í viðkomandi tilviki og þá spyr ég: Sleppa einhverjir húseigendur? Eru það einhverjir sem þurfa ekkert að borga? Eru það svo aðrir sem verða að borga af því að þeir lenda í úrtakinu? Verður skoðað jafnt hjá ríkum og fátækum? Og hver annast jöfnunarkostnaðinn á húsveiturnar? Hvaða fagaðilar eiga að annast yfireftirlitið? Og ég spyr: Hve margir þeirra sem voru skipaðir í nefndina starfa nú við skoðunarstofur eða eiga hlut í þeim? Er unnt, herra forseti, að fá svar við þessum spurningum?

Ég spyr enn í þriðja skipti: Hvernig á að fara með þær tugþúsundir veitna sem eru óskoðaðar í Reykjavík? Hvernig ætlar ráðuneytið að leysa gamalskoðunina sem er í ólagi í landinu? Herra forseti. Ég hlýt að spyrja þessara spurninga. Það liggur alveg í augum uppi að alvarlegt ástand er ríkjandi og kannski þess vegna sé ástæða til að breyta lögunum. En ástandið er mjög alvarlegt og ég veit að hæstv. iðnrh. er mér sammála.

Herra forseti. Ég hef fyrst og fremst áhyggjur af því að kostnaður neytenda muni aukast. En fyrstu útgefnu reikningarnir gáfu svo sannarlega tilefni til að hafa áhyggjur af kotsnaðarhlutdeild almennings. Ég var, herra forseti, á tveggja tíma fundi með ráðuneytismönnum og hluta þessara nefndarmanna sem ég rakti áðan og upplýsti þá og sýndi þeim reikningana og það var svo undarlegt, herra forseti, að þessir aðilar spurðu: Hvar fékkstu þessa reikninga? Hvernig náðirðu í þessa reikninga? Er það eitthvert leyndarmál? Það getur ekki verið. Ég náði í reikningana og ég get náð í þá aftur.

Að lokum þetta: Hvað verður um fyrrverandi starfsmenn RER? Halda þeir rétti sínum til starfa? Halda þeir aðbúnaði sínum? Halda þeir sínum kjörum?

Herra forseti. Ég verð að játa að á mig sígur nokkur þreyta. Ekki þar fyrir að miklu betur þyrfti að fara ofan í þetta mál og ugglaust vantar óhemjumargt í mínar hugleiðingar vegna þess hversu langur tími er orðinn hér í viðveru. En ég stæði ekki hér ef ég hefði ekki þær áhyggjur af málinu sem ég hef verið að reyna að lýsa og hef verið að reyna að fara í gegnum. Ég væri ekki að fara svona nákvæmlega í gegnum málið nema af því að ég óttast að þetta leiði til aukins kostnaðar þrátt fyrir þau orð sem hæstv. iðnrh. viðhafði í ræðu sinni áðan.

[05:27]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vegna þessarar ræðu langar mig aðeins til að drepa á tvær umsagnir sem komu um þetta mál sem ættu að vera marktækar. Annars vegar er það frá Rarik þar sem segir: „Rafmagnsveitur ríkisins eru meðmæltar umræddu lagafrumvarpi í heild sinni og telja að þær breytingar sem þar eru fyrirhugaðar leiði til nútímalegri aðferða og geti lagfært þá hnökra sem verið hafa á rafmagnsöryggismálum undanfarin ár."

Rafmagnsveita Reykjavíkur segir: „Rafmagnsveitan leggur mikla áherslu á að frumvarpið nái fram að ganga þar sem náðst hefur víðtæk samstaða meðal hagsmunaaðila um þær breytingar sem lagt var til að gerðar verði."

Vegna þess að það kom fram í ræðu hv. þm. Gísla Einarssonar, annars ágætri ræðu, að við gengjum ekki í takt við það sem væri að gerast í nágrannalöndum okkar, þá vil ég segja að það fyrirkomulag sem nú er verið að festa í sessi hér á landi, þ.e. úrtaksskoðanir stjórnvalda, kröfur um innra eftirlit hjá rafveitum og rafverktökum ásamt því að færa ábyrgðina á neysluveitunum og raforkuvirkjunum til þeirra sem eiga að vinna við neysluveiturnar og raforkuvirkin, er í samræmi við það sem er að gerast eða búið að gera í nær öllum nágrannalöndum okkar. Og ég vil líka leggja áherslu á það vegna þess sem hér hefur komið fram og vitnað var í ákveðnar umsagnir, ekki síst frá Austfjörðum, þá undirstrikar það einmitt það í frv. sem ég hef viljað halda fram, að virkilega er verið að fjalla um mikla neytendavernd að mínu mati. Með frv. er verið að tryggja betur en áður neytendavernd.

[05:29]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að hefja mín orð með því að segja: Mikil er trú hv. formanns iðnn. Ég fagna því að til eru tvær umsagnir jákvæðar um málið eins og vitnað var til áðan. En ég má til með að upplýsa þá sem til heyra að rafverktakar í Reykjavík eru núna að átta sig á því að það er slæmt ástand. Þó svo formaður rafverktaka hafi komið til viðræðna þá eru þeir rafverktakar sem eru í þessum samtökum fjölmargir ósáttir við það sem þar kom fram. Ég spyr og vil endilega fá svar. Það hlýtur að liggja ljóst fyrir hvernig hlutirnir eiga að vera. Hver á að ákveða úrtakafjöldann? Hver á að borga hinar einstöku úrtökur? Sleppa einhverjir húseigendur? Verður skoðað hjá ríkum? Verður skoðað hjá fátækum alveg jafnt? Hver á að annast jöfnun kostnaðar? Hvernig á að gera það? Og hvaða fagaðilar eiga að annast eftirlitið?

Þetta eru grundvallarspurningar og ég hlýt að reyna að leita eftir svari við þeim.

[05:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson flutti hér stórmerkilega ræðu og kom fram með upplýsingar og vangaveltur sem munu verða mér tilefni upphafsorða. Hann vitnaði einnig í ýmis gögn, umsagnir frá sveitarstjórnarmönnum, samtökum sveitarstjórnarmanna, frá rafverktökum og ýmsum aðilum sem nálægt þessum málum koma. Ég mun hafa svipaðan hátt á að fara yfir þessi plögg og ég var ekki sammála hv. þm. Gísla Einarssyni að það væri ekki ástæða til að fara rækilegar í þau mál en hann gerði. En fyrst vil ég leggja út af þeim orðum hans að hvergi væri farið út í að einkavæða þetta eftirlit hér í grannríkjum okkar í þeim mæli sem hér er lagt til. Reyndar bar hv. formaður iðnn. á móti þessu og sagði að víða í kringum okkur væri verið að þessu. Það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um þetta í umræðum hér á eftir.

En það var annað sem vakti athygli mína í máli hv. þm., Gísla Einarssonar. Það voru hagsmunatengslin. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég harma mjög að þessi umræða skuli fara fram á þessum tíma þegar þjóðin sefur og fjölmiðlarnir vegna þess að hér komu fram ásakanir eða öllu heldur hugleiðingar sem eiga erindi inn í fjölmiðlaumræðu að mínu mati. Ef það er rétt að um þessi mál hafi fyrst og fremst vélað eða fjallað aðilar sem eiga sjálfir hagsmuna að gæta, þá er það mjög alvarlegt. Og það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Svavars Gestssonar í umræðunni fyrr í nótt að Alþingi þarf að gæta sín mjög þegar til umfjöllunar eru mál sem eru flókin og tæknilegs eðlis, að tryggja sig gegn því að þröngvað sé í gegnum Alþingi lagasetningu sem ekki hefur fengið rækilega umfjöllun af hálfu þingsins. Og enda þótt það sé alveg rétt sem fram kom í máli hv. formanns iðnn. að allir þeir sem óskuðu eftir því að koma á fund nefndarinnar og kynna sjónarmið sín kunni að hafa fengið aðgang að henni, þá var það ekki fyrr en á síðustu stigum að hinar gagnrýnu raddir fóru að hljóma. Og það er nokkuð sem ég þekki mætavel vegna þess að ég óskaði sérstaklega eftir því að aðilar sem ekki eru háðir framkvæmdarvaldinu kæmu þar að borði. Og það var þá fyrst sem ýmis þau bréf sem send höfðu verið hæstv. iðnrh. komu til umfjöllunar í hv. iðnn. en áður hafði allur málflutningurinn verið mjög á einn veg. Þar höfðu fyrst og fremst komið aðilar sem voru málinu sammála eða fulltrúar framkvæmdarvaldsins.

Þegar það var hins vegar tryggt að að málinu kæmu einstaklingar, trúnaðarmenn starfsmanna t.d., þá kom annað hljóð í strokkinn. Þá voru reidd fram bréf með mótmælum sem hv. þm. Gísli Einarsson vísaði í hér áðan og ég mun fara mjög rækilega yfir á eftir. Það er einnig á síðustu stigum umfjöllunar í hv. iðnn. að almenningur og almannasamtök fara að kveikja á því hvað er að gerast. Og það er á allra síðustu dögum t.d. að fram koma ályktanir t.d. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga sem ég mun fara yfir hér á eftir þar sem kemur fram mjög hörð gagnrýni á þessar breytingar. Þetta er allt að gerast nú á síðustu stigum þessa máls. Það er núna fyrst sem menn eru að kveikja á því hvað raunverulega er að gerast.

En í sambandi við hugleiðingar um vald sérfræðinganna, þá er vert að vitna í leiðara Morgunblaðsins frá því snemma í haust í byrjun október, við þingsetninguna. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er að sjálfsögðu ekkert neikvætt við það að sérfræðingar annist samningu lagafrumvarpa í auknum mæli, í stað þess að þingmenn semji sjálfir stóran hluta þeirra laga, sem samþykkt eru á Alþingi, eins og tíðkaðist fyrr á öldinni. Viðfangsefni stjórnmála og stjórnsýslu hafa orðið flóknari og þingmenn hafa sjaldnast forsendur til að semja tæknilegan og sérhæfðan lagatexta. En Alþingi verður að geta veitt framkvæmdarvaldinu aðhald, líkt og til er ætlast í stjórnarskránni, og gætt hagsmuna umbjóðenda sinna sem best. "

Ég er alveg sammála þessum ábendingum í leiðara Morgunblaðsins. Það er mjög mikilvægt að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu sterkt aðhald, það er mjög mikilvægt. Það er mjög mikilvægt þegar til umfjöllunar eru mál sem eru tæknileg og flókin að Alþingi gefi sér góðan tíma til að fara í saumana á þeim. Og það sem er kannski öllu mikilvægara er að hleypa ólíkum sjónarmiðum að þeirri umræðu. Ég ítreka það að eftir því sem ég fæ næst komist, þá er það alveg rétt hjá hv. formanni iðnn. að allir þeir sem óskuðu eftir því hafi komið með sín sjónarmið til nefndarinnar. En ég verð jafnframt að benda á að það var ekki fyrr en á síðustu stigum að hinar gagnrýnu raddir fóru að hljóma. Og það er ekki fyrr en á allra síðustu dögum að það fer að koma upp á yfirborðið að undir niðri hefur verið bullandi gagnrýni á þessa lagabreytingu, bullandi gagnrýni.

Hvað erum við að fjalla um hér í þessari umræðu? Við erum að fjalla um frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem reyndar tengist einnig öðru frv., frv. til laga um Löggildingarstofu. Í 1. gr. frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, segir, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra."

Og í athugasemdum við lagafrv. eru markmiðin tíunduð nánar. Með leyfi forseta segir þar m.a.: „Fyrst og fremst er hér um að ræða tvö atriði, annars vegar aðskilnað stjórnsýsluþáttar rafmagnsöryggismála frá framkvæmd eftirlits og hins vegar eflingu gæðastjórnunar og innra eftirlits þeirra sem rafmagnsöryggismál snerta, í þeim tilgangi að auka ábyrgð eigenda og umráðamanna svo að unnt sé að minnka eftirlit hins opinbera. Einnig er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að Rafmagnseftirlit ríkisins og Löggildingarstofan verði sameinaðar í nýja stofnun, Löggildingarstofu, er taki við hlutverkum þeirra og verkefnum."

Markmiðið með öðrum orðum er að minnka eftirlit hins opinbera hvað snertir rafmagnsöryggismál.

Þegar litið er á hitt frv. sem tengist þessu, frv. til laga um Löggildingarstofu, þá kveður þar við svipaðan tón, en í umsögn um það frv. sem borist hefur frá fjmrn., fjárlagaskrifstofu, segir m.a., með leyfi forseta:

„Tilgangurinn er að ná fram aukinni hagræðingu í rekstrinum og gera hann einfaldari og skilvirkari. Einkum má gera ráð fyrir hagræðingu í yfirstjórninni sem kemur fram í fækkun starfsliðs, betri nýtingu skrifstofuhúsnæðis o.s.frv." Hér er verið að tala um Löggildingarstofu.

Sem sagt, allur þessi pakki á að auka öryggi, auka skilvirkni, auka hagræðingu, en með því að draga úr eftirliti hins opinbera. Og það sem mig langar til að fjalla um hér og ég mun gera í samhengi við þær umsagnir sem hafa borist er að skoða þessi markmið. Það er talað um að auka sem sagt, skilvirkni, gera þetta allt betra væntanlega, og ég vil bæta einu markmiðinu við sem er vert að hugleiða sérstaklega. Það er tilkostnaðurinn. Reyndar er hert á þessu öllu saman í áliti frá meiri hluta iðnn. Þar segir m.a.: „Með lögfestingu frv." og þar er vísað til frv. um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga „er stefnt að tveimur meginmarkmiðum, í fyrsta lagi að stjórnsýsla rafmagnsöryggismála verði skilin frá framkvæmd eftirlits og í öðru lagi að eflingu gæðastjórnunar og innri öryggisstjórnunar þeirra sem fást við rafmagnsöryggismál."

Hv. þm. Gísli Einarsson vék eins og ég gat um áðan að hagsmunatengslum þeirra sem hefðu komið að þessari lagasmíð. Mér finnst það mjög alvarlegir hlutir sem þar eru uppi. Ef það er rétt að þeir sem hafa komið að samningu þessara frv. eigi sjálfir fjárhagslegra hagsmuna að gæta, að það séu fulltrúar skoðanastofa sem þar hafi komið að málum. Mér finnst að við þurfum að fá nánari upplýsingar um þetta á eftir frá hv. formanni iðnn. og hæstv. iðnrh. og fara í saumana á þessum málum og ræða þá hluti.

En það er líka annað sem mig langar til að víkja að. Það er ekki bara um hagsmuni að tefla. Það er um hugmyndafræði að tefla. Hér koma menn og benda á lagatexta og segja: Samkvæmt lögunum á þetta að vera ódýrara. Samkvæmt hugmyndafræðinni á þetta að vera ódýrara. En í raunveruleikanum er fólk að borga fleiri krónur. Þá er tilkostnaðurinn meiri. Hér var t.d. greint frá skoðun tveggja veitna á Akureyri — ég held að það hafi verið hv. þm. Svavar Gestsson sem tók það dæmi — sem hefði kostað 50 þús. kr. hvort, minnir mig að hann hafi sagt það, 100 þús. kr. tvær veitur á Akureyri. Skoðun framkvæmd af skoðunarstofum sem hefði kostað af heimamönnum sennilega um 10 þús. kr. Þetta voru upplýsingar sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði að hefðu komið fram í iðnn. Ég sé enga ástæðu til að vefengja þær og fróðlegt væri að heyra álit hv. formanns iðnn. á eftir hvernig hann skýrir þetta. Okkur er sagt að þetta hafi komið fram í upplýsingum í hv. iðnn. Og í nál. frá minni hluta iðnn. segir m.a. um tilkostnaðinn, með leyfi forseta:

„Í umfjöllun nefndarinnar hefur því m.a. verið haldið fram að kostnaður aukist verulega samkvæmt þeim breytingum sem hér er gert ráð fyrir. Í sjálfu sér er því ekki mótmælt af aðilum málsins. Birst hefur dæmi um kostnað miðað við að hver eftirlitsmaður Rafmagnseftirlits ríkisins hafi „kostað" 3 millj. kr. á ári meðan það kerfi var við lýði. Á árunum 1988, 1989 og 1990 mun hafa verið starfandi 41 maður við rafmagnseftirlit á landinu öllu. Fimm starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins störfuðu eingöngu við eftirlit, fimm til sjö

eftirlitsmenn hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja störfuðu að mestu við eftirlit. Eftirlitsmenn annarra rafveitna munu hafa að meðaltali unnið um 30% af sínum vinnutíma við eftirlit sem þýðir eftirfarandi: 14 menn unnu að mestu við rafmagnseftirlit, 27 menn unnu 30% af sínum vinnutíma við rafmagnseftirlit sem þýðir samtals átta menn í fullu starfi. Samanlagt var því hér um að ræða 22 ársverk. Miðað við þessar staðreyndir er niðurstaðan sú að fjöldi skoðaðra veitna á árinu 1988 var 8.166. Kostnaður á hverja veitu reynist hafa verið 8.082 kr. því að heildarkostnaðurinn var 66 millj. kr. Á árinu 1989 voru skoðaðar 10.107 veitur. Kostnaður á veitu reynist vera 7.618 kr. þar sem heildarkostnaðurinn var 66 millj. kr. Árið 1990 var heildarkostnaðurinn 66 millj. kr. Fjöldi skoðaðra veitna var 8.584 og var kostnaður á veitu því 7.688. Árið 1996 var hins vegar tekið upp nýtt kerfi og þá er talið að skoðaðar veitur í úrtaksskoðun hafi verið 228 og kostnaður á veitu 22.877 kr. Heildarkostnaðurinn við úrtaksskoðanir hafi því verið 5.215.934 kr. Ef gert er ráð fyrir að alls hafi 8.500 veitur verið skoðaðar á þessu ári og kostnaðurinn við hverja veitu hafi verið 22.877 kr. þá nemur heildarkostnaðurinn á þessu ári 195 millj. kr. eða um það bil þrisvar sinnum hærri upphæð en í gamla kerfinu. Þessar upplýsingar og þessar tölur komu fram á fundum nefndarinnar. Þar komu einnig fram margþættar aðrar upplýsingar sem verða ekki raktar hér í einstökum atriðum en tæpt á fáeinum atriðum."

Ég ætla ekki að vitna frekar í þetta álit frá minni hluta iðnn. þar sem vikið er að kostnaðinum sérstaklega.

Talsmenn þessara lagabreytinga segja hins vegar: Samkvæmt lögunum á kostnaðurinn að minnka. Getur maður lögbundið svona nokkuð? Að kostnaðurinn eigi að minnka ef veruleikinn sýnir að fólk er að borga meira, að reikningarnir eru hærri? Hvernig kemur þetta heim og saman? Þetta eru atriði sem við þurfum að fá nánari skýringar á.

En ég var að ræða um hugmyndafræði. Ég var búinn að víkja að hagsmununum og óska eftir upplýsingum frá talsmönnum ríkisstjórnarinnar um þær ábendingar sem komu frá hv. þm. Gísla Einarssyni, um hagsmunatengsl við þessa lagasmíð sem er mjög alvarlegur hlutur. Þá er það svo að þar sem einkavæðingin hefur verið mest og sú hugmyndafræði mest í hávegum höfð, þá hafa menn vissulega farið inn á þessa braut líka, í Nýja-Sjálandi t.d., að einkavæða eftirlitsiðnaðinn. Það hafa komið fram hugmyndir hér á landi um að einkavæða Vinnueftirlitið. Það hafa komið fram hugmyndir um það. Ég hefði hins vegar haldið að jafnvel þótt menn séu á þeim buxum að einkavæða framleiðslu og jafnvel þjónustu, þá finnst mér það vera órökrétt að eftirlit með framleiðslu og þjónustu sé ekki á hendi aðila sem sé óvefengjanlega óvilhallur. Það finnst mér skipta mjög miklu máli og þess vegna vildi ég fá nánari skýringar á því hvers vegna menn telja ráðlegt að fara inn á þessa braut varðandi eftirlitið. Eins og ég skil þessi mál er sú breyting sem verið er að gera, og hófst reyndar eins og menn hafa tíundað árið 1993, á þann veg að eftirlit með rafmagni í mannvirkjum var áður algerlega á vegum opinberra aðila. Síðan er sett reglugerð árið 1993 þar sem horfið er frá þessu fyrirkomulagi, reglugerð sem stóð að vísu í aðeins fáeinar vikur en um áramótin 1993–1994 er sett ný reglugerð þar sem fyrsta skrefið er stigið. Og það kerfi sem menn eru að koma á, ef við berum það saman við það sem áður var við lýði, gengur út á að í stað þess að öll mannvirki séu skoðuð, að sú kvöð hvíli á að skoða öll mannvirki af opinberum aðilum, þá skuli það nú gert samkvæmt úrtaki og að þeir sem annist þetta eftirlit, þessa skoðun, skuli vera einkaaðilar. Eftir því sem ég fæ best skilið skulu þeir keppa sín á milli. Það skal ríkja samkeppni á milli þeirra. Ég vona að ég hafi skilið það rétt að sú hugmynd búi þar að baki. Ég vona að hæstv. iðnrh. upplýsi mig um það ef ég fer þar villur vegar. Það mun vera rétt að þar muni eiga að ríkja samkeppni á milli. Ef svo er ekki þá er verið að fela samkeppnisstofum í rauninni einkarétt þannig að verið er að bjóða upp á annað tveggja, einkarekna einokunarstarfsemi eða samkeppni um eftirlit. Þessir tveir valkostir eru til staðar. Og ég spyr: Finnst mönnum þetta vera skynsamlegt fyrirkomulag? Fyndist mönnum t.d. skynsamlegt fyrirkomulag að láta bílaverkstæði skoða bifreiðar, ákvarða hvað þurfi að gera við hverju sinni? Ætli það færi ekki eftir atvinnuástandi hjá bifvélavirkjum hversu mikið þyrfti að gera við af bremsuborðum, herða bremsur og þar fram eftir götunum? Það er ekki rétt að rugla þessum hlutum saman, viðskiptahagsmunum og öryggiseftirliti. Það er mjög slæm stefna að rugla saman öryggishagsmunum og viðskiptahagsmunum. Þess vegna á eftirlit hvort sem það er með rafmagni eða öðrum öryggisþáttum að vera á hendi aðila sem hafa ekki sjálfir peningalegra hagsmuna að gæta.

Það kom fram fyrr í nótt að ýmsir aðilar væru afskaplega ánægðir með þetta nýja fyrirkomulag. (**Gripið fram í:** Fyrr í kvöld.) Fyrr í kvöld var það. Ég furða mig ekkert á því t.d. að skoðunarstofurnar séu mjög ánægðar með þetta. Að þeir hagsmunaaðilar séu mjög ánægðir með þessa nýskipan. (**Fjmrh.:** Það var fyrr í morgun.) Eða var það fyrr í morgun? — því að þessi umræða fer nú fram kl. rétt rúmlega sex, hún er að byrja að ganga sjö að morgni. Ég gat um það áðan að ég harmaði að þessi umræða færi ekki fram á öðrum tíma. Sérstaklega hefði ég viljað að fleiri hefðu hlustað á mjög fróðlega ræðu hv. þm. Gísla Einarssonar áðan, þar sem hann rakti sögulegan aðdraganda þessa máls og fór yfir þetta af mikilli þekkingu.

Á allra síðustu dögum hafa verið að berast álitsgerðir frá aðilum sem eru gagnrýnir á þessa nýskipan. Það er t.d. ekki lengra síðan en þrír dagar að Samband ísl. sveitarfélaga sendi frá sér álitsgerð og þar segir, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga þann 16. desember sl. var tekið fyrir bréf iðnn. Alþingis, dags. 6. nóvember 1996, þar sem óskað var umsagnar um frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, 73. mál. Stjórn sambandsins gerir eftirfarandi athugasemdir við frv.:

1. Flest bendir til að heildarkostnaður eftirlits með raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum mun aukast ef frv. verður óbreytt að lögum.

2. Nauðsynlegt er að tryggja öryggi neytenda með virku rafmagnseftirliti sem gæti verið fólgið í innra eftirliti rafveitna og rafverktaka en ekki einungis með úrtaksskoðunum eins og frv. gerir ráð fyrir.

3. Eðlilegt er að gjaldtaka vegna þjónustu rafskoðunarstofa verði hin sama hvar sem er á landinu óháð staðsetningu notenda hennar."

Síðan er farið inn í umsagnir um einstakar greinar. Þannig segir:

„4. Varðandi 8. gr. er lagt til að auk faggiltra rafskoðunarstofa geti rafveitur annast sitt eftirlit með því að koma upp innra eftirliti og að rafverktakar geti annast eftirlit hjá einkaaðilum. Hvergi í Evrópu eru gerðar kröfur um að einungis faggildar rafskoðunarstofur annist rafmagnseftirlit. Ljóst er

að lítill grundvöllur er til að reka slíkar rafskoðunarstofur utan Reykjavíkur."

Hér er komið að sama atriði og hv. þm. Gísli Einarsson benti á. Hann nefndi að mjög miklar líkur væru á því að starfsemin mundi flytjast til Reykjavíkur, verið væri að flytja störf af landsbyggðinni til Reykjavíkur. Þetta sjónarmið er áréttað í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. En þar segir í 5. lið, svo að ég haldi áfram að vitna í þessa umsögn:

„5. Lagt er til að rafveitur sem komið hafa á vottuðu gæðakerfi, m.a. til að tryggja innra eftirlit, og rafverktakar verði undanþegnir 2. tölul. 14. gr. Varðandi 4. tölul. 14. gr. er lagt til að í stað þess að rafveitur greiði árlega til Löggildingarstofunnar gjald sem nemur 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja að frádregnum tilteknum kostnaði verði sett gjaldskrá vegna þjónustu stofnunarinnar."

Svo mörg eru þau orð.

Ég var að lesa ályktun sem samþykkt var á fundi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 16. desember sl. Í síðustu liðunum var farið inn í einstaka þætti frv. en umsögnin, eins og heyra má, er afar gagnrýnin á nýskipan mála. En það er ekki nóg með það að Samband ísl. sveitarfélaga hafi ályktað í þessa veru því að Samband sveitarfélaga í einstökum landshlutum hafa einnig ályktað um málið. Hér er t.d. álitsgerð frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi frá 8. desember. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Framkvæmdaráð Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur orðið sér úti um frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og frv. til laga um Löggildingarstofu, bæði lögð fram á 121. löggjafarþingi 1996."

Hér kemur fram að Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hafi orðið sér úti um þetta frv., greinilega ekki verið beðið um umsögn en hefur aflað sér frv. til að veita umsögn um það og greinilega mikill áhugi á því að reyna að hafa áhrif á gang málsins. (**StG:** Það var sent til Sambands ísl. sveitarfélaga.) Hv. formaður iðnn. upplýsir að frv. hafi verið send til Sambands ísl. sveitarfélaga sem þá væntanlega hefur sent þau áfram. Hér segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Framkvæmdaráðið hefur ákveðnar efasemdir um ágæti framangreindrar lagabreytingar og biður þingmenn að huga að eftirtöldum atriðum og ígrunda náið áður en þeir ljá frv. brautargengi:

a. Öryggi neytenda verði tryggt með virku rafmagnseftirliti en ekki úrtaksskoðunum sem hljóta að skapa hættu á aukinni bruna- og slysatíðni verði dregið úr eftirliti frá því sem það var best."

Hér er verið að gagnrýna eitt meginefni frv. um að hverfa frá því fyrirkomulagi að öll mannvirki séu skoðuð en farið yfir í úrtaksskoðun. Hér er verið að gagnrýna þann þátt þeirrar nýbreytni sem á sér sögu frá 1933.

Í b-lið segir: „Tryggja ber að gjaldtaka vegna þjónustu raforkuskoðunarstofa verði hin sama hvar sem er á landinu óháð staðsetningu notenda hennar."

Þetta er atriði sem nefndin hefur tekið til greina og ég tek undir það sem kom fram í máli hv. þm. Gísla Einarssonar og hv. þm. Svavars Gestssonar að það er ýmislegt sem nefndin hefur tekið til greina, enda er formaður nefndarinnar þekktur fyrir að vera mjög félagslega þenkjandi maður. Ég er ekki viss um að sú hugmyndafræði sem ég er að gagnrýna sé honum sérstaklega að skapi þótt ég efist ekki um að hann telji sig vera að gera rétt með þessu, þá er ég ekki á sama máli.

Í c-lið þessarar ályktunar frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi er spurt:

„Verður hægt að tryggja samræmda og sambærilega þjónustu allra hinna einkareknu skoðunarstofa sem væntanlega verður komið á laggirnar?"

Síðan eru settar fram fleiri spurningar sem nefndin hefur án efa tekið til umfjöllunar. Til dæmis er spurt í d-lið:

„Hefur verið kannað til hlítar hvort breyting sem gerð var á rafmagnseftirliti 1993 hafði í för með sér hækkun skoðunargjalda?"

Eftir því sem ég les upplýsingar sem koma fram í áliti minni hluta iðnn., þá hefur átt sér stað þarna veruleg hækkun.

Síðan er spurt í e- og f-lið: „Ef svo er, hvernig á að tryggja að ekki komi til frekari hækkana með fyrirhuguðum breytingum? Hefur þjónustan batnað eftir breytinguna 1993?"

Við skulum koma inn á þann þátt málsins á eftir, því að hún hefur ekki batnað. Þvert á móti hafa margir þeirra sem gjörla þekkja til þessara mála einmitt kvartað yfir því að þjónustan hafi versnað. Síðan segir í g-lið:

„Hvatt er til þess að menn flýti sér hægt í afgreiðslu frv. í stað þess að eiga á hættu að yfirvofandi lagasetningu verði hraðað í tímaskorti fyrir jólahlé þingmanna og lögin ef til vill síðar meir minnismerki um óvandvirkni hins háa Alþingis en ekki lýsandi dæmi um ígrundaða meðferð mála stofnunarinnar."

Og það er án efa í þessum anda sem hæstv. forseti þingsins vill að við flýtum okkur hægt. Að við förum rækilega yfir málin í morgunsárið og við munum að sjálfsögðu verða við því. Reyndar er hnýtt aftan í álitið frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi eftirfarandi, meira að segja feitletruðu:

„Auk þess sem að framan greinir er minnt á að umdæmaskrifstofur Pósts og síma munu verða lagðar niður við það eitt að stofnuninni verður breytt í hlutafélag 1. janúar 1997. Því er sérstök ástæða til að gjalda varhug við öllum sambærilegum áformum og undirstrika að erfitt er að sjá hvernig þau samræmast stefnu ríkisstjórnarinnar um að treysta búsetu á landsbyggðinni."

Hver sem framvindan verður hér á þessu sviði, þá endurspeglar þetta áhyggjur sem menn hafa af þessum kerfisbreytingum, þ.e. að þær muni leiða til þess að störf verði flutt af landsbyggðinni og til Reykjavíkur. Ítrekað koma þessar áhyggjur manna fram. Þetta var álitsgerð frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.

En það er víðar sem menn hafa sest yfir þessi mál. Þannig hefur Samband sveitarfélaga í Norðurl. v. ályktað 10. desember og eru athyglisverð atriði sem þar koma fram. Hér segir, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Sambands sveitarfélaga í Norðurl. v. þann 9. desember voru til umræðu frv. til laga um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og frv. til laga um Löggildingarstofu, bæði lögð fram á 121. löggjafarþingi 1996. Stjórn SSNV, [þ.e. Samband sveitarfélaga á Norðurl. v.] lýsir efasemdum um að verði framangreint frv. að lögum leiði það til bættrar þjónustu eða lækkunar á kostnaði. Stjórnin leggur áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Tryggja þarf öryggi neytenda með virku rafmagnseftirliti en ekki úrtaksskoðun."

Aftur þetta. Aftur kveður við þennan sama tón. Það þarf að vera virkt rafmagnseftirlit, ekki úrtaksskoðun. Og menn voru að velta því fyrir sér áðan hvort 100% skoðun gæfi

100% öryggi og menn komust að þeirri niðurstöðu að svo væri að sjálfsögðu ekki. En hitt er jafnvíst að 10% skoðun gefur enn þá minna öryggi jafnvel þótt mönnum takist að ná því eftirsóknarverða markmiði að efla innra eftirlit og skoðun af hálfu rafverktaka. Þá er það svo að menn hafa af *þessari kerfisbreytingu þungar áhyggjur.*

Í 2. lið í þessari álitsgerð Sambands sveitarfélaga í Norðurl. v. segir: „Tryggja þarf að gjaldtaka vegna rafmagnseftirlits verði hin sama hvar sem er á landinu." Þetta atriði hefur verið tekið til greina í meðferð hv. iðnn. Síðan er hvatt til þess að samræmi verði tryggt í eftirliti skoðunarstofa ef af þeim verður og í fjórða lagi segir: „Tryggja þarf að fyrirhugaðar breytingar leiði ekki til aukins kostnaðar."

Síðan kemur að atriði sem mér þykir vera umhugsunarvert. *Hér segir, með leyfi forseta, í niðurlagi álitsgerðar frá* Sambandi sveitarfélaga í Norðurl. v.: „Varað er við útþenslu eftirlitsiðnaðarins og bent í því sambandi á þá þróun sem orðið hefur á eftirliti sem tengt er sjávarútvegi með stórauknum kostnaði." Það er þetta sem er að gerast á öllum sviðum. Menn eru að spinna áfram reglugerðarvefinn og eftirlitsiðnaðurinn er að útna út. Það eru ekki margir klukkutímar síðan hér var til umræðu í sölum Alþingis frv. um stofnun sem á að hafa eftirlit með Pósti og fjarskiptum, stofnun sem kemur *til með að kosta um 90 millj. kr. á ári hverju. Til hvers? Til* að hafa eftirlit með samkeppninni. Til að hafa eftirlit með allri hagræðingunni er komið á fót svona nýjum sovéskum eftirlitsstofnunum, eftirlitsstofnunum í gamalsovéskum stíl og í því tilviki er vantraustið á hina nýju samkeppnisaðila svo mikið að það þarf að gefa þessari stofnun eða starfsmönnum hennar sérstakan rétt til húsleitar án lögregluleyfis til að geta farið ofan í bókhaldið. En okkur var sagt þegar þessi frumvörp voru kynnt upphaflega um Póst og síma t.d. að til *stæði að fara að keppa á markaði til að færa verðlagið niður.* Við vorum greinilega blekkt. Auðvitað vissum við þetta allt saman og bentum á það í umræðunni þá því að nú átta menn sig á því að sjálfsögðu að samkeppnin er ekki meiri en svo að það þarf að koma upp sérstöku eftirlitsbákni til að hafa eftirlit með gjaldskránni, með verðlaginu, til að geta farið inn í bókhaldið fyrirvaralaust nánast með lögregluvaldi. Það er þetta sem er að gerast. Framkvæmdin er einkavædd en eftirlitsstofnunum síðan komið á fót og maður spyr sjálfan sig: *Hvers vegna allar þessar millifærslur? Hvers vegna ekki* að gera eins og allir þessir aðilar eru að benda á að hverfa til þess fyrirkomulags sem var og er ódýrast og gefur mest öryggi? Hvers vegna ekki að gera það? Það er eðlilegt að framkvæmd eftirlitsins sé á vegum óvilhallra aðila. Það sem mér hefur þótt merkilegast í þeim gögnum sem mér hafa borist í hendur eru áskoranir frá rafverktökum. Það koma mjög merkilegar ábendingar frá þeim. Hér segir t.d. í áskorun frá rafverktökum á Austurlandi, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir rafverktakar í Austurlandsfjórðungi mótmælum hér harðlega þeirri nýskipan rafmagnseftirlits- og rafmagnsöryggismála sem í gildi hafa verið síðan árið 1993. Jafnframt því leggjum við áherslu á að starfrækt sé virkt og öflugt rafmagnseftirlit er miðist við þarfir og öryggi fólksins og atvinnuveganna í landinu.

Sú breyting sem gerð var á þessum öryggisþætti fyrir þremur árum, að því er virðist með einkahagsmuni „skoðunarstofa" að markmiði ætlar ekki að heppnast, að því er reynslan sýnir, og hefur þegar valdið skaða. Sú reglugerð sem tók gildi 1993 og gildir enn var samin af nefnd hagsmunaaðila m.a. eigendum einkarekinna skoðunarstofa." — Hér er verið að staðfesta það sem fram kom í máli hv. þm. Gísla Einarssonar fyrr í nótt. — „Nefnd þessi sniðgekk öll sjónarmið er vörðuðu hagsmuni almennings og neytenda."

Þetta eru stór orð. Þetta eru þung orð. Þetta er í áskorun sem iðnrn. hefur borist í haust og er undirrituð af fjölda rafverktaka á Austurlandi. *Og hér segir enn fremur, með* leyfi forseta:

„Sem dæmi nefnum við þann trúnað sem ríkti á milli rafverktaka og eftirlitsmanna sem er nú ekki lengur fyrir hendi, þar sem fyrri eftirlitsmenn eru nú að mestu hættir sínum reglubundnu störfum. Komin er upp alls konar sjálfsbjargarviðleitni manna til að leggja sínar eigin raflagnir og er svo að sjá að alls konar fúsk geti nú viðgengist í rafiðnaði notendum til stórhættu. Fjölda annarra dæma mætti nefna en *verður ekki gert að sinni.*

Ýmsir sáu fyrir og vöruðu við þeim breytingum og röskun er umræddum aðgerðum mundi fylgja. Ekki virðist það hafa hrinið á stjórnvöldum. Er nú ekki mál að linni og litið verði til þeirra staðreynda er reynslan hefur þegar leitt í ljós?

Hér verður að byggja á samfélagslegri þjónustu hins opinbera sem er í höndum ríkis, rafveitna eða sveitarfélaga. Þessi öryggisstörf eiga að vera þannig skipulögð og unnin að þau miðist við hagsmuni almennings auk þess að grundvallast á *samvinnu og trúnaði áðurnefndra starfsaðila við neytendur.* Eftirlitsstörfin þurfa að vera einföld í framkvæmd, fljótvirk og umfram allt laus við yfirþyrmandi skriffinnsku og óþarfa milliliði, enda mikið í húfi að ekkert bregðist. Við skorum því á yður, herra iðnrh., að óvirkar reglur sem nú eiga að heita í gildi verði sem skjótast afnumdar og lögfestar verði reglur í samræmi við það sem hér hefur verið greint, þá með þeim breytingum er menn með reynslu og þekkingu á þessum málum kynnu að leggja til.

*Að okkar dómi leysir samruni RER og Löggildingarstof*unnar ekki vanda rafmagnseftirlitsmála í landinu. Trúlega mundi þessi sameining verða til þess að festa enn frekar í sessi rándýrt og illa virkt kerfi öllum til tjóns."

Svo mörg voru þau orð og undir þetta skrifar fjöldi manns, rafverktakar á Austurlandi og ég mundi gjarnan vilja fá að heyra álit bæði hæstv. iðnrh. í máli hans á eftir og hv. formanns iðnn. á þessum málatilbúnaði rafverktaka á Austurlandi því að það vill svo til að þeir eru aldeilis ekki *einir á báti.*

Frá Norðurlandi hefur einnig borist áskorun frá rafverktökum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Við undirritaðir rafverktakar í Norðurlandsfjórðungi mótmælum hér með harðlega þeirri nýskipan rafmagnseftirlits og rafmagnsöryggismála sem í gildi hafa verið síðan árið 1993." — Þetta er í bréfi sem stílað er á iðnrh., Finn Ingólfsson. — „Jafnframt því leggjum við áherslu á að starfrækt sé virkt og öflugt rafmagnseftirlit er miðist við þarfir og öryggi fólksins og atvinnuveganna í landinu.

Sú breyting sem gerð var á þessum öryggisþætti fyrir þremur árum, að því er virðist með einkahagsmuni „skoðunarstofa" að markmiði ætlar ekki að heppnast, að því er reynslan sýnir, og hefur þegar valdið skaða. Sú reglugerð sem tók gildi 1993 og gildir enn var samin af nefnd hagsmunaaðila m.a. eigendum einkarekinna skoðunarstofa. Nefnd þessi sniðgekk öll sjónarmið er vörðuðu hagsmuni almennings og neytenda."

Hér kveður við sama tón. Þetta eru sams konar ábendingar og bárust frá rafverktökum á Austurlandi. Og hér segir enn fremur:

„Sem dæmi nefnum við þann trúnað sem ríkti á milli rafverktaka og eftirlitsmanna sem er ekki lengur fyrir hendi, þar sem fyrri eftirlitsmenn eru nú að mestu hættir sínum reglubundnu störfum."

Í áskoruninni er einnig vísað á að það þurfi að byggja á samfélagslegri þjónustu hins opinbera, þjónustu sem eigi að vera í höndum ríkis, rafveitna eða sveitarfélaga. Í niðurlagi áskorunarinnar segir, með leyfi forseta:

„Við skorum því á yður, herra iðnrh., að óvirkar reglur sem nú eiga að heita í gildi verði sem skjótast afnumdar og lögfestar verði reglur í samræmi við það sem hér hefur verið greint, þá með þeim breytingum er menn með reynslu og þekkingu á þessum málum kynnu að leggja til."

Undir þetta rita einnig margir einstaklingar. Margir einstaklingar setja nafn sitt þarna undir, rafverktakar á Norðurlandi.

Síðan er ég einnig með í höndum áskorun frá rafverktökum á Vesturlandi og það eru ekki bara einn eða tveir aðilar heldur fjöldi manns sem skrifar undir þetta. (**Gripið fram í:** Er svona mikið af rafverktökum þar?) Já, og þar eru menn á einu máli. Þeir sem starfa við þetta eru allir á móti þessu. (**Gripið fram í:** Allir sammála.) Hverjir eru með þessu? Það eru undirmenn hæstv. iðnrh., (**Gripið fram í:** Hann sjálfur.) hann sjálfur og síðan fulltrúar skoðunarstofunnar sem eiga sjálfir hagsmuna að gæta. Þetta eru aðilarnir sem eru með þessu. Síðan eru fulltrúar iðnrh., starfsmenn hans, sendir inn í iðnn. og væntanlega beðnir um að gefa þessu grænt ljós. Og það er ekki fyrr en óháðir aðilar, trúnaðarmenn starfsmanna, koma að málum eða rafverktakarnir að það fer að koma annað hljóð í strokkinn. Þá fara menn að tala um öryggi notandans. Þá fara menn að tala um tilkostnað. En hæstv. iðnrh. segist ætla að setja það í lög að þetta verði ódýrara. Hugsanlega er þetta ekki svona einfalt mál. Síðan er verið að setja alls kyns millifærslur í gang, þ.e. að þessi skuli greiða þetta og þessi skuli borga hitt, en þegar upp er staðið er það að sjálfsögðu notandinn sem borgar það alveg eins og eftirlitsstofnun með allri hagræðingunni í póst- og símamálum verður að sjálfsögðu greidd af notandanum þegar upp er staðið þótt samkeppnisaðilarnir verði rukkaðir í því tilviki.

Við vorum búin að fara í gegnum áskorun frá rafverktökum á Norðurlandi og Austurlandi og sams konar álitsgerð er frá rafverktökum af Vesturlandi, eins og ég gat um áðan, og 24. nóvember sl. var iðnrh. skrifað bréf af formanni Félags rafverktaka á Vesturlandi, Einari Stefánssyni, og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Eins og þér mun sjálfsagt vera kunnugt eru rafverktakar á Vesturlandi óánægðir með ástand mála í dag eftir breytingarnar sem urðu haustið 1992. Sumar rafveiturnar vildu hætta skoðunum raflagna og láta framkvæma eftirlitið af sjálfstæðum skoðunarstofum í umboði RER. Árið 1994 var komin sú reynsla, sérstaklega á landsbyggðinni, að eftirliti var lítið eða ekkert sinnt. Aðgerðarleysi iðnrn. var algert og RER sinnti illa sínum hlut. Sumt vantaði lagastoð fyrir en það er ljóst að mörgum málum hefði mátt vinna í og reyna að færa til betri vegar en það var ekki gert, því miður. Stjórn LÍR reyndi að fá fram viðbrögð við einstökum áherslum og hagsmunamálum, en lítið gekk.

Vorið 1995 var skipuð nefnd sem fjallaði um breytingu á lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins. Nefnd þessi átti að skila áliti í haustbyrjun sama árs og hugmyndin var að leggja fram frv. þá um haustið. Þetta var ekki gert og dróst það í heilt ár. Óánægja rafverktaka magnaðist og fannst mörgum að nú yrði að snúa við blaðinu ef ekki ætti að hljótast tjón af. Þessi óánægja hefur komið fram í samtölum manna á milli en hefur aldrei birst í sameiginlegum fjöldamótmælum rafverktaka. Rafverktakar höfðu áhyggjur af kostnaði sem þeir töldu og telja enn í dag að verði mun meira varðandi skoðanir en komið hefur fram í þeim tölum sem nefndar hafa verið. Einnig hafa þeir þungar áhyggjur af því að gerð verði sú krafa að þeim beri að greiða fyrir skoðanir sem erfitt geti verið að innheimta hjá viðskiptavinum. Það er því að sönnu mun eðlilegra kerfi að eftirlitsgjaldið verði enn inni í orkusölunni.

Eftir því sem tíminn hefur liðið hafa menn sannfærst um að réttast hefði verið að mótmæla þessum fyrirhuguðu breytingum strax árið 1992. Því miður var þekkingarleysið það mikið og það að enginn þorði að segja sína meiningu að við stöndum í þessum sporum í dag. Vafalaust er margt ágætt við hinar nýju hugmyndir en gamla fyrirkomulagið var líka nokkuð gott. Þá virkaði eftirlitið víðast hvar á landsbyggðinni þó að brotalamir væru í því, sérstaklega í Reykjavík. Það var farið of hratt í hlutina og örugglega hefði mátt nýta eitthvað úr gamla fyrirkomulaginu og bæta svo við eftir þörfum en ekki snúa öllu við.

Faggilding er hugtak sem gengur illa upp í því rekstrarumhverfi einyrkja og smáfyrirtækja sem við búum við. Þess vegna verður að tryggja það að rafverktakar lendi ekki í því að verða innheimtuaðilar skoðunargjalda eins og hugmyndir eru uppi um. Við undirritaðir rafverktakar á Vesturlandi förum fram á það við þig, ráðherra iðnaðarmála, að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar endurskoðunar áður en það verður lögfest á Alþingi."

Komið hefur fram í máli þingmanna sem hafa tjáð sig um málið, í máli hv. formanns iðnn. og hæstv. ráðherra, að ýmsar ábendingar sem fram hafa komið í þeim gögnum, sem ég hef vísað til, hafa verið teknar til greina. En eftir stendur sú gagnrýni sem er rauður þráður í öllum þessum álitsgerðum, að menn telja eða þeir sem hafa uppi gagnrýni telja að við séum að taka upp kerfi sem veitir notandanum minni vernd en áður tíðkaðist, að taka upp kerfi sem kostar notandann og skattborgarann meira. (**Gripið fram í:** Það er það sem er í gangi.) Þess vegna er ekki nóg að hv. formaður iðnn. beiti sér fyrir því að lappa upp á þetta ófullkomna lagafrv. heldur þarf að fara að tilmælum minni hluta iðnn. og vísa málinu til ríkisstjórnar til endurskoðunar og athugunar. Það væru hin réttu vinnubrögð. Það er umhugsunarvert að í þeim ábendingum sem komu fram t.d. í því bréfi sem ég las upp úr síðast er á það bent að ef menn hefðu hugsað sinn gang árið 1992 eða 1993 værum við ekki í þeim sporum sem við erum í núna. Og það er svo margt sem menn hafa verið að lögfesta á liðnum árum sem menn segja um núna: Hvers vegna sagði enginn neitt þá? Hvers vegna var ráðist í lagabreytingar sem allir eru sammála um að hafi verið til ills, sem menn telja að hafi verið til ills og sjá það núna? Þess vegna er það eindregin ósk mín og þar er ég að taka undir með minni hluta iðnn., ég er að taka undir með hv. alþm. sem hafa tjáð sig, hv. þm. Gísla Einarssyni, að það skynsamlegasta sem gert væri sé að taka þetta frv. og vísa því til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar og reyna að taka þá í staðinn upp kerfi, sem sátt ríkir um, í staðinn fyrir að ráðast í þessa einkavæðingu einokunar. Því eins og ég gat um áðan er um tvo kosti að tefla: Að um sé að ræða samkeppni í eftirliti, samkeppni eftirlitsaðila, sem er ávísun á mjög slæma hluti og varhugaverða, að láta menn

keppa um að hafa eftirlit með öryggismálum. Eða að um er að tefla einkavædda einokunarstarfsemi. Það var nokkuð sem hv. þm. Gísli Einarsson benti sérstaklega á í sínu máli.

Ég hef sett fram ýmsar spurningar og mér finnst að hæstv. iðnrh. og hv. formaður iðnn. þurfi að skýra okkur frá því og það er nú kannski frekar á verksviði hæstv. ráðherra því að það er hann sem hefur skipað þessar nefndir. Er það virkilega rétt sem hér er haldið fram af hv. þm. og sem kemur fram í bréfum rafverktaka hvaðanæva að af landinu, frá Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, að þeir sem hafi fjallað um þessi mál séu hagsmunaaðilar sem eigi sjálfir fjárhagslegra hagsmuna að gæta? Við erum að fá upplýsingar um þetta. Spyr sá sem ekki veit. Það kom reyndar fram í máli hæstv. iðnrh. áðan að hagsmunaaðilar hefðu komið að þessum málum og í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, að hagsmunaaðilar komi að málinu. En það þarf að ríkja jafnvægi í þessum hlutum. Gagnrýnin sjónarmið þurfa líka að koma að þessum málum, sjónarmið sem koma fram t.d. í álitsgerðum frá sveitarfélögum, frá rafverktökum, frá hinum og þessum aðilum sem eru mjög efins um þetta nýja fyrirkomulag sem verið er að taka upp.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég tek undir og ítreka það sjónarmið að heppilegast væri að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og taka það upp að nýju síðar.

[06:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það verður að segjast eins og er að þetta mál og annað því tengt sem er til umfjöllunar á hinu háa Alþingi á sér nokkuð sérkennilegan aðdraganda og bakgrunn þegar betur er að gáð. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að ég hefði gjarnan getað hugsað mér að ræða þetta mál við aðrar og hentugri aðstæður en hér er boðið upp á, en mér er ljóst að okkur er naumt skammtaður tíminn til fundahalda undir lok þinghaldsins fyrir jólaleyfið og því er ég í sjálfu sér ekki að kvarta undan því að þurfa að koma mínum athugasemdum á framfæri á þessum tíma sólarhrings þó það hljóti að teljast fremur óeðlilegur fundartími, sérstaklega í ljósi þess að það styttist í að við tökum til við fundahaldið á nýjan leik miðað við það sem upplýst var um fundahaldið í gærkvöldi. En ég sé mig knúinn til að koma með nokkrar athugasemdir, herra forseti, við frv. og samhengi þess við annað mál sem liggur fyrir þinginu, þ.e. frv. um svonefnda Löggildingarstofu. En málin eru mjög samhangadi eins og ég þykist vita að hæstv. forseta sé kunnugt.

Svo virðist sem á ferðinni sé annars vegar mál sem er að hluta til af hugmyndafræðilegum toga, tengist breytingum sem hafa dálítið verið í tísku upp á síðkastið og snúa að einkavæðingu og í raun kapítalíseringu og samkeppnisvæðingu svonefnds eftirlitsiðnaðar, sem eins og kunnugt er er sú grein íslensks iðnaðar sem hefur blómstrað mest á síðustu missirum, þ.e. eftirlitsiðnaðurinn. Að hinu leytinu til er verið að því er virðist að lögfesta reglugerð sem hefur gilt um þessi mál við misjafna hrifningu, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þannig er það að þetta mál er að verða eins og einn af gömlum kunningjum þegar það skýtur upp kollinum. Það á sem sagt að búa til yfirstofnun, eftirlitslöggildingaraðila sem hefur eftirlit með hinum eftirlitsaðilunum og þannig er okkur Íslendingum, ekki fjölmennari þjóð en þetta, 270 þúsund manns um þessar mundir, að takast að koma upp lagskiptu eftirlitskerfi á fjölmörgum sviðum og stórkostlegasta dæmið er auðvitað það sem allir þekkja: Fiskistofan okkar og skoðunarstofurnar undir henni. Það var mjög í tísku og þótti afar gott mál og fínt að slá af Ríkismat sjávarafurða og það fyrirkomulag sem við höfðum byggt upp og búið við um áratuga skeið og hafði skilað merkilega góðum árangri. Til dæmis þeim að Íslendingar þóttu framleiða einhverja bestu sjávarvörur í heimi og fengu fyrir það hærra verð heldur en samkeppnisaðilar yfirleitt á öllum mörkuðum, hvort sem í hlut áttu frystar vörur eða saltaðar. En menn voru alveg sannfærðir um að þetta hlyti að vera ómögulegt af því að þetta hét ríkis- eitthvað og lagt var upp í þann leiðangur að slá þetta af, búa til Fiskistofu, skoðunarstofur, eftirlitsmenn og alls konar einkaaðila sem fengu veiðileyfi á kúnnana og úr þessu varð, eins og ég segi, lagskipt eftirlitskerfi sem þegar upp er staðið er náttúrlega búið að draga til sín miklu meira fé og meiri mannafla en þann sem fyrir var. Það getur vel verið að menn trúi því að nú sé eftirlitið fullkomnara og allt það, en ég leyfi mér að halda því fram að þeir sem borga reikningana um þessar mundir hafi vissar efamsemdir um að þeir séu miklu betur settir en þeir voru á meðan Ríkismat sjávarafurða var og hét. Ég spyr mig að því, herra forseti, hvort hugsast geti að sagan sé hér með að endurtaka sig og menn, blindaðir af einhverri tískusveiflu af þessu tagi, séu að lenda á villigötum.

Málið er að því leyti til alvarlegra og kannski viðkvæmara og erfiðara, að hér eiga ekki bara undir viðskiptahagsmunamál eins og þegar um er að ræða útflutning á framleiðsluvörum, sem vissulega skiptir máli að séu gallalaus og standist kröfur, en kannski er ekki nema í undantekningartilvikum þá um líf og heilsu að ræða. En hér er líka á ferðinni öryggismál og það gerir auðvitað kröfu til þess að menn vandi sig enn þá frekar og lendi ekki í þeim ógöngum að láta tískusveiflur, kennisetningar og frasa bera sig ofurliði.

Herra forseti. Ég hef ekki haft mikinn tíma til að setja mig nákvæmlega ofan í hinar tæknilegu og faglegu hliðar málsins þó ég hafi reynt, en verð að notast aðallega við það að líta á þetta sem skipulagsatriði og spurningu um fyrirkomulag hvernig best sé að haga þessu en reyna þó að hafa einhverja nasasjón af því hvað í hlut eigi, þ.e. öryggiseftirlit hvað rafmagn snertir. Mér sýnist í grófum dráttum, ef ég leyfi mér að reyna að einfalda þetta hæfilega, hæstv. forseti, að um sé að ræða að leggja eigi niður opinbert og samræmt eftirlit og hverfa yfir í einhvers konar stikkprufur. Ég fer þá strax að spyrja mig að því hvort þetta sé það sem eigi að byggja á þegar um er að ræða slíka hluti. Við gætum velt fyrir okkur ýmsum sambærilegum eða að einhverju leyti hliðstæðum tilvikum hvort menn væru tilbúnir til þess gagnvart öryggi í samgöngum að fara bara út í hreinar stikkprufur t.d. varðandi sjóhæfni skipa eða ýmislegt því um líkt. Ég held nefnilega að ýmsir hlutir séu þannig vaxnir í eðli sínu að í raun þurfi að tryggja að hver einasta eining, að öll starfsemin uppfylli kröfur. Þar sé ekki nóg að veita aðhald í gegnum einhverjar stikkprufur. Og ég leyfi mér að halda að ástæða sé til að athuga það betur en gert hefur verið, herra forseti, hvort þessi einkavæðingarárátta sé að bera skynsemina ofurliði og góðir menn eins og hv. formaður iðnn. hafi jafnvel flaskað á þessu að einhverju leyti. (**Gripið fram í:** Um er að ræða stjórnunarkerfi, þú mátt ekki gleyma því.) Jahá. Það er auðvitað mjög mikilvægt og gaman að heyra það, en við hljótum þá líka að spyrja: Ef það heldur í þessu tilviki hlýtur það alveg eins að gera það annars staðar. Má þá ekki alveg eins treysta á innra gæðaeftirlit í flugsamgöngum, á sjó eða raunar hvar sem er þar sem líf og öryggi er einnig í húfi?

Herra forseti. Ég held nefnilega að aðeins þurfi að líta til þess hvers eðlis starfsemin er. Ég hef tekið þátt í umræðum um ríkisrekstur og einkarekstur og allt þar á milli býsna lengi og hef enga sérstaka fyrir fram sannfæringu í þeim efnum, að sumt eigi að vera hjá ríkinu og annað einhvers staðar annars staðar. Ég hef reynt að mynda mér ákveðnar viðmiðanir í þeim efnum og er t.d. þeirrar skoðunar almennt að undirstöðuþættir í velferðarþjónustunni eigi að vera á opinberri ábyrgð. En ég er líka þeirrar skoðunar að vissir þættir sem lúta að öryggi, lögum, reglum og öðrum slíkum þáttum í samfélaginu eigi líka að vera á opinberri ábyrgð. Af því að þrátt fyrir allt vilja menn búa í öruggu samfélagi og menn halla sér að yfirvöldum og hinu opinbera þegar að slíku kemur. Vegna þess að reynslan af hinu er blendin, það er bara staðreynd. Þess vegna er það að þrátt fyrir allar sveiflurnar í hugmyndafræði á liðnum áratugum og öldum hafa vissir hlutir, jafnvel í hákapítalískum ríkjum þar sem einkavæðingin og einkareksturinn er boðorðið, haldist á ábyrgð hins opinbera. Og það eru einmitt hlutir af þessu tagi sem lúta að öryggi þegnanna, lögum, reglu o.s.frv.

Síðan verðum við náttúrlega að horfa á það, herra forseti, hvað reynslan kennir okkur í sambærilegum tilvikum, hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig. Ég var að skoða þessi mál í gær og í dag og velti fyrir mér undir vissum áhrifum af reynslunni af Bifreiðaskoðun Íslands hf. og rifjaðist upp fyrir mér að einhver glæsilegasta einkavæðing, starfsemi af þessu tagi, sem við Íslendingar a.m.k. fram að þeim tíma höfðum upplifað, var þegar Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem var ákaflega í tísku að skamma og agnúast út í, var einkavætt. Að vísu var þar um einokunarstarfsemi að ræða. Það var einkavætt eigi að síður og það voru einmitt hagsmunaaðilarnir í málinu sem tóku þann rekstur að sér. Það vill svo skemmtilega til að þegar ég fór að glugga í fylgiskjöl rakst ég allt í einu á þetta nafn, Bifreiðaskoðun Íslands hf., áður Bifreiðaskoðun ríkisins. Og ég fór að velta því fyrir mér: Getur að einhverju leyti hugsast að þarna sé verið að sækja reynslu í smiðju þess máls? Hafa hugsanlega að einhverju leyti sömu menn um vélað?

Hvað sem því líður er ástæða til að fara einmitt yfir og rifja upp hvernig þetta tókst. Hver var dómur reynslunnar, mér liggur við að segja dómur þjóðarinnar? Hann var sá að þetta hefði allt meira og minna versnað. Það hefði í raun gerst, svo merkilegt sem það nú var, að þegar einkaframtakið tók við því að skoða bifreiðar, þá náttúrlega snarhækkuðu gjaldskrárnar, því það varð að reka fyrirtækið með miklum hagnaði og þjónustan versnaði til mikilla muna. Mér er það mjög minnisstætt t.d. þegar góðir menn sem ég þekki til á Norðurlandi urðu allt í einu að fara að aka hundruð kílómetra til að láta endurskoða bifreiðar ef þær höfðu ekki verið í standi á réttum skoðunardegi eða eitthvað hafði komið upp á. Það var þjónustan sem þá tók við. Af þessu spruttu deilur, blaðaskrif og læti sem ég veit að menn muna. Ég er því ekki viss, herra forseti, um að það sé málinu endilega til framdráttar að menn rifji upp og setji í samhengi hvernig þetta hefur tekist til. Nú ætla ég ekkert að fara að tala meiðandi um fyrirtæki og stofnanir sem auðvitað eru að reyna að gera sitt, hvort sem þær liggja í eftirlitsiðnaði tengdum sjávarútvegi, landbúnaði, umferð eða öðru slíku. En mér sýnist það liggja þannig, herra forseti, því miður, að reynslan sé ekkert allt of góð af þessu, a.m.k. ekki á Íslandi. Þess vegna er ég ekkert viss um að það séu sannfærandi rök þó að menn telji sig hafa vísbendingar um að sums staðar úti í heimi sé þróunin í þessa átt. Ég held að við Íslendingar hljótum að þurfa að skoða þessi mál fyrst og fremst út frá okkar aðstæðum og hagsmunum og spyrja okkur að því, a.m.k. á meðan við höfum vald, sjálfstæði og fullveldi til að ákveða hlutina sjálfir, hvernig við viljum hafa þetta. Hvað sé líklegast til að þjóna okkar hagsmunum best.

Ég held eðli sínu samkvæmt að í einkarekstri, í starfsemi af þessu tagi, hljóti a.m.k. að þurfa að setja skorður og búa um hana þannig að hún snúist ekki upp í andhverfu sína gagnvart þeim markmiðum um þjónustu, verkefni og starfsemi sem við erum að leita eftir og keppa að. Það er t.d. alveg nauðsynlegt að svara því hvort við teljum að hagnaður, arðsemi í einkarekstri eigi heima í starfsemi af þessu tagi. Það væri fróðlegt að heyra hv. formann iðnn. fara aðeins yfir það t.d. hugmyndafræðilega, hvort hann telji að eftirlit varðandi öryggi, líf og heilsu fólks sé starfsemi af því tagi í samfélaginu að eðlilegt sé að menn stundi þar atvinnurekstur í einkaágóðaskyni, græði á því. Kannski komi menn hér og segja: Það verði bara að láta sig hafa það, því að þetta sé besta kerfið, að láta einkaaðila sjá um þetta, græða á því og þegar upp sé staðið sé það öllum til góðs. En hvað erum við þá orðnir, herra forseti? Þá erum við orðnir alveg 100% frjálshyggjumarkaðssamkeppnissinnar. Við erum komnir býsna langt, held ég, ef við teljum að samkeppnin og markaðurinn eigi að ráða lögum og lofum jafnvel á sviðum eins og þessum. Þá er orðið örstutt í það að einkavæða restina af starfseminni í landinu. Það er orðið örstutt í það ef öryggisþættir af þessu tagi eru seldir undir þau lögmál.

Við þurfum líka að hafa það í huga hvernig aðstæður verða a.m.k. fyrst um sinn á meðan slíkar breytingar væru að ganga í gegn. Er ekki næsta víst að menn hefðu tiltölulega sterka aðstöðu sem fyrstir færu af stað með starfsemi af þessu tagi, hefðu nánast a.m.k. veiðileyfi, svo ekki sé sagt einkaleyfi á kúnnann. Þannig upplifa margir sig sem þolendur gagnvart þeim eftirlitsiðnaði sem hefur verið hleypt af stokkunum á fjölmörgum sviðum á undanförnum árum og sér stað í gjaldskrám og útgjöldum fyrirtækja atvinnulífs og heimila í stórum stíl. Það er fróðlegt fyrir menn að kynna sér það, fara í heimsóknir í fyrirtæki og sjá vottorðin sem t.d. útflytjendur á sjávarafurðum, eldisfiski eða ýmsum slíkum vörum þurfa að greiða allt upp í fjórfalt áður en þeir koma vörum úr landi til að fullnægja öllu eftirlitsfarganinu. Af hverju þarf þetta að vera svona flókið, lagskipt og mikið? Jú, það er vegna þess m.a., herra forseti, að þegar upp er staðið treysta menn yfirleitt ekki að lokum neinum í þessum efnum nema hinum opinbera aðila. Hver var hinn beiski lærdómur einkavæðingarsinnanna og frjálshyggjuliðisins í sambandi við einkavæðingu Ríkismats sjávarafurða? Jú, hann var sá að kerfið sem frjálshyggjumennirnir ætluðu að setja upp fékk falleinkunn hjá Evrópusambandinu. Af hverju var það? Af því að menn ætluðu að framselja eftirlitsvald ríkisins í hendur einkaaðilum. Þá sagði Evrópusambandið: Nei, kemur ekki til greina. Við treystum engum stimplum nema þeim sem eru á ábyrgð eða á vegum hins opinbera. Og ef einhverjir aðilar eru að annast gæðaeftirlit, vottun, gera úttekt á húsnæði eða aðstöðu, þá skulu þeir veskú vera löggiltir af opinberum eftirlitsaðila til að við tökum mark á því. Í gegnum þetta allt saman gengum við á síðasta kjörtímabili og niðurstaðan varð sú að hafa varð opinbera eftirlitsstofnun ofan á öllu saman til að hinn merki aðili, Evrópusambandið, tæki mark á vottorðunum. Hér eru menn í raun að fara út á svipaðar brautir. Það er verið að búa til lagskipt eftirlitskerfi með alls konar

fíneríi í toppinn, stofnun með stjórn, forstjóra og fíneríi, sem sagt silkihúfum ofan á öllu saman. Mér er sagt meira að segja að stjórnin sé þegar til í Löggildingarstofunni og þar sé í formennsku mæt framsóknarkona af Suðurnesjum. Herra forseti. Þetta er auðvitað mikið umhugsunarefni.

Það er sömuleiðis umhugsunarefni að í reynd er hér verið að stórauka miðstýringu í þessu máli. Það er verið að flytja störf, næsta örugglega, af landsbyggðinni og í þéttbýlið með því að þessum rekstri verður stýrt héðan og hann verður gerður út héðan. Það er næsta ljóst. En í hinu opinbera eftirlitskerfi í einu lagi er hægt að byggja starfsemina upp þar sem hún þarf og á að vera og fara fram með starfsmönnum í héraði. En með þessu frv. er verið að stíga risaskref í áttina til aukinnar miðstýringar. Og það er auðvitað mikið umhugsunarefni að jafnágætur byggðapólitíkus og hv. þm. Stefán Guðmundsson skuli vera ein af helstu jarðýtunum á bak við þetta mál. Það er nokkuð merkilegt.

Síðan neyðist ég, herra forseti, til að gera athugasemdir vegna hluta sem mér hafa verið að verða betur ljósir á allra síðustu sólarhringum. Það er því miður það sem oft áður hefur gerst, þ.e. framkoman við starfsfólk í þessu sambandi. Í raun og veru er það heldur ljót saga sem ég hlýt að segja af því máli vegna þess að okkur sem höfum fjallað um mál þessu tengd í efh.- og viðskn. var sagt að um þessar breytingar væri hin besta samstaða. Þá kem ég að því, herra forseti, sem ég hlýt fá að gera að umtalsefni í bland, að í efh.- og viðskn. hefur verið til umfjöllunar mál þessu tengt, frv. um svonefnda Löggildingarstofu. Þegar gestir komu til okkar og upplýsingar voru reiddar fram um það mál var fullyrt að um þetta mál væri meira og minna hið besta samkomulag þangað til við sumir einstakir nefndarmenn fórum að leggja okkur eftir upplýsingum úr fleiri áttum um þetta mál. Þá fór ýmislegt, því miður, að koma í ljós. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef í grundvallaratriðum breytt um afstöðu til þess máls. Mér sýnist það vera allt hið furðulegasta eftir því sem ég fæ um það meiri upplýsingar og það má svo sem koma fram hér, sem hvort sem er mun gera, að ég mun kalla aftur stuðning minn við það mál, herra forseti, og leggja fram frhnál. við 3. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um Löggildingarstofu, ósköp einfaldlega í ljósi nýrra upplýsinga sem hafa verið að koma fram og þá ekki síst það að þessar breytingar virðast vera gerðar án nokkurs samráðs við starfsfólk, bæði starfsfólk Rafmagnseftirlits og Löggildingarstofu, kokkaðar einhvers staðar úti í bæ á grundvelli einhverrar hugmyndafræði sem er þessu ágæta fólki sem þar vinnur afar framandi.

Það hefur síðan, herra forseti, verið að verða öllum ljóst sem með þessu hafa fylgst að það hefur gosið upp mikill ágreiningur um þetta mál. Allir fagaðilar í heilu landshlutunum meira og minna hringinn í kringum landið virðist vera algerlega á móti þessu máli. Það er nokkuð sérkennilegt ef það er eins og það skipti engu máli. Ég veit ekki hversu mikil mótmæli hafa borist af Suðurlandi, en hæstv. forseti er kannski fær um að upplýsa okkur um það. Hér hefur verið vitnað í samþykktir og ályktanir bæði fagaðila og samtaka um austanvert, norðanvert og vestanvert landið og þá eru menn langleiðina komnir hringinn eins og kunnugt er. Þá spyr maður sig að því, herra forseti: Bíddu nú við, er einhver slík knýjandi nauðsyn til að afgreiða þessi mál þegar slíkir hlutir koma upp og nýjar upplýsingar koma fram, forsendur undir málum breytast á síðustu sólarhringum í þinghaldinu, að það þurfi að hamast með offorsi, með næturfundum og morgunfundum, á slíkum málum?

Síðan vakir það, herra forseti, í þessu máli að það á að sameina Löggildingarstofuna og Rafmagnseftirlitið. Það virðist líka vera á góðri leið með að verða hið furðulegasta mál þegar betur er að gáð. Í fyrsta lagi er ekkert endilega sjálfgefið að faglega sé það rakið að þetta heyri saman. Í öðru lagi hvernig að því er staðið og hvernig að því er unnið. Og enn furðulegast sýnist mér, herra forseti, að áður en þessi nýja stofnun verður til hefur hæstv. ráðherra falboðið forstöðumannsstarfið manni sem reyndar er í annarri stöðu og það er allt að verða hið skrýtnasta mál, leyfi ég mér að segja, herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að nefna það aðeins hér af því að það hangir saman við þá stofnun sem við erum hér að ræða, sem sagt Löggildingarstofuna sem á að taka við hlutverki og verkefnum þeirra tveggja stofnana sem fyrir eru.

Þá vaknar sú spurning hvort ekki hafi átt að vera um venjulegt fyrirbæri að ræða í þeim skilningi að störf, ef þau væru laus, væru auglýst. Það væri auglýst eftir umsóknum og mönnum væri gefinn kostur á að sækja um og hæfasti maðurinn valinn eða hvort þarna sé einhver önnur tilhögun ráðgerð. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, í ljósi blaðafregna og umræðna af þessum sérstaka anga málsins, að hæstv. ráðherra hafi boðið tilteknum opinberum embættismanni þetta starf, að við fáum í umræðuna upplýsingar um það hvernig það mál er vaxið. Nú þekkir ræðumaður til þessa tiltekna manns og vill ekkert nema gott um hann segja og veit mætavel að hann er manna hæfastur til að taka að sér nánast hvaða verkefni sem er af þessu tagi. Mín orð lúta því ekki að því, nema síður sé, að því væri ekki vel skipað þar sem hann er. Hitt er auðvitað nokkuð skondið og sérkennilegt að sömu klukkutímana og verið er að ræða um lagafrumvörp til að koma á þessari sameinuðu stofnun, tvíheilögu stofnun hæstv. ráðherra, þá skuli hann einmitt með bréfum vera að bjóða falt forstöðumannsstarfið manni sem menn héldu og vissu ekki annað en væri fyrir í ágætu starfi, jafnvel frekar tveimur en einu. Ég veit að auðvitað mun hæstv. ráðherra ekki telja það eftir sér að veita okkur allar upplýsingar um þetta mál. Það kann að skipta einhverju þegar menn eru að gera upp afstöðu sína til þessara hluta hvort þegar sé búið að ganga frá því að mjög hæfur maður taki við því að leiða stofnunina fyrstu skrefin á vegferðinni. Einnig væri þá fróðlegt að heyra hvernig því verður við komið, herra forseti, miðað við venjur um ráðningu opinberra starfsmanna, auglýsingu á lausum stöðum og öðru slíku. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra veiti okkur í þessu samhengi upplýsingar um þetta mál.

Herra forseti. Ég geri þessar athugasemdir við þetta mál, sem lúta bæði, að má segja, hinum skipulagslega þætti þess, hinum pólitíska, og að nokkru leyti hinum faglega, hvað varðar öryggisþáttinn sem hér er á ferðinni. Fyrir því hef ég fyrst og fremst orð viturra manna sem komið hafa að máli við mig og mælt varnaðarorð í mín eyru, jafnvel skrifað í blöð, hvað ég hef lesið að þarna sé verið að ganga afar óvarlega fram gagnvart mikilvægum öryggisþætti sem menn mega ekki sýna neinn glannaskap. Ég tel mig hins vegar geta metið alveg sæmilega hinn stjórnsýslulega og pólitíska þátt málsins og ég verð að segja alveg eins og er að þau rök duga skammt til að sannfæra mig. Ég hef ekki séð að reynslan af sambærilegum æfingum á undanförnum missirum í einkavæðingarfárinu, til þess að einkavæða meira og auka olnbogarýmið fyrir þennan einkavinavædda eftirlitsiðnað til að dafna, hafi gefið mjög fagurt fordæmi. Mér finnst satt best

að segja alveg stórfurðulegt að jafnmætur maður og íhugull og hv. 3. þm. Norðurl., Stefán Guðmundsson, gjarnan er, skuli lenda í þessa sporaslóð og trúi að þar séu kannski kringumstæðurnar sem ráði mestu um af því að hv. þm. er náttúrlega trúr sínum arfakóngum, hæstv. ráðherrum, en eins og kunnugt er, herra forseti, eru þeir flokksbræður hæstv. ráðherrann og hv. þm.

Pólitískt liggur málið náttúrlega einnig þannig að það er umhugsunarefni að það skuli nú vera hlutskipti Framsfl., sem var með okkur á síðasta kjörtímabili í því að gagnrýna ýmislegt sem þá var að gerast af þessu tagi, m.a. æfingar á þessu sviði sem stóðu til og voru uppi með reglugerðarsetningum og öðru slíku, að standa fyrir því sem hann varaði gegn á síðasta kjörtímabili. Það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, segir einhvers staðar og á kannski við hér um Framsfl.

Að lokum, herra forseti, er það mín niðurstaða, sem ég hef verið að reyna að rökstyðja hérna stundarkorn í morgunsárið, að þessi mál séu ekki nógu vel undirbúin. Ég hef ekki sannfærst um það á nokkurn hátt að þau liggi efnislega þannig að þau sé skynsamlegt að afgreiða. Enn síður hef ég sannfærst um að þau liggi þannig í tímanum að nú, akkúrat nú í önnum þinghaldsins á síðustu klukkustundunum áður en þing fer í jólaleyfi, þurfi hæstv. iðnrh. endilega að drífa þetta fram með offorsi. Ég hélt að hæstv. ráðherra teldi sig hafa annað og meira á könnunni en smámál af þessu tagi svo sem eins og álfabrikkur og ýmislegt því um líkt sem er nú í tísku að iðnaðarráðherrar telji vera merkustu bautasteina sem þeir geta reist sér. Þess vegna hef ég haldið að hæstv. ráðherra gæti leyft þessu að jafna sig fram á nýárið og hlíft hv. þm. Stefáni Guðmundssyni við því að vera að puða þetta með málið. (Gripið fram í.) Það er aldrei að vita nema inni í sér sé hv. þm. farinn að vorkenna sér í þessu hlutverki, en hann ber ekki harma sína á torg eins og kunnugt er heldur ber hann harm sinn í hljóði og gerir það karlmannlega. Það er alveg hárrétt.

Herra forseti. Ég hlýt að mælast til þess að menn fari að meta stöðuna í þessari umræðu og hvað varðar meðferð þessara mála. Það hefur legið fyrir að um þessi mál, a.m.k. það sem hér er til umræðu, væri mjög djúpstæður ágreiningur. Það var mönnum ljóst og hefur verið allan tímann í sambandi við lúkningu þinghaldsins að um þetta mál væri ósamið og fjölmargir þingmenn hefðu á þessu máli miklar skoðanir sem ekki yrðu þaggaðar niður. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart. Og þess þá heldur sem málin eru í raun og veru tvö sem eru samsíða til umfjöllunar frá tveimur hv. þingnefndum.

Herra forseti. Að allra síðustu fer ég í allri vinsemd fram á það með tilliti til þess að nú morgnar senn og það er löngu orðið miklu meira en áliðið, eins og forseti sagði fyrr í umræðunni, að forseti fari nú að meta það hvort ekki sé tímabært að gera hlé á þessari umræðu og skoða málin þegar bjart er orðið á ný. En langgáfulegast er að láta þessi mál liggja þar sem þau eru nú stödd.

[07:15]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt vegna þess sem kom fram hjá hv. ræðumanni Steingrími J. Sigfússyni að með frv. væri verið að flytja störf frá landsbyggðinni til Reykjavíkur og mér væri eiginlega beitt fyrir þann vagn. Mér finnst þetta vera vanmat á okkar ágætu iðnaðarmönnum hvar sem þeir eru á landinu og ástæðulaust vanmat. Vegna þess að ef við lesum þetta og viljum skilja það af sanngirni sem stendur í frv. þá er löggildingarstofunum heimilt að bjóða út þessi störf. Ég sé ekki af hverju iðnaðarmenn sem eru á skoðunarstofum bæði norðanlands, austanlands og vestan hafi ekki möguleika á því að keppa um slíkt í verði við skoðunarstofur sem starfræktar eru á Reykjavíkursvæðinu. Bara fjarlægðarverndin ein gefur þessum stofum sem yrðu starfræktar úti á landi mikla möguleika. Ég fullyrði að við þurfum ekkert að biðjast afsökunar á kunnáttu og hæfni iðnaðarmanna vítt og breitt um landið og ég treysti þeim fullkomlega til að geta starfrækt slíkar skoðunarstofur ekkert síður en iðnaðarmönnum á Reykjavíkursvæðinu.

[07:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikill misskilningur og ástæðulaust að snúa þannig út úr orðum manna að í okkar áhyggjum í þessu sambandi felist vanmat á hæfni iðnaðarmanna á landsbyggðinni. Það er ekki svo. Þvert á móti er það m.a. vegna þess að við tökum mark á orðum þeirra sem maður hefur þessar áhyggjur. Það eru þeir sjálfir og samtök þeirra á landsbyggðinni sem hafa þessar áhyggjur. Fagmenn á þessu sviði óttast að kröfurnar sem verða gerðar, faggildingarkröfurnar og aðstæðurnar í þessari starfsemi þegar út í einkavæðinguna verður komið, verði slíkar að starfsemin verði fyrst og fremst gerð út af höfuðborgarsvæðinu. Við erum að glíma við þennan draug á fjölmörgum sviðum, herra forseti. Við höfum áhyggjur af því t.d. að einkavæðing Pósts og síma leiði til þess að hlutir sem áður var hægt að tryggja í gegnum félagslega uppbyggða og sameiginlega þjónustu fyrir landið allt, að þar fari að hallast á. Við vitum alveg hverjir eiga þá undir högg að sækja. Hverjir lenda í varnarstellingum þannig að þetta snýst ekki um það að það ágæta fólk sem er að sinna störfum, hvort heldur er á þessu sviði eða annars staðar úti um hinar dreifðu byggðir, sé eitthvað verra af guði gert eða að við séum að vanmeta hæfni og ágæti þess þó að við höfum áhyggjur af að aðstæðurnar sem menn eru að glíma við kunni að fela það í sér að þarna sé ástæða til að hafa áhyggjur. Ég bið hv. þm. að taka þetta hvorki persónulega til sín né heldur þannig að við séum með þessu að gera lítið úr þeim mönnum sem hafa sinnt slíkum störfum úti um landið eða eru í þessum faggreinum, því svo er ekki. Hér er verið að vísa til þeirra aðstæðna sem kunna að koma upp og sporin hræða, því miður.

[07:19]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að setja á langa umræðu enda er ég að koma í annað skipti að þessu máli. En ég fór yfir, herra forseti, í fyrri ræðu minni hvernig nefndaskipanin átti sér stað. Út frá þeim hugleiðingum dró ég fram stjórnsýslulögin og ég stend hér með efasemdir um það mál. Ég ætla ekki að tefja að 2. umr. ljúki sem slíkri en ég þarf að fara örlítið yfir þetta.

Ég nefndi að fimmti fulltrúinn, Gunnar Ingi Gunnarsson, er einn af aðaleigendum skoðunarstofunnar Skoðunar hf. og ég nefndi að Ófeigur Sigurðsson væri frá Rafskoðun hf. Þessir menn voru í nefnd sem vann að undirbúningi lagasetningarinnar. Í stjórnsýslulögum segir, með leyfi forseta, að þessi lög gildi ekki um samningu reglugerða né almennra stjórnvaldsfyrirmæla. Ég lít svo á, herra forseti, að hér sé um meira að ræða en almenn stjórnvaldsfyrirmæli. Ég álít að um

sé að ræða lagasetningu sem hefur víðtækara gildi en það sem hér er um að ræða.

Ég spurði spurninga í fyrri ræðu minni sem ég hef ekki fengið svör við. Ég vil ítreka þær:

1. Er um hagsmunatengsl einstakra nefndarmanna sem sömdu frv. að ræða?

2. Hvernig verður úrtaksfjöldi til skoðunar á virkjum eða veitum ákveðin?

3. Hvernig ætla menn að deila kostnaði? Eiga allir að borga jafnt eða hvernig verður skiptingin?

4. Eru það sömu aðilar sem eiga að skoða smáar og stórar veitur?

Ég hef, herra forseti, fyllstu ástæðu til að spyrja þessara spurninga út frá þeim svörum sem komu einhvern tímann fyrr í nótt eða fyrr í morgun frá hv. formanni iðnn. varðandi hvernig skoðanir eru framkvæmdar í Danmörku.

5. Hvaða fagaðilar munu annast yfireftirlit?

6. Hvernig á að framkvæma gamalskoðun í landinu?

7. Með hvaða hætti verður það tryggt að allir neytendur sitji við sama borð?

Herra forseti. Ég rakti nákvæmlega aðstæður einstakra nefndarmanna og fer yfir það aftur. Ég vona að ég hafi ekki haft í frammi ómaklegar ábendingar. Ég hef ekki heyrt andmæli við ræðu minni um hagsmunatengsl. Því hlýt ég að telja að ákveðnir einstaklingar hafi verið vanhæfir í nefndinni og þess vegna óska ég eftir að á milli 2. og 3. umr. verði kveðinn upp úrskurður um það hvort um vanhæfni er að ræða. Ef svo er þá tel ég að málið verði að fara samkvæmt vísan minni hluta iðnn. til skoðunar hjá hæstv. ríkisstjórn. Það getur ekki gengið fyrir sig á annan máta. Og ef ég fer aðeins yfir þetta mál þá eru vanhæfisástæður þær, með leyfi forseta, að starfsmaður er vanhæfur til meðferðar máls ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila. Það er meira að segja svo að ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Svona er þetta þegar maður fer í gegnum þessi mál. Ég veit að hæstv. iðnrh. mun skoða þetta mál með tilliti til þess sem ég er að segja hér. Af þeirri ástæðu tel ég að það sé kannski ekki ástæða til að fara frekar í gegnum málið en þó er það svo af því að hv. formaður iðnn. er að lýsa því hvernig skoðanir fara fram í Danmörku að þá er ég með bréf, reyndar á dönsku, herra forseti, og ég vona að mér sé heimilt að lesa það upp á dönsku. Ég skal reyna að þýða það jafnóðum, bréfið hljóðar svo:

„Jeg har lovet Christian at sende dig lidt om hvorledes vi har organiseret vores tilsyn. Vi har opdelt vores tilsyn på højspændingsanlæg, lavspændingsanlæg og markedskontrol."

Þetta þýðir að þeir hafa skipt eftirlitinu sínu á háspennukerfi, lágspennukerfi og síðan við tækjaeftirlit. Og áfram segir:

„På højspændingsanlæg som primært er elskabendes anlæg samt anlæg hos større virksomheder foretager vi ikke et egenligt tilsyn."

Þeir segja að á háspennukerfum eða einföldum kerfum rafveitnanna ásamt kerfum hjá stærri fyrirtækjum fari ekki fram eiginlegt eftirlit. En þeir segja samt:

„Vi har en medarbejder dersom konsulent besøger selskaberne idet vores tidligere erfaringer viser at det sjælden er noget galt med disse institutioner."

Þeir segja: Við erum með starfsmann sem fulltrúa er heimsækir fyrirtækin þar sem okkar reynsla sýnir að það er sjaldan nokkuð að hjá þessum kerfum. Aftur á móti getur verið um nokkurt óöryggi að ræða um túlkun á þessum ákvörðunum. Síðan er sagt, og ég reyni þá að þýða þetta beint: Á lágspennuvirkjum eða kerfum höfum við fært eftirlitið til rafmagnsfyrirtækjanna þannig að þeir sjá um eftirlit með 10% af nýjum uppsetningum á rafkerfum eða í stærri fyrirtækjum.

Það er því alveg klárt mál, eins og ég hélt fram áðan, að innra eftirlit fer fram í stærri fyrirtækjum og hjá rafveitum þannig að ég velti því fyrir mér: Hvað þýðir þetta? Erum við að fara út í þetta kerfi, sem ég er að lýsa, eða erum við að fara út á þá braut að skoðunarstofur eigi að framkvæma þetta eftirlit? Ég tel að það skipti miklu máli á hvern hátt þetta verður útfært. Það skiptir mjög miklu máli.

[07:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál í þessari umferð. Ég hef farið áður nokkuð rækilega yfir málið, sett fram ýmsar spurningar en þó er eitt atriði sem mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. nánar út í og það snertir mannahald. Reyndar er ýmislegt í frv. sem snertir mannahald þess eðlis sem vert væri að ræða. En eins og kunnugt er er til umfjöllunar að sameina tvær stofnanir, Löggildingarstofuna og Rafmagnseftirlit ríkisins. Yfir þeirri stofnun á að vera forstjóri en þess er sérstaklega getið að hann skuli vera háskólamenntaður. (**Iðnrh.:** Er Björn það ekki?) Er Björn það ekki? spyr hæstv. iðnrh. kannski fremur í gamni en alvöru. En spurningin er þessi hvaða háskólamenntun er um að ræða sem forstjóri Löggildingarstofu þarf að hafa? Ekki þannig að mér finnist það skipta öllu máli en hitt finnst mér orðið umhugsunarvert þessi háskólamenntunarárátta sem kemur fram í frv. frá löggjafanum nú um stundir. Það má varla skipa nefnd í stjórnsýslunni án þess að þar sitji einstaklingur sem hafi lögfræðipróf upp á vasann og geti rekið mál fyrir dómstólum. Mér finnst löggjafinn vera að ganga of langt í þessa veru. Iðulega er verið að sækjast eftir einstaklingum sem eru góðir stjórnendur og það er ekkert bundið við háskólamenntun að hafa slíka hæfileika. Mér finnst mjög vafasamt að útiloka einstaklinga, sem gætu verið vel til þess fallnir að sinna stjórnsýslunni, hafi þeir ekki háskólapróf upp á vasann. En þetta er efnisatriði sem mig langaði til að koma á framfæri. Mér finnst þetta koma víða fram í lagasmíð frá Alþingi.

Það sem mig langaði til að spyrja hæstv. iðnrh. út í tengist mannahaldi vegna þess að í umsögn um frv. til laga um Löggildingarstofu frá fjmrn. þar sem tekið er fram að hér sé verið að sameina tvær stofnanir segir að það muni koma fram í fækkun starfsliðs. Mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. nánar út í þetta. Verði þessi frv. að lögum kemur það til með að leiða til uppsagna? Munu einstaklingar missa atvinnu sína fyrir vikið? Í því sambandi langaði mig sérstaklega til að vekja athygli á einu atriði. Það er að hér er um mjög umdeilda lagasmíð að ræða þar sem starfsmenn hafa látið talsvert til sín taka. Menn hafa sinnt hlutverki sínu sem trúnaðarmenn, sem ég tel vera mjög mikilvægt, að verja trúnaðarmenn og þeirra réttindi. Það er mjög mikilvægt fyrir lýðræðisþjóðfélagið að búa svo um hnútana að þar geti menn alltaf gengið uppréttir. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann er ekki sammála mér um að það sé mikilvægt fyrir stofnanir, hvort sem þær eru á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einkaaðila, að þar innan veggja gangi einstaklingar beinir í baki með sínar skoðanir og geti haldið þeim fram óáreittir jafnvel þótt þær kunni að

stríða gegn yfirvaldinu að einhverju leyti. Fleiri ætla ég ekki að hafa orð mín í þessari umræðu, hæstv. forseti.

[07:34]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ég skulda aðeins skýringar á eftirlits- og skoðunarþættinum sem hér hefur verið spurt um. Stefnan og reyndar markmiðið með frv. er að byggja upp innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra. Úrtaksskoðun nær til allra rafverktaka. Þeir verða að sæta skoðun en ekki veiturnar sem þeir gera nema úrtaksskoðun komi til nánari athugunar. Þá er það verktakinn sjálfur sem greiðir þann kostnað sem af því hlýst en ekki neytandinn. Ég vona að ég tali alveg skýrt í þessu. Og af því að ég veit og finn að þessari umræðu er að ljúka hér í nótt þá vil ég bara þakka mönnum fyrir hana. Ég er ekkert hissa á því í sjálfu sér, í þessu máli eins og í öllum öðrum, að það séu skiptar skoðanir. Það kemur mönnum ekkert á óvart en þó er ég, og þessi umræða hefur þá engu breytt um það, sannfærður um að við séum þó að breyta úr ekki góðu kerfi í betra.

[07:35]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frá því að ég talaði í fyrra sinn hafa komið nokkrar spurningar og í örfáum orðum skal ég reyna að svara þeim og hafa það eins skýrt og nokkur kostur er.

Fyrst er spurt hvort það fyrirkomulag sem hér hefur að nokkru leyti verið við lýði en á að betrumbæta og byggja enn frekar upp sé nokkurs staðar annars staðar við lýði í löndunum í kringum okkur. Það er ljóst og menn þurfa ekki fara í grafgötur með það að forstjóri Rafmagnseftirlits ríkisins og einstakir menn þar innan dyra hafa verið andsnúnir því að þetta kerfi væri tekið upp. Þá um leið reyni ég að svara spurningu hv. þm. Ögmundar Jónassonar. Þessir menn hafa fengið að vera með sínar skoðanir alveg í friði fyrir stjórnvaldinu þrátt fyrir það að við höfum vitað hver þeirra afstaða væri. Við höfum ekki verið að gera athugasemdir við það að þessir starfsmenn Rafmagnseftirlitsins hefðu aðra skoðun en þá meginstefnu sem stjórnvaldið hefur í að koma þessu á. En á vegum þessara manna og Rafmagnseftirlitsins var tekin saman skýrsla um fyrirkomulag rafmagnsöryggismála á Norðurlöndum og má ég þá vitna til nokkurra landa:

Danmörk. Í Danmörku eru 10% allra nýrra neysluveitna skoðaðar og eru það starfsmenn rafveitna sem framkvæma slíkt eftirlit í umboði rafmagnseftirlitsins þar. Þar er engin skoðun á neysluveitum í rekstri, þ.e. engin skoðun fer fram á gömlum veitum

Noregur. Þar er vitnað í fulltrúa sem þeir áttu tal við og sagt að fyrir dyrum standi að breyta eftirliti með nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri í úrtaksskoðanir ásamt því að auka ábyrgð rafverktaka með eigin verkum, m.a. með aukinni áherslu á yfirferð eigin verka. Framkvæma tilskildar mælingar og tilkynna verkin til rafveitna. Hvað er þetta? Það fyrirkomulag sem þarna er verið að tala um að byggja upp í Noregi í byrjun janúar 1995 er fyrirkomulagið sem við erum að byggja upp hér hjá okkur. Sama gildir um háspenntu raforkuvirkin.

Finnland. Fyrirkomulag rafmagnseftirlits í Finnlandi mun á næstunni breytast, og þetta er sagt í byrjun janúar 1995, í þá veru að SETI, það er sjálfsagt hið opinbera rafmagnseftirlitsfyrirtæki þar, hættir framkvæmd eftirlits og verður fyrst og fremst stjórnvald sem mun setja reglur um rafmagnsöryggismál, fella úrskurði og hafa yfireftirlit með fagmönnum og þeim aðilum sem í framtíðinni munu sjá um framkvæmd rafmagnseftirlits. Rafveitur munu alfarið hætta framkvæmd rafmagnseftirlits en fela það einkaaðilum með tilskilin réttindi. Rafmagnseftirlit mun verða í formi úrtaksskoðana. Hvað þýðir þetta? Þetta skiljum við allir sem höfum tekið þátt í þessari þungu umræðu í kvöld. (Gripið fram í.) Ekki rétt? (**Gripið fram í:** Engin vandamál.) Engin vandamál.

Sama gildir um Svíþjóð þannig að ég þarf ekki að vera að lesa meira upp úr þessari skýrslu. (**Gripið fram í:** En á Nýja-Sjálandi?) Ég var ekki spurður um Nýja-Sjáland, hv. þm., og vegna þess að ég var ekki spurður og hef ekki dýpri þekkingu á málinu en það þá hef ég ekki svör á reiðum höndum hérna úr ræðustólnum. Ég er ekkert viss um að þetta fyrirkomulag sé í Nýja-Sjálandi þó þar sé margt til fyrirmyndar eins og við þekkjum báðir og ríkisstjórnin hefur verið að fá fyrirlesara og BSRB hefur verið að fá fyrirlesara til landsins til að kynna sér ástand mála þar og þá nýju hugsun sem þar er verið að innleiða. (**ÖJ:** Sem víti til varnaðar.) Þar sýnist mönnum reyndar sitt hvað í þeim efnum. Þá held ég að ég hafi svarað þeirri spurningu hvernig þetta er í löndunum í kringum okkur sem við viljum helst spyrða okkur saman við.

Hv. þm. Gísli Einarsson spurði um gamlar veitur. Þær eru margar, það er alveg hárrétt. Sennilega þúsundir, það er rétt hjá hv. þm. Þær eru ekki bara í Reykjavík, þær eru um allt land. En það sem er þó gleðilegt við Reykjavík er þetta: Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur verið að gera átak í þessum efnum að undanförnu og náð árangri. En til þess að búa ekki lengur við það ástand að þar sé ekkert skoðað þá gefst með þessum lögum það tækifæri að Rafmagnseftirlit ríkisins bjóði út eftirlitið á gömlu veitunum. Þá er spurt: Hvernig verður það kostað? Þá vitna ég til 4. tölul. 14. gr. frv. sem er sameiginlega greiðslan. Eða ef við viljum nefna það því fína nafni, félagslega greiðslan.

Hv. þm. spurði einnig: Hvað segja tryggingafélögin? Það er eðlilegt að spurt sé því þeirra hagsmunir ættu að vera þarna að einhverju leyti í húfi. Þeim hefur verið boðin þátttaka í þessu starfi. Það var afþakkað. Þetta er svarið.

Hver borgar úttektirnar þegar um úrtaksskoðun er að ræða? Þessu svaraði hv. formaður iðnn. ágætlega áðan og þarf ekki að endurtaka það. En menn kunna líka að spyrja: Hver greiðir þetta? Þetta er greitt af félagslega liðnum, 4. tölul. 14. gr. frv. Hvernig er útakinu háttað? Hv. formaður iðnn. svaraði því áðan líka.

Hv. þm. Gísli Einarsson og Ögmundur Jónasson spurðu báðir: Hvað verður um fyrrverandi, sem enn eru nú ekki orðnir, starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins? Í frv. um Löggildingarstofuna er ákvæði um að starfsmenn skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Þeir starfsmenn sem verða ráðnir til starfa hjá hinni nýju stofnun, að undangenginni auglýsingu, eins og skylt er samkvæmt lögum, munu halda fyrri réttindum sínum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þessi lög þekkir enginn betur en hv. þm. Ögmundur Jónasson. Þetta varðar t.d. fyrirframgreiðslu launa, biðlaunarétt, makalaun, og lausnarlaun vegna heilsubrests — tekur á öllum þessum þáttum. Af þessu leiðir að yfirleitt verður engin breyting á réttarstöðu starfsmanna sem kunna að ráðast til starfa hjá hinni nýju stofnun og í frv. eru gerðar ráðstafanir, sem meginreglur laga heimila, til að tryggja að réttarstaða starfsmanna verði óbreytt. Við höfum búist við því að þetta frv. gæti orðið að lögum nú fyrir jól.

Til þess að vera sem best undirbúnir og aflétta sem allra fyrst því óvissuástandi sem er í rafmagnseftirlitsmálum og öryggismálunum þá erum við auðvitað farnir að undirbúa það að þessi sameinaða stofnun, geti tekið til starfa. Þar hefur ekki verið ákveðið að ráða einstaka starfsmenn á þessu stigi enda væri það óeðlilegt. En ég segi: Við viljum reyna eftir megni að skapa öllum þessum starfsmönnum störf við þessa nýju stofnun.

Það er hins vegar alveg rétt, eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson vitnaði til, að í umsögn fjmrn. um Löggildingarstofuna er gert ráð fyrir því að spara tiltekna upphæð því það þurfi að ná fram hagræðingu. Það getur þýtt að menn þurfi að fækka starfsmönnum ef menn horfa á heildarsummuna af núverandi starfsmannafjölda beggja þessara stofnana. En við munum leggja okkur fram í þessum efnum eftir því sem nokkur kostur er. Það getur líka vel farið svo, og það verða menn að hafa í huga, að þegar verið er að slá saman tveimur ríkisstofnunum þá gerist það ekki á einni nóttu. Það tekur ákveðinn tíma. Það er mikilvægt að það gangi hægt og rólega fyrir sig og í góðri sátt þannig að því miður er ég ekki viss um að þessi sparnaður muni nást árið 1997 eins og stefnt er að. En náist hann ekki akkúrat þarna þá verður iðnrn. að bera þann sparnað af öðrum liðum hjá sér þannig að þetta verður innan heildarramma iðnrn. Þetta þýðir ekki að hægt sé að fresta þessari ákvörðun um að ráðast í þessa aðgerð, alls ekki, vegna þess að það er alveg sama hvenær í hana verður ráðist, það mun taka tíma og það mun kosta nokkra peninga að koma þessum stofnunum saman

Menn hafa dálítið gert úr því og velt því fyrir sér, bæði hv. þm. Gísli S. Einarsson og hv. þm. Ögmundur Jónasson, að hugsanlega sé þarna um hagsmunatengsl á milli aðila að ræða, þ.e. þeirra aðila sem voru skipaðir í nefndina. Ég hafna því algjörlega. Þegar ég segi þetta þá ætla ég samt að láta skoða það ákvæði lagalega nú milli umræðna sem hv. þm. Gísli S. Einarsson vitnaði til og fá úr því skorið. En ég hafna þessu á þeirri forsendu að þarna er verið að undirbúa mál. Það er verið að vinna að undirbúningi máls. Það er fyrst framkvæmdarvaldsins, sem ákveður að leggja málið fyrir þingið, og síðan löggjafans að taka ákvörðunina. Þarna er ekki verið að taka ákvörðun, stjórnsýslulögin taka til þess þegar verið er að taka ákvörðun. Þarna verður einhver breyting á. En þetta mun ég láta skoða.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi svarað öllum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint. Fyrir utan það að ég tel að þetta mál liggi fyrir þinginu alveg skýrt. Það er ekki um kostnaðarauka að ræða fyrir fólkið í landinu, heldur mun frv. leiða til sparnaðar verði það að lögum. Það er ekki um misrétti að ræða. Það er ljóst hvernig kostnaður fellur á, hver mun greiða hann. Það er ekki um misrétti milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að ræða heldur segi ég að það eru meiri möguleikar nú en nokkru sinni fyrr til að færa að miklu leyti eftirlitið út á land, í heimahéruðin, með því að faggilda þar aðila til að sjá um þessa hluti, með því að Rafmagnseftirlitið bjóði þessa hluti út til faggiltra stofa á ákveðnum stöðum og þá eru heimammenn í miklu betri aðstöðu til að ná slíkum útboðum ef vilji er fyrir því hjá heimamönnum að leita eftir slíku. Þannig að á allan hátt þá er þetta frv., verði það að lögum, til þess að styrkja rafmagnsöryggismál í landinu, til að koma á skýrri verkaskiptingu innan málaflokksins og treysta stöðu landsbyggðarinnar, ekki síst, í þessum efnum.

[07:49]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka það fram að umræða mín og hugsun hefur beinst að því að komið verði á og viðhaldið sem mestu öryggi fólks og húseigna gegn hættu á slysum og tjóni af völdum rafmagns. Að því hefur umræða mín beinst einvörðungu og síðan að halda niðri kostnaði.

Ég þakka fyrir þá umræðu sem hefur verið. Hún hefur verið málefnaleg. Því hefur verið svarað sem um hefur verið spurt, hvað sem mönnum finnst svo um spurningarnar. Ég átti satt að segja von á harðari mótbárum við því sem ég hef verið að segja. Ég er að sjálfsögðu ekki fullsannfærður en ég vona að svo fari sem hæstv. iðnrh. og hv. formaður iðnn. hafa láta að liggja. En ég viðurkenni að ég er ekki fullkomlega sannfærður og það er í ljósi þess, herra forseti, sem ég gat um áðan varðandi þá reikninga sem ég fékk í hendur í upphafi vega þegar þessi mál voru til umfjöllunar. Þegar ég sat sem varaformaður hv. iðnn. komu þessi mál á borðið og voru ansi erfið. En ég ítreka að ég þakka fyrir bæði málefnalega umræðu og góð svör.

[07:51]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þrátt fyrir það að þessi umræða og kannski vegna þess öllu heldur að þessi umræða hafi tekið nokkurn tíma, ég tek undir það með hv. þm., þá hafi hún verið málefnaleg. Mér finnst síðari hluti umræðunnar hafa verið sérstaklega málefnalegur í ljósi þess að menn hafa núna, viljað komast að kjarna málsins. Kjarni málsins er sá að við viljum byggja upp og treysta rafmagnsöryggismál í landinu. Að því viljum við öll keppa. Við getum örlítið deilt kannski um það hvaða leið á að fara. Ég er sannfærður um að þegar upp verður staðið, að ári liðnu vona ég, þá séu allir menn sannfærðir um að hér hafi verið stigið rétt skref. Og ég vonast til þess svo sannarlega að svo sé.

En af því að ég gleymdi því við lok umræðunnar þá vil ég sérstaklega þakka nefndinni fyrir góða yfirferð yfir málið. Störf nefndarinnar hafa styrkt málið þegar það kemur nú til 2. umr. og ég er sannfærður um að við erum líka mun betur í stakk búin til að fara í 3. umr. og hún á ekki að þurfa að taka nema örskamma stund vegna þess að ég tel að allt liggi tiltölulega ljóst fyrir varðandi þau atriði sem hugsanlega hafa staðið út af í umræðunni.

[07:53]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans svör. Mig langaði til að nefna það í framhaldi af orðum hans, og reyndar einnig orðum hv. formanns iðnn. áðan, að enda þótt fyrirtæki, stofnanir, verði látnar borga brúsann þá er það að sjálfsögðu endanlega notandinn sem greiðir fyrir þessa þjónustu. Það er endanlega notandinn, hver svo sem millifærslan er.

Að lokum langar mig til að segja að ég er ekki sammála hæstv. iðnrh. um að það sé rétt að samþykkja þessi lög núna fyrir jólin. Ég teldi nær að þessi frv. verði tekin út úr sölum Alþingis, þeim yrði vísað til ríkisstjórnarinnar og þessi mál tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

[07:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að allt sem þarf að greiða fyrir, allt sem er kostnaður og fyrir þann kostnað þarf að greiða eru peningar sem koma einhvers staðar frá. Það er áætlað og ég fór yfir það fyrr í kvöld að heildarkostnaður

við rafmagnseftirlitið í því formi sem það er rekið núna séu 200–260 millj. kr. Í 14. gr. frv. er nákvæmlega rakið lið fyrir lið hvað hver liður kostar. Þar erum við að tala um 120 millj. kr. heildarkostnað. Það er sparnaður sem af þessu hlýst. Ég svara kannski eins og ég svaraði hv. þm. Gísla S. Einarssyni áðan því ég veit að við viljum allir vinna að því að styrkja rafmagnseftirlitsmálin í landinu. Spurningin er um leiðina. Það kemur fram í öllum samþykktum og ályktunum frá öllum þeim aðilum sem hafa haft samband við okkur, hvort sem það er ráðuneytið eða nefndin, að við þetta ástand er ekki búandi lengur. Sú leið sem við erum nú að fara — ég var efasemdamaður eins og ég sagði áðan á fyrra kjörtímabili eftir því hvaða upplýsingar ég hafði um hvernig málið var uppbyggt. Ég var ekki sannfærður um að þetta væri rétta leiðin. En eftir að hafa farið mjög nákvæmlega í málið, eftir að hafa fengið ráðgjöf hjá mönnum sem ég treysti mjög vel, eftir að hafa séð nefndarstarfið og hvernig það þróaðist, þá er ég sannfærður um að við erum á réttri leið. Verði það niðurstaðan að þetta frv. verði samþykkt áður en þing fer heim fyrir jól þá er ég sannfærður um að eftir eitt ár búum við við betri stöðu í þessum málum heldur en við gerum í dag.

[07:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Ég tek undir þau orð hæstv. iðnrh. að ég vona að sjálfsögðu að að ári liðnu búum við við betra kerfi en við gerum í dag. Ég tek einnig undir það að samkvæmt þeim álitsgerðum sem vitnað hefur verið til í umræðunni hér þá kemur fram að almennt ríkir óánægja með það fyrirkomulag sem nú er við lýði. Hins vegar vilja menn ganga í gagnstæðar áttir. Þótt iðnrh. hafi fengið ráðgjöf frá aðilum sem hann treystir þá er á það að líta líka að fram hafa komið ráðleggingar frá öðrum aðilum sem vel þekkja til þessara mála, svo sem rafverktökum, sveitarstjórnaraðilum, sem vilja verja hagsmuni landsbyggðarinnar, og önnur sjónarmið sem vilja að menn gangi í gagnstæða átt. Þess vegna ítreka ég að ég hvet til að þetta frv. verði tekið út úr sölum Alþingis og þessi mál endurskoðuð frá grunni þannig að hæstv. iðnrh. geti orðið að ósk sinni og okkar sameiginlegu ósk um að við komum til með að búa við betra kerfi að ári liðnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 07:59.

---

53. FUNDUR

föstudaginn 20. des.,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 201, nál. 431, brtt. 432 og 434. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 251. mál, þskj. 433. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306, nál. 408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 308, nál. 410. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði, þáltill., 225. mál, þskj. 300. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 74, nál. 241. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, stjtill., 248. mál, þskj. 404, nál. 458. — Síðari umr.

11. Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 364, frhnál. 453 og 464, brtt. 419, 426, 427, 428, 429, 430, 444, 445, 446, 448, 449, 450, 452, 459, 463 og 465. — Frh. 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.

[10:01]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 446.

Fjárlög 1997, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 364, frhnál. 453 og 464, brtt. 419, 426, 427, 428, 429, 430, 444, 445, 446, 448, 449, 450, 452, 459, 463 og 465.

[10:02]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) (frh.):

Herra forseti. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 er nú komið til 3. umr. Ég vil í upphafi máls míns þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað fjárln. við framhaldsvinnuna milli 2. og 3. umr., starfsmönnum fjárlagaskrifstofu og fjmrn. og starfsmönnum annarra ráðuneyta sem hafa brugðist vel við erindum nefndarinnar. Ég þakka starfsfólki nefndarinnar og starfsfólki Alþingis fyrir þeirra góðu vinnu og aðstoð við nefndina og endurtek þakkir til meðnefndarmanna sem hafa ekki látið mismunandi sjónarmið um ýmis mál koma í veg fyrir góðan vinnuanda.

Meiri hluti fjárln. hefur gefið út eftirfarandi frhnál. um fjárlagafrv.:

„Nefndin hefur haft fjárlagafrumvarpið til athugunar frá því að 2. umræða fór fram 13. desember sl. Til viðræðna við nefndina komu forsvarsmenn B-hluta stofnana, þ.e. Ríkisútvarpsins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Fulltrúar efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Þjóðhagsstofnunar komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins og horfur í þjóðarbúskapnum.

Í máli forstjóra Þjóðhagsstofnunar kom fram að horfur í efnahagsmálum fyrir árið 1997 hefðu ekki breyst að marki frá því að þjóðhagsáætlun var lögð fram á Alþingi í byrjun október, að því undanskildu að líkur á byggingu nýs álvers og stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hefðu aukist verulega. Fyrir vikið hafði Þjóðhagsstofnun metið áhrif slíkra framkvæmda á helstu þjóðhagsstærðir.

Áætlað er að fjárfesting vegna umræddra framkvæmda verði samtals tæplega 38 milljarðar kr. Þar af eru 23 milljarðar kr. vegna orkumannvirkja o.fl., 12 milljarðar kr. vegna nýs álvers og tæplega 3 milljarðar kr. vegna Íslenska járnblendifélagsins. Samkvæmt áætlun verður framkvæmt fyrir tæplega 15 milljarða kr. af þessari fjárhæð á árinu 1997.

Lauslegt mat á áhrifum þessara framkvæmda á helstu þjóðhagsstærðir sýnir meðal annars að landsframleiðslan ykist um 4,3% á næsta ári og þjóðarútgjöld um 7,1%. Til samanburðar má nefna að þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir að landsframleiðslan aukist um 2,5% og þjóðarútgjöld um 3,5%. Jafnframt yrði hallinn á viðskiptajöfnuði sem hlutfall af landsframleiðslu 4,5% í stað 2,9% í þjóðhagsáætlun. Við bætist að verðbólga færðist í aukana þótt erfitt sé að sjá fyrir hversu mikil áhrifin á hana yrðu við svona aðstæður.

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar lagði áherslu á að ef þessum fjárfestingaráformum yrði hrint í framkvæmd væri brýnt að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum til þess að stöðugleikanum yrði ekki stefnt í tvísýnu.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu mála og mun minni hlutinn skila sérstöku áliti. Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hann stendur að og gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Tillögur meiri hluta nefndarinnar, er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs, leiða til hækkunar útgjalda um 1.053,1 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1997 var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu 125,4 milljarðar kr., en nú er gert ráð fyrir að tekjurnar verði 126,2 milljarðar kr. eða 800 millj. kr. meiri en í fjárlagafrumvarpinu eins og það var lagt fram í haust."

Áður en ég geri grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur vil ég víkja að örfáum atriðum varðandi stöðu ríkisfjármála. Í fyrsta lagi vil ég nefna tekjuhliðina og aðgerðir til að sporna við þenslu. Í öðru lagi vil ég víkja að útgjöldum til sjúkrahúsa og í þriðja lagi gera grein fyrir nokkrum atriðum sem þurfa skýringa við en ekki koma fram í breytingartillögum.

Í 2. umr. fjárlaga gerði ég að umtalsefni hættuna á þenslu í þjóðfélaginu ef framkvæmdir og fjárfestingarhlutfall hækka vegna væntanlegs álvers og virkjunarframkvæmda. Líkur á því að af þessum framkvæmdum verði hafa aukist síðan 2. umr. fjárlaga fór fram, en samt er of snemmt að slá nokkru föstu um niðurstöðuna. Af þessum orsökum hefur tekjuauki ríkissjóðs vegna þessa ekki verið reiknaður inn í tekjuspá fyrir árið 1997, en hins vegar hafa tilteknar aðgerðir í samgöngumálum verið ákveðnar til að draga úr framkvæmdahraða ef til þessara nýju framkvæmda kemur. Spyrja má hvort þessi vinnubrögð séu eðlileg og ég svara því til að svo sé.

Það er fyrst til að taka að við Íslendingar höfum búið við lágt verðbólgustig síðan þáttaskil urðu með þjóðarsáttinni 1989. Okkur á að vera annt um þann árangur. Það er nauðsyn til að halda samkeppnishæfni út á við, grundvöllur fyrir aukningu kaupmáttar og er grundvöllur fyrir því að almenningur geti staðið við skuldbindingar sínar. Að missa verðbólguna úr böndunum getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Það er skylda stjórnmálamannanna að horfa fram á veginn og líta yfir stundarhagsmuni. Það er einnig nauðsynlegt að læra af fortíðinni, því sem vel hefur tekist og þeim mistökum sem gerð hafa verið. Ég hygg að það geti verið hollt að rifja upp árið 1987 þegar aðstæður voru á borð við það sem þær eru nú. Þá var gífurleg uppsveifla í þjóðfélaginu vegna mikils sjávarafla. Hagvöxtur varð þá hvorki meiri né minni en 8,6%, fjárfestingarhlutfall miðað við landsframleiðslu þá var einnig hátt, 20,4%. Í þeirri miklu uppsveiflu var glímt við mikinn verðbólguvanda, en verðbólgan var á því ári 18,3%.

Eins og þá rekur minni til sem upplifðu þennan tíma fyrir níu árum, var ekki slegið af í framkvæmdum þá. Þar áttu hlut að máli ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar. Árið eftir, 1988, féll hagsveiflan og hagvöxtur var enginn, -0,1%. Fjárfestingarhlutfallið hélst þó í 19,7% en verðbólgan varð á því ári hvorki meiri né minni en 25,7%. Árið 1989 var minni háttar hagvöxtur 0,3%, fjárfestingarhlutfall 19,1%, en verðbólgan hélst enn í 21,1% þrátt fyrir að enginn hagvöxtur hefði verið í tvö ár. Þá var hins vegar gripið í taumana með þjóðarsáttinni og upphófst þá verðhjöðnun og tímabil lágrar verðbólgu sem stendur enn og okkur ber að varðveita með því að grípa til aðhaldsaðgerða fyrr ef þenslumerki gera vart við sig.

Með álveri á næsta ári mundi fjárfestingarhlutfallið fara í 22% að mati Þjóðhagsstofnunar eða enn hærra en það var árið 1987, framkvæmdaárið mikla. Tillögur þær sem kynntar hafa verið í fjárln. til að draga úr þenslu eru þess efnis, að Vegasjóður verji um 240 millj. kr. sem ætlaðar voru til framkvæmda til uppgreiðslu skulda. Þetta hefur ekki áhrif á fjárlagatölurnar nema innbyrðis en hefur áhrif til þess að draga úr þenslu.

Áformum um lántöku til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli var einnig frestað, en það er aðgerð með sama takmark og tilgang. Um hana er fjallað í lánsfjárlögum.

Þátttaka sveitarfélaga í aðhaldsaðgerðum hefur verið nokkuð til umræðu að undanförnu, einkum hlutur stærsta sveitarfélags landsins, Reykjavíkurborgar, í aðgerðum til að draga úr þenslu. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að sveitarfélögum eru skorður settar í þessu efni eins og ríkisvaldinu og lög og reglugerðarákvæði kalla á framkvæmdir. Það leysir þó sveitarfélögin ekki undan þeirri skyldu að horfa til efnahagsástandsins í aðgerðum sínum og þegar þau fjalla um fjárhagsáætlanir sínar. Þau eru hluti af samfélaginu eins og ríkisvaldið og áætla framkvæmdir á árinu 1997 fyrir 7,1 milljarð kr. Hins vegar vil ég leggja á það áherslu að nauðsyn ber til að sem best samstarf sé á milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, frá málum sé gengið með samningum og við þá sé staðið á báða bóga. Heildarsamtök sveitarfélaganna hafa það hlutverk að koma fram gagnvart ríkisvaldinu.

Milli 2. og 3. umr. hefur verið gengið frá nokkrum málum milli ríkis og sveitarfélaga, milli félmrn. og fjmrn., með samkomulagi félmrh. og fjmrh. annars vegar og formanni og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga hins vegar. Mál varðandi Innheimtustofnun sveitarfélaga eru í skoðun og einnig sameiginlegt verkefni sveitarfélaga og ríkisvaldsins um eyðingu refa. Nauðsyn ber til að ganga frá nýrri skipan þeirra mála og meta síðan hvort þær 7 millj. kr. sem brtt. við frv. gerir ráð fyrir til ríkissjóðs til að standa straum af þessum málum nægja til að mæta þeirri niðurstöðu sem þar fæst.

Niðurstaða mín er sú að það er fullkomlega eðlilegt að huga einmitt nú að þensluáhrifum ríkisbúskaparins, jafnvel þótt nokkur óvissa sé um það mál vegna álversins og komandi kjarasamninga. Fari svo að tekjuauki vegna aukinna framkvæmda og umsvifa í samfélaginu vegna einkaneyslu fari fram yfir það sem forsendur fjárlaga gera ráð fyrir, hlýtur það að vera takmarkið að sem stærstur hluti þess ávinnings

fari til að lækka skuldir ríkissjóðs sem eykur svigrúmið til þess þegar til lengri tíma er litið að standa undir skyldum ríkisvaldsins í því að byggja upp, halda við mannvirkjum og halda uppi velferðarkerfinu í þágu fólksins í landinu. Þessi grundvöllur má ekki bresta.

Í tillögu fjárln. er gert ráð fyrir því að veita 300 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til sjúkrahúsanna í Reykjavík og falla frá því að ná 160 millj. kr. sparnaði fyrir sjúkrahúsin á landsbyggðinni á einu ári. Um þessar ákvarðanir er það að segja að í Reykjavík standa yfir aðgerðir til að auka samvinnu sjúkrahúsanna ef það gæti leitt til sparnaðar. Samningur þar um var gerður þann 28. ágúst sl. milli heilbrrh., fjmrh. og borgarstjórans í Reykjavík. Til þess að samkomulagið nái fram að ganga og til þess að leiðrétta grunn sjúkrahúsanna fyrir árið 1997 er eftirfarandi fjárveiting ætluð og er gerð nánari grein fyrir málinu í tölum í skýringum hér á eftir.

Varðandi sjúkrahúsin á landsbyggðinni er fallið frá því að ná sparnaðinum á einu ári. Fyrir liggur áfangaskýrsla frá vinnuhópi á vegum heilbrrn. sem fór yfir málið. Niðurstaðan varð sú að málið var ekki á því undirbúningsstigi að rétt væri að deila sparnaðinum út á hvert sjúkrahús. Fyrsta nauðsynlega skrefið væri að skipa verkefnisstjórn sem ræddi við stjórnir sjúkrahúsanna og annarra heilbrigðisstofnana um möguleika til að ná fram sparnaði með samvinnu og samruna til að mynda heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Nauðsyn ber til að hafa heimamenn með í undirbúningi aðgerða. Þeir hafa möguleika til að gefa umsagnir um héraðshlutdeild, upptökusvæði, kostnað á sjúkrarúm og aðrar forsendur sem lagðar eru til grundvallar þegar litið er á fjárlagagrunn þeirra sjúkrahúsa sem hlut eiga að máli.

Ég vil leggja áherslu á þá stefnumörkun í þessu sambandi að það ber nauðsyn til að styrkja heilbrigðisþjónustuna í sessi á landsbyggðinni og í þessa vinnu á að fara undir merkjum hagræðingar sem miðar að því. Ég tel að ef út í aðgerðir er farið undir jákvæðum formerkjum geti þær leitt til sterkari eininga og skýrari verkaskiptingar. Þá ber að koma málum þannig fyrir að framlög til sjúkrahúsanna verði endurmetin ef þeim tekst að auka sérfræðiþjónustu og héraðshlutdeild þeirra hækkar. Sterkari einingar hafa meira afl til að laða til sín sérfræðinga frá sérfræðisjúkrahúsum með farþjónustu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga við það endurmat sem ætlunin er að fara í á landsbyggðinni. Í ljósi þessa þykir ekki raunhæft að ná sparnaði á skemmri tíma en þremur árum.

Af öðrum ákvörðunum sem teknar hafa verið nú við lokaafgreiðslu fjárlagafrv. vil ég sérstaklega nefna átak í landgræðslu og skógrækt sem gert er ráð fyrir að verja 75 millj. kr. til á næsta ári. Þetta er afar mikilvægt skref sem þjónar mörgum markmiðum í senn, að sækja á í uppgræðslu lands, leggja gull í lófa framtíðarinnar með ræktun nytjaskóga og standa við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í október 1995, að auka árlega bindingu koltvíoxíðs í gróðri um 100 þúsund tonn á ári. Áhugi á aðgerðum í skógrækt hefur farið mjög vaxandi og m.a. hafa borist til fjárln. umsóknir um stuðning vegna undirbúnings skógræktaráætlana af Vestfjörðum, skjólskóga, og á Austfjörðum. Rétt er að litið sé á þau áform í ljósi þeirra áætlana sem nú eru í undirbúningi. Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur við fjárlagafrv.

Þá er fyrst æðsta stjórn ríkisins. Þar er lagt til að hækka framlag til alþjóðasamstarfs þingmanna um 2,5 millj. kr. Kostnaður við þátttöku í Vestnorræna þingmannasambandinu hefur til þessa verið greiddur úr Norðurlandaráði en mun framvegis verða greiddur af löndunum þremur í þingmannasambandinu.

Kristnihátíðarnefnd óskaði eftir því á fundi sínum í sumar að veittar yrðu 7 millj. kr. til byggingar minningarkapellu á Ljósavatni á árunum 1997–1999. Kapellan yrði í minningu Þorgeirs Ljósvetningagoða og yrði vígð á 1000 ára afmæli kristnitökunnar árið 2000. Alls er gert ráð fyrir að verkið kosti 21 millj. kr. og kostnaðurinn skiptist á þrjú ár. Meiri hluti fjárln. fellst á þessa ósk og leggur því til þessa hækkun við 3. umr. fjárlaga.

Forsrn.: Framlag til Byggðastofnunar lækkar um 28 millj. kr. milli fjárlaga 1996 og fjárlagafrv. 1997 en það jafngildir um 13% lækkun. Meiri hluti fjárln. leggur nú til að hækka fjárveitingu til stofnunarinnar um 14 millj. kr. og er hækkunin ætluð til styrkveitinga til stuðnings við ráðgjafarstarf í atvinnumálum. Til viðbótar hinu hefðbundna atvinnuráðgjafarstarfi sem stofnunin hefur stutt allt frá því 1992 þegar lögunum var breytt og stofnuninni var fengið þetta hlutverk hefur hún gert samninga við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunaraðila í þremur landshlutum og til að gæta jafnræðis boðið öðrum landshlutum sambærilega fyrirgreiðslu. Á móti auknu framlagi til Byggðastofnunar kemur aukið framlag úr héraði þannig að efling starfsins er meiri en sem nemur framlagi Byggðastofnunar.

Gerð er tillaga um lækkun framlags til húsameistara ríkisins vegna tilflutnings á störfum til Þjóðskjalasafns og kem ég nánar að því síðar í ræðu minni.

Menntmrn.: Meiri hluti fjárln. leggur til að auka launakostnað við Háskólann á Akureyri og ráða í tvær stöður.

Næst kem ég að tillögu er varðar Samvinnuháskólann en við 2. umr. fékk skólinn nýtt númer og nýtt heiti. Til samræmis við framsetningu annarra háskóla er lagt til að færa fjárveitinguna yfir á einn undirlið en ekki að skipta henni í kennslu og annað en kennsla eins og vaninn er með framhaldsskóla.

Gerð er tillaga um að taka inn nýjan fjárlagalið með framlagi til sameigna skólanna á Laugarvatni. Vegna breytinga sem orðið hafa á rekstri sameigna skólanna er fyrirhugað að fella niður sambærilega liði í B-hluta og er gerð viðeigandi breyting þar. Sértekjur sameignanna eru nú óverulegar og starfsemin felst fyrst og fremst í umsjón með íþróttamannvirkjum og ræstingu skólanna. Það er því eðlilegt að færa þessa starfsemi í A-hluta. Heildarlækkun er engin, þar sem á móti framlagi til þessa nýja liðar eru lækkaðar fjárveitingar til Menntaskólans á Laugarvatni og Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni. Í þessum breytingum felst ekki skerðing á framlögum til kennslu eða kennslutengdum útgjöldum við skólana.

Við 2. umr. var framlag til tölvubúnaðar framhaldsskóla lækkað um 13 millj. kr. en fjárhæðin flutt yfir á byggingarframkvæmdir. Meiri hluti fjárln. telur að of langt hafi verið gengið í þeim efnum og leggur til að auka framlagið aftur um 8 millj. kr. Það verður þá 15 millj. kr. en var 20 millj. í fjárlagafrv.

Lagt er til að hækka framlag til Þjóðskjalasafns um 5,9 millj. kr. Er embætti húsameistara ríkisins verður lagt niður verður skjalasafn embættisins afhent Þjóðskjalasafninu til varðveislu. Kostnaður menntmrn. vegna starfsmanna sem flytjast til Þjóðskjalasafnsins frá húsameistara auk kostnaðar vegna húsnæðis og flutninga er áætlaður 5,9 millj. kr. Á móti þessum kostnaðarauka lækkar framlag til fjárlagaliðar

húsameistara þar sem ekki kemur til greiðslu biðlauna til þeirra starfsmanna sem flytjast yfir til Þjóðskjalasafnsins.

Tekinn er inn nýr liður sem er Kvennasögusafn, en safnið naut áður fjárveitingar í fjárlögum árið 1993. Í ræðu minni við 2. umr. lét ég þess getið að nýlega var opnað Kvennasögusafn sem hefur fengið aðstöðu í Landsbókasafni – Háskólabókasafni. Ég taldi þó nauðsynlegt að koma á skýrum ákvæðum við greiðslu kostnaðar við þá starfsemi. Fjárln. hefur rætt málefni safnsins betur og komist að þeirri niðurstöðu að leggja til að safnið fái 1 millj. kr. fjárveitingu á fjárlögum.

Meiri hluti fjárln. leggur til að höfðu samráði við ríkisstjórn að Handknattleikssambandi Íslands verði veitt 14 millj. kr. framlag á árinu 1997. Eins og fram kemur í nál. er einnig tekin inn ný fjárveiting til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum en framlagið er ætlað til greiðslu á skuld við Framkvæmdasjóð og er því ein greiðsla.

Tvær breytingar eru gerðar við safnlið menntmrn. Annars vegar er lögð til ein millj. hækkun á óráðstöfuðum lið en sýnt var yfirlit við hann í brtt. fjárln. við 2. umr. fjárlaga. Í þeirri sundurliðun var lögð til ein millj. kr. hækkun til Saga film vegna kvikmyndar um Jón Sigurðsson. Meiri hluti fjárln. leggur nú til að hækka liðinn sem nemur þessari milljón. Hins vegar er gerð tillaga um 4 millj. kr. framlag til Snorrastofu sem ætluð er til greiðslu á skuld við embætti húsameistara ríkisins sem er til komið vegna hönnunar á nýrri kirkju í Reykholti.

Utanrrn.: Tillaga er varðar aðalskrifstofu utanrrn. er tvíþætt. Við 2. umr. fjárlaga var tekinn inn nýr liður er varðar þátttöku fulltrúa vinnumarkaðarins í EFTA- og EES-samstarfi en heildarkostnaður við þátttöku þeirra í nefndastarfi í tengslum við Fríverslunarsamtök Evrópu og samnings um Evrópskt efnahagssvæði er talinn nema um 4,5 millj. kr. Lögð var til 2,5 millj. kr. fjárveiting á þessum nýja lið og var hún millifærð af óskiptri fjárveitingu vinnumálaliðarins undir félmrn. Utanrrn. hefur haft um 2 millj. kr. til umráða til að styrkja þetta starf. Sú fjárhæð hefur verið færð á fjárlagalið aðalskrifstofu, en meiri hluti fjárln. leggur nú til að hún verði millifærð af aðalskrifstofu til þessa nýja liðar. Lagt er til að hækka framlag til aðalskrifstofunnar um 25 millj. kr. Þar er um að ræða eflingu þjónustu við fyrirtæki í alþjóðlegum viðskiptum. Jafnframt því að utanríkisþjónustan verði nýtt betur í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að þrír íslenskir starfsmenn verði ráðnir sérstaklega til þessa verkefnis auk tveggja staðarráðinna viðskiptafulltrúa. Þess verður gætt að viðskiptaþjónusta utanrrn. og starfsemi Útflutningsráðs verði samræmd og hafa átt sér stað viðræður um þetta við Útflutningsráð. Áætlaður heildarkostnaður vegna þess á ári ásamt útgjöldum sem falla á ráðuneytið og sendiráðin eru 31,9 millj. kr. og lagt er til að 25 millj. kr. framlag verði flutt af liðnum Markaðsátak erlendis á safnlið ríkisstjórnarinnar undir fjmrn.

Að ráði hefur orðið að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kynntar voru í fjárlagafrv. 1997. Í stað þess verða eingöngu framkvæmdir við breytingar á innritunarsal og tengdum verkum. Áætlaður kostnaður við þær breytingar er allt að 120 millj. kr. Það er tillaga ríkisstjórnarinnar að þessar framkvæmdir verði að hálfu fjármagnaðar af tekjum flugmálaáætlunar og að hálfu af tekjum Fríhafnarinnar. Ákvörðun um þessa tilhögun á fjármögnun tekur einungis til ársins 1997. Meiri hluti fjárln. tekur undir og er sammála þessari málsmeðferð og leggur því til að veitt verði 60 millj. kr. framlag til A-hluta fjárlaga til Flugstöðvarinnar vegna hluta Fríhafnarinnar.

Þá er komið að landbrn. Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til við Alþingi að á árunum 1997–2000 verði veittar alls 450 millj. kr. til landgræðslu og skógræktarverkefna í þeim tilgangi að stuðla að bindingu koltvíoxíðs í andrúmslofti í samræmi við framkvæmdaáætlun Íslands vegna rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Meiri hluti fjárln. gerði þessa tillögu að sinni en gert er ráð fyrir að þessar 450 millj. kr. skiptist þannig að á árinu 1997 verði veittar 75 millj. kr. til verkefnisins, 100 millj. á árinu 1998, 125 millj. á árinu 1999 og síðasta greiðslan er 150 millj. á árinu 2000.

Sjútvrn.: Eins og fram kemur í nál. leggur meiri hluti fjárln. til 10 millj. kr. fjárveitingu til að standa undir starfsmenntun fiskvinnslufólks, en hún er starfrækt á vegum starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar.

Dóms- og kirkjumrn.: Fjmrh. og félmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands ísl. sveitarfélaga gerðu nýlega með sér samkomulag um hvernig ríkissjóður bætir sveitarfélögum kostnað sem fellur á þau á árinu 1997 vegna laga um skattlagningu fjármagnstekna og fleira. Einn liður er að ríkissjóður tekur að sér að fjármagna hlut sveitarfélaga í rekstri neyðarsímsvörunar en framlag sveitarfélaga hefur verið jafnt framlagi ríkisins. Af þessum sökum er lagt til að framlag til neyðarsímsvörunar hækki um 25 millj. kr. og verði 50 millj. en breytingin hefur ekki í för með sér breytingu á starfseminni. Lagt er til að lækka launalið nokkurra sýslumannsembætta og færa fjárhæðina sem nemur átta störfum á safnlið löggæslukostnaðar. Með nýjum lögreglulögum sem taka gildi á næsta ári verður Rannsóknarlögregla ríkisins lögð niður en starfsemin færð til lögreglustjóra og ríkislögreglustjóra. Við gerð fjárlagafrv. í haust var ekki búið að ákveða hvernig átta stöður rannsóknarlögreglumanna skiptust á milli lögreglustjóra, en þá var gert ráð fyrir að stofnaðar yrðu sérstakar rannsóknardeildir er sæju um rannsóknir við nærliggjandi lögreglustjóraembætti. Átta störfum rannsóknarlögreglumanna var í fjárlagafrv. dreift um landið og fjárveitingar hækkaðar sem nemur launum í hálft ár ásamt sýslumannsembættum sem talin eru upp í brtt. meiri hluta fjárln. og í nál. Nefnd sem starfar að undirbúningi að gildistöku framangreindra lögreglulaga hefur ekki lokið skoðun á hvar þessar stöður eru best fyrir komnar og fór dómsmrn. fram á það við fjárln. að kostnaður vegna átta starfa rannsóknarlögreglumanna yrði færður á safnlið löggæslukostnaðar en gert er ráð fyrir að þessi staðsetning muni liggja fyrir í upphafi næsta árs. Ég vil taka skýrt fram að þessi breyting hefur ekki í för með sér uppsagnir þar sem þetta eru nýjar stöður í fjárlagafrv. og átti að ráða í þær frá og með 1. júlí á næsta ári.

Á safnlið löggæslukostnaðar eru einnig gerðar tvær aðrar tillögur. Annars vegar er lagt til að framlag til tækja- og búnaðarkaupa verði lækkað um 5 millj. kr. Ónotuð fjárheimild um áramót verður 2,5 millj. kr. sem flyst yfir á næsta ár. Til ráðstöfunar verða 12,5 millj. kr. eða sama fjárhæð og notuð var í ár. Hins vegar er lagt til að fella niður 30 millj. kr. sértekjur. Þar er um að ræða ósundurliðaðan sparnað vegna áforma um hagræðingu í löggæslu. Þessum sparnaði hefur nú verið frestað í eitt ár en mun verða tekið aftur til umræðu í tengslum við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1998.

Nokkur dráttur mun verða á því að taka ákvörðun um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu. Meiri hluti fjárln.

leggur því til að framlag til kaupa á véla- og hugbúnaði verði lækkað um helming eða um 10 millj. kr.

Framlag til sýslumannsins í Hafnarfirði lækkar vegna tilflutnings á stöðum sem ég gerði grein fyrir hér að framan. Á móti er lögð til hækkun á framlagi til embættisins um 2 millj. kr. en frá og með næstu áramótum mun embættið annast verkefni sem gjaldheimtan í Garðabæ hefur annast fyrir ríkissjóð til þessa. Fjárhæðin er futt á safnlið, Ýmis innheimtukostnaður.

Meiri hluti fjárln. leggur til að veita 6 millj. kr. til endurbóta á húsnæði sýslumannsins að Bjólfsgötu 7 á Seyðisfirði. Í fjárlagafrv. eru fyrir 7 millj. kr. og eru þær ætlaðar til að ljúka byggingu lögreglustöðvar á Vopnafirði. Fasteignum ríkissjóðs er ætlað að sjá um endurbætur hússins.

Lagt er til að veita 3,8 millj. kr. til embættis biskups Íslands vegna tveggja starfa aðstoðarpresta. Um er að ræða prest við Garðasókn á miðju ári og prest á Ísafirði allt næsta ár en eftir það fellur sú staða niður.

Að lokum vil ég taka fram að styrkur til Löngumýrar í Skagafirði sem meiri hluti fjárln. lagði til við 2. umr. fyrir ári síðan var ætlaður til uppbyggingar á starfsemi kirkjunnar á Löngumýri og endurskipulagningu hennar en ekki sérstaklega til launa starfsmanns. Við tilkomu Kirkjumálasjóðs var gert ráð fyrir að laun forstöðumanns yrðu greidd úr þeim sjóði en skilgreindur styrkur á fjárlögum til framangreindra verkefna.

Undir félmrn. er gerð tillaga um 2 millj. kr. fjárveitingu sem ætluð er til ráðgjafarþjónustu við fatlaða á Vesturlandi á vegum svæðisskrifstofu en þörf fyrir vistun og stuðning hefur aukist mikið á svæðinu.

Framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er þríþætt. Í fyrsta lagi greiðir ríkissjóður 1,4% af skatttekjum sínum til sjóðsins eða sem nemur 1 milljarði 651 millj. kr. Þá greiðir ríkissjóður 0,264% af álagningarstofni útsvars eða sem nemur 704 millj. kr. Loks geiðir ríkissjóður 35 millj. kr. tímabundið framlag til Jöfnunarsjóðsins sem ætlað er til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Samtals mun því ríkissjóður greiða til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2 milljarða 390 millj. kr. á árinu 1997.

Lögð er til breyting á samsetningu skiptingar á framlagi til félagasamtaka. Meiri hluti fjárln. leggur til að veita Félagi heyrnarlausra 3 millj. kr. styrk en félagið hefur notið styrks úr ríkissjóði undanfarin ár. Safnliðurinn var afgreiddur við 2. umr. fjárlaga og var sundurliðun sýnd í brtt. meiri hluta fjárln. en vegna mistaka láðist að telja þessa fjárveitingu. Óráðstöfuð fjárveiting liðarins lækkar samsvarandi á móti og eru því heildaráhrif engin.

Einnig er lagt til að framlag á safnlið undir félmrn. hækki um 10 millj. kr. en sú fjárhæð á að standa undir greiðslum til Ísafjarðarkaupstaðar vegna þjónustu við flóttamenn frá fyrrum Júgóslavíu sem komu til Ísafjarðar sl. sumar. Útgjöldin eru í samræmi við samning milli Ísafjarðarbæjar og félmrn. Í þeim samningi skuldbindur félmrn. sig til að greiða Ísafjarðarbæ samkvæmt reikningi í samræmi við kostnaðaráætlun sem fylgir framangreindum samningi. Þessu framlagi verður bætt við sérstök yfirlit sem birt verða með fjárlögunum.

Ákveðið hefur verið að húsnæði Tryggingastofnunar verði fært í umsjá Fasteigna ríkissjóðs. Óskað var eftir 6,2 millj. kr. hækkun á framlagi til stofnunarinnar sem er munur á húsaleigu til fasteigna ríkissjóðs og þeim kostnaði sem Tryggingastofnun losnar undan að greiða en þar er um að ræða fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Meiri hluti fjárln. hefur fallist á þessa ósk og leggur því til framangreinda hækkun. Þessi breyting hefur verið gerð hjá allmörgum stofnunum og felur í sér að stofnanir greiða húsaleigu til Fasteigna ríkissjóðs sem tekur að sér rekstur og viðhald húsnæðis þeirra.

Fluttar eru tillögur um aukningu á starfsemi Sjúkrahússins á Akranesi og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Þessar hækkanir eru til skilgreindra verkefna og verður gerð grein fyrir þeim í nál. meiri hluta fjárln.

Meiri hlutinn leggur til að hækka rekstrarframlag til Sólvangs um 4 millj. kr. vegna hallareksturs. Áætlaður halli í árslok er tæpar 12 millj. kr. miðað við rekstrarframlag sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Hér á eftir mun ég fara nokkrum orðum um fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir í rekstri sjúkrahúsa. Fyrst mun ég fjalla um litlu sjúkrahúsin utan Reykjavíkur.

Sl. haust skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að gera tillögur um 160 millj. kr. lækkun rekstrarkostnaðar til þessara sjúkrahúsa á ársgrundvelli. Það var hluti af aðhaldsaðgerðum sem kynntar voru í frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Nefndin er um þessar mundir að ganga frá áfangaskýrslu til ráðherra. Þá vil ég fjalla um málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík, þ.e. Ríkisspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur. Eins og fram kemur í grg. með fjárlagafrv. gerðu fjmrh., heilbr.- og trmrh. og borgarstjórinn í Reykjavík samkomulag þann 28. ágúst um aðgerðir sem eiga að lækka útgjöld sjúkrahúsanna um 370 millj. kr. á ári. Í samræmi við það samkomulag og nýja greinargerð um framkvæmd þess og um fjárhagsvanda sjúkrahúsanna er gerð tillaga um 84 millj. kr. hækkun á framlögum til Ríkisspítalanna, þar af eru 7 millj. kr. tímabundin fjárveiting. Einnig er gerð tillaga um að fjárframlag til Sjúkrahúss Reykjavíkur hækki um 120 millj. kr. Tillagan er byggð á endurmetinni fjárþörf spítalanna í ljósi nýjustu upplýsinga um reksturinn frá stjórnendum þeirra. Þrátt fyrir þessar breytingar er nokkur munur á óskum sjúkrahúsanna um aukin framlög og því sem hér er gerð tillaga um. Í fyrrnefndri grg. kemur fram að unnið verði áfram að því að taka á málum sjúkrahúsanna m.a. með enn frekari verkaskiptingu milli þeirra og að það verði liður í því að rekstur þeirra verði innan fjárheimilda. Í því efni benda samkomulagsaðilar á að ástæða er til að styrkja enn frekar framkvæmdina á samkomulaginu og taka á þáttum þar sem ná má fram aukinni hagræðingu svo sem með samráði í starfsmannamálum, útboðum og í upplýsingavinnslu. Þá þarf að skoða starfsemi rannsóknadeilda, geðdeilda og taugalækningadeilda með tilliti til aukinnar samvinnu og sparnaðar. Til að greiða fyrir þessu er lagt til að sérstök 100 millj. kr. fjárveiting verði sett á liðinn 370 Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, sem verði notuð til að greiða fyrir enn frekari hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna og verði skipt á milli þeirra á grundvelli tillagna sem fyrir munu liggja í febrúar 1997.

Fjárlaganefnd hefur yfirfarið yfirlit um fjárhagsstöðu spítalanna og styður eindregið að áfram verði unnið markvisst að framkvæmd fyrrnefnds samkomulags um fjárhagsvanda sjúkrahúsanna. Jafnframt telur nefndin brýnt að sjúkrahúsin haldi áfram að hagræða í starfsemi sinni með því að færa reksturinn að fjárheimild í fjárlögum. Að öðru leyti vísa ég til þess sem ég hef áður sagt í ræðu minni um sjúkrahúsareksturinn og sjúkrahúsareksturinn á landsbyggðinni.

Lögð er til nafnbreyting á liðnum Áfengisvarnir og bindindismál og fær hann heitið Forvarnasjóður. Breytingin er

gerð að beiðni heilbrrn. og er í samræmi við lög um Forvarnasjóðinn og stefnu ríkisstjórnarinnar í áfengis- og fíkniefnavörnum.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1997 var kynnt að fjmrn. mundi leggja til að gerðar yrðu brtt. við fjárveitingar á fjárlagaliðum skattkerfisins. Við 2. umr. flutti meiri hluti fjárln. brtt. vegna þessa en þær voru dregnar til baka til 3. umr. til að gefa kost á að fjalla nánar um þær. Sú umfjöllun og skoðun hefur nú farið fram og er lagt til að gera þær breytingar sem lýst er í nál. Ástæða breytinganna er sú að í fjmrn. hefur verið til athugunar hvort auka megi skilvirkni skattkerfisins með því að endurskoða skipulag starfseminnar. Áfangi í þessu starfi hefur nú náðst með því að fjmrh. hefur ákveðið að sameina skatteftirlit sem framkvæmt hefur verið á skattstofum úti á landi embætti ríkisskattstjóra og stofna við embættið nýtt viðfangsefni sem heitir Skatteftirlit. Einnig er gert ráð fyrir nokkurri hagræðingu sem talið er að muni leiða af skönnun á skattframtölum. Tillögur meiri hluta fjárln. taka mið af þessum skipulagsbreytingum en rétt er að ítreka að eingöngu er um millifærslur að ræða og heildarfjárveiting lækkar ekki. Í þessum tillögum felst einnig hækkun til Skattstofunnar á Reykjanesi en framlag til hennar hefur verið lægra en annarra skattstofa sé tekið mið af umsvifum og íbúafjölda.

Gerðar voru nokkrar breytingar við 2. umr. fjárlaga á safnlið Skatta- og tollamála sem er hluti af framanlýstum breytingum. Stefnt er að því að frá og með næstu áramótum fullnusti sveitarfélögin greiðslur skuldbindinga vegna lífeyrisréttinda kennara. Talið er að þessar greiðslur geti numið allt að 380 millj. kr. á næsta ári og muni þær dragast frá greiðslum ríkissjóðs á uppbótum á lífeyri og leggur meiri hluti fjárln. til þessa lækkun við 3. umr.

Frá og með árinu 1998 munu hins vegar greiðslur ríkisins á uppbótum á lífeyri aukast um allt að 500 millj. kr. þar sem hætt verður að draga vaxtatekjur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá greiðslu uppbóta á lífeyri. Þessi kostnaður er hluti af því fé sem flyst frá ríki til sveitarfélaga vegna yfirtöku þeirra á rekstri grunnskólans. Um næstu áramót mun tekjuskattshlutfallið lækka um 2,74% vegna flutnings grunnskólans og færast til hækkunar á útsvarshlutfalli. Samtals flytjast um 6,4 milljarðar kr. til sveitarfélaganna.

Lagt er til að hækka útgjöld vegna heimildarákvæða um 80 millj. kr. til að mæta nýju ákvæði í 6. gr. fjárlaga sem gerð er tillaga um við 3. umr. Í þeirri tillögu felst heimild til að ráðstafa allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífi. Sérstaklega skal hugað að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku á stóriðjusviði. Hins vegar leggur meiri hluti fjárln. til að lækka framlag til annarra heimildagreina um 15 millj. kr. og er þá heildarlækkun á liðnum við 3. umr. 65 millj. kr.

Ákvæði frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins eru talin munu auka útgjöld um 600 millj. kr. á árinu 1997. Það skýrist af því að gert er ráð fyrir að ríkissjóður inni af hendi samtímagreiðslur vegna skuldbindinga sinna gagnvart fyrirhugaðri A-deild Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna. Frv. felur í sér að iðgjöld ríkisstofnana af launum starfsmanna hækki úr 6% í 11,5%. Einnig greiðist þau af öllum launum í stað þess að greiðast einvörðungu af föstum launum áður. Fjárheimildin vegna þessara útgjaldaauka er færð í einu lagi undir liðinn 09-989 Launa- og verðlagsmál, en fyrirhugað er að henni verði deilt út til stofnana í lok næsta árs með hliðsjón af þessu breytta fyrirkomulagi.

Eins og áður er sagt gerðu fjmrh. og félmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga nýlega með sér samkomulag um hvernig ríkissjóður bætir sveitarfélögum kostnað sem fellur á þau á árinu 1997 vegna laga um skattlagningu fjármagnstekna o.fl. Einn liður í því samkomulagi er að ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögunum ígildi virðisaukaskatts vegna flutnings og förgunar á brotamálmum og annars úrgangs ásamt flutningi á úrgangi til endurvinnslu. Til viðbótar veitir ríkissjóður sveitarfélögunum árlega 20 millj. kr. styrk til kaupa á slökkvibílum og tækjabúnaði slökkviliða samkvæmt reglum sem fjmrn. setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samtals leggur meiri hluti fjárln. til að fjárveiting verði hækkuð um 35 millj. kr.

Samgn. hefur fjallað um skiptingu fjárveitinga til vetrarsamgangna og vöruflutninga. Fjárln. hefur fjallað um þá tillögu og flytur hana hér óbreytta að því frátöldu að óskipt fjárhæð er hækkuð um 700 þús. kr. Tekjustofnar Vegagerðarinnar fyrir árið 1997 hafa verið endurmetnir. Ætla má í ljósi innheimtu á þungaskatti á yfirstandandi ári að innheimta skattsins verði 25 millj. kr. meiri á árinu 1997 en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Í brtt. og nál. meiri hluta fjárln. eru sýndar þær breytingar á liðum Vegagerðarinnar sem gera þarf til samræmis við endurskoðun á vegáætlun. Samkvæmt till. til þál. um breytingar á flugmálaáætlun er gert ráð fyrir að markaðir tekjustofnar flugmálaáætlunar verði hærri en segir til í frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Gert er ráð fyrir að tekjurnar á árinu 1997 verði 534 millj. kr. auk 42 millj. kr. umframtekna frá árinu 1996. Alls er því gert ráð fyrir auknum tekjum að upphæð 76 millj. kr. og hækkar framkvæmdaliðurinn sem því nemur. Gerðar eru viðeigandi breytingar á fjárlagaliðnum. Eins og fram hefur komið í máli mínu verða 60 millj. kr. veittar á flugmálaáætlun 1997 til framkvæmda á innritunarsal og tengd verk í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Alþingi hefur nú samþykkt breytingu á lögum um tryggingagjald sem felur í sér að hin svokallaða Icepro-nefnd fái í sinn hlut sem nemur allt að 0,001% af gjaldstofni tryggingagjalds en það er metið á 2,2 millj. kr. Meiri hluti fjárln. leggur til að gera hér á viðeigandi breytingu á gjaldahliðinni og er því tekinn inn nýr liður vegna þessarar nefndar.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á safnlið umhvrn. Megnið af þeim eru millifærslur milli undirliða að ósk umhvrn. en lagðar eru til tvær efnislegar breytingar. Tekinn er inn nýr liður sem varðar rannsóknastöðu á Kvískerjum og er þátttaka í uppbyggingu á vísinda- og fræðasetri á Kvískerjum. Fyrir liggur yfirlýsing frá Háskóla Íslands frá í sumar þar sem fram kemur að háskólinn sé reiðubúinn til að annast stjórn setursins og greiða beinan rekstrarkostnað þess. Tillaga meiri hluta fjárln. tekur mið af því að framlag ríkisins sé tímabundið til að byggja upp setrið og síðan taki háskólinn við rekstri þess.

Rekstur verkefnisins Botndýr á Íslandsmiðum hófst árið 1993 en áætluð lok eru árið 1999. Verkefnið er unnið í samstarfi Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar, Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands, Líffræðistofnunar Háskóla Íslands og Sandgerðisbæjar á vegum umhvrn. Verkefnið hefur notið styrks frá norrænu ráðherranefndinni en við gerð áætlunar fyrir árið 1996 var búist við að framhald yrði á þessari styrkveitingu og var gert ráð fyrir framlaginu í samráði við umhvrn. en í ljós kom að styrkurinn fengist ekki á þessu ári. Þrátt fyrir það var ákveðið að halda verkefninu áfram þar sem búið er að ráða fólk út árið til úrvinnslu sýna í Sandgerði. Meiri hluti fjárln. leggur til að hækka framlag

um 6 millj. kr. þar sem hinn norræni styrkur féll niður en fáist hann aftur er gert ráð fyrir að þessi hækkun á safnlið umhvrn. falli niður.

Lagt er til að veita 7 millj. kr. framlag til eyðingar á refum. Eins og þingmönnum er kunnugt um er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að fella niður greiðslur ríkisins vegna veiða á refum. Meiri hluti fjárln. leggur nú til að veita á ný framlag til þessa og er það nokkru lægra en í fjárlögum yfirstandandi árs sem er um 19 millj. kr. Umhvrh. mun skipa nefnd þar sem sitja mun fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga til að útfæra greiðslutilhögun á framlagi ríkisins til viðkomandi sveitarfélaga. Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvernig þessu fyrirkomulagi verði breytt en það gæti orðið þannig að áfram yrðu greidd veiðiverðlaun og ríkið greiddi þau alfarið. Veiðiverðlaun mundu hækka nokkuð en allur annar kostnaður við refaveiðar og leit yrði greiddur af viðkomandi sveitarfélagi. Ríkið mundi einnig styrkja einstök sveitarfélög sem vegna sérstakra aðstæðna búa við erfið skilyrði til refaveiða. Gengið er út frá því að nýtt fyrirkomulag dragi ekki úr sókn í veiðar á ref.

Lagt er til að hækka framlag til Landmælinga Íslands um rúmlega 12 millj. kr. til að styrkja fjölþjóðlegt mæliátak í maí á næsta ári. Tilgangur verkefnisins er að sameina með GPS-mælingum hæðarnet og hæðarkerfi Evrópu ásamt sjávarborðsmælingum en slíkar mælingar geta komið Íslendingum að góðum notum. Útgjöld Landmælinga nema um helming kostnaðar en stofnuninni hefur boðist að kostnaðarlausu mælitæki, vinnuframlag sérfræðinga og ferðakostnaður þeirra auk úrvinnslu mælinganna. Kostnaðarhluti Íslands er greiðsla fyrir uppihald, bifreiðar og laun íslenskra mælingamanna og aðstoðarmanna. Eins og áður segir er lagt til að hækka framlag til Landmælinga Íslands sem þeim kostnaði nemur. Verkefni þetta er eingöngu á næsta ári og fellur þessi fjárhæð aftur niður í fjárlögum 1998.

Brtt. er varðar Veðurstofu Íslands er gerð að beiðni umhvrn. en þar er eingöngu um að ræða millifærslu milli liða en ekki efnislega breytingu. Heildaráhrif eru engin.

Að lokum eru lagðar til nokkrar breytingar á heitum liða auk tæknilegra breytinga og eru liðirnir taldir í nál. Eins og fram kemur þar er ekki um efnislegar breytingar að ræða og ekki eru fluttar um það sérstakar brtt. og óþarfi að fjölyrða um þær frekar.

Þá er komið að B-hluta en fjárln. ræddi við fulltrúa nokkurra B-hluta stofnana og fór yfir þann hluta fjárlaga sem fjallar um B-hlutann. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um breytingar á átta áætluðum breytingum í B-hluta. Fyrst er að nefna tillögu um að sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni verði fluttur úr B-hluta í A-hluta. Hlutverk stofnunarinnar hefur breyst eftir að gerður var samningur um skiptingu eigna milli ríkis og sveitarfélaga á Laugarvatni um breytingu á þjónustu íbúa við ríkisskóla á Laugarvatni í janúar sl. Stofnuninni hefur verið falið að annast allan rekstur á eignum ríkisins á staðnum, m.a. viðhald, húsvörslu og ræstingu í húsnæði Íþróttakennaraskólans og Menntaskólans á Laugarvatni.

Þá má nefna að áætlanir Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa verið endurskoðaðar. Það leiðir til þess að innheimta námslána er talin aukast um 94 millj. kr. vegna fjölgunar greiðenda, afborganir lána eru taldar minnka um 100 millj. kr. og talið að fjármagnskostnaður hækki umfram fjármunatekjur um 16 millj. kr. Lagt er til að áætlaður launakostnaður sjóðsins hækki um 8 millj. kr. til samræmis við raunveruleg umsvif á síðustu árum. Þessar breytingar leiða til lækkunar á lánsfjárþörf sjóðsins um 170 millj. kr. og er hún þá áætluð 3.800 millj. kr.

Við 2. umr. fjárlagafrv. var framlag ríkissjóðs til sjóðsins hækkað um 100 millj. kr. og verður 1.600 millj. kr. Hækkunin er færð á höfuðstól sjóðsins og verður henni ráðstafað í samræmi við breytingar á lögum um lánasjóðinn sem unnið er að.

Í þriðja lagi er launaliður Þjóðleikhússins í B-hluta hækkaður en framlag til leikhússins var hækkað um 7 millj. kr. til að mæta hækkun lífeyrisskuldbindinga.

Í fjórða lagi hefur áætlun Sinfóníuhljómsveitar Íslands verið endurskoðuð. Framlag í A-hluta til hljómsveitarinnar var hækkað um 7 millj. kr. vegna verðlagsleiðréttinga, tekna af skemmtanaskatti og hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Framlag annarra rekstraraðila eru hækkuð til samræmis.

Þá er áætlað að styrkir frá fyrirtækjum verði 1,6 millj. kr. sem verði varið til eignakaupa.

Söluáætlun Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur verið endurskoðuð og er áætlað að skilin í ríkissjóð aukist um 60 millj. kr.

Í sjöunda lagi er ákveðið að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar sem kynntar voru í fjárlagafrv. Þess í stað verða eingöngu framkvæmdir við breytingar á innritunarsal og tengd verk. Áætlaður kostnaður við þær breytingar er allt að 120 millj. kr. Þar af verða 60 millj. kr. fjármagnaðar með tekjum flugmálaáætlunar í A-hluta fjárlaga og 60 millj. kr. með framlagi í A-hluta í samræmi við áætlaðan tekjuauka ríkisins af rekstri fríhafnarinnar.

Nýlega var ákveðið að hækka tóbaksverð um 2% til að fjármagna sérstakt átak í fíkniefnavörnum á næsta ári. Áætlun Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er hækkuð um 65 millj. kr. og verður fjárhæðinni skilað í ríkissjóð.

Að lokum er ákveðið að hætta rekstri þjónustumiðstöðvar ríkisverðbréfa á næsta ári. Þetta leiðir til þess að launaliður og fjármunatekjur Lánasýslu ríkisins lækka um 9 millj. kr. Afkoma Lánasýslunnar verður því óbreytt.

Auk þeirra skýringa sem ég hef nú gert grein fyrir við einstakar brtt. við frv. vil ég gera grein fyrir stöðu eftirfarandi mála sem nefndin hefur tekið til umræðu. Það er í fyrsta lagi um jarðræktarstyrki. Þann 15. maí sl. skilaði umboðsmaður Alþingis áliti um umsóknir bænda um jarðræktarframlög sem ekki hafa verið greidd sökum þess að ekki hefur verið veitt fjármunum til þess á fjárlögum. Umboðsmaður komst að þeirri niðurstöðu að bændur eigi rétt til framlags úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum 7. og 10. gr. jarðræktarlaga, nr. 56/1987, til þeirra jarðræktarframkvæmda sem þeir hafa ráðist í. Það kemur enn fremur fram að þeir verða að hlíta óbreyttum lögum, að greiðsla framlaganna dregst þar til fé fæst til þeirra af fjárlögum og að framlag greiðist samkvæmt reglum sem Bændasamtök Íslands móta.

Áður en niðurstaða umboðsmanns varð ljós var hafin vinna við endurskoðun búfjár- og jarðræktarlaganna. Í þeirri nefnd sitja auk tveggja fulltrúa landbrn., þrír fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands og einn frá fjmrn. Gert er ráð fyrir tillögum frá þeirri nefnd snemma á næsta ári. Landbrn. hefur haldið til haga við fjmrn. og fjárln. þeim fjárhæðum sem framlögin nema. Ráðuneytið hefur lagt á það áherslu við endurskoðun laganna að um leið og liggja fyrir tillögur um

breytt fyrirkomulag framlaga til framkvæmda og leiðbeininga verði gengið frá áætlun í samráði við Bændasamtök Íslands um greiðslu vegna jarðræktarframlaga og sú niðurstaða lögð fyrir Alþingi. Ég tel nauðsynlegt að gera grein fyrir þessu máli vegna stöðu þess og undirstrika mikilvægi þess að það verði leitt til lykta.

Hjúkrunarheimili og daggjaldastofnanir. Við yfirferð nefndarinnar hefur komið í ljós að fjárveitingar til hjúkrunar- og dvalarheimila eru mismunandi. Það er skoðun meiri hluta fjárln. að meira samræmi þurfi að vera í framlögum til rekstrar sem þessa og leggur meiri hlutinn til að heilbrrn. láti gera úttekt á framlögum til hjúkrunarheimila og daggjaldastofnana og verði skýrsla um úttektina og niðurstöðutölur hennar lögð fyrir fjárln.

Þá vil ég nefna að veitt var viðbótarframlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands við 2. umr. fjárlaga og var gerð grein fyrir því máli þá. Hins vegar hyggur hljómsveitin á Grænlandsferð vegna opnunar Norræna hússins á næsta ári og var ekki gert ráð fyrir því í fjárveitingum til hennar í fjárlagafrv. Samkomulag hefur nú orðið um að þetta mál verði leyst af ráðstöfunarfé ríkisstjórnar.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir þeim atriðum sem tekin voru til meðferðar hjá fjárln. milli 2. og 3. umr. Þá vil ég greina frá niðurstöðunni í tölum:

Tekjur samkvæmt frv. eru 125,4 millj. kr. Við endurreikning bættust við 800 millj. þannig að heildarútkoman á tekjuhlið verður 126,2 millj. kr.

Gjöld voru áætluð 123,4 millj. Við 2. umr. bættust við útgjaldatilefni upp á 703 milljónir og við 3. umr. 1.053,1 milljón. Samtals er niðurstaðan á gjaldahlið 126 milljarðar 96,9 milljónir. Niðurstaðan er því sú að tekjur umfram gjöld eru áætlaðar 127,1 millj. kr. Það markmið að afgreiða hallalaus fjárlög hefur því náðst. Það er afar mikilvægt innlegg í íslensk efnahagsmál og með því er styrktur grundvöllurinn fyrir lágri verðbólgu, lækkandi vöxtum og það eykur samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Markmiðið hlýtur því að verða það á næsta ári að standa vörð um þann árangur sem hér hefur náðst. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[11:01]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Fjárln. hefur að þessu sinni lokið störfum við fjárlagafrv. Miklar annir eru hjá nefndinni á haustþingi þegar þetta mál er til umfjöllunar í þinginu og hjá þingnefndinni og má segja að það sé viss léttir hjá nefndarmönnum þegar þessu mikla verki er lokið og nefndin hefur skilað því af sér endanlega til þingsins. Við þetta tækifæri vil ég færa fjárlaganefndarmönnum og þá sérstaklega fjárlaganefndarmönnum meiri hlutans þakkir fyrir ágætt samstarf við minni hluta nefndarinnar og einkum formanni og varaformanni nefndarinnar fyrir lipra fundarstjórn. Þeir hafa lagt sig fram um að leysa tæknileg vandamál í samskiptum milli stjórnar og stjórnarandstöðu og færi ég þeim þakkir fyrir það. Þá vil ég enn fremur færa starfsfólki fjárln. þakkir fyrir vinnu þeirra og mikinn dugnað við að aðstoða einstaka nefndarmenn og nefndina í heild við sín störf.

Herra forseti. Á milli 2. og 3. umr. var einkum fengist við tekjuhluta fjárlagafrv., heilbrigðiskafla þess og vegamálakafla auk þess sem fjallað var um 6. gr. frv. og B-hluta stofnanir. Ég mun hér gera grein fyrir frhnál. minni hluta í þessum þáttum og kynna álitið eins og það er lagt fram og síðan munu einstakir fulltrúar minni hlutans bæta um betur eftir því sem þörf þykir og ástæða er til. En í frhnál. minni hlutans segir svo um tekjuhluta fjárlagafrv., með leyfi forseta:

„Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 120,9 milljarðar kr. Endurskoðuð tekjuáætlun fjármálaráðuneytis gerir nú ráð fyrir að tekjurnar verði 127,2 milljarðar kr. Tekjur umfram áætlun fjárlaga nema því rúmum 6,3 milljörðum kr. Frá árinu 1995 hafa tekjurnar aukist um tæpa 12,8 milljarða kr. Ljóst er að þjóðhagsforsendur fjárlaga ársins 1996 hafa reynst fjarri lagi. Fjárfesting hefur aukist um 7,7% umfram þjóðhagsforsendur fjárlaganna og einkaneysla um 2,8%. Þá hafa ráðstöfunartekjur einstaklinga aukist talsvert meira en áætlað var.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1997 er gert ráð fyrir talsvert minni umsvifum á því ári miðað við yfirstandandi ár. Þannig er gert ráð fyrir að fjárfesting aukist einungis um 5,5% í stað 24% á yfirstandandi ári ef forsendur ganga eftir og aukning einkaneyslunnar verði 3,5% samanborið við 7,0% í ár. Miðað við áætlaða aukningu þjóðarútgjalda og flutning á hluta staðgreiðslunnar til sveitarfélaganna er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs lækki um 1,1 milljarð kr.

Miðað við þau umsvif og væntingar sem hafa verið í efnahagslífinu að undanförnu, svo og með hliðsjón af því vanmati sem iðulega hefur verið í þjóðhagsforsendum fjárlaga, samanber yfirstandandi ár, telur minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs þróist ekki með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu og endurskoðaðri tekjuspá. Eins og fram kom við 2. umræðu taldi minni hlutinn að tekjur ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu væru vantaldar um 1,5–2,0 milljarða kr. Þrátt fyrir að endurskoðuð tekjuáætlun hafi hækkað tekjurnar um 600 millj. kr. telur minni hlutinn að enn vanti um 1,0–1,2 milljarða kr. á tekjuhlið frumvarpsins. Eru það fyrst og fremst veltuskattarnir, m.a. innflutnings- og vörugjöld, og virðisaukaskattur sem telja verður að skili meiri tekjum en hér kemur fram miðað við þær þjóðhagsforsendur sem frumvarpið byggist á.

Fátt bendir nú til þess að umsvifin minnki á næsta ári. Að undanförnu hafa líkur aukist verulega á að ráðist verði í byggingu nýs álvers á Grundartanga ásamt stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Að mati Þjóðhagsstofnunar munu þessar framkvæmdir, ásamt nauðsynlegum stækkunum á orkumannvirkjum, valda því að fjárfesting og almenn umsvif í þjóðarbúskapnum stóraukast á næsta ári miðað við það sem áður hefur verið áætlað. Þó að eingöngu yrði ráðist í byggingu nýs álvers stefnir í 25% aukningu fjárfestingar sem er tæplega fimmfalt meiri aukning á fjárfestingu en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Lauslegt mat Þjóðhagsstofnunar bendir einnig til þess að áhrif þessara framkvæmda verði um 4,3% aukning landsframleiðslu í stað 2,5% og aukning þjóðarútgjalda um 7,1% í stað áætlaðra 3,5%. Ef þetta gengur eftir mundu helstu hagstærðir breytast á svipaðan hátt og fyrirsjáanlegt er að reyndin verði í ár. Rétt er að minna á að efnahagsþróun á þessu ári hefur leitt til þess að tekjur ríkissjóðs á þessu ári aukast að öllum líkindum um tæpa 12,8 milljarða kr. eða ríflega 11% frá árinu 1995.

Eins og áður hefur komið fram taka forsendur fjárlagafrumvarpsins ekkert mið af líklegum framkvæmdum við nýtt álver á árinu 1997. Minni hlutinn óskaði eftir því að reiknuð yrðu út áhrif þessa á tekjuhlið ríkissjóðs. Ekki var orðið við þeirri beiðni. Af þessum sökum liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um áhrif þessara framkvæmda á ríkissjóðstekjur. Ekki er þó óvarlegt að áætla, miðað við þá aukningu þjóðarút-

gjalda sem framkvæmdirnar hefðu í för með sér, að tekjuauki af þessu verði ekki undir 5 milljörðum kr. á næsta ári."

Herra forseti. Minni hlutinn er sem sé þeirrar skoðunar að veilur séu í tekjuhlið fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir nú. Veilurnar eru annars vegar í gjaldahlið frv. nú, þar sem svo virðist vera, a.m.k. hvað varðar virðisaukaskattinn, að gjaldahliðin sé miðuð við að áframhaldandi verði mikil aukning á fjárfestingu á næsta ári. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir því, að því er okkur sýnist, að stóriðjuframkvæmdirnar verði þegar reiknaðar eru út væntanlegar tekjur af virðisaukaskattinum. Það er því ekki samræmi á milli áætlana í frv. þegar á einum stað virðist vera gert ráð fyrir áhrifum þessara framkvæmda en á öðrum stað, þ.e. í tekjum af beinum sköttum, virðist það ekki vera gert. Þær upplýsingar sem við höfum fengið benda til þess að næsta ár geti orðið mjög svipað því sem þetta ár virðist ætla að verða miðað við bestu tölur á þessari stundu hvað varðar landsframleiðslu, aukningu einkaneyslu og almennan hagvöxt. Það er því ekki óvarlegt og ekki ólíklegt að gera ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs taki svipuðum breytingum á næsta ári og á þessu ári. Því setjum við það fram í nefndarálit okkar að búast megi við því, verði af þessum miklu framkvæmdum, að tekjur ríkissjóðs verði mun meiri en stjórnarliðið sýnir hér. Og það er ekkert lítil aukning á tekjum ríkissjóðs á milli ára, tæpir 13 milljarðar kr. eða um 11%. Auðvitað skýrist hluti af þessari aukningu af því að ríkisstjórnin hefur gripið til almennra skattahækkana með því að festa persónuafslátt og bætur. Og þetta verður annað árið í röð sem persónuafsláttur er festur og það skilar auðvitað ríkissjóði verulegum tekjum þar sem mjög margir munu þurfa að borga hærri tekjuskatt en ella. Miðað við þær upplýsingar sem við höfum fengið má ætla að á næsta ári nemi skattahækkunin bara af því einu að festa persónuafsláttinn um 800 millj. kr. Það þýðir að á árinu þar á eftir, 1998, munu áhrifin af þessari aðgerð verða tvöfalt meiri eða ríflega 1,5 milljarðar kr. af þeirri einföldu ástæðu að áhrifin á næsta ári eru meðaltal yfir árið en á árinu þar á eftir eru þau komin fram að fullu og munu skila fullum tekjum í ríkissjóð allt það ár. Og með sama hætti er ríkissjóður að uppskera á árinu 1997 að fullu hækkandi tekjuskatt af þeirri ákvörðun fyrir ári síðan að festa persónuafsláttinn. Þessu vildi ég vekja athygli á, herra forseti, að sú pólitíska aðgerð ríkisstjórnarinnar að sækja skattahækkun niður eftir launastiganum er drjúgur hluti í tekjuauka ríkissjóðs á þessu ári og því næsta ef áætlanir ganga eftir sem við byggjum okkar nefndarálit á.

Ég vil geta þess að fari svo að af stóriðjuframkvæmdunum verði þá er áætlað að þær muni hafa veruleg áhrif til þenslu. Þjóðhagsstofnun metur það svo að þessar framkvæmdir muni kalla á 700–800 ársverk og bendir jafnframt á að eftir þeim upplýsingum sem þeir hafa bestar sé atvinnuleysi ekkert meðal iðnaðarmanna þannig að þessar framkvæmdir munu auðvitað hafa þensluáhrif a.m.k. hvað þá starfsmenn varðar. Ég tek því að nokkru leyti undir áhyggjur Þjóðhagsstofnunar af þenslunni eða áhrifum þenslunnar á verðbólgu en bendi jafnframt á að ég hygg að hún ofmeti þau áhrif verulega, a.m.k. hvað varðar þátt opinberra framkvæmda í samgöngumálum á þessa þenslu.

Herra forseti. Í nál. minni hluta er einnig fjallað um heilbrigðismál og vil ég gera grein fyrir þeim kafla og hann er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ekki tókst að afgreiða tillögur um rekstur sjúkrastofnana við 2. umræðu fjárlaga og ýmsir aðrir þættir biðu nánari skýringa. Þótt enn sé margt óljóst í þeim efnum fer þó ekki á milli mála að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið áformar að lækka útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um rúmar 1.300 millj. kr. og er þá undanskilinn rekstrarhalli sjúkrahúsanna í Reykjavík sem er á bilinu 400–500 millj. kr. auk 300 millj. kr. sem þau eru talin geta velt á undan sér. Þá er ótalinn vandi sjúkrahúsanna úti á landi sem er í raun óskilgreindur. Ár eftir ár hafa verið áform um stórfelldan sparnað í rekstri þeirra og á næsta ári var fyrirhugað að ná fram hagræðingu sem næmi 160 millj. kr. Nú hefur þeirri áætlun verið breytt á þann veg að á næsta ári náist 60 millj. kr. sparnaður, aðrar 60 millj. kr. eiga að sparast árið 1998 og 40 millj. kr. árið 1999. Þessar fyrirætlanir hafa ekki verið útfærðar á nokkurn hátt."

Ég vil skjóta því inn, herra forseti, að yfirlitið yfir breytingarnar á sjúkrahúsunum í Reykjavík er á eftirfarandi hátt, miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram í fjárln. Gert er ráð fyrir að Sjúkrahús Reykjavíkur verði með skuld um næstu áramót um 191 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að halli af rekstri þess á næsta ári verði um 150 millj. kr. sem þýðir að að óbreyttu yrði skuld sjúkrahússins í lok næsta árs um 341 millj. kr. Hjá Ríkisspítölunum er staðan þannig að um næstu áramót er áætlað að skuld þeirra verði um 260 millj. Þá er gert ráð fyrir að halli á rekstri Ríkisspítalanna á næsta ári verði 227 millj. þannig að í árslok næsta árs verði skuld Ríkisspítalanna 487 millj. kr. Samanlagt þýðir þetta að þessir tveir stóru spítalar munu í lok næsta árs skulda um 828 millj. kr.

Breytingar sem gerðar eru við fjárlagafrv. af hálfu meiri hluta fjárln. eru þær að hækka rekstrargrunn Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítalanna um 300 — nei, fyrirgefið. — Þetta eru tölur eftir að búið er að taka tillit til þess að hækka rekstrargrunn spítalanna um 197 millj. kr., þ.e. Sjúkrahúss Reykjavíkur um 120 millj. og Ríkisspítala um 77 millj. þannig að meiri hlutinn hefur viðurkennt að fjárlagatillögurnar gangi ekki eftir og geti ekki náð fram að ganga nema hækka rekstragrunn spítalanna. Það er viðurkennt að þessu leyti um nærri 200 millj. hjá þessum tveimur spítölum. Eftir sem áður mun skuldastaða þeirra verða um næstu áramót um 828 millj. kr. að óbreyttu. Síðan er gert ráð fyrir að þeir geti borið um 300 millj. kr. af skuldum án þess að verða fyrir verulegum óþægindum. Því er skilgreindur vandi þessara tveggja spítala áætlaður um 528 millj. kr. í lok næsta árs. Til að mæta þeim vanda upp á 528 millj. leggur meiri hluti fjárln. til að verja 100 millj. kr. í brtt. sínum til spítalanna. Eftir standa þá 428 millj. kr. sem við getum kallað hagræðingarkröfu á spítalana. Það er sá vandi sem stjórnendur spítalanna og heilbrrh. eiga að glíma við á næsta ári þ.e. að ná útgjöldum þessara spítala niður um 428 millj. Auk þess að glíma við þann vanda sem kann að verða ef fjárveitingar eru að öðru leyti vanáætlaðar miðað við þann rekstur sem áformaður er, þá bætist sá mismunur við þennan vanda, upp á 428 millj. kr. Það verður að segjast eins og er að engar tillögur hafa verið lagðar fram til að sýna hvernig eigi að ná því markmiði og miðað við reynsluna af sparnaðaráformum á undanförnum árum verður helst að ætla að menn nái ekki miklum árangri. Ég spái því að menn muni leysa þetta vandamál sem ég hef gert grein fyrir með framlögum í fjáraukalögum á næsta ári. Það verður einfaldlega að koma í ljós hvort stjórnarliðinu takist að ná tökum á því verkefni sem þeir hafa sett sér sjálfir.

Þeir hafa einnig fallið frá því að reyna að skera niður

rekstrarkostnað spítalanna á landsbyggðinni um 160 millj. Þegar farið var að skoða það mál hafa stjórnarliðar væntanlega komist að raun um að þeir höfðu ekki ráð til að ná því markmiði fram og hafa því í raun fallið frá því. Þótt eftir standi að ætlað er að ná fram 60 millj. kr. sparnaði á þeim spítölum á næsta ári, þá bendi ég á að þar er sama staða uppi og varðandi sjúkrahúsin á höfuðborgarsvæðinu, að engar tillögur liggja fyrir eða áætlanir um hvernig menn ætla að vinna verkið. Aðeins það eitt hafa menn sýnt í þingsölum að grípa til lagabreytinga sem fela hæstv. heilbrrh. mikið vald í þessum málefnum og í raun miklu meira vald en ég hefði trúað að Alþingi Íslendinga mundi nokkurn tíma veita einum ráðherra.

Á það hefur verið bent að ekki er víst að lagaákvæðin sem samþykkt voru í gær standist að öllu leyti í ljósi þess að enn eru ákvæði í öðrum lögum sem ganga í aðra átt en þau ákvæði sem gengu til atkvæða í gær og verður að segja að óljóst er hvert gildi nýju lagaákvæðanna er gagnvart hinum eldri.

Herra forseti. Ég held þá áfram að kynna nál. minni hlutans í heilbrigðismálum að lokinni þessari skýringu á fjárhagsstöðu spítalanna á höfuðborgarsvæðinu og skilgreindum vanda þeirra eins og hann hefur verið kynntur.

„Áformað er að lækka sjúkratryggingar um 910 millj. kr. á næsta ári, þar af eru 260 millj. kr. millifærðar frá Framkvæmdasjóði aldraðra til greiðslu hjúkrunardaggjalda. Þá er enn eitt árið ætlunin að lækka útgjöld vegna lyfjakostnaðar, m.a. með breytingu á greiðsluhluta sjúklinga. Útfærsla þeirra áforma er svo óljós að engin leið er að sjá fyrir hver áhrif það hefur til hækkunar á hlut sjúklinga. Ætlunin er að lækka kostnað ríkissjóðs af rannsóknum, röntgenþjónustu og læknisþjónustu um 170 millj. kr. Því markmiði hyggst ráðuneytið ná með endurskoðun samninga og fyrirkomulagi á greiðslum fyrir röntgenþjónustu, m.a. með strangari ákvæðum um tilvísanir á slíka þjónustu og nánari skilgreiningu á þeim verkum sem almannatryggingar taka þátt í að greiða. Ef að líkum lætur koma þessi áform að lokum niður á þeim sem á þjónustunni þurfa að halda. Þá er fyrirhugað að spara 80 millj. kr. í þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar sem helst virðist eiga að ná með því að takmarka þjónustu við börn, en það hlýtur að teljast varhugaverð ráðstöfun svo að ekki sé meira sagt. Sparnaður lífeyristrygginga vegna fjármagnstekjutengingar er talinn nema 140 millj. kr. á næsta ári, en ef það sýnist ekki munu ganga eftir hyggst ráðuneytið leggja fram frekari tillögur til sparnaðar, svo að lífeyrisþegum er vissara að vera við öllu búnir. Þar virðist ráðuneytið telja að breiðu bökin sé að finna. Til viðbótar má svo geta þess að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eru lækkaðar í samræmi við þau áform ríkisstjórnarinnar að herða eftirlit með útgreiðslu heimildarbóta og ná þannig fram 100 millj. kr. sparnaði til viðbótar við 140 millj. kr. niðurskurðinn á þessu ári.

Minni hlutinn styður ráðdeild og sparnað í heilbrigðismálum, ekki síður en öðrum málaflokkum, en staðreyndin er sú að niðurskurðurinn hefur farið fram úr öllu velsæmi, valdið ómældum þjáningum og síauknu álagi á hjúkrunarfólk og aðstandendur sjúkra."

Er þá komið að samgöngumálum í nál. minni hluta og er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Langmestur hluti fjár til samgöngumála rennur til vegamála. Annað árið í röð er niðurskurði ríkissjóðs beint sérstaklega að þessum þætti ríkisfjármála og að teknu tilliti til breytinga á fjárlögum með fjáraukalögum hefur stjórnarflokkunum orðið hvað mest ágengt þar. Miðað við framkomnar tillögur verður um 20% niðurskurður á fé til nýframkvæmda á næsta ári sé miðað við gildandi vegáætlun og er það heldur hraustlegri niðurskurður en gripið var til á þessu ári.

Framlög til vegamála eru sérstök að því leyti að þau eru borin uppi af mörkuðum tekjustofnum og hafa aðeins að litlu leyti notið framlaga úr ríkissjóði. Á þessu ári eru horfur á að markaðir tekjustofnar skili um 280 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir. Allur þessi búhnykkur er tekinn í ríkissjóð, auk þess var framlag ríkissjóðs til vegamála fellt niður við gerð fjárlaga 1996 og þar til viðbótar voru ríflega 600 millj. kr. af mörkuðum tekjum færðar í ríkissjóð.

Á næsta ári á að endurtaka leikinn, fellt er niður framlag úr ríkissjóði til vegamála og hluti af mörkuðum tekjum til vegagerðar tekinn í ríkissjóð. Í stað þess að leggja fram 217 millj. kr. úr ríkissjóði til viðbótar mörkuðum tekjustofnum eru færðar 856 millj. kr. í ríkissjóð, teknar af mörkuðum tekjum til vegagerðar. Til viðbótar þessu er rétt að hafa í huga að nokkrar líkur eru til þess að markaðar tekjur skili hærri fjárhæð á næsta ári en áætlað er í fjárlagafrumvarpinu, eins og gerðist á þessu ári, og verði af fyrirhuguðum stóriðjuframkvæmdum má nánast slá því föstu að svo verði. Að óbreyttu mun það gerast á nýjan leik að allar umframtekjur renna í ríkissjóð.

Á sama tíma og umferð vex stórum um þjóðvegi landsins, einkum þungaflutningar, eru markaðar tekjur til vegagerðar gerðar að hluta til að almennum skatti í ríkissjóð og hægt er á nauðsynlegum framkvæmdum og úrbótum á vegakerfinu. Full ástæða er til þess fyrir stjórnvöld að huga alvarlega að því að auka öryggi vegfarenda og þar með áhrifum af upptöku hluta vegafjár í ríkissjóð.

Gildandi vegáætlun er fyrir árin 1995–1998 og var hún samþykkt í febrúarmánuði 1995. Mikill stórhugur einkenndi málflutning flutningsmanna og má vitna þar til framsöguræðu samgönguráðherra og nefndarálits þáverandi meiri hluta samgöngunefndar. Í nefndarálitinu stendur: „Ljóst er að tillaga þessi um vegáætlun 1995–1998 boðar framhald mikils framkvæmdaskeiðs í vegamálum sem hófst að marki 1993." Varla voru kosningarnar afstaðnar þegar farið var að hafa orð á að nú þyrfti að skera niður. Á þessu ári og því næsta, sem eru aðalframkvæmdaár vegáætlunar, er heiftarlegur niðurskurður hvort ár og stjórnarflokkarnir slá fyrri met í niðurskurði. Er svo komið að vegáætlun er í henglum og bráðnauðsynlegar framkvæmdir í uppnámi og gildir einu hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Framkvæmdaskeiðið mikla í vegamálum, sem bar við himin á vordögum 1995," — fyrir Alþingiskosningarnar — „hefur snúist upp í framkvæmdaskeiðið mikla í niðurskurði sem hnígur til viðar. Á aðeins tveimur árum vantar 1,5–2 milljarða kr. til nýframkvæmda af mörkuðum tekjum til vegagerðar. Þetta afrek núverandi stjórnarflokka verður vonandi ekki slegið í bráð.

Í hafnarframkvæmdum eru miklar skuldbindingar umfram framlög. Lætur nærri að þær nemi um 700 millj. kr. um þessar mundir eða ríflega eins árs framlagi ríkissjóðs. Þá ber að hafa í huga að óskir um miklar hafnarbætur liggja fyrir og verður ekki lengur dregið að afla meira fjár til þeirra framkvæmda.

Staða flugmálaáætlunar hefur þegar verið rakin og henni gerð skil og hefur hún fengið heldur hraklega útreið. Örlög áætlana í samgöngumálum eru heldur dapurleg. Að öðru

leyti vísast til álits samgöngunefndar sem fylgir með áliti meiri hluta fjárlaganefndar fyrir 2. umræðu."

Er þá komið, herra forseti, að umfjöllun minni hluta um heimildagrein fjárlaga eða svonefnda 6. gr. en álitið er á þessa leið:

„Minni hlutinn vekur athygli á því að stjórnarflokkarnir hyggjast nota 6. gr. fjárlaga til þess að afla sér heimilda Alþingis til að ráðskast með stór mál sem minni hlutinn telur eðlilegra að hefðu fengið þinglega meðferð í formi frumvarpa. Um er að ræða viðamikil mál og kostnaðarsöm sem nauðsynlegt er að ræða á hinu háa Alþingi. Hér verður Alþingi að gæta að sjálfstæði sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu. M.a. er ekki gert ráð fyrir að haft verði samráð við fjárlaganefnd eða samþykkis hennar aflað. Vafasamt er að taka slíkar ákvarðanir með 6. gr. fjárlaga þar sem m.a. er verið að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en sem nemur fjárlagaárinu."

Ég vil nefna þessum orðum til stuðnings ákveðnar greinar í 6. gr. frv. eða tillögu meiri hluta fjárln. við þá grein. Ég er á þeirri skoðun að þótt bygging barnaspítala sé hið þarfasta verk sem ég hygg að megi segja að njóti yfirgnæfandi stuðnings þingheims, þá er það hæpin ráðstöfun og varla réttlætanleg að taka ákvörðun um þessa stóru framkvæmd með heimildarákvæði til ráðherra í 6. gr. fjárlaga. Þá ákvörðun á auðvitað að taka með beinni tillögu í A-hluta fjárlaganna sjálfra eins og gert er með stórar framkvæmdir og miklar ákvarðanir. Þetta ber þann keim að verið sé að smeygja málinu fram skref fyrir skref og það er ekki æskilegur framgangsmáti á neinu máli að hafa þessa aðferð við ákvörðunartöku. Fram kom að fjmrn. var andvígt tillögu heilbrrn. um orðalag 6. gr. tillögunnar sem ráðuneytið hugðist fá fram og varð niðurstaðan sú að áform fjmrh. náði fram að ganga og er heimildin í tvennu lagi sem áður hafði verið áformað að yrði í einni heimildagrein. Breytingin er fólgin í því að heimild til að selja hluta úr lóð Kópavogshælis er sjálfstæð en ekki tengd byggingu barnaspítalans þannig að andvirði sölu þeirrar lóðar rennur í ríkissjóð en ekki til þessara framkvæmda. Það þykir mér benda til þess sem ekki verði um miklar framkvæmdir á næsta ári í þessu máli heldur verði málið fyrst og fremst undirbúið.

Ég vil líka benda á aðra tillögu í 6. gr. sem mér finnst vera fullstór til þess að réttlætanlegt sé að fara með hana um 6. gr. fjárlaga, en það er heimild til ráðherra að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfsemi iðnrn. á móti eignarhlut þriðja aðila. Heimildin er mjög opin og er t.d. ekki tiltekið til hvaða fyrirtækja eða stofnana hún nær. Því var óskað eftir upplýsingum frá iðnrn. um það efni og í svari ráðuneytisins til fjárln. kom fram að þau fyrirtæki sem um væri að ræða væru Sementsverksmiðjan, Steinullarverksmiðjan og Íslenska járnblendifélagið. Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, þannig að ljóst væri hvaða skýringar liggja fyrir um þetta ákvæði í 6. gr. frv. sem ég gagnrýni að skuli vera lagt fram þarna. Ég hefði talið eðlilegra að þetta mál hefði verið lagt fyrir þingið í formi sjálfstæðs frv. Ég vil þá fara með lokaorð í nefndaráliti minni hlutans, en þau eru, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Minni hlutinn flutti nokkrar breytingartillögur við 2. umræðu fjárlaga. Nokkrar þeirra voru dregnar til baka og eru nú endurfluttar. Meiri hluti Alþingis felldi hins vegar tillögu minni hlutans um að staðið yrði við lögboðið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, og hann felldi einnig tillögu um að skila framhaldsskólunum aftur því sem skorið var niður af framlögum til þeirra eins og fram kemur í frumvarpinu. Það vakti hins vegar athygli að tveir stjórnarþingmenn sátu hjá við þá atkvæðagreiðslu og sýndu með því andúð sína á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Þess er vænst að þær tillögur sem dregnar voru til baka við 2. umræðu og eru endurfluttar við 3. umræðu hljóti brautargengi."

Undir þetta álit skrifa Kristinn H. Gunnarsson, Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson og Kristín Halldórsdóttir.

Ég vil þá, herra forseti, fara nokkrum orðum um þær tillögur sem meiri hlutinn hefur flutt. Segja má um þær flestar að þær eru til lagfæringar á frv. og ekki ástæða til þess af hálfu minni hlutans til að leggjast gegn þeim. Væntanlega munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar styðja ýmsar af brtt. meiri hlutans og sitja hjá við sumar.

Ég vil vekja athygli á einni brtt. sem flutt er undir kaflanum um fjmrn. Nú er áætlað að lífeyrissjóðsskuldbindingar grunnskólakennara nemi um 385 millj. kr. á heilu ári. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að það er ekki langt síðan, eða um það bil eitt ár, að því var haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar þegar verið var að lögbinda þetta mál hér á Alþingi að lífeyrissjóðsskuldbindingarnar væru ekki nema 160 millj. kr. á ári. Ég gerði athugasemdir við þessa útreikninga og taldi augljóst að þeir væru verulega vanmetnir. Því var andmælt og staðhæft að þetta væru lífeyrissjóðsskuldbindingarnar hvað varðar alla grunnskólakennara landsins. Nú er komið í ljós sem mig grunaði að þetta hefur reynst mikil bábilja og mjög fjarri réttu lagi, en nú er áætlað að þessi kostnaður nemi ekki 160 millj. heldur 385 millj. Mér þykir ástæða til að vekja athygli á þessu, herra forseti, og um leið bendi ég á að það er svo sem ekki endilega víst að útreikningur nr. 2 sé réttur í þessu efni þó að við skulum að sjálfsögðu vona að svo sé.

Þá vil ég fagna þeim undirtektum sem erindi af Austfjörðum og Vestfjörðum hafa fengið um skógræktarátak og vil láta í ljós stuðning við þau áform meiri hluta fjárln. að þessi verkefni njóti styrks af 75 millj. kr. árlegum fjárveitingum til þessara mála. Ég fagna því sérstaklega að verkefnið Skjólskógar á Vestfjörðum nýtur stuðnings í þessu efni.

Herra forseti. Það er hins vegar ekki allt sem gleður augað í tillögum meiri hlutans og einkum vil ég nefna tvær tillögur sem mér eru nokkur þyrnir í auga. Þær eru báðar á þá lund að flytja störf og fjármagn frá stofnunum úti á landi til Reykjavíkur. Ástandið í byggðaþróun hér á landi er þannig að stöðugt fjölgar á höfuðborgarsvæðinu en að sama skapi er undanhald annars staðar á landinu. Nýlegar tölur fyrir fyrstu níu mánuði þessa árs benda til þess að á árinu verði ekki lát á þeirri óheillaþróun sem verið hefur að þessu leyti á undanförnum árum. Þær tölur sýna að á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um rúmlega 1.600 manns á níu mánuðum en fækkað alls staðar annars staðar. Hvað mest hefur fækkunin orðið á Vestfjörðum eða nær 4% og eru íbúar þar nú í fyrsta sinn orðnir færri en 9.000. Því er mér sárt um breytingar sem verið er að gera í stjórnsýslunni á þá lund að veikja stjórnsýsluna þar sem hún er úti á landi og byggja hana upp enn frekar hér á höfuðborgarsvæðinu. Ber ekki að skilja það á neinn hátt að ég sé að amast við því að stjórnsýslan sé almennt styrkt og aukin þar sem ástæða er til að bæta úr og ekki heldur að amast við því að hún sé öflug hér á þessu svæði. En mér þykir það skjóta skökku við að styrkja hana með því að veikja þá sem veikir eru fyrir.

Þær tvær tillögur sem ég nefni í þessu sambandi eru annars vegar breytingartillaga um að draga einar fimm stöður

rannsóknarlögreglumanna frá fimm sýslumannsembættum á landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Ég er ósammála þeim rökum sem dóms- og kirkjumrn. ber nú fram um miðjan desember til rökstuðnings þessari brtt. við sína eigin tillögu í fjárlagafrv. Það er vel hægt að byggja skynsamlega upp þennan þátt lögreglumála eins og lagt er til eða með lítils háttar breytingum á þeirri tillögu og þarf á engan hátt að binda breytingar við það að flytja þessar fimm stöður allar hingað inn á þetta svæði.

Í öðru lagi er ég ósammála þeirri brtt. sem fyrir liggur sem felur það í sér að færa skatteftirlit frá skattstofunum á landsbyggðinni og stofna nýja deild hér í Reykjavík. Á það hefur verið bent og þau rök færð fram að erfiðlega hafi gengið að manna þessar stöður skatteftirlitsmanna. M.a. hefur það komið fram að þenslan hér á höfuðborgarsvæðinu hefur gert það að verkum að erfiðara hefur verið að ná fólki til að sinna þessum stöðum úti á landi. Sú staðreynd er í sjálfu sér umhugsunarefni og ég dreg ekki í efa að mikil eftirspurn eftir lögfræði- eða viðskiptafræðimenntuðu fólki hér gerir það að verkum að erfiðlega gengur að manna slíkar stöður á landsbyggðinni. Ég velti því fyrir mér til hvaða ráða ríkisstjórnin hyggst grípa til þess að bæta úr í þessu skyni. Það eitt sé ég í frv. að ráðherra sé þá einfaldlega að flytja störfin hingað suður. Það vil ég kalla uppgjöf fyrir ástandinu og lýsi yfir óánægju minni með þetta úrræði, að færa allt þetta skatteftirlit hingað suður og ætla síðan að stjórna því héðan með því að senda mannskapinn út á land og bæta þá við ferðakostnaði og öðrum tilfallandi kostnaði vegna þeirra ferðalaga. Þá virðist eins og kostnaður skipti ekki máli þegar hann heitir ferðakostnaður frá Reykjavík út á land, þá þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Þegar ég spurði eftir því hvað gert væri ráð fyrir að hann yrði mikill þá kom það fram að menn höfðu ekkert hugleitt það mál né gert ráð fyrir því sem sýnir hversu litlar áhyggjur menn hafa af þeim þætti málsins. Vissulega er þar um stóran kostnaðarlið að ræða ef sinna á eftirlitinu með þessum hætti. Ég bendi á reynsluna af Fiskistofu sem ætti að verða mönnum víti til varnaðar í þessum efnum.

Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að fara nokkrum orðum um fleiri tillögur sem meiri hluti nefndarinnar flytur en ég mun láta staðar numið í þeim efnum að þessu sinni. Ef til vill geri ég grein fyrir því síðar í umræðunni ef ástæða er til og kallað er eftir sjónarmiðum varðandi einstakar tillögur. En ég vil þó nefna eina 6. gr. heimild, sem er felld niður á þessu ári, en hefur verið árlega svo lengi sem mér er kunnugt um í fjárlögum íslenska ríkisins. Það er heimild til Pósts og síma um að innheimta ekki stofngjöld og afnotagjöld hjá allt að 50 blindum mönnum og allt að 50 fötluðum mönnum. Þessi heimild er felld niður og ég hef spurst fyrir um hvort gert væri ráð fyrir að því yrði mætt með öðrum hætti þannig að þetta fyrirkomulag gæti verið áfram eða ígildi þess gagnvart blindum og fötluðum. Meðal annars hef ég spurst fyrir um þetta hjá hæstv. félmrh. og formanni samgn. Ég hef verið fullvissaður um að engin breyting verði á þessu fyrirkomulagi á næsta ári og treysti ég því, þó útfærslan liggi ekki endanlega fyrir, að það standi þannig að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að breytingar verði á þessum kjörum blindra og fatlaðra. En ég vildi nefna þetta, herra forseti, þannig að það kæmi hér formlega fram og menn vissu þá af því að um það hefði verið spurt og hver svör hefðu fengist.

Herra forseti. Ég vil að lokum nefna það að reynsla mín af setu í fjárln. nú í hartnær tvö ár hefur sannfært mig um að það er ástæða til að gera verulega breytingu í fjárlagagerð og áætlanagerð hjá íslenska ríkinu. Ég er þeirrar skoðunar, og sú skoðun hefur heldur styrkst við þessa reynslu, að fjárlög eigi að ná yfir lengra tímabil en eitt ár og gera eigi meiri kröfur til þess að stofnanir og ráðuneyti setji sér langtímamarkmið og vinni eftir þeim. Það hefur komið fram á öðrum vettvangi þar sem ég starfa þar sem spurt hefur verið um afstöðu einstakra ráðuneyta og áform þeirra, um stefnumörkun í ýmsum málum og áform þeirra til langs tíma. Svörin hafa nánast verið samhljóða á þá lund að ráðuneytin hafa ekki sett sér langtímaáætlanir né heldur markmið til að vinna eftir. Ég tel þetta vera einn helsta gallann á stjórnsýslunni um þessar mundir og hvet til þess að menn hugleiði breytingar á þessu sviði sem setji þær kvaðir og kröfur á stjórnendur, hvort sem það eru ráðherrar eða forstöðumenn stofnana, að þeir starfi samkvæmt langtímasjónarmiðum og áætlunum sem gerðar eru og liggja fyrir.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, segja það að ég tek undir, og hef ævinlega gert, þau markmið ríkisstjórnar, hvort sem það er þessi eða aðrar, að reka ríkissjóð hallalausan. Ég tel það grundvallaratriði ekki bara í almennri hagstjórn heldur líka í almennum rekstri, opinberum sem öðrum, að menn eyði ekki um efni fram og venji sig ekki á að ráðstafa meira fé hverju sinni en menn afla. Af þeim ástæðum hef ég verið ötull talsmaður þess að ríkissjóður verði rekinn hallalaust og tel reyndar að betur verði að gera en hér er lagt upp með. Menn þurfa að hafa afgang á ríkissjóði. Menn eiga eftir að gera ráð fyrir skuldbindingum, sem ekki eru í þessu frv., upp á nokkra milljarða króna og menn eiga eftir að gera ráð fyrir því að borga niður þær skuldir sem safnast hafa upp á undanförnum áratug sem hefur fyrst og fremst einkennst af því að menn hafa eytt verulega umfram það sem aflað hefur verið. Það er grundvallaratriði hjá þeim sem fara með peningaforráð að afla fyrir þeim útgjöldum sem menn stofna til. Það gildir um ríkissjóð, sveitarsjóði, heimili og aðra. Ég tala fyrir þessu sjónarmiði og hvet menn til þess að hugleiða það alvarlega. Ég held að þetta sé alvarlegri meinsemd í íslensku þjóðfélagi en menn hafa almennt gert sér grein fyrir eða almennt viljað viðurkenna og skýrir m.a. að nokkru leyti alvarlega þróun eins og þá sem átt hefur sér stað í skuldasöfnun heimilanna.

Herra forseti. Ég hef lokið við að rekja álit minni hluta fjárln. auk þess að nefna þau atriði sem ég hef helst kosið að koma á framfæri við þessa umræðu.

[11:54]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir hans ræðu. Það voru tvö atriði sem komu fram í ræðu hans sem ég vildi koma að í andsvari og skýra afstöðu mína til. Það er varðandi tillögu dómsmrn. um stöður rannsóknarlögreglumanna. Ég lít svo á að þetta sé frestun á að ákveða staðsetningu en ekki ákvörðun um að flytja þessar stöðu hingað suður til Reykjavíkur. Hins vegar varðandi skattstofurnar vil ég ítreka það sem ég kom að í ræðu minni við 2. umr. Ég styð það markmið að efla skattaeftirlit og tel ekki af veita en varðandi frekari verkaskiptingu skattstofanna eða skipulagsbreytingu í störfum þeirra verður auðvitað að gæta þess að sú breyting virki í báðar áttir og skattstofunum á landsbyggðinni séu falin störf í þessu stóra kerfi. Það er grundvallaratriði frá minni hálfu varðandi það mál og ég kom einmitt að því í

ræðu minni við 2. umr. en ég vil orða það skýrt hér.

[11:55]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu formanns fjárln. og vænti þess og treysti að hann muni beita sér fyrir framgangi málsins á þann veg sem hann hefur lýst.

[11:56]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir mjög málefnalega ræðu og fyrir að vekja athygli á því sem kom fram í máli hans og þann stuðning sem hann veitir þeim sjónarmiðum sem meiri hluti fjárln. hefur haft uppi um það að okkur beri að reka ríkissjóð án halla. Það hefur vissulega orðið mikil breyting á afstöðu manna til þessa. Frá því ég kom fyrst í þingið finnst mér hafa orðið mjög mikil breyting hvað þetta varðar að mönnum fannst ekki eins alvarlegt mál þó ríkissjóður væri rekinn með halla og stjórnarandstaðan flutti urmul af brtt. sem yfirleitt voru allar til hækkunar á útgjöldum. Þess vegna vekur ræða hv. 5. þm. Vestf. athygli manna þegar hann undirstrikar og ítrekar þau sjónarmið sem við stjórnarsinnar höfum verið að tala fyrir, og þá sérstaklega meiri hluti fjárln., þegar við erum að reyna að ná árangri í að stemma ríkisútgjöldin og að treysta það markmið að ekki sé halli á ríkissjóði. Það er auðvitað mjög mikilsvert að fá stuðning í þessu verki.

[11:57]

Útbýting þingskjala:

Grunnskólar, 254. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 474.

Lögmenn, 255. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 475.

[12:00]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Mikilvægum áfanga er nú náð þegar 3. umr. um fjárlög rennur upp. Ég segi áfanga vegna þess að hér er ekki um neina endanlega niðurstöðu að ræða eins og við þekkjum. Það eiga eftir að koma fjáraukalög og ýmis ný atriði sem munu breyta þessu dæmi auk þess sem ég er þeirrar skoðunar að hér sé rangt reiknað. Ég vil hins vegar endurtaka þakkir til meðnefndarmanna minna sem ég flutti við 2. umr., bæði til þeirra í minni hlutanum og meiri hlutanum, og ekki síður til allra þeirra sem komu hér að verki og aðstoðuðu á margan hátt við þessa miklu vinnu. Samkvæmt venju hafa ýmsar ákvarðanir verið teknar á milli 2. og 3. umr. sem breyta heildardæminu verulega. Er nú svo komið að helsta skrautfjöður frv. í upphafi máls, þ.e. afgangur að upphæð rúmlega 1 milljarður kr. er nú uppurinn að mestu. Að vísu hefur minni hlutinn sitthvað við þessa niðurstöðu að athuga og telur hana í rauninni ómark. Tekjur ríkissjóðs á næsta ári eru verulega vanáætlaðar. Því hef ég haldið fram alveg frá því að frv. kom fram á haustdögum og þetta rökstyðjum við fulltrúar minni hlutans í frhnál. okkar sem hv. síðasti ræðumaður lauk við að mæla fyrir rétt áðan. Við það verk nutum við aðstoðar sérfræðinga þannig að ég er sannfærð um að okkar niðurstaða er réttari en sú sem hér er gefin. Það eru fyrst og fremst veltuskattarnir, m.a. innflutnings- og vörugjöld og virðisaukaskattur, sem hljóta að skila meiri tekjum en niðurstaða meiri hlutans er miðað við þær forsendur sem frv. byggir á.

Það er nú orðið ljóst að þjóðhagsforsendur fjárlaga ársins í ár reyndust fjarri lagi. Fjárfestingin var miklu meiri en reiknað var með og einkaneyslan mun meiri. Þetta breytti fjárlagadæminu umtalsvert eins og ljóst var við afgreiðslu fjáraukalaga og allt bendir til að hið sama verði upp á teningnum á næsta ári. Ég sé engin rök fyrir því að reikna með svo miklu minni fjárfestingu eins og forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir og ég sé ekki heldur efni til þess að svo miklu minni aukning verði á einkaneyslunni eins og gert er ráð fyrir.

Forsendur fjárlagafrv. og niðurstöðutölur þess eru hrein og klár pólitík sem eiga lítið skylt við raunveruleikann. Fjárfestingar og önnur umsvif verða meiri en gert er ráð fyrir. Veltan verður meiri, tekjurnar verða meiri og útgjöldin verða vafalaust einnig meiri þegar upp er staðið. Þetta er allt rakið í nefndaráliti minni hlutans og m.a. bent á að enn muni vanta a.m.k. 1–1,2 milljarða upp á tekjuhlið fjárlaga. Ég hef rætt þetta mál við ýmsa sem eru sama sinnis og reyndar menn sem telja að þessi niðurstaða verði e.t.v. þannig að tekjuaukinn verði mun meiri heldur en hér er gert ráð fyrir og sem við höfum lagt áherslu á og niðurstaðan verði miklu meiri afgangur. Því ber vitaskuld að fagna, en það er mjög sérkennilegt að leggja þessar forsendur til grundvallar á þann hátt sem hér er gert.

Meiri hlutinn hefur lagt mikla áherslu á nauðsyn aðhalds í framkvæmdum hins opinbera til þess að vega á móti þensluáhrifum vegna verksmiðjubyggingar á Grundartanga og orkumannvirki þeim tengd. Þetta gerir meiri hlutinn þrátt fyrir að taka ekki tillit til þess við útreikninga á tekjuspá og verður það að teljast sérkennilegt í meira lagi. Meiri hlutinn fylgir þessu eftir með áformum um verulegan niðurskurð á framkvæmdum á suðvesturhorni landsins í vegagerð og við Reykjavíkurflugvöll. Þessi mál munu skýrast við afgreiðslu vegáætlunar og flugmálaáætlunar í febrúar/mars á næsta ári en þegar er vitað hvaða framkvæmdir liggja undir hnífnum. Þær eru fyrst og fremst í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík. Það eru m.a. framkvæmdir í Mosfellsbæ og Ártúnsbrekku og endurbygging Reykjavíkurflugvallar. Allt saman framkvæmdir sem eru bráðnauðsynlegar út frá öryggissjónarmiði og vegna sívaxandi umferðar og í rauninni ábyrgðarleysi að ráðast ekki í þær þegar í stað. Þetta er niðurstaða meiri hlutans, en í raun og veru er þetta allt slíkum vafa undirorpið að eðlilegast væri að fresta afgreiðslu fjárlaga fram í mars, en afgreiða þess í stað greiðsluheimildir til fjmrh. miðað við óbreytt ástand í efnahags- og ríkisfjármálum.

Talsmenn meiri hlutans hafa talað mjög til sveitarfélaga á suðvesturhorni landsins og hvatt þau til niðurskurðar í framkvæmdum til þess að fylgja því fordæmi sem þeir telja nauðsynlegt af hálfu ríkisvaldsins. Þeir hafa bent spjótum sínum mjög að Reykjavíkurborg. Þeir hafa sakað borgaryfirvöld um ábyrgðarleysi og tillitsleysi við ríkjandi aðstæður og tilgangurinn er augljóslega sá að varpa ábyrgðinni af niðurskurði og frestun framkvæmda af hálfu ríkisins á þessu svæði yfir á borgaryfirvöld í Reykjavík. Allt ber þetta mjög pólitískan svip og er í hæsta máta ósanngjarnt en þessar fullyrðingar hafa verið endurteknar æ ofan í æ þrátt fyrir rökstudd andmæli.

Rétt er að fara hér nokkrum orðum um afstöðu og sjónarmið borgaryfirvalda sem hafa legið undir þessu ámæli og áminningum af hálfu talsmanna meiri hlutans í fjárln. Vil ég í því skyni vitna til bréfs frá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra til þingmanna Reykjavíkur, þar sem hún upplýsir þá um stöðu mála. Bréfið er dagsett 16. des. 1996 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til þingmanna Reykjavíkur.

Efni: Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar fyrir árið 1997.

Að frumkvæði Sturlu Böðvarssonar, varaformanns fjárln. og þingmanns Vesturlands, hafa að undanförnu verið nokkrar umræður í fjölmiðlum um meint áhrif fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar á þenslu og verðbólgu í samfélaginu. Hefur sú skoðun m.a. komið fram að nauðsynlegt sé að Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar dragi úr fyrirhuguðum framkvæmdum á næsta ári. Af þessu tilefni þykir mér rétt að upplýsa þingmenn Reykjavíkur um fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 1997 og sendi því hjálagt frv. að fjárhagsáætlun ásamt ræðu minni við framlagningu fjárhagsáætlunar. Að auki fylgja hjálögð minnisblöð frá hafnarstjóra, rafmagnsstjóra og hitaveitustjóra um fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum þeirra á næsta ári. Spádómar Þjóðhagsstofnunar um umtalsverða þenslu á næsta ári kunna að vera á rökum reistir ef verður af fyrirhuguðum álversframkvæmdum á Grundartanga og virkjanaframkvæmdum sem þeim tengjast. Á þessari stundu liggur þó ekki fyrir hvort af verður.

Ef marka má nýleg útboð Reykjavíkurborgar á skólabyggingum í Grafarvogi og holræsaframkvæmdum við Mýrargötu er margumræddrar þenslu ekki enn farið að gæta á útboðsmarkaði í borginni. Komi hið gagnstæða í ljós þegar líða tekur á næsta ár er sjálfgefið að Reykjavíkurborg mun endurskoða framkvæmdaáætlanir sínar, enda mundu tilboð sem eru umfram kostnaðaráætlanir ekki rúmast innan fjárhagsramma borgarinnar. Í fjárhagsáætlun borgarinnar er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum lántökum í fyrsta sinn í fjöldamörg ár og munu borgaryfirvöld gera það sem í þeirra valdi stendur til að halda sig við þá áætlun.

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 1997 eru framkvæmdir á vegum borgarsjóðs á næsta ári mjög svipaðar og undanfarin ár. Framkvæmdir við ný íbúðahverfi hafa síðustu ár verið mun minni heldur en var að jafnaði allan síðasta áratug vegna samdráttar í nýbyggingu íbúðarhúsnæðis. Þannig voru lóðir fyrir 200 íbúðir gerðar byggingarhæfar á síðasta ári, en algengast var á síðasta áratug að byrjað væri á 600–700 íbúðum á ári. Ekki þykir ráðlegt að gera færri en 400–450 lóðir byggingarhæfar á næsta ári þar sem líklegt er talið að eftirspurn muni aukast eftir lægð síðustu ára auk þess sem talið er að lóðir á næsta nýbyggingarsvæði sem eru í Staðarhverfi muni þykja eftirsóknarverðar. Byggingarframkvæmdir verða í heild svipaðar á næsta ári og verið hefur undanfarin ár. Áætlaður kostnaður við byggingarframkvæmdir á verðlagi 1996 var 1.668 millj. kr. árið 1994, 1.845 millj. árið 1995, 1.854 millj. kr. árið 1996 og er áætlaður 1.945 millj. kr. á næsta ári, þ.e. tæpir 2 milljarðar kr. Er því aðeins um 5% aukningu að ræða á árinu 1997. Munar þar mest um 988 millj. kr. til skólabygginga. Gert er ráð fyrir um 170 millj. kr. mótframlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þessa. Flest stærstu verkefnin hafa þegar verið boðin út og lýkur þeim seinni hluta næsta árs, t.d. Engjaskóla sem boðinn var út sl. vor og Grandaskóla og Rimaskóla sem boðnir voru út nýverið. Einungis eitt stórt verkefni verður boðið út árið 1997, þ.e. sundlaug í Grafarvogi en byggingu hennar á að ljúka árið 1998.

Samkvæmt lögum um grunnskóla sem Alþingi samþykkti á þessu ári á einsetning allra grunnskóla á landinu að vera lokið árið 2003. Víða um land er þetta verkefni langt komið eða þegar lokið en því miður háttar ekki þannig til í Reykjavík.

Þá er jafnframt rétt að fram komi að nokkur nágrannasveitarfélög Reykjavíkur eiga enn langt í land en þau munu fyrirhuga að fara mjög hratt í þetta verkefni. Framkvæmdir við einsetningu grunnskóla hófust mjög seint í Reykjavík og vorið 1994 voru aðeins fjórir unglingaskólar í borginni einsetnir. Nokkuð hefur áunnist síðan en enn eru aðeins 15 skólar af 30 einsetnir. Ljóst er að foreldrar skólabarna í Reykjavík sætta sig ekki við að einsetning frestist frekar en orðið er og í viðhorfskönnun meðal borgarbúa sem gerð var nýlega kom það mjög skýrt fram að einsetinn skóli er meðal þess sem borgarbúar telja mikilvægast.

Framkvæmdir við götur og holræsi á næsta ári kosta 1.870 millj. kr. samkvæmt áætluninni. Er það talsvert hærri upphæð en á síðasta ári en langsamlega mest munar þar um að dælu- og hreinsistöð við Mýrargötu, sem verður tekin í notkun næsta haust ásamt 4 km langri útrás. Sú útrás var boðin út nýverið og voru tilboð mjög hagstæð. Stór þáttur í því verki, sem og síðasta áfanga hreinsistöðvarinnar við Mýrargötu, er efni, tæki og búnaður, sem er innflutt, en sá hluti nemur tæplega 50% kostnaðarins. Þensluáhrif slíkra framkvæmda innan lands eru því ekki teljandi.

Malbikunarstöðvar og sérhæfð tæki vegna slitlagsgerðar á suðvesturhorni landsins hafa alls ekki verið fullnýtt undanfarin ár. Þjóðvegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu, sem eru margar hverjar þjóðhagslega mun arðbærari heldur en flest önnur verkefni, munu því ekki valda spennu og er mjög óheppilegt að fresta þeim. Að öllu samanlögðu verður að segja að allt tal um hættu á spennu vegna framkvæmdaáforma Reykjavíkurborgar á næsta ári sé algerlega órökstutt. Atvinnuleysi er enn skráð svipað og var á síðasta ári eða um 3.000 manns. Meginþungi framkvæmda er fyrri hluta árs í verkefnum sem þegar hafa verið boðin út og þensluáhrifa gætir alls ekki í tilboðum í gatnagerð og jarðvinnuverkefni.

Að lokum vona ég að það sem hér hefur verið sagt verði til að varpa nokkru ljós á það hvers eðlis fyrirhugaðar framkvæmdir borgarinnar eru og að þingmenn geri sér grein fyrir því að á þessari stundu þarf mjög veigamikil rök til að réttlæta niðurskurð á arðbærum og löngu tímabærum framkvæmdum."

Undir þetta ritar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri í Reykjavík.

Þannig hljóðar þetta bréf og ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér þykja talsmenn meiri hlutans hafa farið fram með nokkurri ósanngirni í þessu máli öllu. Það er auðvitað ríkisvaldið sem ber ábyrgð á því ástandi sem hér er verið að leggja til grundvallar. Það er stefna ríkisvaldsins sem skapar þann vanda og það misvægi í þenslu sem hefur verið að skapast og menn telja sig sjá fyrir. Ríkisvaldið hefur fylgt og fylgir rangri stefnu að mínu mati. Það er altaf umdeilt hversu mjög ríkisvaldið eða stjórnvöld yfirleitt eiga að hafa áhrif á þróun atvinnulífsins. Raunar er því nokkuð almennt haldið fram að ríkisvald á hverjum tíma eigi fyrst og fremst að stuðla að almennum aðstæðum til hagsældar en ekki að taka frumkvæði né styðja eina atvinnugrein umfram aðra. Stjórnvöld eigi að skapa skilyrði með upplýsingaöflun og ráðgjöf, markaðsleit og aðstoð við fjármögnun, þau eigi að efla og styðja rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf en ekki að taka frumkvæði í atvinnuuppbyggingu. Því fer auðvitað víðs fjarri að sú hafi verið raunin. Atvinnugreinum er og hefur verið mismunað og stjórnvöld hafa árum saman tekið sterkt frumkvæði. Þau hafa í áraraðir lagt höfuðáherslu á uppbyggingu stóriðju, fyrst og fremst mengandi stóriðju,

álframleiðslu, járnblendi og fleira í þeim dúr. Árangurinn af allri fyrirhöfn þeirra er umdeilanlegur, en aðalatriðið er að þessi stefna er að mínu viti röng. Áherslan er röng. Það er ekki á þessu sviði sem framtíðarmöguleikar okkar í atvinnumálum liggja. Þeir eru fólgnir í umhverfi okkar og sérstæðri náttúru, sem er ekki aðeins gimsteinn sem við getum notið okkur til ánægju og fróðleiks, heldur er lykillinn að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar. Möguleikarnir liggja ekki aðeins í hugviti og þekkingu sem er mjög mikilvægt atriði, heldur einnig í ímynd lands okkar og náttúru og þar vil ég leggja áherslu á möguleika okkar í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, svo og í vísindum og rannsóknum af ýmsu tagi.

Stóriðjustefnan er atvinnustefna gærdagsins og það sem við erum m.a. að fást við í tengslum við þetta fjárlagadæmi eru einmitt afar slæm hliðaráhrif þessarar stefnu. Framkvæmdir við byggingu verksmiðja eru gríðarlega miklar. Þær kalla á framkvæmdir við byggingu orkuvera og allt veldur þetta staðbundnum og tímabundnum þensluáhrifum sem valda mikilli röskun. Sú röskun er oft til langframa og það kannast hv. þingmenn landsbyggðarinnar við frá þeim svæðum þar sem nú er horft fram á samdrátt í atvinnu af þessum sökum. Miklu farsælla væri að leggja áherslu á atvinnustefnu sem miðar að jafnri og stöðugri þróun og uppbyggingu um allt land.

Herra forseti. Vandinn sem meiri hlutinn leggur áherslu á að bregðast við og höfðar til ábyrgðar almennings, en ekki síst sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu, er vandi sem skapast af þessari stefnu ríkisvaldsins í atvinnumálum.

Svo vikið sé örfáum orðum að útgjaldahliðinni, þá eru lagðar til margvíslegar breytingar sem hv. formaður fjárln. hefur þegar kynnt og útskýringar er að finna í nefndaráliti meiri hlutans. Minni hlutinn á sinn þátt í þeim ákvörðunum og styður margar þessara tillagna, en því verður ekki á móti mælt að oft er okkuð erfitt að átta sig á ákvörðunum meiri hlutans á milli umræðna, sérstaklega þegar tímaramminn er þröngur. Dæmi eru um snöggsoðnar ákvarðanir um stóra útgjaldaliði sem virðast nánast falla af himnum ofan og eru lítt eða ekki skýrðar. Hvorki gefst tími né ráðrúm við þessar aðstæður til þess að fá nákvæmar útlistanir né heldur að ræða stefnuna eða forsendurnar á bak við slíkar ákvarðanir sem að sjálfsögðu koma úr ranni hæstv. ríkisstjórnar. Þessar ákvarðanir eru meginorsökin fyrir umtalsverðum hækkunum sem oft verða milli 2. og 3. umr. Þessar ákvarðanir byggjast sem sagt ekki á umræðum eða athugunum í fjárlaganefndinni. Þær eru einvörðungu á ábyrgð hæstv. ráðherra.

Sem dæmi má nefna tvö stór verkefni sem sett voru inn á allra síðustu dögum. Hið fyrra sem ég vildi nefna er átak í landgræðslu og skógrækt sem er nýr liður undir landbrn. Þetta átak er samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem kynnt var í fjölmiðlum fyrir örfáum dögum. Það eru litlar skýringar gefnar í áliti meiri hlutans og ég missti reyndar af þeim kafla í ræðu hv. formanns nefndarinnar sem hugsanlega hefur skýrt þetta nánar. En í erindi fjárlagaskrifstofunnar til nefndarinnar sem dagsett er í fyrradag kemur fram að þetta sé átak í landgræðslu og skógrækt upp á 75 millj. kr. og sagt er að þetta sé fyrsta greiðsla af fjórum þar sem ríkisstjórnin hafi samþykkt að verja 450 millj. kr. framlagi til viðbótar til landgræðslu- og skógræktarverkefna á árunum 1997—2000. Tilgangurinn sé að stuðla að aukinni bindingu koltvíoxíðs í andrúmslofti í samræmi við framkvæmdaáætlun Íslands vegna rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Átakið er sagt að muni felast í aðgerðum sem beinast að því í fyrsta lagi að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu samkvæmt nýrri forgangsröðun. Í öðru lagi að hefja ræktun fjölnytjaskóga á Suðurlandi, svonefndra Suðurlandsskóga, og í þriðja lagi að efla starf einstaklinga og félagasamtaka í landgræðslu og skógrækt. Þetta er síðan undirbyggt með nánari útlistunum á hverri grein. Þessu átaki ber að fagna í sjálfu sér. Ég dreg ekki úr því. En ég hlýt að gagnrýna að þetta skuli koma svona eins og sending af himnum ofan og enginn tími gefast til þess að skoða það ofan í kjölinn, fá álit og umsagnir sérfræðinga og áhugamanna um þessi efni. Það eru svo margir þættir sem fléttast saman í þessum málaflokki og alls ekki allir á einu máli um gagnsemi einstakra aðgerða. Það þarf að líta á sviðið í heild, það þarf að taka inn í dæmið áhrif á þróun vistkerfa og áhrif á vistkerfi sem fyrir eru á hverjum stað. Það eru ekki nógu góð vinnubrögð að koma með slíkar tillögur rétt fyrir endanlega afgreiðslu fjárlaga. Þær eiga að koma fram í frv. sjálfu og þær eiga að fá umfjöllun fagnefnda, í þessu tilviki umhvn., sem hefði getað kallað eftir umsögnum og álitsgerðum sérfróðra. Engu að síður, herra forseti, eru mörg verk óunnin á þessu sviði og vonandi verður þessu fjármagni varið skynsamlega og með hliðsjón af vísindalegu mati.

Ég hlýt aðeins að minna á þau spjöll sem unnin hafa verið á votlendi landsins, en menn hafa nú vaknað upp við vondan draum í þeim efnum og vilja gjarnan reyna að bæta fyrir og vinna að endurheimt votlendis sem er mjög mikilvægt í náttúru landsins og fyrir gróðurfar og dýralíf. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga og fara ekki offari í skógrækt á þeim stöðum þar sem slíkt gæti haft áhrif á vistkerfið til hins verra.

Hitt dæmið er að finna undir fjmrn. undir liðnum Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Gert er ráð fyrir að ráðstafa 80 millj. kr. af þeim lið vegna tillögu um nýtt ákvæði í 6. gr. fjárlaga um heimild til að ráðstafa allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu á svæðinu sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Þetta eru enn ein hliðaráhrifin af stóriðjustefnu stjórnvalda sem reynist þung í skauti í þeim byggðum landsins sem ekki njóta uppsveiflunnar í atvinnulífi sem tengist framkvæmdum af þessu tagi. Engar áætlanir eru um það hvernig fjármununum verður varið, ekki einu sinni vísbendingar. Þessi vinnubrögð eru svo sem dæmigerð, en þau eru ekki betri fyrir það, og ég hlýt að átelja harðlega hvernig staðið er að verki. Stórfelld útgjöld á að undirbyggja markvisst og af vandvirkni og gaumgæfni. Þeim á ekki að kasta fram án undirbúnings og skipulegra vinnubragða. Og vegna þess sem hér var til umræðu í síðasta andsvari, þá hlýt ég að leggja áherslu á þetta vegna þess að þetta er eitt dæmið um það hvernig við fáum inn á borð okkar tillögur sem ekki eru nákvæmlega skilgreindar, skýrðar og undirbyggðar á réttan hátt. Með þessu er ég ekki að mæla gegn þessari tillögu. Ég tel nauðsynlegt, úr því að menn hafa markað þessa stefnu og átt frumkvæði og þátt í þeirri atvinnustefnu sem leiðir af sér þessa staðbundnu, tímabundnu þenslu, sem hugsanlega verður ef af álversbyggingu og auknum virkjanaframkvæmdum verður, að stjórnvöld bregðist við til þess að reyna að draga úr þeim skaða sem þetta hefur á þeim svæðum sem ekki njóta uppsveiflunnar á sama hátt.

Ég ætla ekki að fara miklu meira út í útgjaldahliðina. Ég vil aðeins minna á ýmislegt það sem kemur fram í nál. minni hlutans og minna á tillögur minni hlutans sem voru dregnar

til baka og eru nú endurfluttar við 3. umr. Hv. 5. þm. Vestf. mælti fyrir þeim áðan, held ég, a.m.k. var það gert rækilega við 2. umr. þessa máls og ég held að ekki sé nauðsyn á að fara frekari orðum um þær tillögur. Ég vil minna á tillögur þingkvenna Kvennalistans sem eru á þskj. 445 um hækkun framlags til Námsgagnastofnunar og um styrk til endurbóta á húsnæði á vegum Félags einstæðra foreldra. Við drógum þær tillögur til baka við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. fjárlaga í þeirri von að meiri hlutinn mundi koma til móts við hugmyndir okkar og tillögur. Því miður varð ekki af því og hlýt ég að lýsa vonbrigðum með það. En það er ekki öll nótt úti enn og ég vil biðja menn að hugsa um afstöðu til þessara tillagna.

Um Námsgagnastofnun er það að segja að Kvennalistinn hefur eftir megni reynt að fá hækkuð framlög til Námsgagnastofnunar og styrkja þar með starfsemi hennar, sem er mjög mikilvægt fyrir skólastarf í landinu. Sú stofnun hefur alls ekki mætt nógu miklum skilningi og við höfum bent á að nú kannski fremur en endranær sé raunverulega mikil þörf á að efla og styrkja starfsemi Námsgagnastofnunar og þá með tilvísan til þeirra upplýsinga sem hafa komið fram í skýrslu vegna kannana á árangri nemenda í einstökum greinum og ástæður þess að árangur nemenda í þeim greinum er ekki talinn nógu hagstæður er einmitt að hluta til rakinn til þess að við höfum ekki nægan metnað við námsgagnagerð og búum okkar nemendur, okkar unga fólk, ekki nægilega vel námsgögnum.

Með styrkinn til Félags einstæðra foreldra vísa ég til þeirrar ræðu sem ég flutti við 2. umr. Þetta félag hefur rekið mjög merkilega og þarfa starfsemi og á skilið stuðning ríkisvalds og sveitarfélaga við sitt mikilvæga og góða starf. Ég vil líka benda á tillögur sem ekki var að vísu búið að dreifa þegar ég fór upp í ræðustólinn en má vera að komnar séu á borð þingmanna nú. Þær eru á frá okkur þingkonum Kvennalistans, þar sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir er 1. flm. Þær eru skyldar þeirri tillögu sem við flytjum um hækkun til Námsgagnastofnunar og eru metnaðarfullar tillögur um eflingu nýsköpunar og þróunar í skólastarfi og snerta menntun uppvaxandi kynslóðar sem við teljum að sé mjög mikilvægur þáttur sem okkur ber að leggja mun meiri áherslu á og hlúa betur að en gert hefur verið. Þetta er framtíðin sem ber að hlúa að af skilningi, fyrirhyggju og metnaði. Og sá metnaður birtist af okkar hálfu í þeim tillögum sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir mun mæla fyrir síðar í umræðunni. Þær lúta að Kennaraháskóla Íslands og tilgangurinn er að gera Kennaraháskólanum kleift að lengja kennaranám. Þær eru til eflingar endurmenntunar, námsefnisgerðar í sambandi við framhaldsskólana og til eflingar nýjunga í skólastarfi á sviði raungreina. Við teljum að þetta sé eitt af meginviðfangsefnum hins opinbera sem leggja beri miklu meiri áherslu á en gert hefur verið.

Herra forseti. Minni hlutinn leggur í áliti sínu áherslu á þrjá málaflokka á útgjaldahliðinni sem mest hafa verið til umræðu og umfjöllunar nú á milli umræðna í hv. fjárln. Við fjöllum nokkuð um heilbrigðismálin, samgöngumálin og um heimildagrein fjárlaga, þá merku 6. gr., sem hefur að geyma heimildir til ráðherra til ýmissa ráðstafana og sú grein er vissulega óhjákvæmileg en mætir því miður afgangi í umfjöllun nefndarinnar sem er alls ekki nógu gott því verið er að veita ráðherrum mikið vald til ráðstöfunar á eignum og fjármunum ríkissjóðs. Og það má vera okkur til umhugsunar hvernig þeim málum er háttað. Ég tel að miklu betri svipur sé á allri framkvæmd nú en var fyrir nokkrum árum þegar ekki einu sinni var gert ráð fyrir ákveðnum fjárhagsramma fyrir þessa heimildagrein en það er núna. Reynt er að fylgjast með því hvernig farið er með þetta vald sem ráðherra er þarna falið. En oft er verið að koma inn ákvörðunum eða heimildum til ákvarðana sem hefðu að réttu lagi þurft betri umfjöllun og undirbúning og skýringar og vísa ég til nál. okkar og orða hv. 5. þm. Vestf.

Meginniðurstaða mín er, herra forseti, að það dæmi sem er lagt fyrir Alþingi á eftir að breytast verulega og fyrir því hefur minni hlutinn fært veigamikil rök. Við erum sammála því markmiði að reka beri ríkissjóð án halla og helst með afgangi. Það er hættulegt að safna svo miklum skuldum eins og þróunin hefur verið á undanförnum árum og við þurfum að snúa blaðinu við, ná árangri í ríkisfjármálum, skila ríkissjóðsdæminu með afgangi svo hægt sé að greiða niður skuldirnar. Við erum sammála því að sýna beri ráðdeildarsemi, sparnað og ábyrgð í ríkisfjármálum eins og frekast er unnt, en við erum ekki sammála um áherslur og forgangsröð. Margar aðgerðir í þeim efnum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum leiða í raun ekki til sparnaðar heldur ófarnaðar sem er ríkissjóði kostnaðarbyrði til lengri tíma litið. Það þarf að leggja áherslu á menntamál, heilbrigðismál og félagslega þjónustu. Sparnaður í þeim efnum má ekki leiða til lakari þjónustu og verri stöðu þeirra sem hennar þurfa og eiga að njóta. Fjárlög skipta miklu máli fyrir daglegt líf og kjör almennings og fyrir þróun mála í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna. Það frv. sem hér á að afgreiða gefur ekki fyrirheit um farsæla framtíðarsýn. Slík framtíðarsýn ætti að byggjast á eflingu menntunar og rannsókna, hún ætti að byggjast á markvissri áætlun um verndun umhverfis og náttúru, hún ætti að byggjast á metnaðarfullum áformum um farsælt líf allra í samfélaginu jafnt þeirra sem standa undir tekjuöflun ríkissjóðs og þeirra sem minna hafa og þurfa á aðstoð að halda. Sá metnaður birtist ekki í þessu frv. Þvert á móti eru þyngstu byrðarnar lagðar á þá sem höllum fæti standa. Aldraðir, öryrkjar, sjúkir og bótaþegar fá þau skilaboð að þeirra séu breiðu bökin. Þeir eiga ekki að fá auknar tekjur til samræmis við þá sem hafa fullan mátt til að sækja kjarabætur. Það eru m.a. launin til aldraðra sem hafa lagt sitt af mörkum til að eftirkomendur þeirra geti lifað sómasamlegu lífi. Slagorðið „Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld" hefur snúist upp í andhverfu sína við þá síendurteknu aðför að lífskjörum aldraðra sem við höfum reynt síðustu árin.

Lokaniðurstaða mín er sú að endurskoða þarf tekjuöflunarkerfi ríkisins og forgangsraða upp á nýtt.

[12:43]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrstu mótmæla síðustu orðum hv. 12. þm. Reykn. um að fjárlagafrv. sé aðför að öldruðum og sjúkum. Það er fjarri lagi. Það er verið að tryggja og treysta velferðarkerfið og það er auðvitað mikilvægt verkefni. Að hinu leytinu vil ég vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hv. þm. þar sem hún leggst í sérstaka vörn fyrir meiri hluta borgarstjórnar í Reykjavík og les upp bréf það sem borgarstjórinn hefur skrifað þingmönnum Reykjavíkur þar sem kvartað er sérstaklega undan framgöngu minni að undanförnu. Hver skyldi hún vera? Jú, sú framganga er að vekja athygli á því að stjórnvöld í landinu, þ.e. ríkisvaldið og sveitarfélögin, þurfa að gæta sín og leggja áherslu á að

tryggja stöðugleikann í þjóðfélaginu. Þetta er sú ógn sem steðjar að vinstri meiri hlutanum sem hér er sérstaklega varinn, vinstri meiri hlutanum í Reykjavík. Hv. þm. vakti athygli á því, sem er hins vegar alveg hárrétt, að það er stefna ríkisstjórnarinnar sem kemur fram núna í því að búast má við að efnahagslífið taki kipp vegna aðgerða stjórnvalda. Það er auðvitað ekkert áhyggjuefni út af fyrir sig heldur er nauðsynlegt að bregðast þannig við þegar betur árar að við söfnum til hinna mögru ára. Það er fyrst og fremst sá málflutningur sem ég hef haft uppi og m.a. gagnvart Reykjavíkurborg eins og öllum sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, að ég hef hvatt til þess að allir þeir aðilar og ríkisvaldið einnig sýni ábyrgðartilfinningu og við lítum til lengri tíma þegar við leggjum upp okkar efnahagslegu forsendur.

[12:45]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þekki skoðanir og áherslur hv. þm. í þessum efnum. Hann hefur komið þeim ræki lega á framfæri. Ég er ekki sammála niðurstöðu hans og ádeilum á stjórnun Reykjavíkurborgar og hvernig borgaryfirvöld hyggjast haga sínum framkvæmdum á næsta ári. Ég tel að borgaryfirvöld í Reykjavík sýni fulla ábyrgð í þessum efnum. Þau hafa auðvitað skyldum að gegna gagnvart sínum umbjóðendum. Þau þurfa að veita góða þjónustu og tryggja öryggi síns fólks. Ég held að þau rök sem fram komu í bréfi borgarstjóra sem ég las upp áðan séu fullgild og sýni mikla ábyrgð í þessum efnum. Enda kom þar fram að ef í ljós kæmi að hættuleg þensla væri að myndast, hvað þá ef hún birtist í því að útboð yrðu ekki hagstæð, þá mundu borgaryfirvöld endurskoða áætlanir sínar. En ég hygg að við gætum margt lært af núverandi borgarstjórn sem meiri hluta sem hefur náð mjög athyglisverðum árangri við stjórnun fjármála. Það væri nær að hyggja að því hvernig þau hafa farið að verki heldur en gagnrýna.

[12:47]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki ætla ég að fara í umræður um málefni borgarstjórnarinnar í Reykjavík í þessum ræðustól. Hins vegar væri mjög skemmtilegt og ánægjulegt að taka þátt í umræðu á þeim vettvangi.

En ég vil vegna orða hv. þm. um sérstaklega góða fjármálastjórn hjá Reykjavíkurborg segja að rétt væri nú að gefa borgarstjórnarmeirihlutanum ögn meiri tíma, held ég, áður en því er slegið föstu að svo sé. Mér sýnist að þar séu stundaðar stórfelldar sjónhverfingar. Þær eru hins vegar svo augljósar, ekki síst þegar vakin er athygli á því að Reykjavíkurborg standi ekki fyrir neinni spennu, hún taki ekki lán. En hvað gerir borgarstjórnarmeirihlutinn? Hann reynir að blekkja með því að láta undirstofnanir taka lán til framkvæmda. Ég held að það sé allt of auðveld leið ef hv. þm. halda að við sjáum ekki í gegnum slíkan vef. Hins vegar er rétt að það kemur fram hjá borgarstjóranum í bréfinu, sem hv. þm. las upp að borgarstjórnarmeirihlutinn virðist vera tilbúinn á verðinum ef þeim sýnist að ástæða sé til þess. Ég fagna því að fram skuli koma að hv. þm. og borgarstjórinn væntanlega eru reiðubúnir til að ganga til viðræðna við stjórnvöld með hvaða hætti við getum tryggt stöðugleikann. Það er auðvitað aðalatriðið, það er viðfangsefnið. Hæstv. ríkisstjórn hefur falið félmrh. að eiga viðræður við sveitarfélögin í landinu og ég geri ráð fyrir að þær viðræður hljóti að hafa farið fram. Viðræður um það hvernig eigi að standa að þessum aðgerðum.

[12:50]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil alveg sérstaklega taka undir þau orð hv. 2. þm. Vesturl. að við skulum gefa núverandi borgarstjórnarmeirihluta meiri tíma, miklu meiri tíma. Það sem borgarstjórnarmeirihlutinn hefur verið að gera lofar ákaflega góðu. Hann er að ná tökum á fjármálastjórn borgarinnar eftir langvarandi óstjórn. Ég held að við gætum lært mikið af því að kynna okkur nánar og betur það sem þar hefur verið að gerast.

Það er út af fyrir sig óþarfi að binda þessa umræðu svo mjög við það sem borgarstjórnarmeirihlutinn er að gera. Við ættum líka að líta til þess sem menn hafa verið að gera í sveitarfélögunum í kring og afstöðu þeirra til þeirra hugmynda sem hafa verið að birtast nú undanfarna daga um nauðsyn á frestun framkvæmda og jafnvel að hætta við bráðnauðsynlegar framkvæmdir. Ég hef ekki getað farið yfir gögn sem mér voru að berast í hendur nákvæmlega á því andartaki sem ég fór upp í stólinn en því verður ekki tekið þegjandi að skorið verði niður fé til bráðnauðsynlegra framkvæmda sem varða öryggi fólksins á þessu svæði og landsmanna allra. Þetta er einu sinni höfuðborgin sem við erum að tala um og við sendum ekki fólkið í burtu. Það þarf að veita því þá þjónustu sem það á rétt á.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

[12:51]

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. SvG, þskj. 469; brtt. GGuðbj o.fl., þskj. 470, 471, 472, 473; brtt. JónK og StB, þskj. 476.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 201, nál. 431, brtt. 432 og 434.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:35]

Ágúst Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Nú er að hefjast atkvæðagreiðsla um frv. um lífeyrismál. Við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sitjum í efh.- og viðskn. fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna. Við skrifuðum undir álit meiri hluta efh.- og viðskn. með fyrirvara. Sá fyrirvari lýtur að því að við teljum að lögfesting frv. í þessu formi feli í sér skyldu stjórnvalda til að sjá svo um að starfsmenn ríkisins sem eru í stéttarfélögum ASÍ fái sömu lífeyrisréttindi og öðrum ríkisstarfsmönnum eru tryggð með frv. Við teljum þessa afstöðu réttlæta og eðlilega og vera í samræmi við afstöðu þingflokks jafnaðarmanna og Alþýðusambands Íslands í þessu máli.

Við munum greiða brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. atkvæði okkar, enda erum við aðilar að þeim. Aðrar brtt. falla utan þeirrar samstöðu sem náðst hefur um afgreiðslu málsins. Lífeyrismál verða áfram í umræðunni og hugmyndir um að tryggja betur stöðu B-deildar sjóðsins verða vitaskuld ræddar áfram.

Um þær tillögur aðrar sem liggja hér fyrir hefur ekki náðst samstaða innan efh.- og viðskn. Við munum því greiða atkvæði gegn öðrum tillögum en þeim sem við flytjum með öðrum. Við þingmenn jafnaðarmanna styðjum frv. og brtt. okkar og annarra og teljum að þetta frv. feli í sér þá skyldu til stjórnvalda að sjá um að starfsmönnum ríkisins sem eru í stéttarfélögum Alþýðusambandsins séu tryggð sömu lífeyrisréttindi og öðrum ríkisstarfsmönnum. Það er mikilvægasta málið við lögfestingu þessa máls sem við viljum gera sérstaka athugasemd við. Að öðru leyti styðjum við þetta mál eins og það kemur frá efh.- og viðskn.

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, GHall, HjÁ, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef flutt brtt. við frv. þetta og samþykki 1. gr. í trausti þess að brtt. mín verði samþykkt.

2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 432,1 samþ. með 54 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 432,2 samþ. með 55 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

5.–6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 432,3 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér eru greidd atkvæði um ákvæði þar sem lögbundið er að jafnan sé leitað eftir hæstu ávöxtun sem völ er á á markaði. Ég tel rangt að lögþvinga hámarksvexti með þessum hætti. Ég tel hins vegar rétt að sjóðstjórn gæti þess jafnan að leita eftir ávöxtun fjármuna sjóðsins á ábyrgan hátt. Ég get því ekki stutt þessa brtt.

7. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

8.–10. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 434,1 felld með 53:2 atkv. og sögðu

já: EOK, PHB.

nei: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi 1. liður í brtt. minni er lykilatriði í allri tillögunni. Hér er lagt til að reikna skuli breytilegt iðgjald í B-deildinni eins og gert er í A-deild. Hugsunin er sú að horfast í augu við veruleikann og færa skuldir ríkissjóðs og annarra launagreiðenda eins og hæstv. fjmrh. sagði vera markmið sem að baki lægi samningsins milli hans og opinberra starfsmanna.

Öll brtt. í heild sinni stendur og fellur með þessum 1. lið og ég bið menn að athuga það.

[13:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á næstu árum verða gerðar breytingar á framsetningu fjárlaga ef samþykkt verður fjárreiðufrv. það sem liggur fyrir Alþingi. Þá verða fjárlög sett fram á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur. Það er eðlilegt frá mínum bæjardyrum séð að þá verði það skoðað rækilega hvernig ríkið og aðrir launagreiðendur ætla að standa skil á skuldbindingum sínum og greiðslum til B-deildar sjóðsins eins og m.a. er bent á í þessari brtt. Þangað til tel ég eðlilegt að óbreyttur háttur verði hafður á að öðru leyti en því að opnaður verði möguleiki í lögunum um sjóðinn til þess að inngreiðslur geti átt sér stað í formi skuldabréfs, t.d. vegna áfallinna skuldbindinga. Ég vænti þess að hv. nefnd eða meiri hluti hennar skoði það og slíkar breytingar við 3. umr. málsins.

[13:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er öllum ljóst sem það hafa kynnt sér að B-deild lífeyrissjóðsins á ekki fyrir sínum skuldbindingum og stefnir í það að verða gjaldþrota þegar fram líða stundir. Það er því óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að tryggja stöðu þeirrar deildar sjóðsins. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það verði ekki gert nema að undangengnum viðræðum við þá sem í lífeyrissjóðnum eru og samtök þeirra. Tel ég ekki tímabært að taka málið upp á þingi að svo stöddu og mun því ekki greiða atkvæði með þessari tillögu.

[13:46]

Pétur H. Blöndal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þar sem 1. liður í minni brtt. hefur verið felldur leyfi ég mér að draga til baka aðra liði í þeirri tillögu, þ.e. tillöguna alla, en vil minna á að við erum hér að taka

á okkur geysilega skuldbindingu sem er þegar orðin feiknalega mikil og fer vaxandi með því frv. sem hér liggur fyrir. Þetta er eins og keðjubréf. Það gengur vel til að byrja með, en síðan lenda skuldbindingarnar á þjóðinni með sívaxandi þunga. Þetta frv. sem liggur fyrir tekur ekki á þeim vanda. Þetta frv., eins og kom fram í umræðunni, mun hugsanlega hafa áhrif til hækkunar á allt lífeyriskerfi þjóðarinnar og menn eiga von á því. Það mun auka álögur á hinn vinnandi mann í þeim mæli að ég tel vera hættulegt. Það mun auk þess hafa áhrif á kjarasamninga sem í hönd fara og valda miklum óróa þar eins og kom fram í viðræðum og ummælum þeirra aðila sem sóttu heim hv. efh.- og viðskn.

Ég vona að þær viðvaranir sem ég hef haft uppi varðandi samþykkt frv. séu ekki réttar og að þingheimur hafi rétt fyrir sér.

Brtt. 434,2–14 kölluð aftur.

11. gr. samþ. með 54:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,4 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

nei: PHB.

2 þm. (EOK, KHG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

13.–24. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

2 þm. (EOK, KHG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, LB, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,5 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

25. gr., svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHall, HBl, RA, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

26. gr. samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

2 þm. (EOK, GÁS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, KHG, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,6 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, KHG, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

27. gr., svo breytt, samþ. með 53:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

2 þm. (EOK, KHG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,7 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, KHG, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

28. gr., svo breytt, samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

29.–38. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
2 þm. (EOK, GÁS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,8 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, GHall, KHG, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, GHall, SighB, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

39.–40. gr. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
12 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, GE, GHall, SAÞ, SF, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,9 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
3 þm. (EOK, PHB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

41. gr., svo breytt, samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: PHB.
2 þm. (EOK, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

42.–54. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 432,10 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

55. gr., svo breytt, samþ. með 52:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
nei: PHB.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GGuðbj, SJóh, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

56.–64. gr. samþ. með 53:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.
nei: PHB.
1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ, ÖS.
2 þm. (EOK, PHB) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, GHall, JóhS, KH, SighB, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

[13:58]

Útbýting þingskjala:
Fjárlög 1997, 1. mál, brtt. RG o.fl., þskj. 479.
Landsvirkjun, 175. mál, brtt. 1. minni hluta iðnn., þskj. 468.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 251. mál. — Þskj. 433.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv.

Lánsfjáraukalög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 226. mál (útgáfa húsbréfa). — Þskj. 306, nál. 408.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
10 þm. (GL, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, RA, SighB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.
3 þm. (GGuðbj, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Almannatryggingar og lyfjalög, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 250. mál (kaup á vörum og þjónustu, lyfjaverðsnefnd). — Þskj. 412.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frh. 2. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 308, nál. 410.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.
2 þm. (HG, KHG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 410 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE.

3 þm. (HG, KHG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Margir, m.a. nokkrir þeir sem komu á fund félmn., hafa lýst áhyggjum yfir að við flutning málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaganna kunni þjónustan að verða misjöfn að gæðum og hætta á að mál ákveðinna einstaklinga lendi milli stafs og hurðar. Í trausti þess að það ákvæði sem bætist við til bráðabirgða um réttindagæslu fatlaðra tryggi jafnstöðu ætla ég að greiða þessu ákvæði til bráðabirgða atkvæði.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SP, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÖJ.

2 þm. (HG, KHG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sit hjá við þessa atkvæðagreiðslu vegna þess að ég hef ekki sannfæringu fyrir því að tímabært sé að stíga það skref sem er aðalatriði þessa frv., að færa málefni fatlaðra með öllu til sveitarfélaga. Ég hefði talið að menn ættu að bíða eftir reynslunni frá þeim reynsluverkefnum þar sem þetta er einn þátturinn og gera málið síðan upp í framhaldi af því. Mér finnst menn gleyma því oft á tíðum þegar rætt er um yfirfærslu og yfirtöku sveitarfélaga á stórum málefnaflokkum að sveitarfélögin í landinu eru afar ólík hvað snertir aðstæður svo ekki sé nefndur íbúafjöldinn. Ég óttast það að menn fari offari í þessu efni og greiði því ekki atkvæði.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Tryggingasjóður einyrkja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 355.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Eignarhald afurðastöðva í mjólkuriðnaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. GL, 225. mál. — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Öryggi raforkuvirkja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 73, nál. 379 og 402, brtt. 380.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Till. í nál. 402 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 33:22 atkv. og sögðu

já: ÁE, EgJ*, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:09]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í nefndaráliti minni hlutans á þskj. 402 segir svo, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Fyrir því eru eftirfarandi rök:

kostnaður af eftirliti virðist aukast með því kerfi sem gert er ráð fyrir að taka upp samkvæmt frumvarpinu sem gæti leitt til hærra rafmagnsverðs fyrir neytendur;

kostnaður við skoðun húsveitna getur aukist verulega;

kostnaður eykst mest á landsbyggðinni nái breytingarnar fram að ganga;

kerfisbreytingin byggist á því að flytja tugi starfa frá dreifbýli til þéttbýlis;

ekki er ljóst að rafmagnseftirlit aukist og því er haldið fram að úr því geti dregið."

Af þessum ástæðum og fleirum, herra forseti, hefðum við talið eðlilegast að þessu máli yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Fari svo að því sjónarmiði okkar verði hafnað, þá tel ég að málið liggi þannig að eðlilegast sé, ef meiri hlutinn vill hafa sitt fram þrátt fyrir allt, að sitja hjá við meðferð málsins en að styðja auðvitað þá tillögu sem hér liggur fyrir um leið og ég vil nota og misnota aðstöðu mína til að þakka þeim hundruðum Íslendinga sem hafa varað Alþingi við því að samþykkja þetta frv.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, GHall, KH, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

17 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, EKG, GE, GHall, JBH, KH, LB, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,2 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHall, HjÁ, SAÞ, SF, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, HBl, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,3 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,4 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,5 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, GL, GÁS, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,6 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÖS.

19 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, GÁ, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,7 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

19 þm. (ÁE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GE, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 380,8 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,9 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, ÓÖH, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,10 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

20 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 380,11 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, GMS, SAÞ, SF, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EKG, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 380,12 (15. gr. falli brott) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GÁ, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 380,13 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
20 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, HG, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

17. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

18 þm. (ÁE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GE, GHall, GL, GGuðbj, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

18.–20. gr. (verða 17.–19. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
21 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, FI, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.
15 þm. (GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Löggildingarstofa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 74, nál. 241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.
15 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [14:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Á síðustu dögum hafa verið að koma fram nýjar upplýsingar í því máli sem hér um ræðir og samhengi þess við 8. dagskrármál sem hér var verið að greiða atkvæði um áðan. Þessar nýju upplýsingar, sem allar hníga í þá átt að málið sé bæði verr úr garði gert, verr undirbúið og vitlausara en ég hafi ástæðu til að ætla miðað við þær upplýsingar sem fram komu í efh.- og viðskn., gera það að verkum að ég mun draga stuðning minn við málið til baka og flytja í frhnál. við 3. umræðu tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í

samræmi við þá afstöðu sem stjórnarandstaðan hafði gagnvart 8. dagskrármáli. Ég greiði því ekki atkvæði um málið að þessu sinni en boða þessa tillögu við 3. umr.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VE.

15 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, FrS, GHall, GMS, SAÞ, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1 í nál. 241 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VE.

15 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EgJ, FrS, GHall, GMS, SAÞ, SF, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

14 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, FrS, GHall, GMS, SAÞ, SF, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í nál. 241 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

15 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, FrS, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

13 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, RA, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, EOK, GHall, GMS, KH, SAÞ, SF, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

5.–6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

14 þm. (GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, SAÞ, SF, SJS, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE.

13 þm. (GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, GMS, SAÞ, SF, ÞorstP) fjarstaddir.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, síðari umr.

Stjtill., 248. mál. — Þskj. 404, nál. 458.

Umræðu frestað.

Fjárlög 1997, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 364, frhnál. 453 og 464, brtt. 419, 426, 427, 428, 429, 430, 444, 445, 446, 448, 449, 450, 452, 459, 463, 465, 469, 470, 471, 472, 473, 476 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 446, 469–473, 476 og 479. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

[14:31]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það má nú margt um þetta frv. segja. Fyrst kannski það sem ég hóf mitt mál á við 2. umr., þ.e. að mér finnst að það eigi að vera skylda hæstv. ráðherra ríkisstjórnarinnar að vera við umræðuna. Þeir þurfa ekki endilega að vera við til að hlusta á mig en þegar talsmenn meiri og minni hluta flytja sitt mál þá finnst mér eðlileg krafa að hæstv. ráðherrar séu við. En ég ítreka að ég geri ekki sérstaka kröfu um að þeir séu hér til að hlusta á mál mitt nú. Þeir ráða því.

Herra forseti. Það má margt segja um þetta frv. til fjárlaga fyrir árið 1997 sem hér er til umræðu. Ef til vill er það fyrst að þetta er hálfgert gabb, að minnsta kosti að sumu leyti. Vegáætlunin er ófrágengin. Hún verður til afgreiðslu í febrúar, mars. Flugáætlun er ófrágengin. Hún verður til afgreiðslu í febrúar, mars.

Andþensluaðgerðir ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar eru vægast sagt hlægilegar. Þær eru ekki einu sinni ægilegar. Þær eru bara hlægilegar. Hvaða áhrif halda menn að það hafi á þenslu að hætta við framkvæmdir í nágrenni Reykjavíkur upp á heilar 69 millj. kr. vegna vegtæknilegra aðgerða við Mosfellsbæ? Það getur verið að það hvarfli að manni að það sé kannski tengt því að Sjálfstfl. missti meiri hluta sinn á þeim bæ.

Frestun framkvæmda í Ártúnsbrekku upp á 108 millj. kr. Ætli hæstv. forsrh. hefði ekki brölt eitthvað í búri sínu hefði hann verið borgarstjóri í Reykjavík og til slíkra aðgerða hefði verið gripið á þeim tíma. Ég er þess fullviss að allt stuttbuxnaliðið hefði verið komið í herferð við þær aðstæður til að fá fram framkvæmdirnar.

Ég er hræddur um að menn hafi ekki velt því fyrir sér að tjón í umferðinni, þ.e. manntjón og eignatjón er talið nema 14–16 milljörðum kr. Hvaða áhrif skyldi svo gífurlegt tjón hafa á þensluna í landinu? Hafa menn leitt hugann að því? Ætli það sé ekki óhætt að meta það svo að tjón vegna vegtæknilegra galla í og við Reykjavík nemi að minnsta kosti 3–4 milljörðum kr.? Hvað segir það okkur? Ég segi að mitt mat er það að þessi frestun framkvæmda er afspyrnuvitlaus. Mín ályktun er sú að frestun framkvæmda leiði til þenslu vegna tjóna. Ég hygg að tryggingafræðilegt mat þurfi að liggja fyrir til að unnt sé að sanna þessa kenningu sem ég set hér fram. Það er reyndar undarlegt að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., skuli vera að baslast við þenslu sem engin verður miðað við forsendur sem hæstv. ríkisstjórn gengur út frá.

Herra forseti. Vinnubrögð fjárln. hafa verið góð að mínu mati. En það er öfugt við það sem má segja um hæstv. ríkisstjórn. Ríkisstjórnin hæstv. vaknaði klukkan kortér fyrir tólf og vildi þá færa klukkuna aftur á bak og hefja störf við það sem þeir áttu ljúka við og vinna í september. Staðreyndin er reyndar sú að þeir segja að ekkert hafi breyst varðandi forsendur fjárlaga frá þeim tíma en það kemur margsinnis fram í gögnum sem ríkisstjórnin notar sem forsendu, að hvorki er tekið tillit til þess að líkur eru á byggingu álvers á Grundartanga og né líkur á stækkun Járnblendiverksmiðjunnar.

Herra forseti. Þótt formlegur ágreiningur milli meiri og minni hluta sé áberandi í málaflokkum sem lúta að menntamálum, heilbrigðismálum og málefnum fatlaðra þá hefur samvinnan verið góð. Ég vil ítreka þær þakkir sem ég viðhafði við 2. umr. til meiri hluta nefndarinnar, til þeirra sem unnu með mér í minni hlutanum og síðan til alls þess fjölda sem kom og lagði hönd á plóginn við vinnuna.

Ég sé enn ástæðu til að ítreka þá skoðun mína að ég tel að unnt sé að setja fram skýrari fjárlagatillögur, aðgengilegri og skilvirkari. Ég legg áherslu á að framkvæmd fjárlaga, þ.e. ráðstöfun ráðuneyta samkvæmt samþykktu frv. þarf að vera gagnsæ og í einföldu kerfi þannig að hægt sé að yfirfara og skoða fjárráðstöfun svo oft sem menn vilja.

Ég er að tala um að hvert ráðuneyti þarf að vera rekið eins og ein eining eða eitt fyrirtæki með opnu kerfi sem veitir aðhald við ráðstöfun úthlutaðra fjármuna. Það verður að vera þannig að það sé aðgengi fyrir framkvæmdastjórann, þá á ég við hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. á hverjum tíma, til að fylgjast með ef það á að nást árangur við að reka fyrirtækið Ísland. Aðhaldsleysi birtist í nýlegri könnun um vitund starfsmanna ríkisins fyrir rekstri fyrirtækisins eða „ráðuneytisins hf". Skortur á ábyrgðartilfinningu og aga er frá stjórnendum kominn og eftir höfðinu dansa limirnir.

Herra forseti. Tekjudreifing í þjóðfélaginu er ekki réttlát. Það er staðreynd að hlutur fjármagnsins hefur verið að aukast. Hlutur launþega í landinu hefur verið að minnka og launamismunurinn hefur verið að vaxa. Það er ótrúlegt, herra forseti, að fátækt fjölmargra á Íslandi einmitt núna á þessum tíma, um jólin, hefur leitt til þess að fjölmargir þurfa að leita matargjafa. Það eru meira að segja þúsundir Íslendinga sem þurfa að leita matargjafa á þessum tíma samkvæmt upplýsingum hjálparstofnana og ýmissa líknaraðila. Það hefur sífellt þurft að auka hjálparstarf vegna bágs ástands. Félagsleg hjálp sveitarfélaganna er orðin svo mikil að þeir fjármunir sem ætlaðir voru til slíkrar aðstoðar eru uppurnir hjá flestum sveitarfélögum. Herra forseti. Það er dapurlegt ástand.

Ég rifja það upp að á síðasta ári voru veittir 1,2 milljarðar kr. til beinnar félagslegrar hjálpar. Af hverju, herra forseti? Jú, vegna þess að það er fátækt í landinu. Það hefur ekki tekist að knýja fram hækkun lægstu launa. Ég er þeirrar skoðunar að hv. Alþingi beri að grípa inn í þessi mál með lagasetningu. Ég hef flutt frv. um 80 þús. kr. lágmarkslaun og ég held mig við það og ég miða það við að skattleysismörk ættu að vera 77.800 kr. í dag framreiknað frá 1984 ef sama viðmiðunartala væri notuð í dag og var þá. Þess vegna er flutt frv. til laga um 80 þús. kr. lágmarkslaun. Ísland er því miður eftirbátur viðmiðunarlandanna. Það hefur ekki tekist að knýja fram hækkun launa og það hefur komið berlega í ljós að lágmarkslaun á Íslandi eru verulega lægri en í nágrannalöndum okkar. Það hafa verið lagðar fram á Alþingi fyrirspurnir og tillögur sem ganga allar í þá átt að fá upplýsingar um stöðu fjölskyldunnar í samanburði við nágrannalöndin. Og það hefur verið spurt hversu miklum upphæðum er varið hjá einstaka sveitarfélögum til aðstoðar vegna afkomuvanda fjölskyldna. Ég sé mér ekki fært annað en að nota þetta tækifæri til að skora á aðila vinnumarkaðarins, til að skora á ríkisstjórn Íslands að ganga nú frá samningum út frá þeim forsendum sem ég hef verið að ræða um. Þá þarf ekki að grípa til þeirra neyðarráðstafana sem hér er rætt um, þá þarf fjöldi manna ekki að koma og biðja sér matargjafa eins og verið hefur.

Við athugun á fjárlögum 1984 — það ár var síðast afgangur á rekstri ríkissjóðs — kom í ljós að til heilbrigðis- og tryggingamála var varið 37% af útgjöldum fjárlaga. Í samanburði við fjárlagafrv. næsta árs, 1997, er þar fjárhlutfallið 41,6%. Þetta er ekki meiri aukning en búast má við og það kemur í rauninni á óvart hve lítil aukningin er á þessum tólf árum þegar þess er gætt að hluti af henni eða ef til vill öll aukningin er vegna félagslega þáttarins. Það munar rúmlega 4 milljörðum sem útgjöldin eru hærri samkvæmt frv. 1997 en ef miðað væri við hlutfallið í fjárlögum árið 1984. Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 voru tekjur ríkissjóðs áætlaðar 120,9 milljarðar kr. Endurskoðuð tekjuáætlun gerir ráð fyrir að tekjurnar verði 127,2 milljarðar kr. Tekjur umfram áætlun nema rúmum 6,3 milljörðum kr. Frá árinu 1995 hafa tekjurnar aukist um tæpa 12,8 milljarða. Það er ljóst að þjóðhagsforsendur fyrir árið 1996 hafa reynst fjarri lagi. Fjárfestingin hefur aukist um 7,7 prósentustig umfram þjóðhagsforsendur fjárlaganna og einkaneyslan um 2,8 prósentustig. Þá er það reyndar staðreynd að ráðstöfunartekjur einstaklinga hafa aukist meira en áætlað var. Miðað við umsvif og væntingar sem hafa verið uppi í efnahagslífinu að undanförnu og með hliðsjón af því vanmati sem iðulega hefur verið í þjóðhagsforsendum fjárlaga samanber liðið ár eins og ég var hér að fara yfir, þá erum við sammála um það í minni hluta fjárln. að tekjur ríkissjóðs muni ekki þróast eins og gert er ráð fyrir í frv. og endurskoðaðri tekjuspá.

Minni hlutinn benti á og lagði fram rök fyrir því, studdi það með rökum, að tekjur ríkissjóðs vegna ársins 1997 væru vantaldar um 1,5–2 milljarða kr. Þrátt fyrir að endurskoðuð tekjuáætlun hafi hækkað tekjur um 600 millj. kr. þá telur minni hlutinn að það vanti enn að minnsta kosti 1,2 milljarða

inn á tekjuhlið frv. En auðvitað, herra forseti, er gott að eiga borð fyrir báru. Ég tek undir það. En menn verða að gæta að sér þegar þeir eru að reikna út frá einhverjum gefnum forsendum. Þá á ég fyrst og fremst við veltuskatta og þá er ég að tala um innflutnings- og vörugjöld og virðisaukaskatt sem hlýtur að skila meiri tekjum á árinu 1997 en árið 1996 vegna þess að á árinu 1996 er um svo mikinn innskatt að ræða vegna bygginga loðnuverksmiðja og fiskiðnaðarfyrirtækja í kringum landið. Árið 1997 mun verulega skilast inn virðisaukaskattur á móti.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mjög mikið inn á það sem félagar mínir, hv. þm. Kristín Halldórsdóttir og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, hafa verið að ræða hér í morgun. Það er einungis til að tefja tímann og teygja á og ég sé ekki ástæðu til að vera að rekja þau mál. Mig langar þó aðeins að geta örfárra staðreynda sem liggja fyrir og varða sjúkrahúsin í Reykjavík og þenslustöðvunina sem menn hafa verið að velta fyrir sér. Það helsta sem gerðist í umfjöllun á milli umræðna var að Sjúkrahús Reykjavíkur fékk viðbótaruthlutun upp á 120 millj. kr. á fjárlögum. Sjúkrahús Reykjavíkur er með skuld upp á 190 millj. kr. frá fyrra ári. Rekstrarvandinn árið 1997 verður um 150 kr. Skuldir í árslok hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur verða um 341 millj. kr. Ríkisspítalarnir fá 84 millj. kr. í viðbótarframlag vegna fjárlaganna fyrir árið 1997 en skuld Ríkisspítalanna er upp á 260 millj. Rekstrarvandi Ríkisspítalanna er upp á 227 millj. Skuldin í árslok verður upp á 487 millj. Heildarskuldir þessara stofnana sem ég hef verið hér að ræða um munu verða upp á 828 millj. kr. Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir að að minnsta kosti 500 millj. kr. af þessari upphæð sé ráðstafað til þessara stofnana á árinu? Þeim er gert að draga á eftir sér 300 millj. kr. hala og þau hafa kannski getu til þess í ljósi þess hve veltan er mikil, en ég held að vaxtavandinn sem þessar stofnanir muni búa við sé allt of mikill. Ég hef verið að tala um 1–1,3 milljarða sem vandinn í heilbrigðiskerfinu verður á árinu 1997. Ég er margbúinn að rekja þær staðreyndir og þau gögn sem ég legg fram. Þetta eru einungis gögn sem lögð hafa verið fyrir hv. fjárln. og ég styðst einvörðungu við þau. Þess vegna, herra forseti, vil ég ítreka að það sem ég sagði við 1. umr. fjárlaga í byrjun október er allt hárrétt. Það hefur ekki eitt einasta atriði brugðist. Það eina sem kannski má segja er að þær eru heldur ljótari hallatölur en ég þorði að fullyrða í upphafi.

Ég fór að nokkru yfir vegaframkvæmdamálin eða minnkun framkvæmda í Ártúnsbrekku upp á 108 millj. kr., í Mosfellsbæ upp á 69 millj. og vegna viðhalds Reykjanesbrautar upp á 10 millj. kr. og nokkur önnur atriði. Ég fullyrði að þessar aðgerðir eru mjög vafasamar. Þetta getur leitt til meiri þenslu vegna aukins kostnaðar við slys og tjón. Það er líka varhugavert.

Herra forseti. Ég á eftir að ræða um einn þátt sem ég tel að sé mjög alvarlegur í þessu fjárlagafrv. sem við höfum verið að ræða í dag. Það er varðandi notkun 6. greinar heimilda í fjárlögum. Ég tel orðið vafasamt hvernig þessi heimild er notuð. Menn eru farnir að gefa heimild til þess að fara með stórar fjárhæðir, eign ríkisins í hlutabréfum, til að stofna ja, önnur fyrirtæki og það aðeins í gegnum 6. greinar heimildir. Það er verið að óska eftir heimild til sölu á 25% í Sementsverksmiðjunni hf. svo dæmi sé nefnt. Ég tel, herra forseti, að ástæða sé til að skoða alvarlega hvernig menn nýta þessa grein og það sem mér finnst vera enn alvarlegra er að hvergi eru alveg klár fyrirmæli um hvernig á að nota 6. gr. Hvar eru takmarkanirnar? Það virðast ekki vera nein mörk, hvorki upp eða niður um hvað það er sem má fara inn á þessa grein. Það væri nærri því hægt að segja að stór hluti útgjalda fjárlagaársins gæti markast inn á 6. gr. Það tel ég að sé óeðlilegt. Ég tel að svona stór mál eins og þegar hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að selja Sementsverksmiðjuna að hluta, þá eigi það að gerast með frv. Ég tel að svo stór mál eins og þau sem ég nefndi áðan, þ.e. að færa til eignir ríkisins í fyrirtækjum, eigi að gerast með sérstöku frv. Og að almennt allar stórframkvæmdir eigi að fá þinglega meðferð, þá á ég við með sérstöku frv. í hverju tilviki. Ég tel að Alþingi verði að gæta að sjálfstæði sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu í þessu máli. Það er t.d. ekki gert ráð fyrir að hafa samráð við fjárln. eða að afla samþykkis hennar um ýmsar svona ákvarðanir. Ég tel að það sé vafasamt að taka slíkar ákvarðanir í gegnum 6. gr. fjárlaga þar sem m.a. er verið að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en sem nemur fjárlagaárinu.

Herra forseti. Þá er ég komin að máli sem mig langar gjarnan að víkja nokkrum orðum að. Það eru einkavæðingaráform hæstv. ríkisstjórnar, einkavæðingaráform Framsfl. og Sjálfstfl. Þá er ég að tala um og vík einmitt að þessari heimild í 6. gr. um að selja 25% í Sementsverksmiðjunni hf. Það er ástæða, herra forseti, að líta nokkur ár aftur í tímann. Árið 1993 var Sementsverksmiðjan „háeffuð" eins og þekktur þingmaður hefur kallað það þegar fyrirtæki eru gerð að hlutafélagi. Það er hollt að minnast þess hvernig menn hugsuðu og töluðu þá og ég vil með leyfi virðulegs forseta vitna í ræðu hæstv. núv. félmrh., Páls Péturssonar. Hann sagði:

„Það er ógæfa Sementsverksmiðjunnar, ógæfa starfsmanna Sementsverksmiðjunnar, ógæfa viðskiptamanna Sementsverkmsiðjunnar og Akraneskaupstaðar að verksmiðjan hefur orðið fórnarlamb í trúarbragðakrossferð einkavæðingarmanna."

Hæstv. félmrh., Páll Pétursson, sagði þessi orð og það var eðlilegt að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hrykki við. Þetta sagði Páll Pétursson á þessum tíma og svo í framhaldi af þessu með leyfi forseta:

„Hver eru svo rökin fyrir því að einkavæða þessa blessaða Sementsverksmiðju? Að vísu verður að játa það að framtíð hennar er nokkuð óviss. Ef við verðum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði þá kann að verða þungt fyrir fæti fyrir verksmiðjuna."

Það er rétt, herra forseti, að leiða aðeins hugann að því hvað hefur gerst. Fyrirtækið var gert að sjálfstæðu hlutafélagi í eigu ríkisins. Og hvernig hefur fyrirtækið spjarað sig í öllum samdrættinum? Jú, fyrirtækið er að skila hagnaði ár eftir ár. Vissulega hefur verið tekið á í hagræðingu og sparnaði. En fyrirtækið er að skila örlitlum hagnaði og það er vel og þrátt fyrir það að við séum í Evrópska efnahagssvæðinu. Ég held áfram með leyfi forseta. Orð hæstv. félmrh., Páls Péturssonar, eru svohljóðandi:

„Ég sé ekki betur en þeir sem hafa stjórnað verksmiðjunni, stjórn verksmiðjunnar, framkvæmdastjóri og starfsmenn eigi allt gott skilið."

Þarna finnst honum óhæfa að vera með eitthvart skítkast í stjórn verksmiðjunnar og fyrrverandi stjórnir fyrir það að þar hafi verið einhverjir aumingjar og ekki stjórnað fyrirtækinu eðlilega. Hæstv. félmrh. segir:

„Því er haldið fram að stjórnarformið verði eitthvað betra með því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag. Ég tel að verið sé að ráðast á menn eins og vin okkar Friðjón Þórðarson, fyrrv. þingmann, sem sat lengi í stjórn fyrirtækisins. Ég tel að

verið sé að ráðast á fyrrv. stjórnarmenn og reyndar núverandi stjórnarmenn fyrirtækisins og draga hæfileika þeirra í efa."

Ég velti fyrir mér hvernig hæstv. félmrh. ætlar að greiða því atkvæði að selja þetta fyrirtæki, þetta hlutafélag á almennum markaði eða með forkaupsrétti starfsmanna upp að 25% og ég tala nú ekki um það mat sem menn ganga út frá, herra forseti. Það mat sem menn ganga út frá er mat upp á 740 millj. kr. Fyrirtæki sem veltir a.m.k. 700 millj. kr. á ári er metið eins og hálfur skuttogari. Og hvað ætlar svo hæstv. ríkisstjórn að fá út úr málunum? 140–170 millj. kr. ætlar hún að fá í kassann. Þetta eru smámunir. Skiptir engu máli. Þetta eru bara trúarbrögð. Ég vil, með leyfi forseta, vitna enn í ræðu hæstv. félmrh., Páls Pétursson:

„Einkavæðingarflipp ríkisstjórnarinnar gengur fyrst og fremst út á það að afhenda kolkrabbanum það sem fémætt er í eigu ríkisins eftir því sem menn geta komið því við fyrir lítið fé. Hér er um að ræða markaðsráðandi fyrirtæki sem má nánast kalla einokunarfyrirtæki og hefur skilað arði og hefur þjónað landsmönnum vel. Ég ansa því ekki að um sé að ræða einhverja skipulagsbreytingu til bóta að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi."

Þar er ég hræddur um að hæstv. félmrh. hafi skjöplast alvarlega. Það eina sem hæstv. núv. félmrh. sagði þá til viðbótar var, með leyfi forseta:

„Það eina sem gerist meðan hlutafélð er í eigu ríkisins er að það lýtur ekki þingkjörinni stjórn heldur verður ráðherra á hverjum tíma allsráðandi um hvernig stjórnin er skipuð. Ég geri ráð fyrir því að ef þetta frv. verður að lögum þá skipi hæstv. iðnrh. nýja stjórn, skipaða krötum og sjálfstæðismönnum. Ég reikna með því að hann taki einhverja sjálfstæðismenn í stjórnina en ég sé ekki að stjórnin batni við það, síður en svo."

Það er gaman að vekja athygli á því hvernig stjórnin er skipuð og hvernig stjórnin var skipuð. Þetta var ekki svona, herra forseti.

Ég sé ástæðu til að vitna í fleiri ræður frá þessum tíma. Hæstv. iðnrh., forgöngumaðurinn í því að selja hluta úr þessu fyrirtæki, sagði á þessum tíma, með leyfi forseta, og var þá að tala fyrir hönd framsóknarmanna:

„Við erum á móti því að það verði gert. [Þ.e. að selja fyrirtækið eða breyta því í hlutafélag.] Það getur vel komið til greina af okkar hálfu að breyta fyrirtækinu í hlutafélag en það einkavæðingaræði sem er á þessari ríkisstjórn verður til þess að það er ekki hægt að greiða atkvæði með frv. heldur verður að greiða atkvæði gegn því verði frávísunartillagan ekki samþykkt."

Svona var nú Framsfl. þá. En það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan 1993. Nú er Framsfl. og hæstv. iðnrh. í forustuliðinu um að selja þetta fyrirtæki sem árið 1993 mátti ekki einu sinni gera að hlutafélagi sem hefur reynst vel að mínu mati þótt ég væri fullur efasemda. Ég studdi þessa aðgerð en var fullur efasemda og fékk þá fram hjá páv. hv. formanni iðnn. loforð um að hann mundi aldrei standa að sölu hlutabréfa í þessu fyrirtæki. Sá maður er hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Hann gaf þá yfirlýsingu á fundi með starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar að hann mundi aldrei standa að sölu hlutabréfa í þessu fyrirtæki.

Herra forseti. Ég má til með að vitna í ræðu hæstv. núv. heilbrrh. frá þessum tíma en hún segir, með leyfi forseta:

„Ég tel hugmyndir um sölu þessa ágæta fyrirtækis algjöra tímaskekkju þar sem Sementsverksmiðjan er í eðli sínu einokunarfyrirtæki."

Ég tek þessi orð bókstaflega. Þegar atkvæði verða greidd hér í kvöld eða á morgun um þetta frv. sem ber með sér í 6. gr. heimild til þess að selja 25% úr fyrirtækinu þá trúi ég því ekki að hæstv. heilbrrh. greiði því atkvæði sitt. Ég trúi því ekki og ég mun óska eftir nafnakalli og þá mun koma í ljós hverjir styðja þessi einkavæðingaráform þó ég noti ekki stærri orð en þau. Hæstv. heilbrrh. sagði á þessum tíma, með leyfi forseta:

„Ég sé ekki almennilega kosti einkavæðingar þegar Sementsverksmiðjan er annars vegar."

Hæstv. núv. heilbrrh. sagði einnig á þessum tíma, með leyfi forseta:

„Ég vil geta þess í lokin að bæjarstjórn Akraness hefur margsinnis ályktað um þetta mál og telur eðlilegt að Sementsverksmiðja ríkisins sé rekin sem hlutafélag svo framarlega sem allt hlutafé er í eigu ríkissjóðs. Nú er deginum ljósara að aðalatriðið er að selja þetta fyrirtæki og þar af leiðandi er því miður ekki hægt að samþykkja þetta frv. um stofnun hlutafélags um Sementsverksmiðju ríkisins."

Hver skyldi verða niðurstaðan úr atkvæðagreiðslu í kvöld þegar greidd verða atkvæði á hinu háa Alþingi um sölu hlutabréfa úr Sementsverksmiðjunni? Það verður fróðlegt, herra forseti, að sjá þá niðurstöðu.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara miklu meira í þetta mál. Það hefur verið farið yfir helstu atriði úr minnihlutaáliti ásamt og með ýmsum athugasemdum sem fram hafa komið. Ég hef farið yfir 6. greinar heimildir sem ég tel að séu allt of rúmar og ég tel að það þurfi að setja mjög sterkar skorður við þessari notkun á þessum heimildum. Ég vil geta þess að ef svo fer að samþykkt verði á hinu háa Alþingi að selja þessa hluta þá mun ég leita eftir því með beiðni til hæstv. iðnrh. að þeir fjármunir sem þá komi inn renni til fyrirtækisins þannig að hægt sé að auka uppbyggingu í kringum þetta fyrirtæki, Sementsverksmiðjuna hf., eða þá ef þess er ekki kostur að þeir verði notaðir til uppbyggingar á Akranesi þar sem það er sannanlegt að Akraneskaupstaður hefur lagt til gífurlega fjármuni varðandi þetta fyrirtæki. Og það er ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort það væri þá ekki sanngjarnt ef svo fer að farið verði að selja hluta úr fyrirtækinu að það renni þá til uppbyggingar einhvers konar atvinnustarfsemi sem ég tel að ætti að vera í tengslum við rekstur Sementsverksmiðjunnar hf.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég hef ekki haft uppi mikla gagnrýni aðra en þá að ég tel að tekjuforsendur séu rangar. Það mun þá koma í ljós á næsta ári hvort ég hef rétt fyrir mér eða minni hluti fjárln. varðandi þetta mál. Ég vona svo sannarlega að það verði borð fyrir báru. Ég vona svo sannarlega að ekki verði eytt um efni fram en ég vil samt að það sé hreint sjáanlegt. Það sem menn sjá fyrir það eiga þeir að nota. Það eiga þeir að setja inn. Ég er að benda á það sama og varðandi sjúkrahúsin hér í Reykjavík. Umfram þessar 300 milljónir sem þessir spítalar eiga að bera með sér þá er fyrirsjáanlegur halli upp á um það bil 530 milljónir og það tel ég að hefði átt að vera inni. Og það er borð fyrir báru, herra forseti, miðað við þær tekjuforsendur sem minni hlutinn hefur sýnt fram á og ekki hefur verið hrakið að er rétt.

[15:07]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir hans málefnalegu ræðu. Honum var tíðrætt um tekjuhliðina, að þar væri borð fyrir báru. Ég vona svo sannarlega að svo

verði og það þarf ekki í rauninni að hafa miklar áhyggjur af ráðstöfun þess fjár. Í fyrsta lagi er það markmið að það styrki fjárhag ríkissjóðs með að greiða niður skuldir. Og svo vil ég minna á að þegar tekið er tillit til allra skuldbindinga á rekstrargrunni þá er halli ríkissjóðs enn um 3 milljarðar kr. svo það verða engin vandræði að ráðstafa tekjuauka ef hann kemur til. En það er ekki mikil búmennska í því að ráðstafa honum öllum fyrir fram enda tók ég orð hv. 5. þm. Vesturl. ekki svo að hann væri að krefjast þess. Ég vildi að þetta kæmi fram við umræðuna.

[15:08]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt skilið. Ég geri enga kröfu til þess, þó að ég sjái fram á að það verði afgangur á tekjum, að það eigi að ráðstafa því, alls ekki. Hér var talað eitthvað um vini ríkissjóðs, þ.e. að hann ætti sér fáa vini í umræðunni, 2. umr. Ég tek mitt hlutverk það alvarlega í fjárln. að ég tel að okkur beri að standa vörð um tekjurnar. Ég er ekki sammála um ákveðnar aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn er að grípa til til þess að stöðva þenslu. Ég rakti það áðan að ég teldi varhugavert það sem væri verið að gera varðandi vegtæknileg atriði. Ég tel, þótt ég geti ekki sannað það, að það geti haft áhrif til hins verra að draga úr vegtæknilegum aðgerðum sem átti að grípa til í Ártúnsbrekku og aðgerðum í Mosfellsbæ, upp á 108 milljónir annars vegar í Ártúnsbrekku og 69 milljónir hins vegar í Mosfellsbæ. Ég ætla ekkert að fara út í neinar hártoganir um það hvernig þessum fjármunum var varið. Ég hef ekki sagt að þeim hafi verið illa varið, alls ekki. En ég tel jafnvel meiri hættu á þenslu með því að fara ekki í þessar aðgerðir heldur en að fara í þær.

Að lokum vil ég ítreka þakklæti mitt fyrir alveg ágætt samstarf og fyrir skilning á ýmsum málum þótt ég sé ekki fullkomlega sáttur við alla hluti. Og þeir eiga þær þakkir báðir, hv. formaður fjárln. og hv. varaformaður fjárln.

[15:10]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir góð orð í okkar garð, formanns og varaformanns, en ég vildi undirstrika það varðandi þær aðgerðir sem uppi eru í vegamálum að auðvitað verða þær nánar ræddar þegar vegáætlun kemur til umræðu hér upp úr áramótum. Ég vil undirstrika það líka að hér er aðeins um frestanir að ræða, ef kemur til mikilla framkvæmda hér, til þess að draga aðeins úr þannig að þær leiði ekki til aukinnar verðbólgu og líka þá himinhárra tilboða í verk. Það verður að horfa á þann þáttinn líka. Það er ekki verið að slá verkin af heldur er verið að bregðast við til þess að hafa allan varann á varðandi þensluna og aukna verðbólgu. Ég held að það sé varasemi sem þurfi að hafa og við hefðum kannski betur, sem bárum ábyrgð á málum á þenslutímanum 1987 eins og ég rakti í morgun, gripið fyrr til einhverra slíkra aðgerða.

[15:12]

Útbýting þingskjala:

Flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997, 257. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 488.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 487.

[15:12]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Komið er að lokum vinnu við fjárlagagerðina fyrir árið 1997. Hv. fjárln. hefur milli 2. og 3. umr. fjallað um erindi og fengið ýmsa til viðræðu auk þess sem nefndin hefur fengið tillögur frá ríkisstjórninni um fjölmörg mál sem hafa þurft nánari og ítarlegri skoðun í ráðuneytum eftir að nefndin hafði farið yfir málin. Við þessa síðustu umræðu vil ég fara nokkrum orðum um þær breytingatillögur sem ég tel mikilvægastar og ástæðu til þess að vekja athygli á og forsendum fyrir þeirri stefnu sem birtist í breytingartillögum og fjárlagagerðinni í heild.

En fyrst vil ég, hæstv. forseti, vekja athygli á því sem hefur komið fram hér hjá hv. stjórnarandstæðingum sem hér hafa talað, og sem er út af fyrir sig mjög merkilegt, að helsta gagnrýnisefni þeirra á frv. eru áhyggjur þeirra af því að tekjur verði meiri en við áætluðum. Það er ef til vill mikilvægasta vísbending um árangur efnahagsstefnunnar og árangur þess starfs sem á undanförnum árum hefur verið unnið við að byggja upp atvinnulífið og styrkja ríkisfjármálin. Það færi betur að þessi spá stjórnarandstöðunnar rættist að tekjur ríkissjóðs yrðu meiri án þess að við hækkuðum skatta sem er auðvitað grundvallaratriði í þessari umræðu.

Í allri umræðu um ríkisfjármálin að undanförnu hafa komið fram eðlilegar kröfur um að ríkissjóður verði rekinn með afgangi og eru flestir sammála um það markmið. Margir hafa vissulega áhyggjur af því að verðlag raskist ef miklar framkvæmdir hefjast á næsta ári á suðurhluta landsins. Ýmsir eru minnugir verðbólguáranna og á það hefur verið minnst í þessari umræðu og óttast að ef opinberir aðilar sýni ekki fyrirhyggju og stýri málum með langtímahagsmuni í huga geti efnahagsmarkmið raskast. Ef ráðstafanir ríkis og sveitarfélaga leiða til óstöðugs verðlags eru það auk þess mjög óheppileg skilaboð til þeirra erlendu fjárfesta sem gætu hugsað til þess að leggja í fjárfestingar í atvinnurekstri hér á landi, ekki síst í orkufrekum iðnaði sem er ef til vill mikilvægasti kostur okkar til eflingar atvinnulífinu um þessar mundir.

Í ljósi þeirra viðræðna sem fram hafa farið um álver og stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess að hafa hemil á opinberri fjárfestingu á næsta ári. Hefur verið kannað hvar mætti draga saman eða fresta í fjárfestingum ríkissjóðs. Allt eru þetta eðlileg og nauðsynleg viðbrögð sem ríkisstjórn og Alþingi verða að líta til. Staðnæmst hefur verið við vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu þar sem mikið átak hefur staðið yfir og því má ekki gleyma að mikilvægir áfangar hafa náðst á síðustu árum og í raun meiri en áður vegna hins sérstaka framkvæmdaátaks sem staðið var fyrir hér í vegagerð. Það má nefna framkvæmdir við stækkun Leifsstöðvar í Keflavík og framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll. Þetta eru þeir þættir sem einkum hefur verið litið til og unnt væri að fresta án þess að mikil vandræði hlytust af.

Í byrjun desember þegar horfur höfðu vænkast um framkvæmdir við stóriðju og virkjanir hafði ríkisstjórnin lagt fram hugmyndir og lagt á ráðin um aðgerðir til þess að tryggja hin efnahagslegu markmið, tryggja efnahagslega stöðugleikann. Auk þess að undirbúa frestun framkvæmda á vegum ríkisins var af hálfu ríkisstjórnarinnar gert ráð fyrir því að félmrn. ætti viðræður við sveitarfélögin í þeim tilgangi að hvetja þau til varfærni í fjárfestingum svo ekki röskuðust markmiðin um stöðugleikann.

Viðbrögð hafa orðið allundarleg, bæði utan þings og innan. Þingmenn stjórnarandstöðu, borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórar hér í nágrannabyggðum hafa brugðist hart við vegna varnaðarorða gagnvart þeirri hættu sem efnahagsstöðugleika er búin ef ríki og sveitarfélög halda uppi miklum framkvæmdum á sama tíma og framkvæmdir eru í hámarki vegna orku- og stóriðjufyrirtækja. Í gær barst áskorun frá sveitarfélögunum um að haldið verði áfram framkvæmdum án tillits til aðstæðna. Ég tel að eðlilegra hefði verið að forustumenn sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu byðu upp á viðræður um röðun framkvæmda á svæðinu í góðu samstarfi við ríkisstjórnina. Veldur afstaða þeirra vissulega vonbrigðum.

Auðvitað er það vilji okkar allra að auka framkvæmdir við verkefni og viðfangsefni sem eru hagstæð okkar þjóðfélagi. En allt verður að hafa sinn tíma og við verðum að stýra þannig málum á vegum ríkisins, á vegum sveitarfélaganna, að langtímahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi en ekki skammtímasjónarmið. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. félmrh. hefji viðræður við sveitarfélögin um samræmdar aðgerðir sem verði í takt við þær framkvæmdir sem fylgja þegar fyrir liggur hver niðurstaðan verður af viðræðum um stóriðjuframkvæmdir.

Hvað sem verður ætti öllum að vera ljóst að hætta á enn frekari byggðaröskun er til staðar ef öllum framkvæmdum og úrbótum á vegum ríkisins er stefnt á einn landshluta. Því þarf að leita allra leiða til þess að efla atvinnulífið í byggðum landsins og standa vörð um þær þjónustustofnanir sem þar eru. Með því að ganga nærri eða draga mjög saman t.d. í heilbrigðisþjónustunni á landsbyggðinni skapast vissulega hætta á að byggðin veikist. Það er þekkt að atvinnutækifæri kvenna eru mun takmarkaðri í sjávarbyggðum en á höfuðborgarsvæðinu eða í hinum stærri byggðakjörnum landsins. Þjónustustofnanir hafa einkum risið í stærri byggðarlögum og dregið til sín fólk eins og eðlilegt er og ekkert er út af fyrir sig við það að athuga. En það þarf því ekki að koma á óvart að stjórnvöld leitist við að stýra fjárfestingum með tilliti til þeirra staðreynda og til þess að leitast við að efla byggðina í landinu og hamla gegn óeðlilegri byggðaröskun.

Hæstv. forseti. Ég vil nú víkja að helstu breytingum sem hv. meiri hluti fjárln. gerir við þessa umræðu og fara nokkrum orðum um þau meginatriði sem lúta að þeim breytingartillögum. Í fyrsta lagi vil ég nefna að gert er ráð fyrir hækkun á framlagi til Byggðastofnunar upp á 14 millj. Þar er um að ræða að lögð er áhersla á að efla atvinnuráðgjafarstarfsemi í landshlutunum og nú þegar hefur Byggðastofnun lagt þar hönd á plóg, gert samninga við aðila í þremur kjördæmum, m.a. Reykjaneskjördæmi, þar sem heimamenn í samvinnu við Byggðastofnun leggja á ráðin um atvinnuþróunaraðgerðir. Ég tel að með þessum hætti eigi að vera hægt að vinna eðlilega að því að styrkja atvinnulífið á stöðunum og reyna að hlutast til um að þjónustustarfsemi eflist einnig.

Í öðru lagi vil ég nefna að Háskólinn á Akureyri fær 3 millj. kr. fjárveitingu sem út af fyrir sig er ekki há, en með því er lögð áhersla á að reynt verði að styrkja þessa mikilvægu háskólastofnun sem Háskólinn á Akureyri er og þær nýju námsbrautir sem þar er verið að vinna við að byggja upp. Þess vegna varð meiri hluti fjárln. sammála um að gera tillögu að þessari fjárveitingu. Ég lít svo á að þessi tillaga ásamt tillögu sem flutt var hér við 2. umr. um að veita aukið fé til Samvinnuháskólans á Bifröst sé augljóst merki um þá áherslu sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir og hæstv. menntmrh. leggja á uppbyggingu háskólanáms og viðurkenning fyrir það starf sem á þessum stöðum hefur verið unnið. Ég veit að hæstv. menntmrh. leggur ríka áherslu á að styðja við bakið á þessum háskólastofnunum og það er afar mikilvægt, ekki síst sem liður í því að styrkja byggðina í landinu, styrkja þær stofnanir sem eru úti á landsbyggðinni, um leið og það auðvitað styrkir í heild menntakerfið allt og er ekki á nokkurn hátt, svo að ég nefni það, stefnt gegn hinni mikilvægu stofnun, Háskóla Íslands.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem nokkuð var rætt við 2. umr. en það er tillaga meiri hluta hv. fjárln. um að veita fé til tölvubúnaðar á vegum framhaldsskólanna. Auðvitað er það mikilvægt að framhaldsskólarnir hafi úr nokkru að spila, en ríkisstjórnin hefur lagt á ráðin og markað stefnu hvað varðar uppbyggingu eða styrkingu margmiðlunar og alls sem lýtur að tölvuvæðingu. Framhaldsskólarnir hafa þar mikilvægu hlutverki að gegna og þess vegna leggur meiri hluti fjárln. áherslu á þetta starf og vísar til þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað á grundvelli starfs vinnuhóps um þessi málefni sem nefnt er upplýsingasamfélagið.

Í fjórða lagi vil ég nefna allt annan hlut. Það er tillaga frá meiri hluta fjárln. um að veita Handknattleikssambandi Íslands 14 millj. kr. styrk. Hv. fjárln. fjallaði nokkuð um þetta mál. Handknattleikssambandið hefur verið í miklum fjárhagsörðugleikum eftir að heimsmeistarakeppnin var haldin hér. Það er öllum ljóst og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Það er mat okkar að mjög mikilvægt sé að styðja Handknattleikssambandið út úr þessum þrengingum þó að það hafi verið þannig í gegnum tíðina að það hafi fyrst og fremst verið heildarsamtökin ÍSÍ og Ungmennafélag Íslands og ólympíunefndin sem hafi fengið beina styrki úr ríkissjóði. En við lítum svo á að þetta sé þvílíkt verkefni sem Handknattleikssambandið tók að sér á sinni tíð, og ýmsir óvæntir hlutir komu þar upp, að það sé eðlilegt að veita þeim þennan styrk, enda er það óumdeilt að Handknattleikssambandið hefur unnið hið prýðilegasta starf og allt sem tengist því er auðvitað mikilvægt innlegg í það að byggja upp æsku landsins og hafa fyrir henni góða hætti.

Í fimmta lagi vil ég nefna þá tillögu um sérstakt framlag, 60 millj. kr., vegna framkvæmda í fríhöfninni í Leifsstöð. Nú hefur það verið þannig að til Leifsstöðvar hafa ekki runnið fjármunir af flugmálaáætlun. En þarna er um það að ræða að þrátt fyrir að framkvæmdum við stækkun flugstöðvarinnar sé frestað, þá er gert ráð fyrir framkvæmdum við innritunaraðstöðu í flugstöðinni sem margir vita að þarf vissulega úrbóta við auk þess sem vinna þarf við undirbúning að stækkun flugstöðvarinnar.

Í sjötta lagi vil ég nefna mjög merkilegt mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur kynnt og meiri hluti fjárln. fjallaði um, og reyndar nefndin öll að sjálfsögðu en meiri hluti nefndarinnar gerir tillögu um, en það er átak í landgræðslu og skógrækt. Gert er ráð fyrir 75 millj. og þetta er auðvitað þáttur í atvinnuuppbyggingu. Það fer ekki hjá því að þetta styrkir allt starf í kringum landgræðslu og skógrækt og þar eru vinnulaun tiltölulega hátt hlutfall þess kostnaðar. En þetta er auk þess að mínu mati afar brýnt málefni og mikilvæg viðbót við þær aðgerðir sem á vegum Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins hefur verið staðið að. Það er ekki vansalaust að okkur Íslendingum hefur ekki tekist að koma í veg fyrir uppblástur og gróðureyðingu og þess vegna fagna ég mjög þessari áætlun sem hefur verið sett upp, en auðvitað þarf að líta til þess að vel sé að verki staðið þannig að þessir fjármunir nýtist

sem best og skipulag allt og tenging Landgræðslunnar og Skógræktarinnar við ráðuneyti og ekki síður heimamenn á þeim svæðum þar sem vinna á sé eðlileg og viðunandi.

Í sjöunda lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna tillögu sem fjallar um aukin framlög til ríkisskattstjóraembættisins. Það hafa farið fram nokkrar umræður um það að innheimta á sköttum, ekki síst á virðisaukaskatti, sé e.t.v. ekki eins og best væri á kosið. Sú breytingartillaga sem hér er flutt af hv. meiri hluta fjárln. gerir ráð fyrir því að styrkja ríkisskattstjóraembættið með því að hækka framlög til skatteftirlits. Með þessu er lagður grunnur að breyttu skipulagi þannig að ríkisskattstjóraembættið styrki og efli þessa deild sem vinnur að skatteftirliti. Ég tel auk þess að embættið eigi og þurfi að líta til þess að færa eins mörg störf og hægt er út í skattumdæmin. Aðalatriðið að mínu mati hins vegar er að árangur náist og að það takist að styrkja skatteftirlitið. Ég tel að allt sem heitir undanskot í þeim efnum sé meinsemd í okkar þjóðfélagi og að það beri að leita allra leiða til þess að bæta þar úr.

Í áttunda lagi vil ég nefna tvær tillögur frá hv. meiri hluta fjárln. sem varða Sjúkrahúsið á Akranesi og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Það hafa farið fram miklar umræður um heilbrigðismál að undanförnu. Það hafa verið deilur og það hefur sprottið tortryggni á milli sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu, Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur annars vegar og sjúkrahúsa í öðrum landshlutum hins vegar. Þetta er mjög óheppilegt en engu að síður er það þannig að þrátt fyrir mikilvægt hlutverk stóru sjúkrahúsanna þá er það mitt mat og það er niðurstaða og mat meiri hluta fjárln. að það beri að styrkja starfsemi á sjúkrahúsunum, ekki síst þeirra sem geta fengist við stærri verkefni á sviði heilbrigðisþjónustunnar úti í landshlutunum. Þess vegna er flutt tillaga um að heimila ráðningu tveggja sérfræðilækna á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en það skiptir mjög miklu fyrir þá stofnun og skapar allt önnur skilyrði til þess að byggja hana upp. Hin tillagan sem varðar Sjúkrahúsið á Akranesi er um fjárveitingu til svokallaðra liðskiptaaðgerða þannig að hægt verður að vinna að þeim verkum hjá sjúkrahúsinu og draga þannig úr biðlistum sjúkrahúsanna.

Þetta vil ég nefna og undirstrika sérstaklega sem mikilvægan þátt í uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og það vill einmitt brenna við að við ræðum um heilbrigðiskerfið í þinginu oft og tíðum allt of mikið sem eitthvert vandamál. Við þurfum að fjalla um heilbrigðismálin og ekki síst um skipulag heilbrigðisstofnana á þeim nótum að þarna eru feiknamikilvægar stofnanir. Engu að síður þarf að líta til þess að þær séu vel reknar og þar sé allt í góðu lagi. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að þegar við ræðum um uppbyggingu stóriðju — það er að vísu mjög fjarri umræðu um sjúkrahús, en samt sem áður — þá erum við að leggja á ráðin um atvinnutækifæri sem í langflestum tilvikum eru atvinnutækifæri fyrir karlmenn. Þess vegna tel ég að það þurfi, jafnframt því að byggja upp atvinnutækifæri á borð við stóriðju, að huga að því að fjölskyldur þurfa að tengjast slíkum fyrirtækjum og það þarf ekkert síður að skapa atvinnutækifæri fyrir konur á þeim svæðum þar sem verið er að byggja upp stóriðju. Þess vegna hefði ég talið mjög eðlilegt að samhliða eflingu sjávarútvegs á Akureryri eins og hefur verið að gerast þar og samhliða eflingu stóriðju á Grundartangasvæðinu, þá sé ekki óeðlilegt að leggja á ráðin um að fjölga þeim atvinnutækifærum sem heilbrigðisstofnanir geta veitt, m.a. þessi tvö sjúkrahús sem ég hef orðið svo langorður um.

Í níunda lagi vil ég nefna tillögur sem varða annars vegar Ríkisspítalana og Sjúkrahús Reykjavíkur og svo hins vegar sjúkrahúsin á landsbyggðinni. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1996 voru samþykktar fjárveitingar til Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur upp á 444 millj. og 300 þús. kr. Umræður hafa hins vegar verið langmestar um að verið sé að skera niður á sjúkrahúsunum. Ég hef ekki orðið mjög var við það í fjölmiðlum að við séum nýbúnir að samþykkja nærri 500 millj. kr. til stóru sjúkrahúsanna í höfuðborginni. Þær ákvarðanir voru teknar á grundvelli samnings sem hefur verið hér til umræðu og ég var sammála þeirri niðurstöðu sem þar varð og fagnaði henni. Ég tel að þar hafi verið prýðilega vel að verki staðið hjá þeirri þriggja manna nefnd sem vann að því máli og tel að það horfi allt til betri vegar en engu að síður þurfi að vinna vel áfram í endurskipulagningu á Ríkisspítölunum og Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Það horfir allt til betri vegar hvað þetta varðar. Engu að síður varð það niðurstaðan eftir ítarlega skoðun að þessi sjúkrahús þyrftu meira fjármagn, Ríkisspítalarnir 84 millj. kr. og Sjúkrahús Reykjavíkur 120 millj. kr. auk þess sem 100 millj. kr. eru settar á sérstakan lið til þess að eiga borð fyrir báru og möguleika á að bæta þeim upp stöðu þegar líður á árið.

Þetta vil ég nefna sérstaklega og vekja aftur athygli á því að þarna er verið að leggja mjög mikla fjármuni til viðbótar við þá sem fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Í rauninni lá ekkert fyrir þegar fjárlagafrv. var unnið að þörf væri á 444 millj. kr. fyrir þessar sjúkrastofnanir eins og afgreitt var í fjáraukalögunum. Ég vænti þess að með þessum fjármunum takist stjórnendum sjúkrahúsanna að koma rekstri þeirra í viðunandi stöðu. Það verður að treysta á það, og ég geri það, að stjórnendurnir vinni á þeim nótum að nú takist að halda þessu innan ramma. Stjórnarandstaðan hefur vakið athygli á því að það muni vanta meira. Það kann vel að vera, en inn í þá útreikninga sýndist mér að ekki væri gert ráð fyrir því að nokkur árangur yrði af endurskipulagningunni, enginn árangur yrði af sameiningu þessara sjúkrastofnana innan Sjúkrahúss Reykjavíkur. Og læt ég þar með lokið umfjöllun um þau.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því að lækka fjárveitingar til litlu sjúkrahúsanna úti um land um 160 millj. kr. Tillaga meiri hluta fjárln. er hins vegar sú að falla frá þessum áformum og gera ráð fyrir því að 60 millj. kr. verði færðar til lækkunar á hagræðingarlið heilbrrn. og gert er ráð fyrir því að unnið verði að endurskipulagningu tiltekinna sjúkrahúsa úti um landið þannig að 60 millj. kr. sparnaður geti orðið af því starfi. Þar er um að ræða hugmyndir um að sameina stofnanir og færa saman sjúkrahús og heilsugæslustöðvar o.s.frv. og hefur verið starfandi nefnd sem hefur reyndar ekki lokið störfum. Hugmyndir hafa verið kynntar hjá fjárln. Reyndar hafa ekki verið lagðar fram neinar formlegar tillögur en meiri hluta fjárln. var ljóst að þær hugmyndir sem voru uppi um 160 millj. kr. sparnað voru ekki raunhæfar eins og þær voru settar upp. Þess vegna er fallið frá þessu og gert ráð fyrir þessari aðferð sem hv. formaður fjárln. hefur í ræðu sinni gert rækilega grein fyrir, þ.e. hvernig gert sé ráð fyrir að staðið verði að málum.

Í þessu sambandi má ég til með að segja að auðvitað þarf að ná ýtrasta sparnaði í rekstri sjúkrahúsa úti á landi ekki síður en annars staðar. En ég tel að það þurfi að fara þar með gát og sjá til þess að ekki sé verið að færa störf burt úr landshlutunum, störf sem e.t.v. kosta hærri fjárhæð-

ir að vinna í öðrum landshlutum. Ég tel að það þurfi að framkvæma skipulagsbreytingar í sátt við heimamenn og ég vænti þess að sú vinna sem gert er ráð fyrir að setja af stað í þessum efnum verði unnin þannig að hún verði til þess að efla þessa starfsemi. Ég ítreka að ég tel að vissulega sé hægt að endurskipuleggja og að ná sparnaði, en það verður að gerast með bærilega skynsamlegum hætti.

Hæstv. forseti. Í tíunda og síðasta lagi vil ég nefna að samkvæmt tillögu meiri hluta fjárln. er gert ráð fyrir því að hækka heimildagrein, þ.e. svokölluðu 6. gr., um nokkra fjárhæð, 65 millj. kr., til að hægt sé að veita 80 millj. til þess að vinna að atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkum í atvinnulífinu. Þetta er mikilvægt verkefni og ástæða er til að vekja athygli á því. Það skiptir mjög miklu máli hvernig að þessu verður staðið og það þarf að gæta þess að skipulag þeirrar úthlutunar verði skýrt og klárt og það verði til þess að styrkja þau svæði og styrkja þá landshluta sem úthlutað verður til.

Hæstv. forseti. Ég hef gert nokkra grein fyrir afstöðu minni og haft uppi nokkur varnaðarorð um að fara beri varlega við ákvarðanir um fjárfestingar. Tilgangur minn er að vekja athygli á nauðsyn þess að við hugsum til lengri tíma en eins árs. Með samþykkt þessa frv. tel ég að mikill árangur hafi náðst í ríkisfjármálum og fjárlögin geti orðið lykill að traustari efnahagsstefnu. Þær tillögur sem meiri hluti fjárln. flytur fela ekki í sér niðurskurð heldur kröfur um hagræðingu og frestun í nokkrum tilvikum á framkvæmdum sem er til hagsbóta þegar til lengri tíma er litið. Þær gera ráð fyrir frestun framkvæmda, en að hins vegar sé komið til móts við stofnanir og leitast við að undirbúa þær skipulagsbreytingar og úrbætur í opinberum rekstri sem nauðsynlegar eru og eðlilegar í okkar litla samfélagi þar sem opinber þjónusta hefur verið byggð upp til jafns við það sem best gerist hjá nágrannaþjóðum okkar.

Ég vil svo í lokin, hæstv. forseti, þakka fjárlaganefndarmönnum mjög gott samstarf. Þar hefur verið mikið vinnuálag síðustu vikurnar, en ég tel að niðurstaða af því starfi sé slík að hv. fjárln. geti verið ánægð með sitt verk.

[15:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að mig kunni oft að greina á um ýmislegt við hv. þm. Sturlu Böðvarsson og þá ágætu þingmenn sem skipa meiri hluta fjárln., geri ég mér grein fyrir því að þetta eru allt saman alvörumenn. Þeir kunna vel skil á þeim málum sem þeir eru að fjalla um. Það kom áðan fram í máli hv. þm., sem er varaformaður fjárln., að þegar kom að því að fjalla um þau markmið fjárlaganna sem tengjast heilbrigðiskaflanum, þá varð þeim ljóst að ekki var allt með felldu þar. Hv. þm. sagði einfaldlega að þegar kom að þeim þætti sem varðaði 160 millj. kr. sparnað sem var áætlaður á dreifbýlissjúkrahúsum, þá var heilbrrn. ekki í stakk búið til þess að útfæra það. Hv. þm. orðaði það svo efnislega að meiri hlutanum hefði verið það ljóst að það var ekki raunhæft að ná þessum sparnaði. Herra forseti. Hvað felst í þessum orðum hv. þm.? Það felst heldur þungur áfellisdómur yfir vinnubrögðum heilbrrn. Ég get ekki annað en dregið þá ályktun að hv. þm. sé hér að lýsa því yfir að meiri hluti fjárln. taki í raun undir þá hörðu gagnrýni sem stjórnarandstaðan hefur sett fram á þann málatilbúnað sem tengist einmitt þessum sparnaði, sem tengist heilbrigðiskaflanum. En hv. þm. sagði líka að það væri áætlað að ná fram 60 millj. kr. sparnaði. Ég spyr: Er eitthvað sem bendir til þess að hægt verði að ná því fram? Ég vísa til þess að hv. þm. sagði að meiri hlutanum hefðu verið kynntar einhvers konar hugmyndir um það en þó ekki fengið að sjá neitt á blaði.

Ég spyr í fyrsta lagi: Telur hann miðað við þessar lauslegu hugmyndir sem meiri hlutanum hafa verið kynntar að það sé einhver von til þess að þessum sparnaði verði náð? Og í öðru lagi: Telur hann ekki að það hefðu verið skynsamleg vinnubrögð að láta ekki bara meiri hlutann fá nasasjón af þessu heldur minni hlutann líka og e.t.v. hv. heilbr.- og trn. líka?

[15:46]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur mér á óvart ef hv. heilbr.- og trn. hefur ekki reynt að gera sér grein fyrir hvernig hún legði til þessi sparnaðaráform. Það kemur mér satt að segja mjög mikið á óvart.

En um hvort þessi sparnaður náist þá tel ég að líklegt sé að hægt væri að ná 60 millj. kr. sparnaði með þessum hætti. Þess vegna legg ég til ásamt meiri hluta fjárln. fram þessa tillögu. En það þarf auðvitað að skoða þetta rækilega og þess vegna er það meginatriði málsins að ekki verði gerð tillaga um þessar breytingar nema að þeirri vinnu komi heimamenn ekki síður en fulltrúar úr ráðuneyti. Ef við ætlum að ná fram skipulagsbreytingum þarf ráðuneytið auðvitað að leggja fram megingrundvallarlínur. Hvernig og hvar á, að mati ráðuneytisins, að sameina heilsugæslustöðvar og sjúkrahús? Hvar er hægt að auka samstarf sjúkrahúsanna og til hvers? Þetta eru megingrundvallarlínur í heilbrigðiskerfinu. Síðan kemur að því hvort hægt sé að ná fram innri sparnaði hjá stofnunum. Ég tel að þar náist mestur og bestur árangur ef þær tillögur koma frá því fólki sem vinnur á staðnum. Og með því að leiða saman ráðuneytisfólkið, sem ég veit ekki annað en sé hið hæfasta fólk, annars vegar og svo hins vegar þá sem bera ábyrgð á rekstrinum í heimabyggð, þá eigi að vera hægt að ná árangri og þetta kerfi hefur verið sett upp í Reykjavík núna með þriggja manna nefndinni, sem samstarfi milli höfuðborgarinnar og ríkisins um að leysa vanda stóru sjúkrahúsanna í höfuðborginni. En það hefur þurft tíma og það þarf sama tíma til að ná þessu fram á landsbyggðinni.

[15:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. og varaformaður fjárln. kann vel til verka. Hann er sjóaður á sviði sveitarstjórnarmála og hann hefur yfirgripsmikla reynslu af störfum innan fjárln. Hann sagði að það kæmi honum á óvart að heilbr.- og trn. hefði ekki verið gerð grein fyrir hugmyndum sem eru einhvers staðar fyrir hendi um útfærslu þessa sparnaðar. Það kemur mér líka sem formanni þessarar nefndar mjög á óvart að ekki hefur verið gerður nokkur reki að því að kynna okkur þessar hugmyndir. En það er hins vegar ekki, herra forseti, vegna þess að nefndin, einstakir nefndarmenn og formaður nefndarinnar hafi ekki gengið hart eftir því. Í þessum sölum hafa verið haldnar margar ræður einmitt til að gagnrýna það verklag hæstv. heilbrrh. að fagnefndinni hefur ekki verið kynnt þetta. Og það var einmitt vegna þess að hv. fjárln. taldi að þetta mál væri svo losaralega unnið að hún treysti sér ekki til að fylgja hinum upprunalegu hugmyndum og það tel ég virðingarvert. En með allri virðingu og með djúpri virðingu fyrir hv. varaformanni fjárln. fannst mér bæði á svari hans áðan og eins á ræðu hans, að hann hefði óskaplega litlar hugmyndir um hvernig ætti að ná þessum 60 millj. kr. sparnaði. Hann talaði að það ætti að nást með því að sameina

heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Ég var þeirrar skoðunar eftir að hafa hlýtt á hæstv. heilbrrh. hér í salnum og starfsmenn hans í nefndinni að það væri ekki sá partur sem ætti endilega að skapa þennan sparnað, heldur væri það eitthvað annað.

Hér liggur það einfaldlega fyrir að menn vita ekki út í hvaða sjóferð þeir eru að leggja. Ég tel skynsamlegt hjá nefndinni að hafa lagt til að einungis yrði gert ráð fyrir 60 millj. kr sparnaði, en ég leyfi mér að taka svo stórt upp í mig eftir þessa ræðu hv. varaformanns nefndarinnar að fullyrða að mjög óljóst sé í hans huga hvernig menn ætla að gera það að því er varðar þau vinnubrögð sem voru höfð uppi í Reykjavík. Ráðuneytið hefur haft nákvæmlega sama tíma til að vinna þetta gagnvart dreifbýlissjúkrahúsunum en munurinn var sá að í Reykjavík kom að verkinu sá stjórnmálamaður sem hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur gagnrýnt hvað mest á síðustu dögum, borgarstjórinn í Reykjavík. Það var munurinn. Og það er ekki bitamunur heldur fjár.

[15:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki til þess að borgarstjórinn hafi komið nokkurs staðar nærri þessu máli. Alla vega hef ég ekki orðið var við það. Hins vegar vil ég segja það vegna orða hv. þm. að hann misskildi það sem ég sagði. Ég var ekki að leggja nokkurn dóm á hvort eðlilegt hefði verið að leggja tillögur fyrir heilbr.- og trn. Ég sagði að ég undraðist það ef heilbr.- og trn. hefði ekki rætt þessi mál eða hugleitt með hvaða hætti og hvaða tillögur hún vildi gera um úrbætur í heilbrigðiskerfinu úti á landi.

Ég hef hins vegar ekki tillögur á þessari stundu, hæstv. forseti, um hvernig beri að hagræða í mörgum sjúkrahúsum úti um allt land. (**Gripið fram í:** Það veit heilbrrh. ekki heldur.) Ég hef hins vegar í mínum huga tilteknar meiningar um hvernig eigi að endurskipuleggja og ég tel mig hafa nokkra þekkingu á rekstri slíkra stofnana þannig að ég held að við gætum ef til vill sameiginlega, ég og hv. formaður heilbr.- og trn., lagt nokkuð í púkk um það hvernig með skuli fara, en til þess þarf auðvitað heilbrn. að taka þetta mál til skoðunar og líta yfir það. En ég tel að mikilvægustu breytingarnar til að ná fram sparnaði séu þær að sameina það sem hægt er, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og styrkja samstarfið milli stóru sjúkrahúsanna og þeirra litlu. Ég er sannfærður um að með því að stóru sjúkrahúsin taki þessar litlu, mikilvægu einingar — og hlustaðu nú, hv. formaður heilbr.- og trn., — taki þessar litlu, mikilvægu einingar, sem sjúkrahúsin úti um allt land eru í fóstur og styrki þau frekar en leitist við að veikja þau. Með því má ná árangri.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til að árétta það sem kom fram í máli hv. þm. og varaformanns fjárln. um afstöðu hennar og meiri hlutans sérstaklega til menntamála og hvernig hann endurspeglast í þeim brtt. sem meiri hlutinn hefur flutt, bæði við þessa umr. og 2. umr. fjárlaganna. Það er alveg ljóst að af hálfu nefndarinnar hefur verið farið rækilega yfir menntamálin og það eru ýmsar tillögur, sem meiri hlutinn gerir, sem horfa til framtíðar og nægir þar að nefna t.d. afstöðu meiri hlutans til ritakaupasjóðsins sem stofnaður hefur verið með samvinnu Landsbókasafnsins – Háskólabókasafnsins, að því er varðar nýjar fjárveitingar til Raunvísindastofnunar, að því er varðar fjárveitingar til framhaldsskólanna og að því er varðar fjárveitingar til Háskólans á Akureyri og Samvinnuháskólans, eins og rakið hefur verið, og einnig Kennaraháskólans svo að ekki sé rætt um þær áherslur sem fram koma um tölvubúnað, bæði hjá framhaldsskólunum og hjá Tækniskólanum við 2. umr. málsins. Það er alveg ljóst að fjárln. hefur farið rækilega ofan í menntamálaþátt fjárlaganna og vildi ég aðeins árétta það og láta í ljós þakklæti til nefndarinnar fyrir hvernig að þessu máli hefur verið staðið.

Einnig hefur hún tekið á viðkvæmum málum eins og kemur fram um stuðninginn við Handknattleikssamband Íslands sem var mikilvægt úrlausnarefni og einnig hefur hún tekið ákvarðanir um hækkanir til Kvikmyndasjóðs sem skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli fyrir framtíð kvikmyndagerðar í landinu.

[15:55]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þessara orða hæstv. menntmrh. vil ég nefna það sem ég nefndi ekki í minni ræðu sem eru framlögin til ritakaupasjóðsins hjá Landsbókasafninu – Háskólabókasafninu. Ég held að afar mikilvægt sé að stofnun eins og Landsbókasafnið, sem ég veit að t.d. hv. formaður heilbr.- og trn. þekkir bærilega, fái góða starfsaðstöðu og ég vil minna á það, sem ég veit að ég þarf ekki að segja hæstv. menntmrh., að hún tengist auðvitað Háskóla Íslands með mikilvægum hætti og auðvitað öðrum mennta- og menningarstofnunum í landinu. Það er mjög mikilvægt að vel takist til um skipulag og rekstur þessarar nýju glæsilegu stofnunar sem stendur á gamla Melavellinum.

Ég efast um að það séu margar íslenskar stofnanir sem hafa betri aðstöðu til að sinna því mikla hlutverki sem Landsbókasafnið á að sinna. Ég vil vekja athygli á þessu og taka undir það sem hæstv. menntmrh. sagði um þau efni.

Einnig vil ég taka undir það sem hæstv. menntmrh. nefndi um framlag til Kvikmyndasjóðs. Ég vil reyndar segja að það hefur vakið nokkra furðu mína, svo mikil umræða sem hefur verið á undanförnum árum um Kvikmyndasjóð í tengslum við fjárlagagerðina, að þegar framlagið er hækkað um 25 millj. þá er það ekki frétt en það var frétt í fyrra þegar menn héldu að framlagið yrði ekki hækkað, sem reyndar var gert. En nú hefur ekki heyrst eitt einasta orð. Það er kannski merki um að þjóðin sé sammála niðurstöðu meiri hluta fjárln.

[15:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm., varaformaður fjárln., sagði að það hefur einnig vakið undrun mína hvað sú ákvörðun, að auka fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs, hefur vakið litla umræðu. Ég held að þessi ákvörðun skipti ekki aðeins máli fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn heldur sé hún líka til marks um það gagnvart þeim aðilum sem við eigum samskipti við á alþjóðavettvangi um kvikmyndamál að hún sýni þeim aðilum að af hálfu íslenskra stjórnvalda er vilji til að taka ákvarðanir sem styrkja forsendur fyrir innlendri kvikmyndagerð með því að efla sjóð eins og þennan.

Ég vil nefna sérstaklega fjárveitingar til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands því að bæði á aukafjárlögum og núna við fjárlagagerðina hefur verið ákveðið að setja nýja fjármuni til Raunvísindastofnunar og eiga þær ákvarðanir rætur að rekja til eldsumbrotanna í Vatnajökli. Við fórum nokkrir þingmenn í Raunvísindastofnun á dögunum og

kynntumst þar af eigin raun þeim rannsóknum sem fram hafa farið bæði á vegum jarðeðlisfræðistofu og jarðfræðistofu Raunvísindastofnunar og á þeim fundi kom fram að til þess að þær stofnanir gætu sinnt sínum mikilvægu rannsóknum með viðunandi hætti þyrftu þær að fá aukafjárveitingu í ár og einnig auknar fjárveitingar á næstu árum til að rannsóknir verði stundaðar með sem bestum árangri. Það hefur nú gengið eftir bæði í fjáraukalögunum og einnig í fjárveitingunum á næsta ári, að rannsóknarumhverfi og rannsóknaraðstaða fyrir þessa vísindamenn verður bætt með auknum fjárveitingum. Ég er viss um að það á eftir að skila sér í meiri vitneskju en við höfum haft hingað til um aðstæður undir Vatnajökli og þær forsendur sem þar eru fyrir frekari eldsumbrotum.

[16:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. menntmrh. að það skiptir miklu máli fyrir okkur, fámenna þjóð í stóru landi, að efla rannsóknir, efla stofnanir eins og Raunvísindastofnun sem gegnir auðvitað mjög miklu og mikilvægu hlutverki í öllu vísindastarfi hér á Íslandi. Við eigum mjög mikið undir því að það fari fram rannsóknir, grundvallarrannsóknir á sviði jarðvísinda og annarra vísindagreina sem tengjast náttúru okkar. Þess vegna er mjög mikilvægt að okkur takist að auka með einhverjum hætti starfið og styrkja þessar stofnanir með auknum fjárframlögum. Þó að ekki sé um háar fjárhæðir að ræða þá held ég samt sem áður að það skipti máli.

Í annan stað vil ég nefna það sem kom fram hjá hæstv. menntmrh. um Kvikmyndasjóð. Við heyrum miklar umræður um óæskilega framleiðslu í kvikmyndagerð. Það flæða yfir myndir sem börn og unglingar hafa aðgang að. Þess vegna held ég að það skipti mjög miklu máli að við styrkjum þá Íslendinga sem sinna kvikmyndagerð, þannig að þeir hafi aðgang að Kvikmyndasjóði svo þeir megi efla íslenska kvikmyndagerð og menning sem tengist íslenskri kvikmyndagerð aukist og eflist. Þannig held ég að hin uppvaxandi íslenska unga þjóð, og ekki síst unga fólkið og börnin, læri að meta kvikmyndir með því að þær séu íslenskar, þær fyrstu sem börnin kynnast. Þau læri að meta og hafna því versta en velja það besta í kvikmyndagerð sem boðið er upp á hverju sinni.

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, 182. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 484.

Greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar, 134. mál, svar fjmrh., þskj. 466.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 180. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 485.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 251. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 486.

[16:02]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill upplýsa það vegna óska sem þegar voru fram komnar af hálfu næsta hv. ræðumanns að hæstv. umhvrh. og heilbrrh. eru á leið til fundar.

[16:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða fjárlagafrv. fyrir árið 1997 við 3. umr. og ég ætla að leyfa mér að koma hér að nokkrum þáttum við þessa umræðu til viðbótar við það sem ég mælti við 2. umr. um fjárlagafrv. Mér þykir vænt um að sjá að hv. formaður fjárln. er hér viðstaddur og vænti þess að varaformaður verði það einnig, svo gildan þátt sem hann hefur átt í að stýra verki nefndarinnar með formanni. Og eins og hæstv. forseti nefndi þá hef ég óskað eftir viðveru hæstv. umhvrh. vegna máls míns hér og hæstv. heilbrrh. Ég hef nú ekki gert mikið af því við umræðu um þetta fjárlagafrv. að biðja um viðveru ráðherranna en í þessu tilviki taldi ég það rétt vegna þess að ég ætla að víkja að fáeinum atriðum sem varða mál sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vil aðeins geta þess að hæstv. umhvrh. er þegar kominn í hús.)

Virðulegur forseti. Ég mun haga mínu máli með hliðsjón af því og geyma þá frekar heilbrigðisþáttinn þangað til viðkomandi, hæstv. ráðherra er viðstaddur. Hv. formaður fjárln. reifaði hér mál í morgun og lagði fyrir, ítrekaði forsendur þessarar fjárlagagerðar af hálfu meiri hlutans og gerði grein fyrir einstökum brtt. sem meiri hlutinn stendur að við fjárlagafrv. Það er ekki ástæða af minni hálfu til að endurtaka þau orð sem ég hafði við 2. umr. málsins um hinar almennu forsendur sem ríkisstjórn og meiri hluti hennar hér á Alþingi hafa lagt við þessa fjárlagagerð. Okkur í minni hlutanum greinir ekki á við ríkisstjórnina um það æskilega markmið að skila hallalausum fjárlögum. Það er raunar atriði sem Alþb. hefur m.a. margoft nefnt sem æskilegt og það var fjmrh. þess sem fyrstur reið á vaðið um langa hríð að skila hallalausum fjárlögum. Þá er ég að minna á fjármálaráðherratíð Ragnars Arnalds, hv. núv. þm., sem gegndi embætti fjmrh. við verulega aðrar aðstæður heldur en nú eru uppi í sambandi við ýmsar hagstærðir og hagþróun í þjóðfélaginu, en með ötulu starfi náði hann að skila hallalausum fjárlögum á árunum um og eftir 1980. Mér finnst ástæða til að rifja það upp hér, og ég man ekki betur en viðkomandi hv. þm. hafi nefnt það sem hugmynd að það væri ástæða að festa það í lög að ekki mætti keyra fram úr eins og iðulega hefur verið gert á liðinni tíð í sambandi við fjárlagagerð og skuldasöfnun sem því tengist. Þannig að um þetta markmið er ekki ágreiningur við meiri hlutann sem nú talar hér á Alþingi og ræður mestu um mál.

Hitt er annað efni, sem ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í, að ýmsar áherslur af hálfu meiri hlutans eru okkur ekki að skapi og hefur það þegar komið fram. Það sem stendur upp úr við þessa lokaafgreiðslu fjárlaganna, og sem hv. formaður fjárln. kom að í upphafi síns máls í morgun, eru vissulega þær miklu framkvæmdir sem ráðgerðar eru á sviði orkufreks iðnaðar og virkjanaframkvæmdir sem því tengjast. Það eru gífurlega háar upphæðir, 38 milljarðar kr. samtals, í þau verkefni sem ríkisstjórnin er nú að vona að komist af stað á árinu 1997 og að unnið verði fyrir allt að 15 milljarða kr. af þessari upphæð á komandi ári. Þetta eru geysilega háar upphæðir. Ég minnti við 2. umr. á óvissuna og álitaefnin sem þessu tengjast og þá alveg sérstaklega álbræðslu á Grundartanga. Ég held því aðeins til haga hér að ég kom allrækilega að þessu máli við 2. umr. Í þessu sambandi vil ég nefna þær 80 millj. kr. sem nú koma fram við 3. umr. sem eins konar mótvægisaðgerð við þessar framkvæmdir sem tengjast að öllu leyti að heita má suðvesturhluta landsins og aðalþéttbýlissvæði þess og er að finna sem heimild í 6.

gr. samkvæmt tillögu meiri hlutans. Ég ætla vissulega ekki að fara að leggjast á móti fjárveitingu sem þessari þó að mér finnist að þær séu heldur lausbeislaðar hugmyndirnar um nýtingu hennar og getur orðið allerfitt að skipta þeim reytum, þessum litlu 80 millj. kr., til aðstoðar við nýsköpun í atvinnulífi á öðrum svæðum landsins. Ég bara nefni það hversu hverfandi lítil þessi upphæð er miðað við milljarðana 15 sem gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir á næsta ári vegna orkufreks iðnaðar og framkvæmda sem þeim áformum tengjast. Það er sannarlega stórfellt áhyggjuefni hvernig hallar á merinni í sambandi við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar, þessar megináherslur í siglingu ríkisstjórnarinnar. Og ég er ansi hræddur um að menn hrökkvi nú við þegar að uppgjöri kemur milli jóla og nýárs í sambandi við stöðu íbúafjölda á hinum einstöku svæðum landsins og einstökum sveitarfélögum og menn líti á þau dæmi og beri saman þau áform sem hér á að innsigla annars vegar og hins vegar þá þróun sem hefur verið í gangi varðandi íbúatilfærslu í landinu. Engin merki eru um að hún sé að breytast á jákvæðan hátt í neinu sem máli skiptir heldur í hina áttina, án þess að ég vilji fullyrða um hvernig tölur Hagstofunnar verða nákvæmlega undir árslokin.

Ég ætla, virðulegur forseti, að víkja hér að tveimur atriðum sérstaklega í máli mínu fyrir utan að nefna þær brtt. sem ég endurflyt hér við 3. umr. og gerði rækilega grein fyrir við 2. umr. um frv. Þessir þættir eru það nýmæli að veita aukið fjármagn til landgræðslu og skógræktar. Af því tilefni hef ég nú óskað eftir nærveru hæstv. umhvrh. Hitt atriðið tengist heilbrigðismálunum og þá sérstaklega heilbrigðisþjónustunni á landsbyggðinni. Og ég vænti að hæstv. heilbrrh. verði kominn þegar kemur að þeim þætti í máli mínu.

Það hefur verið boðað og liggur fyrir sem tillaga að undir heitinu Átak í landgræðslu og skógrækt komi 75 millj. kr. á næsta ári til ráðstöfunar. Þessi tillaga var kynnt núna fyrr í vikunni ef ég man rétt, ég held að það hafi verið þann 18. desember, þannig að það eru nú ekki margir dagar síðan hæstv. umhvrh. hélt blaðamannafund af þessu tilefni og kynnti málið. Af hálfu hv. fjárln. og talsmanns nefndarinnar hefur ekki komi neitt ítarlegt fram um þetta mál. Það er satt að segja afar almenns eðlis og lítið sem kemur fram um nýtingu á þessum fjármunum og það sem að baki býr. En ef leitað er til undirgagna sem ég hef undir höndum um þetta efni frá fjárln. þá er þó af aðeins meiru að taka og vona ég að ég hafi haft fyrir því að taka það með hér í ræðustólinn. — Jú, hér er þetta erindi sem kemur frá fjmrn., einmitt í fyrradag, dagsett 18. desember, sama daginn og hæstv. umhvrh. heldur sinn kynningarfund um málið. Það er sem sagt viðbótarerindi vegna fjárlaga þar sem þessar 75 milljónir koma sem hluti af áformum um að veita alls 450 millj. kr. til landgræðslu og skógræktar fram til aldamóta eða á fjögurra ára tímabili. Ég hef farið yfir þetta erindi sem fylgdi með til fjárln. og lá fyrir ríkisstjórninni 13. desember sl. og sem að nokkru leyti var gerð grein fyrir af hæstv. umhvrh. á nefndum blaðamannafundi.

Ég vil segja almennt um málið að ég tel það út af fyrir sig ánægjuefni að reynt skuli að veita fjármagn til þeirra málaflokka sem hér um ræðir. En ég kemst ekki hjá því að gera nokkra fyrirvara á málinu eins og það berst okkur hér til Alþingis.

Í fyrsta lagi finnst mér það vera mjög gagnrýnivert að það skuli fyrst vera tveimur dögum fyrir afgreiðslu fjárlaga að fjárveitinganefnd fær þetta mál til meðferðar. Nefndin hefur þar með enga aðstöðu til þess að fara ofan í málið svo sem eðlilegt væri að gera þegar um er að ræða þó þetta mikla fjármuni, hátt í hálfan milljarð króna, sem er ramminn á fjögurra ára tímabili. Þetta er eitt.

Annað efni sem þessu tengist er að málið hefur ekki verið kynnt þinginu. Áætlanir um þetta hafa ekki verið kynntar þinginu og hér hefur engin aðstaða verið til að ræða um þau framkvæmdaáform sem að baki búa og gert er ráð fyrir að ráðist verði í þegar á næsta ári. Ég hef grun um að þessum áætlunum hafi verið svona sullað saman, fyrirgefið orðbragðið, settar saman skulum við segja með tiltölulega litlum fyrirvara. Ég geri mér þó grein fyrir því að margir óskalistar hafi legið fyrir árum saman um þennan málaflokk. Mér er það ljóst. En ég tel það mjög gagnrýni vert að þingið skuli ekki fá aðstöðu til að fara eðlilega yfir þessi efni, svo mikilvæg sem þau eru. Það er langt frá að það sé hægt að telja að svo hafi verið.

Í þriðja lagi hlýt ég að segja að ég tel að þær tillögur eins og þær liggja fyrir í erindi til ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 1996, séu mörgum annmörkum háðar. Þá á ég m.a. við aðferðafræðina sem lesa má út úr þeim gögnum sem þar liggja fyrir.

En svo ég nefni það áður en ég fer út í það í einstökum atriðum, virðulegur forseti, þá er málið kynnt þannig að ég held að það hljóti að hafa orðið verulegur misskilningur hjá þeim sem hafa hlýtt á fréttaflutning af þessu máli, því eins og það var fyrir lagt í fréttatíma Ríkisútvarpsins þann 18. desember í framhaldi af fréttamannafundi hæstv. umhvrh., þá hljóta menn að halda að með þessum tillögum sé kominn grunnurinn að því að draga úr mengun andrúmsloftsins með koldíoxíði, koltvísýringi, sérstaklega sem svarar 100 þúsund tonnum. Hæstv. umhvrh. hafði ekki fyrir því að leiðrétta þann misskilning sem fyrirspurn fréttamannsins bauð upp á í þessum efnum. Hver er nú sannleikurinn í þessu máli eins og mér sýnist hann vera? Það verður þá leiðrétt ef rangt er skilið af minni hálfu. Ég skil þetta mál þannig að það sé tengt af hálfu umhvrn. sérstaklega við samning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Það er meginatriðið og hæstv. umhvrh. hefur ekki dregið dul á það. Hins vegar hrærast saman ýmis önnur markmið og ég ætla út af fyrir sig ekki að gagnrýna það. En það vantar samt mikið á að málið sé skýrt fyrir lagt, þ.e. hvert sé hreyfiaflið í þessum tillögum. Það skortir talsvert á það.

Ég ætla að ganga út frá þessu meginmarkmiði eins og það hefur verið sett upp, þ.e. að það sé svona til þess að auðvelda stjórnvöldum að standa við markmið, skuldbindingar sínar, varðandi loftslagsbreytingar, að spýta svolítið í varðandi landgræðslu og skógrækt í landinu til að binda koltvísýring og ná þannig árangri. Markmið stjórnvalda var þegar gerð var framkvæmdaáætlun seint og um síðir og kynnt í nóvember árinu 1995, að þessir þættir sem hér eru til umræðu, landgræðsla og skógrækt, legðu til minnkun á þeirri mengun sem ella yrði um 100 þús. tonn á áratugnum. En þegar málin eru skoðuð og miðað við það fjármagn sem fyrir liggur – virðulegur forseti, ég vænti að hv. formaður fjárln. hafi áttað sig á þessu þannig að það sé að minnsta kosti alveg skýrt í hans huga þótt það kæmi ekki fram í framsöguræðunni – þá kemur í ljós að þessi þáttur í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar stenst ekki vegna þess að það tekst ekki að binda nema sem svarar 78 þús. tonnum af koltvísýringi miðað við áætlað fjármagn til aldamóta. Það skortir sem sagt á aðgerðir

sem leiða til þess að það takist að binda reiknuð 22 þús. tonn af þessum mengandi efnum til aldamóta. Það er það sem þessi áætlun á að skila í þessu samhengi. Það eru ekki 100 þús. tonn. Menn hafa talið sig vera á leiðinni með að ná vissum árangri í þessu með þeirri starfsemi sem ráðgerð var, en með framkvæmdaáætluninni er meiningin að leggja til með þessari aukningu sem svarar tæpum fjórðungi eða svona nær kannski 20%, fimmtungi, af því sem áformað var til að vinna upp það sem á vantaði til að sú áætlun sem gerð hafði verið stæðist. Ég held að það sé mjög æskilegt að menn átti sig á því hvað hér er á ferðinni og fari ekki að skrifa á þessa fjármuni sem þarna eru samdrátt í mengun upp á 100 tonn því það sýnist mér ekki vera raunin.

Látum það vera. En ég vil minna á í leiðinni að það sem út af hefur staðið varðandi framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá í nóvember í fyrra og það sem stefnir í, er annað og miklu meira en umrædd 22 þús. tonn. Nú er ég að tala við hæstv. umhvrh. En það var hæstv. landbrh. sem lagði til kynninguna eða stóð að kynningunni á sínum tíma. En hér ber sami einstaklingur tvær kápur sem kunnugt er og hef ég gagnrýnt oft í þingræðum þá hugsanavillu sem liggur að baki því að ætla sama manni, að ætla umhvrh. landsins hver sem hann er, að sinna fagráðuneyti og vera í eilífri baráttu innbyrðis við sjálfan sig um það hvora skikkjuna hann ber hverju sinni. Þetta nær náttúrlega ekki nokkurri átt, virðulegur forseti. Þetta er alveg hliðstætt því og að fjmrh. væri settur yfir iðnrn. jafnframt. Þetta er alveg hliðstætt því. Það er enginn munur á því. Ég vona að það verði aldrei endurtekið við myndun ríkisstjórnar á Íslandi að hræra svona saman hlutunum. En það er önnur saga.

Litið til þess sem út af stóð þá held ég, og ég skal fara með tölur hér, virðulegur forseti, að þegar horft var til málsins núna á þessu ári hvernig reikningar stóðu varðandi koltvísýring 1990 annars vegar og horfurnar miðað við aldamót, þá munar þar ekki 22.000 tonnum heldur langtum meiru. Yfir 300.000 tonn vantaði á að markmið samningsins um loftslagsbreytingar sem Ísland undirritaði væru uppfyllt. Að vísu ef öll mengandi efni eru vegin saman þá er talan ekki alveg eins há vegna þess að það horfir ekki eins illa varðandi önnur mengandi efni sem eru tekin inn í þessa útreikninga, en það er samt stórlega keyrt fram úr í þessum efnum. Og það vil ég segja við hæstv. umhvrh. í þessu tilviki að það eru engin efni til þess að lýsa einhverri ánægju yfir um stöðu mála að þessu leyti eða að telja að hér hafi fundist einhver lausn sem skiptir einhverju verulegu máli í þessu samhengi. Svo er því miður ekki. Þetta er aðeins brot af því sem þyrfti til að koma til að standa við loftslagssamninginn og framkvæmdaáætlunina og ná því markmiði að ekki verði mengað meira andrúmsloftið, hinn sameiginlegi lofthjúpur mannkyns, af Íslendinga hálfu árið 2000 heldur en var 1990.

Að vísu var það landbrh. sem hafði orðið á blaðamannafundinum 18. desember. En ef hæstv. umhvrh. hefði fengið að tala á þeim sama fundi þá finnst mér að skort hafi allverulega á metnað í þessum efnum. Og að nota tækifærið. Það mátti gjarnan vera hæstv. landbrh. sem hefði gert það því hann var kannski að leggja eitthvað til frá ráðuneyti landbúnaðarmála. En ef umhvrh. hefði verið að tala um málið almennt þá hefði hann hlotið að benda á að það væri nú nauðsynlegt að önnur ráðuneyti kæmu fram með sitt framlag til að ná þessu markmiði, samgrn. ekki síst og sjútvrn. sem standa fyrir þeim þáttum sem mestu valda í þessum efnum. En það var nú ekki. Það var nánast látið að því liggja að þetta yrði nú bara svona eins og það væri á vegum þessara aðila og ekkert verið að bæta inn í. Síðan gleymdist það nú — það hefur kannski verið óvart hjá hæstv. landbrh. á þessum blaðamannafundi — að minna á að þegar þessi samanburður er gerður þá eru ekki tekin með inn í þann reikning þau framkvæmdaáform upp á 38 milljarða kr., stóriðjuáform, sem munu bæta allrækilega við þá mengun efna sem falla undir loftslagssamninginn fram til aldamóta ef þessi áform standast.

Það kemur væntanlega inn í þingið hér eftir áramót, það er víst ekki von á því að svar berist hingað við fyrirspurn sem ég lagði fyrir hæstv. umhvrh. þann 9. des. um losun gróðurhúsalofttegunda miðað við ýmis framkvæmdaáform í stóriðju sem eru á borðum stjórnvalda, hvað þau muni þýða og hvernig þau muni líta út. Það svar liggur ekki fyrir en ég minni á að það er væntanlegt. Þá fá menn kannski betri skilning á þessu heildardæmi sem hér er við að fást og menn eru að bera saman í sambandi við þessi áform varðandi skógrækt og landgræðslu. Þá er náttúrlega dæmið allmiklu dekkra en ég var að nefna. Ég veit að hæstv. umhvrh. hlýtur að hafa af því áhyggjur þó að ríkisstjórnin hafi brugðið sér í það gervi sem samsveitungar mínir og fleiri austur á Héraði settu hana í árið 1948, held ég, austur á Egilsstöðum þar sem þeir voru að efna í ályktun, bænaskrá til stjórnvalda, um nauðsynlegar aðgerðir. Þeir settu fram í ályktun sinni þá merkilegu forsendu fyrir beiðni sinni, sem er eðlilegt að rifja upp við þessa umræðu, að ríkissjóður Íslands væri skuldlaus. Og með vísan til þess að ríkissjóður Íslands væri skuldlaus – þeir könnuðust nú ekki við það í fjmrn. Ég man ekki hvort Eysteinn var þar við stýrið á þeim tíma. Hann var þar oft. En alla vega bar þetta víst ekki alveg saman við stöðuna hjá þáv. fjmrh. og menn undruðust þessa skynsamlegu ályktun sem gerð var þarna austur á Egilsstöðum og fóru að kalla þessa samþykkt Egilsstaðasamþykkt. Og hana hefur stundum borið á góma í umræðum um fundaályktanir.

Ríkisstjórnin brá sér í nákvæmlega í sama gervi í nóvember 1995 þegar hún settist yfir framkvæmdaáætlunina varðandi loftslagssamninginn, hvernig ætti að standa við þá hluti, hæstv. landbrh. Hún gerði sér lítið fyrir, ríkisstjórnin, og setti alla stóriðjuna í landinu bæði nú og framvegis inn fyrir sviga eða hornklofa. Með hvaða orðum? Ég vona, virðulegur forseti, að ég hafi tekið það með, þetta er svo merkilegt og nauðsynlegt að rifja það upp:

„Framkvæmdaáætlun vegna iðnaðar: Það er skoðun ríkisstjórnarinnar að þess skuli gætt að þetta markmið“ þ.e. að fara ekki lengra árið 2000 en var 1990 varðandi þessi mengandi efni „komi ekki í veg fyrir að hinar hreinu orkulindir landsins verði nýttar t.d. í nýjum stóriðjufyrirtækjum jafnvel þótt fyrirtækin stundi starfsemi sem óhjákvæmilega felur í sér aukið útstreymi koltvíoxíðs eða annarra gróðurhúsalofttegunda vegna iðnaðarferla.“

Ég vona að þetta sé skýrt, þetta er skoðun ríkisstjórnarinnar. Og þegar það hefur borið við að menn í sambandi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eins og væntanlegra framkvæmda uppi á Grundartanga, leyfa sér að benda á að þarna komi nú til mengun, allveruleg viðbót mengandi efna af væntanlegri álbræðslu uppi á Grundartanga. Hverju er þá til svarað? Jú, það er vitnað í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá nóvember 1995 og ekki söguna meir. Sjá menn í hvaða stöðu við erum sett, hvað verið er að setja þjóðina í? Hvers konar ljós er verið að setja ríkisstjórn Íslands í á alþjóðavettvangi og Íslendinga í heild? Gera menn að fíflum út um allan

heim með samþykktum af þessu tagi, sem er aldeilis með ólíkindum þannig að allt sem hefur verið tengt við ágæta samþykkt sveitunga minna austur á Egilsstöðum fyrir mörgum áratugum bliknar í sambandi við þessa niðurstöðu og skoðun ríkisstjórnarinnar, sem sett var fram á þessum tíma og ég þykist vita að hæstv. heilbrrh. muni kannast við einnig. En málið varðar nú einnig heill og heilbrigði mannfólksins sem hér er um að ræða. Þetta vildi ég að lægi fyrir þegar við erum að skoða þann þátt sem áformum í landgræðslu og skógrækt er ætlað að uppfylla til að vinna upp það sem hallað hefur á í þessum málaflokki, ekki bæta við umfram áætlun ríkisstjórnarinnar heldur ná því markmiði sem þar var sett og þessum málaflokki var ætlað að uppfylla til að vega á móti aukningu á öðrum sviðum í þessu sambandi.

En nú kom hins vegar nokkuð vel í ljós hvaða afleiðingar það hefur að ætla umhvrh. landsins að fara með annað ráðuneyti því hæstv. landbrh. ber auðvitað enga ábyrgð á þeim samningum þegar hann er með kápu landbrh. á sér, þá ber hæstv. umhvrh., sem er sama persónan á stundum, enga ábyrgð á þeim samningum sem ráðuneyti umhverfismála er ætlað að gæta. Það verður a.m.k. ekki séð af þeim hugmyndum sem hér eru varðandi aðgerðir á þessu sviði. Ég vil minna á að það eru fleiri alþjóðasamningar sem Ísland er skuldbundið af en samningurinn um loftslagsbreytingar og sem snerta nákvæmlega það mál sem við erum að ræða. Og þar á meðal samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Ég er ansi hræddur um að ýmis atriði, sem eru í þessum framkvæmdaáformum, fjögurra ára framkvæmdaáformum, geti stangast allrækilega á við ákvæði þess samnings og raunar margra annarra skuldbindinga sem Íslendingar hafa tekið á sig á alþjóðavettvangi og gæta þarf þegar um er að ræða aðgerðir í gróðurríki landsins. Það er raunalegt, virðulegur forseti, svo ekki sé dýpra í árinni tekið, að í sambandi við góð áform, eins og hér eru á ferðinni almennt séð, skuli ekki betur vandað til verka en raun ber vitni.

Menn biðja vafalaust um að ég rökstyðji frekar það sem ég læt hér liggja að og ég skal reyna að nefna örfá atriði án þess að fara langt út í þá sálma tímans vegna. Ég vil þá sérstaklega vekja athygli á því að ýmis þau áform sem uppi eru hafa verið um landgræðslu og hæstv. umhvrh. eða landbrh. — jú, ég held að það hafi hæstv. umhvrh., kynnti á sérstakri ráðstefnu um kolefnisbúskap Íslendinga, sem Líffræðifélag Íslands stóð fyrir líklega í nóvember sl. og ég geri ráð fyrir að gangi inn í þessar hugmyndir. Þar eru uppi vangaveltur um aðgerðir í landgræðslu sem byggja m.a. á að nota í mjög ríkum mæli innfluttar tegundir í sambandi við landgræðslu hérlendis. Tegundir eins og lúpínu, svo dæmi sé tekið, en líka fleiri sem augljóslega brjóta gróft gegn ákvæðum samningsins um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, fyrir utan það að leiða til vistfræðilegs stórslyss í landinu sem komandi kynslóðir munu þurfa að glíma við ef heldur fram sem horfir.

Ég minni á í þessu sambandi að sumir hlutir virðast vera alveg sjálfsagðir og augljósir eins og mörgum þótti þegar bændur landsins voru að rista sundur mýrlendið og ræsa fram langt umfram þarfir. Þá voru ekki margir sem ætmu. En núna er hæstv. umhvrh., með reku að láni frá hæstv. landbrh., farinn að framkvæma það, sem sumum fannst nú ansi djúpt í árinni tekið 1970 af Nóbelsskáldi Íslendinga, að sá tími væri nú kominn að þörf væri á að fara að moka ofan í. Ég held í rauninni að við séum staddir í svipuðum sporum að því er varðar ýmsar þær aðferðir, sem menn eru að beita núna í landgræðslu þar sem lítið tillit er tekið til vistfræðilegra viðhorfa sem eru orðin viðtekin og viðurkennd erlendis þar sem menn eru að vanda til verka, og ganga fram í fullkominni blindni. Og það sem verra er án þess að skeyta nokkru um viðvörunarorð sem koma úr mörgum áttum í sambandi við þessi efni.

Ég vil líka segja það, virðurlegur forseti, svo ég komi aðeins frekar sjónarmiðum mínum á framfæri um þessi efni, sem gætu enst lengi ef ætti að skýra þau vel, að á bak við aðgerðir eins og þær sem hér er um að ræða, margar hverjar mjög jákvæðar og almennt séð með jákvæðu formerki, að þar skortir þá áætlunargerð um landnotkun og skipulag sem ætti að vera sjálfsögð forsenda þess hvernig í málin er gengið á sviði landgræðslu og skógræktar í landinu.

Samþykkt var þál. 19. mars 1990, um landgræðslu, þar sem Alþingi ályktar að fela landbrh., orðrétt, með leyfi forseta: „... að hlutast til um að gerð verði markviss áætlun um aðgerðir til að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs á Íslandi þar sem þess er kostur."

Markviss áætlun. Ég hef ekki séð að þessi áætlun væri kynnt á Alþingi Íslendinga og ég efast um að hún sé til sem slík, þessi markvissa áætlun sem er þó vísað til sem ákveðins bakgrunns fyrir þessu. Og af því að formaður fagráðs Landgræðslunnar, held ég að sé kallað, er viðstaddur umræðuna þá finnst mér mjög á það skorta að það ágæta ráð hafi komið með sín sjónarmið og áætlanir inn á Alþingi Íslendinga, sem ég er ekki í vafa um að hafa áhrif í þeim efnum sem ég er að öðrum þræði að gagnrýna. Og ég er ansi hræddur um að sumt af því sem þar er uppi fái ekki staðist þá mælikvarða sem ég vil leggja á aðgerðir í þessum efnum og vísa enn til þess sem er orðinn rauður þráður í hinni almennu umræðu um þessi efni.

Ég vil líka segja það, virðulegur forseti, að þó að ég aðallega nefni Landgræðsluna og aðgerðir sem henni tengjast þá tel ég líka að það skorti verulega á að Skógræktin sem opinber aðili hafi gert nægilega grein fyrir sínum málum í samhengi skipulags, landnotaskipulags. Mér finnst margt vera í þoku varðandi markmiðin og vek athygli á því að alltaf er verið að finna upp einhver ný nöfn á hlutina sem mér finnst nú ekki vera mjög lýsandi. Við höfum verið að tala síðustu árin um landgræðsluskóga, menn þekkja það, og verið að veita fé í landgræðsluskóga. Hvað heitir þetta núna, virðulegur forseti? Kannski hæstv. landbrh. hafi það á hraðbergi. Ég held að það sé landbótaskógar og fjölnytjaskógar og vefst fyrir mönnum þegar á að fara að greina sundur og skilgreina mismuninn á þessum aðgerðum, sem eru ekki alltaf ljósar, eins og fyrir er lagt.

Virðulegur forseti. Ég skal ekki hafa þetta mikið lengra því það er auðvitað hægt að ræða þessi efni síðar og verður hvort sem er ekki úr þessu breytt þeim tölum sem hér eru. En ég vil leggja á það mjög ríka áherslu að fyrr en seinna verði undinn að því bráður bugur að fara ofan í þær áætlanir og framkvæmdaáform sem hér er verið að renna fjárhagslegum stoðum undir til þess, sem hlýtur að vera ósk allra sem að þessu standa, þar á meðal ríkisstjórnar landsins, að þetta fari sem best fram og þannig að það nýtist í þeim almennu markmiðum sem varða sjónarmið landsmanna til þessara aðgerða í almennu samhengi séð. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að minna á í þessu samhengi frv. sem ég hef flutt með nokkrum öðrum hv. þm. og sem ég held að geti orðið til að bæta vinnubrögðin og varðar breytingu á lögum um landgræðslu eins og það heitir, þ.e. lög nr. 17/1965, þar sem m.a. er reynt

að koma inn tillögum í þá löggjöf sem varða svolítið ný viðhorf í þessum málum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, varðandi þá mælikvarða sem menn þurfa að beita áður en þeir taka í notkun í stórum stíl innfluttar tegundir til þess að sæmilega sé að verki staðið.

Þessi tillaga hefur verið endurflutt með breytingum þar sem komið er til móts við ýmsar ábendingar, m.a. af hálfu stofnana undir landbrn., í umsögnum til umhvn. Ég vona að menn horfi á þetta þingmál þegar þar að kemur og ég mun mæla fyrir því. Þá gefst m.a. tilefni til að ræða þessi mál betur og ítarlegar af minni hálfu. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. umhvrh. — ég hef nú kannski meira horft til hæstv. ráðherra í því samhengi þó að tillögurnar séu frá landbrn. runnar í þessu tilviki — taki með sér þær ábendingar sem ég hef fram reitt í fullri vinsemd og sé reiðubúinn til að reyna að stuðla að því að nýtingin á þeim peningum sem hér er verið að leggja í þessa málaflokka megi vel úr hendi fara. En ekki meira um það.

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að beina orðum mínum til hæstv. heilbrrh. en ráðherrann hefur verið svo vinsamlegur að vera viðstaddur umræðuna. Tilefnið er atriði sem lá ekki skýrt fyrir við 2. umr. sem varðaði framlög til heilbrigðismála en eru nú komin inn, að vísu ekki mjög skýr, við 3. umr. en þó aðeins ljósari og í aðeins skárra horfi heldur en þau voru dregin upp í fjárlagafrv. og í verulega skárra horfi er óhætt að segja. Tel ég það mjög góðra gjalda vert að þar hafa menn dregið í land varðandi þann mikla niðurskurð sem reiknað var með í fjárlagafrv. upphaflega, bæði með sjúkrastofnanir á höfuðborgarsvæðinu en einnig til sjúkrahúsa og heilsugæslu úti um land.

Hv. formaður fjárln. vék að þessu máli í sínum inngangi þegar hann mælti fyrir tillögum. Það er alveg ljóst af því sem þar kom fram að það er talsvert óunnið áður en þetta mál verður sæmilega skýrt. Ég leyfi mér að vitna til ræðu hv. formanns fjárln., þar sem hann vék að þessu og sagði, með leyfi forseta:

„Varðandi sjúkrahúsin á landsbyggðinni er fallið frá því að ná sparnaðinum á einu ári. Fyrir liggur áfangaskýrsla frá vinnuhópi á vegum heilbrrn. sem fór yfir þetta mál. Niðurstaðan varð sú að málið var ekki á því undirbúningsstigi að rétt væri að deila sparnaðinum út á hvert sjúkrahús. Fyrsta nauðsynlega skrefið væri að skipa verkefnisstjórn sem ræddi við stjórnir sjúkrahúsanna og annarra heilbrigðisstofnana um möguleika til að ná fram sparnaði með samvinnu og samruna til að mynda heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa. Nauðsyn ber til að hafa heimamenn með í undirbúningi aðgerða. Þeir hafa möguleika til að gefa umsagnir um héraðshlutdeild, upptökusvæði, kostnað á sjúkrarúm og aðrar forsendur sem lagðar eru til grundvallar þegar litið er á fjárlagagrunn þeirra sjúkrahúsa sem hlut eiga að máli."

Einnig fylgdi, og það er bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„Ég vil leggja áherslu á þá stefnumörkun í þessu sambandi að það ber nauðsyn til að styrkja heilbrigðisþjónustuna í sessi á landsbyggðinni og í þessa vinnu á að fara undir merkjum hagræðingar sem miðar að því. Ég tel að ef út í aðgerðir er farið undir jákvæðum formerkjum geti þær leitt til sterkari eininga og skýrari verkaskiptingar. Þá ber að koma málum þannig fyrir að framlög til sjúkrahúsanna verði endurmetin ef þeim tekst að auka sérfræðiþjónustu og héraðshlutdeild þeirra hækkar. Sterkari einingar hafa meira afl til að laða til sín sérfræðinga frá sérfræðisjúkrahúsum með farþjónustu. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga við það endurmat sem ætlunin er að fara í á landsbyggðinni. Í ljósi þessa þykir ekki raunhæft að ná sparnaði á skemmri tíma en þremur árum."

Ég get í rauninni tekið undir málflutning hv. formanns fjárln. varðandi þessi efni. Mér þótti gott á þetta að hlýða. Það er ein ábending almenns eðlis sem þetta varðar sem væri kannski ráðlegt að nota sem ályktun af þessari stöðu eins og hún er núna í framhaldi af þeim upphaflegu tillögum sem lágu fyrir í fjárlagafrv., að það væri e.t.v. skikkanlegri og betri vinnuaðferð að byrja á því að fara í gegnum málin út frá þeim almennu sjónarmiðum, þeim breytingum sem menn eru með í huga að ná fram. Að því búnu að leggja saman hagræðinguna og sparnaðinn sem ásættanlegur er og hefur orðið að niðurstöðu. Mér er ljóst að menn bera því við að þetta sé tafsamt. En ég held að þetta sé eina aðferðin sem sé skynsamleg og þurfi að beita. Ég geri ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. hefði kosið að þannig væri haldið á málinu. Ég vænti þess. Að minnsta kosti ætti mönnum að vera það ljósara nú heldur en síðastliðið sumar að það væri eðlilegt að ganga þannig í málin að því er varðar heilbrigðismálin almennt og sjúkrahúsin sérstaklega, jafnt á höfuðborgarsvæðinu sem á landsbyggðinni eins og þessu er skipt upp hér í umræðunni. Ég tel mjög eðlilegt að það sé farið yfir sviðið út frá þessum sjónarmiðum eins og hv. formaður fjárln. lagði til.

Það eru viss atriði sem ég vildi þegar draga fram vegna framhaldsvinnu að þessum málum því enn eru menn að tala um að þessi sparnaður ætti að nást á þremur árum og ekki búnir að yfirgefa það vinnulag. Ég skal svo sem ekkert segja hver verður niðurstaðan, hvað tekst með skynsamlegum hætti, undir þeim formerkjum sem hv. formaður fjárln. dró fram, að styrkja heilbrigðisþjónustuna á landsbyggðinni í þessu tilviki.

En þarna er margs að gæta. Ég vil nefna í því samhengi alveg sérstaklega að það er í rauninni ekki aðeins óskynsamlegt heldur ótækt að halda þessari siglingu áfram og skilja sjúkrastofnanir eftir með skuldahala sem ríkið ber í rauninni ábyrgð á sem rekstraraðili þessara stofnana, þá á ég við sjúkrahús. Að vísu var veruleg bót á ráðin með því sem kom fram í fjáraukalagafrv. sem hefur verið afgreitt ef ég man rétt niðurstöður atkvæða hér í þinginu á síðustu sólarhringum. Vissulega er um að ræða að skuldir hafa verið lækkaðar o.s.frv. en það er óskynsamlegt að halda þessari skuldasöfnun áfram þegar menn endurmeta málin og taka á í sambandi við hagræðingu og möguleika á sparnaði og ekki síður að halda áfram skuldasöfnun með því að ætla rekstrargrunn þessara stofnana of lágan til þess að unnt sé að reka þá þjónustu sem nú er og sem heldur áfram 1. janúar og áfram á næsta ári. Niðurstaðan úr skoðun mála mun ekki liggja fyrir fyrir en kemur fram á næsta ár og kannski fram á mitt næsta ár jafnvel þótt vel væri unnið. Þá eru menn búnir að bæta við þennan uppsafnaða halla með viðeigandi fjármagnskostnaði og með svipuna reidda yfir sér og þau vandræði sem því fylgja. Ég hefði talið að skynsamlegra væri að reyna að fá sæmilega hreint borð með því að greiða uppsafnaðar skuldir, ríkið gerði þannig hreint, og með því að lyfta grunninum þannig að þjónustan geti haldið áfram frá byrjun næsta árs án þess að nýjar skuldir safnist upp. Síðan komi hagræðingaraðgerðirnar og sparnaðurinn eftir því sem skoðun mála leiðir í ljós og ásættanleg niðurstaða verður um.

Ég horfi auðvitað á mitt kjördæmi m.a. vegna þess að ég þekki þar betur til mála en annars staðar. Sjálfsagt er að líta á mál þar eins og annars staðar á landinu. Ég er alveg viss um að allir sem í hlut eiga eru reiðubúnir til þess og hafa

reyndar verið að vinna að þeim málum að undanförnu. Þar á meðal stærsta sjúkrahúsið, aðalsjúkrahúsið á Austurlandi sem annast bráðaþjónustu, Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað sem hefur farið í gegnum margháttaða skoðun, úttekt á úttekt ofan. Og þau mál ættu að liggja svona sæmilega skýrt fyrir, þ.e. um hvaða kosti er þar að ræða.

Ég hef lagt á það áherslu í umræðum hér og fengið raunar ágætar undirtektir frá formanni fjárln. í því efni, að það meginmarkmið verði að standa sem forsenda þeirra aðgerða sem farið verður í, að ekki verði lögð af bráðaþjónusta hjá þessari meginstofnun sem annast bráðaþjónustu á Austurlandi. En hugmyndir voru uppi hjá embættismönnum fyrir nokkrum árum um þá óhæfu að þessi þjónusta yrði lögð af og reiddar fram í skýrslu sem ávöxtur af starfi vinnuhóps á vegum heilbrrn. á þeim tíma. Það er alveg nauðsynlegt að ljóst sé að menn ætli ekki við frekari athugun mála að stefna þessari þjónustu í hættu með sumarlokunum eins og það er kallað sem engu skila heildstætt litið á málin og væru upphafið að því að slá striki yfir það markmið að rækja á austurhelmingi landsins, í rauninni á svæðinu frá Húsavík til Vestmannaeyja eða Selfoss eftir því hvort við er miðað, bráðaþjónustu fyrir íbúa þessara svæða.

Þetta er meginástæðan fyrir mitt í þessari umræðu vegna þess að þetta er ekkert einkamál heilbrrn. og stjórnar viðkomandi stofnunar eða stofnana. Þetta er spurning um aðstöðu fólks á svæðinu, lágmarksþjónustu við fólk á þessu svæði. Það er það sjónarmið sem ég er hér að túlka og ég veit að það á ríkan stuðning í hópi þingmanna Austurlands og ég vil engan þar undan skilja. Því vænti ég þess að það meginsjónarmið fái að standa sem grundvöllur frekari athugunar mála.

Ég vil einnig vekja athygli á ýmsu því sem fram er reitt sem sparnaðarhugmyndir, þar á meðal frá vel þjálfuðum úttektarmönnum eins og þeim sem gerði síðustu úttekt á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað undir heitinu Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta, þar sem verið er að vísa á líklegan sparnað sem sækja megi með því að leggja saman heilbrigðisþjónustu á svæðinu með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Kannaður verði sá möguleiki að sameina allar heilbrigðisstofnanir á Mið-Austurlandi í eina stofnun með starfsstöðvum á öllum þéttbýlisstöðum, en fjárveitingar og daggjöld til þeirra munu nema um 500 millj. kr. á árinu 1997." — Svo kemur staðhæfingin: „Með þessari sameiningu má nýta það fjármagn sem lagt er til heilbrigðisþjónustu á svæðinu mun betur en nú er gert og bæta þjónustuna."

Þegar ég fæ þessa skýrslu í hendur þá spyr ég um það hvaða könnun liggi að baki þessari fullyrðingu. Hvaða athuganir liggja að baki þessari fullyrðingu: „Með þessari sameiningu má nýta það fjármagn mun betur en nú er gert og bæta þjónustuna"? Það er nú ekkert minna. En þegar spurt er þá eru engin svör. Það hefur engin athugun farið fram á þessu máli. Þetta er bara hugmynd sett fram, en af úttektaraðila þannig að það mætti halda að það væri eitthvert kjöt á beininu. En mér vitanlega er það ekki. Þarna gildir það sama og um tölurnar í fjárlagafrv. að það er skynsamlegra verklag — og hef ég þó sannarlega ekkert á móti því að þessi athugun fari fram og hef verið talsmaður þess lengi, hæstv. heilbrrh., að menn reyndu að líta svæðisbundið á þessa þjónustu. Ég stóð m.a. að því að reyna að fá styrkingu á slíkri svæðisbundinni stýringu með þáltill. sem var samþykkt á Alþingi 1990 og hæstv. ráðherra kannast vafalaust vel við. Þannig að ég hef ekkert á móti því að þessi athugun fari fram. En ég geri athugasemd við að menn vísi á að þarna sé hægt að sækja einhvern umtalsverðan sparnað með slíkri aðgerð án þess að hafa fært rök fyrir því og sýnt fram á það og jafnframt að bæta þjónustuna á svæðinu.

Og annað atriði, kannski ekki stórt, í þessu samhengi sem varðar almenna skoðun þessara mála er erindi sem fór frá heilbr.- og trn. í haust um svonefnd ferliverk og mögulegan sparnað sem átti að ná í gegnum það að sjúkrahús hættu að senda reikninga til Tryggingastofnunar ríkisins vegna ferliverka. Þess í stað verði fært fé frá Tryggingastofnun ríkisins til sjúkrahúsanna sem síðan semji við sitt starfsfólk. Ég held að menn séu á spori sem ekki er víst að sé auðvelt að útfæra á sjúkrahúsunum úti á landi nema á þeim allra stærstu. Ég bendi á þetta í fullri vinsemd vegna þess að ég hef efasemdir um að tilraunir af þessum toga skili miklu. En ég hlýt jafnframt að benda á að mikið hefur verið rætt um sparnaðaraðgerðir í heilbrigðisþjónustu og rekstri sjúkrahúsa. Ein krafan, sem ég veit að borin var fram fyrir nokkru síðan gagnvart þeirri stofnun sem ég var að miða hér við, var úttekt á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, og var krafa af hálfu heilbrigðisyfirvalda fyrir ekki mjög löngu síðan. Það var að greina sundur heilsugæsluþátt sem rekinn var í tengslum við sjúkrahúsið og hafði verið mjög lengi, og sjúkrahúsreksturinn. Greina þetta í sundur. Hvað kemur svo út úr Nýsi hf.? Úttekt? Jú, eitt af snjallræðunum þar til að finna sparnað, og ég held að það sé úr tillögunni sem gekk til heilbr.- og trn., — tillaga nr. 3 — er að Fjórðungssjúkrahúsið og heilsugæslan í Neskaupstað verði sameinuð í eina stofnun og fjárlaganúmer þeirra verði sameinað í eitt. Þetta minnir mig á þau ráð sem brugðið var á af fjármálastofnunum og lánastofnunum upp úr 1980 í sambandi við þrengingar sjávarútvegsfyrirtækja í landinu þar sem gerð var krafa um að greina á milli veiða og vinnslu. Skipta upp. Við höfum eitt ágætt dæmi úr mínu kjördæmi, Seyðisfjörð, þar sem fylgt var þeim ráðum með ekki mjög hollum afleiðingum, að mínu mati. Og ég held að hér sé á ferðinni eitthvað ekki ósvipað þegar maður fer yfir þessi efni. En ég hugsa að sú ábending sé út af fyrir sig alveg rétt. Og það hafði verið niðurstaða stjórnar umræddrar stofnunar að best færi á því út frá fjárhagslegu sjónarmiði að samreka. Eins og þarna er verið að vísa til.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að orðlengja þetta varðandi heilbrigðisþáttinn. Ég ítreka að ég fagna þeim almennu sjónarmiðum sem hv. þm. Jón Kristjánsson, form. fjárln., hefur lagt inn í málið og geri ráð fyrir því að hann eigi sinn góða þátt í því að sveðjurnar eru ekki meira á lofti og ekki meira áberandi en nú er. Þó einhvers staðar sé aðeins látið blika á hnífsblað þá er það ekki hátt á lofti. Ég er ánægður að svo er og einnig að hv. þm. tók sérstaklega undir það sjónarmið, í umræðu um þessi efni, að þess verði að gæta að bráðaþjónusta verði í engu skert, sem bráðaþjónusta, á Austurlandi og það sé ekki það sem menn hafi í huga. Ég vona sannarlega að því verði fylgt sem forsendu í þeirri eðlilegu athugun mála að ná fram skynsamlegri hagræðingu og ásættanlegum sparnaði á einstökum sviðum. Það þurfa menn alltaf að hafa þegar um opinberan rekstur er að ræða og mjög margs að gæta í sambandi við þau efni í heilbrigðisþjónustunni almennt séð sem tekur til sín mikið fjármagn og hef ég ekkert við það að athuga. Raunar vil ég aðeins bæta því við sem síðasta atriði varðandi þennan þátt að ég hef verið þeirrar skoðunar lengi að afmarka hefði þurft miklu betur verkefni og aðsóknarsvæði þeirra stofnana sem ríkið stendur

fyrir, sjúkrastofnana úti um landið, þó það sé á kostnað þess, hvað eigum við að segja, alfrelsis. Ætli það væri ekki hæfilegt orð, þess allsherjarfrelsis sem er varðandi það hvert læknum hentar að vísa sjúklingum sínum eða sjúklingar bera fram óskir um hvert þeir eigi að leita. Ég held að þessi stefna hafi orðið ansi dýrkeypt fyrir alla að ná ekki skýrari línum í sambandi við svæðaskiptingu í heilbrigðisþjónustunni almennt og þar á meðal þau verkefni sem eðlilegt er að beina til stofnana sem eru starfræktar og lagt er til fé og ætlað er að byggja upp þó að það sé á kostnað þess allsherjarsvigrúms sem sumir hafa mælt fyrir og er raunar það sem uppi er í landinu að þessu leyti.

Síðan örfá orð, virðulegur forseti, um brtt. sem ég bar fram við 2. umr. og hef endurflutt, að vísu með auknum liðstyrk varðandi eina þeirra. Það er tillaga um undirbúningsfjármagn vegna Náttúruhúss í Reykjavík, nútímalegs náttúrufræðisafns á höfuðborgarsvæðinu. Þar hafa gerst meðflutningsmenn hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm.Kristín Halldórsdóttir. Það eru því fulltrúar úr öllum þingflokkum stjórnarandstöðunnar sem standa að þeirri litlu tillögu sem þar liggur fyrir um að hefja á nýjan leik undirbúning að þessu bráðnauðsynlega verkefni að koma upp nútímalegu náttúrufræðisafni á höfuðborgarsvæðinu.

Aðrar tillögur eru enn þá fluttar af minni hálfu en þar hafa þó gerst þau tíðindi að meiri hluti fjárln. hefur tekið upp í brtt. sínum við 3. umr., tillögu sem varðar húsnæði sýslumannsins á Seyðisfirði, nánar tiltekið starfsstöð embættisins að Bjólfsgötu 7, þar sem gert er ráð fyrir að komi 6 millj. kr. til endurgerðar á því húsnæði. Um leið er slegið striki yfir söluheimild á húseigninni þannig að engir þurfa að velkjast í vafa um að verkefnið til að búa sæmilega að þessu embætti er í því fólgið að þetta gamla og sögufræga hús verði endurbætt svo þar verði viðunandi starfsaðstaða og jafnframt verndaðar þær menningarminjar sem í þessu húsi eru fólgnar, ein af mörgum sem varða gömlu húsin á Seyðisfirði, sem er einn dýrmætasti fjársjóður þess byggðarlags. Ég þykist vita, og dreg það af orðum sem hv. þm. Sturla Böðvarsson lét falla við 2. umr. að frá honum hafi komið liðstyrkur til að fá inn upphæð fyrir næsta ár, sem er þá upphafið að því að koma þessu máli í viðunandi höfn. Og ég þakka fyrir það sem þar er fram komið.

Fyrir liggur brtt. varðandi grunnkortagerð af Fljótsdalshéraði, 5 millj. kr. framlag á móti samningi heimamanna um það verkefni og einnig tillaga varðandi Hollustuvernd ríkisins, sem býr við mikið fjársvelti á sama tíma og stjórnvöldum hentar að dengja hverju verkefninu á fætur öðru til þeirrar stofnunar. Nú síðast var vísað frá hæstv. ráðherra umhverfismála því verkefni að hraða aðgerðum vegna mengunar sem blasir við frá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem ekki er vanþörf á. En ég hef ekki orðið var við að neitt hafi komið til viðbótar í formi fjárframlaga við 3. umr. og því er þessi brtt. áfram til afgreiðslu við 3. umr. fjárlaga, um 12 millj. kr. viðbótarframlag til Hollustuverndar ríkisins.

Ég tek eftir því, virðulegur forseti, og það skal vera undir lokin á máli mínu, að fyrir liggur líka ný tillaga, nýr liður, um rannsóknarstöð á Kvískerjum. 3 millj. kr. vegna þeirrar hugmyndar að koma þar upp rannsóknarstöð á vegum eða í tengslum við Háskóla Íslands. Ég skil málið eins og það er fyrir lagt að háskólanum sé ætlað að taka þar við þegar búið er að koma fótum undir þessa rannsóknarstöð. Ég fagna þessari ráðagerð og því framlagi sem hér er komið. Ég þykist vita að hv. þm. Egill Jónsson eigi sinn hlut í því að hafa stuðlað að því að þarna kæmi fjárframlag við þá hugmynd sem kynnt var fyrir nokkrum árum og tel það mjög góðra gjalda vert. Ég hef oft orðað það svo, reyndar fyrir löngu síðan, að þegar litið er til Kvískerja hefur þar lengi verið starfandi háskóli í sveit. Það fer vel á því að stoðum verði rennt undir áframhaldandi rannsóknir í framhaldi af því afreki sem þar hefur verið unnið af fólkinu á Kvískerjum, systkinunum á Kvískerjum, sem hafa hvert um sig lagt þar einn stein á annan til að gera garðinn frægan á þessum bæ, afskekkta bæ, í sambandi við náttúrurannsóknir. Þetta geta, virðulegur forseti, verið mín lokaorð um þetta efni sem við höfum rætt.

[17:12]

Útbýting þingskjals:

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, 248. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 477.

[17:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla að nefna fjögur atriði og hefði viljað biðja hæstv. forseta að hann gerði hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. viðvart. Ég ætla, meðan ég bíð þeirra, að víkja lauslega að tveimur litlum brtt. sem ég flyt.

Það er í fyrsta lagi tillaga um Kennaraháskóla Íslands þar sem gerð er tillaga um að aukið verði nokkuð við fjármuni til Kennaraháskólans í því skyni að þar verði unnt að hefja svokallað fjögurra ára kennaranám frá og með haustinu 1997. Tilefnið er augljóst, m.a. sú mikla umræða sem hefur verið í gangi um kennaramenntun að undanförnu. Vaxandi athygli hefur beinst að Kennaraháskólanum og ég hygg að t.d. hafi einhverjir forráðamenn Kennaraháskólans snúið sér til hæstv. menntmrh. nýlega út af þessu máli og ég sá ekki betur en einhver frétt væri uppi um það. Mundi ég vilja biðja hæstv. menntmrh. að segja mér í leiðinni, þar sem hann má væntanlega heyra orð mín, hvað hann hugsar sér að gera í því máli. Mér er ljóst að það er ekki inni í fjárlagafrv. fyrir árið 1997 en nauðsynlegt er að vita hvaða hugmyndir menn eru með í þeim efnum.

Í annan stað er lítil brtt. um fornminjarannsóknir að Neðra Ási og Svignaskarði en þannig háttar til að við 2. umr. flutti ég litla tillögu um fornminjarannsóknir í Reykholti. Ég tek síðan eftir því við 3. umr. fjárlaga að fluttar eru vissar tillögur um skuldauppgjör vegna Snorrastofu, að mig minnir. Jafnframt kom fram í umræðum um fornminjarannsóknir fyrir nokkru, í bréfi sem hæstv. menntmrh. las upp frá þjóðminjaverði, að talið var skynsamlegra frá faglegu sjónarmiði séð að hafa áherslurnar á Neðra Ás og Svignaskarð fremur en Reykholt, eins og ég hafði gert tillögu um. Þess vegna hef ég flutt tillögu um fornminjarannsóknir að Neðra Ási og Svignaskarði. Í samræmi við það aflaði ég mér gagna um það mál og verð að segja að ég harma það mjög að geta ekki lesið þau öll fyrir þingheim en enginn tími er til þess. Það er ágætur kafli úr Kristni sögu um Neðra-Ás. Það er sömuleiðis kafli úr biskupasögum sem menn mundu hafa gaman af að heyra. Það er enn fremur nokkuð skemmtilegur þáttur úr ferðahandbók um Svignaskarð alveg sérstaklega. Þar hygg ég að sé um að ræða ferðahandbókartexta eftir Þorstein Þorsteinsson, sýslumann Dalamanna lengi. Síðan er hér alveg skínandi perla úr Þorgilssögu skarða sem ég hvet alla þingmenn til að lesa þegar þeir mega vera að um hátíðarnar. Svo hef ég hér bréf frá þjóðminjaverði um þennan fornleifauppgröft þar sem lögð er nokkuð mikil áhersla á

hann, en ég ætla ekki að taka tíma hér með því að lesa það upp.

Ég hef þá mælt fyrir þessum tveimur brtt. mínum og ætla næst að víkja að því sem snertir hæstv. fjmrh. í máli mínu. Og það var reyndar eitt atriði, herra forseti, sem ég ætlaði auk þess að víkja að sem viðkemur hæstv. menntmrh., svo ég ljúki því af. Það er í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna og er svohljóðandi: Hvernig er ætlunin að verja þessum 100 millj. kr. sem eru aukalega eða er hækkun á lánasjóðnum frá því sem var í fjárlagafrv. í haust? Hvernig er meiningin að skipta því á milli breyttra reglna um endurgreiðslur og samtímagreiðslur og fleira þess háttar? Ég hefði viljað inna eftir því vegna þess að það er óhjákvæmilegt að fá um það upplýsingar.

Þá vildi ég víkja að þeim atriðum sem snúa að hæstv. fjmrh. og þau eru tvö. Það fyrra er það sem ég spurði hann um í gær undir öðru dagskrármál, en hann hafði þá ekki tíma til að svara. Það er varðandi bætur almannatrygginga og hækkanir á þeim. Ég sagði þá við hæstv. fjmrh.: Ef laun hækka á almennum launamarkaði meira en 2%, hvað gerist þá að því er varðar bætur almannatrygginga? Þá svaraði hæstv. fjmrh. efnislega á þá leið að það væri ekki nokkur leið að svara því vegna þess að það geta verið í þessu eingreiðslur og þessar greiðslur og hinar, og það er erfitt að finna prósentutölu og svara því fyrir fram. Það skil ég, auk þess sem ég er þeirrar skoðunar að fjmrh. eigi að vera varkár í svörum af þessu tagi. Ég skil það mjög vel og dettur ekki í hug að ætlast til annars.

En þá spyr ég hann annarrar spurningar sem er kannski gleggri til þess að það sé alveg skýrt við hvað er átt og gef honum kost á því að svara líka skýrt. Hún er þessi: Segjum að laun á almennum launamarkaði hækkuðu í næstu kjarasamningum um t.d. 5% og þetta væri almenn hækkun yfir línuna á alla taxta, sama prósentan alls staðar. Mundi hann þá telja rétt við þær aðstæður að bætur almannatrygginga, Atvinnuleysistryggingasjóðs og aðrar slíkar bætur breyttust á sama hátt? Þetta hygg ég að sé alveg skýr spurning og ég bið hæstv. ráðherra að svara hér á eftir.

Þá er annað atriði sem ég ætla að koma að í sambandi við hæstv. fjmrh. og mér finnst satt að segja vera dálítið umhugsunarvert. Það er sú staðreynd að í fjárlagafrv., sem við ætlum að gera að lögum í kvöld að því er ég best veit, er gert ráð fyrir minni skatttekjum en óbreytt lög mundu tryggja og mismunurinn nemur 800–1000 millj. kr. Hæstv. fjmrh. hefur sagt: Þetta er í lagi, fyrst og fremst vegna þess að ætlunin er að taka þetta í upp í umræðurnar um breytingu á jaðarsköttum. Hv. þm. Ögmundur Jónasson hefur sagt: Þetta er sprengja á samningaborðið af því að hér eru menn í raun og veru að hækka skatta strax frá og með 1. janúar. Undir það tek ég.

En á þessu máli eru fleiri hliðar. Ég held því fram og ætla að rökstyðja það hér á eftir að sú aðferð að færa ekki allar tekjur ríkissjóðs sé brot á lögum um fjárreiður ríkisins og eftirlit með þeim og þá sérstaklega lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966. Hér sé sem sagt hreinlega um lögbrot að ræða og fjmrh. beri þess vegna að ganga þannig frá fjárlögunum að þau sýni í raun og veru allar þær tekjur sem gildandi skattalög skila í þessu sambandi. Ég hnaut um þetta mál í gær þegar hæstv. fjmrh. átti um það orðastað við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon og taldi að hér gæti verið um að ræða aðferðir sem færu á skjön við lög um ríkisbókhald. Svo fór ég og fletti þessu upp í dag og vísa þá á eftirfarandi atriði: Í fyrsta lagi vísa ég á 16. gr. laga nr. 52/1966, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Tekjur skulu færðar á því ári, er þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga.“ Gildandi laga. Gildandi skattalög skila fjmrh. þúsund millj. kr. meira á næsta ári í ríkissjóð en fjárlagafrv. gerir eins og það er fært upp nú. Ég tel með öðrum orðum að uppsetningin eins og hún er sé í fyrsta lagi brot á 16. gr. laganna um ríkibókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Í öðru lagi ætla ég hér, hæstv. forseti, að lesa upp úr annarri grein í sömu lögum, en það er 62. gr. laganna um ríkisbókhald. Það er breyting sem var gerð á þeim lögum árið 1985 og ég hygg að við hæstv. fjmrh. þekkjum báðir. Í henni segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, svo sem kveðið er á um í 2. gr. l. nr. 13/1979“ og við könnumst við þau lög sumir hér. „Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun og þær spár sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið sem í hönd fer eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.“ Það að stinga undan þúsund milljónum eins og hæstv. fjmrh. er að gera þó að hann ætli að nota þær með göfugum hætti einhvern tíma á næsta ári, það er fer einnig í bága við þessa grein.

Í þriðja lagi ætla ég að halda því fram að þessi vinnubrögð fjmrh. að stinga undan milljarði kr. á næsta ári eða ákveða það, stríði gegn 66. gr. sömu laga, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum sem um ræðir í II. kafla og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.“

Anda þessa ákvæðis tel ég að hæstv. fjmrh. sé að brjóta með því að fara eins að við færslu á fjárlagafrv. og ætlun hans er. Út af fyrir sig kunna einhverjir að halda því fram að hér sé ekki stórmál á ferðinni. En það er það vegna þess að vinnubrögðin og uppsetning fjárlaga lýtur tilteknum öðrum lögum og það skiptir mjög miklu máli að mínu mati, herra forseti, að menn vandi umgengni sína við önnur lög. Þess vegna hvet ég fjmrh. til þess að sýna réttar tölur og ekki stunda bókhaldsbrellur við afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1997, hreinar bókhaldsbrellur.

Ég gæti út af fyrir sig nefnt dæmi til samjöfnuðar. Segjum t.d. að ríkisstjórnin ætlaði sér á árinu 1997 að breyta lögum um tekjuskatt og eignarskatt og hún hygðist á árinu spara verulega greiðslur til landbúnaðar, segjum upp á 5 milljarða kr. Eða hún sparaði greiðslur til Lánasjóðs ísl. námsmanna upp á einn milljarð eða hvað það nú er. Segjum að þetta væru 5 milljarðar kr. Segjum að ríkisstjórnin hefði komist að þessari niðurstöðu: Hér ætla ég að öngla saman 5 milljörðum kr. og breyta hlutunum upp á 5 milljarða og skera niður ríkissjóðsdæmið upp á þessa tölu eða breyta því á næsta ári.

Samkvæmt aðferð hæstv. fjmrh. núna mundi hann væntanlega segja: Ef ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um þetta allt, þá gæti ég komið fjárlagafrv. þannig saman að hafa þetta næstum eins og mér sýnist í samræmi við þessar reglur, af því að ríkisstjórnin ætlar að breyta þessu kannski á næsta ári. Þetta minnir mig auðvitað strax á lagagreinina sem hæstv. félmrh. lét samþykkja nýlega, sem gekk nokkurn veginn út

á það að ef samþykkt verða lög um eitthvað einhvern tíma á næsta ári, þá geti eitthvað orðið svona en ekki hinsegin, afskaplega athyglisverð nýmæli í lagasetningu. Og ég held því fram að þessi aðferð sem hæstv. fjmrh. er hér að brydda upp á sé ólögleg, hún brjóti í bága við lögin um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Ég hvet til þess að hann breyti þessu vegna þess að ég tel að þetta standist alls ekki.

Þetta var það tvennt sem ég vildi segja við hæstv. fjmrh. Annars vegar varðandi elli- og örorkulífeyrinn, bætur almannatrygginga. Hvað munu bætur hækka ef laun hækka tiltekið? Gerir hann ekki ráð fyrir því að þessar bætur almannatrygginga hækki hlutfallslega eins og annað í samræmi við kjarasamninga þegar þeir hafa verið gerðir? Hins vegar spyr ég hann: Hvaða rök hefur hann fyrir því að þetta séu ekki bókhaldsbrellur sem hann ætlar að iðka þarna með því að stinga undan 1000 millj. kr. með þeim hætti sem ég vitnaði til?

Þá hef ég lagt fyrir hæstv. menntmrh. spurningar varðandi 3–4 atriði sem mér þætti vænt um að hann svaraði. Síðan ætlaði ég kannski að bæta því við, en get ekki vegna þess að hæstv. umhvrh. er fjarri, tepptur og á ekki heimangengt eins og sakir standa hingað, að hún er satt að segja alveg ótrúleg þessi sambúð umhvrh. og landbrh., í einum og sama manninum eins og segir í frægu ljóði, sem birtist í hæstv. umhv.- og landbrh. Guðmundi Bjarnasyni. Hún kemur mér liggur við að segja átakanlega fram í þeim ákvörðunum sem nú eru teknar um að eyða 75 millj. í landgræðslu og skógrækt og 450 millj. á nokkrum árum, sem er sérstakt fagnaðarefni, en landbrh. tekur þessa ákvörðun án þess að tala við umhvrh. að því er best verður séð. Ég hef grun um að engin stofnun umhvrn. hafi komið nálægt þessari ákvörðun. Það er mjög skrýtið. Ég veit ekki til þess að umhvrn. hafi komið nálægt þessari ákvörðun, ég þekki það ekki en ég held ekki. Það er ekki talað við umhvn. Alþingis vegna þess að það er aldrei talað við þessar nefndir þingsins nema þegar þeir þurfa sérstaklega á því að halda, hæstv. ráðherrar. Ég veit ekki til þess að það hafi verið rætt við landbn., heldur eru hlutirnir tilkynntir á blaðamannafundi úti í bæ á sama tíma og verið er að afgreiða fjárlagafrv. Það er ekki smekklegt að standa þannig að málum. Það er heldur lítið gert úr Alþingi, finnst mér, með þessu.

Það er sagt að verið sé að ganga frá og tryggja það að Ísland standi við samninginn frá Ríó um loftslagsbreytingar. Mér er ekki kunnugt um að nokkuð liggi fyrir um að það sé hægt að uppfylla ákvæði samningsins með landgræðslu af því tagi sem hér er gert ráð fyrir, ekki neitt. Mér segir svo hugur, að ef menn ætla að nota erlendar plöntutegundir eins og lúpínur í stórum stíl til að uppfylla þessi skilyrði, þá geti farið þannig að um leið og þeir eru að uppfylla koldíoxíðsamninginn, þá brjóti þeir samninginn um það sem kallað er líffræðilegur fjölbreytileiki. En samkvæmt ráðstefnum sem ég hef lesið um í erlendum blöðum að undanförnu er talið að flutningur framandi plantna í nýtt umhverfi sé ein sú mesta vá sem steðjar að lífríki jarðar um þessar mundir. Þar á meðal það að leysa þessi uppgræðsluvandamál hér á landi, þ.e. landgræðsluna fyrir 75 millj. með því að planta hér lúpínu eða öðrum erlendum tegundum í stórum stíl. Þess vegna spyr maður: Var haft samband við umhvrh. þegar landbrh. tók þessa ákvörðun? Ég held að hann hafi ekki gert það, ég veit ekki til þess. (**Félmrh.:** Skógrækt og landgræðsla heyra undir landbrh.) Það er nefnilega nákvæmlega hárrétt, en samt er það þannig, og þarna var Framsfl. lifandi kominn, að landbrh. tekur nákvæmlega þær ákvarðanir sem hann tekur sem landbrh., en hann á í þessu tilviki að hafa samráð við stofnanir umhvrn. og ráðuneytið. Það er alveg augljóst mál og mér er ekki kunnugt um eftir vissa könnun sem ég hef gert á því máli að það hafi verið gert. Það er þetta sem ég er að gagnrýna og þessi sérkennilega staða kemur t.d. upp í sambandi við uppgræðsluna á Hólasandi þar sem menn ákveða að fara í allmyndarlegt átak sem betur fer, en það verður auðvitað að fara í umhverfismat. Niðurstöður skipulagsstjóra ríkisins í þeim efnum liggja fyrir. Þegar þær liggja fyrir, þá kærir landbrh. þær — til hvers? Til umhvrh. sem er í einum og sama manninum eins og segir í ljóðinu. Þetta er erfið sambúð, hún er flókin, herra forseti. Ég segi alveg eins og er að mér finnst að í rauninni hafi menn að einhverju leyti látið blekkjast, sem er skiljanlegt kannski vegna þess fyrst og fremst að þjóðin vill styðja landgræðslu og skógrækt, guði sé lof, og leggja mikið á sig í þeim efnum. En vandinn er bara sá að það er ekki sama hvernig að því máli er staðið eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti hér áðan. Það er ekki sama hvernig að því er staðið. Það er liðin tíð að menn geti tekið slíkar ákvarðanir á tiltölulega losaralegum faglegum grundvelli. Þar verða hlutirnir að vera nákvæmir.

Ég get lokið máli mínu, sem samanstendur aðallega af tveimur, þremur spurningum til hæstv. menntmrh. og tveimur spurningum til hæstv. fjmrh., með því að spyrja hv. formann fjárln. þessarar spurningar: Hvaða úttektir lágu fyrir af hálfu stofnana umhvrn. á því landgræðsluátaki sem landbrn. kynnti hér í fjölmiðlum fyrir nokkrum dögum?

[17:33]

Útbýting þingskjals:

Almenn hegningarlög, 258. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 490.

[17:33]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi spurningu hv. þm. um fjögurra ára nám við Kennaraháskóla Íslands þá er það að segja að samkvæmt lögum ber að taka ákvarðanir um það mál í síðasta lagi árið 1998. Ég hyggst láta skoðanir mínar koma fram í frv. til laga um uppeldisháskóla sem verið er að undirbúa. Mér finnast rök hníga til þess að taka upp fjögurra ára nám við Kennaraháskólann, en menn verða einnig að velta fyrir sér hvernig sá tími er best nýttur og það er mjög mikilvægt að hugað sé að hvernig náminu er skipað, hvort þarna verði um fjögurra ára skyldunám að ræða eða tækifæri til þess að stunda fjögurra ára nám ef menn kjósa svo til þess að sérhæfa sig með einum eða öðrum hætti.

Ég tel að það skynsamlegt sem kom fram hjá hv. þm. um Neðra Ás og Svignaskarð, ég tel að það sé skynsamleg forgangsröðun varðandi fornleifarannsóknir.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna er spurningin hvernig ætlunin sé að verja þeim fjármunum sem gert er ráð fyrir að setja í lánasjóðinn, 100 millj. kr. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég telji skynsamlegt að auka fjárveitingar til lánasjóðsins og það hefur komið fram í umræðum á þingi áður. Ég hef einnig lýst þeirri skoðun minni að ég telji skynsamlegt að létta endurgreiðslubyrðina en eins og fram kom í máli hv. þm. eru önnur sjónarmið einnig um nýtingu á þessum fjármunum. Ég tel að þeir munu nýtast best með því að létta endurgreiðslubyrðina en engar ákvarðanir verða teknar um ráðstöfun fjárins án þess að bera þær undir Alþingi því það

þarf að breyta lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna til þess að þessir fjármunir nýtist í þeim tilgangi sem um hefur verið rætt. Þingmenn munu fá tækifæri til þess að taka afstöðu til málsins, væntanlega á vorþinginu.

[17:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna var í sjálfu sér ekkert á svörum hæstv. ráðherra að græða. Ég hygg að vandinn sé sá að menn verði að una því að ríkisstjórnin bíði með það mál fram yfir áramót. Það er bersýnilega ekki búið að leysa þá deilu sem er á milli stjórnarflokkanna í þeim efnum og það er greinilegt að menn ætla að taka sér einhvern tíma í viðbót að reyna að leysa hana. Það sýnist allt stefna í að breytingarnar á reglum um lánasjóðinn taki ekki gildi fyrr en frá og með haustinu 1997. Það sýnist einnig vera þannig að ef farin verður sú leið sem hæstv. menntmrh. leggur mikla áherslu á, a.m.k. líka, að breyta endurgreiðslunum, þá verði að breyta endurgreiðslunum aftur í tímann. Það verði að breyta endurgreiðslunum í lánasjóðinn alveg aftur til ársins 1992, vegna þess að það er ekki hægt að hugsa sér það, það er bersýnilega ósanngjarnt, að þeir námsmenn sem hafa fengið lán 1992–1997 búi við miklu verri kjör en þeir sem fengu lán á undan eða þeir sem fengu lán á eftir.

Varðandi hins vegar Kennaraháskólann þá þakka ég hæstv. menntmrh. fyrir svörin og spyr hann hvort hann geri ráð fyrir því að þetta frv. um uppeldisháskóla komi fyrir þingið í vetur.

[17:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef mál ganga fram með þeim hætti sem ég kysi, þá kæmi hér fyrir þingið fljótlega eftir að það kemur saman eftir áramótin frv. til rammalaga um háskólastarfsemi í landinu. Síðan yrði frv. til laga um uppeldisháskóla sniðið að þeirri rammalöggjöf sem ég kem til með að kynna vonandi á vorþinginu. Ef verk ganga vel, þá væri heldur ekkert því til fyrirstöðu að leggja fram frv. til laga um uppeldisháskólann á vorþinginu, en ég býst ekki við að það mál verði afgreitt á þessu þingi í vetur. En umræður um það gætu farið fram.

[17:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvær fyrirspurnir. Í fyrsta lagi vil ég segja að um hækkun á bótum almannatrygginga og öðrum bótum að ég get það eitt sagt á þessari stundu, að verði launahækkanir almennt hærri en nemur verðlagshækkunum, og reyndar má gera ráð fyrir að svo verði, þá er tilefni til þess að endurskoða greiðslur almannatryggingabótanna. Ég held að hv. þm. hljóti að skilja að það er erfitt fyrir mig á þessari stundu þegar ekkert er vitað um kjarasamninga að svara þessu öðruvísi en svo að það sé ástæða til þess að skoða málin þegar samningar liggja fyrir.

Það sem gerir okkur erfitt fyrir er að hugsanlega verða þeir sem standa að samningum frá launamannahlið ekki samferða í næstu samningum eins og svo oft hefur verið á undanförnum árum.

Í öðru lagi varðandi skatttekjur, þá hygg ég að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að það hefði verið bókhaldslega a.m.k. áferðarfallegra að sýna bráttótölur og síðan draga frá og finna nettótölur á tekjuhlið eins og hann bendir á. Ég get auðvitað ekki svarað til um það hér hvort það fari í bága við lög. Mér hefur ekki verið bent á það og mér fannst lestur hv. þm. ekki staðfesta að hér væri um lögbrot að ræða, enda veit hv. þm. sem er mjög vel að sér í bókhaldi ríkisins og í ríkisreikningi að margoft gerist það við fjárlagaafgreiðslu að tekið er tillit til áætlaðra breytinga á lögum og reglum. Meira að segja hefur það margoft gerst að fjárlög hafa verið afgreidd áður en lög, sem eru beinlínis lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum og tilheyra í raun og veru fjárlögunum, hafa verið afgreidd og stundum auðvitað með slæmum árangri. Þetta veit hv. þm. og það er hægt að rifja upp fjölmörg dæmi.

Aðalatriði málsins er að það komi mjög skýrt fram í forsendum talnanna á hverju þær byggjast. Þær byggjast auðvitað á gildandi lögum og áætluðum breytingum á lögum og reglugerðum sem snerta þessar áætluðu tekjutölur. Ég minni á að þetta gerist líka gjaldamegin. Eitt dæmi hefur hv. þm. verið að nefna í ræðum sínum og það er áætlaður útgjaldaauki Lánasjóðs ísl. námsmanna sem ekki er séð á þessari stundu hvort muni byggjast á lagabreytingu eða reglugerðarbreytingu. Það er gjaldamegin. Í raun og veru er ómögulegt að sýna það með góðu móti því að eins og hann var rétt að segja hér áðan, þá liggur ekki fyrir, a.m.k. ekki fyrir þinginu, nákvæmlega hvernig það verður gert.

Ég held, virðulegi forseti, að hér sé ekki um lögbrot að ræða. Það sem skiptir máli er að tölurnar bæði gjaldamegin og tekjumegin í þessu frv. byggjast á gildandi lögum, á forsendum sem er skýrðar og á hugmyndum um breytingar á reglugerð og lögum sem verða á næsta ári. Og ég tel að það sé rétt aðferð. Aðalatriðið er þó að gera sér grein fyrir því að áætlanir bæði gjalda- og tekjumegin eru áætlanir og byggja á forsendum sem þekktar eru. Því miður er ekki hægt í stuttu andsvari að fara nánar út í þessa sálma, en það er vissulega ærið tilefni, sem ég veit að hv. þm. skilur og við erum sammála um, að ræða þessi mál þegar fjárreiðufrv. kemur því að það er kominn tími til að breyta framsetningu og uppsetningu fjárlaga.

[17:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin enda hafði hann góðan tíma til að svara. Mig langar aðeins til að nefna við hann tvennt ef ég gæti fengið að nota minn tíma nettó, hæstv. forseti, en ekki bráttó.

Varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna, þá er það ekki sambærilegt dæmi vegna þess að Lánasjóður ísl. námsmanna er að hluta til fjármagnaður með lántökum. Það er venjan að ef framlögin duga ekki, þá er lánstalan hækkuð í lok ársins, ef þau eru of mikil þá er lánstalan hreyfð þannig að það er annað mál, það er örugglega annað mál. Hér er hins vegar um það að ræða að hæstv. fjmrh. er að brjóta ákvæði laganna um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, 16. gr. sem hljóðar svo:

„Tekjur skulu færðar á því ári, er þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga."

Það er alveg klárt mál að það að fela í fjárlögunum þúsund millj. kr., sem eru þó í raun og veru allar samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi, er brot á lögunum um ríkisbókhald. Það er 100% klárt og ég skora á hæstv. fjmrh. að kynna sér það og fara aðeins betur yfir þetta í samráði við sérfræðinga sína. Svona liggur dæmið, að það er í raun og veru verið með bókhaldsbrellum að stinga undan þúsund milljónum til þess að það sé hægt að nota þær sem skiptimynt í kjarasamningum eða hugsanlega sem breytingar á jaðarskattaákvæðum laga þegar þar að kemur í vetur.

Varðandi elli- og örorkulífeyri, þá ætla ég bara að þakka honum fyrir svörin og segja hvernig ég skildi hann. Ég skildi

hann þannig að hann muni beita sér fyrir því að bætur almannatrygginga hækki að jafnaði eins og laun verða ákveðin á næsta ári.

[17:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki gert að því hvernig hv. þm. skilur orð annarra, en það sem ég sagði var ósköp einfaldlega það að verði launahækkanir umfram verðlagshækkanir, þá er ástæða til þess að endurskoða ákvörðun sem nú liggur fyrir. Annað sagði ég ekki hvað það snertir.

Það er einnig sjálfsagt, virðulegi forseti, að kynna sér að hvort lög séu brotin með þeirri framsetningu sem er í fjárlagafrv. Ef menn telja að það sé verið að fela 800 millj. með bókhaldsbrellum, þá hefur það a.m.k. ekki gengið mjög vel upp því að ég hugsa að þetta séu frægustu 800 millj. sem um getur í þessu frv. Þannig að sá feluleikur hefur engan veginn gengið upp, hafi það átt að vera sem alls ekki var, því það var skýrt tekið fram þegar endurskoðuð tekjuáætlunin kom bæði til efh.- og viðskn. og eins til fjárln. hverjar væru forsendur tekjuáætlunarinnar. Og ég vil benda hv. þm. á að lánsfjárlög eru líka lög og byggjast reyndar á lögum líka og það er nú svo að það þekkist frá fyrri tíð að menn hafa jafnvel lækkað beinlínis framlög ríkisins, t.d. til Lánasjóðs ísl. námsmanna, án þess að nokkur skapaður hlutur væri á bak við það, heldur bara látið róa í trausti þess að einhvern tíma kæmu einhverjir sem björguðu þeim út úr því óláni sem þeir hefðu lent í við fjárlagagerðina. Þetta veit ég að hv. þm. kannast afar vel við því að þetta dæmi sem ég er að vitna til er ekki ýkjagamalt, reyndar frá því fyrr á þessum áratug þegar hann var menntmrh.

[17:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hæstv. fjmrh. er að vitna til kemur þessu máli ekki við. Af hverju? Af því að menn hafa verið m.a. undir hans forustu á undanförnum árum að bæta vinnubrögð við fjárlagagerð. Menn eru að reyna að loka fjárlagadæminu með lagasetningu m.a. fyrir jól, svo að segja 100% þannig að hlutirnir liggi skýrir fyrir. Og það er meira að segja notað sem rök með frv. um raforkuvirki að afgreiða þurfi það af því að þar séu 7 millj. handa ríkissjóði á næsta ári. Svo nákvæmir upp á millimetra vilja menn vera nema með þessar 1.000 milljónir sem hann ætlar að fela. (**Fjmrh.**: 800.) 800 eða 1.000 millj. Það liggur öðruvísi og ég er alveg sannfærður um að ef hæstv. ráðherra skoðar þessi mál af sanngirni og í rólegheitum, þá kemst hann að þeirri niðurstöðu að það er rangt hjá honum að færa þetta svona. Það er hættulegt fordæmi vegna þess að óvandaðri menn en hann gætu komist að hlutunum og er ég þó ekki að saka hann um að hann gangi með óvönduðum hætti um sín verk.

[17:47]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. beindi til mín einni spurningu um hvaða skýrslur frá umhvrn. hefðu legið til grundvallar beiðni um 75 millj. kr. í landgræðsluátak, sem alls er 450 millj. Beiðnin sem er dagsett 18. desember barst þá til fjárln. og í henni er gert grein fyrir í hvað á að verja þessum peningum. Í henni segir m.a. að ætlunin sé að skipa verkefnisstjórn og sú verkefnisstjórn eigi m.a. að sjá um útreikninga á bindingu koltvíoxíðs vegna aðgerða í landgræðslu og skógrækt og skila framvinduskýrslu árlega meðan verkefni stendur yfir o.s.frv.

Skýrslur hafa ekki borist til fjárln. frá umhvrn. um þetta mál. Sú beiðni sem kom til fjárln. um framlögin er frá landbrh. en hún samanstendur af áformum um verkefni og hvernig því verkefni sé valin stjórn og sagt í stærstu atriðum hvað sú verkefnisstjórn á að gera.

[17:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri ekki betur en ég hafi giskað rétt á áðan, að hvorki stofnanir umhvrn. né ráðuneytið hefðu ekki verið spurðar í þessu máli. Ég vék að því í ræðu minni að vafasamt væri að standa þannig að málum. Ég fór nokkuð yfir þá vandasömu sambúð sem hlýtur að vera hjá umhvrh. við landbrh. og öfugt, sérstaklega í málum af þessu tagi. Ég vitnaði aðeins í Hólasandsmálið og kæru sem liggur fyrir í þeim efnum. Ég spurði m.a. hvenær þess væri að vænta að niðurstöður fengjust í því máli. Hæstv. umhvrh. var þá fjarri en er nú kominn og ég leyfi mér að rifja upp í þessu andsvari um leið og ég þakka hv. formanni fjárln. fyrir þau svör sem hann veitti. Mér finnst út af fyrir sig gott að fjárln. og forusta hennar víkst við með þeim hætti sem hann gerir. En það er samt dálítið umhugsunarefni hvort ekki væri skynsamlegra að meiri hluti fjárln. eða fjárln. á hverjum tíma þegar hún samþykkir að taka inn liði af þessu tagi, hefði sem breiðastan stuðning á bak við það, bæði frá viðkomandi fagstofnunum, umhverfismála í þessu tilviki og fagnefnd, umhvn. Alþingis, sem ég hygg að hafi ekki verið kölluð sérstaklega saman út af þessu máli, en ég þakka hv. 2. þm. Austurl. fyrir svörin.

[17:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í rauninni gert grein fyrir þessu máli en vildi bæta því einu við að ég tel það auðvitað leiða af eðli máls í framvindu þessara mála að umhvrn. og landbrn. komi að því og ég þykist vita að umhvrn. og umhvn. Alþingis eftir atvikum fylgist með framvindu þessa máls í þá veru sem línur eru lagðar um í þessari beiðni.

[17:52]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki ætlun mín að flytja langa ræðu við 3. umr. fjárlaga. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir er fulltrúi okkar kvennalistakvenna í fjárln. og hefur komið sjónarmiðum okkar kvennalistakvenna á framfæri við þessa umræðu, svo og hinar fyrri um fjárlög næsta árs.

Markmið mitt að sinni er fyrst og fremst að gera grein fyrir fjórum nýjum brtt. sem við kvennalistakonur leggjum fram við 3. umr. á þskj. 470–473. Allar þessar tillögur eru á sviði menntamála og hafa það markmið að efla kennaramenntun og skólastarf með sérstakri áherslu á nýjungar, þróunarstarf og námsefnisgerð í stærðfræði og raungreinum.

Í kjölfar alþjóðlegu TIMSS-rannsóknarinnar um árangur grunnskólabarna í raungreinum og stærðfræði hafa komið fram sterk viðbrögð meðal þjóðarinnar sem vill greinilega bregðast við af mikilli festu.

Þær fjórar brtt. sem við kvennalistakonur leggjum fram hafa það markmið að bregðast þegar við með markvissum aðgerðum. Ég vil í stuttu máli, herra forseti, gera grein fyrir brtt.

Á þskj. 470 er tillaga þar sem lagt er til að framlag til Kennaraháskóla Íslands, kennslu, verði aukið um 3 millj. Í grg. með tillögunni segir svo:

„Lagt er til að Kennaraháskóla Íslands verði gert kleift að lengja kennaranám til BEd-prófs við skólann frá og með

næsta hausti úr þremur árum í fjögur ár. Gert er ráð fyrir að aðalkostnaðurinn verði eftir þrjú ár við kennslu eins viðbótarárgangs með 130 nemendum. Kennslukostnaður er áætlaður 55 millj. kr. og kostnaður við kennsluhúsnæði 130 millj. kr. Þær 3 millj. kr. sem hér er gerð tillaga um eru til skipulagningar námsins á fyrsta ári en hún þarf að fara fram fyrir næsta haust. Gert er ráð fyrir að fjórða námsárið verði 15 einingar í valgrein og 15 einingar í kjarnagreinum grunnskólans, eins og ætlunin var þegar þessu fjórða ári var frestað með lögum. Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði hafa bæði Kennarasamtökin og nemar í KHÍ hvatt til lengingar BEd-námsins í fjögur ár."

Þessar upplýsingar og tölur sem koma fram í grg. eru fengnar beint frá rektor Kennaraháskóla Íslands og það er ljóst að hann mundi hvetja mjög til að kennaranámið yrði lengt í fjögur ár.

Næsta tillaga sem við leggjum til er um tengt efni, en ég ætla að gera næst grein fyrir tillögu sem er á þskj. 473. Þar er lagt til að aukið verði fé aftur til Kennaraháskóla Íslands, til endurmenntunar og fé verði aukið um 6,1 millj., úr 18,9 millj. og upphæðin fari í 25 millj. Í grg. segir:

„Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að átak verði gert í endurmenntun starfandi grunnskólakennara á þessum sviðum. Átakið hefjist þegar á næsta ári en standi í nokkur ár."

Hér er verið að leggja áherslu á að gera þarf átak í að mennta og endurmennta og styrkja menntun starfandi kennara auk þess sem tekið er á grunnmenntun og í þeim tilgangi er þessi tillaga lögð fram.

Næst er það brtt. á þskj. 471 en þar leggjum við til að auknar verði fjárveitingar til framhaldsskólanna almennt undir liðnum 116 Nýjungar í skólastarfi. Sú upphæð verði aukin úr 13,3 millj. í 25 eða um 11,7 millj. kr. Í grg. segir:

„Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að átak verði gert í framhaldsskólum á sviði raungreina. Hér er lögð til aukning á fjárframlagi til liðarins Nýjungar í skólastarfi, m.a. til Þróunarsjóðs framhaldsskólans, sbr. 45. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996. Æskilegt er að þessi viðbót, 11,7 millj. kr., verði notuð til átaks á sviði raungreina, m.a. með styrkveitingum úr Þróunarsjóði framhaldsskólans."

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið úr menntmrn. mun Þróunarsjóði framhaldsskólans, sem mér er reyndar ekki kunnugt um að sé tekinn til starfa, vera ætlað fjármagn undir þessum fjárlagalið og það er þess vegna sem ég tengi þróunarsjóðinn og nýjungar í skólastarfi saman undir þeim lið. Ég tel að mjög myndarleg ráðstefna sem nýlega var haldin hjá kennurum í raungreinum sýni að mikill áhugi og kraftur er hjá raungreinakennurum að taka sig á og það var alveg upplagt að hefja feril þróunarsjóðsins með því að gera þetta svið að sérstöku átaksverkefni fyrstu árin. En hér er lögð til aukning til þessa liðar með þá hugsun að baki að a.m.k hluti þessa fjármagns fari til raungreinastarfs, nýjunga á því sviði. Þar getur auðvitað margt komið til m.a. að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til að halda námskeið eða til að hvetja til nýjunga í einstökum þróunarskólum eða hvernig sem það yrði útfært.

Á þskj. 472 er fjórða tillagan, aftur til liðarins Framhaldsskólar almennt, liðar 118, Námsefnisgerð. Við leggjum til að sá liður verði hækkaður um 11,5 millj. eða úr 13,5 millj. í 25. Í grg. segir segir:

„Í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði er lagt til að sérstakt átak verði gert til að bæta námsefni á sviði stærðfræði og raungreina í grunn- og framhaldsskólum. Lagt er til að Námsgagnastofnun fái framlag til átaksins í grunnskólum "— samanber tillögu okkar sem lögð var fram við 2. umr. og hefur þegar verið gerð grein fyrir, en hún er á þskj. 445 —" en hér er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fái sérstakt framlag til átaksins í framhaldsskólum. Til greina kemur að veita styrki til þýðinga eða frumsamningar námsefnis eftir því sem menntamálaráðuneyti og fagfólki á þessu sviði þykir þurfa."

Þetta er, herra forseti, kjarninn í þessum breytingartillögum sem hér eru lagðar til. Ég vil vegna umræðunnar fyrr í dag benda á að það þykir kannski óábyrgt við 3. umr. að koma með viðbótartillögu til útgjalda án þess að benda á hvar eigi að taka fé. En því er til að svara að þó við kvennalistakonur séum vissulega sammála því meginmarkmiði að skila beri hallalausum fjárlögum þá er alveg ljóst að það markmið mun nást jafnvel þó að forsendur meiri hlutans séu viðurkenndar. Eins og fram kom í máli minni hluta fjárln. þá er mjög líklegt talið að tekjuhlið ríkissjóðs sé verulega vanáætluð fyrir næsta ár þannig að tekjurnar geti orðið yfir milljarð hærri. Það er því með góðri samvisku sem þessar fjórar tillögur eru lagðar fram þar sem farið er fram á alls 32,4 milljónir kr. til að gera átak í raungreinakennslu og stærðfræðikennslu á næsta ári og til að efla menntun grunnskólakennara. Sumar þjóðir og ýmsir hagfræðingar hafa reyndar lagt á það áherslu og haft þá stefnu að fjárfesting í menntun sé svo mikilvæg að hún geti skilað meiri árangri til framtíðar en hallalaus fjárlög. Því legg ég þunga áherslu á að a.m.k. hluti þessara tillagna hljóti náð fyrir hæstv. Alþingi. Og fyrst hæstv. menntmrh. er í salnum þá vona ég að hann sé sammála því að þessar tillögur séu sanngjarnar og ekki síst tillagan um að það mun einungis kosta 3 milljónir á næsta ári að geta komið á laggirnar fjögurra ára námsbraut, þ.e. að taka ákvörðun varðandi þá námsbraut strax næsta haust. Á þskj. 469 er önnur tillaga um sama efni frá hv. þm. Svavari Gestssyni þar sem gert er ráð fyrir 20 millj. kr. hækkun í þessu skyni. Við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu styðja þá tillögu því ekki veitir af meira fé til að efla kennaramenntunina, ekki síst endurmenntunina, en samkvæmt upplýsingum frá rektor Kennaraháskólans þá munu 3 milljónir duga á næsta ári til þess að lengja BEd-námið í fjögur ár frá og með haustinu 1997. Og ég vil benda á að það er mjög brýnt að þessi ákvörðun sé tekin því jafnvel þó við hefjum þetta lengda fjögurra ára BEd-nám á næsta hausti þá er það ekki fyrr en vorið 2001 sem fyrstu kennararnir með fjögurra ára BEd-próf mundu útskrifast.

Á það skal minnst að lokum að í TIMSS-könnuninni, sem margoft hefur verið vitnað í, kemur mjög skýrt fram að velflest lönd eru með fjögurra ára kennaramenntun og að slíkt var lögbundið hér árið 1988 en framkvæmdum var frestað af sparnaðarástæðum. Sá sparnaður er allt of dýrkeyptur að okkar mati og ég fullyrði að þær 3 milljónir sem þessi tillaga ein og sér hljóðar upp á, auðvitað með meðfylgjandi pólitíski ákvörðun um að lengja BEd-námið í fjögur ár með tilheyrandi kostnaði í framtíðinni, mun skila sér margfalt til baka.

Að lokum, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að þó

að hér sé lagt til átak til námsefnisgerðar og þróunarstarfs á sviði raungreina á framhaldsskólastigi þá geri ég ekki tillögu um átak í menntun og endurmenntun framhaldsskólakennara á sviði raungreina og stærðfræði að sinni. Ástæðan er ekki sú að ég telji ekki þörf á slíku átaki í kennaramenntun framhaldsskólakennara heldur fyrst og fremst að ekki liggur fyrir skýr stefnumörkun um það hvernig að slíku átaki skuli staðið af hálfu háskólans og viðkomandi fagfélaga. Því vil ég að lokum hvetja til frekari umræðu og stefnumörkunar á því sviði í framhaldi af áðurnefndri ráðstefnu Félags raungreinakennara um TIMSS-skýrsluna sem sýndi vel að hugur er í framhaldsskólakennurum að þessu leyti. Ég tel að eðlilegast sé að menntmrn. eigi frumkvæði að slíku átaki. TIMSS-rannsóknin náði einnig til nemenda framhaldsskólanna en þær niðurstöður verða ekki tilbúnar fyrr en á næstu árum. Óháð þeirri útkomu þá tel ég að flestum sé ljóst að margt má betur fara í raungreinakennslu í framhaldsskólum og því er löngu tímabært að taka markvisst á því máli.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessum fjórum tillögum okkar kvennalistakvenna um að gera átak á sviði raungreina í menntakerfinu. Þetta mál hefur greinilega mjög mikinn hljómgrunn meðal þjóðarinnar og vonandi er svo einnig á hv. Alþingi. Þó að þessar tillögur séu gerðar nú er auðvitað mun fleira á sviði menntamála svo og á sviði þjóðmála almennt sem þyrfti að bæta, en rétt þykir að þessi mál hafi forgang að sinni.

[18:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Tveir hv. þm. hafa hér í umræðunum á undan gert að umtalsefni málefni sem varða þau ráðuneyti sem ég fer með, landbrn. og umhvrn., m.a. í tilefni af breytingartillögu sem flutt er af meiri hluta fjárln. á þskj. 452 sem fjallar um átak í landgræðslu og skógrækt upp á 75 millj. kr. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum og vitnað hefur verið til í umræðunum af hv. 4. þm. Austurlands er þetta hluti af samþykkt ríkisstjórnarinnar um að leggja til við hv. Alþingi og fjárveitingavaldið að á næstu fjórum árum verið veittar 450 millj. kr. samtals í átak til landgræðslu- og skógræktarverkefna. Þessi upphæð sem hér er tilgreind er fyrsta skrefið í þessu sambandi. Við gerum ráð fyrir því að það fari á árinu 1998 í 100 milljónir, síðan 125 og loks 150 og verði samtals 450 millj. kr. á þessum fjórum árum. Tillaga hefur verið kynnt um skiptingu á þessum fjárveitingum milli annars vegar Landgræðslu og hins vegar Skógræktar og að til landgræðsluverkefnanna fari 260 millj. kr. en átakið í skógræktinni fái af þessum fjárveitingum 190 millj. kr. Á næsta ári gæti þessi upphæð skipst samkvæmt þeirri tillögu sem ég hef lagt fram, þ.e. þær 75 millj. kr. sem hér eru lagðar til af hálfu meiri hluta fjárln., þannig að 50 milljónir fari í landgræðsluátakið og 25 millj. kr. til skógræktar.

Það er vissulega rétt sem kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. að það er skammur aðdragandi að þessu á Alþingi og reyndar í vinnu hv. fjárln., en málið hefur haft alllangan aðdraganda í heild sinni. Það hefur verið í undirbúningi af hálfu stofnana landbrn., Landgræðslu og Skógræktar og þeirra aðila sem fyrir þá hafa unnið, þar með talið fagráðsins í landgræðslu sem hefur á undanförnum árum lagt mikla vinnu í að undirbúa áætlun um það hvernig standa megi að því að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu á forgangssvæðum. Það er því búið að vinna mikla undirbúningsvinnu að þessu verkefni. Það að leggja málið fram eða gera tillöguna hefur hins vegar tafist nokkuð vegna þess að ríkisstjórnin hefur velt því fyrir sér hvaða upphæðir væri hægt að leggja til í þessu sambandi, hvaða fjárhæðir menn væru tilbúnir að gera tillögu um. Niðurstaðan er sem sagt fengin hér og nú en það þýðir ekki að ekki hafi legið fyrir og liggi ekki fyrir töluverður undirbúningur að því hvernig að þessum verkefnum verði staðið.

Síðan tengist þetta að sjálfsögðu — og ég segi að sjálfsögðu — þeim verkefnum sem ríkisstjórnin hefur sett sér í framkvæmdaáætlun vegna loftslagsbreytinga sem við höfum kallað svo og hv. þm. gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Hann sagði nú reyndar eitthvað á þá leið að verið væri að, ég veit ekki hvort hann sagði að það væri nánast verið að sulla þessum verkefnum saman, en það er nú kannski ekki alveg orðrétt eftir honum, (**HG:** Ég dró aðeins úr því.) en málið er að við teljum að það sé a.m.k. full ástæða til þess að tvinna þessi verkefni saman vegna þess að í þessari framkvæmdaáætlun hafa fagráðuneytin fengið ákveðið hlutverk. Þar hefur t.d. landbrn. fengið ákveðið hlutverk. Þar hefur samgrn. fengið ákveðið hlutverk og þar hefur sjútvrn. fengið ákveðið hlutverk svo nefnd séu þau ráðuneyti sem hann benti á í sínu máli og tilgreindi sérstaklega. Þegar hv. þm. segir að lítið hafi komið fram í fjölmiðlum um það hvernig ráðherra hyggist standa að þessu máli þá veit ég að hann þekkir það auðvitað bæði sem þingmaður í mörg ár og reyndar sem ráðherra líka að það kemst nú ekki allt til skila í fjölmiðlum sem sagt er við þá. Á klukkutíma löngum blaðamannafundi kemur auðvitað ekki allt sem þar er sagt fram í fréttinni. Og þegar hv. þm. segir að ráðherra hafi ekki haft fyrir því að leiðrétta fyrirspurn fréttamanns sem hafi mátt álíta villandi eða a.m.k. ekki draga fram staðreyndirnar í málinu þá er það auðvitað að hluta til fyrir það að slíku kemur maður ekki fyrir í stuttum fréttatíma. En ég bendi þó á að í sumum fjölmiðlum, ég hygg m.a. í Morgunblaðinu og jafnvel í fleiri fjölmiðlum, hefur það komið fram mjög greinilega hvaða hugmyndir landbrn. hefur um það að standa að því markmiði sem því var sett í framkvæmdaáætluninni, þ.e. að ná því markmiði að binding koltvíoxíðs hafi aukist um 100 þús. tonn fyrir aldamót, þ.e. á árunum frá 1991 til ársins 2000. Ég vil bara, til þess að það sé alveg ljóst, staðfesta það sem kom m.a. fram í máli hv. þm., að við höfum reynt að reikna út árangurinn. Auðvitað geta svona útreikningar aldrei verið nákvæmir upp á kíló. Þeir eru áætlun sem færustu menn reyna að komast að niðurstöðu um. Við höfum átt samstarf við sérfræðinga frá RALA og frá Landgræðslunni, þ.e. landbrn., í þessu efni. Og við höfum komist að þeirri niðurstöðu að það megi segja að náðst hafi að binda tæp 50 þús. tonn, 47 þús. tonn, með þeim fjárveitingum og þeim verkefnum sem þessar stofnanir, Landgræðslan og Skógrækt ríkisins, hafa unnið að á árunum 1991 til 1996. Þannig að við höfum svona nálgast helminginn af þessu markmiði. Ef fjárveitingar til stofnananna verða óbreyttar eða hliðstæðar og verið hafa, eins og við gefum okkur í tengslum við þetta átak, og stofnanirnar Landgræðsla og Skógrækt vinni ásamt sínum samstarfsaðilum að þessu verkefni með sama krafti og verið hefur til aldamóta, til ársins 2000, þá næst að binda í viðbót 30 þús. tonn þannig að við verðum þá búin að ná 77–78 þús. tonnum um aldamótin.

Þetta átak sem við setjum hér fram með 450 millj. kr. framlagi, á að binda þau 22–24 þús. tonn sem þarna ber á milli sem er nákvæmlega sú tala sem hv. þm. nefndi, 20–25 þús. tonn, þannig að því sé alveg til skila haldið. Ég held að þetta hafi komið fram í sumum fjölmiðlum þótt það

kunni að hafa verið ekki alveg skýrt alls staðar. Þetta er sem sagt verkefnið sem landbrn. fær af þessu framkvæmdaátaki ríkisstjórnarinnar. Ég benti líka á á það á þessum blaðamannafundi og undirstrikaði að auðvitað væru ekki öll mál leyst með þessu heldur bara þessi þáttur framkvæmdaáætlunarinnar. Það væri eins og ég sagði áðan verkefni annarra ráðuneyta að koma með tillögur um hvað þau gætu lagt til í þessu efni. Sú vinna er í fullum gangi. Það er starfandi sérstök framkvæmdanefnd sem vinnur að þessari áætlun af hálfu ríkisstjórnarinnar sem í eiga sæti aðstoðarmenn þeirra ráðherra sem sitja þau ráðuneyti sem að málinu koma helst. Því nefndarstarfi stjórnar aðstoðarmaður umhvrh., Guðjón Ólafur Jónsson. Ég vildi aðeins undirstrika að svona er fyrirhugað að standa að þessu og tengja síðan saman þá mikilvægu þætti. Það er auðvitað einkar áhugavert að við skulum geta gert það þ.e. að tengja saman það verkefni okkar að standa við markmið um að draga úr koltvíoxíðinu í andrúmsloftinu og að bæta og græða okkar land. Nota fjármunina til að efla skógræktar- og landgræðsluverkefni sem sannarlega er þörf á og mikið verk að vinna. Þá kem ég aðeins aftur að þeim áætlunum sem fyrir liggja.

Ég nefndi að fagráð í landgræðslu hefur unnið mikið starf á undanförnum árum og sett fram sínar tillögur og hugmyndir og afhent mér þær. Úr þeim verður unnið, vegna þess að hv. þm. spurði hvað yrði síðan um framhaldið. Það verkefni sem er fram undan er að vinna nánar að skiptingu úr þessum fjármunum, ekki bara 75 millj. á næsta ári heldur á öllum fjórum árunum. Setja upp hvað fer til hinna einstöku verkefna, hvernig við tengjum það þessu sjónarmiði, sem ég hef gert að umtalsefni. Og hvernig við skiptum þeim fjármunum sem áætlunin gerir ráð fyrir að verði varið til skógræktarátaksins. Þar hafa komið fram ýmsar hugmyndir. Þar hafa menn t.d. lagt mikla áherslu á skjólbeltarækt og sagt að við Íslendingar höfum setið eftir í því verkefni. Við höfum lítið sinnt því miðað við nágrannaþjóðir okkar. Það sé til þess fallið að bæta mjög alla aðstöðu bæði til útivistar, landbúnaðar og til að bæta alla aðstöðu til ræktunar og dýrahalds á bújörðum. Við höfum talað um nytjaskógrækt á bújörðum sem er í gangi víða um land og að hana verði hægt að styrkja og efla. Síðast en ekki síst höfum við verið með í undirbúningi átak sem hefur verið tengt nytjaskógrækt á bújörðum á Suðurlandi og hefur í vinnuheiti gengið undir orðunum Suðurlandsskógar. Þetta eru þau verkefni sem eru fram undan. Þetta eru þau verkefni sem verður unnið úr strax upp úr áramótum þegar við höfum fengið staðfest af fjárveitingavaldinu og hv. Alþingi hvaða fjármunir verða til ráðstöfunar og undirbúningur hefur sem sagt verið mikill og það eru öll gögn fyrirliggjandi til að vinna úr því.

Ég hef hugsað mér að verkefninu stjórni sérstök verkefnisstjórn þannig að þessir fjármunir fari ekki sérstaklega undir stofnanirnar óskilgreint heldur verði þeim haldið sér og með átakinu fylgist sérstök verkefnisstjórn sem fjalli um það hvernig fjármununum verði varið.

Ég held að þetta hafi verið þeir þættir sem hv. 4. þm. Austurl. spurði sérstaklega um í sambandi við þetta átak og tillöguna og sem hann beindi til mín. Ég vona að ég hafi gert þau skil á því sem ég get á þessari stundu án þess að eyða allt of miklum tíma í það.

Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, beindi líka til mín spurningum sem ég heyrði því miður ekki allar en hef haft afspurn af. Meðal annars að tryggt verði að fagnefndir þingsins eins og landbn. og umhvn. komi að þessu máli. Það er auðvitað alveg ljóst að þær munu gera það á sinn hátt þegar þingmál sem fylgja þessu átaki verða lögð hér fram. Ég nefni t.d. ef farið verður í Suðurlandsskógana svokölluðu þá verður það auðvitað gert með sérstöku þingmáli. Ég hef haft hugmyndir um að lagt verði fyrir frv. um það mál og samþykkt yrðu lög hliðstætt því sem er t.d. með Héraðsskógana. Um þá er sérstök löggjöf. Sama yrði með landgræðsluátakið að væntanlega yrði lögð fram till. til þál. um hvernig að því yrði staðið, þannig að nefndirnar koma auðvitað að því.

Síðan ræddu báðir þessir hv. þm. um þau átök sem þeim finnst og þeir telja að séu og kunni að vera uppi milli þessara tveggja ráðuneyta, landbrn. og umhvrn. Mér finnst að það mál, sem hér er til umræðu af hálfu þessara ágætu hv. þm. og þeir hafa beint til mín, sé þess eðlis að það sanni einmitt hvað þessi ráðuneyti eigi mikið sameiginlegt en ekki hvað mikið skarist milli þeirra eða að þar séu miklar andstæður. Ég hef ekki orðið mikið var við það. Ég hef hins vegar tekið undir það með hv. 4. þm. Austurl. sem oftsinnis hefur sagt að hann teldi að eðlilegt væri að umhvrh. hefði þann málaflokk. Ég væri ósköp feginn því í sjálfu sér að vera með eitt ráðuneyti en ekki tvö. Það fylgir því mikil vinna og mikið álag. Sérstaklega kannski það að hafa stundum á tilfinningunni að maður geti ekki fylgt eftir og sinnt þeim málaflokki sem manni er falið að vinna og stýra af þeim krafti, samviskusemi og þeirri yfirsýn sem ég tel að nauðsynlegt sé. Þannig að um það er ég sammála honum en hitt ekki að þar séu stöðugir hagsmunaárekstrar milli þessara málaflokka og erfitt sé að sitja beggja vegna borðs.

Allra seinast spurði hv. 8. þm. Reykv. um svokallað Hólasandsmál sem er til úrskurðar hjá umhvrh. og hvenær vænta mætti niðurstöðu í því máli. Það ætlaði ég að vera búinn að afgreiða í seinni hluta desembermánaðar en vegna anna sem ávallt fylgja þinghaldi á þessum tíma og störfum í ráðuneyti hefur ekki tekist að klára málið en frá því verður gengið skjótt eftir áramót. Ég á von á farsælli lausn í því máli sem ég vænti að bærileg sátt náist um án þess að ég geti gefið frekari skýrslu um það á Alþingi áður en úrskurður hefur verið kveðinn upp.

[18:23]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki meining mín að tefja umræðuna. Það er að verða áliðið þessa dags og styttist í þinghaldi fyrir jól. Þess vegna er það að sjálfsögðu ásetningur minn, eins og væntanlega fleiri hér á Alþingi, að verða ekki til þess að mál tefjist. Það eru hins vegar þrjár afgreiðslur hjá fjárln. sem mig langar til að minnast á með örfáum orðum. Þannig vill til að ég hef haft nokkur afskipti af þeim málum. Það má því ekki minna vera en ég komi aðeins á framfæri þakklæti til nefndarinnar fyrir þær tillögur sem fyrir liggja í þeim efnum.

Það fyrsta sem ég nefni er tillaga um viðbótarfjárveitingu til Byggðastofnunar upp á 14 millj. kr. Byggðastofnun var skorin niður við fjárlagagerð um 28 millj. og þarna kemur helmingur þeirrar upphæðar til baka. Það sem mér þykir reyndar mikilvægast er að þessi fjárveiting er sérstaklega tengd atvinnuráðgjafarstarfi á landsbyggðinni og sýnir með ótvíræðum hætti hvað sú starfsemi er að styrkja sig í áliti. Það er afar mikilvægt að viðbrögð sem þessi skuli koma fram.

Þá er næst um átakið í landgræðslu og skógrækt sem búið er að ræða æði mikið. Ég reyndar vitna í ummæli hæstv. landbrh. Það var mjög mikilvægt að það skyldi koma

fram að hann ætlaði að skýra þessi mál enn frekar í tveimur þingmálum, þ.e. frv. um væntanlega Suðurlandsskóga og síðan þá væntanlega þáltill. um landgræðsluverkefni. Þá kemur auðvitað að því að menn geti rætt um þessi málefni trúverðuglega.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að ekki er um að ræða nein straumhvörf í fjárveitingum til þessara stofnana. Við fljóta yfirferð sýnist mér að ekki muni verða mikill munur á fjárveitingu t.d. til Landgræðslunnar í lok þessa áratugar miðað við það sem var í upphafi hans ef verðlagshækkanir eru teknar með. Þannig að mér finnst mikil ástæða til að ekki séu allt of miklar væntingar í þessum efnum fyrr en menn hafa farið yfir málin sæmilega skýrt. Ég tel hins vegar afar mikilvægt ef tillaga kemur fram frá hæstv. landbrh. í sambandi við landgræðsluverkefnin, m.a. vegna þess að nú hafa menn fyrir sér skýrari mynd af því hvernig ástand jarðvegs og gróðurs er í landinu og hvernig hægt er að beita landgræðsluaðgerðum með sem skilvirkustum hætti.

Út af því sem kom fram hjá hv. 4. þm. Austurl. liggur reyndar fyrir að helstu rofsvæði landsins hafa verið skilgreind. Það hafa verið gerðar áætlanir um hvernig beri að haga landgræðsluaðgerðum og teknar hafa verið saman kostnaðaráætlanir um þau landgræðsluverkefni. Þannig að nú liggja fyrir miklu betri upplýsingar um þessi mál en áður.

Ég hlýt að fagna því líka sem hefur komið fram í umræðunni m.a. hjá formanni fjárln. um að leitast verði við að horfa til landsins alls þegar á þessi verkefni er litið. Meðal annars hefur verið talað um að um aukna atvinnu geti verið að ræða fyrir þá bændur sem búa á heppilegustu skógræktarsvæðunum en hafa misst umtalsverðan hluta af sinni lífsframfærslu vegna samdráttar í hefðbundnum búskap.

Í þessum efnum hefur verið gert nokkuð mikið úr áformum um aukna skjólbeltarækt í landinu. Þar finnst mér nú satt að segja gæta nokkurs tvískinnungs því að stuðningur við skjólbeltarækt er í lögum. Slíkur stuðningur er í jarðræktarlögunum og eftir þeim lögum hafa bændur landsins hagað sínum ræktunarmáta í sambandi við skjólbeltaræktun. En fyrir liggur að ekkert framlag til slíkrar ræktunar hefur verið innt af hendi sl. ár. Það skýtur þannig nokkuð skökku við að menn skuli núna vera að setja fram háleitar hugmyndir um þá ræktun sem menn hafa ekki sinnt að greiða framlög til sl. fimm ár. Það er alveg útilokað annað en þessi þáttur mála komi til umræðu og úrlausnar þegar málið kemur til frekari umræðu á Alþingi.

Ég tek auðvitað heils hugar undir að um er að ræða mikilvægt mál og góð áform. En ég endurtek það sem ég sagði áðan að það er eðlilegur kostur að málið verði skýrt til hlítar og þá fyrst geta menn metið hvaða rými fæst til þessara ræktunarmála fram yfir það sem verið hefur.

Að síðustu ætla ég að minna á eitt mál enn, sem er fjárveiting til Kvískerjastofu, eins og ég hef gjarnan kallað það. Það er talað um rannsóknir á umhverfi í Austur-Skaftafellssýslu, sem ég hlýt að fagna sérstaklega. Fyrrv. umhvrh. fól sérstökum hópi manna að vinna að þessu verki. Sú niðurstaða fékkst á sl. sumri og hér er komin framkvæmdafjárveiting sem er auðvitað staðfesting á því að þetta verkefni verði unnið á allra næstu árum.

Fyrir þær þrjár brtt., sem sú virðulega nefnd, fjárln., hefur lagt fram og ég hefi haft nokkur tengsl við, þakka ég hér við umræðu málsins. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu landbrh. að því er varðar átak í landgræðslu og skógrækt, að þau mál verði lögð fyrir þingið í vetur og þá gefst mönnum að sjálfsögðu kostur á að ræða þau í smærri atriðum. Ég hef lokið máli mínu, herra forseti.

[18:34]

Útbýting þingskjala:

Áhrif vísitöluhækkana á skuldir heimilanna, 109. mál, svar forsrh., þskj. 478.

Greiðsluerfiðleikalán, 138. mál, svar félmrh., þskj. 489.

Landsvirkjun, 175. mál, nál. 1. minni hluta iðnn., þskj. 467.

Lánsfjárlög 1997, 24. mál, þskj. 456.

Löggildingarstofa, 74. mál, frhnál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 494.

Réttindi sjúklinga, 260. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 492.

Tekjur og gjöld vatnsveitna, 204. mál, svar félmrh., þskj. 493.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 259. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 491.

[18:35]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Niðurstöðutölur fjárlagafrv. liggja fyrir við 3. umr. samkvæmt tillögu meiri hluta hv. fjárln. Þær eru þessar:

Tekjur 126,2 milljarðar og gjöld 126,08 milljarðar. Tekjuaukningin nemur 800 millj. kr. en tillögur meiri hluta nefndarinnar leiða til hækkunar á gjöldum sem nema um 1 milljarði og 50 millj. kr.

Herra forseti. Frá því í haust hafa líkur á álveri á Grundartanga aukist verulega. Einnig eru líkur á stækkun Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar og forstjóra hennar. Eingöngu álverið mundi leiða til 25% aukinnar fjárfestingar, bara sá liður. Þótt þessar líkur á auknum umsvifum komi ekki fram í fjárlögum nema að litlu leyti verðum við að vera við þessu búin. Það má segja með þeim orðum að ef góðærið kæmi okkur á óvart þá gæti það orðið hallæri. Það mundi væntanlega koma okkur einnig á óvart, svo ég þylji stöðugleikabænina fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson. (**HG:** Já, endilega að hafa hana yfir.) Án þess ég fari lengra nefni ég bara þá bæn að fara með að sígandi lukka gefist best. Hægt vaxandi bati hentar best eins og þegar vorið kemur yfir landið með batnandi tíð en ekki með gusugangi. Annars gæti líka fleira skolast til sem helst ekki má missa sig. Því er brýnt að fylgja aðhaldssamri stefnu í ríkisfjármálum til að stefna stöðugleikanum ekki í tvísýnu.

Hvað varðar alla þá umræðu sem varð um yfirvofandi niðurskurð á sjúkrahúsum á landsbyggðinni, þá komu aldrei fram tillögur sérskipaðrar nefndar um 160 millj. kr. niðurskurð og hvernig honum yrði skipt. Þess í stað er sparnaðarátakinu, sem leiðir af 160 millj. kr. hagræðingarkröfunni, dreift á þrjú ár og það sem mestu skiptir í því sambandi er að ekki verður farið í þetta mál út frá skrifborðum hér í grenndinni heldur verður litið til aðstæðna á hverjum stað og ekki dregið úr fjárveitingum og umsvifum nema í samráði við heimaaðila. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ekki sé eðlilegt að setja upp kjördæmastjórnir sjúkrahúsanna heldur leiti stjórnir þeirra leiða til meiri samvinnu með aukinni verkaskiptingu á milli sjúkrahúsanna og einnig þá með meiri sérhæfingu. Þannig tel ég að framtíð sjúkrahúsanna á landsbyggðinni felist að verulegu leyti í sérhæfingu hvers og eins þeirra á tilteknu fagsviði. Það mundi vafalaust einnig geta haft í för með sér að illræmdir biðlistar eftir aðgerðum heyrðu brátt sögunni til. Biðlistarnir löngu eru vissulega blettur á heilbrigðisþjónustunni og kerfinu í landinu og að

fólk þurfi að þjást mánuðum eða árum lengur en ástæða væri til. Þetta á ekki að eiga sér stað og er vissulega hægt að laga og verður að laga. Ágreiningur um leiðir má ekki tefja fyrir úrbótum.

Ég vil einnig gera að umtalsefni launaliði sýslumannsembættanna á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði, Keflavík og Hafnarfirði. Þess er þá helst að geta að framkvæmdanefnd um stofnun embættis ríkislögreglustjóra mun skila niðurstöðum sínum væntanlega í janúar og hinn 1. janúar kemur nýráðinn ríkislögreglustjóri til starfa. Hann mun fara yfir málin og þykir eðlilegt að hann sé með í þeim ráðum þegar kemur að mótun þessara embætta og tilflutningi. En sem kunnugt er urðu þau til við það að samkvæmt nýjum lögreglulögum var Rannsóknarlögregla ríkisins, RLR, lögð niður og skyldu stöður flytjast m.a. á ofangreinda staði. Hitt skal vera alveg ljóst að það er ekki skilningur meiri hluta hv. fjárln. að þær stöður við embættin séu settar í nokkra hættu. Meðal annars er ástæðan fyrir því að fjárln. hafnaði beiðnum af landsbyggðinni um stöður rannsóknarlögreglumanna við nokkur embætti þar sem vissulega voru færð gild rök fyrir því að brýn þörf væri fyrir. Þessar stöður rannsóknarlögreglumanna eru til þess og þær eru ekki settar í hættu né nokkrum dyrum lokað þótt þær séu nú fluttar á safnlið þar til endanlegar niðurstöður liggja fyrir. Þessi er einnig skilningur annarra í meiri hluta fjárln. Ef aðrar hugmyndir sem hafa komið fram í dag, og einkum hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, ættu við rök að styðjast, þá væru það að mínum dómi svik og þvert á það sem áður hefur verið talað og kemur ekki til mála.

Lögreglulögin sem taka gildi 1. júlí 1997 gera ráð fyrir þessum rannsóknarlögreglustöðum, þ.e. þessum stöðum rannsóknarlögreglumanna svo það komist nú rétt fram. Við erum ekki að ljá máls á að þær séu fluttar annað.

Herra forseti. Margt væri hægt að ræða um fjárlögin við 3. umr. áfram og vafalaust margir fleiri en ég mun ekki halda lengri tölu um þau. Ég vænti þess að þau verði að lokinni umræðu samþykkt og menn geti á næsta ári vel unað við þessi fjárlög.

[18:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla að hafa stutt mál um frv. ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og kannski fyrst og fremst vekja athygli á þeirri stefnumörkun sem lögð er með frv. Í því sambandi vil ég byrja á að vísa í athugasemdir sem fylgja lagafrv. þar sem stefna ríkisstjórnarinnar er reifuð. Þar kemur fram, m.a. varðandi skipulag í ríkisrekstri, að stefnt verður að því að gera svokallaða þjónustusamninga, það er stefnt að breyttu launakerfi og eins og segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta:

„Reynt verði eftir megni að skapa markaðsaðstæður í ríkisrekstri, t.d. með þróun innri markaðar og þjónustugjöldum. Gerðir verði samningar við einkaaðila um lögboðna þjónustu sem ríkið greiðir. Mikilvægt er að jafna aðstöðumun þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og gera arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækjanna."

Síðan segir nokkru síðar:

„Eftirlitsmælingar og beinar þjónusturannsóknir opinberra rannsóknastofnana verði markaðsvæddar með einkavæðingu og sölu þjónustu á raunvirði."

Ég velti því svolítið fyrir mér hvort og að hvaða marki þingmenn Framsfl. hafa komið að þeirri hugmyndafræðilegu vinnu sem hér er sett fram í athugasemdum með frv. til fjárlaga. Vegna þess að í frv. er boðuð mjög eindregin frjálshyggjustefna í ætt við það sem lærimóðir hæstv. fjmrh., Ruth Richardson, fyrrverandi fjármálaráðherra Nýja-Sjálands, boðaði okkur fyrir réttu ári. Þess vegna er mín spurning til form. fjárln., sem hér er í salnum, að hvaða marki Framsfl. hafi skrifað upp á þá frjálshyggjustefnu sem hér er sett á blað um markaðsvæðingu almannaþjónustunnar um að mikilvægt sé að jafna aðstöðumun þar sem ríkið stundar atvinnurekstur í samkeppni við einkaaðila og gera arðsemiskröfu til ríkisfyrirtækja. Er hér verið að tala um ríkisfyrirtæki almennt? Er verið að tala um sjúkrahúsin? Er verið að tala um skólana? Hvaða stofnanir erum við að tala um því hér er alhæft um almannaþjónustuna í heild sinni? En það vekur athygli mína á hve öfgafullum hægri sinnuðum frjálshyggjunótum þessi hugmyndafræði er sett fram.

Síðan vekur það líka athygli að varðandi starfsmannastefnu sem ríkið boðar þá segir að áfram verði unnið að frekari úrbótum á þessu sviði. Hvaða úrbætur er hér verið að tala um varðandi starfsmannastefnu ríkisins? Eða telja menn það hafa verið úrbætur sem var gert sl. vor í andstöðu við samtök opinberra starfsmanna hvað varðar allt vinnuumhverfi, hvað varðar lög um réttindi og skyldur? Það segir hér, með leyfi forseta:

„Starfsmenn fá aukna möguleika til að hækka í launum eftir hæfni og ábyrgð og sveigjanleiki vinnutíma er aukinn." Nú hafa samtök launafólks sett fram almennar kröfur um grunnkaupshækkanir, almennar grunnkaupshækkanir. En gegn vilja samtaka launafólks er hins vegar verið að reyna að koma á nýskipan í launakerfinu þar sem dregið verður úr vægi grunnlauna en á móti aukið vægi svokallaðs launaviðbits sem verði greitt á forsendum þeirra sem ráða stofnunum, á forsendum forstjóranna. Ég kom hingað fyrst og fremst upp til þess að vekja athygli á þessu og fá fram skýringar frá hæstv. formanni nefndarinnar um hvort hér sé verið að boða almennt stefnu ríkisstjórnarinnar allrar og hvort Framsfl. standi heilsteyptur að baki þessum tillögum.

Það sem mér finnst síðan vera áhyggjuefni í þessu frv., ekki síður en í því frv. sem við ræddum hér fyrir réttu ári, eru hinar víðtæku heimildir sem framkvæmdarvaldinu eru veittar til athafna án þess að gerð sé nægileg grein fyrir því hvað um er að ræða. Í 6. gr. frv., þar sem fjmrh. er veitt óútfyllt pólitísk ávísun, segir t.d., með leyfi forseta:

„Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1997, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárlaganefndar Alþingis."

Hér er fjmrh. fengin óútfyllt pólitísk ávísun í hendur. Hann á að fylla hana út í samráði við ríkisstjórn og fjárln. En getur það virkilega verið að til standi að leggja niður starfsemi ríkisstofnana án þess að það komi fyrir Alþingi og fái þar eðlilega umræðu?

Af öðrum þáttum sem tína mætti til í þessu frv. þar sem hinn rauði pólitíski þráður er einkavæðing og frjálshyggja þá vakti það sérstaka athygli mína að uppi skuli vera áform um einkavæðingu fangelsa, um útboð á Kvíabryggju. Og ég spyr hvort ríkisstjórnin og ríkisstjórnarmeirihlutinn standi virkilega einhuga að baki þessari tillögu. Ég veit að menn hafa sums staðar farið út á þessa braut, í Bretlandi Margrétar Thatcher og í Hollandi, að einkavæða fangelsi með hörmulegum afleiðingum. Og ég spyr hvort að það sé ekki svo í fangelsum hér að fólk sinni margvíslegum störfum, þ.e.

þeir sem eru þar í gæslu, og hvort það verði þá á ábyrgð einkarekins fyrirtækis. Er verið að fá einkareknu fyrirtæki fanga í hendur til starfa? Hvað er eiginlega á ferðinni? Að það eigi að kanna útboð á fangelsum? Ég vildi fá nánari skýringu á því hvað hér er átt við.

Við höfum rætt það í tengslum við önnur lög, bandorminn svokallaða, hve hæstv. heilbrrh. eru fengnar umfangsmiklar heimildir til skipulagsbreytinga í heilbrigðiskerfinu og hafa margir þingmenn gert þær að umræðuefni. Ég ætla ekki að tíunda það. Það eru uppi svipaðir hlutir í athugasemdum og stefnumörkun sem fylgir þessu frv. til fjárlaga. Það væri hægt að fara mörgum orðum um frv. Það hefur verið gert í dag og á eftir að gera af hálfu annarra þingmanna. En almennt varðandi þessa pólitísku stefnumörkun og þau atriði sem ég vék að sérstaklega þætti mér vænt um að heyra skýringar hv. form. fjárln.

[18:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 17. þm. Reykv. kom inn á nokkur atriði varðandi þá stefnumörkun sem fram kemur í athugasemdum fjárlagafrv. og spyr um afstöðu Framsfl. til hennar. Ég vil svara í því sambandi að frv. er vissulega lagt fram af fjmrh. Það er frv. ríkisstjórnarinnar og framlagning þess hefur verið samþykkt í stjórnarflokkunum. Hins vegar er sú greinargerð sem fylgir frv. og orðalag hennar á ábyrgð fjmrn. Markaðsvæðing almannaþjónustu, arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja. Það er minn skilningur á þessu að þarna sé átt við ríkisfyrirtæki sem eru í rekstri eins og t.d. bankarnir. Ekki sé átt þarna við skóla eða heilbrigðisþjónustu sérstaklega. Og starfsmannastefna ríkisins hefur komið fram í þeim frv. sem flutt hafa verið um þau mál og ég ætla ekki að fara, og allra síst í andsvari, að rekja. 6. greinar heimildin, sú heimild sem hv. þm. nefndi, hefur verið þrengd og einmitt til þess að hún komi til kasta þingnefndar og þá væntanlega til umræðu í Alþingi, það er a.m.k. minn skilningur, ef hún kæmi til fjárln.

[18:55]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. form. fjárln. fyrir þessar skýringar. Sérstaklega finnst mér gott að heyra að ákveðið skuli hafa verið að þrengja þessar heimildir 6. gr. En mér finnst enn áhyggjuefni sú harða hægri sinnaða peningafrjálshyggja sem hér er boðuð. Og ég er nú ekki alveg sannfærður um það, þrátt fyrir orð hv. form. fjárln., að ekki sé átt við skólana þegar sagt er, með leyfi forseta:

„Reynt verði eftir megni að skapa markaðsaðstæður í ríkisrekstri, t.d. með þróun innri markaðar og þjónustugjöldum. Gerðir verði samningar við einkaaðila um lögboðna þjónustu sem ríkið greiðir."

Í tillögum ríkisstjórnarinnar er verið að festa þjónustugjöld í sessi. Það er verið að festa gjöld á nemendur í sessi. Það er verið að festa t.d. fallskattinn í sessi, en hann er þjónustugjald sem einstaklingar eiga að greiða sem falla á prófum eða þurfa að endurinnrita sig í námskeið. Og þetta er stefnan í almannaþjónustunni almennt. Þannig að það er ekki rétt að ekki sé verið að innleiða þessa peningafrjálshyggju í almannaþjónustuna og ég óttast, ef ekki verður horfið af þessari braut, að þá förum við að líkjast óþægilega mikið hinu fyrirheitna landi, Nýja-Sjálandi, hinu fyrirheitna landi nýfrjálshyggjunnar.

[18:57]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi útboð á þjónustu og þjónustusamninga þá vil ég ekki útiloka, þó ég sé ekki með skólana í því sambandi, að skynsamlegt sé fyrir ríkið að skilgreina þjónustu og fá aðra aðila til að annast hana fyrir sig undir ákveðnum formerkjum ef þar er vel skilgreint til hvers er ætlast og þá skilgreint hvaða þjónusta er ætlast til að sé veitt. Mér finnst ekkert á móti því að skoða slíkar leiðir þó að ég sé ekkert á því að ganga eftir öllum hugmyndum í þeim efnum en ég útiloka slíkt ekki neitt. Ég vil ekkert um það segja á þessu stigi hvort það er skynsamlegt að bjóða út fangelsi enda segir aðeins þarna að það eigi að athuga slíka möguleika. Hins vegar er ég ekki búinn að sjá neinar niðurstöður af slíkum athugunum og vil ekki slá neinu föstu um slíkt og ég er alveg sammála hv. 17. þm. Reykv. um að fangelsi eru auðvitað viðkvæmar stofnanir. Það verður að vera mjög vel um hnútana búið ef slíkt ætti að ganga upp en mér finnst að það eigi nú ekki að útiloka skoðun á slíkum hlutum. Ég er sammála því að það eigi að kanna leiðirnar í þessum efnum en ég er ekki búinn að skrifa undir endanlegar tillögur í þessu, langt frá því.

[18:59]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja, hæstv. forseti, að mér finnst hv. form. fjárln. vera að segja okkur mikil tíðindi. Þingmaður Framsfl. útilokar ekki að það kunni að vera skynsamlegt að einkavæða fangelsi. Hann tekur það að vísu fram að hér sé um viðkvæman rekstur að ræða en hann útilokar ekki að það kunni að vera rétt að einkavæða fangelsin. Og hann útilokar ekki að það kunni að vera rétt að fara lengra inn á þessa braut með aðra þætti almannaþjónustunnar. Mér finnst að um þessi efni þurfum við að taka góða pólitíska umræðu vegna þess að hér er verið að takast á um grundvallarstefnu. Og ef menn ætla að fylgja hægri sinnuðum frjálshyggjumönnum svona áfram í blindni og segja sífellt þetta: Ég útiloka ekki neitt, við skulum bara sjá til o.s.frv., þá verður þessi stefna að sjálfsögðu ríkjandi. En ég hefði haldið að kjósendur Framsfl. almennt hefðu ætlast til annars af sínum flokki sem bauð fram undir allt öðrum merkjum en öfgafullri nýfrjálshyggju. Mér finnst þetta sannast sagna mjög alvarleg tíðindi sem eru boðuð af hv. formanni fjárln. Hann útilokar ekki að það kunni að vera skynsamlegt að einkavæða fangelsin. Mér finnst þetta mikil tíðindi og mér finnst þetta kalla á mikla umræðu áður en langt um líður.

[19:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur verið spurður nokkuð um framhald þingstarfa á næstunni. Með hliðsjón af því hverjir tveir eru eftir á mælendaskrá, sem báðir eru stuttorðir og gagnorðir þingmenn, þá reiknar forseti með að fyrir verði tekið að lokinni umræðunni um fjárlög svokallaðir síldarsamningar og atkvæðagreiðslur gætu hugsanlega orðið um klukkan hálfníu í kvöld. Að þeim loknum yrði settur nýr fundur.

[19:02]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Í tilefni þeirra orða sem féllu af forsetastóli fyrir örfáum sekúndum, þá vil ég þakka fyrir þá yfirlýsingu hæstv. forseta að ég sé gagnorður og stuttorður og auðvitað vil ég reyna að hafa sem best samstarf við þann ágæta forseta

sem nú ræður í þingsölum. En hitt er auðvitað það að umræðan hefur, herra forseti, staðið mjög lengi dags og margt fróðlegt komið fram, ekki hvað síst í þeim síðustu ræðum sem hafa verið haldnar, þannig að ég held að á þessum tímapunkti dags sé engu hægt að lofa um að hér verði haldnar stuttar ræður þó að menn reyni að sönnu að vera gagnorðir.

Herra forseti. Nauðsynlegt er að taka hér ýmis mál og brjóta þau kyrfilega til mergjar. Ég held að sú umræða sem spannst áðan milli hv. þm. Ögmundar Jónassonar og hv. formanns fjárln. kalli á það að menn spyrji rækilega út í tiltekna hluti. Ég er í sjálfu sér ekki mikill áhugamaður um þær fangabúðir sem Framsfl. hyggst einkavæða á næstunni en tek undir það með hv. þm. að það var allt annar skilningur sem menn lögðu í kjörorð Framsfl. — fólk í fyrirrúmi. Mér sýnist á þessu að þá eigi fangarnir að vera í fyrirrúmi og ætli hv. þm. Jón Kristjánsson endi ekki á því að fara fyrir þeim sem vilja helst bara opna fangelsin. Það er út af fyrir sig ágæt skoðun. Ég minni á að hv. þm. tilheyrir þeim flokki sem líka ól af sér einn skeleggasta fangelsismálaráðherra þessarar aldar, hv. fyrrv. kollega, Jónas frá Hriflu.

Það er ýmislegt sem þessu tengist sem ég vildi gjarnan fá að ræða við hv. formann fjárln. sem hér er til andsvara af hálfu stjórnarliðsins. Ég get auðvitað ekki annað en tekið undir þau varnaðarorð sem hv. þm. Ögmundur Jónasson lætur sér um munn fara þegar hann er að rekja efni 6. gr. frv. sem hér er undir. Mig rekur sjálfan í rogastans að sjá ákveðin tiltekin ákvæði. Ég hef ekki verið að tefja þingstörf með því að halda langar ræður um fjárlög. Þetta er fyrsta ræðan sem ég held. En ég verð að segja að með engu móti er hægt að fella sig við það að hér renni umyrða- og umræðulítið í gegn ákvæði á borð við þetta sem er á bls. 227 í frv. til fjárlaga og hljóðar svo, með góðu leyfi hæstv. forseta:

„5.5. Að fella niður eða fresta greiðslum úr ríkissjóði á árinu 1997, m.a. með því að leggja niður tímabundið eða til lengri tíma starfsemi ríkisstofnana, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og fjárln. Alþingis."

Ja, sér er nú hver lýðræðisástin. Er það virkilega þannig að í hverju málinu á fætur öðru ætli hæstv. ríkisstjórn að koma sér hjá að ræða við kjörna fulltrúa fólksins í landinu um afdrifaríkar ákvarðanir. Ég vísa til þess að í gær stóð mikil og hörð umræða um heilbrigðismál. Hvað ræddu menn þar? Stjórnarandstaðan átaldi harðlega valdaframsal sem gert var ráð fyrir að hæstv. heilbrrh. stæði fyrir. Það var ekki bara stjórnarandstaðan sem gagnrýndi þetta heldur eini stjórnarliðinn úr hv. heilbr.- og trn. sem tók til máls. Hann tók enn harðar undir en flestir þeir sem töluðu úr liði stjórnarandstöðunnar í þeirri gagnrýni á ákvæðið. Og hér blasir það líka við að leyfa á ríkisstjórninni að taka við ríkisstjórnarborðið ákvarðanir um að leggja niður starfsemi ríkisstofnana. Hvað felst í þessu, herra forseti? Hvaða skýringu getur hv. þm., formaður fjárln., Jón Kristjánsson, gefið mér á þessu? Felur þetta í sér að hægt sé með einni ákvörðun í ríkisstjórninni að leggja niður starfsemi heilla ríkisstofnana? Ég vek eftirtekt á því að samkvæmt þessari tillögu á ekki að ræða þetta við Alþingi Íslendinga. Það á einungis að fara með þetta inn í fjárln. Alþingis.

Ég hjó hins vegar eftir því að sá mæti maður sem stýrir störfum hv. fjárln., hv. þm. Jón Kristjánsson, orðaði það svo, að hann teldi að ef til slíkra ákvarðana kæmi yrðu þær bornar undir þingið. Það var hv. þm. Jón Kristjánsson sem orðaði það svo: „Það er minn skilningur að ef slíkar ákvarðanir koma til umræðu í fjárlaganefnd Alþingis, þá eru þær líka teknar til umræðu í þinginu."

Ég get ekki túlkað þessi orð öðruvísi en svo, að sá sem fer fyrir stjórnarliðinu í þessari umræðu sé að lýsa því yfir að engar slíkar ákvarðanir verði teknar nema að undangenginni umræðu. Og ef þetta er rangur skilningur hjá mér þá vænti ég þess að hv. þm., formaður fjárln., komi hér upp og geri skýra grein fyrir því. Ef hann gerir það ekki verð ég að líta svo á að í þessu felist að slíkar ákvarðanir sem ríkisstjórnin tekur við sitt borð verði ekki framkvæmdar, verði ekki fullnustaðar fyrr en Alþingi hefur fengið tóm til að ræða þær. Í trausti þess að það sé skilningur hv. formanns fjárl. þá ætla ég ekki að ræða þetta tiltekna atriði lengur þó að það sé sannarlega efni til langrar umræðu.

Herra forseti. Eitt af því sem hefur vakið athygli í umræðunni, eitt af því sem er sérstakt við hana, eitt af því sem er öðruvísi en í fyrri fjárlagaumræðum síðustu ára eru þær atlögur sem tilteknir þingmenn í liði stjórnarinnar hafa gert að þeim meiri hluta sem fer með völd í Reykjavík. Hér hefur aftur og aftur á síðustu dögum og síðustu vikum úr þessum stóli verið farið mjög gagnrýnum orðum um störf meiri hlutans í Reykjavíkurborg. Og látið er að því liggja að þau störf kunni að eiga sök á mikilli þenslu í þjóðfélaginu. Það er óhjákvæmilegt, herra forseti, að fara nokkrum orðum um þetta. Ég er hér að ræða um þau orð sem hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur aftur og aftur haft uppi í þingsölum. Hann hefur haldið því fram að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem nú er til umræðu í borginni, muni leiða til þess að hér verði þensla og verðbólga í samfélaginu. Ég get ekki annað en gagnrýnt þetta harðlega. Ég verð líka að benda á það að þegar stjórnarliðið vill koma svona athugasemdum á framfæri við sveitarfélögin þá er sérstakur samráðsvettvangur milli ríkisins og þeirra, sem er beinlínis gerður til að koma slíkum hugmyndum og slíkum aðfinnslum á framfæri.

Spádómar Þjóðhagsstofnunar um mikla þenslu á næstu árum kunna að vera á rökum reistir. Við skulum vona að það verði af þeim álversframkvæmdum á Grundartanga og þeim virkjunarframkvæmdum sem þeim tengjast, sem menn hafa verið að ræða um á síðustu missirum. En þó að góðar vonir liggi til þess þá hafa engar ákvarðanir um það verið teknar enn þá. Þess vegna er ekki hægt að tala um að sérstök þenslan sé hafin á Reykjavíkursvæðinu. Hvar mundi hún koma fram? Hún mundi koma fram á markaðnum sjálfum. Hún mundi t.d. koma fram á útboðsmarkaði í Reykjavík. Það vill svo til að hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem ég hef hrósað í ræðum mínum fyrr í dag, ef til vill umfram það sem hann verðskuldar, ég skal ekkert um það segja, en hann er mjög vel heima í öllu því sem tengist rekstri sveitarfélaga. Hann veit t.d. að ef það væri þannig að þensla væri hafin að einhverju marki, ef það væri kominn vísir að henni mundi það koma fram í þeim útboðum sem borgin hefur staðið fyrir á allra síðustu mánuðum. En það hefur ekki komið fram í þeim, það er alveg klárt.

Ég vil líka, svo allrar sanngirni sé gætt á öllum hliðum þessa máls, láta það koma fram að í bréfi, sem borgarstjóri og fyrrv. kollegi okkar úr þessum sölum, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, skrifaði þingmönnum Reykjavíkur kemur fram að ef ber á því að framkvæmdir borgarinnar séu líklegar til að auka þenslu á svæðinu, þá muni Reykjavíkurborg endurskoða framkvæmdaáætlun sína. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Komi hið gagnstæða í ljós þegar líða tekur á næsta

ár er sjálfgefið að Reykjavíkurborg mun endurskoða framkvæmdaáætlanir sínar."

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hv. þm. Sturla Böðvarsson geri sér skýra grein fyrir og ég vænti þess, jafnskynugur og sá ágæti þingmaður er, að þetta verði til þess að hann muni hugsa sig um tvisvar næst þegar hann ætlar að leggja í þann ágæta meiri hluta sem stýrir Reykjavíkurborg, vegna þess að ég veit að þó að hann tilheyri stjórnarliðinu er hann í eðli sínu sanngjarn maður eins og hann á kyn til.

En ég hlýt líka að gagnrýna það að þó að hv. þm. og varaformaður fjárln. hafi ekki beinlínis notað þessi orð sín og umvandanir við meiri hlutann í Reykjavík til að réttlæta niðurskurð á Reykjavíkursvæðinu, þá hefur það eigi að síður verið gert af hálfu stjórnarliðsins. Og ekki er hægt annað en gagnrýna mjög harðlega hvernig fjárln. og stjórnarliðið hyggst standa að samdrætti til að mynda í vegaframkvæmdum. Það er alveg ljóst að þeir hafa nú ákveðið að draga saman og skera niður vegaframkvæmdir sem nema 240 millj. kr. og langstærsti hluti þess er á Reykjavíkursvæðinu. Auðvitað var það svo að undanfari þessa mikla niðurskurðar á Reykjavíkursvæðinu var það plógfar sem hv. þm. Sturla Böðvarsson dró í hinum pólitíska jarðvegi. Hann var að undirbyggja þann niðurskurð með því að halda því fram að framkvæmdir Reykjavíkurborgar væru að skapa einhverja sérstaka þenslu á Reykjavíkursvæðinu og þess vegna gæti stjórnarliðið dregið miklu meira úr vegaframkvæmdum á suðvesturhorninu en annars staðar. Ég viðurkenni að þetta er pólitísk hugsun. Þetta kunna að vera klókindi en þetta er bara ekki rétt. Það ber ekkert á þenslu á suðvesturhorninu. Ef svo væri, herra forseti, mundum við ekki sjá þess stað til að mynda í atvinnuleysistölum? Ég hygg það. Sjáum við þess stað í atvinnuleysistölum? Nei, því miður. Atvinnuleysi er ekkert að minnka hér. Getum við ekki orðið sammála um að ef það væri að minnka, þá mundi draga úr atvinnuleysinu? Og eigum við ekki að spara okkur stóru orðin þangað til það kemur í ljós? Ég vek sérstaka eftirtekt á því að ég hef vandað hér um við hv. þm. Sturlu Böðvarsson. Ég hef ekki sagt að hann hafi verið með árásir en ég hef sagt að hann hafi verið með umvandanir sem stappa nærri tilhæfulitlum atlögum að ég hygg.

Það sem er auðvitað enn verra að því er mér finnst er hvernig þeim sparnaði í vegaframkvæmdum í Reykjavík er varið. Það er verið að fresta framkvæmdum sem eru afskaplega mikilvægar í Ártúnsbrekku, sem hv. varaformaður fjárln. notar í hvert einasta skipti eða flest skipti sem hann ekur bifreið sinni til og frá sínu kjördæmi og hingað að borginni. Það er verið að fresta sérstaklega hér um 108 millj. kr., í Mosfellsbæ um 69 millj. kr. Þetta er langstærsti hluti niðurskurðarins. Hvað á að gera við þetta, herra forseti? Því er ekki skynsamlega varið tel ég. Og ég held að það sé ekki réttsýni sem ræður þessu. Ég get ekki fallist á það. Þessum peningum er varið í að lækka skuldir flóabáta. Mér finnst þetta röng aðferð og mér finnst ekki hægt að nauðsynlegum framkvæmdum á suðvesturhorninu, í höfuðborginni sé frestað til að lækka skuldir flóabáta. Úr því vandamáli verður hv. fjárln. að ráða með öðru móti.

Það er ýmislegt gott að finna í fjárlagafrv. og margt ber að lofa þar. Ég tek undir með þeim sem segja að merkilegt sé miðað við umræður seinni ára um menningarmál að enginn skuli a.m.k. taka fram að lofsvert sé hjá fjárln. og hjá hæstv. ríkisstjórn að hafa hækkað framlög til þjóðþrifastarfsemi á borð við Kvikmyndasjóð. Framlögin eru hækkuð um 25 millj. og það ber að lofa. Ég er þakklátur fyrir það. Mér finnst það líka vera gott hjá stjórnarliðinu að hækka framlög til Þjóðarbókhlöðunnar. Þau hækka um 27 millj. á þessu ári, 15 millj. er varið til aukins rekstrar, 12 millj. er varið til að hækka þann lið sem fer til ritkaupa. Þetta er allt saman mjög gott. En við megum ekki gleyma því samt sem áður að þarna er að finna arfleifðina og við höfum meiri skyldur gagnvart henni en flestu öðru í þjóðfélaginu. Það er ekki nóg að reisa falleg og vel byggð hús í kringum arfleifðina ef arfleifðin sjálf grotnar niður innan veggjanna. Það er nákvæmlega það sem liggur fyrir núna. Það hefur komið fram hjá þeim mönnum sem helst þekkja þetta mál að menningararfleifð Íslendinga liggur undir skemmdum, sér í lagi sá hluti hennar sem er varðveittur í Þjóðarbókhlöðunni, í handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Þar er að finna pappírshandrit frá síðari öldum sem eru vegna breytinga á tækni miður gerð en eldri pappírshandrit. Það er daufara blek og endingarminni pappír. Þessi skjöl liggja undir skemmdum. Hæstv. menntmrh. hlustaði á ræður um þetta í gær, lét sér að vísu ekki fátt um finnast. Hann tók fram að hann hefði áhyggjur af málinu. En hvað er gert í málinu? Það er ekkert gert. Eigi að síður held ég að það væri gríðarlega góð fjárfesting sem að vísu væri erfitt að mæla í krónum og aurum ef fjármagn væri sett í það að manna þá fullbúnu viðgerðarstofu sem er að finna í þessari stofnun. Það liggur fyrir að þar er fullbúin stofa með tækjum. Tækniþekkingin er væntanlega fyrir hendi en það vantar mannaflann og ég gagnrýni þetta. En ég geri það af góðum huga og vænti þess að þeir sem fara með völdin í þessu þingi sjái að sér a.m.k. þegar líður fram á næsta ár. Þessi pappírshandrit hafa legið í misgóðum geymslum öldum saman og ég ætla ekki að þau grotni niður á þessu eina ári þó að þarna hafi skynugum hv. þm. fjárln. úr stjórnarliðinu skjöplast talsvert.

Herra forseti. Mér finnst ýmislegt í frv. orka tvímælis og það er eitt sem ég vil sérstaklega ræða vegna forsögu minnar og ýmissa hv. þingmanna stjórnarliðsins í því máli. Það er Sementsverksmiðjan á Akranesi. Ég stýrði því máli í gegnum þingið, ég held 1992, sem páv. formaður hv. iðnn. þegar Sementsverksmiðjan var gerð að hlutafélagi. Ég lýsti því þá yfir úr þessum stóli að ég mundi ekki taka þátt í að selja þau hlutabréf. Það voru ýmsir sem gerðu það aðrir úr stjórnarliðinu. Ég man ekki betur en ágætur félagi hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, hafi lýst því nákvæmlega sama yfir. Auðvitað er alltaf hægt að endurskoða ákvarðanir. Það geta alltaf komið nýjar forsendur sem gera það að verkum að það sé í lagi og réttlætanlegt. Hverjar eru nýju forsendurnar þarna? Þær eru þær, að einhverjir strákar úti í bæ, sem eru í nefnd, sem hefur verið starfandi árum saman og heitir einkavæðingarnefnd, eru þeirrar skoðunar að mjög nauðsynlegt sé að einkavæða sem flesta hluti. Og ég tek undir þau orð sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði í umræðunni um Sementsverksmiðjauna. Ríkisvaldið þarf að hafa farveg, opnar leiðir til að geta einkavætt ef þess þarf.

Hvaða nauður rekur okkur til að selja fjórðungshlut í Sementsverksmiðjunni hf.? Það hafa engin svör komið við því. Það væri t.d. hægt að hugsa sér að þingmenn á borð við mig og hv. þm. Guðjón Guðmundsson gætu freistast til að breyta fyrri ákvörðun sinni ef nauðsynlegt væri talið fyrir líf verksmiðjunnar eða væri talið treysta undirstöðu verksmiðjunnar. En er það svo í þessu tilviki? Nei. Það er ekki þannig til að mynda að einhver fjárfestir, t.d. fyrirtæki með tækniþekkingu og hugvit, með annan markaðsaðgang, með

öðruvísi vöruþróunarþekkingu sem bíður við múrvegginn eftir því að fá að kaupa hlut til að ávaxta sitt fé þar. Nei, það er enginn slíkur. Það er alls ekki verið að reyna að afla nýrrar þekkingar eða nýs fjármagns inn í fyrirtækið. Fjármagnið sem á að fást fyrir þessa sölu á að renna til að uppfylla einhvern lið í fjárlagafrv. sem varð til með skrifborðsvinnu einhverra drengja uppi í fjmrn. Það var ekkert sérstakt sem lá þarna að baki. Það hefur meira að segja verið sagt að bjóða eigi starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar að kaupa þennan fjórðugshlut, menn sem eru með árstekjur á bilinu frá milljón upp í 1,5 millj. eða eitthvað svoleiðis. Hverjum dettur í hug að þessir menn í fyrsta lagi hafi fjárhagslegt bolmagn til að kaupa hlutinn og hvers vegna ættu þeir að gera það? Hvað er það sem ætti að vaka fyrir þeim? Er það arðsvonin? Ég dreg það í efa, herra forseti.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það eigi að vera prinsipp varðandi einkavæðingu, að menn eigi ekki að einkavæða fyrirtæki sem búa við einokun. Nú má auðvitað halda því fram að þetta tiltekna fyrirtæki búi ekki við einokun vegna þess að það er frelsi í þessum geira atvinnulífsins. En við héldum því a.m.k. fram þá, 1992, að fjarlægðarverndin skapaði einokunarstöðu fyrir þessa verksmiðju og nú hygg ég að allir hv. þm. séu svo vel að sér í landrekskenningunni að þeir viti að sú fjarlægð hefur ekkert breyst síðan 1992, ekki nema um einn sentimetra á ári ef jarðfræðin segir rétt frá.

Ég vil gagnrýna þessa aðferð. Ég er ekkert á móti einkavæðingu en mér finnst að þetta sé plataðferð og það sé ekkert sérstakt markmið þarna. Það er bara verið að einkavæða einkavæðingarinnar vegna. Ég er á móti því.

Það sem ég vildi auðvitað ræða hér, herra forseti, í nokkuð ítarlegu en ekki mjög löngu máli, eru heilbrigðismálin. Hér hafa harðastar umræður spunnist um heilbrigðismál þegar ríkisfjármálin hafa verið annars vegar. Við erum nýbúin að setja lög um bandorm ríkisstjórnarinnar þar sem fjölmargar ráðstafanir voru samþykktar til þess að ríkisstjórnin næði þeim markmiðum sem hún hafði sett sér við fjárlagagerðina. Það er hið besta mál. Ríkisstjórn hverju sinni á að ná fram slíkum markmiðum. Í því tilviki sem ég er að ræða hér, heilbrigðismálin, voru markmiðin ljós en aðferðirnar voru mjög óljósar. Og þær aðferðir sem við samþykktum hér í gær voru mjög skrýtnar og það var ekki hægt eftir langa umræðu að draga fram rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að það þyrfti nákvæmlega að fara í þessar aðgerðir til þess að ná fram þeim sparnaði sem hafi verið áætlaður. Einn hv. stjórnarliði gagnrýndi t.d. málsmeðferðina mjög harkalega.

En eitt er þó alveg ljóst. 19. gr. þess frv. sem við samþykktum í gær laut að mjög víðtæku framsali á valdi til hæstv. heilbrrh. til að hún geti sameinað til að mynda sjúkrastofnanir í eigu ríkisins. Það kom fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þetta væri nauðsynlegt til þess að ná fram þeim 160 millj. kr. sparnaði sem frv., sem við erum að ræða hér, gerði ráð fyrir að næðist í sjúkrahúsum í dreifbýlinu. Þetta var gagnrýnt harkalegast af stjórnarandstöðunni. Hvers vegna? Vegna þess að enginn dauðlegur maður gat upplýst hvernig ætti að ná þessum sparnaði, enginn. Þess vegna gerðist það auðvitað að þegar fjárln. fór yfir málið og þeir ágætu verkmenn sem þar sitja og stýra vinnu, þá komust þeir að því að það væri ekki hægt að ná þessum 160 millj. kr. sparnaði. Það var skýrt í talsvert ítarlegu máli sem ég hlýddi á hér í dag af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni og hv. þm. Hjálmar Jónsson drap á það líka. Þess vegna fóru menn þá leið að dreifa þessum sparnaði yfir á þrjú ár. Á komandi fjárlagaári á að ná fram 60 millj. kr. sparnaði. Hvernig? Hv. þm. Jón Kristjánsson getur e.t.v. komið hér á eftir og skýrt það fyrir mér.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson var hissa á því, eða ég skildi hann þannig eftir andsvör okkar í dag, hann var hissa á því að heilbr.- og trn. hefði ekki gengið fastar eftir því að fá upplýsingar um hvernig átti að ná fram þessum sparnaði. Ég get fullvissað hv. þm. um að það er sennilega fátt sem nefndin lagði jafnmikla vinnu í og einmitt það verk að reyna að draga fram þessar upplýsingar. Þær fengust ekki. Við urðum fyrir nákvæmlega sömu reynslu og hv. fjárln. sem fékk þær ekki heldur. Það var þess vegna sem hún tók þá skynsamlegu ákvörðun að gera ekki ráð fyrir því að þessi sparnaður næðist.

Ég spurði hv. þm. Sturlu Böðvarsson að því hvernig eigi að ná þessum 60 millj. kr. sparnaði. Hann gat ekki svarað því. Hann ræddi að vísu nokkuð um að hann teldi að það væri hægt að ná sparnaði og hagræðingu með því að sameina heilsugæslustöðvar og sameina þær við spítala. Ég er ekki sannfærður um það. Það getur vel verið. Ég er ekki alveg viss um að það sé mjög mikill sparnaður sem þar næst.

Við megum heldur ekki gleyma því að flest þessara sjúkrahúsa draga á eftir sér dálítinn skuldaslóða, bara talsverðan á þeirra mælikvarða og ég held þess vegna að þetta verði mjög erfitt mál. Ég heyrði á máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar að hann var með svolítið aðrar pælingar en hv. þm. Sturla Böðvarsson. Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði að það væri nauðsynlegt að sérhæfa þessi landsbyggðarsjúkrahús. Hvað þýðir það? Ætlum við þá að koma upp sérhæfðum sjúkrahúsum vítt og breitt um landsbyggðina? Það getur vel verið að það sé skynsamlegt og eftir því sem hann sagði, þá væri hægt að ráðast á biðlistana og minnka þá. Það er líka skynsamleg hugsun. Þá þýðir það væntanlega að á landsbyggðinni á að setja upp sjúkrahús með fullbúnum skurðstofum sem eiga að ráðast í tilteknar skurðaðgerðir, bæklunaraðgerðir. Hefur þetta verið skoðað í fjárln.? Ég spyr vegna þess að ég fékk ekki þessar upplýsingar hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni þegar ég gekk eftir því hvernig hann teldi að þessum sparnaði mundi náð. Af því að hann er ærlegur maður, þá svaraði hann því líka til að þetta hefði aldrei verið kynnt fyrir fjárln., heldur bara fyrir meiri hlutanum. Og ég spyr hv. þm. Jón Kristjánsson, hann stýrir þessu verki og hefur hlotið hér nokkurt lof af mínum vörum: Eru það boðleg vinnubrögð í jafnumdeildu máli sem hefur rist hvað dýpst í átökum stjórnar og stjórnarandstöðu á þessum síðustu dögum að minni hlutanum séu ekki kynntar slíkar hugmyndir? Eru það boðleg viðbrögð, hv. formaður fjárln., að formaður heilbrn. þurfi að standa hérna dag eftir dag og rífa sig niður í rass til þess að fá þær upplýsingar sem hann hefur lögboðinn rétt til þess að fá? Er það rétt? Hefði það ekki verið miklu æskilegra að menn hefðu getað lagt þetta fyrir fagnefndina vegna þess að hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði með fullum rétti: Hvar eru hugmyndir heilbr.- og trn. sem er fagnefndin? Hvar eru þær? Við höfðum að sjálfsögðu engan fund til þess að ræða málið vegna þess að við fengum engar upplýsingar. Einu upplýsingarnar sem við fengum voru þær að það hefði ekki einu sinni verið haft lögbundið samráð við Landssamband sjúkrahúsa. Og nú skal ég segja ykkur það, ágætu herramenn, að í lögum um heilbrigðisþjónustu segir að ákvarðanir sem teknar eru um starfsumhverfi sjúkrahúsanna megi ekki taka nema eftir þetta samráð. Þetta stendur í lögunum. Það er að vísu búið að breyta þessum lögum, það var gert í gær. En fram að því bar stjórnarliðinu skylda til

þess að gera það, en gerði það ekki. Hvers vegna? Vegna þess að vinnubrögðin í þessu tiltekna máli eru afkáraleg og þau eru afleit.

Ég ætla ekki að inna hv. stjórnarliða í fjárln. eftir skoðun þeirra á þessum vinnubrögðum vegna þess að ég veit að þeir geta ekki komið hér upp eðli máls samkvæmt og lýst þeim, en þeir hafa gert það í verkum sínum vegna þess að þeir drógu úr þessum sparnaði. Og þeir hafa sagt það hér í umræðunum í dag að þeir vita ekki hvernig á að ná fram þessum sparnaði.

Ég dreg þetta fram hér, hæstv. forseti, vegna þess að ég er búinn að gagnrýna vinnubrögðin varðandi þetta tiltekna atriði fjárlaganna aftur og aftur í umræðum hér í þinginu. Þetta er lokapunkturinn í þeim umræðum og mér þykir vænt um það að hjá stjórnarliðunum í fjárln. hefur það í rauninni komið fram að þeir eru mér sammála. Ég veit að þeir munu ekki koma hér upp og staðfesta það hér á eftir en þeir höfðu þó manndóm í sér til þess að segja það hreint út: Það er ekki hægt að ná þessum 160 millj. kr. sparnaði. Hafi þeir þökk fyrir þá hreinskilni sem þeir sýndu a.m.k. í orði þó að þeir munu nú líklega ekki viðurkenna það.

Þannig er það að hv. þm. Egill Jónsson sem situr hér úti í sal, forviða væntanlega á þessum vinnubrögðum gagnvart þessum tiltekna lið, er hraustur maður, búinn að ala allan sinn aldur á kartöflum og feitu lambaketi og ætti að vera vel í stakk búinn til þess að takast á við það erfiða líf sem stjórnarliða hlýtur að bíða. Það gæti samt komið fyrir hann að veikjast eins og gæti komið fyrir alla dauðlega menn, að hann þyrfti að leggjast inn á sjúkrahús. Eru þau sjúkrahús nægilega í stakk búin til þess að taka á móti sjúklingum á borð við hv. þm. Egil Jónsson eða mig sem hér stend? Vonandi. En ég verð samt sem áður að segja að ég er undrandi á því að ekki skuli vera rösklegar tekið á þeim fjárhagsvanda sem sjúkrahúsin hafa átt í á undanförnum árum.

Ég veit að vísu að það er komið nokkuð til móts við þann vanda og það er búið að skipa málum í ákveðinn farveg þannig að það getur vel verið að með því samstarfi sem á að auka með sjúkrastofnunum og stóru spítölunum hér á höfuðborgarsvæðinu muni nást verulegur sparnaður. Ég vona það en ég er ekki viss um það. En vegna þess að við áttum hér orðastað í dag, ég og hv. varaformaður fjárln., um dreifbýlissjúkrahúsin og það var aðeins drepið á sjúkrahúsin í Reykjavík líka þá sagði ég: Munurinn annars vegar á afkomunni gagnvart dreifbýlissjúkrahúsunum þar sem vinnubrögðin, eins og ég hef lýst, voru afskaplega slæm og hins vegar sjúkrahúsunum hér í Reykjavík. Hver var svo munurinn? Vandamál stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík var m.a. reynt að leysa með aðkomu meiri hlutans í Reykjavík. Með aðkomu borgarstjóra. Það var sérstök starfsstjórn þriggja vitringa þar sem sérstakur fulltrúi borgarstjórans í Reykjavík átti sæti. Út úr þeirri vinnu sem þar fór fram kom þó þessi niðurstaða sem hér liggur fyrir. Hún er í sjálfu sér þakkarverð. Hún er þannig að það má heita að spítalarnir í Reykjavík fái fast að 300 millj. kr. þegar upp er staðið. Dugar það? Ég er auðvitað sammála þeim sem vilja gera allt sem þeir geta til að spara í spítalarekstrinum en menn verða að horfast í augu við veruleikann eins og hann er. Hin frækna jarðýta, hv. þm. og formaður Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, reyndi það sem hann gat. Og eftirmenn hans hafa reynt það sem þeir geta. Það blasir samt sem áður við að við stöndum frammi fyrir svipuðum vanda á þessum punkti ársins og við gerðum fyrir nákvæmlega 12 mánuðum síðan. Ég held að það megi segja að vandinn sem blasti við áður en ráðist var í þessar aðgerðir sem færðu 300 millj. að því mér sýnist hafi verið einhvers staðar á milli 800 og 900 millj. kr. Eftir stendur samt sem áður, þó að Sjúkrahús Reykjavíkur fái 120 millj. kr. og þó að Ríkisspítalarnir fái 77 millj. kr. og þó að 100 millj. kr. séu í sérstökum hagræðingarsjóði þá stendur samt hálfur milljarður eftir þegar kemur að lokum næsta árs. Það er allt of mikið.

Tökum til að mynda það sjúkrahús sem hefur verið hvað mest í umræðunni, Sjúkrahús Reykjavíkur, og skoðum hvernig það hefur verið á síðasta ári. Þar hafa stjórnendurnir verið í endalausum slag. Þar hafa verið tvær ef ekki þrjár niðurskurðarhrinur og þar er búið að skera inn að beini. Það er bara svoleiðis. Það er ekki hægt að ná fram frekari sparnaði þar. Það er ekki hægt að ná fram frekari hagræðingu sem leiðir til sparnaðar í viðbót. Ég fullyrði það. Það þarf að leysa þetta með einhverjum öðrum hætti. Ég sé enga aðra leið til að leysa það, hv. þm., nema aukið fjármagn. Hvernig er staðan í dag? Mér skilst að vegna lokana megi segja að sem svari heilli deild liggi á göngum sjúkrahússins og jafnvel stundum á salernum sjúkrahússins. Það er náttúrlega ekki hægt að reka heilbrigðiskerfið með þessum hætti, herra forseti.

Ég ætla ekki að fara frekar í þetta en lýsi einungis vanþóknun minni á því að ekki skuli hægt að taka rösklegar á þessum málum. Vinnumórallinn á Sjúkrahúsi Reykjavíkur eftir þessar niðurskurðarlotur held ég að sé afskaplega dapurlegur. Maður getur ekki annað en vorkennt þeim stjórnendum sem þurfa allan sinn tíma í vöku, og sennilega í draumunum líka, að berjast við að finna nýjar leiðir til að skera niður. Við sjáum líka fyrir okkur afleiðingarnar, sú þróun er þegar farin af stað, að rjómi rjómans, hinir bestu í hópi læknanna, þeir sem eiga auðveldast með að fá vinnu á hinum alþjóðlega markaði eru að fara. Heilaskurðlæknir sem á ekki sinn líka í landinu er farinn, hefur kvatt út af aðbúnaði og launum og því umhverfi sem við höfum skapað þessu fólki.

Ég vona að það sé ekki toppurinn á ísjaka. Ég vona að það sé ekki þróun sem er að fara af stað. En ég verð að segja að ég óttast það. Þá væri vá fyrir dyrum bæði fyrir mann eins og mig og ekki síst fyrir þann ágæta þingmann sem situr út í sal, hv. þm. Egil Jónsson, sem brosir. Ég vona að hann geti brosað mjög lengi.

[19:35]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. hóf ræðu sína með því að taka undir og ræða um fangelsi. Ég vil taka fram í því sambandi að það er rangtúlkun á orðum mínum að ég hafi viljað skoða það að einkavæða fangelsi. Einkavæðing og þjónustusamningar eru alls ekki það sama. Ég vil að það komi fram hér.

Hins vegar held ég að hv. 15. þm. Reykv. hafi ekki hlustað á umræður hér um heilbrigðismál í dag. Þó hann sé skýr í kollinum þá eru þær aðgerðir sem ætlað er að fara í á sjúkrahúsunum á landsbyggðinni einmitt á þann veg að það á að ræða við stjórnir sjúkrahúsanna. Byrja á því, skipa verkefnisstjórn í málið og fara yfir það hvaða sparnaði er hægt að ná. Það er alveg rétt að meiri hluti fjárln. metur það þannig að ekki sé raunhæft að gera ráð fyrir því að meiri sparnaður en 60 millj. náist á næsta ári. Aðalatriðið er að þessi mál séu í fullu samráði við heimamenn. Ég veit ekki annað en þessi þáttur sem meiri hluti fjárln. leggur til hafi fengið góðar undirtektir í umræðunum hér í dag. Það er rétt

að það komi fram. Ég mun ítreka það í síðara andsvari mínu ef hv. 15. þm. Reykv. kemur í stólinn aftur.

[19:37]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vel vera að hv. þm., Jón Kristjánsson, hafi að einhverju leyti misskilið svar mitt. Ég er í hópi þeirra sem hafa gert góðan róm að máli þeirra hv. nefndarmanna sem hafa rætt þetta. Ég hef sagt að þeir hafa sýnt í verki að það var rétt sem við vorum að segja. Það var ekki hægt að ná 160 millj. kr. sparnaði. Þessir ágætu menn skildu þetta og fóru í það verk að draga úr þessum sparnaði. Þeir telja að hægt sé að ná 60 millj. kr. sparnaði á árinu. Hvernig á að gera það? Hv. þm. Jón Kristjánsson segir að það eigi að gera það með því að ræða við stjórnir sjúkrahúsanna. Ja, guð láti gott á vita. Hvers vegna á að fara í það núna frá þessum tímapunkti og fram í mars eins og liggur fyrir? Hvers vegna var það ekki búið? Hvers vegna gerðu menn það ekki löngu áður en þeir réðust í að leggja fram þessar tillögur sem hv. fjárln. hefur með verkum sínum staðfest að studdist ekki við veruleikann og voru óraunhæfar? Ég ítreka það, herra forseti, sem ég sagði í dag að fjárln. hefur staðið mjög vel að þessu verki. Hún hefur staðfest að vinnubrögð heilbrrn. í þessu máli voru mjög slæm. Hún hefur tekið völdin af heilbrrn. og sett fram sínar eigin tillögur og leiðir til sparnaðar. Ég óska þess að þær nái fram að ganga. En ég vil ítreka hina spurningu mína til hv. formanns fjárln.: Hefði hann ekki talið eðlilegt að minni hluti fjárln. hefði líka fengið umræðu um þetta og þetta hefði verið lagt fram á minnisblaði en ekki bara munnlega eins og kom fram hjá varaformanni nefndarinnar í dag? Finnst honum kannski ekki að það hefði verið í lagi að ef til vill hefði verið haft samráð við heilbr.- og trn. bara til að rifja það upp að hún er fagnefndin og á lögum samkvæmt að fjalla um mál af þessu tagi líka?

[19:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þetta markmið var sett í fjárlögunum í haust skipaði heilbrrn. nefnd til að kanna leiðir að því markmiði að spara 160 millj. kr. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hyggilegt að reyna að ná þessum sparnaði á einu ári. Þær niðurstöður voru kynntar fyrir fjárln. Það hefur komið í ljós hér í umræðum að það ríkir ánægja með niðurstöðuna. Þetta mál er ekkert til lykta leitt. Það fer verkefnisstjórn í þetta verk og hún mun skila áliti um hvernig hægt er að ná þessum sparnaði. Ég held að það sé hægt að spara og hagræða en ég vil ekkert segja um það á þessu stigi málsins eða fara að halda langar ræður um hvernig það verður gert. Vafalaust koma þau mál bæði til kasta heilbr.- og trn. og fjárln. áður en lýkur. Þetta er ferill sem er að fara í gang með skynsamlegum hætti eins og tekið er undir í umræðunni. Þá skiptir mestu máli að leiða þetta mál til farsælla lykta.

[19:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hélt því fram allan tímann frá því að þessar tillögur sáu dagsins ljós að þær væru óraunhæfar. Það væri ekki hægt að ná þessum sparnaði fram vegna þess að hann þýddi 10–11% niðurskurð á öllum sjúkrahúsum ef hann kæmi flatur á sjúkrahúsin. Við sögðum einfaldlega að það væri ekki hægt að ná þessu fram. Og við spurðum hvernig ætti að ná honum fram. Það komu aldrei nein svör við því. Hv. fjárln. komst að nákvæmlega sömu niðurstöðu. Í verki tók hún undir það sem við sögðum í orði í nefndinni. Það er alveg klárt. Ég skal ekkert segja um hvort hægt sé að ná með sæmilegum móti þessum 60 millj. kr. sparnaði. Ég veit það ekki. Málið er það að hv. þm. Jón Kristjánsson vonar það en getur ekki fullyrt það vegna þess að hann veit ekki um aðferðirnar. Vegna þess að vinnan sem heilbrrn. átti að vera búið að vinna í þessu máli, að tala við Landssamband sjúkrahúsa og stjórnir sjúkrahúsanna, fór ekki af stað fyrr en núna á síðustu vikum. Þegar heilbr.- og trn. hélt síðasta fund sinn um þetta mál þá lá það fyrir að ekki var búið að ræða við neinar sjúkrahússtjórnir. Það var ekki byrjað á því fyrr en einhvern tímann í desember. Það liggur alveg ljóst fyrir að í raun erum við sammála um að þessi vinnubrögð heilbrrn. voru ekki nógu góð. Við erum sammála um að það þurfti að draga úr þessum sparnaðaráformum. Við erum sammála um að vona að hægt sé að ná sparnaði. En ég er ekki viss um það og hv. þm. getur ekki fullyrt það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningar um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997, frh. síðari umr.

Stjtill., 248. mál. — Þskj. 404, nál. 458 og 477.

[19:43]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um samninga um veiðar á norsk-íslenska síldarstofninum 1997. Nefndin ákvað að óska umsagnar hv. sjútvn. um málið. Umsögn sjútvn. fylgir með sem fylgiskjal við nál. meiri hluta nefndarinnar og reyndar einnig álit minni hlutans.

Meiri hlutinn leggur til að tillagan verði samþykkt. Ég ætla ekki að fjölyrða um rökin fyrir þeirri tillögu meiri hlutans. Þau komu fram við fyrri umræðu málsins. Við teljum brýnt að ljúka þessu máli nú fyrir jólin. Það er ánægjuefni að þó menn greini á um eitt og annað í sambandi við þetta mál leggst minni hlutinn í utanrmn. og minni hlutinn í sjútvn. ekki gegn því að málið verði afgreitt og staðfest með þeim hætti sem við í meiri hlutanum leggjum til. Við leggjum til að tillagan verði samþykkt, þ.e. að ríkisstjórnin fái heimild Alþingis til að staðfesta þessa samninga. Ég vísa að öðru leyti til nál. á þskj. 458.

[19:45]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Minni hluti utanrmn. leggst alls ekki gegn því að þetta mál verði afgreitt og ég ætla ekki að setja hér á langa tölu til þess að tefja málið. Við vísum hins vegar til þess að forsaga málsins er sú að við teljum rétt að afgreiðsla málsins verði á ábyrgð stjórnarflokkanna. Ég held að velflestir í stjórnarandstöðunni muni sitja hjá við afgreiðslu þessa máls. Það er alveg ljóst að með þessum samningi er fest í sessi það aðalatriði sem gagnrýnt var í fyrra, sem var hin lága hlutdeild sem Íslendingar fá úr heildarstofninum, úr þessum mikla síldarstofni í Norður-Atlantshafinu. Það var fest með samningunum í fyrra að við fengjum einungis 17,2% þegar við teljum, með vísan til sögulegrar reynslu og reyndar líka dreifingar á síldinni áður en Norðmenn drápu hana endanlega niður með gegndarlausri rányrkju á ungsíld, að okkar hlutdeild úr fullorðna stofninum ætti að vera í kringum þriðjung.

Við óttuðumst það mjög þegar þessi samningur var gerður í fyrra að þar með væri verið að gefa fordæmi inn í framtíðina. Við teljum að varnaðarorð okkar hafi verið staðfest með þeim samningi sem núna hefur verið gerður vegna þess að hlutdeild Íslendinga hefur meira að segja minnkað, hún hefur orðið 15,7% af heildarstofninum við þær breytingar sem þarna voru gerðar. Stjórnarliðið og hæstv. utanrrh. hafa haldið því fram að ekki sé hægt að segja að hér sé verið að ítreka fordæmið vegna þess að ekkert hafi breyst, vegna þess að engar forsendur hafi breyst. Það hefur hins vegar breyst að Evrópusambandið hefur núna fengið 125 þús. tonna kvóta en stóð áður utan kvótans en veiddi allverulegt magn. Ég skil vel þær röksemdir sem hafa verið fluttar fyrir nauðsyn þessa. Menn telja að með þessu móti sé verið að ná stjórn á veiðunum. Það blasir eigi að síður við að þessi hlutdeild Evrópusambandsins er langt umfram það sem söguleg veiðireynsla þeirra ríkja sem nú mynda sambandið gefur tilefni til og líffræðileg dreifing stofnsins innan lögsögu viðkomandi ríkja gefur heldur ekkert tilefni til þess. Þeir sérfræðingar íslenskir sem um þetta mál hafa fjallað og lagt mat á það hvað Evrópusambandinu bar komust að þeirri niðurstöðu að miðað við núverandi stærð norsk-íslenska síldarstofnsins sé erfitt að færa rök að því að Evrópusambandið eitt ætti að fá meira en 22 þús. tonn.

Við höfum hins vegar ítrekað bent á það í umræðum um þennan samning að menn verði þó að sjá það sem gott er við þetta. Við höfum bent á það, og minni hlutinn gerir það raunar í sínu áliti sem fulltrúar stjórnarandstöðunnar standa sameinaðir að, að rök Norðmanna sem beittu sér harðast fyrir þessum óhóflega kvóta Evrópusambandsins voru þau að til þess að ná stjórn á þessum veiðum væri réttlætanlegt að láta þjóð sem gæti ekki gert sögulegt tilkall til veiðanna eigi að síður fá umtalsverðan kvóta. Við Íslendingar teljum að t.d. í Smugunni þá höfum við umtalsverðan sögulegan rétt til veiða og með vísan til þessara raka bendir minni hlutinn á að samkvæmt þessari niðurstöðu og þessari röksemdafærslu þá hljóti ríkisstjórnin að fara þegar í stað fram á það að Smugudeilan verði leyst með svipuðum rökum. Rök okkar til þorskins í Barentshafi eru miklu sterkari heldur en Evrópusambandsins til íslensku síldarinnar.

Ég vil að lokum, herra forseti, nota þetta tækifæri til þess að ítreka að sagan sýnir okkur það að þeir sem halda því fram að það hafi verið Íslendingar sem eyddu þessum stofni hafa algjörlega rangt fyrir sér. Það er með engu móti hægt að halda því fram að það hafi verið veiðar úr fullorðna síldarstofninum sem leiddu til þess að stofninn hrundi. Það var alls ekki svo. Það var eingöngu rányrkja Norðmanna á ungsíld innan norskrar lögsögu og innfjörðum Noregs. Norðmenn voru ekki einungis að veiða síld upp að fjögurra ára aldri heldur voru þeir að veiða verulegt magn af síld sem ekki hafði náð eins árs aldri og síld sem ekki hafði náð tveggja ára aldri. Það var gríðarlegt magn sem þeir veiddu af slíkri síld. Þetta varð til þess að heilir árgangar komust ekki upp. Það er hægt að vísa til þess að 1965-árgangurinn var svo gjöreytt að einungis 0,1% af stofninum náði fjögurra ára aldri. Það var þetta sem drap síldina. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi hérna fram vegna þess að við höfum þurft að sæta því að Norðmenn hafa aftur og aftur haldið þessu fram. Rússneski sjávarútvegsráðherrann, sem hér var í heimsókn á síðasta vetri eða á hinu árinu, hélt þessu fram í viðtali við íslenska sjónvarpið. Og því miður heyrir maður jafnvel svipaðar skoðanir stundum innan lands líka. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þessa forsögu í huga til þess að skilja líka hversu mikið óréttlæti felst í þeirri skiptingu norsk-íslenska stofnsins sem við höfum núna fyrir framan okkur og ríkisstjórnin hefur fallist á í annað skipti og er rétt að hún beri ábyrgð á.

[19:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega. Ég hef þegar gert það við fyrri umr. Ég vildi aðeins þakka hv. utanrmn. fyrir skjóta afgreiðslu og jafnframt hv. sjútvn. Ég tel mjög mikilvægt að þessi samningur hefur verið afgreiddur frá Alþingi áður en veiðar hefjast á komandi ári. Ég tel að það sýni, þrátt fyrir mismunandi skoðanir um þennan samning, að við getum afgreitt slík mál eðlilega og á stuttum tíma. Ég tel mikla ástæðu til þess að þakka sérstaklega fyrir góða vinnu í sambandi við meðferð þessa máls á þeim tíma þegar mest er að gera á Alþingi og tel að það sé til mikils sóma fyrir nefndirnar hvernig þær hafa staðið að verki. Ekki síst vil ég þakka stjórnarandstöðunni fyrir að greiða fyrir því að málið nái hér fram.

[Fundarhlé. — 19:52]

[20:34]

Útbýting þingskjala:

Frestun á fundum Alþingis, 261. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 495.

Hafsbotnsréttindi Íslands í suðri, 107. mál, svar utanrrh., þskj. 413.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:21]

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (GE, GL, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EKG, EOK, GB, GHall, GÁS, GMS, JóhS, JBH, KÁ, LMR, PHB, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti minni hluta utanrmn. og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði grein fyrir hér fyrr í kvöld, þá er það okkar skoðun að ýmislegt sé að athuga við þennan samning eins og hann liggur fyrir. Við teljum að hlutur Íslands sé of lítill og hlutur Evrópusambandsins allt of sterkur í þessu dæmi. Engu að síður teljum við málið liggja þannig að ekki sé annað að gera en ljúka málinu og kjósum að sitja hjá og skilja málið eftir á ábyrgð ríkisstjórnarinnar einnar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁE, ÁRÁ, BH, EKG, EOK, GB, GHall, GMS, JóhS, JBH, KÁ, LMR, PHB, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 496).

Fundi slitið kl. 20:37.

---

54. FUNDUR

föstudaginn 20. des.,
að loknum 53. fundi.

Dagskrá:

1. Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, stjfrv., 180. mál, þskj. 480, frhnál. 485. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 251. mál, þskj. 433, brtt. 486. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Lánsfjáraukalög 1996, stjfrv., 226. mál, þskj. 306. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412, brtt. 447. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

5. Málefni fatlaðra, stjfrv., 228. mál, þskj. 481. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Öryggi raforkuvirkja, stjfrv., 73. mál, þskj. 482. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Löggildingarstofa, stjfrv., 74. mál, þskj. 483, frhnál. 494. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, stjfrv., 182. mál, þskj. 203, nál. 484. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

9. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 261. mál, þskj. 495. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[20:38]

Of skammt var liðið frá umr. og/eða útbýtingu allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 20:39]

Athugasemdir um störf þingsins.

Lok þinghalds fyrir jólahlé.

[21:12]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér fyrr í dag áttu þingmenn og formenn þingflokka allra stjórnmálaflokka fund með hæstv. forseta. Þá varð niðurstaðan sú að það yrði kannað hvort möguleikar væru á að ljúka þinghaldi í kvöld með skikkanlegum hætti þrátt fyrir það sem á undan er gengið af hálfu stjórnarliðsins. Við forustumenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna heyrðum ekkert frá forseta eða formönnum þingflokka stjórnarflokkanna um þessi mál fyrr en núna eftir kvöldmatinn. Þá var það þeirra ósk að þingflokkar hittust til að ræða málin og stöðu þeirra. Og ég tek það hér fram, hæstv. forseti, að við höfum engar fréttir fengið af neinni niðurstöðu af hálfu stjórnarflokkanna þannig að það er bersýnilegt að ekki er uppi nein viðleitni af hálfu stjórnarflokkanna, enn þá a.m.k. sýnileg, til þess að taka eðlilega á málum núna í lok þingsins. Þessum vinnubrögðum mótmæli ég, hæstv. forseti, og spyr: Hver er ætlun forseta varðandi lok þingsins? Eru þau í kvöld? Eru þau á laugardaginn, á morgun eða eru þau kannski á mánudag? Eða eru menn að tala um það að fresta þingfundum fram til 7. janúar? Við vitum ekkert um þessi mál. Það er ekki talin ástæða til þess að yrða á stjórnarandstöðuna varðandi þessa hluti og ég óska eftir upplýsingum um það frá forustumönnum þingflokka stjórnarflokkanna og forsetum þingsins hvað hér stendur til.

[21:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ræða hv. þm. kemur mér aðeins á óvart. Hann talaði um „þrátt fyrir það sem á undan væri gengið af hálfu stjórnarliðsins". Ég leit þannig til að það lá fyrir ákveðin málaskrá, það lágu fyrir ábendingar frá stjórnarandstöðunni um hvaða mál hún sæi annmarka á að yrðu afgreidd. Við fórum í gegnum þau mál og ég leit þannig til að nú fyrir fáeinum dögum gekkst stjórnarliðið á þinginu inn á það að falla frá að knýja á um að allmörg mál sem stjórnarliðar höfðu áhuga á að yrðu afgreidd, mál sem vörðuðu Landsvirkjun, mál sem vörðuðu starfsmannabandorminn, tvö mál hæstv. félmrh. og reyndar hygg ég eitt mál í viðbót. Þeim yrði frestað. Það var allt í góðu samkomulagi. Ég tel þess vegna að taki menn samninga upp, þá séu menn að ganga á bak þess sem þeir ræddu og það er ekki eðlilegt og ekki heppilegt því að samningar verða auðvitað að vera þannig af hálfu allra að þeir standi. Við eigum eftir að gera samninga hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu á hverjum tíma og þeir verða að geta haldið. Það er meginatriði með samninga að þeir verða að geta haldið og stjórnarliðið vill auðvitað standa að því og æskir þess eindregið að ekki verði horfið frá því sem menn töluðu um af mikilli einlægni og í góðri sátt um starfstilhögun þingsins hér fyrir fáeinum dögum.

[21:18]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð nú að segja alveg eins og er að ég varð mjög undrandi á þessari ræðu hæstv. forsrh. Hér hafa verið til meðferðar frv. til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, þrjú frv. en það virðist skorta eitthvað á fjarskiptin við hæstv. forsrh. hér í þessari stofnun. Er það þannig að forustumenn þingflokka stjórnarflokkanna, forsetar Alþingis og hæstv. ríkisstjórn talast ekki við? Hvað er hér á seyði? Veruleikinn er sá að hæstv. iðnrh. knúði fram í nótt umræður um mjög umdeilt mál sem stóðu til klukkan átta í morgun. Í framhaldi af því áttum við fund með forseta Alþingis og ræddum um það hvernig best væri að halda á málum í dag og í kvöld ef ljúka ætti hér fundum. Við fórum síðan, formenn þingflokka stjórnarandstöðuflokkanna, og réðum

ráðum okkar og gerðum ráð fyrir því að mundum hittast ásamt öðrum forustumönnum þingsins hér síðar í dag. Og við gerðum ráð fyrir því að stjórnarliðið mundi hafa forustu um það. Það hefur ekki gerst. Ég skora því á hæstv. forsrh., áður en hann ber það á mig og okkur að við séum að ganga á bak samninga, að hann kynni sér hvað hefur farið á milli manna fyrr í dag.

[21:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég þykist fara mjög nákvæmlega með um hvað við sömdum á sínum tíma. Og hafi menn síðan rætt um kröfur um frekari frávik frá þeirri samningagerð, þá kemur mér það auðvitað á óvart. Mér er hins vegar kunnugt um að þrátt fyrir þau mál sem lágu fyrir hefur engu að síður einu máli þegar verið frestað, frv. til laga um lax- og silungsveiði, sem ég hafði gert ráð fyrir að yrði afgreitt. Þannig að ég kann ekki heldur við það, hv. þm., að málum sé þannig hagað að það sé hægt að taka upp mál með nýjum hætti og krefjast nýrra samninga. Það kann ég heldur ekki við. Og það er mjög áríðandi að menn geti talað saman af fyllstu einlægni og að orð standi.

[21:20]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill segja að þegar hann settist hér í þennan stól núna til að halda áfram fundi, þá taldi hann nú að mál væru komin í það horf að við gætum lokið þingfundi um eða upp úr miðnætti. Og ég vissi ekki betur en að um það væri nokkuð mikil samstaða. Bæði hef ég rætt það við menn úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu þannig að ég held að við þurfum að ná samstöðu um að skerpa á því samkomulagi sem gert var. Það er hárrétt sem hæstv. forsrh. greindi frá. Eitt mál sem var í landbn. fór út af listanum og var gert í sátt í nefndinni eftir allmiklar umræður og þarf ekki meira um það að ræða. Forseti getur upplýst að þegar hann gekk til náða í gærkvöldi hélt hann að það væri komið á samkomulag, en hér lauk ekki fundi fyrr en klukkan átta í morgun. Síðan vonar forseti að það mál sér úr sögunni. Ég bið bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga að ljúka þessum deilum sem allra fyrst svo við getum lokið þessu þingi fyrir jólin á skikkanlegum tíma. (**Gripið fram í:** Heyr.)

[21:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega fegin því núna vegna þeirra orðaskipta sem hér eiga sér stað að á fundi hjá forseta á þessum eftirmiðdegi fórum við yfir það saman hvað hefði falist í því samkomulagi sem hér var gert. Og það var fullkomin eining og sameiginlegur skilningur á því sem átti sér stað þegar við fórum yfir það hvaða mál yrðu sett út af dagskrá þingsins til að flýta fyrir og liðka fyrir þingstörfum. Það var fullkomlega sameiginlegur skilningur á því í dag. Þess vegna ætla ég ekki að segja orð frekar um það hér úr þessum ræðustól.

En, virðulegi forseti, ég hef fullan skilning á því að forseti voni að við getum lokið hér störfum fyrir miðnætti. Satt best að segja hélt ég slíkt hið sama þar til ég gekk hér í salinn nú. En ég kem í ræðustól til að upplýsa að ég lít svo á að ég sé á fundi í myndaherberginu vegna þess að þar var ég á fundi með forseta þingsins og þingflokksformönnum. Við vorum beðin að sitja þar ögn lengur meðan þeir sem voru með mál að véla gengu afsíðis. Og þar höfum við setið þar til klukkan fór að klingja á okkur og við erum náttúrlega svo prúð að við göngum í sal. Fundinum í myndaherberginu er ekki lokið og ég óska eftir því að forseti þingsins og þingflokksformenn gangi til myndaherbergis á ný og ljúki þeim fundi sem þar var hafinn.

[21:22]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég hafna því algjörlega að stjórnarandstaðan hafi ekki staðið við það samkomulag sem gert var í fyrrinótt ef ég man rétt. Stjórnarandstaðan hefur staðið við það samkomulag í einu og öllu. Við settum fram mjög hógværa ósk sem okkur skildist að ætti taka til umfjöllunar í þingflokkum ríkisstjórnarinnar og við höfum verið að bíða svars við þeirri ósk. Við höfum ekki fengið það enn og ég held að vilji okkar allra standi til þess að þessu ljúki farsællega og taki ekki of langan tíma.

[21:23]

Ólafur G. Einarsson:

Herra forseti. Mér þykir fundarstjórn forseta vera með miklum sóma og hef engar athugasemdir við hana. En ég vona að þetta sé allt að skýrast. Í fyrsta lagi held ég að fundinum í myndaherbergi sé í raun lokið þannig að við þurfum ekki að deila um það. Fundi var frestað hér til klukkan tíu mínútur fyrir níu og þá þurfti ég að fara í forsetastól. Ég vil aðeins reyna að skýra þetta. Þeir samningar sem við ræddum í fyrrakvöld hafa staðið og það hefur enginn verið að bera neinum á brýn að ekki hafi verið staðið við þá gerðu samninga. (**SvG:** Forsrh. var að því.) Nei, það sem hins vegar hefur komið upp síðan eru umræður um það hvort einhver tillaga eða tillögur frá stjórnarandstæðingum yrðu samþykktar. Og til þess að svo verði þarf auðvitað fulltingi stjórnarflokkanna og það hafa stjórnarflokkarnir eftir því sem ég best veit, og veit raunar með vissu, verið að ræða. Ég held að það verði einfaldlega að koma í ljós við atkvæðagreiðslu hér á eftir hvort einhver slík tillaga hlýtur samþykki. Þetta er það sem hefur bæst við í viðræðum mínum við þingflokksformenn og forsrh. hefur að hluta til tekið þátt í þeim viðræðum. Ég læt nú í ljós þá ósk að við getum lokið þessu eins og forseti sem nú er í forsetastól hefur óskað eftir. Við eigum að geta það og ég vona með góðum hætti.

[21:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við settumst niður stundarkorn til að skoða hvort við gætum ekki liðkað svolítið fyrir kvöldinu og ég tel að það sé innlegg í það að við fáum nokkurn botn í það hvort stjórnarliðar komi eitthvað til móts við okkur eður ei. Mér finnst, að þó að það séu að koma jól og spenna sé komin í mannskapinn, að kannski sé betra að ljúka þessu máli áður en við förum að ganga til þeirra 3. umr. mála sem bíða, fremur en að við byrjum á þeim og látum svo sjá í síðasta málinu, fjárlögum, hvort verður komið eitthvað til móts við okkur í þessum efnum eða ekki. Það væri afskaplega farsælt ef við ættum smá viðræður saman og menn gerðu upp hug sinn.

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 480, frhnál. 485.

[21:26]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. um frv. til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Nefndin tók málið aftur fyrir að lokinni 2. umr. og fékk til sín fulltrúa fjmrn. á fund. Meiri hlutinn leggur til breytingu við frv. sem getið er á þskj. 485. Þessar breytingar eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Í 1. lið brtt. er gert ráð fyrir því að þeim sem hafa tryggt starfsfólk sitt hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sé gert mögulegt að gera upp áfallnar skuldbindingar með skuldabréfi.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að það sé alveg klárt að þeir starfsmenn Ríkisspítala sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, eigi rétt á áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að ekki sé ágreiningur um þessa brtt. og vonast til þess að hún verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 251. mál. — Þskj. 433, brtt. 486.

[21:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. við frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þessar brtt. eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og eru í tveimur liðum. Í a-lið brtt. er gert ráð fyrir því að taka þurfi fram að þegar menn eru settir í embætti án auglýsingar sé það einungis vegna þess að sá sem er í embættinu fyrir geti ekki gegnt því og þess vegna geti menn ekki verið settir í embætti án auglýsingar án þess að um forföll sé að ræða. Í b-lið brtt. er verið að gera ráð fyrir því að undir kjaranefnd geti fleiri heyrt en þeir sem nákvæmlega teljast embættismenn. Þess vegna er ekki um það að ræða að þeir aðilar sem kjaranefnd ákveður laun fyrir geti jafnframt notið viðbótarlauna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjáraukalög 1996, 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (útgáfa húsbréfa). — Þskj. 306.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar og lyfjalög, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 250. mál (kaup á vörum og þjónustu, lyfjaverðsnefnd). — Þskj. 412, brtt. 447.

[21:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um brtt. sem við flytjum nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar. Hún varðar það atriði að tengja á nýjan leik upphæðir bótaliða í tryggingakerfinu við launaþróun í landinu eins og verið hefur um langt árabil, allt fram á síðasta ár þangað til hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, annað ráðuneyti hæstv. forsrh., tók þá ákvörðun í fyrra með meiri hluta sínum að afnema þessa viðmiðun.

Herra forseti. Þá voru uppi miklir svardagar af hálfu ríkisstjórnar um að ekki stæði til að nota þessa breytingu til að skerða upphæðir þessara bótaliða heldur væri fyrst og fremst um tæknilega breytingu að ræða, kerfisbreytingu, ópólitíska kerfistæknilega ákvörðun í anda Sjálfstfl. og Framsfl. með sérstöku tilliti til nýrra þingmanna á vegum þessara flokka. En nú liggja efndirnar fyrir, herra forseti. Strax á fyrsta ári þessara breytinga, við næstu fjárlög eftir að þær verða virkar, ætla ríkisstjórnarflokkarnir sér að sæta lagi og skerða upphæðir þessara bótaliða um að minnsta kosti 1,5 prósentustig.

Það liggur fyrir, herra forseti, að samkvæmt forsendum fjárlagafrv. eru verðlagsbreytingar milli ára áætlaðar um 2% miðað við verðlagsþróun frá miðju þessu ári til miðs næsta árs en launabreytingar samkvæmt forsendum fjárlagafrv. eru áætlaðar 3,5%. Það liggur þar af leiðandi í augum uppi að ef hin fyrri viðmiðun hefði verið í gildi mundu þessir bótaliðir nú, samkvæmt þeirri áætlun sem lögð yrði til grundvallar afgreiðslu fjárlaga, eiga að hækka um 3,5%. Sú var venjan á meðan launaviðmiðunin var við lýði að spár um launaþróun á komandi fjárlagaári voru lagðar til grundvallar uppfærslu þessara liða í fjárlögum. Nú þegar skakkar sem sagt á milli 200 og 300 millj. kr. vegna þess að notuð er 2% uppfærsla í staðinn fyrir 3,5% sem er áætluð launaþróun á næsta ári.

Það sem kannski skiptir nú meira máli er að ef launabreytingar kynnu á næsta ári að verða til muna meiri svo sem vegna þess að semdist um meiri kauphækkanir á næsta ári þá hefði samkvæmt fyrra fyrirkomulagi lífskjör þess hluta landsmanna sem þiggja bætur fylgt launaþróuninni í landinu. Ellilífeyrisþegar, örorkulífeyrisþegar og atvinnulausir hefðu sjálfkrafa fengið sömu kjarabætur og aðrir landsmenn í gegnum þá sjálfvirku viðmiðun að bótaliðirnir fylgdu launaþróuninni í landinu. Þetta fannst hæstv. ríkisstjórn ekki nógu gott. Hún tók þá ákvörðun að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart kaupmætti þessa fólks og afnema þá sjálfvirku viðmiðun við lífskjör annarra í landinu sem þessir hópar hafa notið um árabil og áratuga skeið. Það verður varla skilið öðruvísi en svo, herra forseti, en að það sé niðurstaða stjórnarflokkanna að þetta fólk sé aflögufært og þó svo aðrir kynnu að fá einhverjar kauphækkanir á árinu sé ástæðulaust að vera að skila þeim til ellilífeyrisþega og atvinnulausra. Þeim ættu að duga þessi 2% að mati ríkisstjórnarinnar. Auðvitað hlýtur maður að velta því fyrir sér hvort ekki sé svo komið að ríkisstjórnin ætlist til þakklætis fyrir að hafa þó fært þetta upp um 2%, samanber það að barnabætur, barnabótaauki, vaxtabætur og persónufrádráttur á ekki að hækka um eitt einasta prósent, um núll prósent nú um áramótin.

Við þingmenn stjórnarandstöðunnar, herra forseti, viljum leggja áherslu á okkar grundvallarafstöðu í þessum málum

með því að flytja brtt. um að þeirra tilhögun verði tekin upp á nýjan leik. Nú er það þannig, herra forseti, að í ljósi efnahagsþróunar og verðbólgutalna á síðustu árum skipta í sjálfu sér verðtengingar eða viðmiðanir af því tagi sem áður voru meira og minna algildar í okkar skattkerfi og efnahagslífi minna máli því breytingarnar eru minni. Það er ekki allt á jafnmikilli flugaferð mælt í tugum prósentna í verðlagsbreytingum milli ára og áður var. Þess þá heldur, herra forseti, ætti það ekki að vera mikið deiluefni ef menn telja sig hafa fundið sæmilega sanngjarnar viðmiðanir fyrir helstu þætti skattkerfisins og almannatryggingakerfisins. Það ættu ekki að þurfa að standa deilur á Alþingi hver áramót um það að þeir hlutir taki eðlilegum verðlagsbreytingum. Hæstv. ríkisstjórn skaut sér á bak við það í fyrra að kerfislæg rök lægju til grundvallar þeirri ákvörðun að afnema launaviðmiðun bótaliða í almannatryggingakerfinu. Það væru sem sagt ekki þau rök að bætur væru of háar eða of lágar, að það þyrfti að breyta raungildi þeirra. Nei, þvert á móti var svarið og sárt við lagt að það stæði ekki til að breyta þeim í sjálfu sér. Það er þá orðið þannig, herra forseti, að það þarf ekki einu sinni að fara aftur fyrir kosningarnar til að finna dæmi um ömurleg svik Framsfl. gagnvart eigin yfirlýsingum og loforðum. Það nægir að fara aftur til desember, aftur til jafnlengdar að ári, til að draga fram vitnisburð um að í þessum ræðustóli stóðu talsmenn stjórnarflokkanna og voru með svardaga um að það væri ekki tilgangurinn með þessum breytingum að nota þetta sem tæki til að skerða lífskjör þessa hluta landsmanna sérstaklega.

Nú blasa efndirnar við. Þessir liðir verða skertir svo nemur hundruðum millj. kr. ef svo heldur sem horfir á næsta ári með þeirri aðgerð einni að uppreikna þessa liði um einungis 2% í staðinn fyrir áætlaða launaþróun. Held ég þó að það séu ekki margir menn í landinu nema ef vera skyldu hæstv. ráðherrar og meiri hluti þeirra hér sem bindur vonir við að launahækkanir á næsta ári verði ekki nema 3,5%. Ég held að þeir séu nánast einir um það, þessir 10 hæstv. ráðherrar og meiri hlutinn sem hér stendur á bak við þá, að gerir sér vonir um í þeim skilningi mælt að launabreytingarnar verði ekki meiri. Staðreyndin er sú að í þjóðfélaginu eru uppi væntingar um að það verði umtalsverðar kjarabætur í komandi kjarasamningum sem mælist frekar í tugum en einingum prósentna og hvað verður þá orðið eftir af 2% uppfærslu ellilífeyris, almannatryggingabóta, örorkulífeyris og slíkra stærða? Þá jafngildir það ávísun á stórkostlega kjaraskerðingu þessa hóps borið saman við aðra landsmenn. Þá er náttúrlega tilgangurinn með þessu orðinn næsta nakinn. Hann hefur verið sá allan tímann að útbúa sér tæki til að framkvæma sérstaka kjaraskerðingu gagnvart þessum aðilum.

Það verður þess vegna fróðlegt, herra forseti, að sjá hver viðbrögð stjórnarliðsins verða við þessari brtt. sem felur það eitt í sér — afar einföld í eðli sínu brtt. á þskj. 447 — að tengja á nýjan leik þessa launaþróunarviðmiðun sem um árabil hefur verið lögð til grundvallar útreikningi þessara bóta í íslenska almannatryggingakerfinu. Það er í raun og veru öll róttæknin sem í þessu felst, að hverfa aftur til þess fyrirkomulags sem ágæt pólitísk samstaða, verður maður að ályta, var búin að vera um á Íslandi um áratuga skeið. Því allir flokkar sem á annað borð hafa átt aðild að ríkisstjórnum á Íslandi hafa staðið að því og starfað á grundvelli þeirra leikreglna að þessi tilhögun væri viðhöfð.

Herra forseti. Í ljósi þess, eins og ég hef áður sagt, hvað sagt var um þessa hluti í fyrra þá hljóta hv. þm. stjórnarliðsins að fagna því tækifæri að geta nú endurskoðað afstöðu sína til þess hvort rétt hafi verið að styðja tillögur hæstv. ráðherra við afgreiðslu síðustu fjárlaga um þessa kerfisbreytingu með þeim sérstöku rökum að í því fælist alls ekki og nema síður væri ákvörðun um að skerða kjör þessa hluta landsmanna.

Það vill svo vel til, herra forseti, að á borðum okkar liggur fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117 frá 1993, og reyndar einnig lyfjalögum sem gerir þetta mikla plagg að bandormi, hvorki meira né minna. Þar með er handhægt að flytja þessa einföldu brtt. og fer vel á því að menn geti þá tjáð hug sinn til þessara mála með atkvæði sínu á eftir.

Herra forseti. Það væri ástæða til að fara ítarlegar yfir hvernig hæstv. ríkisstjórn er að ganga frá málum hvað varðar kjör ýmissa hópa í landinu nú um áramótin. Ég held að því miður hafi farið svo með einhverjum hætti hjá okkur að pólitíkin í umræðum um meginmálin við afgreiðslu lánsfjárlaga, tekjuskattafrv. og annarra slíkra hluta hafi allt of lengi legið í láginni þangað til kannski fram á síðustu tvo til þrjá sólarhringa. Að hluta til vegna þess að hæstv. ríkisstjórn beitti því lævíslega bragði að þegja um mestu óhæfuverkin fram á síðustu stundu en draga þau svo upp úr pokanum þegar eins og tveir sólarhringar voru til áætlaðra þingloka. Það er nokkurt umhugsunarefni satt best að segja þegar farið er yfir það hvernig hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með hæstv. félmrh. Pál Pétursson innan borðs ætlar að afgreiða hér mál gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum, atvinnulausum og barnafólki og lágtekjufólki sem er með tekjur sem liggja nálægt skattleysismörkum eða rétt þar fyrir ofan. Staðreyndin er sú, herra forseti, að það er um eina samræmda árás að ræða á alla þessa aðila. Eina samræmda árás og hún felst í því að hlutur þessara aðila er fyrir borð borinn, ýmist algjörlega eða að verulegu leyti með þeim aðferðum sem hæstv. ríkisstjórn hefur valið sér við frágang þessara mála.

Það hefur gefist allt of lítill tími til að ræða þessi mál. Upplýsingar hafa ekki komið fram að hluta til fyrr en á síðustu sólarhringum. Það var fyrst á fundi í efh.- og viðskn. fyrir, ég hygg, þremur kvöldum sem sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að frysta upphæðir persónufrádráttar, barnabóta og annarra slíkra þátta í skattkerfinu kom fram. Þá fyrst var skýrt frá því að ríkisstjórnin og meiri hluti hennar á Alþingi hefði ákveðið að hverfa frá því að láta þessar breytur í skattalögum taka eðlilegri verðlagsuppfærslu.

Fyrir lá að sérstök árás á bótaþega í almannatryggingakerfinu var fólgin í þeirri aðferð eða formúlu hæstv. ríkisstjórnar að uppfæra þá liði eingöngu um 2%. Hv. stjórnarliðar hafa verið býsna duglegir við það, bæði í gær og í dag eftir að þessar umræður hófust, að gera lítið úr þessum breytingum. Reynt er að höfða til þess að þarna séu ekki stórar upphæðir á ferð, þetta séu nánast hverfandi tölur í ljósi þess að engin verðbólga sé í landinu þannig að það skipti svo sem ekki miklu hvort skattgreiðslumörkin séu 60 þús., 61 þús. eða 62 þús., barnabæturnar 9 þús., 30 þús. eða hvað það nú er eftir því hvort um einstæða foreldra eða aðrar barnafjölskyldur er að ræða. En þetta endurspeglar kannski ágætlega mat hæstv. ríkisstjórnar og talsmanna stjórnarflokkanna á veruleikanum, sem sagt t.d. að það skipti láglaunafólk eða einstæða foreldra ekki miklu máli hvort þessi þúsundkall til eða frá í skattleysismörkunum sé til staðar eða ekki 1. janúar nk. þegar menn hefja skattgreiðslur á nýju skattári.

En ætli það sé nú samt ekki þannig að það skipti máli

á mörgum heimilum í landinu að skattleysismörkin hækka ekki um talsvert á annað þús. kr. eins og þau hefðu átt að gera, sem þýðir aftur að meira en 500 kr. úr launaumslaginu um hver mánaðamót renna í ríkissjóð í staðinn fyrir að koma *í vasa launamannsins?* Ætli það sé ekki því miður þannig að það geri það? Því miður, herra forseti, hlýtur maður að segja, því að það er auðvitað dapurlegt að þurfa að viðurkenna að ástandið sé þannig á Íslandi að jafnvel 500 kr. um hver mánaðamót skipti verulegu máli fyrir þúsundir heimila í landinu. En þannig er það. Og það bætir auðvitað ekki úr skák ef þau heimili eru til viðbótar því að vera lágtekjuheimili, líka heimili þar sem mörg börn eru á framfæri og þar sem menn hafa jafnvel verið að reyna að koma sér upp húsnæði og treysta á vaxtabætur úr skattkerfinu á næstu árum og allir þessir liðir skerðast samtímis við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að frysta þessar upphæðir í stað þess að láta þær taka eðlilegri verðlagsuppfærslu. Þá verða 500-kallarnir að þúsundköllum um hver einustu mánaðamót. Og jafnvel hæstv. ráðherrar eru tæplega svo skyni skroppnir að þeir átti sig ekki á því að fyrir lágtekjufjölskyldurnar skipta hlutirnir máli þegar þeir eru farnir að mæla þetta í þúsundköllum a.m.k. um hver mánaðamót.

Herra forseti. Ég vil alveg sérstaklega mæla fyrir þessari breytingartillögu okkar sem flutningsmenn ásamt mér að eru hv. þm. Ágúst Einarsson, Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Þetta er breytingartillaga á þskj. 447. Það væri ánægjulegt ef hæstv. ráðherrar, t.d. hæstv. fjmrh. eða hæstv. félmrh. sem hin félagslega bágsemd í landinu á víst að heyra undir að nafninu til — maður verður nú að segja svona að nafninu til miðað við framgöngu hæstv. ráðherra fram að þessu — létu það eftir sér að skiptast aðeins á skoðunum við okkur um þessa stöðu. Út af fyrir sig held ég að þjóðin taki því ekkert illa þó við hættum við þetta jólaleyfi okkar og hittumst aftur í janúar til þess að ræða m.a. þessa breytingartillögu. Ég er ekki viss um að því yrði í sjálfu sér illa tekið, alla vega ekki á meðal almennings, ef við þingmenn létum okkur hafa það að ganga þannig að okkar störfum þrátt fyrir annríki og vökur að undanförnu að við kæmumst að þeirri niðurstöðu að málin væru ekki fullrædd og óhjákvæmilegt að taka aðeins betur á einu og einu atriði, eins og til að mynda því hvernig væri verið að ganga frá málum varðandi lágtekjuhópana, elli- og örorkulífeyriþegana, þá atvinnulausu og aðra sem í sambærilegri stöðu eru á Íslandi í miðju góðærinu á því herrans ári 1996, með árið í hönd farandi 1997 og styttist þá til aldamóta.

Herra forseti. Ég hvet til þess að menn geri upp hug sinn til þessarar breytingartillögu okkar og skoði sinn hug mjög vandlega. Svik hæstv. ríkisstjórnar liggja alveg fyrir. Orðin frá því í fyrra um að kerfisbreytingin mikla að afnema launaviðmiðun bótaliða í almannatryggingakerfinu eru að reynast ómagaorð, alla vega ómerkingaorð ef svo heldur fram sem horfir að strax á fyrsta ári eftir að þessar breytingar eru gerðar, þá verði þær notaðar til þess að skerða kjör þessara aðila þrátt fyrir svardagana, til þess að ráðast sérstaklega að lífskjörum þessa hóps sem *ég hélt satt best* að segja að sæmilega þverpólitísk samstaða væri um á Íslandi að væri einna síst aflögufær.

[22:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég tel að sú tillaga sem er til umræðu sé eitt mikilvægasta þingmál sem hefur komið til umfjöllunar. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það væri full ástæða til að fresta þinglokum þar til þessi tillaga hefur fengið samþykki. Ef þarf að tala lengi, mikið og ítarlega til að sannfæra menn um nauðsyn þess, þá held ég að þingið eigi að taka þann tíma.

Hvað er það sem þessi tillaga felur í sér? Jú, með þessari brtt. er ætlunin að láta bætur úr almannatryggingakerfinu, þ.e. ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu, barnalífeyri, bætur í fæðingarorlofi, slysatryggingar og sjúkratryggingar taka mið af breytingum sem verða á launum yfirstandandi árs. Ríkisstjórnin afnam viðmiðun við launabreytingar með bráðabirgðaákvæði í fyrra og ákvað að hækkanir þeirra þátta kæmu fram á fjárlögum hverju sinni. Eins og komið hefur fram í umræðum um fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að hækka þessa bótaliði um 2% á næsta ári þótt líklegt sé að launabreytingar verði meiri. Samkvæmt forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að launabreytingar muni nema 3,5% og ef samtök launafólks hafa sitt fram verða þessar launahækkanir miklu meiri en þessu nemur. Þegar breytingarnar voru gerðar fyrir réttu ári, þá var ítrekað sagt úr þessum stóli að ekki stæði til að skerða kjörin. En nú er því miður annað komið á daginn og það er tilefni þess að brtt. er flutt af fjórum þingmönnum stjórnarandstöðu.

Menn eru og hafa verið mjög bundnir yfir þingstörfum undanfarna daga. Annaðhvort hafa menn verið við umræðu *í þinginu eða setið í nefndum þingsins og unnið þar að* undirbúningi mála og hafa þess vegna átt lítinn kost á því margir hverjir að fylgjast með því sem er að gerast úti í þjóðfélaginu. Ég veit t.d. ekki hve margir áttu kost á að hlýða á útvarpsþátt í Ríkisútvarpinu, í gærmorgun held ég að það hafi verið, þar sem komu fram fulltrúar frá hjálparstofnunum, ekki Bíafra, ekki Eþíópíu, ekki einhvers staðar í fátækum ríkjum heimsins þar sem örbirgðin er mest. Nei, það voru fulltrúar hjálparstofnana í Reykjavík sem sögðu að aldrei fyrr hefði verið eins mikil ásókn til þeirra og nú. Og hvaða fólk skyldi það vera sem núna leitar til hjálparstofnana? Ætli það sé ekki konan sem hringdi í Þjóðarsál Ríkisútvarpsins í dag miður sín yfir þeirri skerðingu sem yrði fyrirsjáanlega á hennar kjörum? Þetta var öryrki. Og eitt af því sem lagt er til í þessari tillögu að fylgi verðlagi, launum, launavísitölu á komandi árum eru örorkubætur. Og hugsið ykkur í rauninni hvað við erum að ræða um hér. Við erum ekki að ræða um það sem við ættum í rauninni að vera að gera — að fjalla um hvernig við gætum bætt kjör þessara aðila. Við erum að ræða um hvort þingið ætli að samþykkja brtt. sem felur það í sér að komið verði í veg fyrir frekari skerðingu á kjörum þessarar konu og annarra kvenna og annarra karla og annarra fjölskyldna sem fyrirsjáanlegt er að munu skerðast, ef ekki verður gerð breyting á.

Í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kom fram að ef ætla mætti að launaþróun næmi 3,5% en þessar hækkanir 2% þá skeikar hér 2–3 hundruð millj. kr. sem verið er að hafa af þessu fólki. Í rauninni finnst manni það hálfgerður hégómi þegar menn eru að æsa sig hér upp úr öllu valdi yfir því hvort þeir komist heim til sín klukkutímanum fyrr eða seinna þegar þingið ætlar að fara í jólafrí, ætlar að ljúka störfum fyrir jólin með það á samviskunni að skerða kjör þessara hópa. Þetta er náttúrlega alveg forkastanlegt. Og þegar það kom fram,

hæstv. forseti, í máli hæstv. forsrh. áðan að gert hefði verið samkomulag í þinginu um lok þingstarfa og það samkomulag hefði á engan hátt verið brotið af hálfu ríkisstjórnarinnar, þá leyfi ég mér að setja fram ákveðnar efasemdir og ákveðnar spurningar sem væri fróðlegt að fá svör við, því ég vil að sönnu virða samkomulag sem gert er hvort sem það er milli stjórnar og stjórnarandstöðu eða annarra aðila. Að sjálfsögðu vil ég það. En það sem ég velti fyrir mér er hvort mönnum finnist það eins og hvert annað hégómamál þegar upplýst er að ríkisstjórnin ætlar að frysta skattleysismörkin og bótakerfið með þeim afleiðingum að verið er að hafa af launafólki, af barnafólki, af íslenskum almenningi 800–1.000 millj. á næsta ári. Það var upplýst í máli hæstv. fjmrh. í gær að til standi að semja um þessi efni og verið sé að semja um þessi efni í svokallaðri jaðarskattanefnd. Það er þakkarvert að vísu að um þau mál skuli fjallað á breiðum vettvangi. Mér finnst það þakkarvert. En ef það á virkilega að vera þannig að ríkisstjórnin fjármagni kosningaloforð sín með þessum hætti, þá er það náttúrlega nokkuð sem hlýtur að koma til alvarlegrar umræðu á Alþingi. Þess vegna varð ég svolítið undrandi í ljósi þeirrar umræðu sem varð í gær — að forsrh. segir að engin mál hafi komið upp á sem hafi gefið tilefni til að tefja eða trufla þinghaldið. Það er eins og það sé bara hvert annað hégómamál að farið sé ofan í vasann hjá almennu launafólki á Íslandi og teknar séu þar upp 800–1.000 millj. kr. og sagt að þessa peninga eigi síðan (**Gripið fram í:** Haltu áfram.) að fjalla um í tengslum við kjarasamninga.

Haltu áfram, heyrði ég einn ágætan stjórnarþingmann segja í salnum og það skal ég gera og ég er tilbúinn að halda áfram þess vegna í alla nótt og á morgun og í marga daga þangað til þingmenn sjá sóma sinn í því að samþykkja þessa tillögu, sem því miður felur ekki í sér neinar úrbætur fyrir öryrkja og lífeyrisþega, því að hún gerir ekki annað en að koma í veg fyrir að hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skerði kjör þessara hópa um mörg hundruð millj. kr.

Mér þætti fróðlegt að heyra álit stjórnarþingmanna á tillögunni. Það er eitthvað muldrað þarna úr sæti baka til í salnum. Ég man ekki betur en hér væri sagt af hálfu ráðherra í ríkisstjórninni — ég sé að hæstv. iðnrh. er kominn í salinn. Það væri fróðlegt að heyra hans álit, en ég man ekki betur en það væri sagt af hálfu ráðherra í ríkisstjórninni sl. haust, fyrir réttu ári, að enda þótt bótakerfið væri tekið úr sambandi við launaþróun, þá stæði ekki til að skerða kjör lífeyrisþega, öryrkja og atvinnulausra. Ég man ekki betur en þetta væri fullyrt. Núna hins vegar er komin fram tillaga þess efnis að ríkisstjórnin getur sýnt í verki hver hennar raunverulegi vilji er og það verður fróðlegt að fylgjast með hvort hæstv. iðnrh. ætlar að tjá sig um þetta mál eða láta duga að ræða einungis um einkavæðingu Rafmagnseftirlitsins í landinu. (**ÖS:** Tökum það á eftir.) Það væri fróðlegt að heyra hvort — hér kemur hæstv. dómsmrh. líka í gættina. Ég man ekki betur en fleiri en einn ráðherra í ríkisstjórninni segðu þegar bætur til atvinnulausra og öryrkja voru teknar úr sambandi við launaþróun í fyrra, að þetta væri tæknileg útfærsla og ekki stæði til að skerða kjör þessara hópa. Voru þetta bara blekkingar? Hér er verið að tala samkvæmt þeim fjárlagatillögum sem við höfum. Þær ganga út á að skerða kjör þessara hópa um 200–300 millj. kr. Og miklu meira ef launakröfur verkalýðshreyfingarinnar ná fram að ganga, þá er verið að hafa enn meiri fjármuni af þessu fólki. En ég auglýsi eftir því að ráðherrar í ríkisstjórninni upplýsi hvort það hafi verið blekking ein fyrir réttu ári þegar fullyrt var að fyrst og fremst væri um tæknilega útfærslu, tæknilega breytingu að ræða. Það stæði ekki til að skerða kjör öryrkja. Það stæði ekki til að skerða kjör atvinnulausra. Það stæði ekki til að skerða kjör lífeyrisþega. En nú liggur á borðinu að þetta voru ósannindi. Og svo er verið að tala hér á léttvægan hátt um hvort menn komist heim til sín klukkutímanum fyrr eða síðar. (**Gripið fram í:** Okkur liggur ekkert á.) Okkur liggur ekkert á, segja menn og hrista hausinn. Okkur kemur þetta ekkert við. Ykkur kemur þetta kannski ekkert við, hv. þm.? Mönnum kemur það kannski ekkert við þegar verið er að skerða kjör öryrkja og atvinnulausra. Ég veit ekki hvað hæstv. menntmrh., sem er kominn í salinn, segir um það efni. Var engin meining á bak við það fyrir réttu ári þegar ráðherrar í ríkisstjórn fullyrtu að ekki stæði til að skerða kjör þessara hópa? Þetta væru fyrst og síðast tæknilegar breytingar sem menn væru að framkvæma og nú þegja menn bara þunnu hljóði (**Gripið fram í:** Já.) og baka til í salnum hrista menn hausinn og segja: Okkur liggur ekkert á. (**Gripið fram í:** Við komumst ekkert að.)

Hæstv. forseti. Ég skal ljúka máli mínu svo menn komist að, bæði ráðherrar og stjórnarþingmenn. Við skulum taka þá á orðinu.

[22:07]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla að gera aðeins að umtalsefni þá brtt. sem minni hluti efh.- og viðskn. hefur lagt fram við frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

Mig langar til að það komi skýrt fram að þessi tillaga er réttlætismál og okkur ber að samþykkja hana. Eins og menn þekkja frá fjárlagaumræðunni fyrir ári var við umræðu um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum samþykkt af meiri hluta Alþingis að aftengja almannatryggingabætur, greiðslur úr almannatryggingunum og atvinnuleysisbætur almennri launaþróun í landinu. Þetta gerir það að verkum að nú munu greiðslur til lífeyrisþega og þeirra sem fá greiðslur úr almannatryggingunum ekki hækka jafnmikið og laun í landinu ef marka má spár. Þessi hópur mun því búa við lakari kjör ef spár ná fram að ganga. Þetta er auðvitað óþolandi og við eigum ekki að líða það að fólk, sem hefur þurft að búa við mestan niðurskurð af hálfu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá því við síðustu fjárlagagerð, og hefur þurft að búa við meiri tekjutengingu og skertar bætur á þessu ári, þurfi enn einu sinni að búa við skert kjör. Og eins og komið hefur fram í fjölmiðlum og víðar er neyðin mikil hjá stórum hópi þessa fólks, sérstaklega þeirra sem eru með lítil réttindi úr lífeyrissjóðum og margra jafnvel þó þeir séu með greiðslur úr lífeyrissjóðum.

Okkur í stjórnarandstöðunni finnst nóg komið af atlögunni að þessu fólki. Ég vil minna á að lífeyrisþegarnir eru með hæstu jaðarskattana og á vissu tekjubili eru 100% jaðarskattar á lífeyrisþegum. Ég tel réttlætismál að við breytum þessu ákvæði til fyrra horfs, eins og lagt er til í brtt. Menn ættu að geta staðið að því nú í góðærinu því að það er ekki viðunandi að þessi hópur einn þurfi að búa við skertan hlut og það enn einu sinni.

Gert var ráð fyrir í lagabreytingunum í fyrra við fjárlagagerðina að þetta yrðu tímabundnar breytingar. Þess vegna munum við láta reyna á það við atkvæðagreiðslu á eftir hvort stjórnarmeirihlutinn ætli að standa við að láta þá hópa lífeyrisþega og þá sem fá greiðslur úr almannatryggingunum

enn einu sinni sæta skerðingu miðað við almenna launamenn í landinu. Þess vegna skulum við fylgjast með hvaða afstöðu menn taka við atkvæðagreiðslu um brtt. þar sem lagt er til að almannatryggingabætur og greiðslur úr almannatryggingunum fylgi almennri launaþróun í landinu, eins og hún gerði fram að fjárlagagerðinni fyrir ári.

[22:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó nú sé eiginlega liðið að lokum þessa þings er hér til umræðu sú tillaga sem mesta þyngd hefur af öllum þeim tillögum sem stjórnarandstaðan hefur flutt í þessari síðustu lotu þingsins. Hér er gerð tillaga um að bætur til þeirra hópa sem hafa búið við verst kjör verði tengdar launaþróun í landinu eins og áður gilti.

Nú er það svo, herra forseti, að skylt er skeggið hökunni og svo sannarlega er þetta í stíl við þá stefnu sem jafnaðarmannaflokkar hafa fylgt hér á landi eins og annars staðar áratugum saman. Þetta mál tengist grunnstefi í starfsemi Alþfl. allt frá því að hann var stofnaður fyrir 80 árum. Þeir sem flytja tillöguna, þar á meðal eru tveir þingmenn jafnaðarmanna, sem því miður eru mjög önnum kafnir við fundahöld annars staðar sem tengjast þinginu þannig að það er ekkert skrýtið þó ég komi hér og mæli fyrir tillögunni. Hvert er réttlætið fyrir því að hafna þessari tillögu? Ég get ekki séð það, herra forseti.

Staðan er þannig að við fjárlögin í fyrra var tengingin við hina almennu launaþróun í landinu felld brott en því fylgdi jafnframt loforð um að þetta yrði ekki notað til að skerða kjör þessara hópa. Ég man ekki betur en þetta loforð hafi verið án tvímæla, hafi verið skýlaust.

Hvernig er staðan í þjóðfélaginu í dag, herra forseti? Hún er einfaldlega þannig að þensla er á næstu grösum. Það er svo mikil þensla að hæstv. *menntmrh.* lýsti því yfir í gær að rök hans fyrir því að taka ekki meira fé, taka ekki sérstakan eignarskatt sem tekinn er samkvæmt lögunum frá 1989 um endurbætur á menningarbyggingum, væru vegna þess að hann vildi ekki stuðla að þenslu á suðvesturhorninu. Með öðrum orðum, það er alveg klárt að menn búast við þenslu á *næstunni*.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur haldið margar ræður síðustu daga. Hann hefur aftur og aftur farið í fjölmiðla og varað við því að þensla væri á næsta leiti, það væru líkur á verðbólgu, óhóflegum launahækkunum. Með öðrum orðum, á annan veginn segja hv. þingmenn stjórnarinnar að gert sé ráð fyrir *allverulegum launahækkunum en þeir hafa nú* þegar hækkað þennan lið á fjárlögum um aðeins 2%. Ég segi, herra forseti, að það er ákveðið misræmi þarna á milli. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við ræðum það vel í kvöld áður en þingheimur kveður og heldur til jólahalds, hvort þetta sé hin rétta jólagjöf til þessara hópa. Hóparnir sem *við erum að hugsa um* með þessari tillögu, sem liggur fyrir frá fjórum hv. þingmönnum stjórnarandstöðunnar, gerir ráð fyrir að bætur úr almannatryggingakerfinu verði aftur látnar taka mið af þeim breytingum sem líklegt er að verði á launum á yfirstandandi ári og næsta ári. Telja menn að það sé líklegt að laun muni ekki hækka nema um 2%? Hafa menn ekki *hlustað á raddir verkalýðshreyfingarinnar*? Hafa menn ekki hlustað á það, sem til að mynda framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands sagði í haustbyrjun, að svigrúm væri fyrir allgóðar launahækkanir? Muna menn ekki eftir því þegar hæstv. forsrh. hélt sínar ræður í byrjun þessa þings og lýsti því yfir að árferðið væri allt á uppleið og það væri bjart framundan í íslensku þjóðlífi? Er það þá ekki sanngjarnt, herra forseti, að líka þessir hópar sem eiga allt sitt undir almannatryggingakerfinu fái að njóta í sama mæli þessa bata sem hæstv. ríkisstjórn hefur gumað svo af? Hvers vegna ekki? Hvaða rök eru fyrir því að svo verði ekki gert? Ég segi eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sem talaði fyrr í kvöld: Hvaða rök hafa stjórnarliðar fyrir því að fella þessa tillögu? Ég er reiðubúin til að hlusta á þau og taka afstöðu til þeirra. En við verðum fyrst að heyra þau. Staðan er einfaldlega þannig að stjórnarliðið þegir þunnu hljóði. Stjórnarliðið ætlar sér með því að þegja þunnu hljóði og með því að fella þessa tillögu eins og er alveg klárt að þeir hyggjast gera, líka að brjóta loforðið sem þeir gáfu í fyrra, það loforð sem eins og hér hefur verið margítrekað gekk út á það að þær breytingar sem urðu við fjárlögin í fyrra á lögum um almannatryggingar yrðu ekki notaðar til þess að skerða kjör þessara hópa. Enda alveg klárt að með því að hækka aðeins þessa bótaliði um 2% á næsta ári er stefnt að því að skerða kjör þeirra. Þar með eru menn líka að lýsa því yfir að orðin sem þeir létu sér um munn fara í fyrra séu ómerk. Ég get ekki fallist á það, herra forseti, og þess vegna hvet ég hv. þm. stjórnarliðsins til að íhuga hvort það sé nú ekki í takt við anda þeirrar hátíðar sem við erum nú senn að halda til að fagna, hvert í sínu heima, að gefa þessum hópum þá jólagjöf sem þeim væri sennilega kærkomnust og fælist í því að samþykkja þessa tillögu. Gleymum ekki anda jólanna, herra forseti. „Elska skalt þú náungann eins og sjálfan þig." Við mundum öll ef við værum í þessari stöðu vilja fá þessa tillögu samþykkta og við skulum þá líka gera náunga okkar það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni fatlaðra, 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 481.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi raforkuvirkja, 3. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 482.

[22:18]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál, öryggi raforkuvirkja, var rætt hér mikið alla sl. nótt. Það var ágæt og skýr umræða þar sem ýmsir komu að málinu sem þekkja vel til þess og ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Það sem mér finnst aðalumhugsunarefnið í þessu máli er tvennt. Í fyrsta lagi er það hvernig Alþingi lætur fara með sig einu sinni enn að afgreiða svona mál síðustu sólarhringana fyrir jól þegar ekkert liggur á því. Það eru engin rök fyrir því að það þurfi endilega að ljúka þessu máli núna. Það er dálítið umhugsunarefni hvernig Alþingi er eins og leiksoppur í höndunum á framkvæmdarvaldinu oft á tíðum þó Alþingi hafi sjálft viðurkennt að þetta var meingallað mál með því að samþykkja,

eða það þurfti að afgreiða, í dag einar 30 breytingartillögur ef ég tók rétt eftir. Það er eitt sem ég hef áhyggjur af í þessu og það er staða Alþingis.

Hitt er svo almennt um málið sem ég ætla í sjálfu sér ekki að fjalla um hér að öðru leyti en því að segja: Getur hæstv. iðnrh. upplýst okkur um hvað verður um fólkið sem starfar hjá Rafmagnseftirlitinu? Er tryggt að þetta fólk fái störf með eðlilegum hætti og í sátt og friði hjá þeirri nýju stofnun sem ætlað er að taka við því? En ég mótmæli málinu og ég tel að öll rök okkar í minni hlutanum í þessu máli standi enn þá, hæstv. forseti.

[22:20]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta mál. Í morgun frá kl. fjögur til átta ræddum við, nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar við hæstv. iðnrh. og hv. formaður iðnn., um frv. um öryggi raforkuvirkja og neysluveitna og raffanga. Ég hafði, herra forseti, efasemdir um að vinnubrögð stæðust vegna hagsmunatengsla nefndarmanna sem unnu að undirbúningi frv. Ég hef verið fullvissaður um að mér er óhætt að vera rólegur út af þeim efasemdum. En eins og hv. þm. má vera ljóst og einnig hæstv. ráðherrum þá varð að gera gífurlegar breytingar á frv., 28 eða 30 breytingar. Ég er ekki alveg með það á hreinu hvað þær eru margar. Þannig að það þurfti mikið að laga og það var gert. Ég vil láta það koma fram að ég met að það hefur verið vel unnið að þessu máli.

Við áttum málefnalegar umræður og samskipti um þetta mál og það kom mér að gagni. Ég hef reyndar áhyggjur af því enn þá hvernig framkvæmdin verður. En eftir að hafa fengið svör frá hæstv. iðnrh. og hv. formanni iðnn. við öllum spurningum sem ég bar fram í morgun eða nótt þá get ég nú varla verið annað en sáttur við málefnaleg endalok umræðunnar. Eftir að hafa fengið í lokin þær hugleiðingar hæstv. iðnrh. að ekki yrði um aukinn kostnað neytenda að ræða þá lýsti ég því yfir að ég mundi sitja hjá við afgreiðslu málsins. Ég vona að það sem kom fram reynist rétt og ég ítreka að ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[22:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. Svavars Gestssonar um afgreiðslu málsins. Þetta mál er hluti af fjárlagafrv. Það hefur komið fram hér áður í þessari umræðu og ég fagna því að það væri mikilvægt að stjórnarandstaðan á Alþingi skildi að ríkisstjórnin þyrfti að fá mál þau sem væru hluti af fjárlagafrv. samþykkt fyrir áramót. Það er nefnilega gert ráð fyrir að með sameiningu Löggildingarstofunnar og Rafmagnseftirlits verði talsverður sparnaður af rekstri þessara stofnana og þeim sparnaði er gert ráð fyrir í fjárlagafrv.

Eins og ég hygg að hv. þm. hafi orðið varir við við atkvæðagreiðslu hér eftir 2. umr. málsins í þeim tillögum sem komu frá meiri hluta iðnn., 14 breytingartillögum sem gerðar voru við frv., þá eru þær til komnar vegna þess að verið er að koma til móts við óskir þeirra sem komu til fundar við nefndina. Og það hefur verið reynt eftir því sem nokkur kostur var á að ganga eins til móts við þá sem komu á fund nefndarinnar.

Þá var mjög rætt um það hér snemma í morgun hvað yrði um það starfsfólk sem nú starfar hjá báðum þessum stofnunum. Í frv. til laga um Löggildingarstofu eru ákvæði um að starfsmenn skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um sambærileg störf hjá hinni nýju stofnun. Þeir starfsmenn sem ráðnir verða til starfa hjá hinni nýju stofnun að undangenginni auglýsingu eins og skylt er samkvæmt lögum munu halda fyrri rétti sínum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta varðar t.d. fyrirframgreiðslu launa, biðlaunarétt, makalaun og lausnarlaun vegna heilsubrests. Af þessu leiðir að yfirleitt verður engin breyting á réttarstöðu starfsmanna sem kunna að ráðast til starfa hjá hinni nýju stofnun og að í frv. eru gerðar ráðstafanir sem tryggja að réttarstaða starfsmanna verði óbreytt. Að þessu er nú unnið og sá undirbúningur er hafinn á vegum iðnrn. Við vonumst til og munum leggja okkur fram um að í nýju skipulagi þessarar stofnunar verði hægt að ráða allflest það starfsfólk sem þar er starfandi á báðum stofnununum núna. Því er hins vegar ekki að neita að það er gert ráð fyrir að þetta frv., og þess vegna er það hluti af fjárlagafrv., spari nokkrar millj. kr. Það kann auðvitað að vera að það komi til á einhverjum stigum málsins að þarna fækki starfsmönnum og þá verður að reyna að gera það eins mildilega og nokkur kostur er. Ég veit að það mun taka einhvern tíma að koma þessu skipulagi á og það mun kosta einhverja peninga. En menn munu fara mjög varlega í þessum efnum og reyna að gera þetta eins lipurlega og hægt er.

[22:26]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi svör. Ég verð að segja alveg eins og er að miðað við aðdragandann að þessum málum öllum þá hef ég áhyggjur af stöðu starfsfólksins. Það er ljóst að þó nokkur hópur af þessu fólki hefur beitt sér mjög hart gegn þeim breytingum sem hér er um að ræða. Ég vona að það sé að minnsta kosti tryggt að enginn verði látinn gjalda málafylgju sinnar í þessu máli og að það verði komið heiðarlega fram við alla aðila og ekki síst þá sem hafa beitt sér í málinu vegna þess að ég er sannfærður um að það er hætta á því ella ef ekki er einbeittur vilji um það í ráðuneytinu að þarna geti komið upp vandamál sem eru ófyrirsjáanleg og óþolandi.

Í sjálfu sér hef ég ekki fleiru við þetta að bæta, herra forseti. Ég tel að málið hefði batnað við það að bíða. Ég tel að það hefði verið skynsamlegra að fresta málinu fram yfir áramót. Ég taldi óskynsamlegt að taka síðustu nótt í að ræða þetta mál eins og gert var.

Ég endurtek engu að síður að ég þakka hv. formanni iðnn. fyrir það að hann reyndi að bæta málið eins og hann mögulega gat og á hann þakkir skildar fyrir það. Nú skulum við vona að skaðinn verði eins lítill og mögulegt er. Meginatriðið er þó líka í mínum huga eins og sakir standa að það fólk sem þarna hefur unnið verði alls ekki látið gjalda málafylgju sinnar því slík dæmi þekkjum við úr stjórnkerfinu að það hefur beinlínis verið komið illa fram við það fólk sem oft á tíðum hefur beitt sér gegn þeim ákvörðunum sem stjórnvöld hafa tekið. Ég vona að við séum vaxin upp úr slíkum niðurstöðum í stjórnkerfinu og að enginn leyfi sér slíkt.

[22:27]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. þm., Svavari Gestssyni, að ég tel að það hefði verið hyggilegra að láta þessa lagabreytingu bíða. Það er greinilegt að mikil andstaða er við þessar lagabreytingar. Það er mikil andstaða við að einkavæða Rafmagnseftirlitið. Það hefur komið fram og kom fram við umræðu hér í gær og í nótt að þetta mun að öllum líkindum draga úr öryggi. Þetta verður dýrara og erfiðara á alla

lund. Við höfum við umræðuna tíundað mótmæli sem borist hafa hvaðanæva að af landinu, frá sveitarstjórnarmönnum, rafverktökum og öðrum sem til þessara mála þekkja. Það var gott að heyra hæstv. iðnrh. lýsa því sérstaklega yfir að reynt yrði að verja atvinnuöryggi manna. Það er þakkarvert. Það er reyndar margt mjög undarlegt sem tengist störfum manna í þessu lagafrv., t.d. það að þess skuli krafist að forstjórinn hafi háskólamenntun. Þessi háskólaprófsárátta í þingmönnum er orðin harla undarleg. Það má ekki skipa nefnd í stjórnkerfinu án þess að þar sé lögfræðingur eða maður með dómararétt-indi. Það er eins og menn telji að þjóðin sé ekki læs nema hún hafi háskólapróf upp á vasann. Þetta finnst mér mjög undarlegt. En ég vil að lokum þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans orð varðandi atvinnuöryggi starfsmanna. Ég tel það vera mjög mikilvægt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[22:29]

Útbýting þingskjals:
Ríkisendurskoðun, 262. mál, frv. ÓE o.fl., þskj. 497.

Löggildingarstofa, 3. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 483, frhnál. 494.

[22:30]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frhnál. frá minni hluta efh.- og viðskn. Þannig er að í ljósi nýrra upplýsinga hefur minni hlutinn endurskoðað afstöðu sína til þessa máls. Öfugt við það sem við nefndarmenn í efh.- og viðskn. höfðum ástæðu til að ætla miðað við þær upplýsingar sem okkur voru veittar um málið, hefur komið í ljós að um það er mikill ágreiningur. Ég ætla ekki að fara út í það hér af tillitssemi við viðkomandi aðila að rekja hvernig staðið var að því að miðla upplýsingum til efh.- og viðskn. en okkur var talin trú um að um þetta mál ríkti algjör samstaða meðal hagsmunaaðila, starfsmanna og annarra sem í hlut ættu.

Annað hefur komið á daginn eins og kunnugt er. Það er m.a. ljóst af umræðum um næsta dagskrármál á undan að um þessi mál standa miklar deilur. Málin eru illa undirbúin, þau eru illa gerð og það kostaði breytingartillögur við nánast hverja einustu grein frv. sem var til 2. umr. fyrr í dag. Þá hefur og komið á daginn að málefni starfsmanna eru í mikilli óvissu. Það hefur ekki verið rætt við starfsmenn þessara stofnana og mikil óvissa er um hvernig hagir þeirra verða eftir þessar breytingar. Minni hlutinn telur því vænlegast að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar og fresta afgreiðslu þess þannig að meiri tími gefist til að skoða málin betur.

Hæstv. iðnrh. færir fram sem rök fyrir þessu máli að því eigi að fylgja nokkur sparnaður, það er sami hæstv. iðnrh., er það ekki, herra forseti, sem er genginn á dyr, og að þetta sé þar með væntanlega hluti af sparnaðaraðgerðum ríkisstjórnarinnar og tengist afgreiðslu fjárlaga. Þess vegna verði þetta að ná hér fram. Við höfum nú heyrt það áður, herra forseti, að einkavæðing eftirlitsiðnaðarins í landinu sé gerð í sparnaðarskyni en reynslan er önnur. Staðreyndin er sú að það hefur engin ein atvinnugrein í landinu blómstrað jafnmikið á síðustu missirum eins og eftirlitsiðnaðurinn og sérstaklega hinir einkavæddu hlutar hans. Það er í raun verið að koma á í landinu lagskiptum eftirlitsiðnaði þar sem annars vegar er einkageirinn með veiðileyfi á viðskiptavinina og síðan opinberar silkihúfur, stofnanir þar ofan á með fínum stjórnum sem kosta sitt líka.

Herra forseti. Ég innti hæstv. ráðherra eftir því í gær hvort fjölmiðlafréttir um það að hæstv. ráðherra hefði falboðið forstjórastarfið í hinni nýju stofnun tilteknum manni. Það komu lítil svör, herra forseti, þannig að ég hef því miður ekki annað tækifæri en þetta síðasta, hér við 3. umr. málsins, til þess að knýja á um svör frá hæstv. ráðherra. Ég óska eftir því að hæstv. forseti lyfti nú brúnum sínum og geri gangskör að því að fá hæstv. ráðherra í salinn.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun verða við því. Ráðherra er hér á næstu grösum og verður hans leitað. — Hv. þm. má halda áfram að tala.)

Það er ekki um annað að tala, herra forseti, en þessa einu spurningu sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. ráðherra þannig að ég kýs að gera hlé á máli mínu þangað til ráðherra gengur í salinn og vona að það verði ekki 29 mínútur eins og fordæmi eru fyrir hér á þingi.

Herra forseti. Það er mér mikið gleðiefni að hæstv. ráðherra skuli sjá sér fært að koma í þingsalinn í öllum sínum önnum. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort réttar séu þær fjölmiðlafregnir næsta fáheyrðar sem hafa komið fram núna á síðustu sólarhringum um það að hæstv. ráðherra hafi í bréfi boðið ráðuneytisstjóra í ráðuneyti sínu sem er í leyfi frá störfum að gerast forstöðumaður þessarar nýju stofnunar. Hvort hægt sé að fá að sjá þessi bréf og upplýsa um þessi mál á hinu háa Alþingi áður en málið verður endanlega afgreitt. Þannig háttar til að ráðuneytisstjóri í iðn.- og viðskrn. er í leyfi frá störfum og hefur verið að sinna mikilvægu embætti í þágu þjóðarinnar á erlendri grund. Hann hugðist nú snúa heim eins og til hafði verið stofnað í samræmi við þann tíma sem hann hafði fengið leyfi. En þá berast fregnir af því að hæstv. ráðherra hafi ekki hug á því að láta ráðuneytisstjórann taka sín fyrri störf, heldur bjóði honum önnur og lægra sett embætti, ýmist skrifstofustjórastörf í ráðuneytinu, að gerast undirmaður fyrrum undirmanna sinna, eða hitt sem fram hefur komið að hæstv. ráðherra hafi boðið ráðuneytisstjóranum að gerast forstöðumaður fyrir væntanlega Löggildingarstofu. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að við fáum hér svör um það frá hæstv. ráðherra hvort rétt sé eftir haft, hvort rétt sé bréfað og hvernig það standi þá af sér stjórnskipulega hjá hæstv. ráðherra að gera hvort tveggja í senn, að meina ráðuneytisstjóranum að setjast í sína fyrri stöðu og festa svona fyrir fram forstjórastarfið í þessari stofnun, hvort hæstv. ráðherra hafi kannað það alveg til hlítar að ekki sé öðrum hæfari mönnum til að dreifa í heiminum sem kynnu að sækja um forstjórastarfið hjá Löggildingarstofunni heldur en ráðuneytisstjóranum, og þar af leiðandi hafi verið óhætt að treysta því að ekki kæmi til neinnar misbeitingar á valdi á þó að ráðuneytisstjórinn fengi fyrir fram embættið. Ég held að það sé alveg það minnsta sem hæstv. ráðherra getur lagt á sig við lokaafgreiðslu þessara mála að upplýsa þetta. Vonandi dregur hæstv. ráðherra ekkert undan því að eins og kunnugt er, þá er reynslan af því frekar slæm fyrir ráðherra, bæði hér heima og erlendis, að draga undan þegar spurt er um alvarleg mál.

[22:38]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að um næstu áramót lýkur launalausu leyfi Björns Friðfinnssonar frá starfi ráðu-

neytisstjóra í viðskrn. og starfandi ráðuneytisstjóra í iðnrn. Ég hef verið og tel mig vera í samningaviðræðum við Björn um það hvernig störfum hans verði háttað þegar hann kemur úr þessu fríi sem hann hefur haft. Um það hef ég ritað honum bréf. Hann hefur rétt til 23. desember til þess að gera athugasemdir við það sem er í bréfinu. Á þessu stigi máls hyggst ég ekki upplýsa hvað þar er um að ræða þar sem ég vil gefa manninum tækifæri til þess að gera athugasemdir.

[22:39]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var athyglisvert svar að svo miklu leyti sem þetta var svar. Mér fannst sérstaklega athyglisvert að heyra hæstv. ráðherra taka þannig til orða að hann teldi sig vera í samningaviðræðum við manninn. Það er greinilega eitthvað óljóst hvort um sé að ræða samningaviðræður eða ekki.

Hitt var líka athyglisvert að hæstv. ráðherra bar ekki á móti því sem fram hefur komið í fjölmiðlum og ég vitnaði til, að hæstv. ráðherra hefði boðið ráðuneytisstjóranum starf forstöðumanns Löggildingarstofunnar tilvonandi. Við hljótum auðvitað að taka það, herra forseti, sem staðfestingu á því að rétt sé eftir haft, að það felist í bréfinu þó að hæstv. ráðherra vilji ekki upplýsa frekar um það á þessu stigi. Það liggur í hlutarins eðli að ef þar væri farið með staðlausa stafi, þá hefði hæstv. ráðherra að sjálfsögðu mótmælt því og leiðrétt það hér. Eftir stendur þá sú athyglisverða staðreynd að hæstv. ráðherra hefur sem sagt fyrir fram falboðið þetta starf manni sem talið var að ætti lögvarinn rétt til þess að setjast í annað embætti þegar hann kæmi úr launalausu leyfi. Þetta er hið athyglisverðasta mál, herra forseti, hið athyglisverðasta mál og ég er alls ekki viss um að við séum búin að sjá fyrir endann á því.

[22:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður að eiga það við sjálfan sig hvaða getgátur hann hann er uppi með í þessu máli.

[22:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að þetta mál sem varðar starf ráðuneytisstjóra í iðnaðar- og viðskrn. sé rætt hér þegar á dagskrá er einmitt það sem við ræðum hér, Löggildingarstofan, vegna þeirra tengsla sem fram hafa komið milli uppsagnar hæstv. iðnrh. á ráðuneytisstjóra sínum og tilboðs sem fullyrt er að honum hafi verið gert. Ég ætla ekki að segja margt um málið en ég undrast það eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. hvernig mál þetta ber að og hvernig á því hefur verið tekið af hálfu hæstv. ráðherra sem telur sig þarna hafa stöðu til þess að breyta til. Ég vil ekki leggja neitt mat á það út frá lögfræðilegri hlið. Það finnst mér ekki vera kannski meginatriði heldur hitt, sem ég tók ekki eftir að nefnt væri hér, að viðkomandi starfsmaður kemur heim í góðri trú og hættir störfum í embætti sem hann hafði tekið að sér tímabundið og fengið leyfi til að sinna um hríð. Hann kemur heim í góðri trú eftir að hafa fengið skilaboð bréflega, eftir því sem sagt er, frá hæstv. iðnrh. um það að leyfi hans verði ekki framlengt. Viðkomandi starfsmaður hjá Eftirlitsstofnun EFTA, þ.e. ráðuneytisstjórinn sem hefur stöðuna, tekur ákvörðun um það að hætta því starfi fyrr heldur en ástæða var til til þess að koma þeim til þess að uppfylla þau skilyrði sem verið var að setja honum. Frá mannlegum sjónarmiðum finnst mér mjög óeðlilega á máli haldið og ég vil að það komi fram hér vegna þess að þetta mál hefur borið hér á góma og skiptir þá engu hver í hlut á.

Ég er mjög undrandi eins og fleiri á þessari málsmeðferð hæstv. ráðherra. Mér finnst hún mjög sérkennileg og ég vil jafnframt taka það fram að þetta ber ekki að skilja á neinn hátt sem svo að ég vantreysti þeim einstaklingi sem hefur gegnt ráðuneytisstjórastarfinu tímabundið, hefur verið settur í það tímabundið af hæstv. ráðherra. Það er starfsmaður sem ég réð í ráðuneytið á sínum tíma og ég get vottað að á þeim tíma stóð sig vel í starfi og ég hef ekki orðið var við að þar hafi orðið einhver breyting á. Það á heldur ekkert skylt við það. Hér er um að ræða spurningu um eðlileg mannleg samskipti að mér sýnist og ég vil að það komi fram af minni hálfu að ég harma það að svona er að verki staðið eins og virðist vera miðað við það sem fram hefur komið í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 203, nál. 484.

[22:45]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 484 um frv. til laga um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna. Þetta nefndarálit er frá efh.- og viðskn.

Hæstv. forseti. Nefndin hefur tekið þetta mál fyrir og mælir með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 261. mál. — Þskj. 495.

[22:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1996 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 1997."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[22:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að mér finnst að hæstv. forsrh. skuldi þingheimi skýringu á því af hverju flutt er tillaga um svona langt hlé á störfum Alþingis. Þetta er óvenjulangt hlé. Það hafði verið talað um að hlé á störfum Alþingis yrði kannski til 21. janúar ef ég man rétt, en síðan kom þessi hugmynd upp. Ég held að það sé nauðsynlegt að

flutningsmaður tillögunnar, hæstv. forsrh., skýri rökin fyrir henni því að hún er í hæsta máta óvenjuleg. Ég held að þingið eigi rétt á því að heyra rökin en líka þjóðin vegna þess að það er mjög algengt að hlutir séu settir þannig upp, þó að það sé auðvitað rangt, að alþingismenn séu í fríum á þessum tíma yfir jólin og fram í janúar. Auðvitað eru menn að sinna ýmsum verkum eins og kunnugt er. En af þeim ástæðum er sérstaklega nauðsynlegt að fá fram rök fyrir því af hverju tillagan er flutt með þessum hætti.

[22:48]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vissi ekki annað en menn hefðu vitað um þessa hugmynd sem hefur verið í gangi. Það var að vísu talað um 27. jan. í þeim samtölum en þá miðuðu menn við að þingmenn eða þingið kæmi saman á mánudegi. Það þótti heppilegra fyrir þingmenn, til að mynda utan af landi, að þingið kæmi saman þá degi síðar eða 28. Fyrstu vinnuvikuna á hinu nýja ári ber þannig að að hún er afar stutt. Þannig stendur á hjá almanakinu og við breytum því ekki í þinginu þó valdamikir séum þannig að það þykir henta og vera til farsældar fyrir störf þingsins að ríkisstjórnin fái aðeins rýmri tíma til að undirbúa mál sín fyrir þingið í janúar og ég vissi ekki annað en að sátt væri í því máli.

Hins vegar, ef fyrir því er ríkur vilji í þinginu að halda sig við skemmri tíma, þá mun ríkisstjórnin ekki leggjast gegn því.

[22:49]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin og skýringarnar. Tilgangur minn með athugasemdinni var sá að fá svörin og skýringarnar fram því að mér finnst að það þurfi að skýra tillögu af þessu tagi. Hún er svo óvenjuleg og hléið svo langt miðað við það sem tíðkast hefur hér. Það er síðan auðvitað þingsins að meta hvort það fellst á þá ósk að hafa þetta langan tíma frá venjulegum störfum þingsins. Ég heyrði á hæstv. forsrh. að hann taldi að þetta væri heppilegt, m.a. með hliðsjón af störfum ríkisstjórnarinnar. Það kann svo vel að vera og ég hef engar athugasemdir við það að gera á þessu stigi málsins, en ég taldi nauðsynlegt að skýringarnar kæmu fram.

[22:51]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 263. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:52]

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, FrS, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, ÓE, PHB, RA, SP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 499).

Lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 180. mál (nýtt réttindakerfi). — Þskj. 480, frhnál. 485.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:53]

Brtt. 1 í frhnál. 485 samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: JBH.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, ÍGP, KÁ, ÓE, PHB, SP) fjarstaddir.

Brtt. 2 í frhnál. 485 samþ. með 52:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: JBH.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, GB, GHall, GÁS, KÁ, PHB, SP) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 51:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: JBH.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, GB, GHall, GÁS, KHG, KÁ, PHB, SP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 500).

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 251. mál. — Þskj. 433, brtt. 486.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:56]

1. gr. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: JBH.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, GB, GHall, GÁS, KÁ, PHB, SP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: JBH.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, KÁ, PHB, SP) fjarstaddir.

3.–5. gr. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: JBH.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, FrS, GB, GHall, GÁS, KÁ, PHB, SP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: GL, HG, JBH, SJS, ÖJ, ÖS.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, KÁ, ÓÖH, PHB, SP, VS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[22:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er verið að færa heilsugæslulækna og prófessora undir Kjaradóm. Ég tel að almennt eigi launafólk að semja um kaup og kjör og er andvígur þeirri tilhneigingu hjá ríkisvaldinu að kaupa starfshópa undan samnings- og verkfallsrétti. Í umsögn með frv. er skírskotað til sérstöðu háskólaprófessora en ég fæ ekki séð hvað fær komið í veg fyrir að þeir semji um kaup og kjör eins og annað launafólk. Reyndar á það einnig við um næstu grein frv., þar er verið að fjölga í þeim hópum sem eru teknir út úr stéttarfélögum og færðir undir Kjaradóm. Ég mun greiða atkvæði gegn 6. gr. og reyndar 7. gr. einnig.

Brtt. 486 (tvær nýjar greinar, verða 7.–8. gr.) samþ. með 35:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: SJS, ÖJ, ÖS.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB, SP) fjarstaddir.

7. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 36:4 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: HG, SJóh, SJS, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, JóhS, KH, LB, RA, RG, SighB, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KHG, KÁ, ÖS) fjarstaddir.

8.–18. gr. (verða 10.–20. gr.) samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: JBH.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, EKG, GB, GHall, GÁS, KÁ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (ÁRJ, RA) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KHG, KÁ, RG, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Lánsfjáraukalög 1996, frh. 3. umr.

Stjfrv., 226. mál (útgáfa húsbréfa). — Þskj. 306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:01]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
4 þm. (GGuðbj, HG, KH, RA) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 502).

Almannatryggingar og lyfjalög, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 250. mál (kaup á vörum og þjónustu, lyfjaverðsnefnd). — Þskj. 412, brtt. 447.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:02]

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GL, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 447 felld með 36:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LB, GL, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH.

nei: MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÓE, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, GÁ.

1 þm. (LMR) greiddi ekki atkv.

8 þm. (SighB, ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um það hvort almannatryggingabætur skuli fylgja almennri launaþróun. Þeir sem segja nei við þessari tillögu hafna því að lífeyrisþegar hljóti sömu kjarabætur og launþegar. Ég er fylgjandi því að þessi hópur eigi að hljóta sömu kjarabætur. Ég segi já.

[23:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að bætur hækki um 2% eða sem nemur verðlagshækkunum. Á þessari stundu er ekki hægt að sjá fyrir um launabreytingar á næsta ári. Því hefur margoft verið lýst yfir í umræðum hér á hinu háa Alþingi að þessar bætur verða til endurskoðunar þegar kjarasamningar hafa verið gerðir. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja á þessari stundu hverjar þær breytingar verða. Ég segi nei.

2.–3. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, LMR, SighB) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 228. mál (yfirtaka sveitarfélaga o.fl.). — Þskj. 481.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, KHG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB, SvG, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 503).

Öryggi raforkuvirkja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 73. mál. — Þskj. 482.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:12]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 504).

Löggildingarstofa, frh. 3. umr.

Stjfrv., 74. mál. — Þskj. 483, frhnál. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:13]

Till. í frhnál. 494 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 40:13 atkv. og sögðu

já: ÁRJ, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (ÁRJ, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, GÁS, JBH, KÁ, SighB) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 505).

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, frh. 2. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 203, nál. 484.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:15]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 23:16.

---

55. FUNDUR

föstudaginn 20. des.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.
2. Kosning aðalmanns í stað Baldvins Jónssonar hrl. í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.
3. Kosning aðalmanns í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.
4. Kosning varamanns í stað Maríönnu Traustadóttur í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 1997, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.
5. Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 251. mál, þskj. 501. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Almannatryggingar og lyfjalög, frv., 250. mál, þskj. 412. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
7. Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, stjfrv., 182. mál, þskj. 203. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
8. Fjárlög 1997, stjfrv., 1. mál, þskj. 364, frhnál. 453 og 464, brtt. 419, 426, 427, 428, 429, 430, 444, 445, 446, 448, 449, 450, 452, 459, 463, 465, 469, 470, 471, 472, 473, 476 og 479. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

[Fundarhlé. — 23:17]

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:46]
Of skammt var liðið frá umr. í 5.–7. dagskrármáli. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Kosning tveggja dómenda og tveggja varadómenda í Kjaradóm til fjögurra ára frá 1. janúar 1997 til 31. desember 2000, skv. 1. gr. laga nr. 120 31. des. 1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Magnús Óskarsson hæstaréttarlögmaður,
Jón Sveinsson héraðsdómslögmaður.

Varamenn:
Óttar Yngvason hæstaréttarlögmaður,
Þuríður Jónsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Kosning aðalmanns í stað Baldvins Jónssonar hrl. í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 8. gr. laga nr. 80 16. október 1987, um kosningar til Alþingis.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri.

[23:47]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Varamaður:
Lára V. Júlíusdóttir héraðsdómslögmaður.

Kosning aðalmanns í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur í útvarpsráð til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Bryndís Guðmundsdóttir kennari.

[23:48]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Þar sem varamaður í útvarpsráði, Bryndís Guðmundsdóttir, hefur nú verið kjörin aðalmaður leggur forseti til að á þessum fundi verði einnig kjörinn varamaður í hennar stað. Ef ekki eru athugasemdir er óskað eftir tilnefningu.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Varamaður:
Sigríður Ása Richardsdóttir framkvæmdastjóri.

Kosning varamanns í stað Maríönnu Traustadóttur í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til 25. maí 1997, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Sigfús Ólafsson.

Sérákvæði í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 251. mál. — Þskj. 501.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:51]
Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 506).

Almannatryggingar og lyfjalög, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 250. mál (kaup á vörum og þjónustu, lyfjaverðsnefnd). — Þskj. 412.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:52]
Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 507).

Ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999, 3. umr.

Stjfrv., 182. mál. — Þskj. 203.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:53]
Frv. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 508).

Fjárlög 1997, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 364, frhnál. 453 og 464, brtt. 419, 426, 427, 428, 429, 430, 444, 445, 446, 448, 449, 450, 452, 459, 463, 465, 469, 470, 471, 472, 473, 476 og 479.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[23:54]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Minni hlutinn flutti nokkrar breytingartillögur við 2. umr. fjárlaga. Sumar þeirra voru dregnar til baka og eru nú endurfluttar. Meiri hluti Alþingis felldi hins vegar tillögu minni hlutans um að staðið yrði við lögboðið framlag til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Hann felldi einnig

tillögu um að skila framhaldsskólanum aftur þeim niðurskurði á framlögum til hans sem fram kemur í frv. Það vakti hins vegar athygli að tveir stjórnarþingmenn sátu hjá við þá atkvæðagreiðslu og sýndu með því andúð sína á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu efni. (**Gripið fram í:** Hvaða menn voru það?) Þær tillögur sem dregnar voru til baka við 2. umr. eru hins vegar endurfluttar við 3. umr. Þar sem um er að ræða mjög hófsamar tillögur sem skekkja í engu fjárhag ríkisins þá er þess vænst að þær hljóti brautargengi hins háa Alþingis.

Brtt. 446 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,1–2 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 452,3 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, MS, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 452,4–5 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 470 felld með 36:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:58]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga er sú fyrsta af fjórum sem þingflokkur Kvennalistans leggur fram í þeim tilgangi að hefja markvissar aðgerðir í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar um árangur skólabarna í raungreinum og stærðfræði. Í þessari tillögu er lagt til að Kennaraháskóla Íslands verði gert kleift að lengja kennaranám til BEd-prófs við skólann frá og með næsta hausti úr þremur árum í fjögur til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þær 3 millj. kr. sem hér er gerð tillaga um eru til skipulagningar námsins einkum á fyrsta ári en hún þarf að fara fram fyrir næsta haust. Gert er ráð fyrir að fjórða námsárið verði 15 einingar í valgrein og 15 einingar í kjarnagreinum grunnskólans eins og ætlunin var þegar þessu fjórða ári var frestað með lögum. Lenging kennaranámsins í fjögur ár er löngu tímabær. Ég segi já.

Brtt. 469 felld með 36:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁRÁ, BH, GE, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 473 felld með 36:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,6 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 449 felld með 35:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 459 felld með 35:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, EKG, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (RA*) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 452,7–9 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 471 felld með 36:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 472 felld með 36:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,10 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 445,1 felld með 36:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 444 felld með 36:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁRÁ, BH, GB, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,11–12 samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 426 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 452,13–14 samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 476,1 samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 452,15.a kom ekki til atkvæða.
Brtt. 452,15.b samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 452,16–19 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 452,20 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:09]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Á þessu þingi lagði hæstv. dómsmrh. fram skýrslu um neyðarsímsvörun þar sem fram kemur að tilkoma neyðarsímsvörunar hefur aðeins haft í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð án þess að nokkur sparnaður hafi komið þar á móti. Þessi tillaga staðfestir það og því greiðum við ekki atkvæði.

[00:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hér er um það að ræða að ríkið yfirtekur kostnað sem sveitarfélögin hafa áður borið af neyðarsímsvöruninni. Þetta er samkvæmt samningi sem gerður hefur verið á milli ríkis og sveitarfélaga um fjármálaleg samskipti. Ekki er verið að bæta við kostnaði við neyðarsímsvörunina heldur er ríkið einungis að taka við þeim hluta sem sveitarfélögin hafa greitt.

Brtt. 452,21 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 452,22 samþ. með 47:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÖS.
8 þm. (GL, HG, JóhS, KHG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,23–28 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, RA, SJóh, SF) fjarstaddir.

[00:12]

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt sem forseti leggur til, að næst verði greidd atkvæði um brtt. 430, en í ljósi þess að meiri hluti fjárln. hefur tekið inn fjárveitingu samkv. 29. lið á þskj. 452 og þótt hún sé lægri en sú sem ég lagði til við 2. umr. og aftur nú við 3. umr. þá finnst mér ekki ástæða til að láta mína tillögu koma til atkvæða. Ég þakka þann skilning sem fram kemur hjá meiri hluta fjárln. í þessu efni því þarna er jákvætt tekið á málum og stefna mörkuð varðandi þetta embættishús. Ég dreg tillöguna til baka.

Brtt. 430 kölluð aftur.
Brtt. 452,29 samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 452,30–32 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 448, a-liður, felld með 37:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 448, b-liður, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

2 þm. (GMS, PHB) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,33.a samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 445,2 felld með 37:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,33.b–37 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 452,38 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (SighB) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:18]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu um 100 millj. kr. hækkun til sjúkrahúsa með fjölþætta starfsemi og vona að hún komi til góða. Því er þó ekki að neita að ég hef ákveðinn fyrirvara við þennan stuðning. Þessa fjárveitingu á að nota til að greiða fyrir frekari hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna í Reykjavík en þau hafa mátt sæta niðurskurði á niðurskurð ofan á síðustu árum svo stappað hefur nærri ofsóknum. Afleiðingarnar eru verri þjónusta, öryggisleysi sjúkra, lenging biðlista eftir aðgerðum og aukið álag á starfsfólk sjúkrahúsa og aðstandendur sjúklinga. Stuðningur minn er því með fyrirvara um aðferðir við ráðstöfun þessa fjár.

Brtt. 452,39 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 463 kölluð aftur.

Brtt. 479,1 felld með 36:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM*, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:20]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þar sem heimild til sölu lóða við Vífilsstaðaspítala er inni á 6. gr. og andvirðinu á að verja til barnaspítala tel ég að fyrir þessu máli sé séð þar á viðhlítandi hátt í ljósi þeirrar umræðu og yfirlýsinga sem fram hafa farið. Því mun ég og þingflokkur Framsfl. greiða atkvæði gegn þessari brtt.

[00:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er einkar brýnt að einhvers staðar sé niður skrifað að það skuli byggja barnaspítala í Reykjavík. Í þessari fjárlagagerð er það því miður ekki. Að vísu er heimildagrein til staðar en tilgangurinn með þessari tillögu hér er að undirstrika að það sé vilji hins háa Alþingis að byggja þennan spítala og þess vegna segi ég vitaskuld já.

Brtt. 452,40–41 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 452,42 samþ. með 37:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GÁS, ÖS.

16 þm. (ÁE, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:23]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég var andvígur þeim hugmyndum sem fram komu um niðurskurð á sjúkrahúsum á landsbyggðinni um 160 millj. kr. Vegna þeirrar breyttu stefnu sem varð í þessu máli og þeirrar yfirlýsingar sem komið hefur fram að samningar og sameiginleg niðurstaða við stjórnendur viðkomandi sjúkrahúsa séu forsenda þessara lausna get ég stutt þetta mál. Því greiði ég því atkvæði.

[00:24]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Þessi liður lýtur einmitt að hugmyndum um niðurskurð upp á 160 millj. kr. hjá sjúkrahúsum með fjölþætta starfsemi, sem fór náttúrlega í vaskinn eins og búið var að spá hér. Eftir stendur að það er tekið úr hagræðingarlið 105 millj. kr. og á að færa 60 millj. yfir til þessara sjúkrahúsa sem á síðan að endurgreiða þegar komnar verða fram einhverjar tillögur sem ekki hefur verið gerð nein grein fyrir. Þetta atriði og þessar hugmyndir hafa skapað mikinn óróa og mikla óvissu hjá sjúkrahúsunum sem um er að ræða á landsbyggðinni. Það er reyndar mjög slæmt af stjórnvöldum að vera með svona fálm. Það verður að vera einhver ákveðin aðgerð sem menn eiga að grípa til. Hún verður að vera staðreynd og vissa þarf að vera fyrir því að það sé hægt að gera þetta. Ég sit hjá.

[00:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna því að fjárln. hefur tekið undir gagnrýni stjórnarandstöðunnar varðandi þetta mál með því að lýsa því yfir í verki að það er óframkvæmanlegt að ná hinum 160 millj. kr. sparnaði sem heilbrrn. lagði til. Hins vegar kom það líka fram í umræðum hér í dag að jafnvel formaður, jafnvel hinn vel vinnandi formaður, hv. þm. Jón Kristjánsson, hafði ekki grænan grun um hvernig ætti að ná þessum 60 millj. kr. sparnaði þótt hann væri þráspurður um það. Ég held að honum verði ekki unnt að ná, sér í lagi ekki með þeim undirbúningi sem enginn er og þess vegna segi ég nei.

Brtt. 452,43–53 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,54 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 452,55–59 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 452,60.a–d samþ. með 37:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:30]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þessar breytingar þýða að ekki verður sett fé í vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu eins og gert er ráð fyrir í vegáætlun sem Alþingi hefur samþykkt. Það þýðir að arðsömum framkvæmdum verður að fresta svo sem vegagerðinni í Ártúnsbrekku, þ.e. breikkun Miklubrautar frá Höfðabakka að Skeiðarvogi, breikkun Reykjanesbrautar og vinnu við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ. Niðurskurður til vegamála lendir nánast allur á höfuðborgarsvæðinu. Þar var skilið við verk hálfunnið í haust sem var átalið vegna umferðaröryggis. Ég mótmæli þessum niðurskurði á þjóðhagslega nauðsynlegum framkvæmdum og vara við afleiðingum hans sem er aukin slysahætta í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi nei.

[00:31]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrirhuguð ráðstöfun vegafjár sem felur í sér stórfelldan niðurskurð framlaga til bráðnauðsynlegra, jafnvel lífsnauðsynlegra framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er ekki studd þeim rökum sem ég get fallist á. Engra þensluáhrifa er tekið að gæta í nýlegum útboðum á höfuðborgarsvæðinu og atvinnustig er svipað og undanfarin ár. Það er með ólíkindum að menn skuli gripnir fáti og fumi þegar útlit er fyrir aukna atvinnu og telja ástæðu til að bregðast svo hart við slíkum ósköpum. Áhrif framkvæmda vegna hugsanlegs álvers geta hæglega rúmast innan efnahagsrammans og þær framkvæmdir sem meiri hluti Alþingis vill skera niður og fresta hafa ekki afgerandi áhrif í því efni. Ég segi nei.

[00:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hefur verið ráðist í þennan niðurskurð á framkvæmdum vegna þeirrar þenslu sem fyrirsjáanleg er í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Ég hef tekið eftir því að hv. þm. hafa áhyggjur af því að verið sé að fresta framkvæmdum sem hæpið sé að gera og mér finnst það sjálfsagt að taka það upp við borgarstjórn Reykjavíkur hvort hægt sé að hafa annan hátt á og ná samkomulagi við hana um að fresta öðrum framkvæmdum í staðinn.

[00:32]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er um að ræða aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar sem eru andþensluaðgerðir. Það er með ólíkindum að menn skuli grípa til þessara aðgerða að óathuguðu máli. Þetta getur þýtt að meiri þensla verði vegna tjóna, vegna slysa. Herra forseti, ég fór nákvæmlega yfir þetta í ræðu minni í dag og ég vara við þeim aðgerðum. Ég tel að þetta geti valdið miklu meiri þenslu að draga úr þessum framkvæmdum en að láta þær standa. Ég segi nei.

[00:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Að þessu sinni er lagt til að á næsta ári verði gildandi vegáætlun skorin niður að framkvæmdafé til um 20%. Sá niðurskurður mun bitna á landsmönnum öllum en ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu eins og haldið hefur verið fram. Þessi niðurskurður þýðir að ríkissjóður mun ekki leggja fé til vegaframkvæmda til viðbótar við tekjur af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðar eins og vegáætlun gerir ráð fyrir. Í stað þess að ríkissjóður leggi verkefninu til 217 millj. kr. á næsta ári er meiningin að hirða í ríkissjóð 856 milljónir af mörkuðum tekjustofnum til vegamála á næsta ári. Ég segi nei við þessari herfilegu útreið vegáætlunar sem samþykkt var á vordögum fyrir síðustu alþingiskosningar og fékk það viðurnefni af hálfu þeirra sem mæltu fyrir henni að upp væri að renna mikið framkvæmdaskeið í vegamálum á næstu árum.

[00:34]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Fyrir síðustu kosningar gaf Sjálfstfl. aðeins eitt kosningaloforð. Hann ætlaði að auka fjárframlög til vegagerðar. Nú hefur hann gengið á bak þessara orða og þar með hefur hann brotið öll kosningaloforð sín. Þessi framkvæmd mun bitna harðast á Reykjavík. Það liggur fyrir í bréfi frá borgarstjóra að ef í ljós kæmi að þenslu verði vart á suðvesturhorninu væri borgarstjórn Reykjavíkur fyrir sitt leyti reiðubúin til að draga úr framkvæmdum. Það er ekkert sem bendir til þess. Það hefur ekki komið fram á markaði og það hefur heldur ekki komið fram í atvinnuleysistölum. Þess vegna segi ég nei.

[00:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég lýsi yfir fullri ábyrgð á hendur núv. ríkisstjórn og stjórnarþingmönnum og þá einkanlega þingmönnum Reykn. og Reykv. vegna þessarar tillögu. Og ég er viss um að kjósendur þessara þingmanna munu muna þessa atkvæðagreiðslu og fylgjast mjög grannt með henni. Ég segi vitaskuld nei.

Brtt. 452,60.e samþ. með 40:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ.

14 þm. (GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RA, RG, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í þessum lið hafa verið teknar á þriðja hundrað milljóna af því vegafé sem áætlað var til framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu til að greiða niður skuldir flóabátanna Baldurs og Herjólfs. Ég mótmæli þessum niðurskurði. Ég mótmæli því að hæstv. samgrh. sendi skilaboð til sveitarstjórna, eins og hann gerði til borgarstjórnar Reykjavíkur áðan. Og ég vil minna á það að $^2/_3$ allra slysa og óhappa á höfuðborgarsvæðinu verða í umferðinni og ég veit ekki betur en að hæstv. ríkisstjórn hafi sett sér markmið í umferðaröryggismálum og sent skilaboð þess efnis til sveitarstjórna. Ég get ekki séð að þetta sé að neinu leyti til að stuðla að því að þeir nái þessum markmiðum með því að draga svona úr framkvæmdafé til vegamála á höfuðborgarsvæðinu. Ég segi nei.

[00:37]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessari tillögu er lýst fyrirætlan stjórnarflokkanna að skerða vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega umfram almenna skerðingu á landsvísu um rúmlega 200 millj. kr. Ég tel ekki efni til þessara sérstöku aðgerða gagnvart vegaframkvæmdum á þessu svæði. Auk þess sem fjárhæðin er það lítil að hún breytir engu sem mótvægisaðgerð við hugsanlega þenslu. Ég tel því ekki eðlilegt og rétt að styðja þennan niðurskurð. Jafnvel þó að eðlilegt sé að greiða niður skuldir vegna ferju- og flóabáta eiga menn ekki að afla fjár til þess með því að skerða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega í því skyni.

[00:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Alþingi er þegar búið að samþykkja umræddan niðurskurð á vegafé sem við jafnaðarmenn vorum andvígir. Þessi tillaga snýst um það að ráðstafa hluta af þeim niðurskurði sem þegar er búið að ákveða til að styrkja ferjur sem eru samgöngu- og flutningaleiðir stórra landshluta. Ég segi já.

Brtt. 452,61 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ.

18 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er reyndar verið að hækka fé til framkvæmda á flugvöllum enda hefur komið í ljós að tekjur til þeirra eru meiri en gert var ráð fyrir. Engu að síður á nú að skera niður fjárveitingar til Reykjavíkurflugvallar um 90 millj. kr. miðað við flugáætlun og þá flugáætlun sem Alþingi hefur samþykkt. Flugvöllurinn er í alvarlegri niðurníðslu og við vissar aðstæður á hættumörkum. Flugráð hefur ályktað um að ekki sé óhætt að fresta framkvæmdum og bendir á að grípa þurfi til takmarkana á umferð um völlinn verði ekki hafist handa við uppbyggingu. Ég mótmæli því að Reykjavíkurflugvöllur, einn flugvalla, búi við niðurskurð og það 90 millj. og ég vara við afleiðingunum. Ég segi nei.

Brtt. 476,2 samþ. með 56 shlj. atkv.

Brtt. 452,62 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

Brtt. 452,63 samþ. með 55 shlj. atkv.

Brtt. 429 felld með 37:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég kallaði þessa tillögu til baka við 2. umr. Síðan hafa bæst við tveir flm. frá sitt hvorum þingflokki, hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Tillagan gerir ráð fyrir að haldið verði áfram undirbúningi að Náttúruhúsi í Reykjavík, nútímalegu náttúruminjasafni, og sá undirbúningur fór fram að nokkru, var hafinn á árunum 1990–1992 með góðu samkomulagi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar ásamt ríkinu. Ég tel að mikil og brýn þörf sé á því að koma upp slíku safni á aðalþéttbýlissvæði landsins og hef því flutt þessa tillögu

ásamt öðrum og hvet þá, sem ekki sjá sér fært að styðja hana nú, til að athuga málið með jákvæðum hætti fyrir næstu fjárlagagerð.

Brtt. 465 felld með 33:16 atkv. og sögðu

já: EKG, EOK, GE, GL, GÁS, GÁ, GMS, JóhS, KHG, LB, MS, RA, SJS, SvG, VE, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

6 þm. (ÁRJ, GGuðbj, HG, KH, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:45]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga er fyrst og fremst lögð fram í því ljósi að kostnaður af refaveiðum leggst mjög misjafnlega á einstök sveitarfélög. Efh.- og viðskn. afgreiddi brtt. um málið en hefði aldrei gert það miðað við þá niðurstöðu sem liggur fyrir frá meiri hluta fjárln. Hverjar þúsund krónur á íbúa í litlu sveitarfélagi samsvara 100 millj. kr. í Reykjavík. Með tillögu meiri hluta fjárln. er verið að velta meiri kostnaði yfir á lítil sveitarfélög en þessi tala gerir ráð fyrir. Þetta gengur ekki upp.

Ég hef hingað til ekki verið tilætlunarsamur um ríkisútgjöld. Mér er hins vegar mikil alvara í þessu máli og ég mun taka sérstaklega eftir því hvernig ráðherrabekkurinn greiðir atkvæði um þessa tillögu.

[00:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér um ræðir er um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs við eyðingu refa. Það skal tekið fram og það hefur komið fram í vinnu fjárln. að umhvrh. mun gangast fyrir viðræðum við Samtök sveitarfélaga um málið. Liðurinn hefur verið hækkaður um 7 millj. (**Gripið fram í:** Úr engu.) og fjárveitinguna þarf að endurmeta þegar niðurstaða þeirra viðræðna liggur fyrir. Ég tel að þetta mál sé í viðunandi farvegi og segi því nei við þessari tillögu.

[00:47]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þessi tillaga snýr ekki að íbúum í litlum sveitarfélögum. Sá maður sem hefur vakað um vornótt og séð ref koma að greni sínu með 12–14 mófuglsunga í kjaftinum eða gengið fram á helsært lítið lamb af völdum rebba veit að skolli er vargur í véum. Stofninum ber að halda í skefjum með öllum tiltækum ráðum. Þess vegna er tillaga hv. fjárln. gagnvart mófuglinum og lambinu og náttúruríkinu á Íslandi skorin við nögl. Ég segi því já við þessari hækkunartillögu flutningsmanna.

[00:48]

Guðmundur Lárusson:

Herra forseti. Eftir að hafa hlustað á hv. formann fjárln. fór ég að hugsa um að viðræður hafa nú hingað til ekki gefið af sér mikla peninga einar og sér. Ef svo væri þá hefðu orðið til miklir peningar í öllum þessum umræðum hérna en ég hef ekki orðið var við það. Þess vegna fellst ég engan veginn á skýringar hans og styð þá tillögu sem hér er um að ræða.

Brtt. 452,64 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GGuðbj, KH, SighB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mikill misskilningur að fjallrefurinn íslenski sé einhver vargur í véum. Hann er það spendýr sem hefur lengst og best haldið velli á Íslandi svo vitað sé og lifað í sátt við náttúruna á Íslandi löngu áður en menn námu hér land. Hitt er annað mál að það geta verið ástæður og rök fyrir því að halda þessum stofni niðri út frá efnahagslegum forsendum, búskaparháttum okkar o.s.frv. Þeir hafa hins vegar breyst mikið. Þess vegna er líka mjög eðlilegt að afstaða til refaveiða sé endurskoðuð eins og hér er verið að gera. En ég legg áherslu á að rannsóknir á stofninum mega ekki falla niður þrátt fyrir slíkar breytingar.

[00:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá síðasta ræðumanni að heimskautarefurinn hefur verið lengi á Íslandi og lengur en mennirnir. Heimskautarefurinn heitir á fræðimáli alopex lagopus. En það er líka nokkurn veginn víst að hann hefur verið veiddur jafnlengi og menn hafa verið í landinu. Einhverjar elstu minjar um mannvist á Íslandi tengjast refaveiðum. Og elsti hluti réttarins í íslenska lagasafninu tilheyrði lengi skyldum manna í sambandi við það að leggja liðsmenn til refaleitar og refaveiða. Það liggja engar rannsóknir að baki því að það sé skynsamlegt nú eftir meira en þúsund ára sambúð manns og refs þar sem maðurinn hefur haldið stofninum niðri, að hætta þessum veiðum. Enn ómaklegra er að ætla að velta þeim kostnaði sem af refaveiðunum hlýst yfir á nokkur minnstu og fámennustu og fátækustu sveitarfélög landsins. Ef hæstv. ráðuneyti umhverfismála hefði haft manndóm í sér til að móta stefnu um að hætta refaveiðum þá hefði hér verið öðru til að dreifa. En það er ekki mjög stórmannlegt eða stórt í stykkjunum hjá hv. Alþingi og hæstv. ráðherrum sem greiddu hér atkvæði með tilteknum hætti að sjá eftir fáeinum aurum í að létta þessum kostnaði af litlu sveitarfélögunum.

Brtt. 428 felld með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, PP, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

12 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, GÁS, HjÁ, JBH, KÁ, MS, SJóh, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi breytingartillaga var kölluð aftur við 2. umr. en kemur nú til atkvæða. Ástæða þess að hún er flutt er að það liggur fyrir það mat stjórnskipaðra nefnda og

tilkvaddra aðila að það þyrfti að algjöru lágmarki að fjölga störfum hjá þessari stofnun um 21, þessari ríkisstofnun sem hefur það hlutverk að reyna að fylgjast með og sjá til þess að dregið sé úr mengun í okkar landi og að umgengni okkar að því leyti fari þokkalega fram og samkvæmt þeim reglum sem við höfum undirgengist. Reyndar voru nefndar sem aðalniðurstaða miklu hærri tölur. Ég er hér annað árið í röð að vekja athygli á því með flutningi breytingartillagna hvernig aðstæðurnar eru. Það gengur ekki að halda þannig á málum og menn munu vafalaust verða minntir á það erlendis frá innan tíðar að það vanti mikið á að við uppfyllum okkar skuldbindingar.

Brtt. 452,65 samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 427 felld með 35:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (ÁJ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er lagt til að veitt verði 5 millj. kr. til grunnkortagerðar á Fljótsdalshéraði samkvæmt samningi. Vinna að þessu máli var hafin fyrir nokkrum árum en stöðvaðist vegna fjárskorts. Hér er í rauninni um það að ræða að koma kortagerð fyrir þetta svæði í hliðstætt horf og er hér á Reykjavíkursvæðinu, þ.e. Reykjavík og nágrenni og sem þyrfti að verða sem fyrst um land allt. Það er mjög bágt til þess að vita ef ekki er stuðningur við að leggja fram fé á móti heimaaðilum til að þoka svona máli fram.

Brtt. 452,66 samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 419 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EOK, GHall, HjÁ, JóhS, JBH, KÁ, SJóh, VE, ÖS) fjarstaddir.

[00:57]

Gísli S. Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að stjórnarflokkarnir eru að nota 6. gr. fjárlaga til að afla sér heimildar Alþingis til að ráðskast með mjög stór mál í mörgum tilvikum, sem réttara væri að mínu mati að fengju eðlilega þinglega meðferð í formi frumvarpa. Ég tel að um sé að ræða viðamikil mál og kostnaðarsöm sem nauðsynlegt er að ræða á hinu háa Alþingi. Ég tel að hið háa Alþingi verði að gæta að sjálfstæði sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það er mjög vafasamt að taka slíkar ákvarðanir í gegnum 6. gr. fjárlaga þar sem m.a. er verið að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma en sem nemur fjárlagaárinu. Ég óska síðan, herra forseti, eftir sératkvæðagreiðslu um ýmis mál.

[00:58]

Stefán Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að taka undir orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar. 6. gr. fjárlaga er vægast sagt sóðaskapur í lagagerð. Ég vil mælast til þess mjög ákveðið að fjárln. taki á þessu máli við gerð næstu fjárlaga. Það er vissulega um alvarlegt mál að ræða hvernig staðið er að meðferð á þessum lið fjárlaganna.

Brtt. 450,1 samþ. með 35:12 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS.

5 þm. (ÁE, ÁRJ, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JóhS, JBH, KÁ, LB, SJóh, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessari heimildagrein er lagt til að veita ráðherra heimild til að stofna eignarhaldsfélög um eignarhlut ríkissjóðs í einstökum félögum sem tilheyra starfssviði iðnrn. á móti eignarhlut þriðja aðila. Ég tel að þetta fyrirkomulag geti vel komið til greina en um það þarf að ræða í hverju tilviki og taka afstöðu til málsatvika hverju sinni. Ég geri athugasemdir við að þetta skuli vera svo opin heimild sem raun ber vitni og að það skuli flutt á heimildagrein í fjárlögum. Ég tel að mál af þessu tagi eigi að bera til þingsins í formi sjálfstæðra frv. hverju sinni. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari brtt. vegna þeirrar aðferðar sem notuð er en ekki sérstaklega vegna efnisinnihalds.

Brtt. 450,2 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, KH, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JóhS, JBH, KÁ, LB, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 450,3 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 450,4–6 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (GÁS, JóhS, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 450,7 (liðir 3.86–3.106) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRJ, GL, HG, JóhS, KHG, LB, RA, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

[01:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Við í þingflokki jafnaðarmanna styðjum byggingu barnaspítala og þess vegna höfum við flutt tillögu þar að lútandi við þessa fjárlagaafgreiðslu. Við höfum flutt brtt. við 4. gr. um að þar komi nýr liður til byggingar barnaspítala og ákveðin fjárhæð yrði sett þar inn. Sú tillaga hefur verið felld. Við 6. gr. var að finna ákvæði um að selja land í eigu Vífilsstaða. Við fluttum tillögu um að til viðbótar kæmi yfirlýsing um að andvirði sölu landsins yrði varið til byggingar barnaspítala. Nú hefur meiri hluti fjárln. sett fram ítarlegan texta um að selja hluta úr landi Vífilsstaðaspítala og verja andvirði sölunnar til uppbyggingar barnaspítala á Landspítalalóð. Það er nákvæmlega það sem við viljum að gerist og þess vegna dreg ég þá tillögu sem við höfum flutt til baka. Við munum styðja tillögu meiri hlutans og treysta því að nú verði farið í gang af krafti og að það muni ekki koma að sök þótt þann fjárlagalið sem við hefðum viljað sjá þarna inni sé ekki að finna í fjárlögum.

[01:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það vekur auðvitað dálitla undrun að við 2. umr. um fjárlögin kom þessi tillaga sem hér er til umræðu til umfjöllunar. Nú er við 3. umr. komin tillaga sem er ekki orðuð nákvæmlega eins en fjallar efnislega um hið sama. Og auðvitað veltir maður vöngum yfir því hvort hér sé keppni um það hver hafi frumkvæði. Ég lýsi eftir því hvort ekki hefði verið eðlilegra við þessar kringumstæður að stjórnarmeirihlutinn hefði einfaldlega gengist inn á tillögu Rannveigar Guðmundsdóttur o.fl. hv. þm. jafnaðarmanna og gert hana að sinni, fremur en að berjast í því að búa til nýtt orðalag eins og hér kemur síðar fram. Þetta sýnir auðvitað ákveðna minnimáttarkennd og það lýsir kannski þeim sem búa til þennan texta. En ég tek vitaskuld undir það að við eigum ekki að deila hér um keisarans skegg. Við viljum þennan barnaspítala upp og ég styð auðvitað það að við eyðum ekki tíma í eitthvað sem ekkert er. Við erum stærri en svo að við deilum um orðalag og drögum því þessa tillögu til baka.

Brtt. 479,2 kölluð aftur.

Brtt. 450,7 (liður 3.107) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 450,7 (liður 3.108) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, GL, HG, JóhS, KHG, RA, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 450,7 (liður 3.109) samþ. með 33:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÓE.

nei: JóhS, LB, RG, SighB, SJS, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GE, GuðjG, GÁS, HG.

7 þm. (KHG, KH, MS, GL, RA, SvanJ, GGuðbj) greiddu ekki atkv.

9 þm. (JBH, KÁ, SJóh, VE, ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar rætt var um að breyta Sementsverksmiðjunni í hlutafélag þá vöruðu menn einmitt sérstaklega við þessari aðferð sem hér er verið að taka upp — að selja hlut í verksmiðjunni með heimildarákvæði á 6. gr. fjárlaga. Og ég man eftir því að talsmenn Framsfl. í þeim umræðum vöruðu alveg sérstaklega við því að 6. gr. fjárlaga yrði notuð með þessum hætti. Ég tel að það sé algerlega óeðlilegt að nota 6. gr. og misnota til þess að selja á þennan hátt eigur þjóðarinnar, auk þess sem engin rök hafa verið flutt fyrir nauðsyn þess að selja þennan hlut í Sementsverksmiðjunni. Ég segi nei, herra forseti.

[01:11]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég var formaður iðnn. og leiddi þetta mál í gegnum þingið á sínum tíma þegar Sementsverksmiðjan var gerð að hlutafélagi. Þá var mjög hart gengið eftir því, m.a. af hv. þm. Framsfl., hvort ríkisstjórnin þáv. hygðist selja hlutinn. Ég lýsti því þá yfir að það þyrfti alveg sérstakar aðstæður til þess að fallast á að hlutabréfin yrðu seld. Mér hafa ekki verið færð nein rök fyrir því að það séu sérstakar aðstæður. Ég lít svo á að vegna fjarlægðarinnar sé þetta í rauninni verksmiðja sem njóti einokunarskilyrða og ég get ekki fallist á að við þessar kringumstæður sé þetta selt. Ég segi nei.

[01:13]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Þegar þetta fyrirtæki sem hér um ræðir var gert að hlutafélagi, Sementsverksmiðjan, fluttu a.m.k. þrír hæstv. ráðherrar, sitjandi núna í ríkisstjórn, harðorðar ræður gegn hlutafélagavæðingunni sem þá var. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir?) Það eru hæstv. félmrh., Páll Pétursson, hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson og hæstv. heilbr.- og trmrh., Ingibjörg Pálmadóttir. Meðal annars, við þá umræðu, sagði hæstv. félmrh. sem greiddi já-atkvæði nú við að selja hluta úr Sementsverksmiðjunni eftirfarandi, með leyfi forseta: „Það er ógæfa Sementsverksmiðjunnar, ógæfa starfsmanna Sementsverksmiðjunnar, ógæfa viðskiptamanna Sementsverkmsiðjunnar og Akraneskaupstaðar að verksmiðjan hefur orðið fórnarlamb í trúarbragðakrossferð einkavæðingarmanna."

Þessi maður, hæstv. félmrh., greiddi því nú atkvæði að heimila að selja hlut í verksmiðjunni. Ég harma slíkar að-

gerðir og ég eiginlega krefst þess, herra forseti, að hæstv. iðnrh. (Forseti hringir.) geri grein fyrir til hvers á að nota það fjármagn sem fæst með þessari sölu.

[01:14]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Ráðgjafarfyrirtæki sem einkavæðingarnefnd fékk til að gera úttekt á Sementsverksmiðjunni í haust metur verðmæti hlutafjár í fyrirtækinu á 740 milljónir þegar ekki er tekið tillit til lífeyrisskuldbindinga sem munu í dag vera á fjórða hundrað milljónir. Að þeim frádregnum er verðmæti hlutafjárins rúmar 400 milljónir. Hér er farið fram á heimild til að selja $^1/_4$ hlutafjárins og verðmæti því aðeins um 100 millj. kr. Sala hlutafjár mun leiða til hækkunar á sementsverði vegna þess að þeir sem kaupa hlutabréf í fyrirtækinu munu væntanlega krefjast arðs af hlutafénu og miðað við stöðu fyrirtækisins og rekstrarskilyrði verður að hækka sementsverðið til að fyrirtækið geti greitt þennan arð. Í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins koma einmitt fram bollaleggingar um 10% hækkun sementsverðs. Þessi hækkun mundi leiða til hækkunar á byggingarkostnaði og byggingarvísitölu og lenda þar með af fullum þunga á ríkinu sem er jafnan stór aðili á byggingarmarkaði. Mér sýnist því augljóst að þessi sala sé ekki skynsamleg og hef reyndar ekki trú á að þessi 6. gr. heimild verði nokkurn tíma notuð þegar menn skoða þetta dæmi betur. Ég segi nei.

[01:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Einkavæðing seinni tíma geymir mörg alvarleg mistök. Í trausti þess að hæstv. iðnrh. grandskoði þetta mál, (**Gripið fram í:** Nei, nei, nei.) í samstarfi við Alþingi, ...

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti biður þingmenn að hafa hljótt á meðan þingmaðurinn gerir grein fyrir atkvæði sínu.)

...starfsfólk og stjórnendur Sementsverksmiðjunnar. Hér er um heimild en ekki skylausa kröfu um sölu að ræða. (**Gripið fram í:** Heimild handa fjármálaráðherra. Við trúum á þig.) Með þessum rökstuðningi styð ég þessa tillögu og segi já.

Brtt. 450,8 samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 450,9 (liður 5.13) samþ. með 40:3 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁS, JóhS, RA.

11 þm. (ÁRJ, GE, GL, GGuðbj, HG, KHG, KH, RG, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 450,9 (liður 5.14) samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.

11 þm. (GL, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RA, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Brtt. 450,9 (liður 5.15) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, KH, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu og tel eðlilegt að ríkissjóður hlaupi undir bagga með Íþróttasambandi Íslands þegar svo stendur á sem raun ber vitni. Hinu vil ég vekja athygli á að mjög óvenjulegt er að ríkissjóður eignist hlut í íþróttahúsi, einkum í ljósi þess að fyrir nokkrum árum var gerð sú breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að ríkið dró sig út úr eignarhaldi og kostnaðarþátttöku á íþróttahúsum. Þessi tillaga mun hins vegar væntanlega boða breytingar á þessari stefnu og það er gott til þess að vita fyrir ýmsa staði úti á landi.

[01:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þeirra orða sem hér hafa fallið skal tekið fram að það er ekki hugmyndin að ríkið eigi til lengdar þennan hlut í húsnæðinu og það mun við fyrsta tækifæri reyna að losa sig við hann. En af sérstökum ástæðum, sem ég veit að hv. þingmönnum er kunnugt, er eðlilegast að fara að eins og þarna er fyrir mælt ef um semst á milli ríkis og Íþróttasambands Íslands.

Brtt. 450,9 (liður 5.16) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:23]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að veita heimild að fengnum tillögum iðnrh. til að verja allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Það er gert með tilvísun til stóriðjuframkvæmda sem fyrst og fremst er á suðvesturhorni landsins. Það má segja að þetta sé betra en ekkert í því samhengi. Varðandi stóriðjuna hefur það verið dregið fram af formanni fjárln. að það séu um 15 milljarðar kr. sem kunni að verða varið í því skyni á næsta ári einu saman og þaðan af meira í framhaldinu svo hér er aðeins dropi á ferðinni og raunar afskaplega óljóst hvernig

eigi að ráðstafa þessum 80 millj. Ég styð þetta þrátt fyrir það.

Brtt. 450,9 (liður 5.17) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GL, GÁS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GL, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, LB, RA, RG, SighB, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁRÁ, BH, EOK, GHall, HjÁ, JBH, KÁ, SJóh, VE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Nú er komið að því að greiða atkvæði um þennan mikla bálk í einu lagi eins og hann lítur út. Fjárlög verðum við að hafa og ekki þýðir því að greiða atkvæði gegn þessum lagabálki. Á hinn bóginn kemur heldur ekki til álita að mínu viti að greiða atkvæði með þessu frv. eins og það lítur út og fyrir því eru allnokkrar ástæður. Í fyrsta lagi vil ég nefna að skattbyrðin er þyngd í þessu frv. og þá einkum á lágar tekjur. Tekjuskipting og dreifing er óásættanleg í frv. miðað við það sem ég vil sjá af hálfu ríkisvaldsins.

Þá erum við stjórnarandstæðingar verulega ósáttir við fjárveitingar til sjúkrahúsa og heilbrigðismála almennt, til framhaldsskóla og til samgöngumála. Af öllum þessum ástæðum samanlögðum og mörgum öðrum fleirum sem ég hef ekki nefnt í þessari skýringu kemur ekki til álita, eins og ég gat um áður, að greiða atkvæði með frv. Við munum því sitja hjá.

[01:26]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sú niðurstaða sem hér er verið að lögfesta byggir að mínu mati á röngum forsendum. Tekjuhliðin er augljóslega verulega vanáætluð og takist mönnum að hafa hemil á útgjaldaþenslu umfram óhjákvæmilegar leiðréttingar er það mín skoðun að afgangur verði meiri en hér er sýnt. Það er út af fyrir sig gott og ég er sammála því markmiði að reka beri ríkissjóð með afgangi. Ég er hins vegar ekki sammála áherslum meiri hlutans og forgangsröðun við gerð fjárlaganna. Hér vantar metnaðarfulla framtíðarsýn sem byggja þarf á eflingu, nýsköpun í menntun og rannsóknum og skilning skortir á aðstæðum sjúkra og aldraðra. Þau lífsgildi, það verðmætamat sem Kvennalistinn byggir á er ekki haft í hávegum sem þeim ber. Þessi fjárlög eru á ábyrgð stjórnarflokkanna og ég sit hjá við þessa afgreiðslu.

[01:27]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vek sérstaka athygli á því að í þau fjárlög sem á að fara að afgreiða vantar um það bil 800–900 millj. kr. miðað við þær forsendur sem byggt er á í lögum um tekju- og eignarskatt. Þessi niðurstaða er fengin til þess að skapa ríkisstjórninni möguleika á því að hafa skiptimynt í kjarasamningum þegar þar að kemur en þessi aðferð er brot á lögum um ríkisreikning og ríkisbókhald. Ég sýndi fram á það í ræðu minni í dag og ég hef leitað til nokkurra lögfræðinga og sérfræðinga á þessu sviði og þeim ber öllum saman um að hér sé rangt að farið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það ber að harma að Alþingi skuli ekki hafa burði til að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni þegar þannig er staðið að málum sem er algerlega óviðunandi fyrir þessa virðulegu stofnun. Ég tel að fjárlögin eins og þau líta út gefi þess vegna algerlega ranga mynd af þeim lagalegu forsendum sem ríkisbúskapurinn 1997 á að byggjast á miðað við lögin eins og þau líta út núna.

[01:29]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vísa allri ábyrgð á fjárlagatillögum sem nú hafa verið afgreiddar til hæstv. ríkisstjórnar. Ég harma einræðistilhneigingu sem felst í þessari afgreiðslu fjárlagagerðarinnar og greiði því ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 509).

Jólakveðjur.

[01:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Hér hafa verið miklar annir síðustu daga og bregður ekki venju í því efni. Það verður auðvitað aldrei komist hjá því að taka duglegan lokasprett við afgreiðslu viðamikilla mála undir jól. Miklu máli skiptir hins vegar að þrátt fyrir ágreining um ýmis mál hefur góður starfsandi einkennt haustþingið og vil ég láta í ljós sérstakar þakkir mínar til þingflokksformanna og hæstv. ráðherra og raunar þingmanna allra fyrir samstarfsvilja þeirra.

Á þessu haustþingi var bryddað upp á þeirri nýbreytni í þingstörfunum að hafa sérstaka nefndaviku í lok nóvember. Ég tel reynsluna af nefndavikunni hafa verið góða og með því fyrirkomulagi hafi okkur tekist að jafna álagið nokkuð við þingstörfin og það meira en áður. Alltaf má þó bæta um betur og mun ég því í samráði við nefndaformenn kanna hvort einhverjar breytingar þurfi að gera þar á fyrir nefndavikuna á vorþinginu.

Jólahátíðin er í nánd. Hv. alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gefst nú tækifæri til að vera samvistum við sína nánustu um hátíðarnar og njóta með þeim friðsemdar jólanna. Ég hygg að við séum öll vel að þessu jólaleyfi komin eftir langar vinnustundir undanfarna daga. Ég færi þingmönnum öllum, svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð um leið og ég flyt bæði þingmönnum og starfsfólki mínar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á því ári sem nú er senn lokið. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og ég bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

[01:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forseta forustu hans í þeirri viðleitni forsætisnefndar og þingflokksformanna að gera það sem unnt er til að bæta störf þingsins. Hann hefur átt gott samstarf við þingflokksformenn og þingmenn alla og reynt að leysa þá hnökra sem hafa komið upp. Þess vegna m.a. hefur okkur tekist að ljúka störfum nú, þótt nokkuð sé liðið á kvöld, á þessu föstudagskvöldi fyrir jól þrátt fyrir að ekki stefndi í þessi þinglok um miðja vikuna.

Ég tek undir það að skipulag þingstarfa hefur verið gott á þessu hausti og starfsáætlun hefur haldið í stórum dráttum. Við höfum verið með nokkra nýbreytni sem full ástæða er til að reyna að þróa áfram vegna þess að við höfum öll vilja til þess að þingstörf verði fagleg og til fyrirmyndar.

Ég þakka forseta hlý orð í garð þingflokksformanna og í garð þingmanna. Ég óska forseta og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil jafnframt þakka starfsfólki öllu umburðarlyndi og vinnusemi og jákvæðni og óska því gleðilegra jóla. Ég bið hv. þingmenn að taka undir góðar óskir til forseta okkar og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[01:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. 5. þm. Reykn. hlýjar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og þingmönnum fyrir að taka undir þessar óskir. Ég ítreka óskir mínar til þingmanna og starfsfólks.

Þingfrestun.

[01:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 121. löggjafarþings, frá 20. desember 1996 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 28. janúar 1997.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 121. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Fundi slitið kl. 01:37.

56. FUNDUR

þriðjudaginn 28. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487. — 1. umr.
3. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356. — 1. umr.
4. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474. — 1. umr.
5. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491. — 1. umr.
6. Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi, þáltill., 192. mál, þskj. 216. — Fyrri umr.
7. Staða drengja í grunnskólum, þáltill., 227. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá bæjarstjórn Garðabæjar.

Framhaldsfundir Alþingis.

[13:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 28. janúar 1997 kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

———

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis óska ég gleðilegs árs og þakka hið liðna, býð menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi vera landi og lýð til blessunar.

[13:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í minn garð og okkar alþingismanna og starfsmanna þingsins. Ég óska jafnframt alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs og vænti þess að störf okkar á síðari hluta þessa þings verði þjóðinni til farsældar. Mörg mál liggja enn fyrir þinginu og fleiri eiga eftir að koma fram. Þau munu koma til umræðu á þingfundum og í nefndum á næstu vikum og mánuðum. Í þessu sambandi tel ég mikilvægt að fastanefndir þingsins hefji störf af fullum krafti nú að loknu þinghléi og reyni sem fyrst að ljúka afgreiðslu þeirra mála sem vísað var til þeirra fyrir þinghlé.

Það gildir um þessi mál sem og þau sem enn eru ekki komin fram og ætlunin er að samþykkja á þessu þingi að brýnt er að ekki verði beðið með afgreiðslu þeirra úr nefnd þangað til í nefndavikunni fyrri hluta aprílmánaðar, ella er ljóst að mál munu hrúgast upp á dagskrá þingsins og álagið á þingstörfum síðustu vikurnar fyrir þinglok verður þá æðimikið.

Einnig er mikilvægt að þau mál sem ríkisstjórn á enn eftir að leggja fyrir þingið komi sem fyrst fram, enda þýðingarmikið fyrir árangursríkt starf í nefndavikunni að nefndum hafi tekist að senda frumvörp til umsagnar og fengið svör áður en nefndavikan hefst. Það er ætlun forseta að eiga fund með nefndaformönnum um þá reynslu sem fékkst af nefndavikunni á haustþinginu.

Þó að sú breyting hafi orðið á starfsáætlun Alþingis að þinghléið hafi lengst um eina viku tel ég að þingið eigi að geta lokið störfum 16. maí eins og gert er ráð fyrir í starfsáætluninni. Ég legg reyndar ríka áherslu á að svo megi takast. Um þetta atriði vænti ég góðrar samvinnu við ríkisstjórn og þingmenn almennt.

Ég vænti þess að sá góði starfsandi sem einkenndi haustþingið fylgi okkur áfram á þessu þingi.

Minning Einars Ingimundarsonar.

[13:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Einar Ingimundarson, fyrrverandi alþingismaður, bæjarfógeti og sýslumaður, andaðist laugardaginn 28. desember. Hann var 79 ára að aldri.

Einar Ingimundarson var fæddur 29. maí 1917 í Kaldárholti í Holtum, Rangárvallasýslu. Foreldrar hans voru hjónin Ingimundur Benediktsson bóndi þar og Ingveldur Einarsdóttir húsmóðir. Hann lauk stúdentsprófi í Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1938 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1944. Héraðsdómslögmaður varð hann 1949. Að loknu lögfræðiprófi var hann um tíma blaðamaður hjá dagblaðinu Vísi, síðan fulltrúi í skrifstofu tollstjóra í Reykjavík 1944–1945, fulltrúi borgarfógeta 1945 og fulltrúi sakadómara 1946–1952. Árið 1952 var hann skipaður bæjarfógeti á Siglufirði og gegndi því embætti til 1966. Eftir það var hann sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði til 1973, sýslumaður í Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði og Seltjarnarneskaupstað 1974–1987, einnig bæjarfógeti í Garðakaupstað frá 1976.

Við alþingiskosningar 1953 var Einar Ingimundarson í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Siglufirði og hlaut kosningu. Hann var þingmaður Siglfirðinga 1953–1956 og 1959 og þingmaður Norðurlandskjördæmis vestra 1959–1966, sat á 11 þingum alls. Hann sat á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1955 og var fulltrúi á fundum Þingmannasamtaka Norður-Atlantshafsríkjanna 1961 og 1962.

Einar Ingimundarson var í stúdentaráði Háskóla Íslands 1940–1942, formaður ráðsins 1941–1942, og formaður Stúdentafélags Reykjavíkur 1944–1945. Í stjórn Dómarafélags Íslands var hann 1972–1973. Hann var kosinn í kosningalaganefnd 1954, í okurnefnd 1955 og í áfengismálanefnd 1964 og hann var skipaður 1962 í nefnd til að endurskoða lög um tollheimtu og tolleftirlit.

Hugur Einars Ingimundarsonar hneigðist snemma að stjórnmálum. Á háskólaárunum lét hann að sér kveða í samtökum stúdenta. Eftir ársdvöl á Siglufirði völdu íbúar kaupstaðarins hann til setu á Alþingi. Um tug ára var hann þingmaður Siglfirðinga jafnframt bæjarfógetastörfum. Þegar hann var skipaður í umsvifamikið og annasamt embætti og fluttist til Hafnarfjarðar afsalaði hann sér þingmennsku og hætti opinberum afskiptum af stjórnmálum.

Einar Ingimundarson var góðviljaður, vandvirkur og réttlátur embættismaður. Hann ávann sér traust og vinsældir hjá samstarfsmönnum og samborgurum. Á Alþingi reyndist hann starfssamur og glöggskyggn við afgreiðslu mála. Hann var heilsteyptur í því sem hann tókst á hendur.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Einars Ingimundarsonar með því að rísa á fætur. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Tilkynning um dagskrá.

[13:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að lokinni umræðu um 2. dagskrármálið, Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er Kristín Halldórsdóttir. Efni umræðunnar er álver á Grundartanga og umhvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa. Það er samkomulag um að umræðan geti staðið í allt að tvær klukkustundir. Málshefjandi og ráðherra hafa allt að 10 mínútur. Talsmenn annarra þingflokka allt að sjö mínútur en aðrir þingmenn og ráðherrar fimm mínútur. Málshefjandi og ráðherra hafa allt að fimm mínútur í lok umræðunnar. Mælendaskrá er opin og forseti óskar eftir að þeir sem hyggjast biðja um orðið geri aðstoðarmanni aðvart þannig að raða megi niður á mælendaskrána.

Að lokinni þessari utandagskrárumræðu fer fram önnur utandagskrárumræða. Þar er málshefjandi Hjörleifur Guttormsson og umhvrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Efni umræðunnar er breytingar umhvrh. á reglugerð um mengunarvarnir.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 1. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 487.

[13:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra heildarlaga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem útbýtt var á hinu háa Alþingi laust fyrir jólahlé. Jafnframt vil ég vekja athygli á að samhliða frv. þessu var útbýtt skýrslu Veðurstofu Íslands um úttekt á mögulegum varnarkostum í þeim sveitarfélögum sem talið er að búi við snjóflóðahættu, en sú skýrsla var unnin að beiðni umhvrn. og kom út í október á sl. ári. Ég vil þá víkja fáeinum orðum að forsögu máls þessa og að þeirri nefnd sem um málið vélaði.

Frv. þetta er samið af sömu nefnd og þeirri er ríkisstjórnin fól að endurskoða samnefnd lög á árinu 1995 en þau eru að stofni til frá árinu 1985. Þeim lögum var þrívegis breytt í kjölfar hinna hörmulegu atburða á Súðavík og Flateyri, og áttu breytingarnar allar rót sína að rekja til þeirra. Þá gafst enginn tími eða tóm til að taka mál sem þessi lög skipa til endurskoðunar í heild sinni og voru því í fullu samráði við alla hagsmunaaðila einungis gerðar á þeim þær breytingar sem brýnastar þóttu, einkum til að tryggja líf og öryggi fólks eins og frekast er kostur. Þess í stað lagði ríkisstjórnin til að heildarendurskoðun laganna færi fram á árinu 1996, enda væri þá bæði komin reynsla á þá nýskipan sem komið var á með breytingunum sem og fyrstu niðurstöður úr rannsóknum vísindamanna á eðli og afleiðingum snjóflóða er hægt yrði að hafa til hliðsjónar við þá endurskoðun. Á þessa tilhögun mála var fallist hér og á því hnykkt með samþykkt 10. gr. laga nr. 151/1995, sem bauð að frv. þetta yrði lagt fyrir Alþingi í desembermánuði sl. eins og úr varð.

Í nefndinni sem undirbjó málið áttu sæti prófessor Eiríkur Tómasson formaður, ráðuneytisstjórarnir í umhvrn., dóms- og kirkjumrn. og félmrn. og bæjarstjórinn á Ísafirði, Kristján Þór Júlíusson, sem tilnefndur fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga. Er ástæða til að taka fram að nefndin var einhuga um tillögur sínar og stóð öll að því frv. sem hér er til umræðu.

Áður en ég vík að helstu breytingum sem frv. þetta miðar að vil ég láta þess getið að það byggir í öllum meginatriðum á núgildandi lögum og þó sér í lagi á þeirri nýskipan sem fólst í samþykkt laga nr. 151/1995. Nýmæli eru þó nokkur og til að fella þau að eldri skipan á aðgengilegan og heilsteyptan hátt þótti að öllu virtu rétt að færa hvort tveggja saman í nýtt og sjálfstætt lagafrv. Meginmarkmið lagasetningar sem þessarar hljóta og að vera ætíð hin sömu, að forða því að manntjón hljótist af ofanflóðum, jafnt snjóflóðum sem skriðuföllum, og þó einkum og sér í lagi að koma í veg fyrir að fólk slasist og láti lífið á heimilum sínum. Að þessu markmiði verður einkum unnið á tvo vegu, annars vegar með öflugu og sívökulu almannavarnakerfi og hins vegar með forvörnum við skipulag og uppbyggingu byggðar í framtíðinni og með varnarvirkjum við þær byggðir sem fyrir eru og búa við hættu af völdum ofanflóða.

Vík ég þá, herra forseti, að efnisskipan frv. og fjalla nokkuð um helstu breytingar. Efnisskipan frv. má skipta í fernt þannig að 1. og 2. gr. mynda nokkurs konar inngang að því sem á eftir kemur og árétta m.a. þá skipan sem á var komið með lögum nr. 151/1995, að umhvrh. fari með yfirstjórn varna gegn ofanflóðum. Þá mynda 3.–8. gr. aðra heild utan um þau ákvæði er lúta að eftirliti með flóðahættu, aðgerðum sem grípa ber til þegar hættuástand skapast og rannsókn á orsökum og afleiðingum ofanflóða. 9.–15. gr. taka til varnarvirkja og húseigna á hættusvæðum og loks eru í 16. og 17. gr. hefðbundin niðurlagsákvæði, þó með ákveðnum lagaskilareglum sem komið verður að síðar.

Mun ég þá, herra forseti, víkja að helstu breytingum sem frv. gerir ráð fyrir að núgildandi lög taki. Í fyrsta lagi er lagt til að reglum um hættumat verði breytt í nokkrum atriðum en um þær er fjallað í 4. gr. frv. Í fyrri málslið 1. mgr. 4. gr. er eftir sem áður gengið út frá að hættumat verði gert í öllum þeim sveitarfélögum þar sem ofanflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Í síðari málslið sömu málsgreinar er hins vegar talið réttlætanlegt að leggja sérstaka áherslu á að hættumat á þéttbýlisstöðum hafi ákveðinn forgang umfram dreifbýlli staði. Enda er gerð hættumata bæði tímafrek og kostnaðarsöm. Jafnframt er í 3. mgr. 4. gr. lagt til að markmið hættumats verði skilgreind með lögum en slík skilgreining hefur ekki áður verið lögfest. Þá er lagt til að eldri hættumöt sem gerð voru fyrir árið 1996 verði

úr gildi felld með 2. mgr. 17. gr. frv. enda hefur reynslan sýnt að þær aðferðir sem áður voru notaðar verða að teljast ófullnægjandi. Þangað til nýtt hættumat hefur verið gert og staðfest er því lagt til í ákvæði til bráðabirgða að umhvrh. verði heimilað að setja bráðabirgðareglur um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í þeim sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu svo þróun byggðar stöðvist ekki algjörlega á þeim stöðum. Er ástæða til að árétta að varfærnisjónarmið verða að sjálfsögðu að ráða mestu um hvar mörk verða dregin fyrir örugg byggingarsvæði meðan slíkt ástand varir.

Í öðru lagi er áfram byggt á því kerfi sem tekið var upp með lögunum nr. 151/1995 og Veðurstofunni falið það hlutverk að gefa út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi sem lögreglustjóra og almannavarnanefnd á viðkomandi stað er skylt að bregðast við með þeim hætti að rýma húsnæði á tilteknum svæðum.

Á þessa tilhögun hefur nú þegar reynt nýlega bæði á Siglufirði og Seyðisfirði við góða raun. Ég er sannfærður um að hún hefur verið til gæfu. Ákvarðanir sem þessar þarf að taka á hlutlægum grundvelli, fljótt og örugglega þar sem huglæg sjónarmið og alls kyns þrýstingur í návíginu heima fyrir eiga ekkert erindi og mega engin áhrif hafa. Heima fyrir kunna hins vegar að skapast aðstæður sem staðbundin stjórnvöld bera betra skynbragð á. Þess vegna er í 7. gr. hnykkt á því, til að taka af allan vafa, að lögreglustjóra er eftir sem áður heimilt í samráði við almannavarnanefnd að rýma eða láta rýma húsnæði vegna ofanflóðahættu þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofunnar og á stærri svæðum en fram koma á rýmingaruppdráttum hennar.

Í þriðja lagi er í 8. gr. brugðist við ábendingum um að æskilegt geti verið að fela hlutlægum og óháðum aðila að rannsaka orsakir og afleiðingar ofanflóða í því markmiði að draga úr hættu af völdum þeirra. Þannig er í frv. lagt til að slík rannsókn fari fram undir svipuðum formerkjum og flugslys og sjóslys eru rannsökuð með skipun sérstakrar rannsóknarnefndar við nánar tiltekin skilyrði.

Í fjórða lagi er í 10. og 11. gr. gengið út frá því sem aðalreglu að varnarvirki verði reist með stuðningi ofanflóðasjóðs á þeim stöðum sem hætta er á ofanflóðum, einkum snjóflóðum, en húseignir verði aðeins keyptar eða fluttar á brott í undantekningartilvikum. Er þetta lagt til í samræmi við þá meginniðurstöðu skýrslu þeirrar sem minnst var á í upphafi að almennt sé hagkvæmara að reisa varanleg varnarvirki til að draga úr hættu á tjóni af völdum ofanflóða en að kaupa eða flytja húseignir í sama skyni. Sé hið síðarnefnda hins vegar talið hagkvæmara eru tekin af tvímæli um að það sé hlutverk sveitarstjórnar í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Ef ofanflóðasjóður tekur þátt í hluta af kostnaði af þessum sökum leiðir einnig af 14. gr. frv. að hámark kaupverðs miðast við staðgreiðslu markaðsverðs eða framreiknað kaupverð húseignar ásamt kostnaði eigenda af endurbótum á henni en ekki brunabótamat eða endurstofnverð svo sem heimilað er í núgildandi lögum.

Í fimmta lagi geymir frv. nokkrar breytingar á reglum um svonefndan ofanflóðasjóð og stjórn hans. Þannig er umhvrh. falin skipun ofanflóðanefndar og verkefni hennar skýrgreind í 9. gr. og umhvrn. falin varsla ofanflóðasjóðs í 12. gr. í stað Viðlagatryggingar Íslands. Tekjustofn sjóðsins verður eftir sem áður árlegt gjald sem lagt er á allar brunatryggðar húseignir í landinu og innheimt ásamt iðgjaldi til Viðlagatryggingar Íslands. Til að tryggja sjóðnum nægar tekjur til að standa undir uppbyggingu á nauðsynlegum varnarvirkjum er hins vegar lagt til að gjaldið hækki úr 0,2 prómillum af vátryggingarverðmæti húseigna í 0,3 um leið og brott fellur hlutdeild sjóðsins í iðgjaldatekjum viðlagatryggingar og aukaálag á iðgjaldið en sá háttur á fjármögnun sjóðsins hefur sætt réttmætri gagnrýni m.a. af endurtryggjendum Viðlagatryggingarinnar. Heildartekjur sjóðsins eiga þó að verða nokkurn veginn óbreyttar frá því sem nú er.

Í sjötta lagi er komið að þeirri málamiðlun sem náðst hefur gagnvart þeim kröfum sveitarfélaganna að ríkið beri allan kostnað af uppbyggingu varnarvirkja en fyrirsjáanlegt er að hann verður talsverður í þeim sveitarfélögum þar sem helst er talin hætta á ofanflóðum. Flest ef ekki öll telja þau sér fjárhagslega ofviða að standa undir þeim tíunda hluta sem núgildandi lög gera ráð fyrir að þau beri og enn er lagt upp með í 13. gr. frv. Á hinn bóginn yrði ekki heldur við það unað að ábyrgð á hönnun og framkvæmd við byggingu varnarvirkja færðist öll úr höndum heimamanna með þeim áhrifum sem þau hljóta að hafa á umhverfið, skipulag og uppbyggingu byggðar í viðkomandi sveitarfélögum og ef til vill á efnahag, a.m.k. um skeið.

Til að koma til móts við sjónarmið sveitarfélaga í þessu efni er hins vegar í 2. mgr. 13. gr. lagt til að ofanflóðasjóði verði heimilað að veita þeim sveitarfélögum sem þannig háttar til um lán til að standa undir umræddri kostnaðarhlutdeild með þeim kjörum að árleg endurgreiðsla fari aldrei hærra en sem nemur 1% af uppfærðum höfuðstól lánsins en við þá fjárhæð bætast 0,15 prómill af álagningarstofni fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélagsins af sölu og leigu á eignum sem það hefur eignast við uppkaup samkvæmt 11. gr.

Með þessum móti er tryggt að umtalsverður hluti slíkra lána verður endurgreiddur en það sem eftir kann að standa að liðnum 15 ára lánstíma fellur niður. Það er mat mitt og annarra sem að þessu hafa komið að lengra verði ekki gengið til móts við sjónarmið sveitarfélaganna að þessu leyti en jafnframt að menn hafi nálgast þau mjög til að ásættanleg niðurstaða fengist og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefnd þeirri er undirbjó málið gæti við hana unað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fylgja þessu frv. eftir með fleiri orðum. Ég legg áherslu á og ítreka að frumvarpshöfundar standa einhuga að baki þeim hugmyndum sem hér eru fram komnar og höfðu við smíði þeirra víðtækt samráð við alla þá sem að ofanflóðavörnum koma og mesta reynslu hafa af framkvæmd núgildandi laga sem almennt verður að teljast góð. Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[13:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það stjfrv. sem hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er hið mikilsverðasta mál sem þarf að fá vandaða skoðun af hálfu þingsins. Ég ætla ekki að ræða þetta mál efnislega þótt ástæða væri til, einkum vegna þess hvernig þingstörfum er háttað hér á þessum degi en vil aðeins þakka fyrir að frv. skuli koma til umræðu í upphafi vorþings. Ráðrúm ætti því að vera til að það fái góða skoðun og afgreiðslu á þessu þingi.

Það er afar mikilvægt að hægt sé að bregðast við þeim aðstæðum sem frv. fjallar um með góðum fyrirvara og þau

ýmsu álitaefni sem þarna eru fái vandaða athugun áður en til framkvæmda kemur í krafti nýrra laga.

Ég er sammála hæstv. forsrh. um að sú reynsla sem fengist hefur nýlega í sambandi við þessi efni bendir til að brugðið hafi verið á rétt ráð í sambandi við ákvarðanir og vald til rýmingar ef hættuástand skapast. Hér þurfa menn auðvitað að feta sig áfram og læra af reynslu. Það mun vafalaust verða. Þessi mál eru komin í allt annan og farsælli farveg en var áður en síðasta áfallahrina skall yfir byggðarlög og landsmenn alla með þeim fórnum sem fylgdu og er það vel. Auðvitað hefðum við mörg hver og öll vafalaust talið að það hefði verið efni til að bregðast fyrr við en um það er ekki að sakast. *Aðalatriðið er að sjálfsögðu það að nú verði brugðið á rétt ráð.* Nú sýni menn ábyrgð og fyllstu aðgæslu í þessum efnum. Menn verði varúðarmegin í sambandi við ákvarðanir þegar hættu ber að höndum og umfram allt að menn taki ákvarðanir að *því er varðar skipulag, bæði byggðar, umferðar* og að öðru leyti sem lúti að því að sem minnst hætta sé á áföllum og tjóni og þá ekki síst manntjóni af völdum þeirra náttúruhamfara sem frv. fjallar um.

Ég á sæti í þeirri þingnefnd sem mun fá málið til meðferðar og mun þar að sjálfsögðu taka þátt í umfjöllun þess og stuðla að því að frv. geti orðið að lögum, eftir atvikum með einhverjum breytingum, á því vorþingi sem nú er hafið.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja örfá orð í belg í umræðu um þetta frv. og fjalla annars vegar um fáein efnisatriði þess og hins vegar almennt um þann grundvöll sem það hvílir á.

Ef við víkjum fyrst að einstökum efnisatriðum þá eru í frv. nokkur *nýmæli* sem ástæða er til að taka til athugunar. Mér sýnist að sum þeirra geti verið til bóta ef rétt er á málum haldið. Mér finnst athyglisverð sú tillaga að komið verði á rannsóknarnefnd, eins og lagt er til í 8. gr. frv., sem hafi það *hlutverk að rannsaka atvik* með það í huga að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. En ég velti fyrir mér hvort ekki sé of þröngt skilgreint hlutverk nefndarinnar.

Mér finnst einnig athyglisverð sú tillaga að veita lögreglustjóra heimild umfram það sem hefur verið þar sem hann getur rýmt svæði án þess að fyrir liggi ákvörðun Veðurstofu Íslands um þá rýmingu. Ég tel að það geti vel komið til greina og verið til bóta að hafa heimild af þessu tagi í lögunum.

Önnur atriði í frv. sem ég vil víkja að eru fáeinar ábendingar. Það er fyrst í 11. gr. frv. þar sem mælt er svo fyrir um að sveitarfélög kaupi upp íbúðir á svæðum þar sem talið er dýrara að reisa varnarvirki en kaupa upp íbúðir. Það er ekki ágreiningsefni af minni hálfu að þannig skuli staðið að málum þegar kostnaður er meiri við varnarvirki en uppkaup. En ég set spurningarmerki við það ákvæði 11. gr. að sveitarfélög eigi að vera eigandi fasteignarinnar en ráðherra á að ráða hvort sveitarfélagið geti gert nokkuð við þær. Mér finnst ekki fara saman að einum aðila sé gert skylt að eiga eign en annar aðili hafi í hendi sinni hvernig hún er nýtt. Ég hygg að löggjafinn verði að treysta sveitarfélögunum til að nýta fasteignirnar skynsamlega fyrst menn eru á þeirri skoðun að eðlilegt sé að sveitarfélögin eigi þær. Ef menn treysta ekki sveitarfélögunum til að nýta fasteignirnar skynsamlega þá er ekki ástæða til að skylda sveitarfélögin til að eiga þær. Þetta getur ekki farið saman að mínu viti eins og frá málinu er gengið í frv.

Þá bendi ég á að í 13. gr. frv. er fjallað um endurgreiðslu af láni sem sveitarfélag getur fengið hjá ofanflóðasjóði fyrir sínum kostnaðarhlut. Þar er sett fram regla um hvernig endurgreiðslu skuli háttað og við hvað skuli miðað. Ein viðmiðunin er álagningarstofn fasteignaskatts í sveitarfélaginu, þ.e. að ákveðið hlutfall af þeim stofni er notað sem viðmiðun til þess að ákveða hve mikið sveitarfélag eigi að endurgreiða af láninu. Þarna finnst mér vanta að bæta inn í eða taka fram að ekki sé reiknað með í álagningarstofni fasteignaskatts, skatti af því íbúðarhúsnæði sem hefur verið keypt upp í sveitarfélaginu. Það dæmi höfum við fyrir okkur nú þegar í Súðavík þar sem eru allmörg íbúðarhús sem munu standa auð eða verða eign sveitarfélagsins í framtíðinni og væntanlega vera lítið notuð og gefa af sér litlar tekjur en íþyngja hins vegar endurgreiðslu sveitarfélagsins verulega ef lagasetningin verður í samræmi við frv. eða þetta ákvæði í 13. gr. frv.

Þá vil ég vekja athygli á 15. gr. frv. en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og *virðisaukaskatt af efni og tækjum sem flutt eru hingað til* lands eða framleidd eru hér á landi til varna gegn ofanflóðum."

Þetta er hið þarfasta ákvæði en ég bendi á, af því sú mikla *hógværð er sýnd í þessu frv. að ekki er á það minnst, að fyrir* þinginu liggur annað frv. þar sem þetta er lagt til. Það var lagt fram snemma á þessum þingvetri af fimm hv. þingmönnum og 1. flm. er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Fyrsta grein þess frv. á þskj. 156 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Fella skal niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og virðisaukaskatt af efni og tækjum sem framleidd eru innan lands eða flutt sérstaklega til landsins til varna gegn ofanflóðum."

Mér hefði fundist eðlilegt, virðulegi forseti, af því fyrir liggur frv. nákvæmlega sama efnis í þessu tilviki, að í stjfrv. hefði þess verið getið. Mér finnst það óþarfa hæverska að láta hvorki í athugasemdum við málið í heild né við einstakar greinar þess getið að þetta mál lá þegar fyrir þinginu þegar þetta stjfrv. var lagt fram. (Gripið fram í.) Já, já, ég efast ekki um það, hv. þm., að hér sé bara um athugunarleysi að ræða og læt ekki annað hvarfla að mér, en kem þessu vinsamlegast á framfæri engu að síður.

Þá vil ég, virðulegi forseti, segja fáein orð um málið í heild sinni svo sem eðlilegt er við 1. umr. máls að fjalla um þá pólitísku hugsun sem er að baki málinu. Það er fyrst sú lína sem dregin er upp og er í gildandi lögum, að sveitarfélög eigi að taka þátt í þessu máli. Við erum að tala um öryggisatriði og það hefur orðið niðurstaða fram til þessa og er lagt til að svo verði áfram, að sveitarfélög beri á þessu öryggismáli nokkra ábyrgð sem endurspeglast í því að þeim er gert að borga ákveðinn hlut af kostnaðinum auk þess að hafa frumkvæði við gerð hættumats o.s.frv. Ég er ekki alveg viss um að þetta sé eðlilegur gangur máls, a.m.k. vek ég athygli á því að þetta er ekki í samræmi við önnur sambærileg atvik sem menn geta borið saman við. Mér er ekki kunnugt um að sveitarfélög séu gerð ábyrg fyrir skaða á eignum manna sem verða af öðrum ástæðum en þessum. Við getum nefnt umferðaróhöpp. Við getum nefnt tjón af völdum eldsumbrota eða jarðskjálfta. Ég velti því fyrir mér hvort það sé rétt almenn lína að í þessum atvikum líka eigi að gera sveitarfélögin ábyrg fyrir málinu og láta þau bera hluta af kostnaðinum sem af atburðunum verða. Ég er viss um

að það þættu, t.d. í Reykjavíkurborg, nokkuð harðir kostir ef þessi hugsun yrði útfærð víðar en gert er í þessu máli og Reykjavíkurborg gert að bera ábyrgð á tjóni af völdum annarra náttúruhamfara eða slysa og borga hlutdeild í því tjóni. Mér finnst mikið vafamál að hafa tvær reglur í gangi í þessum málum, aðra varðandi snjóflóð og skriðuföll og síðan hina regluna í öðrum tilvikunum. Mér finnst eðlilegt að sama regla gildi yfir allt þetta svið en útiloka ekki að sú regla sem hér er lögð til geti gilt í hinu tilvikinu líka.

Þá er ég mjög ósammála því ákvæði frv. í 6. gr. sem er sambærilegt við núgildandi lög, að Veðurstofa Íslands sé sá aðili sem lýsir yfir hættuástandi og sér um að taka þá ákvörðun að rýma skuli. Ég tel að sérfræðingar eigi að vera til ráðuneytis en ekki til þess að stjórna þessum málum. Ég tel að það eigi að vera á ábyrgð manna á hverjum stað að taka af skarið um það hvort og hvenær beri að rýma hús á því svæði sem menn búa. Mér finnst eðlilegast að þeir sem búa á einstökum stöðum glími við þetta mál og miklu eðlilegra en að taka málið úr þeirra höndum og flytja það til Veðurstofu Íslands. Hins vegar er mjög eðlilegt að þar sé safnað saman ákveðinni þekkingu og sérfræðingum sem eru síðan til ráðuneytis þeim sem eiga að bera endanlega ábyrgð á málinu. Ég er mjög ósammála því að svo hafi til tekist að menn hafi ákveðið að treysta ekki íbúunum á einstökum stöðum fyrir þeirri ákvörðun að rýma hús þegar ástæða þykir til.

Ég vil svo segja um kostnaðarþáttinn að öðru leyti að ég er sammála því að hann verði leystur með því meginsjónarmiði að allir leggi sameiginlega í sjóð sem síðan er sótt í til þess að borga bætur eða bæta tjón sem hlýst af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Það er eðlilegt í tilviki sem þessu að koma upp samtryggingarsjóði sem þjóðin öll stendur sameiginlega á bak við sem tryggingaraðili og allir landsmenn eru jafnréttháir til að sækja úr honum við sambærilegar aðstæður.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því að það er ekki samhljómur um þessa stefnu í þjóðfélaginu og fjárln. var gerð grein fyrir því á liðnu ári, í desember sl. þegar fulltrúar Reykjavíkurborgar komu til fundar við fjárln. að þeir voru ósammála þessari stefnu og töldu að það fé sem innheimt verður af fasteignum eins og lagt er til ætti að renna til varna í því sveitarfélagi sem það kemur frá. Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa upp minnisblað sem fulltrúar Reykjavíkurborgar lögðu fyrir fjárln. Þar segir svohljóðandi um þetta forvarnagjald sem þá hét:

„Samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins er heildarbrunabótamat fasteigna í Reykjavík 699,9 milljarðar. Húseigendur í Reykjavík munu því á næsta ári þurfa að greiða um 140 millj. kr. í forvarnagjald sem samkvæmt heiti laganna hlýtur að verða nýtt til þess að verja húseignir borgarbúa gegn snjóflóðum og skriðuföllum."

Þetta sjónarmið kom mér alveg í opna skjöldu því ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fram að þeim tíma að sú skoðun væri uppi í höfuðborginni að menn ættu ekki að styðjast við samtryggingarkerfi eins og ég rakti áðan og lagt er til í frv. heldur ætti hver að hugsa um sig. Í minnisblaðinu er því ekki andmælt að leggja þetta gjald á heldur einungis hvernig því skuli ráðstafað. Ég er mjög ósáttur við það að fulltrúar höfuðborgarinnar skuli koma fram með þetta sjónarmið, þ.e. að tekjur af þessu gjaldi sem koma héðan úr Reykjavík eigi einvörðungu að verja til varnaraðgerða í Reykjavík. Ég tel það afar hættulega þróun ef fulltrúar einstakra sveitarfélaga fara að líta svo á að þeirra verkefni sé að hugsa einvörðungu um hagsmuni íbúa í sínu sveitarfélagi en ekki þjóðarinnar allrar. Ég vænti þess að breyting verði á þessari afstöðu Reykjavíkurborgar þó svo að ekki hafi komið annað fram í þessari heimsókn fulltrúa Reykjavíkurborgar en að þeir stæðu fastir á þessari skoðun sinni.

Virðulegi forseti. Ég vil láta þetta nægja af minni hálfu sem umfjöllun um þetta mál en hvet til þess að hæstv. ríkisstjórn leggi sig fram um það að ná sáttum í þjóðfélaginu um það fyrirkomulag að viðhafa samtryggingarkerfi eins og lagt er til í frv.

[14:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem ég ætlaði að ræða er ákvæði 15. gr. sem hv. síðasti ræðumaður kom reyndar lítillega inn á. Fyrir þinginu liggur frv. um efnislega sams konar breytingar á gildandi lögum, um að það fáránlega misræmi verði leiðrétt að heimilt sé að fella niður aðflutningsgjöld og gjöld af innfluttum búnaði til snjóflóðavarna en ekki heimilt að endurgreiða hann á sama hátt ef um innlenda framleiðslu er að ræða að þetta. Ég held að það sé miklu nær að tala hér um leiðréttingu á augljósum ágalla í lögum sem enginn maður getur mælt bót. Nú vill svo til að á þetta ákvæði hefur reynt. Framleiðandi að íslenskum búnaði hefur verið með sölusamninga um sinn búnað en það hefur staðið í vegi fyrir kaupunum að innflutningur er sem þessu nemur ódýrari. Og það nær auðvitað engri átt, herra forseti, að við mismunum beinlínis í lögum innlendri framleiðslu í óhag eins og hér er gert.

Vegna þess að nú kann svo að fara að hv. þingnefnd telji sig þurfa nokkurn tíma til að vinna að þessu máli og jafnvel fram undir vorið, vil ég beina því til hæstv. forsrh. og jafnframt til hv. umhvn. hvort ekki megi athuga að taka þetta einstaka efnisatriði út úr og lögfesta þessa breytingu strax. Ég hef enga trú á öðru en að um það sé algjör pólitísk samstaða hér á þingi og ég bendi á að flutningsmenn að frv. sem liggur fyrir í hv. umhvn. eru þingmenn úr öllum flokkum og þingmenn úr jafnmörgum kjördæmum og flokkarnir eru sem allir þekkja vel til mikilvægis þessara mála. Herra forseti. Reyndar var komið á dagsskrá að reyna að afgreiða þetta mál fyrir jólaleyfi en það tókst ekki í önnunum þá þannig að ég kem þessari góðlátlegu ósk hér á framfæri.

[14:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef umhvn. þarf það langan tíma, sem vel má vera, til að fara yfir þetta frv. þá mun ég ekki sjá ástæðu til að setja mig gegn því að sú tillaga sem liggur fyrir og er efnislega samhljóða verði afgreidd. (**SJS:** Þakka.)

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins með örfáum orðum láta í ljós ánægju mína yfir því að þetta frv. er fram komið og ég tel að í öllum meginatriðum sé hér um að ræða mjög skynsamlega stefnumótun sem menn hafa komist að samkomulagi um eftir nokkuð ítarlega yfirferð og í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum fengið af framkvæmd laganna sem í gildi hafa verið. Eins og mönnum er ljóst hefur löggjöf um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum tekið allmiklum breytingum á síðustu árum í ljósi mjög sárrar reynslu sem við öll þekkjum og engin ástæða er til að orðlengja um. Fram að því höfðu gilt reglur sem gerðu ráð fyrir því að sveitarfélög greiddu 20% af kostnaði við ofanflóðavarnir. Við sáum að

sveitarfélögunum var þetta mjög víða ofviða og þegar menn fóru að skoða ofanflóðavarnirnar kom það í ljós að víða höfðu þær verið látnar drabbast niður einfaldlega vegna þess að kostnaðurinn við að viðhalda þessu var sveitarfélögunum mörgum um megn. Þar sem þörf er á ofanflóðavörnum háttar yfirleitt þannig til að um er að ræða frekar lítil sveitarfélög og oft vanmáttug til þess að takast á hendur þessi miklu og dýru verkefni. Þess vegna held ég að það hafi verið mjög skynsamlegt þegar Alþingi breytti kostnaðarskiptingunni í þá veru sem núna er í gildandi lögum.

Það hefur auðvitað komið á daginn að sveitarfélög eru eftir sem áður misjafnlega sett þrátt fyrir að hlutur þeirra hefur verið minnkaður úr 20% í 10%. Það blasir við að í tilvikum eins og í Súðavík þar sem við erum ekki að rýma eina götu eða hverfi heldur einfaldlega að færa heila byggð, heilt sveitarfélag nánast til, er augljóst mál að sveitarfélaginu er ofviða að standa straum af því, að svo miklu leyti sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Þess vegna vil ég láta í ljós mikla ánægju yfir því og lýsa alveg sérstökum stuðningi við það jöfnunarákvæði sem gert er ráð fyrir að sett verði í lögin, hér í 13. gr. frv. og hæstv. forsrh. hefur þegar gert ágætlega grein fyrir.

Ég vil svo enn fremur vekja athygli á því að almenna reglan í þessari lagasetningu er sú að það beri að verja byggðina og það er í raun og veru gengið út frá því í riti Veðurstofu Íslands um þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi sem kynnt var á liðnu hausti. Almenna reglan er að verja byggðina. Í þeim tilvikum sem það er ekki skynsamlegt eða fjárhagslega hagkvæmt er heimilt að kaupa upp húseignir eins og hefur verið gert til að mynda í Hnífsdal þar sem mun skynsamlegra var að fara þá leiðina heldur en að verja mannvirki.

Loks vil ég aðeins víkja að 7. gr. frv. sem ég tel að komi mjög til móts við sjónarmið heimamanna sem höfðu gagnrýnt þau ákvæði í núgildandi lögum að hlutur heimamanna væri mjög fyrir borð borinn. Þau mál voru sérstaklega rædd við lagasetninguna síðast. Niðurstaðan var þá að almenna reglan væri sú að Veðurstofan sæi um rýminguna en heimamenn væru ráðgefandi. Hérna er hins vegar opnað á það að lögreglustjóri í heimabyggðinni geti í samráði við almannavarnanefnd ákveðið að rýma húsnæði vegna hættu ofanflóðum. Ég held að þetta sé mjög skynsamlegt og mjög í anda þess sem rætt var og muni mæta þeirri gagnrýni sem verið hefur á núgildandi ákvæði í lögum.

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að orðlengja þetta mál. Ég vil ítreka stuðning minn við frv. og tel að hér hafi verið komist að farsælli og góðri niðurstöðu og veit að það mun fá vandaða málsmeðferð í þinginu.

[14:19]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Mér sýnist að í stórum dráttum sé frv. samkomulagsmál og þó að þeir sem hér hafa talað hafi komið með ábendingar, má segja að í jafnviðkvæmu máli og þessu hafi náðst mikil og góð samstaða um hvernig með skuli fara.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að með frv. er eiginlega verið að ljúka því verki sem hafið var fyrir tveimur árum með að flytja þá þætti málsins sem áður heyrðu undir félmrn. sem sveitarstjórnaráðuneyti undir umhvrn., með því að ofanflóðasjóður verður núna vistaður í umhvrn. Mér finnst þetta skipta miku máli. Það er skoðun mín að ekki hafi verið gott að málefni ofanflóða hafi verið á höndum tveggja ráðuneyta auk þess sem eftirlits- og almannavarnaþátturinn var í dómsmrn. Það er afar brýnt að hafa sem besta yfirsýn í svona málum og eins skýra og gagnsæja yfirstjórn og unnt er. Þess vegna var það ekki gott að þessi mál voru í mörgum ráðuneytum og örlítið greindi menn á hvað heyrði undir hvern á tímabili þegar hin verstu mál voru að skella yfir þó það hafi nú sem betur fer ekki haft nein áhrif á viðbrögð stjórnvalda í snjóflóðunum.

Það er mjög mikilvægt að fá nýtt hættumat og eins öruggt og unnt er þó við verðum auðvitað að hafa í huga að við munum seint í okkar landi geta tryggt og sagt að eitthvert svæði sé alveg öruggt gagnvart náttúrunni. Hins vegar er mjög mikilvægt, af því að það þarf að afnema gamla hættumatið áður en hið nýja verður til, að farið verði varlega með bráðabirgðareglurnar á meðan. Það eru vissulega höfð hér orð um að mörkin verði örugg fyrir byggingarsvæði vegna varfærnissjónarmiða og ég legg mikla áherslu á það. Ég skil líka áhyggjur manna eins og hv. 5. þm. Vestf. af því að þeir sem hafi á hendi forræði þess að rýma svæði séu fyrir sunnan. En ég tel að ákvæðið sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson nefndi, þ.e. að heimild lögreglustjóra, ef maður getur orðað það svo, ætti að eyða þessum áhyggjum. Það er auðvitað oft þannig að heimamenn geta lent í því að meta hættuna á annan veg en stofnun og þá hafa þeir möguleika á að taka sjálfstæða ákvörðun þar um.

Það er líka lögð áhersla á að almennt sé hagkvæmara að reisa varanleg varnarvirki en að kaupa og flytja húseignir. Þetta er mjög mikilvæg stefnumörkun og mikilvægt að í framtíðinni verði leitast við að haga byggðaþróun í samræmi við þetta eins og unnt er og með tilliti til þeirra orða sem ég lét falla hér áður. Reynslan hefur sýnt okkur að í þróun byggðar hefur gætt ákveðinnar óaðgæslu og menn fóru kannski svolítið frjálslega með hin ýmsu svæði þegar þeir voru að skipuleggja byggð. Mönnum finnst e.t.v. að ég slái úr og í með sjónarmiðin varðandi þetta vegna þess að ég hlýt að vekja athygli á því að frá örófi alda hafa íbúar á þeim svæðum sem hér um ræðir búið við ógn til lands og sjávar og þess vegna er skiljanlegt að á þessum tíma hafi byggðin þróast jafnvel inn á þau svæði sem síðar reyndust vafasöm.

Við höfum öðlast bitra reynslu á liðnum árum í því hvernig aðstæður geta breyst og náttúran eiginlega snúið allri reynslu okkar frá fyrri árum upp og niður og við hljótum eins og við getum að taka mið af því.

Ég tek undir orð Steingríms J. Sigfússonar um að nefndin taki ákvæði úr frv. þeirra sem hér var til skoðunar fyrir jól og fagna orðum forsrh. þar að lútandi.

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð með að forsrh. skuli mæla fyrir máli sem svo mikil sátt er um þó ábendingar komi að sjálfsögðu.

[14:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vona að þetta frv. sem mér finnst vera hið besta mál fái skjótan framgang hér. Ég held að málið þurfi ekki að dvelja lengi í þinginu og þurfi ekki mjög langa meðferð í hv. umhvn. Það er búið að vinna vel að undirbúningi og fjöldamargir hafa komið að því þannig að mér finnst eðlilegra að afgreiða þetta mál sem tekur yfir allt sviðið fremur en þá tillögu sem menn hafa gert hér að umræðuefni. Mér finnst þetta vera skynsamlegt frv. Hér er þræddur millivegur. Það er samfélagsleg hugsun í frv. Ég tel eðlilegt að samfélagið beri meginhluta kostnaðar af þessum framkvæmdum en jafnframt tel ég líka eðlilegt að sveitarfélögin komi að málinu með ákveðnum hætti. Þeim

ber að gæta hagsmuna íbúanna. Það er eðlilegt að þau hafi íhlutunarrétt um málin. Jafnframt bera þau ábyrgð á skipulagi og vissa ábyrgð á því hvernig byggt hefur verið á hinum einstöku stöðum í fortíðinni. Ég tel að það hafi verið fundin mjög mjúk lending fyrir þeirri kostnaðarþátttöku sem sveitarfélögin eiga að bera. Það er komið mjög langt til móts við óskir sveitarfélaganna sem kviðu því að þurfa að bera 10% kostnaðar og það var þeim greinilega ofviða, a.m.k. flestum.

Það er eitt atriði sem mér finnst að þurfi að skoða í hv. umhvn. og ég vil biðja menn að hafa í huga. Það er 4. tölulíður 13. gr., þ.e. að sveitarfélögin greiði 40% og ríkið 60% af viðhaldi þessara varnarvirkja. Við getum hugsað okkur að það verði óhapp, það falli skriða og varnarvirki skemmist mjög og þá gæti það orðið mjög þungur baggi fyrir sveitarfélag að endurnýja það. Þetta eru verkefni upp á milljarða og mér finnst að það þurfi að velta því fyrir sér hvort þarna sé ekki verið að leggja óþarflega þungan bagga á sveitarfélögin.

Varðandi bréf Reykjavíkurborgar sem hv. 5. þm. Vestf. vitnaði til þá vil ég persónulega helst gleyma því bréfi því að ég varð undrandi þegar ég sá það. Hér er um náttúruvá að ræða og ég efa ekki að ef náttúruvá yrði í Reykjavík þá mundi samfélagið allt koma til aðstoðar. Ef hér yrði tjón af eldgosi, jarðskjálfta eða stórfelldum sjávarflóðum þá tel ég það alveg sjálfsagðan hlut að samfélagið allt taki þátt í því að bæta þar úr.

[14:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum fyrir undirtektir við frv. þetta og vænti þess að það megi fá góða athugun og eins hraða og eðlilegt er í gegnum þingið. Ég tel að umhvn. geti tekið þær athugasemdir til athugunar sem hér hafa fram komið og ég þurfi ekki út af fyrir sig að fjalla um þær. Ég er þeirrar skoðunar að það sé augljóst að hér eigi að vera um samábyrgð þjóðarinnar að ræða. Ég reyndar tel að íbúar landsins hafi greitt óbeint um það atkvæði við söfnunarátakið fyrir Flateyri og Súðavík þegar safnaðist vel á sjötta hundrað millj. kr. á 24 eða 30 tímum eða svo. Ég tel því að þjóðin hafi sýnt að þegar við slíka vá er að eiga þá á þjóðin að taka á því máli sameiginlega og hún vill hafa það þannig. Að öðru leyti þakka ég fyrir þær umræður sem hér hafa átt sér stað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Álver á Grundartanga.

[14:30]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sú harða andstaða sem myndast hefur gegn álveri á Grundartanga gæti markað tímamót í atvinnu- og umhverfismálum hér á landi. Hún er til marks um aukinn skilning á nauðsyn umhverfisverndar og þeim miklu möguleikum sem felast í náttúru landsins, í hreinu og lítt spilltu umhverfi. Hún er þungvæg áminning til ráðamanna um hverja ábyrgð þeir bera á því að þeim möguleikum verði ekki spillt í skammsýnni sókn eftir stundargróða. Og þá erum við ekki aðeins að tala um möguleika til þeirrar lífsnautnar sem sérstæð náttúra landsins býður upp á né þá möguleika til vísindaiðkana sem í henni felast, heldur einnig þá miklu atvinnumöguleika sem byggjast á hreinu og óspilltu umhverfi.

Fyrirhugað álver á Grundartanga er í brennidepli umræðunnar en málið er í raun miklu víðtækara en svo að það snúist aðeins um eitt álver. Það snýst um stefnu okkar í atvinnumálum, um val milli atvinnukosta og möguleika til uppbyggingar. Það snýst um alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum. Það snýst um lýðræðislegan rétt landsmanna til áhrifa á eigið umhverfi og það snýst um ábyrgð gagnvart afkomendum okkar sem eiga að erfa landið.

Um áratuga skeið hefur uppbygging orkufrekrar stóriðju verið áhersluatriði í atvinnustefnu íslenskra stjórnvalda. Miklum fjármunum og tíma hefur verið varið í leit að erlendum fjárfestum í því skyni og þar hafa iðnrn. og Landsvirkjun lagt saman krafta og mikið fjármagn. Fréttir hafa birst með reglulegu millibili um gang viðræðna við hina og þessa aðila og um áhuga erlendra fjárfesta frá ýmsum löndum, fyrirtækjum og fyrirtækjasamsteypum. Á vissan hátt hefur manni oft fundist sem ráðherrar og ýmsir ráðamenn teldu og vildu láta almenning halda að orkufrek stóriðja, úrvinnsla málma af einhverju tagi, en þó allra helst álframleiðsla væri helsta bjargræði okkar í atvinnumálum. Í rauninni hefur atvinnustefna stjórnvalda einkennst af furðu einhæfum hugmyndum og aðgerðum með höfuðáherslu á beislun fallvatna og mengandi stóriðju. Þau hafa jafnvel egnt fyrir erlenda fjárfesta með yfirlýsingum um lág vinnulaun hér á landi, lágt orkuverð og lágmarkskröfur um mengunarvarnir. Gagnrýni á þessa stefnu hefur jafnóðum verið mætt með miklum slagkrafti og andmælendur nánast úthrópaðir sem afturhaldssamir ofstækismenn, andvígir hvers kyns framförum og það er ekki laust við að slíkar raddir heyrist nú í þeirri heitu umræðu sem spunnist hefur út af áformum um álver á Grundartanga og tillögu Hollustuverndar ríkisins um starfsleyfi vegna slíks álvers.

Andstaðan gegn fyrirhuguðu álveri á Grundartanga byggist á nokkuð mismunandi forsendum. Í fyrsta lagi eru þeir sem eru andvígir slíkri atvinnustarfsemi yfirleitt hér á landi. Þeir benda á umhverfisspjöllin sem henni fylgja, sjónmengun og landsspjöll, mengun lofts og umhverfis, staðbundna og tímabundna þenslu á vinnumarkaði vegna framkvæmda og gríðarlegan kostnað að baki hverju starfi í stóriðjuverum. Og þeir benda á neikvæð áhrif mengandi stóriðju á þá ímynd hreins og ómengaðs umhverfis sem önnur atvinnustarfsemi byggist á, svo sem ferðaþjónusta, lífræn ræktun og matvælavinnsla. Og ekki síst leggja þeir áherslu á aðild okkar að alþjóðlegum skuldbindingum um varnir gegn mengun.

Í öðru lagi eru þeir sem fyrst og fremst andmæla staðsetningu álvers í Hvalfirði. Rök þeirra eru í raun nákvæmlega hin sömu og fyrr eru talin, en þeir telja hins vegar aðra staði hér á landi koma til greina þar sem minni skaði yrði að sjómengun og öðrum áhrifum á mannlíf og atvinnustarfsemi. Í þessum hópi eru sennilega flestir heimamanna sem látið hafa til sín taka í þessu máli, svo og margir bændur og starfandi fólk í ferðaþjónustu. Þessa afstöðu má lesa út úr ályktunum Ferðamálaráðs Íslands, Bændasamtaka Íslands og Félags bænda í lífrænni ræktun þar sem lýst er miklum áhyggjum vegna stefnu stjórnvalda og lögð áhersla á eflingu atvinnu sem fellur betur að þeirri ímynd sem við höfum skapað okkur um hreint og ómengað land eins og segir, með leyfi forseta, orðrétt í ályktun stjórnar Bændasamtaka Íslands. Tímans vegna get ég ekki lesið upp þessar ályktanir sem hljóta að vega þungt í umræðunni en andi þeirra allra

felst í þeim orðum sem ég vitnaði til.

Það þarf meira en litla trú á hjálpræði stóriðjustefnunnar ef hæstv. umhvrh., sem reyndar er einnig landbrh., telur sig þess umkominn að skella skollaeyrum við varnaðarorðum þessara aðila.

Í þriðja lagi eru svo þeir sem fyrst og fremst gagnrýna málsmeðferð, gagnrýna hvernig staðið var að umhverfismati og tillögugerð og telja kröfum um mengunarvarnir áfátt.

Herra forseti. Íbúar í nágrenni Grundartanga, hagsmunasamtök í ferðaþjónustu, landbúnaði og matvælavinnslu og fjöldi náttúruvísindamanna og áhugafólks um verndun íslenskrar náttúru og umhverfis horfa nú til hæstv. umhvrh. og bíða viðbragða hans. Ég hef dregið áhersluatriði umræðunnar saman og óskað svara hæstv. ráðherra við eftirfarandi 10 liðum:

1. Hvernig hyggst umhvrh. bregðast við mótmælum íbúa í nágrenni iðnaðarsvæðisins á Grundartanga gegn áformum um álverksmiðju sem þeir telja andstæð hagsmunum sínum?

2. Telur ráðherra rétt að fullyrða um fjárhagslegan ávinning af álveri sem einangruðu fyrirbæri alveg án tillits til annarra kosta? Hefði ekki verið rétt og eðlilegt að freista þess að leggja mat á áhrif álvinnslu á aðra atvinnustarfsemi í nærliggjandi héruðum, svo sem lífræna ræktun, vinnslu matvæla og ferðaþjónustu?

3. Telur umhvrh. rétt að miða umhverfismat við aðeins einn hluta viðamikilla framkvæmda, í þessu tilviki álver á Grundartanga, í stað þess að horft sé á alla myndina í einu, þ.e. álverið ásamt tilheyrandi orkuverum og línulögnum?

4. Hvers vegna er í umhverfismati og tillögu að starfsleyfi gert ráð fyrir allt að 180 þúsund tonna álframleiðslu á Grundartanga en ekki 60 þúsund tonna framleiðslu eins og verksmiðjan er miðuð við?

5. Telur ráðherra að sá mengunarvarnabúnaður sem kröfur eru gerðar um í tillögu Hollustuverndar sé miðaður við fullkomnustu tækni sem völ er á? Ef svo er, hvers vegna geta þá samsvarandi verksmiðjur náð mun betri árangri í mengunarvörnum?

Ég tek fram að hér vísa ég til upplýsinga í greinargerð Högna Hanssonar líffræðings, sem er sérmenntaður á sviði mengunar og mengunarvarna, en þetta álit var sent öllum alþingismönnum og birtist raunar í Morgunblaðinu sl. föstudag.

6. Mun umhvrh. sjá til þess að farið verði gaumgæfilega yfir athugasemdir Högna Hanssonar líffræðings og m.a. kannaðar mengunarvarnir sem notaðar eru í Svíþjóð og eru sagðar tryggja margfalt betri árangur en sá hreinsibúnaður sem reiknað er með í fyrirhuguðu álveri á Grundartanga?

7. Viðurkennt er að heildarútblástur koltvíoxíðs muni aukast hér á landi um 4,7% vegna 60 þúsund tonna álframleiðslu og hátt í 11% við 180 þúsund tonna framleiðslu. Hvernig ætlar umhvrh. að réttlæta slíka aukningu með tilliti til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem skuldbindur aðildarþjóðir og Íslendinga þar með til þess að sjá til þess að útstreymi koltvíoxíðs verði ekki meira um aldamótin en það var árið 1990?

8. Hvernig bregst umhvrh. við nýlegri ályktun Ferðamálaráðs Íslands þar sem lýst er og ég vitna beint með leyfi forseta: „miklum áhyggjum af afleiðingum áætlana um virkjanir og stóriðjuuppbyggingu sem nú er unnið eftir hérlendis"? Og segir raunar á öðrum stað: „Áform um umfangsmikla stóriðju og virkjanir á viðkvæmum stöðum með tilheyrandi náttúruspjöllum og sjónmengun skjóta verulega skökku við ímynd landsins meðal erlendra ferðamanna". Framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs lýsir því yfir að það telji „að þegar hafi orðið umhverfisslys með tilliti til útlits og staðsetningar stóriðjuvera".

9. Þá spyr ég: Hvernig svarar umhvrh., sem jafnframt er landbrh., nýlegum ályktunum stjórnar Bændasamtaka Íslands og stjórnar Félags bænda í lífrænni ræktun þar sem í báðum þessum ályktunum koma fram veigamiklar athugasemdir við áform stjórnvalda um álver á Grundartanga?

10. Telur umhvrh. að enn frekari uppbygging stóriðju samrýmist því markmiði sem sett er fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ég vitna beint, með leyfi forseta „að Ísland hafi ímynd hreinleika og umhverfisverndar"?

[14:39]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eitt af meginverkefnum stjórnvalda á hverjum tíma, þar með talið bæði þingsins, löggjafarsamkomunnar og ríkisstjórna, hlýtur að vera það að skapa traust atvinnulíf í landinu, treysta efnahagslífið, skapa fjölbreyttari kosti og setja atvinnulífinu leikreglur sem hægt sé að fara eftir. Íslensk stjórnvöld hafa á undanförnum árum, kannski má segja áratugum, alla vega um langt árabil, leitað eftir því hvernig hægt sé að nýta okkar auðlindir, okkar orkulindir þar með talið, og fá markaði fyrir okkar orku sem við teljum vera eina af þeim auðlindum sem við þurfum að virkja og nýta til þess að skapa þá velmegun og það efnahags- og atvinnulíf sem við viljum búa við.

Þegar stóriðju hefur borið á góma eða komið til tals hefur ævinlega staðið ágreiningur um staðarval, ekki endilega af umhverfis- eða mengunarvarnasjónarmiðum, heldur einnig vegna byggðaþróunar, vegna atvinnuþróunar og vegna ýmissa annarra þátta sem áhrif hafa á ástand þjóðfélagsins og umgerð en ekki aðeins á umhverfi eða mengun þó að það sé aðvitað líka eitt af því sem deilt hefur verið um.

Nú hefur svo borið við eftir langan tíma og miklar umræður og umfjöllun að fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að leita eftir því hvort hér sé hægt að fá aðstöðu til atvinnurekstrar af þessu tagi og þá hefur verið bent á hvaða staðir hafa komið til greina og hvar sé mögulegt að skapa aðstæður fyrir þessa starfsemi. Umhvrn. er ekki gerandi aðili í þessu efni. Það hafa aðrir annast og þá fyrst og fremst iðnrn. og Landsvirkjun, þeir sem hafa verið að reyna að selja orkuna okkar, en umhvrn. kemur fyrst og fremst að málunum auðvitað sem vöktunaraðilinn, sem eftirlitsaðilinn, umsagnaraðilinn og sá aðili sem fjallar um mat á umhverfisáhrifum af ákveðinni starfsemi, á ákveðnum stöðum og fjallar síðan um starfsleyfið þegar að því kemur ef framgangur málsins að öðru leyti hefur gengið eftir.

Í þessu tilfelli sem hér er nú verið að tala um, í sambandi við Hvalfjörðinn og hugsanlega stóriðju á því svæði eða staðsetningu iðjuvers þar, þá er ljóst að þar hefur farið fram svæðaskipulag, sem reyndar er mjög mikilvægt og þyrfti að vera almennt aðdragandi að atvinnustarfsemi af þessu tagi og reyndar hvers konar annarrar nýtingar á landi og landsvæðum. Þar hefur m.a. komið fram að landið geti hentað að hluta til, eða ákveðin svæði þar, fyrir stóriðju og þar hefur stóriðju þegar verið valinn staður svo að það er ekkert nýtt í sjálfu sér í því. Þetta var vitað og þetta lá fyrir.

Þegar síðan næsti áfangi í þessu ferli kemur upp, þá er það umhverfismatið. Það er það sem kemur næst á borð umhvrh. og er reyndar kannski það fyrsta í málinu eftir að ég tek við

störfum sem umhvrh. því að svæðaskipulagið var búið að vinna og undirrita og staðfesta áður en ég kom í umhvrn. Menn þekkja nú reyndar umhverfismatið og þurfa ekki að spyrja mig um það, því að þeir geta lesið sér til um það sem þar stendur og þar er sett fram. Stóriðju hefur sem sagt verið valinn staður í Hvalfirði með þessu umhverfismati og talið að það væri ásættanlegt miðað við lög okkar, reglur og þá samninga sem við erum aðilar að.

Við höfum sett okkur ákveðnar leikreglur til þess að fara eftir. Við vitum það líka að í þeim leikreglum okkar eru nokkuð aðrar viðmiðanir heldur en sums staðar annars staðar eru, m.a. í nágrannalöndunum, vegna þess að við höfum talið að hér væru aðrar aðstæður þannig að við gætum og það væri — ég veit ekki hvort ég þori að nota orðið ásættanlegt, vegna þess að það er auðvitað spurning hver getur tekið sér það orð í munn og gerst dómari í því efni, — en það væri viðunandi fyrir þær aðstæður sem hér ríkja m.a. vegna veðurfars og náttúrufarseðlis, vegna jarðvegs og annarra þátta. Ég tel að umhvrn. hafi farið fram í þessu efni, í þessu máli öllu í samræmi við þau lög sem því ber að vinna eftir, í samræmi við þær reglur og reglugerðir sem settar hafa verið og þá samninga sem við erum aðilar að og okkur ber að fylgja. Við höfum unnið þá vinnu samviskusamlega, ráðuneytið, starfsmenn þess og ráðherrann.

Ég ætla að reyna að hlaupa aðeins á fjölmörgum spurningum sem hv. málshefjandi lagði fyrir mig. Í fyrsta lagi hvernig bregðast skuli við mótmælum íbúa. Það auðvitað kemur nú þegar fram í því að við höfum fjallað um staðsetninguna. Umhverfismatið hefur farið fram að því leytinu sem varðar umhvrn. og afstaða þess liggur fyrir. Nú er hins vegar verið að skoða starfsleyfið. Það er í vinnslu. Fjölmargar athugasemdir hafa verið gerðar af íbúum svæðisins, af sveitarstjórnum og öðrum þeim sem telja sig málið varða og vilja koma skoðunum sínum á framfæri. Þær eru allar til skoðunar hjá Hollustuverndinni og hjá stjórn Hollustuverndar. Auðvitað verður reynt að fara ítarlega í gegnum það og bregðast við og taka tillit til þeirra þátta sem menn telja nauðsynlegt og mögulegt að taka tillit til en svara þá öðrum atriðum.

Varðandi fjárhagslegan ávinning af álveri sem einangruðu fyrirbæri, þá veit ég ekki alveg hvað átt er við. Ég tel a.m.k. að við getum ekki litið á það sem einangraðan þátt. Við eigum auðvitað að skoða stóriðju sem hluta af okkar möguleikum í atvinnuuppbyggingu og nýta okkar orkulindir og okkar kosti. Þannig hljótum við að hugsa stóriðjuna sem einn þátt af okkar atvinnustarfsemi ef við teljum að hún geti að öðru leyti verið réttlætanleg og fallið að því að treysta atvinnu og byggð. Það teljum við að hún geri á þessu svæði og að hún hafi ekki áhrif á þá þætti sem hér eru nefndir, eins og landbúnað og lífræna ræktun utan þynningarsvæðisins sem fram kemur í umhverfismatinu og ég kannski kem aðeins að síðar ef tími vinnst til.

Þá er spurt um að meta aðeins einn hluta viðamikilla framkvæmda en ekki alla aðra þætti sem geta verið samverkandi í þessu efni. Ég tel að eins og málið er lagt upp, þá er umhvrn. falið að meta aðstæður til þessarar tilteknu atvinnustarfsemi, þessa tiltekna fyrirtækis, á þessu tiltekna svæði og það hafi verið það sem okkur bar að gera í þessu tilfelli. Við þurfum að meta það sérstaklega þegar farið er í vegaframkvæmdir, þegar ráðist er í virkjanir, þegar farið er í línulagnir eða hvað annað er, jafnvel námugröft eða námuvinnslu, sem er yfir tiltekinni stærð. Hvert verksvið hefur verið talið eðlilegt að meta sér. Það kemur reyndar ítarlega fram í úrskurði mínum um mat á umhverfisáhrifum og þarf ekki að orðlengja það.

Um starfsleyfi fyrir 60 þús. tonna framleiðslu en ekki 180 þús. eins og verksmiðjan er miðuð við er því til að svara að það er sótt um 180 þús. tonna verksmiðju. Það er sótt um leyfi til þess að starfrækja allt að 180 þús. tonna framleiðslu og mat umhverfisáhrifa og starfsleyfi hlýtur að taka mið af því því annars erum við ekki að svara þeirri spurningu sem lögð er fyrir okkur.

Varðandi mengunarvarnaútbúnaðinn og miðað við þær kröfur sem við gerum til þurrhreinsunar, við höfum ekki gert kröfu til vothreinsibúnaðar, þá er hér um að ræða fullkomnustu tækni sem völ er á miðað við þá vinnsluaðferð sem er talin ásættanleg, svo ég noti það orð aftur. Það þýðir að við hleypum ekki þessum úrgangsefnum í vatn, sem þau fara auðvitað annars, þau fara í vatn eða sjó. Það er ekki eins og þau gufi upp þó að notaður sé vothreinsibúnaðurinn en auðvitað menga þau ekki andrúmsloftið. Það má nefna að með þurrhreinsiaðferðinni er það efni endurnýtt sem fer í þurrhreinsibúnaðinn en er ekki nýtt ef það fer í vothreinsibúnað og til hafs.

Athugasemdum Högna Hanssonar hefur þegar verið svarað í ráðuneytinu, svaið var sent fjölmiðlum og birtist m.a. í Morgunblaðinu í dag og ég læt hv. alþm. eftir að lesa það þar.

Varðand útblástur koltvíoxíðs verð ég tímans vegna að leyfa mér að vitna til ítarlegs svars sem gefið er við fyrirspurn frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og var dreift í þinginu í dag. Þar er m.a. bent á að núna er verið að vinna í útfærslu á samningnum frá Ríó um loftslagsbreytingarnar. Ísland er aðili að samningnum og þarf að taka virkan þátt í þeirri vinnu allri saman hvernig staðið verður að framkvæmd hans, en ég minni á að sá samningur er ekki lagabindandi fyrir einstakar þjóðir heldur er þetta samstarfsvettvangur. Við erum hér að tala um að nýta hreinni orku heldur en nýtt er til framleiðslu af þessu tagi í sumum nágrannalöndum okkar. Má þá einnig nefna, með leyfi forseta, að í samþykkt ríkisstjórnarinnar um þátttöku í samningaviðræðum sem í gangi eru er þessa m.a. getið, þ.e. að tekið sé tillit til þess við hugsanlega stóriðju að nýttar séu endurnýjanlegar orkulindir, en auðvitað er það okkar vilji eða skoðun að koma þessu á framfæri í samningaferlinu en ekki eitthvað sem hefur komið frá samningnum í Ríó af því að því hefur stundum verið blandað saman.

Hv. þm. spyr um nýlega ályktun Ferðamálaráðs og ég ítreka það aftur að ég tel nauðsynlegt að stilla saman alla þá strengi sem við höfum til þess að nýta allar okkar náttúruauðlindir í þágu atvinnuveganna. Þótt ég hafi ekki á takteinum haldbærar tölur um hvernig ferðmannaþjónustan, samgönguþátturinn, hefur áhrif á okkar loftslag, þá eru þau umtalsverð og menn verða að muna eftir því og taka tillit til þess að svo er háttað um fleiri atvinnugreinar en stóriðjuna. Það er ekki eins og við þurfum ekki að búa við það líka, við þurfum að glíma við breytingar af loftslagsáhrifunum frá sjávarútveginum, frá samgöngunum og frá fleiri þáttum.

Hæstv. forseti. Ég á enn eftir að svara þremur spurningum. Ég verð að fá að nota seinni tíma minn til þess að gera það.

(**Forseti** (ÓE): Hæstv. umhvrh. nýtur þeirra forréttinda að fá að tala tvisvar.)

[14:51]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál til umræðu. Ég tel að uppbygging stóriðjunnar, hvar sem hún er í landinu, gefi vissulega tilefni til þess að um hana sé rætt í þinginu og tekið á þeim fjölmörgu erfiðu viðfangsefnum sem lúta að henni. En ég verð að segja, hæstv. forseti, að ég harma hversu mér fannst bregða fyrir mikilli neikvæðri afstöðu hjá hv. þm. til iðnaðaruppbyggingar. Þó að vissulega þurfi að draga fram varnaðarorð verðum við að taka fordómalaust afstöðu, ræða fordómalaust um þau mál sem varðar uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og það er auðvitað hið mikilvæga verkefni.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld á Íslandi verið sökuð um að ganga of hægt fram í uppbyggingu iðnaðarstarfsemi, ganga of hægt fram í því að skapa atvinnutækifæri fyrir fólkið í landinu. Það hefur verið mjög horft til þess að virkja fallvötnin og nýta þá orku í iðnaðaruppbyggingu. Þegar síðan kemur að því að hlutirnir fara að gerast þá bregðast menn við til varnar. Ég tel eðlilegt að bregðast til varnar og hafa uppi varnaðarorð og sjá til þess að hvorki sé gengið of nærri náttúrunni né leyfð mengandi starfsemi. Við erum hins vegar svo lánssöm að við eigum marga ágæta vísindamenn í landinu sem við verðum að treysta á og leggja áherslu á að séu okkur til leiðsagnar þegar kemur að því að meta mengun frá atvinnustarfseminni og meta hvort við göngum of nærri náttúrunni með einum eða öðrum hætti. Við stjórnmálamennirnir eigum ekki annarra kosta völ en að treysta á vel menntaða Íslendinga til þess að veita okkur leiðsögn á þeirri erfiðu vegferð þar sem er uppbygging iðnaðarins og nýting fallvatna landsins.

Meðal þess sem okkur ber skylda til að sjá um er að sveitarfélögin á hverju svæði vinni sína vinnu. Á undanförnum árum hefur það gerst að við Hvalfjörðinn hafa sveitarfélögin lagt í töluvert mikla vinnu vegna þess að þar er stóriðjufyrirtæki og vegna þess að lögð hefur verið áhersla á að byggja upp iðnaðarfyrirtæki á tilteknum svæðum og þar á meðal við Hvalfjörðinn. Þess vegna lögðu sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar í vinnu við svæðaskipulag sem m.a. tók til þess að þar yrði byggður upp iðnaður í kringum járnblendiverksmiðjuna og á því svæði. Ég hef verið í þeirri góðu trú að heimamenn væru að vinna heimavinnuna sína þannig að við þingmennirnir gætum stutt dyggilega við bakið á aðilum hér, þ.e. iðnrh. í þessu tilviki, við að leita allra kosta til að koma upp iðnaðarfyrirtækjum á Grundartangasvæðinu. Ég lít svo á að sú skipulagsvinna sem sveitarfélögin hafa lagt í, svæðaskipulag fyrir svæðið sunnan Skarðsheiðar, sé mikilvægur þáttur í þessu.

Síðan hefur komið í ljós, eins og eðlilegt er, að það hafa verið skiptar skoðanir. Menn hafa vissar áhyggjur af því að mengun verði frá álveri og frá aukinni stóriðju. Ég lít svo á að það sé skylda bæði til þess kjörinna sveitarstjórnarmanna á svæðinu og einnig skylda okkar þingmanna að setja okkur mjög vandlega inn í þessa hluti, en við megum ekki gera það með fyrir fram fordóma í huga. Eins og ég sagði áðan verðum við að treysta á vísindamennina okkar en spyrja þá spurninga engu að síður sem við verðum að ætlast til þess að fá svör við.

Málshefjandi fór nokkrum orðum um þátt ferðamennskunnar. Ég hef verið einn þeirra sem hafa lagt mjög ríka áherslu á að við ættum marga kosti við uppbyggingu ferðaþjónustu. Auðvitað megum við ekki hætta neinu í þeim efnum, en við megum heldur ekki gleyma því að ferðaþjónustan verður að gæta sín einnig. Forsvarsmenn Ferðamálaráðs verða að gæta sín á því að þeir eru að leggja mikið á íslenska náttúru þegar þeir draga hingað marga ferðamenn til landsins og það þarf einnig að gæta að því.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, vitna til þeirrar fréttatilkynningar sem sveitarstjórnarmenn sunnan Skarðsheiðar hafa sent frá sér. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar leggja áherslu á jákvætt viðhorf til staðsetningar álvers á Grundartanga og telja æskilegt að nýta Grundartangasvæðið skynsamlega í samræmi við fyrirliggjandi svæðisskipulag og tillögu að deiliskipulagi. Sveitarfélögin hafa enn fremur ályktað að ekki verði dregið á nokkurn hátt úr kröfum um varnir gegn mengun. Framþróun atvinnulífsins á svæðinu á næstu árum ræðst að stóru leyti af því að öflug uppbygging iðnaðar eigi sér stað á grundvelli þess sem sveitarfélögin hafa undirbúið um leið og þess er gætt að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og framkvæmdir við iðjuver verði felldar vel að landi og umhverfi."

Hér hef ég vitnað í hluta af þeirri fréttatilkynningu sem forsvarsmenn sveitarfélaganna á þessu svæði við Hvalfjarðarströndina hafa sent frá sér. Ég legg áherslu á að það þurfi að hlusta á þá sem bera ábyrgð á sveitarfélögunum á þessu svæði og tel að þeir hafi unnið sína heimavinnu mjög vel. Við þurfum að taka tillit til þeirra sjónarmiða, en auðvitað eigum við að gæta okkar og sjá til þess að landið verði ekki mengað.

[14:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur fyrir að hafa vakið máls á þessu þarfa efni. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að einmitt á þessum tímamótum reynum við að fara yfir þá stóriðjustefnu sem við höfum á síðustu árum fylgt og hefur verið tiltölulega breið samstaða um, að mér hefur fundist, á meðal Íslendinga.

Í þessum efnum er vandratað meðalhófið og við eigum, eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði áðan, auðvitað að treysta á sérfræðinga en við verðum samt líka að hlusta á fólkið eins og hægt er. Það hefur ekki alltaf verið farsælt að treysta einvörðungu á sérfræðinga. Við höfum séð að það hafa orðið slys þegar við höfum bara hlustað á þá. Ég þarf ekki að minna á það. Ég nefni bara fyrirbæri eins og Sogsvirkjanir. A.m.k. eina virkjun þar hef ég kallað mesta umhverfisslys sem orðið hefur í sögu lýðveldisins. Það er líka hægt að benda á það hvernig atbeini fólksins og andstaða almennings hefur leitt til þess að fyrirhuguðum áætlunum um virkjanir hefur verið breytt. Þetta er nauðsynlegt að komi fram, herra forseti.

Hins vegar höfum við Íslendingar, eins og ég sagði, fylgt ákveðinni stóriðjustefnu sem hefur verið nokkuð víð samstaða um innan margra stjórnmálaflokka og minn stjórnmálaflokkur hefur fylgt mjög dyggilega á síðustu árum. Það verður að segjast að veður skipast skjótt í lofti. Fyrir aðeins örfáum missirum hygg ég að sá iðnrh. sem hefði komið með þann samning sem núna liggur á borðinu varðandi Hvalfjörð hefði verið klappaður upp. En staðan er þannig að hæstv. ríkisstjórn er lent í kröppum dansi fyrir að standa í samningum um byggingu álvers á stað þar sem er stóriðja fyrir og þar sem hefur verið gert ráð fyrir um nokkurra ára skeið samkvæmt skipulagi, sem ég staðfesti á sínum tíma, að stóriðja yrði aukin. Enginn hreyfði um langt skeið mót-

mælum við þessu. Þess vegna verð ég að segja að ég get ekki áfellst hæstv. iðnrh. Ég get heldur ekki séð að hann hafi farið út fyrir mörk laga og reglna og hann hefur í raun ekkert til saka unnið nema fylgja fram þeirri stefnu sem síðasta ríkisstjórn fylgdi, sömu stefnu og hefur verið tiltölulega víð samstaða um í flestum íslensku stjórnmálaflokkunum. Það er þess vegna ekki hægt að segja að það sé stefnubreyting af hálfu stjórnvalda sem hefur valdið þessari úlfúð og deilum sem hafa sprottið um fyrirhuguð áform, heldur er það fyrst og fremst, að ég tel, að almenningur er góðu heilli farinn að velta þessum málum fyrir sér upp á nýtt. Menn eru farnir að endurmeta þá afstöðu sem þeir höfðu til stóriðju og ég tel það jákvætt. Ástæðan fyrir þessu er ekki aðeins aukin áhersla á umhverfisvernd heldur líka breyttar kringumstæður í atvinnu- og efnahagsmálum.

Við skulum ekki gleyma því að á síðasta kjörtímabili leiddu ytri aðstæður til þess að hér skapaðist djúp kreppa. Menn bundu þá miklar vonir við stóriðju og ég minnist þess að það voru aðallega taldar hjáróma raddir sem drógu í efa nauðsyn stóriðju fyrir Íslendinga þá. Nú eru hins vegar breyttar aðstæður. Samkvæmt yfirlýsingum margra landsfeðranna erum við að sigla inn í mikið góðæri, sumir segja mesta góðæri aldarinnar, þannig að hin efnahagslega nauðsyn á erlendri stóriðju er ekki jafnrík og áður í atvinnulegu og efnahagslegu tilliti. Þess vegna er tóm til þess að staldra við núna og velta þessum málum fyrir sér. Það er líka óhjákvæmilegt að velta fyrir sér í þessu samhengi að ríkisstjórnin hefur ítrekað lýst því yfir, bara rétt fyrir jólin í umræðunni um ríkisfjármál, að vegna framkvæmda í stóriðju þyrfti að grípa til sérstakra samdráttarviðbragða til að koma í veg fyrir of mikla þenslu. Ríkisstjórnin nefndi þar sérstaklega fyrirhugað álver í Hvalfirði. Slíkar yfirlýsingar skapa að sjálfsögðu jarðveg fyrir efasemdir og ég segi alveg óhikað að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um þetta hafa ekki stuðlað að kyrrð í kringum álverið á Grundartanga.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál, og jafnvel örlað á því þegar í þessari umræðu, að Kjósverjar hafi verið gagnrýndir fyrir sein viðbrögð. Það hefur verið á það bent, m.a. af hæstv. umhvrh., að það hefur legið fyrir staðfest skipulag sem er samið að tilhlutan sveitarfélaganna á svæðinu þar sem var opnað fyrir mikla stóriðju í framtíðinni. Þeim til varnar verður hins vegar að benda á að um margra ára skeið höfðu menn uppi miklar væntingar og mikil áform um stóriðju sem urðu aldrei að veruleika. Þó að á skipulagi væru sýndar allmargar lóðir á Grundartanga sem væru ætlaðar undir stóriðjuver, þá sýndi reynslan einfaldlega að þessi stóriðjuver komu ekki. Það voru litlar líkur á því þá að stóriðjuverin risu. Þvert á móti dreg ég athygli manna að því að meira að segja á fyrri hluta síðasta kjörtímabils komu upp efasemdir um framtíð járnblendisins. Nú er staðan hins vegar gerbreytt. Það liggur fyrir að járnblendiverksmiðjan verði stækkuð, það er álver á næsta leyti, það hefur verið rætt um annars konar stóriðju á Grundartanga og samkvæmt skipulaginu, eins og ég sagði áðan, eru enn fleiri lóðir fráteknar undir frekari stóriðju. Og er nema von að mönnum bregði í brún og Kjósverjar sjái sína sæng upp reidda.

Það eru þrjú atriði í tengslum við álver á Grundartanga og raunar stóriðju almennt sem ég vil drepa á. Það er í fyrsta lagi sú löggjöf og reglur sem við búum við og tengjast stóriðju. Það er enginn snefill af efa í mínum huga um það að bæði hæstv. iðnrh. og umhvrh. hafa fylgt bókstaf laganna. Ég get ekki séð að þeir hafi farið út fyrir ramma hans. En lögin og reglurnar hafa sætt gagnrýni, bæði innan lands og erlendis og það er spurning hvort okkar löggjöf er í þessum efnum nægilega í takt við vilja almennings. Þar að auki er nauðsynlegt að hafa líka í huga að tækninni fleygir fram og það er réttmætt að menn skoði reglubundið hvort lög og reglur séu í samræmi við þær tækninýjungar sem gera breytingar og framþróun mögulega á sviði hreinsibúnaðar.

Í öðru lagi er það röksemd sem mælir með stóriðju að hún skapar mörg vel launuð störf þó að umsvifin í atvinnulegu tilliti séu langmest á meðan á byggingu veranna stendur og ekki síst á meðan virkjanirnar eru í uppbyggingu. En við verðum að skoða þessa hluti í samhengi. Og hvert er þetta samhengi í dag? Við erum að fara í stækkun álvers í Straumsvík. Við ætlum að stækka járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Við áformum nýtt álver á Grundartanga, enn annað er í umræðunni á Keilisnesi. Hæstv. iðnrh. ræðir um stórfelldar virkjanir á hálendinu til að selja hráa orku um streng til útlanda og þar fyrir utan eru á sveimi fleiri lausar hugmyndir um enn frekari stóriðju á Íslandi. Andspænis þessu er óhjákvæmilegt að staldra við og spyrja: Hvaða áhrif hefur þetta til langs tíma á náttúru landsins? Hver verða áhrifin á þann gullmola sem við eigum í ferðaþjónustunni? Getur verið að stóriðjustefnan, sem við fylgdum um árabil, sé ekki samrýmanleg hagsmunum ferðaþjónustunnar sem er þegar orðin ómetanlegur burðarás í atvinnulífi Íslendinga?

Ég er ekki á móti stóriðju og ég geri mér grein fyrir því að hún er nauðsynleg. En við þurfum að koma henni fyrir þannig að hún raski hvorki öðrum atvinnugreinum né náttúru landsins. Ég er í vaxandi mæli að verða þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að við hugsum upp á nýtt okkar viðhorf gagnvart stóriðju og m.a. út frá langtímahagsmunum ferðaiðnaðarins.

[15:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði um víðtæka samstöðu um þá stefnu sem núverandi ríkisstjórn fylgir og hjáróma raddir einar hefðu heyrst sem efuðust um að þar væri rétt stefna við hún. Sennilega er átt m.a. við þann sem hér talar og okkur talsmenn Alþb. og Kvennalistans sem höfum á mörgum undanförnum árum varað sterklega við þeirri mjög einhliða áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar á kostnað annarra atvinnugreina og án þess að taka tillit til þeirra mörgu þátta sem ber. Alþb. varð fyrst íslenskra stjórnmálaflokka til að móta samræmda stefnu til stóriðjuuppbyggingar og nýtingar orkulinda landsins. Það var gert þegar á árinu 1976. Við höfum lagt áherslu á að menn færu sér hægt í þessum efnum, menn tækju tillit til annarrar atvinnustarfsemi og svigrúms þjóðarbúsins, menn vönduðu undirbúning sem mest, menn tryggðu ýtrustu mengunarvarnir og einnig hófsemi í sambandi við virkjanir, menn gættu byggðasjónarmiða og vernduðu ímynd landsins. Stefna ríkisstjórnarinnar gengur gegn öllum þessum markmiðum. Þar er stefnt í kollsteypu með áformuðum framkvæmdum. Framkvæmdapakki upp á 38 þús. millj. kr. liggur fyrir aðeins á þessu og næsta ári. Reynt er að fá útlendinga til að fjárfesta í fleiri og enn stærri iðjuverum á næstunni og beitan sem notuð er er lágt orkuverð og afsláttur frá mengunarvörnum. Öllu er síðan hlaðið á eitt landshorn, þessum stóru framkvæmdum með þeim gífurlegu áhrifum sem það mun hafa á byggðaþróun í landinu.

Síðan varðandi undirbúninginn að álbræðslu á Grundartanga. Sá undirbúningur leiðir vissulega í ljós marga

vankanta á gildandi kerfi, lögum og reglum og kynningu mála gagnvart almenningi. Auglýsingar ná ekki til almennings sem skyldi og þröng túlkun er á því hverjir eru taldir hagsmunaaðilar. Það er brýnt að breyta lögum um mat á umhverfisáhrifum, sérstaklega þannig að óháður úrskurðaraðili fjalli um kærur í stað umhvrh.

Í niðurstöðu sinni vegna mats á umhverfisáhrifum ógilti umhvrh. úrskurð skipulagsstjóra ríkisins í flestum atriðum, en embætti hans hefur með höndum úrvinnslu þessara mála. Í stað þess að líta heildstætt á framkvæmdir vegna álbræðslunnar var rofið allt samhengi milli verksmiðju, efnistöku, raflína og virkjana. Þetta gengur í senn gegn heilbrigðri skynsemi og anda laganna. Segja má að ráðherra hafi með úrskurði sínum niðurlægt embætti skipulagsstjóra og allt það ferli um mat á umhverfisáhrifum eins og þau eru í lögunum. Hæstv. ráðherra leyfði sér áðan að orða það á þá leið að allt væri eðlilegt í sambandi við þetta að það þurfi ekki að orðlengja það. Hver vill ekki orðlengja það? Það er sjálfur hæstv. ráðherra sem tekur ákvörðunina og slær niður mat skipulagsstjóra samkvæmt lögunum. Þá um starfsleyfi til álbræðslunnar sem nú er í vinnslu og tillögur Hollustuverndar þar að lútandi. Aðeins nokkrar staðreyndir nefndar.

Álbræðslan stenst ekki mælikvarðann um bestu fáanlegu tækni, m.a. varðandi losunarmörk. Heimiluð losun á flúor er a.m.k. 50% hærri en auðvelt er að ná og gildir um nýjar álbræðslur í Noregi og Svíþjóð. Engin hreinsun er á brennisteinssamböndum sem er heimiluð tífalt hærri samkvæmt tillögunum en gerist á Norðurlöndum. Stjórnvöld skáka í því skjóli að hafa ekki viljað gerast aðilar að alþjóðasamningum um að draga úr losun brennisteinssambanda. Gert er ráð fyrir að mati Hollustuverndar ríkisins að rykmengun frá álbræðslu á Grundartanga verði langtum meiri en frá álbræðslunni í Straumsvík. Vatnsöflun til álbræðslu á Grundartanga hefur ekki verið tryggð, mér vitanlega, hvorki til fyrsta áfanga, hvað þá til 180 þús. tonna álbræðslu. Hávaðamengun og sjónmengun eru stórir þættir sem ekki hafa fengið þá athygli sem ber á undirbúningsstigi.

Einn ljótasti þátturinn, herra forseti, í þessu máli og stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar varðar hins vegar túlkun og viðhorf til rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Ríkisstjórn landsins hefur að fengnu samþykki Alþingis staðfest þennan samning sem hefur þjóðréttarlegt gildi. Samt ætlar ríkisstjórnin að láta ákvæði hans sem vind um eyru þjóta. Á fundi þingsins hefur verið dreift ljósriti af skriflegu svari umhvrh. við fyrirspurn minni frá því í desember um losun gróðurhúsalofttegunda. Það sem þar kemur fram segir meira en mörg orð í hvert óefni stefnir. Lítið á bls. 3 og 4 í svari hæstv. umhvrh. ef stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar nær fram að ganga. Viðbótin frá fjórum verksmiðjum, sem nú er stefnt að af hálfu iðnrn., mundi meira en tvöfalda heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi en án tilkomu þeirra er áætlað að hún verði árið 2000 rúmlega 3 millj. tonna. Viðbótin frá verksmiðjunum fjórum, og fleiri hugmyndir eru uppi, yrði hins vegar samtals 3,7 millj. tonna af gróðurhúsalofttegundum, mun meira en tvöföldun. Eru menn með réttu ráði?

Þó ekki kæmi til álbræðsla á Grundartanga eða stækkun járnblendiverksmiðjunnar stefnir að því að Ísland keyri langt fram úr skilmálum þessa rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, hvað þá ef þessi stóriðjuverður staðreynd. Ríkisstjórnin vísar í fjármagn til landgræðslu og skógræktar. Ef beita ætti þeirri aðferð til að vinna upp það sem tapast varðandi loftslagsbreytingar með tilkomu álbræðslu á Grundartanga þyrftu 6–7 milljarðar kr. að koma til til ræktunar. Nú er unnið að því á alþjóðavettvangi að ná saman um gerð lagalega skuldbindandi samnings um þessi efni til þess að lækka losun gróðurhúsalofttegunda um sem nemur 50%. Ríkisstjórn Íslands er með réttu að reyna að fá lagalega skuldbindandi alþjóðasamning gegn losun þrávirkra lífrænna efna í hafið og að reyna að ná samkomulagi gegn losun geislavirkra efna. Ég tek undir spurningar hv. frummælanda um þessi mál og spyr: Hvað veldur því að verið er að miða gildistíma starfsleyfis við tíu ár en ekki t.d. fimm ár, sem eðlilegt væri að fenginni fyrstu reynslu?

Ég segi að lokum, virðulegi forseti: Sú vakning og það frumkvæði sem komið hefur frá fólki í sveitunum við Hvalfjörð og er að vekja stjórnmálamenn til vitundar um hvað málið snýst, hvað hér er í húfi, er mikið fagnaðarefni. Ég tel að ríkisstjórnin ætti að taka áformin um álbræðslu á Grundartanga til endurskoðunar í heild áður en stefnt er í meira óefni.

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið allgóð sátt um að leita að erlendum fjárfestum inn í atvinnulífið. Hvert átakið á fætur öðru hefur verið gert í þeim efnum til að laða að erlenda fjárfesta til Íslands. Flestir flokkar hafa verið sammála að nauðsynlegt væri að fara þá leið. Þrátt fyrir þetta hefur ekkert eða sáralítið gerst í þessum efnum í 20 ár — í 20 ár hefur verið stöðnun á þessum sviðum. Við höfum búið við 0,1% erlendrar fjárfestingar á landsframleiðslu á meðan þjóðirnar í kringum okkur eru með 1% og Evrópuþjóðirnar upp í 2–3%. Svo er krafist á sama tíma að við Íslendingar eigum að búa við sambærileg kjör ef ekki betri en þjóðirnar í kringum okkur. Þess vegna verðum við líka að búa hér sambærilegar aðstæður í atvinnulífinu til þess að slíkt sé hægt.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Össuri Skarphéðinssyni þegar þeir halda því fram að verið sé að byggja hér fjöldann allan af verksmiðjum og nefna Keilisnes, Grundartanga, magnesíumverksmiðju og þar fram eftir götunum. Þetta er gamla stefnan þegar menn útbjuggu verksmiðjurnar á skrifborði ráðherranna og þeir komust aldrei út í atvinnulífið. Frá þessu hefur verið horfið. Eina ákvörðunin sem tekin hefur verið er sú að byggja 60 þúsund tonna viðbót við álverið í Straumsvík. Það er ekki búið að taka ákvörðun um byggingu álverksmiðju á Grundartanga þó margt bendi til þess.

Þarna falla jafnaðarmennirnir saman. Nú hefur Alþfl. snúið við stefnunni í stóriðjumálum og vill draga þar úr á sama tíma og Alþb. er á hraðri leið með þjóðina inn í Evrópusambandið. Þarna hafa þessir flokkar loksins náð saman. En tilgangurinn með þeim aðgerðum, sem hér er verið að leggja áherslu á, er atvinnusköpun, uppbygging og fjölbreytni í atvinnulífinu til að tryggja efnahagslega afkomu og stöðugleika, til að tryggja hagvöxt og fjölga störfum í framtíðinni og skapa möguleika til aukinna kjarabóta. Það ætti þess vegna að vera kappsmál stjórnvalda og verkalýðshreyfingar einmitt núna um þessar mundir að leggja áherslu á að fá erlenda fjárfestingu inn í landið, byggja upp atvinnulífið þannig að það sé raunverulega til innstæða fyrir þeim kjarasamningum sem þeir ætla núna að fara í. Og menn ættu að hafa í huga orð Guðmundar J. Guðmundssonar, fyrrv. alþm. Alþb. og

formanns Dagsbrúnar, sem hann lét hér falla árið 1991: Þeir sem eru á móti álveri eru þeir sem eru með atvinnuleysi.

Það ætti að vera kappsmál þessara aðila að ná saman um uppbyggingu atvinnulífsins. Staðreyndin er sú að gangi þessi áform eftir mun erlend fjárfesting aukast hér um 12 milljarða kr. Störfum mun fjölga um 600 með þessu. Útflutningsverðmæti þjóðarinnar munu aukast um 6,3 milljarða kr. Svo stefna menn hér sífellt saman og etja saman atvinnugreinum. Ég tel að atvinnugreinar geti lifað saman ef skynsamlega er á haldið, t.d. ferðaþjónusta og stóriðja.

En við skulum hafa það líka í huga að á hvern starfsmann sem starfandi er í stóriðjunni eru útflutningsverðmætin fjórum sinnum meiri heldur en í ferðaþjónustunni þannig að menn mega ekki gera hlut ferðaþjónustunnar meiri en hann er þótt hann sé afskaplega mikilvægur.

Að undirbúningi og staðsetningu álvers á Grundartanga hefur verið staðið eðlilega að eins og lög mæla fyrir um. Óskir heimamanna frá 1991 um staðsetningu álvers á þessum stað. Svæðaskipulag samþykkt í apríl 1994, staðfest af þáv. umhvrh. Össuri Skarphéðinssyni. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og umræður um hugsanlega byggingu álvers á Grundartanga hafa staðið yfir í eitt ár. Ég hef hins vegar fullan skilning á því að ganga verður fram af varfærni og mikilli nærgætni við náttúruna þegar stórframkvæmdir eru á döfinni eins og þessar. Það verður gert og það hefur verið gert. En þetta er auðvitað ekki í fyrsta skiptið sem umræða fer fram á þessum nótum þar sem risið er upp og mótmælt slíkum framkvæmdum. Þetta þekkja menn frá byggingu álversins í Straumsvík og þetta þekkja menn líka frá byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Við höfum ekki langa reynslu af því að starfa í nábýli við verksmiðjur eins og álverksmiðjur. En hver er reynslan þann skamma tíma? Hafnfirðingar lifa í góðri sátt við álverið í Straumsvík. Meðalstarfsaldur starfsmanna álversins í Straumsvík er einn sá hæsti á Íslandi. Laun iðnaðarmanna í álverinu í Straumsvík eru 40% hærri en laun iðnaðarmanna á almennum markaði. Þegar járnblendið var byggt voru svipaðar umræður uppi líka. Þá voru engir sumarbústaðir til í Kjósinni. En hvað hefur gerst? Þrátt fyrir járnblendið hefur sumarbústöðum stórlega fjölgað í Kjósinni. Þetta er gleggsta dæmið um að ferðaþjónustan og stóriðjan eiga saman á þessu sviði og það eiga menn að halda utan um.

[15:21]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég verð í upphafi máls míns að lýsa yfir undrun á því að þetta mál skuli vera á dagskrá að beiðni hv. málshefjanda. Hv. málshefjanda á að vera fullkunnugt um að þetta mál verður á dagskrá umhvn. á næstu dögum og hefur reyndar ítrekað verið reynt af hálfu formanns að koma nefndinni saman til fundar en ekki tekist vegna fjarveru þingmanna í fundarhléi. Að mínu mati snýst þetta mál ekki fyrst og fremst um mengun. Þetta snýst fyrst og fremst um ímynd þeirra hreppa, þeirra sveitarfélaga sem eru á því svæði þar sem álverið á að byggja.

Það fer ekki hjá því að menn horfist í augu við að þeir sem þarna búa hafa heilmikið til síns máls því að þetta álver, til viðbótar þeirri verksmiðju sem er á svæðinu, mun hafa mjög mikil áhrif á allt umhverfið. Ég get ekki neitað því að ég get vel hugsað mér aðra staðsetningu á þessu álveri en þá sem hér er um að ræða. En þá rekumst við á skipulag þessa svæðis og reyndar skipulag Skilmannahrepps þar sem reisa á álverið. Við verðum að horfast í augu við það að ef við ætlum að vera sannfærandi gagnvart þeim erlendu fjárfestum sem við viljum laða hingað til lands, ekki bara til þess að fjárfesta í stóriðju heldur líka til þess að fjárfesta í öðrum greinum eins og ferðaþjónustu, þá getum við ekki verið duttlungafull í skipulagsmálunum. Við verðum að standa við þær ákvarðanir sem við höfum tekið. Þannig að það sé hægt að treysta á okkur, bæði í uppbyggingu og viðskiptum.

Málið er því eiginlega í þeirri stöðu að það er undir byggingaraðilanum komið hvort hann vill vegna mótmælanna leita að annarri staðsetningu en hann hefur fram til þessa hugsað sér.

Sú umræða sem hefur farið fram að undanförnu um þetta mál hefur að mínu viti verið mjög til góðs og við getum margt af henni lært. Það eru þrjú atriði sem ég vil þó draga fram sérstaklega. Það er í fyrsta lagi hvað varðar kynningu á skipulagstillögum og kynningu á umhverfismati. Það er alveg ljóst að sú kynning sem fer fram í dag á þessum hlutum er ekki nægjanleg. Hún vekur ekki upp þá umræðu sem við þurfum á að halda til þess að fá niðurstöðu sem fólk sjáanlega mun sætta sig. Sem betur fer höfum við tækifæri til að gera breytingar á þessu því að skipulagslögin eru til umfjöllunar í umhvn. í dag og munu væntanlega ný skipulagslög, reyndar skipulags- og byggingarlög verða afgreidd frá yfirstandandi þingi.

Í öðru lagi er það staðsetningin á stóriðjuverum, hvort sem um álver eða aðrar stóriðjuverksmiðjur er að ræða. Við verðum að gera okkur grein fyrir því hvar við viljum koma slíkri starfsemi fyrir í samhengi við annað atvinnulíf í landinu. Ég held að eftir sem áður verði um einhverja stóriðjuuppbyggingu að ræða í framtíðinni. Við þurfum á fjölbreytni að halda í okkar atvinnulífi og við getum ekki kastað frá okkur tækifæri eins og stóriðjunni. Það er hins vegar vandaverk að fá þetta allt til þess að spila saman og það er það sem við þurfum að vinna að.

Þetta tengist því líka hvar við virkjum á hálendinu. Menn tala yfirleitt um að við séum einungis búin að virkja 10% af því sem virkjanlegt er á hálendinu, en 10% er bara heilmikið. Við þurfum því að huga að því hvar við virkjum og hvenær við virkjum og hvers vegna við virkjum.

Í þriðja lagi er það starfsleyfið sem við þurfum að huga að. Við verðum að gera mjög strangar kröfur til stóriðjuvera en um það verður fjallað í umhvn. á næstu dögum. Mér finnst hins vegar skjóta aðeins skökku við í þessari umræðu hjá hv. kollegum mínum hér á Alþingi. Mér finnst þeir beina svolítið spjótum sínum hver að öðrum. Það fer ekki hjá því að menn horfist í augu við að einn aðilinn að þeirri virkjunaruppbyggingu, sem er forsenda þeirrar stóriðju sem hugsanleg er á næstunni, er R-listinn í Reykjavík. Það væri væntanlega ekki verið að virkja í dag á Nesjavöllum nema R-listinn í Reykjavík stæði þar að máli og styddi við það. Þess vegna finnst mér að málflutningur hv. málshefjanda og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar ekki bera vott um mikla grósku í samstarfi þessara aðila innan sinna eigin flokka eða á vinstri vængnum þar sem þeir beina spjótum sínum að borgarstjóranum og forseta borgarstjórnar í Reykjavík.

[15:27]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég tel að þessi umræða hefði átt að fara fram eftir að umhvn. Alþingis hefur fjallað um stöðu málsins eins og ákveðið hefur verið. Það hefur verið farið eftir öllum vinnureglum og lögum við undirbúning að starfsemi

álvers á Grundartanga. Eina spurningin er: Þarf að breyta þeim starfsreglum sem unnið hefur verið eftir? Við verðum öll að taka ábyrga afstöðu í þessu máli. Stefna Alþfl. er óbreytt. Vörn Vesturlands gegn hnignun hefur af hálfu alþingismanna, sveitarstjórnarmanna og íbúa svæðisins verið leit að atvinnutækifærum. Miðað við íbúafjölda á Íslandi er nú söguleg mannfæð á Vesturlandi. Vegna hvers? Vegna samdráttar í hefðbundnum atvinnugreinum, t.d. landbúnaði og vegna fiskveiðistjórnarkerfisins. Árið 1990 buðu sveitarstjórnirnar sunnan Skarðsheiðar Grundartangasvæðið fram fyrir stóriðju, nánar tiltekið fyrir allt að 400 þús. tonna stóriðju eða álver. Á sama tíma var hafin svæðisskipulagning og er umrætt svæði eitt af fáum sem er fullskipulagt að öllu leyti á Íslandi fyrir stóriðju og iðnaðarsvæði þar með talið. Það eina sem hefur vantað er atvinnustarfsemi.

Fulltrúar Íslands buðu Columbia Venture svæðið við Grundartanga. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar hefur fækkað yfir 400 manns á sl. 16 árum. Bara á Akranesi um meira en 350 manns. Vörn Vesturlands felst í atvinnusköpun. Að fá umrædda álverksmiðju er ámóta og að fá 25–30 þús. tonna þorskkvóta úthlutaðan á Vesturland.

Vinna við undirbúning álvers Columbia Ventures á Grundartanga er komin svo vel á veg að ég tel að ekki verði aftur snúið, þ.e. ef fjármögnun fyrirtækisins tekst. En nú fyrst á síðustu vikum hafa komið í ljós áhyggjur af mengun svo sem kunnugt er.

Andstæðingar álvers fara offari eins og ávallt hefur verið í sambærilegum tilvikum. Þegar sementsverksmiðjan var byggð sögðu mótmælendur að fiskiðnaður mundi leggjast af á Akranesi. Niðurstaðan er sú að þar hefur aldrei verið meiri fullvinnsla sjávarafla en núna. Þegar Íslenska járnblendifélagið fór af stað sögðu andstæðingar að eftir þrjú ár yrði allt svæðið sviðin jörð. Niðurstaðan er sú að það hefur aldrei verið meiri gróður og trjárækt í nánasta umhverfi og nágrenni Grundartanga.

Hver er svo stefna Columbia Ventures sem loks hyllir undir í allri uppbyggingu á Vesturlandi? Hún er skilgreind í Morgunblaðinu 9. janúar sl.:

„Að koma fram við alla þá sem hlut eiga að máli — starfsmenn, viðskiptavini, bæjarfélög, birgja og almenning — af heiðarleika, reisn og virðingu.

Að fara að öllum gildum lögum og reglum og ávinna fyrirtækinu orðspor sem góður og gildur þegn í þjóðfélaginu.

Að ávinna sér gott orð fyrir fyrsta flokks gæði vöru og þjónustu meðal viðskiptavina, innan og utan fyrirtækisins, um leið og unnið er samkvæmt öllum settum reglum í umhverfismálum."

Herra forseti. Umhverfismál skipta alla máli. Ein af auðlindum Íslands er mikilvæg og umhverfisvæn orka. Við verðum að gera hana að útflutningsvöru með fullvinnslu eftir því sem unnt er á Íslandi. Við eigum að setja fram kröfur um fullkominn mengunarvarnabúnað. Við eigum að treysta sérfræðingum okkar til þess að svo sé um hnúta búið að fyllsta öryggis sé gætt gagnvart náttúrunni, skepnum og mönnum.

Mín niðurstaða, herra forseti, er að við heimilum byggingu álvers Columbia Ventures á Grundartanga með mengunarvörnum sem standast strangar íslenskar kröfur, sköpum atvinnutækifæri fyrir Vestlendinga. Það er vörn Vesturlands. Keilisnesið er frátekið fyrir miklu umfangsmeiri stóriðju en hér um ræðir og það mundi ekki vera farið af stað með þessa verksmiðju á Keilisnesi miðað við þær forsendur sem fyrir liggja.

[15:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ekki er að undra þótt þeir séu allmargir sem líta svo á að bygging álvers verði okkur bjargræðisvegur í baráttunni við atvinnuleysið. Ef við ætlum okkur að skapa hér u.þ.b. tólf þúsund ný störf fyrir aldamót eins og framsóknarmenn lofuðu fyrir kosningar getum við að sjálfsögðu illa sleppt þvílíku tækifæri. Ég get að ýmsu leyti skilið þetta sjónarmið þó mér hrjósi að vísu hugur við því að auglýsa Ísland á markaðstorgi hins frjálsa framtaks veraldarinnar á þeim forsendum að hér sé orkuverð lágt og laun með þvílíkum endemum að löngu er hætt að gera ráð fyrir því að verkamenn geti lifað af þeim. Þeir verði að huggast við þá kaupmáttaraukningu sem hæstv. ríkisstjórn reiknar þeim og liggur einhvers staðar langt fyrir vestan allan raunveruleika. En jafnvel þetta nægir þó ekki. Lág laun og lágt orkuverð eru ekki nægilegt framlag til að heilla hingað álfurstana. Við virðumst líka verða að slá af kröfum um mengunarvarnir. Viljum við fá hingað álver verðum við að sætta okkur við meiri mengun en ásættanleg þykir í nálægum löndum. Það er á þessum punkti sem menn hika við og spyrja hvort þetta sé nú rétt stefna. Þegar það svo bætist ofan á að hugmyndin er að setja umrætt álver niður í blómlegu landbúnaðarhéraði þá er okkur nóg boðið og við spyrjum: Hvað í ósköpunum réð þessu staðarvali? Ég heyrði reyndar þá skýringu að forstjóri Columbia-álversins hefði komið hingað til lands til að velja stað undir álverið sitt. Honum var boðið upp á Helguvík, Keilisnes, Straumsvík og Grundartanga og hann valdi að sjálfsögðu það síðastnefnda vegna þess að þar væri fallegast. Næstum væri þar jafnfallegt og heima hjá honum sjálfum. Svo hefði fleirum farið. Sumum kann að finnast að þessi aðferð til að finna stað undir mengandi stóriðju sé ekki fram úr hófi skynsamleg.

Við höfum lagt í það umtalsvert fé að skapa þá ímynd Íslands að hér sé að finna óspillta náttúru, hreint loft, ómengaðar laxveiðiár o.fl. í þá veru sem gerir eitt land heillandi í augum þeirra ferðamanna sem við sækjumst eftir að leggi leið sína hingað til lands. Ferðamenn hvaðanæva að hafa lagt hingað leið sína til að komast í tæri við ósnortna náttúru. Við höfum líka lagt í það fé og mikla fyrirhöfn að reyna að stuðla að lífrænni ræktun sem sé söluvænni en önnur framleiðsla. Í þeirri stefnu er líka fé að finna. Þar er líka að finna atvinnutækifæri. Væntanlegt álver er ekki heppilegur nágranni fyrir slíkan atvinnurekstur. Þegar um er að ræða annars vegar mengandi stóriðju og hins vegar lífræna og vistvæna ræktun og ferðaþjónustu verða menn að velja. Fyrir nokkrum áratugum þótti e.t.v. sjálfsagt að virkja og byggja nánast hvar sem var. Nú er önnur afstaða. Ferðamannaþjónusta, lífræn og vistvæn ræktun og óspillt náttúra eru auðlindir ekki síður en sú orka sem e.t.v. er seljanleg til stóriðju.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar eigum víða örfoka strendur fyrir opnu hafi og við kvörtum yfir fólksflótta til suðvesturhornsins. Það lengsta sem hæstv. ríkisstjórn hefur komist í að hamla gegn honum er að flytja Landmælingar ríkisins upp á Akranes. Væri til of mikils mælt, í ljósi þeirra staðreynda, að tekin yrði önnur og skynsamlegri ákvörðun um staðsetningu fyrirhugaðs álvers?

[15:36]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Mörg undanfarin ár hefur þjóðin verið full eftirvæntingar vegna áforma og umræðna um uppbyggingu stóriðju hér á landi þar sem sérstaklega hefur verið litið til bygginga álvera og vegna þess að í tengslum við það gætum við nýtt þá auðlind sem við eigum í orkunni. Mjög mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur verið þessu fylgjandi enda ljóst að slík uppbygging muni skila þjóðinni auknum atvinnutækifærum og þjóðartekjum.

Í tengslum við þessa umræðu er skemmst að minnast þess að togast hefur verið á um það á milli landsvæða hvar skuli reisa næstu álver þar sem flestir virðast vilja slíka starfsemi á sínu svæði. Þá má einnig rifja það upp að þjóðarsálin virðist hafa orðið fyrir hverju áfallinu af öðru á undanförnum árum vegna þess hve lítið hefur miðað í uppbyggingu stóriðju hér á landi þrátt fyrir miklar væntingar sem skapast hafa vegna stöðugra áforma og umræðna þar um.

Eftir að núverandi hæstv. iðnrh. tók til starfa hefur hann oft og tíðum komið fram í fjölmiðlum til að svara spurningum um það hvort álver verði reist við Grundartanga í Hvalfirði. Ráðherrann hefur svarað þessu af varfærni, væntanlega með það fyrir augum að forðast að vekja óeðlilegar væntingar meðal þjóðarinnar um að nú verði byggt álver og ráðist í auknar virkjunarframkvæmdir í þeim tilgangi að bæta hag þjóðarbúsins.

Umræður um áform um byggingu og rekstur álvers við Grundartanga hafa verið meðal þjóðarinnar í töluverðan tíma og því getur það ekki hafa komið fólki á óvart að það skuli nú allt að því orðið að veruleika.

Í þeirri umræðu sem nú á sér stað í þjóðfélaginu um þetta mál hafa andstæðingar málsins farið mikinn og látið mjög að sér kveða. Málstað sinn byggja andmælendur m.a. á umhverfissjónarmiðum er snúa að mengunarhættu fyrir nánasta umhverfi. Rætt er um sjónmengun af væntanlegu álveri. Fullyrt að ímynd landsins sem náttúruperlu sé í hættu og fullyrt að tilkoma álvers á þessu svæði muni skaða stórlega möguleika ferðaþjónustunnar í næsta nágrenni og jafnvel á landsvísu. Þá eru einstaka aðilar sem fullyrða að málið hafi ekki borið að með eðlilegum hætti hvorki út frá skipulagslegum né umhverfislegum sjónarmiðum.

Það er fullkomlega eðlilegt og í raun fagnaðarefni að fólk skuli vera vakandi yfir umhverfi sínu og vilji standa vörð um að vernda náttúru landsins. Hins vegar er ljóst að þetta mál hefur eins og önnur a.m.k. tvær hliðar.

Ég hef að undanförnu hlustað af athygli á umræðuna um þetta mál, átt þess kost að sitja fundi þar sem sjónarmiðin eru rædd og einnig átt persónuleg samtöl við ýmsa aðila um málið. Það er ljóst að nokkuð skiptar skoðanir eru um málið eins og eðlilegt er.

Hvað varðar umhverfissjónarmið þá er ljóst að við hljótum að gera ýtrustu kröfur um mengunarvarnir í umræddu álveri til þess að tryggja eins og kostur er að náttúran í nágrenni álversins skaðist ekki af starfseminni. Ég hygg að engum hafi komið til hugar að leyfa starfsemi álversins vitandi það að starfsemi þess mundi stórskaða nánasta umhverfi sitt.

Hvað varðar sjónmengun vegna mannvirkja á svæðinu þá er sjónmengun á sinn hátt afar afstætt hugtak þar sem hver og einn leggur sitt mat á það. Hins vegar hafa slík mannvirki verið reist þannig að vel fari við nánasta umhverfi og má benda á að mörgum finnst járnblendiverksmiðjan á Grundartanga vel heppnuð hvað það varðar. Fram hefur komið að gerðar verði strangar kröfur um þessa þætti ef til þess kemur að umrætt álver rísi á Grundartanga.

Hvað varðar þá hættu að ímynd landsins hljóti skaða af verði álverið starfrækt við Hvalfjörð og að hagsmunir ferðamannaiðnaðar skaðist þá hefur komið fram að skiptar skoðanir eru um það meðal ferðaþjónustuaðila. Ég hygg að ef talin er veruleg hætta á mengun vegna tilkomu álversins þá sé ekki síður nauðsynlegt að fjalla um mengunarhættu á ýmsum sviðum vegna aukins ferðamannastraums til landsins. Má þar meðal annars nefna mikla mengun frá flugumferð til og frá landinu og ekki síður það hvort og hvernig náttúra landsins er í stakk búin til að taka við verulega aukinni umferð ferðamanna um landið. Þetta mál hefur ýmsar hliðar þó svo að við þurfum að sjálfsögðu að halda áfram uppbyggingu ferðamannaiðnaðarins í okkar landi sem bætir og styrkir okkar þjóðarbúskap.

Það er ljóst að tilkoma álvers við Grundartanga mundi skipta mjög miklu máli fyrir atvinnulíf og uppbyggingu á Vesturlandi þó svo að áhrifin kæmu til með að verða mest og helst í suðurhluta kjördæmisins. Tilkoma álversins mun koma til mótvægis gegn þeirri þróun sem verið hefur á þessu svæði þar sem landbúnaðarframleiðsla hefur dregist verulega saman, atvinnutækifærum hefur fækkað og fólksfækkun hefur verið mörg undanfarin ár. Tilkoma álversins mun fjölga atvinnutækifærum bæði beint og óbeint og styrkja búsetu fólks á þessu svæði.

Það liggur fyrir að á síðustu árum hefur verið stefnt að því að stóriðja verði reist á þessu svæði. Það kemur m.a. fram í svæðisskipulagi fyrir svæðið sunnan Skarðsheiðar sem staðfest var af Össuri Skarphéðinssyni, þáverandi umhvrh., árið 1994. Og það hefur verið staðfest í máli sveitarstjórnarmanna á þessu svæði, m.a. í viðtali sjónvarpsins við bæjarstjórann á Akranesi í sjónvarpsfréttum í gærkvöldi. Sveitarstjórnirnar hafa lýst yfir eindregnum vilja til þess að álverið rísi á Grundartanga og einnig hafa samtök (Forseti hringir.) sveitarfélaga á Vesturlandi ályktað í þá veru.

Herra forseti. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að fram fari umræða um jafnmikilvægt og margþætt mál og hér er rætt því það er mjög mikilvægt að það ríki sem mest sátt meðal þjóðarinnar um það hvernig við eigum að fara með þau málefni sem hér eru til umræðu.

[15:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir rúmlega fimm árum varð þáverandi iðnrh., Jón Sigurðsson, að viðurkenna frammi fyrir alþjóð að áform um álver á Keilisnesi væru runnin út í sandinn þrátt fyrir óbilandi trú hans á glæstri framtíð áliðnaðar. Síðan er mikið vatn til sjávar runnið. Umræðan um skyldur okkar gagnvart umhverfinu og nauðsyn þess að draga úr mengun hefur tekið á sig form alþjóðasamninga sem fela í sér margháttaðar skyldur. Ég fæ ekki betur séð, hæstv. forseti, en að ríkisstjórn Íslands sé að koma sér undan því að sinna þeim skyldum og stefni að aukinni mengun í stað þess að draga úr henni.

Ég hygg að varla nokkur maður hafi trúað því að eitthvað kæmi út úr viðræðunum við Columbia Ventures fyrirtækið eftir allt það sem á undan var gengið í tilraunum til að fá hingað álver. Verð á áli hefur sveiflast upp og niður og líkur verið litlar á því að nokkrir framleiðendur hefðu áhuga á því að byggja nýjar verksmiðjur hér þrátt fyrir gylliboð um lágt raforkuverð, lág laun og minni mengunarkröfur en í öðrum

löndum í sjálfri náttúruparadísinni Íslandi. Því er það ekki fyrr en nú þegar samningur er nánast í höfn að landsmenn eru að vakna upp við vondan draum og það hressilega.

Hæstv. forseti. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar. Fyrirtækið á eftir að fjármagna dæmið. Það er enn hægt að hætta við, í það minnsta að endurskoða staðarvalið, þótt álver á öðrum stað valdi að sjálfsögðu sömu mengun bara á annan hátt.

Umræðan um álver á Grundartanga er margslungin. Hún snýst um atvinnustefnu okkar Íslendinga. Hún snýst um alþjóðlegar skuldbindingar okkar í umhverfismálum. Hún snýst um það hvort mengandi stóriðja fer saman við uppbyggingu á lífrænum landbúnaði og ferðamennsku sem fyrst og fremst byggist á skoðun á ósnortinni náttúru. Hún snýst um það hve langt skuli gengið í virkjunum á hálendinu og hvaða áhrif miðlunarlón, háspennumöstur og raflínur hafa á ásýnd landsins, náttúruna og ferðamennskuna. Ætlum við að vernda ósnert víðerni landsins og hafa tekjur og ánægju af því að njóta þeirra eða fórna hluta þeirra til framleiðslu á raforku sem óhjákvæmilega kostar miklar fjárfestingar, lántökur og skuldir sem tekur þjóðina áratugi að greiða án þess að víst sé að kaupendur séu til staðar?

Hæstv. forseti. Það eru u.þ.b. þrír áratugir síðan menn fóru almennt að gera sér grein fyrir þeim mikla skaða sem umsvif mannsins hér á jörðu hafa valdið náttúrunni og eiga einkum rætur að rekja til iðnbyltingarinnar. Eyðing skóga og ósonlags, mengun vatna og hafsvæða af völdum eituefna, gróðurhúsaáhrif, koltvísýringsmengun, kjarnorkuúrgangur, sorp og bruni á eldsneyti með tilheyrandi loftmengun eru meðal þeirra umhverfisvandamála sem við er að glíma.

Sameinuðu þjóðirnar hafa leitt þjóðir heims saman á ráðstefnum og sáttmálar hafa verið samþykktir um sjálfbæra þróun og aðgerðir til að draga úr mengun og eyðileggingu á umhverfinu, m.a. að dregið verði úr koltvísýringsmengun sem margir telja ógna framtíð mannkyns og lífs á jörðinni umfram annað. Það ætti að vera öllum ljóst að Vesturlandabúar verða að söðla um, breyta lifnaðarháttum sínum, draga úr neyslu og eyðslu og stefna að samfélagi sjálfbærrar þróunar. Því miður gengur hægt og það er ekki hægt að segja að íslensk stjórnvöld séu til fyrirmyndar í þeim efnum.

Á meðan almenningur um allan heim verður æ virkari í umhverfisvernd og meðvitaðri um umhverfis sitt gangast íslensk stjórnvöld fyrir því að auka hér mengandi stóriðju. Hvaða áhrif mun það hafa á ferðaþjónustuna? Hingað til lands kemur fyrst og fremst fólk sem vill njóta náttúrunnar og fer því sem betur fer fjölgandi. Hvort felast meiri möguleikar til atvinnusköpunar og tekjuöflunar í vaxandi ferðaþjónustu eða orkusölu og mengandi stóriðju? Þessum spurningum verðum við að svara. Hvernig viljum við skila landinu til komandi kynslóða? Í mínum huga er ótvírætt að hagsmunir stóriðju og ferðaþjónustu stangast á eins og Ferðamálaráð hefur bent á. Það er framtíðinni í hag að hafna mengandi stóriðju og þá áður en við eyðileggjum þá ímynd sem miklu fjármagni hefur verið varið til að byggja upp.

Við getum deilt um magn mengunar, áhrif hennar, staðarval o.s.frv. en það er alveg ljóst að verið er að auka mengun þvert á það sem við Íslendingar höfum heitið að gera og það dugar ekki að planta þúsundum trjáa, jafnvel milljónum, til mótvægis. Staðarvalið er afar óheppilegt miðað við þá starfsemi sem er í nágrenninu. Það er alveg sama hvað verkfræðingar og aðrir sérfræðingar halda fram um mengun umhverfisins, mengandi stóriðja á ekki heima í nágrenni sumarbústaðalanda eða bújarða, þótt ýmsir bændur megi huga betur að þeirri mengun sem landbúnaður veldur. Ef svo er eins og hæstv. iðnrh. sagði, hvernig væri þá að setja niður álver á Snæfellsnesi eða t.d. í Vík í Mýrdal?

Hæstv. forseti. Sú atvinnustefna sem felst í því að laða hingað mengunariðnað sem aðrar þjóðir eru að reyna að losa sig við er tímaskekkja. Íslensk stjórnvöld hafa um áratuga skeið látið sig dreyma háspennudrauma um raflínur þvers og kruss um landið, nú síðast í kapli til útlanda á meðan vaxtarbroddar atvinnulífsins eru í litlum fyrirtækjum, sjávarútvegi og margnefndri ferðaþjónustu sem miklu nær væri að styðja og styrkja. Þar eru möguleikar sem við eigum að nýta.

[15:47]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Umræðan um fyrirhugaða byggingu álvers fyrirtækisins Columbia á Grundartanga hefur verið nokkuð sérstök að undanförnu. Það virðist svo sem ýmsum komi á óvart að reisa eigi nýtt stóriðjuver á Grundartanga þótt það hafi um langt árabil ekki verið spurning hvort heldur hvenær að slíkum framkvæmdum kæmi.

Á skipulagi svæðisins sunnan Skarðsheiðar sem samþykkt var 1994 er skýrt markað stórt iðnaðarsvæði á Grundartanga. Engar athugasemdir komu fram þar að lútandi en öllum mátti ljóst vera að þarna var verið að afmarka svæði fyrir stóriðju eins og fram kemur í greinargerð með skipulaginu.

Flestir þeir erlendu aðilar sem sýnt hafa áhuga á að fjárfesta í orkufrekum iðnaði hér á landi á undanförnum árum hafa talið Grundartanga ákjósanlegan stað fyrir slíka starfsemi. Fyrir því eru ýmsar ástæður, svo sem gott landrými, raforkuvirki, góð hafnaraðstaða og að stutt er í gott vinnuafl. Þá veit ég að góð samskipti stjórnenda og starfsmanna Járnblendifélagsins hafa einnig virkað vel á þá aðila sem hafa kynnt sér aðstæður á Grundartanga en þess má geta að þar hefur aldrei komið til vinnustöðvunar þau 20 ár sem verksmiðjan hefur starfað.

Forráðamenn hreppanna sunnan Skarðsheiðar og Akraneskaupstaðar hafa á undanförnum árum lagt mikla áherslu á frekari uppbyggingu á Grundartanga og að kynna kosti svæðisins. M.a. rituðu þeir iðnrh. bréf í maí 1990 þar sem iðnaðarsvæðið á Grundartanga var boðið til nota fyrir álver sem Atlantsálhópurinn hugðist þá reisa hér á landi. Forráðamenn þessara sveitarfélaga sendu frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem þeir leggja áherslu á jákvætt viðhorf sveitarfélaganna til staðsetningar álvers á Grundartanga, að sjálfsögðu að því gefnu að ekki sé dregið á nokkurn hátt úr kröfum um varnir gegn mengun og að þess verði gætt að framkvæmdir við iðjuver verði felldar að landi og umhverfi.

Hvers vegna skyldu nú sveitarstjórnarmenn á þessu svæði leggja svona mikla áherslu á meiri stóriðju á Grundartanga? Það er mikið talað um það hér að öllu sé hrúgað á suðvesturhornið en hver hefur þróunin verið á þessu svæði á undanförnum 10 árum? Jú, íbúum hefur fækkað í Borgarnesi, hreppunum fjórum sunnan Skarðsheiðar og á Akranesi um yfir 400 manns eða 5–6%. Ástæðan er sú að störfum hefur fækkað mikið, m.a. var Mjólkursamlaginu í Borgarnesi lokað, Hvalstöðin í Hvalfirði hefur ekki starfað í sjö ár, þó að vonandi standi það til bóta. Störfum fækkaði verulega við sameiningu fiskvinnslufyrirtækja og fækkun togara á Akranesi. Hefðbundin landbúnaðarframleiðsla hefur dregist mjög saman á svæðinu og t.d. hefur framleiðslu verið hætt á 12 jörðum af 24 í Hvalfjarðarstrandarhreppi einum

samkvæmt upplýsingum oddvitans. Allt að 40 störf munu tapast á veitingastöðum í Hvalfirði og á Akraborginni með tilkomu Hvalfjarðarganga. Það hefur allt of lítið komið í staðinn. Þess vegna fækkar fólki stöðugt og þess vegna er það gífurlegt hagsmunamál fyrir íbúa þessa svæðis, suðurhluta Vesturlandskjördæmis, að af þessari uppbyggingu verði. Ef járnblendiverksmiðjan verður stækkuð og Columbia reisir álver á Grundartanga skapast þar hátt í 200 störf að viðbættum störfum við þjónustu við þessi fyrirtæki og starfsmenn þeirra.

Það er rétt sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan að launatekjur starfsmanna í stóriðjufyrirtækjum eru hærri en víða gerist á vinnumarkaðnum og meðalstarfsaldur manna er mjög hár, jafnt á Grundartanga sem í Ísal. En að sjálfsögðu verður að tryggja að fyrirtækin uppfylli þær ströngu kröfur sem settar eru um mengunarvarnir. Til þess höfum við Hollustuvernd ríkisins. Ég treysti þeirri ágætu stofnun vel til þeirra verka. Ég tek undir það sem sagði í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins í fyrradag að það hefur enginn sýnt fram á það með nokkrum skynsamlegum rökum að sérstök ástæða sé til að hafa áhyggjur af áhrifum álversins á umhverfi þess. Mótmæli andstæðinga álvers á Grundartanga minna mig mjög á andstöðu við byggingu járnblendiverksmiðjunnar fyrir 20 árum. Sú andstaða var að vísu mun almennari og mun háværari heldur en núna. Ég man m.a. að alþýðubandalagsmenn ágætir efndu til hópferðar að Grundartanga og reistu þar níðstöng á lóð fyrirtækisins. Margir spáðu því að mengun frá verksmiðjunni mundi leggja umhverfi hennar í rúst allt til Akraness. Allar reyndust þessar hrakspár sem betur fer tóm vitleysa og stjórnendur fyrirtækisins á Grundartanga hafa lagt áherslu á að starfa í sátt við umhverfi sitt eins og glöggt má sjá á gróðurfari og dýralífi í nágrenninu. Enda heyrast engin mótmæli við fyrirhugaðri stækkun járnblendiverksmiðjunnar.

Herra forseti. Ég tel að væntanleg uppbygging á Grundartanga geti skipt sköpum fyrir atvinnulíf og íbúaþróun í sveitarfélögunum í kringum Grundartanga. Því fagna ég þessum framkvæmdum ef af verður en ítreka að þessi fyrirtæki verða að sjálfsögðu að uppfylla okkar ströngustu kröfur um mengunarvarnir.

[15:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Stjórnvöld hverju sinni hafa þá skyldu við fólkið í landinu að horfa lengra en til næstu kosninga þegar framtíðarhagur þjóðarinnar er annars vegar. Tólf þúsund störfum var lofað á kjörtímabilinu. En var það hvað sem það kostar? Óvarkár uppbygging stóriðju nú gæti kostað okkur þúsundir starfa í framtíðinni. Þar vísa ég til mikilla tækifæra í vistvænni ferðaþjónustu. Stóriðjuframkvæmdir geta grafið undan þeirri ört vaxandi atvinnugrein ef ekki er því betur á málum haldið. Stöðvaðar hafa verið framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu til að koma í veg fyrir þensluáhrif stóriðjuframkvæmda vegna álvers í Hvalfirði, framkvæmdir í Ártúnsbrekku stöðvaðar og löngu tímabærum endurbótum á okkar aðalinnanlandsflugvelli, Reykjavíkurflugvelli, frestað. Allt vegna álvers á Grundartanga, álvers sem reisa skal í ósátt við fólkið í firðinum. Álver á að starfsetja án þess að nokkrar rannsóknir hafi farið fram á náttúrufari Hvalfjarðar eða mengunaráhrifum þar vegna járnblendiverksmiðjunnar sem er þar fyrir. Eru þetta verk sama flokks og Eysteinn Jónsson var í forgöngu fyrir á sínum tíma? Ágætir framsóknarmenn, erum við ekki betur komin með störfin sem skapast við að halda framkvæmdaáætlun hér á höfuðborgarsvæðinu?

Skilaboð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar eru út og suður í atvinnu- og náttúruverndarmálum. Heildstæð atvinnustefna er ekki til. Hæstv. samgrh. kynnti stefnu ríkisstjórnarinnar í ferðamálum á síðasta ári þar sem lögð er áhersla á vistvæna ferðamennsku og sjálfbæra nýtingu auðlinda í þágu ferðaþjónustu. Á sama tíma sendir viðskrh. frá sér glansbæklinga með gylliboðum til erlendra fjárfesta í útlöndum um orku á útsölu, um menntað vinnuafl á þrælakjörum þróunarlanda og þriðja flokks umhverfiskröfur. Hæstv. umhvrh., sem hefur lagt áherslu á vistvænan landbúnað sem landbrh., virðist vera kominn alveg undir hælinn á hæstv. iðnrh. ef marka má tíðindi undanfarinna vikna og mánaða. Við eigum hér mikinn auð sem er ósnortin einstök náttúrufegurð en slíkt er að verða æ sjaldgæfara í heiminum. Náttúra, hreinleiki, friðsæld og hálendið, er það sem sérstaklega laðar erlenda ferðamenn hingað samkvæmt könnun Ferðamálaráðs. Það er ljóst að stóriðja og ferðaþjónusta fara illa saman. Viðhorf til atvinnumála hafa breyst. Stóriðja er ekki lengur það eina sem koma skal í hugum þorra fólks. Við höfum gengist undir alþjóðlega sáttmála sem allir hníga að því að okkur beri að vernda umhverfið. Það sem fram undan er í stóriðjuframkvæmdum virðist fara þvert á þær skuldbindingar í ýmsu. Það getur vel verið að mengunarkröfurnar við framkvæmdirnar í Hvalfirði standist íslensk lög en það segir okkur ekki að við séum ekki komin aftur úr í lagasetningu í umhverfismálum og að íslensk lög þurfi ekki að endurskoða og færa til samræmis við kröfurnar í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Hér verður að krefjast bestu mengunarvarna, ekki aðeins vegna efnamengunar heldur einnig sjónmengunar, og gera kröfur um að umhverfi þeirrar stóriðju sem hér er verði þannig að hún falli inn í umhverfið svo hún skaði ekki þá ímynd sem við viljum gefa landinu. Við verðum að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum. Það verður að vera víðtækara, óvilhallir aðilar verða að koma þar að og gera verður almenningi betur kleift að koma með faglegar athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir. Uppbygging atvinnulífs verður að vera heildstæð og byggð á framsýni. Það er mikilvægt í viðkvæmu landi eins og okkar. Atvinnugreinarnar sem við byggjum atvinnulíf okkar á verða að vera þannig að þær grafi ekki undan hver annarri heldur styðji hver aðra. Framtíðarhagsmunir ferðaþjónustu og náttúruverndar mega þar ekki fara halloka.

[15:57]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Á elleftu stundu þegar nýtt álver er í burðarliðnum rís upp mikil óánægja með staðarval þrátt fyrir mikinn og langvinnan undirbúning heimamanna til að ná slíkum atvinnukostum til sín. Hvers vegna er slíkt að gerast? Það er ekki nema ein skýring á því í mínum huga og það er mengun sem hefur komið frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Staðreyndin er nefnilega sú að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hefur ekki staðið undir þeim væntingum um mengunarvarnir sem við mátti búast af þeim aðilum sem þar halda um stjórnvölinn, því er nú verr og miður. Þar hefur eflaust ýmislegt komið til. Ég held að fyrst og fremst sé það slælegt eftirlit þeirra sjálfra og hugsanlega opinberra aðila eða þá að reglur eru ekki nógu skýrar gagnvart þessari stóriðju sem í rauninni er mjög hagkvæm íslensku þjóðarbúi þegar á heildina er litið. Þess vegna held ég að það

sé brýnast í þessari umræðu að gera ráð fyrir því að mengunarvörnum hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga verði komið í það horf að viðunandi sé.

Er ástæða til að óttast álver? Menn geta velt því fyrir sér líka. Eru mengandi þættir álvers svo geigvænlegir að það sé stórhættulegt hverju búi að hafa það nálægt sér? Ef við lítum á þá þróun sem hefur orðið í mengunarmálum álvers þá getum við séð svipaða þróun hjá álverinu í Straumsvík og hjá öðrum atvinnurekstri á landinu. Það er að mengun fer síminnkandi, sem betur fer. Auðvitað fylgir öllum atvinnurekstri einhver mengun. En hjá álverinu í Straumsvík hefur til að mynda sú þróun átt sér stað að rykmengun, sem var árið 1982 um 1.400 tonn er árið 1996 um 100 tonn. Menn sjá að þarna hefur orðið gríðarleg breyting sem átti sér að mjög miklu leyti stað árið 1992 þegar lok voru sett á kerin í álverinu í Straumsvík.

Ef við lítum á flúoríð þá fóru árið 1982 um 680 tonn af því út í loftið en árið 1996 fara 130 tonn af sama efni út í loftið. Að þessu leyti sjáum við gríðarlega þróun til betri vegar í þessu máli einnig. Brennisteinstvísýringur hefur staðið í stað. Sá þáttur mengunar veldur súru regni sem kunnugt er og af sérfræðingum íslenskum er það ekki talið skaða gróður á Íslandi vegna þess hversu basískur jarðvegur á Íslandi er. Þess vegna hafa okkar sérfræðingar ekki talið nauðsynlegt að koma upp vothreinsibúnaði við álverið í Straumsvík.

Ef við lítum á aðra þætti sem yfirmenn álversins í Straumsvík hafa skoðað þá eru tekin gróðursýni í kringum álverið í mjög stórum radíusi sem nær í raun allt upp í Hvalfjörð. Það hafa verið tekin samanburðarsýni á nákvæmlega sömu stöðum alveg frá árinu 1968 eða ári áður en álverið fór af stað. Það er tekið sýni í birki, í laufi, í grasi og í mold. Niðurstöðurnar eru þær að 1996 mælist ekki meiri mengun innan þessa radíuss í þessum gróðri en 1968, ári áður en álverið tók til starfa. Það er staðreynd málsins. Þess vegna held ég að að sé óhætt að draga þá ályktun af því sem gerst hefur í álverinu í Straumsvík að þetta sé ekki hættuleg starfsemi og það sé auðvelt að koma í veg fyrir að starfsemin skaði umhverfi sitt.

Þess vegna vil ég segja það hér, herra forseti, að í mínum huga er það alveg klárt að slík starfsemi þarf að uppfylla ströngustu kröfur um mengunarvarnir sem hægt er að fá og boðið er upp á í heiminum í dag. Ég mun stuðla að því að innan umhvn., þar sem ég á sæti, verði farið faglega yfir þessi mál eins og ég geri ráð fyrir að aðrir nefndarmenn vilji gera. Ef við náum þeim niðurstöðum sem hafa orðið í Ísal eða hjá álversstarfsmönnum þá þurfum við ekkert að óttast með staðsetningu uppi í Hvalfirði og íbúar í Kjósarhreppi eða annars staðar eiga ekki að þurfa að óttast rykmengun eða sýnilega mengun umfram það sem gerist í álverinu í Straumsvík sem ég þekki sjálfur af því að keyra þar fram hjá tvisvar á dag að er sáralítil sem engin.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka upp þessa umræðu og vil jafnframt fagna þeirri bylgju, mér liggur við að segja vakningu sem orðið hefur í tengslum við þetta mál í kjölfar þess að íbúar við Hvalfjörð og ekki síst Kjósverjar hafa risið upp til varnar umhverfi sínu.

Ég spái því, herra forseti, að við séum frekar að sjá upphaf heldur en endi af umræðum og breyttum viðhorfum í þessum efnum. Hvalfjörðurinn er að sönnu viðkvæmur staður en það munu verða fleiri árekstrar af sama toga, og víðar um land, ef svo heldur sem horfir með atvinnuuppbyggingu í landinu. Það verður ekki hjá því komist að árekstrum mun fjölga milli vaxandi stóriðjuuppbyggingar annars vegar og breyttra viðhorfa til landnytja og varðveislu óspilltrar náttúru og ómengaðs umhverfis hins vegar.

Þetta dregur, herra forseti, athyglina að því að í raun og veru vantar hér á Íslandi alla heildarstefnu í þessum efnum. Það vantar framtíðarstefnu um nýtingu landsins, um það að hve miklu leyti við ætlum að byggja á varðveislu ósnortinnar náttúru, ferðaþjónustu, lífrænum og vistvænum búskapar- og atvinnuháttum í landinu annars vegar og að hve miklu leyti við ætlum að taka inn á okkur mengandi stóriðjustarfsemi hins vegar. Ég er ekki í þeim hópi, herra forseti, sem útilokar iðnaðaruppbyggingu þó stóriðja sé og jafnvel ekki málmbræðslu af því tagi sem hér á í hlut. Ég segi hins vegar alveg hiklaust: Við erum á rangri braut, Íslendingar, ef við ætlum að byggja okkar framtíðaratvinnusköpun á þessu. Þetta eru atvinnugreinar gærdagsins. Mengandi stóriðjustarfsemi er á útleið. Hátækni- og þekkingariðnaður er það sem á við. Og það er dæmigert í þessu máli að álverið sem á að reisa á Grundartanga er verið að taka niður í Þýskalandi og loka því. Við erum sem sagt að verða eins konar ruslakista fyrir atvinnu sem aðrir eru að ýta af höndum sér. Það er ekki mjög féleg framtíðarsýn, herra forseti, að við skulum sitja uppi með soraiðnaðinn af meginlandi Evrópu en tala í hinu orðinu um það að við ætlum að byggja framtíðina hér á ferðaþjónustu og öðrum slíkum greinum.

Ég minni á, herra forseti, að í sambandi við allar þessar stóriðjuframkvæmdir, sem hæstv. iðnrh. er að boða með viðræðum út og suður við hina þessa aðila um fabrikku hér og fabrikku þar, fylgja virkjanir. Því fylgja ákvarðanir um stórfelldar umhverfisbreytingar á hálendi landsins m.a. og brjálæðustu áformin af því tagi eins og vatnaflutningarnir miklu á norðausturhálendinu munu valda borgarastyrjöld ef eftir á að ganga. Þvílík umhverfisröskun er þar á ferðinni.

Hér, herra forseti, vísa margir til gagnrýninnar varðandi staðsetningu járnblendiverksmiðjunnar á sínum tíma en telja það síðan sérstök rök í málinu hversu vel það allt saman hafi gengið. Hafa þeir menn sem svo tala þá ekki orðið varir við óánægjuna með einmitt mengun frá þeirri starfsemi? Hefur ekki komið á daginn að það er ekki nóg að hafa fínan hreinsibúnað í verksmiðjunni ef hann er ekki notaður? Ég held að menn ættu kannski að fara pínulítið varlega í að vitna alveg sérstaklega til þess hversu fagurt fordæmi væri þar að finna.

Núverandi ríkisstjórn er mjög sérkennilega sett í þessu máli. Annars vegar kemur hæstv. samgrh. með geysilega áferðarfalleg plön um ferðaþjónustu og vistvæna og græna ferðamennsku og guð má vita hvað, sést síðan ekki í dag þegar Framsfl. mætir með sína ráðherra, sem einnig eru nokkuð sérkennilega settir í þessu, svo ekki sé minnst á ósköpin að stórvinur minn, hæstv. landbrh. og umhvrh., á í dálítilli innri baráttu, trúi ég, þegar hann er að þjóna tveimur herrum og með iðnrh. í næsta sæti við sig sem eins og kunnugt er er með alls konar skrifstofur og markaðsfulltrúa flengríðandi um heiminn, auglýsingar í stórblöðum hversu ákjósanlegt sé að koma í lágu orkuna og lágu launin uppi á Íslandi og svo séu menn ekkert sérstaklega uppteknir af mengunarreglugerðum þar.

Nei, herra forseti. Þetta mál verðskuldar sannarlega þá umræðu sem um það hefur vaknað og auðvitað er þessi verksmiðja á skökkum stað ef hún átti að rísa á annað borð

og þó ekki stærri álbræðsla en þetta í fyrsta áfanga. Þá átti þó ekki væri af neinu öðru en byggðapólitískum ástæðum að velja henni heppilegan stað einhvers staðar út við ströndina fyrir norðan eða austan.

Að síðustu, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að á víðfrægum miðstjórnarfundi Alþb. var nokkuð fjallað um þetta mál og ég tel rétt að það komi hér fram í umræðunni að um þetta var ályktað eftirfarandi:

„Miðstjórnin gagnrýnir harðlega framgöngu stjórnvalda við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á Grundartanga í Hvalfirði þar sem um viðkvæmar aðstæður er að ræða. (Forseti hringir.) Sérstaklega er ámælisvert að ekki skuli gerðar kröfur um fullkomnustu mengunarvarnir og a.m.k. jafnströng mörk um losun mengunarefna og í nágrannalöndunum."

Herra forseti. Þetta dregur kjarnann saman í því sem segja þarf. Það er auðvitað neðan við allar hellur að íslensk náttúra sé sett á útsölu til þess að laða hingað atvinnustarfsemi sem aðrir eru að ýta af höndum sér.

[16:08]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Nú er vandlifað. Eina stundina eru stjórnvöld ásökuð um að sitja auðum höndum meðan atvinnuleysið magnast, en um leið og hagsveiflan snýst upp virðast áhyggjur víkja fyrir óraunsærri rómantík og hástemmdri náttúrudýrkun. Rómantíkerar, sem nú spretta upp eins og gorkúlur, hefðu gott af því að lesa ljóð Einars Benediktssonar, Tínarsmiðjur, sem hann orti eftir að hafa litið yfir verksmiðjuhverfi í Newcastle og hrifist af mikilfengleik þeirrar sjónar. Þar kveður við nokkuð annan tón heldur en hjá þeim sem í dag tala gegn stóriðjuframkvæmdum.

Stjórnvöld hafa síðustu áratugina unnið að því að skjóta nýjum stoðum undir atvinnulíf landsmanna með því að laða að erlenda stóriðju og frekar verið gagnrýnd fyrir lítinn árangur en hitt. Mér þykja því mótmæli nú skjóta skökku við þó að ég sé þeirrar skoðunar að auðvitað þurfi líka að leggja áherslu á uppbyggingu annarra greina. Í andófi gegn stóriðju er rætt um að með rekstri nýs álvers hér á landi muni Íslendingar stórauka losun á koltvíoxíði út í andrúmsloftið og að sú aukning skerði möguleika okkar, að því er mér skilst, á því að stunda aðra mengunarstarfsemi, svo sem að auka við bílaflota landsmanna eða fjölga togurum. Ég verð nú bara að segja það eins og er að hvorugt er forgangsverkefni í dag hjá mér, að fjölga bílum eða stækka togaraflotann.

Þegar verið var að reisa álverið í Straumsvík var hafður uppi svipaður málflutningur og þá voru miklar hrakspár um þá flúormengun sem af starfseminni hlytist. Ekki gengu þær hrakspár eftir, enda var þetta fyrir þann tíma að skólayfirvöld fóru að gefa börnum flúortöflur til inntöku. Í dag verður ekki annað séð en full sátt sé á milli álversins í Straumsvík og nágranna þess og ég minnist þess ekki að hafa séð að álverið í Straumsvík hafi þurft að auglýsa eftir verkafólki, enda er mér sagt að þar skrái fólk sig á biðlista eftir vinnu.

En það má spyrja af hverju þessi órói sé nú. Það er enginn nýr sannleikur fólginn í því að störfum nútímamannsins fylgi óæskileg áhrif á umhverfið. Slíkt er einfaldlega það gjald sem við gjöldum fyrir þá lífnaðarhætti sem við höfum valið okkur og það er mikil einfeldni að halda að menn losi jarðarkringluna við aukna mengun með því að hér verði ekki reist nýtt álver. Eftirspurn eftir áli í heiminum mun ráða því hvað fer af óæskilegum efnum frá álverum út í andrúmsloftið en ekki það hvort Kjósverjar ná að kála einu álveri eða ekki. Ef lífnaðarhættir okkar, sem við ráðum auðvitað mestu um sjálf, kalla á aukna framleiðslu á áli þá rísa álverksmiðjur einfaldlega annars staðar ef Íslendingar vilja þær ekki. Og með hagsmuni alheimsins í huga verð ég að segja að betur treysti ég íslenskum stjórnvöldum til eftirlits með slíkum rekstri en mörgum öðrum löndum sem eru tilbúin að taka við slíkum álverksmiðjum.

Því hefur verið haldið fram að verksmiðja á Grundartanga muni valda sjónmengun þegar farið er um Hvalfjörð. Ég verð að segja að ég er ekki sammála þessu, enda er Hvalfjörður þeirrar náttúru að hann er því aðeins fallegur að menn aki inn fjörðinn. (Gripið fram í.) Já, þegar farið er inn fjörðinn. (Gripið fram í.) Nei, menn njóta bara þeirrar fegurðar meðan ekið er inn fjörðinn. Og ég verð einnig að játa að það er með mig eins og Einar Benediktsson þegar hann leit yfir stóriðjuna í Newcastle að mér þykir búsældarlegt að líta yfir fjörðinn og yfir að Grundartangaverksmiðjunni, sérstaklega að kvöldi og nóttu til þegar þarna er upplýst og ber merki um þann stórhug og þann framkvæmdavilja sem þar er í gangi.

Herra forseti. Það er í rauninni ekkert nýtt að uppi séu órökstudd upphlaup sem tengjast svæðinu í kringum Grundartanga. Það þarf ekki að fara til baka nema rúma öld til að rifja upp að þá fengu einhverjir á þessu svæði þá flugu í höfuðið að það byggi skrímsli í Katanestjörn. Það sló miklum óhug á íbúa og gerður var út leiðangur þá eins og nú. Í það skiptið, eins og þegar síðasti leiðangur fór um, var ljósmyndari með í för. Þessi ljósmyndari skyldi mynda skrímslið. En það sem var öðruvísi þá var að þá var líka höfð með skytta til að skjóta skrímslið. Óvætturin fannst ekki þá frekar en núna en það sem hins vegar gerðist í leiðangrinum núna var að menn fundu fyrir engilásjónu iðnrh.

Ég hygg að þegar frá líður og menn ná aftur áttum, þá sjái fólk að álverið verður engin óvættur og vel og örugglega verður staðið að nýrri og stórhuga sókn til fjölbreyttara atvinnulífs á Vesturlandi.

[16:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Umhverfismál hafa frá upphafi verið eitt af meginháherslusviðum Kvennalistans eins og vel hefur komið fram í okkar málflutningi á Alþingi í gegnum tíðina. Í stefnuskrá okkar segir m.a.:

„Umhverfisspjöll, mengun, stríðsátök og ójöfnuður ógna öllu lífi á jörðinni. Kvennalistinn vill snúa við blaðinu og stefna á sjálfbært þjóðfélag þar sem þegnarnir virða móður jörð og rétt komandi kynslóða til lífs og velfarnaðar."

Eins og fram kom í málflutningi málshefjanda fyrr í dag er ýmislegt gagnrýni vert að mati okkar kvennalistakvenna vegna fyrirhugaðrar álverksmiðju á Grundartanga. Þar ber fyrst að nefna atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar almennt með ofuráherslu á mengandi stóriðju án þess að séð verði að gerðar séu ýtrustu kröfur um mengunarvarnir. Og jafnvel þó að þær væru gerðar mun álver blása út miklu af koltvísýringi og það stríðir gegn þeim samþykktum sem við höfum þegar gert á alþjóðavettvangi. Þessi atvinnustefna er auk þess gagnrýni verð vegna þess að störfin sem skapast eru lítið stunduð af konum sem nú eru víða að missa atvinnu sína vegna stöðu fiskvinnslunnar víða um landið. Að okkar mati væri vænlegra að hafa fjölbreytilegri atvinnustefnu sem tryggir störf bæði fyrir konur og karla.

Þessi atvinnustefna, áhersla á mengandi stóriðju er mjög varasöm og fer ekki saman við þá ímynd sem margir telja okkar dýrmætustu auðlind og margir hafa gert að umræðuefni hér í dag, nefnilega ímynd hreins lofts og fagurs lands,

tærs lofts og ósnortinnar náttúru. Þessi ímynd er enn möguleg hér og hún gæti orðið einstök í heiminum og því erfitt að verðleggja hana. Þessi ímynd er lykill að lífrænni ræktun og grænni ferðamennsku.

Bæði staðarvalið og mengunarvarnarkröfurnar vegna fyrirhugaðrar verksmiðju ógna þessari ímynd og því tek ég undir þau sjónarmið að það verði að gera meiri mengunarkröfur og finna þessari verksmiðju annan stað ef hún á að rísa.

Þau kröftugu mótmæli sem íbúar í nágrenni við Hvalfjörð hafa haft uppi að undanförnu og viðbrögð fólksins í landinu við þeim sýna að mínu mati að umhverfismál eru að fá mjög vaxandi vægi í þjóðfélaginu. Til dæmis er umræðan nú af allt öðrum toga en þegar álverið í Straumsvík var stækkað og það má að mínu mati skýra með ýmsu. Meðal annars var þá til afgangsorka og nú er efnahagsástandið skárra en þá. Þessi umskipti eru mjög ánægjuleg og verða vonandi til þess að stjórnvöld fái meira aðhald frá almenningi á þessu sviði í framtíðinni.

En það er annað atriði þessa máls sem ég vil gera að umræðuefni hér, herra forseti, og það er sú gagnrýni sem fram hefur komið á meðferð íslenskra stjórnvalda á málinu varðandi umhverfismatið og fyrirhugaða veitingu starfsleyfis. Bent hefur verið á að hlutlausan aðila vanti, óháðan aðila sem allir málsaðilar geti treyst til að gera umhverfismat vegna fyrirhugaðra framkvæmda af þessu tagi. Í því sambandi vil ég vekja athygli á nýlegri tillögu um stefnumörkun í umhverfismálum frá umhverfismálanefnd háskólaráðs Háskóla Íslands sem samþykkt var í háskólaráði 27. júní 1996. Tillagan gengur út á að komið verði á fót sérstakri rannsóknarstofnun, umhverfisstofnun Háskóla Íslands. Eitt af fyrirhuguðum verkefnum þessarar stofnunar er ráðgjöf og upplýsingar í umhverfismálum. Það mætti leita til slíkrar stofnunar í alls konar ágreiningsmálum sem upp koma á sviði umhverfismála. Ég tel að þessi stofnun eigi meiri möguleika á að geta talist óháður aðili en aðrar stofnanir sem hér eru, með fullri virðingu fyrir Hollustuvernd sem ég tel að vinni gott verk. Hollustuvernd fer eftir þeim lögum sem eru í gildi og getur ekki talist hlutlaus aðili.

Ég vil að lokum, herra forseti, óska íbúum Hvalfjarðar til hamingju með þann árangur sem þeir hafa þegar náð og vona að þetta verði til þess að verksmiðjan verði flutt og að meiri mengunarkröfur verði gerðar. Þetta er gott dæmi um það að fulltrúalýðræðið dugar ekki. Við þurfum að taka upp beinar atkvæðagreiðslur fólks og meiri þjóðaratkvæðagreiðslur. Ég vil taka undir að það er atvinnustefna gærdagsins að taka upp mengandi stóriðju. Hlustum á fólkið. Ríkisstjórnin fær ekki orma í eyrun við það.

[16:19]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans við spurningum mínum og hv. þm. fyrir innlegg þeirra í umræðuna. Hún hefur að vissu leyti verið góð, að öðru leyti hefur hún valdið miklum vonbrigðum.

Ég rakti í upphafi umræðunnar mismunandi forsendur fyrir afstöðu manna til álvers á Grundartanga og til mengandi stóriðju yfirleitt hér á landi og umræðan hefur staðfest það yfirlit. Ég biðst undan því að menn rugli saman rökstuddum skoðunum við fordóma eins og mér fannst koma fram í máli hv. talsmanns Sjálfstfl.

Sumir hv. þingmenn, eins og t.d. hv. 2. þm. Vestf. sem talaði áðan, ræddu jafnvel um stóriðjumengun eins og um meinhollt fyrirbrigði væri að ræða. Ég verð að segja að ræða hans var satt að segja furðuleg. Ég vil líka lýsa undrun minni yfir athugasemdum a.m.k. tveggja ræðumanna þess efnis að þessi umræða sé ekki tímabær. Það er meira en ár síðan skýrsla Hönnunar hf. um umhverfismat kom fram og nokkrar vikur síðan tillaga Hollustuverndar að starfsleyfi kom fram og heitar umræður hafa staðið í margar vikur svo að þessi umræða var sannarlega tímabær.

Innlegg hæstv. iðnrh. kom ekki á óvart. Hann beitir óspart fyrir sig tölum um gróða og hagvöxt en lætur ógert að velta fyrir sér hver hagnaðurinn getur verið af því að beina áherslum að visthæfari leiðum. Hann sér hjálpræðið í stóriðjuverum og gaf jafnvel til kynna að þau drægju að sér ferðamenn og sumarbústaðaeigendur. Mér stendur reyndar hálfgerð ógn af þeirri hugsun og þeim viðhorfum sem fram koma í máli hans. Af einhverjum ástæðum kom mér í hug sagan um hestaeigandann sem vildi kanna hvað hann kæmist af með lítið fóður handa hestinum sínum. Tilraunin gekk vel þangað til hesturinn drapst. Við höfum ekki efni á tilraunastarfsemi í þessum efnum, herra forseti, því að tilraunin gæti endað með ósköpum.

Nokkrir þeirra sem hér töluðu bentu á að við ættum að treysta sérfræðingum okkar og það sagði m.a. hæstv. umhvrh. og það hefur hæstv. iðnrh. ítrekað sagt. En þeir treysta bara sumum sérfræðingum en ekki öðrum. Við eigum ekki bara sérfræðinga hjá Hönnun hf. sem vann umhverfismatið eða hjá Hollustuvernd ríkisins. Við eigum líka sérfræðinga í Náttúruverndarráði og við eigum sérfræðinga í ferðaþjónustu, í landbúnaði og þar á meðal í lífrænni ræktun og við eigum fjölda líffræðinga sem deila áhyggjum með þessum sérfræðingum og með fólkinu í nágrenni Grundartanga. Líffræðingafélag Íslands hélt t.d. ráðstefnu í nóvember sl. um kolefnisbúskap Íslendinga og þátt hans í vaxandi gróðurhúsaáhrifum sem eru af mörgum talin mesta umhverfisógnun sem mannkynið á við að glíma. Þetta er t.d. skoðun ráðamanna í Bandaríkjunum. Um það vitna m.a. orð hins nýja utanrrh. Bandaríkjanna, Madeleine Albright, sem rætt var við á CNN-sjónvarpsstöðinni í gærkvöldi. Sama er uppi á teningnum hjá vísindamönnum og ráðamönnum víða um heim og við getum ekki sagt pass í þeirri umræðu. Við eigum að sýna fordæmi.

Ráðstefna Líffræðingafélagsins ályktaði m.a. um nauðsyn þess og mikilvægi að stjórnvöld og almenningur vinni markvisst og á raunhæfan hátt að takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Áform stjórnvalda ganga því miður þvert á þau markmið og eru í andstöðu við þá ímynd sem við viljum að land okkar og þjóð hafi í augum umheimsins.

Herra forseti. Svör hæstv. umhvrh. ollu mér vonbrigðum. Ég hafði vonast til að hann nýtti þetta tækifæri til að sýna það og sanna til hvers umhvrn. var stofnað en svör hans eru í takt við stefnu stjórnvalda sem ég lýsti í upphafi máls míns. Hann er talsmaður hinnar hóflegu stóriðju, eins og ég sá einhvers staðar eftir honum haft, og aumt er það hlutskipti umhvrh. Það vekur athygli í allri þeirri umfjöllun sem verið hefur undanfarna daga þegar send er út fréttatilkynning frá Hollustuvernd ríkisins með upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi og hvernig hún skiptist milli greina. Þær upplýsingar eru reyndar ekki nýjar af nálinni en er greinilega ætlað að draga úr áhyggjum fólks vegna mengunar frá álvinnslu í anda þess fræga málsháttar að svo

mál böl bæta að benda á annað verra.

Því miður hefur sú mengun sem sannarlega er gríðarleg frá umferð bíla, flugvéla og skipa ekki virst mikið áhyggjuefni stjórnvalda til þessa. En vissulega þurfum við að bregðast við þeirri mengun með öllum tiltækum ráðum og þar er mengun af völdum ferðaþjónustu ekkert undanskilin. En það veitir stjórnvöldum enga fjarvistarsönnun í álmálinu, alls enga.

Herra forseti. Þessu máli er ekki lokið. Athugasemdir vegna tillögu Hollustuverndar um starfsleyfi fyrir álver á Grundartanga eru enn til umfjöllunar. Hæstv. umhvrh. á eftir að segja sitt síðasta orð bæði í þessari umræðu og í umfjöllun sinni um tillögur Hollustuverndar. Hver sem niðurstaðan verður hefur öll þessi umfjöllun og umræða verið til góðs. Framtak og samstaða fjölmargra af íbúum í nágrenni Grundartanga er lofsverð. Hún hefur vakið marga til umhugsunar og vitundar um lýðræðislegan rétt og ábyrgð okkar allra á umhverfi okkar. Að því leyti a.m.k. hafa þeir haft erindi sem erfiði.

[16:25]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka undir með hv. málshefjanda að ég tel að þessi umræða hafi út af fyrir sig verið þörf og það er auðvitað sjálfsagt að löggjafinn taki umræðu um stórmál af þessu tagi sem eru til meðhöndlunar eða meðferðar og umræðu í þjóðfélaginu. Annað væri í raun ekki sæmandi en við færum yfir málin og skiptust á skoðunum.

Örfá atriði eru hér sem hafa komið fram í umræðum. Mig langar fyrst að segja út af orðum hv. 4. þm. Austurl. Mér fannst hann aðeins vilja snúa út úr fyrir mér þegar ég sagði, og hann hafði orðrétt eftir, að ekki þyrfti að orðlengja það þegar verið væri að tala um afstöðu eða niðurstöðu umhvrh. varðandi úrskurðinn um matið á umhverfisáhrifunum. Ég átti fyrst og fremst við það að í þessari umræðu þyrfti ekki að orðlengja það frekar. Úrskurðurinn liggur fyrir. Það þarf í raun ekki að spyrja um það hér vegna þess að það kemur þar fram. Ekki það að ég geti ekki fallist á að um þetta geti verið skiptar skoðanir, það er allt annað mál og menn geta haldið áfram umræðunni. En afstaðan lá fyrir og tímans vegna ekki þörf á að fara frekar yfir það. Hún er sýnilegt. Það var mín meining með orðum mínum í þessu efni.

Hér hafa hins vegar farið fram umræður um hvar á að staðsetja stóriðju og athugasemdir komið fram um það frá mörgum aðilum sem ég get vel tekið undir. Val á staðsetningu, hvar á hún að vera og hvernig og hvar á að virkja? Auðvitað er þetta umræða sem við hljótum að þurfa að hafa á hverjum tíma og kannski enn frekar nú en hingað til vegna þess að viðhorf og afstaða manna til umhverfismála almennt og náttúruverndar er og hefur verið að breytast. Það vil ég fyllilega taka undir.

Hv. 8. þm. Reykn. velti fyrir sér hvað réði staðarvalinu. Það var ekki umhvrh. og þar sem umhvrh. er hér fyrst og fremst til svara, þá var það ekki hann sem bauð fram ákveðin svæði heldur var bent á svæði, sem hv. þm. réttilega taldi upp, af því að það eru svæðin sem menn hafa þegar gefið sér að kæmu til greina fyrir stóriðju ef hún á að vera einhvers staðar. Það var ekkert nýtt í því. Ég fór yfir það í upphafi að þetta er einn af þeim stöðum, ég man ekki hvort hún taldi fjóra staði eða hvað marga, þar sem farið hefur fram svæðisskipulag og gert er ráð fyrir starfsemi af þessu tagi. Var þá óeðlilegt að bent væri á þann stað? Það var út af fyrir sig ekki mitt verk og þarf ekki að hafa um það fleiri orð af minni hálfu.

Ég var þegar tíma mínum lauk áðan að svara næstsíðustu eða þriðju síðustu spurningu hv. málshefjanda og vil ljúka máli mínu með því að fara yfir það sem þá var eftir. Ég var að tala um ferðaþjónustuna eða þá spurningu sem laut að ályktun Ferðamálaráðs, þ.e. nauðsyn þess að samstilla þá möguleika, sem ég tel að við höfum, og það getur þá verið viðhorf mitt, eins og hv. þm. orðaði það í lok síns máls, að ég vildi hóflega stóriðju. Ég tel að við eigum að nýta náttúruna okkar og þær auðlindir sem hún hefur upp á að bjóða. Ég tel ekki að náttúruvernd sé fyrst og fremst í því fólgin að halda öllu óbreyttu, þ.e. að náttúruvernd þýði að allt eigi að vera óbreytanlegt og megi engu til hnika. Ef það er náttúruvernd í almennum skilningi og skilja mætti af því sem hér hefur komið helst fram í umræðunni, þá er það ekki sú stefna sem ég hef viljað fara eftir. Ég vil benda á að ég tel að ferðamannaiðnaðurinn hafi í mörgum tilfellum farið vel saman með framkvæmdum, t.d. orkuframkvæmdum. Ætli ein orkuvirkjunarstöðin okkar sé nú ekki vinsælasti ferðamannastaðurinn á landinu og sennilega sá sem er mest þekktur í útlöndum? Það er Bláa lónið við Svartsengi. Nesjavellir eru mjög oft heimsóttir af ferðamönnum og innlendir áhugamenn um ferðalög og útivist nýta sér veiðivötn á hálendinu sem hafa orðið til við virkjunarframkvæmdir þannig að ég tel að þetta megi og geti farið saman.

Hvað varðar Bændasamtökin er það talið og kemur fram, svo ég vísi einu sinni enn í úrskurðinn um mat á umhverfisáhrifum þar sem fjallað er um mengun af völdum ýmissa tegunda snefilefna og lífræna ræktun, að þynningarsvæðið svokallaða er nánast hið sama og svæði járnblendiverksmiðjunnar þannig að þetta mun ekki hafa áhrif út fyrir það. Ég vil, með leyfi forseta, lesa eina málsgrein: „Miðað við þær forsendur sem liggja til grundvallar útreikningum og eru viðurkenndar er ekki talið að mengun frá starfsemi álversins hafi áhrif á umhverfið utan þynningarvæðis. Í starfsleyfi fyrir verksmiðjuna verður m.a. skilgreint nánar umfang og tíðni umhverfisrannsókna og verður haft samráð við sveitarstjórn Kjósarhrepps og bændur hvað það varðar og sett upp mælistöð í Kjósarhreppi. Einnig, komi í ljós við reglubundna vöktun að umhverfisáhrif mengunar verði önnur en áætlað var, verði gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir það og starfsleyfið endurskoðað."

Þetta kemur reyndar fram líka í drögum að starfsleyfi sem nú er enn til meðhöndlunar.

Allra seinustu orðin, hæstv. forseti. Í ríkisstjórninni hefur að sjálfsögðu verið fjallað um mikilvægi þess að nýta sem best þá kosti sem landið okkar býr yfir til að treysta atvinnulíf og efnahagslíf landsmanna og skapa fjölbreyttari atvinnutækifæri. Viðhorfin breytast og e.t.v. er ekki hægt eða talið rétt í dag að nýta kosti eða fara fram með sama hætti og við töldum að hægt hefði verið í gær. Þetta á t.d. við um að 10% séu virkjuð af virkjanlegum kostum í landinu. Ég hygg að við séum búnir að virkja meira en 10%, sennilega miklu meira vegna þess að önnur viðhorf eru til þess í dag. Þó hægt sé að gera það á reikniborðinu með útreikningum þá er það ekki talið ásættanlegt af öðrum sjónarmiðum. Ríkisstjórnin hefur fjallað um að mótuð verði langtímastefna um staðarval og umfang stóriðju og orkuframkvæmdir með tilliti til náttúruverndar og umhverfissjónarmiða. Ég tel það nauðsynlegt og tel að það sé hægt að gera svo vel fari.

Umræður utan dagskrár.

Breytingar umhverfisráðherra á reglugerð um mengunarvarnir.

[16:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef óskað eftir þessari umræðu út af máli sem snertir mjög náið samskipti löggjafar- og framkvæmdarvalds og mikilvægt er að Alþingi fjalli um í þessari umræðu og ef til vill síðar. Ég tel mjög alvarlegt mál hér á ferðinni, þ.e. breytingar umhvrh. á mengunarvarnareglugerð sl. sumar, og mun færa nokkur rök fyrir því. En í tengslum við þetta mál hlýt ég að minna á annað mál þessu skylt sem gerðist á haustmánuðum 1995 þegar meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins, m.a. pólitískt skipaðir málsvarar þar inni, aðstoðarmaður hæstv. *landbrh., varaformaður,* fyrir utan formanninn skipaðan af hæstv. ráðherra, brugðu á það ráð að þrengja stórlega aðgengi almennings að málsmeðferð varðandi starfsleyfi orkufrekra iðnfyrirtækja og fleiri fyrirtækja, og sem birtist í því að athugasemdum mínum við málið, sem var stækkun álbræðslunnar í Straumsvík og umhverfisáhrif hennar og starfsleyfi sem þá lá fyrir í drögum, var vísað frá vegna þess að mér kæmi málið ekki við. Ég vísaði því efni lögum samkvæmt, sem ég átti rétt til, til úrskurðarnefndar sem starfar á grundvelli laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og sú nefnd veitti mér réttinn á nýjan leik og dæmdi frá þau atriði sem meiri hluti stjórnar Hollustuverndar ríkisins bar fyrir sig. Hæstv. ráðherra hefur hins vegar ekki séð ástæðu til að breyta ákvæði þessarar reglugerðar þannig, eins og það er nú í reynd, að allir Íslendingar eigi aðkomurétt. Auðvitað hefði átt að breyta reglugerðinni þannig að hún væri skýr að þessu leyti. Hvað var hér á ferðinni? Það var verið að reyna að ýta frá óþægilegum málsatriðum og þrengja rétt almennings. Síðan kemur að næstu álbræðslu, álbræðslu á Grundartanga. Þá virðist farið að leita leiða af hæstv. umhvrh. til að þrengja á nýjan leik möguleika manna til þess að láta reyna á athugasemdir í tengslum við afgreiðslu starfsleyfa með því að klippa á tengslin, lögboðin tengsl þeirra sem athugasemdir gera við þessa úrskurðarnefnd og raunar að víkja einnig stjórn Hollustuverndar ríkisins til hliðar sem úrskurðaraðila.

Eftir þessu tók ég þegar ég fór að líta á drög að starfsleyfi fyrir álbræðslu á Grundartanga og vakti athygli á því hér á Alþingi í fyrirspurn sem hæstv. umhvrh. svaraði 11. des. sl. Mitt sjónarmið var eindregið það að reglugerðin stangast á við lög. Ég hef dreift hér þessari umræðu eins og hún liggur fyrir í þingtíðindum á borð hv. þm. og þar geta menn kynnt sér svar ráðherrans sem var eindregið það að hann hefði lög að mæla í þessu máli.

Fyrir hverjum vitibornum manni, og þarf enga lögfræðikunnáttu til, mátti vera augljóst að reglugerðin stangaðist á við lög. Og það finnst mér kannski vera stóra málið í þessu. Ég hlýt að spyrja, herra forseti: Hvað er hægt að gera, hvað er rétt að gera? Verður ekki Alþingi að láta þetta mál til sín taka? Eðlilegast væri að umhvn. tæki málið til athugunar. Hvaða ástæður lágu að baki þessari aðför að rétti almennings? Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég hef nokkrar áhyggjur almennt séð af stjórnsýslu umhvrn. eins og hún birtist okkur hér í frv. eftir frv. sem að mörgu leyti virðist heldur illa undirbyggt þannig að einnig þar gæti verið þörf á almennri stjórnsýsluúttekt, ekki vegna þessa máls sérstaklega.

Ég spyr hæstv. ráðherra í tilefni þessa máls: Til hvaða ráða hyggst ráðherrann grípa eftir þau afglöp sem hann hefur gert sig beran að í sambandi við þessar reglugerðir? Ætlar ráðherra að gera starfsmenn ráðuneytisins ábyrga fyrir málavöxtum eða taka á sig alla ábyrgð? Hvaða afleiðingar hefur væntanleg endurútgáfa reglugerðar á undirbúning og vinnslu starfsleyfis fyrir álbræðslu á Grundartanga sem nú stendur yfir? (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Er ekki óhjákvæmilegt að auglýsa starfsleyfistillögur á ný og veita eðlilegan frest til athugasemda? Sé það ekki gert, við hvaða útgáfutíma reglugerðar ætlar þá hæstv. umhvrh. að miða varðandi fram komnar athugasemdir? Ég tel augljóst, þar sem úrskurðarnefnd skv. 26. gr. laganna verður að nýju virk, að hæstv. ráðherra getur ekki gripið inn í niðurstöðu hennar varðandi endanlegt starfsleyfi til þeirra iðnfyrirtækja sem um er að ræða. Það næsta sem væntanlega reynir á er margumrædd álbræðsla á Grundartanga.

[16:38]

Útbýting þingskjals:

Losun gróðurhúsalofttegunda, 220. mál, svar umhvrh., þskj. 513.

[16:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Út af þeirri umræðu sem hér er hafin af *hálfu hv. 4. þm. Austurl. vil ég fyrst víkja* að síðustu spurningum hv. þm., um hverjir séu ábyrgir. Ætlar ráðherrann að draga starfsmenn til ábyrgðar í þessu efni eða er hann sjálfur ábyrgur fyrir þessu? Auðvitað er það svo að ráðherrann hlýtur að vera það. Hann er ábyrgur fyrir þeim reglugerðum sem hann hefur skrifað undir, farið yfir og honum hefur verið gerð grein fyrir. Nú er það auðvitað svo að ráðherrar hljóta að þurfa að styðjast æðimikið við trausta starfsmenn varðandi hina ýmsu þætti sem þeir eru ekki sérfróðir um eða *á sviðum þar sem þeir eru ekki sérfræðingar. En ábyrgðin* er auðvitað þeirra og þeir skjóta sér ekki á bak við það. Það reyni ég ekki að gera heldur.

Það sem fram kom í svari mínu við athugasemdum frá hv. málshefjanda 11. des. sl. var að hugsunin varðandi reglugerðarbreytinguna sem gerð var á sl. sumri hefði fyrst og fremst verið sú að úrskurður eða starfsleyfi sem ráðherra gefur út sé endanlegt og því verði ekki vísað til úrskurðarnefndarinnar. Það var meiningin. Auðvitað hlýtur starfsleyfi sem út er gefið af ráðherranum að vera *endanlega niðurstaðan og ábyrgðin* hans og því sjálfsagt hægt með réttarfarsreglum að vísa eða skjóta til dómstóla eins og við er að búast og vera ber. Þar geta mál endað sem málsaðilar telja sig ekki geta sætt sig við ef stjórnkerfið og þar með talið auðvitað ráðherrarnir vinna einhvern veginn öðruvísi en viðkomandi telja ásættanlegt og vilja leita réttar síns lengra. Það var meiningin. Það var ekki meiningin af minni hálfu, ég segi það hér og ég sagði það þá, sem svar við spurningu hv. þm., og segi það aftur, að brjóta *lög eða ganga á rétt almennings eða einstaklinga* eða þeirra sem telja sig málið varða og telja sig hafa athugasemdir við það að gera. Þegar þessar athugasemdir höfðu komið fram hér í þinginu, mjög alvarlegar athugasemdir af hálfu hv. þm., athugasemdir höfðu reyndar komið fram af hálfu Hollustuverndar þar áður og verið teknar til umræðu og umfjöllunar í ráðuneytinu samkvæmt bréfi frá Hollustuvernd, dags. 4. nóv. á seinasta ári, og eftir frekari umfjöllun í stjórn Hollustuverndarinnar þótti mér sýnt að við yrðum að taka málið *til enn frekari skoðunar. Vegna þess, og ég segi það aftur,* að meining mín var fyrst og fremst að skýra leikregluna og skýra það hvernig málin ættu fram að ganga. Það var ekki

meining mín að taka rétt af mönnum til þess að nota þann rétt sem lög heimila og veita viðkomandi aðilum. Að öllu þessu gerðu og skoðuðu varð það niðurstaðan að við yrðum að breyta reglugerðinni aftur, fara yfir hana á ný, vegna þess að eins og hún leit út eftir breytinguna á síðasta sumri þá væri hún vart í samræmi við lög. Þetta er því skýlaust eins og það lítur út í dag. Ég vænti þess að reglugerðin komi í Stjórnartíðindum í dag eða á morgun, ég veit ekki nákvæmlega hvern daginn það er, en hún lítur dagsins ljós þessa dagana.

Af því að hv. málshefjandi spurði um það í lokin hvort það breytti ferlinu fram að þessu þá tel ég að það geri það ekki. Menn hafa haft allan rétt til að koma að sínum athugasemdum við alla málsmeðferð hingað til án þess að reglugerðin eins og hún hljóðaði frá því í sumar hafi haft þar nokkur áhrif. Það verður engin breyting á því. Starfsleyfistillögurnar eins og þær eru núna, ef við tökum þetta einstaka dæmi sem er til meðferðar í augnablikinu og reglugerðin eða starfsreglurnar kunna auðvitað að hafa áhrif á, eru í meðhöndlun hjá Hollustuverndinni. Stjórn stofnunarinnar fer yfir málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og fer yfir þær athugasemdir eða kærur eða hvað við köllum það og skal innan ákveðins tíma hafa gert endanlega starfsleyfistillögu sem fer til ráðherra. Þá kemur til þessi kærufarvegur fyrir málsaðila sem enn sætta sig ekki við hina endanlegu starfsleyfistillögu, að kæra hana þá til úrskurðarnefndarinnar og fer þá með það samkvæmt stjórnsýslulögum. Þetta er það ferli sem verður viðhaft og ég vona að sé þá ásættanlegt gagnvart öllum málsaðilum sem telja sig þurfa og eiga auðvitað að hafa möguleika til þess að neyta réttar síns eins og lögin kveða á um, að ekki sé brotið á þeim í þessu efni.

[16:44]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil ekki láta þennan dag líða svo að mér gefist ekki kostur á að beina ákveðinni spurningu til hæstv. umhvrh. og það er út af tilefni sem gafst í umræðunni fyrr í dag. Ég gat ekki beint spurningunni til hans þá vegna þess að þá var umsaminn ræðutími og umsamin ræðulok. Því verð ég að bregða á það ráð að gera það nú. Ég vil taka það sérstaklega fram að ég gagnrýni hvorki hæstv. umhvrh. né hæstv. iðnrh. fyrir þau vinnubrögð sem þeir hafa haft í álversmálum og afstaða Alþfl. hefur í engu breyst í þeim efnum. Við ræddum það síðast á flokksþingi okkar í nóvembermánuði. En það kom mér mjög á óvart þegar einn þingmaður Framsfl., sem tók þátt í þessum umræðum fyrir hönd flokksins, lýsti því yfir að sú framtíðarsýn sem flokkurinn hefði fyrir augum væri sú sýn sem kemur fram í kvæðinu Tínarsmiðjur, eftir Einar Benediktsson. Það vill svo til að ég þekki nokkuð til þess sem Einar Benediktsson hefur kveðið og þar á meðal til kvæðisins Tínarsmiðjur. Ég vil leyfa hæstv. umhvrh. að heyra fyrsta erindið og vil spyrja hann að því hvort það sé rétt að hér sé verið að lýsa framtíðarsýn Framsfl. hvað varðar umhverfi Hvalfjarðar. En fyrsta erindið í kvæðinu Tínarsmiðjur er svona, virðulegur forseti:

Eldar brenna yfir Tíni,
eins og sterkir vitar skíni.
Myrkrið ljósin magnar óðum.
Málmlog gjósa af hverri stó.
Skolgrátt fljótið fram í sjó
flýtur allt í rauðum glóðum,
eins og járn úr hundrað hlóðum
herðir sig í straumsins þró.

Er það rétt, herra forseti, að þetta sé framtíðarsýn Framsfl. um umhverfi Hvalfjarðar?

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess að efni þessarar umræðu eru breytingar umhvrh. um reglugerð um mengunarvarnir.)

[16:46]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég stend ekki upp til að gera það að tillögu minni að hæstv. umhvrh. fyrir hönd Framsfl. taki fyrsta eða annað vers Einars Benediktssonar í Tínarsmiðjum inn í mengunarvarnareglugerð. Ástæðan er önnur.

Með reglulegu millibili verða umræður á Alþingi um skil milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Menn kvarta sáran um að Alþingi sé í vaxandi mæli að tapa sjálfstæði sínu frammi fyrir framkvæmdarvaldinu. Menn tala um að Alþingi sé eins konar framkvæmdarvaldsalþingi, eins konar stimpilpúði fyrir vilja ráðherra.

Hæstv. forseti hefur öðrum fremur látið sér annt um að snúa þessu tafli við og auka sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og talað um nauðsyn þess að þingmenn stæðu saman í þeirri togstreitu.

Það er ekki bara að menn kvarti undan því að framkvæmdarvaldið undirbúi löggjöf. Menn tala um að oft sé kastað til þess höndum, að löggjöf sé oft meingölluð, að umfjöllun nefnda Alþingis sé oft gölluð, m.a. einatt vegna tímaskorts og þeirra hrakningsvinnubragða sem verða við tímaskort fyrir jól og þinglok. En síðan ræða menn sér í lagi um hversu oft það hafi gerst að ráðherrar fari yfir öll eðlileg mörk með reglugerðarvaldi sínu.

Nú er komið upp dæmi sem er alveg sígilt. Ég stend hér fyrst og fremst upp til að segja alveg eins og menn hafa í þessari umræðu í dag fjallað um nauðsyn þess að umhvn. fari rækilega ofan í þau mál sem eru til umræðu og tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem segir: Þetta mál er þannig vaxið að það ætti að vera sjálfsögð krafa að umhvn. fjallaði alveg sérstaklega um það. En það er einfaldlega þannig vaxið að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vekur athygli þingheims á því að hæstv. ráðherra hefur sett reglugerð sem hann, þingmaðurinn, fullyrðir að standist ekki lög. Hæstv. ráðherra fullyrðir á móti að víst standist þetta lög. Nú er orðið upplýst að stofnanir, sem heyra undir hann, t.d. Hollustuvernd ríkisins hefur fjallað um málið og talið að þingmaðurinn hafi haft margt til síns máls en viljað vísa því frá. Að lokum er málið búið að vera í höndum úrskurðarnefndar sem kveður alveg upp úr um það að hér var um lögbrot að ræða. Hæstv. ráðherra sagði áðan að vart væri annað hægt en að breyta reglugerðinni. Hún muni taka breytingum á morgun. Hann hefur í rauninni viðurkennt að ásökun þingmannsins hafi verið á rökum reist. Hér hafi verið um það að ræða að hann hafi farið yfir lagaheimildir sínar, reglugerðin hafi ekki fengist staðist en hann hefur ekki beðið þingheim afsökunar. Bæði það og svo hins vegar spurningin fyrir þingnefndina um hvaða ályktanir megi draga af þessu máli er meira en einnar messu virði í umhvn.

[16:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé komið að kjarnanum í öllum okkar störfum. Ég vil taka undir þær óskir sem hafa verið bornar fram um að umhvn. verði látin fara yfir þetta mál mjög rækilega lið fyrir lið, m.a. til að kanna hvaða

ástæður stóðu á bak við það að menn gáfu út reglugerð til að þrengja rétt almennings. Hvaða hagsmunir voru það sem heimtuðu að réttur almennings yrði þrengdur? Það verður að ganga skýrt frá því í þessum efnum.

Það er nauðsynlegt að nefna það í þessu sambandi, herra forseti, að greinilegt er af þessu máli og mörgum öðrum málum að umhvrn. er of veikt. Það er stjórnsýslulega of veikt ráðuneyti. Það er stórkostlega alvarlegt vegna þess að veruleikinn er sá að umhverfismálin eru mál málanna. Þau eru mál augnabliksins og þau eru mál framtíðarinnar. Öll þau mál sem við munum fjalla um á næstunni, atvinnumál, samgöngumál eða hvað þau nú heita eru í raun og veru umhverfismál. Þess vegna verður að taka á því að umhvrn. verði endurskipulagt og það treyst á faglegum grunni og faglegri þekkingu. Þar á hv. umhvn. auðvitað að koma að verki. Ég skora á umhvn. að sýna meiri reisn í þessu máli en hún gerði sl. vor þegar var verið að fjalla um frv. um náttúruvernd þar sem lágkúran var alveg ótrúleg í meðferð málsins að mínu mati.

Ég vil líka segja hæstv. ráðherra og öðrum til huggunar að þess eru dæmi að nefndir hafi rekið reglugerð ofan í ráðherra. Það gerðist á síðasta kjörtímabili þegar hv. iðnn. rak reglugerð ofan í kokið á þáv. hæstv. iðnrh., Jóni Sigurðssyni, sem hafði gefið út ótrúlega vitlausa reglugerð um Rafmagnseftirlit ríkisins og er þá langt til jafnað. Þessi reglugerð var þannig að hún stangaðist á við lögin og hæstv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson, eftirmaður hans, tók gömlu reglugerðina til baka og gaf út nýja. Þess vegna eru dæmi þess að þingnefndir taki á málum þegar ráðherrar gerast sekir um mistök af þessu tagi. Ég skora á umhvn. að gera það og forsn. að sjá til þess að það verði gert vegna þess að málsmeðferðin, eins og hún er, er þinginu til skammar ef það verður liðið.

[16:52]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er ákaflega athyglisvert mál á ferðinni og í rauninni háalvarlegt eins og hv. málshefjandi hefur lýst og rakið raunar tvívegis í umræðum hér á Alþingi. Ég vil þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir árvekni hans og sömuleiðis hæstv. umhvrh. fyrir viðbrögð hans þó þau hefðu vissulega þurft að koma fyrr. Það er ekki traustvekjandi að atburðarásin skyldi þurfa að vera með þeim hætti sem raunin var. Þessi atburðarás sýnir svo ekki verður um villst að ekki veitir af að halda vöku sinni svo hæstv. ráðherrar misbeiti ekki því valdi sem hv. Alþingi veitir þeim oft og einatt með heimild til setningar reglugerðar um ýmis mál. Slíkar reglugerðir verða að sjálfsögðu að hafa lagastoð og embættismenn verða að ganga úr skugga um að svo sé.

Þetta mál er skólabókardæmi um vond vinnubrögð en ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur séð að sér. Ég ætla rétt að vona að bæði hæstv. ráðherra og embættismenn dragi réttan lærdóm af þessu máli og hv. þingmenn hljóta að gera það líka og ég vil taka undir hvatningarorð hv. síðasta ræðumanns um að umhvn. láti málið til sín taka.

[16:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál þarf auðvitað að athuga alveg sérstaklega í ljósi þeirrar umræðu sem fór hér fram 11. desember. Að því leyti er þetta mál nánast einstakt. Ég vil nefna það að það er stjórn Hollustuverndar ríkisins sem í raun kemst að sömu niðurstöðu og ég hélt fram um þetta efni og til þess að hæstv. ráðherra næði áttum í málinu þurfti það að koma til.

Ég spurði hæstv. ráðherra hvaða afleiðingar þetta mál og endurútgáfa reglugerðar á morgun eða hinn daginn hafi á vinnuferli um það starfsleyfi fyrir álbræðslu á Grundartanga sem nú er í gangi. Mér fannst svörin ekki rökræn að svo miklu leyti sem svarað var. Er ekki eðlilegt, hæstv. ráðherra, og ég spyr um það í fyllstu alvöru, að endurútgefa þessa auglýsingu um tillögur að starfsleyfi? Ég er ekki að segja að menn þurfi að senda athugasemdir inn á nýjan leik, en í auglýsingu og í drögum að starfsleyfi var ítrekað vitnað í þá reglugerð sem nú er dregin til baka og mönnum verði gefið færi á því sem vilja koma að athugasemdum í ljósi þessa.

Í öðru lagi vil ég ítreka þá spurningu mína: Er ekki dagljóst að hæstv. ráðherra getur ekki hlutast til um mál sem úrskurðarnefndin kemst að niðurstöðu um þegar hann gefur út endanlegt starfsleyfi, ef til kemur í þessu tilviki sem og öðrum sem síðar koma? Ég held að hæstv. ráðherra verði að vanda sig í þessu efni og líta á hvernig stjórnsýslulögin hafa verið túlkuð að því er varðar sérstakar úrskurðarnefndir sem koma að kærumálum eins og hér er um að ræða. Það er nú nóg að verið í þessu efni að því er snertir álbræðslurnar bæði í Straumsvík og á Grundartanga.

Ég fagna, herra forseti, þeim undirtektum sem fram hafa komið við það sjónarmið mitt að umhvn. þingsins taki málið til sérstakrar skoðunar í ljósi þess sem gerst hefur. Ég held að þingið þurfi að læra af þessu í miklu víðara samhengi varðandi útgáfu reglugerða sem ættu auðvitað að jafnaði að fylgja með þegar lagafrumvörp, meiri háttar frumvörp eru sett hér fram en sem skortir yfirleitt á að gert sé, þó að dæmi séu um hið gagnstæða. Ég tel, virðulegur forseti, að þessu máli sé langt frá því að vera lokið. Það er alveg ljóst að þeim sem gert hafa athugasemdir við álbræðslu á Grundartanga, við starfsleyfistillögur, gefst nú tækifæri til þess ef þeir sætta sig ekki við niðurstöðu Hollustuverndar að leita til úrskurðarnefndar með sín mál.

[16:57]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins fyrst út af spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þá er það nú svo að einstakir þingmenn hljóta að bera ábyrgð á sínum tilvitnunum og þeim skoðunum eða stefnum sem þeir vilja hafa uppi. Framsfl. hefur nýlega haldið sitt flokksþing og ályktað þar um umhverfismál og ég vísa til þess en hef ekki tíma til að lesa það upp þó það hefði sjálfsagt verið þörf lesning. (**JBH:** Það var ekki í bundnu máli.) Það var ekki í bundnu máli, hv. 9. þm. Reykv. En það sem kom fram í máli þess hv. þm. þá var auðvitað út af fyrir sig alveg rétt að það þarf að gæta sín í reglugerðarsetningu í þinginu. Ég hef stundum viljað telja mig löggjafarmann eða þingræðissinna eða hvað við viljum kalla það, þannig að ég vil út af fyrir sig ekki misbeita valdi gagnvart löggjafarvaldinu með reglugerðarsetningu sem ekki stenst eða ekki hefur lagastoð. Út af ummælum hv. 12. þm. Reykv. sem talar um misbeitingu valds, þá ítreka ég það aftur að það er ekki minn vilji að nota reglugerðir til að misbeita valdi. Það var ekki sú hugsun sem fólst í þeim breytingum sem gerðar voru á sl. sumri og ég hef áður reynt að gera grein fyrir en þarf ekki að ítreka.

Það er síðan, eins og hv. 9. þm. Reykv. og hv. málshefjandi og líklega fleiri undirstrikuðu, um nauðsyn þess að umhvn. þingsins komi að málinu. Ég hef að sjálfsögðu enga athugasemd við það að gera enda geta nefndir þingsins tekið upp hvaða mál sem þær vilja og tekið til skoðunar og athugunar og gera það þá að sjálfsögðu. Hv. þingmenn sem

hér hafa tekið þátt í umræðu eiga sumir sæti í þeirri nefnd þannig að þeir geta auðvitað komið því á framfæri þar án atbeina ráðherrans. Ég set mig að sjálfsögðu ekki á móti því að umhvn. taki mál til skoðunar.

Allra seinast sagði hv. 4. þm. Austurl. að það bæri að vanda sig í þessu máli og líklega er nú lexían sem sumir hafa lært í því þess eðlis að það ber að vanda sig og þess vegna kannski best að segja sem minnst öðruvísi en skoða málin vel. Út af starfsleyfistillögunni ítreka ég það sjónarmið sem ég setti fram áðan að það ferli sem þar hefur enn verið uppi ætti ekki að hafa breyst neitt eða þessar breytingar að hafa haft áhrif á það, en það er sú skoðun sem ég set hér fram, til þess að svara þó hv. þm. einhverju. En auðvitað er það svo að þetta mál þarf að vinna eins og lög og reglur kveða á um og ég hef engan vilja til að fara öðruvísi að því en þar er mælt fyrir.

Almenningsbókasöfn, 1. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 356.

[17:01]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Almenningsbókasöfn eru meðal elstu og jafnframt mikilvægustu menningarstofnana á Íslandi. Um aldurinn er þá miðað við að rætur þeirra liggja í lestrarfélögum sem rekja upphaf sitt hér á landi aftur til loka 18. aldar. Fyrstu lög um almenningsbókasöfn með þeirri yfirskrift voru sett árið 1955. Áður voru í gildi lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir, að stofni til frá 1937. Í þeim lögum var gert ráð fyrir að lestrarfélög utan þeirra kaupstaða eða kauptúna þar sem amts-, bæjar- eða sýslubókasöfn væru starfandi nytu styrks úr sérstökum styrktarsjóði lestrarfélaga sem fjármagnaður var með álagi á skemmtanaskatt. Áskilið var a.m.k. jafnhátt styrkframlag frá hreppi eða sýslu. Hliðstæð framlög til bókasafna í kaupstöðum voru á þessum tíma veitt í fjárlögum án þess að sérstökum lagaákvæðum um slíkan stuðning væri til að dreifa. Eftir að almenningsbókasafnalögin frá 1955 tóku gildi var gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til bókasafnanna samkvæmt ákveðnum reglum á móti framlagi frá sveitarfélögunum. Sú skipan hélst í nýjum lögum sem sett voru 1963 en árið 1976 voru enn sett lög um almenningsbókasöfn, þau sem enn eru í gildi lítið breytt, lög nr. 50/1976. Með þeim var sú breyting gerð að ákvæði um fjárframlög úr ríkissjóði til safnanna voru felld niður og kostnaðarleg ábyrgð á rekstri þeirra, annarra en stofnanasafna, falin sveitarfélögunum að fullu. Þessari skipan er ekki fyrirhugað að breyta með frv. því sem hér flutt þótt gert sé ráð fyrir tímabundnum framlögum úr ríkissjóði til að stuðla að því að almenningsbókasöfn geti notfært sér kosti nýrrar upplýsinga- og samskiptatækni.

Margt hefur breyst á þeim liðlega 20 árum sem liðin eru frá því að núgildandi lög um almenningsbókasöfn voru sett. Óvíða í samfélaginu hafa breytingar og framfarir verið örari og víðtækari en á því sviði sem kennt er við upplýsingatækni. Þar er komið inn á starfsvettvang almenningsbókasafna og því eðlilegt að ástæða þyki til að huga að því hvort sá lagarammi sem þeim er búinn hæfi þessum breyttu aðstæðum. Önnur atriði sem ýta undir slíka endurskoðun eru m.a. sameining sveitarfélaga og aukið samstarf þeirra á annan hátt sem víða breytir rekstrargrundvelli almenningsbókasafna og löggjöf um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem leggur þessari öflugu stofnun í nýrri Þjóðarbókhlöðu skyldur á herðar gagnvart öðrum bókasöfnum í landinu.

Í athugasemdum við frv. það sem hér er flutt er gerð nánari grein fyrir tildrögum þess. Þar er m.a. bent á tengsl vinnunnar að undirbúningi frv. við þá stefnumörkun um nýtingu nýrrar upplýsingatækni sem birt hefur verið af hálfu ríkisstjórnarinnar og menntmrn. Í því samhengi hljóta bókasöfn að gegna mjög mikilvægu hlutverki, ekki síst til að stuðla að því að allur almenningur eigi þess kost að færa sér möguleika upplýsingatækninnar í nyt.

Nú skal stuttlega vikið að helstu breytingum og nýmælum sem í frv. felast miðað við gildandi lög. Að öðru leyti er vísað til athugasemda við frv. og einstakar greinar þess.

Í 1. gr. frv., þar sem hlutverk almenningsbókasafna er skilgreint, er lögð áhersla á þátt þeirra sem alhliða upplýsingastofnana er veiti aðgang að nýjustu tölvutækni til að afla margháttaðra gagna. Dregið er úr lögbundinni skiptingu almenningsbókasafn í mismunandi tegundir en reynt að búa í haginn fyrir skipulag sem stuðlað geti að myndun öflugra umdæmissafna. Það hefur verið talinn einn helsti annmarkinn á núverandi skipan almenningsbókasafna að bókasafnsumdæmi væru of mörg og smá til að svonefnd miðsöfn, sem ætlað er að veita víðtæka þjónustu hvert í sínu umdæmi, hefðu nægilegt bolmagn til að rækja hlutverk sitt. Að breytingu í þessu efni þarf að vinna í samráði við samtök sveitarfélaga svo sem rakið er í ítarlegum athugasemdum við 5. og 6. gr. frv.

Í gildandi lögum eru nákvæm og talsvert margbrotin ákvæði um lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna, mismunandi eftir tegund safns og tengslum sveitarfélags við það. Frv. gerir ráð fyrir að þessi ákvæði verði felld brott en mælt er fyrir um að framlög skuli ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun hvers sveitarfélags.

Í 1. gr. frv. er kveðið ótvírætt á um lagaskyldu sérhvers sveitarfélags til að standa að bókasafnsþjónustu. Eðlilegt er hins vegar að sveitarfélögin beri sjálf fulla ábyrgð á að þessu hlutverki sé sinnt á viðunandi hátt eins og öðrum mikilsverðum verkefnum sem þeim eru falin að lögum.

Í lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kemur skýrt fram að þeirri stofnun er ætlað að vera öðrum bókasöfnum í landinu haukur í horni. Meðal hlutverka þess er þannig samkvæmt lögunum að stuðla að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veita þeim faglega ráðgjöf og eiga við þau sem víðtækast samstarf. Í frv. er þetta ráðgjafar- og samstarfshlutverk áréttað með skírskotun til laganna um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þáttur þess hlýtur að vera mikilvægur til að tryggja eftir föngum að bókasafnskerfi landsins starfi sem samvirk heild en á það leggur frv. þunga áherslu.

Gert er ráð fyrir að niður falli ákvæði um sérstakan fulltrúa í menntmrn. sem annist málefni almenningsbókasafna. Menntmrn. fer samkvæmt frv. með yfirstjórn þeirra mála en ekki þykir ástæða til að lögbinda sérstaka starfsskipan í ráðuneytinu á þessu sviði. Með hliðsjón af breyttum aðstæðum kynni að þykja hentugt að fela öðrum aðilum sum þeirra verkefna sem ráðuneytið hefur nú með höndum á sviði almenningsbókasafna, t.d. öflun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um starfsemi safnanna enda gerir frv. ráð fyrir slíkum möguleika. Almennt er og ástæða til að huga að því hvernig þjónustu við söfnin verði best fyrir komið að því leyti sem forsendur eru til að ríkið eigi þar hlut að máli.

Ákvæði frv. er lúta að menntunarkröfum til starfsmanna almenningsbókasafna eru nokkuð sveigjanlegri en í gildandi lögum en lögð áhersla á að leitast við að tryggja söfnunum starfsfólk með sérmenntun sem hæfir verksviði þeirra.

Loks er að geta ákvæðis til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði um fimm ára skeið, eigi minna er 4 millj. kr. á ári, til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet. Hér er byggt á tillögu nefndar á vegum menntmrn. sem falið var að kanna hvernig þessum markmiðum yrði náð. Einnig var höfð hliðsjón af tillögum sem fram komu í tengslum við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Í álitsgerð sem varðar m.a. þátt bókasafna var reifuð tillaga um svonefnd kjarnasöfn sem yrðu fyrirmynd annarra bókasafna um beitingu upplýsingatækni í þjónustu við almenning. Um yrði að ræða samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga og mismunandi söfn á hverjum tíma.

Ljóst er að söfnin eru mjög misjafnlega á vegi stödd í þessum efnum og þeir fjármunir sem frv. gerir ráð fyrir að ríkið leggi af mörkum leysa ekki allan vanda. Eðlilegt er að í reglum um úthlutun fjárins verði m.a. kveðið á um mótframlög frá rekstraraðilum safns sem skilyrði fyrir styrkveitingu. Með slíku samstarfi ætti að vera unnt að koma talsverðu til leiðar á því árabili sem ákvæðið miðast við. Ætlast er til að úthlutun framlaga af því fé sem hér um ræðir verði tekin að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna. Um skipan og hlutverk þeirrar nefndar er mælt í 13. gr. frv. en ekki í þeirri 14. eins og því miður hefur misritast í ákvæði til bráðabirgða og þarf sú villa leiðréttingar við í þingmeðferð frv.

Sérstök ástæða er til að víkja að 14. gr. frv. sem fjallar um greiðslur úr ríkissjóði í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í almenningsbókasöfnum. Eins og fram kemur í athugasemdum við þessa grein miðast orðalag hennar við að tryggja óbreytta stöðu meðan beðið er niðurstöðu af starfi nefndar sem menntmrn. skipaði í sumar sem leið til að kanna forsendur fyrir breytingum á gildandi lagaákvæðum um þóknun vegna afnota bóka í bókasöfnum. Nefnd þessi hefur nú skilað áliti sínu og tillögum og hef ég fengið heimild ríkisstjórnarinnar til að leggja frv. til laga um bókasafnssjóð höfunda fyrir Alþingi og er frv. nú til meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna en samkvæmt því frv. mundi þessi grein, sem nú er 14. gr. í frv. um almenningsbókasöfn, falla niður og ný lagaákvæði leysa hana af hólmi, lagaákvæði um bókasafnssjóð höfunda, þar sem ekki aðeins væri miðað við að höfundar fagurbókmennta fengju þóknun vegna bóka í bókasöfnum heldur einnig höfundar fræðirita og kennslugagna og höfundar mynda og tónhöfundar sem tengjast bókaútgáfu. En þetta frv. mun væntanlega verða lagt fram á Alþingi innan tíðar.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir höfuðþáttum í þessu frv. til laga um almenningsbókasöfn sem tekur mið af breyttum aðstæðum í umhverfi safnanna án þess að hróflað sé við þeirri meginskipan sem gildir, að sveitarfélögin reka bókasöfnin en hér er mælt með því að ríkisvaldið leggi nokkuð af mörkum á næstu árum til þess að auðvelda bókasöfnunum að tileinka sér hina nýju upplýsingatækni. Jafnframt hef ég gert grein fyrir því að á næstunni mun verða lagt hér fram á Alþingi frv. til laga um bókasafnssjóð höfunda sem mun, ef það verður samþykkt, verða til þess að það frv. um almenningsbókasöfn sem ég hef kynnt breytist, þ.e. ein grein í því frv.

[17:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég met það svo að það frv. sem hér liggur fyrir sé fyllilega í takt við tímann og eðlilegt að þau ákvæði sem þar eru til breytinga á lögunum frá 1976 komi til umfjöllunar og verði síðan lögfest að aflokinni vandaðri skoðun hv. menntmn.

Ég er sammála því markmiði sem mér sýnist að skíni hér í gegnum frv. að bókasöfn „þróist í alhliða upplýsingamiðstöðvar sem tryggi öllum viðskiptavinum sínum greiðan aðgang að upplýsingum á tölvutæku formi", eins og stendur í athugasemdum við lagafrv.

Það kemur fram að lögð sé áhersla á það markmið að bókasöfnin verði alhliða upplýsingastofnanir þar sem almenningur eigi kost á að nýta m.a. nýjustu tölvutækni til að afla upplýsinga og margháttaðra gagna, ekki bara til skemmtunar heldur einnig til menntunar og til hagsbóta fyrir atvinnulífið. Ég held þess vegna að það sé alveg á sínum stað, sem ráðherra kynnti í umræðunni, að ákvæði um þóknanir til rithöfunda fari út úr lögum um almenningsbókasöfn en fari inn í sérstök lög sem hann nefnir hér lög um bókasafnssjóð höfunda vegna þess að það er augljóst að það verða ýmsir fleiri en rithöfundar sem eiga hagsmuna að gæta varðandi notkun hugverka sinna ef þetta frv. verður að lögum. Ég held líka að það sé til bóta að einfalda flokkun almenningsbókasafna frá því sem gert er í núgildandi lögum og vissulega eru mörg þeirra safna sem starfandi eru í landinu ekki til mikilla átaka sökum smæðar og þess hversu fáir standa að þeim.

Mér sýnast ákvæði þessa frv. heldur ýta undir það að sveitarfélög eigi með sér samstarf um söfn og ég er alveg viss um það að ákvæðið til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir tímabundnu átaki ríkisins til þess að efla söfnin muni auka þeim metnað og kjark til þess að takast á við ekki bara uppbyggingu og sameiningu safnanna heldur líka að ráðast í það að skoða umverfi sitt, skoða þá þjónustu sem þau hafa veitt og þá þjónustu sem þau geta veitt ef þau taka þátt í þeirri uppbyggingu sem hér er fyrirhuguð.

Ég þykist vita að einhverjir hrökkvi við þegar þeir sjá að til stendur að afnema þau ákvæði í núgildandi lögum sem eru um lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna. Það hefur jafnan gerst þegar ríkið hefur dregið til sín höndina og ekki lengur skammtað sveitarfélögunum umfang þess fjármagns sem lagt skuli til tiltekinna verkefna og þá einlægt borið á þeirri tortryggni að sveitarfélögunum sé ekki treystandi. Reynslan af slíkum ákvæðum hygg ég að sé hins vegar sú að þetta hefur ekki reynst lágmarksframlag heldur hefur orðið sú tala sem greidd hefur verið eins og lágmarksframlag hefur reyndar tilhneigingu til að verða. Ég er á þeirri skoðun að reynsla sú sem við höfum af því að sveitarfélögin taki verkefni alfarið að sér og taki ákvarðanir sjálf um þá peninga sem til þeirra eiga að fara, sé góð og það sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því þótt ákvæði um lágmarksframlag séu afnumin. Ég held að þau séu í mjög eðlilegum takti við sjálfstæði sveitarfélaganna sem sífellt er verið að hlúa að og byggja upp.

Það liggur fyrir að ef þetta frv. verður að lögum þá verði ekki sérstakur fulltrúi í menntmrn. sem annist málefni almenningsbókasafna. Ég geri ráð fyrir að skoðað verði í hv. nefnd hvort það er heppilegt. Aðalatriðið er að menntmrn. fer áfram með yfirstjórn málanna. Verkefnið verður þar áfram.

Það er álitamál á hverjum tíma hvernig verkefnum er fyrir komið. En ég held að það þurfi einfaldlega að skoða hvort það fyrirkomulag sem hér er boðað er nákvæmlega það besta og hv. nefnd muni gera það.

Ég fagna sérstaklega bráðabirgðaákvæðinu. Ég held að það muni örva sveitarfélögin til dáða. Ég held að það sé kannski lykillinn að því sem ég í upphafi máls míns taldi að væri meginmarkmið eða meginstoðir þessa frv., þ.e. að gera þau að almennum upplýsingaveitum og það er vel. Ég á sæti í hv. menntmn. sem kemur til með að fjalla frekar um frv. þannig að ég ætla ekki að varpa hér fram spurningum en vildi einungis setja fram þessar hugleiðingar eftir að hafa lesið frv. yfir og hlýtt á mál hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474.

[17:18]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skv. 25. gr. laga nr. 66/1995, um grunnskóla, greiða sveitarfélög framlag í sérstakan sjóð til þess að standa straum af launum kennara og skólastjóra við grunnskóla vegna námsleyfa allt að einu ári.

Í lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, og í samningum milli ríkis og sveitarfélaga um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna var gert ráð fyrir að halda óbreyttum möguleikum kennara og skólastjórnenda til námsleyfa vegna viðbótarnáms og endurmenntunar. Að jafnaði hefur verið unnt að veita um 30 námsleyfi á ári, en umsóknir hafa yfirleitt verið þrefalt til fjórfalt fleiri. Í sama mund og sveitarfélög tóku við grunnskólum, 1. ágúst 1996, hófu 30 kennarar og skólastjórar námsleyfi sem veitt voru í lok árs 1995.

Við setningu grunnskólalaganna var miðað við að 1% af dagvinnulaunum dygði til að halda fjölda námsleyfa óbreyttum eftir flutning grunnskólans eða um 30 námsleyfi á ári. Komið hefur í ljós að þessi viðmiðun er of lág. Til að halda óbreyttum fjölda námsleyfa á ári eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna þarf viðmiðunartalan að vera 1,3%. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er viðurkennt að við ákvörðun um tekjustofna vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið reiknað með 30 námsleyfum. Breytingin sem hér er lögð til á 25. gr. grunnskólalaganna leiðir því ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð heldur er um að ræða leiðréttingu til að tryggja lagagrundvöll fyrir námsleyfasjóð á vegum sveitarfélaga.

Í 1. gr. er lagt til að viðmiðunartala fyrir framlag sveitarfélaga í námsleyfasjóð verði hækkuð úr 1% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í 1,3%.

Ég legg þetta frv. hér fram með ósk um að því verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 1. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491.

[17:20]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að greiða fyrir framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum og byggist á þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd þeirra til þessa.

Alþingi hefur lögfest tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE um viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar. Í efnisákvæðum tilskipananna er vísað til viðauka sem varða útfærslu á tilteknum ákvæðum þeirra. Samkvæmt gildandi lögum þarf að leita samþykkis Alþingis í hvert sinn sem þessum viðaukum er breytt.

Reynslan af lögfestingu tilskipananna er á þann veg að menntamálaráðuneytið telur eðlilegt að fara fram á almenna heimild frá Alþingi til að hrinda viðaukum við þær í framkvæmd. Er ljóst að þannig verða aðeins gerðar breytingar á flokkun starfsheita samkvæmt umræddum tilskipunum.

Með lögum nr. 83/1993 var kveðið á um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum ríkisborgara í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og taka þau til starfa sem falla undir tilskipun 89/48/EBE. Einnig taka lögin til samninga um sama efni sem ríkisstjórnir Norðurlanda gera og hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samkvæmt upphaflegu frumvarpi áttu lögin að gilda almennt um gagnkvæma viðurkenningu á störfum sem löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu þyrfti til og féllu undir þær tilskipanir Evrópubandalagsins (nú Evrópusambandsins) sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið næði til. Lögin voru hins vegar aðeins látin taka til tilskipunar 89/48/EBE sem fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

Með lögum nr. 76/1994 var kveðið á um að lögin skyldu einnig taka til tilskipunar 92/51/EBE sem fjallar um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE. Þessi tilskipun tekur til starfa sem krefjast þjálfunar og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og falla ekki undir tilskipun 89/48/EBE. Einnig eru undanskilin nokkur störf sem talin eru upp í viðauka A. Í viðauka C við tilskipun 92/51/EBE eru talin upp störf sem sett eru í flokk með störfum sem að jafnaði krefjast menntunar og starfsþjálfunar á háskólastigi eða krefjast sérstakrar ábyrgðar enda þótt menntunin fullnægi ekki þeim skilyrðum formlega séð.

Með nýrri tilskipun ESB, 94/38/EBE, var viðauka C við tilskipun 92/51/EBE breytt á þann veg að bætt var inn nýjum starfsheitum fyrir Þýskaland og starfsheiti fyrir Ítalíu felld niður. Í viðauka D er fjallað um starfsmenntun sem sérstaklega á við í Bretlandi. Með tilskipun 94/38/EBE er einnig bætt við lýsingu á sérstöku námi í Þýskalandi sem er svipaðrar gerðar.

Breytingar á viðaukum þeirra tilskipana, sem þegar hafa verið lögleiddar hér á landi, verða fyrirsjáanlega nokkuð tíðar og því er lagt til með frumvarpi þessu að skýrt verði

kveðið á um að lögin taki til allra breytinga sem kunna að verða gerðar á upptalningu starfa sem falla undir viðauka við tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE. Frumvarpið nær ekki til breytinga sem hugsanlega verða gerðar á þeim meginreglum sem gilda um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum heldur einvörðungu til breytinga á viðaukum við tilskipanirnar varðandi flokkun á starfsheitum.

Ég legg til, herra forseti, að þetta mál fari til hv. menntmn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 192. mál. — Þskj. 216.

[17:24]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi. Flutningsmenn ásamt mér að þessari tillögu eru hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og Jón Kristjánsson.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess, í samvinnu við samráðsnefnd framhaldsskóla á Austurlandi, Samtök sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi og Atvinnuþróunarfélag Austurlands, að hið fyrsta verði komið á fót upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi.

Verkefni miðstöðvarinnar verði fyrstu árin að auðvelda og þróa tengsl nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á Austurlandi við skóla og nám á háskólastigi og stuðla að fræðslu og námi á þessu skólastigi heima fyrir, m.a. með námskeiðum og fjarkennslu.“

Þetta er efni tillögunnar. Við flutningsmenn teljum ekki raunhæft að stíga stærra skref í bráð heldur en hér er lagt til. Ýmsir hefðu e.t.v. kosið að hér lægju fyrir hugmyndir að sjálfstæðum háskóla á Austurlandi. Það töldum við skref sem ekki væri raunsætt að leggja til við hv. Alþingi. Miklu vænlegra þótti okkur að stíga það spor sem hér er verið að leggja til, þ.e. að tengja Austurlandsfjórðunginn markvisst við háskólastigið og að fundinn verði samnefnari fyrir þá starfsemi til að gera hana markvissari sem væri sú upplýsinga- og fræðslumiðstöð sem hér er lagt til að verði sett á fót.

Ég vil taka fram að ég er þeirrar skoðunar að ekki þurfi í fyrstu a.m.k. að vera um að ræða mjög kostnaðarsama starfsemi eða fjölmenna miðstöð. Ég held að hægt sé að ná árangri með tiltölulega fáum starfsmönnum sem kæmu að þessu og ná árangri. Það er gert ráð fyrir að verkefnasvið þessarar miðstöðvar verði fyrst í stað einkum tvíþætt eins og kemur raunar fram í nafngiftinni, upplýsinga- og fræðslumiðstöð, þ.e. að þróa víðtæk tengsl við skóla og nám á háskólastigi annars staðar á landinu og miðla þeim tengslum til nemenda framhaldsskóla, almennings og atvinnulífs á svæðinu. Og í öðru lagi að stuðla að fræðslu og námi á þessu skólastigi á Austurlandi, m.a. í formi námskeiða og fjarkennslu.

Það er ljóst, virðulegur forseti, að endurmenntun, símenntun og fjarkennsla í samstarfi við háskóla sem fyrir eru gætu orðið meðal helstu verkefna miðstöðvarinnar og tengst skólum, fyrirtækjum og starfsgreinafélögum innan fjórðungsins. Hugsun okkar flm. er sú að aðilar atvinnulífsins sem standa m.a. að Atvinnuþróunarfélagi Austurlands og sjóði honum tengdum komi að þessu máli og hafi aðgengi að þessu því fátt er brýnna en að koma þekkingu sem greiðast inn í atvinnustarfsemina og til þeirra sem að henni koma.

Það er ef til vill fljótlega hægt að byggja upp stuttar háskólabrautir í tengslum við framhaldsskóla eða sem viðbót við framhaldsskóla sem eru starfandi á Austurlandi. En ég legg þó áherslu á að við verðum að horfa til háskólastigsins sem sjálfstæðs skólastigs. En jafnsjálfsögð og nauðsynleg eru tengslin við framhaldsskóla og upplýsingar náttúrlega til þeirra sem þar eru að ljúka námi og horfa til frekara náms.

Horfur eru á að framhaldsskólanám til stúdentspróf styttist innan tíðar úr fjórum árum í þrjú ár og það mætti hugsa sér að í stað fjórða árs framhaldsskóla kæmi nám á háskólastigi, samanber t.d. tölvuháskóla sem starfræktur er innan Verslunarskóla Íslands sem eins og kunnugt er er skóli á háskólastigi.

Við leggjum áherslu á að þetta mál er nátengt hugmyndum okkar um að efla stöðu þessa svæðis, Austurlands. Þannig er það nátengt þeirri byggðaþróun sem nauðsynlegt er að leggja grunn að með nýjum hætti eða að minnsta kosti að stíga skrerf til viðbótar þeirri viðleitni sem uppi hefur verið. Þar er að okkar mati menntunin eitt það brýnasta sem þarf að hlúa að og verulegur hugur er í mörgum. Ég vænti og efast ekki um að hæstv. menntmrh. er þeirrar skoðunar að þar þurfi að taka vel á og reyna að tryggja möguleika fólks, þótt búsett sé utan höfuðborgarsvæðisins og næsta nágrennis þess, til þess að tengjast háskólastiginu.

Hin nýja tækni hefur gert þetta mögulegt í áður óþekktum mæli og jafnvel í dreifbýli geta menn með fjarnámi og tengslum við það kerfi sem stundum er kennt við alnetið og aðra möguleika sem gera það kleift að stunda nám heima fyrir að talsverðu leyti þó að kannski þurfi að koma til sókn í skóla sem hluta af námi. Þannig var t.d. sú hugsum sem bjó að baki stofnunar háskóla á Akureyri liður í því að styrkja háskólanám utan höfuðborgarsvæðisins og visst andsvar við því að starfsemi Háskóla Íslands hefur fyrst og fremst verið tengd svæðinu í Reykjavík og grennd. Ég tel að sú viðleitni sem hefur verið uppi varðandi Háskólann á Akureyri, sem ég hef frá upphafi stutt hér á þingi að fengi eðlilegt vaxtarrými, hafi þegar borið góðan ávöxt þó að þar megi margt frekar til koma. Og auðvitað er Háskólinn á Akureyri ekkert síður en Háskóli Íslands sem og aðrir skólar meira í formi sérskóla á háskólastigi sem starfandi eru og mig minnir að séu eitthvað nærri 14 talsins ef ég hef tekið rétt eftir.

Hugmyndirnar um tengsl við háskólastigið og við nám á því stigi á Austurlandi eru ekki alveg nýjar af nálinni. Það hefur verið viðleitni uppi í fjórðungnum til þess að efla slíkt nám í formi fjarnáms m.a. Rakið er í greinargerð að þegar árið 1984 komu fram hugmyndir sem samþykktar voru um tengsl við Kennaraháskóla Íslands og þær báru ávöxt. Þar komu m.a. að máli Berit Johnsen, sem var sérkennslufulltrúi við fræðsluskrifstofu Austurlands, og þáv. fræðslustjóri á Austurlandi, Guðmundur Magnússon. Þau hlúðu að þessu og það bar þann ávöxt að um skeið fór fram framhaldsmenntun fyrir kennara á svæðinu og má segja að þessi viðleitni hafi orðið til að renna stoðum undir það sem síðar varð fjarskóli Kennaraháskóla Íslands.

Einnig hefur verið starfræktur farskóli á Austurlandi sem hefur einkum tengst stjórnunarlega séð Verkmenntaskóla

Austurlands sem hefur aðalaðsetur í Neskaupstað. Sú stofnun gæti sem best og ætti að tengjast þessu með svipuðum hætti og framhaldsskólarnir og sjálfsagt að líta til þess sem þar hefur vel tekist og hægt er að bæta við og gæti orðið til þess að styrkja þá viðleitni sem hér er gert ráð fyrir.

Þá er þess að geta, það er nauðsynlegt að það komi hér fram, virðulegur forseti, að aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem haldinn var í lok ágúst á síðasta ári fól stjórn sambandsins að undirbúa í samvinnu við stjórnvöld og forsvarsmenn skóla á háskólastigi að koma á fót háskólamenntun á Austurlandi, eins og það er orðað í tillögunni, í tengslum við austfirskt atvinnulíf og til að efla menntun og þekkingu í fjórðungnum. Það má segja að þessi ályktun, þessi vilji endurspeglist að nokkru leyti eða komi fram í þessari tillögu og hafi verið hvatning fyrir okkur flutningsmenn að færa málið inn á Alþingi. Ég tel mjög nauðsynlegt að menntmrn. komi að þessu máli frá upphafi, mótun þessara tengsla sem hér er gert ráð fyrir. Háskólastigið er á ábyrgð hæstv. menntmrh. og hans ráðuneytis og þar veit ég að er litið til með þessum málum almennt varðandi landið. Ég vænti góðs atbeina hæstv. ráðherra og hans starfsmanna við þetta mál þannig að mótun þess, ef tillagan nær samþykki á Alþingi, geti orðið til að það falli að öðrum hugmyndum sem uppi er um þróun og eflingu þessa skólastigs.

Eins og tillagan gerir ráð fyrir er reiknað með því að heimaaðilar komi frá upphafi inn í þessa stefnumörkun. Það leggjum við áherslu á. Þannig held ég að þetta mundi þegar geta farið að skila árangri á meðan að stefnumótun er unnið og það má í rauninni ekki dragast mjög lengi að þarna verði um verulega þróun að ræða og aðgerðir. Ég vænti þess að hv. Alþingi sjái sér fært að taka undir þessa tillögu. Það reynir auðvitað á það í þingnefnd en ég geri tillögu um að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til hv. menntmn.

[17:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér er hreyft merkilegu máli og ágætu sem hv. menntmn. mun skoða að sjálfsögðu. Ég vil aðeins fá að koma því að hér í þessum umræðum því að hv. þm. vék sérstaklega að háskólastiginu að ég hef fullan hug á að leggja fram á vorþinginu frv. til laga um háskólastigið, rammalöggjöf um háskólastigið sem ég tel nauðsynlegt að sé fyrir hendi, m.a. með hliðsjón af hugmyndum eins og þeim sem hér hafa verið kynntar þar sem verið er að ræða um að háskólar þróist öðruvísi heldur en hingað til. Til þess þurfum við að hafa lagaramma þannig að menn átti sig á því hvaða kröfur eigi að gera og hvernig sé best að standa að því að skipuleggja háskólanám. En sú bylting er að verða fyrir utan afskipti okkar stjórnmálamannanna sem við getum markað með ályktun hér á þingi eða lagasetningu að fjarlægðir eru að verða að engu þegar háskólanám er annars vegar og steinsteyptar byggingar eða miðstöðvar gegna minna hlutverki nú en áður heldur en þekkingin og vitneskjan og hæfileikinn til að miðla henni með öðrum hætti heldur en í kennslustofum eða á einhverjum ákveðnum fræðslumiðstöðvum.

Við vorum áðan að ræða frv. til laga um almenningsbókasöfn þar sem m.a. er gert ráð fyrir því að almenningsbókasöfnin fái nýtt og betur skilgreint hlutverk sem upplýsingamiðstöðvar með hinni nýju tækni. Og ég sé það fyrir mér að slík söfn, þar sem aðgangur verður að boðveitum sem nýta hina nýju upplýsingatækni, geti orðið þær miðstöðvar sem hér var talað um, að unnt verði að byggja upp á hverjum stað í landinu einhverja miðstöð þar sem menn geta sótt upplýsingar. En einnig eiga þeir að geta, hver um sig með tæknibúnaði frá sínum heimilum, stundað fjarnám jafnt frá háskólum og framhaldsskólum eins og nú er. Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur unnið brautryðjendastarf hér á landi á undanförnum missirum í fjarnámi á framhaldsskólastigi. Vöxturinn þar er mun meiri en menn gerðu sér grein fyrir og er æskilegt að leggja fram á hinu háa Alþingi skýrslu um það efni og greinargerð hvernig það nám hefur þróast til að menn átti sig á því hvaða hljóðláta bylting hefur átt sér stað á framhaldsskólastiginu. Það verður að segjast eins og er að á háskólastiginu hefur þetta ekki verið eins. Þó hefur það gerst m.a. gagnvart Austfjörðum og nú fleiri landshlutum að Kennaraháskóli Íslands hefur verið með í boði fjarnám fyrir kennara og einnig hefur félagsvísindadeild Háskóla Íslands verið með framhaldsnám eða fjarnám fyrir framhaldsskólakennara þannig að á háskólastigi er þó þetta fjarnám veitt. En betur má ef duga skal og ég held að við eigum að íhuga þær hugmyndir sem hér hafa verið kynntar og eiga fullan rétt á sér í þessu ljósi, hvernig getum við nýtt þessa tækni, hvernig getum við gert sem flestum kleift að nota menntun án þess að við séum að fjárfesta í steinsteypu eða koma upp stofnunum um landið allt.

Hitt er aftur áhyggjuefni finnst mér þegar við ræðum sérstaklega um Austfirði, þar sem útgerð er mikil og sjávarútvegur er greinilega undirstaða eins og við vitum alls efnahagslífs og mannlífs, hve lítill áhugi er í þeirri atvinnugrein að njóta menntaðs starfsfólks. Aðeins 1% af þeim karlmönnum sem vinna við fiskvinnslu í landinu hefur háskólamenntun og samkvæmt nýlegu yfirliti hefur engin kona sem vinnur við fiskvinnslu í landinu háskólamenntun. Þannig að maður spyr sig: Ef atvinnulífið í viðkomandi landshlutum gerir ekki meiri kröfur til starfsfólksins um menntun, hvaða forsendur og hvaða hvati er þá á þeim stöðum til þess að menn leggi eitthvað á sig til þess að afla sér menntunar og nýti sér þau tækifæri sem fyrir hendi eru? Þetta er atriði sem mér finnst að við getum ekki litið fram hjá og er atriði sem þarf að ræða hér eins og annars staðar og velta því fyrir sér hvort kröfurnar sem þessi undirstöðuatvinnugrein gerir til menntunar starfsmanna sinna séu nægilega miklar. Og ef þær kröfur aukast og menn vilja gera auknar kröfur til starfsfólksins þá finnst mér að það eigi að nýta þessa tækni, m.a. til þess að auðvelda fyrirtækjunum að fá menntað fólk og skapa því menntaða fólki það umhverfi að það geti endurmenntað sig. Því að staðreyndin er einnig, hvernig sem menn skoða tölur, að þeir sem leggja mesta áherslu á endurmenntun eru best menntaða fólkið. Það er háskólamenntað fólk sem leggur mest upp úr því að halda við sinni menntun þannig að það þarf að skapa ákveðið umhverfi á hverjum stað sem hvetur til þess að menn hafi áhuga á að nýta sér það sem í boði er og þá sérstaklega á sviði háskólamenntunar. Þetta finnst mér mál sem menn verða að velta fyrir sér þegar þeir ræða um þá ágætu hugmynd sem hér hefur verið kynnt og hvernig við getum best staðið að því að skapa þær aðstæður sem víðast í landinu að menn sækist eftir sem bestri menntun og auðveldað mönnum að gera það.

[17:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þetta mjög svo athyglisverða mál. Ég tel þetta bæði raunsæja tillögu og mjög athyglisverða. Við erum greinilega alveg sammála því, herra forseti, ég og flm. að við

getum auðvitað ekki haft endalaust marga háskóla á landinu og margir spáðu því að það væri ekki einu sinni pláss fyrir Háskólann á Akureyri þegar hann hóf starfsemi sína. Ég held að hann hafi nú sannað að það var full þörf fyrir þá stofnun og ég er alveg sannfærð um að sú hugmynd sem hér er sett fram mun geta orðið mjög mikil lyftistöng fyrir menntamál á Austurlandi og án þess að til komi mjög mikill kostnaður. Með þeim fjarskiptamöguleikum sem nú eru tel ég að það geti orðið veruleg bót að þessari stofnun, upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi.

Ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. að það sé þörf á því að fá fram frv. til laga um háskólastigið í heild þannig að þessi mál verði skipulögð með heildstæðum hætti. En ég tel að bæði fjarnámið í Kennaraháskólanum sem hefur náð til kennaramenntunar um allt land svo og nýjustu fréttir af mastersnámi í hjúkrunarfræði erlendis frá Háskólanum á Akureyri sýni að við getum gert mjög margt núna með fjarskiptatækninni. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt að menntamálin þróist í nánum tengslum við atvinnulífið á hverjum stað. Þó að e.t.v. sé rétt að ekki séu gerðar miklar menntunarkröfur í atvinnulífinu á Austfjörðum, getur vel verið að það sé vegna þess að menntunin er ekki til staðar. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að það verði látið reyna á það að efla og treysta menntun fólks sem þar starfar og það mun vafalaust líka eiga sinn þátt í því að fólk verður ánægðara á svæðinu og flyst ekki eins í burtu.

Ég vil því fagna þessu máli og mun taka því vel þegar það kemur til menntmn. og mun sjá til þess að það fái vandaða umfjöllun og vona svo sannarlega að það nái fram að ganga ef ekki leynast einhverjir duldir gallar á því sem ég sé ekki í fljótu bragði. En ég vil þó ítreka að það hefur verið niðurskurður til menntamála hér á undanförnum árum. Háskóli Íslands hefur verið sveltur og ég mundi ekki verða því fylgjandi að þetta mál yrði til að skera niður fjármagn til Háskóla Íslands eins og því miður var með Háskólann á Akureyri, þar hefði auðvitað átt að koma til viðbótarfjármagn. Því miður hafa þessar stofnanir verið að bítast um fjármagn sem hefur komið verulega niður á Háskóla Íslands að mínu mati. Ég tel að nú sé mikilvægt að leggja aukið fé í menntamálin, að allt landið og miðin jafnvel líka — maður heyrir jú um togarasjómenn sem núna stunda nám — sé tengt inn í samhæft net. Þess vegna tel ég jafnvel að þessi hugmynd geti eins vel átt við á Vestfjörðum eða í öðrum landshlutum. Ég veit vel að á Austurlandi hefur verið mjög kröftugt starfsfólk í tengslum við kennaramenntunina sem reyndar er nafngreint í tillögunni sumt hvert. Þess vegna er þessi tillaga fullrar athygli verð og ég er enn þá bjartsýnni við að heyra góðar undirtektir menntmrh. Ég vona svo sannarlega að þetta verði til þess að frekara átak verði gert á háskólastiginu en verði ekki til þess að draga enn frekar úr fjárframlögum til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

[17:46]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka umræðuna sem hér hefur orðið um þessa tillögu. Ég þakka hæstv. menntmrh. og hv. 19. þm. Reykv. fyrir þeirra innlegg í þessa umræðu. Mér þykir mjög gott að heyra að hæstv. ráðherra leggur þessari hugmynd gott lið þegar málið kemur hér á dagskrá, átti raunar ekki von á öðru. Mér fannst ýmislegt af því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra réttmætt og athyglisvert og fagna því að væntanleg er löggjöf um háskólastigið. Ég hef raunar lengi litið svo til að mikil þörf væri á slíkri löggjöf. Ég hef nú síðari ár ekki verið í menntmn. þingsins, sem ég átti sæti í með núverandi hæstv. menntmrh. um skeið, þar sem m.a. var fjallað um Háskólann á Akureyri og eflingu hans svo það sé nú nefnt hér.

Ég ítreka það sjónarmið sem ég kom með vegna þess að menn eru að velta fyrir sér kostnaði, sem eðlilegt er þegar svona mál koma upp, að ég held að þetta þurfi ekki að kosta stórfé til að gera verulegt gagn. Hæstv. ráðherra vék að því að ekki ætti að þurfa að vera um að ræða fjárfestingar í steinsteypu í miklum mæli í kringum hugmyndir af þessu tagi. Það er mér ekki í huga. Þetta er ekki skólastofnun sem hér er verið að hugsa til. Framkvæmdin getur farið fram á stöðum og stofnunum og í húsnæði sem fyrir er. Þetta er aðallega sem tengi- og skipulagningarmiðstöð. Ég held hins vegar að það þurfi að vera þarna kraftar til þess að gera þetta að veruleika, hversu margir vil ég ekki leggja neitt mat á. Ég held að þeir þurfi ekki að vera margir, a.m.k. ekki í upphafi og vafalaust ekki eftir því sem menn og stofnanir búa betur af þeim fjarskiptabúnaði sem tæknin nú veitir okkur aðgang að. Svoleiðis að mér finnst að hugsunin í kringum þetta falli mjög saman, eins og undirtektir voru hjá þeim báðum, hæstv. ráðherra og hv. 19. þm. Reykv., sem hér töluðu.

Mér þótti athyglisvert það sem hæstv. ráðherra nefndi í sambandi við atvinnulífið á Austurlandi og almennt úti um byggðir landsins þar sem sjávarútvegur er undirstaða. Ég er þeirrar skoðunar að vöntun á menntun hjá þeim aðilum sem að sjávarútvegi koma og þróun hans sé veruleg hindrun í vegi þeirrar þróunar sem þarf að verða til að auka verðmæti okkar ágæta sjávarafla verulega og auka bæði sjálfsvitund og metnað þeirra sem starfa í greininni og að það sé eitt það allra brýnasta hér. Við þurfum á því að halda að þessar afurðir þróist og verði nær neytendastiginu heldur en tekist hefur. Ég hef oft vísað til þess — er reyndar enginn höfundur að því — hvað tekist hefur í mjólkuriðnaði landsmanna, úrvinnsluiðnaði með ostagerð sem ágætt dæmi. En þar er að verki fólk sem býr yfir þekkingu og hefur notið þjálfunar, sumpart erlendis, og hefur síðan gert að verkuleika drauma sem, ég efast um að Nóbelsskáldið okkar, Halldór Laxnes, sem skrifaði ágætar greinar milli stríðsáranna, mig minnir um frumstæði íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og alveg sérstaklega ostagerðar, hefði tæpast dreymt um að hægt væri að ná þessum árangri á meðan hann enn lifði. En þetta tel ég að sé í rauninni ástæða til að gefa gaum að. Það eru engin örlög Íslendinga að vera í frumvinnslu og komast ekki meira úr sporum í úrvinnslu okkar sjávarafla og hráefnis á því sviði. Auðvitað á þetta við almennt og í víðara samhengi. Tölurnar sem hæstv. ráðherra nefndi eru vissulega sláandi og til umhugsunar.

Vegna þess að hæstv. ráðherra kom að almenningsbókasöfnum í þessu sambandi vil ég leyfa mér, þótt ég setti mig ekki sérstaklega inn í það frv. sem hér var mælt fyrir áður og tók ekki þátt í umræðu um það, að taka undir þá hugsun, sem var ítrekuð í tengslum við möguleikana á að byggja upp almenningssöfnin og vel að merkja auðvitað í annarri og fjölbreyttari mynd heldur en við höfum tengt við bókasöfn fram að þessu, sem eru þegar farin að þróast í þá átt að búa yfir tækni af öðrum toga, að þarna eru miklir möguleikar.

Ég fékk eiginlega sýn til þessara mála fyrir allnokkru síðan. Árið 1973 heimiladi menntmrn. þeim sem hér talar og tveimur arkitektum að fara í eins konar námsferð eða leiðangur til Bandaríkja Norður-Ameríku til að kynna sér uppbyggingu skóla þar. Ástæðan var Menntaskólinn á Eg-

ilsstöðum. Ég var settur til að leiða byggingarnefnd hans á þessu nefnda ári og starfaði að því þangað til ég kom inn á Alþingi. Sá heimur sem opnaðist manni við að fara á milli skóla, ekki bara háskóla, en raunar háskóla, framhaldsskóla og grunnskóla í Massachusetts-fylki í Bandaríkjunum. Það var nýr heimur sem vísaði í þá hluti sem hér eru að komast aðeins úr sporunum. Þetta varð til þess að hugmyndir voru lagðar fram í umræddri nefnd. Við gáfum reyndar út skýrslu um þessa ferð, og mundi hæstv. menntmrh. segja að það hafi ekki verið sú fyrsta eða eina sem fram hafi komið frá undirrituðum, þar sem þessir hlutir voru raktir. Síðan voru mótaðar tillögur um að það yrði reynt að koma upp svona gagnasafni, tengdu Menntaskólanum á Egilsstöðum, ekki aðeins bókasafni skólans heldur gagnasafni með allri þeirri tækni sem unnt væri að ná til og tengja almenningsbókasafn héraðsins þessu og opna þar með skólann fyrir almenningi sem ætti erindi á gagnasafn eða bókasafn, opna þannig skólann og sýn til hans og draga niður þá múra sem oft eru á milli almennings og skólastofnana. Þetta var samþykkt innan nefndarinnar en einnig af stjórn héraðsbókasafns á svæðinu sem var viljugt til þess arna. En því miður stirðnuðu þessar hugmyndir eða gufuðu upp framkvæmdalega séð þegar til kastanna kom, ég var reyndar kominn þá til annarra verka.

En þetta er hugsun sem ég held að ætti heima sem víðast enda vikið að því beint í því 4. gr. frv. sem hæstv. ráðherra nefndi, um heimild til að, svo ég leyfi mér að nefna það í tengslum við þetta mál, stofna til samningsbundins rekstrar- og þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla, framhaldsskóla eða á háskólastigi þar sem slík tilhögun telst henta vegna sérstakra aðstæðna.

Við erum á réttri leið hér, sýnist mér, í þessum hugmyndum og það er rétt sem hv. 19. þm. Reykv. sagði að fjármagnið er af allt of skornum skammti. Manni finnst þegar verið er að velta fyrir sér stóru tölunum í sambandi við þau mál, m.a. sem voru til umræðu fyrr á þessum fundi, að það mætti skoða betur aðra þróunarkosti en þá sem mest fjármagn er ætlað að streyma til á næstu árum og hvort þar er ekki nokkuð að sækja, sem sagt aukna menntun þjóðarinnar sem undirstöðu fyrir atvinnustarfsemi og náttúrlega velferð almennt í landinu því ekkert er betra neinum manni heldur en það að víkka sjónhring sinn, hvort sem það er með sjálfsnámi eða með námi sem tengist skólastofnunum af hvaða tagi sem er. Þarna þurfum við í rauninni að bæta stöðu okkar mjög verulega. Það er verið að minna okkur á þetta með alls konar samanburði og ekki ætla ég að draga það í efa að margt sé réttmætt sem kemur út úr slíkum athugunum. En það er þó grundvallarskilningurinn sem mestu skiptir í þessum efnum, að menn virkilega finni þörfina og hafi metnað til að rækta eigin garð á þessu sviði og dýpka þar með og plægja akurinn fyrir íslenskri menningu sem er það sem mestu skiptir að fái haldið hér velli og fái dafnað og þróast með öðrum og öflugri hætti en nú er í þessum ólgusjó fjölþjóðamenningar sem upptekur fólk. Ekki ætla ég að hafa á móti þeim tengslum út af fyrir sig en þau verða aldrei dýrmæt og menn nýta þau aldrei til hlítar nema þeir standi sæmilega traustum fótum í eigin þjóðmenningu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 17:57.

57. FUNDUR

miðvikudaginn 29. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa, fsp. RG, 194. mál, þskj. 218.

Til menntamálaráðherra:

2. Framhaldsnám fatlaðra, fsp. ÁÞ, 221. mál, þskj. 286.

3. Frjálst námsval milli Norðurlanda, fsp. SJóh, 222. mál, þskj. 287.

Til sjávarútvegsráðherra:

4. Smáfiskaskiljur, fsp. ArnbS, 207. mál, þskj. 246.

Til umhverfisráðherra:

5. Öryggi barna, fsp. ÖS, 252. mál, þskj. 442.

Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa.

Fsp. RG, 194. mál. — Þskj. 218.

[13:31]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til félmrh. um túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda.

Það hefur skort skilning á því í okkar þjóðfélagi að táknmálið er í raun rödd heyrnarlausra og daufdumbra. Það er tungumálið þeirra og það sem meira er, táknmálið er aðgengi þessara einstaklinga að samfélaginu. Hins vegar hefur þeim verið gert mjög erfitt fyrir með að nýta tungumálið sitt við þátttöku í okkar þjóðlífi. Það má leiða líkum að því að tregðulögmálið varðandi réttmæta þjónustu við þennan þjóðfélagshóp, og þá er ég, virðulegi forseti, að vísa til túlkaþjónustu, liggi í því að við höfum ekki viðurkennt táknmálið sem tungumál heyrnarlausra og daufdumbra. Það er alveg ljóst að meðan það er ekki gert og þjónusta er ekki bætt við heyrnarlausa og daufdumba nýtur þessi hópur ekki sömu mannréttinda og við.

Það var stór áfangi í átt til aukinnar þjónustu og réttinda þegar kennsla hófst í táknmálsfræðum við Háskóla Íslands. Í vor munu fyrstu túlkarnir, að ég held níu talsins — herra forseti, ég er ekki alveg viss um þá tölu en ég held að þeir séu um níu — útskrifast og þá er mjög mikilvægt að það séu tilbúin framtíðarúrræði svo við missum ekki þetta fólk til annarra starfa sem notað hefur nokkur ár til þessarar þýðingarmiklu sérmenntunar. Það er mikilvægt að það liggi fyrir hvernig eigi að fjármagna túlkaþjónustu til framtíðar litið og hver réttur þeirra sem búa við þessa fötlun er til mikilvægustu stoðþjónustunnar, nefnilega túlkunar á táknmáli.

Það þekkist að heyrnarlausir og daufdumbir fái túlkaþjónustu, svo sem á sjúkrahúsum og innan dómskerfisins. Réttur þeirra hefur jafnframt verið tryggður varðandi skólagöngu og ég minni þar á lagaákvæði í framhaldsskólalögunum sem

sett voru á Alþingi sl. vor. En þetta eru samt mjög takmörkuð réttindi. Ég tel að eðlilegt sé að ríkið kosti túlkaþjónustu fyrir þennan þjóðfélagshóp þó ég geri mér grein fyrir að sveitarfélögin geti ef til vill komið að því máli, a.m.k. í ákveðnum tilvikum. Sum sveitarfélög hafa greitt eða veitt framlag til túlkaþjónustu þó það sé í mjög smáum stíl.

Virðulegi forseti. Í ársbyrjun 1995 voru veittar 2 millj. kr. til almennrar túlkunar vegna samskipta við opinbera aðila og vegna sérstakra hagsmuna heyrnarlausra og daufdumbra. Upphæðin var ekki mjög há en í raun mjög til þess fallin að ýta úr vör þýðingarmikilli túlkaþjónustu fyrir þennan hóp. Þá var á sama tíma skipuð nefnd til að kveða á um framtíðarskipan þessara mála. Mér er kunnugt um það að núv. félmrh. tryggði áfram framlag til túlkaþjónustu sl. ár og ég met það mjög mikils við hæstv. félmrh. þar sem ekki er búið að skipa þessum málum, en ég veit jafnframt að fyrir jól upplýsti hann að slíkur styrkur yrði ekki áfram veittur með óbreyttum hætti.

Auk spurninganna sem ég hef borið fram við félmrh. væri ef til vill eðlilegt að spyrja hvernig þessi mál snúa að málaflokki fatlaðra og endurskoðun á lögunum um málefni fatlaðra. Ég get komið inn á það í síðari ræðu minni af hverju þessi réttur var ekki tryggður í lögunum um málefni fatlaðra fyrir fimm árum. En nú hefur Alþingi tekið ákvörðun um það í lagasetningu fyrir jól að málaflokkur fatlaðra verði fluttur til sveitarfélaganna og þá er mjög mikilvægt að átta sig á því hvernig við tryggjum hag þessa hóps, heyrnarlausra og daufdumbra, við þann flutning. En spurningarnar voru hverjar helstu niðurstöður nefndarinnar væru varðandi framtíðarskipan túlkaþjónustu og til hvaða aðgerða ráðherra muni grípa til að tryggja þessum hópi nauðsynlega túlkaþjónustu svo að hann fái notið almennrar lögbundinnar þjónustu og aðgengis að samfélaginu.

[13:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Skömmu áður en fyrrv. félmrh., hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, lét af starfi sem ráðherra skipaði hún nefnd til að semja tillögur um hvernig treysta megi rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufdumbra til túlkunar. Þessi nefnd skilaði áliti í apríl sl. og helstu niðurstöður er að finna í nefndaráliti sem hér gefst því miður ekki tími til að gera grein fyrir í heild sinni en þar kemur m.a. fram eftirfarandi og vitna ég þá í nefndarálitið, með leyfi forseta.

„Heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir hafa átt í erfiðleikum með að njóta almennrar þjónustu. Opinberar stofnanir hafa litið svo á að það væri ekki í þeirra verkahring að sjá fyrir túlkun og ekki hefur verið brugðist við þessari þörf með heildarlagasetningu varðandi túlkun. Réttur heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til túlkunar er ekki nægilega tryggður þar sem hvergi er beinlínis sagt hverjum er skylt að greiða túlkunina. Þetta á við um samskipti við ýmsa opinbera aðila eins og t.d. heimilislækna, göngudeildir sjúkrahúsa, skóla vegna t.d. foreldrafunda, fræðsluskrifstofur eða aðrar opinberar stofnanir ríkis eða sveitarfélaga. Stjórnendur stofnananna halda að sér höndum og notendur þjónustunnar veigra sér við að krefjast hennar.

Nefndin lítur svo á að til þess að heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir geti notið allrar almennrar lögbundinnar þjónustu og aðgengis að íslensku samfélagi verði opinberir aðilar sem bera ábyrgð á þjónustu við einstaklinga að líta svo á að túlkaþjónusta sé hluti af þeirri þjónustu og sömuleiðis ábyrgðin á því að tryggja þann rétt og kostnað við túlkunina."

Í áliti nefndarinnar segir síðan: „Nefndin telur eðlilegt að tillögur hennar taki mið af því hvernig þróunin hefur verið á sl. árum og hver vilji löggjafans er varðandi fatlaða almennt. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðra kemur skýrt fram að tryggja eigi fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og einnig er ljóst að vilji löggjafans er að leitast verði við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum. Í samræmi við þetta leggur nefndin til að skýrt verði kveðið á um rétt til túlkunar fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda þar sem það á við í öllum almennum lögum er varða réttindi og skyldur og í lögum um málefni fatlaðra og þetta verði haft í huga við endurskoðun laga í framtíðinni."

Um spurningu númer tvö vil ég segja þetta: Það er ljóst að að skoða þarf skipulag og hlutverk Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra. Þessi stofnun heyrir undir menntmrn. og á samkvæmt lögum að annast túlkaþjónustu. Með sérstökum lögum um Samskiptamiðstöðina og greinargerð sem þeim fylgir verður ekki annað séð en með þeim hafi átt að tryggja þessum hópi fatlaðra nauðsynlega túlkaþjónustu þannig að hann fái notið aðgengis að samfélaginu. Þá er ástæða til að skoða hvernig unnt er að koma þeirri tillögu nefndarinnar í framkvæmd að opinberar stofnanir beri kostnað af túlkun vegna þjónustu sem heyrnarlausir, heyrnarskertir og daufblindir sækja til þeirra.

Fram undan er endurskoðun á lögum um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga og ákveðið hefur verið að málefni fatlaðra færist til sveitarfélaganna 1. janúar 1999. Ég tel að það sé einboðið að reyna fyrir þann tíma að koma sér niður á viðunandi framtíðarskipan á þessari túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda. Ég tel að núverandi ástand sé ekki nægilega gott og taka þurfi sérstaklega á þessu efni áður en að yfirfærslunni kemur.

[13:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur farið fram hér áður, þ.e. umræðan um stöðu og réttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ég vil láta þá skoðun mína koma fram að ég tel að það sé óhjákvæmilegt að lög verði sett um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ég tel að með því móti verði best tryggður réttur þess fólks sem býr við heyrnarleysi. Það hefur margoft verið rætt og bak við þessa fullyrðingu búa m.a. niðurstöður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og Háskóla Íslands og framhaldsskólanna í þessum málum þar sem farið hefur verið yfir málin með miklum myndarskap. Ég tel að við séum núna komin að því að setja slík ákvæði í löggjöf landsins og þar með eigi þessir þættir að vera tryggðir. Þess vegna skiptir miklu máli að mínu mati að menntmrn. hafi einnig myndarlega forustu í þessum málefnum.

[13:42]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vakti máls á því í inngangsorðum mínum að vandi heyrnarlausra og klúðrið, ef maður notar það orð, við að veita þessa þjónustu byggist á því að við höfum ekki viðurkennt táknmálið. Ég tek því undir það að við eigum að lögfesta táknmálið sem mál heyrnarlausra. Þetta hefur verið gert í sumum nágrannalöndum okkar og rekin er túlkaþjónusta a.m.k. bæði í Danmörku og Svíþjóð. Réttur heyrnarlausra er festur sem réttur annarra minnihlutahópa í stjórnarskrá Finnlands, ef ég man rétt.

Eftir svörum hæstv. félmrh. að dæma er staðan í raun og veru nákvæmlega sú sama í dag og fyrir tveimur árum þegar ég kom í félmrn. og reyndi að hreyfa við þessu brýna máli að öðru leyti en því að frá því í apríl hafa legið fyrir tillögur nefndar sem fjallaði um hvernig mætti skipa þessum málum til framtíðar. Ég er mjög ósátt við það ef félmrh. veitir engar upplýsingar um hvernig hann ætlar að halda á þessum málum þar sem upplýst hefur verið að túlkaþjónustan verður ekki kostuð með sama hætti og áður sem var millibilsástand sem bráðabirgðalausn meðan reynt var að finna leið til framtíðar.

Ég þekki það mjög vel að þessum málum var í raun ýtt út úr endurskoðun laganna um málefni fatlaðra fyrir fimm árum vegna þess að Samskiptamiðstöðin var ný og þessi mál áttu að heyra þar undir, en hins vegar hefur það verið takmarkað hvernig Samskiptamiðstöðin hefur getað tryggt heyrnarlausum þann rétt sem brýnt er. Það er ekki nógu gott að félmrn. geti ýtt þessum vanda yfir á menntmrn. af því að þar er Samskiptamiðstöðin vistuð og síðan geti Samskiptamiðstöðin eða þeir sem með hana véla bent á að ekki séu meiri kröfur en lögin þar segja til um. Þessi mál eru í óefni, virðulegi forseti, og ég óska eftir því að hæstv. félmrh. upplýsi þingið betur um hvað hann hyggst gera í þessum málum.

[13:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Vandinn er m.a. sá að þarna þarf að koma til samvinna ráðuneyta. Ég tel að það hefði verið athugandi að setja Samskiptamiðstöðina undir félmrn. og þá hefði þetta verið auðveldara viðfangs. Það var ekki mér að kenna að sú skipan var ekki valin. Það er ekki sama staða og var fyrir tveimur árum í þessu máli því það hefur verið unnið að málinu og fyrir liggur nefndarálit sem unnið verður eftir. Það er minn vilji að reyna að finna viðunandi frambúðarlausn á þessu máli. En ég er ekki með tiltækar skýrari tillögur um það á þessu stigi en raun ber vitni.

Ég endurtek að þetta mál er ekki nægilega vel leyst og ég vil vinna að lausn þess.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég er mjög ánægð með að hæstv. félmrh. ætlar að reyna að finna framtíðarlausn en það skiptir mjög miklu máli að þeirri úrlausn sem hefur fengist með þessu takmarkaða fjármagni verði haldið áfram. Því spyr ég ráðherrann: Mun hann veita fjármagn til áframhaldandi túlkaþjónustu meðan hann finnur framtíðarlausnina? Ég tek undir að það hefði ef til vill átt að skoða hvar Samskiptamiðstöðin var vistuð miðað við hvernig þróun mála hefur orðið. En við skulum ekki gleyma því að þar hefur verið unnið mikilvægt og feikilega þarft starf. Við skulum ekki á nokkurn hátt gera lítið úr þeirri þjónustu því hún er eitt það mikilvægasta sem gerst hefur í málaflokki heyrnarlausra. En þetta var vilji Alþingis á þeim tíma og var orðin staðreynd áður en endurskoðun laganna fyrir fimm árum fór fram og hafði kannski áhrif á þróunina í framhaldi. En Samskiptamiðstöðin er gott mál og ég bið ráðherrana að skoða þetta sín á milli.

[13:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki hér og nú að gefa fyrirheit um fjárveitingar til verkefnisins. En að sjálfsögðu munum við reyna að leysa úr bráðum vanda sem kann að skapast og reyna að finna til þess fjármuni. Hitt er annað mál, eins og komið hefur fram, að ekki er sérmerkt fjárveiting á fjárlögum til þessa verkefnis.

Framhaldsnám fatlaðra.

Fsp. ÁÞ, 221. mál. — Þskj. 286.

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ber fram þessa fsp. til hæstv. menntmrh. sem er sett fram af Ástu B. Þorsteinsdóttur. Ég mæli fyrir fsp. í hennar stað. Hún er í átta liðum svo ég mun ekki lesa hana upp en fyrst og fremst gera grein fyrir hvers vegna þessar spurningar eru settar fram.

Ég vil taka fram að eitt af því mikilvægasta fyrir ungt fólk til undirbúnings fullorðinsáranna og til að takast á við líf og störf í lýðræðisríki er að afla sér staðgóðrar menntunar. Íslenskt menntakerfi hefur verið nokkuð mikið til umræðu á undanförnum missirum og þá fyrst og fremst vegna samanburðar á námsárangri. Það hefur enn fremur verið nokkurt áhyggjuefni hversu hátt brottfall nemenda í íslenskum framhaldsskólum er á fyrsta ári framhaldsskólans. Svo virðist sem allt að helmingur þeirra sem innritast í framhaldsskóla landsins falli frá námi strax á fyrsta ári. Þörf fyrir sérkennslu og sérstakan stuðning við nemendur í framhaldsskólum landsins, sem eiga við námserfiðleika eða félagslegan vanda að etja, hefur farið vaxandi. Það er sérstakt mál sem brýn þörf er á að gefa sérstakan gaum.

Með þessari fsp. er gerð tilraun til að fá upplýsingar um hvernig þeir nemendur, sem eru skilgreindir sem fatlaðir í samræmi við lög um málefni fatlaðra, standa að vígi innan framhaldsskóla landsins. Með tilliti til uppsetningar fsp. hefði e.t.v. verið hentugra að fá skriflegt svar þar sem fsp. kallar á tölulegar upplýsingar en það er jafnframt þýðingarmikið að ræða málefni fatlaðra nemenda eins og hér er gert.

Ótvíræður réttur fatlaðra til að stunda nám á framhaldsskólastigi var lögfestur árið 1986 með lögum um framhaldsskóla. Fram að því höfðu fatlaðir ekki nema með einstökum undantekningum átt þess kost að stunda nám í framhaldsskólum landsins og þar með njóta sambærilegrar menntunar á við ófatlaða jafnaldra sína.

Á þessu tíu ára tímabili sem liðið er frá setningu laganna hafa ýmsar mjög merkar tilraunir verið gerðar í nokkrum framhaldsskólum til að bjóða fötluðum nám og ber það vott um framsækni og metnað sem vert er að gefa gaum. Nægir þar að benda á starfsnám fyrir þroskahefta sem Iðnskólinn í Reykjavík hefur haft í boði og merkt starf Menntaskólans við Hamrahlíð sem hefur verið frumkvöðull í menntunarmálum fatlaðra á Íslandi og þó víðar væri leitað enda nýlega veitt silfurverðlaun Helios-áætlunar Evrópusambandsins. En um leið verður ekki hjá því komist að staldra við og spyrja hvort nám á framhaldsskólastigi standi fötluðum nemendum almennt til boða þegar þeir ljúka grunnskólanámi eða hvort það sé ef til vill almenna reglan að þeim bjóðist lítið sem ekkert nám eftir að 16 ára aldri er náð á meðan ófatlaðir jafnaldrar þeirra eiga eftir allt að áratug þar til námi þeirra lýkur. Ef svo er eru þessir tveir hópar ungmenna mjög misvel undir líf og störf fullorðinsáranna búnir.

Í því samhengi er rétt að hafa í huga að möguleikar fatlaðra til menntunar og starfa eru aðeins að hluta háðir fötluninni. Lífsgæði þeirra eru ekki síður undir þeim viðhorfum

og vilja samfélagsins komin og þeim vaxtarskilyrðum sem það býr þeim. Því er rétt nú rúmum áratug eftir að réttur þeirra til framhaldsskólanáms var lögfestur að staldra við og spyrja hver staðan er og hvort fatlaðir nemendur sitji í reynd við sama borð og ófatlaðir jafnaldrar þeirra hvað varðar framhaldsnám og fullorðinsfræðslu.

Spurningarnar sem bornar eru fram í fsp. eru í átta liðum og eru mjög víðtækar. Mig langar að nefna nokkrar staðreyndir sem eru grunnurinn að þeim. Um það bil 2% af nemendum í hverjum árgangi eru með einhvers konar greindarfötlun. Samkvæmt rannsóknum má áætla fjölda þeirra sem greindir eru fatlaðir í hverjum árgangi á eftirfarandi hátt: 2–3 heyrnarlausir, 10–15 fjölfatlaðir, 1–2 blindir, 5–6 mjög hreyfihamlaðir og 2–3 einhverfir, 15–20 greindarskertir eða samtals allt að 30 í hverjum árgangi. Það verður að hafa í huga að stórir hópar í árgöngum undanfarinna ára hafa að mjög litlu leyti átt kost á framhaldsskólanámi. Nefnd á vegum menntmrn. hefur unnið að tillögum um úrbætur fyrir fatlaða í framhaldsskólum og tillögum var skilað vorið 1995 og þá lagt til að þrír skólar yrðu skilgreindir sem kennslu- og ráðgjafarmiðstöðvar sem mundu rúmast inni í hugmyndum um kjarnaskóla. Menntaskólinn við Hamrahlíð, Iðnskólinn í Reykjavík og að öllum líkindum Borgarholtsskóli. Þeir eiga að vera ráðgefandi fyrir aðra skóla að sinna kennslu fatlaðra. Þá lagði nefndin enn fremur til að framhaldsskólanám fatlaðra skyldi aldrei vera styttra en nám annarra nemenda og hafa skilgreint upphaf og endi. Ég spyr hvað líður þessu máli og hvað líður því að Borgarholtsskóli fái þetta hlutverk?

[13:54]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér eru átta spurningar sem verður svarað og verð ég því að fara hratt yfir sögu.

„Hversu margir nemendur luku grunnskólaprófi vorið 1996?"

Samkvæmt upplýsingum frá grunnskólum voru 4.422 nemendur í 10. bekk grunnskóla skólaárið 1995–1996. Auk þess voru 34 nemendur í 10. bekk í sérskólum ríkisins þetta skólaár. Sumir þeirra útskrifuðust úr grunnskóla en aðrir halda áfram innan sérskólanna í grunnskólanám í vetur. Um það bil 96% nemenda í 10. bekk grunnskóla taka samræmdu prófin í lok grunnskóla. Nemendur í sérskólum og ýmsir nemendur í sérdeildum fá undanþágu frá samræmdum prófum. Þeir útskrifast engu að síður úr grunnskóla en fá einungis vitnisburð frá viðkomandi skóla.

„Hversu margir nemendur hófu nám í framhaldsskólum landsins haustið 1996?"

Ekki liggur enn þá fyrir hve margir nemendur hófu nám við framhaldsskóla landsins sl. haust. Nýjustu tölur frá nemendaskrá Hagstofunnar eru fyrir haustið 1995 en þá hófu 3.951 nemandi nám í framhaldsskólum eða 88,3% af árgangi.

„Hvert er meðaltal kennslustunda á viku tvö fyrstu ár framhaldsskólans?"

Mjög erfitt er að gefa upp nákvæmlega hvert meðaltal kennslustunda er á fyrstu tveimur árum framhaldsskólans. Nemendur áfangaskóla geta valið sjálfir hvað mikið nám þeir taka innan vissra marka en ætla má að kennslustundafjöldi nemenda sé 32–36 stundir á viku.

„Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra, luku grunnskólanámi vorið 1996?"

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, eiga þeir nemendur rétt á þjónustu sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Síðan eru taldir upp ýmsir flokkar fötlunar í lögunum og í svarinu verður miðað við þá flokka. Þannig flokkast flestir nemendur í sérdeildum grunnskóla ekki sem fatlaðir þótt þeir þurfi margir umtalsverða þjónustu vegna náms, félags- eða tilfinningalegra örðugleika og stunda nám samkvæmt einstaklingsnámskrá. Einnig eru ýmsir nemendur í almennum skólum sem eru hreyfihamlaðir að einhverju leyti en ekki liggja fyrir upplýsingar í ráðuneytinu um alla þá sem útskrifuðust hreyfihamlaðir sl. vor úr grunnskóla. Auk þess má nefna að í Reykjavík eru skólaárið 1996–1997 85 nemendur í sérdeildum og sérskólum í svokölluðu fjölnámi í 10. bekk sem ekki teljast fatlaðir en þurfa sérstakan stuðning í námi í grunnskóla og einnig að loknu grunnskólanámi. Því er ljóst að upplýsingar um fjölda fatlaðra nemenda sem luku grunnskólanámi vorið 1996 eru ekki tæmandi.

Fjöldi fatlaðra sem lauk grunnskólanámi vorið 1996: Samtals er vitað um 33 nemendur sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra og luku grunnskólanámi vorið 1996. Upplýsingar um hreyfihamlaða eru af skornum skammti og einnig eru ýmsir nemendur á mörkum þess að flokkast samkvæmt áðurnefndum lögum. Hreyfihamlaðir eru tveir í sérdeild hreyfihamlaðra í Hlíðaskóla en ýmsir hreyfihamlaðir stunda nám í almennum skólum en ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra.

Blindir eða sjónskertir: Einn í blindradeild Álftamýrarskóla. Ekki eru fleiri taldir blindir eða sjónskertir á landinu sem luku grunnskólanámi vorið 1996.

Heyrnarlausir: Tveir í Vesturhlíðarskóla. Ekki fleiri á landinu sem útskrifuðust.

Heyrnarskertir: Ellefu úr almennum grunnskólum.

Geðfatlaðir: Enginn nemandi úr sérdeildum einhverfra. Ekki er vitað um neinn á landinu.

Þroskahömlun: Vitað er um 16 úr sérskólum og einn úr almennum grunnskóla. Frekari upplýsingar liggja ekki fyrir.

„Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra, hófu nám á framhaldsskólastigi haustið 1996?"

Samkvæmt upplýsingum framhaldsskólanna hófu 53 fatlaðir nemendur nám haustið 1996. Auk þess hófu 11 nemendur nám í starfsdeild Öskjuhlíðarskóla að loknum 10. bekk vorið 1996.

„Hvert er meðaltal kennslustunda sem fatlaðir nemendur fá á viku í framhaldsskólum?"

Ekki liggur fyrir hvað fatlaðir nemendur sækja margar kennslustundir að meðaltali á viku í framhaldsskólum. Samkvæmt upplýsingum framhaldsskólanna er það mjög mismunandi eins og hjá ófötluðum nemendum.

„Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir og luku grunnskólanámi 1996, eru í námi í fullorðinsfræðslu? Hvert er meðaltal kennslustunda sem þeir nemendur fá á viku?"

Samkvæmt upplýsingum frá fullorðinsfræðslu fatlaðra hófu níu nemendur nám í haust. Þessir nemendur eru 18 ára eða eldri og koma úr starfsdeildum Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Nemendur fá 12 kennslustundir á viku.

„Verða settar á stofn starfsnámsbrautir fyrir fatlaða nemendur við Borgarholtsskóla í Reykjavík eins og lofað var og þá hvenær? Hvert verður skipulag og lengd þess náms?"

Þessi kennsla í Borgarholtsskólanum hófst núna eftir áramótin og nemendur eru sjö til átta til að byrja með. Unnið

er að skipulagningu brautarinnar og verður hún mörkuð með því starfi sem nú er hafið. Gert er ráð fyrir að á vorönn verði nemendur 25 kennslustundir í skóla fyrir hádegi og 10 stundir í vinnu eftir hádegi. Gert er ráð fyrir að hver nemandi verði með sérstaka námskrá.

[13:59]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög erfitt að leggja mat á þessi svör hæstv. ráðherra og ég þakka fyrir svörin. Þau virka nokkuð ítarleg en þó kemur fram í máli hans að í sumum tilfellum er mjög erfitt að svara spurningu, eins og t.d. fjórðu spurningunni: „Hversu margir nemendur, sem eru fatlaðir samkvæmt skilgreiningu laga um málefni fatlaðra, luku grunnskólanámi vorið 1996?" Það er því greinilegt að það er nokkuð erfitt að meta stöðu mála. Það er í fljótu bragði að sjá sem að nokkuð margir hafi hafið nám á framhaldsskólastigi haustið 1996 miðað við 30 í árgangi eins og sú skilgreining var sem ég las hér upp, þó hún sé trúlega önnur en sú sem ráðherrann taldi upp undir 4. lið. Ég mun því að sjálfsögðu eftir að ég fæ útskrifaða ræðu ráðherrans fara yfir það hvað þessi svör kalla á. Það hefur verið þannig að nemendum Öskjuhlíðarskóla hefur í mörgum tilvikum verið boðið upp á tveggja ára starfsnám að loknu skyldunámi en sú heimild hefur verið felld úr lögum. Það hefur kallað á að það þyrfti að brúa millibilsástand sem skapast hjá þessum nemendum, bjóða þeim nám við hæfi og af sama magni og öðrum. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hafa þeir nemendur sem útskrifast úr Safamýrarskóla á vorönn ekki fengið tilboð um framhaldsskólanám. Þeir sækja nokkrar stundir á viku í fullorðinsfræðslu en samkvæmt skilningi laganna er fullorðinsfræðsla viðbótarnám eða tilboð sem ekki er hægt að bera saman við framhaldsskólanám. Það eru fremur fáir tímar sem nemendur fá, hámark tólf tímar á viku en langalgengast er fjórir til átta tímar. Þetta segir mér að þrátt fyrir að svar ráðherrans virki jákvætt og ítarlegt þá þarf að skoða þessi mál mun betur. Ég kalla eftir því hvort ráðherrann getur veitt einhverjar frekari upplýsingar í þessu máli.

Frjálst námsval milli Norðurlanda.

Fsp. SJóh, 222. mál. — Þskj. 287.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Í september sl. undirskrifuðu menntamálaráðherrar Norðurlanda samkomulag um frjálst námsval á Norðurlöndum. Ég rakst í norsku blaði á viðtal við norska menntamálaráðherrann þar sem hann er að lýsa þessum samningi sem virðist hafa verið gerður einkum að kröfu Dana þar sem þeir veittu margfalt fleiri Norðurlandabúum skólavist en þeir sendu til náms til annarra landa. Finnar og Norðmenn höfðu lengst af staðið gegn slíku samkomulagi enda hallar mjög á þá í þessum efnum. Á aðild Íslendinga að þessum málum er ekkert minnst í umræddu viðtali annað en að tekið er fram að allir ráðherrar norrænu ríkjanna hafi undirritað samninginn.

Nú vitum við að mjög margir Íslendingar hafa á undanförnum árum stundað nám á Norðurlöndum enda eru þar fjölmargar námsbrautir í boði sem ekki eru kenndar hér á landi og skólanám á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku, hefur verið mjög aðgengilegt fyrir Íslendinga vegna þeirrar undirstöðu sem við höfum í norrænum málum og þeirrar sérstöku velvildar sem við höfum yfirleitt notið þar um slóðir. Við höfum átt vísa skólavist fyrir tiltekinn fjölda námsmanna í ákveðnum skólum, svo sem kennaraháskólum, landbúnaðarháskólum og dýralæknaskólum. En hætta er á að þegar þessi samningur tekur gildi raskist slíkir kvótar nema sérstaklega hafi verið um þá samið og því spyr ég:

Eru Íslendingar aðilar að þessum samningi, fullgildir aðilar? Ef svo er, er þá byrjað að vinna eftir honum?

Hversu háa upphæð á ríkið að greiða á ári með hverjum námsmanni?

Er þarna um að ræða ótiltekinn fjölda námsmanna eða er á þessu einhver fjöldatakmörkun, og eru þá uppi einhverjar áætlanir um hverjir skuli eiga rétt á skólavist?

[14:05]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. les norsk blöð vel og aflar sér upplýsinga um menntamál þaðan. Ef hv. þm. hefði lesið íslensk blöð um sama leyti þá hefði hann komist að hinu sanna um þetta mál því það var skýrt frá því nákvæmlega hvernig Íslendingar standa að þessu en mér er ljúft að svara þessum fyrirspurnum.

„1. Eru Íslendingar aðilar að samningi um frjálst námsval milli Norðurlanda sem undirritaður var af menntamálaráðherrum Norðurlanda síðasta haust? Ef svo er, er þegar byrjað að vinna eftir honum?"

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands undirritaði ég samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um aðgang að æðri menntun í Kaupmannahöfn 3. sept. sl. Þetta er væntanlega samningurinn sem fyrirspyrjandi óskar upplýsinga um. Samningur þessi tók gildi nú um áramótin og hefur verið unnið eftir honum í nokkrar vikur. Á samninginn mun fyrst reyna við innritun nemenda fyrir háskólaárið 1997–1998 en hún fer fram á Norðurlöndunum nú í vor.

„2. Hversu háa upphæð á ríkið að borga á ári með hverjum námsmanni?"

Á samningstímanum sem er þrjú ár greiðir íslenska ríkið ekkert fyrir námsmenn sem fara héðan til náms við háskóla á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt 7. gr. samningsins skulu Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð greiða fyrir hvert almanaksár bætur til móttökulandsins fyrir sína námsmenn er stunda nám í öðru Norðurlandaríki. Þetta ákvæði gildir ekki um Ísland.

Þess má geta að þátttaka okkar í greiðslukerfinu hefði væntanlega haft í för með sér um 100 millj. kr. kostnað á ári þessi þrjú ár sem samningurinn á að gilda. Þegar ríkisstjórnin samþykkti aðild okkar að samningnum í ágúst sl. var ákveðið að á samningstímanum verði metið hvort hagsmunum Íslands af samningnum yrði betur borgið með þátttöku okkar í greiðslukerfinu. Þetta er ákveðið reynslutímabil og full ástæða til að vega og meta stöðu samningsins sem hluta af okkar utanríkissamskiptum í heild áður en tímabilinu lýkur.

„3. Er fjöldi námsmanna ótiltekinn eða takmarkaður? Ef hann er takmarkaður, hafa verið gerðar einhverjar áætlanir um hverjir skuli eiga rétt á slíkri skólavist?"

Fjöldi námsmanna sem farið geta milli Norðurlandanna samkvæmt samningnum er ekki takmarkaður og þar af leiðandi hafa ekki verið gerðar áætlanir um hverjir skuli eiga rétt á skólavist.

Í 1. gr. samningsins segir m.a., með leyfi forseta: „Aðilar skuldbinda sig til að veita umsækjendum sem búsettir eru í öðru Norðurlandaríki inngöngu í æðri menntastofnanir á

vegum opinberra aðila, hver í sínu landi, með sömu eða sambærilegum skilyrðum og gilda fyrir umsækjendur frá eigin landi."

Meginatriði málsins er það sem fram kom þegar þessi samningur var undirritaður og þegar hann var kynntur í haust að Íslendingar eru í sjálfu sér ekki þátttakendur í þessu gagnkvæma greiðslukerfi. Við stöndum þar fyrir utan. Samningurinn takmarkar alls ekki rétt íslenskra námsmanna til þess að sækja nám í háskólum annars staðar á Norðurlöndunum og ríkisstjórnin ætlar að nota gildistíma samningsins sem er þrjú ár frá síðustu áramótum til þess að meta stöðuna og kanna þá hvaða afstaða verður tekin þegar samningstímabilið rennur út.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör. Ég verð að biðja afsökunar á að ég er ekki nógu ákafur lesandi íslenskra blaða. Ég hefði nú talið að þetta væri nú kannski það síðasta sem ég þyrfti að biðjast afsökunar á því mínu heimilisfólki þykir ég alltaf liggja í blöðum. En ég sá hvergi umfjöllun um þetta mál. Ég verð að lýsa áhyggjum mínum um hvað koma skal í þessum málum. Mér finnst ekki sérlega hugguleg tilhugsun að standa utan við það sem aðrir þurfa að gera, eins og þurfalingur, á sama tíma og við eigum í viðkvæmum deilum við viðkomandi lönd, t.d. við Norðmenn um Smuguna. Og ýmislegt hefur nú lagst til í gegnum árin sem við höfum þurft að hnotabítast við Dani um, samanber nú þegar opnast hefur á innflutning landbúnaðarafurða og við leyfum okkur að neita að flytja inn danskt svínakjöt og kjúklinga og særum þar með þjóðarstolt Dana svo um munar.

En ég legg til að þegar þessum þriggja ára samningstíma lýkur sem menntmrh. lýsti hér, þá gerumst við aðilar að þessum samningi með sömu skilyrðum og aðrir Norðurlandabúar. Mér finnst mjög niðurlægjandi að við stöndum utan við þetta og mér finnst upphæðin ekki vera slík þó að við þurfum að greiða, eins og nemendafjölda er núna háttað, 100 milljónir þá finnst mér það ekki vera það mikið — a.m.k. ef miðað er við það að við þyrftum að mennta þetta fólk hér á landi og fara að setja upp sérstakar námsbrautir, þá mundi kostnaðurinn auðvitað verða margfaldur á við þetta.

[14:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins segja um þessi atriði að mér finnst nú óþarfi að draga Smugudeilur eða innflutning á svínakjöti inn í þetta mál og telja að íslenskum námsmönnum verði meinaður aðgangur að skólum í Noregi eða Danmörku vegna deilna um slík mál þótt við séum ekki aðilar að greiðslukerfi samkvæmt þessum samningi. Auðvitað er aldrei hægt að útiloka það og væri einnig hægt að gera það þótt við værum aðilar að þessum þætti samningsins ef menn kysu svo. En norrænt samstarf byggist nú á öðru en því að tengja mál saman á þann hátt sem hv. þm. ýjaði að. Það var ákveðið strax í upphafi af Norðurlandaþjóðunum öllum, og við komum þar ekki fram sem neinir þurfalingar, að meðan þetta kerfi yrði reynt og eins og um hnúta er búið þá yrðu Íslendingar ekki aðilar að því. Það er ákvörðun þessara ríkja sem að samningnum standa auk okkar. Við vorum alls ekki neinir beiningamenn í þessu máli. Þetta var ákvörðun sem lá fyrir þegar ég tók við störfum sem menntmrh. og ég sá enga ástæðu til þess að hrófla við henni. En eins og ég segi þá liggur fyrir að ríkisstjórnin mótaði þá stefnu með aðildinni og hún útilokar að sjálfsögðu ekki að við gerumst fullir aðilar að þessu með greiðsluskyldu þegar fram líða stundir og ef þannig verkast vill. En það er ekki vegna þess að við séum þurfalingar sem þetta mál er svona vaxið.

[14:12]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að við svar við fyrirspurnum leyfist þingmönnum einungis að tala tvisvar, þ.e. frummælandi má mæla fyrir fyrirspurninni og taka síðan einu sinni til máls síðar en aðrir þingmenn geta komið með stutta athugasemd. Ég brá að vísu út af þessari reglu hér áðan vegna þess að ég var búinn að gefa hv. þm. sem í hlut átti orðið áður en ég áttaði mig á þessu. En ég held við verðum að halda okkur við þessa reglu og ég lít því svo á að þessari umræðu sé lokið.

Smáfiskaskiljur.

Fsp. ArnbS, 207. mál. — Þskj. 246.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Mikil umræða hefur átt sér stað um umgengni við auðlindir sjávar á undanförnum missirum og þá séstaklega svokallað smáfiskadráp. Menn hafa gjarnan tengt þetta umræðunni um fiskveiðistjórnarkerfi en sem betur fer hefur að undanförnu verið hugað nokkuð að því hvort hægt er að bæta úr með bættum eða breyttum veiðarfærum. Umræða um smáfiskaskilju hefur farið vaxandi og áhugi á notkun hennar vaxið dag frá degi. Smáfiskaskiljan hefur verið notuð í Noregi nokkur undanfarin ár og hefur gefið góða raun. Tilraunir með skiljuna hófust haustið 1989 við sjávarútvegsháskólann í Tromsö. Við þær tilraunir starfaði m.a. Jón Einar Jónsson sem nú rekur Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar í Neskaupstað og höfum við Íslendingar því fengið þar nokkra reynslu af þeim tilraunum.

Vorið 1993 var svo komið að 13 norskir togarar voru farnir að nota skiljuna en þeir fengu leyfi til þess að veiða á svæðum sem hafði verið lokað vegna of mikils smáfisks. Ljóst er að reynsla Norðmanna af notkun smáfiskaskiljunnar hefur verið mjög góð og að um 90% af undirmálsfiski skiljast úr botnvörpunni. Árangurinn sem Norðmenn hafa náð með notkun hennar hefur leitt til þess að nú er svo komið að Norðmenn og Rússar hafa lögleitt notkun skiljunnar í lögsögu sinni frá 1. janúar sl.

Ljóst er að skiljur sem þessar auka tækifæri til þess að stjórna stærðarsamsetningu aflans og svo til þess að koma í veg fyrir of mikinn afla og því ætti freistingin til að henda fiski fyrir borð að vera úr sögunni. Einnig hafa menn séð mikinn hag í því að veiða með þessi veiðarfæri þar sem stærðarflokkunin fer fram neðan sjávar og menn losna þá við að taka um borð of mikinn smáfisk og aukaafla og verðmæti fisksins eykst því. Síldarvinnslan í Neskaupstað og Hafró hafa verið í samstarfi um tilraunir með notkun á smáfiskaskilju af þessari norsku tegund. Birgir Sigurjónsson, skipstjóri á Bjarti NK, hefur í samstarfi við Guðna Þorsteinsson hjá Hafró gert tilraunir og mælingar með notkun á skiljunni og hafa þær gefið mjög góða raun. Þær tilraunir hafa aðallega verið með ýsu og þorsk og hefur áhugi þeirra sérstaklega beinst að þeim tegundum. Það er mjög ákveðið

álit Birgis og fleiri skipstjóra sem hafa notað smáfiskaskiljuna að hún gefi mjög góða raun og tími sé kominn til að nýta reynslu Norðmanna og þá reynslu sem hefur fengist hér og það beri almennt að taka smáfiskaskilju í notkun á íslenska fiskiskipaflotanum.

Auðvitað hafa menn alltaf mismunandi skoðanir á nýjungum en það er hægt að vitna til reynslu manna hérlendis við notkun á seiðaskilju við rækjuveiðar sem hafa gefið mjög góða raun. Þar tóku menn nýjungum mjög vel og hafa notað seiðaskiljuna með góðum árangri.

Það má hugsa sér tvær leiðir. Annars vegar er að lögleiða smáfiskaskiljuna alfarið eins og Norðmenn og Rússar hafa gert. Eða hins vegar að opna tiltekin friðunar- og reglugerðarsvæði fyrir þeim skipum sem nota smáfiskaskilju.

Ég spyr því hæstv. sjútvrh.:

Hver hefur þróunin verið í rannsóknum og tilraunum með smáfiskaskiljur hér á landi?

Telur ráðherrann að fyrir hendi séu skilyrði til þess að lögleiða smáfiskaskiljur eða að loka ákveðnum svæðum fyrir togveiðum ef smáfiskaskilja er ekki notuð?

[14:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er sú gerð smáfiskaskilju sem mest reynsla er komin á norsk uppfinning. Tilraunir hér á landi með slíka skilju hófust árið 1992 og hafa staðið yfir með hléum. Þessar tilraunir hafa einkum farið fram um borð í Bjarti NK en skipstjóri þess skips, Birgir Sigurjónsson, hefur sýnt þessum tilraunum mikinn áhuga.

Niðurstöður tilraunanna hér á landi eru í stuttu máli þær að verulega má draga úr veiði smáþorsks og smáýsu með því að nota skilju í vörpunni. Hluti smáfisks undir þeim viðmiðunarmörkum sem gilda um skyndilokanir getur minnkað um 15–20% þegar mikið er um smáfisk. Hins vegar hefur ekki gefist tækifæri til þess að reyna smáfiskaskilju við veiðar á ufsa, karfa og grálúðu að neinu marki. En þó bendir ýmislegt til að skiljan henti síður á karfa en þorsk og ýsu. Hins vegar liggur fyrir að um það bil 85% af kolategundum sleppa út um skiljuna.

Ljóst er að hiklaust má mæla með notkun skilju við veiðar á þorski og ýsu en frekari þörf er á rannsóknum varðandi aðrar fisktegundir, einkum karfa, t.d. með tilliti til hvaða rimlabil sé heppilegt í skiljunni og er stefnt að því að slíkar tilraunir fari fram nú í vor.

Ég óskaði eftir því á sl. hausti að samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, sem starfar með ráðuneytinu um bætta umgengni um fiskimiðin, fjallaði sérstaklega um þetta álitaefni. Ég fékk bréf frá nefndinni með niðurstöðum hennar 19. desember, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að hvetja eigi til notkunar smáfiskaskilju. Því er ekki tímabært að lögbinda notkun skiljunnar. Hins vegar er æskilegt að opna einhver lokuð veiðisvæði fyrir þau togskip sem nota skiljur. Við leggjum þó áherslu á að ekki verði opnuð hólf þar sem lítið er af öðrum tegundum en þorski, enda er það þarflaust að svo stöddu þar sem vandalaust er að veiða þorskkvótann á slóðum þar sem lítið er um smáfisk. Við teljum að kanna beri lokuð hólf á Breiðadalsgrunni og þar í kring þar sem þar er oft ýsu að fá. Sömuleiðis kemur til greina að opna Hornbankahólfið á haustdögum fyrir skip sem nota skilju til þess að veiða ýsu sem þar er oft innan um þorsk. Verði mikið um smáfisk af þorski og ýsu er æskilegt að setja á nýjar reglugerðarlokanir sem ekki gildi fyrir skip með smáfiskaskilju. Slíkt mundi að sjálfsögðu flýta mjög fyrir almennri notkun skiljunnar, t.d. við ýsuveiðar á Selvogsbanka snemma vors.

Ekki er æskilegt að gera þær breytingar á reglum sem skapað geta hvata til aukinna skyndilokana í stað lokana til lengri tíma. Engu að síður telur nefndin rétt í tilraunaskyni að hvetja til aukinnar notkunar smáfiskaskilju á þann hátt að togskip með skilju verði undanþegin skyndilokunum þegar hlutfall smáfisks í afla með skilju er undir núgildandi viðmiðunarmörkum.

Nefndin telur að ekki eigi að opna helstu smáfiskasvæði á uppeldisstöðum nytjafiska þar sem seiði taka botn og halda sig fyrstu ár æviskeiðisins. Nánari lýsing slíkra svæða verði gerð sem allra fyrst."

Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti fallist á þær leiðbeinandi tillögur sem hér hafa verið gerðar af hálfu umgengnisnefndarinnar. Tilraunum verður haldið áfram og hefur verið ákveðið að kanna hvort ekki sé unnt að opna einhver friðunarsvæði fyrir togveiðar með skilju. Sú könnun stendur nú yfir. Ég geri síðan ráð fyrir því að fyrir lok þessa árs verði hægt að taka ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti skilja yrði lögbundin við veiðar hér á landi.

[14:21]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði áðan að um það bil 90% af undirmálsfiski mundi skiljast út með notkun smáfiskaskilju. Það má vera rétt. Hins vegar hef ég haft spurnir af rannsóknum þar sem sagt er að mjög hátt hlutfall af þeim undirmálsfiski sem fer í gegn drepist engu að síður og það séu kanadískar rannsóknir sem sýni þetta. Ég hef einungis haft spurnir af þessu. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál ef það er rétt að smái fiskurinn síst út en drepist engu að síður. Það yrði því afar varasamt að opna friðuð svæði ef þetta væri rétt. Því langar mig að koma þessari athugasemd á framfæri og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann þekkir til þeirra rannsókna sem ég hef haft spurnir af.

[14:22]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir ágæt svör. Það er ljóst að það er komið af stað mikið starf sem vonandi leiðir til þess árangurs að menn sjái fyrir endann á því hvort ekki sé hægt að taka upp þessa aðferð við veiði þannig að smáfiskadrápið megi minnka eða jafnvel hverfa.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir nefndi að hugsanlega skaðist fiskurinn sem sleppur í gegnum smáfiskaskiljurnar svo mikið að hann drepist eftir að hann er kominn út í gegnum skiljuna. Ég hef rætt við bæði vísindamenn og veiðimenn sem hafa rannsakað þetta og það er þeirra skoðun að 90% og upp í 100% sleppi lifandi eftir að hafa farið í gegnum skiljuna. Ég held að það sé almennt álit manna hér að þetta sé ekki raunveruleg hætta. En auðvitað geta orðið hreisturskemmdir sem fiskurinn þolir ekki.

Ég tek undir það sem kom fram hjá ráðherranum að nauðsynlegt sé að gera rannsóknir á öðrum tegundum heldur en ýsu og þorski og þá sérstaklega karfanum því að eins og menn vita þá drepst hann vegna þrýstingsmunarins þegar búið er að draga hann upp á yfirborðið. Það er þess vegna mjög mikilsvert að gera tilraunir með skiljurnar á hreinum karfasvæðum til þess að sjá hvort ekki er mögulegt að nota karfaskilju við þær veiðar.

[14:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 4. þm. Reykn. vil ég segja að þær norsku rannsóknir sem fyrir liggja benda ekki til þess að veruleg hætta sé á því að fiskur drepist. Þær rannsóknir sem hér hafa verið gerðar benda ekki til þess að hér sé um alvarlegt vandamál að ræða. Ég þekki ekki þá kanadísku rannsókn sem hv. þm. benti á. Ég ítreka hins vegar það sem kom fram í fyrra svari mínu að ekki er ætlunin að opna alfarið þau stóru friðunarsvæði smáfisks sem ákveðin voru fyrir fáeinum árum. Það verður farið mjög varlega í þær sakir. Umgengnisnefndin bendir réttilega á að hægur vandi er að veiða þorskkvótann utan þeirra svæða. Eigi að síður tel ég að notkun skiljunnar geti bætt stórlega umgengni um fiskimiðin og dregið úr frákasti og þess vegna er það ætlun ráðuneytisins að vinna að framgangi málsins með þeim hætti sem lýst hefur verið.

Öryggi barna.

Fsp. ÖS, 252. mál. — Þskj. 442.

[14:26]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Um árabil hefur há tíðni á slysum meðal barna verið áhyggjuefni en tölur frá slysadeild og öðrum móttökum slasaðra á landinu benda til þess að árlega þurfi upp undir 20 þúsund börn á læknishjálp að halda vegna slysa. Hvað þýðir þetta, herra forseti? Það þýðir að nánast fjórða hvert barn slasast árlega. Þegar þessar slysatölur eru bornar saman við sambærilegar tölur frá hinum Norðurlöndunum kemur í ljós að hér á Íslandi eru helmingi fleiri slys á börnum heldur en t.d. í Svíþjóð. Það er ljóst að það þarf að gera allt sem hægt er til að stemma stigu við þessu.

Orsakir slysa eru margvíslegar. Við þekkjum það úr fjölmiðlum. Ég nefni það t.d. að á síðustu 13 árum hafa slys af völdum lausra eða illa frágenginna fótboltamarka leitt til þess að 30 börn hafa slasast lífshættulega við það að hanga í lausu marki og fá það ofan á sig, slasast þá á höfði eða á kvið. Ástæðan fyrir því að ég kem fram með þessa fyrirspurn er einmitt að fyrir nokkrum árum urðu slík slys tilefni mikillar umræðu í fjölmiðlum og núna í desember varð aftur slíkt slys þar sem lítil stúlka hlaut alvarlega áverka og ekki er séð fyrir hvernig því mun lykta.

Það er líka ljóst að heitt vatn veldur því að mjög stór hópur barna brennist á hverju ári. Ég nefni þar sérstaklega að ekki er gert ráð fyrir því í reglum að það sé skýrt tekið á því að hitavarar séu settir t.d. í setlaugar og það hefur valdið alvarlegum brunaslysum. Öryggismálum í sundlaugum er áfátt eins og við vitum af og fleira má nefna. Ég nefni t.d. að það er ekkert til í reglum enn þá sem varðar hönnun leikskóla og skóla og eru dæmi um að lítil börn hafi hlotið alvarlega höfuðáverka vegna þess að undirlagið þar sem börnin eru að leik og starfi er allt of hart. Menn eru með flísar og hart undirlag sem gerir það að verkum að tiltölulega lágt fall getur valdið alvarlegum skaða.

Þetta varð til þess, herra forseti, að undir lok síðasta kjörtímabils var sett af stað ákveðin vinna í umhvrn. sem fólst í því að nefnd var sett á laggir til þess að leggja til breytingar á reglugerðum sem fjölluðu um skipulag og byggingarmál, fyrst og fremst til þess að draga úr þessum slysum. Ég batt ákveðnar vonir við að hægt yrði að ljúka því áður en síðasta kjörtímabili lauk en það reyndist ekki kleift. Nú er liðinn alllangur tími frá því að þessi nefnd hóf störf og mig langaði þess vegna af því tilefni sem ég gat um hérna áðan, þ.e. þessa slyss sem varð í desember, að inna hæstv. umhvrh. eftir því hvað þessum breytingum líði og hvort ekki megi sjá fyrir endann á þessari vinnu og hvort þess sé ekki vænta alveg á næstunni að þessum reglugerðum verði breytt.

[14:30]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að þessi fyrirspurn er fram borin og eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda eru allt of tíð slys á börnum hjá okkur miðað við það sem gerist a.m.k. í sumum nágrannalöndum og löndum sem hann m.a. bar saman við það ástand sem hér hefur skapast. Það var allmikil umræða um þetta mál seint á síðasta ári, m.a. í tilefni af því nefndarstarfi sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, en starfshópur sem skipaður var af þáv. hæstv. umhvrh. á árinu 1994 fjallaði um þessi mál og skilaði áliti í lok árs 1995. Margar af tillögum nefndarinnar þarfnast lagastoðar og hefur þeim sem við eiga verið komið í frv. til skipulags- og byggingarlaga sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, sérstaklega í tengslum við eftirlit byggingarfulltrúanna. Aðrar eru til meðferðar í tengslum við reglugerð sem setja á um öryggi sund- og baðstaða og eru í vinnslu. Enn aðrar tengjast heildarendurskoðun byggingarreglugerðarinnar sem nú stendur yfir í ráðuneytinu. Ætlunin er er að gefa út nýja og endurskoðaða byggingarreglugerð strax og ný skipulags- og byggingarlög hafa verið samþykkt og með sömu gildistöku.

Nú má auðvitað spyrja hvort réttlætanlegt sé að bíða eftir þeirri heildarreglugerð ef málin eru brýn og alvarleg og hvort ekki þyrfti að koma breytingum fram. Auðvitað má skoða það. En þó standa vonir til að þetta frv. verði lögfest á þessu þingi. Ég geri mér alla vega enn vonir um að það takist. Það hefur reyndar verið von umhvrh. á þingum áður og það veit ég að hv. fyrirspyrjandi þekkir.

Að undanförnu hafa slys á börnum verið töluvert í fréttum og ekki síst slys sem tengjast boltamörkum, eins og hv. fyrirspyrjandi greindi sérstaklega frá, frágangi á byggingarstöðum og heitum pottum eða sundstöðum. Hefur verið látið að því liggja að reglur hér að lútandi séu ófullkomnar og með betri reglum hefði jafnvel verið hægt að koma í veg fyrir þessi slys. Í tilefni þessarar umræðu get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á að enginn skortur er á reglum um umrædd atriði. Sem dæmi vil ég nefna að í heilbrigðisreglugerð er ákveði sem eiga að fyrirbyggja slys eins og í baðlaugum og í leikfimissölum. Eftirlit er síðan í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd ríkisins hefur ítrekað sent heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna upplýsingar um hvernig eigi að standa að málum, m.a. með því að senda öryggisreglur svo sem um notkun setkera, sem og um öryggi við boltamörk og setlaugar. Heilbrigðiseftirlitið reynir að hafa eftirlit með þessu eftir því sem kostur er. Sérstakar reglur hafa verið settar um frágang vinnusvæða á vegum félmrn. og fer Vinnueftirlit ríkisins með framkvæmd þess eftirlits.

Reglur munu aldrei einar sér geta ekki komið í veg fyrir að slys á börnum eigi sér stað. Niðurstaðan er því sú að ekki sé skortur á reglum heldur sé frekar um að ræða sinnuleysi þeirra sem bera ábyrgð á hlutaðeigandi starfsemi og e.t.v. er ekki nægilega markvisst eftirlit með framkvæmd reglnanna þó augljóst sé að reglubundið eftirlit eitt og sér nægi ekki

heldur í þessum tilvikum ef ábyrgðaraðilarnir sjálfir hirða ekki um framkvæmd reglnanna.

Með þessu er ég ekki að segja að ekki megi betur gera af hálfu stjórnvalda. Við stöndum frammi fyrir vandamáli í tengslum við framkvæmd eftirlitsins sem fólgið er í því að margar stofnanir og aðilar eru að fást við þessi mál með einum eða öðrum hætti, ýmist á vegum sveitarfélaganna eða ríkisins. Má þarf nefna stofnanir eins og Hollustuvernd ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Skipulag ríkisins og síðan á vegum sveitarfélaganna, heilbrigðiseftirlit og byggingareftirlit.

Þegar eftirlit er jafnfjölskrúðugt og raun ber vitni er viðbúið að valdmörk séu ekki nægjanlega skýr og á því máli verður að taka. Það er þá hlutverk stjórnvalda. Ég hef því í samvinnu við hlutaðeigandi aðila kallað til fundar með Hollustuverndinni, Vinnueftirlitinu, Skipulagi ríkisins, landlækni, umboðsmanni barna og Slysavarnafélagi Íslands til þess að ræða þessi mál og er sá fundur ráðgerður í byrjun næsta mánaðar. Þar er ætlunin að ræða framkvæmd eftirlitsins, valdmörk einstakra eftirlitsaðila, hvernig hægt sé að ná eyrum ábyrgðaraðila með framkvæmdum og rekstri og hvað sé til úrbóta. Vænti ég þess að í framhaldi af þessum fundi verði hægt að taka á þeim atriðum sem ég tel miklu skipta, sem eru skýr valdmörk eftirlitsaðilanna og visst eftirlit með því að settum reglum sé framfylgt.

[14:34]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir skýr svör. Ég tel ljóst af hans máli að hann sé búinn að hugsa það út í gegn hvernig hann ætlar að hrinda þessum breytingum í framkvæmd. Hann bendir hins vegar á að það kann að vera að mögulega þyrfti að hraða vinnu við einstakar úrbætur. Ég nefni til að mynda sérstaklega fótboltamörkin sem hafa valdið mjög alvarlegum áverkum furðumargra barna á síðustu árum. Er ekki möguleiki að menn velti því fyrir sér í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum á síðustu árum að gera einhverjar sérstakar mjög brýnar breytingar á reglugerðum sem hægt er að gera án þess að breyta lögum endilega? Er ekki þörf á að hugsa það til hlítar, herra forseti?

Hæstv. umhvrh. bendir á að það hafi verið ætlunin að bíða eftir því að ný lög um skipulag og byggingar taki gildi og að í framhaldi af því verði gefin út endurskoðuð byggingarreglugerð. Ég hef auðvitað — ég segi ekki beiska reynslu, en ég hef nokkra reynslu af því að það tekur ansi langan tíma að koma í gegnum þingið jafnviðamikilli löggjöf og þar er um að ræða. Ég veit ekki hvernig sú vinna er stödd núna, en ég tel að hæstv. umhvrh. þurfi nokkra lukku yfir sér til þess að sjá það mál fara í gegnum þingið í vetur. Þess vegna beini ég því a.m.k. til umhugsunar hjá honum að hann velti fyrir sér hvort ekki sé rétt að gera einhverjar breytingar sem skjóta byttu undir a.m.k. alvarlegasta lekann.

Ég hjó líka eftir því að hæstv. umhvrh. ætlar að halda fund með öllum þeim fjölmörgu stofnunum sem koma að þessu máli og kannski er það vandinn að svo margir þurfa að koma að málinu. Ég velti því fyrir mér, getur ekki verið rétt að koma upp einhverri stöðu eins og hæstv. dómsmrh. hefur t.d. gert hjá Umferðarráði þar sem sérstakur öryggisfulltrúi fjallar um málefni barna? Er ekki rétt að koma upp einhvers konar öryggisfulltrúa eða jafnvel öryggismiðstöð barna eins og er nú farið að ryðja sér til rúms víða í nágrannalöndum?

[14:37]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vænti þess sannarlega að það takist að koma þessu margumrædda frv. í gegnum þing að þessu sinni og lögfesta. Það var fyrsta málið sem umhvrh. flutti á þinginu í haust og ég hef lagt áherslu á að það sé forgangsmál að reyna að afgreiða þetta frv. Ef ég fæ lukkulegan stuðning Alþfl. í málinu, þá vona ég að ég verði sá lukkulegi, eins og hv. fyrirspyrjandi talaði um og taldi að mér veitti líklega ekki af, að eiga einhvers staðar lukkutröll til þess að styðja mig í þessu verkefni öllu saman. (Gripið fram í.) Ég vona að þau séu sem víðast til þess að hjálpa mér í málinu og koma þessu verkefni í gegnum þingið sem sannarlega er tímabært.

En aðeins út af því sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um að hraða þeim breytingum sem e.t.v. þyrfti að gera á reglugerðum, sem við teljum þó að séu í mörgum tilfellum fyrir hendi, þá minni ég aftur á þennan fund sem til stendur að halda innan fárra daga. Þar verður að sjálfsögðu farið yfir það hvað er í veginum, eins og ég gat um áðan, varðandi framkvæmd og hvernig megi ýta við þeim þáttum sem betur megi fara og gera það þá hið allra fyrsta ef ekki vantar til þess lagaákvæði og menn telja óásættanlegt að bíða enn í óvissu eftir því hvort margumrætt frv. verður að lögum. Í framhaldi af því verði þá byggingarreglugerðin endurskoðuð og sett. Ég hef fullan vilja á því að verða við þeim ábendingum sem hv. fyrirspyrjandi hefur beint til mín í þessu efni og mun að sjálfsögðu skoða það á þessum fundi með öllum þeim aðilum sem að málinu koma og þar verða til kallaðir.

Fundi slitið kl. 14:39.

---

58. FUNDUR

miðvikudaginn 29. jan.,
að loknum 57. fundi.

Dagskrá:

1. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi, þáltill., 192. mál, þskj. 216. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Stjórnarskipunarlög, frv., 70. mál, þskj. 70. — 1. umr.

7. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 199. mál, þskj. 225. — Fyrri umr.

8. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 200. mál, þskj. 226. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.
Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.

[14:40]

Útbýting þingskjala:

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, 267. mál, þáltill. GMS, þskj. 519.

Fasteignir í eigu banka og sparisjóða, 205. mál, svar viðskrh., þskj. 510.

Framkvæmd búvörusamnings, 236. mál, svar landbrh., þskj. 512.

Háskólaþing, 265. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 517.

Heildarafli á Íslandsmiðum, 273. mál, fsp. EKG, þskj. 526.

Innstæður í ríkisbönkum, 206. mál, svar viðskrh., þskj. 511.

Íslenski refastofninn, 211. mál, svar umhvrh., þskj. 514.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 270. mál, fsp. BH og SJóh, þskj. 523.

Olíuleit innan íslenskrar lögsögu, 157. mál, svar iðnrh., þskj. 520.

Skatteftirlit og skattrannsóknir, 272. mál, fsp. JóhS, þskj. 525.

Stjórnarskipunarlög, 268. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 521.

Styrkir á vegum ráðuneyta, 275. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 528.

Tryggingar fyrir yfirdrætti á hlaupareikningum, 246. mál, svar viðskrh., þskj. 515.

Útflutningur á ferskum fiski, 274. mál, fsp. EKG, þskj. 527.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 266. mál, frv. GMS, þskj. 518.

Vísitölubinding langtímalána, 269. mál, fsp. KPál, þskj. 522.

Vörugjöld á sportvörur, 271. mál, fsp. KPál, þskj. 524.

Þróun og umfang fátæktar á Íslandi, 264. mál, beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, þskj. 516.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. RA o.fl., 70. mál (eignarréttur á náttúruauðæfum og landi). — Þskj. 70.

[14:44]

Flm. (Ragnar Arnalds):

Virðulegi forseti. Á þskj. 70 flytjum við sex þingmenn Alþb. frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins og eru flutningsmenn auk þess sem hér stendur hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Þuríður Backman og Ögmundur Jónasson.

Frv. þetta fjallar um viðbætur við 72. gr. stjórnarskrárinnar, en hún fjallar um friðhelgi eignarréttarins, verndun hans og takmörk. Í frv. okkar er fjallað um margvísleg eignarréttindi. Þau eru í fyrsta lagi verðmæti í sjó innan efnahagslögsögunnar, verðmæti á sjávarbotni innan efnahagslögsögunnar, almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi. Frv. okkar er til þess flutt að reynt sé í stjórnarskrá að skilgreina sameign þjóðarinnar og þar er því lýst að fyrrnefnd eignarréttindi, sem ég nú gerði grein fyrir, skuli teljast sameign þjóðarinnar allrar.

Við teljum að brýnt sé orðið að taka af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum og landi og marka skýra stefnu í því máli. Í þessu frv. er ýmist fjallað um eignir sem aldrei hafa verið háðar eignarrétti, svo sem lífríki sjávar, svo eitt dæmi sé nefnt, eða almenningar í óbyggðum svo annað dæmi sé nefnt. Að því leyti er fyrst og fremst verið að staðfesta gildandi rétt í landinu eins og hann hefur verið skilgreindur af fræðimönnum og dómstólum. Í nokkrum tilvikum er gengið lengra og eignir flokkaðar undir sameign þjóðarinnar þótt vissulega finnist ýmis dæmi um að slíkar eignir hafi gengið kaupum og sölum. Á það einkum við um afréttir, um námur og um jarðhita neðan við 100 metra dýpi.

Sú stefna sem hér er mörkuð, að flokka þessar síðasttöldu eignir sem sameign þjóðarinnar, er fram sett af sanngirnisástæðum, enda er hér miðað við að eignarréttur tengist fyrst og fremst hefðbundnum notum manna af landi og landareignum. Flest mælir með því að dregin séu einföld og skýr *mörk milli einkaeignar á landi og sameignar* þjóðarinnar þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og þeim tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og til lands undir húsbyggingar sanngjörnu verði en jafnframt sé þess gætt að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Hér er sem sagt happdrættissjónarmiðið í íslensku þjóðfélagi ekki viðurkennt, þ.e. það sjónarmið að með nýrri tækni geti menn eignast milljónir, jafnvel hundruð milljóna eða milljarða vegna náttúruauðæfa sem þeir höfðu ekki hugmynd um að þeir ættu, en tengjast með nýrri tækni löndum þeirra.

Ég vík fyrst að verðmætum í sjó innan efnahagslögsögunnar. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38 15. maí 1990, segir í upphafi:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar." Hér er vikið að einu helsta umræðuefni samtímans, þ.e. hættunni á að núverandi kvótakerfi leiði til þess með tíð og tíma að fiskurinn í sjónum teljist eign nokkurra útgerðarmanna. Reyndar er kveðið skýrt á um það í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að *úthlutun fiskveiðiheimilda myndi ekki* eignarrétt. Engu að síður er það alþekkt staðreynd að þessi réttindi eru afskrifuð í bókhaldi, þau ganga kaupum og sölum manna á milli og hafa verið veðsett. Að mínu áliti á það að vísu engu að breyta um ótvíræða sameign þjóðarinnar á auðæfum hafsins innan efnahagslögsögunnar þótt heimildirnar gangi kaupum og sölum eða séu jafnvel veðsettar eða afskrifaðar í bókhaldi en ég tel að ótti almennings við þessa þróun sé afar skiljanlegur og engin furða þótt fólk eigi almennt erfitt með að átta sig á því að slík meðferð þessara réttinda sé heimil. Eins er rétt að hafa í huga að auðvitað má breyta ákvæðum 1. gr. fiskveiðilaganna með lögum þannig að á því er full þörf að tryggja þetta ákvæði með skýrum fyrirmælum í stjórnarskrá.

Um verðmæti á sjávarbotni innan efnahagslögsögu er ástæðulaust að fara mörgum orðum. Þess er áreiðanlega ekki langt að bíða að vinnsla af sjávarbotni í íslenskri landhelgi hefjist í einhverri mynd og er örugglega hyggilegast að kveða á um eignarrétt á auðlindum þessa svæðis með skýru stjórnarskrárákvæði. Rétt er að hafa í huga að Alþingi hefur þegar

samþykkt lög um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotnsins. Það var gert í maímánuði 1990 og 1. flm. þess frv. var einmitt þingmaður Alþb., Hjörleifur Guttormsson. Áður hafði fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu og nýtingu hafsbotnsins innan efnahagslögsögunnar verið ákveðinn með lögum um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn frá árinu 1979.

Næst er að víkja að eignarrétti að afréttum og almenningum. Sá réttur hefur lengi verið bitbein manna á milli en þó hefur það verið margviðurkennd túlkun á íslenskum rétti að einstakir menn eigi almennt ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum. Í dómi Hæstaréttar árið 1955, bls. 108 í dómabók Hæstaréttar frá því ári, er fjallað um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur en Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á það að Landmanna- og Holtahreppar hefðu öðlast eignarrétt á afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510 í dómabókinni, var fjallað um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464 en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landsvæði því, sem um er að tefla í máli þessu", eins og sagði í fyrrnefndum dómi.

Þar sagði einnig, með leyfi forseta: „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandsvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Í greinargerð með frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m.a. að ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 50/1909, séu á þeim sjónarmiðum reist, svo ég vitni í greinargerðina, með leyfi forseta, „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign".

Eins og dómar Hæstaréttar hafa því hvað eftir annað borið með sér nægir það eitt ekki að til séu afsöl fyrir afréttarlandi því að sanna þarf að seljandi hafi í raun og veru átt það sem hann var að selja.

Þrátt fyrir margítrekaða dóma Hæstaréttar um eignarrétt á óbyggðu landi hefur ýmsum landeigendum gengið illa að sætta sig við þessa niðurstöðu. Margir átta sig ekki á muninum á beinum og óbeinum eignarréttindum. Alkunna er að þeir eru til sem telja víðlend óbyggðasvæði sér til eignar, jafnvel allt upp á miðja jökla. Slík kröfugerð er þó landeigendum til lítils sóma. Afnotaréttur á landi, svo sem beitiréttur eða réttur til veiða í vötnum, er óbeinn eignarréttur og felur því ekki í sér annan eignarrétt, t.d. ekki rétt á orkunni í ám og fallvötnum. Hins vegar geta bændur sem eiga beitirétt og veiðirétt átt kröfu til skaðabóta ef tiltekin réttindi þeirra eru skert við virkjun fallvatna.

Í 2. mgr. frv. okkar er það tekið fram að eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skuli að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja beri öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útvistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, sé ekki skylt að taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur beri að miða við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðlækkunar. Hér er vikið að því hvernig eignarnám skuli framkvæmt og við hvað þá skuli miðað ef vafi getur leikið á.

Eins og kunnugt er er í 72. gr. stjórnarskrárinnar fjallað um bætur vegna eignarnáms og þar er kveðið á um fullar bætur til eignarnámsþola. Við flm. þessa frv. teljum hins vegar eðlilegra að í stjórnarskránni sé frekar talað um „sanngjarnar bætur" en „fullar bætur". Fullar bætur eru ekki alltaf sanngjarnar og það á einkum við þegar mjög háar bætur eru dæmdar vegna verðhækkunar á landi sem orðið hefur vegna aðgerða annarra.

Allir þekkja hvílíkum ókjörum þéttbýlisbúar hafa mátt sæta þegar afla þarf lands undir íbúðarbyggð. Þá eru móar og mýrar, urð og grjót seld á margföldu verði, jafnvel hundraðföldu verði miðað við það sem eðlilegt getur talist. Orðalag 2. mgr. stefnir einmitt að því að koma í veg fyrir það okur á landi sem viðgengist hefur.

Í 3. mgr. frv. er síðan minnt á hefðbundinn rétt íslenskra bænda í afréttum og almenningum. Þar er kveðið skýrt á um að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafi íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Flutningsmenn hafa hins vegar talið rétt að geta þess í greinargerð að þessa málsgrein megi að sjálfsögðu ekki skilja sem svo að ríkið geti ekki ákveðið aðgerðir til að hamla gegn ofbeit. Þar er að sjálfsögðu um að ræða nauðsyn sem enginn hefur dregið í efa að hljóti að vera fyrir hendi, jafnvel þótt hún stangist á við eignarrétt einstakra manna og eru mörg ákvæði í löggjöfinni því til staðfestingar.

Næst vil ég víkja að námum í jörðu. Um námur í jörðu gildir nú sú stefna hér á landi að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum að finnandi námunnar telst eigandi en mjög víða, m.a. í mörgum kapítalískum ríkjum, er talið sjálfsagt að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi og hefur ríkið þá umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugreftri eða annarri efnistöku, en að öðru leyti virðist eðlilegast að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti. Hvað teljast námur í jörðu í merkingu þessa nýja stjórnarskrárákvæðis yrði þá skilgreint nánar í lögum, sbr. 2. mgr. frumvarpsins, þar sem sérstaklega er áskilið löggjafanum að skilgreina hugtök frumvarpsins nánar. Mér virðist einsýnt að fyrst og fremst yrði um að ræða verðmæt efni sem grafin yrðu úr jörðu en ekki tekin af yfirborði, eins og t.d. möl og sandur.

Hér er einnig fjallað um orku í rennandi vatni.

Eignarréttur að orku í rennandi vatni hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt að land, sem þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi og það hefur æðioft verið gert undir forustu löggjafans. Það er einnig óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t.d. vegna lands sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta, eins og ég hef reyndar þegar nefnt, ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt teljum við flutningsmenn mjög óeðlilegt að einstaklingar teljist eiga orkuna í rennandi vatni og selji hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá snemma á öldinni var það álit meiri hluta svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagaprófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda. Hins vegar stóðu talsmenn séreignarstefnunnar á þeirri tíð fast á móti svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn að þessu verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá og því er það lagt til með þessu frv.

Loks vil ég nefna eignarrétt á jarðhita. Eignarréttur landeigenda á jarðhita djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Við flm. þessa frv. teljum að tryggja þurfi rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og að taka þurfi af öll tvímæli um það að eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna sem um þetta hafa fjallað, m.a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, í þeirra fræðiritum, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, og þeir nefndu í sínum fræðiritum 50–100 metra dýpi. Við flm. þessa frv. höfum ákveðið að miða við hærri töluna þ.e. 100 metra dýpi og að það sé ákveðið að allur jarðhiti neðan 100 metra dýptar sé sameign þjóðarinnar. Þetta hefur sem sagt aldrei verið skilgreint og aldrei ákveðið og við teljum að því lengur sem það dragist að ákvörðun sé um þetta tekin því erfiðari verði þessi ákvörðun þegar að henni kemur.

Fáum dettur í hug að halda því fram að jarðeigandi eigi allt sem felst í iðrum jarðar undir landareign hans, allt inn að miðpunkti jarðar. En spurningin er að sjálfsögðu hvar á að draga mörkin. Á að draga þau við 50 metra, 100 metra, 1.000 metra eða 2.000 metra, svo dæmi séu nefnd? Ég viðurkenni að um þetta má deila. Nú til dags er það svo að borholur eru oft boraðar á ská. Skeiki miklu frá lóðréttri stefnu getur borendinn verið kominn langt út fyrir lóðrétta stefnu niður á við. Og eins er rétt að hafa í huga að oftast kemur heita vatnið eða gufan langt að en ekki þráðbeint upp undir landi landeigandans. Ég held að þessar hugleiðingar hljóti að sýna hversu fráleitt það er menn geti eignað sér auðæfi djúpt í jörðu niðri.

Ég vil að endingu taka það fram að frv. þetta hefur áður verið flutt af þingmönnum Alþb. og var reyndar flutt í fyrsta sinn fyrir rúmum tveimur áratugum. Það var einnig lagt fram í stjórnarskrárnefndum sem tillaga flokksins. Nú mun vera von á stjórnarfrv. sem fjalla mun að hluta til um hliðstætt efni og hér hefur verið fjallað um, þ.e. um eignarrétt á landi, og því má vænta ítarlegra umræðna um þessi mál á komandi vikum og mánuðum. En það er von okkar flm. að frv. okkar sé verðugt framlag til þeirrar umræðu.

Ég legg síðan til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og til sérstakrar stjórnarskrárnefndar.

[15:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka alþýðubandalagsmönnum fyrir framkomið frv. sem nú er endurflutt eins og fram kom í ræðu hv. flm. Þetta frv. til stjórnarskipunarlaga er þarft að mínu mati en eins og reyndar kom fram í framsögu flm. er þörf á því að huga betur að ýmsum þáttum er varða eignarrétt á íslenskum náttúruauðæfum og námum í jörðu og jarðhita neðan við 100 metra dýpi.

Þann 29. október sl. var hér á Alþingi til umræðu frv. til laga um orku fallvatna og frv. til laga um jarðhitaréttindi sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mælti fyrir. Þá benti hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson m.a á að það væri alls ekki sjálfgefið að miða við 100 metra dýpi, þ.e. að ríkið eigi allt sem er fyrir neðan 100 metra dýpi og miða við þau mörk, og þar vitnar hann m.a. í dr. Magnús Hannesson þjóðréttarfræðing á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Alveg eins og það sjónarmið er gilt að það sem enginn á, enginn getur fært sönnur á eignarrétt sinn, að um það getur löggjafarvaldið sett lög að sé í eigu ríkisins, almennings, þá á þetta sjónarmið ekki bara við um yfirborðið heldur á þetta líka við það sem undir yfirborðinu er. Og það þýðir, að því er varðar hina „júridísku" rökræðu, að þetta mál sem snertir auðlindanýtingu er undir sömu sök selt og þjóðlendurnar. Það er með öðrum orðum alls ekki sannað mál að einkaeignarréttur, sem byggir á hefðbundinni nýtingu, gildi varðandi námuefni í iðrum jarðar eða jarðvarma í iðrum jarðar né heldur reyndar rennandi vatn á yfirborði."

Í framhaldi af þessu vekur hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson athygli þingheims á að það sé ekki endilega eðlilegast að miða við 100 metra eða 50 metra og bendir á að það megi alveg eins hugsa sér einhvers konar allt öðruvísi takmörkunarreglu, t.d. að miða við styrkleika virkjunar ef um það væri að ræða eða eitthvað sem ekki er bundið við lóðrétta línu niður í jörðina.

Ég vil taka undir þessar athugasemdir hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Um leið bendi ég á að fyrirhugað er að ríkisstjórnin leggi fram á þessu þingi að mér skilst frv. um þjóðlendur, og það væntanlega mjög bráðlega, og ég geri ráð fyrir að það frv. m.a. muni varpa ljósi á þessa umræðu í víðara samhengi og fleiri hliðar þessa máls komi þar upp. Þess vegna er ég ekki alveg sannfærð um að þau ákvæði er varða land og landnýtingu sem koma fram í þessu frv. séu þau albestu þótt í meginatriðum geti ég lýst stuðningi við þau sjónarmið sem þar koma fram.

En það er að mínu mati og okkar kvennalistakvenna eitt ákvæði í þessu frv. til stjórnarskipunarlaga sem er alveg bráðnauðsynlegt að festa í stjórnarskrá sem allra fyrst, alla vega fyrir lok þessa kjörtímabils sem væntanlega verður ekki á þessu þingi, en það er ákvæðið um auðlindir sjávar, auðlindir í sjó og á sjávarbotni eins og það er orðað í þessu frv. Þær auðlindir eru auðvitað langverðmætustu auðlindir þjóðarinnar. Þess vegna höfum við kvennalistakonur lagt fram frv. til stjórnarskipunarlaga sem dreift var hér á Alþingi í dag og þar sem það frv. tengist því frv. sem hér er til umræðu vil ég stikla á stóru um efni þess, ekki síst vegna þess að í grg. frv. þeirra alþýðubandalagsmanna er ekki farið mjög ítarlega út í rökin fyrir því að festa í stjórnarskrá nytjastofnana í hafinu þó að frsm. hafi bætt þar nokkuð úr í ræðu sinni.

Efnisgreinin í frv. okkar kvennalistakvenna, en við flytjum það þrjár, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Halldórsdóttir, hljóðar svo:

„Á eftir 72. gr. kemur ný grein er verður 73. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum."

Í grg. er bent á að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu langmikilvægasta auðlind þjóðarinnar og að í lögum um stjórn fiskveiða hafi verið ákvæði allt frá árinu 1988 um að

þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frv. til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipunarlega stöðu þess ákvæðis.

Með þessum fyrri málslið greinarinnar er verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnar en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn samkvæmt lögum hverju sinni. Og ég tek undir það með frsm. þess frv. sem hér er til umræðu að það er mjög nauðsynlegt að styrkja þetta lagaákvæði með því að kveða á um það í stjórnarskránni, ekki síst vegna þess lagafrv. sem hér liggur fyrir þinginu og mér skilst að standi til að ræða á næstu dögum um veðheimildir, um að lögfesta veðheimildir á aflahlutdeild. Eins og við vitum er verulegur ágreiningur um hvernig stjórn fiskveiða fer í raun með þetta sameignarákvæði. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að þetta verði fest í stjórnarskrá. Síðara ákvæði greinarinnar kveður annars vegar á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt. Með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Þetta eru reyndar orð sem til þessa hafa ekki verið sérstaklega í lögum af þessu tagi en ég tel að þau séu í samræmi við t.d. Ríósáttmálann og aðra sáttmála sem við erum aðilar að og að mjög mikilvægt sé að þessi orð — sjálfbær nýting — komi inn í löggjöf af þessu tagi.

Í því sambandi er minnt á hið mikla brottkast sem ég tel að geti ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. En eins og vitað er er brottkast talið vera einn alvarlegasti fylgifiskur kvótakerfisins sem við vitum um. Ég tel að það verði að taka það mál mun fastari tökum með því að lögfesta inn í stjórnarskrá eða að nýtingin verði að vera sjálfbær. Það þýðir í raun að mun fastar verði tekið á þeim málum til að tryggja að komandi kynslóðir hafi sömu möguleika og við til að nýta þessa auðlind.

Þá þykir ástæða til að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin virðast geta misst lífsviðurværi sitt við kaup eða sölu einstaklinga á aflahlutdeildum nú. Það getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Í grg. með frv. eru síðan ýmsar skilgreiningar á hugtökum eins og á nytjastofnum og við hvaða hafsvæði er átt og þykir ekki ástæða til að tíunda það hér. En ég vil benda á að þetta frv. okkar kvennalistakvenna er nær samhljóða frv. sem forsrh. flutti á síðasta kjörtímabili, 118. löggjafarþingi árið 1994–1995, sem stjfrv. Sjálfstfl. og Alþfl. Samkvæmt stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar er stefnt að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar og af þessu dreg ég þá ályktun að um efni þessa frv. okkar kvennalistakvenna hljóti að vera víðtæk sátt í þinginu.

[15:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. og réttilega var vakin athygli á því að eins og hv. þm. komst að orði þá geta heilu byggðarlögin misst lífsviðurværi sitt ef einstaklingar kjósa að selja þann rétt til sjósóknar sem þeim er falinn. Ég spyr um viðbrögð við afleiðingum af þeirri stefnu að fela einstaklingum að annast atvinnurekstur hér á landi. Er það þá stefna Kvennalistans að ekki eigi að treysta einstaklingum fyrir því að vera með atvinnurekstur í sjávarútvegi og taka upp ríkisútgerðir eða annan samfélagslegan atvinnurekstur? Hvaða úrræði hefur Kvennalistinn uppi í erminni til að bægja þessari vá frá byggðarlögunum sem getur vissulega orðið við það að einstaklingar kjósa annað en hagsmunir manna í byggðarlögunum standa til?

[15:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því er til að svara að hér er fyrst og fremst til umræðu frv. til stjórnarskipunarlaga þar sem ekki er farið ítarlega út í löggjöf um stjórn fiskveiða. En í þessari grein sem getið er um er ítrekað að nytjastofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar og þá beri að nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Það sem ég var að útskýra er að ég tel að sú nýting sem nú er á auðlindinni sé ekki til hagsbóta fyrir þjóðarheildina þegar það getur komið upp að heilu byggðarlögin missa lífsviðurværi sitt. — Ég hef varla tíma í andsvari þó ég geti kannski litið svo á að þetta sé í annað skiptið sem ég tek til máls og sé ekki í andsvari. — Það er ekki stefna okkar kvennalistakvenna að fara að tala um ríkisútgerðir.

(**Forseti** (StB): Forseti lítur svo á að hv. þm. sé að svara andsvari.)

Þá er best að ég fari ekki út í þetta nánar en það er ekki ætlun Kvennalistans að fara út í ríkisútgerðir. Hins vegar tel ég að sem stjórnarskrárákvæði þá sé þetta orðalag mikilvægt. Það verði þó að útfæra nánar í lögum.

[15:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vonast til að hv. þm. muni síðar í umræðunni svara ítarlegar fyrirspurn minni því að vissulega er greining þingmannsins á vandamálinu hárrétt að mínu viti. Að búa við fiskveiðistjórnarkerfi eins og við búum við í dag þar sem útgerðarmönnum er falinn ákvörðunarrétturinn og umráðarétturinn getur haft í för með sér gagnstæða hagsmuni hans og íbúanna í byggðarlögunum. Spurningin er hins vegar: Hver eru úrræði Kvennalistans við þessu vandamáli sem hv. þm. vakti athygli á í ræðu sinni áðan? Eru úrræðin þau að taka forræðið af útgerðarmanninum? Er úrræðið að leggja á veiðileyfagjald? Hvernig má það vera að það breyti þessu vandamáli? Eða hefur Kvennalistinn eitthvert annað úrræði sem hann á eftir að gera grein fyrir í umræðunni? Ég vænti þess að þingmaðurinn lýsi skoðunum síns þingflokks á lausnum á vandamálinu því það er kjarni málsins hvernig menn ætla að leysa þetta vandamál sem hér hefur verið dregið fram í dagsljósið.

[15:24]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Hver segir að aldrei sé tekist á um grundvallaratriði á hv. Alþingi? Og hver sagði að sósíalisminn væri dauður? Sósíalismi Ragnars Arnalds og hv. félaga hans sem eru flm. þessa frv. er aldeilis ekki dauður. Hann er sami sósíalisminn og hann var fyrir 20 árum eins og kom fram í ræðu hv. 1. flm. og hann er líkast til sami sósíalisminn og árið 1917. Alla vega eru ekki grundvallarbreytingar þar á þótt ýmislegt sé kannski í útfærslunni annað heldur en sagan sýndi frá 1917 og fram á lok síðasta áratugar. (Gripið fram í.) Þær eru ýmsar byltingarnar. En ég held að það sem hér er um að ræða sé bylting sem Íslendingar muni ekki sætta sig við.

Það hefur verið talað um að til að nútímaþjóðfélag með nútímaefnahagskerfi geti þrifist þurfi þrjú grundvallaratriði. Það þurfi tryggan eignarrétt, það þurfi virkt kerfi til að tryggja að samningar haldi og það þurfi frelsi í viðskiptum. Þetta frv. vegur að rótum eignarréttarins. Það eru ýmis mál sem tæpt er á í frv. Það er rétt sem þar kemur fram að menn hafa skipað eignarhaldi á náttúruauðlindum eins og fiskstofnum, námum, jarðhita og orku á ýmsan hátt. Það er ýmislegt í gangi m.a. hér á landi í þeim efnum sem við eigum eftir að kynnast á þessu þingi væntanlega. En í grundvallaratriðum held ég að það sé rétt að eignarhald á þessum hlutum sé sem líkast því sem gengur og gerist í hinum almenna eignarrétti. En það sem vegur hvað þyngst að rótum eignarréttarins eru ákvæðin í frv. um eignarrétt á landi og hvernig fara skuli með bætur þegar land er tekið eignarnámi. Horfið er frá því að greiddar séu fullar bætur eins og gert er ráð fyrir í lögum. Í frv. er gert ráð fyrir stöðluðum bótum og að ekki eigi að taka tillit til uppbyggingar á þéttbýlissvæðum opinberra framkvæmda eða öðrum ytri aðstæðum heldur nota staðlað verðmat. Þá er nú farið að verða lítið um eignarréttinn á landinu ef frosin túndran er jafnverðmæt og gróið og gefandi land til beitar og jarðræktar. Hvernig verður þá með nýtinguna á slíkum landsvæðum ef þau eru verðlögð á sama hátt? Þá held ég að eignarréttarstoðin undir því nútímaefnahagskerfi sem við viljum byggja sé brostin. Ytri aðstæður er ansi víðtækt orðalag.

Þá að svæðunum sem liggja nálægt þéttbýli eða öðrum opinberum framkvæmdum. Hvernig skyldi standa á því að þéttbýli myndast á tilteknum svæðum? Eða hvernig skyldi standa á því að opinberar framkvæmdir eru á einhverjum tilteknum svæðum? Það er vegna þess að gæði landsins eru á einhvern hátt þannig að hagstætt er að nýta landið í ákveðnum tilgangi. Þar með myndast verðgildi á landinu alveg eins og land getur haft verðgildi af því að það er fagurt, sem er að sjálfsögðu huglægt, eða vegna þess að það gefur af sér jarðargróður bæði fyrir menn og búpening. Meira að segja var minnst á landnýtingu og ofbeit. Ég held að ef við hefðum látið verðgildi landsins ráða meira á markaði miðað við nýtinguna væri landið víða betur farið en það er í dag hvað gróður varðar.

Tæpt er á öðru máli í frv. sem snertir það sem talað hefur verið um sem þjóðlendufrv. sem hv. Alþingi á væntanlega að fjalla um í vetur. Þar vil ég gera mjög strangar kröfur til þess að menn sýni fram á eignarrétt sinn. En þetta frv. gengur út á það nánast að gera bændur að leiguliðum að tilteknum gæðum landsins. Að einungis séu tilteknir þættir landsins sem bændur eigi eða megi nýta, beitarréttur og önnur hlunnindi. Hvernig á þá að nýta þetta land á annan hátt án þess að ganga á hlut bændanna? Hvernig ætlum við að nýta landið til að byggja á því eða gera eitthvað annað við það án þess að ganga annaðhvort á beitarréttinn eða hlunnindanotin? Ég sé eiginlega ekkert rökrétt í því að aftengja hinn almenna eignarrétt frá þessum notum, beitar- og hlunnindanotunum. Ég tel því að með þessu ákvæði sé verið að vega að eignarrétti íslenskra bænda á því landi sem þeir hafa átt um aldir eða frá því að land byggðist.

Ég velti því fyrir mér þegar ég sá hverjir voru flutningsmenn hvort þetta frv. væri örugglega ekki flutt í samræmi við stefnu Alþb. og að formaður Alþb. væri sammála því. Ég geng út frá því að hún sé sammála þessu frv. Svona frv. væri ekki flutt af svona mörgum þingmönnum flokksins án þess að formaður flokksins væri sammála því og aðstæður þess vegna einungis þannig af óviðráðanlegum orsökum að formaður flokksins var ekki inni á þingi þegar frv. var lagt fram. Ég get því ekki annað en litið á þetta sem stefnu flokksins, a.m.k. stefnu meiri hluta þingflokksins og þar með formannsins. Mér er þess vegna spurn í allri þessari umræðu um grósku á vinstri vængnum, sameiningu allra jafnaðarmanna undir heitinu jafnaðarmenn, hvort þetta frv. sé innlegg í þá umræðu og í það samstarf sem þessir aðilar leynt og ljóst eru að reyna að koma á við Alþfl. því að ég get ekki séð, alla vega eins og ég hef skilið íslenska sósíaldemókrata eða íslenska jafnaðarmenn sem við höfum svo kallað og almennt höfum við talið að þeir væru í Alþfl., að þetta falli að þeirra hugmyndum, a.m.k. ekki þeim atriðum sem ég hef helst verið að draga fram þó að ég viti auðvitað um þeirra skoðanir á náttúruauðlindunum, en ekki þessi eignarréttarákvæði á landinu sem ég var hér að nefna. Því væri mjög fróðlegt að það kæmi fram í umræðunum hvort menn telji þetta frv. líklegt til þess að sameina jafnaðarmenn í einn stóran jafnaðarmannaflokk eða hvort frv. sé líklegt til að halda sósíalistum og sósíaldemókrötum aðskildum í framtíðinni eins og verið hefur í fortíðinni hér á landi. (**SvG:** Hver skrifaði bók um jafnaðarstefnuna?) Ég gæti líka skrifað bók um jafnaðarstefnuna en það gerði mig ekki að jafnaðarmanni.

[15:32]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var gaman að orðum hv. þm. Árna Mathiesens og viðbrögðum hans og það skein af honum þegar hann gat þess að sósíalisminn væri ekki dauður. Maður sat og hlustaði og hugsaði: Nú finnst honum sósíalisminn fundinn og er sannfærður um að Stalín er ekki dauður. En svo kemur hann að jafnaðarmönnum sem hann hafði haldið að allir væru í Alþfl. og einhverju brölti á vinstri væng og þá skilur maður að hann er áhyggjufullur eins og fleiri í hans flokki. Nei, jafnaðarmenn eru ekki allir í Alþfl. en þeir streyma að. Þeir streyma saman. Það kemur að þessu.

Virðulegi forseti. Ég kom ekki upp í andsvar til þess að tala um þetta heldur um þau orð þingmannsins, og þá er ég að tala í mikilli alvöru, að frosin túndra eigi ekki að vera jafnverðmæt og frjósöm jörð. Þar erum við komin að kjarna þess máls sem ég tel að sé að finna í þessum þætti frv. hv. þm. Ragnars Arnalds. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta frv. Ég ætla nefnilega að nefna að ytri aðstæður hafa oft gert frosna túndru að verðmætu landi. Þegar jörð sem er ekki gróin, ekki er frjósöm, hefur eiginlega ekkert til að bera nema fornt nafn, þar er kannski lélegur húsakostur og leifar af gömlu, grónu landi en landareignir eru melar og móar sem ekkert hefur verið gert við, ekkert hefur verið lagt í og síðan þróast bæjarfélag sem stækkar og eflist og teygir út anga sína og að slíkri jörð — hvað gerist þá? Jú, ytri aðstæður hafa gerst frosna túndru að jafnverðmætu landi og frjósamri jörð. Þannig er það, hv. þm. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn að tala um Kópavog?)

[15:34]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé nokkurn veginn öruggt að ég geti staðfest að Stalín sé dauður, en það þýðir hins vegar ekki að sósíalisminn sé dauður. Og ef það hefur verið svona bjart yfir mér þegar ég sagði þessi orð, að uppgötva að hv. þm. Ragnar Arnalds er sá sami þingmaður og ég hef þekkt í gegnum árin og áratugina, þá verður bara að hafa það. Ég sé ekkert rangt við það þó að ég gleðjist yfir því að

Ragnar Arnalds á sínum seinustu árum hér á þingi sé ekki að beygja sig fyrir einhverjum tískusveiflum innan Alþb. heldur stendur bara við sitt og sína stefnu.

En ég áttaði mig ekki alveg á því sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði um túndruna. Auðvitað getur túndran verið jafnverðmæt og hinn frjósami jarðvegur. Það er alveg rétt. En það getur verið af einhverjum huglægum þáttum, einhverjum þáttum sem við hér og nú getum alls ekki skýrt eða skilgreint. En það sem ég er að segja er að þá er það bara allt í lagi að hún sé verðmætari heldur en eitthvert annað land og það er bara ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er að menn fái þá fullar bætur fyrir þær eignir sem þeir eiga og eru af þeim teknar en ekki að það sé bara eitthvert staðlað verð eða staðlað verðmat á fermetrann, algerlega óháð þeim ytri aðstæðum sem kunna að vera ríkjandi.

[15:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað á þingmaðurinn að skilja hvað ég á við. Hann talar um tryggan eignarrétt, að samningar haldi og um frelsi í viðskiptum. Og hvert nær svo frelsi í viðskiptum? Eins og ég var að lýsa því. Ef jörð, sem er í raun og veru melar og móar, liggur þannig við þéttbýlinu að þéttbýlið þróast fyrir aðgerðir þéttbýlisins, ekki eigendanna að jörðinni, þá fær hún í raun og veru verðgildi og það hefur gerst á liðnum árum og það þekkja allir sem hafa komið að stjórn þéttbýlisstaðanna hér í kring. (**ÁMM:** Ert þú á móti því að ...?) Það hefur gerst á liðnum árum að jafnvel sveitarfélög hafa fallið í það og Fasteignamat ríkisins að meta slíkar jarðir út frá ytri aðstæðum og út frá þéttbýlismynduninni sem teygist að. Og þegar síðan kemur að því að taka slíkt eignarnámi þá liggur eitthvert slíkt mat til grundvallar. Ef við settumst niður og færum bara yfir suðvesturhornið og skoðuðum sögu ýmist jarðakaupa eða eignarnáms, þá kæmu fróðlegir hlutir í ljós. (**ÁMM:** En ertu á móti því?)

[15:37]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að maður athugi grundvallaratriðin: Er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sammála mínum málflutningi eða er hún sammála málflutningi Ragnars Arnalds? Ef hún er sammála málflutningi hv. þm. Ragnars Arnalds, þá er þessi Alþfl. sem ég hef m.a. verið í samstarfi við orðinn talsvert öðruvísi en ég hef ímyndað mér, þ.e. ef hann er að hafna eignarréttinum á þann hátt sem Alþb. gerir í þessu frv. (**SvG:** Það er nefnilega það.)

[15:38]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áður en hv. 2. þm. Reykn., Árni M. Mathiesen, heldur fleiri ræður um þetta mál, þá verður hann að leyfa sér þann munað að lesa frv. og kynna sér það vegna þess að hann fór auðvitað með staðlausa stafi áðan. Það er alger misskilningur að með þessu frv. sé verið að aftengja almennan eignarrétt eða að bændur séu gerðir að leiguliðum. Og það er mikill misskilningur yfirleitt að verið sé að vega að eignarrétti bænda með þessu frv. Það er bara alls ekki verið að því á nokkurn hátt. Ég tel að með þessu frv. verði eignarréttur bænda nákvæmlega sá sami og hann er í dag samkvæmt túlkun og margítrekuðum skilningi Hæstaréttar. Þetta kom fram í framsöguræðu minni. Þetta er status quo hvað snertir lagalega stöðu bænda og eignarréttarlega stöðu þeirra. Þeir halda eignarrétti sínum að jörðum sínum og öllum heimalöndum. En það er einungis verið að skilgreina í hverju eignarréttur þeirra í afréttum er fólginn. Hann er óbeinn eignarréttur, takmarkaður eignarréttur og það er bara nákvæmlega það sama og Hæstiréttur hefur margsinnis sagt í sínum dómum.

Það er líka misskilningur að það eigi að meta allt land nákvæmlega eins samkvæmt þessum skilgreiningum hér. Það er verið að segja það hins vegar að það eigi að meta land miðað við verðmæti hliðstæðra eigna. Auðvitað segir það sig sjálft að frosin túndra og gróið land verður aldrei lagt að jöfnu (**ÖS:** Nema það séu olíulindir þar.) nema það séu einhverjar sérstakar lindir þar undir. Þá auðvitað getur ýmislegt fleira komið inn.

En ég vil bæta því við að endingu að í Noregi er ekki miðað við það að greiddar séu fullar bætur. Það er ekki alls staðar eins og hér á Íslandi að miðað sé við fullar bætur. Þar er miðað við sanngjarnar bætur og það er sú hugsun sem ég tel að eigi að koma inn í íslenska löggjöf og sé nær lagi.

[15:40]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að það sé pottur brotinn í Noregi þá er ekki víst að það sé endilega rétt að brjóta pottinn hérna hjá okkur. En hv. þm. Ragnar Arnalds dró í land í upphafi sinnar stuttu ræðu en síðan kom hann aftur að efni frv. sem ég var að lýsa í minni ræðu og undirstrikaði það sem ég sagði að það er ekki verið að tala um hinn almenna eignarrétt, heldur er verið að tala um skilgreindan eignarrétt og takmarkaðan eignarrétt, nákvæmlega það sem ég var að segja í ræðu minni hér áðan.

[15:41]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað verður hv. 2. þm. Reykn. að gera sér grein fyrir því að eignarréttindi eru alltaf takmörkuð með ýmsum hætti og það er enginn stórkostlegur heimskommúnismi að menn geri tillögu um að takmarka eignarréttindi. Það hefur Sjálfstfl. að sjálfsögðu gert margsinnis og auðvitað eru ýmiss konar takmörk í okkar löggjöf gagnvart eignarréttindum. Það þarf hins vegar að skilgreina eignarrétt á Íslandi skýrar en gert er í dag og frv. okkar er fyrst og fremst innlegg til þeirrar umræðu.

Ég minnist þess að ekki er langt síðan framkvæmdastjóri Landssambands ísl. útvegsmanna kallaði ritstjóra Morgunblaðsins „síðasta sósíalistann" vegna þess að hann leyfði sér að ítreka þá skoðun sína að tryggja þyrfti sameign þjóðarinnar á auðæfum sjávar. Auðvitað eru til þeir menn í Sjálfstfl. sem líta á það sem sósíalisma að muna eftir sameign þjóðarinnar. Ég er sósíalisti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Ég er sósíalisti og ég held að jafnaðarmenn um allan heim skammist sín ekkert fyrir það að nefna sjálfa sig sósíalista. Alþb. er sósíalískur flokkur, það kemur fram í 1. gr. laga þess og við erum stolt af þeirri skilgreiningu og stöndum við hana. (**Gripið fram í:** Kom fram ræðu formannsins.) En við gerum okkur hins vegar vonir um það að fleiri en við höfum skilning á sósíalískum sjónarmiðum, á þörfinni á því að gæta jafnræðis í þjóðfélagi okkar og láta ekki alltaf séreignarstefnuna ganga yfir og kúga allan fjöldann og veita

einstökum mönnum það sem þeir eiga ekki. Það er sósíalískt sjónarmið og við skulum vona báðir tveir að þeir fái áfram að lifa í okkar þjóðfélagi.

[15:43]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er allt í lagi að tala um heimskommúnisma og hv. þm. Ragnar Arnalds má gjarnan vera sósíalisti fyrir mér og Alþb. má gjarnan vera sósíalískur flokkur fyrir mér. Ég er bara ósammála þeirra skoðun og ég er ósammála því hvernig þeir vilja umgangast eignarréttinn. Auðvitað takmarkast eignarrétturinn af eignarrétti einhvers annars. En það sem um er að ræða í þessu frv. er að breyta þeim eignarrétti sem íslenskir bændur hafa haft á sínu landi í gegnum aldirnar og takmarka þær bætur, þær fullu bætur, sem á að veita þegar eign er tekin af eiganda sínum. Það er það sem er um að ræða. Og undir lok ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds kemur það auðvitað fram að hann bölsótast út í séreignarstefnuna sem allt er að kúga og það er í samræmi við hans sósíalísku hugsun og sósíalísku stefnu hans flokks og ekkert um það að segja annað en það að það er gott ef menn eru hreinskilnir og eru tilbúnir að standa á þeirri skoðun. Ég er bara ósammála þeirri skoðun.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Af því að mér hefur nú um langan aldur verið mjög hlýtt til hv. þm. Árna M. Mathiesens þá finnst mér frekar dapurlegt að sjá hann í því hlutverki sem hann lék hérna áðan. Þessi vaski víkingur Sjálfstfl. sem áður var aldrei hræddur hjörs í þrá er skyndilega farinn að skjálfa í hnjáliðunum. Hvað er það sem vekur ótta hans? Jú, ótti hans stafar af því að hann sér að fram undan kunni að vera samruni jafnaðarmanna á Íslandi og það kynni að leiða til þess að sá flokkur sem hann hefur leynt og ljóst reynt að leiða í Reykn. verði ekki forustuflokkur í kjördæminu ef tekst að ná jafnaðarmönnum saman innan þeirra flokka sem er að finna á Íslandi í dag og líka utan þeirra. Hv. þm. talar mjög um að í frv. sem liggur fyrir frá Ragnari Arnalds og fleiri hv. þm. sé mjög mengandi sósíalismi. Í frv. er ýmislegt að finna sem ég er ekki alveg sammála en þar er líka að finna það grundvallaratriði sem ég hygg að gangi mjög í sameiningarátt með jafnaðarmönnum allra flokka. Ég held að þau grundvallaratriði sem er að finna í 1. mgr. hnígi mjög að því sem Alþfl. hefur talað um á þessu þingi og á undangengnum þingum og lagt fram frv. í þá veru sem þingflokkur jafnaðarmanna hefur lýst fylgi við.

Hv. þm. Árni M. Mathiesen verður tíðrætt — það má gefa honum það að hann reynir mjög oft að halda sig við grundvallaratriðin í stjórnmálum — um einkaeignarréttinn og sameignarréttinn. En meira að segja hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur sjálfur stutt frv. til laga sem gerðu ráð fyrir breytingum á stjórnarskipunarlögum þar sem var verið að herða sameignarrétt á auðlindum. Ég vek eftirtekt hv. þm. á því að við studdum sömu ríkisstjórn á síðasta kjörtímabili, sem lagði fram frv. tveimur dögum áður en þingi lauk árið 1995 þar sem gert er ráð fyrir að ótvírætt ákvæði væri sett inn í stjórnarskrána um að nytjastofnar á hafsvæðinu sem fullveldisrétturinn næði til væri sameign íslensku þjóðarinnar. Þar með var hv. þm. Árni M. Mathiesen í rauninni að lýsa því yfir í verki að sameignarrétturinn er stundum farsælli en séreignarrétturinn.

Um þetta frv., herra forseti, er það að segja að margt í því er gott og margt í því getum við jafnaðarmenn stutt. Eins og kemur fram í máli hv. flm. ber frv. það með sér að vera ekki samið í gær og hefur sennilega verið flutt fyrst fyrir einum eða tveimur áratugum. Þessa roskna yfirbragðs gætti líka í framsögu hv. þm. Ragnars Arnalds. Ég hjó eftir því að þegar hann sagði að ef til vill þyrfti að skilgreina hugtök í þessu frv., þá þyrfti ef til vill að skilgreina líka svolítið betur sum hugtök sem hv. þm. notaði. Ég velti því fyrir mér hvort það væri vegna fortíðar hans eða vegna þess að hann hefur ef til vill mælt nokkrum sinnum fyrir þessu ágæta frv. að hann notaði hugtök eins og „hin kapítalísku lönd" í framsöguræðu sinni. Miðað við þær breytingar sem hafa nú orðið á alþjóðavettvangi þætti mér vænt um að á síðari stigum þessarar umræðu lýsti hv. þm. því frekar fyrir mér hver hin kapítalísku lönd eru og hver eru ekki hin kapítalísku lönd. Þýddi það öll lönd í heiminum nema Kúbu? (**RA:** Eru þau horfin, kapítalísku löndin?) Nei, en ég held að þörf sé á því að hv. þm. skýri þetta betur og það má gagnálykta sem svo út frá þessu frammíkalli og umorða spurninguna: Eru hin sósíalísku lönd horfin nema ef til vill Kúba?

Það er rétt hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen að verið er að fjalla um grundvallaratriði. Honum tókst að vísu að teygja umræðuna út í allt aðra bithaga en þá sem hægt er að segja að falli undir grundvallaratriði. Þetta er innlegg, eins og hv. flm. sagði, í þá umræðu sem er í gangi og mun fara í gang miklu harðar á næstu missirum um hvernig eignarhald á auðlindum á að vera á Íslandi. Ég get sagt það alveg tvímælalaust að þau viðhorf sem er að finna í 1. mgr. frv. eru mér mjög að skapi. Þau falla mjög nálægt því sem þingmenn Alþfl. á undangengnum árum hafa verið að flytja. Að því er varðar eignarhald á auðlindum í jörðu, á yfirborði jarðar og í hafinu þá renna viðhorf jafnaðarmanna innan Alþfl., Þjóðvaka og Alþb. í mjög samliggjandi farvegum, ef ekki hinum eina og sama farvegi. Ég hins vegar segi að ýmislegt er í þessari 1. mgr. sem ég er ekki að öllu leyti sammála. Það er til að mynda talað um að sameign þjóðarinnar eigi að ná til orku og rennandi vatns og jarðhita neðan við 100 metra dýpi. Hér kom fram í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur áðan að áður hefur verið reifað og rökstutt af málflytjendum Alþfl. að kannski er erfitt að sjá hin sérstöku rök sem styðja nákvæmlega þessi mörk. Hvers vegna 100 metra en ekki 150 metra eða 50 metra? Ég tel að farsælla sé að fara þá leið sem hefur verið lögð til í frv. sem Alþfl. hefur flutt á síðustu þingum og m.a. á síðasta þingi. Gjörvallur þingflokkur Alþfl. flutti frv. til laga um virkjunarrétt vatnsfalla og líka um eignarhald á auðlindum í jörðu. Þar er t.d. hitaorku í jörðu skipt í tvennt. Annars vegar lághitasvæðin, sem taka þá til orkulinda sem eru á innan við 1.000 metra dýpi og undir 200° hita. Háhitasvæðin eru hins vegar þau sem eru fyrir ofan 200° hita. Við teljum að réttara sé að fara þá leið að lághitasvæðin fylgi landareigninni, þau fylgi sem sagt séreignarréttinum og þar með grunnvatnið líka. Við teljum hins vegar fortakslaust að háhitasvæðin eigi að tilheyra ríkinu og ekki sé heimilt að nýta orku háhitasvæða nema með heimild ríkisins.

Það má segja að þarna séum við og hv. þm. Ragnar Arnalds og þeir flm. sem honum fylgja afskaplega nærri hver öðrum. Það er ekki hægt að segja að þarna sé grundvallarágreiningur á milli flokkanna. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að hv. þm. Árni M. Mathiesen segir: Kemur ef til vill fram í þessu frv. það sem getur sameinað jafnaðarmenn? Já. Það sem ég geri hins vegar greinarmun á við flm. er

nákvæmlega sama atriði og hv. þm. Árni M. Mathiesen festi sinn krók hvað kirfilegast í, þ.e. sá málsliður 2. mgr. 1. gr. frv., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, er ekki skylt að taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni" o.s.frv.

Ég er algerlega ósammála þessu. Þarna er ég sammála hv. þm. Árna M. Mathiesen. Ég vek líka eftirtekt hv. þm. Ragnars Arnalds á því að ég tel það algerlega óframkvæmanlegt að hafa í gildi lög sem orðast svona: „....er ekki skylt ..." Hvað þýðir það? Þýðir það að í einu sveitarfélagi borga menn hæstu bætur en í öðrum ekki? Þetta er ónákvæmt orðalag sem gengur ekki í verklegri framkvæmd.

Ég bendi hv. þm. á að það er ýmislegt fleira sem ég hef um þetta frv. að segja en ég ætla ekki að gera það að svo stöddu vegna þess að ég hef fallist á það við forseta að stytta mál mitt til að hér megi koma fram atkvæðagreiðslu. En í grundvallaratriðum segi ég að hin stóru efni þessa frv. eru mér afskaplega hugnanleg.

[15:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi að þversögn væri í málflutningi mínum miðað við þau mál sem lögð voru fram á síðasta kjörtímabili. Svo er alls ekki. Ég fjallaði einungis almennt um náttúruauðlindirnar og tiltók sérstaklega fiskstofnana meðal annarra náttúruauðlinda og sagði að almennt teldi ég að þetta ætti að vera sem líkast hinum almenna eignarrétti. En ég var fullkomlega sammála því frv. sem kom fram til stjórnlaga á síðasta kjörtímabili um eignarhald á nytjastofnunum. Ég held að það sé nægjanleg nálgun við hinn almenna eignarrétt hvernig við höfum í grundvallaratriðum skipað fiskveiðistjórnuninni.

Hann talar hins vegar um að ég sé hræddur við sameiningu vinstri manna. Hvers vegna skyldi ég vera hræddur við sameiningu vinstri manna? Hvers vegna? Er einhver formúla fyrir því að Sjálfstfl. gangi illa ef vinstri menn sameinast? Nei, ég held nú síður. Ég held að eftir því sem línurnar eru skýrari í íslenskri pólitík og sameining vinstri manna mun gera þær skýrari, þeim mun betra fyrir Sjálfstfl. Þeim mun betur vegnar þeim sem tala tæpitungulaust.

Ég fagna því hins vegar að hv. þm. tók undir málflutning minn hvað varðar eignarréttinn, almennan eignarrétt og eignarrétt á landi og tel reyndar að málflutningur hans þar sýni það að miklu styttra sé milli mín og hans en milli hans og hv. þm. Ragnars Arnalds.

[15:55]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég orðaði þetta ekki svo að þverstæða hefði verið í málflutningi hv. þm. Það var hans eigin túlkun á mínum málflutningi. Ég benti hins vegar á að hv. þm. hefði stutt frv. sem herðir sameignarréttinn fremur en séreignarréttinn. Að öðru leyti verð ég að segja það, herra forseti, að ég er alltaf jafnhissa á því hvað forusta Sjálfstfl. er slegin miklum kvíða yfir hinu fyrirhugaða samstarfi sem kann að leiða til sameiningar jafnaðarmanna. Ef til vill eru þeir hræddir um að við hirðum af þeim þingflokksherbergið fína í fyllingu tímans. Það er nefnilega svo að það er ekki bara hv. þm. Árni M. Mathiesen sem hefur kvatt sér hljóðs að undanförnu til að vekja eftirtekt á þessari auknu samvinnu. Einn af leiðtogum lífs hans sem situr hér á ráðherrastóli, hæstv. dóms- og kirkjumrh. og sjútvrh., hefur í greinum nýlega í Morgunblaðinu opinberað það að einnig hann er kominn með skjálfta í hnén vegna þess að hann óttast þessa sameiningu. Menn sjá auðvitað þegar þeirra sæng er upp reidd og takið eftir því að ég sagði sæng en ekki exi.

[15:56]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en nú að sameining vinstri manna snerist um húsaskipan í Alþingishúsinu.

[15:57]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni, að það getur verið erfitt að slá því föstu þegar um er að ræða jarðhita og verið er að ákveða hvað skuli teljast sameign þjóðarinnar hvort miða skuli við 100 metra dýpi eða 150 metra dýpi. Þetta kom fram áðan. Ég nefndi þar margar tölur sem vel gætu komið til greina og er auðvitað ekki fastur í þeim efnum á ákveðinni tölu.

Hv. þm. vildi hins vegar skilgreina þetta á annan veg. Hann vildi miða við 200° hita, þ.e. að hitinn í holunni væri kominn yfir ákveðið mark. Ég segi þá við hann eins og hann sagði við mig: Af hverju endilega 200°? Af hverju segjum við ekki 250° eða 150°? Í slíkum tilvikum er alltaf erfitt að rökstyðja einhverjar hárnákvæmar tölur. Þarna verðum við að komast að einhverri niðurstöðu sem eðlileg og sanngjörn getur talist. En auðvitað er enginn einn sannleikur til í þessu efni.

Um orðalag eignarnámsgreinarinnar gegnir svipuðu máli. Ég efast ekki um að hana megi orða á margan annan veg. Hún er fyrst og fremst þarna fram sett til að slá því föstu að víkja megi frá almennu markaðsverði þegar svona stendur á eins og þarna er rætt um. Það er sem sagt ekki skylt að fylgja almennu markaðsverði og það er talið heimilt að hafa bæturnar lægri. Bæturnar mundu ýmist verða ákveðnar í samningum eða með dómi og það er heimilt að víkja frá markaðsverðinu. Þetta er gert í ýmsum löndum. Ég tel að þetta eigi að gera hér líka. Ég tel t.d. að í Noregi sé heimild til þess í eignarnámslögum að víkja frá markaðsverðinu. Hvernig þetta er orðað er svo aftur annað mál.

[15:59]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að orðalagið á eignarnámsákvæðinu sé ekki hæft til verklegrar framkvæmdar og ég tel að það bjóði heim hættunni á því að jafnræðis verði ekki gætt hjá þeim sem eiga lönd sem numin eru til eignar af hinu opinbera.

Að því er það varðar síðan hvort hægt sé að deila um hvort það ætti að telja þau svæði til séreignar eða opinberrar eignar út frá því hvort þau eru 200° heit eða ekki, þá nefni ég þessa tölu vegna þess að slík er hin fræðilega skilgreining á því hvað er háhitasvæði og hvað er lághitasvæði. Þetta er einungis skilgreining jarðfræðinnar en eins og hv. þm. veit er ég giftur jarðfræðingi og mér mundi aldrei detta í hug að draga þetta í efa.

[16:00]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gildir um bætur vegna eignarnáms að þær eru ýmist ákveðnar með samningum aðila eða þá með dómi. Og ef sagt er í lögum að ekki sé skylt að greiða fullar bætur, þá er fyrst og fremst verið að opna leið fyrir dómstólana til þess að ákveða bætur sem væru lægri en markaðsverð sem skapast hefur vegna þess að þéttbýli er að myndast, þ.e. verð sem hefur orðið til vegna aðgerða annarra, vegna þess

að vegur hefur verið lagður af hinu opinbera, vegna þess að brú hefur verið byggð af hinu opinbera. Eignir hækka af þessum sökum og þá er sem sagt dómstól ekki skylt að fylgja hinu strangasta markaðsverði heldur getur hann haft bæturnar lægri. Það er alveg rétt að þegar dómstólar eiga í hlut, þá geta orðið mismunandi niðurstöður. Þannig er t.d. engin vissa fyrir því að dómstóll á Norðurlandi dæmi menn í sömu refsingu og dómstóll á Suðurlandi. En síðan er málum vísað til Hæstaréttar og Hæstiréttur mundi þá væntanlega í slíkum málum koma sér upp einhverri ákveðinni dómvenju sem síðan yrði fordæmi og miðað yrði við þannig að ég held að þessar áhyggjur hv. þm. af því að þarna kæmi upp ósamræmi séu ástæðulausar. Endanlegur úrskurðaraðili yrði Hæstiréttur og hann mundi vafalaust mynda sér einhverja dómvenju í þeim efnum.

[16:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sem betur fer ekki lögfræðingur en mér finnst þetta vond lögfræði og ég held að það hljóti að vera í blóra við það sem menn reyna að tíðka innan lögfræðinnar.

Þetta orðalag sem hér er lagt til af hv. þm. Ragnari Arnalds lögfræðingi þýðir að á einum stað fá menn tilteknar bætur sem miðast ekki við verðhækkun vegna nálægðar við þéttbýli en á öðrum stað geta menn fengið bæturnar.

Þetta leiðir til þess að þegnarnir geta ekki verið vissir um að þeir njóti jafnræðis og þess vegna er ég á móti slíku orðalagi. Ég er á móti ákvæðinu sem slíku en ég tel að út frá þeim sjónarmiðum sem mér sýnast vaka fyrir hv. þm. þá eigi hann að orða þetta fortakslaust. Við eigum ekki að bíða eftir því að dómstólar skapi einhverja venju. Við skulum setja haldbæra reglu. Ræða þín skal vera: Já, já og nei, nei.

Umræðu frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 487.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Almenningsbókasöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 356.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Upplýsinga- og fræðslumiðstöð háskólastigsins á Austurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 192. mál. — Þskj. 216.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8. mál.

Fundi slitið kl. 16:09.

59. FUNDUR

fimmtudaginn 30. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þróun og umfang fátæktar á Íslandi, beiðni um skýrslu, 264. mál, þskj. 516. *Hvort leyfð skuli.*
2. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350. — 1. umr.
3. Stjórn fiskveiða, frv., 219. mál, þskj. 278. — 1. umr.
4. Stjórn fiskveiða, frv., 263. mál, þskj. 498. — 1. umr.
5. Sala afla á fiskmörkuðum, þáltill., 202. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.
6. Stjórnarskipunarlög, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,

[10:31]

Útbýting þingskjals:
Námulög, 277. mál, frv. HG o.fl., þskj. 530.

Samningsveð, 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 350.

[10:32]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samningsveð, sem lagt hefur verið fram á þskj. 350. Frv. þetta er nú lagt fram í fimmta sinn. Það var upphaflega lagt fram á vorþingi 1993 og síðan endurflutt á haustþingum 1993 og 1994 og enn á vorþingi 1996, en til þessa hefur ekki náðst að ljúka afgreiðslu þess á Alþingi.

Núgildandi veðlög eru að stofni til frá árinu 1887 og fela í sér ófullnægjandi ákvæði um samningsveð. Á þeim tíma sem liðinn er frá setningu laganna hafa verið sett ýmis lög varðandi samningsveð, einkum í þágu lánastarfsemi ákveðinna atvinnugreina. Þróun réttarins á þessu sviði hefur verið mjög brotakennd og ómarkviss og ólíkar reglur gilt um veðsetningu eftir því hvaða atvinnugreinar hafa átt í hlut.

Við samningu frv. var höfð hliðsjón af endurskoðun sem Norðmenn og Danir hafa gert á réttarreglum um veðsetningar, en frv. er að öðru leyti sniðið að íslenskum aðstæðum.

Með frv. er stefnt að því að setja í fyrsta skipti heildarlöggjöf um samningsveð og að taka á helstu álitaefnum sem uppi eru í þeim efnum. Stefnt er að því að gera löggjöfina samræmda þannig að sambærilegar reglur gildi um veðsetningar hver sem í hlut á, að hagsmunir þeirra sem lána út á veðsetningar séu tryggðir og jafnræði ríki í þeim efnum. Jafnframt er gert ráð fyrir að rýmkaðar verði heimildir til veðsetningar og þjónar það í verulegum mæli hagsmunum atvinnuveganna í landinu.

Ónauðsynlegt er að fara í einstökum smáatriðum í efni frv. og helstu nýmæli þess. Um það vísast til fyrri framsögu með frv. og athugasemda. Ég vil hins vegar gera grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var síðast lagt fram.

Veigamesta breytingin er sú að nýrri málsgrein, 4. mgr., er bætt við 3. gr. frv., þar sem fjallað er um það þegar veðsett eru fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, svo sem aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Af reglu 4. mgr. 3. gr. frv. leiðir að óheimilt er að veðsetja slík réttindi. Gert er ráð fyrir að þau geti ekki verið sjálfstætt andlag veðréttar. Hafi hins vegar slík fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi, þ.e. veiðiskip eða lögbýli, verið veðsett, er gert ráð fyrir að eiganda þeirra sé óheimilt að skilja hin úthlutuðu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Gert er ráð fyrir að sú háttsemi varði refsingu sem skilasvik, sbr. 2. mgr. 48. gr. frv.

Allnokkur umræða hefur orðið um veðsetningu á aflahlutdeild skips. Samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og reglugerð nr. 367/1991 er heimilt að framselja aflahlutdeild skips að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Aflahlutdeild getur því samkvæmt þessum heimildum gengið kaupum og sölum og unnt er að leigja hana, og getur hún sem slík haft í för með sér mikið verðmæti. Það getur því varðað þann miklu sem veðrétt á í skipi að aflahlutdeild verði ekki frá skipinu skilin enda sýna dæmin að markaðsverð skipa sem ekki hafa aflahlutdeild er annað en þeirra sem aflahlutdeild hafa. Má því til sanns vegar færa að óheft heimild eiganda skips til þess að skilja aflahlutdeild frá skipi, án alls samráðs við þá sem eiga veðrétt í skipinu, getur leitt til mjög verulegrar rýrnunar veðsins og skert þá tryggingu sem veðréttinum er ætlað að veita.

Hvorki fyrri gerðir frv. né þessi hafa miðað að því að breyta þeirri réttarstöðu sem mælt er fyrir um í lögum um stjórn fiskveiða. Veðlögin eru eðli máls samkvæmt hlutlaus gagnvart þeirri skipan mála sem þar er ákveðin. Þau hvorki styrkja hana né veikja. Markmiðið er það eitt að tryggja öryggi í viðskiptum.

Rétt er að leggja áherslu á það að með frv. er á engan hátt ætlað að hefta svigrúm ríkisvaldsins til að skerða eða afnema hin úthlutuðu nýtingarréttindi á gildistíma veðsetningar. Sá sem tekur veðrétt í veiðiskipi eða bújörð tekur, með sama hætti og eigandi skipsins eða bújarðarinnar, þá áhættu að ríkisvaldið kunni að grípa til slíkra ráðstafana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja meira um frv. að þessu sinni svo mjög sem hv. þm. er kunnugt efni þess frá fyrri umræðum í Alþingi og umfjöllun um það í hv. allshn. Það er löngu tímabært að sett verði heildarlög um samningsveð. Það eru augljósir hagsmunir allra, jafnt þeirra sem eiga í atvinnurekstri og eru lántakendur og lánveitenda. Ég vænti þess að með frv. þessu hafi fundist niðurstaða um það atriði sem til þessa hefur helst valdið ágreiningi í þinginu og vænti þess því að Alþingi geti nú afgreitt frumvarpið á þessu þingi. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. allshn.

[10:38]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þar sem hér er um býsna stórt frv. að ræða þá hafði ég kannski reiknað með því að ræða ráðherrans yrði öllu ítarlegri en hún reynist vera en þar kemur ugglaust fram mat hans á því sem hér er um fjallað. Ég er með tvær spurningar vegna þess hvernig hann hagaði sínu máli sem ég held að sé nauðsynlegt að svör komi við strax.

Í fyrsta lagi af því hann jafnar saman framleiðslurétti búanna í landinu í landbúnaði og veiðiheimildum þá væri fróðlegt ef hann upplýsti hvað framleiðsluréttinum er úthlutað til langs tíma í senn. Það er ljóst að veiðiheimildum er úthlutað til eins árs í senn en af því að hann jafnar þessu saman, hvað er þá framleiðsluréttinum úthlutað til langs tíma í senn og hver er munurinn á öryggi í þeim málum?

Í öðru lagi fjallar hann um að veiðiheimildir geti ekki verið sjálfstætt andlag. Það er alveg rökrétt. Þær geta það ekki vegna þess að þær fylgja ávallt skipi, er ekki svo? Var hinn möguleikinn einhvern tímann uppi? Var sá möguleiki uppi einhvern tímann að hægt væri að veðsetja veiðiheimild af því henni er alltaf úthlutað á skip? Það væri þá hægt að veðsetja hana sjálfstætt? Mér finnast þessi rök svolítið sérkennileg og vildi gjarnan að ráðherrann rökstyddi enn frekar nákvæmlega þetta. Hvernig gat hann séð það fyrir sér að veiðiheimild væri veðsett sérstaklega þegar veiðiheimild er alltaf úthlutað á skip?

[10:40]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér gætir einhvers misskilnings. Það hefur aldrei staðið til í fyrri útgáfum frv. að heimila veðsetningu aflahlutdeildar sérstaklega vegna þess að það stangaðist á

við reglur fiskveiðistjórnarlaganna. Í fyrri útgáfum frv. var hins vegar gert ráð fyrir að unnt væri að veðsetja verðmæti skips með veiðiréttinum eða aflahlutdeildinni en aldrei á þann veg að unnt væri að veðsetja veiðiréttinn sérstaklega og skilja hann frá skipinu. Það hafa aldrei verið settar fram hugmyndir í þá veru svo ég viti til og engin af fyrri frv. sem lögð hafa verið fram hafa falið það í sér. Hér er hins vegar farin önnur leið, þ.e. að beinlínis er bannað að veðið taki til þessara verðmæta en á hinn bóginn er óheimilt að slíta þau frá skipinu, þegar um skip er að ræða, þannig að sá sem á veð í skipinu er öruggur um að aflahæfi skipsins skerðist ekki og þar með er því markmiði náð sem að hefur verið stefnt, þ.e. að tryggja öryggi í viðskiptum. Veðlögin vinna ekki að öðru markmiði og eru alveg hlutlaus gagnvart fiskveiðistjórnarlögunum.

Varðandi fyrri spurningu hv. þm. þá liggur alveg ljóst fyrir að það skiptir ekki máli gagnvart veðlögunum hvort réttindum af þessu tagi er úthlutað til lengri eða skemmri tíma. Veðlögin eru algjörlega hlutlaus gagnvart slíkum ráðstöfunum og Alþingi getur eftir sem áður tekið ákvörðun um að breyta reglum um búmark og reglum um úthlutun aflahlutdeildar. Það hefur engin áhrif á veðlögin (Forseti hringir.) eða réttarstöðuna sem þar er uppi.

[10:42]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins meira um veðsetningu aflaheimilda. Er það þá rétt skilið sem fram kom í máli ráðherrans að samkvæmt fyrri frv. hafi verið gert ráð fyrir því að veðsetja mætti skip með aflaheimildum? Nú sé staðan hins vegar sú að aflaheimildirnar séu alltaf veðsettar um leið og skipið nema sérstaklega sé kveðið á um annað í þinglýstum samningi? Að munurinn sé sem sagt þessi að veðsetja mátti þau með aflaheimildum en nú sé veiðiheimildin alltaf veðsett nema sérstaklega sé kveðið á um annað?

[10:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn sýnist mér vera einhver misskilningur uppi á skilningi hv. þm. á frv. Frv. felur það í sér að aflahlutdeildin og greiðslumarkið verða ekki veðsett og veðsetningin tekur ekki til þeirra verðmæta. En það er hægt að taka veð í skipi og það er hægt að taka veð í lögbýli. Lánveitandinn er hins vegar tryggður með því að þessi réttindi er ekki hægt að selja frá veðandlaginu nema með hans samþykki. Þar með er tryggt að lögbýlið hefur það aflahæfi og þá möguleika til verðmætasköpunar sem er nauðsynlegt til að standa í skilum við lánin og skipið getur aflað þeirra verðmæta sem nauðsynleg eru til að standa í skilum við lánin. Þetta eru þær reglur sem frv. gerir ráð fyrir Það er mjög skýrt og mjög einfalt og tryggir þau markmið að viðskipti á þessu sviði séu tryggð með sama öryggi og í öðrum þáttum viðskiptalífsins.

[10:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég held að ekki sé um það deilt hér á þinginu að það hafi verið tímabært þó fyrr hefði verið að fram færi heildarendurskoðun á ákvæðum í íslenskri löggjöf um samningsveð eða veðsetningar og veðmál og veðfyrirkomulag yfirleitt. Þó ekki kæmi annað til en að stofni til er gildandi löggjöf frá 1887 og síðan hefur verið við hana prjónað á ýmsan hátt með margendurteknum breytingum en aldrei verið farið í heildarendurskoðun. Með vísan til þess hversu margt er orðið gjörbreytt í öllu viðskiptaumhverfi í nútímanum þá held ég að það eitt og sér nægi sem rökstuðningur fyrir því að löngu tímabært var að fara í þessa vinnu.

Menn þekkja sjálfsagt einnig dæmi úr atvinnulífinu um ástand sem er bagalegt í þessum efnum og óhentugt og í engu samræmi við nútímaatvinnu og viðskiptahætti. Þar mætti t.d. nefna þær veðsetningarreglur sem olíufélögin búa við í sambandi við innflutning á sínum vörum og eru ekki mjög þjálar svo ekki sé fastar að orði kveðið eins og einhverjir kunna að þekkja.

Þess vegna, herra forseti, er í sjálfu sér brýnt að meginefni þessa frv. fái vandaða vinnu og síðan afgreiðslu á þingi og þó fyrr hefði verið. Það er einmitt hluti af harmsögu þessa máls að tiltekið klúður sem hér hefur orðið hefur tafið það um einhver ár að þessi brýna endurskoðun á veðmálunum kæmist í gegn. Það klúður, sem langfrægast hefur orðið í umræðum um þessi mál og yfirleitt tekið nánast allan tíma sem farið hefur í að ræða það hér á hinu háa Alþingi, snýr að veðsetningu eða ekki veðsetningu veiðiheimilda. Ég mun aðallega halda mig við þann þátt málsins hér í umræðum eins og e.t.v. einhverjir fleiri en með því er ekki gert lítið úr efni frv. að öðru leyti og ég vísa til þess sem ég hef þegar sagt um nauðsyn þess að afgreiða þá þætti málsins.

Herra forseti. Þegar frv. þetta birtist fyrst á borðum þingmanna 1993, varð mikið slys sem ekki hefur verið aftur tekið ef svo má að orði komast. Menn hefðu betur hugsað sinn gang og vandað sig aðeins meira áður en frv. var lagt fram í þeim búningi sem það þá var í. Aðstandendur þess frv. hljóta að þurfa að líta í eigin barm og spyrja sig að því hvort þeir hafi unnið heimavinnuna sína áður en þeir samþykktu framlagningu stjfrv. með ákvæðum um veðsetningu veiðiheimilda af því tagi sem þar birtust vegna þess að þegar frv. var einu sinni fram komið með slíkum heimildum þá var ekki auðvelt að kippa því til baka öðruvísi en að það byði upp á gagnályktun sem strax setti málið í erfiða stöðu. Með öðrum orðum, herra forseti, ef málinu hefði ekki verið hreyft og óbreytt réttarástand látið haldast, hefðu menn ekki lent í þeim ógöngum sem menn eru nú komnir í og hafa valdið því síðan að þrjú ár eru liðin í stanslausri leit manna að útgönguleið út úr þeim ógöngum að hafa sett inn í frv. ákvæði sem opnaði fyrir veðsetningu á veiðiheimildum með tilteknum hætti. Það þóttu þess vegna mikil tíðindi þegar sú fregn barst út um heimsbyggðina eins og stendur einhvers staðar í texta, að nú hefðu stjórnarflokkarnir fundið lausn á málinu. Sérstaklega voru framsóknarmenn ákaflega hreyknir til sjávar og sveita, af því að þeir hefðu af snilld sinni dottið ofan á lausn á þessu vandamáli með veðsetningu kvótans. Menn biðu eðlilega spenntir og svo kom lausnin: Það átti bæði að leyfa og banna veðsetninguna. Það varð niðurstaðan. Og framsóknarlegri verður nú ein niðurstaða tæplega, herra forseti, heldur en akkúrat þessi, þ.e. að bæði leyfa og banna sama hlutinn. Það er víst ekki í sömu setningunni því að það er punktur þarna á milli, en það er í sömu málsgreininni. (Gripið fram í.) Varðandi punktinn þá þyrftum við að hafa hæstv. forsrh. því að hann er eins og kunnugt er sérfræðingur í að lesa úr punktum. En hvort þessi punktur þarna á milli orðanna „bújarðar" og „Hafi" skiptir sköpum skal ég ekki segja um. Ég vísa því máli til æðri dómstóla, sem sagt hæstv. forsrh.

Þannig er niðurstaða málsins, herra forseti, að veðsetningin er bæði leyfð og bönnuð í sömu málsgrein, sama tölul. 3. gr. frv. Þetta er gert með því að sagt er, með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu“ — það á væntanlega við útgáfu t.d. kvótans — „á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar.“

Nú veit ég ekki hvað þetta „til dæmis“ vísar til, hvort menn telja að það sé hugsanlega um fleiri slík réttindi að ræða og væri fróðlegt að heyra af því. En svo kemur eftir punktinn fræga:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á,“ — bújörð eða fiskiskip væntanlega — „verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.“

Á mannamáli þýðir þetta, herra forseti, að ef eign, bújörð eða skip, sem hefur einhver réttindi af þessu tagi, veiðiheimildir eða greiðslumark, er yfir höfuð veðsett, þá eru þar með öll hin sömu réttindi fest við fjárverðmætið og verða ekki þaðan hreyfð nema með þinglýstu samþykki veðhafans. Þar með er veðhafinn lögvarinn í málinu. Það er lögbrot að færa réttindin af skipinu eða jörðinni þannig að seinni málsliður 4. tölul. 3. gr. ekki bara leyfir heldur gjörsamlega geirneglir veðsetningu þessara réttinda sem fyrri málsliðurinn bannar. Þannig er það. Efnislega er það þannig. Í reynd þýða ákvæðin þetta. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. benti á að með þessari útfærslu gengur veðsetningin miklu lengra en hún hefði þurft að gera þó að eldri ákvæði fyrri frumvarpa hefðu í sjálfu sér heimilað veðsetningu en ekki gert hana sjálfvirka. Þetta er sjálfvirk veðsetning allra veiðiheimilda, alls greiðslumarks, á öllum skipum eða öllum bújörðum sem yfir höfuð eru veðsett. Það gerist sjálfkrafa. Það væri fróðlegt að vita hvort stjórnarliðið hefur velt því augnablik fyrir sér hvaða framkvæmdalega annmarka eða umfang þetta hefur í för með sér. Þetta þýðir að í hvert einasta sinn sem hreyfa á veiðiheimild af skipi sem yfir höfuð er veðsett, verður að afla þinglýsts samþykkis fyrir því. Annað er lögbrot. Þannig er það.

Ég held því að menn hafi í gleði sinni yfir að hafa fundið lausnina, gleymt að hugsa. Þeir sem það á annað borð geta í stjórnarflokkunum hafa gleymt því. Ég spái því, herra forseti, að menn eigi eftir að rekast á það þegar þeir fara að skoða þetta mál betur að þetta er ekki alveg svona einfalt. Þetta var of billeg lausn. Þó það hljómi framsóknarlegt og kunnuglegt að bæði leyfa og banna sama hlutinn í sömu setningunni þá reynist það í veruleikanum ekki alveg eins mikið snjallræði og ætla mætti.

Herra forseti. Þetta mál skiptir að mínu mati fyrst og fremst máli í sambandi við ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og þann þátt þess lagaákvæðis sem snýr að óskertu forræði stjórnvalda fyrir auðlindastjórnuninni og möguleikum stjórnvalda og löggjafans til að breyta reglum um þessa auðlindanýtingu. Í mínum huga hefur 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og þau ákvæði sem tókst að fá þangað inn eftir býsna langa þrautagöngu alltaf fyrst og fremst skipt máli og haft gildi gagnvart því að þau voru til þess ætluð. Og þannig voru þau rökstudd og þannig var þeim breytt 1990 þegar þau voru styrkt, að treysta og tryggja algjörlega stöðu stjórnvalda gagnvart því að ekki gæti orðið um einhvers konar eignarréttar- eða forræðisþróun að ræða í kerfinu sem færi að takmarka rétt stjórnvalda til að breyta þessum leikreglum. Þá hljótum við að spyrja okkur: Er þessi umbúnaður um möguleikana til að veðsetja veiðiheimildirnar þess eðlis að hann geti skapað vandræði í þessum efnum, ef ekki réttarfarsleg þá a.m.k. pólitísk eða efnahagsleg? Er þetta líklegt til að leiða af sér stöðu inn í fyllingu tímans sem kemur til með að takmarka eða skerða möguleika stjórnvalda að einhverju leyti að lögum eða pólitískt eða efnahagslega? Mitt svar er, herra forseti, að ég óttast það. Ég er ekki í þeim hópi sem hef nokkurn tíma dregið í efa að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða haldi. Ég tel engan vafa á því að eins og staðan er nú þá getur Alþingi hvenær sem er sett lög um að afnema kvótakerfið. Og það er algjörlega nauðsynlegt að þannig liggi það fyrir og menn eiga ekki að vera að gera sér leik að því að túlka þetta ákvæði öðruvísi. Menn eiga ekki að veikja stöðuna með því. En við hljótum a.m.k. að horfa á hinar pólitísku og/eða efnahagslegu afleiðingar þess að tryggja stöðu veðhafa í fiskiskipum á þennan hátt.

Ég held reyndar að það sé mikill misskilningur og vitlaust að vera að blanda greiðslumarkinu á bújörðum saman við þetta mál vegna þess að þar er um allt aðra hluti að ræða. Það er ekki ávísun á sams konar hluti sem felst í greiðslumarkinu. Það er fyrst og fremst ávísun á tiltekinn, samningsbundinn og tímabundinn stuðning ríkisvaldsins við búvöruframleiðsluna og ekkert annað og það liggur fyrir. Sá samningur er opinn og hann er tímasettur þannig að allir geta áttað sig á því hvað þar er á ferðinni. En aðgöngu- eða nýtingarréttur að fiskimiðum sem veittur er til eins árs í senn er allt annars eðlis. Ég held því að það sé heldur til að flækja málin að vera með þennan samjöfnuð sem er þó hér í frv. og hæstv. ráðherra gerði í framsöguræðu sinni.

Ég, herra forseti, óttast það að með þessari algeru sjálfvirku veðsetningu sem þarna er búin til, af því að hún er algerlega sjálfvirk, — hún festir sjálfkrafa og veðsetur sjálfkrafa allan kvóta á öllum fiskiskipum sem veitt er lán til og tekið er veð í, sama þó það séu nokkrar krónur og þá verður það þannig að sjálfkrafa festist allur veiðiréttur við þau og þar verður enginn hreyfanleiki viðhafður án þinglýsts samþykkis veðhafa — að þá séu menn að búa til einhvers konar ímyndaðan gullmyntfót, pappírslegan, undir allar lánveitingar til þessarar greinar, þ.e. útgerðarinnar. Og mér er sem ég sjái stjórnmálamenn eftir 10 eða 20 ár hrista það fram úr erminni að kippa þessu allt í einu í burtu ef það mundi þýða að allt lánakerfi banka og fjárfestingarlánasjóðakerfið í landinu færi í rjúkandi uppnám, ef svo kynni að fara.

En það er annað, herra forseti, sem ég tel að verðskuldi umræður í þessu samhengi og það er hugsunarhátturinn á bak við þetta. Hvers vegna þarf að tryggja með þessum hætti stöðu veðhafanna? Hvers vegna? Af hverju geta ekki og eiga ekki þeir sem lána að meta þá óvissu eða áhættu sem fólgin er í því að t.d. stjórnkerfi fiskveiða geti breyst og lána samkvæmt því eða meta þá áhættu sem fólgin er í að stjórnendum fyrirtækjanna sem þeir eru að lána eða eigendum sé ekki treystandi? Þeir gætu farið að svíkjast aftan að þeim og rýra veðin með því að færa burtu veiðiheimildir. Er þeim þá treystandi að öðru leyti? Af hverju eru bankarnir að lána til fyrirtækja sem njóta ekki meira trausts en svo að það þarf sérstaka lögverndun til að festa veiðiréttindin inni í fyrirtækjunum? Þarf þá ekki að lögvernda bankana líka fyrir því að fyrirtækin séu ekki illa rekin eða forstjórarnir fari ekki á fyllerí eða eitthvað annað gerist? Þetta er mjög sérkennileg hugsun þegar betur er að gáð, herra forseti, og ég veit alveg hvaða hugsun þetta er. Þetta er mesta meinsemd íslenska fjármálaheimsins um áratuga skeið. Þetta er steinsteypuhugsunarhátturinn. Þetta er nákvæmlega sama fyrirbærið og

þegar bankaheimurinn og fjárfestingarlánasjóðirnir hér um áratuga skeið nenntu ekkert að pæla í því hvort það væri einhver glóra í viðkomandi rekstri, eins og sagt er á gullaldaríslensku, eða hvort að stjórnendunum væri treystandi. Nei, það var bara spurningin um steinsteypuna. Ef fyrirtækið eða amma eigandans átti nógu myndarlegt einbýlishús sem hægt var að veðsetja þá var þetta í lagi sama hvaða vitleysa í atvinnurekstri átti í hlut.

Nú er gamli steinsteypuhugsunarhátturinn genginn aftur hér. Bankarnir og lánasjóðirnir vilja hafa þetta þægilegt. Þeir vilja ekki vera að taka áhættu af því að fyrirtækin geti verið misjafnlega vel rekin og sumir stjórnendurnir gætu svikist að þeim og flutt burt veiðiheimildir. Nei, þeir vilja búa til nýjan gullmyntfót gegnum alla útgerðina sem þeir geta áhyggjulaust tekið veð í, kvótann. Þá þarf ekki að hugsa meira um það. Fari fyrirtækin og reksturinn út og suður, upp eða niður, skiptir það ekki öllu máli ef gullmyntfóturinn er á sínum stað. Halda menn svo að það verði ekki slegin skjaldborg um hann eða hvað?

Við skulum hugsa okkur að ef svo færi, sem gæti gerst, því miður, að eftir kannski 15 ár gengi mikið erfiðleikaskeið yfir íslenskan sjávarútveg og reksturinn stæði ekki fyrir miklu, það væri ekki merkilegur arður o.s.frv. og eignir fyrirtækjanna, t.d. fasteignir í landi í vinnslu sem væri bullandi tap á, þættu ekki mjög merkileg veð eða mikils virði. Ætli tilhneigingin yrði þá ekki að reyna að passa upp á þetta, gullmyntfótinn, þannig að hann stæði fyrir sínu? Ég óttast það. En mest óttast ég hugsunarháttinn sem er á bak við. Að það hafi í raun og veru ekkert breyst. Að menn séu algjörlega metnaðarlausir gagnvart því að þróa nútímaleg, bankaleg viðhorf, arðsemismat og eðlileg áhættumatssjónarmið inn í viðskiptaumhverfið uppi á Íslandi á árinu 1997 sem mun standa yfir, herra forseti, eins og kunnugt er, og vilji bara koma sér upp nýrri steinsteypu í formi þessa gullmyntfótar veiðiheimilda. Það á ekki að vera svoleiðis. Þó að menn hafi mismunandi skoðanir á því hvort aflamark eða kvótakerfi sé betra eða verra stjórnkerfi á fiskveiðum en annað þá er það allt annað mál. Við hljótum að minnsta kosti öll að geta sameinast um það að við ættum að verja rétt löggjafans til þess að setja þessar leikreglur og breyta þeim eftir þörfum eins og menn telja skynsamlegast á hverjum tíma. Þess vegna verðum við að vera mjög vel á verði gagnvart því að það læðist ekki aftan að okkur réttarfarsleg, pólitísk eða efnahagsleg þróun af því tagi sem fari að takmarka eða skerða þessa möguleika. Ég get út af fyrir sig, herra forseti, tekið undir það að þessi útgáfa af frv. er að sumu leyti skárri en hún hefði verið með því að leyfa sjálfstæða veðsetningu veiðiheimildanna, sem hefði náttúrlega orðið versta og vitlausasta útgáfan af öllu. En hún er að sumu leyti verri en eldri útgáfur frv. Hún er það vegna þess að hún er altæk, alger. Hér verða sjálfkrafa allar veiðiheimildir festar sem ígildi veða. Það liggur þannig ef eitthvert einasta veð er á viðkomandi eignum. Þannig að þeir sem vilja hafa frjálsar hendur hljóta þá að reyna að hafa þau skip sem í hlut eiga án nokkurra veða.

Þannig er það, herra forseti, að ég held að menn hafi ekki fundið lausnina enda er hún ekki auðfundin. Ég viðurkenni að málið er í ógöngum vegna þess að menn ösnuðu þessum ákvæðum inn í upphaflega frv. á sínum tíma og hættan af gagnályktun blasir að sjálfsögðu við ef þingið mannar sig upp í það, sem það á auðvitað að gera, að henda þessum ákvæðum út. En það verður þá að hafa það. Ég hef fulla trú á að sjávarútvegurinn þoli það og bankarnir þoli að vinna úr því ástandi. Þeim er engin vorkunn að standa þannig að lánveitingum til þessarar atvinnugreinar að þeir meti þá áhættu sem fólgin er í þessum réttindum sem geta breyst eins og þau liggja fyrir og eru á hverjum tíma. Fyrst og fremst eiga þeir auðvitað að meta fyrirtækin, reksturinn sem í hlut á og áreiðanleika þeirra sem þar standa að málum.

Niðurstaða mín er sú, herra forseti, að af þeim kostum sem uppi eru í stöðunni, og enginn er góður, ég viðurkenni það, vegna þess hvernig menn hafa klúðrað málinu, þá sé samt skást að fella niður seinni málslið 4. tölul. 3. gr.

[11:05]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi talað nokkuð gegn huga sínum í ræðu sinni hér og gegn betri vitund. Vegna þess að hann veit mætavel og viðurkenndi að það þarf að setja löggjöf á þessu sviði. Og ég lýsi sérstakri ánægju með að þetta frv. er fram komið í nokkuð breyttum búningi.

Hv. þm. sagði að það væri bæði leyft og bannað. Aðalatriðið er að það er tvennt sem er bannað. Það er óheimilt að veðsetja aflahlutdeild fiskiskips og það er líka óheimilt að skilja aflahlutdeild frá skipi nema með heimild veðhafa vegna þess að það skiptir máli hvað snertir verðmæti skips hvort það hefur heimild til að sækja sjó. Er einhver sem finnst það góðir viðskiptahættir að eigendur skipa geti selt aflahlutdeild frá skipi án vitundar veðhafa og að bændur selji greiðslumark af bújörð sinni án vitundar veðhafa? Er einhver sem mælir með því að það sé gert? Ég held að svo sé ekki.

[11:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki venjan held ég þegar við erum að eiga orðastað að gefa mönnum einkunnir af því tagi sem hv. þm. var að gefa mér. Að ég hefði í fyrsta lagi talað þvert gegn huga mínum, væri sem sagt falskur, og í öðru lagi hefði ég talað gegn betri vitund. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. koma upplýsingar til að fullyrða slíkt. En ég gerði hvorugt. Ég held að hv. þm. geti farið í gegnum það sem ég hef sagt og skrifað um þessi mál sl. 3–4 ár ef hv. þm. nennir að hafa fyrir því og endurskoða svo þessi orð sín í framhaldi af því.

Auðvitað var þetta orðaleikur hjá hv. þm. Þetta var orðaleikur. Það er hægt að búa um sama hlutinn bæði með neikvæðum og jákvæðum yrðingum, það er ekkert vandamál, það kunna menn. Er það ekki? Það er hægt að setja jákvæð eða neikvæð forskeyti framan við sama hlutinn og fá út pósitífa eða negatífa merkingu endalaust eftir því sem mönnum sýnist. Það er það sem hér hefur verið gert. Það eru engin rök að segja að það sé tvennt sem sé bannað og þar með sé veðsetning veiðiheimilda ekki leyfð. Hún er einmitt leyfð með því að það er bannað að færa veiðiheimildirnar frá skipunum og þar með eru þær veðsettar. Staða veðhafans er lögvarin. Það er það sem mestu máli skiptir hér. Veðhafinn er algjörlega tryggður. Í reynd, í praxís, jafngildir þetta pósitífri heimild til að veðsetja veiðiheimildirnar á skipunum, nákvæmlega. Það mundi engu máli skipta, staða veðhafans yrði ekki á nokkurn hátt tryggari þó að hann mætti skrifa upp veiðiheimildirnar og veðsetja þær sérstaklega. Það kemur út á eitt, herra forseti. Þannig að ég held að framsóknarmenn ættu að stunda orðaleiki sína einhvers staðar annars staðar

heldur en hér í þingsölum ef þeir vilja láta taka mark á sér.

[11:09]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kemur skýrt fram í frv. að veiðiheimildir er ekki heimilt að veðsetja. Ég ætla ekki að fara frekar út í það, það getur hv. þm. lesið. Hann svaraði ekki því sem ég setti hér fram sem óbeina spurningu: Er einhver sem telur rétt að það eigi að vera heimilt að færa þessar heimildir frá skipi í tilfelli sjávarútvegsins eða bújörð í tilfelli landbúnaðarins án heimildar veðhafa? Eru það góðir viðskiptahættir? Ég held að svo sé ekki og þess vegna þurfi löggjafinn að taka á þessu ákvæði. Með því frv. sem nú hefur verið lagt fram og samstaða er um meðal stjórnarflokkanna er tekið á þessu. Ég vil lýsa ánægju með þau orð hv. þm. sem hann lét falla hér í upphafi ræðu sinnar að það hafi verið nauðsynlegt fyrir löggjafann að taka á samningsveðalöggjöfinni og setja heildarlöggjöf þar um. Það held ég að hafi verið. Vegna þeirrar réttaróvissu sem skapaðist með dómum á síðasta ári varð ekki hjá því komist að taka einnig á þessu hvað varðaði aflahlutdeild fiskiskipa og greiðslumark bújarða. Ég er mjög sátt við þá niðurstöðu sem fékkst og ég er eiginlega hreykin af henni. Ég tek nú svo mikið upp í mig.

[11:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. verður auðvitað að velja sér fyrirbæri til að vera hreykin af en ég óttast að það verði skammgóður vermir hjá hv. þm. Þegar þetta mál fær betri skoðun og meiri umfjöllun held ég að spilaborgin hrynji. Svo spyr hv. þm. fyrst óbeint og síðan beint: Er eitthvað að því að banna mönnum að færa veiðiheimildir af skipi ef það hefur verið veðsett, ef lánað hefur verið út á það? Já, ég tel að það geti verið feiknalega heimskulegt að vera eitthvað að blanda sér í það mál í vissum tilvikum. Við skulum taka dæmi af stóru, nýju og vel búnu fiskiskipi sem er hjá svo stöndugri útgerð að eigandinn á það nánast skuldlaust. En þó lendir smálán inn á það, kannski 5 millj. kr., inn á gott skip sem stendur fyrir svona hálfum milljarði og á nógar veiðiheimildir. Svo ætlar eigandinn að fara að færa af því nokkur tonn af karfa. Nei, hann má það ekki, hann verður að leita samþykkis veðhafans. Hvers konar della væri það? Ef fyrirtækið er t.d mjög sterkt og stöndugt og eigið fé þess, fjárhagur og arðsemi svo mikil að það er engin einasta ástæða fyrir lánveitanda, sem hefur af einhverjum tilfallandi ástæðum lánað því eitthvert lítilræði, að hafa nokkrar áhyggjur af láni sínu, hvers vegna ætti þá að vera eitthvert sérstakt ákvæði um að menn megi ekki skipta á veiðiheimildum, skrá fram og til baka tegundir án þess að fá þinglýst samþykki veðhafa fyrir einhverju smánarláni? Þetta er bara della. Þetta er óeðlileg hugsun. Jafnvel þó að fyrirtækið sé skuldsett, ef það er rekið af skynsemi og ábyrgð og það eru traustir stjórnendur, hvers vegna má þá ekki treysta þeim fyrir slíkum ákvörðunum eins og einhverjum öðrum í rekstri fyrirtækisins? Af hverju á sérstaklega að binda þetta? Jú, ég held, herra forseti, að þarna gangi aftur þessi fornaldarhugsunarháttur að það eitt skipti máli að finna steinsteypu, tryggja lántakandann og veðhafann og rekstrarleg sjónarmið, bankaleg sjónarmið eigi að víkja.

[11:13]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. er kunnur að því hér í þinginu að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega þannig að allir skilji. Að þessu sinni áttaði ég mig hins vegar ekki alveg á því hvers vegna hann hefur áhyggjur af þessu ákvæði. Ég er sammála því sem hann sagði að lögin um stjórn fiskveiða eru alveg afdráttarlaus í því að þau fela ekki í sér afhendingu á varanlegum eignarrétti og Alþingi getur hvenær sem er breytt þeirri skipan mála. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn haldi þeirri skýru lagasetningu og séu ekki að mistúlka hana. En ýmsir telja þó að það eigi að takmarka framsal, sumir bara framsal á aflamarki, sumir einnig á aflahlutdeild, til þess að gera þessi ákvæði enn virkari. Ég er út af fyrir sig ekki sammála því. En þetta frv. felur það eitt í sér að það er verið að takmarka rétt útgerðarmanna til að framselja aflahlutdeild. Þeir geta framselt aflamark algjörlega að vild sinni. Engar hömlur eru lagðar á það með þessu frv. Hins vegar eru settar skorður við því að útgerðarmenn geti framselt aflahlutdeild. Ég hefði nú haldið að gagnrýnin á fiskveiðistjórnarkerfið hefði heldur verið á það að framsalsréttur væri of rúmur. En svo koma að stórum hluta til einmitt þeir sömu menn, þó að þar séu á undantekningar, sem eru að gagnrýna að framsalsrétturinn skuli vera fyrir hendi þegar takmarkanir eru settar á hann í ákveðnum tilvikum eins og hér. Ég átta mig því ekki alveg á því hvað það er sem veldur hv. þm. áhyggjum út af þessu ákvæði. Er það það að hann telur að ekki megi undir neinum kringumstæðum skerða rétt útvegsmanna til að framselja aflahlutdeildina? Er það hin raunverlega ástæða? Hver er hin raunverulega ástæða hv. þm. fyrir þeim áhyggjum sem hann hefur?

[11:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræðustíll ætti nú betur við ef við, ég og hæstv. ráðherra, værum orðnir svona 15 árum yngri og ég kominn í Æskulýðsfylkinguna og hæstv. ráðherra í Heimdall. Það er alveg ástæðulaust að vera að blanda því inn í þetta mál að menn hafi kannski viljað gera ýmsar breytingar í sambandi við stjórnkerfi fiskveiða, framsal veiðiheimilda og slíkt. Ég hef flutt tillögur t.d. um hækkaða nýtingarkvöð á kvóta þannig að ég hef verið í þeim hópi sem tel að þessi mikla tilfærsla sé gengin út í öfgar, hið svokallaða kvótabrask og sérstaklega þó leigan innan ársins, aflamarkið.

Nei, það er að sjálfsögðu ekki af því sem ég hef áhyggjur að þetta takmarki svigrúm útgerðanna til að færa fram og til baka veiðiheimildir. Ég hélt reyndar að ég hefði komið inn á það mál. Það sem ég hef áhyggjur af fyrst og fremst í þessu sambandi er að þessu fylgi þróun, þessu fylgi smátt og smátt þróun, ef ekki lagaleg eða réttarfarsleg þá a.m.k. pólitísk og efnahagsleg sem muni draga kjarkinn úr mönnum gagnvart því að þora að leggja til breytingar á stjórnkerfi fiskveiða, að hrófla við aflamarkinu eða aflahlutdeildinni, af því að það verði smátt og smátt að einhvers konar gullmyntfæti sjávarútvegsins, allra lánveitinga til útvegsins, það sé hættan. Ég get út af fyrir sig verið sammála um það að eins og málin standa í dag, þá er engin ástæða til að hafa áhyggjur af 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Hún tryggir þetta vel. En við þurfum að vera á varðbergi gagnvart þróun sem getur læðst aftan að mönnum og skapað erfiðleika af hvaða toga sem er að þessu leyti. Það er á því sviði sem mínar áhyggjur liggja, ekki hinu að þetta gæti bremsað möguleika útgerðanna til að færa til veiðiheimildir. Þá er það í lagi í sjálfu sér. En ef við viljum gera það þá eigum við að nota önnur tæki til þess. Þau sem liggja innan stjórnkerfis fiskveiðanna sjálfs og ekki að

blanda (Forseti hringir.) ákvæðum af þessu tagi í óskyldum lögum þar inn í.

[11:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur að takmarkanir á framsali veiki þá réttarstöðu sem uppi er að Alþingi geti hvenær sem er breytt fiskveiðistjórnarlögunum og tekið upp hvaða fiskveiðistjórnarkerfi sem er. Ef við settum þá reglu að allt framsal væri bannað, værum við þar með að veikja þá stöðu sem kveðið er á um í fiskveiðistjórnarlögunum að þetta sé ekki afhending á varanlegum eignarréttindum? Værum við að veikja hana? Í sóknarmarkskerfi þar sem ekki er hægt að slíta veiðiréttinn frá skipinu, væru menn þá að búa til þá stöðu að það skyldi vera varanlegt kerfi? Væru menn þá að búa til þá stöðu að bankakerfið gæti tekið veð í veiðiréttinum og þar með að treysta einhverja varanlega ráðstöfun á veiðiréttinum af því að þar fylgir veiðirétturinn skipi en munurinn er bara sá að ekki er hægt að skilja hann frá?

Það er misskilningur að takmörkun á framsali hafi þessi áhrif. Það sést best á því að allir þeir sem eru að leggja til að framsal á aflamarki sé takmarkað með einum eða öðrum hætti eru ekki að gera það í þeim tilgangi að skapa varanlegan eignarrétt fyrir útgerðarmenn. Það er alls ekki tilgangur þeirra. Þó að ég sé ekki sammála ýmsum þeim tillögum þá veit ég að það er ekki sá tilgangur sem er þar á bak við. Það er aðeins þetta sem ég er að segja, hv. þm., að takmörkun á framsali hefur ekki þau áhrif sem hann hefur áhyggjur af.

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil ekkert í þessum endalausa misskilningi. Ég hef aldrei verið að tala um að takmarkanir á framsalinu sem slíku væru óhagstæðar eða breyttu einhverju í sambandi við sameignarákvæði og forræðisákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég hef bara alls ekki verið að tala um það mál. (**Dómsmrh.:** Frv. fjallar ekki um annað.) Þetta eru bara útúrsnúningar hjá hæstv. ráðherra. Við erum að tala um afleiðingarnar af því að veiðiheimildirnar verða í reynd, de facto, veðsettar í framtíðinni með þessu fyrirkomulagi. Það er sú staða sem mun fara að hafa áhrif á löggjafann í því að breyta kerfinu. Hæstv. ráðherra hlýtur að átta sig á því að þetta liggur svona. Ef fyrirtæki í framtíðinni, sem orðið er mjög skuldsett en á veiðiheimildir, fær lán út á þær eða veðhafarnir treysta sér til að halda úti lánum vegna þess að það á veiðiheimildir sem eru fastar inni í fyrirtækinu og þar með í reynd veðsettar, þá mun það fara að verka þannig. Og ef menn ætla svo að kippa þessu allt í einu í burtu. Við skulum segja hjá fyrirtæki sem á mjög fá skip en talsvert miklar veiðiheimildir — það eru fyrst og fremst þær sem í reynd standa fyrir lánveitingunum — þá munu menn heykjast á því að breyta því kerfi. Og hæstv. ráðherra veit vel að í lánakerfinu undanfarin missiri hefur verið þróun í gangi. Þróun í hvaða átt? Færa veðin yfir í útgerðarfyrirtækin þar sem veiðiheimildirnar eru. Af hverju reka bankarnir og sjóðirnir á eftir sameiningu fyrirtækja? Þau reyna að keyra skuldug vinnslufyrirtæki saman við útgerðarfyrirtæki. Af hverju heldur hæstv. ráðherra að það sé? Ha, hæstv. dómsmrh. ef hann skyldi nú ræða við hæstv. sjútvrh.? Það er vegna þess að þar með telja bankarnir sig fá tryggari veð í kvótanum sem á bak við verður. Þetta vita allir. Við skulum ekki tala um þessi mál öðruvísi en þau eru. Lánakerfið hefur verið á fullri ferð undanfarin missiri við að keyra lán sín yfir í þau fyrirtæki eða með sameiningu fyrirtækja þar sem veiðiheimildir standa á bak við til að undirbúa sig fyrir þá framtíð sem ríkisstjórnin er hér að teppaleggja fyrir kerfið.

[11:21]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar þannig að ég mun ekki hafa langt mál við 1. umr. Ef undan er skilin 3. gr. frv. þá sýnist mér að um margt geti ákvæði frv. verið til bóta. Veðlögin eru orðin gömul og ófullnægjandi og á margan hátt úr sér gengin og í raun eru þau miðuð við allt aðrar aðstæður og atvinnuhætti en við búum við í dag en að stofni til eru ýmis ákvæði veðlaga frá síðustu öld. Ljóst er að ákvæði frv. tryggja betur rétt lánastofnana en verið hefur en ég tel að skoða þurfi vel í nefnd hvort ákvæði frv. tryggi betur rétt þeirra sem setja eitthvað að veði og gætu lent í klóm á lögfræðingum eða lánastofnunum. Því þarf að kanna vel hvort það sjónarmið hafi einnig verið haft að leiðarljósi að tryggja veðrétt þeirra sem taka lán og setja veð fyrir lánafyrirgreiðslum.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að 3. gr. frv. sem er mest umdeild í frv. Með ákvæði þessarar greinar er 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, sem kveður á um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar, gerð hálfmerkingarlaus eða a.m.k. er verið að veikja ákvæði hennar mjög. Maður spyr hvert við séum að halda með þeim ákvæðum um heimild til veðsetningar á kvóta. Jú, útgerðarmenn fá nú ókeypis afnotarétt á auðlindinn og mega síðan fara með veiðiheimildirnar að vild, láta þær ganga kaupum og sölum og nú er heimild til að veðsetja aflaheimildir eins og hverja aðra þinglýsta eign þeirra. Með þeim áformum er verið að staðfesta í raun og sanni einkarétt örfárra útgerðaraðila á auðlindum sjávar sem þjóðin byggir helst afkomu sína á. Hér er með blessun og heimild frá hinu háa Alþingi verið að brjóta öll lögmál sem gilda í viðskiptum og fjármálum manna á milli að heimila örfáum aðilum sem braskað hafa árum saman með auðlindina að veðsetja eign sem er eign allrar þjóðarinnar.

Ég furða mig á því að Framsfl. hafi fengist til þess að styðja þetta ákvæði. Með þessari afstöðu sinni verða þeir ekki marktækir lengur í umræðunni. Það er hreinlega hægt að afskrifa þá því þeir eru ómerkir orða sinna. Kattarþvottur nokkurra þingmanna, þeirra sem margir bundu vonir við að héldu til streitu afstöðu sinni og andófi sínu gegn veðsetningu aflaheimilda, er afar aumkunarverður svo ekki sé meira sagt. Þessir hv. þm. þurfa svo sannarlega að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessari umræðu og maður spyr: Í hverju felst sú breyting nú á frv. sem réttlætir að þeir framsóknarmenn sem lögðust gegn veðsetningu kvótans geti nú fylgt þessu frv.? Jú, að nú sé ekki hægt að framselja kvótann nema létta veðböndum af skipinu eða bátnum. En hver er hin raunverulega breyting? Í einni setningu er bannað að veðsetja aflahlutdeild og í hinni að það megi veðsetja fjárverðmæti sem fiskveiðiréttindin eru skráð á og þá megi ekki skilja aflahlutdeildina frá. Fyrst er því byrjað að banna veðsetningu og í næstu setningu er hún leyfð og maður spyr: Hvaða hundalógíkk er þetta eiginlega? Þetta nýja ákvæði sem framsóknarmenn hlupu á er í raun marklaust þar sem aflaheimildirnar verða samkvæmt lögum að vera skráðar á skip. Á þessu er bitamunur en ekki fjár og hreint með ólíkindum að framsóknarmennirnir hugdjörfu, sem gripu til vopna sinna og sögðu þjóðinni að þeir ætluðu að berjast gegn

veðsetningu kvótans skuli hreinlega snúa við með skottið á milli lappanna inn í herbúðir þeirra sem ætla að afnema yfirráðarétt þjóðarinnar á auðlindinni og færa hana á silfurfati til örfárra kvótaeigenda og lánastofnana.

Það hefur líka verið sýnt fram á að mörgum spurningum er ósvarað varðandi þetta mál. Til dæmis nokkuð sem er ekkert smámál, að heimild til veðsetningar á kvótanum geti komið í veg fyrir eða a.m.k. gert það mjög erfitt að breyta kvótakerfinu án þess að borga upp veðskuldir eða til komi skaðabótakrafa á ríkið. Þeirri spurningu verður ríkisstjórnin og hæstv. sjútvrh. að svara skýrt — og var nokkuð til umræðu áðan milli sjútvrh. og þeirra sem hér hafa talað — hvort hægt sé að breyta stjórn fiskveiða án þess að til komi skaðabótakrafa á ríkið og þó því sé haldið fram í grg. frv. að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eigi ekki að leiða til bótaskyldu, þá er nauðsynlegt að taka af allan vafa um það og að það sé þá sagt afdráttarlaust í lagatextanum sjálfum, og er hæstv. dómsmrh. þá tilbúinn til þess?

Herra forseti. Ég trúi því ekki að óreyndu að þetta mál nái hér fram að ganga. Stjórnarandstaðan verður með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir þetta slys sem stjórnarflokkarnir ætla að fara að leiða yfir þjóðina, sem ekki bara felur í sér að verið er í raun að færa yfirráðarétt þjóðarinnar á auðlindum til örfárra útgerðaraðila með því að heimila veðsetningu á aflaheimildum, heldur mun þetta ákvæði hafa alvarlegar afleiðingar víðs vegar úti í þjóðfélaginu og magna upp og margfalda þá hrikalegu misskiptingu sem uppi er í þjóðfélaginu. Maður spyr hvort það réttlæti heimild til veðsetningar á auðlindinni bara til þess að tryggja öryggi lánastofnana. Eiga lánastofnanir ekki að vera fullfærar um að gera það sjálfar gagnvart útgerðaraðilum eins og öðrum atvinnugreinum? Af hverju eiga útgerðaraðilar að fá aðra meðhöndlun í þessu efni en venjulegir lántakar eins og heimilin í landinu? Ekki geta þeir gengið í veð nágrannans ef þeir hafa ekki veð í sinni eigin eign. Hvaða lögmál eiga að gilda í þessu? Á það virkilega að vega meira á hinu háa Alþingi og vera hlutverk þess að gæta hagsmuna lánastofnana, sem þær eiga að vera fullfærar um að gera sjálfar, en standa vörð um eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni? Eiga útgerðaraðilar að búa við þau forréttindi umfram aðra að geta bara veðsett eigur annarra? Ég tel að þetta séu siðlaus áform og stór spurning hvort þetta brjóti ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og ákvæði um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum.

Ég spyr til dæmis: Eru allir jafnir fyrir lögum þegar útgerðaraðilanum er heimilt að veðsetja eignir annarra fyrir þeim fjárfestingum sem þeir fara í en iðnaðarmaðurinn sem hefur ekkert annað að leita en í sínar lögmætu eignir fyrir skuldsetningu sinni? Síðan er líka spurning um gildi slíkrar veðsetningar, um mat á þeirri hættu að lánastofnanir verði smátt og smátt formlegir eigendur aflaheimilda í landinu. Og hvernig stenst það að taka langtímalán til 10 eða 20 ára með ábyrgð og veðsetningu í kvóta sem útgerðaraðili hefur enga tryggingu fyrir að hafa lengur en innan kvótaársins?

Herra forseti. Það er vissulega mörgum spurningum ósvarað varðandi framkvæmd þessa máls og afleiðingar þess fyrir þjóðfélagið og það er aðeins hægt að draga eina niðurstöðu af málinu og hún er sú að þessu slysi verður að forða sem 3. gr. frv. býður upp á.

[11:30]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér fullyrti hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir að frv. myndi veikja ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég er algjörlega ósammála þeirri túlkun og heyrði það í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að meira að segja hann túlkaði það þannig að þetta frv. mundi ekki raska 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Hins vegar þyrftum við að hafa áhyggjur af þróuninni og það er alveg hárrétt. Þannig að þetta er alls ekki svo. Ég er á móti því að heimila veðsetningu aflaheimilda og er því ánægð með hvernig þessi texti lítur nú út. Það stendur mjög skýrt í honum að óheimilt sé að veðsetja aflahlutdeild. Það stendur mjög skýrt. Það er það sem hefur breyst. Það stendur þarna skýrum stöfum og það er ekki hægt að hafa þetta einfaldara.

Hér fullyrti fyrri hv. ræðumaður að við værum að færa yfirráðaréttinn á auðlindinni yfir á hendur fárra aðila og við værum að veðsetja eigur annarra. Þetta er alrangt. Það er alveg skýrt í frv. að við erum að hafna því að það sé lögfest að heimila veðsetningu á kvóta. Svo einfalt er það.

[11:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því fram að ákvæði 3. gr. mundu veikja ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og ég tel að það geri það í raun og sanni vegna þess að hér er verið að heimila veðsetningu á aflaheimildum og þar með að þeir sem hafi þessar aflaheimildir geti farið með þær eins og hverja aðra þinglýsta eign sína. Mér finnst þetta vera kattarþvottur hjá hv. þm. sem hér talaði, sem hafði stór orð um það áður að þetta kæmi aldrei til greina, þ.e. að sú breyting sem hér er gerð frá því sem áður var áformað er ekki mikil vegna þess að það er verið að heimila veðsetningu á kvótanum og 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. er mjög afdráttarlaus um það. Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Þetta er alveg ótvírætt. Það sem verið er að banna í 1. málsl. 4. mgr. 3. gr. er verið að taka aftur í 2. mgr. Ef menn lesa þetta gaumgæfilega þá er það alveg ljóst. Þannig að í raun er ekki mikil breyting frá því sem menn áformuðu hér á síðasta þingi og margir framsóknarþingmenn lögðust mjög hart gegn.

[11:33]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki verið að heimila veðsetningu á kvóta. Það stendur mjög skýrt í 1. málsliðnum. Hins vegar stendur í 2. málslið að hafi skip verið veðsett þá megi ekki færa aflahlutdeildina af til þess að þeir sem hafa tekið lán (**ÁE:** Kvóta er alltaf úthlutað á skip.) geti staðið í skilum. Þetta er mjög einfalt og hv. þm. segir að lítið hafi breyst. Það er ekki svo að mínu mati. Textinn er orðinn það skýr að ég féllst á að hleypa honum áfram og er mjög ánægð með að það náðist þannig niðurstaða í þetta mál.

[11:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er greinilega hreykin eins og formaður þingflokks framsóknarmanna af þeirri breytingu sem þeir telja sig hafa náð fram í þessu efni sem er engin breyting. Hv. þm. heldur því aftur og aftur fram að ekki sé verið að veðsetja kvótann, en kvótum er úthlutað á skip og þar með er verið að veðsetja kvóta. Þingmaðurinn verður bara að horfast í augu við það hvað hún hefur verið að samþykkja og ég verð að segja að mér finnst nú lítið

leggjast fyrir hv. þm. sem hafði stór orð uppi í þessu efni fyrir nokkrum mánuðum síðan.

[11:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13 þm. Reykv. fór nokkuð hörðum orðum um viðskipti með aflaheimildir. Kallaði það brask. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. er á móti viðskiptum á þessu sviði eða ekki. Ég ætla ekki að leggja hv. þm. orð í munn eða gera henni upp skoðanir í því efni en um þessi viðskipti var talað mjög niðrandi af hálfu hv. þm. Nú langar mig bara til að spyrja hv. þm.: Telur hún að það mundi veikja 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna ef öll viðskipti með aflaheimildir væru bönnuð? Mundi það það mati hv. þm. veikja 1. gr. laganna?

[11:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki sé hægt í stuttu andsvari að fara út í það hvernig braskað er með kvótann en hæstv. dómsmrh. og hæstv. sjútvrh. ættu að þekkja hvernig það er gert. Það sem ég er hér að ræða um er ákvæðið eins og það liggur fyrir, að það veikir að mínu viti ákvæði 1. gr. þegar verið er að heimila aðilum sem fá úthlutað kvóta að þinglýsa þeirri eign sinni. Að þeir fari með hann eins og hverja aðra þinglýsta eign sína og það er það sem við stöndum frammi fyrir varðandi þetta frv.

[11:36]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mjög athyglisvert að hv. þm. treystir sér ekki til að svara þessari spurningu. Veikir það 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna að banna allt framsal? Hv. þm. treystir sér ekki til að svara því. Hvernig getur hún þá fullyrt að takmarkað bann við framsali veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna? Hvaða orsakasamhengi er þar á milli? Það kemur einfaldlega í ljós að það er ekkert rökrænt samhengi á milli fullyrðinga hv. þm. og raunveruleikans í þessu frv. Hv. þm. vill ekki svara því hvort bann við öllum viðskiptum með aflaheimildir veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna en hann fullyrðir að takmarkað bann við viðskiptum veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Og það vantar af hálfu hv. þm. að sýna fram á orsakasamhengi þarna á milli.

[11:38]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem hæstv. dómsmrh. er að spyrja um kemur þessu máli bara hreint ekkert við. Hann er að fara út í allt aðra sálma af því hæstv. ráðherra veit að hann hefur ekki góða samvisku í þessu máli. Við erum að fara hér út í mjög alvarlega hluti sem er veðsetning á kvótanum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og það er það sem við stöndum frammi fyrir varðandi það mál sem hér er til umræðu.

[11:38]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð almennt um þetta frv. sem hér er fram komið. Ég sit í allshn. þingsins þannig að ég fæ tækifæri til að fjalla frekar um það þar ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri ágætum hv. þm. En ég tel að ástæða sé til að fagna því að frv. til laga um samningsveð er nú fram komið í þeim búningi að allar líkur eru á að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Það er mikilvægt vegna þess að það er skylda löggjafans að setja landinu lög á þessu sviði sem öðrum. Þau lög sem nú gilda eru afar gömul eins og hér hefur komið fram og þau þjóna ekki þörfum þjóðfélagsins, hvorki þörfum atvinnuveganna til veðsetningarheimilda né heldur lánastofnunum. Nútímaatvinnulíf og nútímaviðskiptahættir kalla á nútímalöggjöf og það frv. sem hér er til umræðu miðast á ýmsan hátt við íslenskar aðstæður.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var frv. til laga um samningsveð þrívegis lagt fram og í öllum tilfellum sem stjórnarfrv. En það kom hins vegar í ljós þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir frv. að hv. þm. Alþfl. höfðu ekki kynnt sér frv. eða stóðu a.m.k. ekki á bak við það og studdu það ekki.

Frv. var síðan lagt fram á síðasta þingi í þeim búningi að kaflanum um veðsetningu á aflahlutdeild var sleppt. Frv. fór til meðferðar í hv. allshn. en hlaut ekki afgreiðslu, fyrst og fremst vegna þess að á meðan málið var til meðferðar í nefndinni féllu dómar sem þóttu skapa réttaróvissu og var málið því ekki afgreitt frá hv. Alþingi á síðasta þingi. Það er því nauðsynlegt núna að setja skýr lög um samningsveð. Þær breytingar sem fyrst og fremst hafa orðið á frv. frá því að það kom fyrst fram á hv. Alþingi, svo við förum nú aðeins yfir það, eru eftirfarandi. Ég held að það sé full ástæða til þess að rifja það upp.

Það er í fyrsta lagi: Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar.

Í öðru lagi: Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

Og í þriðja lagi, sem er mikilvægt að komi hér fram, ekki síst í framhaldi af ræðu hv. 13. þm. Reykv., að í greinargerð með frv. er bætt við ákvæði þess efnis að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum heldur sé fyrst og fremst um takmarkaðan og tímabundinn nýtingarrétt að ræða. Með þessu er sérstaklega verið að undirstrika og leggja áherslu á það viðhorf löggjafans sem fram kemur í 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar.

Í fjórða lagi kemur enn fremur fram í greinargerðinni að lögð er áhersla á það að sá sem tekur veðrétt í veiðiskipi eða bújörð tekur með sama hætti og eigandi skipsins eða bújarðarinnar þá áhættu að hin úthlutuðu nýtingarréttindi verði skert vegna almennra ráðstafana ríkisvaldsins eða þau jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings. Þannig að það er ekki nokkur vafi á því að það er verið að styrkja frekar en hitt 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Og vegna orða hv. 13. þm. Reykv. áðan: Ég segi eiginlega eins og hæstv. dómsmrh. að það er erfitt að átta sig á þessum málflutningi. Það er verið að fárast yfir því að útgerðaraðilar, sægreifar stundum nefndir þó ég vilji nú helst ekki taka mér það orð í munn, megi fara með veiðiheimildir að vild og þeir megi braska með auðlindina. En hv. þm. og fleiri hv. þm. eru að biðja um, heyrist mér, að þeir megi líka fá að selja aflahlutdeild frá fiskiskipum án þess að veðhafar fái að segja nokkuð þar um. Þannig að þeir vilja eiginlega í þessu tilfelli að þeir megi allt. Og þetta finnst mér málflutningur sem er svo erfitt að átta sig á að ég fer að efast um að hv. þm. skilji það sjálfir á stundum hvað þeir eru að fara.

[11:44]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. talaði um að við í stjórnarandstöðunni skildum kannski ekki um hvað málið fjallar. Ég get fullvissað hv. þm. um að við skiljum það mætavel. Þetta frv. snýst um hvernig fénýtingu kvótaúthlutunar af hálfu útgerðarmanna er háttað. Þetta frv. snýst um það að útgerðarmenn geta fengið lánað út á kvóta og frv. snýst um það að tryggja hagsmuni lánveitenda. Þetta frv. fjallar ekki um neitt annað. Þetta frv. fjallar ekkert um framsal eða veiðistjórnun. Þetta frv. fjallar um það að tryggja hagsmuni lánveitenda þegar þeir lána út á kvóta vegna þess að kvóta er alltaf úthlutað á skip. Ég ráðlegg formanni þingflokks Framsfl. og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að lesa 5. og 7. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem segir m.a. að veiðiheimildum skuli úthlutað til einstakra skipa.

Það er ekkert til sem heitir úthlutun á kvóta til annarra aðila heldur en skipa. Hv. þm. gætu talað um að verið væri að banna framsal á kvóta ef það væri hægt að úthluta kvóta á eitthvað annað en skip. Það er ekki hægt. Málið liggur alveg ljóst fyrir. Hér er verið að tryggja réttindi lánveitenda við lán út á kvóta. Hér er verið að veðsetja kvóta. Hér er fénýting útgerðarmanna á ókeypis úthlutuðum veiðiheimildum til umræðu og hér er verið að tryggja réttindi lánastofnana. Um það snýst þetta mál og ekkert annað. Það þarf ekki að rugla þessa umræðu. Það er greinilegt að ríkisstjórnin og Framsfl. vilja ganga fram fyrir skjöldu og tryggja hag lánveitenda í þessu máli við veðsetningu á aflaheimildum sem eru sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta frv. grefur undan eignarréttarákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Það er algjörlega ótvírætt. Það grefur undan því ákvæði. Það breytir því ekki en það grefur undan því. Um þetta snýst málið.

[11:46]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er lengi hægt að berja höfðinu við steininn. Vondir eru útgerðarmenn en verri eru þó lánastofnanir miðað við ræðu hv. þm. Það er ekki rétt sem fram kemur hjá honum, og er búið að taka það alloft fram í þessari umræðu, að útgerðarmenn fái lán út á kvóta samkvæmt þessu frv. Hins vegar er ekki heimilt að flytja kvótann frá skipinu nema með heimild lánastofnana. Og vegna hvers skyldi það vera? Vegna þess að það skiptir máli að þetta skip fái að sækja sjóinn. Það er nú bara þannig miðað við það fiskveiðikerfi sem við búum við og þá löggjöf sem gildir í landinu. Það skiptir líka máli í sveitinni að bújörð hafi greiðslumark. Það skiptir mjög miklu máli. Þetta er það kerfi sem við höfum. Þetta grefur ekki undan 1. gr. heldur styrkir 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna og það er líka mikilvægt vegna þess að auðvitað vill enginn hér á hv. Alþingi setja lög sem gera það að verkum að við getum aldrei í framtíðinni breytt lögum um stjórn fiskveiða. Þó að ég telji að þau lög sem nú gilda séu að mörgu leyti góð og verði um nokkurt skeið þá vil ég ekki skrifa undir það í dag að þeim verði aldrei breytt, það er langt frá því.

[11:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er lánað út á kvótann nú þegar. Það vita allir sem til þekkja. Það er gert þannig að lánastofnanir, bankar og opinberar stofnanir, Fiskveiðasjóður m.a., láta forsvarsmenn fyrirtækja skrifa undir yfirlýsingar um að þeir framselji ekki aflahlutdeild nema að bera það undir viðkomandi aðila. Þetta hefur þekkst mjög lengi. Það hefur verið látið reyna á slíka yfirlýsingu fyrir dómstólum. Þetta er ákveðið réttaróöryggi fyrir þessar bankastofnanir. Þeim finnst þetta óþægilegt. Vitaskuld vita þeir hvað þeir eru að lána út á. Þeir eru að lána út á verðmæti sem er fólgið í skipaverðmætinu og kvótaverðmætinu. Það vita menn nákvæmlega. Þeir hafa beðið um og knúið á um lögfestingu þessa frv. Þeim finnst þetta óþægileg réttarstaða sem þeir eru í. Það er það sem málið snýst um. Hér er verið að lögfesta hluti fyrir lánastofnanir í landinu til að auðvelda þeim sína vinnu. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að lánastofnanir hagi verkum sínum nákvæmlega eins og þær gera nú þegar. Það eru þá frjálsir samningar sem eru gerðir milli lánveitenda og lántakenda, útgerðarmanna í þessu tilfelli, hvort þeir skrifa upp á slíka samninga eða ekki. Það geta menn gert eftir sem áður. Ég sé enga ástæðu til að festa í lög ákvæði, eins og hér er lagt til, sem rýrir eignarrétt þjóðarinnar á þessum verðmætum. Og ég vil benda á að það er ekki að ástæðulausu að þetta frv. var margstoppað í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þetta snýst nefnilega um ákveðin grundvallaratriði. Hér er verið að takast á um þessi grundvallaratriði. Ég er vitaskuld hissa eins og aðrir að Framsfl. skuli hafa kúvent í þessu máli. Hann hafði í sjálfu sér enga ástæðu til þess vegna þess að þetta mál er aðeins bót fyrir lánakerfið í landinu. Hins vegar skapar það óöryggi varðandi eignarréttarákvæðin. Það er ósanngjarnt að hér skuli fest í lög að hægt sé að fá lán út á veiðiheimildir sem er úthlutað með þeim hætti sem við þekkjum í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Þetta mál snýst ekki um fiskveiðistjórnarkerfið og það snýst heldur ekki um framsal. Það snýst um að tryggja hagsmuni lánastofnana í landinu. Ég er andvígur þessari framsetningu.

[11:50]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. er sem sagt með réttaróöryggi og móti réttaröryggi miðað við þessa ræðu hans. Það er rétt að eins og framkvæmdin er í dag þá skrifa útgerðarmenn undir samkomulag um að flytja ekki aflahlutdeild af fiskiskipum og það er það sem skapar þetta réttaróöryggi að mál hafa fallið fyrir dómstólum sem hafa kveðið á um að þetta sé óheimilt. Þess vegna erum við komin fram með þetta frv. og þess vegna viljum við meiri hlutinn hér á hv. Alþingi setja lög um þetta. En hv. þm. er að sjálfsögðu heimilt að vera á móti þeim eða sitja hjá eða hvernig sem hann vill nú að það verði að lokum.

Hv. þm. kom inn á það að frv. hefði verið margstoppað hér í tíð síðustu ríkisstjórnar. Ég tel það ekki til fyrirmyndar. Ég tel það ekki til fyrirmyndar að margkoma fram með stjfrv. hér á hv. Alþingi, og ná því svo ekki fram. Þess vegna var það sem framsóknarmenn og sjálfstæðismenn fóru í þá vinnu að finna útfærslu sem allir gætu sætt sig við. Hún hefur fundist og eins og ég hef sagt áður er ég mjög hreykin af því hvernig málum lyktaði.

[11:52]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir að tíma mínum í umræðunni hefur verið flýtt. Ég gerði satt best að segja ekki ráð fyrir að tala fyrr en eftir klukkutíma eða svo. Ég vil þakka fyrir að komast að strax. Ég mun þá bara segja meira síðar í umræðunni. En ég furða mig eins og aðrir á því að enn og aftur er komið til umræðu frv. ríkisstjórnarinnar um samningsveð og nú með því ákvæði sem var fellt út í fyrra, að taka á veðsetningarheimildum á kvóta.

Hér er auðvitað um stórmál að ræða eins og fram hefur komið. Ég verð að byrja á að láta í ljós vonbrigði mín með ræðu hæstv. sjútvrh. Það vantar að mínu mati algjörlega rökstuðning fyrir því að taka aftur inn í þetta frv. ákvæði um veðsetningu aflahlutdeildar.

Reyndar hefur, herra forseti, það sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt hér í umræðunum ekki síður vakið athygli mína. Sérstaklega tilraunir hans til að fela meginkjarna þessa máls með því að tala um hvort þá væri ekki verið að ógna 1. gr. laga um stjórn fiskveiða ef aflahlutdeild væri ekki hægt að framselja. Punkturinn er sá, eins og komið hefur fram hjá hv. stjórnarandstöðuþingmönnum, að þrátt fyrir þetta skringilega orðalag á 3. gr. frv. um að banna fyrst veðsetningu á kvóta einan sér en síðan að taka fram að það megi ekki taka veðsetningu í skipi nema með kvótanum, það megi ekki skilja frá, þá er punkturinn sem sagt sá að það er verið að heimila veðsetningu á kvóta, með skipi að sjálfsögðu af því að aflahlutdeildum er úthlutað á skip.

Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni og fleirum að hér er auðvitað fyrst og fremst verið að styrkja stöðu peningastofnana og lánastofnana á kostnað sameignarákvæðisins. Ég er sannarlega sammála því að vissulega mun sameignarákvæðið standa áfram. En hvað gerum við ef kvótinn er meira og minna kominn í eigu peningastofnana? Þess vegna erum við kvennalistakonur algjörlega andvígar því að heimila veðsetningu á kvóta. Þess vegna m.a. lögðum við fram frv. í gær þar sem lagt er til að sett verði inn í stjórnarskrá að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Það þarf að mínu mati að styrkja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis ef það slys ætti sér stað að þetta frv. yrði að lögum.

Ég er hér með útskrift af ræðu hæstv. sjútvrh. frá umræðunum í fyrra þar sem hann lýsir mjög nákvæmlega hvernig þessi viðskipti eiga sér stað nú og að þetta sé ekkert vandamál miðað við núverandi ástand. Peningastofnanir fái bara skrifaðar upp heimildir eða vilyrði um að flytja ekki kvótann og hann veit ekki til að það hafi nokkurn tímann skapast vandamál þá, fyrir ári síðan, út af þessu máli. Það er því alveg ljóst að það eru einhver önnur rök að baki þessa frv. heldur en þau að tryggja stöðu peningastofnana.

Ég er því með spurningu til hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að lengja mál mitt að sinni, það er hægt að ræða mjög mikið um þetta mál. Ég sit í hv. allshn. og mun því fá tækifæri til að ræða um þetta mál mjög ítarlega og þá ekki síður aðrar greinar frv. sem ég tel margar hverjar til bóta enda mjög gömul lög í gildi um samningsveð almennt. En ég tek undir að það ber að taka öll ákvæði er varða veðheimildir á aflahlutdeildum út úr 3. gr. frv. En ég er með spurningu til hæstv. ráðherra. Eins og fram hefur komið í umræðunum er aflahlutdeildum úthlutað til eins árs í senn. Ég geri ráð fyrir því að mjög oft séu lán til margra ára. Því vil ég spyrja: Hvað gerist að mati ráðherrans ef kvótakerfinu verður breytt, t.d. ef kvóti verður minnkaður frá einu ári til annars? Ef það verður tekið upp breytt kerfi, t.d. tekið upp sóknarmark? Eða ef úthlutunarreglunum verður breytt á einhvern hátt, t.d. að kvótinn fari til sjómanna eða til byggðarlaga eða til þeirra sem nú vilja vera útgerðarmenn en ekki þeirra sem voru það 1983? Hver er þá réttarstaða peningastofnana í fyrsta lagi, viðkomandi útgerðar í öðru lagi og ríkisins í þriðja lagi sem fer með þessa sameiginlegu auðlind þjóðarinnar? Það er mjög mikilvægt að réttarstaða þessara aðila sé alveg skýr. Mér leikur forvitni á að vita, herra forseti, hvernig hæstv. sjútvrh. sér þessa réttarstöðu, annars vegar ef þetta frv. verður að lögum og hins vegar miðað við núverandi ástand. Með öðrum orðum óttast ég eins og fleiri aðilar hér að með því að samþykkja þetta frv. verði mun erfiðara að breyta þessu kerfi, það verði sem sagt fest í sessi og það er að mínu mati hin raunverulega ástæða fyrir því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. flytur þetta frv.

[12:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að upplýsa hv. þm. um það að aflahlutdeild er ekki úthlutað til eins árs. Hún stendur meðan lögin vara en Alþingi getur að sjálfsögðu breytt því hvenær sem er. Auðvitað er kannski eðlilegt að sitthvað sé á reiki í hugum hv. þingmanna ef þeir þekkja ekki grundvallaratriði þeirra laga sem verið er að vísa til.

Hv. 19. þm. Reykv. hefur á nákvæmlega sama hátt og hv. 13. þm. Reykv. haldið því fram að takmarkað bann við framsali aflaheimilda, eins og kveðið er á um í þessum lögum, veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Það er það sem hv. þm. var að segja vegna þess að í frv. er fyrir utan bannið við að veðsetja aflaheimildirnar ekkert annað ákvæði sem lýtur að fiskveiðistjórnarlögunum en takmarkað bann við framsali. Hv. þm. er svo í hópi þeirra sem háværast hafa talað í hneykslanlegum tón um framsal á aflaheimildum og opnar varla munninn öðruvísi en að hneykslast á því að menn geti verið með framsal á aflaheimildum en kemur hér og segir: Af því að það á við ákveðin skilyrði að takmarka framsalið, þá er verið að veikja 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Hér er hv. þm. að vaða nákvæmlega sama reyk og hv. 13. þm. Reykv. og þingið hlýtur að ætlast til þess að hv. þingmenn geri gleggri grein fyrir orsakasamhenginu þarna á milli. Hvernig er hægt að hneykslast á framsali aflaheimilda en telja svo að þegar sett eru takmörk á það á ákveðnum sviðum þá veiki það 1. gr. Hv. þingmenn verða að skýra þetta út ef á að taka þá alvarlega og þeir komast ekki undan því í þessari umræðu.

[12:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur reynir ráðherrann að villa fyrir hver er kjarni þessa máls. Kjarni þessa máls er ekki framsal eða ekki framsal. Kjarni þessa máls er sá að verið er að heimila lögfestingu á veðsetningu kvóta. Það er verið að lögfesta það. Það er málið. Það er verið að lögfesta heimildir til þess að veðsetja kvóta. Og að ég hafi alla tíð talað gegn framsali á veiðiheimildum er alls ekki rétt. Ég hef viðurkennt það að framsal á veiðiheimildum sé eitt af því sem stuðli að auknum fiskveiðiarði. Ég er algerlega sannfærð um þau rök. Það er braskið í kringum það. Það er að útgerðarmenn fái þessu úthlutað ókeypis og að þeir greiði engan tekjuskatt og að þeir borgi ekki skatta af því sem þeir eru að gera og það er allt braskið í kringum þetta, að láta sjómennina taka þátt í þessu en selja það svo og hirða arðinn sjálfir. Það er það sem ég hef verið að gagnrýna. Það er ekki hægt að villa svo fyrir. Það er veðsetningarheimildin og lögfesting á henni sem ég er á móti en ég er ekki að tala um framsal eða ekki framsal á veiðiheimildum. Við skulum bara halda okkur við aðalatriði málsins.

[12:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. getur auðvitað komið hér upp og sagt: Kjarni þessa máls er tunglið. En það stendur ekkert um það í þessu frv. Ef hv. þm. ætlar að tala um kjarna þessa

máls verður hún að tala um það sem stendur í frv. og það sem stendur í frv. er þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Það sem stendur hér er það sem ég hef verið að segja. Það er verið að takmarka framsal og hv. þm. getur ekki komið upp og sagt: Kjarni málsins er einhver allt annar. Hún getur alveg eins sagt að kjarni málsins sé tunglið eins og að flytja þá ræðu sem hér var flutt. Ef hv. þm. ætlar að tala um kjarna málsins verður hún að tala um það sem stendur í frv. og það sem stendur í frv. er það að við tiltekin skilyrði er verið að takmarka framsal. Þegar hv. þm. segir að ákvæðin veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, þá verður hún að skýra orsakasamhengið á milli þess að takmörkun á framsali veiki 1. gr. Það hefur hv. þm. ekki gert og það hlýtur að vera kallað eftir því jafnoft og hv. þm. hefur þessa fullyrðingu yfir.

[12:05]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ótrúlegt hvernig hæstv. sjútvrh. leyfir sér að reyna að draga athyglina frá kjarna málsins. Það er lögfesting á veðheimildum sem ég er hér að andmæla. Það stendur skýrt að það megi núna taka veð í skipi með aflahlutdeild og það er verið að festa það í lög. (**Dómsmrh.:** Það stendur að þetta sé bannað. Lestu, það stendur að þetta sé bannað.) Það stendur að sé tekið veð í skipi megi ekki taka aflahlutdeildina frá. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega sama merkingin. (**Dómsmrh.:** Nei.) En hins vegar vil ég benda á, að ég kom með spurningu til sjútvrh. um réttarstöðu peningakerfisins og ríkisins og útgerðaraðila og það er meginatriði spurningar minnar. Hvers vegna svarar ekki hæstv. ráðherra henni? Það er það sem er meginmálið. (**Dómsmrh.:** Ég mun svara því í ræðu hér á eftir.) Það er gott að heyra.

[12:06]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hefur það að meginmarkmiði að laga íslensk veðlög að nútímaatvinnu- og viðskiptaháttum. Gildandi íslensk lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887 og því löngu tímabært að endurskoða þau og aðlaga að nútímaháttum. Það hefur reynst nokkuð torvelt að ná sátt um frv. um samningsveð eins og við flest þekkjum. Það er einkum vegna deilna um hvort eðlilegt væri að heimila veðsetningu á kvóta, þ.e. aflahlutdeild fiskiskips eða ekki.

Við framlagningu þessa frv. nú hefur náðst góð lausn á því máli að mínu mati. Í ræðu minni mun ég eingöngu fjalla um þessi atriði tengd því að óheimilt sé að veðsetja kvóta og skoða það mál sérstaklega því ég er sjálf andstæðingur þess að heimila veðsetningu aflakvóta með lögum. Samkvæmt frv. er ekki heimilt að veðsetja aflahlutdeild fiskiskips. Það verður sem sagt bannað með lögum að veðsetja kvóta. Það er rangt sem sumir í umræðunni hafa haldið fram að til standi að lögfesta veðsetningu kvóta eða skips og kvóta. Textinn segir það alls ekki. Hann er mjög skýr. Þar segir að kvóti sé ekki andlag veðsetningar þó honum sé úthlutað á fiskiskip. Kvótinn sjálfur er ekki andlag veðsetningar og veðsetningin tekur því ekki til þeirra fjárverðmæta sem eru kvóta.

Einnig eru sett inn í frv. ákvæði til að hindra að lántakendur geti gengið á bak við lánveitanda. Ef skip er veðsett má eigandi skipsins ekki flytja aflahlutdeild frá skipinu nema með leyfi þess veðhafa sem á veð í skipinu. Með þessum hætti er sjávarútvegurinn ekki útilokaður frá eðlilegum lánamöguleikum og viðskiptum. Hins vegar má ekki færa aflahlutdeild skips af skipi og þannig rýra möguleika eiganda þess til að standa í skilum við lánardrottna.

Nú hafa sumir spurt sig þeirrar spurningar: Fyrst ekki má veðsetja kvótann, af hverju þá að hindra eiganda skips í því að flytja kvótann af skipinu nema með leyfi veðhafa? Því er til að svara að aflahlutdeild fiskiskips hefur mikið um það að segja hve mikla getu það hefur til að borga upp lán. Allir eru sammála um það. Þá er einnig hægt að spyrja: Er þá ekki verið að heimila óbeina veðsetningu á kvóta, þ.e. skips og aflahlutdeildar? Svo er ekki. Það má ekki veðsetja kvótann. Ef hins vegar hefði verið sagt að ekki hefði mátt veðsetja kvótann einan sér og sjálfstætt, þá hefði ég sjálf alla vega túlkað textann sem svo og gagnályktað að halda mætti því fram að með lögum væri verið að veðsetja skipið og aflahlutdeildina en textinn segir það bara alls ekki. Hann er mjög skýr. Það má ekki veðsetja kvótann. Eins og allir sjá sem það vilja er hér um afar jákvæða niðurstöðu að ræða fyrir þá sem eru andsnúnir því að veðsetja kvótann.

Ég skil hins vegar ósköp vel að stjórnarandstaðan reyni að gera þetta mál tortryggilegt. Það má segja að það sé ekki nema eðlilegt. Það hefur verið mikil umræða um sjávarútvegsmál í þjóðfélaginu á undanförnum árum og hefur farið vaxandi að mínu mati. Ég skil því mjög vel að stjórnarandstaðan reyni að þyrla upp moldviðri um þetta mál. Það er ósköp eðlilegt. En staðreyndin er sú að þetta frv. felur í sér að bannað er að veðsetja kvóta.

[12:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. „Skip og kvóti er eitt hið sama. Það er eðlilegast að líta á skipið og kvótann sem eina heild." Þetta er tilvitnun í frv. sem við erum að ræða. Þetta er í skýringum við 3. gr. frv. og styður raunverulega það sem við höfum verið að segja allan tímann. Þetta er eitt og hið sama, kvóti og skip, því það er ekki hægt að úthluta kvóta nema á skip.

Undantekningin sem frv. gerir ráð fyrir er að hægt er að flytja kvótann ef allir veðhafar samþykkja. Það er alveg ljóst hvað hér er verið að gera. Það er hægt að fá lán út á kvótann, kvóta og skip. Það er hægt að fá lán út á þessi heildarverðmæti og það er verið að tryggja lánveitandann, veðhafann, hvort sem það er lánastofnun eða aðrir aðilar. Hann er tryggður með því að ekki er hægt að færa varanlegu aflahlutdeildina nema með samþykki hans vegna þess að verið er að tryggja hans hagsmuni. Þetta er ekki einu sinni orðaleikur. Þetta er röksemdafærsla hv. þm. hér áðan. Hún er í mesta lagi brosleg. Það er náttúrlega villandi að ræða um að hér sé einhver sigur unninn fyrir Framsfl. í þessu máli. Þetta er fráleitt. Menn verða að vita um hvað málið snýst. Það snýst ekki um framsal. Það snýst um það að tryggilega er gengið frá því að hægt sé að veðsetja kvóta hér á landi, kvóta og skip, og réttindi þeirra eru tryggð sem lána út á slík verðmæti. Út á það gengur þetta frv. og ekkert annað. Hv. þm. verður þá að lesa sig betur til, m.a. þessa grg. með frv. sem ég vitnaði til, þar sem kemur alveg skýrt fram að litið er á skip og kvóta í samhengi og saman. Eina undantekningin sem gerð er í frv. til að tryggja lánveitandann er ef fært er á milli. Um það snýst málið. Menn eiga þá bara að vera fúsir og segja: Við teljum rétt að lögfesta þetta vegna þess að það eyðir réttaróvissu, en þá eiga menn heldur ekki að segja að

hér sé verið að gera nokkurn skapaðan hlut annan en rýra eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni.

[12:13]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta rýrir alls ekki eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni. Fyrst hv. þm. er að vitna í grg. þá langar mig að lesa örlítið upp úr henni varðandi nákvæmlega þetta atriði, en þar segir, með leyfi forseta:

„Af reglu 4. mgr. 3. gr. frv. leiðir í fyrsta lagi að óheimilt er að veðsetja slík réttindi sem hér um ræðir [þ.e. kvótann] þótt aðilaskipti geti orðið að þeim með öðrum hætti samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða. Þau geta með öðrum orðum ekki verið sjálfstætt andlag veðréttar."

Þetta er heila málið. Kvótinn getur ekki verið sjálfstætt andlag veðréttar. Það er ekki hægt að veðsetja kvótann.

[12:14]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvað á að halda þessari umræðu lengi áfram, herra forseti. Mig langar til að vitna í frv.: „Regla 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. helgast af því sjónarmiði að eðlilegast sé að líta á fjárverðmætið eða andlagið, [þ.e. skipið í þessu tilfelli] og hin úthlutuðu réttindi, [þ.e. veiðiheimildir] sem eina heild."

Þetta er alveg skýrt. Það vita allir. Ég vitnaði í lög um stjórn fiskveiða, hvernig veiðiheimildum er úthlutað. Það er bannað að úthluta veiðiheimildum á aðra aðila en skip. Það er ekki hægt að úthluta veiðiheimildum á t.d. einstaklinga eða fyrirtæki. Það eru skip og þetta mál snýst um það. Það eru heildarverðmæti skips og kvóta sem er lánað út á og verið er að tryggja stöðu lánveitenda. Hér er ekki verið að tryggja stöðu neins annars í þessu máli. Þetta er veðsetning á veiðiheimildum, ókeypis úthlutuðum veiðiheimildum af hálfu ríkisins. Menn geta svo farið í langa umræðu um þá úthlutun. *Það er ekki það sem kannski skiptir máli hér, en* það er alveg ljóst hvað verið er að ræða um í þessu sambandi. Hér er verið að tryggja fénýtingu útgerðar á aflaheimildum, þ.e. hvað viðvíkur lánum. Að fá lán út á þessi verðmæti og tryggja síðan í framhaldi af því hag þeirra sem lána út á það. Um það snýst þetta mál og ekki nokkurn skapaðan hlut annað. Ef menn vilja lögfesta það á þennan hátt tel ég að verið sé að grafa undan eignarréttarákvæði 1. gr. um stjórn fiskveiða. Það er tvímælalaust gert með þessum hætti. Hægt er að vísu að færa fleiri rök fyrir því, til að mynda þann rétt sem skapast við langvarandi nýtingu á afnotarétti, en það er ekki hægt að fjalla um það hér í andsvari en hv. þm. verður samt að hafa þessa hluti á tæru um hvað verið er að tala. Það er sami hluturinn, verðmæti skips og kvóti. Það er ekki hægt að aðskilja það og hefur aldrei verið hægt.

[12:16]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála síðasta ræðumanni um að ég veit ekki hve mikið vit er í því að þjarka svona áfram á þessum nótum hér. Hins vegar var ég ekki sammála öðru sem hann kom fram með í sínu andsvari.

Það stendur skýrt hér að kvótinn getur ekki orðið sjálfstætt andlag veðsetningar. Þetta getur ekki verið skýrara og það er enginn að þjarka hér um hvort kvótanum sé hægt að úthluta á eitthvað annað en fiskiskip. Ég bara endurtek enn og aftur: Hér er ekki verið að færa auðlindina á hendur fárra aðila í neinum mæli og það er ekki verið að heimila veðsetningu á kvóta, alls ekki.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir að það orkar tvímælis að það þjóni upplýsandi eða fræðandi tilgangi að halda þessari rökræðu áfram, sérstaklega við hv. framsóknarmenn. Mér finnst einhvern veginn hálfpartinn eins og þeir framsóknarmenn hafi ákveðið að jörðin sé flöt og þegar þeim er bent á ýmis rök fyrir því að hún sé ekki flöt, þá segja þeir bara: Jú, víst. Það er bannað að veðsetja kvóta, segja hv. þm. Framsfl. og þegar þeim er bent á að í reynd þýði þetta altæka veðsetningu aflaveiðiheimilda á skipum, sem lánað er út á, þá segja þeir: Jú, víst. Það er víst bannað. Þetta er þannig málflutningur. Og auðvitað er stórbrotið að Reykjanesdeild Framsfl., sem mótaði sér sína eigin sjávarútvegsstefnu og ætlaði að færa heilmikið af veiðiheimildum yfir á báta, ef ég man rétt, af öðrum skipum, er svo á móti veðsetningu kvóta — er það ekki rétt munað að Reykjanesdeildin hafi sérstaklega verið á móti veðsetningu kvóta? — komi svo hér og hrósi sigri. Sigurinn í málinu er sá að þetta er bæði leyft og bannað eða bannað og leyft, í þeirri röð. Auðvitað er þetta alveg ótrúlegur orðaleikur, herra forseti.

Hvað er veðsetning í eðli sínu? Hvað þýðir veðsetning á húsi? Hún þýðir í reynd það sama og hér, að það er bannað að selja húsið nema með samþykki veðhafans eða að veðið fylgi. Í reynd er venjuleg veðsetning eins og hún gengur fyrir sig úti í þjóðfélaginu ígildi nákvæmlega hins sama og þetta frv. er að færa yfir í sjávarútveginn, ekkert annað í reynd. Það verkar þannig. Menn geta endalaust skotið sér á bak við einhver orð á pappír og farið í orðaleiki eins og hv. þm., sérstaklega Framsfl., gera hér. Hæstv. sjútvrh. snýr út úr þessu á annan hátt með því að draga framsalið inn í þetta mál. Þetta er sem sagt svona, herra forseti. Það er í raun algjörlega verið að lögvernda stöðu lánveitendanna með þessari útfærslu. Það verður því ekkert um það deilt að þetta er á allan hátt ígildi þess að heimila beina veðsetningu á kvóta.

[12:19]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég er andstæðingur veðsetningar á kvóta, en hér er ekki uppi neinn ótrúlegur orðaleikur. Ef við værum að leyfa veðsetningu á kvóta með þessu frv. skyldi maður halda að það veð ætti að halda þó að við breyttum fiskveiðistjórnarkerfinu, en það er alls ekki þannig. Við getum tekið upp breytingar hvenær sem er á þessu kerfi eftir að frv. er orðið að lögum án þess að bankar eða lánastofnanir, sem hafa veitt veð, hvernig sem þau hafa gert það, eigi einhverja kröfu á að fá það bætt. *Ég tek þess vegna undir það að ég veit ekki hvaða tilgangi* það þjónar að við stöndum hér og þjörkum svona hvort við annað, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En ég sé að hann hefur áhuga á því að koma hérna upp einu sinni enn.

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. þm. Framsóknar fari heldur að biðjast vægðar og þá sérstaklega þeir sem koma úr Reykjanesarminum, en ég held að það sé skýrasta orðalagið, herra forseti, að segja: Þetta frv. jafngildir veðsetningu kvótans. Það er út af fyrir sig rétt að samkvæmt orðanna hljóðan er það ekki kvótinn sjálfur sem er veðsettur, enda ekki hægt því að honum er úthlutað á skip og er ekki til í sjálfu sér sem sjálfstæð eining þannig. Það hefði verið beinlínis andstætt

lögunum um stjórn fiskveiða að leyfa sjálfstæða veðsetningu kvótans, þannig að hann væri sjálfstætt veðandlag. En þetta jafngildir algerlega veðsetningu kvótans. Og það sem meira er, þetta jafngildir því að svo til allur kvóti á íslenskum fiskiskipum verði veðsettur frá og með gildistöku þessara laga ef svona verður gengið frá þessu vegna þess að það eru afar fá skuldlaus fiskiskip að veiðum við Ísland.

Þetta mál hefur verið þannig fram að þessu að í gangi hafa verið einstakir hliðarsamningar og skútusamningar eins og við vitum þar sem á móti lánveitingum hafa útgerðarmenn skuldbundið sig til að hreyfa ekki við veiðiheimildum nema með samþykki síns viðskiptabanka. Það hafa verið gjörningar algerlega til hliðar á milli þessara aðila. En þeir hafa verið undantekningin frekar en reglan. Að uppistöðu til hafa lánastofnanir ekki haft neina tryggingu í veiðiheimildunum. En hvað fá þær með þessu frv.? Þær fá þetta og þess vegna held ég, herra forseti, að menn hafi ekkert áttað sig á því hversu gífurlega afgerandi þessi aðgerð er. Hún jafngildir ekki bara sem slíkri þessari tryggingu í einhverjum einstökum atriðum. Hún þýðir ósköp einfaldlega að allur veiðikvóti á veiðiskipum við Ísland festist í reynd sem trygging lánastofnananna. Það gerist þannig vegna þess að þetta er altækt og hver minnsta skuld sem hefur þýtt veðsetningu á skipi sem hefur veiðileyfi og veiðiheimildir í íslensku veiðilögsögunni festir þar með allan kvótann.

[12:23]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég endurtek enn á ný að þetta frv. jafngildir ekki því að við séum að lögfesta veðsetningu á kvóta. Það stendur hér skýrt að við heimilum ekki veðsetningu á kvóta. Hins vegar verður útgerðaraðili fyrst að fá leyfi til þess hjá sínum lánardrottni ef hann vill færa aflahlutdeild sína af fiskiskipi sínu.

[12:23]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Frv. til laga um samningsveð hefur verið til umræðu á Alþingi nokkrum sinnum fyrr, á einum fjórum undanfarandi þingum. Það er svolítið merkilegt við þetta mál að er ég lít yfir það hverjir hafa viljað ræða það við mig utan þings, hvaða einstaklingar eða menn úr hvers konar fyrirtækjum hafa viljað vekja máls á því við mig hvaða hagsmunir liggi hér undir, þá er alveg ljóst að önnur starfsemi en í sjávarútvegi hefur vænst verulegra framfara í ákvæðum um heimildir til að veðsetja verðmæti í viðskiptum eða takmörkun á slíkum heimildum. Þeir sjá í frv. og hafa enn þá séð í því verulegar umbætur að þessu leyti. Og þeir bíða þess mjög að þau ákvæði verði að lögum. Þeir hafa mátt bíða undanfarin ár. Nú ræðum við málið í fimmta sinn á Alþingi og hverju sinni er það látið bíða næsta þings vegna þess að við viljum ræða nánar frekar stuttorð ákvæði sem snerta sjávarútveg. Í frv. hefur þeim ákvæðum verið breytt fram og til baka og á stundum hefur litið svo út að einhverju sinni hafi birst í frv. ákvæði algerlega andstæð við ákvæði í frv. árið áður, sama frv. frá sama ráðherra til sömu þingnefndar.

Ég fyrir mitt leyti sé miklu meiri hagsmuni undir því liggja að aðrar atvinnugreinar fái þær umbætur sem ég nefndi áðan, venjuleg viðskiptastarfsemi fái að veðsetja rekstrartæki, hvers konar búnað, sem eru raunveruleg verðmæti og eru komin til í þeirra hendur í gegnum venjuleg viðskipti og verðmætin oft umtalsverð. Þetta snertir auðvitað sjávarútvegsfyrirtæki líka en fyrst og fremst þau fyrirtæki sem selja þeim þennan búnað. Í þessu efni verð ég að viðurkenna að mér virðist þó að athuga þurfi stöðu seljendanna sem selja svona búnað, svona mikil verðmæti, með venjulegum viðskiptakjörum en eiga undir því að þau séu orðin veð til annarra um leið og kaupandinn er búinn að fá þau í hendur. Þær spurningar eru uppi og þær snerta ekki sjávarútvegsfyrirtæki.

Hins vegar höfum við aftur og aftur rætt ákvæði sem varða sjávarútveg, hugsanlega eða hugsanlega ekki veðsetningu á aflaheimildum. Menn spurðu fyrr í þessari umræðu, herra forseti, vegna orðalagsins í 4. mgr. 3. gr., hvort eða hvaða önnur nýtingarréttindi væri um að ræða eða gætu komið til. Ég verð að viðurkenna að mér er minnisstætt að í hólfum okkar birtist fyrir fáeinum vikum skýrsla nefndar sem hafði fjallað um hugsanlega samkeppni og markaðsstarfsemi í orkuiðnaði, þ.e. orkuvinnslu, flutningi og sölu orku. Það er alveg ljóst að ef úr því mundi verða yrðu virkjunarréttindi takmörkuð, líkt og Landsvirkjun hefur í dag nánast ein, en þá munu þau um leið verða verðmæti í þeirri starfsemi og hugsanlegt að virkjunarfyrirtæki geti veðsett þannig að veðsetningar á virkjunum sem mundu ná til þeirra réttinda sem virkjuninni tengjast. Ég tel að það hljóti að vera nokkuð ljóst að það eru fleiri verðmæti af þessu tagi, þ.e. nýtingarréttindi sem mynda verðmæti og eru grundvöllur fyrir verðmætum í rekstrarstarfi við að nýta þær. Þessi spurning á því alls ekki einasta við um aflaheimildir eða fiskimið.

Menn hafa mikið velt því fyrir sér, og þar er um að ræða þingmenn sem ýmist eru fylgjandi eða hafa lýst andstöðu við framsal á aflaheimildum yfirleitt eða að einhverju leyti, hvort þau ákvæði sem birtast í þessari málsgrein grafi undan gildi 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Ég skal láta sjónarmið mitt í ljósi. Ég fæ ekki séð að ákvæðin í 4. mgr. 3. gr. í frv. dragi úr gildi ákvæðanna í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þau standa ein og sér. Þau eru í sjálfu sér takmörkun að því leyti að úthlutunin myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði. Þegar við ræðum um væntanleg lög um samningsveð erum við einungis að ræða hvaða lög og leikreglur eiga að gilda um viðskipti aðila sem veðsetja og hinna sem taka við veðsetningum, veðhafa. Það breytir í engu réttarstöðu hvorugs þeirra, hverjir sem það kunna að vera, gagnvart úthlutunarákvörðun, takmörkun, aukningu eða skerðingu þeirra réttinda. Það er alveg ljóst. Ég er þess vegna á þeirri skoðun að ekki sé verið að draga úr mikilvægi ákvæða 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, síður en svo. Ef við ætluðum að gera eitthvað sem mundi skapa slíkt ástand, þá er ég í hópi þeirra sem mundi andmæla þeim gjörðum en hér er ekki um slíkar gjörðir að ræða.

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að þetta frv. fái úrlausn þessa þings, ekki vegna aðstæðna í sjávarútvegi heldur í öðrum greinum. Þó verður ekki hjá því komist að á síðustu missirum hefur komið fram í úrskurðum héraðsdómstóla andstæður skilningur á rétti handhafa aflaheimilda til að veðsetja þær. Ég tel að það sé í sjálfu sér nokkur réttaróvissa sem þurfi að skera úr um. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að ákvæðið í 4. mgr. 3. gr. nái fram að ganga. Ég skal viðurkenna að mér finnst að það sé fullmikil takmörkun og að rýmri heimildir hefðu ekki heldur dregið úr gildi 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Það er mín skoðun og mitt álit á þeim lögum og á þessu frv.

[12:30]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég ætla fyrst og fremst að gera að umtalsefni 4. mgr. 3. gr. frv., þ.e. þá grein sem við höfum verið

að ræða hér í allan dag. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að frv. er miklu umfangsmeira og ef til vil hefðu menn átt að fjalla um aðra þætti þess. Ég tel að hér sé að mörgu leyti vel að verki staðið, þ.e. að setja heildarlöggjöf um samningsveð og að það hafi verið brýnt mál. Ég treysti því að umræðan geti kannski eitthvað færst á það svið. Þrátt fyrir það veit ég að í hv. allshn. þar sem frv. verður til skoðunar verður farið vel yfir þann þátt málsins.

Hér erum við að skiptast á skoðunum um pólitík í þessu máli og mismunandi sjónarmið koma skýrt fram í 4. mgr. 3. gr., þ.e. veðsetningu á kvóta eða aflaheimildum eins og við kjósum að kalla það. Það hafa komið fram meginröksemdir í þessu máli og málið er reyndar ekki nýtt. Ef ég þekki rétt til var þetta nokkuð oft til umfjöllunar í fyrrv. ríkisstjórn og var þá stoppað á pólitískum forsendum vegna þess að menn töldu að með lögfestingu í því formi sem hér er lagt til væri verið að grafa undan eignarréttarákvæðum í lögum um stjórn fiskveiða, eignarrétti þjóðarinnar á fiskimiðum landsins.

Í þáv. ríkisstjórn varð niðurstaðan að leggja þetta frv. ekki fram. Hins vegar liggur fyrir pólitísk samstaða núna milli ríkisstjórnarflokkanna, bæði Sjálfstfl. og Framsfl. Ég veit ekki til þess að Sjálfstfl. hafi nokkuð breytt um skoðun í þessu máli. Þeir hafa verið talsmenn fyrir því að setja þessa löggjöf nokkuð lengi. Framsfl. var hins vegar með aðra afstöðu í þessu máli, ef ég man rétt, þó svo að þeir hafi breytt algjörlega um svip og áherslur eftir að þeir komu í ríkisstjórn en það er þeirra mál. (**SJS:** Þeir voru beygðir.) Ef til vill er það rétt. Þeir voru einfaldlega beygðir af meirihlutaflokkunum í ríkisstjórn. Það er ekki í fyrsta málinu sem það er gert en það verða þeir að eiga við sjálfa sig og þá sem kusu þá. Okkur ber skylda til að benda á það og við höfum oft á tíðum gert það.

Þetta mál fjallar um að útbúa ramma fyrir veðsetningu á skipi og aflaheimildum. Það er alveg ljóst, eins og ég hef margbent á í andsvörum að aflaheimildum er einungis úthlutað á skip og hér er verið að kveða skýrt á um hvernig þessi veðsetning fer fram. Það má ekki selja frá sér varanlega aflahlutdeild nema allir veðhafar samþykki það. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frv. að hér er fyrst og fremst verið að tala um þau heildarverðmæti sem til ráðstöfunar eru. Það er gert lítið úr verðmæti skipsins en þeim mun meira talað um og bent á þau verðmæti sem felast í aflaheimildum. Það segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Af áskilnaði 4. mgr. 3. gr. um þinglýst samþykki veðhafa leiðir að sá sem hyggst kaupa réttindin af handhafa þeirra verður að kynna sér það í þinglýsingabókum hvort þeir sem veðréttindi hafa eignast í fjárverðmæti því sem réttindin eru skráð á [sem sagt skipinu] hafi samþykkt aðskilnað fjárverðmætisins og réttindanna." — Þar er átt við aðskilnað skips og kvóta.

Þetta þýðir í framkvæmd að kjósi útgerðarmaður, sem er með lán sem er tryggt með veði í skipi hans, að framselja frá sér aflahlutdeild, t.d. 0,5%, þá verður hann að ganga fyrir alla sína veðhafa og fá uppáskrift og leyfi þeirra fyrir því að þeir heimili þetta framsal. Af hverju þetta? Af hverju þarf uppáskrift þessara manna? Jú, vegna þess að þeir eru með veð í skipinu, hafa lánað út á þetta heildarverðmæti, skip og kvóta, og það er talið rétt af hálfu löggjafans með þessu frv. að tryggja stöðu hans gagnvart lántakandanum með því að menn geti ekki tekið hluta af verðmætinu og ráðstafað því. Þetta er nákvæmlega það sama og ef tekið er lán með veð í húsi þá ber lántakanda skylda til að halda húsinu við þannig að það sé í eðlilegu ásigkomulagi og standi sem trygging fyrir láninu. Sá sem tekur lán og setur eitthvað að veði hefur skyldur. Í þessu tilfelli eru settar strangar skyldur á lántakandann, hann má ekki ráðstafa né rýra þetta heildarverðmæti sem lánað var út á nema með samþykki þess sem lánar.

Það er alveg ljóst af þessu um hvað málið snýst. Það snýst um mikla fjármuni. Þetta snýst um verðmæti veiðiheimilda. Við værum sjálfsagt ekkert að tala um þetta mál ef þetta væri eitthvert minni háttar mál. Þetta snýst hins vegar um verðmæti veiðiheimilda. Við höfum oft tekist á um það í pólitískri umræðu, einmitt verðmæti þessara veiðiheimilda og hvernig þeim er úthlutað, hvernig viðskipti fara fram, hver á þau og með hvaða hætti skuli greiða fyrir afnot af þeim. Ég ætla ekki að fara í þá umræðu en er einungis að draga fram af hverju þetta frv. er komið fram.

Nú er frv. ekki komið fram af því að hinn sterki hagsmunahópur á bak við þessa ríkisstjórn, Landssamband íslenskra útvegsmanna, óskaði eftir því. Það er ekki svo. Ég veit ekki til þess að útvegsmenn hafi ályktað á nokkurn handa máta um þetta frv. Ég þekki hins vegar marga útgerðarmenn sem finnst þetta vera óþægilegt. Óþægilegt að eina ferðina enn sé verið að draga kvótamálið inn í umræðu og núna út frá nýju sjónarhorni. Óskin um lögfestingu þessa frv. kemur ekki úr þeirri áttinni.

Óskin um lögfestingu þessa frv. kemur frá lánastofnunum og sjóðum þó það séu aðrir sem málið varðar, þ.e. allir sem lána útgerðaraðilum og taka veð. Vitaskuld varðar þetta þá alla vegna þess að menn eru fyrst og fremst að lána útgerðarmönnum á Íslandi í dag út á verðmæti veiðiheimilda. Menn eru ekki að lána út á, segjum fiskverkunarhús nema í undantekningartilvikum. Þetta vita allir sem eitthvað þekkja til í sjávarútvegi. Um þetta snýst málið. Þeir sem lána og taka veð vilja að réttur þeirra sé vel tryggður. Þeir hafa tryggt sig hingað til með þeim hætti að þeir hafa lánað með veði í skipum en látið menn skrifa upp á yfirlýsingu um að þeim væri óheimilt að ráðstafa aflahlutdeildinni, jafnvel aflamarkinu. Það eru margs konar yfirlýsingar til, þetta eru frjálsir samningar. Það má ef til vill segja að lántakandinn í þessu tilfelli, útgerðarmaðurinn sem þarf á láninu að halda, sé oft ekki í sterkri stöðu gagnvart sjóðum og bönkum í þessu tilfelli. Það eru alveg eins opinberir sjóðir og ríkisbankar sem hafa tekið þátt í að skrifa upp á slíkar yfirlýsingar enda er í sjálfu sér ekkert ólöglegt við það. Þetta eru frjálsir samningar en takmarka vitaskuld möguleika þess aðila sem fékk úthlutað veiðiheimildunum, þ.e. þess sem fer með forræðið fyrir skipinu og takmarkar möguleika hans til þess framsals sem önnur lög kveða á um og eru í sjálfu sér ekki hér til umræðu.

Herra forseti. Ég hefði talið að það hefði átt að láta þetta vera í þeim farvegi sem það er nú þegar. Að menn geti gert frjálsa samninga sín á milli, útgerðarmenn eða lántakendur og sjóðir eða bankar, þ.e. lánveitendur. Gert sína frjálsu samninga og yfirlýsingar um að þeir ráðstafi ekki aflaverðmætum. Það er sagt að þetta sé visst óöryggi. Ég veit ekki til þess að slíkir samningar hafi brugðist, þ.e. menn hafi ekki staðið við þá. Ég þekki það ekki nógu vel. Hins vegar skil ég ósköp vel sjónarmið banka og sjóða að vilja auðvelda sér þá vinnu varðandi lán eins og gert er með þessu frv. Með því eru þeir alveg tryggðir og þurfa ekki að gera sérstakan samning. Þeir vita, eins og sást vel á tilvitnun minni, að það er alveg ljóst hvað löggjafinn vill. Ef menn ætla sér að kaupa

aflaverðmæti þá verða menn að skoða veðbókarvottorðið og spyrja alla aðilana: Eruð þið búnir að veita samþykki fyrir því að þessi aðili selji aflaheimildir á þennan hátt? Það er alveg ljóst hvað löggjafinn er búinn að gera í þessu efni. Hann er að tryggja hag lánveitandans mjög vel með þessu frv. Þetta snýst um heildarverðmæti skips og kvóta og þetta eru háar tölur sem við erum að tala um. En ég hefði ekki talið rétt að þetta væri lögfest með þessum hætti þótt svo ég skilji alveg sjónarmið banka og sjóða, að vilja auðvelda sér vinnu og skapa sér betri réttarstöðu hvað varðar tryggingar.

Það er vegna þess að þau miklu verðmæti sem hér er úthlutað hafa mjög mikla sérstöðu í okkar þjóðfélagi. Ég held að engin verðmæti hafi meiri sérstöðu í okkar þjóðfélagi heldur en verðmæti aflaheimilda. Í fyrsta lagi er kveðið á um það í lögum um stjórn fiskveiða að þetta sé sameign þjóðarinnar. Í öðru lagi er þessum verðmætum úthlutað tímabundið og það er litið svo á að hér sé ekki um að ræða úthlutun á eign. Hins vegar er hér um að ræða úthlutun á afnotarétti, að menn hafi rétt til að draga eitthvað tiltekið magn úr sjó og fá úthlutað þessari aflahlutdeild í prósentum og síðan aflamarki árlega. Það er alveg skýrt að löggjafinn getur í sjálfu sér hvenær sem er breytt þessum lögum. Hins vegar eigum við ekki að horfa fram hjá því að lög eða kerfi sem gildir í langan tíma öðlast vissan rétt í okkar þjóðfélagi. Við vitum að með þessar veiðiheimildir erum við dálítið á gráu svæði. Veiðiheimildir eru eignfærðar í fyrirtækjum og þær eru afskrifaðar í fyrirtækjum nákvæmlega eins og aðrar eignir, vörubílar, fasteignir, eða eitthvað annað slíkt. Það má að því leyti segja: Ja, geta menn eignfært eitthvað sem þeir eiga ekki? Þá er hægt að svara: Þetta er ekki eign á fiski í sjónum. Þetta er hins vegar afnotarétturinn sem menn hafa fengið úthlutað af hálfu ríkisins.

Það er hins vegar matsatriði hvernig þróunin verður og það er þess vegna sem þetta frv. skiptir máli. Vegna þess hvað réttarstaða varðandi úthlutun veiðiheimilda er óljós vegna þess að það er tekist harkalega á einmitt um úthlutun þessara verðmæta. Skoðun okkar jafnaðarmanna og fleiri í þjóðfélaginu er þekkt. Við viljum m.a. leggja á veiðileyfagjald við þessa úthlutun. Ein af röksemdunum fyrir því er sú að undirstrika enn frekar eignarrétt þjóðarinnar á þessum heimildum alveg eins og kveðið er á um í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Einfaldlega vegna þess að sá sem greiðir leigu er þá að greiða fyrir eign sem hann á ekki. Annars væri hann ekki að greiða leigu. Það er ein af röksemdunum fyrir veiðileyfagjaldi en þær eru fjölmargar, en kannski sú sterkasta, sem við að hluta til erum að tala um hér, er að það skuli vera úthlutað svona geysilegum verðmætum af hálfu almannavaldsins af sameign þjóðarinnar. Síðan er hún fénýtt á margs konar máta af hálfu þeirra sem fá þessar úthlutanir og samkvæmt núgildandi lögum greiða þeir ekki neitt fyrir þessa heimild.

Við erum að tala um fénýtingu veiðiheimilda í frv. Fénýting veiðiheimilda er mjög algeng og endurspeglast í öllum kaupum og leigu á aflaheimildum. Hér erum við að hluta til að tala um þessa fénýtingu og hvernig við sköpum lagaramma um þá staðreynd að hægt er að fá lán út á verðmæti sem eru fólgin í veiðiheimildunum.

Við erum í sjálfu sér alltaf að tala um sama hlutinn, þ.e. um hin miklu verðmæti sem eru fólgin í veiðiheimildum og það er e.t.v. besta dæmið um að það er framtíðarstyrkleiki fólginn í íslenskum sjávarútvegi. Og e.t.v. er það ánægjulegasta í sambandi við allt tal um mikil verðmæti að menn hafa trú á því að afrakstur þessarar atvinnugreinar muni vera mjög bærilegur og mikill á næstu árum. Það er því dálítið erfitt að ræða þessi mál nema að draga þau aðeins inn í aðra umræðu. Ég ætla að vísu ekki að fara út í þessa almennu umræðu nema eins og ég gerði hér, þ.e. að vekja athygli á samhengi við önnur mál. Ég tel að þetta frv. tryggi betur fénýtingu veiðiheimilda og tryggi lánveitendur betur en var áður. Ég tel að einmitt lögfestingin á þessum ramma sem sett er í frv. grafi undan 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, þ.e. um sameign þjóðarinnar á fiskimiðunum. Þetta breytir í sjálfu sér ekki ákvæðinu en ég met það svo að lögfesting þessa frv. sé liður í þróun sem ég tel vera óæskilega. Ég tel óæskilegt að svona sé kveðið á um veðsetningu eða fénýtingu veiðiheimilda.

Ég hefði talið að það hefði alveg verið hægt að búa við frjálsa samninga milli lántakenda og lánveitenda um nokkra hríð enn, a.m.k. á meðan hin mikla pólitíska umræða stendur um þessi mál. Hún er í miklum gangi bæði milli stjórnmálaflokka og í þjóðfélaginu og við erum öll leitandi að heppilegu skipulagi varðandi þessa þætti. Ég hefði talið rétt, herra forseti, að á meðan sú grundvallarumræða færi fram, flýttu menn sér ekki við að lögfesta þessi ákvæði eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég mun leggjast gegn þessu ákvæði frv., herra forseti, og tel ekki tímabært að það nái fram að ganga í þessu formi. Ég tel þetta mál alls ekki vera komið í þann farveg að það sé hæft til ákvarðanatöku. Það er mín skoðun á þessu. Aðrir líta e.t.v. öðruvísi á það. En ég lít svo á að það sé miklu meira í þessu máli en menn vilja oft vera láta.

[12:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er ég í meginatriðum sammála málflutningi hv. þm. Ágústs Einarssonar í þessu máli. En vegna orða hans um LÍÚ, að þau samtök sæki þetta mál ekki fast vegna þess að þeim finnist jafnvel óþægilegt og gegn þeirra hagsmunum að fá mikla umræðu um hið umdeilda kvótakerfi nú, þá vil ég bara benda á að Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri þeirra situr í bankaráði Íslandsbanka og í stjórn Fiskveiðasjóðs og getur því hæglega komið þrýstingi þar á þetta mál. Og um leið er hann auðvitað að styrkja umbjóðendur sína hjá LÍÚ því hann er að festa þetta kerfi í sessi.

[12:49]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. við mínum málflutningi. Það atriði sem þingmaðurinn nefndi þegar hann vísaði til ræðu minnar, að ég hefði ekki orðið var við miklar yfirlýsingar frá útgerðarmönnum eða LÍÚ um þetta mál og benti á tengsl formanns Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem er formaður bankaráðs Íslandsbanka og stjórnarmaður í Fiskveiðasjóði, þá ætla ég einfaldlega ekkert að tjá mig í sjálfu sér um það. Formaður LÍÚ hefur hingað til alveg verið maður til að skýra sinn málstað, sjónarmið og skoðanir. Þetta er staðreynd hins vegar sem þingmaðurinn benti á. Ég ætla hins vegar hvorki að gera formanni LÍÚ né öðrum upp einhverjar skoðanir sem tengjast setu manna í stjórnum eða öðru slíku. Ég hef enga ástæðu til þess. En er það alveg rétt sem þingmaðurinn bendir á? Þetta er þannig vaxið að sá einstaklingur sem hér um ræðir situr í þessum stjórnum en ég fullyrði ekkert um og hef enga ástæðu til að halda að það hafi á einhvern hátt áhrif á skoðanir eða málflutning hans.

[12:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglivert að hv. 11. þm. Reykn. leggur svolítið aðra áherslu í málflutningi sínum en aðrir andmælendur frv. hér. Hann leggur aðaláhersluna á að óþarfi sé að skapa það öryggi í viðskiptum á þessu sviði sem frv. er að mæla fyrir um. Auðvitað geta menn rætt það hvort á því sé þörf. Ég skil hins vegar ekki hvers vegna menn eru sammála því að veita þetta öryggi á öðrum sviðum atvinnulífsins en ekki í sjávarútveginum. Ég ætla ekki að fullyrða að það yrði ein allsherjarkollsteypa í fjármálakerfinu ef þetta yrði bannað en óhjákvæmilega hefði það heilmikil áhrif. Ef það er minna öryggi í lánsviðskiptum í sjávarútvegi en annars staðar þá er hætt við því að annaðhvort bregðist lánastofnanir þannig við að þær dragi úr lánveitingum eða hækki vexti til sjávarútvegs og hvort tveggja mundi hafa mjög slæmar afleiðingar fyrir atvinnugreinina og ekki síst þær byggðir sem fyrst og fremst byggja á rekstri sjávarútvegs. Það væri ekki skynsamlegt og ekki réttlátt að Alþingi samþykkti þannig löggjöf sem mismunaði atvinnugreinum í þessum efnum. Atvinnufyrirtæki sem staðsett eru í þéttbýlinu, iðnaður og þjónusta, byggju við meira öryggi og ættu þannig greiðari aðgang að lánsfé og hugsanlega á lægri vöxtum. Ég tel að það sé rangt að stuðla að þannig mismunun. Auðvitað er hægt að ræða málið á þessum grundvelli og menn geta haft þessa skoðun. En ég held að það væri óheillaráð og ekki mikil sanngirni í þeirri niðurstöðu.

[12:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta innlegg hæstv. ráðherra vera það besta sem hann hefur komið með í þessari umræðu í dag. Hann segir, og ég tek alveg undir það með honum, að verði þetta ekki lögfest þá verði ekki kollsteypa í íslensku fjármálalífi. Ég er sammála því. Hann talar um, og ég tók það einmitt skýrt fram, að þetta snúist að hluta til um öryggi í viðskiptum. Hann segir að það hljóti að vera skynsamlegt gera viðskipti örugg. Ég hins vegar dró fram það sem ég held að sé mjög mikilvægt: Veiðiheimildir hafa sérstöðu og sérstaklega núna vegna þess að það er blossandi pólitísk umræða úti í þjóðfélaginu, en líka innan flokka og líka innan flokks hæstv. ráðherra eins og honum er kunnugt um. Þessari umræðu er ekki lokið. Ég hefði talið rétt að menn biðu með lögfestingu þessa máls þar til að eitthvað lægi skýrar fyrir um niðurstöðu í þessari umræðu um úthlutun fiskveiðiheimilda og yfirleitt skipulagningu í mjög mörgu sem viðkemur fiskveiðistjórnarkerfinu. Það er vegna þeirrar sérstöðu sem þessar veiðiheimildir og viðskipti öll hafa þessa stundina. Það er þess vegna sem ég vil eiginlega taka sjútvrh. dálítið á orðinu og taka undir að það yrði ekki um kollsteypu að ræða. Er ekki rétt að taka þennan þátt málsins til hliðar og láta málin ganga eins og áður. Það er fullljóst og það vita allir, að þetta hefur gengið. Auðvitað er óvissa í öllum málum og hún kostar sitt, ég veit það og geri mér fulla grein fyrir því. En ég held að þetta mál sé þess eðlis að það þurfi að ræða í víðara samhengi og menn verði að ná lendingu á einhvern máta E.t.v. gerist það ekki nema í enn skarpari skilum milli flokka hér á landi. Ég veit það ekki enn þá. Mér finnst við vera á bólakafi í þessari umræðu. Málin hafa hins vegar skerpst töluvert mikið núna síðasta árið í sjávarútvegsumræðunni. Ég tel að við séum enn þá í þessari umræðu og séum að skerpa rökin á báða bóga og tel að þannig eigi að skoða þetta mál, þ.e. í þessu víðara samhengi, og ekki knýja þá á um lögfestingu þess, þó að ég geri mér fulla grein fyrir því að stjórnarflokkarnir hafa vitaskuld til þess burði.

[12:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki bara það að það mundi skapa ósanngirni gagnvart sjávarútveginum ef við tryggjum minna viðskiptaöryggi þar og að það halli á þá atvinnugrein gagnvart öðrum, það halli á landsbyggð gagnvart þéttbýli. Þetta gæti líka leitt til mismununar innan sjávarútvegs. Við vitum og það er þekkt á fjármálamarkaðinum að stóru fyrirtækin eiga mun hægara með að fá lán og þar eru ekki gerðar sömu kröfur til veðsetningar. Þau geta aflað fjármagns með almennum útboðum á verðbréfum og með sölu hlutabréfa, en það eru gerðar miklu meiri kröfur um veð í minni útgerðum, einstaklingsútgerðum, trilluútgerðum og minni útgerðum. Þannig að það að taka burtu þetta viðskiptaöryggi í sjávarútvegi en ekki annars staðar gerir ekki bara að halla á sjávarútveginn og sjávarútvegsplássin gagnvart þéttbýlinu, það getur líka hallað á minni útgerðaraðilana meðan að þeir stærri kæmu betur út úr því. Og ekki síst út frá því sjónarmiði tel ég ekki rétt að draga úr viðskiptaöryggi á þessu sviði í okkar atvinnulífi.

[12:56]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í framhaldi af orðum hæstv. ráðherra um mismunandi stöðu útgerðarfyrirtækja við lögfestingu þessa frv. þá skulum við hafa í huga að þetta er ekki þannig að smærri útgerðarfyrirtækin yrðu betur sett við lögfestingu þessa. Það er eiginlega þvert á móti. Það eru stærri fyrirtækin. Þau verða öll að biðja um heimild til að færa veðheimildir í burtu. Stærri fyrirtækin hafa yfirleitt mjög sterka stöðu gagnvart bönkum og lánastofnunum og koma þannig fram sem sterkari samningsaðilar ef þeir vilja flytja burtu veð. Sum þeirra þyrftu ekki annað en að segja: „Þér kemur þetta nú bara ekkert við því annars er ég farinn með viðskiptin." Það eru bara stór fyrirtæki sem geta talað þannig. Smærri fyrirtækin eru undir það seld að þurfa að fara fyrir alla sína veðhafa og eru þá „skvísaðir" af veðhöfum eins og þekkist mjög oft, einmitt vegna bágrar fjárhagsstöðu sinnar. Þetta þekkja allir sem hafa komið nálægt þessari grein. Að vísu fer það ekki alltaf saman að vera stór og sterkur fjárhagslega. Það eru mjög mörg smáfyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi mjög sterk fjárhagslega og þurfa í sjálfu sér ekkert að óttast fjármálastofnanir. En ef við erum farin að tala um hinar praktísku afleiðingar af frv. þá yrði það frekar á þann veg að þeir sem eru þegar í fjárhagslegum erfiðleikum gagnvart sínum lánastofnunum, og þeir eru margir, ekki hvað síst á sumum stöðum í dreifbýli sem eru verr staddir en áður.

Mér finnst það því styðja enn frekar að við ættum að taka okkur hlé í lögfestingu þessa máls með tilliti til þeirra raka sem ég nefndi áðan, þ.e. að málið er raunverulega miklu stærra. Þó svo að við séum hér komin út í tæknilega umræðu um stöðu einstakra fyrirtækja þá sýnir þetta samt að ýmislegt í þessu máli er ekki alveg fullskýrt.

[Fundarhlé. — 12:59]

[13:29]

Útbýting þingskjala:

Náttúruvernd, 276. mál, frv. HG o.fl., þskj. 529.

Norræna ráðherranefndin 1996, 278. mál, skýrsla samstrh., þskj. 532.

[13:29]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðunni hér á undan er þetta ekki í fyrsta skiptið sem þetta frv. kemur til umræðu hér á hv. Alþingi. Með því er verið að laga gömul lög, reyndar frá 19. öldinni, að nútímaviðskiptaháttum. Kjarninn í þessari lagasetningu er sá að heimilt verður að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé. Þessar heimildir eru almennar og ná til allra atvinnugreina. Ég tel þetta mikið framfaraspor og að hér sé um nauðsynjamál að ræða sem í rauninni hefði átt að fá lögfestingu fyrr. En ég vona svo sannarlega að nú séu þessi mál á þeim vegi að frv. verði afgreitt sem lög fyrir vorið.

Það sem hefur reyndar tafið þetta mál eru skiptar skoðanir um veð í aflahlutdeildum. Með þessu frv. er verið að eyða réttaróvissu um fyrirkomulag sem er í rauninni í gildi. Að eyða þessari óvissu er vissulega bæði lánastofnunum í hag eins og fram hefur komið og það er líka sjávarútveginum í hag. Ég vil taka það fram að þegar ég tala um sjávarútveginn í landinu, þá tala ég um hagsmuni fleiri heldur en Kristjáns Ragnarssonar en það er oft að heyra á málflutningi manna á hv. Alþingi að sjávarútvegurinn í landinu sé Kristján Ragnarsson í eigin persónu og enginn annar, en það er vissulega ekki svo. Hagur sjávarútvegsins er hagur allra landsmanna, að hann geti gengið, að hann geti veitt atvinnu, að hann geti haldið áfram verðmætasköpun og aukið hana o.s.frv.

Reyndar er þetta frv. ekki um sjávarútvegsmál. Þetta er um veðlög, heyrir undir dómsmrn. og fjallar um siðferði í viðskiptum. En ég kem inn á þetta vegna þess að einmitt þetta atriði, deilur um veð í aflahlutdeild, hefur tafið málið. Og þær skoðanir hafa komið fram í umræðunni, m.a. hjá hv. 11. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Norðurl. e., að það hefði átt að láta þetta mál bíða enn um sinn, láta kyrrt liggja og hafa það fyrirkomulag sem gildir um veðsetningu aflaheimilda óbreytt að sinni, en samningar hafa verið í gildi milli aðila um að ekki sé heimilt að skilja aflaheimildir frá skipi. Þetta eru skoðanir út af fyrir sig sem ég ber fulla virðingu fyrir.

Vafalaust er það rétt sem hefur komið fram að það hefði ekki orðið kollsteypa þó að þetta hefði beðið. Eigi að síður er ankannalegt að fara að skilja þetta frá löggjöf um veðsetningu almennt og þess vegna er rétt að eyða þeirri réttaróvissu sem er um þessi efni um leið og ný veðlög eru sett.

Því hefur einnig verið haldið fram að þessi löggjöf hefði áhrif á 1. gr. laganna um fiskveiðistjórn, um eign þjóðarinnar á auðlindinni. Þar er ég ósammála. Mér finnst 1. gr. laganna og eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni óháð þessu máli. Það er alveg skýrt og ljóst að Alþingi hefur fullan rétt til þess að breyta þeirri löggjöf hvenær sem vera skal. Ég er enginn áhugamaður um að breyta henni í aðalatriðum, en ég er í meginatriðum stuðningsmaður þess kerfis sem er í gildi varðandi fiskveiðistjórn. Hins vegar er ég tilbúinn til þess að ræða breytingar á ýmsum þáttum sem menn hafa áhyggjur af við framkvæmdina. Ég er tilbúinn til þess að ræða hvernig framsali er háttað og fara yfir þau mál. Ég er tilbúinn að ræða það hvernig hægt er að koma í veg fyrir frákast afla og fleiri þætti sem hafa verið í umræðunni eins og það að aflaheimildir fara á fáar hendur. En ég er enginn áhugamaður um að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu í grundvallaratriðum, það er langt frá því. En það frv. sem hér er til umfjöllunar hefur engin áhrif þar á. Það er alveg ljóst að veiðiheimildir hafa verið skertar stórlega á undanförnum árum. Ef útgerðarmenn hefðu talið sig eiga þetta með fullum rétti, þá þykir mér ótrúlegt annað en að mál hefði verið höfðað á hendur ríkinu til ógildingar þeirri skerðingu. Þannig að ég hef ekki áhyggjur af því að þetta frv. hafi áhrif á fiskveiðistjórnarlögin.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Ég hef tækifæri til þess í þeirri nefnd sem fjallar um málið, allshn., að koma að því og ræða það þegar það kemur væntanlega frá nefnd síðar í vetur. Ég vildi koma þessum atriðum sem ég tel grundvallaratriði í málinu á framfæri. Ég tel óskynsamlegt að láta það bíða að eyða réttaróvissunni um veiðiheimildirnar, tel að það gæti ef til lengdar lætur rýrt kjör sjávarútvegsins hjá lánastofnunum, leitt til verri kjara, þó að ég taki undir það að vafalaust hefði það ekki leitt til neinnar kollsteypu þó að þetta hefði verið látið bíða um sinn. En ég tel rétt að ganga frá þessu máli þegar er um að ræða heildarendurskoðun á þessari löggjöf. Að öðru leyti mun ég fjalla um málið í nefnd, en vildi koma þessum atriðum á framfæri.

[13:38]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Frv. um samningsveð er nú komið á dagskrá eins og alþjóð veit eftir mjög langan aðdraganda sem staðið hefur yfir alveg frá því á síðasta kjörtímabili. Margt af því sem kemur hér fram og flest hefur verið talið nauðsynlegt sem tæki til þess að halda utan um veðsetningar og fjármál þjóðarinnar þannig að í sjálfu sér hefur frv. að mestu leyti verið ágreiningslaust milli manna innan þingsins eftir því sem ég best veit. Aðeins eitt atriði mun ég segja að veki ágreining og ég er einn af þeim sem hafa ekki getað stutt ákveðið atriði í þessu frv. en það lýtur að veðsetningarmálum á fiskikvóta landsmanna.

Í 3. gr. þessa frv., 4. lið, stendur, með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar."

Þessi texti hefur aðeins breyst frá því að þetta frv. var kynnt fyrir stjórnarflokkunum og búið er að setja inn í þennan texta afdráttarlaust að þarna sé átt við aflahlutdeild fiskiskips. Áður var það einungis tiltekið í skýringum. Þetta hefur að sumra mati verið nægjanlegt til þess að réttlæta það að styðja frv. og þar með sé ekki heimilt að veðsetja kvóta. Í mínum huga skiptir þetta ákvæði í rauninni ekki neinu máli því það hefur aldrei verið leyfilegt að veðsetja kvóta einan og sér. Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, er ekki hægt að fá kvóta eins og komið hefur fram óðruvísi en að eiga skip og þar með er veðsetning á kvótanum einum og sér ekki lögleg miðað við þau lög sem eru nú þegar til staðar. Þetta ákvæði í 3. gr. er þannig óþarft og skiptir því ekki neinu máli í umræðunni. Það sem skiptir máli í þessari umræðu er síðari málsliður í 4. lið, þ.e.: „Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Þarna er einmitt komist með snilldarlegu móti að leið til þess að hægt sé að veðsetja kvótann. Þetta er eina færa leiðin sem hægt er að finna svo að veðsetningin sé möguleg. Þetta er eiginlega alveg þveröfugt við það sem þeir segja sem hafa viljað kalla þetta snilldarlegt ákvæði til þess að koma í veg fyrir veðsetningu kvótans, þetta er eina leiðin sem er fær svo að hægt sé að veðsetja hann. Þetta er alla vega mín skoðun á þessu ákvæði og ætla ég ekki að segja að ég sé einhver stóridómur í að skýra svona lög. Þess vegna hef ég farið á fund

nokkurra lögmanna og beðið þá um að túlka þetta fyrir mig, þá persónulega, og lagt fyrir þá fimm spurningar sem ég tel nauðsynlegt að fá svarað. Ég tek fram að þeim spurningum mundi ég líka vilja fá svarað þegar þar að kemur í hv. allshn. sem ég á sæti í, þar sem nefndin mundi sjálf hugsanlega fram á það við ákveðna aðila að svara slíkum spurningum. En fyrsta spurningin sem ég lagði fyrir þessa lögmenn sem voru nokkrir hæstaréttarlögmenn var þessi: „Veitir 2. málsl. 4. liðar 3. gr. frv. heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild sem skipum er úthlutað samkvæmt 2. málsl. 7. gr. laga nr. 38/1990, með síðari breytingum, um stjórn fiskveiða?" Svar lögmannanna er afdráttarlaust já. Það veitir þeim útgerðum rétt sem eiga aflahlutdeild að veðsetja slíka aflahlutdeild hvað sem öðru líður.

Önnur spurningin var svohljóðandi, að því gefnu að fyrsta spurningin væri jákvæð: „Er hægt að aðskilja nýtingarréttinn við veðsetningu frá verðmætinu sem nýtingarréttinum fylgja?" Svarið við henni er nei, vegna þess að verðmætin eru fólgin í nýtingunni og þar með er aðskilnaður á þessu tvennu ómögulegur.

Í þriðju spurningunni sem hljóðar svo, ef við gefum okkur að svar við fyrstu spurningunni sé jákvætt: „Er ríkissjóður skaðabótaskyldur ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið sbr. 2. málsl. 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og nýtt ákvæði um stjórn fiskveiða yrði t.d. sóknarmarkskerfi?" Svarið við þeirri spurningu er að líkurnar séu yfirgnæfandi að það mundi skapast skaðabótaskylda af hálfu ríkissjóðs. Líkurnar eru yfirgnæfandi að mati þessara manna.

Fjórða spurningin var svo: „Getur ákvæði 4. liðar 3. gr. stangast á við refsiramma laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, þ.e. að veðið rýrni óeðlilega að mati veðhafa vegna refsiákvæða laganna?"

Að mati þessara lögmanna eru miklar líkur á því að þetta ákvæði í frv. geti stangast á við refsirammann þannig að hann haldi ekki.

Fimmta og síðasta spurningin var svo: „Tryggir 4. liður 3. gr. frv. betur ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, að nytjastofnarnir á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar, eða verður þetta ákvæði laganna um sameign þjóðarinnar marklaust?"

Að mati lögmannanna verður þetta ákvæði til að draga úr gildi þessa lagaákvæðis um stjórn fiskveiða því að þessi nýju ákvæði samkvæmt frv. munu færa þennan eignarrétt nær óbeinum eignarrétti og veikja því ákvæðið ef eitthvað er.

Þetta eru þær spurningar sem ég fékk svarað, reyndar í stuttu máli frá þeim lögmönnum sem ég leitaði til og af þeim ástæðum hef ég lýst því opinberlega yfir að ég geti ekki að óbreyttu stutt þetta frv. nema það komi þá í ljós síðar að ég hafi haft rangt fyrir mér og þeir lögmenn sem þessum spurningum mínum hafa svarað.

Þá skipta í sjálfu sér engu máli í mínum huga þær athugasemdir sem eftir að frv. fór í gegnum minn flokk hafa komið til viðbótar, þ.e. 8., 9. og 10. liður í skýringum þar sem verið er að útskýra þessi ákvæði um eignarréttinn og um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu í framtíðinni því að athugasemdir yfirtaka ekki lagaákvæði eins og dæmin sanna. Það kom fram í umræðum hér á þingi í gær að reglugerðarákvæði og athugasemdir geta ekki upphafið þau lög sem hafa verið samþykkt á Alþingi. Þess vegna geta athugasemdir sem þessar ekki upphafið textann. Í besta falli getur hann verið til leiðbeiningar í upphafi og menn nýtt sér það, en síðan mun reynslan og praxísinn leiða það í ljós að þessar athugasemdir verði einskis virði.

Þá komum við að því að þegar búið er að heimila veðsetningu samkvæmt þessum ákvæðum og skipin eru orðin veðsett með aflahlutdeild. Hvað gerist í rauninni þegar menn hafa öðlast þennan rétt? Hvað er það sem bankar og lánastofnanir munu krefjast eftir að slíku ákvæði hefur verið komið inn í lögin? Það sem ég óttast helst og ég hef heyrt að fleiri taka undir þau sjónarmið, er að lánastofnanir munu að sjálfsögð ætlast til þess að sjávarútvegsfyrirtæki með alhliða starfsemi muni færa skuldir sínar sem veð á útgerðirnar með allsherjarveði, að það verði eitt allsherjarveð yfir allt fyrirtækið sem muni þá veðsetja allan kvótann um leið fyrir öllum þeim skuldum sem á fyrirtækinu hvíla. Það þýðir í rauninni að ef við ætlum einhvern tíma að aflétta þessu ákvæði, þ.e. veðsetningunni og breyta fiskveiðistjórnarkerfinu, þá yrðum við, ef við vildum gera þetta, að standa klár að því að við þyrftum að greiða upp allar skuldir sjávarútvegsins. Við yrðum með ríkisábyrgð á öllum skuldum sjávarútvegsins. Við erum að skapa þá ríkisábyrgð með þessum lögum. Þannig lítur þetta út í mínum huga.

Nú eru skuldir sjávarútvegsins um 100 milljarðar. Þetta er það sem ég óttast að geti gerst með þessum lögum, þ.e. að við festum kvótakerfið um ókomna tíð. Ég vil taka það fram að ég hef ekki verið andstæðingur þessa kvótakerfis og hef talið það hafa ýmsa kosti. Aftur á móti hef ég ekki getað fallist á að það verði ómögulegt um ókomna framtíð að breyta einum staf í kvótakerfinu öðruvísi en hafa leyfi banka og veðhafa fyrir þeirri breytingu. Ég get ekki sætt mig við það ef það verður niðurstaða þeirra rannsókna sem ég geri ráð fyrir að við munum láta fara fram á þessu frv.

Þetta neglir náttúrlega um leið niður eignarrétt útgerðanna á kvótanum og um leið mætti segja sem svo að yfirráð sjávarútvegsfyrirtækja, sem eru orðin skuldug og kvótinn um leið, munu færast til bankanna. Bankastofnanir koma hugsanlega til með að stjórna því hvernig kvótaeignin verður nýtt í framtíðinni hjá þeim fyrirtækjum (**Gripið fram í:** Þeir hafa nú komið nálægt því hingað til.) sem hafa ekki burði til þess til þess að standa undir eigin rekstri.

Herra forseti. Það er margt sem menn þurfa að huga að þegar kemur að því að velta fyrir sér afleiðingunum í praxísnum þegar farið verður að vinna samkvæmt þessum lögum, ef af verður. Spurningin er t.d: Munu þessi lög skapa lögveðhöfum rétt í kvótanum? Mun t.d. sjóveð hafa rétt í kvóta? Þá erum við að tala um ýmislegt sem kemur inn, eins og hafnargjöld. Hafa þau sjálfkrafa rétt í kvótanum ef til kemur að útgerð getur ekki borgað? Laun. Samningar. Þetta eru allt saman mjög teoretískar spurningar sem hljóta að koma upp í þeirri skoðun sem fer fram í hv. allshn. Hvernig mun þetta geta gengið í praxís? Hvert mun þetta þróast? Við höfum séð kvótakerfið þróast á ýmsa vegu og að margra mati óheppilega, kannski í stórum dráttum á heppilegan veg en að mörgu leyti hefur það gengið mun lengra á skemmri tíma en margur hefði ætlað þegar lögin um kvótakerfið voru sett. Það er því spurning hvort veðsetningin muni bjóða upp á algert kaos eins og sagt hefur verið við mig í sambandi við veðsetningar, í sambandi við veðheimildir sem eiga að ganga á milli, heimildir banka og lánastofnana fyrir því að hægt sé að færa heimildir á milli skipa. Þetta verður alfarið í höndum lánardrottnanna. Hvernig mun þetta virka þegar farið verður að vinna með lögin?

Herra forseti. Ég tel að það þurfi að vinna mikið verk áður en ég sannfærist um það að frv. eins og það kemur hér fyrir geti orðið að lögum. Ég hef minnst á það við hv. formann allshn. og hæstv. dómsmrh. að valinkunnir menn yrðu fengnir til þess að svara spurningum sem kæmu frá nefndinni. Eins og þetta lítur út nú þá get ég ekki stutt þetta frv. eins og ég hef sagt áður. En ef öll allshn. og þeir ráðgjafar sem við fáum til að skoða málið með okkur komast að annarri niðurstöðu eða þá að breytingar fást á frv. sem munu sannanlega koma í veg fyrir að kvótinn verði veðsettur eins og gert er ráð fyrir hér, þá mun ég geta breytt afstöðu minni, en ekki fyrr.

[13:55]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna ræðu hv. þm. Kristjáns Pálssonar um þetta efni. Ræðan bar þess merki að hún var byggð á vönduðum undirbúningi. Hann hafði lagt sig fram við að kynna sér málið, kallað til lögfræðinga, spurt skýrra spurninga og fengið skýr svör og mótaði sína afstöðu á grundvelli þess, þar á meðal því eins og fram kom að lögfesting þessa frv. að mati hans og þeirra lögfræðinga sem hann leitaði til dragi úr vægi 1. gr. um stjórn fiskveiða, um sameign þjóðarinnar auk fjölda annarra álitamála sem vöknuðu og komu fram í hans máli.

Þó svo þeir lögfræðingar sem hann leiti til séu vitaskuld enginn dómur þá staðfestir þetta það sem við höfum haldið fram að þetta mál er mikið álitaefni og það er ekki hægt að knýja það áfram með þessum hætti án þess að skoða það í víðara samhengi. Nú er hér um að ræða einn stjórnarþingmann. Ég veit ekki hvort aðrir stjórnarþingmenn hugsi svipað. Það má vera ef menn standa við fyrri málflutning sinn, þ.e. ýmsir stjórnarliðar. En, herra forseti, eftir að hv. þm. Kristján Pálsson flutti þessa ræðu þá trúi ég ekki öðru en ríkisstjórnarflokkarnir hugsi sig tvisvar um og taki þetta umdeilda ákvæði frá áður en verður af lögfestingu frv. að öðru leyti.

Ég vil einnig geta þess og koma því að hér — ég veit ekki hvort það hefur komið fram í umræðunni — að ég teldi rétt að auk þess sem málið fer til allshn. í skoðun þar yrði því jafnframt vísað til umsagnar sjútvn. Ég teldi það eðlilega málsmeðferð í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram sem tengist mjög svo sjávarútvegsmálum.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson á lof skilið fyrir það að hann stendur við sína sannfæringu ólíkt öðrum þingmönnum sem höfðu uppi mikinn hávaða gagnvart þessu frv. Þar á ég við hv. þingmenn Framsfl. sem í þessu máli hafa verið beygðir og kúskaðir til hlýðni og eru það svo sem engin nýmæli. Mennirnir sem jafnvel sögðu að aldrei skyldi það verða að óveiddir fiskar í sjónum skyldu veðsettir, sitja nú þegjandi í þingsölum og mega ekki mæla.

Herra forseti. Ræða hv. þm. Kristjáns Pálssonar fjallaði að verulegu leyti um þær breytingar sem frv. tók í meðförum stjórnarflokkanna á meðan á ákveðinni togstreitu stóð þeirra í millum. Framsfl. hefur mjög stært sig af því að hafa heiðurinn af þessum breytingum og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur kallað það sérstakan sigur fyrir Framsfl. og persónulegan sigur fyrir sig. Niðurstaða hv. þm. er hins vegar sú að með þessum breytingum sem þarna urðu sé fundin eina raunhæfa leiðin til að hægt sé að veðsetja kvóta (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn í andsvari við Kristján Pálsson?) og þess vegna spyr ég hv. þm. Kristján Pálsson: Er það rétt skilið hjá mér að hv. þm. sé þeirrar skoðunar að það sem lukkuriddarar Framsfl. kölluðu stórkostlegan sigur, stuðli í rauninni að því að hægt sé að veðsetja kvótann?

[13:58]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson spyr hvort þessi breyting sé að mínu mati eina leiðin til þess að hægt sé að veðsetja kvótann og ég sagði áðan að svo væri, að mér fyndist að niðurstaðan væri einfaldlega sú þar sem lög um stjórn fiskveiða gera ekki ráð fyrir því að hægt sé að úthlutaða kvóta á neitt annað en skip þannig að veðsetning á kvóta einum og sér er ófær, hún er ómöguleg. Eina færa leiðin í mínum huga er að veðsetja hann með skipi eins og verið er að gera ráð fyrir í þessu frv.

Ég tek það skýrt fram að þeir sem ég tala við í mínum flokki og hafa þessa sannfæringu eins og hv. þm. Framsfl. trúa því að þetta sé ekki veðsetning á kvóta. Það er þeirra trú. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirra skoðun (**GÁ:** ...maður sér það.) Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirra skoðun, hv. þm. Guðni Ágústsson, og þess vegna hef ég talið nauðsynlegt — og ég hef fengið stuðning við það, eftir því sem ég best veit, frá hæstv. dómsmrh. — að öll þessi atriði verði skoðuð nákvæmlega og ekkert verði dregið undan. Í þeirri trú fer ég yfir þetta mál í hv. allshn. og móta afstöðu mína út frá þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir þá lögmenn sem ég treysti og í framhaldi af því þeirri niðurstöðu sem kemur út úr nefndinni.

[14:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var afskaplega mikilvægt að fá þessa yfirlýsingu frá einum af stjórnarliðunum. Hv. þm. Framsfl. hafa haldið því fram að þeir hafi farið í stórkostlegan björgunarleiðangur og unnið það gífurlega afrek að koma í veg fyrir að hægt sé að veðsetja kvóta. Nú gerist það að einn af reyndum stjórnarliðum, einn af þeim sem hafa mesta reynslu á sviði sjávarútvegs innan stjórnarliðsins, kemur fram og ekki bara tætir í sundur málflutning Framsfl. heldur lýsir því yfir að þeir séu höfundar að einu leiðinni sem hægt hafi verið fræðilega að finna til þess að veðsetja kvótann. Þetta eru lukkuriddararnir sem koma hér og berja sér á brjóst og segja: Við björguðum málinu. Við komum í veg fyrir að kvótinn yrði endanlega færður í hendur örfárra sægreifa. En þegar það liggur fyrir yfirlýsing frá einum af stjórnarliðum um að þeir eru höfundar að þessu stórkostlegasta ráni aldarinnar.

[14:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek mjög undir með hv. 10. þm. Reykn. að það er brýnt að skoða alla þætti og allar hliðar þessa máls og ekkert eðlilegra en hv. nefnd kalli til alla þá sérfræðinga sem nauðsyn krefur í því efni. Ég veit ekki hverjir þeir lögmenn eru sem hv. þm. vitnaði til, en mér heyrist, eins og hann lýsir áliti þeirra, að niðurstaðan sé ekki byggð á lagalegum rökum. Það getur vel verið að þeir hafi þessa skoðun en hún er ekki byggð á lagalegum rökum. Ef menn lesa athugasemdir með frv. sem skýra frumvarpsgreinarnar sem samdar eru af prófessor Þorgeiri Örlygssyni, sem er prófessor í þessum fræðum, þá kemur alveg gagnstæð niðurstaða fram. Ég fullyrði að hann er ekki lakari lögfræðingur á þessu sviði, prófessorinn í þessari grein, heldur en þeir lögfræðingar sem voru ónefndir í umræðunni.

Það er framsal á aflaheimildum í dag. Útgerðarmaður getur selt þær öðrum útgerðarmanni, útgerðarmaður getur selt skip með aflaheimildum til annars útgerðarmanns. Hann getur líka selt það til banka. Enginn hefur haldið því fram að það veiki 1. gr. frv. um stjórn fiskveiða. En ef þessi eignayfirfærsla fer fram við nauðungarsölu en ekki frjálsa sölu á það að veikja 1. gr. og skapa skaðabótarétt. Ef frjáls sala fer fram í dag, þá eru allir sammála um að það skapi ekki skaðabótarétt. En hvaða rök eru fyrir því að nauðungarsala á milli sömu aðila skapi skaðabótarétt? Fyrir því eru engin lögfræðileg rök og af því sést best að þessi kenning fellur um sjálfa sig.

[14:03]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að metast um hvaða lögmenn hafa mest vit á þessu en ég efast ekkert um hæfileika Þorgeirs Örlygssonar prófessors í lagadeild háskólans. Hann hefur samið mörg lög en ég hef líka orðið var við að þau lög má túlka á marga vegu. (**Gripið fram í:** Hann hefur samið frumvörp.) Hann hefur samið frv. sem hafa orðið að lögum. Ég ætla ekkert að gera lítið úr því og ég fagna því að hæstv. dómsmrh. tekur undir þau orð mín að nauðsynlegt sé að skoða þetta mál mjög gaumgæfilega í hv. allshn. og þar fáum við væntanlega þá svör við þessum spurningum. Við höfum náttúrlega svörin frá lagaprófessornum. Við gætum þá leitað svara frá öðrum lögmönnum sem hafa mikla praktíska reynslu í því lagaumhverfi sem hefur verið skapað í sambandi við veðsetningar.

Varðandi frjálsa framsalið og 1. gr. þá minnir mig að 1. gr. fjalli um að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar. Varðandi það ákvæði er fyrst og fremst verið að gera ráð fyrir því að eignarákvæðið verði óbeinna með þessu, það verði ekki eins tryggt með þessum breytingum og það er að óbreyttu.

Um það hvort hægt sé að selja kvóta og aflaheimildir þá er það í mínum huga allt annað mál. Samkvæmt þessum drögum verður mun erfiðara um allt framsal, sem ég hef hingað til haldið að hæstv. sjútvrh. hafi einmitt haft sérstakan áhuga á að yrði óbreytt, að framsalið gæti verið óbreytt og mætti helst ekki skerða með lögum.

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það breytir engu í þessu samhengi hvort eign er yfirfærð milli aðila með nauðungarsölu eða frjálsri sölu. Það hefur ekkert að segja með varanleg eignarréttindi að nytjastofnunum. Menn sjá það líka best af því að ef Alþingi tekur ákvörðun um að breyta fiskveiðistjórnarlögunum og taka upp sóknarmarkskerfi mundu sömu skip hafa veiðirétt áfram, en í stað þess að hann væri takmarkaður væri hann ótakmarkaður við hvert skip en bundinn af einu heildaraflamarki en veiðirétturinn héldist áfram. Ef menn selja skip með veiðirétti í sóknarmarki, sín á milli eða bönkum eða veðsetja slíkt skip, hver getur haldið því fram að það veiki sameignarákvæði 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna? Enginn.

Það er því alveg sama hvar komið er að þessu máli að fullyrðingar um að þetta veiki 1. gr. eða skapi skaðabótarétt hafa engin lögfræðileg rök og allir sjá hversu fáránlegt það er þegar talað er um veiðirétt sem fylgir skipi í sóknarmarki. Á þessu er enginn munur því að hér er ekki verið að gera annað en takmarka framsal og banna það í þessum tilvikum. Auðvitað getur bann við framsali ekki veikt sameignarrétt sem kveðið er á um í 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna.

[14:08]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að deila mjög lengi um þetta við hæstv. dómsmrh. sem er löglærður maður. Ég þykist aftur á móti vita að ef Alþingi mundi ákveða að húseignir mætti ekki veðsetja þrátt fyrir að þær væru fullveðsettar, þá þyrfti einhver að bera skaðann af því. Ef tekin eru einstök ákvæði eins og lóðarleiguréttindi út úr heildarmati fasteigna og sagt að það dygði ekki lengur sem veð yrði einhver að bera skaðann af því ef til kæmi að leita þyrfti eftir sölu á íbúðinni til að greiða upp áhvílandi lán sem hefði verið krafið greiðslu á. Allt eru þetta mjög tæknileg atriði sem ég hygg að sé best að fá hlutlausa menn til þess að meta fyrir okkur. Ég fagna því aftur sem hæstv. dómsmrh. sagði áðan að hann teldi það mjög eðlilegt og þar mun þessu verða svarað sem okkur greinir á um hér.

[14:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hefur farið eins og við mátti búast að meginefni frv. hefur fallið í skuggann fyrir því ákvæði þess sem fjallar um veðsetningu skipa og ákvæði um meðferð veiðiheimilda við veðsetningu. Ég vil þó fara fáeinum orðum um efni frv. að öðru leyti áður en ég vík að þessu máli málanna.

Ég átti á síðasta kjörtímabili sæti í allshn. sem fékk þetta mál tvívegis ef ekki þrívegis til umfjöllunar. Nefndin hafði farið vandlega yfir frv. á þeim tíma án þess að tækist að afgreiða það út vegna ágreinings um þetta ákvæði sem ég gat um í upphafi. Niðurstaða mín eftir þá yfirferð var að öðru leyti en þessu varðandi veðsetningu skipa og aflaheimilda, að frv. væri nokkuð gott og horfði til framfara. Ég geri því ekki ágreining um það og tel að ekki eigi að vera nein fyrirstaða af hálfu þingheims að afgreiða frv. eins og það er lagt fram að öðru leyti en þessu sem ég hef getið um.

Víkjum þá að því ákvæði sem mönnum hefur orðið hvað mest tíðrætt um. Það fyrsta sem er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir er hvaða breytingar er verið að gera og fyrir hverja er verið að gera breytingar. Það er alveg augljóst mál í mínum huga og orkar ekki tvímælis að verið er að breyta löggjöf til að styrkja stöðu veðkröfuhafa. Það er ekkert annað sem verið er að gera með þessum breytingum en að bæta stöðu lánardrottna.

Það hefur verið rifjað upp fyrr í þessari umræðu að eftir að lögin um stjórn fiskveiða voru sett árið 1990 hefur verið óheimilt að veðsetja aflahlutdeild beint þannig að lán sem tekin eru eftir gildistöku þeirra laga með veði í skipum eru ekki tryggð með veði í aflaréttindum skipsins heldur einungis þau lán sem voru á skipinu við gildistöku laganna. Því hafa lán sem tekin hafa verið eftir að núgildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett enga tryggingu í þessum aflaréttindum. Bankar og lánastofnanir hafa að nokkru farið inn á á braut að krefja útgerðarmenn eða eigendur skipanna um yfirlýsingar þess efnis að þeir muni ekki flytja varanlegar aflaheimildir burt af skipinu nema með samþykki þeirra. Þannig hefur fyrirkomulagið verið frá maímánuði 1990.

Þá er það raunverulega spurningin: Hvers vegna þarf að breyta þessu ákvæði? Hefur verið sýnt fram á að þetta fyrirkomulag sé sérstaklega slæmt? Ég hef ekki fengið upplýsingar um það frá bönkum eða lánastofnunum og ég hef ekki séð að þessar lánastofnanir hafi lagt fram upplýsing-

ar í þingnefnd eða á öðrum vettvangi sem þingmenn hafa aðgang að að reynslan af þessu fyrirkomulagi sé neitt sérstaklega slæm fyrir bankakerfið. Ég geri þess vegna kröfu til þess að færð séu rök fyrir því að breyta þurfi frá núverandi fyrirkomulagi.

Ég gat ekki heyrt það í framsöguræðu hæstv. ráðherra að hann hefði neinar upplýsingar um það sem rökstyddi nauðsyn á að þessi breyting næði fram að ganga.

Það er grundvöllurinn áður en lengra er haldið að þeir sem gera kröfu um breytingar færi rök fyrir sínu máli, leggi sín spil á borðið þannig að menn geti vegið og metið þau rök sem þeir hafa fram að færa. Ég fer fram á það við hv. þingnefnd að hún afli upplýsinga frá þeim aðilum sem gera kröfu til þess að ákvæðinu verði breytt í þá veru sem hér er í frumvarpinu og að þeir rökstyðji sitt mál. Ég veit alveg hvaða aðilar þetta eru eftir heimsóknir þeirra til allshn. á síðasta kjörtímabili. Það voru einungis fulltrúar bankanna sem lögðu fram þessa kröfu. Fulltrúar verkalýðshreyfingar og sjómannasamtaka lögðust gegn breytingunni, svo dæmi sé tekið. Ég hygg að það sé ekki of mikil krafa á hendur þeim sem gera kröfu um lagabreytingu á þingi til að gæta hagsmuna sinna, bankanna, að þeir færi rök fyrir sínu máli. Við skulum meta það þegar það liggur fyrir, en ég hef ekki séð þau rök og ég get ekki ímyndað mér að framgangur mála sé þannig að bankarnir hafi beðið neinn skaða af umfram það sem eðlilegt má teljast í lánastarfsemi sem eðli máls samkvæmt er áhættubisness.

En það er athyglisvert að velta fyrir sér úrræðunum sem menn grípa til að því gefnu að menn sannfærist um að það þurfi að breyta, sem ég er ekki sannfærður um. En þeir sem eru sannfærðir um það telja að það þurfi að breyta. Það er fróðlegt að athuga hvernig breytingu þeir leggja fram.

Breytingin, sem lagt er til að verði gerð, er sú að festa saman skipið og veiðiréttindin í ríkari mæli en er í dag. Með öðrum orðum er hún að láta lagabreytinguna frá 1990 ganga til baka að nokkru leyti. En með þeirri lagabreytingu var tekið upp hið frjálsa framsal. Með öðrum orðum er það hið frjálsa framsal sem er vandamálið gagnvart bönkunum í þessu tilliti. Fram að þeim tíma þurftu þeir ekki að hafa áhyggjur af að aflahæfi skips, sem þeir höfðu veð í, mundi rýrna við það að veiðiréttindin væru flutt í burtu af því að fram að þeim tíma voru skip og veiðiréttindi óaðskiljanleg eining. Úrræðin sem menn grípa til núna til að tryggja hagsmuni lánardrottna er að ganga til baka, er að þrengja að framsalinu. (**ÖS:** Ekki í þágu þjóðarinnar.) Í sína þágu. Ég kem að því á eftir. Hins vegar á meðan þjóðin á bankana eru það auðvitað hagsmunir þjóðarinnar að bankarnir tapi ekki miklu fé. (**Gripið fram í:** Ekki alla bankana.) Nei, nei, en Landsbankinn er með yfirgnæfandi meiri hluta af viðskiptum í sjávarútvegi.

Það er fróðlegt að hafa í huga að það er hið frjálsa framsal veiðiheimilda sem mönnum verður starsýnt á að er vandamálið. Það er ekki bara í þessu máli sem menn hafa komist að raun um að frjálsa framsalið er vandamál, það hafa verið lögð fram frv. á fyrri þingum um að takmarka framsalið og það liggja fyrir frv. á þessu þingi líka um að takmarka hið frjálsa framsal. Þau frv. verða rædd síðar í dag. Ég minni á frv. sem þingmenn Alþb. hafa flutt á fyrri þingum í þessa veru. Og ég minni á miðstjórnarsamþykkt Alþb. um að takmarka hið frjálsa framsal. Sú úrlausn sem menn grípa til beinir sjónum manna að kerfinu sjálfu sem við störfum undir um stjórn fiskveiða og bendir okkur á að hið frjálsa framsal er verulegt vandamál í því kerfi.

Hins vegar má segja að með því úrræði sem gripið er til í frv. um að festa betur saman skip og veiðiheimildir taka menn upp aftur ákveðið vandamál sem menn voru að koma sér frá með lögunum frá 1990. Menn lenda í þeim vanda að jafnvel þótt með frv. sé skýrt tekið fram að óheimilt sé að veðsetja sjálf réttindin til að veiða þá verða þau réttindi í raun veðsett. Þau verða ekki sjálf veðsett en þau verða í raun veðsett. Það verður ekki hægt að koma í veg fyrir það nema bæta við frekara ákvæði í þetta frv. Það gerist þannig að samkvæmt frv. verður heimilt að veðsetja skipið. Það eru engin takmörk á því fyrir hve háa fjárhæð má veðsegja eitt skip. Það er því fullkomlega heimilt ef einhver vill lána peningana sína að veðsetja skip fyrir meira verðmæti en húftryggingarverðmæti þess er. Þá segja þeir sem eru að veðsetja svona aftarlega, þeir eru í óvissu með sitt veð af því að skipið stendur ekki undir því, sem svo: Á móti þessu óöryggi hef ég það öryggi að veiðiréttindi skipsins verða ekki frá því flutt nema með mínu samþykki og ég met það svo að með þessum veiðiréttindum muni skipið ævinlega geta staðið undir því að afla tekna til að borga niður lánið. Þannig eru menn í raun að veðsetja veiðiréttindin þó það sé alveg skýrt, ég er ekki að gera ágreining um það, að veiðiréttindin sjálf eru ekki veðsett.

Til að koma í veg fyrir að menn skáskjóti sér áfram í málinu, eins og ég var að lýsa að muni verða gert og er í raun gert, þá verða menn að bæta inn í frv. ákvæði sem bannar að veðsetja skipið fyrir hærri fjárhæð en sem nemur t.d. húftryggingarverðmæti þess. Þá eru menn búnir að festa hámark þeirrar fjárhæðar sem eitt skip má vera veðsett fyrir og tryggja að menn geti ekki skuldsett útgerðina fyrir hærra fé en nemur verðmæti skipsins eins og sér.

Annar galli sem kemur upp í því máli að tengja flutning á veiðiréttindum frá skipi við samþykki veðkröfuhafa er sá að menn gefa veðkröfuhöfunum þá stöðu sem þeir geta notað, eða misnotað eftir atvikum, sér verulega í hag og öðrum í óhag. Veðkröfuhafi getur neitað að samþykkja flutning á aflaheimildum frá einu skipi til annars og sagt: Ég vil ekki samþykkja þennan flutning á veiðiheimildum nema þú seljir þessu skipi en ekki eða hinu skipinu. Eða hann getur sett enn önnur skilyrði og sagt: Ja, ég samþykki ekki flutning nema þú borgir upp mitt lán. Í raun og veru getur veðkröfuhafinn, samkvæmt frv. eins og það er lagt fram hér, sett öll þau skilyrði sem honum sýnist fyrir sínu samþykki. Ég tel að staða veðkröfuhafa í þessu frv. sé allt of sterk. Ég bið hv. formann nefndarinnar að punkta hjá sér að ég bendi á að það verði athugað í nefndinni hvernig hægt er að takmarka stöðu veðkröfuhafa til að neita að fallast á flutning aflaheimilda frá skipi. Því eins og hér er frá málum gengið getur veðkröfuhafinn sett hvaða skilyrði sem honum sýnist, bæði eðlileg og óeðlileg. Ef menn á annað borð hafa kerfi sem heimilar flutning á milli þá verða menn að hafa sæmilega skýrar leikreglur um hvernig sá flutningur fer fram og hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að slíkt geti gengið eftir. Það væri að mínu mati algjörlega óviðunandi og óeðlileg ráðstöfun ef einn veðkröfuhafi segði: Ég samþykki ekki flutning á aflaheimildum til þessa skips af því að ég vil ekki selja því heldur vil ég að þú seljir öðru skipi sem er í viðskiptum við minn banka, svo dæmi sé tekið. Ég fer fram á að hv. allshn. athugi mjög gaumgæfilega hina sterku stöðu veðkröfuhafa ef mál ganga eftir eins og þarna er lagt til.

Mér hefur orðið tíðrætt um að í frv. er sjónum beint að því að takmarka hið frjálsa framsal til að styrkja veðkröfuhafa.

Gott og vel. Við skiljum öll stöðu þeirra sem lána peninga og viljum síst setja lög sem setur þá í meiri áhættu en þeir búa við í dag. En það eru fleiri aðilar sem eiga hagsmuna að gæta við flutning aflaheimilda en bara veðkröfuhafar á skipinu. Bið ég nú hæstv. sjútvrh. að leggja við hlustir. Það eru fleiri aðilar sem eiga hagsmuna að gæta við það að veiðiheimildir eru fluttar af skipi. Það hefur áhrif á þeirra aflahæfi, stöðu þeirra og möguleika á tekjum, verðmæti eigna þeirra o.s.frv. Þess vegna eiga þeir jafnverðmætra hagsmuna að gæta og veðkröfuhafar. Það eru sjómenn. Af hverju þarf ekki samþykki sjómanna fyrir því að flytja aflaheimildir af skipi? Eiga þeir lakari hagsmuna að gæta heldur en veðkröfuhafar? Eru hagsmunir sjómanna eitthvað minni í þessu máli heldur en hagsmunir veðkröfuhafa? Eiga sveitarfélögin í heild eða byggðarlögin ekki hagsmuna að gæta? Skiptir ekki máli að þar sé atvinnustarfsemi eða að hún leggist niður vegna þess að aflaheimildir eru fluttar burt? Ég gæti líka nefnt verkafólk og fleiri mætti eflaust bæta við. Það getur gengið þvert á hagsmuni þessa fólks að veiðiheimildir verði fluttar burt.

Ég tel eðlilegt að ef löggjafinn er að fást við að breyta lögum þannig að hagsmunir tiltekins hóps í málinu, lánardrottna, sé sem best gætt og telur það réttlætanlegt út frá almannahagsmunum þá eiga menn jafnhliða að gæta að hagsmunum annarra þjóðfélagshópa. Það er ekki sæmandi að mínu viti að taka lánardrottnana eina fram fyrir en ýta öllum hinum hópunum til hliðar og segja: Þeir eru ekki viðfangsefni þingsins. Þeir skulu bjarga sér sjálfir í markaðsþjóðfélaginu. En af hverju eiga þá ekki lánardrottnarnir að vera í markaðsþjóðfélaginu?

Herra forseti. Þetta eru þær atugasemdir sem ég hef um þetta mál. Ég vil segja að lokum að ég er ekki þeirrar skoðunar að þetta frv., ef það nær fram að ganga óbreytt, muni veikja sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Ég hef ekki heyrt í umræðunni þau rök sem sannfæra mig um að hætta sé á því. Enda vil ég í lengstu lög halda því fram að lagabreytingar veiki ekki það ákvæði. Því fleiri þingmenn sem halda hinu fram stuðla einfaldlega að því að þróunin verði sú sem þeir óttast. Þess vegna eiga menn ekki að vera að halda því fram nema þeir séu vissir um að hafa gild rök fyrir því að þessi þróun muni verða. (Gripið fram í.) (**Gripið fram í:** Já.) Það er einfaldlega vegna þess að veiðiheimildirnar eru ekki veðsettar. Það er alveg klárt eins og ég hef rakið fyrr í ræðu minni. Þær eru ekki veðsettar. (**Gripið fram í:** Ekki einar og sér.) Ekki einar og sér, þær eru það ekki. En ég held að þessi framgangsmáti muni hins vegar styrkja í sessi aflamarkskerfið sjálft. Ég hef trú á því af því að skuldirnar muni síga út yfir veðmörk skipanna og í raun inn á veiðiheimildirnar og það muni halda aflamarkskerfinu fastara í sessi í framtíðinni en að óbreyttu. Ég er ekki viss um að óbreytt aflamarkskerfi sé skynsamlegt. Ég er reyndar viss um að á kerfinu, eins og það er í dag, þurfi að gera veigamiklar breytingar til að menn geti búið við það í sæmilegri sátt í þessu þjóðfélagi.

[14:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var býsna málefnaleg ræða hjá hv. 5. þm. Vestf. Það er alveg kórrétt hjá honum að vandinn sem er uppi í þessu stafar fyrst og fremst af því að við erum með frjálst framsal. Það er það sem gerir það að verkum að upp getur komið óvissa og skúrkar í þessari atvinnugrein geta valdið óöryggi í viðskiptunum. En þegar við vorum með sóknarmark var veiðirétturinn veðsettur með skipinu. Meðan við vorum með kvótakerfi þar sem framsalið var ekki leyft, þá var veiðirétturinn veðsettur með skipinu og enginn gerði athugasemd við það. Það þótti öllum alveg sjálfsagt mál. En þessi vandi kemur upp núna og við erum í raun ekki að gera annað með því að banna framsalið en að koma á svipaðri stöðu og þar sem um er að ræða kvóta án framsalsheimildar. Við erum að búa til þá sömu stöðu og var áður en framsalið kom til gagnvart þessum aflaheimildum. Það er ekki annað sem verið er að gera í þessu og ekki stærri glæpur sem verið er að fremja í en að tryggja viðskiptaöryggi með því að takmarka framsalið og koma í þeim tilvikum upp svipaðri stöðu og var þegar aflamarkið var ekki framseljanlegt. Það er kjarni málsins í þessu samhengi.

[14:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eitt vil ég benda á sem ég lét ógetið í ræðu minni áðan en á auðvitað erindi inn í þessa umræðu og það er að ákvæði frv. ná einvörðungu til aflahlutdeildar. Í frv. er ekki að finna ákvæði sem banna að veðsetja aflamark. Aflamark er það magn sem hvert skip má veiða á hverju fiskveiðiári. Ég tel að hv. allshn. ætti að taka það fyrir við umfjöllun þessa máls hvort ekki væri rétt að útvíkka ákvæði frv. þannig að þau nái yfir aflamark líka svo það verði óheimilt að veðsetja aflamarkið. Ég tel hættu á að veðsetning á því ýti undir þróun sem menn vildu ekki sjá.

[14:32]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég komst ekki yfir að svara þeirri spurningu hv. þm. sem hann varpaði fram til mín; hvers vegna þyrfti að flytja þetta núna, af hverju mætti ástandið ekki vera óbreytt? Eins og menn rekur minni til flutti ég þetta frv. í fyrra og þá gerði ég ráð fyrir að engin ákvæði yrðu um þetta. Ég leit svo á að þar sem engin lagaákvæði væru fyrir hendi sem bönnuðu veðsetningu á aflaheimildum væri það frjálst. Hins vegar kom upp sú staða eftir að dómur féll sem skírskotaði til fiskveiðistjórnarlaganna og komst að þeirri niðurstöðu að ef ekki væru sérstök lagaákvæði væri þetta óheimilt. Það sjá allir að eftir að sá dómur lá fyrir var komin upp slík réttaróvissa að óhjákvæmilegt var að Alþingi tæki af skarið. Þessi dómur fór hins vegar ekki til Hæstaréttar, þetta er undirréttardómur. Ég er ekki sammála þeim lögfræðilegu rökum sem hann byggðist á en honum var ekki áfrýjað. Það olli því að upp var komin réttaróvissa og við slíkar aðstæður getur Alþingi ekki látið það hanga í lausu lofti hvernig þessum málum er skipað. Það verður að eyða óvissu og taka afstöðu. Þess vegna er þetta frv. lagt fram sem byggir á því að takmarka framsalið með þeim hætti sem hér er skýrt.

[14:33]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Umræðurnar um þetta mál hafa svo til alfarið einskorðast við umræður um veðsetningu aflahlutdeildar en 4. mgr. 3. gr. er mjög almennt orðaður. Þar er talað um almenn réttindi til nýtingar í atvinnurekstri sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og rætt um að það sé ekki heimilt að undanskilja þau réttindi frá verðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti.

Þá vakna spurningar hjá mér um önnur slík réttindi sem menn fá úthlutað tengt tilteknu fjárverðmæti og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því sérstaklega. Hvað t.d. um réttindi sem útvarps- og sjónvarpsstöðvar hljóta til aðgangs að

útvarps- og sjónvarpsrásum? Nú eru þetta nákvæmlega sams konar réttindi eða sambærileg og þegar verið er að tala um úthlutun aflaheimilda, þ.e. verið er að úthluta takmörkuðum gæðum sem skammtaður er aðgangur að og úthlutað er til tiltekins tíma, til tiltekinna fyrirtækja í útvarps- eða sjónvarpsrekstri. Ber þá að líta svo á að verði þetta frv. samþykkt séu slík réttindi orðin hluti af veðandlagi veðkröfuhafa?

Tökum annað dæmi um sambærilega hluti eins og námuréttindi, þ.e. ríkið veitir tilteknum fyrirtækjum námuréttindi. Eru þá slík réttindi orðin hluti af veðandlagi veðkröfuhafa þannig að þau verði ekki skilin frá fyrirtækjunum nema með samþykki viðkomandi veðkröfuhafa? Um þetta hefur ekki verið rætt, en þetta er bara eitt dæmi af mörgum um hve flókin þessi álitamál eru. Ég bendi á að ef það er réttur skilningur hjá mér að þessi réttindi verði ekki skilin frá veðandlagi fremur en þau réttindi sem menn eru að ræða um hér, þá hefði það t.d. verið algjörlega ólögmætt af hæstv. landbrh. að taka námuréttindi frá tilteknu fyrirtæki, sem hafði námuréttindi frá ríkinu og er nú í gjaldþrotaskiptum, og veita þau öðru fyrirtæki eins og gagnrýnt hefur verið hér á Alþingi. Þetta gæti jafnvel náð til verslunarréttinda, þ.e. verslunarréttindi eru hluti af slíkum réttindum sem úthlutað er og ber þá að skilja sem svo að veðkröfuhafi sem leysir til sín við skulum segja verslun, hverrar verslunarréttindum hefur verið úthlutað til eigenda, geti haldið því fram að verslunarréttindi séu hluti af veðandlaginu og verði ekki skilin frá þeirri eign sem hann hefur komist yfir. Og ég spyr þá líka: Það er ekki séð annað af frv. eins og það liggur fyrir, og ég bið allshn. að skoða það sérstaklega, að t.d. veðkröfuhafi, sem með þessum hætti leysti til sín við skulum við segja sjónvarpsstöð í gjaldþroti, fengi með henni þá sjónvarpsrás sem henni hefði verið úthlutað af hinu opinbera, sé svo að ekki hafi verið um að ræða lagabrot af sjónvarpsstöðvarinnar hálfu sem svipti hana þeim réttindum eða réttindin séu útrunnin. Með sama hætti lendi námuréttindi í höndum þeirra veðhafa sem kynnu að leysa til sín veð í þeim fyrirtækjum sem þeir hafa lánað. Það er alveg ljóst að veðheimildirnar lenda í höndum þeirra aðila, þeirra veðkröfuhafa, sem leysa til sín sitt veðandlag. Við skulum segja að banki sem á veðkröfur í skipi og tekur þá ákvörðun að gera kröfu um að lánið sé greitt. Útgerðin getur það ekki og bankinn leysir skipið til sín. Hann er ekki bara að eignast skipið heldur veiðiheimildirnar sem skipinu hefur verið úthlutað. Þess vegna er alveg fráleitt að segja að þau ákvæði sem hér eru sett inn í 3. gr. hafi engin áhrif í þá veru að verið sé að veðsetja aflaheimildir. Það er auðvitað verið að því vegna þess að veðkröfuhafinn getur eignast aflaheimildirnar með því að ganga að sínu veðandlagi því að eigandi útgerðarfyrirtækisins í þessu tilviki getur ekki komið í veg fyrir að kröfuhafi leysi til sín veðheimildirnar vegna þess að honum er bannað það. Ég held að það sé ljósasta dæmið um að verið er að leyfa með þessu ákvæði að veðsetja veiðiheimildir. Það er verið að gera kröfuhafa fært að koma höndum yfir veiðiheimildirnar við að krefjast þess að sá sem veitt hefur veðið, heimili honum að leysa það til sín. Með því fylgja aflaheimildirnar, þar með eru þær veðsettar.

Ég held að það sé alveg sama hvað stendur í textanum hérna. Þetta er leiðin til þess að framkvæma það, til þess að tryggja að veð á aflaheimildum sé virkt. Og ég bið satt að segja um að þetta sé skoðað í allshn. hvað varðar aðra þætti í atvinnurekstrinum eins og ég lýsti hér áðan þar sem mönnum er veittur samsvarandi réttur, sjónvarpsstöðvum veittur réttur til aðgangs að takmarkaðri auðlind sem er takmarkaður fjöldi sjónvarpsrása o.s.frv.

Í öðru lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta ákvæði afturvirkt í 4. mgr. 3. gr.? Þ.e. veitir það lánveitendum réttindi sem þeir hafa ekki í dag? Ég skal skýra það með tveimur dæmum. Nú skulum við segja sem svo að fyrir fjórum árum hafi útgerðarfyrirtæki tekið lán og lánveitandi og lántakandi orðið sammála um að engin ástæða væri til þess að skrifa undir neinar skuldbindingar um að aflaheimildir verði ekki færðar af skipinu því að lánið væri svo lítið eða fyrirtækin svo traust. Er þetta ákvæði þá afturvirkt þannig að lánveitandinn öðlist allt í einu rétt eftir samþykkt þessa frv. sem hann hafði ekki og hafði afsalað sér í frjálsu samkomulagi þegar lánið var veitt? Er verið að veita lánveitendum rétt og taka með sama hætti af lántakendum rétt sem viðkomandi lánveitandi hafði ekki og taka rétt af viðkomandi lántakanda sem hann hafði?

Mig langar líka til þess að bæta við þessa spurningu um afturvirknina. Segjum svo að útgerðarfyrirtæki hafi tekið lán fyrir 10 árum og verið þá með 100 tonna kvóta. Lánið hafi verið veitt af bankanum miðað við eignastöðu fyrirtækisins eins og hún var þá. Síðan hefur fyrirtækið keypt 800 tonna kvóta eftir að lánið var tekið. Fær þá lánveitandinn rétt með þessu samykki til þess að koma í veg fyrir að útgerðarmaðurinn geti selt þau 800 tonn af kvóta eða eitthvað af því sem hann hefur keypt sér án afskipta lánveitandans eftir að lánið var veitt, þ.e. lánveitandinn sé kominn með margfaldan ráðstöfunarrétt og íhlutunarrétt um málefni útgerðarinnar umfram það sem hann hafði? Hann sé ekki lengur tryggður með veði í útgerðarfyrirtæki sem hafði 100 tonna kvóta sem samkomulag varð um að ekki yrði ráðstafað nema með samþykki lánveitanda, heldur sé hann allt í einu kominn með ráðstöfunarrétt yfir 900 tonna kvóta hvar af 800 tonn hafa verið keypt af viðkomandi útgerð eftir að samningur lánveitanda og lántakanda var gerður. Þetta er líka spurning um afturvirkni og ég vil fá hæstv. ráðherra til þess að svara því hvernig á að túlka það.

Ég spyr enn: Hvað um viðbótaraflaheimildir eftir samþykkt þessa frv.? Tökum aftur dæmi af sambærilegri útgerð. Nú tekur útgerðarfyrirtæki lán og það á við skulum segja 1.000 tonna kvóta. Lánið er tekið með þeim heimildum sem frv. þetta gerir ráð fyrr, þ.e. lánveitandinn er tryggður fyrir því að útgerðin selur ekkert af þessum 1.000 tonnum nema með samþykki hans. Nú líður eitt ár frá lántökunni. Þá kaupir viðkomandi útgerð önnur 1.000 tonn til viðbótar. Hún tekur lánið árið 1998 skulum við segja, á þá 1.000 tonn, kaupir síðan þúsund tonn á árinu 1999 og ætlar að selja þessi sömu þúsund tonn árið 2000. Getur þá bankinn eða veðhafinn bannað það? Getur veðhafinn bannað að útgerðin hafi rétt til þess að selja frá sér aflakvóta sem hún keypti eftir að til lántökunnar var stofnað og hefur þá veðhafinn öðlast tvöfaldan ráðstöfunarrétt varðandi kvótaviðskipti umfram það sem hann hafði?

Ég skil ekki hvernig menn ætla að framkvæma svona þankagang ef þeir eru eins og hæstv. sjútvrh. segist vera, fylgjandi frjálsu framsali vegna þess að það þarf ekki stóran veðkröfuhafa til að geta stöðvað öll slík viðskipti því að það verður ekki annað séð á lagagreininni í frv. en að samþykki allra veðkröfuhafa þurfi að koma til til þess að aflakvóti færist á milli aðila. Ég sé ekki hvaða ráð væri fljótvirkara til að koma í veg fyrir frjálst framsal en að leggja í hendur veðhafa að banna öll viðskipti með aflaheimildir, ekki bara viðskipti með þær aflaheimildir sem fyrirtækið á þegar lánið var tekið,

heldur með allar aflaheimildir sem fyrirtækið kynni að fá úthlutað ókeypis frá hæstv. ráðherra eða keypt sér hjá öðrum útgerðarfyrirtækjum um alla framtíð.

Við skulum setja okkur í spor þeirra sem eru hrifnir af byggðakvóta og vilja ekki að kvótinn fari úr sínu byggðarlagi. Hvað gera þeir í svona tilviki, verkalýðsfélög, sveitarfélög, lífeyrissjóðir? Þeir bjóða að sjálfsögðu eitthvert lítið lán. „Má nú ekki bjóða þér lítið lán, elsku vinur minn, með veði í skipinu hjá þér. Ég skal ekki vera mjög kröfuharður um vaxtagreiðslur. Ég skal veita þér þetta á góðum kjörum. Þú skalt fá þetta lán mjög ódýrt." Svo kemur að því að viðkomandi útgerðarmaður ætlar kannski að selja 100 tonn af rækju eða öfugt, kaupa 100 tonn af rækju og selja frá sér annað eins af þorski. Bankinn samþykkir og Fiskveiðasjóður samþykkir og allir þessir aðilar. Kemur þá ekki litla verkalýðsfélagið og segir: „Nei. Þetta samþykkjum við ekki. Kvótinn á að vera kyrr hér og við sem lánuðum þér þó ekki væri nema 100 þúsund kall, ætlum ekkert að samþykkja þetta." (**Dómsmrh.:** Hvað er svona slæmt við það?) Þannig að hafi einhver maður á Alþingi lagt fram frv. til þess að stöðva frjálst framsal aflaheimilda þá er það hæstv. sjútvrh. því aldrei hafa mönnum verið sköpuð jafnmikil og auðveld tækifæri til þess að stöðva þessi viðskipti með lögmætum hætti (**Dómsmrh.:** Þingmaðurinn harmar það?) eins og hæstv. sjútvrh. Hann Steingrímur Hermannsson kemst ekki einu sinni með tærnar þar sem þessi hæstv. sjútvrh. hefur nú hælana því að hann ætlar að koma upp því kerfi að lítill lánveitandi getur komið í veg fyrir alla verslun með aflaheimildir eins og honum dettur í hug. Og hann er ekki bara að tryggja það núna. Hann er að tryggja það til allrar framtíðar því að þessi grein frv. verður ekki lesin öðruvísi en svo að viðkomandi fái þessi réttindi, ekki bara út á þá aflahlutdeild sem skipið á þegar lánið var veitt, heldur allar aflahlutdeildir sem skipið kann að fá um alla framtíð, hvort heldur það fær það ókeypis hjá ráðherranum eða kaupir það af öðrum útgerðum.

Þetta er nú öll snilldin, virðulegi forseti. Jafnvel Steingrími Hermannssyni datt aldrei svona snjallræði í hug og nú er byggðakvótinn loksins að komast á fyrir alvöru og nú loksins er fátæku verkafólki og sjómönnum gefinn kostur á því með eilítilli lagni að koma í veg fyrir það að útgerðarmenn geti verslað frjálst með kvóta sín á milli og selt kvóta af einu skipi og keypt hann á annað. (**Dómsmrh.:** Hvort er þingmaðurinn með því eða á móti?) Ja, mér brá nú svo mikið við að sjá svona tillögu frá hæstv. ráðherra að ég er ekki enn þá alveg búinn að átta mig á þessu. En þetta er niðurstaðan frá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hlýtur að vita manna best hvað hann er að leggja til. Vissi hæstv. ráðherra að hann væri að leggja þetta til? (**Dómsmrh.:** Já, já, já.) Já, hann vissi það. Það var akkúrat mergurinn málsins. Hæstv. ráðherra er búinn að viðurkenna að hann hafi vitað það þegar hann lagði þetta frv. fram að hann væri að leggja til fljótvirkustu og auðveldustu aðferðina sem hægt er að finna til þess að stöðva verslun með aflaheimildir, til þess að stöðva frjálst framsal aflaheimilda og festa kvóta við tiltekin skip án þess að hægt sé að flytja hann í burtu. Það er gott að hæstv. ráðherra viðurkennir þetta. Hann tók það hins vegar ekki fram í framsögu sinni. En svona er nú það.

Ég hafði mikla ánægju af því að hlusta á hv. þm. Kristján Pálsson áðan vegna þess að hann hefur ekki skipt um skoðun frá því í fyrra. (**KPál:** Ekki enn þá.) Ekki enn þá. En það hafa aðrir hv. þm. skipt um skoðun. Einn er hér viðstaddur og annar hefur séð sóma sinn í því að vera ekki viðstaddur. Sá þingmaður sem hefur séð sóma sinn í því að vera ekki viðstaddur er hv. þm. Hjálmar Árnason. (**GÁ:** Hann er erlendis.) Hann er erlendis. Hann hefur meira að segja farið úr landi. Hv. þm. Guðni Ágústsson fór ekki svo langt. Hann fór bara úr forsetastóli. En hv. þm. Hjálmar Árnason sagði í fyrra þegar hann ræddi þessi mál hér, með leyfi forseta:

„Ástæður þess að menn hafa lagst gegn veðheimildum á aflaheimildir eru auðvitað ýmsar ... en ég nefni þau grunnsjónarmið sem ég sjálfur legg til grundvallar. Það er í fyrsta lagi að auðlindin er sameign þjóðarinnar og um er að ræða afnotarétt af þessari auðlind. Með veðsetningu á lögbundnum aflaheimildum tel ég að sé verið að stíga fyrsta skref í ávísun á eign útgerða eða einstaklinga að þessari auðlind."

Þetta sagði hv. þm. í fyrra og ég er búinn að sýna fram á hvernig veðhafar geta komið höndum yfir aflaheimildir vegna þess að það er verið að heimila það að veðandlagið nái yfir aflaheimildir í 4. gr. Og mér er forvitni á að vita: Ætlar hv. þm. Hjálmar Árnason að fylgja þessu frv. og skipta um skoðun í grundvallaratriðum eins og hann segir sjálfur, frá þeirri skoðun sem hann hafði í fyrra?

En það var annar mætur maður sem einnig talaði hér í fyrra, hinn hjartahreini, hlýi og hjartagóði þingmaður Framsfl., Guðni Ágústsson. Hann sagði að ef við gerðum þessa breytingu þá væri hættan sú að útgerðaraðallinn hefði sagt: „Við á Alþingi Íslendinga heimiluðum að veðsetja aflaheimildir á skipunum. Þar með er komið upp skaðabótamál og stríð og við gerum kröfur um að kerfinu sé ekki breytt." Hefur hv. þm. breytt um skoðun? Hann sagði líka:

„Við verðum einnig að spyrna við fótum og koma í veg fyrir að eignir landsmanna og auðlindir til sjávar falli fáum í skaut. Alræði markaðarins og þeirra ríku má aldrei hirða afrakstur inn úr höndum fjöldans, þá er friðurinn úti."

Hvað er nú um friðinn, virðulegi forseti? Er hv. þm. orðinn svo friðsamur að hann ætli að láta forustumenn síns flokks reka þessi ummæli öfug ofan í kokið á sér? (**SJS:** Guðna í andsvar.)

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. spurði að því hvort unnt væri að veðsetja, ef ég skildi hann rétt, útvarpsréttindi eftir að þetta frv. yrði að lögum. Ef hann hefði lesið frv. þá kemur alveg skýrt fram að öll réttindi sem tengd eru ákveðnu fjárverðmæti er óheimilt að veðsetja þannig að þeir sem lesa lagatextann sjá alveg skýrt hvert efni hans er.

En það var fróðlegt að hlusta á ræðu hv. þm. Enginn, hygg ég, hefur á undanförnum vikum tekið stærra upp í sig út af framsali aflaheimilda en hv. þm. Enginn hefur hneykslast meira á því að unnt væri að selja aflaheimildir frá einu skipi til annars og einkanlega ef það þýddi að aflaheimildir flyttust frá einni byggð til annarrar. Enginn hefur hneykslast meira á því með stærri orðum. Svo kemur hv. þm. hér og getur ekki einu sinni tekið afstöðu til þess þegar fyrir liggur frv. sem heimilar veðhöfum í byggðarlögunum, hvort sem þeir eru lífeyrissjóðir eða sveitarfélög og hvort sem þeir eru að veita útgerðarfélögum stór lán eða smá, að hindra að útgerðarmaðurinn selji aflaheimildirnar af skipinu. Þegar frv. er flutt um það þá getur hv. þm. ekki sagt þingheimi hvort hann er með þeirri skipan eða á móti. Sú spurning hlýtur að vakna hjá fleirum en mér, hvenær hv. þm. sé að tala í alvöru. Eða er hann kannski nokkurn tíma að gera það? Hvenær meinar hann eitthvað með því sem hann er að segja?

[14:56]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir hv. þingmenn sem tekið hafa mest upp í sig um framsal aflaheimilda heita Guðmundur Hallvarðsson og Guðjón Guðmundsson. Þeir eru báðir í þingflokki þessa hæstv. ráðherra. Þeir eru samflokksmenn hans.

Í öðru lagi benti ég hæstv. sjútvrh. á hvað hann væri að leggja hér til. Hann er að leggja til auðvelda leið til að koma í veg fyrir framsal aflaheimilda til þess að koma í veg fyrir að kvótinn flytjist úr byggðarlaginu með því að gera ráð fyrir því að það þurfi samþykki allra veðhafa til slíks, hvort sem þeir eru stórir eða smáir, hvort sem þeir eru margir eða fáir.

Í þriðja lagi stendur orðrétt, herra forseti, í 4. mgr. 3. gr.:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Hafi sjónvarpsfyrirtæki verið veðsett þá er eiganda þess óheimilt að skilja útvarps- eða sjónvarpsleyfið, leyfið til þess að útvarpa eða sjónvarpa á tiltekinni rás frá nema með heimild viðkomandi veðhafa. Það þýðir að veðhafi getur gengið að slíku fyrirtæki ef það á í erfiðleikum og komið höndum yfir þau réttindi sem fyrirtækið hefur í þessu sambandi nákvæmlega eins og veðhafi getur komist yfir veiðiheimildir skipa með sömu aðferðum. Og ég spyr: Áttar hæstv. ráðherra sig ekki á því að menn eru í 3. gr. að ræða um almenn réttindi en ekki bara þau réttindi sem stjórnvöld úthluta með úthlutun aflaheimilda og greiðslumarks? Mörg önnur réttindi sem eru veitt til nýtingar á atvinnurekstri eru skráð opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti. Það eru m.a. þau réttindi sem ég hef hér talið upp.

[14:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þannig í dag að veðhafar geta leyst til sín fyrirtæki sem hafa útvarpsréttindi. Þessi lög breyta engu þar um og það hélt ég að hv. þm. vissi. En ég held að það hljóti að spyrjast með mjög sérstökum hætti út um byggðir landsins að hv. 4. þm. Vestf., formaður Alþfl., skuli koma hér upp og lýsa andstöðu við frv. sem er að takmarka framsal á aflahlutdeild, sérstaklega með þeim rökum að það geti veitt litlum lánveitendum, lífeyrissjóðum heima í byggðunum og bæjarfélögum, rétt til þess að takmarka framsalsrétt útvegsmannanna. Andstaða hv. þm. var rökstudd sérstaklega með því að þessir aðilar heima í byggðarlögunum gætu takmarkað framsalsréttinn. Það var ekki formaður LÍÚ sem var að flytja þessa ræðu. Það var ekki formaður LÍÚ sem var lýsa andstöðu við þessa takmörkun á framsalinu. Nei, það var hv. 4. þm. Vestf., formaður Alþfl., sem var að lýsa því að andstaða hans byggðist sérstaklega á því að litlir lánveitendur heima í byggðarlögunum gætu komið í veg fyrir framsal aflaheimildanna. Það eru þau tíðindi sem munu spyrjast út um landið frá þessari umræðu hér í dag. Það eru auðvitað merk tíðindi. Auðvitað eru það pólitískt merk tíðindi og fróðleg og ég fagna því að hv. þm. skuli hafa upplýst þetta, en ég hygg að það hafi komið fleirum á óvart en mér að þetta skuli vera höfuðröksemd hv. þm. gegn þessu frv.

[15:01]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara rangt að þau réttindi sem við ræddum um áðan fylgi í dag veðkröfum aðila. Ríkisstjórn sem Þorsteinn Pálsson sjálfur situr í hefur nýlega úthlutað frá fyrirtæki, sem er í gjaldþrotaskiptum, námuréttindum til annars fyrirtækis, jafnvel þó svo að kröfuhafar hafi krafist þess að það yrði ekki gert. Svo hæstv. ráðherra dómsmála ætti að lesa sér betur til um það sem hans eigin ríkisstjórn er að gera.

Það að ég sé að mótmæla því að sjómenn og landverkafólk geti með einhverjum hætti torveldað framsal aflaheimilda er rangt. Ég sagði að mér hefði brugðið svo við að sjá þessi sinnaskipti sjútvrh. að ég væri ekki enn búinn að átta mig á því og spurði hann þess vegna: Er það virkilega rétt að þetta sé tilgangur þinn, virðulegi sjútvrh., að koma með þessum hætti í veg fyrir frjálsa ráðstöfun aflaheimilda og að gefa tækifæri á því að koma á ígildi svonefnds byggðakvóta? (Gripið fram í.) Og hæstv. sjútvrh. svaraði þessari spurningu minni með einu orði — já. (Gripið fram í.) Hæstv. sjútvrh. sagði það ekki þegar hann gerði grein fyrir þessu ákvæði frv. fyrr í dag að þetta væri megintilgangurinn. En ég segi að fyrst þetta var megintilgangur hæstv. ráðherra þá fagna ég því. (Gripið fram í.) En við skulum skoða hvort ekki sé hægt að ná þessum megintilgangi hæstv. ráðherra fram með einhverjum öðrum hætti. Hitt er svo allt annað mál hvort það er skynsamlegt eða ekki að koma í veg fyrir frjáls viðskipti með aflaheimildir. Ég tel ekki skynsamlegt að banna það með öllu. (Forseti hringir.) Ég tel að menn sem eru á skoðun hæstv. sjútvrh. um að slíkt eigi að reyna að stöðva ættu að finna sér skynsamlegri leið til þess heldur en þá sem hér er lögð til.

[15:04]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði mig hvort ég væri sömu skoðunar og í fyrra. Ég er það. Ég er sömu skoðunar og í fyrra og tel að Alþingi megi ekkert gera sem veikir 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Hér liggur fyrir frv. sem mér finnst, eftir jaml og japl og fuður, að menn hafi náð meginatriðum fram og er það vel. Hér er ekki um veðsetningu aflaheimilda að ræða. Það er bannað samkvæmt frv., hv. þm. Hitt skal ég játa að hér er um kvaðabindingu að ræða. Kvaðabinding er þekkt í mörgum tilfellum. Hvers vegna þarf að hafa kvaðabindingu í þessu tilfelli? Aflaheimildir eru mikil verðmæti. Þess vegna er eðlilegt þegar aflaheimildir eru orðin jafnmikil verðmæti og raun ber vitni að það verði að hafa kvaðabindingu á þeim, út af almenningi, út af fjármálastofnunum. Við skulum hugsa okkur að skip sem stendur með þúsund þorskígildum getur selt þorskígildin í burtu fyrir 600 milljónir — ótrúleg tala. Eftir liggur verðlaust skip. Á að láta útgerðina, eða sægreifana eins og oft er sagt, fara með þessar 600 milljónir án þess að gera upp skuldir sínar og almenningur verður svo að borga þær í gjaldþroti skipsins? Þess vegna segi ég: Þetta ákvæði á að draga úr braski og koma í veg fyrir að handhafar aflaheimildar selji aflaheimildir og hirði fyrir stórfé en láti almenning borgar skuldir sínar því skipsskrokkurinn er lítils virði þegar aflaheimildirnar eru farnar, hv. þm. Þess vegna tel ég að eftir langan tíma hafi menn komist að ásættanlegri niðurstöðu í þessu frv., en hvet þó þingið til þess að fara vel yfir málið.

[15:06]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um það að hv. þm. Guðni Ágústsson skuli lýsa því yfir hér að hann sé sömu skoðunar um þessi mál og hann var í fyrra. En honum hefur nefnilega skotist yfir eitt atriði. Það er að með samþykkt

4. mgr. 3. gr. er verið að opna þann möguleika að lánveitandi komist yfir veðheimildir skips sem hann hefur lánað til. Við getum hugsað okkur stóran lánveitanda sem hafi lánað tiltölulega litlu útgerðarfyrirtæki með veði í skipinu. Nú fær hann veðígildi í veiðiheimildunum því minni útgerðin fær ekki að selja þær veiðiheimildir frá sér nema með samþykki veðhafans. Og hann getur gengið það fast fram að útgerðarfyrirtækið hið minna eigi engan annan kost en að láta hann hafa bæði skip og veiðiheimildir vegna þess að hann getur neitað endalaust öllum öðrum ráðstöfunum viðkomandi útgerðarfyrirtækis sem hann hefur lánað til. Þó að það sjónarmið hjá hv. þm. sé rétt að eðlilegt sé að tryggja að ekki sé hægt að rýra verðgildi tiltekinnar eignar miðað við það verðgildi sem hún var metin á þegar lánið var veitt þá er með þessari grein verið að opna fyrir því að sá sem lánar útgerðarfyrirtæki einhverja fjárupphæð geti fylgt því eftir til enda hver verður ráðstöfunin á veiðiheimildunum. Hann ræður því hvernig veiðiheimildunum verður ráðstafað. Með því er í raun og veru verið að heimila viðkomandi lánveitanda að taka veð í veiðiheimildunum því hann öðlast ráðstöfunarrétt.

[15:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur í umræðunni á þinginu opnað hina hliðina á þessu máli sem menn höfðu kannski ekki áttað sig jafnglöggt á fyrr en hann talaði hér, að byggðirnar fá með þessum hætti ákveðið tak á sinni atvinnu. Nú talar hann um að þarna geti lánveitandi komist yfir skip. (**SighB:** Og aflaheimildir.) Nú er kannski ekkert slæmt við það að lítill sparisjóður á Vestfjörðum geti komist yfir skip og selt það svo aftur með aflaheimild og tryggt að það verði í byggðinni. Þetta getur gerst með þessum hætti. Það er síður banka- og peningastofnana að þegar þær af nauðung eignast svona eign þá koma þær þeim fljótt af hendi sér aftur. Í þessu tilfelli liggur fyrir að réttur byggðarinnar gagnvart þeirri peningastofnun sem starfar í nágrenni við þetta skip er sterkari eftir að þetta verður að lögum. Þess vegna finnst mér að hv. þm. hafi vakið upp nýja hlið sem er ekki slæm í þessu máli. En mér er það efst í huga að ég tel að þessi kvaðabinding geri það að verkum að almenningur stendur betur varinn á eftir fyrir því að hann verði ekki að borga skuldir einhvers annars og að lánastofnunin geti sagt: Allt í lagi, seldu þetta magn en þú verður bara að gera upp skuldir þínar áður en þær fara. Mér finnst að stjórnarflokkarnir, það hafa heyrst gagnrýni- og óánægjuraddir með þetta mál í þeim báðum, þær voru háværar í Framsóknarflokknum — hafi komist að niðurstöðu og ég er tiltölulega sáttur við hana. En ég tek undir með mönnum að auðvitað verður þingið að fara mjög vandlega yfir þetta mál og skoða það frá öllum hliðum.

[15:10]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst ánægjulegt ef ræða mín hefur orðið til þess að opna augu manna fyrir einhverjum atriðum í frv. og það er full ástæða til. Ég ætla bara að benda hv. þm. á til viðbótar við það sem hann hefur þegar áttað sig á, að það eru fleiri lánveitendur til í landinu en bankar og sparisjóðir þar á meðal stór og öflug útgerðarfyrirtæki. Og stórt og öflugt útgerðarfyrirtæki gæti náð undir sig ómældum aflakvóta minni og veikari fyrirtækja með því einfaldlega að bjóða viðkomandi fyrirtækjum lán til að losna út úr tímabundnum rekstrarerfiðleikum. Lánið er þá veitt með veði í skipinu og þeim rétti að neita allri ráðstöfun aflaheimilda útgerðarinnar sem viðkomandi stóra útgerðarfyrirtækinu væri ekki þóknanlegt. Þannig gætu þeir aðilar haldið á málinu að allar aflaheimildir þeirra smáfyrirtækja sem þeir hefðu lánað til, meira að segja tiltölulega litla fjármuni, enduðu í höndum hins sterka. Ég vona að mér hafi tekist að opna augu hv. þm. fyrir þessu líka þannig að hann sé reiðubúinn til þess að hugsa þetta mál svolítið betur en gert hefur verið. Ég sé að hv. þm. kinkar kolli og samsinnir þessu þannig að einhverju jákvæðu hef ég þá komið til leiðar með því að benda á fleiri hliðar þessa máls heldur en hafa verið í umræðunni fram að þessu.

[15:12]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður sem hér hafa farið fram í dag og hv. þm. hafa víða komið við. Ég held að mestu tíðindi í umræðu dagsins í dag séu þau að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir í þingsölum að hann sé andvígur frjálsu framsali. Það hljóta að vera helstu tíðindi dagsins í dag. Það eru ekki tíðindi að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi efasemdir um þær aðgerðir sem hæstv. sjútvrh. er að reyna að, hæstv. dómsmrh. reyndar — hann er í því hlutverki hér í dag, er að reyna að koma í gegn heldur þau að hæstv. sjútvrh., í líki hæstv. dómsmrh., hefur lýst því yfir að hann er andvígur frjálsu framsali á aflaheimildum.

Virðulegi forseti. Erindi mitt hér í dag er að fjalla örlítið um þetta frv. Ég vil byrja á því að hæla dómsmrh. fyrir hvað þetta er óvenjuvel skrifað frv., óvenjuskýrt og óvenjuvel unnið. Það telst til tíðinda þegar frv. eru lögð hér fram að ekki þurfi að lesa hverja síðu þrisvar, fjórum sinnum til þess að skilja hvaða hugsun kemur þar fram. Það er löngu tímabært að koma fram með ný heildarlög um samningsveð enda eru núgildandi lög frá árinu 1887 að meginstofni til auk sérstakra breytinga sem síðan hafa verið gerðar í þágu einstakra atvinnuvega.

Það fyrsta sem ég vil fjalla um í frv. og gera athugasemdir við er sú pólitík sem birtist í því. Sú pólitík sem birtist á bls. 12 í geinargerð með frv. og mig langar að lesa upp, með leyfi forseta, og er nánast alfa og omega þeirrar hugmyndafræði sem gengur í gegnum þetta frv., a.m.k. hvað varðar það ákvæði sem hér er helst til umræðu, þ.e. 4. mgr. 3. gr. en það hljóðar svo:

„Flestir, sem til þekkja, munu sammála um að hvorki veðlögin í upphaflegri mynd sinni né heldur framangreindar breytingar," — sem vitnað er til fyrr í greinargerðinni — „sem gerðar hafa verið á þeim, nægi til þess að svara nútímaþörfum. Er þá einkanlega átt við það að gildandi íslenskar réttarreglur á sviði veðréttar svari hvorki þörfum atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda og þar með eftirspurn þeirra eftir lánsfé, né heldur veiti reglurnar lánastofnunum og öðrum lánveitendum nægjanlegt öryggi við lánveitingar."

Hér er nákvæmlega kjarni málsins í þeirri pólitík sem er gegnumgangandi í frv. Hugmyndirnar ganga út á það að að baki öllum lánveitingum séu tryggingar, að lánveitingar snúist ekki um samninga á milli A og B heldur að samningur A og B skuli vera tryggður af einhverjum öðrum, að það skuli helst vera einhverjir ættingjar sem leggi fram veð, persónulegar ábyrgðir o.s.frv. Það er ætíð verið að tryggja lánveitendur. Það er kjarni málsins í þessu. Enda held ég að þetta sé ein mesta meinsemd íslensks viðskiptalífs, þessi endalausa hugmyndafræði sem gengur út á að það sé alltaf einhver annar sem á að ábyrgjast það að samningar séu efndir

eða gangi eftir. Hver þekkir það ekki þegar menn fara í banka og óska eftir fjármunum að láni að þá er ekki spurt hvað eigi að gera við þá eða hvernig menn ætli að nota þá. Það er spurt: Getur einhver ábyrgst þetta? Einhver sem á fasteign? Þetta er nákvæmlega pólitíkin sem hér er í gangi. Markmiðið með þessum breytingum er að tryggja lánveitendum tryggari veð. Það er verið að auðvelda þeim vinnuna. Það er ekki verið að fá þá til að setja sig inn í rekstraráætlanir fyrirtækja. Heldur er kjarni málsins að það er verið auðvelda lánastofnunum sín verkefni. Það er eins og það sé verið að færa alla áhættu frá lánastofnunum. Lán er lán. Lánsviðskipti eru í eðli sínu áhættusöm. Það er kjarni málsins. En það er eins og ætíð þurfi að tryggja lánveitendum einhvers konar umhverfi þar sem þeir þurfa ekki að hafa neinar áhyggjur af því sem þeir eru að gera. Það er nákvæmlega pólitíkin sem er gegnumgangandi í þessu frv. Það er eins og eðlileg áhætta í viðskiptum sé eitthvað sem löggjafinn þurfi að koma að til að tryggja lánveitandanum verndað umhverfi. Þetta er dálítið merkileg pólitík og merkilegur hugsunarháttur. Líklega er þetta eina landið í heiminum þar sem svona vinnubrögð teljast frekar meginregla en undantekning. Það er sorglegt á tímum þeirra hraðfara breytinga sem nú eru að eiga sér stað að þennan hugsunarhátt eigi að lögfesta hér. Það er líka ljóst að á hinum almenna fjármálamarkaði með þeim vinnubrögðum sem þar eru stunduð eru litlu verðbréfafyrirtækin að stinga bankana af. Þau eru að skilja þá eftir með sárt ennið. Bankarnir eru enn að spyrja þá sem leita eftir viðskiptum, því vitaskuld eru lánsviðskipti bara venjuleg viðskipti, hvort þeir eigi efnuð ættmenni, hvort einhver geti tryggt þetta, í stað þess að bankar fari ofan í þær rekstraráætlanir og annað sem menn eru með og liggur að baki óskum viðkomandi um lán. Enn og aftur á að leita í hina gömlu smiðju um ábyrgðir fyrir einu og öllu. Það tekur enginn áhættu í því sem hann er að gera. Það ber enginn ábyrgð.

Þrátt fyrir að löngu tímabært sé að frv. sem við erum að ræða komi fram þá hefur umræðan um þetta frv. því miður nánast alfarið snúist um eina málsgrein frv. Það er alveg ljóst að svo verður einnig í minni ræðu. Ég vil hvetja allshn. til að fara vandlega yfir frv. því það skiptir gríðarlega miklu máli í viðskiptalífinu og það er gríðarlega mikilvægt að til þess sé til þess vandað. Ég vil aðeins segja, að undanskildu því ákvæði sem hér hefur helst verið til umræðu, að mér virðist sem þetta sé vel unnið frv., kannski óvenjuvel unnið frv. Það ber að þakka.

Meginágreiningurinn, hinn pólitíski ágreiningur sem uppi er vegna þessa frv. er vitaskuld það sem fram kemur í 2. málsl. 4. mgr. 3. gr., þar sem verið er að heimila veðsetningu á kvóta. Um það er ekki deilt, að minnsta kosti ekki af þeim sem ekki vilja stunda hér einhvern orðhengilshátt. Hér er verið að heimila veðsetningu á kvóta. (**Gripið fram í:** Það er bannað.)

Það má kannski skýra þetta með dæmi sem hv. formaður þingflokks framsóknarmanna lagði fyrir mig áðan. Hann spurði mig, ef ég sæti á skólabekk og fyrir mig yrði lagt krossapróf og spurningin væri: Er heimilt að veðsetja kvóta? Þá væri svarið miðað við þessi lög að sjálfsögðu: Nei. En ef spurt væri á sama hátt hvort heimilt væri að veðsetja sérstaklega suðurvegg á fasteign, þá væri það ekki hægt. Þetta er hluti af heildinni. Kvótinn er aðeins hluti af heildinni. Það er heildin sem er veðsett. Það er ekki einu sinni reynt að fela það í þessu frv. því í síðustu málsgreininni á bls. 25 segir svo, með leyfi forseta:

„Regla 2. málsl. 4. mgr. 3. gr. helgast af því sjónarmiði að eðlilegast sé að líta á fjárverðmætið (veðandlagið) [þ.e. skipið] og hin úthlutuðu réttindi sem eina heild."

Það þarf að líta á þetta sem eina heild. Þess vegna verður suðurveggur á fasteign ekkert veðsettur sérstaklega, enda er ekki hægt að setja dæmið svona upp nema menn vilji stunda þann orðaleik sem hv. framsóknarmenn hér í þinginu hafa því miður stundað í dag, þeim og þeirra málflutningi til lítils sóma.

Næsta spurning sem við stöndum frammi fyrir hlýtur að vera: Hvaða þörf er á þessum breytingum? Hvers vegna er verið að gera þetta? Svarið er mjög einfalt. Það er verið að tryggja hag lánveitenda. Það er verið að auðvelda þeim vinnuna. Það er markmiðið með þessu, ekkert annað. Þá hljótum við að spyrja: Af hverju þarf löggjafinn að stuðla að því að lánveitendur, fjármagnseigendur skuli ætíð geta starfað í vernduðu umhverfi? (**Gripið fram í:** Hverjir borga töpin í bönkunum? Almenningur.) Ég spyr: Af hverju snúum við þessu ekki við og reynum þá frekar að tryggja hag hinna, tryggja að ... (**Gripið fram í:** Sægreifanna?) Nei, af hverju reynum við ekki að tryggja hag viðskiptavina bankanna með því að kveða á um að lánveitendum, lánastofnunum sem hafa yfirburðaaðstöðu sé bannað að krefjast persónulegra ábyrgða? Af hverju höfum við það ekki þannig? Af hverju snúum við þessu ekki við? Af hverju er ætíð reynt að gera hag lánastofnana og þeirra sem meira mega sín í svona viðskiptum meiri, betri? (**SJS:** Það er verið að undirbúa einkavæðinguna. Skilur þú þetta ekki?) Þetta er merkileg hugmyndafræði.

Það er annað sem er nauðsynlegt að koma að í þessari umræðu. Fyrir tíma kvótakerfisins voru skip að fara á um það bil 130% af tryggingamati. Þá veðsettu menn ekki fiskinn í sjónum. Það var ekki gert þá. Nú er verðmæti skipa á bilinu 80–120% af tryggingamati. Það munar ekki miklu. En það hvarflaði ekki að nokkrum manni árið 1983 að veðsetja óveiddan fisk í sjónum. Hvaða raunverulega mun erum við hér að tala um? Í mörgum tilvikum er verðmæti skipa mun hærra en 120–130%, en meðaltalið er á bilinu 80–120%. Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um að tryggja enn og aftur að lánastofnanir starfi í vernduðu umhverfi. Af hverju þarf löggjafinn alltaf að koma til og tryggja hag þeirra sem meira mega sín? Það er von að spurt sé. Staðreynd málsins er sú að verðmæti skipanna einna og sér án aflaheimilda er að verða og er nánast komið upp í hið sama og það var fyrir tilkomu kvótakerfisins. Það er staðreynd.

Hvað eru menn að gera með þessu? Hvað er verið að gera þegar skip og aflaheimildir eru veðsettar í einu lagi? Hvaða réttindi er verið að afhenda lánastofnunum þegar kveðið er á um að aflahlutdeild verði ekki seldar af skipi nema með samþykki þeirra? Hvað erum við að tala um? Við erum að tala um að afhenda þeim hin svonkölluðu óbeinu eignarréttindi, þ.e. þetta er kvöð um að þetta verði ekki selt af skipinu nema með þeirra samþykki. Þetta eru svokölluð óbein eignarréttindi. Það er merkilegt að lesa Gauk Jörundsson sem er kannski okkar mestur fræðinga á sviði eignarréttar. Hann segir hér um óbein eignarréttindi, nota bene, á bls. 61, með leyfi forseta:

„Þegar miðað er við venjur í lagamáli og almenna málvenju er eðlilegt að telja takmörkuð eignarréttindi til eigna. Er tvímælalaust að þau ber að telja til eigna í skilningi eignarnámsákvæðis stjórnarskrárinnar. Þessi réttindi eru mjög veigamikil frá fjárhagslegu sjónarmiði og er mönnum ekki

síður þörf á vernd fyrir þessi réttindi en eignarrétt í framangreindri þrengri merkingu."

Hér er með öðrum orðum verið að veita lánastofnunum óbeinan eignarrétt sem er varinn af ákvæðum stjórnarskrárinnar og verður ekki tekinn af nema með bótum. Ég er ekkert viss um að menn hafi hugsað þetta til enda. Ég dreg það stórlega í efa. Hér er verið að veita lánastofnunum óbein eignarréttindi í aflahlutdeildinni. Þau verða ekkert tekin brott nema með bótum. Það eru skýr ákvæði í stjórnarskránni þar um. En ég geri fastlega ráð fyrir að allshn. muni fara vandlega yfir þetta.

Til að taka skýrara dæmi getum við tekið viðskiptabréf sem ganga kaupum og sölum, viðskiptabréf sem samið var um fyrir tíu dögum og verður til enn þegar og ef þetta frv. verður að lögum. Það viðskiptabréf sem áður var hægt að selja fyrir ákveðinn pening á markaði verður meira virði eftir gildistöku þessara laga vegna þess að viðskiptabréf með veði í skipi sem á hvílir kvóti hefur betri tryggingu en áður. Í þessu felst líka eignatilfærsla.

Það var sorglegt að hlýða á hæstv. dómsmrh. þegar hann var að færa rök fyrir máli sínu að hann skuli ekki einu sinni geta skýrt það fyrir þinginu af hverju verið er að þessu. Hafa skal það sem sannara reynist. Hann nefndi það í andsvari að fallið hefði dómur og einhver réttaróvissa væri. Hæstv. dómsmrh. er lögfræðingur. Það er réttaróvissa mjög víða. Hvað er eðlilegra en að menn beri ábyrgð á viðskiptum sínum? Þetta eru áhættuviðskipti og verða ætíð áhættuviðskipti. Hann talaði um að það væru einverjir skúrkar í stéttinni, að það væru skúrkar í stéttinni sem gerðu það að verkum að það yrði að tryggja þetta á þennan hátt. **(Gripið fram í:** Það eru skúrkar í öllum stéttum.) Það hljóta að vera sér skúrkar í þessari stétt. Það er dálítið sorglegt þegar slíkar stórbreytingar eiga að eiga sér stað sem munu hafa veruleg áhrif á þróun mála og að minni hyggju munu grafa undan sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og hafa veruleg áhrif, að ekki skuli vera færð fram skynsamleg rök fyrir þessum breytingum. Það er eins og menn yppi bara öxlum og segi: „Ég fékk bara fyrirmæli um þetta." Sennilega hafa þau fyrirmæli komið frá einhverjum sem meira má sín í þjóðfélaginu því það er ljóst að þetta er ekki fyrir hina.

Ég held að verði þetta frv. óbreytt að lögum með þessu ákvæði þá muni vakna miklu fleiri spurningar en ég hef velt hér upp. Ég held að réttaróvissan verði sennilega miklu meiri verði þetta að lögum heldur en áður. M.a. velti hv. þm. Kristján Pálsson því hér upp hver væri réttarstaða lögveðshafa. Hvað með ógreidd gjöld sem varin eru með lögveði? Þarf að spyrja þá, áður en aflahlutdeild er færð af skipi, hvort þetta sé heimilt.

Virðulegi forseti. Ég er nú búinn að koma því að sem ég vildi. En ég hvet hv. allshn. til að fara mjög vandlega yfir þetta mál. Það er mjög nauðsynlegt vegna þess að það er flókið og snúið og mun, ef frv. verður samþykkt óbreytt, sennilega valda mun meiri réttaróvissu en það mun leysa.

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. er lögvís maður, en í þessum málflutningi hefur hann látið flokkslínuna trufla lögvísina æðimikið. Hann segir að með þessu frv. sé verið að vekja upp gamla steinsteypudrauginn, það eigi bara að taka veðsetningar í steinsteypu og föstum fjármunum en ekki meta rekstrarhæfi fyrirtækjanna. Þegar málið er skoðað og menn láta ekki flokkslínuna trufla sig, þá sjá þeir að það er alveg þvert á móti. Hér er einmitt verið að tryggja það öryggi í viðskiptum að lánastofnanir geti treyst því hver rekstrargrundvöllur fyrirtækisins er í framtíðinni. Þetta gengur í raun og veru út á það að rekstrargrundvöllurinn sé tryggður og að eigendur útgerðarfyrirtækjanna geti ekki selt aflahæfi skipsins, veiðiréttinn, rekstrargrundvöllinn í burtu. Staðreyndin er sú að hér er þvert á móti verið að tryggja að lánastofnanir geti metið rekstrarlega stöðu þessara fyrirtækja og veitt lán í samræmi við það. Þetta veit ég að jafnskarpur maður og hv. 6. þm. Suðurl. er og glöggur í lögvísindum sér ef hann fær frið fyrir flokkslínunni.

[15:32]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki bara viss um að ég hafi skilið hæstv. dómsmrh. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið það sem hér fór fram. Hann talar um flokkslínuna og eitthvað þess háttar sem ég ætla ekki að tala um **(Gripið fram í:** Og lögvísi.) og lögvísi já. Ég held að ég verði að upplýsa hæstv. dómsmrh. um að veðréttindi eru eitthvað, þá er eitthvað annað sem stendur að baki viðskiptunum. Gangi viðskipti milli A og B ekki eftir er hægt að ganga að einhverjum veðum. Þetta hefur ekkert með rekstraráætlanir að gera, þetta hefur ekkert með arðsemi að gera. Þetta eru tryggingar að baki samningum, að baki viðskiptasamböndum. Það má ekki rugla þessu saman. Það er nákvæmlega það sem veðréttindin ganga út á, að tryggja viðskipti, tryggja efndir. Þetta er einhvers konar öryggisnet, að viðskiptin gangi upp. Það hefur ekkert með rekstraráætlanir eða mat á arðsemi að gera. Ég er asskoti hræddur um að hæstv. dómsmrh. þurfi að fara í einhvers konar endurskoðun á **(Gripið fram í:** Endurhæfingu ...) ja, alla vega einhvers konar endurmenntun á því sem hér er verið að ræða um. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Þetta er sennilega eitthvað það merkilegasta sem hér hefur komið fram í dag. Ég er ekki viss um að hæstv. dómsmrh. sé alveg með það á hreinu um hvað er verið að ræða. Veð eru nokkurs konar öryggisnet eða trygging fyrir því að ef samningar milli A og B ganga ekki upp, þá geti menn gengið að veðinu. Það hefur ekkert með annað að gera. Þetta eru tryggingar. Um það snúast lög um samningsveð.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. olli mér nokkrum vonbrigðum því að ég sé að það var skilningsskortur en ekki flokkslínan sem hafði ruglað hv. þm. í ríminu. En sannleikurinn er auðvitað sá að hér er verið að mæla fyrir um það að lánveitendur geti tekið veð í skipunum, en þeim er jafnframt tryggt að það er ekki hægt að selja aflahæfi skipsins frá því meðan veðið stendur. Og það sem deilan stendur um er þetta. Deilan stendur ekki um veðið í skipunum. Deilan stendur um það hvort selja megi veiðiréttinn í burtu og það er einmitt þetta sem ég held að sé heilbrigt að lánveitingar snúist um, að þær geti metið möguleika fyrirtækjanna til þess að skapa verðmæti. Hér er einvörðungu verið að tryggja að þessi möguleiki sé ekki tekinn af skipi sem hefur verið veðsett þannig að það er einmitt verið að ýta undir þá hugsun að lánastofnanir geti veitt lán út á rekstrarhæfni en ekki bara stál í skipsskrokkum.

[15:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get vel skilið að hæstv. dómsmrh. hafi orðið fyrir vonbrigðum því að það eru gríðarleg vonbrigði þegar maður áttar sig á að maður er búinn að vaða í villu og svima um langt skeið. Það er eðlilegt að verða fyrir vonbrigðum þegar slíkt kemur upp.

Veiðirétturinn sem hér er settur að veði er vissulega trygging fyrir efndum á samningum. Um það snýst málið. Veðréttindi eru ekkert annað en trygging fyrir því að samningar verði efndir. Það er kjarni málsins. Og ég er alveg sannfærður um að eftir þennan orðastað sem ég átti við hæstv. dómsmrh. kemur hann mun betur undirbúinn til 2. umr.

[15:36]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem nú er tekið til umræðu er fyrst og fremst til þess að verða við kröfum banka og sjóða um að fá veð í kvóta gegn lánum. Þetta mál er búið að vera lengi í umfjöllun og um það hefur verið alvarlegur ágreiningur sem lýtur aðallega að veðsetningu aflaheimilda. Ég kem öðru fremur upp hér til þess að lýsa yfir andstöðu minni við það ákvæði.

Greinar þessa frv. fjalla um samningsveð. Ég hlustaði á tvær hv. þingkonur Framsfl. hrósa sér fyrir aðild að frv. og lýsa stolti yfir því að hafa snúið á Sjálfstfl. í vinnslu þess. Ekki veit ég, herra forseti, í hverju það liggur að þær sneru á Sjálfstfl. Hv. þingkonur gerðu ekki grein fyrir því hvernig það fór fram.

Tilurð frv. í þeirri mynd sem það er nú snýst fyrst og fremst um að heimilt verði að veðsetja sameign þjóðarinnar. Allar aðrar greinar falla í skuggann fyrir 3. gr. frv. Það er ekki þar með sagt að þær séu slæmar. Það er ekki þar með sagt að allt frv. sé slæmt. Ég hygg að ég geti tekið undir ýmislegt sem felst í þessu frv. en ekki 3. gr., ég get það ekki.

Framsfl. hét því að heimila ekki veðsetningu kvóta. Flokkurinn er með þessu frv. að svíkja þau loforð og þar með að rýra ákvæði 1. gr. laganna um fiskveiðistjórnun sem kveða á um sameign þjóðarinnar á fiskinum í lögsögu Íslands.

Herra forseti. Það sem hér er á ferðinni, ég ítreka það, það er verið að veita heimild til veðsetningar kvóta. Um þetta fjallar 3. gr. frv. í löngu máli og innihaldinu er pakkað inn eins og nál í heystakk. Það fer eftir hver les hvort það er í flóknu máli eða skýru og einföldu. Það er kannski ágalli íslenskra laga að ákvæðin eru ekki nógu gagnmerk. Þau eru oft torskilin og það er nærri því þannig að löglærða aðila þarf til að skýra þau. En þó er það svo að til kvaddir þrír eða fjórir slíkir koma oftast með mismunandi skýringar. Það er svo merkilegt. Og það er ekki undarlegt þó að þeir rækjust á, löglærðu mennirnir sem hér voru að takast á áðan, hæstv. dómsmrh. og hv. 6. þm. Suðurl. Það var eðlilegt að þeir væru með mismunandi túlkun. Af þessu tilefni, herra forseti, ætla ég að fjalla um 3. gr. frv. og skýringar með henni sérstaklega. Ég reikna ekki með að þeir sem hlýða á þessa umræðu verði miklu nær um málefnið, en það er rétt að sýna þjóðinni eða leyfa fólki að hlusta á eitt það skýrasta frv. sem kemur frá ríkisstjórninni að mati hv. 6. þm. Suðurl., til umfjöllunar á hinu háa Alþingi. En ég vil benda á að jafnframt sagði hv. þm. að réttaróvissan mundi aukast með þessu frv., einu skýrasta frv. sem fram hefur komið á Alþingi að mati hv. þm.

Hvernig eiga svo þessir ólöglærðu menn eins og sá sem hér stendur að komast í gegnum torfið? Allt hitt torfið ef þetta er það skýrasta. Ég vil fara aðeins yfir 3. gr., með leyfi herra forseta:

„1. Veðréttur verður eigi stofnaður í einu lagi þannig að gildi hafi að lögum í öllu því sem veðsali á eða eignast kann.“ Ætli það gæti ekki verið að löglærðir menn mundu flækjast eitthvað í því að skýra þetta? En skýringin með greininni er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Í 1. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins kemur fram hin svokallaða sérgreiningarregla, sem nánar er vikið að í almennum athugasemdum með frumvarpinu.“ — Vonandi að fólk skilji hvað hér er verið að tala um.

„Regla 1. mgr. er sama efnis og regla 1. mgr. 4. gr. gildandi laga um bann við allsherjarveðsetningu, þ.e. bann við veðsetningu í öllu því, sem maður á eða eignast kann. Er hér mælt fyrir um tiltekið gildisskilyrði veðsetningar, þ.e. með ákvæðinu er verið að setja samningsfrelsi um veðsetningar vissar skorður. Gegnir hinu sama um ákvæði 3. mgr. 3. gr. um bann við sjálfsvörsluveðsetningu í heildarsafni muna, en sú frumvarpsgrein er að mestu sama efnis og 2. mgr. 4. gr. gildandi laga.“ Það gæti nú einhver spurt: Bíddu við, hvað var maðurinn að segja? Hvað var verið að fara með? Eitt skýrasta ákvæði lögfróðs manns, eitt skýrasta ákvæði í lagasetningu íslenskra laga eða frv. sem hefur fram komið á hinu háa Alþingi.

Hvernig má þá vera að um er að ræða yfirveðsetningu æ ofan í æ, hvernig má það vera að á fasteignum sem eru að verðmætamati eða sölumati upp á 7 millj. kr. hvíli veð upp á allt að 12 millj. kr.? Það er ekki þetta sem er verið að koma í veg fyrir með lögum um samningsveð, nei, ekki aldeilis. Það er ekki verið að koma í veg fyrir þetta.

2. mgr. 3. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Þegar réttindi eru háð þeim takmörkunum að þau eru ekki framseljanleg, eða einungis framseljanleg með vissum skilyrðum, gilda sömu takmarkanir hvað varðar heimild til þess að veðsetja réttindin.“ Og þá er nú fróðlegt, herra forseti, að fá að vitna í skýringarnar fyrir 3. gr.: „ Þótt segja megi, að efni 2. mgr. 3. gr. leiði af almennum reglum, þykir rétt að orða slíka reglu í veðlögum. Veðsetning, sem brýtur gegn ákvæðinu, getur verið ógildanleg í heild eða að hluta, en niðurstaða í þeim efnum ræðst af efni þeirrar lagareglu eða þess samningsákvæðis, sem takmarkar réttinn til þess að ráðstafa viðkomandi réttindum.“

Fróðlegt væri nú, herra forseti, að velta því fyrir sér hversu margir, ef það eru einhverjir sem eru að hlusta á þessa umræðu sem fram fer á hinu háa Alþingi, hversu margir skilja þær skýringar sem hér var verið að fara með. Ætli það þyrfti ekki eins og fjóra lögfræðinga til þess að fara í gegnum þetta og til þess að komast að a.m.k. fjórum álitum um hvað þessi orð táknuðu sem hér voru lesin upp. (**GÁ:** Þeir hafa nú bara atvinnu af því að hafa mismunandi ...) Ja, það er akkúrat það sem við erum að gera, við erum að útvega mönnum atvinnu, hv. þm. Guðni Ágústsson.

Herra forseti. Ég má til með að vitna áfram í 3. gr. þessa frv. þar sem segir í 3. mgr.: „Umfram það sem lög þessi eða önnur lög leyfa er eigi heimilt að setja að sjálfsvörsluveði safn af munum sem eru samkynja eða ætlaðir til samkynja notkunar og eru einkenndir einu almennu nafni.“

Herra forseti. Þetta er greinin sem hefur verið deilt um í allan dag. Það eru fjölmargir þingmenn búnir að koma upp í ræðustól og ræða málin. Kemur alveg ljóst fram að tvær

skoðanir eru uppi á hinu háa Alþingi. Það er skoðun stjórnarliða og það er skoðun stjórnarandstæðinga um einmitt þetta atriði, sem er andstæð. Og skýringin, herra forseti, er svohljóðandi:

„Regla 4. mgr. 3. gr. á við um þau tilvik þegar veðsett eru fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt og halda skrár um. Sem dæmi um slík réttindi má nefna aflahlutdeild" — aflahlutdeild, hv. þm. Guðni Ágústsson, sem er verið að heimila veðsetningu á — „sem úthlutað er á skip, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og greiðslumark sem úthlutað er á lögbýli samkvæmt ákvæðum reglugerða sem stoð eiga í lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Sjá um hið síðastnefnda reglugerðir nr. 360/1995, um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1995–1996, og reglugerð nr. 541/1994, um greiðslumark sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995–1996."

Herra forseti. Hvernig ætli standi á því að ekkert hefur verið rætt um þessar síðustu skýringar, að veðsetja kvóta á lögbýlum? Ætli gildi ekki svolítið öðru máli um það en fiskinn í sjónum? Það gæti nú verið þó að það hafi ekki verið rætt hér. Ég lýsi því yfir að ég gæti hugsað mér allt aðra málsmeðferð varðandi það eignarhald.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara meira í gegnum þessar lagaskýringar og lagagreinar sem eru þær einföldustu og skýrustu sem hér hafa komið fram. En ég vona að þeir sem á hlýða, ef einhverjir gera það, átti sig á því að þetta er ekki svo auðskilið eins og það lítur út fyrir að vera eftir að menn hafa fjallað um þetta, því að það eru alla vega a.m.k. fjórar útgáfur af skýringum á hverri einustu setningu af þeim sem ég hef lesið þegar þetta er komið í vörslu eða umfjöllun lögfræðinga.

Herra forseti. Það sem ég hef farið yfir ætlar Sjálfstfl. að keyra í gegn á Alþingi undir forustu hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. með fulltingi Framsfl. eins og fram hefur komið í umræðunni. Mér er reyndar fullkunnugt um að nokkur hópur eða töluverður hópur stjórnarliða er ekki sáttur við frv. eins og það er en lýtur í raun í lægra haldi fyrir meirihlutaafli innan stjórnarliðsins. Ég get auðvitað skilið það. Það eru vinnubrögð sem tíðkast að meiri hlutinn ræður og þess vegna er þetta mál komið inn í þingið.

Í þessari umferð læt ég þessa umfjöllun nægja, herra forseti, en ég vona að hv. allshn. beri gæfu til að fara mjög nákvæmlega yfir þetta frv., orða vel og skýra það sem þörf er á að skýra á ótvíræðan máta. En veðsetningu fiskveiðiheimilda get ég ekki samþykkt með nokkru móti. Ég lít, eins og ég sagði áðan, öðrum augum á greiðslumark sauðfjárafurða og mjólkur. Þar er um eignarrétt að ræða sem gildir allt öðru máli um hvað varðar veðsetningu. Þó má ég til með eftir það sem kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. að láta það í ljós að ef skýrt og ótvírætt kemur fram að verið er að takmarka brask, þá mun ég endurskoða það sem ég hef hér sagt. Ég verð á móti þessu ákvæði 3. gr. en ef verið er að takmarka brask með fiskinn í sjónum og það kemur skýrt og ótvírætt fram, þá er ég til viðtals um að skoða það að styðja málið. En þó að hæstv. dómsmrh. hafi kveðið já við því að með þessu frv. væri verið að takmarka frjálst framsal, þá tek ég ekki mark á því þó að menn segi svona já eða nei sitt á hvað eftir því sem til þeirra er talað.

[15:51]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir rökræður í dag gerist það að hver stjórnarandstæðingurinn á fætur öðrum kemur og í rauninni hefur yfir sömu setninguna, þ.e. að verið sé að veita heimild til veðsetningar á kvóta. Hér sé Framsókn að svíkja loforð og einhverjir í stjórnarflokkunum hafi lotið í lægra haldi fyrir meiri hluta o.s.frv. Þetta mál er búið að fara í mikla umfjöllun í þingflokkunum og hefur verið grandskoðað út frá því að 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna haldist, skýlaus eignarréttur þjóðarinnar á auðlindinni í hafinu.

Ég hef sagt og get lesið það í frv. að hér er ekki um veðsetningu aflaheimilda að ræða. Það er bannað. En hitt hef ég játað að um kvaðabindingu er að ræða sem er þess eðlis — og ekkert óeðlileg — að ef menn selja afnotaréttinn sem þeir hafa takmarkaðan tíma í sinni hendi hvort sem það eru aflaheimildir til sjávar eða greiðslumark á bújörð, þá verða þeir að standa lánastofnunum eða skuldurum skil á því. Þeir mega ekki fara með þetta í burtu.

Nú vil ég spyrja hv. þm.: Er sanngjarnt að einhver maður til sjávarins sem á skip og hefur á því þúsund þorskígildi megi án þess að spyrja kóng eða prest selja þorskígildin í burtu fyrir 600 millj., eins og sú upphæð kostar í dag, og eftir liggur verðlaust skip? Ber honum ekki að gera skil á skuldum sínum eða á hann að láta þjóðina borga slíkar skuldir? Þess vegna varð að setja kvaðabindingu inn að það verði að leita eftir þinglýstu leyfi.

Alveg það sama er um bújörðina. Við skulum taka 100 þúsund lítra af mjólk og þeir seldir í burtu á 15–20 millj. Eftir er verðlaus jörð sem ekki selst. Hver á að bera skaðann? Eiga þessir einstaklingar að fá að ganga burtu með þessa peninga og láta síðan almenning í landinu í gjaldþrotum og töpum í bönkum borga hitt?

[15:55]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinn hugumstóri og stórhjartaði hv. þm. Guðni Ágústsson spurði hvort ætti að heimila kvótahöfum að flytja til verðmæti að eigin geðþótta eða láta það falla á heimabyggðirnar. Það er ekkert um þetta rætt í þessu máli, ekki nokkurn skapaðan hlut, hv. þm. Það sem um er að ræða er að hér stendur sem skýring við 4. mgr. 3. gr. að það eigi við um þau tilvik ef veðsett eru fjárverðmæti sem á hafa verið skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt og halda skrár um. Sem dæmi slíkra réttinda má nefna aflahlutdeild. Það er ekki verið að veðsetja neina kvaðabindingu, hv. þm. Það er verið að veðsetja kvóta og ekkert annað. Ég tel að það sé til að rýra ákvæði 1. gr. sem varðar allsherjareign þjóðarinnar á kvótanum. Þess vegna er ég á móti málinu.

Hins vegar hef ég sagt: Ef um er að ræða að verið sé að takmarka möguleika á braski, ef ég fæ þann skilning, sem ég hef ekki fengið enn þrátt fyrir þær umræður sem hér eru í gangi, þá mun ég skoða þetta mál mjög vel og betur en ég hef gert á undanförnum dögum. Ég lýsi því hér yfir. En ég sé engar tryggingar fyrir heimabyggðirnar í þessu máli til að halda hjá sér aflaheimildum frekar en verið hefur.

[15:55]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður er skilningurinn ekki alltaf réttur hjá hv. þm. Ég var ekkert að tala um að verið væri að veðsetja neina kvaðabindingu. Ég sagði að ekki væri um veðsetningu

aflaheimilda að ræða, en verið væri að kvaðabinda þá sem hefðu þessi réttindi eða eins og segir í frv. „Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti." Það sneri að því, eins og ég var að segja áðan. Einhver lánastofnun eða einstaklingur á í veðinu, við skulum segja 300 millj. en síðan eru bara aflaréttindin seld í burtu fyrir 600 millj. Eftir liggur skipsskrokkur og einskis virði. Síðan kemur gjaldþrot og almenningur borgar. Mér finnst að við séum með þessu móti að tryggja rétt almennings gegn því að slíkt eigi sér stað. Nú er ég ekki að segja að þetta eigi sér stað. En eins og hér hefur komið fram í dag eru því miður skúrkar í öllum stéttum. Ég er sannfærður um það, hv. þm., sem maður hefur nú séð ljósið kvikna hjá, að þetta frv. mun draga úr því sem kallað hefur verið brask og tryggir að aflaheimild haldist á því skipi sem fékk hana úthlutað. Menn stökkvi ekki með hana burtu o.s.frv. Ég er því tiltölulega sáttur við málið eins og það er en tek undir með hv. þm. að auðvitað verður að skoða málið sem best og upplýsa sem flesta þannig að þeir skilji málið og geti jafnvel fylgt því.

[15:57]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um samningsveð, merkur lagabálkur og mikilvægur að mínu mati. Það var svo sannarlega kominn tími til að ljúka því verki að ná fram frv. til laga um samningsveð og tryggja þá mjög mikilvægu hagsmuni sem lúta að veðsetningu og tryggingu lána og tryggingu eigna.

Þegar litið er á tilgang frv. eins og hann lítur út í mínum augum er það auðvitað fyrst og fremst til að skapa öryggi í viðskiptum sem þetta frv. er flutt og það er ekki svo lítið hlutverk. Það að skapa öryggi í viðskiptum endurspeglar síðan væntanlega að það bætir stöðu þeirra sem veita lán. Það skapar þeim skilyrði til að lækka vexti og það skapar skilyrði til að lánastofnanir geti greitt hærri vexti vegna þess að minna verður um afföll og kostnað sem fylgir vanskilum og eykur útgjöld lánastofnana. Þess vegna er þetta frv. afar mikilvægt í okkar flókna viðskiptasamfélagi sem kallar á, eins og eðlilegt er, að veitt séu lán en fyrir lánum þarf að setja tryggingar.

Eins og ég sagði áðan er frv. mjög mikilvægt að mínu mati. Það snýr auðvitað fyrst og fremst að því að tryggja öryggi í viðskiptum. En í þessari umræðu hafa hlutirnir hins vegar æxlast þannig að umræðan snýst fyrst og fremst um veðsetningu eða ekki veðsetningu aflaheimilda, en í 4. mgr. 3. gr. segir, með leyfi forseta, í síðari málslið:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Út af fyrir sig finnst mér ekki skipta máli hvernig þessi texti hljóðar en aðalatriðið í mínum huga er að það sé alveg tryggt að lánastofnanir sem veita lán út á skip hafi tryggingu fyrir sínum lánum. Og þá kemur að þessari spurningu: Hvernig er þessari tryggingu varið? Ég verð að viðurkenna að mér sýnist og ég tel í rauninni að þetta nálgist það mjög að verið sé að veðsetja aflaheimildir. Lítum aðeins á þetta og skoðum hvernig lánastofnun eigi að taka tryggingu í skipi. Er einhver tilgangur í því fyrir lánastofnun að taka veð og tryggja sín útlán í skipi sem ekki hefur skrúfu? Ég held að ekki nokkrum manni detti í hug að veita útgerðarmanni lán og taka tryggingu í skipi sem getur ekki farið á sjó. Alveg nákvæmlega eins er engin glóra í að lána útgerðarmanni fjármuni út á skip sem engar aflaheimildir hefur.

Sú leið sem hér er farin er að mínu viti mjög skynsamleg og ég verð að lýsa yfir mikilli ánægju með hvaða leið hæstv. sjútvrh. og hæstv. dómsmrh. og kirkjumrh. sem er einn og hinn sami maður, fer hér. Hann fer þá leið sem um hefur náðst sátt innan stjórnarliðsins og tryggir jafnframt að mínu mati fullkomlega hagsmuni þeirra sem þurfa að veita lán og það finnst mér vera mjög mikið atriði. Mér finnst að í umræðunni hafi menn gert lítið úr því að nauðsynlegt sé að tryggja þegar lán er veitt. Auðvitað þarf að tryggja það og reyna að sjá til þess að þær aðstæður séu hjá lántakanda að hann geti greitt til baka. Það á ekki að gera lítið úr því. Ég tel að ekki sé eðlilegt að útgerðarmaður sem hefur aflaheimildir geti leikið lausum hala með þær aflaheimildir og jafnvel selt þær þegar hann hefur fengið lán í krafti þess möguleika að sækja sjó til að sækja afla á grundvelli veiðiheimilda.

Ég tel að frv. eins og það er úr garði gert hvað varðar 3. gr., sé fær og hin ágætasta leið og tryggi það sem ég tel að sé mikilvægt að tryggja.

Þá vil ég koma aðeins að því, hæstv. forseti, sem hv. 11. þm. Reykn., Ágúst Einarsson ræddi í sinni ræðu í dag. Hv. þm. lagðist gegn þessu ákvæði. Hann taldi ekki nauðsynlegt að hafa uppi þessa möguleika til trygginga. Ég er honum algerlega ósammála. Hann taldi hins vegar ekkert óeðlilegt við það og sakna ég nú hv. þm. hér í salnum, að útgerðarfyrirtæki færðu til eignar í reikningum fyrirtækja sinna aflaheimildir, færðu jafnvel afskriftir af aflaheimildum inn á rekstrarreikning. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel í fyllsta máta óeðlilegt að aflaheimildir séu færðar formlega í efnahagsreikning fyrirtækja og ég tel líka mjög óeðlilegt að heimila útgerðum að afskrifa kvóta sem keyptur er. Ég lít svo á að aflaheimildir séu varanleg eign þjóðarinnar sem útgerðarmenn hafa fengið aðgang að. Þeir hafa með úthlutun aflahlutdeildar fengið rétt til þess að sækja í þessa auðlind, en þeir hafa engan rétt til þess að afskrifa og lækka sín útgjöld á þennan hátt, þ.e. aflaheimildirar eða þau kaup á aflaheimildum sem stofnað er til. Þetta er mín skoðun. (Gripið fram í.) Þingmaðurinn mun væntanlega fá tækifæri til þess síðar að ræða það nákvæmlega hvaða aðferðir ég tel eðlilegt að séu viðhafðar að þessu leyti, en ég tel að ekki eigi að heimila afskriftir aflaheimilda til lækkunar á rekstrarútgjöldum útgerðarfyrirtækja. Það er mín skoðun. Það vil ég að komi hér fram og ég vek athygli á því sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykn., Ágústi Einarssyni, sem telur það eðlilegt. Hann leggst hins vegar gegn því að með lögum um samningsveð verði réttur lánveitenda tryggður.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að orðlengja um þetta. Ég lýsi eindregnum stuðningi við frv. og ég geri svo sem ekki mikið veður út af því þó að samstarfsmenn okkar sjálfstæðismanna í ríkisstjórn líti svo á að þetta sé kostur sem uppfylli þeirra óskir. Ég sé ekki að á nokkurn hátt sé hægt að segja að þau sjónarmið sem ég aðhyllist í þessum efnum hafi orðið undir. Aðalatriðið er að tryggja að menn geti ekki hlaupið með aflaheimildir af skipum sem hafa verið veðsett. Það er grundvallaratriðið hvað varðar 3. gr. frv.

[16:07]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi síðustu orð hv. þm. endurspegla nokkuð þá togstreitu sem hefur verið meðal stjórnarliðanna. Hv. þm. Sturla Böðvarsson lýsir því yfir að hann geti nú ekki séð á þeim breytingum sem fram hafa komið á þessu þingmáli að hans sjónarmið hafi nokkuð orðið undir. Með því er hann að lýsa því yfir að það sé auðvitað geip eitt sem hv. þingmenn Framsfl. segja, að þeir hafi unnið einhvern sérstakan sigur í þessu máli. Ég er honum sammála um það. Þeir hafa engan sigur unnið. Hér hefur verið bent á það af öðrum þingmanni Sjálfstfl. að það voru í raun þeir sem tryggðu þá leið eina sem hægt var að fara til að veðsetja kvóta.

Ræða hv. þm. var góð að því leyti til að það velktist enginn í vafa um hvað það er sem hann vill. Hann talaði skýrt í þessu máli. Ég er í mörgum efnum ósammála honum. Hv. þm. tók algerlega málstað þeirra sem veita lánin og eitt af því sem hann er ánægður með er, svo ég noti hans orð *beint, að þetta frv. tryggir fullkomlega hagsmuni þeirra sem* veita lánin. En hvernig er það tryggt, herra forseti? Með því að veita veð í eign sem samkvæmt 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er ekki þeirra og það get ég ekki fallist á og þess vegna er ég ósammála þessu frv. Afstaða mín ræðst ekki af *því hvernig frv. tengist framsali aflaheimilda. Hún ræðst af* þessu.

[16:09]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít nú svo á að hagsmunir lánveitenda og hagsmunir lántakenda fari algerlega saman þegar við erum að ræða um það að setja löggjöf um veðsetningu, um samningsveð í þessu tilviki. Það eru hagsmunir lántakenda að kostnaður bankakerfisins, kostnaður lánastofnana sé sem minnstur. Með því að lána sífellt aðilum sem ekki eru traustsins verðir, farga veðum eða hafa ekki tryggingu og geta þess vegna ekki borgað til baka, þá hafa lánastofnanir af þeim aðilum kostnað þannig að það er í þágu beggja aðila, lánveitenda og lántakenda, að þessir hlutir séu í góðu lagi. Það er aðalatriði málsins.

Hvað varðar það að við séum að veðsetja sameign þjóðarinnar þá líkti ég þessu áðan í minni ræðu við það að þýðingarlaust er að lána útgerðarmanni út á skip sem ekki hefur skrúfu. Sá skipstjóri sem þarf að stýra því skipi kemst aldrei á sjó. (**Gripið fram í:** Hann getur notað segl.) Hann gæti hugsanlega notað segl já, en við gerum tæplega ráð fyrir því í nútíðinni. Eins er þýðingarlaust að lána útgerðarmanni sem ekki hefur neinar aflaheimildir. Þess vegna þarf þetta að fara saman. Það þarf að fara saman að hafa það tryggt að útgerðarmaðurinn hafi ekki selt aflaheimildirnar burt og með þessu frv. er það gert alveg fullkomlega og það er í þágu hagsmuna bæði sparifjáreigenda og lántakenda, útgerðarmanna og þeirra sem lána útgerðarmönnum.

[16:11]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. ítrekar það bara að hann hefur mjög skýra og skelegga skoðun á þessu máli. Hann er *eiginlega eini þingmaðurinn sem hér hefur komið í dag og* nánast lýst því yfir að hann sé samþykkur því að aflaheimildir séu veðsettar því að það sem hv. þm. var að segja er ekkert annað en þetta. Setjum upp dæmi. Útgerð tekur lán og veð fyrir láninu er skipið. Að þessum lögum samþykktum gæti það gerst að ef útgerðin getur ekki greitt lánið þá gengur veðhafinn að útgerðinni, tekur skipið og eignast líka aflaheimildirnar. Er þá ekki alveg klárt að aflaheimildirnar hafa verið veðsettar? Niðurstaðan getur ekki verið nein önnur. En hver á aflaheimildirnar? Það er ég. Það er þjóðin. Það er með öðrum orðum verið að taka eign sem viðkomandi átti ekki upphaflega, heldur þjóðin. Þetta er sameign þjóðarinnar og þarna er enn og aftur verið að rýra þetta sameignarákvæði. Ég átti sæti í ríkisstjórn sem hv. þm. studdi. Sú ríkisstjórn *taldi nauðsynlegt að leggja fram frv. til laga um breytingar* á stjórnarskipunarlögum sem fólu það í sér að inn í stjórnarskrá væri sameignarákvæðið tekið. Hvers vegna? Til þess að styrkja þetta ákvæði. Það má þá gagnálykta að þeir sem fluttu það frv., sem voru m.a. flokksmenn hv. þm., töldu *að sameignarákvæðið væri ekki nógu sterkt, það væri ekki* nógu virkt. Hér, herra forseti, er enn verið að stíga lítið skref sem dregur úr styrkleika sameignarákvæðisins. Mér finnst því eilítil mótsögn í því að Sjálfstfl. gengur nú fram fyrir skjöldu til þess að styðja þetta miðað við aðgerðir hans undir *lok síðasta kjörtímabils þegar hann féllst á rök Alþfl. í* þessu máli með því að flytja þetta frv.

[16:13]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. 15. þm. Reykv. skilur þetta frv. alveg fullkomlega. Það góða við þessa útfærslu sem hefur leitt til þess að mér heyrist nú að menn muni sættast á þetta er hins vegar að það er tekið skýrt fram að veiðiheimildir einar út af fyrir sig eru ekki veðsetjanlegar. Það er samkvæmt 4. mgr. 3. gr. frv. Þær eru ekki veðsetjanlegar einar út af fyrir sig. Skip er hins vegar veðsetjanlegt og frv. gengur út á að það ekki sé hægt að stelast til þess fram hjá lánveitendum að selja kvótann burt af skipunum. Út á það gengur málið. Og ég er sannfærður um að hv. 15. þm. Reykv., svo skynsamur maður sem hann er nú, hefði stutt þessa leið. Ég veit að hann harmar það innra með sér að hafa ekki tekið þátt í að fara þessa leið á sínum tíma sem hæstv. sjútvrh. og hæstv. dóms- og kirkjumrh. leggur nú til. Hún er mjög skynsamleg og góð og ég get stutt hana. En ég vil endilega að það komi fram sem ég hef rætt í dag, hæstv. forseti, að aðalatriðið er að við þurfum að tryggja hagsmuni þeirra sem eru að taka lán og veita lán þannig að enginn velkist í vafa um að þarna er öryggi í viðskiptum aðila sem allir græða á þegar til lengri tíma er litið þannig að skúrkunum sé haldið utan þessara viðskipta.

[16:15]

Útbýting þingskjala:

Áfengisauglýsingar, 282. mál, fsp. SJS, þskj. 536.

*Eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og ör*yrkja, 280. mál, fsp. SvG, þskj. 534.

Íslenskt sjónvarpsefni, 285. mál, fsp. SvG, þskj. 539.

Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði, 283. mál, fsp. GÁ og GHall, þskj. 537.

Þróun kauptaxta, 281. mál, fsp. EKG, þskj. 535.

Öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi, 279. mál, fsp. HG, þskj. 533.

[16:16]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið mjög viðamiklar umræður um fiskveiðistjórnarkerfið í tengslum við þetta frv. til laga um samningsveð. Er raunar ekki við öðru að búast eins miklu umróti og það stjórnkerfi hefur valdið í þjóðmálaumræðunni og ekki síst þegar tekið er tillit til þess hversu sú umræða er komin út um víðan völl. Ég ætla að gera það að

umtalsefni hér á eftir hversu fáránleg þessi umræða er orðin og velta fyrir mér með þingheimi hvort þeir, sem mest hafa gagnrýnt þetta fiskveiðistjórnarkerfi, og þá ekki síst frelsið til þess að höndla með aflaheimildir, átti sig nú ekki á því að þeir hafa uppskorið annað en þeir sáðu til í þessari umræðu. Því svo er þessi umræða farin að taka út yfir allan þjófabálk að það er farið að valda verulegu tjóni meðal Íslendinga hvernig umræðan um t.d. útgerðarmenn er orðin, þeir eru nú þjófkenndir, og ég er ekki viss um að hv. 17. þm. Reykv. hafi alveg verið saklaus af því. (**Gripið fram í:** 15. þm.) 15. þm., já, ekki batnar staða hans við það. Þó að númerið sé rétt batnar staða hans ekki því mér fannst hann ekki vera algjörlega saklaus af því að höggva í þann knérunn að þjófkenna útgerðarmenn vegna þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við höfum hér nú.

Ég ætla hins vegar að víkja fyrst að 3. gr. frv. til laga um samningsveð sem hefur verið hér mjög til umræðu enda er þar um að ræða grundvallaratriði í þessu frv. Rétturinn til nýtingar fiskimiðanna, þ.e. aflahlutdeildin, er samkvæmt þessu frv. ekki veðsetjanleg. Það er tekið skýrt fram í frv. og verður ekki vefengt. Hins vegar er óheimilt að skilja þessi nýtingarréttindi frá veðsettu skipi nema með samþykki veðréttarhafanna. Þetta fyrirkomulag er ákjósanleg lending á viðkvæmu vandamáli og fullkomlega eðlileg ráðstöfun og þar af leiðandi í fullu samræmi við það ráð sem tekið var upp þegar gripið var til þess að setja á kvótakerfið, að kvóta var úthlutað á fiskiskip í samræmi við aflareynslu.

Mikið hefur verið talað um það hér í þingsölum og í fjölmiðlunum að aflakvóta sé úthlutað ókeypis. Þetta er nánast orðin klisja sem er endurtekin af hverjum ræðumanni hér, hverjum hv. þm. á fætur öðrum, og í helsta málgagni þjóðarinnar, Morgunblaðinu, að kvótanum sé úthlutað ókeypis. Þetta stenst ekki sögulega skoðun. Það ber að viðurkenna, finnst mér, þá staðreynd að áður en kvóti var settur á flotann höfðu menn keypt sér afnotarétt að auðlindunum — að íslensku fiskimiðunum. Menn höfðu keypt þennan afnotarétt, menn höfðu borgað fyrir hann með peningum. Og það hafa menn raunar gert alveg frá upphafi Íslandsbyggðar. Menn hafa gert það með því að festa fé sitt í útgerð. Að sjálfsögðu var þetta ekki mikil fjárfesting framan af því að skipin voru smá en þar á móti kom að viðurinn í þeim var innfluttur og dýr. En eftir því sem tæknin hefur gert okkur mögulegt að sækja lengra út á miðin hefur þessi fjárfesting orðið dýrari og nú er svo komið að með því að fjárfesta í dýrum skipum og góðum hefur okkur tekist að gera öryggismál sjómanna mun meiri en þau hafa áður tíðkast. En þessi fjárfesting er að sjálfsögðu þeim mun meiri eftir því sem tækninni hefur fleygt fram og á færra færi að kaupa sér t.d. togara með viðeigandi aðbúnaði fyrir sjómenninna sem kostar einn og hálfan milljarð. Þessi fjárfesting í útgerð hefur alltaf verið forsenda þess að úr fiskimiðunum væri hægt að gera auðlind. Og þess vegna hefur þetta alla tíð verið það gjald sem menn hafa greitt fyrir að komast á fiskimiðin. Þeir sem heima sitja og leggja ekki fé í útgerð taka ekki þátt í því að breyta fiskimiðunum í auðlind. Það gera þeir sem fjárfesta í skipunum. Að sjálfsögðu getur almenningur og sjómennirnir tekið þátt í þessu með útgerðarmönnunum með því að kaupa í útgerðinni, með því að fá eignaraðild í henni geta þeir tekið þátt í að gera fiskimiðin að auðlind. En ég endurtek að án fjárfestingar í útgerð er ekki hægt að tala um miðin sem auðlind. Og þar af leiðandi hefur alltaf verið greitt fyrir það frá upphafi Íslandsbyggðar að komast á fiskimiðin. Einmitt þess vegna gerðist það þegar kvótinn var settur á að menn viðurkenndu þessa staðreynd og tengdu kvótann við skipin. Það var skynsamleg ráðstöfun og það er erfitt að ímynda sér aðra ráðstöfun en þessa.

Við skulum aðeins fylgja eftir þeim ágætu þingmönnum sem hér hafa gerst talsmenn sóknarstýrikerfis, þ.e. hv. þm. Vestf., Einari Oddi Kristjánssyni og Einari K. Guðfinnssyni. Mér er alla vega kunnugt um að hugmyndir hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar um sóknarstýrikerfi tengjast að sjálfsögðu því að sóknareiningarnar væru framseljanlegar, að sjálfsögðu. Segjum nú sem svo að við hefðum ekki borið gæfu til þess að setja á aflaheimildakerfi í áföngum í flotanum heldur hefðum við farið leiðina sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur mælt með, sett upp tímakerfi — sóknareiningakerfi. Það er ljóst að ef það kerfi hefði átt að ganga upp hefði þurft að draga úr aflanum. Þar af leiðandi hefði það sama komið upp og við kvótakerfið að hluti af flotanum hefði ekki verið rekstrarhæfur lengur. Ef sóknareiningarnar hefðu ekki verið bundnar við skipin og verið framseljanlegar er ljóst að hluti af flotanum hefði farið á hausinn. Enda held ég að það hvarfli ekki annað að þeim, sem einkum og sér í lagi tala nú um sóknareiningakerfið, en að það hefði verið bundið við skip og verið framseljanlegt. Það hefðu sem sagt hafist viðskipti með tíma — viðskipti með tíma á miðunum sem væru fólgin í því að sumir hefðu keypt upp tíma af öðrum og þannig hefði verið hægt að búa til rekstrarhæfar einingar.

Nú hafa orðið hér miklar umræður um að það að óveiddur fiskur í sjó gangi kaupum og sölum þýði að verið sé að selja sameign þjóðarinnar. Hv. sjútvrh. kom inn á í ræðu sinni áðan að það væri ákveðinn samanburður sem mætti gera á milli aflahlutdeildarinnar og sóknareiningar. Ég er honum innilega sammála um að mér finnst að þetta sé það sem ekki hefur kannski komið nógu mikið í umræðuna. Segjum sem svo að við byggjum við sóknareiningakerfi og tíminn á miðunum gengi kaupum og sölum. Mundu þeir hv. þm. sem hér hafa talað um þjófnað aldarinnar, mundu þeir sem hafa talað hér um að verið væri að selja sameign þjóðarinnar — mundu þeir telja að þessi kaup og þessi sala með tímaeiningar á miðunum væri líka höndlun með sameign þjóðarinnar? Að sjálfsögðu ekki. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir mundu ganga svo langt. Þeir mundu að sjálfsögðu, eftir einhverja umhugsun, gera ráð fyrir því að einungis væri verið að viðurkenna þær aðstæður sem voru á Íslandi þegar við þurftum að grípa til takmarkana. Og það skiptir þá kannski ekki öllu máli hvort við grípum til tímatakmarkana eða takmarkana á afla, við yrðum að hafa þær þannig að með þær væri hægt höndla og við værum ekki á nokkurn hátt með því að minnka eða draga úr því ákvæði sem kveður svo á um að auðlindin sé sameign þjóðarinnar. Ég legg til að menn hugleiði þetta svolítið vegna þess að mér finnst að þetta mál varpi ljósi á það að röksemdaflutningurinn um að með þessu sé verið að draga úr eignarrétti þjóðarinnar á auðlindunum gengur ekki upp. Mér finnst að menn eigi að hugleiða það líka að það er ekki hægt að horfa fram hjá þeim staðreyndum sem hér ríktu þegar kvótinn var settur á. Það er ekki hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að menn höfðu alla tíð keypt sér aðild að miðunum með því að fjárfesta í útgerð. Og það hefur ekki breyst því að hvort sem menn afnæmu kvótann af skipunum eða tækju burt tímann sem menn mega vera á miðunum ef við byggjum við sóknareiningakerfi þá mundu menn að sjálfsögðu steypa öllum grundvelli undan útgerðinni. Og það

er þetta sem var viðurkennt með því að tengja kvótann við skipin.

Það er reyndar eitt atriði í þessu sambandi sem ætti að vera mönnum til hugleiðingar. Það hefur komið hér upp þráfaldlega mikil gagnrýni á að sjómenn væru neyddir til þess að fjárfesta í kvóta með útgerðunum. Og þess eru sjálfsagt nokkur dæmi og öll vítaverð þar sem slíkt er að sjálfsögðu brot á lögum. En í hverju er brotið fólgið? Brotið er í raun og veru fólgið í því að sjómennirnir eru með þrýstingi neyddir til þess að taka þátt í kaupum á kvótanum án þess að öðlast eignarhlutdeild í honum og verða aðilar að því að eignast andvirði kvótans ef hann er seldur. Það er nákvæmlega þetta — þeir eiga ekki í kvótanum þótt þeir séu neyddir til þess að taka þátt í þessum viðskiptum. Það er það sem er brot á lögunum.

Með þessum lögum, með frv. sem hér er lagt fram ef að lögum verður, er kveðið á um að það megi ekki færa aflaréttindin af veðsettum skipum nema með samþykki veðhafa. Þessi ráðstöfun verður til þess í sjálfu sér að auka réttaröryggi þeirra sem fjárfesta í sjávarútvegi og lánastofnana. Hér var áðan talað um að þetta yki öryggi lánastofnana en öryggi lánastofnana endurspeglast í öryggi þeirra sem taka lán líka. Ef lánastofnanir líta svo á að viðskipti séu ekki örugg þá bitnar það líka á þeim sem taka lán hjá lánastofnunum þannig að þetta eru bæði hagsmunir lánastofnananna og þeirra er gera út. Og það sem meira er, þetta er alveg sérstakt hagsmunamál smærri útgerða. Vegna þess að stóru útgerðarfyrirtækin sem eiga bæði fjölda skipa og verksmiðjur — fiskvinnslustöðvar, hafa rýmri tök á að skipta við lánakerfið, bankakerfið, að bjóða upp á veð önnur en skipin, en smæstu útgerðirnar hafa ekki annan kost en þann að bjóða veð í skipunum. Þar af leiðandi skiptir mjög miklu máli að hægt sé að búa þannig um hnútana að fyrir alla aðila sem stunda útgerð geti menn treyst því að grundvellinum sé ekki kippt undan þessum veðsetningum. Því tel ég að þetta frv. sé spor í rétta átt og skynsamleg leið til þess að finna lausn á þessum vanda.

Sú sérkennilega umræða sem hefur orðið hér um kvótann og sameign þjóðarinnar hefur orðið til þess að það upphefjast menn úti í bæ. Raunar þarf ekki að fara út í bæ til þess. Það nægir að líta yfir þingsalinn því þingmenn upphefjast líka eins og hv. 15. þm. Reykv., svo að ég hafi það nú rétt, sem benti á sjálfan sig og sagði: „Hver á kvótann? Ég á kvótann." Það hafa margir hafist upp í þjóðfélaginu og krafist þess eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson bendir réttilega á, að þeir eigi hlutdeild í kvótanum prívat og persónulega og hafa meira að segja látið koma fram þá hugmynd að það ætti að gefa út hlutabréf á hann sem yrðu söluverðmæti eins og hlutabréf eru almennt. En í þessu er nú sá misskilningur að ef þetta er sameign þjóðarinnar, þá er hún ekki séreign hvorki hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar né annarra góðra og gegnra borgara þessa lands.

Það er mjög athyglisvert — ég minni á það sem ég sagði hér áðan að fjárfestingin í sjávarútveginum hefur alltaf verið forsenda þess að auðlindin væri raunveruleg auðlind, að fiskimiðin væru gerð að auðlind og að einhverjir fengjust til þess að sækja fiskinn, þ.e. sjómennirnir — að nú er komin upp þriðja tegundin af þeim sem ætla sér hlut. Hluturinn skiptist væntanlega yfirleitt milli útgerðarmanna og sjómanna. En nú er kominn þriðji hópurinn. Í þessum hópi eru m.a. hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, og einhverjir fleiri, ekki síst þeir sem hafa verið að skrifa greinar um þetta nú upp á síðkastið sem ætla sér að komast upp á hlut hjá útgerðinni og hjá sjómönnum, ekki fyrir það að þeir hafi lagt pening í það, hætt sínum fjármunum í að gera út skip. Nei. Ekki fyrir það að þeir ætli að sækja fiskinn á skipunum eins og sjómennirnir gera. Nei, í raun og veru er framlagið ekki neitt. Framlagið á ekki að vera neitt. Þeir ætla sér að sitja heima hjá sér eða í þingstólum sínum og vera upp á hlut og þetta er nokkurt nýmæli.

Ég fullyrði það hér og nú að fiskimiðin eru ekki auðlind nema til séu Íslendingar sem vilja leggja fjármuni sína í útgerð og hætta þeim þar og til séu fiskimenn sem vilja draga fiskinn. Annars eru þessi mið ekki auðlind. Það á að taka tillit til þessarar staðreyndar og það er gert nú til dags. Það var gert á sínum tíma þegar kvótakerfið var sett út. Það er gert með hlutaskiptareglunum og ég legg til að menn hugleiði þetta nú í allri umræðunni. Hinir sómakærustu útgerðarmenn hafa starfað í sínum útvegi áratugum saman og nær oftast í basli vegna þess að með gengisskráningu krónunnar var séð til þess að afkoman í sjávarútveginum var nú ekki mikil því að það þurfti að sjálfsögðu að hafa innflutninginn ódýran. Áratugum saman var gengisskráningu krónunnar hagað þannig að sjávarútvegurinn var rekinn í kringum núllið en kaupmáttur íslensku krónunnar var nógu mikill til þess að hægt væri að flytja inn vörur sem hafði mjög mikil áhrif á kaupmátt almennings.

Það var ekki alltaf verið að mylja undir þá útgerðarmenn sem stunduðu útgerð áratugum saman við þessar aðstæður. Það var meira að segja svo að þegar stíga þurfti stór skref til þess að endurnýja flotann þá var yfirleitt þörf á því að fara í opinbera sjóði til þess að styrkja það því að útgerðin hafði ekki kraft í sér til að gera það af sjálfsdáðum Þessi útgerð var mikið basl en menn voru engu að síður reiðubúnir til að leggja fé sitt og fjármuni í hana og nú er svo komið að þegar þessir ágætu útgerðarmenn sem hafa hingað til verið stétt sem við höfum borið virðingu fyrir verða fyrir aðkasti á götum úti vegna þess að almenningur er farinn að trúa upp á þá að þeir séu þjófar og illmenni. Og hver skyldi lá almenningi að hann trúi því að útgerðarmenn séu þjófar þegar hér standa upp þingmenn og tala um það, ekki í gamni heldur í alvöru, að úthlutun á kvóta til sjómannanna hafi verið þjófnaður aldrarinnar. (**ÖS:** Til sjómannanna!) Til útgerðarmannanna og margir eru bæði sjómenn og útgerðarmenn, en hv. þm. hefur ekki áttað sig á því.

Ég ætla að gefa þingheimi dæmi um útgerðarmann sem verður ekki nefndur hér með nafni. Hann byrjaði á útgerð sinni 1967 og keypti þá lítinn bát sem var að því að mig minnir 35 tonn. Svo komu aflaleysisár og hann varð að selja bátinn og kaupa sér annan minni. Með miklu basli tókst þessum manni að komast yfir skip sem tryggði honum kvóta þegar kvótinn var settur á og þá átti hann um 400 tonna þorskkvóta og lítils háttar af ýsu og öðrum kvóta eftir því sem hann var settur á. Þessi útgerð hefði ekki gengið á þessum grundvelli þannig að hann keypti sér skip. Hann seldi skipið sitt án kvóta og keypti sér skip með 400 tonna þorskaflakvóta og átti þar af leiðandi 1987 800 tonna þorskkvóta. Núna er þessi þorskkvóti 250 tonn. Hann hafði þá fjárfest í þessum 400 tonnum sem hann bætti við sinn upphaflega kvóta upp á annað hundrað milljónir. Hann varð stórskuldugur við að kaupa þennan kvóta og síðan skárum við hann miskunnarlaust niður ár eftir ár. Við skárum niður fjárfestinguna hans ár eftir ár þannig að hann hafði fjárfest, ekki bara í kvóta, hann hafði fjárfest í niðurskurði. Og hver eru lífsskilyrði þessa manns núna? Þau eru þau að hann

selur allan botnfiskkvóta sinn innan ársins og kaupir rækju í staðinn. Þannig tekst honum að halda uppi rekstrarhæfri einingu. Reyndar selur hann svolítið meira af botnfiskheimildum heldur en hann kaupir af rækjunni. Til hvers gerir hann það? Til að stinga peningum í vasann? Nei, hann gerir það til þess að borga niður skuldir fyrirtækisins sem eru miklar og það hefur einkum tekist nú síðustu tvö árin að gera það vegna þess að hagur útgerðarinnar hefur staðið svolítið betur síðustu tvö árin. En hann hefur líka orðið að fjárfesta, með því að selja kvóta, í því að reyna að lappa upp á skipið sem hann keypti kvótann á sem var gamall dallur frá 1967 og er ekki mönnum boðlegur nema með því að fjárfesta í honum.

Þetta er nú ástandið. Þannig nýtir þessi ágæti útgerðarmaður sér aðstæðurnar í þjóðfélaginu, þær reglur sem um þetta gilda og vil ég nú spyrja þingheim: Hversu algengt halda menn að það sé í sjávarútveginum að menn leiki eftir reglunum á þennan hátt og hversu sanngjarnt er það að vera búinn að klína á þessa ágætu útgerðarmenn einhvers konar þjófsnafnbót bæði með greinaskrifum í blöðum og með ræðuhöldum á Alþingi? Ég vil biðja menn að hugleiða þetta og ég vil biðja menn að hugleiða það með Viktori gamla Hugo sem sagði einu sinni: „Menn vita ekki alltaf hvað vex upp af því sem þeir sá". Það er búið að sá miklu fræi hér í þessari umræðu, miklu óánægjufræi og það er búið að hafa hér þung orð og ég held að menn átti sig ekki fyllilega á því, þar á meðal hv. þm. Össur Skarphéðinsson, hvernig menn skera upp með þessum sáðmannsháttum.

[16:38]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fór út og suður um þetta efni (**TIO:** Það hefur þú gert líka.) og ég man nú satt að segja, a.m.k. ekki í þessari umræðu, að hafa heyrt þvælukenndari framsögu eða ummæli um íslenskan sjávarútveg en það er hans mál.

Í fyrsta lagi felur þetta frv. í sér veðsetningu kvóta og skips. Það er óaðskiljanlegt og það eru verðmætin sem hér er verið að tala um. Í öðru lagi er með þessu frv. lánastofnunum veittur meiri réttur en sjómönnum. Í þriðja lagi er lögfesting þessa frv. fjandsamleg landsbyggðinni vegna þess að þetta mun fyrst og fremst koma niður á þeim fyrirtækjum sem búa við veika fjárhagsstöðu. Slík fyrirtæki eru mörg á landsbyggðinni og þegar bankastofnanir hafa fyrst góð tök til að kvelja þá ef um framsal verður að ræða. Hann nefndi að ókeypis úthlutun kvóta væri ekki rétt. Áður fyrr hefðu menn þurft skip. Ég er að átta mig á því að hv. þm. virðist ekkert átta sig á því um hvað fiskveiðistjórnarkerfið snýst. Það snýst um það að 1984 og reyndar fyrr í sumum fisktegundum takmarkaði ríkisvaldið sókn í fiskstofna með því að úthluta veiðiheimildum. Takmörkuðum gæðum er úthlutað og verður þá verðmæti sem ganga kaupum og sölum milli einstakra útgerðarmanna eftir tilteknum lögum. Þessi fénýting á óveiddum fiski í sjó eða veiðiheimildum hefur verið hér við lýði nokkuð lengi. Menn hafa ekki greitt fyrir þær veiðiheimildir sem þeir fengu úthlutað. Það hefur alltaf þurft skip til þess að sækja fisk í sjó. Það varð sú grundvallarbreyting þegar ríkisvaldið varð að takmarka sókn í fiskstofna vegna ofveiði að þá öðlaðist veiðirétturinn verðmæti í sjálfum sér og út á það snýst nú öll umræðan um ókeypis úthlutun og gjaldtöku fyrir hana. Stórkostleg eignatilfærsla hefur átt sér stað í þessu þjóðfélagi frá því að þetta kerfi var tekið upp og ég vil benda hv. þm. á 1. gr. laga um stjórn fiskveiða: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar."

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson er hluti íslensku þjóðarinnar alveg eins og allir hv. alþingismenn eða sérhver einstaklingur í þessu þjóðfélagi. Þeir eiga þessa nytjastofna og það er réttmæt krafa þegna í þessu þjóðfélagi að þeir fái afrakstur til sín með skýrum og skilmerkilegum hætti. Það segir einfaldlega í lögum hvað svo sem hv. þm. finnst til um 15. þm. Reykv.

[16:41]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki gert að því þótt hv. þm. Ágúst Einarsson skorti skilning á þeirri hlið málsins sem ég hef verið að draga hér fram. Ég gerði mér ekki vonir um það miðað við hans málflutning í þinginu hingað til.

Það sem gerðist 1984 var að rétturinn til að veiða og skipið var aðskilinn. Að sjálfsögðu er það hárrétt sem ég sagði áðan að frá upphafi Íslandsbyggðar hefur það alltaf kostað að nytja þessi mið. Það sem gerðist 1984 var það að menn ákváðu að takmarka þennan aðgang og það var ákveðið að tengja hann skipunum með eðlilegum hætti. Það varð engin eignatilfærsla þá. Svo ég taki dæmi af þessum ágæta útgerðarmanni sem ég minntist á áðan, þá fékk hann náðarsamlegast heimild til þess að draga úr sjó nákvæmlega það sem hann hafði dregið úr sjó þrjú árin þar á undan. Aflareynslan var þar af leiðandi grundvöllur þessarar veiðiheimildar. Það sem menn þurfa að gera sér grein fyrir er einfaldlega þetta: Þegar kvótinn var settur þá voru skipin gerð verðlaus. Grundvellinum var kippt undan fjárfestingunni í sjávarútveginum ef kvótinn var ekki bundinn við skipið.

Það er eins nú að ef skipin missa réttindi til þess að fara á miðin, þá eru þau verðlaus eign. Það liggur í hlutarins eðli. Ég vil hins vegar ekki neita því að fram hafa komið mjög margir agnúar á þessu fiskveiðistjórnarkerfi og það eitt að takmörkunin á auðlindinni hefur breytt verðmætasköpuninni er mikið vandamál. En ég sé ekki að þessi umræða sem hér hefur verið, og þá ekki síst hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni, hafi varpað ljósi á eðli málsins né uppruna kvótakerfisins. Þessi umræða er alltaf uppi í skýjunum og tekur aldrei tillit til sagnfræðinnar í þessu máli.

[16:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér eru algerlega ljós tildrög og upphaf þess að lagt var á kvótakerfi í íslenskum sjávarútvegi. Ég hef verið að reyna að koma hv. þm. í skilning um það að þegar kvótakerfið var tekið upp urðu til ný verðmæti í íslensku þjóðfélagi sem varðar verðmæti veiðiheimilda sem ríkisvaldið úthlutar. Þessum veiðiheimildum var úthlutað á grundvelli veiðireynslu og eftir ákveðnum reglum, allt samkvæmt lögum. Umræðan snýst um þessar veiðiheimildir sem núna ganga kaupum og sölum, þessi verðmæti sem við erum að tala um í sambandi við þetta frv. Verðmætið er ekki lengur í skipunum einum. Skip eru hins vegar ekki verðlaus, en þau öðlast fyrst og fremst verðgildi með veiðiheimildunum. Þess vegna eru skip og kvóti ein heild í þessu frv. og um það snýst málið varðandi veðsetningu kvótans.

Hins vegar kom fram í ræðu þingmannsins áðan varðandi sóknardaga hvort einhver grundvallarmunur væri á því hvort kvótatonnum eða sóknardögum væri úthlutað. Það er enginn grundvallarmunur á því, því að þá er líka verið að úthluta verðmætum sem hugsanlega gætu gengið kaupum og sölum. Hvort sem menn vildu það kerfi eða ekki, er ríkisvaldið líka

að úthluta verðmætum sem yrðu þá fénýtt af hálfu þeirra aðila sem fá þeim úthlutað. Það er því enginn grundvallarmunur á að láta greiða fyrir aðgang að fiskveiðum í aflamarkskerfi eða í sóknarmarkskerfi. Veiðileyfagjald er óháð stjórnkerfi fiskveiða og það er mjög mikilvægt atriði. En menn verða að hafa áttað sig alveg á því að takmarkanirnar sem ríkið setti á þessar veiðar, eins og gerist alls staðar í hagkerfinu, þ.e. takmörkuð gæði verða verðmæt í sjálfu sér.

[16:45]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. orðaði það svo hér áðan að það hefðu orðið ný verðmæti til þegar kvótinn var settur á. Ég notaði einmitt dæmisögu af einni útgerð til að benda á hvernig þessi verðmæti hefðu orðið til og hvað hefði orðið um þau. Þessi verðmæti urðu til annars vegar með því að tillit var tekið til aflareynslu. Útgerðarmaðurinn sem ég tiltók fékk sem sagt náðarsamlegast heimild til þess að veiða það sem hann hafði veitt og það sem hann hafði keypt skipið sitt til þess að veiða. Í öðru lagi fékk hann heimildir sem hann keypti fyrir peninga. Og hvað varð svo um þessi verðmæti sem hv. þm. telur að nú eigi að verða til þess að sérstakt auðlindagjald verði lagt á ? Hvað varð um þessi verðmæti? Þau voru skorin miskunnarlaust niður úr 800 tonnum niður í 250 tonn. Það var nú það sem varð um verðmætin. Ég hefði þá gjarnan viljað varpa þeirri spurningu fram hvort hv. þm., miðað við söguna og miðað við þessar forsendur, gerir þá ekki ráð fyrir því að skila eigi útgerðarmanninum þessum verðmætum sem búið er að skera niður áður en farið er að tala um auðlindaskatt.

[16:47]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér ofbauð málflutningur síðasta ræðumanns, hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Hann sagði réttilega að auðlindin væri ekki auðlind eða væri ekki nýtt nema til kæmu skip og útgerðarmenn. En það þarf líka sjómenn og aflinn kæmist ekki á land ef þeir væru ekki við vinnu. Við heyrum að sægreifunum sé farið að líða illa undir þeim málflutningi sem er í þjóðfélaginu. En er það nokkuð skrýtið þegar þeir eru að verða, ekki bara milljónamæringar heldur milljarðamæringar. Hér er ég t.d. með blað sem greinir frá því að einn eignaðist 105 milljónir bara á því að selja frá sér síldarkvóta sem hann fékk úthlutað þó hann hafi ekki stundað síldveiðar liðin ár. Já, þessum sægreifum hlýtur að líða illa. Og er það nokkuð skrýtið? Þeir borga 200 millj. kr. í tekjuskatt. Ríkið greiðir 1,5 milljarða í laun til sjómanna vegna sjómannaafsláttar. Þeir afskrifa kvótakaup á fimm árum þó það megi færa rök fyrir því að kvótinn vaxi í verði. Þeir láta sjómenn greiða kvótann en hirða svo arðinn sjálfir þegar þeir selja hann. Þessir útgerðarmenn svífast einskis og stökkva jafnvel frá borði og selja kvótann frá heilu byggðarlögunum. Þó að miðað sé við veiðireynslu þá eiga auðvitað sjómenn og byggðirnar að koma þar að líka. Frv. festir í sessi þetta fáránlega kerfi sægreifa og ég held að þeim mundi líða best sjálfum ef þessu kerfi yrði breytt. Það mun aldrei nást sátt um það. Þetta frv. er skref í þá átt að festa núverandi lög um stjórn fiskveiða í sessi og þess vegna verður að breyta 3. gr. þess.

[16:49]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil mjög vel að hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, 19. þm. Reykv., hafi ofboðið málflutningur minn. Það er nú varla við öðru að búast. Mér hefur líka ofboðið málflutningur hennar og sá skilningur sem hún hefur lagt í þá aðstöðu sem er gert er út við á Íslandi. Ég geri mér ekki vonir um að geta komið henni á rétt spor í þeim efnum, því fer víðs fjarri.

Hér var minnst á nokkur atriði sem rétt er að víkja að. Hv. þm. talar um að sjómennirnir ættu væntanlega að eiga eitthvað í kvótanum líka fyrst útgerðarmennirnir eiga það. En það er nú einu sinni svo að sjómennirnir komast ekki á sjó nema menn séu viljugir til þess að fjárfesta í skipum. Og eins og ég gat um áðan þá er það orðið þannig að fjárfesting í atvinnutækjum sjávarútvegsins er alltaf að verða dýrari og dýrari. Hún er meira að segja orðin svo dýr nú að farið er að tala um það sem hneyksli ef menn kaupa sér nýjan togara vegna þess að þeir eru svo dýrir. Það er í sjálfu sér ekki verið að tala um að það sé hneyksli að þessi skip séu þannig útbúin að þau eru boðlegir vinnustaðir núna og að slys á sjómönnum eru ekki eins tíð og þau voru áður. Aðstæður sem íslenskir sjómenn bjuggu við á árum áður voru náttúrlega gjörsamlega óviðunandi enda hvergi eins mikil slysatíðni og í þessari atvinnugrein. En núna er hins vegar betri tíð. Það er boðið upp á, einkum og sér í lagi á stærri skipunum, mjög viðunandi aðstæður. Þetta kostar að sjálfsögðu mikla peninga. Þannig að fjárfesting í útgerð er mikið fjárhagsspursmál. Þar af leiðandi skiptir máli að til þess að sjómennirnir geti komist á sjó og búið við mannsæmandi aðstæður að mikla fjárfestingu þarf. Og það er þessi fjárfesting sem er og hefur alltaf verið skilyrði fyrir því að menn geti gert fiskimiðin að auðlind. Ég sé að ég hef ekki tíma til að koma inn annað atriði sem nefnt var en mun víkja að því í seinna svari mínu.

[16:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vék að því að sægreifarnir væru að verða ríkir á því að selja þjóðinni aflaheimildir sem þeim er úthlutað frítt. Og ég vil vegna orða um að dýrt sé að kaupa skip vekja athygli hv. þm. á því að í nýjasta fréttablaði LÍÚ kemur fram í viðtali við Sigurð B. Stefánsson að af heildarverðmæti í sjávarútvegi eru skipin aðeins 22% en aflaverðmætið 45%. Það er því tæpur helmingur af aflaverðmæti fyrirtækjanna sem sægreifar fá frítt. Af þeim 10 af 15 sjávarútvegsfyrirtækjum sem nú eru á hlutabréfamarkaði er heildarverðmæti skipa 22% en heildarverðmæti aflaheimilda 45%. Ég blæs því á þessar röksemdir um aumingja útgerðarmennina sem eru að fjárfesta í skipum.

[16:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var vikið að því áðan að útgerðin skilaði litlum 200 milljónum í tekjuskatt. Það er rétt. Svo virðist vera sem útgerðin skili mjög litlum tekjuskatti. En er þá ekki rétt að menn fari að víkja örlítið að því við hvaða aðstæður útgerð var rekin hér fyrir nokkrum árum. Útgerðin var orðin stórskuldug og hún hefur einmitt á þessum árum verið að nýta sér rétt sinn til þess að lækka skuldirnar og reikna sér inn þann taprekstur sem reyndar er miðaður við ákveðinn árafjölda hér þó víðast hvar erlendis sé hann ótakmarkaður í árafjölda. Útgerðin er núna að nýta sér þennan frádrátt og þessar skattgreiðslur munu breytast mjög verulega á þessu ári og á næsta ári. Það er bara fyrirsjáanlegt ef menn vilja hafa fyrir því að líta á það.

Í síðasta lagi kom fram að kvóti væri seldur frá byggðarlögunum og þau skilin eftir í uppnámi. En vilja menn ekki

hugleiða það, og þá sérstaklega hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, að byggðarlögin voru ekkert betur sett þegar útgerðir fóru á hausinn og skip voru seld burtu úr byggðarlögunum hér á árum áður. Þá var nákvæmlega sama vandamálið uppi sem náttúrlega styrkir þá skoðun mína sem ég lagði fram áðan að aðgangurinn að fiskimiðunum var náttúrlega áður útgerðarinnar. Nú hefur þetta verið sameinað, þ.e. kvótinn og skipin og þar af leiðandi er eðlilegt að kvótinn fari úr byggðarlögunum ef ekki tekst að reka skipin. Það er sama lögmál og áður gilti þannig að það hefur ekki breyst með kvótakerfinu. Það er mjög algengt að menn kenni kvótakerfinu um ýmis vandræði sem koma upp í þessu þjóðfélagi en eru því gjörsamlega óskyld.

Ég verð að geta þess í lokin að því miður get ég nú ekki verið við framhaldið á þessum merku umræðum. Ég þarf að þjóta í flugvél sem er að fara til Akureyrar og missi því að þeirri athugasemd sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson kemur hér á framfæri. En ég mun að sjálfsögðu lesa þingtíðindin og kynna mér athugasemdir hans.

[16:55]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þm. Tómas Ingi Olrich skuli þurfa að hverfa héðan af vettvangi eftir að hafa a.m.k ...

(**Forseti** (GÁS): Gefið ræðumanni hljóð.)

Herra forseti. Ég hygg að það sé allt í lagi þó hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason taki til máls, jafnvel þó hann geri það bara úr sæti sínu, vegna þess að við höfum ekki heyrt mikið til Framsfl. illu heilli hér í dag. Þannig að ég get vel (Gripið fram í.) þagað á meðan hv. þm. veitir nokkrum athugasemdum til mín.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns að það væri miður að hv. þm. Tómas Ingi Olrich þyrfti að hverfa af vettvangi og fara norður í land en við því er ekkert að segja. Hann lagði hér inn efnivið í ansi góða umræðu sem hefði getað staðið lengi dags. Ég tel þó að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir hafa svarað honum hárrétt í andsvari sínu áðan. Staðreyndin er auðvitað sú að það er með engu móti hægt að koma hér eins og hv. þm. gerði og tala um að útgerðarmenn á Íslandi sé einhver sérstakur hópur smælingja sem menn megi ekki tala harkalega um og menn megi ekki gagnrýna. Útgerðarmenn eru forréttindastétt, örfámennur hópur forréttindaaðals sem hefur í krafti gallaðs kerfis og fyrir tilstyrk stjórnvalda tekist að sölsa undir sig gríðarleg verðmæti. Það er ekki nema von að menn taki stórt upp í sig og þeim hitni í hamsi þegar þeir horfa upp á þessa stærstu eignatilfærslu aldarinnar sem er að verða einmitt þessi árin, þessi missirin. Og það sem er hér undir í dag er auðvitað spurningin: Stuðlar frv. sem við erum að ræða hérna að því að þessi eignatilfærsla haldi áfram og henni verði ekki við snúið, hvort hægt verði að halda til baka eða ekki? Um það snýst þetta mál að verulegu leyti a.m.k. frá þeim sjónarhóli sem ég stend þegar ég lít yfir það. En vegna þess að menn hafa átalið þingmenn, m.a. þann sem hér stendur, fyrir að hafa notað nokkuð stór orð í umræðu um þetta þá er vert að rifja upp að það er ekki í fyrsta skipti sem það hefur gerst úr þessum ræðustóli, hvorki af vörum þessa þingmanns né annarra. Og ef hv. sjálfstæðisþingmönnum hér á suðvesturhorninu eða norðan lands bregður í brún við að heyra slík ummæli, þá legg ég til að þeir lesi t.d. leiðara og greinar sem af og til birtast í blöðum sjálfstæðismanna á Vestfjörðum. Ég hef nefnilega sjaldan séð menn kveða jafnfast og vasklega að orði um þessi mál og einmitt þar.

Herra forseti. Menn hafa velt því fyrir sér hvort frv. sem hérna er undir takmarki aflaheimildir og hvort það eigi að taka afstöðu til þess út frá því eða ekki. Það skiptir litlu máli fyrir mig. Það sem ég hef reynt að glöggva mig á undir þessum mörgu ræðum sem fluttar hafa verið í dag er aðallega tvennt. Í fyrsta lagi: Felur frv. í sér að aflaheimildir séu veðsettar? Og í annan stað: Er nauðsyn á því að frv. komi fram?

Eftir því sem umræðunni vatt fram myndaði ég mér ákveðna skoðun á fyrra atriðinu og setti hana fram í andsvari við hv. þm. Sturlu Böðvarsson. Þar var það kjarninn í minni athugasemd að frv. leiddi til þess að aflaheimildir væru veðsettar. Hv. þm. Sturla Böðvarsson, eins og þeir sem voru viðstaddir umræðuna tóku eftir, sagði að sá þingmaður sem hérna stæði skildi frv. alveg rétt. Með öðrum orðum gat ég ekki séð annað en að hv. þm. væri þeirrar skoðunar að skilningur minn væri réttur, þ.e. að aflaheimildir væru veðsetjanlegar samkvæmt frv. Nú er það auðvitað svo að annar þingmaður stjórnarliðsins, hv. þm. Kristján Pálsson, hefur með miklu ítarlegri og rökfastari hætti heldur en ég sýnt fram á þetta hérna áður í dag. Með öðrum orðum: Fyrir mér liggur svarið fyrir varðandi fyrra atriðið. Aflaheimildir eru veðsetjanlegar. Það er þess vegna sem ég hef í dag saknað mjög að sjá nánast enga framsóknarmenn við umræðuna. Við skulum ekki gleyma því að fjórir eða fimm framsóknarmenn fóru mikinn í fjölmiðlum og lýstu því yfir að fyrr skyldu þeir kaldir liggja en yfir þá yrði gengið með þetta frv. Þar á meðal voru t.d. hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason sem hér er nú staddur og getur væntanlega skýrt sína afstöðu. Hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason hafði t.d. þetta að segja í viðtali við Alþýðublaðið miðvikudaginn 4. des. þegar niðurstaða var komin í deilu stjórnvalda, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er búið að gera miklar breytingar á frumvarpinu og við erum enn að ræða og velta því fyrir okkur. Í hjarta mínu er ég enn ekki alveg sannfærður en mér finnst frv. hafa breyst mikið til batnaðar."

Hv. þm. var í hópi þeirra sem kváðust ekki geta fallist á það að aflaheimildir væru veðsettar. Nú er það alveg ljóst, eins og hefur komið fram í máli þessara tveggja stjórnarliða sem ég drap á áðan í máli mínu, að þeir telja að hér sé um veðsetningu að ræða. Ég tel óhjákvæmilegt að hv. þm. Ísólfur Gylfi skýri hvað olli því, hvað reið baggamuninn í því að hann öðlaðist sannfæringu í málinu og að hann er þá væntanlega þeirrar skoðunar að ekki sé um veðsetningu að ræða.

Ég tel líka að það hefði verið skemmtilegra a.m.k. að aðrir þingmenn Framsfl. eins og hv. þm. Magnús Stefánsson væru hérna líka. Hv. þm. sagði í sama blaði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef verið þeirrar skoðunar að ekki eigi að veðsetja kvóta." Ég spyr því þennan hv. þm. ef hann heyrir mál mitt núna: Getur hann sýnt mér fram á með rökum að hér sé ekki um veðsetningu að ræða? Hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson hafði líka svipuð rök uppi en er illu heilli erlendis, en þrátt fyrir að fylgdarsveinn hans á ferðalagi erlendis sé hv. þm. Hjálmar Árnason og geti þar af leiðandi ekki svarað, þá get ég ekki komist hjá því en drepa lítillega á þær hástemmdu yfirlýsingar sem hv. þm. Hjálmar Árnason hafði uppi í þessu máli. Hann sagði í fyrsta lagi að ef kvótinn væri veðsettur væri verið að brjóta niður þá þjóðareign sem lögin segja að

felist í sameign okkar á miðunum. Hann sagði jafnframt að með því að heimila veðsetningu væri verið að festa kvótaeignina, ekki bara við ákveðna einstaklinga heldur ákveðnar útgerðir. Hann sagði í þriðja lagi að með þessu væri verið að búa til hefð til eignarréttar sem mundi leiða til þess að tiltekinn hópur manna mundi um síðir gera tilkall til þessarar eignar. Í fjórða lagi var það ályktunin sem hv. þm. Hjálmar Árnason dró af því ef kvóti yrði veðsetjanlegur, þá væri búið að lögfesta kvótabraskið. Ég spyr: Hvar er þessi svinna sveit framsóknarmanna sem hefur haft uppi stóryrtar yfirlýsingar? Af hverju kemur hún ekki hingað og skýrir mál sitt, skýrir sinnaskiptin og skýrir fyrir okkur hvernig á því stendur að þessir menn hverfa úr þingsölum þegar við erum að ræða þetta? Því miður verður það að segjast að það gerist allt of oft að Framsfl. og hv. þm. hans hafa uppi yfirlýsingar fjarri þingsölum sem eru víðs fjarri stefnu ríkisstjórnarinnar, víðs fjarri því sem hæstv. sjútvrh. hefur uppi. En þegar hingað er komið sjást þessir þingmenn ekki þegar við ræðum nákvæmlega þessi mál. Það er sama hvort við ræðum um smábátaflotann, um að færa togarana út fyrir tilteknar dýptarlínur, um hlutfallið sem bátaflotinn átti að fá. Þegar mál þessi koma hingað til umræðu gufa þessir þingmenn upp og sumir þeirra eru þó þannig vaxnir að það þarf talsvert mikið að ganga á til að þeir gufi upp.

Herra forseti. Ég segi þetta vegna þess að mér finnst ekki heiðarlegt af þeim mönnum sem fjarri þingsölum fara mikinn og lýsa yfir mjög afdráttarlausum skoðunum sem ganga í berhögg við yfirlýstan vilja stjórnarinnar er þeir þegja þunnu hljóði þegar til stykkisins kemur í þessum sölum. Þannig eiga menn ekki að vinna.

Herra forseti. Hv. þm. Framsfl., Guðni Ágústsson og Siv Friðleifsdóttir, höfðu líka mjög skeleggar yfirlýsingar uppi í þessu máli en þau mega þó eiga það að þau komu hér í dag og stóðu fyrir sínu máli. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því hversu vel sú málsvörn gekk. Mér þótti hún ekki góð en menn komu þó hér og stóðu fyrir málinu og eins og hv. þm. Guðni Ágústsson sem svaraði spurningum sem til hans var beint. Það var reyndar hv. þm. Guðni Ágústsson sem sagði að aldrei skyldi óveidda fiska í sjónum veðsetja og það var einmitt í þeirri sömu ræðu sem hann sagði:

Og því geng ég fár og fölur
með framandi jörð við il.
Það vex eitt blóm fyrir vestan
og veit ekki, að ég er til.

Ég verð að segja að þegar kemur að því að berjast gegn veðsetningum og aflaheimildum, þá er hv. þm. Guðni Ágústsson eins og blómið fyrir vestan, hann er ekki til, hann er rótslitinn. Hann hefur skipt um skoðun sem er óvanalegt. En hann hefur þó komið og gert tilraun til þess að verjast í málinu. Vörnin var ekki góð.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir lét þess getið ótilkvödd, ekki einu sinni og ekki tvisvar heldur þrisvar sinnum í fjölmiðlum að hún hefði gerbreytt stefnu hæstv. sjútvrh. Hún hefði unnið sigur í málinu. Hún hefði leitt til þess að inn í þetta frv. væri komin ákveðin framsetning sem gerði það að verkum að ekki væri um það að ræða að aflaheimildir væru veðsettar.

Um þessar breytingar hefur einn þingmaður fjallað ítarlega í dag. Það var hv. þm. Kristján Pálsson. Ræða hans fjallaði að helmingi til um þær breytingar sem frv. tók í meðförum stjórnarliðanna meðan á þessari togstreitu stóð. Vegna þess að Framsfl. sagði: Við höfðum sigur í málinu. Vegna þess að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði: Ég leiddi til þess að Framsfl. stendur uppi sem sigurvegari í deilunni við hæstv. sjútvrh., þá er nauðsynlegt að rifja það ítarlega upp að niðurstaða hv. þm. Kristjáns Pálssonar varð sú að með þessum breytingum sem Framsfl. gumar af væri fundin eina raunhæfa leiðin til að hægt væri að veðsetja kvóta. Með öðrum orðum var það Framsfl. og íhlutun hans í málinu sem leiddi til þess að leið fannst sem hægt var að setja fram þar sem aflaheimildir væru veðsettar. Ef Framsfl. hefði þagað þunnu hljóði, ég gagnálykta út frá því sem hv. þm. Kristján Pálsson segir, hefði þessi leið ekki fundist. Þá væri það ekki hægt og hæstv. sjútvrh. væri enn að glíma við það mikla Herkúlesarverkefni að finna þessa leið sem Framsfl. montar sig af að hafa fundið. Með öðrum orðum, það verður dálítið erfitt fyrir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og Hjálmar Árnason þegar þau ganga næst í slaginn á Suðurnesjum og þurfa að standa fyrir sínu máli, þurfa að standa frammi fyrir þeim sem ásaka stjórnarliðið og aðra um að hafa átt þátt í því að færa kvótann úr þjóðareign, úr sameigninni yfir á hendur mjög fárra. Þá standa þau frammi fyrir því að úr stjórnarliðinu komu rökföstustu athugasemdirnar sem leiddu til þessarar niðurstöðu, að það er Framsfl. sem hefur gert það mögulegt að hægt er að veðsetja kvótann.

Seinni spurningin sem ég reyndi að velta fyrir mér meðan ég var að hlusta á ræðurnar í dag var: Er þetta nauðsynlegt? Mér fannst ræður hæstv. sjútvrh. að mörgu leyti góðar. Mér fannst hæstv. sjútvrh. hafa ýmislegt til síns máls. Hæstv. sjútvrh. sagði að nauðsynlegt væri að eyða réttaróvissu og hann sagði: Ef við tökum ekki af skarið í þessum efnum þá hefði það áhrif á lánastarfsemi bankanna. Það gæti leitt til misréttis. Það misrétti væri þrenns konar.

Í fyrsta lagi væri það annars vegar misrétti sem sjávarútvegurinn sætti gagnvart öðrum atvinnugreinum.

Í öðru lagi kallaði hann það líka misrétti dreifbýlisins gagnvart þéttbýlinu og ég átti erfiðara með að skilja það.

Í þriðja lagi væri það misrétti sem smærri fyrirtæki sættu gagnvart þeim sem stærri eru.

Ef um misrétti er að ræða milli atvinnugreina fellst ég á fyrir mitt leyti að það hlýtur að leiða til m.a. vaxtamunar. Það hlýtur að leiða til þess að greinin mundi um síðir standa uppi með verri lánakjör og þar af leiðandi væru samkeppnisskilyrði hennar verri. Þetta eru sterk rök hjá hæstv. sjútvrh. En lítum á forsendur þess að hann heldur þessu fram. Það er dómur sem fallinn er í tiltölulega veigalitlu máli þar sem hagsmunirnir voru svo litlir að ekki var einu sinni talið nauðsynlegt að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Ég segi, herra forseti: Þetta er að mínu mati ekki nægilegt til að hægt sé að halda því fram að það sé réttaróvissa. Ef réttaróvissan er farin að hafa þau áhrif á sjávarútveginn sem hæstv. sjútvrh. sagði, hver mundi fyrst finna það? Greinin sjálf. Og greinin sjálf mundi koma til þingsins, til hæstv. sjútvrh. og óska eftir að þessi samkeppnisskilyrði yrðu leiðrétt. En það hefur komið fram, ég hygg í máli hæstv. ráðherra, alla vega einhverra hér í dag, að engin slík ósk hefur birst. Hæstv. sjútvrh. sagði hins vegar og það hefur verið ítrekað af öðrum stjórnarliða að ekki væri að vænta kollsteypu innan greinarinnar þó þetta yrði ekki samþykkt. Hvers vegna dreg ég mig að þessari niðurstöðu? Vegna þess að í bestu ræðunni sem hér hefur verið flutt í dag, ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar, var farið mjög yfirvegað yfir þessi mál. Niðurstaða þingmannsins var sú að réttast væri að bíða með málið. Af hverju vildi hann það? Hann vildi að beðið væri með málið vegna þess að það miklar deilur væru uppi um sjávarútveginn, einkum um

fiskveiðistjórnkerfið, að óæskilegt væri að koma fram með mál sem leiddu til enn meiri óróleika í kringum kerfið. Það er auðvitað alveg ljóst að þegar hálf þjóðin er þeirrar skoðunar, eins og hún virðist vera, að frv. sem hér liggur fyrir verði til þess að treysta séreign hinna fáu á kvótanum, á miðunum, þá er það auðvitað eldsneyti, það er olía á þetta bál. Að því leyti til hefur hv. þm. Ágúst Einarsson alveg rétt fyrir sér.

Helstu rökin sem hæstv. sjútvrh. gæti teflt gegn þessu væru þau að þessi réttaróvissa sem hann hefur bent á væri að baka greininni kostnað. En ég tel að ég hafi sýnt fram á það í máli mínu að svo er ekki. Hæstv. sjútvrh. segir sjálfur að þetta muni ekki valda kollsteypu og það hefur komið fram að greinin hefur ekki orðið vör við þetta í þeim mæli að henni séu búin verri skilyrði en öðrum greinum. Þess vegna hnígur mitt mál að þeirri niðurstöðu að hv. þm. Ágúst Einarsson hafi rétt fyrir sér þegar hann segir: Það er svigrúm til að bíða með þetta mál. Ég tel þess vegna, herra forseti, að hæstv. sjútvrh. ætti að taka mið af því og ef hann raunverulega vill lægja öldurnar í kringum stjórnkerfi fiskveiða ætti hann ekki að ýta þessu máli svo fast fram sem hann gerir núna. Hann ætti auðvitað ekki að reyna að koma inn í þingið með mál sem eru líkleg til þess að glæða ófrið í kringum stjórnkerfið. Það er nóg af slíku. En þetta mál er fallið til þess, herra forseti.

[17:13]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson taldi í ræðu sinni að útgerðarmenn hefðu ekki orðið varir við þá réttaróvissu sem hér hefur verið til umræðu. Ég veit hins vegar til þess að útgerðarmenn telja sig hafa orðið fyrir réttaróvissu. Ég tel raunar nokkuð ljóst að ef þessi réttaróvissa verður ríkjandi um lengri tíma muni það fyrst og fremst koma niður á hinum smærri útgerðum, einstaklingsútgerðunum. En hins vegar munu þeir stóru, sægreifarnir sem svo eru kallaðir, og stóru útgerðarfyrirtækin geta bjargað sér og sínum málum einfaldlega með því að leita til fjármagnsmarkaðarins og gefa út annaðhvort hlutabréf eða skuldabréf án þess að þurfa að leita til lánastofnana.

Ég veit hins vegar, herra forseti, að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur borið hag minni útgerða fyrir brjósti og því teldi ég að það væri meira í samræmi við hans málflutning í þinginu að undanförnu að hann styddi þetta frv. heldur en hann mælti gegn því.

[17:14]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einungis að reyna að ræða málefnalega um þetta. Ég er búinn að sitja hér í allan dag og hlusta á allar ræðurnar og mér hefur fundist margar góðar. Það sem ég sagði áðan var að margt væri til í röksemdum hæstv. sjútvrh. En ég færði rök að því að sú skoðun sem hv. þm. Ágúst Einarsson setti fram ætti rétt á sér. Þessi skoðun hv. þm. var sú að það væri ekkert svo knýjandi að nauðsynlegt væri að samþykkja þetta núna.

Það hefur ekkert komið fram í umræðunum í dag fyrr en í þessari athugasemd hv. þm. Árna M. Mathiesens. Ég hef hér einhvers staðar fyrir framan mig viðtal við Jónas Haraldsson, lögfræðing Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem hann segir að þetta breyti engu fyrir þá. Þetta tryggir bara betur hag bankanna. Þetta getur vel verið rétt sem hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði, en hann sagði að hann teldi að þetta gæti orðið með þeim hætti sem hann lýsti. Það getur vel verið. Bíðum eftir því, látum það koma fram og þá skulum við taka ákvörðun um hvernig við tökum á því. En réttaróvissan sem sögð er vera til staðar núna er það lítilvæg, tel ég, að hún hefur t.d. ekki komið fram í því að sjávarútvegurinn eigi eitthvað erfiðara með að afla sér fjármagns. Þvert á móti tel ég að fram undan séu tímar sem gera það að verkum að sjávarútvegurinn vegna batnandi árferðis, vegna hagræðis í greininni, vegna meira fjármagns í umferð, veltiárs, eigi miklu auðveldara með að verða sér úti um fjármagn en hann hefur átt á undanförnum árum.

[17:16]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það er mun auðveldara fyrir stór og sterk fyrirtæki að útvega sér fjármagn á markaðinum en fyrir hina smærri útgerðir. Þess vegna skil ég ekki að málflutningur hans geti gengið út á það að við þurfum sífellt að bíða eftir því að við lendum í vandræðum. Af hverjum getum við ekki leyst úr fyrirsjáanlegum vandamálum áður en þau eru farin að hafa áhrif á t.d. hinar smærri útgerðir sem hv. þm. ber fyrir brjósti?

[17:16]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að því færri lög sem Alþingi Íslendinga setur, þeim mun betur farnast íslensku þjóðinni. Og síst hefði ég talið að hv. þm. Árni M. Mathiesen yrði í þeim hópi sem óskaði eftir því að við settum lög vegna einhvers konar vanda sem væri fyrirsjáanlegur og kynni e.t.v. að koma fram en hefur ekki enn komið fram. Ég skal ræða þetta við hv. þm. þegar vandamálið hefur bært á sér. Það hefur ekki gert það, ekki heldur fyrir smærri útgerðirnar. (**ÁMM:** Ég var að segja það.)

[17:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef það er mat hv. 15. þm. Reykv. að sá dómur sem fyrir liggur og vitnað hefur verið í breyti engu um réttarstöðu og valdi ekki réttaróvissu þá er staðan sú að heimilt er að veðsetja aflaheimildir. Er það raunverulega ósk hv. þm.? Ég hef ekki skilið málflutning hans á þann veg.

En til þess að hv. þm. skilji betur hvaða réttaróvissa er hér uppi, þá ætla ég að vitna hér, með leyfi forseta, í bréf Seðlabanka Íslands sem hann hefur skrifað allshn. vegna þessarar óvissu. Bréfið er undirritað af tveimur bankastjórum, Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Steingrími Hermannssyni, í maí í vor og eftir að dómurinn lá fyrir. Í bréfinu segir svo:

„Sú óvissa sem er til staðar um gildi greiðslutrygginga með veði í fiskiskipi með aflaheimild, hlýtur að leiða til endurskoðunar á vinnubrögðum lánastofnana að því er varðar lánveitingar. Mun bankaeftirlit Seðlabankans vekja athygli stjórnenda lánastofnana á þeirri áhættu sem slíkum lánveitingum er samfara við núverandi aðstæður og hvetja til ýtrustu varfærni í þeim efnum, setji löggjafinn ekki skýrar reglur, sem heimila veðsetningu aflaheimilda (aflahlutdeildar) skips."

Með öðrum orðum, Seðlabankinn er búinn að lýsa því yfir að hann muni hvetja lánastofnanir til þess að draga úr lánveitingum til sjávarútvegsins verði réttaróvissunni ekki eytt. Það er það sem liggur fyrir í þessu máli. Og þeir sem vilja ekki eyða réttaróvissunni eru að óska eftir því að upp komi sú staða sem Seðlabankinn er að hóta hér, að bankarnir verði að draga úr lánveitingum til sjávarútvegsins. Og ég vil gjarnan að þeir þingmenn komi hingað og segi að það sé

markmið þeirra með þessari umfjöllun að sú staða komi upp gagnvart sjávarútveginum.

[17:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er jafnan háttur hæstv. sjútvrh. í umræðum sem þessari að reyna að draga þær niður á þetta ómálefnalega plan, að gera mönnum upp einhverjar illar hvatir eins og ég þóttist kenna á máli hæstv. sjútvrh. Það sem fyrir mér vekti og kannski öðrum hv. þingmönnum væri aðallega að koma sjávarútveginum á kné. Það er auðvitað fjarri því. Eins og hæstv. sjútvrh. veit hefur sennilega ekkert mál tekið jafnmikið af tíma hv. þingmanna Alþfl. og Þjóðvaka eins og einmitt sjávarútvegurinn. En hvenær var þetta bréf sem hæstv. sjútvrh. las hér upp áðan skrifað? Það var skrifað fyrir níu mánuðum. Hefur þessi réttaróvissa, sem ég taldi hér áðan lítilvæga, orðið til þess að sjávarútvegurinn, lítil fyrirtæki eða stór fyrirtæki búi við versnandi kjör eða verri kjör? Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef satt að segja ekki orðið var við að þessi réttaróvissa kæmi nokkurs staðar fram nema í máli hæstv. sjútvrh. og í deilum milli stjórnarliðanna.

[17:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að ef Alþingi eyðir ekki réttaróvissunni, þá verða lánastofnanir að bregðast svona við og afleiðingarnar verða augljósar fyrir sjávarútveginn í landinu og veikja stöðu hans. Það er þegar farið að örla á mjög óæskilegri þróun í þessu efni. Þess eru dæmi að bankar séu farnir að stofna eignarhaldsfélög sem eiga skip sem þau aftur leigja útgerðarfyrirtækjum vegna þess að réttaróvissa er um þessi efni og ekki hægt að hafa lánveitingar eðlilegar. Ég er alveg sannfærður um að fyrirkomulag af því tagi er ekki það sem hv. 15. þm. Reykv. óskar sér. Og ég er alveg sannfærður um að hann vill eyða slíkri óvissu og koma á slíku fyrirkomulagi að lánveitingar geti verið eðlilegar í þessari atvinnugrein eins og öðrum.

[17:21]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. getur rétt til um hug minn í þeim efnum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að við eigum að bíða eftir því að þetta gerist. Við skulum láta Seðlabankann standa við þessa hótun sína. Ég lýsi því yfir að hjá lögfræðingi Landssambands ísl. útvegsmanna hefur komið fram að þetta breyti litlu fyrir þá.

Það er auðvitað mjög mikilvægt þegar slíkt kemur fram, að ég hygg tiltölulega nýlega eða undir lok síðasta árs, þrátt fyrir bréfið frá þessum tveimur ágætu bankastjórum Seðlabankans. Menn hljóta auðvitað að þurfa að skoða það í ljósi þess bréfs.

[17:22]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi spjótum sínum sérstaklega að mér í ræðu sinni hér áðan. Reyndar var býsna erfitt að átta sig á því hvað hann var að fara vegna þess að meginþorri tíma hans fór í að lesa upp úr Alþýðublaðinu, því merka blaði. Ég hef aldrei verið með hástemmdar yfirlýsingar í þessu máli. Ég tel þó mjög brýnt eins og fram hefur komið hér í umræðunni að eyða þeirri réttaróvissu sem rætt hefur verið um og ég tel líka að samningsveðið sé þannig sett fram að það eru alveg ákveðnar kvaðir í sambandi við það og ég mun því styðja þetta frv.

Ég tel líka að þetta komi sér vel fyrir smærri útgerðir í landinu. Þær hafa átt erfiðara með að fá lán í lánastofnunum. Stóru útgerðirnar eiga ekki í sömu vandræðum og minni útgerðir hvað lántökur varðar.

[17:24]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég hefði talið æskilegt að kæmi fram í máli hv. þm. Ísólfs Gylfa er hvort hann telur að með þessum lögum sé verið að heimila að veðsetja kvóta. Ég tel mikilvægt að það komi fram.

Hins vegar varðandi þessa réttaróvissu sem hv. þm. nefnir og hæstv. sjútvrh. hefur nefnt margsinnis í dag er spurningin þessi: Er það krafa útgerðarmanna að þessari réttaróvissu sé eytt eða er það bara krafa bankanna? Það er nefnilega svo að það er bara krafa bankanna en ekki þeirra sem taka þessi lán.

[17:24]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í raun og veru (Gripið fram í.) að það sé hreinlega óheimilt að veðsetja aflaheimildirnar. Alveg eins og kom fram í máli mínu áðan hef ég átt viðtöl við marga útvegsmenn, t.d. í Vestmannaeyjum, þar sem menn hafa lent í vandræðum með lántökur í litlum útgerðarfyrirtækjum. Þeir hafa eindregið hvatt til þess að réttaróvissunni verði eytt og þess vegna er ég fylgismaður þessa frv.

[17:25]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er langt mál sem menn ræða hér um réttaróvissu. Ég hef aldrei séð þetta bréf frá þessum tveimur bankastjórum Seðlabankans en ef ég hjó rétt eftir því sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan, þá felur það í sér beina ósk um að veitt verði lagaheimild til þess að veðsetja kvóta. Er það ekki orðað þannig? Það er með öðrum orðum verið að breyta lögum til þess að taka undir þessa ósk og þar með hljóta menn að fallast á og álykta að verið sé að breyta lögum í þá átt að það megi veðsetja kvóta. En það er það sem hv. þingmenn Framsfl., og ég man ekki betur en einmitt þessi þingmaður, hafa alltaf verið á móti. Veðsetning eða ekki veðsetning. Ef ég tek lán hjá hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, þá get ég ekki boðið fram að veði fasteign sem hæstv. sjútvrh. á. Ef útgerðarmaður tekur lán hjá banka mun það leiða til þess ef menn samþykkja þessi lög að ef hann getur ekki greitt lánið, þá tekur bankinn veðið, gengur að veðinu. Hann tekur ekki bara skipið, hann tekur aflaheimildirnar líka.

[17:27]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þær umræður sem hafa farið hér fram í dag eru um margt athyglisverðar og hafa um flest verið málefnalegar. Það eru einkanlega tvö atriði og álitaefni sem standa upp úr eftir þessa umræðu. Annað þeirra er lögfræðilegt en hitt er hreint pólitískt álitaefni.

Það atriði sem er lögfræðilegt er sú fullyrðing sem hér hefur komið fram hjá þó nokkrum þingmönnum að ákvæði frv. um að takmarka framsal á aflaheimildum við tiltekin skilyrði feli í sér að 1. gr. frv. um stjórn fiskveiða veikist og eignarréttur útgerðarmanna á aflaheimildum styrkist. Þeim sem komu með þennan málflutning hefur ekki tekist að sýna fram á neitt rökrænt samhengi hér á milli. Það hefur engum hv. þm. tekist að sýna fram á að takmörkun á framsali aflaheimilda veiki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Fyrir þá sök falla fullyrðingar af þessu tagi dauðar niður, a.m.k. að svo stöddu meðan rökin eru ekki færð fram. En þessi gagnrýni

hefur einvörðungu byggst á því ákvæði frv. að takmarka framsalið. Ég hygg að flestir hv. þingmenn geri sér grein fyrir því að takmörkun á framsali getur ekki falið í sér að 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna veikist. Þetta er það lögfræðilega álitaefni sem við höfum staðið frammi fyrir og menn eru ekki á eitt sáttir um eftir þessa umræðu, en mér sýnist að niðurstaðan sé mjög skýr ef menn vilja beita málefnalegum rökum í umræðunni.

Hitt atriðið sem er pólitískt lýtur að því hvort skynsamlegt sé eða rétt að tryggja öryggi í viðskiptum í sjávarútvegi með sama hætti og í öðrum atvinnugreinum. Ég skil auðvitað að um það geta verið skiptar skoðanir. Hér hafa menn sagt: Það á ekki að verja stöðu bankanna í þessu falli. Það er eðlilegt að verja stöðu bankanna gagnvart lánum til allra annarra, en það á ekki að gera það gagnvart sjávarútveginum. Auðvitað geta menn haft þessa pólitísku skoðun og fært fyrir henni ákveðin rök. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að gilda jafnræði í þessu efni. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að veita þjónustugreinunum og iðnaðinum forréttindi í viðskiptalífinu með því að tryggja þeim ákveðið öryggi en ekki sjávarútveginum. Ég er þeirrar skoðunar að koma eigi höndum á braskara í sjávarútvegi eins og í öðrum atvinnugreinum. Það eigi ekki að leyfa þeim að ganga lausum í sjávarútvegi en taka á þeim í öðrum atvinnugreinum. En forustumenn samfylkingar jafnaðarmanna sem hér hafa talað hafa lýst þeirri skoðun sinni að það eigi að mismuna í þessu efni, taka eigi á bröskurum í þjónustugreinunum og iðnaðinum en leyfa þeim að ganga lausum í sjávarútveginum. Og forustumenn samfylkingar jafnaðarmanna hafa lýst því yfir að minna öryggi í lánveitingum eigi að vera til sjávarútvegs en til iðnaðar- og þjónustugreinanna sem eru fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðin.

Afleiðingin af þessu er sú, eins og hér hefur komið fram og hv. 15. þm. Reykv. vakti réttilega athygli á, — hann flytur yfirleitt málefnalegar ræður og er einn af þingmönnum samfylkingar jafnaðarmanna sem gerir sér grein fyrir afleiðingunni af þessari stefnumörkum og hún er sú að bankar munu síður lána til sjávarútvegsfyrirtækja. Í þeim tilvikum sem það er gert munu vextirnir hækka af því að áhættan er meiri. Þetta mun veikja sjávarútveginn gagnvart þjónustugreinunum. Kannski er þessi pólitíska afstaða tekin af því að atkvæðamarkaðurinn er stærri á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit ekkert um það. Ég get ekki sagt neitt til um það. Það gæti verið ein skýringin að samfylking jafnaðarmanna vildi gera þetta af því að atkvæðamarkaðurinn er stærri þar sem þjónustugreinarnar eru.

Það liggur líka ljóst fyrir að þetta mundi leiða til þess að landsbyggðin stæði verr að vígi af því að sjávarútvegurinn er ein aðaluppistaðan í atvinnulífi landsbyggðarinnar. Eins og hv. 15. þm. Reykv. benti réttilega á eiga stóru fyrirtækin í sjávarútveginum hægar um vik að verða sér úti um fjármagn með útboði á skuldabréfum og með útboði á hlutafé. Minni fyrirtækin þurfa meira á bönkunum að halda og þau eru síður þekkt í bönkunum. Bankarnir þekkja stóru fyrirtækin og þeir þekkja síður einstaklingana sem gera út minni bátana og trillukarlana og verða þess vegna frekar að fá veð hjá þeim til þess að tryggja öryggi sparifjáreigendanna. Þessir aðilar verða undir. Það er auðvitað athyglisvert að í því pólitíska álitaefni sem uppi er skuli samfylking jafnaðarmanna reyna að skapa þjónustugreinunum forréttindi og láta halla á sjávarútveginn og landsbyggðaratvinnuvegina. Það kemur mér að vísu ekki alveg á óvart af því að það er mjög í samræmi við stefnumörkun samfylkingarinnar á öðrum sviðum sem einnig hefur þessi sömu áhrif. En þetta er auðvitað kjarninn í þeim pólitíska hluta deilumálsins sem hér stendur uppi og er auðvitað mjög athyglisvert á hvern veg forustumenn samfylkingarinnar tala í þessu efni, ef undan eru skildir hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 15. þm. Reykv., sem greinilega hafa kynnt sér þetta mál betur og gera sér betri grein fyrir því hver afleiðing þessarar stefnumörkunar er, ef þetta næði fram að ganga, þeirra hugmyndir sem hér hafa verið settar fram.

Herra forseti. Ég hef þá vikið að þeim tveimur stóru atriðum sem hafa staðið upp úr sem ágreiningsatriði í þessari umræðu. Annað er lögfræðilegt, hitt er pólitískt. Það liggur alveg skýrt fyrir hver eru hin pólitísku markmið hinnar nýju samfylkingar og hvaða afleiðingar sú pólitíska stefna hefur fyrir sjávarútvegsfyrirtækin og atvinnustarfsemina á landsbyggðinni. (Gripið fram í.) Það má vel vera að eðlilegar skýringar séu á því að samfylkingin geti réttlætt það fyrir sjálfri sér að skapa þjónustugreinunum meiri forréttindi og veikja sjávarútveginn. Það getur vel verið að það sé einmitt vegna þess að þeir telja að atkvæðamarkaðurinn sé stærri þar sem þjónustugeirinn er. En burt séð frá því tel ég óeðlilegt að gera slíka mismunun á milli atvinnugreina og ég tel óeðlilegt að setja löggjöf sem felur í sér að taka eigi á skúrkum í einni atvinnugrein en leyfa þeim að ganga lausum í annarri. Og hér eru bara skiptar pólitískar skoðanir. Þetta er mín pólitíska skoðun. Ég virði það auðvitað að aðrir hv. þingmenn hafa gagnstæð sjónarmið en menn verða að gera sér fulla grein fyrir því hverjar afleiðingarnar mundu verða ef þær fengju brautargengi og meiri hluta á Alþingi.

[17:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að endurtaka spurningu mína frá því í morgun sem ráðherra lofaði þá að hann mundi svara í síðari ræðu sinni en gerði ekki. Spurningin var einfaldlega sú hver yrði að mati ráðherrans réttarstaða þessara þriggja aðila ef kvótakerfinu yrði breytt, þ.e. fjármálastofnana sem hafa veitt lán, útgerðaraðila og ríkisins, annars vegar miðað við núverandi ástand og hins vegar miðað við að frv. yrði að lögum.

Svo rétt í tilefni af þessari síðustu ræðu ráðherrans þar sem hann segist vilja taka á skúrkum jafnt í öllum atvinnugreinum. Hvers vegna leyfir þá hæstv. sjútvrh. hið ólöglega kvótabrask sem allir vita að tíðkast nú í sjávarútvegi? Og hvers vegna úthlutar hann eða ríkisstjórnin ekki öðrum atvinnugreinum frítt hráefni fyrir tugi milljarða árlega?

[17:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ólöglegt kvótabrask er ekki leyft. Varðandi fyrirspurn hv. 19. þm. Reykv. vil ég vísa til þess að ég var búinn að svara henni í andsvari fyrr í dag en skal endurtaka það að réttarstaðan að þessu leyti er alveg óbreytt. Það er frjálst framsal á aflaheimildum og útgerðarmaður getur meira að segja selt banka bæði skip og aflaheimildir. Eins og hér hefur komið fram hefur gerst við núverandi aðstæður að bankarnir eða eignarhaldsfélög þeirra eignast sjálfir skipin og þeir framleigja þau útgerðarmönnunum. Eins og ég er búinn að skýra út mörgum sinnum í umræðunni hefur þetta engin áhrif á réttarstöðuna að því er varðar spurninguna um eignarrétt aflaheimildanna. Þetta hefur engin áhrif á 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna.

Það hvort banki eignast skip með veiðiheimildum í frjálsum samningum eða með nauðarsamningum breytir engu þar um. Alþingi er því jafnfrjálst að því eftir samþykkt þessara veðlaga að breyta fiskveiðistjórnarlögunum eins og áður. Þau eru algerlega hlutlaus að þessu leyti og skerða á engan hátt rétt Alþingis til að breyta fiskveiðistjórnarlögunum hvenær sem er. Það er enginn bótaréttur af hálfu ríkisvaldsins gagnvart þeim sem hafa aflaheimildir í dag þó að nýtt fiskveiðistjórnarkerfi verði tekið upp. Þótt það framsal verði takmarkað með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir frekar en nú er gert þá skapar það engan frekari rétt til bótaskyldu nema síður sé.

[17:40]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir svör við einni af spurningum mínum, þ.e. að það sé enginn bótaréttur að hans mati. Ég vil bara benda á það að fyrr í dag komu ítarleg svör frá nokkrum lögfræðingum sem voru ekki sama sinnis. Ég sit í hv. allshn. og mun auðvitað sjá til þess að í gegnum þessi mál verði farið rækilega þar.

En ég ítreka aftur hinar spurningar mínar: Hvers vegna er ekki tekið á kvótabraskinu og hvers vegna, ef hæstv. sjútvrh. vill jafnræði á milli atvinnugreina, aðrar atvinnugreinar fá ekki frítt hráefni eins og sjávarútvegurinn fær?

[17:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt er heimilt frjálst framsal á aflaheimildum. Hv. þm. hefur tekið fram að það sé eitt af lykilatriðum í hagkvæmni núverandi fiskveiðistjórnarkerfis að slíkar reglur fái að gilda og það sem er heimilt lögum samkvæmt get ég ekki kallað brask. Hins vegar get ég kallað það brask sem gengur á svig við lögin og það sem er andstætt góðum viðskiptaháttum. Það er tekið á öllum slíkum dæmum. Þau fara fyrir dómstóla og þeir sem brjóta lögin með þeim hætti bera ábyrgð samkvæmt íslenskum lögum og á grundvelli niðurstöðu dómstóla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 17:42.

60. FUNDUR

mánudaginn 3. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Þróun og umfang fátæktar á Íslandi, beiðni um skýrslu, 264. mál, þskj. 516. *Hvort leyfð skuli.*
4. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Rannsókn kjörbréfs.

[15:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 3. varaþingmaður Samtaka um kvennalista í Reykn., Birna Sigurjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. og 2. varaþingmanns samtakanna í Reykn.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn."

Þá er eru hér bréf, annars vegar frá 1. varamanni Kvennalistans í Reykn., Bryndísi Guðmundsdóttur og hins vegar frá 2. varamanni, Kristínu Sigurðardóttur, um að þær geti ekki tekið sæti Kristínar Halldórsdóttur.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar áður en þingfundur hófst til að rannsaka kjörbréf Birnu Sigurjónsdóttur.

[15:02]

Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 3. varaþingmanns Samtaka um kvennalista í Reykn., Birnu Sigurjónsdóttur aðstoðarskólastjóra, sem landskjörstjórn gaf út 31. janúar sl., en 1. og 2. varaþingmaður samtakanna í kjördæminu, Bryndís Guðmundsdóttir kennari og Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, geta ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf Birnu Sigurjónsdóttur verði samþykkt og skoðast kjörbréfið samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörbréf Birnu Sigurjónsdóttur samþ. án atkvgr.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Birna Sigurjónsdóttir hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Birna Sigurjónsdóttir, 12. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Birna Sigurjónsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að lokinni afgreiðslu dagskrármála, upp úr kl. hálffjögur fer fram utandagskrárumræða um undirbúning kjarasamninga og áhrif nýrra vinnumarkaðslaga.

Málshefjandi er Rannveig Guðmundsdóttir en hæstv. forsrh. verður til andsvara. Gert er ráð fyrir að umræðan kunni að standa í allt að þrjár klukkustundir.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Evrópska myntbandalagið.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill biðja þá hv. þm. sem bera fram fyrirspurnir til ráðherra að reyna að vera stuttorða vegna þess að borist hafa fleiri beiðnir en hægt er að taka til greina. Það er vart hægt að taka fleiri en fimm fyrirspurnir nema rétturinn til að tala verði ekki nýttur að fullu. Þá er kannski hægt að bæta einhverjum við.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú bendir allt til þess að Evrópusambandið muni innan skamms taka upp sameiginlegan gjaldmiðil þó svo virðist sem fæst aðildarríkin uppfylli sett skilyrði og einnig að mikil andstaða er innan einstakra ríkja við aðild að myntbandalaginu.

Það er ljóst að nýr og samræmdur gjaldmiðill meðal helstu viðskiptaþjóða Íslendinga mun hafa nokkur áhrif á íslenskt efnahagslíf og því spyr ég hæstv. forsrh.: Er hafin skoðun á áhrifum evrópska myntbandalagsins á íslenskt efnahagslíf af hálfu ríkisstjórnarinnar og einnig því hvernig við skuli brugðist? Ef svo er ekki, hyggst forsrh. beita sér fyrir slíkri úttekt á næstunni?

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá málshefjanda að mál þetta hefur verið í mikilli umræðu í Evrópu að undanförnu. Sitt sýnist hverjum. Það er reyndar ekki enn þá fullljóst hvenær þetta myntsamband kemst á og þá hversu víðtækt það yrði í fyrstunni að minnsta kosti. Það er ljóst að gríðarleg andstaða er við málið meðal almennings í Evrópu. Það kom nýlega fram að 78% Þjóðverja, sextugir og eldri, sem eru megindrifkrafturinn í þessu máli, eru andvíg því að Þjóðverjar taki þátt í myntbandalaginu og allar skoðanakannanir í Þýskalandi sýna að meiri hluti Þjóðverja er því andvígur. Og við þekkjum svipuð dæmi frá Svíþjóð, landi sem nýlega er gengið inn, o.s.frv.

Hins vegar hefur sú hugsanlega staðreynd að til myntbandalags komi verið rædd og íhuguð hér á landi. Það hefur komið fram opinberlega að Seðlabankinn hefur hafið athugun á áhrifum þess fyrir Ísland ef af myntbandalaginu yrði og jafnframt eru EFTA-ríkin, að frumkvæði íslenska utanrrh., að hefja athugun á því hvaða þýðingu það hefði fyrir EFTA-ríkin sem heild ef af myntbandalaginu yrði.

Í fljótheitum væri hægt að segja að það yrði einungis til hagræðis fyrir okkur ef af myntbandalagi yrði í Evrópu. Það yrði til þæginda fyrir okkur sem ferðamenn og gæti líka orðið að mörgu leyti til þæginda fyrir okkur í viðskiptum. Hugsanlega mundum við hins vegar á einhverjum sviðum eiga við erfiðari samkeppni að etja. En það blasir hins vegar við í mínum huga að það er algjörlega klárt að Ísland hefur ekki hagsmuni af því að gerast aðili að myntbandalagi.

[15:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þau voru nokkuð skýr og hans afstaða í málinu er skýr. En það sem ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á er að mér finnst mjög brýnt að við fylgjumst með þessu máli og áttum okkur á því hvað það þýðir fyrir íslenskt efnahagslíf. Ég vil lýsa því hér yfir að ég er sammála síðustu orðum hæstv. forsrh., þ.e. að ég held við eigum ekki erindi inn í þetta myntbandalag.

Sala á áfengi og tóbaki.

[15:09]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Stjórn ÁTVR kynnti í síðustu viku framtíðarstefnu sína. Þar er sumt jákvætt en annað neikvætt. Það jákvæða er að stefnt er að lækkun á bjór og léttvíni. Hið neikvæða er að það á að taka tóbakið út úr ÁTVR, sem Framsfl. hefur reyndar hafnað. Það koma einnig fram hugmyndir um að taka létt vín og bjór inn í almennar verslanir. Auðvitað er það jákvætt fyrir neytendur en það getur verið neikvætt gagnvart aðgengi ungmenna að áfengi þannig að fórnarkostnaðurinn getur orðið mikill. Þar verðum við að velja og hafna og spyrja okkur þeirrar spurningar hvort þetta sé æskilegt.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Eiga einungis viðskiptasjónarmið að ráða gagnvart sölu á tóbaki og áfengi?

Í öðru lagi: Hvernig samrýmist stefna hæstv. fjmrh. í málefnum ÁTVR stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem kynnt var opinberlega 3. des. 1996?

[15:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram vegna þessarar fyrirspurnar að mér er kunnugt um að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur beðið um utandagskrárumræðu um þetta mál síðar í vikunni og gefst þá auðvitað tækifæri til þess að ræða það betur. Ég vil einnig taka fram að sú stefna sem hefur verið hér til umræðu í þjóðfélaginu að undanförnu er mörkuð af stjórn ÁTVR en hún starfar samkvæmt lögunum um stofnunina.

Ég held að það sé til fyrirmyndar að marka stefnu til lengri tíma eins og stjórn fyrirtækisins hefur gert. Þess hefur ávallt verið gætt þegar þessi stefna hefur verið kynnt að hún krefst lagabreytinga til þess að hún nái fram að ganga og það gerist ekki án afskipta ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans.

Ég vek athygli á því af því að hv. ... (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu. Það þarf meiri hluta á Alþingi, stjórnarmeirihlutinn er þannig myndaður. (**Gripið fram í:** Það er betra.)

Athygli vekur að skoðanakönnun Gallups segir, þrátt fyrir að þeir sem spurðir voru séu 20 ára og eldri, að 25% hafi drukkið svokallaðan landa eða bruggað áfengi. Þetta segir okkur að það eru ekki einungis viðskiptasjónarmið sem liggja að baki því t.d. að lækka verð á léttum vínum og bjór heldur gætu þar legið önnur sjónarmið nær heilbrigðissjónarmiðum vegna þess að búast má við að lækkun á þessum áfengistegundum dragi úr drykkju unglinga og annarra á ólöglegu áfengi.

Ég vil taka fram að ég hef ekki skoðað í einstökum atriðum hvort þetta samræmist stefnu sem gefin hefur verið út af ríkisstjórninni varðandi áfengi og fíkniefni, en tek skýrt fram vegna tóbaksins að ég tel að það megi og eigi að fylgja heilbrigðisstefnu sem við höfum fylgt varðandi verðlagningu á tóbaki og að það sé hægt án þess að ÁTVR annist heildsöludreifingu á því.

[15:12]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra virðist ekki svara spurningunni hvernig þessi stefna ÁTVR, sem hann hefur blessað, samrýmist stefnu ríkisstjórnarinnar í forvarnamálum. En í þeirri stefnu segir m.a. að það eigi að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki. Að sjálfsögðu getur þetta ekki samrýmst þeirri stefnu sem stjórn ÁTVR hefur lagt fram.

Mér heyrðist hæstv. ráðherra vera að reyna að koma sér undan því að eiga þátt í þessari stefnumótun hjá ÁTVR. Ég vil bara benda hæstv. ráðherra á að Hildur Petersen sem er stjórnarformaður ÁTVR hefur sagt opinberlega að ráðherrann hafi átt hlut að þessari stefnumótun, að þetta sé pólitísk stefna ráðherrans, enda hefur hæstv. ráðherra verið viðstaddur blaðamannafund og sagt sjálfur að hann styðji þessa stefnu.

Varðandi tóbakið held ég að allir séu sammála um að ef ÁTVR missir einkaheildsöluna á tóbaki þá verður hér miklu harðari samkeppni milli heildsala við að koma sinni vöru á framfæri og við erum algjörlega andsnúin því.

[15:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá neinum, hvorki þeim sem lesa blöð eða hlusta á fjölmiðla, né heldur eftir að ég talaði hér, að ég styð þá stefnu sem hefur komið fram hjá stjórn ÁTVR. Mér var hún kynnt og ég hef lýst yfir stuðningi við hana. Það er heldur ekki nýtt varðandi tóbakið vegna þess að ég hef flutt og flutti á sínum tíma inn á Alþingi, þá á vegum annarrar ríkisstjórnar en þeirrar sem nú situr, frv. sem gerði ráð fyrir þeim breytingum sem stjórn ÁTVR er að leggja til nú. Þetta þarf að koma fram. Ég sé ekki að sú stefna sem stjórn ÁTVR hefur mótað fari gegn því sem hv. þm. las upp úr stefnunni um áfengis- og fíkniefnamálin því það er ekkert sem segir að aðgengi barna og unglinga verði meira þótt stefna stjórnarinnar nái fram að ganga. Ég bið hv. þm. um að íhuga það rækilega hvort börn og ungmenni hér á landi hafi ekki haft aðgang að áfengi og það ólöglegu áfengi.

[15:15]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Í stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum segir eftirfarandi, með leyfi forseta, að það beri:

„Að efla forvarnir, einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.

Að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, áfengi og tóbaki.

Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki."

Ég spyr ítrekað: Fyrst ráðherrann styður stefnu ÁTVR, styður þá hæstv. ráðherra stefnumótun ríkisstjórnarinnar í ávana-, tóbaks- og áfengismálum?

[15:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Að sjálfsögðu styð ég stefnuna og ég hef gert það í verki ásamt hv. þm. með því að stuðla að því að meiri fjármunum hefur verið beint inn á þessar brautir nú en nokkurn tíma áður. Bendi ég á t.d. að við hækkuðum tóbak núna í byrjun þessa árs til þess að fjármagna fíkniefnaleit bæði tolls og lögreglu og til þess að standa straum af kostnaði við forvarnir. Þar að auki var búið að leggja meiri fjármuni í þessa starfsemi áður.

Ég tel, vegna þess að hér hefur verið rætt um tóbakið, að breyta þurfi innflutnings- og dreifingarfyrirkomulaginu og ég bendi á að hvergi annars staðar á Norðurlöndum er þetta kerfi í gangi sem við höfum, þar sem ríkið er að keyra út fyrir heildsalana. Ég tel eðlilegt að heilbrigðisyfirvöld komi meira að því hvernig eigi að tempra innflutninginn, t.d. með því að hafa áhrif á hvert eigi að vera nikótín- eða tjöruinnihald reyktóbaksins sem hér fæst í verslunum og vil stuðla að því að heilbrigðisyfirvöld komi meira að málinu en verið hefur hingað til. Þannig að ég styð stefnuna eindregið eins og ég skil hana.

Ákvörðun um álbræðslu á Grundartanga.

[15:17]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á laugardaginn var voru stofnuð fjölmenn samtök íbúa við Hvalfjörð, í Kjós og í fleiri sveitarfélögum sem nefna sig Sól. Þau skora á ríkisstjórnina m.a. að endurskoða stóriðjustefnu sína og, eins og segir í ályktun fundarins: „sem iðnrn. og Landsvirkjun reka með yfirgangi og metnaðarleysi gagnvart umhverfisvernd í landinu."

Hæstv. iðnrh. var spurður um það í gær í sjónvarpi hvort hann gæti ekki tekið undir með þessum samtökum að til greina komi að færa það stóriðjuver, sem ráðgert er að rísi á Grundartanga, á annan stað. Ráðherrann tók alveg fyrir það í svari sínu í sjónvarpinu að það væri hægt, það kæmi sem sagt ekki til álita. Þetta segir hæstv. ráðherra á sama tíma og til athugunar eru hjá opinberum stofnunum eins og Hollustuvernd ríkisins um 70 athugasemdir við starfsleyfi þessa fyrirtækis og þrátt fyrir þá staðreynd að stjórnarmeirihlutinn í umhvn. Alþingis hefur að eigin frumkvæði tekið þetta mál á dagskrá og ráðgerir að fjalla um það í mjög víðu samhengi.

Er þetta bara meiningarleysa? Er þetta markleysa? Ætlar hæstv. iðnrh. ekki að taka mark á því ef athugun á starfsleyfi og fleiri þáttum leiðir í ljós að umhverfi og aðstæðum við Hvalfjörð sé misboðið og ætlar hann ekki að taka neitt mark á hugsanlegum niðurstöðum umhvn. þingsins, athugun sem stjórnarliðar í umhvn. hafa haft frumkvæði að því að taka á dagskrá og væntanlega mun liggja fyrir á þessu þingi?

[15:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Allt síðan 1990 hafa rétt kjörin og lýðræðislega kjörin stjórnvöld í sveitarfélögunum við Hvalfjörð eindregið óskað eftir því að svæðið á Grundartanga yrði nýtt sem svæði undir stóriðju. 1994 er skipulag fyrir þetta svæði staðfest þar sem gengið er út frá því að þarna muni í framtíðinni rísa stóriðjuver. Þessa stefnu sína hafa þessar rétt kjörnu sveitarstjórnir við Hvalfjörð og á Akranesi núna ítrekað.

Fyrirtækið sótti um að fram færi umhverfismat á þessu svæði fyrir 180 þúsund tonna álver. Það umhverfismat hefur núna farið fram. Við það voru gerðar athugasemdir og umhvrh. hefur úrskurðað í málinu. Í framhaldi af því sækir fyrirtækið síðan um starfsleyfi. Við það hafa verið gerðar athugasemdir. Það er auðvitað síðan umhvrh. að úrskurða í málinu eftir að Hollustuvernd hefur farið í gegnum þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við starfsleyfisumsóknina.

Ég ætla ekki að gefa mér neitt í þeim efnum, hvað út úr því muni koma. Það mun ganga sinn eðlilega gang eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Það er ekkert nýtt að umhvn. Alþingis taki þessa hluti til athugunar. Það gerði hún þegar til stóð að gefa út starfsleyfi fyrir álbræðslu á Keilisnesi. Það gerði umhvn. Alþingis líka þegar gefið var út starfsleyfi fyrir stækkun álversins í Straumsvík. Ég hef ekkert við það að athuga að umhvn. þingsins taki þessa hluti til athugunar. Mér finnst það í raun og veru eðlilegt. Ég býst hins vegar við því að út úr því geti komið, og það er ég sannfærður um, að rétt og eðlilega hafi verið staðið að öllum málum.

Fyrirtækið sem sækir nú um starfsleyfið hefur þegar sett verulega fjármuni í uppbyggingu á þessu svæði. Síðan er það auðvitað fyrirtækisins að ákveða hvort það ætlar að staðsetja sig þarna eða ekki.

[15:22]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki með opnum huga sem hæstv. iðnrh. skoðar þetta mál. Hann virðist ráðinn í að hafa fjöldamótmæli við þessar fyrirætlanir að engu. Hann tekur ekki mark á aðvörunarorðum Bændasamtakanna að óráðsía sé að fara að reisa álbræðslu sem þessa í landbúnaðarhéraði. Hann treystir því að hæstv. umhvrh. muni úrskurða varðandi starfsleyfi með hliðstæðum hætti og hann gerði um mat á umhverfisáhrifum þar sem ráðherrann sló niður með valdi sínu úrskurði skipulagsstjóra í málinu. Hæstv. iðnrh. ætlar að hvetja hæstv. umhvrh. til að ganga eins fram, en það vill nú svo til að það er ekki lengur hæstv. umhvrh. einn sem úrskurðar í því máli eftir að hann hefur neyðst til þess að breyta um reglugerð, til að kalla til baka reglugerð sem hann setti sl. sumar og setja nýja þar sem sérstök úrskurðarnefnd kemur að málinu til að fjalla um athugasemdir. Og ég tel að hæstv. iðnrh. eigi að athuga sinn gang betur áður en hann endurtekur það að hann hafi að engu þær athugasemdir og fjöldamótmæli sem fram hafa komið í þessu máli.

[15:23]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil nálgast málið alveg með opnum huga. Staðreyndin er sú að málið er í eðlilegum, lagalegum farvegi. Athugasemdir hafa verið gerðar, þær verða teknar og skoðaðar af þar til bæru stjórnvaldi og það er síðan ákvörðun umhvrh. þegar að því kemur að gefa þarf út starfsleyfi.

Það er hvorki hægt fyrir iðnrh. sem hér stendur né hv. þm. Hjörleif Guttormsson að gefa sér fyrir fram ákveðna hluti í þessum efnum. Það verður auðvitað að koma í ljós í þeirri skoðun sem núna fer fram á starfsleyfisathugasemdunum hvort starfsleyfið verður ekki gefið út og þá auðvitað á þeim grunni sem lög og reglur mæla fyrir um.

[15:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Örstutt. Það er alveg ljóst að hæstv. iðnrh. vísar til þess að þeir sem ætla að reisa þarna fyrirtæki eigi að ráða. Það eru meginrök hans í málinu að sótt hafi verið um þetta af erlendum fjárfestum og þeir eigi að ráða ferðinni en ekki þau fjöldasamtök Íslendinga sem eru að vara við og andmæla.

[15:24]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er alveg ljóst að farið verður eftir lögum og reglum og það eru lögin sem gilda í þessu, hv. þm. Málið verður tekið og skoðað ofan í kjölinn og farið eftir lagalegum farvegi. Það eru hins vegar rétt kjörin stjórnvöld á hverju svæði fyrir sig sem eru sveitarstjórnirnar sem hljóta að fara með það vald sem um er að ræða en ekki þrýstihópar sem geta orðið til víða í samfélaginu.

Niðurskurður á fjárveitingum til sjúkrahúsa á landsbyggðinni.

[15:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um áformaðan niðurskurð á fjárveitingum til sjúkrahúsa á landsbyggðinni, en eins og kunnugt er hefur verið áformað að skera niður fjárveitingar til tiltekinna landsbyggðarsjúkrahúsa um 160 millj. kr. á næstu þremur árum. Ég hef hins vegar orðið var við að það er ekki einn skilningur uppi um hversu háa fjárhæð á að spara samtals á næstu þremur árum. Ég get nefnt sem dæmi fréttir Ríkisútvarpsins 29. janúar sl., kvöldfréttir, þar sem bersýnilega kom fram sá skilningur að um væri að ræða 160 millj. kr. samtals á þremur árum. Ég get einnig vitnað í aðra fréttatíma því til stuðnings.

Nú hef ég séð gögn eða skýrslu þeirrar nefndar sem er með tillögur í málinu og þar kemur annað fram. Þar má ráða að niðurskurðurinn eigi að vera á næstu þremur árum samtals 340 millj. kr. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað er áformaður niðurskurður mikill samkvæmt tillögum ráðuneytisins? Er hann 160 millj. kr. samtals á næstu þremur árum eða er hann 340 millj. kr.? Það skiptir miklu hvor skilningurinn er uppi. Fyrir Sjúkrahúsið á Seyðisfirði þýðir það t.d. að því verði gert að spara 45 millj. kr. á næstu þremur árum í stað 21 millj. kr. en 45 millj. kr. er helmingurinn af ársfjárveitingu til þess sjúkrahúss. Á Patreksfirði þýðir þetta að sjúkrahúsinu yrði gert að spara 26 millj. í stað 12.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra af því að kynnt er í fjárlagafrv. að þetta sé aðeins fyrsti liður í áformaðri hagræðingu þessara spítala: Hvað eru áformin stór hvað varðar frekari sparnað umfram þessar 160 millj. kr.?

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni vil ég svara honum þannig að áætlaður sparnaður á næstu þremur árum er 160 millj. kr. þannig að ræða hans var nokkuð margfölduð. Það er alveg ljóst að það mun reynast tímafrekt að vinna þetta mál. Nefnd sem skipuð er af heilbrrn. er að vinna með heimamönnum að gerð tillagna og þær verða kynntar þinginu um leið og þær eru tilbúnar.

En ég endurtek: Við erum að tala um 160 millj. kr. á þremur árum og áætlaður sparnaður á þessu ári er 60 millj. kr. Endanlegar tillögur liggja ekki fyrir því að það er mikilvægt að ná samvinnu við heimamenn um málið.

[15:28]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu ráðherrans. Héðan verður ekki aftur snúið. Samtals niðurskurður á næstu þremur árum verður því ekki meiri en 160 millj. samkvæmt yfirlýsingu ráðherrans sem fer með þessi mál fyrir hönd ríkisstjórnarinnar.

Hins vegar eru tillögur þeirrar nefndar sem ég vitnaði til aðrar. Þær gera ráð fyrir sparnaði upp á 60 millj. á þessu ári, 120 millj. á næsta ári og 160 millj. árið 1999, samtals 340 millj. En ég fagna því að hæstv. ráðherra hefur þar með hafnað þessum fyrsta lið í tillögum nefndar heilbrrh. um niðurskurð eða hagræðingu í rekstri landsbyggðarsjúkrahúsa.

Ég vil ítreka síðari spurningu mína um frekari áform um niðurskurð sem kynnt eru í fjárlagafrv. á bls. 330. Þar er greint frá því að niðurstöður úttektar liggi fyrir þannig að ráðherra á að hafa vitneskju um hversu stór þau áform um frekari niðurskurð umfram þessar 160 millj. eru.

[15:30]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er að vitna í vinnugögn. Það eru til ýmis vinnugögn í ráðuneytinu en endanleg ákvörðun liggur fyrir um upphæðina og hún er 160 milljónir á þremur árum.

[15:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þessar tillögur mega vel standa undir því nafni að vera vinnugögn í ráðuneytinu. Það eru nefndarálit fimm manna nefndar sem skipuð var og í sitja m.a. tveir alþingismenn, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Jón Kristjánsson. Hann staðfesti við mig á fundi fjárln. í morgun að sá skilningur að niðurskurður á næstu þremur árum næmi samtals 340 millj. kr. væri réttur. Nú hefur hæstv. ráðherra hrakið þann skilning formanns fjárln. og ég verð að segja að ég fagna því, virðulegi forseti.

Bílastyrkur til fatlaðra og öryrkja.

[15:31]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil beina spurningum til hæstv. heilbr.- og trmrh. sem varða fatlaða og öryrkja, um bílastyrk sem hefur verið veittur til þess hóps á undanförnum árum. Það gerðist við fjárlagagerðina 1995 að styrkur til þessa hóps var lækkaður um 63 millj. eða 36%. Fjöldi styrkþega lækkaði

úr 650 niður í 385. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, og spyr hæstv. ráðherra: Hvað var gert við þennan niðurskurð? Var mismunurinn notaður til að bæta hag fatlaðra á öðrum sviðum eða fór þessi niðurskurður einfaldlega í almennan niðurskurð á fjárlögum?

[15:32]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þeirri fyrirspurn sem hefur verið borin fram hefur oft verið svarað úr þessum stól um þær breytingar sem urðu á reglugerð um bílastyrki á sl. ári. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að bílastyrkjum fækkaði og ekki síst vegna þess að reglugerð breyttist á þann hátt að hingað til hefur verið hægt að skipta um ökutæki og fá styrk á fjögurra ára fresti en nú er það hægt á fimm ára fresti og það breytir nokkru. En við erum líka að tala um miklu betri ökutæki í dag en fyrir mörgum árum þegar þessi reglugerð var samin í upphafi.

Hv. þm. spyr hvað hafi verið gert við þann sparnað sem varð vegna þessarar reglugerðarbreytingar. Ég vil minna á það að á sl. ári voru lagðir 3 milljarðar til viðbótar í heilbrigðis- og tryggingamál miðað við árið þar á undan og það hefur án efa orðið til hagsbóta fyrir fatlaða engu síður en sjúka.

[15:34]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég veit að hæstv. ráðherra er að vinna að öðrum málum fyrir fatlað fólk og í heilbrigðisgeiranum en ég held að það þurfi náttúrlega sérstakra skýringa við þegar verið er að skera niður stórlega framlög til þess hóps sem á mest undir högg að sækja í þjóðfélaginu og í rauninni getur með engu móti mætt þeim niðurskurði sem slíku fylgir. Ég held því að mjög nauðsynlegt sé að slíku fylgi þau rök að hægt sé að trúa þeim. Í mínum huga eru þetta ekki þau rök sem ég mundi telja að dygðu til að réttlæta slíkan niðurskurð á fólki sem hefur í mörgum tilfellum misst alla möguleika til hreyfigetu og félagslegs samneytis við annað fólk nema á tækjum, bílum eða öðru sem ekki fæst nema fyrir mikla peninga og þá með aðstoð samfélagsins. Þannig að ég vona að við næstu fjárlagagerð og þá helst strax verði reynt að finna leiðir til að mæta því sem þegar hefur verið tekið af þessum hópi.

[15:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt að geta þess, því ég gerði það ekki áðan, að þeir sem eru mikið hreyfihamlaðir fá áfram sína bíla eins og áður.

[15:35]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það eru 50 öryrkjar sem fá óbreyttan styrk frá því sem áður var eða 700 þús. kr. Það er einnig rétt að sá styrkur er áfram á þriggja ára fresti meðan aðrir fá styrk einungis á fimm ára fresti í staðinn fyrir á fjögurra ára fresti áður. Eigi að síður er þessi styrkur það lágur því að í mörgum tilfellum þarf þetta fólk að kaupa sér farartæki sem kostar jafnvel á þriðju millj. kr. en styrkurinn er einungis upp á 700 þúsund. Flest þetta fólk er í því ástandi bæði fjárhagslega og einnig félagslega að það getur ekki fundið peninga til þess að komast yfir mismuninn hvað þá að það geti þolað niðurskurð á styrkjum. Í rauninni hefur ekki verið horft til þess að ef menn vilja breyta þessu fyrirkomulagi á einhvern hátt þá mætti frekar hækka þessa styrki fyrir þá sem eru mest fatlaðir í stað þess að taka fjármuni út úr þessum geira í eitthvað allt annað.

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur fólks undir lögaldri að vínveitingahúsum, 245. mál, svar dómsmrh., þskj. 531.

Alþjóðaþingmannasambandið 1996, 292. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir árið 1996, þskj. 547.

Atvinnuleyfi útlendinga, 296. mál, fsp. KÁ, þskj. 552.

Evrópuráðsþingið 1996, 289. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins fyrir árið 1996, þskj. 544.

Geðheilbrigðisþjónusta við börn og unglinga, 193. mál, svar heilbrrh., þskj. 541.

Norður-Atlantshafsþingið 1996, 288. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1996, þskj. 543.

Norrænt samstarf 1996, skýrsla um norrænt samstarf frá janúar 1996 til janúar 1997, þskj. 548.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 284. mál, frv. JóhS og ÖS, þskj. 538.

Synjun atvinnuleyfa, 295. mál, fsp. KÁ, þskj. 551.

Tekjur af happdrættum, 286. mál, fsp. GuðjG, þskj. 540.

VES-þingið 1996, 290. mál, skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins fyrir árið 1996, þskj. 545.

Vestnorræna þingmannaráðið, 294. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1996, þskj. 549.

ÖSE-þingið 1996, 291. mál, skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1996, þskj. 546.

Þróun og umfang fátæktar á Íslandi.

Beiðni JóhS o.fl. um skýrslu, 264. mál. — Þskj. 516.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]

Beiðni leyfð með 36 shlj. atkv.

Samningsveð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 350.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BirnS, BH, DO, EKG, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GMS, HBl, HjÁ, JBH, JónK, KHG, RA, SighB, SAÞ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Undirbúningur kjarasamninga og áhrif nýrra vinnumarkaðslaga.

[15:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Eins og áður var tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Málshefjandi er Rannveig Guðmundsdóttir. Efni umræðunnar er undirbúningur kjarasamninga. Forsrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa.

Forseti vill geta þess að samkomulag er milli þingflokka um að málshefjandi, ráðherra og talsmenn flokka hafi allt að 12 mínútur í fyrstu umferð. Í annarri og þriðju umferð hafi fulltrúar hvers þingflokks allt að sex mínútur. Ef tími vinnst til eftir þriðju umferð gefst fleiri þingmönnum færi á að taka til máls í allt að sex mínútur hverjum. Málshefjandi og ráðherra hafa svo allt að sex mínútur í lokin.

Andsvör verða leyfð, ein mínúta einu sinni og aðeins tveir þingmenn fá þó að veita andsvör hverju sinni við hverja ræðu. Andsvör verða þó ekki leyfð á eftir inngangs- og lokaræðum málshefjanda og ráðherra.

[15:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég beini umræðu utan dagskrár til hæstv. forsrh. um undirbúning kjarasamninga. Ég ætla jafnframt að ræða áhrif vinnumarkaðslaganna sem sett voru á þann undirbúning. Það ætti að valda þingmönnum áhyggjum hversu alvarleg staða blasir við í kjarasamningum. Og nú hljóta öllum, sem samþykktu breytingar á vinnulöggjöfinni í fyrra, að vera ljósar afleiðingarnar. Forsrh. er ekki beinn samningsaðili. Sem oddviti ríkisstjórnar ber hann þó ábyrgð á hvernig haldið er á samningamálum opinberra starfsmanna og hann ber ábyrgð á þeim lögum sem sett hafa verið og þeim lögum sem eru í farvatninu og snúa að aðbúnaði, réttindum og kjörum launafólks. Þess vegna beini ég spjótum að forsrh. og kref hann um viðbrögð við harðri gagnrýni forustumanna launþegasamtakanna og hverju það sæti að ríkið hefur ekki komið með gagntilboð við kröfum ríkisstarfsmanna. Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. reynist vera algjör ríkisstjórn atvinnurekenda og þarf víst engum að koma á óvart. Öll viðbrögð ríkisstjórnar eru atvinnurekendamegin. Lög sem sett hafa verið eru í samræmi við óskir og vilja atvinnurekenda. Hagsmuna launafólks var ekki gætt. Þessi staðreynd hefur blasað við með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, með lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, með skattalagabreytingum fyrir jól og við fjárlagagerðina þar sem fjölmargar lagabreytingar rýrðu réttindi launafólks.

Nú er það komið í ljós sem bent var á þegar lögin um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett við harða gagnrýni stjórnarandstöðu og heiftarleg viðbrögð verkalýðshreyfingar að lögin eru mislukkuð. Sú umgjörð kjarasamninga sem lögin skapa reynist erfið, hæstv. forsrh.

Á dönskum vinnumarkaði, sem svo oft er vísað til, hafa aðilar þróað með sér samskiptaform byggt á gagnkvæmri virðingu sem hefur reynst þeim vel. Þessi ríkisstjórn setti einhliða og með valdboði lög um samskipti á vinnumarkaði. Þetta valdboð hefur tafið fyrir og skapað tortryggni af hálfu verkalýðshreyfingar.

VSÍ vill setjast að samningaborði um vinnustaðasamninga án allra leikreglna. Hér skortir enn allar forsendur til að trúnaðarmenn geti gert vinnustaðasamning fyrir starfsmenn. Í Danmörku hefur starf trúnaðarmanna verið þróað þannig að þeir eru vel í stakk búnir að leiða samninga. Vandinn er sá að ekkert jafnræði ríkir milli aðila hér. Atvinnurekendur hafa allar lykilupplýsingar svo sem um rekstur fyrirtækjanna. Starfsmenn eru vanbúnir til að semja við atvinnurekendur af margvíslegum ástæðum og stéttarfélögin eiga ekki að koma að málunum nema sem ráðgjafar. Þetta á allt að gerast undir friðarskyldu, þ.e. þegar búið er að semja um 2% launahækkun. En ég bendi á til að forðast allan misskilning að verkalýðsfélögin hófu umræðunar um vinnustaðasamninga þannig að það er ekki tregða af þeirra hálfu til að gera slíka samninga.

Með nýju lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur voru ýmis ákvæði í lögum stéttarfélaganna afnumin einhliða af hálfu stjórnvalda. Trúnaðarráð félaganna innan ASÍ t.d. geta ekki lengur óskað verkfallsheimildar og beðið síðan með boðun verkfalls þar til sýnt þykir að ekki náist samningar heldur er nú settur af stað þungur og mjög dýr ferill atkvæðagreiðslna sem lokar fyrir allan sveigjanleika í samskiptum aðila eftir að í átök er komið. Það á eftir að sannast með þessari löggjöf að oft er betra að aðilar komi sér upp sveigjanlegum leikreglum sjálfir en að þeir séu þvingaðir inn í löggjöf sem greinilega er öðrum aðilanum mjög í óhag.

Þess vegna eru líkurnar miklar á að af þessu nýja fyrirkomulagi hljótist afdrifarík vandræði ef til átaka kemur á vinnumarkaði. Félög geta ekki aflað sér verkfallsheimildar og látið trúnaðarmannaráð ákveða hvort hún er nýtt. Nú þarf afgreiðslu á tillögum til verkfallsboðunar um kjarakröfur þar sem ákveðið er hvaða dag og klukkan hvað verkfall á að hefjast. Þegar verkfallsheimildin liggur fyrir er hún um þessar ákveðnu kröfur og það verður ekki aftur snúið.

Það er vel hægt að sjá það fyrir sér sem afleiðingar þessarar lagasetningar að verkföll á næstu vikum sem kunna að byrja sem skærur á vinnumarkaði breytist síðan í alvarlegri deilur sem þróist í allsherjarátök á milli atvinnurekenda og launafólks. Allt er þetta vegna skammsýni núverandi stjórnvalda sem töldu að þau gætu með lögþvingunum breytt vinnulöggjöfinni atvinnurekendunum í hag án þess að það kæmi einhvers staðar fram. Það eru um þrír mánuðir síðan fyrstu viðræðuáætlanir voru samþykktar. Viðsemjendur hafa engan lit sýnt á þessum tíma. Síðastliðin 7–8 ár hafa nánast engar sérkjaraviðræður átt sér stað. Heildarsamflot hefur verið um samninga og sérkjör framlengd hverju sinni óbreytt. Atvinnurekendur vilja ekki ræða sérkröfur félaganna sem samkomulag var þó um að hefja samningana á og þeir hafa til framtíðar litið eyðilagt möguleika samningsaðila til að nota viðræðuáætlanir sem stjórntæki.

Skoðum hvað hefur verið að gerast hér á vinnumarkaði síðan 1990. Launafólk samþykkti að binda sérkjör sín vegna þess að allir vildu efla stöðugleika í efnahagsmálum. Með því lagði launafólk sitt á vogarskálarnar til að lækka vexti, ráða niðurlögum verðbólgu og ekki síst freista þess að tryggja atvinnuöryggi. Launafólkið tók þetta á sig en á sama tíma, frá 1990, hefur atvinnureksturinn fengið stuðning hins opinbera og fólksins í landinu til að bæta sína stöðu. Ég minni á að sköttum fyrirtækja var breytt, aðstöðugjald var fellt niður sem nam milljörðum króna og stöðugleiki hefur verið í launaútgjöldum fyrirtækja. Þau lækka jafnvel á mörgum sviðum. Og ég spyr: Hvenær er komið að því að launafólk fái sinn skerf? Það nægir ekki að benda launafólki í Framsókn og Dagsbrún á 10% kaupmáttaraukningu sem það fólk hefur ekki fengið. Enn þá síður að segja því að það eigi annað eins í vændum. Þetta fólk fékk aldrei nema 2–3,5%

hækkun. Það hljóta allir að skilja að fólkið í landinu þolir ekki lengur þessi lágu laun. Það sýna m.a. skuldir heimilanna sem hafa aukist um 200–300% og eru að buga heimilin. Á meðan gerðar eru gengdarlausar kröfur á hendur launafólki er atvinnurekstrinum í landinu aldrei stillt upp né gerðar til hans viðlíka kröfur.

Er ekki eðlilegt að spyrja nú, hæstv. forsrh., þegar flest stórfyrirtæki landsins sýna mikinn hagnað ársins 1996, mörg þeirra annað árið í röð, hvenær ef ekki núna hafa atvinnurekendur tök á að borga mannsæmandi laun? Umræðan á að snúast um þetta. En það er við þessar aðstæður sem forsrh. kemur fram og leggst á sveif með atvinnurekendum. Hann segir að launafólk sé að tala sig inn í verkfall. Hann lýsir launafólki sem er með taxtakaup upp á 50–65 þús. kr. sem skemmdarvörgum og forustumönnum launþega sem þeir séu að svíkja fólkið í landinu. Málflutningur hans er þannig að halda mætti að hann væri aðalsamningamaður VSÍ. Þó er hann að því leyti ógeðfelldari að forsrh. er einmitt í þeirri stöðu að hann ætti að gæta þess að vera maður sátta, maður sem tekur ekki einhliða afstöðu því þannig rýrir hann allt traust á sér frammi fyrir launafólki landsins.

En hvert er umhverfi samninganna nú? Þjóðarsátt um stöðugleika hefur lengt efnahagsþrengingar landsins. Valdhafar boða góðæri. Nánast allir samningar eru lausir. Almenn laun í landinu eru orðin allt of lág. Stórir hópar eru undir fátæktarmörkum. Hverjar eru svo kröfurnar? Það er grunntónn allra að færa taxta að greiddu kaupi, að tryggja kaupmátt, að tryggja atvinnuöryggi. Það er líka krafa um 70 þús. kr. lágmarkslaun. Dagvinnulaunin hjá Framsókn og Dagsbrún eru í 49–65 þús. kr. VSÍ talar um þessar kröfur sem kollsteypu, býður tíkall á tímann meðan krafa verkafólks er grunnkaupshækkun sem munar um. Það er fullyrt að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi hækkað um allt að 10% á tveimur árum. Niðurstaða hagfræðings sem kannað hefur kaupmáttaraukningu Dagsbrúnarmanna er að kaupmáttur heildarlauna þeirra sé að meðaltali tæp 2% á ári. Hann byggir á iðgjöldum áranna 1993–1995. Þetta eru staðreyndir sem ganga þvert á staðhæfingar forsrh. og atvinnurekenda sem bregða fyrir sig villandi meðaltölum.

Í áramótaræðu sinni talaði forseti Íslands um fátækt sem smánarblett á íslensku samfélagi, en forsrh. efaðist í sínu ávarpi um sannleiksgildi slíkra frétta. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar benda til að um 10% Íslendinga séu fátækir. Verst settir eru atvinnulausir, námsmenn, bændur, einstæðir foreldrar og lífeyrisþegar.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar eru sérstaklega eftirtektarverð. Í stað þess að taka á málum landbúnaðarins þar sem mörg býli bera varla einn aðila í launum, hvað þá hjónin bæði, á lausnin að vera atvinnuleysisbætur. Það er ótrúlegt virðingarleysi gagnvart starfsstétt sem fyrir ráðaleysi valdahafa í málaflokknum er nú komin undir fátæktarmörk.

Sömu sögu er að segja um bótaþega Tryggingastofnunar ríkisins. Með lögum hefur tenging bóta við laun verið afnumin þannig að nú getur ríkisstjórnin ákveðið bætur að eigin geðþótta meðan allir vita að vandi atvinnulausra er að það vantar störf. Ekkert gengur með 12 þúsund störfin sem Framsfl. lofaði fyrir síðustu kosningar. Þá birtist okkur í frv. um atvinnuleysistryggingar sú sýn ríkisstjórnarinnar að hinn atvinnulausi sjálfur sé vandamálið. Þingflokksformaður Framsfl., það voru líka 3.000 árið áður en Framsókn kom að ríkisstjórninni. Það frv. skerðir réttindi atvinnulausra og ýtir þeim út úr réttinda- og bótakerfi inn á félagsmálastofnanir sveitarfélaga. Það þarf því engan að undra að á árunum 1995–1996 urðu fátækir á Íslandi enn fátækari.

Virðulegi forseti. Jafnaðarmenn hafa flutt mörg þingmál sem varða hag og réttindi launafólks og nú síðast sett fram tillögu á Alþingi um 80 þús. kr. lágmarkslaun. Jafnaðarmenn voru á erfiðleikatímum tilbúnir að hjálpa atvinnulífinu að rétta úr kútnum. En við gerum líka þeim mun ríkari kröfur til að launafólk hljóti nú sinn réttláta skerf, bæði í samskiptum við vinnuveitendur og ríkisvaldið. Ég spyr í lokin: Hver er launastefna ríkisstjórnarinnar sem m.a. er atvinnurekandi rúmlega 30 þúsund starfsmanna?

[15:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Launastefna ríkisstjórnarinnar er sú að kaupmáttur í landinu megi hækka sem mest eins og best er kostur. Það er meginstefna ríkisstjórnarinnar. Vonandi er það líka stefna þingmannsins sem talaði áðan og þingheims alls, að í kjarasamningunum náist það fram að kaupmáttur landsmanna geti hækkað eins mikið og frekast er kostur. Þetta er meginstefnan sem við eigum að sameinast um. Það var gaman að heyra ræðu hv. þm. sem var mjög hefðbundin ræða. Það er alltaf gaman fyrir íhaldsmann eins og mig að hlusta svona á gamlar og góðar hefðbundnar ræður sem hafa verið haldnar hér á landi í svona 40–50 ár, en menn eru nokkurn veginn hættir að halda slíkar ræður annars staðar.

Hv. þm. ræddi nokkuð um orð mín í viðtali í Morgunblaðinu og fór þar rangt með, ábyggilega vísvitandi því að hv. þm. er bærilega vel læs. Hv. þm. sagði að ég hefði sagt þar að launamenn væru að tala sig inn í verkfall. Sagði ég það, hv. þm.? Nei, nei. Ég sagði það ekki, hv. þm. Ég sagði að ég óttaðist að aðilar á vinnumarkaði væru að tala sig inn í verkfall. Af hverju kaus þingmaðurinn að hafa þetta ekki rétt eftir? Til þess að gera mig tortryggilegan í augum launamanna? Eða er einhver önnur ástæða? En þetta var það sem ég sagði. Það er afar þýðingarmikið að hv. þm. hafi þetta rétt eftir.

Hv. þm. vitnar til þess að ég hafi rakið það og þær tölur liggja fyrir að kaupmáttur hefði aukist ... (**RG:** Menn séu að tala sig inn í verkfall, menn séu að gera það.) Það eru bara menn sem eru í kjaraviðræðum. Dýrin blessuð fá ekki að komast þar að, hv. þm. veit það. En jafnframt vitnar hann til þess og fer rangt með varðandi kaupmáttaraukningu. Ég sagði þar að kaupmáttaraukning hefði átt sér stað á árunum 1994–1996 og síðan bætti ég við hvað menn gætu áætlað á árinu 1997. Og til að sýna fram á að ég hefði rangt fyrir mér í þessum efnum, þá vitnar hv. þm. í tölur sem birtar eru í blaði Dagsbrúnar frá 1993–1995 sem alls ekki var rætt af minni hálfu. Hvernig getur hv. þm. beitt vinnubrögðum af þessu tagi? Hvernig ímyndar hv. þm. sér að slík vinnubrögð séu til þess fallin að skapa málefnalegar umræður sem gagnast mættu launamönnum? Slíkar talnameðferðir eru ekki til þess fallnar að gagnast launamönnum í þeim viðræðum sem nú standa yfir.

Hv. þm. sagði að launþegar í landinu hefðu orðið að taka á sig miklar fórnir til þess að verðbólga yrði lág, atvinnuleysi minnkaði og vextir lækkuðu. Þeir hefðu fórnað sér og þess vegna samþykkt þjóðarsáttarsamninga æ ofan í æ. Getur það verið að hv. þm. telji að það væri betra að fara einhverja aðra leið fyrir launþega í landinu? Leið sem ekki hefði skilað kaupmáttaraukningu og hefði um leið ekki leitt til þess að verðbólga minnkaði og atvinnuleysi minnkaði og vextir lækkuðu, þannig að launþegar voru að semja fyrir sjálfa sig

og í þágu sjálfra sín og engra annarra. Það er ekki fórn að ná slíkum árangri. Ef launþegar hefðu hins vegar farið þá leið sem sumir töluðu fyrir hér á árum áður, farið gömlu leiðina, leið 30–40% kauphækkana, leið óðaverðbólgunnar, þá hefði það þýtt að vextir hefðu ekki lækkað, að verðbólga hefði ekki minnkað og að kaupmáttur hefði fallið enn þá meir en ella. Þess vegna var þetta sameiginlegur ávinningur allra sem að málinu koma og þannig á auðvitað að tala um málið og ekki öðruvísi.

Sem betur fer er það nú svo að þekkt er og menn vita það að kaupmáttur hefur verið að aukast frá 1994 og til þessa dags. Við lágum ekkert á því í síðustu ríkisstjórn að kaupmáttur hefði þá staðið í stað eða minnkað, reyndar ekki eins mikið og í ríkisstjórninni 1988–1991 þegar kaupmáttur hrundi. En hann byrjaði ekki að aukast í tíð okkar ríkisstjórnar, ekki fyrr en 1994 þegar árangur efnahagsaðgerða og markvissrar stefnu ríkisstjórnarinnar fór að bera árangur eða koma í ljós. Og hið sama hefur gerst núna. Þessi árangur heldur áfram og er viðvarandi og þann árangur má ekki skemma. Við erum ekki að stuðla að því að sá árangur skemmist. Við viljum auðvitað að kaupmáttur launafólks í landinu aukist og hann þarf að aukast. Við vitum öll að hann þarf að aukast. En þeir sem leggja til að farið verði í gamla farið eru ekki að knýja á um að kaupmáttur í landinu aukist nema síður sé.

Það var fullyrt áðan að þær breytingar sem voru gerðar á vinnulöggjöf hefðu staðið í vegi fyrir því að kjarasamningar gætu gengið vel fram. Þetta er ekki rétt að mínu mati. Auðvitað þarf að komast lengri reynsla á hin nýju lög en þegar er orðin en ég tel að ekkert liggi fyrir um það nema síður sé að þær breytingar hafi skemmt fyrir í þeim viðræðum sem þegar hafa átt sér stað. Þeir samningar sem nýlega hafa náðst fyrir austan eru í samræmi við þau lagafyrirmæli og eru gerðir í samræmi við þær áætlanir og mun um þá samninga verða vélað nákvæmlega í samræmi við það. Það er því ekki hægt að finna að þar hafi þessi lög staðið í vegi nema síður sé.

Ég sagði frá því í Morgunblaðinu að það kynni að vera að hin nýju lög væru hættulegri í fyrstunni gagnvart ákvörðun um verkfall, ekki vegna þess að það fælist í eðli laganna heldur vegna þess að í fyrstunni kynnu menn ekki að átta sig á þeim breytingum sem orðið hefðu á því umboði sem menn væru að veita. En um leið og þessar leikreglur verða mönnum ljósar, það tekur tíma — við skulum gá að því að gömlu vinnulögin voru ekki einu sinni öll komin í framkvæmd eftir áratugi — en þegar fram í sækir er ljóst að þessi lagabreyting er til bóta. Þó að þekking á þeim sé að komast yfir til almennings í landinu eins og gerist með aðra löggjöf getur vel verið að þetta atriði gæti flækst fyrir mönnum. En það þýðir ekki að atriðið sé ekki til bóta í eðli sínu sem það örugglega er því að rétturinn er færður til fólksins og það viljum við öll býst ég við sem í þessum sal erum.

Auðvitað bind ég við það vonir sem og ríkisstjórnin öll að til verkfalla þurfi ekki að koma, að mönnum takist að stuðla að því að kjör í landinu batni. Það vita allir menn að það verða engir fjármunir til í verkföllum. Verkföll eyða fjármunum. Menn þurfa að vinna meira á eftir til þess að ná sér upp eftir verkföll. Það þekkjum við. Auðvitað getur einn hópur fengið meiri fjármuni á kostnað annarra með verkföllum en það verða engir fjármunir til í verkföllum. Ég býst ekki við að það sé nokkur maður í þessum sal sem haldi því fram að fjármunir verði til í verkfalli. (Gripið fram í.) Þess vegna held ég að sé mjög mikilvægt að menn haldi sínu striki og vinni að því sem nú er möguleiki, sem betur fer, þriðja, fjórða og fimmta árið í röð, að auka kjarabætur fólksins í landinu. Þar höfum við öll sömu skyldu og mikilvægi þess hlýtur að vera það sama fyrir okkur hvorum megin sem við sitjum við borðið, ríkisstjórnarmegin eða stjórnarandstöðumegin, eins og málin standa í augnablikinu.

Ég bind vonir við það að þeir samningar sem þegar hafa tekist geti ýtt undir það að skriður komist á viðræður. Við þekkjum það frá mörgum öðrum slíkum kjarasamningaviðræðum að það getur komið uppstytta í viðræður og hefur margoft gerst. Viðræður ganga bærilega síðan kemur uppstytta sem getur staðið í nokkurn tíma, jafnvel bakslag. Þetta er alþekkt. Hér inni eru reyndari menn en ég í kjarasamningum og þeir þekkja þetta vel. Það er ekki alltaf beina brautin sem menn ganga. En það er mjög mikilvægt að samningar taki ekki allt of langan tíma þannig að kaup fólksins megi hækka og kaupmátturinn sérstaklega megi hækka þannig að hagur manna fari batnandi.

Við sjáum fram á að það hanga mjög margir þættir á skynsamlegum kjarasamningum og þegar ég á við skynsamlega kjarasamninga þá á ég ekki við samninga sem eru skynsamlegir eingöngu fyrir ríkisstjórnina heldur samninga sem eru skynsamlegir fyrir fólkið í landinu, fyrir fyrirtækin og fyrir allan almenning þar með. Slíkir samningar tryggja okkur áfram það að vera með betri stöðu í samanburði við viðmiðunarlönd, áfram eins og verið hefur hér undanfarin þrjú til fjögur ár. Þeir tryggja okkur að kaupmáttur muni vaxa meir hér á landi en gerst hefur í samanburðarlöndum á undanförnum þremur, fjórum árum. Þeir tryggja okkur það að verðbólga verði svipuð og í nágrannalöndunum sem stuðlar að því að samkeppnisstaða Íslendinga verði bærileg. En undir henni er mjög mikið komið, því sé grundvöllurinn ekki réttilega lagður þá þýðir lítið fyrir okkur hin að tala um kaupmáttaraukningu. Grundvöllurinn verður að vera réttilega lagður. Og það er það sem menn eru auðvitað allir að vinna að. Skynsamlegir kjarasamningar tryggja líka að atvinnuleysi fer nú minnkandi og hefur farið jafnt og þétt minnkandi og mun minnka enn ef kjarasamningar eru skynsamlegir. Og það hafa forráðamenn í þessum sal, mjög margir, sagt að hafi verið brýnasta verkefni okkar að draga úr atvinnuleysi. Skynsamlegir kjarasamningar sýna og hafa sýnt að þeir eru til þess fallnir að draga úr atvinnuleysi og atvinnuleysi fer nú minnkandi og við eigum ekki að gera neitt til þess að leggja stein í götu þess. Og skilyrði til vaxtalækkunar fylgja auðvitað einnig í kjölfar skynsamlegra kjarasamninga.

Menn hafa dregið það í efa sem ég hef verið að segja að kaupmáttur og launaþátturinn fari vaxandi. Nú í dag var lagt fyrir ríkisstjórnina yfirlit yfir afkomu ríkissjóðs á árinu 1996. Þar kemur m.a. fram að í forsendum fjárlaga fyrir árið 1996 var gert ráð fyrir 6% hækkun atvinnutekna á mann á því ári. Nú kemur þar fram skekkja því atvinnutekjur virðast hækka mun meira eða um 8–9% á mann. Þetta er enn eitt atriði sem undirstrikar það sem allar tölu sýna, þó menn kjósi af einhverjum ástæðum að berja höfðinu við steininn, að kaupmátturinn fer vaxandi. Við skulum ekki gleyma því að farið var í aðgerðir til þess, sem enn þá standa og hafa ekkert breyst, að kaupmáttaraukningin geti orðið meiri hjá hinum lægstlaunuðu heldur en öðrum. Lækkun matarskatts var til þess fallin að auka kaupmátt hinna lægstlaunuðu. Lækkun aðstöðugjalda var til þess fallin að auka kaupmátt hinna lægstlaunuðu. Það gefur auga leið og það sjá allir sem

það mál skoða af einhverri sanngirni. Þessir þættir eru því mikill ávinningur fyrir launamenn.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur að kaupmáttur hækki hér samfellt næstu fjögur eða fimm árin jafnmikið umfram það sem er að gerast í nágrannalöndunum eins og gerst hefur núna sl. fjögur ár. Þá verðum við komin í fremstu röð í kaupmætti í veröldinni. Við erum reyndar framarlega, en verðum við í allra fremstu röð ef þannig heldur áfram. Og að því eigum við öll að vinna. Að því markmiði vill ríkisstjórnin auðvitað vinna.

[16:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið athygli undanfarið að núverandi ríkisstjórn neitar að viðurkenna þá staðreynd að það er fátækt í landinu. Auðvitað er til hópur sem hefur búið við vaxandi kaupmátt en hann er líka stór hópurinn sem býr við hreina fátækt. Og jafnvel hefur hæstv. forsrh. sagt við þá sem vekja athygli á þessari staðreynd að þeir fari þar með órökstutt mál. En staðreyndirnar tala nú sínu máli og þúsundir manna búa við mjög vond kjör, lág laun, vaxandi skuldir, háa jaðarskatta, langan vinnudag og síaukn-ar álögur í formi þjónustugjalda. Þjónustugjöld hafa aukist um tvo milljarða króna frá árinu 1991 í tíð þessarar og síðustu ríkisstjórnar. Efnahagsstefna ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. hefur ekki falið í sér nein fyrirheit fyrir láglaunafólkið í aðdraganda kjarasamninga. Þvert á móti er stefna ríkisstjórnarinnar sú að stjórnendur stofnana noti mátt sinn og megin á tímum atvinnuleysis til að brjóta niður samtakamátt launafólks með því að mismuna því í launagreiðslum. Að mati ríkisstjórnarinnar eiga laun starfsstétta ekki að vera sameiginlegt baráttumál heldur á hver að hugsa um sig, laun hvers einstaklings eiga að vera hans einkamál. Stefnt er að því að brjóta niður samkennd stétta á vinnumarkaðinum en auka á samkeppni og sundrung. Og ástandið er ekkert betra hjá hinu opinbera en það er á almenna vinnumarkaðinum þar sem ný lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gera beinlínis ráð fyrir því að brjóta niður samkennd og samtakamátt starfsmanna ríkis og bæja og forustumönnum þessara stofnana er með lögum uppálagt að mismuna starfsfólki í launum, jafnvel innan sömu stétta. Rök Sjálfstfl. og Framsfl. og atvinnurekenda fyrir þessari breytingu eru þau að allar þeirra aðgerðir miði að hagkvæmni í rekstri, betri afkomu fyrirtækja og stofnana. Allri samkennd og samstöðu launafólks á og má fórna á altari hagstjórnarfulltrúa frjálshyggjunnar.

Afleiðingar þessarar stefnu hafa ekki látið á sér standa. Launabilið hefur vaxið, fátækt og atvinnuleysi hefur aukist og staða þeirra sem minna mega sín er veikari nú en hún hefur verið um áratugi. Í þessu samfélagi samkeppninnar er varla gert ráð fyrir fólki sem býr við skerta starfsorku vegna veikinda og/eða fötlunar. Og það launafólk sem hefur fulla starfsgetu og vinnur myrkranna á milli til þess að framfleyta sér og sínum lendir í gífurlega háum jaðarsköttum þannig að ráðstöfunartekjurnar eru í engu samræmi við vinnutímann.

Ríkisstjórnin hrósar sér af stöðugleika og jákvæðri þróun efnahagslífsins. Stöðugleika sem felur í sér misrétti, ójöfnuð, vaxandi fátækt, vaxandi spennu á vinnumarkaðinum, vaxandi ólgu í þjóðfélaginu sem m.a. hefur í för með sér aukið ofbeldi og aukna neyslu hvers konar vímuefna. Stöðugleika sem felur í sér að skuldir heimilanna vaxa og stöðugleika sem felur í sér að æ fleiri fjölskyldur og einstaklingar þurfa á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að halda þrátt fyrir allar fullyrðingar um kaupmáttaraukingu. Þetta er sá veruleiki sem launafólk stendur frammi fyrir nú við gerð kjarasamninga. Í þjóðarsáttarsamningunum sem voru gerðir 1990 þar sem fulltrúar ríkis, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda sameinuðust um lausnir sem leiða mættu til batnandi efnahags þjóðarinnar, skuldbundu aðilar sig til ákveðinna verka til að ná settu marki. Enginn gaf jafnmikið eftir í þeim samningum og launafólkið sjálft með því skilyrði þó að þegar betur áraði kæmi það fram í auknum launagreiðslum til þeirra hópa sem að samningunum stóðu.

Rekstrarumhverfi fyrirtækja hefur lagast verulega frá því að þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir. Það sést vel þegar ársreikningar fyrirtækja eru skoðaðir, þ.e. hjá þeim fyrirtækjum þar sem reikningar eru á annað borð opinberir. En mikið skortir á að eðilegar og sjálfsagðar upplýsingar liggi fyrir hvað varðar rekstur fyrirtækja hér á landi. Talsmenn atvinnurekenda halda því gjarnan fram að framleiðni og afkoma íslenskra fyrirtækja sé að meðaltali frekar slök og því beri atvinnulífið ekki miklar launahækkanir. Það má til sanns vegar færa að íslenska hagkerfið einkennist af meðaltali lítillar framleiðni og litlum virðisauka. Fyrirtækin eru mörg og smá og óhagkvæmar rekstrareiningar og það er ljóst að þarna verður að taka til hendinni, endurskipuleggja og búa til hagkvæmari einingar. Að þessu hefur ekki verið unnið sem skyldi og það má þá velta fyrir sér hvort að það þjóni ekki áróðri atvinnurekenda og stefnu þessarar ríkisstjórnar að viðhalda ákveðnum fjölda óhagkvæmra rekstrareininga í þeim tilgangi að halda niðri meðaltali framleiðni og virðisauka, meðaltali heildarafkomu atvinnulífsins og nota það sem vopn í baráttunni við verkalýðshreyfinguna. Staðreyndin er engu að síður sú að hagur velflestra fyrirtækja hefur batnað verulega en sá bati hefur ekki skilað sér til launafólks og manni virðist að stefnan sé sú að enn skuli launafólkið bíða.

Á undanförnum árum hefur bilið milli þeirra sem búa við lægstu launin og þeirra sem mest hafa breikkað verulega. Gögn Þjóðhagsstofnunar sýna glöggt hversu stórt launabilið er og það er í raun fámennur hópur sem hirðir megnið af þeim heildarlaunum sem greidd eru. Þannig taka rúmlega fimm þúsund manns í hópi þeirra hæstlaunuðu til sín tekjur sem um 54 þúsund manns í lægstu hópunum þurfa að skipta á milli sín. Og hvor skyldi nú hafa grætt meira á kaupmáttaraukningunni? Þetta er óþolandi ójöfnuður sem ríkisstjórnin ýtir kröftuglega undir með stefnu sinni og þetta gerist þó að fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna verði tíðrætt um stöðugleika og góðæri og þeir neita að horfast í augu við að vandamálin blasa við.

Atvinnuleysið er mikið og því vandamáli ætlar ríksstjórnin að mæta með því að skerða kjör atvinnulausra verulega frá því sem nú er. Þær skerðingar sem framkvæmdar hafa verið á síðustu árum á kjörum atvinnulausra og þær skerðingar sem hafa verið boðaðar eru fyrir neðan allt velsæmi og byggja að miklu leyti á hæpnum kenningum sem eru skrumskældar ákvarðanir annarra þjóða. Þessar áætlanir ríkisstjórnarinnar varðandi atvinnulausa bitna sérstaklega harkalega á ungu fólki og konum. Þetta eru ákvarðanir sem byggja á þeim skilningi ríkisstjórnarinnar og hennar fylgifiska að það séu þeir atvinnulausu sem eru vandamálið en ekki atvinnuleysið sjálft.

Kjör aldraða, öryrkja og sjúklinga hafa verið skert verulega með lækkun bóta, hækkun lyfjakostnaðar, með skertri þjónustu heilbrigðis- og tryggingakerfis og með óréttlátri

tekjutengingu bóta þar sem viðmiðunarmörkin varðandi skerðinguna eru svívirðilega lág. Það má með sanni segja að enginn hópur hafi orðið eins illa úti í tíð þessarar ríkisstjórnar og aldraðir og öryrkjar. Aldraðir, öryrkjar og sjúklingar eiga enga aðild að því þegar vélað er um kaup þeirra og kjör. Hagsmunasamtök þessara hópa eru sjaldnast kölluð til þegar ákvarðanir er þá snerta eru teknar þó engir hafi búið við eins tíðar breytingar á kjörum sínum á síðustu árum. Það er því fyllilega eðlileg krafa að fulltrúar þessara samtaka komi að samningum um kaup sitt og kjör rétt eins og fulltrúar annarra samtaka launafólks. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Er hann tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að svo megi verða? Við höfum engan rétt til að ráðskast með kjör þessa launafólks eins og gert hefur verið.

Það eru fleiri hópar sem liggja utan garðs hjá þessari ríkisstjórn en aldraðir og öryrkjar. Það óréttláta skattkerfi sem hér er við líði bitnar af fullri hörku á ungu fjölskyldufólki sem er að koma undir sig fótunum og eignast húsnæði. Hér er um að ræða aukna skattbyrði vegna fyrirkomulags tekjuskatta, barnabóta og húsnæðis- og vaxtabóta sem hefur breyst mjög launafólki í óhag frá því að núgildandi skattkerfi var tekið upp. Hækkun tekjuskatts og lækkun barnabóta hefur rýrt kaupmátt hjóna með tvö börn um 5% frá árinu 1988 fram til dagsins í dag. Jaðarskattar hjóna með tvö börn, meðaltekjur og 3 millj. kr. húsnæðislán hafa hækkað úr 48% á árinu 1988 upp í rúmlega 57% í dag.

Þá samþykkti Alþingi við fjárlagaafgreiðslu fyrir síðustu áramót að halda persónuafslætti óbreyttum sem þýðir aukna skattbyrði, en það sem sparaðist átti þó að nota til þess að lagfæra þessa stöðu með jaðarskattana. Þrátt fyrir að tekjur ríkissjóðs hafi á síðustu tveimur árum aukist um 10 milljarða kr. var ekki svigrúm til þess að lækka jaðarskattana. Á sama tíma samþykkti Alþingi líka ýmsar breytingar á skattamálum fyrirtækja sem t.d. tengjast meðferð á tapi, sem þýddi að fyrirtækin þurfa að skila mun minni sköttum en ella til samfélagsins. Þetta dæmi sýnir vel á hve rangri braut ríkisstjórnin er. Á tímum þegar rekstur fyrirtækja í landinu gengur yfirleitt vel og hlutabréfavísitölur æða upp úr öllu valdi kýs ríkisstjórnin að hækka skattbyrði á almennt launafólk og lækka skattbyrði fyrirtækjanna. Þetta var áramótakveðjan sem ríkisstjórnin sendi launafólki í aðdraganda kjarasamninga.

Annað svið sem stjórnvöld hafa notað til að skerða kaupmátt launafólks eru heilbrigðismálin. Þátttaka sjúklinga í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Hlutur sjúklinga í lyfjakostnaði samfélagsins hefur aukist úr 20% frá árinu 1990 upp í 35% nú. Útgjöld sjúklinga vegna lyfjakaupa hafa aukist um 158% frá árinu 1990 og útgjöld sjúklinga vegna læknishjálpar hafa hækkað um 340% frá árinu 1988. Þessar tölur sýna einnig vel á hvaða leið samfélagið er. Á síðustu árum hefur samhjálp og samtrygging í heilbrigðismálum minnkað verulega. Þetta er allt framkvæmt í nafni erfiðleika í ríkisfjármálum og menn loka augunum fyrir því hvernig tekjur ríkissjóðs eru nýttar.

Breytingar á vinnulöggjöfinni sem keyrðar voru í gegn á Alþingi liðið vor voru augljóslega liður í þeirri stefnu stjórnvalda að draga úr mætti verkalýðshreyfingarinnar og styrkja stöðu samtaka atvinnurekenda. Breytingarnar voru settar fram í því ljósi að verið væri að auka rétt almennra félagsmanna verkalýðshreyfinganna á kostnað þeirra sem kosnir hefðu verið til forustu. Fátt er í raun fjær raunveruleikanum. Breytingarnar á vinnulöggjöfinni og sú reynsla sem af þeim hefur hlotist sýnir svo að ekki verður um villst vanþekkingu þeirra sem lögin sömdu og ræddu á þeim tíma um stöðu íslensks verkafólks.

Alþb. hefur í öllum sínum málflutningi lagt höfuðáherslu á að fyrstu aðgerðir til lífskjarajöfnunar verði hækkun lægstu launa og það var það sem ég vildi heyra hæstv. forsrh. segja hér áðan. Við tökum undir þær hugmyndir sem komið hafa fram um verulega hækkun á grunntöxtum launafólks, m.a. með því að færa aukagreiðslur af ýmsu tagi inn í grunnlaun og hækka lægstu launin verulega. Alþb. hafnar launakerfum sem byggja á persónulegum samningum í stofnunum og fyrirtækjum og leggur áherslu á að um öll kjör verði samið á félagslegum grunni í kjarasamningum. Það er nauðsynlegt að sátt náist um lausn kjarasamninga á þennan hátt þar sem lægstu launin hækki sérstaklega til að draga úr óheyrilegum launamun. Hátekjufólki ber að sýna biðlund og virða tilraun til að draga úr kjaramisréttinu. Ríkisstjórnin verður að breyta um stefnu og leggja sitt af mörkum til að þessi niðurstaða fáist.

[16:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil svara því strax að ég tel að sú almenna kaupmáttaraukning sem um verður samið á almennum markaði eigi að ganga til aldraðra og öryrkja jafnframt, að það eigi að tryggja það.

Ég vil nota tækifærið og spyrja hv. þm. sem talaði um kjarajöfnun og jafnrétti. Í heiminum eru 191 sjálfstætt ríki. Getur hv. þm. nefnt mér eitt þar sem meiri jöfnuður ríkir í kjörum en hér á landi?

[16:18]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann væri tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að aldraðir og öryrkjar kæmu að samningaborði. Þeir hafa sent hæstv. ríkisstjórn bréf ítrekað og beðið um samráð, að samráðsnefnd verði stofnuð. Ég spyr: Erum við tilbúin til þess að ræða við Samtök aldraðra og samtök öryrkja eins og rætt er við stéttarfélög?

[16:19]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Þessi umræða hófst með því að fullyrt var að hér væri mjög alvarleg staða í kjaramálum. Ekki ætla ég að draga úr alvarlegri stöðu út af fyrir sig, en ég vek á því athygli að mál hafa þróast í jákvæða átt síðustu daga og kjarasamningar hafa náðst í mjög mikilvægum málum og á ég þá við þann kjarasamning sem hefur náðst í loðnuverksmiðjum á Austurlandi, en fyrir nokkrum dögum var almennt talin mikil hætta á því að loðnuveiðarnar mundu hreinlega stöðvast af ýmsum ástæðum. Ég held að það hafi komið mjög glöggt fram í því máli að það er ekki vilji landsmanna að fara í verkföll og menn vilja gera allt sem hægt er til þess að komast hjá því.

Það hefur verið sagt að hér sé mjög alvarleg staða og mér finnst stjórnarandstaðan sjá allt svart. Þeir tala jafnframt um að það þurfi að hækka útgjöld á fjárlögum, það þurfi að lækka skatta, það þurfi að lækka þjónustugjöld, en að vísu var lítið talað núna um að það þyrfti að ná jöfnuði í ríkisfjármálum þannig að ég hef ekki oft heyrt áður jafnmiklar andstæður í málflutningi og hér hafa komið fram.

Því verður ekki á móti mælt að hagvöxtur hefur verið mikill. Verðbólga er lág, atvinnuleysi hefur minnkað, kaupmáttur hefur aukist og lífskjör hafa batnað.

Í þessari umræðu hefur allmikið verið talað um fátækt á Íslandi og ég held að það sé þá best að vitna til þeirrar úttektar sem Félagsvísindastofnun gerði í þessu máli og birt var í október. Þar kom mjög glögglega fram hve mikið samband er milli atvinnustigs og lífskjara. Og í annarri könnun sem var birt í janúar 1997 kemur fram að á árinu 1995 voru rúmlega 12% þjóðarinnar undir þeim mörkum er teljast til fátækramarka samkvæmt þeirri skilgreiningu sem þar er, en á árinu 1996 er hlutfallið komið í 9,9%.

Allir hv. alþingismenn geta verið sammála um að við þurfum að breyta þessu. En við þurfum að svara því hvernig það skuli gert. Ég held að ekkert annað ráð sé við því en að minnka atvinnuleysið og bæta lífskjörin í framtíðinni með því að til sé atvinna fyrir allar vinnufúsar hendur. Sagan segir okkur að þetta er sú aðferð sem við höfum besta til þess að ná þessu fram.

Það er t.d. mikið talað um það núna að verið sé að ráðast í fjárfestingar uppi í Hvalfirði sem einhver mengun fylgir. Það er rétt. Í fyrsta skipti sem stjórnarandstaðan bað um umræðu eftir þinghlé þá var það til að mótmæla þessum framkvæmdum og benda á hætturnar í þeim efnum. Það munu nokkur hundruð manns fá atvinnu við þær framkvæmdir og þá starfsemi sem þarna fer fram. Stjórnarandstæðingar eins og aðrir verða að velja og hafna í þessum efnum, þ.e. hverju á til að kosta til að bæta lífskjörin í landinu. Menn gera það ekki bara með því að sitja hjá og horfa á og efna til umræðu utan dagskrár á Alþingi nægilega oft til þess að reyna að hækka lífskjörin. Þannig gerist það ekki.

Það er staðreynd að atvinnuleysi á Íslandi er að meðaltali innan við 4% um þessar mundir. Á sama tíma er spáð um 11% atvinnuleysi hjá Evrópusambandsríkjunum og 8% hjá OECD-ríkjunum þannig að við höfum náð miklum árangri á þessu sviði. Það hefur ekki síst gerst vegna þess að hér er rekin ábyrg ríkisfjármálastefna og það er mikilvægt að hún verði rekin áfram.

Þótt full samstaða sé um að breyta hinum svokölluðu jaðarsköttum þá þarf að skapa svigrúm til þess og það er það sem ríkisstjórnin hefur verið að gera án þess að efna til halla á fjárlögum. Þannig að ef við viljum skapa fleirum störf, þá verður að skapa þær aðstæður að vextir geti lækkað, að fjárfesting í atvinnulífinu taki við sér og hagvöxtur komist á skrið, þar með talið að hér eigi sér stað erlend fjárfesting. Það er eina ráðið til þess að störfum fjölgi og atvinnuleysi minnki.

Því miður eru ýmis þenslumerki í efnahagsmálunum og við verðum að játa það að þessi þensla getur ógnað þeim stöðugleika sem er í efnahagsmálum. Það er alveg ljóst að sparnaður í okkar hagkerfi er of lítill og það er af þeim ástæðum sem aðhald í ríkisrekstri er meira en margur vildi hvort sem það er á sviði heilbrigðismála, menntamála eða annarra málaflokka. En það verður ekki á allt kosið og það þýðir ekki að koma hér upp og segja eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, að það þurfi að hækka útgjöld til hinna ýmsu málaflokka án þess að ræða þá í leiðinni hvort það geti orðið til þess að stöðugleika sé ógnað.

Herra forseti. Ég tel að við séum að ná verulegum árangri í efnahagsmálum og öll skilyrði hafi skapast til þess að hér geti ríkt allgóð sátt á vinnumarkaði. Við getum reiknað með því að kaupmáttur fjölskyldna aukist að meðaltali um 15–20% fram til aldamóta sem er meira en hjá nokkurri annarri þjóð í nágrenni okkar. Og menn leyfa sér að gera lítið úr því, að það sé ekki til að tala um. En ef svo færi nú að við misstum þessi skilyrði niður og misstum stjórn á efnahagsmálunum þannig að stöðugleiki væri ekki lengur fyrir hendi, hafa menn þá trú á því að kaupmáttur geti aukist þetta mikið fram til aldamóta? Auðvitað gera allir aðilar á vinnumarkaði sér grein fyrir því að ábyrgð þeirra er mikil og menn vita að þetta mun ekki nást fram með einhverri kúvendingu, einhverri kollsteypu, heldur hægt og sígandi og við hljótum að leggja áherslu á að kjör þeirra sem minnst hafa verði bætt sem mest. En það er ekki eingöngu ríkisvaldið sem getur stuðlað að því. Það geta líka aðilar vinnumarkaðarins og þá er mikilvægt að missa kjaraþróunina ekki úr böndum þannig að þeir sem mest hafa hlaupið fram úr öðrum eins og oft hefur gerst í kjarasamningum og við höfum bitra reynslu af.

Herra forseti. Ég tel að staðan í kjaramálunum sé þess eðlis að við getum gert okkur góðar vonir um að þar fáist niðurstaða á næstu vikum. Við hljótum að vænta þess að menn vinni áfram á sömu braut og hófst nú um þessa helgi með því að mikilvæg mál voru leyst og ríkisvaldið hlýtur að stuðla að því að sú þróun haldi áfram. En það er ekki tímabært að mínu mati að ríkisstjórnin komi að þeim málum á þessu stigi þótt það kunni að gerast á síðari stigum.

[16:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hæstv. utanrrh. óþarflega skætingslegur í sínum málflutningi hér, að vera að ónotast í stjórnarandstöðuna og blanda áhyggjum manna af mengun vegna álvers inn í þetta mál. Það er spurning hvort hæstv. ráðherra hefur farið öfugum megin fram úr í morgun eða hvort það eru skoðanakannanir sem fara svona í skapið á hæstv. ráðherra.

Það er mjög athyglisvert að hæstv. ráðherrar og ríkisstjórnin skjóta sér á bak við meðaltöl í allri þessari umræðu. Hæstv. ráðherrar forðast að ræða kauptaxtana sjálfa, þ.e. umsamin laun og þörfina fyrir að hækka grunnkaupið. Herra forseti. Í samanburði við önnur laun er hin djúpa gjá á milli íslensks launafólks og t.d. launamanna á hinum Norðurlöndunum fyrst og fremst fólgin í því að kaupmáttur kauptaxta fyrir unna vinnustund er hér langtum lægri þannig að það er eðlilegt að hæstv. ríkisstjórn sé spurð hvað varðar stefnu hennar gagnvart þessu máli, þ.e. vítahring lágs tímakaups og vinnuþrælkunar. Fátækt fólk á Íslandi er ekki síst að finna í röðum þeirra sem ekkert hafa nema tímakaupið sjálft til að lifa af. Hver er afstaða hæstv. ríkisstjórnar til hækkunar kaupmáttar kauptaxta en ekki meðaltala?

[16:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig ekki hafa verið með neinn skæting í garð stjórnarandstöðu. Það verður að tala um hlutina eins og þeir eru. Stjórnarandstaðan á Alþingi, hver svo sem hún er á hverjum tíma, hefur ekki eingöngu leyfi til að gagnrýna. Ég hef aldrei upplifað það. Það er alveg nýtt fyrir mér ef hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heldur að þingsköpunum hafi verið breytt í þá átt á Alþingi. Það má vel vera að þeir hafi breytt þeim þannig í Alþb. á síðasta fundi en ég kannast ekki við það. (**Gripið fram í:** Er ráðherrann pirraður í dag?) Nei, ég er ekkert sérstaklega pirraður. En ég heyri að alþýðubandalagsmenn taka þetta til sín og það veit nú á gott.

Ég heyri það á hv. þm. að meðaltöl skipta engu máli. En auðvitað skipta þau grundvallarmáli því þau sýna hvaða svigrúm er fyrir hendi til að bæta kaup og kjör í landinu. Og

það skiptir meginmáli að það sé gert með réttlátum hætti. Ég styð að þeir sem minnst hafa fái sem mest og ég hef alltaf gert það. Hins vegar geri ég mér grein fyrir veruleikanum, að það er ekki nóg að sú skoðun heyrist hér úr ræðustól á Alþingi heldur þarf hún líka að ganga í gegn þegar samið er um hlutina úti á vinnumarkaðnum.

[16:32]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að þegar stjórnarandstaðan lýsir áhyggjum af stöðu kjaramála þá bendir hæstv. utanrrh. á að mál séu nú að leysast vegna þess að gerðir hafi verið sérkjarasamningar við nokkrar loðnuverksmiðjur fyrir austan. Þeir samningar sem þar hafa tekist eru taldir upp á 20–25% launahækkun. Af því að ráðherra vill að við lítum sérstaklega til þeirra vil ég spyrja: Er ríkisstjórnin tilbúin til að gera slíkar hækkanir að sinni stefnu varðandi opinbera starfsmenn í fyrsta lagi og í öðru lagi að hvetja VSÍ til hins sama á almenna markaðnum?

[16:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessum samningum á Austurlandi er verið að stytta vinnutíma sem var óhóflega langur. Þeir ganga fyrst og fremst út á það. Jafnframt ganga þeir út á það að fólk missir ekki kaupmátt sinn vegna þessa en verður þó fyrir launalækkun. Að hvaða leyti þessir samningar eru fyrirmynd annarra samninga (Gripið fram í.) já, launalækkun á ársgrundvelli miðað við það vaktafyrirkomulag sem verður ofan á. (Gripið fram í.) Það er rétt að auðvitað er miðað við vinnutíma. Eru ekki allir þingmenn einmitt að tala um það, þeir sem hafa vakið máls á þessu, að það þurfi að stytta vinnutímann? En eigum við ekki að láta aðila vinnumarkaðarins um það. Mér heyrist vera hálfgerð vonbrigði hjá hv. stjórnarandstæðingum yfir því að þarna hafi náðst samningar. Getur það verið? Getur verið að það valdi miklum vonbrigðum hjá hv. stjórnarandstæðingum? (**Gripið fram í:** Af og frá.) Það er gott að heyra það. Mér heyrðist tónninn þannig að þetta væri hið versta mál.

[16:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að menn séu eitthvað vonsviknir yfir því að samningar séu að takast, þ.e. þeir takmörkuðu samningar sem gerðir voru á Austurlandi. Ástæðan fyrir því að þessi umræða fer fram í dag er auðvitað áhyggjur yfir því ástandi sem virðist blasa við. Samningamenn hafa setið viku eftir viku án þess að gengið hafi eða rekið í viðræðunum. Það er einmitt mjög athyglisvert að velta þeirri stöðu fyrir sér í ljósi þess að sl. vetur og vor urðu mjög harðar deilur á hinu háa Alþingi um nýja löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt því sem m.a. stóð í nál. meiri hluta átti að gera samningaviðræður skilvirkari og flýta fyrir samtímalausn kjarasamninga. Ég fæ ekki betur séð en að við stöndum hér í nákvæmlega sömu sporum og alltaf áður. Það er hjakkað og hjakkað og beðið og beðið, beðið eftir að einhver taki eitthvert frumkvæði. Og ef það er einhver sem situr og bíður þá er það ríkisstjórnin. Ég fæ ekki séð að hún sé að gera nokkurn skapaðan hlut til að liðka fyrir samningum.

Það hefur komið fram og tengist samningunum sem gerðir voru á Austfjörðum að þar eru menn að taka mið af vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Hvað er ríkisstjórnin að gera í því sambandi? Hvernig er hún að skoða málin hjá ríkisstarfsmönnum varðandi vinnutímann? Er það virkilega svo að menn séu ekki í neinni vinnu hjá ríkinu við að þróa og leysa þær deilur sem þar eru? Ég spyr.

Svo ég víki aftur að þeim lögum sem hér voru samþykkt í vor. Þau áttu að vera hvetjandi og liðka fyrir samningum, m.a. með því að koma á svokölluðum viðræðuáætlunum. Fróðlegt væri að fá upplýst, og ég er reyndar búin að leggja fram fyrirspurn um það, hversu margar viðræðuáætlanir hafa verið gerðar og hvernig þetta nýja verkfæri hefur reynst, að ekki sé talað um vinnustaðasamningana sem áttu að vera mikil nýjung og til bóta. Ég fæ ekki betur séð en atvinnurekendur séu mjög á móti því að setjast niður til slíkra viðræðna þótt samningarnir á Austfjörðum kunni kannski að ryðja brautina að einhverju leyti. Ég fæ ekki séð að þau lög sem ollu svo miklum átökum hér hafi verið til neinna bóta. Enda voru þau samþykkt í blóra við vilja allrar verkalýðshreyfingarinnar en með vilja vinnuveitenda sem auðvitað sýnir og sannar inntak þeirra.

Það er ýmislegt sem snýr að þessum viðræðum sem ástæða er til að spyrja um. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að þau markmið sem eru mikilvægust í kjarasamningunum sem eru fram undan eru auðvitað hækkun lægstu launa. Ég held að ekki fari fram hjá neinum sem yfir höfuð hefur eitthvert samband við fólkið í þjóðfélaginu að það er mikil spenna á vinnumarkaði og mikil óánægja með kjörin. Það er reyndar ekki aðeins meðal hinna lægst launuðu heldur einnig meðal þeirra hópa sem teljast fyrir ofan fátæktarmörkin. Við hljótum að spyrja okkur hvernig við ætlum að leysa þann vanda og losa um þá spennu.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja hér að ég hef mjög miklar og þungar áhyggjur af öllu því fólki sem skilar sér ekki heim til Íslands úr námi, hámenntað fólk sem mikill fengur væri að að fá hingað. Og ég hef miklar áhyggjur af því fólki sem er að hugleiða að flytja í brott af landinu vegna langvarandi óánægju með launakjör. Það er einu sinni svo að við erum orðin hluti af stórum vinnumarkaði. Það er ekki bara Evrópska efnahagssvæðið heldur eiga margir vel menntaðir Íslendingar aðgang að hálaunavinnu í Bandaríkjunum. Þetta er eitthvað sem við verðum að átta okkur á og horfast í augu við og gera áætlun um hvernig við ætlum að bregðast við. Þjóðfélag okkar má hvorki við því að missa vel menntað fólk né sérhæft vinnuafl. Þar á ég ekki síst við fólk sem hefur langa reynslu af fiskverkun og hefur verið að flytja til annarra landa. Mér finnst þetta mjög mikið áhyggjuefni og að við þurfum að kanna þetta vel.

Enn eitt markmið vil ég nefna og það er að draga úr launamun kynjanna. Nú sakna ég sárt hæstv. fjmrh. sem ég þykist vita að er á blaðamannafundi að kynna glæstar niðurstöður ríkisstjórnarinnar á síðasta ári með 2 milljarða halla að sögn þeirra, en sem í rauninni var 12 milljarðar vegna spariskírteina sem leyst voru út. Svona leika menn sér með tölurnar. Árangurinn er ekki eins glæstur og menn vilja vera láta. Engu að síður er ljóst að hér hefur efnahagslífið tekið verulega við sér. Fjöldi fyrirtækja hefur skilað miklum ágóða. Við hljótum auðvitað að spyrja hvernig sé best að verja efnahagsbatanum. Hvernig er eðlilegast og best að deila honum niður á þjóðina? Mitt svar við því er að besta leiðin og sú eðlilegasta sé auðvitað að grípa til aðgerða til að jafna kjörin. Þær aðgerðir geta verið margar og þær koma inn á borð ríkisstjórnarinnar þótt ég sé ekki að mæla með því eins og menn hafa gert hér tíðum á undanförnum árum að semja á vinnumarkaðnum og senda svo reikninginn til ríkisstjórnarinnar. En það er vissulega margt sem ríkisstjórnin getur gert

til þess að liðka fyrir og bæta ástandið. Eitt af því er m.a. að setja sér markmið varðandi það að draga úr launamun kynjanna sem auðvitað er þjóðarskömm og óþolandi að búa við ár eftir ár og horfa upp á að kjarasamningar séu gerðir án þess að tekið sé á þeim vanda sem m.a. stofnanir Sameinuðu þjóðanna hafa gert athugasemdir við sem mannréttindabrot. Þetta eru mannréttindabrot.

Ég sakna mjög fjmrh. sem er auðvitað sá sem heldur utan um samningamál ríkisins en kannski hæstv. forsrh. geti svarað því hvernig ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir því að draga úr launamun kynjanna. Þá er ég fyrst og fremst að tala um meðal ríkisstarfsmanna sem er auðvitað samningsaðili ríkisstjórnarinnar. Ég spyr jafnframt um aðrar aðgerðir, m.a. hvernig ríkisstjórnin hyggst beita ákvæði um svokallaðar aukagreiðslur sem er að finna í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég veit að opinberir starfsmenn, sérstaklega í BSRB, hafa gagnrýnt þetta ákvæði mjög og óttast að því verði fyrst og fremst beitt til að hygla ýmsum gæðingum kerfisins. En það er auðvitað hægt að fara aðrar leiðir og m.a. hefur Reykjavíkurborg lagt samninganefnd sinni það verkefni í hendur að nota slíkar aukagreiðslur til að draga úr launamun kynjanna. Þetta er markmið samninganefndar Reykjavíkurborgar þó að það eigi eftir að koma í ljós hvernig því verður fylgt eftir.

Nú sé ég að hv. þm. Ögmundur Jónasson, sem á auðvitað í samningum bæði við ríki og borg, hristir höfuðið. Ég veit að hann er mjög andvígur þessu af skiljanlegum ástæðum en menn eiga að krefjast þess og sjá til þess að þessu ákvæði verði beitt til þess að draga úr launamun og til þess ekki síst að jafna bilið milli karla og kvenna.

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. vitnaði í ræðu sinni til þeirra upplýsinga sem fram komu væntanlega hjá hæstv. fjmrh. á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun og verið er að kynna á blaðamannafundi, um þessa töluverðu hækkun launa sem varð á síðasta ári, 8–9% hækkun tekna, ef ég tók rétt eftir, sem er auðvitað töluvert. (**Gripið fram í:** Er það meðaltal?) Já, að meðaltali hafa laun hækkað um 8–9%. En spurning mín lýtur að því hvert þessi launahækkun hefur farið. Hvaða hópar hafa fengið þessa launahækkun? Er þetta almennt launaskrið á vinnumarkaðnum eða er um samningsbundnar hækkanir að ræða? Við vitum auðvitað að ýmsir hópar sömdu um hækkanir og Kjaradómur veitti nokkrar launauppbætur á síðasta ári. En það væri afar fróðlegt að fá fram hverjir hafa fengið þessa hækkun. Því það er alveg ljóst að það eru ekki þeir sem eru á lægstu launum eða þeir sem eru atvinnulausir. Bætur hafa ekkert hækkað, ekkert í samræmi við þetta. Það er meira að segja kveðið á um það í lögum að bætur hækki í samræmi við það sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Þær fylgja ekki lengur launaþróun.

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir þessari umræðu er auðvitað fyrst og fremst sú að það er afar þungt hljóð í þeim sem nú sitja við samningaborðið og þykir ganga heldur stirðlega. Það hlýtur að valda áhyggjum af því sem fram undan er. Ég held að við hljótum öll að óska þess að það takist að semja. En það sem skiptir mestu máli er að þeir samningar verði réttlátir þannig að þeir sem lægst hafa launin gangi fyrir. Það hefur alvarlegar þjóðfélagslegar afleiðingar ef launabilið heldur áfram að aukast og ef fjölgar stöðugt í þeim hópum sem lægst hafa launin þannig að það er auðvitað brýnasta verkefnið, en þar á eftir, hæstv. forseti, kemur að taka verður á hinum óþolandi launamun kynjanna.

[16:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil geta þess að í kjarasamningaviðræðum samninganefndar ríkisins og launþega er og verður lögð sérstök áhersla á að jafna kynbundinn launamun og hefur samninganefnd ríkisins sett fram sjónarmið um það efni.

Varðandi tekjurnar, af því að hv. þm. var að velta fyrir sér hvort tekjuhækkunin ætti rót að rekja til örfárra manna eða lítils hóps, sem hefði fengið kjaranefndar- eða kjaradómshækkun, þá er um það að ræða að tekjuskattarnir gefa af sér 8–9% hækkun en ekki 6% eins og menn höfðu áætlað sem sýnir að það er allur fjöldinn, ella mundi það ekki koma fram með þessum hætti í tekjuskattinum sem heild. Örfáir menn eða tugir eða hundruð hafa ekkert með þetta að gera.

[16:46]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við almennir þingmenn höfum ekki séð þá fréttatilkynningu sem væntanlega verður birt í dag frá ríkisstjórninni um niðurstöður fjárlaga síðasta árs og eflaust eru þar merkar upplýsingar á ferð. Meðal annars þessi hve tekjuskattur hefur skilað sér í ríkari mæli en ráð var fyrir gert sem gefur til kynna að fólk hefur aflað sér meiri tekna. Ég held að afar fróðlegt væri að fá frekari greiningu á því hvar þessi launahækkun hefur átt sér stað. Svo mikið er víst að af henni fara afar litlar fréttir meðal almenns launafólks þó að, eins og ég nefndi í ræðu minni, við vitum að ýmsir hópar, m.a. kennarar sömdu um launahækkun. Þeir hópar sem Kjaradómur og kjaranefnd fjalla um eru misstórir og vega kannski ekki þungt í þessu en afar fróðlegt væri að fá nánari greiningu á þessu og hlýtur að skipta miklu máli í þeim kjarasamningum sem fram undan eru.

[16:48]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. verður að skýra það hvers vegna hann telur að menn séu að tala sig í verkföll. Þarna finnst mér hæstv. forsrh. stilla sér sérstaklega með Vinnuveitendasambandinu sem hefur ekki léð máls á öðru en 10 kr. hækkun á tímakaup verkafólks. Er það það sem hæstv. forsrh. meinti þegar hann aftur og aftur á þjóðarsáttartímanum biðlaði til þjóðarinnar um biðlund og þegar tími efnahagsbata rynni upp þá yrði hluti þeirra 10 kr. hækkun á launatöxtum? Er það gjaldið sem greiða á launafólki fyrir þann mikla fórnarkostnað sem launafólk hefur tekið á sig á þjóðarsáttatímanum, og með hverju? Jú, með gífurlegum skattatilfærslum frá fyrirtækjum til launafólks, með miklum niðurskurði á velferðarkerfinu og skerðingu á bótum lífeyrisþega, með hærri þjónustugjöldum, með litlum sem engum launahækkunum og með gífurlegum vexti á skuldum heimilanna sem hafa hækkað um nálægt 50 milljarða í tíð þessarar ríkisstjórnar. Því hefur fullum fetum verið haldið fram af vinnuveitendum að kröfur verkalýðshreyfingarinnar mundu splundra þjóðfélaginu og setja efnahagslífið á hvolf og leiða til óðaverðbólgu. Hæstv. forsrh. verður að viðurkenna að eitthvað er að ef sú meginkrafa sem nú er uppi að hækka lægst launaða fólkið, sem er með 50–55 þús. kr. á mánuði í 70 þús. kr., setji allt á annan endann í þjóðfélaginu. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hver er afstaða hans til þess að hækka lægstu taxtana í 70 þús. kr.?

Mér finnst það alvarlegt þegar vinnuveitendur með stuðningi hæstv. forsrh. eru að magna upp tortryggni gegn hógværum kröfum verkalýðshreyfingarinnar og gefa allt aðra

mynd af kröfunum og áhrifum þeirra á efnahagsstarfið en raunin er. Vinnuveitendur hafa komist upp með að halda því blákalt fram að kröfur verkalýðshreyfingarinnar séu á bilinu 30–50% launahækkun og verðbólgan fari í 40–50%. Hver eru svo áhrifin á laun, kaupmátt og verðbólgu vegna þessara krafna verkalýðshreyfingarinnar? ASÍ hefur metið að launakostnaðaráhrifin af hækkun lágmarkslauna umfram almenna launahækkun yrði aðeins um 0,3% og heildarhækkun þegar 10 þús. kr. launahækkunin er einnig metin, þá yrði launabreytingin rúm 11% á samningstímanum og verðbólga í kjölfar slíkra samninga er síðan metin að verði á bilinu 2,3–2,5%. Ég tel því, herra forseti, að umræðan um áhrifin af kröfugerðinni sem Vinnuveitendasambandið hefur magnað upp sé úr takt við allan raunveruleika og til þess eins gerð að draga kjarkinn úr launafólki og gera kröfur verkalýðshreyfingarinnar tortryggilegar. Það ásamt miðstýrðu alræðisvaldi þriggja til fimm einstaklinga í Garðastræti sem koma í veg fyrir alla málefnalega umræðu hvað svo sem fyrirtækin sjálf vilja gera til að koma til móts við sanngjarnar kröfur verkalýðshreyfingarinnar er orðið með öllu óþolandi. Miðstýringin í Garðastrætinu hefur átt mestan þátt í að skekkja allt launakerfið og ýta undir misskiptingu og óréttlæti í tekjuskiptingunni.

Þessi skoðun mín er einmitt studd í norrænni samanburðarrannsókn um þróun fátæktar á Norðurlöndum, en þar kemur fram að þróun á atvinnumarkaðnum á Íslandi sé eflaust einn stærsti skýringarþátturinn á auknu misrétti og aukinni fátækt í íslensku þjóðfélagi.

Ég tel líka að málið í hnotskurn sé það að vinnuveitendur eru að kynda undir að veikja svo bakland verkalýðshreyfingarinnar með áróðri og blekkingum þannig að öruggt sé að ólög hæstv. félmrh. og verkfallsákvæði vinnustaðalöggjafarinnar komi í veg fyrir að hægt sé að þrýsta á með raunhæfum hætti um raunhæfa niðurstöðu í þessum kjarasamningum.

Herra forseti. Tíkallinn sem VSÍ býður er blaut tuska framan í launafólk. Áform þeirra um fyrirtækjasamninga eru gersamlega ónothæf. Ef vinnustaðasamningar eiga að byggja á trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum, eins og gerist t.d. í Danmörku, þá verður að gerbreyta leikreglunum því að núverandi trúnaðarmannakerfi er gersamlega vanbúið til þess. Tillögur þær sem Vinnuveitendasambandið hefur nú sett fram eru allsendis óásættanlegar enda sniðnar í einu og öllu að hagsmunum fyrirtækja en ekki launafólks. Aðstæður hér eru líka allt aðrar en víða þar sem kjarabætur hafa náðst fram gegnum trúnaðarmannakerfi í fyrirtækjasamningum. 92% fyrirtækja á Íslandi eru smáfyrirtæki með fimm starfsmenn eða færri sem ekki hafa neinn skilgreindan rétt til að hafa trúnaðarmann á sínum vinnustað. Það þarf því að setja lög um rétt trúnaðarmanna eða semja um að skylda sé að þeir séu á hverjum vinnustað, hversu litlir sem þeir eru. Einnig þarf að endurskoða trúnaðarmannakerfið frá grunni og þar á ég við skyldu fyrirtækja til að veita trúnaðarmönnum upplýsingar um rekstur og afkomu fyrirtækja, réttindi varðandi samráð, t.d. við sitt stéttarfélag og aðgang þar að nauðsynlegri, faglegri aðstoð og síðan að tryggja réttarstöðu trúnaðarmanna gagnvart fyrirtækinu og þeir fái fræðslu og menntun til að takast á við nýtt hlutverk. Ljóst er því að gerbreyta þarf öllu trúnaðarmannakerfi verkalýðsfélaganna og styrkja það á margvíslegan hátt ef fyrirtækjasamningar byggðir á trúnaðarmannakerfi eiga að skila einhverjum árangri. Ef raunhæft á að vera að tala um þá í þessari samningslotu verða menn að útbúa nýjar leikreglur hvort sem það eru leikreglur sem settar eru með lögum frá Alþingi eða aðilar semji um þær. Það vantar leikreglur sem eru á jafnréttisgrundvelli fyrir báða aðila til að hægt sé að koma á fyrirtækjasamningum sem skila eiga raunverulegum kjarabótum. Ég spyr hæstv. forsrh. um afstöðu hans til fyrirtækjasamninga og hvort hann sé ekki sammála mér um það að leikreglur á jafnréttisgrundvelli vanti á milli aðila til að þær séu raunhæfar.

Herra forseti. Ef ekki tekst að lyfta verulega lágmarkslaununum í þessum kjarasamningum, sem eru orðin hrein þjóðarskömm eins og allir vita, þá verður Alþingi að grípa í taumana og lögfesta verulega hækkun lágmarkslauna eins og við jafnaðarmenn höfum lagt til.

[16:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að játa að mér fannst ræða hv. frummælanda óvenju óskynsamleg í þetta skiptið. Raunar hafa sumar þessar ræður borið það með sér að vera orðnar dálítið forlegnar. Kjarasamningar eru sem stendur í góðum gangi. Það er búið að brjóta ísinn. Loðnuverksmiðjurnar á Austfjörðum sömdu við starfsmenn sína um helgina og báðir aðilar eru sæmilega ánægðir. Ég held að þessir samningar séu fyrir margra hluta sakir mjög merkilegir og mikilvægir. Ég vænti þess að verulegur fengur sé að þeirri viðhorfsbreytingu sem þar kemur fram að hækka taxtana og stytta vinnudaginn. Fiskvinnslufólk og viðsemjendur þess hafa náð samkomulagi um sérkröfur. Það er einungis eftir að ganga frá töxtunum og ég vænti þess að þess verði ekki mjög langt að bíða.

Það er ekki hlutverk Alþingis að spilla kjaraviðræðum en mér fannst ræða hv. frummælanda ekki greiða fyrir kjarasamningum en vonandi truflar hún þá ekki.

Það hefur verið sagt að fátæktin fari vaxandi. Þetta er ekki alls kostar rétt. Fátækt er eins og menn vita afstætt hugtak og það er ekki sama hvernig hún er skilgreind. Samkvæmt skilgreiningu Félagsvísindastofnunar fer fátækt í landinu minnkandi og það svo nokkru nemur. Hins vegar vekur það verulegar áhyggjur þegar ein stétt, þar á ég við bændastéttina, sker sig úr með þeim hætti sem raun ber vitni. Á vegum hæstv. landbrh., forsrh. og mín er að fara í gang vinna, vonandi fljótlega, til þess að athuga einmitt þennan tekjubrest bænda.

Skuldir heimilanna eru geigvænlegar og það er full ástæða til að hafa áhyggjur af þeim. En einn þátturinn í vaxandi skuldum heimila er verðtrygging lánanna og ef hér fer allt úr böndunum í kjölfar þessara kjarasamninga á móti minni von því ég vonast eftir að ábyrgir kjarasamningar verði gerðir, þá er það ekki verra fyrir neina aðra en þá sem skulda. Þá fyrst tekur steininn úr með skuldir heimilanna.

Það er komin í gang eða er að fara í gang vinna til að reyna að draga úr ábyrgðarmannakerfinu, sem er greinilega miklu meira tíðkað hér á landi en annars staðar. Lánastofnanir hafa lánað fólki út á ábyrgðir langt umfram greiðslugetu þess. Ég held að fullur vilji sé til að draga úr þessu ábyrgðarmannakerfi og ég vonast eftir að á næstu mánuðum náum við marktækum skrefum í þessu sambandi.

Atvinnuleysið er á undanhaldi sem betur fer því vissulega er atvinnuleysið vandamál. Menn hafa verið hér með frasa sí og æ um það að ríkisstjórninni finnist atvinnuleysið ekkert vandamál heldur hinir atvinnulausu. Auðvitað er atvinnuleysið vandamál, meginvandamálið. Hinir atvinnulausu geta að vísu orðið að vandamáli í langtímaatvinnuleysi því að það

er sálardrepandi fyrir fólk að vera án starfa til langframa. En atvinnuleysið er á marktæku verulegu undanhaldi. Það er unnið að því að lagfæra atvinnuleysisbótakerfið og sinna vinnumarkaðsmálum á skilvirkan hátt. Atvinnuleysi er orðið mjög lítið meðal karla á landsbyggðinni og vonandi dregur úr því enn fremur. En þrátt fyrir þetta atvinnuleysi þurfum við að flytja inn verulega mikið vinnuafl til þess að geta haldið fyrirtækjunum gangandi, en það er svo önnur saga. Hér eru að störfum með fullum leyfum 1.200 borgarar utan Evrópska efnahagssvæðisins. Íbúar Evrópska efnahagssvæðisins þurfa sem kunnugt er ekki atvinnuleyfi.

Hér hefur verið agnúast út í atvinnuleysistryggingar til bænda. Þeir nutu ekki atvinnuleysisbóta í tíð fyrirrennara minna og best væri auðvitað ef allir einyrkjar hefðu fulla vinnu. En því er bara því miður ekki að heilsa.

Ég tel að breytingin á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur hafi verið til góðs og ég er sannfærður um að lögin eru til bóta. Ég tel að menn ættu að spara sér fordæmingar á þeim og meta þau eftir að kjarasamningum er lokið.

Herra forseti. Ég kemst ekki lengra í ræðu minni í bili og vík því úr stólnum.

[17:01]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er undarlegt að hlusta á þessa umræðu og viðbrögð forráðamanna ríkisstjórnarinnar vegna þess að eftir að hafa farið í heimsókn til verkalýðsfélaganna og hlustað á hvað þau hafa að segja, þá mætti halda að þessir menn væru gersamlega úr takt við það sem er að gerast úti á vinnumarkaðnum. Ég ætla bara að nefna það sem ég hef nefnt um viðræðuáætlunina, að hjá þeim hefur komið skýrt fram að ekkert gerðist samkvæmt þessum lögum og ákvæðum um viðræðuáætlanir þar til málin voru komin til sáttasemjara. Á föstudaginn vorum við bæði hjá Dagsbrún og ASÍ og menn hafa þungar áhyggjur. Við þingmenn erum ekki að búa þær áhyggjur til. Við fáum upplýsingar um stöðuna, komum með þær inn á Alþingi til að upplýsa ráðamenn sem virðast fullkomlega úr takt og viðbrögðin sýna það svo sannarlega.

[17:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú hræddur um að hér sé ekki um fullkomlega hlutlausar eða réttar upplýsingar að ræða. Ég vænti þess að á næstu vikum komist samningar á skrið og áður en langt um líður takist samningar og þá skulum við meta hvernig þessi lög hafa virkað. Ég er sammála því að betra hefði verið að þetta hefði gengið hraðar fyrir sig en ekki er öll nótt úti enn.

[17:03]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti fékk þær upplýsingar að reglan væri sú að í hvert sinn sem þingmaður eða ráðherra óskaði eftir að veita andsvar væri heimild til þess einungis einu sinni og í eina mínútu í senn. Því lítur forseti svo á að andsvörum hv. 5. þm. Reykn. sé lokið. En hins vegar gæti annar þingmaður óskað eftir andsvari við ræðu félmrh. að þessu sinni en það hefur ekki orðið og er því andsvörum lokið.

[17:04]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið gefnar tvær mjög mikilvægar yfirlýsingar. Annars vegar af hálfu hæstv. forsrh. sem lýsir því afdráttarlaust yfir, og það er mikilvægt að því sé haldið til haga, að bætur til örorkuþega, atvinnulauss fólks og annarra þeirra sem taka bætur úr almannatryggingakerfinu muni fylgja launaþróun. Þetta er mikilvæg yfirlýsing.

Hin yfirlýsingin sem er mikilvæg var gefin af hæstv. utanrrh. og nauðsynlegt er að hann geri nánar grein fyrir henni, en hún er að á næstu þremur árum eða fram til aldamóta sjái hann sér kaupmáttaraukningu hjá einstaklingum og fjölskyldufólki upp á 20%. Hann sagði reyndar 15–20%, en það er nauðsynlegt að fá nánari skýringar af hans hálfu hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja það fyrirheit sem hér var gefið.

Menn velta fyrir sér áhrifum vinnulöggjafarinnar og hæstv. félmrh. segir að þau hafi verið býsna góð. Í annan stað spyrja menn hvað stjórnvöld geti gert til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Ég kem að fyrra atriðinu fyrst.

Varnaðarorð sem hér voru höfð uppi sl. vor þegar þessi löggjöf var keyrð í gegnum þingið hafa öll reynst rétt. Gervöll samningaflóran, og það á bæði við um samninganefndir verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, hefur setið mánuðum saman og gaumgæft lagatexta og ekki komist að því að ræða sjálft innihaldið fyrr en nú á síðustu dögum og vikum. Öll varnaðarorðin reyndust vera rétt.

Hvað geta stjórnvöld gert til að greiða fyrir kjarasamningum? Hvað hafa stjórnvöld gert á liðnum missirum og árum sem áhrif hefur haft á kjarasamninga? Þá er fyrst að nefna að tekjujöfnunarkerfið, millifærslukerfið hefur verið stórlega skemmt og það sem slíkt hefur torveldað gerð kjarasamninga. Þannig er svolítið varasamt að binda sig við meðaltalstölur þegar rætt er um kaupmátt launataxta. Við skulum ekki gleyma því að kaupmáttur launataxta er nú rétt skriðinn yfir það sem hann var í upphafi þjóðarsáttar árið 1990. Hann er rétt skriðinn yfir það og hafði þá hrapað um tugi prósentna árið þar á undan. En það sem er varasamt við þessar alhæfingar er að þá gleymist iðulega að líta til þeirra hópa sem hafa orðið fyrir mestu kjaraskerðingunni vegna þess sem menn hafa gert við tekjuöflunarkerfið, millifærslukerfið, barnabæturnar og vaxtabæturnar. Staðreyndin er nefnilega sú að erfiðara er að vera fátækur á Íslandi í dag en fyrir fáeinum árum. Það er staðreynd málsins. Það er erfiðara að hafa börn á framfæri núna en það var fyrir fáeinum árum. Það er erfiðara að koma yfir sig húsnæði núna en það var fyrir fáeinum árum. Það er erfiðara að senda ungmenni í skóla en það var fyrir fáeinum árum, allt vegna lagabreytinga sem voru samþykktar hér. Það sem ríkisstjórnin getur gert til að auðvelda gerð kjarasamninga, bara til að auðvelda lífið í landinu, er að lagfæra það sem eyðilagt var á síðustu árum. Þetta þarf að gera þegar til lengri tíma er litið. Þetta má hins vegar ekki gera í fljótræði. Það er fullkomið ábyrgðarleysi af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig hún hefur haldið á þessum málum, að hún skuli ekki hafa ráðist í þessi verk þegar eftir að hún settist að völdum í stað þess að leyfa sér að taka eigin kosningaloforð og krefjast þess að verkalýðshreyfingin semdi um þau og þá væntanlega í skiptum fyrir að fólk léti af kaupkröfum.

Hvað er það sem ríkisstjórnin getur gert til að greiða fyrir kjarasamningum? Það sem ríkisstjórnin getur gert til að greiða fyrir kjarasamningum er að lýsa því yfir hér og nú sem stærsti launagreiðandi landsins að hún sé tilbúin til að hækka almennt taxtavinnukaup. Ég frábið alhæfingar eins og komu frá hæstv. forsrh. áðan um almennan kaupmátt. Eða hver skyldi vera kaupmáttaraukningin hjá forstjórum Pósts og síma sem nú fá ókeypis bíl upp í hendurnar? Hver skyldi hafa verið kaupmáttaraukningin hjá hæstv. forsrh. á liðnum

missirum og árum? Og við skulum bera þetta saman við launin og kaupmáttarþróunina hjá þroskaþjálfanum sem er með 70 þús. kr. á mánuði. Krafan stendur á ríkisstjórnina og krafan stendur á atvinnurekendur í landinu að hætta að stilla almennu launafólki upp við vegg og saka það um allt sem úrskeiðis fer í þjóðfélaginu, siga á það verðbólgudraugum. Krafan er sú að láta af þessum ofsóknum á hendur láglaunafólki á Íslandi. Krafan er sú að fá hér skilyrðislausa yfirlýsingu og fyrirheit um að almennt taxtakaup verði hækkað á Íslandi.

[17:11]

Birna Sigurjónsdóttir:

Hæstv. forseti. Íslendingar búa nú við meira góðæri en undanfarin ár að því er sagt er. Það er því ekki að undra að launafólk krefjist hlutdeildar í góðærinu með kjarabótum í samningum sem verið hafa í undirbúningi undanfarnar vikur og mánuði. Launþegar krefjast þess nú að sjá árangur af þjóðarsáttarsamningum undanfarinna ára.

ASÍ hefur gert kröfu um sérstaka hækkun lágmarkslauna upp í 70 þús. á samningstímabilinu og sýnist það hógvær krafa sem ekki ætti að kollvarpa efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar. Takist ekki að hækka lægstu launin í þessum samningum sem fram undan eru tel ég fulla ástæðu til að lögbinda verulega hækkun lágmarkslauna þannig að tryggt verði að aldrei séu greidd laun undir nauðþurftarmörkum. Launamunur kynjanna er sérstakt áhyggjuefni og því miður sér þess lítinn stað í umræðum sem fram hafa farið milli atvinnurekenda og launþega að hugað hafi verið að því að jafna þennan launamun. Hækkun lágmarkslauna kemur auðvitað konum til góða þar sem þær eru stærsti hópurinn sem raðast í lægstu launaflokkana og njóta auk þess miklu síður en karlar aukagreiðslna og yfirvinnu. En því má heldur ekki gleyma að launamunur kynjanna eykst eftir því sem ofar dregur í launastiganum og konur njóta ekki menntunar sinnar í launum eins og karlar gera. Þessu misrétti er afar brýnt að útrýma sem fyrst. Það verður ekki við það unað að kynferðið eitt ákvarði einstaklingum laun og tekjur af starfi sínu.

Kvennalistinn hefur bent á þá leið að fram fari kynbundið starfsmat til að jafna launamun kynjanna. Í þessu efni þörfnumst við konur aðgerða og jafnvel hefur heyrst fleygt þeirri hugmynd að stofna ætti sérstakt stéttar- eða verkalýðsfélag kvenna. Svo mikið er víst að orðin ein duga skammt til úrbóta.

Laun menntamanna eru annað áhyggjuefni. Í auknum mæli eru Íslendingar í samkeppni á alþjóðlegum markaði um vinnuafl þeirra sem hafa leitað sér framhaldsmenntunar og sérfræðiþekkingar á sínu sviði. Þá kemur glögglega í ljós að við erum á engan hátt samkeppnisfær því laun hér eru margfalt lægri en þau sem þessu vel menntaða fólki bjóðast annars staðar, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Því er hætta á að þeir sem eru nú við nám erlendis snúi ekki til starfa hér heima við þessar aðstæður og að auki missum við úr landi menn og konur með mikilvæga sérfræðiþekkingu.

Breytingar á undirbúningi kjarasamninga virðast ekki hafa skilað sér í betri árangri í samningaviðræðum nú. Sem dæmi má taka að samningamenn ríkisins hafa í viðræðum við framhaldsskólakennara kynnt hugmyndir að stofnanasamningum og nýju launakerfi sem m.a. felur í sér að starfs- og lífaldurshækkanir leggjast að mestu af og röðun í launaflokka miðast ekki við menntun eða námsmatskerfi. Kennarafélögin hafa hafnað þessum hugmyndum meðan ekki hefur verið samið um mannsæmandi launakjör fyrir kennarastéttina því laun kennara eru til háborinnar skammar þrátt fyrir nokkrar úrbætur í síðustu kjarasamningum.

Þetta kemur m.a. fram í því að um leið og atvinnuástand á almennum vinnumarkaði batnar örlítið líkt og gerðist sl. haust, gengur strax verr að ráða kennara í lausar stöður. Og skyldi engan undra því að byrjunarlaun grunnskólakennara eru nokkrum þúsundum yfir þeirri upphæð sem nú er verið að tala um sem lágmarkslaun eða um 75 þús. kr. á mánuði. Þetta eru byrjunarlaun þeirra með þriggja ára háskólamenntun að baki og auðvitað tilheyrandi námslán. Liggi einhver alvara að baki ummælum um þörf fyrir betri skóla verður að tryggja kennurum laun sem samsvara menntun þeirra og þeirri ábyrgð sem fylgir kennslu og tryggja þannig að skólar missi ekki hæfa kennara til annarra starfa sem eru betur launuð.

Grunnskólakennarar eru nú í fyrsta sinn að semja við nýja vinnuveitendur, sveitarfélögin, og binda vonir við skilning þeirra á mikilvægi þess að kennarar séu sáttir við laun sín.

Því miður er staða framhaldsskólakennara og háskólakennara lítið betri en grunnskólakennara. Einnig þar eru launin miklu lægri en greidd eru fyrir sambærilega menntun á almennum vinnumarkaði og skólarnir því ekki samkeppnisfærir um hæfasta fólk til starfa. Kennarar, eins og reyndar fleiri starfsstéttir, byggja því afkomu sína á miklu vinnuframlagi, jafnvel óhóflegri yfirvinnu sem ekki endilega skilar betri árangri í skólastarfi. Hér er leiðréttinga þörf. Menntun í landinu á allt undir því að við kennslu á öllum skólastigum sé vel menntað, áhugasamt fólk sem er ánægt í starfi og þar með líka sátt við laun sín.

[17:17]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er einföld, auðskilin og áþreifanleg staðreynd sem veldur því að nú er tímabært að þýfga hæstv. ráðherra og ríkisstjórn um afstöðu í kjaramálum. Ástæðan er einfaldlega sú að að óbreyttum lögum um tekjuskatt, að óbreyttum lögum og reglum um tilfærslur í skattkerfinu, vaxtabætur, barnabætur og að óbreyttu vaxtastigi í landinu þegar litið er til skuldugra launþega, þá er svo komið að við samningaborðið er ógerningur að ná fram með tryggum hætti kaupmáttarauka í kjarasamningum eftir leið tiltölulegra lítilla kauphækkana.

Eitt einfalt dæmi nýlega úr ályktun Félags járniðnaðarmanna skýrir þetta. Þeir létu reikna út hvaða áhrif 5% kauphækkun hafi á ráðstöfunartekjur fjölskyldu með tvö börn. Niðurstaða þeirra er sú að launahækkunin leiði til 1,6–4% hækkunar ráðstöfunartekna eftir skatta, en ef miðað er við 2,5% verðbólgu á samningstímanum dugar þessi hækkun ekki til að halda óbreyttum kaupmætti hjá fólki á meðallaunum, 110 þús. kr. á mánuði. Hún dugar hreinlega ekki. Þeir álykta réttilega af þessu að það beri að gera þá kröfu til ríkisstjórnar sem samkvæmt upplýsingum sem hæstv. fjmrh. er væntanlega að flytja núna á blaðamannafundi hefur hækkað tekjur af tekjuskatti einstaklinga milli áranna 1995 og 1996 um 4,5 milljarða kr. og lauk fjárlagaafgreiðslunni í haust með því að frysta persónuafslátt og aðrar bótagreiðslur. Þannig áskildi hún sér skattahækkun til viðbótar á árinu 1997 upp á tæpan milljarð, enda situr nú fjmrh. í fyrsta sinn svo ég muni á hans ferli og hlýtur að viðurkenna að hlutfall skatttekna ríkissjóðs af vergri landsframleiðslu hefur hækkað hvorki meira né minna en um tæpt 1% milli áranna 1995 og 1996. Þess vegna er það mjög eðlilegt þegar forustumenn

stéttarfélaganna segja einfaldlega að nú sé tilefni til skattalækkana. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað sagt að nú beri að leggja áherslu á að skila til launþega skattalækkunum jafnframt því sem hann hefur tekið undir nauðsyn þess að stytta vinnutímann.

En spurningin er einfaldlega þessi: Ef ríkisstjórnin leggur ekki þessi spil á borðið, hvernig geta aðilar á vinnumarkaði samið um að tryggja kaupmátt á lágum nótum ef þeir kaupa köttinn í sekknum að því er varðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eftir á? Það dæmi gengur einfaldlega ekki upp. Þess vegna er staðreyndin sú að á borði ríkisstjórnarinnar standa þessi mál: Loforð um skattalækkun, staðreyndir um stórkostlega skattahækkun milli ára tvö ár í röð, krafan um að draga úr jaðaráhrifum skatta, þ.e. draga úr tekjutengingu margvíslegra bótagreiðslna sem gripið var til á samdráttarárunum, þá með þeim rökum að tryggja ætti að takmarkaðar tilfærslur lentu hjá þeim lægst launuðu.

Nú eru umskipti orðin í hagkerfinu. Nú er hagvöxtur þriðja árið í röð. Nú fer afkoma fyrirtækja stórbatnandi og nú er innstæða fyrir því að standa við þetta. En á að ætlast til þess að forsvarsmenn launþega kaupi þennan kött í sekknum? Ef taka á mark á orðum forsrh. sem sagði að enginn vildi fara gömlu leiðirnar, og það hefur enginn sagt að hann vilji fara gömlu leiðirnar, þá getur hann staðið við þá yfirlýsingu sína með einu móti: Með því að sýna á sín eigin spil. Með því að leggja fram í tæka tíð, fyrir raunverulega og endanlega samninga um launaliði en ekki eftir á, hvernig ríkisstjórnin er reiðubúin að skila til baka því sem hún hefur oftekið af launþegum á sama tíma og t.d. tekjuskattar fyrirtækja hafa lækkað samkvæmt yfirlýsingu fjmrh. líka í miðju góðærinu þrátt fyrir stóraukna og stórbætta afkomu fyrirtækja.

Það er þess vegna á borðum ríkisstjórnarinnar að svara þessum spurningum: Hvað ætlar hún að leggja af mörkum til þess að tryggja að menn verði ekki neyddir og þvingaðir út í gömlu aðgerðirnar? Hvenær og í hve miklum mæli ætlar hún að skila aftur ofteknum sköttum? Hvað ætlar hún að gera til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótakerfisins? Hvað ætlar hún að gera til þess að tryggja forsendur fyrir verðlækkunum á lífsnauðsynjum almennings í landinu í stað þess að halda til streitu núverandi ofurtollastefnu sinni eins og kunnugt er?

Hæstv. forsrh. sagði ranglega þegar hann svaraði hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að hún væri núna að tala á gömlu nótunum, að hún væri að tala eins og menn hefðu gert sl. 40 ár um miklar launahækkanir sem leiddu til kollsteypu. Með þessum ummælum talaði hæstv. forsrh. alveg eins og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins sem notar þennan talsmáta við forustumenn launþegahreyfingarinnar. Og þeir VSÍ-menn hafa einfaldlega sagt: Ef farin er sú leið að færa kauptaxta að greiddum launum og tryggja lágmarkslaun, 40 þúsund á samningstímanum, þá mun vera kollsteypa. Staðreyndin er hins vegar sú að einungis um 11% félagsmanna ASÍ eru með laun, þrátt fyrir lágu taxtana, innan við þessi 65 þúsund og launakostnaðaráhrif á hækkun lágmarkslauna yrði samkvæmt því að því er varðar ASÍ-félaga 0,3%. Að sjálfsögðu þarf hins vegar að tryggja að ef þessi fasta kauphækkun (Forseti hringir.) færi til allra samningsaðila ASÍ, þá væru það 5,7% á ári. Það eru þess vegna ekki rök fyrir þessum hraðsluáróðri hvort heldur hann kemur frá hæstv. forsrh. eða vinnuveitendum. En aðalatriðið og það eina sem skiptir máli í þessari umræðu er að stendur upp á ríkisstjórnina að sýna á sín spil til þess að aðilar vinnumarkaðarins (Forseti hringir.) geti samið um hógværar kauphækkanir sem tryggi raunverulega kaupmáttaraukningu.

[17:24]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur verið tiltölulega róleg að mínu mati, enda hafa atburðir helgarinnar kannski orðið til þess að hv. þingmenn eru bjartsýnni á að samningar séu að nást. Alla vega er nú kominn skriður á málið og er það vel.

Almennt vil ég halda því fram að það sé gott að búa á Íslandi og það fari batnandi. Kaupmáttur hefur farið vaxandi og því er spáð að hann vaxi enn á næstu árum að meðaltali um 15–16% frá 1995 til ársins 2000. Atvinnuleysi fer minnkandi og spáð er um 13 þúsund nýjum störfum fram til aldamóta. Verðbólga er lítil, fjárfestingar hafa tekið við sér á nýjan leik og almennt má segja að þjóðfélagið sé að rétta nokkuð úr kútnum. Sá árangur virðist nást á þessu ári að ríkissjóður verði rekinn hallalaust og það muni takast að byrja að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Þetta skiptir miklu máli fyrir komandi kynslóðir. Það er skylda okkar sem nú erum áhrifavaldar í þjóðfélaginu að hugsa ekki bara um okkur heldur einnig um þá sem á eftir koma.

Glöggt dæmi um að hagur þjóðarinnar fer batnandi er þróun brottfluttra og aðfluttra á síðustu missirum. Mig rámar í mikla ræðu sem haldin var hér í þessum sölum af hv. formanni þingflokks Alþb. Það var mikil ræða um gámaflutninga. Íslendingar voru að flytja á Jótlandsheiðar þar sem stjórnarfar hér á landi var slíkt að hans mati að ekki var um annað að ræða. Nú er staðan sú, þegar litið er til síðasta árs, að brottfluttir á fyrstu átta mánuðum ársins voru 134 færri en á sama tíma árið áður og aðfluttum fjölgaði um 428. Í júlí og ágúst það ár fluttust 100 fleiri til landsins en frá. Í sömu mánuðum árið áður var nettóbrottflutningur 400 manns. Þegar litið er á allt síðasta ár þá fluttust 3.800 manns til landsins en frá landinu fluttu 4.300. Brottfluttir voru álíka margir og árið 1995. Aðfluttir eru hins vegar um 900 fleiri en þá og hafa ekki verið fleiri á einu ári nema 1988 og 1991. Þetta nefni ég sérstaklega í framhaldi af ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem nefndi að hætta sé á að ungt fólk sem menntast erlendis muni setjast þar að. Auðvitað er sú hætta alltaf til staðar og erfitt að hafa stjórn á því, en það sem hægt er að gera er að skapa skilyrði til þess að fólk vilji búa á Íslandi.

Aðhalds hefur verið gætt í útgjöldum hins opinbera og þannig hefur þjóðarbúskapurinn verið treystur. Leitað er leiða til þess að skjóta styrkari stoðum undir velferðarkerfið. Mikil umræða fer nú fram um sjúkrahús landsbyggðarinnar og hvert hlutverk þeirra eigi að verða til framtíðar. Unnið er að því að móta tillögur í nefnd sem skipuð er fulltrúum beggja stjórnarflokka ásamt fulltrúum ráðuneytis og heimamanna.

Ákveðið var með fjárlögum að skera niður um 60 millj. á þessu ári, enda yrðu heimamenn hafðir með í ráðum. Við Íslendingar verjum yfir 8% af vergri þjóðarframleiðslu í heilbrigðis- og tryggingamál og erum fjórðu í röðinni af OECD-ríkjum þannig að ekki eru fjármunirnir skornir við nögl. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að skipting fjármagns sé sífellt til endurskoðunar með það fyrir augum að nýta fjármagnið betur. Fyrir landsbyggðina er aðalatriðið að hafa styrka heilsugæslu, enda er svo um mestallt land. Það var pólitísk ákvörðun á sínum tíma að byggja heilsugæsluna fyrst og fremst upp á landsbyggðinni til að byrja með en

síðar á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að halda því fram að sú ákvörðun hafi verið röng en þó er hægt að halda því fram að það hafi því miður veikt heilsugæsluna í heild sinni hversu veik hún stendur hér á höfuðborgarsvæðinu.

Við framsóknarmenn sögðum fyrir kosningar að við vildum á síðari hluta kjörtímabilsins verja 2–3 milljörðum kr. til lífskjarajöfnunar með því að draga úr skattálögum á meðaltekjufólk með hækkun skattleysismarka, vaxtabóta, barnabóta og barnabótaauka. Þessi orð eru enn í fullu gildi. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja verulegum fjármunum til lækkunar á jaðarsköttum á þessu ári, en það má ekki þar við sitja, fleira þarf að koma til og verður að því unnið.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væri gott að búa á Íslandi. Það vitum við held ég flestöll sem sitjum í þessum sal. Það er hins vegar svo að það þekkist að fólk sé fátækt. Samkvæmt ræðu hv. málshefjanda hér eru það fyrst og fremst atvinnulausir og námsmenn sem eru fátækir og er það eflaust rétt. Ríkisstjórnin vinnur að því að fjölga störfum eins og áður hefur komið fram í máli mínu og unnið er að lagafrv. um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem er námsmönnum í hag þannig að unnið er að úrbótum á mörgum sviðum. Einnig er alltaf erfitt að fullyrða hverjir eru fátækir og ekki fátækir. Nýlega kom fram í skoðanakönnun að helmingur bænda væri undir fátæktarmörkum. Ég þykist þekkja sæmilega til á landsbyggðinni og ég tel að þetta sé ekki rétt þó að ég viti að tekjur bænda eru ekki nógu háar. Ég lýsi sérstakri ánægju með það að mér heyrist að hv. málshefjandi sé kominn hér í röð með okkur framsóknarmönnum sem baráttumaður fyrir bættum hag bænda.

[17:31]

Útbýting þingskjala:

Biskupskosning, 302. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 558.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1996, 287. mál, skýrsla Íslandsdeildar þinmannadeildar EFTA fyrir árið 1996, þskj. 542.

Íslenskt sendiráð í Japan, 297. mál, þáltill. HG, þskj. 553.

Kynslóðareikningar, 299. mál, þáltill. SJS og ÖJ, þskj. 555.

Staða þjóðkirkjunnar, 301. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 557.

[17:32]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er gott að búa á Íslandi, sagði hv. þm. Við tökum undir það. Það er fallegt í verstöðinni ef vel veiðist, en það er misgott. Það versta er sennilega hvernig nú er búið að ungum barnafjölskyldum í landinu. Það er verst vegna þess, og þá er ég í þessu samhengi að ræða um þá sem á annað borð hafa vinnu, að þetta fólk, sem þarf á miklum tekjum að halda vegna þess að það er þannig statt á æviferlinum að það hefur mikil útgjöld, þarf að leggja á sig mikla vinnu til þess að afla tekna til þess að geta skuldsett sig fyrir húsnæði. Þannig er komið fyrir þessu fólki að búið er að læsa það inni í fátæktargildru. Við vitum að launin eru út af fyrir sig lág, en þótt bæði tvö leggi á sig stóraukna vinnu, þrátt fyrir það að vinnutíminn er að meðaltali þriðjungi lengri heldur en í grannlöndunum, og gerum okkur vonir um að hagvöxturinn leyfi enn þá meiri yfirvinnu og aukavinnu, þá eru þau læst inni í vítahring vegna þess að skattkerfið og bótakerfið og vaxtastigið á Íslandi, samanber tölur um skuldir heimilanna, gerir að þessu fólki eru allar bjargir bannaðar. Það getur ekki lengur unnið sig út úr fátæktargildrunni. Og það er það versta við það að búa á Íslandi og þar hefur hæstv. ríkisstjórn gersamlega brugðist.

[17:33]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. þurfti ekki að halda þessa ræðu sérstaklega yfir mér því að mér er þetta mjög vel kunnugt. Ég held að hv. þm. fylgist ekki alveg nægilega vel með því að tekin hefur verið ákvörðun um það á þessu ári að taka á jaðarskattavandamálinu og verja til þess hundruðum milljóna króna. Ég lét einnig koma fram í máli mínu að það væri forgangsatriði og eitt af því sem við framsóknarmenn töluðum um fyrir kosningar að þyrfti að gera. Og við ætlum að sjálfsögðu að standa við það.

[17:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti það nokkuð kjarkað af hv. þm. að draga inn í þessa umræðu um kjaramál frammistöðu Framsfl. í heilbrigðismálum. Sérstaklega drap hún á þann sparnað sem nú er verið að reyna að ná fram á sjúkrahúsum landsbyggðarinnar.

Ég kem hér einungis til þess að leiðrétta hrapallegan misskilning hjá hv. þm. Hún hélt því fram áðan í ræðustól að sá sparnaður og niðurskurður væri framkvæmdur í samráði við heimamenn. Þess vegna er rétt að hér komi fram að á fundi heilbr.- og trn. í morgun var staddur fulltrúi frá heilbrrn. sem staðfesti að aðferðin sem var viðhöfð í þeim efnum var svona: Fyrst ákváðu menn að skera niður á tilteknum stöðum og þegar það lá fyrir var haft samráð. Og það eina sem heimamönnum var boðið upp á var að koma með tillögur um annars konar niðurskurð. En upphæðin var ákveðin án nokkurs samráðs í ráðuneytinu sjálfu þannig að það er geip eitt að halda því fram að hér hafi raunverulegt samráð verið viðhaft. Það er fráleitt.

[17:35]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við erum að tala um mjög viðkvæmt og erfitt mál. Hv. þm. heldur því fram að búið sé að ákveða eitthvað. Það er ekki rétt. Hins vegar eru tölur settar á blað til þess að tala út frá. Þannig eru vinnubrögðin varðandi þetta mál að hugmyndir eru settar niður, síðan eru þær kynntar viðkomandi stofnunum og þeim gefið tækifæri til þess að svara þeim og koma með sitt álit á þeim. Það er sú vinna sem er í gangi. Mér er hins vegar mjög vel kunnugt um að margir forsvarsmenn þessara stofnana telja að þetta samráð hafi ekki verið nægilega gott og mér þykir það miður.

[17:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja dálítið sérkennilegt að fylgjast með þessari umræðu og viðbrögðum stjórnarflokkanna og þá fyrst viðbrögðunum gagnvart umræðunni um fátækt, þar sem gefið er í skyn af talsmönnum stjórnarflokkanna, m.a. hv. síðasta ræðumanni, að fólk á Íslandi sé að ljúga á sig fátækt, það segist vera fátækara en það í raun og veru er. Halda menn að þessi afstaða og þessi lýsing eins og fram kom hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sé sannferðug um Íslendinga? Ætli það sé ekki miklu frekar þannig, hæstv. forseti, að fólk dragi það við sig að segja við opinbera stofnun, eins og Félagsvísindastofnun sem er að spyrja það, að það sé fátækt? Ætli það sé ekki frekar þannig?

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir hv. stjórnarliða, áður en þeir byrja að reyna að fegra hlutina eins og þeir hér gera,

að átta sig á þessum staðreyndum og líka því að könnun Félagsvísindastofnunar á þessum veruleika, bitra veruleika þúsunda Íslendinga er marklaus. Af hverju? Vegna þess að hún er símakönnun og fátækt fólk á Íslandi hefur gjarnan ekki síma, m.a. það fólk sem fátækast er hér í mínu kjördæmi, í Reykjavík, hefur ekki einu sinni efni á að hafa síma.

Ríkisstjórnin reynir að baða sig upp úr atriðum eins og þeim að atvinnuleysi sé að minnka og þess vegna séu hlutirnir í góðu lagi. Hver er veruleikinn? Atvinnuleysið er ekki 5% eða 6% hjá þeim sem eru atvinnulausir. Atvinnuleysið hjá þeim er 100%. Og hvað ætli séu margir Dagsbrúnarverkamenn á aldrinum 21–30 ára atvinnulausir? Þeir eru 400–500 talsins. Atvinnuleysið hjá þessu unga fólki sem á kannski fyrir heimilum að sjá er 100% og ráðherrarnir eiga að blygðast sín áður en þeir reyna að gera lítið úr þeim ískalda veruleika sem hellt hefur verið yfir þessar alþýðufjölskyldur á Íslandi.

Svo segja ráðherrarnir eins og hæstv. forsrh.: Kaupið er að hækka og hækka og hækka. Hver er veruleikinn að því er þá hluti varðar? Hann er sá að kaupið hefur sums staðar hækkað mikið, sums staðar lítið og sums staðar ekkert. Veruleikinn er t.d. sá að á sama tíma og talað er um að kaup hjá einhleypum verkamönnum í landinu hafi almennt hækkað að kaupmætti um 10% á fjögurra ára bili, þá hefur kaupið hækkað í Reykjavík hjá sömu mönnum, í þessu byggðarlagi hér, um liðlega 1%. Staðreyndin er nefnilega sú að veruleiki markaðsþjóðfélagsins birtist þannig að sumir fá lítið en aðrir fá allt of mikið. Vandi samninganna er ekki hinn efnahagslegi veruleiki að öllu leyti, heldur sá að ríkisstjórnin gerir allt sem hún getur til að spilla fyrir.

Í fyrsta lagi nefni ég í því sambandi lög hæstv. félmrh. frá í vor, vinnumarkaðslögin. Þau spilla fyrir. Atvinnuleysistryggingasjóðsfrumvörpin sem nú liggja í félmn. spilla fyrir. Hann ætti núna, hæstv. félmrh., að draga þau frumvörp bæði út úr nefndinni þannig að hægt væri að semja án þess að hafa niðurstöður þeirra yfir höfði sér.

Það spillir líka fyrir, herra forseti, að þessa dagana er verið að senda bréf til þúsunda aldraðra Íslendinga um að þeir þurfi nú aftur að fara að borga afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi. Það eru 2.000 kr. á mánuði fyrir alla þá sem hafa meira en 75 þús. kr. í lífeyri á mánuði fyrir sig að leggja. Allt þetta fólk er að fá þessa kveðju núna og þetta fólk er reitt þessa dagana. Frá þessu þarf ríkisstjórnin auðvitað að segja, um þetta verður hún að vita.

Það er líka ljóst að þessi sama ríkisstjórn er nú að knýja fram í gegnum þingið frv. sem mun hafa í för með sér hækkun raforkuverðs í landinu um 500–600 millj. kr. á ári umfram það sem þyrfti að vera að óbreyttu. Þessu þarf líka að muna eftir. Og líka þarf að muna eftir því, hæstv. forseti, að lyfjaverðshlutfallið sem almenningur er að greiða af lyfjum er hærra núna en það hefur nokkru sinni áður verið á Íslandi og sennilega það hæsta í Evrópuríkjum sem við berum okkur saman við. Við þurfum að muna eftir þessum hlutum og það er nauðsynlegt að ríkisstjórnin geri sér grein fyrir því að öll þessi atriði, allar þessar pólitísku ákvarðanir spilla fyrir samningum. Þær draga úr möguleikunum á því að fólk geti sest niður og samið eins og eðlilegt er og óhjákvæmilegt miðað við þær aðstæður sem hér eru uppi.

Auk þess er það þannig, hæstv. forseti, að gríðarlega stórir hópar í þjóðfélaginu standa núna frammi fyrir óvenjulega erfiðum hlutum. Þar á ég sérstaklega við t.d. unga fólkið. Staðreyndin er sú að það er verið að byggja ungu fólki út úr íslenska þjóðfélaginu, það er verið að henda því út. Ungt fólk má t.d. ekki eiga húsnæði, það er ekki hægt. Ungt fólk á venjulegu kaupi má ekki eiga húsnæði eða getur það ekki eins og stefna ríkisstjórnarinnar er, bæði þessarar og þeirrar fyrri, að því er varðar vaxtabæturnar. Þessa alvarlegu hluti verður að taka með inn í myndina þegar rætt er um umhverfið núna í tengslum við kjarasamningana. Hæstv. ríkisstjórn er eins og slökkviliðsmaður sem slekkur ekki eld heldur ber eld að húsinu í staðinn.

[17:42]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að láta í ljós óánægju mína yfir því að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér staddur þar sem ég ætlaði að eiga orðastað við hann í fyrirspurnatíma fyrr í dag en var þá beðin um að fresta því og sagt að hann yrði viðstaddur þessa umræðu. (Gripið fram í.) Það er gott að heyra að hann muni koma hér á eftir.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að hækkun atvinnutekna á mann hafi ekki verið um 6% á sl. ári eins og búist var við heldur 8–9%. Gott og vel. Þetta er að sjálfsögðu meðaltal og segir ekkert um kaup eða tekjur þeirra sem lægra eru launaðir í landinu eða um dreifinguna á launakökunni. Um leið og fyrirtækin skila æ meiri hagnaði og engum dylst að sægreifarnir, sem fá þjóðarauðlindina frítt til afnota á silfurfati, hafa það gott, þá er til stór hópur Íslendinga, launþegar, bændur, bótaþegar og atvinnulausir sem eru undir fátæktarmörkum og sá hópur er tvímælalaust stærri en símakönnun Félagsvísindastofnunar bendir til. Hækkun atvinnutekna úr 6% í 8% er einfaldlega vegna þess að þeir ríku eru að verða ríkari á meðan við stjórnvölinn situr ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. og skyldi engan undra.

Þessi bakgrunnur gerir þá samninga sem fram undan eru mjög sérstaka. Hvernig á fiskverkafólk eða verkakonan að sætta sig við að fá örlitla launahækkun eða jafnvel standa í stað á meðan sægreifarnir hagnast um milljarða eða milljónir a.m.k. og milljónatugi á því að leigja eða selja kvóta sem fiskverkafólkið á eins og aðrir þegnar þessarar þjóðar? Hvernig eiga þeir að sætta sig við að það er túlkað sem ávísun á óðaverðbólgu að hækka lágmarkslaun í 70 þús. kr. og að allt talið um lækkun á jaðarsköttum hefur enn ekki borið árangur í aðgerðum?

Þá er það einnig athyglisvert varðandi bakgrunn þessara samninga eða þessarar samningalotu sem seint ætlar að fara í gang að vinnutímatilskipun ESB hefur að því er virðist valdið straumhvörfum varðandi kröfur verkalýðsfélaga. Vonandi verður það til þess að þessir samningar losi fólk úr yfirvinnuþrísundinni til hagsbóta fyrir börn og fjölskyldur þessa lands og að framleiðni fyrirtækja aukist, annars vegar við það að fólk er ekki of þreytt í vinnutímanum og hins vegar við það eitt að hin svokallaða óunna yfirvinna verður lögð af.

Herra forseti. Vegna væntanlegra kjarasamninga, m.a. við opinbera starfsmenn, vil ég minna á að allar tiltækar launakannanir sýna verulegan launamun á milli karla og kvenna, m.a. könnun fjmrh. á launum í eigin ráðuneyti. Árið 1985 staðfesti Alþingi fyrir Íslands hönd samning Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1982 um afnám allrar mismununar gagnvart konum. Þar segir m.a. í 11. gr., með leyfi forseta:

„Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu.“ Og í d-lið 11. gr. segir: „Tryggja skal konum rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart

vinnu sem er jafngild og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu."

Þá segir í 4. gr. jafnréttislaganna frá 1991, með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf."

Er þar bæði átt við grunnkaup og frekari þóknun eða aðrar greiðslur. *Við setningu starfsmannalaganna sl. vor lét ég og* fleiri alþingismenn í ljós áhyggjur af því að nýtt fyrirkomulag kjarasamninga mundi ekki tryggja betur að launamunur kynjanna verði leiðréttur. En hæstv. fjmrh. taldi að nýju lögin gætu komið að gagni í þeim tilgangi. Nú virðist það vera krafa flestra innan ASÍ a.m.k. að færa umsamda kauptaxta sem næst raunverulegu kaupi, þ.e. að auka vægi umsaminna kauptaxta í launamynduninni með því að fella yfirborganir og umsamin viðbótarálög inn í taxtana. Með þessu er talið líklegt að laun hinna lægst launuðu muni hækka og jafnframt að launamunur kynjanna muni minnka. Sú ályktun er að mínu mati réttmæt miðað við tiltækar kannanir sem benda til að mesti launamunurinn komi fram í sporslum og svokallaðri óunninni yfirvinnu, bílagreiðslum o.fl. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh., sem enn er ókominn og mun ég því beina fyrirspurn minni til hæstv. forsrh.: Er ætlun ríkisstjórnarinnar að fylgja svipaðri stefnu og fram hefur komið við kröfugerð ASÍ? Einnig vil ég spyrja hæstv. fjmrh. eða hæstv. forsrh. hvort hann hyggist gera eitthvað með þá staðreynd að háskólamenntaðar konur njóti ekki í sama mæli menntunar sinnar í launum og karlar. Þetta kom skýrt fram í áðurnefndri könnun um kynbundinn launamun. Verður eitthvað gert í þessu? Eða með öðrum orðum: Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að tryggja að þeir samningar sem fram undan eru verði ekki áfram samningar kynjamismununar? Hæstv. forsrh. vísaði að því að eitthvað hefði verið gert. En hvað nákvæmlega hefur ríkisstjórnin gert?

[17:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika það sem ég hef áður nefnt að í kjarasamningum við opinbera starfsmenn til að mynda þá hefur *samninganefnd ríkisins þegar komið fram með þau* sjónarmið að það beri í þessari kjarasamningsgerð að taka á þeim vanda sem kynbundin launamunur er. Samninganefndin hefur með vitund og vilja hæstv. fjmrh. þegar sett þessi sjónarmið fram. En úr þessum ræðustól og hér og nú eru ekki efni til að fara út í þau mál í einstökum atriðum eins og menn átta sig auðvitað á.

[17:50]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að láta í ljós mikil vonbrigði með þessi svör. Ég spurði beint hvort það væri ætlunin að vera með svipaða stefnu í þessum kjarasamningum og ASÍ, þ.e. að reyna að losna við sporslur þannig að raunveruleg laun verði taxtalaun. Og í öðru lagi hvort sú vinna sem ríkisstjórnin er með í gangi varðandi starfsmat taki á þeirri staðreynd að háskólamenntun kvenna, hvort sem þær eru framhaldsskólakennarar eða félagsráðgjafar, nýtist ekki til launa að sama marki og hjá körlun, t.d. verkfræðingum. Þess vegna spurði ég sérstaklega hvort ætlunin væri að gera eitthvað með þessa starfsmatsvinnu í samningunum. Við því fékk ég engin svör, því miður.

[17:51]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég hlýddi á ræðu málshefjanda í dag og eins og ég skynja þessa hluti þá er nú flest þar ofmælt og sumt hreinlega tilhæfulaust. Það eru liðin nokkur ár síðan ég hætti beinum afskiptum af vinnumarkaðsmálum. En ég hef náttúrlega fylgist með þeim eigi að síður og geri það daglega. *Ég þykist þess vegna hafa einhverjar fréttir af því* hvað þar er að gerast. Ég fullyrði hér og nú að það er engin slík vá fyrir dyrum eins og menn vilja vera láta. Þessir hlutir eru í eðlilegum farvegi og þarf engan að undra þó ekki sé búið að semja núna fyrstu daga febrúarmánaðar. Ég held að þessir hlutir gangi fram allan þennan mánuð. Fjöldi manna frá verkalýðshreyfingunni er að vinna að þessu, mikill fjöldi af mjög hæfu og ábyggilegu fólki, fólki sem vill vanda sig mjög og leggja sig fram. Það eru líka mjög margir atvinnurekendur sem vinna að þessu máli. Þeir leggja sig allir mjög mikið fram. Það er engin ástæða, herra forseti, fyrir löggjafarþingið að vera eitthvað að efast um þessi vinnubrögð. Þau eru í mjög góðum og réttum farvegi þeirra manna sem hafa þessi völd, hafa þessi tök. Þannig gengur þetta fyrir sig.

Því miður hef ég enga eða að minnsta kosti fáar ræður heyrt í dag sem eru til þess fallnar að hjálpa til. (**ÖS:** Hlustaðir þú á mína?) Því miður hlustaði ég ekki á þína. En ég tel að það muni ekki breyta fyrir fram minni skoðun. Ég held að við hjálpum mjög lítið til með svona uppákomum á Alþingi, því miður.

Ég sé menn gera mjög að umræðuefni það sem er nú ekki óeðlilegt að menn tali um, þ.e. lífskjör manna, fátækt manna og stöðu efnahagslífs í þjóðfélaginu. Ég vil bara minna menn á að það er auðveldara um að tala en í að komast. Ég vil minna menn á að árið 1982 gengu aðilar vinnumarkaðarins í það sameiginlega með stuðningi stjórnvalda að reyna að koma á launajöfnuði á Íslandi. Það tóku allir undir þetta, hver einasti maður. *Menn ættu að rifja upp hvernig þetta fór.* (**Gripið fram í:** 1984 áttu við.) 1982. Bíddu við, ég skal halda áfram. Hvað gerðist með launajöfnunina? Hún fór upp í gegnum allt launakerfið. Hvernig skyldi hafa staðið á því? *Ætli það hafi verið vondir menn sem voru að semja?* Nei, það held ég ekki. Það var gott fólk sem var að semja. Hvað gerðist svo árið 1986? Þá sættust allir aðilar á að nú skyldu menn ná launajöfnunarátaki. Það var skrifað undir það. Allir sögðust vera sammála. En hvað gerðist í framkvæmdinni? Launajöfnunin og launahækkunin sem átti að fara til hinna lægst launuðu fór alla leið upp í toppinn og rúmlega það. Hvað gerðist? Voru þetta vondir menn að semja? Nei, það voru ekki vondir menn að semja. Við erum bara í þessum mannheimum og við getum bara farið yfir þetta. Þetta gerðist svona. Halda menn í dag að við séum í einhverjum öðrum mannheimum núna? Nei. Þetta eru sömu mannheimarnir. Hvernig sem menn tala nú um hina lægst launuðu þá er enginn í reynd tilbúinn að taka að sér að vera í hans stöðu. Svoleiðis eru mannheimar. Þeir eru dálítið ískaldir. Þetta er það sama og þegar við þingmenn komum hér og hrópum sameiginlega um vandræði af jaðarskattaáhrifum. Hvers vegna eru jaðarskattaáhrifin eru orðin svona? Vegna þess að við vorum að jafna, allir flokkar, tekjutengja, jafna, og svo erum við komin í hring og allir hrópa: „Því miður. Þetta er orðið vinnuletjandi. Þetta er allt komið í hring." Hverjir stóðu fyrir þessu? Ætli það hafi ekki verið alþingismenn sjálfir? Jú, mig minnir það. Það eru sömu vandræðin sem steðja að hjá alþingismönnum eins og reyndar hjá aðilum

vinnumarkaðarins. Þess vegna skulum við ekki gera lítið úr vandamálum Verkamannasambandsins eða Alþýðusambandsins. Við skulum ekki gera lítið úr þeim. Við skulum þess vegna ekki trúa því að við séum neitt til þess fallin að hjálpa eða bjarga í þeim efnum. Þeir hafa hingað til klárað þetta mjög vel.

Það eina sem mér finnst að málflutningi Alþýðusambandsins og Verkamannasambandsins er að þeir afneita sjálfir eigin afrekum því það er fyrst og fremst verkalýðshreyfingin sem á alla þökk fyrir að það er þokkalegt ástand í efnahagsmálum á Íslandi. En mér finnst þeir vera að afneita þessu alltaf öðru hvoru. Það voru þeir sem gerðu þetta fyrst og fremst. Það skuldar enginn neinum neitt. Það eru engir skuldadagar í nánd. Menn semja um ákveðin tímabil og þegar menn semja af frjálsum vilja þá semja menn þannig að þeir trúa því að þeir séu að gera sínum umbjóðendum sem mest gagn. Þannig hefur alltaf verið samið. Menn geta deilt um það sagnfræðilega hverjir hafi haft rétt fyrir sér eða rangt. En ef menn gera það af fúsum og frjálsum vilja þá hafa frjálsir samningar verið gerðir og við skulum treysta þessu fólki til að halda þeim áfram, treysta því til góðra verka og hafa trú á því sem það er að gera.

[17:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt nákvæmlega það sem á að gera. Það á að treysta aðilum vinnumarkaðarins til að fara yfir þessi mál. Ég er sannfærður um að það er rétt hjá hv. þm. af því að hann talar af þekkingu, meiri en margir aðrir í þessum sal, að það er fjöldi manna sem leggur sig fram. Vandinn í þessu máli er ekki sá að skortur sé á góðum vilja. Vandinn er hvernig að einstökum hlutum er staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Og þessi litlu dæmi, þessar litlu nálastungur sem verið er að senda inn á annað hvert alþýðuheimili þessa dagana eins og varðandi afnotagjöld útvarps og sjónvarps, reglugerðina sem hæstv. heilbrrh. setti um áramótin — þetta er ótrúlega smásmuguleg reglugerð varðandi ýmsa þætti almannatrygginga sem gamalt fólk þarf á að halda — allt þetta er með þeim hætti að greinilegt er að hið velviljaða fólk sem hv. þm. var að tala um fær ekki frið til að semja fyrir þessum aðilum sem virðast ekki vita hvað þeir eru að gera. Það er verið að spilla möguleikum á eðlilegri og hagstæðri niðurstöðu.

[17:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Að mínu mati hafa stjórnvöld núna í mörg ár staðið alveg hárrétt að efnahagsmálunum og þannig hjálpað til þess að heilbrigt efnahagslíf gæti skapast. En það er rétt, herra forseti, sem kom fram í ræðu hv. þm., Svavars Gestssonar, áðan að það finnast dæmi um mistök. T.d. hef ég mótmælt frv. sem kom um raforkumál og greinilega gengur í öfuga átt vegna þess að með því eru menn að halda áfram ríkiseinokun í stað þess að fara í frjálsa samkeppni og frjálsa verðmyndun sem veitir fólki betri lífskjör. Það er líka rétt hjá hv. þm. að vaxtabótastefnan er röng. Það er vegna þess að árið 1990 sat ríkisstjórn sem gekk á móti því sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu samið um árið 1986. Því miður hefur ekki tekist að leiðrétta það enn þá. Hún er kolvitlaus þessi vaxtabótastefna. Við skulum sameinast í að koma henni fyrir kattarnef.

[17:59]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó ég sé ekki meira sammála ræðu hv. þm. en hann var ræðu minni þá verð ég að segja að það var frekar gott að sjá þessi hressilegu tilþrif stjórnarliða í þessum ræðustól. Það hefur ekki farið mjög mikið fyrir slíku í þessari umræðu. Hann hefur orð á því að mjög hæft fólk sé í verkalýðshreyfingunni að semja og halda um mál launamanna. Ég tek undir það. Ég er búin að hitta margt hæft fólk að undanförnu sem starfar í verkalýðshreyfingunni. Það ber bara svo við að þetta hæfa fólk er áhyggjufullt. Þetta hæfa fólk hefur látið í ljósi þau sjónarmið sem við í stjórnarandstöðunni í málefnalegum ræðum okkar höfum flutt hingað inn. Hér hefur ekki verið æsingurinn, hér hefur ekki verið málefnalega farið illa með þó menn hafi reynt að halda því fram. Þessi sjónarmið höfum við flutt hingað inn á Alþingi og þetta er ekki uppákoma. Það að ræða kjaramál á slíkum tíma er ekki uppákoma á Alþingi. Það er alvarleg umræða sem við leiðum hingað inn.

[18:01]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta var nú bara hressileg æfing hjá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan en hún var ansi fjarri raunveruleikanum. Frv. um vinnumarkaðsmál eru til verulegra bóta, bæði frv. um vinnumarkaðsaðgerðir og frv. um atvinnuleysistryggingar. Þau hjálpa fólki að útvega sér vinnu og rjúfa atvinnuleysisvítahringinn. Breytingarnar á vinnulöggjöfinni sem samþykktar voru sl. vor eru líka til bóta. Þær greiða t.d. fyrir því að vinnustaðarsamningar séu gerðir og ég á von á því að út úr þessum kjarasamningum komi margir vinnustaðarsamningar þar sem starfsfólk fái að njóta góðrar afkomu fyrirtækjanna.

Menn hafa talað um og gagnrýnt eitthvað sem þeir kalla ósveigjanleika varðandi það þegar atkvæðagreiðsla fer fram fram um vinnustöðvun. Það er rétt, herra forseti, að ég rifji upp hvernig þessu er háttað í lögunum og vitna til 15. gr. laganna.

„Samninganefnd eða til þess bærum fyrirsvarsmönnum samningsaðila er jafnan heimilt að aflýsa vinnustöðvun. Sömu aðilum er heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun, einu sinni eða oftar, um allt að 28 sólarhringa samtals án samþykkis gagnaðila, enda sé frestunin kynnt honum með minnst þriggja sólarhringa fyrirvara. Þó er jafnan heimilt að fresta boðaðri vinnustöðvun og yfirstandandi vinnustöðvun með samþykki beggja aðila."

Herra forseti. Ég veit ekki hvaða sveigjanleika menn vilja hafa meiri en þetta. Þetta er fullkomlega eðlilegur og nægilegur sveigjanleiki.

Menn hafa talað um hækkun lægstu launa og það er göfugt markmið. En eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti á hefur það ekki gengið nægilega vel í kjarasamningum undanfarið og undir gömlu löggjöfnni að hækka lægstu laun öðruvísi en að hækkun færi upp allan skalann. Að sjálfsögðu fylgir hækkun lægstu launa hækkun til bótaþega, bæði tryggingabóta og atvinnuleysistryggingabóta, en hættan sem við stöndum frammi fyrir er sú að hálaunastéttir knýi fram meiri hækkanir og meiri kjarabætur en láglaunastéttirnar.

Hvað varðar launamun kynjanna, sem hv. þm. Birna Sigurjónsdóttir nefndi áðan og reyndar fleiri hv. þingmenn, þá er í gangi starf um kynhlutlaust starfsmat. Það er starfsmaður á vegum félmrn. sem vinnur að því í fullu starfi að koma því á. Það er þannig statt að verið er að semja við þrjú eða fjögur

fyrirtæki um að taka þátt í þessu starfsmati. Ég vænti þess að út úr því komi góður grundvöllur.

Ég tel að ekkert vit væri af ríkisstjórninni í stöðunni að fara að blanda sér í kjarasamninga á þessu stigi. Að líkum þarf ríkisstjórnin að koma að kjarasamningum undir lokin en það er bara alls ekki tímabært að gera það núna og það mundi ekki verða til þess að greiða neitt fyrir kjarasamningum.

[18:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst dálítið sérkennilegt að hæstv. félmrh. skuli setja hlutina þannig upp að ábendingarnar um reynsluna af lögunum frá í vor séu sprottnar af illum hvötum stjórnarandstæðinga. Ég get skýrt frá því, sem eru vafalaust engar fréttir, að ég hef rætt við mikinn fjölda forustumanna í verkalýðsfélögunum allt í kringum landið, m.a. í kjördæmi hæstv. ráðherra. Forustumenn í stéttarfélögum Alþýðusambandsins og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja ljúka upp einum munni um að þessi lög séu til bölvunar. Ég veit að hæstv. ráðherra sagði við skarann á Austurvelli: Það verður að hafa það. Ég segi þá núna við hæstv. ráðherra: Það verður að hafa það þó að hann vilji ekki trúa þessu og þurfi að horfast í augu við þetta í verki á næstu vikum. En ég er sannfærður um að breyting á almennu stéttarfélagalögunum er til bölvunar að því leytinu til að þau eru stirðbusalegri, stirðari í framkvæmd en gömlu lögin voru.

[18:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Reynslan af þessari lagasetningu er því miður ekki fengin. Hún fæst ekki fyrr en þessari kjarasamningalotu sem nú stendur yfir er lokið. Þá skulum við meta hvort þessi lög eru stirðbusaleg eða til bölvunar. Ég tel að ekkert hafi komi fram sem sanni þau ummæli sem hv. þm. hafði hér rétt áðan.

[18:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á allra næstu vikum gefst okkur tækifæri til að ræða um vinnumarkaðsaðgerðir og það mikla ríkisbákn sem hæstv. félmrh. ætlar að koma upp og Sjálfstfl. hefur kokgleypt. En hvað varðar lögin um stéttarfélög og vinnudeilur og hvernig þau hafa reynst, þá er alla vega komið í ljós að þær viðræðuáætlanir sem átti að gera áður en samningar rynnu út, hafa engu skilað. Það eru nánast allar vinnudeilur komnar til ríkissáttasemjara, þ.e. það hjakkar allt í sama farinu og áður.

En núna, hæstv. forseti, fer að reyna á næsta ákvæði og það er boðun vinnustöðvunar. Það verður afar fróðlegt að sjá hvort það kemur fram sem verkalýðsfélögin spáðu að með þeim breytingum sem búið er að gera verði verkföll langvinnari vegna þess að það er erfiðara að stöðva þau eftir að þau eru hafin.

[18:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir var einróma niðurstaða af nefndarvinnu og þátt í henni tóku aðilar vinnumarkaðarins frá Vinnuveitendasambandi og Alþýðusambandi, frá BSRB og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna svo og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það var fullt samkomulag í nefndinni um þetta mál og ég hreyfði ekki stafkrók áður en ég lagði það fram. Það er því ekki ástæða til að telja að þetta sé gert í blóra við verkalýðshreyfinguna.

Ég held að menn eigi að spara sér yfirlýsingar og meta þegar þessari kjarasamningalotu er lokið hvort sú lagabreyting sem gerð var í fyrravor hefur ekki verið til bóta.

[18:09]

Útbýting þingskjals:

Kynferðisleg misnotkun á börnum, 215. mál, svar félmrh., þskj. 550.

[18:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður kom ég því ekki við að vera í umræðunum í dag vegna starfa minna í ráðuneytinu en ég vissi af því að hér höfðu verið fluttar fyrirspurnir sem kannski snerta fjmrh. Ég mun í ræðu minni fyrst og fremst víkja að atriðum sem komu fram í ræðu hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Þótt ég kunni ekki ræðuna, vegna þess að ég var ekki viðstaddur, þá mun ég samt nefna nokkur atriði sem geta þá gefið tilefni til frekari skoðanaskipta á eftir.

Hv. þm. minnti á lög sem gilda um jafnrétti kynjanna og vísaði einnig til þess í ræðu sinni að Alþýðusamband Íslands hefur látið frá sér fara efni sem nota á í kjarasamningum. Þá sagði hv. þm. í ræðunni að kynjamismunun hefði komið í ljós í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið m.a. af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Jafnréttisráðs. Af því tilefni vil ég taka fram að þótt þetta sé rétt, þá virðist vera a.m.k. sums staðar sem minni munur sé en menn héldu þegar tekið er tillit til menntunar og má geta þess að í könnun sem fjmrn. lét fara fram hjá stofnunum þess virðist þar vera meira samræmi milli menntunar og launa.

Ég vil einnig láta það koma fram hér að það virðist gerast á alþjóðavettvangi og sjálfsagt hér líka að ungar, vel menntaðar konur eiga tiltölulega auðvelt með að fá vinnu meðan fullrðnir karlar sem eru lítt menntaðir detta út af vinnumarkaði. Þetta er sú breyting sem menn sjá gerast í atvinnulífi flestra landa þar sem miklar skipulagsbreytingar eiga sér stað í atvinnulífinu. Ber auðvitað að taka tillit til þess þannig að ég held að ljóst sé þegar til framtíðar er horft líti mál miklu betur út fyrir menntaðar konur.

Þá er og spurt: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera og hvernig hefur ríkisstjórnin lagt upp sína ferð í kjarasamningum? Því er til að svara að ríkisstjórnin hefur fjallað um plagg sem samninganefnd ríkisins hefur lagt fram í kjarasamningaviðræðum og ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa kafla úr því plaggi sem fjallar sérstaklega um jafnréttismál, en annars staðar í því plaggi er fjallað um önnur mál. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í jafnréttisáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir sértækum leiðum m.a. til að jafna launamun kynjanna. Af hálfu fjmrh. hefur þegar verið ákveðið að taka þátt í tilraunaverkefni um kynhlutlaust starfsmat til þess að meta hvort sú leið er fær.

Annað atriði sem er að finna í jafnréttisáætluninni og hefur veruleg áhrif á möguleika þess að koma á jafnrétti er það hvernig ákvarðanir um tilhögun vinnutíma eru teknar og á hvaða forsendum sú ákvarðanataka byggist. Það skiptir töluvert miklu máli hvers konar reynsla er metin til starfsreynslu. Þannig getur það haft áhrif á launakjör hvort eingöngu leiðir til starfsreynslu sem viðkomandi hefur öðlast með launaðri vinnu eða hvort eingöngu er miðað við hvenær viðkomandi lauk formlegri menntun svo að tvö dæmi séu tekin.

Við samningsgerð verði lögð áhersla á að kanna hvaða leiðir eru vænlegastar til þess að starfsmenn geti samþætt

fjölskyldulíf og starf í meira mæli en nú er, t.d. með sveigjanlegri vinnutíma og að starfsmenn geti sinnt vinnu að hluta til frá heimili. Fæðingarorlof verði skoðað með hliðsjón af væntanlegum breytingum á almennum vinnumarkaði, aukið verði vægi lífaldurs þar sem starfsreynsla er á annað borð lögð til grundvallar launabreytingum."

Hér lýkur lestrinum sem er upp úr áhersluatriðum SNR í komandi kjarasamningum. Þetta er skjal frá því í nóvember og lagt var af stað með þetta veganesti í kjarasamningana. Ég vonast til þess, virðulegi forseti, þó mér sé það fyllilega ljóst að þetta getur ekki verið neitt svar við þeim spurningum sem kom fram hjá hv. þm. af þeirri ástæðu að ég hlustaði ekki á ræðuna, en í trausti þess að þessar upplýsingar gagnist þó í umræðunni, leyfi ég mér að benda á þessi atriði sem koma mjög rækilega fram í áhersluatriðum samninganefndar ríkisins og mér er kunnugt um að samninganefndin hefur haldið á þessum málum þannig að þessi áhersluatriði hafa verið kynnt í samningaferlinu fyrir hin einstöku félög sem hafa samningsumboð af hálfu viðsemjenda ríkisins.

[18:15]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma hingað og svara nokkrum af mínum spurningum. En því miður verð ég að segja að mér finnst svörin vera full almenn. Hann heyrði spurninguna reyndar ekki nákvæmlega. Ég spurði hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hafi gert til að tryggja að þeir samningar sem nú fara í hönd stuðli að meira jafnrétti í kjaramálum heldur en fyrri samningar. Hæstv. ráðherra hélt því fram við breytingu á starfsmannalögunum í vor að það ætti að vera auðveldara nú með nýjum starfsmannalögum að koma í veg fyrir að sporslur og annað slíkt yrði kynbundið. Svörin eru þau að hæstv. ráðherra hefur mælst til þess að jafnrétti kynjanna verði gætt. En það er of almennt til þess að ég geti séð að það beri nokkurn árangur. Ég verð að segja í lok þessarar umræðu að starf ríkisstjórnarinnar að starfsmatsmálum, jaðarskattamálum og fæðingarorlofsmálum felst enn þá bara í orðum en ekki í aðgerðum og ég verð að láta í ljós mikil vonbrigði með það.

[18:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að það er að sjálfsögðu fullur vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar og reyndar samninganefndarinnar sem fer með þessi mál í umboði ráðherra að vinna að því að koma á fullu launajafnrétti. Það tekur hins vegar tíma. Ég held að allir geri sér grein fyrir því. Lögin sem samþykkt voru í fyrravetur eru skref í þá átt að opna fyrir sveigjanleika, t.d. það að breyta vinnutímanum sem ætti að vera hagfellt ef taka á tillit til fjölskyldulífs. Ég bendi einnig á að réttindin breyttust þannig að nú er heimilt að taka tillit til réttinda karla hvað varðar fæðingarorlof sem ætti að hjálpa konum á vinnumarkaði. En það er hárrétt hjá hv. þm. að ekki er hægt að tryggja eitt eða neitt af hálfu ríkisins því að að stærstum hluta til er um að ræða samningsatriði og það þarf auðvitað tvo til að semja um þau. Það er því ekki hægt að segja hér og nú hver niðurstaðan verður fyrr en kjarasamningar hafa átt sér stað þannig að ég held að ekki sé hægt að hafa fleiri orð um það hér.

[18:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hefur verið merkileg umræða fyrir margar sakir og kannski mest fyrir það áhugaleysi sem einkennt hefur þá ráðherra sem hafa verið til svara fram eftir degi. Almennt má segja að í þessum sal hafi verið nokkurt áhugaleysi ríkjandi af hálfu stjórnarliða.

Ég átti svo sem ekki von á málefnalegum viðbrögðum frá forsrh. eða félmrh. en það var engu að síður mikilvægt að freista þess að fá umræðu um tregðuna í samningunum og kalla eftir stefnu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er ekkert annað en taka því þegar menn velja að vera með skæting eins og hér hefur komið fram.

Hins vegar ætla ég, af því að fjmrh. gekk í salinn svona skömmu áður en umræðu lauk, að hrósa honum fyrir að hann kom hér með tilraun til málefnalegra umræðna og í sínu stutta innleggi veitti hann upplýsingar og hér hefðu með slíkum viðbrögðum getað orðið góð skoðanaskipti í dag um stöðuna á vinnumarkaði og um hvað menn eru að fjalla.

Forsrh. ásakaði okkur um að vera með gamlar og hefðbundnar ræður. Ég tel að ég hafi farið málefnalega yfir alvarlegar aðfinnslur verkalýðshreyfingarinnar, staðreyndir sem blasa við og það sem verkalýðshreyfingin hefur upplifað framkvæmd laganna um stéttarfélög og vinnudeilur. Ráðherrann nefndi að svona ræður væru ekki fluttar í nágrannalöndunum. Nei, þær eru ekki fluttar í nágrannalöndunum. Það er af því að þar er öðruvísi samskiptaform. Þar eru öðruvísi stjórnendur og þar eru öðruvísi samskipti á vinnumarkaði. Og ef við lítum til Norðurlandanna þá eru þar þjóðfélög jafnaðarmanna og þar er öðruvísi brugðist við vanda en hér.

Reyndar fer fram umræða þar um hvernig og hvar á að ákveða launin. Sú umræða er að fara fram í Svíþjóð og Noregi sem og hér. Hjá okkur er mjög þrýst á um einstaklingsbundna samninga í vinnustaðasamningum og á því keyrir VSÍ grimmt. En ef við ákveðum að fara þá leið þá er verið að ákveða launin dreift og það þarf að gæta að því hvar stefnumörkunin fer fram því það er mjög auðvelt að grafa undan heildarhagsmunum.

Mér finnst líka mikill orðhengilsháttur hjá ráðherranum þegar hann ásakaði mig fyrir að fara rangt með hverjir væru að tala sig í verkfall. Ég er hér með ljósrit af þessu viðtali sem ég vísaði til og m.a. í fyrirsögninni stendur: „Óttast að menn séu að tala sig í verkföll." Hverjir eru þá „menn"? Eru það ekki trúnaðarmenn launþega sem á einhverjum lokatíma ákveða að þetta sé leiðin? En ég ætla líka að nefna annað sem stendur í þessu viðtali og þar orðar ráðherrann það svo: „að menn flækjast út í verkföll, sem engum verða til gagns".

Við höfum verið að tala um kaupmátt og fjallað um kaupmátt lægstu launa. Einnig þar var því brugðið við að ég færi með rangar upplýsingar. Það sem ég færi með væru niðurstöður frá Dagsbrún sem væru niðurstöður á samantekt áranna 1993–1995 og það væri allt annað en það sem ráðherrann væri að skoða. Þetta er ekki rétt. Ráðherrann er fastur í meðaltölum þegar hann nefnir sínar prósentur. Það var skoðað bæði árið 1995 og 1996. Ég hef haft samband við Dagsbrún til að kanna það og fá það staðfest og þar var upplýst að þær niðurstöður og tölur séu staðfestar af ASÍ og VSÍ. Það er nefnilega þannig að m.a. loðnutekjur hafa skapað hátt meðaltal og meðaltal á landinu öllu er allt annað en meðaltal hér á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt gögnum kjararannsóknarnefndar lengist vinnutími á landinu

öllu um tæpa klukkustund en á höfuðborgarsvæðinu styttist vinnutími verkamanna um hálfa klukkustund á sama tímabili. Þetta eru m.a. forsendur þeirra upplýsinga sem ég hef komið fram með hér og finnst mikilvægt að geta um í þessari lokaræðu minni.

Virðulegi forseti. Þetta er nánast í fyrsta sinn sem öll landssambönd gera kröfur sem byggja á launajöfnuði. Forsrh. talar um að mesti launajöfnuðurinn sé hér. Við þekkjum öll umræðuna um jaðarskattana og við ættum aðeins að staldra við til að átta okkur á hvaða laun menn eru að bera saman. Er ekki ólíkt að bera saman stöðuna hér og t.d. í Noregi þar sem lægstu laun og bætur eru langtum hærri? Við höfum talað um launajöfnuð niður á við. Hér er launajöfnuður niður á við og lægstu launin langt undir því sem nokkur mundi láta sér detta í hug að unnt væri að lifa af. Þess vegna, virðulegur forseti, þarf að hækka lægstu laun. Þau eru of lág. Öll laun almenns launafólks eru lág.

Virðulegi forseti. Bara til að það komi fram hér þá erum við ánægð með að loðnusamningarnir náðust. En ég vek athygli á orðum hæstv. utanrrh. Hann lagði mikla áherslu á að þeir voru sérstakir og minnti á að þeir væru út af tímaákvæðum.

Virðulegi forseti. Í lokin ætla ég að bera fram þrjár spurningar fyrir forsrh.:

Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að koma til móts við láglaunafólkið? Hv. 9. þm. Reykv. fór mjög vel yfir það og ég ætlast til að ráðherra svari. Hver er afstaða ráðherrans til fyrirtækjasamninga? Er hann sammála okkur sem teljum að skapa verði leikreglur þannig að báðir aðilar komi jafngildir að borðinu til samninga? Og hver er afstaða ráðherrans til 70 þús. kr. lágmarksdagvinnulauna fyrir fullvinnandi fólk?

[18:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í blaðinu þar sem vitnað var í hagfræðinginn stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Einar Árnason hagfræðingur gerði athugun á heildarlaunum Dagsbrúnarmanna. Athuganir sínar byggði Einar á iðgjöldum til Dagsbrúnar árin 1993–1995."

Það var nákvæmlega rétt sem ég sagði. (Gripið fram í.) Það var nákvæmlega rétt sem ég sagði hér. Ég hafði lesið plaggið sjálfur. Hv. þm. vitnaði í þetta plagg í ræðu sinni en gerði það ekki rétt þannig að það er gott að þetta er svart á hvítu og þá er það rétt sem ég sagði um það efni.

Hv. þm. talar um að hér hafi umræðan ekki verið málefnaleg. Hv. þm. hóf þessa umræðu og gerði það mjög ómálefnalega að mínu viti. Og það var rétt sem ég sagði áðan að ræðan var svona hefðbundin ásökunarræða í garð ríkisstjórnar. Því miður fannst mér að það væri undirliggjandi stuðningur í allri ræðunni við hin gömlu viðhorf um krónutölukauphækkanir sem engu skiluðu. Ef svo er ekki þá er enginn ágreiningur milli okkar. Ég vil nefnilega fara þá leið að kjarasamningarnir skili eins miklum kaupmætti og verða kann, að verðbólga verði áfram lág, að atvinnuleysi geti minnkað og að vextir geti lækkað. Ef málshefjandi er þessarar skoðunar, sem ræða þingmannsins bar ekki með sér nema síður væri, að það eigi að reyna að hækka kaupmátt eins mikið og kostur er en þó með þeim hætti að viðhalda lágri verðbólgu, lækkandi vöxtum og minnkandi atvinnuleysi, þá er vandamálið ekkert á milli okkar. En það var aldrei hægt að lesa það úr ræðu þingmannsins nema síður væri, því miður, að hv. þm. væri þessarar skoðunar. Það var vandi hv. þm.

Það hefur verið mikið rætt um að skuldir heimilanna hafi farið vaxandi. Ég held að skuldir heimilanna sem hafa vaxið mjög hratt á undanförnum 10–12 árum, auðvitað ekki síst vegna þess að lánamöguleikar svo sem eins og húsbréf hafa gefið tilefni til þess og auðvitað þá um leið eignamyndun. En ef við erum að tala um skuldir heimilanna og velta fyrir okkur hvaða möguleikar eru til þess að minnka eða lækka skuldir heimilanna þá er bara ein leið fær, þ.e. eins og fyrirtækjunum hefur tekist að minnka sínar skuldir af því að tekjur þeirra hafa aukist. Það er bara ein leið fær og sú er að kaupmáttur fólksins í landinu aukist. Og það er bara ein leið fær til þess að sá kaupmáttur dugi til að lækka skuldir heimilanna. Ef farin verður gamla leiðin, verðbólguleiðin, með tuga prósentna verðbólgu og fólk ætlar að nota þá aðferðina, kauphækkunarleiðina, til að borga skuldir sínar þá verður engum að ósk sinni. Það veit hv. þm. Þá hækka skuldirnar jafnt og þétt og fólk gefst upp í þeim barningi. Ef hins vegar tekst að láta kaupmáttinn hækka um 10–20% frá árinu 1994 til aldamóta, sem væri það mesta sem hefur gerst nokkurs staðar í kringum okkur á slíku árabili án þess að verðbólga fari úr skorðum, þannig að vextir geti lækkað og þar með auðveldað fólki að lækka skuldir heimilanna, þá er það eina aðferðin sem dugar. Og þeir hv. þm. sem leggjast gegn þeirri leið eru ekki í raun að berjast fyrir hagsmunum launþega. Þeir eru að berjast fyrir einhverjum skammsýnum hagsmunum sínum, eigin skammsýnu pólitískum hagsmunum. Ef menn hugsa um launþega og hagsmuni þeirra þá verður að fara þá leið að kaupmátturinn geti skilað sér til launþega eins mikill og frekast má verða en jafnframt, og þar liggja mörkin, að verðbólgan fari ekki af stað og eyðileggi allt sem áunnist hefur, að vextir þjóti ekki upp og eyðileggi allt sem áunnist hefur, að atvinnuleysi þurfi ekki að aukast og eyðileggja allt sem áunnist hefur. Þetta er mergurinn málsins. Ef hv. þm. sættir sig við þetta þá er enginn ágreiningur á milli okkar. En tónninn í ræðu hennar hér í upphafi, mjög gamaldags tónn, var ekki þeirrar gerðar að benda til þess að hv. þm. hefði skilning á þessu og hefði þar með nokkurn skilning á því sem launþega varðar mestu. Það er nefnilega stundum þannig að þeir sem mest þykjast tala í nafni launþega eru uppi með hugmyndir og slagorð og væntingar sem eru ekki í þágu þess fólks. Og sem betur fer hefur það gerst í gegnum tíðina að launþegar sjálfir átta sig best á slíku.

Fundi slitið kl. 18:31.

---

61. FUNDUR

þriðjudaginn 4. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 194, nál. 418 og 467, brtt. 468, 561 og 562. — 2. umr.

2. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338. — 1. umr.

3. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — 1. umr.

4. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 1. umr.

5. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — 1. umr.

6. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vestf.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, 298. mál, þáltill. SJS og SJóh, þskj. 554.

Landsvirkjun, 175. mál, brtt. 2. minni hluta iðnn., þskj. 561; frávtill. 2. minni hluta iðnn., þskj. 562.

Tilkynningaskylda olíuskipa, 303. mál, þáltill. GHall og GuðjG, þskj. 559.

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, 300. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 556.

Landsvirkjun, 2. umr.

Stjfrv., 175. mál (arðgreiðslur, skipun stjórnar o.fl.). — Þskj. 194, nál. 418 og 467, brtt. 468, 561 og 562.

[13:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér um málefni Landsvirkjunar og ég tala fyrir hönd meiri hluta iðnn.

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965. Markmiðið þá var að koma á öflugu raforkufyrirtæki sem var reyndar ein af forsendum þess að hægt væri að ráðast í þær virkjunarframkvæmdir sem nauðsynlegar voru til að mæta vaxandi orkuþörf. Í upphafi áttu ríkið og Reykjavíkurborg Landsvirkjun til helminga og hlutverk fyrirtækisins var að sjá Suður- og Vesturlandi fyrir rafmagni. Það var síðan á árinu 1983 sem lögunum um Landsvirkjun var breytt og fól sú breyting í sér m.a. að orkuveitusvæði Landsvirkjunar varð landið allt og jafnframt eignaðist Akureyrarbær hluta í Landsvirkjun þegar Laxárvirkjun sameinaðist fyrirtækinu.

Það frv. um Landsvirkjun sem við fjöllum hér um var samið á vegum sérstakrar viðræðunefndar eignaraðila í Landsvirkjun um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar og var hún skipuð af iðnrh. í febrúarmánuði 1996. Til viðræðna var stofnað að ósk borgarstjórans í Reykjavík og bæjarstjórans á Akureyri, en eignarhlutur Reykjavíkur í Landsvirkjun er 44,525% og Akureyrarbæjar 5,475%. Eignarhlutur ríkisins er því 50%.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Halldór Kristjánsson og Jón Ingimarsson frá iðnrn., Halldór Jónatansson og Örn Marinósson frá Landsvirkjun, Júlíus Jónsson og Albert Albertsson frá Hitaveitu Suðurnesja, Kristján Haraldsson frá Orkubúi Vestfjarða, Jakob Björnsson bæjarstjóra á Akureyri, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Alfreð Þorsteinsson, formann stjórnar veitustofnana Reykjavíkur, Kristján Jónsson, forstjóra Rariks, Gunnar Sigurðsson og Magnús Oddsson frá Akranesveitum, Arngrím Blöndahl, bæjarstjóra á Eskifirði og fulltrúa Sambands sveitarfélaga á köldum svæðum, Runólf Maack og Magnús Baldursson frá Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Guðjón Ingva Stefánsson frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun og Þórð Friðjónsson, forstjóra Þjóðhagsstofnunar og formann orkunefndar. Umsagnir bárust frá Bæjarveitum Vestmannaeyja, Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Hitaveitu Suðurnesja, Orkubúi Vestfjarða, Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Hafnarfjarðar, Ríkisendurskoðun, Sambandi sveitarfélaga á köldum svæðum og samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Að baki frv. þessu liggur samningur milli ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar um breytingu á sameignarsamningi sömu aðila um Landsvirkjun og vinnunefndar eignaraðila um endurskoðun á eignarhaldi, rekstrarformi og hlutverki Landsvirkjunar.

Hvað varðar það umfangsmikla verk að meta áhrif mismunandi rekstrarforms á stöðu Landsvirkjunar á alþjóðlegum mörkuðum og vegna mats á verðmæti fyrirtækisins fékk nefndin bandaríska fjármálafyrirtækið J.P. Morgan til að vera ráðgefandi í þessum efnum. Ég tel að það hafi verið vel ráðið og reyndar forsenda þeirra viðræðna sem fram fóru um þennan þátt málsins að njóta jafnyfirgripsmikillar þekkingar og þetta fyrirtæki býr yfir. Mat sitt á virði Landsvirkjunar byggir J.P. Morgan á eftirtöldum forsendum:

Að orkuverð til almenningsveitna haldist óbreytt á föstu verðlagi til og með ársins 2000.

Að orkuverð lækki um 3% á ári á árunum 2001–2010.

Að árleg aukning eftirspurnar á almennum markaði verði um 2%.

Að verðbólgan verði að meðaltali 3%.

Að orkuverð til stóriðju fylgi núgildandi samningum.

Að fyrirtækið verði áfram undanþegið arðgreiðslu skatta.

Að einkafjárfestar geri a.m.k. 7% arðsemiskröfur.

Iðnn. hefur kynnt sér ítarlega niðurstöður viðræðunefndarinnar og þau gögn sem hún studdist við í starfi sínu. Á fundum nefndarinnar hefur sérstaklega verið fjallað um arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar. Stefnt skal að því að arðgjöf af því eigin fé sem í Landsvirkjun er bundið verði 5–6% á ári en arðgreiðslur reiknist af lægri fjárhæð, þ.e. 14 milljörðum kr. Útborgaður arður verði aðeins lítill hluti af arðgreiðslustofni og getur stighækkað eftir því sem afkoma fyrirtækisins og skuldastaða batnar. Jafnframt er að því stefnt að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000, en lækki síðan að raungildi um 2–3% á ári frá árinu 2001 til 2010. Í þessu sambandi er rétt að minna á að í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun, hefur frá upphafi verið ákveði um arðgreiðslur til eigenda af sérstökum eiginfjárframlögum og Landsvirkjun hefur í nokkur skipti greitt arð til eigenda. Samkomulagið felur í sér málamiðlun milli eðlilegra sjónarmiða um hæfilegar arðgreiðslur til eigenda og þess meginmarkmiðs að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það er skilningur meiri hluta nefndarinnar, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnrh., að markmiðið með lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum.

Fram hefur komið sú gagnrýni, m.a. frá nokkrum umsagnaraðilum um þetta mál, að þau arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmið Landsvirkjunar, sem finna má á bls. 28 í athugasemdum með frv., séu eingöngu sett til að bæta fjárhagslega stöðu eigenda Landsvirkjunar. Einnig er vísað

til þess að vegna óvissu um þróun orkumála sé ekki mikið gefandi fyrir yfirlýsingar um lækkun á gjaldskrá. Vegna þessa sé ég ástæðu til að geta þess hér sem hæstv. iðnrh. sagði við 1. umr. málsins í þessum ræðustól að milli stjórnarflokkanna væri pólitísk samstaða að nýta arðinn sem ríkið fær af fyrirtækinu, sem er helmingur af útgreiddum arði hver sem hann verður á hverjum tíma, til beinna aðgerða til atvinnusköpunar á þeim svæðum sem ekki njóta arðsins vegna eignaraðildar annarra sveitarfélaga. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi hér skýrt fram vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað.

Til að draga úr tortryggni til ég nauðsynlegt að ítreka enn að lækkun orkukostnaðar er skýr stefnumörkun núv. ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis og frá því meginmarkmiði verður ekki hvikað. Sameigendum ríkisins í Landsvirkjun má vera það ljóst og jafnframt að sem eignaraðili Landsvirkjunar mun ríkið láta markmið um lækkun gjaldskrár ganga framar arðgreiðslumarkmiðum. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. staðfesti það við þessa umræðu sem hann sagði við 1. umr. málsins að arðgreiðslur til hluthafa verði víkjandi fyrir markmiðum um lækkun orkuverðs.

Í núgildandi lögum er stjórn Landsvirkjunar gert að leita eftir tillögu Þjóðhagsstofnunar áður en gjaldskrá er sett, en frv. gerir ráð fyrir að þessi skylda falli niður. Á fundum nefndarinnar hafa vaknað spurningar um verðlagseftirlit með verðákvörðunum stjórnar Landsvirkjunar. Umsögn Þjóðhagsstofnunar hefur í sjálfu sér ekki verið verðlagseftirlit. Síður er þörf á henni þegar fyrir liggur samningur eigenda Landsvirkjunar um gjaldskrármarkmið, framangreind yfirlýsing iðnrh. um forgang þeirra umfram arðgreiðslumarkmið. Þá getur í þessu sambandi reynt á samkeppnislög.

Ég vil ítreka að ekki hefur verið um eiginlegt verðlagseftirlit að ræða við setningu gjaldskrár Landsvirkjunar og ég treysti stjórn Landsvirkjunar til að setja fyrirtækinu gjaldskrá af fullri ábyrgð þótt Þjóðhagsstofnun geri ekki tillögur um hana.

Í apríl 1996 skipaði iðn.- og viðskrh. ráðgjafarnefnd til að endurskoða löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku, svonefnda orkulaganefnd. Skilaði nefndin tillögum að framtíðarskipan orkumála í október sl. Snemma á þessu ári hyggst iðnrh. leggja fram till. til þál. um skipan orkumála þar sem tekið verður á þeim hugmyndum sem orkunefndin hefur sett fram. Meginatriði breytinganna á sviði orkumála felast í því að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti raforkukerfisins og þætti þar sem samkeppninni verður við komið. Meðal áfanga til lengri tíma litið í að koma á markaðsbúskap í raforkumálum er stofnun raforkuflutningafyrirtækis sem menn hafa nefnt Landsnet til að skilja að orkuvinnslu annars vegar og hins vegar raforkuflutning og dreifingu. Í tengslum við þá breytingu að samkeppni verði í auknum mæli innleidd í raforkumálum er eðlilegt að almenn samkeppnislög nái yfir raforkumarkaðinn og hlutverk Samkeppnisstofnunar varðandi eftirlit með raforkufyrirtækjum verði skilgreint.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á 1. gr. frumvarpsins. Er það gert til að taka af allan vafa um að Landsvirkjun er ekki ætlað að fara í samkeppni á innanlandsmarkaði með því að taka að sér verkefni þar eða eiga hlut í innlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf og aðra þjónustu innan lands á sviði orkumála.

Haft hefur verið samráð við sameigendur ríkisins um þessa breytingartillögu. Ég tel óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að áliti sem iðnn. barst frá Ríkisendurskoðun vegna þessa máls. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðherrar skipi fulltrúa ríkisins í stjórn Landsvirkjunar í stað þess að Alþingi kjósi þá. Um þetta segir Ríkisendurskoðun að stofnuninni sýnist frv. koma til með að skerða verulega eftirlit eða öllu heldur eftirlitsmöguleika þingsins með Landsvirkjun. Ég fagna því vissulega að Ríkisendurskoðun skuli standa vörð um eftirlitsvald Alþingis en ég tel þó að nýskipan á stjórn Landsvirkjunar sé meira í takt við nútímaverkaskiptingu á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins. Ég bendi einnig á að langmestur hluti þess góða eftirlits sem Alþingi hefur haft með Landsvirkjun er í gegnum fyrirspurnir til iðnrh. og á því verður væntanlega engin breyting. Ég held að ótti Ríkisendurskoðunar sé ástæðulaus að þessu leyti og eins og stofnunin reyndar ýjar að í umsögn sinni þá eru beinir möguleikar þingsins til að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins með því að kjósa menn í stjórn þess formlegs eðlis en síður efnislegir.

Ríkisendurskoðun gerir í öðru lagi athugasemd við að frv. geri ráð fyrir því að felld verði niður heimild eigenda Landsvirkjunar til að tilnefna sérstaka endurskoðendur til að endurskoða reikninga fyrirtækisins ásamt hinum eiginlega endurskoðanda fyrirtækisins. Bendir stofnunin réttilega á að þessi heimild hefur verið á hendi ráðherra en ekki þingsins. Ríkisendurskoðun telur þetta ákvæði sem verið hefur í lögum í raun ekki nægjanlegt. Stofnunin telur að það sé andstætt meginreglum 6. gr. laganna um Ríkisendurskoðun að stofnunin skuli ekki annast endurskoðun reikninga fyrirtækisins. Ég bendi á að Landsvirkjun er sameignarfélag ríkis og tveggja sveitarfélaga. Ekki er hægt að slíta félaginu eða selja hlut eins ef eigendur eru ósammála eins og gildir með hlutafélög. Ríkisvaldinu ber því að virða þá samninga sem eigendur Landsvirkjunar gera eins og kostur er. Sameigendurnir hafa orðið ásáttir um að ársfundur kjósi endurskoðanda fyrirtækisins líkt og gerist í hlutafélögum. Ekkert er komið fram um að það muni minnka eftirlit með reikningum fyrirtækisins og ekki er ástæða til að tortryggja þetta fyrirkomulag. Ríkisendurskoðun bendir sjálf á í umsögn sinni að stofnunin hafi eftir sem áður heimild í 6. gr. laga um hana, heimild til að rannsaka reikningsskil fyrirtækisins og kalla eftir upplýsingum og gögnum sem þýðingu geta haft við slíka rannsókn. Þetta er að mínu mati nægjanlegur og ágætur öryggisventill. Við getum svo rætt um það við umfjöllun um frv. um Ríkisendurskoðun sem lagt var fram á hinu háa Alþingi nú rétt fyrir jólin hversu víðtækt hið almenna endurskoðunarumboð Ríkisendurskoðunar eigi að vera í þeim félögum sem ríkissjóður á helming í eða meira en þar kunna að verða skiptar skoðanir.

Virðulegi forseti. Meiri hluti iðnn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt með einni breytingu. Eins og ég vék að áður er það breyting á 1. gr. og það er gert til þess að taka af allan vafa um það að Landsvirkjun sé ekki ætlað að fara í samkeppni við fyrirtæki hér innan lands í þessum efnum. En við leggjum sem sé til að 1. gr. frv. orðist svo:

„Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum."

Undir þetta nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason og Pétur H. Blöndal.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 561. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[13:53]

Útbýting þingskjals:

Landsvirkjun, 175. mál, nál. 2. minni hluta iðnn., þskj. 560.

[13:54]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti 1. minni hluta en undir nál. með mér skrifa hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Guðný Guðbjörnsdóttir sem sat fund allshn. sem áheyrnarfulltrúi og er sammála því áliti sem ég mæli hér fyrir.

Í meðferð og umfjöllun nefndarinnar um málið voru nokkrir meginþættir gagnrýndir bæði af minni hluta nefndarinnar og í umsögnum og athugasemdum þeirra sem komu á fund nefndarinnar. Þessir þættir eru arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmiðin í samningnum og ekki síst áhrif hans á jöfnun orkuverðs og hvernig eigendaframlögin hafa myndast.

Ég hygg að það sé ekki og sterkt til orða tekið að segja að miklar efasemdir eru uppi um hvernig hægt sé að ná fram gjaldskrármarkmiðum samningsins. Þar eru óvissuþættirnir mjög margir og ýmsir telja að þar vanti traustari og skýrari markmið varðandi lækkun orkuverðs. Eins verður að segja að það markmið er afar lítið metnaðarfullt sem sett er um lækkun orkuverðs og reyndar afar óvíst hvort það markmið náist. Ljóst er að í samningnum virðist aðaláherslan vera lögð á arðgreiðslurnar og forsendur þær sem gjaldskrármarkmiðin byggja á eins og gjaldskrárverð Landsvirkjunar á að vera óbreytt að raungildi til ársins 2000 og lækka síðan árlega um 2–3% á árunum 2001–2010. Jafnvel þó markmiðin séu ekki háleitari en þetta er engu að síður settur varnagli í samningnum og sagt að þær kunni að breytast sem gæti haft í för með sér röskun á forsendum og þróun um gjaldskrárbreytingar. Í raun og sanni er því verið að festa í sessi að gjaldskrá Landsvirkjunar til almenningsrafveitna verði í meginatriðum óbreytt að raungildi til ársins 2000 og óvissa ríkir um framhaldið. Hvergi er hægt að sjá í þessu frv., greinargerð þess eða samningnum sem gerður var milli aðila hvort arðgreiðslumarkmiðið eða gjaldskrármarkmiðið eigi að vera víkjandi ef forsendur samningsins ganga ekki eftir. Fram kemur þó í nefndaráliti meiri hlutans að það er skilningur hans og iðnaðarráðherra að arðgreiðslumarkmiðin eigi að vera víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðunum. En það er eðlilegt að spyrja sig hvort það haldi. Bæði er það að slík yfirlýsing liggur einungis fyrir frá fulltrúa ríkisvaldsins í þessum samningum, hæstv. iðnrh., sem verður líklega löngu farinn úr stól iðnrh. þegar á ákvæðið reynir og einungis hefur einn eignaraðilinn af þremur gefið slíka yfirlýsingu. Eðlilegra hefði því verið að um slíkt yrði kveðið á í samningnum sjálfum eða eftir atvikum í 2. gr. frumvarpsins sem fjallar um eigendaframlögin og arðgreiðslurnar.

Fyrsti minni hlutinn gerir athugasemdir við tvö mikilvæg atriði í þessu frv. og flytur um þær breytingartillögur.

Í 8. gr. frumvarpsins er kveðið á um að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun, en áður gerði Þjóðhagsstofnun tillögu áður en gjaldskrá var sett. Mjög óeðlilegt er að einokunarfyrirtæki eins og Landsvirkjun skuli ekki búa við neitt eftirlit með verðlagningu. Telur 1. minni hluti að það eftirlitshlutverk eigi að vera í höndum Samkeppnisstofnunar og að starfsemi Landsvirkjunar falli undir samkeppnislög og flytur um það breytingartillögu en þá breytingartillögu flytur 1. og 2. minni hluti. Það er sú sem hér stendur ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Þar er lagt til að á eftir 8. gr. komi ný grein er verði 9. gr. sem hljóði svo, með leyfi forseta:

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Starfsemi Landsvirkjunar fellur undir samkeppnislög.

Þá vil ég víkja að annarri breytingu sem flutt er af sömu þingmönnum. Hún snertir Ríkisendurskoðun og eftirlitsmöguleika Ríkisendurskoðunar.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í álit Ríkisendurskoðunar en þar kemur fram að Ríkisendurskoðun telur að frv. skerði verulega eftirlit þess með starfsemi Landsvirkjunar. En það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun sýnist frumvarpið koma til með að skerða verulega eftirlit eða öllu heldur eftirlitsmöguleika þingsins með Landsvirkjun.“

Herra forseti. Þetta mál snýr nú mjög að hæstv. iðnrh. og ég held að ekki sé til of mikils ætlast að hann sitji undir þessari umræðu enda hef ég hugsað mér að beina ákveðinni fyrirspurn til hæstv. ráðherra sem snertir það ákvæði í brtt. sem ég er hér nú að byrja að mæla fyrir.

(**Forseti** (ÓE): Forseti gerir ráðstafanir til að hæstv. ráðherra komi í salinn. Hann er í húsinu.)

Herra forseti. Nú gengur hæstv. iðnrh. í salinn. Ég var að byrja á að fara yfir álit Ríkisendurskoðunar sem telur að ákvæði frv. skerði mjög möguleika hennar til að hafa eftirlit með starfsemi Landsvirkjunar. En þar segir, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun sýnist frv. koma til með að skerða verulega eftirlit eða öllu heldur eftirlitsmöguleika þingsins með Landsvirkjun. Samkvæmt 3. gr. frv. mun ráðherra framvegis en ekki Alþingi velja fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Við þetta verður að telja að möguleikar Alþingis til þess að fylgjast með málefnum fyrirtækisins og hafa eftirlit með þeim þrengist. Á sama hátt og þó einkum í ljósi þess hve miklir hagsmunir ríkis og þjóðar eru bundnir í fyrirtækinu virðist ákvæði 7. gr. frv. falla í sama farveg. Ákvæðið mun skerða beina eftirlitsmöguleika eignaraðila með fyrirtækinu, nái frv. óbreytt fram að ganga. Eftir slíka breytingu blasir við að endurskoðunar- og eftirlitsheimildir þeirra gagnvart fyrirtækinu verða mun þrengri en t.d. gagnvart öðrum stofnunum, sjóðum eða fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira. Hinir fjárhagslegu hagsmunir sem eru í húfi eru þó að jafnaði margfalt minni í þessum fyrirtækjum en í Landsvirkjun.“

Síðar í áliti Ríkisendurskoðunar segir, með leyfi forseta:

„Litið hefur verið svo á að þar sem sérákvæðum Landsvirkjunarlaga um að stjórn Landsvirkjunar skuli ráða endurskoðendur voru ekki sérstaklega felld úr gildi við gildistöku laganna um Ríkisendurskoðun á sínum tíma líkt og gert var vegna annarra fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins, sem féllu undir endurskoðunarumboð stofnunarinnar ber Ríkisendurskoðun ekki að endurskoða fyrirtækið. Ekki hefur fengist skýring á því hvers vegna sameignarfélög voru undanskilin þessari ákvörðun. Hitt er að þessi skipan er andstæð þeirri meginreglu 6. gr. laganna um Ríkisendurskoðun að stofnunin skuli annast endurskoðun ársreikninga allra fyrirtækja sem eru í eigu ríkisins að hálfu eða meira. Í ljósi hinna gífurlegu hagsmuna sem ríkið á í húfi í fyrirtækinu verður ekki í fljótu bragði komið auga á þau sjónarmið sem réttlæta að Ríkisendurskoðun skuli hafa minni endurskoðunar- og eft-

irlitsmöguleika gagnvart fyrirtækinu en öðrum fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira."

(**Forseti** (ÓE): Það er fullmikill kliður í salnum.)

Í lokin á umsögn Ríkisendurskoðunar kemur fram, með leyfi forseta:

„Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að ákvæði laga um stofnunina eigi að gilda um Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs."

Það er einmitt í ljósi þessa sem ég hef flutt breytingartillögu ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, þess efnis að um endurskoðun ársreikninga Landsvirkjunar skuli fara að lögum um Ríkisendurskoðun. Slíkt ákvæði tryggir að ákvæði laga um Ríkisendurskoðun gildi um Landsvirkjun eins og önnur fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs.

Það er ástæða til, herra forseti, að spyrja hæstv. ráðherra um þetta álit Ríkisendurskoðunar, spyrja ráðherrann um það sem fram kemur í álitinu, þ.e. að eftir þessa breytingu blasir við að endurskoðunar- og eftirlitsheimild Ríkisendurskoðunar gagnvart fyrirtækinu verði mun þrengri en t.d. gagnvart öðrum stofnunum, sjóðum eða fyrirtækjum sem ríkið á að hálfu eða meira þótt fjárhagslegir hagsmunir sem í húfi eru séu að jafnaði margfalt minni í þessum fyrirtækjum en í Landsvirkjun. Telur hæstv. ráðherra ekki eðlilegt að samþykkja slíka breytingartillögu sem við leggjum til og kveður á um að um endurskoðun reikninga Landsvirkjunar fari eftir ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun?

Því hefur verið haldið fram að í frv. sem nú liggur fyrir um Ríkisendurskoðun — það hefur að vísu ekki verið mælt fyrir því enn — sé tekið á þessu máli og að með ákvæði í því frv. geti Ríkisendurskoðun haft þá möguleika sem við leggjum til í þessari breytingartillögu, þ.e. að endurskoða reikninga Landsvirkjunar og að það fari eftir ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun. Ég vil, með leyfi virðulegs forseta, vísa í þetta frv. um Ríkisendurskoðun en þar segir, með leyfi forseta:

„Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja, félaga og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög," en síðan kemur „sameignarfélög".

Ég hygg að verið sé að vísa í þetta orð þegar því er haldið fram að þetta ákvæði ætti að duga til að Ríkisendurskoð hafi eðlilegan aðgang að endurskoðunarreikningum Landsvirkjunar. En þetta ákvæði mun ekki duga. Ég hef rætt það við lögfræðinga og Ríkisendurskoðun og þeir telja að þetta ákvæði eitt og sér, þessi breyting á lögum um Ríkisendurskoðun dugi ekki. Ef þetta á að vera fullkomlega tryggt þá þyrfti annaðhvort að samþykkja þá breytingartillögu sem við í minni hlutanum leggjum til um að um endurskoðun reikninga Landsvirkjunar fari eftir ákvæðum laga um Ríkisendurskoðun eða að tryggja það örugglega í frv. sem verður fljótlega til meðferðar í þinginu um breytingu á lögum um Ríkisendurskoðun. Þar þyrfti t.d. að koma fram hugsanlega í ákvæðum til bráðabirgða að þrátt fyrir ákvæði laga um Landsvirkjun þá skuli ákvæði laga um Ríkisendurskoðun gilda um endurskoðun á reikningum Landsvirkjunar á meðan eignarhlutur ríkisins er 50% eða meira. Það er alveg ljóst að slíkt ákvæði, ef ekki verður fallist á þessa brtt., þarf að koma inn í breytingar og meðferð á frv. um Ríkisendurskoðun.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra einmitt um þetta ákveðna atriði. Ef hæstv. ráðherra væri tilbúinn til að skoða það sérstaklega að beita sér fyrir því, og ég veit að fleiri þurfa að koma að því máli, m.a. forsn. sem ber fram frv. um Ríkisendurskoðun, að það yrði tryggt afdráttarlaust í frv. um Ríkisendurskoðun að Landsvirkjun hefði þá möguleika sem við erum að opna á með þessu ákvæði, þá hefðum við nefndarmenn hugsanlega — ég hef ekki rætt það við þá sem hafa flutt þetta með mér — tilbúnir til að draga það ákvæði til baka. En það verður líka að vera algjörlega ljóst og algjörlega tryggt að samstaða náist um að flytja slíka brtt. við frv. um Ríkisendurskoðun. Og ljái hæstv. ráðherra máls á því að tryggja það svona, til þess að ekki þurfi að fara inn í þennan samning, þá held ég að það væri nauðsynlegt að iðnn. hittist á milli 2. og 3. umr. til að fara sérstaklega yfir þennan þátt málsins þannig að frá því verði örugglega gengið að það náist sátt um að flytja tillögu að slík ákvæði þegar við förum að fjalla um frv. til laga um Ríkisendurskoðun. Þessari spurningu beini ég til hæstv. ráðherra og vænti þess að fá svör nú í þessari umræðu um þetta mál vegna þess að það skiptir máli, virðulegi forseti, bæði við efnislega umfjöllun málsins og eins við afgreiðslu á þeirri breytingartillögu sem ég hef mælt fyrir.

Herra forseti. Í nefndarálitinu kemur fram að varðandi framtíðarskipan orkumála leggur 1. minni hluti áherslu á að brýnt sé að mótuð verði stefna um nýtingu auðlinda, sem og aðskilnað vinnslu flutnings, dreifingar og sölu á raforku sem er forsenda fyrir samkepppni, sbr. niðurstöðu orkulaganefndar sem iðnaðarráðherra skipaði. Jafnframt verði tryggt að arður af nýtingu náttúruauðlinda renni til almennings í landinu. Þegar þarf að hefja undirbúning að stofnun raforkuflutningsfyrirtækis, Landsnets, í samráði við sveitarfélögin og orkuveitur í landinu. Stefnt verði að því að Landsnetið yfirtaki flutningskerfi Landsvirkjunar og þann hluta af flutningskerfi Rariks sem þarf til að allar rafveitur eigi beinan aðgang að landsnetinu.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu en ég vil draga saman í örfáum orðum þær megináherslur sem 1. minni hluti lagði við umfjöllun nefndarinnar um málið í hv. iðnn.

Það er í fyrsta lagi að skerða ekki eftirlitsmöguleika Ríkisendurskoðunar. Tryggja að Ríkisendurskoðun hafi fullan og óskoraðan aðgang að því að endurskoða reikninga Landsvirkjunar sem hún hefur ekki samkvæmt núgildandi ákvæðum í lögum um Ríkisendurskoðun og ekki með þeirri breytingartillögu sem liggur fyrir þinginu. Það er alveg ljóst að ákvæðin í þessu frv. eru svo afdráttarlaus um að Ríkisendurskoðun komi ekki að þessu máli, að á því verður að taka.

Í öðru lagi eru megináherslur 1. minni hlutans að eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar vegna einokunaraðstöðu verði tryggt hjá Samkeppnisstofnun, en svo er ekki nema með því ákvæði sem við höfum hér lagt til.

Í þriðja lagi að skýrt yrði kveðið á í nefndaráliti um jöfnun orkuverðs og að arðgreiðslumarkmið verði víkjandi fyrir gjaldskrármarkiðum og að þegar í stað yrði hafinn undirbúningur að stofnun raforkuflutningsfyrirtækis, Landsnets, í samráði við sveitarfélögin og orkuveitur í landinu.

Þetta voru þau atriði sem við lögðum áherslu á að hægt væri að ná heildarsamstöðu um í nefndinni og að komið yrði til móts við þessi sjónarmið. En það gat ekki orðið eins og sést á að hér eru komin fram þrjú nefndarálit í þessu máli.

Virðulegur forseti. Afstaða mín til þessa frv. í atkvæðagreiðslu mun verulega ráðast af því hvaða afgreiðslu breytingartillögurnar fá, m.a. þær sem ég hef hér mælt fyrir. Það

mun koma í ljós síðar við þessa umræðu eða við 3. umr. málsins hvernig ég mun greiða atkvæði að lokum í þessu máli. En ég legg áherslu á að mikilvægur liður í því er að fá skýr og afdráttarlaus svör hæstv. iðnrh. við þeim spurningum sem ég hef beint til hans.

[14:12]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Málið sem hér er til meðferðar er margþætt og því miður ástæða til að verja dálitlum tíma í að fara yfir það, enda kannski ekki að furða því að orkumálin eru nú ekki lítill hluti þjóðarbúskaparins á Íslandi. Í raun og veru eru orkumálin fyrir Íslendinga undirstöðuþáttur lífskjara í framtíðinni. Það getur maður sagt alveg hiklaust og samt horft fast í augun á mönnum sem hér sýsla aðallega við sjávarútveg og sitja á stólum í þessum sal. Ég held að málið sé þannig að orkumál og orkuverð séu að mörgu leyti úrslitaundirstaða framtíðarþróunar lífskjara á Íslandi. Þess vegna eru full rök fyrir því að ræða málið nokkuð rækilega auk þess sem það skiptir gríðarlegu máli í þessu samhengi að þegar virkjað er þá göngum við vel um landið. Í þessum efnum mun alltaf sitt sýnast hverjum og þannig er það einnig nú þó svo að, herra forseti, ég sé þeirrar skoðunar að sá ágreiningur sem uppi er í þessu máli hafi ekki fengið að koma fram.

Ég tel því miður að efasemdir og spurningar einstakra þingmanna og bæjarfulltrúa og borgarfulltrúa í þessu máli hafi verið lokaðar inni. Ég tel að undirbúningurinn að þessu máli og það hvernig embættismenn hafa lokað það af ásamt örfáum stjórnmálamönnum úr stjórnarflokkunum, þremur eða fjórum mönnum, hafi gert það að verkum að málið gefi í fyrsta lagi tilefni til að velta vöngum um stöðu lýðræðisins og þingræðisins. Það er satt að segja alveg ótrúlegt að málið sem er svona undirbúið og snertir svona marga og snýst um svona miklar stærðir og stóra hluti af okkar lífskjörum, snýst um 50 milljarða í skuldum, snýst um 20–30 milljarða í eignum, snýst um 3–4% af meðaltalsframfærslukostnaði hvers einasta heimilis í landinu, skuli vera jafnlokað og það er. Það er óskaplega alvarlegt umhugsunarefni að mál af þessu tagi skuli ekki fá opnari umfjöllun. Ég er sannfærður um að margir þeir ágætu einstaklingar, sem hafa talið sig og munu telja sig nauðbeygða til að styðja málið hér, gera það vegna þess að þeir eru með aðra hluti í huga innan eigin flokka eða samtaka. Og það er mjög alvarlegt að mál af þessu tagi skuli vera þannig að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess frjálst og óháð frá afstöðu þeirri sem menn kunna að hafa t.d. til ríkisstjórnar eða bæjarstjórnarmeirihluta.

Mér finnst, herra forseti, eftir að ég hef farið yfir þetta mál og eftir að hafa talað við nær alla sem málið snertir, að óhætt sé að fullyrða að það er óánægja með þetta mál alls staðar, miklu meiri en fram hefur komið og fram mun koma í atkvæðagreiðslum, miklu meiri. Og ég fullyrði, eftir samtöl við einstaka aðila í stjórnarflokkunum m.a. hér í þessari stofnun, langt umfram þá sem hafa tjáð sig um málið, að margir eru með spurningarmerki í málinu en telja sig bundna, neydda til að samþykkja málið vegna þess að annað mundi skapa erfiðleika fyrir viðkomandi ráðherra, skapa erfiðleika fyrir ríkisstjórnina, skapa erfiðleika fyrir viðkomandi flokk, kannski í einhverju alveg óskyldu máli sem á sama tíma er verið að sýsla með í stjórnarflokkunum hvort sem það er að einkavæða bankana eða eitthvað annað. Ég er að segja það, hæstv. forseti, að ég óttast að verið sé að braska með óskyld mál í þessu dæmi. Mér finnst það vont af því að þetta er stórt mál. Þetta vil ég segja í fyrsta lagi og segja að ég met mikils að hv. formaður iðnn. Stefán Guðmundsson, sá sómamaður, hefur lagt sig fram um að láta vinna málið vel í nefndinni. En ég er alveg sannfærður um að innra með honum og eftir samtöl sem hann hefur átt við íbúa Norðurl. v., þá er hann áhyggjufullur yfir málinu. Það er ekki nokkur spurning. Fjöldamargir eru áhyggjufullir yfir málinu vegna þess að þetta gæti þýtt hærra orkuverð. Fjöldamargir eru áhyggjufullir yfir málinu vegna þess að þarna er verið að reyra, eins og mig minnir að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi orðað það hér á dögunum, er verið að reyra í raun og veru kerfið allt fast í Landsvirkjunarklóna ef svo mætti að orði kveða. Ég hef þetta reyndar ekki eftir hv. þm., ég tek það fram, en efnislega var það nokkurn veginn þetta sem mér fannst hann vera að segja. Og um leið eru aðrir þeirrar skoðunar að hættan sé sú að arðgreiðsluáherslan verði til þess að raforkuverðið hækki um mörg hundruð millj. kr. á ári umfram það sem hefði þurft að vera. Og það er alveg sama þó að það standi hérna í nefndarálitinu. Það skiptir engu máli. Það er alveg sama þó að hæstv. ráðherra Finnur Ingólfsson hafi sagt þetta. Það skiptir engu máli. Það eina sem skiptir máli er að arðurinn er einn nefndur í frv. Í 2. gr. frv. er ekki talað um neitt nema arðinn og þess vegna flyt ég tillögu á sérstöku þskj. um að verðlagsmálin verði skoðuð áður.

Ég held því að þessi vinnubrögð sem verið er að reyra menn fasta í, þar sem minni hluti stjórnmálakerfisins í landinu er að knýja fram ákvörðun, muni ekki skapa frið um Landsvirkjun til lengri tíma. Ég er sannfærður um að orkumálin verða á dagskrá á næstu vikum og missirum. Og ég segi hér vegna þess að ég er algjörlega sannfærður um að það er rétt, Landsvirkjun mun í framhaldi af þessum ákvörðunum klofna. Einhverjir munu segja: Farið hefur fé betra. Ég tel hins vegar að á því séu margar hliðar sem ég kem að hér á eftir.

Í þriðja lagi mun ég í ræðu minni gera grein fyrir þeim tillögum sem ég flyt, í fjórða lagi fara yfir umsagnir þar sem kemur fram hjá öllum að þeir hafa áhyggjur af þessu. Ég heyri að hæstv. ráðherra ber yfirleitt fyrir sig t.d. borgarstjórn Reykjavíkur í þessu máli, en í umsögn borgarstjórans í Reykjavík kemur fram að menn hafa áhyggjur af stöðunni. Ég tel að þegar menn lesa þessar umsagnir, þá munu þeir átta sig á því að skynsamlegast væri að hinkra með málið, fresta því og vera ekki að knýja það fram hér í gegnum þingið.

Í gær vorum við, herra forseti, að ræða um það að bæta lífskjörin. Við vorum að ræða um það hvernig kjörin yrðu hér á næstu árum. Hérna er tillaga um að hækka rafmagnsverðið um 500 millj. kr. á ári á næstu árum með því að taka það inn í sköttum, þ.e. í arðgreiðslum til eigendanna. Og ég segi: Það er efnahagslega betra og það er betra fyrir kjörin í landinu að rafmagnið sé ódýrt. Veruleikinn er sá að það er úrslitaatriði ef við ætlum að byggja upp góð lífskjör á Íslandi til komandi ára og áratuga, að kostnaðarþættir eins og raforka og og vextir séu eins ódýrir og lágir og mögulegt er. Allt sem íþyngir rafmagnsverði eins og hér er verið að gera stefnir þess vegna gegn batnandi lífskjörum að mínu mati.

Ég ætla að víkja að einu almennu atriði, áður en ég kem að meginmáli mínu, herra forseti, og það er tap á undanförnum missirum. Menn hafa ákveðið að hafa leynd um orkuverð þegar seld er orka til stóriðjufyrirtækja. Stjórn Landsvirkjunar tók um það ákvörðun í tengslum við stækkun álverksmiðjunnar að hafa leynd um orkuverðið. Fyrir því eru

viðskiptaleg rök og þau eru alveg tvímælalaus. Ég segi alveg eins að mér fannst pínulítið óþægilegt að standa frammi fyrir því að tekin hafði verið ákvörðun um það. Niðurstaðan varð svo sú að iðnn. Alþingis fékk allar upplýsingar um orkuverðið í einstökum atriðum. Ég segi hins vegar að ef sú leið er farin sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að henda Alþingi út úr Landsvirkjun, þá er ekki hægt að afgreiða stóriðjusamninga framvegis öðruvísi en að orkuverð til stóriðju sé uppi á borðinu í smáatriðum. Menn þurfa að gera sér alveg ljóst að þetta almenna atriði er úrslitaþáttur og það mun hafa veruleg áhrif á umfjöllun um stóriðjusamninga á næstu árum. Reyndar verð ég að segja eins og er að mér finnst krafan um leynd í þessu efni að sumu leyti hjákátleg vegna þess að auðvitað er það þannig að samkeppnisaðilar t.d. í stóriðju vita um svona hluti í raun og veru. (**GÁS:** Þú gerðir það áðan.) Nei, það gerði ég ekki. Stjórn Landsvirkjunar samþykkti þetta án míns atkvæðis og ég þakka hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni sem af drengskap kallaði hér fram í til þess að gefa mér kost á að fría mig af þessari ákvörðun. En það er ljóst að ég féllst ekki á það.

Þegar ég sagði hér áðan, herra forseti, að ég teldi að verulegur hluti af stjórnmálakerfinu væri óánægður með þetta mál, þá hef ég margt fyrir mér. Ég ætla bara að vekja athygli umfram það sem heyrðist hér við 1. umr. á einu. Það er umfjöllun málsins í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar var samningurinn samþykktur samhljóða en þar voru hjásetur tvær með mjög alvarlega gagnrýni á málið. Það var borgarfulltrúi Guðrún Zoëga og borgarfulltrúi Gunnar Jóhann Birgisson. Þau höfðu bæði veigamikil rök í þessu máli. Og þegar ég lít til þeirra og lít til umræðunnar hér við 1. umr., þá eru það rök fyrir því að umræðan um þessi mál mun halda áfram. Menn munu ekki láta læsa sig inni. En hitt verð ég hins vegar að segja að ég undrast það að trúnaðarmenn Framsfl. sem oft og tíðum hafa talið sig talsmenn dreifbýlis hafa lítið haft sig frammi í þessu máli, ég undrast það. Það vekur áhyggjur og spurningar og ég endurtek: Ég skora á þá að tala núna í 2. umr. Ég skora á þá að tala, læðupokast ekki hér í bakherbergjum heldur tala, segja skoðun sína, gera grein fyrir því af hverju þeir styðja mál af þessu tagi. Það er óhjákvæmilegt að þeir geri sér grein fyrir því að sú ákvörðun sem hér er verið að taka mun hafa í för með sér hækkun á raforkuverði um 500–700 millj. kr. á ári. Það liggur fyrir. Og spurningin er hvort þeir hinir hugumprúðu riddarar Framsfl., réttlætisins um land allt, á Rangárvöllum og víðar, hvort þeir munu ekki ríða hér fram til mikillar orrustu á eftir á grundvelli stjórnarskrárákvæðanna um að menn eigi eingöngu að hlíta samvisku sinni. Og samviskan heitir samviska. Hún heitir t.d. ekki Finnur Ingólfsson, jafnvel þótt hann sé hæstv. ráðherra.

Virðulegi forseti. Ég mun þessu næst víkja að nokkrum atriðum í umsögnum einstakra aðila. Ég ætla fyrst að segja frá því að þetta frv. hefur þó örugglega getið eitt mjög jákvætt af sér og það er að búið er að stofna ný samtök. Það eru samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Þessi samtök voru stofnuð fimmtudaginn 21. nóvember 1996 og þar mættu forustumenn sveitarfélaga víðs vegar að af á landinu, frá Eskifirði, Bolungarvík sýnist mér og norðan úr Húnavatnssýslu ef ég þekki menn rétt hér. Þar var varað var sérstaklega við þessu frv. Og ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað ætlar hann að segja við fólkið á köldu svæðunum? Á því bara að vera kalt áfram eða hvað? Hvað ætlar hann að segja við fólkið á köldu svæðunum þegar verðið á húshituninni fer að hækka? Hvað ætlar hann að segja við þetta fólk? Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram og að skýrt verði hvað ráðherrann ætlar að segja við fólkið á köldu svæðunum því að því er kalt núna, einkum og sér í lagi þeim sem ætluðu að orna sér við kosningaloforð Framsfl., þeim er nöturkalt. Því væri fróðlegt að fá upplýsingar um hvernig hæstv. ráðherra ætlar að taka á þessu.

Í umræðunni um þessi mál, hæstv. forseti, hefur verið talað um hvaðan peningarnir koma. Hvaðan eru eignirnar sem Landsvirkjun á? Eru það eignir sem hafa myndast af eigin fé Reykjavíkur, ríkisins og Akureyrar, af beinhörðum peningum sem hafa verið lagðir inn í þetta fyrirtæki? Eða hvað? Og í öllum umsögnum um málið er spurt um þetta aftur og aftur. Landsvirkjun tók saman fyrir iðnn. fróðlegt yfirlit sem heitir Minnisblað um Marshall-aðstoð til stórframkvæmda árin 1948–1953 og er fskj. I með nefndaráliti mínu. Þar kemur fram að verulegur hluti af kostnaðinum við Sogsvirkjanirnar var borgaður af Marshall-fé. Og ég segi, herra forseti, það fé, ef einhver á það, á þjóðin öll saman. Og að reikna það inn sem einhvern hluta af eiginfjárframlögum er ekki sanngjarnt af því að þegar þessi lán voru tekin var gerður samningur um það um endurgreiðslu þeirra í Mótvirðissjóð, sem var þó ekki gert nema með höppum og glöppum eins og menn þekkja, en það er auðvitað þjóðin öll sem kom að þessu en ekki bara þeir sem eru skráðir eigendur þessa fyrirtækis.

Aftur og aftur spurðu menn í hv. iðnn.: Hvað er búið að borga í þetta fyrirtæki? Hvað er í raun og veru búið að borga inn í Landsvirkjun? Hvað hefur hver aðili borgað inn í Landsvirkjun? Í raun og veru komu engar nýjar upplýsingar fram um það. En í fórum okkar fundust upplýsingar um eiginfjárframlög, arðgreiðslur og ábyrgðargjald frá upphafi til ársins 1996, skjal sem var aldrei lagt fram í iðnn. en þar sem fram kemur að samtals hafa eigendurnir lagt fram — hvað? Ekki 14 milljarða eins og á að fara að reikna tekjurnar af, 5,5% á ári, heldur 2 milljarða 149 millj. kr., sem sagt, sjöunda part af þeirri tölu sem á að fara að reikna arðinn af. Hér er um að ræða þau einu raunverulegu peningaframlög inn í fyrirtækið af hálfu eigendanna. Ég segi eins og er: Það er ranglátt að setja hlutina þannig upp að arður sé reiknaður af sjö sinnum hærri tölu, hann greiddur til eigenda og þessi arður verður þá a.m.k. ekki notaður til að lækka raforkuverðið á köldu svæðunum eða annars staðar í landinu.

Ég tel, herra forseti, að þetta sé einn alvarlegasti þáttur þessa máls. Hér er verið að taka ákvörðun um skattlagningu á raforkunotendur í landinu um gríðarlega háa upphæð. Menn sjá kannski best hvað hún er há með því að skoða hver heildarrafmagnssala Landsvirkjunar er á ári. En þannig er það, herra forseti, að þegar verið er að reikna þessi 5,5% þá eru þau reiknuð af reiknaðri eiginfjárstöðu upp á 14 milljarða. Út úr því koma 500–700 millj. kr. Hvað ætli Landsvirkjun selji mikið í peningum af raforku á ári? Það er auðvelt að finna það. Hún seldi á síðasta ári rafmagn til almenningsrafveitna fyrir 5,4 milljarða kr. alls. Niðurstaða þessa frv. ef það verður að lögum þýðir að tíunda hver króna sem Skagfirðingar borga fyrir rafmagn á næsta eða þar næsta ári fer til að borga eignaraðilum arð. Tíunda hver króna, þ.e. 500–700 millj. kr. af 5–6 milljörðum króna. Það á líka að setja málið í þetta samhengi. Með öðrum orðum með því að þetta væri ekki til ef menn vildu hafa það þannig þá væri hægt að lækka verðið á raforku um einn tíunda strax frá því sem það verður eftir að þessi löggjöf væri orðin að veruleika. Finnst mönnum þetta sanngjarnt í stöðunni? Vita menn þetta? Það er auðvitað alveg ótrúlegt að við búum við þá sérkennilegu stöðu í okkar

þjóðfélagi, því miður, að hér er varla til neitt það sem má kalla róttæka gagnrýna fjölmiðlun sem flettir ofan af hlutum, lýsir þá upp og opnar þá. Maður verður var við það aftur og aftur í hverju málinu á fætur öðru að einstakir fjölmiðlar mynda keðjur sem eru meira og minna í böndum á vegum ákveðinna einstakra eignaraðila. Þannig að hrollur fer niður eftir bakinu á mönnum sem hugsa um þá stöðu. Mér kemur það í hug þegar ég kem að þessu máli. Hvar er hin frjálsa, opna, róttæka, gagnrýna fjölmiðlun á Íslandi sem segir frá hlutunum eins og þeir eru? Hvar er hún? Ég sé að oft eru myndarleg áhlaup gerð í einstökum blöðum og fjölmiðlum en málunum er ekki fylgt eftir. Það er ekki um að ræða opna, lýðræðislega, róttæka, gagnrýna umræðu um mál af þessum toga. Það er grafalvarlegt mál fyrir lýðræðið í landinu.

Fyrir rúmri einni viku, virðulegi forseti, héldum við aðalfund miðstjórnar Alþb. Miðstjórnarfundinn sóttu í kringum 100 manns. Þar voru rædd ýmis mál sem eru heit, eins og það heitir í hinni pólitísku umræðu í landinu. Sameiningarmál, menn vita hvað það þýðir, Evrópumál, menn vita hvað það þýðir. Svo gerist það á miðjum fundinum að bóndi nokkur norðan úr Skagafirði biður um orðið. Hann heitir Þórarinn Magnússon og býr á Frostastöðum. Hann er ekki í miðstjórninni en hann bað um að fá að tala og það gerði hann. Hann flutti mál sitt ekki eins og vanir ræðumenn gera heldur hægt og rólega og vandlega upp úr tölum og staðreyndum og rakti hver eru eiginfjárframlögin og hvernig verðið verður til okkar. Það gerist oft á fundum eins og miðstjórnarfundum að erfitt er að fá alla til að hlusta. En það hefði mátt heyra saumnál detta á meðan þessi maður var að gera grein fyrir þeim alvarlegu staðreyndum sem þetta frv. hefur í för með sér í skattlagningu á raforkuverð Skagfirðinga og annarra manna í landinu. Ég segi þetta, hæstv. forseti, vegna þess að ég er sannfærður um að það mundu fleiri menn en miðstjórn Alþb., sem hafði kannski ekki sett sig inn í þetta mál í einstökum atriðum, sitja dolfallnir undir þessum upplýsingum ef þeir fengju þær en því miður ef þetta frv. fer fram, sem margt bendir til, þá er það vegna þess að menn fá ekki að tala um málið. Menn fá ekki að skoða það í smáatriðum og skynja að málið er í besta falli óþarfi eins og það er. Það er ekkert sem rekur á eftir því að frá hlutunum verði gengið eins og hér er gert, ekkert.

Ég sagði áðan, herra forseti, að eitt af því sem skipti sköpum um samkeppnishæfni í lífskjörum á komandi árum og áratugum væri raforkuverð. Og fylgiskjal II í fylgiskjölum mínum sýnir raforkuverð til heimila í nokkrum löndum árið 1995 og til iðnaðar í nokkrum löndum 1995 og sést þar að Íslendingar standa allvel í þeim efnum og við þurfum á því að halda. Við þurfum að hafa hlutina þannig að því er varðar t.d. orkuverð að orkan sé ódýrari á Íslandi en annars staðar til þess að vega upp marga aðra hluti sem eru dýrari og þyngri í vöfum hér en í öðrum löndum.

Fylgiskjal III með nál. mínu er einkar athyglisvert en það er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þar segir svo, með leyfi forseta. Það eru þeir sem eiga að passa sveitarfélögin á Íslandi sem skrifa það. Þar stendur:

„Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga eru skiptar skoðanir um efni frumvarpsins hvað varðar arðgreiðslur til eigenda enda hagsmunir einstakra sveitarfélaga ólíkir."

Þetta er umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég verð að segja alveg eins og er að það hvarflar að manni að lítið gagn sé í Sambandi íslenskra sveitarfélaga ef það getur ekki haft skoðun á svona máli. Það er kannski von vegna þess að aðalhöfundur þessa samkomulags, Vilhjálmur Vilhjálmsson, er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. En það er náttúrlega dálítið sérkennilegt og hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir sveitarfélögin og dreifbýlið og ekki bara dreifbýlið heldur líka nágrannasveitarfélögin hér eins og t.d. Hafnarfjörð, Kópavog, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ, þegar Samband íslenskra sveitarfélaga treystir sér ekki til að hafa skoðun á þessu máli. Máli eins og því sem hér er á ferðinni.

Eitt fylgiskjalið með nál. mínu birtir sjónarmið borgarstjórans í Reykjavík. Það sem þar kemur fram er staðfesting á því sem ég hef sagt áður að meginframlag Reykjavíkur til Landsvirkjunar eru Sogsvirkjanirnar. Hvernig fjármagnaði Reykjavíkurborg Sogsvirkjanirnar? Var það borgað úr borgarsjóði? Nei, það var borgað af raforkunotendum á Reykjavíkursvæðinu og viðskiptasvæði Sogsvirkjananna. Það er veruleikinn í því máli.

Ég vek athygli á þeirri umsögn borgarstjórans í Reykjavík því hún er prýðileg og skýr. Ég vek sérstaka athygli á lokaorðum umsagnar borgarstjórans í Reykjavík þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Jafnframt því sem ég þakka tækifærið til þess að koma upplýsingum á framfæri við hv. iðnn. Alþingis legg ég áherslu á, að borgaryfirvöld eru því fylgjandi að sem mestur jöfnuður ríki í landinu og milli landshluta. Sem eigendur að Landsvirkjun hafa þau stutt þá verðjöfnun sem felst í samræmdri gjaldskrá til allra afhendingarstaða."

Ég held að þetta sé í raun og veru mjög mikilvæg pólitísk yfirlýsing borgarstjórnar Reykjavíkur sem ég tel að sýni þar með að enginn ágreiningur er um það meginmarkmið sem þarf að vera uppi, þ.e. að halda sem jöfnustu raforkuverði. Ég er hins vegar að segja að ef þetta frv. verður að lögum þá teflir það því markmiði í tvísýnu.

Í fimmta lagi vil ég, herra forseti, síðan vekja athygli á fylgiskjali sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir rakti hér nokkuð áðan, varðandi Ríkisendurskoðun. Hún beindi orðum sínum til hæstv. iðnrh. Ég ætla að beina orðum mínum til hæstv. forseta Alþingis, eins og reyndar á að gera samkvæmt þingsköpum ævinlega en ég geri það sérstaklega í þessu tilviki. Fyrir nokkrum vikum flutti hæstv. forseti Alþingis ræðu um skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1995. Þar kom fram að forseti taldi mjög nauðsynlegt að Ríkisendurskoðun hefði möguleika til að fylgjast með fyrirtækjum eins og Landsvirkjun. Í þeirri ræðu var þannig komist að orði að hingað upp í ræðustólinn snjóaði mönnum sem heimtuðu að fá að taka undir með hæstv. forseta Alþingis. Það var afstaða forseta Alþingis. Svo liggur þetta frv. hér fyrir og allt í lagi með það. Það er ákvörðun ráðherrans og ríkisstjórnarinnar að leggja frv. fram. En svo kemur frv. í þingnefnd. Hver er þá niðurstaða Ríkisendurskoðunar? Ríkisendurskoðun fer fram á að fá að fylgjast með þessu máli og ber fyrir sig sömu rökum svo að segja frá orði til orðs eins og hæstv. forseti Alþingis hafði gert í ræðu sinni. Hvað gerir þá þingnefndin? Hún vísar rökum Ríkisendurskoðunar í raun á bug. Mér finnst það dálítið athyglisvert þegar þess er gætt að þetta er skoðun forseta Alþingis. Ég vil fara fram á það í fullri vinsemd að forseti Alþingis og forsn. skoði hvort eftirlitshlutverki Alþingis er eðlilega fullnægt með því að henda Ríkisendurskoðun út úr lögunum eins og gert er samkvæmt frv. og að afgreiða hana með þeim hætti sem nál. gerði hér áðan. Það veitir heldur ekkert af eftirliti með svona fyrirtæki fyrir Alþingi. Sérstaklega þegar það virðist vera

stefna ríkisstjórnarinnar að henda fulltrúum Alþingis út úr stjórn fyrirtækisins. Þá á auðvitað Ríkisendurskoðun að vera þarna inni, þeim mun frekar, en ekki þeim mun síður. Og að vísa til þess eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði að menn gætu bara borið fram fyrirspurnir um fyrirtækið Landsvirkjun þegar fram í sækti. Það dugar mér ekki. Það dugir ekki hinni þingræðislegu skyldu í þessu máli eða almennum þingræðislegum reglum. Ég fullyrði að í öllum löndum þar sem svipað stjórnarfar er og hér, þar sem menn eru með ríkisendurskoðun eða endurskoðunardómstól eins og er í Suður-Evrópu, þar er reglan sú að svona fyrirtæki heyra undir þingin og endurskoðunarstofnanir þeirra. Af hverju má það ekki? Stendur til að fela eitthvað? Er eitthvað gruggugt í bokahorni Landsvirkjunar sem Ríkisendurskoðun má ekki komast í? (**Gripið fram í:** ... sem stjórnmálamennirnir vita?) Þeir vita ekki um það en ég er að spyrja. Spyrja um þá sem flytja tillögu vegna þess að spurningin er hvað þeir vilja fela sem eru að flytja tillöguna. Enda hafa þeir líka tekið ákvörðun um að henda út fulltrúum Alþingis. Af því að þeim finnst óþægilegt að hafa þá í stjórninni. Það gæti nú svo sem skoðast alveg eins sem meðmæli og hitt. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að ef þetta mál fær neikvæðar undirtektir stjórnarflokkanna við 2. umr. þá skiptir það gríðarlega miklu máli. Ef þeir vilja hins vegar opna á að skoða þetta mál væri ég fyrir mitt leyti tilbúinn til að draga þessa tillögu til baka til 3. umr. þannig að hún fengi meðferð þar. Hæstv. forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að fara fram á það við forsetan sjálfan að þetta mál verði skoðað.

Herra forseti. Ein af þeim stofnunum í landinu sem þingmenn hafa borið mjög fyrir brjósti í orkumálum er Orkubú Vestfjarða. Orkubú Vestfjarða hefur oft komið við sögu í þessari virðulegu stofnun. Hvað sagði Orkubú Vestfjarða um þetta frumvarp? Orkubú Vestfjarða sagði, með leyfi forseta: „Af hálfu Orkubús Vestfjarða er frumvarpi þessu mótmælt og þess óskað að það nái ekki fram að ganga.“ Mér finnst alveg nauðsynlegt að leggja þá spurningu fyrir þingmenn Vestf. hvernig þeir svari þessum óskum Orkubús Vestfjarða. Ég legg þá spurningu fyrir þá þingmenn Vestf. sem er hér í salnum, m.a. hv. þm. Sighvat Björgvinsson og hv. þm., Einar Odd Kristjánsson. Hvernig ætla þeir að svara Orkubúi Vestfjarða í þessu máli? (**EOK:** Ég mun gera grein fyrir því á eftir.) Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mun gera grein fyrir því á eftir og vonandi einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Í umsögn Orkubús Vestfjarða segir svo enn fremur, með leyfi forseta:

„Útreikningi á „eigendaframlögum“ er hafnað.

Hver voru raunveruleg peningaframlög eigenda þessara virkjana?

Með sömu aðferðafræði geta eigendur Landsvirkjunar stofnað nýtt orkufyrirtæki og lagt Landsvirkjun inn í það og „eigendaframlögin“ í nýja orkufyrirtækinu væru þá 26 milljarðar kr.“

Ég fer fram á það við talnaglögga menn sem hér eru í salnum margir, allir, segi ég til öryggis, að þeir velti þessu aðeins fyrir sér og lesi þessa umsögn. Eftir þessari aðferðafræði sem hér er uppi gæti Landsvirkjun gerst aðili að fyrirtæki og lagt fram 26 milljarða sem eigendaframlag og heimtað vexti af því, þ.e. ef fylgt væri sömu aðferð og hér á vegum þess aðila sem kallaður er í þessum stól „djei pí“ Morgan en heitir á íslensku eins og kunnugt er J.P. Morgan.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara í einstökum atriðum yfir umsögn Orkubús Vestfjarða en ég skora á hv. þingmenn að lesa hana því að hún er afar vel unnin og afar fróðleg, bæði varðandi einokunaraðstöðu fyrirtækisins, gjaldskráreftirlit með fyrirtækinu og fleira.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á fskj. VII frá mér þar sem eru ítarlegar upplýsingar og samanburður á verðlagi raforku í ýmsum löndum frá fyrirtækinu Samorku. Þar er um að ræða mjög merkilegar upplýsingar um þá hluti sem eru þannig að við Íslendingar þurfum ekki að vera mjög óánægðir með orkuverðið á Íslandi. Ég ætla ekki að fara yfir það, herra forseti. Ég ætla aðeins að staldra við eitt atriði og það er að stundum er sagt að mikill munur sé á orkuverði á Íslandi. Það kemur fram í þessu skjali að í raun og veru er talsverður munur, en hann er kannski ekki eins mikill og menn halda stundum. Ef við tökum verð miðað við 3.500 kwst. notkun á Suðurnesjum, þá er það lægsta verð á landinu 1996 eða 7.32 með sköttum á kwst. Reykjavík er aftur á móti með 8.24 á kwst. Það er stundum talað um að þetta sé ódýrast og lægst og allt það í Reykjavík. Það er að vísu lágt en það er ekki lægst. Hæsta raforkuverð á landinu er 9,47 á kwst. og það er frá Rarik, 9,47. En ég vek athygli á því sem mér fannst dálítið athyglisvert, að það er mun lægra verð á raforkunni hjá Orkubúi Vestfjarða heldur en hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Mér finnst það dálítið umhugsunarefni vegna þess að ríkið hefur gripið til myndarlegra aðgerða til að skera niður kostnað hjá Orkubúi Vestfjarða en það skilar sér greinilega í lægra verði þar en hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Nóg um það, herra forseti.

Ég vísa þessu næst til fskj. nr. VIII sem er frá Hitaveitu Suðurnesja þar sem mjög mörg fróðleg atriði koma fram en ég ætla ekki að fara yfir í einstökum atriðum. Ég tek fram að ég er ósammála mörgu sem þar er, en ég tel að þar sé bent á margt sem ástæða sé til þess að skoða.

Ég vil líka vekja athygli á því að þetta mál snertir ekki bara hinar dreifðustu byggðir landsins heldur líka þéttbýlið. Það kom mjög athyglisverð umsögn frá Rafveitu Hafnarfjarðar, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Augljóst er að ákvæði 2. gr. frv. um arðgreiðslur til hlut-hafanna, Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkissjóðs, mun leiða til hækkunar á verði á raforku til Rafveitu Hafnarfjarðar og annarra rafveitna. RH hefur enga möguleika á að kaupa raforku annars staðar frá þannig að RH mun neyðast til að hækka gjaldskrá sína.

Rafveita Hafnarfjarðar mótmælir því harðlega ...“ frv. eins og það hér liggur fyrir.

„Rafveita Hafnarfjarðar telur því eðlilegra að í stað arðgreiðslu til fyrrnefndra eigenda LV verði gjaldskrá LV lækkuð sem næmi fyrirhuguðum arðgreiðslum.“

Þetta segir Hafnarfjörður. Við vitum að Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur eru allt saman meira og minna eitt atvinnusvæði og lífskjarasvæði. Þetta er ekki gott innlegg í þá samstöðu sem þar þarf að vera að mínu mati.

Ég vek einnig athygli á bréfi frá Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi þar sem frv. er mótmælt. Ég vek athygli á greinargerð frá Bæjarveitum Vestmannaeyja sem er afar fróðlegt skjal, þar sem frv. er mótmælt. Ég vek athygli á yfirliti sem er fskj. XIII frá Landsvirkjun um ýmsa þætti þessa máls, en það er fyrst og fremst lagt hér fram til fróðleiks og loks vek ég athygli á umsögn frá Rafveitu Sauðárkróks þar sem lýst er fullri andstöðu við frv. eins og það liggur fyrir.

Ég held þess vegna, herra forseti, að þegar upp er staðið þá megi segja að í landinu öllu utan Reykjavíkur sé andstaða við málið, full og veruleg andstaða utan Reykjavíkur hjá öllum raforkugeiranum eins og hann leggur sig. Og ég fullyrði líka að þeir þingmenn sem koma þaðan hafa líka áhyggjur af þessu máli. Ég held að það sé jafnframt ljóst að í Reykjavík eru einnig miklar áhyggjur af þessu máli, m.a. af þeirri stöðu sem Reykjavík mun fá í framhaldi af þessum niðurstöðum. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, herra forseti, að menn séu að ganga of langt og það sé skynsamlegast að hinkra og fara yfir málin í rólegheitum í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur orðið og þarf að verða. Þess vegna flyt ég, herra forseti, í fyrsta lagi tillögu um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þar er gert ráð fyrir því að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, að málið fari þar í samningaviðræður á ný við Reykjavík og Akureyri og að reynt verði að ná niðurstöðu sem er ásættanleg og sæmileg sátt um og málið komi hér aftur fyrir apríllok. Þetta finnst mér sanngjörn tillaga og ættu allir að geta fallist á að þetta er skynsamleg leið. (Gripið fram í.) Þetta er fyrsta tillagan, já. Ef hv. þm. sem alltaf er að reyna að grípa fram í mundi rétta mér tillögur mínar þá mundi ég verða honum ævinlega þakklátur. Já. Takk fyrir. Og svo er eitt skjal enn sem var verið að dreifa núna áðan. (Gripið fram í.) Hv. þm. Össur Skarphéðinsson fer að vanda með dár og spé og ber að harma að hann skuli ekki geta haldið sér á mottunni þegar það á við.

Varðandi málið að öðru leyti og breytingartillögur í því vil ég segja að ég stend að breytingartillögu ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni sem fram hefur komið um Ríkisendurskoðun. Ég stend einnig að tillögu um að starfsemi Landsvirkjunar eigi að falla undir samkeppnislög. Ég styð þá tillögu og flyt hana reyndar ásamt þeim. Síðan flyt ég tillögu um breytingu á 2. gr. og ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra og hv. þm. sem hér eiga eftir að tala hvað þeir ætla að gera við þá tillögu, þ.e. hver afstaða þeirra er, einkum hv. þm. Stefán Guðmundsson. Sú tillaga gerir ráð fyrir því að þetta standi í greininni, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en arður er greiddur út samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal orkuverð hafa breyst og lækkað í samræmi við samning eignaraðila frá 28. október 1996, um breytingu á sameignarsamningi aðila, sbr. 3. mgr."

Hér er í rauninni verið að segja það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði áðan að væri stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli þannig að ég held að það væri mjög æskilegt ef menn skoðuðu það mjög alvarlega að fallast á þessa tillögu. Ég sé engin efnisleg rök á móti henni. Þeir eru búnir að samþykkja hana, vilja hafa hana í nefndaráliti, ræðum og yfirlýsingum og ég skora á þá að setja hana hér inn. Þeir munu kannski bera því við að hinir eignaraðilarnir muni ekki fallast á þetta, Reykjavík og Akureyri. Og ég segi við þá að ég skora á þá að láta á það reyna. Ég hef enga trú á því að Reykjavík eða Akureyri muni leggjast gegn óskum af þessu tagi. Ég veit að þær hafa ekki verið bornar fram en ég skora á þá að bera þær fram og fresta afgreiðslu málsins hér þar til það liggur fyrir hver afstaða borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Akureyrar er í þessu máli.

Í öðru lagi ber ég fram breytingartillögu sem er á þessa leið, herra forseti:

„Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn, borgarstjórn Reykjavíkur þrjá og bæjarstjórn Akureyrar einn."

Þetta þýðir að Alþingi kýs áfram stjórnarmenn svo sem verið hefur en þeir verða ekki allir þrír skipaðir af ráðherra eins og gerð er tillaga um. Rökin eru sögð vera þau að þarna eigi að greina í sundur framkvæmdarvald og löggjafarvald og þarna eigi að tryggja að ráðherrann sé með skýrum hætti ábyrgur fyrir þessu máli og allt það. Þetta eru út af fyrir sig ágætis rök í sjálfu sér. En þau halda náttúrlega ekki að öllu leyti þegar þess er gætt að hér er um að ræða sameignarfélag þar sem hinn aðilinn og hinir aðilarnir eru með kosna pólitíska fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Þess vegna heldur það ekki að henda fulltrúum Alþingis út um leið og Akureyri og Reykjavík eru með sína pólitísku fulltrúa inni. Ég hefði út af fyrir sig talið það komið til greina að breyta öllu stjórnskipulagi þessa fyrirtækis þannig að allir yrðu einhvern veginn skipaðir af viðkomandi framkvæmdarvaldshöfum, en um það er ekki að ræða í þessu tilviki og þess vegna hvet ég til þess að menn íhugi það að kalla til baka tillögu um það að setja Alþingi út úr stofnuninni. Ég skora á menn að umgangast þessa tillögu og aðrar sem hér eru fluttar og annan málflutning hér á opinn hátt og ekki láta reyra sig fasta að böndum stjórnarflokkanna.

Í þriðja lagi, herra forseti, flyt ég tillögu á þskj. 561 þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Við verðákvarðanir skal fylgja þeirri stefnu sem kveðið er á um í samningi eignaraðila um breytingu á sameignarsamningi aðila frá 28. október 1996."

Ég fer sem sagt fram á að þetta verði staðfest við 8. gr. Í raun og veru má segja að þetta sé flutt til vara. Ef breytingartillaga við 2. gr. verður felld þá kæmi þessi inn til viðbótar við þá breytingartillögu sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Sighvati Björgvinssyni, breytingartillögu við sömu grein um að þar komi inn eftirlit Samkeppnisstofnunar. Þetta atriði vildi ég nefna, herra forseti, og hef þá farið yfir mínar breytingartillögur og bent á fskj. en ekki rætt þau eins og ástæða væri auðvitað til.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega um 1. gr. Mér finnst hún í sjálfu sér vera slæm eins og hún er í frv. Mér sýnist hún vera til bóta eins og hún er hjá hv. meiri hluta. Ég fagna þeirri viðleitni sem þar er og er út af fyrir sig tilbúinn til þess að virða það mál fyrir mér með hliðsjón af málinu í heild. En þessi tillaga snertir í sjálfu sér ekki eigendasamkomulagið. Hún er algjört sérmál og sú tillaga er í rauninni meira og minna út í loftið satt best að segja þannig að ég mun ekki segja margt um hana á þessu stigi.

Hæstv. iðnrh. beitir þeim aðalrökum í þessu máli að Reykjavíkurborg hafi viljað fá að vita hvað hún gæti haft upp úr eignarhlut sínum í Landsvirkjun og að hún hafi óskað eftir því að það yrði stofnuð eigendanefnd. Þetta er rétt. Ég tel að þetta sé algjörlega eðlilegt sjónarmið hjá Reykjavíkurborg. Spurningin er bara hver þessi eigendahlutur er. Um hann snýst ágreiningurinn. Er hann 26 milljarðar? Er hann 14 eða 2? Um það snýst ágreiningurinn og það er giska mikill ágreiningur. Ég held þess vegna að það væri eðlilegt að reyna að semja sig út úr honum aftur eins og við leggjum til í breytingartillögunni sem ég gerði grein fyrir áðan.

Því er ekki hægt að neita eins og ég rakti hér í upphafi að þetta mál er unnið á ótrúlega þröngan pólitískan hátt af fulltrúum Framsfl. og Sjálfstfl. sem höfðu þó ekki samband við sína flokksmenn nema í mjög takmörkuðum mæli. Það er mér kunnugt um. Það er mikil óánægja með þetta mál í Sjálfstfl., bæði í borgarstjórn Reykjavíkur og hér, og eins í Framsfl. Það er mér kunnugt um. Hið sama er að segja um

Akureyrarbæ. Hér er hins vegar að nokkru leyti um að ræða pólitískt valdabrask.

Eins og kunnugt er lætur núverandi forstjóri Landsvirkjunar af störfum í lok þessa árs 1997, Halldór Jónatansson, sem hefur gegnt því starfi farsællega um skeið. Ég vil láta það koma fram af því að ég nefni nafn hans að ég hef kynnst honum þann skamma tíma sem ég hef setið í stjórn Landsvirkjunar og hefur líkað vel. Ég vil hins vegar segja að ég hef orðið var við undirgang að ekki sé meira sagt í sambandi við þetta forstjórastarf — ég sagði ekki draugagang — ég sagði undirgang. Og það er greinilegt að ýmsir eru að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að tryggja að þeir geti komist að þessu starfi. Kunn er aðferð stjórnarflokkanna sem lýst er í bókinni Í eldlínu kalda stríðsins — einn fyrir mig og einn fyrir þig – þegar helmingaskiptaflokkarnir eru annars vegar. Kunn er sú aðferð að ef Framsókn fær formanninn þá fær íhaldið forstjórann eða öfugt. Og það er dreift um það tíðindum að ýmsir af ráðherrum Sjálfstfl. séu orðnir lúnir (**Gripið fram í:** Allir.) af slímusetum í ráðherrastól. Það þurfi að færa þá til. Það sé áhugi á að færa þá til, áhugi á að stokka upp og skipta um. Og margir eru það í þingliði Sjálfstfl. sem munar í stólana hér, mér á hægri og vinstri hönd. Og greinilegt er að hluti af þessu frv. og bakgrunni þess er tilkominn af því að menn eru að undirbúa þessa landvinninga fyrir forstjóra Landsvirkjunar, það er augljóst mál. Valdabraskið sem einkennir þessa aðila skín í gegnum málatilbúnaðinn. Það er auðvitað leitt til þess að vita vegna þess að forstjóra Landsvirkjunar á auðvitað að ráða á faglegum grundvelli með hæfnismati, eins og gert er t.d. þegar ráðnir eru prófessorar við Háskóla Íslands, þar sem tiltekin skilyrði þarf að uppfylla en ekki að undangengnum hrossakaupum stjórnarflokkanna. Ég óttast að það sé hins vegar veruleikinn og ég spái því, herra forseti, að fari svo að þetta frv. verði að lögum eins og það liggur hér fyrir, þá muni menn í janúar 1998, þegar fjallað hefur verið um forstjórastólinn í Landsvirkjun, jafnvel geta minnst þeirra orða sem hér eru sögð nú í febrúar 1997, og þá hafi komið í ljós að undirrótin var þessi ótrúlega árátta Framsfl., alltaf þegar hann kemst í stjórn og aðstöðu, í hrossakaup — að versla með hvaðeina. En það er slæmt, herra forseti, að raforkunotendur á Íslandi, allt í kringum landið, skuli þurfa að borga á næstu árum hálfan milljarð á ári ofan á rafmagnsverðið sitt fyrir þau hrossakaup.

[15:03]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var yfirgripsmikil ræða hjá hv. þm. Svavari Gestssyni eins og hans var von og vísa. Aðeins til að taka af allan vafa. Hann sagði að upplýsingar hefðu verið lokaðar inni. Bara til að það komi hér ljóst fram — upplýsingum var ekki haldið leyndum í iðnn., ég vil að það sé skýrt. 28 eða 30 aðilar voru kallaðir til eða komu með umsagnir sem um var fjallað til nefndarinnar.

Einnig vil ég víkja að því sem hv. þm. sagði í sambandi við orkuverðið, að menn væru áhyggjufullir vegna orkuverðsins og það ætti ekki að lækka. Það er margkomið fram og ég vænti þess að iðnrh. verði við ósk minni um að staðhæfa það sem hann og sagði hér við 1. umr. málsins að arðgreiðsluhlutfallið er víkjandi fyrir orkuverðslækkun. Orkuverð á sem sé að lækka árið 2001 um 3% á ári til ársins 2010. Og ég vil einnig minna hv. þm. á það að arðgreiðsla sem fellur til ríkisins, sem er helmingur arðs, á að renna til atvinnusköpunar á þeim svæðum sem ekki njóta arðsins vegna eignaraðildar að Landsvirkjun. Þetta er nauðsynlegt að komi fram, hv. þm. Vegna þess að ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson vill hafa það sem sannara reynist er nauðsynlegt að þetta komi hér fram — að yfir helmingur af útborguðum arði á að koma til þess að treysta uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Um þetta er full sátt í núverandi ríkisstjórn.

[15:05]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er fullkunnugt um að hv. þm. Stefán Guðmundsson vill gera þessa hluti eins og hann lagði hér fyrir og greindi frá. En vandinn er nú sá að hann ræður þessu ekki einn. Og til þess að þessir hlutir sem hann er að tala um væru skýrir, þá er í raun og veru nauðsynlegt að setja um þá lagaákvæði. Í tillögum mínum geri ég ráð fyrir því að það sé einmitt fest inn í lögum ákvæði um að fyrst skuli lækka verð og svo borga út arð. Og ef hv. þm. er þessarar skoðunar þá skora ég á hann að koma til móts við sjónarmið mín og sjálfs sín með því að styðja þessa tillögu. Ég held hins vegar, herra forseti, að það sé dálítið flókið mál að leggja 500 millj. kr. ofan á raforkuverð í landinu til þess að veita þær til uppbyggingar allt í kringum landið. Ég held að það sé betra að lækka raforkuverðið í landinu. Ég held að það sé betra fyrir atvinnulífið og betra fyrir dreifbýlið. Og ég spyr: Hver á að úthluta þessum 500 milljónum? Er það Byggðastofnun? Hver er það? Eða er það iðnrn.? Ég held satt að segja að sú leið, sem hv. þm. er að gera sér vonir um í þessu samhengi, sé ekki til. Þess vegna virði ég vilja hans mikils og þykir vænt um að heyra hann. Sömuleiðis það starf sem hann vann sem formaður nefndarinnar þar sem hann reyndi aldrei að halda neinu leyndu — það skal ég taka hér fram, en ég segi það, með mikilli virðingu fyrir honum, að ég tel að hann ráði því miður ekki við að knýja fram í verki þann góða vilja sem hann hefur í málinu.

[15:07]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson þekkir vinnubrögðin af störfum sínum bæði sem ráðherra og formaður í þingnefndum. Ég vil bara segja það hér úr þessum ræðustól að ég hef auðvitað haft áhyggjur af þessu máli. Ég verð nú bara að grípa til þessara orða eins og ágætur maður sagði: „Ég verð nú bara að segja það.“ Þess vegna hef ég reynt að ganga úr skugga um þetta mál og ég er sannfærður um að sú ríkisstjórn sem nú situr ætlar sér að standa við þessi markmið. Hún ætlar sér að standa við þau.

[15:07]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek ekkert mark á fyrirheitum þessarar ríkisstjórnar í þessu máli. Vegna þess að þau eru ekki pappírsins virði meðan þau hafa ekki verið fest í lög eða öðruvísi bundin þannig niður að ekki sé hægt að komast fram hjá þeim. Þau eru ekki pappírsins virði meðan þau eru bara í ræðum hæstv. iðnrh. Þau eru ekki pappírsins virði meðan þau eru bara í nál. frá hv. meiri hluta iðnn. Það er veruleikinn. Þannig að það er alveg nauðsynlegt að hv. þm. sýni fram á að þetta verði örugglega tryggt og að hann hafi ekki látið hafa sig, með leyfi forseta, að ginningarfífli í þessu máli. Vegna þess að ég óttast að hæstv. iðnrh. og aðrir forustumenn stjórnarflokkanna séu í þessu máli að blekkja, að reyna að

blekkja til fylgilags við sig hv. þm. Stefán Guðmundsson og fleiri ágæta þingmenn stjórnarflokkanna utan af landi sem sannarlega vilja vel í þessu máli. Og ég skora á þá að nota núna tækifærið til að láta reyna á hinn raunverulega vilja. Því það verður of seint þegar atkvæði hafa verið greidd í þessu máli. Núna, áður en atkvæði hafa verið greidd, hafa þeir vald. Þegar atkvæðagreiðslum er lokið mun vald þeirra verða lítið.

[15:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því hv. þm. Svavar Gestsson skoraði á mig ásamt öðrum Vestfirðingum að svara því hver afstaða okkar væri til þessa máls þá tel ég rétt að taka það fram, sem ég hélt að hann vissi og kom mjög skýrt fram við 1. umr. málsins, að það hefur ekki hvarflað að mér eitt augnablik frá því ég heyrði af þessu máli fyrst að styðja það. Vegna þess að þetta er algjör vitleysa frá upphafi til enda og misskilningur. Við röktum það hér, ýmsir stjórnarsinnar, við 1. umr. en félagar okkar í iðnn. hafa ekki tekið það til greina og ekkert er við því að segja.

Ég vil bara benda á þetta til að menn geti séð hvaða vitleysa er í gangi. Ef við tökum t.d. fyrsta fylgiskjalið með nál. frá 2. minni hluta iðnn. og förum í gegnum Marshall-aðstoðina þá er til mjög fróðleg og góð ritgerð eftir Þórhall Ásbjörnsson frá 1956 í Fjármálatíðindum um Marshall-aðstoðina. Notum svo þá aðferðafræði sem er notuð við að finna eiginfjárhlutföll í þessum virkjunum og margföldum þetta upp. Ég er hérna með útreikninga sem vinur minn og hv. samþingsmaður dr. Pétur Blöndal hjálpaði mér með. Hvað kemur þá út, ef við notum þær aðferðir sem þeir nota, umreiknum þetta allt í byggingarvísitölu og 3% vexti? Þá kemur fram að gjafafé — bara gjafafé Bandaríkjamanna til Laxárvirkjunar og Sogsvirkjunar — bara gjafafé svo við sleppum nú lánunum sem voru hálfgerðar gjafir líka, er rúmar 15 þúsund milljónir, rúmir 15 milljarðar. Það er mál til komið að menn fari að kveikja á perunni hvers konar bull þetta er allt saman. (**Gripið fram í:** Skrifaði ekki þessi Pétur Blöndal undir meirihlutaálit?) Hann hjálpaði mér að reikna þetta út. (**Gripið fram í:** Skrifaði hann ekki undir álitið?) Ég kann alveg að lesa hverjir þarna eru en það má alveg vera ljóst, herra forseti, að það hvarflar ekki að mér að styðja þetta mál. (**Gripið fram í:** Lestu það upphátt.) Það hvarflar ekki að mér að styðja þetta. Pétur Blöndal skrifaði undir en hann reiknaði þetta út fyrir mig. Það var hans prívat og hann stendur við það.

[15:11]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar fróðlegu upplýsingar og sérstaklega þessa útreikninga sem fram komu hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Og ég verð að segja það að ég tók eftir því í iðnn. að hv. þm. Pétur Blöndal lagði mjög margt gott og skynsamlegt til mála og spurði margra góðra spurninga. Þeim mun meira undrandi varð ég auðvitað á því að hann skyldi að lokum fallast á málið fyrirvaralaust eins og hann gerir. En ég vil þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir þessar upplýsingar. Ég vék að því áðan að þá var annar þingmaður Vestf. í salnum, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, og ég bíð spenntur eftir því að heyra hvort hann er sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni í þessu máli. Ef svo er þá gæti margt farið að breytast. Og ég held að það sé nauðsynlegt að hafa í huga þau orð sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson notaði — málið er misskilningur, það er óþarfi. Ég held að við eigum bara að fresta umræðunni núna og taka okkur tíma í að skoða þetta mál aðeins betur. Málið er bæði misskilningur og óþarfi.

[15:12]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. það sem hv. iðnn. hefur haft til meðferðar og varðar Landsvirkjun. Á undan mér talaði hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, og var æðiskáldlegur í málflutningi sínum eins og mörgum Breiðfirðingum er tamt. Þeir eru stundum allt að því lýríska hér í ræðustól. (Gripið fram í.) En skýringar hans og útleggingar á þessu máli voru í lokin æðimikið í ætt við skáldskap sem er mörgum tamur. Hins vegar var ræða hans að öllu öðru leyti mjög málefnaleg og ég vil þakka honum fyrir það. En oft vill nú brenna við eins og við höfum heyrt upp á síðkastið að þegar kemur að umræðum um nýtingu orkulindanna og um það að beisla fallvötn landsins og nýta náttúruna þá verða menn æðitilfinninganæmir og slá á þær nótur eins og stórskáldið og þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson gerði oft en hann orti:

Tign býr á tindum
en traust í björgum.
Fegurð í fjalldölum
en í fossum afl.

Allt frá þeirri tíð þegar hann var uppi og mælti hafa menn auðvitað áttað sig á því að það þarf að nýta orkulindirnar en menn hafa ekki alltaf verið sammála um hvernig það skuli gert. Og enn er deilt. Bæði um það hvernig eigi að nýta orkuna og það sem verra er, að mér finnst, sem eru þær deilur sem uppi eru um kerfið, þ.e. fyrirkomulagið á rekstri Landsvirkjunar, eignarhaldi Landsvirkjunar, arðgreiðslum einkum og sér í lagi. Það er það sem ég vildi gera enn og aftur aðeins að umtalsefni og fara yfir í nokkrum orðum.

Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. þessa máls að ég hef miklar efasemdir um það samkomulag sem eignaraðilar hafa gert sín á milli um arðgreiðslur. En það má segja að það sé upphaf þessa máls, þ.e. krafa meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur, krafa R-listans og meiri hluta bæjarstjórnar á Akureyri um að stokka upp spilin. Gera meiri kröfur um arð, sem er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, út úr fyrirtækinu og gera aðrar breytingar sem frv. felur í sér. Upphafið að málinu er sem sagt þessi krafa R-listans í höfuðborginni og þess vegna vekur sú gagnrýni athygli sem hér hefur komið fram hjá stjórnarandstöðunni, sérstaklega talsmönnum Alþb. í umræðunni sem er auðvitað bein gagnrýni á þá miklu kröfuhörku borgarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík til aukins arðs út úr þessu fyrirtæki. Því miður fór svo, eins og ég rakti í ræðu við í 1. umr., að fallist var á þetta af hálfu iðnrh. og þeirra fulltrúa iðnrh. og fjmrh. sem voru í þessum viðræðum. En út af fyrir sig er ekki mikið um það að segja til viðbótar.

Þegar litið er á stöðu Landsvirkjunar er auðvitað óhjákvæmilegt að líta til þeirrar sérstöku stöðu Landsvirkjunar, sem hefur verið tíundað mjög í umræðunni, sem er einokunaraðstaða til raforkusölu. Hún skapar mikla sérstöðu og skapar þá aðstöðu að gera hlut eigendanna svo sterkan sem raun ber vitni. Þegar við reynum að gera okkur grein fyrir því hvernig þetta verður til verðum við einnig að líta til þess hverjir kaupa aðallega raforku aðrir en stóriðjufyrirtækin og hvaða afleiðingar það getur haft. Er það líklegt til þess, þegar við skoðum það, að styrkja stöðu Landsvirkjunar? Er það líklegt til þess að auka samheldnina um fyrirtækið? Við

gerum okkur grein fyrir því að ein dreifiveita, þ.e. Rafmagnsveitur ríkisins sem dreifa orkunni til hinna dreifðu byggða, kaupir 43% af þeim 5,3 milljörðum eða skapar 43% af þeim 5,3 milljörðum sem voru 1995 tekjur af sölu til innlendra aðila. Með öðrum orðum, langstærstu viðskiptin eru við þetta fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins. Það vill þannig til að viðskiptaaðilar þeirrar dreifiveitu eru ekki eignaraðilar að þessu fyrirtæki. Þau viðskipti skapa enga beina eign nema í gegnum hlut ríkisins. Það er þetta sem ég óttast að geti orðið til þess að skapa ófrið um Landsvirkjun þegar fram líða stundir. Það að ætla sér að greiða svo mikinn arð út til eigendanna án þess að takist að lækka raforkuverðið held ég að *geti orðið erfitt fyrir Landsvirkjun í framtíðinni* og það hef ég gagnrýnt.

Þess vegna var það, hæstv. forseti, að ég vonaðist til að hv. iðnn. skoðaði þessi mál í ljósi þeirrar gagnrýni sem kom fram við 1. umr. Að hv. iðnn. liti til þess hvort ekki væri hægt að fá skýrari og klárari yfirlýsingar og ákvarðanir um lækkun á raforkuverðinu. Ég virði mjög þann vilja sem kemur fram hjá meiri hluta hv. iðnn. þegar þeir segja að arðgreiðslan skuli víkja fyrir lækkun orkuverðs. En hvað þýðir þetta? Hvað þýðir það að hæstv. iðnrh. gefur þessa yfirlýsingu? Hún er auðvitað mjög mikilvæg, en það eru fleiri sem eru aðilar þessa máls. Hvaða yfirlýsingar hafa komið frá fulltrúum Reykjavíkurborgar eða fulltrúum Akureyrarbæjar um þetta atriði? Eru þeir tilbúnir til þess að láta arðgreiðslurnar víkja fyrir lækkun raforkuverðsins? Því miður kemur það enn þá fram í nál. meiri hluta hv. iðnn. að talað er um að stefnt sé að lækkun raforkuverðs eftir aldamót um 2–3%. Ég gagnrýndi það við 1. umr. að fallið hafði verið frá 3% áformunum þegar samkomulagið var gert á milli eignaraðilanna. Í umfjöllun stjórnar Landsvirkjunar var alltaf talað um að raforkuverðið héldist fast að raunvirði til aldamóta en síðan lækkaði það um 3%. En í samkomulagi eignaraðilanna þegar fulltrúar Reykjavíkurborgar og fulltrúar Akureyrarbæjar höfðu átt í samningum við fulltrúa ríkisvaldsins var búið að lækka þessa kröfu, veita afslátt sem felur í sér að þeir geta miðað við það að þetta verði ekki nema 2%. Þetta atriði hefði hv. iðnn. þurft að skýra betur og hafa klárara að mínu mati. Ég vænti þess *að áður en kemur til 3. umr. taki hv. iðnn. til skoðunar hvort* ekki sé hægt að fá það skýrar og þá frá öllum eignaraðilum Landsvirkjunar, að það sé stuðningur og vilji af hálfu allra eignaraðila að arðgreiðslurnar víki fyrir því markmiði að orkuverðið lækki um 3% á ári frá aldamótum. Þetta er afar mikilvægt atriði.

Hins vegar verður að gæta allrar sanngirni í umfjöllun um raforkuverðið og líta ber á að raforkuverð hér á landi er lágt þegar við skoðum það í alþjóðlegu samhengi og raforkuverð fer hækkandi í nágrannalöndum. En okkar vandi felst í því að orkuverðið til heimilisnota, orkuverðið til upphitunar húsnæðis í landinu hvort sem það er atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði er svo mismunandi að það veldur vanda meðal okkar fámennu þjóðar. Það er meginvandi okkar þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Það hefur verið gert að umtalsefni hér að hin svokölluðu eiginfjárframlög. Það hefur verið vakin réttilega athygli á því að umdeilanlegt er með hvaða hætti eiginfjárframlögin urðu til, en ég held út af fyrir sig að það þýði ekki að vera að rífast um það atriði. Það er hins vegar staðreynd að arður hefur verið greiddur til eigendanna, bæði ríkis og sveitarfélaganna, og sömuleiðis hið svokallaða ábyrgðargjald sem er umtalsverðar fjárhæðir og kemur auðvitað eigendunum öllum til góða. Ég held hins vegar að beina þurfi sjónum fyrst og fremst að því verkefni að tryggja lækkun á raforkuverðinu og reyna að sjá til þess að um þetta fyrirtæki geti orðið bærileg sátt. Ég óttast mjög afleiðingar þess samkomulags, sem er undirrót þess frv. sem hér er verið að fjalla um. Ég vona hins vegar að áfram verði litið til málsins og hv. iðnn. skoði hvort ekki sé hægt að fá það skýrara fram áður en frv. verður afgreitt endanlega það markmið að raforkuverðið lækki eins og að hefur verið stefnt, um 3% á ári, og af því verði enginn afsláttur veittur. Það er klár afstaða mín að ég legg mjög mikla áherslu á það atriði en hef hins vegar lýst því að ég tel ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við aðra þætti þessa frv. eða þær breytingar sem meiri hluti iðnn. flytur nema það atriði að ég er mjög undrandi á því að meiri hluti hv. iðnn. skyldi ekki líta til þess, sem ég tel eðlilegt, að Ríkisendurskoðun komi að endurskoðun Landsvirkjunar. Ég hefði talið það í fyllsta máta eðlilegt en því má auðvitað breyta áður en endanleg afgreiðsla fer fram.

[15:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum um, breytingar á lögum um Landsvirkjun, er afar mikilvægt mál sem skiptir bæði fyrirtækið og viðskiptaaðila þess mjög miklu. Því er eðlilegt að farið sé yfir það í þinginu og raunar þyrfti það að njóta þeirrar athygli utan þings sem það verðskuldar því að hér er að mörgu leyti allóvenjulegt mál á ferðinni en einnig mjög pólitískt málefni. Það vísar ekki inn í framtíðina með þeim hætti sem æskilegt hefði verið. Þær breytingar sem verið er að gera frá gildandi lögum eru því miður engan veginn þannig að hægt sé að líta á þær sem jákvætt innlegg í orkustefnu í landinu.

Það er hins vegar ljóst að hér er aðeins um upphafið að meiri háttar breytingum að ræða sem ríkisstjórnin stefnir að í sambandi við orkumál og skipulag orkumála. Þess er að vænta samkvæmt nál. og yfirlýsingum hæstv. iðnrh. hér fyrr að bráðlega komi inn í þingið mun viðameiri tillögur sem varða breytingar á framtíðarskipan orkumála. Í nál. meiri hlutans segir á þá leið að snemma næsta árs hyggist iðnrh. leggja fram till. til þál. um það efni. Það mál er vakið upp, *ekki síst vegna tilskipunar sem hefur verið í meðförum hjá* Evrópusambandinu og var leidd til lykta á síðasta ári þar skömmu fyrir áramót sem breytir grundvelli orkumála innan Evrópusambandsins og stendur til að færa undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gera þá aðilum að þeim samningi, sem eru utan Evrópusambandsins, að yfirtaka þær breytingar og lögfesta eða tryggja framgang þeirra í aðildarríkjunum.

Þarna eru sem sagt á ferðinni mjög stór mál og afdrifarík. Það er athyglisvert að meiri hlutinn vekur athygli á þessum málum í nál. sínu og tengir það við frv. sem hér er á ferðinni. Það er kannski ekki undarlegt vegna þess að þær breytingar sem frv. felur í sér að því er varðar viðhorf til fjármagnsins, viðhorfið sem endurspeglast í endurmetnum arðgreiðslum til eigenda fyrirtækisins eru af alveg sömu rót og þær breytingar sem nú hafa verið ákvarðaðar innan Evrópusambandsins um að markaðsvæða í áföngum orkumálin í Vestur-Evrópu. Það er ekkert annað og minna sem þar er á ferðinni og innleiða þar harðstjórn peninganna á sem flestum sviðum.

Það er eins með samkomulagið sem gert var í ráðherraráði Evrópusambandsins, að það var gert í áföngum. Það er alveg ljóst að stefnt er að því að þar verði lögmál fjármagnsins og frelsi fjármagnsins leitt í öndvegi með þeim kröfum um

arð og annað sem að því lýtur. Við erum í rauninni að sjá upphafið að þessari vegferð í frv. Það er mjög leitt til þess að vita að leiddar skulu vera að því líkur í frv. og nál. meiri hluta iðnn. að þetta mál eigi upptök hjá sveitarstjórnum í landinu sem eru meðeigendur ríkisins að Landsvirkjun. Ég held að það sé skálkaskjól að einhverju leyti hjá hæstv. iðnrh. því ég er sannfærður um að þær breytingar sem hæstv. ráðherra er hér að innleiða, einnig á öðrum sviðum að því er varðar skipan málefna Landsvirkjunar, felast í því að færa fyrirtækið nær, eins og kallað er, skipan hlutafélaga. Það er upphafið að þessari markaðsvæðingu sem við fáum að sjá væntanlega betur ef hæstv. ráðherra stendur við það, sem boðað hefur verið, að koma með þáltill. um þessi efni. Þar eru menn í rauninni að taka þennan stóra málaflokk, sem hefur ekki verið hluti af opnum markaði, og markaðsvæða hann með öllum sínum fylgifiskum.

Það verður efni í mikla umræðu á Alþingi þegar þau mál koma inn í þingið. Það er ekki spurning um það. Ég er hræddur um að þrengist fyrir dyrum kotkarla, einnig þeirra sem formaður iðnn., hv. þm. Stefán Guðmundsson, telur sig væntanlega málsvara fyrir. Ég er ansi hræddur um að þrengist í búi hjá mörgum þeim sem þurfa að gjalda fyrir það frelsi fjármagnsins og markaðarins sem hér á að innleiða. En það er því miður margt fleira sem hangir á þeirri spýtu sem snertir grundvallarspurningar í sambandi við orkumálin og möguleikana á að koma þar við eðlilegri stjórn mála.

Ég held að þörf sé á því að nefna það við þessa umræðu, virðulegur forseti, að margt af því sem þar kemur til álita snertir ýmsa undirstöðuþætti og er nátengt þeim málum sem varða umhverfi jarðar, umhverfismálin. Ég sé ekki að sú markaðsvæðing, sem verið er að innleiða í litlu í þessu frv. en boðað í meira mæli í komandi tillögum, verði ekki til þess að auðvelda jarðarbúum að ná tökum á þeim mikla vanda sem við er að fást né heldur til þess að auðvelda ríkjum m.a. í Evrópusambandinu, sem nú glíma við gífurlegan vanda í efnahagsmálum og alveg sérstaklega að því er varðar atvinnuleysi, sú markaðsvæðing verði ekki til þess að auðvelda glímuna við þau mál. Það er ekki þar með sagt að ekki geti komið til greina vissar breytingar í sambandi við þessi efni frá því sem nú er til þess að gera verðmyndun m.a. í orkumálum augljósari og gagnsærri. Taka þar inn ýmsa þætti sem hafa verið duldir og sem ástæða er til að fá upp á yfirborðið vegna þess að meðferð orkulinda, hvort sem þar er um að ræða lífrænar leifar og afurðir þeirra eða kjarnorku eða hinar svonefndu endurnýjanlegu orkulindir. Full þörf er á því að leiða fram í rauninni þann samfélagslega kostnað sem býr þar að baki. En það er hægt að gera á annan hátt en nú er stefnt að innan Evrópusambandsins. Það er hægt að gera það.

Síðan kemur spurningin, virðulegur forseti, af því að ég mun ekki ræða þau mál mikið frekar, um það að hve miklu leyti þær hugmyndir um markaðsvæðingu sem boðað er að reynt verði að innleiða í áföngum falla inn í okkar aðstæður á Íslandi. Hversu skynsamlegt er að yfirtaka þær einnig með þeim hætti sem stuðningsmenn hæstv. iðnrh. hafa látið að liggja og tekið mjög undir að gert verði. Ég er þá að vísa til skýrslunnar um framtíðarskipan orkumála sem skilað var til ráðherra í haust. Ég held að þær aðstæður sem við búum við hérlendis í þessum efnum kalli á að við förum ekki inn á þá braut, nema þá í mjög litlum mæli, sem verið er að innleiða innan Evrópusambandsins. Við eigum eftir að sjá hvernig frá þeim málum verður gengið, hvort Íslendingar í þeim samningum sem þar hafa staðið yfir og þeirri viðleitni EFTA-ríkja og sérstaklega Íslands í því samhengi að tryggja sér undanþágur frá þeim meginreglum sem felast í tilskipun Evrópusambandsins um þessi efni, um innri markað á raforkusviðinu. Í þeim efnum hefur ekkert verið upplýst og kannski ekki einu sinni búið að fá úrslit í þau mál því síðast þegar ég vissi var viðleitni af hálfu EFTA-aðila og þeirra sem þar störfuðu fyrir íslensk stjórnvöld til að fá viðurkennda ákveðna sérstöðu af okkar hálfu. Þetta á eftir að koma í ljós.

Ég nefndi, virðulegur forseti, þann mikla vanda sem við er að fást á alþjóðavísu og á eftir að magnast og tengist orkunotkun, meðferð orkulinda og þá ekki síst þeim hluta orkunnar sem kemur frá lífrænum leifum, olíu, kolum og öðru slíku en einnig vegna orkunotkunar sem gerist í krafti endurnýjanlegrar orku. Vegna þess að það er ekki svo, virðulegur forseti, að við sem státum okkur með réttu af því að búa hér allvel miðað við fólksfjölda að endurnýjanlegum orkulindum notum ekki þá orku á þann hátt sem engan veginn er sjálfbær. Hæstv. ríkisstjórn stefnir að því að bæta þar mjög við í sambandi við iðnað byggðanna á orkulindum stóriðju sem veldur stórfelldri röskun á umhverfi jarðar með mengun og leggur í þann ljóta sarp sem veldur loftslagsbreytingum. Það sem íslensk stjórnvöld hafa á sínum borðum um það efni vegur mjög þungt, reiknað á íbúa, ef það gengi eftir.

Spurning kann að skýrast eitthvað á næstunni hvert ríkisstjórnin kemst í þeim áformum því það er verið að vinna að því á alþjóðavettvangi, virðulegur forseti, að ganga frá lagalega skuldbindandi samningi í sambandi við mengun í lofthjúpinn sem veldur loftslagsbreytingum og íslenska ríkisstjórnin er hluti af því ferli og hefur tekið þá afstöðu eindregið að ganga beri frá lagalega skuldbindandi samningi. Hæstv. umhvrh., sessunautur hæstv. iðnrh. hér í þinginu, fer með þessi mál og hans fulltrúar starfa í því samningaferli á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hér er verið að vísa til, að ná fram lagalega skuldbindandi samningi. Það er vel því auðvitað væri það fjarstæða fyrir Íslendinga að skerast úr leik í svo þýðingarmiklum málum sem hér er um að ræða, úrslitamál fyrir framtíð jarðar þar sem um er að ræða lífshagsmuni og líftaug Íslendinga ef þær vísbendingar sem sérfræðingar hafa sett á blað um áhrifin af loftslagsbreytingunum á svæðið við norðanvert Atlantshaf, þar á meðal hafsvæðinu og hafstrauma gengju eftir. Í þeim efnum ætla menn væntanlega ekki að taka mikla áhættu. Það er fróðlegt að vita, virðulegur forseti, hvort iðnn. hefur leitt hugann að þessu í sambandi við meðferð mála. Það má kannski segja að enn þá brýnna verði þegar kemur að tillögu ráðherrans um framtíðarskipan orkumála hvernig á því verði tekið. Hins vegar hefur iðnn. að sjálfsögðu skyldur í þessum efnum að setja sig inn í það samhengi sem hér er um að ræða. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta í samhengi við einstaka samninga um stóriðju sem miklu ráða um það hvað gerist í þessum efnum, en ég vildi minna á þetta.

Það kom fram hjá talsmanni 2. minni hluta, hv. þm. Svavari Gestssyni réttilega, eins og annað sem fram kemur í nál. hans, að mjög mikilvægt er fyrir okkur Íslendinga að hafa þær orkulindir og nýta þær fyrir okkar almenna hag, almenna búskap eins og tekist hefur til þessa. Skiptir það mjög miklu fyrir lífskjör þjóðarinnar. Það er engin spurning. Við deilum hins vegar nokkuð um jöfnuð og hvernig eigi að tryggja eðlilegan jöfnuð í þeim málum þannig að allir landsmenn fái notið þessara orkulinda með svipuðum hætti þótt maður segi ekki að alveg 100% jöfnuður verði tryggður út í æsar.

Í rauninni hefur sú krafa ekki verið sett fram, enda kannski torvelt að ná þar 100% markmiði. Hv. þm. nefndi það að í því samhengi væri æskilegt að orkuverð almennt væri sem lægst. Ég vil um leið og ég tek undir þetta vil ég þó segja að ég tek undir það út frá samanburði við aðra orkugjafa og orkugjafa annars staðar í heiminum, sem sagt það sem varðar slíkan samanburð, ekki mælt í krónum og aurum. Hvers vegna segi ég það, virðulegur forseti? Jú, það er af þeirri ástæðu að ég tel að eitt af því brýnasta á alþjóðamælikvarða í orkumálum sé að orkuverð hækki í heiminum á heildina litið til þess að setja bremsur á þá gengdarlausu sóun sem fram fer og sem knúin er áfram af mikilli orkunotkun. Það er fátt jafnþýðingarmikið í rauninni til að ná einhverjum tökum á því sem menn hafa sett sér sem markmið á alþjóðamælikvarða, sjálfbærri þróun, að tryggja að undirstaðan, orkunotkunin, sé á eðlilegum verðmælikvarða út frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar. Í því samhengi þurfum við Íslendingar að nýta okkar orkulindir þannig að við höldum hlutfallslegu forskoti sem á að vera auðvelt mál að tryggja vegna þess að við búum óvenjuvel að endurnýjanlegum orkulindum. Og ég held að það sé alveg ljóst ef þessi mál eru skoðuð út frá þessum mælikvarða, samþættum mælikvarða orkunýtingar og umhverfis, að við eigum að geta nýtt orkulindir okkar til langrar framtíðar sem mikilvægra undirstaða sem veiti okkur bærileg kjör, því að menn þurfa ekkert meira og eiga ekkert að hafa meira en bærileg kjör til þess að lifa lífinu þokkalega. Það gengur ekki sú sjálfgengisvél framleiðslu og sívaxandi sóunar í heiminum sem mætti halda að væri það sem menn væru að panta og biðja um, því að hún leiðir til hins mesta ófarnaðar fyrir mannkynið og raunar miklu fyrr heldur en margir telja ef svo heldur fram sem horfir. Þess vegna þurfum við líka að umgangast þessar auðlindir af mikilli varúð og mikilli forsjálni að því er varðar ráðstöfun þeirra og nýtingu og að sjálfsögðu að teknu ríkulegu tilliti til annarra þátta sem setja nýtingu þessara orkulinda takmörk. Þá er ég að vísa til umhverfissjónarmiða sem við eigum að hafa í heiðri og taka í miklu ríkari mæli inn í nýtingarþáttinn en gerst hefur, þegar rætt er um hann.

Svo ég snúi mér frá þessum almennu þáttum, virðulegi forseti, og að frv., þá er raunalegt að upp skuli komin sú krafa um arðgreiðslur sem hér liggur fyrir og stendur til að lögfesta. Það er ekki síður hörmulegt að meiri hluti iðnn., þeir hv. þingmenn sem þar skrifa undir, skuli taka undir þær kröfur sem eru bókaðar í hinum nýja sameignarsamningi að þessu leyti, kröfur sem eru reistar á fölskum grunni eins og hér hefur verið rækilega sýnt fram á af hv. þm. Svavari Gestssyni og menn geta lesið í nefndaráliti hans, þar sem eigendahluturinn er talinn sjöfalt hærri heldur en eðlilegt væri og arðgreiðslukrafan óeðlileg og ósanngjörn í samræmi við það.

Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti, hvað fær þingmenn sem eru fulltrúar fyrir landsbyggðarkjördæmi til þess að taka undir slíkar kröfur? Hvað veldur því að þingmenn Framsfl. beygja sig fyrir þeim sjónarmiðum og þeim kröfum sem hér eru fram lagðar? Hvað segja þeir sem hafa sýnt þessum hv. þm. trúnað og stuðning við slíkri málafylgju?

Ég hlýt að vekja athygli á því, virðulegur forseti, hversu ólíkt er staðið að málum á þessu sviði af hálfu Alþb. sem stjórnmálaflokks og hins vegar Framsfl. og þá get ég raunar vísað til fortíðar, langt til baka. Í þessu máli kemur mjög skýrt fram það eðli og sú stefna Alþb. að standa við orð sín og grundvallarstefnu um jöfnuð, því að það er þingmaður Reykjavíkurkjördæmis, Svavar Gestsson, talsmaður okkar í þessum málaflokki, sem stendur fyrir þau sjónarmið sem hér eru lögð fram í nafni þingflokksins. Það eru sjónarmið sem eðli málsins samkvæmt eiga sér hljómgrunn hér á þéttbýlissvæðinu, höfuðborgarsvæðinu, þegar höfðað er til eiginhagsmunasjónarmiða fólks og fyrirtækja, en ganga gegn hagsmunum þess minni hluta þjóðarinnar sem nú byggir það sem við köllum landsbyggð.

Það var sú tíð, virðulegur forseti, að stuðnings var að vænta frá Framsfl. þegar um slík mál var að ræða að reyna að tryggja hagsmuni þeirra sem í dreifbýlinu búa og í sjávarbyggðunum á landsbyggðinni. En sá stuðningur er ekki lengur þarna og menn sjá muninn á annars vegar þeirri stefnu sem hæstv. iðnrh. reiðir hér fram, þingmaður Reykjavíkurkjördæmis, og þeirra sjónarmiða sem hv. þm. Svavar Gestsson talar hér fyrir. Menn sjá muninn í þessum andstæðu viðhorfum, annars vegar jafnréttisviðhorfinu sem Alþb. talar fyrir og hins vegar í arðsemiskröfunni, út frá fölsuðum eignarforsendum varðandi eignarhlut eins og hér hefur verið sýnt fram á, (**StG:** Ekki að þær væru falsaðar.) ja, falsaðar eins og þær liggja hér fyrir. (**Gripið fram í:** Þetta eru stór orð.) Hv. talsmaður meiri hluta iðnn. ætti bara að koma hér og sýna fram á að það sé rangt sem hér hefur verið reitt fram í nefndaráliti 2. minni hluta iðnn. um að það sé í raun sjöfölduð sú upphæð svonefndra eigendaframlaga frá því sem eðlilegt er að telja og yfir í þann grunn sem lagður er sem undirstaða fyrir væntanlegar arðgreiðslur samkvæmt frv., tölur sem fram eru reiddar með stuðningi Landsvirkjunar og segja sína sögu. Og það breytir engu hér af hálfu okkar þingmanna Alþb. þó að það sé augljós hagur sveitarfélagsins Reykjavík eða sveitarfélagsins Akureyri að fá lögfest það frv. sem hér er, augljós hagur út frá skammtímasjónarmiðum. Hér reynir á hver viðhorfin eru og hvernig menn nota vald sitt hér á Alþingi í þessum efnum, það vald sem fólgið er í atkvæði.

Hér kemur ýmislegt fram í nefndarálitum, virðulegur forseti, og í nefndaráliti 1. minni hluta iðnn. er m.a. bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík sem endurspeglar þessi viðhorf út frá sjónarhorni sveitarfélagsins, kannski ekkert óeðlileg, en ekki þess efnis að ástæða sé til að taka undir þau af minni hálfu. Þar er verið að rekja með yfirborðslegum hætti eignamyndun Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun annars vegar og síðan er í sérstökum kafla í erindi frá borgarstjóra yfirlit um aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna til kafla úr því erindi, þar sem segir, frá borgarstjóranum í Reykjavík:

„Auk alls ofangreinds" — þar sem talið hafði verið upp í einstökum liðum hvað hefði verið lagt til verðjöfnunar á liðinni tíð. „Auk alls ofangreinds er rétt að benda á að jöfnunargjaldskrá Landsvirkjunar hefur haft í för með sér gífurlegan tilflutning fjár. Raforka er seld samkvæmt sömu gjaldskrá frá 23 sölustöðum í mjög mismikilli fjarlægð frá virkjununum og í nálægðan við mjög misstóran markað. Flutningskostnaður Landsvirkjunar er afar mismunandi eftir landshlutum eins og glögglega hefur komið fram m.a. á ársfundum Landsvirkjunar og orkuþingum. Íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur njóta því ekki stærðar og hagkvæmni markaðarins á þessu svæði. Auk þess taka þeir þátt í verðjöfnuninni bæði sem helmingur þeirra landsmanna sem eiga hlut ríkisins í Landsvirkjun og sem eigendur 45 hundraðshluta í Landsvirkjun gegnum Rafmagnsveitu Reykjavíkur."

Þetta segir í þessum kafla. Ég er að vekja athygli á þessum málflutningi vegna þess að ég er honum ósammála, þ.e. sem

rökstuðningi fyrir arðgreiðsukröfu af hálfu Reykjavíkur. Hér má lesa milli línanna að það sé eðlilegt að fara að taka mið af aðstæðum eins og fjarlægð frá virkjunum, nálægð virkjana við markað, flutningskostnaði og annars af þeim toga. En til að öllu sé til haga haldið, þá hefur komið fram og kemur fram í 3. tölul. í erindi borgarstjórans að borgaryfirvöld eru því fylgjandi að sem mestur jöfnuður ríki í landinu á milli landshluta. Það eru falleg orð, en mér finnst að það sé ekki samkvæmni í þeim, arðgreiðslukröfunni annars vegar og þess sem kemur fram í þessum orðum sem ég nefndi hér síðast. Þar segir til viðbótar, virðulegi forseti:

„Sem eigendur að Landsvirkjun hafa þau" — það eru borgaryfirvöld — „stutt þá verðjöfnun sem felst í samræmdri gjaldskrá til allra afhendingarstaða. Það er hins vegar bæði eðlilegt og sanngjarnt að hægt sé að glöggva sig á því hve mikil verðjöfnun er í einstökum tilvikum og að verðlagning á raforku sé sæmilega „gegnsæ", þar með talinn flutningskostnaður. Þá hlýtur það að teljast óeðlilegt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sé starfrækt án þess að hæfilegur arður sé greiddur af bundnu fé eigenda. Raunar stangast það beinlínis á við ákvæði gildandi laga um fyrirtækið þar sem segir að raforkuverð skuli við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Sú niðurstaða sem nefnd eigenda komst að um hóflegar arðgreiðslur rúmast svo sannarlega innan þess ramma." Tilvitnun lýkur og lokaorð í þessu erindi borgarstjórans í Reykjavík til hv. iðnn.

Eitt er það, virðulegur forseti, að verðlagning almennt á raforku sé gegnsæ, þar með talinn flutningskostnaður. Það er eitt. Og það getur verið gott og gilt markmið og víða getur átt við að það þurfi að fást fram. En það er hins vegar önnur spurning hvort það á að leiða til mismununar í raforkuverði og mismunandi aðstöðu almennings í landinu til afhendingar á orku og verðlagningar á orku. Ég svara því neitandi. Og þegar vísað er til þess að greiddur hafi verið arður af eigendaframlögum til Landsvirkjunar hingað til, þá er þar ólíku saman að jafna miðað við þá hertu kröfu um arðgreiðslu sem hér er reidd fram og á að lögfesta. Það er hægt að fá eðlilegan afrakstur af fyrirtæki án þess að það komi fram í krónum og aurum inn í sjóði viðkomandi fyrirtækis. Eðlilegum afrakstri getur verið ráðstafað þannig að hann styrki fyrst og fremst fyrirtækið, renni til frekari uppbyggingar þess, öllum til hagsbóta. Og það er þetta viðhorf sem lá að baki stofnunar Landsvirkjunar á sínum tíma og ekki síst á bak við þær breytingar á lögum um Landsvirkjun sem samþykktar voru í mars 1983 og sem tryggðu sama verð frá öllum afhendingarstöðum til virkisaðila, öllum afhendingarstöðum á byggðahringnum sem þá var verið að loka eða sem lokað var fáum árum seinna, líklega 1985. (**Iðnrh.:** Og er áfram tryggt.) Og er áfram tryggt, segir hæstv. iðnrh. Við erum nú ekki... (**StG:** En mismunur samt.) En mismunur samt, segir formaður iðnn. (**Gripið fram í:** Frá 1983.)

Virðulegur forseti. Mikið væri mér ljúft ef við gætum haft hérna símafund eða ræðst við í þingsal, hv. formaður iðnn. og hæstv. ráðherra, til þess að flýta fyrir að auka skilning áheyrenda á því sem við erum að ræða hér. Það er væntanlega ekki dregið í efa.

(**Forseti** (GÁ)**:** Því miður banna þingsköp allar samræður og bið ég þá sem í þingsal eru að gefa þingmanninum frið til að halda ræðu sína.)

Virðulegur forseti. Ég er út af fyrir sig ekki að kvarta, en mér er hins vegar ljóst hver þingsköpin eru og við skulum halda þau í heiðri á meðan þeim hefur ekki verið breytt. Ég vil stuðla að því. En ég vil endurtaka það að sú jöfnun sem var lögleidd árið 1983 fól í sér mikla tryggingu og mikla breytingu frá því sem áður hafði verið. Hún leiddi hins vegar ekki til þess að tryggður væri jöfnuður hjá dreifiveitum sem skiptu við þetta stóra fyrirtæki. Það er utan við ramma þessa máls. Það er málið, segir hv. formaður iðnn. En til þess að tryggja þann jöfnuð hefur verið gripið til margháttaðra ráðstafana fyrr og síðar sem verið er að tíunda hér. Mér finnst þær í of miklum mæli bera svip af því, sem reitt er fram í sambandi við þá mörgu lista sem er að finna í nefndarálitum um hverju hefur verið varið í verðjöfnun, eins og mönnum finnist þetta hálfgerðar ölmusugjafir, hálfgerðar ölmusur sem reiddar hafa verið fram í þessu skyni en ekki til að tryggja það pólitíska sjálfsagða grundvallarsjónarmið að almenningur í landinu eigi að búa við sem jafnast orkuverð.

Hér var tíundað af hv. þm. Svavari Gestssyni hver væri staðan varðandi gjaldskrá og það er ánægjuefni fyrir daginn í dag að sjá að þessi mismunur er ekki stórfelldur. En það breytir ekki hinu að verðlagning á orku á heildina litið og orkureikningurinn til landsmanna er gífurlega ójafn eftir því hvar menn búa á landinu. Þar er það húshitunarkostnaðurinn sem kemur inn í dæmið og það hrikalega misrétti sem þúsundir manna í landinu búa við, fyrst og fremst á hinum köldu svæðum, Vestfjörðum og Austurlandi og vissum svæðum öðrum á landinu, að þurfa að greiða reikninga sem engin spurning er að eiga sinn þátt í því að viðkomandi landshlutum helst ekki á fólki sem skyldi. Og þarf engan að undra sem setur sig inn í þær aðstæður sem þar er um að ræða. Það er þetta sem ekki hefur verið tekið á eins og þurft hefði. Hugmyndir um að leggja á myndarlegt jöfnunargjald sem einnig nái til hitaveitna í landinu til þess að draga úr þessum sára mismun hafa ekki átt pólitískan stuðning meiri hluta á Alþingi og hefur þó oft verið gerð atrenna að því með einum eða öðrum hætti, m.a. á þeim tíma þegar ég sat í iðnrn. og fór með þessi mál og viðræðuhugmyndir um orkuskatt til þess að taka á þessum málum m.a. og glíma við þetta viðfangsefni sem enn er óleyst, óréttlætið að því er varðar húshitunina.

Það eru fleiri atriði, virðulegur forseti, sem ég ætlaði að víkja að sem tengjast þessu frv. og til að það gleymist ekki ætla ég að koma að þeirri breytingu sem meiri hluti iðnn. leggur til á 1. gr. frv. og þeim ákvæðum sem standa eftir að þeirri breytingu gerðri. Ég tek undir að breytingin er til bóta, svo langt sem hún nær. Ég vakti einmitt athygli á því við 1. umr. málsins að hér væri afar óeðlilega á máli haldið að ætla Landsvirkjun að fara í samkeppni hér eða að spreyta sig á innanlandsmarkaði yfirleitt í sambandi við alls konar starfsemi sem ekki varðar fyrirtækið beint, og ganga þar inn í fyrirtæki af ýmsum toga, sem sagt eins og það er orðað í frv., með leyfi forseta: „Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála með verktöku og sölu tækniþekkingar og annarrar sérþekkingar til annarra aðila hér á landi."
Þessu hefur verið breytt og það er til bóta þó að ekki sé um stórt atriði að ræða miðað við aðalmál í þessu frv.

En eftir stendur að Landsvirkjun er heimilt að hagnýta sér þá þekkingu samkvæmt brtt. meiri hlutans og þann búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum.

Eins og menn sjá er þetta mjög rúm heimild og hún er það teygjanleg samanber síðustu orðin í þessari lagagrein — „eða aðra starfsemi tengda orkumálum“ — að það er ekki skýr rammi sem hér er settur. Og ég spyr: Eru menn vissir um að hér sé stigið skynsamlegt og farsælt skref? Í mínum huga eru margar spurningar við þetta. Ég hefði ekki lagt þetta til. Ég sé enga ástæðu til þess að fara að ætla Landsvirkjun að ganga inn í fyrirtæki, stofna og eiga hlut í fyrirtækjum um þessi efni. Annað mál er að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki, það er annað atriði sem út af fyrir sig er skárra heldur en það kemur hér fram því að tekin hafa verið út orðin „að stofna til“, ef ég hef skilið brtt. rétt, og þó. Hér stendur „að stofna og eiga hlut“ þannig að þetta er sem sagt óbreytt frá því sem var í frv. upphaflega.

Hver er ástæðan fyrir því að verið er að opna fyrir þessa heimild? Ég held að ástæðulaust sé að ætla þessu fyrirtæki, sem fyrst og fremst hefur haft það hlutverk að sinna orkuframleiðslu og dreifingu hér á Íslandi, að fara að gerast eignaraðili í fyrirtækjum erlendis. En ég tek fram að ég get vel séð það að fyrirtækið taki þátt í rannsóknum, ráðgjöf og þjónustu. Það getur verið eðlilegt m.a. í sambandi við aðstoð sem liður í þróunaraðstoð okkar að opinber aðili eins og Landsvirkjun geti átt þar hlut að máli og ég hefði ekkert haft við það að athuga.

Það er líka spurningin: Hvar ætla menn að stöðva sig af í þessum málum? Það er engan veginn ljóst eins og ég hef vakið athygli á, en e.t.v. kemur hæstv. iðnrh. að því hver hans sýn er til málsins. Hún skiptir þó ekki öllu máli frekar en annað það sem menn eru að leggja traust sitt á og snýr að hæstv. iðnrh. því að það bindur engan sem tekur við af honum í embætti, hæstvirtum ráðherra, hvaða sjónarmið koma eða ríkja í sambandi við þessi mál.

Þá vildi ég nefna, virðulegur forseti, atriði sem snúa að endurskoðun á reikningum fyrirtækisins. Þar vil ég taka undir þá brtt. sem liggur fyrir í sambandi við endurskoðun. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt og alveg sérstaklega ef sú tillaga nær fram að ganga, sem virðist eiga hér meirihlutafylgi að Alþingi eigi ekki þann aðgang að stjórn fyrirtækisins með því að kjósa hluta af stjórninni eins og verið hefur, og þá sé eðlilegt að horfið sé að því ráði sem lagt er til af minni hlutanum að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun á fjárreiðum Landsvirkjunar. Það tel ég mjög skynsamlegt.

Það var fróðlegt, virðulegur forseti, að heyra síðan í sambandi við arðgreiðslumálið það traust sem talsmaður meiri hluta iðnn. lagði á yfirlýsingar, bæði eigin yfirlýsingar, yfirlýsingar nefndarinnar og orð hæstv. ráðherra um þau efni. Ég get því miður ekki undir það tekið og hlýt að vekja athygli á því að ekki er hægt að byggja á slíku til frambúðar. Og ef menn í alvöru ætla sér að tryggja eitthvað í þessum efnum og þar á meðal það sem lýtur að verðlagningu á raforkunni, þá væri hin eina, eðlilega afgreiðsla að festa þau ákvæði í lög. Og það er í raun mjög undarlegt að menn skuli ekki vilja á það fallast og veldur því, virðulegur forseti, að sá málflutningur er ekki trúverðugur sem ætlar að byggja á munnlegum yfirlýsingum eingöngu eins og þær eru hér fram settar og einnig þó að þær komi fram í nefndaráliti.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að hafa mál mitt um þessi efni öllu lengra nú og þó að það væri þörf á að koma að ýmsum fleiri atriðum. Ég vil aðeins segja að ég óttast mjög um framtíð fyrirtækisins Landsvirkjunar með þær breytingar í huga sem hér er verið að leggja til og enn frekar þær breytingar sem boðaðar hafa verið af hæstv. iðnrh. og eiga rætur í tilskipunum Evrópusambandsins. Ég óttast um samstöðuna, sem hefur þrátt fyrir allt og margháttaða gagnrýni sem ekki er óeðlilegt að fram hafi komið á störf Landsvirkjunar, en sem hefur þó ekki verið meiri en svo að hægt er að segja að þokkaleg samstaða hafi ríkt um fyrirtækið á undanförnum áratug, kannski einum og hálfum ártug eða tæplega það frá því að lögum var síðast breytt því að það er þá fyrst, 1983, eða með breytingum á sameignarsamningi og síðan lagabreytingunni 1983, sem Landvirkjun verður að því landsfyrirtæki sem hún í raun hefur verið frá þeim tíma. Og fyrirtækið hefur reynt að vanda sig í mörgum greinum og gert margt mjög bærilega í rekstri sínum og samskiptum út á við. Við hljótum að nefna það hér þegar verið er að breyta undirstöðu þessa fyrirtækis og fleira er í burðarliðnum þar að lútandi. Þetta á m.a. við í sambandi við þátttöku í almennum kostnaði vegna rannsókna á orkulindum landsins. Þar hefur Landsvirkjun lagt af mörkum verulegt fjármagn vegna þeirra skyldna sem lög hafa lagt á fyrirtækið í sambandi við virkjanaheimildir, þær heimildir sem fyrirtækið hefur haft og þá verðjöfnunarskyldu og annað það sem fólgið er í lögum. Ég er ansi hræddur um að ef þær breytingar verða gerðar í átt til markaðsvæðingar, sem boðað er í áliti meiri hluta iðnn. að séu í vændum, þá geti orðið svolítið erfitt að ætla sér að leggja ýmsar þær skyldur á herðar Landsvirkjun sem gert hefur verið og fyrirtækið hefur axlað, m.a. í sambandi við fjármagn til rannsókna sem mega teljast almenns eðlis en hafa lotið að því að tryggja vandaðri undirbúning en ella og nauðsynlegan undirbúning undir aðgerðir við uppbyggingu virkjana á vegum fyrirtækisins.

Þetta gildir líka um fjármagn sem Landsvirkjun hefur lagt til verðjöfnunar, einnig verðjöfnunar í húshitun á undanförnum árum. Þó að ég hefði gjarnan viljað sjá meira úr þeirri átt, þá eru takmörk fyrir því hvað eðlilegt er að komi um þennan farveg. Það hefði gjarnan mátt koma frá öðrum aðilum, þar á meðal frá hitaveitum í landinu eða sem almennur orkuskattur sem einnig tæki til þeirra til þess að tryggja nauðsynlega og sjálfsagða verðjöfnun á húshitun til að jafna þann gífurlega mun sem nú er uppi og við höfum allt of lengi búið við. Og ég er ansi hræddur um að erfitt geti orðið að leggja kvaðir af þessum toga á Landsvirkjun eftir að reynt yrði að innleiða markaðsvæðingu því að það er eiginlega ekki alveg augljóst hvernig menn ætla að fara að því til þess að tryggja að metnaður manna í þeim efnum gangi fram. Það gæti nú ýmislegt orðið heldur gervilegt í þeim efnum.

Síðan er það varðandi kannski þann stóra þátt sem snýr að heimildum þessa fyrirtækis til að ráðast í virkjanir, þær virkjanaheimildir sem fyrirtækið hefur lögum samkvæmt nú þegar og kann að vilja afla sér í framtíðinni. Ég er mjög smeykur um að það eigi eftir að koma fram hjá mörgum víða um land aukin andstaða við virkjanaáform, sem nú liggja fyrir og ekki hefur verið ráðist í eða látið á reyna, og ýmislegt sem framtíðin kann að bera í skauti sínu í þeim efnum þegar farið er að reisa fyrirtækið á þeim grunni sem hér er verið að leggja, með þeim stífu arðgreiðslukröfum, ósanngjörnu og órökstuddu í raun, sem hér er verið að festa í lög á grundvelli sameignarsamnings. Ég óttast að það geti gerst af þessum sökum að friðurinn um þetta fyrirtæki verði ekki sá sem æskilegt væri í framtíðinni fyrir utan það að verið er að boða að opna hér fyrir fjárfestingu annarra aðila, erlendra aðila þar á meðal, í sambandi við virkjanaframkvæmdir og nýtingu orkulinda landsins.

Þá koma upp margar spurningar, virðulegur forseti, sem

ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni en aðeins nefna atriði eins og það hvernig á að haga málum í sambandi við þær rannsóknir og þá þekkingu sem Landsvirkjun hefur byggt upp í sambandi við virkjanamál og þekkingu á orkulindum landsmanna, hvernig á að verðleggja þá hluti ef fleiri verða um hituna. Þetta og margar, margar fleiri spurningar tengdar þessu máli liggja hér á borðum okkar með vísun í það sem boðað hefur verið um framtíðarskipun orkumála af hæstv. iðnrh.

Það er eðlilegt að reiði sé uppi víða um land yfir þeim áformum sem felast í þessu frv. Og ég held að menn ættu að taka mark á þeim viðbrögðum sem komið hafa í þeim efnum, en þau hafa ekki öll komið upp á yfirborðið enn sem komið er en eiga eftir að birtast í ríkari mæli heldur en fram er komið. Ég vil lýsa mikilli andstöðu af minni hálfu við lögfestingu þessa máls eins og til er stofnað samkvæmt þessu frv. og harma að meiri hluti iðnn. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að gera róttækar breytingar á frv. og taka tillit til þeirra gildu upplýsinga sem komið hafa fram af hálfu minni hluta iðnn., bæði 1. minni hluta og alveg sérstaklega 2. minni hluta, hv. þm. Svavars Gestssonar, í sambandi við þann grunn sem á að byggja arðgreiðslur til eigenda Landsvirkjunar á í framtíðinni.

Ég hef ekki, virðulegur forseti, fjallað um það sem hv. talsmaður meiri hluta iðnn. gerði nokkuð mikið mál úr sem var hvernig ætti að verja arðinum af ríkishluta til atvinnuuppbyggingar á þeim svæðum sem ekki nytu arðs. Menn spyrja kannski: Eiga menn ekki bara að klappa, segja: Þetta er fínt? Þarna eru þó að koma peningar í atvinnuuppbyggingu undir merkjum þeirrar ríkisstjórnar sem stendur að þeim málum eins og fyrir liggur með alla áherslu á atvinnuuppbyggingu að því leyti sem ríkisstjórnin fær ráðið hér á Faxaflóasvæðinu eftir óskum erlendra fjárfesta. Ég mælti nokkur orð í sambandi við 80 milljónirnar sem áttu að koma sem plástur á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Og ég mæli ekki með afgreiðslu mála með þeim hætti að menn séu að taka rangar ákvarðanir í grundvallaratriðum og slengja síðan plástrum á sárin í formi nokkurra tuga milljóna til að hugga fólk eða hafa menn góða eins og það er kallað, hér og þar á landinu, þó vel að merkja eftir ákvörðunum sem hæstv. iðnrh. á að hafa í hendi sinni. Og ég gef afskaplega lítið fyrir þær yfirlýsingar að hluta af arðgreiðslum til ríkisins eigi að nota í þessu skyni. Það á ekki að þurfa að biðja um ölmusur á Alþingi til þess að styðja við eðlilega atvinnuuppbyggingu í landinu og mér finnst að þetta sé eitt af þeim slæma málatilbúnaði sem fylgir þessu frv. og vildi nefna það hér um leið og ég læt máli mínu lokið.

[16:22]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. sem er hér til 2. umr. enda hefur frsm. 1. minni hluta iðnn., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, þegar gert grein fyrir nefndaráliti sem við stöndum sameiginlega að. Niðurstaða okkar er sú að við styðjum í megindráttum það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, en í nefndarálitinu skilum við sérálití okkar og boðum tvær brtt. sem lýst er í nefndarálitinu. Hvorug brtt. er í þá átt að breyta eitthvað því samkomulagi í megindráttum sem gert var á milli eignaraðila, heldur varðar önnur það að tryggt verði að Samkeppnisstofnun fari með eftirlit varðandi verðákvarðanir og gjaldskrárákvarðanir Landsvirkjunar og tekur af öll tvímæli um að starfsemi Landsvirkjunar falli undir samkeppnislög. Það er mjög eðlilegt að slíkt sé gert því að um er að ræða fyrirtæki með einokunaraðstöðu og rétt að tryggja með lagasetningu að slíkt fyrirtæki falli undir lög um samkeppnismál og heyri undir Samkeppnisstofnun. Nú er ég ekki að draga í efa að gert sé ráð fyrir því að svo sé, en rétt er að taka af öll tvímæli um það.

Í öðru lagi gerum við þá brtt. að tekin verði líka af öll tvímæli um að lögin um Landsvirkjun falli undir lög um starfsemi Ríkisendurskoðunar þannig að Ríkisendurskoðun eigi eðlilegan aðgang að Landsvirkjun eins og öðrum þeim fyrirtækjum sem ríkið á jafnstóra hlutdeild í. Það er líka að mínu áliti mjög eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi eftirlitshlutverk með höndum og að tekin séu af öll tvímæli um að það eigi við um Landsvirkjun eins og aðrar stofnanir.

Hér hefur verið rætt í löngu máli um ýmis önnur efnisatriði og út af fyrir sig gæti ég tekið mér langan tíma til þess að ræða það en ætla samt ekki að gera það. Auðvitað geta menn endalaust deilt um hvernig eigi að meta eignarhlut eignaraðila í fyrirtækjum, að hve miklu leyti hann sé kominn frá aðilum sjálfum í formi framlaga, bæði beinna fjárframlaga og annarra og að hve miklu leyti hann stafi af almennri starfsemi fyrirtækisins. Þar er kannski engin ein tala miklu réttari en önnur en þarna er komin niðurstaða sem eignaraðilar eru ásáttir um og þeir styðja sterkum rökum.

Auðvitað þekkjast þau viðhorf að alla eignamyndun fyrirtækja sem standa í þjónustustarfsemi og selja þjónustu sína á almennum markaði megi rekja til viðskiptavina þeirra. Það er almenn skoðun sem var haldið mjög hátt á lofti fyrir nokkrum áratugum en ég átti satt að segja ekki von á því að sá draugur yrði vakinn upp aftur, því ef menn halda því fram að öll eignamyndun atvinnufyrirtækja sé komin frá viðskiptamönnum þeirra, þá má auðvitað halda því fram að öll fyrirtæki á Íslandi séu í eigu viðskiptamanna viðkomandi fyrirtækja en ekki eigenda þeirra vegna þess að viðskipti þeirra við fyrirtækin hafi skapað eignamyndun í fyrirtækjunum. Þá eru menn ekki bara að tala um að Landsvirkjum væri eign viðskiptamanna Landsvirkjunar, heldur væru flestöll íslensk fyrirtæki með sama hætti í eign viðskiptamanna sinna. Bónus væri þannig í eign viðskiptamannanna sem skipta við Bónus, Hagkaup ætti að teljast eign þeirra aðila sem skipta við Hagkaup, Eimskipafélagið eign þeirra aðila sem skipta við Eimskipafélagið o.s.frv. Þessi sjónarmið kunna að eiga rétt á sér, þau hafa oft verið rökstudd en þau hafa ekki heyrst í umræðum mjög lengi. Kannski er ástæða til þess að þau heyrist aftur, en ég er hins vegar ekki hallur undir þau og tel að þau séu ekki réttlætanleg.

Aðeins örfá orð um hitt atriðið, þ.e. arðsemiskröfuna sem gerð er til þessa fyrirtækis. Ef við lítum nú á þetta fyrirtæki sem almennt fyrirtæki í rekstri, þá væri varla hægt að segja að sú arðsemiskrafa sem gerð væri til fyrirtækisins miðað við það sem kemur fram í frv. væri mjög há. Það væri ekki talið mjög ábatasamt t.d. ef við hugsum bara um hagnaðarvon í rekstri, að festa fé í fyrirtæki sem ekki gæti greitt nema 3–5% arð. Það væri ekki talinn mjög ábatasamur rekstur þannig að mér finnst ekkert út úr korti að ganga út frá því að hægt sé að greiða slíkan arð til eigenda. Mér finnst ekkert út úr korti að gera ráð fyrir því að hægt sé að greiða arð, 3–5%, til eigenda jafnvoldugs fyrirtækis og hér er um að ræða. En við viljum líka átta okkur á því hverjir eru þeir eigendur sem eiga að njóta þessa arðs, virðulegi forseti. Eru það einhverjir auðugir einstaklingar sem eru með þessum hætti að koma höndum yfir einhvern hluta af

tekjum viðkomandi fyrirtækis? Eru þetta aðilar eins og hafa verið nefndir í þessum ræðustól og kallaðir kolkrabbinn eða smokkfiskurinn? Eru þetta aðilar sem eru umfangsmiklir í íslenskum atvinnurekstri og menn segja að séu að leggja undir sig fleiri og fleiri fyrirtæki? Nei, ekki alveg. Hvaða aðilar eru það sem eiga þetta fyrirtæki og er verið að greiða arðinn til eða gera ráð fyrir að hægt sé að greiða arðinn til? Það er hvorki meira né minna en fulltrúar íslensks almennings, ríkið, sem er fulltrúi okkar allra, Reykjavíkurborg, sem er fulltrúi næstum helmings landsmanna og Akureyrarbær. Þetta eru ekki einhverjir gróðapungar sem verið er að ræða um í þessu sambandi eins og stundum hefur verið talað um héðan úr þessum ræðustól. Það er verið að tala um almenning á Íslandi. Það eru fulltrúar hans, þ.e. ríkissjóður og bæjarsjóður Akureyrarbæjar og borgarsjóður Reykjavíkurborgar, sem eiga að njóta einhvers arðs af umræddri eign. Hvernig á að ráðstafa þeim arði? Það á að ráðstafa honum samkvæmt yfirlýsingum Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og hæstv. iðnrh. til hagsbóta fyrir almenning. Það á ekki að ráðstafa þessum arði í einhver frekari gróðavænleg fyrirtæki eða einhver uppgrip fyrir einstaklinga. Það á að ráðstafa arðinum, ef einhver verður, fyrir fólkið í landinu. Reykjavíkurborg hefur lýst því yfir að hún muni ráðstafa sínum hluta hugsanlegra arðgreiðslna til þess að bæta umhverfi borgarbúa, Akureyrarbær hefur gefið sömu yfirlýsingu og hæstv. iðnrh. hefur gefið þá yfirlýsingu að nýta eigi arðinn sem ríkið mun hugsanlega fá af eignarhlutdeild sinni í Landsvirkjun til þess að bæta kjör þeirra sem búa utan Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. Til þess að bæta hag þeirra landsmanna sem búa utan Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins. En það gera um 30–35% landsmanna.

Með öðrum orðum á samkvæmt yfirlýsingu hæstv. iðnrh. — og ég vil ekki trúa því að hæstv. iðnrh. mæli þvert um hug sér — að nýta arðinn af 50% eignaraðild ríkisins til hagsbóta fyrir 30–35% landsmanna, þeirra aðila sem standa utan höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Ég get því ekki sagt, virðulegi forseti, að það sé verið að koma einhverju sérstöku höggi á dreifbýlisbúa með þessari ráðstöfun. Ég sé ekki betur, herra forseti, en að þeir aðilar sem búa utan svæða Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Akureyrar fái hærri hlutdeild af arðstekjunum heldur en íbúar höfuðborgarsvæðisins og Akureyrarbæjar ef menn líta hlutlaust og af réttsýni á málin.

Auðvitað geta menn endalaust deilt um hvort það sé rétt að hlutur eignaraðila í Landsvirkjun sé réttast metinn 14 milljarðar eða einhver önnur tala. Eða hvort arðgreiðsluvonin sem rætt er um í frv. eigi réttilega að vera 3,5%, 5% eða eitthvað annað. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það eru fulltrúar almennings, ríkisvaldið og tvö stór sveitarfélög sem eru eignaraðilar í Landsvirkjun en ekki einhverjir gróðapungar úti í bæ og það liggur fyrir yfirlýsing frá þessum aðilum um það að þeir muni nota sinn arð til þess að bæta hag íbúanna á umræddum svæðum, í Reykjavík, á Akureyri og á þeim svæðum utan Reykjavíkur og Akureyrar þar sem ríkisvaldið mun beina sinni arðgreiðslu til. Mér finnst það ekki góð latína, virðulegi forseti, að horfa á þessa eignaraðila að Landsvirkjun eins og þarna væru einhverjir gróðapungar á ferð sem væru að raka til sín peningum frá almenningi í landinu, það er alveg þveröfugt. Þetta eru eignaraðilar sem eru fulltrúar almennings og ætla sér að ráðstafa arðinum ef einhver verður í almannaþágu.

Herra forseti. Ég tel hins vegar fulla ástæðu til að fara nokkrum orðum um annan þátt í þessu frv. en hann er sá að mér sýnist því miður ekki að með frv. sé notað tækifæri til þess að gera þá breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar sem ég tel nauðsynlegt að gera og það fyrr en seinna, m.a. til þess að við getum búið okkur undir að uppfylla þær skuldbindingar sem við erum aðilar að sem hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég hefði viljað sjá að hæstv. iðnrh. og ríkisstjórnin legðu fram frv. um Landsvirkjun sem væri þess eðlis að það mætti segja að þar væri verið að ganga til móts við þau sjónarmið sem allir þessir aðilar, allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og flestir hv. alþm. vita að er tiltölulega skammt þangað til verða raunhæf viðfangsefni fyrir okkur Íslendinga. Það er nú þegar langt komið, ef ekki búið, að ganga frá tillögu að tilskipun ESB um innri markað fyrir rafmagn. Mér er ekki kunnugt um hvort búið er að birta tilskipunina formlega en gert er ráð fyrir því að það gerist snemma á þessu ári.

Þessi tilskipun fjallar um innri markað fyrir rafmagn og þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir afnámi einkaréttar starfandi orkufyrirtækja til að framleiða rafmagn. Í öðru lagi að vinnsla, flutningur og dreifing eða sala raforku verði aðskilin, a.m.k. í rekstri og bókhaldi. Og í þriðja lagi er veittur takmarkaður aðgangur þriðja aðila að flutningskerfum þannig að þeir orkukaupendur sem fullnægja tilteknum skilyrðum sem hvert ríki getur sett fyrir sig á grundvelli tilskipunarinnar geti gert samninga við orkuvinnslufyrirtæki um orkukaup og fengið orkuna flutta um orkuflutningskerfi gegn sanngjörnu endurgjaldi.

Með því frv. sem hæstv. iðnrh. flytur hér er ekki nema að örlitlu leyti gengið til móts við þessi nýju viðhorf. Sú vinna er raunar óunnin. Grundvöllurinn fyrir þessari nýju tilskipun er sá að Evrópusambandið lítur svo á að mikilvægt sé að koma á samkeppni á raforkumarkaðnum til þess að koma á innri markaði fyrir orku og gert er ráð fyrir því í tilskipuninni að komið verði á fót innri markaði fyrir rafmagn í áföngum með það fyrir augum að raforkugeirinn geti lagað sig að nýjum skilyrðum með skilvirkum hætti.

Hin almenna regla um skipan raforkumála sem verið er að innleiða er m.a. um að aðildarríkin að Evrópska efnahagssvæðinu eigi að sjá til þess að raforkufyrirtæki í þeim séu rekin í samræmi við tilskipunina til þess að koma á samkeppnismarkaði á raforkusviðinu.

Í öðru lagi eiga þær reglur sem settar eru um skipan orkumála að vera skýrt skilgreindar þannig að þær megi ekki leiða til mismununar og það á að vera unnt að hafa eftirlit með þeim.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að samkeppni verði við byggingu nýrra orkuvera þannig að ríkin geti að vísu valið á milli leyfisveitinga eða útboðs þegar ný orkuver eru reist en hvort tveggja á að byggja á hlutlægum og gagnsæjum skilyrðum án þess að mismuna þeim sem sækja um eða leggja fram tilboð.

Þetta er sá grundvöllur sem verið er að leggja í sambandi við tilskipun Evrópusambandsins um innri markað fyrir rafmagn sem ég veit ekki betur en að eigi að ganga í gildi á þessu ári. Og hvað þýðir það fyrir okkur? Það þýðir m.a. að við verðum í kjölfar þess að gjörbreyta skipulagi í okkar orkumálum, ekki bara eins og boðað er í nál. meiri hlutans, að hv. iðnrh. leggi fram hér á Alþingi till. til þál. um það t.d. að sambærilegri skipan verði komið upp hjá Rafmagnsveitum ríkisins eins og þegar er búið að koma upp hjá Landsvirkjun, að aðskilja í bókhaldi rekstur orkuöflunar og flutningslína.

Það nægir ekki að koma á slíkri skipan í kjölfar flutnings þáltill. heldur verður hæstv. ráðherra líka að sjá svo um að varðandi nýjar virkjanir geti átt sér stað frjálsari samkeppni heldur en við þekkjum með afnámi einkaréttar til virkjana þannig að fleiri virkjunaraðilum verði hugsanlega hleypt að en við þekkjum í dag. Við slíkar aðstæður yrði það talið brot á samkeppnisreglum, bæði íslenskum samkeppnislögum og samkeppnisreglum á EES-svæðinu, ef sumir aðilar sem hafa þar með möguleika á virkjunarréttindum, eða réttara sagt að nýta virkjunarréttindi til orkuöflunar, starfa með ríkisábyrgð en aðrir ekki. Og svo lengi sem Landsvirkjun starfar eins og hún hefur starfað, og eins og gert er ráð fyrir að hún starfi, þrátt fyrir samþykkt þess frv. sem hér um ræðir, þá er Landsvirkjun fyrirtæki sem byggir á ríkisábyrgð og getur því fengið eitthvað hagstæðari kjör, bæði í lánshæfismati og hugsanlega í samningum um vaxtagreiðslur, en fyrirtæki, innlend eða erlend sem ekki njóta slíkrar ábyrgðar. Það er því alveg ljóst að eins og skipulagi Landsvirkjunar, eða rekstrarformi hennar öllu heldur, er fyrir komið bæði í núgildandi lögum og í því frv. sem gert er ráð fyrir að samþykkt verði, þá mun það ekki standast þær kröfur sem gerðar munu verða innan tiltölulega skamms tíma um jafnstöðu fyrirtækja til orkuöflunar og orkuvinnslu á EES-svæðinu. Meðal annars þess vegna er út í hött að gera ekki ráð fyrir því, eins og segir í grg. frv., að hugsanleg breyting á rekstrarformi Landsvirkjunar yfir í hlutafélag verði ekki skoðuð fyrr en fyrir 1. janúar árið 2004 eða 2005 vegna þess einfaldlega að atburðarásin verður hraðari en svo að það sé hægt að geyma þær formbreytingar svo lengi. Ég hefði talið mjög eðlilegt að þessi formbreyting yrði gerð nú þegar, þ.e. að um leið og sú breyting var gerð sem felst í samningi eignaraðila og verið er að lögleiða á Alþingi, væntanlega í dag eða á morgun, að samhliða þeirri breytingu þá væri fyrirtækinu breytt í hlutafélag.

Auðvitað geri ég mér það ljóst að verði Landsvirkjun breytt í hlutafélag þá mun það eitthvað rýra lánshæfismat fyrirtækisins og hugsanlega valda því að ekki takist að ná eins hagstæðum lánasamningum erlendis og hægt hefur verið á meðan ríkisábyrgðin hefur verið virk en í mati J.P. Morgan kemur nú samt sem áður fram að talið er að það muni ekki mjög miklu, hvorki á lánshæfismatinu né á kröfunni um vaxtagreiðslur. En þó svo væri að einhverju lítilræði munaði þar þá gildir auðvitað það sama um öll önnur fyrirtæki í landinu, hvort sem þau eru einkafyrirtæki eða opinber fyrirtæki. Öll fyrirtæki á Íslandi mundu fá hagstæðari lánskjör, ef þau byggðu á ríkisábyrgð heldur en ef þau væru rekin sem sjálfstæður lögaðili á ábyrgð eigenda sinna eða sem hlutafélög. Þannig að ef það eru rök fyrir því að gera ekki þá breytingu að breyta Landsvirkjun í hlutafélag, að það gæti hugsanlega skaðað lánshæfismat hennar, þá hljóta þeir sem halda þeim rökum fram að vera reiðubúnir til þess að fallast á tillögur um að það sama gilti um öll önnur fyrirtæki í landinu. Til þess að tryggja öllum fyrirtækjum á Íslandi sem hagstæðust lánskjör sé þá eðlilegt að þau hefðu ríkisábyrgð í öllum sínum viðskiptum við lánastofnanir, erlendar og innlendar, því það væri væntanlega hagkvæmast fyrir fyrirtækin hvert um sig og þá um leið landið í heild.

Mér dettur ekki í hug að þó að einhvern tímann hafi komið slík sjónarmið fram þá komi þau upp á borðið aftur jafnvel þó svo að menn geti aldrei verið vissir um að það sem einu sinni hafi verið sagt, þó að langt sé um liðið síðan, kunni ekki að verða sagt aftur. En engu að síður finnst mér þau rök, sem fram eru færð í grg. með frv. gegn þeirri breytingu á félaginu að gera það að hlutafélagi, ekki sannfærandi. Og það kom mér satt að segja á óvart þegar ég heyrði það á fundum í iðnn. að vilji hafi verið fyrir slíku eða a.m.k. engin andstaða við slík frá forsvarsmönnum Akureyrarbæjar, og væntanlega ekki heldur frá forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar þó ég þori ekki að fullyrða það, en andstaðan við að breytingin yrði gerð með þeim hætti hafi fyrst og fremst komið frá fulltrúum hæstv. iðnrh. Þar hafi ekki verið neinn áhugi fyrir breytingu af því tagi sem mundi tryggja jafnstöðu milli Landsvirkjunar hf. og annarra orkuöflunarfyrirtækja sem kunna að koma við sögu virkjunarmála hér á Íslandi innan tiltölulega skamms tíma. Ég skil satt að segja ekki, virðulegi forseti, hvers vegna andstaða hefur komið frá hæstv. iðnrh. við slíka tillögugerð sem væri og er að öllu leyti í samræmi við það sem honum er fyllilega ljóst að verið er að vinna á vettvangi Evrópusambandsins og muni hafa áhrif á framtíðarskipulagningu á orkumálum á Íslandi innan tiltölulega skamms tíma.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki mikið fleira um þetta mál að segja en áskil mér rétt til þess að taka aftur til máls við 3. umr. og hugsanlega flytja brtt. við þá umræðu.

[16:45]

Útbýting þingskjala:

Magnesíumverksmiðja, 306. mál, fsp. HG, þskj. 565.

Vegáætlun 1997–2000, 309. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 569.

Viðræðuáætlanir, 307. mál, fsp. KÁ, þskj. 566.

[16:45]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að umræðuefni þau orð sem fallið hafa í umræðum hér á Alþingi um Landsvirkjun varðandi eignamyndun fyrirtækisins, þar sem talað hefur verið um að eignamyndunin sé öll á þann veg að það séu notendur sem hafa staðið fyrir henni, og vildi gera lítið úr þeim röksemdum með því að yfirfæra það á hinn almenna smásölumarkað. Hann tiltók Bónus og Hagkaup sem dæmi, það væri fráleitt að telja að eignamyndun þar væri á kostnað viðskiptavinanna.

Það verður hins vegar að gera stórkostlegan greinarmun á þeim fyrirtækjum sem hann nefndi og Landsvirkjun. Landsvirkjun er fyrirtæki í eigu opinberra aðila með eignir upp á 76 milljarða kr. sem allar eru með ríkisábyrgð í einhverri mynd og er með einokunaraðstöðu til þess að selja sína þjónustu. Og framlög eigendanna til fyrirtækisins í gegnum árin eru um það bil 2 milljarðar af heildareignum upp á 76 milljarða. Ég veit ekki til þess að neinu slíku sé til að dreifa hjá Bónus eða Hagkaup, hvorki einokunaraðstöðu né ríkisábyrgð á framlögunum. Mér finnst því ekkert skrýtið þótt eignamyndunin sé skoðuð í þessu ljósi þó að ég taki undir það sem fram kom hjá hv. ræðumanni að það sé fráleitt að tala um þetta í þessu samhengi á hinum almenna frjálsa markaði.

[16:47]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tvö atriði. Í fyrsta lagi þegar talað er um eigendur Landsvirkjunar er í öllum tilvikum verið að tala um almenning í landinu. Hvort heldur menn tala um þá 14 milljarða sem skulu teljast í eigu eignaraðila samkvæmt eignasamningum þeirra á milli eða hina rúmlega 20 sem teljast hafa myndast sem eign hjá fyrirtækinu sjálfu, þá er þetta allt saman í eigu almennings í landinu. Að hluta til fer ríkið, sem er fulltrúi allra Íslendinga, með þessa eignaumsýslu og

hefur arð af henni og að hluta til tvö af stærstu sveitarfélögum landsmanna. Ég sé því ekki rökin í máli hv. þm. Hann segir að rökin séu t.d. þau að þarna sé um að ræða fyrirtæki með einokunaraðstöðu. Gott og vel. Tökum þá ÁTVR. Það fyrirtæki hefur líka einokunaraðstöðu. Eignir þess fyrirtækis hafa þá væntanlega myndast sakir viðskipta viðskiptamanna við ÁTVR. Og eiga þá viðskiptamenn ÁTVR allar eignir ÁTVR eins og þær kunna að verða færðar í viðskiptareikningum eða í ársreikningum fyrirtækisins hverju sinni? Hvers konar rugl er þetta?

Virðulegi forseti. Ég hefði gaman af að vita hvaða einstaklingar á Íslandi ættu þá mest í ÁTVR. Hvaða veitingahús væru þá stærstu eignaraðilar að ÁTVR og hvaða einstaklingar. Þannig að rökin þegar málið er skoðað með þeim hætti hvaða aðilar eru eigendur að Landsvirkjun, það er allur almenningur í landinu og umboðsmenn þeirra, þá er þessi umræða hér um eign og eignaraðild út í hött.

[16:50]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi nú bara eins og hv. síðasti ræðumaður: Hvers konar rugl er þetta? Hver var að tala um það að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær væru að biðja um arð af ÁTVR? Ég hef aldrei heyrt það. En Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eru að biðja um arð af Landsvirkjun. Það eru ekki allir Íslendingar jafnir sem eigendur í Landsvirkjun, þar eru sumir tvöfaldir. Hins vegar eru allir jafnir eignaraðilar að ÁTVR. Þar af leiðandi er þetta á engan hátt samanburðarhæft.

Það sem umræðan snýst um er að breyta opinberu þjónustufyrirtæki, eða „public utility", í hlutafélag eftir ákveðnu ferli sem iðnrh. hefur lagt fram. Það er ekkert vandamál ef þeir aðilar sem hafa verið þjónustaðir eru sami hópurinn og eru eigendurnir. En það er vandamál þegar þeir sem hafa keypt þjónustuna og eigendurnir eru ekki einn og sami hópurinn eins og er í tilfelli Landsvirkjunar.

[16:51]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil ekki heldur þessa röksemdafærslu því að ég veit ekki annað en að þeir sem hafa keypt af Landsvirkjun séu jafnframt eigendur Landsvirkjunar því að þeir sem hafa keypt þær afurðir sem Landsvirkjun framleiðir, sem er raforka, eru landsmenn allir og þeir eru eigendur að Landsvirkjun og þeim eignaraðilum sem Landsvirkjun á eða réttara sagt þeim eignaraðilum sem eiga Landsvirkjun.

En mig langar núna til að spyrja hv. þm. — nú getur hann reyndar ekki svarað, en það sem ég velti upp er þessi hugsun: Ef það er rétt að viðskiptaaðilarnir eigi að eiga Landsvirkjun, hver yrði þá einn stærsti eigandi að þessu fyrirtæki? Það yrði væntanlega álverið í Straumsvík og Swiss Aluminium því að fáir aðilar hafa átt jafnmikil viðskipti við Landsvirkjun og einmitt þeir. (Gripið fram í.) Er það virkilega hugmynd þingmannsins að eignaraðildin að Landsvirkjun, sem er fyrirtæki í eigu almennings, eigi að færast yfir til helstu viðskiptaaðila fyrirtækisins með þeirri niðurstöðu að stóriðjufyrirtæki að mestu í erlendri eigu yrðu stærstu eigendur Landsvirkjunar eftir þær breytingar? Það yrði mesta gjöf sem þjóðin gæti fært þeim erlendu aðilum sem fengist hafa til að fjárfesta á Íslandi ef þau sjónarmið hv. þm. ætti að hafa í heiðri að menn eigi að öðlast eignaraðild í Landsvirkjun eftir viðskiptum við það fyrirtæki. Þannig að enn vitlausari verður sú hugmynd eftir því sem hún er betur skoðuð.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. (Gripið fram í.) Það væri æskilegra að hv. síðasti ræðumaður lyki máli sínu og héldi því ekki áfram í hliðarsölum ...

(**Forseti** (GÁS): Það er hv. 4. þm. Norðurl. e. sem er í ræðustóli.)

... þó að hv. þm. Sighvati Björgvinssyni liggi mikið á hjarta um þetta mál. Ég verð reyndar að segja að ég undraðist nokkuð röksemdafærslu hans varðandi eignarmál Landsvirkjunar og mun koma betur að því síðar. Mér finnst gæta nokkurrar tilhneigingar til útúrsnúninga og langsóttra samlíkinga þegar staða þessa sérstaka fyrirtækis er borin saman við fyrirtæki í einkarekstri á samkeppnisgrundvelli í smásöluverslun eða öðru slíku, býsna langt seilst um hurð til lokunnar í röksemdafærslu.

Ég held, herra forseti, að það sé óhjákvæmilegt í tengslum við þetta mál sérstaklega ef mönnum dettur það virkilega í hug að afgreiða það á þinginu í þessum búningi, að fram fari rækileg umræða um skipulag orkamála í landinu í tengslum við frv. Það er óhjákvæmilegt að lýsa betur en frv. gerir og fá ræður stjórnarliða, sem reyndar hafa verið mjög misvísandi og er ráðherrann þar ekki undanskilinn, sem lýsa betur en þær hafa gefið tilefni til inn í það hver er stefna hæstv. ríkisstjórnar í þessum orkudreifingar- og orkuframleiðslumálum almennt. Hefur einhver slík stefna verið mótuð til framtíðar og hvernig hyggjast menn standa að þessu? Það er eins og mig rámi í það, herra forseti, að einhverjar nefndir séu eitthvað að hjakka í þessu hjá hæstv. ráðherra eins og gengur en það hefur lítið sést af því hér. Að vísu er hér nefndarstarf á ferðinni en það er afar sérkennileg nefnd sem á að fá sitt fram í formi þessa frv. því það er sérstök nefnd svokallaðra „eigenda Landsvirkjunar" og það er hæstv. iðnrh. sem þykist eiga Landsvirkjun og ráða fyrir henni að miklu leyti sem handhafi almannahagsmunanna og svo eru það tvö sveitarfélög í landinu, þ.e. Akureyri og Reykjavík.

Þessi klúbbur sem kallar sig „eigendur Landsvirkjunar" hefur kokkað samkomulag úti í bæ sem er svo í aðalatriðum verið að leggja til hér við þingið að verði lögfest. Þessi málsmeðferð, þessi bakgrunnur frv. vekur strax ýmsar spurningar. Hann vekur t.d. spurningar um aðgang þeirra sem ekki njóta þeirrar náðar að tilheyra þessari þrennu, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyri eða iðnrn. eða Framsfl. Hver var aðgangur þeirra að þessu máli? Það er fróðlegt að fara t.d. yfir umsagnir við þetta frv. í því ljósi. Þær leiða ýmislegt í ljós.

Ég set, herra forseti, strax í byrjun ákveðnar spurningar við þennan bakgrunn málsins. Ég held að það sé ekki þannig fram borið, þannig að því staðið, þannig undirbyggt að það sé líklegt að verða til farsældar. Það verður ekki sátt um framkvæmd málsins og það sem á eftir kemur ef svona verður að hlutunum staðið. Það er alveg gjörsamlega morgunljóst. Það er verið að leggja til að lögfesta þessar breytingar í harðri andstöðu við í raun og veru alla aðra hagsmunaaðila í orkumálum í landinu en þá sem þarna eru beinlínis að passa upp á sitt. Það eru stóru sveitarfélögin tvö sem þarna eiga í hlut með sínar rafveitur og sínar arðgreiðslur og það eru að því er helst verður séð flokkspólitískir hagsmunir Framsfl. sem eru svo þriðji stóri hagsmunaaðilinn í málinu sem vel hefur verið passað upp á.

Ég tel í öðru lagi, herra forseti, að það sé mikil þörf á því að taka málefni orkuframleiðslu, orkudreifingar í landinu að

öðru leyti inn í þetta samhengi málsins. Það er algjörlega fráleitt að lögfesta breytingar af þessu tagi varðandi starfsemi Landsvirkjunar, gjaldskrármál og arðgreiðslur þess fyrirtækis, án þess að horfa til þeirrar stöðu sem Rafmagnsveitur ríkisins eru í og raforkumálin á köldu svæðunum og á þeim svæðum sem eru viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins. Hvað ætla menn að gera með það fyrirtæki? Á að láta það halda áfram að klemmast á milli í orkumálunum eins og það hefur gerst að undanförnu? Á að láta Rarik smátt og smátt daga uppi sem dreifingaraðila, sem millilið, heildsöludreifingaraðila út á strjálbýlustu svæði landsins með því sem hlýtur að fylgja í formi verðlagningar og afkomu í því fyrirtæki og hagsmuna viðskiptavina þess?

Ég held að við Íslendingar séum að lenda með þessi mál inn í býsna miklar ógöngur sem eru eiginlega alveg furðuleg ógæfa eins og við hefðum þó í raun og veru átt að hafa aðstöðu til að gera góða hluti í orkumálum. Það er engin ástæða til þess að reka tvö opinber fyrirtæki af þessu tagi með mismunandi hlutverk, eins og hér er gert, nema þá að það þjóni einhverjum öðrum markmiðum, t.d. um aðskilnað einstakra þátta eins og framleiðslu annars vegar og dreifingar hins vegar, en þá eiga það líka að vera heildarfyrirtæki sem annars vegar annast framleiðsluna og hins vegar dreifinguna. Ég sé ekki annað en það sé verið að dæma Rarik og Rariksvæðin og köldu svæðin í einhvers konar 2. deild í þessum málum, m.a. með þessum breytingum. Það séu skilaboðin sem Framsókn er að senda í gegnum þetta frv. Það eigi að vera 1. deild og 2. deild í þessum efnum og það er alveg ljóst hverjir eiga að vera á óhagstæðari endanum, hverjir eiga að falla.

Svo held ég, herra forseti, að það sé enn fremur óhjákvæmilegt að taka inn í þetta mál spurninguna um verðjöfnun á raforku í landinu, um það hvort verðjöfnunarprinsippið eigi að halda eða ekki. Arðgreiðslur, fé sem á að fara að taka út úr raforkuframleiðslunni eða raforkutekjunum og greiðast til tiltekinna sérstakra aðila, verður að skoða í samhengi við þetta mál því því að auðvitað er stigsmunur en ekki eðlis á því hvort einhverjir svokallaðir eigendur taka til sín fé, annaðhvort til þess að lækka hjá sér verðið sérstaklega umfram aðra eða til þess að borga sjálfum sér arð. Þegar kemur að hagsmunum notenda eða skattborgara í viðkomandi sveitarfélögum, þá er á þessu eingöngu stigsmunur en ekki eðlis. Reyndar eru í farvatninu að sögn enn þá meiri breytingar að þessu leyti og má þar vitna til áforma um að Rafmagnsveita Reykjavíkur t.d. taki sjálf til við að reisa stórvirkjanir og fái að taka af eigin framleiðslu fram hjá verðjöfnunarkerfinu talsverða raforku inn á sitt dreifingarnet eða inn á sinn markað sem að sjálfsögðu getur svo nýst og mun þá nýtast til að lækka verðið á raforkunni þar umfram það sem annars staðar gerist í landinu. Þar með er verðjöfnunargrundvöllurinn í raun og veru að brotna upp enn frekar en orðið er þó að vissulega hafi verið stigin ákveðin upphafsskref, og ógæfuskref, í þeim efnum annars staðar í landinu áður.

Herra forseti. Öll þessi stóru mál er óhjákvæmilegt að taka til skoðunar í samhengi við þetta mál. Auðvitað væri langskynsamlegast að hæstv. ráðherra kallaði frv. aftur. Það er engin brýn nauðsyn á því að lögfesta þetta nú með þessum hætti, ekki nokkur ástæða. Það er mjög sérkennilegt ef hægt er að senta pöntunarlista af þessu tagi af ákveðnum hagsmunaaðilum í máli inn í þingið og ráðherrar og stjórnarliðar láta hafa sig í að hnoða þeim hér í gegn. Það er mjög sérkennilegt, herra forseti.

Í öðru lagi held ég, herra forseti, að komið hafi fram í umræðunni upplýsingar um sjálfan megingrundvöll þessa máls sem eru svo alvarlegs eðlis að það vekur mikla undrun ef það kallar ekki á að málið verði tekið til baka og skoðað betur, a.m.k. af viðkomandi þingnefnd. Og í raun og veru ættu hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ráðherra að sjá sóma sinn í því að kalla málið til baka, biðjast afsökunar á því hvernig það hefur verið lagt hér fyrir og taka þessa útreikninga og allan grundvöll málsins til ítarlegrar endurskoðunar. Ég er þar, herra forseti, að vitna til þeirra reikningskúnsta sem hér eru fram bornar um svokölluð eigendaframlög eða grundvöll arðgreiðslna svokallaðra eigenda Landsvirkjunar. Það fylgdi sögunni þegar frv. var kynnt hér og lagt fram að nú væri búið með miklum og vönduðum útreikningum að finna út úr því að eigendaframlögin væru 14 milljarðar kr. Eigendurnir komu sér síðan saman um það, ekki bara að þetta væri heilög tala og hin eina rétta heldur skyldi arðurinn af þessari eign vera svo og svo mikill á ári hverju um ókomin ár, óháð afkomu fyrirtækisins, þróun efnahagsmála í landinu eða öðrum slíkum hlutum. Síðan kemur á daginn að eiginlegt framlag eigendanna er ekki 14 milljarðar og ekki einu sinni 4 milljarðar heldur eru það liðlega 2 milljarðar sem þessir eigendur hafa beinlínis lagt fram. Afgangurinn er öðruvísi tilkominn. Uppreiknaður hagnaður sem hefur myndast í fyrirtækinu, metin mannvirki sem þar eru lögð inn og annað því um líkt. Þessir aðilar, eigendurnir, hafa þegar haft talsverðan arð af því fé sem þarna var lagt inn. Það liggur fyrir í fylgiskjölum. Það liggur líka fyrir í fylgiskjölum að þessi hraða eiginfjármyndun í fyrirtækinu er byggð upp á því að raforkuverð í landinu hefur verið haft hátt til þess að afskrifa fjárfestingar og mannvirki miklu hraðar heldur en efnislegar forsendur, heldur en líftími þessara mannvirkja gefur nokkurt tilefni til. Því að svo lengi sem heldur áfram að rigna og svo lengi sem uppistöðulón fyllast ekki eða annað slíkt, getur líftími vatnsaflsvirkjana í sjálfu sér verið gífurlega langur, ótakmarkaður þess vegna og rekstrarkostnaður lítill. Í raun og veru mætti þess vegna með fullum efnislega gildum rökum setja upp afskriftatíma sem væri margfaldur á við það sem nemur hraðanum í uppgreiðslu þessara lána sem þarna hafa verið tekin.

Um þetta hefur svosem oft verið deilt, herra forseti, í öðru samhengi t.d. hvað varðar verðlagningu á raforku, hvaða verð sé nauðsynlegt að fá fyrir orkuna o.s.frv. En í öllu falli er ljóst að þarna hafa menn verið að mynda mjög hratt eign með hröðum afskriftum og í mörgum tilvikum langt umfram það sem eðlilegur fyrningartími viðkomandi mannvirkja gefur nokkurt tilefni til. Hér er ekki nokkur ástæða til að reikna með fyrningartíma sem liggur nær því að eiga við um bifreiðar eða einhver slík forgengileg fyrirbæri heldur en steinsteypumannvirki, virkjanir og uppistöðulón.

Það er alveg ljóst að þeir sem þarna hafa myndað eignina umfram það sem nemur framlögum eigendanna svokölluðu eru raforkunotendur í landinu. Það er auðvitað kostulegt að heyra menn síðan bera það saman við viðskiptavini Hagkaupa. Vegna þess að það er nokkuð ólíku saman að jafna, annars vegar Hagkaup og viðskiptaumhverfi þess, og hins vegar Landsvirkjun. Hvað er Landsvirkjun? Hún er náttúrlega að verulegu leyti í eigu landsmanna, ekki satt, í gegnum ríkissjóð en hún er líka einokunarfyrirtæki í landinu. Hún er með einkaleyfi til virkjana og henni hafa verið sett lög eftir þörfum. Henni hafa verið lögð til virkjunarréttindi eftir þörfum og aðrir hafa ekki komið þar nálægt eða við sögu.

Hún hefur ekki bara átt virkjanirnar heldur líka dreifikerfið að hluta til og ein verið í aðstöðu til að selja rafmagn. Það sem meira er, og er kostulegast þegar kemur að framlagi annarra eigenda en ríkisins, að þá er ríkið til viðbótar þessu með ábyrgð á öllum skuldbindingum fyrirtækisins í topp. Ekki bara að sínum hlut sem eigandi þess að hálfu. Og þá fer maður að spyrja sig: Hvaða áhættu hafa þá aðrir eigendur tekið? Eða hefur ríkisábyrgðin verið verðlögð? Ætti þá ekki að borga arð út á hana líka? Það er að mörgu að hyggja í þessu, herra forseti.

Hvar er hæstv. iðnrh.? Hann spýttist út úr salnum. Voru það óviðráðanleg forföll?

(**Forseti** (GÁS): Forseti skal leita hann uppi.)

Ég held að hæstv. ráðherra verði að harka af sér og reyna að þola það sem um málið er sagt.

Síðan vil ég segja, herra forseti, að mér finnast menn ekki ætla að verða smátækir þegar kemur að því að skammta sér arðinn, þ.e. 5–6%. Það er nú ágætt að eiga þá arðprósentu vísa langt inn í framtíðina. Er ekki hæstv. forsrh. að muldra um það af og til að það eigi að lækka vexti? Það sé mjög mikilvægt og nú séu að verða forsendur til að lækka vexti verulega? En eigendur Landsvirkjunar hafa ekki í hyggju að draga úr kröfum sínum um arð af þessari „eign" sinni. Nei, herra forseti, það er ekki bara það að þarna hafi verðmætin myndast í gegnum raforkuverðið og þar af leiðandi hafi þeir lagt mest til sögunnar sem hæsta verðið hafa borgað. Og hverjir hafa það verið? Það eru ekki þeir sem síðan eiga að fá arðinn, heldur einmitt íbúar köldu svæðanna sem mest hafa keypt og borgað hæsta verðið í gegnum tíðina. Það var alveg kostulegt áðan þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ætlaði að fara að gefa álverinu í Straumsvík stóran hluta af Landsvirkjun því að álverið í Straumsvík hefur ekki borgað hæsta verðið svo mér sé kunnugt um. Það fékk raforkuna svo til gefins um árabil eins og kunnugt er og gekk seint og illa að fá hana hækkaða þó það næðist nokkur árangur í því, þökk sé ónefndum mönnum sem fyrir því börðust á sinni tíð að afhjúpa þann blekkingavef sem notaður var til að halda niðri verðinu þangað.

Það er líka að því að hyggja, herra forseti, ef menn ætla út í þennan samjöfnuð og þessar æfingar um það hverjir hafi lagt hvað af mörkum, hvar virkjanirnar eru. Hvar eru virkjanirnar sem Akureyri og Reykjavík lögðu inn í dæmið? Eru þær hér? Eru það Glerá og Elliðaá sem leggja þarna mest af mörkum eða hvað? Nei, þetta eru virkjanir í öðrum sveitarfélögum, í öðrum landshlutum og á öðrum svæðum. Hvernig var staðið að því að útvega þessum sveitarfélögum virkjunarréttindi? Ætli menn þurfi þá ekki að fara yfir allt málið ef menn vilja leggja út í þetta á annað borð. Og ætli það gæti þá ekki þurft að koma með ýmsa bakreikninga fyrir málinu áður en sanngjarn hlutur verður upp settur? Að sjálfsögðu er engin deila um það — það hefur enginn haldið öðru fram en því að það er eðlilegt að Akureyri og Reykjavík fái sín fjárframlög inn í þetta dæmi metin að fullu, framreiknuð og greiddan arð á það. Það er eðlilegt. En það verður líka að líta til þess samhengis hvernig eignir umfram það mynduðust í fyrirtækjunum, á hvaða grundvelli. Hvaðan kom féð? Hvar eru virkjanirnar? Hvernig var starfsumhverfi fyrirtækjanna, einkaleyfin og einokunaraðstaðan sem þarna var á ferðinni?

Síðan er það kostulegt að í raun og veru eru settar upp í málinu formúlur til þess að færa upp þennan arðsfót með því að þetta er forsendan, 14 milljarðar, prósentan svona og svona há en menn ætla af allri hæversku sinni ekki að heimta þetta allt útborgað, ekki 100%. Hvað á að gera við afganginn? Það á að uppreikna hann inni í fyrirtækinu. Inni í efnahagsreikningi fyrirtækisins. Viðmiðunin til að taka arð síðar meir verður því færð upp sem þessu nemur þannig að innan skamms verður hún ekki 14 milljarðar heldur 20 eða 30 milljarðar, eða guð má vita hvað. Það er ekki dónaleg ávöxtun, það eru ekki dónaleg kjör, það er ekki dónalegt öryggi sem þarna á að tryggja mönnum inn í framtíðina með þessum umbúnaði. Ég hugsa t.d. að lífeyrissjóðirnir í landinu sem eru að reyna að ávaxta sparifé og lífeyrisfé landsmanna mundu alveg þiggja að komast í svona umhverfi, að það væru sett fyrir þá lög á Alþingi um að þeir skyldu fá tiltekna góða ávöxtun hvað sem tautaði og raulaði og að svo miklu leyti sem þeir tækju hana ekki út á næstu árum þá væri séð um það í lögvernduðu umhverfi að uppfæra hana þannig að svo væri hægt að draga á hana seinna. Þetta er alveg ótrúlegt fyrirkomulag sem hér á að setja upp.

Ég held því, herra forseti, að það verði fróðlegt að sjá hver viðbrögð manna verða við þeirri brtt. ef málinu verður ekki vísað frá sem er auðvitað langeðlilegast að gera og hér er tillaga frá minni hlutanum um að þessar arðgreiðslur skuli a.m.k. skilyrtar á því formi að þær skuli vera víkjandi gagnvart því að lækka raforkuverðið í landinu, og það verulega, og komi ekki til nema í kjölfar þess að það hafi verið gert og að einhver arður verði eftir sem áður þarna út til skiptanna.

Mér finnst það líka vera stórkostlegt umhugsunarefni hvort menn eiga yfirleitt að hugsa þetta dæmi þannig að þetta eigi að vera eins og fyrirtæki sem greiði einhvern stórfelldan arð út til einhverra svokallaðra eigenda. Var það ekki hugsunin með lagasetningu í byrjun og var það ekki tilgangurinn með Landsvirkjun að skaffa landsmönnum ódýra orku? Örugga, trygga og orku? Og af hverju eiga menn þá ekki að láta það meginmarkmið ráða og hagstæðari framleiðslu og stöðu í fyrirtækinu skila sér til landsmanna eins og upphaflegur tilgangur var en ekki taka út úr því dæmi stórar fjárhæðir í formi arðgreiðslna til einhverra svokallaðra eigenda?

Herra forseti. Það er nægur aðstöðumununrinn í landinu samt og að hluta til endurspeglast hann í orkuverði og ólíkri aðstöðu manna eftir búsetu, hvernig þeir standa, eftir því hvort menn eru svo gæfusamir að búa að ódýrri hitaveitu eða þurfa að kynda hús sín með rafmagni og eftir því hvar þeir eru settir í raforkudreifingarkerfinu. Hvort þeir eru hjá bæjarveitu sem hefur millilliðalaus viðskipti við Landsvirkjun og njóta hagstæðra kjara. Ég tala nú ekki um ósköpin, hvort þeir eru svo heppnir að vera í þessum tveimur sveitarfélögum sem teljast vera að hluta til eigendur að Landsvirkjun eða ekki. Ætla menn að fara þannig í þessi mál að þeir kortleggi inn í framtíðina að þessi aðstöðumunur fari vaxandi? Það er það sem verið er að gera. Það er algerlega morgunljóst. Þannig skilja a.m.k. nánast allir sem gefa umsögn um þetta mál og ekki eru af þessum tveimur svæðum.

Ég var að velta því aðeins fyrir mér áðan, herra forseti, hvort hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði nokkuð lagt á sig að lesa umsögn Orkubús Vestfjarða um þetta mál. Ég saknaði þess t.d. að sá þingmaður Vestf. skyldi ekki sýna mönnum sínum þann sóma að lesa frá orði til orðs umsögn Orkubús Vestfjarða. Mér hefði fundist viðeigandi að hv. þm. hefði gert það því hann mun hafa verið fyrstur hér af þeim þingmönnum Vestfjarðakjördæmis sem töluðu. Nú hefur Orkubú Vestfjarða nokkra sérstöðu því það er eina lands-

hlutaorkubúið sem dekkar heilt kjördæmi og hefur nokkuð sérstaka stöðu eins og kunnugt er. En það gerði hv. þm. ekki og það sem meira var, hann talaði ekki eins og hann hefði mikinn skilning á þeim sjónarmiðum sem þar eru fram sett en þau eru býsna afdráttarlaus og ég mun lítillega koma að því á eftir.

Ef við erum að lækka orkuverðið og ef við víkjum þessum arðsemis- og arðgreiðsluformúlum öllum til hliðar um stund og veltum því fyrir okkur hvort vænlegasti kosturinn í þessu máli sé ekki ósköp einfaldlega sá að halda áfram að reka Landsvirkjun og orkudreifingarkerfið í heild sinni með það meginmarkmið að leiðarljósi að landsmenn búi allir við ódýrt orkuverð og trygga orku. Skilar það sér þá ekki ágætlega líka til eigendanna, þ.e. Reykjavíkur og Akureyrar eins og annarra ef orkuverð er að lækka? Að sjálfsögðu mundi það gilda um þá sem hér búa eins og aðra. Geta þá ekki allir verið sæmilega sáttir við sitt? Það held ég. Auðvitað væri þá miklu nær að ganga hreinlega til verks og kaupa út eignarhlut Reykjavíkur og Akureyrar á uppreiknuðu verði sem nemur framlagi þessara sveitarfélaga og borga þeim vel fyrir og skapa á nýjan leik forsendur til þess að þetta verði eiginlegt landsfyrirtæki þannig að allir landsmenn án tillits til búsetu standi jafnt að vígi inn í framtíðina hvað þetta snertir. Það væri skynsamlegri leið en þau ósköp sem hér er verið að leggja til.

Ég held að í gegnum tíðina, herra forseti, hafi orðið ýmis slys í uppbyggingu þessara mála. Þegar Landsvirkjun kom til sögunnar sem eiginlegur virkjunaraðili og framleiðsluaðili á raforku fyrir stóriðju, átti auðvitað að gera það í sjálfstæðu fyrirtæki. Það voru reginmistök að blanda nokkurn tíma saman almenna notendamarkaðnum og stóriðjuframleiðslunni. Stóriðjuframleiðslan átti að vera í sjálfstæðu fyrirtæki sem stæði undir sér sjálf þannig að ekki væri endalaus tortryggni og meira en það, rökstuddur grunur um það að almennir notendur í landinu væru í raun að niðurgreiða raforku ofan í stóriðjuna. Nóg er nú samt þó ekki sé haldið áfram á þeirri braut að búa til enn tortryggilegri aðstæður í þessu samhengi, enn tortryggilegri aðstæður. Ætli það sé ekki svo að það sé fyrst og fremst verðið til almennra notenda í landinu sem hafi borið uppi þessa eignamyndun en ekki útsölurnar til stóriðjunnar þar sem í raun og veru hefur aldrei náðst viðunandi orkuverð í neinu tilviki og hreinir útsöluprísar og miklir afslættir til nýrra kaupenda eins og kunnugt er. En það er eins og ekki sé nóg að gert í þeim efnum heldur virðist þarna verið að kortleggja inn í framtíðina í raun enn tortryggilegri umbúnað um þessi mál.

Það er ástæða til, herra forseti, að nefna aðeins stjórn fyrirtækisins Landsvirkjunar. Það bregður svo við í anda þeirrar lýðræðisástar og valddreifingar sem er stunduð núna, sérstaklega í nafni einkavæðingar og „háeffunar" af ýmsu tagi og gengur aftur hér, að í tísku er á Íslandi að kalla það að draga úr ríkisafskiptum að þverpólitískum eða lýðræðislega kjörnum stjórnum á Alþingi er hent út og einstakir ráðherrar fá í staðinn vald til að tilnefna alla stjórnarmenn eða alla fulltrúa ríkisins í viðkomandi embætti og ráð. Mig undrar, herra forseti, hversu lítil umræða hefur orðið um það sem þarna er að gerast. Að mínu mati er með þessu náttúrlega verið að snúa öllu á haus sem rætt er í þessu sambandi. Þetta er afturhvarf til stjórnarhátta sem ég hélt að menn væru að reyna að komast í burtu frá. Þetta er pólitísk harðstjórn á hlutunum, þetta er miðstýring. Þetta eru pólitískir hnefar yfir þeim stofnunum og fyrirtækjum sem þarna eiga í hlut eða eitthvað er það. En þetta leggja hæstv. ráðherrar blákalt til eins og ekkert sé og skreyta þetta með ýmsum fallegum nöfnum.

Það er mjög í tísku hjá framsóknarmönnum, sérstaklega framsóknarmönnum, að setja sjálfa sig í nefndir, ráð og stjórnir eins og kunnugt er. Það er yfirleitt ekki skipuð sú stjórn, þar sem Framsfl. má nokkru ráða eða fær fyrir náð og miskunn samstarfsflokksins að tilnefna mann, að það sé ekki a.m.k. þingmaður frá Framsfl., háttsettur maður sem settur er inn í þær stjórnir. Framsfl. skipar yfirleitt ekki í nefndir til að undirbúa mál eða skoða þau öðruvísi en a.m.k. einn eða helst tveir þingmenn Framsfl. séu í því starfi. Það er því nokkurn veginn alveg öruggt mál að a.m.k. tveir þingmenn fara inn í stjórn Landsvirkjunar úr Framsfl. um leið og hæstv. iðnrh. fær þarna þrjú sæti. Það er eiginlega alveg borðleggjandi miðað við reynsluna sem af þessu er hingað til. Er þá verið að draga úr pólitískum afskiptum? Er það þá framför í lýðræðislegu tilliti? Er líklegt að skapist frekar sátt um málin með slíkum vinnubrögðum? Þetta er alveg kostulegt, herra forseti.

Ég mótmæli því mjög harðlega hvernig á að fara að ráðskast með þetta fyrirtæki landsmanna líka að þessu leyti til. Á meðan ríkið fer með eignarhaldið fyrir hönd landsmanna, a.m.k. að stórum hluta til, þá er langskynsamlegasta og sanngjarnasta leiðin að annaðhvort sé kosið beinni kosningu til slíkrar stjórnar eða Alþingi, sem fulltrúi almannahagsmuna á hverju kjörtímabili, tilnefni þetta í þeim hlutföllum sem þar eru.

Herra forseti. Vegna þess samhengis sem þetta mál er í og hvernig viðhorfin eru almennt úti í þjóðfélaginu held ég að ástæða sé til að líta aðeins á umsagnir frá einstökum aðilum. Ég las mér dálítið til um þetta í gær og í dag og fór m.a. yfir umsagnir sem um frv. hafa borist til hv. iðnn. og mér er það nokkurt umhugsunarefni, satt best að segja. Ég er nokkuð hissa ef það hefur ekki nein áhrif á afstöðu einstakra þingmanna þegar þeir átta sig á því hvernig umhverfið hefur brugðist við þessu máli. Eða er það svo að það skipti menn ekki nokkru máli, mönnum sé alveg nákvæmlega sama hvernig almenningur í landinu eða einstakir aðilar sem málinu tengjast bregðast við. Við skulum aðeins líta yfir það, herra forseti. Nefndarálit 2. minni hluta er myndarlegt nál. og vel úr garði gert eins og nál. eiga að vera þannig að þingmenn aðrir en þeir sem sitja í viðkomandi nefnd fái einhverjar upplýsingar um málin. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst nál. meiri hlutans á hinn bóginn og jafnvel að nokkru leyti 1. minni hluta vera nokkuð ómerkileg. Mér finnst það heldur ómerkilegt, ég verð að segja það með fullri virðingu og hef ég þó stórvin minn, formann iðnn. hér fyrir framan mig, að skila einu blaði um svona stórt mál. Það er ekki einu sinni fyllt báðum megin á það. Var meiningin að leyna þessum umsögnum fyrir þinginu eða hvað? Var treyst á að minni hlutinn sæi fyrir því að koma þeim á framfæri? Hver var hugsun meiri hlutans í þessu sambandi? (Gripið fram í.) Ja, það fer nú eftir því hvernig málin eru vaxin. (Gripið fram í.) Ef ágreiningur er um mál og það ljóst, þá er það iðulega birt. Það er iðulega gert, hv. þm. Ég þakka í öllu falli 2. minni hluta fyrir að sjá til þess að fylgiskjölin fengju að líta dagsins ljós, umsagnir um málið, því ég held að ástæða sé til að koma því á framfæri hvernig umhverfið er í tengslum við þetta mál.

Þá skulum við byrja á umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er stundum mikið í tísku að hlusta mikið á Samband

ísl. sveitarfélaga. Meginafstaðan er sú að stjórnin er sammála um að nota eigi það fé sem kemur frá Landsvirkjun til að greiða niður raforku til húshitunar og/eða til orkusparandi aðgerða. Það er því alveg ljóst að Samband ísl. sveitarfélaga leggst á þá sveif í þessu máli sem lýtur að því að nota beri fjármuni sem til skipta eru í þetta verkefni fremur en greiða þá út sem arð.

Í öðru lagi, herra forseti, staldra ég við umsögn Ríkisendurskoðunar. Það hafa reyndar aðrir gert því máli nokkuð góð skil í umræðunum nú þegar. Ég get því farið þar fljótt yfir sögu en mér sýnist alveg ljóst að Ríkisendurskoðun gerir þarna mjög alvarlegar athugasemdir sem lúta að því að verið sé að skerða í raun eftirlitsmöguleika þingsins. Það er verið að færa þetta fyrirtæki undan þinginu með því að þingið hættir að kjósa til þess stjórn að sínu leyti. Það er að sjálfsögðu afturför í þeim skilningi að hægt sé að gæta almannahagsmuna með sem tryggustum hætti, að löggjafinn hafi það í sínum höndum og að Ríkisendurskoðun, sem eftirlitstæki að þessu leyti, hafi beinan og óhindraðan aðgang að öllu sem þarna fer fram. Það er sagt beinum orðum: „Ákvæðið mun skerða beina eftirlitsmöguleika eignaraðila með fyrirtækinu nái frv. óbreytt fram að ganga." Var það tilgangurinn? Hvaða tilgangi þjónar það? Ég held að hæstv. iðnrh. verði aðeins að svara fyrir það hvað fyrir mönnum vakir í þessum efnum.

Þá kem ég, herra forseti, að umsögninni sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sleppti að lesa mér til mikilla vonbrigða og hryggðar. Það er umsögnin frá Orkubúi Vestfjarða. Ég var satt best að segja alveg undrandi þegar ég heyrði að hv. þm. lauk ræðu sinni án þess að minnast á þessa merku umsögn. (**SvG:** Ég held hann hafi lesið í staðinn frá Rafveitu Hafnarfjarðar.) Það kann vel að vera og hugsanlega hyggur hv. þm. á framboð í því kjördæmi en þetta var furðulegt og kannski hefur þessi framganga hans forspárgildi. (**ÁMM:** Fyrir hverja ætlar hann að fara í framboð?) Að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fari sömu slóð og fleiri þingmenn Vestfjarða hafa áður farið. (**ÁMM:** Fer hann fyrir sameinaða jafnaðarmenn?) (**SvG:** Fyrir Steingrím.) Því verður hv. þm. að svara sjálfur. Ekki ætla ég að hlutast til um það. En mér fannst þetta sérkennilegt áhugaleysi um afstöðu Vestfjarða í þessu sambandi. Í umsögn Orkubús Vestfjarða, dags. 9. des. 1996., segir svo, með leyfi forseta.

„Með bréfi dags. 26. nóvember 1996 var óskað umsagnar. ... Skrifleg umsögn um frv. fer hér á eftir:" Svo kemur feitletrað: „Af hálfu Orkubús Vestfjarða er frumvarpi þessu mótmælt og þess óskað að það nái ekki fram að ganga. Fyrir þessari afstöðu liggja margvísleg rök og eru þau helstu:

1. Útreikningi á „eigendaframlögum" er hafnað. Langstærsti hluti þessara framlaga myndast samkvæmt útreikningnum þegar Sogsvirkjanir eru lagðar inn í Landsvirkjun 1965 ásamt vatnsréttindum í Tungná og Þjórsá og þegar Laxárvirkjun sameinast Landsvirkjun 1983.

Hver voru raunveruleg peningaframlög eigenda til þessara virkjana? Með sömu aðferðafræði" — þ.e. væntanlega sömu aðferðafræði og notuð er til að reikna út eigendaframlögin í eigendanefndinni — „geta eigendur Landsvirkjunar stofnað nýtt orkufyrirtæki og lagt Landsvirkjun inn í það og „eigendaframlögin" í nýja orkufyrirtækinu væru þá 26 milljarðar kr."

Er þetta ekki það sem málið snýst um að með bókhaldskúnstum af því tagi væri auðvitað hægt að taka Landsvirkjun eins og hún er í dag og stofna nýtt fyrirtæki og leyfa kannski Kópavogi að eiga 1% í því og segja: Við leggjum hérna inn verðmæti upp á 26 milljarða kr. Það verður stofninn í nýja batteríinu sem við ætlum svo að taka arð út á um ókomin ár. Er það ekki? Eru þetta ekki akkúrat kúnstir af þessu tagi sem hér er verið að fjalla um í umsögn Orkubús Vestfjarða?

„2. Landsvirkjun hefur í skjóli einokunaraðstöðu á orkuvinnslusviðinu getað haldið uppi gjaldskrá sem hefur legið langt fyrir ofan langtímajaðarkostnað orkuverðs frá nýjum virkjunum (nú tæpum 50% hærri) og er það hin raunverulega ástæða fyrir mjög hraðri eignamyndun fyrirtækisins og góðri stöðu þess." — Þetta er með öðrum orðum ekki Hagkaupsrekstur því þó að ýmsum þyki nóg um umsvif Hagkaup/Bónus-keðjunnar hér þá hefur hún þó ekki hreina einokunaraðstöðu. Hún er ekki eini aðilinn sem lögum samkvæmt má selja matvöru eða smásöluvarning. Svo er ekki. Einhverjir kaupmenn eru a.m.k. eitthvað að reyna að klóra í bakkann og keppa við þá. En það hefur Landsvirkjun haft. Hún hefur getað ráðið verðinu og hún hefur getað verið með afskriftatíma af þessu tagi, haldið uppi verði langt ofan við langtímajaðarkostnað.

„3. Landsvirkjun hefur til þessa fjármagnað framkvæmdir sínar að stærstum hluta með lánsfé og aðeins að örlitlum hluta með framlögum eigenda. Af lánsfé eru greiddir vextir og er horft til þeirra og reyndar allra annarra kostnaðarþátta þegar gjaldskrá Landsvirkjunar er sett. Það eru því kaupendur orku af Landsvirkjun sem bera fjármagnskostnað af framkvæmdalánunum. Eðlilegt er talið að eigendur njóti arðs af raunverulegum peningaframlögum sínum." — Það er athyglisvert að fara yfir þetta sjónarmið Vestfirðinganna í ljósi þess að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði lykkju á leið sína í röksemdafærslu við að reyna að tæta þetta niður, að það væri á nokkurn hátt réttlætanlegt að vísa til þess að kaupendur að raforku frá Landsvirkjun hefðu myndað eigið fé í fyrirtækinu. Það taldi hann arfavitlaust og fór út í alveg kostulegan samjöfnuð við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Hagkaup. En hér er þessu engu að síður haldið fram og það stutt býsna gildum rökum af þeim sem tala fyrir hönd Orkubús Vestfjarða.

Í fjórða lagi segir þetta, herra forseti: „Oft er minnst á ábyrgð eigenda á rekstri Landsvirkjunar. Hver er þessi ábyrgð hjá fyrirtæki sem hefur einokunaraðstöðu, framleiðir afurð sem enginn getur verið án og engin samkeppni er til staðar?" — Það er meiri áhættan, það er meiri ábyrgðin sem menn taka. — „Hún virðist lítil sem engin, öllum áföllum í rekstri fyrirtækjanna er velt yfir á orkukaupendur með hærri gjaldskrá. Í þessu sambandi má t.d. benda á hærri kostnað Landsvirkjunar vegna Blöndu, sem greiddur er af orkukaupendum með hærri gjaldskrá." — Þetta er mjög gott dæmi. Lýsir alveg í hnotskurn því hvernig aðstæður eru hér. Ef Landsvirkjun hefði verið eiginlegt einkafyrirtæki sem sjálft hefði orðið að taka sína áhættu eða eigendur þess og hefði stundað viðskipti í öðruvísi umhverfi, hefði það þá getað velt milljarðakostnaði af ótímabærri virkjun Blöndu sjálfkrafa yfir á notendur? Svarið er nei. Það var aðstaðan, lagalega umhverfið og starfsumhverfið sem fyrirtækinu er búið sem gerði því kleift að taka á sig þetta áfall án þess að það kæmi að nokkru leyti niður á svokölluðum eigendum fyrirtækisins. Þetta er ekkert sambærilegt við einkarekstur og samkeppnisrekstur. Það er út í hött að líkja þessu tvennu saman.

Síðan segir að lokum í 7. tölulið, herra forseti, og það er nú kannski mergurinn málsins: „Lagafrumvarp þetta hefur

þann eina tilgang að bæta fjárhagslega stöðu eigenda Landsvirkjunar á kostnað orkukaupenda." — Þetta er mikið sagt en það er nú samt gert. — „Eigendur Landsvirkjunar eru að reyna að fá stimpil Alþingis á þá reikningsleikfimi að framlög þeirra til fyrirtækisins nemi rúmum 14 milljörðum króna til þess að geta síðan krafist arðs af þeirri upphæð." — Það er alveg rétt. Ef Alþingi stimplar sem heilaga tölu þessa 14 milljarða þá verður það sjálfsagt ekki aftur tekið. Þar með myndast fóturinn, viðmiðunin langt inn í framtíðina fyrir arðgreiðslur svokallaðra eigenda.

Ég held, herra forseti, að umsögn af þessu tagi sem er rökstudd og sett fram á skiljanlegu máli, eins og Vestfirðingar geta enn talað, verðskuldi það að henni sé svarað. Hverju svarar hæstv. iðnrh. athugasemdum Orkubús Vestfjarða lið fyrir lið, herra forseti? Ef hægt væri að koma því til iðnrh., með bréfi eða munnlega, á næstu dögum af því hann er farinn einu sinni enn, að hæstv. ráðherra svari því sem hér kemur fram. Það verðskuldar að það sé gert. Hvað segja aðrir þingmenn Vestf. en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson? Hver er afstaða þeirra? Taka þeir mark á þessum vel ígrunduðu og rökstuddu sjónarmiðum Orkubús Vestfjarða eða ekki? Ætla stjórnarliðar, aðrir en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem hér hefur lýst andstöðu við frv. og hafði reyndar um það býsna sterk orð og skóf ekkert utan af hlutunum frekar en hans var von og vísa, ætla þeir að lötra samt í slóðina og greiða þessu máli atkvæði?

Herra forseti. Það má halda lengi áfram. Ég nefni t.d. í fjórða lagi umsögn Hitaveitu Suðurnesja því hér situr mér, skeggjaður, á hægri hönd úti í hliðarsal, hv. þm. Árni Mathiesen og kann að hafa einhver sjónarmið í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Þá væri ágætt að líta aðeins á umsögn Hitaveitu Suðurnesja sem er eiginlega orðin eins konar orkubú fyrir Suðurnesin eins og kunnugt er og er miklu meira en hitaveita, framleiðir heilmikið rafurmagn. Þar er skemmtilega að orði komist og má hrósa þeim Suðurnesjamönnum fyrir að koma hlutunum skýrt og skiljanlega frá sér, ekkert síður en Vestfirðingum, því þeir segja í fyrsta lagi:

„Segja má að einn helsti galli við þetta frumvarp sé það sem ekki er í frumvarpinu. Þá má og segja að þar sem yfirlýstur tilgangur breytinganna er í raun ekki að bæta rekstur eða hag Landsvirkjunar eða viðskiptavina hennar heldur hag eigenda Landsvirkjunar ..."

Hér er nákvæmlega sama sjónarmið sett fram. Að þetta frv. snúist hvorki um hagsmuni fyrirtækisins sem slíks og þaðan af síður raforkunotenda eða kaupenda í landinu almennt heldur fyrst og fremst um hag svokallaðra eigenda. Og það er mergurinn málsins. Hvar var samkomulagið kokkað sem liggur til grundvallar frv.? Hvaðan kom sá boðskapur? Hann kom úr eigendaklúbbnum. Þannig að það er eðlilegt. Bakgrunnur málsins er slíkur að hann býður í raun og veru ekki upp á annað.

Í umsögn Hitaveitu Suðurnesja eru nefndir margir sömu þættir og áður hafa komið fram en þar er í athyglisverðum kafla í 2. tölulið fjallað um afskriftatímann og hvernig hann kemur inn í bókhaldslega eiginfjármyndun í fyrirtækinu. Ég nefndi það í máli mínu að með því að borga lánin niður mun hraðar en sem svaraði afskriftatíma mannvirkja þá verður til mikið eigið fé. Það er alveg rétt. Það er mjög góð aðferð til þess að ná sér hratt í verðmætaeign að þegar reist eru varanleg mannvirki sem staðið geta fyrir sínu og framleitt verðmæti um áratugi og jafnvel aldir að borga þau engu að síður niður á kannski 20–30 árum þannig að þá standi þau skuldlaus. Það er nú ekki dónalegt ef menn hafa einokun að láta menn bara afskrifa þetta í hvelli þannig að svo standi menn með skuldlaus mannvirki og geti haft þeim mun meiri myljandi hagnað. Það er þetta sem Hitaveita Suðurnesja er m.a. að benda á.

Það er augljóst mál að arðgreiðslurnar, féð sem verður tekið út úr þessu fyrirtæki á komandi árum, hækka raforkuverðið í landinu sem því nemur. Því að þetta er engin gullgerðarvél. Það verða ekki til nein ný verðmæti með þessum æfingum. Peningarnir sem Landsvirkjun hefur til að borga eigendum sínum arð koma ekki annars staðar frá heldur en í gegnum raforkuverðið til notendanna. Þeir verða ekki til í Landsvirkjun frekar en í Seðlabankanum þó sumir haldi að það sé hægt að setja á peninga eða eignir eins og búsmala og fá svo afurðir á haustin og láta þá fjölga sér. Það gerist ekki þannig því það á sér ekki stað neinn getnaður, hvorki í Seðlabankanum né í Landsvirkun í formi þess að fjármunir fjölgi sér eða auki kyn sitt. Það er misskilningur. Það eru tekjurnar sem koma frá viðskiptavinunum sem verða til skiptanna. Þetta er spurningin um ráðstöfun á þeim.

Hér er líka athyglisvert bréf frá nýstofnuðum Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum. Það hefði verið fróðlegt ef þeim samtökum hefði unnist tími til að taka þetta mál sérstaklega fyrir en ég veit ekki hvort svo hefur verið vegna þess að þau eru nýstofnuð. Það er þó alveg ljóst að eitt meginbaráttumál þeirra samtaka er að ná niður orkuverðinu á köldu svæðunum. Og þess vegna eru þessi samtök kölluð Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Það er af því að þetta er eitt mesta ójafnaðarmálið sem brennur á landsmönnum, eitt af því sem veldur hvað hrikalegustum aðstöðumun hér í landinu og veldur því að byggðin á þessum svæðum á mjög víða í mikilli vök að verjast. Því vissulega er þetta stór útgjaldaliður hjá fólki og mönnum sviður sá mikli munur sem þarna er nú þegar. Þó ekki verði hér með þessu sérstaka frv. frá Framsfl. aukið enn á hann.

Ef við færum okkur aðeins nær sjálfri höfuðborginni þá hefur Rafveita Hafnarfjarðar skoðun á þessu máli. Hvað segir Rafveita Hafnarfjarðar? Með leyfi forseta:

„Augljóst er að ákvæði 2. gr. frumvarpsins, um arðgreiðslur til hluthafanna Reykjavíkurborgar, Akureyrarbæjar og ríkissjóðs, mun leiða til hækkunar á verði á raforku til Rafveitu Hafnarfjarðar og annarra rafveitna. RH hefur enga möguleika á að kaupa raforku annars staðar frá þannig að RH mun neyðast til að hækka gjaldskrá sína."

Einfalt. Þetta er ekki flóknara en þetta. Menn geta sagt að að svo miklu leyti sem ríkið á þetta og fær arðinn þá geti það út af fyrir sig komið út á eitt. En það er ekki víst vegna þess að það langlíklegast að það sem gerist þá í kjölfarið sé að raforkuverðið verði skattstofn sem þessu nemur. Og er það þá mjög gæfulegur skattstofn? Svarið er nei. Vegna þess að þá eru þeir látnir borga hæsta skattinn sem í raun og veru hafa lökustu aðstöðuna til þess og þurfa að kaupa mesta raforku á dýrasta verðinu. Þetta er því heimskulegur og óréttlátur skattstofn. Og að því leyti væri a.m.k. lágmark að ríkið félli frá sínum hluta arðsins og léti hann koma fram í lægra raforkuverði.

Þeir segja enn fremur í umsögn Rafveitu Hafnarfjarðar: „Rafveita Hafnarfjarðar mótmælir því harðlega að LV greiði eigendum sínum arð, á meðan hún selur raforku til stóriðju á 12,5–18 mill/kWh, á sama tíma og hún selur RH á um 44 mill/kWh. LV mun og selja öðrum rafveitum á svipuðu verði eftir sömu gjaldskrá.

Rafveita Hafnarfjarðar telur því eðlilegt að í stað arðgreiðslu til fyrrnefndra eigenda LV verði gjaldskrá LV lækkuð sem næmi fyrirhuguðum arðgreiðslum.“ — Og undir þetta sjónarmið skal tekið.

Herra forseti. Hefur nokkuð frést af iðnrh.?

(**Forseti** (GÁS): Ekki síðustu mínútur en forseti skal gæta að honum.)

Herra forseti. Mér finnst frammistaða hæstv. ríkisstjórnar ekki svo myndarleg að það veitti neitt af því að hann a.m.k. af öllum mönnum reyndi að halda sig hér í salnum. En auðvitað er alveg sjálfsagt mál að ég fresti ræðu minni, herra forseti. Ef forseti vill fresta umræðunni eða slíta fundi þá get ég alveg gert hlé.

(**Forseti** (GÁS): Hæstv. ráðherra er hér í húsinu og ég vænti hans innan örfárra mínútna.)

Herra forseti. Ég er svona rúmlega búinn með innganginn af ræðu minni þannig að ég gæti alveg gert hér hlé ef við getum ekki haldið umræðunni lengur áfram vegna fjarveru ráðherra, þá býð ég upp á það. (Gripið fram í.) Það væri fróðlegt, herra forseti að fá hingað til skoðanaskipta fleiri hæstv. ráðherra. Ég spyr t.d. um hæstv. forsrh. Er það ekki svo að byggðamál heyri undir hæstv. forsrh.? Byggðastofnun og allt það?

Er það þannig að hæstv. ríkisstjórn ætli að láta sem vind um eyru þjóta þá afstöðu sem er að koma hér fram frá hagsmunagæslumönnum íbúa alls staðar annars staðar að af landinu en þar sem menn eiga sérstaklega beinna hagsmuna að gæta í þessu máli? Það er að segja frá öðrum sveitarfélögum og öðrum raforkudreifingarsvæðum heldur en þessum tveimur? Svo virðist vera. Það þarf enga landsbyggð til. Það þarf ekki lengra ferðalag en til Hafnarfjarðar til að finna harða andstöðu við þetta mál. Til þess að hafa fullt jafnræði í hlutunum skulum við taka eins og tvo staði í viðbót. Eigum við að segja Vestmannaeyjar, herra forseti? Þar er byrjað á því að vitna í skýrslu frá nefnd um skipan orkumála í landinu. Það var hvorki meira né minna en 19 manna nefnd sem iðnrh. setti á laggirnar til að taka fyrir þetta mál, framtíðarskipan orkumála. Þeir segja í umsögn frá Bæjarveitu Vestmannaeyja:

„Frumvarp það sem hér er til umræðu virðist ganga þvert á meginhugmyndir fyrrnefndrar skýrslu“. Væntanlega um orkujöfnun, verðjöfnun í landinu og fleira því um líkt.

Í umsögn Bæjarveitu Vestmannaeyja segir einnig:

„Sú grein í frv. þessu sem að mínu áliti stenst ekki nútímahugsun, er 2. gr. laganna. Í stað þess að aðstæður ráði arðgreiðslum“ — svo sem afkoma fyrirtækisins — „þá setjast þeir aðilar niður sem teljast“ — og það orð er undirstrikað — „til eigenda Landsvirkjunar, og ákveða hvað þeir ætli að bera úr býtum.“ — Ákveða það sisvona að arðurinn skuli vera þessi. Og maðurinn sem talar er Friðrik Friðriksson veitustjóri. Það kemur fram síðar í þessu ágæta áliti að það sem lögð er höfuðáhersla á að skipti meginmáli við endurskoðun laga fyrir Landsvirkjun sé að þeim sveitarfélagaveitum sem ekki geta haft bein viðskipti við Landsvirkjun verði tryggt sama innkaupsverð og þeim veitum sem geta tengst byggðalínu beint og þar með átt bein viðskipti við Landsvirkjun. Þ.e. þau fyrirtæki sem eru dæmd í þá stöðu með núverandi skipulagi að kaupa raforkuna í gegnum millilíðinn Rafmagnsveitur ríkisins. Þetta kemur inn á það sem ég gerði að umtalsefni fyrr í ræðu minni að auðvitað er algjörlega fráleitt að gera þessar breytingar öðruvísi en í samhengi við heildarskipulag raforkudreifingarmálanna í landinu. Þá þarf að taka stöðu Rafmagnsveitna ríkisins inn í og spurninguna um það hvað á að verða um það fyrirtæki. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það ætti að sameina Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun og frekar skipta því fyrirtæki þá upp í tvennt ef menn vildu svo viðhafa, t.d. annað sem ræki dreifikerfið og hitt sem framleiddi, en það væri þá algjörlega ljóst að eingöngu væri um landsfyrirtæki að ræða sem hefði sömu stöðu og sömu skyldur og væri með sama verð um allt land, gagnvart öllum. Því annars geta menn aldrei tryggt verðjöfnun, það mun koma á daginn.

Eigum við að segja, herra forseti, að við endum svo á því að vitna til umsagnar Rafveitu Sauðárkróks. Hana er að finna í fylgiskjölum með nál. 2. minni hluta iðnn. Þar er tekið svo skörulega til orða að þar er sagt, með leyfi forseta:

„Það skal tekið fram strax í upphafi að undirritaður forstöðumaður Rafveitu Sauðárkróks telur brýna nauðsyn bera til að heildarendurskoðun á lögum og reglum um eignarhald og skipulag raforkugeirans í heild eigi sér stað og af þeim sökum er ég fullkomlega andvígur samþykkt þessa frv. í þeirri mynd sem það er lagt fram.“

Síðar segir: „Þetta frv. er augljóslega samið af þeim þremur aðilum sem teljast eigendur Landsvirkjunar og þarna eru hagsmunir þeirra niðurnjörvaðir til margra ára og ekkert tillit tekið til heildarhagsmuna orkugeirans eða þeirra aðila sem ekki eru í beinum viðskiptum við fyrirtækið en eiga þó mikilla hagsmuna að gæta.“

Þessi umsögn er frá Rafveitu Sauðárkróks, herra forseti, og undir þetta skrifar Sigurður Ágústsson rafveitustjóri. En þetta álit hefur ekki haft mikil áhrif á formann iðnn., því miður. Þekkir hann þó sæmilega til á Sauðárkróki. Maður fer þá að spyrja sig að því hvort allir umsagnaraðilar um frv. séu svona gjörsamlega á villigötum. Er þetta allt einhver reginmisskilningur hjá öllum þessum ágætu mönnum sem tala fyrir hönd Orkubús Vestfjarða, Rafveitu Hafnarfjarðar, Bæjarveitna Vestmannaeyja, Rafveitu Sauðárkróks, Samtaka sveitarfélaga, Hitaveitu Suðurnesja o.s.frv. Og eru þetta þó menn sem maður hélt að hefðu pínulítið vit á orkumálum, vissu hvar eldurinn brennur á. En það á greinilega ekki að gera mikið með mat þeirra eða viðhorf til þessa máls enn sem komið er að minnsta kosti.

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það séu miklu meira en nægjanlega gild rök fyrirliggjandi í þessu máli til að vísa því frá, til að afgreiða það ekki. Með hvaða hætti sem menn vildu þá halda á því í framhaldinu. Ég er ekki að mæla með því að málið sé látið liggja afvelta lon og don. En ég held að hæstv. iðnrh. gerði réttast í því að átta sig á því að hann er komin út í ógöngur með þetta mál, út í fen. Ég hélt að hæstv. ráðherra væri að berjast á nógu mörgum vígstöðvum um þessar mundir til þess að vera ekki að standa í styrjöld út af þessu núna til viðbótar við annað. Ætli það fari þá ekki þannig fyrir hæstv. ráðherra, án þess að ég ætli að fara að líkja honum við meiri háttar herforingja í sögunni, að hann hafi litla uppskeru af því að vera að berjast á allt of mörgum vígstöðvum í senn. Það væri skynsamlegast að taka þetta mál og leggja það til hliðar, setja það í einhvern vinnufarveg þannig að ekki þyrftu að standa jafngrenjandi deilur um jafnafdrifaríkan hlut og þann hvernig eigi að reikna út og meta raunverulegt framlag svokallaðra eigenda Landsvirkjunar inn í dæmið. Það munar um minna en fullyrðingar sem annars vegar hljóða upp á 14 milljarða og hins vegar rúma 2 milljarða. Þó að útkoman gæti að lokum kannski legið einhvers staðar þarna á milli þá eru það býsna stórar tölur og

einhvern tímann hefðu menn séð ástæðu til að staldra aðeins við yfir minni skekkju en það, þó maður taki ekki prósenturnar í því heldur bara upphæðirnar, þ.e. 12 milljarðar kr. Ég veit ekki hvað aumingja fjárln. er að svitna út af smámunum þegar hún situr lon og don dögum saman yfir því að togast á um 50 þús. kr. hér og hálfa milljón þar. Svo eru bara allt í einu 12 milljarðar á lausu svífandi í loftinu og enginn segir neitt.

Herra forseti. Ég held líka að stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar væri mikill greiði gerður með því að málið fengi aðeins betri skoðun. Ég er ekki viss um að þetta verði léttasti bagginn sem þeir fara með á bakinu heim til sín, hv. þm., sem ætla að láta sig hafa það að samþykkja þetta. Ég er ekki einu sinni viss um að þeir fái mikið hrós þó þeir eigi heima í Reykjavík eða þess vegna á Akureyri. Ég held að réttsýnt fólk hvar sem það býr í landinu biðji fyrst og fremst um að niðurstaðan sé vel ígrunduð og sanngjörn. Ég hef enga trú á því að Akureyringar t.d. séu að ætlast til þess að þeir njóti einhverra sérstakra óverðskuldaðra hlunninda út á það fyrirkomulag sem hér hefur verið við lýði um nokkurt árabil. Það held ég ekki. Að minnsta kosti mundi ég sem þingmaður þess kjördæmis ekki leggja slíku lið. En að sjálfsögðu tel ég eðlilegt að Akureyri fái sanngjarnan hlut, fái það sem þar hefur raunverulega verið lagt fram, en það sé sett í samhengi við þau lög og þá fyrirgreiðslu sem af hálfu hins opinbera hefur verið lögð af mörkum og átt þátt í því að mynda þessar svokölluðu eignir og ekki er hægt að horfa fram hjá. Einkaleyfi og einokunaraðstöðu, sjálfkrafa heimildum til virkjana þar sem hagstæðustu virkjunarkostir lágu í landinu á þeim tíma þegar verið var að gera slíkt. Ábyrgð ríkisins á öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Afskriftatíma sem hefur verið með þeim hætti að notendur hafa verið að afskrifa mannvirki eða fjárfestingar mjög hratt og mynda þar með bókhaldslega eign í fyrirtækinu.

Þetta verður að skoða líka og taka til miklu vandaðri skoðunar en hér liggur fyrir. Þó að einhverjir merkismenn, einhver J.P. Morgan hafi verið að reikna þá held ég að það sé ekki frambærilegt að byggja fyrst og fremst á áliti eins aðila af því tagi á grundvelli tiltekinna forsendna sem þar eru settar upp og má vissulega deila um margar. Ég held a.m.k. að menn verði að hafa fyrir því að rökstyðja þetta og hrekja þá það sem fram hefur komið í umræðunni um að hið eiginlega fjárframlag sé af allt annarri stærðargráðu og minni.

Herra forseti. Ég held líka að þessi raforkudreifingarmál í heild sinni liggi þannig nú, og þau hafa auðvitað alltaf gert það, að það sé mikil nauðsyn að finna þverpólitískan vettvang sem væri þannig úr garði gerður að menn treysti því sæmilega sem þaðan kæmi. (**Gripið fram í:** Það var gert.) Það var gert með 19 manna nefndinni en það var ekki gert í þessu máli. Aldeilis ekki. Hver var aðild annarra sveitarfélaga en Reykjavíkur og Akureyrar að þessu eigendasamkomulagi? Sátu þeir á þeim fundum? Skrifuðu þeir upp á þetta? (**Gripið fram í:** Hluthafar ríkisins.) Hluthafar ríkisins já, fulltrúar Framsfl. Ég verð að leyfa mér að gera við það mjög sterkar athugasemdir að þar með jafngildi það því að t.d. aðrar veitur í landinu hafi komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Það verður ekki séð af afstöðu þeirra fyrir vestan, austan eða sunnan o.s.frv. Málið er náttúrlega það að iðnrh. er á næfurþunnum ís í þessu máli. Það er í raun og veru þegar farið að brotna undan hæstv. ráðherra.

Ég held að það eigi að taka þetta mál allt til endurskoðunar, herra forseti, það eigi að falla frá því að afgreiða það nú og í þeim búningi sem þetta er hér. Það er óráð. Það er óðs manns æði. Það mun valda ófriði og illindum. Það er ávísun á átök um þessi mál inn í framtíðina. Nógu umdeilanlegar eru þær aðstæður sem við blasa í málinu að öðru leyti og á ég þá t.d. við virkjunaráformin í tengslum við fyrirhugaða stóriðju og hlut Reykjavíkur í því að fara að virkja og taka fram hjá verðjöfnunarkerfinu talsvert magn af raforku til sérstakrar verðlækkunar þá væntanlega á notendamarkaðnum hér. Þetta eru allt saman hlutir sem þarf að skoða í samhengi, herra forseti.

Ég tók eftir því að hv. 2. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, taldi það vera sérstakt innlegg í þessa umræðu að frumkvæði hefði komið frá Reykjavík eða frá R-listanum. Ég sé ekki hvað það í sjálfu sér kemur málinu við né hvað er óeðlilegt við það þó að sveitarfélögin sem hér eiga beinna og mikilla hagsmuna að gæta reyni að fá sem hagstæðasta útkomu fyrir sig út úr dæminu. Auðvitað skilur hver maður það. Það er nú einu sinni þannig að bæjarfulltrúar og borgarfulltrúar eru kosnir til þess og á þeim hvíla lagaskyldur að gæta hagsmuna sinna sveitarfélaga þannig að enginn á að vera undrandi á því. En þetta á að vera sanngjörn niðurstaða sem fleiri geta verið ánægðir með heldur en þessir einstöku hagsmunaaðilar. Um það snýst málið. Og gangi þetta eftir eins og það er lagt upp þá er alveg ljóst að það á að knýja þetta í gegn í grenjandi andstöðu við alla aðra. Ég undrast satt best að segja hreysti hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að ætla að fara með þetta norður á Sauðárkrók, og ætla yfirleitt að reyna að bjóða sig fram næst. Sennilega er þetta ávísun á að ýmsir gætu verið að hugsa sér að hætta í pólitík og telji sig ekki þurfa að leggja verk sín undir dóm kjósenda oftar. (**StG:** Ekki Stefán Guðmundsson.) Ég get a.m.k. ekki ímyndað mér að Stefán Guðmundsson fái atkvæði rafveitustjórans á Sauðárkróki eftir þetta mál miðað við þá umsögn sem sá ágæti maður skrifaði undir, hafi hann þá nokkurn tímann kosið hann. (**StG:** Ég held að hann hafi aldrei kosið mig.) Nei, það kæmi mér ekki á óvart. (Gripið fram í.) Hvernig sem það nú er, herra forseti, að öllu gamni slepptu af því að auðvitað eru ekki hér nein gamanmál á ferð þá er það alveg ótrúlegt að um málaflokk sem er svo mikilvægur og varðar svo almenna og víðtæka hagsmuni í landinu skuli menn vinna svona að lagasetningu, að bakgrunnur stjfrv. skuli vera þessi. Það er alveg furðulegt. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég held að þetta þættu ekki góð vinnubrögð víða annars staðar ef við værum t.d. með breytingar á ferðinni sem vörðuðu ýmis önnur mál. Við skulum hugsa okkur að þetta væru frv. á sviði sjávarútvegsins og það væri eingöngu talað við sjávarútvegsaðilana frá tilteknum landshlutum. (Gripið fram í.) Það eru þó heildarsamtök, herra forseti, en ekki bara hagsmunagæsluaðili einhvers tiltekins svæðis eins og hér er um að ræða. Þetta er alveg furðulegt.

Ég skora á hv. þm. að hugsa vel sinn gang í þessu máli. Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða þá ákvörðun sína að reyna að knýja þetta í gegn. Það er alveg ljóst að það verður mannfall í liði stjórnarliða og vonandi nógu mikið til að stoppa málið. Það er kannski ekki útséð um það. Út af fyrir sig væri það sigur sem ég veit ekki hvort þjónaði svo sem nokkrum tilgangi þó málið færi þannig, í vaskinn ef svo má að orði komast. Það væri auðvitað miklu jákvæðara að menn tækju vitræna afstöðu í ljósi aðstæðna í málinu, drægju þetta til baka, eða legðu það til hliðar og kæmu málinu í vinnufarveg á nýjan leik þannig að reynt yrði að ráða brotun-

um saman eða tína þau saman aftur og byrja að byggja upp samstöðu um skipan þessara mála í landinu. Það kann ekki góðri lukku að stýra að þjösnast áfram í stórmálum af þessu tagi með þessum vinnubrögðum. Hæstv. iðnrh. á eftir að reka sig á það, ef svo heldur fram sem horfir, að þetta er ekki gæfulegur framgangsmáti og leggur ekki beinlínis sléttan veg fram undan fyrir hæstv. ráðherra til að taka á þessum málum í framhaldinu ef þetta verður pínt svona í gegn hér. Það er ófarnaðaraðgerð sem þjónar engum tilgangi.

[18:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrr í morgun er ég áheyrnarfulltrúi í iðnn. og er í megindráttum sammála nefndaráliti 1. minni hluta nefndarinnar. Ég verð að segja það, herra forseti, að það var mjög athyglisvert að fá til umræðu svo til samtímis tvö mál á sviði orkumála í einu, þetta frv. og hins vegar niðurstöðu orkulaganefndar sem pólitísk samstaða náðist um, nefndar sem skipuð var fulltrúum allra flokka. Í því nefndaráliti er lögð áhersla á aðskilnað vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu á raforku sem talinn er vera forsenda fyrir samkeppni á þessu sviði.

Eins og fram hefur komið í þessari umræðu telja fjölmargir umsagnaraðilar að samþykkt þessa frv. tefji þá framtíðarsýn um skipan orkumála sem fram kemur í áðurnefndu nefndaráliti. Hins vegar þykir mögulegt að taka þá stefnu þó að hægja verði verulega á ferðinni.

Meginatriði þau sem ágreiningur var um í nefndinni eru dregin saman í nefndaráliti 1. minni hluta og vil ég ítreka þau hér. Í fyrsta lagi fannst mjög mörgum í nefndinni að ekki mætti skerða eftirlitsmöguleika Ríkisendurskoðunar, að eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar vegna einokunaraðstöðu fyrirtækisins yrði að vera tryggð hjá Samkeppnisstofnun, að það væri rétt að skýrt yrði kveðið á um það í nefndaráliti um jöfnun orkuverðs að arðgreiðslumarkmið yrðu víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðum og að þegar í stað yrði hafinn undirbúningur að stofnun raforkuflutningsfyrirtækis, svokallaðs Landsnets, í samráði við sveitarfélögin og orkuveitur í landinu, en það er ein af tillögum orkulaganefndar.

Þetta voru atriði sem mjög margir umsagnaraðilar komu inn á og má segja að nefndarmenn úr öllum flokkum hafi tekið undir þetta þó að málið hafi verið tekið út úr nefndinni áður en fullreynt var að mínu mati að ná meiri samstöðu en hugsanlega hefði verið mögulegt. Reyndar er málið nokkuð sérstakt vegna þess að þarna er um að ræða bindandi samkomulag sem þingið er í raun og veru bara beðið um að samþykkja.

Vegna umræðunnar um umhverfismál sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförnum dögum, vikum og mánuðum vil ég vekja athygli á því að þetta frv. fjallar ekkert um það hvar skuli virkjað á næstunni né hve mikið. Það er mjög mikilvægt að það komi fram. Það er fyrst og fremst verið að breyta fyrirtækinu Landsvirkjun og ætlunin er að lögleiða samning sem eigendur Landsvirkjunar, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og ríkið, hafa gert með sér. Það er mjög mikilvægt að fólk átti sig á hvernig þetta samkomulag er komið til en það mun vera komið til vegna óskar Reykjavíkurborgar um að fá að selja sinn hlut í Landsvirkjun eða losa um það fé sem Reykjavíkurborg hefur bundið í Landsvirkjun. En það var ekki mjög auðsótt og í kjölfar þeirra viðræðna var þessi samningur gerður.

Á fundi iðnn. voru kynntar þrjár mjög mismunandi leiðir til þess að breyta Landsvirkjun og sú leið sem varð fyrir valinu og nú á að fara að lögfesta er bara ein af þeim þrem leiðum sem til umræðu voru. Mér finnst rétt að fara nokkrum orðum um þessa leið því að hún hefur það m.a. í för með sér að Reykjavíkurborg getur ekki losað sig út úr þessu dæmi fyrr en eftir tíu ár. En ástæðan fyrir því að þessi leið var valin ekki einhver önnur, ekki leið tvö eða leið þrjú, var að þessi leið þótti pólitískt ásættanleg af stjórnarflokkunum og af eigendunum. Það er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að þarna er bara ein leið af þremur valin. Hinar leiðirnar hefðu að mínu mati verið nær þeim tillögum sem lagt er til í orkulaganefnd, en um þær leiðir náðist ekki pólitísk sátt.

Ég ætla að stikla á nokkrum atriðum í þeirri leið sem var valin og hér á að lögfesta. Rekstrarform Landsvirkjunar á að vera óbreytt en samið um eigendaframlag, arðsemi, arðgreiðslur og stjórnskipulag. Það á að vera ný ákvörðun um fjárhæð eigendaframlaga. Það var farið í mat og það á að lögfesta hér. Arðgreiðslur eiga að miðast við eigendaframlög. Það á að semja um rekstrarforsendur, arðsemi og arðgreiðslur til tíu ára. Stjórnunarleg atriði eru færð til samræmis við hlutafélagalög og samið um endurskoðunarákvæði fyrir árið 2004. Það er athyglisvert að skoða hvaða kosti og galla Landsvirkjun telur á því að fara þessa leið. Kostirnir við leið eitt, þá leið sem hér á að fara að lögfesta, eru:

1. Óbreytt ábyrgð eigenda á samningum.
2. Arðgjafakröfur taka mið af atvinnuuppbyggingu.
3. Stjórnmálalega ásættanlegt.

Þetta er sú leið sem stjórnarflokkarnir vildu fara, leið sem stjórnarflokkarnir gátu sætt sig við. Og gallar við leið eitt:

1. Eigendur geta ekki selt eignarhlut. — Og ég vek athygli á þessu því niðurstaðan að þessu leyti er þveröfugt við það sem Reykjavíkurborg óskaði eftir. Reykjavíkurborg óskaði eftir að losa fé og losa sig út úr þessu fyrirtæki.

2. Nýtt fjármagn einkaaðila kemur ekki til. — Þ.e. Landsvirkjun fer ekkert á hlutabréfamarkað eða neitt slíkt.

3. Lántökur verða út á ríkisábyrgð fremur en fjárhagsstöðu fyrirtækisins eina og sér.

Mér finnst mikilvægt að vekja athygli á því að þessi leið er sú leið sem stjórnarflokkarnir töldu pólitískt ásættanlega.

Það hefur komið fram í umræðunni í dag og það kom einnig fram hjá mörgum umsagnaraðilum gagnrýni á það hvernig stofnframlög eiganda til útreiknings á arðgreiðslum væru til komin, þ.e. hvort þau kæmu til vegna framlaga eigenda, vegna lána eða ábyrgðar frá ríkissjóði eða vegna þess að raforkuverð hefur verið hátt. Vegna þeirrar gagnrýni sem kom fram sendi borgarstjórinn í Reykjavík að beiðni iðnn. ítarlega greinargerð til iðnn. þar sem hún gerir grein fyrir eignamyndun Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Þessi greinargerð borgarstjóra er reyndar birt bæði í nefndaráliti 1. og 2. minni hluta. En auk þess að fjalla um eignamyndun Reykjavíkurborgar, sem kemur vel fram í þessu áliti, þá er einnig fjallað um aðgerðir til jöfnunar og lækkunar raforkuverðs. Ég ætla ekki að lesa alla greinargerðina upp, en vil aðeins stikla á stóru um þann lið.

Það er bent á að verðjöfnunargjald var lagt á árið 1965 og var afnumið 1986. Talið er að með þessu gjaldi hafi verið innheimtir 13,8 milljarðar og þar af hafi a.m.k. 6 milljarðar verið frá íbúum á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Í öðru lagi er talað um lánayfirtöku ríkissjóðs vegna Rariks, Orkubús Vestfjarða og Rafveitu Siglufjarðar, sam-

tals upp á 12,6 milljarða sem innheimt var á árunum 1978, 1986, 1987 og 1989.

Í þriðja lagi er talað um lánayfirtöku ríkissjóðs vegna byggðalína og Kröflu, samtals upp á 8,5 milljarða sem fóru fram á árunum 1982 og 1985 sem ótvírætt þýddi tilflutning á fjármagni frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Í fjórða lagi er nefnd niðurgreiðsla ríkissjóðs til rafhitunar og styrkir vegna rafvæðingar í sveitum og það eru aðgerðir sem íbúar höfuðborgarsvæðisins kosta jafnt og aðrir landsmenn.

Í fimmta lagi. Afsláttur Landsvirkjunar vegna rafhitunar greiðist að verulegum hluta af íbúum á orkusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þetta segir í bréfi borgarstjórans í Reykjavík. En nú vitna ég beint í þetta bréf borgarstjórans frá 18. desember, með leyfi forseta:

„Auk alls ofangreinds er rétt að benda á að jöfnunargjaldskrá Landsvirkjunar hefur haft í för með sér gífurlegan tilflutning fjár. Raforka er seld samkvæmt sömu gjaldskrá frá 23 sölustöðum í mjög mismikilli fjarlægð frá virkjunum og í nálægð við mjög misstóran markað. Flutningskostnaður Landsvirkjunar er afar mismunandi eftir landshlutum eins og glögglega hefur komið fram m.a. á ársfundum Landsvirkjunar og orkuþingum. Íbúar á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur njóta því ekki stærðar og hagkvæmni markaðarins á þessu svæði. Auk þess taka þeir þátt í verðjöfnuninni bæði sem helmingur þeirra landsmanna sem eiga hlut ríkisins í Landsvirkjun og sem eigendur 45 hundraðshluta í Landsvirkjun gegnum Rafmagnsveitu Reykjavíkur."

Við þetta vil ég bæta að að sjálfsögðu hefur útsöluverð til stóriðju á undanförnum árum gert mun erfiðara að lækka raforkuverð en ella. Að lokum vil ég vitna í þá pólitísku yfirlýsingu þessa bréfs sem kemur fram frá borgarstjóranum í Reykjavík. Þar segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt því sem ég þakka tækifæri til þess að koma upplýsingum á framfæri við hv. iðnn. Alþingis legg ég áherslu á, að borgaryfirvöld eru því fylgjandi að sem mestur jöfnuður ríki í landinu og milli landshluta. Sem eigendur að Landsvirkjun hafa þau stutt þá verðjöfnun sem felst í samræmdri gjaldskrá til allra afhendingarstaða. Það er hins vegar bæði eðlilegt og sanngjarnt að hægt sé að glöggva sig á því hve mikil verðjöfnun er í einstökum tilvikum og að verðlagning á raforku sé sæmilega „gegnsæ", þar með talinn flutningskostnaður. Þá hlýtur það að teljast óeðlilegt að fyrirtæki eins og Landsvirkjun sé starfrækt án þess að hæfilegur arður sé greiddur af bundnu fé eigenda. Raunar stangast það beinlínis á við ákvæði gildandi laga um fyrirtækið þar sem segir að raforkuverð skuli við það miðað að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Sú niðurstaða sem nefnd eigenda komst að um hóflegar arðgreiðslur rúmast svo sannarlega innan þess ramma."

Virðulegi forseti. Mér fannst rétt að þetta sjónarmið borgarstjórans í Reykjavík kæmi hér fram vegna þess að hér hefur aftur og aftur verið komið að því í umræðunni að þetta vonda mál sé runnið undan rifjum borgarstjórnar og borgarstjórn vilji hafa ójöfnuð í orkukostnaði.

Eins og segir í áliti 1. minni hluta, þá styð ég í megindráttum það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar, en tek undir það með 1. minni hluta að það þurfi að gera vissar breytingar og styð breytingartillögur varðandi eftirlit Ríkisendurskoðunar og að starfsemi Landsvirkjunar, þar sem hún er einokunaraðili, falli undir samkeppnislög.

Vegna frávísunartillögu hv. þm. Svavars Gestssonar sem reyndar barst ekki á borð þingmanna fyrr en í dag, þá finnst mér vel koma til greina að styðja hana og vísa málinu til ríkisstjórnarinnar ef það verði til þess að málið fái meiri og vandaðri umfjöllun því það er eins og ég sagði fyrr óneitanlega mjög óþægilegt að ekki sé samhljómur á milli þessa frv. og hugmynda orkulaganefndar um framtíðarskipan orkumála sem náðst hefur pólitísk sátt um. Og það er alveg ljóst, bara af þessum umræðum í dag, að ekki er pólitísk sátt um það mál sem hér er til umræðu.

Herra forseti. Ég hef nú komið inn á flest þau sjónarmið sem ég vildi koma að í þessari umræðu. Mér finnst mjög mikilvægt að fólk átti sig á að ekki er verið að ræða um hvar á að virkja og hve mikið. Ég get fyllilega tekið undir þá gagnrýni að Landsvirkjun er orðin eins og ríki í ríkinu og er búin að kortleggja virkjanir út um allt land. Ef samþykkt frv. yrði til að breyta því eða það að vísa því til ríkisstjórnarinnar, þá mundi ég styðja það. Ég tel þá stefnu ríkisstjórnarinnar mjög óeðlilega í atvinnu- og orkumálum, þ.e. að það eigi að grafa allt landið í sundur og ná út hámarksarði og tek undir það sjónarmið að nauðsynlegt er frá sjónarmiði umhverfismála að hugað verði að því hversu mikið við viljum virkja og hvernig við verðleggjum raforku. En hér er fyrst og fremst verið að fresta þeirri stefnumörkun sem allir flokkar hafa tekið undir um leið og verið er að frysta Reykjavíkurborg inni í þessu fyrirtæki, jafnvel gegn sínum vilja, til ársins 2004. Mér finnst því vel koma til greina að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar ef það má verða til þess að um þetta mál náist meiri pólitísk sátt.

[18:22]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að rót þessa máls sem við erum að fjalla um núna liggur hjá borgarstjórnarmeirihlutanum í Reykjavík sem undir forustu borgarstjórans í Reykjavík, fulltrúa Kvennalistans, hefur gert kröfu til þess að borgin fái meiri arð af sinni eign í Landsvirkjun. Það má kannski segja að það sé bara eðlilegt og að síst eigi að standa á mér að vera á móti því að eignaraðilar Landsvirkjunar fái arð af sinni eign þar. En þar sem ég hef hins vegar verið að leggja áherslu á í allri þessari umræðu er að sá arður komi eðlilega fram. Ef við værum í dag að ræða frv. um að breyta Landsvirkjun í hlutafélag og hún færi út á markaðinn í samkeppni við önnur hlutafélög í orkugeiranum, þá væri þetta ekki til þess að hafa neinar áhyggjur af. Þá mundi þetta gerast af sjálfu sér. Fyrirtækið þyrfti að spreyta sig á markaðnum og rekstrarafkoman mundi segja til um það hversu mikinn arð eigendur gætu fengið og hversu mikils virði eign þeirra í fyrirtækinu raunverulega væri.

En við erum aðeins að stíga eitt skref af mörgum í átt til þessa fyrirkomulags sem ég var að rekja. Það fyrirkomulag felur í sér að gera fyrirtækið líkara hlutafélagi og eins og um hlutafélag væri að ræða, þ.e. að greiða eigendunum arð samkvæmt sérstakri reikningsreglu. Í 1. umr. um frv. fyrir áramótin lagði ég áherlu á að reiknað yrði út á eðlilegan hátt hver eignarhlutur einstakra aðila í Landsvirkjun væri og hvernig hann hefði orðið til og fór fram á að hv. iðnn. stæði fyrir því að slíkt yrði gert. Það mundi auðvelda skoðun málsins og meta hvað væri eðlilegt í þessu sambandi og hvað óeðlilegt. Því miður fæ ég ekki séð á áliti meiri hluta iðnn. að í þessa vinnu hafi verið farið og reynt hafi verið að meta hvernig

þessi eign er orðin til og hver þar af leiðandi gæti hugsanlega verið eðlilegur arður af eigninni.

Það þarf kannski ekki að koma að sök þegar allt kemur til alls, en þyddi hins vegar að ég þyrfti sjálfur að slá lauslega á þessar tölur og reikna þetta út, reyndar með hjálp góðra manna. Ef við gefum okkur að heildareignir Landsvirkjunar séu 76 milljarðar eða þar um bil og fjárframlög eigendanna séu um það bil 2 milljarðar, þá eru það hinar föstu stærðir í þessu sambandi. Allar aðrar stærðir eru reiknaðar út frá einhverjum tilteknum gefnum forsendum. Eigið fé upp á 24–26 milljarða er útreiknuð stærð samkvæmt einhverjum mjög flóknum formúlum sem höfundar frv. treystu sér ekki einu sinni til þess að skýra nákvæmlega út í greinargerð með því.

14 milljarðarnir sem stofn til þess að reikna arðgreiðslur er enn þá meiri töfratala og hvernig hún er fundin og síðan arðurinn sem af henni á að reiknast eru enn þá meiri töfratölur. Hin raunverulega fasta stærð sem hægt er að reikna út frá eru 2 milljarðar. Allir aðrir fjármunir í fyrirtækinu hafa verið teknir að láni með ábyrgð ríkisins, með ábyrgð allrar þjóðarinnar og allar tekjur fyrirtækisins hafa verið fengnar í skjóli nokkurs konar einokunaraðstöðu, annars vegar gagnvart þeim erlendu fyrirtækjum sem orkan hefur verið seld til og hins vegar og alveg sérstaklega til almenningsveitnanna og almennings í landinu. En þessir 2 milljarðar eru raunverulegir fjármunir sem eigendurnir hafa lagt fram og því tel ég að þeim beri að fá arð af þeirri upphæð og að eðlilegt sé að framreikna upphæðina til núgildandi verðlags og þá yrði hún eitthvað nálægt 6 milljörðum. Síðan er hugsanlega réttlátt að þeir sem hafa verið forgönguaðilar í því að virkja hér á landi, sem sannanlega hefur verið Reykjavíkurborg og að hluta til Akreyrarbær, fái eitthvað fyrir sinn snúð fyrir að hafa verið forgönguaðilar í málinu líkt og úthafsveiðiútgerðir fá nú heldur hærri hlut í þeim afla sem við megum veiða á úthafsmiðum, samanber Reykjaneshrygginn og einhverja tölu væri hægt að slá á þennan frumherjarétt, ef svo má að orði komast. En á móti þyrftum við líka að draga frá þær arðgreiðslur sem eigendurnir hafa þegar fengið á þessu tímabili sem við framreiknum framlögin og ábyrgðargjöldin sem eru mjög sérstakt fyrirbrigði í greiðslum í þessu sambandi. Sennilegast mundum við þá sitja uppi með einhverja tölu á bilinu 5,5–6,5 milljarðar sem væri þá stofninn til þess að reikna arðinn af.

Síðan er spurningin: Hvað á að gera mikla arðsemiskröfu? Það átti að gera 5,5% til 14 milljarðanna. Ef ég væri að reka þetta fyrirtæki mundi ég gera meiri kröfur en 5,5%. Í ríkisbönkunum þar sem ég á sæti í bankaráði, hef ég haft að orði að stjórnendur bankans ættu að setja markið á 10% arð og mér finnst eiginlega ekki hægt að ég geri aðra kröfu til stjórnenda Landsvirkjunar heldur en ég geri til stjórnenda Búnaðarbankans. Það mundi þá þýða að arðgreiðslurnar á ári gætu verið á bilinu 550–650 millj. kr. og miðað við þessar forsendur væri eðlilegur arður sem væri greiddur eigendum fyrirtækisins. Þetta er auðvitað ekki sama upphæðin og menn ætluðu sér að fá út úr 14 milljörðunum, enda get ég með engu móti séð annað en að 14 milljarðarnir séu stærð sem er reiknuð aftur á bak út frá einhverri fyrir fram gefinni tölu upp á nálægt 750 millj. sem menn töldu að ætti að vera arðurinn.

Þá er það spurningin: Mun Landsvirkjun geta staðið undir þessari arðsemi? Mun hún geta greitt þessar 650 millj. eða þessar 750 millj.? Tölulegir útreikningar Landsvirkjunar sýna að hún geti það þrátt fyrir að verð á raforku muni lækka um 3% á ári á tilteknu tímabili og ef hægt er að greiða þennan arð á sama tíma og lækka verðið á raforkunni, þá er það vel. En það sem skiptir hins vegar máli í þessum rekstri er að afkoma fyrirtækisins ráði því hver arðurinn er. Og afkoma fyrirtækisins ræðst auðvitað af því hverjar markaðsaðstæðurnar eru. Ef fyrirtækið á að búa áfram við þá einokunaraðstöðu sem það hefur búið við verður að setja einhverjar kröfur um raforkuverðið. Þar af leiðandi er eðlilegt og gerð sé krafa um að verð raforkunnar lækki um eitthvað tiltekið á næstu árum. En ég held hins vegar að miklu skynsamlegra væri fyrir okkur og raunar nauðsynlegt upp á framtíðina að breyta skipulaginu á raforkumarkaðnum, komast út úr einokunar- og einkaleyfiskerfinu og reyna að markaðsvæða raforkukerfið og það í anda þeirrar skýrslu sem kynnt var fyrr í vetur frá nefnd sem iðnrh. skipaði um breytingar á raforkumarkaðnum. Það mun auðvitað af sjálfu sér breytast mjög mikið. Þá verður komin samkeppni á markaðnum og afkoma fyrirtækisins háð því hvernig kaupin gerast á eyrinni en ekki í einhverjum ákveðnum fyrir fram gefnum forsendum um verð raforkunnar.

Í þessu ljósi tel ég það vera mjög mikilvægt í nál. meiri hlutans að markmið sé um raforkuverð og afkomu fyrirtækisins sem sé ríkjandi yfir arðgreiðslunum. Miðað við þær tölur sem ég rakti er ekki stórkostlegur munur á því sem kæmi út úr þeim miðað við mínar forsendur og því sem kemur út úr forsendum samningsins á milli eigendanna. En grundvallaratriðið er að það er afkoma fyrirtækisins sem ræður um arðgreiðslurnar og það mun verða ráðandi þegar þær breytingar verða gerðar á markaðnum, sem ég vonast eftir, að opna hann og gera frjálsari og markaðsvæða raforkukerfið. Ég vona að þær breytingar sem verið er að gera á Landsvirkjun með þessu frv. verði ekki til þess að seinka því að gengið verði í grundvallarbreytingar á raforkukerfinu og að því gefnu treysti ég mér til að styðja frv.

Fyrr í dag voru mjög einkennileg orðaskipti milli mín og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um það hvernig eignamyndun hefði orðið í fyrirtækinu og hvernig hún gerðist í öðrum fyrirtækjum á hinum frjálsa markaði. Hv. þm. Sighvati Björgvinssyni kom til hugar að ég teldi einhverja forsendu fyrir því að Alusuisse eða Ísal ætti einhvern eignarhlut í Landsvirkjun. Það er fjarri sanni. Það sem ég hef verið að reyna að gera, reyna að leggja áherslu á í þessari umræðu eru þau vandamál sem koma upp þegar verið er að breyta svokölluðum almenningsþjónustuveitum eða „public utilities" í hlutafélög eða verið að nálgast á einhvern hátt það hlutafélagaform. Þetta er ekki stórt vandamál, ef nokkurt, ef sömu aðilarnir eru eigendur fyrirtækisins og þeir aðilar sem verið er að þjóna eins og er með vatnsveitur í sveitarfélögum, hitaveitur og flest raforkufyrirtækin á landinu sem eru staðbundin. En þetta verður vandamál með fyrirtæki eins og Landsvirkjun þegar eigendurnir eru ekki eigendur í sömu hlutföllum og þeir sem fá þjónustuna, þ.e. í þessu tilfelli svo að þetta skýrist betur, Reykvíkingar og Akureyringar eiga stærri hlut í fyrirtækinu en aðrir sem fá þjónustu fyrirtækisins. Það er þess vegna sem ég hef lagt svo ríka áherslu á að reynt væri að grafast fyrir um hvernig eignamyndunin hefur orðið í fyrirtækinu, hvar hún hefur átt sér stað og hvaðan framlögin hafa komið. Ég hefði auðvitað kosið að þetta hefði verið gert í iðnn. en það breytir ekki niðurstöðunni þótt ég hafi þurft að gera þetta sjálfur og útreikningarnir eru út af fyrir sig ekki flóknir. Niðurstaða mín er sú að reikna eigi þetta út frá þeim fjárframlögum sem eigendurnir hafa lagt í

fyrirtækið og síðan eigi afkoma fyrirtækisins að vera afgerandi um hvort fyrirtækið getur greitt arð eða ekki. Meðan fyrirtækið er í einokunar- eða einkaleyfisaðstöðu þarf að gera kröfu um hvernig verðlagningu er háttað. Það eru þá hinar markaðslegu aðstæður fyrirtækisins sem þurfa að vera ríkjandi yfir arðgreiðslunum.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja þessa ræðu. Þetta er afstaða mín til málsins. Þetta er lýsing á því hvernig ég hef nálgast þessa niðurstöðu. Að lokum vil ég beina því sérstaklega til iðnrh. að hann láti þessa lagabreytingu ekki tefja þær lagabreytingar sem þarf að gera á næstu árum til að koma á virkum markaði í sambandi við raforkusölu hér á landi.

[18:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er stundum svo með hv. 2. þm. Reykn. að maður áttar sig ekki fyllilega á því hvert hann var að fara á köflum og þannig var háttað með þessa ræðu hans nú. Maður beið satt að segja eilítið spenntur eftir því framan af ræðunni hvaða afstöðu hann hefði til þeirra mála sem hér um ræðir. Það var ekki fyrr en að lyktum eftir mjög marga hringi og útúrdúra sem hann lýsti því yfir að hann mundi þrátt fyrir allt styðja þetta frv. Þetta er að sönnu ekki nýtt af nálinni hjá hv. þm. að vera að nudda svona í einstaka málum ríkisstjórnarinnar, finna þeim ýmislegt til foráttu og benda á ýmsa vankanta en gefast svo upp á öllu saman og rétta upp höndina eða ýta á græna takkann þegar allt um þrýtur og það ætlar hv. þm. að gera nú.

Hv. þm. gerði tiltölulega glögga grein fyrir því að í þessu frv. væru arðsemiskröfurnar ráðandi. Þar hafa menn fest sér ákveðin viðmið og ætla að taka út úr þessu fyrirtæki og reikna sér þar inneign hvað sem tautar og raular en pólitíkin hvað varðar verðskrána er hins vegar víkjandi atriði og gengur þvert á þá niðurstöðu sem hv. þm. komst hér að. Hvítt er hvítt og svart er svart, það er ekki flóknara.

Ég hlýt að undrast það mjög, virðulegi forseti, að hv. þm. skuli eftir ræðu sína komast að raunar þveröfugri niðurstöðu miðað við allan hans málatilbúnað, en ég árétta að það er svo sem ekkert nýtt af nálinni þegar hann á í hlut.

Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram að ég get tekið undir vangaveltur hans um hvernig eignarmyndun hefur átt sér stað í þessu fyrirtæki og þarf ekkert að eyða löngum tíma í það. Hér er um að ræða fyrirtæki allra landsmanna þó að tiltekin tvö sveitarfélög séu þar tvöföld í roðinu og gegni þar tvöföldu hlutverki og ætli sér að taka tvöfaldan skammt út úr því eða reikna sér hann. Almennt er það viðhorf mitt í þessu máli og niðurstaða, þvert á það sem var hjá hv. þm. Árna Mathiesen, að málið sé allt með þeim hætti að skynsamlegast væri að senda það til föðurhúsanna og hæstv. iðnrh. hæfi þessar viðræður á nýjan leik við aðra eignaraðila og reyndi að komast að skynsamlegri niðurstöðu um hvernig þessi inneign er reiknuð og mæti málið að öðru leyti með hliðsjón af þeim fjölmörgu og réttmætu athugasemdum sem fram hafa komið hjá heildsölum og smásölum raforku víða um land.

[18:42]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er sérstaklega ætlast til þess að mér sé sérlega lagið að útskýra hlutina fyrir hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni. En hann tók hins vegar undir með mér í vangaveltum mínum um eignarhaldið á fyrirtækinu. Og hann endurtók það sem ég hafði sagt í ræðu minni að ég mundi styðja frv. Ekki hefur það sem ég sagði verið svo óskýrt því hann skildi það þó. Hins vegar sneri hann því við og það er kannski þess vegna sem hann skildi þetta ekki alveg að það er arður fyrirtækisins og verðlagsforsendurnar sem eru ríkjandi yfir greiðslunum eða réttara sagt, rekstrarafkoma fyrirtækisins og verðlagsforsendurnar sem eru ríkjandi yfir arðgreiðsluáformunum.

En hins vegar kom á óvart í ræðu hv. þm. að hann ætlar ekki að styðja afstöðu sinna flokksmanna í iðnn., hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, formanns flokksins, og hann hefur sennilega heldur ekki hlustað á ræðu hv. formanns Alþfl. í dag þar sem sá hv. þm. tók ekki undir vangaveltur mínar um eignarhaldið heldur þvert á móti. Mér virðist því að hv. þm. þurfi að reyna að skilja málflutning hv. formanns síns flokks, Sighvats Björgvinssonar, ekki síður en minn málflutning. Þeir þurfa að ná samstöðu til að þeir gangi í takt, ekki til að ég skilji hvað þeir eru að fara, heldur til að kjósendur þeirra flokks skilji hvert þeir eru að fara.

[18:44]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki aðili að þessari ríkisstjórn. Ég samþykkti ekki þetta frv. í þingflokkum stjórnarflokkanna og lét renna inn á hið háa Alþingi. Ég ber ekki ábyrgð á því frv. sem hér liggur frammi. Það gerir hv. þm. Hann styður þessa ríkisstjórn eða a.m.k. veit ég ekki betur. Auðvitað er það býsna ódýrt og einfalt í sjálfu sér að reikna sig inn á þá niðurstöðu að víst geti þetta fyrirtæki grætt miklu meira en það gerir og það eigi bara að gera það. Þá væri mjög auðvelt að standast þá verðlagspólitík sem fram er sett í frv. Það er auðvitað ósköp einfalt að segja sem svo: Þið bara græðið meira og þá getum við lækkað verðið eins og vonir standa til. Þannig er veruleikinn auðvitað ekki. Öll framsetning í frv. er með þeim hætti, því er nú verr og miður, að verðlagspólitíkin er víkjandi. Arðsemissjónarmiðin og reiknikúnstirnar í þeim efnum eru fastar, hinn fasti veruleiki og samningur milli þriggja eignaraðila og hjá því komast menn ekki.

Ég vil hins vegar taka skýrt fram að vitaskuld styð ég þær tillögur sem fram hafa komið hjá 1. minni hluta iðnn., það gefur auga leið. Ég vil hins vegar benda á, af því að ég þekki eilítið til þeirra mála, að ég gef mér það og veit að hæstv. iðnrh. er mér sammála um að Ríkisendurskoðun muni gegna því lögmæta hlutverki sem henni ber varðandi endurskoðun á þessu fyrirtæki. Í væntanlegu frv. um starfsemi Ríkisendurskoðunar er hnykkt einmitt á þeim þætti málsins þannig að ég gef mér að sá þáttur verði lagfærður og komið í stakasta lag þó að það gerist ekki endilega á þessum vettvangi hérna.

Meginatriðið er engu að síður það að nálgun þessa máls og aðferðafræði öll er slík að hún hlýtur að vekja upp ákveðna tortryggni, tortryggni sem blasir við í þeim fjölda umsagna sem berast víða að. Menn, fulltrúar eigenda, hafa sest niður eina kvöldstund og ákveðið að nú skulum við mynda okkar eiginfjárstofn, okkar meintu arðgreiðslu til lengri eða skemmri tíma, slíta út úr fyrirtækinu svo og svo mikið og síðan skulum við blessa það á réttmætum vettvangi. En það er aðferðafræðin sem veldur tortryggni og efnið er þess eðlis líka að menn hljóta auðvitað að staldra við og vilja skoða betur fjölmarga þætti málsins. Þess vegna kemur mér á óvart að vökull hv. þm. Árni Mathiesen skuli ekki vilja vera með í þeirri liðssveit.

[18:47]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum þó sammála um eitt, ég og hv. 9. þm. Reykn., að aðferðafræðin veldur tortryggni. Ég hef hins vegar farið ofan í efnisatriðin og reiknað þetta út sjálfur með annarri aðferð og sé að sú aðferð sem ég tel vera réttari nálgast mjög niðurstöðuna með hinni tortryggðu aðferð. Það vill svo einkennilega til. En ég held að það geti orðið býsna erfitt fyrir Landsvirkjun að uppfylla þau arðsemismarkmið sem eigendurnir hafa sett sér. Það er auðvitað algjörlega tengt verðlagsforsendunum og hugsanlega í framtíðinni markaðsforsendunum. Það eru þessi atriði sem verða auðvitað ríkjandi um arðsemi fyrirtækisins, rekstrarafkoman og markaðsaðstæðurnar eða verðið á raforkunni. Það verður ekki hjá því komist hjá Landsvirkjun frekar en öðrum fyrirtækjum. En hv. 9. þm. Reykn. sagði í sínu síðara andsvari að hann styddi auðvitað tillögur og málflutning 1. minni hluta. En þessa dagana er það ekkert sjálfgert að Alþfl. styðji málflutning sinna manna í nefndum. Í fyrri ræðu sinni lagði hann til og studdi að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. En það er ekki 1. minni hluti sem flytur brtt. eða frávísunartill. við frv., það er 2. minni hluti iðnn., hv. þm. Svavar Gestsson, sem flytur það. Hvorn minni hlutann ætlar hann að styðja? 1. minni hluta eða 2. minni hluta? (**GÁS:** Ég samþykkti náttúrlega báða ...)

[18:49]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég bað ekki um orðið aftur vegna þess að ég ætlaði að halda aðra ræðu um málið heldur aðeins vegna þess að eitt atriði sem ég ætlaði að koma að féll niður úr máli mínu áðan. Það varðar fyrirhugaðar breytingar á stjórn Landsvirkjunar sem koma fram í því frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil að það komi fram að vegna aðskilnaðar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds tel ég alls ekki óeðlilegt að ráðherra skipi fulltrúa ríkisins í stjórn Landsvirkjunar þó að ég geti tekið undir að það muni auka líkurnar á því að fulltrúar ríkisins verði pólitískt einlitari en ef Alþingi skipaði þessa fulltrúa. En ég tel að þetta sé á sviði framkvæmdarvaldsins og þess vegna sé ekki óeðlilegt að ráðherra skipi þessa fulltrúa. Þetta eru auðvitað tvö sjónarmið, þ.e. hvort Alþingi eigi að skipa stjórnina og fá pólitíska fulltrúa úr öllum flokkum eða hvort ráðherra á að gera það og þar með verði stjórnin hugsanlega pólitískt einlit. En það er mjög eðlilegt að um þetta séu skiptar skoðanir út frá stjórnskipan okkar og lýðræðissjónarmiðum og þess vegna vildi ég að þetta kæmi fram.

Virðulegi forseti. Svo ég dragi saman niðurstöðu mína sem fram kom áðan. Það kom mjög skýrt fram hjá mörgum aðilum sem iðnn. ræddi við að þetta frv. er talið hefta alla þróun í frjálsræðisátt í orkuvinnslunni og festa í sessi einokunaraðstöðu Landsvirkjunar. Þó að hugsanlega sé hægt að rökstyðja að það sé til heilla þá er ég alls ekki sannfærð um að svo sé, ekki síst í ljósi stefnumörkunar orkulaganefndar sem náðst hefur pólitísk sátt um.

[18:52]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og hefur komið fram í ræðum manna í dag þá vorum við að ræða í gær lífskjör Íslendinga, sókn þeirra til bættra lífskjara og þrá þeirra og vilja til að bæta lífskjör sín meira en aðrar þjóðir, standa framar öðrum þjóðum um lífskjör, útrýma fátækt, hafa hér betri kjör en aðrir þekkja.

Okkur hefur á undanförnum árum gengið ótrúlega vel miðað við fyrri reynslu og störf og gengið mjög vel að halda áfram að bæta kjörin. Sú er nú saga þessarar aldar að við höfum alltaf öðru hverju farið út af í efnahagsmálum. Þrátt fyrir mikla möguleika í efnahagslífinu hefur það oft gerst að við höfum farið illa með þá möguleika og við höfum dregist aftur úr og ekki nýtt þær miklu auðlindir sem Ísland á og er. En það fer ekki milli mála núna þegar við erum að ræða um lífskjör og þjóðin er að undirbúa sig undir að semja um kaup sín og kjör að við þurfum að fara í gegnum þessa þætti alla því þetta er allt einn vefur. Lífskjör okkar og afkoma fólks og fyrirtækja byggjast náttúrlega á öllum þessum þáttum — hvernig okkur tekst að nýta hvern einasta framleiðsluþátt. Og orkumál eru í dag og í framtíðinni mjög stór þáttur í því að gæfulega takist til um lífskjör okkar og alla afkomu. Því er óskaplega mikilvægt að við stöndum rétt að þeim hlutum öllum. Stöndum rétt að þeim, sóum ekki, heldur reynum að ná hámarksárangri. Ég gerði mjög hastarlegar athugasemdir, herra forseti, við þetta frv. við 1. umr. vegna þess að mér kom allt málið ákaflega spanskt fyrir sjónir. Eins og fram kemur í nál. meiri hlutans þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Í apríl 1996 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra ráðgjafarnefnd til að endurskoða löggjöf um vinnslu, flutning og dreifingu orku, svonefnda orkulaganefnd. Skilaði nefndin tillögum að framtíðarskipan orkumála í október sl."

Ég vissi ekki annað en að sú stefnumótun sem þar kom fram væri nákvæmlega í samræmi við vilja og yfirlýsingar þessarar ríkisstjórnar, sem ég styð sannarlega heilum hug, um að tryggja samkeppni í framtíðinni um þennan mikilsverða þátt efnahagslífsins. Tryggja að við næðum hámarki þar eins og annars staðar, tryggja að engin sóun yrði heldur mundi samkeppnin og hins frjálsa verðmyndun tryggja að þessi þáttur skilaði þjóðinni því sem hún þyrfti að fá, eins ódýra orku og mögulegt væri. Þess vegna skildi ég alls ekki þegar ég sem stjórnarþingmaður og aðrir stjórnarþingmenn fréttum af blaðamannafundi sem hæstv. iðnrh. hélt úti í bæ til að segja frá ákveðnu samkomulagi sem hann hafði gert og þetta samkomulag er ástæða þessa frv. Og ég skil ekki heldur þegar segir í nál. meiri hlutans og held ég nú áfram að lesa:

„Snemma næsta ár [þ.e. nú í febrúar] hyggst iðnaðarráðherra leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipan orkumála þar sem tekið verður á þeim hugmyndum sem orkunefnd hefur sett fram."

Bíðum nú við, nú er bara von á því hvern klukkutíma að hér komi þáltill. sem ég er þó alveg viss um, herra forseti, að ég get stutt af heilum hug. Ég er alveg viss um að ég mun gera það því ég tel álit þessarar nefndar hið besta mál, grundvallarmál. Þá skil ég ekki heldur ef þetta er nú rétt að koma hvers vegna við erum núna að standa í því að reyna að afgreiða þetta lagafrv. Þetta lagafrv. Það vefst fyrir mér, herra forseti.

Árið 1965 stóð þáv. farsæl ríkisstjórn fyrir stofnun Landsvirkjunar. Landsvirkjun var og er farsælt fyrirtæki og það var farsæl ríkisstjórn sem stóð fyrir myndun hennar. Hún stóð fyrir því að taka mjög mikið framfararskref fyrir íslenska þjóð að byggja hér stórvirkjanir. En eins og segir í þeirri góðu bók, allt á sinn tíma. Árið 1965 var steinöld á Íslandi gagnvart viðskiptum, viðhorfum til samkeppni og viðhorfum til endurfjármagns, steinöld. Þó að þetta fyrirtæki hafi þá verið stofnað og það hafi gert mjög, mjög margt gott, og við værum mun fátækari og stæðum mun verr að vígi í dag ef

það hefði ekki verið stofnað, þá er það aldeilis fráleitt í dag með tilliti til hagsmuna viðskiptalífsins, efnahagslífsins og Íslendinga allra að leggja nú fram frv. sem er í þá veru og byggist á því að framlengja einokunarferil þess fram á næstu öld.

Ég gerði þá, herra forseti, líka athugasemdir við þá reikningskúnst, en hún var tvenns konar, sem var notuð til að finna út eigið fé fyrirtækisins. Það var sú aðferðafræði sem var unnin af þessu alþjóðlega fírirtæki, J.P. Morgan minnir mig það heitir. Svo var líka heimasmíðuð aðferð til að finna út hvað hluthafarnir eða eigendurnir ættu nú stóran hlut. Hvort tveggja var nú alveg skelfilegt, alveg skelfilegt. Ég ætla ekki að fara ofan í það aftur og tefja tímann með því, en ég sakna þess í nefndarálitunum vegna þess að í frv. eins og það var lagt fyrir upphaflega var vitnað í þessa skýrslu J.P. Morgans og sagt frá því hvernig þetta var unnið og hvernig þetta var gert. Því finnst mér ekki nógu gott að finna hvergi í álitsgerð nefndarinnar sem fjallar um þetta, hvort sem það er meiri hluti eða minni hluti, neitt um þessa analísu þeirra. Ég reikna með því að þó plaggið sé leyniplagg eða ekki opið almenningi þá hljóti iðnn. að hafa haft fullan aðgang að því. Að minnsta kosti tókst mér mjög auðveldlega að ná plagginu. Ég hef athugasemdir við þetta. Ég vil fyrst og fremst bara benda á að í skýrslu J.P. Morgan er tekinn fram fjöldinn allur af fyrirvörum. Það er bara röð af fyrirvörum sem kemur þar mjög skýrlega fram, röð af þeim fyrirvörum að „cash flow" analísan byggir á plöggum Landsvirkjunar eins og þeir setja áætlanir um sjóðstreymi fram næstu 15 árin. Þar gera þeir ráð fyrir því að njóta þess að vera mónópól áfram, fá að njóta þess að geta selt mikla orku á mjög háu verði og þannig reiknað sér upp mikið eigið fé.

Það er ástæða til að fara yfir þessar efasemdir vegna þess, herra forseti, að ég hef ekki eins og sumir menn sem hafa verið að tala hérna mestar áhyggjur af því hvað Landsvirkjun eigi mikla peninga. Ég hef frekar áhyggjur af því hvað hún á litla peninga og hvað eigið fé hennar er sáralítið því ef tekið er tillit til þessara fyrirvara allra sem J.P. Morgan setur fram í skýrslu sinni og tekið tillit til þess að það er alls ekki ljóst og alls ekki víst að álver haldist eins og bjartsýnismenn þora að vona, það er alls ekki víst að samningar gangi eins og bjartsýnismenn gefa sér, þá eru skuldir Landsvirkjunar nú rúmur 51 milljarður. Við skulum vona allir að framtíðin sé betri. Miðað við það sem við höfum í höndunum gerir Landsvirkjun ekkert mikið meira en að standa í að borga niður þessar skuldir. Og hvert er þá raunvirðið í dag?

Hv. þm. Árni Mathiesen ræddi við 1. umr. líka um þessa hluti. Hann notaði aðra aðferð til þess að nálgast þetta sama mat. En niðurstaða hans var alveg sú sama. Það gæti nefnilega verið að eigið fé væri minna en meira. Það gæti verið, eins og hann komst að, að það væri kannski bara núll, það væri bara því miður ekki neitt og það er miklu meira áhyggjuefni fyrir okkur ef féð er lítið heldur en mikið. Ef þeir eiga mikla peninga þá er það bara fagnaðarefni og það þarf ekkert að rífast um það hver á þá. Hitt er miklu alvarlegra ef það skyldi ekki vera neitt. Það gæti nefnilega verið svo að þrátt fyrir heilmikil eiginfjárframlög sem náttúrlega má deila um eins og gengur, og útreikninga, að setja byggingarvísitölu á einhver eiginfjárframlög áratugi aftur í tímann og reikna svo 3% vexti ofan í þetta, þá gera þetta engir í alvöru. Þetta gera menn bara að gamni sínu.

Til er vönduð skýrsla sem Þórhallur Ásgeirsson samdi 1956 um Marshall-aðstoðina, þ.e. um þessar miklu framkvæmdir sem eru stofninn að Landsvirkjun og þá miklu peningar sem voru lagðir í það á sínum tíma. Ef við tökum nú svona aðferðafræði, sem er náttúrlega fráleit, bara vitleysa, setjum á þetta byggingarvísitölu, þá hefur byggingarvísitalan frá því 1952, þ.e. meðaltíminn þegar við vorum að fá Marshall-aðstoðina, hækkað um 251.632%. Svo skulum við reikna í 40–50 ár 3% vexti. Hvað fáum við þá út? T.d. Áburðarverksmiðjuna eins og kemur hérna fram um Marshall-aðstoðina í fskj. I á einu nefndarálitinu. Ætlum við þá ekki að segja: „Áburðarverksmiðjan, jú, 12 þús. millj. takk, eigið fé." Er það ekki? 12.000 millj.? Það vita allir að það er ekki eins eyrings virði, neitt af því dóti. Menn geta ekki leyft sér þetta. Þetta er bara vitleysa. Það vita allir. Það sem við Íslendingar þurfum á að halda er að við tryggjum það fyrir framtíð þessar þjóðar að á sviði hinna miklu auðlinda sem við eigum, hvort sem það er vatnið eða gufa og hitinn mikli, ríki frjáls samkeppni og það sem allra, allra fyrst og að við hverfum frá þeim hugsunarhætti okkar frá á sjöunda áratugnum að við ættum absalút sjálfir að virkja allan hita og alla vatnsorku. Við eigum að hugsa það upp á nýtt og hugsa til þess að það geti alveg eins verið farsælt fyrir okkur sem Íslendinga að láta aðra taka þátt í að virkja hér, fá samkeppni um orkuna eins og hjá öðrum þjóðum sem hafa náð mestum árangri. Ég er ekki að gera lítið úr Landsvirkjun eða þeim mönnum sem þar eru því það gæti nefnilega verið, ef við horfum til þess, að Alþingi hafi hjálpað þessu ríkismónópólí til þess að sóa öllum sínum peningum. Og það er nú hættan sem alltaf hefur verið fyrir hendi í gegnum söguna fyrir ríkismónópólíin, fyrir ríkiseinokunarfyrirtækin. Það er alveg sama þó að hugsunin sé góð, þó að hugsunin sé virkilega framsækin. Það er nú það sem hefur orðið öllum sósíalisma að bana, að þrátt fyrir það hefur útkoman verið sóun í fjárfestingu, sóun í rekstri og sóun í tækifærum.

Þetta er saga 20. aldarinnar. Svona hefur þetta farið. Þetta er saga sósíalismans á þessari öld og því eigum við þá að halda áfram á þessari braut? Því eigum við ekki að snúa okkur að því strax eins og segir í nefndarálitinu að taka upp og semja þáltill. snemma á þessu ári, þ.e. núna, sem gengur í þessa veru eins og hæstv. ráðherra ætlar að gera. Hvað erum við þá að gera með þetta frv.?

Ég tel, herra forseti, að í dag eigum við svo mikið upp á að una því að misstíga okkur hvergi í sókninni til betri lífskjara, hvergi nokkurs staðar. Við megum ekki leyfa okkur að gera mistök. Við verðum að standa að því að efla hvern einasta þátt viðskiptalífsins og sjá til þess að löggjöfin sé þannig að við getum náð bestun. Enda megum við ekki halda áfram ríkiseinokun í orkumálum. Það er bara fráleitt og gengur þvert á alla hagsmuni okkar, þvert á yfirlýsta stefnu þessarar góðu ríkisstjórnar sem ég styð svo dyggilega, herra forseti.

Þetta vildi ég nú ítreka hér aftur frá fyrri umr. þannig að það sé alveg ljóst að ég er andsnúinn þessu máli.

[19:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég kvartaði yfir því í þessum ræðustóli fyrir nokkrum mínútum, í andsvari raunar, að ég hef átt býsna erfitt með að skilja röksemdafærslu eins hv. þm., stuðningsmanns þessarar ríkisstjórnar. Raunar fannst mér um sumt að málflutningur hans væri slíkur að í öllum meginatriðum teldi hann þetta frv. vera gallagrip sem þyrfti að skoða miklu mun betur. Niðurstaða hans varð hins vegar sú eftir alllanga ræðu að þrátt fyrir þessa vankanta á frv. og málatilbúnað öllum, hefði hann tekið ákvörðun um að styðja það. Þess vegna

kvartaði ég yfir því að ég ætti dálítið erfitt með að koma þessu öllu heim og saman.

Á sama hátt og ég átti erfitt með það, þá átti ég mjög auðvelt með að skilja hv. þm. Einar Odd Kristjánsson því að niðurstaða hans var í fullu samræmi við hans málflutning að öðru leyti. Það er dálítið fróðlegt sumpart að bera saman ræður þessara tveggja stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar annars vegar og ræðu hv. þm. Árna Mathiesens hins vegar. Sá síðarnefndi taldi að sumpart væri þetta frv. því marki brennt að það væri hænufet eða skref í átt til aukinnar samkeppni og aukins frelsis á þessum markaði, þ.e. orkumarkaði. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sá engin merki þess í frv. heldur taldi þvert á móti að verið væri að festa í sessi mónópólí, ríkiseinokun. Og er það furða þótt við ágætir þingmenn stjórnarandstöðunnar ruglumst eilítið í ríminu þegar menn nálgast þetta viðfangsefni með jafnólíkum hætti og þessir tveir flokksfélagar úr Sjálfstfl., þessir tveir stjórnarþingmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hitti hins vegar naglann á höfuðið í ýmsu efni. Ég vil til að mynda taka undir með honum og spyrja hæstv. iðnrh. af því að nú líður að lokum 2. umr., hvort ekki sé skynsamlegra að bíða í nokkra daga eftir því að heildarstefnumörkunin í orkugeiranum sjái dagsins ljós og að hann sýni hinu háa Alþingi áður boðaða stefnumörkun í þeim efnum, sem væntanlega að einhverju leyti byggir á 19 manna nefndinni og niðurstöðum hennar sem rétt er þó að minna á að voru ekki einhlítar. Þar er getið ýmissa sjónarmiða sem á eftir að fara í gegnum í veigamiklum atriðum. Þar voru ýmsir fyrirvarar settir hjá fjölmörgum aðilum sem að málinu komu og þar skiptir ekki einungis flokkslitur máli heldur komu nefndarmenn frá ýmsum ýmsum hlutum orkugeirans og litu hver sínum augum á silfrið.

Auðvitað er spennandi að sjá hvernig hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstjórn ætlar síðan að vinna út úr þessu eina heildstæða tillögu, eina heildstæða stefnumörkun. Og enn fróðlegra verður að fylgjast með því þegar þeir fóstbræður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og hv. þm. Árni Mathiesen ætla að leggjast á eitt og lesa það sama út úr væntanlegri stefnumörkun ráðherra Framsfl., hæstv. iðnrh.

Það væri ósköp freistandi að gefa sér að þessi núningur og nudd í þessum hv. þm. beri keim af því að komin sé þreyta í stjórnarsamstarfið. (**EOK:** Nei, nei.) Auðvitað er komin þreyta í þetta stjórnarsamstarf. Það finnur þjóðin og skynjar. En ég held samt sem áður að þetta sé enn og aftur ein myndbirting þess að hæstv. ríkisstjórn býr við allt of stóran þingmeirihluta og þolir að það springi á nokkrum varadekkjum án þess að það skaði framgang mála. Þessir tveir þingmenn hafa stundum rokið upp og leyft sér að hafa sérskoðanir. Og af því að ég sé hv. þm. Pétur Blöndal, þá hefur hann líka tekið smárassíur og rispur á stundum þó að oftast hafi það nú verið einhver hvellandi sem lítið hefur orðið úr þegar til kastanna hefur komið og þegar menn síðan afgreiða málið í atkvæðagreiðslu.

Allt ber þetta að sama brunni og án þess að ég ætli að orðlengja það, virðulegur forseti, þó að væri ástæða til þess að fara yfir þá sögu og sálma og stöðu þeirra mála, þá er ríkisstjórnin auðvitað sumpart orðin þreytt eftir tæplega tveggja ára stjórnarsetu. Að vissu leyti er það alveg ljóst a.m.k. að fólk er orðið þreytt á henni. Þess vegna er það býsna merkilegt út af fyrir sig sem menn hafa í þessum ræðustóli í umræðunni verið að velta fyrir sér. Hér er ekki verið að fjalla um litlar tölur. Hér er ekki verið að ræða um neina smápeninga í okkar þjóðarbúi. Hér er verið að ræða um gífurlega fjármuni og ráðstöfun þeirra til lengri tíma og hér er verið að festa í sessi tiltekið eignarhald tiltekinna sveitarfélaga á þjóðarfyrirtæki. Mónópólí nefndi hv. þm. það. En hvaða nafni sem við nefnum það, þá held ég að um það deili ekki nokkur maður að Landsvirkjun er fyrst og síðast eign notendanna, eign okkar allra og um það deilir ekki nokkur maður. Henni hefur verið útvegaður ókeypis aðgangur að þessum auðlindum og um það ekkert verið sérstaklega deilt. Þess vegna er mikilvægt þegar menn horfa til lengri tíma í þessum efnum að tiltölulega skýr og heildstæð mynd fáist af því hvert við erum að fara.

Ég ætla að láta það vera að fara í löngu máli yfir meginstefnumið okkar jafnaðarmanna en þar skilur auðvitað á milli feigs og ófeigs þegar kemur að eignarréttinum, þ.e. almannaeignarréttinum annars vegar og hinum svonefnda einkaeignarrétti hins vegar, á sameiginlegum auðlindum okkar þjóðar — hálendinu, í þessu sambandi, og rennandi vatni. En þar skilur auðvitað á milli Sjálfstfl. annars vegar og Alþfl. og okkar jafnaðarmanna hins vegar þegar við látum almannaheill og almannahagsmuni ráða för þegar ekki er um að ræða alveg skýran einkaeignarrétt á tilteknu landi, lóðum og lendum. Þetta höfum við hv. þm. Árni Mathiesen deilt um áður og fyrr í þrengra samfélagi en hér. Þetta er auðvitað eitt af þeim álitaefnum sem við verðum að horfa til. Ég vænti þess að í hinni stóru stefnumörkun hæstv. iðnrh. verði einmitt tekið á þessu máli og hann hefur margsinnis lýst því yfir úr þessum ræðustól að þetta sé meðal þeirra álitamála og efna sem þurfi að fastsetja og koma á skýran grundvöll. Ég óska honum alls hins besta í þeim efnum því mínar áhyggjur liggja kannski ekki síst í því að innan Sjálfstfl. verði margir sem komi til með að reyna að bregða fæti fyrir skýra og klára lagasetningu um almannaeign á landi. Við sjáum hvað setur í þeim efnum. Ég man nú ekki dagsetningar í augnablikinu en mig minnir að frv. þess efnis hafi átt að koma einhvern tímann fljótlega eða (**Gripið fram í:** Er í ríkisstjórn.) er í ríkisstjórn þannig að við væntum þess að í það styttist. Þetta er snar þáttur og mikilvægur í því sambandi sem við ræðum hér.

Ég er ekki sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að það sé allra meina bót, undir öllum kringumstæðum, burt séð frá öllu, að breyta ríkisfyrirtækjum eða fyrirtækjum í eigu opinberra aðila, sveitarfélaga eða annarra, í hlutafélög. Eða að það sé trúaratriði að koma allri þjónustu af hendi ríkisins og af hendi sveitarfélaga í hendur einkaaðila. Við höfum góða reynslu af slíku og við höfum líka slæma reynslu af slíku. Og af því hann nefndi nú sérstaklega Evrópu í því sambandi þá hafa einmitt ýmis Evrópuríki lent í erfiðleikum með þessa meintu samkeppni á þeim vettvangi. Menn hafa litið til Bretaveldis í því sambandi sem á tímum Thatcher gekk býsna langt í því að selja almenningsveitur til hinna og þessara sem aftur seldu orku til notenda. Sú samkeppni, sem maður að öllu jöfnu vonar að leiði til lækkaðs verðs, leiddi ekki til þess heldur hækkaði til að mynda verð á vatni stórkostlega á ýmsum stöðum í Bretaveldi. Hérna er auðvitað ekki unnt að draga upp neina svart/hvíta mynd í þessu sambandi. En hitt er alveg laukrétt hjá hv. þm. að þetta frv. festir auðvitað í sessi það fyrirkomulag sem við höfum búið við til þess tíma sem samningurinn gildir. Þess vegna er spurning hans til hæstv. iðnrh. laukrétt. Ef það er vilji ríkisstjórnarinnar, sem ég veit ekkert um og þeir hv.

stjórnarþingmenn kunna betur skil á en ég, að færa þetta allt út á markað, að sprengja upp Landsvirkjun og selja þar hluti í stórum stíl — hvers vegna í ósköpunum biðu menn þá ekki eftir þessari stóru stefnumörkun hæstv. iðnrh. sem er að birtast hér næstu klukkutíma eða daga? Það er því laukrétt og eðlileg ályktun sem hv. þm. Einar Oddur dregur af því. Ég er hins vegar ekki kappsfullur um að hlutirnir gangi þannig fram og þykist vita að margir innan ríkisstjórnarinnar séu sama sinnis, um að menn geti nú beðið daginn eða vikuna eftir því að sprengja þetta fyrirtæki upp, sem hefur verið í sameign þjóðarinnar allrar, að forminu til sameign ríkisins og tveggja sveitarfélaga.

Á hinn bóginn get ég vel fallist á það, ekki síst við þær aðstæður sem hér eru nú, að vitaskuld er eðlilegt að önnur sveitarfélög reki í rogastans og setji upp spurningarmerki og segi: Hefur okkur verið boðin aðild að þessu fyrirtæki allrar þjóðarinnar? Hefur sveitarfélögum almennt verið boðið að eignast hlut í Landsvirkjun með einhverju móti? Eða fer það eftir hendinni vegna einhverra sögulegra skýringa og ákveðinna tiltekinna kringumstæðna á einhverju stigi tímans að Reykjavík og Akureyri skuli þar verða ein sveitarfélaga sem í þessu tilfelli njóti þess að eiga þetta fyrirtæki? Því ég held að enginn deili um það, hvernig sem á þessu máli er tekið, að þessi tvö sveitarfélög — og megi þau njóta þess — njóta þess mjög ríkulega í frv. langt umfram framlög þeirra til fyrirtækisins á umliðnum árum og áratugum. Ég get líka tekið undir það að auðvitað er það hlutverk bæjarfulltrúa og borgarfulltrúa þessara sveitarfélaga að sækja eins fast og nokkur kostur er þennan meinta rétt sinn. Það er ekki við þá að sakast þó að þau kunni að sækja það fast og það geti hugsanlega komið niður á hagsmunum orkunotenda í öðrum sveitarfélögum, í öðrum byggðarlögum í landinu. En eitt aðallykilatriðið og eitt helsta áhyggjuefni þessa frv., sem við erum hér að fjalla um, er að þetta samkomulag tryggir eignaraðilum, og þá er ég sérstaklega að tala um þessi tvö sveitarfélög, tiltekna fjármuni reiknaða á ári hverju miðað við einhverja eign í fyrirtækinu, sem er líka samkvæmt reikningslegri niðurstöðu og umdeilanleg. Því skal engan undra þó að fólk í sveitarfélögum annars staðar á landinu hafi af því áhyggjur að ekki verði hægt að standa við þessa forsendur nema að verðlagning á rafmagni lækki ekki heldur hugsanlega hækki. Menn hafa farið yfir þá sögu og ég ætla ekki að gera langt mál úr því. En það er hins vegar full ástæða til að hnykkja á því að í áliti meiri hluta iðnn. er einhver „mórall" í gangi, einhvers konar samviskubit sem ræður þar ríkjum því að í álitinu segir orðrétt, í 3. mgr. þegar meiri hluti nefndarinnar er að velta því fyrir sér hvernig þessar tölfræðilegur forsendur virka, með leyfi forseta:

„Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum."

Af hverju er þörf á því í jafnafdrifaríkum samningi og samkomulagið sem hér um ræðir, að skilning meiri hluta nefndarinnar þurfi að festa á blað um grundvallaratriði og einhvern sérstakan munnlegan skilning hæstv. iðnrh. til að alveg klárt og kvitt liggi fyrir að það er verðlagspólitíkin sem er fetinu framar frekar en pólitíkin um arðsemi til eigendanna? Það er auðvitað vegna þess að lagatextinn og athugasemdir með frv. eru þannig úr garði gerðar að beinast liggur við og eðlilegra að ályktа hið gagnstæða. Því hér segir orðrétt, virðulegi forseti, í grg. með þessu frv., í athugasemd um 8. gr.:

„Stjórn Landsvirkjunar setur eftir sem áður gjaldskrá fyrir fyrirtækið og tekur á hverjum tíma ákvarðanir um breytingar á henni á grundvelli þeirra ákvæða 2. mgr. 13. gr. laganna sem áður voru rakin [þ.e. um hlutverk Þjóðhagsstofnunar] og með hliðsjón af markmiðum eignaraðila samkvæmt sameignarsamningi."

Og enn fremur er drepið á þetta atriði í athugasemdum um 4. mgr. 2. gr. og segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Loks felst í greininni sú breyting að auk þess sem arðgreiðslur skulu ákveðnar með hliðsjón af afkomu Landsvirkjunar eins og nú er skal hafa hliðsjón af yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum." — Þetta er nú sérstaklega merkilegt. — „Verður því eins og í fyrirtækjum almennt unnt að taka ákvörðun um arðgreiðslur, þótt fyrirtækið hafi verið rekið með tapi árið á undan, ef hagnaði fyrri ára hefur í nægjanlegum mæli verið haldið eftir í fyrirtækinu."

Það er nú búið að gera það aldeilis. Ég var að tala um arðgreiðslustofn versus verðlagspólitík. Í 2. mgr. í athugasemd um 2. gr. er einnig komið inn á þetta og ekki annað hægt að sjá hér, og veldur einmitt áhyggjum hjá formanni hv. iðnn. og öðrum hv. þm. í meiri hluta nefndarinnar, að það liggur ekki ljóst fyrir hvað skuli vera víkjandi og hvað ríkjandi. Þess vegna er ósköp eðlilegt og ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir það að hann vilji einfaldlega taka af öll tvímæli hér á hinu háa Alþingi þannig að meiri hluti nefndarinnar geti verið rór í sinni um það að þetta skuli verða með þessum hætti. Þess vegna held að það sé býsna skynsamlegt að hnykkja á því í lagatexta eins og gert er í brtt. frá 2. minni hluta iðnn.

Þetta er auðvitað lykilatriði, samspil þessara tveggja þátta. Þetta er grundvallaratriði í frv. og er auðvitað ekki viðunandi að menn hafi ekki fast land undir fótum í þessum efnum. Ég efast ekki um góðan ásetning hæstv. iðnrh. og að hann geti stýrt sínum væntanlegu stjórnarmönnum í þessa veru þegar til þess kemur. En það er nú einu sinni þannig að miklar og vaxandi líkur benda til þess að hann verði tæpast í sínu sæti eftir apríl 1999 og þá taki aðrir við og ég vænti þess ef svo fer fram sem horfir, að þá verði ekki síðri menn sem þar setjist inn. En það er auðvitað ákaflega létt í vasa við þessar aðstæður þó yfirlýsingar iðnrh. fylgi þessu. Þess vegna er mjög brýnt að lagatextinn sé algerlega skýr hvað þetta varðar. Þarna eru menn að fullyrða á víxl, lesa mismunandi niðurstöður úr þessum texta og það er auðvitað óviðunandi að hið háa Alþingi gangi frá lagatexta á þann hátt að grundvallaratriði á borð við þetta sé hægt að túlka á tvo mismunandi vegu, í austur og vestur. Ég spyr, og varpa þeirri spurningu til hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. Af hverju taldi hann og meiri hluti nefndarinnar sérstaka ástæðu til þess að hnykkja á því að verðlagspólitíkin, verðlækkunin á rafmagni ætti að ganga framar arðsemiskröfunum? Var einhver sérstök ástæða til þess? Fannst honum textinn vera það óskýr að hnykkja þyrfti á honum sérstaklega í nál. meiri hluta nefndarinnar? Eða hver var yfirleitt ástæðan fyrir því? Og ef hann er sammála mér um að ástæðan kunni að hafa verið sú að lagatextinn væri ekki nægilega skýr, samningurinn væri ekki nægilega klár, er hann þá ekki sammála mér um að við ættum að taka saman höndum um að gera hann þannig úr garði að um þetta þurfi ekki að deila? Og þetta þurfi ekki að fara til dómstóla hugsanlega síðar meir? Um þetta þurfi menn ekki að takast eftir að hið háa Alþingi hefur lokið afgreiðslu málsins. Ég spyr hv. þm. Stefán Guðmundsson, form. iðnn., beint um þetta tiltekna atriði og bið um svör við því.

Virðulegi forseti. Hv. þm. Árni Mathiesen hafði einhverjar áhyggjur að því áðan að samhentur þingflokkur jafnaðarmanna og fulltrúar hans í iðnn. og afstaða mín til tiltekinna atriða í þessu máli og tiltekinna brtt. væri ekki í fullkomnum samhljómi. Ég vil benda hv. þm. á það að brtt. á þskj. 468 eru bornar fram af 1. og 2. minni hluta sameiginlega. Þar er samfylkingarhugsjónin mjög ofarlega á baugi. Hitt er auðvitað ljóst að ég get stutt nál. 1. minni hluta og las það yfir og það kom til umræðu í okkar þingflokki áður en frá því var gengið. Á hinn bóginn eru uppi álitamál um það í þingflokki okkar hvort þetta mál sé þannig úr garði gert núna að það sé raunverulega tækt að afgreiða það sem lög frá Alþingi.

Ég er í þeim hópi sem telur að svo sé ekki og ég held að það væri skynsamlegast fyrir alla aðila að gefa sér aukið ráðrúm og tíma til þess að fara yfir einstök atriði þess. Sérstaklega er ég þar að ræða um verðlagningarpólitíkina og þessar arðsemisforsendur og samspil þeirra tveggja þátta.

Ég hins vegar geri engar stórar athugasemdir við þau meginsjónarmið sem er að finna í þessu frv. að menn þurfi aldeilis að vera á innsoginu þegar kemur að því að leyfa þessu fyrirtæki að starfa með kannski lítt breyttum hætti næstu missiri og að svo brátt og nauðsynlegt sé að koma einkavæðingunni og hlutafélagavæðingunni á, ekki seinna en í dag eða á morgun, og það sé einhver allra meina bót. Ég deili því alls ekki þeirri skoðun með hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að við megum ekki neinn tíma missa í þeim efnum. Og ég tel þrátt fyrir allt, eins og hann sagði raunar sjálfur að það hefði verið farsæld því fylgjandi 1965 að koma þessu fyrirtæki á laggirnar og þó að margt hafi verið um það sagt í gegnum tíðina, þá held ég engu að síður að það hafi skilað býsna miklu til íslensks þjóðarbús. Og mér er til efs að einkaaðilar hér og þar og alls staðar hefðu náð að skila ámóta til þjóðarinnar allrar eins og Landsvirkjun í raun hefur gert þá rúmu þrjá áratugi sem hún hefur starfað. En þetta er allt breytingum háð og menn hafa réttilega bent á það hér að við erum komin í nýtt Evrópuumhverfi og þurfum að laga okkur að því. Þess vegna vil ég gera það að mínum lokaorðum hér að einmitt vegna þess að þetta breytta samkeppnisumhverfi ber að dyrum, þá er auðvitað algjört grundvallaratriði að menn standi klárir og skýrir á því hvernig þeir ætla sér að ganga frá eignarréttarmálum á hálendi landsins og í fallvötnunum þannig að það sé ljóst til lengri og skemmri tíma hver það er sem ætlar að njóta afraksturs þessara landsins gæða.

Þess vegna hnykki ég á því að ekki einungis slaki hæstv. iðnrh. út stefnumörkun 19 manna nefndarinnar heldur og ekki síður pressi hann í gegn inni í ríkisstjórninni frv. hans um landið í þjóðareign, sem ég hef nú ekki séð, en vænti þess að það sé í einhverju samræmi við það sem hann hefur áður tónað. Hann á minn stuðning allan í því að knýja á um það mál því að ég veit að þeir eiga eftir að koma nokkrir upp, sjálfstæðismennirnir, og reyna að þvælast fyrir því máli og teygja og toga á alla kanta.

[19:33]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rangt hjá síðasta ræðumanni, misskilningur, að ég hafi sagt hér að það breyta öllum félögum í hlutafélög væri allra meina bót alls staðar og alltaf. Ég hef aldrei sagt það og aldrei hugsað það einu sinni heldur. Ég sagði hins vegar að það væri mjög brýnt, mjög mikil þörf á því að við hlutuðumst svo til um að samkeppni gæti ríkt á sem allra flestum sviðum framleiðslukostnaðarins þannig að við tryggðum okkur lágmarkskostnað alls staðar þar sem við getum komið því við. Það á við um orkumálin. Það stendur ekkert í niðurstöðu orkulaganefndarinnar um að brjóta eigi niður Landsvirkjun endilega á morgun. Það er enginn að segja það. Við vorum að tala um að við eigum að hugsa til þess hvernig við komum að samkeppni, hvernig við tryggjum hana og hvernig við vinnum að því. Það er mjög brýnt. Þess vegna var ég að kalla eftir því við hæstv. ráðherra að fá að sjá slíka hluti. Við þurfum á því að halda Íslendingar, alls staðar. Við þurfum líka á því að halda að við fáum einhverja samkeppni í bankamálum. Þess vegna er brýnt að fá fram frv. til þess að tryggja nógu mikla samkeppni til að við lækkum þann kostnað líka. Þetta er grein af sama meiði, þetta er sama málið sem við erum að ræða um. Það er ekki þar með sagt að það þurfi endilega að vera einhver hlutafélög, langt í frá. Landsvirkjun getur lifað sínu lífi. Það er enginn að segja að það sé útilokað að hún geri það áratugum og öldum saman. En að við tökum af ríkiseinokun þessa fyrirtækis er lífsnauðsyn. Það vildi ég leggja áherslu á.

[19:35]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get verið hv. þm. sammála í öllum meginatriðum í þessu sambandi og er honum hjartanlega sammála um að markmið til að mynda hlutafélagavæðingar eða einkavæðingar, að færa verkefni af hendi ríkisins til einkaaðila ef engin er samkeppnin, þjónar engum tilgangi, nákvæmlega ekki nokkrum tilgangi. Það voru mín viðvörunarorð. Vandi okkar smáa þjóðfélags er auðvitað fyrst og síðast sá að stundum er dálítið erfitt að koma við þessari samkeppni. Það vantar auðvitað fjármagn í umferð hér og við þurfum ekki að rekja mörg dæmi þar sem við sjáum að einkaaðilar hafa komið sér upp slíkri yfirburðastöðu á markaði að það veldur verulegum áhyggjum. Ég þarf ekki að ræða nema um samgöngumálin, flugvélar og skip. Ég hlýt að deila þeim áhyggjum með hv. þm. að þar vantar okkur einmitt þessa virku samkeppni þannig að ef við getum komið á virkri og öflugri samkeppni innan lands og jafnvel með hlutdeild erlendra aðila í sumum tilfellum, þá gott og vel. Þá skulum við skoða þessi mál. En sannarlega versta mynd af fyrirkomulagi rekstrar hér á landi og annars staðar er einokun einkaaðila. Ég nefni Bifreiðaskoðun í því sambandi. Það voru ekki góð byrjunarskref þegar hún var hér ein til staðar og einhvers konar samkrull einkaaðila og opinberra aðila með þeim afleiðingum að gjaldskrá snarhækkaði. Ég deili því skoðunum með hv. þm. í stórum atriðum og ég held að við skiljum nú hvor annan miklum mun betur heldur en áður.

[19:37]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki enn þá ljós afstaða hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar til þessa máls. Styður hann að málið nái fram að ganga eins og 1. minni hluti iðnn. gerir og kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar fyrr í dag? Styður hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson samninginn sem ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær hafa gert um arðgreiðslumarkmið næstu árin hjá Landsvirkjun? Þetta hefur ekki komið fram í ræðum hans hér í dag og enn einu sinni virðist vera gríðarlega mikill áherslumunur á milli forustumanna Alþfl. hér á Alþingi hvað varðar breytingar á raforkumarkaðnum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fjallaði um það í sinni ræðu í dag að það væri betra ef verið væri að gera stærri

breytingar á Landsvirkjun, einmitt á þessum forsendum. En hins vegar liggur ljóst fyrir vegna yfirlýsinga hæstv. iðnrh. að þetta frv. um breytingar á lögum um Landsvirkjun á ekki að þurfa að standa í veginum fyrir því að gerðar verði breytingar í frjálsræðisátt á orkulögunum.

[19:39]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hjálpi okkur þá fyrst allar góðar vættir þegar við verðum „jafnsamstiga", ég og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, og þeir eru þingmenn Sjálfstfl. að öllu jöfnu. Maður fær yfirleitt aldrei neinn botn í afstöðu þess flokks og allra síst í þessu máli eins og ég rakti rækilega áðan. Það hefur hins vegar margsannast í umræðum hér á Alþingi að við hv. þm. Árni Mathiesen komum sennilega aldrei til með að skilja hvor annan, ég held að það sé alveg ljóst. En hafi hann ekki heyrt mín orð hér áðan, þá tel ég affarasælast að vísa þessu máli til ríkisstjórnar á nýjan leik og menn taki upp samninga aftur, menn kappkosti t.d. að skýra nánar ákvæðið um verðlagspólitík versus markmið um arðgreiðslur, sem ég m.a. spurði hv. þm. Stefán Guðmundsson sérstaklega um og raunar hæstv. ráðherra sömuleiðis.

Í annan stað gef ég mér það, af því að ég veit að fleiri hv. þingmenn eru sama marki brenndir og hv. þm. Árni Mathiesen, að þeir fara hér almennum orðum um frv. og telja það gallað á marga lund en ætla samt að samþykkja það.

Það er nú gamla sagan með hv. þm. Árna Mathiesen, virðulegi forseti, að hann reynir eitthvað krafsa hér í þessum ræðustól en lætur síðan hlutina yfir sig ganga. Hins vegar þarf engar áhyggjur að hafa af stöðu mála hjá okkur krötum, okkur jafnaðarmönnum. Þar er allt í góðum gír og gangi eins og skoðanakannanir segja nákvæmlega til um.

[19:40]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal fara að ráðum hv. 9. þm. Reykn. og hafa ekki áhyggjur af ástandinu innan Alþfl. Það væri sjálfsagt til þess að æra óstöðugan og búa sér til magasár að hafa áhyggjur af þeim efnum. En það er hins vegar ágætt fyrir þá sem vilja fylgjast með þessari umræðu og vilja vita hver afstaða einstakra manna og einstakra þingflokka er, að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson styður ekki að þetta frv. nái fram að ganga eins og nefndarálit 1. minni hluta gerir ráð fyrir, sem er undirritað af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur sem lýsa yfir stuðningi við samninginn milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Þá liggur það ljóst fyrir hjá okkur. Og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson mun væntanlega greiða frávísunartillögu Svavars Gestsonar atkvæði þegar að því kemur.

[19:42]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að nálgast þetta eilítið, ég og hv. þm. En það er rétt, ég mun styðja þessa frávísunartillögu. Ég vil hins vegar láta það koma fram hér, virðulegi forseti, að því miður verð ég að gegna skyldum á morgun utan lands og verð því miður ekki við atkvæðagreiðsluna. Þess vegna vil ég að hér komi mjög skýrt fram: Já, ég mundi hafa stutt þessa tillögu hefði ég ekki fjarvist hér á morgun. Á hinn bóginn hefði ég ekki greitt atkvæði gegn frv. þegar það kæmi til efnislegrar afgreiðslu. Ég hefði setið hjá.

Ég vil líka árétta að í áliti 1. minni hluta iðnn. er einmitt sagt mjög skýrum orðum að það hafa komið fram verulegar og alvarlegar athugasemdir og gagnrýni, einkum varðandi þrjá meginþætti, arðgjafar-, gjaldskrár- og arðgreiðslumarkmiðin, jöfnun orkuverðs og hvernig eigendaframlögin hafa myndast. Þetta eru engin smáatriði sem hér er verið að drepa á og hafa valdið gagnrýni og menn hafa gert alvarlegar athugasemdir við. Allt nefndarálitið byggist síðan á þessu og ég deili fullkomlega með (**ÁMM:** ... segja það satt.). Þú verður að eiga þann orðastað við aðra. En af því að menn eru nú svo samstiga í þessum Sjálfstfl., þá bið ég hv. þm. Árna Mathiesen að koma í sína heimabyggð og athuga kannski ástandið þar í augnablikinu.

[19:43]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykn. spurði mig um markmið um arðgreiðslur. Það kom skýrt fram í máli hæstv. iðnrh. við 1. umr. þessa máls þar sem hann tók fram að arðgreiðslan væri víkjandi fyrir lækkun orkuverðs. Það kom strax fram í 1. umr. um málið.

Ég hef tekið undir þetta og það rösklega hér í dag vegna þess að ég hef reynt að kynna mér málið og hver staða þess væri. Það hefur hins vegar ekki farið fram hjá mér, og ég hef hlustað hér á þingmenn í allan dag, að þingmenn eru mér ekki allir sammála að nægjanlega skýrt sé talað. Það hefur ekki farið fram hjá mér.

Ég segi það eitt nú að ég hef heyrt efasemdir nokkurra þingmanna hvað þessu viðkemur og ég segi bara við hv. 9. þm. Reykn.: Við verðum að sjá og doka aðeins við hver framvinda málsins verður.

[19:44]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Um árabil hefur Landsvirkjun haft það verkefni að virkja fallvötn landsins í págu þjóðarinnar allrar. Því hafa verið tæknileg skilyrði fyrir hendi mjög lengi til að tryggja landsmönnum öllum orkuna á sama verði. En því miður hefur miðað heldur hægt í þeim efnum og reyndar ekkert í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar. Ekkert hefur miðað að því marki að jafna raforkuverð í landinu. Í dag er staðan sú að verðmunur á raforku til heimilisnota á Reykjavíkursvæðinu annars vegar og hins vegar frá Rafmagnsveitum ríkisins er rétt rúmlega 14%. Nú er fyrirhugað að Reykjavíkurborg fái heimild til að virkja á Nesjavöllum eins og hefur komið fram í umræðum og það fyrir eigin reikning fram hjá Landsvirkjunarkerfinu. Fyrirhugað er að Landsvirkjun fái þaðan sérlega ódýra raforku og því er ljóst að það stefnir í að verðmunurinn milli annars vegar Reykjavíkursvæðisins og þeirra svæða úti á landi þar sem eru sérstakar ódýrar rafveitur og svo hins vegar svæðisrafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða muni fara heldur vaxandi en minnkandi á næstu árum. En ofan á allt annað gerist það nú að hæstv. iðnrh., einn af leiðtogum Framsfl., leggur fram á Alþingi frv. sem gerir ráð fyrir að Landsvirkjun verði látin greiða eigendum sínum, Reykjavík, Akureyri og ríkinu arð sem getur numið allt að 770 millj. kr. á ári, miðað við núverandi aðstæður en mun vafalaust fara hækkandi með árunum.

Staðreyndin er hins vegar sú að Landsvirkjun skuldar rúmlega 50 milljarða kr. Hins vegar eru vonir uppi um að afkoma fyrirtækisins fari batnandi á komandi árum og því hugsanlegur möguleiki að aukið fé verði aflögu til að koma til móts við þá sem standa fyrirtækinu næst. Hverjir skyldu það nú vera? Hverjir standa þessu fyrirtæki næst, Landsvirkjun? Hverjir eiga að njóta góðs af því að hagur fyrirtækisins fari hugsanlega batnandi á komandi árum? Eru

það raforkuneytendurnir sem eiga að njóta þess? Jú, auðvitað eru það raforkuneytendurnir sem standa Landsvirkjun næst og ættu að njóta þess. En þetta er samt ekki það sem til stendur heldur hitt að það verði eigendurnir sem njóti bættrar stöðu Landsvirkjunar á komandi árum. Og það í formi stórhækkaðra arðgreiðslna sem nema munu mörgum milljörðum kr. á næstu árum. Jafnframt hefur því verið sérstaklega lýst yfir í þessu samhengi að engin lækkun verði á gjaldskrá Landsvirkjunar næstu fjögur árin. Þá hafa menn það.

Ég tek undir með þeim mörgu hv. alþingismönnum sem hafa gagnrýnt þetta mál. Ég tek undir með þeim vegna þess að ég tel að þetta frv., þessi samningur sem hæstv. iðnrh. hefur gert, sé eitt stærsta hneykslið sem við höfum orðið vitni að á seinni árum. Ég tel furðulegt að hv. þm. Framsfl., með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar, skuli láta hafa sig út í að standa að slíkum samningi sem er svo andstæður raforkuneytendum í landinu og þó alveg sérstaklega íbúum á landsbyggðinni.

Nú er það svo, eins og hér hefur verið bent á, að eigendur Landsvirkjunar hafa fengið arð af fyrirtækinu. Það hefur verið gerð ágæt grein fyrir þeirri hlið málsins í nál. 2. minni hluta iðnn. á þskj. 560 þar sem vakin er athygli á því að eigendur hafa fengið í arð 581 millj. kr. á núv. verðlagi og þeir hafa jafnframt fengið ábyrgðargjald að upphæð 871 millj. kr. Þetta sérstaka ábyrgðargjald er auðvitað saga út af fyrir sig vegna þess að auðvitað er það fyrst og fremst þjóðin í heild sem hefur ábyrgst þessi lán og aldrei verið neinn vafi á að þau yrðu greidd og staðið yrði í skilum með þau. En Reykjavíkurborg og Akureyrarborg hafa fengið sérstök framlög í sína sjóði auk ríkissjóðs vegna lántökunnar. Þessi gjöld nema eins og ég hef rakið hér 871 millj. kr. samtals.

Í nál. 2. minni hluta iðnn., Svavars Gestssonar, er einnig á það bent að fram hafi komið að eiginfjárframlög eignaraðila nemi 2.149 millj. kr. frá upphafi framreiknað til núverandi verðlags. Þetta kemur skýrt fram í fskj. XV með nál. Að sjálfsögðu eru þetta ekki tölur sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur fundið upp heldur tölur sem eru frá þeim aðilum sem undirbúið hafa þetta frv. og verður því að líta á sem öruggar staðreyndir. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta merkilegar upplýsingar vegna þess að það er alveg ljóst að greiddur hefur verið ágætur arður, alveg þokkalegur arður, af eiginfjárframlögum þessara aðila í gegnum tíðina. Að vísu kannski ekki mjög hár, við gætum sagt að arðurinn nemi svona 2–3% prósentum á ári að jafnaði í þessi 30 ár. En ég get ekki sagt annað en að mér finnist það alveg kappnóg fyrir þann hlut sem eignaraðilarnir hafa átt að þessu þjóðarfyrirtæki að fá framlög sín endurgoldin með þeim hætti. Auðvitað þarf ekki að segja neinum að höfuðborgarsvæðið og Reykjavíkurborg hafa auðvitað haft stórkostlegan óbeinan hag af framkvæmdum Landsvirkjunar í gegnum tíðina. Landsvirkjun hefur fengið að velja úr hagkvæmustu virkjunarkosti landsmanna og þessir virkjunarkostir eru nú fæstir á höfuðborgarsvæðinu. En síðan hefur stór hluti orkunnar verið seldur stóriðjufyrirtækjum sem hafa fengið orkuna á kostnaðarverði, jafnvel iðulega langt undir kostnaðarverði, fyrst og fremst með þeim rökum að verið sé að auka þjóðarframleiðsluna og verið sé að auka atvinnu á viðkomandi svæði. Því hefur Reykjavíkurborg með beinum og óbeinum hætti haft stórkostlegan hag af þeim framkvæmdum.

Ég tel að það nýja fyrirkomulag sem nú hefur verið gerður samningur um, þ.e. að arðgreiðslur nemi 5,5% af endurmetinni eiginfjárstöðu fyrirtækisins sem er metin upp á 14 milljarða, þannig að upphæðin getur orðið á milli 700 og 800 millj. kr. á ári, sé að sjálfsögðu ekkert annað en dulbúin skattlagning á landsbyggðina sérstaklega og reyndar á orkuneytendur almennt. Verið er að draga fé í stórum stíl út úr fyrirtækinu á fölskum forsendum og koma í veg fyrir að fyrirtækið geti þá boðið orkuna á lægra verði en ella hefði verið. Það má nefna þessa stefnu ýmsum nöfnum og ég tel mig hafa rétta nafnið á reiðum höndum. Ég tel að þetta sé hrein nýlendustefna gagnvart landsbyggðinni. Ég tel að hér sé verið að arðræna landsbyggðina sérstaklega með því að halda uppi háu raforkuverði en á sama tíma að greiða eigendum arð sem bersýnilega er ósanngjarn og allt of hár miðað við allar aðstæður.

Ég vil segja það að lokum, virðulegi forseti, að ég tel að það sé síður en svo sjálfgefið að friður muni áfram ríkja um að Landsvirkjun leyfist að hirða upp hagkvæmustu virkjunarkostina á Norðurlandi, Austurlandi eða Suðurlandi og nýta sér þá ef þetta fyrirtæki er ekki byggt upp og rekið í þágu landsmanna allra. Ef þetta fyrirtæki verður áfram rekið með þeim hætti sem hér er mótuð stefna um, að það sé fyrst og fremst rekið í þágu eigendanna sem, eins og hér hefur margoft komið fram og allir þekkja, eru ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyri, þá er þetta ekki fyrirtæki allra landsmanna og þá er ekki sjálfgefið að þetta fyrirtæki eigi að hirða hagkvæmustu virkjunarkostina í landinu og nýta þá eins og gert hefur verið. Jöfnun raforkuverðs verður að vera meginmarkmið í þessu samhengi. Það verður að hafa algjöran forgang. Ég skora á hv. þm. að sameinast um að vísa þessu máli frá svo það fái ekki afgreiðslu á þessu þingi heldur verði tekið til endurskoðunar. Enda veit ég að í vaxandi mæli hefur fólk um land allt komið auga á það mikla ranglæti sem þetta frv. felur í sér og á þá ósk heitasta að málið verði stöðvað hér við afgreiðslu á Alþingi.

[19:59]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örstutt í sambandi við málflutning hv. þm. Ragnars Arnalds þar sem hann vék að arðgreiðslunum. Það alveg rétt og ég vil bara undirstrika það sem hv. þm. vék að að arðgreiðslur hafa verið greiddar. Það hefur verið greiddur arður til hluthafa þessa fyrirtækis. Það er eins og mig minni að það standi nú einhvers staðar í upplýsingum sem við höfum fengið að það hafi verið í fyrsta sinn árið 1979. Það er eins og mig minni að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi einmitt verið ráðherra þá. Hann hafi einmitt verið ráðherra þegar arðgreiðslan var greidd út.

[20:00]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að hv. þm. (**StG:** Er þetta minnisgóður.) er þetta minnisgóður að hann man eftir því hvenær arðgreiðslurnar hófust. Hann getur líka haft það í huga að samanlagt virðast þessar arðgreiðslur verða svo sem eins og 50 millj. kr. á ári að jafnaði í þessi 30 ár ef maður leggur saman ábyrgðargjaldið og arðinn sem manni ber nú kannski engin skylda til að gera. Maður getur tekið arðinn einan og þá er upphæðin miklu lægri. Hún er 30 millj. kr. á ári ef miðað er við arðinn einan en ef miðað er við ábyrgðargjaldið þá eru þetta 40–50 milljónir á ári að jafnaði fyrir stofnkostnað eða eiginfjárframlög sem talin eru í dag nema rúmum tveimur milljörðum króna. Þetta er mjög hófleg og eðlilega arðgreiðsla. En núna er verið að hækka arðgreiðslurnar allgífurlega. Það er meiningin að arðgreiðslurnar muni

núna nema í kringum 700 milljónum á ári, þó að þær komi að vísu ekki allar til útborgunar. Það fer kannski eftir því hvernig reiknað er hversu mikil aukning þetta telst vera, en hún er greinilega a.m.k. sjöföld ef ekki tífföld hækkun á greiðslum til eigendanna frá því sem áður var. Hv. þm. var því að segja ósköp einfaldlega að það var tekin upp árið 1979 hófleg arðgreiðsla til þessara aðila. En nú á að fara að okra á þessum eigendaframlögum, bersýnilega. Og það er kjarni málsins.

[20:02]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf nú ekki að deila mikið við ágætan samþingsmann minn, Ragnar Arnalds, um þetta mál. Ég vildi bara vekja athygli á því að það var í ráðherratíð hans, Alþýðubandalagsins, sem tekinn var upp sá siður að greiða arð til eigenda Landsvirkjunar. Ég var aðeins að koma þessu á framfæri, ekki hvað upphæðin var há. Það var í ráðherratíð Ragnars Arnalds og Alþb. sem þetta var tekið upp.

[20:03]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að við hv. þm. erum mjög sammála um kjarna þessa máls, þ.e. að arðgreiðslur voru teknar upp fyrir 17–18 árum og þær voru mjög hóflegar þá og alla tíð síðan. En nú á að verða gerbreyting á. Það á að hækka þessar arðgreiðslur þannig að þær verði a.m.k. sjö, átta sinnum hærri en þær áður voru og ég veit að í hjarta sínu er hv. þm. alveg jafnhneykslaður á þessu og ég er. Ég trúi ekki öðru en að hann, sem þingmaður Framsfl. og fulltrúi fyrir landsbyggðina, geri sér grein fyrir því hvílíkt vandræðamál þetta er. Hann ætti frekar að eyða tíma sínum til að útskýra hvernig í ósköpunum stendur á því að hann ber einhverja ábyrgð á þessu máli. Ég hefði helst trúað honum til þess að segja sig frá slíkum óskunda sem þessi málatilbúnaður allur er.

[20:04]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. iðnn. fyrir þá umfjöllun sem málið fékk í nefndinni og ég sé af þeim nefndarálitum sem hér hafa komið fram að vel hefur verið til þessa verks vandað af hálfu nefndarinnar. Ég ætla ekki hér, sem menn hafa þó við þessa umræðu gert örlítið úr, að rifja upp aðdraganda þessa máls. Svo er ekki að einhverju sé að leyna í þeim efnum. Það var ágætlega gert við 1. umr. málsins og ég held að það blandist engum hugur um að þar höfðu tækifæri að koma á einn eða annan hátt að öll þau pólitísku öfl sem fulltrúa eiga á Alþingi, í gegnum Akureyri, í gegnum borgarstjórn Reykjavíkur og í gegnum Alþingi. Ég held því að ekki sé mikill ágreiningur um þetta.

Þetta frv. er stefnumótun sem tekur til fjögurra meginþátta:

Í fyrsta lagi er hér mótuð stefna um verðlækkun á raforku, þ.e. langtímastefnumörkun um raforkuverðslækkun um að raunverði raforkunnar verði haldið óbreyttu fram til aldamóta en lækkun á bilinu 2–3% að raunvirði á orkuverði til landsmanna frá árinu 2001.

Í öðru lagi eru settar skýrari kröfur en nokkru sinni fyrr um arðgjöf af rekstri fyrirtækisins og ég hygg að allir geti verið sammála því að nauðsynlegt sé að gera arðkröfur til þessa fyrirtækis eins og annarra fyrirtækja.

Í þriðja lagi er tekin ákvörðun um að arður skuli greiddur út úr fyrirtækinu. Ákvörðun um það er tekin árlega á aðalfundi hver arðurinn skuli vera. Arðurinn sem tekinn er út úr fyrirtækinu hlýtur auðvitað að vera í samræmi við afkomu fyrirtækisins á hverjum tíma. Það mun hins vegar byggjast á ákvörðun eignaraðila fyrirtækisins hvernig þetta verður gert. Við verðum að treysta því að umræddir eignaraðilar, sem eru hagsmunagæsluaðilar fyrir fólkið í landinu, taki ekki arð út úr fyrirtækinu umfram það sem það þolir. Fyrir utan það að stór hluti, til að byrja með og reyndar allan tímann, af reiknuðu arðgreiðslunum er skilinn eftir inn í fyrirtækinu til að lækka skuldastöðu þess og bæta þannig afkomuna.

Í fjórða lagi, með samningi sem þarna hefur náðst milli Akureyrarbæjar, Reykjavíkurborgar og ríkisins er ákveðið að halda óbreyttu eignarhaldi, fyrirkomulagi þess og formi eignarhaldsins á fyrirtækinu fram til ársins 2004 en í þessu frv. er tekin ákvörðun um að breyta stjórnunarfyrirkomulagi fyrirtækisins á þessu og næsta ári.

Af áliti meiri hlutans sem hér hefur nokkuð verið fjallað um má ráða og þar er skýrt kveðið á um að verðlækkunarkrafan mun vera þar í forgangsröðinni að krafan um verðlækkun raforkunnar stendur framar en krafa eigendanna um að fá greiddan út arð. Eða með öðrum orðum: Arðkrafan verður víkjandi fyrir verðlækkunarkröfunni. (**SvG:** Hvar stendur það í samningnum?) Það stendur ekki í samningnum, hv. þm. Hins vegar er það svo að það er pólitísk stefnumótun meiri hlutans á Alþingi sem á 50% í fyrirtækinu. Og ég er fyrir mína parta tilbúinn til að lýsa því yfir að ég tel þetta vera eðlilega stefnu og ég vonast til þess að þeir hv. þm. sem hafa raunverulegan áhuga fyrir því að ná fram orkuverðslækkun styðji þetta meginsjónarmið. Ég held reyndar að það hafi skinið í gegn hjá flestum fulltrúum þeirra stjórnmálaafla sem hér hafa talað við þessa umræðu. Þegar að ráðherraskiptum kemur og nýr ráðherra sest í stól iðnrh. þá vænti ég þess að þessari stefnumótun verði líka haldið til streitu ef yfirlýsingar manna í þessari umræðu eru í samræmi við þær kröfur sem ég býst við að menn vilji gera í þessum efnum.

Þá ætla ég að víkja örlítið að einstökum fyrirspurnum og því sem einstakir þingmenn hafa, við þessa umræðu, óskað eftir að fá svör við.

Varðandi Ríkisendurskoðun sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom hér talsvert inn á í sínu máli, þá er mikið gert úr því að verið sé að afnema eftirlitshlutverk Alþingis með fyrirtækinu. Ég tel það vera síður en svo. Ég tel þvert á móti að verið sé að treysta og gera eftirlitshlutverk Alþingis öruggara með þessu fyrirtæki í eigu ríkisins heldur en það annars yrði í framkvæmd. Mig langar til að taka eitt dæmi, dæmi sem ég hef reyndar tekið áður. Það hefur ekkert með það að gera að einn núverandi hv. alþingismaður — það gera reyndar fleiri hv. alþingismenn — situr í stjórn Landsvirkjunar. En ég ætla að taka dæmi af hv. þm. Svavari Gestssyni sem situr í stjórn Landsvirkjunar. Við skulum segja að grunur léki á um að ekki væri allt með felldu í rekstri þess fyrirtækis. Það er að mínu viti síður en svo vegna þess að ég held að þetta fyrirtæki sé að mörgu leyti afskaplega vel rekið bæði af stjórn fyrirtækisins og einstökum stjórnendum þar. En væri svo að einhver grunur léki á um að hægt væri að gera betur en gert og Alþingi vildi láta kanna hvernig reksturinn fram þá væri auðvitað ekki eðlilegt að alþingismenn sætu í stjórn fyrirtækisins og veldu síðan sjálfa sig til að hafa eftirlit með sínum eigin verkum innan stjórnarinnar. Ég tel því að þarna sé einfaldlega verið að skýra mjög, annars vegar hlutverk

löggjafarvaldsins og svo hins vegar framkvæmdarvaldsins.

Í 6. gr. frv. um Ríkisendurskoðun sem forsetar þingsins hafa lagt fyrir Alþingi segir í 2. mgr. 6. gr., með leyfi forseta:

„Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja, félaga og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög, sameignarfélög, viðskiptabankar og sjóðir."

Ég tel að þetta taki af öll tvímæli um að Ríkisendurskoðun getur haft eftirlit með þessu fyrirtæki sem ég tel líka að hún eigi að hafa.

Í áliti 1. minni hluta er þess getið að mikilvægt sé að taka af allan vafa um að Samkeppnisstofnun. Og þar sem með þessu frv. er verið að taka hlutverk Þjóðhagsstofnunar við framkvæmd gjaldskrárinnar úr sambandi, setja það í hendur stjórnar fyrirtækisins og þar af leiðandi að nokkru leyti um leið í hendur eigenda fyrirtækisins, þá er alveg ljóst eftir sem áður, þó það sé ekki skýrt kveðið á um það í frv., að Samkeppnisstofnun hefur það hlutverk að hafa eftirlit með einokunarfyrirtækjum eins og Landsvirkjun er og ég held að það sé alveg klárt ef horft er til 2. gr. samkeppnislaga, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum."

Af þessu held ég að megi skýrt draga þá ályktun að Samkeppnisstofnun getur haft eftirlit með Landsvirkjun.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði: „Hvað með fólkið á köldu svæðunum? Því er kalt." Ég hygg að það sé rétt. Því svíður undan háum raforkureikningum. En það sem hefur gerst á þessum svæðum er að því er kannski ekki eins kalt og því var vegna þessa að nú hefur hjá mörgum þessara hópa orðið meira um atvinnu en áður var fyrir tilstuðlan atvinnustefnu þessarar ríkisstjórnar. Það hefur dregið úr atvinnuleysinu. Hins vegar hef ég ritað orkuráði og Orkustofnun bréf — það gerði ég 23. janúar sl. — þar sem ég óskaði eftir tillögum frá Orkusjóði, orkuráði og Orkustofnun um það hvernig hægt væri að beita Orkusjóði skipulega í þeim tilgangi að fara inn á köldu svæðin og kanna hvernig við gætum, bæði með orkusparandi aðgerðum og með sérstökum aðgerðum á þessum svæðum, dregið úr orkukostnaði á þeim stöðum sem við köllum köldu svæðin. Ég hef átt viðræður við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem mynda þennan hóp sem kallar sig Sveitarfélög á köldum svæðum og ég vonast til að geta kynnt tillögur fyrir þeim von bráðar.

Ég hef ekki lesið annað út úr þessari umræðu en að allir séu sammála um að fyrirtækið Landsvirkjun sé raunverulega fyrirtæki í eigu allra landsmanna. Vandamálið er hins vegar, og það er kannski ágreiningur um það ef ég skil þetta rétt, hverjir eigi að fara með þá almannahagsmuni sem þarna um ræðir. Eins og eignarhlutarnir í félaginu eru byggðir upp þá er gert ráð fyrir því að það sé ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær. Þegar yfir þetta er horft þá held ég að það sé alveg ljóst að þarna eru allir landsmenn undir. En það er hins vegar líka ljóst að Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eru að fá þarna fjármuni greidda út úr fyrirtækinu, þ.e. arðinn. Ríkið fær auðvitað líka greidda fjármuni út úr fyrirtækinu á sama tíma. Í 6. gr. fjárlaga er heimild til þess að ráðstafa til atvinnusköpunar sambærilegri upphæð, eða 80 millj. kr., og ríkið mun fá greitt í arð af Landsvirkjun á árinu 1997. Það er hugsað til þess að setja það inn á þau svæði sem ekki njóta góðs af atvinnusköpun vegna stóriðju.

Menn geta endalaust deilt um það hvernig eigi að reikna þessi eigendaframlög. Margir hv. þm. hafa við þessa umræðu viljað fara aðrar leiðir og talið eina leið betri en aðra. En staðreyndin er sú að með þeirri leið sem valin var, þær forsendur sem gefnar voru og eigendur voru sammála um að væru skynsamlegar, þ.e. að taka beinu peningaframlögin, taka eignir Sogsvirkjunar, taka vatnsréttindin og undirbúningskostnaðinn við fyrirtækið og framreikna það miðað við byggingarvísitölu með 3% vöxtum, þá fengust út 14 milljarðar kr. Það er á grundvelli þessara 14 milljarða sem arðurinn til eigenda verður útreiknaður. Nú hefðu menn auðvitað geta sagt líka: „Er ekki rétt að gera það bara á grundvelli eigin fjár fyrirtækisins sem er í kringum 25–26 milljarðar kr.?" Nei, menn vildu fara varlega. Og vegna þess að þessi upphæð var lægri þá var skynsamlegra að miða við hana. Eða: „Er þá ekki eðlilegra að miða við markaðsverð fyrirtækisins út frá framtíðarvirðinu sem voru 24,3 milljarðar?" Nei, menn ákváðu að fara þessa varfærnislegu leið þannig að fyrirtækinu yrði ekki ofboðið í útgreiðslu arðs. Það er í mínum huga enginn munur á því hvort um er að ræða beint peningaframlag frá eigendum eða eignir í öðru formi en peningum sem fram eru lagðar, hvort sem það eru starfandi virkjanir eða vatnsréttindi sem líka er eignarréttur á eða undirbúningskostnaður að stofnun fyrirtækis sem er ákveðinn fjárfestingarkostnaður. Það er enginn munur á þessum framlögum í raun og veru. Því hvaðan koma peningarnir í beinu framlögunum? Þeir spretta ekki á trjánum. Þeir koma úr vasa skattborgaranna, allra Íslendinga, Reykvíkinga sem eru hluti Íslendinga og Akureyringa sem einnig eru í þessum hópi. Síðan segja menn: „En eignirnar voru greiddar niður af notendunum. Hverjir eru notendurnir? Hverjir keyptu orkuna?" Það er þessi sami hópur. Þannig að peningarnir hafa þar líka komið úr vasa þessa sama hóps. „Hvað þá með eignarréttinn á vatnsréttindunum? Hver átti þau?" (**SvG:** Þjóðin.) Fyrirtækið er í eign þjóðarinnar og þjóðin átti þau. Allt ber því að sama brunni. Þetta er allt komið frá sama hópnum. (**SvG:** Svo á að fara sömu leið.) Og þess vegna fer það sömu leið. Akkúrat, hv. þm. Það gerir það nefnilega nákvæmlega. Fyrirtækið (Gripið fram í.) er eftir sem áður í eigu þessara sömu aðila, í þjóðareign. (**SvG:** Skattlagning á milli.)

Varðandi það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði. Mér þykir slæmt að hann skuli vera farinn frá umræðunni. Ég hélt að hann hefði viljað fylgja henni eftir. En það er komið fram yfir kvöldmat og ég skil að menn þurfi að víkja sér frá. Árið 1979 er arðgreiðsla Landsvirkjunar sem hlutfall af heildareiginfjárstöðu í árslok næstliðins árs 0,89%. Auðvitað eru þetta engar arðgreiðslur sem þarna er um að ræða. En ef við segjum: Hvert er eigið fé núna? Það er 25–26 milljarðar. Og hver er arðgreiðslan 1997? Hún er undir þessu. Hún er sennilega í kringum 0,7%. Arðgreiðslan sem menn eru að tala um að taka út úr fyrirtækinu árið 1997 er því lægri en þegar sá hv. þm. sem stóð hér áðan og var alveg óskaplega hneykslaður yfir því að menn ætluðu að taka arð út úr fyrirtækinu, var í ríkisstjórn. (**SvG:** Hver var afkoma fyrirtækisins árið 1979?) Þær tölur hef ég því miður ekki, hv. þm. En það er vafalítið hægt að komast að því. Afkoma Landsvirkjunar árið 1997 eins og hv. þm. veit, verður býsna góð og betri held ég en menn hafa almennt búist við miðað við það sem fyrirtækið hefur verið að ganga í gegnum á undanförnum árum. Þess vegna segi ég að menn hafa tekið

býsna vel á hvort sem það eru stjórnarmenn eða stjórnendur fyrirtækisins í því að koma rekstri fyrirtækisins á góðan rekspöl.

Ég held að það væri hollt fyrir hv. þm. Svavar Gestsson að hafa í huga að þegar við erum að tala um þessar peningalegu eignir eða virkjanirnar sem menn hafa lagt inn í fyrirtækið eða þau réttindi sem þeim fylgja þá er það alveg ljóst að árið 1983 þegar eigendaviðræður og samkomulag um eignarhald á fyrirtækinu fóru síðast fram þá var þessi grunnur notaður. Í raun og veru hafa eignaraðilarnir, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær eignast lögvarinn og stjórnarskrárvarinn eignarrétt á því sem þarna er um að ræða. Og að ætla að einhverju leyti að taka það af eigendunum þá þýddi það auðvitað málaferli.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom inn á skipulag raforkumálanna og þá skýrslu sem nú liggur fyrir frá orkulaganefndinni. Þáltill. um skipulag orkumálanna mun koma fram í þinginu vonandi á næstu vikum. Það er vilji minn að hægt verði að fá hana samþykkta frá Alþingi áður en þing fer heim í vor. En yfirlýsing hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar við þessa umræðu var mjög merkileg. Hann taldi það vera forgangverkefni að hækka orkuverð, að hækka orkuverð. Hvernig í ósköpunum samræmist það þeirri stefnu sem aðrir alþýðubandalagsmenn hafa hér verið að tala fyrir, þ.e. orkuverðslækkun? Nei, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi það forgangsatriði að hækka orkuverð í heiminum til að koma í veg fyrir sóun. Einstakir þingmenn hafa einnig lýst áhyggjum sínum yfir því að hugsanlega mundi sú trygging sem nú er í 13. gr. laganna um Landsvirkjun, sem gengur út frá því að orkuverð sé jafnt til allra landsmanna frá Landsvirkjun sem slíkri — verðið verður aftur á móti mismunandi frá flutningsfyrirtækjunum eða dreifiveitunum — þá er það alveg tryggt að það er ekkert verið að hreyfa við því ákvæði í núgildandi lögum.

Vegna þess að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er ekki í þingsalnum og ekki heldur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson þá sé ég í sjálfu sér ekki beina ástæðu til að gera athugasemdir við þeirra málflutning hér. En ég get þó ekki látið hjá líða að nefna að mér fannst málflutningur hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar vera mjög einkennilegur. Menn segja: „Við verðum að horfa á lífskjörin. Við verðum að lækka orkuverðið.“ Þessu get ég alveg verið sammála enda gerir þetta frv. og samkomulag eignaraðilanna ráð fyrir því að það náist fram. En um leið er sagt: „Það verður að koma hér á samkeppni. Það á ekki að vera með þessa einokun á fyrirtækinu. Það á að opna þetta allt saman.“ Hvað þýðir það? Það þýðir að menn krefjast meiri arðs en 0,75% af eigin fé. Ætli arðurinn yrði ekki eitthvað í kringum 10–12% ef menn færu þessa leið? Það leiðir auðvitað til þess að orkuverðið mun hækka við óbreyttar aðstæður hjá fyrirtækinu. Eru menn þá hættir að hugsa um lífskjörin? Nei. Við erum að reyna að fikra okkur áfram til að geta náð öllum þessum markmiðum fram sem við fyrstu sýn virðast rekast hvert á annað, þ.e. að fá greiddan arð, þ.e. að gera auknar arðskröfur til fyrirtækisins og að lækka orkuverðið í landinu. (**SvG:** Þetta geta nú ekki einu sinni framsóknarmenn. Þetta er óframkvæmanlegt.) Það mun koma í ljós, hv. þm. Svavar Gestsson, þegar upp verður staðið hvort þessi stefnumótun eignaraðilanna nær fram að ganga eða ekki.

Ég held að ég hafi svarað flestum þeirra spurninga sem til mín var beint við 2. umr. Ég vil ítreka að lokum að ég þakka nefndinni fyrir þá vinnu sem hún lagði á sig við yfirferð frv. milli 1. og 2. umr. Ég tel að þar hafi verið um mjög vönduð vinnubrögð að ræða.

[20:29]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að málsvörn hæstv. iðnrh. hafi verið veik. Eftir þessa miklu umræðu sem fram fór í dag þá svaraði hann ótrúlega fáum af þeim rökum sem komu fram í máli einstakra aðila, bæði stjórnarandstæðinga og stjórnarsinna. Eftir þessa umræðu liggur það fyrir að það er bara einn flokkur sem er heill og óskiptur á bak við þetta mál og það er Framsfl. Þaðan heyrist ekki tíst af gagnrýni sem er umhugsunarvert miðað við þá stöðu sem Framsfl. hafði einu sinni á landsbyggð.

Það sem ég vildi hins vegar nefna, herra forseti, í andsvari er þetta: Það er verið að afnema eftirlitshlutverk Alþingis. Það er verið að því. Það er verið að fella það út með því að taka stjórnarmennina út og það er verið að gera það með því að fella Ríkisendurskoðun út. Það er alveg augljóst mál að það dæmi sem hæstv. ráðherra hefur hvað eftir annað tekið í þessu máli er út í loftið vegna þess að ef um það væri að ræða að þingmenn væru stjórnarmenn við þær aðstæður sem hann nefndi þá mundu þeir auðvitað ganga úr stjórninni eins og iðulega er þegar menn segja sig frá málum vegna vensla við þau. En það sem hann er að gera til viðbótar er að hann er að taka út úr lögunum ákvæði um Landsvirkjun. Hann er að taka það út, út úr landsvirkjunarlögunum. Þess vegna er það er rétt sem Ríkisendurskoðun segir að það er verið að rífa fyrirtækið í burtu frá Ríkisendurskoðun og Alþingi og koma í veg fyrir eftirlitshlutverk þessarar mikilvægu stofnunar. Það er ofboðslega alvarlegur hlutur sem ráðherrann hefur í rauninni engu svarað og það er grunsamlegt, herra forseti, að hann skuli enn þá berja höfðinu við steininn í málinu.

[20:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel óheppilegt að alþingismenn séu við þessar kringumstæður að hafa eftirlit með sjálfum sér. Þar greinir okkur á, mig og hv. þm. Svavari Gestssyni.

Eins og hv. þm. veit liggur hér fyrir frv. til laga um Ríkisendurskoðun þar sem 1. flm. er hæstv. þingforseti, Ólafur G. Einarsson og fulltrúar allra flokka nema Kvennalistans eru flm. að þessu frv. Í 2. mgr. 6. gr. þessa frv. segir:

„Enn fremur skal Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja, félaga og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög, sameignarfélög,“ — sem Landsvirkjun er — „viðskiptabankar og sjóðir.“

Þannig að þetta eftirlitshlutverk Ríkisendurskoðunar er tryggt. Um hitt getum við deilt hvort skynsamlegt sé að þingmenn séu með eftirlit með sjálfum sér.

[20:32]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var enginn að tala um hvort það væri skynsamlegt eða ekki. Það er ekki það sem málið snýst um. Hæstv. ráðherra er að reyna að snúa út úr. Hæstv. iðnrh. er að leggja til að Ríkisendurskoðun verði tekin út úr lögunum um Landsvirkjun. Hún er þar núna. Það er það sem hann er að leggja til. Og út frá því hljóta menn að horfa fram á það að við umræður um málið á næstu árum gætu menn

gagnályktað og sagt sem svo: Það var ákvörðun Alþingis að henda Ríkisendurskoðun út úr þessum lögum. Hvað sem líður frv. hæstv. forsn. þá breytir það engu í þessu sambandi. Og hún er grunsamleg og tortryggileg þessi þrjóska við að taka við ábendingum frá Ríkisendurskoðun. Það er verulega tortryggilegt. Ég spyr ráðherrann: Telur hann að eignaraðilarnir hinir séu á móti því eða hvað?

[20:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeim viðræðum sem fram fóru milli eignaraðilanna var, eftir því sem ég best veit, ekki sérstaklega rætt hvort þetta væri skynsamlegt eða ekki. Ég hygg að eignaraðilarnir séu flestir því sammála að Ríkisendurskoðun geti haft aðgang að fyrirtækinu. Það er auðvitað ákvörðun Alþingis. Það er eðlilegast að í lögum um Ríkisendurskoðun sé skýrt kveðið á um hvar og með hvaða hætti Ríkisendurskoðun skuli hafa aðgang að þeim fyrirtækjum eða félögum, sameignarfélögum, eða hverju sem er í eigu ríkisins. Það er gert í þessu frv. eins og það liggur fyrir og ég vonast auðvitað til að það verði samþykkt.

[20:33]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af orðum hæstv. ráðherra er ljóst að ég og hæstv. ráðherra erum ekki ósammála um að nauðsynlegt sé að Ríkisendurskoðun hafi eðlilegan aðgang að Landsvirkjun og geti haft nauðsynlegt eftirlit með fyrirtækinu eins og gildir um aðrar stofnanir í meirihlutaeigu ríkissjóðs. En okkur greinir á um hvort ákvæði í frv. um Ríkisendurskoðun sé nægjanlegt. Sérákvæðin sem gilt hafa hingað til um Landsvirkjun hafa komið í veg fyrir að Ríkisendurskoðun geti haft þetta eftirlit. Það er enn verið að herða á þessum sérákvæðum. Þess vegna er nauðsynlegt að í frv. komi skýrt fram og lögunum um Ríkisendurskoðun, að þrátt fyrir þau ákvæði sem eru í þessu frv. um Landsvirkjun þá gildi lög um Ríkisendurskoðun um Landsvirkjun. Ég held að nauðsynlegt sé að ég og hæstv. ráðherra ræðum þetta milli funda til að það liggi skýrt fyrir að tryggt sé lagalega að Ríkisendurskoðun hafi þennan aðgang. Sama gildir um breytingartillöguna um Samkeppnisstofnun, um að starfsemi Landsvirkjunar falli undir samkeppnislög. Ég lít svo á eftir ræðu ráðherrans að við séum sammála um að nauðsynlegt sé að samkeppnislög nái til Landsvirkjunar. En eins og ákvæðið er sett upp í 8. gr. þá er sagt að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Það kemur í veg fyrir að Samkeppnisstofnun geti haft afskipti af gjaldskránni eða gripið inn í hana t.d. ef kvartað er um of háar gjaldskrárbreytingar, hvað þá að Samkeppnisstofnun geti gert það að sjálfsdáðum. Ef ráðherrann er sammála mér um að lög um Samkeppnisstofnun nái til Landsvirkjunar hvers vegna er ráðherrann þá ekki tilbúinn að festa það niður í lagatextanum sjálfum eins og hér er lagt til?

[20:35]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við erum sammála um öll þessi meginatriði. Við erum sammála um að Ríkisendurskoðun skuli hafa aðgang, eins og ég tel að hún eigi að hafa að þessum eignarhlutum ríkisins þó í sameignarfélagi sé. Það kom auðvitað fram hjá hv. þm. að Ríkisendurskoðun hefur ekki, þrátt fyrir þetta ákvæði, haft þennan aðgang og yfir því hefur verið kvartað. Ég tel að í ákvæðinu í 6. gr. frv. um Ríkisendurskoðun sé verið að tryggja að það nái fram að ganga. Varðandi Samkeppnisstofnun þá er ég tilbúinn til að skoða það en ég tel þó að ákvæði 2. gr. í samkeppnislögunum nái til þessa eftirlitshlutverks Samkeppnisstofnunar. Ég mun skoða það milli umræðna hvort það sé ekki nægjanlega tryggt og ef það er mat þeirra sem gerst til þekkja í þeim efnum að svo sé ekki, þá er ég alveg tilbúinn til að skoða þá breytingu. Við erum sammála um að Ríkisendurskoðun á að hafa eftirlitshlutverkið og Samkeppnisstofnun á að hafa þetta eftirlitshlutverk líka.

[20:37]

Frsm. 1. minni hluta iðnn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þessi svör. Ég gekk sjálf úr skugga um það og aflaði mér upplýsinga um það hjá þeim sem best þekkja til að lög um Samkeppnisstofnun munu ekki ná til Landsvirkjunar nema þetta sé sett niður með þessum hætti. Ég fagna því að ráðherrann ætlar að skoða það mál sérstaklega.

Varðandi Ríkisendurskoðun þá gilda áfram sérlög og sérákvæði um hvernig á að endurskoða starfsemi Landsvirkjunar þrátt fyrir að í frv. um Ríkisendurskoðun segi að Ríkisendurskoðun eigi að skoða sameignarfélög. Ef á sama tíma eru í gildi sérlög og sérákvæði um aðra meðhöndlun á endurskoðun hjá ákveðinni ríkisstofnun eða stofnun sem ríkið á meiri hluta í, þá gilda þau sérlög nema kveðið sé á um annað. Þess vegna þarf að koma ákvæði til bráðabirgða eða annað sambærilegt ákvæði um að þrátt fyrir ákvæði laga um Landsvirkjun þá skuli ákvæði laga um Ríkisendurskoðun gilda um endurskoðun á reikningum Landsvirkjunar á meðan eignarhluti ríkisins er 50% eða þar yfir. Ég ítreka aftur, herra forseti, að mér finnst umræðan standa þannig að nauðsynlegt sé að við hæstv. ráðherra ræðum saman um þetta mál, þannig að fyrir liggi að það sé örugglega lagalega tryggt að þessi mikilvægi þáttur verði ekki úti, þ.e. að Ríkisendurskoðun hafi eðlilegt eftirlit með starfsemi Landsvirkjunar og reikningum hennar.

[20:39]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein spurning til hæstv. iðnrh. Verður tryggt með boðaðri þáltill. um skipan orkumála að samkeppni komist á í orkugeiranum fljótlega, eins og er að gerast víða í nágrannalöndum okkar, þ.e. aðgreining framleiðslu, flutnings og dreifingar?

[20:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í skýrslu þeirri sem 19 manna nefndin, sem hefur nokkrum sinnum komið við sögu í umræðunni í dag, sendi frá sér, hafi í grundvallaratriðum náðst tiltölulega góð sátt. Einstakir nefndarmenn hafa auðvitað sent frá sér sérálit eða athugasemdir en í grundvallaratriðum náðist mjög góð sátt um þá stefnumótun að innleiða í tilteknum áföngum samkeppni í orkugeirann. Ég held að það sé skynsamlegt. Það mun hins vegar taka einhvern tíma. Þarna er um langtímastefnumótun að ræða sem ég tel að geti tekið kannski tíu ár vegna þess að þarna er um viðkvæman og mjög mikilvægan málaflokk að ræða sem snertir alla landsmenn, eins og margoft hefur komið fram í umræðunni. Þess vegna verða menn að ganga varlega fram í þessum efnum. En ég tel að um þetta verði tiltölulega góð sátt og ég byggi það á þeim forsendum að um skýrsluna og þær tillögur sem í henni eru náðist tiltölulega góð sátt.

Tillaga þessi til þál. er nú í undirbúningi. Hún hefur verið örlítið í umræðunni milli stjórnarflokkanna. Hún hefur ekki verið formlega tekin fyrir í ríkisstjórn. Það vonast ég til að verði gert mjög fljótlega og í framhaldi af því verður tillagan send til þingflokkanna og svo vonandi í framhaldi af því hingað inn á Alþingi.

[20:41]

Frsm. 2. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka af minni hálfu þeim sem hafa tekið þátt í þessari fróðlegu umræðu um orkumál. Hún hefur verið mikilvæg að mínu mati vegna þess að hún hefur leitt í ljós ýmsa mjög mikilvæga hluti. Hún hefur í fyrsta lagi leitt í ljós það sem ég reyndar sagði fyrr í ræðu minni í dag, að það er engin sátt um þetta mál. Það er gífurlega mikill ágreiningur um frv. eins og það er. Sá ágreiningur er uppi af margvíslegum ástæðum, m.a. kemur fram að sumir telja að hér sé of skammt gengið að því er varðar að leysa upp fyrirtækið og efna til samkeppni. Sumir telja að of langt sé gengið í þá átt að minnka verðjöfnunarhlutverk Landsvirkjunar. Og það kemur fram að annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., er þverklofinn í þessu máli. Það kemur fram í ræðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar og hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Það kemur fram í ræðu hv. þm. Árna M. Mathiesens og það er alveg greinilegt að sá ágreiningur sem fram kemur af þeirra hálfu er aðeins toppurinn á ísjakanum í þeim flokki. Ég vísa einnig í því sambandi til borgarfulltrúanna Guðrúnar Zoëga og Gunnars Jóhanns Birgissonar sem sýna að bullandi ágreiningur er um málið í stærsta flokki landsins.

Í öðru lagi hefur það verið þannig að hæstv. iðnrh. hefur gjarnan haft einn mann sér við hlið nokkuð örugglega í þessu máli hér í þessum sal. Ég met mikils formann iðnn. og tel að hann sé að gera skyldu sína en ég tel það ekki til sérstakra tíðinda þó hann leggi á sig að lesa upp þetta nál. Það sem mér finnst hins vegar sæta tíðindum er þegar formaður Alþfl. kemur fram í sinni fyrstu ræðu hér á Alþingi eftir að hann var kjörinn, sérstaklega til að styðja hæstv. iðnrh. í þessu máli. Hefðu það nú einhvern tímann þótt tíðindi að þeir framsóknarmenn yrðu að styðjast við formann Alþfl. við að koma í gegn málum af þessu tagi og hefði enginn spáð því um Álftanes né annars staðar að framsóknarmenn teldu ættjörðina frelsast með stuðningi Alþfl. En það er samt svo. Síðan gerast þau miklu tíðindi að varaformaður Alþfl. hefur allt aðra afstöðu í þessu máli. Hann segir í raun og veru í umræðunum í dag að þetta mál þurfi að skoða miklu betur. Hann segir: Af hverju ekki að bíða eftir niðurstöðu í framhaldi af þessari 19 manna nefnd? Af hverju ekki að skoða það aðeins betur? Hann lýsir í raun stuðningi við tillögu mína um frávísun. Og varaformaður Alþfl. ...

(**Forseti** (ÓE): Fyrrverandi.)

Fyrrv. varaformaður Alþfl. Já. Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Það er ekki von að maður fylgist með þessum svakalegu sviptingum á vettvangi stjórnmálanna. Fyrrv. varaformaður Alþfl. er einnig fyrrv. stjórnarmaður í Landsvirkjun og ég hygg sá maður í þingflokki jafnaðarmanna sem þekkir langbest til stjórnar Landsvirkjunar og til Landsvirkjunar yfirleitt. Þannig að það er mjög merkilegt að einmitt hann skuli ganga fram eftir að formennirnir tveir í þingflokki jafnaðarmanna, bæði Þjóðvaka og Alþfl. hafa lýst stuðningi við Framsfl. í þessu máli, að þá skuli fyrrv. varaformaður Alþfl. og leiðtogi hans í Hafnarfirði taka ákvörðun um að lýsa því yfir að hann telji að skynsamlegt væri að senda málið til föðurhúsanna eins og hann orðaði það sjálfur.

Í þriðja lagi vil ég benda á að í málflutningi talsmanns Kvennalistans hér í dag komu fram mjög merkileg viðhorf og merkilegar upplýsingar sem hafa ekki komið fram í málinu áður og eru sérstaklega merkilegar vegna þess að Kvennalistinn stendur eins og kunnugt er ekki alllangt frá borgarstjóranum í Reykjavík. Þar kemur fram það orðalag hjá hv. 19. þm. Reykv. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, sem hefur setið í iðnn. í umræðum um þetta mál, að í raun og veru sé það þannig að Reykjavíkurborg sé með þessum samningi haldið nauðugri inni í fyrirtækinu Landsvirkjun til næstu tíu ára eða svo og þess vegna hljóti borgin að leggja á það áherslu að fá einhverja fjarmuni upp úr krafsinu. Borgin hafi staðið frammi fyrir því að stjórnarflokkarnir hafi stillt henni upp við vegg. Það var það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði. Ég tel í raun og veru að ræða hennar fletti ofan af því sem ég hef verið að reyna að segja í þessu máli að það voru stjórnarflokkarnir, Framsfl. og Sjálfstfl., sem bjuggu til þetta samsæri og stilltu mönnum síðan upp við vegg. Og menn neyddust til bæði hjá borginni og víðar að láta það yfir sig ganga. En enginn hefur flett ofan af þessu samsæri jafnskýrt og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og af þeim ástæðum var það, herra forseti, sem hún sagði hér í ræðu sinni í dag að hún mundi styðja tillögu mína um frávísun á málinu og að það yrði skoðað betur. Það er því auðvitað alveg augljóst mál að það er gorgeir hæstv. ráðherra um að allir fylgi honum í þessu máli, það er heldur betur farið að týnast úr þeirri sveit þegar veruleikinn er sá að eini flokkurinn sem hangir með honum í þessu efni enn þá er Framsfl. Það gera menn auðvitað af skyldurækni og tillitssemi eins og gengur við ráðherrana. Og af allt öðrum ástæðum en þeim að þeir séu hrifnir af þessu máli. Það vill líka svo til, herra forseti, að ég þekki framsóknarmenn um allt land sem hafa miklar áhyggjur af því hvernig hér er á málum tekið. Ég veit að sumir þeirra hafa komið því á framfæri við þingmenn sína, að minnsta kosti samkvæmt þeim fregnum sem ég hef fengið hjá þeim.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að ef ráðherra vinnur þann sigur að koma þessu máli í gegn þá er það Pyrrhosarsigur vegna þess að undir niðri í öllum flokkum og í öllu þjóðfélaginu kraumar óánægja með hvernig á þessum hlutum er haldið, bullandi óánægja.

Varðandi síðan einstök efnisatriði sem hafa komið fram í dag þá er enginn tími til þess að fara yfir þau. Og ég verð að segja alveg eins og er að málsvörn ráðherrans var engin. Það var ótrúlegt að hlusta á hæstv. iðnrh. eftir 7–8 tíma umræðu. Í raun og veru svaraði hann engu því sem menn hafa verið að segja hér í dag. Ekki aðeins ég eða þingmenn Alþb. og óháðra, heldur líka þingmenn úr flokkum sem hæstv. ráðherra telur greinilega þekkilegri um þessar mundir enda kaus Framsfl. að mynda frekar stjórn með íhaldinu en Alþb. Það skýrist nú betur og betur eftir efnistökum í þessari ríkisstjórn. Það var ákvörðun Framsfl. að eyðileggja möguleikana á því að mynduð yrði vinstri stjórn eftir síðustu kosningar. Það er út af fyrir sig hlutur sem er geymdur en ekki gleymdur. Enda sést það á allri einkavæðingarflæðilínunni að það er beinlínis heppilegra fyrir þá að hafa fylgilag íhaldsins heldur en ýmissa annarra.

Varðandi einstök efnisatriði ætla ég að segja það, herra forseti, fyrst í sambandi við Ríkisendurskoðun, að ég er algjörlega ósammála því að nóg sé að hafa þetta ákvæði inni í lögunum um Ríkisendurskoðun. Í gildandi lögum um

Landsvirkjun er ákvæði um Ríkisendurskoðun og um borgarendurskoðun. Samkvæmt frv. eins og það lítur út er verið að henda út bæði borgarendurskoðun og Ríkisendurskoðun. Það er ekki bara verið að henda út Ríkisendurskoðun, sem ráðherra segir að megi síðan kom inn bakdyramegin með því að breyta ríkisendurskoðunarlögunum, heldur er í raun og veru líka verið að henda út þeim aðilum sem af hálfu t.d. Reykjavíkurborgar annast endurskoðunarverkefni. Og það er mjög vont mál fyrir Reykjavíkurborg í þessu samhengi. Og ég vil spyrja ráðherrann að því aftur: Er það þannig skýrt að Reykjavíkurborg hafi gert sér ljóst við frágang samningsins að það væri verið að banna borgarendurskoðun að koma nálægt þessu máli með því að henda henni út? Ég veit ekki hvort þingmenn gera sér grein fyrir því eða hafa frétt af því að borgarstjórnin í Reykjavík hefur verið að efla mjög verulega starfsemi borgarendurskoðunar. Hún hefur styrkst bæði að starfsliði og þekkingu og hefur í vaxandi mæli ekki ólíka stöðu gagnvart borgarsjóði og borgarstofnunum og Ríkisendurskoðun hefur gagnvart ríkissjóði og ríkisstofnunum, þó að það sé að vissu leyti ólíku saman að jafna í þeim efnum. Það er engu að síður svipuð hugsun, svipuð hugmyndafræði sem er á bak við það mál. Það er alveg ótrúlegt að geta ekki brotið odd af oflæti sínu þegar þessi sjónarmið koma fram hér í þinginu til að koma til móts við þau sjónarmið sem m.a. forseti Alþingis setti fram í ræðu sem hann flutti um skýrslu Ríkisendurskoðunar hér fyrir nokkrum mánuðum, þar sem hann lagði á það áherslu að Alþingi ætti að hafa möguleika á að framfylgja eftirlitshlutverki sínu gagnvart svona fyrirtækjum, fyrst og fremst í gegnum Ríkisendurskoðun.

Í öðru lagi varðandi almenn einstök atriði sem hafa komið fram ætla ég bara að hnykkja á því, herra forseti, að það sem við höfum sagt um arð umfram verð er staðfest. Aftur og aftur hefur komið fram að ráðherrann og talsmaður hv. þingnefndar viðurkenna í raun og veru að þeir séu að reyna að klóra yfir málið með þessari bókun eða yfirlýsingu í nál. En þeir viðurkenna að þeim hafi orðið á mistök við frágang eigendasamkomulagsins. Þeir viðurkenna það. Þeir viðurkenna eftir þá gagnrýni sem kom fram við 1. umr. að þeim hafi orðið á heiftarleg mistök í þessu máli. Þess vegna gefur ráðherrann þessa yfirlýsingu við 1. umr. og hv. meiri hluti nefndarinnar í nál. Þeir viðurkenna mistökin efnislega. En af hverju ekki að stíga skrefið til fulls og styðja þá tillögu sem flutt er af 2. minni hluta hv. iðnn. að þetta ákvæði verði sett inn í 2. gr. frv. eins og það liggur fyrir nú? En það er alveg kristaltært og það er rétt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði, að í rauninni sést það á áliti meiri hluta nefndarinnar að hún er að reyna að klóra yfir mistök á síðustu stundu. Það er svo sem þakkandi í sjálfu sér en það dugir ekki vegna þess að það dugir ekkert í þessum efnum annað en lög úr því að farið er að lögfesta einstök atriði úr þessu eigendasamkomulagi á annað borð. Þess vegna er algjörlega fráleitt að setja málið þannig upp að það dugi að vera með einhver nál. í þessu máli, það er algjörlega fráleitt. Það er eins og óþingvanir menn séu að tala. Við vitum öll í þessari stofnun að nefndarálit hefur enga stöðu sambærilega við lög. Og ég tala nú ekki um þáltill. eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal virðist halda að hafi eitthvert gildi. Þáltill. hefur í besta lagi almennt stefnumótunargildi en hún bindur ekki nokkurn einasta mann. Eins og hæstaréttardómar liggja fyrir um þá eru þáltill. markleysa ef ákvarðanir stjórnvalda byggjast á lögum.

Ég tel þess vegna, herra forseti, að málflutningur ráðherrans í þessu máli og meiri hluta nefndarinnar sé aumlegt yfirklór á síðustu stundu. Þess vegna hljótum við að knýja fram atkvæðagreiðslu um að verðlagið verði ákveðið fyrst og arðurinn svo eins og er í brtt. minni.

Síðan vil ég aðeins nefna það, hæstv. forseti, að aumlegt er yfirklór nefndarinnar, mér liggur við að segja að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni sé samt kannski vorkunn. En aumlegast af öllu er það samt þegar ráðherrann kemur hér aftur og aftur og segir: Sambærileg upphæð fer svo til atvinnusköpunar. Með hvaða hætti á það að gerast? Hvernig á það að gerast og hvað á þá að gerast? Ég segi fyrir mitt leyti, herra forseti, að þetta er frv. um að skattleggja raforkuverð til landsmanna. Og það er ekki skynsamlegt að skattleggja raforku til að búa til sjóð sem pólitíkusar úthluta úr til atvinnusköpunar, það er ekki rétt leið, það er vitlaus leið. Það er gamla ríkisforsjár- og sjóðaleiðin sem ég hélt að menn væru orðnir þreyttir á, að minnsta kosti þeir sem stýra Framsfl., og vildu gjarnan segja sig frá þeirri fortíð. En hér er það þannig að það á að skattleggja raforkunotendur í landinu um mörg hundruð milljónir kr. og hluta af því fé á að setja í sjóð upp á 80 millj. kr. sem hæstv. iðnrh. ætlar svo að dreifa út um landið. Ég tel ekki, herra forseti, að reynslan af sjóðaforsjá framsóknarmanna sé þannig að ástæða sé til að fagna þessu ákvæði sérstaklega. Ég tel það ekki vera þannig. Hér er auðvitað ekki aðeins um að ræða aumlegt yfirklór af hálfu hæstv. ráðherra heldur algjörlega fráleita uppsetningu mála og pólitískt slæma. Hér er um að ræða afturgöngu frá gamla sjóðakerfistímabilinu sem ég hélt að menn hefðu ákveðið fyrir löngu að yfirgefa. Hvar er nú forsrh. hæstv. sem myndaði stjórn árið 1991 aðallega til að stoppa sjóðasukkið? Hann ætlar greinilega að fara að búa til nýjan sjóð með því að skattleggja raforkunotendur allt í kringum landið, mest þá sem borga mest, sjóð sem Framsfl. á svo að sáldra úr peningum yfir dreifbýlið. Ég vísa þessu, herra forseti, algjörlega á bug.

Fari svo að stjórnarflokkarnir hangi saman um að afgreiða þetta mál á morgun og fella brtt. okkar, með þeim hætti að ég veit að margir þingmenn eru sáróánægðir með málið, þá vil ég taka það fram, herra forseti, að ég mun láta reyna á fleiri brtt. við 3. umr. Umræðunni um þetta mál er ekki lokið. Ég veit að stjórnarflokkarnir vilja gjarnan, sérstaklega Framsfl., að umræðunni um þetta mál fari að ljúka. Þeim finnst óþægilegt að hún sé í gangi mjög lengi. Þeir lögðu gríðarlegt kapp á að þessu máli yrði lokið fyrir jól og vildu helst að það týndist í jólaönnunum innan um öll önnur þingmál. Þeir vildu ekki að það lægi. Nú hefur það legið þó þennan tíma og unnt hefur verið að ræða það aðeins nánar. En umræðunni um þetta mál er ekki lokið. Og það er augljóst að fari svo illa að þeir felli flestar eða allar brtt. við þessa umræðu, eins og ég býst alveg eins við, þá verða tillögurnar fluttar aftur. Þetta er ekki gott mál, herra forseti.

[20:58]

Útbýting þingskjals:

Starfsemi Póst- og símamálastofnunar, 247. mál, skýrsla samgrh., þskj. 570.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–6. mál.

Fundi slitið kl. 21:00.

62. FUNDUR

miðvikudaginn 5. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Afsláttarkjör á póstdreifingu Pósts og síma, fsp. ÁRJ, 195. mál, þskj. 219.

Til menntamálaráðherra:

2. Lánasjóður íslenskra námsmanna, fsp. BH og SJóh, 270. mál, þskj. 523.

Til fjármálaráðherra:

3. Vörugjöld á sportvörur, fsp. KPál, 271. mál, þskj. 524.

Til dómsmálaráðherra:

4. Hættuleg eggvopn, fsp. HG, 187. mál, þskj. 208.

5. Áfengisauglýsingar, fsp. SJS, 282. mál, þskj. 536.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Eignarhald á auðlindum í jörðu, 304. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 563.

Flórgoðastofninn, 312. mál, fsp. ÖS, þskj. 573.

Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, 308. mál, þáltill. BirnS o.fl., þskj. 567.

Kaup skólabáts, 310. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 571.

Kennarar og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum, 311. mál, fsp. BirnS, þskj. 572.

Sala fullvirðisréttar og greiðslumarks frá veðsettum jörðum, 223. mál, svar landbrh., þskj. 568.

Virkjunarréttur vatnsfalla, 305. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 564.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþm. Alþb. og óháðra í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún Sigurjónsdóttir sjúkraþjálfari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Reykjavík.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv."

Þá hefur enn fremur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda get ég ekki að þessu sinni tekið sæti Bryndísar Hlöðversdóttur á Alþingi sem 1. varaþm. Alþb. og óháðra í Reykjavík.

Guðrún Helgadóttir."

Kjörbréf Guðrúnar Sigurjónsdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðrún Sigurjónsdóttir, 12. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Guðrún Sigurjónsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[13:36]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna tvær utandagskrárumræður. Sú fyrri hefst kl. 3 síðdegis um kynningu Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar fyrir erlenda fjárfesta. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson og iðnrh. verður til andsvara. Sú síðari verður kl. 3.30 um kynferðislega misnotkun á börnum. Málshefjandi er Jóhanna Sigurðardóttir og dómsmrh. verður til andsvara. Umræðurnar fara fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og munu því standa í hálftíma hvor.

Afsláttarkjör á póstdreifingu Pósts og síma.

Fsp. ÁRJ, 195. mál. — Þskj. 219.

[13:37]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það eru liðnir meira en tveir mánuðir frá því að ég lagði þessa fyrirspurn fyrir hæstv. samgrh. sem ég mæli hér fyrir. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrirspurnin var lögð fram hafa orðið miklar breytingar á starfsemi fyrirtækisins Pósts og síma sem síðan hefur orðið að hlutafélaginu Pósti og síma hf.

Samkvæmt reglugerð nr. 161/1990 er hægt að veita ákveðnum ritum afsláttarkjör í póstdreifingu og notaði hið opinbera um 400 millj. kr. á síðasta ári af skattpeningum landsmanna til að niðurgreiða póstdreifingu ákveðinna aðila samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. Það getur verið eðlilegt að greiða niður ákveðna póstþjónustu með tilliti til málfrelsis og lýðræðissjónarmiða, en eins og framkvæmdin hefur verið á þessum reglum tel ég að hæstv. samgrh. skuldi skattgreiðendum skýringar á þeim vinnubrögðum sem hann hefur viðhaft við að úthluta fyrirtækjum eða öðrum niðurgreiðslu á dreifingu. Ég vil vitna í þá reglugerð sem um þetta gildir. Þar segir: „Rit þarf að vera til sölu og áskriftar á almennum markaði." Einnig eru gerðar kröfur um efnisinnihald, með leyfi forseta: „Efni blaðsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni ..., þ.e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o.s.frv. en ekki t.d. ein saga eða ein grein."

Framkvæmdin á þessari reglugerð hefur verið mjög sérkennileg og vil ég nefna sem dæmi að rit sem kom út fyrir jólin og heitir Plötutíðindi, sem eru auglýsingar á þeim hljómplötum sem komu út fyrir jólin, fékk niðurgreidda dreifingu frá Pósti og síma og það er ekki um neinar sögur eða ritgerðir eða neitt. Þetta eru eintómar auglýsingar þannig að þarna var hið opinbera greinilega að greiða niður auglýsingakostnað hljómplötuframleiðenda.

Annað um ómarkviss og sérkennileg vinnubrögð á þessari reglugerð er að Sjónvarpsvísir, sem er með dagskrá Stöðvar 2, fékk niðurgreidda póstdreifingu, en Sjónvarpshandbókinni, sem er með dagskrá allra sjónvarpsstöðva var synjað. Þegar maður ber saman reglurnar og þá sem hafa fengið

þessar niðurgreiðslu, þá er ekki hægt að segja annað en að þarna virðist vera um geðþóttaákvarðanir að ræða og þessi listi ráðherrans er mjög fróðleg lesning.

Það eru ýmis fleiri ákvæði í þessari reglugerð sem banna að þjónustufyrirtæki sem eru með sérstakar vörur, viðskiptafyrirtæki, falli undir þetta en engu að síður hafa fengið niðurgreiddar, póstsendingar Fiat-fréttir, Glóbusfréttir, Vildarklúbbur Flugleiða o.s.frv. Og þetta er bara af handahófi úr þessum lista. Þarna virðist vera um niðurgreiðslu á auglýsingakostnaði ákveðinna fyrirtækja að ræða, en ég vil ljúka máli mínu á því að spyrja:

Hvaða reglur gilda nú um afsláttarkjör í póstdreifingu? Verður póstur áfram niðurgreiddur eftir að Póstur og sími er orðinn að hlutafélagi? Er reglugerð sú sem ég hef vitnað í enn þá í gildi og ef ekki, hverjir eiga þá rétt á niðurgreiðslum?

[13:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Fyrirspurn hv. þm. er svohljóðandi:

„Hvaða reglur gilda um það hjá Pósti og síma hvaða rit njóti afsláttarkjara í dreifingu, sem innrituð blöð og tímarit, og hvaða skilyrðum þurfa þau að fullnægja?"

Eins og hv. þm. vék að vísar þessi fyrirspurn til þess ástands sem var þegar fyrirspurnin var borin fram á síðustu vikum stofnunarinnar Pósts og síma en ekki til framtíðarinnar. Svar mitt mótast auðvitað af því þar sem mér er skylt að svara fyrirspurninni eins og hún er fram borin og ég les því það svar sem ég hef í höndum um þessi efni:

Um þessi efni gilda ákvæði reglugerðar um póstþjónustu, nr. 161 30. mars 1990, greinar 1.3.10. til 1.3.14.5. Þar segir í grein 1.3.10.1.:

„Til þess að njóta sérstakra kjara um burðargjald, umfram það, sem gildir um almennar prentsendingar, verða blöð og tímarit að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Vera gefin út á Íslandi.

b. Vera til sölu og áskriftar á almennum markaði.

c. Koma út nokkurn veginn reglulega og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

d. Vera prentuð í a.m.k. 1.000 eintökum hverju sinni.

e. Hvert eintak vegi eigi meira en 500 grömm.

f. Efni blaðsins eða tímaritsins sé almennt, fjölbreytilegt lesefni, eins og tíðkast í blöðum og tímaritum, þ.e. fréttir, greinar, ljóð, ritgerðir, sögur o.s.frv., en ekki t.d. ein saga, ein grein o.s.frv.

g. Auglýsingar taki eigi meira en helming af rúmi blaðsins eða tímaritsins.

h. Á fyrstu síðu sé prentað áberandi og stóru letri, heiti blaðsins eða tímaritsins, árgangur og tölublað.

i. Í blaðinu eða tímaritinu sé birt nafn og heimili útgefanda, ábyrgðarmanns og ritstjóra, svo og hvar það sé prentað."

Í grein 1.3.13. í reglugerðinni segir að burðargjöld fyrir blöð og tímarit séu ákveðin í gjaldskrá fyrir póstþjónustu en að heimilt sé að veita helmingsafslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, fréttablöð í landshlutum, blöð sem landssamtök stéttarfélaga gefa út og blöð sem fjalla almennt um stjórnmál, en fjórðungsafslátt fyrir tímarit og blöð sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál.

Samkvæmt gildandi gjaldskrá eru burðargjöld fyrir innrituð blöð og tímarit sem hér segir:

a. Til áskrifenda. Eintak allt að 20 grömm 9 kr., eintak frá 20–100 grömm 10 kr., eintak frá 100–250 grömm 17,50, eintak frá 250–300 grömm 26,60, eintak frá 300–500 grömm 44,30 kr.

b. Til umboðsmanna. Hver 500 kíló 35 kr."

Samkvæmt ofangreindri grein 1.3.13. er síðan heimilt að veita afslátt frá þessum burðargjöldum eins og þar segir.

Að endingu skal það upplýst að samgrh. hefur ákveðið að fella úr gildi frá næstu áramótum að telja hin sérstöku kjör um burðargjöld sem blöð og tímarit hafa notið. Frá næstu áramótum munu blöð og tímarit því lúta hinni almennu gjaldskrá fyrir póstþjónustu og njóta afsláttarkjara í samræmi við fjölda sendinga, umfang viðskipta og annað það er um kann að semjast við Póst og síma hf.

Þannig lá þetta svar fyrir fyrir áramótin. Eins og það ber með sér er það samið á þeim tíma sem Póst- og símamálastofnun var til, sem ekki er raunar lengur, og hefur þessi reglugerð verið numin úr gildi.

Þessi mál voru til umræðu hér á hinu háa Alþingi bæði á þessu þingi og eins raunar á síðasta þingi og ég man ekki eftir því þá að einstakir þingmenn hafi flutt um það brtt. að fella niður þær heimildir og ábendingar sem þar eru um það að viðhalda þeim reglum sem hér hafa verið tíundaðar. Mér þykir á hinn bóginn afskaplega vænt um ef hv. þm. er sammála mér um það að ég hafi unnið ágætt verk því að það er langt síðan ég komst að þeirri niðurstöðu að það gengi auðvitað ekki að annast blaðburð og dreifingu með þeim hætti sem verið hefur í opinberri stofnun og er algjörlega sammála því að tími var kominn til að fella það kerfi niður og að verðlagið miðaðist ekki við útgefanda eða innihald þess sem í blaðinu stendur.

Ég geri ráð fyrir því að það sé einnig rétt hjá hv. þm. að einstakir aðilar hafi reynt að fara í kringum þessi lög og það sé hægt að benda á að þeir sem það hafi reynt að gera hafi verið snjallari embættismönnum Pósts og síma sem ég hygg að hafi reynt að rækja sitt starf vel.En það eru markaðssjónarmiðin sem ráða héðan í frá og mér þykir vænt um að hv. þm. sé sammála mér um að stefna mín hafi verið rétt í þessum málum.

[13:46]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðherra viðurkennir að þessar niðurgreiðslur, a.m.k. á þeim ritum sem ég hef nefnt hér, voru greinilega ekki í takt við þá reglugerð sem var í gildi. En hæstv. ráðherra upplýsti hér að búið væri að fella þessa reglugerð úr gildi frá síðustu áramótum, hafi ég skilið hann rétt. Aftur á móti hef ég fengið þær upplýsingar frá viðskiptavinum Pósts og síma sem hafa fengið niðurgreidda póstþjónustu að það sé aðlögunartími fyrir þá sem þegar hafa fengið innritaðan póst og ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. ráðherra hver muni greiða niður þá póstdreifingu fyrir Póst og síma hf. Mun sú niðurgreiðsla koma úr ríkissjóði eða hver mun bera þann kostnað? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það og hversu háar upphæðir þessum aðilum er ætlað að greiða á meðan þessi aðlögunartími er, ef það er rétt sem ég heyri að það sé aðlögunartími fyrir þá sem hafa fengið þessar niðurgreiðslur. Og ef búið er að afnema niðurgreiðslurnar, þá spyr ég hæstv. ráðherra hvort það sé rétt að póstburðargjöld fyrir þessar sendingar hafi hækkað um 200–300% nú frá áramótum.

Ég hefði gjarnan viljað fá svör frá hæstv. ráðherra við þessum fyrirspurnum mínum.

[13:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er unnið að því núna hjá Pósti og síma hf. að endurskoða rekstur póstsins og ég veit ekki hvort ég á að lýsa því yfir eða gera mér vonir um það eða þegja um það að maður geti kannski gert sér vonir um að á næsta ári náist jafnvægi milli gjalda og tekna hjá póstinum. Það er nú þannig að þetta stóra fyrirtæki verður að fóta sig á markaðnum eins og hann er núna og jafnframt að fara eftir nýjum reglum um leið og fyrirtækið reynir að koma ekki í bakið á gömlum og góðum viðskiptavinum. Ég er þá bæði að tala um líknarfélög, stjórnmálasamtök, íþróttafélög og ýmsa aðra aðila.

Auðvitað er það ekki rétt hjá hv. þm. að hinn frjálsi markaður þýði endilega að það verði einhver ein gjaldskrá í gildi hjá Póst og síma hf. Það verður alls ekki þannig. Póstur og sími hf. hefur heimild til þess að semja við einstaka aðila, dagblöðin, útgefendur að tímaritum o.s.frv. sem Póst- og símamálastofnunin hafði ekki og er alveg skýrt t.d. í úrskurði Samkeppnisstofnunar að var litið illu auga þar, enda má segja að úrskurðir þeirrar stofnunar beri það að sumu leyti með sér að áhugi sé þar meiri á því að búa til þröskulda heldur en nema þá brott.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Fsp. BH og SJóh, 270. mál. — Þskj. 523.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Í stjórnarsáttmála núv. stjórnarflokka er eitt af þeim málum sem áhersla er lögð á að unnið verði að endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, enda ekki vanþörf á, því að stórhertar reglur sjóðsins um námsframvindu og hertar endurgreiðslureglur höfðu hrakið hluta stúdenta frá námi og helst þá sem síst skyldi, t.d. barnafólk og svo þá sem höfðu orðið fyrir einhvers konar ágjöf á námstíma, en slíkt getur auðvitað alltaf komið upp á hjá besta fólki.

Formenn stjórnarflokkanna höfðu gefið forsvarsmönnum stúdenta vilyrði fyrir því að þeir yrðu hafðir með í ráðum í tengslum við endurskoðun á umræddum lögum. Nefnd var skipuð til að vinna verkið, en hún var síðast kölluð saman í ágúst og hafði þá verið unninn tiltölulega lítill hluti af verkinu. Fyrir jól var marglátið í veðri vaka að aðeins væri dagaspursmál hvenær frv. til laga um lánasjóðinn yrði lagt fram, samkomulag hefði náðst en ekkert hefur bólað á því enn. Því höfum við Bryndís Hlöðversdóttir lagt fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

1. Hefur ráðherra formlega slitið starfi nefndar sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna? Ef svo er, hvers vegna var það gert?

2. Hafði nefndin skilað áliti?

3. Hver var efnisleg niðurstaða nefndarinnar og hvaða breytingar lagði hún til að yrðu gerðar á lögum um LÍN?

4. Hvenær er að vænta lagafrumvarps um breytingar á lögum um LÍN?

[13:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Svör við þessari fyrirspurn eru svohljóðandi:

Við 1. spurningunni um það hvort starfi nefndarinnar hafi verið formlega slitið, þá er svarið já. Því hefur verið formlega slitið með bréfi frá 6. janúar 1997 og með þeim orðum að eftir umræður í ríkisstjórn og viðræður við formann nefndarinnar hafi ég sem menntmrh. ákveðið að leysa nefndina frá störfum frá og með dagsetningu þess bréfs.

Hafði nefndin skilað áliti? Svo er ekki. Nefndin hafði ekki skilað áliti en hins vegar liggja fyrir mjög ítarlegar fundargerðir frá nefndinni þar sem fram koma sjónarmið manna til einstakra álitamála.

Í þriðja lagi er spurt: „Hver var efnisleg niðurstaða nefndarinnar og hvaða breytingar lagði hún til að yrðu gerðar á lögum um LÍN?“ Það liggur ljóst fyrir af þeim fundargerðum sem fyrir liggja að nefndin hafði ekki farið yfir allan lagabálkinn og ekki lokið endurskoðun sinni á öllum greinum laganna um lánasjóðinn. Hinn 14. jan. sl. fékk ég bréf frá Degi B. Eggertssyni, sem var fulltrúi nemendahreyfinganna í nefndinni, þar sem hann spyr hvernig samstarfsnfnd nemendahreyfinganna eigi að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um þann hluta lagabálksins sem ekki hafði verið fjallað um í nefndinni. Ég svaraði því með bréfi dags. 22. jan. sl. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að því er frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna varðar verður það samið hér í ráðuneytinu. Vilji samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna koma hugmyndum á framfæri umfram það sem gert hefur verið í nefndinni er beðið um þær skriflega til menntmrh. fyrir 6. febr. 1997.“

Sá dagur rennur upp á morgun og þá vænti ég þess að námsmannahreyfingarnar hafi komið sínum sjónarmiðum á framfæri við mig, í samræmi við þetta bréf, og í framhaldi af því verða síðan teknar lokaákvarðanir um efni þess lagafrv. sem væntanlega verður lagt fram hér á næstu vikum.

[13:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er þetta mál orðið öllum til skammar og sérstaklega auðvitað Framsfl. sem yfirleitt fækkar alltaf ótrúlega í þegar þetta mál er til umræðu í þessari stofnun. Staðreyndin er sú að það liggur núna fyrir að skipun nefndarinnar var sýndarmennska, hrein sýndarmennska og markleysa og átti aldrei neitt að gera með hana. Síðan sagði menntmrh. þinginu ósatt hér fyrir fáeinum mánuðum þegar hann sagði að það væri komið samkomulag í málinu, fullyrti að það væri komið samkomulag í málinu. Það var greinilega ósatt vegna þess að engin niðurstaða liggur enn þá fyrir í málinu. Og það ljóta er að stjórnarflokkarnir létu í veðri vaka yfir flokksþing Framsfl. að málið væri komið í höfn. Það er greinilegt að það var verið að blekkja námsmenn, þjóðina, flokksþingsmenn Framsfl. og aðra þangað til fram yfir þetta þing. Þá er nefndin leyst upp og núna er málinu frestað. Hve lengi? Af hverju núna? Vegna þess að fyrir dyrum standa stúdentaráðskosningar og Sjálfstfl. vill ekki að fyrir liggi fyrir þær kosningar hvað hann ætlar að afgreiða þetta mál með smásmugulegum hætti.

Ég hygg, herra forseti, að sjaldan ef nokkurn tíma hafi ráðherra komið jafnóheiðarlega fram við námsmannahreyfinguna og hæstv. menntmrh.

[13:55]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin en ég verð þó að játa að mér er ekki enn ljóst hvers vegna endurskoðunarnefndin hefur verið leyst upp og ég verð að

segja að þetta færir mér enn á ný heim sanninn um hversu illa þessari hæstv. ríkisstjórn lætur samráð af öllu tagi. Það er svo nauðsynlegt að hafa samráð um þau mál sem þarfnast úrlausnar og því miður er þetta ekki fyrsta dæmið um að gripið er til þess ráðs að leysa upp samráðshóp til að láta svo vinna að verkinu af einslitum hópi sem því miður eykur líkurnar á að ekki verði eining um niðurstöðuna.

Ég hélt svo sannarlega að það væri kominn tími til að ná lendingu í þessu máli sem allir gætu verið sáttir við. Skyldi það vera vegna þess að hæstv. menntmrh. óttast viðbrögð stúdenta við frv. þegar það loks lítur dagsins ljós að það hefur dregist svo að leggja það fram? Á kannski að draga það fram yfir kosningarnar til stúdentaráðs 19. febr. að leggja frv.?

Annars var hæstv. menntmrh. að boða kerfisbreytingar á lánasjóðnum í Morgunblaðinu síðasta sunnudag og það væri æskilegra ef stúdentar fengju að sjá þessar afurðir skapandi hugsunar úr menntmrn. sem fyrst, jafnvel áður en þeir ganga að kjörborðinu þann 19. febr. Það gæti e.t.v. gefið þeim nýja sýn á afstöðu hæstv. ríkisstjórnar til jafnréttis til náms og framfara í menntamálum.

[13:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef nú ekki farið á bak við þingið í þessu máli frekar en öðrum, heldur greint frá öllum gangi mála eins og hann hefur verið og það er alveg út í hött að líta þannig á að ég hafi með yfirlýsingum mínum á þinginu fyrr í vetur, um að það liggi fyrir samkomulag um meginniðurstöðu í þessu máli á milli stjórnarflokkanna, verið að fara með rangt mál. Það samkomulag liggur fyrir. Það er verið að útfæra það samkomulag. Ég hef hins vegar gefið námsmannahreyfingunum eins og hér kemur fram frest til 6. febr. til að koma með skriflegar tillögur sínar og ég hef ekki orðið var við þennan æsing í þessu máli fyrr en ég kem hér inn í þingsalina. Ég verð ekki var við þetta neins staðar annars staðar og skil ekki hvaða hamagangur er í hv. 8. þm. Reykv. í þessu máli. Ég held að allir sem málinu koma séu að vinna mjög málefnalega að því. Og að gera það tortryggilegt vegna einhverra atburða, annars vegar flokksþings framsóknarmanna eða stúdentaráðskosninga, finnst mér alveg út í hött. Ég hef ekki verið með það í huga. Ég hef verið með það í huga að komast að efnislegri niðurstöðu í málinu og ég sé ekki annað en að ég sé að nálgast þá niðurstöðu og vona að um það verði ágæt sátt en ég sé að hv. þingmenn Alþb. eru á einhverjum annarlegum nótum þegar þeir fjalla um þetta mál eins og þeir hafa verið allan tímann, allt frá því að lögin voru sett 1992.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef nú litið svo á að það sé sjálfstæður réttur þingmanna til að gera stutta athugasemd í tengslum við fyrirspurnir og alla vega er það enn síður sanngjarnt að ætlast til þess að þingmenn séu sviptir málfrelsi ef hæstv. ráðherrar nota seinni ræðu sína með þeim hætti sem hæstv. menntmrh. gerði. Auðvitað er framganga stjórnarflokkanna í lánasjóðsmálinu með þvílíkum endemum öllsömul, og er þar ekkert undanskilið, hvorki mannalæti framsóknarmanna á flokksþingi sínu né heldur vinnubrögð hæstv. menntmrh. eins og þau birtast nú og framkoma í garð námsmanna. Ég held að það sé augljóst, herra forseti, að við hljótum að þurfa að taka þetta mál upp með allt öðrum hætti og þar sem ræðutími er rýmri heldur en í þessari fyrirspurn.

Það er ljóst að málefni lánasjóðsins og námsmanna eru einhvers konar bitbein og leiksoppur milli stjórnarflokkanna, einhvers konar karlmennskuæfingar á víxl milli hæstv. menntmrh. annars vegar og framsóknarmanna hins vegar sem töluðu sig upp í mikinn hita á flokksþingi sínu eins og kunnugt er, en niðurstaða af málinu er sú að það gerist ekki neitt. Öll stóru orðin og loforðin um efndir og úrbætur í þessum efnum eru að engu höfð og tíminn líður. Við þetta er ekki hægt að una, herra forseti, og allra síst að hæstv. ráðherra með allt niður um sig í þessu máli sé hlaupandi hér í ræðustól með stóryrði og fúkyrði í annarra garð eins og hann var hér áðan.

[14:01]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fleiri eru ekki á mælendaskrá og er fyrirspurninni svarað og umræðunni er lokið. En vegna athugasemda hv. 4. þm. Norðurl. e. vill forseti vekja athygli á því að hér er um fyrirspurnir að ræða og hið æskilega er auðvitað að fyrirspyrjendur og þeir sem vilja gera stuttar athugasemdir við svör fái tækifæri til þess að koma því á framfæri þannig að ráðherra geti svarað og brugðist við.

Vörugjöld á sportvörur.

Fsp. KPál, 271. mál. — Þskj. 524.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Íþróttir tengdar veiðum og vörnum hafa fylgt mannkyni svo lengi sem menn vita. Vopn, áhöld og tæki þessu tengd eru í dag notuð í helstu kappleikjum samtímans, Ólympíuleikunum, og má þar nefnda kringlur, sleggjur, spjót, boga, sverð og byssur. Keppni í skotfimi á Ólympíuleikum er bæði á skífum og á skotbrautum og er mjög vinsæl íþrótt. Frístundaiðja eins og skotveiði er einnig mjög vinsælt sport og býður upp á mikla fjölbreytni til útivistar og hreyfingar. Til marks um þann fjölda sem stundar skotveiðar þá voru gefin út og greidd 12.400 veiðikort í fyrra sem er sá fjöldi manna sem stundar þessa frístundaiðju á Íslandi. Til samanburðar eru skráðir hjá ÍSÍ í golfíþróttina 5.692 menn, í handbolta 4.579 og í knattspyrnu 15.090 manns svo sjá má að hópur sportveiðimanna er mjög stór á íslenskan mælikvarða.

Eins og eðlilegt má telja eru álögur á starfsemi samtaka eins og ÍSÍ og UMFÍ í lágmarki og vörugjöld á áhöld og tæki til tómstundaiðju innan þessara samtaka engin. Það bregður hins vegar svo við að þegar kemur að frístundaiðju eins og skotfimi og skotveiðum þá eru lagðir á skattar sem þekkjast ekki annars staðar og í því sambandi má nefna veiðikortagjald sem nemur um 16,8 millj. kr. á síðastliðnu ári og 25% vörugjald á skotfæri sem nam 13,5 millj. kr. á árinu 1995 en þetta vörugjald var þá 30% og lækkaði 1. febrúar sl. í 25%. Ekki er með þessari fyrirspurn verið að amast við veiðikortagjaldinu enda það lagt á í sátt við skotveiðimenn og þeir mjög fúsir til samstarfs við stjórnvöld um verndun náttúrunnar ásamt virku eftirliti með villtum dýrum í íslenskri náttúru. Hér er fyrst og fremst verið að gera athugasemd við álagningu vörugjalda á sportvörur í þessari grein. Ekki hefur fengist nein viðhlítandi skýring á því hvers vegna vörugjald er lagt á byssur og skotfæri þegar

því er sleppt á aðrar sportvörur. Skýring hefur ekki fengist þrátt fyrir eftirgrennslan fyrirspyrjanda og heimsóknir forsvarsmanna Skotvíss til hæstv. fjmrh.

Það er ekki hægt að una því að borgurunum sé mismunað með þessum hætti og því verður að krefjast leiðréttingar á þessu misræmi hið bráðasta. Með það að markmiði er eftirfarandi fyrirspurn lögð fyrir hæstv. fjmrh.:

1. Hver er ástæða þess að vörugjöld á sportvörur eins og byssur, skot og skyldar vörur eru 25% á meðan vörugjöld á aðrar sportvörur eins og veiðistangir, skíði og golfsett eru engin?

2. Er ráðherra reiðubúinn að lækka álagningarstuðla á sportvörum eins og búnaði til skotveiða til samræmis við annan sportbúnað?

[14:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrri hluta fyrirspurnarinnar skal það sagt að Alþingi hefur ákveðið með lögum að ýmsar vörur sem fluttar eru til landsins eða framleiddar eru hér á landi skuli bera vörugjald. Vörugjaldið er lagt á í þeim tilgangi að afla ríkissjóði tekna og hefur gjaldið einkum verið lagt á vörur sem áður báru tolla. Í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og í viðauka við þau lög er kveðið á um gjaldið, m.a. á hvaða vörur það leggst og hversu hátt það er. Samkvæmt lögunum leggst vörugjald ekki á allar vörur og einnig er gjaldið mismunandi hátt eftir því um hvaða vöru er að ræða. Gjaldið er m.a. lagt á ýmsar matvörur, byggingavörur, rafmagnsvörur o.fl. en gjaldið er einnig lagt á ýmis vopn og skotfæri, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, þar á meðal veiðiriffla og skotfæri í þá. Og þá jafnframt skotfæri og vopn sem notuð eru í íþróttaskyni.

Vegna síðari síðari hluta fyrirspurnarinnar skal tekið fram að lagabreytingu þarf til þess að lækka vörugjaldið. Með lögum nr. 148/1996 var vörugjald fellt niður af ýmsum vörum og lækkað af öðrum. Meðal annars var vörugjald af byssum og skotfærum lækkað úr 30% í 25%. Sem stendur eru ekki uppi áform um frekari lækkun vörugjalds að sinni. Eðlilegt er hins vegar að málið verði skoðað ásamt öðru þegar næst verður gerð breyting á vörugjaldskerfinu.

Þess skal getið, virðulegi forseti, að samsetning skatttekna íslenska ríkisins er önnur hér á landi en víðast annars staðar. Tekjuskattstekjur og gjöld á laun eru lægra hlutfall af heildartekjum ríkisins en annars staðar gerist en gjöld á vörur og þjónustu, þ.e. óbeinir skattar, eru hátt hlutfall af heildartekjum ríkisins. Það er af þessum ástæðum m.a. sem reynst hefur erfitt hér á landi að færa vörugjald, sem áður voru tollar, inn í virðisaukaskattskerfið því að slíkt hefði þá óneitanlega í för með sér að virðisaukaskattur hér á landi yrði langtum hærri heldur en gengur og gerist í okkar nágrannalöndum en nú er hann tiltölulega hár, þ.e. aðalþrepið, 24,5%.

Til gamans að lokum, virðulegi forseti, vegna þess að forseta urðu á þau mismæli að biðja hæstv. menntmrh. um að svara þessari fyrirspurn þá er það alls ekki út í bláinn og ég get fullyrt það að í svari menntmrh. hefði það komið fram að ef stofnaður yrði íslenskur her þá yrði þetta vörugjald örugglega lagt af.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. fer hér með gamanmál um réttlætiskröfu sem ég held að í hugum þeirra sem eru að sækja á þetta mál, sé ekkert grín. Mér finnst að svör hæstv. ráðherra séu ekki þess eðlis að þau skýri í rauninni þann mismun sem er gerður á íþróttafólki og þeim hópum sem þurfa að kaupa sér tæki til að geta stundað íþrótt sína. Mér finnst því í sjálfu sér engin ástæða til að vera að blanda því saman við hugmyndir sem komið hafa fram um íslenskan her enda ekki neitt skylt. Ég held að skotveiðimenn hafi sýnt mjög mikla ábyrgð í öllum sínum gjörðum til þess að geta sinnt því hlutverki sínu að umgangast t.d. sporttæki eins og byssur með ábyrgum hætti. Ég þykist vita það að sumir hv. alþm. viti að skotveiðimenn fara á ákveðin námskeið áður en þeir fá leyfi til þess að bera vopn til veiða og kosta slík námskeið 8.000 kr. sem er í rauninni mjög mikið. Hafa þeir ekki séð eftir því að fara út í slíkan kostnað og hafa þar að auki lagt sig mjög fram um það að skipuleggja allt eftirlit með villtum dýrum í íslenskri náttúru og lagt út í mikinn kostnað þar að lútandi. Ég held því að hér sé um fullt alvörumál að ræða og ætla að biðja hæstv. fjmrh. um að taka á þessu máli af fullri ábyrgð.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það var síður en svo að þessari fyrirspurn hafi verið svarað í einhverju gríni. Það var örstutt viðbót og tekið skýrt fram að hefði verið til gamans að gefnu tilefni af því forseti mismælti sig þegar hann kynnti þann sem átti að svara fyrirspurninni. Vona ég að það eyðileggi ekki aðalefni fyrirspurnarinnar og svarsins sem þegar hefur verið gefið.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi er það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, það eru spurningar sem hljóta að vakna um það hvort eðlilegt sé að vörugjald sé greitt áfram af skotvopnum sem m.a. eru notuð í íþróttaskyni þegar það er haft í huga að nú eru gjöld lögð á sportveiði eins og fram kom í málflutningi hv. þm. Það er ekki verið að gera neitt grín að því, síður en svo, og það kann vel að vera að sá tími komi að hægt sé að leggja þetta vörugjald af.

Aðalatriði málsins er hins vegar það að 1. febrúar, fyrir fáeinum dögum síðan, gengu í gildi lög um vörugjald sem lækka vörugjald á þessum vörutegundum um 5%. Það sem kom einnig fram í svari mínu var að það eru ýmsar aðrar vörur sem bera vörugjald sem kannski er eðlilegt að líta einnig á, þar á meðal matvörur. Ástæðan fyrir því að við höldum úti vörugjöldum sem eru að hverfa alls staðar annars staðar er sú að virðisaukaskattshlutfallið hjá okkur er mjög hátt og það eru litlar skattheimtur af óbeinum sköttum. Þetta er ástæðan fyrir því hversu hægt okkur gengur og miðar að koma tekjum ríkisins úr vörugjaldinu og yfir í virðisaukaskattinn. Það svar er gefið hér í fullri alvöru og vona ég að menn taki það sem slíkt.

Hættuleg eggvopn.

Fsp. HG, 187. mál. — Þskj. 208.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér er komið að fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. á þskj. 208 um hættuleg eggvopn. Fyrirspurn þessi var lögð fram í nóvembermánuði, ef ég man rétt, en ekki voru aðstæður til að fá henni svarað fyrir áramót. Hún er svohljóðandi:

„Er ráðherra, í ljósi fjölmargra atvika undanfarið þar sem beitt hefur verið hnífum, reiðubúinn að beita sér fyrir aðgerðum sem fela í sér takmarkanir á rétti manna til að ganga með hættuleg eggvopn?“

Þegar ég lagði fyrirspurnina fram hafði ég látið fara lauslega yfir það hvaða reglur giltu um þetta efni og m.a. með aðstoð skrifstofu þingsins og með tölvuleit og þar fannst þá ekki orðin hnífur eða eggvopn við fljóta yfirferð. Og eftir að fyrirspurnin kom fram varð mér ljóst að það eru ákvæði í lögum sem heimila reglur um þetta efni, lög nr. 46/1977, og settar hafa verið reglugerðir um málið sem hæstv. ráðherra mun vafalaust kynna hér á eftir. En tilefni fyrirspurnarinnar eru þau mörgu tilvik, sem fer fjölgandi, því miður, um það að eggvopnum sé beitt í samskiptum milli manna. Ég hef fengið, frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, yfirlit yfir hversu oft þetta hafi gerst frá ársbyrjun 1996 til 4. febr. 1997. Samkvæmt því yfirliti er málafjöldi þar sem eggvopn koma við sögu ekki færri en 72 á þessu tímabili. Þar af þar sem eggvopnum er beitt og aðili skaðast 14 mál; þar sem um sjálfsvígstilraun er að ræða fimm mál; þar sem ógnað er með eggvopni án þess að meiðsli eigi sér stað 25 mál; og í fjórða lagi hnífar, haldlagðir af lögreglu án þess að þeim hafi verið beitt, 28 mál, þar af í tengslum við innbrot sjö mál og í tengslum við fíkniefnamál hjá almennri deild lögreglu níu mál.

Sagt er í erindi frá lögreglustjóraembættinu að mjög sjaldgæft sé að þeim sé beitt þegar um fíkniefnamál er að ræða, en mjög algengt að slíkt finnist við húsleit hjá grunuðum aðilum.

Hér er á ferðinni stórt mál og mér finnst að lítið hafi farið fyrir kynningu á þeim reglum sem þó eru í gildi eða umræðu um það hvort ekki sé réttmætt að auka eftirlit með þessum málum, m.a. með innflutningi og meðferð þessara mála, heimild til þess að bera slík vopn á sér eða tæki á sér. Ég vænti að þessi fyrirspurn verði til að varpa ljósi á gildandi reglur og hvað hæstv. ráðherra og hans lið hyggst gera í sambandi við þetta mikla og vaxandi vandamál.

[14:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda er í núgildandi skotvopnalögum að finna heimild fyrir dómsmrh. að setja skorður við meðferð annarra vopna en skotvopna. Sú heimild hefur verið nýtt í reglugerð frá 1978 sem m.a. bannar hnífaburð á almannafæri nema í undantekningartilvikum. Einnig er bannað samkvæmt reglugerðinni að flytja inn, framleiða eða eiga hníf ef blaðið er lengra en 12 sm. Dómsmrn. hefur haft framkvæmd reglugerðarinnar með höndum og má segja að umræddu banni hafi verið stranglega fylgt eftir. Beiðnum um heimildir til innflutnings á eggvopnum sem falla undir ákvæði reglugerðarinnar hefur þannig á síðustu missirum undantekningarlaust verið synjað.

Annað mál er að fleiri eggvopn geta valdið hættu en þau sem falla undir fyrrgreint ákvæði reglugerðarinnar. Einnig er ljóst að umræddar reglur eru um margt úreltar.

Í febrúar á síðasta ári skipaði ég því nefnd sem falið var að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og skotelda. Nefndin lauk störfum síðsumars þegar hún skilaði tillögum að lagafrv. og nýrri reglugerð. Í starfi sínu hafði nefndin mjög gott samstarf við félög á sviði skotfimi og skotveiða. Meginforsendan í vinnu nefndarinnar var sú að vopn væru hættulegt tæki sem almennt bæri að koma í veg fyrir að höfð væru um hönd nema í undantekningartilvikum þar sem notkun þeirra styddist við gild rök. Með þetta í huga lagði nefndin til að hugtakið „vopn“ yrði skilgreint á nokkuð víðtækan hátt þannig að ótvírætt yrði að m.a. hvers konar hættuleg eggvopn féllu þar undir. Jafnframt var það sett sem markmið að binda skilgreininguna við tilteknar aðstæður og leitast þannig við að flokka frá þær aðstæður þar sem handhöfn vopna er eðlileg, svo sem við vinnu.

Í frumvarpsdrögum nefndarinnar eru nákvæm ákvæði um hnífaburð. Þar er lagt til að allur hnífaburður verði bannaður á almannafæri hvernig sem hnífurinn annars er gerður úr garði og er þessi tillaga fram komin í ljósi þess að voðaverk hafa verið framin með slíkum vopnum enda þótt blaðið hafi verið stutt.

Jafnframt er í drögunum ákvæði sem bannar að flytja til landsins, framleiða, eignast eða hafa í vörslum sínum hnífa sem gerðir eru til þess að vera árásarvopn. Mikilvæg breyting frá núgildandi reglum felst í þeirri tillögu að banna einnig vörslu slíkra hnífa en þá takmörkun er ekki að finna í gildandi löggjöf. Enn fremur má geta þess að tillaga er gerð um ótvíræða heimild til upptöku hnífa sem bannaðir yrðu samkvæmt lögunum ef frv. verður að lögum. Frumvarpsdrög nefndarinnar eru nú til lokafrágangs í dómsmrn. og þess er að vænta að unnt verði að leggja frumvarpið fyrir Alþingi á næstunni, en fullyrða má að verði tillögur nefndarinnar teknar til greina, þá felist í þeim að verulega verður komið til móts við þörfina á að takmarka rétt manna til þess að eiga og nota hættuleg eggvopn.

[14:20]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör við fyrirspurn minni. Mér er nokkuð rórra eftir að heyra það frá hæstv. ráðherra að þetta mál hafi verið til endurskoðunar, reglur um þetta efni og lög, og væntanlega kemur þá inn í þingið nýtt lagafrv. með mjög hertum ákvæðum um þessi efni. Ég get í rauninni hér og nú tekið undir mikið af því sem fram kom um þessi efni, um nauðsyn þess að tryggja skýrar lagaheimildir til þess að banna burð slíkra vopna og vörslu vopna eða hnífa, eggvopna sem óeðlilegt er að menn hafi undir höndum. Það er ljóst að það verður skammt komist nema slíkar heimildir verði einnig til staðar í lögum.

Auðvitað er mér ljóst að hér er um viðkvæmt efni að ræða að því er varðar mörk milli þess sem eðlilegt getur talist, eggvopn af ýmsu tagi eru til heimilisnota eins og þekkt er þannig að auðvitað eru ýmis álitaefni fyrir löggjafann í þessu máli. En hér hefur orðið alger stökkbreyting í rauninni í meðferð eggvopna á undanförnum fáum árum eins og fréttir bera með sér og yfirlitið frá lögreglunni í Reykjavík sem vel að merkja tekur aðeins til löggæslusvæðis lögreglunnar í Reykjavík því að um annað liggja ekki fyrir gögn á tölvutæku formi þannig að hægt sé að safna þeim. Raunar er könnunin sem ég fékk í hendur unnin handvirkt og má því gera ráð fyrir því, eins og hér segir, að ekki komi öll mál fram svo að þau ættu að hafa skilað sér, þ.e. varðandi landskerfið. Það er mjög nauðsynlegt að þessi mál verði rækilega kynnt, bæði gildandi reglur auðvitað og síðan þær reglur sem lögleiddar kunna að verða og settar á grundvelli nýrra laga því að á það hefur mjög skort samanber þá fákunnáttu sem ég stóð sjálfan mig að þegar ég var að efna í þessa fyrirspurn. Ég gerði mér þá ekki grein fyrir að þarna væri að finna þau lagaákvæði

sem þó eru til staðar í íslenskri löggjöf um þetta efni.

Áfengisauglýsingar.

Fsp. SJS, 282. mál. — Þskj. 536.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Framganga hæstv. ríkisstjórnar í áfengismálum, þ.e. hvað varðar stefnumótun á því sviði, forvarnamál og annað slíkt, hefur vakið nokkra athygli og umræðu upp á síðkastið. Hér er ekki ætlunin að ræða nýjustu uppákomuna í þeim efnum, nefndarstarf á vegum hæstv. fjmrh., heldur annað málefni sem ástæða er til að taka upp, þ.e. spurninguna um beinar eða óbeinar áfengisauglýsingar.

Menn hafa af því áhyggjur og ekki að ástæðulausu að nokkuð slælega sé staðið að því að fylgjast með að ákvæði laga um skýlaust bann við auglýsingum á áfengi séu virt. 16. gr. a. áfengislaga er afdráttarlaus í þessum efnum en þar segir, með leyfi forseta:

„Hvers konar auglýsingar á áfengi og einstökum áfengistegundum eru bannaðar. Enn fremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vöru eða þjónustu.

Með auglýsingu er átt við hvers konar tilkynningar til almennings vegna markaðssetningar þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, svo sem áfengisvöruheiti eða auðkenni, eftirlíkingar af áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifingu prentaðs máls og vörusýnishorna og þess háttar.

Bannið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda megi augljóst vera að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi laganna og ekki vísað til hinnar áfengu framleiðslu.“

Hvað þetta varðar var ákvæðum laga breytt á árinu 1995, m.a. til þess að koma í veg fyrir óbeinar áfengisauglýsingar í gegnum notkun firmanafna. Og 16. gr. var á ýmsan hátt gerð skýrari og afdráttarlausari. Það eru þess vegna mikil vonbrigði, herra forseti, að þeir aðilar, sem glöggt fylgjast með þessum málum, staðhæfa að lagabreytingin hafi því miður alls ekki náð því markmiði að draga úr beinum eða óbeinum áfengisauglýsingum. Veruleg brögð séu að því að vínveitingastaðir, framleiðendur eða umboðsaðilar áfengis séu að reyna að auglýsa vöruna beint eða óbeint. Ég hef því leyft mér að leggja fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.:

1. Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með framkvæmd banns við áfengisauglýsingum, sbr. 16. gr. a. áfengislaga?

2. Telur dómsmálaráðuneytið að með breytingum á áfengislögum að þessu leyti, sbr. lög nr. 94/1995, hafi verið náð því markmiði að draga úr beinum eða óbeinum áfengisauglýsingum?

[14:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á sl. sumri var ráðinn sérstakur eftirlitsmaður sem m.a. hefur það hlutverk að hafa eftirlit með áfengisauglýsingum. Eftirlitsmaður þessi er starfsmaður áfengisvarnaráðs en kostnaður af störfum hans er hins vegar greiddur af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Dómsmrn. skrifaði öllum sýslumönnum í ágúst sl. og óskaði þar eftir því að lögreglustjórar veittu þessum eftirlitsaðila alla þá aðstoð sem hann kynni að óska eftir og tengdust starfi hans.

Þess er að geta að hlutverk eftirlitsmannsins er víðtækara en bara að hafa eftirlit með auglýsingum. Í fyrstu var talið mikilvægast að beina eftirlitinu að því að koma í veg fyrir að aðgengi ungmenna að áfengi, einkum ólöglega framleiddu áfengi, ykist. En upp á síðkastið hefur samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið verið lögð vaxandi áhersla á eftirlit með áfengisauglýsingum og samstarf við lögregluna í Reykjavík í því tilviki. En lögreglan tekur við ábendingum og ákærum sem upp koma vegna hugsanlegra brota á þessari löggjöf.

Það hafa ekki verið gerðar kannanir á umfangi slíkra auglýsinga þannig að ekki liggja fyrir nein töluleg gögn um það hvort hér á hafi orðið einhverjar breytingar. Ráðuneytið hefur því ekki aðstöðu til að leggja mat á það hvort einhver breyting hafi orðið á í þessu efni og markmið laganna hafi náðst. Því miður vantar gögn til þess að svara þeim hluta fyrirspurnarinnar.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og vil jafnframt þakka þá viðleitni sem uppi er til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga að þessu leyti. Það er vissulega viðleitni, sem ber að þakka, að sérstakur fulltrúi er að störfum til þess að hafa þarna eftirlit auk þess sem sýslumenn hafa verið aðvaraðir með bréfum. Ég hygg þó að til þess að ná árangri og sporna gegn þeirri tilhneigingu sem er mjög víða að verki og þrátt fyrir að ekki liggi fyrir tölulegar upplýsingar eða kannanir, þá held ég að það sé almenn tilfinning þeirra manna sem fylgjast með þessum málum að það sé mjög rík tilhneiging til að fara yfir þessi mörk og fara í óbeinar a.m.k. ef ekki beinlínis beinar auglýsingaaðgerðir af þessu tagi. Til þess að ná árangri þarf að fá fleiri aðila til samstarfs um þessi mál, að sjálfsögðu lögregluna sem hefur sitt lögbundna hlutverk á þessu sviði en mér sýnist að aðilar eins og til að mynda fjölmiðlar og auglýsingastofur vera á ansi þunnum ís á köflum hvað það varðar að búa til eða birta óbeinar auglýsingar sem eru augljóslega ekkert annað en áfengisauglýsingar.

Hvað er það t.d. þegar í útvarpi birtast auglýsingar um það að nú þurfi ekki að deila um hver sé besta ölstofan í bænum og hvort menn hafi heyrt um verðið, að hálfur lítri kosti nú ekki nema þetta eða lítill þetta og stór þetta. Hvað er verið að auglýsa annað en áfengan bjór og verðið á honum á einum tilgreindum vínveitingastað? Svo að ég nefni hér dæmi án þess að nefna nöfn, þá hygg ég að fleiri en ég hafi heyrt þetta á undanförnum vikum og fjölmörg önnur slík mætti tilgreina þar sem ekkert annað en óbeinar og næstum að segja beinar áfengisauglýsingar eru í gangi. Auðvitað hlýtur ábyrgð fjölmiðla sem birta slíkt og þeirra sem framleiða slíkar auglýsingar líka að vera mikil. Og til þess að reyna að ná árangri í þessum efnum verða yfirvöld að reyna að fá sem allra flesta til samstarfs um að virða þessi

ákvæði. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því hvort eigi að banna áfengisauglýsingar eða ekki en meðan skýlaus lagaákvæði banna þær, þá á að framfylgja þeim lögum.

Fundi slitið kl. 14:31.

---

63. FUNDUR

miðvikudaginn 5. febr.,
að loknum 62. fundi.

Dagskrá:

Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 194, nál. 418, 467 og 560, brtt. 468, 561 og 562. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[Fundarhlé. — 14:31]

Umræður utan dagskrár.

Kynning MIL á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta.

[15:02]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú fer fram utandagskrárumræða um kynningu MIL á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta. En MIL er skammstöfun fyrir Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar. Málshefjandi er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Hæstv. iðnrh., Finnur Ingólfsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða.

[15:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það urðu nokkuð fræg ummæli íslensks ráðherra fyrir allmörgum árum eitthvað á þá leið að á Íslandi þyrfti að skapa Singapúr norðursins. Sá hinn sami ráðherra hafði að vísu ekki erindi sem erfiði en núv. hæstv. iðnrh. og ríkisstjórn hans telja sig vera að bæta um betur og til þess er beitt ýmsum ráðum. Frá vorinu 1988 hefur starfað hér sérstök Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar sem varið hefur verið til háum fjárhæðum miðað við slíka skrifstofu, ekki minna en 66,5 millj. kr. á árinu 1996, og komu 27,5 millj. kr. beint úr ríkissjóði en 39 millj. kr. frá Landsvirkjun. Kynningarbæklingur markaðsskrifstofunnar ber heitið Lægsta orkuverð í Evrópu í nýjum samningum, hér er það á ensku á forsíðu. Þar má lesa sitthvað sérkennilegt sem rétt er að Alþingi gefi gaum að og ræði.

Megininntakið í þessum bæklingi er það að hér sé í boði lægsta raforkuverð í Evrópu, einhver lægsti launakostnaður í norðanverðri Evrópu og Norður-Ameríku samanlagt, lægstu skattar á fyrirtæki sem finnist í meginefnahagskerfum heimsins. En gyllingunni er þar með ekki lokið fyrir fjárfestana. Á hinu hreina Íslandi geta erlend fyrirtæki gengið í umhverfisvænar orkulindir hindranalítið af skriffinnsku og leyfisveitingum og m.a. komist hjá að greiða kolefnisskatt sem farið er að leggja á víða annars staðar.

Tímans vegna verða örstuttar tilvísanir í þennan bækling hér að nægja. Á bls. 6 sjáum við fyrirsögnina „Gnægð af orku án mengunar". Þar segir: „Í boði er á Íslandi um 50.000 gwst. á nægjanlega lágu verði til að vera áhugavert fyrir orkufrekan iðnað og beinan útflutning á orku. Um 5.000 gwst. hafa verið virkjaðar," — og síðan segir „aðeins 10% af heildinni."

Á bls. 7 lesum við, undir fyrirsögninni „Samkeppnishæft orkuverð" (feitletrað): „Nýr iðnaður getur verið viss um afar samkeppnisfært orkuverð, (highly competitive prices á ensku) sem er að líkindum lægra en nokkurs staðar annars staðar í Evrópu og Norður-Evrópu fyrir nýja samninga."

Síðan er vísað í orkuverð nálægt tveim Bandaríkjasentum á kwst., en það er þá nálægt 20 mill, frá nýjum virkjunum fyrir forgangsorku, skattar að frádregnum virðisaukaskatti innifaldir, eins og það heitir, fyrir dæmigerðan notanda sem kaupir 10 megavött og nýtir þau í 7 þús. stundir á ári. Mér er ekki kunnugt um marga slíka dæmigerða notendur hérlendis, hvorki varðandi orkumagn né nýtingartíma, enda greiðir stóriðjan hér sem stendur eitthvað nálægt 15 mill að meðaltali á síðasta ári.

Í töflu á bls. 7 eru talin upp 15 lönd, Þýskaland efst með 72 mill, Ísland langlægst með rúmlega 2 sent eða 20 mill, þriðjungi lægra en Noregur. Þarna má einnig lesa: „Með langtímaorkusölusamningi á Íslandi gætu iðnfyrirtæki með árangri komist hjá kolefnisskatti [carbon tax] sem lagður er á annars staðar".

Á bls. 8: „Heildstæð löggjöf um umhverfisvernd mótar skipulagsferli fyrir iðnað og orkuuppbyggingu. Mat á umhverfisáhrifum er tilskilið fyrir stór iðnfyrirtæki og starfsleyfi er venjulega veitt með lágmarksformvafstri og skriffinnsku." Eða eins og segir á ensku: „operating licence is usually granted with a minimum of environmental red tape."

Svona gæti ég haldið áfram ef tíminn leyfði, virðulegur forseti. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. iðnrh.:

1. Er hann stoltur af þessari ritsmíð?

2. Hvernig er af hálfu iðnrn. háttað eftirliti með starfsemi markaðsskrifstofunnar?

3. Hvað hyggst ráðherrann fyrir um þessa markaðsskrifstofu sem kostað er til milljóna tugum af fé af opinberri hálfu?

4. Getur ráðherrann fallist á að auka þurfi til mikilla muna það orkumagn sem orðið getur til ráðstöfunar í framtíðinni frá því sem fram kemur í þessum bæklingi vegna umhverfissjónarmiða? Það þurfi að færa þetta til mikilla muna niður af þeim sökum.

Virðulegur forseti. Er að furða þótt í óefni sé komið í stóriðjumálum og sambúð stjórnvalda við fólkið í þeim byggðum sem ætlað er að taka við fyrirtækjum eftir forskriftinni frá MIL eins og t.d. álbræðslu á Grundartanga?

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við Íslendingar viljum vera í fremstu röð á öllum sviðum og berum okkur þá oft saman við löndin í kringum okkur eins og iðnríkin allt í kringum okkur. Við viljum hafa hæstu laun, við viljum hafa lægstu skatta, við viljum hafa fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem hægt er að bjóða upp á, við viljum hafa besta menntakerfi sem til er í heimi, við viljum útrýma atvinnuleysinu og við viljum að ekki sé til neitt sem við getum kallað fátækt í okkar landi. Með öðrum orðum, við viljum bjóða Íslendingum upp á bestu lífskjör sem hægt er að fá í heiminum. Að þessu eigum við auðvitað að keppa. Stjórnarstefna ríkisstjórnarinnar miðar að þessu, að þessar aðstæður sé hægt að skapa á Íslandi. En ef við ætlum að verða í fremstu röð meðal þjóða þá verðum við að auka verðmætasköpunina í samfélaginu, hagvöxtinn og fjárfestinguna. Og þegar við erum að bera okkur saman við aðrar þjóðir þá verðum við að hafa þetta í huga. Erlend fjárfesting á Íslandi er 10–20 sinnum minni en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Við hljótum að ætla að nýta okkar náttúruauðlindir skynsamlega. Við eigum náttúruauðlind sem við höfum ekki nýtt nærri að fullu sem eru orkulindirnar. Við ætlum að nýta þá þekkingu og reynslu sem býr í fólkinu í landinu til verðmætasköpunar. Við ætlum líka að ganga fram af varfærni gagnvart náttúru landsins. Ef við gerum þetta þá verðum við í fremstu röð og þá getum við búið Íslendingum ein þau bestu lífskjör sem hægt er að bjóða upp á. Þá getum við hækkað launin, þá getum við lækkað skattana og þá getum við styrkt velferðarkerfið. En þeir sem ekki vilja nýta náttúruauðlindir eins og orkuauðlindirnar, þeir sem ekki vilja auka erlenda fjárfestingu í landinu, þeir sem vilja loka landinu gagnvart erlendum fjárfestum og þeir, eins og kom fram á náttúruverndarþinginu á síðustu helgi, sem vilja ekki einu sinni hleypa erlendum ferðamönnum til landsins, þeir verða því að segja það alveg hreint og skýrt: Við ætlum ekki að skapa Íslendingum sambærileg lífskjör og þjóðunum í kringum okkur. Þetta eru skilaboðin frá þeim sem vilja halda þessari stefnu til streitu. Að við ætlum þá ekki að skapa sömu lífskjör og öðrum þjóðum eru sköpuð. Ef við ætlum hins vegar að gera það, ef ekkert má nýta, ef ekki má nýta orkuauðlindirnar, ekki má nýta hafið nema að takmörkuðu hætti, þá spyr ég: Af hverju ætlum við þá að lifa í þessu landi til framtíðar? Ég held að menn þurfi líka að velta þeirri spurningu fyrir sér.

Til að víkja að einstökum atriðum af því sem hv. þm. gerði hér grein fyrir að væru í þeim bæklingum sem gefnir hafa verið út af Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og þeir fjármunir sem þar voru hafðir, 66 millj. kr. er hæsta upphæð sem hefur farið til þessa kynningarstarfs frá upphafi sem er m.a. tengt einstökum verkefnum. Fjárfestingarskrifstofa viðskrn. sér líka um slíka starfsemi og hefur undanfarin tvö ár fengið 15 millj. kr. á fjárlögum til ráðstöfunar í þessum efnum. Ferðamálaráð hefur líka fjármuni, ég held það séu 146 millj. kr. sem Ferðamálaráð er með til þessarar kynningar. Til að kynna Ísland erlendis, til að laða hingað erlenda ferðamenn og til að laða hingað erlenda fjárfesta

Margt af því sem kom fram í máli hv. þm. er misskilningur. Og því að hv. þm. spurði hvort ég væri stoltur af þeim bæklingi sem markaðsskrifstofan gaf út og hv. þm. vitnaði í, þá er þetta ágætiskynningarrit fyrir Ísland. Að mínu viti segir bæklingurinn nákvæmlega rétt og satt frá öllu um aðstæður á Íslandi á þeim tíma sem bæklingurinn er gefinn út. Hann er gefin út árið 1994. (Gripið fram í.) Í upphafi árs 1994 að mér var sagt. Aðrir bæklingar hafa síðan verið gefnir út til þess að kynna Ísland eins og þessi bæklingur „Invest in Iceland" sem var gefinn út árið 1995 af fjárfestingarskrifstofunni. Það hefur því talsvert breyst frá þessum tíma.

Varðandi orkuverð á útsölu. Samningar um orkusölu til stóriðju hafa bætt hag Landsvirkjunar mjög mikið og samningurinn núna um Ísal, það er 8 milljarða kr. núvirtur hagnaður af þeim samningi. Þetta leiðir auðvitað til þess að orkuverð í landinu getur lækkað. Og það sem við ræddum hér í gær er að það er sú verðlækkunarstefna sem ríkisstjórnin hefur mótað, fyrst og fremst, og þeir stóriðjusamningar sem gerðir hafa verið sem geta skapað þetta.

Ýmsir aðilar hafa haldið því fram að í þessum kynningarbæklingi sem MIL hefur gefið út sé verið að lofa erlendum fyrirtækjum starfsleyfi með lágmarksmengunarkröfum. Þetta er alrangt. Og hv. þm. á ekki að leyfa sér að halda slíku fram. Því að í íslenskri þýðingu hljóðar þetta þannig að starfsleyfi er venjulega veitt með lágmarksskriffinnsku. Það þýðir að við erum að reyna að draga úr skrifræðinu hér eins og nokkur kostur er, bæði fyrir íslensk fyrirtæki og fyrir erlenda fjárfesta sem vilja koma hingað til lands. Ég fæ hér aftur tækifæri til að tala síðar og ætla þá að nýta mér það til þess að svara spurningum hv. þm. sem hann bar fram áðan.

[15:14]

Birna Sigurjónsdóttir:

Hæstv. forseti. Bæklingur sá sem hér er til umræðu frá Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta er um margt fróðleg lesning. Þar kemur fram að landið er markaðssett með hástemmdum lýsingum um Ísland sem landið þar sem náttúran er hrein eins og hvergi annars staðar, með tærasta lofti sem nokkurs staðar er hægt að anda að sér og hreinasta vatn í heimi. Öll lýsingarorð eru í hástigi og allt gott er um það að segja ef tilgangurinn væri ekki sá að laða hingað til lands fjárfestingar í mengandi stóriðju. Þar kemur fram mótsögn sem að mínu mati er hrópleg og þar við bætist að í bæklingnum er í það minnsta gefið í skyn að hér sé auðvelt að fá starfsleyfi og að mat á umhverfisáhrifum fáist með lágmarksskriffinnsku. Að auki er landið kynnt sem land lágra launa, lágs orkuverðs, lágra skatta á fyrirtæki og því til viðbótar er sérstaklega bent á að hér á landi séu fjarvistir starfsmanna frá störfum í lágmarki, þ.e. 3% hér Íslandi miðað við t.d. 12% í Svíþjóð. Ég spyr því: Er það svona sem við viljum markaðssetja landið? Eiga Íslendingar ekki heldur að veðja á eitthvað annað, t.d. aukna ferðaþjónustu, á lífræna ræktun, á starfsemi sem er tilbúin að borga fyrir þau lífsgæði, náttúrufegurð og hreinleika lofts og vatns sem við teljum okkur búa yfir?

[15:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessar auglýsingaherferðir hæstv. iðnrh. og markaðsskrifstofunnar vekja ýmsar áleitnar spurningar. Spurningar um það hvernig við viljum kynna landið okkar. Og þær vekja reyndar líka spurningar um hversu árangursríkt og skynsamlegt upplegg af þessu tagi er sem hér er fram fært í þessum dæmalausa bæklingi. Það er auglýst lægsta orkuverð í Evrópu. Það eru auglýst lág laun og sýnd tafla þar sem Ísland er neðst af öllum löndum sem þar eru tekin til samanburðar um laun. Það eru auglýstir lágir skattar. Og það er sagt að það þurfi engar áhyggjur að hafa af umhverfisástæðum. Svo er auðvitað bitið höfuðið af skömminni með því að beita

ómengaðri náttúru Íslands sérstaklega og fallegum myndum til þess að laða menn að. Það er sem sagt með öðrum orðum svona útsölu þriðjaheimsbragur á þessu uppleggi alveg „par exellence". Það er þannig. Það hljóta að vakna spurningar t.d. um samningsstöðuna hvað orkuverðið snertir þegar uppleggið er þetta. Það er boðið lægsta orkuverð í heimi, a.m.k. í Evrópu. Það þýðir nú líklega lítið að reyna að fara að tosa það eitthvað upp á við þegar menn eru svo mættir með þennan bækling í höndunum og segja: „Heyrðu okkur líst nokkuð vel á þetta. Þetta lága orkuverð, þessi lágu laun og hvernig menn mega valsa um í þessari hreinu og óspilltu náttúru. Þetta er bara nokkuð álitlegt." Ég held að menn leggi af stað á hnjánum í hvaða samningaviðræður sem vera skal með þessu uppleggi og það er auðvitað neðan við allar hellur.

Ég mótmæli alveg sérstaklega hvernig umhverfisþátturinn og náttúran er notuð í þessu samhengi. Stæði í bæklingnum að til þess að varðveita hinu hreinu náttúru þá geri Íslendingar strängustu mengunarvarnakröfur þá væri þó eitthvert upplit á þessu.

Ég held að hæstv. ráðherra sem virðist hafa fengið þetta góss í arf frá forvera sínum, hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, því þetta er dagsett í janúar 1995, ætti að sjá sóma sinn í að kalla þetta til baka og láta þetta hverfa. Það eru til pappírstætarar sem éta svona fyrirbæri og þar væri þetta best komið, ofan í einum slíkum. Ráðherrann ætti ekki að setja málið upp svona svart og hvítt eins og hann gerði hér áðan. Ég mótmæli því einnig þegar málin eru lögð upp þannig að þetta snúist um annaðhvort eða, þ.e. hvort orkulindirnar séu nýttar eða ekki. Þetta snýst nefnilega einmitt ekki um það (Forseti hringir.) heldur hvernig staðið er að því að nýta auðlindir Íslands, þar á meðal náttúru og hreint og ómengað umhverfi.

[15:19]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Mér kemur á óvart hversu þingmenn Alþb. reyna að gera starfsemi Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar tortryggilega. Það er fullkomlega ástæðulaust. Þar vinnur sérstaklega samviskusamt fólk að því að kynna Ísland sem fjárfestingarkost í útlöndum sem er erfitt og vanþakklátt starf á köflum. Þessi skrifstofa var sett á laggirnar fyrir tæplega níu árum síðan. Hún hefur starfað ötullega að markmiðum sínum á þeim tíma sem liðinn er en því miður hefur ekki tekist eins og menn vonuðu að draga erlenda fjárfesta til samstarfs inn í landið. Það er því miður staðreyndin. Auðvitað ber að fagna því þegar það loks tekst, því eins og iðnrh. benti á þá er það eitt af okkar aðalvandamálum hversu treglega hefur gengið að draga hingað til lands samstarfsaðila sem hafa fjármagn fram að færa.

Það er ótrúlegt að taka bækling, eitt kynningarrit sem þetta, og gera það að sérstöku umtalsefni á Alþingi. Það er ekkert athugavert við það að draga fram í bæklingi sem þessum þau atriði sem gera Ísland samkeppnishæft við önnur lönd því auðvitað er fjöldi landa og fjöldi svæða að reyna að draga til sín erlent fjármagn í fjárfestingarskyni. Það er ekkert athugavert við það, nákvæmlega ekki neitt. Það sem þarf að gera á þessum markaði er að kynna það sem á boðstólum er, kynna það á eðlilegan og sanngjarnan hátt. Og ég sé ekki annað en að það sé gert. Það er talað um lág laun í þessum bæklingi. Það er því miður staðreynd að laun eru of lág á Íslandi miðað við önnur lönd og það er einmitt markmiðið með starfsemi sem þessari að bæta hér kjörin og launin með því að draga hingað inn atvinnurekstur sem getur borgað hærri og betri laun og bætt lífskjörin þegar til lengdar lætur.

Ég lét þess getið að mér kæmi á óvart að þingmenn Alþb. gerðu þetta tortryggilegt. Það er kannski ástæðulaust að láta það koma sér á óvart. Og maður þarf ekki að láta sér koma það á óvart að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur sérstakar áhyggjur af því að það skuli ekki vera nægilega mikið „red tape" eins og það heitir á ensku.

[15:22]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Mér þykir þessi umræða heldur vond. Það er þekkt að við Íslendingar höfum staðið í því að reyna að kynna land okkar sem fjárfestingarkost fyrir iðnað. Til hvers hefur það verið? Það er til þess að nýta orkulindir landsins og til þess að skapa hér betri lífskjör. Og þegar er verið að vekja athygli á því sem fram kemur í þessum ágæta bæklingi, sem er auðvitað einn liður í því að kynna staðreyndir, að hér séu sérstaklega lág laun þá vil ég bara vekja athygli á því að starfsmenn hjá stóriðjufyrirtækjunum sem vonandi fjölgar, eru þeir íslenskir starfsmenn, þegar litið er á hópinn sem heild, sem allra best kjör hafa í iðnaði. Hér er hlutunum því auðvitað snúið algerlega við.

Og ég verð að segja að mér finnst mjög ámælisvert að hv. þm. láti að því liggja að hæstv. iðnrh. eða þeir sem standa í því að reyna að selja orku séu í því að gefa einhvern sérstakan afslátt af kröfum um mengunarvarnir. Það er fjarri því. Auðvitað á ekki að gefa þeim sem standa í viðræðum við okkur von um að svo sé. Það er fullkomlega óábyrgt, að mínu mati, að láta að því liggja að íslenskir samningamenn séu tilbúnir til þess að gefa afslátt hvað varðar umhverfismálin og ég held að það bæti alls ekki stöðu okkar nema síður sé.

Ég vil vekja athygli á því, hæstv. forseti, að árangurinn af kynningarstarfinu gagnvart erlendum fjárfestum, sem eins og hv. þm. Geir Haarde sagði áðan er auðvitað bæði erfitt og vanþakklátt, hefur ekki verið mikill. (Forseti hringir.) Það hefur verið kvartað undan því hér á Alþingi hversu illa hefur gengið. Þessi bæklingur hefur því ekki leitt til þess að menn hafi í von um skjótfenginn gróða komið hingað eða séu hér í biðröðum eftir samningum um stóriðju.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þeim þykir hún vond þessi umræða, stjórnarsinnunum hv. þm. Geir Haarde og hv. þm. Sturlu Böðvarssyni. Þeim er meinilla við þessa umræðu og þeim finnst hún mjög vond. Og það er skiljanlegt miðað við þann málstað sem þarna er verið að reyna að verja. Mér þykir umræðan góð. Ég fagna því hvernig umræðan hefur verið að vaxa í þjóðfélaginu nú á síðustu vikum og mánuðum einmitt um þessi mál. Það er alveg ljóst að viðhorfin eru að breytast til nýtingar landsins og verndunar umhverfis. Sem betur fer er þjóðin að verða sér betur meðvituð um að þar eru gæði á ferðinni sem við þurfum að passa vel upp á. Og það er eðlilegt að síðustu trúboðar gamla stóriðjutrúboðsins sem vilja leggja allt í sölurnar, sætta sig við hvaða skítaprísa sem er og leggja náttúruna undir ef svo ber undir, séu órólegir vegna þessarar þróunar og þyki umræðan vond. Það er alveg ljóst að menn eru að verða gagnrýnni á umhverfisþáttinn sérstaklega en það mun líka fylgja í kjölfarið að menn verða gagnrýnni á arðsemina og á orkuverðið vegna þess að hagsmunir annarra atvinnugreina í landinu eru farnir að rekast á við þetta trúboð. Forsvarsmenn í ferðaþjónustu, matvælaiðnaði og fleiri greinum hafa vaxandi áhyggjur af

þeim óumflýjanlegu árekstrum sem munu verða ef stóriðjutrúboð ríkisstjórnarinnar og hæstv. iðnrh. nær að einhverju leyti fram að ganga hér á næstu missirum með tilheyrandi framkvæmdum á hálendinu o.s.frv. sem mun rekast á við aðrar nýtingarforsendur fyrir landið og umhverfið. Þess vegna skora ég á menn að láta umræðuna ekki falla niður þrátt fyrir bænir um það af hálfu þeirra sem finna sig í vondri stöðu í málinu heldur einmitt að halda henni áfram, halda áfram umræðum um það hvernig við ætlum að nýta þetta land og náttúru þess í framtíðinni, ræða það málefnalega (Gripið fram í.) með framtíðarhagsmuni að leiðarljósi en ekki í (Forseti hringir.) trúboðsstíl. Ég þakka svo formanni þingflokks Framsfl. fyrir hönd forseta fyrir aðstoð við fundarstjórn.

[15:27]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að við þurfum að halda umræðunni áfram um það hvernig við nýtum auðlindir landsins. En það er hins vegar frekar dapurlegt að þessi umræða um tvö atriði úr skýrslu markaðsskrifstofunnar skuli vera notuð til einhverrar allsherjarárásar á þessa skrifstofu því að við erum nú fyrst, eftir níu ár, að sjá einhvern árangur af þessu starfi, árangur sem við erum búin að bíða lengi eftir.

Það eru tvö atriði sem hafa verið í umræðunni, annað þeirra er mjög dapurlegt en hitt er beinlínis rangt. Það atriði er varðar launakjör á landinu er auðvitað mjög dapurlegt en við verðum að horfast í augu við það og það er markmið þessarar ríkisstjórnar að breyta því og bæta launakjörin. Okkur hefur reyndar tekist mun betur en nágrannaþjóðunum í þeim efnum á síðustu fjórum árum. Hitt atriðið sem varðar það sem kallað er í skýrslunni „minimum of environmental red tape" er bara hreinlega rangt. Það er ekkert „minimum of environmental red tape" á Íslandi. Það er ekkert minimalt við það. Hér eru öflugar og virkar umhverfisvarnir. Ég viðurkenni að þær gætu verið betri og ég veit að þær munu batna. En það er ekkert minimalt við þær eins og þær eru nú.

[15:29]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Umræða um kynningu á möguleikum Íslands á erlendri grundu hefur að mínu viti verið of lítil ef eitthvað er en allt það starf sem hefur þó verið unnið tel ég hafa verið af hinu góða. Erlendar þjóðir eins og Írar hafa lagt gríðarlega peninga í að kynna land sitt sem fjárfestingarkost og hafa Írar sameinað krafta helstu ríkisstofnana í einni stofnun sem sér um þá kynningu víðs vegar um heiminn. Það hefur lyft þeim upp í það að vera sú þjóð í Evrópu sem hefur náð mestum árangri í útflutningi þannig að þangað má sækja mjög árangursríkar hugmyndir, góðar hugmyndir sem mundu geta komið okkur vel.

Ég vil benda á eitt sérstakt atriði sem þeir hafa náð sérstaklega góðum árangri í og það er að auglýsa upp svokallað frísvæði sem þeir hafa starfrækt á Shannon á Írlandi síðust 30 árin. Þar hafa átt sér stað undraverðir hlutir sem við höfum rætt hér í þingsölum. Því miður hefur ekki komið neitt út úr því sem máli skiptir hér en eigi að síður mun sú umræða halda áfram.

Ég tel að það sé mjög slæmt þegar verið er að gera lítið úr þeim góðu hlutum sem mér finnst Landsvirkjun vera að framkvæma og markaðsskrifstofan í því að kynna landið en það virðist því miður vera þannig að ákveðnir hópar og ákveðnir flokkar virðast alltaf ráðast gegn þeim nýju möguleikum sem eru uppi hverju sinni. Þar vil ég benda t.d. á þær hugmyndir sem hafa komið um erlenda fjárfestingu í sjávarútvegi og eins varðandi erlenda fjárfestingu í atriðum eins og frísvæðum og þátttöku erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri almennt.

[15:31]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að ég þakka fyrir þessari umræðu. Mér finnst satt að segja alveg ótrúlegt að fylgjast hérna með talsmönnum stjórnarflokkanna. Það er greinilegt að þeir eru orðnir svo viðkvæmir í þessum stóriðjumálum að það tekur engu tali og það gengur jafnvel svo langt að hv. þm. Geir H. Haarde biður um orðið sem hefur ekki gerst í hér háa herrans tíð. (**Gripið fram í:** Bara hneyksli.) Og fleiri fleiri þingmenn Sjálfstfl. koma hér upp einn af öðrum í þessu máli. Staðreyndin er sú að þessir menn finna að þessi græna umhverfishreyfingarbylgja er að rísa í landinu og þessir menn eru hræddir við hana. Það er veruleikinn og það er veruleiki sem þeim er illa við að horfast í augu við.

Það er alveg sérstaklega athyglisvert líka í þessu máli að menn skuli rísa svona upp vegna Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Vita menn ekki að það hafa verið um það umræður núna um margra missira skeið að breyta þessari skrifstofu? Vita menn ekki að það hefur verið talið að þessi skrifstofa væri kannski ekki nákvæmlega eins og hún þyrfti að vera? Vita menn ekki t.d. að í stjórn Landsvirkjunar hafa einmitt vinnubrögð af því tagi sem koma fram í þessum bæklingi verið harðlega gagnrýnd af mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum? Vita menn það ekki? En svo rísa menn hér upp í utandagskrárumræðu allt í einu og taka upp hanskann fyrir áróður fyrir Ísland. Sem er hvað? Sem er niðurlægjandi fyrir Ísland af því að það er verið að segja að til Íslands eigi menn að koma vegna þess að hérna sé kaupið lágt, hérna sé verkalýðshreyfingin léleg og hérna séu gerðar litlar umhverfiskröfur. Svona á ekki að kynna Ísland. Það á að kynna Ísland af reisn og það er athyglisvert þegar þingmenn Sjálfstfl. hver á fætur öðrum taka undir sölustarfsemi af þessu tagi sem er Íslandi ekki samboðin.

[15:33]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vék sérstaklega að því að ég skyldi hafa tekið hér til máls. (**SvG:** Það eru tíðindi.) Það er alveg rétt að það gerist ekki oft í seinni tíð. Ég tel að ýmsir ættu nú að hafa það að fordæmi, taka sér það til fyrirmyndar. Það mættu ýmsir gera.

Hér hefur verið talað um trúboð, herra forseti, og það er svo undarlegt að þeir sem það gera eru kannski þeir sem best þekkja til slíkrar starfsemi, gamla trúboðið úr Alþb. hóf hér upp raust sína, þrír fulltrúar þess, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson. En þetta eru fulltrúar þeirra afla á Íslandi (**SvG:** Heimatrúboðið.) sem hafa alltaf verið andvíg samstarfi við erlenda aðila um atvinnuuppbyggingu á Íslandi, alltaf, alveg frá því að fyrst var hafist handa um slíka starfsemi fyrir rúmum 30 árum síðan. Þessir menn hafa í prinsippinu verið fulltrúar þeirra afla sem gátu ekki hugsað sér slíkt samstarf af einhvers konar prinsippástæðum sem ég hef aldrei getað almennilega skilið. (Gripið fram í.) Heimatrúboð þessara manna sem hv. þm. kallar svo — hann greip hér fram í og rétti mér orðið sem mig vantaði — birtist í þessari starfsemi, þessari andstöðu

og andspyrnu gegn erlendri fjárfestingu á Íslandi sem heyrir nú sögunni til sem betur fer hjá flestum stjórnmálaöflum á Íslandi og sennilega nú orðið meiri hluta þingmanna Alþb. Þetta er hið eina trúboð sem hægt er að tala um í þessu sambandi og hinn fullkomni fulltrúi þess er hv. málshefjandi Hjörleifur Guttormsson sem eitt sinn sat í iðnrn. um fimm ára skeið og gerði allt sem hann gat til að framfylgja þeirri stefnu sinni að koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu í stóriðju eða á öðrum sviðum á Íslandi. Það vita þeir og muna sem fylgdust með þessum málum á þeim tíma og það er ekkert gleymt þótt hann kjósi núna, og fleiri þingmenn Alþb., að skýla sér á bak við umhverfissjónarmiðin eingöngu í þessu máli. Það er sjálfsagt að gera hér ýtrustu kröfur til umhverfismála. Það mun verða gert. Það stendur ekki annað til og það stendur ekki til að veita neinn afslátt í þeim efnum.

[15:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er dálítið sérstakt í umræðu sem þessari þegar bornar eru fram fyrirspurnir til hæstv. iðnrh., að þá kýs hæstv. ráðherra að svara þeim ekki í fyrri ræðu sinni heldur geyma þær til loka. Það finnst mér mjög einkennilegt og ósmekklegt af hæstv. ráðherra því að þá er tækifæri mitt til þess að víkja að því ekki mikið.

Spurningin sem við erum að ræða snýst um það hvers konar atvinnustefnu við viljum sjá í þessu landi, hvers konar atvinnuuppbyggingu og hvers konar samskipti við náttúru landsins. Það er kjarni þessa máls sem við erum að ræða og ef menn halda að það sé stóriðja, gamaldags stóriðja sem verið er að reka á dyr í mörgum löndum af ýmsum ástæðum, sem eigi að vera inntakið í atvinnuuppbyggingu á Íslandi þá er ég ekki með á þeim nótum.

Hv. þm. Geir Haarde var að rifja upp mín störf í iðnrn. nálægt 1980. Ég er ekkert feiminn við að ræða það mál og ég get nú hrakið eitt og annað af því sem þar er haldið fram. En það er alveg rétt að ég stóð fast á því að það væri ekki verið að sleppa forræði Íslendinga í atvinnumálum eins og nú er orðin tískan og leiðarljós að sé gert.

Því miður er það svo, virðulegur forseti, að hér standa menn ekki vörð um umhverfið þegar verið er að semja við fyrirtæki sem eðli málsins samkvæmt eru mjög varasöm. Það geta menn kynnt sér sem skoða þau drög sem nú liggja fyrir varðandi álbræðslu á Grundartanga. Það lá fyrir þegar álbræðslan í Straumsvík var stækkuð. Það er verið að gera hér samninga á kostnað umhverfisins (Forseti hringir.) og sú starfsemi sem rekin er eins og ég hef rakið — það kemur fram í kynningarbæklingi nefndrar markaðsskrifstofu — er ekki til þess fallin að hvetja til árvekni í þeim efnum eða gefa þeim sem banka hér á dyr til kynna að (Forseti hringir.) hér sé haldið eðlilega á umhverfisvernd. Og það er heldur ekki gert í síðari bæklingum eins og hægt væri að draga fram, þ.e. þeir sem nenna að lesa það sem hæstv. ráðherra var að vitna hér til. Þar eru endurtekin sömu leiðarljósin og ég held að það væri ástæða fyrir hv. alþingismenn (Forseti hringir.) að skoða þessi mál af fyllstu alvöru og aðgæslu í sambandi við þá ferð sem þarna er verið að efna til.

[15:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Allar þær upplýsingar sem fram koma í þessum bæklingum eru staðreyndir, staðreyndir úr íslensku efnahags- og atvinnulífi. Og tilraunir hv. þm. til þess að rangtúlka það sem þar kemur fram finnst mér vera lítilmótlegar í þessu samhengi.

Við erum að kynna Ísland af fullri reisn ef menn horfa á þau kynningarrit sem hafa verið gefin út í þeim tilgangi að draga að erlenda fjárfesta á mörgum sviðum. Við eigum auðvitað að vera stolt af því að geta boðið upp á eitt lægsta orkuverð í Evrópu, að vera samkeppnisfær á þessu sviði. Við eigum að vera stolt af því að geta boðið upp á lága skatta hér á landi og við eigum að vera stolt af því að fjarvistir frá vinnu séu hér minni en annars staðar. Við eigum líka að vera stolt af því að hér á landi skuli vera minni skattar á launatekjur heldur en annars staðar og ástæðan fyrir því að launatengd gjöld eru minni á Íslandi en annars staðar er að launakostnaður í heild sinni er minni. Það er meginástæðan.

Horfum til reynslunnar. Álverið í Straumsvík borgar hærri laun, 40% hærri laun heldur en iðnaðarmenn fá á hinum almenna vinnumarkaði. Það er akkúrat nákvæmlega dæmigert stóriðjufyrirtæki. En ég skil vel að hv. þingmenn Alþb. hafni slíku, þ.e. að menn geti fengið há laun. Þeir vilja halda þessari þjóð í fjötrum. Þeir vilja ekki bæta lífskjörin í raun og veru. (**SvG:** Ég er á móti því bara.) (**SJS:** Já, bara algjörlega á móti því)

Til að svara spurningum hv. þm. um eftirlitið með Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, þá þekkir hv. þm. Svavar Gestsson sem situr í stjórn Landsvirkjunar það hér um bil jafn vel og ég vegna þess að þrír stjórnarmenn eru kjörnir í stjórn fyrirtækisins af stjórn Landsvirkjunar og hv. þm. Svavar Gestsson tók þátt í síðasta stjórnarkjöri í þeim efnum. Þrír fulltrúar eru síðan tilnefndir af iðnrh. Eftirlitið er af hálfu stjórnar Landsvirkjunar sem hv. þm. Svavar Gestsson situr í. Svo kemur hann í ræðustólinn áðan og þykist ekki kannast neitt við neitt. (Gripið fram í.) Hv. þm. veit nákvæmlega jafn vel og ég hvernig þessi skrifstofa starfar.

Varðandi samstarf og hvað sé fram undan um markaðsskrifstofuna, þá vil ég auka samstarf við fjárfestingarskrifstofuna. Ég vil leggja áherslu á aukin verkefni, aukna kynningu til að draga hingað að landinu erlenda fjárfesta. Ég er í samstarfi um það við mörg fyrirtæki um landið, sveitarstjórnir, héraðsnefndir, í Eyjafirði, á Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn í Hornafirði, víða á Suðurlandi og á Reykjanesi. Flestöll eru þau úr kjördæmi hv. þm. sem hér var málshefjandi. Þessi hv. þm. ætti að fara heim í hérað og tala við sína menn. Þeir vilja byggja upp lífskjörin í landinu.

Umræður utan dagskrár.

Kynferðisleg misnotkun á börnum.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. félmrh. þá vinnu og könnun sem embætti hans og Barnaverndarstofa lögðu í til að gefa eins skýr svör og hægt var við fyrirspurn minni um kynferðislega misnotkun á börnum. Kynferðisleg misnotkun á börnum er einn alvarlegasti glæpur sem framinn er. Því er mikilvægt að Alþingi ásamt framkvæmdarvaldinu geti í samvinnu komið fram með aðgerðir sem leiði til úrbóta á þessu ófremdarástandi.

Staða þessara mála er mjög alvarleg og ógnvekjandi þegar fyrir liggur að barnaverndarnefndir hafi haft 465 mál til meðferðar þar sem 560 börn hafa komið við sögu eða 112 á hverju ári. Ekki síst er hún alvarleg þegar allar erlendar rannsóknir sýna að einungis lítill hluti þessara mála komi

fram í opinberum gögnum og engin ástæða er til að ætla að staðan sé önnur hér á landi en annars staðar.

Í umræðunni hefur komið fram að ætla megi að aðeins 10% mála þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi komi fram í opinberum gögnum. Ástæðan þess að ég beini hér fyrirspurnum til hæstv. dómsmrh. og félmrh. er að mér finnst þessar upplýsingar sýna að það þurfi sérstaklega að skoða og vinna að úrbótum í þeim þætti þessa máls sem snýr að stöðu brotaþola kynferðisofbeldis í réttarkerfinu og að bæta verulega stuðning og meðferðarúrræði sem fórnarlömbum kynferðisafbrota stendur nú til boða. Til dómsmrh. beini ég því eftirfarandi spurningum:

Hvenær mun nefnd skila af sér sem skipuð var í desember 1993 sem m.a. átti að fjalla um stöðu barna í réttarkerfinu og stöðu brotaþola kynferðisofbeldis?

Eru rannsóknaraðferðir samræmdar um allt land þegar um er að ræða kynferðislegt ofbeldi á börnum?

Ég tel fulla ástæðu til að ætla að þó RLR hafi sett sér starfsreglur og þar sé unnið vel í þessum málum, þá vanti mikið á að samræmdar reglur gildi, einkum úti á landi og rétt væri að setja samræmdar starfsreglur í reglugerð sem öllum ber að framfylgja. Með vísan til þess að aðeins 10% þeirra mála sem vísað hefur til barnaverndarnefnda á sl. fimm árum fara til dómstólanna og með tilliti til þess hversu sérhæfð þessi mál eru, þá spyr ég: Er ástæða til að ætla að endurskoða þurfi lögin um meðferð opinberra mála, svo sem varðandi rannsóknaraðferðir, sönnunarkröfur og mat á sönnunargögnum þegar þessi mál eiga í hlut? Það er einmitt þetta atriði sem ég held að þurfi að brjóta til mergjar og spyrja um: Er eitthverju mjög ábótavant í rannsóknar-, ákæru- og dómsferlinu sem gerir það að verkum að svo fáum málum er vísað til dómstólanna og sakfellt í?

Í fjórða lagi spyr ég: Má ætla að barnaverndarnefndir, ríkissaksóknari og dómarar búi yfir nægri sérþekkingu til að fjalla um og úrskurða í málum svo viðunandi sé sem snerta kynferðislega misnotkun á börnum? Er fyllsta ástæða til að ætla að það skorti a.m.k. víða á landsbyggðinni.

Í fimmta lagi. Telur dómsmrh. að beita eigi strangari refsingum þegar um er að ræða kynferðislega misnotkun á börnum en nú er gert og hvort dómarnir séu ekki langt úr takt við réttarvitund almennings?

Vil ég þá beina máli mínu til félmrh. varðandi stuðning og meðferð fórnarlamba kynferðisofbeldis. Fram kemur í svarinu að engin hópmeðferð standi þessum börnum til boða og áfallameðferð skortir yfirleitt hérlendis og lítið eða ekkert skipulag er á því hvernig langtímameðferð í þessum málum er veitt, sé hún veitt á annað borð eins og fram kemur í svarinu. Hvað hyggst félmrh. gera til að tryggja börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi stuðning og meðferð frá hinu opinbera? Fram kemur í svarinu að ekki færri en 50 börn þurfi árlega á sérhæfðri meðferð að halda og séu fjölskyldur reiknaðar með má áætla að sá fjöldi sem þyrfti árlega stuðning og meðferð sé á annað hundrað.

Í öðru lagi. Telur félmrh. ástæðu til að breyta ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna til að tryggja að veitt sé sérhæfð meðferð utan stofnana þannig að þolendur kynferðislegrar misnotkunar hafi ótvíræðan rétt til meðferðar og stuðnings frá hinu opinbera?

Loksins spyr ég: Telur ráðherrann að grípa þurfi til aðgerða til að gera barnaverndarnefndir betur í stakk búnar til að fjalla um og taka á málum sem snerta kynferðislega misnotkun á börnum? Í svari ráðherra kemur fram að börnum er almennt ekki tryggður fullnægjandi stuðningur af hálfu ríkis og sveitarfélaga og á það ekki síst við um landsbyggðina. Skýringin á því er vafalaust ekki síst að um helmingur þeirra 80 barnaverndarnefnda sem nú eru starfandi hafa ekki fastan starfsmann í þjónustu sinni og enn fleiri hafa ekki sérhæfðu starfsliði á að skipa. Ég tel mjög brýnt að barnaverndarumdæmi verði stækkuð þannig að barnaverndarnefndir hafi möguleika á nauðsynlegri fagþekkingu, stuðningsúrræðum og ráðgjöf sem þeim ber skylda að veita. Þarna tel ég að sé um mikla brotalöm að ræða og það þurfi þegar að fara í aðgerðir og beita úrræðum sem duga til að stækka barnaverndarumdæmin og spyr ráðherrann sérstaklega um það.

Herra forseti. Þessar alvarlegu upplýsingar í svari ráðherra kalla á skjót viðbrögð, úrbætur og úrræði, bæði staða barnanna í réttarkerfinu og í meðferð og stuðningi við fórnarlömbin og ég er viss um að hægt er að ná samstöðu um það milli Alþingis og framkvæmdarvaldsins.

[15:48]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda að kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum er einhver allra alvarlegasti glæpur sem framinn er og því mjög mikilvægt að samfélagið reyni að taka fast og skynsamlega á þeim málum. Það er líka rétt að varðandi úrræði og meðferð þessara mála kemur til mikil og náin samvinna barnaverndaryfirvalda, lögreglu og dómstóla.

Eins og hér hefur komið fram hafa barnaverndaryfirvöld haft 465 mál til meðferðar á undanförnum fimm árum en séð ástæðu til að senda 47 þeirra til frekari rannsóknar hjá Rannsóknarlögreglu.

Um fyrirspurnir hv. þm. vil ég svo segja þetta. Hvað varðar fyrstu spurninguna er það svo að nefnd, sem ég skipaði í desember 1993 til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna kynferðibrota eða annarra grófra ofbeldisbrota, samdi frv. sem síðan var lagt fram á Alþingi og varð að lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum þolenda afbrota. Nefndinni var einnig falið að athuga hvort setja ætti í lög reglur um nálgunarbann og hvort fórnarlömb gætu átt betri aðgang að rannsóknarferlinu. Nefndin hefur unnið að þessu verkefni og formaður hennar hefur tjáð mér að lokaskýrsla hennar sé langt komin og niðurstöður nefndarinnar og tillögur komi fram á næstunni.

Um aðra spurninguna er það að segja að leitast hefur verið við að samræma rannsóknaraðferðir í málum er varða meint kynferðisafbrot gagnvart börnum. Meðferð slíkra mála fer eftir lögum um meðferð opinberra mála. Á höfuðborgarsvæðinu er rannsókn meintra kynferðisbrota gegn börnum í höndum Rannsóknarlögreglu ríkisins. Að auki veitir Rannsóknarlögreglan lögreglustjórum hvar sem er á landinu aðstoð við rannsókn mála þegar þess er óskað. Hafa lögreglumenn á landsbyggðinni sótt sérþekkingu um rannsóknaraðferðir til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur sett sér vinnureglur um hvernig staðið skuli að samvinnu lögreglu og annarra yfirvalda við rannsókn mála sem varða meint kynferðisbrot gegn börnum. Félagsmálastjórum á höfuðborgarsvæðinu voru kynnt drög að þessum reglum og gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þeirra. Þessar reglur er nú að finna í handbók Rannsóknarlögreglunnar.

1. júlí á þessu ári taka gildi ný lögreglulög. Með þeim lögum er sett á fót nýtt embætti ríkislögreglustjóra sem m.a.

hefur það hlutverk að samræma lögreglurannsóknir í brotamálum. Að því er stefnt að þessum málaflokki verði gerð rækileg skil í því samrýmingarstarfi sem nú er fyrir höndum og verið er að vinna að.

Um þriðju spurninguna er það að segja að ef ríkissaksóknari telur að fram komin sakargögn séu ekki líkleg eða nægileg til sakfellis ber honum að fella niður ákæru samkvæmt 112. gr. laga, um meðferð opinberra mála. Sönnun um sekt sakbornings hvílir á ákæruvaldinu og dómari hefur frjálst mat sönnunargagna samkvæmt 45.–47. gr. sömu laga.

Svokölluð nauðgunarmálanefnd skilaði ítarlegri skýrslu árið 1989. Í framhaldi af tillögu nefndarinnar voru endurskoðuð ákvæði almennra hegningarlaga um kynferðisbrot, samanber lög nr. 40/1992. Sérákvæði um kynferðisbrot gegn börnum er nú að finna í 200.–202. gr. laganna. Ótvírætt er að brotalýsing þeirra ákvæða er nú skýrari en áður var og segja má að þetta eigi þátt í því að auðvelda heimfærslur til refsiákvæða og auka líkur á að sönnun takist. Þó er ekki fram hjá því horft að sönnun um kynferðisafbrot eru oft erfið og kemur þar helst til að sjaldnast er vitni til frásagnar um sjálfan verknaðinn. Oft stendur aðeins staðhæfing gegn staðhæfingu. Sönnunarstaðan er ekki síst erfið þegar brotið er gegn mjög ungum börnum eins og algengt er og brot því oft kærð síðar.

Varðandi sönnunarreglurnar verðum við hins vegar að hafa í huga að stjórnarskráin mælir fyrir um að ákæruvaldið verður að færa sönnunina fram. Það eru líka ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu sem við höfum lögleitt hér.

Það er rétt að taka fram að réttarfarsnefnd er núna að ljúka við endurskoðun á dómstólalögum og mun væntanlega gera það á komandi sumri og ákveðið hefur verið að næsta stóra verkefni hennar verði heildarendurskoðun á lögunum um meðferð opinberra mála, en eins og hv. þingmenn vita, þá er lokið heildarendurskoðun á lögunum um meðferð einkamála. Dómstólalögin eru að klárast og endurskoðun á lögum um meðferð opinberra mála er næsta verkefni.

Ég get svo aðeins, herra forseti, ítrekað það að námskeið hafa verið haldin og upplýsingastarfsemi til lögreglumanna og dómara til að bæta bæði lögreglumeðferð og dómsmeðferð þessara mála hefur skilað árangari.

Um síðustu spurninguna er það að segja að ég hef oft ítrekað það af minni hálfu, þó að brotastatistik liggi ekki fyrir, að mitt mat er það að dómar í alvarlegum líkamsmeiðingamálum og ekki síst kynferðisafbrotamálum séu of vægir hér.

[15:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að hafa í huga að þau meðferðarúrræði sem við beitum í þeim tilfellum sem hér um ræðir eru mótuð af hv. fyrirspyrjanda í tíð hennar í félmrn. Hún þekkir þessi úrræði til hlítar og talar því af kunnugleik. Ég tel brýnt að bæta þau úrræði sem fyrir hendi eru og mun fela Barnaverndarstofu að gera tillögur um hvernig megi efla meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis. Hluti þessara meðferðarúrræða er hins vegar á verksviði heilbr.- og trmrn., þ.e. barna- og unglingageðdeildin tilheyrir því ráðuneyti, og geðrænar lækningar og langtímameðferð sem getur komið til í framhaldi af þeim afbrotum sem hér um ræðir. Barnaverndarlögin eru í endurskoðun og ég tel að einboðið sé að huga að þeim þætti sem snýr að fórnarlömbum kynferðisofbeldis í þeirri endurskoðun. Ég tel að efla þurfi barnaverndarnefndirnar mjög. Barnaverndarnefndum hefur fækkað um helming frá því að barnaverndarlögin tóku gildi 1993 en það þarf enn að fækka þeim og efla þær með sameiningu á stærra svæði. Ég tel að það komi vel til greina að skilgreina í lögum lágmarksíbúatölu sem hver nefnd á að þjóna þannig að öflugar barnaverndarnefndir geti haft á að skipa sérhæfðu starfsliði.

Þær staðreyndir sem fram komu í skriflegu svari mínu fyrir fáum dögum eru ægilegar hvað varðar fjölda brota. Hér er um stóralvarlega glæpi að ræða. Þetta gengur næst morði að mínum dómi. Meginatriðið væri náttúrlega að reyna að koma í veg fyrir að glæpirnir séu framdir, reyna að hafa áhrif á þá sem hafa tilhneigingu til að fremja svona svívirðu og almenningsálitið verður að taka eindregna afstöðu gegn barnaníðingum og allir þurfa að vera meðvitaðir um að um stóralvarlega glæpi er að ræða.

[15:57]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir staðfest í skjali, sem lagt var fram af hæstv. félmrh. sem svar við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að mál um það bil 560 barna hafa verið til umfjöllunar hjá barnaverndarnefndum landsins sl. fimm ár vegna meints kynferðislegs ofbeldis. Þar af hefur ríkissaksóknari aðeins birt ákæru í 45 málum og leiðir það hugann óneitanlega að því hvort e.t.v. séu kröfur laganna til sönnunargagna eða málatilbúnaðar að öðru leyti of strangar og þarfnist endurskoðunar. Einnig vekur það athygli að dómar sem í slíkum málum eru felldir virðast oft vægir miðað við sakarefni. En óneitanlega leita á mann efasemdir um að allur sá hópur sem lendir í slíkum málum hvar sem þau svo kunna að enda á dómstiginu fái ekki þá sálfræði- eða félagsþjónustu sem þessir einstaklingar þarfnast svo sárlega í kjölfar slíkrar lífsreynslu, sérstaklega þar sem ekki er klárlega gengið frá því í lögum að slík þjónusta sem oft er langtímameðferð einstaklingsins og jafnvel fjölskyldu sé greidd af hinu opinbera.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar sem liggur fyrir þinginu, flutt af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur á þskj. 9 og var lagt fram sl. haust. Í því frv. er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir slíka þjónustu í tilvikum sem þessum. Ég tel mjög brýnt, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem fer fram í þinginu í dag að þetta frv. verði samþykkt.

[15:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Kynferðisleg misnotkun á börnum er ein alvarlegasta tegund kynferðisofbeldis sem smám saman er að koma upp á yfirborðið þó að allt bendi til að það hafi alla tíð viðgengist. Síðastliðin fimm ár hafa barnaverndarnefndir landsins fengið að meðaltali 93 slík mál til meðferðar árlega sem ná til mun fleiri barna. Gera má ráð fyrir að þar af sé tæpur helmingur úr Reykjavík, en til samanburðar má geta þess að fyrir 15 árum eða 1978–1982 þegar sú sem hér talar sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, voru slík mál nær óþekkt.

Könnun Barnaverndarstofu á kynferðislegu ofbeldi gagnvart börnum sl. fimm ár, samanber svar við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, er um margt athyglisverð, ekki síst sú staðreynd að af 465 málum sem komið hafa til meðferðar hjá barnaverndarnefndum vegna kynferðislegrar misnotkunar er lögreglurannsókn í 50–60% tilfella, ríkissaksóknari fær aðeins 27% tilfella og sakfellt er í langflestum þeirra tilfella sem koma til dómstóla sem þó eru aðeins 10% af

heildarfjöldanum. Dómstólar hafa verið harðlega gagnrýndir fyrir væga dóma en það eru greinilega mun fleiri gloppur í kerfinu.

Stígamót hafa átt stærstan þátt í því að þessi mál hafa komið upp á yfirborðið hér á landi. Á þeirra vegum er konum og börnum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi veittur stuðningur og ráðgjöf, viðkomandi að kostnaðarlausu. Ársskýrslur Stígamóta veita fróðlegar upplýsingar um eðli þessara brota. T.d. voru 30% þeirra sem sóttu til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis árið 1993 16 ára og yngri, en yfir 85% þeirra sem komu það árið höfðu orðið fyrir ofbeldinu sem börn eða innan við 16 ára. Í heild höfðu þó aðeins tæp 7% þolenda kært til lögreglu. Af þessu má álykta að könnun Barnaverndarstofu nái einugis til toppsins á ísjakanum og mun fleiri börn hafi verið misnotuð sl. fimm ár. Það er því mjög brýnt að breyta löggjöf hér til samræmis við lög í framsýnum löndum á sviði kvennaréttar eins og t.d. Kanada þar sem þjóðfélagið viðurkennir oft að það er ekki fyrr en barnið er orðið fullorðið að það hefur vit, kjark og aðstöðu til að kæra viðkomandi ofbeldismann. Löggjöfin verður að vera þannig að mál fyrnist ekki og haga á sönnunarbyrði þannig að sannleikurinn geti komið í ljós fyrir dómstólum. Því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort standi til að breyta löggjöf í þá veru eða koma upp aðstöðu, eins og t.d. aðstöðunni varðandi nauðgunarmál, fyrir mál af þessu tagi innan lögreglukerfisins. Einnig vil ég spyrja félmrh. hvort það standi til að gera 50 börnum kleift að fá sérhæfða meðferð vegna kynferðisofbeldis árlega eins og könnunin bendir til að þörf sé á.

[16:02]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Vonandi verður sú umræða sem hér á sér stað til góðs í baráttu gegn kynferðislegri misnotkun á börnum því þar er um að ræða svo alvarlega og óhugnanlega glæpi að vart er hægt að hugsa sér verra í samfélagi manna. Það er rík ástæða til þess að taka undir að skoðað verði hvað hægt sé að gera í stöðu brotaþola eins og hefur komið fram m.a. í máli málshefjanda og taka þetta mál eins föstum tökum og hægt er, taka undir það að treysta aðstoð við þá sem verða að þola misbeitingu og herða til muna refsingar í þeim efnum.

Það skiptir miklu máli að hafa sífellt vakandi auga á því hvernig best megi verja börn gegn misnotkun kynferðislega og að þau fái sem besta hjálp þegar slíkt hefur átt sér stað. Vitund hefur vaxið í þessum efnum og það er gott að berjast gegn þessu eins ötullega og hægt er. Það er hins vegar svolítið sérkennilegt við málflutning málshefjanda finnst mér að í fjölmiðlum á undanförnum dögum hefur hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fjallað um þessi mál eins og hún sé allt í einu að átta sig á að hér sé við vanda að glíma. Enginn starfandi þingmaður hefur verið eins lengi félmrh. og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem var félmrh. frá 1987 til 1994 og ég spyr: Hvar var ráðherrann að fjalla um þessi mál á þeim tíma sem hún var í félmrn. og ætti best allra þingmanna að þekkja þetta vandamál sem hún nú loksins er að hefja máls á? Það er vel, en það skýtur samt skökku við að hún skuli gera það svo seint sem hefur svo mikla reynslu.

[16:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Umræður um þann hroðalega glæp sem felst í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum er hafa oft sprottið í þinginu á síðustu árum og sem betur fer hafa þær ekki alltaf orðið til einskis. Ég nefni sérstaklega að árið 1991 samþykktum við lög um meðferð opinberra mála sem opnuðu verulega heimildir til þess að hlífa fórnarlömbum við dómstólameðferð í miklu ríkari mæli heldur en áður. Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins voru settar sérstakar reglur um hvernig haga ber rannsókn, hvernig viðtöl eiga að fara fram og þar nota menn myndbönd í æ ríkari mæli til þess að draga úr því óbærilega álagi sem endurteknar yfirheyrslur eru ungum og saklausum fórnarlömbum oft og tíðum. Og ef það er niðurstaða lögreglunnar í samráði við barnaverndaryfirvöld að tilefni sé til frekari rannsóknar, þá er samin rannsóknaráætlun sem miðar að því m.a. að hlífa fórnarlambdinu eins og hægt er. Þetta finnst mér afskaplega jákvætt. Þetta er góð þróun og lofsvert mál.

En það skýtur skökku við, að á meðan lög og reglur mæla fyrir um sérstaka nærgætni og aðgát í meðferð fórnarlambsins meðan á rannsókn málsins stendur. Þá er eins og því sleppi þegar rannsóknin lýkur. Þá er eins og kerfið sleppi hendinni af fórnarlömbunum. Kynferðislegt ofbeldi hefur í för með sér stórkostlegan skaða á tilfinningalífi fórnarlambsins og stundum gervallrar fjölskyldunnar. Í fljótu bragði mætti ætla að velferðarsamfélagið Ísland gerði allt sem í þess valdi stendur til þess að hjálpa hinum ólánsömu fórnarlömbum, tryggja þeim alla aðstoð sem þau þurfa. En þegar hæstv. félmrh. var á dögunum spurður hvernig aðstoðinni væri háttað, þá kom m.a. fram í svari hans, með leyfi forseta, að „ekki er hægt að fullyrða að öllum börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sé tryggður stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila".

Herra forseti. Þetta finnst mér afskaplega dapurleg niðurstaða. Það er ekki við hæstv. félmrh. að sakast eða ríkisstjórnina. Það er við okkur öll sem höfum verið að setja þessi lög og véla um þetta, en þetta er dapurleg niðurstaða. Þetta er Ísland í dag. Við þurfum að taka höndum saman um að breyta því.

[16:07]

Guðrún Sigurjónsdóttir:

Herra forseti. Það vekur athygli að í svari hæstv. félmrh. við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur kemur fram að aðeins í um þriðjungi mála sem Rannsóknarlögregla ríkisins vísaði til ríkissaksóknara var lögð fram ákæra. Það er umhugsunarefni, ekki síst í ljósi þess að mikil síun hefur orðið á málum á leiðinni til ríkissaksóknara. Ástæðan fyrir því hve fá mál eru höfðuð er hve erfitt er að sanna verknaðinn. Oftst er orð á móti orði og í flestum málum þar sem sakfelling hefur farið fram hafa verið áverkar sem styðja verknaðinn eða fleiri en eitt barn hafa orðið fyrir ofbeldinu. Þó er það svo að vitnisburður barna í þessum málum er stundum þannig að það er óhugsandi að barnið gæti hafa fengið hugmyndir að þeim lýsingum sem fram koma nema að hafa orðið vitni að verknaðinum sjálft. Það gefur tilefni til að athuga hvort hægt væri að meta sannleiksgildi frásagnar barna á annan hátt en tíðkast í öðrum sakamálum og beini ég því til hæstv. dómsmrh.

Í sama svari kemur fram að þolendum kynferðisofbeldis og fjölskyldum þeirra standi ekki alltaf til boða hæfilegur stuðningur, enda séu lagaskyldur um hver á að veita þennan stuðning óljósar. Margar barnaverndarnefndir telja það skýlausa skyldu sína að veita þennan stuðning. En ef einhver vafi leikur á þessu atriði verður að skýra lögin. Fram hafa komið hugmyndir um að barna- og unglingageðdeild Landspítalans gæti haldið utan um og veitt þolendum og fjölskyldum þeirra

stuðning. Á því eru þó nokkrir agnúar. Barnageðdeildin er í Reykjavík og er þess vegna fjarri stórum hluta landsmanna og þar að auki er hún náttúrlega mjög fjársvelt og nær alls ekki að sinna þeim verkefnum sem henni ber nú í dag. Stuðningur fyrir börnin og fjölskyldur þeirra verður að standa til boða það nálægt heimlum þeirra að hægt sé að nýta. Víða vantar sérfræðiþekkingu til að tryggja þennan stuðning og nauðsynlegt er að hlutaðeigandi yfirvöld tryggi að hægt sé að ráða slíka fagaðila því að úrbóta er sannarlega þörf.

[16:10]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem er svo viðkvæmt og svo andstyggilegt að manni verður orðfátt. Ég er þó alls ekki að finna að því að málið sé rætt hér á hv. Alþingi. Málið krefst umræðu og það krefst frekari aðgerða að svo miklu leyti sem við verður ráðið af hálfu löggjafans og af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Ég ætla ekki hér að fara með tölur en ég vil þó segja að það kom mér á óvart hve umfang þessa vandamáls er mikið og stórt hér á landi samanber svar hæstv. félmrh.

Þessi umræða vekur upp hugleiðingar um hversu mikilvægt og vandasamt starf barnaverndarnefndir hafa með höndum, ekki síst þar sem unnið er í miklu návígi svo sem þekkist í minni sveitarfélögum. Ég vil taka undir orð hæstv. félmrh. þess efnis að efla þurfi barnaverndarnefndir enn frekar.

Ég ætla að rifja það upp að um síðustu áramót voru sett lög hér á hv. Alþingi sem gera óheimilt að hafa undir höndum efni sem inniheldur barnaklám. Í umræðum á hv. Alþingi og í hv. allshn. kom fram að flestir voru þeirrar skoðunar að framleiðendur efnis sem innihéldi barnaklám væru í fjarlægum heimsálfum. Það kom hins vegar í ljós á meðan málið var til umfjöllunar á hv. Alþingi að handtekinn var maður á Akureyri, sakamaður á þessu sviði. Þetta segir okkur að kynferðisofbeldismenn geta leynst nær en margan grunar. Og ljóst er að það eru margir sem eiga um sárt að binda vegna þeirra glæpa sem hér um ræðir.

Ég vil að síðustu segja að það er af hinu góða að þessi mál eru komin a.m.k. að einhverju leyti upp á yfirborðið og þau eru rædd opinberlega m.a. hér á hv. Alþingi. Þau hafa farið leynt í gegnum árin og aldirnar og mörg börn þurft að þjást án þess að þjóðfélagið hafi á nokkurn máta brugðist við og komið til hjálpar.

[16:12]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Börnum sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi hér á landi er almennt ekki tryggður fullnægjandi stuðningur. Búast má við því að ekki færri en 50 börn þyrftu árlega á sérhæfðri meðferð að halda. Engin hópmeðferð stendur þeim til boða. Áfallameðferð skortir yfirleitt og lítið eða ekkert skipulag á hvernig og hvort langtímameðferð er veitt. Þetta eru alvarlegar upplýsingar úr svari hæstv. félmrh. sem hér er til umræðu, sérstaklega þegar litið til þess að aðeins 10% af þessum glæpsamlegu málum eru uppi á yfirborðinu eins og talið er.

Það er ljóst að niðurskurðurinn til heilbrigðismála hefur bitnað alvarlega á þjónustu við þennan hóp barna. Starfsfólk á barna- og unglingageðdeild Landspítalans hefur aldrei upplifað annað eins. Ásókn þangað og álagið hefur aldrei verið meira. Önnur meðferð er dýr. Eins og komið hefur hér fram taka sjúkratryggingar ekki þátt í sálfræðikostnaði en félagsmálastofnanir oft aðeins að hluta.

Ég vil hér gera að umtalsefni hóp sem er verulegur áhættuhópur þegar kynferðisofbeldi er annars vegar en það eru þroskaheftir. Hér á landi hefur þessum hópi lítið verið sinnt eða hann kannaður með tilliti til kynferðismisnotkunar og ekkert í námsefni þroskaheftra tekur á þeim málum. Samkvæmt erlendum könnunum hefur að meðaltali önnur hver þroskaheft kona orðið fyrir kynferðislegri misnotkun einhvern tíma á lífsleiðinni, sem barn eða síðar en margar þeirra ná aldrei meiri þroska en börn.

Mörg dæmi eru um að til Stígamóta komi þroskaheftar konur sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, bæði sem börn og síðar, og ekkert hefur verið gert með. Þær finna til vanmáttar og vonleysis og það er hending frá hverju þroskaheftir segja í tilvikum sem þessum. Þroskahjálp hefur reynt að bregðast við með námskeiðum um þessi mál fyrir starfsfólk á sambýlum og nú hæstv. félmrh. með því að skipa þriggja karla nefnd til að gera úttekt á kynferðislegu ofbeldi á heimilum fyrir fatlaða. Það er jákvætt að menn þar á bæ hafi tekið á þessum málum en hefði ekki jafnréttisráðherrann átt að hafa samráð við Þroskahjálp vegna þessa sem var ekki gert og hefði ekki átt að skipa þó ekki væri nema eina konu í nefndina?

Herra forseti. Stuðning og meðferð fyrir fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis verður að auka nú þegar en einnig að huga sérstaklega að áhættuhópum eins og þroskaheftum.

[16:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. Það eru að sönnu skuggalegar tölur og dökk mynd sem er að koma upp úr djúpunum hvað varðar kynferðislegt ofbeldi og brot gegn börnum. Mér finnst rétt að það komi fram að þessi mál eru til meðferðar á norrænum vettvangi í svonefndri norðurlandanefnd Norðurlandaráðs og hefur verið fjallað um þetta mál, haldnir fundir með sérfræðingum. Þar er tillaga til umfjöllunar um samræmingu aðgerða á öllum Norðurlöndum hvað varðar lög og reglur og meðferð þessara mála.

Ég vil vegna orða hæstv. dómsmrh. um þyngri refsingar og orðanotkunar hæstv. félmrh. um brotamennina sem hér eiga í hlut vara við því að refsigleði og þyngri refsingar leysi þessi mál. Oftar en ekki eiga í hlut sjúkir menn sem sjálfir eru þolendur ofbeldis úr sinni æsku. Ég held að það sé ekki síður, því miður, brotalöm hvað varðar hjálp og meðferð við brotamennina heldur en fórnarlömbin. Ég skora á menn að líta líka á þann þátt málsins en fjalla ekki um hann með orðalagi af því tagi sem t.d. hæstv. félmrh. gerði hér. Það er auðvitað ljóst að það sem snýr að okkur sjálfum og engum öðrum eru úrræðin, þ.e. aðstoðin við fórnarlömbin, þolendur og brotamenn. Þá kemur í ljós að þær stofnanir sem helst er treyst á að sinni þeim málum eru í fjársvelti eins og til að mynda geðdeildir, barnageðdeildir og sálfræði- og félagsþjónusta er af afar skornum skammti. Bæði áfallameðferð og langtímameðferð er í ólestri og svarið er kannski ekki síst alvarlegt sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fékk hvað það varðar. En þar er sagt að áfallameðferðina skorti yfirleitt hérlendis og lítið eða ekkert skipulag sé á því hvernig langtímameðferðin sé veitt. Og ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Mun hæstv. ríkisstjórn (Forseti hringir.) beita sér fyrir endurskoðun á fjárveitingum til þeirra stofnana sem alls ekki hafa bolmagn til að sinna skyldum sínum að þessu leyti, eins

og kemur skýrt fram í þessu svari og fram hefur komið í umræðunni?

[16:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherrum svörin og fagna þeim upplýsingum sem fram komu hjá þeim um aðgerðir sem þeir ætla að grípa til. Ekki síst vil ég þakka hæstv. félmrh. sem þegar hefur falið Barnaverndarstofu að koma fram með tillögur til að bæta úrræði gagnvart kynferðislegu ofbeldi á börnum. Ég vil líka þakka ráðherra fyrir að ætla að beita sér fyrir því að sett verði lágmarksíbúatala sem hver barnaverndarnefnd á að þjóna þannig að barnaverndarumdæmin stækki. Það er mjög nauðsynlegt að meðferð mála á frumstigi sé faglega unnin til að meiri möguleikar séu síðar í rannsóknarferlinu að þau fái fullnægjandi niðurstöðu. Ég þakka einnig hæstv. dómsmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann veitti. Það olli mér að vísu svolitlum vonbrigðum að ég fann ekki í svörum hans að hann teldi ástæðu til eða kannski að það væri ekki hægt að endurskoða lögin um meðferð opinberra mála varðandi rannsóknarþáttinn. Það hafa vaknað spurningar hjá mér um hvort réttarkerfið sem við búum við henti ekki eða sé ekki sniðið fyrir svona alvarlega tegund afbrota. Málin eru oft orðin gömul þegar brotaþolar koma fram og leita réttar síns. Sönnunarbyrði er því erfið, sönnunargögn glötuð. Staðhæfing stendur gegn staðhæfingu o.s.frv. Því hef ég velt fyrir mér vegna sérstöðu þessara mála hvort sérdómstólar séu nauðsynlegir eða hvort það ætti ekki að vera skylda að dómarar með sérþekkingu á þessu sviði fjalli um þessi mál og hafi stöðu til að kalla til sín sérfræðinga sér til aðstoðar. Ég veit að umboðsmaður barna hefur sérstaklega verið að skoða þennan þátt málsins og bera saman löggjöf og dóma erlendis og hér, sem snerta kynferðislegt ofbeldi á börnum, sem ég tel mjög mikilvægt innlegg í þetta mál og vænti þess að ráðherrann skoði þá niðurstöðu þegar hún kemur og hvort ekki sé þá ástæða til að breyta þessum lögum.

Ég hafði gert mér vonir um að hér gæti farið fram skætingslaus umræða um þetta mikilvæga mál. Þess vegna ollu orð hv. þm. Árna Johnsens mér miklum vonbrigðum. Það kom öllum á óvart þessar tölur sem nú komu upp á yfirborðið, líka þeim sem hafa fjallað um þessi mál í mörg ár. Hv. þm. veit það, ef hann yfirleitt væri hér í þingsölunum, að meðan ég var ráðherra breyttist mjög margt í barnaverndarmálum á Íslandi. Embætti umboðsmanns barna var stofnað. Lögum var breytt til að koma með ný úrræði í barnaverndarmálum og framlag til barnaverndarmála var tvöfaldað. En ég vil þakka öðrum þingmönnum fyrir það innlegg (Forseti hringir.) sem þeir hafa haft í þessu máli og veit, af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram, að það mun nást samstaða um það að vinna að úrræðum í góðri samvinnu Alþingis og framkvæmdarvaldsins.

[16:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. hefur eitthvað misskilið ræðu mína þegar hann hélt því fram að ég hefði lýst því yfir að ekki væri ástæða til að endurskoða lögin um meðferð opinberra mála. Það var einmitt eitt af því sem ég lagði áherslu á í ræðu minni fyrr í umræðunni, að réttarfarsnefnd hefði fengið það verkefni þegar hún hefur lokið við dómstólalögin sem hún er að vinna í um þessar mundir, að taka fyrir heildarendurskoðun á lögunum um meðferð opinberra mála og þar á meðal auðvitað álitaefni sem þessum brotaflokki tengjast. Það hafa verið gerðar mjög miklar breytingar á framkvæmd þessara mála í réttarvörslukerfinu bæði hjá Rannsóknarlögreglu og fyrir dómurum, eins og hér hefur komið fram og hv. 15. þm. Reykv. hefur réttilega bent á, með auknu samstarfi lögreglu og dómstóla við sérfræðinga með sérstökum aðferðum við yfirheyrslu til að hlífa börnum við að vera í erfiðum réttarhöldum og fleira af því tagi sem er í samræmi við þá réttarþróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði og við þurfum auðvitað að vera vakandi fyrir því áfram.

Það hefur verið minnst á spurninguna um sönnun. Ég minni hins vegar á í því efni að þar erum við auðvitað bundin af ákvæðum stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu sem eru lög. Við getum ekki dæmt menn af líkum. Hitt er annað að varðandi þá endurskoðun á lögum sem fyrir dyrum stendur, eru fyrningarreglurnar eitt af þeim atriðum sem ég hef talið eðlilegt að skoða en hluti af vandkvæðunum við sönnunarfærsluna er hvað málin eru oft orðin gömul.

En vegna þess að hér var svo sagt að ríkissaksóknari hefði aðeins ákært í 45 málum af þeim 465 sem upp höfðu komið á vegum barnaverndaryfirvalda þá er nauðsynlegt að taka fram að af þessum 465 málum sem komu til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum voru aðeins 47 send til Rannsóknarlögreglu til frekari meðferðar. Það er eitt af því sem við þurfum að huga að, að kanna þessi mál (Forseti hringir.) vegna þess að þessi brot eru mjög misjöfn og viðurlögin við þeim eru misjöfn. Það er verulegur munur á viðurlögum við brotum gagnvart nauðgun eða gagnvart því afbroti sem er refsað fyrir samkvæmt 209. gr., ef ég man rétt, og lýtur að blygðunarsemi. Það er því mjög mikilvægt að þessi talnaröð, sem núna liggur fyrir, verði líka könnuð betur og hvers konar afbrot það eru sem liggja að baki þeim málum sem er verið að fjalla um.

[16:24]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég verð að vísa til fyrri ræðu minnar varðandi þau úrræði sem við höfum á prjónunum og ætla ekki að endurtaka það.

Nefndarskipanir eru yfirleitt samkvæmt tilnefningu að mestu leyti og er alltaf spurning hve marga á að kveðja til starfa. Ég held að í þessu tilfelli sé lítill hópur líklegri til að skila niðurstöðu skjótlega.

Varðandi orð Steingríms J. Sigfússonar, hv. 4. þm. Norðul. e., ætla ég ekkert að taka aftur af því sem ég sagði. Hér er um alvarlegan glæp að ræða jafnvel þó vafalaust sé hægt að færa sönnur á að hér sé í mörgum tilfellum um sjúka menn að ræða sem lífið hafi farið illa með. Ég vil undirstrika að þrátt fyrir þetta verðum við auðvitað að færa sönnur á sekt og við megum ekki fara að efna til galdrabrenna í þessu sambandi. Maður telst saklaus þangað til sekt hans hefur verið sönnuð. Við getum ekki horfið frá þeim ákvæðum sem stjórnarskráin markar okkur. En við verðum að horfast í augu við það, því miður, að svona óþverri viðgengst í þjóðfélagi okkar. Við neyðumst til að vera meðvituð um það, og við komumst ekki hjá því að takast á við þennan vanda ef við viljum teljast siðað samfélag.

Út af dagskrá var tekið eina dagskrármálið.

Fundi slitið kl. 16:26.

64. FUNDUR

fimmtudaginn 6. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Norræna ráðherranefndin 1996, skýrsla, 278. mál, þskj. 532.
2. Norrænt samstarf 1996, skýrsla, 293. mál, þskj. 548.
3. Vestnorræna þingmannaráðið, skýrsla, 294. mál, þskj. 549.
4. Fríverslunarsamtök Evrópu 1996, skýrsla, 287. mál, þskj. 542.
5. Norður-Atlantshafsþingið 1996, skýrsla, 288. mál, þskj. 543.
6. Evrópuráðsþingið 1996, skýrsla, 289. mál, þskj. 544.
7. VES-þingið 1996, skýrsla, 290. mál, þskj. 545.
8. ÖSE-þingið 1996, skýrsla, 291. mál, þskj. 546.
9. Alþjóðaþingmannasambandið 1996, skýrsla, 292. mál, þskj. 547.
10. Framlag til þróunarsamvinnu, þáltill., 103. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.
11. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 130. mál, þskj. 141. — 1. umr.
12. Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, þáltill., 267. mál, þskj. 519. — Fyrri umr.
13. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488. — Fyrri umr.
14. Skráning skipa, stjfrv., 217. mál, þskj. 274. — 1. umr.
15. Póstminjasafn Íslands, stjfrv., 242. mál, þskj. 371. — 1. umr.
16. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.
17. Vegalög, frv., 197. mál, þskj. 223. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Að loknu matarhléi, um kl. hálftvö, fer fram utandagskrárumræða um tillögur stjórnar ÁTVR um sölu á áfengi og tóbaki. Málshefjandi er Steingrímur J. Sigfússon en fjmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Borist hafa tilmæli um að þrjú fyrstu dagskrármálin, skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar 1996, skýrsla um norrænt samstarf og skýrsla Vestnorræna þingmannaráðsins, verði rædd saman, þannig að framsöguræður verði haldnar áður en orðið verður gefið laust.

Norræna ráðherranefndin 1996.

Skýrsla samstarfsráðherra, 278. mál. — Þskj. 532.

og

Norrænt samstarf 1996.

Skýrsla, 293. mál. — Þskj. 548.

og

Vestnorræna þingmannaráðið.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, 294. mál. — Þskj. 549.

[10:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu samstarfsráðherra Norðurlanda um störf Norrænu ráðherranefndarinnar sem lögð hefur verið fram á þskj. 532. Eftir verulegar breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár á norrænu samstarfi er umgjörð og áherslur þess nú komnar í ásættanlegt form sem bæði fellur að öðru fjölþjóðlegu samstarfi sem Norðurlönd eru aðilar að og hentar fyrir innra samstarf landanna. Miklu skiptir að áhersla verði nú lögð á að fella inntak samstarfsins að þörfum og væntingum almennings á Norðurlöndunum og geyma um hríð umræðu um frekari endurskoðun á grundvelli eða formi samstarfsins þótt alltaf megi að sjálfsögðu bæta í ljósi reynslunnar.

Norðmenn tóku við formennsku í norrænu samstarfi um síðustu áramót og hafa lagt fram skrá yfir helstu mál sem þeir hyggjast leggja áherslu á þetta ár. Þar skipa málefni barna og ungmenna veigamikinn sess, bæði hvað varðar nemendaskipti, barnamenningu og tölvu- og upplýsingamál en einnig málefni barna á alþjóðavettvangi. Tölvu- og upplýsingamál á öllum samstarfssviðum fá og aukið vægi á árinu.

Þátttaka almennings í norrænu samstarfi og vitundin um samnorræna arfleifð okkar eru þættir sem norrænt samstarf hefur umfram annað fjölþjóðlegt samstarf. Að þessum þáttum þarf að hlúa. Því er mikilvægt að frjáls félagasamtök séu virkjuð og studd til norræns samstarfs, en sá stuðningur þarf að vera bæði markviss og ábyrgur. Því stendur til að gera í ár sérstaka áætlun fyrir samstarf ráðherranefndarinnar við frjáls félagasamtök á Norðurlöndum og einnig í Eystrasaltsríkjunum.

Rík áhersla hefur undanfarin ár verið lögð á að umfjöllun um Evrópumál verði aukin á norrænum vettvangi og hún verði markviss og vel undirbúin. Til þess að svo geti orðið þarf góðan farveg fyrir upplýsingar frá aðilum sem fylgjast með gangi mála innan Evrópusamstarfsins frá degi til dags um þau Evrópumál sem skipta Norðurlönd sérstöku máli. Miklu skiptir að nýta hinn norræna vettvang fyrir Evrópumálin, bæði vegna þess að hann er eini sameiginlegi vettvangur norrænu þjóðþinganna og ríkisstjórnanna en einnig vegna þess að Evrópumál eru orðin svo snar þáttur í allri pólitískri umræðu að þau verða tæplega skilin frá henni.

Á árinu 1996 náðist ákveðinn árangur í því að dýpka Evrópuumræðuna í Norrænu ráðherranefndinni, bæði á fundum ráðherranna og annars staðar. Einnig voru Evrópumál til

umræðu á þemaráðstefnu Norðurlandaráðs vorið 1996. Samt er ljóst að eitt allra mikivægasta mál nærsta starfsárs er að styrkja þá skipulögðu upplýsingaöflun sem til þarf til að Evrópumálin fái þá umfjöllun sem æskileg er á norrænum vettvangi. Áhugi er á að taka til umræðu á ný hugmyndina um norrænan upplýsingafulltrúa í Brussel, jafnvel í tengslum við sendiráð einhvers norræns ríkis þar.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem var haldinn í Ósló í gær voru þessi mál rædd og þar kom fram áhugi á því að styrkja samstarfið í Brussel með einum eða öðrum hætti þó að þar hafi ekki náðst ákveðin niðurstaða. Og á sérstökum fundi samstarfsráðherra sem haldinn verður í Brussel í næsta mánuði verða þessi mál yfirfarin.

Ég vil einnig í þessu sambandi nefna annað mikilvægt mál sem verður á dagskrá í norrænu samstarfi næsta ár og það er könnun sú sem stendur til að gera á því hvaða áhrif aðild hinna norrænu Evrópusambandslanda að Myntbandalaginu muni hafa á þróun efnahagsmála á Norðurlöndum. Einnig er rétt að nefna það samstarf sem hefur átt sér stað í sambandi við Schengen sem er framhald á Norræna vegabréfasambandinu. Þar hefur mikið starf farið fram og má segja að það liggi nokkuð ljóst fyrir nú hvernig þeim málum verður háttað, en gert er ráð fyrir því að undirbúningi að því máli verði haldið áfram af fullum krafti og gengið er út frá því að það verði lagt fyrir Alþingi í upphafi þings næsta haust. En hér er um mikla vinnu að ræða, sérstaklega í sambandi við þýðingar, þannig að tæknilega er ekki hægt að ljúka því máli og ná því að leggja það fyrir á vorþingi nú. Það væri full ástæða til þess að ræða það mál frekar en ég læt það vera í upphafi máls míns.

Á árinu var grannsvæðasamstarfið yfirfarið í því skyni að kanna möguleika þess að marka samstarfi Norðurlanda við grannsvæðin heildarstefnu og hagnýta þannig sem best þá fjármuni sem til samstarfs og aðstoðar við þessi svæði er varið og koma í veg fyrir þann tvíverknað sem alltaf er hætta á þegar mörg ríki og alþjóðastofnanir koma að sömu málum. Meginniðurstöður skýrslunnar sem gerð var voru lagðar til grundvallar norrænu starfsáætluninni um grannsvæðasamstarfið sem gerð var fyrir árið 1997. Þar verður sérstök áhersla lögð á velferðarmál, mál sem varðar grundvallarreglur réttarríkisins, réttindi minnihlutahópa, jafnréttismál og mál sem varða samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Hvað varðar innra samstarf Norðurlanda njóta samstarfsviðin; menning, menntun og vísindi, áfram forgangs en tæpur helmingur norrænu fjárlaganna rennur til þessara sviða. Í fagráðuneytum landanna eru nú til umfjöllunar drög að samnorrænni áætlun um markmið og stefnu í rannsóknum og vísindum sem áætlað er að taki gildi á þessu ári eftir umfjöllun í Norðurlandaráði. Nýmæli í þessari áætlun er að hún tekur til allra rannsókna- og vísindastarfa á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, ekki aðeins þeirra sem heyra undir menntamálaráðherrana og gefur því betri heildarsýn en fyrr hefur fengist sem aftur auðveldar forgangsröðun. Það er von mín að samstaða náist um þetta mál.

Á vegum samstarfsráðherra Norðurlanda var lögð fram um mitt ár 1996 skýrslan Det umistelige eða það ómissanlega þar sem norræn málakunnátta var metin og komu þar fram margar athyglisverðar tillögur um aðgerðir til úrbóta. Skýrslunni hefur verið vísað til menntamálaráðherra landanna. Vonir standa til að aðgerðir samkvæmt Nordmål eða Norðurmálsáætluninni um norrænt tungumálasamstarf og framkvæmd einhverra áðurnefndra tillagna efli áhuga norrænna ungmenna á tungum norrænu grannþjóðanna. Það er augljóst að bráðnauðsynlegt er að taka þessi mál föstum tökum og má í því sambandi vísa til reynslu okkar Íslendinga og tungumálakunnáttu okkar í sambandi við norræn mál sem að margra mati fer heldur hrakandi

Á sviði sjávarútvegsmála var á árinu samþykkt samstarfsáætlun fyrir árin 1996–2000 þar sem lögð er höfuðáhersla á verndun auðlinda sjávar og skynsamlega nýtingu þeirra. Á árinu 1995 var efnt til samstarfs milli umhverfis- og sjávarútvegsgeirans um að leita leiða til að bæta umgengni og stuðla að sjálfbærri þróun og nýtingu sjávarauðlinda. Þetta samstarf er athyglisverð nýjung sem ég vænti góðs árangurs af.

Vestnorrænt samstarf var í brennidepli á árinu. Unnið hefur verið að gagngerum breytingum á samstarfi hinna vestlægu Norðurlanda í byggðamálum. Samstarfsnefnd Vestur-Norðurlanda, sem um 15 ára skeið var vettvangur samstarfs Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga, var lögð niður 1995 og við tók ný nefnd, Norræna Atlantsnefndin, sem Norðmenn eiga aðild að auk framangreindra landa. Með aðild Noregs eru væntanlegar nokkrar áherslubreytingar og vonast er til að fyrir íslenska aðila gefist ný tækifæri til samstarfs á sviði auðlinda og sjávarumhverfismála, ferðaþjónustu og samgangna og landbúnaðar svo eitthvað sé nefnt.

Eftir snjóflóðið í Súðavík veitti Norræna ráðherranefndin styrk til norsk/íslensks samvinnuverkefnis um snjóflóðavarnir. Af hálfu Íslands eiga Háskóli Íslands og Veðurstofan aðild að verkefninu. Það er til þriggja ára og lýkur því á þessu ári. Heildarfjárveiting var 2,7 milljónir danskra króna.

Aðalskrifstofa Norðurlandaráðs var flutt á árinu til Kaupmannahafnar og er nú staðsett í sama húsnæði og aðalskrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar. Ljóst er að af þessum flutningi leiðir margs konar hagræðing og betri nýting samnorrænna fjármuna auk þess sem þessar norrænu skrifstofur verða hæfari til að framkvæma þær pólitísku ákvarðanir sem teknar eru vegna betra upplýsingastreymis þeirra í milli. Samstarfi Norðurlanda er eins og fram hefur komið beint að þremur meginsviðum: Innra samstarfi Norðurlanda, samvinnu Norðurlanda um Evrópumál og samvinnu Norðurlanda um grannsvæðin. Þessi þrískipting endurspeglast í starfsáætlun ráðherranefndarinnar.

Í norrænu fjárlögunum var hins vegar stuðst við þá skiptingu verkefna milli fagráðherranefnda sem í gildi hefur verið. Það er m.a. stutt þeim rökum að bæði Evrópumál og málefni grannsvæðanna fléttast inn í mál sem heyra undir allar fagráðherranefndirnar og því erfitt að sundurgreina þau hvað varðar fjárveitingar.

Norræn fjárlög ársins 1996 voru samtals 707,4 millj. danskra króna, 11 millj. danskra króna lægri en árið áður og norræn fjárlög ársins 1997 eru 687,4 millj. danskra króna. Þannig hafa fjárveitingar til norræns samstarfs nú lækkað tvö ár í röð vegna eindreginna krafna frá Svíþjóð um aukinn sparnað og hagræðingu í norrænu samstarfi á sama hátt og gert er innan lands í þeirra fjárlögum. Við Íslendingar höfum ásamt hinum aðildarþjóðunum beitt okkur gegn þessum niðurskurði þar sem við teljum þá fjármuni sem varið er til norræns samstarfs gefa góðan arð. Því miður benda líkur til að framhald verði á niðurskurði á norrænum fjárlögum árið 1998 þó upphæð þeirra hafi enn ekki verið ákveðin.

Norðurskautsráðið var formlega stofnað í september 1996 með aðild Norðurlanda, Kanada, Bandaríkjanna og Rússlands. Það er mikil ástæða til að fagna stofnun þessa ráðs og

við Íslendingar höfum um langt skeið unnið að framgangi þess. Ég vil leggja á það áherslu að það verði heildarrammi fyrir samstarf um þau mál sem snerta sérstaklega hagsmuni þjóða á norðurslóðum. Norræn samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins var samþykkt árið 1995, en sú óvissa sem ríkt hefur um stofnun Norðurskautsráðsins hefur seinkað framkvæmd áætlunarinnar. Nú hefur þessari óvissu verið rutt úr vegi og verið er að leggja síðustu hönd á verkefnaáætlun þessa árs.

Í tengslum við flutning aðalskrifstofu Norðurlandsráðs til Kaupmannahafnar var gerður samningur milli skrifstofu Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um upplýsingamál. Á grundvelli hans er nú hafin útgáfa veglegs sameiginlegs blaðs í dagblaðsformi, Politik i Norden. Blaði þessu er að nokkru ætlað að koma í stað tímaritsins Nordisk Kontakt sem Norðurlandaráð gaf út. Jafnframt er hafin útgáfa vikulegs fréttabréfs sem dreift er á íslensku til lykilaðila í norrænu samstarfi hér á landi.

Forráðamenn samtakanna American Scandinavian Foundation hafa haft samband við okkur varðandi mögulegan fjárstuðning frá ríkisstjórnum norrænu landanna og Norrænu ráðherranefndarinnar til að kaupa húsnæði fyrir norræna menningarmiðstöð í New York sem samtökin American Scandinavian Foundation munu reka. Hús þetta hefur nú þegar verið keypt og má telja að slík menningarmiðstöð geti gagnast bæði okkur Íslendingum og hinum norrænu ríkjunum vel. Ég hef því beitt mér fyrir því að þetta mál hefur verið rætt bæði í hópi norrænna samstarfs- og utanríkisráðherra. Ríkisstjórn Íslands hefur fyrir sitt leyti ákveðið að beita sér fyrir því að á nokkrum árum verði veitt jafnvirði 250 þús. Bandaríkjadala til málsins að því tilskildu að önnur ríki veiti fjárstuðning, en ákvörðun um það liggur ekki fyrir.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna sem haldinn var í Ósló í gær var mál þetta rætt en fram kom að sumar þjóðirnar vildu fá frekari upplýsingar um rekstur þessa húss í framtíðinni og kostnað sem af rekstrinum verður og var ákveðið að biðja Norrænu ráðherranefndina að afla frekari gagna um það mál þannig að hægt væri að flýta endanlegri ákvörðun.

Ég hef nefnt hér örfá þeirra mála sem verða í brennidepli næsta ár og vikið að nokkrum þáttum samstarfsins á liðnu ári en vísa að öðru leyti til skýrslunnar sem ég mæli hér fyrir, sem er mikil að vöxtum, en þar er að finna greinargóða lýsingu á öllum þáttum starfseminnar byggða á skýrslum sem ráðuneytin hafa gert ásamt yfirliti yfir norrænu fjárlögin fyrir árið 1997. Starfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 1997 liggur einnig frammi í íslenskri þýðingu.

Ég vil að lokum þakka Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir afar gott samstarf á liðnu ári og legg á það áherslu að framhald geti orðið á því góða samstarfi á næsta ári.

[10:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eitt atriði í ræðu hæstv. ráðherra sem ég vildi taka upp í andsvari og það varðar Schengensamninginn, samstarfssamning Íslands við Schengen og stöðu þess samnings innan Evrópusamstarfsins. Síðustu vikur hefur komið fram í Evrópuþinginu afar hörð gagnrýni á þennan samning og stöðu hans, gagnrýni sem í rauninni er á þeim sömu nótum og hér hefur komið fram af minni hálfu og frá ýmsum fleiri sem lýst hafa miklum efasemdum um þetta Schengen-samstarf. Sérstök nefnd innan Evrópuþingsins, nefndin fyrir frjálsræði borgaranna og innri málefni, hefur að meiri hluta til ályktað um þetta efni eða fjallað um það. Það er belgískur sósíaldemókrati sem er talsmaður nefndarinnar, Anne von Lanker, og þetta er stutt af fjölmörgum sósíaldemókrötum, nokkrum kristilegum, og fjölda í Evrópuþinginu sem hafa annars verið miklir talsmenn þróunar Evrópusambandsins, dýrkunar Evrópusamstarfsins. Hér er verið að gagnrýna fjölmörg atriði, m.a. skort á persónuvernd og skort á lýðræðislegu aðhaldi í sambandi við þennan samning um leið og tekið er undir þá kröfu sem mjög er uppi innan ríkjaráðstefnunnar að færa þetta samstarf að öllu leyti undir Evrópusambandið og Evrópudómstólinn. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi sett sig inn í þessar aðstæður og þessa umræðu innan Evrópuþingsins og hvort hann hefur ekki áhyggjur af stöðu þessara mála í ljósi þeirra upplýsinga og afstöðu sem þar kemur fram og reyndar mætti margt fleira þar nefna.

[10:53]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, ég hef að sjálfsögðu sett mig inn í þau mál og það er rétt hjá hv. þm. að það eru uppi hugmyndir um að færa þetta samstarf að einhverju leyti eða að jafnvel öllu leyti undir Evrópusamstarfið en hér er um milliríkjasamstarf að ræða sem hefur ekki komið undir Rómarsáttmálann að neinu leyti og það eru jafnvel uppi hugmyndir um það að flytja hluta þessa samstarfs inn í fyrstu stoðina. Það er að sjálfsögðu ljóst að ef það verður þá mun það hafa veruleg áhrif og breyta miklu í sambandi við þetta samstarf. En miðað við þær skýrslur og þær athuganir sem okkar fólk í Brussel hefur gert á þessu máli þá eru a.m.k. mjög skiptar skoðanir uppi um það hvort árangur náist varðandi flutning málefna úr þriðju stoð í fyrstu eða jafnvel yfirtöku ESB á Schengen-samstarfinu.

Ég vil í þessu sambandi minna á það að norski forsætisráðherrann hitti tvo framkvæmdastjóra ESB að máli fyrir skömmu og þar var uppi sú skoðun að á þessu stigi væru ekki líkur á því að slíkt samkomulag mundi takast. Við vitum að Norðurlöndin eru andvíg því en hins vegar er ljóst að Hollendingar, sem fara nú með forustu í Evrópusambandinu, munu í næstu viku leggja fram hugmyndir í þessa veru og við munum að sjálfsögðu yfirfara þær hugmyndir rækilega þegar þær koma. En á þessu stigi er ekkert frekar um það að segja. En ég er þeirrar skoðunar að við eigum að taka þátt í þessu samstarfi og ég tel það lífsnauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga.

[10:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau voru athyglisverð, síðustu orð hæstv. utanrrh. Það er í rauninni alveg sama á hverju gengur, þó að þetta verði fært undir Rómarsáttmálann og Evrópudómstólinn þá skulum við þarna inn. Hvert vísar þetta? Það sem hér hefur komið fram eru í rauninni stórtíðindi, þ.e. að það liggur fyrir að sú forusta sem nú fer með málefni Evrópusambandsins hefur áhuga á því að færa Schengen-samstarfið undir Evrópusambandið og að innan Evrópuþingsins er kominn meiri hluti í nefndinni fyrir borgaraleg réttindi fyrir mjög gagnrýnum áherslum og áliti sem þar liggur fyrir og hefur enn ekki verið tekið fyrir af þinginu sjálfu. Menn ætla að setja sig betur inn í mál áður en það verður tekið til umræðu. Og þarna er tekið undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram af þeim sem varað hafa við inntaki þessa samnings

og þessa samstarfs. Ég ræddi m.a. fyrir jólin við formann þingflokks Framsfl., sem á hlut í norrænu samstarfi, og varaði mjög eindregið við því. Þarna er verið að gagnrýna þetta SIS-kerfi og vöntunina á lýðræðislegu eftirliti með þeim ítarlegu ákvæðum sem er að finna, sumum leynilegum, í þessum samningi sem er búið að hengja okkur inn í fyrirvaralaust. Ég skora á hæstv. utanrrh. að taka þetta mál upp til athugunar á nýjan leik áður en lengra er haldið, m.a. í ljósi þess sem fram er komið innan Evrópuþingsins um þetta mál, og í ljósi þeirra áhrifa sem þetta mun hafa, m.a. í Noregi, ef svo fer að þetta verði yfirþjóðlegt áður en málið kemur til staðfestingar. Þá er nú lítið orðið eftir, held ég, af vegabréfafrelsi milli Norðurlandanna ef Norðmenn fella þetta.

[10:57]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er grundvallarágreiningur milli mín og hv. þm. í þessu máli. Hann telur að við eigum að standa utan við þetta samstarf og það sé allt í lagi þó að við einangrumst frá hinum Norðurlöndunum í þessu máli. Ég veit að hann er þessarar skoðunar en við erum það ekki í ríkisstjórninni. Ég hafði skilið ályktanir hans flokks á síðasta landsstjórnarfundi þeirra þannig að þeir stefndu nú í aðra átt og vildu horfa öðrum augum til Evrópusamstarfsins og Evrópumálanna. En ég heyri að það er einhver misskilningur ef marka má orð hv. þm. (**Gripið fram í:** Það er mikill misskilningur). Er það mikill misskilningur? (**Gripið fram í:** Já.) Já, það væri kannski rétt að leiðrétta hann áður en hann fer lengra. En ég hafði a.m.k. skilið alla fjölmiðlaumræðu þannig eftir þennan fund.

Auðvitað er nauðsynlegt að fylgjast mjög vel með framvindu málsins á næstunni og það munum við gera. Og jafnvel þó að þarna verði einhverjar breytingar á, sem alls ekki er víst að verði, þá liggur fyrir að skrifað verði undir ákveðið samkomulag milli þessara þjóða og ég tel að það sé skuldbindandi. Það kemur ekki til mála að breyta því þannig að Norðmenn og Íslendingar geti ekki við það unað. Við munum að sjálfsögðu halda þannig á málum að við það verði staðið. Og þó að fram komi ákveðin gagnrýni í Evrópuþinginu þá er það nú ekki sama og lög þó að þar standi upp þingmenn og gagnrýni þessi mál. Mér vitanlega eru þessir þingmenn ekki að berjast fyrir því að hætt verði við þetta samstarf eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er að berjast fyrir.

[11:00]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu um norrænt samstarf frá janúar 1996 til janúar 1997 fyrir hönd Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

1. janúar 1996 gekk í gildi nýtt skipulag Norðurlandaráðs. Undirbúningur þessara breytinga hófst þegar haustið 1994 en byggðist aðallega á skýrslunni Nýir tímar í norrænni samvinnu sem lögð var fram á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í lok febrúar 1995 og þar samþykkt. Skýrslan hefur að geyma tillögur um markmið, inntak og form norrænnar samvinnu. Þar var samþykkt að endurnýja bæri samstarfið og aðlaga það að nútímanum og einnig að gera það hagkvæmara og markvissara. Breytingar þóttu nauðsynlegar í kjölfar hinna nýju aðstæðna sem sköpuðust við þjóðaratkvæðagreiðslurnar í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð um aðild að ESB. Með skýrslunni var norrænu samstarfi framtíðarinnar beint að þremur meginsviðum, samvinnu innan Norðurlanda, samvinnu milli Norðurlanda og Evrópu/ESB/EES og samvinnu Norðurlanda og grannsvæða þeirra.

Nefndaskipan í Norðurlandaráði var breytt í samræmi við hinar nýju áherslur. Um áramótin 1995/1996 voru fagnefndir Norðurlandaráðs lagðar niður og í stað þeirra stofnaðar þrjár stórar nefndir byggðar á tilgreindum meginsviðum, þ.e. Norðurlandanefnd, Evrópunefnd og grannsvæðanefnd. Forsætisnefnd var stækkuð og eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs var sett á stofn.

Ýmsar aðrar breytingar gengu einnig í gildi á sama tíma. Þingum Norðurlandaráðs var fækkað úr tveimur í eitt á ári og það haldið um miðjan nóvember. Ákveðið var að stærri ráðstefnur yrðu haldnar á vegum Norðurlandaráðs um ýmis pólitísk málefni er tengjast norrænu samstarfi. Hin flokkspólitíska starfsemi í ráðinu var aukin til muna og flokkahóparnir fjórir, sem eru starfandi í Norðurlandaráði, flokkahópur jafnaðarmanna, flokkahópur hægri manna, flokkahópur miðjumanna og flokkahópur vinstri sósíalista, fengu aukna fjármuni til styrktar starfsemi sinni. Hóparnir hafa eflt starfsemi sína með ýmsum hætti, m.a. með námskeiða- og ráðstefnuhaldi.

Í upphafi ársins tóku gildi þær breytingar á Helsinkisáttmálanum sem samþykktar voru á þingi ráðsins í Kuopio í Finnlandi í nóvember 1995 um áherslubreytingarnar í starfi Norðurlandaráðs. Árið 1996 var unnið að breytingum á starfsreglum Norðurlandaráðs. Breytingarnar voru samþykktar á þingi ráðsins í Kaupmannahöfn í nóvember 1996 og gengu í gildi 1. janúar 1997.

Á starfsárinu var unnið að endurskoðun upplýsingastefnu Norðurlandaráðs í samstarfi við norrænu ráðherranefndina. Tímaritið Nordisk Kontakt var lagt niður og í þess stað ákveðið að gefa út blað í öðru formi sem nefnist Politik i Norden. Fyrsta eintakið kom út í nóvember 1996.

Með breytingum á starfsháttum Norðurlandaráðs var stefnt að því að auka umræðu um pólitísk málefni í Norðurlandaráði. Þau mál er helst bar á góma á starfsárinu voru einkum samstarf Norðurlanda og Evrópu, en sérstök þemaráðstefna var haldin um það í Kaupmannahöfn í mars 1996. Öryggis- og varnarmál voru ofarlega á baugi og fjallað um þau á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 1996. Í framhaldi af því var ákveðið að halda sérstaka þemaráðstefnu um öryggismálefni í júní 1997.

Skrifstofa Norðurlandaráðs fluttist á árinu frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar. Nú hefur skrifstofan aðsetur í sömu húsakynnum og skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar. Tilgangur flutningsins var að auka samráð og samstarf þessara tveggja skrifstofa og auk þess að auka hagkvæmni og samnýta ákveðin störf. Á árinu var mikil vinna lögð í gerð starfslokasamninga við þá starfsmenn Norðurlandaráðs sem ekki fluttust með til Kaupmannahafnar. Fækkaði starfsmönnum á skrifstofu Norðurlandaráðs um tæpan helming og eru þeir nú 15. Nýr framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs, Berglind Ásgeirsdóttir, var ráðinn á miðju ári. Það er í fyrsta sinn sem Íslendingur gegnir þessari stöðu.

Fjárhagsrammi Norðurlandaráðs var á árinu 36 millj. sænskra króna. Fjárhagsrammi norrænu ráðherranefndarinnar var 707,5 millj. danskra króna. Hlutdeild Íslands í þessum framlögum var 1,1% á árinu 1996.

Í byrjun árs 1996 sátu eftirtaldir þingmenn í Norðurlandaráði: Geir H. Haarde, Guðmundur Árni Stefánsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Sturla Böðvarsson og Valgerður Sverrisdóttir. Varamenn í

Norðurlandaráði voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Bryndís Hlöðversdóttir. 5. júní kaus Alþingi sömu þingmenn til setu í Norðurlandaráði.

Breytingar á Helsinki-sáttmálanum og samþykktir Norðurlandaráðs, sem gengu í gildi í byrjun ársins, kváðu á um að flokkahóparnir í Norðurlandaráði skyldu framvegis tilnefna fulltrúa landanna í trúnaðarstöður. Á þingi Norðurlandaráðs í Kuopio í nóvember 1995 tilnefndu flokkahóparnir í fyrsta sinn fulltrúa til setu í nefndunum. Fulltrúar Íslandsdeildar skiptust á árinu í eftirfarandi nefndir: Valgerður Sverrisdóttir, Geir H. Haarde og Guðmundur Árni Stefánsson sátu í forsætisnefnd. Siv Friðleifsdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir sátu í Evrópunefnd og var Siv annar tveggja varaformanna. Steingrímur J. Sigfússon sat í Norðurlandanefnd og Sturla Böðvarsson í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs. Sigríður A. Þórðardóttir átti einnig sæti í eftirlitsnefnd ráðsins.

Íslandsdeild skipti með sér verkum á fundi sínum 27. júní. Valgerður Sverrisdóttir var endurkjörin formaður og Guðmundur Árni Stefánsson endurkjörinn varaformaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Geir H. Haarde var kjörinn formaður flokkahóps hægri manna í nóvember 1995 til eins árs og endurkjörinn í nóvember 1996.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt níu fundi á starfsárinu. Norræni samstarfsráðherrann, Halldór Ásgrímsson, var gestur á fundi Íslandsdeildarinnar og gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á rekstri nokkurra norrænna stofnana. Hann boðaði einnig Íslandsdeild til fundar fyrir þing Norðurlandaráðs. Forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, var gestur Íslandsdeildar á tveimum fundum á árinu og ræddi um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á skrifstofu Alþingis. Íslandsdeildin tók ákvörðun um að láta túlka af og á íslensku á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í nóvember 1996. Deildin stóð fyrir ráðstefnu í febrúar 1996 á Flughótelinu í Keflavík um Schengen-samstarfið. Er nánar getið um þá ráðstefnu í skýrslur nefndarinnar.

Af starfi forsætisnefndar er það að segja að eins og áður hefur komið fram hafa starfshættirnir breyst í samræmi við nýjar reglur. Nefndin hefur stýrt þeirri vinnu og einkum einbeitt sér að flutningi skrifstofu Norðurlandaráðs frá Stokkhólmi til Kaupmannahafnar og endurskoðun starfsreglna ráðsins. Forsætisnefnd hefur einnig fylgst með þróuninni í hinum nýju nefndum ráðsins og borið ábyrgð á samræmingu vinnunnar. Mikil breyting hefur orðið á störfum nefndarinnar með því að hún fjallar nú um fjárlagatillögur norrænu ráðherranefndarinnar. Auk þess hefur forsætisnefnd fjallað um ýmis pólitísk málefni á árinu.

Eins og áður hefur verið vikið að var töluvert fjallað um öryggis- og varnarmál í forsætisnefnd Norðurlandaráðs á starfsárinu. Tvær þingmannatillögur voru til umfjöllunar um þetta efni, önnur frá flokkahópi vinstri sósíalista og hin frá flokkahópi hægri manna. Fyrir þing ráðsins í Kaupmannahöfn í nóvember 1996 var samkomulag um að leggja ekki fram endanlegar álitsgerðir vegna þessara tillagna en ákveðið að forsætisnefnd héldi áfram að fjalla um þessi málefni á starfsárinu 1997. Jafnframt var tekin ákvörðun um að halda þemaráðstefnu um öryggismálin í júní 1997 í Helsinki.

Þingmannanefnd um norðurskautsmálefnin hélt áfram störfum sínum á árinu. Formaður þeirrar nefndar er Geir H. Haarde alþingismaður, en Norðurlandaráð á þrjá fulltrúa í nefndinni og auk þess eiga þar sæti fulltrúar frá Kanada, Rússlandi, Bandaríkjunum, Evrópuþinginu og frá fulltrúum frumbyggja. Í mars var haldin önnur þingmannaráðstefna um norðurskautsmálefni í Kanada. Þátttakendur voru um það bil 100 manns, þingmenn og aðrir fulltrúar frá heimskautslöndunum átta.

Í vinnuáætlun fyrir starfsárið kom fram að málefni Norðurlandanefndarinnar væru einkum hin sígildu málefni norræns samstarfs, svo sem menntunar- og menningarmál, rannsóknir, félagsleg málefni, svæðasamstarf innan Norðurlandanna, jafnréttismál og málefni er varða borgarana. Nefndin ákvað að setja nokkur málefni efst í forgangsröð og stofnaði fjóra vinnuhópa sem fjölluðu um eftirtalin málefni: norræn velferðarmál, lista- og menningarsamvinnu, norrænt barna- og ungmennasamstarf auk menntunar- og rannsóknasamstarfs. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon átti sæti í vinnuhópnum um velferðarmálefni.

Eins og nafnið gefur til kynna er það hlutverk Evrópunefndarinnar að sinna samstarfi Norðurlanda og ESB/EES/EFTA. Nefndin sá að stórum hluta til um skipulagningu Evrópuráðstefnunnar, þemaráðstefnu Norðurlandaráðs, sem haldin var 4.–5. mars 1996 í Kaupmannahöfn 1996.

Í vinnuáætlun fyrir árið 1996 ákvað grannsvæðanefndin að hjálpa til við þróun lýðræðis og þingræðis á grannsvæðum Norðurlanda. Samstarfinu við grannsvæðin er m.a. ætlað að hvetja til markaðsbúskapar, virðingu fyrir mannréttindum og ábyrgðarfullrar nýtingar auðlindanna. Umhverfismál eru eitt af meginverkefnum í grannsvæðanefnd Norðurlandaráðs.

Eftirlitsnefndin hefur fyrst og fremst unnið við að skilgreina verkefni sín á árinu en auk þess gert úttekt á rekstri nokkurra norrænna stofnana. Aðalhlutverk nefndarinnar er að sjá um þingræðislegt eftirlit með þeirri starfsemi sem er fjármögnuð af norrænum fjárlögum, gera úttekt á norrænum stofnunum, hafa eftirlit með ákveðnum sérverkefnum, hafa eftirlit með og samþykkja norrænar ársskýrslur og endurskoðendaskýrslur og auk þess að gera sérstaka úttekt á ársskýrslum og endurskoðendaskýrslum Norðurlandaráðs.

Verðlaun Norðurlandaráðs er nú þrenns konar, bókmenntaverðlaun, tónlistarverðlaun og náttúru- og umhverfisverðlaun.

Bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs hefur verið úthlutað á hverju ári frá 1962 og eru þau veitt fyrir bókmenntaverk sem ritað hefur verið á einu Norðurlandamálanna. Markmið verðlaunanna er að auka áhuga á bókmenntum á tungumálum nágrannaþjóðanna.

Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs voru fyrst veitt árið 1965 og fram til ársins 1988 voru þau einungis afhent annað hvert ár. Síðan 1990 hafa verðlaunin verið veitt á ári hverju og eru þau veitt annað árið til tónskálda og hitt árið til tónlistarflytjenda.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 1995 voru samþykkt tilmæli um að Norðurlandaráð skyldi veita náttúru- og umhverfisverðlaun á hverju ári. Verðlaunin á að veita aðila sem hefur sett mark sitt á náttúru- og umhverfisvernd á Norðurlöndum eða til hóps fólks, samtaka, fjölmiðla, fyrirtækja eða stofnana sem hefur í störfum sínum tekist að sýna í verki tillit til náttúrunnar á aðdáunarverðan hátt. Verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn á þingi ráðsins í Kuopio í nóvember 1995.

Eins og fram kom hjá hæstv. samstarfsráðherra hefur verið unnið að upplýsingastarfsemi á árinu og það var á þingi ráðsins í Reykjavík 1995 sem ákveðið var að stefna að því að

Norðurlandaráð og norræna ráðherranefndin skyldu sameina upplýsingastarfsemi sína svo fljótt sem unnt væri.

Í byrjun ársins ákvað forsætisnefndin að stofna sérstaka vinnunefnd til að fjalla um nýja sameiginlega upplýsingastefnu. Hlutverk vinnunefndarinnar var meðal annars að sjá til þess að þessi sameining skyldi eiga sér stað. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var formaður nefndarinnar. Nefndin ákvað að leggja einkum áherslu á þrjú svið: nýtt blað sem kemur í stað Nordisk Kontakt, vikulegt fréttabréf í formi símbréfs og heimasíðu á alnetinu sem veitir upplýsingar um norrænt samstarf.

48. þing Norðurlandaráðs var haldið í Kaupmannahöfn 11.–13. nóvember 1996. Um tilmæli, umsagnir og ákvarðanir um innri málefni sem samþykkt voru á þinginu vísast til fylgiskjals og umfjöllunar um hverja nefnd fyrir sig.

Á þinginu voru bæði almennar stjórnmálaumræður og sérstakar umræður um utanríkis- og varnarmál.

Torbjørn Jagland, forsætisráðherra Noregs, flutti inngangsræðu almennu stjórnmálaumræðunnar. Hann fullyrti að norræna samstarfið væri mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr og undirstrikaði að Norðurlönd eru nágrannar með líkan bakgrunn og reynslu. Jagland lagði áherslu á að Norðurlönd ættu að verða fyrirmynd í Evrópu varðandi ákveðin málefni og skipulag. Þrátt fyrir að Norðurlönd tilheyri mismunandi alþjóðastofnunum og hafi valið mismunandi leiðir í varnarmálum, starfa þessar þjóðir saman á öllum sviðum sem ætti að geta orðið fyrirmynd annarra þjóða. Hann taldi að leggja ætti aukna áherslu á samvinnu Norðurlandanna við friðargæslu. Mikilvægt væri að þróa og breikka samband og samstarf á öllum sviðum milli stjórnvalda á Norðurlöndum og grannsvæðunum. Hjálpa ætti frjálsum félagasamtökum að byggja upp samstarf með grannsvæðunum. Jagland taldi að þróa ætti ungmennasamstarf innan Norðurlanda og milli Norðurlanda og grannsvæðanna.

Sérstök utanríkis- og varnarmálaskýrsla var lögð fram sameiginlega af norrænu utanríkisráðherrunum, en skýrsluna flutti Tarja Halonen frá Finnlandi. Hún sagði að staða Norðurlandanna í Norður-Evrópu og við Eystrasalt væri mjög mikilvæg í þeirri þróun sem nú á sér stað. Norrænt samstarf í ESB-málefnum hefði þróast jákvætt og upplýsingaskipti milli Norðurlandanna gengju vel í Brussel. Schengen-samningurinn sýndi að hið norræna samstarf um sameiginleg vegabréfasvæði hefði borið árangur.

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið fram var það í fyrsta skipti nú á þingi Norðurlandaráðs sem túlkað var af og á íslensku. Heimild til túlkunar íslensku hefur verið fyrir hendi um nokkurt skeið og ákvað Íslandsdeild Norðurlandaráðs að óska eftir túlkun á þessu þingi í tilraunaskyni. Þrátt fyrir nokkra annmarka er það álit Íslandsdeildarinnar að framhald eigi að vera á túlkun íslensku á þingum Norðurlandaráðs.

Ég vil að lokum þakka samnefndarmönnum mínum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs fyrir mjög ánægjulegt samstarf og einnig vil ég þakka starfsmönnum Íslandsdeildar fyrir góða vinnu fyrir okkar hönd.

Undir skýrsluna rita, auk þeirrar sem hér stendur, Guðmundur Árni Stefánsson, Geir H. Haarde, Steingrímur J. Sigfússon, Sigríður A. Þórðardóttir, Sturla Böðvarsson og Siv Friðleifsdóttir.

[11:18]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1996 liggur fyrir til umfjöllunar. Ég ætla í nokkrum orðum að fjalla um þá skýrslu og helstu áherslupunkta hennar.

Árið 1996 má segja að hafi verið mjög mikilvægt ár fyrir vestnorræna þingmannasamstarfið vegna þess að þá urðu ákveðin umskipti og þáttaskil í stefnumótun og markmiðum þingmannaráðsins. Fjallað var um verkefni ráðsins, markmið og leiðir til að stuðla að auknu samstarfi landanna þriggja, Íslands, Grænlands og Færeyja. Það má spyrja hvort við Íslendingar höfum ræktað garðinn sem skyldi við nágranna okkar og helstu nábúa í austri og vestri, Færeyinga og Grænlendinga, landa sem eru byggð vinum okkar og frændum, sem búa við svipaðar aðstæður og við. En kannski höfum við í mörgum tilvikum oft leitað langt yfir skammt í samstarfi við aðrar þjóðir og ekki ræktað sem skyldi garðinn sem eins konar stóri bróðir í þessu þriggja landa samstarfi.

Forgangsverkefni vestnorræna þingmannasamstarfsins, sem fjallar um sameiginleg málefni Íslands, Grænlands og Færeyja, eru á sviði auðlindanýtingar, mengunarmálefna og menningar fyrst og fremst. Auðvitað koma þar inn í öryggismál, atvinnumál, fiskveiðar og aðrir þættir og í auknum mæli á síðustu árum ferðamannaþjónusta og samstarf Íslendinga og Grænlendinga í þeim efnum og nú nýlega samstarf Færeyinga og Íslendinga á sama sviði. Þannig að að þessu leyti erum við á sama markaði að mörgu leyti og við höfum hag af að vinna með þessum nábúum okkar. Það hefur sýnt sig að þetta samstarf styrkir þjóðirnar hverja fyrir sig.

12. ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn í Vestmannaeyjum í lok júní sl. Þar var samþykkt ályktun um endurskipulagningu ráðsins og ýmsar breytingar. Þar var ákveðið að breyta nú grunni vestnorræna samstarfsins þannig að í framtíðinni skuli kosið eftir styrkleikahlutföllum flokka. Ástæðan fyrir því er kannski fyrst og fremst sú að í þann liðlega áratug sem vestnorræna þingmannasamstarfið hefur verið í gangi hefur það ekki verið eins skilvirkt og menn vonuðu þó þar hafi verið betur af stað farið en heima setið. Í öllu samstarfi á norrænum vettvangi sem og við aðrar þjóðir hefur Alþingi kosið að velja styrkleikahlutföll flokka og það hefur verið niðurstaða ársfundar Vestnorræna þingmannaráðsins. Það er miðað við að fulltrúar á ársfundum verði alls 18, þ.e. sex frá hverju landi. Lögð verði fram starfsáætlun, fjárhagsáætlun og ársskýrsla á ársfundum og fjallað um þau mál sem efst eru á baugi og menn horfa á til framtíðar. Miðað er við að löndin greiði árgjöld til starfseminnar. Í rauninni var upphaflega stefnt að því á fundum Vestnorræna þingmannaráðsins að þar kæmi Norðurlandaráð inn sem fastur aðili í rekstri starfseminnar en niðurstaðan hefur orðið sú að Norðurlandaráð hefur styrkt með einni fjárveitingu stofnsetningu skrifstofu Vestnorræna þingmannaráðsins og samkomulag hefur verið um það milli deilda í löndunum þrem að kostnaður skiptist þannig að Íslendingar greiði helminginn en Færeyingar og Grænlendingar fjórða hluta hvort land.

Það var niðurstaða Vestnorræna þingmannaráðsins að stofna skrifstofu og ráða starfsmann og það hefur verið gert. Unnið er að endurskoðun á sáttmála og vinnureglum ráðsins og stuðlað að því að samstarf við Norðurlandaráð verði eflt. Meðal annars hafa formenn deilda Vestnorræna þingmannasambandsins haft fundi með forustumönnum Norðurlandaráðs, kynnt þar áætlanir og hugmyndir um aukið starf

ráðsins og eflingu samstarfs við Norðurlandaráð. Þar hefur verið kynnt að miðað er við að breyta nafni Vestnorræna þingmannaráðsins í Vestnorræna ráðið.

Vinnuhópur hefur starfað innan þingmannasambandsins að breytingum. Fundir hafa verið haldnir fjórum sinnum á síðasta ári til þess að fara yfir þau atriði sem þarf að breyta og taka á. Þar hefur verið fjallað um endurskoðun sáttmála og vinnureglna. Það verk er langt á veg komið. Nýtt nafn á ráðið eins og ég gat um. Merki ráðsins verður ákveðið á næstunni. Upplýsingastarfsemi og ráðstefnuhald verður stóraukið. Stefnt er að því nú þegar á þessu ári að halda ráðstefnur, væntanlega bæði á Íslandi og á Grænlandi. En 13. ársfundur ráðsins verður haldinn í Færeyjum í sumar. Alþingi samþykkti 2,5 millj. kr. fjárveitingu til Vestnorræna þingmannaráðsins við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Það er viðmiðunin á þeim kostnaði sem kemur í hlut Íslendinga á næstu árum eða um helmingur af áætluðum starfskostnaði. Auk þess hafði Norðurlandaráð eins og ég gat um fyrr styrkt stofnun og endurnýjun þessa samstarfs um u.þ.b. 3 millj. íslenskra kr. Sú fjárhæð var að mestu ætluð til tveggja þátta, til þess að stofnsetja skrifstofu, ráða starfsmann og ekki síst til að stuðla að ýmiss konar starfsemi á vegum ráðsins, kynningum, ráðstefnuhaldi og almennri starfsemi.

Við ákvörðun um stofnun skrifstofu og ráðningu starfsmanns hafa ýmsir aðilar komið til hjálpar, svo sem styrkur Norðurlandaráðs eins og ég gat um, og Alþingi Íslendinga lánar aðstöðu endurgjaldslaust. Fyrir það ber að þakka. Íslandsdeildin í Vestnorræna þingmannasráðinu átti fulltrúa á ráðstefnu þingmannanefndar um norðurskautsmálefni í Kanada í mars sl. Það verkefni er að sjálfsögðu einnig á vettvangi samstarfslandanna þriggja. Samstarfið mun verða í stöðugri þróun á næstu árum. Það er mikil þörf fyrir þetta samstarf, það er jákvæður starfsandi og mikill baráttuhugur í fulltrúum landanna þriggja í Vestnorræna þingmannaráðinu. Til að mynda hefur verið fjallað um mikilvægi þess að efla Vestnorræna þingmannaráðið, ekki síst á almennum vettvangi, í mótvægi við Evrópuumræðu og áherslur til austurs og einnig þar sem t.d. Grænlendingar sækja í vaxandi mæli eftir samstarfi við Kanada og Alaska. Það er mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að rækta þetta samstarf því við eigum hagsmuna að gæta á mörgum sviðum. Ekki bara vegna nálægðar nábúa okkar og frændsemi.

Þannig er unnið markvisst að endurskipulagningu þessa starfs undir nýju nafni Vestnorræna ráðsins og teknar hafa verið ákvarðanir um marga þætti sem eiga að geta styrkt það samstarf í náinni framtíð.

[11:28]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm., formanns Vestnorræna þingmannaráðsins, Árna Johnsens langar mig til að það komi hér fram að tillagan um breytingar á samstarfinu sem samþykkt var á fundi ráðsins í Vestmannaeyjum í sumar, um að framvegis yrði kosið í ráðið eftir styrkleikahlutföllum, var mjög umdeild. Það voru ýmsar raddir uppi um það hvort svo skyldi vera. Og eins og kemur fram í skýrslunni sem hér liggur fyrir þá var hún samþykkt með tólf atkvæðum gegn fimm og einn sat hjá.

Ég tek undir það að samstarf vestnorrænu landanna er mjög mikilvægt, ekki síst til að koma á tengslum milli þingmanna á þessu svæði. Þess vegna voru uppi mjög sterkar raddir um það í umræðunni um þessa tillögu að fulltrúar allra flokka sem ættu sæti á þingi gætu komið að þessu samstarfi. Og ég vil nefna að hvert land fyrir sig hefur haft sínar reglur um það hvernig skipað er í þingmannahópinn sem situr í Vestnorræna þingmannaráðinu, Í Færeyjum t.d., þar sem eru fleiri en sex flokkar en fulltrúar eru yfirleitt sex, hafa minnstu flokkarnir skipt með sér að koma og sækja þessa fundi. Þannig að ég vil halda því til haga hér að það voru skiptar skoðanir um það að kjósa í ráðið eftir styrkleikahlutföllum flokka. Og ég hef persónulega miklar efasemdir um að það sé rétta leiðin. Sérstaklega í þessu samstarfi sem er kannski ólíkt öðru erlendu samstarfi sem við þingmenn tökum þátt í.

[11:31]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að skoðanir voru skiptar um þá kerfisbreytingu sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins sl. sumar, en engu að síður var það afgerandi samþykkt og ég hygg að margir hafi verið þeirrar skoðunar að annaðhvort væri í rauninni að leggja þetta samstarf af eða gera þá kerfisbreytingu sem gerð var. Það hefur munað svo miklu um framgang þessa samstarfs því að í rauninni hafði þetta starf verið eins konar klúbbstarfsemi um áratugs skeið. Þó að við það sé miðað að kjósa eftir styrkleikahlutföllum flokka, þá er ekkert sem mælir gegn því að það geti ekki verið skipting á hefðbundinn hátt eins og tíðkast í skiptingu embætta í nefndum þingsins þó svo að það sé aldrei tryggt að allir flokkar komist að í þeim efnum á sama tíma. Það segir sig sjálft að það hlýtur að verða með sama hætti og tíðkast á annan hátt í starfsemi Alþingis.

[11:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að okkur greinir á um þetta efni, en það á auðvitað eftir að samþykkja það hér á þingi eftir umræður hvort ákveðið verður að skipa í ráðið eftir styrkleikahlutföllum flokka. Mér finnst það nú heldur djúpt í árinni tekið að vestnorræna samstarfið leggist af ef styrkleikahlutföll í þinginu ráða því ekki hverjir sitja í ráðinu. Ég skil ekkert í því að þetta samstarf skuli hafa bara yfirleitt gengið hingað til því að ekki hefur sá háttur verið hafður á hingað til í þessum efnum.

[11:33]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er vissulega margt á döfinni í hinu norræna samstarfi eins og það snýr að okkur á Alþingi og að ríkisstjórninni. Það má segja að starfsárið 1995 hafi að mestu farið í að endurskipuleggja starfsemina, taka ákvarðanir um nýja starfshætti og nýtt skipulag á meðan á síðasta ári, 1996, hafi starfskraftarnir a.m.k. í Norðurlandaráði ekki síst beinst að því að hrinda í framkvæmd þeim ákvörðunum sem undirbúnar voru og teknar á árinu 1995. Hins vegar má segja að á þessu ári, 1997, og síðari hluta síðasta árs sé að koma í ljós hver árangur þessara breytinga hefur verið og nú sé að koma upp á yfirborðið og fram í dagsljósið hvað það raunverulega var sem fólk var að ákveða í kjölfar skýrslunnar um Norðurlönd á nýjum tímum sem samþykkt var hér í Reykjavík 1995.

Það er vissulega mjög margt sem hefur breyst eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra og hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég ætla ekki að endurtaka það sem þau hafa sagt um það efni. Ég tel að þær breytingar sem ráðist var í hafi

í aðalatriðum gefist vel, þær hafi í aðalatriðum, a.m.k. enn sem komið er, þjónað þeim markmiðum sem að var stefnt og hafa átt þátt í því að aðlaga þessar stofnanir að gjörbreyttum aðstæðum og nýjum tímum. Ég vek til að mynda athygli á því að á síðasta þingi Norðurlandaráðs var í fyrsta sinn beitt pólitískum styrkleikahlutföllum við kosningu forseta ráðsins. Það er vert að vekja athygli á því í kjölfar þeirra skoðanaskipta sem hér fóru fram fyrir stundu milli hv. þm. Árna Johnsens og hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að það er sem sagt staðreynd að á vettvangi Norðurlandaráðs starfa menn nú mun meira en áður á grundvelli pólitískra styrkleikahlutfalla og pólitískra skoðana. Ég hygg að það sé óhjákvæmilegt ef menn vilja vinna að alvörumálum og vera teknir alvarlega í stærra samhengi.

Sú kosning forseta sem fram fór á síðasta þingi þegar Álendingurinn Olof Salmén var kjörinn byggðist á því að miðjuhópurinn og hópur hægri manna, sem ég veiti formennsku, komu sér saman um að styðja þann frambjóðanda þrátt fyrir að jafnaðarmenn hefðu boðið fram annan aðila. Hins vegar gengur það náttúrlega ekki að einhverjir tveir flokkahópar taki sig saman um ókomna framtíð vegna þess að þeir hafi meiri hluta til þess að knýja fram frambjóðanda á þeirra snærum þannig að það má búast við því að í framtíðinni verði eitthvert pólitískt jafnvægi þannig að allir megi bærilega við una og allar pólitískar skoðanir sem eiga fulltrúa í ráðinu njóti sanngirni og sannmælis.

Ég vil einkum vekja athygli á tveimur þáttum í starfsemi ráðsins sem reyndar hefur þegar verið drepið á. Hinn fyrri er sú umræða sem fram hefur farið í ráðinu um öryggis- og varnarmál sem er vissulega nýmæli á vettvangi ráðsins en nýmæli sem ég tel að beri að fagna og er til marks um breytta starfshætti, nýja tíma en jafnframt gjörbeyttar aðstæður í okkar heimshluta.

Það hefur þegar komið fram í umræðunni að fram undan er sérstök ráðstefna á vegum Norðurlandaráðs, í júnímánuði nk., um öryggis- og varnarmál á Norðurlöndum og grannsvæðunum í kringum þau. Þessi ráðstefna er á merkilegum tímamótum í álfunni vegna þess að hún verður væntanlega haldin skömmu áður en leiðtogafundur NATO mun taka mikilvægar ákvarðanir um stækkun bandalagsins og þess vegna er það heppilegt og skynsamlegt að ráðið láti frá sér heyra skömmu fyrir svo mikilvægan og merkilegan fund og þá komi fram hin ýmsu viðhorf sem uppi eru á vettvangi Norðurlandaráðs um þetta mikilvæga málefni. Við sem störfum í flokkahópi hægri manna í Norðurlandaráði höfðum lagt fram tillögur þar sem m.a. var gert ráð fyrir ráðstefnu sem þessari. Það liggja nú fyrir drög að dagskrárefnum og mér sýnist að þarna geti orðið verulega áhugaverð ráðstefna fyrir alla þá sem hafa áhuga á því að fylgjast með þessum málum og það má jafnframt búast við því að það verði tekist á á pólitískum forsendum eins og eðlilegt er.

Þetta er kannski eitt af þeim stærri málefnum sem nú hafa færst inn á málaskrá og dagskrá Norðurlandaráðs sem þar voru ekki áður til umfjöllunar. Það er mjög athyglisvert að fylgjast með því hver þróun umræðna er á þessu sviði í Svíþjóð og Finnlandi, en það var eins og kunnugt er ekki síst vegna sérstöðu þessara landa sem þessi mál voru ekki áður á dagskrá í ráðinu.

Ég vil einnig, herra forseti, eins og ég gat um nefna hér annað málefni sérstaklega og það er samstarfið um norðurskautsmálefnin sem ýmsir hafa þegar vikið að. Á vettvangi Norðurlandaráðs var tekið visst frumkvæði í þessu efni þegar á árinu 1993 þegar haldin var í Reykjavík sérstök þingmannaráðstefna um þessi málefni í kjölfar samþykktar tillögu í Norðurlandaráði sem hæstv. núv. utanrrh. hafði flutt á árinu áður og hlotið einróma samþykki. Ráðstefnan í Reykjavík mælti svo fyrir að sett skyldi á laggirnar sérstök þingmannanefnd, fastanend þingmanna frá norðurskautslöndunum til þess að fylgja eftir samþykktum ráðstefnunnar, undirbúa framhald og fylgjast með þróun mála almennt á þessu sviði. Fyrsti formaður nefndarinnar var núv. hæstv. utanrrh. en þegar hann tók við ráðherraembætti var mér falin formennskan. Nefndin hefur haldið uppi nokkuð öflugu starfi og vann m.a. að undirbúningi ráðstefnu þeirrar sem ýmsir hafa vikið að hér og haldin var í Kanada á síðasta ári. Nefndin undirbjó þá ráðstefnu í samstarfi við kanadísk stjórnvöld. Þar var ályktað með ýmsum hætti um málefni norðurskautsins, sjálfbæra þróun á þeim vettvangi, auðlindanýtingu, málefni frumbyggjanna og margt fleira sem skiptir máli á þessu sviði. Nefndinni var falið að starfa áfram, fylgja eftir ályktunum ráðstefnunnar og undirbúa þriðju þingmannaráðstefnuna sem Rússar hafa boðið til, annaðhvort seint á þessu ári eða á árinu 1998 í norðurhluta Rússlands, í Síberíu. Nefndin hefur notið dyggs stuðnings starfsliðs Norðurlandaráðs, bæði á skrifstofu þess og sömuleiðis af hálfu framkvæmdastjóra Finnlandsdeildar Norðurlandaráðs sem hefur verið framkvæmdastjóri eða ritari þessarar nefndar. Og ég vil gjarnan geta þess að kanadískir kollegar okkar hafa sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga og verið virkir í þessu starfi, ekki síst fulltrúi þeirra í þingmannanefndinni, Clifford Lincoln, sem hingað kom m.a. á nefndarfund í ágúst sl. ásamt fulltrúum Rússa og Norðurlandaráðs.

Ég tel að hér sé á ferðinni dæmi um málefni þar sem Norðurlandaráð hefur nokkra sérstöðu og getur hagnýtt sér hana til að taka upp á sína arma mikilvæg málefni og leitt saman aðila eins og þingmenn bæði austan hafs og vestan frá löndum sem liggja að heimskautinu, leitt þá saman til mikilvægs samstarfs um þessi mál. Ég tel að það sé sérstaklega mikilvægt að fá Rússa til samstarfs á þessum vettvangi, reyndar bæði á vettvangi þingmannanefndarinnar en auðvitað ekki síður á vettvangi Norðurskautsráðsins, sem hæstv. ráðherra vék að, því að allir vita að á tímum kalda stríðsins var norðurskautið ekki samstarfsvettvangur ríkja austan hafs og vestan heldur þvert á móti spennu- og átakapunktur í þeim áætlunum sem fyrir lágu á hernaðarsviðinu og að sjálfsögðu miðdepill mikillar umferðar kjarnorkukafbáta og herskipa eftir atvikum. Því held ég að í ljósi þeirrar stöðu og þeirra breytinga sem orðið hafa í heimsmálum sé það mjög mikilvægt verkefni að leiða saman á vettvangi sem þessum fulltrúa frá Rússlandi, Bandaríkjunum og Kanada til samstarfs um friðsamlega starfsemi á þessum slóðum, friðsamlega nýtingu náttúruauðlindanna, réttindi frumbyggjanna og umhverfismálin á þessum slóðum sem eru auðvitað gríðarlega mikilvæg og mikilvægt að þau haldist í hendur við skynsamlega hagnýtingu þeirra auðlinda sem þarna er að finna og vitanlega eru mjög miklar. Sömuleiðis eru þarna miklir möguleikar á samstarfi á sviði samgöngumála, fjarskipta og fleiri slíkra sviða. Ég held að með forustu sinni á þessu sviði hafi Norðurlandaráð tekið frumkvæði sem ástæða er til að vekja athygli á og ástæða er til að taka eftir. Við höldum þessu starfi vakandi sem sitjum þar af hálfu Norðurlandaráðsins. Okkur er mikið í mun að þetta gangi vel vegna þeirra málefna sem í húfi eru. Okkur er líka mikið í mun að halda uppi merki Norðurlandaráðs á þessum vettvangi

þannig að af því sé fullur sómi og ég fæ ekki betur skilið á okkar samstarfsmönnum sem þarna eru með okkur en að svo sé. Þetta vildi ég nú nefna sérstaklega hér, herra forseti.

Síðan mætti geta þess að endingu, eins og fram hefur reyndar komið hjá ýmsum, að Evrópumál hafa verið fyrirferðarmikil á vettvangi ráðsins. Sérstök Evrópuráðstefna var haldin fyrir ári síðan þar sem þessi mál voru tekin fyrir og rædd frá ýmsum sjónarhornum og það er einmitt í dag sem Evrópunefnd Norðurlandaráðs gengst fyrir framhaldsráðstefnu í Kaupmannahöfn um þessi mál til þess að vega og meta störf og árangur af ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins. Það vill svo til að sú framhaldsráðstefna er einmitt í dag og það er skýring á því að ýmsir þingmenn hafa hér fjarvistarleyfi og taka ekki þátt í þessum umræðum sem ella hefðu augljóslega viljað blanda sér í þær.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður, herra forseti. Ég tel að skýrslurnar sem fyrir liggja veiti mjög góða og glögga mynd af því mikla starfi sem fram fer á vettvangi Norðurlandaráðs og á vettvangi ráðherranefndarinnar. Ég tel reyndar að þar sé margt sem kannski fer fullhljótt og ekki er gefinn jafnmikill gaumur og vera skyldi vegna þess að mjög margt af því sem þarna er á ferðinni er merkilegt og margt af því er Íslendingum til hagsbóta og framdráttar, bæði á Norðurlöndum en einnig í samstarfi við Norðurlöndin út á við gagnvart öðrum.

Ég vil að endingu taka undir með formanni Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, Valgerði Sverrisdóttur, og þakka samstarfsmönnum mínum í deildinni fyrir samstarfið fyrr og síðar á þessum vettvangi og sömuleiðis starfsfólki deildarinnar.

[11:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur komið hér fram að norrænt samstarf hefur gengið í gegnum ýmsar breytingar á síðustu missirum og það má segja að það sé fullkomlega eðlilegt. Hitt er svo annað mál að menn eiga ekki að gera breytingar bara breytinganna vegna. Þó að ýmsar aðstæður hafi breyst í utanríkismálum og í okkar heimshluta, þá er það ekki endilega sjálfkrafa röksemd fyrir því að breyta skipulagi sem hefur gefist vel og var að mörgu leyti mjög vel grundvallað eins og norræna samstarfið var og er. Ég tilheyri hópi efasemdarmanna um a.m.k. hluta þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi hins norræna samstarfs og á ég þá alveg sérstaklega við það að taka upp hina landfræðilegu skiptingu í formi þriggja nefnda sem að nokkru leyti eiga að sinna viðfangsefnum á grundvelli landafræði, þ.e. Norðurlandanefndin sem fer með hefðbundin norræn samstarfsmálefni, grannsvæðanefnd og Evrópunefnd.

Það liggur í hlutarins eðli að ýmsir málaflokkar ganga þvert í gegnum þetta landfræðilega skipulag og á því ber nú þegar að þó að þetta skipulag kunni að hafa sína kosti og hafa virst heppilegasta niðurstaðan í ljósi þeirra aðstæðna sem þá voru uppi og að einhverju leyti eru enn þegar það var sett á laggirnar, þá skapar það ýmsa örðugleika í sambandi við skörun viðfangsefna. Tilhneigingin er þá sú að fela til að mynda forsætisnefnd að taka þau verkefni sem með engu móti verður troðið inn í landafræðina eins og kannski öryggismál, umhverfismál eða önnur slík. Og því tel ég að á komandi árum muni í vaxandi mæli bera á tilhneigingu til þess að það verði þversum og langsum öxlar í þessu samstarfi þar sem annars vegar er reynt að hafa málefnin flokkuð eftir svæðum eða landafræði en hins vegar eftir málaflokkum eða sviðum. Þetta er að sjálfsögðu að einhverju leyti hægt að leysa með samstarfi milli nefndanna og einnig með undirnefndum eins og þegar er farið að gera í nokkrum mæli.

Þess vegna neyðist ég, herra forseti, því miður til að endurtaka það sem ég hef áður sagt að ég hef efasemdir um að þetta skipulag muni reynast heppilegt að öllu leyti til lengri tíma litið og það kæmi mér ekki óskaplega á óvart þó að menn færu innan ekki mjög langs tíma að velta því fyrir sér að hverfa aftur að einhverju leyti að eldra fyrirkomulagi þannig að menn gætu sinnt mikilvægustu málaflokkunum óskipt án tillits til svæða.

Ég held hins vegar að að mörgu leyti hafi breytingarnar hvað varðar inntak samstarfsins verið miklu betur heppnaðar og í raun og veru sjálfsagðar í ljósi breyttra aðstæðna. Ég tel að hvort tveggja, að gera t.d. umfjöllunarefni pólitískari og taka upp meira pólitísk umræðuefni á vettvangi Norðurlandaráðs og norrænnar samvinnu, hafi verið eðlileg breyting og þörf. Ég er sömuleiðis sammála því sem hér kom fram að ein merkasta þróunin á þessum vettvagi undanfarin ár, allt frá árunum í kringum 1990 þegar t.d. utanrrh. fór í fyrsta sinn að sitja þing Norðurlandaráðs, sé sú áhersla sem nú er orðin á að ræða utanríkispólitísk og öryggispólitísk mál. Ég tel í sjálfu sér að sú umræða hafi verið eitt það athyglisverðasta á dagskrá norrænnar samvinnu nú síðustu missirin. Ég vísa þar t.d. til þemaráðstefnu í Kaupmannahöfn í nóvember sl. og fagna því að baráttumál okkar vinstri manna, sem lengi hefur verið, að haldin yrði sérstök öryggismálaráðstefna, samanber tillögu hóps vinstri sósíalista þar um, er nú að verða að veruleika með ráðstefnu í Helsinki í júnímánuði nk. Ég held sem sagt að það séu bæði jákvæðar og miður jákvæðar hliðar á þeim breytingum sem hafa orðið á norrænum vettvangi hvað samstarfsmálin snertir undanfarin ár og það sé sjálfsagt mál að skoða það og ræða sem slíkt. Ekkert er óumbreytanlegt í þessum efnum og þó að ég geti verið sammála því að það sé ekki heppilegt að hringla allt of mikið með sjálfa skipulagsumgjörðina og það sé þar af leiðandi vænlegasti kosturinn að reyna að vinna sem best á grundvelli þess skipulags sem nú hefur verið staðfest, þá sé það heldur ekkert sjálfgefið að það standi svo um aldur og ævi.

Í öðru lagi vil ég nefna, herra forseti, fjárlögin og fjárveitingar til norrænnar samvinnu. Ég tek undir það sem hæstv. samstarfsráðherra sagði um það mál. Þar hefur orðið niðurskurður undanfarin ár og það eru áfram uppi þau sjónarmið að það beri að draga jafnt og þétt úr fjárveitingum á norrænu fjárlögunum, ef svo má að orði komast. Ég held að þar sé mjög varhugaverð þróun og menn verði að spyrna þar við fótum. Á sama tíma og orðið hefur umtalsverð raunlækkun í milljónum talið sænskra eða danskra króna á fjárveitingum til norrænna samstarfsmálefna, þá eru að sjálfsögðu fjárlög viðkomandi ríkja að taka breytingum og vaxa í grófum drættum sem nemur vexti þjóðartekna eða veltu í viðkomandi ríkjum þannig að í reynd eru norrænar fjárveitingar á þennan mælikvarða að dragast verulega hratt saman borið saman við þróunina t.d. hvað varðar fjárlög ríkjanna. Ég held að við hljótum að reyna að spyrna þarna við fótum og það kannski myndarlegar en gert hefur verið. Mér finnst ekki réttlætanlegt að Svíar, sem nánast einir hafa verið talsmenn þeirrar stefnu að þarna yrði um beinan niðurskurð að ræða, nái því fram í raun í verulegri andstöðu við önnur ríki sem að samstarfinu standa.

Ef maður lítur á, herra forseti, hvernig framtíð norrænnar samvinnu blasir við um þessar mundir, þá er því ekkert að

leyna að ýmsir hafa af því nokkrar áhyggjur að það sé að draga úr áhuga stjórnmálamanna a.m.k. á sumum Norðurlandanna á þessu samstarfi. Menn þykjast jafnvel sjá þess merki að þetta samstarf sé að þokast niður listann hvað varðar áherslur í norrænum stjórnmálum. Menn telji áhugaverðara að hasla sér völl t.d. í samstarfi Evrópuríkjanna eða öðru alþjóðlegu eða fjölþjóðlegu samstarfi heldur en því norræna. Einkum hafa menn af því áhyggjur, og það er skiljanlegt, að áhugi Svía og Finna, sem eru mjög uppteknir af nýtilkominni aðild sinni að Evrópusambandinu, hafi farið ört dvínandi. Ég held að það sé nokkuð til í því að þriðja Evrópusambandsþjóðin, Danir, hafi á hinn bóginn talsvert aðrar áherslur í þessum efnum. Fyrir það fyrsta er ekkert nýjabrum lengur af aðild Dana að Evrópusambandinu. Þeir hafa í öðru lagi að sjálfsögðu að tengslum sínum við Færeyjar og Grænland að hyggja, sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu. Og í þriðja lagi kann það að vera svo að Danir hafi einfaldlega lært það af reynslunni að það sé ekki sjálfgefið að himnaríki sé með lögheimili í Brussel og þar af leiðandi séu þeir farnir að meta á nýjan leik jákvæðari en kannski áður var og um tíma gildi norrænnar samvinnu. Þetta eiga Svíar og Finnar e.t.v. eftir að læra og vonandi verður þróunin sú að þegar þeir hafa komið sér fyrir og eru búnir að vinna þá vinnu sem fylgir inngöngunni í Evrópusambandið, þá breytist áherslur þar á nýjan leik í átt til jákvæðari viðhorfa og meiri áhuga á hefðbundnu norrænu samstarfi.

Eftir stendur að það liggur í hlutarins eðli að það verður ekki síst hlutverk Íslands og Noregs á næstu árum að leggja til kraftinn og orkuna í þróun norrænnar samvinnu og flestir eru sammála um að utanríkispólitískir hagsmunir þessara tveggja landa fari saman í því að reyna að efla norrænt samstarf og halda því sem lifandi og kraftmiklum vettvangi.

Sjálfum finnst mér stundum, herra forseti, að það hvaða kraftur er í norrænu samstarfi sé ákveðinn mælikvarði á sjálfstraust Norðurlandanna hvað varðar það að þora að standa á eigin fótum og þora að þróa sínar eigin lausnir og aðferðir. Það er almennt viðurkennt í alþjóðastjórnmálum að á áratugunum eftir seinni heimsstyrjöld hafi samstarf Norðurlandanna og þróun mála á Norðurlöndum að mörgu leyti verið fordæmi fyrir umheiminn, bæði hvað varðar milliríkjasamstarfið en líka uppbyggingu norrænu velferðarríkjanna og þá þjóðfélagsgerð sem þróaðist á Norðurlöndunum á þessum árum. Þess vegna vaknar sú spurning nú hvort kominn sé brestur í þetta sjálfstraust og þann kjarki sem Norðurlöndin sýndu á þessu árabili til að fara sínar eigin leiðir og móta sín eigin samfélög sem lýsir sér í því að menn telji sig núna knúna til þess að sækja fyrirmyndirnar annað í miklu ríkari mæli en áður var. Það væri dapurlegt og í sjálfu sér með öllu ástæðulaust því að almennt hefur velmegun vaxið í öllum löndunum og möguleikar manna til að standa á eigin fótum eru betri nú en þeir voru á fyrstu árunum eftir stríð.

Norræna samstarfið var að sjálfsögðu mjög mikilvægur aflgjafi þessarar þróunar því þangað sóttu Norðurlöndin hvert fyrir sig styrk, reynslu og lærdóm, enda engin tilviljun að þróun samfélaganna varð jafnkeimlík og raun ber vitni. Þar á norræn samvinna að sjálfsögðu mjög mikinn hlut að máli.

Ég vil að lokum, herra forseti, nefna lítillega þriðju skýrsluna sem hér er á dagskrá, þ.e. skýrsluna um Vestnorræna þingmannaráðið og vestnorræna samstarfið. Ég held að það sé engin spurning að svæðisbundin samvinna, norræn og svæðisbundin, t.d. samstarf vestnorrænu landanna og norðurheimskautssamstarfið, er afar mikilvæg. Menn mega ekki verða svo uppteknir af því að stjórna heiminum, hvort sem það er frá Brussel, New York eða hvaðan sem það nú er, að þeir gleymi að rækta sambandið við sína næstu nágranna. Ég fagna því þess vegna að Vestnorræna þingmannaráðið hefur verið eflt með bæði skipulagsbreytingum og líka með því að það hefur fengið fjármuni til að halda uppi ritarastarfi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við Íslendingar gleymum því ekki að leggja meiri pólitíska vinnu í að rækta samskiptin við okkar næstu nágranna. Auðvitað skipta þar fiskveiðar og sjávarútvegsmál mjög miklu máli. Það má segja að samskipti Íslands og Færeyja hvíli á mjög traustum og góðum grunni í þeim efnum, en á hinn bóginn er ástæða til þess, því miður, að hafa áhyggjur af samskiptum Íslands og Grænlands á þessu sviði og ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að hvetja til þess að meiri rækt verði lögð við þau samskipti á næstu mánuðum og gerðar alvörutilraunir til þess að ná saman um óleyst deilumál sem þar eru uppi og valda margs konar vandkvæðum í samskiptum þjóðanna.

Það sannast æ ofan í æ hversu mikilvægt samstarf nágrannaþjóða eins og til að mynda Íslands og Færeyja getur verið og menn sjá ekki alltaf fyrir þær aðstæður sem upp kunna að koma í þeim efnum. Ég hygg t.d. að það árangursríka samstarf sem við höfum náð við Færeyinga um síldveiðar á síðustu tveimur til þremur árum hafi sótt styrk í það hvernig samskiptum ríkjanna hefur verið háttað á þessu sviði um langt árabil. Hefðu þau ekki verið jafngóð og þétt og raun ber vitni þá er ekki víst að við hefðum borið þann hlut frá borði sem við höfum gert út á tengsl okkar við Færeyjar í þessu sérstaka tilfelli. Hvað varðar aftur Grænland eins og ég áður nefndi eru málin ekki að öllu leyti í jafngóðu horfi og það er auðvitað dapurlegt. Það er ekki hægt að segja annað en það sé dapurlegt að þessir nágrannar skuli ekki hafa náð að semja nema í undantekningartilvikum um ráðstöfun og meðferð t.d. sameiginlegra fiskstofna á okkar hafsvæði.

Ég tek undir það sem hér var sagt um þá jákvæðu framþróun sem hefur orðið í því að koma á samstarfi heimskautaríkjanna eða þeirra ríkja sem liggja að norðurheimskautssvæðinu. Þar ætti Ísland að geta átt myndarlegan hlut og lagt mikið af mörkum og hefur út af fyrir sig gert það því að talsvert frumkvæði hefur komið héðan, m.a. frá stjórnmálamönnum eins og hv. þm. Geir H. Haarde og hæstv. núv. samstarfsráðherra. Það er sjálfsagt að halda slíku til haga og verði það mönnum hvatning til þess að vinna áfram vel á þessum vettvangi.

[12:02]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram um norrænt samstarf. Þær hefðu eflaust orðið meiri ef ekki hefði staðið þannig á að það stendur einmitt yfir ráðstefna í Kaupmannahöfn um norrænt samstarf og nokkrir af fulltrúum okkar Íslendinga í Norðurlandaráði og fleiri þingmenn eru einmitt staddir á þeirri ráðstefnu. En engu að síður vil ég þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég get svo sem að mörgu leyti tekið undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. hvað það snertir að það er ekki alveg víst að það hafi verið farin nákvæmlega rétta leiðin með þeim breytingum sem gerðar voru á Norðurlandaráði, en þó tel ég að í öllum aðalatriðum hafi tekist vel að móta starfið samkvæmt nýjum starfsreglum og það hafi á margan hátt orðið áhugaverðara með þessum breytingum, með því að gera það pólitískara. En eins og ég sagði áðan get ég þó tekið undir að það er nokk-

uð um það að erfitt sé að staðsetja mál eftir landfræðilegu reglunni.

Norrænt samstarf er okkur Íslendingum gífurlega mikilvægt og hefur alla tíð verið og það er á svo mörgum sviðum. Það er á bókstaflega öllum sviðum atvinnulífs og félagslífs og margir Íslendingar kynnast fyrst öðrum þjóðum í gegnum þetta samstarf.

Ég vil geta þess, hæstv. forseti, að í skýrslu minni láðist að geta þess að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir er varamaður í Norðurlandaráði. Það hafði fallið út úr skýrslunni og kom því ekki fram í máli mínu. Ég þakka umræðuna.

[12:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég held að það sé ljóst eftir þessa umræðu að það er almennur áhugi á Alþingi fyrir norrænu samstarfi og enginn ágreiningur um mikilvægi þess. Ég held að það megi til sanns vegar færa að Norðurlandasamstarfið fer vaxandi, ekki síst í alþjóðlegu samstarfi. Til marks um það má geta þess að utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittust á síðasta ári 16 sinnum. Það eru þrír reglulegir fundir utanríkisráðherra Norðurlandanna. Þeir hittast á vettvangi NATO, á vettvangi Vestur-Evrópusambandsins, á vettvangi Evrópuráðsins, á vettvangi Eystrasaltsráðsins, á vettvangi Barentsráðsins og á vettvangi Norðurskautsráðsins, þannig að alþjóðlegt samstarf sem Norðurlöndin taka þátt í fer mjög vaxandi og þá nota menn gjarnan tækifærið til að stilla saman strengina. Það á jafnframt við um samstarfið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það er alltaf haldinn reglulegur fundur milli utanríkisráðherra Norðurlandanna í tengslum við allsherjarþingið. Og þó að dregið hafi úr sameiginlegum málflutningi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þá hefur annað samstarf haldið sér og má þar kannski ekki síst nefna samstarf á sviði mannréttindamála. Þar hafa Norðurlöndin verið í fararbroddi í heiminum og það er mjög mikilvægt að því samstarfi verði fram haldið og rödd Norðurlandanna heyrist sameiginlega. Það er því enginn vafi á því í mínum huga að þótt Norðurlandasamstarfið sé að breytast mikið, þá er það ekki að minnka. Það er að vaxa. En það mun taka alllangan tíma að finna því rétt form í ljósi þessara breytinga og það á ekki síst við samstarf þingmannanna. Ég býst ekki við því að það sé komið í eitthvert endanlegt form og það eru gallar á því formi sem nú er með sama hætti og það voru gallar á því formi sem áður var. En ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er ekki hægt að standa árum saman í breytingum því að það tekur svo mikinn tíma og kraft þannig að nú er nauðsynlegt að reyna að byggja á þeim grunni sem hefur verið lagður þótt auðvitað megi huga að breytingum síðar.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri vegna þess að mér finnst oft í umræðunni að gefið sé í skyn að Norðurlandasamstarfið sé þýðingarlítið og það eigi ekki að leggja neina áherslu á það. Þess í stað eigi að leggja áherslu á annað samstarf. En með því að leggja áherslu á annað samstarf er það grundvallaratriði að Norðurlandasamstarfið sé í lagi. Norðurlöndin eru því aðeins sterk út á við að þau haldi saman og reyni að sameina málflutning sinn eftir því sem hægt er. Með sama hætti hafa Noregur og Ísland í auknum mæli farið út í það að vera með Evrópusambandsríkjunum að því er varðar ýmsar ályktanir, t.d. á sviði mannréttindamála, og mörgu af því sem rætt er á fundum utanríkisráðherra Norðurlandanna að því er varðar mannréttindamál er fylgt eftir á vettvangi Evrópusambandsins vegna þess að Evrópusambandið hefur meiri styrk til þess að fylgja því fram. Við getum nefnt sem dæmi mannréttindamál í Kína, Indónesíu, Burma og Íran og það mætti nefna margar aðrar þjóðir. Ráðherrar frá Norðurlandaríkjunum hafa betra tækifæri til þess að koma slíkum málum fram í samstarfi þessara þjóða.

Það sama má segja um samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins. Þar eru Svíar og Finnar ekki og þess vegna hafa ráðherrar þeirra ríkja sem eru í Atlantshafsbandalaginu möguleika á því að koma á framfæri og koma fram áherslum Norðurlandanna á þessum vettvangi. Má t.d. nefna málefni baltnesku ríkjanna, sem eru öllum Norðurlöndunum mjög þýðingarmikil, en segja má að Norðurlöndin hafa verið einna bestu málsvarar baltnesku ríkjanna á alþjóðlegum vettvangi. Allt þetta sýnir að það á að leggja mikla áherslu á Norðurlandasamstarfið því að það er ekkert annað sem mun koma í staðinn fyrir það. Þeir, sem halda því fram að við eigum að minnka áhersluna á Norðurlandasamstarfið til þess að geta sinnt öðru betur, ganga villir vegar vegna þess að það er grunnurinn að svo mörgu öðru.

ÖSE-þingið 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar ÖSE-þingsins, 291. mál. — Þskj. 546.

[12:12]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins fyrir árið 1996 sem birtist á þskj. 546. Á þingskjalinu kemur fram hverjir skipuðu Íslandsdeildina, hvernig skipulagi ÖSE-þingsins er háttað og sögu þess og fer ég ekki nánar út í þá sálma.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, en að henni standa 55 ríki frá Kanada og Bandaríkjunum í vestri að Kirgisistan og Rússland í austri, hefur mjög háleit markmið. Þau eru að standa vörð um mannréttindi og lýðréttindi og að stuðla að friði í og á milli þátttökuríkjanna. Því miður hefur skort á að samtökin hafi afl til að fylgja eftir þessum markmiðum sínum, en þó finnst mér eins og þau séu í auknum mæli að sanna tilverurétt sinn og er það vel. Nægir þar að nefna að ÖSE var falin framkvæmd Dayton-friðarsamkomulagsins í fyrrum ríkjum Júgóslavíu og skipulagði kosningarnar þar á síðasta hausti. Fulltrúar ÖSE hafa og verið óþreytandi í að krefjast þess að niðurstöðum kosninganna í Bosníu-Hersegóvínu sé framfylgt eins og komið hefur fram í fréttum.

Herra forseti. Stjórnarnefndin hittist í Vín í janúar 1996 og fór ég þangað ásamt ritara Íslandsdeildarinnar. Þá var fimmti fundur ÖSE-þingsins haldinn í Stokkhólmi í júlí sl. og sóttu þingið hv. þm. Guðjón Guðmundsson ásamt mér og ritara Íslandsdeildarinnar.

Á árinu bar hæst kosningaeftirlit ÖSE-þingsins en sem dæmi má nefna að árið 1995 fór fram kosningaeftirlit í Armeníu, Lettlandi, Króatíu, Georgíu, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússlandi, Kasakstan og Rússlandi, en samtals tóku um 200 þingmenn í nafni ÖSE þátt í þessu kosningaeftirliti. Það er talið mjög mikilvægt að það séu þingmenn sem stunda kosningaeftirlit vegna þess að þeir njóta betra trausts heldur en embættismenn og hafa meiri trúverðugleika á meðal almennings og ná auk þess betur til fjölmiðla.

Á fundi stjórnarnefndarinnar kom fram skemmtileg hugmynd frá rúmenskum þingmanni, Emil Roman, en hann stakk upp á því að þessu yrði snúið við. Þingmönnum frá nýju lýðræðisríkjunum yrði boðið að vera viðstaddir kosningar í rótgrónu lýðræðisríkjunum til þess að kynna sér hefðir og venjur sem tengjast kosningum og einkenna lýðræðislegar kosningar. Þetta er mjög athyglisverð hugmynd og legg ég til að við Íslendingar, og þar með hv. Alþingi skoði þetta við næstu kosningar, að þetta gæti orðið eins konar kennsla til þingmanna í nýju lýðræðislegu ríkjunum.

Á hverju ári veitir ÖSE-þingið verðlaun til fréttamanna og er markmiðið með því að stuðla að og verðlauna hlutlausa fréttamiðlun en hún er talin hornsteinn lýðræðis og mannréttinda.

Á fundi nefndar þingsins um stjórn- og öryggismál var fjallað um mótun „sameiginlegs heildaröryggismódels fyrir 21. öldina", sem er verkefni sem hafist var handa við í kjölfar leiðtogafundar ÖSE í Búdapest árið 1994 og var til umfjöllunar á leiðtogafundi ÖSE í Lissabon í desember sl. Samstarf og verkaskipting ýmissa fjölþjóðlegra stofnana í málefnum Bosníu-Hersegóvínu var að margra mati fyrirmynd þess sem koma skyldi við að tryggja frið og öryggi í álfunni.

Á fundi nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál, var fjallað um fall kommúnismans og efnahagssamtengingu Mið- og Austur-Evrópu með áherslu á þau áhrif sem efnahags- og félagsleg upplausn getur haft á öryggismál álfunnar. Í nefndinni var samþykkt ályktun þar sem viðkomandi ríki eru hvött til að halda áfram á braut lýðræðis og markaðsvæðingar hagkerfa sinna, en Vesturlönd jafnframt hvött til að auka stuðning, einkum í formi frjálsari markaðsaðgangs fyrir varning frá þessum ríkjum.

Þá bar það til tíðinda á þinginu að tillaga um að Norðmenn stöðvuðu hvalveiðar var felld með 17:14 atkvæðum en 9 sátu hjá. Það atriði varðar okkur Íslendinga að sjálfsögðu mikið.

Nokkrar ályktanir voru samþykktar og vil ég geta þeirra helstu. Þar var m.a. samþykkt ályktun um málefni fyrrverandi Júgóslavíu þar sem fjölþjóðaherliðið í Bosníu-Hersegóvínu var hvatt til að hafa hendur í hári þeirra sem eftirlýstir eru fyrir stríðsglæpi og framselja þá til stríðsglæpadómstólsins í Haag. Þá var samþykkt ályktun um málefni Tyrklands þar sem þingið fordæmdi hryðjuverkastarfsemi Kúrda annars vegar og skort á virðingu fyrir mannréttindum, jafnt í tyrkneskri löggjöf sem við framkvæmd hennar, hins vegar. Loks voru samþykktar einróma siðareglur um lýðræðisleg vinnubrögð ríkja innan lands sem utan.

Rétt er að benda á að enn eru mörg gleymd mál í Evrópu og nægir þar að nefna Kýpurdeiluna sem hefur staðið óleyst yfir 20 ár.

Herra forseti. Í almennri umræðu á ÖSE-þinginu gerði ég verkaskiptingu fjölþjóðastofnana og kostnað við starfsemi þeirra að umtalsefni. Ýmsar stofnanir eru að vinna að skyldum og jafnvel sambærilegum verkefnum. Þetta hefur í för með sér tvíverknað, samkeppni og aukinn kostnað. Það er nauðsynlegt að auka verkaskiptingu t.d. milli ÖSE og Evrópuráðsins með það að markmiði að ná fram betri nýtingu þess fjármagns sem varið er í þágu friðar og mannréttinda og benti ég þar á að flestir eða allir þingmennirnir koma frá þjóðþingum sem eru að glíma við þann vanda að ná niður halla á fjárlögum. Slíkur sparnaður mun að sjálfsögðu mæta mótspyrnu þeirra sem hafa komið sér þægilega fyrir og ferðast um heiminn á háum skattfrjálsum launum, en það mun vera venjan. Þessu þarf að breyta. Það er ekki trúverðugt að forréttindamaður hjali um mannréttindi eða að hátekjumaður þykist hjálpa sveltandi börnum.

Ég gerði einnig að umtalsefni svonefnd „griðasvæði" í Bosníu-Hersegóvínu en einmitt á þeim tíma sem þingið var haldið kom í ljós að þar höfðu verið framin hroðaleg grimmdarverk, en þessi griðasvæði höfðu veitt þúsundum saklausra borgara falska öryggistilfinningu. Þeir hefðu því ekki flúið áfram eða gripið til varna. Þetta fólk hefði í reynd verið leitt í gildru og margir týnt lífi sínu. Ég lagði áherslu á að slíkar öryggistryggingar yrðu ekki gefnar nema tryggt væri að við þær yrði staðið. Þá klykkti ég út með því að markmið fjölþjóðastofnananna ætti að vera að ná fram meiri friði og meiri mannréttindum fyrir sömu fjármuni. Mikilvægt sé að bæta nýtingu þess fjár og mannafla sem varið er til alþjóðasamstarfs. Að sjálfsögðu er mesti kostnaðurinn fólginn í mannaflanum, þ.e. þingmönnunum. Ég vil benda á í þessu samhengi að íslenskir þingmenn semja ekki lög á sama tíma og þeir eru á ferðalögum út um allan heim.

Herra forseti. Mikil breyting hefur orðið á stjórnmálalegri stöðu í Evrópu. Það kallar á nýja skipulagningu stóru alþjóðlegu stofnananna. Ný verkefni koma upp og önnur falla niður. Mikilvægt er að menn haldi vöku sinni og gæti vel að þeim kostnaði sem þessu starfi fylgir.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að ræða reglur hins háa Alþingis um dagpeninga í þessu samhengi. Ég hef farið fjórar ferðir á vegum Alþingis vegna ÖSE-þingsins. Í hvert sinn kem ég með tugi þúsunda hagnað út úr dæminu eftir skatt. Til dæmis græddi ég 60–70 þús. kr. á ferðinni til Ottawa. Þetta stafar af þeirri reglu að greiða 80% af fullum dagpeningum auk þess að greiða hótel- og símakostnað að fullu. Ég hef verið í dálitlum vandræðum með þessa fjármuni. Þetta eru ekki laun, þetta er ekki kostnaður. Ég veit ekki almennilega hvernig ég á að bóka þetta í mínu prívatbókhaldi. Þetta er ekki kostnaður vegna þess að ég get engan veginn borðað svo mikið að ég nái að eyða þessum peningum. Ég hef lagt til að þessir dagpeningar yrðu lækkaðir en hef talað fyrir daufum eyrum. Ég get að sjálfsögðu ekki gagnrýnt kostnað við alþjóðlegt starf og gleymt þessu atriði. Legg ég til að forsn. breyti þessum reglum og noti það fé sem sparast til að auka t.d. framlag Íslands til þróunarhjálpar sem er skammarlega lágt.

Að endingu vil ég þakka hv. samþingmönnum mínum í Íslandsdeild ÖSE-þingins og ritara deildarinnar fyrir gott samstarf.

[12:22]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég lýsi yfir ánægju með þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram af hálfu þingmannanefndar ÖSE en Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu er mjög mikilvæg stofnun og þýðing hennar fer vaxandi. Því miður er það svo að við Íslendingar höfum ekki fastafulltrúa hjá ÖSE, sem er mjög bagalegt vegna þess að sú stofnun er mjög þýðingarmikil og skiptir miklu máli í sambandi við þróun öryggismála í framtíðinni í Evrópu. Þar á ég ekki síst við samvinnuna við Rússa og samninga um hefðbundin vopn í Evrópu. Rússar leggja mikið upp úr þessari stofnun og enginn vafi er á að hún mun þjóna miklu hlutverki á næstu árum. Það er ekki hægt að fullyrða um það hvort svo verður um alla framtíð, en a.m.k. á næstunni mun þýðing ÖSE vera mjög mikil.

Það sem mætt hefur á ÖSE upp á síðkastið er ekki síst starfsemin í Bosníu-Hersegóvínu en samkvæmt Dayton-

friðarsamkomulaginu fékk ÖSE tvenns konar verkefni, þ.e. skipulag kosninganna og eftirlit með mannréttindum annars vegar og hins vegar vopnaeftirlitsviðræður og traustvekjandi aðgerðir á hermálasviðinu. Eins og við vitum hefur ÖSE upp á síðkastið mest fengist við sveitarstjórnarkosningar sem voru á síðasta ári og þóttu takast bærilega. Eins og öllum er kunnugt gekk illa að fá Milosevic til að fallast á niðurstöður þessara kosninga en nú hafa þau tíðindi gerst að hann hefur viðurkennt kosningaúrslitin. Hins vegar er ekki ljóst með hvaða hætti þau verða viðurkennd og til hvaða aðgerða verður gripið til að koma kosningaúrslitunum í framkvæmd.

Eitt stórmálið til viðbótar sem hefur verið á könnu ÖSE, en frá áramótum hafa Danir veitt fastaráði Öryggis- og samvinnustofnunarinnar forustu, eru kosningarnar í Tsjetsjeníu, en þangað voru sendir hvorki meira né minna en 70 eftirlitsmenn frá hinum ýmsu ÖSE-löndum og þar af einir 18 frá Norðurlöndunum.

Það má jafnframt nefna stjórnlagavandann í Hvíta-Rússlandi. Meðal þeirra verkefna sem þar eru á dagskrá, sem kom upp stuttu eftir leiðtogafund ÖSE sem haldinn var í Lissabon í desember, en þann fund sat forseti Hvíta-Rússlands. Þetta mál er erfitt viðfangs og þetta eru dæmi um mikilvæg mál sem stofnunin hefur tekist á við.

Það sem er sennilega mikilvægast af öllu er sú staðreynd að leiðtogafundurinn í Lissabon samþykkti sérstaka yfirlýsingu um skipulag öryggismála í Evrópu fram á næstu öld, sem voru tillögur Rússa upphaflega. Fastaráðið í Vínarborg hefur sett á laggirnar sérstaka nefnd til að vinna að skipulagi öryggismála í Evrópu og hún mun koma fyrst saman um miðjan febrúar. Þessi yfirlýsing er allítarleg og það tók alllangan tíma að ná um hana samkomulagi eftir nokkurt samningaþóf, en niðurstaða náðist þó í þessu máli.

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að koma hér til að leggja áherslu á mikilvægi þessarar stofnunar og þeirrar staðreyndar að við Íslendingar tökum ekki þátt í þessu starfi sem skyldi. Við þurfum að reyna að bæta þar um í framtíðinni. Hins vegar er ljóst að við þurfum að reyna að forgangsraða verkefnum á sviði utanríkismála en þessi mál verða sífellt umfangsmeiri og þeim fylgir vaxandi kostnaður, ekki aðeins hér á landi heldur alls staðar annars staðar í heiminum vegna þeirrar staðreyndar að samvinna þjóða er að verða mun meiri en áður var og þjóðirnar að verða enn þá háðari hver annarri en nokkru sinni fyrr.

Evrópuráðsþingið 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 289. mál. — Þskj. 544.

[12:28]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Sem formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins geri ég hér með grein fyrir ársskýrslu deildarinnar fyrir árið 1996, sbr. þskj. 544.

Fulltrúar Íslands í Evrópuráðinu á sl. ári voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, undirrituð, formaður, frá Sjálfstfl., Ólafur Ragnar Grímsson, varaformaður, frá Alþb., og síðar Margrét Frímannsdóttir sem varaformaður, frá Alþb., Hjálmar Árnason, frá Framsfl., og sem varamenn Tómas Ingi Olrich, frá Sjálfstfl., Ólafur Örn Haraldsson, frá Framsfl., og Hjálmar Jónsson, frá Sjálfstfl. Ritari nefndarinnar var Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Ég vil geta þess að þegar rætt er um varamenn í þessum hópi, þá eru það ekki varamenn í þeim skilningi sem Íslendingar leggja í orðið varamaður, heldur hafa þeir fulla ábyrgð á gerðum sínum í einstökum nefndum sem þeir eru skipaðir til. Þeir hafa þar ekki bara umræðurétt heldur hafa þeir atkvæðisrétt í þeim nefndum og geta jafnvel verið skipaðir formenn þeirra nefnda sem þeir eiga sæti í þannig að mikilvægi varamanna er mun meira en við Íslendingar leggjum í það orð.

Þá hefur Sveinn Á. Björnsson verið með fast aðsetur í Strassborg síðan í september 1995 og annast daglegan rekstur skrifstofu utanrrn. hjá Evrópuráðinu. Er þessi tilhögun geysilega mikill styrkur fyrir Íslandsdeild Evrópuráðsins hvað varðar upplýsingaflæði og ýmiss konar aðstoð og til að fá samhengi í þá hluti sem eru að gerast, því eins og mörgum er kunnugt, hefur Íslandsdeildin ekki tök á að sækja nema örfáa af þeim aukafundum eða nefndarfundum og ýmsum aukafundum sem haldnir eru í tengslum við starfsemi Evrópuráðsins og er því gífurlega mikilvægt að hafa þarna fastafulltrúa sem gætu a.m.k. veitt okkur upplýsingar um framgang mála þó fulltrúar Íslands geti ekki tekið beinan þátt í fundum í þeirri starfsemi.

Mér skilst að í bígerð sé að fastur sendiherra með skrifstofu í Strassborg verði skipaður á næstunni og er það einkum með tilliti til formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins árið 1999 og þar með varaformennsku á fyrra ári, þ.e. seinni hluta 1998 í sex mánuði.

Á liðnu ári gerðust þau merku tíðindi að Rússland fékk aðild að Evrópuráðinu og síðar Króatía. Þar með eru aðildarríkin orðin 40 talsins. En þess ber að minnast að árið 1991 voru þau aðeins rúmlega 20. Þessi fjöldi nýrra ríkja í Mið- og Austur-Evrópu hefur haft þau áhrif að ráðið er í vaxandi mæli vettvangur álfunnar allrar. Ný lýðræðisríki og fyrrum aðildarríki Varsjárbandalagsins hafa þannig undirritað mannréttindasáttmála Evrópu og gagngert til þess að geta hlotið aðild að Evrópuráðinu. Þessi ríki hafa samþykkt að veita þegnum sínum þann rétt að vísa málum sínum til mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu telji viðkomandi á sér brotið af valdhöfum í ríki sínu. Þau hafa jafnframt gengist undir virkt eftirlit Evrópuráðsins með þróun lýðræðis og stöðu mannréttindamála heima fyrir.

Greinilegt er að samþykktir og formleg afstaða Evrópuráðsins til þeirrar þróunar getur haft úrslitaáhrif í að knýja á um breytingar að auknu lýðræði og traustari mannréttindum, enda heimilt að vísa ríki úr ráðinu gerist það brotlegt gegn mannréttindum og lýðræði eins og gerst hefur. Í Evrópuráðinu endurspeglast þannig gerbreytt staða í stjórnmálum og mannréttindamálum í Evrópu allri og ekki síst í austanverðri Evrópu. Mikilvægi Evrópuráðsins hefur því stóraukist á undanförnum árum og er því nauðsynlegt að meta þátttökuhluta og samskipti Alþingis í samræmi við breytt hlutverk og þá gífurlegu breytingu á hlutverki ráðsins sem orðið hefur á sl. árum. Aukin þátttaka mundi þar með auka vægi Íslands í mikilvægum málum sem Ísland á beint eða óbeint hagsmuni af. Vil ég í því sambandi segja frá því hversu virkt Evrópuráðið hefur verið í að heimsækja ný lönd innan ráðsins, ræða framkvæmd lýðræðis og ýmis mál og agnúa sem menn hafa steytt á skeri í framkvæmd lýðræðis og þannig komið á mjög virkum samskiptum milli þjóðþinga og framkvæmdarvaldsins og annarra. Þetta tel ég mjög mikilvægt hlutverk

Evrópuráðsins og ég tel að lýðræðisleg hugsun og framkvæmd muni þróast mun hraðar í þessum nýfrjálsu löndum með þeirri samvinnu sem Evrópuráðið hefur átt við þessi lönd.

Lýðræði og mannréttindamál eru þó e.t.v. þeir málaflokkar sem Evrópuráðið er oftast tengt við en á vettvangi ráðsins er fjallað um fjölda annarra málaflokka, til að mynda efnahagsmál, félagslega þróun, öryggismál, umhverfismál og fleira þótt vissulega tengist þessir málaflokkar allir á einn eða annan hátt innbyrðis, þ.e. að auka mannréttindi þegna þessara ríkja og í heiminum almennt.

Á liðnu ári beittu þingmenn Íslandsdeildarinnar sér m.a. í menntamálum, uppeldismálum, Bosníumálum, umhverfismálum, byggðamálum, samstarfi í meðferð kynferðisafbrotamála, verndun mannréttinda í tengslum við líflæknisfræðina og þannig mætti lengi telja, enda er mjög mikill fjöldi málaflokka til umfjöllunar á vettvangi Evrópuráðsþingsins.

Aldrei er of oft ítrekað að Mannréttindadómstóll Evrópu tilheyrir starfsemi Evrópuráðsins eða er tengdur starfsemi Evrópuráðsins en ekki Evrópusambandsins eins og oft vill brenna við að fólk hugsi þegar minnst er á mannréttindadómstólinn í Strassborg. Evrópuráðið mótar að hluta þá stefnu sem þátttakendalönd setja í löggjafarmálum og því einnig tekið mið af því í dómstólum þessara landa með samþykki ráðherraráðs Evrópuráðsins og því er ekki síst ítrekað mikilvægi þátttöku okkar í beinum og óbeinum áhrifum.

Fastanefndir Evrópuráðsins eru 15. Ég vil gjarnan lesa upp hverjar þær eru því oft hefur það ekki komið fram í skýrslum eða í flutningi:

Sameiginleg nefnd með ráðherranefndinni sem er mjög mikilvæg eða Joint Committee. Í henni situr undirrituð.

Í fastanefnd og stjórnmálanefnd situr einnig undirrituð Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Laganefnd: Margrét Frímannsdóttir.

Efnahagsnefnd: Margrét Frímannsdóttir.

Umhverfis-, skipulags- og sveitarstjórnarmálanefnd: Ólafur Örn Haraldsson.

Þingskapanefnd: Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Fjárlaganefnd: Hjálmar Jónsson.

Landbúnaðarnefnd: Ólafur Örn Haraldsson.

Vísinda- og tæknineфnd: Tómas Ingi Olrich.

Mennta- og menningarmálanefnd: Hjálmar Árnason.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd: Hjálmar Jónsson, en nú stendur til að breyta þeirri skipan vegna varaformennsku undirritaðrar í þeirri nefnd.

Flóttamannanefnd: Hjálmar Árnason.

Nefnd um samskipti við lönd utan Evrópuráðsins: Tómas Ingi Olrich.

Nefnd um almanntengsl þingsins: Undirrituð sem formaður sl. tvö og hálft ár en ég sagði mig úr þeirri nefnd á sl. þingi í janúar 1997.

Þetta gefur kannski aðeins hugmynd um umfang starfsemi Evrópuráðsins en jafnframt vil ég nefna undirnefndir þessara fastanefnda og ýmsa aðra þátttöku eins og t.d. ráðstefnur um ýmis sérstök mál sem eru opin ekki bara þingmönnum Evrópuráðsins heldur almennt þingmönnum þeirra landa sem aðild eða aukaaðild eiga að Evrópuráðinu, og einnig jafnvel almenningi. Ekki síst vil ég nefna þá aðila sem starfa í áhugafélögum, svo sem Rauða krossinum, hreyfingum eins og Lions-hreyfingunni, Rotary-hreyfingunni og fleiri hreyfingum sem beint og óbeint eiga þátt að starfsemi Evrópuráðsins.

Þá vil ég einnig nefna að starfsemi Evrópuráðsins fer ekki eingöngu fram á vegum þingsins sjálfs heldur er mikill undirbúningur og sérfræðivinna unnin bæði í heimalöndunum og á vegum framkvæmdardeildar Evrópuráðsins sem er mjög virk og þar hafa Íslendingar einnig átt aðild að með því að senda embættismenn og sérfræðinga. Þar höfum við enn fremur getað komið skoðunum okkar og undirbúningi á framfæri og þar er einnig unnt að fá sérfræðilega ráðgjöf og upplýsingar, bæði fyrir Alþingi, framkvæmdarvaldið og einstaka þingmenn.

Þess er einnig vert að geta að Evrópuráðið hefur á vegum sínum unglingamiðstöð sem ungir Íslendingar hafa átt möguleika á að taka þátt í þar sem rætt er um mannréttindamál og ýmis þau mál sem tengjast stjórnmálum og þróun í Evrópu almennt. Enn fremur má geta þróunarsjóðs Evrópuráðsins, sem ég hef áður minnst á í ræðum mínum hér, sem Íslendingar hafa átt aðild að og má minnast framlags sjóðsins í tengslum við Vestmannaeyjagosið sem dæmi.

Ýmsar samþykktir hafa einnig verið gerðar á vegum mannréttindamála sem ríki skuldbinda sig til að hlíta eins og samþykkt um pyndingar og refsingar og samþykktir um orkumál, sem að sjálfsögðu kemur mjög við okkur Íslendinga.

Ég ætla að minnast aðeins á örfá atriði sem við höfum átt aðild að og hafa verið rædd í Evrópuráðinu á sl. ári. Eins og ég minntist á vorum við virk í umræðum um aðild Rússlands. Það var rætt um málefni dreifbýlis í Evrópu og aðild Króatíu að Evrópuráðinu. Það var rætt um svokallað IFOR-lið, eða lið NATO í Bosníu-Hersegóvínu, og afnám dauðarefsingar í Evrópu og framtíð félagsmálastefnu og atvinnuleysi í Evrópu og svo mætti lengi telja. Kannski síðast mundi ég vilja nefna um fólksflutninga og málefni flóttamanna sem tilheyrir mjög þeirri starfsemi og þeirri umræðu sem fram fer innan Evrópuráðsins. Í þessu hafa Íslendingar verið mjög virkir og ég vil nefna það að Íslendingar hafa lagt hart að sér við að kynna sér þessi mál og reynt að koma á framfæri þeim skoðunum sem þeir hafa fram að færa. Það verður að segjast eins og er, þó að við séum kannski að berja okkur á brjóst, að íslenska sendinefndin hefur vakið athygli fyrir mikla vinnu og virkni jafnt á þingum ráðsins sem þeim fáu nefndarfundum sem þeim er heimilt að sækja á þingum ráðsins, því hver nefnd situr um sex til sjö fundi að meðaltali utan þinga, ýmist í París, Strassborg eða annars staðar í Evrópu, sem samtals jafnast upp í um það bil 20 fundi, en Íslendingum er aðeins heimilt að sækja um tvo fundi alls á ári, þ.e. 10% af þeim fundum sem haldnir eru, eða jafnvel innan við 10%. Það kemur okkur að sjálfsögðu ekki til góða þar sem við eigum erfitt með að fylgja eftir þeim skoðunum sem við viljum gjarnan koma á framfæri og getum því oft orðið úr leik eða komið of seint inn í leikinn vegna þessara aðstæðna okkar.

Ég efast ekki um að sendinefndin öll hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi ráðsins vegna virkni sinnar þegar menn hafa haft tök á að mæta og ímynd Íslands kemur okkur örugglega til góða á næstu árum. Ég vil kannski nefna t.d. afskipti eins okkar þátttakenda, Tómasar Inga Olrich, af umræðum í byggðamálum þar sem með þátttöku hans var komið í veg fyrir samþykkt um almenna sérstaka styrki til fiskveiða á dreifbýlissvæðum. Þrátt fyrir að þetta dæmi sé tekið get ég fullyrt að aðrir þátttakendur Íslands í Evrópuráðinu hafa átt hlut að máli og haft áhrif í nánast sérhverri umræðu sem þeir hafa komið að, t.d. með því að færa til

tímasetningu um umræðu um kynferðislega misnotkun á börnum. Ég vil einnig nefna tillögu Hjálmars Árnasonar á sl. þingi um að skoða hvernig samræma mætti störf hinna ýmsu alþjóðastofnana eins og t.d. ÖSE, VES og Evrópuráðsins. Allar slíkar umræður koma okkur til góða, eins og ég hef margítrekað.

Ég vil enn fremur segja að samstarf okkar Íslendinga í Evrópuráðinu hefur verið með miklum ágætum. Við höfum sýnt samheldni og styrkt hvert annað í okkar vinnu. Ég vil þess vegna fá að þakka samstarfsmönnum mínum í Evrópuráðinu sérstaklega fyrir einstakt samstarf og samheldni á liðnu ári. Einnig vil ég þakka Sveini Á. Björnssyni sendifulltrúa fyrir hans framlag í þessu starfi sem verður aldrei of metið og ég veit að við munum vinna áfram á næstunni í þeim anda sem ég hef þegar lýst.

[12:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir ágæta skýrslu. Nú er það svo að öll þjóðþingin sem eiga aðild að Evrópuráðsþinginu eiga jafnframt aðild að ÖSE-þinginu. Mörg verkefni Evrópuþingsins eru þau sömu eða svipuð og ÖSE-þingsins. Nægir þar að nefna kosningaeftirlit og mannréttindagæslu. Því hef ég eina spurningu til hv. þm.: Telur hv. þm. ekki eðlilegt að Evrópuráðsþingið og ÖSE-þingið skipti með sér verkum til að koma í veg fyrir tvíverknað, ómarkviss vinnubrögð og meiri kostnað?

[12:46]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi hlustað vel á seinni hluta ræðunnar sem ég hélt áðan. En hv. þm. Hjálmar Árnason flutti þessa tillögu á sl. þingi um að skoða hvaða möguleika við hefðum á því að hafa frekara samstarf milli alþjóðastofnana. Að sjálfsögðu höfum við samráð hvert við annað, eins og við þingmenn í Evrópuráðinu gerum í nánast öllu sem við gerum, þannig að tillaga hv. þm., sem var mjög góð og vakti athygli, er í samræmi við það sem við þingmenn Evrópuráðsins höfum verið að ræða. Hitt er annað mál að það eru fleiri ríki innan ÖSE en innan Evrópuráðsins og það eru færri ríki innan VES en innan Evrópuráðsins og ÖSE. Þannig að áherslurnar eru mismunandi hvernig sem menn vilja túlka það. Þær eru mjög mismunandi og þess vegna verður að skoða þessi mál mjög vel. Það þýðir ekkert annað en að horfast í augu við að heimurinn er að verða einn eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal veit mætavel. Við komumst ekki undan því að taka þátt og stíga þau skref sem nauðsynleg eru til að halda sambandi við umheiminn.

[12:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gætir ákveðins misskilnings hjá hv. þm. Ég er engan veginn að leggjast gegn því að við stöndum að þessu samstarfi. En ég er að leggjast gegn því að unnið sé ómarkvisst og að margir aðilar séu að sinna sama verkefninu. Það er það sem ég er að gagnrýna en ekki að menn séu að sinna þessu verkefni, engan veginn. Ég tel t.d. að kosningaeftirlit sé mjög mikilvægt og ekki síður gæsla mannréttinda. Það sem ég spurði um var hvort þingmaðurinn teldi ekki eðlilegt að þessi tvö samtök skiptu með sér verkum og skilgreindu nákvæmlega hvað hvort ætti að gera.

[12:48]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt það sem ég var að nefna. Það þarf að endurskoða hlutverk þessara alþjóðastofnana mjög vel og skipta með sér verkum o.s.frv. Hitt er annað mál sem ég vil gjarnan ræða því ég veit ekki hvort hv. þm. Pétur H. Blöndal var að meina að færri menn ættu að sinna þessum störfum eða fleiri. Ég vil gjarnan að það komi mjög skýrt og greinileg fram og ég vona að það komi fram bæði hér sem á almennum vettvangi að þingmenn þeir, sem hafa hvað mest sinnt alþjóðastörfum og hafa átt drjúgan hlut að máli, hafa verið gagnrýndir fyrir það að vera ekki á vettvangi Alþingis þegar þeir hafa verið að vinna fyrir Ísland erlendis. Ég tel að þau störf sem verið er að vinna fyrir Ísland á erlendum vettvangi séu ekki síður mikilvæg. Það þurfa ýmsir aðilar að gera slíkt, embættismenn, viðskiptamenn, alþingismenn og fleiri. Spurningin er bara sú hvort það eigi að vera á fleiri eða færri höndum. Mér er mjög vel ljóst að þetta háir okkur að mörgu leyti í því starfi sem við erum í hér á þinginu. En við tökum því og reynum að axla þá ábyrgð sem okkur er lögð á herðar með því að taka þátt í þessu alþjóðastarfi. Við verðum að gera það en það þýðir þá hugsanlega að við verðum að vinna tvöfalda vinnu eða jafnvel þrefalda þegar heim er komið. En við kyngjum því vegna þess að við teljum að þátttaka okkar á erlendum vettvangi sé það mikilvæg að við megum ekki týnast í hafi þjóðanna.

[12:50]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér eru á dagskrá og til umræðu ýmsar skýrslur um alþjóðlegt samstarf okkar Íslendinga og þátttöku í fjölmörgum alþjóðastofnunum. Svo sem fram kom í ræðu hæstv. utanrrh., og öllum má vera ljóst hefur gildi alþjóðlegs samstarfs farið verulega vaxandi. Það má segja að sú einangrun sem eylandið Ísland var lengi í norður í Dumbshafi sé rofin af ýmsum fyrst og fremst tæknilegum ástæðum og í kjölfarið hefur gildi alþjóðlegs samstarfs vaxið allverulega. En það hefur líka breyst og ekki síst á síðasta áratug. Ég hef sjálfur átt því láni að fagna að starfa í sendinefnd Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og tel að þar fari fram afskaplega merkilegt starf, einkum hvað varðar lýðræði og mannréttindi sem er grunntónninn í starfi Evrópuráðsins. Ég hef ekkert frekar um það að segja en fram kemur í skýrslu nefndarinnar og fram kom einnig í ágætri ræðu formanns nefndarinnar, hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur. Ég tek undir það sem fram kom í máli hennar að íslenska sendinefndin hefur látið til sín taka á vettvangi Evrópuráðsins, bæði þingunum sjálfum og í nefndarstörfum, ekki síst formaður nefndarinnar sem hefur getið sér afskaplega gott orð og haft mikil áhrif þar. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka samnefndarmönnum fyrir ánægjulegt og skemmtilegt samstarf á þessum vettvangi.

Hins vegar langar mig til að víkja nokkrum orðum að því sem hv. þm. Pétur H. Blöndal, vék að í sinni skýrslu um ÖSE-þingið og einnig í andsvari við ræðu hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur um tvíverknað í starfi alþjóðastofnana. Það er alveg ljóst, eins og fram hefur komið, að þátttaka í alþjóðastarfi er dýr ekki síst fyrir þá sem eiga langt að sækja eins og gildir um okkur Íslendinga. Það er mun styttra fyrir þá sem búsettir eru í Mið-Evrópu að sækja til fundarstaða sem gjarnan eru á tiltölulega þröngum hring í Mið-Evrópu. En við höfum tekið þátt í þessu og það kostar. Þetta er dýrt en það er auðvitað nauðsynlegur kostnaður. Spurningin snýst hins vegar um það með hvaða hætti við nýtum það fé sem til

þessara hluta er varið. Það er alveg ljóst að aðstæður í heiminum hafa breyst allverulega á síðasta áratug. Ekki síst eftir að hinu svonefnda kalda stríði lauk. Á dögum þess var tilveran tiltölulega einföld. Þá var ljóst hverjir voru óvinir hvers og stofnanir og alþjóðastarf tók nokkuð mið af því með svolítið einföldum hætti. Síðan, eftir þá þíðu sem til allrar hamingju hefur skapast í heiminum, hefur staðan breyst allverulega, spennan sem einkenndi kalda stríðið er horfin og alþjóðasamskipti öll eru orðin miklu flóknari, til allrar hamingju ef til vill. En hið sama verður ekki sagt um þær alþjóðastofnanir sem starfandi eru. Það má segja, svo kaldhæðnislega sem það hljómar, að samfélagið og heimurinn hafi breyst hraðar á undanförnum árum en þær alþjóðastofnanir sem samfélag þjóðanna hefur kosið að koma upp. Að því leytinu tek ég mjög undir það, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur nefnt hér í dag og áður, að á þessu þarf að taka. Það þarf að láta þessar stofnanir fylgja því sem er að gerast í samfélaginu, þeim þjóðum sem þeim er ætlað að þjóna. Glöggt dæmi um þá þróun er það sem við köllum ÖSE, Stofnunin um öryggi og samvinnu í Evrópu. Upphaflega var þetta á íslensku nefnt RÖSE, Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu. En ráðstefnuhaldið breyttist síðan í stofnun. Þar með er komið sjálfstætt líf með tilheyrandi föstum starfsmönnum og kostnaði. Eins og þekkt er þá er það tilhneiging stofnana að öðlast sjálfstætt líf. Embættismenn sem hafa starf af því að vinna þar þurfa og reyna að verja tilveru sína og allt lendir þetta um síðir á skattgreiðendum.

Ég nefndi það í upphafi að ég hafi átt því láni að fagna að starfa í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins. Fyrir tæpum tveimur árum fór ég einnig með íslensku sendinefndinni á ÖSE-þing í Ottawa. Það má segja að ÖSE-þingið hafi komið beint í kjölfar Evrópuráðsþingsins. Ég tel að það hafi verið nokkuð dæmigert að á Evrópuráðsþinginu í Strassborg var rætt mjög mikið um ástandið í fyrrum Júgóslavíu, ekki síst í Bosníu. Mér er sérlega minnisstætt átakanlegt neyðaróp þáv. utanríkisráðherra Bosníu og kall um aðstoð. Í kjölfarið, að loknu vikulöngu Evrópuráðsþingi, hófst þing ÖSE. Það kom mér satt að segja á óvart að sjá hversu mörg andlit voru þau sömu og höfðu stritað við að funda í Strassborg og voru nú mætt undir fánum ÖSE til Ottawa. Umræðuefnið var það sama og að stofni til þingmenn hinir sömu. Þetta var í mínum huga mjög glöggt dæmi um þann tvíverknað sem sumar af þessum alþjóðastofnunum eru að sinna og komið hefur fram í ræðum manna fyrr í dag. Ég er sammála þeim röddum sem benda á að störf Evrópuráðsins og ÖSE skarist allverlega og stafar það hugsanlega af því að í kjölfar þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðavettvangi séu sumar af þessum stofnunum í tilvistarvanda og leiti sér í dag að verkefnum. En verkefnin skarast, eins og fram hefur komið, og ég nefni sérstaklega á milli Evrópuráðsins og ÖSE, ekki síst eftir að nýjum þjóðum Evrópu hefur fjölgað innan Evrópuráðsins eftir að Bandaríkjamenn, Kanadamenn og Japanir eru farnir að sækja þing Evrópuráðsins reglulega sem áheyrnarfulltrúar. Ég leyfi mér líka að nefna skörun milli Atlantshafsbandalagsins og Vestur-Evrópusambandsins. Á milli einkum þessara fjögurra stofnana, sem ég nefni hér, þarf að fara fram endurskoðun á hlutverki þeirra til að koma í veg fyrir þann tvíverknað sem áður hefur verið getið um. Það er einmitt þess vegna sem íslenska sendinefndin á þingi Evrópuráðsins lagði fram á þingi þess í síðustu viku þáltill. ásamt sjö öðrum þingmönnum frá öðrum aðildarríkjum þar sem kveðið er á um áskorun til ráðherranefndarinnar um að hafa frumkvæði að því að beita sér fyrir endurskoðun á áherslum og hlutverki þeirra alþjóðastofnana sem um er að ræða til að draga úr tvíverknaði. Það má ljóst vera að aldrei verður að fullu hægt að koma í veg fyrir hann en nauðsynlegt er að draga úr þessum tvíverknaði vegna þess að hann er dýr og kemur niður á skattgreiðendum. Miðað við viðtökur þegar við vorum að kynna þessa tillögu þá fékk hún afskaplega jákvæð viðbrögð og við væntum þess að sú tillaga verði rædd og afgreidd á næsta þingi Evrópuráðsins að þremur mánuðum liðnum.

Ég tek að lokum undir það sem hér hefur verið sagt um gildi alþjóðasamstarfs. Það er mikilvægt fyrir sjálfstæða þjóð, sem er í samkeppni, að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi. Við þurfum líka að hafa í huga að alþjóðasamstarf er ekki hafið yfir gagnrýni. Við þurfum ætíð að horfa á það með gagnrýnum augum ekki síst hvað varðar kostnaðarhliðina. Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða reglulega afstöðu okkar og störf með gagnrýnu en jákvæðu hugarfari.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 13:00]

Umræður utan dagskrár.

Tillögur stjórnar ÁTVR um sölu á áfengi og tóbaki.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Með lögum nr. 95/1995 komu ákvæði inn í lög um verslun með áfengi og tóbak þess efnis að fjmrh. skuli skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn eða eins og segir í 4. gr.:

„Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar [þ.e. stofnunarinnar]."

Það fer ekki hjá því að ýmsar spurningar vakni svo þegar þær fréttir berast að umrædd stjórn ÁTVR hafi allt í einu tekið að sér að móta tillögur um viðamiklar breytingar á áfengisstefnu þjóðarinnar. Það vekur til að mynda spurningar um hlutverk þessarar stjórnar. Þegar ákvæði um hana voru hér til umræðu þá var fyrst og fremst rætt um málið á þeim forsendum að um væri að ræða rekstrarlega stjórn sem ætti að hafa slík verkefni með höndum í umboði ráðherra. Það var ekki á það minnst, svo ég muni, að hlutverk þessarar stjórnar ætti í framtíðinni að vera það að gera byltingarkenndar tillögur um skipulag áfengisverslunar í landinu. En það er nú komið á daginn. Ég tel reyndar að hæstv. ráðherra hafi þegar með útgáfu reglugerðar á grundvelli laganna frá 1995 gengið mjög langt í því að taka upp í verklýsingu fyrir stjórnina orðið „stefnumótun", en um það er fjallað í 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 607 frá 1995 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Nú eru sumar af tillögum þessarar stjórnar að sjálfsögðu allrar athygli verðar, eins og það að bæta þjónustu við landsbyggðina, en annað vekur mikla undrun svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þar vil ég sérstaklega nefna í fyrsta lagi þá tillögu að í framtíðinni verði rekstur útsölustaða boðinn út og að álagning á áfengi í smásölu verði gefin frjáls. Það er að vísu kallað að þar þurfi að vera lágmarksálagning en það er alveg ljóst að það er verið að boða þá framtíð að um

frjálsa álagningu verði að ræða, með öðrum orðum rekstur smásöluverslana með áfengi í hagnaðarskyni fyrir þá sem þann rekstur annast.

Þá er í öðru lagi lagt til að Áfengis- og tóbaksverslunin hætti algerlega verslun með tóbak og þetta tvennt, herra forseti, vekur spurningar um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í forvarnamálum. Það er líka spurning hvort það sé eðlilegt að þessi stjórn vinni eins og lagasetning á Alþingi og skýlaus ákvæði í lögum séu henni óviðkomandi. Ég vek t.d. athygli á því að í 3. gr. laga um verslun með áfengi og tóbak segir að fjmrh. skuli ákveða útsöluverð áfengis og tóbaks og verð í smásöluverslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á hverri vöru fyrir sig skuli vera það sama hvar sem er á landinu. Einmitt þessi lagabreyting var gerð 1995 og lögð var á það áhersla að þetta skyldi standa og halda þó svo að breytingar væru að verða t.d. hvað varðaði innflutning á áfengi. En ekki verður séð að stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins taki hið minnsta mark á stefnumótun löggjafans og skýlausum fyrirmælum í lögum hvað þetta snertir því það má auðvitað ljóst vera að tillögur um að gefa álagningu á áfengi í smásölu frjálsa ganga þvert gegn þessum skýlausu ákvæðum í lögum um að útsöluverð skuli vera hið sama um allt land.

Ég spyr, herra forseti, einnig um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í forvarnamálum. Hvaða hlutverki gegnir stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins í því sambandi? Hvaða stöðu telur hæstv. fjmrh. að þessi tillögugerð hafi í samhengi við verksvið hæstv. heilbr.- og trmrh., forvarnamálefnin og þá áætlun sem í gildi er um að draga úr áfengisnotkun?

Að lokum, herra forseti, hljóta menn að setja þetta mál í samhengi við þá viðleitni sem í gangi hefur verið undanfarin ár, að leggja í áföngum niður Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og innleiða þar frjálshyggju og einkarekstur í ágóðaskyni. Það er athyglisvert að með þessu er verið að ríða á vaðið með breytingar sem svardagar gengu ítrekað um á Alþingi fyrir ekki löngu síðan, bæði í tengslum við breytingar á áfengislöggjöf 1995 og í tengslum við umræður um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að ekki stæði til að gera. En þá var hvoru tveggja fullyrt og svarið að við þyrftum ekki að breyta skipulagi þessara mála (Forseti hringir.) þrátt fyrir gildistöku samningsins um EES. Og í tengslum við breytingarnar 1995 var boðað að smásöludreifingarfyrirkomulagið ætti að verða óbreytt. Hér virðist því vera í gangi, herra forseti, lymskuleg áætlun um að mola þetta fyrirtæki niður skref fyrir skref og breyta þar af leiðandi í grundvallaratriðum stefnu okkar hvað varðar skipulag þessara mála.

[13:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. upphafsmanni þessarar umræðu fyrir að fá tækifæri til að ræða málefni þessa fyrirtækis sem hér verið að ræða í dag.

Í fyrsta lagi ræddi hv. þm. um hlutverk stjórnarinnar og eins og hann sagði sjálfur er ljóst að það ber að skipa fyrirtækinu stjórn. Það er gert í lögum og í lögunum segir jafnframt að ráðherrann skuli í reglugerð fjalla um skipulag stjórnarinnar. (**SJS:** Stofnunarinnar.) Stofnunarinnar og stjórnarinnar.

„Fjármálaráðherra skal skipa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins stjórn og setja með reglugerð nánari ákvæði um skipulag hennar."

Þetta gildir um Áfengis- og tóbaksverslunina og þar með um stjórnina að sjálfsögðu því stjórnin starfar á vettvangi fyrirtækisins. Þetta var gert og í þetta var lögð mikil vinna. Rætt var við forustumenn fyrirtækisins, forstjórann að sjálfsögðu og aðra þá sem hagsmuni hafa af því hvernig reglugerðin lítur út en hún fjallar auðvitað um fjölmörg önnur atriði. (**ÖJ:** Er verið að gefa í skyn að starfsmenn hafi ...?) Mér þætti vænt um að fá frið til þess að flytja mál mitt. (**ÖJ:** Menn verða að fara rétt með jafnvel þótt þeir séu ráðherrar.)

(**Forseti** (RA)**:** Ég bið hv. þm. að gefa ræðumanni hljóð.)

Það er ljóst að gerð er ákveðin starfsskipting milli stjórnarinnar annars vegar og forstjórans hins vegar og ég held að flestum beri saman um að það sé mjög eðlilegt og eins og tíðkast og venja er um í fyrirtækjum. Þetta vil ég að komi skýrt fram.

Hv. þm. ræddi síðan um útboðsstefnu ÁTVR. Ég vil segja frá því að fylgt hefur verið stefnu sem mótuð var fyrir u.þ.b. tíu árum síðan, trúi ég, um að semja við aðila um að reka útsöluverslanir ÁTVR. Það er gert víða um landið. Á næstunni má búast við því að opnaðir verði staðir bæði í Kópavogi og á Patreksfirði og þegar þeir hafa verið opnaðir þá eru það 10 af 26 útsölustöðum sem er þannig farið með. Gerður er sérstakur samningur við þá sem reka þessar verslanir. Skilyrði eru sett í lögunum. Við teljum að það sé skilyrði að opinber starfsmaður sé ábyrgur fyrir rekstrinum. Við vitum og það vita allir að skilyrði eru einnig þess efnis að ekki megi opna útsölustað á stöðum þar sem þúsund menn eða færri búa og það þarf meirihlutasamþykki íbúa á staðnum. Það sem mun ugglaust valda erfiðleikum í framtíðinni er það ákvæði sem hv. þm. vitnaði til í lögunum og ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða hvort vöruverðið þurfi nauðsynlega að vera nákvæmlega það sama, alveg burtséð frá öðrum sjónarmiðum. Mér hefur t.d. fundist koma til greina að setja ákveðin mörk þannig að það sé um lágmark og hámark að ræða til að hægt sé að móta stefnuna betur, opna verslanir og bæta þjónustuna víðar en hægt er ef einungis á að ná fram hámarksarði af fyrirtækinu sem er eitt aðalatriðið og ræður heilmiklu eins og löggjafinn veit.

Það er ekki nokkur vafi á því að löggjafinn ræður heilmiklu um stefnuna í þessum málum. Það er öllum ljóst og er reyndar alltaf tekið fram að stefna stjórnarinnar er stefna sem ráðherrann og stjórnin fjalla um og fara með. Síðan þarf málið að fara fyrir ríkisstjórn. Það gerist í formi frv. og þau frv. fara síðan til Alþingis ef ríkisstjórnin samþykkir þau sem stjórnarfrv. Þetta liggur í hlutarins eðli og hefur ávallt verið tekið fram.

Síðan fjallaði hv. þm. nokkuð um forvarnir. Ég vil láta það koma skýrt fram að fjmrn. á aðild að þeirri vinnu sem fer nú fram á vegum ríkisstjórnarinnar og lýkur fyrir 1. mars, þar sem um er að ræða stefnu ráðuneytanna í forvarnamálum og séð verður til þess að sú stefna sem ríkisstjórnin tekur í málefnum ÁTVR muni ekki stangast á við þá stefnu sem kemur fram í yfirlýstri stefnu ríkisstjórnarinnar frá því í desember um forvarnamál. Frá því verður gengið og út frá því er gengið í þessari stefnumótunarumræðu.

Ég held, virðulegi forseti, og það skiptir mestu máli, að umræða af þessu tagi er nauðsynleg. Það er ljóst að fólk vill breytingar. Það kann vel að vera að sumar tillögurnar orki tvímælis, en Alþingi fær kost á því að ræða þær því flest þau mál sem hér eru til umræðu eru lögbundin og það þarf að leggja frv. fyrir Alþingi til þess að fá fram breytingar. Það má hins vegar ekki verða til þess að umræðan verði ómálefnaleg (Forseti hringir.) og með upphrópunum og með

þeim orðum á ég ekki við það að hv. síðasti ræðumaður hafi fallið í þá gildru.

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég harma að þessi umræða skuli ekki vera lengri en raun ber vitni. Hér hefur fjmrh. komið fram með yfirlýsingar sem þörf er á að ræða nánar. Hæstv. ráðherra er t.d. að gefa í skyn að þær breytingar sem gerðar hafa verið á ÁTVR hafi verið gerðar í samráði og jafnvel með samþykki starfsmanna ÁTVR. Í yfirlýsingu sem fram kom frá trúnaðarmönnum starfsmanna fyrir fáeinum dögum er lýst furðu á þeim vinnubrögðum stjórnar fyrirtækisins að leggja fram órökstuddar og ábyrgðarlausar tillögur um umbyltingu á sölu og dreifingu áfengis og tóbaks á Íslandi. Þetta þyrfti að sjálfsögðu að ræða miklu nánar.

En það sem ég vildi gera að umræðuefni hér er að í fréttum hefur komið fram að upplýst hafi verið um gám með smygluðu brennivíni, 850 kössum eða rúmlega 10.000 flöskum. Áfengisgjald plús virðisaukaskattur nemur um 2 þús. kr. af hverri flösku. Þetta þýðir að varlega áætlað verður ríkissjóður af 20 millj. kr. En þetta er aðeins brot af tapinu því gera má ráð fyrir að mestur hluti þessa smyglaða áfengis sé seldur svart á veitingahúsum án þess að af því sé greiddur skattur eða önnur opinber gjöld.

Ástæða þess — og hér erum við að koma að kjarna málsins — að þetta er hægt er sú að þegar hæstv. fjmrh., fulltrúi hugsjóna Verslunarráðs Íslands í Húsi verslunarinnar, byrjaði að tæta sundur almannafyrirtækið ÁTVR fyrir heildsalana og Verslunarráðið, var eitt af fyrstu skrefunum að afnema merkingar á áfengisflöskum. Þess vegna er ekki nokkur leið að fylgjast með því að smyglað áfengi flæði óhindrað um borð og sali vínveitingahúsa um land allt í skjóli fjmrh. Íslands því það var hann sem beitti sér fyrir því að merkingar yrðu afnumdar. Eða eru menn búnir að gleyma þeirri umræðu sem fram fór á Alþingi fyrir rúmu ári síðan? Þá var bent á þetta aftur og aftur og aftur og ítrekað varað við þessu. En línan var komin frá Verslunarráðinu og Húsi verslunarinnar og henni fylgdi hæstv. ráðherra.

Hér hef ég tekið dæmi af þeim eina gámi sem fjölmiðlar hafa greint frá. (Forseti hringir.) Ég fullyrði að einn smyglgámur hafi fundist til viðbótar og það leikur sterkur grunur á tveimur öðrum. Vita menn hvað almenningur hefur tapað miklu í þessu reikningsdæmi? Það eru ekki bara 80 millj. í áfengisgjaldi og virðisaukaskatti, heldur hverfur álagningin sem ríkið hefði ella af löglegum innflutningi og nemur virðisaukaskatti og tekjuskatti (Forseti hringir.) auk annarra opinberra gjalda — hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu — á sölu í vínveitingahúsunum. Sumir telja að tapið af þessu nemi 250 millj. kr., fjórðungi úr milljarði, en það er helmingurinn af öllu fjármagni sem fer til forvarnastarfs á Íslandi.

[13:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er gott og hollt hverju fyrirtæki að marka stefnu og framtíðarsýn. Hins vegar finnst mér að stjórn ÁTVR hafi gjörsamlega misskilið hlutverk sitt. Hún hagar sér eins og hún sé ekki ábyrg stjórn sem þekkir lög og heilbrigðisstefnu landsins, hagar sér eins og hún sé skemmtinefnd á gleðibar. Ég ætla ekki að hafna öllu sem stjórnin setur fram. Nýrri öld fylgja alltaf breytingar. Stjórnin vill losna við tóbakið af því að tóbakið er hættulegt. Tóbakið er í heildsölu hjá ÁTVR vegna þess að það er mesta heilbrigðisvandamál samtímans. Bann ríkir í sölu- og auglýsingastarfsemi á tóbaki. Nýir aðilar eiga ekki greiðan aðgang inn á markaðinn í dag. Stjórnin boðar slagsmál og kaos í þessu efni. Framsfl. hafnar þessari hugmynd. Stjórnin boðar lækkað verð á bjór og léttvínum en ætlar ekki að hækka verð á sterkum drykkjum. Skýringin er einföld. Það á að selja meira áfengi.

Ferðamenn kvarta undan háu verði en álagning vínveitingahúsa er frjáls, álagning allt upp í 300%. Lækkun í ÁTVR þarf ekki að skila sér í lækkuðu verði til neytenda. Svo ætlar stjórnin að gæla við kúnnann með smökkun og faglegri ráðgjöf svona eins og verið sé að selja jógúrt eða ís í Hagkaup, Bónus eða KÁ á föstudögum. Stjórnin boðar endalok ÁTVR. Það er ekki á dagskrá af hálfu Framsfl.

Ef hæstv. fjmrh. styður þessa stefnu keyrir hann af óbilgirni gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í áfengis- og tóbaksmálum sem kynnt var 3. desember sl. Hæstv. fjmrh. boðar mismunandi verð á þessum efnum í landinu. Ég er andstæðingur þeirrar stefnu.

Hæstv. forseti. Hér verður engin kaosstefna keyrð í gegnum þingið. Framsfl. mun koma að þessu máli stefnufastur og öruggur og ég trúi að hér náist farsæl lausn sem sátt verður um.

[13:49]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á sl. ári var gerð sú breyting á sölu áfengis hér á landi að áfengisverslun var að hluta til færð frá ÁTVR til innflytjenda sem ýmist voru þá heildsalar eða veitingamenn. Margir vöruðu við þessari breytingu á sínum tíma, töldu að þarna slaknaði á nauðsynlegu innra eftirliti en hún var samt samþykkt undir merki markaðsfrelsis eins og fleira. En Adam var ekki lengi í Paradís.

Nú hefur komið á daginn að virðisaukaskattsskil frá veitingastöðum hafa orðið mun minni á síðasta ári en áætlað hafði verið án þess þó að þess hafi orðið vart að þjóðin hafi tiltakanlega þornað upp eða aðsókn að vínveitingastöðum hafi farið minnkandi svo eftir því hafi verið tekið. Í lok árs komst svo upp um stórfellt vodkasmygl. Síðustu fréttir segja að fjórir gámar a.m.k. hafi þannig komið inn í landið og hafði þegar upp komst nánast allt runnið niður í landann einhvern veginn fyrir utan lög og rétt, kannski á vínveitingahúsum sem auðvitað skiluðu þá ekki virðisaukaskatti af þvílíku góssi. Það er full ástæða til að ætla að sú tilslökun sem gerð var á síðasta ári í sölu áfengis hafi ekki leitt til þess velfarnaðar sem boðaður hafði verið. Þvert á móti hafði hið rómaða markaðsfrelsi þarna verið misnotað og þetta hafi einmitt getað gerst vegna þeirrar slökunar á innra eftirliti sem margir höfðu, m.a. á hinu háa Alþingi, varað við.

Hinar nýju tillögur stjórnar ÁTVR um breytingar á stefnu í áfengis- og tóbakssölu þjóðarinnar í þágu markaðsfrelsis vekja upp ný varnaðarorð. Sporin hræða.

[13:51]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég giska á að upphaf þessa máls og þessarar umræðu sé að fyrir nokkru síðan tjáði nýr stjórnarformaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sig um markaðsmál og hvernig ætti að standa að þessu fyrirtæki. Sumir urðu til að hneykslast á þeim ummælum og ég reikna með því að það sé hvatinn að því að hér er málið til umræðu. Þannig lít ég á það.

Mér fannst ákaflega ferskur andblær koma fram hjá hinum nýja stjórnarformanni og þakka mjög fyrir það því að ég

hafði verið einn af þeim sem hvatti fjmrh. mjög til að skipa stjórn fyrir þetta félag eins og félagi minn og upphafsmaður þessa máls, Steingrímur J. Sigfússon, man kannski eftir. Og hann var mjög ósammála því. Sighvatur var nú þarna líka. (**Gripið fram í:** Hann er nú ekki mikill félagi þinn.) Nei, nei, en við erum saman í þessari nefnd samt og getur enginn við því gert.

Ég fagna þessum ummælum vegna þess að mér hefur fundist stjórn þessa félags alveg með endemum. (**GÁ:** Þetta er fyrsta stjórnin.) Stjórnunin á þessu félagi, þ.e. þessari verslun. Mér þótti gott að þetta viðhorf er komið núna fram. M.a. skal ég benda á það sem ég þekki úr mínu kjördæmi. Við erum búin að bíða í tvö ár eftir að útsala væri sett upp á Patreksfirði. Það tók tvö ár að taka ákvörðun um það. (**Gripið fram í:** Það er fjmrh. sem ræður því.) Það tók tvö ár og þarna sjáum við, (Gripið fram í.) kæri þingmaður, hversu vel þetta fyrirtæki vakir yfir verslun sinni. Nú erum við búin að fá nýja stjórn yfir félagið og ég tel einmitt að ummæli formannsins bendi til þess að nú verði menn miklu meira opnir fyrir því að verða við þeim lagalegu skyldum sem þeim ber og hafa ekki orðið við áður, hver sem bar ábyrgð á hinu. Þessi breyting sem orðið hefur mun því örugglega verða til batnaðar. Ég er viss um það og því fagna ég að svo skuli vera komið.

[13:54]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Tilgangur áfengislaganna íslensku er að vinna gegn misnotkun á áfengi og við getum velt því fyrir okkur og það er þarft að við veltum því fyrir okkur, hvort núverandi löggjöf og framkvæmd hennar stuðli að þessu markmiði og þá jafnframt hvort sú stefna ÁTVR sem viðurkennd er, að afla fjár í ríkissjóð með sölu áfengis með sem minnstum kostnaði, samræmist endilega þeirri áfengisstefnu. Það er alltaf dálítið mikill tvískinnungur í allri þessari umræðu.

Menn tala hér um að hættulegt sé að einkaaðilar fái heimild til að græða á áfengissölu. En hvernig er með vínveitingahúsin út um allt land? Hverjir reka þau? Það eru einkaaðilar og það er ekkert óskaplega mikill vandi að fá slíkt leyfi. Í ýmsum smáplássum, alla ströndina, eru tveir og þrír barir sem menn geta valið um. Á stöðum sem nokkur hundruð manns búa á geta menn valið um allt að þrjá bari til að kaupa sér vín. Þar nægir að sveitarstjórnin gefi umsögn og leyfið fæst. Hins vegar, ef það á að opna áfengisverslun á sama stað, þá þarf að fara fram kosning allra kosningabærra manna. Meiri hlutinn þarf að samþykkja. En það þurfa að búa a.m.k. þúsund á staðnum til að slík kosning geti farið fram. Og þó að slík kosning hafi nú farið fram þá er ekki þar með sagt að verslunin verði opnuð, hreint ekki. Hér var áðan talað um tvö ár. En ég er ansi hrædd um að víða hafi menn þurft að bíða lengur. Og vegna þess að menn eru hér líka að tala um það hvernig þessi verslun fer fram þá er ekki einhlítt, eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, að sérstakar ÁTVR-búðir versli með þennan varning, heldur taka aðrar verslanir á viðkomandi stað þá sölu að sér.

Ég held það væri málinu til framdráttar að við ræddum um það eins og það liggur fyrir út frá fyrirliggjandi staðreyndum. Og, herra forseti, ný stjórn ÁTVR nægir ekki til að breyta þeirri stefnu sem er í áfengismálum, ekki einu sinni þeirri stefnu að hægt sé að opna marga (Forseti hringir.) bari á 300 manna stað en að það þurfi þúsund manns til þess að opna áfengisverslun. Það er mál sem snýr að okkur á hv. Alþingi og ef við viljum breyta þeirri stefnu þá þarf að breyta lögum.

[13:56]

Birna Sigurjónsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar til að gera að umtalsefni hugmyndir stjórnar ÁTVR um breytingar á fyrirkomulagi áfengis- og tóbakssölu, þ.e. hvað varðar það að taka upp sölu á bjór og léttvíni í almennum verslunum. Ég tel að því fylgi töluverð áhætta að breyta útsölu áfengis þannig að það megi selja í almennum verslunum. Þar með verður fjölgað mjög útsölustöðum og hætt er við að erfiðara verði að hindra aðgengi þeirra sem ekki hafa aldur til áfengiskaupa þegar það er komið í almennar verslanir. Aðgengi unglinga að áfengi eykst því með slíkum breytingum og er það í engu samræmi við stefnu í forvarnastarfi.

Það er mikil þörf á því að breyta viðhorfi til áfengisneyslu unglinga þannig að almennt verði litið á unglingadrykkju sem þá hneisu og þjóðarskömm sem hún er. En það er enn þá langt í land og alls ekki tímabært að breyta út frá þeirri stefnu að selja áfengi í sérverslunum ÁTVR þar sem auðvelt er að koma við ströngu eftirliti með aldurstakmörkunum. Mér er ljóst að nú þegar eiga unglingar allt of greiðan aðgang að ólöglegum vímuefnum og áfengi, því miður. Það er þó aðeins lítill hópur unglinga sem nýtir sér það. Ég óttast að með því að gera aðgengi að löglegu áfengi auðveldara þá stækki sá hópur unglinga sem finnst allt í lagi að neyta þess þó þeir hafi ekki aldur til samkvæmt lögum.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að fagna þessari nýju stefnu stjórnar ÁTVR og sérstaklega þeirri stefnu stjórnarinnar að ætla að lækka verð á léttum vínum og bjór því að þá vínmenningu sem við búum við er varla að finna nokkurs staðar í veröldinni nema þá helst kannski í Noregi og Svíþjóð sem hafa haft svipaða stefnu uppi og við. Hver þekkir ekki ofdrukkna Íslendinga, blindfulla, þannig að eftir er tekið erlendis? Þetta er sérstakt fyrirbæri. Hver þekkir þetta ekki? (**Gripið fram í:** Af hverju erlendis?) Þetta er svo einstætt, Íslendingar erlendis. Við berum þessa vínmenningu með okkur út. (**Gripið fram í:** Hvar er frelsið?) Þetta er alveg með eindæmum.

Ég vil líka úr því að ég er kominn hér upp vekja athygli á því að nú nýverið leiddi dönsk könnun í ljós að óhollt væri að drekka ekki rauðvín, að það kæmi í veg fyrir sjúkdóma, en sá merki þáttur 60 Minutes skýrði út þessa könnun.

Enn fremur vil ég vekja athygli á því, af því að menn hafa verið að ræða hér um gáma fulla af áfengi sem hafa verið fluttir inn, að ef hér væri einhver vitræn stefna í verði á áfengi, þá kannski væri ekki þessi hvati til þess að smygla inn brennivíni, hann væri ekki til staðar.

Ég vil enn og aftur ítreka að ég fagna þessari nýju stefnu stjórnar ÁTVR. Það er löngu tímabært að Íslendingar fari að skapa sér aðra vínmenningu en þá að hún sé fyrirbæri sem erlendir blaðamenn koma hingað til þess að skoða. Það er löngu tímabært að við förum að haga okkur eins og aðrar menningarþjóðir.

[14:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Mergurinn málsins er þessi: Stjórn ÁTVR hefur tekið sér meira vald en nokkurn gat órað fyrir og hún getur í raun lögum samkvæmt. Það er löggjafans að hækka og lækka skatta og ákvarða skatta. Hins vegar hefur stjórn

ÁTVR, þessi lýðskrumsstjórn ÁTVR, lagt til að áfengisskattar verði lækkaðir. Hvaðan hefur hún umboð til þess? Þetta er eitthvað svipað því og ef ríkisskattstjóri boðaði til blaðamannafundar til að tilkynna um lækkun skatta. Auðvitað vilja flestir að skattar þeirra verði lækkaðir. Það er bara ekki á forræði stjórnar ÁTVR fremur en það er á forræði ríkisskattstjóra að lækka skatta. Það er á forræði Alþingis. Stjórn ÁTVR vill taka sér vald til að lækka skatta og hún hefur tekið sér vald til að kollvarpa áfengisstefnu Íslendinga. Tillögur hennar fela í sér að sú stefna sem ríkisstjórnin samþykkti í áfengis- og fíkniefnavörnum í desember sl. er einskis virði. Eða hefur fjmrh. hæstv. gefið stjórninni umboð til þessa? Tillögur stjórnar ÁTVR fela einnig í sér brot á alþjóðasáttmálum sem við eigum aðild að um að takmarka aðgengi að áfengi.

Nú geta menn kallað mig og aðra sem halda þessum sjónarmiðum á lofti íhaldsmenn í þessu efni og þeir kunna að ákalla frelsið. Í því samhengi spyr ég: Hvers á hassið að gjalda, hæstv. fjmrh.? Hvers á hassið að gjalda? Af hverju á að banna það? Út um allan hinn vestræna heim hafa menn áhyggjur af útbreiðslu áfengis og tóbaks, ekki síst hvernig þessum löglegu fíkniefnum er haldið að ungu fólki. Út um allt er verið að setja hömlur og leita ráða til að hindra aðgengi og neyslu. Víða í Bandaríkjunum t.d., landi markaðsfrelsisins, eru mun fleiri hindranir á sölu og dreifingu og neyslu áfengis og tóbaks en á Íslandi. Spurningin er eiginlega þessi: Hverjir eigi að móta heilbrigðisstefnuna, ríkisstjórn og Alþingi eða Verslunarráðið og fjmrh.? Er fjmrh. tilbúinn að gefa stefnu Verslunarráðsins upp á bátinn og fylgja heilbrigðisstefnu ríkisstjórnarinnar? Þetta er sú spurning sem við þurfum að fá svör við.

[14:03]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég kem hingað í stólinn óundirbúin til þess að bregðast við þeim skoðunum sem hér hafa fram komið. Ég vil fyrst minnast á orð hv. þm. Ögmundar Jónassonar um stefnumótun og vald til stefnumótunar ríkisstofnana. Ég sit í stjórn Ríkisspítalanna og við erum þessa dagana að vinna að stefnumótun fyrir spítalana. Ég skil ekki að neinn munur sé á því að stjórn ÁTVR vinni að stefnumótun ÁTVR fremur en að stjórn Ríkisspítala myndi stefnu fyrir Ríkisspítalana, að sjálfsögðu með samþykki fagráðherra og ríkisstjórnar. (**ÖJ:** Eruð þið að tala um gjaldtöku t.d. á spítulunum?) Við í stjórnarnefnd Ríkisspítala skoðum alla möguleika, hv. þm.

En einnig vil ég fá að tala um þann tvískinnung sem við erum að ræða í þingsölum í dag. Ég veit ekki betur en að í blöðunum hafi fyrir viku verið rætt um ákveðið ball vestur á fjörðum þar sem spurt var um hvort fólk ætti að halda brennivínsball eða ekki brennivínsball, þ.e. að koma með flöskuna með sér eða ekki. Ballið yrði ódýrara ef fólkið kemur með flöskuna með sér, kannski ekki vegna þess að það keypti það í útsölu ÁTVR á Patreksfirði, sem mér skilst að sé ekki einu sinni til, heldur vegna þess að fólkið ætlaði að hafa með sér landa. Hvar er þá verið að ræða um misnotkun á áfengi og að halda uppi almennilegum drykkjusiðum hér á landi? Þarna finnst mér vera um mikinn tvískinnung að ræða.

Ég hef sjálf búið á Norðurlöndunum. Ég bjó í Noregi um tíma. Þar var útsala á bjór sett í ákveðinn bás í verslunum og ég sá ekki betur en að það gengi alveg prýðilega fyrir sig. Og ég sé ekki betur en það gangi prýðilega fyrir sig í Danmörku t.d. að selja bæði bjór og léttvín. Hins vegar held ég (Forseti hringir.) að best sé að breyta drykkjusiðum Íslendinga með því að verðleggja hlutina rétt. Ég vil nefna að fyrir svona 10–15 árum þegar munurinn á sterkjum drykkjum og léttum var miklu meiri en hann er nú, að þá sást ungt fólk í miklu ríkari mæli með létt vín, (Forseti hringir.) ef það var með vín, í stað þess að sitja og þjóra sterka drykki. Þess vegna tel ég að þetta mál sé loðnara og á miklu grárra svæði en þeir sem halda því fram að ekki sé ástæða til að prófa möguleikana á því að opna útsölur í venjulegum verslunum.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnast sumir hv. þm., með fullri virðingu, tala eins og þeim sé ekki ljóst að ofnotkun áfengis og tóbaksreykingar eru alvarlegasta heilbrigðisvandamál heimsins. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur ítrekað á undanförnum árum hvatt ríkisstjórnir í heiminum til þess að taka sér aðhaldssama stefnu Norðurlandanna, einkum Svíþjóðar, Noregs og Íslands, til fyrirmyndar vegna þess að með miklu forvarnastarfi og aðhaldssamri stefnu hefur þessum þjóðum tekist að ná meiri árangri í baráttu við þetta vandamál en nokkrum öðrum þjóðum í heiminum. Þannig tókst t.d Svíum, nánast einum þjóða, á níunda áratugnum að draga úr áfengisnotkun. Og svo tala menn eins og hér séu ekki alvöruhlutir á ferð. Ég hvet t.d. hv. þm. Lúðvík Bergvinsson til að kynna sér með viðtölum við heilbrigðisstéttir við hvað hér er að glíma. og þar á meðal kostnaðinn af þessu vandamáli sem við erum að ræða og fara ekki fram með neinni léttúð.

Ég tel að hæstv. ráðherra túlki ákvæði 4. gr. laganna um verslun með áfengi mjög rúmt. Og ég tel að til viðbótar, þrátt fyrir ákvæði reglugerðar um stefnumótunarhlutverk stjórnarinnar, fari stjórn ÁTVR út fyrir hlutverk sitt þegar hún leggur til hluti sem eru í andstöðu við lög sem Alþingi hefur nýverið sett, t.d. um sama verð á áfengi í smásölu um allt land. Stjórn sem er í slíkum leiðöngrum misskilur hlutverk sitt og samskipti sín við löggjafann.

Það er ósambærilegt að jafna aðstöðu í einstökum fámennum byggðarlögum úti á landi þar sem af hagkvæmnisástæðum er samið um samstarf við verslunaraðila um dreifingu á þessum vörum, við t.d. það sem gerist í Kópavogi. En úrslitaatriðið er auðvitað hvort álagningin verður gefin frjáls því þar með kemur hagnaðarvon rekstraraðilanna inn í spilið. Þeim mun meiri sala, þeim mun meiri gróði. Svo einfalt er það lögmál. Nákvæmlega það sama á í hlut ef tóbakið verður gefið frjálst og fleiri aðilar geta farið að markaðssetja fleiri tegundir inn á markaðinn. Reynslan alls staðar, út um allan heim, sýnir að það sem tengist ofnotkun þessara efna leiðir til aukinnar sölu, fleiri vandamála, meiri kostnaðar og meiri mannlegra hörmunga.

Ég fagna því að lokum, herra forseti, að sem betur fer er ekki samstaða í ríkisstjórninni um þessa stefnu. Talsmaður Framsfl. hafnaði henni alfarið áðan. (Forseti hringir.) Ég fagna því og þakka það. Og það vekur líka vonir um að fyrir þessari háskalegu stefnu sé ekki heldur meiri hluti á Alþingi Íslendinga. Ég hvet hæstv. fjmrh. og sérstaklega stjórn ÁTVR til að hafa þetta í huga.

[14:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tel að ekkert hafi komið fram á þessum fundi hér í dag sem bendir til þess að eitthvað óeðlilegt sé við reglugerð þá sem sett var á grundvelli laga og varðar stjórn ÁTVR. Þar er skýrt og skilmerkilega tekið fram að

henni ber m.a. að marka stefnu fyrirtækisins til framtíðar. Það er beinlínis hlutverk hennar og hlutverk stjórna fyrirtækja almennt.

Í öðru lagi varðandi þetta þá ber að leggja áherslu á að hér er verið að tala um fimm ára stefnu og í sumum tilvikum til lengri tíma. Það er hvergi minnst á það í þessari framtíðarsýn stjórnar ÁTVR að það eigi að opna fyrir sölu áfengis í almennum verslunum. Það er hins vegar ýjað að því að til lengri tíma litið þurfi á grundvelli reynslunnar að meta hvort slíkt skuli gert.

Þá vil ég í þriðja lagi benda á að breytingar á lögum eru auðvitað forsenda þess að hægt sé að fylgja þessari stefnu. Það hefur öllum alltaf verið ljóst og alltaf verið tekið fram.

Næst vil ég segja að það er ekkert sem bendir til þess að og það er alveg út í bláinn að orða það hér, að ætlunin sé að fara gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í áfengis-, fíkniefna- og tóbaksvörnum. Það verður ekki gert. Það verður að sjálfsögðu ekki gert. Og ég vil taka fram að fjmrn. er þessa dagana að setja niður á blað sinn hluta stefnunnar og því verki verður lokið fyrir 1. mars eins og gert var ráð fyrir.

Aðalatriðið í þessum málum er það, virðulegi forseti, að umræður þurfa að vera málefnalegar. Það er ekki gott þegar verið er með upphrópanir eða tvískinningur kemur fram, m.a. í orðum Ögmundar Jónassonar sem blandar hassi inn í þessar umræður, lætur í það skína að tilgangur breyttrar stefnu sé að eitra fyrir börnum og ungmennum. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur úr leik. (Gripið fram í.) Við verðum að ræða þessi mál málefnalega. Hér á þinginu þurfa að takast á sjónarmið. En ég bið hv. þingmenn um að virða það sem stjórn ÁTVR er að segja, virða það á þann veg að hérna er verið að koma fram með tillögur sem ég veit að í mörgum efnum eru tillögur sem þjóðin vill styðja eins og m.a. hefur komið fram í þessum umræðum og í skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið. (**ÖJ:** Til að koma meira brennivíni ofan í þjóðina og tóbaki.)

Evrópuráðsþingið 1996, frh. umr.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 289. mál. — Þskj. 544.

[14:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mjög þessa umræðu sem hér hefur staðið yfir um skýrslu Íslandsdeildar Evrópuþingsins. Ég vil þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir mjög yfirgripsmikla skýrslu og þá ágætu ræðu sem hún flutti áðan. Það er alveg ljóst af þessari skýrslu að íslenska sendinefndin er mjög atkvæðamikil. Það er rétt að það komi fram að það er ekki síst vegna þeirrar forustu sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir hefur veitt nefndinni. Það kemur fram í skýrslunni að hún hefur komið mjög víða að, flutt margar ræður og án efa, eins og ég veit af öðrum vettvangi, haldið mjög fast fram málstað Íslendinga. Það er líka vert að geta þess að hún hefur verið endurkjörin formaður sérstakrar nefndar um almannatengsl og samskipti þingsins við þjóðþingin og það er auðvitað heiður fyrir Íslendinga og viss viðurkenning á framlagi okkar ágætu sendinefndar á þessum vettvangi.

Þó var ýmislegt í ræðu hv. þm. sem var örlítið á skjön við það sem kemur fram í skýrslunni. Til að mynda lagði hv. þm. tvisvar sinnum í sinni skeleggu ræðu áherslu á þá miklu samheldni sem hefði verið með sendimönnum Íslands á þessum vettvangi. Það er auðvitað gott að menn sem aðhyllast ólíkar pólitískar skoðanir geti verið sammála þegar þeir koma fram fyrir hönd Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Því miður er staðreyndin sú að þegar skýrsla hv. þm. er lesin í gegn, kemur fram að a.m.k. í ýmsum veigamiklum málum hefur sendimönnum Íslands á þessum vettvangi tekist að deilast í eins marga parta og fræðilega er mögulegt. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, og tel nauðsynlegt að það komi hér fram, ekki síst vegna þeirrar áherslu sem lögð er af hálfu formanns nefndarinnar á samheldni manna, að í einu eftirminnilegasta málinu sem tekið var fyrir á vettvangi Evrópuráðsins á síðasta þingi bar ekki mikið á þessari samheldni. Það var þegar Rússland var að sækja um að verða fullgildur aðili að Evrópuráðinu. Og það kemur fram í þessari skýrslu að samheldni manna var slík að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir greiddi atkvæði með því að málinu yrði frestað og sat hjá. Hv. þm. Hjálmar Árnason, fulltrúi Framsfl., trúr stefnu hans í þessu máli sem hafði komið fram hjá hæstv. utanrrh., greiddi atkvæði með aðildarumsókninni. En hv. þm. Tómas Ingi Olrich., annar fulltrúi Sjálfstfl., greiddi atkvæði gegn. Með öðrum orðum, einn fulltrúi í þessari samheldnu sendinefnd greiddi atkvæði með, annar greiddi atkvæði gegn og sá þriðji sat hjá.

Ég verð að segja að það er í stíl við þá hugkvæmni og þann vaskleika í máli hv. formanns nefndarinnar að koma síðan hingað og lýsa því yfir að það sem helst var uppi í starfi þessara ágætu manna hafi verið samheldnin. Ég vek einungis eftirtekt á þessu vegna þess að mér sýnist að hér hafi bersýnilega verið átök og það er í sjálfu sér ekkert við því að segja. Menn koma þarna fram og eru á þessum vettvangi, ekki bara sem fulltrúar Íslands, heldur ákveðinna pólitískra stefna. Og ég geri engar sérstakar athugasemdir við þetta. En óneitanlega hefði verið æskilegt að Ísland hefði getað talað þarna einni röddu. Óneitanlega hefði það verið farsælla, ekki síst í ljósi þeirrar miklu samheldni sem hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir telur að hafi einkennt störf nefndarinnar. En ég er alls ekki að finna að þessu og vil ekki, herra forseti, að þetta sé með nokkru móti túlkað þannig að ég sé að draga úr mikilvægi sendinefndar okkar á þessu þingi né vaskrar framgöngu formannsins.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og ég tek eftir því í máli hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur að hún er mér sammála um það, að Evrópuráðið er stöðugt að verða mikilvægari vettvangur. Þar eru sífellt að koma upp mál sem eru ráðin fullkomlega til lykta innan ráðsins. Og það er alveg ljóst að eins og framvinda Evrópusamstarfsins er að þróast, þá mun Evrópuráðið hafa meiru hlutverki að gegna. Ég er þess vegna sammála hv. þm. um að það ber síst að lasta þó að menn taki tíma frá þingstörfum hér, eins og hún gat um í ræðu sinni, til þess að sinna þessu. Og ég er þeirrar skoðunar að fulltrúar okkar hafi þarna í mörgum málaflokkum komið ýmsu góðu til leiðar og ég nefni sérstaklega það atriði sem er rætt nokkuð í skýrslunni og hv. þm. gat nokkuð í framsögu sinni að einum þingmanni okkar, hv. þm. Tómasi Inga Olrich, tókst að því er fram kemur hjá formanninum að eiga þátt í því að felld var tillaga sem hefði getað haft óheillavænleg áhrif á íslenskan sjávarútveg. Þetta er gott mál og ég þakka hv. þm. Tómasi Inga fyrir þetta. Við eigum auðvitað hvar í flokki sem við stöndum að vera þakklát okkar fulltrúum

þegar þeim tekst að setja íslensk lóð á vogarskál okkar eigin hagsmuna. Þetta var mjög jákvætt.

Hér hafa hins vegar spunnist umræður sem eru ekki ósvipaðar umræðum sem komu upp í fyrra og það er um verkaskiptingu milli ÖSE og Evrópuráðsins. Af því tilefni hefur hv. þm. Hjálmar Árnason flutt ásamt fleirum sérstaka tillögu á vettvangi Evrópuráðsins um að kannað verði hvernig væri hægt að samræma verkefni og starf þriggja alþjóðlegra stofnana, Evrópuráðsins, ÖSE og VES. Ég vildi þess vegna, af því að ég á líka sæti á þingmannasamkundu VES og þekki svolítið til þeirra starfa, æskja þess að hv. þm. skýri örlítið fyrir mér með hverjum hætti hann telur að starf Evrópuráðsins skarist við starfsemi þings Vestur-Evrópusambandsins vegna þess að ég er ekki alveg sammála því að svo sé. Mér er ekki fullkomlega ljóst að þar sé um skörun að ræða. En ég veit að hv. þm. leggur ekki fram tillögur að ófyrirsynju þannig að hann hefur án efa hugsað þetta mál til hlítar og ég vildi gjarnan að hann deildi með mér þeim ítarlegu vangaveltum sem ég veit að liggja að baki þessari tillögu hans.

Þeir þingmenn sem hér hafa talað virðast allir hafa talað í þá veru að það sé um skörun að ræða á milli ÖSE og Evrópuráðsins. Ég hjó sérstaklega eftir í máli hv. þm. Péturs H. Blöndals að hann virtist telja að ýmislegt sem Evrópuráðið er að véla um sýsli ÖSE líka með. Ég var ekki viss um hvernig bæri að skilja þessar athugasemdir hv. þm. Var hv. þm., ef hann heyrir mál mitt, að ýja að því að við ættum e.t.v. að draga úr vægi starfs okkar á vettvangi Evrópuráðsins og auka hlut starfsins innan ÖSE? Ég er viss um að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir væri því ósammála. Ég er því ósammála.

Ég vek líka eftirtekt á því að hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir vék kurteislega og af hógværð að því að æskilegt hefði verið að svigrúm íslensku fulltrúanna til starfa innan Evrópuráðsins hefði verið meira. Ég held ég fari ekki með rangt mál og mig misminni ekki þegar ég segi að hv. þm. taldi að það hefði einungis verið mögulegt að sækja um það bil tíunda hluta þeirra funda sem hún og aðrir fulltrúar, sem aðalfulltrúar og formenn undirnefnda, hefðu gjarnan þurft að sækja. Ég spyr þess vegna hv. formann sendinefndarinnar, Láru Margréti Ragnarsdóttur: Er hún þeirrar skoðunar að íslenska sendinefndin sé vanbúin að fjármagni? Telur hún að það þurfi að auka fjárframlög til þessa starfs? Telur hún, að til þess að við getum í auknum mæli axlað þau störf sem nú þegar er að finna á þessum vettvangi og til þess að mæta þeim kröfum sem framtíðarþróun ráðsins virðist ætla að setja á herðar okkar, þá sé nauðsynlegt að fá meira fjármagn? Og þá spyr ég hana líka og hv. þm. Pétur H. Blöndal, ef hann er hér einhvers staðar: Kemur þá ekki til greina að draga úr starfi okkar innan ÖSE? Hv. þm. Pétur H. Blöndal sker aldrei skoðanir sínar við nögl og það er kostur að hann hefur skoðanir á flestu sem er lifandi og dautt undir sólinni og hann er líka óeigingjarn að því leyti til að maður sér hann aldrei reyna að skara eld að eigin köku. Telur þá ekki hv. þm. að það sé allt í lagi og væri jafnvel æskilegt að við einfaldlega drægjum úr okkar starfi innan ÖSE og reyndum að nýta það fjármagn sem þar er að finna til þess að auka starf okkar innan Evrópuráðsins og efla vægi þess? Og ef hv. þm. Hjálmar Árnason kemur hér upp, sem ég er ekkert sérstaklega að óska eftir, en ef hann kemur hér upp til þess að láta ljós sitt skína skært sem jafnan, langaði mig að hann kannski veiti mér þá ánægju að upplýsa mig um skoðanir hans á þessu því að í ræðu sinni áðan talaði hann um að heimurinn væri breyttur og í kjölfar þess væru alþjóðastofnanir og starf þeirra orðið talsvert flóknara heldur en áður. Og það mátti finna í máli hans að hann efaðist um tilgang sumra þessara alþjóðastofnana. Hann sagði að embættismennirnir vildu auðvitað treysta grunn sinna starfa og síðan klykkti hann út með því að segja að auðvitað lenti þetta allt um síðir á herðum okkar skattborgaranna. Er hv. þm. Hjálmar Árnason með þessu að segja að það sé e.t.v. fullmikill munaður að við skulum halda úti fulltrúa innan ÖSE? Því mér sýnist á máli þeirra fulltrúa sem hér hafa talað að það sé e.t.v. sá vettvangur sem hafi minnstu hlutverki að gegna og sér í lagi vegna þess að ég skil mál þeirra sem hér tala og þekkja Evrópuráðið miklu betur en ég að Evrópuráðið er hægt og sígandi að taka yfir sumt af þeim störfum sem hafa verið unnin innan ÖSE.

Þetta er nú það sem ég vildi inna þessa hv. fulltrúa okkar eftir vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að efla starf okkar innan Evrópuráðsins en ég geri mér grein fyrir að það kostar fjármagn og spurningin er: Er hægt að efla þetta starf með því að draga úr starfsemi annars staðar?

[14:24]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo sem mörgum ykkar er kunnugt er ég mikil áhugamanneskja um tónlist og veit þess vegna að þegar útfærð eru ákveðin tónlistarstykki er hugað til þess hvað skilar stykkinu best, hvort það er einsöngur, tvísöngur eða þrísöngur, þ.e. þriggja radda. Þegar rætt var um Rússlandsmálið var augljóst að einsöngur gat ekki gengið upp. Hinn hefðbundni tvísöngur sem Alþingi Íslendinga virðist oft nota var heldur ekki mögulegur vegna sérstöðu Íslands í þessu sambandi. Þess vegna var hin einstaka samstaða íslensku sendinefndarinnar, niðurstaða hennar í algerri samstöðu, sú að þrísöngur eða tríó kæmi best út fyrir Ísland. Ég vil því endilega ítreka að það tríó sem sungið var í Strassborg við inngöngu Rússlands í Evrópuráðið var í fullkomnu samstarfi milli þeirra fulltrúa sem voru þar og ég held að niðurstaðan hafi einnig verið sú að við séum öll sátt við hana.

Í sambandi við fundarsókn og fjárframlög vildi ég segja að það er rétt að ég tel að þrátt fyrir alla þá tækni sem við notum í dag, símatækni, telefaxtækni o.s.frv., þurfum við samt sem áður að hafa aukið ráðrúm til þess að taka beinan þátt í þeirri umræðu sem fram fer á fundum Evrópuráðsins. Ég hef ítrekað goldið þess og okkar félagar að við höfum ekki getað verið til staðar þegar á þurfti að halda.

[14:26]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki eins vel að mér í tónlistarfræðum og hv. þm. en hún hefur lýst því að það var ekki hægt að viðhafa einsöng og ekki tvísöng og þetta endaði með tríói. En hér kom hún áður og hélt því fram að allt annað tónverk hefði verið flutt. Hún lagði áherslu á samheldni sem ekki var til staðar. Ég hefði talið æskilegt að þessi mál hefðu verið rædd hér heima áður en lagt var í þetta ferðalag. Ég hefði t.d. ekki talið óeðlilegt við það að þetta mál hefði verið rætt á vettvangi utanrmn. og þess freistað að reyna að ná samstöðu um það. En það er búið og gert. Eina aðfinnsla mín var sú að þrísöngur var uppi vegna þess að það var ekki eining um einsönginn og þá er ekki hægt að koma hingað og halda því fram að þetta hafi verið gert í fullri sátt og samlyndi vegna þess að allt annað var uppi. Við sem fylgdumst með

þessari umræðu hér heima, fylgdumst með þessu eins og hverri annarri sinfóníu þar sem menn voru sífellt að detta úr takti við aðalhljómsveitina. Og í hverjum einasta fréttatíma var greint frá því hver það var sem síðast fór úr takti. En það er aukaatriði, herra forseti.

Spurningin sem ég beindi til hv. þm. var þessi: Telur hún að Alþingi Íslendinga eigi að auka fjárveitingar sínar til Evrópuráðsnefndarinnar til þess að hún geti sinnt starfi sínu betur og sótt fleiri fundi?

[14:27]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson veit mætavel er pólitíkin þannig gerð að það er ekki hægt að taka ákvörðun og standa við hana í lengri tíma ef annað kemur upp á teninginn. Og þannig stóð á að með mótmælum mínum vildi ég láta í ljós að ég væri ekki allt of hrifin af inngöngu Rússa á þessu tímabili, en þar sem ég hafði fengið samþykktar ýmsar viðbótarathugasemdir við skýrsluna sem hafði verið lögð fram á fundinum taldi ég mér ekki stætt á því að standa gegn inngöngu Rússa. Því fór sem fór, og ég sat hjá.

Í öðru lagi spurði þingmaðurinn hvort ég teldi auknar fjárveitingar vera nauðsyn. Já, ég tel þær vera nauðsyn og ég tel það lífsnauðsyn ef við ætlum að halda stöðu okkar innan Evrópusamvinnunnar að við fáum aukið fjármagn til þess að geta starfað betur að málum okkar sem sýnt hefur að borgi sig.

[14:28]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á efni eða tilgangi með annars ágætri ræðu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þar sem hann eyddi verulegum tíma í að túlka eða mistúlka, sjálfum sér og kannski okkur til skemmtunar, skilning á orðinu samstaða eða samráð. Ég hygg að það hafi komið mjög skýrt fram í máli hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur, formanns Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins að innan þeirrar nefndar er mikið um samráð og samstöðu. Menn koma þar úr bæði stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu og ræða mjög opinskátt og málefnalega og komast að niðurstöðu og virða þá niðurstöðu. Það eru vinnubrögð sem einkennast á Evrópuráðsþinginu. Þar sitja menn sem einstaklingar, ekki sem heilar nefndir þjóða. Mönnum er raðað niður í stafrófsröð af því að áhersla er lögð á að menn eru þar sem einstaklingar, en menn jafnframt vinna mjög skýrt saman og koma úr ólíkum pólitískum hópum. Þetta tel ég skipta miklu máli og þetta tel ég að séu vinnubrögð sem íslenskt Alþingi gæti um margt lært af.

Í annan stað fannst mér hv. þm. efast dálítið eða reyna að mistúlka einhvern veginn þá lýsingu sem ég reyndi að gefa í ræðu minni fyrr í dag um það hvernig stofnanir hafa ekki breyst þó að alþjóðaástand hafi breyst allverulega. Það eina sem ég sagði er að stofnanirnar blíva en samfélagið hefur breyst. Og hvað varðar þá spurningu sem hv. þm. beindi til mín, þá er sú tillaga, sem ég ásamt allri íslensku sendinefndinni og 7 öðrum þingmönnum stöndum að í Evrópuráðsþinginu, einfaldlega hvatning til ráðherranefndar Evrópuráðsins um að hún hafi frumkvæði að því að endurskoða hlutverk og áherslur alþjóðastofnana á borð við Vestur-Evrópusambandið, Evrópuráðið, ÖSE-þingið og jafnvel NATO til þess að koma í veg fyrir tvíverknað, sem þingmenn Evrópu almennt eru sammála um að eigi sér stað að óþörfu.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. ætti erfitt með að skilja það sem ég sagði hérna áðan. Ég verð aftur og aftur var við að hv. þm. á stundum erfitt með að skilja það sem hann segir sjálfur. Ég verð aftur og aftur var við að hann skilur t.d. ekki stefnu Framsfl. í hinum ýmsu málum, og hér er auðvitað vísað í þær mörgu skoðanir sem hv. þm. hefur uppi á ýmsum málum eins og sjávarútvegsmálum. Þau eru nú ekki til umræðu hér. Það eina sem ég gerði, herra forseti, var að fetta fingur út í það að þegar íslenska sendinefndin er búin að klofna í eins marga hluta og fræðilega er mögulegt, þá er ekki hægt að koma hingað og halda því fram að samheldni hafi einkennt störf hennar. Það er alveg klárt að í því máli sem mestu skipti á vettvangi Evrópuráðsins var hún eins og hænsnahjörð. Þannig leit hún út í fjölmiðlum á Íslandi a.m.k. Og það eina sem ég leyfði mér að segja var að e.t.v. hefðu menn átt að reyna að ræða þetta hér til einhverra lykta áður en lagt var í ferðalagið, til að mynda á vettvangi utanrmn. Ég hins vegar tek fyllilega undir það að menn eru þarna sem einstaklingar, fulltrúar flokka. Ég get ekki heimtað að menn fari að hafa einhverjar skoðanir sem þeir eru ekki sammála um, ég get það ekki. En ég varð ekki var við sem fulltrúi í utanrmn. að það bæri nokkurn tímann á góma innan hennar, hvernig við ættum að haga okkur þar.

Í hinn stað gat ég þess að ég væri fulltrúi á þingmannasamkundu Vestur-Evrópuþingsins. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þar fari fram starf sem skarast mjög við aðrar alþjóðastofnanir. Ég taldi þess vegna að það kynni að vera að ég hefði misskilið í einhverju starf og tilgang þeirrar stofnunar. Og það eina sem ég bað um er þetta: Getur hv. þm. Hjálmar Árnason deilt með mér viðhorfum sínum til þess á hvaða vettvangi störfin skarast? Ég ætla honum ekki að vera að leggja fram tillögur sem hann hefur ekki undirbúið og sem hafa ekki grunn til að standa á. Ég ætla honum það ekki — ekki enn þá.

[14:33]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu. Hér hefur hv. þm. Össur Skarphéðinsson lýst því hvernig hann túlkar ræðu mína og geri ég ekki athugasemdir við það.

En ég ítreka það að sú tillaga sem hann gerir að umtalsefni, er hvatning til ráðherranefndarinnar, m.a. vegna þess að ráðherrar hafa betri sýn yfir þær alþjóðastofnanir heldur en þingmenn sem sækja þær eins og hv. þm. hefur upplýst — hann situr í Vestur-Evrópusambandinu. Það eru aðrar alþjóðastofnanir sem hv. þm. hugsanlega þekkir ekki nógu vel til. Við ætlum einmitt ráðherrunum að hafa frumkvæði að þessu vegna heildarsýnarinnar.

Hvað varðar afstöðu íslensku sendinefndarinnar til inngöngu Rússa í Evrópuráðið þá fór fram mjög málefnaleg umræða innan nefndarinnar. Menn virða sjónarmið hver annars. Þetta var ákveðin niðurstaða sem fékkst og ég tel að það geti vart verið vilji hv. þm. að meiri hluti (Forseti hringir.) hafi átt að kúga minni hluta til þess að láta af skoðunum sínum. Enda var ekki um meiri hluta að ræða í nefndinni.

[14:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því að það hefur farið fram málefnaleg umræða um afstöðuna til inngöngu Rússa í Evrópuráðið innan nefndarinnar. Sú umræða sem fór fram hins vegar í fjölmiðlum af hálfu hv. nefndarmanna var ekki málefnaleg. Það vottaði ekki fyrir málefnum þar þegar nefndarmenn voru að tjá sig út og suður í fjölmiðlum á þeim degi sem málið var leitt til lykta innan Evrópuráðsins. Það er aukaatriði í þessari umræðu núna.

En það sem ég kom hér upp til þess að inna hv. þm. eftir var einfaldlega þetta: Hvert er tilefni þeirrar tillögu sem hann er 1. flm. að innan Evrópuráðsins um að kannað sé hvort starfssvið ákveðinna alþjóðastofnana skarist? Ég hef spurt hann um þá alþjóðastofnun sem ég þekki til og ég spyr hann: Hvar er það sem starfsemi Vestur-Evrópusambandsins skarast við aðrar alþjóðastofnanir? Hvert er tilefnið? Og hv. þm. hefur ekki svarað því enn þá. Hann hefur hins vegar vísað til ofurvalds ráðherranna, þeir hafi miklu betra skyn á þessu en hann. En þá allt í einu er ég kominn, og vona að ég sé ekki að hrapa, að þessari niðurstöðu: Hv. þm. er að leggja fram tillögu sem hann hefur ekki hundsvit á um hvað fjallar. Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af því, hv. þm., (Forseti hringir.) þegar hv. þm. tekst ekki að koma hingað og skýra út fyrir okkur hvers vegna verið er að leggja fram þessa tillögu.

[14:36]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt beiðni hv. þm. Össurs Skarphéðinssonar kem ég í andsvar og svara spurningunni hvort draga eigi úr starfi okkar innan ÖSE-þingsins. Í því sambandi vil ég geta þess að þegar ég fór á fyrsta fundinn minn í Ottawa fannst mér oft á tíðum að starfið væri dálítið marklaust. Þá var staðan í Júgóslavíu með versta móti. Fréttir af mannréttindabrotum og ófriði dundu yfir okkur, inn í stofu til okkar, og þetta kannast hv. þm. við. Síðan hefur margt breyst. ÖSE-þingið og ÖSE sjálft hefur fengið mjög veigamikið hlutverk, sem er einmitt að gæta mannréttinda og framkvæmd Dayton-samkomulagsins. Kosningaeftirlit sér ÖSE um mjög víða, sem ég held að sé af hinu góða, t.d. á þessu ári í Tsjetsjeníu í janúar og það sá um framkvæmd kosninga í Bosníu-Hersegóvínu. Mér líður því betur í dag að sækja glæsta fundi ÖSE-þingsins heldur en mér leið í fyrsta skipti vegna þess að mér finnst og ég hef á tilfinningunni að við Íslendingar fáum eitthvað fyrir okkar snúð, sem eru þá meiri mannréttindi í Evrópu. Ég verð því að svara þessari spurningu neitandi. Ég hygg að ÖSE-þingið sé núna loksins farið að starfa og farið að ná árangri. Og ég minni á blaðafréttir bæði í DV í dag og Morgunblaðinu í gær um að þeir eru að ýta á að niðurstöður kosninga í Bosníu-Hersegóvínu nái fram að ganga. Ég held því að það væri tímaskekkja að minnka þetta.

Hins vegar er Evrópuráðið sem við erum að ræða hér með nákvæmlega sama markmið, þ.e. kosningaeftirlit. Og ég hygg að það leiði til aukins kostnaðar, tvíverknaðar og ekki eins mikillar virkni. Þess vegna get ég fallist á þessa tillögu hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að það þurfi að passa að þessi verkefni skarist ekki.

[14:38]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þetta svar. Ég bar fram málefnalega spurningu og fékk málefnalegt svar. Það er meira en a.m.k. sumir aðrir í alþjóðlegum samskiptum hafa verið færir um hér í dag.

[14:38]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka það ágæta starf sem Íslandsdeild Evrópuþingsins hefur unnið og skilað skýrslu um á þskj. 544. Evrópuráðið er afar mikilvægt og þýðing þess hefur ekki síst komið í ljós núna þegar hin nýfrjálsu ríki í Austur- og Mið-Evrópu eru að stíga skref í lýðræðisátt.

En út af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram held ég að sé rétt að geta þess að unnið er að samræmingu þessara mála. Ég vil nefna það að t.d. í gær, þegar utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittust, þá hittust utanríkisráðherrar Danmerkur og Finnlands, en Danir eru í formennsku í ÖSE og Finnar eru í formennsku í Evrópuráðinu. Og núna, þegar Norðurlandaþjóðirnar eru þarna tvær í formennsku í þessum stofnunum, þá er unnið að slíkri samræmingu. Jafnframt er rétt að geta þess að í þeirri stefnuyfirlýsingu sem er nú í undirbúningi af hálfu Norðurlandanna fyrir leiðtogafund Evrópuráðsins í haust þá er gert ráð fyrir þessu.

En ég kom fyrst og fremst upp til þess að leggja á það áherslu að Ísland tekur við formennsku í Evrópuráðinu 1999 og varaformennsku 1998 sem verður til þess að auka mjög starf Íslands í Evrópuráðinu. Það verður þess valdandi að við þurfum að styrkja aðstöðu okkar þar nú strax og þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess.

VES-þingið 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar VES-þingsins, 290. mál. — Þskj. 545.

[14:41]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Sem formaður Íslandsdeildar þings Vestur-Evrópusambandsins vil ég hér með gera grein fyrir ársskýrslu deildarinnar fyrir árið 1996, samanber þskj. 545.

Eins og fram hefur komið í umræðu nú í morgun hafa orðið miklar breytingar á Evrópusamstarfi og breytingar eru enn á fullri ferð vegna þeirra atburða sem hafa gerst á sl. áratug og þeirra nýfrjálsu ríkja, fyrrum kommúnistaríkja, sem hafa óskað eftir meiri og meiri samvinnu við lönd Vestur-Evrópu. Sú umræða sem fram fór hér áðan um hlutverk ÖSE, Evrópuráðs og VES, er kannski einmitt lýsandi fyrir það sem er að gerast í Evrópumálum í dag. Eftir að Austur-Evrópuríki fengu frelsi hefur orðið breyting á grundvallargerð ýmissa þeirra stofnana sem hafa aðallega unnið á vegum Vestur-Evrópu, og síðan með RÖSE, eða ÖSE nú, fyrir Evrópu alla og sömuleiðis í samstarfi við Bandaríkin, Kanada og að mig minnir Japan líka. Þess vegna er nýtt hlutverk stofnananna mjög í endurskoðun á grundvelli þessara aðstæðna. Þetta vildi ég að kæmi fram því ég hafði ekki nægan tíma til þess að svara í andsvari um Evrópuráðið hér áðan.

Allt verklag innan þessara stofnana og skipulag er í stöðugri mótun og mun verða það á næstu árum, bæði hjá ÖSE og Evrópuráðinu sérstaklega, og jafnvel á öðrum vettvangi í sambandi við VES og langar mig til að koma fram með hugleiðingar í því sambandi. Mannréttindamál hafa t.d. á undanförnum árum verið einn grundvallarþátturinn í starfi Eystrasaltsráðsins sem við eigum aðild að og Ole Espersen,

sem áður fyrr var aðalfulltrúi Dana í Evrópuráðinu, hefur verið formaður fyrir. Á vegum ráðsins hefur hann starfað sem sérstakur mannréttindafulltrúi (commissioner for human rights). En vegna aukins vægis mannréttinda innan ÖSE og Evrópuráðsins, sem t.d. hefur orðið með inntöku Rússlands í Evrópuráðið þar sem rætt er um mannréttindamál, hefur komið til tals innan Eystrasaltsráðsins að hlutverk þess sem stofnunar mannréttinda sé í raun og veru fallið um sjálft sig og að endurskoða þurfi markmið þess frá upphafi og yfirleitt hvort það muni halda áfram störfum sem slíkt á þann máta sem það hefur gert áður eða jafnvel enn frekar hvort leggja eigi niður þetta embætti.

Eins og ég sagði áðan er það ekki síst vegna aðildar allra ríkja Eystrasaltsráðsins, sem sagt Norðurlandanna, Lettlands, Eistlands og Litáens að Evrópuráðið og ÖSE hafa verið í þetta mikilli endurskoðun. En þessi dæmi eru eingöngu lítil dæmi um stöðugt endurmat sem á sér stað á grundvelli reynslu en ekki einhverra skyndiákvarðana. Ég vil líka benda á að það er ýmis önnur samvinna, eins og ég hef áður bent á í þingsal, á milli landa sem liggja að ákveðnum svæðum innan Evrópu. Þar er m.a. Mið-Evrópusambandið minnir mig að það heiti og einnig samband landa sem liggja að ákveðnum fjallaskaga innan Evrópu sem mynda með sér samtök. Síðan er það Norðurlandaráð o.s.frv. o.s.frv. Allt þetta er á örri hreyfingu miðað við þá breytingu sem orðið hefur innan Evrópu.

Ég vil gjarnan segja frá því að Vestur-Evrópusambandið hefur eiginlega fengið nýtt hlutverk á sl. árum. Hlutverk þess lá niðri og var jafnvel ekki eins mikilvægt á tímabili vegna sterkrar þátttöku NATO í varnarmálum Austur-Evrópu. Að undanförnu hefur verið rætt mikið um að Evrópa ætti að taka eigin öryggismál í sínar hendur. Vegna þess var VES nánast endurvakið ef svo má segja í sterkari mynd sem varnarbandalag og þá sem Evrópustoð NATO.

Vegna aðildar Íslands að NATO stóð Alþingi lengi til boða að senda áheyrnarfulltrúa á fundi VES-þingsins. Alþingi þekktist boð VES-þingsins árið 1993, en árið áður hafði Ísland fengið aukaaðild að VES sem tók þó ekki formlega gildi fyrr en í mars 1995. Í kjölfar þessa var samþykkt að stofna Íslandsdeild VES-þingsins. Tilnefnd af þingflokkunum til setu í Íslandsdeildinni voru Lára Margrét Ragnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, Össur Skarphéðinsson, Alþýðuflokki, og Siv Friðleifsdóttir, Framsóknarflokki, sem aðalmenn, og Kristján Pálsson og Guðmundur Hallvarðsson, Sjálfstæðisflokki, og Ásta R. Jóhannesdóttir, Þjóðvaka, sem varamenn. Undirrituð, Lára Margrét Ragnarsdóttir, var kjörin formaður og Össur Skarphéðinsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Gústaf Adolf Skúlason alþjóðaritari.

Það eru einnig nokkrar undirnefndir í VES og eru það forsætis-, stjórnar- og stjórnmálanefnd þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir situr sem aðalfulltrúi, varnarmálanefnd þar sem Össur Skarphéðinsson situr sem aðalfulltrúi og nefnd um almannatengsl, tækni- og geimvísinda-, fjármála- og stjórnsýslu- og þingskapanefnd sem Siv Friðleifsdóttir situr sem aðalfulltrúi.

Á síðasta starfsári urðu mikil tímamót í sögu VES á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í júní. Þar var samþykkt svonefnd „CJTF"-áætlun (Combined Joint Task Forces, sem erfitt er að þýða en í grófum dráttum er þetta sameiginlegur verkefnahópur þar sem fleiri eða færri aðildarríkjum VES er gert kleift að takast á hendur verkefni á sviði öryggis- og varnarmála og nýta til þess búnað og herstjórnarkerfi Atlantshafsbandalagsins, á meðan pólitísk og hernaðarleg stjórn sem og ábyrgð væri í höndum VES. Samstaða hefur verið um það meðal aðildarríkja VES að uppbygging sérstaks herstjórnarkerfis fyrir VES væri allt of kostnaðarsöm, enda hafa flest ríkjanna skorið niður framlög til hernaðarmála á undanförnum árum. Sömuleiðis hefur samvinna og þjálfun innan Evrópuríkjanna verið svo til eingöngu innan ramma NATO-samstarfsins. Með þessu samkomulagi milli VES og NATO hefur sjálfstæði Evrópuríkjanna í öryggis- og varnarmálum verið eflt án þess að á nokkurn hátt hafi verið dregið úr hlutverki Atlantshafsbandalagsins sem ég tel vera af hinu góða.

Staða og hlutverk VES hefur hins vegar verið mjög til umræðu á árinu, jafnt á VES-þinginu sem á ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. VES hefur verið skilgreint sem Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins annars vegar en varnarmálaarmur ESB hins vegar. Vilji er á því meðal nokkurra aðildarríkja Evrópusambandsins að VES verði sameinað eða fellt undir ESB. Við slíkar kringumstæður yrði staða aukaaðildarríkjanna þriggja, Íslands, Noregs og Tyrklands, óljós, þar sem viðkomandi ríki eru ekki aðilar að ESB en eru á hinn bóginn aðilar Atlantshafsbandalagsins. Erfitt er að koma auga á hvernig slíkt samband gæti áfram skilgreint sig sem Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins en slík þróun byði jafnframt heim hættunni á að Bandaríkin og Kanada teldu minni ástæðu en ella til að gegna virku hlutverki í öryggismálum Evrópu.

Ekki þarf nema horfa til ástandsins á Balkanskaga undanfarin ár og getu Evrópuríkjanna til að leysa það mál og síðan Dayton-samkomulagsins um frið í Bosníu til að sjá nauðsyn áframhaldandi virkrar þátttöku Norður-Ameríku í öryggismálum Evrópu.

Íslandsdeild VES-þingsins hefur í málflutningi sínum ásamt Bretum og Norðmönnum sérstaklega ítrekað haldið fram mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið, virkrar þátttöku Norður-Ameríku í öryggismálum í Evrópu og nauðsyn þess að VES haldi ákveðnu sjálfstæði gagnvart ESB. Í málflutningi okkar höfum við bent á fyrrnefndar hættur sem samruni VES við ESB getur haft í för með sér gagnvart aukaaðildarríkjunum, þátttöku Norður-Ameríku í öryggismálum Evrópu og þar með sjálfu öryggi álfunnar. Þar með höfum við varað við, í áframhaldandi umræðu í þessa veru, að þetta gæti líka skapað ákveðið vantraust milli samstarfsaðila okkar í Norður-Ameríku. Það hefur þegar borið svolítið á slíku meðal þeirra viðmælenda sem ég hef átt viðtöl við á þingum VES.

Það má benda á vaxandi tengsl VES við hin nýju lýðræðisríki í fyrrum kommúnista-Evrópu og það er rétt að benda á hversu mikilla öryggislegra hagsmuna þessi ríki hafa að gæta við þau tengsl sem skapast hafa og óskir þessara ríkja eru að auka samvinnu enn frekar við VES og jafnvel að verða þátttakendur í VES. Þar með eru þau að sjálfsögðu að banka á dyr NATO eins og mörgum er kunnugt. Þess vegna verður að segjast eins og er að við breytingu á starfsháttum þessara stofnana sem fjalla um öryggi og mannréttindamál í Evrópu eru öryggismál Evrópu í húfi í hvert skipti sem slíkar breytingar verða sem tengjast öryggis- og hagsmunamálum Austur-Evrópulandanna.

Íslandsnefndin hefur verið mjög virk í umræðu um þessi mál eins og ég sagði áðan. Við höfum haldið mjög stíft fram okkar málstað um hlutverk VES innan Evrópu og að VES ætti ekki að verða stofnun undir ESB. Þess ber að geta jafnframt

því sem ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni góð orð í minn garð, að Össuri Skarphéðinssyni var falið, fyrir hönd þeirra aðila sem eru andvígir því að VES falli undir ESB, að vera með framsögu fyrir þeirra hönd sem vel var tekið eftir. Þetta gerði Össur á sérstöku aukaþingi VES-þingsins sem haldið var í febrúar vegna ríkjaráðstefnu ESB og ályktaði þingið þar með þess efnis að efla bæri samstöðu ESB og VES en jafnframt var varað við að nokkru ríki væri veitt aðild að VES sem ekki væri reiðubúið til að taka fullan þátt í varnarsamstarfi undir formerkjum Atlantshafsbandalagsins.

Þá voru ítrekuð fyrrum tilmæli þingsins um að evrópskum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins er stæðu utan ESB yrði boðin full aðild að VES. Í þessu sambandi langar mig til að minnast á ræðu sem Dehaene, forsætisráðherra Belgíu, átti í fyrravor á þingi VES þar sem hann talaði um að hann óskaði eftir eins skjótri sameiningu VES og ESB og unnt væri. Íslendingar svöruðu á móti og spurðu hvort hann sem tilvonandi forseti VES eða hans land hefði ekki hug á að halda þá samþykkt sem VES-þingið hefði gert, þ.e. að VES yrði sjálfstæður stólpi Atlantshafsbandalagsins og ekki undir ESB?

Innan VES-þingsins hefur lengi verið meiri hluti fyrir því sjónarmiði að Íslandi, Noregi og Tyrklandi yrði boðin full aðild að VES og tillögur um samruna ESB og VES hafa ekki hlotið stuðning þingsins eins og ég hef sagt áður. Hins vegar má merkja vaxandi vilja til þessa samruna eins og ég minntist á í sambandi við Dehaene og nokkurra aðildarríkja ESB.

Íslandsdeildin hefur hins vegar einungis haft fjárhagslega burði eins og í öðru alþjóðlegu samstarfi til að sækja sjálfa þingfundina sem haldnir eru tvisvar á ári. Væri Íslandsdeildinni gert kleift að sækja nefndarfundi á milli þingfunda þá mundi það líka eins og annars staðar bæta möguleika hennar á að beita sér gegn þeirri þróun sem hér um ræðir. En skýrslur þingsins og ályktanir eru einmitt unnar og ræddar og meginákvarðanir teknar á þessum fundum. Þannig að Íslendingar eiga ekki auðvelt með að koma áhrifum sínum um þessi mál til skila á lokastigi umræðunnar.

Að lokum vil ég ítreka enn einu sinni í dag hversu mikilvægt það er að Íslendingar taki þátt í þeirri þróun sem er að verða í Evrópu. Ísland var og er, en var sérstaklega hér á árum áður, talið mjög mikilvægt í varnarkerfi Evrópuríkja og að mínu mati er það svo enn. En við verðum að halda uppi okkar merkjum og við þurfum að sýna að við séum viljug til að vera með í virkri þátttöku í umræðum um þá þróun sem er að verða í Evrópu, hvort heldur er á sviði mannréttindamála, varnarmála, efnahagsmála eða annarra mála. Einungis þannig getum við haft áhrif og komið þeim breytingum á sem nauðsynlegt er og við teljum að séu okkur til hagsbóta. Ég vil fullvissa þingheim og almenning um að þegar Íslendingar, sem ávallt hafa farið vel undirbúnir til þessara þinga, hafa hafa lagt máli lið, hafa þeir getað haft veruleg áhrif á þessum fundum. Ekki síst þess vegna tel ég mikilvægt að við höldum því áfram.

Það var rætt hér í dag að þessar stóru stofnanir væru oft ekki í takt við tímann. Ég vil því minnast á að í haust rétt eftir kosningarnar í fyrrum Júgólavíu, þ.e. Serbíu og Svartfjallalandi — en viðbrögð Milosevic við þeim eru eins og almenningi er kunnugt — var fjallað um skýrslu um öryggi í Austur-Evrópu. Í þeirri skýrslu var hvergi komið að því hvernig ástandið var í Serbíu og Svartfjallalandi, hvaða áhrif það gæti haft eða hvaða óróa það gæti breitt út í nágrannalöndum. Íslenska sendinefndin vakti hins vegar athygli á þessu og kom breytingum og ábendingum inn til þingsins sem leiddu til þess að þingsályktun VES til Milocevic var í formi orðsendingr á þá lund að þetta mundi ekki líðast af hálfu Vestur-Evrópusambandsins.

Að lokum vil ég þakka fyrir það samstarf sem ég hef átt innan Vestur-Evrópusambandsins, þingnefndar Íslendinga og þakka fyrir þann stuðning sem nauðsynlegt er fyrir alla formenn sendinefnda að fá frá samverkamönnum sínum. Ég vil einnig þakka fyrir hlý orð í minn garð í dag í sambandi við Evrópuráðið og vonast til þess að Íslendingar muni geta haldið uppi enn virkari tengslum við VES-þingið eins og við höfum gert og viljum auka við Evrópuráðið. Og að lokum vil ég benda á það, af því að hér hefur komið fram að það eru oft þeir sömu sem sækja öll þessi þing og ráð, að að sjálfsögðu er að gert með ásettu ráði. Það er til þess að fá samhengi í þá þætti sem eru eiginlega tvinnaðir saman, þ.e. annars vegar mannréttindi og hins vegar varnarmál. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að við skoðum vel og vandlega hvernig við skipum þessum málum af okkar hálfu í framtíðinni.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2000, 315. mál, þáltill. ÍGP o.fl., þskj. 576.

Verðbólgureikningsskil, 314. mál, þáltill. ÁE og VE, þskj. 575.

[15:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins út af Vestur-Evrópusambandinu koma upp og segja nokkur orð um þá þróun sem þar hefur átt sér stað. Ég tel að mál hafi þar færst í rétta átt miðað við stefnumál okkar Íslendinga. Það eru litlar líkur á því að Vestur-Evrópusambandið glati sjálfstæði sínu sem sjálfstæð stofnun og kom það m.a. mjög skýrt fram í máli framkvæmdastjóra VES, José Cutileiro, þegar hann kom til Íslands í september í opinbera heimsókn í boði ríkisstjórnar Íslands.

Á ríkjaráðstefnunni sem nú stendur yfir virðist VES ekki leika jafnstórt hlutverk og gert var ráð fyrir þó það sé talið líklegt að samskipti Vestur-Evrópusambandsins og Evrópusambandsins verði skilgreind betur að henni lokinni. Eftir að Atlantshafsbandalagið samþykkti sveigjanlega herstjórnarkerfið og Frakkar urðu sáttir við að byggja upp evrópskt varnar- og öryggissamstarf innan Atlantshafsbandalagsins og að Vestur-Evrópusambandið tæki að sér aðgerðir þar sem bandamenn frá Norður-Ameríku verða ekki þátttakendur, þá virðist sem áhugi Evrópusambandsþjóðanna á þeirri stefnu að sameina Vestur-Evrópusambandið Evrópusambandinu hafi dvínað. Þetta er í samræmi við þær áherslur sem við Íslendingar höfum haft í þessu starfi og því ber að fagna því.

Vegna sveigjanlega herstjórnarkerfisins getur Vestur-Evrópusambandið gegnt mikilvægu hlutverki í Evrópu í varnar- og öryggismálum þrátt fyrir þetta í framtíðinni vegna þess að Vestur-Evrópusambandið hefur þá aðgang að því og er gert ráð fyrir að þetta geti einkum átt sér stað í svokölluðum Pétursborgarverkefnum, sem kennd eru við þá borg, og er þá einkum átt við verkefni á sviði friðargæslu og mannúðaraðstoðar.

Um málefni Vestur-Evrópusambandsins hefur verið mikil samstaða í þingmannanefndinni og skoðanir þingmannanna

verið alveg þær sömu og ríkisstjórnar Íslands. Ég tel að sameiginlega hafi Íslendingum tekist að flytja mál sitt þar með miklum árangri og fyrir það ber að þakka og sýnir það hvernig ríkisstjórnir á hverjum tíma og þingmenn geta sameiginlega unnið málstað Íslands mikið gagn á erlendum vettvangi.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 287. mál. — Þskj. 542.

[15:06]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég hyggst kynna skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA fyrir árið 1996. Þingmannanefnd EFTA var stofnuð á árinu 1977 og hafði það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráð EFTA. Nefndin hefur starfað ötullega allan þennan tíma en það var fyrst á árinu 1991 sem þátttaka í henni af hálfu Íslands var sett í gang af fullum krafti. Á þeim tíma stóðu samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði yfir og þótti ástæða til þess að fulltrúar Alþingis tækju þá þátt í starfinu af fullum krafti.

Í þingmannanefnd EFTA sitja þingmenn þjóðþinganna frá Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss, en þetta eru þau lönd sem eftir standa í EFTA eftir að Svíþjóð, Finnland og Austurríki yfirgáfu klúbbinn og gengu til liðs við Evrópusambandið. Þingmannanefnd EFTA heldur fundi nokkrum sinnum á ári þar sem fjallað er um þau verkefni sem enn þá eru á verksviði EFTA. Enn fremur er á vegum þingmannanefndar EFTA mikið fjallað um samskipti EFTA við önnur ríki en Evrópusambandsþjóðirnar og fyrst og fremst þau ríki sem EFTA er að gera fríverslunarsamninga við, svo sem eins og í Mið- og Austur-Evrópu, Ísrael, Tyrkland og jafnvel núna Marókkó og eyríkin í Miðjarðarhafinu.

Þá hefur það komið í hlutverk þingmannanefndar EFTA að manna EFTA-hlutann í þingmannanefnd EES, en þingmannanefnd EES samanstendur af 24 þingmönnum, 12 frá Evrópuþinginu og öðrum 12 frá eftirstandandi EES-aðildarríkjum EFTA. EFTA-hlutann af þessari nefnd skipa sex norskir þingmenn, tveir frá Liechtenstein og fjórir íslenskir.

EES-nefndin hittist að jafnaði tvisvar á ári en framkvæmdastjórn hennar hittist á milli funda og skipuleggur starf nefndarinnar. Í þingmannanefnd EES skiptast EFTA-þingmannahlutinn og Evrópuþingsþingmannahlutinn á um formennsku og á árinu 1997 kemur formennska í nefndinni í hlut Íslands. Svisslendingar taka ekki formlega þátt í störfum þingmannanefndar EES en eru hins vegar með áheyrnaraðild að henni.

Í Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA áttu sæti á árinu 1996 sá sem hér talar og gegndi þar formennsku, og auk þess hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, Árni M. Mathiesen, Sighvatur Björgvinsson og Hjörleifur Guttormsson. Áheyrnaraðild áttu hv. þm. Ágúst Einarsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Hæstv. forseti. Ef við lítum aðeins yfir starfsemi þingmannanefndar EFTA og þingmannanefndar EES á síðasta ári, þá lagði EES-nefndin megináherslu á að fylgjast með framvindu EES-samningsins en í þingmannanefnd EES gefst mjög gott tækifæri til að fylgja eftir ýmsum málum sem varða þróun samningsins. Nefndin starfar þannig að hún tekur fyrir ákveðin mál í einu sem tengjast samningnum og hefur frumkvæði að því að semja skýrslur um þau mál sem eru svo ræddar og helst endar sú umfjöllun með ákveðnum tillögum um þróun samningsins. Þessar tillögur fara síðan til ráðherraráðsins og fá þar umfjöllun. Síðan reynir þingmannanefnd EES að fylgja þessum tillögum eftir þegar fundir eru haldnir með ráðherrunum.

Ég vil geta þess að á síðasta ári voru fimm slíkar skýrslur kynntar á fundi nefndarinnar. Ein fjallaði um framkvæmd EES-samningsins árið 1995, sem er árlegt viðfangsefni, en síðan voru sérstakar skýrslur gerðar um fjarskiptaþjónustu, samkeppnisstefnu, samræmingu upprunareglna og fjórfrelsið. Nefndirnar fylgdust á árinu grannt með framvindu ríkjaráðstefnu EES og framvindu mála í viðræðum um fríverslunarsamninga við lönd utan Evrópusambandsins. Þá voru farnar ferðir á vegum nefndarinnar til Kýpur og Möltu í því skyni.

Það má segja að fulltrúar Íslandsdeildarinnar hafi verið mjög virkir í starfi þessara þingmannanefnda og Íslandsdeildin átti m.a tvo framsögumenn af fimm sem EFTA-hluti þingmannanefndar EES hafði á að skipa í tilefni af þeim skýrslum sem nefndin tók fyrir.

Þá vil ég, hæstv. forseti, sérstaklega minnast á það í lokin að Íslandsdeildin átti fundi með fulltrúum þjóðþinga þeirra ríkja sem voru næst í röðinni að taka við forsæti innan Evrópusambandsins, en ESB-ríkin skiptast á um formennsku þar til hálfs árs í senn. Þannig fundaði nefndin með Evrópu- og utanríkismálanefnd írska þingsins í Dublin í febrúar og með Evrópunefnd hollenska þingsins í Haag í október. Megintilgangur þessara funda hefur verið að kynna stöðu Íslands innan EFTA og innan EES, sérstaklega með það í huga að hvetja þingmenn þessara þjóðþinga til þess að stuðla að því að gildi EES-samningins rýrni ekki við þær breytingar sem væntanlegar eru á Evrópusambandinu í kjölfar ríkjaráðstefnunnar og stækkunar Evrópusambandsins.

Í skýrslunni er síðan gerð grein fyrir einum 14 viðburðum sem áttu sér stað á vegum nefndarinnar á síðasta ári en ég tel ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að rekja þá sérstaklega en er að sjálfsögðu fús til þess að svara spurningum ef einhverjum verður til mín beint.

[15:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í skýrslu Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur mælt fyrir, þá hefur verið allmikið starf á vegum þessarar alþjóðanefndar. Ætla ég svo sem ekki miklu að bæta við það sem hér hefur komið fram, en vildi þó nefna nokkur atriði, bæði til umhugsunar og upplýsingar.

Hér eru rakin í aðalatriðum störf nefndarinnar þannig að það sem ég segi varðar meira atriði sem tengjast þessu starfi. Ég tel að þær heimsóknir sem þingmannanefndin hefur farið í til þjóðþinga annarra landa hafi verið mjög þarft nýmæli og í rauninni vel heppnað og skynsamlega ráðið. Formaður nefndarinnar átti frumkvæði að þeim heimsóknum báðum að ég tel og þær geta skipt máli fyrir samskipti okkar við Evrópusambandið sem auðvitað var markmiðið með því að heyra í þeim þingnefndum frá ríkjum sem voru í forustu eða ætluðu að taka forustu í Evrópusambandinu á grundvelli þeirrar hálfsárslegu skiptingar sem þar fer fram á forsæti í ráðherraráði ESB.

Heimsóknin til Írlands tengdist má segja, óbeint þó, miklum samskiptum af Íslands hálfu við Írland á þessu tímabili. Sumar þeirra heimsókna, eins og heimsókn hæstv. utanrrh. nokkru seinna en EFTA-nefndin fór til Írlands held ég, var af svipuðu tilefni geri ég ráð fyrir, að hafa samskipti við stjórnvöld í því landi sem hafði forustu í Evrópusambandinu. En við þetta bættist síðan, ég held ég muni rétt, heimsóknir þjóðhöfðingja landanna, gagnkvæmar heimsóknir af hálfu Íslands og Írlands. Þannig var um heilmikil tengsl að ræða einmitt við Írland á sl. ári. Ég held að það sé mjög af hinu góða að við ræktum samskipti við Írland alveg burt séð frá því hvar þeir eru staddir í því sem kalla mætti „híerarkí" eða forustu innan Evrópusambandsins, tímabundið eins og þarna var um að ræða.

Írar hafa nokkra sérstöðu. Afstaða þeirra eða aðstaða gagnvart Evrópusambandinu helgast að nokkru leyti af tengslum þeirra og nálægð við Bretlandseyjar eða England og veldur því að þeir hafa nokkra sérstöðu að ýmsu leyti, líka á sviði utanríkismála, en það er ýmislegt sem af þeim má læra eins og öðrum þjóðum og þetta var sem sagt gagnleg heimsókn.

Sama má segja um heimsóknina til hollenska þingsins þar sem rætt var við Evrópunefnd þess og þá m.a. um málefni sem var á dagskrá og er áfram á dagskrá, hefur borið við á þessum degi í tengslum við umræður um alþjóðaskýrslu, þ.e. Schengen-samstarfið. En hollenska þingið var þá einmitt með í athugun þann samstarfssamning sem stóð til að gera við Ísland og Noreg og hafði ýmsar spurningar í því sambandi sem við reyndum að veita upplýsingar um sem þarna vorum. Við sögðum auðvitað frá þeim deildu meiningum sem eru um þetta samstarf einnig hér innan okkar þjóðþings og þetta voru gagnleg samtöl sem þarna fóru fram.

Síðan vildi ég nefna úr starfi nefndarinnar á liðnu ári ráðstefnu eða seminar sem var haldið í byrjun september um Evrópusambandið, ríkjaráðstefnuna og ýmislegt sem að því laut og einnig var Eftirlitsstofnun EFTA hluti af því seminari. Það var vettvangur þar sem hugmyndin af hálfu þeirra sem skipulögðu þennan fræðslufund var að fá þangað þingmenn sem vildu setja sig inn í þessi mál sérstaklega, ekki sérstaklega þingmenn úr sendinefndum EFTA eða EFTA-nefndum þjóðþinganna heldur að fara miklu víðar. Og þannig var háttað þátttöku Norðmanna á þessum fræðslufundi sem stóð í tvo daga að það komu svo að dæmi sé tekið allmargir fulltrúar sem voru ekki úr EFTA-nefndum norska þingsins heldur þar fyrir utan og ég má segja að svipað hafi verið uppi hjá Svisslendingum sem voru þátttakendur að sjálfsögðu líka. Ég tel ekki til fyrirmyndar hvernig að þessu var staðið af okkar hálfu þó að eðlilegt sé að við sem erum í þessari alþjóðanefnd leggjum okkur eftir vettvangi sem þessum. Ástæðan var ekki, held ég, áhugaleysi innan þingsins heldur hvernig á þessu var haldið af forustu þingsins og beini ég nú orðum mínum til hæstv. forseta. Þátttakan var í rauninni takmörkuð við EFTA-nefndina samkvæmt fyrirmælum, ég held af einhverjum sparnaðarráðstöfunum af hálfu forustu þingsins, í staðinn fyrir að auglýsa það hér að þeir, sem vildu setja sig inn í þessi málefni, sem geta virst nokkuð flókin ef menn ekki leggja sig eftir þeim sérstaklega, þeir gætu tekið þátt í þessum fræðslufundi. Mér finnst oft á tíðum að menn séu óþarflega samhaldssamir á sumum sviðum, það er kannski nokkuð rúmt um á öðrum sviðum, þannig að það þyrfti að leggja meiri alúð í að velja og hafna í sambandi við alþjóðasamskipti okkar af hálfu Alþingis. Ég býst við að víða megi finna dæmi um þetta. Og hvernig í ósköpunum á það að vera að þingmenn á Alþingi fá ekki aðstöðu til þess að taka þátt í vel skipulögðum upplýsingafundi um þetta samhengi og samstarf EFTA og Evrópusambandsins, uppbyggingu Evrópusambandsins, framtíðarhorfur þeirra sem eru kvaddir til, eins og menn sjá það, að reifa þau mál? Svo eiga þeir uppi á Íslandi að taka afstöðu á þessum vettvangi Alþingis, afstöðu til mála sem varða þjóðarhag og oft mjög mikla hagsmuni af Íslands hálfu, og fá ekki ráðrúm til þess að leggja sig eftir vitneskju um þessi efni í þessu formi. Og ég fullyrði, þó að ég hafi ekki verið sammála ýmsu sem fram kom af hálfu þeirra sem voru til kvaddir að flytja erindi, hvorki um framtíðarhorfur né æskilega þróun í þessum efnum, að ég hafði mikið gagn af þessum fræðslufundi sem efnt var til. Ég nefni þetta sérstaklega til ábendingar fyrir forustu þingsins og bið hæstv. forseta um að flytja þetta til forsætisnefndar, að þetta verði tekið til endurmats. Þátttaka einmitt í ráðstefnum af þessu tagi getur orðið til verulegrar leiðbeiningar fyrir þingmenn og ætti að vera skylduverk a.m.k. þeirra sem eru í einhverjum tengslum og trúnaðarstörfum hjá þingflokkunum að reyna að leggja sig eftir því og sækja slíkt. Við þurfum á því að halda að menn séu vel inni í þessum málum.

Það er nú svo með EFTA-sendinefndina að hún starfar í ýmsu samhengi. Þetta er býsna flókið og það þarf heila sérfræði til og ekki von til þess að margir utan þátttakenda í nefndinni kunni skil á því flókna samhengi sem þessi hópur starfar innan. Þar á ég við það að sumir eru þátttakendur í þingmannasamstarfinu við EES. Svisslendingar eru þar utan við. Þetta veldur því að í rauninni eru tveir hópar á ferðinni sem þurfa að fara inn og út ef svo má segja með mismunandi réttindum. Sama gildir um forustu innan sendinefndanna sjálfra. Þar er líka um að ræða framkvæmdastjórn sem fer eftir ákveðnum reglum og ég átti sæti í á síðasta þingi en þar hefur nú verið breytt um eftir þeirri hefð sem hefur ríkt um þátttöku í því. Ekki meira um það.

Þegar maður fer yfir þessar alþjóðaskýrslur og þar á meðal skýrslu þessarar sendinefndar kemst maður ekki hjá því að hrökkva við þessar skammstafanir, þennan sæg skammstafana sem tengjast alþjóðasamstarfi. Ég held að það sé umhugsunarefni ásamt mörgu öðru hvernig þetta er matreitt fyrir almenning í landinu. Ég er alveg sannfærður um að þessar skammstafnir eru stórfelld hindrun í vegi þess að almenningur átti sig á hvað er hvað. Hvað er um að ræða? Það er heil fræðigrein að setja sig inn í þessi ósköp, hvað þetta heitir allt saman sem við höfum hér fyrir okkur. Síðast voru menn að ræða VES-skýrsluna og það væri fróðlegt ef gerð væri könnun á því hve margir Íslendingar leystu þá gátu hvað er VES. Menn eru farnir að átta sig nokkurn veginn á hvað EES er, geri ég ráð fyrir. En þau eru mörg samtökin sem eru notaðar skammstafanir um í fréttaflutningi og í frásögnum. Ég held að þetta sé sparnaður á orðum og í riti og það sé mjög hæpið að ástunda að kalla hlutina þessu, a.m.k. þá sem ekki eru dags daglega uppi á borði manna. NATO geri ég ráð fyrir að sé orðið nokkuð ljóst fyrir Íslendinga hvað er. Það er búið að vera lengi á sviðinu, allt of lengi, og menn kunna skil á því, en margt af þessu sem annars ber hér við er ekki til þess fallið.

Síðan vil ég nefna, virðulegur forseti, og er ég þá bara að stikla á nokkrum atriðum sem tengjast starfi þingmannanefndarinnar hjá EFTA sem hóf samstarf við ráðherravettvanginn og hittir ráðherrana tvisvar á ári, ráðherra EFTA og fulltrúa frá Evrópusambandinu, en ekki hefur alltaf tekist

til sem skyldi varðandi þátttöku þeirra ráðherra og ég vil nefna það hér, ekki ráðherrunum til hnjóðs sérstaklega, en það var efnt til fundar suður í Genf þann 16. desember sl., í miðju jólaannríki þjóðþinganna, til þess að hitta ráðherra EFTA. — Og hvar er hæstv. utanrrh., virðulegur forseti? Það er kannski gott að hann heyri þegar ég er að nefna þá sem við áttum samræður við suður í Genf 16. desember. Það var sérstaklega valin dagsetning af hálfu ráðherra EFTA-ríkjanna. Og þegar við brjótumst þarna í svartasta skammdeginu, formaður nefndarinnar fór fyrir þessu fríða föruneyti, að vísu afar einlitu hvað kynferði snertir og er það einn meginljóður á þessari sendinefnd að sjálfsögðu að þar er mikið karlasafn og einlitt, en formaður nefndarinnar fór fyrir og menn komust á vettvang þarna suður í Ölpum, en þá brá svo við að viðmælendurnir sátu bara heima af gildum ástæðum vafalaust. Ég hef heyrt að íslenski utanrrh. hæstv. hafi verið settur í farbann af skiljanlegum ástæðum, afmæli í flokknum. Það stóð verr á hjá þeim norska. Hann sat heima vegna mikillar stjórnarkreppu í Noregi sem stendur enn má segja þar sem norska ríkisstjórnin er að týna ráðherrunum *fyrir borð einum af öðrum og það var einmitt* að gerast um þetta leyti. Sá eini sem hélt uppi merkinu var utanríkisráðherrann frá Liechtenstein sem kom á vettvang, kona þaðan sem fékk alveg sérstaka einkunn frá formanni íslensku sendinefndarinnar sem eftir var tekið. Þetta urðu sem sagt samtöl og *þarna mættu fulltrúar ráðherranna vissulega og reyndu* að leysa úr spurningum okkar.

Eitt af því sem við ræddum eins og oft á þessum vettvangi var Schengen. Og Schengen-málið hefur komið mikið fyrir á þessum vettvangi, ekki fyrir mína tilstuðlan sérstaklega eða eingöngu, langt frá því. Það hefur verið *áhugamál margra* að skyggnast um varðandi þennan flókna samning sem þarna var gerður þrem dögum eftir þennan ráðherrafund og signeraður af dómsmálaráðherrum landanna 19. desember sl. Þar liggur mikið efni fyrir til þýðingar og síðan aflestrar, upp á 700–1.000 síður, sem verið er að brjótast í gegnum áður en það verður lagt fyrir Alþingi Íslendinga, eftir því sem við heyrum, haustið 1997. Þá geta nú verið komnir breyttir tímar.

Ég vil þakka samstarfið innan nefndarinnar, þakka formanni fyrir ötula og vökula forustu í málefnum hennar og tel að gagn sé að því samstarfi sem þarna fer fram og að menn sinni því eins og öðrum þáttum í utanríkissamskiptum okkar.

[15:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þingmannanefnd EFTA fyrir gott starf og ágætt samstarf en samstarf ráðherranefndanna er allmikið. Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, var mjög bagalegt, og ég skil það mjög vel, að hvorki íslenski né norski utanríkisráðherrann var viðstaddur síðasta fund. En ég hafði nú skilið það svo að svissneski ráðherrann hafi verið þar, en hann gegnir núna jafnframt forsetaembætti í Sviss.

Það er nú svo að fundartíminn 16. desember hentar Íslendingum almennt ekki. Ég var ekki hvatamaður að þeirri dagsetningu og dró úr þeirri dagsetningu eins og ég mest mátti vegna þess að ég vissi af gamalli reynslu að einmitt á þeim tíma er fjárlagavinnan hér í hámarki og verið að reyna að ljúka fundum fyrir jól og mjög bagalegt fyrir þingmenn og ráðherra að komast frá á þeim tíma. Hins vegar er það óheppilegt þegar ekki tekst að finna annan tíma og eftir því sem ég best veit var það ekki síst vegna þess að svissneski ráðherrann var með mjög erfiða dagskrá og kom því ekki við að gera þetta fyrr í desember. En síðan eru ýmsir aðrir fundir í byrjun desember eins og NATO-fundir og Vestur-Evrópusambandið og ýmsir fleiri fundir sem rekast gjarnan á. Í sannleika sagt er alþjóðlegt samstarf orðið svo mikið að vöxtum að erfitt er að fylgjast með í því öllu og þar verða menn að velja og hafna, ekki síst við Íslendingar.

Ég tel að skýrt hafi komið fram að undanförnu að gildi EFTA er mikið. Gildi samtakanna er mikið í samstarfi þeirra þjóða sem þarna standa að málum. Gildi samtakanna er mjög mikið í sambandi við samstarf þeirra þjóða við Evrópusambandið og gildi EFTA er jafnframt mikilvægt í samstarfi þeirra þjóða, þ.e. EFTA-þjóðanna við aðrar þjóðir sem standa utan Evrópusambandsins. Við höfum verið að gera fríverslunarsamninga við margar þjóðir og stöðugt er unnið að þeim málum. Við höfum unnið að því að auka samskipti okkar við aðrar heimsálfur, t.d. Asíu. Ég vænti þess að árangur verði af því starfi. Við getum jafnframt notað EFTA í margvíslegum sameiginlegum tilgangi. Til dæmis hefur verið ákveðið að innan EFTA fari fram athugun á því hvaða áhrif hin sameiginlega mynt hefur á samstarf Evrópusambandsþjóðanna og EFTA-ríkjanna og það er mikilvægt að nýta þessi samtök í þessum tilgangi. Ég tel að EFTA skipti mjög miklu máli í samskiptum okkar við Evrópusambandið. Við erum alltaf að reyna að þróa þau samskipti og gera þau betri bæði hin pólitísku samskipti og þá pólitísku umræðu sem á sér stað milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins, sem hefur ekki verið nægilega mikil að vöxtum, en sem betur fer hefur það farið heldur batnandi þó að þar þurfi að gera betur. En *jafnframt skiptir EFTA mjög miklu máli í sambandi* við þau áhrif sem við höfum á allar þær gerðir sem eiga sér stað innan Evrópusambandsins. Þar hefðum við viljað hafa meiri áhrif og sem betur fer hefur það færst til betri vegar en að mínu mati á enn eftir að þróa þetta samstarf svo fullnægjandi geti talist, sérstaklega fyrir okkur sem erum í EFTA.

Herra forseti. Ég vil að endingu endurtaka þakklæti fyrir ágætt samstarf og mjög gott starf þessarar þingmannanefndar, eins og reyndar allra annarra þingmannanefnda sem eru í alþjóðlegu starfi. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta starf er oft framkvæmt við erfið skilyrði. *Þingmennirnir hafa* tiltölulega litla hjálp í þessu starfi miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum og því reynir mikið á þá í slíku starfi og flestir gera sér ekki grein fyrir því við hvað menn búa í þeim efnum. Úr þessu er reynt að bæta með góðu samstarfi við ráðuneytin og ríkisstjórn á *hverjum tíma þannig* að þegar allt er saman lagt hafa þingmannanefndir í alþjóðlegum samskiptum skilað afar góðum árangri og Íslendingar getað gert ótrúlega mikið miðað við þær aðstæður sem þeir búa við. Ef við líkjum t.d. okkar aðstæðum saman við það sem Norðmenn búa við þá er það svo mikill munur að ég held að flestir mundu vart trúa því. Þess vegna er þetta starf sem þarna er framkvæmt ekkert skemmtistarf. Það eru sumir sem halda að þetta séu fyrst og fremst einhverjar skemmtiferðir af hálfu þingmanna. Þetta eru oftast nær erfiðar vinnuferðir þar sem reynir mikið á menn og menn búa við langan vinnudag.

Alþjóðaþingmannasambandið 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 292. mál. — Þskj. 547.

[15:36]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil í örstuttu máli fylgja úr hlaði skýrslu á þskj. 547 um starfsemi Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins á síðasta ári. Venju samkvæmt sóttu Íslandsdeildarmenn tvö þing sambandsins. Hið fyrra í Istanbúl í Tyrklandi í aprílmánuði en hið síðara í Peking í Kína í september. Mun ég á eftir koma í örstuttu máli nánar að þessum þingum báðum, en ég vil láta þess getið að Íslandsdeildarmenn þáðu einnig boð um að koma í heimsókn til breska þingsins í janúarmánuði 1996 og áttu þar mjög eftirminnilega för, gagnlegar viðræður við kollega og fróðleg kynni af starfsemi breska þingsins. Ég vil geta þess að til endurgjalds þessari heimsókn er von bráðar von á sex breskum þingmönnum í heimsókn hingað til Alþingis. Þeir munu koma hingað í næsta mánuði og munum við reyna að endurgjalda þá gestrisni sem okkur var sýnd í Lundúnum á síðasta ári þegar þeir koma hingað.

Að því er varðar störf þeirra tveggja þinga sem haldin voru á síðasta ári á vettvangi þingmannasambandsins vildi ég víkja sérstaklega að þinginu í Istanbúl þar sem samþykktar voru að venju ítarlegar ályktanir um þrjú málefni að loknum umræðum og nefndarstarfi. Ég vil vekja sérstaka athygli á ályktun um vernd og nýtingu fiskstofna sem samþykkt var samhljóða þegar upp var staðið í þinglok að loknu ítarlegu nefndarstarfi og umræðum þar sem margvísleg sjónarmið komu fram. En það sem er athyglisvert við þessa tillögu er það að á endanum var það uppkast, sem íslenska sendinefndin lagði fram, notað sem grundvallarskjal í þessari ályktun þó svo að fjölmörg önnur lönd, 19 ríki, hefðu lagt fram drög að ályktunum og gert sér vonir um að þær yrðu notaðar sem grundvallarskjal í þessu efni.

Einnig var lögð fram af Íslands hálfu sérstök greinargerð um þetta mál til fyllingar þeim drögum að ályktun sem fyrir lágu. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenska sendinefndin leggur fram svo ítarleg gögn um dagskrármál, en eins og fram hefur komið áður hér á Alþingi er eingöngu ályktað um þrjú málefni á vettvangi Alþjóðaþingmannasambandsins hverju sinni enda er það svo stór vettvangur og þungur í vöfum að ekki er rúm fyrir meira en þrjár meiri háttar eða ítarlegar ályktanir hverju sinni þótt álykta megi jafnframt um sérstök brýn og aðkallandi málefni ef aðstæður skapast fyrir því.

Við lögðum sem sagt fram drög að ályktun um málið sem og greinargerð og mál skipuðust svo að Íslendingar fengu fulltrúa í þeirri vinnunefnd sem vann málið eftir umfjöllum í vísinda- og umhverfisnefnd þingsins. Í þessari vinnunefnd sátu 13 manns af fulltrúum alls 120 ríkja. Valdir voru fulltrúar 13 ríkja í þessa vinnunefnd, þar á meðal einn af okkar hálfu, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, sem einnig flutti ræðu um málið í vísinda- og umhverfisnefndinni áður en undirnefndin var valin. Skemmst er frá því að segja að í þessari undirnefnd fór fram mikil og merkileg vinna og ég vil nota tækifærið og þakka kollega mínum, Einari K. Guðfinnssyni, fyrir hans miklu og góðu störf að þessu máli, jafnt á þinginu sjálfu sem við undirbúning ályktunarinnar. Í ályktuninni, sem var mjög ítarleg, voru nokkur atriði sem voru sérstaklega mikilvæg fyrir Íslendinga og ætla ég ekki að rekja þau hér en þeirra er sérstaklega getið á bls. 3 í skýrslunni. Þar eru mörg hagsmunamál sem við höfum lagt áherslu á á alþjóðavettvangi sem eru tekin fyrir og lýst stuðningi við. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir okkur í framtíðinni að geta vitnað til þess að á þessum vettvangi þingmanna frá nánast öllum þjóðþingum heims hafi verið stuðningur við þau sjónarmið.

Þetta vildi ég nefna í örstuttu máli, virðulegi forseti, auk þess sem ég læt þess getið, þó það hafi áður komið fram hér í þingsal, að í tilefni af þessu þingi í Istanbúl áttu þingmenn kost á því að hitta Sophiu Hansen, lögfræðing hennar og aðstoðarmenn, og kynna sér það mál eins og það var þá á vegi statt, en auðvitað hefur orðið heilmikil þróun í því máli síðan þó að hún sé nú því miður ekki öll eins og við hefðum kosið.

Að því er varðar þingið í Peking þá voru samþykktar þar þrjár ályktanir eins og venjulega, þar á meðal ein um bann við notkun jarðsprengna en tillaga um það mál hefur nú verið lögð fyrir Alþingi af einum hv. þm. og vek ég þess vegna sérstaka athygli á því að fyrir liggur af hálfu Alþjóðaþingmannsambandsins mjög ítarleg samþykkt um það mál. Þingið var að öðru leyti með hefðbundnum hætti og geta menn kynnt sér það í skýrslunni. Ég vil láta þess getið að af minni hálfu, í ræðu minni á þinginu, vakti ég sérstaklega máls á ýmsum atriðum sem lúta að stöðu mála innan Kína, þar á meðal mannréttindamálum og hinu pólitíska skipulagi í landinu og lét í ljós þá von að áður en langt um liði yrði þar einhver þróun í átt til fjölflokka lýðræðis þó margir dragi það nú í efa. Ég fjallaði einnig lítils háttar um stöðu Tíbets.

Ég vil ekki lengja þessar umræður, herra forseti. Ég vil þó láta þess getið að fram undan er, um aðra helgi, aukaráðstefna á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins, um jafna þátttöku karla og kvenna á hinum pólitíska vettvangi. Sú ráðstefna verður í Nýju-Delhí á Indlandi og meðal ræðumanna þar verður fyrrverandi forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir. Var sérstaklega óskað eftir að hún kæmi og flytti eina af meginræðum ráðstefnunnar. Ég tel að það sé heiður og sómi fyrir hana og fyrir okkur, sem störfum í Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, að til hennar skyldi hafa verið leitað og hún skyldi hafa þekkst þetta góða boð. Þar verður einnig sendinefnd frá þinginu, auk þess sem sá sem hér stendur verður væntanlega þar einnig vegna starfa sinna í stjórn sambandsins.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umræður, herra forseti. Ég vil þakka meðdeildarmönnum mínum í Íslandsdeildinni fyrir ágætt samstarf og samfélag í þessu starfi. Ég vil jafnframt þakka Þorsteini Magnússyni, ritara nefndarinnar, fyrir alveg sérstaklega vel unnin störf nú sem endranær. En um leið og ég læt þessu lokið vildi ég nefna hverjir hafa verið fulltrúar okkar í þessu starfi á síðasta ári en það eru, auk formanns, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og síðan Bryndís Hlöðversdóttir, Magnús Stefánsson, Einar K. Guðfinnsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Auk þess sem þingmennirnir Gísli Einarsson og Kristín Halldórsdóttir hafa haft hönd í bagga með þessu starfi fyrir hönd þingflokka sinna.

Norður-Atlantshafsþingið 1996.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 288. mál. — Þskj. 543.

[15:45]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins fyrir árið 1996 liggur fyrir á þskj. og ég vil í fjarveru formanns deildarinnar gera grein fyrir þessari skýrslu í nokkrum orðum. Hún liggur fyrir á þskj. 543.

Starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins á árinu 1996 endurspeglar þau erfiðu verkefni sem Atlantshafsbandalagið stendur frammi fyrir að kalda stríðinu loknu. Fjöldi fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins sækist nú eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu og ber það áframhaldandi mikilvægi bandalagsins vitni. Gagnvart stofnunum evrópskra öryggismála leggja þessi ríki höfuðáherslu á aðild að Atlantshafsbandalaginu sem verið hefur að aðlaga sitt innra skipulag að breyttum verkefnum í breyttri heimsmynd. Bandalagið hefur styrk sem aðrar stofnanir skortir og búast má við að það taki enn frekar þátt í aðgerðum til að koma á friði í löndum utan bandalagsins þar sem óróleiki kemur upp, samanber mikilvægt hlutverk þess í Bosníu en fjölþjóðaliðið sem þar starfar nú undir samræmdri stjórn Atlantshafsbandalagsins við að koma á friði er umfangsmesta hernaðaraðgerð í sögu bandalagsins. Tengslin yfir Atlantshafið eru öryggi Evrópu jafnmikilvæg og áður líkt og sannaðist með undirritun Dayton-samkomulagsins um lausn Bosníudeilunnar. Mikilvægi þessara tengsla var í brennidepli umræðunnar á árinu, ekki síst í tengslum við hugmyndir um eflingu sjálfstæðs varnarmáttar Evrópuþjóða bandalagsins og vangaveltur voru um hlutverk og stöðu Vestur-Evrópusambandsins.

Efst á dagskrá Norður-Atlantshafsþingsins á árinu 1996 voru umræður um stækkun bandalagsins til austurs, hlutverk þess í Bosníu og efling Evrópustoðarinnar. Á ársþingi Norður-Atlantshafsþingsins í nóvember sl. var samþykkt ályktun þar sem m.a. er hvatt til aukins sjálfstæðis Evrópuríkja í öryggismálum. Jafnframt er hins vegar lögð áhersla á að slíkt samstarf Evrópuríkjanna verði áfram undir formerkjum Atlantshafsbandalagsins. Íslandsdeildin hefur í málflutningi sínum lagt megináherslu á mikilvægi Norður-Atlantshafstengslanna í evrópskum öryggismálum. Hún hefur ítrekað minnt á hvernig trúverðugleiki Atlantshafsbandalagsins hvílir á samstarfi Evrópu og Norður-Ameríku og að ekki megi missa sjónar á því á þessum umbreytingatímum. Íslandsdeildin hefur lýst yfir stuðningi við eflingu Evrópustoðar bandalagsins., t.d. í formi eflingar Vestur-Evrópusambandsins, en lagt áherslu á að áfram verði um Evrópustoð Atlantshafsbandalagsins að ræða en ekki einungis varnarmálaarm Evrópusambandsins.

Jafnframt er í ályktun þingsins skorað á ríkisstjórnir aðildarríkjanna að hefja hið fyrsta viðræður við þau ríki sem sækjast eftir aðild að bandalaginu og teljast uppfylla skilyrði aðildar. Íslandsdeildin hefur raunar ekki viljað ganga jafnlangt og stór hluti þingsins í að þrýsta á ríkisstjórnina um að flýta fyrir inngöngu Mið- og Austur-Evrópuríkja í bandalagið. Hér er um flókið og viðkvæmt mál að ræða sem taka verður á með yfirvegun, en tvíhliða viðræður hafa farið fram við umrædd ríki og stefnt er að því að leiðtogafundur bandalagsins sem haldinn verður í sumar muni taka ákvörðun um hvaða ríkjum verður boðið til aðildarviðræðnanna. Ganga verður úr skugga um að viðkomandi ríki geri sér ljósar þær skyldur jafnt sem þau réttindi sem því fylgir að gerast aðilar að bandalaginu.

Ljóst er að innganga ríkja Mið- og Austur-Evrópu í Atlantshafsbandalagið fæli í sér skýr skilaboð um stuðning Vesturlanda við þær pólitísku og efnahagslegu umbætur sem átt hafa sér stað í þessum ríkjum undanfarin ár og sem fyrir dyrum standa. Norður-Atlantshafsþingið hefur lagt áherslu á náin samskipti við þessi ríki og nú hafa 15 ríki Mið- og Austur-Evrópu fengið aukaaðild að þinginu og taka þau mjög virkan þátt í störfum þess án atkvæðisréttar. En þingið leggur sitt af mörkum til að efla samskipti og gagnkvæmt traust milli þessara ríkja annars vegar og aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hins vegar. Hér er þó ekki einungis um að ræða ríki sem hafa sóst eftir aðild að bandalaginu. Þannig er Rússland á meðal aukaaðila á þinginu og hefur þar kjörið tækifæri t.d. til að fylgjast með umræðunni um stækkun bandalagsins og kynnast þannig ástæðunum að baki fyrirhugaðri stækkun sem ekki er beint gegn Rússum eða neinum öðrum heldur miðar að því að tryggja öryggi og stöðugleika í Evrópu. Í ályktun þingsins var enn fremur lögð á það áhersla að bandalagið mun áfram verða opið fyrir nýjum aðildarríkjum eftir að fyrstu ríkin hafa fengið aðild og komið verði á sérstöku samstarfi og samráðsfyrirkomulagi við Rússland og Úkraínu.

Bosníudeilan var sem áður segir í brennidepli umræðunnar á árinu en með undirritun Dayton-samkomulagsins um lausn Bosníudeilunnar fyrir rúmu ári síðan sannaðist enn og aftur að tengslin yfir Atlantshafið eru grundvallarstoð evrópskra öryggismála sem halda ber við að kalda stríðinu loknu líkt og Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins hefur lagt megináherslu á í málflutningi sínum á þinginu.

Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum í Íslandsdeild Norður-Atlantshafsþingsins fyrir gott samstarf og samstöðu í þeim málum sem þar hafa verið til umræðu. Ég vil jafnframt þakka Gústafi Adolf Skúlasyni ritara nefndarinnar fyrir mjög vel unnin störf fyrir hana. Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir Íslendinga og íslenska þjóðþingið og þingmenn á þessum umbrotatímum í sögu Atlantshafsbandalagsins að fylgjast með og leggja sitt lóð á vogarskálina. Ég vil nefna að ég hef sjálfur átt sæti í undirhóp, undirnefnd sem er að fjalla um öryggismál á norðurslóðum. Þar er komið m.a. inn málefni Eystrasaltsríkjanna sem við höfum alltaf látið okkur miklu varða og einnig höfum við lagt á það mikla áherslu að inn í þá öryggismálaumræðu verði tekin umræða og rannsókn á mengunarmálum á Kólaskaga og á Múrmansksvæðinu, en sá vopnabúnaður sem þar er geymdur og búið er að leggja til hliðar að miklu leyti eða stórum hluta felur í sér mikla hættu.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð að þessu sinni um þetta mikla málefni.

[15:53]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir að hafa flutt skýrslu nefndarinnar. Það kom fram í máli hans hvað menn hafa verið að ræða á Norður-Atlantshafsþinginu og þeim vettvangi síðustu missirin og réttilega gat hann þess að efst á baugi væri stækkun NATO til austurs. Það kom einnig fram hjá honum að Ísland og Íslandsdeildin hefur ekki viljað ganga jafnlangt og ýmsir aðrir í að þrýsta á um stækkun.

Herra forseti. Innan skamms verða teknar ákvarðanir um það hvernig á að standa að stækkun NATO og um það hafa

spunnist umræður bæði hér og í ýmsum þeim stofnunum sem Íslendingar og Alþingi Íslendinga eiga fulltrúa á. Mér finnst nauðsynlegt vegna þess leiðtogafundar sem er fram undan að það liggi alveg ljóst fyrir hver er stefna Íslendinga og Alþingis Íslendinga um einstök atriði sem þetta varðar.

Við ræddum hér í kjölfar heimsóknar Solanas, framkvæmdastjóra NATO, í fyrra hvernig leiða ætti afstöðu Íslendinga til lykta. Hæstv. utanrrh. á þökk skilið fyrir að vera viðstadur umræðuna hér og það væri þess vegna lofsvert af honum að koma og skýra afstöðu sína til ákveðinna þátta í þessum hluta utanríkisstefnu Íslendinga sem miklu varðar. Ég hef hér áður, og við jafnaðarmenn, lýst því yfir að við erum þeirra skoðunar að það eigi að taka undir óskir Eystrasaltsþjóðanna þriggja um að þær fái sem fyrst aðild að NATO. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að ég hef margsinnis lýst þessari skoðun minni og það hafa aðrir fulltrúar jafnaðarmanna gert.

Á síðasta ári hefur hins vegar mjög skýr og skelegg stefna í þessu máli af hálfu annars stjórnarflokksins komið fram. Þar á ég við að Sjálfstfl. hefur lýst því yfir hér á þessu þingi, í fjölmiðlum á Íslandi og innan Norðurlandaráðs að hann er þeirrar skoðunar að aðild Eystrasaltsþjóðanna beri að hraða sem allra fyrst. Ég spyr þess vegna hæstv. utanrrh.: Hvaða stefnu hafa Íslendingar í þessum málum? Er einhver munur á stefnu hæstv. utanrrh. í þessu efni og stefnu hæstv. forsrh.? Það liggur núna fyrir alveg skýrt að hæstv. forsrh. hefur, eins og skoðanabræður hans og -systur á vettvangi Norðurlandaráðs, uppi þá stefnu að það eigi að stuðla að því að Eystrasaltsþjóðirnar þrjár komist inn í NATO sem fyrst, að okkur beri að stuðla að því að sjálfsákvörðunarréttur þjóðanna verði þannig virtur. Ég spyr þess vegna hæstv. utanrrh.: Verður það afstaða Íslands á leiðtogafundinum í sumar að þjóðin og fulltrúar hennar muni stuðla að því með aðgerðum og í orði að þetta verði? Ég spyr líka hæstv. utanrrh.: Hvernig hyggst hann ráða til lykta afstöðu Íslendinga í þessum efnum? Hann hefur sýnt lofsvert frumkvæði að því að færa hér inn á þingið mál sem varða utanríkisstefnuna og hefur staðið sig sérlega vel við að koma að máli við utanrmn. um ýmis atriði sem þetta varðar, líka, ég tek það fram, líka varðandi þetta tiltekna mál hér.

En það vildi svo til að í umræðum í fyrra vísuðu menn til þeirra orða framkvæmdastjóra NATO í fjölmiðlum að ákvörðunin um stækkun NATO ráðist á þjóðþingum. Og það var hv. þm. Svavar Gestsson sem m.a. drap á þetta í sinni ræðu og hann reifaði ýmsar leiðir um það hvernig Íslendingar gætu lýst sinni afstöðu til þessa og hvort Alþingi Íslendinga ætti einhvern veginn að koma að því.

Hæstv. utanrrh. svaraði hv. þm. Svavari Gestssyni og ég man ekki betur en hann hafi ekki útilokað það að þetta gerðist t.d. þannig að samþykkt yrði einhvers konar þingsályktun hér sem lýsti afstöðu íslenska þjóðþingsins til þessara mála. Og ég spyr hann: Er þess að vænta að hann komi með málið einhvern veginn inn í þingið?

[15:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. beindi orðum sínum aðallega til hæstv. utanrrh. En eigi að síður vildi ég, af því að hann minntist á afstöðu Íslandsdeildarinnar til stækkunar NATO, útskýra nánar að sú afstaða hefur byggst á því að stækkun NATO ætti að stuðla að öryggi í Evrópu en ekki auka viðsjár eða draga nýja línu milli austurs og vesturs eða endurvekja það hugtak. Stækkunin ætti að gerast með viðræðum og auknu samstarfi við Rússa þannig að forðast væri að vekja nýjar viðsjár með stækkuninni.

Íslandsdeildin hefur að sjálfsögðu fullan skilning á aðstöðu Eystrasaltsríkjanna og hefur talað máli þeirra í þessu sambandi. Hins vegar hefur þetta verið meginafstaðan og þess vegna tók ég þannig til orða í ræðu minni að við hefðum viljað stíga varlega til jarðar í þessum efnum. Það þýðir þó ekki að Íslendingar slái slöku við að tala máli Eystrasaltsríkjanna varðandi öryggismál þeirra.

[16:00]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að brigsla hv. þingmönnum sem sæti eiga í þessari sendinefnd um að þeir töluðu ekki nægilega sterklega máli Eystrasaltsþjóðanna, síður en svo. Ég varpaði einungis nokkrum spurningum til hæstv. utanrrh. Hins verð ég auðvitað að segja að mér kom ýmislegt á óvart í því andsvari sem hv. þm. veitti áðan. Hann talaði um að vissulega þyrfti að styðja einhvern veginn við óskir Eystrasaltsþjóðanna en það mætti ekki gera á þann hátt að það yki viðsjár. Stækkun NATO yrði að leiða til þess að öryggi mundi eflast. Síðan kom hann sjálfur með forskriftina að því hvernig við ættum að fara að því að stækka NATO. Það eigum við að gera með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með auknum viðræðum og í öðru lagi auknu samstarfi. Við hverja, herra forseti? Við Rússa. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti, að Rússar hafa slengt niður sínum stóra hrammi og sagt: „Við erum á móti því að Eystrasaltsþjóðirnar gangi í NATO. Við erum alfarið á móti því.“ Og þeir hafa einmitt notað nákvæmlega sömu hugtök og hv. þm., þ.e. að með því væri verið að draga nýjar víglínur.

Herra forseti. Ég get ekki annað en mótmælt þessum málflutningi sterklega. Ég spyr hv. þm. og félaga minn Jón Kristjánsson: Þýðir þetta að hann sé þeirrar skoðunar að við eigum ekki að ljá máls á því að Eystrasaltsþjóðirnar komist inn í NATO vegna þess að Rússar hafi sagt nei? Er hann að ýja að því að Rússar eigi með einhverjum hætti, beinum eða óbeinum, að hafa neitunarvald í þessum efnum? Ef svo er þá verð ég að segja að það er ekki boðlegur málflutningur fyrir hönd íslenska þingsins.

[16:02]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú grun um að hv. þm. sé að lengja umræðuna með því að leggja út af orðum mínum öðruvísi en þau eru sögð. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að vinna að stækkun NATO. En við hljótum að geta verið sammála um að við eigum ekki, ef hægt að komast hjá því, að auka viðsjár með þeirri stækkun.

Hins vegar tel ég að það verði að gera Rússum þetta ljóst og að það eigi ekki að koma aftan að þeim með þessum áformum. En að Rússar eigi að hafa neitunarvald um stækkun hef ég aldrei sagt og ég er ekki þeirrar skoðunar. Það er alger óþarfi af hv. 15. þm. Reykv. að vera að gera mér upp skoðanir í þessum efnum úr ræðustól. Ég vísa því algerlega á bug. Það eina sem ég hef sagt í þessu sambandi er að ég vil ekki að stækkun, ef hægt er að komast hjá því og ég veit að allir vilja komast hjá því, auki viðsjár í Evrópu. Það er ekki í þágu Eystrasaltsríkjanna að svo verði og ég veit að hv. þm. skilur það.

[16:04]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ekki gera hv. þm. upp skoðanir og veit að hann er jafnan maður hins mikla friðar. Ég er auðvit-

að sammála honum um að við þurfum að gera allt sem við getum til þess að komast hjá því að auka viðsjár. En ég er honum ósammála um að stækkun NATO eigi að fara fram eins og hann lýsti. Hann sagði í sínu fyrra andsvari orðrétt að það ætti að gerast með viðræðum og auknu samstarfi við Rússa. Við vitum nú þegar til hvers það mun leiða. Það er alveg ljóst að Rússar ætla sér ekki að fallast á þetta að svo miklu leyti sem það er í þeirra valdi. En þeir eiga ekki að hafa þetta vald og þeir eiga ekkert neitunarvald að hafa í þessum efnum. Og fulltrúar Íslands mega ekki tala þannig að á nokkurn hátt sé hægt að skilja mál þeirra þannig að það sé verið að gera því skóna að Rússar hafi neitunarvald. Þess vegna þykir mér vænt um að hv. þm. tók af tvímæli í þeim efnum fyrir sína parta.

Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að það virðist sem það sé a.m.k. blæbrigðamunur á máli hv. þm. Jóns Kristjánssonar sem kemur úr öðrum stjórnarflokknum og t.d. afstöðu hv. þm. Geirs Hilmars Haarde sem sagði afdráttarlaust í viðtali við Morgunblaðið og Ríkisútvarpið 28. september sl. að hann væri fylgjandi því að Eystrasaltsþjóðunum yrði hleypt hið fyrsta inn í NATO. Þetta er miklu afdráttarlausara en sú skoðun sem fulltrúi Framsfl. hefur hér uppi. Það sem Sjálfstfl. hefur gert á vettvangi Norðurlandaráðs er að mæla mjög eindregið fyrir þessu. Ég er sammála þessum tillöguflutningi hv. þm. Geirs Hilmars Haarde á vettvangi Norðurlandaráðs þó að ýmsir aðrir skoðanabræður mínir á þeim vettvangi séu ekki jafnafdráttarlausir, illu heilli, í yfirlýsingum sínum og hv. þm. Geir Hilmar Haarde var þar.

[16:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Hér er til umræðu skýrsla þingmannanefndar Atlantshafsbandalagsins sem ber þess vott hversu mikilvægt þingmannasamstarfið er á þessum vettvangi.

Ég vildi aðeins koma að einu máli sem er stækkun Atlantshafsbandalagsins. Ég tel að það sé alveg ljóst að Atlantshafsbandalagið verður stækkað, sú ákvörðun liggi fyrir og fyrstu skrefin verði ákveðin á leiðtogafundinum í Madrid 9. og 10. júlí. Ég er ekki í nokkrum vafa um að sú stækkun og sú ákvörðun verður mikilvæg fyrir framþróun lýðræðis og mannréttinda í allri Evrópu. Áhrifa þessarar fyrirhuguðu stækkunar er þegar farið að gæta vegna þess að ýmis ríki í Austur-Evrópu og Mið-Evrópu og Eystrasaltsríkin eru nú þegar farin að taka ákvarðanir í sínum málum til þess að uppfylla þau skilyrði sem þau vita að verða sett fyrir aðildinni. Þau eru farin að semja um sín landamæramál, sín deilumál. Þau eru að vinna ákveðið að því að bæta lýðræði í löndunum og réttindi hins almenna borgara þannig að þetta stækkunarferli hefur þegar haft gífurleg áhrif til hins betra í Evrópu.

Fram hjá því verður ekki gengið hvort sem mönnum líkar það betur eða verr að Rússland er mjög mikilvægur þáttur í öryggismálum Evrópu og við hljótum að vinna þannig að málum að ekki verði reistir nýir múrar í stað þeirra múra sem hafa fallið. Eftir því sem við náum betra samkomulagi við Rússa um þessi mál, þeim mun líklegra er að stækkun Atlantshafsbandalagsins geti náð fram hið fyrsta. Það er ekkert flóknara en það. Þess vegna er það lykilatriði hjá þeim sem vilja veg Eystrasaltsríkjanna sem mestan að vinna af heilum hug að því er varðar samskiptin við Rússa því það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að eftir því sem andstaðan gegn stækkun NATO er meiri í Rússlandi, þeim mun meiri viðbúnað þarf að hafa í þeim löndum sem ganga inn í Atlantshafsbandalagið. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson og aðrir geta ekki gengið fram hjá því að sá viðbúnaður mun kosta mikla fjármuni og margir þurfa að leggja þar mikið fé af mörkum. Ég bendi á að Ísland er eina landið í Atlantshafsbandalaginu sem hefur engan her og leggur ekkert af mörkum í því sambandi til samstarfsins. Við hljótum því stundum að þurfa að meta okkar mál í samræmi við það.

Það kemur hins vegar ekkert í veg fyrir að við í ríkisstjórninni reynum að vinna allt sem við getum til gagns fyrir Eystrasaltsríkin. Ég veit ekki af hverju hv. þm. Össur Skarphéðinsson er alltaf að lýsa einhverjum skoðanaágreiningi á milli ríkisstjórnarflokkanna og er með einhvern skáldskap í því sambandi. Ég held að honum væri nær að athuga skoðanaágreining milli aðila sem eru í þessu sameiningarferli hér innan lands þó hann sé ekki í einhverjum skáldskap um skoðanaágreining innan ríkisstjórnarinnar og alla tíð í hverju einasta máli að túlka skoðanir Framsfl. Ég vil lýsa því yfir að þetta eru mjög vafasamar heimildir um skoðanir Framsfl. og bið alþingismenn að taka heldur lítið mark á túlkunum hv. þm. um það hverjar skoðanir Framsfl. séu í hinum ýmsu málum. En hann virðist hafa lagt sig mjög fram í þeim efnum og er raunar mun áhugasamari um það en að túlka skoðanir eigin flokks. (**ÖS:** Áhugasamari heldur en þið eruð um það.) (**SJS:** Hann er svo velviljaður ykkur.) Já, hann er svo velviljaður. Já, já. Við skulum reyna að trúa því og það er ekkert nema gott um það að segja og ef það er niðurstaðan þá er það sjálfsagt öllum fyrir bestu. En ekki vil ég a.m.k. skrifa upp á allar þær túlkanir, hvaða hugur sem liggur þar að baki.

Í þessu sambandi vil ég upplýsa það hvað ég sagði um þetta mál á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í gær þar sem ég túlkaði skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu stækkunarferli að því er varðar Eystrasaltslöndin. Það sem hefur verið okkar ætlan á Norðurlöndunum er að samræma skoðanir okkar í þessum efnum til þess að það gæti orðið til sem mests gagns fyrir Eystrasaltsríkin. Ég sagði þar, hv. þm., að ég hafi verið talsmaður fyrir því að það yrði rannsakað gaumgæfilega hvort ekki væri mögulegt að bjóða samtímis öllum þeim umsóknarlöndum sem hafa raunverulegan áhuga til viðræðna og síðan ráðist það í þeim viðræðum hverjir yrðu meðlimir fyrst og hverjir kæmu síðar. Ég sagði í framhaldi af því:

Þetta mun auka möguleika Eystrasaltsríkjanna til að verða meðlimir í fyrstu lotu en fyrst og fremst tryggja að við höldum fast við þá reglu að dyrnar standa opnar. Án tillits til þess hvort NATO-löndin verða sammála um þessa hugmynd eða ekki þá er ég þeirrar skoðunar að mögulegt sé að norrænu löndin standi saman til þess að varðaveita sem best eða taka til greina á sem bestan hátt öryggishagsmuni Eystrasaltsríkjanna og undirstrika alls staðar þar sem við komum fram sjálfsákvörðunarrétt þeirra í þeim málum er varða öryggismál. Við verðum að tryggja að þeir sem komast inn í fyrstu umferð verði ekki þeir síðustu og við munum ekki samþykkja að nýjum múrum, nýjum línum og áhrifasvæðum verði komið upp í Evrópu.

Þetta sagði ég á fundinum í gær og þetta er mín skoðun og ég tel mig með þessu vera að bera þau skilaboð sem mér hefur almennt fundist vera einhugur um hér innan lands. Ég tel að enginn ágreiningur sé um þetta. En við verðum samt að taka á málinu af fullu raunsæi og það væri ábyrgðarleysi af okkar hálfu að líta ekki til mikilvægis þess sem er að ná

samningum við Rússa í þessum efnum og við eins og aðrir munum vinna að því hörðum höndum.

[16:15]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir fyrir því ef hæstv. utanrrh. hefur runnið í skap yfir þeirri staðreynd að svo virðist oft sem ég sé miklu kunnugri stefnu Framsfl. eins og hún var lögð fram fyrir síðustu kosningar en hv. þm. Framsfl. Það getur auðvitað vel verið að þar sé komin skýringin á því hruni sem við höfum séð á fylgi Framsfl. síðustu daga því að ég ætla ekki að halda því fram að það sé tvískinnungur í utanríkismálum sem er valdur að því.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi fyrir sína parta lýst stefnu sem hann telur farsælast að fylgja í þeim umræðum sem fyrir dyrum standa varðandi stækkun NATO. Hann mælir án efa af hreinu hjarta og heilum hug þegar hann segir að hann telji að þetta sé best fyrir alla, ég efa það ekkert. En ég vona að hann misvirði það samt ekki við mig að mér finnst í besta falli að blæbrigðamunur sé milli þess sem annars vegar hæstv. utanrrh., formaður Framsfl., og hv. þm. Jón Kristjánsson segja og hins vegar þess sem hæstv. forsrh. kallaði saman sérstakan blaðamannafund fyrr í vetur til að lýsa yfir mjög skelegglega og þess sem hv. þm. og formaður utanrmn., Geir Hilmar Haarde, hafa sagt í þessum efnum. Það er alveg ljóst að sú stefna sem hæstv. utanrrh. fylgir er ekki nærri því eins afdráttarlaus varðandi Eystrasaltsríkin og aðild þeirra að NATO og stefna hæstv. forsrh. og formanns utanrmn. Alþingis. Þess vegna vona ég að hann misvirði það ekki þegar ég segi að það er a.m.k. blæbrigðamunur á stjórnarflokkunum í þessu mikilvæga efni. Mér þykir það miður. Ég vil að alveg ljóst sé hvar afstaða Íslendinga liggur í þessu.

[16:17]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvað ég á að segja við hv. þm. Hann segir að það sé mikill blæbrigðamunur. Hann sagði ekki eitt orð um það hvort hann væri ánægður eða óánægður með það sem ég sagði á utanríkisráðherrafundi Norðurlandanna í gær, ekki eitt einasta orð. (**SvG:** Átti hann að gera það?) Nei, hann átti ekkert endilega að gera það. En hvað er hann þá að tala um blæbrigðamun og tala um þetta út og suður og fram og til baka og maður botnar ekkert í því hvað hann er að fara? Vildi hann að ég hefði talað öðruvísi á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í gær? Ég tel mig hafa verið að tala í þeim tón sem ég hef upplifað hér almennt á Alþingi sem ég vona að bærileg samstaða sé um og við séum að halda þar á málefnum Eystrasaltsríkjanna af heilum hug. Ef hann kann eitthvert ráð við því, þá væri gaman að heyra það. Mér heyrist að hann vilji helst fara í stríð við Rússa og hlusta ekkert á þá og láta sem þeir séu ekki til. Ef hann telur að það sé rétt stefna þá óska ég eftir að heyra einhver rök fyrir henni en það er ekki nóg að koma hér upp og segja að menn eigi bara að ganga í þetta blindandi.

[16:19]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ber hlýjan hug til Framsfl. og ég skil vel að forustumönnum hans sé heitt í hamsi þessa daga. Ég verð samt sem áður að gefa honum eitt ráð. Menn eiga ekki að láta skoðanakannanir taka sig á taugum. Ég hef verið og er í stjórnmálaflokki sem hefur séð tímana tvenna varðandi kannanir og það kemur alltaf að því að landið rísi og síðan verða menn að reyna að haga málum svo að það rísi á réttum tíma fyrir kosningar.

En vegna þess að hæstv. utanrrh. sýnir mér þann sóma að óska sérstaklega eftir umsögn minni um ræðu sem hann flutti í gær á Norðurlöndunum, þá verð ég að segja að mér finnst hann gerast fullfrekur til hins pólitíska fjörs. Ef hann vill að ég hafi skoðanir á því opinberlega hvað hann eigi að segja, þá vildi ég helst að hann sýndi mér ræðurnar áður en hann flytti þær. En ef honum verður eitthvað rórra í sinni við það að ég lýsi skoðun minni, þá get ég sagt honum að ég er sannfærður um að hann heldur þannig á málum eins og honum þykist best horfa fyrir hagsmuni Íslendinga og NATO. Ég er ekkert mjög og jafnvel ekkert ósammála því sem hann sagði á Norðurlöndunum í gær. Hitt er það að bæði hann og aðrir framsóknarmenn sem hafa talað hafa aldrei tekið jafnafdráttarlausa afstöðu og Sjálfstfl. hefur gert. Og ef það er ég sem vil fara í stríð við Rússa þá hlýtur hann að koma hér upp og segja að það sé alveg ljóst að ég hafi góða liðsmenn þar sem er gervallur Sjálfstfl., sér í lagi formaður utanrmn. og hæstv. forsrh. vegna þess að ég hef aldrei lýst annarri skoðun en þessir tveir heiðursmenn sem ég veit að honum þykir vænt um a.m.k. á hinu pólitíska sviði þessa dagana.

[16:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir gaman að heyra og gleður mitt hjarta að heyra réttsýni hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þegar hann lýsir framtíð Framsfl. Hann hefur mikla trú á framtíð flokksins (**ÖS:** Og formanninum.) og formanninum. (Gripið fram í.) Já, en menn eru stundum lengi að átta sig og lengi að finna sannleikann og ég held að það sé af hinu góða ef menn finna hann að lokum. Mér heyrist að fleiri og fleiri séu einmitt að finna þann sannleika að NATO sé jafnvel ein bestu samtök sem hafa verið til á þessu jarðríki og þeim fari mjög fjölgandi þannig að það er hið ótrúlegasta fólk sem er að finna sannleikann um gjörvalla heimsbyggðina. (**SvG:** Framsókn er nú betri þá.) Já, ekki ætla ég að mæla á móti því.

Ég vil aðeins segja að enginn skoðanaágreiningur er um þetta mál í ríkisstjórn Íslands. Þetta er að sjálfsögðu svo alvarlegt mál og skiptir svo miklu máli, bæði fyrir Ísland og framtíðaröryggi í Evrópu, að við verðum að fjalla um það af vandvirkni, raunsæi og fullri umhyggju. Við megum ekki gleyma því að við erum ekki einir um þessar ákvarðanir. Við verðum að taka þær í samvinnu við okkar vinaþjóðir og við höfum miklu hlutverki að gegna í því, Íslendingar og Norðurlandaþjóðirnar, að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir Eystrasaltsríkin. Ég ætla mér meðan ég gegni þessu embætti að vinna að málinu í þeim anda og ég hlýt að gera það með þeim hætti sem ég trúi best að verði til þess.

[16:23]

Útbýting þingskjala:

Afnám skattframtala, 321. mál, fsp. GHall, þskj. 582.

Almenn hegningarlög, 183. mál, nál. allshn., þskj. 584.

Almenningssamgöngur á landsbyggðinni, 318. mál, fsp. JónK, þskj. 579.

Friðun gamalla húsa, 319. mál, fsp. SvG, þskj. 580.

Innstæður í bönkum og sprisjóðum, 322. mál, fsp. GHall og PHB, þskj. 583.

Jarðgufuvirkjanir utan miðhálendisins, 317. mál, fsp. ÁMM, þskj. 578.

Niðurrif gamalla húsa, 320. mál, fsp. SvG, þskj. 581.

Vatnsorka utan miðhálendisins, 316. mál, fsp. ÁMM, þskj. 577.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Umræðan hefur nú snúist upp í að nokkru leyti almenna umræðu um öryggismál í Evrópu og þá sérstaklega með vísan til áformaðrar stækkunar NATO. Það er í sjálfu sér ekkert lakara að ræða það undir þessum dagskrárlið en öðrum sem hér hafa verið á dagskrá í dag og allir gætu með réttu fallið undir þetta viðfangsefni, þ.e. öryggismál Evrópu í almennu samhengi.

Ég er þeirrar skoðunar að sjálf grundvallarhugsunin á bak við stækkun NATO sé röng og menn hafi lagt af stað út í ófæru strax frá byrjun þegar áform hófust um að stækka NATO. Meðal annars vegna þess að NATO eru ekki í grunninn þannig samtök að ég hafi trú á því að til frambúðar og framtíðar muni menn una því að það framtíðaröryggiskerfi grundvallist á uppbyggingu hernaðarbandalags.

Miklu verra er þó það að aðferðafræðin, sem til grundvallar liggur við stækkun NATO, er nánast dæmd til þess að valda spennu og skiptingu Evrópu á nýjan leik. Hún byggir á þeirri gömlu hugsun að þrátt fyrir allt verði dregin lína, bara á nýjum stað, í Evrópu svo lengi sem allir eru ekki með. Aðalgallinn við hugmyndafræðina er að mínu mati sá að hún byggir ekki á alevrópskri hugsun, að hafa þurfi alla landfræðilega Evrópu undir þegar verið er að bygga upp framtíðaröryggiskerfi. Út af fyrir sig hef ég ekki útilokað að einhverju, sem ætti rætur í NATO, hefði mátt hugsa sér að breyta þannig að það gæti orðið að alevrópsku verkfæri í þeim efnum en það er ekki ætlunin. Fyrir utan það að í grunninn hefur NATO ekki breyst, eingöngu tekið upp ný verkefni utan á sig, en sjálfur grundvallarstrúktúr NATO hefur ekki breyst og þar á meðal ekki afstaða NATO til beitingar kjarnorkuvopna.

Ég held hins vegar að rétt sé að horfast í augu við það að ásókn Austur-Evrópuríkja og þar með talið Eystrasaltsríkjanna í að komast inn í Evrópusambandið og að komast inn í NATO er ofureðlileg. Það er auðvelt að setja sig í þeirra spor og skilja hvers vegna þeir leggja á það mikla áherslu að það gerist og sem fyrst. Það er einfaldlega í ljósi sögulegrar reynslu þessara ríkja sem flest hafa búið við það í gegnum tíðina að stórveldin að austan og vestan í Evrópu hafa vaðið yfir þau og fótumtroðið sjálfstæði þeirra árhundruðum saman. Það á við um öll þau ríki sem hér eru til umræðu. Það á við um Mið-Evrópuríkin, Austur-Evrópuríkin og Eystrasaltsríkin þannig að ekki þarf mikla söguþekkingu til að skilja hvers vegna þessi ríki leggja á þetta áherslu fyrst og fremst til að tryggja öryggishagsmuni sína, en þau gera það í raun og veru á grundvelli gömlu hugmyndafræðinnar um skiptingu Evrópu. Keppikefli þessara ríkja er fyrst og fremst að lenda réttu megin við hina nýju skiptilínu. Það er það dapurlega við umræðuna þegar betur er að gáð. Þetta finnst mér einkenna andrúmsloftið t.d. í Eystrasaltsríkjunum þegar þessi mál eru þar á dagskrá. Ég var bæði í Litáen og Eistlandi á sl. ári og tók þátt í umræðum um öryggismál. Mér fannst áberandi hversu menn voru bundnir af hinum gamla hugsunarhætti um skiptingu Evrópu þrátt fyrir allt, sem gekk aftur eins og draugur í öllum umræðum manna um nauðsyn þess að komast vestur fyrir hina nýju línu.

Þá er komið að því sem hér hefur sérstaklega orðið að umræðuefni milli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hæstv. utanrrh., þ.e. spurningunni um hvort Eystrasaltsríkin verði með eða ekki í fyrsta inngangi. Ég held að það sýni betur en flest annað í hvaða ógöngur menn eru komnir með þetta mál, að ætlunin er hjá ráðandi aðilum innan Atlantshafsbandalagsins að Eystrasaltsríkin verði ekki með í fyrstu umferð. Það skapar tortryggni og hræðslu í sjálfu sér úr því að verið er að hreyfa við landamærum NATO á annað borð, umfram það sem fylgdi þá sjálfkrafa sameiningu Þýskalands, sem var gert með samþykki Rússa. Auðvitað er alveg ljóst að þetta dregur fram í hnotskurn þær ógöngur sem menn eru þarna í.

Ef menn hafa Eystrasaltsríkin ekki með þá veldur það tortryggni á því svæði, skapar úlfúð, en ef menn hafa þau með þá er aðgerðin enn þá meira ögrandi í garð Rússa. Þessu hafa Bandaríkjamenn að sjálfsögðu áttað sig á og gerast nú æ minna áhugasamir um stækkun NATO. Það væri fróðlegt að vita hvað hæstv. utanrrh. hefði að segja okkur um umræður í Bandaríkjunum nú á síðustu vikum og mánuðum þar sem gagnrýni fer mjög vaxandi á áformin um stækkun NATO. Margir áhrifamiklir menn í bandarískum stjórnmálum sem sérstaklega leggja sig eftir utanríkismálum eru farnir að vara sterklega við því að haldið verði áfram óbreyttri siglingu í þessum efnum.

Og af hverju er það sem hugsandi menn hafa áhyggjur af þessu? Það er fyrst og fremst vegna þess að þetta er stórhættulegt mál vegna ástandsins í Rússlandi. Öryggismálin í Evrópu í dag snúast fyrst og fremst um ástandið í Rússlandi. Þau snúast um stöðuna í austan- og sunnanverðri álfunni. Þar eru erfiðleikarnir. Þar eru púðurtunnurnar. Þar eru alls konar svæðisbundin vandamál sem valda óstöðugleika og átökum og menn eru væntanlega ekki svo illa upplýstir um gang mála og fréttir undanfarinna mánaða og missira að þeir viti ekki hvernig ástandið er og á ég þá við fleira heldur en Tsjetsjeníu. Það mætti nefna stöðuna í Georgíu, Armeníu og Aserbaídsjan, á Krímskaga og á fleiri svæðum, t.d. þar sem rússneskumælandi minnihlutahópar eru í bland við þjóðir og þjóðabrot sem núna sækja eftir auknu sjálfstæði innan landamæra fyrrum Sovétríkja.

Það er alveg augljóst mál að staðan í Sovétríkjunum fyrrverandi, og þá á ég við allt svæðið, og í Rússlandi er afar óstöðugt og þar má lítið út af bera. Öll heimsbyggðin væri ekki í angist út af heilsu eins einasta manns ef lýðræðið stæði föstum fótum í Rússlandi. Það er til marks um hversu brothætt þetta er að menn fylgjast tæpast jafngrannt með heilsufari og líðan nokkurs einasta núlifandi jarðarbúa og Jeltsíns Rússlandsforseta. Og menn óttast mjög að ógætileg framganga í þessu máli gæti einmitt orðið vatn á myllu þeirra afla, harðlínuafla og öfgafullra þjóðernissinna og fleiri slíkra aðila, sem síst skyldi að efldust til áhrifa með þau sjónarmið sem þeir hafa fram að bera. Lýðræði sem stendur afar veikum fótum gæti farið fyrir lítið ef Vesturlönd klúðra þessu máli.

Ég held þess vegna, herra forseti, að mönnum hefði verið hyggilegast að fara hér fram með meiri gát. Ég held að það sé heldur ekki í sjálfu sér mjög málefnalegt innlegg í þetta, ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir hv. 15. þm. Reykv., að vera með einhverjar óskaplegar neglingar í sambandi við það að þetta snúist um hvort Eystrasaltsríkin séu með eða ekki með í fyrstu umferð. Það er einungis angi af miklu stærra vandamáli sem þessu er samfara úr því að menn fóru af stað á annað borð. Og langhyggilegast hefði verið að hrófla ekki við mörkum NATO þangað til að það yrði lagt niður og nýtt alevrópskt öryggiskerfi byggt upp í staðinn, sem hefði haft Rússland með frá byrjun, þannig

að menn hefðu aldrei látið sér detta það í hug að reyna að byggja upp nýja skipan öryggismála í Evrópu í andstöðu við austurhluta álfunnar. Það er heimskulegt. Það er fyrst og fremst heimskulegt vegna þess að ófriðarhættan er mest þar. Þess vegna skiptir öllu máli fyrir stöðugleika og frið í Evrópu að standa þannig að málum að reynt sé að styðja við lýðræðis- og friðarþróun í austanverðri álfunni þar sem ástandið er langbrothættast. Það er ekki hugsunin á bak við stækkun NATO heldur þvert á móti. Þannig að þetta hefur verið rekið nánast eins og eitthvert trúboð og það hefur verið afar erfitt að fá upp um þetta einhverja málefnalega umræðu.

Það er auðvitað dálítið dapurlegt, herra forseti, að það er veruleg hætta á ferðum á að hinu að mörgu leyti stórkostlega sögulega tækifæri sem skapaðist í Evrópu í lok níunda áratugarins verði klúðrað, og niðurstaðan verði sú að spenna fari vaxandi í álfunni á nýjan leik. Ég hvet menn til að lesa t.d. grein eftir Gorbatsjov fyrrum Sovétleiðtoga sem birtist í blaðinu International Herald Tribune 18.–19. janúar sl. þar sem Gorbatsjov varar mjög eindregið við því að halda óbreyttri siglingu í sambandi við stækkun NATO. Og ætli það sé ekki þannig að það væri ágætt fyrir ýmsa stjórnmálamenn á Vesturlöndum að leggja sig eftir því sem Rússar sjálfir segja um þessi mál, ætli þeir þekki ekki best til hvernig ástandið er og megi gerst um það vita að þarna er hyggilegt að fara með gát. Ég hefði haldið að það hefði verið farsælla að reyna að draga Rússa og Austur-Evrópuþjóðirnar inn í þéttara samstarf undir merkjum ÖSE og annars staðar þar sem öll Evrópa situr við borðið og leggja þeim lið í að byggja upp efnahagsstarfsemi í landinu sem lofað var en lítið hefur orðið á efndum á og reyna að standa á bak við Austur-Evrópuþjóðirnar í því að reyna að bæta lífskjör og þróa lýðræði en ekki byggja málin á þessari útfærslu, í raun og veru gömlu kaldastríðshugmyndafræðinni, því miður, sem felst í því að færa landamæri NATO austur á bóginn.

Þetta er nú, herra forseti, það sem ég vil sérstaklega leggja áherslu á í þessum efnum. En vissulega er það svo að þegar út í ógöngurnar er komið þá er ekki alltaf auðvelt að finna leið til baka, það er ekki alltaf auðvelt að snúa við. Það er auðvitað ljóst að það er orðið sæmdarmál fyrir mörgum að þetta geti með einhverjum hætti gengið eftir. Sumir nota þá einföldu aðferðafræði að segja bara að málið liggi þannig að ekki sé hægt að segja nei. Þessar þjóðir vilji vera með og þá sé ekki hægt að segja nei. En það er ekki hægt að líta þannig einangrað á öryggismál í heilli heimsálfu. Það skilar engum árangri. Það er gamla aðferðin — að búa til nýjar línur á kortinu. Ég hélt að reynslan af slíkri aðferðafræði, bæði frá Afríku, Miðausturlöndum og víðar, væri ekki svo góð í sambandi við sambúð þjóða og þjóðabrota að menn ættu ekki að hafa lært eitthvað af henni. En það er nú því miður þannig stundum að menn virðast þurfa að endurtaka sömu mistökin á hálfrar til einnar aldar fresti. Búa sér til ný landamæri, nýjar spennulínur og baksa svo við afleiðingarnar af því í kjölfarið. En ég held í öllu falli að ástæða sé til að mæla varnaðarorð og hvetja menn til þess að fara hér fram með gát. Náist um þessi mál slíkt samkomulag að menn hafi trú á því að einhverjar breytingar í þessa veruna geti gerst í fullkomnum friði og sátt við alla, þá er það að sjálfsögðu jákvætt, en menn mega heldur ekki gleyma því að hér þarf að líta til lengri framtíðar.

Menn þurfa líka að hafa í huga hver áhrifin af slíku geta orðið á stjórnmálaþróun og aðstæður í viðkomandi löndum og viðkomandi heimshluta til lengri tíma litið. Sú hætta hlýtur að vaka í málinu, ef stórþjóð eins og Rússum sem hafa mikinn metnað fyrir sinni sögu finnst að þeir hafi á hnjánum verið látnir kokgleypa breytingar í öryggismálum í álfunni sem eru þeim andstæðar, að það verði, þótt síðar verði, vatn á myllu afla sem ég hélt að ekki væri ætlunin að styrkja til valda og áhrifa í því landi, jafnvel þó svo að núverandi valdhafar í Rússlandi, veikir sem þeir eru í margföldum skilningi, kynnu að skrifa upp á þetta með einhverjum hætti. Það held ég að sé sá þáttur þessa máls sem er langalvarlegastur og mest umhugsunarefni — sem sagt pólitísk langtímaáhrif af breytingum sem þarna kynnu að vera gerðar í andstöðu við eða þannig að það hefði áhrif til hins verra á almenna stjórnmálaþróun í álfunni. Það er líka ljóst að Rússar hafa af því miklar áhyggjur að þau lönd sem næst þeim liggja og mörg með landamæri að Rússlandi, sem áður voru í varnarbandalagi með þeim, mundu ekki bara færast yfir í NATO sem hlutlausir aðilar, heldur ætli þau í beinu framhaldi að byggja upp mjög öflugar varnir sem verður þá beint gegn Rússlandi, eðli málsins samkvæmt. Því ekki panta Pólverjar fyrir fram 100 orrustuþotur sem þeir ætla að kaupa um leið og þeir eru komnir inn í NATO til þess að verja sig fyrir Þýskalandi — er það? Væntanlegri bandalagsþjóð? Nei, ætli það sé ekki þannig að þær eigi þá að vera hluti af vörnum sem eru byggðar upp og beint gegn nágrannanum í austri?

Þannig held ég, herra forseti, að umræðan öll um þessi mál sé ekki tekin niður á jörðina og niður á raunsæjar nótur af einhverjum ástæðum. Og það virðist vera erfitt að fá menn til að horfast í augu við þessa hluti eins og þeir eru og ræða þetta bæði í ljósi stjórnmálaþróunar og sögunnar og þess sem hún kennir okkur. Ættu menn þó að hafa lært að gleyma henni ekki því hún hefur tilhneigingu til að endurtaka sig.

[16:40]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tala af nokkru yfirlæti þegar hann segir að nauðsynlegt sé að taka þessa umræðu niður á jörðina en það takist mönnum ekki. Heimssýn manna er auðvitað mismunandi en menn tala þó út frá því sem þeim sýnist réttast. NATO verður aldrei stækkað í friði og sátt. En við þurfum að finna leið — þeir sem vilja stækka NATO — finna leið til þess að gera það þannig að sem minnstir úfar rísi meðal þjóða vegna þess.

Af hverju er mér svo umhugað um hagsmuni Eystrasaltsþjóðanna? Við Íslendingar höfum bundist sérstökum vináttuböndum við þessar þjóðir. Þær eru þannig í sveit settar landfræðilega að þær eru auðveld bráð fyrir stórveldi í úfnum ham. Það eru viðsjár í Rússlandi. Það kann að vera að innan skamms, og fyrr en margur hyggur, verði komnir þar við völd miklir herhyggjumenn og hafa mikla reynslu af hernaði. Vilji þeirra í þessu er alveg ljós. Sagan hræðir líka. Við sáum hver urðu örlög þessara ríkja 1940 þegar enginn reis upp þeim til varnar og allur heimurinn er í nokkurri sekt við þessar þjóðir. Við þurfum líka sem smáþjóð að velta því fyrir okkur hvort það sé ekki í þágu okkar að reyna að efla sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða. Við eigum að sjálfsögðu að styðja viðleitni þessara þjóða til þess að komast inn í NATO vegna þess að þær telja sjálfar að þar sé hag þeirra og öryggi best borgið. En það er eins og hv. þm. sagði að það eru vaxandi líkur á því að þær verði ekki teknar inn í fyrstu lotu. Hann er ekki einn um þá skoðun heldur lýsti hæstv. forsrh. því yfir í stefnuræðu sinni hér fyrr í vetur. Það er þetta sem

ég óttast, sér í lagi þegar maður verður var við afstöðu eins og jafnvel hefur komið fram hér hjá einstökum þingmönnum í dag, að það sé nauðsynlegt að tala við Rússa og fá sátt þeirra við málið. Þá nær þetta auðvitað aldrei fram að ganga. Ég segi það hreinskilnislega, (Forseti hringir.) ég óttast að ef þeir verða ekki teknir inn í fyrstu lotu þá verði þeir aldrei teknir inn. Það kann að vera ómálefnaleg afstaða eins og mér fannst hv. þm. vera að segja áðan en þetta er bara mín hjartans einlægni.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst hv. þm. tala núna af hreinskilni og ég þakka það og virði. Ég tel það sjónarmið sem er alveg gilt að segja eins og hv. þm.: NATO verður aldrei stækkað í friði og sátt. Þess vegna snýst málið um að velja þá aðferð sem veldur minnstum deilum og minnstum ýfingum. En þar með er líka allmikið sagt. Þar með er verið að segja að menn ætli ekki að reyna að leita lausna á þessum málum sem fela í sér heildarevrópskaöryggismálalausn sem allir geti verið sáttir við. Og það er annað sem vakir í þessari hugsun að mínu mati hjá hv. þm. Hann gefur sér í reynd að núverandi ástand, núverandi þíða í málefnum Evrópu sé tímabundin, eða að það sé a.m.k. veruleg hætta á því að svo geti reynst. Ég er sammála. Það er auðvitað sú hætta sem er langalvarlegust fyrir Evrópu. Það er að við búum kannski aðeins við eitthvert tímabundið þíðuástand og að á nýjan leik vopnist menn í Evrópu og standi gráir fyrir járnum hvor andspænis öðrum. Og er það ekki einmitt það sem við eigum að reyna að varast? Það sem ég er að segja, og ég er ekki einn um það, það gera margir fleiri, við megum ekki við þessar viðkvæmu aðstæður gera neitt það sem gæti orðið vatn á myllu þeirra afla, hvar sem þau eru, sem mundu valda því að slík staða kæmi upp að Evrópa skiptist á nýjan leik, þótt það yrði á nýjum stað, í pólitískar og hernaðarlegar blokkir sem fari á ný að sýna tennurnar hvor gagnvart annarri.

Ég hef líka mikla samúð með Eystrasaltsríkjunum og öðrum smáþjóðum sem stórveldin hafa í gegnum árhundraðasögu vaðið yfir á skítugum skónum og einskis virt sjálfstæði þeirra og fullveldi. Og að sjálfsögðu ber Íslandi umfram allt annað að reyna að leggja því lið að réttur smáþjóða til sjálfstæðis og fullveldis sé virtur. En það getum við ekki gert sem einangrað fyrirbæri. Við verðum að líta á aðstæðurnar eins og þær eru og einmitt vanda okkur alveg sérstaklega til þess að það séu þannig friðvænlegar horfur í heiminum að líka smáþjóðirnar geti verið sæmilega öruggar um sig.

[16:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var ekki að gera því skóna að fram undan væri styrjaldarástand í Evrópu þar sem menn mundu aftur standa gráir fyrir járnum eins og á dögum kalda stríðsins. En það sem ég óttast er að innan Rússlands nái þeir yfirtökum sem vilji sýna styrk sinn og jafnframt styrkja sjálfa sig inn á við með því að fara í landvinninga af því tagi sem felast í því að hrammsa til sín aftur smáríki á landamærunum. Sagan hefur sýnt að það hefur tekist næsta auðveldlega.

Mér finnst að Íslendingum, sérstaklega sem smáþjóð, beri siðferðileg skylda til að styðja þessa viðleitni. Það kann vel að vera að styrkur okkar dugi ekki til þess. En einhver verður að standa upp og segja: Við styðjum þessar þjóðir. Einhver verður að gera það. Ég óttast það sannarlega að ef þær sitja hjá núna muni röðin ekki koma að þeim aftur. Ég vona að sú skoðun mín sé röng.

[16:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu eigum við að styðja allar þær aðgerðir sem við teljum verða öryggi Eystrasaltsríkjanna til góðs. En við verðum að hafa sannfæringu fyrir því að þær aðgerðir skili réttri niðurstöðu, séu jákvæðar í heildina tekið. Ég held við getum ekki gert það gegn betri vitund ef það væri niðurstaðan. Stutt einhverjar aðgerðir sem við óttumst að leiði ekki til aukins öryggis og betri stöðu í Evrópu heldur kannski þvert á móti. Ef menn komast nú að þeirri niðurstöðu, sem margir eru að gera og virðist eiga vaxandi hljómgrunn bæði austan hafs og kannski sérstaklega vestan, að óbreytt sigling í sambandi við stækkun NATO sé stórvarasöm aðgerð fyrir öryggi í Evrópu í ljósi ástandsins í Rússlandi sérstaklega, þá getum við ekki gegn betri vitund stutt slíkt að mínu mati. Við verðum þá að reyna að leita annarra lausna og leiða gagnvart öryggismálum þessa svæðis, t.d. með því að draga þau þéttar inn í norrænt samstarf og svæðisbundið samstarf og reyna að tengja þau með slíkum hætti sem allra mest Evrópu. (**Gripið fram í:** Eða Evrópusambandið?) Það verður að vera þeirra val hvort þau vilja ganga þangað inn og hvort það skilar þeim að einhverju leyti sömu niðurstöðu í öryggismálum. Það er reyndar alveg rétt að mörg ríkjanna í Austur-Evrópu draga nokkurn veginn samasemmerki milli þess hvort sem heldur er að komast inn í Evrópusambandið eða NATO. Þá reikna þau með að í því felist í reynd einhvers konar vesturevrópsk ábyrgð á þeirra öryggismálum.

[16:48]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki alla ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar en þó heyrði ég að hann spurði hvort menn hefðu ekki fylgst með umræðunum í Bandaríkjunum að því er varðar stækkun NATO. Ég svara fyrir mitt leyti. Jú, ég hef fylgst með þeim. Ég heyrði m.a. Clinton Bandaríkjaforseta lýsa því yfir nú í vikunni í sjónvarpi að á dagskrá ríkisstjórnar hans væri að beita sér fyrir stækkun bandalagsins á þessu ári, þannig að það er það nýjasta sem fram hefur komið vestan hafs í þessum málum. Við minnumst þess hvernig andstæðingar hans í forsetakosningunum í nóvember, úr repúblikanaflokknum lögðu mikla áherslu á stækkun NATO og að hann hefði brugðist í þeim málum gagnvart Pólverjum, Tékkum og Ungverjum. Það var nú eitt atriðið.

Hér hefur farið fram töluverð umræða um stækkun bandalagsins og hversu mikið tillit menn eigi að taka til Rússa. Það er auðvitað umræða sem er gott að eigi sér stað. Menn eiga að vega og meta það mál. Auðvitað er það mikilvægt og innlegg í málið hver afstaða Rússa í þessu verður. En það er út af fyrir sig fróðlegt að heyra hvernig menn skiptast á skoðunum og fróðlegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skuli taka af svona mikilli alvöru þátt í umræðum um stækkun bandalags sem hann hefur alla tíð verið á móti. Og nú vil ég spyrja hann einnar spurningar í ljósi þessara umræðna og í ljósi nýafstaðins aðalfundar miðstjórnar Alþb. Er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon enn þeirrar skoðunar, eins og hann hefur alltaf verið, að Ísland eigi að segja sig úr þessu bandalagi? Að Íslendingar eigi að ganga út NATO? Ég spyr.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að vona að við slyppum nú einu sinni í gegnum umræður um þessi mál án þess að lenda ofan í gamla (**GHH:** Þú skalt bara játa því.) hjólfarinu og kalda stríðinu. Það er þannig þrátt fyrir allt, herra forseti, a.m.k. er að mínu mati svo að okkur, sem búum í Evrópu, hlýtur öllum að koma öryggismálin þar við. Líf okkar allra er jafnverðmætt. Reyndar eiga skoðanir okkar allra að vera jafnverðmætar samkvæmt ýmsum sáttmálum og lögum og reglum sem undir er skrifað. En stundum finnst manni eins og einhverjir hafi tekið sér vald til að dæma um það að sumar skoðanir séu eitthvað réttlægri en aðrar af því að þeim falla þær ekki í geð eða þær kunna að vera í minni hluta þá og þá með þjóðum. Mér finnst auðvitað heldur leiðinlegt að ræða málin undir þeim formerkjum.

Já, ég er þeirrar skoðunar að það væri langbest fyrir öryggi í Evrópu og í heiminum að leysa upp hernaðarbandalögin og byggja öryggisskipan heimsins á öðrum alþjóðlegum, lýðræðislegum grunni (Gripið fram í.) en ekki á — já, það er og hefur verið mín stefna. Á meðan NATO er hernaðarbandalag sem byggir á því að beita t.d. kjarnorkuvopnum að fyrra bragði í styrjöld þá get ég ekki sætt mig við aðild að því. Ég held að því miður sé það að mörgu leyti arfur frá liðinni tíð sem við erum að dragnast með okkur inn í framtíðina. Langbest hefði verið fyrir Evrópu að bæði hernaðarbandalögin hefðu verið leyst upp samtímis og í staðinn hefðu verðið efldar stofnanir sem tóku til Evrópu allrar. Það sem er auðvitað langmikilvægast að gera upp á framtíðaröryggishagsmuni Evrópu og heimsins yfirleitt er að afvopna heiminn. Það er að eyða sem mestu af tortímingar- og gereyðingarvopnunum og færa öryggisskipan yfir í varnaraðgerðir en ekki árásaraðgerðir. Það þarf að koma á samningum um vopnaviðskipti og annað því um líkt sem enn hefur ekki tekist m.a. vegna þess að menn eru ýmist af viðskiptalegum ástæðum eða hernaðarlegum allt of bundnir hinum gamla hugsunarhætti. Þar sem vopnin hlaðast upp þá segir sagan okkur að tilhneigingin sé sú að þau verði notuð á endanum og þá verða einhver fórnarlömb. Þannig er það. Ég held þess vegna að við ættum að reyna að ræða þetta mál á málefnalegum og rólegum nótum og virða skoðanir hvers annars. Og þó að við höfum mismunandi sjónarmið á því hvernig eigi að tryggja öryggi þá hljótum við að minnsta kosti að geta verið sammála um að við viljum öll öryggi og frið.

[16:52]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér hefur aldrei dottið annað í hug en að virða skoðanir hv. þm. sem hann á að sjálfsögðu fullan rétt á, jafnvel þótt þær kunni að vera rangar og hann kunni að hafa haft rangt fyrir sér alla tíð að því er varðar Atlantshafsbandalagið. Auðvitað virði ég skoðanir hans og hann á fullan rétt á þeim. Ég er hins vegar ósammála því er varðar aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Ég tel að það sé mjög athyglisvert að fram skuli koma hér, þann 6. febr. 1997, að í þingflokki Alþb. eru enn þá menn sem eru andvígir aðild Íslands að bandalaginu þrátt fyrir viðleitni á aðalfundi miðstjórnar flokksins fyrir nokkru að breyta stefnu flokksins. En það er kannski ekki aðalmálið í þessari umræðu. Til umfjöllunar er skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins en ekki starfsemi bandalagsins í heild. Þó er auðvitað óhjákvæmilegt að ræða hér í einhverjum efnum heildarstefnu bandalagsins gagnvart stækkun. Ég hef margoft látið það koma fram sem mína afstöðu í þessu máli að því fyrr því betra að útvíkka bandalagið til austurs til að koma til móts við óskir þeirra þjóða sem þar búa, og sjálfar sjá fram á að öryggi þeirra verður best tryggt með stækkun bandalagsins.

Hins vegar get ég tekið undir lokaorð hv. ræðumanns að auðvitað er það markmið allra að tryggja öryggi og frið í álfunni þótt menn kunni að greina eitthvað á um leiðir til þess. En það hefur sýnt sig í gegnum söguna að ágreiningur í þeim efnum getur verið býsna alvarlegur þó að hann láti ekki mikið yfir sér.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég treysti mér ekki til að taka til orða eins og hv. þm. gerði að sumir hafi réttar og aðrir rangar skoðanir í þessu máli. Ég held að það sé dálítið hættulegt orðalag og hafi lengst af verið, svona rétttrúnaðarmálflutningur af því tagi. Það gerðist nú að hv. þm. fjarstöddum, hygg ég, að þessi umræða spannst upp í tiltölulega almenna umræðu um öryggismál í Evrópu með vísan til stækkunar NATO. Það er í sjálfu sér eðlilegt að svo fari því auðvitað er ekkert eitt mál stærra í sjálfu sér en það. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að menn ræði það mál í samræmi við stærð þess hvort sem menn eru samþykkir eða mótfallnir hernaðarbandalaginu sem slíku sem þarna á í hlut. En það væri þá líka fróðlegt að hv. þm. svaraði því í ljósi þeirrar áherslu sem hann leggur á að Eystrasaltsríkin verði með í fyrstu umferð. Er sú sannfæring hv. þm. svo sterk að hann leggi til að það verði gert jafnvel þótt það sé í mjög harðri andstöðu við Rússa þannig að um það verði bullandi átök í Evrópu? Telur hv. þm., burt séð frá öðru, að það sé skynsamleg eða heppileg aðgerð með tilliti til öryggishagsmuna Evrópu í heild?

[16:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. um öryggismál Evrópu vil ég leggja áherslu á þá skoðun mína að öryggismál Evrópu til frambúðar og stefnan í þeim málum verður ekki ákveðin nema á grundvelli Atlantshafsbandalagsins. Það er ekkert annað sem getur komið í staðinn fyrir það. Skýringin er ósköp einföld og það er samstarfið yfir hafið. Það er sú grundvallarskoðun flestra að öryggi í Evrópu verði ekki tryggt nema með samstarfi við Bandaríkjamenn og Kanadamenn. Þetta er algjört grundvallaratriði.

Það er líka ástæða til að leggja á það áherslu að margt annað er verið að gera til að tryggja væntanlega stækkun og frið í Evrópu, samstarf í þágu friðar. Allar þjóðir Evrópu taka þátt í því, líka Rússar. Ég held reyndar að Malta hafi sagt sig úr því fyrir stuttu. En eftir því sem ég man best eru allar þjóðir í Evrópu þátttakendur í því. Þetta hefur verið mjög árangursríkt starf. Það mun m.a. fara fram æfing á Íslandi þar sem 15 eða 16 þjóðir hafa tilkynnt þátttöku sína þar á meðal Eystrasaltsríkin og Rússar. Í Norður-Atlantshafssamvinnuráðinu starfa um 40 ríki. Nýlega urðu Svisslendingar áheyrnaraðilar að þeim samtökum. Unnið er að því að sameina þessa starfsemi í Atlantshafssamstarfsráðið þannig að gríðarlega mikið starf fer fram á vettvangi Atlantshafsbandalagsins að því er varðar öryggismál Evrópu. Ég vil jafnframt nefna það samstarf sem hefur verið í fyrrum Júgóslavíu og hefur verið mjög árangursríkt.

Að því er varðar Bandaríkin er ríkisstjórn Bandaríkjanna að vinna að því af heilum hug að stækka NATO. Þeir eru af heilum hug í mjög alvarlegum viðræðum við Rússa ásamt

ýmsum öðrum um það hvernig þau mál verða leyst. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að Bandaríkjamenn muni standa heilir að þeirri stefnu að Atlantshafsbandalagið verði stækkað.

[16:57]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að margt af því sem hæstv. utanrrh. nefndi og snýr að samstarfi Evrópuríkjanna í heild eins og Partnership for Peace, hvernig sem það er nú þýtt, félagsskapur í þágu friðar, og Norður-Atlantshafssamvinnuráðið og svo að sjálfsögðu ÖSE og starf að öryggismálum þar og innan Evrópuráðsins og víðar, sé allt af hinu góða og jákvætt í sjálfu sér, enda eru þar allir með. Grundvallarmunurinn á öllu þessu annars vegar og stækkun NATO hins vegar, eins og málin standa í dag, er að þar verða ekki allir með. Það er spennuvaldurinn, það er hættan í málinu.

Varðandi afstöðu Bandaríkjanna hef ég verið að vísa til almennrar umræðu, blaðaskrifa og umfjöllunar um þau mál, þar sem ýmsir áhrifamiklir menn eru farnir að vara við því miklu sterkar en áður var. Að vísu var Clinton með sömu formúluna í sinni stefnuræðu á dögunum. En það breytir ekki hinu að allir vita að Bandaríkjamenn vilja fara með mjög varkárri afstöðu í það mál. Það liggur líka fyrir, þó það sé ekki oft sagt, að það eru ekki síst Bandaríkin sem eru ekki tilbúin til að skrifa upp á það að Eystrasaltsríkin verði með í fyrstu umferð. Menn vita að Bandaríkin hafa t.d. verið að ræða þau mál sérstaklega við Svía vegna þess að þar gætu hagsmunir eða stefna Bandaríkjanna annars vegar og þeir stórveldisdraumar frænda okkar við Eystrasaltið farið saman og yrði þá meira skrifað upp á þeirra reikninga að reyna að sjá fyrir samvinnu og öryggissamvinnu við Eystrasaltsríkin. Þar af leiðandi er það alveg á sínum stað að vitna til þess að Bandaríkjamenn hafa talsvert aðra afstöðu í þessu efni en mörg Evrópuríkin.

Ég get ekki leynt því, herra forseti, að mér finnst hafa gætt verulegrar hræsni eða a.m.k. tvískinnungs í umfjöllun um þessi mál og menn hafa yfirleitt ekki verið fáanlegir til að ræða þau opinskátt og hreinskilnislega af einhverjum ástæðum. Þá vísa ég sérstaklega til þess að menn skýla sér á bak við gamlar klisjur af því tagi að Rússar eigi ekki að hafa neitunarvald o.s.frv. í stað þess að horfast í augu við aðstæðurnar eins og þær raunverulega eru þar, stórhættulegar.

[16:59]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðalatriðið er að ekkert af þessu hefði gerst án Atlantshafsbandalagsins. Berlínarmúrinn hafði ekki fallið án Atlantshafsbandalagsins. Samstarf í þágu friðar hefði ekki orðið til án Atlantshafsbandalagsins og Norður-Atlantshafssamvinnuráðið hefði heldur ekki orðið til án Atlantshafsbandalagsins þannig að Atlantshafsbandalagið er grunnurinn að þessu öllu saman og það vita allir. Rússar hafa gengið til samstarfs við Atlantshafsbandalagið í fyrrum Júgóslavíu og Rússar hafa gengið til samninga við Atlantshafsbandalagið um sín mál og það er engin ástæða til annars en að ætla að það verði leyst tiltölulega farsællega.

Þar er verið að ræða ýmislegt annað eins og t.d. aðgang Rússa að samstarfi stærstu iðnríkja heims, um afvopnunarmál, um efnahagsaðstoð við Rússa og hjálp Vesturveldanna að því er varðar uppbyggingu lýðræðis þar. Það er því ekki lítið mál að þar takist vel til og ég veit að hv. þm. er mér sammála um það.

[17:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þá er bara eftir ein spurning: Af hverju eru þá ekki Rússar með? Af hverju eru þá ekki Rússar teknir inn í leiðinni? Það er það skrýtna við þetta. (**Gripið fram í:** Þeir vilja það ekki.) Þeir vilja það ekki? Hefur verið látið á það reyna? Ef menn virkilega trúa á að þeir séu að byggja einhverja nýja öryggislausn fyrir Evrópu á einhverjum saltstólpa sem hæstv. utanrrh. rekur alla hluti til og gefur sér að ekkert hefði getað gerst í heiminum á síðustu áratugum nema vegna þess að NATO var til. Ég læt það nú hvarfla að mér að ef ekki hefði verið NATO, þá hefði verið einhver önnur skipan mála sem hefði komið inn í staðinn og enginn getur sagt í sjálfu sér, því það þýðir ekkert að ræða um söguna í þáskildagatíð, hvort hún hefði ekki getað verið alveg jafngóð eða betri. En sleppum því og geymum þær æfingar þangað til seinna.

Að lokum kemur auðvitað þessi spurning upp: Af hverju er ekki Rússland með ef menn ætla að ná allri Evrópu undir nýjan skipan öryggismála sem heldur og er til frambúðar og er líkleg til árangurs? Það er kannski vegna þess að þá lenda menn austur að kínversku landamærunum og er það viðkvæmt mál? Nei, málin eru ekki svona einföld. Ef girðing er færð til um 100 metra þá er hún bara komin á nýjan stað, en hún er samt girðing. Það er vandinn og ég sé ekki að Evrópa sé hótinu betur sett með nýja spennulínu þó að hún liggi nokkur hundruð eða þúsund kílómetrum austar en sú gamla.

Framlag til þróunarsamvinnu, fyrri umr.

Þáltill. SJS og MF, 103. mál. — Þskj. 107.

[17:02]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um aukið framlag til þróunarsamvinnu. Flutningsmaður ásamt mér er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Tillögugreinin gengur út á það að Alþingi álykti að við skulum auka framlög okkar til þróunarsamvinnu og tengdra verkefna í áföngum á árunum 1997 til og með 2000 með eftirtöldum aðgerðum:

1. Á árinu 1997 verði framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands aukið sérstaklega um 15 millj. kr. Verði þeim fjármunum varið til áætlanagerðar og undirbúnings aukinna verkefna á komandi árum.

2. Á árunum 1998 og 1999 verði sérstakt grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 250 millj. kr. samkvæmt fjárlögum, auk tekna af sérstöku álagi á hátekjuskatt og tekjuskatt fyrirtækja. Á sérstakan tekjuskatt manna leggist 1% álag hvort ár og á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja (lögaðila) 1,5% álag.

3. Frá og með árinu 2000 verði grunnframlag til Þróunarsamvinnustofnunar 350 millj. kr., auk 2% álags á hátekjuskatt og 3% álags á tekjuskatt fyrirtækja.

4. Á árinu 1997 — það er að segja yfirstandandi ári, en tillagan var lögð fram á haustþingi — skal Þróunarsamvinnustofnun vinna nauðsynleg undirbúningsverkefni, m.a. verði gerð áætlun um verkefni sem talin eru brýn á sviði þróunarsamvinnu þar sem Íslendingar geta einir sér eða í samvinnu við aðra orðið að liði í krafti sérþekkingar, t.d. á sviði sjávarútvegs eða tengdra greina. Utanríkisráðherra

leggi áætlun Þróunarsamvinnustofnunar fyrir Alþingi haustið 1997 í formi skýrslu.

Þetta, herra forseti, á sér rót í þeirri stöðu að framlög okkar Íslendinga til þróunaraðstoðar og þróunarsamvinnu hafa verið heldur dapurleg. Sú saga er í reynd hvorki löng né glæsileg. Allt fram til ársins 1981 þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa var aðstoðin nánast eingöngu bundin við framlög til alþjóðastofnana sem við höfum gerst aðilar að og þátttöku í einhverjum samnorrænum verkefnum. Þá var á bilinu 0,03–0,07% af þjóðarframleiðslu varið til þróunaraðstoðar ef undan eru skilin framlög til hjálparstarfs og neyðaraðstoðar á vegum Rauða krossins og Hjálparstofnunar kirkjunnar og slíkra aðila.

Þegar Þróunarsamvinnustofnun tók til starfa voru bundnar vonir við að úr frammistöðu okkar rættist að þessu leyti. Í kjölfarið komu vissulega til sögunnar fyrstu tvíhliða verkefnin þar sem Íslendingar reyndu að aðstoða fátækar þjóðir við uppbyggingu, oftast á sviði sjávarútvegs og má þar sem dæmi nefna samstarf okkar við Grænhöfðaeyjar. Framlög jukust árin 1982 og 1983, en lækkuðu síðan aftur, því miður.

28. maí 1985 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar frá utanríkismálanefnd um þróunaraðstoð Íslands. Ályktunin var um að á næstu sjö árum skyldi með reglubundinni aukningu framlaga ná því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum yrðu 0,7% af þjóðarframleiðslu. Þar var gengið út frá þeim viðmiðunarmörkum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt fyrir velmegunarríkin, að varið skyldi a.m.k. jafnviði 1% þjóðarframleiðslu til aðstoðar við þróunarríki og þar af væru opinber framlög a.m.k. 0,7%.

Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að örlög þessarar ályktunar Alþingis frá 1985 hafa orðið harla dapurleg. Árin á eftir, þ.e. fyrst á eftir þessari ágætu samþykkt Alþingis, lækkuðu en ekki hækkuðu framlög til þróunarsamvinnu sem hlutfall af þjóðatekjum og fóru niður í 0,05% á árinu 1987 og 1988. Framlögin hækkuðu hins vegar verulega næstu þrjú ár, þ.e. á árunum 1989–1991 og náðu þá hæsta hlutfalli sem þau hafa hingað til náð eða liðlega 0,13% af þjóðarframleiðslu. En síðan hafa framlögin því miður aftur farið lækkandi og gera nú ekki betur en standa um það bil í stað í krónutölu.

Tillagan gerir ráð fyrir, herra forseti, að framlag Íslands til þróunarsamvinnu verði verulega aukið á árunum fram að aldamótum. Í ljósi reynslunnar er lagt til að sú aukning verði að verulegu leyti fjármögnuð með sérstakri tekjuöflun í skattkerfinu, þ.e. sérstöku álagi á hátekjuskatt einstaklinga og á tekjuskatt fyrirtækja. Með því er verið að reyna að gera tvennt í senn, þ.e. að afla þessara tekna þannig að það komi ekki við stöðu fjárlaga hér að öðru leyti og verið er að reyna að leggja byrðarnar á þá sem betur mega sín og ættu að geta axlað þær. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu eða fjárlögum þessa árs er framlag til þróunarmála 670 millj. kr. Það er bæði framlag til Þróunarsamvinnustofnunar og þeirra alþjóðastofnana og verkefna sem flokkast sem slíkt og stendur nokkurn veginn í stað. Til Þróunarsamvinnustofnunar fara 172 millj. eða fóru samkvæmt frv. og átti framlagið að hækka um 14,4 millj. vegna verkefna í Mósambík.

Tillagan gerir ráð fyrir því að þessari stöðu verði breytt eins og áður hefur verið rakið og framlögin hækki á árunum 1998–2000 með hærra grunnframlagi og sérstakri tekjuöflun. Þá ættu þessi framlög að geta breytst þannig að í stað um 685 millj. kr. á yfirstandandi ári yrðu þau rúmur milljarður á árunum 1998 og 1999 og á 15. hundrað millj. kr. á árinu 2000 og eftirleiðis. Þá breyttist hlutfallið úr 0,13 í 0,28 eða tæplega 0,3% þjóðartekna. Þar með er eftir sem áður verið að segja að við ættum langt í land og þyrftum að meira en tvöfalda framlög okkar frá því til þess að ná hinum alþjóðlega viðurkenndu mörkum. Því er ljóst að hér er eingöngu verið að leggja til fyrsta skrefið á langri vegferð sem við Íslendingar eigum fyrir höndum ef við ætlum kinnroðalaust að geta gengist við frammistöðu okkar í þessum efnum.

Á árunum eftir aldamótin þarf sem sagt að halda áfram á sömu braut og auka framlög til þróunarsamvinnu með frekari hækkun grunnfjárveitinga og/eða aukinni sjálfstæðri tekjuöflun. Ég er sannfærður um það, herra forseti, að Íslendingar eru tilbúnir til þess að taka á sig einhverjar byrðar til að geta gengist við frammistöðu sinni að þessu leyti. Reynslan hefur kennt mér að ekki sé líklegt að við náum árangri í þessum efnum með því að flytja tillögur um beinar hækkanir á fjárlögum, til þurfi að koma sjálfstæð og sérstök tekjuöflun, eyrnamerkt þessu verkefni. Og ef hún er skynsamlega úr garði gerð, í líkingu við það sem hér er lagt til eða einhver önnur sambærileg niðurstaða sem skilar tekjum, þá er ég alveg sannfærður um að hægt ætti að vera að ná góðri sátt í þjóðfélaginu um að leggja þarna meira af mörkum. Það er engan veginn boðlegt fyrir Íslendinga í samfélagi þjóðanna, jafnmikil velmegunarþjóð og við þrátt fyrir allt erum, að leggja ekki meira af mörkum en raun ber vitni. Þjóðir sem stríða við miklu meiri erfiðleika en við í sínum ríkisbúskap, búa við mun meira atvinnuleysi og búa jafnvel við lægri þjóðartekjur á mann eru eftir sem áður að leggja verulega mikið meira af mörkum en við gerum og þær eru ekki endilega allar stórþjóðir. Ég leyfi mér því að vona, herra forseti, að með þessari tillögu komist þetta mál á nýjan leik á hreyfingu á vettvangi Alþingis og að það verði skoðað af alvöru af hv. þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar að menn reki af sér slyðruorðið og samþykki eitthvað í þessa veru.

Ég legg svo til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn. að lokinni þessari umræðu.

[17:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem hann sýnir þessum málaflokki. Margt af því sem hann sagði er mjög rétt. Það liggur alveg ljóst fyrir að við Íslendingar höfum ekki lagt jafnmikið af mörkum á sviði þróunarhjálpar og við hefðum getað gert. Það má hins vegar alltaf um það deila hvernig fjármuna skuli aflað til slíkra verkefna.

Þrátt fyrir það tel ég að við höfum verið að gera margt gott á undanförnum árum í þróunarhjálp og sumt af því sem nú er að hefjast lofar góðu. Ég nefni í þá samband þá hjálp sem hefur farið af stað í Afríku, í Namibíu, í Malaví og nú síðast í Mósambík. Það verður mun meira úr þessari hjálp vegna þess að við reynum að vinna í samvinnu við Norræna þróunarsjóðinn og Alþjóðabankann sem við höfum leitað eftir samvinnu við í vaxandi mæli. Þó að það flokkist ekki undir þróunarhjálp þá er sú aðstoð sem við erum að veita í Bosníu veruleg, um 100 millj. kr. og vonandi verður mun meira úr henni vegna þess að það samstarf er rekið í samvinnu við Alþjóðabankann sem ég tel að við höfum ekki nýtt í nægilega miklum mæli. En nú nýlega hefur utanrrn. tekið við forsvari í þeim banka í ljósi þess að hann einbeitir kröftum sínum aðallega að þróunarmálum. Þetta leggur að

vísu auknar byrðar á utanrrn. í því starfi sem þar fer fram og kallar á meiri vinnu þar innan dyra.

Ég er sammála hv. þm. um að við þurfum að auka okkar þróunarhjálp. Það er aðalatriðið. Um það hvernig það skuli gert skal ég ekki hafa neinar fullyrðingar. Við höfum verið að draga úr því að nota markaða tekjustofna. Það hefur verið stefna íslenskra ríkisstjórna á undanförnum árum að hætta því í sem mestum mæli og þessi ríkisstjórn hefur stefnt að því líka. Með því að hækka tekjuskatt fyrirtækja sérstaklega um 3% erum við að skapa nýtt rekstrarumhverfi fyrir atvinnureksturinn í landinu. Tekjuskattur hér á landi er ekki lægri en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur nema síður sé og löndin allt í kringum okkur eru yfirleitt að lækka tekjuskatt á fyrirtæki. Við tökum þá áhættu að sjálfsögðu ef við skattleggjum okkar fyrirtæki hærra en gert er í nágrannalöndum okkar að við missum atvinnureksturinn frá okkur þegar miðað er við það mikla frelsi sem menn búa nú við í sambandi við flutning fjármagns og flutning vinnuafls. Ég hef því ákveðnar efasemdir um að það eigi að fara út í markaðan tekjustofn í þessu sambandi þó að ég vilji ekkert útilokað það.

Ég vil minna á að ýmsar þjóðir hafa verið að leita leiða í þessum efnum til þess að auka framlag hins alþjóðlega samfélags til þessara málaflokka og þá ekki síst til starfsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Upp hafa komið hugmyndir um að leggja sérsakan skatt á allar gjaldeyrisyfirfærslur í heiminum og það hafa líka komið upp hugmyndir um að leggja sérstakan skatt á allar flugsamgöngur. Það er náttúrlega alveg ljóst að slíkur skattur eins og á flugsamgöngur leggst misjafnlega á þjóðir því að þjóðirnar eru mismunandi háðar slíkum samgöngum. Við Íslendingar erum t.d. miklu háðari flugsamgöngum en flestar aðrar þjóðir. En allt er þetta rétt að skoða.

Að því er varðar skatt á gjaldeyrisyfirfærslur þá hefur það reynst mjög flókið mál. Líka er ljóst að ef verður úr myntsamrunanum í Evrópu, sem verður áreiðanlega, þá mun það að sjálfsögðu draga úr gjaldeyrisyfirfærslum milli þeirra landa þannig að það vakna upp spurningar hvort það sé réttur mælikvarði á framlög þjóða heimsins til þessa málaflokks. En allt er þetta rétt að skoða og útiloka ekki neitt fyrir fram því að auðvitað finnst aldrei tekjuöflunarleið í þessu sambandi sem verður gallalaus.

Ég vil fagna því að þessi mál eru rædd hér á Alþingi og verða tekin fyrir í utanrmn. Það er vissulega ástæða til þess. Það liggur fyrir að utanrmn. samþykkti fyrir sitt leyti þáltill. á sínum tíma og Alþingi staðfesti þá þáltill. og samþykkti hana einróma. Það hefur ekki verið unnið í samræmi við hana. Það eru staðreyndir málsins. Þess vegna er mikilvægt að um þessi mál sé fjallað.

Að því er varðar utanrrn. sem heild, þótt af okkar hálfu standi fullur vilji til þess að auka framlög til þróunarsamvinnu, þá sjáum við engar leiðir til þess að draga úr annarri starfsemi ráðuneytisins til þess að ná því fram nema þá að loka einhverjum sendiráðum og draga stórkostlega úr alþjóðlegu samstarfi. En á sama tíma er verið að krefjast þess af bæði atvinnulífinu og öðrum að við aukum þjónustu erlendis með því að opna ný sendiráð. Sannleikurinn er sá að það er svo mikill vöxtur í hinu alþjóðlega samstarfi og svo mikið í húfi að gæta hagsmuna landsins að það getur verið stórvarasamt að standa utan við margvíslegt samstarf sem á sér stað. Og við missum af ýmsu ef við tökum ekki þátt í því. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að með því að reka ekki sendiráð í ýmsum löndum, þá erum við að missa af ýmsum samskiptum. Við erum að missa af viðskiptum. Við erum að missa af því að fá til okkar ferðamenn o.s.frv. Ég held því að ekki verði dregið í efa að verðmæti hins alþjóðlega samstarfs er mikið, en við Íslendingar verðum að vera það stoltir að leggja það af mörkum sem okkur ber til að hjálpa þeim sem minna mega sín í heiminum því að þótt víða megi finna vandamál í samfélagi okkar og fátækt finnist víða, þá eru það smámunir á við það sem við sjáum víða í hinu alþjóðlega samfélagi.

[17:19]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir orð hans hér og að vissu leyti undirtektir við tillöguna og kom svo sem ekki á óvart að hæstv. ráðherra vill að sjálfsögðu veg okkar meiri en hann er í þessum efnum. Það held ég að allir hljóti að gera sem þekkja til frammistöðu okkar á þessu sviði.

Þrátt fyrir að segja þetta, og vísa ég þá að sjálfsögðu til fjárveitinganna en ekki þess sem við höfum verið að reyna að gera fyrir það takmarkaða fé, þá tek ég einmitt undir það að ég held að reynslan af þeim verkefnum sem Íslendingar hafa sinnt gefi síður en svo tilefni til þess að ætla annað en að við getum með fullum sóma teflt því fram sem við höfum verið að leggja af mörkum. Gallinn er bara sá að það er of lítið. Við höfum lagt of litla fjármuni í þetta, langt, langt undir því sem við ættum að gera hlutfallslega miðað við ríkidæmi þjóðarinnar. Það er t.d. alveg ljóst að við getum aðstoðað fjölmargar þjóðir við nýtingu á sjávarauðlindum sínum og við veiðiskap og það er held ég engin deila um að þar hafa Íslendingar staðið sig vel og lagt heilmikið af mörkum við uppbyggingu og þróun á fjölmörgum svæðum.

Það vekur líka athygli þegar maður skoðar hverjir hafa tekið þátt í þessum verkefnum fyrir Íslands hönd að það virðist ekki vera neinn skortur á mjög miklu hæfileikafólki og vel menntuðu til þess að verja jafnvel árum af ævi sinni í einmitt slík störf og búa jafnvel við mjög erfiðar aðstæður og kröpp kjör að ýmsu leyti árum saman, í raun og veru af hugsjón í þessu sambandi. A.m.k. þykist ég geta borið um það að af þeim sem ég þekki og hafa sinnt störfum að þessum málum, bæði fiskifræðingar, mannfræðingar, skipstjórnarmenn og ýmsir slíkir, þar hefur mjög margt hæfileikafólk átt í hlut. Því hefur staðið allar dyr opnar en það hefur eftir sem áður valið að verja hluta ævi sinnar í raun og veru af hugsjónar- og mannúðarástæðum í þessi verk.

Það má að sjálfsögðu alltaf deila um hvernig tekjuöflun væri skynsamlegust í þessu sambandi og út af fyrir sig gæti ég alveg tekið undir það að ef pólitískur veruleiki gæfi manni einhverja trú á að við næðum að hækka þessi framlög án eyrnamerktra tekjustofna, þá væri ég að sjálfsögðu alveg sammála því og hlynntastur því að það væri gert, ósköp einfaldlega með beinum hækkunum fjárframlaga úr ríkissjóði á grundvelli hins almenna tekjuöflunarkerfis. En það er bara ekki pólitískur veruleiki og pólitískt raunsæi sem segir mér að líklegra sé að við náum þessu hlutfalli eitthvað upp á við með sérstakri tekjuöflun. Ég held líka að hvað sem öllum prinsippum líður og skattapólitík að þjóðin mundi í raun og veru skilja það mjög vel og taka því vel að þarna yrði farið út í einhverja sérstaka tekjuöflun, sérstaklega ef menn hefðu á tilfinningunni að þar væri verið að reyna að leita sæmilega réttlátra eða sanngjarna leiða við að dreifa þeim byrðum. Þess vegna var lagt til, við getum sagt sem sýnishorn, að þetta yrði gert í formi sérstaks álags á hátekjuskatt einstak-

linga, þ.e. hátekjufólksins, og álags á tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja. Ég minni á í því sambandi vegna orða hæstv. ráðherra að búið er að lækka tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna mjög myndarlega hér á undanförnum árum eða úr 45% eins og hún var í um nokkurt skeið og niður í 33%. Ég held að miðað við afkomu þeirra margra og stöðu ætti ekki að vera nein frágangssök að þau legðu eitthvað meira af mörkum.

Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að utanrrn. sem slíkt getur ekki sparað neinar þær fjárhæðir úr rekstri sínum að um þær dragi eitthvað í þessum efnum. Mér er það alveg ljóst og er í sjálfu sér ekki að gera neinar tillögur um slíkt. Þó svo að menn gripu til þess ráðs að loka eins og einu sendiráði á Norðurlöndunum eða eitthvað í þeim dúr þá mundi það ekki skipta miklu í þessu sambandi. Þar eru líka ýmis ný verkefni sem mikil þörf er á við getum sinnt, t.d. að gæta hagsmuna okkar í fjarlægum heimsálfum eins og Asíu þar sem viðskiptahagsmunir okkar eru mjög vaxandi.

Ég vona sem sagt, herra forseti, að hv. utanrmn. taki þessa tillögu til vandaðrar skoðunar og vísa í það sem ég hef sagt um það efni og líka í orð hæstv. utanrrh. sem er því sammála að þingið þurfi að taka sér tak í þessum efnum. Ég tel að mörgu leyti eðlilegt að utanrmn. vísi því til efh.- og viðskn. að fjalla sérstaklega um tekjuöflunarþáttinn. Ef vilji væri til þess að skoða það mál, þá gæti það sem best gerst í góðu samstarfi nefndanna.

Það er að lokum alveg rétt sem hæstv. utanrrh. var að segja að þinginu er það ekki vansalaust, það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að láta málið standa eins og það stendur því að í gildi er afdráttarlaus samþykkt Alþingis á grundvelli tillögu sem var flutt sameiginlega af utanrmn. á síðasta áratug um að stórhækka þessi framlög. Sú samþykkt er í fullu gildi, herra forseti, og það er okkur öllum til vansa að láta málin standa eins og þau standa. Þingið verður að lokum að gera það upp við sig hvort pólitískur vilji er fyrir hendi til þess að auka þessi framlög eða ekki og fella þá frekar þessa samþykkt úr gildi ef það er orðin niðurstaða manna að menn séu svo aumir hér uppi á Íslandi að þeir ætli einir velmegunarþjóða að skorast algjörlega úr leik þegar að því kemur að leggja bágstöddum meðbræðrum annars staðar í heiminum lið.

Ríkisendurskoðun hefur nýverið gagnrýnt Alþingi og ríkisstjórnir fyrir það að hafa veitt fjármuni til hafnarframkvæmda án þess að hafnaráætlanir hafi verið samþykktar af Alþingi en má þá ekki líka snúa því við og spyrja: Er ekki jafnmælisvert að standa þá ekki við þær ályktanir sem hafa verið samþykktar afdráttarlaust? Vill ekki Ríkisendurskoðun líta á hvort það sé til fyrirmyndar að samþykkja slíkar ályktanir og gera síðan ekkert með þær? Auðvitað má segja að þingið ákveði sjálft að ómerkja þær hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga. En eftir stendur að það á ekki að láta almennar samþykktir sem eru stefnumótandi og bindandi að þessu leyti vera í gildi ef ekkert er gert með þær ár eftir ár.

Herra forseti. Ég vonast sem sagt til þess að þessi tillaga nái tilgangi sínum sem er fyrst og fremst sá að koma þessum málum á einhverja hreyfingu á nýjan leik.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 130. mál. — Þskj. 141.

[17:27]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Þetta er 130. mál á þskj. 141 og flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Hér er um endurflutning á frv. að ræða, herra forseti, sem nokkrum sinnum áður hefur komið fyrir þingið, eða fjórum sinnum, og var fyrst flutt um miðjan 9. áratuginn. Frv. gengur út á það eins og fyrirsögnin hljóðar upp á að gera Ísland að friðlýstu svæði þar sem, eins og segir í 1. gr. þar sem megintilgangi frv. er lýst, með leyfi forseta: „... bannað er að koma fyrir, staðsetja eða geyma, flytja um eða meðhöndla á nokkurn annan hátt kjarnorku- eða eiturefnavopn. Umferð kjarnorkuknúinna farartækja er bönnuð á hinu friðlýsta svæði og einnig flutningur eða losun kjarnakleyfra efna og kjarnorkuúrgangs."

Þetta er sem sagt það sem átt er við þegar vísað er til friðlýsingar samkvæmt frumvarpstexta þessum.

Meginmarkmið frv. eins og segir í 2. gr. er að gera allt íslenskt yfirráðasvæði kjarnorku- og eiturefnavopnalaust og afla hinu friðlýsta svæði alþjóðlegrar viðurkenningar, draga úr hættunni á kjarnorku- og eiturefnaóhöppum á Íslandi og í grennd við Ísland og stuðla að afvopnun og friði af Íslands hálfu.

Í 3. gr. eru hugtök skilgreind, hugtakið kjarnorkuvopn, eiturefnavopn, hvað átt er við þegar talað er um Ísland, þ.e. íslenskt land, landhelgi, lofthelgi, efnahagslögsögu og landgrunn og allt íslenskt yfirráðasvæði og hvað hið friðlýsta svæði merkir.

Í 4.–7. gr. eru raktar þær kvaðir sem fylgja friðlýsingunni, hvaða kvaðir þær leggja á íslenska ríkisborgara og stjórnvöld og hvaða starfsemi er bönnuð samkvæmt frv. Það tekur til hvers konar staðsetningar, meðhöndlunar, flutnings o.s.frv. eins og áður hefur fram komið, á kjarnavopnum og eiturefnavopnum.

10. gr. fjallar um umferð kjarnorkuknúinna farartækja sem er bönnuð. 11. gr. er um flutning kjarnakleyfra efna eða kjarnorkuúrgangs. Í 12. gr. eru hins vegar skilgreindar þær undanþágur frá ákvæðum 6., 9., 10. og fyrri mgr. 11. gr. þessa frv., sem heimilt sé að gera að því marki sem það er nauðsynlegt til að fullnægja alþjóðlegum skuldbindingum. Það er auðvitað ljóst að tilteknar alþjóðlegar skuldbindingar sem varða umferð og annað slíkt hvíla á okkur eins og öðrum þjóðum og þau ríki sem farið hafa þá leið að friðlýsa lögsögur sínar, eins og til að mynda Nýja-Sjáland, þurfa að sjálfsögðu að gera það með þeim hætti að það samræmist alþjóðalögum og þjóðarétti. Þó er ljóst að Ísland hefur stöðu til að binda slíkar undanþágur við svæðið utan 12 mílna. Það getum við gert vegna þess að engar alþjóðlegar siglingaleiðir liggja í okkar lögsögu þannig að nauðsynlegt sé að veita undanþágur nær landinu en upp að 12 mílum. Það á hins vegar ekki við t.d. um Nýsjálendinga sem hafa neyðst til að gera undanþágur vegna siglinga í sundinu milli Norður- og Suðureyjar.

Í 13. gr. er kveðið svo á um að aldrei skuli leyfa komu kafbáta, herskipa eða herloftfara inn fyrir 12 sjómílna land-

eða lofthelgi eða heimsóknir slíkra farartækja til íslenskra hafna eða flugvalla nema óyggjandi teljist að í því felist ekki brot á friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum samkvæmt lögum þessum og í vafatilfellum skuli ætíð leita bestu fáanlegra upplýsinga óháðra aðila.

Þetta er að sjálfsögðu gert, herra forseti, að gefnu tilefni. Það nægir að vitna þar til atburðanna í Thule-herstöðinni á Grænlandi, þar sem haldið hafði verið fram að virt væri sú stefna danskra yfirvalda að ekki skyldu vera kjarnorkuvopn á dönsku yfirráðasvæði, en í ljós kom engu að síður að þar fórst herflugvél með kjarnorkuvopn innan borðs.

14. gr. kveður á um að íslensk yfirvöld skuli leita með bindandi samningum, grundvölluðum á alþjóðarétti við einstök ríki, samtök ríkja og alþjóðastofnanir, eins víðtækrar alþjóðlegrar viðurkenningar á hinu friðlýsta svæði og kostur sé.

15. gr. fjallar um viðurlög og 16. gr. felur ábyrgðina á málinu á hendur hæstv. utanrrh. en segir jafnframt að hann skuli hafa samráð við Alþingi og utanrmn. þess um alla framkvæmd og utanrrh. sé jafnframt heimilt að fela öðrum ráðherrum, svo sem samgrh. eða umhvrh. eftir því sem aðstæður kunna að mæla með, að fara með einstaka hluta framkvæmdarinnar í samráði við sig.

Eins og áður segir, herra forseti, hefur frv. þetta verið flutt fjórum sinnum áður á Alþingi og síðast á 120. löggjafarþingi en aldrei orðið útrætt. Flutningsmenn frv. hafa yfirleitt verið úr þremur eða fjórum þingflokkum á þinginu. Næstsíðast voru flutningsmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstfl. en því miður gerðist það við síðasta endurflutning að ákveðið mannfall varð í liðinu og vantar að þessu sinni meðflutningsmenn úr Framsfl. Það harma ég að sjálfsögðu en bind þó engu að síður vonir við að málið eigi eftir sem áður stuðning einhverra í þeirra röðum.

Ég held, herra forseti, að þróun alþjóðamála sé í þá átt að hún eigi að auðvelda aðgerðir af því tagi sem frv. gengur út á. Einhverjir kunna að segja að friðvænlegri horfur í heiminum og m.a. kjarnorkuafvopnun geri málið síður þarft eða jafnvel óþarft, en það styðst ekki við rök að mínu mati vegna þess að jafnvel þó svo að úr sjálfri hernaðarógnuninni kunni að vera að draga og sé það vonandi, þá stendur eftir óhaggað að ýmiss konar vá getur eftir sem áður stafað af tilvist kjarnorkuvopna þeirra sem eftir eru af umferð kjarnorkuknúinna farartækja, af kjarnorkuúrgangi, af eiturefnavopnum og öðru því sem hér er fjallað um. Þróun annars staðar í þá veru að kjarnorkuvopnalaus eða friðlýst svæði eru að festa sig í sessi og þeim er að fjölga. Friðlýsing Suður-Ameríku með svokölluðu Tlatelolco-samkomulagi er orðin föst í sessi. Friðlýsing Kyrrahafsins með Rarotonga-samningunum hefur þróast í kjölfar þess að Frakkar hafa nú hætt kjarnorkutilraunum í Kyrrahafi og lýst því yfir að þeir munu hér eftir virða ákvæði Rarotonga-samkomulagsins um kjarnorkufriðlýsingu Suður-Kyrrahafs. Umræður eru komnar af stað um kjarnorkufriðlýsingu Afríku og yrði það þá fyrsta heimsálfan sem í heild sinni ef undan er skilið Suðurheimskautslandið sem yrði friðlýst með þeim hætti. Á þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn á Álandseyjum var samþykkt árið 1989 að fela ríkisstjórnum Norðurlanda að vinna að undirbúningi að því að Norðurlönd gætu orðið kjarnorkuvopnalaust svæði.

Fleira mætti nefna í þessum dúr sem ég tel að mæli með því en ekki móti að skref af þessu tagi sé stigið af okkar hálfu sem jákvætt innlegg og liður í friðvænlegri sambúð þjóða og viðleitni til afvopnunar.

Þá er fyrst og fremst eftir að nefna einn þátt þessa máls, herra forseti, og hann er auðvitað sá að fáar þjóðir eiga jafnmikið undir því að það takist að verja lögsöguna fyrir hvers kyns kjarnorku- og eiturefnavá en einmitt Íslendingar. Við byggjum afkomu okkar á nýtingu lífrænna auðlinda, fyrst og fremst hafsins, og það er kannski þrátt fyrir allt þannig að fyrir utan loftslagsbreytingar er fátt hættulegra sem steðjar að okkur Íslendingum en einmitt möguleikinn á meiri háttar óhöppum á því sviði. Á hafsbotninum bæði sunnan og norðan við landið eru að ryðga í sundur kjarnorkuknúnir kafbátar með a.m.k. kjarnorkueldsneyti innan borðs og jafnvel kjarnorkuvopn og enginn veit í raun og veru með neinni vissu hversu stórkostlegar hættur kunna þar að leynast eða hvenær þær geta gosið upp.

Kjarnorkuúrgangurinn er vaxandi vandamál í heiminum. Flestar þjóðir eru að reyna að koma honum af sér. Það kallar á ýmist endurvinnslu sem er áhættusöm og/eða flutninga sem jafnframt mæta mikilli andspyrnu. Í nágrannaríkjum okkar og ekki fjær okkur en á Bretlandseyjum er slík starfsemi í gangi og ljóst að ástæða er til að hafa af því miklar áhyggjur. Ég held að framlag af okkar hálfu í þessa veru mundi mælast vel fyrir og verða skref í átt til slökunar og bættrar sambúðar þjóða, sem við sem vopnlaus smáþjóð, gætum verið stolt af.

Herra forseti. Eins og ég sagði er verið að mæla fyrir þessu frv. í fimmta sinn og ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa orð mín fleiri. Ég get vísað til þess sem áður hefur verið sagt og umræðna sem orðið hafa um þetta áður. Hitt vil ég segja í fullri einlægni og ekki síst með vísan til þess að málið kemst nú vonandi til hv. utanrmn. í fyrra fallinu í þetta sinn eða nú í fyrri hluta febrúarmánaðar, að það hlýtur auðvitað að vera visst álitaefni þegar mál af þessu tagi hafa verið flutt jafnoft og þó með stuðningi jafnmargra þingflokka og þetta mál, að það skuli ár eftir ár ekki fá neina efninslega afgreiðslu á þinginu. Ég vil því í allri vinsemd leyfa mér að beina því til hv. þingnefndar og til forseta þingsins að slík mál séu tekin til skoðunar. Að sjálfsögðu bind ég vonir við að komi til afgreiðslu á málinu verði hún jákvæð og helst í formi lagasetningar á grundvelli frv. Að lokum kann að reka að því að þolinmæði manns bresti gagnvart því að mál af þessu tagi sem mikil vinna var lögð í á sínum tíma fái ekki a.m.k. einhverja efnislega og endanlega afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Að lokinni umræðunni, herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, fyrri umr.

Þáltill. GMS, 267. mál. — Þskj. 519.

[17:40]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þingsályktun þess efnis að Alþingi skori á ríkisstjórnina að beita sér fyrir alþjóðlegri samþykkt um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum og öðrum þeim sprengjum sem framleiddar eru til þess eins að limlesta eða granda fólki.

Fyrir frumkvæði alþjóðaráðs Rauða krossins og fleiri alþjóðlegra samtaka ótengdum ríkisstjórnum hefur athygli heimsins verið vakin á þeim óhugnaði sem felst í framleiðslu

og dreifingu á jarðsprengjum sem hafa þann eina tilgang að limlesta eða drepa fólk eins og ég nefndi áðan. Fyrir frumkvæði þessara aðila hefur málið verið tekið upp á vettvangi fjölmargra fjölþjóðlegra stofnana og mörg þjóðþing hafa fjallað um málið og sum hver hvatt til alþjóðlegs banns við útflutningi á slíkum tólum, en meðal þeirra eru þjóðþing Svíþjóðar, Írlands, Eistlands, Kambódíu, Kolumbíu og Mexíkó. Þessi lönd hafa hins vegar ekki sett einhliða bann við framleiðslu eða útflutning á jarðsprengjum. Bretland og Frakkland hafa samþykkt útflutningsbann á slík vopn og Clinton-stjórnin í Bandaríkjunum hefur beitt sér fyrir samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem skorað er á aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að samþykkja útflutningbann á jarðsprengjur auk þess sem Clinton Bandaríkjaforseti hefur nú nýverið gert slíkt bann að sérstöku baráttumáli sínu. Mér vitanlega er Belgía hins vegar eina landið sem hefur lögleitt bann við framleiðslu, notkun og útflutningi á jarðsprengjum en önnur ríki hafa hins vegar farið vægar í sakirnar.

Það er trú mín að einungis algjört alþjóðlegt bann við framleiðslu og sölu á slíkum varningi geti stemmt stigu við frekari útbreiðslu á notkun jarðsprengna og þær tillögur sem samþykktar hafa verið á alþjóðavettvangi og studdar af íslenskum stjórnvöldum gangi of skammt til að vænta megi árangurs. Því er þessi þáltill. er flutt.

Mál þetta stendur okkur því miður mikið nær en margur kynni að halda því jarðsprengjur eru bæði framleiddar og notaðar á Norðurlöndum. Samkvæmt upplýsingum sem dreift var á þingi Norður-Atlantshafsráðsins í október 1995 og stuðst er við í þessari greinargerð eru Svíar meðal þeirra þjóða sem framleiða hvað flestar tegundir af jarðsprengjum. Svíar skipa sér hvað þetta varðar í hóp með Ítölum, Bandaríkjamönnum, Rússum og Kínverjum. Samkvæmt sömu heimildum framleiða þrjú fyrirtæki í Svíþjóð slík vopn: Celsius AB, Bofors og Lindesbergs Industrier AB. Sá tvískinningur frændþjóðar okkar í Svíþjóð sem felst annars vegar í samþykkt þjóðþings Svía þar sem hvatt er til alþjóðlegs útflutningsbanns á jarðsprengjur og svo því að fyrirtæki í Svíþjóð eru stórir framleiðendur slíkra hernaðartóla vekur furðu svo ekki sé meira sagt.

Í þeirri heimild sem ég vitnaði til áðan kemur einnig fram að fyrirtæki í Noregi og Danmörku hafa framleitt jarðsprengjur en þeirri framleiðslu er nú hætt. Jafnframt kemur fram að jarðsprengjur eru enn framleiddar í Finnlandi og þó ekki sé vitað til að Finnar stundi útflutning á jarðsprengjum er vitað að þeir hafa komið fyrir miklu magni af slíkum sprengjum á landamærum Finnlands og fyrrum Sovétríkjanna. Þessi óhugnaður er með öðrum orðum í okkar eigin bakgarði.

Samþykki Alþingi þáltill. þá sem hér er flutt gætu Íslendingar byrjað á að beita sér fyrir því hjá Norðurlandaráði að ráðið skori á ríkisstjórnir Norðurlanda að banna framleiðslu og notkun á jarðsprengjum sem hafa þann eina tilgang að limlesta fólk. Þó menn þurfi vonandi ekki að velkjast í vafa um að framleiðendur jarðsprengna hugsi sér þá framleiðslu eingöngu sem vopn til nota í hernaði er það engu að síður staðeynd að jarðsprengjur eru eyðileggjandi afl löngu eftir að stríði eða átökum lýkur. Í greinargerð sem utanrrn. Bandaríkjanna flutti þinginu þar í landi árið 1994 segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill meiri hluti af þeim jarðsprengjum sem eru í geymslu eða notkun núna eru ekki með aftengibúnaði eða sjálfseyðingu. Þessar sprengjur eru virkar og banvænar löngu eftir að átökum lýkur og drepa og limlesta allt að 26.000 einstaklinga á hverju ári, flest óbreytta borgara."

Með slíkan vitnisburð er í raun ótrúlegt að nú þremur árum eftir að Sameinuðu þjóðirnar að frumkvæði Bandaríkjanna beindu því til aðildarþjóða sinna að hver þjóð um sig beitti sér fyrir útflutningbanni á jarðsprengjur, þá skuli enn settar í jörðu fleiri jarðsprengjur en teknar eru úr umferð. Áætlað er að 100 milljónir jarðsprengna séu í jörðu í 65 löndum víðs vegar um heiminn. Sameinuðu þjóðarinar hafa upplýst að árið 1993 hafi samtals 80–100 þúsund jarðsprengjur verði hreinsaðar úr jarðvegi í heiminum. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna var hins vegar 2,5 milljón nýrra jarðsprengna komið fyrir í jörðu vítt og breitt um heiminn á sama tíma. Með sama áframhaldi sýnist mér að heimsbyggðin verði enn að hreinsa upp jarðsprengjur eftir þúsund ár.

Menn skulu ekki ímynda sér að það sé einfalt verk að hreinsa upp þennan ósóma. Tækni sú sem notuð er til að finna jarðsprengjur er að uppistöðu sú sama og notuð var í seinni heimstyrjöldinni og vinna við að finna og eyðileggja slíkar sprengjur í jörðu er bæði seinleg, dýr og afar hættuleg. Sú mannfórn sem heimsbyggðin geldur sé jarðsprengjum ekki eytt er þó margföld á við þann kostnað sem fylgir upprætingu á sprengjunum. Fimm hundruð manns verða fyrir limlestingu eða dauða í hverri viku af völdum jarðsprengna, að langstærstum hluta óbreyttir borgarar, einkum konur, börn og bændur. Jarðsprengja sem unnt er að kaupa fyrir um þrjá dollara eða sem svarar til 200 ísl. kr. á alþjóðlegum markaði kostar um 1.000 dollara að hreinsa upp eftir að henni hefur verið komið fyrir í jörðu. En þó dýrt sé að hreinsa upp þessar sprengjur er sú umönnun sem til þarf að koma til hjálpar fórnarlömbum þessara hernaðartóla margfalt dýrari og er þó ekki reynt að leggja mat á mannlegar þjáningar. Umönnunarkostnaður og læknisaðgerð í fátækustu ríkjunum vegna slysa af völdum jarðsprengna er áætlaður að meðaltali vera 3.000 dollarar á slys miðað við það að læknisaðgerð sé framkvæmd í heimalandi. Þó að læknisaðgerð upp á 3.000 dollara sé ekki há fjárhæð miðað við það sem gerist í þróuðum ríkjum má samt áætla að sá kostnaður sem þróunarríki þurfa að bera vegna þeirra sem þegar hafa limlest af þessum sökum sé um 750 millj. dollara eða sem svarar til 50 milljarða ísl. kr.

Afganistan er það land sem verst er talið leikið af völdum jarðsprengna en þar er áætlað að um 10 milljónir jarðsprengna séu í jörðu, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þau lönd sem næst koma eru Angóla og Kambódía með samtals um 28 milljónir sprengna í jörðu en samtals eru 28 milljónir í þessum þremur löndum, þ.e. Afganistan, Angóla og Kambódíu. Í Afganistan stafar vandamálið að stærstum hluta frá þeim tíma er herir fyrrum Sovétríkjanna dreifðu sprengjum úr flugvélum á svæði þar sem óbreyttir borgarar höfðust við. Meðal sprengna sem þannig var dreift eru sprengjur sem kallaðar hafa verið eða nefndar „fiðrildi" vegna lögunar sinnar og þess að sprengjurnar líkjast meira leikfangi en sprengju. Sameinuðu þjóðirnar telja að „fiðrildi" þessi hafi orðið þess valdandi að börn eru í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra 800.000 Afgana sem hafa orðið fórnarlömb jarðsprengja.

Í Angóla hafa um 70.000 manns misst limi eftir að hafa stigið á jarðsprengjur og bætast 25 manns að meðaltali í þann hóp á hverjum einasta degi. Í Kambódíu verða að meðaltali yfir 200 manns á dag fyrir því að stíga á jarðsprengjur, mest

af því óbreyttir borgarar að sinna daglegum störfum. Alþjóðanefnd Rauða krossins hefur áætlað að af átta milljónum íbúa Kambódíu séu um 34.000 manns sem misst hafa lim af völdum jarðsprengna eða einn af hverjum 236 íbúum landsins. Til samanburðar má nefna að í Bandaríkjunum eru það færri en 1 á móti 22.000 íbúum sem þurfa að sæta aflimun af völdum slysa.

Það landsvæði þar sem flestum jarðsprengjum hefur verið komið fyrir á undangengnum tveimur til þremur árum er fyrrum Júgóslavía en þar er talið að settar hafi verið niður um 50.000 sprengjur á viku mánuðum saman. Um þremur milljónum jarðsprengna hefur verið komið fyrir í Króatíu og Bosníu án þess að staðsetning þeirra væri færð inn á kort eða getið um staðsetningu í skráðum heimildum. Og þess má geta að jarðsprengjur eru næstalgengasta dánarorsök gæsluliða Sameinuðu þjóðanna í fyrrum Júgóslavíu.

Jarðsprengjum mun í hernaði almennt skipt upp í tvo hópa, þ.e. sprengjum sem granda skriðdrekum og flutningatækjum, á enskri tungu eru þær nefndar anti-tank eða anti-vehicle sprengjur, og svo sprengjur sem eingöngu eru ætlaðar til þess að granda fólki eða limlesta, svonefndar anti-personnel. Sprengjur ætlaðar til að limlesta fólk eru minni og erfiðara er að finna þær í jörðu og gera óvirkar en stærri sprengjur. Vitað er um tvö hundruð tegundir af jarðsprengjum sem framleiddar eru í 36 löndum. Sprengjum þessum er ýmist komið fyrir með handafli, dreift úr flugvélum eða með þar til gerðum sprengjuvörpum sem dreift geta sprengjum í allt að 36 metra fjarlægð. Jarðsprengjur sem ætlaðar eru til að skaða fólk byggjast ýmist á því að valda skaða með höggi eða með því að dreifa aðskotahlutum í líkama fórnarlambsins.

Þingmannanefnd Norður-Atlantshafsráðsins hefur gert heilmikið til að vekja athygli á þessu vandamáli eins og ég vitnaði til í upphafi míns máls. Í skýrslu sem ráðið sendi frá sér um málið á árinu 1995 segir hvernig þeir þingmenn sem málið skoðuðu á vegum Norður-Atlantshafsráðsins sáu fyrir sér hernaðarlega þýðingu jarðsprengna og með leyfi forseta, ætla ég að lesa það í lauslegri þýðingu minni. Þar segir svo:

„Herfræðin er tiltölulega einföld: hermaður sem misst hefur fætur er mun meiri byrði sjálfum sér og félögum sínum en lík. Það þarf tvo til að grafa fallinn félaga en fjóra menn til að flytja mann af vígvelli til læknismeðferðar. Því að drepa þegar unnt er að limlesta og gera með því meiri óleik?"

Sá óhugnaður sem felst í slíkri hugsun hlýtur að vekja viðbjóð meðal siðmenntaðra manna og það er næsta erfitt að skilja að þeir sem þannig hugsa lifi og hrærist undir sömu sól og almennir borgarar. Um samvisku þeirra spyr enginn enda misjafnt hve það fyrirbæri, samviskan, leggst þungt á fólk.

En hvað sem allri herfræði viðkemur er engu að síður ljóst að það heyrir til undantekninga að herir hreinsi upp eftir sig jarðsprengjur þegar átökum lýkur og því eru það almennir borgarar sem oftast verða fyrir þeirri ógæfu að stíga á sprengjur sem komið hefur verið fyrir í hernaðarlegum tilgangi.

Í greinargerð sem fyrrum aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Boutros Boutros Ghali, flutti á 49. þingi samtakanna varðandi aðstoð við að hreinsa upp jarðsprengjur kemur fram að lágmarkskostnaður við slíka hreinsun sé áætlaður 33 milljarðar dollara í heiminum öllum eða um 2.211 milljarðar ísl. kr. Á árinu 1993, sem eru síðustu tölur sem ég hef getað aflað um þetta efni, var einungis varið 70 milljónum dollara í heiminum í heild til að hreinsa upp 100.000 jarðsprengjur. Þetta svarar til þess að meðaltalskostnaður við að hreinsa upp hverja einstaka sprengju sé um 47.000–50.000 ísl. kr. Talið er að sá mannafli sem tiltækur er í heiminum með þekkingu á að hreinsa upp jarðsprengjur ráði við að tvöfalda það magn af sprengjum sem árlega er gert óvirkt ef fjármagn væri á annað borð fyrir hendi. Það virðist þó langt í að því marki verði náð þar sem mjög takmörkuðum fjármunum er varið til slíkra starfa á vegum alþjóðasamtaka og ríkisstjórna. Er ljóst að gera verður verulegt átak í að afla fjármuna til þessara verka ef merkjanlegur árangur á að nást.

Frú Emma Bonino, sem fer með mannúðarmál ásamt sjávarútvegsmálum hjá Evrópusambandinu, hefur sett fram þá hugmynd að útflytjendum og framleiðendum jarðsprengna verði gert að greiða skatt til að standa undir hreinsun á svæðum þar sem sprengjum hefur verið dreift. Hugmynd frú Bonino er í sjálfu sér allrar athygli verð og yrði án efa til að fækka þeim framleiðendum sem gefa sig að framleiðslu jarðsprengna í ágóðaskyni, hvort heldur er á Norðurlöndum eða annars staðar í hinum vestræna heimi. En mér hugnast sú hugmynd engu að síður ekki því að í tillögunni felst, að mínu mati, viss friðþæging. Með öðrum orðum þá sýnist mér að litið verði fram hjá því að verið sé að framleiða þessi tól svo fremi að viðkomandi borgi fyrir. Að taka tillit til þeirra andlegu og líkamlegu angistar og kvalar sem jarðsprengjur valda vítt um heiminn sýnist mér ekki rúmast í slíkri tillögu. Í henni felst því engin lausn að mínu mati. Hin leiðin og sú sem hér er lagt til að farin verði er einfaldari í framkvæmd því hún byggir á alþjóðlegu banni við notkun og framleiðslu slíks varnings.

Rétt er í þessu sambandi að vekja athygli á því að jarðsprengjur eru ekki bannaðar í dag samkvæmt alþjóðalögum þó slík lög banni notkun á tilteknum vopnum og baráttuaðferðum sem talin eru valda ómældum þjáningum. Í ljósi þess óhugnaðar sem þessar sprengjur valda og ég hef rakið hér í framsögu minni, þá er mér óskiljanlegt að jarðsprengjur séu ekki í alþjóðalögum flokkaðar sem ómannúðleg vopn.

Herra forseti. Mér er ljóst að hér er um að ræða afar ógeðfellt mál sem margir telja vafalítið að ekki snerti Íslendinga beint. Mun svo vera um fleiri mál sem við höfum þó beitt okkur í af nokkurri eftirfylgni. Sem íbúi á þessari jarðarkringlu sem hýsir okkur um sinn þá lít ég hins vegar svo á að tilvist þessa ósóma varði okkur öll, Íslendinga sem aðra og að okkur beri siðferðileg skylda til að gera það sem í okkar valdi stendur til að ósóminn verði upprættur. Mér er vel ljóst að íslenskt lóð verður seint þungt í alþjóðlegri umræðu um þetta mál. Með samþykkt þeirrar þáltill. sem ég hef hér talað fyrir mundi Alþingi hins vegar leggja sín lóð á vogarskálarnar til að knýja á um að vandamálið verði tekið fyrir og rætt á vettvangi alþjóðlegrar samvinnu.

[17:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni fyrir hans framlag í þessu máli. Hér er um merka þáltill. að ræða sem lögð hefur verið mikil vinna í og það er fagnaðarefni að mál af þessum toga skuli vera lögð hér fram á Alþingi og styrkir okkur sem erum að vinna að þessum málum í því ætlunarverki okkar að ná fram því takmarki sem þessi þáltill. ber með sér.

Ísland hefur tekið þátt í þessari umræðu á undanförnum árum á margvíslegum vettvangi. Við höfum verið meðflutningsmenn að tillögum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

þannig að við beitum okkur fyrir því og munum beita okkur fyrir því að komið verði á alþjóðlegri samþykkt um bann við hönnun, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum.

Það var ekkert ofmælt í því sem hv. þm. sagði. Hér er um gífurlegt vandamál að ræða og mikill hryllingur fylgir þessu ógnarvopni sem grandalaust fólk verður fyrir. Það er okkar skylda í hinu alþjóðlega samfélagi að vinna að því að þessu ógnarvopni verði útrýmt. Það er leitt til þess að vita að jafnvel enn þann dag í dag skuli menn vera að koma jarðsprengjum fyrir án þess að nokkur viti nákvæmlega hvar þeim er komið fyrir. Það er í sjálfu sér skelfilegt að þessu skuli vera komið fyrir, en enn þá verra er að menn skuli ekki skrá það niður þannig að a.m.k. verði hægt að fjarlægja þessar sprengjur eðlilega þegar friður kemst á. Þannig er ástandið í fyrrum Júgóslavíu eins og hv. þm. lýsti réttilega og víða annars staðar í heiminum.

Það er einmitt þess vegna sem við Íslendingar höfum ákveðið að beina okkar hjálp í Bosníu einkum að þessum vanda, þ.e. megnið af þeim 100 milljónum sem við leggjum fram til uppbyggingar í Bosníu fer til heilbrigðismála og þar munu okkar sérhæfðu fyrirtæki leggja mikið lið í þessu sambandi í samvinnu við Alþjóðabankann. Við Íslendingar getum því lagt mikið af mörkum til að hjálpa því fólki sem hefur orðið fyrir þessu því við eigum sem betur fer mjög hæf fyrirtæki á því sviði sem hafa öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þar af leiðandi er rétt af okkur að beita okkur á þeim sviðum þar sem við höfum þekkingu. Við höfum að sjálfsögðu ekki þekkingu í leitinni að slíkum sprengjum vegna þess að þetta eru tól sem við höfum fæst séð og getum vart ímyndað okkur hve mikil ógn stafar af þeim.

Ég tel að þessi tillaga sé mjög til góðs og það er að sjálfsögðu til góðs að Alþingi Íslendinga fjalli um slík mál eins og er með þjóðþing víða í heiminum og mætti vera meira um það að hér sé fjallað um tillögur um hið alþjóðlega samfélag, þó ég sé alls ekki að gera lítið úr því sem þó kemur fram í þeim efnum.

Ég bið hv. þm. Steingrím J. Sigfússon afsökunar á því að ég missti að hluta til af ræðu hans um frv. sem hann flutti hér. En það er endurflutt og við áttum orðaskipti um það á síðastliðnu ári. Ég vísa til þeirrar umræðu og vil færa honum þau sorgartíðindi, að hans mati sjálfsagt, að ég hef í engu skipt um skoðun í því máli og vitna að öllu leyti til þess sem þá var sagt þó að því megi að vísu bæta við að nokkur árangur hefur náðst í afvopnunarmálum þannig að þar stefnir í rétta átt. Alltaf er eitthvað gott að koma upp í þeim efnum þó sá árangur mætti vera miklu meiri. Þetta mál sem hér er til umfjöllunar er einmitt sönnun þess að við höfum ekki náð nægilega langt í þeim efnum.

[18:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Mig munar ekki mikið um að skreppa eina ferðina enn í ræðustólinn í dag, að þessu sinni til að taka undir þetta þingmál og lýsa stuðningi við þessa tillögu og þakka hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni fyrir að hreyfa við því. Ég tel að málið sé vel unnið og greinargott og greinargerðin til fyrirmyndar eins og greinargerðir eiga að vera, þ.e. mönnum er engin vorkunn að setja sig sæmilega vel inn í stöðuna hvað þetta mál snertir með því að lesa hana yfir.

Ég tek sérstaklega undir það að þó þetta mál sé ekki þess eðlis að það snúi að Íslandi beint, hvorki sem fórnarlambi, ef svo má að orði komast eða sem þolanda sem betur fer svo vitað sé, né heldur að því að við séum að framleiða þessi vopn eða hafa af því tekjur og störf að framleiða þau og selja, þá kemur það okkur eftir sem áður við og við eigum að láta okkur slíka hluti varða. Ég er líka sammála því að að sjálfsögðu ættu jarðsprengjur eðli sínu samkvæmt að vera skilgreindar sem ómannúðleg vopn. Langalgengustu áhrifin af notkun þeirra, að minnsta kosti þeirra sem beinast að fólki en ekki hernaðartólum, er limlesting, handa- og fótamissir og örkuml af því tagi. Jarðsprengjur eru sannarlega þess eðlis að þær meiða og skaða fólk sérstaklega. Ég held að það sé ljóst að það þarf að ná alþjóðasamkomulagi um algert bann við notkun þessara vopna. Það er það eina sem mun halda ósköp einfaldlega vegna þess að annars finnur einhver framleiðsla sér yfirleitt alltaf leið á markaðinn, ef ekki löglega þá síðar ólöglega. Það sýnir sagan. Það er ekki fyrr en hið alþjóðlega samfélag allt er orðið ábyrgt fyrir því að annast um framkvæmd á slíku banni sem hægt er að gera sér vonir um verulegan árangur. Þar má nefna þróunina gagnvart eiturefnavopnunum sem dæmi.

Ég vil líka í þessu samhengi nefna nauðsyn þess að það komist á bindandi alþjóðasáttmáli um vopnaviðskipti í heild sinni. Staðreyndin er sú að eitt það allra brýnasta sem nú þarf að gera í alþjóðaöryggismálum er að vinna að gerð slíks víðtæks alþjóðasáttmála um reglur um vopnaviðskipti. Í kjölfar þess að nú hefur náðst niðurstaða varðandi framlengingu samningsins um bann við frekari útbreiðslu kjarnorkuvopna, Genfarviðræðnanna um tilraunabann með kjarnorkuvopn, auk sáttmála um efnavopn og fleira slíkt sem mætti til nefna þá er að mínu mati svo að nú þarf augljóslega á þessu sviði að einbeita kröftunum hvað varðar viðskipti með vopn almennt í heiminum. Það sorglega er að stærstu kaupendurnir, a.m.k. hlutfallslega miðað við þjóðartekjur, eru þriðjaheimsríkin og þar á meðal kaupendur að jarðsprengjum í mjög stórum stíl eins og hér kemur fram. Þar af leiðandi er þeim mun nauðsynlegra í öllu tilliti, líka út frá efnahagslegri velferð þessara ríkja, að komast út úr þeim ógöngum sem vopnaviðskiptin eru. Ég vek athygli í þessu sambandi á fréttum sem nýlega komu frá Rússlandi um að Rússar hyggist stórauka vopnaútflutning sinn á næsta ári, þessu og hinu næsta, og komast jafnfætis þeim sem mest vopnaviðskipti stunda. Að sjálfsögðu telja þeir sig knúna til að reyna að hafa af þessu tekjur á meðan leikreglur hafa ekki náðst um að draga úr þessum viðskiptum. En skýrar reglur um vopnaviðskiptin og um upplýsingamiðlun í því sambandi gætu skipt mjög miklu máli varðandi þætti eins og þá að hafa hemil á verslun með ólögleg vopn og ómannúðleg vopn sem væru bönnuð. Þá gæti skipt mjög miklu máli að einmitt slíkur samningur lægi fyrir.

Ég fagna þessari tillögu og vona að hún eins og aðrar slíkar sem hér hefur verið talað fyrir í dag og liggja fyrir hv. þingnefnd, fái afgreiðslu.

[18:05]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. Steingrímu J. Sigfússyni og hæstv. utanrrh., Halldóri Ásgrímssyni, fyrir jákvæð orð sem þeir létu falla um þessa þáltill.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon setti fram athyglisverða hugmynd um að komið væri á skýrri alþjóðlegri löggjöf um vopnaviðskipti og upplýsingastreymi í kringum það. Ég held að það væri mjög til bóta, þó ég sé nú kannski ekki trúaður á að upplýsingastreymið yrði mjög skýrt, en alla vega er til

bóta að löggjöf væri til staðar um þessi viðskipti þannig að þau komi uppi á yfirborðið.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir það sem hann sagði um aðstoð íslenskra stjórnvalda við fórnarlömb stríðsins í Bosníu og þær 100 millj. kr. sem íslensk stjórnvöld ætla að verja þar til heilbrigðismála. Ég held að það sé töluvert hægt að gera fyrir það fé fyrir þá sem hafa orðið fórnarlömb jarðsprengna ekki síst í ljósi þess að íslenskt fyrirtæki, Össur hf., hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu fyrir að eiga frumkvæði að því að búa til stoðtæki, hjálpartæki sem mjög geta hjálpað því ólánsama fólki sem hefur orðið fyrir því að stíga á jarðsprengjur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13.–17. mál.

Fundi slitið kl. 18:07.

65. FUNDUR

mánudaginn 10. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frv., 130. mál, þskj. 141. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Framlag til þróunarsamvinnu, þáltill., 103. mál, þskj. 107. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, þáltill., 267. mál, þskj. 519. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 194, nál. 418, 467 og 560, brtt. 468, 561 og 562. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 232. mál, þskj. 337. — 1. umr.
6. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492. — 1. umr.
7. Almannatryggingar, frv., 163. mál, þskj. 180. — 1. umr.
8. Almannatryggingar, frv., 198. mál, þskj. 224. — 1. umr.
9. Umönnun aldraðra, þáltill., 201. mál, þskj. 227. — Fyrri umr.
10. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, þáltill., 210. mál, þskj. 249. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[Fundarhlé. — 15:03]

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, 324. mál, þáltill. GuðrS o.fl., þskj. 586.

Íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra, 313. mál, þáltill. SvG, þskj. 574.

Rafknúin farartæki á Íslandi, 323. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 585.

Friðlýsing Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 130. mál. — Þskj. 141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Framlag til þróunarsamvinnu, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og MF, 103. mál. — Þskj. 107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.

[16:04]

Geir H. Haarde *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Tillaga er um að vísa þessu máli til hv. utanrmn. Þetta mál er hins vegar eins og það er lagt fram ekki síður skattamál en utanríkismál vegna þess að hér eru gerðar tillögur um að stórhækka skatta bæði á einstaklinga og lögaðila. Ef sú verður niðurstaðan að vísa þessu máli til utanrmn., sem ég er í sjálfu sér ekki andvígur vegna þess að kjarni málsins er á sviði utanríkismála, þá vil ég gjarnan að það komi fram að ég mun beita mér fyrir því að tillagan fari til umsagnar í hv. efh.- og viðskn. sem fjallar um skattamál hér í þinginu.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS, 267. mál. — Þskj. 519.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Tilkynning um dagskrá.

[16:06]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Formaður þingflokks Alþb. hefur óskað eftir því að atkvæðagreiðslu um 4. dagskrármálið verði frestað og verður forseti við þeirri ósk.

Forseti vill geta þess vegna þess að atkvæðagreiðslu um 4. dagskrárlið er frestað að það mál mun koma til afgreiðslu í upphafi fundar á morgun, þ.e. stjfrv. um Landsvirkjun, og verður þá gengið til atkvæðagreiðslu í upphafi þingfundar á morgun.

Áfengis- og vímuvarnaráð, 1. umr.

Stjfrv., 232. mál. — Þskj. 337.

[16:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð sem lagt er fyrir Alþingi á þskj. 337. Frv. er samið af nefnd ráðuneyta sem skipuð var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að vinna að samræmingu aðgerða vegna áfengis- og fíkniefnavarna.

Nefndin undirbjó stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki sem samþykkt var í ríkisstjórn hinn 3. desember sl. Hún skilaði samhliða frv. því sem hér er lagt

fram. Hvort tveggja, stefnumörkun í fíkni-, áfengis- og tóbaksvörnum og frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð ber merki aukinnar áherslu stjórnvalda á áfengis- og vímuefnavarnir auk þess sem fjármagn til þessa málaflokks hefur aukist verulega á síðustu tveim árum.

Neysla áfengis og annarra vímuefna, sérstaklega meðal unglinga, og þau víðtæku vandamál sem tengjast slíkri neyslu hafa verið mjög til umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Dæmi eru sögð af hræðilegum atburðum og mannlegri niðurlægingu sem hin ógæfusömu ungmenni lenda í. Spurt er hvar okkur hafi mistekist og hvar megi bera betur.

Svarið við því er sjálfsagt margþætt en meginhersla sem ríkisstjórnin hefur markað, m.a. með auknu fjármagni, er að styrkja og efla áfengis-, tóbaks- og vímuefnavarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og birtist það skýrt í stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki sem er prentuð sem fskj. með frv. Slíkar forvarnir geta ekki verið sérstakt verkefni stjórnvalda einna. Það þarf meira til. Sérstaklega vil ég benda á hlutverk foreldra, áhugamanna og félagasamtaka sem stöðugt vinna mikið starf í beinum vímuefnavörnum og hafa náð verulegum árangri í að breyta hugarfari og gera börnum og ungmennum grein fyrir hættunni sem fylgir neyslu áfengis og annarra vímuefna og gera almenning ábyrgari en áður.

Mjög ánægjulegar niðurstöður bárust fyrir skömmu úr könnun sem Gallup framkvæmdi fyrir áfengisvarnaráð og fagna ég því sérstaklega að árið 1996 virðast unglingar byrja mun seinna að neyta áfengis en 1994. Mun fleiri neyta alls ekki áfengis. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þeirrar staðreyndar að þeir sem hefja áfengisneyslu ungir neyta í flestum tilvikum meira áfengis en aðrir og ekki síður að rannsóknir hafa sýnt fram á að unglingar sem byrja áfengisneyslu ungir eru í mun meiri hættu á að verða fyrir misnotkun heldur en sá er byrjar seint að neyta áfengis. Því er mjög mikilvægt að vinna að því með öllum mögulegum aðferðum að koma í veg fyrir neyslu unglinga á áfengi og a.m.k. að seinka upphafi neyslu eins og mögulegt er.

Í frv. því sem hér er mælt fyrir er kveðið á um stofnun sérstaks áfengis- og vímuvarnaráðs í þeim tilgangi að efla og styrkja varnirnar með sérstakri áherslu á börn og ungmenni og sporna við afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna. Ég tel mjög mikilvægt að tengja þannig baráttuna gegn neyslu ungmenna á áfengi og baráttu gegn neyslu annarra vímuefna, enda eru markhóparnir svipaðir að því er varðar forvarnir og sýnt hefur verið fram á að sterk tengsl eru milli neyslu áfengis og byrjunar á neyslu annarra vímuefna.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að starfsemi áfengisvarnaráðs verði lögð niður og hinu nýja ráði falin þau verkefni sem það hefur hingað til annast ásamt fíkniefnavörnum. Markmið er að setja á stofn sérstaka forvarnamiðstöð til að samhæfa ýmsa þætti forvarnastarfs sem unnið er að innan ráðuneytis, svo sem varnir gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna, tóbaksvarnir, heilsueflingu, manneldismál og sértækari verkefni, svo sem tannvernd, kynsjúkdóma og jafnvel fleiri þætti.

Þegar forvarnamiðstöð hefur tekið til starfa mun áfengisvarnaráð í núverandi mynd hætta störfum en þó eigi síðar en við næstu alþingiskosningar. Með þessu tel ég tryggt að reynsla sú sem er innan áfengisvarnaráðs nýtist áfram inn í hið nýja áfengis- og vímuvarnaráð og nauðsynleg samfella sé tryggð í starfseminni. Gert er ráð fyrir að starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs verði sjálfstæð en geti síðan fallið inn í væntanlega forvarnamiðstöð eins og áður segir, en áfengis- og vímuefnaráð verði þá til faglegrar ráðgjafar um verkefni þau sem undir ráðið falla samkvæmt frv.

Makmiðið með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að uppræta fíkniefnaneyslu og draga stórlega úr áfengisneyslu með öllum mögulegum aðferðum og samstilltu átaki allra sem vinna að áfengis- og vímuefnavörnum. Þá er ráðinu sérstalega ætlað að beita sér fyrir samræmingu og samvinnu þeirra sem vinna að forvörnum.

Um verkefni ráðsins er fjallað í 2. gr. frv. en það mótast af því að ráðinu er ekki ætlað að yfirtaka verkefni annarra aðila sem í dag eru að vinna að forvörnum heldur beita sér fyrir aukinni samvinnu og samhæfingu þeirra aðila sem vinna að þeim, jafnframt því að hafa frumkvæði og tryggja virkt og öflugt forvarnastarf gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Samkvæmt 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að í ráðinu sitji fulltrúar sjö ráðherra auk fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga undir forustu fulltrúa heilbrrh. Þannig er reynt að tryggja að öll ráðuneyti sem áfengis- og vímuefnavarnir falla að einhverju leyti undir tilnefni fulltrúa til setu í ráðinu auk fulltrúa sveitarfélaganna sem hafa veigamiklu hlutverki að gegna í vímuefnavörnum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að ráðið reki skrifstofu þar sem starfi sérhæft starfslið sem sjái um framkvæmd ákvarðana sem áfengis- og vímuvarnaráð tekur um þau víðtæku verkefni sem því eru falin. Þá er gert ráð fyrir að dagleg starfsemi ráðsins verði hluti af sérstakri forvarnamiðstöð þegar hún kemst á laggirnar eins og áður er vikið að.

Árlegt ráðstöfunarfé ráðsins til að sinna verkefnum verður af þrennum toga. Það er Forvarnasjóður, samkvæmt lögum um gjald af áfengi, viðbótarfjárveitingar sem Alþingi kann að ákveða með fjárlögum hverju sinni og framlög annarra aðila, svo sem fyrirtækja sem vilja leggja vímuvörnum lið.

Í 8. gr. frv. er gildistökuákvæði og ég vil leyfa mér að beina því til hv. heilbr.- og trmn. sem væntanlega fær frv. til meðferðar að gildistaka frv. verði miðuð við 1. júlí nk.

Í lokin vil ég, virðulegi forseti, benda á ákvæði til bráðabirgða, þar sem fjallað er um hvernig staðið verði að breytingum á núverandi áfengisvarnaráði þannig að það verði lagt niður eigi síðar en við næstu áramót eins og ég vék að í inngangi ræðu minnar.

Virðulegi forseti. Ég tel að með frv. þessu sé lagður fram góður rammi að starfsemi áfengis- og vímuvarnaráðs sem reynsla á eftir að fylla út í og því ekki ástæða til að hafa lagatextann mjög ítarlegan. Þetta frv. er liður í framkvæmd ríkisstjórnarinnar á stefnu sinni í vímuefnamálum og mikilvægt tæki til samræmingar og samhæfingar á þessu mikilvæga sviði. Ég vænti þess að um málið muni ríkja sátt á Alþingi og samþykkt frv. í fyllingu tímans verði heillaspor í baráttunni gegn þeim mikla vágesti sem neysla vímuefna og ofnotkun áfengis er í okkar þjóðfélagi.

Að lokinni þessari umræðu geri ég það að tillögu minni, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til meðferðar í heilbr.- og trmn.

[16:16]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til þess að fagna framlagningu þessa frv. fyrst og fremst því það er löngu kominn tími til að víkka út starfsemi áfengisvarnaráðs til þess að taka meiri þátt í vímuefnavörnum. Einstakar jákvæðar athugasemdir vil ég

samt sem áður gera. Ég vil gjarnan að þær komi fram við 1. umr. Fyrst og fremst er það sú ábending að ýmsir hagsmunaaðilar, ýmsir stuðningsaðilar og ýmsar stofnanir hafa afskipti bæði af áfengis- og vímuefnaneytendum. Ég vísa til 4. gr. þar sem talað er um tóbaksvarnir, heilsueflingu, manneldismál, kynsjúkdómavarnir, forvarnir langvinnra sjúkdóma og slysavarnir. Það er einmitt þetta sem ég vil benda á, þ.e. að það þarf að hafa geysilega góða samvinnu við þessa hópa. Ég nefni slysavarnaráð sem komið var á fót í fyrra eða hittifyrra. Meðlimir þess hafa samband við þá sem koma að slysum almennt í landinu. Ég nefni félög eins Krabbameinsfélagið og Samtök sykursjúkra. Ég nefni hagsmunasamtök, verkalýðssamtök, fanga o.s.frv. Ég held að það þurfi að vinna mjög vel að framkvæmd og uppbyggingu þessa ráðs þannig að við séum ekki að safna báknum sem öll eru að vinna að sama hlutnum, þ.e. betri heilsu landsmanna og ekki síst færri slysum. Ég vonast til þess að í heilbrn., en ég býst við að þessu frv. verði vísað til hennar, munum við geta átt gott samstarf til þess að ræða þau mál.

[16:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir þær ábendingar sem hún kom með. Það er alveg rétt sem hv. þm. segir. Það þarf víðtæka samvinnu um forvarnir almennt og það er gert ráð fyrir því í þessu frv. Hv. þm. á sæti í heilbr.- og trn. og hún mun án efa koma þar inn með góðar ábendingar. Ég tel mjög mikilvægt að við reynum að hraða þessu máli eins og mögulegt er því ég tel mikilvægt að þetta ráð fari hið allra fyrst að starfa.

[16:19]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sem efsti maður á lista heilbrn. mun ég gera mitt besta til að þetta mál verði unnið hratt. Við vitum held ég öll, þingmenn, vel hvernig ástatt er í þessum málum á Íslandi og hversu hratt vímuefnaneyslan eykst og hversu alvarleg hún er að verða með tilliti til þeirra tegunda vímuefna sem fólk er farið að nota nú. Ég er því sammála hæstv. heilbrrh. í því að það þurfi að vinna þetta verkefni mjög hratt en jafnframt á þann máta sem hagkvæmastur er.

[16:20]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að notfæra mér andsvarsréttinn til þess að koma að örstuttri athugasemd. En fyrst vil ég fagna frv. og tek undir bæði markmið þess og þá leið sem hér er farin. Ég vil líka taka undir það sem hér var rætt um samráð við önnur samtök sem gert er ráð fyrir í 4. tölulið 2. gr. frv. Auðvitað er spurning hvernig hægt sé að efla það og koma því þannig fyrir að það skili sem mestum árangri. En það sem ég vildi gera athugasemd við eða velta hér upp varðar 3. gr. um skipan áfengis- og vímuvarnaráðs. Hér er gert ráð fyrir því að fulltrúar sjö ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga tilnefni hver sinn fulltrúa og síðan er varamenn tilnefndir á sama hátt.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er: Kom ekki til greina við samningu frv., og hvað finnst henni um það, að fulltrúar almennings eða þeirra sem eru að fást við þessi málefni dags daglega — hver sem það ætti nú að vera — ættu sæti í þessu ráði? Ég held að það gæti verið mjög til bóta í öllu daglegu starfi að fulltrúar almannasamtaka eigi aðgang að þessu ráði. En ég get svo sem skilið að það geti verið erfitt að velja hver það á að vera því að ótal aðilar eru að vinna að þessum málum. En ég held að það gæti einungis orðið til bóta jafnvel þó það kostaði fjölgun um einn.

[16:22]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta forvarnaráð er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og því er mikilvægt að þeir ráðherrar sem fjalla almennt um forvarnir komi sínum sjónarmiðum að. Markmiðið með þessu er að efla störf ríkisstjórnarinnar sem heildar í forvarnamálum. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að margir koma að forvörnum almennt, ýmis félagasamtök og félagasamtök verða auðvitað kölluð til ráðgjafar til þessa nýja áfengis- og vímuvarnaráðs. En þar sem ráðherrar eru að kynna forvarnir í sínum málaflokkum þá teljum við rétt að allir þeir ráðherrar sem að þeim málum koma eigi þar sína fulltrúa.

[16:23]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að gera athugasemd við það að þessi ráðuneyti ættu þarna sæti. Ég held að það sé mjög gott að búa til samstarfsvettvang allra þeirra ráðuneyta sem koma að þessum málum á einn eða annan hátt. Það sem ég var að velta upp var að þó þetta sé verkfæri ríkisstjórnarinnar — Samband íslenskra sveitarfélaga er hér reyndar líka með og ég tel það mjög eðlilegt, það er aðili kemur margvíslegan að þessum málum — hvort það gæti ekki orðið til þess að styrkja þetta ráð og væri ekki rétt að bæta við einum fulltrúa almannasamtaka, þó ég sé ekki reiðubúin á þessari stundu að leggja til hver það ætti að vera, eða einhverjum þeim sem vinnur dags daglega að þessum málum? Ég skil auðvitað meginhugsunina. Hún er sú að ná yfirsýn á því sviði sem ríkisvaldið annast og inn á svið sveitarstjórnanna. En þá vantar kannski þetta, þ.e. þá sem horfa á þessi mál frá sjónarhóli t.d. foreldra. Ég held að það geti einungis orðið til bóta að fá slíkan aðila að þessu starfi.

[16:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að ég mun styðja heilbrrh. í allri viðleitni til þess að uppræta fíkniefnaneyslu ungmenna og að draga úr áfengisneyslu ungmenna og mun leggja áherslu á það svo sem ég get við mína félaga og samstarfsaðila í þingflokknum. Að mínu mati er þetta eitthvert mikilvægasta málið í þjóðfélaginu nú. Þetta er eitt stærsta fjölskyldumál sem um getur og þegar ungt fólk verður vímuefnum eða alvarlegri áfengisneyslu að bráð þá er það eitthvert mesta heimilisböl sem yfir eina fjölskyldu getur dunið. Ég geri mér grein fyrir því að um þetta erum við öll sammála. Við höfum oft rætt þessi mál en við áttum hér sérstaka umræðu fyrir ári þegar við leituðumst við að ræða mál þvert á stjórn og stjórnarandstöðu til þess að sýna vilja okkar til þess saman að takast á við vandamál sem er of stórt til þess að skipta því í stjórnarmál og stjórnarandstöðugagnrýni. Þá kom það fram að stjórnarandstaðan hefði vilja til þess að vinna með stjórnarflokkunum að þessum málum, hefði vilja til að eiga fundi með því fólki sem stjórnarflokkarnir voru þá að skipa til verka til að taka á þessum málum. Og eiginlega það eina sem ég gæti sett út á þetta ágæta mál sem hér kemur fram er að ráðherra skuli ekki hafa freistað þess að nýta sér þann góða vilja sem hefur komið fram hjá stjórnarandstöðu til þess að eiga þverpólitískt samstarf um vímuefnavarnirnar

og til hvaða ráða skuli grípa til þess að afstýra þeirri vá sem okkur öllum finnst svo óhugnanleg.

Að þessum orðum sögðum, virðulegi forseti, er alveg ljóst að ég styð þetta frv. til laga um áfengis- og vímuvarnaráð. Mig langar hins vegar að fara um það nokkrum orðum og mig langar til þess að benda á í hverju mér finnst það ábótavant. Því ef það er hægt að gagnrýna þetta mál að einhverju leyti þá er það fyrir þær sakir að hér er ekki að koma fram frá ríkisstjórn samræmt átak, þ.e. ekki eitt frv. sem tekur á forvörnum hjá fleiri en einu ráðuneyti og þess vegna vitum við ekki hvernig tekið verður á ýmsum málum sem heyra undir önnur ráðuneyti.

Ef ég leyfi mér, virðulegi forseti, að víkja hér örlítið að fskj. II þar sem okkur birtist og við fáum í raun og veru í fyrsta sinn til kynningar stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum. Ég vek reyndar athygli á því að sú stefna hefur fengið umfjöllun í fjölmiðlum og við höfum verið að grípa umfjöllun fjölmiðlanna um þetta mál. En að mörgu leyti hefði mér fundist vera bragur að því fyrir ríkisstjórnina og stjórnarflokkana í framhaldi af því sem áður hefur verið rætt hér, að ríkisstjórnin hefði gefið sér tækifæri til svona hálftíma utandagskrárumræðu að eigin frumkvæði til þess að kynna okkur sem hér störfum þá stefnu sem hún er að setja fram og kalla eftir stuðningi okkar við. En gott og vel, sú stefna kemur fram hér í fskj. II og þar er sagt að ríkisstjórnin telji neyslu barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki vera alvarlegt vandamál sem bregðast þurfi við. Að sjálfsögðu erum við sammála því. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að beita sér fyrir því að ráðuneyti og stofnanir, löggæsla og tollgæsla í samvinnu við sveitarfélög, foreldrafélög, félagasamtök og aðra taki höndum saman og samhæfi viðbrögð, aðgerðir og samstarf með það fyrir augum að uppræta fíkniefnaneyslu barna og ungmenna og draga stórlega úr áfengis- og tóbaksnotkun þeirra. Þetta er markmið og viljayfirlýsing sem er vel orðuð og sem ég get tekið undir heils hugar.

Fram til ársins 2000 verður lögð áhersla á að efla forvarnir, að hefta aðgengi barna og ungmenna að fíkniefnum, að auka öryggi almennings varðandi fíkniefnatengd brot, að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki og að efla meðferðarúrræði fyrir ungmenni. Síðan á hvert ráðuneyti að gera framkvæmdaáætlun til að útfæra stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er auðvitað það sem við höfum áhuga á að fylgjast með. Það sem skiptir máli er hvernig ríkisstjórninni mun ganga og hversu alvarlega hún tekur þessa stefnumörkun og hvernig framkvæmdaáætlunin mun birtast okkur við fjárlagagerðina á komandi hausti vegna þess að þar fáum við að sjá hvort hugur fylgir máli.

Ef við lítum nú á þá fimm punkta sem hér birtast; að efla forvarnir, að hefta aðgengi, að auka öryggi, að efla andstöðu og efla meðferðarúrræði, þá hefur eins og í öðrum aldurshópum best verið gert í meðferðarúrræðum. Forvarnaúrræðum hefur verið mjög ábótavant og fíkniefnalögreglu hefur allt að því verið haldið í skefjum í verkum sínum vegna þess að það hefur ekki mátt veita henni forgang í yfirvinnugreiðslum og í fjármagni til þess að hún gæti afstýrt því að efni færu á götuna. Því nefni ég þetta að ég hef oft setið á fundum með þessum aðilum og hlustað á þá lýsa því hvernig þeir hafa vitað af því að efni hafa verið að koma að utan, þeir hafa haft grunsemdir um hvert efnið færi og hverjir mundu koma því á götuna, þeir hafa e.t.v. verið búnir að sitja yfir þessu máli í heila viku, og þá koma skilaboðin: Það eru ekki til meiri peningar, stoppa hér. Tveim dögum síðar er efnið komið á götuna út á meðal unglinga og þeir atburðir gerast sem vekja skelfingu okkar og kalla á utandagskrárumræður hér. Þess vegna mun þetta skipta mjög miklu máli.

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess, af því að mér finnst þessu frv. að sumu leyti vera ábótavant, að þingflokkur Alþfl. hefur allt frá 1989 og 1990 flutt þingsályktunartillögur um varnir gegn vímuefnum, og margar þeirra eru nú að komast endanlega fram í tillögum. Ein þeirra var reyndar um staðfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um fíkniefni og skynvilluefni. Þá, árið 1990, fór fram vinna við að breyta þeim lögum sem þurfti. Það var tvíþætt. Það voru ýmsir lagabálkar en jafnframt peningaþvætti og annað sem þurfti að breyast, og að uppræta mætti ávinning eða ágóða af fíkniefnasölu. Lagaákvæði um þetta hafa ekki verið til hjá okkur. Þess vegna hefur dómsvaldi og lögreglu verið skorður settar í vinnu sinni hvað varðar þessi mál.

Umræðan um þessi mál hefur verið afar góð hverju sinni. Þegar Alþfl. var í ríkisstjórn og Sighvatur Björgvinsson var heilbrrh. unnu stjórnarflokkarnir mjög gott og ítarlegt frv. sem tók til margra ráðuneyta. Það er kannski þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Og ég hlýt að koma að því hver vandinn er við lagasetningu og að ná víðtækri samstöðu um að taka á málum. Þá var unnið þannig að stórar nefndir komu að vinnslu frv. og að lokum var haldin um 100 manna ráðstefna í Borgartúni þar sem sérfræðingar á mörgum sviðum komu að og gáfu ábendingar. Þetta frv. komst inn á borð þingmanna. Það komst því miður aldrei lengra. Vegna hvers? Ekki vegna þess að stjórnarflokkar vildu ekki taka á málinu, ekki vegna þess að það væri víðtækur ágreiningur um einstök atriði frv., nei, vegna þess að frv. tók til þátta á heilbrigðissviði, það tók til þátta á dóms- og löggæslusviði, það tók til þátta á menntamálasviði og það tók til þátta á félagsmálasviði. Svo mikið höfum við þingmenn sem hér sitjum lært að það þarf ekki að koma okkur á óvart að slíkt frv. gat alls ekki svo mikið sem komist til nefndar vegna þess að hver og einn verður að eiga sitt forræði yfir málaflokknum.

Fyrir mér er þetta stórmál og þess vegna hvet ég heilbrrh. til þess að fylgja því mjög eftir að félagar hennar í ríkisstjórn stígi sín skref og gangi til verka á sama hátt. Dómsmrh. sem hér birtist í dyrum hefur verið að taka á málum á þessum árum frá 1990. Á borðum þingmanna liggur nál., sem reyndar hefur ekki verið afgreitt, en kemur væntanlega fyrir þingið á morgun. Það er nál. um það sem ég var að nefna, frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Að sjálfsögðu standa allir nefndarmenn að þessu nál. Hér hefur farið fram margra ára vinna við lög og það má vera að eitthvað sé eftir til að hægt sé að staðfesta þennan samning sem kallað hefur verið eftir að minnsta kosti á hverju þingi síðan 1990.

Virðulegi forseti. Það eru aðrir hlutir sem skortir enn þá og ekki er tekið á en mjög mikilvægt er að skoða og ég beini til heilbrrh. Ráðherrann leggur til í frv. sínu að skipa vímuvarnaráð og tilgreinir verkefni þess. Fyrsta spurning mín til ráðherrans er þessi: Í 5. lið er talað um að stuðla að útgáfu fræðslugagna um áfengis- og vímuvarnir og að annast gagnasöfnun. Hvar á að nota þetta fræðsluefni? Spurningin er réttmæt vegna þess að inn á borð okkar hefur ekkert komið um að menntmrh. sé á sama tíma að taka ákvörðun um að auka skuli mjög fræðslu í grunnskólum landsins og

að í þeim skuli vera til fræðsluefni, því að það fræðsluefni sem er notað er Lions Quest, unnið af áhugamönnum Lions-hreyfingarinnar, stutt af menntmrn., en mjög er undir hælinn lagt hversu grunnskólar nýta það efni og hve mikla fræðslu þeir veita. Í því frv. sem ég vísaði til hér áður var lagt til að fræðsla í grunnskólum mundi hefjast í öðrum bekk samkvæmt námskrá um vímuefnavarnir í grunnskólum. Þar er líka lagt til að nemendur skóla sem veita kennaramenntun, Fósturskólans, Lögregluskólans, Fangavarðaskólans og slíkra skóla skuli fá ítarlega og skipulagða undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefnafræðum. Einnig er lagt til að félagsmálanefndir sveitarfélaganna sinni áfengis- og vímuvörnum skipulega og lagt til að þær ásamt heilsugæslustöðvum reyni að leita uppi þau börn og ungmenni sem eiga við vandamál að stríða.

Virðulegi forseti. Ég bið heilbrrh. einmitt að leggja eyrun við þessu atriði vegna þess að við fjárlagagerðina fyrir jól lagði þingflokkur jafnaðarmanna til að veitt yrði ákveðið fjármagn til samvinnu við heilsugæslustöðvarnar einmitt til slíks leitarstarfs. Ég hlýt að koma hér á framfæri niðurstöðum sérfræðinga sem ég hlustaði á þegar ég var stödd á þingi Sameinuðu þjóðanna í haust. Þá var málþing í höfuðstöðvunum um fíkniefnavarnir og þar voru mættir erlendir gestir sem hafa árum saman verið að vinna með vímuefnavarnir í mörgum löndum. Þeir voru með einn meginboðskap; það þarf að tryggja þessa hluti alla. Fræðsluna, menntakerfið, félagslega þáttinn, heilbrigðisþáttinn, en það næst ekki árangur nema ríkisvaldið taki höndum saman við sveitarfélögin og hjálpi þeim að beita sér í nærverkefnum heima í nágrenni fjölskyldnanna. Fyrir mér var þetta merkilegur boðskapur vegna þess að hann var afdráttarlaus og þetta var fólk sem var búið að taka á málum mjög víða. Það var mjög fróðlegt að hlusta á þau mál.

Virðulegi forseti. Ég bið hæstv. heilbrrh. að beita sér fyrir því í ríkisstjórn við félaga sína, menntmrh. og félmrh., að tekið verði á þessum þáttum og að markvisst verði gengið til verks undir þeim glæsilegu markmiðum sem birtast í fylgiskjalinu og sem ég tek undir.

Að lokum, virðulegi forseti, langar mig að nefna eitt varðandi verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs. Í frv. góða sem ég hef verið að vísa til í umfjöllun minni hér fékk áfengis- og vímuvarnaráðið enn eitt verkefni sem hins vegar er ekki talið upp í frv. heilbrrh. Það er að vera ráðgefandi fyrir ríkisstjórnina varðandi verðlagningu á áfengi. Þegar litið er til þess hvaða umræða hefur átt sér stað að undanförnu út af tillögum stjórnar ÁTVR, m.a. hér í þingsal, þá hlýtur að vera mjög mikilvægt hvernig heilbrrh. og hugsanlega áfengis- og vímuvarnaráðið eiga að koma að ákvörðunum í ráðuneyti fjmrh., vegna þess að þar er í raun og veru hægt að breyta þeim forvarnamarkmiðum sem heilbrrh. hugsanlega hefur á hverjum tíma eins og hendi sé veifað með stjórnvaldsákvörðunum. Því hlýtur heilbrrh. að vilja vera með trygga stöðu til að geta haft áhrif á þau mál, m.a. útsölustaði áfengis. Reyndar var lagt til í frv. góða sem ég hef verið að vísa til að ÁTVR hefði ein heimild til innflutnings, dreifingar og verðlagningar. Ein spurning enn þá til ráðherrans varðandi áfengis- og vímuvarnaráðið: Hvað verður úti í héruðunum? Þar hafa áfengisvarnanefndir starfað. Þær hafa ekki haft sama hlutverk og skilgreint er hér fyrir áfengis- og vímuvarnaráðið. Hvernig ætlar ráðherrann að stuðla að breytingum og hinni dreifðu umfjöllun um vandamálið sem hlýtur að koma til úti í sveitarfélögunum eða úti í héruðunum? Hyggst hún í framhaldi byggja upp áfengis- og vímuefnanefndir í læknishéruðum eða í bæjunum? Hvernig ætlar hún að taka á því að þessu góða markmiði sé fylgt eftir alls staðar úti um land og að tryggt sé að unnt verði að fá yfirsýn yfir þetta stóra mál sem vímuefnavandinn er og auknar vímuefnavarnir?

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu hér og ég fagna þessu frv. En ég legg áherslu á að ráðherrann taki til skoðunar þau atriði sem ég hef bent á og að þetta sé bara fyrsta skref af mörgum sem ríkisstjórnin ætlar að kynna okkur.

[16:43]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að fá að segja nokkur orð í tilefni af ágætri og jákvæðri ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem ég hef átt sérstaklega góða samvinnu við. Ég veit að hún og liðsmenn hennar verða öflugir stuðningsmenn og starfsmenn í því að vinna þetta frv. þannig að sem flestir verði sáttir við það. Ég vonast til að sú samvinna verði góð. Ég vonast ekki bara til þess, ég veit hún verður góð.

Það er ein spurning sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir lagði fram sem stakk mig svolítið vegna þess að ég hef átt þátt í því að ræða um forvarnir frá ýmsum hliðum en hún er um fræðslugögnin sem við ætlum að fara að gefa út. Ég minntist á það áðan að við værum að fara af stað með eina stofnun til viðbótar. Ég er alveg sammála því að ef þessi stofnun bjargar lífi einhvers eins Íslendings, þá getum við verið ánægð. En eins og ég sagði tel ég að hægt væri að nýta þetta á sem hagkvæmastan hátt því áfengi og vímuefni tengjast nánast hverju sem er, þau tengjast vörnum, slysavörnum og fræðslumálum. Þessi fræðslugögn væri því hægt að sameina, með frjóu hugarfari að sjálfsögðu, þannig að aðilar gætu nýtt gögnin saman og búið til eitt stórt safn, ef svo má segja, sem yrði lesið af áhuga af því fólki, sérstaklega því unga fólki sem við erum að reyna að höfða til. En þetta þarf að gera með mikilli nákvæmni.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég er sammála því að gæta þurfi verðlagningar á áfengi. En eins og ég hef sagt í ræðum mínum áður er ég hlynnt því að gefa smásöluverslun á áfengi frjálsari en (Forseti hringir.) hún er nú. En ég geri mér grein fyrir því að standa þarf ákaflega vel að þessu máli til þess að allir þeir sem hafa unnið í þessum málaflokki muni geta komið þar að og að við getum nýtt þekkingu þeirra og hæfileika.

[16:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum góð orð og er alveg sannfærð um að ég get lofað góðum stuðningi bæði mín og Össurar Skarphéðinssonar sem mun fá þetta mál til meðhöndlunar í nefndinni. Hann tekur eflaust til máls á eftir.

Ég ætla að nefna vegna orða þingmannsins að ég er alveg sammála því að mörg samtök hafa oft verið að sækja í þá sjóði sem hafa verið með framlög til forvarna og það er ekki alltaf þannig að þrír bæklingar um sama efni séu betri en einn góður. Kannski er verið að veita fjármagn í þrjá sem hefði betur farið í annað. Ég er sammála því að gott sé að vera með gott fræðsluefni til forvarna til að afhenda á ýmsum stöðum, en það sem verður að koma og skortir hér er að kennsluefni komi inn í skólana á vegum menntmrn., að fræðsla verði veitt af fullri alvöru um þessi efni og að kenna í Kennaraháskólanum hvernig með námsefnið skuli fara þannig að kennarar verði meðvitaðir um hvernig þeir

eiga að halda á málum, að þeir kunni að kenna efnið, — einstaklingar hafa þurft að taka upp hjá sjálfum sér að fara á námskeið vegna Lions Quest-efnisins — að þeir þekki einkennin þegar nemandi er í vanda og geti brugðist við. Þetta eru grundvallaratriði. Þau er ekki að finna í þessu frv. enda ekki að furða vegna þess að þetta er frv. sem snýr eingöngu að heilbrrh. Hitt verður að koma til.

[16:48]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því að þetta frv. um stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er komið fram þó svo að mér sýnist á öllu að töluvert vanti á að sú grunnvinna sem þyrfti að vinna áður en við færum að fjalla af alvöru um verkefni áfengis- og vímuvarnaráðs hafi verið unnin. Ég vænti þess að hv. heilbr.- trn. muni taka frv. og skoða það og bæta inn í ýmsum ábendingum sem þegar hafa komið fram. Það sem stakk mig hins vegar í máli hæstv. ráðherra var að þegar fjallað var um 3. gr. þar sem segir hvernig skipan áfengis- og vímuvarnaráðs skuli vera, þar sem líklega einir sjö hæstv. ráðherrar eiga fulltrúa í ráðinu. Þá sagði hæstv. ráðherra það nauðsynlegt að hafa þetta svona til þess að efla ríkisstjórnina sjálfa, að fá hana til að koma fram sem eina heild, „að efla ríkisstjórnina sem heild í forvarnamálum", sagði hæstv. ráðherra. Það er vissulega þörf á og þó fyrr hefði verið að efla hæstv. ríkisstjórn sem eina heild í forvarnamálum og ýmsum þeim málum sem lúta að meðferðarmálum, refsivist og fleiru sem upp er talið í þessu ágæta frv. Hins vegar hefði ég talið að þörfin væri meiri, miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið, að fá inn þá þekkingu sem er á þessum málum nú þegar hjá ýmsum samtökum, félagasamtökum, sem hafa starfað að forvörnum árum saman. Og með því að setja fulltrúa þessara ágætu félagasamtaka og aðila sem hafa starfað að forvarnamálum þá hefði það hugsanlega auðveldað þá vinnu að samræma aðgerðir í forvarnamálum umfram það sem er í dag.

Mér leikur líka forvitni á að vita, vegna þess að lögin eiga að taka gildi eigi síðar en 1. janúar 1997, sem nú er liðinn — en stefnt er að því að þau taki sem allra fyrst gildi og að þá falli niður starfsemi áfengisvarnaráðs — hvaða peningar eru til ráðstöfunar það sem eftir er þessa árs. Ef áfengisvarnaráð, sem hefur 9,1 millj. kr. til umráða á þessu ári, hættir störfum 1. júlí má gera ráð fyrir að um það bil helmingnum af þeirri upphæð sem áfengisvarnaráð hafði til ráðstöfunar hafi verið eytt, rúmum 4,5 millj. kr. Mér er líka kunnugt eins og öllum sem skoða fárlög ríkisins og fylgjast með úthlutun úr Forvarnasjóði að þar er búið að úthluta nú þegar stærstum hluta þeirra peninga sem ætlaðir voru til þessarar starfsemi á árinu 1997. Verkefni þessa ráðs hefði ég viljað að væru ekki eingöngu áfengis- og vímuvarnir heldur kæmu tóbaksvarnir þarna undir, enda sýnist mér í greinargerðinni og á fskj. að ekki sé síður ástæða til að taka tóbaksvarnirnar nú þegar inn í þetta starf og samræma aðgerðirnar að öllu leyti hvað varðar forvarnastarfsemi.

Ég vildi fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvernig eigi að tryggja starfsemi ráðsins út árið og að þær tillögur sem ráðið á að fylgja gangi eftir. Þó þarna sé um að ræða ráð sem fyrst og fremst er til að efla ríkisstjórnina og samkennd hennar í ákveðnum málaflokki þá segir á bls. 11 í í grg. frv. hver framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar er í þessu máli og þar segir hvert skuli verða verkefni þessa ráðs sem hér á að stofna til. Þau eru talin upp í 2. gr. en það vantar reyndar útfærslu á þessum verkefnum. En á bls. 11 segir hver markmið ríkisstjórnarinnar eru í þessum málum. Það er talið upp í sex liðum og sagt að verkefni ráðsins sé að fylgja fram þessari stefnu ríkisstjórnarinnar sem á að hrinda í framkvæmd fram til ársins 2000. Þar sýnist mér að um verulegan kostnaðarauka sé að ræða umfram það sem er á fjárlögum ársins 1997. Og þá ekki eingöngu í starfsemi þessa ágæta ráðs — kannski verður eitthvað eftir í Forvarnasjóði til að ráða starfsfólk og koma verkefnunum í framkvæmd — heldur sýnist mér að þarna sé um aukin verkefni ýmissa stofnana að ræða sem eru taldar upp í 1. gr. frv.

Síðan kemur áætlun fjmrn. þar sem fjmrn. leggur mat á hvað þessi starfsemi muni kosta í allt. Fjmrn. gerir ráð fyrir að viðbótarkostnaður árlega sé 14–15 millj. kr., þar til viðbótar 2–3 millj. kr. vegna kostnaðar við kaup á tækjum og búnaði og 3,3 millj. kr. vegna biðlauna til starfsmanna áfengisvarnaráðs.

Þarna er eingöngu verið að ræða um starfsemi þessa ráðs og 55 millj. kr. fjárveitingu á árinu. Ef við miðum við að ráðið starfi hálft ár þá er það helmingur þeirrar upphæðar. En Alþingi og þar til gerð stjórn hefur nú þegar úthlutað peningum úr Forvarnasjóði til hinna ýmsu samtaka án nokkurrar samhæfingar starfseminnar þannig að ég býst ekki við, miðað við það sem ég þekki til kostnaðar við rekstur ríkisins, að nokkrir peningar séu eftir í Forvarnasjóði til þess að standa við starfsemina út árið, þó miðað sé við að frv. verði samþykkt óbreytt og þau verkefni sem ríkisstjórnin hefur þegar sett á þetta ágæta ráð eða ætlar sér að setja á það.

Ég hefði líka viljað sjá aukið vægi sveitarfélaga í frv. Það er nú þannig að lög um vernd barna og ungmenna og félagsþjónustu sveitarfélaga leggja miklar skyldur á herðar sveitarfélögum. En öll sveitarfélög, og það vita allir að þau eru mörg, eiga aðeins einn fulltrúa í ráðinu. Að mati hæstv. ráðherra er líklega meiri ástæða til að reyna að koma ríkisstjórninni saman sem einni heild í þessum málum en öllum sveitarfélögum landsins. Þau eiga aðeins að eiga einn fulltrúa í ráðinu.

Ef verkefni ráðsins er tvíþætt, annars vegar að vinna að þeirri stefnu sem ríkisstjórnin hefur samþykkt og hins vegar að vera ráðgefandi, langar mig líka til að bæta við einni spurningu til hæstv. ráðherra. Í öllu þessu tali um góðan vilja, sem ég efast ekki um að er til staðar hjá hæstv. ráðherra — hvort hann finnst hjá þeim öllum sem þarna eiga fulltrúa, það efast ég um miðað við samþykktir og framlög 1997 — þá vildi ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún hyggst taka sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf inn í heilbrigðiskerfið, því það vita allir sem það vilja vita að stórt vandamál allra þeirra barna og unglinga sem neyta fíkniefna og aðstandenda þeirra er að sárlega vantar ráðgjöf sálfræðinga og félagsráðgjafa, ekki vegna þess að þessar starfsstéttir séu ekki nógu fjölmennar til að taka starfið að sér heldur vegna þess að heilbrigðiskerfið hefur ekki viðurkennt þessa starfsemi sem fullkominn hluta af heilbrigðiskerfinu og tekur þar af leiðandi ekki þátt í greiðslum vegna þessarar þjónustu og tíminn kostar á fjórða þúsund krónur. Ég vildi gjarnan heyra hjá hæstv. ráðherra hvort hún hefur hugsað sér að efla þessa starfsemi með þátttöku ríkisins, tryggingu, í kostnaði við þjónustuna.

Mér finnst líka skrýtið að sjá ekki Barnaverndarstofu með fulltrúa í ráðinu. Vafalaust gæti félmrn. skipað fulltrúa Barnaverndarstofu en eðlilegt þætti mér að það væri sett í frv. Ekki síst finnst mér ástæða til þess að félagasamtök og þeir aðilar sem hafa unnið að þessum þáttum komi að

verki og að ekki séu svona margir fulltrúar hæstv. ráðherra. Vegna þess að það vill brenna við að við ráðherraskipti og ríkisstjórnarskipti, sem verða örugglega í næstu kosningum, skipi ráðherrar nýja fulltrúa og að sú reynsla og þekking sem komin er hjá þeim sem skipuðu ráðið fari fyrir lítið við ríkisstjórnarskipti. Ég treysti hins vegar ýmsum félagasamtökum og reyndar undirstofnunum ráðuneyta betur til að halda sínum fulltrúum inni þó ríkisstjórnarskipti yrðu.

Svo ég haldi nú áfram með kostnaðarþáttinn þá verð ég að segja að ég er mjög hissa á þeim tölum sem þarna eru því ef greinargerðin er lesin til enda sést að það á að fara í gífurleg verkefni á sviði heilbrigðismála, dómsmála, félagsmála og menntamála. Þar að auki eru mjög margar stofnanir sem heyra undir þessi ráðuneyti í dag og fara nú þegar með mikilvæg verkefni á sviði forvarnastarfsemi sem hafa ekki fengið peninga til að sinna þeim, samanber heilsugæslustöðvarnar, samanber fangelsismálayfirvöld og samanber þær stofnanir sem nú sinna meðferðarstarfsemi. Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er vissulega mjög ánægjulegt að könnun Gallups skuli sýna að unglingar byrji seinna að drekka á síðasta ári en áður, en á sama tíma birtast líka niðurstöður úr skýrslum SÁÁ og þær eru ekki eins bjartar. Þær sýna ekki eins jákvæða þróun. Ég hef átt samtöl við þá sem eru að vinna að meðferðarstarfsemi, og þá fyrst og fremst á vegum sveitarfélaganna og Útideildarinnar í Reykjavík, þar sem starfandi er stofnun eins og Mótorsmiðjan, sem er til fyrirmyndar í allri meðferðar- og forvarnastarfsemi. Útideildin í Reykjavík hefur ekki, eftir því sem ég best veit, fengið úthlutað úr Forvarnasjóði þrátt fyrir umsóknir sínar þangað eftir fjármagni til að styrkja þau verkefni sem þar eru í gangi. En þar er þróunin því miður allt, allt önnur og neytendur fíkniefna hvers konar eru stöðugt yngri eftir því sem þeir segja okkur.

Markmiðin með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs eru góð og við getum öll tekið undir þau. Ég er sannfærð um að hv. heilbr.- og trn. muni taka þetta til vinsamlegrar skoðunar en jafnframt að skoða þær ábendingar sem hér hafa komið fram og reyna að bæta frv. frá því sem nú er og útvíkka það. Ég vildi gjarnan heyra skýringar hæstv. ráðherra á því hvers vegna tóbaksvarnirnar voru ekki teknar þarna inn nú þegar og ég ítreka að þó vissulega sé þörf á því að efla samstöðu ríkisstjórnarinnar þá hlýtur markmiðið fyrst og fremst að vera það að ná sameiginlega utan um alla þessa starfsemi í landinu. Til þess eru margir betur fallnir en fulltrúar ráðuneyta þótt góðir séu.

[17:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að koma með smá innlegg í þessa umræðu en hef tækifæri til að koma að málinu í heilbr.- og trn. þegar það kemur þangað. Ég get tekið undir flestar þær athugasemdir sem hafa komið um málið hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur og hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Það sem mig langaði til að gera athugasemd við og kannski að vera með smá vangaveltur um, er orðanotkun. Orðanotkun þegar við erum að fjalla um áfengis- og vímuvarnir. Ég hefði frekar kosið þegar við erum að tala um notkun áfengis eða annarra vímuefna eins og segir í upphafi frv., að „tilgangurinn með stofnun áfengis- og vímuvarnaráðs er að efla og styrkja áfengis- og vímuvarnir sérstaklega meðal barna og ungmenna og sporna gegn afleiðingum af neyslu áfengis og annarra vímuefna." Ég hefði frekar kosið að við notuðum misnotkun eða ofneyslu í staðinn fyrir notkun eða neyslu áfengis. Að við notum misnotkun eins og þjóðirnar í kringum okkur gera þegar þær eru að tala um slæmar afleiðingar af neyslu áfengis. Að við tölum um misnotkun eða ofneyslu.

Við vitum að það geta verið jákvæðar afleiðingar af neyslu áfengis. Ég veit ekki betur en öldruðu fólki sé gefið sjerrí á sjúkrastofnunum til þess að það sofi betur, eitt staup, það eru jákvæðar afleiðingar af neyslu áfengis, að fólk sefur betur. Rannsóknir hafa sýnt að gott sé fyrir hjartað að dreka eitt glas af rauðvíni á dag og það sé jafnvel gott fyrir heilastarfsemina. (**ÖS:** Gerir þingmaðurinn það?) Nei, hann gerir það nú ekki en það væri kannski athugandi. Ég tel líka að það væri áróðurslega sterkara að nota orðið misnotkun eða ofneyslu þegar við tölum um þessi mál. Ég minni á orðatiltækið „hóflega drukkið vín gleður mannsins hjarta". Ekki getum við verið á móti því. Þetta hefur komið áður til tals í hv. heilbr.- og trn., að nota frekar misnotkun eða ofneyslu þegar við ræðum þessi mál. Ég hefði frekar viljað sjá þá orðanotkun í frv.

Úr því ég er farin að taka hér til máls langar mig að minnast aðeins á stefnu ríkisstjórnarinnar í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, sem truflar mig svolítið þegar ég les fjórða punkt í upptalningunni í fskj. II með frv.

„Fram til ársins 2000 verði lögð áhersla á: Að efla andstöðu í þjóðfélaginu gegn notkun barna og ungmenna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki."

Þetta er tvöföld neitun sem getur náttúrlega komið út sem öfugmæli. Þannig að ég held að maður segi frekar að efla andstöðu við notkun barna á fíkniefnum, áfengi og tóbaki, það sé réttari íslenska.

Annars ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég tek undir að þetta er mjög mikilvægur þáttur í starfi hins opinbera að efla varnir gegn ofneyslu og misnotkun á vímuefnum og áfengi. Eins og menn heyra þá kýs ég heldur að nota orðið ofneyslu og misnotkun í þessu tilviki.

[17:07]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir ágæta umfjöllun um þetta mál. Það hafa komið fram nokkrar fyrirspurnir og vangaveltur um frv. sem eðlilegt er. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir fór yfir frv. og var því sammála á flestum sviðum. Hún gerði þó að umtalsefni að sér þætti rétt að fleiri kæmu inn í ráðið en þarna er upp talið. Því er til að svara að það mun verða mjög góð samvinna við þessi félagasamtök. Það er mjög erfitt að velja einhver ein félagasamtök út úr. Í þessu sambandi vil ég minna á að ég tel mjög mikilvægt að Samband sveitarfélaga skuli eiga sinn fulltrúa í ráðinu. Það tengist þeirri fyrispurn sem hún kom inn á þ.e. hvað yrði um áfengis- og vímuvarnaráð í héruðum. Það er í tillögum að efla áfengis- og vímuvarnaráð í héruðum sem eru venjulega tengd félagsmálanefndum viðkomandi sveitarfélaga. Það eru tillögur um að héraðslæknar komi sterkar inn í þetta en hefur verið hingað til og þeir verði tengiliðir.

Hún spurði líka hvar það fræðsluefni verði notað sem í frv. er gert ráð fyrir. Þetta fræðsluefni verður fyrst og fremst notað í skólum, á heilsugæslustöðvum og í sumum tilvikum sent inn á hvert heimili.

Þetta voru helstu fyrirspurnir sem hv. þm. kom með. En fleiri tóku til máls, m.a. hv. þm. Margrét Frímannsdóttir. Hún kom eiginlega inn á sömu atriði og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafði gert áður. Hún spurði þó hvernig stæði á því að tóbaksvarnirnar væru ekki með. Það kemur fram í greinargerð að áætlað er að byggja upp svokallaða

forvarnamiðstöð þar sem inn í kemur þá tóbaksvarnanefnd, manneldisráð o.s.frv. Þannig að það mun koma í beinu framhaldi af þessu, að við bindum vonir við að geta sett allt þetta fyrirbyggjandi starf á einn stað. Þá erum við að tala um að Heilsuverndarstöðin verði nýtt til þess og þannig náum við betur utan um þessi mál en við höfum gert hingað til.

Hv. þm. talaði um að hún sæi ekki hvernig þetta nýja ráð hefði fjármagn. Eins og fram kom í ræðu minni áðan þá tekur nokkra mánuði að koma þessu öllu heim og saman verði þetta frv. að lögum í sumar. Mér sýnist að það verði í fyrsta lagi í nóvember sem þetta forvarnaráð verði komið í fullt starf. Þess ber að geta að í Forvarnasjóði eru enn þá eftir 32 millj. kr. þannig að við höfum nokkra fjárhæð upp á að hlaupa. En áfengisvarnaráð hefur rúmlega 9 millj. kr. til umráða. Ég býst við að áfengisvarnaráð muni vinna með áfengis- og vímuvarnaráði á meðan það er á sínum bernskudögum og styðji og styrki við það starf sem er að fara af stað. Ég held að menn sjái og séu innst inni sammála um það að mikilvægt er að samhæfa alla þessa þætti sem ríkið er að vinna að varðandi forvarnir. Það er mikilvægt að heilbrrn., menntmrn., dómsmrn., tollgæslan, utanrrn. og félmrn. séu öll að vinna í sömu átt. Það tryggjum við með þessu nýja ráði. Það er enginn vafi á því að margir verða til kallaðir til að styrkja þessa starfsemi.

Ég heyri að menn eru sammála um að hraða þessu máli. Það er kannski eitthvað sem varðar orðalag sem menn vilja breyta eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á áðan. Það eru ekki stórvægilegar breytingar og menn geta dundað sér við það í heilbr.- og trn. að breyta þar orðalagi. Hér vita allir að við erum ekki að ræða um hóflega drukkið vín þegar við leggjum fram þetta frv. Ég held að öllum sé það ljóst.

[17:13]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enn út af fjármálunum og því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að ekki væri búist við að ráðið hæfi störf að fullu fyrr en í fyrsta lagi í nóvember og til ráðstöfunar í Forvarnasjóði væru 32 millj. kr. Þýðir þetta þá að allir þeir aðilar sem treyst hafa á úthlutun úr Forvarnasjóði á þessu ári, sem e.t.v. nú þegar hafa sent inn umsóknir sínar og ég bendi á að 93 umsóknir komu frá 48 aðilum á síðasta ári og fjárln. hefur þegar vísað ýmsum þeim sem sóttu um fjárstyrki til hennar í Forvarnasjóð, fái ekki úthlutun og um úthlutun úr Forvarnasjóði verði ekki að ræða fyrr en þetta ráð hefur tekið til starfa?

Vissulega tek ég undir það með hæstv. ráðherra að nauðsynlegt er að ríkisstjórnin og ráðuneytin séu öll að vinna í eina átt. En til þess að tryggja það eru tveir fundir ríkisstjórnar í viku hverri. Það ætti að duga til að samhæfa sjónarmið hennar. Mér finnst það ekki vera rök í málinu að það þurfi að samhæfa verk ríkisstjórnarinnar og að ráðuneytin skipi alla þessa fulltrúa og sveitarfélög eða félagasamtök fái ekki fleiri. Til þess hefur hæstv. ríkisstjórn tvo fundi í viku hverri og þykir ýmsum nóg um.

[17:14]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Menn þurfa ekki að bíða fram í nóvember til að fá úthlutun úr Forvarnasjóði en þessu ráði er ekki ætlað að fá allar þessar 32 millj. til sín síðustu mánuði ársins þannig að menn geta verið rólegir þess vegna. Menn munu fá úthlutun úr sjóðnum.

Annað sem hv. þm. kom inn á varðandi fjármálin, þá vil ég minna á að mikil áhersla hefur verið lögð á það að leggja meira fjármagn til forvarnamála og á þessu ári fær tollgæslan og löggæslan um 65 millj. kr. meira til sinnar starfsemi heldur en áður hefur verið. Forvarnasjóðurinn eins og hefur verið rætt hér hefur verið stórefldur og tóbaksvarnaþátturinn hefur verið margfaldaður þannig að við erum að tala um miklu meiri fjármuni en við höfum nokkurn tímann haft til ráðstöfunar og það er mikilvægt að þetta fjármagn sé vel nýtt.

Hvort nægjanlegt sé að tveir ríkisstjórnarfundir séu í viku hverri og þess vegna þurfi ekki svo margir fulltrúar ráðuneytanna að koma inn í þetta nýja ráð, þá er það þannig að þessi ráðuneyti eru að meira og minna leyti að fjalla um þessi mál daglega. Þetta eru mjög mikilvæg mál og til að leggja áherslu á mikilvægi þeirra og mikilvægi þess að öll þessi ráðuneyti vinni saman og nýti fjármagnið sem best, að það sé um engan tvíverknað að ræða, heldur sé þetta samhæft átak, þá er það rétt að ráðuneytin hafi sína fulltrúa þarna inni og ég er alveg viss um að það á eftir að koma í ljós að við munum nýta fjármagnið miklu betur en við höfum nokkru sinni gert með þessu móti en ég legg mikla áherslu á samvinnu við frjáls félagasamtök.

[17:17]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gert ráð fyrir að þetta ráð kosti hátt í 20 millj. kr. umfram það sem hefur verið á fjárlögum þrátt fyrir það að þær fjárhæðir sem eru til ráðstöfunar séu meiri nú en þær hafa áður verið og þá fyrst og fremst vegna þess að það er gjald á áfengi sem þar kemur til. Það er rétt. En hversu margar umsóknir eru í Forvarnasjóðinn í dag og hvað er það sem hæstv. ráðherra áætlar að þetta ráð fái til ráðstöfunar á þessu ári? Því hefur ekki verið svarað hér hver kostnaðurinn verður, hvenær verður þá úthlutað úr sjóðnum til þeirra sem nú þegar hafa sótt um, hversu margir það eru eða um hvaða fjárhæðir er að ræða. Og ég tók ekki eftir því hvort hæstv. ráðherra hefði svarað því hvort hún væri tilbúin til þess að beita sér fyrir því að þjónusta sálfræðinga og félagsráðgjafa væri tekin inn í tryggingakerfið á sama hátt og önnur heilbrigðisþjónusta. Og enn og aftur: Mér þykir það leitt hve þið eigið erfitt með að samhæfa verk ykkar í hæstv. ríkisstjórn.

[17:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fyrirspurn hv. þm. um sálfræðingana þá var það fyrir mjög skömmu síðan að sálfræðingar fluttust úr menntmrn. yfir í heilbrrn. og það er sérstaklega verið að skoða það að auka þjónustu sálfræðinga sérstaklega við börn og ungmenni. (**MF:** Og félagsráðgjafa.)

Varðandi áhyggjur hv. þm. af Forvarnasjóði, þá svaraði ég því til áðan að stjórn sjóðsins er að vinna að úthlutun og það verða ábyggilega einhverjir sem ekki fá úthlutun á þessu ári. Það eru miklu fleiri sem sækja um heldur en við eigum nokkurn tíma fjármagn til að veita. Og það er metið á verkefnagrunni hverju sinni hverjir fá úthlutað úr Forvarnasjóði. En af því að hv. þm. sagði að ekki hefði komið fram hvað þetta nýja forvarnaráð muni kosta á þessu ári, þá er ég að tala um að á síðustu mánuðum ársins verður þetta komið í fullan gang ef Alþingi Íslendinga samþykkir þetta frv. Við erum ekki með nákvæmar tölur um hvað þetta kostar, en þetta sparar verulega annars staðar. Þessi samhæfing mun spara

annars staðar þannig að við erum ekki að tala um verulega fjármuni sem þetta nýja ráð mun kosta. Og þegar til lengri tíma er litið, þá er verið að tala um að áfengisvarnaráð fellur niður og á hverju ári er lagt til þess tæplega 10 millj. kr. og það gengur að sjálfsögðu til þessa nýja ráðs.

[17:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Umræðan um þetta mál er af hinu góða. Hins vegar vakna margar spurningar þegar þetta mál kemur til umræðu og líka leiðir umræðan sjálf kannski af sér fleiri spurningar heldur en þeim sem svarað er. Það er dálítið merkilegt að ekki fyrir löngu lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. þar sem ég óskaði eftir upplýsingum um hversu margir vínveitingastaðir hefðu fengið áminningu fyrir það að veita unglingum undir lögaldri aðgang. Og það er merkilegt, þegar skoðað er það svar sem kemur frá sýslumannsembættum frá öllu landinu, hve þessi tilfelli eru fá. Það er ótrúlegt að sjá þann lista sem hefur borist sem svar frá dómsmrh. við fyrirspurn minni. En þó vekur það athygli að í kjördæmi heilbrrh. eru áminningarnar flestar og, með leyfi forseti, vildi ég aðeins vitna til þess lista sem birtist varðandi áminningar til veitingastaða sem hafa hleypt unglingum undir lögaldri inn í þessi öldurhús.

Það kemur fram t.d. að á Akranesi hefur ein leyfissvipting farið fram og ein sekt, en þar eru leyfishafar tveir. Í Borgarnesi hafa áminningar verið frá 15–20, kemur fram í svari frá embættinu. 15–20 áminningar, engin leyfissvipting, engin sekt en þar eru leyfishafar fjórir. Síðan segir ekki af þessu fyrr en kemur á Ísafjörð. Þar hafa verið þrjár áminningar, engin leyfissvipting, engin sekt og þar eru þrír leyfishafar. Á Húsavík hafa verið sex áminningar en það kemur ekki fram í skýrslunni að þar sé nokkur sem hafi vínveitingaleyfi. Á Eskifirði eru áminningar fimm en þar eru fjórir leyfishafar. Og ekki er í frásögur færandi þegar farið er á fleiri staði fyrr en kemur til Hafnarfjarðar. Þar er talað um að áminningar séu fimm, leyfissvipting ein, engin sekt en það kemur ekki fram hversu margir leyfishafar eru í Hafnarfirði. Í Reykjavík hafa áminningar verið 46, leyfissviptingar tvær, engin sekt en leyfishafar eru 28.

Virðulegi forseti. Þegar þingmenn leggja fyrirspurnir fram til ráðherra og embættis eins og dómsmrn. varðandi þessi mál, þá verð ég að segja að mér finnst svör ráðuneytisins, eins og dómsmrn. í þessu tilfelli, vera mjög léttvæg. Til dæmis að gefa ekki glöggar upplýsingar um það hvernig á málum er haldið þegar svo kemur fram sem hér hefur verið upp talið að í Hafnarfirði, eins og ég tók sem dæmi, hafa verið fimm áminningar, ein leyfissvipting, engin sekt og þar er enginn leyfishafi. Virðulegi forseti. Ég hef ekki lagt í það að skila þessu svari aftur inn til forsætisnefndar og óska frekari skýringa, ég hef bara ekki haft geð í mér til þess. En ég þykist vita að það eru fleiri þingmenn en ég sem hafa fengið svör sem eru á mörkum þess að geta kallast svör. Mér finnst þetta vera mjög alvarlegt mál og full ástæða til að spyrja forsætisnefndina að því hvort ekki sé vel farið yfir þessi gögn til þess að þau séu ekki mjög haldlítil gögn eða allt að því að þau séu vanvirða við hið háa Alþingi hvernig svörum er háttað.

Ef svo er sem hér hefur komið fram að þetta er ekkert vandamál gagnvart ungu fólki, það sækir ekki í öldurhúsin og svo stífir eru þeir leyfishafar sem reka vínveitingastaði, bjórsölustaði eða hvað skal kalla þetta, ef vandinn er ekki meiri en þetta, þá vefst manni tunga um tönn. Hvað er þá verið að gera svona stórt úr þessu máli? Auðvitað vitum við betur. Við vitum að þetta er vandamál. Og til gamans get ég sagt að það er ekki langt síðan ég var á því ágæta þingi Sameinuðu þjóðanna og fór þá á vínveitingastað og bað um ölglas en ég fékk ekki afgreiðslu af því að ég hafði því miður ekki vegabréfið á mér, ég gat ekki sannað aldur minn, enda unglegur mjög svo sem sjá má. En alla vega í henni Ameríku a.m.k. tóku þeir mjög stíft á því að menn skyldu leggja fram sönnun um það hverjir þeir væru og hversu ungir að árum eða gamlir áður en þeir fengju afgreiðslu. Hér hefur þetta því miður verið nokkuð léttvægt og við höfum séð það á veitingahúsunum. Þess vegna er það afar sérkennilegt að fá plagg frá dómsmrn. eins og það sem ég nefndi.

En ef þetta er satt, ef það er tilfellið að það sé ekkert vandamál með veitingahúsin — ja, ég hef ekki orðið var við það að þeir sem kæmu inn á þessa staði væru beðnir um skilríki. Það er kannski gert og vonandi er það. En málið er alla vega nokkuð víðfeðmt og ég veit að þetta er stórmál og mikið vandamál. Ég vona að þessu áfengis- og vímuvarnaráði verði þannig stakkur sniðinn að það geti sinnt sínum störfum því að ég er sannfærður um að enda þótt þetta svar frá dómsmrn. við fyrirspurn minni sé hjóm eitt, hvorki fugl né fiskur, þá veit ég að vímuvarnaráð, áfengisvarnaráð þarf að taka á þessu máli föstum tökum og það þarf að vera mórölsk breyting á þessu vandamáli, það þarf að vera mórölsk breyting í þá átt að það sé hætt að klappa unglingum, langt innan lögaldurs, ef þau eru ofurölvi á almannafæri. Það þarf að verða mikil breyting hér á, mórölsk breyting og ég vona það að þetta frv. geti leitt til þess. Málinu verður væntanlega vísað til hv. heilbr.- og trn. og þar munum við fá að fjalla um málið, ég og hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem þar gegnir formennsku, enda höfum við oft rætt þessi mál áður og vitum um vandann og er vonandi að vel takist til.

[17:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig eins og marga aðra þingmenn hlýtur að reka í rogastans að hlusta á lýsingu hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar á samskiptum sínum og dómsmrn. Ég skil vel það viðhorf sem hann lætur uppi þegar hann segir að hann hafi ekki geð í sér til þess að fara og tuða í hæstv. dómsmrh. en ég tel að honum beri skylda til þess. Þegar þingmenn fá svör eins og þetta, sem stappar nærri því að vera hreint hneyksli og móðgun við þá af hálfu framkvæmdarvaldsins, þá á það ekki að liggja kyrrt. Nú vill svo til að hv. þm. á sæti í þingflokki með hæstv. dómsmrh. og það eru þess vegna hæg heimatökin fyrir hann að taka þetta mál upp á vettvangi síns eigin þingflokks.

Þetta mál er þeim mun verra sem það er alveg ljóst að í hinu nýja áfengis- og vímuvarnaráði sem við höfum hér til umræðu er lagt til að dómsmrh. hafi fulltrúa. Ráðuneytið virðist ekki sinna þessum málum af verulega miklum áhuga hér eins og kom fram í máli hv. þm. og kannski ætti að fara þá leið að fækka fulltrúum ráðuneytanna eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir lagði til hérna áðan, kannski kippa burt fulltrúa dómsmrn. og setja frekar fleiri fulltrúa annarra, t.d. sveitarfélaga eða frjálsra félagasamtaka.

Að lokum, herra forseti, ég tók eftir því að hv. þm. orðaði það svo að það ætti ekki lengur að klappa unglingum sem væru tekin eða fyndust drukkin. Mér þætti gaman að vita hvað hv. þm. á við. Á hann við að það ætti e.t.v. að taka upp einhvers konar harkalegri viðbrögð eins og vistun eða jafnvel þegnskylduvinnu? Ég er ekki sammála því en mér

þætti fróðlegt að heyra viðhorf hv. þm. um þessi efni.

[17:30]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kom inn á samskipti mín og dómsmrh. sem samflokksþingmenn. Ég mun auðvitað ganga frekar eftir svari varðandi þetta mál.

Það sem ég átti við með því að klappa ekki unglingum sem væru ofurölvi var einfaldlega þetta, sem nokkuð hefur verið gert af og ég vona að það sé í vaxandi mæli, og það er að lögreglan bjargi þessum ungmennum í sín hús og geri meira í því að kalla til foreldrana til þess að sækja þau. Það er vonandi að það leiði til þess að fólk gái betur að sér.

Hins vegar verð ég að segja það af þessu tilefni að ég hef alltaf átt von í því að með þeirri breytingu sem hefur orðið á vínlöggjöfinni, þ.e. leyfi á sölu áfengs bjórs, mundi vínmenning hér á Íslandi taka breytingum eftir nokkur ár. Flestir þingmenn hafa séð á erlendri grund hvernig vínmenningu er háttað þar. Og ég vona það satt best að segja að sú breyting verði hér. Um það sem hér hefur komið fram um enn meiri opnun og frjálsræði í sölu áfengis að ætla ég ekki að blanda mér í að svo komnu máli.

Ég vona, herra forseti, að hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, taki þetta svar mitt gilt. Það sem ég átti við var einfaldlega að foreldrar kæmu þá meira inn í myndina ef unglingar væru ofurölvi því að það á ekki að vera sjálfsagður hlutur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 492.

[17:33]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um réttindi sjúklinga. Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Nefndin, sem að samningu frumvarpsins stóð, var skipuð fulltrúum frá landlæknisembættinu, Læknafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, samtökum heilbrigðisstétta og Neytendasamtökunum, auk fulltrúa ráðuneytisins.

Nefndin hóf störf í byrjun sumars 1995. Við undirbúning á samningu frumvarpsins átti nefndin viðræður við fulltrúa um 45 félaga sjúklinga og vandamanna þeirra og má rekja ýmis atriði í frumvarpinu beint eða óbeint til þess sem þar kom fram.

Í áliti nefndarinnar kemur m.a. fram að einhugur hafi verið um það meðal nefndarmanna og framangreindra aðila að mikilvægt sé að setja sérstök lög um réttindi sjúklinga. Tryggja þurfi betur að heilbrigðisstéttir þekki rétt sjúklinga og geri sér grein fyrir skyldum sínum að því er hann varðar. Einnig skorti á að sjúklingar þekki sinn eigin rétt og eigi aðgang að heilbrigðisstarfsmönnum til að fá upplýsingar um hann.

Eins og áður greinir var frumvarp til laga um réttindi sjúklinga fyrst lagt fram á 120. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Heilbrigðis- og trygginganefnd sendi frumvarpið til umsagnar í lok þess þings og barst fjöldi umsagna. Hafa nokkrar breytingar verið gerðar á frumvarpinu á grundvelli þeirra.

Að mínu mati ber brýna nauðsyn til setningar laga um réttindi sjúklinga og mæli ég því fyrir frumvarpi þessu að nýju með þeim breytingum sem á því hafa orðið frá því það var lagt fram á 120. löggjafarþingi.

Helstu breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu eru þær að felld er niður tilvísun til fjárhagsramma í ákvæði um rétt sjúklings til fullkomnustu meðferðar og felld er niður tilvitnun eldra frumvarps þess efnis að m.a. skuli miða meðferð og aðbúnað við aldur sjúklings. Ég mun fjalla nánar um þessar og aðrar breytingar í umfjöllun minni um einstakar greinar frumvarpsins.

Í frumvarpinu er kveðið á um ýmis grundvallaratriði varðandi réttindi sjúklinga. Er þar ýmist um að ræða nýmæli í löggjöf hér á landi eða ákvæði um réttindi, sem sjúklingar njóta nú þegar samkvæmt dreifðum laga- og reglugerðarákvæðum, svo og réttindi sem sjúklingar hafa verið taldir njóta samkvæmt óskráðum reglum.

Þess skal getið að nú er kveðið á um rétt til heilbrigðisþjónustu í samnefndum lögum frá árinu 1990, lögum um málefni aldraðra og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig má nefna í þessu sambandi lög um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð og læknalög. Loks má nefna sérákvæði um þvingunarinnlagnir í lögræðislögum.

Við gerð frumvarps þessa var, auk atriða sem fram komu í máli þeirra sjúklingahópa sem áður voru nefndir, m.a. höfð hliðsjón af yfirlýsingu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem samþykkt var vorið 1994, yfirlýsingum Alþjóðafélags lækna og finnskum lögum um réttindi sjúklinga frá 1992. Þá kynnti nefndin sér einnig störf á þessu sviði á öðrum Norðurlöndum, í Bretlandi og Hollandi. Þess má geta að Finnar hafa einir nágrannaþjóða okkar sett lög um réttindi sjúklinga.

Ég vík þá að helstu efnisatriðum frumvarpsins, en frumvarp til laga um réttindi sjúklinga skiptist í átta kafla.

I. kafli hefur að geyma skilgreiningu á markmiði frumvarpsins, auk skilgreininga á nokkrum hugtökum, sem notuð eru í frumvarpinu. Þá hefur I. kafli enn fremur að geyma ákvæði um gæði heilbrigðisþjónustunnar og aðgang að upplýsingum um réttindi sjúklinga.

Í 1. gr. kemur fram að markmið frumvarpsins sé að tryggja sjúklingum ákveðin réttindi í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi. Stuðst er við hefðbundið orðalag í ýmsum alþjóðasamningum á sviði mannréttinda. Í samskiptum sínum við heilbrigðisþjónustuna eru sjúklingar oft í hlutverki hins veikburða og því hætt við að réttur þeirra sé fyrir borð borinn. Tilgangur lagasetningar um réttindi sjúklinga er að tryggja þeim tiltekin mannréttindi og mannhelgi og styrkja þannig réttarstöðu þeirra gagnvart heilbrigðisþjónustunni og það trúnaðarsamband sem ríkja ber milli sjúklinga og starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar. Í ákvæðinu er ítrekuð jafnræðisregla stjórnarskrár Íslands og því lýst að ekki megi mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Sambærilegt ákvæði er í 65. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með lögum nr. 97/1995. Til álita kom að tilgreina sérstaklega aldur og fötlun í ákvæðinu og sama álitamál var uppi við umfjöllun um jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar. Stjórnarskrárnefnd taldi óþarft að lengja upptalninguna í ákvæðinu enda væri hún ekki tæmandi og endaði á orðunum „... og stöðu að öðru

leyti". Í því var talið felast að jafnræðisreglan næði til allra þjóðfélagshópa án tillits til aldurs eða fötlunar.

Í 2. gr. eru skilgreind nokkur hugtök sem notuð eru í frumvarpinu. Þar er hugtakið sjúklingur skilgreint sem notandi heilbrigðisþjónustu. Er þar átt við hvern þann einstakling, heilbrigðan eða sjúkan, sem notar heilbrigðisþjónustu. Verða réttindi þau, sem fjallað er um í frumvarpinu, virk þegar sá einstaklingur hefur samskipti við starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar.

Þá er rétt að vekja sérstaka athygli á því að í frumvarpinu er nýmæli um skilgreiningu á hugtakinu vísindarannsókn en á undanförnum árum hefur verið fjallað um skilgreiningu hugtaksins á alþjóðlegum vettvangi. Í skilgreiningunni er það gert að skilyrði að slík rannsókn hafi hlotið fullnægjandi vísindalegt og siðfræðilegt mat og hún verður að vera þess eðlis að engin slík sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar. Mat á vísindarannsóknum fer nú fram hjá siðanefndum sjúkrahúsa eða siðaráði landlæknis. Er gert ráð fyrir að sú framkvæmd verði með sama hætti þar til sett hafa verið sérstök lög um vísindasiðaráð, en þau eru nú í undirbúningi.

Í 3. gr. frumvarpsins er ítrekaður samfélagslegur réttur sjúklinga, þ.e. réttur til heilbrigðisþjónustu sem skuli vera sem sambærilegust og eins fullkomin og unnt er. Tilvísun eldra frumvarps til fjárhagsramma þjónustunnar var, sem fyrr segir, felld niður þar sem talið var óþarft að taka fram í ákvæðinu að heilbrigðisþjónusta, eins og önnur þjónusta sem veitt er af hinu opinbera, miðist ávallt við þann fjárhagsramma sem þjónustunni er sniðinn í fjárlögum hverju sinni. Þá er kveðið á um að meðferð og aðbúnaður skuli miðast við ástand og horfur auk bestu þekkingar sem völ er á. Eins og fram hefur komið var í eldra frumvarpi tekið fram að meðferð og aðbúnaður skyldi einnig miðast við aldur sjúklings. Þar var m.a. haft í huga að tekið væri sérstakt tillit til barna. Ýmsir skildu ákvæðið hins vegar svo að það gæti falið í sér skerta heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða og þótti því rétt að taka út tilvísun ákvæðisins til aldurs. Loks er í 3. gr. mikilvægt ákvæði um að sjúklingur eigi rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki á milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferð.

Enn er að finna nýmæli í 4. gr. frumvarpsins. Í ábendingum sjúklingafélaga kom fram að þau telja að nokkuð skorti á að sjúklingum sé nægilega ljós réttur þeirra til almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar og annarra réttinda, sem þeir njóta og er ákvæðinu ætlað að bæta úr því. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sjái til þess að til séu upplýsingar um þessi atriði. Enn fremur er sú skylda lögð á heilbrigðisstofnanir og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn að þeir hafi þessar upplýsingar aðgengilegar sjúklingum í húsakynnum sínum og á starfsstofum.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um rétt sjúklings til upplýsinga um heilsufar sitt og um meðferð. Þar er að finna það nýmæli að ef í hlut á sjúklingur, sem ekki talar íslensku eða notar táknmál, skuli honum tryggð túlkun á þessum upplýsingum. Þar sem upplýsingagjöfin er ein meginstoð réttinda sjúklinga er nauðsynlegt að tryggja þennan rétt. Oft getur reynst erfitt að tryggja túlkun fyrir útlendinga sem koma frá fjarlægum löndum. Með sama hætti er túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa enn af skornum skammti. Engu að síður þykir nauðsynlegt að undirstrika þennan rétt og ábyrgð heilbrigðisstofnana á því að hann sé virtur.

Í II. kafla er jafnframt að finna þá meginreglu að sjúklingur ákveði sjálfur hvort hann þiggi meðferð og að enga meðferð megi framkvæma án samþykkis sjúklings. Í lögræðislögum hefur lengi verið ákvæði um að engan megi leggja á sjúkrahús til meðferðar gegn vilja hans sjálfs. Í frumvarpi þessu er vísað til ákvæða lögræðislaga um samþykki fyrir meðferð hjá sjúklingum sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð. Sérstaklega er þó tekið fram að í þessum tilvikum skuli hafa sjúkling með í ráðum eftir því sem kostur er. Þá er sett það skilyrði að samþykkið skuli vera skriflegt ef kostur er og komi þar fram að sjúklingur hafi skilið þær upplýsingar sem honum voru gefnar. Um nokkurt skeið hefur reglum um skriflegt samþykki verið framfylgt á nokkrum deildum Landspítala og gefist vel.

Frá meginreglunni um samþykki er gerð sú undantekning að ef sjúklingur er meðvitundarlaus skuli taka samþykki hans sem gefið gagnvart meðferð sem telst bráðnauðsynleg.

Hafni sjúklingur meðferð er skylt að upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Sérákvæði eru um höfnun á meðferð sjúkra barna.

Þá er fellt niður ákvæði eldra frumvarps um að sýni, sem tekin eru úr sjúklingi vegna greiningar, sé óheimilt að varðveita til annarra nota, nema til komi sérstakt samþykki hans. Fyrirhugað er að á þessu verði tekið í sérstökum lögum um vísindaráð.

Í 10. gr. er ákvæði um samþykki sjúklings fyrir þátttöku í vísindarannsókn. Sjúklingi skal skýrt frá þeirra áhættu sem kann að fylgja þátttöku í rannsókninni og einnig hugsanlegum ávinningi.

Í 11. gr. er loks að finna nýmæli um að sjúklingur geti neitað að taka þátt í þjálfun eða kennslu nemenda á heilbrigðissviði. Skýra ber sjúklingi frá því þegar fyrirhugað er að nemendur á heilbrigðissviði verði viðstaddir meðferð. Geri hann engar athugasemdir er eðlilegt að líta svo á hann samþykki nærveru nemendanna.

Í III. kafla laganna er að finna nýmæli um þagnarskyldu sem tekur til allra starfsmanna í heilbrigðisþjónustu. Slík ákvæði eru í gildi um lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn. Ekki er síður talin rík ástæða til að leggja áherslu á þagnarskyldu annarra starfsmanna. Að öðru leyti er byggt á meginreglum sem fram koma í ákvæðum læknalaga og eru undanþágur frá þagnarskyldu hinar sömu. Undirstrikað er að þagnarskyldan geti vikið fyrir lögbundinni tilkynningaskyldu, t.d. samkvæmt barnaverndarlögum.

Í IV. kafla laganna eru ítrekuð ákvæði læknalaga um meðferð upplýsinga í sjúkraskrá. Í 14. gr. er fjallað um rétt sjúklings til aðgangs að sjúkraskrá. Rétt þótti að fella niður ákvæði eldra frumvarps sem kvað á um að réttur sjúklings til aðgangs að sjúkraskrám næði til allra sjúkraskráa án tillits til þess hvenær þær voru færðar. Með upplýsingalögum, sem tóku gildi um síðastliðin áramót, var fellt niður ákvæði læknalaga sem fól í sér takmörkun á rétti sjúklings til aðgangs að sjúkraskrám, sem færðar voru fyrir gildistöku þeirra laga. Var því talið óþarft að frumvarp þetta hefði að geyma ákvæði þar að lútandi. Þá þótti rétt, með hliðsjón af upplýsingalögum, að bæta inn í 14. gr. frumvarpsins ákvæði um heimild til gjaldtöku fyrir afrit af sjúkraskrám.

Þá er í 15. gr. það nýmæli að í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skuli það skráð í hana. Í 16. gr. er það nýmæli að sjúklingur geti gert skriflegar athugasemdir við upplýsingar í sjúkraskrá og skuli þær lagðar í skrána.

V. kafli frumvarpsins fjallar um ýmis grundvallaratriði varðandi meðferð sjúklings. Í 17. gr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmenn og aðrir, sem starfs síns vegna eiga samskipti við sjúkling, skuli koma fram við hann af virðingu, en fyrir kemur að sjúklingar kvarti yfir framkomu starfsmanna í sinn garð. Þá er sérstaklega fjallað um að óviðkomandi fái ekki aðgang að heilbrigðisstofnunum og að meðferð skuli framkvæmd með þeim hætti að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til eða fái upplýsingar um meðferðina.

Í 18. gr. er kveðið á um að heilbrigðisstarfsmenn skuli gefa sjúklingum, sem bíða eftir meðferð, skýringar á biðinni og upplýsingar um áætlaðan biðtíma. Þess eru dæmi að bið eftir meðferð sé eingöngu bundin tiltekinni heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstarfsmanni. Í þeim tilvikum ber að skýra sjúklingi frá því að hann geti fengið meðferð fyrr annars staðar.

Í 19. gr. er kveðið á um forgangsröðun. Þar segir að forgangsröðun skuli fyrst og fremst byggð á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum. Afar mikilvægt er að gætt sé jafnræðis þegar nauðsynlegt reynist að forgangsraða.

Í kaflanum er ítrekuð regla um rétt sjúklings til að velja sér lækni og undirstrikuð er heimild sjúklinga til að leita álits annars heilbrigðisstarfsmanns.

Í 21. gr. frumvarpsins er vikið að ábyrgð sjúklings gagnvart meðferð sem hann hefur samþykkt og ábyrgð hans gagnvart eigin heilsu. Gert er ráð fyrir að sjúklingur reyni eftir megni að fylgja fyrirmælum lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði sem snerta meðferðina, svo sem um lyfjagjöf, mataræði, hreyfingu og þjálfun.

Reglur um innlögn og útskrift eru nýmæli. Þar er kveðið á um að kynna skuli fyrir sjúklingi reglur og venjur sem gilda á stofnun og máli skipta. Heilbrigðisstarfsmenn skulu eftir því sem kostur er kynna sig og starfssvið sitt fyrir sjúklingi og sjúklingur skal fá að vita hvaða starfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans. Er líður að útskrift skal kanna aðstæður sjúklings og útvega honum heimaþjónustu eða annað vistunarúrræði eftir því sem unnt er. Þá skal sjúklingur við útskrift fá leiðbeiningar um ýmis þýðingarmikil atriði svo sem um lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Loks er kveðið á um að læknabréf og læknisvottorð skuli afhent sjúklingi án ástæðulauss dráttar en slíkt getur skipt viðkomandi einstaklinga miklu máli.

Í 23. gr. er kveðið á um linun þjáninga, rétt sjúklings til nærveru við fjölskyldu og vini og andlegs og trúarlegs stuðnings en slíkt getur skipt sjúkling miklu máli í meðferð hans.

Í 24. gr. frumvarpsins er að finna nýmæli sem hefur vakið nokkra athygli. Í ákvæðinu er fjallað um rétt sjúklinga til að deyja með reisn. Það leiðir af meginreglunni um samþykki sjúklings fyrir meðferð að ef dauðvona sjúklingur gefur ótvírætt til kynna að hann óski hvorki eftir meðferð sem lengir líf hans né tilrauna til endurlífgunar ber að virða þá ákvörðun hans. Þess ber að geta að ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklings við lok lífs. Einnig hefur landlæknir nýlega gefið út reglur um sama efni.

Í VI. kafla frumvarpsins er að finna sérstakar reglur um sjúk börn, þ.e. sjúklinga undir 16 ára aldri. Upplýsingar um heilsufar og batahorfur svo og aðrar upplýsingar skal jafnan veita foreldrum eða forráðamönnum. Þó skulu börnin, eftir því sem kostur er, höfð með í ráðum og alltaf ef þau eru 12 ára eða eldri. Þá skal afla samþykkis foreldra eða forráðamanna fyrir nauðsynlegri meðferð en í 26. gr. frumvarpsins er þó að finna sérákvæði ef þessir aðilar neita að samþykkja nauðsynlega meðferð. Í slíkum tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni að gera barnaverndarnefnd viðvart. Ef um lífsnauðsynlega meðferð er að ræða getur málum verið þannig háttað að ekki vinnist tími til að leita til barnaverndaryfirvalda. Í þeim tilvikum er ákvörðun sett í hendur heilbrigðisstarfsmanns og honum gert skylt að taka ákvörðun með heilbrigði barnsins að leiðarljósi, þrátt fyrir andstöðu foreldra eða forráðamanns.

Aðrar reglur frumvarpsins um sjúk börn styðjast við norrænar leiðbeiningarreglur um þetta efni. M.a. er kveðið á um að börn skuli fá að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð. Þau eigi rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og njóta heimsókna systkina og vina. Sjúk börn á skólaskyldualdri skulu hafa aðgang að kennslu við hæfi. Þá skal umhverfi og aðbúnaður barna á heilbrigðisstofnunum hæfa aldri þeirra, þroska og ástandi.

Í VII. kafla frumvarpsins er ítrekaður réttur sjúklings til að bera fram kvartanir. Þó er hér gerður greinarmunur á athugasemdum annars vegar og kvörtunum hins vegar. Athugasemdum skal beint til yfirstjórnar viðkomandi stofnunar en kvörtunum skal beint til landlæknis eða þriggja manna nefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu. Sú skylda er lögð á starfsmenn heilbrigðisstofnana að leiðbeina sjúklingum í þessum efnum.

Hæstv. forseti. Ég hef nú lokið nokkuð ítarlegri umfjöllun um frumvarp til laga um réttindi sjúklinga. Hófst vinna þeirrar nefndar, sem að samningu frumvarpsins stóð, í tíð fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hér er því ekki um flokkspólitískt málefni að ræða og vænti ég þess að víðtæk samstaða geti náðst um þetta mikilvæga mál. Eins og áður hefur komið fram er ákvæði um réttindi sjúklinga nú að finna á víð og dreif í íslenskri löggjöf, auk þess sem um er að ræða ýmsar óskráðar reglur um réttindi, sem sjúklingar hafa verið taldir njóta. Frumvarpið hefur þó einnig að geyma ýmis nýmæli, eins og áður hefur hefur verið rakið. Ég tel mjög brýnt að binda í heildarlöggjöf helstu réttindi sjúklinga. Nái frumvarp þetta fram að ganga verður að telja að í því felist veruleg réttarbót sjúklingum til handa, auk ótvíræðs hagræðis sem af lögfestingu þess mundi hljótast. Frumvarpið hefur hlotið ítarlega umfjöllun og vandaða meðferð og hefur fjölda aðila verið gefinn kostur á að gera athugasemdir við efni þess. Hefur frumvarpið, eins og fram hefur komið, tekið nokkrum breytingum í kjölfar gagnlegra ábendinga þar að lútandi. Það er því von mín að frumvarpið fái jákvæðar undirtektir og hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og til 2. umr.

[17:54]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir mjög ítarlega ræðu um þetta frv. Þó ekki síður vil ég þakka henni fyrir tvennt annað. Í fyrsta lagi að frv. er gjörbreytt frá fyrra ári. Það er búið að taka úr frv. þá steina sem voru helst til ásteytings í fyrra og sem leiddu til þess að það urðu harkalegar ádeilur á frv., bæði af hálfu stjórnarandstöðunnar og líka fjölmargra félagasamtaka, samtaka sjúklinga, sem lögðust með ofurþunga gegn frv., óskuðu eftir því að því yrði frestað til þess að hægt væri að fara í ýmis atriði þess. Stjórnarandstaðan tók að flestu leyti mjög dyggilega undir þann málflutning og innan stjórnarliðsins var líka skilningur

á því. Það var auðvitað ástæðan fyrir því að frv. góðu heilli var ekki afgreitt í fyrra.

Allar þær breytingar sem hæstv. ráðherra gat um áðan eru til bóta og þó að þær í fljótu bragði virðist veigalitlar, þá snerta þær næstum allar grundvallaratriði. Og þessi grundvallaratriði gera það að verkum að ég tel að það eigi að leggja kapp á að samþykkja þetta frv. í vetur. Auðvitað er ýmislegt sem að því má finna, en það er tæknilegs eðlis sem án efa verður hægt að finna lausnir á. Ég sé enga meiri háttar galla á þessu frv.

Mér þótti líka gott að hlusta á hæstv. ráðherra reifa það umhverfi sem frv. hefur orðið til í. Réttindi sjúklinga eru auðvitað ekkert annað en angi af þeirri vaxandi umræðu um mannréttindi sem við verðum vör við, bæði hér á Íslandi og úti í Evrópu. Um tveggja eða þriggja áratuga skeið hafa menn í vaxandi mæli verið að færa þetta mál inn í umræðuna. Það hefur orðið viðhorfsbreyting og það tengist umræðunni um mannréttindin.

Réttindi sjúklinga eins og þau eru reifuð í frv. ber að ræða sem mannréttindi vegna þess að í grundvallaratriðum snúast þau um að styðja og styrkja mannhelgi sjúklingsins, sjálfsvirðingu hans og sjálfsmynd. Það er að vissu marki nýmæli að slíkt liggi að baki frv. af þessum toga. Ég sakna þess auðvitað að sjá þetta ekki koma ítarlegar fram í frv. Kannski er það ekki til skaða, en það er ljóst að hérna er um breytingu að ræða. Alveg frá því á dögum Hippokratesar, sem eiðurinn frægi var kenndur við, voru menn þeirrar skoðunar að sjúklingnum væri ekki fyrir góðu að fá að vita um eðli sjúkdómsins eða eðli meðferðar og það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem sjúklingurinn fékk rétt til þess að hafa skoðanir og jafnvel íhlutunarrétt um hvers konar meðferð hann ætti að sæta eða jafnvel hvort hann ætti að sæta meðferð. Þetta skiptir miklu máli.

Alveg eins og hæstv. ráðherra gat um er sjúklingurinn auðvitað í hlutverki hins veika innan heilbrigðiskerfisins. Hann er sjúkur, hann veit ekki hver afdrif hans verða. Hann er kvíðinn og óöruggur um framtíðina og þetta gerir það að verkum að það er erfitt fyrir hann að standa á sínum rétti. Það er þess vegna sem mannréttindi eru oft ekki virt í nægilega ríkum mæli innan sjúkrastofnana en þau eru auðvitað eitthvað sem er ofar lögum, eitthvað sem er óháð aðstæðum og þess vegna á það að einstaklingur lendir í þeirri aðstöðu að verða sjúkur ekki að leiða til þess að hann verði rúinn sjálfsvirðingu eða reisn sinni sem einstaklingur. Það skiptir gríðarlega miklu máli. Og það er þráðurinn sem liggur á bak við þetta frv. og það er leiðarhnoða sem við eigum að fylgja eftir til niðurstöðu í þeim álitamálum sem vissulega er að finna í þessu frv.

Það er margt sem ég gæti sagt og komið með ábendingar um. Ég vil til að mynda varpa því fram, herra forseti, að það eru ýmiss konar heiti og skilgreiningar í frv. sem ég á sem leikmaður erfitt með að sætta mig við og erfitt að skilja til hlítar. Ég vek t.d. eftirtekt á því, herra forseti, að aftur og aftur er orðið heilbrigðisstarfsmaður notað þar sem í raun réttri ætti að standa læknir. Og aftur og aftur sýnist mér eins og menn séu á einhvern hátt að reyna að smækka læknishlutverkið ofan í eitthvað ósýnilegt innan heilbrigðiskerfisins og mér finnst það ekki rétt. Þetta orð sem nánast er orðskrípi, heilbrigðisstarfsmaður, er notað til þess að búa til einhvern veruleika sem ég skynja ekki innan þessara stofnana. Og það er líka eftirtektarvert að skilgreining frv. á heilbrigðisstarfsmanni eru þeir einstaklingar sem starfa í heilbrigðisþjónustunni og hafa hlotið löggildingu. Það eru afskaplega mikilvægar stéttir innan sjúkrahúsanna og heilbrigðiskerfisins sem hafa enga sérstaka löggildingu. Ég tilheyri þeim hópa til að mynda. Ég bendi á að Félag íslenskra náttúrufræðinga hefur enga löggildingu og ég er þar af leiðandi ekki heilbrigðisstarfsmaður þó að í vaxandi mæli sé slíkt fólk í stoðhlutverkum innan sjúkrahúsanna, sérstaklega varðandi rannsóknir. Ég bendi t.d. á að þeir sem í vaxandi mæli eru í umönnunarhlutverki og gegna afar miklum og merkum störfum innan sjúkrahúsanna, t.d. eins og sjúkraliðar, hafa ekki löggildingu og eru þar af leiðandi ekki heilbrigðisstarfsmenn.

Þetta virkar mjög illa þegar menn skoða ýmis önnur ákvæði frv. eins og það sem varðar trúnað. Trúnaðarskyldan er ein ríkasta skylda sem starfsmenn hafa gagnvart sjúklingi og hana verður að virða. En hún verður líka að ná yfir alla starfsmennina, ekki bara þá sem hafa löggildingu og þess vegna verður orðskrípið heilbrigðisstarfsmaður skyndilega ekki nothæft. Þá er allt í einu farið að tala um starfsmenn innan heilbrigðisþjónustunnar vegna þess að þá er verið að láta það ná yfir t.d. náttúrufræðingana en ekki síst sjúkraliðana sem alltaf eru að verulegu marki í mjög miklu návígi, návígi trúnaðar við sjúklingana og þetta finnst mér fráleitt. Ég verð að segja að mér finnst rangt hvernig menn reyna að skjóta sér til að mynda fram hjá starfsheitinu sjúkraliði og fram hjá því að taka meira tillit til þeirra. Mér finnst það stappa nærri hneyksli gagnvart þessari mikilvægu stétt. Ég spyr þess vegna hæstv. heilbrrh.: Hyggst hún beita sér fyrir því að lagt verði fram frv. sem löggildi starf sjúkraliðans? Það væri mikilvægt að fá það fram.

Sá tviskinnungur sem ég drap á áðan varðandi læknana er t.d. mjög skýr þegar við lítum á grein eins og 8. gr. Þetta er lykilgrein sem hæstv. ráðherra drap á ítarlega með réttu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Nú hafnar sjúklingur meðferð og skal heilbrigðisstarfsmaður þá upplýsa hann um hugsanlegar afleiðingar þeirrar ákvörðunar."

Hvaða heilbrigðisstarfsmaður er það innan nokkurrar sjúkrastofnunar sem þarf að taka svo afdrifaríkar ákvarðanir og þarf að annast sjúklinginn annar en læknir? Hvers vegna segja menn ekki hreint út að það sé læknir, sem ber auðvitað ábyrgðina á meðferð sjúklingsins, sem á að upplýsa hann um þetta?

Á sama hátt segir í 22. gr. að sjúklingi skuli gerð grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferðinni. Auðvitað bera ýmsir starfsmenn hluta ábyrgðar á meðferðinni, en ég held að ljóst sé að þegar sjúklingur kemur inn á spítala, inn á sjúkrastofnun sökum alvarlegs kvilla, sjúkdóms, þá hlýtur það eðli máls samkvæmt að vera læknirinn sem ber meginábyrgðina. Mér finnst að eigi að segja þetta alveg hreint út.

Ég gæti tekið fjögur önnur dæmi úr þessu frv. þar sem mér finnst vera um afskaplega aulalega framsetningu á þessu heiti — heilbrigðisstarfsmaður. Ég held að þetta sé eitt af því sem við þurfum að athuga mjög nákvæmlega. Ég vek eftirtekt á því, herra forseti, að í heilbr.- og trn. erum við núna að fjalla um annað frv., um sóttvarnalög, þar sem menn eru ekki með þennan leikaraskap og nefna hlutina sínum réttu nöfnum og tala um lækna þegar við á.

Þær breytingar sem verulega hafa orðið eru á 3. gr. Þar er núna talað um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita. Það er búið að fella

út það sem allir mæltu gegn í fyrra nema hv. varaformaður heilbr.- og trn. sem væntanlega mun koma á eftir og leggjast gegn þessu ákvæði hæstv. heilbrrh. Allir mæltu gegn því ákvæði sem í fyrra var þannig að þetta væri skilyrt með þeim fjárhagsramma sem heilbrigðisþjónustunni væri sniðinn á hverjum tíma. Þetta, ef að lögum hefði orðið, hefði ekki leitt til neins annars en skerða rétt sjúklinga frá því sem áður var. Það var enginn sem tók þetta upp og varði nema hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og það væri fróðlegt að heyra á eftir hvort hún er enn sömu skoðunar.

Það er líka mjög lofsvert að búið er að taka út það ákvæði sem var í frv. í fyrra þar sem kveðið var á um að sjúklingur ætti rétt á meðferð og aðbúnaði sem m.a. miðaði við aldur hans. Stjórnarandstaðan, einstakir menn í stjórnarliðinu og samtök vítt og breitt um þjóðfélagið bentu eðlilega á að þetta gæti ekki leitt til annars en skerðingar á þeim réttindum sem fyrir voru. Enn eru inni, herra forseti, ákvæði um að sjúklingurinn eigi rétt á meðferð sem miðast við horfur á hverjum tíma. Ég get út af fyrir sig fallist á þetta en ég held samt sem áður að velta þurfi því fyrir sér hvort orðalag af þessu tagi skerði ekki réttinn frá því sem fyrir er. Það hlýtur að vera rauði þráðurinn í þessu frv., sem er um réttindi sjúklinga, að það leiði ekki til skerðingar á þeim rétti sem fyrir var.

Herra forseti. Eitt af því sem er álitamál og verður deilt um er 14. gr. sem fjallar um aðgang að sjúkraskrám. Mér þótti gott að heyra að í þessu efni var hæstv. heilbrrh. mjög afdráttarlaus. Hún sagði það alveg skýrt að skilningur hennar og tilgangur með þessu ákvæði væri að veita sjúklingum aðgang að sjúkraskrám án tillits til þess hvenær þær væru færðar. Gerðar voru breytingar á læknalögunum árið 1988 þar sem opnuð var heimild til að afhenda sjúklingi afrit af sjúkraskrá ef talið væri ótvírætt að það væri í þágu sjúklingsins. Eins og menn muna risu deilur um það. Í tilteknu máli töldu læknayfirvöld að það þjónaði ekki hagsmunum sjúklings, sem vildi fá sjúkraskrá sína, og það var ekki fyrr en með dómi að viðkomandi einstaklingi var veittur þessi réttur. Það urðu hins vegar deilur um þetta og a.m.k. einn fyrrv. heilbrrh., hæstv. núv. umhv.- og landbrh., Guðmundur Bjarnason, reyndi úr stóli sínum sem heilbrrh. 1990 að fá þessu breytt. Það tókst ekki. En nú er verið að taka af öll tvímæli. Þetta mál vakti heiftúðlega umræðu innan heilbr.- og trn. í fyrra og það var alveg ljóst að ekki var einhugur innan stjórnarliðsins. Aðilar ágreiningsins í þessu máli voru annars vegar Framsfl. og hins vegar Sjálfstfl. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ég gangi eftir því við fulltrúa Sjálfstfl. hér inni hvort búið sé að setja niður þessar deilur eða hvort einstakir þingmenn Sjálfstfl. hafa fyrirvara við framlagningu þessa frv. að því er varðar 14. gr. Það skiptir talsvert miklu máli.

Eitt smáatriði sem ég nefni hér varðandi 1. málsl. 14. gr. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna ...“ Ég velti því fyrir mér frá siðrænum sjónarhóli: Er í rauninni mögulegt að setja í lög að persónulegar upplýsingar um einhvern einstakling geti verið eign annars? Mér finnst vera í þessu siðferðilegt paradox, ákveðin þverstæða sem auðvitað þarf að skoða.

Ég vil sérstaklega, herra forseti, drepa á að í 4. gr. er ákveðið framfaraspor þar sem gert er ráð fyrir að heilbrrn. sjái til þess að jafnan séu til upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar. Þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar sjúklingum. Nú er það svo, herra forseti, að við getum sett okkur í spor einstaklings sem verður skyndilega fyrir því að verulega alvarlegur sjúkdómur greinist hjá honum. Það er áfall fyrir hann, ekki bara hann heldur alla fjölskyldu hans. Á slíkri stundu er það það síðasta sem menn velta fyrir sér hvaða bótum þeir geti búist við. Hvaða þjónustu menn geti búist við af hálfu hins opinbera vegna þess að fyrstu viðbrögðin eru áfallið, sorgin yfir þessari aðstöðu. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að það komi skýrt fram. Ég spyr því hæstv. heilbrrh. hvort hún gæti fallist á að skýrt væri kveðið á um það að í slíkum tilvikum þegar um alvarlegan sjúkleika er að ræða sé það beinlínis skylda starfsmanna viðkomandi sjúkrastofnunar að upplýsa viðkomandi sjúkling, ef hann er fær um að taka við þeim upplýsingum, og aðstandendur hans um möguleika þeirra til að njóta aðstoðar hins opinbera. Það þarf með öðrum orðum að vera alveg ljóst fyrir þetta fólk þegar slíkt áfall dynur yfir hvaða hjálparhönd það geti vænst að fá útrétta frá samfélaginu.

Það eru ýmis fleiri atriði sem ég vildi gjarnan ræða, herra forseti, en vegna þess að tíminn líður hratt, þá er það eitt grundvallaratriði sem ég vil að síðustu velta upp og varðar tímamótaákvæði sem hér er að finna er lýtur að meðferð dauðvona sjúklings. Þetta ákvæði er í anda þeirrar nýju siðrænu umræðu um réttindi sjúklinga, að einstaklingurinn á að fá að njóta sjálfsákvörðunarréttar og á að fá að deyja með þeirri reisn sem hann kýs. Ég er algerlega sammála þessari hugsun, en mér hnykkti við þegar ég las greinina og bar hana saman við leiðbeiningar, sem hæstv. heilbrrh. drap sjálf á í máli sínu, og hafa komið frá landlæknisembættinu um takmörkun á meðferð við lok lífs. Lykilatriðið í þeim leiðbeiningum er að meðferð sem lengir líf dauðvona sjúklings án þess að fela í sér líkn eða lækningu er ekki réttlætanleg. Þetta er skynsamleg niðurstaða en menn geta samt verið hastarlega á móti henni því hún brýtur í bága við viðtekin siðferðileg viðhorf.

Þar segir jafnframt: „Ef sjúklingur er ófær um að taka þátt í ákvörðun um takmörkun meðferðar skal heilbrigðisfólk leita samráðs við nánustu aðstandendur um ákvörðunina.“ Og áfram er haldið. Ef það er ágreiningur á milli aðstandenda dauðvona sjúklings, sem er ófær um að tjá sig um sína eigin afstöðu, og heilbrigðisstarfsfólks, þá skal leita álits siðanefndar viðkomandi sjúkrahúss eða landlæknis. Með öðrum orðum, við getum sett upp dæmi af dauðvona manni sem er ófær um að tjá sig og ef aðstandendurnir vilja ekki að meðferð sé hætt, þá getur sjúkrahúsið samt sem áður gert það samkvæmt leiðbeiningum frá landlæknisembættinu. Fyrsta spurning mín þegar ég les þetta er: Hvaða lagastoð hefur þetta ákvæði? Hvaða lagastoð hafa þessar leiðbeiningar frá landlæknisembættinu um takmörk á meðferð við lok lífs? Mér þætti vænt um að hæstv. heilbrrh. vildi skýra það út fyrir mér.

Næsta spurning sem vaknar hjá mér er þessi: Er hæstv. heilbrrh. ósammála þessum leiðbeiningum? Ég tel réttmætt að spyrja vegna þess að ég er sannfærður um að hún hefur kynnt sér þetta sökum þess frv. sem hún leggur fram. Hvers vegna velti ég því fyrir mér og spyr hvort hún sé ósammála þeim? Ástæðan er eftirfarandi, herra forseti:

Það er alveg ljóst að leiðbeiningar landlæknis gefa möguleika á að ljúka meðferð þrátt fyrir að hinn dauðvona sjúklingur sé ófær um að tjá sig ef vissir aðilar komast að þeirri niðurstöðu. En frv., greinin um meðferð dauðvona sjúklings, er þannig að fortakslaust er sagt í henni að sjúklingurinn þarf

sjálfur að gefa til kynna að hann óski ekki eftir meðferð. Það er ekkert í 24. gr. frv. sem heimilar að einhver gerist talsmaður hans í þessu. Að þessu leyti er alveg ljóst að hér er um verulegt frávik að ræða frá þeim leiðbeiningum sem eru í gildi frá landlæknisembættinu, sem ég dreg stórlega í efa að hafi nokkra lagastoð. Ég vil ekki áfellast landlækni fyrir þetta. En við þurfum að hafa stoð fyrir því að hrinda af stað atburðarás eins og þessari. Hæstv. heilbrrh. verður líka að hafa mjög skýr rök fyrir því hvers vegna hún kýs að leggja fram frv. sem þrengir þá möguleika sem eru fyrir hendi samkvæmt leiðbeiningum landlæknisembættisins svo verulega eins og gert er í greininni um meðferð dauðvona sjúklings.

[18:14]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel mér bæði rétt og skylt og ljúft að segja nokkur orð um frv. til laga um réttindi sjúklinga. Í mörg herrans ár hafa sjúklingar ekki áttað sig á því hvaða rétt þeir hafa innan heilbrigðisþjónustunnar hvort sem það hefur verið á stofu heimilislæknis, á sjúkrahúsum eða öðrum heilbrigðisstofnunum. Svo er jafnvel enn í dag að sjúklingar telji að læknirinn, eða heilbrigðisstarfsmaðurinn eins og það var svolítið óheppilega orðað í þessu frv., þ.e. að fólk sé nauðbeygt að fara eftir þeim skipunum eða ábendingum sem heilbrigðisstarfsmenn leggja til. Þetta hefur háð mjög mikið allri heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ég barðist mjög hart gegn hinu svonefnda tilvísanakerfi fyrir nokkrum árum, m.a. vegna þess að í raun og veru batt það sjúklingin mjög mikið við ákvörðun læknis en ekki við það hvað sjúklingnum sjálfum fannst rétt og skylt að gera. Ég er sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni í því að skilgreininguna á heilbrigðisstarfsmanni þurfi að endursemja til að hún taki a.m.k. til þeirra sem starfa inn á viðkomandi heilbrigðisstofnun því þeir komast ekki hjá því að vita nokkuð um ástand og eðli sjúkdóma sjúklinga og vita hluti sem sjúklingurinn eða aðstandendur vilja ekki að komist í hámæli, til almennings eða jafnvel kunningja og vina. Því tel ég að það þurfi annað hvort að útvíkka hugtakið heilbrigðisstarfsmaður eða þrengja það og skilgreina jafnvel hverja stétt sem starfar inni á sjúkrahúsum, en það gæti orðið æðiviðamikið mál því þær stéttir eru núna komnar á fjórða tug.

Ég vil aðeins minnast á 3. gr. um gæði heilbrigðisþjónustu. Ég byrja á eftirfarandi setningu, með leyfi forseta:

„Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu."

Þetta ákvæði getur orðið erfitt á Íslandi, þessu stóra landi með fáa íbúa og dreifða byggð. En ég tel að erfitt sé að umorða þessa setningu, í því tilliti, svo vel fari. Hins vegar tengi ég þessa „sambærilegu heilbrigðisþjónustu" líka þjónustu um forgangsröðun. Og ég fagna því sem stendur í skýringum frv. að forgangsröðunin skuli ekki fara eftir aldri fólks eða öðrum félagslegum aðstæðum.

Sömuleiðis vil ég gera athugasemdir við þá setningu sem kemur næst, með leyfi forseta:

„Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita."

Ég spyr: Hvað er meint með „fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita"? Er þar verið að ræða um fullkomnustu meðferð á staðnum? Fullkomnustu meðferð á landinu, eða fullkomnustu meðferð í heimi? Það eru stór stökk þar á milli og ekki síst þegar við berum saman landið okkar og önnur lönd sem hafa yfir bestu og mestu hátækni að ráða í hvoru tveggja, þekkingu og tækjabúnaði. Við vitum t.d. að sá tækjabúnaður sem helst hefur verið rætt um á Íslandi á undanförnum árum, þ.e. segulómunartæki sem eru rándýr, var til í að minnsta kosti áratug eða í 15 ár áður en hann komu hingað. Ef við erum að tala um fullkomnustu meðferð, hvar átti þá að finna hana? Átti finna hana í okkar gömlu röntgentækjum eða var hana að finna í útlöndum, með þeim kostnaði sem því fylgdi?

Ég er mjög sátt við síðustu málsgreinina 3. gr. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Sjúklingur á rétt á samfelldri meðferð og að samstarf ríki milli allra heilbrigðisstarfsmanna og stofnana sem koma að meðferðinni."

Af hverju nefni ég þetta? Málið er, eins og þeir sem hafa kynnt heilbrigðisþjónustunni vita, að oft á tíðum hefur mjög handahófskennd meðferð verið hafin á sjúklingi. Teknar eru röntgenmyndir á einum stað og þær geymdar þar. Svo fer sjúklingurinn á næsta stað og þar eru teknar aðrar röntgenmyndir eða aðrar sams konar prufur þannig að það hefur verið mikið um tvíverknað. Allt sem heitir að samræma þjónustuna og vinna saman að þjónustu við sjúklinginn er því af hinu góða.

Síðan vil ég aðeins koma að 6. gr.: Undanþágur frá meginreglunni um upplýsingar um heilsufar og meðferð. 5. gr. vísar til þess að sjúklingur eigi rétt á upplýsingum um heilsufar sitt og meðferð. Þessar greinar, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom að áðan, eru afskaplega jákvæðar greinar. Það eru ekki nema örfá ár síðan sjúklingar gerðu sér grein fyrir því að þeir mættu líta í sjúkraskrár sínar hvað þá heldur að taka afrit af þeim með sér heim. Það er nú orðið þannig að sjúklingar eru orðnir það vel upplýstir, eins og ég hef margsinnis lýst yfir, að þeir vilja fá sjúkraskrá sína heim. Þeir vilja geta lesið sér til um sinn sjúkdóm á eigin vegum og þeir vilja geta lesið sér til um hvað í boði er, hvort sem það er hér á landi eða annars staðar. Þessar greinar tel ég því vera mjög mikilvægar.

Einnig tel ég mikilvægt að 7. gr. skuli fela í sér þau ákvæði að það skuli virða rétt sjúklings til að ákveða sjálfur hvort hann þiggi meðferð. Þegar sjúklingur greinist með sjúkdóm á mjög háu stigi sér hann oft fyrir fram eða fær upplýsingar um það fyrir fram hjá sínum heilbrigðisstarfsmönnum — við skulum nefna þá lækna til að byrja með, samanber skilgreininguna á hugtakinu „heilbrigðisstarfsmaður" — að sjúkdómurinn sé ólæknanlegur en möguleiki sé á því að reyna þessa eða hina meðferðina sem hefur mjög mikil óþægindi í för með sér fyrir sjúklinginn, mikil veikindi en engar batahorfur samt. Það er verið að klóra í bakkann. Ef sjúklingurinn telur sig hafa ástæðu til að segja að hann vilji þetta ekki, hann vilji fá að deyja með reisn og fá þá meðferð sem hjálpar honum til að bera þær þjáningar sem hann þarf að líða þar til að dauðastundinni kemur, þá tel ég mjög mikilvægt að sjúklingurinn geti tekið þá ákvörðun sjálfur.

Þá vil ég snúa mér að 10. gr.: Samþykki fyrir vísindarannsóknum. Mér er kunnugt að þessi grein ber með sér mikil nýmæli. Ég vil fyrst og fremst vara við að of ströng viðurlög og of ströng sjónarmið muni ríkja í þessu tilviki. Í Bandaríkjunum t.d. er nánast óheimilt, nema með sérstakri yfirlýsingu viðkomandi aðila, að stunda vísindarannsóknir á líffærum úr lifandi eða látnu fólki, ekki síður látnu fólki því erfitt er að fá um leyfi nema þá með því að ná í ættingja, en það er oft erfitt á meðan viðkomandi líffæri er nýtilegt til rannsókna. Hér á Íslandi hefur hins vegar verið möguleiki

á að vinna svona vinnu. Ég veit að íslenskir læknar hafa unnið svona rannsóknir og í raun og veru verið þeir einu oft á tíðum á ráðstefnum um grunnlækningar sem hafa haft einhverja hugmynd um hvernig mannskepnan sjálf bregst við ákveðnum hlutum eða hvernig sjúkdómur þróast í líkama mannskepnunnar. Venjulega er notast við kanínur eða rottur eins og við þekkjum og kannski fleiri dýr. Ég er því ánægð með að þessi grein skuli vera þarna, en ég vara við því að viðurlög og að afstaða fólks í þessu máli verði of ströng.

Þá vil ég aðeins fara í 14. gr. sem er um meðferð upplýsinga úr sjúkraskrám. Ég er aftur sammála hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni um að tæplega sé hægt að tala um að sjúkraskrá sé eign heilbrigðisstofnunar. Ég tel að sjúklingur geti og eigi að hafa leyfi til að flytja sína sjúkraskrá þangað sem hann telur heppilegast að geyma hana en þó þannig að öllum sé ljóst hvar hún liggur og aðgengi að henni sé auðvelt. Ég er líka, eins og ég sagði áðan, fegin því að sjúklingi er heimilt að sjá sjúkraskrá sína.

Hitt er annað mál eins og talað er um einnig í 15. gr. að upplýsingar um sjúklinga eru trúnaðarmál og eiga að vera fullkomið trúnaðarmál. En það er ekki svo og hefur ekki verið svo um langan aldur. Ég veit til þess sjálf sem hef unnið á sjúkrastofnunum að oft hafa svokallaðir sjúrnalar eða sjúkrasögur legið frammi á skrifborðum inni á opnum skrifstofum heilbrigðisstarfsmanna þar sem nánast hver og einn sem hefði haft löngun til að þvælast þangað inn hefði getað flett upp þeim. Þetta var að sjálfsögðu þegar sjúkraskrár voru ekki tölvutækar. Nú eru sjúkraskrár meira og minna á tölvutæku formi og því er spurningin hve mikinn aðgang á að veita að þeim skrám sem eru inni á viðkomandi tölvukerfi ákveðinnar deildar því á stóru sjúkrahúsunum hér í Reykjavík þá eru það deildirnar sjálfar sem geyma þessar upplýsingar. Ég hef talsvert mikið hugsað um þessi mál. Rætt hefur verið um samtengingu spítalanna, jafnvel samtengingu allra spítala landsins til að hafa aðgengi að þessum skrám. Ég tel afar mikilvægt — ég býst við að þetta verði nánar skilgreint í framhaldi af lögum um upplýsingamál — að það séu ekki nema ákveðnar grunnupplýsingar, svo sem um blóðflokka og annað slíkt, sem séu fólki aðgengilegar þegar slys eða önnur óvænt óhöpp verða. Ég tel nauðsynlegt að haft verði samráð við sjúkling. En ef sjúklingur er ekki fær um að ræða um þau mál, þá að hafa samband við (**Gripið fram í:** Hvað áttu við?) viðkomandi lækni eða sérfræðing og ræða hvaða upplýsingar þurfi að gefa og þurfi ekki að gefa. Í sambandi við þetta man ég eftir umræðu þar sem fólk sagði: „Ef viðkomandi sjúklingur hefur t.d. lent inn á geðdeild skyndilega vegna óvænts sjúkdóms og verið þar í nokkra daga og síðan ekki meir. Á að gefa um það upplýsingar, ef þetta mál er viðkvæmt fyrir sjúklinginn?" Enn er almenningur, því miður, viðkvæmur gagnvart geðsjúkdómum. Þarna tel ég að við þurfum að vinna þannig að ekki séu upplýsingar um sjúklinga gefnar allar í einu um leið og kallað er eftir þeim í gegnum tölvukerfi, þó innan heilbrigðisstétta sé, heldur þurfi að hluta niður í ákveðin verkefni eða ákveðnar sjúkdómsgreiningar það sem gefa má upp.

Og þá í tilefni af því — og ég vildi þá gjarnan fá sérstakt svar frá heilbrrh., jafnvel mun ég spyrja hana í fyrirspurnum þegar þar að kemur, hvernig upplýsingar eru geymdar og hvernig farið er með upplýsingar á sjúkrastofnunum og ekki síður hjá Tryggingastofnun ríkisins. Mér skilst að stofnunin hafi nánast allar upplýsingar um sjúklinga, um hvaða lyf Tryggingastofnunin hafi borgað fyrir viðkomandi sjúkling, hversu mikið magn af lyfjum sjúklingurinn hafi fengið, hvaða sjúkdómsgreiningu sjúklingurinn hafi fengið o.s.frv. Ég tel mjög mikilvægt að góðar upplýsingar komi fram um hvað Tryggingastofnun hefur á borði sínu og hverjir hafa aðgang að slíkum upplýsingum. Því eins og mér hefur borist til eyrna hefur Tryggingastofnun, út af endurgreiðslum og ýmsu öðru, verið að sanka að sér upplýsingum, sem ég t.d. sem einstaklingur mundi ekki kæra mig um að lægju allar á borði Tryggingastofnunar ríkisins nema ég sjálf gæfi heimild til þess.

Þá er það bið eftir meðferð. Við eigum eftir að ræða um biðlista sjúklinga. Einhvers staðar stendur í bókum heilsuhagfræðinnar að ein leiðin til þess að spara í heilbrigðisútgjöldum sé að hafa biðlistana nógu langa því annaðhvort læknast sjúklingurinn sjálfur eða hann deyr meðan hann er á biðlistanum. Þeim fækki því mjög sem þurfi á heilbrigðisþjónustu að halda. Þetta atriði finnst mér vera eitt af því mikilvægasta sem er í frv. og ég er þakklát því að þarna virðist vera þrýstingur á heilbrigðisstéttirnar að veita sjúklingi meðferð sem allra fyrst.

Í 19. gr. er rætt um forgangsröðun sjúklinga sem fyrst og fremst er byggð á læknisfræðilegum sjónarmiðum og öðrum faglegum forsendum. Og það er ekki rætt um aldur og því fagna ég einlæglega. Ég vil gjarnan segja það persónulega að ekki er lengra síðan en tvö ár að vinkona mín, sem var komin yfir fertugt og átti sjö ára gamla dóttur, þurfti á mergskiptum að halda. Við vorum þá í samvinnu við sjúkrahús í Gautaborg. Henni var hafnað um meðferð við sjúkrahúsið vegna þess að hún var orðin fertug. Þannig að ég tel þessa grein vera einstaklega mikilvæga og ég vonast til þess að sá skilningur sem við leggjum í hana, ásamt þeim skýringum sem eru með frv. sé í takt við það sem ég hef verið að ýja að, þ.e. að byggja þurfi á margföldum þáttum þegar ákveðið er að forgangsraða sjúklingum, sem því miður virðist vera sú tilhneiging sem uppi er í öllum vestrænum ríkjum á þessum dögum.

Í 20. gr. er rætt um val á heilbrigðisstarfsmanni Og segir m.a.:

„Sjúklingur getur enn fremur valið sérfræðing þegar slíkrar þjónustu er þörf."

En sjúklingur getur leitað til þess heilsugæslu- eða heimilislæknis sem honum hentar best. Þarna tel ég, og vona að heilbrrh. leiðrétti mig ef ég hef ekki rétt fyrir mér, að tilvísanakerfið sé þar með úr sögunni og það vona ég svo sannarlega.

Ég vildi einnig, hæstv. forseti, ræða um 23. gr. og mikilvægi þess að andlegri hlið sjúklingsins sé sinnt þar sem fram hefur komið að andlegt ástand sjúklingsins hefur mikil áhrif á líðan og lækningu hans.

Sömuleiðis vil ég fagna 24. gr. Þar segir: „Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn." Þetta held ég að sé það bjargráð sem margir sjúklingar hafa beðið eftir, eru að bíða eftir og hefði löngu átt að vera komið á.

Tímans vegna get ég ekki farið með lokaorðin en ég vil fagna þessu frv. og ég heiti því að vinna eins vel og hægt er að frv. og þeim hugsanlegu breytingum sem eiga eftir að verða á því á næstu vikum.

[18:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því frv. sem hér er komið og þeim breytingum sem hafa orðið á því frá því það var lagt fram á síðasta þingi. Þó eru auðvitað nokkrar spurningar sem

vakna við lestur frv. og best að byrja á því að mér finnst að það hafi komið fram, alla vega í fréttum og ég held hér í umræðum, að starfandi hafi verið sérstök nefnd sem á að fjalla um réttindi og heilbrigðisþjónustu geðsjúkra.

Í þessu frv. er ekki neinn kafli þar sem tekið er sérstaklega á málefnum geðsjúkra. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist leggja fram sérstakt frv. þar sem fjallað er um réttindi geðsjúkra til heilbrigðisþjónustunnar vegna þess að hún er sérhæfð og um hana gilda oft aðrar reglur en um réttindi og meðferð annarra sjúklinga. Auk þess sem það er þekkt í þeim löndum sem við berum okkur saman við að sett séu sérstök lög um málefni geðsjúkra. Í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hún hyggist láta setja lög um réttargeðdeild og gera Alþingi grein fyrir því hvert stefnir í málefnum þeirra sem nú dvelja á réttargeðdeildinni á Sogni og hvort hugsunin sé sú að útvíkka þá starfsemi umfram það sem hún er í dag, meira í takt við það sem við sjáum á hinum Norðurlöndunum?

Það er auðvitað fleira sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um og það er, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á, skilgreining á orðinu heilbrigðisstarfsmaður og hvernig hægt er að samræma þá skilgreiningu sem hér er, þ.e. „einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur löggildingu heilbr.- og trmrh. til slíkra starfa.“ Og síðan önnur markmið ráðuneytis sem koma fram í frv. en þau eru að „sjúklingur á rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma og bestu þekkingu sem völ er á.“ Það þýðir með öðrum orðum að sjúklingur á rétt á meðferð ýmissa stétta sem ekki heyra undir heilbrrn. í dag, heyra undir félmrn., hugsanlega menntmrn. sem engu að síður hafa verið og eru hluti af heilbrigðiskerfinu. Sjúkraliðar heyra að sjálfsögðu undir heilbrrn. en starfsemi sálfræðinga, félagsráðgjafa og þroskaþjálfa t.d., sem koma inn í meðferð sjúklings og jafnvel aðstandenda sjúklings, heyrir undir önnur ráðuneyti. Væri þá ekki rétt að bæta þarna við einhverri klásúlu sem segir að þeir einstaklingar eða heilbrigðisstarfsmenn séu einstaklingar sem starfa að heilbrigðismálum þó að starfsemi þeirra falli undir önnur ráðuneyti? Ég lít þannig á að frv. þetta sé hluti af því að taka inn í heilbrigðiskerfið og viðurkenna af Tryggingastofnun, þátttöku í greiðslu fyrir þjónustu þessara stétta sem ekki er gert í dag.

Þá vil ég einnig spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta frv., ef að lögum verður, varði réttindi allra sjúklinga hvar sem þeir eru staddir. Þannig er og hefur verið um langan tíma að veikur fangi, þ.e. fangi sem er sjúklingur og fellur undir skilgreiningu orðsins sjúklingur, notandi heilbrigðisþjónustu, hefur ýmist orðið að greiða að fullu fyrir þjónustu sérfræðinga eða fangelsiskerfið fyrir þann einstakling. Hann hefur ekki notið sama réttar og aðrir sjúklingar til greiðslu úr tryggingakerfinu. Ég hef ekki séð þær breytingar gerðar, hvorki á reglugerð né lögum, sem hafa gert það að verkum að fangar eigi rétt á sömu þjónustu og þá fyrst og fremst kostnaðarþátttöku ríkisins vegna þessarar þjónustu.

Hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir fór hér yfir margar greinar. Ég get tekið undir margt af því sem hún sagði og óþarfi að eyða tímanum í að endurtaka það. En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um það sem segir í 22. gr.:

„Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem unnt er.“

Eru í þessu fólgin fyrirheit þess efnis að aðrir en makar fái greitt fyrir umönnun sjúklings? Samkvæmt gildandi lögum eru það einungis makar sem fá greitt fyrir umönnun sjúklings í heimahúsi og ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort í þessari grein séu fólgin fyrirheit þess efnis að hver sá sem heldur heimili með sjúklingi fái greidd umönnunarlaun, ég vil ekki kalla það umönnunarbætur, fyrir aðhlynningu sjúklings í heimahúsi? Og hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að fram fari mat á hjúkrunarþyngd sjúklingsins og laun þess sem annast sjúklinginn í heimahúsi verði í samræmi við hjúkrunarþyngdina?

Þá er sérkennileg setning í 22. gr. sem ég geri þó svo sem ekki athugasemd við:

„Læknabréf og vottorð vegna veikinda, slysa, sjúkrahúslegu og þess háttar skulu afgreidd án ástæðulauss dráttar.“ Mér finnst þetta svolítið sérkennilega orðað, ég skil meininguna, held ég, en orðalagið mætti aðeins laga.

Síðan er í 23. gr. þar sem segir:

„Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Hann á enn fremur rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings.“

Ég vildi gjarnan sjá viðbót þess efnis að það sama gilti um fjölskyldu sjúklingsins. Þegar um erfiðar aðstæður eða erfiða og langvarandi sjúkdóma er að ræða eigi aðstandendur sjúklingsins rétt á sama stuðningi, þ.e. þeir eigi rétt á andlegum og trúarlegum stuðningi sem er þá þjónusta prests, sálfræðings eða félagsráðgjafa en á það hefur töluvert skort í því kerfi sem við búum við í dag hvort sem um er að ræða sjúklinginn eða aðstandendur.

Þá kemur að 24. gr. Vissulega hefur komið fram í máli hv. þm. að þeir fagna því sérstaklega að dauðvona sjúklingur eigi rétt á að deyja með reisn. Ég vil hins vegar spyrja hæstv. ráðherra: Hvað er að deyja með reisn? Hvað er átt við þegar sjúklingur á rétt á að deyja með reisn? Er það þegar hann sjálfur hefur ákveðið að nú sé nóg komið? Eins og kemur fram í skýringum við greinina, sem er nú reyndar svolítið óðruvísi en greinin sjálf því þar er talað um þennan hluta af réttindum sjúklinga — að deyja með reisn, að hann hafi ákvörðunarrétt sjálfur, en síðan segir í skýringunum, sem alls ekki segir í greininni sjálfri:

„Ef sjúklingur er ófær um að taka ákvörðun um takmörkun meðferðar skulu heilbrigðisstarfsmenn leita samráðs við nánustu aðstandendur um ákvörðunina.“

Þetta stendur ekki í lagagreininni en er hins vegar í skýringunum. Þarna finnst mér vera misræmi og síðan segir: „Ber við þá ákvörðun að hafa í heiðri þau viðhorf er hinn sjúki kann að hafa látið í ljós fyrr í lífinu er hann var andlega heill heilsu. Ýmis sjúkrahús hafa þegar sett leiðbeinandi reglur um meðferð sjúklings við lok lífs. Einnig hefur landlæknir nýlega gefið út reglur um sama efni.“

Ég vildi sjá, hæstv. ráðherra, ef þetta yrði niðurstaðan, að Alþingi ákveði í fyrsta lagi hvað er að deyja með reisn og hvernig skuli að því staðið og reglurnar eru leiðbeinandi, þá vildi ég sjá, hæstv. ráðherra, ef hæstv. ráðherra hefur lokið samtali sínu, ég get beðið, það er sjálfsagt, — þá hefði ég viljað sjá að það væri skylda að veita aðstandendum sjúklings nákvæmar upplýsingar um afleiðingar þeirrar meðferðar sem er viðhöfð hverju sinni. Ég vil sjá í reglum að aðstandendum sjúklinga, sem taka slíkar ákvarðanir fyrir sjúklinginn á grundvelli einhverra orða sem fallið hafa fyrr á ævinni, sé t.d. gerð grein fyrir því hvað það þýðir ef vatn er tekið frá sjúklingi, ef vökvi er fjarlægður, ekki bara næring, heldur vökvinn, og sú aðferð sem er viðhöfð á sjúkrahúsum í dag, að taka bæði næringu og vökva frá sjúklingi. Ég vil

sjá að um það séu skýrar reglur sem hvergi megi hvika frá, að aðstandendum sé gerð fyllilega grein fyrir því hvaða áhrif það hefur á líkamann þegar vatnsskortur fer að sýna sig. Ég tel að þarna hafi ekki verið staðið nægilega vel að máli. Ég byggi það á eigin reynslu. Og ef á að leyfa einhverjar slíkar ákvarðanir, þá finnst mér eftir þær upplýsingar og eftir að hafa kynnt mér það mál að banna ætti algjörlega að vatn sé tekið frá sjúklingi vegna þeirra afleiðinga sem það getur haft. Og það er ekki nóg að sjúkrahúsin viti eftir hvaða reglum þau eiga að starfa og það er ekki nóg að aðstandendur taki ákvarðanir byggðar á líkindum, engri vissu, heldur verða aðstandendur að gera sér fyllilega grein fyrir hvað sú ákvörðun þýðir.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra varðandi 26. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Ef ekki vinnst tími til að leita liðsinnis barnaverndaryfirvalda, sbr. 2. mgr., vegna lífsnauðsynlegrar bráðameðferðar á sjúku barni er heilbrigðisstarfsmanni skylt að hafa heilbrigði þess að leiðarljósi og grípa tafarlaust til meðferðar sem hann telur nauðsynlega." Ég spyr hvort þetta brjóti ekki í bága við t.d. þær reglur eða hvað á að kalla það sem t.d. vottar Jehóva lifa eftir og hvort ekki sé verið að brjóta á rétti þeirra.

Hins vegar finnst mér þessar sérreglur um sjúk börn afar ófullnægjandi og lítið á þeim að græða í raun. Og ef ég skoða kaflann frá ráðuneyti fjármála um hvað samþykkt þessa frv. hefur í för með sér varðandi fjárútlát, þá get ég ekki séð að það sé í raun og veru mögulegt að framfylgja því, ef það verður að lögum. Kveðið er á um að sjúk börn eigi rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér þó að þau dveljist á heilbrigðisstofnunum. Ástandið í dag er þannig að það er ekki í nærri öllum tilvikum sem þetta er framkvæmanlegt miðað við þær aðstæður sem þessum börnum eru búnar. Ég hefði viljað sjá að með þessu fylgdi greinargerð um hvernig á að standa að þessum málum og hvað það kostar og við tækjum þá hreinlega ákvörðun um að fara í þær framkvæmdir.

Þarna er jafnframt talað um réttindi barna til náms, þau skuli hafa aðgang að kennslu sem hæfi aldri þeirra og ástandi. Ef flett er upp í greinargerðinni kemur í ljós að þetta er líklega hlutverk sveitarfélaganna. Það hefur ekki verið staðið að þessu með fullnægjandi hætti. Samtök, t.d. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, hafa aftur og aftur vakið athygli okkar á því að þarna sé ekki staðið að málum með fullnægjandi hætti og ég sé ekki að gert sé ráð fyrir kostnaðarauka vegna þessa. E.t.v. er það vegna þess að sveitarfélögin eiga að taka kostnaðinn á sig. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Er það þá sá grunnskóli eða sú fjárveiting sem er til grunnskóla á því svæði sem barnið á skólagöngu sem á að standa undir þeim kostnaði? Eiga sveitarfélögin þá að gera ráð fyrir því, og var í samningum við sveitarfélög gert ráð fyrir því, að þau sinntu þessum þætti þannig að það mætti teljast fullnægjandi?

Mér finnst mjög margt við þennan kafla um sérreglur um sjúk börn að athuga. Í umsögn um frv. frá fjmrn. stendur að kostnaðarauki ríkissjóðs sem af frv. leiðir verði 4–8 millj. kr. verði það að lögum. Mér finnst þetta alveg óskiljanlegt vegna þess að ef á að veita sérhverjum sjúklingi fullkomna umönnun og alla þjónustu vegna andlegs eða líkamlegs sjúkleika, þá sýnist mér, miðað við þær aðstæður sem okkur hafa verið kynntar ítrekað frá ýmsum heilbrigðisstofnunum, að fjölga þurfi að starfsfólki verulega. Það á bæði við um þá sem falla undir starfsemi heilbrrn. í dag og t.d. félagsráðgjafa en starfsemi þeirra fellur ekki undir heilbrrn.

Ég vildi líka sjá, þegar um útskrift er að ræða og tryggja á sjúklingi nægjanlega þjónustu utan stofnunar áður en hann útskrifast, að gengið sé frá því með öruggum hætti hvernig heimaþjónustan er tryggð.

Ég vil svo ítreka spurningar mínar varðandi þjónustu við geðsjúka til hæstv. heilbrrh. og hvort það sé hugsunin að setja sérstök lög um þjónustu við þá, því að það hefur komið fram ítrekað að þar er ekki staðið nægilega vel að málum. Og síðan efasemdir mínar um að þessi kostnaðaráætlun standist ef ætlunin er að framfylgja þessum lögum á fullnægjandi hátt.

[18:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessari umræðu verður nú frestað innan tíðar og ég á eftir að svara allmörgum þingmönnum sem hér hafa flutt mjög gott mál. Hér erum við að tala um réttarbætur fyrir sjúklinga og það er mikilvægt að menn ræði þær af mikilli einlægni, sem menn hafa gert, og bæti við það sem þeim finnst á vanta. Við erum að tala um rammalöggjöf, það er mikilvægt að menn átti sig á því.

Fram kom í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að það væri verið að vinna að málefnum geðsjúkra sérstaklega. Það er rétt að þann 10. október sl. var ákveðið að setja saman hóp heilbrigðisstarfsmanna, aðstandenda og geðsjúkra, til að bæta réttindi þeirra sérstaklega. Í því framhaldi spurði hv. þm.: Hvað með fanga? Í dag er það þannig að fangar eru ekki sjúkratryggðir. En það er unnið að því að allir fangar verði sjúkratryggðir áður en árið er liðið. Ég tel það mjög mikilvæga réttarbót fyrir fanga að vera sjúkratryggðir eins og aðrir Íslendingar.

Það kom líka fram í máli hv. þm. að inn í frv. vantaði ýmsa heilbrigðisstarfsmenn. Hún talaði um sálfræðinga, félagsráðgjafa, iðjuþjálfa o.fl. Þegar talað er um heilbrigðisstarfsmenn er t.d. átt við félagsráðgjafa sem starfa inni á heilbrigðisstofnunum. Og það er verið að auka félagsráðgjöf, sérstaklega fyrir börn. Það er mjög mikilvægt að það sé gert og þegar hefur verið veitt leyfi til þess.

Það er líka rétt sem kom fram í máli hv. þm. að ekki er nóg að setja reglur, það þarf líka að vera fjármagn. Þess vegna er unnið að því að byggja upp nýjan barnaspítala til að við getum fullnægt þeim kvöðum sem við erum hér að ákveða að setja.

Varðandi þá siðfræðilegu spurningu sem hv. þm. lagði fyrir mig, hvað er að deyja með reisn? Ég vil svara því í stuttu máli á þannig að allt sem í mannlegu valdi stendur sé gert til að sjúklinginum fái að líða sem best í því umhverfi sem hann óskar helst að vera í.

Ég verð, virðulegi forseti, að svara annarri spurningu um þá ábyrgð sem oft er sett á herðar aðstandendum varðandi það hvort halda eigi áfram meðferð. Það er ekki hægt að setja þá ábyrgð á herðar aðstandendum nema þeir fái allar þær upplýsingar sem þarf að gefa. Annars er ekki hægt að ætlast til þess að aðstandandi beri ábyrgð.

[18:57]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig sérstaklega og gladdi á sínum tíma að sú nefnd var stofnuð sem á að fjalla sérstaklega um málefni geðsjúkra og hvernig réttur þeirra væri

tryggður. Ég vildi spyrja hvenær áætlað er að nefndin ljúki störfum þannig að hægt væri að taka inn í heilbr.- og trn. umfjöllun hennar og setja inn í frv. sérstakan kafla um réttindi geðsjúkra eða setja sérstök lög um þau.

Einnig fagna ég þeirri yfirlýsingu hæstv. ráðherra um sjúkratryggingu fyrir fanga, en hæstv. ráðherra svaraði hvorki um réttargeðdeildina né um kostnað sveitarfélaganna varðandi kennslu fyrir veik börn. Og ég vildi, hæstv. ráðherra sjá, að í 24. gr. yrði strikað yfir fyrstu setninguna en einungis byrjað á: „Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal virða þá ákvörðun.“ Ef menn ætla að setja ákvörðunina yfir á aðstandendur, þá á að hafa það í lagagrein en ekki skýringum við frv. Þessi byrjun á lagagreinin hugnast mér ekki. Ég vildi sjá þessa breytingu og ég veit, hæstv. ráðherra, að upplýsingarnar hafa ekki alltaf verið fyrir hendi þegar aðstandendur hafa þurft að taka ákvarðanir sem þessar, þrátt fyrir marga ítrekaða fundi þar sem það eru fyrst og fremst heilbrigðisstarfsmennirnir sem hafa lagt áherslu á að ákvörðun yrði tekin.

[19:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég náði nú ekki að svara öllum spurningum hv. þm. á þeim þrem mínútum sem mér voru skammtaðar. En varðandi þau málefni sem hún bar upp í síðari ræðu sinni um réttargeðdeild, þá mun sá hópur sem fjallar um geðverndarmál taka þau sérstaklega fyrir. Við erum að tala um stefnumótun fyrir geðsjúka almennt og þá erum við líka að tala um þá sem þurfa að vera í meðferð á réttargeðdeild. Þessi nefnd er rétt að hefja störf og mér þætti afar slæmt ef menn ætluðu ekki að gefa henni þann tíma sem hún þarf til að ljúka störfum og bíða með réttindi sjúklinga eftir því að hún lyki þeim. Þetta er rammalöggjöf sem er mjög mikilvæg einmitt vegna þess síðasta sem hv. þm. sagði, um mikilvægi þess að sjúklingurinn sé meðvitaður um hver réttur hans er. Og það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að sjúklingurinn verði upplýstur um hver er réttur hans og þá um leið aðstandendur hans.

Varðandi sjúk börn og skóla. Á meðan sjúkt barn dvelur á sjúkrastofnun tekur ríkið að sjálfsögðu allan þann kostnað sem af því hlýst að nemandi fái menntun en sveitarfélögin eru í ríkari mæli að taka yfir skólahald og munu koma enn sterkar inn í það en áður hefur verið vegna þeirra lagabreytinga sem þegar hafa orðið á hinu háa Alþingi.

[19:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. um skólagöngu veikra barna sem dvelja á sjúkrastofnunum segir, með leyfi forseta: „Samkvæmt grunnskólalögum er börnum á skólaskyldualdri tryggð menntun og í drögum að reglugerð í tengslum við flutning grunnskólans til sveitarfélaga er gert ráð fyrir að grunnskólinn standi áfram undir slíkri þjónustu fyrir sjúk börn.“ Grunnskólinn er kominn alveg yfir til sveitarfélaga. Það er ekkert hér um bil eða kannski, hann er þar og áfram segir: „Ekki virðist að með frumvarpinu sé ætlunin að breyta núverandi fyrirkomulagi.“

Spurning mín er ósköp einfaldlega þessi: Var gert ráð fyrir þessu þegar sveitarfélögin yfirtóku rekstur grunnskólans, er það grunnskólinn sem viðkomandi barn á skólasókn í sem á að standa undir kostnaði með hverju því barni sem fer úr skólaumdæminu á sjúkrahús og var sveitarfélögunum gerð grein fyrir því að þessi kostnaður mundi lenda á þeim?

Umræðu frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. SvG, 198. mál (styrkur til kaupa á bílasíma). — Þskj. 224.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 7. og 9.–10. mál.

Fundi slitið kl. 19:07.

---

66. FUNDUR

þriðjudaginn 11. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Áfengis- og vímuvarnaráð, stjfrv., 232. mál, þskj. 337. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Almannatryggingar, frv., 198. mál, þskj. 224. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 194, nál. 418, 467 og 560, brtt. 561 og 562. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557. — 1. umr.
5. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558. — 1. umr.
6. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — 1. umr.
8. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — 1. umr.
9. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — 1. umr.
10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, nál. 584. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Blöndal samgrh.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:31]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, 325. mál, þáltill. PHB o.fl., þskj. 588.

Fjöldi slysa á helstu ferðamannastöðum, 326. mál, fsp. HjÁ, þskj. 589.

Málefni heyrnarskertra, 249. mál, svar menntmrh., þskj. 587.

Áfengis- og vímuvarnaráð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 232. mál. — Þskj. 337.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:32]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 198. mál (styrkur til kaupa á bílasíma). — Þskj. 224.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:33]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Landsvirkjun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 175. mál (arðgreiðslur, skipun stjórnar o.fl.). — Þskj. 194, nál. 418, 467 og 560, brtt. 468 og 561, frávtill. 562.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:34]

Jóhanna Sigurðardóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Á fundi iðnn. í gær kynnti meiri hluti nefndarinnar brtt. við frv. um Landsvirkjun sem koma að verulegu leyti til móts við sjónarmið 1. minni hluta og þær brtt. sem fluttar eru á þskj. 468, þ.e. að starfsemi Landsvirkjunar falli undir samkeppnislög og að Ríkisendurskoðun hafi eðlilega endurskoðunar- og eftirlitsmöguleika með Landsvirkjun. Því eru brtt. á þskj. 468 dregnar til baka.

[13:35]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég flyt einnig þessar brtt. sem hv. 13. þm. Reykv. nefndi og er aðili að flutningi þeirra og aðili að því að draga þær til baka til 3. umr. og áskil mér allan rétt til að ræða málin þar frekar, þau mál sem þar eru til meðferðar. Ég vil hins vegar láta það koma fram til að fyrirbyggja allan misskilning, hæstv. forseti, að það hefur ekkert samkomulag náðst um afgreiðslu þessa máls, m.a. liggur ekki fyrir nein ásættanleg niðurstaða sem tryggir að verðlag á raforku lækki áður en arður er greiddur út. Það er bersýnilega ætlunin að knýja það fram hér í atkvæðagreiðslunni á eftir ef mínar heimildir eru réttar að það eigi áfram að leggja áherslu á arð umfram verðlækkanir á raforku og ég harma það.

[13:36]

Stefán Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hér féllu hjá hv. þm. Svavari Gestssyni vil ég segja að við héldum fund í iðnn. þingsins um þessi mál og til fundarins mætti ráðuneytisstjóri í iðnrn. Einnig komu á fund okkar fulltrúar frá Ríkisendurskoðun og borgarstjórinn í Reykjavík sem fór yfir þetta mál með okkur vegna þeirra umræðna sem hér höfðu orðið um málið, gagnlegra umræðna og ítarlegra. Eftir það hafa málin skýrst. Ég ætla ekki að fara yfir það mál nú. Nefndarmönnum var afhent sú yfirlýsing sem þar lá fyrir sem trúnaðarskjal. Mér urðu það hins vegar vonbrigði, og er rétt að taka það fram hér, að eitt af því fyrsta sem fréttamenn sýndu mér þegar þeir báðu mig að tjá mig um málið var sú yfirlýsing sem ég hafði afhent nefndarmönnum mínum sem algjört trúnaðarskjal. Ég ætla þess vegna ekki að ræða það hér og nú en ég mun gera það síðar þegar þetta mál kemur til 3. umr.

[13:37]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þeir sem eru fulltrúar eigenda Landsvirkjunar, þ.e. iðnrh., borgarstjórinn í Reykjavík og bæjarstjórinn á Akureyri, hafa orðið sammála um samkomulag til viðbótar við það samkomulag sem áður hafði verið gert sem byggist á því í að í fyrsta lagi er ekki nýtt að arður sé greiddur út úr fyrirtækinu. Það er í núgildandi lögum og hefur verið gert á undanförnum árum. Það er ekki verið að ganga hraðar eða harðar fram í þeim efnum heldur en gert hefur verið. Það er sammæli um það milli eigenda að það verði forgangsverkefni að lækka raforkuverð eins og samkomulagið gerir ráð fyrir um 2–3% eftir aldamót. Í þriðja lagi er líka sammæli um það hjá eignaraðilum að ákvörðun um arð verði tekin á aðalfundi eða ársfundi hverju sinni og það hljóti að ráðast af afkomu fyrirtækisins hver arðurinn verði. Þetta þýðir með öðrum orðum að náist ekki þau markmið sem menn setja sér í verðlækkunum þá greiða menn ekki út arð. Með öðrum orðum verðlækkunarsjónarmiðin hafa forgang umfram arðgreiðslurnar ef hv. þm. vilja kynna sér þetta samkomulag.

[13:38]

Guðmundur Árni Stefánsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða sem féllu hér af hálfu formanns iðnn., hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, um meint nýtt samkomulag eignaraðila eða yfirlýsingar, þá hlýt ég að kalla eftir því — enda á ég ekki sæti í iðnn. — að menn geri grein fyrir því áður en til þessarar atkvæðagreiðslu kemur í hverju það er fólgið og hvað þetta trúnaðarmál sem svo er nefnt felur í sér. Ég spyr hvort það sé ætlunin að menn taki afstöðu til þessa máls hér við 2. umr. án þess að það sé yfirlýst. Ég kalla eindregið eftir því vegna þeirra orða sem hér hafa fallið, um að þingheimi sé gerð grein fyrir því í hverju þessi nýju viðhorf og yfirlýsing eru fólgin. Ég kalla eindregið eftir því, virðulegi forseti.

[13:39]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í tilefni af orðum hæstv. iðnrh. áðan að láta það koma fram að í iðnn. í gær kom fram að borgarstjórinn í Reykjavík lítur þannig á að bókunin sem gerð var breyti engu um innihald samkomulagsins og að samkomulagið gangi út á það að fyrst sé greiddur arður og svo sé verðið lækkað. Hæstv. ráðherra

kaus hins vegar að búa til þessa bókun til þess að slá ryki í augu þingheims. Ég tek undir þá ósk hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að þingfundi verði frestað á meðan þingmönnum í þingflokkunum eða annars staðar er kynnt efni þessa svokallaða samkomulags.

[13:40]

Hjörleifur Guttormsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Mér sýnist nokkuð erfitt að ganga til atkvæða um mál ef það hvílir leynd yfir efnisatriðum þess eins og hv. formaður iðnn. lýsir hér yfir, að það séu atriði sem tengjast þessu máli sem hvíli leynd yfir. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að það sé skýrt nánar áður en gengið er til atkvæða hvað það er sem leynd hvílir yfir þannig að þingmenn geti greitt atkvæði í ljósi skýrra efnisatriða en ekki á grundvelli gagna sem hugsanlega hafa ekki komið fram og ekki má sýna. Ég óska þess vegna eftir því að þetta verði skýrt áður en til atkvæðagreiðslu er gengið.

[13:41]

Stefán Guðmundsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Bara örstutt vegna þessa. Svo lengi lærir sem lifir, stendur einhvers staðar. Þetta er búið að vera mér mikil lesning að vinna að þessu máli og ekki síst síðustu daga hvernig með málið hefur verið farið. Ég vil aðeins segja það til skýringa vegna þess sem hér hefur komið fram að þessi yfirlýsing var afhent í þingnefndinni eins og ég sagði áðan. Sumir lögðu svo mikið á sig við að koma henni á framfæri við fjölmiðla. Meiningin var hins vegar ekki sú að koma henni til fjölmiðla. Henni var dreift til nefndarmanna til þess að þeim gæfist svigrúm til að kynna hana á þingflokksfundum sem hófust nokkrum klukkutímum eftir að þessari yfirlýsingu var dreift í iðnn. þingsins. Þetta er hið sanna í málinu. Og ég virði það og met það við þá nefndarmenn sem voru á fundinum og virtu þann trúnað sem ég sýndi þeim með þessu máli en ég hef hins vegar lært mikið í því hvernig á að starfa í nefndum hér eftir. Það vekur vissulega umhugsun hjá mér.

[13:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar umræðu vil ég taka fram að okkar fulltrúar í iðnn. fóru mjög vel í gegnum stöðu málsins í þingflokki jafnaðarmanna og í trúnaði fjölluðu um það samkomulag sem gert hefur verið. Ég veit ekki hvað aðrir fulltrúar í iðnn. hafa gert en þingflokki jafnaðarmanna er mjög vel kunnugt um innihald samkomulagsins.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég verð að segja það eins og er að mér finnast þetta vera afar furðulegar aðstæður sem uppi eru hér við afgreiðslu þessa máls. Ég held að illu heilli hafi þá 2. umr. verið lokið. Það var greinilega ótímabært að ljúka þeirri umræðu í ljósi þess sem síðar hefur gerst. Mér finnast það að mörgu leyti eðlilegar óskir að atkvæðagreiðslan fari ekki fram fyrr en þessi mál hafa verið betur skýrð. (Gripið fram í.) Það er hægt að fresta því að láta atkvæðagreiðsluna fara fram þó að 2. umr. sé lokið, er það ekki satt? Mér finnst það nokkuð sérkennilegt hvernig formaður iðnn. kemur hér upp og ber ónafngreinda félaga sína í nefndinni þungum sökum og fer satt best að segja með mjög sérkennilegar ræður. Er eitthvað í efni þessa máls að það þoli ekki dagsbirtuna? Er það það sem formaður iðnn. er að segja? Að það hafi þurft að pukrast þannig með þetta mál að það sé sérstakur glæpur að fjölmiðlar fái veður af því sem þar er á ferðinni, þessu svokallaða samkomulagi eða bókun eigendanna?

Auk þess kemur það hér fram, herra forseti, og munar nú um minna að það virðist vera grundvallarágreiningur milli borgarstjórans í Reykjavík og iðnrh. Þeir lesa í þetta samkomulag alveg í 180°. Annar fullyrðir að fyrst eigi að lækka rafmagnið og síðan borga úr arð en hinn mótmælir því og segir að samkomulagið haldi, fyrst eigi að borga út arðinn og svo eigi að sjá til með að lækka raforkuverðið. Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst forseti kjarkmikill, og auðvitað er hann það, ef hann ætlar að láta sig hafa það að láta atkvæðagreiðsluna fara fram engu að síður í ljósi þess hvernig staðan er.

[13:45]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti fer að þingsköpum. Atkvæðagreiðsla fer fram þegar umræðu er lokið um þingmál. Forseti vísar einnig til samkomulags sem hefur verið kynnt fyrir honum og var gert í gær á fundi með starfandi forseta og þingflokksformönnum.

Frávtill. 562 felld með 43:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÁS, HG, KHG, LB, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, GuðrS.

nei: FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, BirnS, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, ÓE.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP, ÁJ, DO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Enda þótt fyrir liggi, þótt ekki megi um það tala, að í nýrri yfirlýsingu eignaraðila horfi mál betur en fyrr, þá finnst mér engu að síður að við þetta mál megi ekki skilja eins og hér er. Arðgreiðslumarkmið versus verðlagspólitík er reiknuð inneign eignaraðila og fleiri þættir eru með þeim hætti að það ber brýna nauðsyn til að skoða þessi mál miklum mun betur. Því segi ég já.

[13:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur oft verið til álita að vísa málum til ríkisstjórnar og tillögur komið fram um það efni. Ég held að sjaldan hafi verið augljósari og brýnni ástæða til að vísa máli til ríkisstjórnar en nú, eins og þetta mál liggur fyrir þinginu.

Sú umræða sem hér fór fram um atkvæðagreiðslu segir meira en mörg orð um það efni. Ég hef fengið í hendur frá formanni þingflokks Alþb. sameiginlega bókun sem dagsett er 10. febrúar. Hún er að vísu leyndarmál sem ekki má hafa hér uppi ef ég hef skilið formann iðnn. rétt, en ég held að það væri m.a. ástæða til að fara yfir það efni áður en lengra er farið með málið, en með því að styðja þessa tillögu, að vísa málinu til ríkisstjórnar, gefst eðlilegt hlé og færi á því. Ég segi því já.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessu frv. er fjallað fyrst og fremst um arðgreiðslur af þessu fyrirtæki. Til þess að ná fram því markmiði að svokallaðir eigendur geti fengið meiri arð eru í frv.

ákvæði um að breyta skipan stjórnar og forræði hennar á gjaldskrá þannig að hún hafi sem frjálsastar hendur til að ná inn þeim arði sem ætlað er að deila út.

Í þessu frv. er ekki fjallað um verðlækkun raforku eða verðjöfnun. Það er ekki viðfangsefni þessa máls, það er ekki á áhugasviði þeirrar ríkisstjórnar sem ber þetta mál fram að lækka raforkuverð í landinu og jafna það. Það er einungis áhugaefni að ná í arð frá fyrirtæki sem skuldar rúmlega 50 þús. millj. kr. Ég tel því sjálfsagt að vísa þessu máli heim til föðurhúsanna og ég segi já.

[13:50]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Alþb. hefur ítrekað lýst þeirri stefnu sinni að landsmenn allir eigi að sitja við sama borð hvað verð á raforku varðar. Mismunurinn á þessu sviði er mikill í dag. Ef það frv. sem hér er til afgreiðslu verður samþykkt mun það leiða af sér enn meira misrétti og að líkindum verulega hækkun orkuverðs til almennings sem bitnar verst á þeim notendum sem nú þegar greiða hæsta verðið fyrir orkuna, þ.e. landsbyggðarfólk. Hækkun orkuverðs kemur illa við fjölda skuldugra heimila og illa við íslensk fyrirtæki sem sitja ekki við sama borð og erlendir aðilar í fyrirtækjarekstri hér á landi. Alþb. hafnar stefnu af þessu tagi og gagnrýnir harðlega þau vinnubrögð og þann hraða sem einkennir afgreiðslu málsins. Hér fer Framsfl. með forustu þeirra sem vilja enn frekari mismunun í orkuverði til landsmanna um leið og framsóknarmenn standa fyrir auglýsingum í útlöndum þar sem fjárfestum er lofað sérstökum kjarakaupum á raforku hér á landi. Þingflokkur Alþb. og óháðra mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega. Ég segi já við frávísunartillögunni.

[13:52]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög undarleg umræða um þessi mál. Hér er mjög stórt mál á ferðinni sem á að ráða til lykta fyrir opnum tjöldum, ekki á bak við lokuð tjöld og ég tek afstöðu til þessa frv. en ekki til einhverra leyniplagga sem ekki má ræða í þinginu.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir breytingum sem mun hækka rafmagnsverð til almennings um 500–700 millj. kr. á ári. Það eru peningar sem eiga að renna til eigendanna, í ríkissjóð, borgarsjóð og bæjarsjóð Akureyrar. Heildarsala á raforku til almennings nam á síðasta ári um 5,5 milljörðum kr. Hér er því um að ræða um það bil 10% aukaskatt á alla raforkunotendur í landinu. Þessi skattur leggst hlutfallslega þyngst á þá sem borga hæst orkuverð fyrir. Þjóðin hefur í sameiningu byggt upp virkjanakerfið í landinu og í sameiningu á hún að njóta ávaxtanna af því. Verði frv. samþykkt er stigið skref í þá átt að brjóta niður verðjöfnunarstefnu í orkumálum og það sem meira er, þetta mun leiða til þess að Landsvirkjun verður bútuð upp og þegar til lengri tíma er litið mun skapast af því mikið óhagræði fyrir þjóðina alla.

Á þinginu hafa verið haldnar margar góðar og fróðlegar ræður um þetta mál og augu fólks, almennings í landinu eru að opnast fyrir þessu máli. (Forseti hringir.) Það skýrir eflaust hvers vegna ríkisstjórnin og sérstaklega Framsfl. knýr á um afgreiðslu þessa máls því að þetta þolir ekki dagsljósið, sú mótsögn sem kemur fram í þessu frv. og þeirri stefnu sem Framsfl. hefur boðað. Ég segi já við því að frv. verði tekið aftur til afgreiðslu í ríkisstjórn.

Brtt. í nál. 418 (ný 1. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

Brtt. 561,1 felld með 31:9 atkv. og sögðu

já: GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BirnS, GE, GGuðbj, HjÁ, JóhS, JBH, KÁ, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt nefndaráliti meiri hluta iðnn. er komist svo að orði, með leyfi forseta, að meiri hlutinn hafi þann skilning að markmið með lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum. Hér reynir á viðhorfin í þessu efni. Hér er flutt tillaga um að það verði lögfest að lækkun verðs gangi framar arðgreiðslumarkmiðum. Ég tel að í þessari tillögu felist úrslitatilraun til þess að fá menn til að horfa á hlutina eins og þeir eru vegna þess að ef tillagan er felld, þá kemur það upp um strákinn Tuma í þessu máli.

2. gr. samþ. með 42:9 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GuðrS, HG, KHG, LB, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

3 þm. (EgJ, EKG, GÁS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, ÓÖH, RA, SP) fjarstaddir.

10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er því miður óhjákvæmilegt að skoða afgreiðsluna á þessari grein í ljósi atkvæðagreiðslunnar sem fór fram áðan þegar felld var brtt. frá 2. minni hluta iðnn. um að skilyrða útgreiðslur á arði því að raforkuverðið hefði lækkað eins og samkomulagið gerir ráð fyrir. Það er niðurstaðan í þeirri atkvæðagreiðslu sem gildir en ekki einhverjar leynibókanir úti í bæ eða eitthvert blaður um að það vaki fyrir mönnum göfug markmið um að lækka raforkuverðið. Menn eru nýbúnir, herra forseti, að fella það í atkvæðagreiðslu hér að binda í lög að þannig skuli hlutirnir vera. Það segir allt sem segja þarf um þá hræsni sem hér er í gangi. Og það er alveg yfirgengilegt hvernig menn eru að afgreiða og ganga frá þessu máli. Þessi sérstaka árás Framsfl. á þann hluta landsmanna sem borgar hæsta raforkuverðið verður að mínu

mati lengi í minnum höfð. Þetta er ekkert annað en sérstök árás undir forustu Framsfl. á íbúa köldu svæðanna. Þetta er ekkert annað. Þetta er alveg yfirgengileg niðurstaða, herra forseti, og ég mótmæli þessu harðlega.

Í ljósi þessa er ekkert annað að gera en að fella 2. gr. frv. Í ljósi þess hvernig atkvæðagreiðslan fór áðan, um að skilyrða arðgreiðslurnar við það að raforkuverðið hefði lækkað, þá er skásti kosturinn að fella þessa grein og auðvitað frv. í heild sinni og síðan ríkisstjórnina eins fljótt og mögulegt er.

[13:59]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur það gerst að þeir, sem í orði segja að lækkun á orkuverði eigi að ganga fyrir arðgreiðslum, fella tillögur þar að lútandi og ætla að staðfesta hér með þeirri afgreiðslu mála og samþykkt þessarar greinar sem við greiðum atkvæði um hver stefnan er í þessum efnum. Þetta er eitthvert alvarlegasta mál sem komið hefur upp á Alþingi um langan tíma gagnvart jafnræði í landinu. Hér er vegið að þessu meginorkuframleiðslufyrirtæki landsmanna, Landsvirkjun, með því að ætla henni að vera þátttakandi í þeirri stefnu sem hér á að lögleiða.

En ekki eru öll kurl komin til grafar því að í nefndaráliti meiri hluta iðnn. er það boðað, sem raunar hefur heyrst frá hæstv. iðnrh., (Forseti hringir.) að senn komi inn í þingið frekari tillögur varðandi orkumál sem eigi að innleiða samkeppni á sviði orkumála í landinu og þá fara menn náttúrlega að skilja að það sé hik á stjórnarliðum að ætla að lögfesta hér lækkun á raforkuverði eftir aldamót.

[14:01]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það sem í upphafi virtist vera meginatriði málsins þegar samningurinn var kynntur var útborgun arðs. Nú liggur það fyrir með yfirlýsingu hæstv. iðnrh., með skírskotun í tiltekið samkomulag, að þetta verði víkjandi atriði, klárlega víkjandi atriði. Það verði ekki greiddur út arður nema áður sé búið að tryggja raunlækkun orkukostnaðar um 2–3% á ári eftir árið 2000. Það er á hinn bóginn ljóst að eiginfjármögnunin hjá Landsvirkjun hefur gerst í ljósi óeðlilegra taxta. Gjaldskrá Landsvirkjunar hefur legið langt fyrir ofan langtímajaðarkostnað orkuverðs frá nýjum virkjunum og er nú talin 50% hærri en eðlilegt væri að öðru leyti. Þetta er hin raunverulega ástæða fyrir hinni öru eiginfjármyndun fyrirtækisins. Með skírskotun til þessa greiði ég ekki atkvæði um þessa grein.

[14:02]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Meginverkefni á sviði orkumála er lækkun raforkuverðs til almennings og fyrirtækja í landinu. Það gerist einkum með þrenns konar hætti. Með hagkvæmum rekstri raforkufyrirtækjanna, með aukinni orkusölu og þar með aukinni nýtingu mannvirkja Landsvirkjunar og með hóflegri arðkröfu eigenda. Eigendur Landsvirkjunar hafa gert nýtt samkomulag. Með því er lýst þeim ásetningi að lækkun raforkuverðs verði forgangsverkefni, lækkun raforkuverðs komi á undan arðgreiðslukröfunni. Í ljósi þess samkomulags sem ég treysti er ég samþykkur frv.

[14:03]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það er alveg ótrúlegt blaðrið sem gengur hér út úr mönnum hverjum á fætur öðrum eins og vini mínum hv. síðasta ræðumanni. Rétt áðan voru menn að fella það að láta verðið lækka á undan arðgreiðslunum. Það liggur þannig. Það er veruleikinn sem blasir við þjóðinni núna. Af hverju þessa hræsni? Af hverju þennan feluleik? Af hverju ekki að segja satt? Það getur vel verið að menn séu að reyna að gera tilraunir til þess að herða sjálfa sig upp í þessu máli en menn skulu horfast í augu við veruleikann — það er verið að leggja 10% skatt á alla rafmagnssölu til almennings á Íslandi til næstu tíu ára. Til hamingju með það! Auðvitað á að fella þessa tillögu.

[14:04]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram að vegna þess að hér hefur títt verið nefnd sú yfirlýsing sem vitnað hefur verið til að þá er það nú svo að þinglega er það ekki eðlilegt að hún liggi fyrir í þinginu á meðan þessi atkvæðagreiðsla fer fram. Hún liggur fyrir á frhnál. frá iðnn. þingsins. Þar liggur þessi yfirlýsing frammi og henni verður dreift nú þegar að lokinni þessari atkvæðagreiðslu. Ég vil hins vegar segja það við félaga mína úr Alþb. sem hér títt tala að í fyrsta skipti sem arðgreiðslur voru teknar upp í Landsvirkjun, í fyrsta skipti sem tekið var upp að greiða út arð frá Landsvirkjun þá sátu þeir í ríkisstjórn — hv. þm. Svavar Gestsson var þá ráðherra viðskiptamála, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var þá ráðherra iðnaðarmála og hv. þm. Ragnar Arnalds sem var menntamálaráðherra þeirrar ríkisstjórnar. Þetta voru ráðherrarnir sem fundu upp þá aðferð að greiða út arð frá Landsvirkjun (Forseti hringir.) og þykjast heilagastir allra hér í þingsalnum nú. (**Gripið fram í:** Og eru það.) — Eru það ekki.

[14:05]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Eigendur Landsvirkjunar eru þrír, þ.e. ríkissjóður sem á 50%, Reykjavíkurborg sem á 45% og Akureyrarbær sem á 5%. Það er því alveg augljóst að einn eignaraðila, Alþingi Íslendinga, getur ekki ákveðið það einhliða hvernig á að verðleggja raforkuna frá Landsvirkjun. Það þarf samkomulag allra eigenda til þess og þetta samkomulag var undirritað í gær og hefur verið vitnað hér mjög í það. Það var undirritað af hæstv. iðnrh., borgarstjóranum í Reykjavík og bæjarstjóranum á Akureyri, skýrt samkomulag um hvernig á að standa að arðgreiðslum og gjaldskrármarkmiði. Á þessum fundi hefur verið vitnað í ummæli borgarstjóra á fundi iðnn. í gær og farið mjög rangt með hennar ummæli. Það vill nú svo til að ég skrifaði orðrétt niður hvernig hún svaraði því þegar hún var innt eftir hvaða augum hún liti þetta samkomulag. Þá sagði borgarstjóri orðrétt, með leyfi forseta: „Með sameiginlegri bókun er verið að hnykkja á því að verðlækkun á raforku gangi fyrir arðgreiðslumarkmiðum.“ Ég segi já.

[14:07]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er greinilegt að núverandi lagaákvæði um arðgreiðslur eru ekki nógu góð fyrir hv. ríkisstjórn til að tryggja að það að peningar renni til þeirra sem í þá vilja ná. Þess vegna er þetta mál lagt fram til að breyta núgildandi lögum þannig að mönnum takist að ná í peninga sem annars væru ekki á lausu, sem annars mundu fara til þess að lækka raforkuverðið. Þetta vildi ég segja vegna orða hv. þm. Stefáns Guðmundssonar. En í þessari grein frv. er verið að fjalla um eigendaframlög og það er upplýst að þau eru

byggð á afar hæpnum forsendum. Það er verið að reikna eigendunum höfuðstól til eignar sem þeir hafa aldrei lagt fram nema að litlum hluta til. Meginstofninn að þessum höfuðstól er myndaður af orkuverði raforkukaupenda hér innan lands annars vegar og hins vegar af skatti bandarískra borgara í gegnum Marshall-aðstoðina. Og það er alveg fráleitt að Reykjavíkurborg, ríkið og Akureyrarbær fari að hafa vexti af peningum sem þau hafa aldrei lagt fram. Þetta er alveg fráleitt og engin leið að samþykkja þessa tillögu.

[14:08]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Í allri þessar umræðu virðist það hafa farið fram hjá mönnum að það er almenningur á Íslandi sem á Landsvirkjun. Það eru fulltrúar almannavaldsins, annars vegar ríkissjóður og hins vegar tvö sveitarfélög sem fara með þessa eignaraðild. Því hefur verið lýst yfir af hálfu þessara aðila, bæði borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórn Akureyrar, að þessir eignaraðilar muni verja arði sínum ef einhver verður til hagsbóta fyrir almenning í þessum sveitarfélögum. Og ríkisvaldið hefur lýst því yfir að það muni verja sínum hluta arðsins til hagsbóta fyrir almenning á þeim svæðum sem liggja utan svæða þeirra eignaraðila sem ég nefndi hér áðan. Það eru um 30–35% þjóðarinnar sem munu njóta 50% af arðinum, þ.e. hluts ríkissjóðs í þessum arði. Þess vegna skil ég ekki hvernig fólk getur haldið því fram að það sé verið að hlunnfara almenning á Íslandi með þessari afgreiðslu og þá allra síst þá sem búa í hinum dreifðu byggðum. Ég segi já.

[14:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég lít svo á að með þessu samkomulagi sem hér hefur verið vitnað til hafi verið hrundið tilraunum borgarstjórnarmeirihluta R-listans til þess að ná til sín meiri fjármunum út úr Landsvirkjun heldur en að afkoma fyrirtækisins og eiginfjárframlög borgarinnar gefa tilefni til. Þar sem ég tel að Landsvirkjun muni eiga fullt í fangi með að greiða eðlilegan arð af því eiginfjárframlagi sem aðilarnir hafa lagt til fyrirtækisins þá tel ég að þessi breyting muni ekki hafa neina efnislega þýðingu og mun þess vegna greiða atkvæði með breytingunni.

Brtt. 561,2 felld með 44:8 atkv. og sögðu

já: GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GÁS, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, ÓÖH, RA, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á það að með hlíðstæðum hætti og borgarstjórn Reykjavíkur kýs fulltrúa sína til að fara með stjórn fyrirtækisins fyrir sína hönd þá kjósi Alþingi eins og gert hefur verið fulltrúa ríkisins til setu í stjórn Landsvirkjunar. Það er enn meiri þörf en ella vegna þeirra breytinga sem verið er að gera og hér hafa verið mjög til umræðu, m.a. um arðgreiðslu út úr fyrirtækinu á afar hæpnum forsendum, að fulltrúar almennings í gegnum kjörna þingmenn komist að stjórn fyrirtækisins, að Alþingi geti haft eftirlitshlutverki að gegna hvað varðar þetta fyrirtæki og það er enn fráleitara í ljósi þess sem birst hefur í baktjaldasamningum svokallaðra eigenda að láta iðnrh. fá vald til þess að tilnefna einan og eigin hendi fulltrúa ríkisins inn í þessa stjórn. Ég mótmæli því harðlega, herra forseti, að Framsfl., að einhver framsóknarklíka, fari að stjórna Landsvirkjun, nóg er nú samt. Og ég skora á menn að styðja þessa tillögu, tryggja þannig eftirlitshlutverk Alþingis, möguleika Ríkisendurskoðunar (Forseti hringir.) í gegnum stöðu Alþingis og að aftra þeirri afturför í lýðræðislegu tilliti sem það auðvitað er að ráðherra, sem hefur ekki sýnt sig vera treystandi fyrir þessum hlutum, fari einn að skipa stjórnina.

3. gr. samþ. með 44:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

2 þm. (GÁS, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, ÓÖH, RA, SP) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, GuðrS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GÁS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

Brtt. 468,1 kölluð aftur til 3. umr.

7. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GuðrS, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (BirnS, GÁS, GGuðbj, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

Brtt. 561,3 felld með 32:9 atkv. og sögðu

já: GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BirnS, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GÁ, GMS, HÁs, HBl, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gerð úrslitatilraun til að tryggja það markmið sem menn þykjast hafa í þessu máli, og er hér flutt tillaga sem er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Við efnismálsgrein 8. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Við verðákvarðanir skal fylgja þeirri stefnu sem kveðið er á um í samningi eignaraðila um breytingu á sameignarsamningi aðila frá 28. október 1996."

Ég tel það satt að segja alveg ótrúlega meinbægni ef ekki má í þessari grein vitna í sameignarsamning eignaraðila sem menn í orði kveðnu eru að hæla eins og hæstv. iðnrh., og hv. formaður Alþfl. gengur sérstaklega fram í að hæla í þessari atkvæðaskýringu. Það er því athyglisvert ef stjórnarliðið telur sig nauðbeygt til að hafna tillögu af þessu tagi. En enn þá sérkennilegra er það, herra forseti, ef stjórnarandstæðingar sjálfviljugir ganga undir það jarðarmen.

8. gr. samþ. með 42:8 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

4 þm. (BirnS, GÁS, GGuðbj, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir að Þjóðhagsstofnun fjalli um gjaldskrárákvarðanir Landsvirkjunar. Með þessu ákvæði, eins og það lítur út hér, er verið að taka ákvörðun um að verðlag frá fyrirtækinu verði ákveðið af fyrirtækinu einu án eftirlits frá nokkrum aðila. Það er alveg ótrúlegt að menn skuli fallast á slíkt eins og staðan er í þessum málum og þess vegna greiði ég atkvæði, og við, gegn þessari grein.

[14:18]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Menn munu verða þess áskynja á eftir þegar frhnál. verður lagt fram að lokinni þessari atkvæðagreiðslu að á þessum þætti er tekið þar. Þar er skýrt tekið fram að Samkeppnisstofnun á að koma að þessu máli og það veit reyndar hv. þm. Svavar Gestsson.

Brtt. 468,2 kölluð aftur til 3. umr.

9. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (DO, EOK, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, RA, SP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (DO, EOK, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, LMR, RA, SP, SvanJ) fjarstaddir.

Tilkynning um dagskrá.

[14:20]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um framhald fundarins í dag að samkvæmt samkomulagi verða næstu mál rædd til kl. 5 í dag, en þá verður settur nýr fundur og Landsvirkjunarfrv. tekið til 3. umr.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla frumvarps um Landsvirkjun.

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka fram að við erum engir aðilar að samkomulagi um það að þessi mál verði tekin fyrir með þeim hætti sem hæstv. forseti lýsti. Okkur er hins vegar ljóst að hæstv. forseti ræður fundahöldunum og þannig standa þau mál. Okkur er ljóst að 3. umr. um Landsvirkjun á að hefjast kl. 5 í dag. Það er bersýnilegt að þá umræðu verður að hefja með því að leitað verði afbrigða og við munum ekki styðja þau afbrigði. Stjórnarflokkarnir hafa hér meiri hluta væntanlega og munu þá tryggja það að málið geti komið til 3. umr. Þetta vil ég taka fram til að koma í veg fyrir misskilning.

Í öðru lagi vil ég taka fram að mér er það nokkurt umhugsunarefni að hér var að ljúka 2. umr. og atkvæðagreiðslu um mikilvægt frv. sem hefur verið til meðferðar um skeið og afstaða þingheims byggðist á máli sem er leyniplagg og hefur aldrei sést. Er það ekki í raun og veru mjög sérkennilegt, hæstv. forseti? Vegna þess að í rauninni er það þannig að Alþingi á að fara fram í heyranda hljóði til að þjóðin geti fylgst með því sem gerist, en hér taka menn afstöðu út frá plöggum sem ekki hafa sést á borðum þingmanna. Ég vil beina því til hæstv. forseta og forsn. hvort ekki er nauðsynlegt að þessi vinnubrögð verði skoðuð almennt burt séð frá þessu máli því ég tel að vinnubrögðin áðan brjóti í bága við það grundvallaratriði þingræðisins að kjósendur fái að fylgjast með því á hvaða forsendum þingmenn taka afstöðu til mála.

[14:22]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér lá þingmönnum eðlilega mikið á hjarta í sambandi við afgreiðslu þessa máls og mjög margir notuðu rétt sinn til atkvæðaskýringa. Það er afar eðlilegt. En mér hefur, virðulegur forseti, oft verið hugsað til þess að svo virðist sem þingsköp séu túlkuð þannig að menn geti brugðist við í atkvæðaskýringum hver við annars afstöðu. Menn eru að biðja um orðið varðandi atkvæðaskýringar þegar kannski tíu eru búnir að gera grein fyrir atkvæði sínu, þá dettur einum hv. þm. í hug að hann þurfi nú að svara fyrir sig út frá því sem fram kemur í atkvæðaskýringu. Þetta hefur gerst allítrekað en mér finnst í rauninni að kominn sé tími til að menn staldri við í sambandi við þessa túlkun á þingsköpum.

Þegar þingsköpin voru endurskoðuð 1991 var um þetta rætt í forsætisnefnd sem ég átti sæti í og hvernig með skyldi fara í sambandi við atkvæðaskýringar sem þá voru til endurnýjaðrar umræðu að því er þingsköpin varðaði. Það var sammæli manna í forsætisnefnd þingsins þá að menn hlytu að biðja um að flytja atkvæðaskýringu þegar tilkynnt væri að gengið yrði til atkvæða um viðkomandi grein þannig að ekki upphæfust almennar umræður þar sem menn væru að svara hver öðrum í atkvæðaskýringu. Mér finnst þetta ekki ganga upp og ég hef hvergi á ráðstefnu eða þingum, þar sem menn hafa rétt til atkvæðaskýringa, reynt það að þannig væri með farið eða þessi háttur viðhafður.

Ég vil biðja hæstv. forseta að íhuga þetta mál í tilefni þess sem hér fór fram. Einnig má finna dæmi í mörgum tilvikum á þessu þingi sem ég hef tekið eftir og hef ég raunar setið á mér að koma ábendingum og mínum sjónarmiðum hvað þetta snertir á framfæri þar til nú. Ég hef hins vegar gert það fyrr á þingum og get vísað til þess. Er þá þarflaust af minni hálfu að hafa fleiri orð uppi um þetta en þetta var mjög áberandi í þeim atkvæðaskýringum sem fóru fram áðan.

[14:25]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill vegna þessara orða taka undir með hv. þm. að svör við atkvæðaskýringum annarra eiga auðvitað ekki að tíðkast. Það er alveg rétt og forseti mun reyna að gæta þess framvegis að þeir sem vilja gera grein fyrir atkvæði sínu geri viðvart strax og atkvæðagreiðsla hefst en ekki síðar, þ.e. eftir að aðrir þingmenn hafa gert grein fyrir atkvæði sínu.

Forseti vill líka taka fram að hann var að vísa til samkomulags sem gert var í gær um framhald þingstarfanna í dag en í því samkomulagi fólst að sjálfsögðu ekkert um afstöðu einstakra þingmanna til málsins.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forseti rökstyðji það hvers vegna þörf er á slíkum asa við afgreiðslu þessa máls. Fyrir okkur hv. þingmenn, sem ekki eigum þess kost að vera svo gæfusamir að sitja á hinum sérstöku samkomulagsfundum, þá finnst mér skorta öll rök fyrir því að það þurfi í miðri þingviku við þær aðstæður sem uppi eru almennt í þingstörfunum að grípa til afbrigða til að koma þessu máli til 3. umr. og jafnvel atkvæðagreiðslu, ef það er ætlunin, á einum og sama sólarhringnum. Mér sýnist þvert á móti að allt sem hér hefur komið fram í málinu t.d. í dag um leynisamkomulag, sem er lagt til grundvallar afstöðu manna en má þó ekki segja frá og fleira í þeim dúr, kalli nú frekar á hið gagnstæða, að mönnum gefist einhver tími milli umræðna til að athuga málið. Það væri lágmark að iðnn. tæki þetta mál aftur til sín og þetta samkomulag yrði gert opinbert og lægi fyrir í einn sólarhring eins og önnur þingskjöl, eða hvað? Er þetta ekki grundvallarplagg í málinu? Það hefði því auðvitað átt að birtast í nefndaráliti og liggja hér fyrir. Ég óska eftir því að hæstv. forseti upplýsi hvað liggur á í málinu. Eru einhver ósköp að gerast í nótt eða á morgun sem kalla á að hraða verði málinu? Eða eru það eingöngu pólitísk rök eða ástæður sem ráða því að forseti velur að standa svona að málum? Er þrýstingur frá hæstv. ríkisstjórn, sem finnst óþægilegt að hafa það opið og pínir fram að svona sé að verki staðið?

Ég mótmæli þessu, herra forseti. Ég tel þetta óeðlileg vinnubrögð, ég verð að segja það. Ég hefði talið að forseti ætti við þessar aðstæður að skoða hug sinn. Hvað sem líður einhverju sem sagt var í gær í ljósi nýrra aðstæðna sem uppi eru í dag væri eðlilegast að þessi umræða færi ekki fram og mönnum gæfist meiri tími til að skoða málið.

[14:28]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vísar eingöngu til samkomulags sem gert hefur verið og getur reyndar vísað til umræðna sem fóru fram fyrir jólahlé. Forseti er ekkert að gera annað en leggja sitt af mörkum til þess að staðið verði við samkomulag sem gert hefur verið.

[14:28]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég geri engar athugasemdir við framgang málsins og tímasetningu 3. umr. Ég tel hins vegar ástæðu til að fara nokkrum orðum um það sem hér hefur verið rætt um þ.e. framlagningu þingskjala, með öðrum orðum, starfsemi þessa þings.

Mér brá óneitanlega dálítið í brún þegar langt var liðið á atkvæðagreiðslu við 2. umr. þegar þær upplýsingar bárust af hálfu formanns iðnn., hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, að vissulega lægi þetta frhnál. fyrir og þessu leyndarskjali, sem ekki má tala um fyrr en kannski einhvern tímann á eftir, yrði dreift strax að aflokinni þeirri atkvæðagreiðslu. Sennilega er það komið fram í hliðarsal núna. Ég spyr, virðulegi forseti: Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvað var það sem kom raunar í veg fyrir að frhnál. gæti legið fyrir 2. umr.? Var það á þvers við þingsköp? Nei. Hvað lá þá eiginlega að baki?

Vegna orða hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur áðan um að þessi mál hafi verið til umfjöllunar í þingflokki jafnaðarmanna. Jú, vissulega, í trúnaði. En þar var þessu plaggi ekki dreift og auðvitað er enginn bragur á því að hér séu menn að greiða atkvæði og jafnvel að skipta um skoðun á grundvelli yfirlýsinga sem má ekki tala um.

Virðulegi forseti. Þetta hlýtur forsn. og æðsta stjórn þingsins að fjalla eilítið um. Er þetta fordæmi sem við ætlum að ganga eftir í framtíðinni? Er þetta svona sem við viljum hafa það? Nei, segi ég. Ég held að við hljótum að draga ákveðinn lærdóm af því að svona göngum við ekki um dyr og ganga. Svona eigum við auðvitað ekki að standa að verki. Flóknara er það nú ekki, virðulegi forseti.

[14:31]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill nú leita samkomulags við hv. þm. um að gengið verði til umræðna um dagskrármálin í þeirri röð sem þau eru og menn geymi sér frekari umræðu um málefni Landsvirkjunar þar til það verður tekið fyrir til 3. umr. um kl. fimm í dag eins og forseti vill líta á að hafi verið samið um.

[14:31]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Auðvitað er það rétt og við gætum sparað okkur tímann og rætt þetta mál og gerum það ítarlega í dag og þá sjálfsagt í kvöld og eitthvað fram eftir nóttu. Ég kann bara ekki við að liggja undir því að hér hafi verið farið eitthvað óþinglega með þetta mál. Ég mótmæli því mjög eindregið. Ég vil taka það skýrt fram og mótmæla því sem hv. þm. Svavar Gestsson segir að hér séu menn með eitthvert leyniplagg sem þingmenn megi ekki sjá. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon víkur að einhverjum samkomulagsfundum. Ég frábið mér slíkt. Við afhentum þetta skjal sem trúnaðarskjal. Það fór ítarleg umræða fram um málið í þingnefnd og það hefur komið fram hér að þetta mál var kynnt í öllum þingflokkunum. Það var kynnt í öllum þingflokkunum. Einhver hefur verið svo vinsamlegur að koma síðan þessu skjali, sem var útbýtt sem trúnaðarskjali, til fjölmiðla þjóðarinnar. Menn geta velt því fyrir sér hver það hefur verið. Mér sýnist málið hafa verið sæmilega opnað. Það hefur einhver gengið svo rækilega frá.

[14:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil segja alveg eins og er (Gripið fram í.) við hv. 3. þm. Norðurl. v. að ég held að hann þurfi að skoða þessa hluti aðeins betur í sínum huga og rólegar en mér virðist hann vera fær um að gera á þessari stundu. Það sem menn eru að gagnrýna hér er það að verið er að taka ákvörðun um mikilvægt mál á grundvelli upplýsinga sem þjóðin má ekki sjá, sem er leyniskjal. Og það sem ég er að beina til hæstv. forseta er það að spyrja hvort ekki sé nauðsynlegt að forsetinn og forsn., eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson nefndi áðan, skoði sérstaklega hvort þessi vinnubrögð eru eðlileg. Ég er alveg sannfærður um að jafnsanngjarn maður og hv. formaður iðnn. viðurkennir það í huga sínum að óeðlilegt er að halda svona á málum.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, ekki gera neina athugasemd við það samkomulag sem hæstv. forseti kynnti hér áðan. Þó mér þyki það slæmt þá er það niðurstaða. Og af hverju varð sú niðurstaða? Það var vegna þess að Framsfl. og formaður þingflokks Framsfl. knúði á það af mjög miklu afli að þetta mál yrði gert að lögum í dag. Ég hef engin rök fyrir því og ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e.: Hvaða pólitísku rök eru fyrir því, hvaða efnislegu rök eru fyrir því að þetta mál verði að verða að lögum í dag eða á morgun? Þegar þessi mál voru rædd milli stjórnar og stjórnarandstöðu fyrir áramót var um það rætt að þessu máli yrði lokið í febrúarmánuði. Það var aldrei kveðið skarpar að orði um það, það er alveg ljóst. Þessir hlutir liggja því þannig að því hefur ekki enn þá verið svarað hver séu hin pólitísku rök fyrir því. Ég hlýt, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., að beina því til forseta að hann segi þingheimi hvað liggur á.

[14:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti ítrekar það sem hann hefur áður sagt að hann er að leggja sitt af mörkum til að staðið verði við þegar gert samkomulag. Hann vonar að hann þurfi ekki að fara út í frekari upprifjanir um út á hvað það samkomulag gekk.

Forseti fer enn á ný fram á að nú verði gengið til umræðna um dagskrármálin og frekari umræða fari síðan fram þegar málið verður tekið til 3. umr. Forseti vill svo aðeins segja það að gefnu tilefni að auðvitað er forsn. ævinlega reiðubúin til að ræða bætt vinnubrögð hér í þinginu. Forsn. er mjög *opin fyrir því og hlustar á gagnrýnisraddir sem hér koma* fram.

[14:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það rifjast upp fyrir mér núna að fyrir nokkrum vikum mótmælti forseti því að hér væri um að ræða það sem stundum er kallað framkvæmdarvaldsþing, þ.e. þing sem lætur undan kröfum ráðherranna. Ég get ekki skilið þá niðurstöðu sem hér er verið að komast að öðruvísi en svo að hér sé verið að halda framkvæmdarvaldsþing af því að það hafa engin rök komið fram úr þessum ræðustóli fyrir því að það sé nauðsynlegt að ljúka þessu máli. Hvaða rök eru fyrir því? Auðvitað er mér ljóst að stjórnarliðið getur ráðið þessu máli til lykta. En það hafa engin rök komið fram fyrir því að þessu máli verði að ljúka á þessum sólarhring. Ég skora á hæstv. forseta að greiða fyrir þingstörfum með því að svara þessum einföldu spurningum vegna þess að það að vitna í samkomulag sem gert var í gær breytir engu í þessu af því að það var tæknilegt samkomulag en ekki pólitískt samkomulag. (Gripið fram í.) Það var tæknilegt samkomulag, herra forseti, að því leyti að það var frá því gengið að 3. umr. um málið byrjaði kl. fimm í dag. Það varð niðurstaðan í gær. Hins vegar hefur því ekki verið svarað hvað liggur á. Kannski hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem loksins sést í þingsölum, geri þingheimi og kjósendum sínum grein fyrir því hvað liggur á að ljúka þessu skattamáli á kaupendur raforku í Norðurl. v. eins og annars staðar.

[14:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá vonar forseti að við getum lokið þessari umræðu um fundarstjórn forseta. Þeim lauk nú því miður á því að forseti braut sjálfur þingskapalög með því að gefa hv. þm. orðið í þriðja sinn. Forseti tók ekki eftir því og biðst velvirðingar á því.

Staða þjóðkirkjunnar, 1. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557.

[14:38]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska þess fyrir hönd þingflokks Samtaka um kvennalista að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Kristín Ástgeirsdóttir."

Þessi er réttur þingflokksins og verður ræðutími því tvöfaldur. En forseti tekur enn á ný fram að það er ekki nauðsynlegt að nýta tímann að fullu.

[14:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um stjórn stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarp svipaðs efnis var lagt fram á 118. löggjafarþingi í febrúar 1995, en náði ekki fram að ganga. Það frv. var samið af nefnd sem kirkjuráð skipaði í janúar 1993 til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á stjórnskipulegu sambandi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

Í júlí sl. skipaði ég nefnd til að vinna að lokaundirbúningi að framlagningu lagafrumvarpa um kirkjuleg málefni, sem verið höfðu til umfjöllunar á síðustu missirum á kirkjulegum vettvangi og fyrir Alþingi.

Í fyrsta lagi var um að ræða framangreint frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Í öðru lagi frumvarp til laga um veitingu prestakalla, sem lagt var fram á 120. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga, og í þriðja lagi var það hlutverk nefndarinnar að taka til skoðunar álitaefni þau er tengdust nýsamþykktum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og snertu skipun presta til starfa.

Framangreind nefnd lauk störfum í desember sl. Gerði hún nokkrar breytingar á því frv. sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar. Meginbreytingarnar frá fyrra frv. lúta að skipan kirkjuþings og skýrari ákvæði voru sett um úrskurðarnefnd. Þá ákvað nefndin að fella frumvarp til laga um veitingu prestakalla inn í þetta frumvarp, með þeim hætti að fela kirkjuþingi að setja reglur um veitingu prestakalla. Nefndin ákvað einnig að leggja til að ákvörðunarvald um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma yrði alfarið í höndum kirkjuþings. Nefndin taldi að með framangreindum hætti væri betur náð því markmiði að setja skýra rammalöggjöf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en í fyrra frv.

Samhliða starfi nefndarinnar áttu kirkjueignanefndir ríkis og kirkju í viðræðum með það fyrir augum að ná samkomulagi um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Samkomulag það sem kirkjueignanefndir ríkis og kirkju náðu á fundi 10. janúar sl. fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal.

Meginniðurstöður í þeim viðræðum voru þær að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum, skuli vera eign íslenska ríkisins og andvirði seldra jarða renna í ríkissjóð. Á móti mundi íslenska ríkið skuldbinda sig til að standa skil á launum tiltekins fjölda presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þar er gert ráð fyrir að ríkið greiði laun biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 presta og 18 starfsmanna biskupsstofu. Í umræddu samkomulagi er fyrirvari gerður um samþykki kirkjuþings og samþykki Alþingis á þessu frv. Í athugasemdum við 3. gr. frv. svo og V. og VI. kafla þess er að finna nánari skýringar á þessu samkomulagi.

Á aukakirkjuþingi sem haldið var 21.–23. janúar sl. var frv. þetta lagt fram ásamt samkomulagi kirkjueignanefnda ríkis og kirkju. Kirkjuþing samþykkti að gerðar yrðu nokkrar breytingar á frv. Hefur tillit verið tekið til allra þeirra breytingartillagna sem kirkjuþing samþykkti. Þá hafa verið gerðar smávægilegar breytingar í ráðuneytinu eftir að samþykkt aukakirkjuþings barst.

Í frv. því sem hér liggur fyrir er að finna veigamiklar breytingar á stjórnskipun íslensku þjóðkirkjunnar og á sambandi hennar við ríkisvaldið, enda þótt enn verði haldið þeim tengslum milli ríkis og kirkju, sem kveðið er á um í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Höfuðforsendur frv. eru sem hér segir:

Veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kalla á nauðsynlegar breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.

Þróun byggðar og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kalla á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.

Umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þurfi samband ríkis og kirkju kallar á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfrar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar.

Rétt þykir að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefur um langa hríð, enda mun aukið sjálfstæði og aukin ábyrgð efla hana til starfa og verða henni leið til aukins velfarnaðar með þjóðinni.

Hér er um rammalöggjöf að ræða sem tekur á mörgum helstu þáttum kirkjustarfsins, þar á meðal um stöðu og starfsemi embættismanna þjóðkirkjunnar, starfseiningar hennar og ýmsa þætti starfsemi hennar að öðru leyti. Í frv. er leitast við að kveða á um meginatriði íslensks kirkjuréttar með nútímalegri stjórnskipan í huga, þótt jafnframt sé byggt á grónum og gildum kirkjuhefðum, eftir því sem kostur hefur verið miðað við hina nýju skipan á stjórn kirkjumála.

Ef frv. þetta verður að lögum, verður sú breyting á að kirkjuþing fær vald til þess að fylla út í rammann og setja starfsreglur um fjölmarga þætti kirkjulegra málefna, án þess að atbeini hins háa Alþingis þurfi til að koma. Tekið skal fram að gert er ráð fyrir að margvíslegri löggjöf um afmörkuð kirkjuleg málefni frá ýmsum tímum er ætlað að standa jafnhliða hinni nýju meginlöggjöf, ef frv. þetta verður að lögum.

Tengsl ríkis og kirkju hafa um langan aldur verið náin hér á landi og voru þau staðfest með formlegum hætti í

stjórnarskránni frá 1874. Tengslin styrktust síðar með ýmsu móti, þó einkanlega árið 1907 þegar sú breyting komst á að ríkisvaldið tók að sér launagreiðslur til presta þjóðkirkjunnar, en segja má að þær hafi byggst á því að ríkið tók yfir vörslu kirkjueigna, og launagreiðslurnar byggðust á arði af eignarstofni kirkna landsins.

Þrátt fyrir þessi tengsl hefur íslenska þjóðkirkjan haft sjálfstæði í innri málum sínum, þ.e. hvað snertir guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingu og veitingu sakramenta.

Í ljósi umræðna á síðustu árum um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar, bæði á kirkjulegum vettvangi, einkum á kirkjuþingi, og í almennri umræðu, var orðið tímabært að taka tengslin til skoðunar eins og gert er í þessu frv. Ég hef beitt mér fyrir því að láta þjóðkirkjunni eftir aukið sjálfræði í margvíslegum málum, enda tel ég að sú þróun með þeirri ábyrgð, sem því fylgir, hafi tvímælalaust orðið til þess að efla starfsemi þjóðkirkjunnar í heild. Eigi verður séð að heppilegt að sé að slíta tengsl milli ríkis og kirkju, og ég hef talið affarasælla að láta þjóðkirkjunni eftir aukið svigrúm, jafnframt því sem styrkari stoðir verði reistar um stjórnkerfi hennar og stöðu hennar.

Frv. til laga um stjórn, stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar hefur verið til umfjöllunar á nokkrum kirkjuþingum og á prestastefnu 1994.

Ég mun nú víkja að helstu efnisatriðum frv. og greina frá nýmælum sem í því felast.

Í II. kafla frv. koma fram meginreglur um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar. Þar kemur fram höfuðstefnan um sjálfstæði þjóðkirkjunnar og þar er settur almennur rammi um hið aukna svigrúm hennar til að skipa málum sínum sjálf. Kirkjumálaráðherra fer eftir sem áður með tilsjónarvald með þjóðkirkjunni, skipar í embætti innan kirkjunnar, hefur tengsl við þjóðkirkjuna að því er varðar fjárlagagerð og veitir henni þann stuðning sem ríkisvaldinu ber að veita henni samkvæmt stjórnarskrá.

Í III. kafla frv. er fjallað um stjórnskipulag íslensku þjóðkirkjunnar, er tekur til embættismanna og starfsmanna hennar, stjórnarstofnana og starfseininga.

Í 11. og 12. gr. eru ákvæði um úrskurðar- og áfrýjunarnefnd, sem eru nýmæli.

Mikilvægt er talið að í lögum séu ákvæði sem kveða á um meðferð og úrlausn siðferðisbrota og agabrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Úrskurðarnefndinni er ætlað að fjalla um mál af þessu tagi, en þeim má síðan skjóta til áfrýjunarnefndar sem kveður endanlega upp úrskurð í viðkomandi máli. Gert er ráð fyrir að kirkjuþing setji starfsreglur um störf og málsmeðferð nefndarinnar en rétt þykir að lögfesta vissar grunnreglur stjórnsýsluréttar um málsmeðferð.

Þá er lagt til í 14. gr. frv. að sá af vígslubiskupunum sem eldri er að biskupsvígslu skuli ávallt vera staðgengill biskups Íslands. Óheppilegt þykir að því starfi sé skipt milli vígslubiskupanna tveggja.

Nánar er kveðið á um biskupafundi í 18. gr. frv., en samkvæmt henni skulu biskup Íslands og vígslubiskuparnir taka til umfjöllunnar kenninguna, helgisiði og helgihald áður en þau mál fara fyrir prestastefnu og einnig gera tillögur til kirkjuþings um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma.

Skipan kirkjuþings verður gjörbreytt frá því sem nú gildir. Í 20. gr. er lagt er til að hlutur leikmanna verði verulega aukinn. Í fyrsta lagi er lagt til að leikmenn verði tólf talsins og prestar níu talsins, eða samtals 21. Úr hverju kjördæmi komi einn leikmaður og einn prestur, en þess utan komi þrír leikmenn úr þremur fjölmennustu kjördæmunum, þ.e. Reykvíkurprófastsdæmi eystra, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Kjalarnesprófastsdæmi.

Þá er gerð sú veigamikla breyting að biskup Íslands, vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands og kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans hafi aðeins málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt á kirkjuþingi.

Enn fremur er kveðið á um að forseti kirkjuþings skuli vera kosinn úr röðum leikmanna á kirkjuþingi til fjögurra ára í senn, en samkvæmt gildandi lögum er biskup Íslands forseti þingsins. Hugmyndir um aukin völd kirkjuþings eiga mikið fylgi en ekki þykir rétt að fara of geyst í breytingar af þessu tagi. Betra þykir að þær komi fram í áföngum og að kirkjuþing fái færi á að móta starf sitt á næstu árum.

Eins og mönnum er kunnugt voru prestar lengstum ráðnir í almennum kosningum af söfnuðunum en eftir lagabreytingu árið 1987 hafa kjörmenn (sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra) valið presta. Sá valkostur er þó enn fyrir hendi að farið sé fram á almennar kosningar. Nokkur dæmi eru um að krafist hafi verið almennra kosninga. Ýmsir telja að þessum hópi ríkisstarfsmanna sé búin nokkur sérstaða því í reynd séu það eiginlega neytendur þjónustunnar sem ráða vali hans en ekki vinnuveitandinn. Einn liður í því að styrkja og auðvelda val á presti er í því fólginn að sett verður á fót svokölluð stöðunefnd, skv. 37. gr. frv., sem ætlað er að meta hæfni umsækjenda til prestsþjónustu. Mun hún raða umsækjendum í númeraröð eftir hæfni.

Mörg sjónarmið eru uppi um veitingu prestsembætta. Nefndin sem samdi frv. varð sammála um að leggja til, eins og fram kemur í 39. gr. frv., að hafa þann hátt á að fyrst skuli prestur fá setningu í starf í eitt ár, en að þeim tíma liðnum skuli hann skipaður í starfið ótímabundið nema meiri hluti kjörmanna óski þess að starfið skuli auglýst að nýju. Þingvallaprestur skal þó skipaður til fimm ára í senn. Á aukakirkjuþingi í síðasta mánuði var töluverður meiri hluti fylgjandi þessu ráðningarfyrirkomulagi en nokkur hópur taldi ástæðulaust að hafa sérstakt ráðningarform fyrir presta og að almenni fimm ára skipunartíminn gæti alveg eins gilt um þá.

Prestar eru að sönnu ráðnir með sérstökum hætti og að því leyti öðruvísi settir en aðrir embættismenn. Ríkisstjórnin kaus að flytja málið með þessari sérstöku reglu varðandi presta með vísan til þessarar sérstöðu. Jafnframt var litið til þess að líklegast var talið að um þá skipan yrðu ekki verulegar deilur innan kirkjunnar. Mér er hins vegar ljóst að ýmsir þingmenn telja rétt að litið verði fram hjá þessari sérstöðu og ein og sama regla verði látin gilda um skipun presta og annarra embættismanna.

Í 49. gr. frumvarpsins er lagt til að kirkjuþing setji alfarið sjálft starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Ríkisvaldið telur ekki rétt að gera neinn áskilnað um að tiltekinn fjöldi prestsembætta skuli vera í stiftunum eða að prestsembættin verði flokkuð með öðrum hætti. Það er vilji ríkisvaldsins að kirkjuþing fái fullt og óskorað vald til þess að skipa þessum málum með starfsreglum sem samþykktar eru á kirkjuþingi. Er þetta m.a. í samræmi við niðurstöður viðræðunefnda ríkis og kirkju um kirkjueignir. Framvegis er Alþingi því ekki ætlað að fjalla um sameiningu sókna, niðurlagningu eða flutning prestakalla eða sóknarmörk, heldur er það á verksviði kirkjuþings. Heildarfjöldi presta er ákveðinn í 61. gr. frv. og það verður á valdi kirkjuþings að nýta þann

sveigjanleika til þess að hagræða og skipa þeim þeim fjölda til starfa eftir því hvað hentugast þykir hverju sinni.

Í 60. gr. frv. er mælt fyrir um að kirkjuþing setji starfsreglur um hin margvíslegustu málefni kirkjunnar en víða í frumvarpinu er að finna ákvæði sem kveða á um að þessu eða hinu atriðinu skuli skipað með starfsreglum. Miðað er að því að starfsreglurnar komi í stað löggjafar, sem Alþingi hefur fram til þessa sett, og að með þessu móti verði sjálfstæði kirkjunnar aukið verulega. Þó að sú grein sé ekki margorð felur hún í sér meginstefnu frumvarpsins. Hún hefur að geyma heimildir kirkjunnar til að skipa með eigin samþykktum ýmsum málum sem Alþingi hefur ráðið með löggjöf fram til þessa. Aukið sjálfstæði kirkjunnar kemur því gleggst fram í þessari grein.

Í 61. gr. er kveðið á um þann fjölda starfsmanna sem samkomulag hefur tekist um í viðræðum kirkjueignanefndar ríkis og kirkju, að ríkið skuldbindur sig til að annast launagreiðslur til. Sett er viðmiðun um fjölda presta og starfsmanna á biskupsstofu ef meðlimum þjóðkirkjunnar fækkar eða fjölgar. Nefndirnar náðu samkomulagi í janúar 1997 en það felur í sér að ríkið verður formlegur eigandi allra kirkjujarða, að frátöldum prestssetrum, og rennur andvirði seldra jarða í Jarðasjóð. Í þeim grunni skuldbindur ríkið sig til að standa skil á launum til presta og annarra starfsmanna eins og þar er greint frá. Eins og fram kemur í 4. gr. samkomulagsins líta aðilar svo á að þetta samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu feli í sér fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við 1907. Samkomulag þetta var gert með fyrirvara um samþykki Alþingis og kirkjuþings á frv. þessu. Kirkjuþing féllst á samkomulagið á aukakirkjuþingi í janúar sl. með smávægilegum orðalagsbreytingum og hefur texta lagagreina verið breytt í samræmi við þá breytingu.

Samþykkt þessa frumvarps mun marka veruleg þáttaskil í sögu þjóðkirkjunnar. Þar fer saman aukið sjálfstæði og meiri ábyrgð. Stjórnskipulegum tengslum ríkis og kirkju er á hinn bóginn haldið. Það er í samræmi við hlutverk kirkjunnar í þjóðfélaginu, sögulega og menningarlega arfleifð.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:53]

Útbýting þingskjala:

Landsvirkjun, 175. mál, frhnál. meiri hluta iðnn., þskj. 595; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 596.

Notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans, 327. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 591.

[14:54]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þann 23. janúar sl. birtist grein eða frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: Ríkið greiðir laun presta og eignast jarðirnar. Það samkomulag sem þar er sagt frá er nú komið inn í þingið í formi þess frv. sem nú er til umræðu. Í þessari frétt segir, m.a.:

„Íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa gert með sér samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Samkomulagið felur í sér að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir, að prestssetrum frátöldum, verða eign íslenska ríkisins og rennur andvirði jarðanna í ríkissjóð. Ríkið skuldbindur sig á móti að greiða laun biskups Íslands og vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsembættisins. Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar."

Til samanburðar er mjög fróðlegt, ekki síst vegna þess að hér er við völd ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., að skoða samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna frá 13.–15. ágúst 1993. Þessi samþykkt er birt í fréttabréfi samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju sem kom út í október 1996. Í samþykkt ungra sjálfstæðismanna segir m.a.:

„Bundinn verði endi á tengsl ríkis og kirkju.

Ríkið afhendi kirkjunni þær eignir kirkjunnar sem ríkið hefur haft forsjá um.

Innheimta sóknargjalda verði fyrst um sinn áfram í höndum ríkisins.

Lög um helgidagahald verði felld úr gildi.

Sérstakri gjaldtöku á þá sem standa utan trúfélaga verði hætt."

Hér er greinilega himinn og haf á milli þess sem ungir sjálfstæðismenn samþykktu og þess sem fram kemur í þessu frv. og að því leyti má segja að efni frv. komi verulega á óvart. Ekki síst í ljósi skoðanakannana frá því í maí árið 1993 til júlí 1996 sem allar sýna að meiri hluti íslensku þjóðarinnar virðist vera hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju. Það voru 55,5% í maí 1993 sem voru þeirrar skoðunar, tæp 62% í ágúst 1994, 63,3% í febrúar 1996 og rúm 58% í júlí 1996.

Í könnun Gallups sem birt er í fréttabréfi SARK, Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju, í október 1996 kemur fram að 61,5% höfuðborgarbúa eru hlynntir aðskilnaði ríkis og kirkju en 52,7% landsbyggðarbúa. Sama könnun sýnir að 79% ungs fólks á aldrinum 18–24 ára eru hlynnt aðskilnaði ríkis og kirkju en rúm 34% þeirra sem eru 55 ára og eldri. Það er athyglisvert að í þessum könnunum kemur ekki fram munur á afstöðu karla og kvenna til aðskilnaðar ríkis og kirkju.

Herra forseti. Ástæða þess að ég dreg þessa könnun hér fram er að ég furða mig nokkuð á því frv. sem hér er til umræðu, m.a. vegna þess að mér virðist ekki vera horfst í augu við þessa þróun heldur er eins og kirkjan, sem vissulega hefur átt nokkuð erfitt uppdráttar í þjóðfélaginu að undanförnu, vilji hlaupa í skjól til ríkisins varðandi launagreiðslur og er tilbúin að afsala sér endanlega öllum landareignum sínum í staðinn.

Þetta er kannski ekkert undarlegt eins og ég sagði áðan í ljósi umræðunnar að undanförnu, en ég spyr hvort þessi viðbrögð séu eðlileg og þá um leið hvort þetta sé besta leiðin í stöðunni til þess að styrkja stöðu kirkjunnar sem ég er vissulega fylgjandi. Ég er bara alls ekki sannfærð um að þetta sé leiðin til þess. Ég tek það fram að ég er að draga þetta fram vegna þess að ég er kristin manneskja sjálf og vil stöðu kirkjunnar betri en hún er en ég er ekki sannfærð um að þetta frv. sé besta leiðin til þess. Ég er hlynnt auknu sjálfstæði kirkjunnar og auknum áhrifum sóknarbarna hennar og sóknarnefnda á starfsemi kirkjunnar. Ég sit í samstarfsnefnd Alþingis og kirkju og fékk á fundi nýlega nokkra yfirferð um þetta mál. Þar kom m.a. fram að það hafi verið ósk kirkjunnar manna í upphafi að hér yrði aðeins um rammalöggjöf að ræða í stað þess frv. sem hér er til umræðu sem er satt best að segja ótrúlega smásmugulegt og farið út í mjög mikið af smáatriðum sem að mínu mati ættu ekki að vera ákvörðun Alþingis heldur kirkjunnar sjálfrar eins og kom fram á áðurnefndum fundi.

Þó að hæstv. ráðherra hafi farið ítarlega í efni frv. þá vil ég, herra forseti, gera nokkrar greinar frv. sérstaklega að umtalsefni og þá í fyrsta lagi 1. gr. frv., en þar stendur:

„Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna."

Í greinargerð er vísað í stjórnarskrána en í henni kemur fram að lúterska kirkjan eigi að vera þjóðkirkja og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda og þessu megi breyta með lögum. Mér virðist sem sagt að í frv. sé verið að hnykkja enn meira á þessu og gera skyldur ríkisins ákveðnari en nokkurn tíma kemur fram í stjórnarskrárákvæðinu.

Síðan segir í 3. gr. að íslenska ríkið greiði þjóðkirkjunni árlegt framlag. Og sú stefna sem ég nefndi áðan og nefnd er í áðurnefndri Morgunblaðsgrein er ítrekuð bæði þarna framarlega í frv. og svo aftur í síðustu greinum frv.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á greininni um biskupskosningu sem er reyndar skammt undan í þjóðfélaginu, en í frv. er tekið fram í 8. gr. að kirkjuþing setji reglur um kosningu biskups Íslands. Þetta er breyting. Hingað til hafa verið í gildi lög um biskupskjör og reyndar er til umræðu síðar á fundinum tillaga um breytingu á því frv. Það gefur til kynna að hugsanlega nái þetta frv. ekki fram að ganga núna og þá verði að vera skýrt hvaða reglur gilda um biskupskjörið fram undan. Mér virðist því á þessari greinargerð og hinu frv. að það sé búist við því að þetta frv. renni ekki alveg í gegn. (**Dómsmrh.:** Það er út af gildistökuákvæðunum, hv. þm.) Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það. Það eru gildistökuákvæðin sem hann segir að sé ástæðan. En alla vega vil ég vekja athygli á því og þarna er verið að taka vald til kirkjuþings sem ég í sjálfu sér fagna, þ.e. verið að færa vald frá Alþingi til kirkjuþings.

Það eru ýmis fleiri jákvæð atriði í þessu frv. og má alls ekki skilja orð mín svo að ég telji að þetta sé alvont frv. Þá vil ég sérstaklega nefna 11. og 12. gr. frv. Báðar greinarnar fjalla um kirkjuaga og lausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi. 11. gr. fjallar um úrskurðarnefnd og hin 12. um áfrýjunarnefnd. Ég fagna 11. gr. alveg sérstaklega því að þarna sýnist mér að geti orðið vísir að einhvers konar farvegi sem ég hef mikið mælt fyrir á opinberum vettvangi að komið verði upp til þess að taka á ýmsum ágreiningsmálum, m.a. málum af þeim toga sem mikið voru í umræðunni á sl. ári um kynferðislega áreitni. En í 11. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Nú rís ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot og getur þá hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd sem biskup Íslands skipar til fjögurra ára í senn.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn tilnefndur af leikmönnum á kirkjuþingi og einn af prestastefnu. Formaður skal skipaður án tilnefningar og sé hann löglærður."

Ég vil aðeins bæta inn, herra forseti, eins og ég kem að nánar síðar í ræðu minni, að ég mæli eindregið með því að í þessari nefnd verði a.m.k. ein kona.

Síðan er áfrýjunarnefnd sem tekur við sem er skipuð samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og það er hægt að áfrýja niðurstöðum úrskurðarnefndar til hennar.

Þetta tel ég mjög góðar greinar og vel að verki staðið og ég er sannfærð um að ef þær hefðu verið til á undanförnum árum hefði mátt taka markvissar á ýmsum þeim málum sem hafa verið að herja á kirkjuna.

Kirkjuþing fær aukið vægi í frv. og ég fagna því út frá þeirri meginforsendu að kirkjan eigi að vera sjálfstæðari um sín mál. En ég vek þó athygli á því að það eru einungis tólf leikmenn sem eiga sæti á kirkjuþingi og mér finnst það nokkuð fátt og vildi gjarnan, hvort sem það er með þessari grein eða almennt, auka vægi safnaða og safnaðarnefndarmanna, leikmanna innan kirkjunnar, ekki síst til þess að það verði meiri samhljómur á milli þjóðarinnar og hvað fólk vill og þess starfs sem á sér stað í þjóðkirkjunni.

Ég vil aðeins, herra forseti, koma inn á 39. gr. sem fjallar um val á prestum og láta það koma fram að mér heyrist að verulegur ágreiningur sé um það að fyrst eigi að setja prest til eins árs, eins og kemur fram í þessu frv., og síðan að skipa hann ótímabundið. Ég tel að það geti ríkt meiri sátt um það að prestar verði skipaðir til fimm ára og mæli með því að þetta ákvæði verði kannað sérstaklega í allshn.

Í 46. gr. er sérstaklega fjallað um djákna, sem er ný kvennastétt, ekki kannski alveg 100% kvennastétt en hlutfallslega margar konur virðast sækja í þá stétt. Þetta er ný þjónustustétt innan kirkjunnar og ég hef nokkrar áhyggjur af því að hagur hennar verði ekki tryggður nægilega vel, t.d. varðandi kosningarrétt þeirra inn á kirkjuþing. Ég tel að það verði að huga betur að stöðu þessarar stéttar innan kirkjunnar, að tryggja stöðu hennar betur en kemur fram í frv.

Síðan eru það lokagreinar frv., 61.–63. gr., sem fjalla um það að greiða eigi prestum laun, eins og getið var um í áðurnefndri blaðagrein, gegn því að kirkjan gefi upp eigur sínar endanlega sem vissulega á sér langa sögu, eins og fram kemur í greinargerð, og þá aðallega með samþykkt við ríkið frá 1907. Ég hef miklar efasemdir um þetta, ekki síst í ljósi þess hver framtíðartengslin verða á milli ríkis og kirkju. Ég er alls ekki sannfærð um að það sé rétt að ríkið taki allar eigur kirkjunnar til sín. Ég held að það væri skynsamlegra, eins og kom fram í greinargerð ungra sjálfstæðismanna, að kirkjujörðunum verði jafnvel skilað til baka og að kirkjan verði hvött til þess að standa betur á eigin fótum.

Það er mitt mat, herra forseti, að þjóðkirkjan nái ekki nægilega vel til fólksins í landinu og ég er alls ekki sannfærð um að þetta frv. verði til þess að það ástand batni. Ég vil enn og aftur sjá aukið sjálfstæði kirkjunnar á öllum sviðum og að kirkjuþing ákveði með starfsreglum margt af því sem Alþingi er ætlað að ákveða. Ég mæli því með því að þetta mál verði vandlega yfirfarið í hv. allshn. þar sem ég á sæti og fleiri þættir málsins verði skoðaðir. Ég hefði gjarnan viljað sjá rammalöggjöf með auknu frjálsræði til kirkjunnar. Ég tel að það hefði verið meira í takt við tímann að leikmenn og sóknarnefndir og fulltrúar almennings yrðu það lýðræðisafl eða gegndu því hlutverki sem Alþingi gegnir nú.

Virðulegi forseti. Ég hef gert það að umræðuefni að ég telji að þetta frv. sé ekki alveg í takt við vilja þjóðarinnar ef marka má skoðanakannanir um aðskilnað ríkis og kirkju og að ég telji að kirkjan þurfi að taka sín mál til gaumgæfilegrar athugunar í þeim tilgangi að ná betur til fólksins í landinu, en eins og við vitum eru yfir 90% landsmanna skráðir í þjóðkirkjuna.

Ég er sammála því sem fram kemur í greinargerð að það sé líklega minni ágreiningur nú um grunngildi kristinnar trúar, að það séu færri sem efist um þau o.s.frv. heldur en oft áður og þess vegna held ég að á vissan hátt megi sjá meiri sátt um grundvallaratriði kristinnar trúar en oft áður. Þrátt fyrir það hefur kirkjan sem stofnun verið gagnrýnd mikið að

undanförnu og ekki síst af konum sem margar hverjar hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni.

Þó að konum hafi fjölgað mikið í stétt presta þá virðast þær eiga mjög erfitt uppdráttar innan kirkjunnar eins og í flestum öðrum karlaveldum. Kvennaguðfræði á nú vaxandi fylgi að fagna og vil ég, herra forseti, nefna það hér að það er einlæg ósk þeirrar sem hér stendur að kvennaguðfræðingar komist til meiri virðingar innan kirkjunnar því að ég hef trú á því að þeim geti tekist að kristna fleiri konur, gera fleiri konur virkar í kirkjunni. Á það hefur verið margbent í könnunum að foreldrar viðhalda kristinni trú í gegnum bænina og þar eru mæður mjög oft virkari en feður. Ég get því ekki séð þess neins staðar stoð í þessu frv. að það beri að efla stöðu kvenna innan kirkjunnar og væntanlega er það vettvangur kirkjuþings að gera það.

Ég get ekki skilið við þetta mál, herra forseti, öðruvísi en þó að mótmæla að í þeirri nefnd, sem hefur verið skipuð til þess að undirbúa 1000 ára afmæli kristnitökunnar á Íslandi, skuli eingöngu sitja karlmenn. Sú nefndarskipan er hneyksli og ég verð að segja, herra forseti, að þó að á það hafi verið bent að fyrir nokkrum árum hafi konur gegnt mörgum þessara starfa, þá er það alveg ljóst að þannig er það ekki núna. Það hefði vel verið hægt að skipa nefndina öðruvísi þó að það séu auðvitað allt saman stórbrotnir einstaklingar sem þarna sitja. Þetta er algjört hneyksli og sýnir enn og einu sinni að kirkjan á mjög langt í land með að átta sig á að hún á að vera kirkja allra landsmanna.

[15:17]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þingflokki Samtaka um kvennalista fyrir það að óska eftir því að tíminn yrði lengdur í þessari umræðu því að hér er stórmál á ferðinni sem er full ástæða til þess að ræða í dálítinn tíma. Mér finnst ekkert að því að svona mál fái ítarlega umræðu vegna þess að hérna er komið að grundvallaratriði í þjóðfélagi okkar bæði menningarlega, félagslega, trúarlega og sögulega þannig að málið á skilið að fá rækilega umfjöllun og ég tel ástæðu til að þakka sérstaklega fyrir það.

Áður en lengra er haldið vil ég víkja að einu atriði sem fram kom í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur sem dæmi um það hvað menn eru ótrúlega seinheppnir þegar kemur að málefnum kirkjunnar og kristinni trú hér á Íslandi og það er að ekki virðist hafa runnið upp fyrir mönnum og yfirvöldum á Íslandi að konur urðu einnig kristnar árið 1000. Það er greinilega ætlunin, ef marka má skipan sérstakrar hátíðarnefndar um það efni, að halda eingöngu upp á kristnitökuafmæli karla. Það væri kannski full ástæða til þess að fara aðeins nánar yfir það með mönnum hvort þeir telji að konur breyti kannski engu í þessu dæmi. Ég hugsa að það sé ekki þannig. En þetta er svo fráleitt og út úr öllu korti við þá almennu hugsun sem er ríkjandi og viðurkennd núorðið á Íslandi, seint á þessari öld, að það tekur satt að segja engu tali. Ég vil því beina því til hæstv. dóms- og kirkjumrh. að láta svo lítið að koma því á framæri við þessa hátíðarnefnd að hún geri sér grein fyrir því að konur tóku einnig kristna trú svona að jafnaði árið 1000, mjög margar, og hafa starfað í þessum trúflokki ekki síður en karlar alla þessa tíð og eiga virðingu skilið. Mér finnst þetta virðingarleysi við konur. Ég vil því nota tækifærið til að taka undir orð hv. 19. þm. Reykv. og ég vil mótmæla þessu. Mér finnst þetta satt að segja fyrir neðan allar hellur. Og þegar ég sá eitthvert svar í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum frá manni, sem ég hygg að sé ritari þessarar nefndar, sem afsakar samsetningu afmælisnefndarinnar með því að það séu eingöngu karlar í þeim embættum sem þarna eiga aðild að, þá er það engin afsökun. Og það er satt að segja svo fráleitt að láta sér detta það í hug að bera það fram sem afsökun í ræðu eða riti að það segir kannski meira um ástandið á kirkjunnar feðrum heldur en margt annað. Ég nota því þetta tækifæri, hæstv. forseti, til að mótmæla þessu og skora um leið á hæstv. kirkjumrh. að beita sér fyrir því að þessari ósvinnu verði breytt.

Ég vil síðan koma að einu almennu atriði varðandi aðkomuna að þessu máli áður en ég fer yfir örfá efnisatriði sem ég hef því miður ekki tíma til að ræða í einstökum atriðum. Og varðandi aðkomuna ætla ég að segja það að ég skil ekki af hverju nefndin sem undirbjó málið á vegum ráðuneytisins þurfti endilega að vera skipuð eins og hún er skipuð. Ég skil ekki af hverju ekki máttu koma að þessu verki þingmenn úr stjórnarandstöðuflokkum. Það er eins með stjórnarandstöðuna og kvenfólkið. Stjórnarandstaðan hefur iðulega komið við sögu í sögu kirkjunnar á Íslandi. Og það vill svo til með stjórnarandstöðuna að hún má t.d. koma í kirkjur í landinu. Hún er í söfnuðum og safnaðarstjórnum og ég hugsa að jafnvel einn og einn prestur sé á móti ríkisstjórninni. Það getur vel verið, þeir eru frjálsir að því, skilst mér. En þegar hæstv. dómsmrh. skipar nefnd um þetta mál — stöðu og starfshætti íslensku kirkjunnar — þá má enginn stjórnarandstæðingur vera. Þetta er svo smátt í sniðum að tekur engu tali og ég er alveg gáttaður á hv. þm. Jóni Kristjánssyni og Hjálmari Jónssyni að taka sæti í nefnd upp á þessi býti. Mér finnst þetta satt að segja ekki við hæfi.

Um kirkjuna eiga menn að ganga þannig að það ríki um hana eins víðtæk sátt og mögulegt er ef menn á annað borð vilja tryggja hér þjóðkirkju. Ég hef skilið menn þannig að þeir vildu hafa hér þjóðkirkju. Ég hef ekki skilið menn þannig að þeir vildu hafa hér karlakirkju eða stjórnarflokkakirkju. Þess vegna tel ég ástæðu til að mótmæla þessari þröngu sýn sem einkennir þessa ríkisstjórn á öllum sviðum, kemur illa fram í mörgum málum en er beinlínis hláleg þegar kemur að máli af þessu tagi — beinlínis hláleg.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja að örfáum efnisatriðum og þá fyrst að 1. gr. frv. Í henni segir svo, með leyfi forseta:

„Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og styrkja þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni."

Ég vildi leyfa mér að spyrja frumvarpshöfunda í fyrsta lagi að því hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að hugsunin sé sú að 1. gr. sé tilvitnun í stjórnarskrána? Og það séu rökin á bak við orðalag 1. gr. — er það ekki rétt hjá mér? En í stjórnarskránni stendur ekki að „styðja og styrkja þjóðkirkjuna" heldur að „styðja og vernda þjóðkirkjuna". Þegar um er að ræða grundvallarskjöl eins og stjórnarskrána og 1. gr. laga eins og þessara, ef þetta verður að lögum, þá finnst mér að þurfi að vera rök fyrir því að breyta í þessum efnum. Og ég spyr: Hver eru rökin fyrir því? Er þetta ónákvæmni, eða hvað? Það hlýtur að vera einhver hugsun á bak við þetta. Hver er hún? Ég fer fram á það við þá hv. þm. sem í þessu voru og hæstv. ráðherra að þeir svari þessari spurningu.

Ég vil einnig segja það, herra forseti, í þessu sambandi að þetta stjórnarskrárákvæði og túlkun þess, þ.e. ákvæðið um evangelísk-lúterska kirkju og þjóðkirkju, vekur nokkra

umhugsun með hliðsjón af þeim umræðum sem fóru fram sl. sumar um trúarviðhorf forsetaframbjóðenda. Eins og kunnugt er beittu menn sér mjög ákveðið fyrir því að einn tiltekinn forsetaframbjóðandi var látinn sæta yfirheyrslum um sín trúarviðhorf. Og það fór svo að lokum að heilu sjónvarpsþættirnir fjölluðu aðallega um það hvort menn tryðu á guð og gætu verið í hinni evangelísk-lútersku kirkju. Satt að segja fannst mér þessi umræða oft á tíðum fyrir neðan allar hellur. Ég dreg hana hérna fram, herra forseti, vegna þess að mér fannst koma fram í þessari umræðu ótrúlegur misskilningur á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar. Því samkvæmt þeim getur forseti Íslands hafa hvaða skoðun sem honum sýnist í trúmálum. Það er þess vegna rangt, og ber af þessu tilefni að vara sérstaklega við því sem fram kom hjá einum prófessor við Háskóla Íslands sem skrifaði grein í Morgunblaðið 15. júní sl., þar sem hann heldur því fram að forsetanum beri að styðja og vernda kirkjuna og að hann sé í rauninni tæplega frjáls að því að hafa þær trúarskoðanir sem honum sýnist. Ég vil í þessari umræðu, herra forseti, nota tækifærið til að mótmæla þessum viðhorfum. Ég tel að þjóðin geti kosið sér búddatrúarmann fyrir forseta ef hún vill það. Í rauninni væri annað brot á öllu því sem nokkur glóra er í, í sambandi við stjórnarskrárákvæðið varðandi trúfrelsið.

Þetta finnst mér að leiði hugann að því hvort ekki sé nauðsynlegt að nefna það í þessari umræðu að ákvæði stjórnarskrárinnar um trúfrelsi verði skýrð sérstaklega í lögum. Með öðrum orðum, það sem ég er að segja hér, herra forseti, er að það sé ekki nóg að hafa kirkjulög, það verði líka að vera til trúfrelsislög, sem taki algerlega af allan vafa um það að hér ríki trúfrelsi og hver og einn sé sjálfstæður að því að taka þá ákvörðun um trúarlega skoðun sína sem honum sýnist. Eða eins og segir í 64. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi forseta:

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns." — Síðan kemur stjórnarskrárákvæði sem er í raun og veru athyglisvert og vert að vekja sérstaka athygli á hér: „Breyta má þessu með lögum."

Í 62. gr. stjórnarskrárinnar kemur einmitt ákvæði sem gerir þjóðkirkjuákvæðið og trúarákvæðið algerlega sérstakt í stjórnarskránni. Það hefur allt aðra stöðu en önnur ákvæði. Það er ákvæði sem er svona, með leyfi forseta:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum."

Þetta stjórnarskrárákvæði er að því leytinu til óvenjulegt að það er beinlínis tekið fram að því megi breyta með lögum.

Síðan eru sérstök ákvæði um það í lokaákvæði stjórnarskrárinnar að fram skuli fara um það þjóðaratkvæði ef teknar eru róttækar ákvarðanir um breytingar á þessum ákvæðum. En það breytir ekki því að hér er um sérstakt ákvæði að ræða sem ástæða er til að halda til haga. Og þess vegna segi ég hér, um leið og ég ræði þetta frv., ég vil sjá hér frv. til laga um trúfrelsi. Hvað er trúfrelsi og hvað er að hafa trúfrelsi? Hvaða réttinda mega þeir menn njóta sem hafa ákveðið að iðka önnur trúarbrögð?

Þetta nefni ég varðandi 1. gr. og ætla síðan að segja, herra forseti, í þriðja lagi í máli mínu: Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar frá því ég fór að tala um þessi mál, frá þeim tíma þegar ég lenti inn í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar fyrir einum sex árum, þá hef ég alltaf lagt á það áherslu að þjóðkirkjan væri til og hún væri sjálfstæð. Mér finnst að hún eigi að hafa mikið sjálfstæði og miklu meira sjálfstæði en er í þessu frv. Og ég held satt að segja að við þyrftum að kanna það hvort ekki er hægt að ná um það víðtækri pólitískri samstöðu að hér verði gengið miklu lengra í þá átt að gera þetta frv., ef af lögum verður, að almennum rammalögum um kirkjuna þar sem hún ræður sínum innri leikreglum að öllu leyti sjálf. Ég vil inna hæstv. ráðherra og þá hv. þm. sem um þetta mál hafa sérstaklega fjallað eftir því hvort þeir geta verið sammála um það sjónarmið.

Ég tók eftir því að hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi það sérstaklega að e.t.v. mætti þetta vera líkara rammalöggjöf en það er og á síðasta fundi í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar kom fram að í upphaflegri gerð þessa máls gerðu menn ráð fyrir því að þetta væri enn þá líkara rammalögum en það er hér þannig að við meðferð málsins innan kirkjunnar hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera ákvæðin nákvæmari en í upphafi var gerð grein fyrir. Og ég segi við þessa virðulegu stofnun hér: Mér fyndist betra ef Alþingi gæti komist að niðurstöðu um að þessu svipaði enn þá frekar til rammalaga en þetta frv. er og að felld verði úr því alls konar smásmuguleg ákvæði sem eiga ekki heima í þessum lögum. Ég gæti nefnt ótal mörg. Ég hef engan tíma til þess en ætla þó sem dæmi að nefna 51. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta, í 1. málslið:

„Aðalsafnaðarfund skal að jafnaði halda fyrir maílok ár hvert."

Þetta finnst mér ekki vera lagaefni. Þetta er mál sem söfnuðirnir eiga sjálfir að ákveða og á ekki að vera hér og ég gæti nefnt fleiri dæmi af þessum toga sem mér finnst að eigi einlínis að fara héðan út.

Ég get líka nefnt til fróðleiks nýtt ákvæði sem er 59. gr. sem er svona, með leyfi forseta:

„Í kirkjusókn starfar organisti. Rétt til að kallast organisti hefur hver sá sem uppfyllir tilskildar kröfur um menntun samkvæmt áfangakerfi námskrár Tónskóla þjóðkirkjunnar. Um störf organista fer eftir ákvæðum í starfsreglum, sbr. 60. gr."

Nú hygg ég að verði þröngt fyrir dyrum hjá mörgum vinum mínum á Vesturlandi sem hafa leikið á orgel í kirkjum um áratugi við góðan orðstír en geta ekki kallast organistar eftir þessu hér. Það er alveg bersýnilegt. Ég skil ekki af hverju verið er að setja svona lagað inn sem er bersýnilega til komið eftir deilur sem hafa verið í kirkjunni á undanförnum mánuðum. Ég tel að svona lagað eigi ekkert erindi eins og það lítur út. Ég gæti nefnt fleiri dæmi af þessu tagi en ætla ekki að gera.

Þá vil ég að síðustu í mínu máli, herra forseti, koma að því ákvæði sem lýtur að fjármálahliðinni og þá sérstaklega þeim greinum þar sem fjallað er um launagreiðslur og réttarstöðu starfsmanna kirkjunnar og um jarðeignir kirkjunnar. Herra forseti. Ég hefði talið koma til umhugsunar að fara allt öðruvísi í þetta mál en gert er í 61. gr. Ég hefði talið koma til greina að það hefði verið gengið frá því með bindandi og skýrum samningum við kirkjuna að hún fengi tiltekna fjármuni á hverju ári til starfsemi sinnar — ekki minni en hún hefur núna. Ég er ekki að tala um neitt slíkt — svipað og

kæmi út úr þessu dæmi í 61. gr., en hún fái upphæðina, þ.e. kirkjan fái upphæðina og ráðstafi henni og ráði henni sjálf. Mér finnst alveg út í hött að fjmrn. sé að gera kjarasamninga um einstök atriði starfsmanna kirkjunnar. Mér finnst að þetta sé verkefni sem kirkjunni eigi að vera treystandi fyrir. Ég geri mér grein fyrir því að það getur orðið erfitt fyrir hana að fara með þessa fjármuni til að byrja með. Það geta orðið deilur og togstreita um hlutina en mér finnst að það eigi að nálgast verkið svona, sem sagt þannig að í stjórnarskránni stendur: Á Íslandi er þjóðkirkja. Og í lögum stendur: Hana á að styrkja og vernda, eins og stendur í stjórnarskránni og í því skyni veitir ríkið úr ríkissjóði fjármuni sem eru þetta miklir og kirkjan ræður því hvernig hún ver þeim. Ég held satt að segja að það hefði verið miklu meiri reisn yfir þeirri nálgun málsins en þessu þar sem verið er að tína til þann fjölda manna sem á að vera starfandi sem prestar og prófastar og fjölda manna sem á að vera starfandi starfsmenn biskupsstofu. Þetta er óvenjulegt ákvæði í lögum og mér finnst ekki réttlætanlegt að hafa þetta svona. Ég hefði talið hitt miklu eðlilegra og þar með væri undirstrikaður sá grunnur að ríkið, að þingið, treysti kirkjunni til þess að ávaxta þá fjármuni sem um er að ræða, en fjmrn. væri ekki að krukka í það í einstökum atriðum í hvaða launaflokkum menn eru sem vinna hjá kirkjunni það og það sinnið.

Mér finnst dálítið athyglisvert að þessi tillaga skuli koma fram frá ráðherrum Sjálfstfl. einmitt núna. Það er verið að flytja hér alls konar þingmál um þjónustusamninga sem ganga út á það að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eigi að vera eins sjálfstæð og mögulegt er. Ég hefði talið að það væri mikið meira samræmi á milli þess málflutnings og þess sem ég er að leggja til heldur en þeirra tillagna sem hérna liggja fyrir. Ég vil þess vegna, herra forseti, ítreka að ég tel að þarna hefði átt að standa aðeins öðruvísi að málum að því er þetta atriði varðar og þá er ég að segja það af því að ég hef alltaf frá því að ég fór að sinna þessum málum dálítið fyrir 5–6 árum verið þeirrar skoðunar að kirkjunni og þjóðinni sé fyrir bestu að kirkjan sé sjálfstæð og að hún þurfi aldrei að lúta að því hlutverki að hnýta skóþveng ríkisvaldsins til þess að ná sér í peninga.

Varðandi síðan, herra forseti, ákvæði 63. gr. Þar er gert ráð fyrir því að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, séu eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð og greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Um þessa grein segir svo, með leyfi forseta, ég ætla að lesa það hér:

„Í ákvæði þessu er að finna staðfestingu á niðurstöðum kirkjueignanefnda ríkis og kirkju, sbr. athugasemd við 61. gr. frumvarpsins, og vísast til hennar ...“

Í athugasemd um 61. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Hér er kveðið á um launagreiðslur þeirra starfsmanna þjóðkirkjunnar sem fara um ríkissjóð“ — þ.e. launagreiðslurnar fara um ríkissjóð væntanlega. — „Grein þessi er í samræmi við samkomulag það sem kirkjueignanefndir ríkis og kirkju náðu í janúar 1997 varðandi kirkjujarðir og launagreiðslur og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Samkomulagið felur í sér að ríkið verður formlegur eigandi allra kirkjujarða, að frátöldum prestssetrum, og rennur andvirði seldra jarða í ríkissjóð. Í þeim grunni skuldbindur ríkið sig til að greiða prestum og öðrum starfsmönnum laun, eftir því sem greinir í þessari grein. Eins og fram kemur í 4. gr. samkomulagsins líta aðilar svo á að þetta samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sé fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. Samkomulag þetta var gert með fyrirvara um samþykkt kirkjuþings og Alþingis á frumvarpi þessu. Kirkjuþing féllst á samkomulag þetta á aukakirkjuþingi í janúar 1997, með smávægilegum orðalagsbreytingum, og hefur texta greinarinnar verið breytt í samræmi við þá breytingu.“

Svo mörg voru þau orð, herra forseti. En hvað er hér á ferðinni? Hér er það á ferðinni að allar þær jarðir sem kallaðar hafa verið kirkjujarðir utan prestssetra verða flutt beinan veg yfir til ríkisins og á móti þessu ætlar ríkið að borga kostnaðinn samkvæmt 61. gr. og það er ágæt hugsun á bak við það út af fyrir sig. En þarna er í fyrsta lagi ólíku saman að jafna. Annars vegar er um að ræða varanlegar eignir sem ekki verða skertar með fjárlögum hverju sinni eins og hægt er að gera í hinu tilvikinu því að launagreiðslunum er hægt að breyta og fjárlögum hverju sinni. Ég tel því að það sé alveg ljóst, hvaða skoðun sem menn hafa á þessari verslun að öðru leyti, að kirkjan sé að láta mikið fyrir óvissa framtíð.

Hvað er kirkjan að láta mikið? Um það held ég að menn hafi engar upplýsingar. Ég spyr hæstv. dóms- og kirkjumrh. eða þá hv. þingmenn sem sátu í nefndinni að því. Liggur eitthvað fyrir um það hvað þetta eru miklar eignir sem þarna er um að ræða? Hvað er þetta mikið? Einhvers staðar hef ég heyrt að það séu 2–3 milljarðar kr. að fasteignamati sem þarna um að ræða. Ég veit það ekki. Ég hef ekki haft aðstöðu til að setja mig inn í það nákvæmlega. En ég vildi fá að vita það vegna þess að það er alveg augljóst mál að hér yrði um að ræða einhverja víðtækustu þjóðnýtingu sem um getur í sögunni. Ríkið hefur aldrei áður lagt hald á annað eins magn af eignum á einu bretti og gert er ráð fyrir í 61. gr. og má segja að það sé fleira en þetta með þjónustusamningana sem skýtur skökku við að því er varðar Sjálfstfl. í þessu máli. Hér er verið að þjóðnýta tíundu hverja bújörð á Íslandi. Og af því tilefni vil ég spyrja: Hvað stendur til með þessar jarðir? Er ætlunin að þær verði áfram forvaltaðar af Jarðeignum ríkisins og munurinn verði sá að ekki þurfi að spyrja kirkjuna þegar þær eru seldar og munurinn verði í öðru lagi sá að andvirði jarðanna renni ekki í Kristnisjóð heldur í ríkissjóð? Ég hygg að þannig hafi það verið. Um þetta vildi ég fá nánari upplýsingar og biðja hæstv. ráðherra að svara: Hver eru líkleg verðmæti í þessu dæmi og hvað er ætlunin að gera við þessar jarðir? Er t.d. ætlunin að selja þessar jarðir? Er það stefna ríkisstjórnarinnar að selja þessar jarðir? Það er stefna ríkisstjórnarinnar að selja yfirleitt allt, allar almannaeigur. Á að selja þessar jarðir sérstaklega? Ég vil spyrja hvaða stefna hefur verið mótuð í þeim efnum því að mér finnst ekki hægt að afgreiða þetta mál öðruvísi en mikið nákvæmari upplýsingar liggi fyrir. Og ég segi líka eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir, þó að ég sæki ekki rök mín þangað sem hún sótti þau, þ.e. í samþykktir Sambands ungra sjálfstæðismanna, með fullri virðingu fyrir þeim: Hefði ekki í rauninni verið alveg eins gott að hafa þetta þannig að kirkjan hefði haft allmikið sjálfstæði um það hvernig hún forvaltaði þessar eigur og að hún ræki sig fyrir það? Ég spyr: Var það rætt? Það er mál sem ég hefði gaman af því að heyra svör hv. þingmanna við og læt það vera mína lokaathugasemd við frv. sem væri þó full ástæða til að ræða nánar, en ég ætla ekki að gera.

Mínar athugasemdir eru sem sagt þessar:

Í fyrsta lagi er það varðandi stjórnarskrána. Það er mikið atriði að lög verði sett um trúfrelsi. Ég fór mörgum orðum um það. Ég vitnaði til umræðnanna um trúfrelsi í sambandi við forsetakosningarnar. Mér fannst það ekki skemmtilegar umræður, ekki fyrir neinn í raun og veru, örugglega ekki fyrir þá sem voru í framboði og mér liggur við að segja enn þá síður fyrir þá sem fylgdust með því. Örugglega voru þær ekki heldur góðar fyrir kirkjuna. Mér finnst líka ástæða til að nota þetta tækifæri til að mótmæla skoðunum Gunnars G. Schrams í þessum efnum sem í raun og veru voru allt aðrar en gert er ráð fyrir varðandi trúfrelsi forseta Íslands eins og annarra landsmanna. Þetta var um stjórnarskrána.

Í öðru lagi lagði ég áherslu á að mér fyndust þetta vera rammalög. Ég spurði: Eru menn ekki tilbúnir til að ganga lengra í því en hér er gert og skoða það aðeins í þinginu? Mér finnst með öðrum orðum ekkert sjálfsagt að allshn. þingsins afgreiði málið eins og það kemur frá kirkjuþingi. Það er ekki þannig. Alþingi getur það ekki. Alþingi verður að horfa á málið fra öllum hliðum. Ég er ekki að gera lítið úr niðurstöðum kirkjuþings en mér finnst að við eigum að skoða málið nákvæmlega eins og það liggur fyrir og gera þær breytingar á því sem Alþingi telur óhjákvæmilegar, auðvitað í eins góðri samvinnu og samstöðu með kirkjunni og mögulegt er.

Í þriðja lagi ræddi ég um þá stórfelldu þjóðnýtingu sem lýtur að jörðunum og lagði þar fram nokkrar spurningar.

Loks skoraði ég á hæstv. ríkisstjórn að gera sér grein fyrir því að konur urðu einnig kristnar árið 1000.

[15:43]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er afar mikilvægt og tekur á málefnum þjóðkirkjunnar. Má segja að ef það næði fram að ganga á hv. Alþingi, þá yrðu það nokkur tímamót.

Ég vil í upphafi taka fram vegna þeirra umræðna sem hafa verið hér á undan um nefndarskipan til að undirbúa frv., að við tveir hv. þingmenn, ég og Hjálmar Jónsson, komum að þessu á lokastigi þegar frv. hafði verið lengi í undirbúningi, til þess að koma því í þann búning sem það er hér, að undanteknum fjármálakafla frv. eða fjárhagsmálefnum þess. Við fjölluðum lítið um þann kafla í nefndinni sem við áttum sæti í, en ég læt að sjálfsögðu viðkomandi ráðherra eftir að útskýra hvernig nefndin var skipuð. Ég fór í þessa nefnd samkvæmt beiðni þingflokks míns. Ég hef ekki gert uppreisn í því efni og mér er efst í huga í því sambandi, af því að þetta mál berst í tal, skipun nefnda til undirbúnings frumvarpa sem lögð eru fram á hv. Alþingi, hvort við þingmenn eigum yfirleitt að taka sæti í slíkum nefndum, hvort við eigum ekki að koma að þessum málum frá þinginu án þess að vera búnir að taka þátt í undirbúningi þeirra. Það er vissulega lærdómsríkt að taka þátt í honum, en ég vil taka fram í þessu sambandi að ég hef að sjálfsögðu alla fyrirvara um að ég á eftir að koma að þessu máli sem þingmaður. Og ég hef ekki bundið mig að neinu leyti í þessu máli þó að ég hafi tekið þátt í undirbúningi þess á vegum þingflokks míns. Ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir.

Hv. 8. þm. Reykv. beindi nokkuð orðum sínum til okkar nefndarmanna og ég tel auðvitað heiður að því. Ég vil taka fram að það er auðvitað viðkomandi ráðherra sem leggur þetta frv. fram og við höfum aðstoðað hann í því.

Það má segja að þetta frv. taki á þremur stórum meginatriðum sem sum hafa verið rakin hér og minnst hefur verið á. Í frv. er mjög veigamikill kafli um úrlausn ágreiningsmála sem upp koma í starfi kirkjunnar og skýrari reglur um úrræði í slíkum tilvikum. Gert er ráð fyrir að úrskurðarnefnd starfi samkvæmt 11. gr. frv. Hún hefur nokkuð ítarlega sundurgreint verksvið samkvæmt lögunum. Gerð er grein fyrir því nokkuð nákvæmlega.

Í öðru lagi er áfrýjunarnefnd, samkvæmt 12. gr., og síðan kenningarnefnd til að fjalla um kenningar kirkjunar. Ég tel að þessi kafli sé afar mikilvægur og að hann muni auðvelda kirkjunnar mönnum að taka á erfiðum ágreiningsmálum og styrkja stöðu kirkjunnar í samfélaginu sem full þörf er á.

Varðandi 1. gr. frv., ég les hana mínum skilningi eftir orðanna hljóðan, en þar er sú viljayfirlýsing að styrkja stöðu þjóðkirkjunnar og styðja hana, en segja má að sterkar sé til orða tekið heldur en í stjórnarskránni sem kveður á um að vernda þjóðkirkjuna. Þarna er sterkt til orða tekið en ég styð það orðalag.

Í öðru lagi er tekið í frv. á breyttri skipan kirkjuþings og þar eru áhrif leikmanna aukin. Þetta tel ég að sé í takt við breytt viðhorf og tíðarandann og það sé einnig til styrktar þjóðkirkjunni að auka áhrif leikmanna á starf hennar. Gert er ráð fyrir því. Og þar er einnig komið inn á hlutverk biskups Íslands, en hann hefur verið fundarstjóri á kirkjuþingi og undirbúið málefni þess. Hann er losaður undan því. Ég tel það til bóta og í engu er kastað rýrð á embætti hans sem æðsta yfirmanns kirkjunnar þó að þessi háttur sé hafður á. Ég tel að þetta geti orðið til þess að staða hans sem trúarleiðtoga, sem æðsta yfirmanns í trúarlegum efnum styrkist. Biskupinn er einnig formaður kirkjuráðs þannig að staða hans innan þjóðkirkjunnar er ótvíræð þó að leikmenn fái þetta aukna hlutverk í starfi kirkjuþings.

Tekið er á reglum varðandi ráðningu presta með tilliti til breyttra aðstæðna. Ég mun koma að því nánar síðar.

Nokkuð hefur verið talað um sjálfstæði kirkjunnar, en hún fær samkvæmt frv. aukið svigrúm til að stjórna sínum málum, sbr. 49. gr. um sóknir, prestaköll og prófastsdæmi. Ég heyri að hv. 8. þm. Reykv. finnst ekki nógu langt gengið í þessum efnum, hann vill hafa sjálfstæði kirkjunnar meira. Ég tók það ekki svo að hann væri að mæla fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, en hins vegar að þessi löggjöf ætti að þjóna sem rammalöggjöf í ríkari mæli en hún gerir. Ég ber fulla virðingu fyrir þeirri skoðun. Hún hefur verið rædd, var rædd ítarlega í starfi nefndarinnar, en ég undirstrika að þetta frv. var samkomulag og byggist á samkomulagi og umfjöllun kirkjuþings og víðtæku samráði. Þetta er því afurð, ef svo má segja, eftir það samráð. Auðvitað verður Alþingi að vanda sína þinglegu meðferð á þessu frv. og ræða þessi sjónarmið ítarlega, kalla á ráðgjöf í því sambandi og umsagnir. Ég ætla ekki að leggjast í neina nauðaleit að ákvæðum í frv. sem mættu detta út í krafti þessa. Ég vil skoða þetta mál í nefnd og hlusta á sjónarmiðin um hvort hér sé of langt gengið í að segja fyrir um starfsemi kirkjunnar í lögum.

Varðandi 39. gr. um val á prestum til þjónustu í kirkjunni, þá hefur verið mjög mikið fjallað um það mál, m.a. á kirkjuþingi, en mér er fullljóst að um það eru skiptar skoðanir. Nefndin féllst á og tók þá ákvörðun að láta þetta ákvæði fara eins og það stendur í frv. Þar er gert ráð fyrir að embætti sóknarprests sé veitt með setningu í eitt ár og að skipað skuli í embættið ótímabundið að þeim tíma liðnum, nema meiri hluti kjörmanna prestakallsins sé sammála um að óska þess að biskup Íslands auglýsi embættið að nýju. Hér vilja margir að samræmi sé í þessum ráðningum og í öðrum opinberum störfum, að eftir fimm ár sé ráðningartíminn útrunninn. Það

verður einnig að fara mjög rækilega yfir þetta mál í nefnd og kalla eftir umsögnum um það. Þetta fyrirkomulag er sett fram í ljósi þess að í 11. gr. eru ákvæði um úrskurðarnefndir í ágreiningsmálum sem upp koma og nefndin áleit að þetta væri stórt skref fram á við frá því fyrirkomulagi sem gildir nú. Hins vegar er mér kunnugt um að um þetta eru skiptar skoðanir, bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Alþingi verður því að vanda yfirferð á þessari grein, hlusta á rök og gagnrök og meta málið í ljósi þeirra.

Eins og ég sagði upphaflega höfum við ekki fjallað sérstaklega um fjármálalegu hliðina í þeirri nefnd sem undirbjó frv. eftir að ég kom í hana. Hún var það samkomulag sem fylgir frv. og var gerð eftir starf annarrar nefndar en við áttum sæti í. En þar er gert samkomulag um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Ég er samþykkur þessum atriðum í megindráttum. Ég held hins vegar að skoða þyrfti nánar nokkur atriði í þessum fjármálalegu samskiptum og vitna þá í þá umsögn sem er við frv. frá fjmrn. þar sem segir, að óljóst sé hvernig fara skuli með önnur rekstrargjöld biskupsstofu en laun o.s.frv. Ég held að það sé öllum fyrir bestu að um þetta gildi skýrar viðmiðanir. Ég er að mörgu leyti sammála því sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. að hér ætti að ákveða viðmiðanir og kirkjan hefði svo svigrúm til þess að ráðstafa þeim fjármunum.

Ég hef auðvitað aðstöðu til þess sem nefndarmaður í allshn. að óska eftir nánari yfirferð á þessum atriðum. Ég tel til bóta að hér gildi um sem skýrastar reglur á fleiri sviðum heldur en varða laun presta og ákveðins fjölda starfsmanna biskupsstofu. Það sé best fyrir báða aðila, bæði ríkisvaldið og þjóðkirkjuna.

Ég tel að hlutverk kirkjunnar í íslensku þjóðfélagi verði seint ofmetið. Ég er stuðningsmaður þess að kirkjan sé þjóðkirkja. Ég er ekki stuðningsmaður aðskilnaðar ríkis og kirkju. Ég tel að ef þarna væri skilið á milli, þá mundi trúarlegt starf í landinu færast út í einkarekna söfnuðinn og ég hef ekki trú á að það væri til góðs fyrir trúarlíf landsmanna. Ég er fylgjandi því að um samskipti ríkisvalds og kirkju gildi skýrar reglur, kirkjan aðlagi sig að nútímaþjóðfélagi eins og unnt er án þess að tapa ímynd sinni sem þáttur í þjóðmenningunni. En ég er ekki reiðubúinn að breyta sambandi ríkis og kirkju í grundvallaratriðum.

Ég geri mér að sjálfsögðu ljóst að það er trúfrelsi í landinu samkvæmt stjórnarskrá og þessi afstaða mín hefur ekkert með það að gera. Þeir sem eru ekki í þjóðkirkjunni hafa fullan rétt og trúarskoðanir forseta Íslands, hver sem hann er á hverjum tíma, finnst mér ekki eiga mikið erindi inn í þessa umræðu. Forseti Íslands hefur að sjálfsögðu sinn rétt til að hafa þær trúarskoðanir sem honum sýnist í landi þar sem trúfrelsi ríkir. Það hefur ekkert með samband ríkis og kirkju að gera.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef aðstöðu til þess að vinna að þessu máli í allshn. Ég held að það sé áríðandi að þessi löggjöf fái mjög vandaða meðferð á Alþingi eins og önnur mál. Þetta er afar mikilvæg löggjöf. Það er mjög mikilvægt að þjóðkirkjan hafi skýra löggjöf til þess að starfa eftir. Það er afar mikilvægt að svigrúm hennar og sjálfstæði sé aukið án þess að rjúfa tengslin við ríkisvaldið. Þetta frv. gerir ráð fyrir slíku.

[16:02]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Það er fagnaðarefni að frv. til laga á þskj. 557 er lagt fram á Alþingi. Mikil breyting er lögð til á stöðu, stjórn og starfsháttum þjóðkirkjunnar og frv. felur í sér — ég veit ekki hvort menn hafa gert sér það ljóst — meiri breytingar á íslenskri kirkju og kirkjuskipan en verið hefur síðan um siðbót, mesta breyting í 450 ár í einu lagi verði þessi heildarlöggjöf um þjóðkirkjuna að lögum sem ég vissulega vona.

Ég lýsi einnig ánægju með margt það sem fram hefur komið í umræðunni til þessa um kirkjuna, sem við tilheyrum öll sem hér höfum talað, og viljum að vinni gott starf með þjóðinni. Mér þætti reyndar vænt um ef hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, gæti verið í salnum eða ég mætti vera þess fullviss að hann horfi á sjónvarpsskjá og heyri mitt mál, herra forseti.

Það kom fram í máli hv. þingmanna að kristnihátíðarnefnd er eingöngu skipuð karlmönnum. Það er ekki þeim að kenna sem sitja í embættunum heldur þeim sem kusu þá í embættin. Þar voru konur fyrir í mörgum þeirra og konur voru í meiri hluta og mér finnst það satt að segja nokkuð gild rök. Hins vegar tek ég undir að óhæfa er að ekki sé nokkuð jafnt skipt í nefndina og deili þeirri skoðun með þeim sem hér hafa áður talað.

Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ríkisstjórnin væri vond við konur og stjórnarandstöðuna. Mér finnst ríkisstjórnin ekki vond við konur, það sem ég hef séð til hennar og ekki verri við stjórnarandstöðuna en efni standa til. Það er annað mál. Hitt vil ég árétta að konur hafa skipað stóran sess og verðugan innan kirkjunnar. Trúarlíf í landinu hefur löngum oltið á þátttöku þeirra og trú þannig að það er afar slæmt að hlutur þeirra skuli ekki gerður meiri í skipan nefndarinnar, kristnihátíðarnefndar. Hitt er annað mál að þær munu vafalaust bera mikla ábyrgð á því hvernig hátíðin fer fram á því ári eða þeim árum sem hún mun standa yfir. En mig langar til þess af því að svona var talað um jafnréttið í kirkjunni að vitna hér í Galatabréfið, með leyfi forseta, þar sem Páll postuli segir svo:

„Hér er enginn Gyðingur né gríkur, þræll né frjáls maður, karl né kona.“ Þetta endurtek ég, „karl né kona. Þér eruð allir eitt í Kristi Jesú.“

Þetta er sá skilningur sem ég vil gjarnan halda á lofti, að allir eru eitt í kristinni kirkju og allir jafnir. Skírnin kveður á um það og er sem sagt þegnrétturinn í kirkjunni og allir eru þar jafnir.

Varðandi trúfrelsisákvæði sem voru gerð að umtalsefni og yfirheyrslur yfir forsetaframbjóðendum fyrir síðustu kosningar til forseta Íslands, þá vil ég geta þess að kirkjan bað ekki um neinar slíkar yfirheyrslur og mér er ekki kunnugt um að nokkur prestur eða nokkur, sem telur að hann hafi talað þar í umboði kirkjunnar, hafi verið að biðja menn að svara því hverrar trúar þeir væru.

Sá sem hv. þm. Svavar Gestsson átti við er forseti Íslands og forsetinn lýsti því yfir að hann væri kristinnar trúar. Óneitanlega er það nú betra því að hann er æðsti yfirmaður þjóðkirkjunnar á Íslandi. En kirkjan hefur ekki uppi neinar rannsóknir umfram þetta. Menn játa kristna trú og kirkjan er öllum opin, konum og körlum sem vilja tilheyra henni.

Ég vík þá aðeins að því hvers vegna frv., þessi nýi lagabálkur, er svona mikilvægt. Það hefur mikil umbreyting átt sér stað í kirkjulegu starfi á undanförnum tveimur til þremur áratugum. Kirkjan fetar sig áfram til meira sjálfstæðis og lýðræðis. Hún hefur fylgst með og fylgt örum þjóðfélagsbreytingum og til þess þarf hún sveigjanleika og frelsi að bregðast við breyttum aðstæðum og gerbreyttu þjóðfélagi.

Hún þarf líka að hafa styrk og festu til að vera sú kjölfesta sem vænst er af henni. Ég tel að allir geti verið sammála um að ramminn sem lögin setja henni sé farinn að þrengja að sums staðar en að hinu leytinu vanti skýrari ákvæði annars staðar.

Vandamál hafa komið upp innan kirkjunnar sem annars staðar í þjóðfélaginu. Þau hafa orðið erfið úrlausnar, öðrum þræði vegna þess að menn hafa ekki talið að lögin kveði skýrt á um hvar ábyrgð liggi og hver skuli taka á hverju máli. Kirkjan hafði sem sagt ekki haft stjórnunarlegu úrræðin til að bregðast við vandanum. Henni eru fengin þau tæki sem duga í því frv. sem nú liggur fyrir og ég tel að þau dugi til þess að ytri umgjörð starfs hennar geti gengið eðlilega fyrir sig.

En nú bíður hins vegar kirkjunnar það mikla verkefni að móta úrræðin og stjórnunaraðferðirnar í samræmi við gildandi stjórnsýslulög því að að sjálfsögðu er kirkjan sett undir almenn lög í landinu.

Spurt var um það fyrr í umræðunni hvort ekki hefði verið hægt að ganga lengra, veita ákveðna fjárupphæð til kirkjunnar, ekkert minni en núna, til að tryggja hennar hag og þau ummæli og viðhorf hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar virði ég, og tel víst að hann hafi komið því á framfæri í samstarfsnefnd ríkis og þjóðkirkju. Ég hygg líka að kirkjuþingi hafi verið kunnugt um þessi sjónarmið, en önnur leið var samt sem áður valin og það væri viðurhlutamikið að fara að gera þá breytingu núna sem hann um getur. Það er líka annað sem ég vildi nefna í þessu sambandi, þ.e. að ríkið hefur umsjón með kirkjueignum frá 1907 en hefur ekki tekið við þeim fyrr en það mundi þá gera það núna, en ég mun víkja að þessu betur síðar.

Ég gat þess hins vegar að stórstígar breytingar hefðu orðið á starfi kirkjunnar á fáum áratugum. Mig langar að nefna dæmi. Það eru ekki nema rúm 30 ár síðan frú Unnur Halldórsdóttir var ráðin starfsmaður við Hallgrímskirkju. Hún var fyrsta manneskja sem var ráðin til að gegna öðru en prestsstarfi, ef ég man rétt, þ.e. til að sinna barnastarfi og líknarstarfi innan safnaðar. Ég vil líka geta þess að sá góði maður, Páll Ísólfsson, sem var organisti við Dómkirkjuna, var aldrei í fullu starfi.

Nú er mikil breyting á orðin. Mikill fjöldi starfsmanna, aðrir en prestar, gegnir fullum störfum innan kirkjunnar, launuðum störfum og þar er fagfólk á hinum ýmsu sviðum og bæði prestar og aðrir starfsmenn kirkjunnar sérhæfa sig í ýmsum greinum starfa hennar. Þannig er barna- og unglingastarf, fjölskylduþjónusta kirkjunnar og ráðgjafarstarfið á hverju sviði sem vera skal og einnig er um ræða starf með öldruðum, sjúkum og aðstandendum þeirra. Þá er líka ástæða til að geta um sálgæslustarf presta og djákna. Í því sambandi vil ég minnast á, í allri hógværð, það kyrrláta starf kirkjunnar sem ekki er í fjölmiðlum og hvergi er haft hátt um, heldur er unnið í kyrrþey í sálusorgunarhlutverki, í sálgæsluhlutverki svonefndu, þar sem ekki er ástæða til að vera að hafa hátt um en skilar sér beint og óbeint í lífi einstaklinga og í lífi þjóðar.

Þá vil ég geta þess að sjálfboðastarfið er öflugt í kirkjunni. Ég tel næsta víst að hvergi sé það jafnmikið að vöxtum í íþróttunum, ekki meira en þar. Þó hef ég ekki tölur um þetta en fróðlegt væri að sjá þær. Ég hef hins vegar tekið lauslega saman að í sóknarnefndum og varasóknarnefndum eru nær 3.000 manns í landinu og í kirkjukórum starfa 3.000–3.500 söngmenn. Þetta er ekki svo lítil þátttaka í kirkjulegu starfi fyrir svo utan alla þá sem beint og óbeint koma að því.

Herra forseti. Þjóðkirkjunni er nú fengið sjálfstæði um sín mál og starfsemi sína og henni jafnframt fengið í hendur aukið og bætt stjórnvald þar sem kirkjuþingið er með miklu meiri ábyrgð og umboði en var. Kirkjuþing kemur til með að setja reglur um fjölmarga þætti hins kirkjulega starfs. Stundum er það haft á orði að íslenska þjóðkirkjan sé prestakirkja en staðreyndin er samt sú að á öllum stigum valds og stjórnunar á málefnum kirkjunnar eru leikmenn í meiri hluta. Þetta bið ég hv. þingheim að athuga vel.

Sóknarnefndir eru skipaðar leikmönnum. Presturinn hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Á héraðsfundum, sem eru eins konar aðalfundir prófastsdæmanna, eru prestar í miklum minni hluta og á kirkjuþingi er nú lögð sú breyting til að leikmenn verði tólf en prestsvígðir níu.

Herra forseti. Sem betur fer hefur fólk skoðanir á prestum sínum og hefur væntingar til þeirra og væntir þess að þeir leiði safnaðarstarfið og það er svo í langflestum tilfellum að hópur fólks er tilbúinn að sinna þessu starfi, leggja lið, hafa forustu á hendi ásamt prestinum þannig að sem flestir finni sig í því og geti tekið þátt í.

Við í nefndinni sem undirbjó frv. ræddum allnokkuð um ráðningartímann og svo sem hæstv. kirkjumrh. nefndi er ráðningartíminn sem þar er lagður til settur til málamiðlunar. En mér virðist þó margt benda til að tímabundin ráðning presta komist á innan ekki mjög langs tíma. Ég hygg að þróunin muni verða sú. Ég get minnst á það líka að í Þýskalandi er verið að ræða þetta mál, það er þar á dagskrá. Það er víðar og í löndum nær okkur er verið að ræða um breytingu í tímabundna ráðningu og sums staðar er hún þegar komin eins og í Noregi þar sem er gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Verði frv. hins vegar að lögum er breytingin svo mikil að lærðir og leikir kirkjunnar menn geta haft gott af umþóttunartíma til að átta sig á breytingunni og að stjórnkerfi kirkjunar nái eðlilegu rennsli.

Kirkjuþing þarf að setja starfsreglur, móta sín margvíslegu stjórnarstörf með nýjum hætti. Allt slíkt er auðveldara ef beðið er með breytinguna á ráðningarfyrirkomulagi presta, en ekki svo að skilja að það sé ekki hægt. Það er vissulega hægt. Ég hygg hins vegar að það mundi ekki, eins og ég áður sagði, auðvelda þjóðkirkjunni að laga sig að breyttu stjórnunarskipulagi. Þá á ég ekkert frekar við það sem tekur til presta en leikmanna. Báðir aðilar horfa mót miklum breytingum og þurfa svigrúm til þess. Þetta eru einnig rökin gagnvart því að kirkjan fengi aðeins eina upphæð og réði svo sjálf öllu um starfsmenn sína, hvar þeir væru og hversu vel eða illa launaðir. Ég hygg að betra sé að geyma það skref þangað til kirkjan hefur náð tökum á þessu nýja eða breytta fyrirkomulagi.

Herra forseti. Í umfjöllun Alþingis um þetta mál tel ég mikilvægt að hafa hugfast að það er verið að setja löggjöf um stofnun sem varðar afar miklu fyrir marga og það skiptir flesta Íslendinga máli að kirkjunni takist að standa undir væntingum sem til hennar eru gerðar. Ég tel rangt að starf kirkjunnar sé ekki í takt við fólkið í landinu og ég tel einnig rangt að stilla prestum og söfnuðum andspænis hvorum öðrum. Slíkt gerist í örfáum tilvikum. Í flestum söfnuðum landsins er góð samvinna presta og safnaða og safnaðarstarf með blóma og ég hygg að það hafi aldrei í sögunni verið meira og fjölbreyttara en það er einmitt á þessum árum. Enda er það einnig ástæða þess að þetta lagafrv. lítur nú dagsins ljós.

Kirkjan og boðskapur hennar, starf hennar og tilvera er nærri hverjum manni og ég býst við því að í myndaalbúmum flestra fjölskyldna á Íslandi séu myndir úr kirkjum þar sem fjölskyldan hefur sameinast við skírn, við fermingu, hjónavígslu og síðan jafnvel einnig þegar fólk er kvatt hinstu kveðjunni úr þessum heimi. Með þessum hætti, með nálægð kirkjunnar við hvern mann og hverja kynslóð, hefur þjóðin þegið blessun í lífi sínu og kirkjan hefur alltaf verið nærri með þjónustu sína, reiðubúin í Krists stað eins og það væri hann sjálfur sem væri þar að verki. En þessar myndir, þar sem móðir eða faðir fara með kvöldbænir með barni sínu, allir eða flestir þekkja það, eða þar sem unglingurinn lærir kverið og staðfestist í trú sinni, en fermingardagurinn er vissulega mikil fjölskylduhátíð og fyrr í dag heyrðum við óm kirkjuklukknanna frá Dómkirkjunni þar sem útför fór fram, þannig að samfylgd kirkju og þjóðar er vissulega sterk og eindregin og hefur varað í þúsund ár. Hvað sem öllu öðru líður, þá skiptir það verulegu máli og hefur alltaf skipt máli.

Ég get þess líka að þjóðkirkjan er næstelsta stofnun landsins, næst á eftir Alþingi. Því vil ég segja að kirkjan er allt annað og langtum meira en agnúarnir, ágallarnir sem vissulega geta orðið stórir, sérstaklega í umræðunni, svo stórir að þeir byrgi sýn til alls þess góða sem kirkjan gerir og leggur af mörkum í íslensku samfélagi. En það sýnir samt sem áður líka hversu sterk kirkjan er og hversu nærri fólkinu að jafnvel þau stórvöxnu mál sem urðu svo stór í fjölmiðlum á síðasta ári hafa ekki komið henni á kné, fjarri því. Hins vegar mun kirkjan að sjálfsögðu læra af öllu þeim mistökum sem hún gerir og það er sárt að viðurkenna þau hverjum sem ann kirkju sinni eins og það er samt sem áður sjálfsagt mál að viðurkenna hver þau mistök sem verða og leitast við að gera bragarbót.

Herra forseti. Ég vil nú fara að ljúka þessum almennu orðum mínum um þjóðkirkjuna og mikilvægi þessa frv. Ég vil nefna að yfirgnæfandi meiri hluti barna fermist á hverju ári, en hver árgangur er um 4.000 börn. Og ég minnist líka á það að langflest börn á Íslandi eru skírð og þar með eru þau vígð í gildismati sem þjóðin vill standa vörð um, kristið gildismat. Samkvæmt könnunum sækja um 10% þjóðarinnar 18–75 ára guðsþjónustur sunnudagsins reglulega, þ.e. einu sinni í mánuði eða oftar. Þó vil ég geta þess einnig að verulega miklu fleiri yngri en 18 ára og jafnvel fleiri eldri en 75 ára sækja kirkju en nemur 10%.

Safnaðarheimili kirkjunnar eru menningar- og mannræktarstofnanir. Þar fara fram tónleikar, félagsstarf og ýmsir ótaldir fundir. Þá vil ég minnast á að mikilvægi þess er ótvírætt að í landinu sé einn siður og ein lög. Við þekkjum allt of mörg og sorgleg dæmi um ófrið meðal annarra þjóða sem stafar af ólíku gildismati og því er það vissulega í fullu gildi sem Ljósvetningagoðinn sagði á Þingvöllum árið 1000: Vér skulum allir ein lög hafa og einn sið í landi voru.

Kristnitakan kenndi Íslendingum líka, og það er gott að minnast þess fyrir hátíðarárið 2000, að kristnin setur manngildið í öndvegi. Það kom m.a. fram í því að þá í fyrsta skipti öðlaðist barnið sinn sjálfstæða rétt til lífsins en fram að því var það alfarið í höndum föður og hann gat ákveðið hvort barnið yrði borið út eða ekki.

Herra forseti. Ég vænti þess að þjóðkirkjunni lánist að hafa góð áhrif í samfélaginu hér eftir sem hingað til og að þessi lög færi hana nær því marki að sinna því fyrir alla þannig að allir megi vel við una.

[16:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Um þessar mundir er þess minnst víða í norðurálfu að um það bil 1000 ár eru liðin frá því að kristni var leidd í lög og þessa dagana eru menn m.a. að ræða þau mál í Noregi, en að því er talið er, samkvæmt íslenskum heimildum fyrst og fremst, þá var það veturinn 996–97 sem Ólafur konungur Tryggvason fór um Noreg og beitti ekki allt of kristilegum aðferðum alltaf við að koma á kristni. En þannig var með hann og sendiboða hans að þeir beittu jafnan vopnum ef menn voru eitthvað að þráast við.

Eftir þrjú ár verður haldið upp á 1000 ára afmæli kristnitöku hér og í tengslum við það afmæli og reyndar frv. sem hér er til umræðu og ýmislegt sem hefur verið að gerast á vettvangi kirkjunnar, þá er auðvitað staður og stund til þess að íhuga stöðu kirkjunnar, hlutverk hennar og skipulag. Ég mun í máli mínu á eftir koma að nokkrum þeim atriðum. En ég vil fyrst taka undir það sem hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað í dag varðandi kristnitökuafmælið, þessi hátíðarhöld sem hér verða eftir þrjú ár, að það er auðvitað ekki líðandi að sú nefnd sem undirbýr það afmæli skuli eingöngu vera skipuð körlum. Svona gera menn hreinlega ekki lengur í lýðræðisríki og ég skora á hæstv. ríkisstjórn að gera bragarbót og veita konum aðild að nefndinni, það verður henni örugglega til bóta en ekki tjóns að konur komi þar að verki. Og þegar ég sé myndir eins og þá sem birtist af nefndinni, þá fyllist ég óþægindatilfinningu og spyr mig: Erum við virkilega ekki komin lengra en þetta? (**Gripið fram í:** Myndarmenn.) Myndarmenn, vissulega. Það er ekki það sem skiptir máli í þessu samhengi, heldur það að nefndir og ráð á vegum ríkisins og opinberra stofnana eiga auðvitað að endurspegla þjóðfélagið. Þar eiga mismunandi sjónarmið að koma að, mismunandi reynsla og viðhorf. Og í flestum þeim lýðræðisríkjum þar sem ég þekki til gerist svona hreinlega ekki lengur. Enda var vakin athygli á því í grein sem birtist í Helgarpóstinum fyrir líklega viku síðan, að það hafði birst mynd í norska sjónvarpinu af íslensku ríkisstjórninni á þeim tíma þegar þar sat ekki ein einasta kona. Það vakti mikla athygli þeirra í Noregi hvort svona lagað væri virkilega til á Norðurlöndum, ríkisstjórn þar sem ekki sæti ein einasta kona.

Það er gaman að geta þess í samhengi við þetta frv. að ef ég man rétt, þá tengjast elstu lög sem enn eru í gildi hér á Íslandi kirkjunni úr Kristinrétti Árna biskups Þorlákssonar. Þau snúa að því atriði hvað gera skuli ef kirkjur brenna og á hvaða stigi skuli endurvígja kirkjur ef þær brenna. Þetta minnir okkur á að kirkjan er með allra elstu stofnunum á landinu. Hún hefur auðvitað þróast mjög í tímans rás, frá því að vera sú valdamikla stofnun sem hún var í tíð kaþólsku kirkjunnar, til þess að verða nánast ríkisstofnun eins og hún er nú, þar sem það er löggjafarvaldið sem setur henni lög og reglur, dóms- og kirkjumrh. sem skipar í flest embætti, ásamt reyndar forseta Íslands, og prestar þiggja laun frá ríkinu og heyra undir lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eins og hér kom glöggt fram í fyrra. Þetta er auðvitað mjög lýsandi fyrir þá þróun sem varð með siðaskiptunum og þá breytingu sem hið sterka konungsvald fól í sér á þeim öldum þegar konungurinn stjórnaði og var höfuð kirkjunnar. Við búum enn að því valdi.

Ef við skoðum það mál sem hér er til umræðu, stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar, þá vaknar auðvitað fyrst upp sú spurning hvort eðlilegt sé að fara þá leið sem hér er

valin. Á bls. 16 í greinargerð segir að nefndin hafi kynnt sér þróun mála í ýmsum öðrum ríkjum, m.a. í Þýskalandi þar sem þar ríkir aðskilnaður ríkis og kirkju og væntanlega í Svíþjóð, þó að það sé ekki nefnt sérstaklega, en þar er genginn í gildi aðskilnaður ríkis og kirkju. Þá er nefnt hvernig málum er háttað í Danmörku þar sem sjálfstæði kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og almannavaldinu er ákaflega lítið. En niðurstaða nefndarinnar varð eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Engu að síður varð það niðurstaða nefndarinnar að byggja sem mest á ráðandi kirkjuhefð hér á landi að því marki sem hún verður talin samrýmast þörfum nútímans."

Þá vaknar auðvitað sú spurning hvernig kirkjan geti þjónað þörfum nútímans og hvaða skipulag þjóni best þörfum nútímans. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að sjálfstæði kirkjunnar ætti að vera sem allra mest og ég hefði gjarnan viljað skoða þann kost að skilja ríki og kirkju að, en mér er það ljóst að það er ákaflega flókið mál. Það er mjög flókið mál bæði vegna hinnar sterku hefða sem hér ríkja og vegna þess hlutverks sem kirkjan hefur í íslensku samfélagi og hefur lengi haft en ekki síður vegna þess að menn að hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar hvernig sjálfstæð kirkja ætti þá að standa undir rekstri sínum og starfsemi. Þá er auðvitað vísað til hinna miklu eigna sem kirkjan átti og á. En það er ekki svo einfalt að segja sem svo að kirkjan ætti bara að fá þær eignir til baka. Það gengur einfaldlega ekki vegna þess að eins og mönnum er kunnugt var gerður samningur árið 1907 milli ríkis og kirkju þar sem ríkisvaldið tók að sér að greiða laun presta, en það má segja að ríkisvaldið hafi fengið eignir kirkjunnar að meira eða minna leyti í sinn hlut. Það var m.a. liður í stefnu þáverandi stjórnvalda að selja bændum jarðir, að bændur yrðu sjálfseignarbændur. Meðal annars var í kjölfar samningsins 1907 gerð gangskör að og samþykkt sérstök lög um sölu jarða, ríkisjarða, og þar með margra kirkjujarða.

Það sem við höfum svo séð á seinni árum og kemur inn í þessa umræðu um eignir kirkjunnar er að þar sem áður voru jarðir kirkjunnar eru nú heilu bæjarhverfin. Það hefur verið byggt á landi kirkunnar t.d. á Akranesi í landi Garðakirkju, á Álftanesi þar sem einnig er Garðakirkja og sennilega á þetta við á fleiri stöðum þannig að ég held að ef umræða um að kirkjan fengi eignir sínar aftur kæmi upp, þá væri það óframkvæmanlegt.

Engu að síður eru starfandi hér allnokkrir sjálfstæðir söfnuðir og þeir virðast hafa allnokkurt fé á mill handa og það ræðst m.a. af því að þeir fá greidd ákveðin kirkjugjöld frá ríkinu vegna sinna meðlima. Ég heyrði á fundi sem var haldinn í fyrravetur um aðskilnað ríkis og kirkju að sú lagabreyting hefði gjörbreytt stöðu þessara frjálsu safnaða. Til dæmis kom það fram hjá forstöðumanni hvítasunnusafnaðarins hve mikla breytingu þetta hefði haft í för með sér. Sá söfnuður stendur, eftir því sem ég best veit, undir sér með þeim gjöldum og reyndar framlögum og tíundum sem meðlimir greiða. Auðvitað mætti því hugsa sér að kirkjan stæði algjörlega undir sér.

Ég vil sjá sem allra mest sjálfstæði kirkjunnar og það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ég held að það væri henni sjálfri fyrir bestu að hún stjórni öllum sínum innri og ytri málefnum. Ég held að henni væri þá auðveldara að boða orðið eins og hennar hlutverk er fyrst og fremst og að vera málsvari þeirra sem minna mega sín eins og henni ber samkvæmt kristinni kenningu heldur en að vera í því hlutverki sem lútersk kirkja hefur löngum verið í gegnum aldirnar, þ.e. að vera nokkuð þægur þjónn yfirvalda. Það mætti lengi velta vöngum yfir þessari stöðu og hvað rétt væri að gera í því efni en ég læt hér staðar numið um þetta atriði.

Ég ætla aðeins að koma inn á spurninguna um trúfrelsi og hvort þessi sterka lagalega og fjárhagslega staða þjóðkirkjunnar sem verið er að tryggja með þessu frv. standist ákvæði um trúfrelsi. Ég held að svo sé. Réttur kirkjunnar er tryggður í stjórnarskránni og jafnframt er tryggt í henni að landsmenn eigi rétt á að stofna félög til að þjóna guði eins og best á við sannfæringu hvers og eins, eins og þar segir. Og ef maður lítur í mannréttindasáttmála þá er kveðið á um þetta. Í mannréttindasáttmála Evrópu segir t.d., með leyfi forseta:

Allir menn skulu frjálsir hugsana sinna, sannfæringar og trúar. Í þessu felst frelsi þeirra til að skipta um trú eða játningu og enn fremur til að láta í ljós trú sína eða játningu, einir sér eða í félagi við aðra, opinberlega eða einslega, með kennslu, tilbeiðslu, guðþjónustu og helgihaldi. Frelsi til að láta í ljós trú sína eða sannfæringu skal einungis háð þeim takmörkunum sem mælt er í lögum og eru nauðsynlegar í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna almannaöryggis til að vernda allsherjarreglu, heilbrigði eða siðgæði eða til að vernda réttindi og frelsi annarra.

Þannig að á meðan menn geta sinnt trú sinni og valdhafar hamla því ekki á nokkurn hátt að slíkt fari fram, held ég að ekki sé hægt að segja að hér ríki ekki trúfrelsi, þó að þjóðkirkjan hafi þessa sterku stöðu. En aðrir kunna að vera annarrar skoðunar og það kann vel að vera að hægt sé að tíunda aðrar tilvitnanir úr mannréttindasáttmálum. Ýmsir hafa nefnt að þeir vilji ekki borga til kirkjunnar og vilji ekki standa undir kostnaði við rekstur hennar, en þá má benda á að við borgum skatta í ýmislegt án þess að við séum spurð sérstaklega hvort okkur líki sá rekstur eða ekki, eða sú stofnun. Fólk borgar t.d. almennt til reksturs skólakerfisins þó að ýmsir sendi börn sín í einkaskóla o.s.frv. Ég held því að mjög erfitt sé að rökstyðja að sú skipan sem hér ríkir gangi gegn skilgreiningu á trúfrelsi.

Hitt er svo það hvernig kirkjan sinnir hlutverki sínu, fyrir hvern hún er og hvernig henni er stjórnað. Í því samhengi vil ég minna á grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag eftir doktor Arnfríði Guðmundsdóttur þar sem hún víkur einmitt fyrrnefndri afmælisnefnd, en kemur síðan að hlutverki kirkjunnar og hvort ekki væri nær að kirkjan liti nú í eigin barm á þessu ári. Og hún segir, með leyfi forseta:

„Ætli íslenska þjóðkirkjan að starfa í anda Krists og vera trú því hlutverki sem henni er falið þá er óneitanlega þörf á margvíslegum umbótum. ... Ein af þeim spurningum" — sem kirkjan hlýtur að spyrja sjálfa sig — „hlýtur að varða stöðu kvenna innan kirkjunnar."

Ég velti því einmitt fyrir mér í öllu þessu samhengi hvort að við lagasetningu af þessu tagi sé ekki hægt að grípa til aðgerða til að bæta stöðu kvenna innan kirkjunnar, því ég er ekki sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar um það að konur hafi skipað stóran sess innan kirkjunnar eins og hann komst að orði. Ég held aftur á móti, eins og margir kvenprestar, kvenguðfræðingar og aðrir þeir sem fjallað hafa um málefni kirkjunnar hafa haldið fram, að staða kvenna innan kirkjunnar sé afar veik og viðhorf til kvenna séu því miður mjög gamaldags. Þó að Páll postuli hafi sagt á einum stað að allir séu jafnir innan kirkjunnar þá sagði hann nú líka ýmislegt annað sem ég ætla ekki að tíunda hér en hefur verið vitnað mun meira til en þeirra

orða að allir skuli jafnir. Orð hans hafa m.a. ítrekað verið notuð til þess að halda konum frá kirkjustarfi. En vissulega voru það einmitt konur sem víða lögðu grunninn að kristnum söfnuðum og voru mjög virkar í frumkristninni. Þær byggðu upp klausturreglur og beittu sér mjög jafnt í fræðum sem starfi. En eftir því sem leið á aldirnar var þrengt mjög að þeim og þar átti sinn hlut að máli Ágústínus kirkjufaðir. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu alla. Ég held að þeir hafi oft átt erfitt þessir kaþólsku prestar og hafi gert sér stundum óraunhæfar og heldur dökkar myndir af konum, a.m.k. er það staðreynd að hlutur þeirra rýrnaði smátt og smátt og keyrði þó um þverbak eftir að lúterskan kom til sögunnar.

En í því samhengi vaknar einmitt þessi spurning: Er í þessu frv. hægt að kveða á um það hreinlega, í lögunum, að jafnræðis skuli gæta milli karla og kvenna og kveða á um að unnið skuli að því að rétta hlut kvenna innan kirkjunnar, eða þó ekki væri nema að slíkt kæmi fram í nál. sem vilji löggjafans, að kirkjan taki sig verulega á í þessum efnum? Það er alveg sama hvort við lítum á yfirstjórn kirkjunnar, hlut kvenna í prestastéttinni eða annars staðar þar sem við komum að kirkjustjórninni að konur eru þar afar fáliðaðar. Nú hef ég ekki séð neinar tölur yfir sóknarnefndir. Það kann að vera að hlutur kvenna sé þar betri enda eru margar konur mjög virkar í starfi kirkjunnar og hafa stutt hana mjög dyggilega í fjársöfnunum og kirkjan á konum mikið að þakka. En hins vegar speglast það hvorki í kenningunni eins og hún er fram borin né í hlut kvenna innan kirkjunnar og kirkjustjórnarinnar.

Í framhaldi af þessu aðeins um lýðræðið. Hjá mér vakna spurningar um kirkjuskipanina sem verið er að umbreyta, að flestu leyti til bóta reyndar held ég, hvort ekki væri ástæða til þess að ganga skrefi lengra og auka lýðræðið, auka möguleika fólks til þess að hafa áhrif á starf kirkjunnar. En þar rekumst við að vissu leyti á kenningu Lúters og þá rótgrónu kirkjuskipan sem hér hefur ráðið ríkjum. Ég mundi t.d. vilja sjá miklu fleiri koma að biskupskjöri. Mér finnst það líka í rauninni vera afturför, þó ég skilji vel sjónarmið presta, að söfnuðurinn skuli ekki fá að kjósa sinn prest. En ég skal alveg viðurkenna að þau mál voru komin í óefni. Það er spurning hvort ekki hefði mátt taka á því öðruvísi en að svipta sóknarbörnin þeim rétti að kjósa prest. Mér finnst að við eigum í þessu samhengi að velta þessum málum öllum fyrir okkur.

Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum frv. Ég ætla ekki að fara nánar út í fyrstu greinarnar um undirstöðu kirkjunnar og réttarstöðuna. Þetta er í samræmi við íslensku stjórnarskrána og í samræmi við það sem kemur fram hér í greinargerðinni um að fara hina hefðbundnu leið. En öll umræða um aðrar leiðir hefði verið spennandi.

Það sem ég rek mig fyrst á og vil taka undir er það sem leiðir af 10. gr. og þar á eftir, þar sem valdsvið biskups er skilgreint og þar sem komið er á þriggja nefnda stjórnkerfi til að taka á innri málefnum kirkjunnar, þ.e. úrskurðarnefnd, áfrýjunarnefnd og kenningarnefnd. Mér finnst sú síðasta afar athyglisverð vegna þess að ég get ímyndað mér að oft komi upp ágreiningur eða spurningar hjá prestum um túlkun kenningarinnar og ýmislegt sem lýtur að messuformi og slíku og það er mjög gott að fleiri komi að ákvörðunum. Vissulega er með þessu verið að draga úr valdi biskups. Eða ber að líta svo á að þarna sé fyrst og fremst um að ræða ráðgjafa við hlið biskups? Ég átta mig ekki alveg á þessu, en a.m.k. hafa úrskurðarnefndin og áfrýjunarnefndin býsna mikið vald. Þetta er stigvaxandi kerfi sem hægt er að beita í ýmsum málum sem upp koma og ég dreg þá ályktun að þessar greinar eigi rætur að rekja til þeirra miklu vandamála sem kirkjan hefur átt við að glíma á undanförnum árum.

Þá vil ég aðeins víkja að vígslubiskupum og vígslubiskupsumdæmum. Nú vildi ég gjarnan að hæstv. kirkjumrh. kæmi í salinn. Hann er hér í hliðarsal. Mig langar til að beina til hans spurningu um vígslubiskupsumdæmin. Nú skal ég alveg viðurkenna það að ég er oft hrifin af því að halda í sögulegar hefðir. En hér er verið að halda í skipulag sem komið var á um 1100 og var þá skýrt svo að svo margir íbúar væru á Norðurlandi að réttlætanlegt væri að biskup sæti í Norðlendingafjórðungi. En ég spyr: Er virkilega ástæða til þess að halda í þetta skipulag því að það er alveg augljóst að íbúafjöldi í umdæmi Skálholtsvígslubiskups er margfaldur á við íbúafjölda í Hólastifti? Ef menn eru að horfa á þetta út frá fjölda safnaða og því eftirlitshlutverki sem vígslubiskup skal hafa þá held ég að menn ættu að endurskoða þetta þó að sagan sé mikilvæg. En það væri kannski einum of byltingarkennt (**Gripið fram í:** Já.) fyrir kirkjuna. Þetta er eitt af því sem auðvitað stenst ekki tímans tönn þó að það hafi gert það í gegnum aldirnar eða réttara sagt, þetta er ekki í samræmi við þarfir nútímans sem talað er um í greinargerðinni. Ég vil spyrja að því hvort ekki hafi komið til tals að breyta þessu skipulagi.

Þá er það skipan kirkjuþings. Hér er farin sú leið að fjölga leikmönnum úr hópi sóknarnefndarfólks. Það er gott og blessað. Þeir mættu vera fleiri að mínum dómi. Menn geta velt því mikið fyrir sér hvernig þetta hlutfall eigi að vera milli leikra og lærðra. Það sem ég var að velta fyrir mér er seta kirkjumrh. eða fulltrúa hans á kirkjuþingi. Ef menn eru með frv. að auka sjálfstæði kirkjunnar og auka vald hennar til þess að ráða sínum málum, er þá eðlilegt að kirkjumrh. sitji sem fulltrúi á kirkjuþingi? Hver eru rökin fyrir því að ráðherrann sitji sem fulltrúi á kirkjuþingi? Það er gott og blessað að hann komi og flytji ræðu og heilsi upp á kirkjuþing, en ég set ákveðið spurningarmerki við það að ráðherra skuli eiga sæti á kirkjuþingi. Mér finnst það ekki í samræmi við það sem verið er að gera hérna.

Þá aðeins að stöðu presta. Ég skil það þannig að í 39. gr. séu menn að taka af skarið varðandi þá miklu umræðu sem varð hér liðinn vetur í tengslum við frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þar sem leitt var í lög að prestar skyldu settir til fimm ára. Hér er kveðið á um að þeir skulu settir í eitt ár en síðan skipaðir ótímabundið. Mig langar að fá þetta upplýst: Er sátt um þessa leið sem hér er farin? Er sátt innan prestastéttarinnar um þetta? Eins og fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar, held ég að hafi nú verið, þá hafa menn m.a. í Noregi farið þá leið að skipa presta tímabundið. Auðvitað er þetta ein af þessum stóru spurningum og deilan eða rökin snerust einmitt um hvort það væri í samræmi við Ágsborgarjátninguna og köllun presta að skipa þá tímabundið eða hvort að prestar væru eins og aðrir opinberir starfsmenn og að það ætti að vera nokkuð auðvelt að skipta um prest, þ.e. hvort sjónarmiðið skyldi verða ofan á.

Þá vil ég vekja athygli á því að í 46. gr. eru ný ákvæði um djákna. Ég hef heyrt gagnrýni á þetta fyrirkomulag með djáknana, að það sé verið að búa til einhvers konar hálfguðfræðinga eða að verið sé að draga úr með valdi og áhrifum presta og því hlutverki prestsins að vera höfuð safnaðarins, að verið sé að deila og taka af honum störf sem snúa að

líknar- og fræðslumálum innan safnaðar. Ég vildi gjarnan fá þetta upplýst: Er eining um það innan kirkjunnar að þessum störfum verði komið á við alla söfnuði? Ég þekki prest sem vill leggja þetta af. Hann er algerlega andvígur þessum nýju störfum og telur þetta ekki koma heim og saman.

Þá vil ég spyrja um eitt sem ég átta mig ekki á. Ég er búin að marglesa tíunda kaflann, um sóknir og prestaköll, og er að reyna að átta mig á því hvernig kjósa eigi sóknarnefnd. Gilda önnur lög um það hvernig sóknarnefnd skal kosin? Mér finnst að það ætti að koma fram. Það stendur, með leyfi forseta:

„Sóknarnefnd skal kosin til fjögurra ára í senn."

Hér er verið að tala um aðalsafnaðarfund og ég gef mér það að sóknarnefnd sé kosin á aðalsafnaðarfundi en það stendur hvergi hérna. Í 51. gr. stendur:

„Aðalsafnaðarfundur er vettvangur starfsskila og reikningsskila af hendi sóknarnefndar og einstakra nefnda innan sóknarinnar.

Aðalsafnaðarfundur fer með ákvörðunarvald innan sóknarinnar í málum þeim sem undir fundinn heyra samkvæmt lögum eða lögmæltum ákvörðunum."

Ég gef mér líka að það séu þeir sem mæta á safnaðarfund sem kjósi sóknarnefndina. En væri ekki ástæða til þess að þetta kæmi skýrt fram í þessum lögum? Það kann að vera að það sé kveðið nánar á um þetta í þeim lögum sem eru nefnd hér í b-lið, um brottfall laga, þ.e. lög um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir og héraðsfundi, þar sem greinilega *eru einstakar greinar sem eftir standa.*

Þá vil ég aðeins spyrja líka út í 54. gr. vegna deilumála sem upp hafa komið. Hér segir, með leyfi forseta:

„Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram."

Nú er það spurning mín: Er ástæða til þess að hafa þetta svona afdráttarlaust? Þetta er samkvæmt skýringum í samræmi við það sem verið hefur í lögum og sú spurning vaknar hvort ekki væri rétt að sóknarnefnd hefði eitthvað um þetta að segja. Hver er röksemdin fyrir því að sóknarpresturinn skuli hafa algert vald á því hvernig afnotum af kirkjunum skuli háttað? Það væri fróðlegt að fá upplýst hvernig mörkin eru milli valds prests og sóknarnefndar. Ég get ekki látið hjá líða að rifja upp mál sem kom upp í Vestmannaeyjum um samskipti sóknarnefndar og húsfriðunarnefndar sem er því miður er, finnst mér, heldur leiðinlegt mál. Þar ákvað sóknarnefndin að setja upp og reynt var að láta gera við gamlan ljósaboga sem var gjöf frá ákveðnum aðilum. Það er eins og menn hafi gleymt því að þeir eru að eiga við um það bil 300 ára gamla kirkju sem að sjálfsögðu heyrir undir húsfriðunarlög og er friðuð. Sóknarnefndin hafði sitt fram og það er umdeilanlegt. Það vaknar spurning: Hver ræður hverju? Þetta snýr reyndar ekki að afnotum af kirkju, heldur því hvernig kirkjuhúsum er breytt. Hver ræður hverju?

Eins og fram kom í máli hæstv. kirkjumrh. þá er 60. gr. ein aðalgrein þessa frv. Þar er að finna heimildir kirkjunnar til þess að ráða sínum málum og setja reglur um m.a. tiltekna þætti kirkjustarfsins. Þarna á auðvitað eftir að reyna mjög á það hvernig þetta verður útfært og kemur væntanlega ekki í ljós fyrr en á næstu árum.

Hæstv. forseti. Eitt atriði enn. Það snertir 61. gr. Er ástæða til að setja í lög — tengist það þessum samningi — þessa tölu presta? Nú vil ég setja spurningarmerki við það að menn séu komnir niður á endanlega tölu á þörf kirkjunnar fyrir presta. Við vitum það m.a. hér í Reykjavík og í nágrannasóknum að við stóra söfnuði eru prestar mjög störfum hlaðnir. Kvartað hefur verið yfir því að erfiðlega gangi að fá aðstoðarfólk og söfnuðir standa mjög misjafnlega að vigi hvað þetta varðar. Hér eru reyndar ákvæði um að það má fækka eða fjölga miðað við ákveðna fjölgun skráðra meðlima þjóðkirkjunnar, en ég set ákveðið spurningarmerki við þessa tölu. Ég hef heyrt í umræðum um kirkjuna að menn vilja hafa frelsi til þess að færa prestana til og ég vil spyrja hæstv. kirkjumrh. um skýringu á þessu. Er þetta samkomulag? Hvernig er þessi tala fundin? Er þetta núverandi tala presta eða er þetta miðað við einhverja þörf? Mér finnst yfirleitt betra að hafa sveigjanleika í svona löguðu og að menn hafi þá tækifæri til þess að uppfylla þarfir í stað þess að negla þetta svona niður því að ég á ekki von á því að mikið dragi úr þörfinni fyrir þjónustu kirkjunnar á næstu árum. Það er frekar að hún aukist.

Að lokum, hæstv. forseti, kom fram í máli hæstv. dósmrh. og nefndarmanna sem hér töluðu að þeir töldu sig vera að setja rammalög. Það er vissulega svo að hér er mjög margt sem kirkjan á sjálf eftir að útfæra en samt sem áður finnst mér þessi lög vera býsna nákvæm. Hér er auðvitað kirkjuskipanin negld niður og það mætti svo sem spyrja sig þeirrar spurningar hvort kirkjan ætti ekki sjálf að hafa meira frelsi til þess að skipa sínu innra starfi. Vissulega er þetta að miklu leyti byggt á núverandi fyrirkomulagi og það var greinilega markmið nefndarinnar að hafa hefðirnar í huga, að byggja á ráðandi kirkjuhefð eins og ég hef áður nefnt að sagt er í greinargerðinni. Samt sem áður má spyrja sig þeirrar spurningar hvort sveigjanleikinn mætti ekki vera meiri þannig að kirkjan geti sjálf fært til prestaköll, breytt skipan vígslubiskupsumdæmanna, breytt sjálfu skipulaginu ef þess er óskað, án þess að þurfa að sækja til þess heimild til löggjafans.

[17:01]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka alveg ágæta ræðu og gladdist í hjarta mínu yfir því hversu vel hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur kynnt sér málið og vildi óska þess að hún væri enn þá virkari en hún er í kirkjulegu starfi í landinu.

Það er reyndar af svo mörgu að taka í andsvari að það er varla hægt að koma því á framfæri. En nefndarskipanin varðandi kristnihátíðarnefnd sem allir hafa nefnt endurspeglar einmitt þjóðfélagið. Hún endurspeglar það að þessir ágætu menn, þessir karlar, voru skipaðir. Þeir settu sig ekki sjálfir í stöðurnar heldur voru þeir skipaðir í þær. Ég er hins vegar sammála því að það er ástæða til að gera þarna breytingu á og þyrfti að vera hægt að koma því svo fyrir.

Mig langar að spyrja hv. þm. um hvað hún eigi við með aðskilnaði ríkis og kirkju og eins með vísan til aðskilnaðar ríkis og kirkju í Svíþjóð því mér er kunnugt um að aðskilnaður ríkis og kirkju í þar er ekk eins langt kominn og á Íslandi.

Þá vil ég einnig geta þess að prestskosningarnar eru ekki niður lagðar í raun og veru eins og þingmaðurinn hélt fram. Hins vegar er meginreglan sú að kjörmenn velja úr hópi umsækjenda þann er gegna skuli kallinu. Kjörmenn eru sóknarnefndarmenn og varamenn þeirra og þeir kjósa fyrir hönd safnaðarins. Þannig fækkaði reyndar í hópi þeirra sem höfðu atkvæðisrétt til þessa valds. Það er rétt en ekki þannig að söfnuðurinn komi ekki áfram að vali á sóknarpresti.

Varðandi djáknana, flest orkar tvímælis þá gert er. Ég fagna því að þeir koma til starfa og það er feikinóg að gera

og starfa innan kirkjunnar fyrir miklu fleiri. Ég undrast það hins vegar svolítið, herra forseti, að annars vegar vill hv. þm. skýrari lög um sóknarnefndir, kirkjusóknir, héraðsfundi og fleira sem fellt er brott að mestu leyti en hins vegar að kirkjan ráði meiru sjálf. Meiningin er nefnilega sú að kirkjuþing kemur til með að setja þessar reglur og þar með er sjálfstæði kirkjunnar aukið vegna þess að kirkjan og hennar stjórnvald fær möguleikann á að stjórna þessu sjálf.

[17:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það síðasta sem hv. þm. nefndi var á misskilningi byggt. Ég var að reyna að átta mig á því samkvæmt frv. hvernig sóknarnefndir væru kjörnar. Ég var svo sem ekki að heimta að það yrði sett í lög ef það stendur annars staðar í lögum. Spurning mín snerist um það reyndar hvort ástæða væri til að það stæði í þessu frv. þegar að lögum verður en ef kveðið er á um það annars staðar, þá dugar það. Ég skildi hv. þm. þannig að það væri meiningin að kirkjuþing mundi ákveða hvernig að þessu yrði staðið og það er þá allt gott um það að segja. Málið er bara að það sé skýrt hvernig á að ákveða þetta.

Hv. þm. sagði að nefndin fræga endurspeglaði þjóðfélagið og það má segja það. Hún endurspeglar auðvitað þrikalega karlveldi sem ríkir hér á Íslandi. En þjóðfélagið er nú einu sinni þannig samsett að það er næstum því helmingur karlar og helmingur konur. Karlar eru aðeins fleiri en konur hér á landi nú og því ætti nefnd sem er fulltrúi jafnviðamikillar og fjölmennrar stofnunar og íslenska þjóðkirkjan er að sjá sóma sinn í því að endurspegla þá staðreynd að innan kirkjunnar er fjöldi kvenna, bæði virkar, leikar og því miður allt of fáar lærðar, en þær eru um helmingur þeirra sem eru í þjóðkirkjunni og þeirra fulltrúar ættu að sjálfsögðu að vera í þessari nefnd. Við getum ekki annað en hvatt til þess að þarna verði breyting á, að konur fái sína fulltrúa í þessari nefnd.

Varðandi aðskilnað ríkis og kirkju, þá skil ég það þannig að það sé þá algjör aðskilnaður ríkis og kirkju, kirkjan sé sjálfstæð stofnun sem standi fullkomlega undir sér sjálf. En ég vil taka fram að ég var ekki að leggja til að svo langt yrði gengið. Ég held að það yrði ákaflega flókið. Ég held að það yrði kirkjunni fyrir bestu að hún hefði sem mest sjálfstæði. En sjálft hugtakið, að kirkjan sé skilin frá ríkinu, skil ég það þannig að menn séu að tala um fullkominn aðskilnað.

[17:06]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka svörin. Við tölum nokkurn veginn sama tungumálið. Hins vegar gætir misskilnings milli okkar. Ég sagði að þessi nefndarskipan og þessi fræga nefnd, karlanefnd, endurspeglaði það í þjóðfélaginu að þeir voru skipaðir, þeir settu sig ekki sjálfir í nefndina. Þeir eru settir í nefndina og ekki af fámennum hópi heldur eru þeir sumir hverjir kosnir og konur voru í meiri hluta þegar nefndin var skipuð upphaflega. Síðan hefur það gerst sem endurspeglar þjóðfélagið að karlar eru komnir í staðinn.

En hvað varðar það sem hv. þm. nefndi um lög um sóknarnefndir, héraðsfundi og fleira frá 1985, þá eru býsna ítarleg lög í gildi núna sem verða felld brott og kirkjan fær sjálf og kirkjuþing, og þá leikmenn í meiri hluta að ákveða hvernig þeim málum verður háttað. Því sagði ég í ræðu minni að kirkjunnar bíði núna mikið starf í því að móta sínar stjórnunaraðferðir.

[17:07]

Útbýting þingskjala:

Bókasafnssjóður höfunda, 330. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 601.

Landsvirkjun, 175. mál, þskj. 594; frhnál. minni hluta iðnn., þskj. 598; brtt. SvG, þskj. 599.

Lax- og silungsveiði, 239. mál, nál. landbn., þskj. 597.

Samburður á launakjörum iðnaðarmanna, 329. mál, fsp. HjÁ, þskj. 593.

Umhverfismál járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, 328. mál, fsp. HG, þskj. 592.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–10. mál.

Fundi slitið kl. 17:08.

---

67. FUNDUR

þriðjudaginn 11. febr.,
að loknum 66. fundi.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 594, frhnál. 595 og 598, brtt. 468, 596 og 599. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557. — Frh. 1. umr.
3. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558. — 1. umr.
4. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 1. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — 1. umr.
6. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — 1. umr.
7. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — 1. umr.
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, nál. 584. — 2. umr.

Landsvirkjun, 3. umr.

Stjfrv., 175. mál (arðgreiðslur, skipun stjórnar o.fl.). — Þskj. 594, frhnál. 595 og 598, brtt. 468, 596 og 599.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:13]

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BirnS, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KÁ, KPál, MS, ÓE, PHB, RG, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

2 þm. (GuðrS, SvG) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, KHG, LMR, LB, MF, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SP, SJS, SvanJ, VE, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

[17:14]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir frhnál. meiri hluta iðnn. um Landsvirkjun. Það hljóðar svo:

„Nefndin hefur fjallað á ný um málið eftir 2. umr. og fengið á sinn fund Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur borgarstjóra, Halldór J. Kristjánsson, ráðuneytisstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda og Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóra í Ríkisendurskoðun.

Meiri hlutinn leggur til að gerðar verði tvær breytingar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi að við 8. gr. frumvarpsins bætist ákvæði er taki af öll tvímæli um að ákvæði samkeppnislaga eigi við um alla þætti í rekstri Landsvirkjunar.

Í öðru lagi telur meiri hlutinn eðlilegt, með vísan til þeirrar meginreglu að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga fyrirtækja sem ríkissjóður á að hálfu eða meira, að stofnunin tilnefni endurskoðendur Landsvirkjunar, í samráði við borgarendurskoðun Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar. Nefndin leggur því til að ársfundur Landsvirkjunar kjósi endurskoðendur fyrirtækisins samkvæmt sameiginlegri tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.

Meiri hluti iðnaðarnefndar telur jafnframt eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi heimild til þess að gera stjórnsýsluendurskoðun á fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í, líkt og er um Landsvirkjun. Til þess að svo megi verða með óyggjandi hætti þarf að breyta 9. gr. fyrirliggjandi frumvarps til laga um Ríkisendurskoðun, 262. mál, og kveða þar sérstaklega á um stjórnsýsluendurskoðun hjá fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í en Ríkisendurskoðun annast ekki fjárhagsendurskoðun hjá vegna ákvæða í sérlögum. Meiri hlutinn áréttar þessa tillögu um breytingu á 262. máli (Ríkisendurskoðun) og vísar henni til þeirrar nefndar sem fjalla mun um frumvarpið.

Eignaraðilar Landsvirkjunar hafa gert sameiginlega bókun, dags. 10. febrúar 1997, þar sem fram kemur að þeir eru ásáttir um að styðja þær breytingar sem meiri hluti iðnaðarnefndar leggur til að gerðar verði á frumvarpinu. Jafnframt kemur fram í bókuninni að eignaraðilarnir séu sammála um eftirfarandi varðandi arðgreiðslur og gjaldskrármarkmið:

„1. Frá stofnun Landsvirkjunar hefur verið ákvæði um arðgreiðslur til eigenda af sérstökum eiginfjárframlögum og Landsvirkjun hefur í nokkur skipti greitt arð til eigenda sinna. Þetta ákvæði er nú í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 42/1983, um Landsvirkjun.

2. Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda. Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir.“ — Ég ætla að endurtaka það sem hér segir vegna þess hversu það hefur verið í umræðunni síðustu daga og í dag: „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir.“ — Og hverju gerir samkomulagið ráð fyrir? Það gerir ráð fyrir því að orkuverð skuli lækka um 2–3% eftir árið 2001–2010. Hér er það einmitt staðfest, sem hefur verið haldið fram í umræðu um þetta mál frá upphafi, að arðgreiðslurnar séu víkjandi fyrir lækkun orkuverðs.

„3. Endanleg ákvörðun um arðgreiðslur verður tekin af eigendum á ársfundi Landsvirkjunar og verður þá höfð hliðsjón af raunverulegri afkomu fyrirtækisins. Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum mun það hafa áhrif á endanlega ákvörðun eigenda um arðgreiðslur á viðkomandi ári.“

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er sammála áliti þessu og þeim breytingartillögum sem lagðar eru til.“

Undir nefndarálitið skrifa Stefán Guðmundsson, sem er formaður nefndarinnar, Guðjón Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Árni R. Árnason, Sighvatur Björgvinsson, Hjálmar Árnason og Pétur H. Blöndal.

Ég veit ekki hvort ég þarf að hafa um þetta fleiri orð nú í upphafi. Sjálfsagt munum við eiga eftir að ræða þetta frekar, en hér eru tekin af ákveðin vafaatriði má segja sem hv. þingmenn drógu í efa að væri fullkomlega tryggilega gengið frá og ég vona að meiri hluti þingmanna sætti sig við þau sjónarmið. Ég held að sú yfirlýsing sem hér er vitnað til og liggur fyrir frá eignaraðilum fyrirtækisins eigi að tryggja það að svo verði.

Það segir svo í þessum brtt. er lýtur að Ríkisendurskoðun:

„Við 3. efnismgr. 7. gr. bætist: samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.“

Í 7. gr. frv. stendur: „Ársfundur Landsvirkjunar kýs löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða reikninga fyrirtækisins.“ Og samkvæmt brtt. okkar bætist við málsgreinina: „samkvæmt tillögu Ríkisendurskoðunar, borgarendurskoðunar Reykjavíkur og endurskoðanda Akureyrarbæjar.

Hin brtt. er við 8. gr. og hljóðar svo:

„Við efnismgr. 8. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.“

En í frv. segir svo um þetta atriði í 8. gr.:

„1. málsl. 2. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Landsvirkjunar setur gjaldskrá fyrir Landsvirkjun.“ Og samkvæmt brtt okkar bætist við: „Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.“

Þarna er tekinn af allur vafi um þetta efni. Ég vil vekja sérstaka athygli á því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir ræddi þessi mál ítarlega við upphaf umræðu um þetta mál. Eins og ég sagði held ég að tryggilega sé gengið frá þessu þannig að enginn þurfi að velkjast í vafa um það. Vissulega hef ég fullyrt að þetta væri svona. En ég er auðvitað enn sáttari við það að nú skuli vera búið að binda þetta á þennan hátt þannig að menn ættu ekkert að þurfa að vera að velkjast í vafa hver stefnan er.

Ég vil aðeins koma að því í sambandi við þessar arðgreiðslur sem mikið eru ræddar og mér finnst að mörgu leyti að menn fjalli ekki um af mikilli sanngirni. Mér finnst nefnilega eins og menn vilji láta að því liggja að þessar arðgreiðslur sem úr fyrirtækinu eru greiddar til eigenda fyrirtækisins falli til einhvers þröngs félags eða ákveðinna einstaklinga í þjóðfélaginu. En svo er alls ekki. Arðgreiðslurnar falla til eigenda fyrirækisins. Og hverjir eru þeir? Það eru íbúar Reykjavíkur og Akureyrarbæjar og ríkissjóður.

Þetta eru þeir sem njóta þessara arðgreiðslna úr fyrirtækinu, það eru eigendur fyrirtækisins, það er Reykjavíkurborg, íbúar Reykjavíkur og Akureyrar og síðan ríkið sem fer með 50% eignaraðild. Og nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin hefur ákveðið að verulegum hluta þeirrar arðgreiðslu sem fellur til ríkisins verði varið til atvinnuuppbyggingar og atvinnusköpunar á landsbyggðinni til þeirra byggðarlaga sem liggja utan þeirra svæða sem annars njóta arðgreiðslunnar, þ.e. Reykjavíkur og Akureyrar. Það er gríðarlega mikið mál að sú ákvörðun hafi verið tekin og landsbyggðin á eftir að njóta þess. Þess vegna finnst mér að sú umræða sem hér hefur farið fram um þetta, að þetta sé eitthvað byggðalega fjandsamlegt mál, sé alvarlegur og mikill misskilningur sem mér finnst satt að segja vera settur fram til þess að blekkja í þessum málum.

Ég vék að því fyrr í dag þegar ég ræddi um þetta mál að það er ekkert nýtt að arðgreiðslur skuli vera greiddar til eigenda þessa fyrirtækis, eigenda Landsvirkjunar. Ég sagði að það hefði verið fyrst gert árið 1979. Þá var það svo að þeir sem núna hafa harðast talað í þessu máli sátu í þeirri ríkisstjórn sem þá var við völd. Annars vegar var það hv. þm. Svavar Gestsson sem þá var viðskrh. (**SvG:** Heilbrrh.) heilbrrh. — Nei. (**SvG:** Jú.) Ég er ekki alveg viss um það. Ég er ekki alveg viss um að hv. þm. muni það. Og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var þá iðnrh. og hv. þm. Ragnar Arnalds var menntmrh. Þá var þessi arður greiddur sem hlutfall af eigin fé upp á 0,89%. Núna er þetta sem hlutfall af heildareiginfé 0,7% sem er lægra heldur en var á árinu 1979. (**Gripið fram í:** Af hvaða stofni reiknar þingmaðurinn það?) Af hvaða stofni? Ég sagði, af heildareiginfé fyrirtækisins. (Gripið fram í.) Eigið fé fyrirtækisins núna? Ég veit það ekki. Ætli það sé ekki talið upp á um 24–26 milljarða kr. ef ég man rétt. Ég er ekki með töluna hérna fyrir framan mig, en ég er ekki viss um að það fari langt frá.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki í þessari umræðu að hafa fleiri orð um þetta. Ég fagna þeirri samstöðu sem orðið hefur í nefndini að við skyldum ná þar öll saman nema fulltrúar Alþb. sem áttu ekki samleið með okkur í þessu máli og harma ég það. Og ég harma það kannski enn meira að þeir skuli reyna að nota þetta mál til þess að ala á einhverri úlfúð og tortryggni milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er mikill misskilningur. Hér er einmitt reynt að taka af öll tvímæli um að það er sterk og ákveðin viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar að verja verulegu fjármagni af þeim arðgreiðslum sem ríkið fær í sinn hlut til þess að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni og ég segi það hér úr þessum ræðustól að það er fagnaðarefni því að svo sannarlega veitir ekki af því.

[17:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Framsfl. og talsmenn hans hér á þingi eru nokkuð samir við sig þegar kemur að málflutningi og vörn af hálfu þeirra fulltrúa í þessu máli. Ég var nokkuð undrandi þegar hv. formaður iðnn. greip til þess ráðs í dag að fara að tíunda það hér úr ræðustól sem réttlætingu fyrir sínum málflutningi og tillögum að tilteknir menn hafi setið í ríkisstjórn árið 1979 þegar arður hafi fyrst verið greiddur til Landsvirkjunar. Þetta átti svo sem ekki að koma mér á óvart því að þetta er framsóknarlegt athæfi. Það er einmitt þannig sem þessi flokkur og fulltrúar hans hér á þingi ganga til verka, alveg sérstaklega þegar þeir koma út í kjördæmin og eru að lauma ósannindunum að fólki þar til þess að verja aðgerðir sínar af þeim toga sem hér um ræðir.

Ég held að hv. þm. Stefán Guðmundsson hefði átt að skoða þetta mál ögn betur áður en hann gekk fram með þessum hætti. 1979 sat ekki bara ein ríkisstjórn. 1979 sátu að völdum á Íslandi tvær ríkisstjórnir. Það voru stjórnarskipti þann 15. okt. 1979. Þann 12. des. 1979 ritar Landsvirkjun til borgarstjóra og ráðuneytisstjóra iðnrn. og rekur fyrir honum tillögur sem samþykktar hafa verið í stjórninni. Hvenær? Virðulegur forseti. Það er samþykkt í stjórninni 23. nóv. 1979, orðrétt: „Jafnframt samþykkti stjórnin að ekki komi til greina að greiða arð þegar um taprekstur væri að ræða, svo sem vegna 1978 en tapið nam 597 millj. kr. og 1979 er tapið verður fyrirsjáanlega um 1.000 millj. kr. Niðurstaða stjórnarinnar var sú að miða arðgreiðslurnar í þetta sinn við 3% af endurmetnum höfuðstólsframlögum og er þá tekið tillit til hinnar erfiðu fjárhagsstöðu Landsvirkjunar auk þess sem ekki var talið eðlilegt að ganga lengra en þetta í upphafi arðgreiðslna. Var þess vænst að eigendur gætu eftir atvikum fellt sig við þessa niðurstöðu." (Forseti hringir.)

Með hliðsjón af framansögðu yrðu arðgreiðslur vegna 1977 og 1978 þessar til hvors eiganda. Vegna þessara ára 1977 og 1978 var þessi afgreiðsla ákveðin á stjórnarfundi Landsvirkjunar í nóvember og tilkynnt með bréfi til iðnrn. þann 12. desember. (Forseti hringir.) Ég held að hv. þm. Stefán Guðmundsson ætti að koma upp í þennan ræðustól og biðjast afsökunar á málflutningi sínum og útúrsnúningi og athuga sinn gang áður en hann kemur með slík (Forseti hringir.) ósannindi hér til réttlætingar á gjörðum sínum.

(**Forseti** (GÁS)**:** Forseti vill geta þess að tími til andsvara eru tvær mínútur.)

[17:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að auðvitað verður það alltaf matsatriði hvað arðgreiðslur eigi að vera miklar, ég tala nú ekki um þegar taprekstur er á fyrirtækjum. Við verðum auðvitað að bera það traust til þeirra aðila, sem reka þessi fyrirtæki, að þeir beri hagsmuni fyrirtækisins og eigenda þess fyrir brjósti nákvæmlega sama hvort það er Landsvirkjun eða einhver önnur. Meginmálið er hins vegar það í þessu máli, meginefnið er að ákvörðun hefur verið tekin um það, þvert á það sem menn hafa verið að halda fram, að lækka á orkuverð í landinu um 2–3% á árunum 2001–2010. (**SvG:** En hver var iðnrh. þá?) Það er meginmálið að ákvörðun verði tekin um það. Og það er skylt að taka það fram að fjmrh. á þessum árum var Tómas Árnason, hv. þm. Framsfl.

Þetta er nú kjarni málsins og auðvitað svíður þeim þetta, félögum mínum og vinum úr Alþb., en svona liggur nú málið fyrir.

[17:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aldeilis þykk höfuðskelin á hv. þm. Hv. þm. skilur ekki það sem hér er verið að segja. Það er að stjórn Landsvirkjunar tekur ákvörðun um þetta efni 23. nóv. 1979. Hver var þá ráðherra iðnaðarmála, hv. þm.? Hét hann Hjörleifur Guttormsson? Nei, hann hét það ekki, hann hét Bragi Sigurjónsson og sat sem ráðherra iðnaðarmála í minnihlutastjórn Alþfl. er tók við 15. okt. 1979. Ef hv. þm. hefur ekki skilið þetta, þá er erfitt að hjálpa honum. Ég var að ætlast til þess að hv. þm. kæmi hér upp og bæði afsökunar á málflutningi sínum, afsökunar á þessum málflutningi.

Alþb. sat ekki í ríkisstjórn þegar þessi ákvörðun var tekin um arðgreiðslu vegna 1977–1978, en það vill svo til að þessar ákvarðanir eru teknar í tengslum við arðgreiðslu á árinu 1979. Þær eru teknar þá. Hvers konar málflutningur er það sem hér er hafður uppi?

Ég sé að hæstv. iðnrh. er kominn til stuðnings við vin sinn og það er ekkert skrýtið. Ætli hann hafi ekki matað hann á þessu?

[17:33]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nei, hæstv. iðnrh. var ekki að mata mig á þessum upplýsingum og þurfti ekki til því ég hef haft það fyrir vana minn að þegar ég hef þurft að flytja hér mál og ég tala nú ekki um að vinna að þeim í nefndum, að hafa nennu af að setja mig inn í þau. Ég hef gert það og ég hef lesið mig nokkuð til í þessu máli. Ég hvika ekkert frá því að þessar arðgreiðslur voru árið 1979 0,89% en er áformað að verði í dag 0,7%. Sem sé, arðgreiðslurnar eru lægri núna en áður var.

Hitt til viðbótar þessu, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að núverandi ríkisstjórn hefur ákveðið að verulegur hluti af arðgreiðslu sem fellur til ríkissjóðs á að fara til atvinnusköpunar úti á landi. Og svo er það kjarni málsins þ.e. að lækka á orkuverðið. Það er tekin ákvörðun um að lækka orkuverð um 2–3% á ári frá árinu 2001 til 2010 og ég held að við hljótum að þakka fyrir það og það er breytt stefna.

[17:35]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég verð nú að játa að mér býður í grun að hv. þm. trúi þessu sem hann er að reyna að segja og ég virði það við hann. Hann lítur a.m.k. út eins og hann trúi þessu þó að við séum þeirrar skoðunar að þetta sé tóm vitleysa. En hv. þm. verður auðvitað að hafa sína trú fyrir sig og áðan vorum við að ræða um kirkjuna og trúfrelsið og þingmanninum er að sjálfsögðu frjálst að trúa þessu. En ég tel að málið sé ekki svona og get í sjálfu sér farið yfir það og ætla að gera í ræðu minni.

Ég ætla að víkja aðeins fyrst að þessu andsvaraefni. Ég verð að taka undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni í sambandi við þessar framsóknaraðferðir við áróður. Ég þekki þær mjög vel því ég hef unnið með Framsfl. í þremur ríkisstjórnum. Það var oft mjög erfitt vegna þess hvaða aðferðir voru notaðar við að koma höggi á menn. Ég man t.d. mjög vel frá stjórninni 1980–1983 þegar Framsfl. gaf út tilkynningar um að það væri allt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að kenna hvernig staðan væri í verðlagningu orkumála af því að hann var þá orkumálaráðherra og var alveg einkar ódrengilegur málflutningur. Ég hygg að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sé að nokkru leyti að vitna til reynslu sinnar frá þeim tíma þegar hann talar um framsóknaraðferðir við áróður. Þær voru *alveg sérlega persónulegar* (**HG:** *Fyrr og síðar.*) *og sérlega* rætnar.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson, sá ágæti maður, kom með það upp í andsvari um daginn að þetta hafi allt saman verið ákveðið þegar Svavar Gestsson var viðskrh. og Ragnar Arnalds menntmrh. og Hjörleifur Guttormsson iðnrh. Yfirleitt nennir enginn að fletta svona löguðu upp nema einn maður hér, sem á til að fletta upp hlutum, alveg ótrúlegur maður. Það er Hjörleifur Guttormsson, hv. 4. þm. Austurl. Hann er vís með að fletta öllu mögulegu upp þannig að það er eins gott fyrir menn að muna eftir því áður en þeir fullyrða mjög mikið, a.m.k um hann og hans stjórnmálaferil. Hann er vís með að fletta alveg ótrúlegustu hlutum upp. Hann fletti þessu upp og hver er niðurstaðan? Enginn af þessum mönnum var í ráðherrastól þegar þessi niðurstaða fékkst, enginn þeirra og fyrir utan það að allir ráðherratitlarnir voru vitlausir þegar miðað var við ríkisstjórnina sem tók við 1980. Hins vegar var þetta þannig í ríkisstjórninni 1978–1979, þá gegndum við þeim ráðherraembættum sem hann nefndi, fyrir utan það að hv. þm. Ragnar Arnalds gegndi auk þess embætti samgrh.

Til upprifjunar má nefna að sá sem var skattlagningarmálaráðherra á þeim tíma heitir Tómas Árnason og sat lengi í Seðlabankanum og vafalaust hefur hann verið glaður yfir þessum arði. (Gripið fram í.) Jú, aðþrengdur að lokum. Þetta er nú veruleikinn, herra forseti, og ég tel í sjálfu sér að ástæðulaust sé að fjölyrða um það frekar.

Ég harma hvernig þetta mál hefur verið rekið af Framsfl. í þessari stofnun. Ég veit að mikil óánægja er með málið meðal allra þingmanna bæði í Framsfl., Sjálfstfl. og öðrum flokkum. Ég sagði í upphafi þessara umræðna á sínum tíma að ég teldi í raun að minni hluti þingmanna væri fylgjandi málinu eins og það er. Ég er eiginlega alveg viss um að allir þingmenn vilja skoða þetta Landsvirkjunarmál miklu betur og ég er í þeim hópi. Ég er t.d. í þeim hópi sem hefur talað um að breyta mætti Landsvirkjun í grundvallaratriðum. Til dæmis mætti skipta henni í tvennt þannig að hún væri annars vegar fyrirtæki sem framleiddi fyrir almennan markað og hins vegar fyrirtæki sem framleiddi fyrir stóriðju. Vegna þess að alltaf væri verið að grauta þessu saman og það vekti tortryggni og úlfúð og því væri ástæða til að breyta því. Ég hef líka hvatt til þess á undanförnum árum og missirum að skilið væri mjög vendilega á milli þess í bókhaldi Landsvirkjunar hvað er annars vegar framleiðsla á orku og hins vegar sala á orku. Um þetta hafa menn í raun verið sammála.

Það er spurning, hæstv. forseti, hvort hæstv. iðnrh. er í húsinu, og hvort hann vildi vera svo vinsamlegur að hlýða hér á umræður um frv. til laga um Landsvirkjun sem hann leggur talsverða áherslu á að verði að lögum á Alþingi. Ég get gert hlé á ræðu minni meðan hann er að tala í símann.

Ég tel út af fyrir sig eðlilegt að menn velti því fyrir sér af hverju þetta frv. varð upphaflega til, hvað er það sem veldur því. Hæstv. iðnrh. hefur sagt aftur og aftur að það sé fyrst og fremst sú staðreynd að Reykjavíkurborg hafi viljað fá það á hreint hvað eignarhluti borgarinnar gæti gefið af sér. Ég tel þetta ranga uppsetningu mála. Ég tel að meginatriðið á bak við málið sé sá veruleiki að hæstv. iðnrh. óttaðist að hann réði ekki að fullu við stjórn Landsvirkjunar vardandi væntanleg forstjóraskipti í Landsvirkjun. Ég tel að það sé meginmálið, það sé aðalmálið. Málið hafi upphaflega ekkert með það að gera hvað Reykjavíkurborg vildi heldur fyrst og fremst hitt að hæstv. ráðherra hvekktist á stjórn Landsvirkjunar þegar hún stöðvaði það að Orkustofnun yrði gerð að hlutafélagi. Landsvirkjun, stjórn hennar, stöðvaði það. Hæstv. ráðherra tók þá ákvörðun að það yrði að breyta stjórn Landsvirkjunar og hann flytur frv., sem er að fljúga í gegnum þingið með ótrúlegustu atkvæðum, þar sem gert er ráð fyrir að Framsfl. tilnefni þrjá menn í stjórn Landsvirkjunar. Ég get sagt alveg eins og er: Ég treysti Framsfl. ekki fyrir því að tilnefna þrjá menn í stjórn Landsvirkjunar. Ég tel að þetta sé undirstöðuþáttur í málinu.

Í annan stað óskaði Reykjavíkurborg eftir því að hlutir er vörðuðu hennar eignarhlut yrðu skýrðir. Reykjavíkurborg lagði reyndar á það mjög mikla áherslu að þannig yrði frá málum gengið að hlutur borgarinnar yrði seldur í Landsvirkjun. Hv. 19. þm. Reykv., Guðný Guðbjörnsdóttir, rakti þær áherslur Reykjavíkurborgar fyrir nokkru við 2. umr. málsins. Hins vegar fékkst ríkið ekki til þess að taka á þessu máli og er það mjög athyglisvert. Niðurstaðan verður síðan sú að Reykjavíkurborg gengur að þeirri niðurstöðu, eins og hún hér liggur fyrir, sem er að mínu mati fyrst og fremst unnin af stjórnarflokkunum. En tilgangurinn er ekki sá að hreinsa frá mál Reykjavíkurborgar. Tilgangurinn er ekki sá að bæta almennt lög Landsvirkjunar. Tilgangurinn er ekki sá. Tilgangurinn er fyrst og fremst að taka til í stjórn Landsvirkjunar þannig að hún verði þægara stjórntæki.

Aðalumræðuefnið í tengslum við þetta mál, herra forseti, er arðgreiðslurnar. Verður fyrst borgaður arður og verðið lækkað svo? Hv. þm. Stefán Guðmundsson trúir því að fyrst verði verðið lækkað og svo borgaður arður. Ég segi bara: Mikil er trú þín, kona, herra forseti, í þessu samhengi. Ég held að málið gangi ekki svona einfaldlega fyrir sig. (Gripið fram í.) Vegna þess að það stendur hvergi. Í lögunum stendur, í 2. gr. frv. herra forseti, að borga eigi arð. Síðan er gert ráð fyrir því í nefndarálitum og í yfirlýsingum ráðherra að lækka eigi verðið.

Ég ætla ég að rekja það mál aðeins fyrir hv. þingmönnum, sem eru kannski aðeins farnir að ryðga í þessu, því það eru komnir fimm klukkutímar síðan við vorum að tala um þetta. Hver er staðan í þessu máli? Þegar það kom til meðferðar í þinginu lýsti hæstv. iðnrh. því yfir að hann teldi að orkuverðið eða lækkun þess ætti að hafa forgang fram yfir arðgreiðslurnar. Það sagði hæstv. iðnrh. Og hvað gerði þá meiri hluti hv. iðnn.? Hann sendi frá sér álit þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Samkomulagið felur í sér málamiðlun milli eðlilegra sjónarmiða um hæfilegar arðgreiðslur til eigenda og þess meginmarkmiðs að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnrh., að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum."

Þetta stendur í áliti meiri hluta iðnn. og þetta sagði líka hæstv. iðnrh.

Síðan gerist það að ég flyt tvær brtt. við 2. umr. málsins um þennan skilning, að hann verði lögfestur. Það var fellt í tveimur atkvæðagreiðslum í dag. Það var fellt að taka verðlækkunina fram yfir arðgreiðslurnar og Alþingi hefur talað. Meiri hluti Alþingis hefur talað. Hann hefur mikið vald í þessu máli. Bókun gerir litla stoð andspænis lagabreytingu og lögum. Við skulum gera okkur grein fyrir því.

Þegar þessi mál koma síðan til meðferðar hér þá finnur stjórnarliðið að þetta er vandræðamál. Það er annar hver þingmaður hér úr stjórnarflokkunum sem ber sig upp undan þessu máli. Þetta er vandræðamál, fjöldinn allur af kjósendum og rafmagnsnotendum allt í kringum landið hringja og hafa samband við einstaka þingmenn og segja: Hvað er hér á ferðinni? Þá endar það með því að stjórnarflokkarnir eða aðallega Framsfl., tel ég vera, fer í að búa til þessa bókun eða þetta samkomulag, þessa sameiginlegu bókun, dagsetta 10. febr. 1997. Hún er kynnt í iðnn. í gærmorgun á fundi kl. 10.15. Álitinu er dreift þar. Það var ekki haft samband við iðnaðarnefndarmenn áður en álitinu var dreift. Þeir vissu ekki að hverju þeir gengu. Það átti að þræla málinu þar í gegn án þess að við fengjum ráðrúm til að skoða málið og fjalla eðlilega um það. Við þær aðstæður óskaði ég eftir því að borgarstjórinn í Reykjavík yrði kallaður til. Ég mun fara aðeins nánar yfir það vegna þess að það var farið rangt með orð hennar áðan.

Ég ætla aðeins að víkja að því hvað stendur í þessari bókun. Það eru í fyrsta lagi nokkur atriði um Ríkisendurskoðun og Samkeppnisstofnun sem ég ætla að koma að hér á eftir. En í öðru lagi standa í þessu áliti nokkur atriði varðandi verðlagið. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda." — Núverandi. — „Sammæli er um" — ekki samkomulag — „að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað" — það segir ekki lækki, heldur „geti lækkað". Og skyldi það vera strax? Nei, „eftir aldamót". „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót." — Hugsa sér, herra forseti, hvílík undur! Það er sammæli um að verð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það eru mikil tíðindi. Það er spurning hvort ekki er hugsanlegt að stjórnarflokkarnir gætu komið sér saman um að verð á einhverju öðru „geti" lækkað eftir aldamót. Þetta er ótrúlega aumingjalegt og segir ekki nokkurn skapaðan hlut. En ef hv. þm., formaður iðnn. vill trúa þessu þá er það bara hans mál. Ég get ekkert gert við því.

Þegar þetta mál var svo tekið til meðferðar í hv. iðnn. í gær óskaði ég eftir því að borgarstjórinn í Reykjavík kæmi þangað á fund og sömuleiðis fleiri aðilar, m.a. ráðuneytisstjóri úr iðnrn., sem hafði fjallað um þetta mál. Auðvitað var ríkisstjórnin búin að segja okkur að þetta væri fullkomið frv. og það mætti ekki breyta stafkrók í því. En vesalings ráðuneytisstjórinn í iðnrn., sem var búinn að segja okkur að þetta væri algjörlega fullkomið mál, hann kom í gær og sagði að það þyrfti að breyta því samt, af einhverjum ástæðum. Það þyrfti að friða þessa óþekku menn í stjórnarflokkunum sem voru heldur til vandræða í þessu máli með ýmsum hætti. Borgarstjórinn kemur svo á fund í hádeginu í gær — og segir hvað? Segir í fyrsta lagi að efni bókunarinnar breyti ekki samkomulaginu um það að arðsgreiðslurnar séu fremstar eins og stendur í 2. gr. frv. Og hv. 19. þm. Reykv. spurði borgarstjórann í Reykjavík: En má þá ekki setja þetta í lög sem stendur í bókuninni? Hvað sagði borgarstjórinn í Reykjavík þá? Þá sagði borgarstjórinn í Reykjavík: Nei, af því að þá eru allt önnur hlutföll í þessum texta heldur en í upphafi. Það er því bersýnilegt að það er verið að blekkja hérna megin við Vonarstrætið og reyna að setja hlutina upp allt öðruvísi en reynt er hinum megin við Vonarstrætið. Það er von að þeir séu farnir að ókyrrast hér í salnum og biðja um andsvar sem létu blekkingaræfingarnar hafa áhrif á atkvæði sín fyrr í dag.

Síðan gerist það, herra forseti, að á fundi iðnn. las ég upp fyrir borgarstjórann í Reykjavík, eftirfarandi setningu úr nál. meiri hlutans:

„Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum."

Ég spurði borgarstjórann: Er þetta það sama og stendur í bókuninni? Borgarstjórinn sagði: „Nei, þetta er annað og ég er ósammála því sem stendur í nál. meiri hlutans."— Þetta er veruleiki málsins. Þetta er veruleiki þessa máls. Þannig er í rauninni verið að reyna að smygla þessu máli hér í gegn

með hártogunum án þess að hlutirnir liggi fyrir eins og menn vilja vera láta. Þetta er hinn alvarlegi veruleiki í málinu, að það er minni hluti þingsins, tel ég vera, sem er að koma málinu í gegn. Það er alveg á hreinu. Það er óánægja með málið alls staðar, ekki bara hér heldur líka í borgarstjórn Reykjavíkur. Það er alls staðar bullandi óánægja með þetta mál allt í kringum landið. Hver einasti umsagnaraðili fyrir utan tvo lýsir andstöðu við málið. Hvað á þetta þá að þýða? Af hverju eru menn þá að nudda svona með þetta? Hvað á þetta að þýða? Ég hef enga skýringu fundið aðra en þá að hæstv. iðnrh. vilji losna við núverandi stjórn Landsvirkjunar.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé út af fyrir sig ekkert annað að gera í þessu máli fyrir okkur en að segja við stjórnarmeirihlutann: Þið skuluð bera ábyrgðina af þessu, þetta er ykkar mál. Þið kjósið að hafa þetta svona og það er ykkar mál. Þið viljið koma þessum hlutum svona fyrir. En ég verð að segja að ég harma það bæði vegna þjóðarinnar og fyrirtækisins Landsvirkjunar vegna þess að hér er ekki verið að taka ákvörðun um að lækka raforkuverð heldur að hækka það að óþörfu um 10% á næsta ári. Hafa menn ekki tekið eftir því? Halda menn að það sé bara áróður að raforkuverð þurfi að vera 10% hærra til almennings næstu árin út af þessu samkomulagi? Það er þannig. Vegna þess að Landsvirkjun selur til almenningsveitna fyrir 5–6 milljarða kr. á ári og þessi arður er upp á 500–700 milljónir kr. á ári þannig að það er um það bil 10% af sölunni á raforku til almennings sem á að fara í annað.

Það út af fyrir sig alveg rétt sem hér hefur verði bent á að þeir aðilar sem um er að ræða, þ.e. Reykjavíkurborg og Akureyri og ríkið, eru auðvitað ekki venjuleg fyrirtæki heldur er hér um að ræða aðila sem lúta því sem kallað er lýðræðisleg stjórn. Það er út af fyrir sig alveg rétt. En ég spyr, herra forseti: Er það skynsamleg stefna í orkumálum að leggja skatt á raforku? Er það skynsamleg stefna í orkumálum og í efnahagsmálum að leggja skatt á raforku? Er það skynsamleg stefna í orkumálum, efnahagsmálum og atvinnumálum að leggja skatt á raforku í landi þar sem verðlag á raforku er úrslitaþáttur í sambandi við hagvöxt og betri eða verri lífskjör á komandi árum og áratugum? Því ef það er eitthvað sem getur bjargað Íslandi í þessari stöðu þá er það að menn tryggi að orkan sé ódýr þannig að hún geti skilað sem mestum arði út í atvinnulífið og út til einstaklinganna á hverjum tíma. Þá er ég að tala um þá orku sem almenningur fær til sinna nota, einkanota, og íslensku fyrirtækin í landinu. Ég held sem sagt að það sé vond efnahagsstefna að skattleggja orku eins og hér er ætlunin að gera.

Það er líka slæmt í þessu máli, herra forseti, hvað Framsfl. kýs að nota þetta mál til að ala á tortryggni og úlfúð á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Það er afar alvarlegur hlutur. Leiðtogi í þeirri úlfúð og í þeim málflutningi er hæstv. iðnrh. sem hefur reynt að gera lítið úr málflutningi einstakra þingmanna fyrst og fremst vegna þess að þeir ættu ekki að segja margt af því að þeir væru úr Reykjavíkurkjördæmi. Þannig hefur verið reynt að draga þetta mál niður í svað kjördæmasjónarmiða en hér er fyrst og fremst um að ræða almennt málefni, málefni sem snertir þjóðina alla hvar sem hún býr á landinu. Þess vegna harma ég að menn skuli hafa verið að reyna að efna til illinda á milli þéttbýlis og dreifbýlis eins og Framsfl. er að reyna að gera í þessu máli og að slá sér upp á því.

Um önnur atriði í þessu frv., herra forseti, og þær brtt. sem hér eru fluttar ætla ég ekki að vera margorður að sinni en vil víkja aðeins að frhnál. minni hluta iðnn. á þskj. 598. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Verði frumvarpið samþykkt hækkar rafmagnsverð til almennings um 500–700 millj. kr. á ári sem renna þá til eigendanna, í ríkissjóð, borgarsjóð og bæjarsjóð Akureyrar. Heildarsala á raforku til almennings nam á síðasta ári um 5,5 milljörðum kr. Hér er því um að ræða um það bil 10% aukaskatt á alla raforkunotendur í landinu. Þessi skattur leggst hlutfallslega þyngst á þá sem borga hæst orkuverð.

Verði frumvarpið samþykkt er stigið skref í þá átt að brjóta niður þá stefnu verðjöfnunar sem á að fylgja samkvæmt lögunum um Landsvirkjun. Alþýðubandalagið ítrekaði stuðning sinn við verðjöfnunarstefnu í raforkumálum á miðstjórnarfundi flokksins fyrir nokkru. Aðalgalli þessa frumvarps eins og það liggur fyrir er einmitt að gert er ráð fyrir að hækka rafmagn mest hjá þeim sem borga hæsta verðið fyrir raforkuna.

Þá er hætt við því að fyrirtækið [þ.e. Landsvirkjun] sundrist í mörg smærri virkjunarfyrirtæki fari svo að frumvarpið verði samþykkt.

Þá ber að gagnrýna harðlega að Alþingi gefst of lítill tími til að fjalla um málið í lokagerð þess. Framsóknarflokkurinn knúði á um það að frumvarpið yrði tekið til atkvæða í gær. Samt voru lagðar fyrir þingnefnd í gær breytingartillögur sem fjalla annars vegar um tæknileg málefni en hins vegar er um að ræða bókun sem engu breytir. Í bókun þessari er gengið skemmra en þegar hefur komið fram í áliti meiri hlutans og í ummælum ráðherra. Bókun er líka aðeins bókun og breytir engu um efni málsins nema hún verði gerð að lögum. Minni hlutinn mun því gera tillögu um að láta á það reyna hvaða vilji er á bak við bókunina með því að flytja hana sem breytingartillögu við frumvarpið við 3. umr. sem ákvæði til bráðabirgða.

Í bókun eignaraðila segir: „Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og bæjarstjórnar Akureyrar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda. Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir."

Leturbreytingar eru minni hlutans en þær eru gerðar til að vekja athygli á mikilvægum efnisatriðum:

1. Talað er um núverandi aðila sem þýðir að þeir sem taka við geta breytt samkomulaginu. Kjörtímabil bæjarstjórnanna rennur út fyrir aldamót. Bókunin er því hrein markleysa til lengri tíma litið.

2. Talað er um sammæli en ekki um samkomulag.

3. Það er engin frétt að raforkuverð geti lækkað eftir aldamót!

Bókunin er því aumlegur kattarþvottur. Verði hún hins vegar lögfest horfir málið öðruvísi við. Þess vegna flytur minni hlutinn breytingartillögu um að svo verði gert.

Tilgangur bókunarinnar er að slá ryki í augu annarra. Formaður iðnaðarnefndar túlkaði bókunina þannig í útvarpsfréttum í gærkvöldi: „... við höfum ... haldið því fram að arðgreiðslurnar væru víkjandi fyrir lækkun orkuverðs og svo er enn."

Þannig er reynt að nota bókunina til að blekkja. Þessi lýsing þingmannsins gengur þvert á lýsingu borgarstjóra á málinu eins og hann greindi frá afstöðu sinni til málsins í iðnaðarnefnd í gærmorgun. Þeir sem undirrita segja því ekki það sama um efni þess sem undirritað er. Það er greinilega skoðun borgarstjóra að bókunin breyti engu; eftir sem áður hafi arðgreiðslurnar forgang.

Í nefndaráliti meiri hlutans segir svo um málið: „Samkomulagið felur í sér málamiðlun milli eðlilegra sjónarmiða um hæfilegar arðgreiðslur til eigenda og þess meginmarkmiðs að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót. Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum." Eins og lesendur geta séð og þingmenn geta heyrt er þetta allt annað en fram kemur í bókun eignaraðilanna.

Við 1. umr. málsins lýsti iðnaðarráðherra því yfir að ætlunin væri að verja því fé sem ríkissjóður fær af arðgreiðslum Landsvirkjunar til atvinnuuppbyggingar utan Reykjavíkur og Akureyrar. Engar upplýsingar hafa komið fram um hvernig þetta á að gerast.

Loks vill minni hlutinn gagnrýna sérstaklega asann á málinu nú við lok þess, en hann er Alþingi til vansa. Meðferð Alþingis hefur ekki þann tilgang að staðfesta vilja ríkisstjórnarinnar; meðferð málsins á Alþingi á líka að hafa þann tilgang að opna mál fyrir þjóðinni. Þess vegna er Alþingi haldið í heyranda hljóði."

Undir þetta frhnál. minni hluta iðnn. ritar Svavar Gestsson 11. febr. 1997.

Það eru fáein atriði, herra forseti, í þessu frhnál. sem ég ætla að gera aðeins nánar að umtalsefni og fyrst það síðasta. Ég ætla að spyrja hæstv. iðnrh.: Af hverju þarf að gera málið að lögum á morgun eða hinn — eða helst í dag? Hvaða ástæður eru fyrir því? Það geta verið einhverjar ástæður fyrir því. Ég þekki þær ekki en það væri fróðlegt að vita hverjar þær eru og ég óska eftir að því verði svarað vegna þess að ég hef grun um að ástæðurnar séu fyrst og fremst þær að stjórnarflokkarnir og sérstaklega Framsfl. vilji helst koma þessu máli frá af því það sé þeim óþægilegt. Þess vegna vilji þeir endilega ljúka málinu eins og hér er lagt til og ég skora á hæstv. ráðherra að svara því af hverju það er sem þessi ofuráhersla er lögð á að ljúka þessu máli.

Í öðru lagi hefði ég viljað fara fram á það að hæstv. iðnrh. svaraði annarri spurningu sem ekki gafst tími til að ræða við 2. umr., mjög sérkennilegu atriði sem fram kom í andsvari hans við ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og fram kom við afgreiðlsu fjárlaga fyrir árið 1997. En þar er gert ráð fyrir því að arðurinn sem greiddur verður í ríkissjóð af Landsvirkjun verði notaður til atvinnuuppbyggingar úti um landið. Ég spyr: Hvernig á þetta að gerast? Hvað er hér á ferðinni? Hver á að borga þessa fjármuni?

Það er nokkuð merkilegt að fyrir tæpum sex árum settist hér að völdum í landinu ríkisstjórn sem vildi aðallega beita sér gegn sjóðasukki og taldi að það mundi vera hið mesta þjóðþrifamál að fækka hér sjóðum — leggja niður sjóði. Það væri aðalvandamál þjóðarinnar hvað hér hefðu verið til margir sjóðir. Það verður að viðurkenna að ekki hefur miðað hratt í þessum efnum af hálfu þeirrar ríkisstjórnar né þeirrar sem tók við af henni. En hvað er hér á ferðinni? Og hvaða sjóður er þetta sem á að úthluta þessum fjármunum? Hverjir eru það sem eiga að fara með þetta fé? Ég vil fá upplýsingar um það. Alþingi verður að fá að vita það. Er það ráðherra sem ætlar að úthluta þessum 80 milljónum eða hvað? Hverjir eru það sem eiga að koma að því? Er það Byggðastofnun? Hverjir eru það sem eiga að koma að þessu máli? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá upplýsingar um það, herra forseti, við þessar umræður.

Í sambandi við einstakar brtt. við frv. vil ég svo sem ekki segja margt um þær nema hvað ég ætla að víkja aðeins að tillögunni um Ríkisendurskoðun en ég tel að hún sé til bóta. Ég tel að það sé sérstaklega til bóta að hún er kölluð til þarna en ég verð að segja eins og er að mér finnst hún nokkuð sérkennileg eins og hún er. Ég skil satt að segja ekki af hverju brtt. er ekki höfð beinlínis þannig að það sé tekið fram að Ríkisendurskoðun geti annast fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun, ef hún ákveður, hjá Landsvirkjun. Hér er staða Ríkisendurskoðunar takmörkuð mjög mikið. Ég átta mig ekki alveg á því hvernig á því stendur að menn una við það að lenda málinu með þessum hætti þó ég viðurkenni að það sé til bóta að nefna Ríkisendurskoðun í lögunum um Landsvirkjun, ef þetta verður að lögum.

Í annan stað í sambandi við einstakar brtt. ætla ég að spyrja um tillöguna um samkeppnislög. Ég tel að nauðsynlegt sé að hæstv. ráðherra útskýri hvað hann á við í þessu sambandi og reyndar formaður nefndarinnar líka. Ég vil gjarnan fá að vita hvað hann á við í þessu máli. Hvað þýðir þetta, með leyfi forseta: „Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun." Hvað þýðir þetta? Samkeppnislög fjalla um samkeppni eða fákeppni á milli stofnana. En veruleikinn er sá að í orkumálum er ekki um mikla samkeppni að ræða. Hún er nánast engin eða takmörkuð. Það má segja að í sumum tilvikum sé vottur af samkeppni í raforkugreininni en þó held ég að það sé ekki hægt að tala um það að neinu marki. Margir þeir aðilar sem voru að gagnrýna frv. um Landsvirkjun sögðu að það þyrfti að koma á samkeppni í raforkugeiranum en það hefur ekki verið gert. Ég spyr: Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Segjum að þetta væri komið í lög og stjórn Landsvirkjunar hefði tekið ákvörðun um tiltekna gjaldskrá. Hvað gerist þá? Kemur Samkeppnisstofnun til? Hvernig skilur formaður nefndarinnar þetta? Ég tel að það sé mikilvægt að hafa þetta og betra en ekki að hafa þetta þarna inni en ég hefði þó talið óhjákvæmilegt að málið væri skýrt miklu betur áður en að það verður afgreitt hér.

Virðulegi forseti. Það er svo eitt atriði sem ég vildi síðan nefna í sambandi við arðgreiðslurnar, og þá vík ég að því sem ég kom að í upphafi, að hlutfallið væri 0,7% af stofni en hefði verið 3% eða miklu hærra einhvern tímann hér fyrr á öldinni þegar sumir menn voru ráðherrar. Ég vil svo sem ekki segja margt um það en deilan í þessu máli snýst kannski m.a. um það af hvaða stofni þessi arður er reiknaður. Ég held að það sé nauðsynlegt að halda því til haga að í nál. mínu kemur fram að Reykjavík, Akureyri og ríkið hafa ekki borgað 24 milljarða og ekki 14 milljarða inn í Landsvirkjun heldur 2–2,5 milljarða í peningum. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að að öðru leyti er þarna um að ræða eignamyndun sem almenningur stendur á bak við með því að borga fyrir rafmagnið sitt. Þess vegna verð ég að segja eins og er, herra forseti, að mig rak eiginlega í rogastans þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson notaði þessa prósentu áðan sem rök fyrir máli sínu. Ég held að hann þurfi að átta sig á því að deilan um málið stafar m.a. af því að það er ósætti um það af hvaða tölu á að reikna arðinn. Það er ósætti um það. Ég rifja það upp að við 2. umr. málsins sagði t.d. hv. 2. þm. Vesturl. að hann væri sammála uppsetningu á þessu máli að því er varðar arðsútreikninginn sem fram kemur í nál. mínu og ég kynnti þá rækilega og birtist á þskj. 560. Þannig liggur fyrir að um það er samstaða mjög víða að uppsetningin 14 milljarðar sé vitleysa og það eigi að horfa á töluna 2–2,5 milljarðar sem eru hin raunverulega greiðsla inn í fyrirtækið frá þessum aðilum, þ.e. Reykjavíkurborg, Akureyri og ríkinu.

Þetta vildi ég nefna, herra forseti, og ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra og talsmann meiri hlutans í iðnn. nokkrar spurningar og vænti þess að þeir geti svarað þeim. En ég endurtek að út af fyrir sig er sjálfsagt ekkert við því að gera ef meiri hlutinn ætlar að þrælast með þetta hér í gegn, þá gerir hann það. Það er ekki hægt að ásaka okkur fyrir það að við höfum ekki reynt að koma fyrir hann vitinu eða reynt að skýra málið. Það er ekki hægt að gagnrýna okkur fyrir það. Við erum búin að reyna það eins og við getum. Það er ekki hægt að gagnrýna okkur fyrir það þó hv. þm. Stefán Guðmundsson trúi því að verð á rafmagni lækki þó það hækki. Veruleikinn mun leiða það í ljós, því miður, að við höfum talsvert til okkar máls í þessu efni og það er leitt hans vegna vegna þess að ég veit að hann vill vanda sig og fara með hið rétta í þessu máli.

Varðandi niðurstöðuna hjá hinum eignaraðilunum í sambandi við þessa breytingu eða bókun þá liggur það fyrir að það eru skiptar skoðanir um hana. Niðurstaðan er m.a. sú í borgarráði Reykjavíkur að þessi bókun breyti engu. Eftir sem áður liggi það fyrir að arðurinn komi til eignaraðilanna eins og gert hafði verið ráð fyrir þannig að þetta með forgang verðlækkunarinnar sé ekki á dagskrá. Það er niðurstaða borgarráðs og það er nokkurt umhugsunarefni í ljósi þess sem hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar hafa reynt að halda hér fram.

[18:10]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 8. þm. Reykv., Svavar Gestsson, gerði hér að umtalsefni þá sameiginlegu bókun sem mjög hefur verið til umfjöllunar í dag frá eignaraðilum Landsvirkjunar. Út af fyrir sig get ég verið sammála honum um það að ekki er nú allt þar á gullaldarmáli og í sannleika sagt er stjórnarandstöðunni gefið þar óþarflega mikið fóður til umræðunnar um þetta mál í dag. Hins vegar breytir það ekki þeirri staðreynd að það er undirrituð sameiginleg bókun að það sé forgangsverkefni stjórnar Landsvirkjunar og stjórnenda að lækka raforkuverðið. Það sé forgangsverkefni á undan öllum undirbúningi og aðgerðum til arðgreiðslu. Ég vil þess vegna spyrja hv. 8. þm. Reykv. hvort það sé svo að hann telji að borgarstjórinn í Reykjavík hafi nú þegar undirbúið og ætlað sér að ganga á bak þessa samkomulags. Ber að skilja orð hv. þm. svo að hann hafi upplýsingar um það að borgarstjórinn í Reykjavík ætli ekki að virða það samkomulag að verðlækkun hafi forgang? Ég vil fá svar við þessu, hæstv. forseti, hjá ágætum og hv. þm. Svavari Gestssyni.

[18:12]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir það mikla traust sem hann ber til mín að ég svari hérna fyrir borgarstjórann í einu og öllu í þessu máli en það er misskilningur að ég geri það. Þó get ég reynt að klóra í bakkann. Gallinn við bókunina sem hv. þm. er að vitna í er að hún ónýt. Það stendur ekkert í henni að um sé að ræða forgangsverkefni að öðru leyti en því að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót, það er allt. Það er engin frétt. Þess vegna tel ég að ef hv. þm. trúir þessu þá hafi hann látið blekkja sig og mér þykir leiðinlegt til þess að vita.

[18:13]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mjög mikilvægt mál. Við erum að ræða málefni þess mikilvæga fyrirtækis, Landsvirkjunar. Og viðfangsefnið er það að iðnn. hefur fjallað um það með hvaða hætti beri að standa að málum þessa fyrirtækis og þá einkum og sér í lagi hvernig eigi að standa að því mikilvæga verkefni að lækka raforkuverðið. Um þetta hafa orðið deilur. Það hafa verið deilur um það hvort eðlilegt sé að svo mikill arður sé greiddur út úr fyrirtækinu eins og menn voru að vonast til. Samkomulagið sem hefur náðst í iðnn., þar sem eru samankomnir þingmenn allra flokka annarra en Alþb., gengur út á það að taka tillit til þeirrar sameiginlegu bókunar sem liggur fyrir, sem felur það í sér, að mínum skilningi og margra annarra, að þetta skuli vera forgangsverkefni. Hv. 8. þm. Reykv. var að vísa til þess að í borgarráði Reykjavíkur hafi verið fjallað um þetta í dag eða síðustu dagana og þar hafi menn komist að raun um að ekki beri að taka mark á þessu samkomulagi. Ég held að það sé afar mikilvægt að það komi fram í þessari umræðu, og ekki síst hjá hv. 8. þm. Reykv. sem hefur verið talsmaður Alþb. í umræðunni um þessi málefni og vegna þess að Alþb. er aðili að R-listanum, meiri hlutanum í Reykjavíkurborg, þá tel ég nauðsynlegt að hv. þm. geri betri grein fyrir þeim upplýsingum sem hann hefur um afstöðu R-listans í þessu máli svo við velkjumst ekki í vafa um það hvort R-lista meiri hlutinn ætlar að standa (Forseti hringir.) að þessari undirritun borgarstjórans eða hvort R-listinn ætlar að svíkja það.

[18:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætlar hv. þm. þá að skipta um afstöðu? Eru örlög hans í hendi R-listans? Ég óska honum til hamingju með það. Það er það sem hann er í raun og veru að vitna hér í.

Ég ætla bara að segja eitt í þessu sambandi. Ég tel að þingmaðurinn hafi verið blekktur vegna þess að það liggur ekkert fyrir um það að verðlækkun eigi að hafa forgang. Og ég ætla að vitna máli mínu til stuðnings í bókun frá borgarráði Reykjavíkur í dag. Ég ætla hins vegar fyrst að rifja það upp út á hvað málið gengur. Það gengur út á það að hérna liggur fyrir frv. um að eignaraðilar Landsvirkjunar eigi að fá arð eftir tilteknum reglum samkvæmt samkomulagi frá 28. okt. 1996. Þetta stendur í 2. gr. frv. sem þingmaðurinn og fleiri hér voru að samþykkja í dag. Þar stendur ekkert um verðlag. Eftir að þetta frv. var lagt fram var gerð bókun á milli eignaraðilanna. Breytir hún einhverju? Breytir hún öllu í málinu? Það er það sem þingmaðurinn er að gefa í skyn. Bókun úr borgarráði Reykjavíkur í dag um þessi mál segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Í sameiginlegri bókun eignaraðila Landsvirkjunar, dags. 10. febrúar 1997, kemur ekkert fram sem ekki hefur áður verið samþykkt af hálfu borgarinnar."

Það er með öðrum orðum ekkert í bókuninni. **(StB:** Hver bókaði þetta?) Pétur Jónsson heitir hann, borgarráðsmaður Alþfl. Ég held því að það sé óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir því að þar er litið þannig á, a.m.k. af Pétri Jónssyni að ekkert hafi gerst í málinu. Það verður kannski til þess að hv. þm. skipti um skoðun frá því sem hann hafði í atkvæðagreiðslunni í dag.

[18:17]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að svara því sem spurt var um þó ég komist ekki yfir allt.

Í sambandi við Ríkisendurskoðun, þá er hv. þm. það ljóst að sú brtt. sem hér er gerð á því máli er í fullkomnu samráði

og sátt við ríkisendurskoðanda. Það kom margsinnis fram á nefndarfundi með okkur.

Það sem hv. þm. er enn að tala um er sú bókun sem gerð er 10. febr. hjá eigendum þessa fyrirtækis, Landsvirkjunar. Þar stendur svart á hvítu:

„Sammæli um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir." Og samkomulagið gerir ráð fyrir því að orkuverðið eigi að lækka um 2–3% á ári á árunum 2001–2010. Síðan segir hv. þm., og ég vil einmitt taka undir það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson sagði: „Í borgarráði er mikil andstaða við lækkun orkuverðs." Og hann segir að það hafi forgang fram yfir arðgreiðslur. Það væri fróðlegt að fá að vita það hér hverjir það eru í borgarráði sem eru á móti því að lækka orkuverð. Hv. þm. Svavar Gestsson virðist í málflutningi sínum bæði vera á móti því að lækka orkuverð og greiða arð og það er fróðlegt fyrir okkur að fá að vita hverjir það eru í borgarráði Reykjavíkur sem eru andsnúnir því að lækka orkuverð hér á landi.

Hv. þm. hefur áhyggjur af því að það sé mikil sundrung í liði stjórnarsinna í þessu máli. Hvað sýndu atkvæðagreiðslur hér í dag, hv. þm. Svavar Gestsson? Hvað sýndu þær þegar allar tillögur hv. þm. voru felldar með milli 30–40 atkvæðum gegn átta atkvæðum eða svo? Ég sé ekki að það sé mikill brestur í stjórnarliðinu, hv. þm.

[18:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærður um að allir borgarráðsmenn vilja lækka verð á raforku og þess vegna held ég að það hefði verið skynsamlegt af þingmönnunum að fallast á tillögu mína í dag um að vísa málinu frá og hefja nýjar samningaviðræður við borgina og Akureyri um þessi mál. Ég held að það hefði verið miklu skynsamlegra hjá hv. þm. að gera það.

Hins vegar er ljóst að Reykjavíkurborg gerði samning um tilteknar arðgreiðslur og þeim samningi hefur ekki verið breytt, ekki heldur með bókuninni sem hv. þm. reynir að hanga á. Það kemur í ljós að hún er ónýt eins og fram kemur í bókun Péturs Jónssonar borgarfulltrúa sem ég las upp áðan.

Varðandi tilvitnunina sem ég var með, þá bið ég hann að lesa þetta pínulítið betur. Þar segir: „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót" — það er ekkert nýtt í þessu, er það? **(Iðnrh.:** Eins og samkomulagið gerir ráð fyrir.) „með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir." — Er eitthvað nýtt í þessu? Af hverju þurfti að taka þetta fram? Breyttist eitthvað? Var eitthvað sem þurfti að taka fram í þessu máli? Var eitthvað nýtt í þessu að mati ráðherrans? Stóð ekki til að standa við það samkomulag sem menn gerðu eða hvað? Um hvað er ráðherrann að tala? Ég held að þetta sýni að þetta er aumlegur kattarþvottur og styðst ekki við neitt annað en það að menn eru að fálma eftir hálmstráum frekar en að þetta sé efnisleg niðurstaða sem menn geta byggt málflutning sinn á.

Hvað varðar Ríkisendurskoðun þá veit ég að það er sátt við hana um þetta mál. Það getur vel verið. En ég spurði samt sem áður hv. þm. af hverju þetta væri svona. Það er ekki nóg fyrir mig að það sé vísað á Ríkisendursoðun í þeim efnum.

[18:21]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil víkja að því sem hv. þm. minntist á fyrr í máli sínu. Margir talsmenn á landsbyggðinni eru á móti þessu máli. Ég get sagt hv. þm. það að ég hef um skeið átt mjög marga fundi í mínu kjördæmi. Hv. þm. talaði mikið um það um daginn að mikil óánægja væri í kjördæmi Stefáns Guðmundssonar um þetta mál. Ég hef haldið marga fundi, mjög fjölmenna fundi þar sem aðeins einn maður á öllum þeim fundum og öllum þeim fjölda sem á þessum fundum var mættur, aðeins einn maður hefur mælt gegn þessu máli. Aðeins einn maður.

Ég vil líka að hv. þm. segi mér hverjir það eru í borgarráði sem eru á móti því að lækka orkuverð. Hv. þm. sagði það áðan að það væri andstaða í borgarráði gegn því að lækka orkuverð. Og ég spyr: Er líka andstaða hjá Reykjavík um það að fá arðgreiðslur til sín? Ég sagði að hér að arðgreiðslurnar í þessu falla ekki í eitthvert einkafyrirtæki. Arðgreiðslurnar út úr Landsvirkjun falla annars vegar til Reykvíkinga, Akureyringa og ríkisins. Ríkið hefur þegar ákveðið hvernig með stóran hluta af arðgreiðslunni verði farið. Til atvinnusköpunar á landsbyggðinni. Svo kemur hv. þm. og segir að hér sé verið að fjandskapast við landsbyggðina og við séum að vekja upp einhverja tortryggni milli landsbyggðar og þéttbýlis. Ef einhverjir eru að gera það, þá er það Alþb. Og ég ætla ekki að segja það, en það hvarflar að mér að það fari kannski í taugarnar á þeim, hv. þm. Reykv. að það eigi að verja fjármagni af arði Landsvirkjunar til þess að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni. Það skyldi þó aldrei vera.

[18:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. sé nú orðinn reiðari en svo að það sé ástæða til þess að standa í miklum orðaskylmingum fram eftir nóttu. Hann veit auðvitað alveg eins vel og ég og við öll hér inni að það er mikill stuðningur við það hjá okkur eins og margoft hefur komið fram og við höfum átt samstarf um það, ég og hv. þm. í gegnum tíðina að byggja upp atvinnulíf á landsbyggðinni. Og að setja málin upp eins og hann gerði áðan er fyrir neðan hans virðingu, herra forseti.

[18:24]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég á aðild að frhnál. meiri hluta iðnn. og þeim brtt. sem hann flytur þannig að ég þarf ekki að hafa langt mál nú við 3. umr. málsins. Það er ljóst að frá því að það var rætt við 2. umr. hefur málið tekið nokkrum breytingum. Ég átti ekki samleið með meiri hlutanum þegar málið var rætt hér fyrir jól og skilaði sérstöku nefndaráliti og ég tel ástæðu í ljósi þess að ég á aðild að frhnál. meiri hluta iðnn. að rifja upp helstu áherslur sem voru í áliti 1. minni hluta við 2. umr. málsins.

Í því áliti kom fram að þær áherslur sem 1. minni hlutinn legði væru í fyrsta lagi að skerða ekki eftirlitsmöguleika Ríkisendurskoðunar, að eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar vegna einokunaraðstöðu þess yrði tryggt hjá Samkeppnisstofnun, að skýrt yrði kveðið á í nefndaráliti um jöfnun orkuverðs og að arðgreiðslumarkmið yrðu víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðum.

Það er ljóst, herra forseti, að um tvö þessara atriða, þ.e. varðandi eftirlits- og endurskoðunarmöguleika Ríkisendur-

skoðunar og þann þátt sem snýr að Samkeppnisstofnun, um að lög Samkeppnisstofnunar nái til Landsvirkjunar, hefur náðst verulegur árangur og raunar verið komið verulega til móts við þær breytingartillögur sem ég flutti ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum um þetta mál, í fyrsta lagi varðandi Samkeppnisstofnun. Um það voru deildar meiningar hvort nauðsynlegt væri að kveðið yrði á um það í þessu frv. hvort lögin um Samkeppnisstofnun mundu ná til Landsvirkjunar. Það var mín skoðun að svo væri og ég vil skýra það nokkuð af hverju það er nauðsynlegt að mínu mati. Í fyrsta lagi er kveðið á um það í 8. gr. frv. að stjórn Landsvirkjunar setji gjaldskrá fyrir Landsvirkjun. Ég tel að með slíku ákvæði, þar sem stjórnin setur einhliða gjaldskrá fyrir Landsvirkjun án þess að kveðið sé á um að lögin um Samkeppnisstofnun nái til Landsvirkjunar, geti Samkeppnisstofnun ekki haft afskipti af gjaldskránni eða gripið inn í t.d. ef henni berst kvörtun um að óeðlileg breyting hafi átt sér stað á gjaldskránni eða að Samkeppnisstofnun geti af sjálfsdáðum gripið þar inn í. Það er mín skoðun að með þeirri brtt., sem nú hefur náðst samstaða um og kemur hér til atkvæðagreiðslu við lok 3. umr., geti Samkeppnisstofnun gripið inn í og haft afskipti af gjaldskránni, bæði í því tilviki að henni berist kvörtun þar að lútandi og eins að hún geti gert það af sjálfsdáðum. Það er mín skoðun á þessu máli. Þess vegna fagna ég brtt. og tel ástæðu til þess að þakka meiri hlutanum fyrir það og hæstv. iðnrh. að samkomulag hafi náðst um það að flytja þessa brtt.

Varðandi Ríkisendurskoðun er ljóst að í brtt. meiri hlutans nú er ekki eins afdráttarlaust kveðið á um aðkomu Ríkisendurskoðunar að þessu máli og gert var í þeirri brtt. sem 1. og 2. minni hluti fluttu við 2. umr. málsins. Þar var kveðið afdráttarlaust á um það að lögin um Ríkisendurskoðun giltu um Landsvirkjun. En ég tel engu að síður að bæði brtt. sem meiri hlutinn flytur núna og einnig það sem fram kemur í frhnál. um eftirlits- og endurskoðunarmöguleika Ríkisendurskoðunar tryggi að fullu að Ríkisendurskoðun hafi þá möguleika sem hún þarf til eftirlits og endurskoðunar, þ.e. ef samkomulag næst þá um að breyta lögum um Ríkisendurskoðun sem verður til umfjöllunar í þinginu fljótlega.

Ég vil vitna til frhnál. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Meiri hluti iðnaðarnefndar telur jafnframt eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi heimild til þess að gera stjórnsýsluendurskoðun á fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í, líkt og er um Landsvirkjun. Til þess að svo megi verða með óyggjandi hætti þarf að breyta 9. gr. fyrirliggjandi frumvarps til laga um Ríkisendurskoðun, 262. mál, og kveða þar sérstaklega á um stjórnsýsluendurskoðun hjá fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í en Ríkisendurskoðun annast ekki fjárhagsendurskoðun hjá vegna ákvæða í sérlögum. Meiri hlutinn áréttar þessa tillögu um breytingu á 262. máli (Ríkisendurskoðun) og vísar henni til þeirrar nefndar sem fjalla mun um frumvarpið."

Ég veit að hæstv. forseti er að hlýða á mál mitt vegna þess að frv. um Ríkisendurskoðun sem hér verður til umfjöllunar er flutt á vegum forsn. Ég tel mjög mikilvægt og veit að víðtækur skilningur er á því á Alþingi og vilji til þess að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun á Landsvirkjun. Því vænti ég þess að samkomulag náist um að breyta frv. til laga um Ríkisendurskoðun eins eins og það lítur út núna þannig að 9. gr. þess frv. verði breytt. Hún hljóðar nú svo í frv. sem liggur fyrir þinginu:

„Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum sem um ræðir í 6. gr."

Þarna þyrfti að mínu viti að bætast við: „þó svo að sérlög mæli fyrir um annan hátt á fjárhagsendurskoðun", til þess að það sé fullkomlega tryggt að Ríkisendurskoðun hafi þann möguleika að láta fara fram stjórnsýsluendurskoðun á Landsvirkjun. Það er einmitt vegna þeirrar brtt. sem meiri hlutinn beitir sér fyrir og ég stend að og vegna þess sem kveðið er á í frhnál. og í trausti þess að samstaða náist um að breyta frv. sem liggur fyrir þinginu, 9. gr. þess sem mundi kveða afdráttarlaust á um í lagatexta að Ríkisendurskoðun gæti látið framkvæma umrædda stjórnsýsluendurskoðun, að ég hef dregið til baka þær brtt. sem ég hef flutt og styð meiri hlutann og það frhnál. sem hv. formaður iðnn. hefur mælt fyrir og þær brtt. sem hann lýsti hér áðan.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessi mál. Miklar umræður hafa orðið um arðgreiðslurnar og gjaldskrármarkmiðin og það er alveg ljóst að það var eitt þeirra atriða sem 1. minni hluti lagði áherslu á að arðgreiðslumarkmiðin yrðu víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðunum. Ég geri mér grein fyrir því og hef hlustað á það að mismunandi túlkun og merking lögð er í þá sameiginlegu bókun sem undirrituð hefur verið af hæstv. iðnrh., borgarstjóra og bæjarstjóranum á Akureyri um þetta mál og ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur. Ég tel þó nokkurs virði, virðulegi forseti, þessa sameiginlega bókun varðandi arðgreiðslurnar og gjaldskrármarkmiðin sem hér liggur fyrir og vil enn einu sinni vitna í þá setningu sem oft hefur verið vitnað hér í áður á þessum degi, með leyfi forseta:

„Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir."

Virðulegi forseti. Það eru skiptar skoðanir um þetta. Ég hefði auðvitað kosið að þetta hefði verið ákveðnara en það er hér sett fram. En ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er sameiginleg bókun undirrituð af þessum aðilum og lengra verður ekki komist í því máli. Ég kýs að líta svo á að samkvæmt þessari bókun og samkvæmt fyrri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. einnig verði arðgreiðslumarkmiðin víkjandi fyrir gjaldskrármarkmiðunum.

[18:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil spyrja hv. þm. um skilning hans á tillögu sem þingmaðurinn flutti ásamt fleirum og sem síðar er komin fram frá meiri hluta iðnn. um það að fyrirtækið muni heyra undir samkeppnislög. Lagatextinn er ekki afmarkaður við ákveðið svið samkeppnislaganna. Eins og kom fram hjá hv. þm. var hann að hugsa um gjaldskrána og að Samkeppnisstofnun gæti haft afskipti af gjaldskránni ef hún stangaðist að einhverju leyti á við ákvæði samkeppnislaga um gjaldskrár.

Ég bendi á að texti brtt. er ekki afmarkaður við þetta svið þannig að verði þetta að lögum þá mun öll starfsemi Landsvirkjunar heyra undir alla kafla samkeppnislaga. T.d. má benda á að þetta er markaðsráðandi einokunarfyrirtæki og Samkeppnisstofnun mun væntanlega líta á fyrirtækið út frá því sviði sem henni er ætlað, þ.e. að koma á samkeppni. Er það þá tilgangur lagaákvæðisins að mati þingmannsins eða getur það rúmast innan frumvarpstextans að Samkeppnisstofnun geri kröfur um slíkar breytingar?

Í öðru lagi, er þingmaðurinn sammála því að slíkar breytingar verði gerðar, t.d. að skipta Landsvirkjun upp, annars

vegar í orkuöflun og hins vegar orkudreifingu og koma á samkeppni á öðru sviðinu eða báðum? Ég er hræddur um að þetta lagaákvæði sé miklu víðtækara en þingmaðurinn vildi meina, með því að afmarka það einvörðungu við afskipti Samkeppnisstofnunar af gjaldskrá hverju sinni.

[18:36]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg ljóst samkvæmt þeirri brtt. sem liggur fyrir að ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun. Ég var að ræða sérstaklega um gjaldskrána sem ég hafði sérstaklega í huga þegar ég lagði áherslu á að samkomulag gæti náðst um að þessi brtt. yrði flutt.

Varðandi samkeppnina sem slíka þá kom fram í nefndaráliti 1. minni hluta, sem ég stóð að, við 2. umr. málsins, hvaða áherslur 1. minni hlutinn legði varðandi framtíðarskipan orkumála. Þar kom fram að 1. minni hluti legði áherslu á að brýnt væri að mótuð verði stefna um nýtingu auðlinda sem og aðskilnað í vinnslu flutningsdreifingar og sölu á raforku sem er forsenda fyrir samkeppni. Ég tel að það þurfi að komast á samkeppni í þessum geira.

En ég var fyrst og fremst að horfa til gjaldskrárinnar þar sem mér fannst 8. gr. mjög takmarka og jafnvel koma í veg fyrir að hægt væri að hafa eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar.

[18:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og mig grunaði. Menn eru með fleira í huga en látið er uppi. Í máli þingmannsins er ákvæðið um samkeppnislög útskýrt þannig að einvörðungu eigi að gæta þess að gjaldskráin sé eftir einhverjum reglum ekki óeðlileg út frá stöðu fyrirtækisins. En lagatextinn, eins og hann verður ef tillagan nær fram að ganga, er miklu víðtækari og ég heyri að þingmaðurinn, og veit reyndar að svo er um fleiri, er á þeirri skoðun að það eigi að ganga til mikilla breytinga í orkugeiranum sem eiga fyrst og fremst að felast í því að koma á samkeppni á sem flestum sviðum, a.m.k. á dreifingarstigi og smásölustigi, e.t.v. líka á virkjanastigi. Mér sýnist því á öllu að með þessu lagaákvæði séu menn að setja inn ákvæði sem muni leiða til þess af því að það er hlutverk Samkeppnisstofnunar að kalla þessar breytingar fram. Hún hefur ekki endilega það hlutverk að passa upp á gjaldskrár einokunarfyrirtækja. Hún hefur fyrst og fremst það hlutverk að gæta þess að fyrir hendi sé samkeppni í þeirri atvinnustarfsemi sem um er að ræða og að samkeppnin leiði til þess að gjaldskráin sé hófleg miðað við efni og aðstæður.

[18:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það mætti halda af orðum hv. þm. að hann sé andvígur þessari brtt. sem ég hélt að víðtæk sátt væri um og til að mynda hv. þm. Svavar Gestsson stendur að. Hv. þm. orðaði það svo að með þessu sé verið að kalla fram breytingar í orkumálunum sem stuðli að aukinni samkeppni. Ég held að Samkeppnisstofnun sem slík geti ekki kallað fram þær breytingar. Ég held að svo hljóti að vera. Það er auðvitað Alþingi sem þarf að fjalla um þær breytingar og samþykkja, ef af verður. Ég ítreka að varðandi framtíðarskipan þessara mála þá liggur fyrir hver sú stefna er sem við jafnaðarmenn viljum sjá í þessu og hún liggur fyrir alveg afdráttarlaus og skýr í nefndaráliti 1. minni hluta sem kynnt var við 2. umr. málsins.

[18:41]

Útbýting þingskjals:

Starfskjör og lífeyrisréttindi bankastjóra ríkisbanka og Seðlabanka Íslands, 229. mál, svar viðskrh., þskj. 590.

[18:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls lét ég í ljós þá skoðun að ég væri ekki alveg sannfærð um að sú breyting sem frv. gerir á Landsvirkjun sé réttlætanleg í ljósi þess að verið er að frysta Landsvirkjun sem einokunarfyrirtæki í allt að tíu ár. Slíkt mundi hægja á því að tillögur orkulaganefndar sem pólitísk samstaða hefur náðst um geti komist til framkvæmda. Að auki tók ég undir það með 1. minni hluta iðnn. að laga þyrfti ákvæði frv. þannig að gjaldskrá Landsvirkjunar heyrði undir samkeppnislög, að Ríkisendurskoðun komi að endurskoðun Landsvirkjunar og að eitthvað þurfi að segja skýrar um það að stefnt skuli að lækkun rafmagnskostnaðar í samræmi við samning eigenda Landsvirkjunar.

Nú hefur það gerst, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður iðnn., gerði grein fyrir í sinni framsögu áðan, að í framhaldi af sameiginlegri bókun eigenda Landsvirkjunar frá 10. febrúar 1997, hefur meiri hluti iðnn. lagt fram brtt. sem taka á gagnrýni okkar í 1. og 2. minni hluta varðandi Samkeppnisstofnun og Ríkisendurskoðun. Og í framhaldi af orðum hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar áðan þá vil ég gjarnan nota tækifærið og spyrja hæstv. iðnrh. sem hér er staddur hver skilningur hans er á brtt. meiri hlutans, þ.e. þar sem stendur: „Ákvæði samkeppnislaga gilda um Landsvirkjun.“ Ég vildi gjarnan fá það útskýrt hér á eftir vegna orða hans. En það er skilningur okkar í 1. minni hluta að Samkeppnisstofnun komi þarna í staðinn fyrir það sem áður var Þjóðhagsstofnun, sem eins konar eftirlitsaðili með einokunarfyrirtæki varðandi gjaldskrá.

Í frhnál. meiri hluta iðnn. kemur einnig fram umtöluð bókun eigenda Landsvirkjunar um arðgreiðslur og gjaldskrármarkmið. Þó að sú yfirlýsing sem kemur fram í nefndarálitinu sé auðvitað ekki jafngild lögum eða lagaákvæði, þá tel ég að sú viljayfirlýsing sem þar birtist á þingskjali komi að verulegu leyti til móts við sjónarmið 1. minni hluta þó að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Alþb. að það segir hvergi í þessari bókun að arðgreiðslur víki fyrir gjaldskrármarkmiðum. Það segir eins og fram hefur komið í þessari umræðu orðrétt í 2. lið bókunarinnar: „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir.“

Hér hefur verið spurt hverju það breyti að þetta komi inn í frhnál. Ég tel að það breyti töluverðu að þetta sé birt á þingskjali þannig að þessi samningur er ekki bara einhvers staðar lokaður úti í bæ. Því tel ég það vera mikilvægt skref að þetta sé komið á þingskjal þó vissulega sé það ekki eins sterkt og ef þetta væri lögfest. En vegna þessa svo og hins að ekki reyndist pólitískur vilji til að fara aðrar leiðir til að breyta Landsvirkjun, þ.e. að koma til móts við óskir Reykjavíkurborgar um að losa sig út úr fyrirtækinu eða fá af því arð, þá tel ég þessa lendingu vera ásættanlega.

Önnur af hinum tveimur leiðunum sem til umræðu voru var að ríkið keypti Reykjavíkurborg út úr fyrirtækinu. Það virðist augljóst að ríkið hefur ekki bolmagn til þess. Og ef það ætti að fara hina leiðina, síðustu leiðina, þ.e. ef breyta ætti Landsvirkjun í hlutafélag virðist ljóst að þá mundi fyrirtækið

opnast fyrir erlendum fjárfestum þar sem óljóst er hvort íslenski hlutabréfamarkaðurinn mundi ráða við að kaupa hlut Reykjavíkurborgar eða þau hlutabréf sem föl yrðu. Ég tel að það sé rétt mat. Það er pólitískt viðkvæmt mál að opna orkufyrirtækin að svo stöddu fyrir erlendum fjárfestum og þarf mjög mikla pólitíska umræðu sem hefur ekki átt sér stað. Í ljósi alls þessa skrifa ég undir frhnál. meiri hluta iðnn. ásamt þeim í 1. minni hluta, hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni auk fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Ég tel þetta ásættanlega lendingu og mun því greiða atkvæði með þessu frv. og þess vegna greiddi ég atkvæði gegn frávísunartillögu 2. minni hluta við 2. umr. málsins.

Ég tel að þessi niðurstaða sé vel ásættanleg fyrir Reykjavíkurborg þó að hún geti ekki losað sig út úr fyrirtækinu fyrr en hugsanlega eftir tíu ár. Þó er í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu að þetta verði endurskoðað fyrr og ég tel að krafa eigenda um hófsamlegan arð sé mjög eðlileg.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég taka undir með hv. borgarstjóra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, og borgaryfirvöldum og segja að ég er fylgjandi því að sem mestur jöfnuður ríki í landinu og á milli landshluta svo og að það sé bæði eðlilegt og sanngjarnt að hægt sé að glöggva sig á því hve mikil verðjöfnun er í einstökum tilvikum og verðlagning á raforku sé sæmilega gagnsæ, þar með talinn flutningskostnaður.

Fram undan eru mjög miklar breytingar á sviði orkumála ef marka má álit orkulaganefndar og vonandi verður sú breyting sem hér verður gerð á Landsvirkjun ekki til þess að svokallað landsnet komist ekki á, en það virðist næsta raunhæfa skrefið í átt til þeirra breytinga sem fram undan eru, m.a. til þess að hægt verði að aðskilja framleiðslu, vinnslu, sölu og dreifingu á raforku.

[18:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði hvernig ég vildi túlka það atriði í brtt. meiri hluta hv. iðnn. sem snýr að Samkeppnisstofnun þar sem skýrt er kveðið á um að samkeppnislög skuli gilda um Landsvirkjun. Í 2. gr. samkeppnislaga er alveg skýrt kveðið á um að samkeppnislögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Í II. kafla laganna, 4. gr., er fjallað um markaðsráðandi fyrirtæki og skilgreint hvað séu markaðsráðandi fyrirtæki. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun er markaðsráðandi fyrirtæki sem er meginorkuframleiðandi í landinu. Í 17. gr. sömu laga, þ.e. samkeppnislaganna, er fjallað um eftirlit með samkeppnishömlum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni."

Þetta þýðir að Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gagnvart Landsvirkjun. Hvaða aðgerðir geta þetta verið? Jú, Samkeppnisstofnun getur óskað eftir því að Landsvirkjun sendi sér allar breytingar á gjaldskrá sem gerðar verða af stjórninni. Stofnunin getur líka óskað eftir því að rökstutt sé af hverju slíkar breytingar eru gerðar og getur borið það saman við almenna verðlagsþróun sem hefur orðið á þeim tíma sem gjaldskrárbreytingin tekur til, með öðrum orðum óskað eftir því að fá upplýsingar um hvaða forsendur séu fyrir gjaldskrárbreytingunni. Þetta þýðir að þarna er komið upp, af því að um markaðsráðandi einokunarfyrirtæki er að ræða, verðlagseftirlit með fyrirtækinu. Síðan getur stofnunin gripið til aðgerða ef hún er ekki sátt við þær breytingar sem verið er að gera. Í 17. gr. segir, með leyfi forseta:

„Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði."

Stofnunin gæti því í raun og veru bannað gjaldskrárbreytingar sem hún teldi að færu langt umfram það sem forsendur væru til staðar um. Þetta er meginatriðið í þessu og það er verið að tryggja þetta af því að fyrirtækið er markaðsráðandi einokunarfyrirtæki.

[18:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi svör sem ég tel að séu alveg í samræmi við skilning okkar í 1. minni hluta. Ég held að það hafi verið mjög gott að fá skjalfest hér að þetta er einnig skilningur ríkisstjórnarinnar.

[18:53]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé að við hv. þm. erum sammála um þetta þannig að ekki þarf að ræða það í sjálfu sér frekar.

Aðeins um annað atriði sem kom fram í máli hv. þm. áðan, þ.e. hvað sé víkjandi, hvort það sé arðurinn eða verðlækkunin. Sú sameiginlega bókun og þeir þrír liðir í sameiginlegri bókun um arðgreiðslu og gjaldskrármarkmið sem fulltrúar eigendanna hafa orðið sammála um eru í mínum huga alveg skýr. Í þessu felst þar sem segir:

„Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir."

Síðan er sagt í næsta lið að ekki verði greiddur arður úr fyrirtækinu nema það sé hagnaður. Þetta þýðir að þegar menn horfa á afkomu fyrirtækisins þá meta þeir fyrst: Getur verðið lækkað? Ef það getur lækkað þá lækka menn verðið. Ef enn er afgangur þá ákveða menn að greiða út arðinn. En við skulum líka hafa það alveg klárt að hvorki verður um það að ræða að raforkuverð verði lækkað eða arður greiddur út ef ekki eru forsendur í fyrirtækinu til að gera það. Það getur enginn stjórandi fyrirtækis eða eigandi fyrirtækis borið ábyrgð á því að lækka verð á sínum afurðum ef fyrirtækið er að tapa, eða greiða út arð þegar fyrirtækið er að tapa. Þetta samkomulag segir: Fyrsta skrefið er arðurinn. Síðan athugum við hvort við höfum peninga til að greiða út arðinn. Ef þeir peningar eru til staðar þá verður arðurin greiddur út. Ef ekki eru forsendur í fyrirtækinu fyrir þessu af því að afkoman er þannig og það er tap á því, þá verður verð hvorki lækkað né arður greiddur út.

[Fundarhlé. — 18:56]

[20:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það vantar eitthvað af þeim sem ég vildi hafa í augsýn hér í þingsal þegar ég byrja ræðu mína. Ég vildi biðja hæstv. forseta að tryggja að þeir sem eðlilegt er að séu hér verði viðstaddir. Hér er kominn hv. þm. Stefán Guðmundsson, frsm. iðnn. og form., svo mér er ekkert að vanbúnaði að hefja ræðu mína.

Ég á nokkuð vantalað bæði við hæstv. ráðherra og hv. frsm. nefndarinnar alveg sérstaklega. Mér þætti vænt um ef þessir hv. þm. héldu sig í þingsal undir ræðu minni. Ég óska eftir því, virðulegur forseti, að hlutast verði til um að þessir hv. alþm. verði viðstaddir hér í þingsal.

Það er rétt að koma að því í upphafi, virðulegur forseti, að í því hléi sem liðið er frá því að fundi var frestað hefur komið mjög skýrt fram í fréttum sjónvarps fyrir um hálftíma síðan, að borgarstjórinn í Reykjavík, sem er aðili að því samkomulagi sem hér hefur verið kynnt af meiri hluta iðnn., gaf um það mjög ákveðnar yfirlýsingar í máli sínu að sú bókun sem kynnt hefði verið hér af hv. iðnn. breytti sáralitlu, og að borgarstjórinn í Reykjavík væri „ekki tilbúin til þess að víkja arðgjafarmarkmiðunum til hliðar", svo ég fari orðrétt með ummæli sem borgarstjóri lét falla í sjónvarpinu áðan. Sama kom fram hjá talsmanni minni hluta borgarstjórnar, Vilhjálmi Vilhjálmssyni, þar sem hann sagði að ekkert nýtt kæmi fram í þessari bókun. Og aðspurður um hvaða ástæða væri þá fyrir henni, taldi borgarfulltrúinn hana helst vera að með henni væri verið að sannfæra einhverja alþm., þá væntanlega úr stjórnarliði, eða það las ég að minnsta kosti út úr þeim orðum, að það væri svona til huggunar einhverjum alþm. úr stjórnarliðinu.

Þetta eru efnisþættir sem snerta þetta mál sem ég tel rétt að komi fram því þeir staðfesta í rauninni það sem við talsmenn Alþb. höfum sagt í þessari umræðu, að ekkert væri gerandi með það framhaldsnál. sem hér er komið fram og kynnt var þingflokkum í gær, andstætt því sem haldið er fram af talsmönnum ríkisstjórnarinnar á Alþingi og hæstv. ráðherra. Þetta er staðan nú þegar við ræðum þetta mál við 3. umr.

Það segir sig auðvitað sjálft að yfirlýsing í formi bókunar frá þeim sem nú sitja á Alþingi eða þeim sem nú sitja í borgarstjórn Reykjavíkur hefur ekkert bindandi gildi að nokkrum árum liðnum, fimm árum eða svo, þar sem verið er að vísa til að eignaraðilar Landsvirkjunar ætli sér að skuldbinda sig til að tryggja lækkun á raforkuverði. Það er bara ekkert slíkt sem þessir hv. þm. og hæstv. ráðherrar geta staðið á, nýbúnir að fella tillögu um að lögfesta þá lækkun raforkuverðs sem þeir telja sig bera svo mjög fyrir brjósti. Framsetning af þessu tagi er auðvitað ekki nokkrum bjóðandi. Hún er gerð deginum ljósari með þeirri yfirlýsingu sem ég var að vitna til og borgarstjórinn í Reykjavík gaf núna í sjónvarpinu og talsmaður minni hlutans í borgarstjórn tók undir. Því er kannski engin tilviljun að orðalagið „núverandi samkomulag" er einmitt í þessari bókun. Það fellur alveg prýðilega að túlkun þeirra sem samkomulagið er gert við. Það þýðir ekkert fyrir hv. talsmenn ríkisstjórnarinnar og þar á meðal hv. formann iðnn. þingsins, sem enn er hlaupinn á dyr af einhverjum ástæðum, virðulegur forseti, og hefst ekki við hér í þingsal, en ég vildi óska eftir því að honum verði gert viðvart eða umræðunni frestað ef hv. þm. getur ekki verið viðstaddur hana. Ég bið virðulegan forseta að skera úr um hvernig á að halda þessu áfram.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til að hv. formaður iðnn. verði hér.)

Virðulegur forseti. Sé það svo að hv. talsmaður meiri hluta iðnn. hefur ekki aðstæður til að vera hér þá geri ég enga athugasemd við að fundinum sé frestað því ekki erum við að reka á eftir lögfestingu þessa máls. Við teljum þvert á móti að það sé mikil þörf á að athuga málið frekar, bæði í þingsölum og annars staðar. Það er mjög einkennilegt, með því ofurkappi sem ríkisstjórnin leggur á að punkturinn verði settur aftan við þessa umræðu og málið lögfest, að þá geti þeir sem bera ábyrgð á málinu gagnvart þinginu ekki setið undir umræðum. Svo ég bið virðulegan forseta um að sýna skilning ósk minni um að ég fái að gera hlé á máli mínu á meðan þessi aðstaða er uppi.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til að sækja hv. formann iðnn. og vildi biðja hv. ræðumann að doka við.)

Virðulegur forseti. Væri ekki ráð að gera hlé á fundinum á meðan beðið er eftir formanni iðnn.?

(**Forseti** (StB): Forseti verður að biðja hv. þm. velvirðingar á þessari töf og ef hann sættir sig við að gera stutt hlé á ræðu sinni munum við gera tíu mínútna hlé.)

[Fundarhlé. — 20:44]

[20:57]

Útbýting þingskjals:

Heildarafli á Íslandsmiðum, 273. mál, svar sjútvrh., þskj. 600.

[20:58]

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Hér hafa þau tíðindi orðið að hv. formaður iðnn. er kominn í þingsal og fagna ég því sérstaklega. Það er dálítið merkilegt að stjórnarliðið vill leggja ofurkapp á að hraða lögfestingu þessa frv. en þeir sem bera ábyrgð á málinu gagnvart þinginu koma því svo ekki við að vera viðstaddir og hafa reitt fram frhnál. við þess umræðu og erfitt að átta sig á því hvernig þetta á að ríma saman. En það er reyndar eins með margt fleira. Það fer eins og með yfirlýsingarnar, þar rekst eitt á annars horn í sambandi við þær.

Ég ætla að ræða hér nokkuð frekar við hv. þm. Stefán Guðmundsson í sambandi við þær yfirlýsingar, sem hann gaf, þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu í dag við 2. umr. málsins. Hv. þm. gerði það að sérstöku máli og sérstöku tilefni í atkvæðaskýringu að Alþb. hefði setið í ríkisstjórn þegar fyrst var greiddur arður frá Landsvirkjun til eigenda sinna. Þetta hefur orðið tilefni sérstakra frétta í fjölmiðlum sem hafa endurómað þessa speki hv. þm. út um landið. Ég skoraði á hv. þm. að draga ummæli sín til baka í dag í framhaldi af því að ég benti hv. þm. á hvernig þessu hefði verið háttað á tilvitnuðu ári sem hv. þm. nefndi. Það er rétt að fara aðeins frekar yfir það fyrst þetta á að vera ein helsta afsökun Framsfl. fyrir að standa nú að því að leggja á raforkunotendur í landinu milli 500 og 700 millj. kr. — að það hafi verið í ríkisstjórn á árinu 1979 sem tekið var upp á því að úthluta arði til eigenda Landsvirkjunar. Í nefndri ríkisstjórn hafi verið mjög skuggalegir menn, ekki framsóknarmennirnir sem vermdu þá ráðherrastóla hluta úr árinu heldur þrír ráðherrar Alþb. sem hv. þm. nafngreindi sérstaklega. Það er sjálfsagt að fara yfir þetta með hv. þm. fyrst áhugi hans er svona mikill og ég sé að hv. þm. hefur sennilega hlaupið út í bæ til að nesta sig frekar í sambandi við þetta efni svo við getum haldið hér áfram. (**StG:** ... sannara reynist.) Virðulegur forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson má eigi við bindast í sæti sínu vegna söguáhuga og frammíkalla. (Gripið fram í.)

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þingmenn að gefa ræðumanni hljóð.)

Það er rétt að fara aðeins nánar yfir það erindi sem ég kynnti í dag um þetta efni. Þannig er mál með vexti að á síðasta ársfjórðungi 1979, nánar tiltekið frá 15. október það ár, urðu stjórnarskipti í landinu og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar lét af völdum eftir að Alþfl. hafði hlaupið þar undan merkjum og stjórnin hafði ekki lengur meiri hluta. Við tók ríkisstjórn undir forsæti Benedikts Gröndals, formanns Alþfl., og var minnihlutastjórn Alþfl. og sat hún til 8. febr. 1980

eða í tæpa fimm mánuði. Á þeim tíma, nánar tiltekið 23. nóvember að haldinn er stjórnarfundur í Landsvirkjun sem tekur á arðgreiðslumálum og tekur ákvarðanir um þau efni. Niðurstaðan var tilkynnt á minnisblaði frá Landsvirkjun til borgarstjóra og ráðuneytisstjóra iðnrn. Sú niðurstaða varðaði ekki árið 1979 heldur fyrri ár, arðgreiðslur vegna áranna 1976 og 1977 sem þar var um að ræða. Það er rétt að ég færi þetta minnisblað hér inn í þingtíðindi af þessu gefna tilefni. Það er dagsett 12. des. 1979 á bréfsefni Landsvirkjunar til borgarstjóra og ráðuneytisstjóra iðnrn. frá Halldóri Jónatanssyni. Afrit: Aðalsteinn Guðjohnsen, með leyfi forseta:

„Á fundi sínum föstudaginn 23. nóvember sl. fjallaði stjórn Landsvirkjunar um arðgreiðslur til eigenda. Ekki var farið inn á þá braut að samþykkja að sinni almennar reglur hér að lútandi, heldur samþykkt að afgreiða sérstaklega arðgreiðslur vegna áranna 1976 og 1977, en árið 1976 er sjöunda rekstrarár fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar, og samkvæmt 10. gr. reglugerðar um Landsvirkjun verður arður fyrst greiddur frá því ári.

Stjórnin ákvað að arðgreiðslur vegna 1976 skyldu miðast við endurmetin höfuðstólsframlög í árslok 1975 og vegna 1977 við endurmetin höfuðstólsframlög í árslok 1976. Var samþykkt að leggja til grundvallar ekki aðeins höfuðstólsframlög vegna Búrfellsvirkjunar og Búrfellslínu II, heldur einnig vegna Sigöldu, þótt hún komi ekki í rekstur fyrr en í lok 1978. Á hinn bóginn væri ekki stætt á því að taka með í grundvöllinn greiðslur að fjárhæð 41 millj. kr. frá hvorum eiganda vegna taprekstur 1970.

Jafnframt samþykkti stjórnin að ekki komi til greina að greiða arð þegar um taprekstur væri að ræða svo sem vegna 1978, er tapið nam 597 millj. kr. og 1979, er tapið verður fyrirsjáanlega um 1.000 millj. kr.

Niðurstaða stjórnarinnar var sú að miða arðgreiðslurnar í þetta sinn við 3% af endurmetnum höfuðstólsframlögum og er þá tekið tillit til hinnar erfiðu fjárhagsstöðu Landsvirkjunar, auk þess sem ekki var talið eðlilegt að ganga lengra en þetta í upphafi arðsgreiðslna. Var þess vænst, að eigendur gætu eftir atvikum fellt sig við þessa niðurstöðu.

Með hliðsjón af framangreindu yrðu arðgreiðslur vegna 1977 og 1978 þessar til hvors eiganda."

Síðan eru tíunduð höfuðstólsframlög hvors eigenda samanber fskj. og 3% arður af endurmetnum höfuðstólsframlögum í lok undanfarandi árs og það er á árinu 1975 til 1976 og samtölur raktar. Síðan segir aftur orðrétt, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu yrðu arðgreiðslur alls kr. 147.348.492 til beggja eigenda, sem skiptast þannig milli ára og eru þannig í samanburði við hagnað Landsvirkjunar hlutaðeigandi ára."

Þetta er fært inn og einnig arðgreiðslur alls í hlutfalli af hagnaði 1976 10,6%, 1977 15,9%. Alls er þessi upphæð, sem tilvitnuð hefur verið um 147 millj. kr., meðatalshlutfall af hagnaði 13%. Þegar þessi ákvörðun var tekin í stjórn Landsvirkjunar var ráðherra iðnaðarmála alþýðuflokksmaðurinn, þáv. þm., Bragi Sigurjónsson.

Ég taldi rétt og nauðsynlegt að koma þessu efni á framfæri vegna mjög ástríðuþrungins málflutnings hv. formanns iðnn. í dag til þess að reyna að festa það á spjöld sögunnar, og sérstaklega að koma því inn í höfuðin á þeim sem enn kunna að styðja Framsfl., að það hefðu verið vondir alþýðubandalagsmenn sem hefðu borið ábyrgð á því og komið því til leiðar að byrjað var að greiða arð til eigenda Landsvirkjunar.

Nú er það vissulega svo, virðulegur forseti, að ég er ekkert að vísa því út í hafsauga að það komi til greina að aðilar geti fengið arð af framlögðu fjármagni. Ég hefði í sporum hv. þm. Stefáns Guðmundssonar ekki verið að taka þetta mál upp jafnvel þótt hann hefði trúað því sem hann var að segja vegna þess að samanburðurinn við það sem Framsfl. er að gera í dag dag undir forustu þess flokks er ekki hliðstæður gjörningur og um var að ræða á þessum tíma. Hér er verið að bæta um betur, virðulegur forseti, í sambandi við það sem hér er verið að lögfesta með breytingum á lögum og leggja á raforkugreiðendur í landinu skatt sem nemur nálægt 10% ofan á raforkuverð með því að lögfesta þann samning sem hér hefur verið kynntur og fylgir þessu frv.

Nú kann vel að vera að einhver hafi af ásettu ráði verið að leiða hv. þm. út í þessa keldu. Það kann að vera. Þessi eini maður í Skagafirði, sem hv. þm. fann í jólahléi, og var eitthvað óánægður með þann gjörning sem hér er uppi, kann kannski að hafa verið að plata hv. þm. og komið honum á þetta spor. Ég átta mig ekki á því. En það var upplýst hér að klappað væri fyrir þessum gjörningi Framsfl. um gjörvallan Skagafjörð. Það hefði fundist einn maður sem hv. þm. fékk á fund og kom því á framfæri við hv. þm. formanni iðn. að hann væri ekki alls kostar ánægður með þennan gjörning Framsfl. En það er auðvitað von að menn séu áfram um að lögfesta þetta sem fyrst, fyrst landslýðurinn bíður bara í ofvæni eftir því að fá þessi gleðitíðindi frá Alþingi, þ.e. að raforkuverðið verði hækkað um 10% með þeirri skattlagningu sem verið er að innleiða sem meginreglu og sem borgarstjórinn í Reykjavík telur að ríki ofar öllum öðrum markmiðum og hefur komið á framfæri í sjónvarpinu nýverið og undirstrikað af talsmanni minni hlutans, Vilhjálmi Vilhjálmssyni borgarfulltrúa, að sú bókun sem fylgir með frhnál. breyti ekki nokkrum sköpuðum hlut, breyti engu, sé flutt til að sannfæra einhverja alþingismenn, eins og hv. borgarfulltrúi Vilhjálmur Vilhjálmsson orðaði það í sjónvarpinu. Þannig eru nú refirnir skornir hér á þingi um þessar mundir.

Ég ætlast auðvitað ekki til þess að hv. þm. Stefán Guðmundsson hafi þetta allt saman fast í huga og hafi gert þetta af ásettu ráði. Ég þekki hv. þm. ekki að því að vera framsóknarmönnum illkvittnari en gengur og gerist í Framsfl. Ég hef minnst á það í umræðunni að framsóknarmenn, helstu áróðursmeistarar þeirra, eru í sérflokki þegar þeir eru að afsaka sínar gerðir gagnvart þeim sem þeir vænta að séu kjósendur þeirra. Þá ganga þeir allra manna lengst í því að koma sér upp vopnabúri af þessu tagi, sem hv. þm. Stefán Guðmundsson er að beita á Alþingi, til varnar þessum gerðum. Ég kannast við þetta frá blautu barnsbeini austur á landi. Ég þekki vel þessi vinnubrögð.

Það fyrsta sem ég heyrði um þingmann sem var lengi á Alþingi, sat í ríkisstjórn og hét Lúðvík Jósepsson, var að ekki væri hægt að trúa einu einasta orði sem sá þingmaður segði og því var sáldrað kerfisbundið út um Austurland. Það voru framsóknarmenn sem gengu fram í því af því hann væri svo lyginn. Þetta var það fyrsta sem ég heyrði um þann ágæta þingmann sem ég átti eftir að kynnast að öðru. En þetta var dæmigert fyrir vinnubrögð áróðursmanna Framsfl. Það voru ekki fremstu menn sem voru settir í þetta. Það voru fótgönguliðar. Þessu var hvíslað að fótgönguliðinu og þannig hefur því miður Framsfl. alið upp sitt lið eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson sem var byrjaður að þæfa snjóinn í nóvembermánuði 1979 í fyrsta sinn í vonarsæti til að komast inn á þing og var kosinn 2. desember 1979. Hann fékk þau viðfangsefni, til viðbótar framkvæmdastjórn í Útgerðarfé-

lagi Skagfirðinga, að sitja á Alþingi Íslendinga og hefur gert það síðan með sóma að ég hef tekið eftir og yfirleitt ekki skorið sig úr meginlínunni hjá framsóknarmönnum fyrr en hann byrjaði á þessu sem hér kemur fram og gengur í þau óþverraverk sem á að lögfesta. Það er bágt til að vita af góðum dreng, virðulegi forseti, að leggjast svo lágt til varnar sínum gerðum og skal ég ekki eyða frekari orðum að því.

Ég vil aðeins nefna það að ég hef litið á reikninga Landsvirkjunar áranna 1979, 1981 og 1982. Ég sé þess ekki merki að þar hafi verið um arðgreiðslur, endurtekning á því að ræða sem ákveðið var af stjórn Landsvirkjunar í nóvember 1979. Ég hef hins vegar ekki farið ofan í málið í hólf og gólf. Ég vil því ekkert kveða upp úr um það hvernig þessu var háttað í einstökum atriðum. Það skyldi maður ekki gera nema að betur athuguðu máli. Í rauninni skiptir þetta aurkast úr búri Framsfl. engu í sambandi við efni þess máls sem hér er um að ræða. En tilgangurinn var augljós og er því miður ekki talsmönnum Framsfl. til sæmdar. Það verð ég að segja.

Virðulegi forseti. Hv. formaður iðnn. og hæstv. iðnrh. hafa verið að verja sinn gjörning með því sérstaklega að landsbyggðin eigi að njóta eða endurgreiða landsbyggðinni þá skattlagningu sem hún á að bera og reyndar landsmenn allir því að þannig sé um hnútana búið að ráðstafa eigi um helmingnum af væntanlegum arði ríkisins af Landsvirkjun til atvinnuppbyggingar á landsbyggðinni. Þetta á að vera sú sárabót sem á að róa geð manna úti um landið. Raunar hefur þessi plástur verið dreginn upp áður því hann var notaður hér sem ein aðalhuggunin í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það voru frægar 80 millj. kr. sem settar voru inn á 6. gr. fjárlaga sem heimildarákvæði. Og nú spyr ég hv. talsmenn iðnn., eru þetta óskyld efni, þessar 80 millj. sem eru á 6. gr. fjárlaga þannig frá gengnar? Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna til 6. gr. 5.16 þar sem segir: „Að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnaðarráðherra, allt að 80 m.kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði."

Er þetta eitthvað skylt því máli sem við ræðum hér, þeim fyrirheitum um endurgreiðslu á væntanlegum arðgreiðslum frá Landsvirkjun sem fullyrt er og dregið var fram við 2. umr. málsins, og reyndar þegar við 1. umr., að ætti að vera hin mikla sárabót fyrir landsbyggðina?

Ég verð að segja, virðulegur forseti, að það er eins með þetta, þessar 80 millj. sem kannski er sama féð, það hefur ekki enn þá verið skýrt, eins og dregið var fram við afgreiðslu fjárlaga. Hér er verið að veifa peningum mjög ósmekklega, veifa silfri eftir formúlu Egils Skallagrímssonar hins aldna, sem Framsfl. ætlar að nota til þess að sáldra út um byggðir landsins í von um að það hitti einhverja réttláta. Nema svo fari, sem er þó öllu líklegra, að Framsfl. velji úr, forusta hans velji úr þá sem eiga að njóta. Það eru þessar aðferðir sem á að taka upp. E.t.v. er búið að auglýsa þetta, það kann að hafa farið fram hjá mér að hæstv. iðnrh. sé búinn að auglýsa eftir umsóknum um þessar 80 millj. (**Gripið fram í:** Það hefur hann ekki gert.) Og hver á síðan að úthluta og eftir hverju á að fara um úthlutun á þessu stórfé, á þessari miklu sárabót vegna 38 milljarða sem á að verja í uppbyggingu stóriðjufyrirtækja og orkutengdra framkvæmda í landinu á næstu tveimur árum? Nei, landsbyggðarfólk mundi ekki vilja skipta á þessu og þeirri skattlagningu, þeirri hækkun raforkuverðs sem hér er á ferðinni.

Virðulegur forseti. Það er auðvitað mjög margt sem þörf væri á að ræða í sambandi við þetta efni hér. Ég minni enn á það sem fram kemur í nefndaráliti meiri hluta iðnn. um þetta þar sem boðað er að breyting muni koma fram á orkulögum innan tíðar. Hæstv. iðnrh. muni koma hér með breytingu á orkulögum til þess að innleiða markaðsbúskapinn á orkusviðinu. Það er það sem er í vændum. Og þá gæti nú farið að þyngjast undir fæti að standa við loforðin upp úr aldamótum um lækkun á raforkuverði, að tiltekin fyrirtæki verði skuldbundin til þess að standa að lækkun á raforkuverði eftir að væri búið að koma með einhverju móti, ég átta mig svo sem ekki á hvernig, upp samkeppni í sambandi við meginorkuframleiðslu í landinu eftir formúlunum frá Brussel, sem er undirstaða þeirra væntanlegu tillagna sem hæstv. iðnrh. er að undirbúa að koma inn í þingið. Þá gæti líka orðið erfiðara að standa við stóru orðin um verðjöfnun, þegar sú blessun væri gengin yfir og búið væri að innleiða markaðsbúskapinn. Þá gæti orðið þungt fyrir að ætla einstaka fyrirtækjum að fara að taka þátt í verðjöfnunaraðgerðum varðandi orkubúskap í landinu og sölu á orku. Það sem hér er á ferðinni er því aðeins upphafið á vegferð sem við eigum eftir að sjá betur í hvaða átt vísar eftir að tillögurnar koma sem hæstv. iðnrh. er að boða í sambandi við grundvallarbreytingar í orkumálum landsmanna.

Ég óttast líka að sú stefna sem hér er verið að innleiða og þetta frv. er hluti af, muni verða til þess að sú tiltölulega sæmilega sátt sem ríkt hefur um Landsvirkjun sem meginorkuöflunarfyrirtæki í landinu eigi eftir að breytast til hins verra og margt af því sem tengist aðgerðum til orkuöflunar. Reyndar er af svo mörgu að taka að ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma hér við 3. umr. þessa máls. En það væri illa farið vegna þess að úr samstarfinu við Framsfl. á árunum 1978–1983, að frátöldum fimm mánuðum sem minnihlutastjórn Alþfl. sat að völdum, var þó sammæli um að koma upp einu öflugu orkufyrirtæki í landinu, landsvirkjun í eiginlegri merkingu, sem meginorkuöflunarfyrirtæki landsmanna, tryggja lagningu stofnlína með hringtengingu um landið og tryggja verðjöfnun frá þessu fyrirtæki á öllum afhendingarstöðum út frá byggðaflutningshringnum. Um þetta var tiltölulega góður friður í þeim ríkisstjórnum sem ég átti sæti í á þessum árum. Og m.a. stóðu að þessu og höfðu átt sinn hlut í að koma þessari stefnu fram innan Framsfl. menn eins og Steingrímur Hermannsson og Helgi Bergs, sem hlúðu að málinu á þessum tíma og stóðu við þá samninga sem þar að lutu og höfðu mikinn áhuga á framgangi þessa máls sem Framsfl. er nú að spilla með þeim hætti sem fyrir liggur. Það er ekki það eina sem verið er að moka yfir í stefnu Framsfl. þessa mánuðina af því sem fyrrv. formaður átti góðan hlut í að koma fram. Það fara að verða ansi fá stráin sem upp úr standa frá þeim tíma sem Steingrímur Hermannsson hafði forustu í Framsfl. ef litið er yfir gjörðir þeirra sem nú fara með völdin í þeim flokki og þá stefnu sem birtist okkur hér dögum oftar í þinginu. Og ég verð að segja að það er mikil raun að vera vitni að því hvernig þessum flokki, sem sótt hefur alldrjúgt fylgi til landsbyggðarinnar, er komið og stefnu hans, hvað sem um Sjálfstfl. má segja sem vissulega leikur tveimur skjöldum í þessu máli og getur gert það í skjóli Framsfl. sem hefur alla forustu í þessu, hefur stjórnarformennskuna í Landsvirkjun og hefur þá sem ráða í ráðuneytum og ráða fyrir málum sem aðalábyrgðaraðilar í sambandi við orkumálin gagnvart þinginu.

Ég vil eindregið vara við því sem hér er að gerast. Ég

tel að það sé mikið óheillaspor sem hér er verið að stíga og því miður er hætt við að þeir gái ekki að sér sem eru ábyrgðaraðilar í þessum málum, þeir ætli ekki að taka mark á neinu sem heyrist, ekki þessum eina í Skagafirði sem hv. þm. Stefán Guðmundsson heyrði í í löngu jólahléi þingsins, sá eini sem ekki klappaði fyrir stefnunni og leyfði sér að hafa aðra skoðun. Verið gæti að það yrðu eitthvað fleiri í þeim hópi þegar hv. þm. kemur af þingi til þess að hitta umbjóðendur sína. En þá er það of seint að því er þetta mál varðar, því miður.

Virðulegur forseti. Það er mjög sérstakt hvernig keyrt er fram með þetta mál hér á Alþingi, hvaða ofurkapp er lagt á að að lögfesta málið. Þetta fer að minna á gamla daga þegar þingmönnum var haldið á Alþingishúsinu og þeir máttu helst ekki fara út úr húsi og gæti þá komið upp í hugann dagsetning frá árinu 1949 í því samhengi. Svo mikið kapp er lagt á að þrýsta þessu máli fram og lögfesta það að leitun er að öðru eins. Það verður að gera hlé á umræðum um mál eins og um málefni þjóðkirkjunnar. Þau fá ekki að vera í friði á dagskrá þingsins fyrir ofurkappi Framsfl. til þess að lögfesta þetta mál og teygist síðan úr þessu vegna þess að menn hafast ekki við í þingsal. Þetta er illa farið gagnvart þinginu og enn þá verr gagnvart þjóðinni.

[21:26]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. hér áðan þar sem hv. þm. var að hafa eftir borgarstjóranum í Reykjavík og vitnaði til sjónvarpsviðtals í Ríkissjónvarpinu í kvöld. Því miður heyrði ég ekki þetta viðtal en ég trúi því að hv. þm. hafi haft rétt eftir og farið rétt með þegar hann sagði að borgarstjórinn hefði sagt að hann væri ekki tilbúinn til þess að víkja arðgjafarmarkmiðum til hliðar. Sé þetta rétt eftir haft, þá er það auðvitað mjög vel skiljanlegt vegna þess að það verður að gera greinarmun á því sem er arðgjafarmarkmið og því sem er arðgreiðslumarkmið.

Ef menn skoða vel það frv. sem hér er til umfjöllunar við 3. umr. þá er klárt að arðgjafarmarkmiðið er 5–6% á ári, sú krafa sem gerð er um arð af fyrirtækinu. Og arðgjöfin á að koma sem hlutfall af eigin fé. En eigendurnir ætla að greiða út 5,5% arð af fram- eða uppreiknuðum stofnframlögum. Á þessu er mjög mikill munur. Það sem eftir stendur auðvitað er það, að eignaraðilarnir eru sammála um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir. Ákvörðun um arðgreiðslur verða teknar á ársfundi hverju sinni og verði breytingar á rekstrarforsendum, eins og segir í þessari sameiginlegu bókun, mun það hafa áhrif á endanlega ákvörðun eigenda um arðgreiðslur á viðkomandi ári. Það er ótvírætt að orkuverðslækkunarmarkmiðið, raunverðið óbreytt til aldamóta og lækkunin um 2–3% frá aldamótum, stendur og við það verður staðið.

[21:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hæstv. iðnrh. standi hér og hafi uppi tal af því tagi sem við heyrðum. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að tryggja að sú yfirlýsing, sem talsmenn Reykjavíkurborgar segja að breyti ekki nokkrum sköpuðum hlut og reidd var fram við 3. umr. málsins í frhnál., sé einhver trygging fyrir stefnu sem felld var á Alþingi þegar borin var fram brtt. við málið til þess að lögfesta þá stefnu? Síðan kemur hæstv. ráðherra og ætlar þeim sem sitja að völdum í landinu og í Reykjavíkurborg upp úr aldamótum að tryggja það sem stjórnarliðarnir felldu hér á Alþingi, hver um annan þveran. Þetta er aldeilis stórkostlegur málflutningur. Og voru það nú tíðindin sem hæstv. ráðherra flutti okkur hér, hvernig þetta ætti að gerast, það ætti að ákvarða þetta á ársfundi Landsvirkjunar. Hefur það ekki legið fyrir? Er það eitthvað nýtt? Hér eru menn enn að reyna að krafsa í bakkann og ekki lái ég þeim það. Þetta er brattur og ljótur bakki og erfitt að komast upp úr. Ég efast satt að segja um að það takist, a.m.k. ekki þannig að það verði eitthvert upplit á þeim sem klórar sig upp úr þessu feni, takist það á annað borð. Og ég verð að undrast það að hæstv. ráðherra skuli bjóða landsmönnum aðra eins röksemdafærslu eins og hér er uppi. „Núverandi" stendur í bókuninni og lögð áhersla á það, í upphafi bókunar um það efni. Það eru „núverandi" sem eru að skuldbinda þá sem koma hér upp úr aldamótunum. Þvílíkt.

[21:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég marka það af þessari ræðu hv. þm. að hann gerir ekki greinarmun á arðgjafarmarkmiðinu annars vegar og arðgreiðslumarkmiðinu hins vegar og það er auðvitað mjög erfitt að halda þessari umræðu áfram mikið lengur ef hv. þingmenn gera sér ekki almennt grein fyrir að þarna er mikill munur á.

Eignaraðilarnir eru sammála um að orkuverðið verði óbreytt til ársins 2000 og þeir eru líka sammála um að orkuverðið geti lækkað að raunvirði um 2–3% á ári frá 2001 til 2010. Það er stefnt að 5,5% arðgreiðslum úr fyrirtækinu sem eru byggðar á framreiknuðum stofnframlögum eigenda í fyrirtækinu. Það þýðir að arðgreiðslur á árinu 1996, af því að árið 1996 var gott rekstrarár í rekstri fyrirtækisins, verða í kringum 196 millj. kr. Þar af fær ríkið um 50% eða 50% og því hefur verið ákveðið að fá heimild fyrir því í 6. gr. fjárlaga að fá að ráðstafa þessum arðgreiðslum ríkisins af Landsvirkjun til atvinnusköpunar á landsbyggðinni. Þetta er kristaltært.

[21:32]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er kristaltært að hæstv. iðnrh. ætlar þeim sem eru við völd í landinu og ráða málum Landsvirkjunar upp úr aldamótum að standa við stefnu sem hann ásamt meiri hlutanum á Alþingi felldi í dag við 2. umr. málsins. Það er alveg kristaltært. Það er staðan í þessu mál. Það þarf ekki að setja sig í kennarastellingar til þess að segja hver sé munur á arðgjafarmarkmiðum og arðgreiðslum sem slíkum. Það liggur auðvitað í augum uppi. Um það snýst ekki málið, heldur: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að tryggja framgang máls sem fellt var af meiri hlutanum á þinginu í dag? Nú kom það fram í máli hæstv. ráðherra — ég bið hæstv. ráðherra um að leggja við hlustir ef hann má vera að — að 80 milljónirnar sem heimild er til að greiða samkvæmt 6. gr. fjárlaga séu það fé sem um er rætt í sambandi við greiðslur af arði Landsvirkjunar. Það stóð ekki í þeirri heimildargrein. En nú hefur það verið upplýst af hæstv. ráðherra að það er féð, það er silfur Egils sem á að sáldra út eftir formerkjum forustu Framsfl.

[21:34]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur orðið fróðleg umræða og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eyddri drjúgum tíma af ræðu sinni í að fara yfir lífshlaup mitt og ég verð að sætta mig við hans dóm á mér í þeim efnum. (Gripið fram í.) Nei, ég

geri það ekki sjálfur. En það vakti athygli mína hvað hann eyddi samt miklum og dýrmætum tíma í að fjalla um mig persónulega.

Um málið vil ég segja varðandi orð hans um arðgreiðslurnar að staðreyndin í málinu er sú að fyrst er talað um arðgreiðslur í Landsvirkjun í janúarmánuði 1979. Þá fyrst er farið að tala um arðgreiðslur. Arður hefur síðan verið greiddur 1979, 1985, 1988, 1989, 1990, 1991 og 1992. Öll þessi ár hafa arðgreiðslur verið inntar af hendi. Þetta er staðreyndin í málinu.

Hækkun orkuverðs. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og fleiri af alþýðubandalagsmönnum hafa komið hér upp, sagt og látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að með þessu frv. sé verið að hækka orkuverð í landinu um 10%. Þetta er rangt. Það segir svo að orkuverð skuli vera óbreytt til ársins 2001 en þá skuli orkuverð lækka árlega um 2–3% á árunum 2001–2010, en ekki að hækka eins og hv. þingmenn Alþb. hafa hér verið að halda fram. Þetta eru staðreyndir í málinu.

Ég þarf ekki að fara yfir það hvernig 80 millj. eru fundnar. Það hefur hæstv. iðnrh. gert þannig að ég vona að þingmaðurinn geti verið sáttur við þær skýringar sem þar komu fram.

[21:36]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hafa menn séð þingmann hörfa úr vígi með líkt og hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði hér og nú? Minnast menn orða hv. þm. þegar hann gaf atkvæðaskýringu sína hér í dag, að það væru ráðherrar Alþb. sem hefðu borið ábyrgð á því þegar fyrst var greiddur arður frá Landsvirkjun? Hv. þm. hefur ekki þor að því er virðist til þess að biðja afsökunar úr þessum ræðustól á rangfærslum sínum, ósannindum í þessu efni, virðulegur forseti, miðað við það sem fyrir liggur, heldur kemur hér upp og segir: „Ja, það var byrjað að ræða um arðgreiðslur í janúar 1979." Ákvörðun um þetta er tekin í iðnaðarráðherratíð Braga Sigurjónssonar í nóvember 1979. Þá eru ákvarðanir teknar. Rétt segir þingmaðurinn. Af hverju biður hann ekki afsökunar á þeim orðum sínum sem hann er búinn að tvítaka í þinginu í dag? Næst er greiddur arður — hvenær er það? — 1985 segir þingmaðurinn. Er þetta framganga? Ég get ekki ímyndað mér að það verði klappað í Skagafirði fyrir málflutningi sem þessum. Ég get ekki ímyndað mér það. Og 10% hækkunin, hún er þarna. Lækkunin, hvernig greiddi hv. þm. atkvæði í dag þegar breytingartillaga lá fyrir um að lögfesta það sem menn eru að tala um í orði að leggja á þá sem ráða ráðum í landinu og ráða málum Landsvirkjunar upp úr aldamótum? Hér er karlmannlega að verki staðið eða hitt þó heldur. Þá skuli raforkuverðið lækka. Nei, ég held að það verði að fara aðeins að endurmeta lífshlaup og sögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, virðulegur forseti, ef hv. þm. hefur ekki fyrir því að hafa það sem sannara reynist.

[21:39]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég bara segi það og endurtek hér að farið var að ræða um arðgreiðslur í janúar 1979 (Gripið fram í.) og menn vita hverjir sátu þá í ríkisstjórn. Það er hins vegar rétt hvenær arður var greiddur út, og hvenær það var ákveðið. En umræðan fór af stað í tíð þessara ríkisstjórnar. (**SvG:** Og það var þeim að kenna?)

Hér hefur orðið umræða um þau ummæli sem látin voru falla í sjónvarpsviðtölum í kvöld og var vikið að því sem borgarstjórinn sagði. Borgarstjórinn sagði að það eigi ekki að víkja arðgjöfum til hliðar en benti síðan á bókun. Og hver er bókunin? Í bókuninni segir að sammæli eru um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað um aldamót. (**SvG:** Geti lækkað um aldamót.) Já, þetta er heila málið. Það er undirstrikað hér. Og hvað sagði svo Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson í þessu viðtali? Það er verið að reyna að rangtúlka það sem hann sagði. Hann sagði hreint og klárt: „Eigendur hafa sammælst um lækkun á orkuverði um 2–3% á ári og það er í fyrsta sinn sem svo hefur verið."

Ég minni bara á það sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri í Reykjavík, sagði á fundi iðnn. og hér hefur komið fram í dag í máli Guðjóns Guðmundssonar, varaformanns nefndarinnar. Þá sagði borgarstjórinn í Reykjavík: „Með sameiginlegri bókun er verið að hnykkja á því að verðlækkun á raforku gangi fyrir arðgreiðslumarkmiðum." Þetta sagði borgarstjórinn í Reykjavík á fundi iðnn. Alþingis sem meira að segja hv. þm. Svavar Gestsson sat og átti að hlýða á.

[21:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ætli margir þeir sem á okkur hlýða í þinginu mundu nú ekki taka undir að það hefði verið skynsamlegt að láta líða einhvern tíma á milli umræðna um þetta mál til þess að menn stæðu ekki hér — virðulegur forseti, ég vil nú helst ekki taka upp samlíkingu við dýraríkið, ég skal sleppa því — og ræddu málin eins og hér er gert af þeim sem bera ábyrgð á málinu. Þeir eru hér með lausar tilvitnanir í fólk utan þings og eru að túlka mál og sjónarmið þeirra sem eru aðilar sem hafa staðið að „sammæli", svo notað sé orðalag bókunarinnar, sammæli um þetta mál. Borgarstjórinn í Reykjavík sagði í sjónvarpinu í kvöld að bókunin breytti sáralitlu og talsmaður minni hluta í borgarstjórn, Vilhjálmur Vilhjálmsson, sagði efnislega á þá leið að hún virtist helst til þess fallin að hugga einhverja alþingismenn.

En, virðulegur forseti, það sem hér hefur skýrst er í sambandi við silfur Egils, silfur Framsfl. sem á að vera sárabótin til að vega upp á móti þeim sárindum og hneykslan sem er í hugum manna út af þessari málafylgju sem hér er staðið fyrir, þ.e. heimild til að greiða 80 millj. kr. einhverjum, eftir formúlum sem hæstv. iðnrh. á að móta. Það á að vera það sem bætir fyrir þann gjörning sem hér á að lögleiða í kvöld. Mér hafði ekki dottið í hug að svo illa væri komið að huggunin sem átti að vera vegna stóriðjumannvirkjanna tengdist þessu máli og afgreiðslu þess. En það er svo.

[21:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það atvikaðist svo að þegar 2. umr. málsins fór fram gat ég ekki verið hér og tók af þeim ástæðum ekki þátt í henni. Ég gat heldur ekki hlýtt á mál manna, það sem menn höfðu þar fram að færa. Umræður í dag hafa þróast þannig að ég tel ástæðu til að leggja orð í belg og fara yfir nokkur atriði þessa máls. Og jafnvel þó að það kunni að vera í mínu máli eitthvað sagt af því sem áður hefur fram komið, þá tel ég það nauðsynlegt eins og umræðan hefur orðið í dag.

Ég vil fyrst segja um málið í heild að það er mjög einfalt, þetta er lítið þingmál um fáar breytingar á viðamiklum lagabálki og ákaflega skýrt því það snýst bara um einn hlut, það snýst bara um peninga. Peninga og ekkert annað en peninga. Fyrst og fremst. Það er aðalatriði málsins og annað getum við kallað víkjandi þætti í þessu máli. Og hvers vegna skyldi málið vera svona vaxið? Það hefur verið upplýst. En það

er kannski rétt að rifja það upp að það er af því að einn eignaraðili vildi losna frá eign sinni, vildi koma henni í verð og fá peninga. En það gekk ekki upp þannig að hann gerði kröfu til þess að fá peninga í gegnum arð. Og iðnrh. var nokkur vandi á höndum því hann gat ekki án þess verið að eiga gott samstarf við þann eignaraðila því hann var í öðrum hugleiðingum — að koma á stóriðju og vantaði orku til þess. Og þá var orðin nokkur tímaþröng í málinu og til þess að mál gætu gengið eftir varð að fá þennan eignaraðila til þess að ráðast í nokkuð viðamikla virkjun — gufuaflsvirkjun á Nesjavöllum. Þess vegna urðu ráðherra og Reykjavíkurborg að semja og gerðu það þannig að Reykjavíkurborg fær arðinn sinn, iðnrh. og Framsfl. og Sjálfstfl. lofuðu Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ í leiðinni að láta þá hafa í peninga í bæjarsjóðina. Viðbótarskattfé — það er ekki hægt að kalla þessa peninga neinu öðru nafni og kem ég að því aftur síðar. Um þetta snýst málið. Í staðinn fær iðnrh. sitt rafmagn í gegnum þessa virkjun sem borgin mun reisa. En hann fær líka annað í leiðinni sem honum leiðist ekki og það er að hann fær stjórnina í sínar hendur. Fyrirtækið, sem hefur verið nokkuð sjálfstæð stofnun, sem lýtur stjórn sem kosin er af Alþingi verður minna sjálfstæð stofnun sem lýtur beinu boðvaldi ráðherra í gegnum stjórn sem hann skipar. Þetta er kjarni málsins.

Öll umræðan í dag hefur snúist um það að þeir sem vilja málið í gegn í þessum búningi hafa áttað sig á því það er afar óþægilegt mál að fresta því að láta afkomubata fyrirtækisins koma fram í lægra verði til orkukaupenda, að fresta því um nokkur ár til þess að geta látið eignaraðilana fá peninga. Þá hafa menn orðið að búa til einhverja útgönguleið og hún hefur verið sú að reyna að telja fólki trú um það að þrátt fyrir allt eins og málið er vaxið þá ætli menn ekki að hafa það að aðalatriði að afla fjár í bæjarsjóð heldur að lækka raforkuverðið. Það er bara einfaldlega ekki rétt mál. Það kemur skýrt fram í frv. og málinu öllu og þessari margnefndu bókun sem hér hefur oft verið vitnað til að menn ætla að borga peninga út úr Landsvirkjun til eignaraðila. Og menn ætla að gera það fyrst og fremst næstu þrjú, fjögur árin. Það er aðalatriði málisins. Það er nokkuð létt að lofa því eða segja það öllu heldur að raforkuverð geti lækkað eftir árið 2000, sérstaklega fyrir sveitarstjórnir sem sækja um endurkjör árið 1998. Menn gætu þess vegna búið til sameiginlega bókun ráðherra og bæjarstjórna um það að skattar geti lækkað eftir árið 2000. Það væri alveg jafngóð bókun og þessi sem segir nákvæmlega jafnlítið.

Ég hef lýst skoðun minni á málinu að ég tel á afar skýran hátt. Ég er andvígur þessu. Ég tel að sá afkomubati sem menn sjá fram á á næstu árum í þessu fyrirtæki eigi að nýtast þeim sem eru viðskiptavinir og raunverulegir eigendur fyrirtækisins. Það á að lækka raforkuverðið númer eitt. Það á að vera aðalatriði málsins að lækka raforkuverðið og það á að vera næsta atriði þar á eftir að borga út arð af því sem menn raunverulega hafa lagt til fyrirtækisins. Ég er sammála því sem fram hefur komið hjá öðrum þingmönnum í umræðunni í dag að ég er ekki andstæðingur þess að borgaður sé arður af raunverulegri eign í fyrirtæki sem þessu sé það gert innan skynsamlegra marka.

Hér hefur verið nefnt að hluta af arðinum, þeim hluta sem rennur til ríkisins, verði varið til ýmissa jákvæðra aðgerða í atvinnumálum úti á landi og gott og vel með það. Að vísu býður það heim þeirri hættu að menn deili og drottni í krafti fjárins sem þekkt er úr mörgum sögum, að menn noti aðferð Egils Skallagrímssonar, menn byrji á því að taka af mönnum peningana og bjóða mönnum síðan hluta af þeim til baka ef þeir gera þetta og ef þeir gera hitt. Mér finnst það lakari aðferð en sú að láta peningana verða strax eftir í vösunum á þeim sem borga. Það er miklu einfaldari aðferð og skilvirkari. Og fyrir atvinnulíf á landsbyggðinni eins og t.d. fiskvinnsluna sem veitir mörg þúsund mönnum vinnu og mörgum sinnum fleira fólki veitir fiskvinnslan vinnu heldur en stóriðjan — heldur en samanlögð stóriðja á Íslandi. Samt borgar fiskvinnslan á Íslandi margfalt hærra verð en stóriðjan. Hún borgar kannski um fimm krónur fyrir hverja kwst. á meðan stóriðjan er að borga innan við eina krónu. Vissulega væri það drjúg aðgerð til þess að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni, t.d. fiskvinnsluna sem er rekin með tapi, sérstaklega botnfiskvinnslan um þessar mundir, að lækka raforkuverðið. Það væri aðgerð sem munaði nokkuð um ef menn létu peningana verða eftir þar í fiskvinnslunni.

En ég vil spyrja hv. þm. Stefán Guðmundsson, formann iðnn.: Hvaða ávinningur er af því fyrir fiskvinnsluna á landsbyggðinni að taka peningana af henni í gegnum raforkuverð, færa síðan iðnrh. peningana og láta hann um að deila þeim út, ekkert endilega til fiskvinnslunnar heldur til einhverra annarra? Hver er hagur fiskvinnslunnar af þessari aðgerð? Hver er hagur botnfiskvinnslunnar af þessari aðgerð? Er ekki betra að láta það vera að taka af þeim peningana og lækka verðið? Það er betra. Ég held að allir sjái það og sérstaklega hv. þm. Stefán Guðmundsson sem glöggur maður í þessum efnum. Hann veit að þetta er vitlaus aðferð. Hann verður bara að beygja sig fyrir því að ráðherra hans samdi um annað við Reykjavíkurborg í þessu efni.

Ég vil líka gera að gagnrýnisefni þá fjárhæð sem arður er greiddur af í þessu máli. Það var gerð grein fyrir tölum í þessu efni í nál. 2. minni hluta við 2. umr. málsins. Það er stór munur á því að vera að borga arð af 14.500 millj. kr. eða 2.000 millj. kr. Ég er hér með töflur frá Landsvirkjun þar sem þetta er sundurliðað frekar og fram kemur t.d. að framlög ríkisins í peningum eru ekki nema um 1.074 millj. kr., Reykjavíkurborgar 957 millj. kr. og Akureyrarbæjar 118 millj. kr. Það eru hin raunverulegu eiginfjárframlög. Mér finnst eðlilegt að borga þessum aðilum arð af því fé sem þeir hafa sannanlega lagt fram inn í þetta fyrirtæki af sínum tekjum. En mér finnst alveg fráleitt að vera að reikna mönnum arð af peningum sem þeir hafa aldrei lagt inn. Bara aldrei nokkurn tímann. Það hefðu einhvern tímann verið kallað okurvextir hér áður fyrr að menn gætu innheimt háa vexti af höfuðstól sem þeir ættu ekki nema að litlu hluta eða $^1/_7$ hluta. Ég er algjörlega andvígur þeim reikningskúnstum sem koma fram í þessum þætti málsins sem eru til þess miðaðar að eignaraðilar geti tekið peninga út úr fyrirtækinu af því að þeir geta ekki reiknað rétt og eðlilega út nægilega háar fjárhæðir til sín til þess að þeir geti verið ánægðir og þá þarf að búa til svona fixformúlur til þess að sætta eignaraðila eða Reykjavíkurborg við það að geta ekki selt sinn eignarhlut.

Ég verð að segja við hæstv. iðnrh. að ég hefði talið eðlilegra í hans sporum að hann leitaði eftir því að kaupa Reykjavíkurborg út úr þessu fyrirtæki og að hann notaði eigendaframlög þess upp á 957 millj. kr. sem grundvallartölu í þeim samningum, semdi um verð á eignarhlut Reykjavíkurborgar út frá þeirri tölu. Ég held að það hefðu orðið mjög viðráðanlegir samningar fyrir ríkið og ásættanlegir fyrir Reykjavíkurborg. Það hefði verið miklu eðlilegra að leysa málið þannig, hreint og skýrt, fyrir opnum tjöldum, fremur

en með þeirri aðferð að reyna að dylja málið með ýmsum hætti eins og gert er í frv.

Þá bendi ég líka á að sveitarfélögin tvö sem hlut eiga að þessu máli og í þessu fyrirtæki hafa notið góðs af eignaraðild sinni umfram raunveruleg framlög. Þeim hefur verið greitt svonefnt ábyrgðargjald þrátt fyrir að lán Landsvirkjunar sé með einfaldri ríkisábyrgð og ríkið eitt standi í allri ábyrgð fyrir lánunum þá hefur ábyrgðargjaldið sem fyrirtækið er látið borga ekki runnið allt til ríkisins heldur skipst í eignarhlutföllum þannig að sveitarsjóðirnir hafa verið að fá til sín hluta af þessu ábyrgðargjaldi án þess að standa nokkurn tímann undir ábyrgðinni. Það hefur verið veruleg ívilnun til þessara sveitarsjóða og raunverulega dulin arðgreiðsla. Það er ekkert annað en dulin arðgreiðsla. Og gert er ráð fyrir því að halda þessu áfram. Þannig er gert ráð fyrir því að ábyrgðargjaldið á þessu ári verði 120 millj. kr. og renni til eignaraðila, væntanlega með sama hætti og verið hefur. Það verða 132 milljónir á næsta ári og 141 árið 1999 og 132 milljónir árið 2000 eða um 500 milljónir á þessum fjórum árum sem eiga að líða áður en menn ætla að fara að lækka gjaldskrána hjá Landsvirkjun. Þarna er hálfur milljarður í viðbótararðgreiðslur umfram það sem menn tala um berum orðum. Bara á þessum fjórum árum.

Fram til þessa hefur ríkið fengið greiddan arð og ábyrgðargjald um 726 millj. kr. af 1.074 millj. kr. Það hefur fengið um 75% í arð af þessum eignarhlut. Og svipað fyrir hina eignaraðilana, t.d. hefur Reykjavíkurborg fengið 650 millj. kr. í arð og ábyrgðargjald — ég tek það saman — af 957 millj. kr. framlagi. Þetta er nú ágæt ávöxtun fjár. Ég held að það sé varla hægt að ætlast til þess að betur verði gert.

Virðulegur forseti. Ég geri líka alvarlegar athugasemdir við þennan útreikning á eigendaframlögum og hvernig arðurinn er síðan reiknaður út af þeim og enn fremur því að gert er ráð fyrir að ábyrgðargjöldin renni áfram skipt til allra eignaraðila jafnvel þó aðeins einn þeirra í raun standi undir ábyrgðinni. Mér því finnst málið í heild ekki vera álitlegt. Það er ekki ástæða til að amast við öllu í því en mér finnst að ekki hafi verið ástæða til þess að fara fram með það. Ég sé engar framfarir í þessu þingmáli fyrir orkukaupendur, fyrir þá sem borga raforkuna á Íslandi. Þetta er einfaldlega það að eigendur fyrirtækisins eru að gera samkomulag sín á milli um að skipta á milli sín peningum. Þetta fjallar fyrst og fremst um það. Mér finnst satt að segja að það hefði mátt láta ógert.

Það hefði verið meira púður í því ef ríkisstjórnin hefði komið fram með frv. um breytingar í orkumálum í framhaldi af skýrslu um það efni þar sem sýnd hefði verið stefna ríkisstjórnarinnar í orkumálum, hvernig standa ætti að því að virkja, hverjir ættu að gera það og hvernig standa ætti að því að dreifa orkunni og selja hana. Það er pólitískt mál sem hefði verið vel þess virði að þingið eyddi einum vetri í að takast á um. En þetta er bara einfalt peningamál og sem slíkt fremur ómerkilegt.

Þá vil ég að lokum, virðulegur forseti, víkja að einu atriði málsins sem mér hefur orðið að umhugsunarefni fyrst og fremst fyrir það að ég hef ekki alveg áttað mig á því hvað fyrir mönnum vakir með þeirri brtt. sem ég ætla að víkja að.

Það er að lagt er til að við 8. gr. frv. bætist ákvæði um að Landsvirkjun falli undir samkeppnislög. Í frhnál. meiri hluta iðnn. segir „að við 8. gr. frumvarpsins bætist ákvæði er taki af öll tvímæli um að ákvæði samkeppnislaga eigi við um alla þætti í rekstri Landsvirkjunar.“

Þetta hefur verið skýrt þannig í umræðu a.m.k. af einum hv. þm. sem stendur að því að flytja tillöguna að þar sé um að ræða gjaldskrána. Að Samkeppnisstofnun eigi að fylgjast með því að gjaldskráin sé á hverjum tíma eins og hún á að vera eftir einhverjum mælikvörðum sem ég veit ekki hverjir eru. Ég hef verið að fara í gegnum samkeppnislögin undir þessari umræðu til að reyna að átta mig á því hvernig Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð geta sinnt því hlutverki að hafa stjórn á gjaldskrá fyrirtækisins. Ég sé ekki nema eitt ákvæði í lögunum sem er hugsanlegt að samkeppnisráð geti beitt. Það er ákvæði í 17. gr. samkeppnislaga. En það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.“

Með öðrum orðum á samkeppnisráð að grípa inn í á þessum lagaforsendum til þess að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af því að það skorti samkeppni. Ég sé ekki hvernig samkeppnisráð á að geta beitt þessu lagaákvæði til að geta stýrt gjaldskrárákvörðunum stjórnar Landsvirkjunar á hverjum tíma. Fyrirtækis sem í raun er einokunaraðili en með þessu frv. er ekki verið að breyta því að Landsvirkjun er í meginatriðum einokunarfyrirtæki og á að vera það áfram samkvæmt frv. þannig að ég átta mig ekki á því hvernig samkeppnislög geta mætt þeim fullyrðingum sem hér hafa verið settar fram úr ræðustóli um að með því að fella Landsvirkjun undir samkeppnislög eigi að vera hægt að hafa eftirlit með gjaldskrá fyrirtækisins með svipuðum hætti og Þjóðhagsstofnun hefur sinnt því hingað til. En það er meira í þessu en bara þetta atriði varðandi gjaldskrána því að tillaga nefndarinnar kveður á um að rekstur Landsvirkjunar falli undir öll ákvæði samkeppnislaga. Þá fer nú málið að vandast. Hvernig á Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð — og ég beini þessu máli til hæstv. ráðherra og formanns iðnn. því ég veit að þeir hafa fylgst með þessum fyrirspurnum mínum og munu svara þeim hér á eftir — að bregðast við þessu lagaákvæði? Þegar þessi tillaga hefur orðið að lögum hvernig á þá Samkeppnisstofnun að vinna sitt verk gagnvart Landsvirkjun? Ég hef verið að reyna að setja mig inn í það og ég fæ ekki annað séð en að það geti orðið nokkuð öðruvísi en menn hafa ætlast til.

Markmið samkeppnislaga er tíundað í 1. gr. laganna og samkvæmt anda 1. gr. ber auðvitað samkeppnisráði að vinna eða Samkeppnisstofnun. Það eru nefnd þrjú atriði sem markmið.

Í fyrsta lagi á að „vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri.“ — Nú spyr ég: Hvernig ætlar Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð að vinna að því að ryðja úr vegi takmörkunum í samkeppni í orkusölu, orkudreifingu og orkuöflun? (**Iðnrh.:** Ég skýri þetta á eftir.) Það er gott að hæstv. ráðherra kallar hér fram í að hann ætli að skýra þetta á eftir því það þarf að skýra þetta.

Í öðru lagi á Samkeppnisstofnun að „vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum.“ — Hvernig á að vinna gegn fákeppni í þessu miðað við óbreytt lög hjá Landsvirkjun að öðru leyti?

Í þriðja lagi á Samkeppnisstofnun að „auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.“ — Þ.e. að orkumarkaðnum, hvort heldur sem um er að ræða virkjun, dreifingu eða sölu.

Út frá öllum þessum þremur markmiðum ályktа ég sem svo að Samkeppnisstofnun hljóti að vinna á þann veg að koma á samkeppni í þessari atvinnugrein, brjóta niður einokun Landsvirkjunar og hlutast til um að stofnuð verði önnur fyrirtæki sem verði keppinautar Landsvirkjunar. Þetta er út af fyrir sig pólitískt viðfangsefni sem er mjög áhugavert og forvitnilegt að ræða um. En þetta er bara ekki viðfangsefni þessa máls. Því spyr ég: Hvers vegna eru menn með þessari brtt. að tengja samkeppnislögin við Landsvirkjun fyrst menn vilja ekki breyta Landsvirkjun og afnema einokunina? Menn geta ekki bæði sagt: Við ætlum að viðhalda einokuninni eins og hún hefur verið í öllum meginatriðum — en sagt svo í hinu orðinu: Við ætlum að láta Samkeppnisstofnun vinna sitt verk á Landsvirkjun um að koma þar inn samkeppni. Annað hvort verður að víkja.

Ég gæti vitnað í fleiri ákvæði í þessum lagabálki sem öll vísa veginn á sama hátt; að stofnunin eigi að hlutast til um aðgerðir sem stuðla að því að koma á samkeppni og á þann hátt muni verðinu vera stýrt, með samkeppni, og svo trúa menn því að sú samkeppni muni þá hafa í för með sér lægra verð. Þetta er hin almenna kenning og hinn almenni grundvöllur sem samkeppnislögin standa á.

Mér sýnist á öllu að það sé einfaldara að setja annað ákvæði um eftirlit með gjaldskrá Landsvirkjunar sem stjórnin setur samkvæmt þessu lagafrv. sem væri bara að hafa það óbreytt frá því sem nú er að Þjóðhagsstofnun komi að þessu máli eins og verið hefur. Þannig viðhaldi menn opinberu aðhaldi og stýringu að nokkru leyti á gjaldskránni og hafa það fyrirkomulag þangað til stjórnvöld hafa gert það upp við sig hvort þau ætla að breyta eða umbylta orkukerfinu. En það hefur komið fram áfangaskýrsla um það efni sem vísar til þess að áhugi sé á því að gera verulegar breytingar á skipan orkumála. Ég mundi ráðleggja hæstv. ríkisstjórn að vinna frekar úr því máli og þegar það lægi fyrir að gera þá þær breytingar á þennan veg í tengslum við hinar almennu lagabreytingar á skipan mála í orkumálum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta lagafrv. Ég hygg að við 2. umr. málsins hafi verið farið rækilega yfir öll þessi helstu gagnrýnisatriði sem ég hef sett fyrir mig í málinu og ég þarf því ekki að fara frekar út í þau en ég hef gert hér að nokkru leyti. Ég læt það því duga sem framlag af minni hálfu til umræðu um þetta mál.

[22:11]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði um samkeppnislögin. Ég stóð í þeirri meiningu þegar þetta frv. var upphaflega lagt fram að samkeppnislögin frá 1993 mundu almennt gilda um Landsvirkjun. Hins vegar kom í ljós þegar farið var að fjalla um það í hv. iðnn. að menn töldu að til þess að taka af öll tvímæli í þeim efnum væri rétt að setja ákvæði inn í lögin um Landsvirkjun, þ.e. að samkeppnislögin skyldu gilda. Þar voru fulltrúar stjórnar og stjórnarandstöðu sammála. En í 2. gr. samkeppnislaganna er gert ráð fyrir því að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum opinberum aðilum eða öðrum. Síðan er í II. kafla, 4. gr. talað um markaðsráðandi fyrirtæki. Það er alveg ljóst að Landsvirkjun er markaðsráðandi fyrirtæki og liggur við að hægt væri að kalla það einokunarfyrirtæki. 17. gr. samkeppnislaganna gerir ráð fyrir því hvernig skuli að staðið þegar slíkt ástand er uppi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, athöfnum og aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Hin skaðlegu áhrif geta m.a. falist í:" — Og þar eru nokkur atriði tínd til svo sem sala og verðlagning, það að reynt sé að útiloka keppinautana frá markaði, síðan segir í 17. gr.:

„Íhlutun [þ.e. Samkeppnisstofnunar] getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði." — Þ.e. Samkeppnisstofnun getur gripið inn í. Með öðrum orðum getur Samkeppnisstofnun óskað eftir skýringum frá Landsvirkjun þegar ný gjaldskrá er sett hvaða forsendur liggi að baki þeirri nýju gjaldskrá sem verið er að setja, hvort hún sé í samræmi við verðlagsbreytingar sem orðið hafa. Þannig getur Samkeppnisstofnun lagt mat á það hvort stjórn Landsvirkjunar haldi sig innan eðlilegra marka í þessum efnum af því að fyrirtækið er markaðsráðandi einokunarfyrirtæki. Með öðrum orðum er með þessu að vissu leyti verið að koma á verðlagseftirliti.

[22:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki sammála hæstv. iðnrh. um túlkun á þessu lagaákvæði. Ég vitnaði til þess áðan í máli mínu og ég fæ ekki þennan skilning út úr málinu að samkeppnisráð geti gripið inn í og stýrt verði eða gjaldskrá út frá einhverjum almennum sjónarmiðum. Það er tekið fram í þessum kafla að íhlutunin sé byggð á því að það sé eina leiðin til að koma í veg fyrir að skortur á samkeppni hamli eða hafi skaðleg áhrif á markaðinn. Af því að þetta eru samkeppnislög þá fjallar þetta um þær aðstæður þegar samkeppnin er ekki nægileg til að beina verðlaginu nógu langt niður eða hafa það í eðlilegum farvegi í þeim skilningi sem menn hafa við þessar aðstæður. Þessar aðstæður eru bara ekki uppi varðandi Landsvirkjun. Starfsemi hennar lýtur sérstökum lögum og öðrum er meinað að starfa á þessum akri þannig með lögum er girt fyrir samkeppni. Þess vegna getur Landsvirkjun ekki verið markaðsráðandi fyrirtæki í þeim skilningi sem hæstv. ráðherra lagði í það af því að markaðsráðandi staða fyrirtækisins, eins og segir í 4. gr., er þegar fyrirtækið hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni. Það þarf ekki í þessu tilviki því hún er bönnuð með lögum. Þess vegna hefur vafist fyrir mér að átta mig á því hvaða lagalegar forsendur Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð hefðu til þess að grípa inn í stjórnun á gjaldskrá Landsvirkjunar út frá þeim lagaákvæðum sem hér eru en þau eru öll miðuð við það að stofnunin og ráðið starfi út frá samkeppnislögmálinu sem bara er ekki virkt í þessu dæmi.

[22:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var kannski nákvæmlega þetta atriði sem vafðist fyrir hv. þm. í hv. iðnn., þ.e. hvort Samkeppnisstofnun gæti haft afskipti af fyrirtækinu af því hvernig lögin eru um fyrirtækið og vegna þeirrar stöðu sem fyrirtækið hefur. Hins vegar er alveg ljóst að Samkeppnisstofnun getur gripið til aðgerða eins og ég var að lýsa hér áðan og lýst er í 17. gr. samkeppnislaganna og hljóðar svo, með leyfi forseta:

Íhlutun getur falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Íhlutun getur m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein.

Þetta þýðir að stofnunin getur gripið til þessara aðgerða, getur haft áhrif á verðlagninguna og það er verið að tryggja

það með þessu að Landsvirkjun eigi að lúta boðvaldi samkeppnisyfirvalda í þessum efnum.

[22:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þá orðið skýrt hvernig þetta ákvæði er hugsað af hálfu stjórnarliðsins og það er ágætt að það liggi fyrir að það sé þetta ákvæði sem er verið að vitna til og með þeim skilningi sem ráðherra hefur sett fram. Ég er ekki sammála þessum skilningi en það er bara þannig og verður ekkert meira við því gert. Við getum síðan látið lögfræðinga um það að fjalla um málið í framhaldinu. En mér finnst líka að eitt mundi vefjast fyrir Samkeppnisstofnun og samkeppnisráði í þessu tilviki og það er að það vantar samanburðinn. Hvað er hið eðlilega verð sem samkeppnisráð á að ákvarða eða hvenær getur samkeppnisráð sagt: Gjaldskráin er óeðlileg. Óeðlileg miðað við hvað? (**Iðnrh.:** Verðþróun.) Við almenna verðþróun? En það eru engin ákvæði um það í lagatextanum að almenn verðþróun eigi að vera viðmiðun. Þannig að það vantar hina lagalegu forskrift fyrir samkeppnisráð til þess að hafa sem viðmiðun á móti gjaldskránni. Ég hef því ekki trú á að það gangi vel að beita þessu ákvæði en ég heyri að ráðherra trúir því og við skulum bara vona að það gangi eftir.

[22:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið á margan hátt fróðlegar umræður sem hafa staðið alllengi um þetta mikilvæga mál sem er breyting á lögum um Landsvirkjun. Og sannast sagna hefur málið tekið nokkrum breytingum a.m.k. hvað umræðuna áhrærir frá þeim tíma sem það var fyrst kynnt. Fyrst var þetta mál gert heyrinkunnugt á blaðamannafundi þar sem því var lýst sem miklum tímamótasamningi sem gerður hefði verið á milli eigenda Landsvirkjunar, þ.e. Reykjavíkurborgar, ríkisins og Akureyrarbæjar, en út í frá þá verð ég að játa að þetta leit út þannig að hér væri ekki bara um að ræða samkomulag, heldur huggulegt samkomulag þar sem eigendur hefðu komið sér saman um að greiða hver öðrum hlutdeild úr arði Landsvirkjunar og síðan kosið að kynna þetta með þessum hætti fyrir þjóðinni. Þannig leit þetta út í upphafi og var mikil áhersla lögð á það, sérstaklega af talsmönnum Reykjavíkurborgar að hér væri miklum áfanga náð. Hér hefði það tekist úr því að ekki var hægt að nauðga ríkinu til þess að kaupa hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun að þá hefði a.m.k. tekist að búa til þarna samkomulag, eigendasamkomulag, um það að herja út arð af þessari miklu eign sem borgin hefði fjármagnað með eigandaframlagi sínu. Þannig var þetta líka hugsað í 2. gr. frv. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því og gengið út frá því að þessi arður miðist við tiltekin eigendaframlög sem síðan yrðu framreiknuð með tilteknum hætti og út frá því fundin aðferð við að greiða út arð, allt eftir ákveðnum formúlum og reglum sem miðuðust við það að í fyrstu greiðist ekki út nema hluti af þessum arði, hinn hlutinn fari til þess að styrkja, ef ég hef skilið rétt, innri stoðir fyrirtækisins sem út af fyrir sig er ágætis sjónarmið en að öðru leyti fari þetta allt eftir ákveðnum reglum.

Það var einmitt þetta, virðulegi forseti, sem ég nefndi aðeins í máli mínu þegar ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessarar greinar fyrr í dag en ég hef ekki haft aðstöðu til þess, því miður, að vera viðstaddur umræður, hvorki 1. né 2. umr. um þetta mál vegna þess að ég hafði lögmætar fjarvistir í bæði skiptin og gat þess vegna því miður ekki tjáð mig um þessi mál þá. En það var einmitt þetta atriði sem gerði það að verkum að ég treysti mér ekki í dag til að greiða atkvæði með 2. gr. þó að ég teldi mjög margt í málinu hafa skýrst og færst til betra horfs miðað við það sem mér fannst í upphafi. Það er einmitt þessi hugsun að eiginfjárstaða Landsvirkjunar hafi orðið til með einhverju eigandaframlagi sem síðan sé eðlilegt að reikna arðsemi út frá eða arðgreiðslur út frá. Því það er ekki hægt að horfa fram hjá því að þetta fyrirtæki, Landsvirkjun, hefur verið að byggja sig upp fyrst og fremst með lánsfé. Þetta fyrirtæki hefur haft sérstaka aðstöðu að því leytinu að það hefur haft einokunaraðstöðu til virkjunarframkvæmda og getað nánast þar af leiðandi ráðið mjög verðlagningu sinnar afurðar, þ.e. orkunnar. Og það er enginn vafi á því að í skjóli þess hefur fyrirtækinu fyrst og fremst tekist að byggja upp þessa sterku eiginfjárstöðu sína. Um þetta þurfum við í sjálfu sér ekkert að deila, virðulegi forseti, vegna þess að um þetta hafa tjáð sig menn sem eru þessu máli gjörkunnugir, menn á borð við Kristján Haraldsson, orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða, sem segir í umsögn orkubúsins um þetta mál, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun hefur í skjóli einokunaraðstöðu á orkuvinnslusviðinu getað haldið uppi gjaldskrá sem hefur legið langt fyrir ofan langtímajaðarkostnað orkuverðs frá nýjum virkjunum (nú tæpum 50% hærri) og er það hin raunverulega ástæða fyrir mjög hraðri eignamyndun fyrirtækisins og góðri stöðu þess."

Svipað segir raunar líka í umsögn Hitaveitu Suðurnesja sem Júlíus Jónsson forstjóri undirritar og er engin ástæða í sjálfu sér til þess að endurtaka hér.

Þetta kemur líka heim og saman við svar sem ég fékk á sínum tíma á 115. löggjafarþingi frá þáv. hæstv. iðnrh. þar sem ég spurði nokkurra spurninga um Landsvirkjun þar sem m.a. kemur fram að á sama tíma og tekjurnar fóru minnkandi á árunum 1988– 1991 úr 7,2 milljörðum á þágildandi verðlagi í 5,9 milljarða, þá jukust fjárfestingar fyrirtækisins ár frá ári. Voru 1,7 milljarðar 1988, 2,7 milljarðar 1989, 4,2 milljarðar 1990 og 4,4 milljarðar 1991. Á þeim tíma vöktu þessar upplýsingar mjög mikla furðu mína og ég tjáði mig um það á þeim tíma en engu að síður tókst Landsvirkjun með minnkandi tekjum að byggja upp bætta eiginfjárstöðu, styrkja stöðu sína, og það er augljóst mál og sést á þessum tölum að það geta menn ekki gert þegar fyrir liggur að þessi fjárfesting fer fram á grundvelli lánveitinga. Eins og fram kemur í áliti orkubússtjóra Orkubús Vestfjarða og forstjóra Hitaveitu Suðurnesja gerist það fyrst og fremst vegna þess að gjaldskránni er haldið þetta miklu hærri en nemur langtímajaðarkostnaði og er þetta miklu hærri heldur en eðlilegt hefði verið að öðru leyti.

Hitt atriðið sem vakti með manni nokkrar spurningar þegar þetta fræga samkomulag var gert heyrinkunngt milli eigenda Landsvirkjunar var spurningin: Hver verða áhrifin á orkuverðið? Því allt snýst þetta um það hver áhrifin eru á orkuverðið svo ráðandi þáttur sem þetta er nú um afkomu fólks vítt og breitt um landið og ekki síst á hinum svokölluðu köldu svæðum þar sem orkukostnaðurinn er sligandi og allt of lítið hefur miðað í því að lækka þennan kostnað. Ég tel að það mál hafi talsvert skýrst í umræðunni hér í þinginu, a.m.k. var það svo að við lestur bókunar þeirrar sem dagsett er 10. febr. 1997 og undirrituð er af borgarstjóranum í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, Jakobi Björnssyni bæjarstjóra á Akureyri og hæstv. iðnrh. þá sýnist mér að þessi mál gerð séu gerð mjög skýr. Í fyrsta lagi er gengið út frá því að raunverð orkunnar frá Landsvirkjun til aldamóta muni ekki

breytast. (**Gripið fram í:** Ekki lækka.) Ekki lækka, ja, ekki breytast. Raunverðið verður óbreytt til aldamóta. Síðan muni það gerast frá og með árinu 2001 að á næsta áratug verði um að ræða árlega raungildislækkun upp á 2–3% frá árinu 2001 og næsta áratug ef ég hef skilið þetta rétt.

Nú geta menn velt fyrir sér hvernig þetta komi heim og saman, annars vegar þetta arðgreiðslumarkmið sem klárlega kemur fram í samningi eigenda Landsvirkjunar og hins vegar þetta markmið um lækkun orkuverðsins. Og þess vegna var það mjög þýðingarmikið að þessi bókun eigenda Landsvirkjunar var gerð sem ég tel að sé í senn bókun og skýring á því samkomulagi sem að baki liggur. (**HG:** Ekki mjög skýr.) Vegna þess að ef maður les þetta bókstaflega þá er þetta, hv. þm., mjög skýrt. Og nú ætla ég, með leyfi virðulegs forseta, að lesa þetta:

„Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og bæjarstjórnar Akureyrar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda." — Það gefur til kynna að einhver eigendanna hafi gjarnan viljað að þessar arðgreiðslur væru hærri og það liggur fyrir í allri þessar umræðu og þarf ekkert að deila um það hver það var sem sótti á. Það var Reykjavíkurborg sem vildi sem vildi sem eigandi fyrirtækisins fá sem hæstar arðgreiðslur til sinna nota, hafði af því augljósa hagsmuni. (**Gripið fram í:** Eða selja.) Eða selja eins og var reyndar upphafleg meining, hafði af því augljósa hagsmuni að hafa af þessu fyrirtæki sínu sem mestar tekjur. Og þess vegna var það málamiðlun sem hér var náð. — Og enn skal nú haldið áfram lestrinum, virðulegi forseti: „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir." Og það verður auðvitað að lesa þetta eins og ég las: „Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir."

Þetta sýnist mér vera ákaflega skýrt, virðulegi forseti. Það er verið að vísa til þess að það sé forgangsverkefni að raunverð á orkunni lækki en hitt verði þá víkjandi verkefni að greiða arðinn. Og ef þessi markmið stangist á þá sé það þannig að orkuverðið muni lækka en arðgreiðslurnar hljóti þá að bíða. Þetta fannst mér vera mjög skýrt í þessum texta og þetta hefur raunar komið fram, ef ég hef skilið það rétt, hjá talsmönnum hv. ríkisstjórnar að þannig sé þetta. Til aldamóta verði sem sagt engar umbreytingar á verðinu; eftir aldamótin fari þetta lækkandi um 2–3% á ári, og síðan ráðist arðgreiðslurnar af arðseminni og stöðu fyrirtækisins og því hvort hægt hefði verið að lækka orkuverðið. Þetta er minn skilningur á þessu máli og mér finnst þetta vera augljóst ef maður les þennan texta.

Þess vegna, virðulegi forseti, kom það mér mjög mikið á óvart þegar ég sat heima hjá mér í kvöld, eftir að hafa borðaði bæði saltkjöt og baunir, og hlýddi á borgarstjórann í Reykjavík lýsa yfir ákaflega sérkennilegum skilningi á þessum annars skýra texta. Skilningur borgarstjórans er þessi:

Hverju breytir þessi bókun? spyr fréttamaðurinn.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir svarar: „Ja," — sem er skammstöfun fyrir jafnaðarmannaflokkinn eins og menn vita, JA — „hún breytir í sjálfu sér sáralitlu öðru en því að með þessari bókun og með breytingu á lögunum sem nær þá til þess hvernig endurskoðendur skuli skipaðir og að Landsvirkjun skuli lúta samkeppnislögum að þá er líklegra að víðtækari sátt muni nást um málin sem er auðvitað mikið atriði."

Það er auðvitað rétt hjá borgarstjóra að það skiptir miklu máli ef hægt er að ná sátt um veigamikil mál. (**Gripið fram í:** Hvað kemur JA þessu við?) Þá kemur ja-ið til sögunnar.

Þá spyr fréttamaðurinn: „Reiknaði borgin með að fá arð af Landsvirkjun?"

Þá svarar borgarstjóri, og segir nú ekki ja heldur já, hún reiknar sannarlega með því: „Ég er ekki tilbúin til að víkja arðgjafarmarkmiðunum til hliðar enda hefði þá til lítils verið unnið að þessu samkomulagi því að aðalatriðið fyrir okkar var að Reykvíkingar nytu þess með einhverjum sértækum hætti að þeir hafa lagt mikið fé í þetta fyrirtæki og eiga þarna tæplega 45%."

Nú, virðulegi forseti, verð ég að játa það að bókmenntaútlegging borgarstjórans í Reykjavík á þessum texta sem mér finnst ansi skýr í bókun þremenninganna frá 10. febr., þessi bókmenntaútlegging kemur að mínu mati ekki alveg heim og saman við þennan texta og enn þá síður heim og saman við þá útlistun og þær útskýringar og þá túlkun og þann skilning sem talsmenn hæstv. ríkisstjórnar hafa haft á þessu máli. Þess vegna er það nauðsynlegt í þessari umræðu að það sé alveg skýrt af hæstv. iðnrh. hvað þessi bókun þýðir. Hvort hún þýði að arðgjafarmarkmiðin séu víkjandi eða ríkjandi, (Gripið fram í.) hvort það sé þá verðlagningin sem sé víkjandi eða ríkjandi. Þetta þarf að liggja fyrir því hæstv. iðnrh. er aðili og það ekki veigalítill aðili að þessari bókun og samkomulagi öllu. Ríkið er stærsti eignaraðili Landsvirkjunar. Þess vegna er það grundvallaratriði fyrir niðurstöðu þessa máls að þetta liggi fyrir. Vegna þess að í hugum okkar sem höfum verið áhugamenn um að reyna að lækka orkuverð úti á landi er það grundvallaratriði hvort það sé verið að víkja þessum ásetningi til hliðar, en það er jú vel að merkja ásetningur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að lækka orkuverðið, hvort það sé verið að víkja þessum ásetningi til hliðar fyrir einhverjum óljósum arðgjafarmarkmiðum sem samið hafi verið um. Ég get engan veginn skilið þessa bókun eignaraðila Landsvirkjunar með þeim hætti og vona að hæstv. iðnrh. muni taka undir þann skilning minn sem mér finnst augljóst að lesa út úr þeim texta sem í bókuninni er.

[22:34]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir ágæta og málefnalega ræðu og yfirferð yfir þetta mál. Mér finnst hún hafa verið á rólegum og íhugulum nótum sem kannski hefur verið skortur á stundum í þessum umræðum. Ég verð hins vegar að segja að margt af því sem hann sagði varðandi málið og að það rímaði ekki alveg það sem sagt væri hér og af borgarstjóranum í Reykjavík og borgaryfirvöldum, var svipað og ég sagði hér fyrir kvöldmatinn. Þannig að í sjálfu sér var ekkert nýtt í því fyrir mér sem ég heyrði borgarstjórann segja en hv. þm. hefur þá væntanlega verið kominn heim til sín að borða saltkjöt og baunir og ég get unnt honum þess.

En það sem mig langaði til að segja við hv. þm. í tilefni af þessu er þetta: Er ekki málið á því stigi að það væri eðlilegt að gera hlé á 3. umr. og fá botn í málið? Ég spyr. Ég tel að hv. þm., sem byggði afstöðu sína á bókuninni og rökum sem í henni voru, en telur nú að eitthvað hafi breyst, þá spyr ég hvort honum finnist ekki eðlilegt að það verði gert hlé þannig að það fengist botn í málið ef hann er þá á annað borð hægt að fá.

Í öðru lagi langar mig svo til að spyrja hann einnar spurningar sem kannski er meira og minna akademísk spurning en skiptir samt máli. Telur hann að það kæmi til greina að halda þannig á málum að Akureyri og Reykjavík yrðu losuð út úr Landsvirkjun og skipulag fyrirtækisins og eignarhald endurskipulagt á nýjan leik?

[22:35]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara fyrri spurningu hv. þm. mjög skýrt um að ég tel enga ástæðu til að gera hlé á umræðunni. Ég tel einmitt að svör við eðlilegum spurningum af því tagi sem ég lagði fram áðan eigi að fást í svona umræðu. Þar eigi þessi mál að skýrast. Það getur út af fyrir sig verið sjónarmið að mál séu rædd ítarlega — og það er auðvitað þannig sem við vinnum þetta hér í þinginu að mál eru rædd ítarlega í iðnn. og mér er kunnugt um að iðnn. Alþingis hefur farið mjög rækilega ofan í þetta mál, velt upp mörgum flötum og haldið marga fundi um málið. En ég tel eðlilegast að í umræðu af þessu tagi eigi sér stað skoðanaskipti og menn spyrji þeirra spurninga sem áleitnar eru og það hef ég gert í þessari umræðu. Ég treysti því að fá skýr svör í umræðunni frá hæstv. iðnrh. Ég beindi spurningum mínum til hæstv. iðnrh. og þaðan vænti ég þess að fá svör. Ég tel enga ástæðu til að varpa þeim spurningum neitt annað eða beina þeim annað. Það er hæstv. iðnrh. sem hlýtur að svara spurningunum.

Hin spurningin er, eins og hv. þm. sagði, akademísk í sjálfu sér. Ég tel að það séu engar forsendur til að svara því almennt hvort það sé ástæða til að losa Reykjavíkurborg eða Akureyri undan þessum samningi. Ég tel að það sé mál sem þyrfti að skoða mikið betur, m.a. í ljósi þess hvernig við viljum verðleggja þetta fyrirtæki. Ég hlýddi t.d. með mikilli athygli á ræðu hv. 5. þm. Vestf. um það hvernig hann taldi eðlilegt að eignarhlutur þessa fyrirtækis væri verðlagður. Mér skildist á hv. þm. að miðað við það væri hlutur Reykjavíkurborgar metinn eitthvað á 900 millj. kr. Auðvitað væri það allt annar flötur sem þar með væri verið að velta upp í þessari spurningu heldur en þeir mörgu milljarðar sem menn höfðu í huga að eignarhlutur Reykjavíkurborgar væri metinn á.

[22:37]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég met að sjálfsögðu mikils það traust sem hv. 1. þm. Vestf. vill sýna hæstv. iðnrh. Vandinn er sá að iðnrh. talar bara fyrir einn af þessum þremur aðilum. Hinir eru ekki viðstaddir hér. Það sem ég er að fara fram á er að það verði fengið á hreint um hvað menn eru að tala vegna þess að mér sýnist að það fari býsna mikið milli mála að hæstv. iðnrh. vill láta í veðri vaka að allt annað felist í bókuninni en borgarstjórinn í Reykjavík sagði í kvöld. Það var þess vegna sem ég nefndi þann möguleika að það yrði ef til vill tekið hlé á málinu vegna þess að bókun gerir auðvitað enga stoð nema allir sem standa að henni séu sammála um skilninginn sem í henni felst. Og það finnst mér vera gallinn á bókuninni að hún er of loðin og óljós. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Vesturl. að það er ekki gullaldartexti á þessari bókun eins og hún er. Það hefði þurft að skrifa hana miklu betur, hvað sem öllu öðru líður.

Varðandi það að ríkið yfirtaki hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrar í Landsvirkjun, þá er það rétt hjá hv. þm. að það er flókið mál. Það er býsna mikill munur á hvort menn eru þar að tala um 25 milljarða eða 2,5 milljarða. Ég er þeirrar skoðunar, eins og fram kemur í frhnál. minu, að eignaraðilarnir hafi bara borgað í beinum peningum um 2–2,5 milljarða fyrir fyrirtækið. Þá yrði hlutur Reykjavíkur auðvitað sá sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi. Ég segi alveg eins og er að það kemur mér á óvart í allri þessari umræðu að menn skuli ekki hafa lagt af stað með þessa umræðu því að hún skiptir máli. Menn hljóta að sjá hvað það er mikið jafnvægisleysi í Landsvirkjun eins og hún er núna og hvað það er erfitt fyrir Reykjavík að vara þar inni sem svona sterkur neytandi fyrst og fremst á þessum markaði. Þess vegna varpaði ég þessari spurningu fram til hv. þm. og ég þakka honum fyrir að segja nokkur orð um málið.

[22:39]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka það einungis að ég tel að það sé fullnægjandi að hæstv. iðnrh. svari spurningu minni um þessa bókun. Við vitum um hvað þessi bókun snerist. Hún kom til m.a. vegna þeirrar umræðu sem hafði átt sér stað um það hvort eðlilegt væri að víkja til hliðar arðsemiskröfunni til þess að geta stuðlað að því að Landsvirkjun gæti staðið við markmið sín um lækkun orkuverðs eftir árið 2000. Það gefur auga leið að um þetta mál hljóta þeir aðilar að vera sammála sem stóðu að þessari bókun því bókunin snerist bókstaflega um það. Markmið bókunarinnar var að skýra nákvæmlega þetta mál. Við þurfum því ekki að velkjast í vafa um að aðilar bókunarinnar hljóta að geta verið sammála um í hverju hún felst og þess vegna er langeðlilegast í þessari umræðu og er eina leiðin í þessari umræðu til þess að skýra málið að óska eftir því við hæstv. iðnrh. að hann greini frá því hver sé túlkun hans á þessari bókun.

Ég marglýsti því yfir í ræðu minni áðan að mér fyndist þetta vera mjög skýrt þegar ég las þetta. Ef maður les þetta bókstaflega eins og ég gerði hér áðan þá er þetta mjög skýrt. Það er verið að tala um að arðsemismarkmiðin séu víkjandi, verðlækkunarmarkmiðin séu ríkjandi og ég vildi eingöngu fá þetta staðfest hjá hæstv. iðnrh. þannig að við þyrftum ekkert að velkjast í vafa um þetta. Hann er sá aðili málsins sem er fullkomlega bær til þess að svara því.

[22:41]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór mjög rækilega yfir þessa bókun sem borgarstjórinn í Reykjavík, bæjarstjórinn á Akureyri og iðnrh. hafa orðið sammála um, frá 10. febr. Ég tek undir þá yfirferð og þann skilning sem hv. þm. lagði í bókunina og er nákvæmlega réttur skilningur. Tökum dæmi: Þegar komið yrði til ársfundar Landsvirkjunar árið 2001 og öll þau markmið hefðu nú gengið eftir sem er verið er að setja fyrirtækinu í dag, þó hefði þannig farið að afkoma fyrirtækisins það ár væri ekki eins góð og undangengin ár og menn stæðu frammi fyrir því að annaðhvort gætu menn lækkað raforkuverðið eða greitt út arð, ekki hvort tveggja, þá er mjög einfalt að ganga til baka og sjá hvað voru eignaraðilar sammála um. Hvert var forgangsverkefnið? Hvað þýðir forgangsverkefni? Það er það sem á að koma fyrst í röðinni og þá byrja menn á því að lækka orkuverðið og sjá síðan hvað eftir sé til þess að geta greitt út arð þannig að markmiðin standist. Þetta er alveg kristaltær skilningur og ég held þetta sé nákvæmlega sá sami skilningur og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson var með áðan um framkvæmdina á þessu sem slíka. Ég veit að hv. 8. þm. Reykv. veit líka að þetta er hinn sameiginlegi skilningur eignaraðilanna vegna þess — og það hefur verið margítrekað hér í dag og ég hef tekið það niður

frá hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni, sem borgarstjórinn í Reykjavík sagði á fundi iðnn. sl. mánudagsmorgun. (Forseti hringir.)

„Með sameiginlegri bókun er verið að hnykkja á því að verðlækkun á raforku gangi fyrir arðgreiðslumarkmiðunum."

Þannig að það er ekki bara ég sem iðnrh. sem legg þennan skilning í þessa bókun heldur líka borgarstjórinn í Reykjavík.

[22:44]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir ákaflega skýr svör við mínum spurningum. Það er mjög þýðingarmikið að þessi skilningur hæstv. ráðherra liggi fyrir og ákaflega þýðingarmikið að það er að hans mati sameiginlegur skilningur aðila bókunarinnar.

Hæstv. iðnrh. vitnaði til þess að hann tæki undir þann skilning sem ég hefði haft á þessari bókun og þeirri túlkun sem ég hefði látið í ljós á þessari bókun og taldi að sú túlkun væri rétt. Ég get ekki annað en þakkað hæstv. iðnrh. fyrir þetta sjónarmið og fyrir staðfestingu á þessu máli sem er auðvitað mjög þýðingarmikil vegna þess að hún leiðir í ljós að það sem ég hélt fram hér í ræðu minni að væri hinn eðlilegi skilningur á bókuninni, þ.e. að arðgreiðslumarkmiðin væru víkjandi en taxtalækkunin ríkjandi markmið, væri hinn eðlilegi, sjálfsagði og rétti skilningur á þessari bókun. Þetta var það sem ég vildi fyrst og fremst fá fram og fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. ráðherra. (**SvG:** Hallelúja.)

[22:45]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja hafði ekki hugsað mér að fara í ræðuhöld mikið meir í kvöld vegna þess að það er búið að ræða þessi mál talsvert og ég var búinn að segja hér áður að ég teldi einsýnt að stjórnarliðið ætlaði að klára málið og að við hefðum svo sem gert það sem við gætum til að koma í veg fyrir það. En málið er svona og stjórnarliðið hlýtur að ráða þessu úr því að það vill fara þessa leið þó að það sé leitt til þess að vita vegna þess að ég held að það sé ákveðinn þrái í þessu máli og þvermóðska sem væri gott að vera laus við satt að segja. En látum það vera.

Það sem varð til þess að ég bað um orðið áðan var fyrst og fremst það að ég tel að yfirlýsing hæstv. iðnrh. dugi ekki sem yfirlýsing í þessu máli vegna þess að bókunin heldur ekki nema allir aðilar bókunarinnar séu sammála um innhald hennar. Hæstv. iðnrh. kýs að heyra ekki það sem ég segi um fund iðnn. í þessu máli. Hann kýs að hafa það eitt eftir í þessu máli sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði fyrr á þessum sólarhring sem ég tel að hafi ekki verið alveg nógu nákvæmt.

Hins vegar sagði borgarstjórinn í Reykjavík í kvöldfréttum sjónvarpsins alveg afdráttarlausan og skýran hlut í þessu máli þannig að það þarf ekkert að velkjast í vafa um að borgarstjórinn telur að arðgjafarmarkmiðunum megi ekki víkja til hliðar — fyrir hverju?— fyrir verðlagsmarkmiðunum. Það liggur þannig, herra forseti. Þessi sjónarmið hafa komið þarna fram.

Nú veit ég að hv. þm. Stefán Guðmundsson vill trúa öðru og hans skoðun er önnur í málinu. (**Iðnrh.:** Það er munur á arðgreiðslu og arðgjöf.) Það er alveg hárrétt. Það er verulegur munur á arðgreiðslu og arðgjöf en borgarstjórinn hefur aftur og aftur ítrekað að þessi arðgjafar- og arðgreiðsluatriði séu forgangsverkefni. Út af fyrir sig ætla ég ekkert að fara að setja á hérna einhverjar gagnrýniræður um borgarstjórann í Reykjavík á þessum fundi hér á síðkvöldi. En veruleikinn er þessi. Mér finnst núna kannski að menn séu loksins farnir að ræða þessi mál í rólegheitum og þess vegna finnst mér full ástæða til að velta því fyrir sér hvort ekki væri ástæða til að gera hlé á umræðunni til þess að skýra hlutina aðeins betur vegna þess að hér er greinilega um grundvallarágreining um túlkun að ræða og það er slæmt í svo stóru máli eins og þessu. Ég segi það alveg eins og er. Þess vegna kvaddi ég mér hér hljóðs til þess að hvetja enn þá einu sinni til þess reyna a.m.k. að ná saman um túlkun á þessari bókun sem er afskaplega óljós og óskýr pappir. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst hann afar klénn að ýmsu leyti.

Varðandi málið að öðru leyti þá liggur það þannig að verið er að taka um það ákvörðun, ef frv. verður samþykkt, að borgaður verði arður af eign eignaraðilanna í fyrirtækinu. Eignarstofninn er umdeildur. Ég tel hann allt of hátt reiknaðan. Aðrir telja að hann eigi að vera þessir 14 milljarðar. Ég tel að hann sé sjö sinnum hærri en nemur raunverulegum framlögum þessara aðila.

Í þessu efni þegar komið er að máli af þessu tagi eru þrír möguleikar uppi varðandi framtíðina hjá svona fyrirtæki. Einn er sá að nota hugsanlega hagkvæmni fyrirtækisins til þess að lækka orkuverðið. Annar er sá að nota hugsanlegan arð fyrirtækisins í framtíðinni til þess að borga niður skuldir og þriðji er sá að nota arðinn í framtíðinni og afganginn fyrst og fremst, ef hann er einhver, til þess að borga arð til svokallaðra eigenda. Það kemur í ljós í þessum umræðum að allir vilja í orði kveðnu nota ávinninginn til verðlagslækkunar, allir. Það er enginn ágreiningur um það. Það er enginn hér sem segir: „Það á ekki að nota arðinn til verðlagslækkunar heldur í eitthvað annað" það eru allir sammála um það. Ágreiningurinn snýst um hitt, að menn telja að þessir hlutir séu ekki skýrir í niðurstöðum samninganna og ég held þess vegna að það ástæða væri til þess að hinkra aðeins með málið og skoða það betur.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi sagði í sjónvarpinu í kvöld að þessi bókun væri meira og minna markleysa. Það væri ekkert sérstakt í henni og ekkert nýtt. En hún hefði kannski verið sett á blað til þess að hugga einhverja þingmenn, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson orðaði það. Ég held að það hefði frekar verið til þess að róa einhverja þingmenn. Ég held nefnilega að hinn pólitíski veruleiki sé sá að menn hafi þvælt saman þessari bókun til þess að róa óánægju í stjórnarflokkunum báðum, öllum stjórnmálaflokkunum í raun og veru með þetta mál. Og hvað sem hv. þm. Stefán Guðmundsson segir, þá veit hann alveg eins vel og ég að í öllum stjórnmálaflokkunum sem hér eiga fulltrúa er mikil óánægja með þetta frv., öllum stjórnmálaflokkunum.

Ég þarf ekki að segja margt um Alþb. í þeim efnum. Það hefur komið hér fram. Ég bendi á afstöðu Kvennalistans í þessu máli þar sem greinilega voru mjög skiptar skoðanir. Ég bendi á afstöðu þingflokks jafnaðarmanna þar sem voru skiptar skoðanir í þessu máli. Ég bendi á þá afstöðu sem fram kom hjá einstökum þingmönnum Sjálfstfl. bæði í umræðum og svo atkvæðagreiðslum í dag, bæði hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni og hv. þm. Agli Jónsson. Í rauninni er það því svo þegar upp er staðið að allir flokkarnir eru meira og minna lamaðir í þessu máli nema einn, þ.e. Framsfl. sem er það á yfirborðinu og það er auðvitað fyrst og fremst af tillitssemi við hæstv. iðnrh. en ekki af því að menn séu þar svo ánægðir með málið. Það þekki ég líka. Ég er því sannfærður um að

menn séu hér að keyra málið allt of hart fram miðað við stöðu þess og í rauninni er hér tiltölulega lítill minni hluti að ná fram lendingu hjá meiri hluta Alþingis og ég er satt að segja fjarska ósáttur við það.

En ég endurtek: Ég skora á hæstv. iðnrh. að beita sér nú fyrir því að gert verði hlé á 3. umr. og bókunin og allt umhverfi málsins verði skýrt aðeins betur og spyr hann svo að lokum: Hvaða nauðsyn er á því að gera þetta mál að lögum í dag eða á morgun?

[22:53]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál hefur fengið mikla umfjöllun í þinginu og vönduð vinnubrögð hjá hv. iðnn. Alþingis. Stefnt var að því að ljúka málinu fyrir áramót. Í önnun þingsins fyrir jól var ákveðið og í góðu samkomulagi við stjórnarandstöðu að ég hygg að þessu máli skyldi verða lokið í kringum miðjan febrúar. Fyrir utan það að síðast í gær taldi ég að tiltölulega góð sátt hefði verið um að ljúka málinu líka á þessum degi, í dag, hvort sem það var tæknileg sátt eða pólitísk sátt. Á það ætla ég ekki að leggja mat. Það er því ekki eftir neinu að bíða við að ganga frá þessu máli á þinginu.

Aðeins út af orðum hv. þm. um það hvernig hægt væri að ráðstafa þeim ábata sem er til í fyrirtækinu og hagkvæmninni sem er til í fyrirtækinu og myndar arðinn. Hv. þm. sagði að með honum væri hægt að lækka orkuverðið, hægt að minnka skuldirnar og með því að greiða út arð til eigenda. Þetta samkomulag gerir einmitt ráð fyrir þessu. Samkomulagið gerir ráð fyrir því og viðbótarsamkomulagið undirstrikar það. Forgangsverkefnið er að lækka orkuverðið. Þegar kemur að útgreiðslu arðsins, þá er arðurinn ekki greiddur út vegna þess að á meðan heildarskuldirnar eru undir 12%, þá eru aðeins 25% greidd út. 75% fara til þess að lækka skuldirnar og þegar skuldirnar lækka og staða fyrirtækisins lagast og við erum komin niður í þetta á bilinu 12–15% í skuldastöðunni, þá er 60% haldið eftir og 40% greidd út. Hversu góð sem skuldastaðan verður eða hversu mikið sem við lögum skuldastöðuna þá tökum við aldrei allan arðinn til þess að greiða út úr fyrirtækinu. Með öðrum orðum, herra forseti, erum við að lækka orkuverðið. Við erum með þessu að lækka skuldirnar og við erum með þessu að greiða út arð til eigendanna þannig að öllum þessum markmiðum sem hv. þm. taldi rétt að berjast fyrir er náð með þessu samkomulagi.

[22:56]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að frá sjónarmiði þjóðarbúsins og efnahags- og atvinnumála sé skynsamlegast að nota peningana til þess að lækka orkuverðið og borga niður skuldir. Ég tel að það að greiða arð til eigenda sé mál sem ekki eigi að vera fremst á þessu blaði. Um það hefur deilan snúist allan tímann. Og í svokallaðri bókun frá í gærmorgun stendur að það sé sammæli aðila að forgangsverkefni sé að orkuverð geti lækkað á næstu öld. Það er ekki sterkt til orða tekið. Það er ekki mikill forgangssvipur yfir því, herra forseti.

Í öðru lagi vil ég segja að hæstv. iðnrh. hefur ekki svarað því hvaða ástæða er til þess að hann knýr á um afgreiðslu málsins núna þegar það liggur fyrir, og hefur sérstaklega komið fram á þessu kvöldi, að samningsaðilar bókunarinnar frá í gær skilja hana hvor með sínum hætti, þ.e. þeir aðilar sem hafa verið nefndir hér og er ég þá ekki að gera lítið úr Akureyrarbæ sem hefur ekki komið við sögu í kvöld. Ég hefði talið skynsamlegra að fara yfir málið og reyna að greiða úr misskilningnum. Ég hefði talið það betra og skynsamlegra fyrir alla aðila vegna þess að umhverfi málsins er breytt eins og hv. þm. Einar Guðfinnsson rakti mjög vel í kvöld þó svo að hann kysi að taka trú á túlkun iðnrh. sem úrslitaafl í þessu máli.

[22:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta sé í fyrsta skipti í þessari löngu umræðu sem ég og hv. 8. þm. Reykv. erum sammála. Það kom fram í þessari ræðu hjá hv. þm. að hann er sammála eignaraðilunum um að það er ekki efst á listanum að greiða út arðinn. Efst á listanum, herra forseti, er að lækka orkuverðið. Og þegar við höfum náð því markmiði þá getum við greitt niður skuldirnar og greitt út arð til eigendanna.

[22:59]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt, eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni í kvöld, að ég tel að allir þingmenn séu þeirrar skoðunar að það eigi að lækka orkuverð, að það sé forgangsatriði. Það sé engin deila um það. Við teljum hins vegar að eins og staðan er í uppsetningu málsins þá sé lækkun orkuverðs ekki sett fram sem forgangsatriði hjá ríkisstjórninni heldur sé ætlunin að skattleggja fyrst orkukaupendur um 500–700 millj. kr. og það teljum við að sé megingalli málsins. Um það er hinn djúpstæði ágreiningur í þessu máli og ég harma að það skuli hafa þurft þessa löngu umræðu til að hæstv. iðnrh. áttaði sig á því að deilurnar snúast um þetta.

[23:00]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég hef lýst skoðunum mínum í þessu máli fyrr við umræðuna og mun því ekki lengja þessa umræðu mikið. Engu að síður vil ég segja það að vegna umræðunnar sem hefur farið fram í kvöld og vegna þeirra fréttaviðtala sem hafa birst í fjölmiðlum, tel ég mig knúinn til þess að taka til máls.

Um það hefur verið deilt í umræðunni, um breytingar á lögum um Landsvirkjun, hvort markmið um lækkun raforkuverð næðust og deilt hefur verið um það hvort eðlilegt væri að arðgreiðslur hefðu þvílíkan forgang sem upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir. Nú hefur það gerst að eigendur Landsvirkjunar hafa náð saman um sérstaka yfirlýsingu sem hefur verið kynnt hér rækilega og ég vísaði til í dag þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu við 2. umr. og byggði afstöðu mína til málsins m.a. á því samkomulagi. Það urðu mér þess vegna mikil vonbrigði þegar ég hlustaði á borgarstjórann í Reykjavík í fréttum ríkissjónvarpsins í kvöld þar sem borgarstjórinn lét að því liggja og sagði beinlínis að auðvitað væri hún ekki tilbúin til að slá neitt af kröfum um arð af fyrirtækinu. Hér hefur þetta fréttaviðtal verið lesið upp þannig að hægt er að kynna sér það. Þess vegna vil ég segja að það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan í svari við fyrirspurn hv. 1. þm. Vestf., hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar, skiptir miklu máli og sú yfirlýsing og sá skilningur sem fram kom hjá hæstv. iðnrh. Ég treysti því að hæstv. iðnrh. fylgi því eftir og sjái til þess að borgarstjórinn velkist ekki í vafa eftir þessa umræðu hvaða meiningu sú yfirlýsing og þetta samkomulag hefur.

Ef einhver brestur verður á því þá er þetta mál auðvitað í uppnámi eftir þessa umræðu. Eðli málsins samkvæmt hafa borgarfulltrúar ekki beinan aðgang að umræðum hér en ég

treysti því sem hæstv. iðnrh. sagði, og margoft hefur komið fram, að auðvitað hafa áformin um lækkun orkuverðs forgang og þess vegna vil ég bæta við, hæstv. forseti, undirstrika og ítreka að í margnefndu samkomulagi segir í 3. lið, með leyfi forseta:

„Endanleg ákvörðun um arðgreiðslur verður tekin af eigendum á ársfundi Landsvirkjunar og verður þá höfð hliðsjón af raunverulegri afkomu fyrirtækisins."

Ég lít svo á að þegar litið er á þessa bókun og yfirlýsingu fari ekki á milli mála að þegar kemur til þess að taka ákvörðun um arðgreiðslur frá fyrirtækinu, þá verði auðvitað að líta yfir sviðið allt. Það verður að horfa fram á við og reyna að gera sér grein fyrir hvort markmiðin um lækkun orkuverðsins náist með því t.d. að greiða út þann arð sem áætlanir gerðu ráð fyrir að greiddur yrði út fyrir árið 1997. Ef stjórn fyrirtækisins sýnist vegna markaðsaðstæðna, vegna samninga við stóriðjufyrirtæki o.s.frv. að engar líkur séu á því að um aldamótin náist orkuverðslækkun, þá lít ég þannig á að það verði ekki nokkur arður greiddur út. Ég vil að þetta komi fram vegna þess að afar þýðingarmikið er að menn horfi á málið alveg til enda.

Ég held, virðulegur forseti, að sú umræða sem hefur farið fram í kvöld hafi verið mjög gagnleg og mjög mikilvægt og nauðsynlegt að fá fram þau sjónarmið sem hafa komið fram. Ég treysti því að ekki fari á milli mála að þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar af hæstv. iðnrh. eru forsendan fyrir stuðningi við þetta frv. í það minnsta af minni hálfu.

[23:06]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að sá ótti sem kom fram hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni sé algerlega ástæðulaus. Samkomulag er auðvitað samkomulag og eins og kom fram í máli hv. þm. þá er það liður í hinni sameiginlegu bókun að ákvörðun um arðgreiðslu verður tekin af stjórn Landsvirkjunar og hliðsjón verður höfð af afkomu fyrirtækisins. En út af því sem hv. þm. sagði um orð borgarstjórans í fréttum í kvöld, þá vill svo til að viðtalið hefur þegar verið lesið upp í heild. Mér þykir þó rétt að ítreka það sem þar kemur fram af hálfu borgarstjórans.

Hún bendir á að með þessum lögum verði endurskoðendur skipaðir og Landsvirkjun muni lúta samkeppnislögum og telur það ágætt vegna þess að þá sé líklegra að víðtækari sátt náist um málið. En hið eina sem hún segir um arðgreiðslur og arðgjafarmarkmiðið er að borgin reiknar með því að fá arð af Landsvirkjun. Það er það sem hluti þessa máls gengur út á og hún segir einfaldlega: „Ég er ekki tilbúin til þess að víkja arðgjafarmarkmiðinu til hliðar." Í þessu felst engin atlaga að samkomulaginu og enn síður því ákvæði samkomulagsins sem hv. þm. var að vísa til. Það er alveg ljóst.

[23:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt sem hv. 15. þm. Reykv. las upp, en hann lagði enga áherslu á það sem hleypti þessu máli í nokkurt uppnám í kvöld en það er það sem borgarstjórinn sagði, að samkomulagið breytti í rauninni engu. Það vakti áhyggjur manna hér og leiddi til þess að menn fóru að líta betur ofan í allar skjóður málsins. Ég lít svo á að það sé með sama hætti rangt sem kom fram í máli borgarfulltrúans Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og hefur einnig verið lesið upp í kvöld þar sem borgarfulltrúin segir hið sama, að þetta samkomulag breyti engu. Það er grundvallarmisskilningur. Samkomulagið breytti málinu gersamlega. Og það var ekki bara eins og borgarfulltrúinn segði þetta til að þóknast einhverjum þingmönnum sem voru ekki vissir um að þetta væri gott samkomulag. Samkomulagið var gert til þess að leiða forsvarsmenn Reykjavíkurborgar af villu vegar í málinu.

[23:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. er ósammála og hræddur við það sem borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir, þá hljótum við að geta glaðst sameiginlega yfir því að sá borgarfulltrúi er sem betur fer í minni hluta Reykjavíkurborgar og ekkert bendir til þess að nein breyting verði á þeim högum hans.

Yfirlýsing borgarstjórans breytir ekki þessu samkomulagi. Hún breytir ekki því sem hv. þm. hefur eðlilega bent á að það verður að vera samkomulag um arðgreiðslur í stjórn Landsvirkjunar og samkvæmt samkomulaginu ber stjórn Landsvirkjunar líka að taka mjög sterklegt mið af afkomu fyrirtækisins. Borgarstjórinn í Reykjavík hefur með engu móti lagst gegn þessu. Borgarstjórinn hefur einungis sagt að hún sé ekki reiðubúin til þess að víkja arðgjafarmarkmiðunum til hliðar. Það felur ekki í sér neina aðför að samkomulaginu nema síður væri, enda er samkomulag samkomulag og þar sem menn setja stafi sína og nöfn undir, það ætla þeir sér ekki að brjóta.

Að öðru leyti held ég að það eina sem gerst hefur í þessari umræðu sé að hv. þm. Svavari Gestssyni hefur tekist óvanalega vel upp, miklu betur en um langt skeið og hann á hrós skilið fyrir það. Honum hefur tekist að taka nokkra þingmenn Sjálfstfl. á tauginni. Mér tekst það stundum en því miður allt of sjaldan og aldrei jafn vel og hv. þm. Svavari Gestssyni hefur tekist í kvöld.

[23:10]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom út af fyrir sig ekki mjög margt nýtt fram hjá hv. 15. þm. Reykv. annað en óskhyggja um úrslit í borgarstjórnarkosningum. Ég held að menn ættu að spara sér það, enda held ég nú að allur sá mikli hópur stuðningsmanna landsbyggðarinnar hugsi sig tvisvar um eftir að hafa fylgst með aðgerðum borgarstjórans og borgarstjórnarmeirihlutans í þessu máli. Það gæti verið tilefni fyrir nýja ritstjóra að skrifa um í góðum dagblöðum þessarar borgar. (Gripið fram í.)

Ég vil ítreka, hæstv. forseti, að þær yfirlýsingar sem hér hafa komið og að gefnu tilefni úr fréttum vegna viðtala við borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar, þá liggur þetta mál skýrar fyrir. Ég ítreka að ég treysti hæstv. iðnrh. til að fylgja þessu máli fram á þeim nótum sem hann hefur gefið yfirlýsingar um gagnvart meðeigendum ríkisins í Landsvirkjun.

[23:11]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er kannski það stærsta sem menn eru að ræða þessa stundina, hvaða skilning menn eigi að leggja í þetta samkomulag. Ég held að ég og hv. þm. Sturla Böðvarsson leggjum nákvæmlega sama skilning í þetta samkomulag og hvernig það beri að túlka. (Gripið fram í.) Það er nú svo, hv. 8. þm. Reykv., að mönnum finnst það reyndar vera misjafnlega mikils virði. Ég held að hægt sé að segja það með þeim orðum.

En það sem þetta nýja samkomulag, þessi bókun, hefur hins vegar leitt í ljós er að hún hefur ótvírætt skerpt skilning manna á því hvað það var sem menn áttu við með upphaflegu samkomulagi. Það er kannski það sem borgarstjórinn í Reykjavík er að segja. Að í huga borgarstjórans hafi engin breyting orðið á frá því sem menn sömdu um upphaflega, þar sem margoft hafi þá komið fram að arðgjafarmarkmiðið, arðgreiðslumarkmiðið væri víkjandi og verðlækkunarmarkmiðið væri ríkjandi í þessu samkomulagi. Og ég tek undir það með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að á næsta ársfundi þegar tekin verður ákvörðun um útgreiðslu arðs eða hvort greiða eigi út arð, þá eigi menn ekki að horfa einangraðir á það eina ár heldur horfa til framtíðar. Er rekstrarafkoma fyrirtækisins að þróast í þá veru sem menn ætluðu í þessu samkomulagi sem menn hafa gert með sér? Sé það að gerast, þá er óhætt að taka ákvörðun um útgreiðslu arðs.

Hv. þingmenn Alþb. hafa við þessa umræðu reynt að gera samkomulagið, þessa bókun, sem skrifað var undir 10. febrúar tortryggilegt. (Forseti hringir) Þessi bókun er ekki tortryggileg, virðulegi forseti. Það er merkilegt að þingmenn Alþb. skuli gera sér það að leik að vera að reyna að gera borgarstjórann í Reykjavík tortryggilegan með því að treysta ekki hans undirskrift sem hér er á blaði.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hæstv. iðnrh. er í andsvari við hv. 2. þm. Vesturl. (Gripið fram í.) Forseti vill minna þingmenn á að gæta reglnanna þegar þeir eru í andsvörum.)

[23:14]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. iðnrh. þar sem hann tekur undir þau sjónarmið sem ég setti fram um 3. lið yfirlýsingarinnar, sem fjallar um það hvernig staðið skuli að ákvörðunum um greiðslu arðs. Þetta er atriði sem skiptir mjög miklu máli og það er meðal mikilvægustu hlutverka stjórnar þessa fyrirtækis, Landsvirkjunar, eins og margra annarra fyrirtækja, að taka afstöðu til og taka ákvörðun um meðferð hagnaðar fyrirtækisins. Það er ekki einfalt mál. Það getur verið í mörgum tilvikum nauðsynlegt að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins með því að greiða ekki neinn arð út. Það er ein leiðin, eins og hefur komið fram í þessari umræðu, og greiða þá niður skuldir.

Aðalatriði málsins er það sem kom fram hjá hæstv. ráðherra og ég fagna. Það er sá skilningur að hér og nú er ekki búið að taka ákvörðun um það endanlega fyrir mörg næstu ár að arður skuli greiddur út, heldur verður að taka afstöðu til málsins hverju sinni og það er aðalatriði málsins.

[23:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Sá skilningur hv. þm. sem kom fram á því hvernig ákvörðun um arð yrði tekin er nákvæmlega áréttuð í þeirri bókun sem eignaraðilarnir urðu sammála um. Það er á ársfundi á hverju ári sem slík ákvörðun verður tekin. Og menn taka ekki ákvörðun um greiðslu arðs árið 1999 á ársfundi 1997, það er alveg klárt. Ég treysti undirskrift borgarstjórans í Reykjavík, og hef síður en svo ástæðu til að rengja, og þeim orðum sem hún lét falla á fundi iðnn. þar sem það er áréttað að með sameiginlegri bókun er verið að hnykkja á því að verðlækkun á raforku gangi fyrir arðgreiðslumarkmiðunum.

[23:17]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Storminn er nú farið að lægja og það er af hinu góða. Umræðan er komin með talsvert annan blæ heldur en áður hefur verið hér. (Gripið fram í.) Meginhluti þessara umræðna hefur fyrst og fremst snúist um arðgreiðslumarkmið og lækkun orkuverðs og kannski undrar engan þótt svo hafi verið. En að gefnu tilefni, vegna þess sem hefur komið fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, þar sem hann vék að því sem ég sagði um aðild Alþb. að ríkisstjórn þegar mál um arðgreiðslur voru í upphafi tekin upp, þá vil ég bæta því við að það er nú svo, og þess vegna er dálítið merkilegt að hlusta á þessa umræðu í allan dag eða a.m.k. frá kl. fimm, að staðreyndin í málinu er sú að það hefur hver einasti stjórnmálaflokkur setið í ríkisstjórn meira og minna þegar arðgreiðslur hafa verið greiddar út úr Landsvirkjun (**SvG:** Og hvað með það?) En það er hér ákveðinn flokkur sem hefur viljað sýnast vera heilagri en allir aðrir í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur er það?) Hv. þm. Svavar Gestsson var ráðherra á árunum 1989–1991. Öll þau ár, hv. þm. Svavar Gestsson, voru arðgreiðslur greiddar út úr Landsvirkjun. (Gripið fram í.) Já, það er nefnilega málið. Þetta vil ég draga alveg skýrt fram, Alþb. er ekkert frítt í þessum málum, síður en svo.

Ég vil svo draga saman, vegna þessara umræðna, að hér er ekki verið að tala um að hækka orkuverð um 10% eins og haldið hefur verið fram. Hér er ekki verið að tala um það. Hér er kveðið skýrt á um að orkuverð verði óbreytt að raungildi til ársins 2000 en lækki þá um 2–3% á ári til ársins 2010. Það hefur einnig komið skýrt fram í þessari umræðu, hvað eftir annað, þannig að ekki er hægt að mótmæla því að það er skýrt tekið fram, að arðgreiðslur til eigenda eru víkjandi fyrir lækkun orkuverðs. Og því vil ég í því sambandi minnast á orð borgarstjórans í Reykjavík í sjónvarpinu nú í kvöld sem hér hafa verið til umræðu. Það vildi svo til að þegar þingfundi var frestað vegna þess að ég var sagður ekki finnast í húsinu, þá sat ég hér uppi og var einmitt að hlusta á þetta viðtal. Það var spilað fyrir mig og ég var að hlusta á hvað borgarstjórinn í Reykjavík hafði akkúrat sagt. Hún sagðist ekki tilbúin að víkja arðgjöf til hliðar. Það er ekki verið að víkja arðgjöf til hliðar, ekki er minnst á orkuverð í þessu sambandi. Það er málið. Og hvað meinar borgarstjórinn þegar hún segir að yfirlýsingin sem er undirrituð breyti engu? Borgarstjóri meinar auðvitað nákvæmlega það sama og við höfum verið að reyna að halda fram í þessu máli, að frá upphafi hafi þetta verið skýrt. Það hafi alla tíð verið skýrt að arðgreiðslan væri víkjandi fyrir lækkun orkuverðs. En vegna þeirra efasemdaradda sem heyrðust í umræðunni þótti okkur rétt að fastar yrði kveðið á og þess vegna var þessi yfirlýsing gefin út. Og ég verð að segja að við sem höfum starfað á Alþingi með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, núverandi borgarstjóra, þegar hún sat á þingi, hljótum nú að þekkja hana að því að hún muni standa við orð sín. Ég er sannfærður um það og efast ekki um það eina stund, að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir stendur við undirskrift sína. En í bókuninni segir m.a., með leyfi forseta: „Núverandi samkomulag ríkisstjórnar Íslands, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar felur í sér málamiðlun um arðgreiðslur til eigenda. Sammæli er um að það sé forgangsverkefni að raunverð á raforku geti lækkað eftir aldamót með þeim hætti sem samkomulagið gerir ráð fyrir." Samkomulagið gerir einmitt ráð fyrir að orkuverðið lækki, breytist ekki að raungildi til ársins 2000 en lækki síðan um

2–3% frá árinu 2000 til 2010. Og ég vil bæta því við líka hvað borgarfulltrúinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði í sjónvarpinu í kvöld. Vilhjálmur sagði nokkurn veginn orðrétt: Eigendur hafa sammælst um lækkun á orkuverði um 2–3% á ári, þetta er í fyrsta sinn sem svo er gert. Þetta voru hans orð. Þannig að ég held að við séum búin að tala okkur inn á það að þetta mál hljóti nú að vera orðið nokkuð skýrt og öllum ljóst sem á annað borð vilja og geta fallist á að svo sé.

Ég vil einnig undirstrika það sem fer heldur í taugarnar á mér í þessari umræðu — það er umræðan um arðgreiðslurnar. Mér finnst nefnilega varðandi þá umræðu, eins og ég sagði í dag, að það sé eins og sé verið að gefa einhverjum tiltölulega fámennum hópi manna þennan arð. Hvert fellur þessi arður? Hann fellur til Reykjavíkurborgar og borgarfulltrúarnir eru þá líklega frjálsir að hvernig þeir fara með hann. Hann fellur einnig til Akureyrarbæjar og svo til ríkisins þar sem ríkið er helmingshluthafi. Og ríkisstjórn hefur orðið sammála um að verja meginhluta þess arðs sem fellur til ríkisins til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni, á þeim svæðum sem eru utan Reykjavíkur og Akureyrar. Þannig að það er ekki svo að þessum arðgreiðslum sé bara fleygt út um gluggann. Auðvitað fer þessi arður til þjóðarinnar allrar. Hann fer til þjóðarinnar allrar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meir. Ég vil þakka hana. Hún hefur á margan hátt verið upplýsandi og skemmtileg. Og ég vil ekki láta hjá líða að þakka iðnn. fyrir ágætt starf. Ég held að við getum sæmilega sátt við unað.

[23:26]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og þakka fyrir þessa umræðu. Ég tel að hún hafi í raun og veru verið góð og skýrt mjög margt. Það sem liggur núna fyrir er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er greinilegt að eignaraðilar túlka niðurstöður bókunar frá í gær með mismunandi hætti. Nú getur hv. þm. auðvitað komið upp og reynt að mótmæla mér í þessu efni en þetta er mín skoðun og reyndar fleiri þingmanna sem hér hafa talað. Þannig að það er óvissa um forgangsröðina, hvort fyrst komi verðlag eða arðgreiðslur. Og það er raunar mjög merkilegt að þó að umræðan hafi staðið svona lengi þá er ágreiningurinn jafnskýr og afgerandi í lok hennar og í upphafi.

Í öðru lagi liggur fyrir að það er mikill ágreiningur um eigendahlutann og hvað það er sem eigendur hafa í raun og veru borgað inn í fyrirtækið. Þar höfum við sett fram ákveðin sjónarmið og aðrir önnur sjónarmið. Og þar munar hvorki meira né minna en 10–20 milljörðum kr., það er ekki lítið. Og það er alvarlegt að í lok umræðunnar skuli þessi ágreiningur raunverulega vera óleystur og að menn hafi ekki komist til botns í honum að einu eða neinu leyti.

Í þriðja lagi kemur hér að mínu viti fram djúpstæður pólitískur ágreiningur um mikilvægi raforkuverðs í efnhags- og atvinnulífi landsmanna. Ég er þeirrar skoðunar að skynsamlegast sé fyrir þjóðina og atvinnufyrirtækin að orkuverð sé eins lágt og mögulegt er. Ég held að það sé skynsamlegast og heppilegast þegar um er að ræða fyrirtæki okkar og að við séum ekki að leggja á það skatta í leiðinni. Og það er óumdeilt að verið er að leggja skatta á orkuverð til atvinnufyrirtækjanna og heimilanna í landinu sem nemur u.þ.b. 10% af því orkuverði sem almenningur borgar fyrir orkuna á hverju ári. Hér er auðvitað um að ræða mjög alvarlegan pólitískan ágreining og ég sakna þess að við 3. umr. skuli ekki vera hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem rakti þessi mál mjög vel í ræðum sínum og lagði á það áherslu, að ef við ætluðum að tryggja góð lífskjör í landinu þá ættum við ekki að leggja aukaskatta á orkuverð. Það væri skynsamlegra fyrir þróun atvinnulífsins að atvinnulífið fengi orkuna á því verði sem orkan kostar en ekki ætti að leggja á skatta í millitíðinni og nota síðan þá skatta til að dreifa út til fyrirtækja eftir einhverjum misjöfnum reglum. Þær eru sjálfsagt yfirleitt vel hugsaðar en hafa gefist misjafnlega, að ekki sé meira sagt.

Þessi atriði, herra forseti, liggja fyrir í lok umræðunnar. Og ég bæti því svo við: Borgarstjórinn í Reykjavík hefur skýrt frá því að hún telur í raun og veru að bókunin frá í gær breyti engu, arðgreiðsluáherslurnar séu á sínum stað. Ég las hér fyrr upp bókun frá Pétri Jónssyni borgarfulltrúa um sama mál, að í reynd breytti þessi niðurstaða engu — arðgreiðslurnar hefðu forgang. Og ég vísa einnig til yfirlýsingar Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa í sjónvarpinu í kvöld þar sem hann sagði einnig þetta sama, að í rauninni breytti þessi bókun engu. Ég held að í þessu efni snúist málið ekki um það hvort menn treysta borgarstjóranum í Reykjavík til að standa við orð sín eða ekki. Ég vil algjörlega víkja frá mér öllum svigurmælum um að ég hafi verið að gefa í skyn að henni sé ekki treystandi í þessu máli, ég tel að henni sé treystandi. Ég tel hins vegar að vandinn sé sá að túlkun borgarstjórans og iðnrh. á bókuninni er ekki hin sama. Þess vegna dugir bókunin ekki til að loka þessari umræðu. Og því harma ég að stjórnarliðið skuli ekki hafa fallist á óskir mínar um að fresta 3. umr. til að ná samkomulagi um það hvað felst í raun og veru í bókuninni. Um það er fullur ágreiningur núna þegar umræðunni er að ljúka.

[23:31]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara aðeins að hnykkja á þessu enn og aftur sem við erum búin að gera margsinnis í dag. Það kemur fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að samkvæmt borgarstjóra breyti bókunin engu. Af hverju breytir bókunin engu? Vegna þess að það hefur alltaf, hv. þm. Svavar Gestsson, legið ljóst fyrir í huga hennar að arðgreiðslurnar væru víkjandi fyrir orkuverði. Þess vegna segir borgarstjórinn þetta. Og undirstrikar enn og aftur hvað borgarstjóri sagði á fundi iðnn., þegar hún mætti þar til að skýra þessa sameiginlegu bókun frá 10. febr. 1997, að með sameiginlegri bókun er verið að hnykkja á því að verðlækkun á raforku gangi fyrir arðgreiðslumarkmiðum. Þetta er kjarni málsins.

Að lokum vil ég geta þess sem ég hefði átt að gera í ræðu minni, að ég þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir ágæta og málefnalega ræðu. Allt var hárrétt sem hann sagði um mikilvægi þess að lækka orkuverð vegna atvinnulífsins, bæði fyrir sjávarútveg og iðnað. Og það er einmitt það markmið, hv. þm., sem við erum og höfum verið að berjast fyrir að ná fram. Og við sjáum að það er að takast nú.

(**Forseti** (ÓE): Nú var hv. þm. í andsvari við hv. 8. þm. Reykv. en ekki við hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson.)

[23:33]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var athyglisverð túlkun á þingsköpunum að andsvörin eigi við flokk viðkomandi þingmanns í heild.

(**Forseti** (ÓE): Það er ekki fallist á þá túlkun.)

Forseti hann neitar þessari túlkun þannig að það er mál sem þarf að ræða við annað tækifæri.

Á fundi iðnn. í gærmorgun bar ég það undir borgarstjórann í Reykjavík hvort hún væri sammála eftirfarandi setningu í nál. meiri hluta iðnn.: „Það er skilningur meiri hlutans, sem einnig hefur komið fram af hálfu iðnaðarráðherra, að markmið um lækkun gjaldskrár gangi framar arðgreiðslumarkmiðum.“ Þessari spurningu svaraði borgarstjórinn í Reykjavík neitandi.

Nú kýs hv. þm. Stefán Guðmundsson að skilja þessa hluti allt öðruvísi og vitnar til annarra hluta. Það er hans vandamál og ég ætla ekkert að þræta frekar við hann um það. En ég tel að hann geti ekki neitað því að það sem ég er hér að segja er rétt, að borgarstjórinn hafnaði því sjónarmiði sem þarna er vitnað til úr áliti meiri hluta iðnn. Þess vegna er staðan núna þannig að í rauninni er fullur ágreiningur um málið, því miður, og bókunin frá í gær breytir engu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–8. mál.

Fundi slitið kl. 23:34.

---

68. FUNDUR

miðvikudaginn 12. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði, fsp. GÁ og GHall, 283. mál, þskj. 537.

Til umhverfisráðherra:

2. Magnesíumverksmiðja, fsp. HG, 306. mál, þskj. 565.
3. Niðurrif gamalla húsa, fsp. SvG, 320. mál, þskj. 581.

Til félagsmálaráðherra:

4. Synjun atvinnuleyfa, fsp. KÁ, 295. mál, þskj. 551.
5. Viðræðuáætlanir, fsp. KÁ, 307. mál, þskj. 566.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess í upphafi fundar að að lokinni dagskrá þessa fundar verður settur nýr fundur og í upphafi þess fundar munu fara fram atkvæðagreiðslur.

Þá vill forseti geta þess að 1. dagskrármálið verður ekki hægt að taka fyrir þar sem hæstv. samgrh. hefur veikindaleyfi.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um skýrslur.

[13:32]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í upphafi þingsins lögðum við alþýðubandalagsmenn fram allmörg þingmál sem snertu stöðu fjölskyldunnar, lífskjör og kjarabaráttu. Meðal þessa voru beiðnir um nokkrar skýrslur og sumar þeirra eru ekki komnar enn þrátt fyrir ákvæði þingskapa um að það eigi að skila slíkum skýrslum í síðasta lagi tíu vikum eftir að beiðni er borin fram. Þær skýrslur sem hér er um að ræða og ekki eru komnar enn eru í fyrsta lagi skýrsla um afleiðingar langs vinnutíma hér á landi. Það er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og aðrir þingmenn Alþb. og óháðra sem biðja um þá skýrslu. Í öðru lagi er um að ræða beiðni hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur o.fl. um skýrslu um innheimtu vanskilaskulda og er þeirri skýrslubeiðni beint til hæstv. dómsmrh. Og í þriðja lagi er um að ræða beiðni hv. þm. Ragnars Arnalds o.fl. um skýrslu um þróun launa og lífskjara. Mér er kunnugt um að ein þessara skýrslna er væntanleg alveg næstu daga, þ.e. sú skýrslubeiðni sem lögð var fram til hæstv. félmrh. um afleiðingar langs vinnutíma hér á landi. En ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta að það verði kannað hvenær hinar skýrslurnar eru væntanlegar og fara fram á að því verði hraðað eins og mögulegt er vegna þess að efni þessara skýrslna snertir að verulegu leyti þá kjarasamninga sem nú standa yfir eða eru að fara í hönd og beint efni þessara kjarasamninga. Ég vil fara fram á það við forseta að það verði kannað og rekið á eftir þessum skýrslum.

Síðan vil ég segja það, hæstv. forseti, að okkar reynsla er sú að þessi tíu vikna tími heldur ekki og það þarf ekki að vera vegna þess að menn slái slöku við í ráðuneytunum heldur vegna þess að hér sé um að ræða gríðarlega mikið verk sem taki lengri tíma að vinna. Og þá finnst mér spurning hvort ekki á að taka á þessum beiðnum með sérstökum hætti af forsn. eða forseta þegar þær eru samþykktar á hverjum tíma. Og ég beini því til hæstv. forseta og að menn íhugi það við endurskoðun þingskapa hvort breyta þarf ákvæðum þeirra um þessa fresti.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemdir hv. þm. Forseti hefur upplýsingar um það, eins og fram kom hjá hv. þm., að einhverjar skýrslnanna eru u.þ.b. að verða tilbúnar þannig að þær munu verða lagðar fram fljótlega. En forseti mun gera ráðstafanir til þess að þessari vinnu verði hraðað. Forseta er jafnframt ljóst hver ákvæði þingskapa eru um þetta. En upplýsingar liggja fyrir um það að ófyrirséð atvik hafi orðið þess valdandi að meiri töf hefur orðið á en eðlilegt getur talist.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ein af þessum skýrslum er frá mér og ég verð að biðjast velvirðingar á því að hún skuli ekki vera komin fyrr en hún verður lögð hingað inn á skrifstofuna í dag. En til þess liggja orsakir. Þessi skýrsla var tilbúin fyrir jól en þá stóðu yfir viðræður og samningar milli aðila vinnumarkaðarins um styttingu vinnutíma í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins og mér fannst viðkunnanlegra að segja frá stöðunni eins og hún væri að verða og telja upp

þá samninga sem voru í burðarliðnum. Þess vegna frestaðist þetta nú en sú skýrsla er væntanleg í dag.

Varðandi skýrslugjafir almennt þá er það rétt sem fram kom hjá hv. ræðumanni að það er iðulega töluverður frestur á því að skýrslum sé skilað og stundum farið fram yfir tilskilinn tíma. En það er líka misjafnlega mikið verk að útbúa þessar skýrslur. Ráðuneytin eru störfum hlaðin og það er ekkert mjög einfalt að leysa það ef þarf að taka fólk úr öðrum verkum langtímum saman til þess að undirbúa skýrslur. Og ég vil beina því líka til forsn. að hún reyni að hafa hemil á skýrslubeiðnum sem er ákaflega tímafrekt að svara. Út af fyrir sig er ég ekki að biðjast undan því að gefa svör eða skýrslur en það er bara annað en gaman ef það er mjög mikið verk að svara þeim og ég vil biðja forseta að hafa það í huga.

[13:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemdir og óskir félmrh. en minnir á ákvæði þingskapa og rétt þingmanna til þess að óska eftir skýrslum.

[13:38]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta og hæstv. félmrh. fyrir góðar undirtektir við það erindi sem ég bar fram áðan. Ég veit að þessi mál liggja ekki þannig að menn séu að slugsa við þessi verk í ráðuneytunum heldur er hér oft um að ræða gríðarlega mikil verk og stundum eru þau alveg ótrúlega lítið afmörkuð í þessum skýrslubeiðnum þannig að ég tel að það sé öllum til góðs, bæði þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu og ríkisstjórninni á hverjum tíma að þessi verkefni verði skýrð aðeins betur og tekið á því að hugsanlega gæti verið um tvenns konar skýrslur að ræða, annars vegar skýrslur sem væru skilyrðislaust unnar innan þessa tíu vikna frests og hins vegar skýrslur sem tækju e.t.v. eitthvað lengri tíma sem yrði umsaminn og ákveðinn fyrir fram þannig að það sé á hreinu milli skýrslubeiðenda og viðkomandi hæstv. ráðherra hversu langan tíma verkið tekur.

Magnesíumverksmiðja.

Fsp. HG, 306. mál. — Þskj. 565.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram tiltölulega einfalda fyrirspurn til hæstv. umhvrh. á þskj. 565 um magnesíumverksmiðju. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hvert er álit ráðherra á starfsemi ráðgerðrar magnesíumverksmiðju á Reykjanesi?"

Á bak við þessa fáorðuðu fyrirspurn liggur heilmikið efni. Ég ætla að fara yfir fáein atriði sem tengjast þessu máli. Það er þá fyrst til að taka að hæstv. umhvrh. svaraði fyrirspurn minni um losun gróðurhúsalofttegunda hérlendis þann 28. jan. sl. Það svar liggur fyrir í skriflegu formi. Það svar sætti verulegum tíðindum og ég held ég sé ekki einn um að meta það svo. Þar er í fyrsta sinn miðað við síðustu ár, dregin fram staðan sem varðar þjóðréttarlega skuldbindingar Íslendinga samkvæmt rammasamningi um loftslagsbreytingar. Íslendingar og íslenskur ráðherra, Eiður Guðnason, var með þeim fyrstu til að undirrita þennan þjóðréttarlega samning á ráðstefnunni í Rio de Janeiro í júní 1992. Og umhverfisráðherrar Íslands sem síðan hafa setið hafa hver af öðrum lýst metnaði sínum að standa við markmið samningsins. Ég hef nefnt fyrrv. umhvrh. Eið Guðnason, við tók af honum Össur Skarphéðinsson, nú hv. þm., og í febrúar 1995 lagði hann fram skýrslu um ástand og þróun umhverfismála á Íslandi og þar er m.a. að þessu vikið. Ég ætla að leyfa mér að vitna til þess sem þar stendur um þetta, smábrot:

„Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands í júní 1992 og fullgiltur ári síðar. Í kjölfar aðildar að samningnum var ákveðið að taka þátt í milliríkjanefnd samningsins. Ákvörðun þessi markaðist af því að Ísland hefur hagsmuna að gæta innan samningsins. Þá er átt við að markvissar aðgerðir til að draga úr auknum gróðurhúsaáhrifum er lífsspursmál fyrir íslensku þjóðina."

Guðmundur Bjarnason, nú hæstv. umhvrh., ritaði formála á fyrstu stöðumatsskýrslunni sem afhent var í tengslum við samninginn sama ár, 1995, og þar kemur fram á bls. 79 í lauslegri þýðingu:

„Þegar losun allra gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er breytt í ígildi CO er ljóst að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi mun minnka verulega frá 1990 til loka aldarinnar." — En hvað blasir svo við í svari hæstv. ráðherra 28. jan.? Stefnir í að við keyrum fram úr um 176.000 tonn um aldamót samkvæmt áætlun ráðuneytisins. Og þá er ekki tekið tillit til stóriðjuframkvæmda þar á meðal umræddrar magnesíumverksmiðju sem samkvæmt upplýsingum hæstv. ráðherra (Forseti hringir.) mundi í rauninni losa jafnmikið í ígildi koltvíoxíðs eins og nú er í heild losað frá landinu. Það er því ekki að ástæðulausu að spurt er hvert sé mat hæstv. ráðherra, álit á væntanlegri starfsemi ráðgerðrar verksmiðju á Reykjanesi.

[13:44]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur hér gert grein fyrir fyrirspurn sinni sem lætur ekki mikið yfir sér í sjálfu sér. Er ekki margorð en felur í sér ákaflega stórt mál eins og hann gerði grein fyrir í framsögu sinni fyrir þessari fyrirspurn og kemur til af þeirri umræðu sem hefur verið í gangi um hugsanlega magnesíumverksmiðju. En ég hygg að ekki hafi borið mikið á þeim umræðum í ráðuneytunum enn sem komið er eða í stofnunum þeirra heldur fyrst og fremst hjá þeim aðilum sem eru að skoða þessa hugmynd.

Það hefur komið fram í fjölmiðlum að undanförnu að aðilar á Reykjanesi eru að kanna þann möguleika að reisa magnesíumverksmiðju þar. Þessi mál hafa hins vegar ekki komið til kasta stjórnvalda, hvorki ríkisstjórnar né umhvrn. Það er því út af fyrir sig erfitt að láta í ljósi sérstakt álit á rekstri slíkrar verksmiðju en rétt að það komi skýrt fram að hún er að sjálfsögðu háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, og þarf ekki að orðlengja eða tala sérstaklega um það því það liggur svo ljóst fyrir. Síðan þarf að gefa út starfsleyfi samkvæmt mengunarvarnareglugerð. En hvorki mat á umhverfisáhrifum né hugmyndir um starfsleyfi hafa komið til kasta hlutaðeigandi stofnana enn sem komið er, þ.e. hvorki Skipulags ríkisins né til Hollustuverndar ríkisins og þar af leiðandi ekki umhvrn. og því ekki miklar upplýsingar um fyrirhugaða verksmiðju eða hugmyndir þessar þar að finna.

Þrátt fyrir að ráðuneytið hafi ekki með nokkrum hætti kynnt sér þær hugmyndir sem einkaaðilar hafa verið að skoða í þessu sambandi sérstaklega vil ég þó taka fram að

í skriflegu svari sem ég hef þegar veitt hv. fyrirspyrjanda, og hann gat um í sínu máli áðan, við fyrirspurn sem svarað er á þskj. 513 um líklegt útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá 50.000 tonna magnesíumverksmiðju, kom fram að ætla mætti að slík verksmiðja ef reist yrði í dag mundi auka gróðurhúsaáhrif frá starfsemi hér á landi miðað við losun í dag um allt að 100%. Miðað við slíka niðurstöðu verður að segja að mjög ólíklegt er að hægt sé að samþykkja eða heimila slíka starfsemi miðað við þær skuldbindingar sem Ísland þarf að standa við í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna vegna loftslagsbreytingana og geri ég ráð fyrir þeirri útkomu sem hugsanleg er úr því samningaferli sem í gangi er á þessu ári og hv. þm. er kunnugt um en ekki er tími til að rekja ítarlega hér, það verður vafalaust gert síðar eða það koma önnur tækifæri til þess. En ég segi að miðað við þær skuldbindingar sem Ísland þarf að standa við að þeim samningum gerðum og að þeirri niðurstöðu fenginni sem við vitum þó ekki í augnablikinu hver kann að verða, þ.e. hvernig einstakar þjóðir verða skilyrtar eða skuldbundnar í sambandi við þennan margumrædda samning.

Nú skilst mér hins vegar að með einhverjum öðrum aðferðum megi draga talsvert úr gróðurhúsaáhrifum verksmiðjunnar en þær upplýsingar sem birtar eru í svarinu sem ég var að vitna til eru frá Hollustuvernd ríkisins, byggðar á ákveðinni tækniaðferð sem upphaflega var hugsuð til framleiðslunnar ef af yrði. Einhverjar hugmyndir eru nú uppi um aðra tækni. En hvað sem kann að vera rétt í því máli er augljóst að áður en umhvrn. og/eða umhvrh. geta myndað sér endanlega skoðun á starfsemi þessarar ráðgerðu magnesíumverksmiðju á Reykjanesi eða þeim hugmyndum sem þar eru uppi eins og fram kemur í fyrirspurn hv. spyrjanda, verða að liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um umhverfisáhrif verksmiðjunnar með þessum nýju aðferðum ef það er svo að slíkir möguleikar eru fyrir hendi og einhver önnur tækni möguleg heldur en sú sem svar mitt að fengnum upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins byggði á.

[13:48]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Vegna þess sem hér hefur komið til tals verð ég að viðurkenna að mér þóttu upplýsingar í svari hæstv. umhvrh. um þetta verkefni því miður slæmar, þær voru gamlar og þær voru villandi. Nýjar upplýsingar hefði verið auðvelt að fá og ég hygg að þær séu fyrir hendi hjá skipulagsstjóra ríkisins. Þær eru á þann veg að losun koltvísýringsefna eða lofttegunda frá þessari fyrirhuguðu verksmiðju verður miklum mun minni en kom fram í fyrrnefndu svari. Mestur hluti þess, eða a.m.k. tveir þriðju hlutar, eru teknir úr iðrum jarðar og verður dælt þangað aftur í hringrás jarðarinnar en ekki út í andrúmsloftið. Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram. Auk þess hefur stjórn undirbúningsfélags sett sér tiltekin markmið um þetta efni, um lofttegundir sem fara út í andrúmsloftið. Það er ekkert sem bendir til annars en að þau markmið muni nást og þá mun þessi útblástur aðeins verða einn tíundi af því sem rætt var um í fyrrnefndu svari en það var rangt um tvo þriðju hluta.

[13:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér þykir slæmt að það skuli vera komin af stað umræða hér um magnesíumverksmiðju og hugmyndir um hana á Suðurnesjum, upplýsingar sem stangast í raun á við þær staðreyndir sem við höfum fyrir framan okkur í dag. Eins og fram kom áðan hjá Árna Ragnari Árnasyni eru hér í umræðunni tölur og rannsóknir sem eru byggðar á allt öðrum forsendum og því í raun ástæðulaust að vera að taka þetta mál hingað inn sem verkefni sem má tortryggja af umhverfisástæðum.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að þeir sem standa að þessu verkefni hafi fullan hug á því að fullnægt sé ýtrustu kröfum um umhverfisvarnir og mengunarvarnir sem hægt er að fá í slíkum rekstri í dag. Ég er hér með bréf frá magnesíumfélaginu þar sem fullyrt er að það sé eindreginn ásetningur og sérstakt markmið hjá félaginu að standa þannig að verksmiðjunni að hún sé í fararbroddi í umhverfis- og mengunarmálum og að hún móti sér strax í upphafi stefnu í umhverfismálum.

[13:51]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég hygg að meginatriðin séu komin fram. Það er ekki verið að ræða um að gefa út starfsleyfi núna. Þegar þar að kemur mun það verða byggt á þeim staðreyndum sem þá liggja fyrir, umhverfismati og öðru slíku. Þá skiptir líka miklu máli sú yfirlýsing frá Íslenska magnesíumfélaginu að hafa umhverfislegan metnað.

Þetta leiðir líka hugann að öðru atriði sem segja má að séu hálfgildings mótsagnir. Umhverfismál verða aldrei hugsuð staðbundin. Þau verða ávallt hugsuð glóbalt. Það liggur fyrir m.a. að fari öll þessi 50.000 tonn af magnesíum í bílaiðnað eins og fyrirhugað er, þ.e. að magnesíum komi í stað stáls í bílaiðnaðinn, þá muni heildarkoldíoxíðúrlosun í andrúmsloftið minnka um 10 millj. tonna glóbalt. Þá stendur eftir sú spurning hvort Íslendingar af göfuglyndi sínu frægu muni auka mengun hérlendis en draga allverulega úr henni glóbalt. Þetta skiptir máli.

[13:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég vil nýta tækifærið hér til að spyrja hæstv. umhvrh., einmitt vegna þess sem kom fram rétt áðan, þ.e. að ef þau 50.000 tonn af magnesíum sem þessi verksmiðja ætlar að framleiða verða öll nýtt í bílaframleiðslu í stað stáls þá minnkar heildarmagnið í heiminum. Það má segja að heimurinn græði ef við notum þessa góðu orku hér. Þess vegna langar mig að spyrja hæstv. ráðherra, þar sem hann vísaði í hugsanlegar skuldbindingar Íslands vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar: Er okkar framlag ekki reiknað inn í — er ekki hægt að draga okkar framlag koltvísýrings niður vegna þess að við lítum á umhverfismál í heild? Er ekki tekið neitt tillit til þessa?

[13:54]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram finnst mér að menn ættu að fagna því almennt að þetta mál komi til umræðu hér á þingi. Mér finnst ekki seinna vænna að málefni þessarar verksmiðju komi hér fram, hvað svo sem fyrir liggur eða hvernig menn meta málið. Mér skilst að búið sé að ráðstafa allverulegum fjárhæðum til undirbúnings málsins og auðvitað skiptir öllu að meginlínurnar séu sæmilega skýrar þegar upp er lagt, áður en menn fara að verja stórfé til slíks undirbúnings.

Ég viðurkenni að magnesíumframleiðsla er einn af þeim kostum sem eðlilega eru til athugunar hér á landi. Þegar ég var ráðherra iðnaðarmála var þetta eitt af þeim verkefnum

sem var til athugunar, að vísu lagt til hliðar bæði af hagkvæmni og umhverfisáhrifum árið 1982. Það kom út skýrsla um málið 1981 sem var unnin á vegum Iðntæknistofnunar. En hér er dregið fram svo stór þáttur sem snertir þetta mál að menn þurfa umfram allt að átta sig á honum hið allra fyrsta hvort lengra verður haldið í raun miðað við okkar alþjóðlegu skuldbindingar um losun á gróðurhúsalofttegundum. Hér hafa engin svör komið fram um það nema efasemdir nokkurra hv. þm. að upplýsingar Hollustuverndar byggi á staðreyndum. En það hef ég ekki metið og hef ekki aðstæður til að meta hér og nú. En ég tel að hér sjái menn framan í vandamál sem á eftir að hafa áhrif hérlendis frá deginum í dag að telja í sambandi við áform stjórnvalda um nýtingu á orku og kosti í atvinnumálum. Og ef menn líta á svarið með tilliti til stóriðjufyrirtækjanna og að við erum þegar að keyra fram úr skuldbindingum og fram undan er að draga úr losun koltvíoxíðs, (Forseti hringir.) væntanlega með lagalega skuldbindandi samningi sem hæstv. umhvrh. og hans fulltrúar taka þátt í á alþjóðavettvangi að verði lagalega skuldbindandi, þá sjá menn hvað hér er í rauninni á ferðinni í þessum efnum. (Forseti hringir.) Íslendingar verða að vera samkvæmir sjálfum sér. Við getum ekki vænst þess að fá alþjóðasamning um lífræn þrávirk efni og losun þeirra í hafið eins og verið er að vinna að af hálfu umhvrn. annars vegar og hins vegar að segja, ja, þetta kemur okkur nú eiginlega ekki við, við viljum bara fela þetta.

[13:56]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda sem hann sagði í upphafi lokaorða sinna að það er ekki óeðlilegt að þetta mál sé tekið hér til umræðu. Málið er afar stórt og reyndar merkilegt að það skuli ekki vera komið lengra í umræðu og upplýsingagjöf til þeirra stofnana sem um málið þurfa að fjalla á einhverju stigi. Ég verð að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, og reyndar öðrum sem hér hafa tjáð sig, að upplýsingarnar sem hér komu fram í svari mínu við spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar á dögunum komu sjálfsagt mörgum og þar á meðal þeim sem hér stendur mjög á óvart. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ef ekki annað kemur til þá held ég að það sé óhætt að endurskoða allar hugmyndir í sambandi við þessa verksmiðju, ef ekki kemur annað til. Því ef þetta væru staðreyndir, að auka losun gróðurhúsalofttegunda um allt að 100%, þá sé ég ekki hvernig við ættum að geta staðið við slíka framkvæmd.

Hins vegar hefur komið fram hjá hv. þm. Reykn., sem vafalaust hafa einhverjar nýrri upplýsingar um málið, að það kunni að vera allt aðrar hugmyndir uppi. Þá er sjálfsagt að taka það til skoðunar. Mér er líka tjáð það hér í framhjáhlaupi að frummatsskýrsla sé nú í vinnslu og hugsanlega væntanleg til Skipulags ríkisins innan skamms tíma. Þá er hægt að fara að fjalla um málið með öðrum hætti heldur en hér hefur verið gert og þá þarf að skoða allar hugmyndir. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði um hver verður kvóð okkar og skylda í sambandi við þessa samninga. Það er rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að við erum í samningaviðræðum. Fulltrúar umhvrn. eru þátttakendur í þessum viðræðum á alþjóðavettvangi um samninginn um losun þessara lofttegunda. Ég hef verið því fylgjandi að hann endaði með lagalegum skuldbindingum. En við höfum líka gert ráð fyrir því að í þeim samningi séu opnaðir þeir möguleikar að sjálfsögðu að þjóðir vinni sameiginlega að þessu verkefni og það sé litið á málið frá fleiri hliðum en bara skyldum einstakra þjóða því það gæti orðið þeim mjög erfitt og kannski illmögulegt að standa við slíkt. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Það var aðeins að lokum að ég tel að umræða um þessa verksmiðja og önnur sú umræða sem hér hefur verið að undanförnu í þjóðfélaginu um stóriðju og nýtingu orkunnar undirstriki nauðsyn þess að móta samræmda stefnu til lengri tíma þar sem reynt sé að samræma eða samhæfa, hvaða fallega orð sem við notum yfir það, sjónarmið stóriðjunnar, orkunýtingarinnar og umhverfismálanna svo og annarra atvinnugreina.

Niðurrif gamalla húsa.

Fsp. SvG, 320. mál. — Þskj. 581.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram til hæstv. umhvrh. svofellda fyrirspurn:

„Hvaða skilyrði þarf að uppfylla að mati ráðherra svo að byggingarnefnd byggðarlags geti synjað umsókn um niðurrif á húsum, sbr. úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 1. október 1996?"

Þannig háttar til að 1. okt. 1996 felldi umhvrn. þennan úrskurð. Ákvörðun byggingarnefndar Reykjavíkur um að synja um byggingarleyfi til niðurrifs steinbæjarins Brennu, Bergstaðastræti 12, Reykjavík, er úr gildi felld. Sams konar úrskurður var felldur mig minnir sama dag um steinbæinn á Vesturgötu 50 í Reykjavík.

Steinbæir eru mjög merkileg fyrirbæri eins og hv. þm. þekkja og eiga í raun uppruna sinn hér í þessu húsi því að eftir að landsmenn sáu að Alþingishúsið var byggt úr steini, hlaðið úr steini, þá voru byggðir í Reykjavík hvorki meira né minna en 20–30 steinbæir á tiltölulega mjög stuttum tíma. Það hefur verið skoðun borgaryfirvalda og þjóðminjayfirvalda, húsfriðunaryfirvalda í landinu að það væri ástæða til að reyna að halda utan um þessa bæi, koma í veg fyrir að þeir verði rifnir og eyðilagðir af því að þetta séu merkilegar menningarminjar.

Nú vil ég taka það fram, herra forseti, að þó að ég beri fram þessa fyrirspurn til hæstv. umhvrh., þá er ég ekki þar með að mótmæla rökum umhvrn. en þannig háttar til að byggingarnefnd Reykjavíkur synjaði um leyfi til niðurrifs þessara tveggja steinbæja á þeim forsendum að ekki væru borin fram nægilega gild rök og m.a. lægi ekki fyrir nægilega skýrt hver væri afstaða húsfriðunarnefndar sem byggir starf sitt á 50. gr. þjóðminjalaga.

Niðurstaða umhvrn. varð síðan sú að fella úr gildi úrskurð byggingarnefndar Reykjavíkur á þeim forsendum að það væri ekki hægt að leggja þær kvaðir á eigendur steinbæjanna að gera við þá eins og óhjákvæmilegt er ef þeir eiga á annað borð að vera til landi og þjóð til sóma þar sem þeir eru. Umhvrn. byggir úrskurð sinn á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar og ég segi fyrir mig, ég hef ekkert að athuga við niðurstöður umhvrn. eins og þær eru í þessu efni, en fyrirspurnin er borin fram vegna þess að ég hef áhyggjur af málinu. Mér sýnist að með þessum úrskurði sé komið í veg fyrir það að byggingarnefndir og sveitarstjórnaryfirvöld geti friðað slíkar menningarminjar jafnvel þó að það sé tiltekið í aðalskipulagi viðkomandi byggðarlags, eins og um er að

ræða að því er varðar Brennu sérstaklega, að þessir staðir skuli friðaðir. Þess vegna nefni ég þetta að ég hef áhyggjur af málinu og tel að hér séu mikilvæg menningarverðmæti að fara forgörðum. Þó að ég sé ekki að mæla fyrir því að menn varðveiti endilega hvern einasta steinbæ þá þarf að vera til stefna í þessum efnum.

[14:03]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir í máli sínu má rekja fyrirspurn þessa til úrskurðar sem umhvrh. kvað upp í októberbyrjun sl. um niðurrif steinhúsa hér í höfuðborginni þó að það sé svo sem ekki spurt um það sérstaklega, enda eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir eru athugasemdirnar kannski ekki beinlínis við það miðaðar, heldur hvað þurfi að koma til eins og fyrirspurnin ber með sér, hvaða skilyrði þurfi að uppfylla að mati ráðherra svo að byggingarnefnd byggðarlags geti synjað umsókn um niðurrif á húsum samanber úrskurði ráðuneytisins frá 1. okt. 1996.

Samkvæmt lögum er heimilt að synja beiðni um niðurrif á húsum í tveimur tilvikum. Annars vegar þegar ákvæði 3. mgr. 9. gr. byggingarlaganna, nr. 54/1978, og þjóðminjalaga, nr. 88/1989, eiga við. Og hins vegar ef sýnt þykir að ekki verði fyllsta öryggis gætt við framkvæmdina því mat á því hvort synja megi umsókn um niðurrif húsa verður að sjálfsögðu einnig að hafa hliðsjón af 72. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.

Í 1. mgr. 9. gr. byggingarlaganna segir m.a. að óheimilt sé að rífa hús nema að fengnu leyfi byggingarnefndar. Í 3. mgr. 9. gr. laganna er kveðið svo á að í sambandi við niðurrif á húsum skuli gætt ákvæða V. kafla þjóðminjalaga um friðun húsa og annarra mannvirkja. Ákvæði V. kafla þjóðminjalaganna fela sérstöku stjórnvaldi, húsfriðunarnefnd ríkisins, það hlutverk að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og meta hvaða hús sé ráðgert að friða hverju sinni, sbr. 35. gr. laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga er eigendum húsa sem reist eru fyrir árið 1900 skylt að tilkynna nefndinni ef þeir hyggjast rífa þau. Því næst skal húsfriðunarnefnd innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi hvort hún telur ástæðu til friðunar, sbr. 3. mgr. 36. gr. laganna. Ef fasteignareigandi verður fyrir fjártjóni vegna aðgerða húsfriðunarnefndar á hann rétt á skaðabótum úr ríkissjóði, sbr. 50. gr. þjóðminjalaga.

Samkvæmt framansögðu er byggingarnefnd rétt og skylt að synja um niðurrif húss sem húsfriðunarnefnd hefur talið rétt að friða.

Í 1. mgr. 3.4.7. í byggingarreglugerð segir orðrétt svo:

„Áður en veitt er leyfi til að rífa eða fjarlægja hús eða annað mannvirki, skulu liggja fyrir upplýsingar um hver eigi að standa fyrir verkinu.

Byggingarfulltrúi getur sett nánari skilyrði um hvernig að slíku verki skuli staðið þannig að gætt sé fyllsta öryggis."

Samkvæmt framangreindu ákvæði í byggingarreglugerð er heimilt að synja um niðurrif húsa með vísun til öryggissjónarmiða, þ.e. ef sýnt þykir að fyllsta öryggis verði ekki gætt við niðurrif hússins.

Niðurstaðan er þá þessi samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um friðhelgi eignarréttarins: Í eignarrétti yfir fasteignum felst heimild til hvers konar umráða og ráðstöfunar verðmætis innan þeirra takmarka sem réttarreglur og réttindi þriðja manns setja. Telja verður að niðurrif fasteigna sé hluti af hinum almenna umráða- og ráðstöfunarrétti sem fellur undir hugtakið „eignarréttur" í skilningi stjórnarskrárinnar. Allar ákvarðanir stjórnvalda sem fela í sér takmarkanir á ráðstöfunarrétti fasteigna verða að hafa skýra lagastoð. Eins og áður er rakið er lagastoð til synjunar niðurrifs á húsum einungis fyrir hendi í tveimur tilvikum, annars vegar þegar hús hefur verið friðað samkvæmt þjóðminjalögum og hins vegar þegar hætta er á að ekki verði gætt fyllsta öryggis við niðurrif hússins.

Fleiri atriði er ekki að finna í lögum að yfirsýn umhvrn. og í ljósi þess voru þessir úrskurðir felldir eins og hv. fyrirspyrjandi gat um og vitnaði aðeins til þó að út að fyrir sig sé fyrirspurnin ekki að öðru leyti tengd þeim og ef ættu að koma til fleiri tilvik, þ.e. einhver sérstakur réttur byggingarnefnda í þessu sambandi til viðbótar við húsfriðunina og öryggissjónarmiðin, þá þyrfti að breyta til þess lögum.

[14:08]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. Svavar Gestsson hafi haft rétt fyrir sér að vekja athygli á þessu máli. Mig langar aðeins að koma því að í þessari stuttu umræðu að auðvitað eru friðunarákvæði sem tengjast húsum íþyngjandi fyrir eigendurna og það er sérstakt vandamál sem þarf að taka á. Mig minnir hins vegar að svo sé í lögum að ef húsfriðunarnefnd gerir athugasemdir við uppbyggingu gamalla húsa sem leiðir til þess að húsbyggjandinn hefur af því kostnað að fara eftir athugasemdunum, þá ber húsfriðunarnefnd að greiða kostnaðarmuninn. En staðreyndin er hins vegar sú að þetta lagaákvæði hefur aldrei verið mjög virkt, ég leyfi mér jafnvel að efast um að það hafi nokkurn tíma verið virkt og að þessu leyti er full ástæða til þess að endurskoða þennan lagaramma með það fyrir augum að gera þeim sem eiga gömul hús auðveldara að standa vörð um þau menningarverðmæti sem þessi gömlu hús eru.

[14:09]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Niðurrif gamalla húsa hefur verið landlægt vandamál og er enn.

Ég vil taka eitt lítið dæmi frá Hnífsdal vestur við Ísafjarðardjúp þar sem gömul hús lenda inni á hættusvæði vegna snjóflóðavandamála en í dag eru þau miskunnarlaust rifin niður, gömul hús sem hafa mikið sögulegt og menningarlegt gildi á viðkomandi svæði. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Er engin skoðun á því innan ráðuneytisins hvernig megi varðveita gömul menningarverðmæti sem lenda inni á snjóflóðahættusvæðum? Hefur ráðuneytið ekki hugsað sér að hafa einhverja viðræðu um það við sveitarfélögin hvernig mætti varðveita þetta og hvernig ráðuneytið mundi koma að því máli sérstaklega?

[14:10]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þeirri réttaróvissu sem ég tel vera fyrir hendi þegar byggingarnefnd synjar um niðurrif húsa en síðan kemur í ljós samkvæmt þessum úrskurði umhvrn. að í rauninni eru ekki til nein úrræði til þess að fylgja eftir þessu banni byggingarnefndanna. Ég tel að það sé afar mikilvægt að þarna sé komið inn einhverju lagaákvæði þannig að það sé hægt að fylgja þessu eftir. Það er ljóst að húsfriðunarnefnd hefur ákveðnar skyldur, en það er jafnljóst að fjárskortur húsfriðunarnefndar

hefur komið í veg fyrir að t.d. þau hús sem fyrirspyrjandi tók sem dæmi væru friðuð.

[14:11]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og hv. þingmönnum fyrir undirtektirnar í þessu máli. Mér finnst þær benda til þess að þingmenn vilji sinna málinu og sýni því áhuga. Mér sýnist á svari hæstv. umhvrh. að sveitarfélag geti ekki friðað, hann sé að segja það. Sveitarfélag verði að eiga stoð í húsfriðunarnefnd til að geta friðað. Það er út af fyrir sig nauðsynlegt að hafa strangar reglur í þessu efni, ég er sammála því, vegna þess að þarna má náttúrlega ekki fylgja geðþóttasjónarmiðum heldur nákvæmum faglegum sjónarmiðum. En ég verð þó að segja eins og er að mér finnst það dálítið hart aðgöngu að sveitarfélag sé alveg svipt rétti sínum til þess að synja um niðurrif á húsi sem sveitarfélagið telur menningarverðmæti þó að húsfriðunarnefnd sé ósammála því. Mér sýnist því að það sé alveg rétt hjá hæstv. umhvrh. að það verður að breyta lögum til þess að hægt sé að tryggja það að sveitarfélag hafi möguleika á að friða og fá að bæta viðkomandi eiganda þess húss sem um er að ræða það tjón sem hann kann að verða fyrir vegna friðunarinnar eða eins og segir í þjóðminjalögum og vitnað er til í einum úrskurði umhvrn., með leyfi forseta:

„Ef fasteignareigandi verður fyrir fjártjóni vegna aðgerða húsfriðunaryfirvalda eigi hann rétt á skaðabótum úr ríkissjóði, sbr. 50. gr. þjóðminjalaga."

Ég hygg að ef heimila ætti sveitarfélögum að taka ákvarðanir í þessum efnum yrði að búa þannig um hnútana að eigandi viðkomandi húss gæti átt rétt á skaðabótum eða stuðningi úr sveitarsjóði ef sveitarstjórn eða sveitarstjórnaryfirvald tekur þessar ákvarðanir.

Ég vil svo vekja athygli á því, hæstv. forseti, að þegar ég sá þessa úrskurði, þá bar ég einnig fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. sem verður væntanlega svarað fljótlega og í framhaldi af því hafði ég velt því fyrir mér að flytja brtt. við lög ef ástæða sýnist til þess að öðru leyti.

[14:16]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Herra forseti. Það er út af fyrir sig kannski ekki miklu við þetta að bæta en það kom viðbótarfyrirspurn frá hv. þm. Kristjáni Pálssyni sem ég hygg að sé kannski efni í aðra fyrirspurn og verði ekki svarað ítarlega óundirbúið á tæpum tveimur mínútum. Mér er ekki kunnugt um að það hafi farið fram nein sérstök umræða í umhvrn. um það mál sem hann vakti athygli á sérstaklega tengd snjóflóðahættusvæðum, enda er varðveisla menningarverðmæta sem hann spurði um kannski nánar tengd menntmrn. eða öðrum ráðuneytum en umhvrn. En eins og það mál sem við höfum verið að ræða, þá spilar þetta auðvitað saman og oft eru málefnin þannig tengd fleiri en einu ráðuneyti sem þurfa þá að hafa samverkandi vinnureglur hvort sem það eru lög eða reglugerðir.

Varðandi svigrúm eða möguleika sveitarstjórna til þess að taka ákvörðun um friðun, þá held ég að það hafi komið alveg skýrt fram í máli mínu áðan og kannski ekki miklu við það að bæta og eins og hv. fyrirspyrjandi áréttaði í sínu máli, þá þurfi til þess að koma lagabreyting. Ég minni á það að byggingar- og skipulagslög eru til meðferðar hér á hv. Alþingi og vonandi verða þau afgreidd frá þinginu á næstu vikum og það frv. lögfest. Þar er svigrúm til þess að skoða þetta mál eða þennan þátt sérstaklega. Ég er ekkert að mæla með því endilega því að ég hef ekki skoðað það. Sú umræða hefur ekkert verið í gangi eða menn verið að athuga hvort það sé rétt eða eðlilegt að sveitarfélög hafi þessa möguleika eða þetta svigrúm til þess að taka ákvarðanir því að eins og hv. fyrirspyrjandi gat um er eðlilegt að gæta fyllstu faglegra sjónarmiða í því efni og það höfum við lögum samkvæmt falið húsfriðunarnefnd ef um er að ræða friðunaraðgerðir, af því að við teljum að þarna sé um að ræða menningarverðmæti eða verðmæti sem þurfi að varðveita og það vald gæti sjálfsagt verið nokkuð vandmeðfarið ef einstaka sveitarstjórnir hefðu síðan einhver önnur ítök eða möguleika til þess að taka ákvarðanir í þessu efni e.t.v. án ítarlegrar athugunar. En við erum alltaf að færa vald frá ríki til sveitarfélaga. Það er í tísku um þessar mundir þannig að það má kannski skoða þetta í tengslum við þá endurskoðun laga sem hér stendur fyrir dyrum og er í gangi á hv. Alþingi.

Synjun atvinnuleyfa.

Fsp. KÁ, 295. mál. — Þskj. 551.

[14:16]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Í yfirliti um atvinnuástandið í desember sl. frá vinnumálaskrifstofu félmrn. komu fram margvíslegar athyglisverðar upplýsingar um atvinnumál og m.a. er þar greint frá úthlutun atvinnuleyfa til útlendinga og þau greind eftir kyni og löndum. Fram kemur að á árinu 1996 var 39 útlendingum synjað um atvinnuleyfi en það eru engar skýringar gefnar í þessu annars ágæta yfirliti. Því fýsir mig að fræðast um það frá hæstv. félmrh. hvað lá að baki því að þessum einstaklingum var synjað um atvinnuleyfi. Það kemur fram að hér var fjölgun synjana að ræða milli ára en árið 1995 var 29 útlendingum synjað um atvinnuleyfi og því spyr ég hæstv. félmrh.:

„Af hvaða ástæðum var 39 útlendingum synjað um atvinnuleyfi árið 1996? Hvaðan var þetta fólk?"

[14:18]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Til þess að fyrirbyggja misskilning er rétt að taka það fram að það má skipta atvinnuleyfum í tvo flokka. Annars vegar er um að ræða atvinnuleyfi veitt útlendingi persónulega. Dæmi um slík leyfi er óbundið atvinnuleyfi, námsmannaleyfi og atvinnurekstrarleyfi. Samtals var 187 útlendingum veitt þess háttar leyfi á síðasta ári og engri umsókn synjað. Hins vegar eru atvinnuleyfi veitt atvinnurekanda og þau leyfi heimila honum að ráða útlending í starf hér á landi. Hér er um að ræða tímabundið atvinnuleyfi og leyfi til að ráða útlending í vist, þ.e. au pair leyfi og á árinu 1996 var atvinnurekendum heimilað að ráða samtals 1.019 útlendinga í störf hér á landi. Í einu tilviki var um að ræða umsókn sem var tvívegis synjað og enn fremur var synjað um tímabundið atvinnuleyfi vegna þess að í gildi var leyfi til vistráðningar. Hér er því um að ræða synjanir sem snerta samtals 39 útlendinga.

Á það er rétt að minna að helstu skilyrði til þess að ráðherra sé heimilt að veita atvinnuleyfi er að finna í 7. gr. laga nr. 133/1994, um atvinnuréttindi útlendinga, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„að kunnáttumenn verði ekki fengnir innan lands, atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl eða aðrar sérstakar ástæður mæli með leyfisveitingu".

Í ljósi þess að undanfarin ár hefur verið hlutfallslega mikið atvinnuleysi hér á landi hef ég talið rétt að þrengja meira en áður að útgáfu atvinnuleyfa. Það má segja að það sé verklagsregla að synja um atvinnuleyfi beri umsóknin með sér að ekki hafi verið leitað aðstoðar vinnumiðlunar við að finna starfsmann og einnig hefur ráðuneytið synjað um leyfi hafi þótt ástæða til að ætla að ekki hafi verið látið nægilega á reyna að fá atvinnulausan einstakling til að gegna starfinu.

Af framansögð leiðir að í nær öllum tilvikum hefur verið synjað um atvinnuleyfi með tilvísun til mikils atvinnuleysis og bent á að íslenskur starfsmaður eigi að vera tiltækur til að gegna starfinu. Þess má geta að sótt var um heimild til að ráða útlendinga til starfa við fiskvinnslu í 16 tilvikum, í 12 tilvikum vegna aðstoðar á heimilum, í sex tilvikum vegna ræstinga, hreingerninga og þrifa, í þremur tilvikum til aðstoðar í eldhúsi og vegna verslunarstarfa í einu tilviki. Langflestar umsóknirnar sem synjað var komu frá fyrirtækjum og einstaklingum þar sem atvinnuleysi hefur verið hlutfallslega mikið, þ.e. á Suðurnesjum, í Reykjavík og í nágrannabyggðum höfuðborgarinnar, þ.e. samtals í 31 tilelli. Fimm voru frá fyrirtækjum á Vestfjörðum og þrjár synjanir vegna fyrirtækja á Norðausturlandi. Synjanirnar snertu fyrst og fremst ríkisborgara frá Filipseyjum, þ.e. 20 einstaklinga, frá Tælandi 11 einstaklinga, fjóra frá Víetnam og einn einstaklingur frá eftirtöldum löndum: Búlgaríu, Litáen og Sierra Leóne. Þess er rétt að geta að einstaklingar frá Filippseyjum og Tælandi eru einnig mjög margir með gild atvinnuleyfi hér á landi, þ.e. 181 á sl. ári frá Filippseyjum og Tælandi.

Á undanförnum árum hafa félmrh. borist allmargar umsóknir um atvinnuleyfi vegna ráðningar á fólki frá Suðaustur-Asíu í ýmiss konar þjónustustörf, t.d. aðstoð við barnagæslu, matseld og þrif fyrir einstaklinga. Ráðuneytið hefur fengið ábendingar um að aðbúnaði þessa fólks og félagslegu öryggi sé að ýmsu leyti áfátt. Það hefur verið nefndur óhóflegur vinnutími og að reynt sé að sniðganga umsamin ráðningarkjör. Ráðuneytið hefur haft verulegar áhyggjur af stöðu þessa fólks og þar af leiðandi hefur verið tregða á því að veita leyfi vegna ráðningar á fólki til aðstoðar á einkaheimilum þar sem erfitt er að fylgjast með að farið sé að settum reglum um aðbúnað og vinnuumhverfi starfsmanna. Í ráðuneytinu er verið að leita leiða til að tryggja stöðu framangreinds hóps útlendinga. Ráðuneytið hefur efnt til fundar með útlendingaeftirlitinu og Alþýðusambandinu um málefnið í því skyni að freista þess að herða þessar kröfur og auka eftirlit og það er verið að vinna að tillögum í ráðuneytinu í þessu skyni. (Forseti hringir.) Þá hafa ráðuneytinu borist ábendingar um að ekki væri farið að lögum varðandi ráðningu útlendinga í störf á Íslandi, og það hefur verið farið fram á það við rannsóknarlögregluna að kanna það, og fullyrðingar um að pólskir ríkisborgarar hefðu verið ráðnir til starfa hér á landi og krafðir um fjárupphæðir vegna ráðningar. Rannsóknarlögreglan taldi ekki ástæðu til aðgerða í því máli. Enn fremur hefur Vinnueftirlitið verið beðið að kanna aðbúnað erlendra manna á vinnustöðum og sem betur fór reyndist hann í lagi.

[14:24]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessar upplýsingar. Mér fannst þetta mjög athyglisvert, ekki síst þessar tölur um einstaklinga frá Austur-Asíu sem eru býsna fjölmennir í hópi þeirra sem hafa fengið atvinnuleyfi. Og það kemur fram að allstórum hópi hefur verið synjað um atvinnuleyfi. Þetta vekur upp spurningar um það hvort hér sé ákveðin tilhneiging til þess að flytja inn ódýrt vinnuafl, þ.e. vinnuafl sem er ódýrara en það sem hér fæst og hefur það þó verið auglýst víða um lönd sem fremur ódýrt vinnuafl og til þess gert að laða að erlenda fjárfestingu. En ég tel að þetta sé atriði sem þurfi að athuga nánar. Þetta er að vísu það sem maður sér frá öðrum löndum. Það er mikil hreyfing á vinnuaflinu en þessar tölur um fólk frá Austur-Asíu eru sérstaklega athyglisverðar og væri fróðlegt að fá að vita hvort þetta fólk hefur verið komið hingað, t.d. þegar verslanir eru að biðja um atvinnuleyfi þá hafa menn ákveðinn einstakling í huga og hann er þá væntanlega kominn til landsins. Síðan væri fróðlegt að fá að vita hvað verður um þetta fólk, hvað verður um þá sem er synjað um atvinnuleyfi. Þá væri það líka fróðlegt að fá það fram hvort vinnuveitendur, t.d. úti á landi eru að leita eftir útlendingum til þess að borga lægri laun eða hver ástæðan er. Verkalýðsfélögin hafa reyndar vakið athygli á því að það sé sérkennilegt að atvinnurekendur séu reiðubúnir til þess að borga flugfar fyrir erlent vinnuafl, bæði til landsins og frá því en ekki þegar Íslendingar eiga í hlut. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég þakka þessi svör. Hér er um mál að ræða sem forvitnilegt væri að skoða nánar og það er greinilegt að ráðuneytið er að athuga ýmsar hliðar þessa máls.

[14:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki eitt einasta tilvik þar sem um það er að ræða að atvinnurekendur t.d. úti á landi séu að ráða til sín erlent vinnuafl í því skyni að greiða fólki lægri laun heldur en greitt er á almennum vinnumarkaði hér á landi. Staðan er bara einfaldlega þannig víða að vinnuafl fæst ekki til starfa, t.d. í fiskvinnslu úti um landsbyggðina og þess vegna grípa menn til þess úrræðis að óska eftir leyfi félmrn. til þess að ráða til sín erlent vinnuafl. Og sem betur fer hefur það í langflestum tilvikum reynst ákaflega gott og stöðugt vinnuafl. Mörg dæmi eru síðan um það að fólk hafi kosið að leigja sér húsnæði í byggðarlögunum og taka þátt í lífinu þar og sumt hvert kosið reyndar að eiga þar búsetu áfram. Því held ég að það sé alls ekki þannig að atvinnurekendur séu á einhvern hátt að reyna að koma sér undan því að greiða eðlileg laun heldur er staðan bara sú á mörgum stöðum í ýmsum fyrirtækjum að það hefur ekki tekist að ráða fólk til starfa þrátt fyrir að það sé boðið upp á ágæta aðstöðu, eðlileg starfskjör og ódýrara húsnæði en þekkist hér á höfuðborgarsvæðinu.

[14:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil alls ekki standa fyrir leyfisveitingum til atvinnurekenda ef nokkur minnsti grunur er um að þeir séu að hugsa sér einhvers konar þrælahald, að fá sér ódýrari vinnukraft heldur en er hér á boðstólum innan lands. Þeir verða auðvitað að hlíta því að borga þessu fólki eftir samningum og eftir því þarf að ganga. Það er hins vegar erfiðara þegar um er að ræða störf á einkaheimilum að fylgjast með því. Það er unnt að hafa góða vissu um þetta í fyrirtækjunum og verkalýðsfélögin eiga að hafa eftirlit með því að eðlilega sé gert við fólkið og því borguð sams konar laun og Íslendingum.

Þetta fólk er ekki komið til landsins. Gangurinn er sá að atvinnurekandi sækir um að fá að flytja inn vinnukraft og útlendingaeftirlitið gengur mjög strangt eftir því að ekki

séu veitt leyfi til fólks sem komið er til landsins. Það á að fyrirbyggja að hingað komi fólk kannski með eitthvað vafasama fortíð, strandi hér og sæki um atvinnuleyfi. Það fær ekki atvinnuleyfi. Þetta fólk er ekki komið hingað sem ferðamenn heldur vil ég undirstrika að hér er verið að tala um viðskipti milli ráðuneytisins og atvinnurekenda.

Sumir atvinnurekendur sækja sérstaklega eftir þessu fólki og ég hef orðið var við það að þeir vilja það heldur heldur en Íslendinga og sumar neitanirnar eru þannig til komnar að við höfum haft grun um að þeir vilji bara miklu fremur útlendinga, þyki þeir agaðri vinnukraftur og kann það að vera rétt. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Hér eru að staðaldri vinnandi með fullu leyfi frá ráðuneytinu um 1.200 manns frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Íbúar Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki að sækja um atvinnuleyfi, hafa sama rétt hér eins og við og hér gætu þá verið 1.500–2.000 erlendir ríkisborgarar í vinnu og við þurfum á þeim að halda til þess að halda atvinnulífinu gangandi í verulegum mæli.

Viðræðuáætlanir.

Fsp. KÁ, 307. mál. — Þskj. 566.

[14:31]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Meðal þeirra nýjunga sem samþykktar voru sl. vor er frv. til laga um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur var afgreitt, var ákvæði um viðræðuáætlanir. Samkvæmt lögunum ber samningsaðilum að gera viðræðuáætlun í síðasta lagi tíu vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus. Í lögunum segir, með leyfi forseta:

„Ef samningsaðilar hafa þá ekki gert viðræðuáætlun skal sáttasemjari gefa út viðræðuáætlun fyrir þá samningsaðila í síðasta lagi átta vikum áður en gildandi kjarasamningur er laus og skal sáttasemjari þá taka mið af öðrum viðræðuáætlunum sem hafa þegar verið gerðar."

Í þeim umræðum sem áttu sér stað liðið vor og voru nokkuð ítarlegar var bent á að búast mætti við miklum fjölda viðræðuáætlana, en hæstv. félmrh. sagði þá í einni af sínum ræðum, með leyfi forseta:

„Menn hafa verið að ímynda sér og fara með furðuleg dæmi um það hvað viðræðuáætlanir gætu orðið margar. Auðvitað verða viðræðuáætlanir ekki nema örfáar þó að mörg félög standi að þeim. Væntanlega mótast viðræðuáætlun sem mörg félög verða aðilar að."

Samningar nánast allra stéttarfélaga urðu lausir um áramót og því áttu viðræðuáætlanir að liggja fyrir um miðjan október eða þá að málum yrði vísað til sáttasemjara í framhaldi af því ef ekki tækist að semja viðræðuáætlun. Að mínum dómi hefur þetta ákvæði laganna skilað litlu sem engu og ég fæ ekki betur séð en að allt hjakki í sama farinu. En hvernig var framkvæmdin? Hvernig gekk þetta fyrir sig? Og til þess að fá svör við því spyr ég hæstv. félmrh.:

1. Hversu margar viðræðuáætlanir voru gerðar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda á síðasta ári í samræmi við breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem samþykktar voru á Alþingi sl. vor?

2. Hversu margar viðræðuáætlanir hefur ríkissáttasemjari gefið út til þessa?

[14:33]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég leitaði til ríkissáttasemjara til að kanna þetta mál og hann upplýsti að stéttarfélög og atvinnurekendur gerðu á síðasta ári sín á milli 240 viðræðuáætlanir innan tilskilins frests. Ríkissáttasemjari gaf síðan út 77 viðræðuáætlanir milli viðsemjenda eftir að fresturinn var útrunninn, 77 gaf ríkissáttasemjari út, 240 gerðu menn innan tilskilins frests.

Þess ber að geta að flestar þessar viðræðuáætlanir eru mjög svipaðar, þ.e. það má skipta þeim í hópa og þær eru tilbrigði við sama stef. Það eru sérkröfur frá ýmsum hópum eða sérstakar aðstæður ákveðinna hópa sem valda því að þeir vilja hafa eitthvað inni í sinni viðræðuáætlun sem kannski passar ekki hjá öðrum. En ég tel að af þessum viðræðuáætlunum sé bara góð reynsla og þrátt fyrir að þessir samningar hafi náttúrlega tekið langan tíma og hugsanlega óþarflega langan, þá höfum við nú upplifað það fyrr. Það er kominn nokkur skriður á samningamálin og hér um bil á hverjum degi næst einhver árangur. Það er búið að semja í loðnubræðslum fyrir austan. Það er verið að ræða samninga á milli fiskvinnslufólks og SR. Samningar um sérkjör eru búnir eða sem næst búnir eftir mínum upplýsingum, þ.e. um sérkröfurnar milli fiskverkafólks og fiskvinnslustöðvanna. VR er búið að leggja fram sínar kröfur og þó að ég geri ekki ráð fyrir því að það verði endanleg niðurstaða í samningum, þá kann það að gefa tóninn til frekari viðræðna. Ég er því tiltölulega vongóður um að einhver árangur náist innan ekki mjög langs tíma og ég legg áherslu á það að auðvitað þurfa menn að nota tímann vel. Það hefur því miður kannski ekki verið gert í öllum tilfellum á undanförnum vikum.

[14:36]

Birna Sigurjónsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að staðan í kjaraviðræðum eins og hún blasir við okkur nú beri þess vitni að breytingar á samningaviðræðum hafa ekki skilað því sem til var ætlast. Mig langar að vitna í orð Elnu Katrínar Jónsdóttur í Kennarablaðinu í janúar sl. þar sem hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerð viðræðuáætlana og tímalegt upphaf samningaviðræðna hefur ekki orðið samningamönnum ríkisins hvati til þess að mæta betur undirbúnir til leiks. Miklum tíma hefur verið sóað í þessum viðræðum í almenn pólitísk ræðuhöld."

Það hlýtur að vekja undrun að sá aukni tími sem hefði átt að fást með breyttum og lengri tíma til viðræðna skuli ekki nýttur betur en raun ber vitni og málum í kjaraviðræðunum skuli eftir sem áður stefnt í óleysanlegan hnút.

[14:37]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Þau leiddu í ljós að allverulegur fjöldi viðræðuáætlana hefur verið gerður. Það væri forvitnilegt að fá það nánar fram hvernig gengur og að hve miklu marki unnið er í samræmi við þessar viðræðuáætlanir. Mér hefur heyrst á talsmönnum verkalýðshreyfingarinnar að þetta gangi allt mjög stirðlega og nánast ekki neitt þó að einstök dæmi séu um annað. Menn eru að lýsa óánægju sinni með þær kröfur sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur sett fram og er greinilegt að það er ekki fullkomin eining um stefnuna.

Það er ánægjulegt að hæstv. félmrh. skuli vera svona bjartsýnn varðandi framgang samninga. Auðvitað vonum

við öll að sú bjartsýni rætist og að við náum samkomulagi áður en fer í verra. En ég er ekki svona bjartsýn, því miður, og þar hef ég sérstaklega fyrir mér orð verkalýðsleiðtoga sem hafa birst í blöðum að undanförnu og orð þeirra sem m.a. hafa verið að koma á fund hv. félmn. að undanförnu. Við sjáum hvað setur. Ég tel sem sagt að það hafi ræst að viðræðuáætlanir yrðu miklu fleiri og viðameiri en menn ætluðust til. Reyndar var það von hæstv. félmrh., eins og fram kom í ræðum hans, að það yrðu heildarsamtökin sem gerðu þessar áætlanir en það fór nú öðruvísi. Það eru einstök sambönd sem áskilja sér rétt til þess að gera sínar áætlanir og þannig er þetta á vinnumarkaðinum. Auðvitað á hver að semja fyrir sig. En viðræðuáætlanirnar miðast miklu meira við samflotshugmyndina sem greinilega er ekki viðhöfð að þessu sinni.

[14:40]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að samflot séu að mörgu leyti heppilegri og líklegri til árangurs fyrir verkalýðshreyfinguna en kjarasamningar í svo mörgum pörtum sem þeir eru nú. Hitt er svo aftur eðlilegt að þegar um samflot hefur verið að ræða í nokkurn tíma, þá vilji einstakir hópar þrýsta á um sérkjaraviðræður og það er akkúrat það sem er að gerast núna.

Ég er, herra forseti, nokkuð bjartsýnn á að innan fárra vikna fari að sjá allverulegan árangur í kjarasamningunum. Eftir því sem ég hef heyrt frá aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. frá sáttasemjara, atvinnurekendum og síðast en ekki síst frá launamönnum, þá er ekki áberandi óánægja með viðræðuáætlanirnar heldur þvert á móti.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 14:41.

---

69. FUNDUR

miðvikudaginn 12. febr.,
að loknum 68. fundi.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun, stjfrv., 175. mál, þskj. 594, frhnál. 595 og 598, brtt. 468, 596 og 599. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557. — Frh. 1. umr.
3. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558. — 1. umr.
4. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 1. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — 1. umr.
6. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — 1. umr.
7. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — 1. umr.
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, nál. 584. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[14:43]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd á framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, 333. mál, fsp. HG, þskj. 604.

Greiðslur sjúklinga fyrir læknisþjónustu, 335. mál, fsp. GuðrS, þskj. 606.

Hagsmunatengsl og stjórnargreiðslur, 332. mál, fsp. JóhS, þskj. 603.

Malatökuleyfi Vatnsskarðs hf., 331. mál, fsp. LB, þskj. 602.

Miðlun EES-gerða á íslensku um tölvunet, 334. mál, fsp. HG, þskj. 605.

Landsvirkjun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 175. mál (arðgreiðslur, skipun stjórnar o.fl.). — Þskj. 594, frhnál. 595 og 598, brtt. 468, 596 og 599.

[14:47]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að við atkvæðagreiðslu um málið við 2. umr. drógu tveir flm., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Sighvatur Björgvinsson, brtt. 468 til baka en þriðji flm., hv. þm. Svavar Gestsson, áskildi sér rétt til að kalla tillöguna aftur til 3. umr. Forseti lítur því svo á að hann sé einn flm. tillögunnar þótt nöfn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Sighvats Björgvinssonar séu á þingskjalinu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[14:48]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. voru þessar tillögur dregnar til baka til 3. umr. Ég hef skilið þær aðferðir þannig að þá þurfi að endurflytja þær við 3. umr. ef þær eigi að koma til atkvæða. Þess vegna kom mér á óvart að tillögurnar kæmu nú til atkvæða. En hvað sem öðru líður þá kalla ég tillögurnar aftur og óska ekki eftir því að þær gangi til atkvæða.

Brtt. 468 kölluð aftur.

Brtt. 596 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁS, GuðrS, HG, KHG, LB, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, DO, EOK, GHH, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, MS, RA, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 596,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (GÁS, GÁ, GuðrS, HG, KHG, LB, MF, SJóh, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁE, ÁJ, DO, EOK, GHH, GMS, HÁs, HBl, JBH, MS, RA, SP, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 599 felld með 30:7 atkv. og sögðu

já: GuðrS, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, LMR, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRJ, BirnS, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁE, ÁJ, DO, EgJ, EOK, GHH, GMS, HÁs, HBl, JBH, MS, RA, SP, ÖJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:50]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Á þskj. 599 flyt ég brtt. sem er þriðja tilraun til að lögfesta það að verðlækkanir skuli einnig teknar með í lögunum en ekki bara útgreiðsla arðs. Það er búið að fella svipaðar tillögur tvisvar. Það var gert við 2. umr. Nú er gerð þriðja og líklega síðasta tilraun í þá veru. Hér er tekið upp orðalag hinnar umdeildu bókunar borgarstjóra, iðnrh. og bæjarstjórans á Akureyri. Það er á þessa leið: „Það er forgangsverkefni að raunverð á raforku lækki samkvæmt samningnum frá 28. október 1996, áður en arður verður greiddur út samkvæmt sama samkomulagi."

Þetta er nákvæmlega það sem allir stuðningsmenn málsins í gær héldu fram að væri í málinu. Ég er hér með tillögu, herra forseti, um að orð þeirra verði gerð að lögum og ég vona að þeir styðji það sjálfir.

[14:51]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Eftir umræðu um frv. sem nú er verið að afgreiða og í ljósi þessarar brtt. á þskj. 599 þá liggur fyrir að þingmenn Alþb. eru reiðubúnir til að grípa inn í ákvarðanir fyrirtækis sem ríkið á að hálfu leyti með lagasetningu. Draga má í efa að slík lagasetning standist ákvæði stjórnarskrár Íslands. Yfirgangi Alþb. gagnvart þeim tveimur sveitarfélögum sem eiga í Landsvirkjun er hægt að afstýra með því að fella þessa brtt. Ég segi því nei.

Frv., svo breytt, samþ. með 41:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, BirnS, KPál, LMR, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS, ÓE, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, StB.

nei: HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, GuðrS.

3 þm. (LB, EKG, GÁS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (JBH, MS, RA, SP, ÖJ, ÁE, DO, EOK, GHH, GMS, HÁs, HBl) fjarstaddir.

17 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:53]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Í hreinskilni sagt er það að verða harmleikur hvernig Alþb. boðar heimsendi nánast í hverju máli sem kemur til umræðu á hv. Alþingi. (**Gripið fram í:** Hann er yfirvofandi.) Hugtakið íhald er að fá nýja merkingu í mínum huga. Allir fulltrúar í iðnn. utan einn standa að þeirri niðurstöðu sem hér er fengin. Allir fulltrúar í iðnn. utan einn treysta því samkomulagi sem eigendur Landsvirkjunar hafa náð. Allir fulltrúar í iðnn. utan einn treysta því að lækkun orkuverðs sé forgangsatriði fyrirtækisins fram yfir arðgreiðslur. Allir nefndarnefnd í iðnn. utan einn eru sammála því að komi til arðgreiðslna muni eigendur Landsvirkjunar, almenningur, njóta góðs af. Allir fulltrúar í iðnn. utan einn eru sammála því að arðgreiðslur verði notaðar annars vegar í þágu Reykvíkinga og Akureyringa en hins vegar verði arður ríkisins notaður til atvinnuuppbyggingar í öðrum hlutum landsins. Allir fulltrúar í iðnn. utan einn treysta yfirlýsingum fulltrúa eigenda Landsvirkjunar, borgarstjóranum í Reykjavík, bæjarstjóranum á Akureyri og hæstv. iðnrh. Ég treysti þessum aðilum. Ég tel að samkomulag þetta sé landi og þjóð til heilla og segi því já.

[14:55]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er skýrt tekið fram að efla skuli byggð í landinu og í því skyni unnið að lækkun húshitunarkostnaðar. Þar hefur Landsvirkjun veigamiklu hlutverki að gegna. Aukin arðkrafa hlýtur að eiga að nýtast öllum landsmönnum og því þarf að haga málum svo að arðhlutur ríkisins nýtist til að lækka húshitunarkostnað í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna. Hvað varðar misræmið sem fram hefur komið við meðferð málsins milli orða og undirskriftar borgarstjórans í Reykjavík, þá vil ég segja við borgarstjórann: Ég trúi ekki á orðin þín ef annað segir skriftin þín. Ég segi já.

[14:56]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er farið að syrta í álinn hjá Framsfl. Hv. þm. Stefán Guðmundsson, formaður iðnn., hélt því fram sem málsvörn í gær að þær arðgreiðslur sem á að lögbjóða með þessu frv. væru réttlætanlegar vegna þess að ráðherrar Alþb. hefðu á sínum tíma stuðlað að því fyrstir manna að greiddur væri arður af Landsvirkjun. (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) (**Gripið fram í:** Það er rétt.) (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Hv. þm. hafði ekki einu sinni fyrir því í gær að biðjast afsökunar á þessum staðhæfingum sínum. (Gripið fram í.) Sannleikurinn er sá að ákvarðanirnar um arðgreiðslu áranna 1976 og 1977 voru teknar í tíð minnihlutaríkisstjórnar Alþfl. á seinni hluta árs 1979. (Forseti hringir.) Ég skora á hv. þm. að biðjast afsökunar á ósannindum sínum úr þessum ræðustóli.

Virðulegur forseti. Það er greinilegt að það á að nota arðinn til margs. Til margra hluta, til huggunar. (Forseti hringir.) *Það kom hér fram hjá einum áðan, en fyrir* (Forseti hringir.) liggur að það muni vera 80 millj. sem á að sáldra út eftir forriti Framsfl. til að hugga ...

(**Forseti** (StB)**:** Hvað segir þingmaðurinn?)

Ég segi nei.

[14:58]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í áætlunum sem liggja að baki þessu frv. er gert ráð fyrir að á næstu árum, fram til ársins 2010, verði

eigendum fyrirtækisins reiknaðar til eignar 15 þús. millj. kr. í arð og lántökuábyrgðargjöld. Helminginn af þessari fjárhæð, um 7.500 millj. kr., á að greiða út til ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarkaupstaðar. Hvergi í frv. er gætt að hagsmunum þeirra sem kaupa raforkuna og hvergi í frv. eru ákvæði um að það eigi að lækka verðið til móts við batnandi hag fyrirtækisins og þennan mikla arð sem á að gefa af sér þessar gífurlegu fjárhæðir í arðgreiðslur. Ég segi nei, herra forseti, því ég tel að við eigum að gæta hagsmuna þeirra sem kaupa raforkuna, Íslendinga, miklu fremur en hagsmuna bæjarsjóða.

[14:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Undir lok 2. umr. í gær sat ég hjá við frávísunartillögu. Ástæðan var sú að ég hafði og hef efasemdir um aðkomu Ríkisendurskoðunar að þessu máli í ljósi stöðu þeirrar stofnunar í stjórnkerfinu og hvort sú leið sem farin er í frv. samræmist því frv. sem hér liggur fyrir um Ríkisendurskoðun. Því atriði verður ekki breytt að sinni.

Hvað varðar orkuverðið, þá hafa hæstv. viðskrh. og borgarstjórinn í Reykjavík lýst því yfir skýrt og skorinort að orkuverð verði lækkað jafnframt því að Reykjavíkurborg fái þann arð sem að var stefnt. Því styð ég þetta mál og segi já.

[15:00]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til afgreiðslu snýst um peninga og útdeilingu eigna. Það gengur út á að löggjafarvaldið staðfesti og leggi blessun sína yfir samkomulag eigenda um skiptingu herfangsins, Landsvirkjunar, og þá aðferðafræði að nú verða meint eigendaframlög án tillits til raunverulegrar eignarstöðu fyrirtækisins. Það sjá allir hvílík firra þetta er.

Frv. gerir ráð fyrir auknum kostnaði fyrirtækisins vegna útgreiðslu arðs til eigenda án þess að gert sé ráð fyrir auknum tekjum. Vitaskuld verða þær tekjur aðeins sóttar í vasa landsmanna. Það er ekki annað að leita. Í þessu máli eru menn meira að segja svo óskammfeilnir að eftir að herfanginu hefur verið skipt og ákvörðun tekin um útgreiðslu arðs lýsa eigendur því yfir að markmið fyrirtækisins sé að stuðla að lækkun á raunvirði raforku eftir aldamót. Þrátt fyrir þetta er augljóst hvað hér er á ferðinni. Það er verið að tryggja að eigendur Landvirkjunar gangi ekki út úr fyrirtækinu og hefji samkeppni á orkumarkaði. Arðgreiðslurnar eru það verð, sá fórnarkostnaður sem þarf að greiða. Þann kostnað er landsbyggðinni ætlað að greiða í formi hærra orkuverðs. Bókanir um aðra forgangsröðun á markmiðum fyrirtækisins eru því hjóm eitt. Slíka afgreiðslu get ég ekki sætt mig við og greiði ekki atkvæði.

[15:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. iðnrh. við fyrirspurn minni í 2. umr. þessa máls að hann hefur í undirbúningi þáltill. sem hann vonast til að fljótlega verði borin upp í hæstv. ríkisstjórn, í þingflokkunum og síðan lögð fyrir hv. Alþingi. Þessi þáltill. á að innleiða samkeppni í orkugeiranum þannig að ekki þurfi að ákvarða raforkuverð í lögum eða í samningum eiganda. Í trausti þess greiði ég þessu frv. atkvæði mitt. Ég segi já.

[15:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að nota þetta tækifæri til að leiðrétta misskilning. Það eru ekki ríkisstjórnir, ekki einu sinni meirihlutaríkisstjórnir sem taka ákvörðun um arðgreiðslu ríkisfyrirtækja. Þær ákvarðanir tekur Alþingi við fjárlagagerð. Minnihlutastjórn Alþfl. fékk aldrei fjárlög afgreidd. Fjárlög voru hins vegar afgreidd af þeirri ríkisstjórn sem þá tók við sem m.a. Alþb. átti sæti í, og afgreiðslan var gerð að tillögu þeirrar ríkisstjórnar. Ég segi já.

[15:03]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur leitt í ljós að nú er staðfest af eigendum Landsvirkjunar að orkuverð á ekki að hækka eins og Alþb. heldur fram, heldur verður það óbreytt til ársins 2000 en lækkar þá um 2–3% á ári til ársins 2010 og arðgreiðslur verði víkjandi fyrir lækkun orkuverðs. Í janúar 1979 sat Alþb. í ríkisstjórn og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fór með iðnaðarmál og hv. þm. Svavar Gestsson fór með viðskiptamál í þeirri ríkisstjórn. Þá hófst umræða og undirbúningur að útgreiðslu arðs til eigenda Landsvirkjunar, en hann var fyrst greiddur út 23. nóvember sama ár. Það má því segja að það hafi nánast verið hlutskipti Alþfl. sem þá sat í minnihlutastjórn að vinna málinu framgang. Arður hefur síðan verið greiddur til eigenda árin 1985, 1988, 1989, 1990, 1991 og 1992 þannig að allir stjórnmálaflokkar hafa átt aðild að ríkisstjórn þegar arðgreiðslur hafa verið greiddar. Þannig sat Alþb. í ríkisstjórn 1979 þegar umræður um arðgreiðslurnar hófust og aftur 1989.

(**Forseti** (StB): Hvað segir þingmaðurinn?)

Ég er því sáttur við þetta mál, hæstv. forseti. Málið hefur fengið góða umfjöllun og er upplýst og að sjálfsögðu segi ég já.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Í þessu furðulega máli hefur það gerst að í þremur tilraunum til að lögfesta það sem í orði kveðnu af hálfu stuðningsmanna málsins liggur í því er fellt af þeim sjálfum. Ég veit engin dæmi þess að orð og gerðir stangist jafnkyrfilega á og jafnítrekað eins og hér hefur gerst. Á grundvelli mjög umdeilanlegra, svo ekki sé fastar að orði kveðið, mjög umdeilanlegra útreikninga um eiginfjárframlög og arð er ætlunin á komandi árum að taka miklar fjárhæðir út úr þessu fyrirtæki og raforkukaupendur borga, þeir mest sem greiða hæsta orkuverðið. Þrætur um hvort orkuverðið verði í sjálfu sér lítið eitt hærra eða lægra breyta ekki því að þessi hundruð milljóna verða skattur sem leggst þyngst á þá landsmenn sem fyrir borga hæsta orkukostnaðinn. Þetta er þess vegna í orðsins fyllstu merkingu köld kveðja frá Framsfl. til þeirra landsmanna sem búa fyrir við mesta ranglætið í þessum efnum, borga hæsta orkukostnaðinn. Ég óska Framsfl. alveg sérstaklega til hamingju með þetta glæsilega afrek (**Gripið fram í:** Þakka þér kærlega fyrir.) og spái því að þeir verði ekki eins glenntir, herra forseti, þegar þeir koma heim í héruð og fólk fer að átta sig á því hvað gerst hefur. Ég segi nei.

[15:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota tækifærið til að þakka fyrir þá umræðu sem fram hefur farið um málið. Ég tel að þrátt fyrir allt hafi tekist að knýja stjórnarliðið til undanhalds í málinu og fyrir liggja mjög ítrekaðir svardagar af þeirra hálfu, sem ég tel að vísu ekki nóg, en liggja þó fyrir í þingtíðindum og þeir verða teknir upp þegar fram líða stundir ef ástæða verður til.

Aðalatriði málsins eru þessi, herra forseti. Hér er tekin ákvörðun um að lögfesta arðgreiðslu en allar tillögur um að lögfesta verðlækkun hafa verið felldar. Hér er gert ráð fyrir að arðgreiðslan miðist við 5,5% af reiknaðri eign í fyrirtækinu eða um 700 millj. kr. á ári. Heildarsala Landsvirkjunar til almenningsveitna nam á síðasta ári um 5,5 milljörðum kr. Hér er því um að ræða liðlega 10% skattlagningu.

Eðlilegra hefði verið, herra forseti, að fallast á óskir Reykjavíkur að mínu mati um að kaupa hlut borgarinnar í Landsvirkjun og gera Landsvirkjun að þjóðfyrirtæki með skýrt aðgreindum verkefnum. Það er andstætt jafnaðarstefnu Alþb., herra forseti, að skattleggja mest þá sem borga hæsta raforkuverðið en þannig verður það að óbreyttu. Þess vegna leggjumst við gegn málinu. Ég segi nei.

[15:08]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Með lagafrv. eins og það liggur nú fyrir og því samkomulagi eigenda Landsvirkjunar um lækkun raforkuverðs og um arðgreiðslur til eigendanna, ásamt yfirlýsingu iðnrh. um ráðstöfun arðs sem ríkinu er greiddur, er fundin viðunandi lausn á viðkvæmu deilumáli. Sú lausn tryggir jafnframt hagsmuni þeirra raforkuneytenda sem búa utan þeirra tveggja sveitarfélaga sem eru meðeigendur í Landsvirkjun. Því segi ég já.

[15:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með að frv. sem hefur verið til umræðu er komið til lokaafgreiðslu, frv. um Landsvirkjun. Frv. felur í sér mikilvægar breytingar sem m.a. felast í því að teknar eru ákvarðanir um lækkun orkuverðs á árunum eftir aldamót um 2–3% á ári og greiddur skuli arður til eignaraðila, til ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Samkvæmt samkomulagi eignaraðila verða arðgreiðslur víkjandi fyrir lækkun orkuverðs.

Þá er einnig mikilvægt að í tengslum við afgreiðslu þessa máls var ákveðið að verja 80 millj. kr. til atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart, frekar en nokkrum öðrum, að Alþb. sé einn flokka á móti þessari lagasetningu. Það segir okkur fyrst og fremst að flokkurinn er staðnaður og beitir sér gegn öllum breytingum í þjóðfélaginu sem snúa að því að færa atvinnulíf og þjóðlífið almennt til nútímahorfs. Ég segi já.

[15:10]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það liggur nú ljóst fyrir að tilraunum borgarstjórnarmeirihluta R-listans, sem þurfti að ná til sín óeðlilega miklum arði út úr Landsvirkjun, hefur verið hrundið. Arðgreiðslur Landsvirkjunar munu miðast við afkomu fyrirtækisins og munu verða í samræmi við raunveruleg fjárframlög eigendanna til fyrirtækisins ef vel tekst til um reksturinn. Ég tel hins vegar að fyrirtækið muni eiga fullt í fangi með að skila þeim arði, sem um hefur verið rætt, og fagna því þess vegna að það er afkoman sem ræður og hún er auðvitað háð þeim markmiðum sem komið hafa fram um lækkun raforkuverðs. Ég segi já.

[15:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Niðurstaða umræðunnar er skýr og hefur komið rækilega fram hjá hæstv. iðnrh. Það hefur forgang umfram markmið um útborgun arðs frá Landsvirkjun að tryggja lækkun orkuverðs. Á hinn bóginn er ljóst að eignamyndun Landsvirkjunar hefur orðið vegna þess að gjaldskrár eru miklu hærri en langtímajaðarkostnaður orkuverðs frá nýjum virkjunum. Þessi eignamyndun hefur því lítt með upphafleg eigendaframlög að gera. Þess vegna tel ég forsendur til arðgreiðslna ákaflega hæpnar og greiði ekki atkvæði.

[15:12]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þar sem komið er að lokaafgreiðslu þessa máls vil ég þakka fyrir málefnalega umræðu um málið í þinginu. Sérstaklega vil ég þakka hv. iðnn. fyrir vandlega yfirfarin mál og vel unnin störf af hálfu nefndarinnar en það gleður mig sérstaklega nú við lokaatkvæðagreiðsluna hversu víðtæk pólitísk samstaða mér sýnist vera að myndast um þetta mál og segi því já.

[15:13]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Meginmarkmið þessa frv. orka tvímælis sem og aðferðafræðin við að nálgast þau. Bæði er og vel í lagt meinta inneign eignaraðila og fastákveðin úttekt í formi arðgreiðslna í hærri kantinum. Það gefur auga leið að þetta fyrirtæki eins og önnur mun eiga erfiðara en ella með að lækka verð á sinni þjónustu þegar fyrir liggur að eigendurnir hafa ákveðið að taka til sín stærri fjárhæð árlega út úr fyrirtækinu en áður var. Markmiðin um hækkaðar arðgreiðslur og síðan lækkun raforkuverðs ganga einfaldlega í eðli sínu hvort gegn öðru.

Hins vegar eru fyrirliggjandi loforð á alla kanta þess efnis að lækka eigi verð á rafmagni þegar ný öld gengur í garð. Guð láti gott á vita. Það er hins vegar vonarpeningur fyrir landsmenn. Arðgreiðslurnar eru aftur á móti í hendi fyrir eigendur.

Eins og ég hef áður lýst í umræðu um þessi mál, þá þykir mér að ýmislegt hefði betur mátt fara í samningum eignaraðila og við afgreiðslu málsins á hinu háa Alþingi. Einstök atriði hafa þó skýrst og færst til betri vegar við meðhöndlun þingsins. Ég tel að sönnu mikilvægt að allgóður friður megi ríkja um þetta mikilvæga fyrirtæki allra landsmanna sem Landsvirkjun er og sátt um það, þó dýrkeypt sé, millum eignaraðila. Ábyrgð á afgreiðslu þessa máls skal hins vegar vera á hendi ríkisstjórnar í núinu og framtíðinni og því greiði ég ekki atkvæði.

[15:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að gera athugasemdir við fundarstjórn forseta. Ég tel að forseti hefði átt að grípa inn í þegar í upphafi nafnakallsins þegar þingmenn fóru í ræðustól til að gera grein fyrir atkvæði sínu en gerðu grein fyrir allt öðru. Þeir fóru ýmist að flytja þakkir til einstakra þingnefnda eða hallmæla einstökum stjórnmálaflokkum. Ég tel að það sé algerlega fráleitt að forseti leyfi það og uni við það að þingmenn hefji umræður um kosti og galla stjórnmálaflokka eða einstakra þingmanna við þau skilyrði er þeir eiga að gera grein fyrir afstöðu sinni til máls. Margir þingmenn úr fleiri en einum flokki féllu að mínu mati í þá gryfju að koma í þennan ræðustól í öðrum tilgangi en ætlast er til.

Ég vil segja vegna þess að hv. þm. Hjálmar Árnason hóf þennan leik að mér var sérstaklega misboðið að hann skyldi gera það að sérstöku efni í sinni atkvæðaskýringu að það væru fáir sem hefðu tiltekna skoðun. Ég hef aldrei talið það vera löst á mönnum þó að þeir hefðu skoðun sem fáir aðhylltust og þingmenn eiga ekki að gera sér leik að

því að gera lítið úr mönnum eða skoðunum manna á þeim grundvelli að það séu fáir sem aðhyllast þær.

Ég vil, virðulegi forseti, segja að mér er misboðið og ég tel að forseti hefði átt að grípa inn í þessar atkvæðaskýringar þegar í upphafi og afstýra þeirri hneisu sem hér hefur orðið.

[15:18]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. Forseti getur tekið undir að það er afar mikilvægt að hv. þm. reyni ekki um of á þol forseta í forsetastóli og á þingsköpin en hvetur hv. þingmenn að öðru leyti til þess að taka orð þingmannsins sér til eftirbreytni.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 607).

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557.

[15:20]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði vissulega beðið um orðið í þessu máli en tók svo eftir að annar var á mælendaskrá á undan mér og var þess vegna alls ekki undir það búinn að taka til máls með þá pappíra sem ég vildi hafa við höndina. En það kemur ekki í veg fyrir að ég flytji mína ræðu því ég hef nokkur atriði sem ég vildi koma að við 1. umr. þessa frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ég tel að hér sé á ferðinni mikilvægt frv. sem varðar eina af meginstofnunum landsins og sem Alþingi hljóti að sjálfsögðu að fara vandlega yfir og sú þingnefnd sem fjalla muni um málið sem mun vera allshn. þingsins.

Það er ekki á hverjum degi sem mál af því tagi sem hér liggur fyrir, stjfrv. um þjóðkirkjuna, sé til umræðu á Alþingi og því ekki óeðlilegt að ýmsir vilji tjá sig nokkuð um málið. Ég tel að það geti skipt verulegu máli hvernig þingið heldur á þessu og afgreiðir þetta að lokum sem lög að athugun sinni lokinni og meðferð og vildi nefna fáein atriði sem varða málið við 1. umr. þess.

Fyrst er að víkja aðeins að þeim þætti sem snýr að stjórnarskrárákvæðum um kirkjuna og trúfrelsi í landinu sem mynda ákveðinn grunn fyrir þeirri löggjöf sem hér er gerð tillaga um, en það eru 62.–64. gr. stjórnarskipunarlaga okkar. Ég ætla, með leyfi forseta, aðeins að líta yfir ákvæðin. Í 62. gr. segir svo:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum."

63. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Allir eiga rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði eða allsherjarreglu."

64. gr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri þegnskyldu.

Öllum er frjálst að standa utan trúfélaga. Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Nú er maður utan trúfélaga og greiðir hann þá til Háskóla Íslands gjöld þau sem honum hefði ella borið að greiða til trúfélags síns. Breyta má þessu með lögum."

Eins og hér kemur fram, þá eru ákvæði stjórnarskrárinnar að því er varðar hina evangelísku-lútersku kirkju, þ.e. þjóðkirkju okkar, þess efnis að þeim má breyta með lögum, veigamiklum þáttum sem þau varðar og jafnframt er kveðið á um að trúfrelsi skuli ríkja í landinu. Þetta eru mikilvæg undirstöðuatriði í sambandi við það mál sem við ræðum hér.

Ég vil segja í sambandi við kannski grundvallarþátt málsins, spurninguna um það hvort ríkið eigi að standa að einum trúarsöfnuði sérstaklega, að ég hef hingað til ekki verið sérstaklega hvetjandi þess að skilið væri á milli ríkis og kirkju. Ég hef ekki látið þessi mál mig miklu skipta að því leyti, þá umræðu sem uppi er um það efni, en viðurkenni hins vegar fúslega að þar er á ferðinni álitamál. Það er mjög athyglisvert sem fram hefur komið nú hin síðustu missirin og þá m.a. tengt mjög mikilli umræðu um þjóðkirkjuna, að þeim röddum fer ört fjölgandi í landinu að því er virðist sem hvetja til aðskilnaðar. Það er að sjálfsögðu mál sem þjóðin hlýtur að ræða áframhaldandi hversu með skuli fara. Hins vegar eru engar tillögur um það hér, tengt þessu máli, síður en svo, og ég hef ekki ætlað að standa að brtt. um það efni þó að ég viðurkenni fúslega að hér er álitamál á ferðinni sem vel kann að leiða til þess, þ.e. sú umræða sem uppi er, að ákvörðun verði tekin um það eða að meirihlutavilji verði í landinu fyrir því að breyta til að þessu leyti.

Ég er út af fyrir sig ekki viss um að það hefði neitt neikvæð áhrif á trúarlíf í landinu undir merkjum kristinnar kirkju þó að þetta skref væri stigið. Það mundi vafalaust skapa vissa aðlögunarerfiðleika fyrir kristna söfnuði í landinu eða hinn kristna söfnuð í landinu. En ég gæti vel trúað því að það leiddi kannski til meiri vakningar í þessum efnum heldur en gerist þegar þannig er haldið á málum eins og nú er og hefur lengi verið, að viðhalda þjóðkirkju sem njóti stuðnings ríkisins eins og við þekkjum og í krafti þeirra ákvæða stjórnarskrár sem kveða á um að ríkisvaldið styðji hana og verndi, eins og það er orðað í 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég skal ekki hafa út af fyrir sig fleiri orð um þennan þátt málsins þó að ástæða væri til þess. Ég legg mjög mikla áherslu á að í meðferð þessara mála leitist menn við að virða sjónarmið sem flestra, skoðanir sem flestra og tilfinningar að því er varðar trúarleg málefni. Trúarleg málefni eru að minni hyggju ekki aðeins tengd spurningunni um mat manna á framhaldslíf eins og það er kallað heldur varða þau líka önnur sjónarmið sem uppi eru og verðskulda alveg eins nafnið trú og hvað annað þó að skapast hafi sú orðhefð í krafti kannski meirihlutasjónarmiða að kalla þá heiðingja í neikvæðri merkingu sem hafa önnur viðhorf og aðra sannfæringu í þessum efnum.

Ég held að það sé mjög þýðingarmikið að umburðarlyndi í garð sjónarmiða sem snerta viðhorf manna og trú sé ræktað með sem flestum og að það beri að ástunda að þjóðkirkja meðan hún er við lýði í landinu gæti þess í sínum störfum að rækta með sínu fólki það umburðarlyndi sem ég hef verið hér að nefna. Í rauninni ætti það og hlýtur að vera hluti af þeim farangri sem tengist kristinni trú að slíkt umburðarlyndi sé viðhaft. En auðvitað þekkjum við mörg dæmi þess frá fyrri tíð og jafnvel fram að nútíð að áhersla sé lögð á að boða trú og fá fólk til þess að taka aðra trú heldur en það hefur haft. Og hér fyrr á árum, það þarf ekki mjög langt að leita og kannski gerist enn í dag, var slíkt notað á vissan hátt í

annarlegum tilgangi af veraldlegu valdi eins og gerðist á tímum nýlendustefnunnar, á blómaskeiði hennar, að ganga fram með báli og brandi og auðvitað gerðist það á Norðurlöndum þegar verið var að ryðja kristinni kenningu eða kristinni trú braut eins og íslenskar sögur og sagnir herma, og er það vissulega allt til umhugsunar.

Varðandi þjóðkirkjuna og þetta nafn þá finnst mér það alveg umræðunnar virði að menn velti því fyrir sér og íhugi hvað felist í hugtakinu „þjóðkirkja". Er það fyrst og fremst það að meiri hluti Íslendinga eru meðlimir í þessum kristna evangelísk-lúterska trúarsöfnuði eða er það eitthvað annað? Mér sýnist á því sem fram kemur í ritum þeirra sem fjalla um þessi efni að ýmsir fleiri þættir en þessi tengist hugtakinu „þjóðkirkja" og að margvíslegur skilningur hafi í raun verið uppi í sambandi við það. Menn tengja þetta hugtak og það sem varðar sögu þessarar kirkju, við mismunandi viðhorf. Sumir líta t.d. á þjónustuhlutverk þjóðkirkjunnar sem meginatriði, þ.e. að vera þjónustustofnun við trúarlegar þarfir þegnanna. Aðrir leggja meiri áherslu á siðferðisgildi sem kristinn söfnuður reynir að halda uppi í mannlegu samfélagi og tengjast þá auðvitað kristnum siðferðisviðhorfum. Skilgreiningarnar eru því margar. Þjóðkirkjan hefur jafnvel verið skilgreind í tengslum við heimatrúboð og annað þess háttar. Að vísu er það ekki fyrirferðarmikið nú í seinni tíð en það var hins vegar verulegur hluti af því sem menn tengdu við starfsemi kirkjunnar, trúboð sem miðaði að því að ná til þjóðarinnar sem heildar og var tengt svonefndum afturhvarfsboðskap kristinnar trúar um að nota ætti sóknir og skipulag kirkjunnar í þeim tilgangi að boða sem flestum sanna trú eins og hún er út frá kristnum, kirkjulegum viðhorfum.

Þetta vildi ég nefna, virðulegur forseti, og vekja athygli á því sem snýr að þessu hugtaki sem kemur fram í heiti þessa frv. Mér finnst full þörf á því að menn íhugi og ræði hlutina í tengslum við það mál sem hér er til umræðu.

Ég vildi líka koma aðeins að einstökum þáttum í frv. og byrja á 1. gr. þar sem eru viss atriði sem ég tel ástæðu til að íhuga. Það hefur vissulega verið á það minnst í umræðu, m.a. af hv. 8. þm. Reykv., að orðalag 2. mgr. 1. gr. fer ekki alveg saman við orðalag sem er í stjórnarskránni þar sem notað er hugtakið að „styðja" en ekki „vernda". Ég vil ekki gera mikið úr þeim merkingarmun sem kann að vera á þessu en það er þó til íhugunar hvers vegna menn taka ekki upp orðalag stjórnarskrár að þessu leyti.

Síðan er það annað atriði sem ég vil gera að nokkru umræðuefni hér. Mér þætti vænt um ef hv. 2. þm. Norðurl. v. væri viðstaddur þá umræðu en hann átti hlut að því að móta þetta frv. og er í hópi þeirra sem geistlegir teljast jafnframt því að sitja á þingi. Það kemur að því sem segir í 3. mgr. 1. gr., með leyfi forseta:

„Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni."

Það er þetta orðalag, þessi tilvísun og tenging milli skírnar og heilagrar þrenningar sem mér finnst umhugsunarefni hvort eigi að standa í lögum um þessi efni. Nú verð ég að viðurkenna að ég hef ekki hugað að því sérstaklega hvort þetta hefur verið í gildandi lögum um langa hríð. Það má vera að svo sé. En engu að síður, nú þegar við endurskoðum þessi lög, staldra ég við það orðalag að tengja skírnina við heilaga þrenningu í þessum lagatexta. Ég geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við að menn hafi þetta uppi í trúariðkunum sínum og kenningu, en í ljósi þeirrar miklu umræðu sem verið hefur í kirkjunni og þar á meðal í hinni evangelísk-lútersku kirkju um túlkun á hugtakinu „heilög þrenning" og allt sem henni viðkemur þá finnst mér þetta ekki skynsamlegt. Þetta er viðhorf mitt nú. Það er hugsanlegt að ég láti sannfærast um annað. En mér finnst ekki skynsamlegt að setja þetta í löggjöf.

Ég er auðvitað að líta til þeirra miklu deilna um þetta efni sem voru á fyrstu öldum eftir Kristsburð þegar kristin kirkja var að festast í sessi eða við skulum segja koma undir sig fótunum sem trúarkerfi, sumir mundu segja kredda sem ég ætla ekki að nota hér í neikvæðri merkingu. Í skóla lærðum við um kirkjuþingið í Níkeu sem kallað var saman til þess að fjalla um þessi efni sumarið 325 að boði Konstantíns keisara sem hafði þó stuðlað að trúfrelsi, ef ég man rétt. Það var kallað saman til þess að setja niður deilur eða leysa úr deilum í kirkjunni um þessi efni. Það þing gekk frá ákveðinni túlkun sem er mjög fróðlegt að fara yfir. Ég hef því miður ekki tíma til að fara langt í þeim efnum, virðulegur forseti, miðað við þann tíma sem hér er skammtaður við 1. umr. þessa máls. Það fékkst sem sagt ákveðin niðurstaða á þessu þingi sem er mjög athyglisvert að fara yfir. En það var mjög langt frá því að þetta leysti vandann og deilurnar héldu áfram og hvert þingið tók við af öðru. Næsta þing um þessi efni sem tengdist spurningunni um heilaga þrenningu og skilning á guðshugtakinu var haldið í Konstantínópel 381. Síðan fylgdi þing í Efesus 431 og það fjórða og kannski síðasta í þessari röð þinga sem tóku á þessum efnum var haldið í Kalkedon 451. En þrátt fyrir að fengin væri ákveðin niðurstaða í sambandi við deilur um þessi efni héldu þær áfram og hafa staðið alveg fram undir okkar daga.

Nú væri vissulega mjög freistandi að ræða það sem deilt var um í þessum efnum. Til er mjög fróðleg og góð samantekt í ágætu riti um þessi efni sem ég er hér með handa á milli sem heitir Kirkjan játar: játningarrit íslensku þjóðkirkjunnar / með inngangi og skýringum eftir doktor Einar Sigurbjörnsson, sem veitir ágætt yfirlit yfir þessi álitaefni sem ég hef verið að minnast hér á. Þar kemur fram m.a. að í lúterskum söfnuðum — það hafa ekki aðeins verið deilur milli austrænu og vestrænu kirkjunnar um þessi efni — hafa deilur verið uppi. Ég leyfi mér örstutta tilvitnun í þetta rit á bls. 63, skýringar um heilaga þrenningu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þrenningarlærdómur kirkjunnar hefur nokkuð verið gagnrýndur í nútímanum að ekki sé meira sagt og af þeim sökum hefur fjöldi guðfræðinga veigrað sér við að tala um þrenninguna. Þrenningarlærdómurinn er oft sagður vera uppáfinning kirkjuvaldsins á miðöldum til að stugga frjálslega hugsandi mönnum úr kirkjunni eða þá tilraun til að gera trúna að svo flóknu fyrirbæri hugsunarlega og þekkingarlega að ekki sé á annarra valdi en sérfræðinga að skilja hana."

Síðan er fjallað nánar um þetta efni í textanum með lærðum hætti og ágætum, en ég leyfi mér aðeins að vísa til þessa um leið og ég vil koma því til viðkomandi þingnefndar hvort ekki sé skynsamlegt að láta þau álitaefni sem varða sjónarhornið og skilning manna á heilagri þrenningu utan við lagatexta og vísa ég þá til tillögu í 1. gr.

Það hefði verið mjög freistandi, virðulegur forseti, að ræða þessi álitamál frekar en það er svo sem ekki endilega þörf á að gera það við 1. umr. og ég hef enga aðstöðu til þess eða löngun að reyna að skera úr einhverju í þessum efnum, alls ekki. Ég tel mig hvorki til þess bæran né hafa þekkingu á því. En ég er ekki frá því að margt af því sem tengist heilagri

þrenningu og túlkun á því hugtaki verði til þess að flækja málin í hugum margra á því sem teljast mætti kannski kjarni trúarlegra viðhorfa sem tengjast kristninni.

Ég mæli þetta hér sem ábendingu og athugunarefni til manna og þeirra sem fjalla munu um þetta mál.

Í þessu frv. er vissulega að finna mjörg mörg efni sem geta verið álitaefni og vil ég nefna fyrst af öllu að mér finnst að á meðan menn búa við þjóðkirkju og þá meginskipan sem hér er uppi, væri æskilegt að reyna að hafa reglurnar eða lagafyrirmælin sem einföldust í sniðum, að ganga ekki lengra í boði gagnvart hinum kristna evangelísk-lúterska söfnuði en nauðsyn krefst. Mér sýnist að í þeim efnum sé seilst lengra en þörf er á í nokkrum atriðum í þessu frv. Ég gæti reynt að finna því stað en læt þetta nægja sem ábendingu til þeirra sem um munu fjalla. Ég tek eftir því að víða er gert ráð fyrir því að settar séu og mótaðar almennar reglur sem kirkjan og hennar stofnanir hafi vald á að móta og ég hvet frekar til þess að menn færi sig í það farið eftir því sem eðlilegt getur talist.

Staða þjóðkirkjunnar og stofnana hennar er íhugunarefni. Ég hef fyrir framan mig Gerðir kirkjuþings frá 1995. Gerðir kirkjuþings eru mikil bók og ljóst er að um margt er fjallað á þeim vettvangi og margt þar athyglisvert. Í þessu riti á bls. 101 er m.a. að finna ritgerð á ensku sem er sameiginleg yfirlýsing eins og það heitir. Ég treysti mér ekki til að þýða þetta beint úr ræðustól, Joint Declaration on the Doctrine of Justification between the Lutheran World Federation and the Roman Catholic Church. Þetta er texti sem mér sýnist eingöngu vera á ensku. Þetta er mjög athyglisverður texti og vitnar um viðleitni til nálgunar á milli þessara höfuðkirkna í hinum vestræna hluta. Það sem þarna stendur yfir er dálítið merkilegt og ég hef kannski gert mig sekan um að ganga lengra en rétt var með því að lesa yfirskriftina því að yfir aðalfyrirsögn stendur, Not for quotation or publication, og bið forláts á því ef ég hef gengið gegn því sem eðlilegt var í þeim efnum. En nú er þetta komið hér í ákveðna gerð og ég ætla ekki annað en að vísa til þess að þarna er um að ræða mjög athyglisverða ritgerð eins og margt annað sem kemur fram í gerðum kirkjuþings.

Síðan er það sá þáttur sem snýr að hinni efnahagslegu undirstöðu þjóðkirkjunnar eins og tillögur eru um að ganga frá henni í þessu frv. Þar er vissulega kannski það sem ekki síst sætir tíðindum í þessu máli, þ.e. að breyta frá þeirri skipan sem hér var innleidd 1907 og þáverandi forstöðumaður Prestaskólans og síðar biskup frá 1909–1916, Þórhallur Bjarnason, átti mjög mikinn hlut í og sem varðaði meðferð á kirkjujörðum, en nefndur Þórhallur var stefnumótandi í þeirri lagasetningu og mikill áhrifamaður á sviðum kirkjumálefna en líka í stjórnmálum á þeim tíma. Hér er verið að breyta til frá því sem þarna var lögfest í sambandi við kirkjujarðir og hverfa að því ráði að kirkjan afsali sér þessum eignum sínum eins og það er skilgreint. En ég hafði vænst þess, virðulegur forseti, og beini því þá jafnframt til hæstv. ráðherra að svolítið gildari gögn fylgdu frv. um bakgrunn þessa gjörnings. Fskj. I, sem er frásögn af fundi nefndar ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumrn. frá 10. janúar 1997, dregur vissulega fram það samkomulag sem þarna lá fyrir um þetta efni. En mér finnst að hér sé á ferðinni nokkuð sem sé það stórt í sniðum að það kalli á gaumgæfilega skoðun af hálfu Alþingis áður en frá er gengið. Ég er ekki að andmæla því að þetta geti verið sú skipan sem rétt sé að taka upp. En ég er ekki sannfærður um að það sé öllu leyti horfið þar að réttu ráði um þessi efni. Ég held að það sé mjög brýnt að þingið a.m.k. fari vel yfir allan bakgrunn þessa máls sem hér er lagt til vegna þess að þar er vissulega verið að setja grunn undir tekjur þjóðkirkjunnar, fjárhag hennar og það sem hún á að byggja á af hálfu ríkisins á þeim grunni að þær eignir sem þarna er um að ræða séu eignir sem kirkjan sé að framselja og þannig sé ekki um að ræða annað en skipti á réttindum ef svo má segja, þ.e. það sem þarna er gert ráð fyrir og það reiknað til prestsembætta og starfsígilda af ýmsum toga. Þetta atriði hvet ég til, virðulegur forseti, að verði gaumgæft.

Í 60. gr. er, eins og hæstv. dómsmrh. vakti athygli á, að finna starfsreglur og þar stendur, með leyfi forseta:

„Kirkjuþing setur jafnframt nánari reglur um tiltekna þætti kirkjustarfsins sem eigi er fjallað um í hinum almennu reglum sem getið er um í 1. mgr. Þá staðfestir kirkjuþing stofnskrár og nánari reglur um stjórn og starfsemi stofnana er starfa á vegum þjóðkirkjunnar en kirkjuráð staðfestir endurskoðaða reikninga þeirra stofnana og birtir þá síðan í skýrslu sinni til kirkjuþings.“

Áður, í 1. mgr., er kveðið á um að um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar fari eftir almennum reglum o.s.frv. Ekki áttaði ég mig fyllilega á orðalagi þessarar greinar, þ.e. hvernig með skuli fara í sambandi við endurskoðun reikninga og stofnana kirkjunnar nema það sé skilningurinn að kirkjuráð hafi þar síðasta orðið í þeim efnum. Ég hef e.t.v. litið fram hjá því hvernig þessu skuli endanlega fyrir komið en vek athygli á því að þarna er kannski ekki alveg skýrt kveðið á um eða mig brestur skilning á því hvernig með skuli fara og nefni þetta því hér.

Virðulegur forseti. Ég hef ekki ráðrúm til að fara frekar í þessi efni. Vissulega er fróðleg sú skrá sem aðgengileg er og varðar upptalningu á þeim jarðeignum sem verið er að færa til frá hugtakinu kirkjujörð yfir í það að vera ríkisjarðir. Hér geta menn, hver úr sínu kjördæmi, skoðað hvað um er að ræða. Og það er vissulega umhugsunarefni og kannski eftirsjá í hugum einhverra að þetta færist frá hugtakinu kirkjujörð yfir í það að vera ríkisjörð í almennum skilningi eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég ætla aðeins í lokin, virðulegur forseti, að nefna það að í sambandi við hlutverk andlegra stofnana, ef við getum notað það hugtak um kirkjuna, þá skiptir gífurlega miklu máli, að mínu mati, fyrir vegferð manna að almennum gildum sem varða hugarheim okkar og viðhorf og afstöðu til þess sem órætt getur talist sé gefinn gaumur. Ég held að á hinni hraðfara tækniöld sem við lifum nú á þar sem hröðunin í þróun þess sem tengist mannlegu samfélagi er svo gífurleg þá skipti það afar miklu máli að stofnanir sem ætla sér hlutverk og tengjast almennum gildum séu vökular, að þær séu lifandi þátttakendur í þeirri umræðu sem varðar vegferð mannkyns.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar á því að skekkja er í tímamælingu og hv. þm. mun eiga enn eftir átta mínútur af sínum tíma.)

Ég þakka virðulegum forseta. Ég skal athuga hvort ég fylli í þann tíma. Það er margt (**Gripið fram í:** Þú getur það.) sem ég hefði viljað segja í sambandi við málið en hef auðvitað leitast við að byggja mitt mál upp þannig að því mætti ljúka skaplega innan þeirra tímamarka sem ég hef til hliðsjónar.

Ég ætla þá aðeins að víkja frekar að því sem ég var að nefna undir lokin, þ.e. hversu þýðingarmikið það er að stofnanir og þar á meðal stofnun eins og þjóðkirkjan, en það á við í rauninni öll þau samtök manna sem ætla sér að veita

einhverja leiðsögn, leitist við að vera virkir þátttakendur í umræðu samfélagsins um þau vandamál sem við blasa hér á landi en ekki síður og alveg sérstaklega alþjóðlega séð varðandi vegferð manna.

Það var á það minnst hér fyrr á þessum degi að jafnvel einstakir þingflokkar væru með svartagallsraus, ef ég skildi það rétt, sæju heimsenda fyrir sér, ekki aðeins öðru hvoru heldur dag hvern ef ég tók rétt eftir og gott ef ekki var verið að víkja að þeim þingflokki sem ég starfa í. En það er hins vegar svo að mínu mati að margt af því sem blasir við okkur er þess eðlis að þó það þýði ekki endalok jarðar sem plánetu, því enn hefur maðurinn ekki mátt til að sprengja hana í tætlur þó að afl kjarnorkunnar sé mikið, þá erum við hins vegar stödd á slíkum vegamótum vegna þeirrar miklu hröðunar sem tengist efnahagskerfi nútímans og samfélagi okkar um leið að við þurfum sannarlega að gæta að okkur. Í þessum skilningi er hlutverk stofnana eins og þjóðkirkjunnar og annarra sem hafa metnað til þess að hafa einhverja leiðsögn, afar þýðingarmikið. Við höfum verið að ræða á Alþingi mál um það hversu tæknin er orðin nærgöngul gagnvart lífinu. Við ræddum það í sambandi við breytingar á veganesti manna í tengslum við erfðabreytingar, veganesti lífveranna, ekki bara mannsins heldur líka annarra lífvera, þar sem menn eru komnir að mínu mati á afskaplega hættulega slóð og þyrftu að staldra við áður en menn láta tæknina taka af sér völdin þannig að ekki verði við snúið.

Ég hef gengið í gegnum margt í mínu eigin mati á andlegum málum og viðhorfum og ætla ekki að fara að rekja það hér vegna þess að það er einkaeign manna út af fyrir sig og enginn skapar heim fyrir annan í þeim efnum. En mér hefur fundist að þörfin fyrir skilning á viðhorfum annarra og tillitssemi í annarra garð sé eitt það þýðingarmesta sem tengist samstarfi manna, í trúfélögum sem annars staðar og að rækt við það skipti afar miklu. Við þekkjum menn sem mega teljast andlegir leiðtogar Íslendinga, þó ekki séu af kirkjunnar sviði og sem hafa gengið í gegnum mjög stórbrotnar byltingar í eigin lífi. Þá er ég að vitna til rithöfundar okkar, Halldórs Kiljan Laxness sem enn lifir meðal vor. Þar hafa menn dæmi um stórveldi á andlegu sviði sem hefur leyft sér þann munað að fara í gegnum hin ólíkustu viðhorf gagnvart sjálfum sér til trúarmálefna og málefna vestræns menningarheims eins og við þekkjum hann í gegnum sögu kirkjunnar. Oft hef ég, þegar ég hef farið í gegnum hugleiðingar Halldórs Laxness, fundið fullkominn samhljóm með því sem hann hefur verið að skrifa hverju sinni, hvort sem það er frá hinu kaþólska skeiði hans eða afneitunarskeiði eða vissu afturhvarfi, kannski á síðari hluta ævinnar, til þess að líta á gildin út frá víðara sjónarhorni og ná ákveðinni sátt milli þeirra andstæðna sem í honum toguðust á.

Ég ætla að leyfa mér að þessu sinni, virðulegur forseti, að gera orð sem hann lét falla í Alþýðubókinni að mínum lokaorðum hér, ekki vegna þess að ég geti ekki samsamað mig með öðrum orðum og gripið annars staðar niður í textanum, en það má alveg vera það sem ég vil ljúka máli mínu með í dag. Í ritgerðinni um trú, sem ber fyrirsögnina: Trú, segir, með leyfi forseta:

„En ef trú skyldi nú reynast andlægur og afstæður hæfileiki en ekki hlutlægur og óbrigðull sannleiki, þá leyfi ég mér að mæla með sjálfum mér sem trúmanni. Vitund mín öll er uppljómuð af hamingjusömu trausti á þann alheim sem við lifum í. Að vísu gerist ég ekki fjölorður um rök þeirra hluta sem liggja utan skynheims vors því þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru hrókaræðurnar um hinstu rök tilverunnar leikur að stráum. Eitt er víst. Vér höfum ástæðu til að standa tignandi andspænis hinni miklu verðandi heims og hugar. Ég hlýði manna fúsastur á h-moll messu Bachs og er þess fullviss að tignun vor á hinu óumræðilega á sér ekki æðra mál en hljóma. Og hvað sem er um „sálina" þá hefur það löngum verið trúa mín að lífið sé yfirleitt ekki þeirrar tegundar að geta dáið."

[16:00]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn fagna ég og undrast satt að segja hæfileika hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að geta í beinu framhaldi af karpinu um Landsvirkjun tekist að skipta yfir á aðra strauma og það svo að hann fyllti út ræðutímann og munaði ekki um. Það er líka gott til að hugsa hvað hann umgengst af mikilli virðingu skoðanir annarra og vill að þannig sé um fjallað. Vissulega er langur vegur frá kirkjuþinginu í Níkeu, mig minnir 325, til Alþingis Íslendinga 1997, en við munum vafalaust ekki fjalla hér um kenningar kristninnar heldur þá umgjörð sem þjóðkirkjunni er búin. Ég mun í seinni ræðu minni við 1. umr. ræða um eignamál kirkjunnar og þann samning sem verið er að gera.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á að í annarri línu frv., þ.e. í kaflanum Heiti og undirstaða, 1. gr., stendur að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja þjóðkirkjuna. Samkvæmt stjórnarskránni er það að styðja og vernda. Þarna hafa orðið pennaglöp og ég mun leggja til breytingu til samræmis við stjórnarskrána þannig að þarna standi að styðja og vernda þjóðkirkjuna.

Varðandi skírn í nafni heilagrar þrenningar sem hv. þm. spyr um vil ég segja það að á Íslandi eru börn eru skírð í nafni guðs föður, sonar og heilags anda, í þjóðkirkjuna, og skírnin er um leið innganga í kirkju Krists. Það eru engin áhöld um að þrenningarlærdómurinn er undirstaða í hinni íslensku þjóðkirkju. En með ábendingar hv. þm. mun allshn. vafalaust fara vel og skoða rækilega og gefast mörg tilefni og tækifæri til umræðna.

[16:02]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir viðbrögð við máli mínu og stuðning við það að breyta 2. mgr. 1. gr. til samræmis við stjórnarskrárákvæði. Við hitt efnið, stóra efnið til umhugsunar og umræðu, ætla ég ekki að bæta neinu. Það er aðeins sú ábending af minni hálfu hvort ekki væri rétt að hafa textann einfaldari að þessu leyti, m.a. í ljósi þeirra ólíku viðhorfa sem fram hafa komið um langa hríð innan kirkjunnar til túlkunar á því sem tengist heilagri þrenningu. Og þá á ég ekki aðeins við hina evangelísku-lútersku en einnig innan hennar.

[16:03]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem fáu við að bæta að sinni, en það er margt í í þessu frv. sem vissulega væri hægt að einfalda og mun verða einfaldað síðar meir, það er ég alveg viss um. Þar er t.d. kafli um sóknarnefndir, þar er ýmislegt sem kirkjuþing getur sett inn í starfsreglur og fleira í þeim dúr sem væri kannski ástæðulaust að hafa hér. En ég hygg að skrefið sé nógu stórt að sinni og kirkjuþing og kirkjan í heild hafi gott af því að takast á við þessa stjórnsýslu sem henni er fengin að svo stöddu. Ég álít að það kæmi öllum vel. Síðan mundi þjóðkirkjan væntanlega óska eftir breytingum á lögunum ef henni svo sýndist. Í raun og veru eru tengsl ríkis

og kirkju orðin meira táknræn með þessum lögum heldur en að tengslin séu mikil. Það eru stjórnskipulegu tengslin sem eftir eru.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Frv. það sem hér um ræðir er að mínu áliti þannig úr garði gert að flest þau efnisatriði og þær breytingar sem í því er að finna horfa til betrumbóta á fyrirkomulagi og skipulagi hinnar íslensku þjóðkirkju. Ég hygg að almennt séð hafi frumvarpshöfundum sem koma frá báðum aðilum, þ.e. ríki og kirkju, tekist að feta hinn gullna meðalveg og ná fram þeim meginmarkmiðum sem að var stefnt við þessa frumvarpssmíð, nefnilega þeim að auka hægt og bítandi en örugglega sjálfstæði kirkjunnar og gera gleggri þær leikreglur sem henni ber að vinna eftir, svo og þær skyldur sem ríkið tekur á sig með stuðningi við starfsemi kirkjunnar.

Hvað varðar hin fjárhagslegu samskipti þessara tveggja aðila þá eru þau um allt miklu betur skilgreind en verið hefur. Í þriðja lagi er reynt að binda í lög aukna þátttöku leikmanna í stofnunum og starfsemi þjóðkirkjunnar. Þetta held ég að hafi tekist með miklum ágætum þó að auðvitað megi deila um einstök atriði í einstökum greinum. Ég vænti þess að allshn. muni fara gaumgæfilega ofan í þau mál. Ég held hins vegar að mikilvægt sé að menn setjist ekki á þetta stóra mál heldur kappkosti að ljúka afgreiðslu þess á þessu þingi. Eins og ég gat um, þá er meðgöngutími þessa frv. orðinn nokkur ár og mikil vinna sem að baki liggur eins og kemur fram í ítarlegri greinargerð með því. Ég óska því eftir og vænti þess að allshn. muni bretta upp ermar og vinna hratt og vel að frágangi þess.

Það verður auðvitað ekki hjá því komist þegar þessi mál ber á góma að fara nokkrum orðum um stöðu íslensku þjóðkirkjunnar í hinu íslenska samfélagi, einkum og sér í lagi vegna þeirrar almennu, opinberu umræðu sem átt hefur sér stað um hana á síðustu missirum. Sú umræða hefur verið margvísleg, en mitt mat er nú það að þegar lögð er almenn mælistika á hana, þá hefur hún oftar en ekki verið eins og úr fasa, snúist um algjör aukaatriði og oft og tíðum byggst á verulegum þekkingarskorti þeirra sem haldið hafa henni á lofti.

Ég nefni sem dæmi að á síðari stigum þessarar háværu umræðu hafa fjölmiðlar sýknt og heilagt verið að halda því á lofti að mikill fólksflótti hafi verið frá þjóðkirkjunni á síðustu mánuðum og missirum. Þegar menn gaumgæfa þessar tölur og skoða í samræmi við þann heim íslenskra þegna sem þar hafa valið sér skjól, þá er auðvitað ekki um neinn fólksflótta að ræða, langt í frá. Það er raunar um örfáar sálir að ræða sem valið hafa sér annan samastað og er ekkert um það að segja. Það er því auðvitað fjarri lagi þegar menn draga slíkar víðtækar ályktanir og gefa sér að einhver almennur flótti hafi átt sér stað úr hinni íslensku þjóðkirkju á síðustu missirum í kjölfar háværra umræðna um hana. Vissulega hefur meiri hreyfing orðið á milli trúfélaga nú upp á síðkastið en áður hefur þekkst, enda var hreyfingin satt að segja lítil sem engin þegar horft er á heildina í þessu sambandi. Það þarf í sjálfu sér ekki að koma nokkrum á óvart að einhver eilítil aukning verði þar á. En allt tal um að hin íslenska þjóðkirkja sem telur rétt um 90% Íslendinga sé á hverfanda hveli og að allt stefni í þá áttina að hún verði hugsanlega skjól minni hluta Íslendinga er auðvitað fjarri lagi. Hér erum við að tala um kirkju sem í eru að eigin ósk og eigin vilja yfir 90% Íslendinga. Það er rétt að halda því mjög til haga og ég lýsi vanþóknun minni á slíkum málflutningi sem borið hefur á sem auðvitað miðar ekki að neinu öðru en því að skapa úlfúð og glundroða, einhvers konar leiðindi. Stundum er um hreina athyglissýki að ræða, stundum er auðvitað um það að ræða að einstakir trúarhópar og trúfélög ónefnd séu í samkeppni um sálir og noti til þess aðferð á borð við þær sem ég nefndi hér áðan.

Á hinn bóginn er það svo að deilur innan kirkjunnar sjálfrar og meðal kirkjunnar manna upp á síðkastið um keisarans skegg hafa auðvitað orðið til þess til skamms tíma að ýmsa hefur sett hljóða. Og ýmsir hafa velt vöngum yfir því hvers kyns ástand sé á ferð innan kirkjunnar, á meðal þeirra trúnaðarmanna sem kristnir menn og þeir sem vinna innan þjóðkirkjunnar hafa valið sér. Og ég fer þess mjög eindregið úr leit úr þessum ræðustóli, virðulegi forseti, að kirkjunnar þjónar fari að stilla málflutningi sínum í hóf og sýna hið kristilega umburðarlyndi, kærleika og fyrirgefningu í samskiptum sín á milli líkt og við til að mynda reynum að gera hér á hinu háa Alþingi eins og þekkt er.

Ég hef svo sem engar áhyggjur af því að það gangi ekki þannig fram. Mín tilfinning er raunar sú þegar grannt er skoðað að það séu aðeins örfáir þjónar kirkjunnar sem hafi farið fram með þeim hætti sem ástæða er til að gagnrýna. Það sé með öðrum orðum örlítill hávær minnihlutahópur.

Ég segi á hinn bóginn að íslenska þjóðkirkjan þarf auðvitað ekki og á ekki að forðast eða kveinka sér undan almennri heiðarlegri gagnrýni á innri mál kirkjunnar og starfsemi hennar í heild. Og ég hygg að þetta frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar undirstriki það að kirkjan á auðvitað ekki að láta sér neitt mannlegt óviðkomandi jafnvel þó að það kunni til skemmri tíma að kalla fram ólík sjónarmið og ólík viðhorf. Kirkjan á með öðrum orðum að vera áræðin og ekki óttast að taka á viðkvæmum álitamálum eins og fátækt í landinu, viðkvæmum álitamálum sem sumpart hafa verið einkamál stjórnmálamanna hvernig eigi að sinna, eins og félagslegri þjónustu við fólk sem stendur höllum fæti. Auðvitað hefur kirkjan komið beint og óbeint að því máli, beint með starfsemi á borð við Hjálparstofnun kirkjunnar, sem hefur látið gott af sér leiða innan lands og utan, óbeint í messugjörð og með ákalli frá kirkjunnar mönnum til þeirra sem með peningavald fara, að þeir hugsi til þessara bræðra okkar og systra sem standa höllum fæti og erfitt eiga með að brauðfæða sig og sína. Ég minnist þess að í umræðum í desember var þetta ákall þjóðkirkjunnar einmitt mjög ofarlega á baugi og fullkomlega með réttu. En þetta gerir það hins vegar að verkum að kirkjan hlýtur að vera reiðubúin til þess að mæta efnislegri gagnrýni sem fram kemur um það hvernig best verði að slíkum stuðningi staðið, hvernig kirkjan geti best rétt þeim hjálparhönd sem þurfa á því að halda.

Ég hygg til að mynda í því sambandi og hef lengi verið þeirrar skoðunar að íslenska þjóðkirkjan þurfi að vera eilítið gagnsærri og sýnilegri en hún hefur verið. Um sumt er hún býsna feimin að takast á við eins og reynslan hefur sýnt. Ég leyni því til að mynda ekkert að ég deili sjónarmiðum með þeim kirkjuyfirvöldum, sænskum minnir mig, sem tóku þá grundvallarákvörðun að gera trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar þar í landi að starfa ekki innan leynifélaga. Mér hefur alltaf fundist það eiga einkar illa við að kirkjunnar menn, eins og raunar dómarar, séu fulltrúar í einhverjum leynireglum og leynifélögum sem vinna ekki fyrir opnum dyrum heldur í lokuðum bakherbergjum. Mér finnst það fullkomlega í andstöðu við þann anda sem kirkjan á að vinna eftir og fyndist

ástæða til að kirkjunnar menn sjálfir og kirkjuþing hefðu að því frumkvæði að taka á málum af þeim toga. Kirkjunnar menn, prestarnir, verða nefnilega að koma til dyranna nákvæmlega eins og þeir eru klæddir, eins og nokkur kostur er. Allt pukur og öll undirmál eru fullkomlega í andstöðu við meginhlutverk þeirra að mínu áliti.

Menn hafa eðlilega velt vöngum yfir samskiptum ríkisins og kirkju í þessari umræðu. Stjórnarskráin okkar er auðvitað skýr og afdráttarlaus hvað þetta varðar. Þetta samspil ríkis og kirkju er þar niður neglt í meitlaðri setningu sem segir að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Um þetta var ekki deilt. Á hinn bóginn hafa ýmsir þau sjónarmið að það sé affarasælla fyrir bæði kirkju og raunar ríki að skilja algerlega á milli. Ég er ekki sammála því, en sú umræða á kannski ekki við á þessum vettvangi, því að hér erum við auðvitað að ganga frá lagasetningu, ítarefni, ef svo mætti segja, *við stjórnarskrána, þar sem við erum raunar að* fullnægja þeim ákvæðum sem í henni er að finna.

Einnig hafa menn velt því fyrir sér hvort stjórnarskráin í sjálfu sér sé mótsagnakennd og að þetta ákvæði hennar gangi ekki upp þegar horft er á annað ákvæði hennar sem varðar trúfrelsi. Ég held að menn hafi svarað því álitamáli mjög skýrt og greinilega og ég ætla ekki að endurtaka það. Það er út af fyrir sig ekkert í stjórnarskránni eða í íslenskri löggjöf sem kemur í veg fyrir að þeir geti valið sér það trúfélag sem þeir vilja og látið að stórum hluta þá mörkuðu tekjustofna, skattgreiðslur, *sem hjá 90% þjóðarinnar renna* til þjóðkirkjunnar, renna til síns trúfélags. Þá á ég við sóknargjöldin. Um þetta held ég að þurfi ekki að deila, þótt um hitt grundvallaratriðið geti menn út af fyrir sig tekist á, og gera það væntanlega fyrr eða síðar, hvort ríkið og kirkjan eigi yfirleitt að eiga samleið. Ég er hins vegar sannfærður um að reynsla okkar af slíku hefur verið góð og þegar við höfum haft góða reynslu af skipan mála, þá eigum við ekki að hlaupa í breytingar breytinganna vegna. Reynslan af slíkum flumbrugangi hefur ekki verið góð. En nóg um það að sinni þó að ég gæti út haft langt mál um það.

Ég vil undirstrika enn frekar þetta mikilvæga hlutverk kirkjunnar í íslensku samfélagi. Nú hafa ýmsir haldið því fram að sökum þess að kirkjusókn almennt séð er svona og svona frá einum stað til annars þá sé það lítill hluti almennings sem láti sig í rauninni einhverju varða hvernig gangur mála er í hinni íslensku þjóðkirkju, hafi engin afskipti af henni frá degi til dags eða viku til viku hvernig hlutirnir ganga fram og það skipti fólk raunverulega engu máli. En auðvitað er það ekki þannig þegar grannt er skoðað. Auðvitað er það þannig í raun og sanni að oft á hverju einasta ári kemur fólk til kirkju sinnar í gleði og sorg, sækir þar ráðleggingar og þjónustu af ýmsum toga. Þær hefðbundnu athafnir sem við þekkjum, skírnin, fermingin, hjónavígslan og greftrunin eru auðvitað aðeins toppurinn á þeim ísjaka. Hin félagslega aðstoð kirkjunnar manna, áfallahjálp af ýmsum toga og sálræn leiðsögn, er miklu umfangsmeiri heldur en ég hygg að flestir geri sér grein fyrir, því að það er eðli þeirra starfa að um þau er ekki hrópað á torgum. Það eru störf sem ber og eru að sönnu unnin kyrrþey og verða það ævinlega og því ekki talin í einhverri meintri afrekaskrá íslenskrar kirkju eða þjóna hennar. Ég held því að þegar menn skoða hug sinn nánar en alla jafna þá átti margir sig á því að kirkjan er kannski þrátt fyrir allt miklu snarari þáttur í lífi hvers einstaklings en margir vilja vera láta.

Ég heyrði t.d. einn hv. þm. ræða um mátt bænarinnar í þessu. Ég hygg að ég fari rétt með að einhvern tíma hafi menn spurt um bænir í almennri könnun hér á landi en þar kom fram að ótrúlega víða á íslenskum heimilum var bænin ófrávíkjanlegur þáttur í daglegri önn. Það getur vel verið að margir tengi það ekki kirkjunni sem slíkri en auðvitað er skylt skeggið hökunni og kirkjan kristninni.

Ég vil hins vegar, virðulegi forseti, að loknum þessum almennu hugleiðingum mínum víkja að einum þeirra meginþátta sem eru meðal þriggja eða fjögurra helstu markmiða þessa frv. og það er aukin þátttaka leikmanna í kirkjunnar starfi. Ég sagði hér áðan og endurtek að ég held að það sé mjög til bóta. Ég held að það sé til bóta fyrir kirkjunnar þjóna, presta og aðra starfsmenn hennar, og ekki síður fyrir söfnuðinn og þá leikmenn sem hlut eiga að máli. Þess vegna finnst mér að það komi mjög til athugunar varðandi æðsta valdið í málefnum þjóðkirkjunnar, kirkjuþingið, að menn taki þar stærri skref en hér er gert ráð fyrir. Kirkjuþingið fær hér talsvert aukið vægi í samskiptamunstri ríkis og kirkju og raunar um skipan allra mála kirkjunnar. Allt gott er um það að segja. En mér hefur stundum komið til hugar þegar ég hef fylgst með því í fjölmiðlum að fulltrúar á kirkjuþingi eru að ráða ráðum sínum, að þar hafi setið 10, 12, 15 eða 20 fulltrúar og tekið ákvarðanir um allt það sem máli skiptir. En þær ákvarðanir fá núna meiri vigt eftir að við höfum afgreitt þetta frv. Þess vegna kasta ég því fram hvort ekki sé miklum mun skynsamlegra að menn geri þetta kirkjuþing að *öflugri, lýðræðislegri stofnun og menn sjái þar 50–100 eða* 200 manna lifandi umræðuvettvang leikmanna og presta. Þar verði síðan teknar ákvarðanir á grundvelli þeirra umræðna. Mér finnst þetta kirkjuþing og skipan þess minna eilítið á miðstjórnir stjórnmálaflokka eins og þær voru til forna þar sem örfáir einstaklingar réðu ferð. Ég held að það sé aðeins einn stjórnmálaflokkur á Íslandi til að mynda sem hefur miðstjórn sem telur 12 manns, ef ég man rétt. Er það ekki flokkur hæstv. dómsmrh. sem er enn þá með slíka samkundu en þingmenn fá eitthvað að koma þar að? (**Gripið fram í:** Aldrei fundur í henni.) Sjaldan fundur og lítið afráðið. En það er aukaatriði í þessu máli. Ég sé þetta fyrir mér og velti því hér upp. Þetta er auðvitað stórt skref en ég vil sjá áhrif raunverulegs leikmanna, miklum mun meiri en verið hefur, ekki aðeins ráðgjöf þeirra og þátttöku í kristilegu starfi, heldur afl þeirra, vald og áhrif.

Ég veit vissulega að prestastefna gegnir hér umtalsverðu hlutverki en prestastefna er allt annars eðlis. Hún er eins konar stéttarfélagasamkunda þar sem prestarnir eru að fjalla um sín mál mestan part, kjaramálin og annað sem að þeim lýtur. En kirkjuþingið tekur á hinum háheilögu málum og mér finnst eðlilegt að menn taki stærri skref í þessu efni, þó að fjölgað hafi verið leikmönnum á kirkjuþingi, og hafi þetta ekki fámennisvald heldur hafi þarna umræðuvettvang, einhvers konar samkomu þar sem kristnir menn í þjóðkirkjunni hittast hundruðum saman, ráða ráðum sínum og taka ákvarðanir. Þetta finnst mér mikilvægt í ljósi þess að menn eru hér að feta rétta slóð og ég held að það mundi styrkja innviði kirkjunnar og einnig hana út á við.

Ég fagna því mjög að menn skuli hafa gert heiðarlegar tilraunir til þess að skilja á milli og glöggva miklum mun betur en verið hefur fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Það hefur allt of lengi verið þannig að þegar menn hafa viljað koma höggi á kirkjuna þá hafa þeir einfaldlega haldið því fram að hún væri á framfærslu ríkisins. Það er auðvitað ekki svo,

ekki nema að hluta til. Sóknargjöldin og aðrir tekjustofnar kirkjunnar, lögbundnir og ólögbundnir, hafa auðvitað staðið undir verulegum hluta af starfsemi kirkjunnar. Í þessu frv. er tiltekið skýrt og afdráttarlaust að ríkið sér um laun tiltekinna presta, ég man ekki töluna, 138. Það er skýrt og greinargott. Kirkjan hirðir sóknargjöld sín og önnur lögbundin og ólögbundin framlög samkvæmt lögbundum tekjustofnum. Síðan er ekkert meira um það að segja.

Það sem veldur mér hins vegar miklum áhyggjum í sambandi við frv. eru athugasemdir fjmrn. við það. Á sama tíma og mér finnst, og raunar hygg ég að hæstv. ráðherra hljóti að deila þeirri skoðun með mér, að hér séu gerð glögg skil og skýr í þessum fjárhagslegu samskiptum, þá hefur hæstv. fjmrh. allt aðra sýn á það mál. Í löngu máli á fskj. II, þ.e. umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn., eru rakin ýmis álitaefni sem skrifstofan telur að vakni með þessu frv. Og ég vil spyrja hæstv. kirkjumrh. hvaða augum hann lítur þessa umsögn hæstv. fjmrh. Er hann henni sammála? Finnst honum að hér séu menn þvert á markmið frv. að rugla saman reitum og ganga í allt aðra átt en markmið frv. gerir ráð fyrir, að samskipti ríkisins og kirkjunnar í fjárhagslegu tilliti séu jafnvel óskýrari en fyrr? Ég ætla ekki að lesa hér einstök atriði þessara athugasemda. Þær eru hér í ítarlegu máli á tveim og hálfri blaðsíðu og að lyktum segir hæstv. fjmrh. að sökum þess að margt sé svo óskýrt í frv. þá sé tæpast gerlegt að meta kostnaðaráhrif þess sem skyldi. Þetta eru auðvitað mjög stór orð og og ég minnist þess að það er ekki oft sem maður sér texta á borð við þennan í jafnítarlegu frv., þ.e. að fjmrn. raunar segi: Þetta er ekkert í lagi, þetta er nánast í ólagi.

(**Forseti** (GÁ)**:** Nú vill forseti spyrja hv. þm. hvort hann kýs að ljúka ræðu sinni í dag eða fresta henni.)

Þingmaðurinn hyggst ljúka henni innan örfárra sekúndna.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti gefur hv. þm. þá þann tíma.)

Ég hef þá komið þessari fyrirspurn á framfæri við hæstv. ráðherra. Ég held að það sé mikilvægt að við komum þessu á þurrt. Ég er hins vegar stuðningsmaður hæstv. kirkjumrh. í þessum efnum og tel að hæstv. fjmrh. sé á hálfgerðu gönuhlaupi í þessum efnum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegi forseti. Ég get endurtekið það sem ég sagði í upphafi. Ég held að við séum að feta hér rétta slóð og fundinn hafi verið að flestu leyti gullinn meðalvegur til þess að efla sjálfstæði kirkjunnar og skýra mjög þær leikreglur sem í gildi þurfa að vera millum ríkisins annars vegar og kirkjunnar hins vegar.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 16:31.

---

70. FUNDUR

fimmtudaginn 13. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557. — Frh. 1. umr.
2. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558. — 1. umr.
3. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 1. umr.
4. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — 1. umr.
5. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — 1. umr.
6. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — 1. umr.
7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, nál. 584. — 2. umr.
8. Hjúskaparlög, frv., 176. mál, þskj. 195. — 1. umr.
9. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 209. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.
10. Umboðsmaður Alþingis, frv., 244. mál, þskj. 381. — 1. umr.
11. Ríkisendurskoðun, frv., 262. mál, þskj. 497. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Varamenn taka þingsæti.

[10:32]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Borist hafa tvö bréf, það fyrra dags. 12. febr. 1997:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún Helgadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Það er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv."

Kjörbréf Guðrúnar Helgadóttur hefur þegar verið rannsakað. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi. Ég býð hana velkomna til þingstarfa á ný.

Síðara bréfið er svohljóðandi:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Þjóðvaka í Reykjavíkurkjördæmi, Mörður Árnason íslenskufræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv."

Kjörbréf Marðar Árnasonar hefur þegar verið rannsakað. Hann hefur áður tekið sæti á Alþingi. Ég býð hann velkominn til þingstarfa á ný.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Í dag kl. hálftvö síðdegis fer fram utandagskrárumræða um meðferð yfirvalda á máli Hanes-hjónanna. Málshefjandi Sigríður Jóhannesdóttir. Dómsmrh. Þorsteinn Pálsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

Afturköllun breytingartillagna.

[10:34]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka eftirfarandi fram: Út af orðum sem féllu hér í gær við upphaf atkvæðagreiðslu um frv. um Landsvirkjun um afturköllun breytingartillagna þykir forseta ástæða til að leiðrétta misskilning sem þar kom fram og skýra stuttlega reglurnar sem um þetta gilda.

Meginregluna er að finna í 60. gr. þingskapa en þar segir að breytingartillögu megi afturkalla á hverju stigi umræðu sem er en heimilt er hverjum þingmanni að taka hana jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Það er að vísu afar sjaldgæft að slíkt sé gert í seinni tíð. Frá þessari meginreglu eru undantekningar, bæði skráðar og óskráðar, sú helst sem frá er greint í 2. mgr. 60. gr. að flm. má kalla brtt. aftur til 3. umr. og kemur hún þá fyrst til afgreiðslu við þá umræðu. Fyrir 3. umr. er hins vegar hvorki þörf á að endurflytja né endurprenta tillöguna.

Annað gildir hins vegar samkvæmt gamalli þingvenju við fjárlagaafgreiðslu. Breytingartillögu við 2. umr. fjárlaga sem hefur verið kölluð aftur verður að endurflytja við 3. umr. ef þingmaður vill láta á hana reyna þá.

Vera má að þetta atriði hafi valdið misskilningi við atkvæðagreiðslu við 2. umr. á þriðjudag um Landsvirkjun. Þá kallaði 1. minni hluti iðnn. aftur brtt. sem hann flutti sameiginlega með 2. minni hluta, eða féll af sinni hálfu frá tillögunni, og stóð 2. minni hluti þannig eftir það einn að tillögunni. Hann átti þá rétt til að kalla tillöguna aftur til 3. umr. sem hann og gerði og þess vegna var skjalið með brtt. sett á dagskrá með málinu við 3. umr.

Þessar útskýringar vildi forseti að fram kæmu hér af forsetastóli vegna þess misskilnings sem virtist gæta um afturköllun breytingartillagna.

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557.

[10:37]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég fagna því að frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er lagt fram til umfjöllunar á Alþingi. Það þarf ekki að orðlengja það að hér á landi hafa lengi verið mjög náin tengsl milli ríkis og kirkju. Íslenska kirkjan hefur samt sem áður haft sjálfstæði í innri málum sínum um guðsþjónustuna, helgisiði, skírn, fermingu og veitingu sakramentanna. Ytri rammi kirkjustarfsins er hins vegar ákveðinn í lögum.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum til að auka sjálfræði kirkjunnar og henni fengnir sérstakir tekjustofnar til ýmissa þátta í starfsemi sinni. Þessar breytingar og aukin ábyrgð kirkjunnar manna sem þeim fylgja hafa tvímælalaust orðið til þess að efla starfsemi þjóðkirkjunnar. Ég tek heils hugar undir höfuðforsendur frv. sem koma fram í grg. en þar segir, með leyfi forseta:

„Höfuðforsendur lagafrumvarps þessa eru sem hér segir:

a. Veruleg aukning á innra starfi kirkjunnar og örar breytingar á því kalla á nauðsynlegar breytingar á kirkjulöggjöfinni og jafnframt á aukna og styrkta stjórnsýslu á kirkjulegum vettvangi.

b. Búsetu- og þjóðfélagsbreytingar, ásamt breyttum og bættum samgöngum, kalla á aukinn sveigjanleika í starfi kirkjunnar.

c. Umræða á pólitískum vettvangi um að endurskoða þurfi samband ríkis og kirkju kallar á svar stjórnvalda og kirkjunnar sjálfrar um heppilega og eðlilega framtíðarskipan um stöðu hennar."

Prestaköll hér á landi eru afar misjöfn bæði hvað snertir landfræðilega stærð og legu og einnig fjölda sóknarbarna. Í fámennasta prestakalli landsins eru t.d. innan við 200 manns og litlu fjölmennari eru mörg prestaköll og ég nefni þá sem dæmi á Suðurlandi og Skagafirði og reyndar víðar. Á sama tíma losa fjölmennustu prestaköllin 11.000 manns, t.d. Grafarvogsprestakall í Reykjavík. Þar eru starfandi tveir prestar. Sums staðar er brýn þörf á að fá fleiri presta til starfa en annars staðar mætti e.t.v. sameina prestaköll og færa þá störf þangað sem þörfin er brýnust.

Í 49. gr. frv. er gert ráð fyrir því að kirkjuþing setji starfsreglur samkvæmt 60. gr. um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Í umræddum starfsreglum skulu m.a. vera reglur varðandi skiptingu kirkjusóknar og sameiningu sókna og um sóknarmörk. Samkvæmt greininni er það lagt í hendur kirkjunnar manna að skipa þessum málum sem þeir telja best þjóna hagsmunum safnaðanna í landinu. Þetta tel ég vera mjög eðlilega og góða skipan og engum treystandi betur en þeim sem málin brenna á að haga þeim á sem skynsamlegastan hátt. Ég tel raunar að 49. gr. sé ein af mikilvægustu greinum þessa frv.

Í 61. gr. frv. er síðan fest niður með mjög skýrum hætti hve margir starfsmenn kirkjunar þiggi laun úr ríkissjóði. Það er ljóst af þeirri grein að ekki verða greidd laun til fleiri en 138 presta nema skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar fjölgi og er þá miðað við að einn prestur komi til starfa fyrir hver 5.000 manns. Í framtíðinni mun því reyna á að ákvæði 49. gr. verði virk og auðveld í framkvæmd svo kirkjan geti nýtt sem best krafta starfsmanna sinna í samræmi við þarfir safnaðanna á hverjum tíma.

Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort ákvæði 39. gr. um æviráðningu presta geti e.t.v. gert örðugt að ná fram ákvæðum 49. gr. og þar með tafið fyrir nauðsynlegum sveigjanleika sem kirkjan verður að hafa til að færa til starfsmenn sína svo sem þörf kallar á. Þess vegna vil ég spyrja kirkjumrh. um álit hans á því.

[10:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær mjög svo málefnalegu og ítarlegu umræður sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga mál sem vissulega markar nokkur tímamót í kirkjurétti. Það er e.t.v. ekki ástæða til þess að víkja að öllum

þeim atriðum sem komið hafa fram í umræðunni en ég vildi gjarnan víkja að nokkrum þeirra og spurningum sem til mín hefur verið beint.

Fyrst vildi ég koma að því sem hv. 8. þm. Reykv. sagði, að hann hefði gjarnan viljað sjá meiri rammalöggjöf, eins og hann orðaði það, í þessu frv., þ.e. færri ákvæði sem Alþingi væri að binda niður í lögum og meiri yfirfærslu á verkefnum og ákvörðunum yfir til kirkjunnar. Ég get um margt verið sammála hv. 8. þm. Reykv. í þessu efni. Í frv. eins og það liggur fyrir eru nokkur atriði sem ég sjálfur tel að væri eðlilegt að færa yfir til kirkjunnar í þessu efni. En það er á ýmislegt að líta í þessu efni. Við stigum fyrsta stóra skrefið til að auka verkefni kirkjunnar á síðasta kjörtímabili með verulegri yfirfærslu á verkefnum frá ráðuneytinu yfir til kirkjustjórnarinnar, þar á meðal meðferð prestsetranna, söngmálastjóra og fleiri verkefni sem þá voru flutt. Ég hafði þá áhuga á að flytja fleiri verkefni. Reynslan hefur hins vegar sýnt mér að það er skynsamlegt að stíga þetta í ákveðnum skrefum. Sannleikurinn er sá að kirkjustjórnin var ef til vill ekki nægilega vel undir það búin að taka við fleiri stjórnsýsluverkefnum. Með þessu frv. erum við að taka enn þá stærra skref og ég hygg að það sé skynsamlegt að taka þau í nokkrum áföngum. Það gæti hins vegar verið til athugunar fyrir hv. nefnd sem fær málið til meðferðar hvort setja ætti almenna heimild um það að kirkjuþing gæti tekið yfir tilteknar greinar í þessum væntanlegu lögum þegar það er undir það búið. En það mun verða mjög mikið álag fyrstu árin eftir samþykkt þessara laga á kirkjuþingi að setja nýjar reglur um þau verkefni sem verið er að flytja yfir til kirkjunnar og útilokað að tímasetja það nú fyrir Alþingi hvenær unnt er að stíga lokaskrefin sem ég sé að hljóti að gerast. Þá er auðvitað tvennt til í dæminu, að bíða með formlegar lagabreytingar eða að gefa kirkjunni vald til að taka til sín fleiri atriði sem eðli máls samkvæmt gætu flust yfir á síðari stigum. Þetta er atriði sem ég tel að hv. nefnd gæti fjallað um við meðferð málsins.

Hv. 14. þm. Reykv. varpaði fram nokkrum spurningum, m.a. um það hvort sátt væri um það form æviráðningar sem frv. mælir fyrir um. Það sem við styðjumst við í því efni er að innan þeirrar nefndar sem sá um lokafrágang á frv. varð samkomulag um þetta efni. Meiri hluti kirkjuþings féllst á þá niðurstöðu. Með öðrum orðum taldi ríkisstjórnin að þetta fyrirkomulag væri það sem líklegast væri til þess að samkomulag gæti tekist um á sem breiðustum grunni. Hitt er ljóst að bæði innan kirkjunnar og hér á Alþingi eru önnur sjónarmið uppi þar sem menn telja eðlilegt að hin almenna fimm ára regla, sem nú er búið að festa í lögum varðandi embættismenn, eigi líka að gilda um presta. Auðvitað er þetta álitaefni en það var með skírskotun til þeirrar samstöðu sem varð í undirbúningsnefndinni sem ákveðið var að leggja frv. fram í þessum búningi og í ljósi þeirrar niðurstöðu sem varð á kirkjuþingi.

Þá spurði hv. þm. hvort eðlilegt væri að mæla fyrir um það í lögum að ráðherra eða fulltrúi hans ætti setu á kirkjuþingi. Lögin gera aðeins ráð fyrir að hann geti verið þar áheyrnarfulltrúi. Þetta atriði mætti færa yfir til kirkjunnar sjálfrar til frekari ákvörðunar. Ég hef hins vegar litið svo á að það sé eðlilegt að fulltrúi framkvæmdarvaldsins geti átt sæti á kirkjuþingi fyrst og fremst til þess að greina kirkjuþingi frá þeim málum sem uppi eru af hálfu framkvæmdarvaldsins og til þess kannski fyrst og fremst að svara fyrirspurnum kirkjuþingsmanna um málefni sem þeir vilja beina til framkvæmdarvaldsins. Jafnframt er þetta staðfesting á því stjórnarskrárákvæði að hin evangelísk-lúterska kirkja er þjóðkirkja Íslendinga.

Þá spurði hv. þm. einnig um þann fjölda presta sem ákveðinn er með lögunum. Hann er ákvarðaður á grundvelli samnings sem fylgir þessu frv. Þar er um að ræða lokaniðurstöðu um kirkjueignir og þau álitaefni sem þar hafa verið uppi um langa hríð.

Hv. 4. þm. Austurl. vék að því að það kynni að vera álitamál hvort hér ætti að vera þjóðkirkja. Vitaskuld er það svo að sumir eru þeirrar skoðunar að það eigi ekki að mæla fyrir um í stjórnarskrá að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja landsins. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé rétt að halda þeirri skipan áfram. Ég hef litið svo á að kirkjan væri ekki að leita skjóls hjá ríkinu, hún væri hluti af þjóðfélagsgerð og það væri mjög mikilvægt fyrir þjóðfélagið að eiga kirkjuna að með þessum hætti og því væri rétt að viðhalda þessari skipan sem haldist hefur um langa tíð. Enda er ljóst að hún raskar í engu þeirri grundvallarreglu stjórnarskrárinnar að hér ríki trúfrelsi.

Hv. 4. þm. Austurl. spurði einnig um bakgrunn þess samnings sem hér liggur fyrir um fjölda presta og annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar sem ríkið greiðir laun og aftur yfirfærslu á eignum kirkjunnar til ríkissjóðs. Hv. þm. taldi að hér væri um að ræða verulegar breytingar frá þeirri skipan sem komið var á 1907. Það er rétt hjá hv. þm. að það ár voru mótuð ný viðhorf í þessum efnum og ríkið tók að sér að greiða laun presta en á móti fékk það vörslu kirkjujarðanna. Það hefur hins vegar alltaf legið í lausu lofti með raunverulega eignastöðu þeirra. Fyrir allmörgum árum, eða í kirkjumálaráðherratíð Friðjóns Þórðarsonar, var skipuð sérstök nefnd manna undir forustu dr. Páls Sigurðssonar prófessors til þess að ljúka umfjöllun um kirkjueignamálin. Sú nefnd skilaði mjög viðamiklu áliti í tveimur þykkum bindum um stöðu kirkjueignanna og í framhaldi af þeirri niðurstöðu var ákveðið að efna til viðræðna milli ríkisins og kirkjunnar í þeim tilgangi að ljúka þeim málum með formbundnum hætti á grundvelli þess álits sem lá fyrir. Það er niðurstaða þeirrar umræðu sem liggur fyrir í samningnum sem fylgir hér með og frv. er byggt á. Kirkjueignirnar eru formlega færðar frá kirkjunni til ríkisins, þær verða ekki aðeins í vörslu ríkisins eins og verið hefur heldur eru þær færðar til ríkisins. Kirkjan hefur fengið andvirði seldra kirkjujarða fram til þessa en héðan í frá rennur andvirði þeirra og arður til ríkissjóðs. En á móti kemur að ríkið samþykkir að greiða laun þessa tiltekna fjölda presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar sem greint er frá í samningnum og fjölga þeim eða fækka eftir því hvort þjóðkirkjumönnum fækkar eða fjölgar. Hér er því mjög viðamikið starf sem liggur að baki, gífurlega mikil rannsókn og vinna og álit sem lá þarna að baki sem viðræðunefndir ríkis og kirkju höfðu í þessum viðræðum.

Þá ætla ég að lokum að víkja að spurningu hv. 3. þm. Reykn. sem spurði hvort æviráðningin gæti hugsanlega tafið fyrir sameiningu prestakalla og þeirri uppstokkun á skipan prestakallanna sem frv. opnar fyrir og færir frá löggjafarvaldinu eða ríkisvaldinu yfir til kirkjunnar sjálfrar. Nú er sjálfsagt erfitt að gefa eitthvert ákveðið svar í þessu efni. Kirkjan fær núna þetta hlutverk og þessa ábyrgð að ákveða hvernig prestaköllum skuli skipað og ef hún vill færa presta úr fámennustu prestaköllunum og sameina þau og færa prestsembættin í fjölmennari prestaköll þar sem hugsanlega er talin meiri þörf. Löggjafarvaldið ætlar að hætta að skipta

sér af þessum málum og fela það kirkjunni sjálfri. Ég tel það vera eðlilegri skipan.

Hvaða leiðir kirkjan fer í þessu er ekki gott að segja og Alþingi á auðvitað ekki að gefa um það neina forskrift. Einn kostur er sá að reyna að koma slíku fram þegar prestsembættin losna, þegar menn hætta fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum. Önnur leið er sú, ef mönnum þykir þetta of tafsamt, einfaldlega að taka um það ákvörðun að leggja *tiltekin prestaköll niður eða sameina þau og þá eiga við*komandi embættismenn samkvæmt almennum reglum rétt á biðlaunum og þegar sá tími er úti getur kirkjan fært embættin yfir til þeirra sókna þar sem talin er meiri þörf á þjónustunni. Það er í sjálfu sér ekki neitt sem hindrar það að kirkjan geti farið hratt í slíkar breytingar. Það fer eftir því hvaða leiðir hún vill fara og hvað hún sjálf metur að hún vilji fara hratt í þetta. Því held ég að æviráðningin eigi ekki að þurfa að tefja fyrir í þessu efni ef sá vilji er fyrir hendi innan kirkjunnar að fara skjótvirkari leiðir í þessu efni. Aðalatriðið er það að megintilgangur frv. er sá að taka þennan rétt og þessa ábyrgð frá Alþingi og flytja yfir til kirkjustjórnarinnar sjálfrar eða kikjuþings. Auðvitað kann það að vera að tímabundin ráðning í prestsembætti gæti auðveldað kirkjunni að fara hraðar í sakirnar í þessu efni en um það er einfaldlega mjög erfitt að dæma.

Herra forseti. Ég hef vikið að nokkrum þeirra atriða sem fram komu í umræðunni. Þau voru fjölmörg og ógjörningur að gera þeim öllum skil. En hitt er annað að umræðan hefur verið *mjög málefnaleg og hér hafa komið fram fjölmörg* sjónarmið sem mjög eðlilegt er að hv. nefnd taki til meðferðar og skoðunar í umfjöllun um frv. En á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þá umræðu sem hér hefur farið fram að öðru leyti en að ítreka þakklæti mitt fyrir hana.

[10:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við ýmsum þeim spurningum sem upp komu í umræðunni. En það var ein spurning sem mig langaði til að bæta við, ekki síst í framhaldi af ræðu hans núna. Ég benti á það í ræðu minni um þetta mál að Samband ungra sjálfstæðismanna hefði ályktað um að þeir telji aðskilnað ríkis og kirkju vera æskilegan og meiri hluti þjóðarinnar virðist vilja það samkvæmt skoðanakönnunum. Ég benti á þetta í ræðu minni, án þess að ég telji raunhæft að slíkt skref verði stigið nú. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji að sú breyting sem nú er fyrirhuguð, þ.e. að færa kirkjujarðirnar endanlega yfir til ríkisins og að á móti komi laun frá ríkinu, muni ekki gera það erfiðara í framtíðinni að aðskilja ríki og kirkju eins og meiri hluti þjóðarinnar virðist vilja og Samband ungra sjálfstæðismanna m.a.

[11:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að Alþingi geti á hverjum tíma tekið ákvarðanir á grundvelli stjórnarskárinnar og að hér sé ekki verið að gera neitt það sem bindur hendur Alþingis þannig séð. Á hinn bóginn erum við með þessari löggjöf að staðfesta þessa skipan og ég verð að segja það persónulega að ég er ekki sammála þeim sem telja að það eigi að rjúfa þetta stjórnskipulega samand ríkis og kirkju og hef fært fyrir því almenn rök. Ég veit að það eru uppi mismunandi sjónarmið einstaklinga í öllum stjórnmálaflokkum í þessu efni og afstaða manna fer ekki alfarið eftir því hvar þeir hafa skipað sér í stjórnmál í þessum efnum. En ég tel þess vegna að við eigum að framfylgja ákvæði stjórnarskrárinnar að þessu leyti en stíga þessi mjög veigamiklu skref í þá veru að gera kirkjuna sjálfstæða í eigin málefnum og fækka mjög verulega þeim þáttum þar sem framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið eru að hlutast til um innri mál kirkjunnar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að við eigum eftir að stíga frekari skref í þeim efnum til þess að ná endanlegu markmiði.

[11:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef sjálf ekki verið talsmaður þess að aðskilja ríki og kirkju núna, en ég sé vissa hættu á því að lögfesta þetta frv., að það muni hefta þessa þróun í framtíðinni sem meiri hluti þjóðarinnar virðist vilja. Mér finnst það ekki alveg skýrt hjá ráðherranum hvernig hann ætlar að gera allar eignir kirkjunnar, þ.e. kirkjujarðirnar, að ríkiseign og hvernig hann ætlar þá að fara að því að gera kirkjuna sjálfstæðari í framtíðinni. Ég er hlynnt sjálfstæðari kirkju eins og kom fram í ræðu minni og ég tel að það hljóti að vera mikilvægt fyrir kirkjuna í framtíðinni, ef hún á að standa á eigin fótum, að ráða yfir kirkjujörðum.

[11:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er sá að með þessu frv. erum við að gera kirkjuna sjálfstæðari. Við erum að færa verkefni frá ríkisvaldinu yfir til kirkjunnar og á þann veg í raun að minnka hin beinu daglegu tengsl og afskipti af málefnum kirkjunnar. En við höldum þjóðkirkjuskipulaginu og í stað jarðanna sem ríkið fær þá greiðir ríkið prestslaunin. Og vilji menn á einhverju stigi taka þau mál upp þá er það alveg sjálfstætt verkefni sem framtíðin ber í skauti sínu.

[11:04]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. kirkjumrh. fyrir svör við spurningu minni og held þá áfram. Ef kirkjan veldi þá leið að leggja niður störf þá skapast væntanlega af því kostnaður, t.d. biðlaunaréttur og annað, og ég vil þá spyrja: Hver ætti þá að bera þann kostnað?

[11:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lít svo á að kirkjan verði að bera þann kostnað þannig að það kynni að fara svo, ef kirkjan vildi leggja niður prestsembætti á einum stað og flytja annað, að hún þyrfti að greiða biðlaun í einhverja tiltekna mánuði eins og réttur viðkomandi prests stæði þá til og bíða með að stofna embætti annars staðar þangað til að þeim biðlaunagreiðslum lyki. Ef fjárhagsaðstæður væru með þeim hætti að kirkjan gæti ekki brúað það á annan veg þá kynni kirkjan að þurfa að grípa til þess ráðs. En vera mætti að kirkjan gæti leyst það með öðrum hætti og þá væri henni að sjálfsögðu frjálst að gera það.

[11:05]

Útbýting þingskjala:

Breyting á umferðarlögum, 336. mál, þáltill. GMS o.fl., þskj. 608.

Skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta, 337. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 609.

[11:06]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. Ég verð byrja á því að biðjast forláts á því að vera koma hér inn í umræðu, nýkominn á þingið,

en ég tel ástæðu til þess ekki síst vegna þess að ég tek þátt í störfum þeirrar nefndar sem um þetta mun fjalla og vegna þess að mér sýnist af andsvörum hér áðan, frá a.m.k. 3. og 14. þm. Reykv., að þeir hafi ekki fengið skýr svör í fyrri umræðu við þeim málum sem á þeim brunnu, kannski einkum ekki 14. þm. Það sem mér er óljóst í þessu er einmitt það hvert er gildi þess samkomulags sem frv. byggir á og tekur við af því fyrirkomulagi sem á var sett 1907 og var bráðabirgðafyrirkomulag á sinn hátt þó lengi hafi staðið. Það er ljóst að þetta frv. er hér borið fram við þann bakgrunn að undanfarin missiri og ár hafa verið nokkrar umræður um stöðu þjóðkirkjunnar og ekki allir á einu máli um það mál. Það ætla ég ekki að gera að umræðuefni en bendi þó á að á þær umræður er beinlínis minnst í athugasemdum við frv. þar sem segir í II. tölulið:

„... allnokkrar umræður [hafa farið fram] um réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar, einkum þó um afstöðu hennar til ríkisvaldsins (löggjafarvalds og framkvæmdarvalds). Er þar bæði átt við umræður á kirkjulegum vettvangi, einkum á kirkjuþingi, en aðrir aðilar hafa einnig látið til sín heyra þótt eigi fari sérlega hátt, [að mati semjenda] m.a. í þá veru að slíta beri öll tengsl milli ríkis og kirkju. Eigi verður þó talið [segja semjendur] að nú um stundir eigi svo róttækar hugmyndir fylgi að fagna meðal alls þorra Íslendinga og miðast efni þessa frumvarps m.a. við þá ætlan nefndarinnar."

Þess vegna er auðvitað ekki fráleitt að halda að jafnvel þótt semjendur hafi rétt fyrir sér, að allur þorri Íslendinga sé ekki á þeirri skoðun að rjúfa beri tengsl ríkis og kirkju, eins og ég hygg nú kannski að sé rétt, að umræðan um það muni halda áfram. Og maður spyr því: Erum við að binda hendur okkar og eftirkomenda okkar og sporgöngumanna í framtíðinni með því að samþykkja þetta frv. á grundvelli þess samnings sem gerður hefur verið? Ég vil þess vegna spyrja líkt og hv. 19. þm. Reykv.: Bindur þetta hendur okkar? Bindur þetta hendur annars vegar kirkjunnar sjálfrar sem kynni að vilja auka sjálfstæði sitt fullkomlega og hins vegar fulltrúa almannavaldsins? Mér sýnist, ef ég les frv., að það sem gerist sé það að ríkið tekur að sér allar kirkjujarðir og í staðinn skuldbindur það sig til ákveðinna launagreiðslna. Um þetta er fjallað í 1. og 2. gr. samkomulagsins sem gert er. Í endurskoðunarákvæðum þess samkomulags sem er í 4. gr. segir: „Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess." Nú er ég ekki lögfræðingur en 3. gr. fjallar um fyrirkomulag launagreiðslnanna sem ríkinu ber að sinna en ekki um samninginn sjálfan. Þess vegna spyr ég: Er það ekki svo að samningurinn gildir meðan annar aðilinn vill eins og venja er um samninga þannig að ef ríkið vildi endurskoða þennan samning t.d. í kjölfar umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju eða aðra tilhögun kirkjustarfs um hina evangelísk-lútersku kirkju í landinu eða, ef kirkjan vildi, þá stæði samningurinn nema um það næðist sérstakt samkomulag? Og vegna þess að við erum hér á vettvangi almannavaldsins en ekki kirkjunnar þar sem sum okkar gætu hugsanlega fjallað um þetta mál líka þá spyr ég : Er hér ekki verið að binda ríkið um alla framtíð við þetta samkomulag ef kirkjan kýs svo?

[11:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. benti á er ákvæði um það í samningnum sjálfum að 3. gr., sem fjallar um fyrirkomulag á launagreiðslunum og með hvaða hætti það skuli vera og hvaða fjölda starfsmanna eigi að greiða laun, megi taka til endurskoðunar eftir 15 ár. En eðli máls samkvæmt getur Alþingi að sjálfsögðu alltaf tekið ákvarðanir um það að breyta þeirri skipan sem nú er á varðandi þjóðkirkjuna. Það er ekkert sem bindur hendur Alþingis í þessu efni. Við erum hér að staðfesta með formlegum hætti það sem í raun var verið að gera árið 1907 varðandi kirkjueignirnar og síðan launagreiðslur þar á móti. Og kjósi Alþingi að fella niður þjóðkirkjuskipulagið og breyta stjórnarskránni að því leyti eða gera það að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu með almennum lögum þá er það auðvitað hægt. Þá fara einfaldlega fram viðræður um það á milli ríkis og kirkju hvernig fara skuli með efndir samningsins og við erum ekki að breyta þar í neinu frá því sem verið hefur frá 1907. Ég geri ekki ráð fyrir því að nokkrum þingmanni, hvorki þá né nú, hafi dottið í hug að ætla að taka kirkjujarðirnar frá kirkjunni án þess að hún fengi neitt þar á móti, enda stæðist það heldur ekki stjórnarskrána. Þannig er í raun ekki verið að gera neina þá breytingu frá því sem verið hefur og ekkert verið að binda hendur ríkisvaldsins. En auðvitað verða menn að semja þá um lúkningu þeirra mála ef sú staða kemur upp og það hefðu menn hvort eð er þurft að gera því að jarðirnar voru í vörslu ríkisins.

[11:13]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. kirkjumrh. en vek athygli hans á því að það er ekki hægt að segja í senn að hér sé verið að gera umtalsverðar breytingar með hinni nýju skipan og að einungis sé vera staðfesta hina gömlu. Hin gamla skipan frá 1907 eða þar um kring var sú að kirkjan fól ríkinu vörslu jarða sem hún taldi sig hafa eignarrétt yfir og í staðinn borgaði ríkisvaldið ákveðin laun sem voru þannig tilgreind að þau væru afrakstur þessara jarða. Nú er hins vegar verið að gera samning sem mér sýnist vera endanlegur að því leyti að ríkið tekur til sín þessar jarðir og hefur yfir þeim fullan ráðstöfunarrétt. Á móti, óháð því hvað jarðirnar gefa af sér, skuldbindur ríkisvaldið sig til þess að borga þessi laun. Við getum sett það upp án þess að ég ætli að fara að hleypa hér að einhverri framtíðarmúsík en við erum að tala um hluti sem síðast var gerður samningur um í kringum 1907 þannig að það eru 90 ár síðan. Við erum því tala hér um ansi langt tímabil og þess vegna verðum við að fara varlega báðum megin. Ég spyr t.d. um það: Ef þessi atkvæðagreiðsla færi nú fram samkvæmt stjórnarskránni um ríki og kirkju, ef samþykkt yrði, og þess vegna með vilja kirkjunnar manna sem sumir eru á þeirri skoðun að ríki og kirkja skuli aðskilin eins og tíðkast í ýmsum lýðræðislöndum og ég er ekki að leggja dóm á hér hvort sé heppilegra, mundi þá ekki þessi samningur standa? Mundi kirkjan ekki, ef hún vildi, geta gert kröfu til þess á grunni þessa samkomulags að ríkisvaldið, um aldur og ævi þess vegna, borgaði þessi tilteknu laun? Ég er ekki að spyrja um hvort það sé gott eða vont og vil ekki láta flækja mér í þær deilur, a.m.k. ekki að sinni, heldur spyr ég um þetta vegna þess að þetta mun verða til grundvallar þeirri afstöðu sem allshn. tekur til málsins og þingheimur að lokum.

[11:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er kannski verið að rugla einhverju saman. Þegar við tölum um þær miklu breytingar sem verið er að gera þá erum við að tala um verkefni sem verið er að flytja frá ríki yfir til kirkju. Hins vegar er ekki nein grund-

vallarbreyting að því er varðar eignastöðuna. Það er verið að færa eignir formlega til ríkisins sem hafa verið í vörslu hennar og staðfesta það sem verið hefur að á þeim grunni greiði ríkið prestum laun. Það hefur aldrei verið ætlan ríkisins, var það ekki heldur 1907, að taka eignir kirkjunnar án greiðslna af ríkisins hálfu. Greiðslurnar hafa verið í þessu formi. Ef ríkið kýs á einhverju stigi að rifta þessum samningi og hætta að greiða prestum laun þá verður einhvern veginn að bæta kirkjunni það vegna þeirra jarða sem ríkið hefur fengið. Það er kjarni málsins, hefur alltaf verið grundvöllur þessa, og verður engin breyting á við þetta að jarðirnar eru undirstaðan undir launagreiðslunum, hafa verið það og hér er ætlunin að það verði. En það hefur aldrei verið markmið ríkisvaldsins að taka þessar jarðir bótalaust af kirkjunni. Enda sæi ég ekki mikla sanngirni í því og það mundi heldur ekki standast ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttarákvæði hennar.

[11:17]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka dóms- og kirkjumrh. fyrir hans svör. Ég tel að það sem fram kom í ræðum hv. 19. þm. Reykv. og þess sem hér stendur hafi haft í för með sér mikilvægar yfirlýsingar af hálfu hæstv. dóms- og kirkjumrh., vegna þess að ég tel að hv. allshn. og þingheimur muni verða að skilgreina betur hvað felst í þessu samkomulagi. Það verður þá að bíða síðari tíma að fjalla um það á lögfræðilegan, málfræðilegan og á annan hátt hver munur sé á vörslu og eign jarða. En ég get ekki lýst því að ég hafi fullkomlega skilið röksemdafærslu hæstv. dóms- og kirkjumrh., sem einnig er lögfræðingur, á þessum mun og mun því leita frekari svara við honum síðar.

[11:18]

Útbýting þingskjals:

Störf nefndar um stefnu í landbúnaðarmálum, 338. mál, fsp. KPál, þskj. 610.

[11:18]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég er hér með nokkrar athugasemdir sem ég mundi gjarnan vilja að færu með inn í þingnefnd þar sem fjallað verður áfram um frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Þegar ég las frv. yfir fannst mér að það væri að ýmsu að gæta í því. Margt hefur komið fram hér ágætlega í umræðum og ég ætla að reyna að fjölyrða ekki um það. En frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var af kirkjuráði og voru þrír af fimm nefndarmönnum prestar. Í því er afskaplega vel gætt að öllu því er lýtur að því að prestar haldi óskoruðu valdi yfir kirkjum og söfnuðum og er víða nokkuð lævíslega að farið.

Í 38. gr. er ákvæði um að biskup skuli auglýsa laus prestaköll og síðan kemur orðrétt:

„Nánari reglur um val á sóknarpresti og presti skv. 34. gr. skal setja í starfsreglur skv. 60. gr."

Þegar lesnar hafa verið ívitnaðar greinar og skýringar við 38. gr. kemur í ljós að við val á sóknarpresti eða presti eiga að gilda lög nr. 44/1987 þar til kirkjuþing hefur sett slíkar starfsreglur. Þarna er beinlínis ætlast til að menn kaupi köttinn í sekknum. Ég sé ekki betur en prestum sé selt þarna sjálfdæmi með því að ákveða hvernig eigi að velja þá sjálfa til starfa. Skulu nú færð að því nokkur rök.

Kirkjuþing á að vera skipað 21 fulltrúa. Þar af skulu vera níu prestar og ellefu leikmenn úr hópi sóknarnefndarfólks. Mér dettur ekki annað í hug en að þessir níu prestar geti ráðið þarna því sem þeim dettur í hug því ekki þarf nema tvo fulltrúa leikmanna til að prestar ráði meiri hlutanum og þar með hvernig á að velja þá sjálfa í embætti. Ég tel álitamál hvort þrengja eigi þá kosti sem sóknarbörnum eru settir samkvæmt gildandi lögum um að velja sér sóknarprest.

Ýmislegt er fleira hægt um frv. þetta að segja og þá hnýt ég næst um 39. gr. þar sem aftur á að taka upp ótímabundna æviráðningu presta í embætti. En samkvæmt núgildandi lögum eru þeir skipaðir til fimm ára í senn. Þessi breyting er í algjöru ósamræmi við nýupptekna stefnu í ráðningu embættis- og starfsmanna ríkisins. Þá er þess að geta að á síðustu árum hafa komið upp harðvítugar deildur milli presta og þeirra sóknarbarna og hafa að minnsta kosti sumar þeirra verið torleystar. Deilur af þessu tagi mundu hverfa sjálfkrafa ef presturinn væri ráðinn með sömu skilmálum og aðrir opinberir starfsmenn. Það mundi tryggja að prestar sem ekki hefðu lag á að umgangast söfnuðinn og eru prestastéttinni til lítils sóma mundu velta úr embætti.

Kaflinn sem ber yfirskriftina Sóknir og prestaköll þarf sérstakrar athugunar við. Í 48. gr. segir:

„Kirkjusókn er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem býr innan sóknarmarka."

Í niðurlagi sömu greinar segir:

„Sóknarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókn sinni ..."

Ekki þætti mér það nú ofrausn að ákveða að þeir sem eru í þjóðkirkjunni ættu rétt til kirkjulegrar þjónustu í hvaða kirkjusókn sem væri.

Þá þarf 54. gr. athugunar við:

„Sóknarprestur skal ráða því hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað, enda ber hann ábyrgð á því sem þar fer fram."

Þarna kemur að því sem þarf að staldra örlítið við að mínum dómi. Formaður Prestafélagsins lét hafa það eftir sér í fréttum fyrir stuttu að koma þyrfti í veg fyrir að fólk leitaði með prestverk til annarra presta en síns sóknarprests. Annar prestur, starfandi á biskupsstofu kom því á framfæri að þessi mál mætti leysa með því að færa svokölluð aukaprestverk sem greitt er fyrir inn í fasta kaupið. Næðist þetta fram þá er búið að svínbinda söfnuðinn við sóknarprestinn og mundi það gera eitt af tvennu, nema hvort tveggja væri, að efna til ófriðar í prestaköllum og fjölga úrsögnum úr þjóðkirkjunni. Mér þætti ekki óeðlilegt að tekið væri fram í lögum að sóknarnefnd færi með húsbóndavald yfir sóknarkirkjunni. Sóknarpresturinn hefði forgang að kirkjunni með sín prestverk og sóknarnefnd hefði rétt til að lána öðrum prestum kirkjuna til kirkjulegra athafna og að sóknarbörn ættu rétt á að nota sína eigin kirkju þótt fenginn væri annar prestur til að framkvæma kirkjulega athöfn. Þá þarf einnig að taka skýrt fram að sóknarnefnd fari með öll fjármál og mannaforráð sóknarinnar og þá þarf að koma skýrt fram að sóknarpresturinn sé starfsmaður safnaðarins. Ég tel óeðlilegt að prestar telji sig hafa húsbóndavald yfir starfsmönnum kirkjunnar og fjármálum. Að hafa húsbóndavald yfir starfsmönnum er óbein fjármálastjórn.

Það hefur færst í vöxt að fólk sæki meira en áður til presta sem ekki eru þeirra sóknarprestar. Þetta verða menn að viðurkenna hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þá hefur mér skilist að prestar teljist vera sálnahirðar eða sálgæslumenn. Ekki ætla ég að draga það í efa heldur finnst mér það mikið á eftir tímanum að menn eigi ekki rétt á að leita nema til eins prests á þeim stöðum þar sem um fleiri presta er að ræða.

Mér finnst þetta frv. minna að verulegu leyti á þann hugsunarhátt, reglur og venjur sem voru algildar um aldamótin 1800. Frv. er því að mínum dómi talsvert á eftir tímanum og verði það samþykkt án breytinga er þess ekki að vænta að það leysi þann vanda sem kirkjan hefur átt við að stríða á undanförnum árum. Mér sýnist vanta í þetta frv. ákvæði um hvernig leysa megi með allsherjaratkvæðagreiðslu ýmis ágreiningsefni sem upp kunna að koma innan sóknarinnar því þar sem kirkjusókn telst félag þá er eðlilegt að málum sé þar skipað á lýðræðislegan hátt.

Niðurstaða af því sem ég hef verið að segja er í stuttu máli að það er álitamál hvort rétt er að þrengja rétt fólks í þjóðkirkjunni til að velja sér sóknarprest eða prest. Ég vil líka taka fram sérstaklega að það mæla engin rök með því að sóknarprestur geti útilokað sóknarbarn frá kirkjulegri þjónustu í kirkju sinni ef það kýs þjónustu annars prests. Einnig vildi ég leggja áherslu á að það hefur tíðkast í vaxandi mæli að fólk leiti með kirkjulega þjónustu til þess prests sem það kýs helst sjálft. Það er varhugavert að hamla gegn þeirri þróun. Ég vil að lokum segja að það er umhugsunarefni hvort rétt sé að kirkjuþing setji um það reglur hvernig eigi að velja presta. Það á að mínum dómi að ákveðast með lögum frá Alþingi enda er ég þjóðkirkjumanneskja og tilheyri þeim minni hluta landsmanna sem vilja að kirkjan verði áfram þjóðkirkja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Biskupskosning, 1. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 558.

[11:27]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um biskupskosningu. Það felur í sér að taka af tvímæli um það hverjir hafa kosningarrétt við biskupskjör. Hér er verið að leggja til að svokallaðir sérþjónustuprestar hafi kosningarrétt við biskupskjör svo og aðstoðarprestar sem ráðnir hafa verið af sóknarnefndum og að rektor Skálholtsskóla verði skipað við hlið kennara guðfræðideildar að því er þetta varðar, svo og guðfræðikandídötum sem starfa við embætti biskups við hlið biskupsritara. Við síðustu vígslubiskupskosningar komu upp nokkur ágreiningsefni vegna réttar til þátttöku í biskupskjöri og þykir rétt og eðlilegt að taka af skarið í þessu efni og ákveða það skýrt með lögum hvernig þessum málum skuli skipað.

Á þessu ári stendur fyrir dyrum biskupskjör í ljósi yfirlýsingar biskups þar um. Þess vegna er ekki unnt að bíða þess að kirkjan sjálf setji reglur um þetta efni með skírskotun til þess frv. sem rætt var fyrr á dagskránni vegna þess að þó það verði samþykkt á þessu þingi er ekki ætlunin að það taki gildi fyrr en um næstu áramót. Því er mikilvægt að þetta mál hljóti afgreiðslu nú á vorþinginu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:29]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sit í hv. allshn. og mun því fá tækifæri til að fjalla um þetta mál sem og hitt fyrra sem var til umræðu hér áðan. En ég vil nota tækifærið vegna þessa frv. og vekja athygli á því að gildandi lög um biskupskosningu, sem nú á að fara að breyta, munu falla úr gildi ef hið fyrra frv. sem var hér til umræðu áðan, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, verður að lögum. Samkvæmt því frv. er gert ráð fyrir því að það verði kirkjuþing sem ákvarði hvaða fyrirkomulag verður í framtíðinni haft á biskupskjöri. Eins og alþjóð veit er ansi stutt í næsta biskupskjör og þess vegna mjög eðlilegt að þau lög sem nú eru í gildi verði færð til samræmis við það sem rétt þykir ef fyrra frv. verður ekki að lögum á þessu þingi. Ég fagna í sjálfu sér þeim breytingum sem hér eru lagðar til, þ.e. að sérþjónustuprestar, aðstoðarprestar og fleiri fái atkvæðisrétt til biskupskjörs. En þar sem þetta er hugsanlega seinasta tækifærið sem við alþingismenn fáum til að tjá okkur um biskupskjör vil ég nota tækifærið og láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að það eigi mun fleiri að hafa aðgang að biskupskjöri, mun fleiri leikmenn en eru á kirkjuþingi þótt leikmenn séu einir ellefu þar. Ég tel að biskup Íslands sé það mikilvægur embættismaður að sóknir og sóknarnefndir eigi að hafa þar mun meiri áhrif og ég vil því nota tækifærið og láta í ljós þá skoðun mína með von um að tekið verði tillit til þess í framtíðinni við ákvarðanir kirkjuþings. Reyndar er ég þeirrar skoðunar, eins og kom fram í ræðu minni í gær, að kirkjuþing eigi að vera mun stærri og lýðræðislegri stofnun ekki síst ef sjálfstæði kirkjunnar eykst og verður meira. Ég segi það vegna þess að ég tel mjög mikilvægt að það sé samhljómur á milli þess sem þjóðin vill og þess sem kirkjan vill og þess vegna verði þetta að vera mjög mikilsverður lýðræðislegur vettvangur. Ef valdið fer frá Alþingi þá verði tryggt að á kirkjuþingi komi sjónarmið hins almenna sóknarbarns til skila og að söfnuðir hafi ákveðið vald við biskupskjör sem annars staðar í kirkjunni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla, 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370.

[11:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, sem lagt hefur verið fram á þskj. 370.

Það frv. sem hér er til umræðu felur í sér þá breytingu að guðfræðikandídat skuli starfa með sóknarpresti í tvo mánuði undir eftirliti prófasts í stað fjögurra mánaða eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þetta frv. er flutt í þeim tilgangi að gefa kirkjunni kost á að hagræða fjárhagslega í sínum rekstri. Það er mat kirkjuyfirvalda að það sé nægjanlegt að hafa þennan hátt á í tvo mánuði og það megi spara umtalsverða fjármuni með því að gera þessa breytingu. Í fjárhagsáætlun kirkjunnar á þessu ári er gert ráð fyrir þessum sparnaði. Því er brýnt að Alþingi taki sem skjótast afstöðu til þessa máls. Það er rétt að taka fram að í frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er gert ráð fyrir því að atriði eins og þetta eigi að vera á valdsviði kirkjunnar sjálfrar en ekki löggjafarþingsins. En með því að ekki er gert ráð fyrir

að það frv. taki gildi fyrr en um næstu áramót er nauðsynlegt að gera nú þegar breytingar á lögunum til þess að kirkjan nái þeim fjárhagslega sparnaði sem hún hefur stefnt að í rekstri sínum með þessari breytingu þegar á þessu ári.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 490.

[11:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um breyting á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála vegna breytinga á tilhögun sektarinnheimtu og punktakerfis vegna umferðarlagbrota.

Markmið frumvarpsins er annars vegar að auka skilvirkni við innheimtu sekta og meðferð sektamála og hins vegar að heimilt verði að svipta ökurétti vegna uppsafnaðra punkta vegna umferðarlagabrota, samkvæmt svokölluðu punktakerfi, sem gert er ráð fyrir að tekið verði upp. Þær lagabreytingar sem lagðar eru til eru liður í heildarendurskipulagningu á meðferð sektamála. Frumvarpið er byggt á áliti nefndar sem dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði 21. febrúar sl. til að gera tillögur um úrbætur á innheimtu sekta og sakarkostnaðar.

Sektarrefsingu er ætlað að hafa sérstök og almenn varnaðaráhrif, þ.e. að hafa þau áhrif að fólk fremji ekki afbrot og að brotamenn sjái að sér. Mikilvægt er að sektarinnheimta sé skilvirk til að varnaðaráhrifum verði náð. Brotamenn og aðrir verða að geta gengið að því vísu að refsingu verði framfylgt. Í frv. þessu er lagt til að meðferð sektamála verði einfölduð, sakborningar verði hvattir til að greiða sektir fyrr og innheimta sekta verði réttlátari, skilvirkari og hagkvæmari en nú er.

Til að miða að því að sektarinnheimta verði skilvirkari en nú er er í 1. gr. frv. þessa lagt til að hegningarlögum verði breytt á þann veg að hámarksfrestur til greiðslu sektar sem lögreglustjóri getur samið um við sakborning verði eitt ár. Lögreglustjórum er heimilt að leyfa sektarþola að greiða sekt með afborgunum. Afborgunarsamningar hafa oft verið gerðir til langs tíma, jafnvel til nokkurra ára. Þetta verður að telja óæskilegt þar sem lögreglustjóraembættum er ekki ætlað að vera lánastofnanir og þau eru illa í stakk búin að inheimta slíka samninga.

Þá er í 2. gr. frv. lagt til að í 4. og 5. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga verði lögbundnar vararefsingar vegna sekta sem gengist er undir hjá lögreglustjóra. Fyrirmynd þessa ákvæðis er sótt í dönsku hegningarlögin. Gert er ráð fyrir að þessi heimild taki einungis til sekta sem nema allt að 100.000 krónum. Að gildandi rétti verður vararefsing ekki fullnustuð án atbeina dómstóla. Því hefur reynst nauðsynlegt að gefa út ákærur í þeim málum sem lögreglustjórasáttir hafa verið gerðar um en sektir ekki greiðst. Útgáfa ákæra hefur þá þjónað þeim tilgangi einum að fá ákvörðun dóms um vararefsingu. Þessi tilhögun hefur haft ýmis vandkvæði í för með sér við ákvörðun refsinga, auk þess sem um tvíverknað er að ræða sem hefur í för með sér mikla vinnu fyrir starfsmenn lögreglustjóraembætta og dómara. Ætla má að með ákvæðum laga um meðferð opinberra mála sé vel tryggt að sakborningar hljóti réttláta málsmeðferð hjá lögreglu. Rétt er þó að taka fram, að sakborningur á þess ávallt kost að mál gangi til dómstóla, ef hann er ósáttur við sektarboð lögreglustjóra. Sá réttur verður að sjálfsögðu ekki tekinn frá sakborningi.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í 4., 5. og 6. mgr. 100. gr. umferðarlaga verði lögfest ákvæði er heimili að staðla sektarfjárhæðir og tímalengd sviptingar ökuréttar vegna umferðarlagabrota, að leggja saman sektir við ákvörðun refsingar vegna tveggja eða fleiri umferðarlagabrota og að veita afslátt af sektum vegna umferðarlagabrota ef greitt er innan 30 daga frá því að sektin var á lögð.

Í samræmi við fyrirmæli laga um meðferð opinberra mála lætur ríkissaksóknari lögreglustjórum í té staðlaðar leiðbeiningar um sektarfjárhæðir vegna umferðarlagabrota. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessar leiðbeiningar verði í reglugerð. Þær verði því sýnilegri borgurunum sem horfir til aukins réttaröryggis.

Sanngirnissjónarmið liggja að baki tillögum um fullkomna samlagningu sekta, auk þess sem með þeirri tilhögun er ætlað að skerpa varnaðaráhrif refsinga vegna umferðarlagabrota. Það stríðir gegn jafnræðissjónarmiðum að brotamönnum sem fremja brot með stuttu millibili verði ákvörðuð vægari refsing fyrir hvert brot en þeim sem fremja sjaldan brot og að brotamenn geti vænst þess að fá afslátt af sektargreiðslum ef þeir neita sök eða draga að greiða sektir.

Ákvæði, er heimilar að veita sakborningum 25% afslátt af sektarfjárhæð ef greitt er innan 30 daga frá sektarákvörðun, er ætlað hvetja viðkomandi til að greiða sektir án dráttar og kostnaðarsamra innheimtuaðgerða. Í framkvæmd hefur afsláttur verið veittur við innheimtu gjalda af umráðamönnum bifreiða vegna stöðubrota og hefur sú tilhögun reynst mjög greiðsluhvetjandi.

Sektir vegna umferðarlagabrota eru fyrirferðarmesta tegund sektarrefsinga. Svipting ökuréttar er viðurlagategund sem er nátengd slíkum sektum.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að í 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga verði lagður grundvöllur að svokölluðu punktakerfi vegna umferðarlagabrota. Með því er átt við að tilteknum brotum á umferðarlögum samsvari einn eða fleiri punktar og að við hvert brot sem ökumaður gerist sekur um fái hann tiltekinn fjölda punkta sem færist í ökuferilsskrá. Að óbreyttum lögum verður sviptingu ökuréttar ekki beitt vegna síendurtekinna umferðarlagabrota nema um sé að ræða brot sem teljast stórfelld. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að svipta ökumann, sem fengið hefur tiltekinn fjölda punkta, ökurétti í allt að þrjá mánuði. Þessari tilhögun er ætlað að hafa aukin varnaðaráhrif, en sýnt þykir að svipting ökuréttar eru þau viðurlög við umferðarlagabrotum sem mest varnaðaráhrif hafa. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra setji, að fenginni umsögn ríkissaksóknara, reglugerð um punktakerfi vegna umferðarlagabrota, þar sem m.a. verði kveðið á um það hvaða vægi einstök umferðarlagabrot skuli hafa í punktum talið við ákvörðun um beitingu sviptingar ökuréttar.

Punktakerfi sem hér um ræðir hefur verið tekið upp m.a. í Bandaríkjunum, Kanada, Japan, Ástralíu, Bretlandi og Þýskalandi og rætt er um að koma slíku kerfi upp í Noregi. Hvarvetna sem punktakerfi hefur verið tekið upp hefur það

verið talið hafa áhrif í þá veru að fækka umferðarlagabrotum og draga verulega úr slysatíðni.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögmenn, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 475.

[11:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Ég mæli hér fyrir frumvarpi til laga um lögmenn, sem lagt hefur verið fram á þingskjali 475.

Frumvarp þetta er liður í heildarendurskoðun réttarfarslöggjafar er hófst með setningu laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Frumvarpið var samið á vegum réttarfarsnefndar að tilhlutan dómsmálaráðherra. Meginákvæði frumvarpsins lúta að reglum um lögmannsréttindi, hvernig menn öðlist slík réttindi og hvernig þeir verði sviptir þeim, um einkarétt lögmanna til að flytja mál fyrir dómstólum, aðild að Lögmannafélagi Íslands og hvernig hagað skuli eftirliti með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga gagnvart þeim.

Í 6.–10. gr. frumvarpsins er að finna reglur um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður og hæstaréttarlögmaður. Lagt er til að þeir sem sækjast eftir því að verða héraðsdómslögmenn verði að standast sérstakt próf í þeim greinum er helst varða rekstur lögmannsstarfa. Gert er ráð fyrir að þriggja manna nefnd undirbúi þessa prófraun. Þá er lagt til að auknar kröfur verði gerðar um starfsreynslu þeirra sem sækjast eftir því að verða hæstaréttarlögmenn. Gert er ráð fyrir að umsækjandi skuli hafa haft réttindi til að vera héraðsdómslögmaður í fimm ár og flutt a.m.k. 30 mál fyrir héraðsdómi áður en honum er heimilt að sækja um réttindi til að verða hæstaréttarlögmaður.

Í 3. mgr. 13. gr. frumvarpsins er fjallað um sviptingu lögmannsréttinda. Reglur frumvarpsins þar um eru mun markvissari en að gildandi lögum. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra felli réttindi lögmanns úr gildi ef hann uppfyllir ekki lengur almenn skilyrði til að hljóta lögmannsréttindi eða starfsskilyrði sem lúta að skrifstofuhaldi, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Þá er í 14. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti að tillögu Lögmannaráðs fellt niður réttindi lögmanns vegna alvarlegra og ítrekaðra brota á siðareglum. Gert er ráð fyrir því að heimilt verði að höfða dómsmál til ógildingar á ákvörðun ráðherra um niðurfellingu lögmannsréttinda.

Vikið er að endurveitingu lögmannsréttinda í 16. gr. Gert er ráð fyrir að umsækjandi verði að gangast á ný undir prófraun ef réttindasvipting hefur verið ótímabundin og byggst á lögbrotum hans eða brotum á siðareglum og að umsókn þar um verði fyrst lögð fram fimm árum eftir sviptingu. Réttindi verða að öðru leyti veitt aftur án þess að annað þurfi til að koma en umsókn frá viðkomandi.

Rétt er að vekja athygli á því að með frumvarpinu er gert ráð fyrir að horfið verði frá svokallaðri innlögn lögmannsréttinda eða „deponeringu" þeirra, ef eitthvað skortir á að skilyrði til að mega nota þau séu uppfyllt. Þetta hefur einkum tíðkast þegar viðkomandi gegnir opinberu starfi, sem talið er ósamrýmanlegt handhöfn lögmannsréttinda. Lagt er til að réttindi verði einfaldlega felld niður og síðan veitt að nýju ef skilyrði skapast til þess síðar.

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um einkarétt lögmanna til að flytja mál fyrir dómstólum landsins. Gert er ráð fyrir að haldið verði gildandi fyrirkomulagi um einkarétt lögmanna. Rök fyrir þeirri tilhögun hafa helst verið nefnd þau að hagsmunum manna sé best borgið í höndum lögmanna vegna þeirrar reynslu sem þeir búa yfir og þekkingar á réttarfarslögum. Með þessu verði því varnað að menn verði fyrir óþarfa réttarspjöllum, auk þess sem skilvirkni dómstóla muni aukast.

Ef horft er til annarra Norðurlanda er þess að geta að í Noregi og að mestu leyti í Danmörku njóta lögmenn einkaréttar til málflutnings. Einkaréttur lögmanna er ekki fyrir hendi í Svíþjóð og Finnlandi, en hins vegar eru einungis lögmenn skipaðir verjendur í opinberum málum og einungis lögmönnum er heimilað að veita réttaraðstoð sem greidd er af ríkinu samkvæmt lögum um opinbera réttaraðstoð.

Sjónarmið um réttaröryggi og neytendavernd styðja það fyrirkomulag að lögmenn hafi einkarétt til málflutningsstarfa.

Ein helsta breytingin sem ráðgerð er í frumvarpinu er afnám skyldu lögmanna til aðildar að Lögmannafélagi Íslands. Með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995, var fest í stjórnarskrána ákvæði um neikvætt félagafrelsi, þ.e. rétt manna til að standa utan félaga. Er sú tilhögun í samræmi við mannréttindasáttmála Evrópu. Kveðið er á um þennan rétt í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan sú að engan má skylda til aðildar að félagi. Sú undantekning er á að kveða má á um slíka skyldu til aðildar ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda manna. Íhugunarefni er hvort það hlutverk Lögmannafélagsins að hafa eftirlit með störfum lögmanna og beita agaviðurlögum geti réttlætt skylduaðild samkvæmt þessu undantekningarákvæði.

Um tilhögun á Norðurlöndum að þessu leyti má nefna að í Noregi er ekki skylduaðild að lögmannafélaginu. Í reynd eru þó um 90% allra lögmanna í félaginu og er talið ákveðið gæðamerki að lögmaður geti kynnt sig svo að hann sé í lögmannafélaginu. Meginreglan er sú að félagið fer með agavald gagnvart félagsmönnum sínum, en dómsmálaráðuneytið gagnvart utanfélagsmönnum.

Í Danmörku er skylduaðild að lögmannafélaginu. Stjórn þess hefur eftirlitsskyldu með félagsmönnum, en agavald er í höndum 18 manna lögmannanefndar. Ekki er bein skylduaðild að lögmannafélögum í Svíþjóð og Finnlandi, en menn mega ekki kalla sig lögmenn nema þeir séu þar félagar. Félög lögmanna fara með eftirlitshlutverk gagnvart lögmönnum, en agavald er í höndum nefnda sem að meiri hluta eru skipaðar lögmönnum.

Í þessu efni má velta fyrir sér hversu trúverðugt það er að fela lögmönnum að hafa eftirlit með sjálfum sér. Eftirliti með lögmönnum er hægt að koma á með öðrum hætti, án þess að Lögmannafélagið komi þar nálægt. Í frumvarpi þessu er lagt til að eftirlit þetta færist til stjórnvalda. Að sú stjórnsýsla sem felst í eftirliti með störfum lögmanna og beitingu agaviðurlaga verði annars vegar falin dómsmálaráðuneyti og hins vegar þriggja manna nefnd sem komið yrði á fót, svokölluðu Lögmannaráði.

Eðlilegt þykir, í ljósi mannréttindasáttmála Evrópu og breytinga á stjórnarskránni, að afnema skylduaðild að Lögmannafélaginu. Þá er það í samræmi við almenn viðhorf til nútímastjórnsýsluhátta að lögmönnum verði ekki falið að hafa eftirlit með sjálfum sér heldur verði slíkt eftirlit í höndum opinberra aðila.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir meginefni og markmiðum þessa frumvarps. Ég ítreka að heildarendurskoðun löggjafar er varðar réttarfarsleg málefni hófst fyrir nokkrum árum og þetta er einn þáttur í framhaldi þeirrar endurskoðunar, enda skiptir löggjöfin um starf lögmanna talsverðu máli í því efni.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[11:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög mikilvægt frv. og það olli mér talsverðum vonbrigðum að hæstv. dómsmrh. skyldi ekki fara ítarlegar í það heldur en hann gerði. Hann ræddi talsvert um að nauðsynlegt sé að fela stjórnvöldum eftirlitshlutverk með lögmönnum. En hann skýrði það lítt hvers vegna þetta eftirlitshlutverk er nauðsynlegt. Mig langaði að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. dómmrh.: Hvers vegna nauðsynlegt er að hafa sérstakt eftirlit með einni stétt? Er það sökum starfa þeirra utan réttar eða er það vegna starfa þeirra innan réttar? Hvers vegna er nauðsynlegt að stjórnvöld hafi sérstakt eftirlits- og agavald með lögmönnum?

[11:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það svo að eftirlit með störfum bæði einkafyrirtækja og fyrirtækja í félagaformi er með ýmsu móti af opinberri hálfu og af ýmsum ástæðum. Það er því alls ekki svo að verið sé að taka lögmenn eina út úr og setja þá eina undir opinbert eftirlit. Það hefur verið talið nauðsynlegt út frá sjónarmiðum neytendaverndar að hafa eftirlit með störfum lögmanna. Samkvæmt gildandi lögum er það í höndum stjórnar Lögmannafélagsins sjálfs. Það hefur verið óumdeilt. Lögmenn fara með mikilsverð mál fyrir einstaklinga á grundvelli sérþekkingar sinnar. Það er mikilvægt að sem mest traust ríki á störfum þeirra og því hefur hvarvetna verið talið nauðsynlegt að hafa slíkar reglur. En nútímastjórnsýsluhættir eru á annan veg en fyrrum. Það þykir ekki eðlilegt að stéttir hafi eftirlit með sjálfum sér eins og verið hefur og þess vegna er sú breyting lögð til sem felst í frv. En hún ræðst einnig af því að með frv. er verið að leggja til að félagafrelsið verði virkt þannig að menn verði ekki skuldbundnir til að vera aðilar að Lögmannafélaginu. Það leiðir af sjálfu sér að félagið getur í þeim tilvikum ekki verið eftirlitsaðili með utanfélagsmönnum og eðlilegt að skipa þá eftirlitinu með heildstæðum hætti í samræmi við nútímastjórnsýsluviðhorf þannig að það taki jafnt til allra hvort sem þeir eru félagsmenn í Lögmannafélaginu eða ekki.

[11:52]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Herra forsetri. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Það sem ég var að sækjast eftir var að störf lögmanna utan réttar eru störf sem hinir ýmsu aðilar í samfélaginu fara með, viðskiptafræðingar, endurskoðendur og margir aðilar í samfélaginu fara með margvísleg störf utan réttar. Spurning mín snýr að því hvort eftirlitið sé nauðsynleg vegna starfa lögmanna innan réttar eða utan réttar. Mér fannst það ekki koma nægilega skýrt fram hjá hæstv. dómsmrh. Enn fremur fannst mér almenn tilvitnun í nútímastjórnsýsluhætti ekki bera þess vitni að nægilega hafi verið skilgreint hvað hæstv. dómsmrh. á við. Ég vildi því fá skýrar fram ef mögulegt er hvort um er að ræða eftirlit vegna starfa innan réttar, þ.e. fyrir dómstólunum, eða hvort um er að ræða eftirlit vegna starfa utan réttar. Mér finnst þetta skipta verulegu máli vegna þess að í frv. er engin tilraun gerð til að skilgreina nákvæmlega hvers vegna þetta eftirlit er nauðsynlegt.

[11:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur í augum uppi að störf lögmanna eru margvísleg. Þó að við horfum einvörðungu á málflutningsstörfin þá eru þau bæði unnin utan réttar og innan. Þar að auki sinna lögmenn margvíslegum störfum við lögfræðilega ráðgjöf án þess að mál gangi til réttar, oft með því að leiða ágreining til lykta og koma í veg fyrir að mál fari til dómstóla. Það er enginn vegur að greina á milli í þessu efni. Lögmenn hafa tilteknu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu og það eftirlitshlutverk sem hér er verið að mæla um tekur til starfa þeirra sem lögmanna sem sjálfsagt verða ekki skýrð og afmörkuð í eitt skipti fyrir öll. Þau geta mótast og breyst í rás tímans eftir því sem þjóðfélagið breytist þó að í grundvallaratriðum lúti störf þeirra að málflutningi fyrir dómstólum. En þau störf eru bæði unnin í réttinum sjálfum og utan hans og eftirlitið hlýtur því að taka til þeirra starfa í heild sinni.

[11:56]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég vil gera athugasemdir við í innleggi mínu í umræðu um frv. til laga um lögmenn. Það er annars vegar þetta aga- og eftirlitsvald með lögmönnum og hins vegar skylduaðild að Lögmannafélaginu. En áður en að því kemur langar mig að vitna hér aðeins til greinar sem Ragnar Aðalsteinsson lögmaður skrifaði í Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Í frumvarpi dómsmálaráðherra er gengið þvert á hugmyndir um nauðsyn sjálfstæðrar og óháðrar lögmannastéttar í landinu og Lögmannafélag Íslands svipt því hlutverki sem það hefur gegnt í því skyni að viðhalda sjálfstæðri lögmannastétt. Lagt er til að dómsmálaráðherra veiti einn leyfi til málflutnings og svipti lögmenn starfsleyfum. Hann hefur úrslitavald um efni siðareglna lögmanna, þ.e. hvað teljist góðir lögmannshættir. Dómsmálráðherra skipar meiri hluta lögmannaráðs, en þrátt fyrir það er ráðið einungis ráðgefandi standi vilji ráðherra til að svipta lögmann starfsréttindum sínum. Ráðherra þarf ekki að fá ákvörðun sína um að svipta lögmann starfsréttindum staðfesta fyrir dómi."

Það frv. sem hér liggur fyrir er að minni hyggju merkilegt að því leyti að mér sýnist sem vanti allar skilgreiningar eða útskýringar á nauðsyn þess að leggja frv. fyrir þingið.

Í greinargerð með frv. er ekki gerð nein tilraun til að skilgreina hlutverk og stöðu lögmanna í nútímalýðræðis- og réttarríki en skortur á slíkri skilgreiningu leiðir að mínu viti til þess að markmiðið eða tilgangurinn með frv. verður óljós og ómarkviss. Að sönnu mál rekja endurskoðun laga um lögmenn til þeirra réttarfarsbreytinga sem gerðar hafa verið hér á landi síðustu árin. En það eitt svarar þó ekki ýmsum þeim grundvallarspurningum sem rísa við endurskoðunina.

Það sem að mínu viti vantar í þetta í ljósi þeirra gríðarlegu breytinga í mannréttindaviðhorfum bæði hér á landi og um heim allan er að lögmenn eru óaðskiljanlegur hluti dómstóla.

Þeir eru óaðskiljanlegur hluti þess að dómstólar geti starfað í réttarríki. Því tel ég mjög mikilvægt að í lögum um lögmenn sé reynt að skilgreina og skýra eins og kostur er hlutverk og stöðu lögmanna í nútímalýðræðis- og réttarríki. Því miður er það ekki reynt í þessu frv. og tel ég það vera mikinn löst því slík skilgreining er mjög nauðsynleg.

Það er nauðsynlegt að taka fram í þessu sambandi að staða lögmannastéttarinnar er ekki vegna hagsmuna lögmannanna sjálfra, heldur vegna þess hlutverks sem þeir hafa í réttarkerfinu fyrir starfsemi dómstólanna og þess trausts sem nauðsynlegt er að þjóðfélagsþegnar beri til dómgæslunnar í landinu. Og því vaknar sú spurning sem ég reyndi að fá svar við í andsvari við hæstv. dómsmrh. áðan, hvers vegna þetta aga- og eftirlitshlutverk sé nauðsynlegt. Hvers vegna þarf að hafa eftirlit með lögmönnum í störfum þeirra og veita þeim sérstakt aðhald umfram það sem almennt gengur og gerist hjá starfsgreinum og fagfélögum sem gera ákveðna kröfu til félagsmanna sinna, til forsvaranlegra rækslustarfa félagsmanna og háttsemi? Tæplega er það vegna þess að lögmenn séu eitthvað verri menn en aðrir og tæplega er það vegna starfa lögmanna utan réttar. Það þykir mér vægast sagt ólíklegt, nema e.t.v. á mjög þröngu sviði, þ.e. almenn ráðgjöf og þjónusta til viðskiptamanna þeirra og gæsla hagsmuna viðskiptamanna. Ef svo væri talið ætti jafnframt, samræmis vegna og jafnræðis, að gera kröfu um sérstakt eftirlit með öðrum lögfræðingum en lögmönnum sem veita lögfræðilega þjónustu og ráðgjöf, oft í beinni samkeppni við lögmenn. Jafnframt ætti þetta eftirlit að ná til allra þeirra sem ekki hafa lögfræðimenntun en sem telja sig þess umkomna að veita lögfræðilega ráðgjöf á einn eða annan hátt. Þannig ætti þetta eftirlit m.a. að ná til endurskoðenda, viðskiptafræðinga, verkfræðinga og jafnvel sálfræðinga, að því marki sem í störfum þeirra er falin lögfræðileg þjónusta.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á hvert hlutverk lögmanna er og leyfi mér þar að vitna í grg. hæstv. dómsmrh. fyrir hönd íslenska ríkisins, til mannréttindanefndar í Strassborg, í kærumálinu nr. 22/103/93, þar sem komist er svo að orði, með leyfi forseta: „Störf lögmanna eru órjúfanlegur þáttur af dómgæslunni í landinu.“ Og enn fremur: „Lögmenn gegna lykilhlutverki í þeirri starfsemi sem fram fer fyrir dómstólum.“ Þessi orð endurspegla almenna skoðun bæði hérlendis og erlendis um mikilvægi þáttar lögmanna í réttarkerfinu. Svo mikilvægur hefur þessi þáttur lögmanna verið fyrir starfsemi dómstólanna og þróun réttarins að lögmönnum hefur víða verið veittur einkaréttur til málflutnings fyrir dómstólum, þar á meðal hér á landi.

Það sem ég er að gagnrýna hvað varðar það að dómsmrh. sjálfur fái eftirlit með lögmönnum er einkanlega tvennt. Annars vegar það að í sakamálum þar sem lögmenn fá hlutverk verjenda hlýtur að teljast óeðlilegt að stjórnvöld og handhafi framkvæmdarvalds hafi ákvörðunarvald um það hvort lögmenn séu sviptir réttindum sínum eða hvort þeir fái þau. Það eru að mörgu leyti óeðlileg afskipti af lögmönnum að þetta eftirlits- og agavald sé komið í hendur ráðherra og má í því sambandi vitna í hæstaréttardóm frá 18. maí 1995 í hinu svokallaða dómarafulltrúamáli. En þar segir svo, með leyfi forseta: „Dómsmálaráðherra hefur formlega heimild til að afturkalla löggildingu þeirra, [þ.e. dómarafulltrúanna] og víkja þeim úr starfi án þess að bera það undir dómstóla og framkvæmdarvaldið getur með áhrifum sínum og ráðstöfunum bundið enda á ráðningu þeirra á skömmum tíma. Verður því að fallast á það að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. greinar mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara, til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð farið með þau dómstörf sem lýst er í bréfi dómsmálaráðuneytis hér að framan.“ Með öðrum orðum, virðulegi forseti, það eitt að staða dómarafulltrúa er ekki tryggari en raun ber vitni gerir það að verkum að þeir eru ekki taldir hafa nægilega trygga stöðu til þess að um sjálfstæða og óvilhalla dómara sé að ræða. Ég vil meina að lögmenn og hlutverk þeirra séu órjúfanlegur þáttur af starfsemi dómstóla. Og því held ég að margt sé sammerkt með þeim viðhorfum sem þarna birtast og því hlutverki sem lögmönnum er falið, að þeir þurfi ekki að sæta því að eiga það undir framkvæmdarvaldið, eiga það undir hæstv. dómsmrh., sem ég er ekki að bera upp á að muni svipta menn réttindum í tíma og ótíma, heldur hitt að það eitt að þessi staða sé uppi er óásættanleg.

Hæstv. dómsmrh. vitnaði í framsöguræðu sinni, sem því miður var allt of stutt og langt frá því að vera nægjanlega ítarleg, til einhverra annarra landa um hvernig málinu væri þar fyrir komið. Hann tók reyndar aðeins Noreg í því sambandi og nefndi Danmörku og Svíþjóð. En þar og víðast hvar annars staðar er þessu aga- og eftirlitsvaldi, sem ég tel reyndar að sé nauðsynlegt, að hluta til komið hjá lögmönnum sjálfum sökum þeirrar stöðu sem þeir eru í. Þeir eru órjúfanlegur hluti dómstólanna og starfsemi þeirra. Og vegna þess hlutverks er talið mjög óeðlilegt að framkvæmdarvaldið fari með þetta vald. Og ég get vitnað til nokkurra landa í þessu sambandi. Í Noregi reyndar, sem hæstv. dómsmrh. vitnaði til, er eftirlits- og agavaldið að hluta til innan norska lögmannafélagsins, og víðast hvar annars staðar í löndum innan EES er þetta eftirlit að einhverju leyti hjá lögmönnum sjálfum. Það er þó alveg hárrétt hjá hæstv. dómsmrh. að það er að mörgu leyti óeðlilegt að það sé alfarið þar og í því sambandi hafa t.d. Danir farið þá leið að setja á fót einhvers konar siðanefnd sem neytendur hafa sína fulltrúa í. Ég teldi það miklum mun eðlilegri vinnubrögð heldur en þau að þetta sé alfarið á höndum dómsmrh. með einhvers konar viðkomu í lögmannaráði sem er dómsmrh. til aðstoðar og hefur umsagnarrétt í málinu.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, langar mig að fjalla örlítið um afnám skylduaðildar lögmanna að Lögmannafélaginu. Sýnt hefur verið fram á að það fer ekki gegn félagafrelsi mannréttindasáttamála Evrópu að skylda menn til aðildar félögum eins og þeim sjálfstæðu félögum sem er falið einhvers konar stjórnsýsluhlutverk. En þrátt fyrir það er í frv. kveðið á um að lögmannfélag skuli vera til og það hafi ákveðið hlutverk, eins og fram kemur í 5. gr. frv. En þrátt fyrir að Lögmannafélagið hafi ákveðið hlutverk gagnvart dómstólum og stjórnvöldum er ekki skylduaðild að því og í þessu hljóta að felast vissar mótsagnir. Því það er með öðrum orðum verið að skylda lögmenn til að hafa með sér félag með því heiti, og þá væntanlega til aðildar að því. Og ef ekki er lengur skylda að vera í þessu félagi, sem hefur ákveðið hlutverk, þá hlýtur að vakna spurningin um hvað gerist ef enginn er í félaginu. Hvað ef enginn lögmaður vill vera í þessu félagi? Hefur það samt áfram það hlutverk að koma fram fyrir hönd félagsins gagnvart dómstólum og stjórnvöldum, setja siðareglur fyrir lögmenn o.s.frv.? Það felast því í þessu vissar mótsagnir sem er mjög erfitt að sjá að geti gengið upp. Því held ég að nauðsynlegt sé, virðulegi forseti, að skoða mjög ítarlega það ákvæði í frv. um að ekki skuli vera skylduaðild að félaginu.

Eins og ég nefndi áðan þá er gert ráð fyrir því í frv. að Lögmannafélag Íslands setji siðareglur fyrir lögmenn að fenginni staðfestingu dómsmrh. á þeim að hluta eða öllu leyti. Þær eiga að gilda um alla lögmenn án tillits til þess hvort þeir eru félagsmenn eður ei, en virðast lögmenn utan félagsins þurfa að sæta lögbundnu forræði þess. Hér skal ekki fjallað um hversu óeðlilegt það er að stjórnvöld staðfesti siðareglur tiltekinnar starfsgreinar en slíkt fyrirkomulag virðist brýnt brot gegn yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um hlutverk lögmanna. Ef lögmönnum er frjálst að stofna með sér félag, verður þessum félögum þá einnig frjálst, og ég spyr hæstv. dómsmrh., að setja félagsmönnum sínum eigin siðareglur með sérstöku aga- og eftirlitsvaldi stjórnar eða siðanefndar innan hvers félags? Slíkt fyrirkomulag er a.m.k. ekki bannað samkvæmt frv. en gæti valdið ruglingi og truflað dómstóla.

Virðulegi forseti. Ég hef hér lítillega fjallað um tvö atriði sem helst hafa valdið ágreiningi í frv. Niðurstaða mín er sú að viðhalda eigi skylduaðild að Lögmannafélagi Íslands og halda eigi í aga- og eftirlitsvald með lögmönnum innan félagsins, hvort tveggja þó með nokkrum breytingum frá því fyrirkomulagi sem nú gildir þannig að eftirtalin markmið náist:

Að viðhalda sjálfstæði stéttarinnar gagnvart opinberu valdi og treysta stöðu hennar sem órjúfanlegs hluta af dómgæslunni í landinu.

Að tryggja samræmt aga- og eftirlitsvald með lögmönnum.

Að uppfylla skyldur sem ríkið hefur tekið á sig með staðfestingu alþjóðlegra sáttmála um mannréttindi.

Mér virðist, virðulegi forseti, að það hafi kannski ráðið um of í huga hæstv. dómsmrh. að núverandi lög um málflytjendur eru orðin gömul og það eitt hafi kannski um of rekið á eftir breytingum. Því er hér í raun og veru ekki um neinar grundvallarbreytingar að ræða. Þetta er meira tæknilegt en því miður, að minni hyggju, oft á tíðum ekki nægjanlega markvissar eða skilgreindar breytingar. Því þrátt fyrir það og þrátt fyrir hvað um lögmenn er sagt, þá eru þeir órjúfanlegur hluti af dómskerfinu í landinu, órjúfanlegur hluti af því að við höldum hér uppi réttarríki og órjúfanlegur hluti af því að einstaklingarnir geta haldið uppi vörnum og haldið fram sínum réttindum. Því er gríðarlega mikilvægt að lögmenn njóti sjálfstæðis og að hér á landi sé sjálfstæð lögmannastétt. Það er að mínu viti eitt af stóru atriðunum í því að við getum byggt hér öflugt réttarríki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (EES-reglur). — Þskj. 275.

[12:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna sem lagt hefur verið fram á þskj. 275.

Efni frumvarpsins er að þeir sem rétt eiga samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsa fjármagnsflutninga skuli ekki þurfa að afla sér sérstaks leyfis dómsmálaráðherra við fasteignakaup. Gilda þá um það sömu reglur og gilda um þá sem réttar njóta samkvæmt reglum EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt og þjónustustarfsemi.

Í því ákvæði laganna þar sem þetta ákvæði er að finna er kveðið á um að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna réttur þessi taki og um framkvæmd réttarins að öðru leyti.

Það er ein af meginreglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að aðilum í einu ríki innan svæðisins skal vera heimilt að fjárfesta í öðru ríki á svæðinu til jafns við aðra. Það felur í sér að takmarkanir sem settar eru við fjárfestingu skulu ganga jafnt yfir alla sem undir samninginn falla. Hér ber þó að nefna að Ísland fékk eins og alkunna er heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða.

Við gildistöku EES-samningsins voru Íslandi veittir frestir til að laga gildandi reglur um fjárfestingar erlendra aðila að ákvæðum samningsins, þar á meðal ákvæðum um fjárfestingu í fasteignum. Þeir frestir runnu út um síðustu áramót.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög nr. 46/1996, um breytingar á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. Með þeim lögum voru reglur fjárfestingarlaganna um fjárfestingu erlendra aðila innan EES rýmkaðar til samræmis við ákvæði EES-samningsins. Í þeim lögum er svo vísað til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna að því er varðar rétt erlendra aðila til að öðlast eignarrétt og afnotarétt fasteigna til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni. Að því var hins vegar ekki gáð að breyta lögunum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna samtímis.

Frumvarp þetta er flutt til að bæta úr þessu þannig að sömu reglur gildi að þessu leyti um sviðin fjögur samkvæmt EES-samningnum.

Rétt er að hér komi fram að Eftirlitsstofnun EFTA, sem hefur því hlutverki að gegna að fylgjast með því að EFTA-ríkin innan EES fullnægi samningsskyldum sínum, hefur beint formlegri athugasemd til íslenskra stjórnvalda vegna ófullnægjandi framkvæmdar þeirra á ákvæðum tilskipunar þeirrar (nr. 88/361/EBE) sem fjallar um frjálst flæði fjármagns. Hefur Eftirlitsstofnuninni verið gerð grein fyrir framlagningu þessa lagafrumvarps.

Herra forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað 2. umr. og til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204, nál. 584.

[12:18]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 584 um frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, o.fl. Nál. er frá hv. allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti Þorstein A. Jónsson, Björgu Thorarensen og Ragnheiði Harðardóttur. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, Heimili og skóla, tollstjóranum í Reykjavík, Barnaverndarstofu, landlækni, Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögmannafélagi Íslands, áfengisvarnaráði, lögreglustjóranum í Reykjavík og Landssambandi lögreglumanna.

Frumvarpið felur í sér breytingar á almennum hegningarlögum, áfengislögum, lögum um ávana- og fíkniefni, tollalögum, lögum um alþjóðlega samvinnu um fullnustu refsidóma og lyfjalögum. Um er að ræða lagabreytingu sem nauðsynleg er til þess að Ísland geti fullgilt tvo alþjóðasamninga á sviði refsiréttar, annars vegar samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og hins vegar samning um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum. Í umsögn sem nefndinni barst um málið kemur m.a. fram að nokkrum vanda hefur valdið að heiti á fíkniefninu „ecstasy" eða „E-töflur" kemur hvergi fyrir í lögum eða reglugerðum. Þar eru aðeins talin upp vímuefni sem er að finna í slíkum töflum. Upplýst var á fundi nefndarinnar að eðlilegra væri að kveða á um slíkt í reglugerð. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita, auk þeirrar sem hér stendur, Sólveig Pétursdóttir, formaður, Ögmundur Jónasson, Árni R. Árnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Kristján Pálsson, hv. þingmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hjúskaparlög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 176. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 195.

[12:22]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Enn er hér á ferðinni frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum. Meðflm. mínir eru Sigríður Anna Þórðardóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir. Það er nú svo, virðulegi forseti, að þetta mál er búið að vera alllengi í umræðu á Alþingi og í nefndum þingsins en þannig hefur hagað til að fyrst þá þetta frv. var lagt fram, á 112. þingi, var gert ráð fyrir að sett yrðu á lög sem eingöngu væru ætluð lífeyrissjóðunum að gera breytingar á. En nú á síðustu tveimur þingum hef ég lagt þetta frv. fram með þeim breytingum, eins og segir í 1. gr., að við 2. tölulið 1. mgr. 102. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður:

„Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa á meðan hjónaband stóð, skulu þó ekki falla utan skipta."

Þarna er um að ræða frv. til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, en þegar þau lög voru í endurskoðun og voru hér fyrst flutt á þingi gerði ég athugasemdir við þau lög og taldi eðlilegt að áunnin lífeyrisréttindi hjóna mundu ekki falla utan skipta eins og kemur fram í hjúskaparlögunum. En í grg., virðulegi forseti, segir:

„Frumvarp til laga um lífeyrisréttindi hjóna var lagt fram á 112., 113., 115., 116., 117., 118. og 120. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það var sama efnis og þetta frumvarp, að ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa í hjúskap, skuli teljast hjúskapareign þeirra og koma því jafnt til skipta verði slit á fjárfélagi hjónanna.

Ný hjúskaparlög tóku gildi 1. júlí 1993 og er því lagt til að mælt verði fyrir um þetta atriði þar. Samkvæmt hjúskaparlögum er eign hjúskapareign nema sérstakar heimildir standi til annars, sbr. 54. gr., og er þar m.a. átt við persónuleg réttindi að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við þær sérreglur sem um þau réttindi gilda, sbr. 57. gr. laganna. Um fjárskipti þessara réttinda eru ákvæði í 102. gr. en þar eru taldar upp þær hjúskapareignir sem geta fallið utan skipta að kröfu maka. Í frumvarpi þessu er lagt til að ellilífeyrisréttindi verði ekki í þessum hópi, þau séu hjúskapareign sem geti ekki fallið utan skipta.

Eins og nú háttar til eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa á almennum vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Því er sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram hefur komið er frumvarp um þetta efni ekki lagt fram í fyrsta sinn en oft hafa umræður og umsagnir um málið snúist meira um aðra þætti, eins og fjölmargar aðrar greiðslur frá lífeyrissjóðum, en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem nú tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd fyrir, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. samanlagður aldur og starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa komið sér upp, en fjölmörg dæmi væri einnig hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að rétturinn yrði allur sá sami hvað hjón varðar, þ.e. áunninn flýtiréttur til töku lífeyris, tímabundnar örorkubætur eða bætur fyrir langtímaörorku.

Herra forseti. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má

að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna."

Hins vegar vildi ég sérstaklega geta þess, virðulegur forseti, að ég hef sent þetta frv. til flestallra kvenfélaga og kvenfélagasamtaka á landinu og fengið mörg svör sem öll beinast í sömu átt að það vekur mikla undrun hversu lítill réttur heimavinnandi húsmæðra er samkvæmt lögum, þ.e. þegar þær eru í hjónabandi og ef kemur til skilnaðar. En það eru mörg dæmi um það að þegar líður að ævikvöldi og hjón slíta samvistum, þá er það sá sem hefur greitt í lífeyrissjóðinn sem nýtur allra greiðslna þaðan. Oftar en ekki nýtur heimavinnandi húsmóðirin eingöngu ellilífeyrisgreiðslna almannatrygginganna en hefur engan rétt til tilkalls úr greiðslum lífeyrissjóðs þess sem makinn hafði þá greitt til á langri starfsævi og er eins og ég hef áður komið hér inn á auðvitað sameign þeirra hjóna þegar litið er til þeirra verkaskipta sem hjón hafa komið sér saman um í hjónabandinu.

Virðulegi forseti. Ég legg þetta mál hér fyrir og að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður Alþingis, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 244. mál (heildarlög). — Þskj. 381.

[12:32]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um umboðsmann Alþingis. Forsn. flytur málið. Þetta er 244. mál þingsins á þskj. 381.

Embætti umboðsmanns Alþingis var stofnað með lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, en þau lög tóku gildi 1. janúar 1988. Á þeim rösklega níu árum sem liðin eru frá því að embætti umboðsmanns Alþingis var sett á stofn hafa orðið miklar framfarir í stjórnsýslunni hér á landi ekki síst fyrir tilverknað stjórnsýslulaganna frá 1993 og ekki fer á milli mála að embætti umboðsmanns á þátt í því að svo giftusamlega hefur til tekist og að við búum í dag við vandaðri og agaðri vinnubrögð en við áttum áður að venjast.

Hlutverk umboðsmanns er að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Hann á að gæta þess að jafnræði sé gætt í stjórnsýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Tekur starfssvið umboðsmanns til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Sú takmörkun er þó gerð á starfssviði umboðsmanns í núgildandi lögum að því aðeins fjallar umboðsmaður um stjórnsýslu sveitarfélaga að unnt sé að kæra ákvarðanir sveitarstjórna til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins.

Á þeim tíma sem liðinn er er komin nokkur reynsla á störf embættisins. Í upphafi var gert ráð fyrir að jafnhliða lögum um umboðsmann Alþingis yrðu sett almenn stjórnsýslulög. Það varð þó ekki fyrr en með stjórnsýslulögum nr. 37/1993 er öðluðust gildi 1. janúar 1994. Ekki er fullt samræmi milli gildissviðs stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og starfssviðs umboðsmanns. Á þeim tíma sem embætti umboðsmanns hefur starfað hafa verkefni verið flutt frá ríki til sveitarfélaga og fyrirhugað er að flytja önnur.

Samkvæmt stjórnskipun íslenska ríkisins er opinber stjórnsýsla í höndum ríkis og sveitarfélaga. Við samningu frv. þessa hefur verið lagt til grundvallar að ákvæðum laga um starfssvið umboðsmanns verði breytt á þá lund að starfssvið nái til allrar opinberrar stjórnsýslu bæði ríkis og sveitarfélaga. Að auki hafa verið gerðar aðrar breytingar sem heppilegt þótti að gera með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af störfum umboðsmanns Alþingis. Helsta efnisbreytingin sem frv. hefur í för með sér er sú að starfssviði umboðsmanns er breytt að því er snertir stjórnsýslu sveitarfélaga. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, hefur umboðsmaður almennt ekki eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga nema um sé að ræða ákvarðanir sem skjóta má til æðra stjórnvalds á vegum ríkisins. Aðrar ákvarðanir og athafnir sveitarstjórna og annarra stjórnvalda sveitarfélaga sem ekki eru kæranlegar með þessum hætti falla því almennt utan starfssviðs umboðsmanns Alþingis. Umdeilanlegt má telja hvort þessi takmörkun á starfssviði hafi í upphafi átt rétt á sér. Hvað sem því líður er a.m.k. ljóst að vegna umtalsverðra breytinga á verkefnum og störfum sveitarfélaga er þörf á að huga að tilhögun eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga þar með talið eftirliti umboðsmanns Alþingis með sveitarfélögum.

Í skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1994 benti umboðsmaður á að mörg verkefni hefðu þegar verið flutt frá ríki til sveitarfélaga og fyrirhugað væri að flytja önnur. Í ljósi þessarar þróunar taldi umboðsmaður ástæðu til að vekja athygli Alþingis á nauðsyn þess að jafnframt væri hugað að tilhögun eftirlits með stjórnsýslu sveitarfélaga. Taldi umboðsmaður eðlilegt að Alþingi tæki afstöðu til þess hvort breyta ætti lögum um umboðsmann Alþingis yrði framhald á tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga.

Í frv. er lagt til að gerð verði sú breyting á starfssviði umboðsmanns að takmarkanir þær sem felast í 3. gr. gildandi laga verði felldar brott. Það er rétt að geta þess að eftir slíkri breytingu hefur verið leitað við Alþingi af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Með 2. mgr. 3. gr. frv. er einnig gerð sú breyting að starfssvið umboðsmanns tekur einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur að lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Ákvæði þetta tryggir að komið verður á betra samræmi á milli starfssviðs umboðsmanns Alþingis annars vegar og gildissviðs stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hins vegar.

Af öðrum breytingum sem frv. miðar að er að nefna ákvæði sem kveða á í skýru og samfelldu máli hvernig störfum umboðsmanns skal haga og hverra heimilda hann getur neytt í þágu starfs síns. En flest þessi ákvæði eru nú í reglum nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis. Með töku þessara ákvæða í lögin sjálf verða lögin skýrari um störf og starfshætti umboðsmanns og tvímæli tekin af um heimildir hans.

Í 6. og 7. gr. og 9.–11. gr. frv. eru breytingar af þessum toga þótt þær sé víðar að finna.

Í 2. og 3. gr. frv. er til skýringarauka greint annars vegar hvert hlutverk umboðsmanns er og hins vegar hvert starssvið umboðsmanns er.

Í 4. og 5. gr. frv. er greint betur á milli þeirra mála sem hefjast að frumkvæði aðila sem telur rétt á sér brotinn og svo þeirra mála sem byrja að frumkvæði umboðsmanns Alþingis.

Í 13. gr. frv. er mælt fyrir um lagabreytingu sem ætlað er að tryggja sjálfstæði umboðsmanns gagnvart handhöfum framkvæmdarvaldsins sem hann hefur eftirlit með.

Loks má nefna breytingar í tilefni af stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991. Þannig fer t.d. kosning umboðsmanns Alþingis ekki lengur fram í sameinuðu þingi.

Ég tel ekki þörf á að fjalla nánar um efni frv. og vísa um nánari skýringar til grg. þess og athugasemda. Ég nefni þó að marka þarf skýrslu umboðsmanns á ákveðinn farveg í umfjöllun Alþingis en rétt sýnist að taka það mál upp við endurskoðun þingskapalaga. Ég tel heppilegast, eins og áður hefur komið fram við önnur tækifæri, að stofna nýja þingnefnd sem hafi það hlutverk að fjalla um skýrslu umboðsmanns og raunar aðrar skýrslur sem lagðar eru fyrir Alþingi.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[12:39]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til laga um umboðsmann Alþingis sem vissulega er þess eðlis að nauðsynlegt er að alþingismenn gefi góðan gaum að einkum og sér í lagi með það í huga hversu umfang umboðsmannsins hefur vaxið ár frá ári og vegna þeirra fjölmörgu mála sem einstaklingar hafa leitað til umboðsmanns með. Ber þar margt á góma eins og skýrsla umboðsmanns sýnir og hefur sýnt í gegnum árin. Það er ótrúlegt stundum þegar skýrslan er skoðuð hvernig ýmsar ríkisstofnanir hafa brugðist sérkennilega við þegar einstaklingur hefur leitað réttar síns.

Virðulegi forseti. Margar ríkisstofnanir hafa verið ákaflega tregar til svara og oftar en ekki til samstarfs jafnvel við umboðsmann Alþingis og þegar skýrslan er grannt skoðuð má oft lesa á milli lína að erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar.

Af því tilefni er ég hér kominn upp, virðulegi forseti, og vildi þá einkum ræða um 7., 10. og 12. gr. þessa frv. En í 7. gr. frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Umboðsmaður Alþingis getur krafið stjórnvöld um þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem hann þarfnast vegna starfs síns, þar á meðal getur hann krafist afhendingar á skýrslum, skjölum, bókunum og öllum öðrum gögnum sem mál snerta."

Ef litið er svo aftur á 10. gr. Þar er talað um lyktir málsins, hvernig umboðsmaður geti lokið þeim málum sem hann fjallar um. Í 12. gr. er síðan talað um skýrslu umboðsmanns Alþingis og þar kem ég kannski að kjarna málsins. Það er sá eini staður í lögunum þar sem kveðið er á um tímasetningar, hvenær umboðsmaður Alþingis eigi að skila málum frá sér. Og þar segir, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert."

Það eru miklar væntingar einstaklinga úti í bæ til þessa embættis og oftar en ekki fylgir mikið málavafstur og einstaklingar eiga jafnvel oft um sárt að binda. Þess vegna vil ég beina því, virðulegi forseti, til forsn. hvort ekki sé eðlilegt, í ljósi þess að mörg embætti innan stjórnsýslunnar eru ákaflega treg í taumi og treg til að svara, að umboðsmaður Alþingis hefði það vald að hann gæti sett á tímamörk hvenær viðkomandi stofnun mundi svara þeim málum sem umboðsmaður beindi til viðkomandi stofnana ríkisins eða þeirra stjórnsýslustofnana sem leitað er til. Ég hef áður komið inn á þetta mál þegar flutt var skýrsla umboðsmanns Alþingis og benti á þá nauðsyn að tímamörk væru hvað áhrærði kröfurétt umboðsmanns Alþingis til að kalla mál til sín. Það er það eina sem mér finnst vanta hér á, í annars ágætu frv.

[12:44]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa yfir ánægju minni með þetta frv. og að það skuli vera fram komið. Því verður að öllum líkindum vísað til hv. allshn. þar sem ég á sæti og hef ég tækifæri til að fjalla um það frekar þar.

Hér er um það að ræða að störf umboðsmanns Alþingis eins og þau hafa verið verði rýmkuð og taki einnig á þeim stjórnvaldsaðgerðum sem sveitarfélög framkvæma þannig að þeir sem þeim þurfa að lúta eigi möguleika á að bera sín mál upp við hlutlausan aðila. Það má kannski segja að um tvennt hafi verið að ræða í sambandi við það mál þegar svo mörg verkefni hafa verið færð yfir til sveitarfélaganna og raun ber vitni, og allar líkur á að verði áframhald á því.

Annars vegar stóðum við frammi fyrir því að útvíkka starfssvið umboðsmanns Alþingis eða þá að stofna nýtt embætti sem mundi þá vera embætti umboðsmanns sveitarfélaga. Ég álít að rétt hafi verið að fara þessa leið frekar, ekki síst vegna þess að sú reynsla sem við höfum af störfum umboðsmanns Alþingis frá árinu 1987 er ákaflega góð og ríkir mikill friður um það embætti þannig að ég tel það vera af hinu góða að það embætti taki á þessum nýju verkefnum. Eins og kemur fram í grg. hlýtur þetta að hafa í för með sér að verkefnum muni fjölga nokkuð sem umboðsmaður þarf að fjalla um og úrskurða um þannig að mér sýnist að ekki verði hjá því komist að auka fjárveitingar til embættisins. Ég vil þá gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann sjái fyrir sér að þetta máli verði leyst á nokkurn annan hátt en þann þar sem verkefnum mun fjölga.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, er þetta mál sem verður fjallað um í hv. allshn. að öllum líkindum og ég vildi bara koma hér upp til þess að lýsa stuðningi við málið. Það er bara eitt atriði sem ég hef örlitlar efasemdir um, sem verður þá fjallað um í nefndinni, og það kemur fram í 1. gr. þar sem segir að Alþingi kjósi umboðsmann Alþingis til fjögurra ára. Ég velti því fyrir mér hvort réttara sé að hafa þetta til fimm ára eins og almennt er innan stjórnsýslunnar en það tel ég vera mál sem hv. allshn. muni fjalla um.

[12:47]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir við frv. Aðeins örfá orð í tilefni þess sem hér hefur komið fram hjá tveimur hv. þm. Fyrst það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi um tímamörk, hvort ástæða væri til að setja í frv. og lögin tímamörk um svör þeirra stofnana sem umboðsmaður beinir spurningum til. Mér sýnist að slíkt komi alveg til greina og vænti þess að hv. allshn. taki það til sérstakrar athugunar. Ég nefni líka í þessu sambandi að það kann að vera spurning um tímamörk hvenær umboðsmaður á að ljúka afgreiðslu máls. Ég þekki kvartanir vegna þess, ekki á umboðsmann sjálfan heldur þá sem gegnt hafa störfum hans þegar hann hefur vikið sæti og eru auðvitað í öðrum störfum. Það er spurning

hvort á að setja tímamörk á afgreiðslu mála hjá embættinu líka. Þetta tel ég rétt að hv. allshn. athugi.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi hugsanlega fjölgun verkefna hjá umboðsmanni. Það er rétt að búast má við að verkefnum fjölgi eitthvað en það er afar erfitt að áætla það að því er umboðsmaður segir. Fjárveitingin til embættisins núna 1997 er álitin duga fyrir auknum verkefnum sem kunna að koma þetta árið eftir samþykkt frv., ef það verður samþykkt, sem ég að sjálfsögðu vona. En það er nokkuð erfitt að áætla hver aukning viðfangsefnanna kann að verða.

Um ákvæði 1. gr. í frv. að umboðsmaður skuli kosinn til fjögurra ára tel ég mjög eðlilegt að allshn. taki það líka til sérstakrar umfjöllunar með hliðsjón af ákvæðum nýrra laga, um fimm ára embættistíma hinna ýmsu embættismanna ríkisins. Ég vil þó segja að mér finnst ekkert sjálfgefið að það sama skuli gilda um umboðsmann eða ríkisendurskoðanda, sem eru embættismenn stofnana sem heyra beint undir Alþingi. Mér finnst ekkert endilega felast í því, að þótt fimm árin séu ákveðin hjá framkvæmdarvaldinu, að þá gildi það sama fyrir embættismenn stofnana Alþingis. En ég lít ekki á það sem neitt stórmál og tel sjálfsagt að hv. allshn. fjalli alveg sérstaklega um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:30]

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir í fíkniefna-, áfengis- og tóbaksvörnum, 339. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 611.

Umræður utan dagskrár.

Meðferð yfirvalda á máli Hanes-hjónanna.

[13:30]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þann 21. janúar sl. úrskurðaði Héraðsdómur Reykjaness á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Leit má fara fram á heimili Donalds Hanes og Connie Jean Hanes á Borgarholtsbraut 72 í Kópavogi í því skyni að finna Zenith Elaine Helton og taka hana úr umsjón þeirra."

Sama dag var einnig kveðinn upp úrskurður í sama dómi um farbann á Hanes-hjónin utan nánar tiltekins svæðis. Þótt fulltrúi héraðsdómara hafi í fyrri úrskurði sínum hafnað kröfu um að fela barnaverndaryfirvöldum í Kópavogi forsjá barnsins sóttu barnaverndaryfirvöld það í leikskólann eftir að fulltrúar Rannsóknarlögreglu ríkisins höfðu fylgst með þegar Connie Jean Hanes fór með barnið þangað um morguninn. Barnið var síðan vistað á óþekktum stað á vegum barnaverndaryfirvalda um sinn.

Í dómskjölum frá Bandaríkjunum varðandi málaferli þau sem urðu vegna ættleiðingar barnsins í Arizona, sem lyktaði með því að líffræðileg móðir þess fékk að lokum forræði yfir því þrátt fyrir að tveir af þremur sálfræðingum sem rannsökuðu barnið á vegum réttarins álitu að barninu væri fyrir bestu að dvelja áfram hjá Hanes-hjónunum, er því slegið föstu að þau séu mjög hæfir foreldrar og barnið hafi óvenjusterk tilfinningatengsl við þau. Ljóst er að það er vegna hinna áðurnefndu sterku tilfinningatengsla að dómari úrskurðar að þau hjónin ættu áfram að hafa reglulega umgengni við barnið og það var til að uppfylla ákvæði þess úrskurðar sem þau hjónin fluttu frá Utah til Arizona.

Að þessu athuguðu getur maður ímyndað sér þá skelfingu sem gripið hefur litlu telpuna þegar ókunnugt fólk sækir hana í leikskólann og fer með hana til dvalar á óþekktum stað. Þar sem ekki var áður kannað hvaða áhrif þetta brottnám kynni að hafa á barnið eins og lög kveða á um að gert skuli er augljóst að réttindi barnsins hafa verið fyrir borð borin. Hanes-hjónunum var algjörlega meinað að hitta barnið á meðan á umræddri vistun stóð jafnvel þótt víst megi telja að það kynni að hafa létt hugarangur telpunnar ef það fólk sem hún þekkti sem foreldra sína hefði fengið tækifæri til að hitta hana og útskýra málið. Ekki verða séð nein efnisrök fyrir þeirri meðferð sem Hanes-hjónin og barnið sættu í þessari lögregluaðgerð. Þetta fólk hafði gengið barninu í foreldrastað nánast frá fæðingu, haft mikla umgengni við það þann tíma sem það hafði dvalið hjá móður sinni og samfellt þá 15 mánuði sem þau hafa undanfarið dvalið á Íslandi. Þau höfðu verið metin mjög hæf sem foreldrar í þeirri ítarlegu rannsókn sem fór fram í tengslum við ættleiðingarmálið og síðar vegna forræðismálsins.

Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Þórir Oddsson, gefur þá skýringu á framferði lögreglunnar að samkvæmt lögum eigi ákvæði Haag-samningsins aðeins við um ólögmætan brottflutning eða hald sem átt hafi sér stað eftir að samningurinn öðlaðist gildi, 1. des. 1996, og því eru aðfarirnar skýrðar með tilvísun til eldri laga. Hvort sá skilningur rannsóknarlögreglustjóra stenst fyrir Hæstarétti eða ekki fæst ekki upplýst þar sem dóms- og kirkjumrn. svipti í raun með athöfnum sínum Hanes-hjónin málskotsrétti sínum til réttarins.

Ég álít að með tilliti til grundvallarreglna um verndun mannréttinda hafi engin ástæða verið til að líta á umrætt fólk sem mannræningja. Þarna er augljóslega um að ræða mikinn fjölskylduharmleik. En heimilisböl er eins og kunnugt er þyngra en tárum taki. Þetta forræðismál sem hefur flækst fyrir dómurum í mörgum ríkjum er mjög flókið. Ég ætla mér ekki þá dul að kveða upp einhvern úrskurð í því hér. En mér finnst þó brýnt að allir eigi þess kost í þessu landi að fá að leita réttar síns eftir þeim leiðum sem til þess eru. Meðal þeirra er rétturinn til að úrskurði megi vísa til Hæstaréttar og það gerðu Hanes-hjónin. En þar er nú heldur betur pottur brotinn í þessu máli. Þau Hanes-hjónin skutu málinu til Hæstaréttar með kæru þann 23. janúar og gerðu kröfu um að úrskurði Héraðsdóms Reykjaness yrði hnekkt og barninu skilað til þeirra. En barnið hafði samkvæmt úrskurði dóms- og kirkjumrn. þá verið afhent starfsliði bandarískra sendiráðsins í Reykjavík þrátt fyrir að lögmanni Hanes-hjónanna hafi af sama ráðuneyti verið lofað að það yrði ekki gert nema að undangengnum dómsúrskurði Hæstaréttar. Í sendiráðinu var telpan umkringd sjónvarpsvélum, umsvifalaust fengin í hendur móðurinni, Kelly Helton, sem fór með hana af landi brott þann 24. janúar.

Að líkindum kætast þeir nú mjög hjá Unsolved Mysteries.

[13:36]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. málshefjanda að það mál sem hér er fjallað um er fjölskylduharmleikur. En það bar að þannig að með bréfi dagsettu 8. jan. 1997, barst Interpoldeild Rannsóknarlögreglu ríkisins fyrirspurn frá sendiráði Bandaríkjanna í London þar sem spurst var fyrir um hvort

tveir bandarískir ríkisborgarar, hjónin Connie Jean Hanes og Donald Hanes, væru búsettir hér á landi. Fram kom í bréfinu að þau voru eftirlýst í Bandaríkjunum, grunuð um brottnám á barninu Zenith Elaine Helton.

17. janúar sl. barst dóms- og kirkjumrn. síðan bréf frá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík þar sem farið var fram á að reynt yrði að koma í veg fyrir hugsanlegan flótta Hanes-hjónanna frá Íslandi og að barnið yrði tekið úr þeirra umsjá. Í bréfinu kom einnig fram að til stæði að ógilda vegabréf Hanes-hjónanna samkvæmt kröfu frá bandaríska innanríkisráðuneytinu. Að kvöldi 17. janúar sl., barst Interpol-deild RLR alþjóðleg handtökuskipun á hendur Hanes-hjónunum þar sem farið var fram á að þau yrðu handtekin og að gripið yrði til viðeigandi ráðstafana til að tryggja nærveru þeirra þar sem bandarísk stjórnvöld mundu fara fram á að þau yrðu framseld til Bandaríkjanna.

Hinn 20. janúar setti Rannsóknarlögregla ríkisins fram kröfu um húsleit á heimili Hanes-hjónanna og töku barnsins úr þeirra umsjá hjá Héraðsdómi Reykjaness. Með úrskurði, uppkveðnum þann dag, var handtaka Hanes-hjónanna heimiluð svo og húsleit á heimili þeirra og taka barnsins úr þeirra umsjá.

Ákvörðun ráðuneytisins um afhendingu barnsins til bandarískra stjórnvalda byggðist á eftirtöldum atriðum:

Allir aðilar þessa máls voru bandarískir ríkisborgarar. Í málinu liggja fyrir skýrir dómar um réttarstöðuna í máli þessu frá 24. jan. 1995 þegar kveðinn var upp dómur um að móðirin hefði forsjá barnsins Zenith Elaine Helton. Er sá dómur endanleg niðurstaða í málinu. Engar lagalegar forsendur eru fyrir íslensk stjórnvöld eða dómstóla að taka málið til efnislegrar úrlausnar hér. Það má einnig benda á að samkvæmt íslenskum barnaverndarlögum geta Hanes-hjónin ekki átt aðild að forsjármáli. Samkvæmt íslenskum lögum geta þau ekki fengið forsjá barnsins. Það hefði aldrei getað orðið niðurstaða dómstóla hér samkvæmt íslenskum lögum.

Í Haag-samningi um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa, sem lögfestur hefur verið hér á landi, segir í 7. gr. að móttökustjórnvaldið, sem hér á landi er dómsmrn., skuli m.a. tryggja að börnum verði skilað sem fyrst. Einkum skuli þau gera allt sem við á til að koma í veg fyrir að barnið bíði frekari skaða af málinu og til að þær stjórnvaldsaðgerðir verði gerðar sem nauðsynlegar eru og viðeigandi til að tryggja að barninu verði skilað heilu á húfi.

Í samningnum er sú skylda lögð á stjórnvöld í aðildarríkjum hans að tryggja að börnum verði skilað sem fyrst. Skulu þau m.a. gera allt sem við á til að koma í veg fyrir að viðkomandi barn bíði frekari skaða af brottnámi eða haldi.

Einnig má benda á að í 1. gr. samningsins segir að markmið samningsins séu að tryggja að börnum sem flutt eru með ólögmætum hætti til samningsríkis sé skilað sem fyrst og að sjá til þess að forsjárréttur og umgengnisréttur samkvæmt lögum eins samningsríkis sé í raun virtur í öðrum samningsríkjum. Þá segir í 2. gr. samningsins að samningsríki skuli grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að markmiðum samningsins verði náð innan landsvæða sinna. Orðrétt segir:

„Í þessu skyni skulu þau beita skjótustu málsmeðferð sem völ er á."

Umræddur samningur var lögfestur, eins og fram hefur komið, hér á landi árið 1995. Með hliðsjón af þessu og grundvelli þess mats að réttarstaðan í þessu máli væri ótvíræð taldi ráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að afhenda bandið bandarískum stjórnvöldum. Hér er eins og fram hefur komið um að ræða bandaríska ríkisborgara sem að sjálfsögðu geta borið öll sín mál undir dómstóla í sínu heimalandi.

[13:40]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er borið inn á þing, og ég vil þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að gera, snýst um grundvallarmannréttindi. Það snýst um að menn geti fengið úrskurð um ágreining sinn fyrir dómstólum. Um það snýst málið. Í dómi Hæstaréttar segir svo, með leyfi forseta:

„Með þeirri ákvörðun sem áður er getið svipti ráðuneytið varnaraðila í reynd rétti þeirra til að leggja réttarágreining sinn og sóknaraðila undir dóm Hæstaréttar. Ákvörðun ráðuneytisins um að ráðstafa því sem hald var lagt á samkvæmt hinum kærða úrskurði átti sér hvorki stoð í X. kafla laga nr. 19/1991 [um meðferð opinberra mála] né annars staðar í lögum. Með henni voru höfð afskipti af máli sem að öðrum kosti hefði verið skorið úr með dómi innan fárra daga."

Með öðrum orðum er brotinn réttur einstaklinga að geta borið ákvarðanir og aðgerðir íslenskra stjórnvalda undir dómstóla og dómsmrh. gerist svo djarfur að taka þennan sjálfsagða rétt af þessum aðilum með hreint ótrúlegum aðgerðum. Ég efast um að nokkurs staðar þar sem mannréttindi eru virt í raun kæmist hæstv. dómsmrh. upp með þetta. Hann er að svipta bandaríska ríkisborgara rétti sínum til að skjóta aðgerðum íslenskra stjórnvalda til Hæstaréttar og fá úrskurð á þeim ágreiningi fyrir dómstólum. Þetta er einstætt, alveg einstætt. Það er með ólíkindum að þetta mál skuli ekki hafa verið tekið fastari tökum.

Ég vil enn og aftur þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur fyrir að bera þetta mál fram því þetta er íslenskum stjórnvöldum til háborinnar skammar.

[13:43]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hefur átt sér stað mikill fjölskylduharmleikur sem öll þjóðin hefur fylgst með. Hún hefur reyndar fylgst með fleiri slíkum harmleikjum í gegnum þekkt mál sem við höfum sótt á erlendum vettvangi.

Ágreiningur í barnaverndarmálum sem þessum er yfirleitt mjög viðkvæmur og virðist oft sem mannréttindi séu fótum troðin ef skoðað er frá sjónarmiði annars aðilans, þess sem tapar í málinu, sem alltaf er annar hvor. Ég tel að mjög athyglisvert sé, ef Haag-samningurinn er skoðaður, sem Ísland lögfesti 27. des. 1995, að það megi að mörgu leyti réttlæta aðgerðir stjórnvalda með hliðsjón af honum og í rauninni ef litið er á þann samning og barnaverndarlögin, 56. gr. barnaverndarlaganna, þá er hægt að finna að mínu mati lagabókstaf fyrir þessum aðgerðum. Það sem ég vil helst gagnrýna er hvernig gengið var að lítilli fjögurra ára stúlku í ókunnu landi og hún tekin inn á ókunnugt heimili. En það á sér þó stoð í þessum samningi og ef ég skoða nánar 12. gr. laga nr. 160/1995 þá stendur m.a. að heimilt sé að synja móttökustjórnvaldinu, dómsmrn. í þessu tilfelli, að barnið verði flutt á brott ef barnið hefur verið meira en ár hjá viðkomandi fólki og mér sýnist að það sé í þessu tilfelli. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það hafi komið til álita að gera það.

Einnig er varað við því í 4. tölulið 12. gr. laga nr. 160/1995 að barn sé tekið frá viðkomandi fólki ef það stríðir gegn grundvallarreglum hér á landi um verndun mannréttinda.

Mér virðist að skilja megi aðganginn að Hanes-hjónunum þannig að troðið hafi verið á mannréttindum þeirra og spyr hvort það hafi komið til tals (Forseti hringir.) að taka tillit til þess og heimila að mál þeirra yrði tekið fyrir í Hæstarétti.

Að lokum vil ég taka undir niðurlagsorðin í dómi Hæstaréttar sem hér voru lesin áðan og spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hann túlkar þau. Er ekki Hæstiréttur að skensa dómsmrn. þrátt fyrir þær lagaheimildir sem ég tel mig finna fyrir þessari aðgerð?

[13:46]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 8. þm. Reykn. fyrir að taka þetta mál upp. Ég hafði satt að segja undrast það meðan ég ekki var hér inni að enginn skyldi bregðast við dómi Hæstaréttar í þessu máli. Það fer auðvitað ekki á milli mála að dómsmrn. hefur orðið þarna alvarlega á, og það sem kannski getur ekki verra verið — í máli sem varðar mannréttindi. Ég harma að hæstv. dómsmrh. skuli ekki viðurkenna það því ég hygg að hann viti betur. Og ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég er ekki í nokkrum vafa um að dómsmálaráðherra í næstu nágrannalöndum hefði tafarlaust orðið að víkja sæti og segja af sér eftir þennan dóm sem hv. þm. sem hér talaði á undan las upp. (**ÖS:** Ertu að fara fram á það?) Nei, hv. ritstjóri Alþýðublaðsins, og hv. 15. þm. Reykv. er að verða sér úti um efni og ég skal svara því alveg strax. Ég er ekkert að fara fram á það. Það er nú einu sinni þannig að sérhver maður sem tekur að sér ráðherradóm verður sjálfur að meta siðferðislega skyldu sína þegar svona mál kemur upp. Og það eru auðvitað óteljandi hlutir sem finna má að í þessu máli. Það kemur fram í erindi lögfræðingsins sem tekur málið að sér fyrir Hanes-hjónin að hann er búinn að hafa samband við dómsmrn. sem lofar honum að bíða með aðgerðir þangað til dómur hefur fallið. Hanes-hjónin voru ekkert að hlaupast í burtu. Þau voru búin að búa hér í heilt ár, stunda vinnu sína hér á landi. Það var leikur einn að setja þau í farbann til þess að þau kæmust ekki í burtu með barnið. En það lá ekkert á að rífa fjögurra ára gamalt barn af leikskóla sínum, henda því til ókunnugs fólks og senda barnið síðan úr landi. Því ég held að það sé nefnilega alveg rétt sem hv. 8. þm. Reykn. sagði, þetta var sjónvarpsefni — öll þessi historía. Með konunni, móðurinni, komu til landsins heimsfrægir þáttagerðarmenn (Forseti hringir.) og ég held að þeir menn hafi átt þarna ómældan hlut að máli.

Því miður er tími minn búinn, hæstv. forseti, og ég skal virða það. En ég óska eftir því við hæstv. forseta þingsins að þingið hafi frumkvæði um að þetta mál verði rætt, annaðhvort í hv. allshn. eða á einhverjum öðrum vettvangi, því við, hv. þm., verðum að koma í veg fyrir að svona lagað komi nokkru sinni fyrir aftur.

[13:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það kemur ótvírætt fram í úrskurði Hæstaréttar að ráðuneytið hafi svipt varnaraðila rétti sínum til að leggja málið eða ágreininginn í dóm Hæstaréttar. Hæstiréttur segir: „Þau áttu þennan rétt að vísa málinu til Hæstaréttar.“ Og enn fremur segir Hæstiréttur að þessi meðferð ráðuneytisins eigi sér enga stoð í lögum. Þetta er mjög alvarlegur áfellisdómur Hæstaréttar yfir dómsmrn. sem ég held að hæstv. dómsmrh. verði að taka mjög alvarlega. Mér hnykkti nokkuð við þegar ég heyrði hann segja það í svari sínu hér áðan að það væru engar lagaforsendur fyrir íslenska dómstóla til að hafa afskipti af þessu máli. Hvað er hæstv. dómsmrh. að segja eftir þennan dóm Hæstaréttar? Hann er að segja við Hæstarétt: Ég tek ekki mark á ykkur. Getur dómsmrh. í lýðræðisríki sagt við hæstarétt landsins: Ég tek ekki mark á ykkur, dómur ykkar er vitlaus? Það er ekki hægt. Ég fer fram á það að hæstv. dómsmrh. taki aftur þessi ummæli sín gagnvart Hæstarétti.

[13:51]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í dómi Hæstaréttar í máli Rannsóknarlögreglu ríkisins gegn Hanes-hjónunum er að finna áfellisdóm yfir dóms- og kirkjumrn. Raunar má segja að framferði ráðuneytisins sé vítt af æðsta dómstóli landsins. En í honum segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Með þeirri ákvörðun sem áður er getið svipti ráðuneytið varnaraðila í reynd rétti þeirra til að leggja réttarágreining sinn og sóknaraðila undir dóm Hæstaréttar. Ákvörðun ráðuneytisins um að ráðstafa því sem hald var lagt á samkvæmt hinum kærða úrskurði átti sér hvorki stoð í X. kafla laga nr. 19/1991 né annars staðar í lögum. Með henni voru höfð afskipti af máli sem að öðrum kosti hefði verið skorið úr með dómi innan fárra daga.“

Hæstiréttur Íslands komst ekki hjá því að vísa málinu frá þar sem eins og segir í dómnum: „... er ljóst að ástand, sem leiddi af hinum kærða úrskurði er þegar um garð gengið.“ Þau hjónin nutu sem sé ekki þeirra mannréttinda sem þau áttu kröfu á hér á landi. Dómsmrn. hafði tekið málin í sínar hendur og í raun svipt þau þeirri réttarvernd er þau áttu skýlausan rétt á sem búsett hér á landi. Hvers vegna þetta óðagot? Hvers vegna þessa hnjáliðamýkt, herra forseti, jafnvel þótt stórveldin Bandaríkin og Unsolved Mysteries eigi í hlut? Er kannski hugsanlegt að pottur hér á landi sé víðar brotinn en í stærðfræði og raungreinum? Eru e.t.v. mannréttindi hér á landi ekki eins bjargtraust og við vildum gjarnan trúa? Eða eigum við aðeins að líta á þessi brigð dóms- og kirkjumrn. sem „unsolved mysteries“?

[13:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. rangtúlkaði ummæli mín mjög alvarlega hér í ræðu sinni. Ég sagði aldrei að íslenskir dómstólar gætu ekki átt aðild að þessu máli enda féll um það úrskurður í héraðsdómi Reykjaness. Það sem ég tók fram var að samkvæmt íslenskum lögum gætu Hanes-hjónin ekki farið fram á forsjá barnsins, því íslensk lög standa ekki til þess að afi og amma fái forsjá barna. Það var það sem ég var að vitna til en ekki önnur meðferð málsins fyrir dómstólum, sem að sjálfsögðu er hægt að bera undir dómstóla og ég hef aldrei nokkurn tímann vefengt.

Ég vil aðeins ítreka þau sjónarmið sem lágu að baki ákvörðun dómsmrn. Þau eru fyrst og fremst þau að þarna er um bandaríska ríkisborgara að ræða og ekki er óeðlilegt að gert sé út um mál þeirra fyrir bandarískum stjórnvöldum. Við vísuðum í löggjöfina um Haag-sáttmálann þar sem við erum skuldbundin sem þjóð að aðhafast sem skjótast til þess að aflétta ólögmætu ástandi sem dæmt hafði verið um í samningslandi okkar.

Í annan stað höfðum við auðvitað í huga að í lögum um meðferð opinberra mála er hvergi skýrt tekið fram hvernig með skuli fara þegar um er að ræða einstaklinga sem numdir hafa verið ólöglega á brott. En þar eru til að mynda ákvæði um hvernig á að fara með hluti sem hafa verið numdir á brott og þeim ber að skila. Við töldum að börn ættu ekki að njóta lakari réttar í þessu efni. Og öll afstaða ráðuneytisins byggði

á því að við reyndum að gera það sem barninu var fyrir bestu. Auðvitað förum við ekki í deilu við niðurstöðu Hæstaréttar og hljótum að skoða hana og meta. Ef mál af þessu tagi koma upp aftur þá hlýtur hún að verða til leiðsagnar (Forseti hringir.) en við sáum hvergi í meðferð málsins að við værum að ganga gegn skrifuðum og samþykktum lagabókstaf í landinu og allt okkar starf miðaði að því að reyna að gæta hagsmuna barnsins sem í hlut átti.

[13:56]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra er hér farinn ofurlítið út fyrir það sem við erum að tala um. Við erum ekki að ræða þetta mál efnislega. Ég ætla ekki hæstv. ráðherra það að hann hafi vísvitandi ætlað að svipta varnaraðila í reynd rétti eins og segir í dómi Hæstaréttar. En hann gerði það. Og það er alvara málsins. Þess vegna hljótum við að spyrja, hæstv. forseti, hver er staðan þá núna? Er hæstv. dómsmrh. opinberlega í stríði við hæstarétt landsins? Við það verður ekki unað. Fram úr því verður einhvern veginn að ráða. Og ég verða að játa, hæstv. forseti, að ég kann ekki nema eitt ráð við því. Það var það ráð sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson svo skarplega stakk upp á hér áðan. En ég skal ekkert vera að leggja til hvernig þetta mál yrði leyst, en eitt veit ég, í lýðræðisríki getur dómsmrh. ekki haft afstöðu og dóma Hæstaréttar að engu. Og hæstv. forseti Alþingis getur heldur ekki við það unað. Stjórnsýsla okkar er þannig að þessir hlutir verða að vera í lagi. Þess vegna hljótum við að spyrja: Hver er afstaða hæstv. dómsmrh. til Hæstaréttar Íslands? Telur hann að hann fari með fleipur í þessum dómi?

[13:57]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Það er tvær mínútur eftir af þeim áætlaða tíma sem ráðgerður var fyrir þessa utandagskrárumræðu. Hæstv. dómsmrh. hefur talað tvisvar og getur því ekki tekið til máls frekar. Það er ekki fyrirskrifað í þingsköpum að málshefjandi né heldur hæstv. ráðherra skuli ljúka umræðunni og einn hv. þm. er á mælendaskrá, hv. 6. þm. Suðurl., og forseti gefur honum orðið.

[13:58]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir því að hæstv. dómsmrh. mætti ekki tala að nýju en því miður liggur það fyrir í þessu máli að Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að dóms.- og kirkjumrn. hafi brotið alvarlega gegn grundvallarmannréttindum þeirra aðila sem vildu fá úrskurð Hæstaréttar um ágreiningsmál sín. Þrátt fyrir það hefur dómsmrh. reynt að koma sér undan því að svara hvernig hann ætlar að bregðast við niðurstöðu Hæstaréttar. Hann hefur heldur ekki á neinn hátt reynt að bera blak af sjálfum sér vegna þessarar niðurstöðu. Eftir sem áður stendur því það að dóms- og kirkjumrn. svipti bandaríska ríkisborgara þeim rétti að fá skotið til Hæstaréttar niðurstöðu Héraðsdóms Reykjaness vegna stjórnvaldsákvarðana sem undir dómstólinn voru bornar, því miður. Þetta stendur eftir: Dóms- og kirkjumrn. svipti þá aðila þessum grundvallarmannréttindum sínum. Það er niðurstaða Hæstaréttar. Við því verður á einhvern hátt að bregðast.

[13:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hefur verið staðið nokkuð óvenjulega að stjórn umræðunnar. Venjan er sú að málshefjandi og viðkomandi ráðherra ljúka umræðu. Hér er þannig að verki staðið að svo er ekki og umræða heldur áfram með atriðum sem lúta að ráðherranum og hann hefur ekki tök á að svara fyrir sig. Ég ætla ekki að halda því fram að verið sé að brjóta þingsköp en hér er verið að ganga mjög á svig við þá venju sem gildir í umræðum sem þessum.

Ég vil segja það í örfáum setningum að aldrei hefur komið fram af minni hálfu, herra forseti, að ég hafi mótmælt niðurstöðu Hæstaréttar. Ég virði allar niðurstöður Hæstaréttar og þar á meðal þessa. Ég tók það fram opinberlega sama dag og þessi dómur gekk að ráðuneytið mundi að sjálfsögðu taka hann til skoðunar og meta hvernig við ætti að bregðast ekki síst í því ljósi hvernig standa ætti að málum ef svo óheppilega vildi til að önnur mál af þessu tagi kæmu hér upp. Sú yfirlýsing lá fyrir af minni hálfu um leið og dómurinn féll og ég taldi að mætti vera ljóst af orðum mínum í þessari umræðu.

[14:01]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Að gefnu tilefni telur forseti ráð að lesa viðkomandi grein þingskapa sem lýtur að þessari hálftíma umræðu. Þar segir:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekið fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst. Í upphafi þingfundar skal forseti tilkynna hvaða mál fyrirhugað er að taka til umræðu utan dagskrár. Enginn má tala oftar en tvisvar um hvert mál, málshefjandi og viðkomandi ráðherra eigi lengur en fimm mínútur í fyrra sinn og eigi lengur en tvær mínútur í síðara sinn, en aðrir þingmenn og ráðherrar eigi lengur en tvær mínútur í senn."

Með öðrum orðum, hér er ekkert um það rætt og ekki fyrirskrifað hver skuli ljúka slíkri umræðu. Að sönnu, eins og forseti gat um áður, hefur venjan verið sú að málshefjandi og síðan viðkomandi hæstv. ráðherra ljúki henni en það eru engar skrifaðar reglur til um það. Forseti fer auðvitað eftir þeim þingsköpum sem fyrirskrifuð eru.

[14:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessi orð forseta. Það hefur í engu verið farið að öðrum reglum en þeim sem eru í þingsköpum við stjórn þessarar utandagskrárumræðu. Hitt er að sönnu rétt að niðurlag hennar hefur verið með öðrum hætti en tíðkast hefur undanfarin ár. Þar hefur hæstv. dómsmrh. rétt fyrir sér. En það eru engin brot á þingsköpum að hafa framkvæmd umræðna á annan veg en hefur tíðkast. Það er vani en ekki lög. Það segja mér þingreyndir menn, sem hafa setið lengur en ég á þingi, að fyrir nokkrum árum þegar sá háttur var upp tekinn að ráðherra lyki ævinlega umræðunni en ekki fyrirspyrjandi, að það hefði verið breyting frá því sem áður hefði tíðkast í mörg ár þar á undan. Það hefði ævinlega verið þannig að sá sem hóf umræðuna, hann lauk henni. Enda er það eðlilegur gangur að sá sem hefji mál ljúki því. En fyrir nokkrum árum var gerð á þessu sú breyting að þessu var snúið við þannig að ráðherrann lauk umræðunni og upphafsmaður umræðunnar var næstsíðastur. Það finnst

mér ekki endilega eðlileg skipan mála. Ég vakti athygli á því sjónarmiði í umræðum um þingsköp fyrir nokkrum árum og ég hygg að fleiri þingmenn hafi gert það.

Ég hygg að rétt væri af hálfu forsn. að setjast niður og ræða þetta mál, hvort menn geti náð samkomulagi um fyrirkomulag utandagskrárumræðu af þessu tagi. Það er auðvitað betra að sátt ríki um framkvæmd mála en ósátt. Ég vil koma því á framfæri, virðulegi forseti, að ég tel að forseti hafi staðið rétt að máli. Ég hefði talið að hann hefði gert rangt ef hann hefði neitað þingmanni um að fá að taka til máls þar sem tíminn var ekki úti sem til umræðunnar var ætlaður.

[14:04]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna þeirra ábendinga sem fram hafa komið í þessari umræðu um fundarstjórn hygg ég að forsetadæmið muni taka þessar ábendingar til athugunar og umfjöllunar.

[14:04]

Útbýting þingskjals:

Orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, 340. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 612.

Ríkisendurskoðun, 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 262. mál (heildarlög). — Þskj. 497.

[14:05]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Ríkisendurskoðun. Forsn. Alþingis flytur málið sem er 262. mál þingsins á þskj. 497.

Nú eru liðlega tíu ár liðin frá því að gildandi lög um Ríkisendurskoðun, nr. 12/1986, gengu í gildi. Á sínum tíma mörkuðu þessi lög nokkur tímamót. Lögin leystu annars vegar af hólmi löggjöf frá árinu 1931 sem kvað á um endurskoðun ríkisins og hins vegar ákvæði í lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, er mæltu svo fyrir að Ríkisendurskoðun skyldi vera sérstök stjórnardeild í Stjórnarráði Íslands er lyti fjmrh. Grunnþátturinn í starfi Ríkisendurskoðunar fyrir gildistöku laganna var sá sami og hann er í dag, þ.e. endurskoðun reikningsskila ríkissjóðs og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og eftirlit með rekstri þeirra. Aðalbreytingin er hins vegar sú að allt fram til ársloka 1986 heyrði stofnunin undir fjmrh. en ekki Alþingi. Segja má að eftirlit með fjárreiðum ríkisins og framkvæmd fjárlaga hafi fram til gildistöku núgildandi laga aðeins að litlu leyti verið í höndum Alþingis eða stofnana þess. Á vegum Alþingis störfuðu þó yfirskoðunarmenn ríkisreiknings en ákvæði um þá hafði frá fornu fari verið í stjórnarskipunarlögum en hefur nú verið afnumið.

Eins og áður segir mörkuðu lög nr. 12/1986 tímamót en með þeim var Ríkisendurskoðun flutt undan forræði fjmrh. og til Alþingis. Þessi breyting var eðlileg, löngu tímabær og í raun óumdeild þegar á reyndi. Í þingræðislöndum er þjóðþingum fengið úrslitavald um fjárstjórn. Fyrirmæli stjórnarskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis er einn af hyrningarsteinum þingræðisskipulagsins. Þar sem fjárveitingarvaldið er Alþingis er rökrétt að á vegum löggjafans fari einnig fram endurskoðun á því hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis sem og almennt eftirlit og endurskoðun á fjárreiðum þess.

Í samræmi við þessar hugmyndir var Ríkisendurskoðun með lögum nr. 12/1986 falið að starfa í beinum tengslum við Alþingi og undir yfirstjórn þess. Með þessari breytingu má segja að fjárstjórnarvaldið hafi að fullu verið komið í hendur Alþingis en það felst í stórum dráttum einkum í tvennu, þ.e. gerð áætlunar um tekjur og ákvörðun um gjöld ríkisins um ákveðið tímabil og endurskoðun og eftirlit með því að þessum ákvörðunum sé fylgt. Varla verður um það deilt að sú ákvörðun að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi hafi verið rétt og skynsamleg. Reynslan af starfi stofnunarinnar hefur þegar á heildina er litið verið ágæt. Auðvitað tók nokkurn tíma að móta nýja þætti í starfi hennar, finna þeim farveg og endurmeta starfsaðferðir og skipulag. Eftir því sem árin hafa liðið hefur starfsemi Ríkisendurskoðunar eflst og orðið umfangsmeiri. Hin svokallaða fjárhagsendurskoðun einkenndi fyrst og fremst starfsemi stofnunarinnar áður fyrr en hún felst fyrst og fremst í því að kanna hvernig færslu bókhalds og gerð ársreikninga er háttað hjá ríkisstofnunum. Einnig er við þann starfa hugað að því hvort fjárhagsráðstafanir viðkomandi stofnana séu í samræmi við lagaheimildir. Með lögunum frá árinu 1986 voru verkefni stofnunarinnar aukin frá því sem áður hafði verið. Auk hinnar hefðbundnu fjárhagsendurskoðunar var henni og ætlað að hafa sérstakt eftirlit með framkvæmd fjárlaga innan fjárlagaársins, þjóna þingnefndum í málum er varða fjárhagsmálefni ríkisins og síðast en ekki síst að annast svokallaðar stjórnsýsluendurskoðanir hjá ríkisstofnunum en í þeim felst að kanna meðferð og nýtingu á ríkisfé.

Þrátt fyrir ný og aukin verkefni stofnunarinnar hefur á liðnum árum verið unnið markvisst að því að efla fjárhagsendurskoðunina af hálfu stofnunarinnar. Má í því sambandi nefna það markmið sem sett var á sínum tíma að gera ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti rækilega fjárhagsendurskoðun á öllum stofnunum og verkefnum í ríkisreikningi. Þetta markmið náðist í fyrsta sinn á árinu 1995. Eins má nefna að endurskoðunarskýrsla um ríkisreikning liggur nú fyrir í kjölfar útgáfu ríkisreiknings á næsta ári eftir lok viðkomandi uppgjörsárs. Því má segja að þrátt fyrir að stofnuninni hafi verið falin umfangsmeiri störf með lögunum frá 1986 hefur það ekki á neinn hátt komið niður á meginviðfangsefni hennar, þ.e. fjárhagsendurskoðuninni. Þvert á móti má fremur segja að það starf sé markvissara, öflugra og árangursríkara, en það áður var.

Sá þáttur í störfum Ríkisendurskoðunar sem var nýr og ef til vill hefur farið meira fyrir, a.m.k. í fjölmiðlum á liðnum árum, eru hinar svokölluðu stjórnsýsluendurskoðanir og skýrslur stofnunarinnar um einstök málefni sem teknar hafa verið saman að eigin frumkvæði, ósk þingnefnda, ráðherra eða einstakra þingmanna. Á liðnum árum hefur stofnunin árlega tekið saman fimm til sjö skýrslur um margvísleg málefni sem þó eiga það sameiginlegt að snúast um fjárhagslega hagsmuni ríkissjóðs. Vissulega hefur staðið nokkur styr um ýmsar þessara skýrslna og menn hafa ekki ætíð verið á eitt sáttir um niðurstöður stofnunarinnar. Slíkt er í sjálfu sér ekki undarlegt þegar eðli þessara úttekta er haft í huga. Þær hafa orðið tilefni opinskárrar umræðu bæði um niðurstöðu stofnunarinnar og gagnrýni sem og um hlutverk hennar. Með úttektum sínum og skýrslum er stofnunin fyrst og fremst að sinna lögboðnu hlutverki sínu. Að mínu mati hafa bæði hlutlæg og fagleg sjónarmið einkennt þessa vinnu stofnunar-

innar. Varla verður um það deilt að árangur af þessu starfi er verulegur. Með skýrslum þessum er stofnunin bæði að gera Alþingi grein fyrir niðurstöðum af eftirliti því sem henni ber að lögum að sinna og stuðla að ráðdeild, hagræðingu og skilvirkni í ríkisrekstrinum. Mjög mikilvægt er að Alþingi hafi stofnun á sínum vegum er geti tekið að sér verkefni af þessu tagi. Hefur reynslan af starfi Ríkisendurskoðunar fært okkur heim sanninn um það. Stofnunin hefur á þeim tíu árum sem hún hefur starfað aflað sér vaxandi trausts með störfum sínum.

Frv. sem hér er til umfjöllunar er ætlað að koma í stað gildandi laga um Ríkisendurskoðun, nr. 12/1986. Að efni til felur frv. ekki í sér stórvægilegar breytingar frá gildandi lögum og því hlutverki sem Ríkisendurskoðun er ætlað að gegna. Breytingarnar varða hins vegar margar greinar gildandi laga og því var valinn sá kostur að leggja fram heildstætt frv. um stofnunina í stað þess að leggja til breytingar á einstaka greinum gildandi laga. Með þessu þykir mega draga upp skýrari og heildstæðari mynd af löggjöfinni, um stofnunina og hlutverk hennar.

Frv. felur í sér fyllri lýsingu á almennu hlutverki Ríkisendurskoðunar auk þess að geyma nokkru víðtækari og nákvæmari lýsingu á heimildum hennar til að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum í eigu ríkissjóðs. Jafnframt er lagt til að henni verði sem eftirlitsaðila gert mögulegt að bregðast við nýjum og nútímalegum aðferðum í ríkisrekstrinum. Má í því sambandi nefna hina svokölluðu þjónustusamninga, verkefnavísa og fleira sem ætla má að ryðji sér æ meira til rúms, einkum ef frv. um fjárreiður ríkisins, sem er til umfjöllunar hér í þinginu, nær fram að ganga. Loks eru lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar í ljósi breytinga er orðið hafa á ákvæðum stjórnarskrárinnar á liðnum árum. Þær breytingar lúta svo sem kunnugt er bæði að skipulagi og stjórn Alþingis og hvernig standa skuli að endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja.

Ég mun nú gera grein fyrir einstökum greinum frv. eftir því sem ástæða er til en vísa þó jafnframt til ítarlegra athugasemda við greinarnar.

Í 1. gr. er að finna almenna lýsingu á hlutverki og verksviði stofnunarinnar. Greinin felur ekki í sér neinar efnisbreytingar frá því sem gildandi lög mæla fyrir um. Hún er fyrst og fremst nákvæmari lýsing á hlutverki stofnunarinnar.

Í 2. gr. er staðfest sú breyting sem gerð var á þingsköpum árið 1991 að forsn. ráði ríkisendurskoðanda. Þá er á sama hátt lagt til að forsn. en ekki Kjaradómur ákveði launakjör ríkisendurskoðanda á sama hátt og forsn. semur um kjör annarra starfsmanna Alþingis.

Í 3. gr. eru ekki lagðar til neinar efnisbreytingar heldur er þar fyrst og fremst um að ræða orðalagsbreytingar sem nauðsynlegar eru til samræmis við áorðnar breytingar á skipulagi og stjórn Alþingis jafnframt því sem orðalag er gert skýrara.

Ákvæði 4. og 5. gr. frv. er efnislega óbreytt frá gildandi lögum en orðalagi aðeins lítillega breytt. Mér þykir hins vegar rétt að benda á að athugasemdir við 5. gr., þar sem vikið er að því að gengið sé út frá að sá löggilti endurskoðandi sem tilnefndur er til endurskoðunar á reikningum Ríkisendurskoðunar sinni ekki jafnframt verkefnum fyrir hana, hafa orðið tilefni ábendinga um að með sömu röksemd sé eðlilegt að fela óháðum endurskoðanda en ekki Ríkisendurskoðun að endurskoða reikninga Alþingis. Forseti eða forsn. ráða ríkisendurskoðanda, nái frv. fram að ganga, og því sé ekki eðlilegt að hann hafi eftirlit með og endurskoði fjárreiður þingsins. Vissulega eiga þessar ábendingar nokkurn rétt á sér.

Ég vil þó geta þess að menn verða að horfa til þess að bæði gildandi lög sem og þetta frv. gera ráð fyrir að ríkisendurskoðanda verði aðeins vikið úr embætti með samþykki þingsins. Að mínu mati tryggir þetta fyrirkomulag að ríkisendurskoðandi sé nægilega óháður forseta og forsn. til að hægt sé hér eftir sem hingað til að fela Ríkisendurskoðun að annast endurskoðun reikninga Alþingis, enda eru þeir óaðskiljanlegur hluti af fjárreiðum A-hluta ríkisreiknings og upp á þann reikning er ríkisendurskoðanda ætlað að skrifa.

Í 6. gr. er mælt fyrir um það til hverra umboð Ríkisendurskoðunar til fjárhagsendurskoðunar nær. Annars vegar er reynt að kveða skýrar á um hvaða aðilar það eru sem stofnuninni ber að endurskoða en það eru fyrst og fremst allir þeir ríkisaðilar sem finna má í ríkisreikningi, þ.e. A-hluti ríkissjóðs og stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem ríkið á að hálfu eða meira. Þá þykir ekki komist hjá því að kveða skýrt á um að stofnunin skuli endurskoða reikninga vegna samninga um rekstur sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila er fela í sér að þessir aðilar annist lögboðna þjónustu sem ríkissjóði ber að greiða fyrir. Hér er einkum átt við hina svokölluðu þjónustusamninga sem mjög eru að ryðja sér til rúms, einkum á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar þjónustu. Nokkur vafi hefur þótt leika á því hvernig eftirliti ríkisins hefur verið háttað með samningum þessum. Slíkt er ófært og því er hér lagt til að öllum vafa um skyldur og heimildir Ríkisendurskoðunar í þessum efnum verði eytt. Þykir eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi sömu skyldur í þessu og þegar ríkið velur sjálft að veita hina lögboðnu þjónustu en það er að sjálfsögðu langalgengast. Í ljósi þess að hér er um þjónustu að ræða sem ríkið kostar að fullu þykir affarasælast að kveða á um þessa skipan enda sýnist hún best til þess fallin að tryggja samræmt reikningshald, upplýsingaöflun og eftirlit með lögboðinni þjónustu ríkisins. Menn verða og að hafa í huga að hér er oft um mjög verulega fjármuni að ræða, fjármuni sem allir koma úr ríkissjóði. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning í þessu efni er rétt að árétta að heimildir og skyldur Ríkisendurskoðunar gagnvart verktökum samkvæmt þjónustusamningum ná aðeins til samninganna sjálfra en ekki annarra þátta í rekstri viðkomandi aðila. Að auki takmarkast umboð Ríkisendurskoðunar við þá samninga sem fjalla um þjónustu sem lögboðið er að ríkið veiti.

7. gr. frv. felur ekki í sér efnisbreytingu frá gildandi lögum heldur er hér fyrst og fremst um samræmingu og orðalagsbreytingar að ræða.

Í 8. gr., sem fjallar um þau markmið sem að skuli stefnt við fjárhagsendurskoðun, er lagt til að bæta við tveimur nýjum töluliðum, 2. og 4. tölulið. Í 2. tölulið er mælt fyrir um að kannað skuli innra eftirlit og hvort það tryggi viðunandi árangur og er þessi breyting í samræmi við alþjóðlega staðla í þessu efni. Rétt er þó að geta þess að í endurskoðunarvinnu sinni hefur Ríkisendurskoðun um árabil kannað innra eftirlit ríkisaðila þar sem það á við. Hér er því í raun ekki verið að brydda upp á nýmæli heldur fyrst og fremst að samræma hlutina. Hins vegar eru uppi áform um að leggja sérstaka áherslu á að kanna og votta innra eftirlit hjá ríkisaðilum í ríkari mæli en verið hefur.

Í 4. tölul. 8. gr. er hins vegar um nýmæli að ræða en þar er lagt til að Ríkisendurskoðun skuli kanna og votta áreiðan-

leika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana ef slíkar upplýsingar eru birtar í ársreikningum þeirra. En hér er átt við verkefnavísana svokölluðu sem teknir eru að ryðja sér til rúms í reikningsskilum hins opinbera. Tilgangurinn með þessu er fyrst og fremst sá að kanna hvort þessar upplýsingar eru réttar með sama hætti og aðrar upplýsingar sem ársreikningur veitir en t.d. ekki hvort þær eru ásættanlegar eða þeir mælikvarðar sem stofnanirnar hafa valið í þessum efnum teljast eðlilegir. Þessari vottun er ætlað m.a. að auka á trúverðugleika upplýsinga sem reikningar ríkisfyrirtækja geyma.

Í 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um heimildir Ríkisendurskoðunar til þess að gera stjórnsýsluendurskoðanir. Eins og ég vék að í upphafi var þessi þáttur í starfi stofnunarinnar nýmæli þegar hún var flutt undir Alþingi fyrir tíu árum og hefur hann verið að mótast á liðnum árum. Megintilgangurinn með athugunum af þessu tagi lýtur að því að kanna hvernig ríkisaðilar fara með og nýta það almannafé sem þeim hefur verið falin varsla og umsýsla með. Í framkvæmd hefur í þessum stjórnsýsluendurskoðunum verið lögð áhersla á að meta hvort hagkvæmni hafi verið gætt í rekstri viðkomandi stofnana og fyrirtækja ríkisins. Í því sambandi hefur verið lögð áhersla á að ganga úr skugga um að ráðdeildar gæti í rekstrinum, hvort framleiðni og afköst séu viðunandi og hvort reksturinn skili þeim árangri sem að er stefnt með honum. Reynslan sýnir svo ekki verður um villst að hér er um mjög mikilvægan þátt í starfi stofnunarinnar að ræða og árangurinn af þessu starfi almennt séð góður. Segja má að þessi heimild hafi valdið nokkrum straumhvörfum í störfum Alþingis því með þessum hætti hafa gefist mjög ákjósanlegir möguleikar til að sinna með mun virkari og jafnframt styrkari hætti en áður því eftirliti sem því ber sannanlega að hafa með ríkisrekstri hvers konar.

Í 9. gr. gildandi laga er á nokkuð almennan hátt mælt fyrir um heimildir stofnunarinnar í þessum efnum og hefur ákvæðið stundum valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd. Af þessum sökum er í 1. mgr. 9. gr. frv. lagt til mun skýrara og fyllra orðalag og þannig reynt að eyða vafa um heimildir stofnunarinnar í þessum efnum jafnframt því sem mælt er fyrir um þau markmið sem búa að baki stjórnsýsluendurskoðunum. Þá er samræmisins vegna lagt til í frv. að heimildin til stjórnsýsluendurskoðunar nái til sömu aðila og stofnuninni er ætlað að endurskoða samkvæmt 6. gr. Þetta felur í sér víðtækari heimild en nú gildir en hún takmarkast við stofnanir og fyrirtæki ríkisins í A- og B-hluta ríkisreiknings. Þannig yrði stofnuninni t.d. heimilt að gera stjórnsýsluendurskoðun á þeirri starfsemi eða þjónustu sem ríkið á samkvæmt lögum að annast og kosta en hefur samið við sveitarfélög eða einkaaðila að sjá um. Dæmi um verkefni af þessu tagi gæti t.d. verið heilsugæslustöð sem einkaaðilar reka á grundvelli þjónustusamnings. Ríkisendurskoðun getur samkvæmt gildandi lögum gert stjórnsýsluathugun á heilsugæslustöðvum sem ríkið rekur þannig að hér er ekki beint verið að leggja nýjar skyldur á herðar stofnuninni. Jafnframt er á það að líta að enn hefur engin löggjöf verið sett um þjónustusamninga og því eru réttindi og skyldur þeirra sem taka að sér þessi verkefni afar óljós, sem og réttarstaða aðila. Nauðsynlegt er að þessi aðilar búi við sama aðhald og eftirlit og ríkisaðilar í ljósi þeirra miklu almannahagsmuna sem í húfi eru.

Þá er í 2. mgr. greinarinnar að finna heimild til þess að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé og meta hvort þau hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt. Sambærilegt ákvæði þessu er að finna í 7. gr. gildandi laga en það á samkvæmt efni sínu betur heima í 9. gr. Jafnframt er í þessari grein að finna merkilegt nýmæli, en þar á ég við heimild stofnunarinnar til þess að kanna hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála. Með þessu er brugðist við mjög örri þróun nýrrar greinar á sviði endurskoðunar, hinnar svokölluðu umhverfisendurskoðunar. Umhverfisendurskoðun felst í að endurskoða og kanna áhrifin af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið og jafnframt að meta fjárhagsleg áhrif þessara aðila á umhverfið og fylgjast með því hvort framfylgt sé lögum og reglugerðum, svo og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Nú kunna einhverjir að spyrja hvort Ríkisendurskoðun sé rétti aðilinn til að sinna þessu verkefni. Það skal fúslega viðurkennt að stofnunin býr að svo stöddu a.m.k. ekki yfir sérþekkingu á þessu sviði. Hitt verða menn að hafa í huga að mjög ör þróun á sér nú stað í umhverfismálum og þar er umhverfisendurskoðun m.a. að ryðja sér til rúms eins og ég vék að hér áðan. Brýnt er að Ísland fylgist vel með þessari þróun og því er lagt til að Ríkisendurskoðun fái nauðsynlegar heimildir til að sinna þessum mikilvæga málaflokki. Að fenginni slíkri heimild getur stofnunin einbeitt sér að því að afla sér sérþekkingar á þessu sviði. Auk þessa verður að hafa í huga að samkvæmt 4. gr. frv. er ekki aðeins gert ráð fyrir að stofnuninni verði heimilt að fela löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni er falið að sinna heldur og öðrum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Með þessu er tryggt að stofnunin getur leitað eftir nauðsynlegri sérfræðiaðstoð sér til fulltingis í verkefnum af þessu tagi og því ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að leggja þessar skyldur á stofnunina.

Til fróðleiks er rétt að geta þess að systurstofnanir Ríkisendurskoðunar í nágrannalöndum okkar hafa annaðhvort beina lagaheimild til þess að annast umhverfisendurskoðun ellegar að almennar eftirlits- og stjórnsýsluendurskoðunarheimildir þeirra eru túlkaðar það rúmt eða vítt að þær rúmi umhverfisendurskoðun.

Í 10. gr. er ekki að finna neinar efnisbreytingar frá gildandi lögum eða núverandi framkvæmd heldur er þar fyrst og fremst um orðalagsbreytingar að ræða í þeim tilgangi að gera lögin skýrari. Þannig er t.d. sérstaklega mælt fyrir um andmælarétt þeirra aðila sem hverju sinni eru til skoðunar en þessa réttar aðila hefur að jafnaði verið gætt þó svo að ekki sé sérstaklega mælt fyrir um hann í gildandi lögum um Ríkisendurskoðun.

Að lokum er rétt að benda á þá breytingu sem 11. gr. felur fyrst og fremst í sér og lýtur að því að gera skuli fjárln. grein fyrir niðurstöðum stjórnsýsluathugana af hálfu stofnunarinnar í stað þess að gera nefndinni grein fyrir ákvörðunum um að láta slíkar athuganir fara fram eins og gildandi lög mæla fyrir um.

Ég tel ekki þörf á, herra forseti, að fara nánar í efni frv. og vísa í því efni frekar til athugasemda með frv. Ég vil þó að lokum aðeins fjalla um þörfina fyrir því að marka skýrslum Ríkisendurskoðunar og umfjölluninni um þær ákveðinn farveg innan Alþingis. Eðlilegast er að taka þá umræðu upp við fyrirhugaðar breytingar á þingskapalögum en ég vil þó við þetta tækifæri ítreka þá skoðun mína að heppilegast sé að stofna nýja þingnefnd sem hafi það hlutverk m.a. að fjalla um þær skýrslur Ríkisendurskoðunar og raunar aðrar skýrslur

sem sendar eru Alþingi og leggja fram nál. um þær þannig að þær geti komið formlega til umræðu í þinginu.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. Það kann að vera álitamál til hvaða nefndar vísa ber frv. Til greina sýnast koma fjárln., efh.- og viðskn. eða allshn. En tillaga mín er að frv. verði vísað til sérnefndar sem kosin var fyrr á þessu þingi til þess að fjalla um frv. til laga um fjárreiður ríkisins enda tengjast þessi mál, fjárreiðufrv. og þetta frv. til laga um Ríkisendurskoðun, á ýmsan hátt.

[14:29]

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 341. mál, frv. EKG o.fl., þskj. 613.

[14:29]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er merkilegt mál á ferðinni sem er frv. um Ríkisendurskoðun sem ástæða er til að þakka hæstv. forseta þingsins og forsn. fyrir að hafa haft frumkvæði að. Ég vil hér í andsvari aðeins koma að einu atriði sem er ákvæði 9. gr. varðandi umhverfisendurskoðun en það tel ég að sé eitthvert merkasta nýmæli sem hér er að finna. Mér segir svo hugur um að þegar fram líða stundir verði svo metið, ekki ósvipað og var um stjórnsýsluendurskoðun fyrir tíu árum, og þakka fyrir það að þetta nýmæli skuli tekið inn frv. því það var vissulega tímabært að svo væri gert. Þar hafa menn m.a. leitað fanga til nágrannalanda þar sem þetta er orðinn þáttur og sums staðar allgildur þáttur í starfi ríkisendurskoðunar.

Ég hef vakið athygli umhvn. þingsins á þessu ákvæði sem er að finna í frv. og leitað eftir því að nefndin kynni sér þetta málefni og ég vildi nefna það við hæstv. forseta, þann sem mælti fyrir málinu, hvort ekki kæmi til greina að leitað væri umsagnar umhvn. hugsanlega, af hálfu sérnefndar sem fengi þetta mál til meðferðar, þannig að tryggt væri að sjónarmið sem menn hefðu í þessum efnum kæmu þar inn. Þá hef ég aðallega í huga að nefndin setji sig inn í þetta nýmæli til þess að geta haft áhrif á hugsanlega þróun þess á vegum Ríkisendurskoðunar. Hér er eins og fram kom vísað allvíða, m.a. í alþjóðasáttmála, alþjóðasamninga á sviði umhverfismála fyrir utan hvaðeina sem snýr að opinberum málefnum og einkaréttaraðilum í þessu samhengi og þetta er vissulega gott ákvæði og tímabært og ég þakka fyrir það.

[14:32]

Flm. (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir undirtektirnar og er honum vissulega sammála um að þetta ákvæði, um umhverfisendurskoðun, er hið merkasta ákvæði og afar nauðsynlegt fyrir Ríkisendurskoðun að fá þessa heimild þannig að ótvírætt sé að með þessu geti Ríkisendurskoðun fylgst. Ég tel mjög eðlilegt að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, væntanlega sérnefndin, leiti umsagnar annarra nefnda eftir því sem hún telur eðlilegt og ég tel mjög eðlilegt að umhvn. Alþingis tjái sig sérstaklega um þetta ákvæði.

[14:32]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. forseta Alþingis sem mælti fyrir frv. um Ríkisendurskoðun er hér verið að endurskoða og breyta tíu ára gamalli löggjöf um þá stofnun. Ég tel fulla þörf á því vegna þess að á þessum tíu árum hafa orðið mörg nýmæli og nýjar hugmyndir um ríkisreksturinn og rétt að sníða löggjöfina um þessa mikilvægu stofnun að þeim hugmyndum.

Ég mun koma örlítið að tveimur eða þremur veigamiklum atriðum í frv. Þar er fyrst til að taka að í 6. gr. er gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun skuli hafa með höndum endurskoðun reikninga vegna samninga um rekstur sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir. Þessir samningar hafa ýmist verið kallaðir þjónustusamningar eða samningar um rekstrarverkefni. Þeir eru í sjálfu sér ekki nýir af nálinni. Þeir hafa verið að ryðja sér til rúms á síðustu missirum þó. Einkenni þeirra eru, eins og áður segir, að þeir fjalla um að aðrir en ríkið sjálft annist verkefni sem lög kveða á um að ríkið skuli annast og kosta. Hér er með öðrum orðum um að ræða verkefni eða þjónustu sem borgararnir eiga lögvarinn rétt á að hafa aðgang að á kostnað ríkissjóðs. Dæmi um verkefni af þessu tagi eru samningar við lækna um rekstur heilsugæslustöðva en a.m.k. einn slíkur samningur hefur verið gerður, samningur um rekstur meðferðarstofnana ýmiss konar o.s.frv.

Eins og rakið er í grg. frv. hefur verið nokkur vafi uppi um hvernig staðið skuli að endurskoðun og eftirliti með samningum af þessu tagi af hálfu fjárveitingavaldsins eða fjárstjórnarvaldsins. Taka verður undir það að tryggja verði að Alþingi geti haft svipaða möguleika á að kanna og hafa eftirlit með þessum útgjöldum og þegar ríkið velur sjálft að láta hana í té. Það þarf ekki síður að tryggja að upplýsingar um þennan rekstur séu til taks og aðgengilegar í sama formi og þegar um er að ræða ríkisrekstur þannig að hægt sé að stunda samanburðarrannsóknir á kostnaði og mat á hagkvæmni þeirra kosta sem fyrir hendi eru. Með því að fela Ríkisendurskoðun þetta hlutverk á að vera tryggt að Alþingi geti sinnt þessu eftirliti á fullnægjandi hátt. Það er rétt að undirstrika það að heimildir stofnunarinnar til endurskoðunar á rannsókn á fjárreiðum viðkomandi verktaka geta aldrei náð til annarra þátta en þeirra sem beinlínis snúa að samningnum sjálfum.

Eftir sem áður er margt óljóst um réttarstöðu aðila samkvæmt þessum samningum en við afgreiðslu frv. um fjárreiður ríkissjóðs, sem er til meðferðar í þinginu um þessar mundir, verða réttindi þeirra og skyldur vonandi skýrðar betur. Það á hins vegar enginn vafi að leika á heimildum Ríkisendurskoðunar í þessum efnum.

Ég vil einnig nefna að í 9. gr. frv. er langtum nákvæmara og skýrar kveðið á um heimildir Ríkisendurskoðunar til að gera hinar svokölluðu stjórnsýsluathuganir sem hún hefur lagt ríka áherslu á á undanförnum árum. Gildi þessarar heimildar er ótvírætt og árangur af starfi stofnunarinnar á þessu sviði hefur verið verulegur á undanförnum árum. Að mínu mati er nauðsynlegt að heimildir þessar séu mjög rúmar en jafnframt skýrar eins og frv. gerir reyndar ráð fyrir.

Ég mun koma örlítið að því síðar í eftirfylgdinni með þessum athugunum en víkja aðeins áður að því nýmæli í frv. sem hefur verið gert að umræðuefni af framsögumanni og hv. 4. þm. Austurl. en það er heimild Ríkisendurskoðunar til að kanna hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála — það sem hefur verið kallað umhverfisendurskoðun. Hún er mjög vaxandi þáttur í starfi hliðstæðra stofnana í nágrannalöndunum og í hinum vestræna heimi. Þar er hún talin mikilvægt stjórntæki ef svo má að orði komast við nýtingu á umhverfi og náttúruauðlindum. Nú þegar er á alþjóðavettvangi unnið

að stöðlum á þessu sviði og er þróunin á þessum vettvangi mjög ör. Það er nauðsynlegt í ljósi hennar og mikilvægis umhverfismála almennt að gera Ríkisendurskoðun kleift að sinna hlutverki á þessu sviði. Ég geri mér grein fyrir því að auðvitað mun taka nokkurn tíma að móta þetta starf þar sem hér er um nýmæli að ræða en ég sé fyrir mér að það muni m.a. beinast að því að leggja fjárhagslegt mat á kostnað af nýtingu og spjöllum á umhverfinu.

Um það hefur verið rætt og oft borið hér á góma hvernig eigi að fylgja eftir skýrslum Ríkisendurskoðunar um hin ákveðnu málefni. Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hæstv. forseta að á því máli verður að taka í tengslum við þá vinnu sem fram fer um breytingu þingskapa og varðandi endurskoðun á verksviði þingnefnda. Ég er ekki fráhverfur þeirri hugmynd sem hann nefndi að komið væri á fót sérstakri nefnd sem fjallar um þessi mál, tekur þessa skýrslu til meðferðar og gengur frá áliti á þeim á þingskjali, þannig að þingið afgreiði málið formlega frá sér. Það er ekki gert um þessar mundir og þetta er eitt af því sem þarf að lagfæra í störfum þingsins. Ef gengið væri formlega frá þessum skýrslum af hálfu þingsins, umræða færi fram og nál. lægju fyrir þá hefði það mikil aðhaldsáhrif, ég er sannfærður um það.

Það hefur komið fram að um þessar mundir fer fram úttekt á störfum Ríkisendurskoðunar. Það er breska ríkisendurskoðunin sem annast þá úttekt. Ég held að það sé af hinu góða og eigi eftir að leiða til þess að hin mikilvæga stofnun fær enn meira vægi en hún hefur. Það voru mikil tímamót þegar Ríkisendurskoðun var færð frá framkvæmdarvaldinu og undir Alþingi og ég tel að við alþingismenn eigum að setja metnað okkar í að efla þessa stofnun því að hlutverk hennar er afar mikilvægt í nútímaþjóðfélagi.

[14:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Ríkisendurskoðun og mér sýnist í fljótu bragði — og ekki reyndar í fljótu bragði því frv. er búið að vera til umræðu innan þingflokkanna undanfarið ár — að mjög vel hafi tekist til almennt varðandi þær breytingar sem lagðar eru til og því ætla ég ekki að fjölyrða um frv.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil spyrja hæstv. forseta Alþingis sem 1. flm. þessa máls. Það varðar málefni Landsvirkjunar sem mikið hafa verið til umræðu hér undanfarna daga, en þar var ég ásamt 1. minni hluta þeirrar skoðunar að tryggja þyrfti að Ríkisendurskoðun kæmi örugglega að þeirri stofnun — Landsvirkjun. Endirinn í því máli varð sá að meiri hlutinn samþykkti bæði brtt. sem tryggði það að Ríkisendurskoðun gæti haft áhrif á hverjir yrðu endurskoðendur reikninga Landsvirkjunar en þar að auki er ákvæði í frhnál. meiri hluta iðnn. um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir að því frv. sem nú er til umræðu verði breytt, þ.e. 9. gr. viðkomandi laga, þannig að það verði alveg tryggt að Ríkisendurskoðun verði heimilt að gera stjórnsýsluendurskoðun á Landsvirkjun. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta Alþingis og frsm. í málinu hvort ekki sé öruggt mál að þessi ábending fari inn í viðkomandi nefnd og tryggt verði að brtt. af þessum toga verði gerð við frv.

[14:44]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hér hefur áður komið fram. Ég held að það hafi verið mikið gæfuspor sem Alþingi tók þegar lög nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, voru samþykkt og Ríkisendurskoðun var færð undir Alþingi Íslendinga. Það er ánægjulegt til þess að vita að við höfum átt hin ágætustu samskipti við Ríkisendurskoðun bæði í tíð fyrrverandi ríkisendurskoðanda og núverandi.

Í fljótu bragði sýnist mér að þetta nýja frv. sé allt til bóta en þó vil ég aðeins varpa fram spurningum sem kunna að byggjast á því að ég hef fyrst lesið þetta í dag.

Í 9. gr. er talað um að Ríkisendurskoðun sé heimilt að kanna hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála. Vissulega er ekkert nema gott eitt um það að segja. En þá vaknar sú spurning, ef ég skil ákvæðið rétt. Hvað þá með aðra þætti í samfélaginu svo sem eins og jafnréttismál og réttindi barna? Allt hefur þetta áhrif á rekstur samfélagsins. Við gætum hugsað okkur t.d. að svo sannarlega væri ástæða til þess að gera á því úttekt hvað þær sviptingar sem átt hafa sér stað í heilbrigðiskerfinu hafa kostað samfélagið á síðustu tæpum tveimur árum. Ég hlýt því að spyrja hæstv. forseta þingsins og málflytjanda án þess að ég ryri gildi umhverfismála — af hverju ekki aðra þætti sem vissulega skipta máli líka og hafa umtalsverð fjárhagsleg áhrif á allt líf okkar?

Þá vaknaði önnur spurning líka í mínum huga. Talað er um að Ríkisendurskoðun eigi að kanna stofnanir sem birtast í ríkisreikningi og fjárlögum. Stærsta fyrirtækið í landinu er auðvitað þjóðfélagið sjálft, þ.e. við öll. Þess vegna vildi ég spyrja: Útiloka þau ákvæði sem hér eru það að Ríkisendurskoðun kanni hvernig hagur landsmanna breytist, hinna almennu launþega, sem eiga þetta fyrirtæki og borga brúsann? Ég átta mig ekki á því hvort hugsanlegt væri að óska eftir að Ríkisendurskoðun kannaði áhrif kjarasamninga, áhrif aðgerða stjórnvalda sem fólk finnur sannarlega fyrir. Eða er samfélagið ekki ríkisfyrirtæki? Þessu held ég að verði að svara í þeirri nefnd sem fer með málið.

Það er sem sagt þetta tvennt sem mér leikur hugur á að vita. Hvers vegna þetta sérákvæði um umhverfismál fremur en jafnréttismál, réttindi barna, aldraðra, fatlaðra, allra þeirra hópa í þjóðfélaginu sem eiga hagsmuna að gæta í hinum almenna rekstri samfélagsins. Og í öðru lagi: Hvar stendur fyrirtækið, „við"? Má kanna hag okkar líka?

[14:49]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka enn undirtektir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað við umræðuna. Það eru örfáar spurningar sem beint hefur verið til mín. Fyrst það sem hv. þm., Guðný Guðbjörnsdóttir, nefndi um 9. gr. og í tengslum við hana ákvæðin í hinum nýju lögum um Landsvirkjun sem við höfum nýlega samþykkt hér á Alþingi. Það varð einmitt talsverð umræða um heimildir Ríkisendurskoðunar til að gera stjórnsýsluendurskoðun á Landsvirkjun. Ég vísa í því sambandi að sjálfsögðu annars vegar til ákvæðanna í þessu frv. og ef við tölum eingöngu um Landsvirkjun, til yfirlýsinga hæstv. iðnrh. og til brtt. sem kom fram við 3. umr. og var þá samþykkt.

Ég tel hins vegar sjálfsagt, en nefndi það ekki í framsöguræðu minni, að nefndin sem fær þetta mál til meðferðar taki til sérstakrar umræðu það sem kom fram í frhnál. meiri hluta iðnn., sem fjallaði alveg sérstaklega um þetta. Með leyfi forseta skal ég lesa upp úr nál.

„Meiri hluti iðnaðarnefndar telur jafnframt eðlilegt að Ríkisendurskoðun hafi heimild til þess að gera stjórnsýsluendurskoðun á fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í, líkt og er um Landsvirkjun. Til þess að svo megi verða með óyggjandi

hætti þarf að breyta 9. gr. fyrirliggjandi frumvarps til laga um Ríkisendurskoðun, og kveða þar sérstaklega á um stjórnsýsluendurskoðun hjá fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í en Ríkisendurskoðun annast ekki fjárhagsendurskoðun hjá vegna ákvæða í sérlögum."

Ég lýsi því yfir að ég tel alveg sjálfsagt og nauðsynlegt að nefndin taki þetta til sérstakrar yfirvegunar.

Hv. 8. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, spurði um ákvæðin varðandi umhverfisendurskoðunina og ég skildi hv. þm. svo að ekki væri verið að gagnrýna ákvæðin um umhverfisendurskoðun, þvert á móti að taka undir þau, sem ég fagna. En hv. þm. spurði hvers vegna þetta sérákvæði og hvort það útilokaði önnur atriði sem eru ekki síður mikilvæg þótt með öðrum hætti sé og nefndi í því samhengi jafnréttismál, réttindi barna, sjúklinga o.fl. ef ég hef tekið rétt eftir.

Nú legg ég áherslu á að menn oftúlki ekki þetta ákvæði. Hérna er fyrst og fremst, eins og ég held ég hafi getið um í framsöu minni, verið að veita Ríkisendurskoðun heimild til þessarar svokölluðu umhverfisendurskoðunar. Það kemur glögglega fram í greinargerðinni með frv. þar sem segir á einum stað:

„Að baki þessari heimild býr sama hugsun og að baki heimildum stofnunarinnar til þess að meta árangur af starfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Hér er verið að bregðast við örri þróun nýrrar greinar á sviði endurskoðunar, hinnar svokölluðu umhverfisendurskoðunar."

Það væri til athugunar fyrir nefndina, ég nefndi það ekki sérstaklega í ræðu minni, að bæta inn orðunum — til dæmis — hafa ekki eingöngu orðin Ríkisendurskoðun, bæta inn skammstöfuninni t.d. Það vildi ég gjarnan að nefndin athugaði. Þetta er í lok 2. mgr. 9. gr. þar sem segir:

„Þá getur hún kannað hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála." Þar kæmi í staðinn — t.d. á sviði umhverfismála. Ég held að rétt væri að nefndin ræddi það alveg sérstaklega. En hún verður sjálfsagt að gæta þess líka að það kann að þurfa að setja heimildum Ríkisendurskoðunar einhver takmörk. Það hlýtur nefndin jafnframt að athuga.

Ég held að það hafi ekki verið fleira sem var beint til mín sérstaklega en ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við frv.

[14:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil hér í andsvari taka undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur varðandi þessa athugasemd og tel til bóta að hafa þetta „t.d." inni. En ég vil þó óska eftir og finnst það mun æskilegra að nefna fleiri málaflokka og vil þá sérstaklega nefna jafnréttismálin. Eitt meginviðfangsefni á sviði jafnréttismála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna núna er einmitt að fylgja eftir framkvæmd gildandi laga. Það er augljóst mál að jafnréttislögin hér á landi og alþjóðasamningar sem við höfum gert gagnast ekki. Þau ákvæði sem eru í gildi um jöfn laun eða um nefndarstörf á vegum ríkisins duga ekki neitt. Og lærðar greinar hafa birst t.d. í nýjasta Úlfljóti um það hvers vegna þessi löggjöf gagnast ekki hér. Ég mundi því eindregið mælast til að þarna yrði bætt við jafnréttislögunum því þetta er allt að því áfellisdómur yfir okkar lagakerfi og því æskilegt að Ríkisendurskoðun skoði málið.

[14:57]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins svo við skiljum hvert annað. Í grg. með 9. gr. er talað um umhverfisendurskoðun. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að baki þessari heimild býr sama hugsun og að baki heimildum stofnunarinnar til þess að meta árangur af starfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Hér er verið að bregðast við örri þróun nýrrar greinar á sviði endurskoðunar, hinnar svokölluðu umhverfisendurskoðunar. Segja má að umhverfisendurskoðun felist í því að endurskoða og kanna áhrifin af starfsemi, stefnu og rekstri stofnana og fyrirtækja á umhverfið" ... o.s.frv.

Nú hefur verið mikil umræða um umhverfismál í nokkuð ákveðnum skilningi sem snýst jú fyrst og fremst um verndun náttúrunnar og varnir gegn mengun og þess háttar. Þarna sýnist mér í grg. eiginlega orðið umhverfisendurskoðun notað í mjög víðum tilgangi. Ég held að þetta geti verið dálítið villandi ef umhverfisendurskoðun felur í sér að hún taki til nær allra stjórnunarþátta í samfélaginu, sem er ekki nema gott eitt um að segja. En ég hef grun um að fólk sem les þetta, eins og ég gerði þegar ég kom til þings í morgun, átti sig ekki strax á því hvað þetta þýðir, „hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála" eins og segir í sjálfri lagagreininni. Því held ég að við verðum aðeins að skýra þetta betur í meðferð nefndarinnar. Ég spurði reyndar hæstv. forseta: Hvar stendur fyrirtækið „við", fólkið í landinu sem vinnur alla vinnu sem fram fer? Stendur það fyrirtæki innan ramma umhverfisendurskoðunar eða utan hans? Ég held að þetta sé mjög mikilvægt vegna þess að það hlýtur líka að vera efnahagslegt vandamál ef einhverjir hópar samfélagsins, þ.e. einhver hluti af fólkinu í landinu býr við þann kost sem ekki er sæmandi, þá er það auðvitað sameiginlegt fjárhagslegt vandamál.

Þess vegna hlýt ég að spyrja: Getur farið fram umhverfisendurskoðun á fyrirtækinu „þjóðfélagið"?

[15:00]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel þessa umræðu athyglisverða og það er vissulega ástæða til að sú nefnd sem fjallar um þetta mál fari ofan í þessi atriði. Ég á sæti í henni og mun koma þessum umræðum þar til skila. En þegar hins vegar nefnt er fyrirtækið þjóðfélagið þá er nú svo að ég tel að það séu víðtækar heimildir í lögunum um Ríkisendurskoðun einmitt til þess að meta aðgerðir og þá sérstaklega fjárhagslegar aðgerðir stjórnvalda á þjóðfélagið sjálft. Ég tel að í lögunum um endurskoðun ríkisreiknings og endurskoðun ýmissa þátta rekstrar ríkisins séu möguleikar fyrir stofnunina að gera sér grein fyrir áhrifum hinna ýmsu aðgerða á ýmsa þjóðfélagshópa. Ég hygg að það muni vera svo en það er sjálfsagt og nefndinni skylt að taka þessi atriði til umræðu. Sem nefndarmaður mun ég gera mitt til þess að það verði gert.

[15:02]

Flm. (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég las sama kafla upp úr grg. og hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Ég segi aðeins í þessu sambandi — ég nefndi það hér og ítreka að vel kann að vera að það mætti bæta þarna inn orðunum „til dæmis" á sviði umhverfismála, í staðinn fyrir að vera eingöngu með þau. Og ég nefndi að mér þætti rétt að nefndin sem fær málið til meðferðar

athugaði þetta sérstaklega. En ég segi enn og aftur að menn mega heldur ekki oftúlka það sem hér er verið að fara fram á. Þetta nær í sjálfu sér ekki til annars en umhverfismála eins og það er sett fram í frv. En ef það er vilji til þess að veita Ríkisendurskoðun víðtækari heimildir, eins og t.d. hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi, að jafnréttismálin yrðu tekin beint inn í lagatexta, þá er það alveg til athugunar. Mér finnst það alveg koma til greina. En ég ítreka að einhvers staðar eru takmörkin og það er nokkuð skýrt í gildandi lögum og í þessu frv. hvað það er sem Ríkisendurskoðun er ætlað að gera. Og þótt Alþingi sem slíkt leggi mikið upp úr starfi Ríkisendurskoðunar og eftirlitshlutverki hennar, þá endurtek ég það að einhvers staðar verða takmörkin að liggja í starfsemi Ríkisendurskoðunar og það er skýrt í þessu frv. hvert á að vera hlutverk hennar. En ég segi enn og aftur — ef það er vilji til þess hjá nefndinni og Alþingi að útfæra þetta hlutverk Ríkisendurskoðunar þá þurfum við að ræða það alveg sérstaklega. Hér hafa komið fram ákveðnar ábendingar sem verða auðvitað teknar til umfjöllunar í nefndinni.

[15:04]

Útbýting þingskjals:

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, 344. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 616.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 9. mál.

Fundi slitið kl. 15:05.

71. FUNDUR

mánudaginn 17. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lögmenn, stjfrv., 255. mál, þskj. 475. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, nál. 584. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Hjúskaparlög, frv., 176. mál, þskj. 195. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Umboðsmaður Alþingis, frv., 244. mál, þskj. 381. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Ríkisendurskoðun, frv., 262. mál, þskj. 497. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Vegáætlun 1997–2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569. — Fyrri umr.
13. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488. — Fyrri umr.
14. Skráning skipa, stjfrv., 217. mál, þskj. 274. — 1. umr.
15. Póstminjasafn Íslands, stjfrv., 242. mál, þskj. 371. — 1. umr.
16. Vegalög, frv., 197. mál, þskj. 223. — 1. umr.
17. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.
18. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 303. mál, þskj. 559. — Fyrri umr.
19. Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, þáltill., 324. mál, þskj. 586. — Fyrri umr.
20. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358, nál. 597. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi á næstunni vegna sérstakra anna leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 3. varaþm. Alþb. og óháðra í Reykjavíkurkjördæmi, Svanhildur Kaaber kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni þar sem 1. og 2. varaþingmaður listans sitja nú á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv."

Kjörbréf Svanhildar Kaaber hefur verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Svanhildur Kaaber, 17. þm. Reykv., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Svanhildur Kaaber hefur undirritað drengskaparheitið að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 346. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 618.

Landsbókasafn – Háskólabókasafn, 342. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 614.

Útvarpslög, 345. mál, frv. MÁ og SvanJ, þskj. 617.

Veiðiþol beitukóngs, 343. mál, þáltill. ÖS o.fl., þskj. 615.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við kröfum ASÍ.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Sl. föstudag lagði Alþýðusamband Íslands fram kröfugerð sína en í henni er að finna veigamikinn þátt sem snýr að ríkisvaldinu. Nú langar mig að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann eða ráðherrar í ríkisstjórninni hafi átt fund með Alþýðusambandinu til að ræða þessar kröfur og er ég sérstaklega að fiska eftir þeim þætti sem snýr að frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. En Alþýðusambandið gerir þá kröfu að það frv. verði lagt til hliðar að sinni. Ég spyr vegna þess að vinnu við það frv. í hv. félmn. er um það bil að ljúka og því mjög mikilvægt að fá fram hvort ríkisstjórnin hyggst verða við þessari ósk eða að ræða málið nánar við Alþýðusambandið. Hafa slíkar viðræður átt sér stað?

[15:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er boðaður fundur kl. tólf á morgun með fjórum ráðherrum ríkisstjórnar og fulltrúum Alþýðusambandsins til að fara yfir það bréf og þá kröfu sem Alþýðusambandið hefur sett fram gagnvart ríkisstjórn. Fyrr en þeim fundi er lokið er ekki tímabært fyrir okkur að taka opinberlega endanlega afstöðu til einstakra krafna sem þeir hafa sett fram.

[15:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þetta skýrir stöðuna aðeins gagnvart félmn. Við megum þá væntanlega bíða eftir niðurstöðu frá þessum viðræðum. Ég gef mér að hæstv. félmrh. muni verða með í þessum hópi og þá skýrast

þessi mál væntanlega á morgun. En gert er ráð fyrir að þessi stóru og mjög svo umdeildu frv. verði komin til umræðu í vikunni. Þannig að því fyrr sem þetta skýrist því betra.

Uppgjör á jarðræktarstyrkjum.

[15:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. landbrh. um hvað líði uppgjöri á skuldum jarðræktarfamlaga við bændur. Með breytingum á árinu 1989 á jarðræktarlögum frá 1987, og reyndar með frekari breytingum síðar, var ætlunin að afnema sjálfvirkni að þessu leyti og færa þetta yfir á það form að bændur þyrftu að sækja um og fá staðfestingu á því að þeir fengju úthlutað styrkjum. Í tengslum við þetta var á árunum í kringum 1990 og þar á eftir gerður upp mikill skuldahali sem myndast hafði upp á yfir hálfan milljarð kr. á þágildandi verðlagi. En nú virðist svo óhönduglega hafa tekist til í framhaldinu að eftir sem áður hefur tekið að myndast skuld við bændur sem líta svo á að þeir eigi skýlausan rétt á styrkjum samkvæmt jarðræktarlögum og hafa í höndum reyndar álit frá umboðsmanni Alþingis þar um. Skuld sem ráðunautar hafa tekið saman varðandi framkvæmdir frá sl. árum er líklega komin á þriðja hundrað millj. kr. Engar fjárveitingar hafa verið á tvennum eða þrennum síðustu fjárlögum til að greiða inn á þessar skuldir fyrir utan aukafjárveitingu í fjáraukalögum síðast á árinu 1994. Þetta er ófremdarástand og auðvitað engum til sóma að hafa hlutina svona. Það hlýtur að þurfa að taka á þessu máli.

Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvað líði því að koma þessum málum á hreint, undirbúa uppgjör við bændur á þessum skuldum, og þá eftir atvikum gera enn eina tilraun til að breyta jarðræktarlögunum þannig að ekki ríki það ófremdareða réttarástand að menn eigi rétt á framlögum án þess að fyrir því sé séð að fjárveitingar séu til að standa við þær skuldbindingar ríkisins. Ég tek það fram að ég er ekki á nokkurn hátt að taka afstöðu til þess í sjálfu sér hvað eigi að verða með þessa styrki í framtíðinni, hvort þeir eigi rétt á sér eða ekki við nútímaaðstæður. Hitt er ljóst að það verður að greiða þá styrki sem menn eiga rétt á samkvæmt lögum og það er engum til sóma að láta þá hlaðast upp.

[15:09]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. þm. beinir til mín fyrirspurnum um uppgjör á hugsanlegum skuldum sem hafa orðið til á árunum eftir 1990. Ég segi hugsanlega vegna þess að í lögum er skýrt kveðið á um hvernig eigi að standa að þessum styrkjum, þ.e. hvernig umsóknir um þá voru lagðar fyrir Búnaðarfélagið á sínum tíma, nú Bændasamtök Íslands, sem síðan gera ráðuneyti grein fyrir þessum umsóknum. Þar á eftir kveða fjárlög á um það hvað megi ráðast í af styrkhæfum framkvæmdum og uppgjör kemur seinast. En ég hygg að því miður hafi þetta ferli ekki alltaf verið svona. Það sé þess vegna ef til vill ekki alveg ljóst hversu mikið af þessum framkvæmdum sem menn telja að séu styrkhæfar eru það í raun ef farið er ofan í þetta lagaferli nákvæmlega. En það er rétt sem hv. þm. nefnir að það er talað um að skuldir kunni að vera allt að 200 millj. kr. og með þessum fyrirvörum sem ég hef nefnt um framkvæmdina og umboðsmaður Alþingis hefur greint frá að hann telji að þarna eigi menn inni, en þó með þeim fyrirvara að menn geti ekki gert kröfur um endurgreiðslu nema samkvæmt því sem kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni. Þannig að hann hefur þann fyrirvara í álitsgjörð sinni alveg skýran.

Nú er í gangi endurskoðun á lögum um jarðrækt og búfjárrækt eða á jarðræktar- og búfjárræktarlögum eins og þau eru stundum kölluð. Í tengslum við þá endurskoðun, sem ég vona að hægt verði m.a. að gera grein fyrir á búnaðarþingi sem hefst um næstu helgi, er einnig rætt um að fara ofan í saumana á þessum skuldum, hvað af þeim kunni að vera réttmætar kröfur og hvað ekki, ef ekki hefur verið staðið rétt að málunum. Sú vinna er einnig í gangi í tengslum við þessa endurskoðun og auðvitað í endurskoðun væntanlega kveðið á um hvað síðan á að styrkja og hvernig. Þannig verður einu sinni enn reynt að koma því skýrt fyrir í lögum hvernig menn vilja að þessu standa.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Svör hæstv. landbrh. staðfesta náttúrlega að þessi mál eru engan veginn í nógu góðu horfi. Það er alveg fráleitt að það sé einhver réttaróvissa ríkjandi varðandi það hvort menn eigi rétt á þessum styrkjum eða ekki. Og að hæstv. landbrh. skuli þurfa að koma hér upp og segja að hugsanlega eigi menn rétt á styrkjum. Ég vitna aftur til þessa álits umboðsmanns Alþingis og vitna til þess að það hefur verið greitt út á framkvæmdir eftir 1990, samanber t.d. fjárveitingar í fjáraukalögum á árinu 1994. Það verður auðvitað að vera samræmi í lagaframkvæmdinni að þessu leyti. Það er ekki hægt að greiða sumum og hætta svo bara. Og þessi niðurstaða málsins, ef hún er þannig að bændur eiga rétt á þessum styrkjum en ríkinu sé hins vegar stætt á því að borga þá seint og illa, er náttúrlega afar sérkennileg, herra forseti. Það er engum til sóma að hafa þetta svona. Þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til að ganga í þetta mál og gera það upp og draga þá strik við í núinu þannig að þessi mál komist loks á hreint.

Ég minni á að hér á í hlut sú stétt sem samkvæmt öllum mælingum hefur tekið á sig mesta kjaraskerðingu af öllum undanfarin ár og miklar þrengingar hafa gengið yfir þessa grein. Ég tel því að ekki sé á það bætandi að ríkið hegði sér svona gagnvart bændum.

[15:13]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt til að ítreka það sem ég sagði áðan. Ég get út af fyrir sig tekið undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það þarf að ná niðurstöðu í þessu máli. Það hefur sannarlega ekki verið nægjanlega vel að þessu staðið en það er unnið að því. Það er unnið að því um þessar mundir bæði að endurskoða lögin, sú vinna er í fullum gangi, og drög að þeirri endurskoðun fyrirliggjandi væntanlega alveg á næstu dögum, fyrir næstu helgi, og þá jafnframt að gera það upp hvernig staðið verður að þessu uppgjöri, hvað af þessum meintu kröfum eru raunverulegar og réttar og standast. Þá þarf auðvitað að takast á við það mál.

Þjónusta við einhverf börn.

[15:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég legg fram fyrirspurn til hæstv. félmrh. um það hvernig hann hyggst bæta úr því ófremdarástandi

sem ríkir enn þá í þjónustu við einhverf börn og aðstandendur þeirra.

Málefni einhverfra barna voru hér til umræðu í fyrirspurnatíma fyrir tæpu ári en þá hafði barna- og unglingageðdeildin, sem hafði annast þjónustu við börn sem höfðu verið greind sem einhverf á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, annast einstaklingsbundna meðferð og einnig stuðning við foreldra. Þar var barninu fylgt eftir. Þar var starfandi fagteymi, þó að það væri ekki formlegt, til að sinna þessum hópi. Þessari þjónustu var hætt fyrir tæpu ári en síðan hafa 11 börn greinst einhverf. Þau fá greiningu hjá greiningarstöðinni en enga eftirfylgni og enga aðra þjónustu.

Í umræðunni um ráðstafanir í ríkisfjármálum þann 19. desember sl. sagði hæstv. ráðherra að í undirbúningi væri að setja á fót fagteymi um málefni einhverfra. Verið er að gera miklar breytingar og endurskipulagningu á Greiningarstöð ríkisins og nefnd sem var að vinna að undirbúningi undir forustu Stefáns Hreiðarssonar komst að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að setja á laggirnar þriggja til fimm manna fagteymi til þess að sinna þessum hópi. Það hefur verið ætlað fjármagni í þetta fagteymi en því miður er féð af það skornum skammti að dugar varla nema fyrir einu stöðugildi og þar er ekki talinn með kostnaður fyrir ferðir út á land. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist uppfylla það loforð að setja á laggirnar fagteymi þegar miðað er við að fjárveitingar eru af svo skornum skammti.

[15:16]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Á síðasta ári var sett á stofn sambýli fyrir einhverf börn í Tjaldanesi og það bætti úr mjög brýnni þörf því þarna var um skelfilegt ástand að ræða. Ég tel að óhjákvæmilegt hafi verið að koma þessu heimili á fót og það hafi verið forgangsverkefni í þessum málaflokki.

Í öðru lagi er áformað að setja á stofn fagteymi. Ég hef beðið um tillögur frá Greiningarstöðinni um hvernig því verði best háttað. Ég hef satt að segja ekki spurt eftir því allra síðustu daga hvert þær tillögur væru komnar. Það kann að vera að þær séu komnar í ráðuneytið, ég þori ekki að fullyrða það. En það er áformað að koma því á fót. Nú skal ég ekki segja um kostnað af þessu fagteymi, hvað það þurfi mikið fjármagn til starfsemi sinnar en því verður komið á fót.

Í þriðja lagi vil ég láta það koma fram að áform eru um að koma á helst tveimur sambýlum fyrir einhverfa á þessu ári.

[15:17]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég heyri að ráðherrann hefur skilning á því hversu brýnt er að bæta úr þjónustu við þessa einstaklinga, þ.e. einhverf börn og aðstandendur þeirra. Reyndar kom fram í fjárlagaumræðunni að verið væri að koma á fót sambýlinu sem er af hinu góða. En aftur á móti er greinilegt að sú fjárveiting sem er ætluð til þessa fagteymis dugir alls ekki til og ég vil minna á að fagteymi var starfandi á vegum barna- og unglingageðdeildarinnar, sem reyndar heyrði undir heilbrrn. Þeir töldu sig ekki geta sinnt þessum hópi vegna fjárskorts þannig að mjög mikilvægt er að fjárveiting komi til svo að hægt verði að sinna þessum hópi og hægt verði að setja fagteymi á laggirnar, sem ég heyri að hæstv. ráðherra hefur hug á að gera. En það vantar greinilega fjármagn og það fé sem ætlað var í þetta á fjárlögum dugir aðeins fyrir einu stöðugildi og það er náttúrlega lítið fagteymi ef það er aðeins ein manneskja því formaður nefndarinnar sem vann að þessu telur að það þurfi a.m.k. þriggja til fimm manna fagteymi til að sinna þessum málaflokki.

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að fullsnemmt sé að fullyrða að þetta fjármagn sé ófullnægjandi. Það er hugsanlegt að samnýta starfskrafta. Það þarf ekki allt saman að vera full stöðugildi. Það getur komið að miklu gagni þó að svo sé ekki. Meginatriðið er að ákveða að koma fagteymi á fót. Síðan verður það að ráðast hvað fjármunir duga á þessu ári og reyna þá að bæta úr í framtíðinni.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég heyri á hæstv. ráðherra að hann hyggst setja á laggirnar fagteymið en ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort hann áformi að setja meira fjármagn í þá vinnu þannig að hægt verði að sinna þessu eins og fagmenn telja að nauðsynlegt sé? Án þess er ekki hægt að veita þessa þjónustu.

[15:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fjárlög ársins hafa nú þegar verið ákveðin, eins og hv. þm. er áreiðanlega kunnugt um, og við verðum auðvitað að búa við þau fjárlög sem búið er að setja. Ég reikna með því að við komum þessu fagteymi á fót og reynum að leysa þá fjárþörf sem fyrir hendi er eða fyrir hendi verður.

Hækkun á gjaldskrá Pósts og síma.

[15:21]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. Í desember sl. hækkaði fyrirtækið Póstur og sími gjaldskrá sína á innanlandssímtölum. Þetta var ekki almenn prósentuhækkun og var því ekki til að leiðrétta verðlagsþróun heldur beinlínis efnisleg breyting á gjaldskránni einmitt á markaði þar sem fyrirtækið nýtur einokunar. Þessi hækkun var frá 10% á stutt samtöl, kvöld og nótt, og upp í 32%, langt símtal á daginn, sem reyndar er einn helsti gjaldskrárliður fyrir samskipti á alnetinu. Til að gæta allrar sanngirni voru samtöl við útlönd m.a. Hong Kong og Singapúr lækkuð nokkuð um leið.

Þessari hækkun var á sínum tíma mótmælt af forustumönnum í verkalýðshreyfingunni og ekki síður af Neytendasamtökunum. Þingið var þá í fjárlögum þannig að þetta hefur kannski ekki vakið mikla athygli hér í þessu húsi. Neytendasamtökin gengu lengra en að hrópa og kalla og kröfðust skýringa á þessari hækkun m.a. með bréfi til Pósts og síma. Afrit af því bréfi var sent þremur ráðherrum, hæstv. samgrh., forsrh. og viðskrh. Þar var einkum krafist skýringa á tvennu. Í fyrsta lagi forsendu hækkunarinnar, sérstaklega í ljósi verulegs hagnaðar Pósts og síma á fjarskiptum. Spurt var um það m.a. hvort þetta væri í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að gæta stöðugleika í verðlagsþróun. Þá var einnig beðið um, til að hægt væri að meta þessa hækkun og svör Pósts og síma, upplýsingar um raunkostnað Pósts og síma við innanlandssímtöl. En slíkar upplýsingar hlýtur Póstur og sími að hafa eins og hvert annað venjulegt fyrirtæki með mikil umsvif. Póstur og sími hefur nú sent svarbréf en ekki svarað spurningunum. Spurningarnar eru mikilvægar. Þær eru mikilvægar vegna þess að fyrirtækið er

einrátt um efnislegar breytingar á þessari gjaldskrá á einokunarmarkaði. Þær eru mikilvægar vegna þess að fyrirtækinu sem einokunarfyrirtæki í ríkiseigu ber sérstök skylda til að gefa fulltrúum almennings nákvæmar upplýsingar. Þær eru mikilvægar vegna þess að menn hafa kvartað yfir framkomu PS á markaði sem varðar alnetið og þær eru auðvitað mikilvægastar vegna þess að þær auka útgjöld heimilanna í landinu. (Forseti hringir.) Þess vegna hlýt ég að gefa hæstv. ráðherra samgöngumála tækifæri til að svara þeim spurningum hér. Af hverju stafar hækkun Pósts og síma á innanlandssímtölum? Hvaða hugmynd hefur hæstv. samgrh. um raunkostnað Pósts og síma við símtal innan lands?

[15:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er mjög nýstárlegt að vera spurður í óundirbúnum fyrirspurnum um bréfaskriftir stofnunar úti í bæ og gæti maður kannski ætlað að rétt væri að láta mann vita að spurt yrði út í bréfið ef ætlast væri til að maður svaraði því sem þar stendur. Mér finnst það almenn kurteisi.

Þar sem hv. þm. var ekki viðstaddur þær umræður sem urðu um stofnun hlutafélags um Póst og síma er óhjákvæmilegt að rifja upp að í þeim umræðum kom fram að samkeppni milli símafyrirtækja einstakra landa hefur farið mjög vaxandi hin síðustu missiri og við Íslendingar erum auðvitað ekki utan við þá samkeppni og algjör misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að Póstur og sími sé einn í heiminum í sambandi við samkeppni símafyrirtækja til og frá landinu. Þess vegna hefur það orðið þróunin víðar en hér að taxti fyrir símtöl milli landa hefur verið lækkaður sem óhjákvæmilega hefur haft þær afleiðingar að símgjöld hafa hækkað innan lands í sömu löndum til þess að fyrirtækin eða stofnanirnar, eftir því hvar maður er staddur, gætu skilað viðunandi rekstraafgangi frá ári til árs. Það er heldur ekki rétt hjá hv. þm. að öll símtöl innan lands hafi hækkað. Það er misskilningur hjá hv. þm. Ég vil rifja það upp að á undanförnum árum hafa símtöl innan lands lækkað mjög verulega og eru eins og nú standa sakir hin lægstu í Vestur-Evrópu. Það var á hinn bóginn óhjákvæmilegt, um leið og við lækkuðum símtöl til annarra landa og jöfnuðum símakostnað innan lands, að kostnaðurinn yrði í auknum mæli borinn uppi af símtölum innan svæða. En eins og ég sagði þá höfðu gjöld fyrir símtöl innan svæða lækkað verulega áður. Og ef við horfum til baka og sjáum hvernig þróunin hefur verið síðustu ár er um verulega lækkun á símtölum að ræða.

[15:26]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. „Aldrei hryggur, aldrei glaður," var einu sinni ort um mann og mér sýnist það eiga við um samgrh. Auðvitað var ekki verið að spyrja um spurningar og svör stofnana úti í bæ heldur var verið að spyrja samgrh. um símakostnað á Íslandi.

Það sem ég skildi af svörum hæstv. ráðherra sem ég þakka fyrir er að hann hafi raunverulega verið að segja: Póstur og sími á í samkeppni og mun eiga í aukinni samkeppni á utanlandsmarkaði. Þeirri samkeppni mætir Póstur og sími með því að hækka símgjöldin innan lands þar sem Póstur og sími hefur einokunaraðstöðu. Gott og vel, hann gerir það, og það kann að vera pólitísk stefna ráðherrans að hann geri það. En þá vekur líka athygli að samkvæmt ársreikningum Pósts og síma, ég er með ársreikningana 1995, þá mun hafa verið hagnaður í heild af fjarskiptum 2,5 milljarðar. Síðan þarf að greiða niður póstþjónustu vegna þess að það er í samkrulli og þar eru settar inn lífeyrisskuldbindingar en jafnvel með öllum þeim „trikkum" eru 200 milljónir eftir af hagnaði þess árs og að lokinni arðgreiðslu til ríkisins. Ég spyr hæstv. samgrh. aftur: Er það svo að verið sé að borga niður samkeppni utan lands með því spenna upp verð á einokunarmarkaði innan lands?

[15:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það hefur verið stefna mín og ég vissi ekki betur en það hefði einnig verið stefna Alþfl. að reyna að lækka gjöld fyrir símtöl milli landa, að þau yrði ekki áberandi dýrari hér en annars staðar. Því auðvitað erum við hluti af okkar umhverfi og við getum ekki einangrað okkur frá umhverfinu, Íslendingar, þó við svo vildum. En hér kemur fram hjá hv. þm. þessi gamla þröngsýni að við Íslendingar getum lifað án tillits til umhverfis okkar og getum haldið uppi fjarskiptum til annarra landa á allt öðrum grundvelli en þar er gert. Auðvitað er slíkt ekki hægt. Í annan stað get ég ekki skilið hv. þm. þegar hann heldur því fram að hægt sé að tala um hagnað Pósts og síma áður en kemur til þess að hann greiði lögboðin gjöld t.d. samkvæmt fjárlögum sem er greiðsla til ríkissjóðs eða áður en Póstur og sími greiðir lífeyrissjóðsskuldbindingar sínar. Auðvitað verður Póstur og sími að standa skil á slíku og auðvitað er ekki hægt að tala um hreinan hagnað Pósts og síma áður en til slíks uppgjörs kemur.

[15:28]

Mörður Árnason:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki um stefnu Alþfl. í þessu máli og ég veit heldur ekki um stefnu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, Borgaraflokksins, Kvennalistans, Lýðræðisflokksins, Bændaflokksins eða annarra þeirra flokka sem hér hafa verið á þinginu. Það sem mér sýnist koma út úr þessari umræðu er að ráðherra hefur ekki enn þá svarað þeim spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar. Hann hefur ekki upplýst okkur um hvaða hugmynd hann hefur um raunkostnað við símtöl innan lands sem við þurfum að fá að vita til að geta metið þessar hækkanir og hann hefur ekki svarað okkur á hvaða forsendum þær hækkanir eru byggðar nema þá með því að Póstur og sími sé ósköp einfaldlega að nota sinn innanlandsmarkað þar sem hann nýtur fullrar einokunar og getur skipað okkur og sett okkur fyrir það sem honum sýnist til þess að mæta samkeppni á utanlandsmarkaði. Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðherra fyrir svörin.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er ekkert við því að segja þó hv. þm. sé ekki kunnugt um hvernig gjaldskrám hefur verið háttað fyrir símtöl hér á landi eða erlendis. Það hefur löngum verið svo að símtöl til annarra landa hafa verið látin bera uppi hluta af kostnaði við innanlandssímtöl. Þetta hefur ekki aðeins verið svo hér á landi heldur einnig í löndunum í kringum okkur. Nú þegar samkeppnin hefur opnast, samkeppnissvæðin eru orðin allur heimurinn, þá hafa menn orðið að hverfa frá þessari stefnu og látið símgjöldin vera sem næst í samræmi við þann tilkostnað sem til fellur. Og það er það sem verið er að gera núna í sambandi við hina nýju gjaldskrá Pósts og síma. Ég vil minna á það að um næstu áramót verður opnað fyrir samkeppni hér á landi á fjarskiptamarkaði og auðvitað er óhjákvæmilegt að Póstur og sími nýti tímann þangað til til þess að færa símgjöldin nær þeim raunveruleika sem er í

fjarskiptaheiminum þegar við horfum á hann í heild sinni.

Málefni Silfurlax.

[15:30]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. fjmrh. og það er að gefnu tilefni vegna orðaskipta okkar við fjárlagaumræðu fyrir árið 1996 og árið 1997. Það var um fyrirtækið Silfurlax. Sú stöð hefur skapað mikilsverð störf í Stykkishólmi og Grundarfirði en deilur hafa verið milli laxveiðibænda og rekstraraðila um tökuaðferð og áhrif á laxagengd í Dalaám. Hæstv. fjmrh. reyndi að sannfæra mig um að ekki kæmi til þess að sú ábyrgð, sem var veitt við fjárlagaafgreiðslu árið 1995 og var upp á 50 millj. kr., félli á ríkissjóð. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig er staða mála núna? Hefur stöðin verið seld? Hvert var söluverðið? Og er ríkissjóður enn í ábyrgð vegna Silfurlax?

[15:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er verið að vitna til máls sem ég því miður hef ekki haldbærar upplýsingar um nákvæmlega á þessari stundu, ég verð að afla þeirra upplýsinga og koma þeim til skila til hv. þm. Fyrirtækið Silfurlax fékk ríkisábyrgð á sínum tíma fyrir 50 millj. kr. Ástæðan var m.a. sú að þetta fyrirtæki hafði ekki fengið lán úr ábyrgðardeild eins og önnur fyrirtæki í sömu grein. Erlendir aðilar lögðu fram hundruð milljóna í fyrirtækið og talið var að þarna væri um þróunarverkefni að ræða sem við gætum ekki horft fram hjá að gæfi okkur miklar upplýsingar um hafbeit en þetta fyrirtæki var sérstakt hafbeitarfyrirtæki.

Því miður veit ég ekki nákvæmlega hver staða málsins er í dag en tryggingar ríkisins fólust m.a. í því að eignast aðbúnað og einnig skil sem kæmu í stöðuna. Þau ættu að koma á þessu ári eins og á síðasta ári ef starfseminni er hætt. Ég get því miður hvorki svarað þeirri spurningu hvaða áhrif þetta hefur á veiði laxveiðibænda við Breiðafjörð né heldur sagt frá því hver staða málsins er nákvæmlega, en ég skal afla þeirrar vitneskju og koma henni til skila til hv. þingmanna.

[15:34]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég var ekkert að spyrja um hvaða áhrif þetta hefði á laxagengd, enda reiknaði ég ekki með að hæstv. fjmrh. vissi hvort það gengi mikill eða lítill lax í Dalaár vegna töku fisks í þessari stöð. (**Gripið fram í:** Hún minnkar.) Það má vel vera. En ég var aðeins að spyrja vegna orðaskipta okkar og það er kannski ekki von að það sé ferskt í minni hæstv. fjmrh. Þetta er mjög ferskt í mínu minni því ég velti því mjög fyrir mér þegar ég greiddi atkvæði mitt að þetta væri gert á þann hátt sem hæstv. ráðherra lýsti. En ég ætla mér að fylgjast með þessu máli alveg til enda. Bæði er að þetta skiptir miklu máli fyrir atvinnulíf og síðan skiptir það ekki síður miklu máli fyrir ríkissjóð hvort þessi 50 millj. kr. ábyrgð fellur á ríkið. En ég læt mér þetta nægja og vonast til þess að ég, og þá aðrir þingmenn, fái í svarbréfi nánari skýringar á hver staðan er.

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Biskupskosning, frh. 1. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 558.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skipan prestakalla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögmenn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 475.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 218. mál (EES-reglur). — Þskj. 275.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204, nál. 584.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2.–14. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Hjúskaparlög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 176. mál (ellilífeyrisréttindi). — Þskj. 195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umboðsmaður Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 244. mál (heildarlög). — Þskj. 381.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ríkisendurskoðun, frh. 1. umr.

Frv. ÓE o.fl., 262. mál (heildarlög). — Þskj. 497.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:43]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Vegáætlun 1997–2000, fyrri umr.

Stjtill., 309. mál. — Þskj. 569.

[15:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Tillaga sú að vegáætlun sem hér liggur fyrir fjallar um fjáröflun og framkvæmdir á árunum 1997–2000. Tillögunni var dreift á Alþingi í janúar og eru niðurstöðutölur hennar fyrir árið 1997 í samræmi við það sem ákveðið er í fjárlögum. Tillagan er með hefðbundnu sniði, þ.e. að í henni er að finna áætlun um fjáröflun næstu fjögur ár, svo og skiptingu útgjalda á helstu liði. Þá er í tillögunni að finna skrá um þjóðvegi og flokkun þeirra. Í athugasemdum koma fram skýringar á einstökum liðum auk ýmissa upplýsinga um vegakerfið. Rétt er að geta þess í upphafi að allar tölur eru settar fram á sama verðlagi, þ.e. áætluðu verðlagi þessa árs þannig að tölur eru sambærilegar milli ára. Gert er ráð fyrir að verðlag áranna 1998–2000 verði hækkað við meðferð málsins á Alþingi. Verður nú vikið að helstu þáttum tillögunnar og byrjað á fjáröfluninni.

Markaðar tekjur standa mest undir framkvæmdum í vegamálum sem jafnan áður. Bensíngjaldið er stærst hinna mörkuðu tekjustofna, gefur rúmlega 60% af heildartekjunum. Bensíngjald var hækkað 1. febrúar árið 1996. Ekki hefur orðið hækkun síðan og ekki er gert ráð fyrir hækkun bensíngjalds nema þá til verðlags á seinni árum tímabilsins. Bensíngjald er nú 25,51 kr. á lítra og er það um 87% af því sem það má vera lögum samkvæmt um fjáröflun til vegagerðar. Sú breyting varð á bensínsölu sl. ár að olíufélögin hættu sölu á blýbensíni, en sala á blýbensíni hafði numið um 12% af heildarsölu bensíns. Bensíngjald af blýbensíni var nokkru hærra en bensíngjald af blýlausu bensíni. Ákvörðun olíufélaganna olli því nokkrum tekjumissi hjá Vegasjóði. Á móti kom að bensínsalan 1996 var í heild nokkru meiri en áætlanir sögðu til um og urðu tekjur af bensíngjaldi á sl. ári aðeins meiri en áætlað var. Samkvæmt umferðarspá Vegagerðarinnar er árleg aukning umferðar metin á 1,5% á ári á vegáætlunartímabilinu. Er reiknað með að bensínsala aukist í svipuðum mæli.

Þungaskattur er af tvennum toga, kílómetragjald og árgjald en það er innheimt af flestum smærri dísilbifreiðum. Undanfarin ár hefur eftirlit með skilum þungaskatts verið aukið. Með lagabreytingu snemma árs 1996 var tilhögun álagningar og innheimtu breytt og viðurlög við brotum voru hert. Árangur hefur orðið umtalsverður og kemur fram með tvennum hætti. Tekjur Vegasjóðs hafa aukist af þessum sökum og greiðendur þungaskattsins búa nú við meira jafnræði en áður.

Þungaskattur hækkaði í ársbyrjun 1996. Hann hefur ekki hækkað síðan og er ekki gert ráð fyrir hækkun hans í tillögunni nema þá til verðlags síðar á tímabilinu eins og nefnt var áður varðandi bensíngjaldið. Á hinn bóginn er reiknað með að akstur dísilbifreiða aukist í samræmi við umferðarspá og hækka tekjurnar sem því nemur á seinni árum áætlunarinnar. Alþingi hefur samþykkt lög um að taka upp olíugjald í stað þungaskatts. Upphaflega áttu þau lög að taka gildi í ársbyrjun 1996 en gildistökunni var síðan frestað til 1. janúar 1998. Ein af forsendum laganna var sú að olíugjald gæfi sömu tekjur til Vegagerðarinnar og þungaskatturinn. Í samræmi við það er reiknað með tekjum af þungaskatti öll árin og þær tekjur eiga að standast þó að olíugjaldi verði komið á.

Í tillöguni er gert ráð fyrir að töluvert fé sé millifært í ríkissjóð. Millifærslan er mest á þessu ári en fer síðan lækkandi þegar líður á tímabilið. Hluti þessa fjár fer til að endurgreiða lánsfé sem aflað var vegna þess hluta framkvæmdaátaks í atvinnumálum 1993 og 1994 sem rann til Vegagerðar. Samkvæmt tillögunni verður þessari endurgreiðslu að fullu lokið 1998.

Ríkisstjórnin beitti sér fyrir framkvæmdaátaki í vegamálum haustið 1994 og var átakið tekið inn í vegáætlun 1995–1998. Fjáröflun skyldi vera 700 millj. kr. á ári í fimm ár, 1995–1999. Helmingur fjárins átti að koma af mörkuðum tekjustofnum en helmingur með sérstöku framlagi úr ríkissjóði. Vegna atvinnuástands var ákveðið að framkvæmdir tækju einungis fjögur ár og væru mestar fyrstu árin. Lánsfjár væri aflað til að brúa bilið milli fjáröflunar og fjárnotkunar. Í tillögunni sem hér liggur fyrir er haldið við fyrri áætlun um

fjáröflun. Framlag kemur úr ríkissjóði, 350 millj. kr. á ári til og með 1999. Hluti fjármagnsins árin 1997–1999 fer til að endurgreiða lánsfé sem aflað var 1995. Framkvæmdaátakið heldur síðan áfram árið 2000, en þá er það alfarið fjármagnað af mörkuðum tekjustofnum.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að afla 100 millj. kr. lánsfjár til endurbyggingar og viðgerða mannvirkja á Skeiðarársandi. Lánið á að endurgreiðast 1999. Um fjármögnun framkvæmda á Skeiðarársandi má að öðru leyti segja að brýrnar eru tryggðar hjá Viðlagatryggingu. Er reiknað með að kostnaður við endurbyggingu brúnna verði greiddar af henni. Mat á brúarkostnaði var 500 millj. kr. Endurbygging brúnna fer fram 1997 og 1998. Munu hrein útgjöld til vegagerðar á þessum árum hækka sem nemur bótagreiðslum frá Viðlagatryggingu. Ekki er venja að taka slíkt inn á vegáætlun og verður því ekki fjallað um það í tillögunni. Kostnaður við viðgerð vega og garða auk bráðabirgðalausa og þess háttar var metinn á aðrar 500 millj. kr.

Í fjáraukalögum 1996 voru veittar 150 millj. kr. til verkefnisins auk lánsfjárins sem áður var nefnt, þ.e. 150 millj. kr. fjárveiting í ár og 100 millj. kr. 1998. Þær fjárveitingar eru fengnar með lækkun útgjalda til annarra nýbygginga. Enn er ógetið um fjármögnun tenginga við Hvalfjarðargöng. Kostnaður við þær er áætlaður 800 millj. kr. Helming fjárins, 400 millj. kr., lánar Spölur hf. að fenginni ríkisábyrgð og á sá hluti að endurgreiðast af veggjaldi. Um 200 millj. kr. af þessu láni var tekið 1996 og eftirstöðvarnar komu í ár. Ríkissjóður mun afla lánsfjár 1998 fyrir hinum helmingi fjárins og er miðað við að það lán verði endurgreitt af vegáætlun á árunum 1993–2003. Fjármögnun þessa verkefnis er ekki tekin með í tillögunni eins og hún liggur nú fyrir, en rétt er að beina því til samgn. að hún taki málið upp við vinnu sína við tillöguna.

Næst er að víkja að gjaldahlið áætlunarinnar. Uppsetning tillögu um útgjöld og gjaldaliði eru með sama sniði og var í vegáætlun fyrir árin 1995–1998. Fyrst kemur að liðnum stjórn og undirbúningur. Lagt er til að á árunum 1997 og 1998 verði fjárveiting í samræmi við það sem vegáætlun 1995–1998 gerir ráð fyrir. Ljóst er að með þeim fjárveitingum er mjög kreppt að þessum málaflokki þar sem verkefnin verða sífellt umfangsmeiri og flóknari og þarfnast samráðs og umsagnar fleiri aðila en áður. Einnig er í mörgum tilfellum krafist meiri grunnrannsókna en áður en slíkt eykur mjög vinnu og kostnað. Þá eru kröfur um upplýsingaþjónustu stöðugt vaxandi. Því er lögð til nokkur hækkun á þessum lið á tveimur síðustu árum áætlunarinnar. Lagt er til að fjárveitingar til almennrar þjónustu verði svipaðar og gert er ráð fyrir í síðust vegáætlun og fari lítið eitt vaxandi, enda fara kröfur um þjónustu á vegakerfinu stöðugt vaxandi. Gert er ráð fyrir að þjónusta á þeim hluta landsvega sem opinn er allri almennri umferð falli undir þennan lið auk þjónustu á stofnvegum og tengivegum. Fjárveitingar til vetrarþjónustu taka mið af meðalkostnaði við þann lið undanfarin tíu ár, en jafnframt er gert ráð fyrir að reglur um vetrarþjónustu verði rýmkaðar nokkuð frá því sem nú er. Þá er einnig veruleg nauðsyn á auknum hálkuvörnum. Lagt er til að fjárveitingar til viðhalds á árunum 1997 og 1998 verði óbreyttar frá fyrri áætlun en hækki síðan lítið eitt á seinni tveimur árum áætlunarinnar. Ljóst er að verulega vantar á að þessi liður fái það fjármagn sem þyrfti. Viðhaldsþörf vegakerfisins fer ört vaxandi með aukinni umferð og aukinni þyngd bifreiða.

Fjárveitingu til þéttbýlisvega er varið til að greiða kostnað við viðhald, almenna þjónustu og vetrarþjónustu á vegum innan þéttbýla. Í flestum tilfellum hefur verið samið við viðkomandi sveitarfélag um að þau annist slíka þjónustu. Í þessum samningum hefur komið í ljós að fjárþörf til þessara liða er nokkru meiri en áður var áætlað og því lagt til að fjárveitingar verði hækkaðar nokkuð. Þau verkefni sem falla undir þennan lið eru í eðli sínu þau sömu og í almennri þjónustu, vetrarþjónustu og viðhaldi sem fjallað var um hér á undan. Kemur því sterklega til álita að skipta þessum lið upp og fella niður þá liði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að haldið verði hinum hefðbundnu framkvæmdaliðum, almennum verkefnum, stórverkefnum o.s.frv. Eðlilegast er að samgn. fjalli um skiptingu fjármagns milli kjördæma og skiptingu fjárveitinga til einstakra stórverkefna eins og venja hefur verið. Auk hinna hefðbundnu liða er nú bætt við einum nýjum lið, Skeiðarársandi, þar sem fram koma nauðsynlegar fjárveitingar vegna viðgerða þar, að svo miklu leyti sem þær viðgerðir eru greiddar af vegafé eins og vikið var að hér að framan. Gert er ráð fyrir að halda áfram því sérstaka framkvæmdaátaki í vegagerð sem hófst 1995. Hér á undan var gerð nokkur grein fyrir breytingum varðandi fjáröflun til átaksins. Að öðru leyti er miðað við að það haldi áfram út tímabilið.

Eins og í fyrri vegáætlun var höfuðborgarsvæðið sérstakur liður og þá við það miðað að svæðið nái frá Hafnarfirði til Mosfellsbæjar þó í tveimur kjördæmum sé. Lagt er til að fjárveitingar til tengivegar hækki nokkuð á seinni árum áætlunarinnar, en fjárveitingar til þessara vega hafa að undanförnu verið langt undir því sem vera þyrfti. Það sama má segja um fjárveitingar til brúa en mikil þörf er orðin á að auka fjármagn til þess liðar, bæði vegna þess að margar brýr á aðalleiðum þola ekki þá umferð sem um þær fer og einnig vegna þess að mikil þörf er á að breikka eða endurbyggja einbreiðar brýr til að auka umferðaröryggi. Eins og áður var drepið á er gert ráð fyrir að kostnaður við viðhald og almenna þjónustu þeirra landsvega sem opnir eru fyrir allri umferð verði greiddur af liðnum Almenn þjónusta og viðhald. Við það minnkar fjárþörf til landsvega nokkuð en þó er ljóst að mikil þörf er á endurbótum á mörgum þeirra vega sem tilheyra þessum vegflokki.

Útgjöld ríkisins á ríkisstyrktum ferjum hafa verið greidd af vegáætlun síðan 1993. Undanfarin ár hafa útgjöldin verið um 450 millj. kr. á ári. Þar af er kostnaður vegna rekstrar um 190 millj. kr. en það sem eftir er fer til greiðslu afborgana og vaxta af lánum sem tekin hafa verið vegna smíða eða kaupa á ferjum. Ríkið á tvær ferjur, Vestmannaeyjaferjuna Herjólf og Grímseyjarferjuna Sæfara. Aðrar ferjur eru í eigu þeirra sem reka þær. Í báðum tilvikum greiðast afborganir og vextir af lánunum. Rekstrarsamningar hafa verið gerðir um allar ferjuleiðir og greitt fyrir reksturinn samkvæmt þeim. Í tillögunni er fjárveiting til ferja hækkuð um 222 millj. kr. á þessu ári. Þessi hækkun er þannig til komin að fjárveitingar til nýrra þjóðvega voru lækkaðar um þessa upphæð til að sporna við þenslu í framkvæmdum. Þetta viðbótarfé á ferjuliðnum skyldi notað til að greiða hraðar niður lán en ella væri. Þau eru að mestu erlend og greiðslur hafa því ekki áhrif á atvinnumarkaðinn innan lands. Upphæðin verður endurgreidd 1999 en þá lækka framlög til ferjuliðarins og hækka að sama skapi til nýframkvæmda. Í raun er því um frestun framkvæmda að ræða.

Í þessu sambandi er þó rétt að geta þess að dæmi eru um að sveitarfélög óski eftir að framkvæmdir á vegum rík-

isins haldist en bjóðist til að fresta framkvæmdum hjá sér í staðinn til þess að draga úr þenslunni. Slík ósk hefur komið fram frá Reykjavíkurborg og er nú til athugunar hjá ríkisstjórninni. Það mun skýrast á næstu dögum hvort orðið verður við ósk borgarinnar, en ef niðurstaðan verður sú að Reykjavíkurborg fresti framkvæmdum en í staðinn komi inn vegaframkvæmdir, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, mun það koma til meðferðar í þinginu.

Í þáltill. eru vegir flokkaðir eftir 8. gr. vegalaga. Gerðar eru tillögur um nokkrar breytingar frá fyrri vegáætlun. Gert er ráð fyrir að samgn. og þingmönnum einstakra kjördæma verði gerð nánari grein fyrir vegflokkuninni og brtt. við áframhaldandi vinnu við tillöguna.

Ég legg svo til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og samgn. og er það von mín að þingmenn bregðist skjótt við og eigi gott samstarf við Vegagerðina um að vinna úr þeirri áætlun sem hér liggur fyrir.

[15:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að ráðherrann sé inni í þingsalnum svo að unnt sé að veita andsvar við ræðu hans að honum áheyrandi.

(**Forseti** (ÓE): Ráðherrann er í salnum.)

Ég þakka fyrir það. Mig langar til að bera tvær fyrirspurnir til hæstv. ráðherra eftir þessa framsögu sem lýsti stefnu ríkisstjórnarinnar í vegamálum, en gerði ekki grein fyrir tveimur atriðum sem nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um áður en haldið er af stað í umræðuna. Það fyrra er: Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi fram langtímaáætlun í vegagerð? Hún hefur verið boðuð á þessu þingi og mun væntanlega ná til ársins 2008, þ.e. ná yfir tólf ár í stað fjögurra ára eins og þessi áætlun sem fyrir liggur núna nær til. Það skiptir auðvitað máli við mat á vegáætlun fyrir næstu fjögur ár að fyrir liggi líka áform og helst samþykki þingsins fyrir stefnumarkandi áætlun fyrir næstu átta árin þar á eftir.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki stefnumarkandi ákvörðun af hálfu ráðherra og ríkisstjórninnar það sem fram kom í máli hans að framkvæmd er boðuð á næsta ári en er ekki á vegáætlun heldur er því lýst yfir að hún verði fjármögnuð með lánsfé sem síðan verði greitt að mestu leyti eftir að áætlunartímabili þessarar vegáætlunar lýkur, þ.e. fram til ársins 2003. Er ég þá að tala um helminginn af vegaframkvæmdum vegna Hvalfjarðarganga. Má þá ekki skilja það svo, herra forseti, að ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að aðrar framkvæmdir verði settar í gang t.d. á næsta ári og þær fjármagnaðar með lánsfé, eins og þessi framkvæmd, og það lánsfé síðan endurgreitt á næstu árum eftir að þessu vegáætlunartímabili lýkur árið 2000?

[16:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á vegum Vegagerðarinnar og samgrn. er nú unnið að gerð þáltill. um langtímaáætlun í vegagerð. Ég vonast til að hægt verði að leggja hana fyrir Alþingi á næstu vikum, svo ég sé nógu rúmur í yfirlýsingunni. Hitt er rétt hjá hv. þm. að hér er gert ráð fyrir að 400 millj. kr. vegna Hvalfjarðarganga verði endurgreiddar af vegáætlun árin 1999–2003. Ástæðan fyrir því að lagt er til að fara í þær greiðslur með þessum hætti eru þær annars vegar að við urðum fyrir óvæntum útgjöldum vegna Skeiðarársands og hins vegar reyndust jarðgöng á Vestfjörðum dýrari en reiknað var með og sömuleiðis erum við nokkuð á eftir í sambandi við greiðslur um lagningu vegar og brúar yfir Gilsfjörð þannig að við gerum ráð fyrir að til endurgreiðslu á lánunum vegna Hvalfjarðar komi eftir að öðrum greiðslum er lokið, þ.e. eftir að greiðslum á láninu til höfuðborgarinnar, skuldabréfinu til höfuðborgarinnar, eftir að greiðslum vegna Vestfjarðaganga, Gilsfjarðar og Skeiðarársands lýkur. Að vísu er gert ráð fyrir að Skeiðarársandur greiðist árið 1999 eða sama árið og greiðslur hefjast vegna Hvalfjarðarganga. Þetta er gert til að dreifa byrðunum.

[16:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst vel geta komið til álita og eðlilegt að skoða þá tillögu ráðherrans að framkvæmd sé fjármögnuð að öllu leyti með lánsfé sem síðan sé borgað á næstu fjórum árum eftir að framkvæmdinni lýkur. En mér finnst eðlilegt að framkvæmdin sé inni á vegáætlun. Mér finnst óeðlilegt annað en að framkvæmd sem á að ráðast í á næsta ári, sem ég tel í sjálfu sér þarfa og eðlilega og hef stutt að öðru leyti í þinginu fram til þessa, verði inni á vegáætlun. Ég tel óeðlilegt að framkvæmdin sé utan vegáætlunar. Þannig að ég vil setja fram það sjónarmið að þessar fyrirhuguðu framkvæmdir í vegagerð við Hvalfjarðargöngin upp á 400 millj. kr. verði inni á vegáætlun jafnvel þótt gert sé ráð fyrir að taka lán til að fjármagna þá framkvæmd.

Í öðru lagi skil ég svar ráðherra þannig að hann sé sammála því að þingmenn íhugi það að öðru leyti hvort aðrar brýnar framkvæmdir verði ekki fjármagnaðar með sama hætti, þannig að unnt verði að ráðast í þær á þessu ári eða næsta gegn því að lánsfjármagn fáist til þeirra sem síðar verði endurgreitt á vegáætlun á tímabilinu 1999–2008. Víða um land er knýjandi þörf á úrbótum í vegamálum og sums staðar hamlar það mjög eðlilegri byggðaþróun að á nauðsynlegum vegaframkvæmdum stendur. Það yrði því mikils metið og skipti miklu máli, eins og t.d. á Vestfjörðum, ef unnt yrði að ráðast í brýnar framkvæmdir á þessu ári eða næsta gegn því að þær yrðu greiddar á lengri tíma.

[16:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað matsatriði hvernig á að standa að eða hvort rétt sé að taka framkvæmdir við Hvalfjörð inn í vegáætlun og finnst mér sjálfsagt að það sé athugað við meðferð málsins í þinginu. Ég vil á hinn bóginn minna á að samkvæmt vegáætlun er gert ráð fyrir að greiða gamlar skuldir Vegasjóðs og ég hygg að það séu rúmar 800 millj. kr. til þess arna nú á þessu ári sem til þess eru ætlaðar. Mér finnst rétt að sú þingnefnd sem fær málið til meðferðar setji sig inn í þá útreikninga og átti sig á hver sé staða Vegasjóðs gagnvart ríkissjóði í tengslum við þetta mál.

[16:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er ef til vill ástæða til í þessari fyrri umræðu um vegáætlun fyrir yfirstandandi ár og til ársins 2000 að fara nokkrum orðum um gildi og markmið ályktana af þessum toga. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að mjög mikið gagn sé af áætlun sem þessari þó ekki sé nema til fjögurra ára í senn. Ég get þar af leiðandi tekið undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. Til viðbótar væri gagn að því að horfa til enn lengri tíma. Hins vegar er það óneitanlega galli á gjöf Njarðar að oftar en ekki eru þessar vegáætlanir lítið marktækar og taka mjög verulegum breytingum á áætlunartímabilinu. Það hefur nánast verið regla fremur en undantekning við afgreiðslu fjárlaga hvers árs

að í þessa áætlunargerð hefur verið kroppað mismunandi mikið, allt eftir efnum og ástæðum og stefnumörkun ríkisstjórnar hverju sinni, eftir styrk viðkomandi samgrh. hverju sinni og baráttu hans við viðkomandi fjmrh. Allt hefur þetta verið með nokkrum höppum og glöppum. Það er auðvitað óþolandi þegar landsmenn og aðrir þeir sem vilja horfa til framtíðar og vilja reyna að taka mark á ályktunum þingsins og haga ýmsum öðrum undirbúningi með hliðsjón af því að þeir séu undir það búnir að á hverju hausti við gerð fjárlaga og afgreiðslu þeirra séu þessar sömu vegáætlanir um margt rifnar upp með rótum. Ég held að hér sé ekki eingöngu um að sakast við núv. ríkisstjórn. Mér finnst að fyrrv. ríkisstjórnir eigi þar nokkra sök á líka. Ég held að ástæða væri til að við hugsuðum okkar gang eilítið og gerðum bragarbót á.

Það vekur hins vegar athygli við þessa till. til pál. þegar tölur eru skoðaðar, hvað sem líður öllum skýringum, og ég held, virðulegi forseti, að það væri ráð að hæstv. ráðherra leggði við eyrun. Hér er auðvitað um að ræða stiglækkandi framlög, hæstv. samgrh. Ég fletti til gamans upp í ríkisreikningi ársins 1992 þar sem var að sönnu lág upphæð en síðan hefur verið myndarlegum fjármunum varið til vegagerðar. Árið 1993: 7 milljörðum og 557 millj. kr., 1994: 7 milljörðum og 356 millj., 1995: 7 milljörðum og 612 millj. kr. En síðan hrekkur þessi tala á síðasta ári niður í 6 milljarða og 663 millj. kr., með öðrum orðum niður um einn milljarð kr. eða þar um bil. Það er eins og allur vindur sé úr hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að þessum mikilvæga málaflokki. Aðeins er rétt úr kútnum á því ári sem nú er nýhafið og þessi upphæð er rétt rúmlega 7 milljarðar kr. Að vísu vekur það athygli og ég rakst á það að sú tala sem er að finna í þessari vegáætlun er ekki sama tala og er að finna í fjárlögum yfirstandandi árs. Þar munar um 25 millj. kr. og ég óska eftir skýringum á því. Fjárlagatalan er 7 milljarðar og 64 millj. kr. en talan hér í þessari þáltill. er upp á 7 milljarða og 89 millj. kr. og vafalaust getur ráðherrann gert grein fyrir þessu misræmi.

Ég fer hratt yfir sögu, virðulegur forseti. Hér er auðvitað ástæða til að drepa á margt því um viðurhlutamikið mál er að ræða sem kemur að öllu landinu og mjög mikilvægum málaflokki fyrir marga landsmenn, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Það kveður við þann tón í þessari tillögu að nú sé allt í einu ekki lengur rætt um vegagerð sem arðbærar framkvæmdir. Þetta viðfangsefni er nálgast á þann hátt að ekki þurfi lengur á því að halda að fara í vegagerð til að halda úti atvinnu, atvinnubótavinnu. Það kemur mér nokkuð á óvart að menn skuli snúa þessu blaði við jafnsnögglega og raun ber vitni um. Nú er allt í einu hætt að tala um nauðsyn þess að tryggja samgöngur milli byggðarlaga, auka þar verslun og þjónustu, viðskipti og annað því um líkt eða draga úr slysahættu, einkum og sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu þar sem rammgerð mannvirki bíða þess að verða byggð til þess einmitt að tryggja öryggi borgaranna og raunar einnig úti á landi, heldur er þetta viðfangsefni nálgast þannig að ekkert megi gera á suðvesturhorninu því þar séu virkjunarframkvæmdir í gangi og það eigi að draga úr þenslu. Þetta finnst mér vond, ný tóntegund aukinheldur sem hún á ekki við nein rök að styðjast. Ég bið hæstv. ráðherra að gæta að því, og höfunda þessarar vegáætlunar, að nýjar tölur um atvinnuleysi sýna að atvinnuleysi er að finna hér á þessu svæði, en ekki úti um landið. Þar hefur sem betur fer dregið markvisst og örugglega úr því og vantar raunar vinnuafl en hér á þessu svæði er enn þá stöðugt atvinnuleysi. Þeir hinir sömu sem telja þúsundir verða ekki varir við þessa svokölluðu þenslu sem tíunduð er mjög rækilega í þessari vegáætlun. Það er gagnrýni vert.

Það er líka gersamlega óþolandi að stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi keyri í gegn tillögur við fjárlagagerð, tillögur á borð við þær að draga úr nýframkvæmdum upp á 222 millj., verja þeim til að greiða niður skuldir á flóabátum, bæði í Vestmannaeyjum og raunar á Snæfellsnesi, í Stykkishólmi, á Breiðafirðinum beggja vegna, fresta framkvæmdum eða hætta í miðju kafi öllu heldur við framkvæmdir í Ártúnsbrekkunni sem er hrein og klár slysagildra og stilla síðan sveitarfélaginu upp við vegg með þeim hætti að annaðhvort dragi það úr skólabyggingum og geti þá hugsanlega fengið að halda áfram með þessa brú eða að öðru leyti verði látið kyrrt liggja. Þetta sama er uppi á teningnum í Grindavík þar sem sveitarfélaginu var stillt upp við þann vegg að byggja höfn og fresta skóla eða láta kyrrt liggja. Ég vissi ekki til þess að hið háa Alþingi hefði gefið heimildir til þess gagnvart ríkisstjórninni, að hún gæti spilað svona úr kortunum eins og hún vildi í yfirstandandi samþykktum fjárlögum. Ég kannast ekki við þá heimild til hæstv. samgrh. eða ríkisstjórnarinnar í heild og rétt að hæstv. ráðherra upplýsi um það.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að mikið verk er fyrir höndum í samgn. við að fara yfir þessi mál. Ég nefndi áðan ferjur, ég get nefnt það sem áður hefur verði nefnt í andsvari, Hvalfjarðargöngin. Ég get líka nefnt jarðgöngin og auðvitað er nauðsynlegt strax við fyrri umræðu þessa máls að hæstv. ráðherra fari nokkrum orðum um þanka sína og skýri yfirlýsingar sínar varðandi næstu stórverkefni á sviði jarðganga og þá á ég auðvitað við þá keppni sem upp er komin og hæstv. ráðherra hefur að sumu leyti ýtt undir varðandi jarðgangagerð annars vegar á Austurlandi og hins vegar í hans kjördæmi á Norðurl. e. Það er rétt að hann geri grein fyrir þeim viðhorfum sem hann hefur uppi í þeim efnum.

[16:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki betur séð en það séu sömu niðurstöðutölur til Vegagerðar í fjárlögum eins og í till. til þál., 7 milljarðar 89 millj. kr. Ég veit ekki hvort þingið hefur kannski tvær útgáfur af fjárlögunum. Ég skal ekki um það segja. Þá lætur skjalavörður mér vonandi aðra útgáfu í té til athugunar við 2. umr. málsins.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að við höfum farið fram á það við borgarstjóra Reykjavíkurborgar að draga úr skólabyggingum ef til þess kynni að koma að ráðist yrði í Ártúnsbrekku þrátt fyrir þau sjónarmið ríkisstjórnarinnar að rétt sé að fresta framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu vegna þeirrar þenslu sem hér er í framkvæmdum. Það hefur ekki verið rætt um skólabyggingar í því sambandi. Hins vegar hefur samgrn. átt viðræður við borgarstjóra um þessi mál. Embættismenn borgarstjórnar, samgrn. og Vegagerðar hafa rætt saman og mun ég skýra ríkisstjórninni frá gangi þeirra viðræðna á morgun.

Um Grindavík er það að segja að bæjarstjórn Grindavíkur lagði mikla áherslu á nauðsyn þess að hægt væri að flýta dýpkun hafnarinnar þar. Það var ekki gert ráð fyrir því í fjárlögum að hægt yrði að ráðast í þá dýpkun, en vegna sérstöðu Grindavíkurhafnar lagði ég málið fyrir ríkisstjórn, hvort hún mundi fyrir sitt leyti fallast á að framkvæmdum við höfnina yrði flýtt gegn því að skólabyggingu yrði frestað. Um það var gott samkomulag á milli bæjarstjórnar Grindavíkur og samgrn. og á hvorugan hallað í því máli. Ég vona satt að

segja að þingmenn Grindavíkur muni með glöðu geði standa á bak við þá ákvörðun.

[16:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera mál úr þessum niðurstöðutölum. Ég er hér með fjárlagafrv. eftir 2. umr. Það kann að vera að það hafi breyst um þessar 20 millj. við 3. umr. En það sem ég geri að umtalsefni og hæstv. ráðherra drap á eru þessi viðskipti hans við einstök sveitarfélög. Það er alveg ljóst í mínum huga að hafnargerð í Grindavík er forgangsverkefni og ég hygg að það sé almennur einhugur um það meðal þingmanna kjördæmisins að í það þurfi að ráðast.

Á hinn bóginn vissi ég ekki til þess að það væri á hendi ríkisstjórnarinnar að draga úr mörkuðum fjárframlögum til skólabygginga í landinu og ég mundi telja eðlilegt, virðulegi forseti, að það ætti að leita atbeina Alþingis í þeim efnum. Vissulega er þar um að ræða óskiptan stofn í fjárlögum en ég kann því ekki mjög vel að einstakir ráðherrar eða heilar ríkisstjórnir séu að sýsla með samþykkt fjárlög án þess að fá atbeina þingsins. Það eru vond vinnubrögð. Ég óska eftir því við þessa umræðu að hæstv. ráðherra geri okkur gleggri grein fyrir því um hvað þessar viðræður við borgarstjórann snúast. Ég las það í einhverju blaði og hef ekkert annað fyrir mér en það að um sé að ræða skipti á framlagi til skólabygginga og brekkunni. Eða hvaða umræður eiga sér stað þarna að öðru leyti? Ég held að það sé nauðsynlegt að hið háa Alþingi fái að vita um það og ekki síst við þessar kringumstæður.

Svo í bláendann: Er það hugmynd hæstv. samgrh. að keyra fram jarðgöngin góðu fyrir norðan á kostnað þeirra austanmanna? Það er rétt að hann segi það bara skýrt.

[16:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki á því hvers vegna hv. þm. er önugur yfir þeirri ákvörðun bæjarstjórnar Grindavíkur að hafa tekið höfnina fram yfir skólabygginguna. Ég hlýt að láta hann eiga það við sína menn þar syðra. Ég hef einungis átt viðræður um þetta við fulltrúa bæjarstjórnarinnar og reynt að afgreiða málið á þeim grundvelli.

Hið sama á raunar við um beiðni sveitarfélaganna við Eyjafjörð um að athugað yrði hvort hugsanlegt sé að ráðist yrði í jarðgöng á milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Mér fannst mjög eðlilegt að samgrh. brygðist vel við tilmælum sveitarstjórnarmanna sem lögðu ríka áherslu á að nauðsynlegt væri að koma á betri tengingu eða viðunandi tengingu milli Siglufjarðar og Eyjafjarðarsvæðisins og að því hafa lotið yfirlýsingar mínar. Ég hef sagt að það sé mat mitt að ekki sé við því að búast að ráðist verði í jarðgöng næstu átta eða tíu árin. Það er mín skoðun og jafnframt að ég sé ekki í færum að kveða upp úr um hvað menn kunni að ákveða þegar þar að kemur, en tel að við eigum að athuga okkar gang nú, athuga vegstæði og jarðgangastæði, bæði þar og raunar fyrir austan líka. Ég vil einnig minna á að menn eru mjög óþolinmóðir vestra og hafa óskað eftir því að athugað sé hvort rétt sé að leggja fjallvegi og koma framtíðarvegi fyrir til að tengja saman byggðir á Vestfjörðum.

[16:20]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er mjög ánægður með það þegar framkvæmdarvaldið, ríkisstjórn og hið háa Alþingi vilja hlusta á heimamenn og sveitarstjórnarmenn því að það er reynsla mín að þeir þekkja auðvitað gjörla til og langbest. Betur væri að oftar væri hlustað á þá þegar um er að ræða að raða málum í forgangsröð og mjakast nú sitthvað í þá átt.

Það sem ég átti auðvitað við var, eins og ég gat um í ræðu minni, að menn hafa gefið sér það fyrir fram að hér sé þvílík þensla í gangi á suðvesturhorninu og þar með talið á Suðurnesjum að brýna nauðsyn bæri til þess að draga úr fjárframlögum til nauðsynlegra framkvæmda og þar á meðal hafnarframkvæmda og vegaframkvæmda á þessu svæði. Það er bara alröng niðurstaða að minni hyggju. Ég hygg að atvinnuleysisástandið á þessu svæði segi og svari öllu um þau efni. Það þarf ekkert að skýra það nánar. Þannig að það eru vond samskipti ríkissjóðs og sveitarfélaga sem byggjast á því að stilla sveitarfélögum upp við vegg þannig að þau þurfi að velja eins og hér um ræðir. Það ber auðvitað brýna nauðsyn til þess, og við hér á hinu háa Alþingi höfum sett lög þess efnis, að búið skuli að einsetja alla skóla árið 2001 eða 2002 og tilteknu fé frá ríkinu hefur verið varið til þess að liðka fyrir um þá þróun. Það er því mjög erfið aðstaða sem þessi sveitarfélög eru sett í, að þurfa að fara í brýna vegagerð eða hafnargerð til þess að bjarga hugsanlega mannslífum á kostnað þess að byggja skóla, allt vegna þess að hæstv. ráðherra eða hæstv. ríkisstjórn dettur í hug að halda því fram að hér sé þensla.

Síðan með jarðgöngin og það verður örstutt. Ég sagði það eitt að yfirlýsingar ráðherrans, orð hans hér staðfestu það, og gefa til kynna að hann hefur lagt að jöfnu fyrirhugaðar og áformaðar framkvæmdir á Norðurlandi og Austurlandi. *Það er auðvitað í fullkominni andstöðu við fyrri yfirlýsingar* þess efnis og ég hygg að hv. þm. Egill Jónsson geti tekið undir með mér í þeim efnum. Er hann sammála því að hæstv. samgrh. jafnsetji þessar tvær stórframkvæmdir með því móti sem hann gerði hér áðan?

[16:23]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Eftirtektarverðasta staðreyndin í þeirri vegáætlun fyrir árin 1997–2000 sem hér liggur fyrir til umræðu er sú að teknar eru 806 millj. kr. af mörkuðum tekjustofnum umferðarinnar í ríkissjóð. Þessi upphæð hefur farið vaxandi ár frá ári, mun hafa verið 630 millj. kr. á sl. ári og hefur aldrei verið hærri en á því ári sem nú fer í hönd.

Ég tek eftir því að hæstv. samgrh. reynir að afsaka þetta á þeim forsendum að það sé verið að greiða skuldir Vegasjóðs við ríkissjóð og þess vegna sé ekki um að ræða jafnmikla skerðingu og ella virtist vera við fyrstu sýn. En ég vek á því athygli að ríkissjóður hefur tekið lán hjá Vegasjóði æðimörg ár. Vegasjóður hefur svo tekið lán hjá ríkissjóði, en það er aldrei talað um nema aðra skuldina. Það er bara talað um skuldir Vegasjóðs við ríkissjóð en aldrei hið gagnstæða, skuldir ríkissjóðs við Vegasjóð. Þessi skuldajöfnun fer aldrei fram nema á annan veginn, það er verið að rukka Vegasjóð um skuldirnar við ríkissjóð en aldrei gerðar upp þær risastóru upphæðir sem ríkissjóður skuldar Vegasjóði frá liðnum árum.

Til nýrra þjóðvega á næsta ári eru ætlaðar 2.680 millj. kr. og ég vek á því athygli að ef ekki væri um þessa skerðingu að ræða, þá gætu framkvæmdir á árinu orðið 25–30% meiri en þær virðast eiga að verða. Hér er því ekki um neitt smámál að ræða. Ef við hefðum þetta fé sem nú á að greiða í ríkissjóð af mörkuðum tekjustofnum, þá væri hægt að auka vegaframkvæmdir um þriðjung til fjórðung eftir því hvernig reiknað er. Og ég vek á því athygli í þessu samhengi

að ríkið hefur auðvitað geysilegar tekjur af umferðinni, af þeim 135 þúsund ökutækjum sem aka um vegi landsins og þessir mörkuðu tekjustofnar, sem við erum að ræða um og munu nema um 7.800 millj. kr., eru aðeins lítið brot af öllum raunverulegum tekjum ríkisins af umferðinni. Það eru aðeins hinir lögformlega mörkuðu tekjustofnar sem Vegasjóður á að fá, en hin upphæðin, raunverulegar tekjur ríkissjóðs af umferðinni eru auðvitað margfalt hærri. (**Gripið fram í:** 19 milljarðar.) Já, sennilega ekki fjarri 19 milljörðum kr.

Staðreyndin er auðvitað sú að ástand vega á Íslandi er afar bágborið og ég spyr hæstv. samgrh. svona í framhjáhlaupi hvort hann gæti bent mér á nokkurt ríki í þróuðu landi þar sem ástand vega er jafnbágborið og hér á Íslandi. Við erum að bera okkur saman við aðrar þjóðir á mörgum sviðum, menntamálum, félagsmálum og helbrigðismálum. En staðreyndin er sú að á engu einu sviði erum við jafnmikið og langt á eftir öðrum þjóðum og einmitt á sviði samgöngumála. Samgöngumálin skipta auðvitað feikilega miklu máli fyrir dreifðar byggðir landsins og núna þegar stóriðjuframkvæmdir eru að hefjast í miklum mæli á höfuðborgarsvæðinu með álveri í Straumsvík, hugsanlegu álveri á Grundartanga og hugsanlegri stækkun járnblendiverksmiðju, þá væri auðvitað sérstök ástæða til þess að auka vegaframkvæmdir á þeim svæðum sem ekki njóta stóriðjuframkvæmdanna. Með þessu er ég ekki að segja að framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu séu ekki bráðnauðsynlegar, þær eru það. Og ég vil eindregið hvetja til þess að veitt sé mikið fé til þess að bæta úr hinum ýmsu alvarlegu flöskuhálsum sem eru í vegakerfinu hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er staðreynd sem allir hljóta að reka augun í. En ég tel hins vegar að forgangsmál hjá okkur sé að ljúka hringveginum, að ljúka öllum tengivegum til kaupstaða og þéttbýlisstaða á landinu og ljúka við að leggja bundið slitlag á allan hringveginn. Þetta tel ég að eigi að vera forgangsmál. Síðan er annað forgangsmál sem ég hef nefnt en vil enn minna á, það er það að einbreiðar brýr, sem eru mikil slysagildra, eiga að hverfa úr vegakerfinu.

Í þessu samhengi vil ég sérstaklega lýsa ánægju minni með framkvæmdir Vegagerðarinnar á því sviði. Þetta mál kom til umræðu í fyrravetur. Ég var með sérstaka fyrirspurn til hæstv. samgrh. um fjölda einbreiðra brúa og slys á einbreiðum brúm. Það kom í ljós að það voru 23 brýr á hringveginum þar sem höfðu orðið fleiri en tvö slys og sums staðar allt upp í 17 slys á fáum árum og þetta kom einnig til umræðu við gerð vegáætlunar. Það verður að segjast hæstv. ráðherra og Vegagerðinni til hróss að það var bersýnilega ákveðið að gera stórátak á þessu sviði til fækkunar einbreiðum brúm. Ég fagna því mjög og þakka fyrir það því þarna var vel að málum staðið. Og ég vænti þess fastlega að þessu verkefni verði áfram sinnt því að það var auðvitað ekki hægt nema rétt að byrja á þessu verkefni. Þarna er um að ræða framkvæmdir sem gætu kostað um einn milljarð en það ber að þakka fyrir það sem vel er gert.

Ég er hins vegar mjög ósáttur við það hvað fer lítið fé til almennra vegaframkvæmda. Ég tel að við verðum að stokka upp skiptingu vegafjár. Það er tekið allt of mikið út fyrir sviga. Það er ekki nema rétt um 25% af fé til vegaframkvæmda sem fer til almennra verkefna og almennra slitlaga. Þessi upphæð fer alltaf minnkandi ár frá ári vegna þess að það er alltaf meira og meira tekið út fyrir sviga til stórverkefnanna. Það tel ég að sé mjög slæm þróun vegna þess að þetta er ástæðan fyrir því hversu víða eru alvarleg göt í þjóðvegakerfi okkar hringinn í kringum landið. Úr þessu þarf að bæta og við þurfum að snúa við frá þeirri öfugþróun sem verið hefur að þessi almennu verk fái svo lítið fé sem raun ber vitni.

[16:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. um að gætilega verður að fara í að fjölga stórverkefnum og vil minna á að þau stórverkefni sem hafa verið tekin inn sérstaklega eftir að ég varð samgrh. lúta einmitt að almennri vegagerð á þeim stöðum þar sem mest þörf hefur verið. Þá er ég annars vegar að hugsa um Djúpveg og hins vegar um veginn yfir Hólsfjöll og Möðrudalsöræfi og raunar á Snæfellsnesi og einnig Búlandshöfða. En eins og ég sagði hér fyrr, tel ég að ekki sé svigrúm til þess nú á næstu árum að ráðast í ný jarðgöng sem auðvitað hlytu að taka fjármuni frá hinni almennu vegagerð. Ég held að þar verði ekki lengra gengið í bili.

Í annan stað vil ég aðeins ítreka það sem ég sagði áðan að Vegagerð og fjmrh. hafa verið að setja upp það dæmi hversu mikið fé við teljum að Vegasjóður skuldi ríkissjóði. Það má alltaf deila um það hversu langt skuli fara aftur í tímann í þeim efnum en ég tel hins vegar rétt að í nefndinni verði sú staða lögð fyrir þannig að þingmenn geti kynnt sér hvernig þau mál standa. Það er ekki alveg sama hvernig litið er á tölur. Hv. þm. talaði um að 806 millj. færu í ríkissjóð. Á móti koma auðvitað framlög úr ríkissjóði 350 millj kr. og ástæðulaust að fara í neitt pot í þeim efnum, en vegáætlunin ber auðvitað merki þess að ekki hefur verið svigrúm til að standa við fyrri markmið vegna þess að meiri áhersla hefur verið lögð á að koma endum saman í ríkisfjármálum.

[16:33]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að sjónarmið okkar hæstv. ráðherra séu kannski ekki svo mjög ólík hvað varðar að leggja áherslu á þessi almennu verkefni og að koma slitlagi á hringveginn. Ég skil einmitt málflutning hans á þennan veg og því ber að fagna. En ég get hins vegar ekki komist hjá því að spyrja hann hvort það sé ekki rétt sem mér sýnist í fljótu bragði, að þessi almennu verk og þau almennu slitlagsverkefni sem fá 539 millj. kr. á komandi ári fái í raun hlutfallslega minna en nokkru sinni fyrr eða í kringum 25%. Ég reikna þetta þannig að það séu 539 millj. af 2.197 sem þessi verkefni fá eða um 25% og það tel ég ekki vera nógu gott. Mér sýnist að þróunin í þessum efnum sé ekki nógu hagstæð þrátt fyrir góðan vilja ráðherrans að öðru leyti.

Loks vildi ég fá að nota tækifærið til að spyrja ráðherrann hvernig verði hagað þeim verkefnum sem ég nefndi áðan um einbreiðar brýr og þær gerðar tvíbreiðar, og hvenær þeim verkefnum yrði lokið. Hvernig standa þau mál? Hvað verður lagt mikið í þau verkefni á næsta ári? Það kemur ekki fram í vegáætlun eins og hún liggur fyrir. Þetta er hins vegar mikið áhugamál mitt og margra annarra. Það eru afar margar brýr af þessu tagi í mínu kjördæmi og mér er persónulega kunnugt um hversu gífurlega mikill slysavaldur þessar brýr eru og því væri gott ef hæstv. ráðherra vildi víkja aðeins nánar að þessu atriði.

[16:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið um brýrnar verður tekið upp í nefndinni og er þá gert ráð fyrir að í tillögum Vegagerðarinnar verði 62 millj., sem hér eru kallaðar öryggisaðgerðir, varið til að fækka einbreiðum brúm og reynt að tengja það fram-

kvæmdum sem falla undir brýr í undirtölulið 2.3.1. og 2. Þar er samtals um 140 millj. að ræða.

Í sambandi við almenn verkefni og bundin slitlög sem hv. þm. vék að áðan þá hef ég ekki þá tölu nákvæmlega og veit ekki um það satt að segja, hef ekkert séð um hvort um lægra hlutfall sé að ræða en áður en vil benda á að 40% af framkvæmdaátaki, sem eru 517 millj., fer til almennra verkefna, 250 millj., sem er Skeiðarársandur, fer líka til almennrar vegagerðar og svo auðvitað sú vegagerð sem tengist Hvalfjarðargöngum og kemur ekki beint inn á vegáætlun þannig *að það fer svona eftir því hvernig á þessi mál er litið* hver niðurstaðan verður. Auðvitað er Skeiðarársandur ekki ný vegagerð í þeim skilningi. Við höfðum búist við að þurfa ekki að sinna þeim vegi heldur er um viðgerðir að ræða, endurbyggingu og hlýtur að draga frá öðru vegafé. Það er spurning um hvernig dæmið er reiknað og hvaða tölum við viljum halda til haga en aðalatriðið er, held ég, að ef við tökum tillit til viðbótarfjár Skeiðarársands 1997–1998 og tengingarinnar við Hvalfjarðargöng þá séu umsvif í vegagerð svipuð og undanfarin ár eða í samræmi við það sem vera átti í samkvæmt við gildandi vegáætlun frá 1995.

[16:38]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég skil það svo að um 140 millj. kr. verði þá varið til að gera einbreiðar brýr tvíbreiðar og það eru þá 62 millj. undir liðnum Öryggisaðgerðir og síðan einhverjar aðrar 78 millj. sem bætast þar við. Þetta er vissulega góðra gjalda vert og þakkarvert og framför frá því sem verið hefur. Maður getur hins vegar velt því fyrir sér hvort þessi upphæð þyrfti ekki að vera hærri. Mér skilst að þegar menn horfðu á þetta verkefni fyrir einu ári síðan, þá hefðu menn talið að þarna væri um verkefni upp á 1 milljarð að ræða. Ég held að skoða þyrfti það aðeins nánar í nefndinni hvort því verkefni miðar ekki of seint áfram með því að veita 140 millj. kr. á ári til þess.

Hvað varðar almennu verkefnin og bundin slitlög þá nefndi hæstv. ráðherra að til Skeiðarársands færu 250 millj. kr. Í raun og veru má segja að það verkefni sé öllu heldur viðhaldsverkefni en til nýrra þjóðvega. Þarna er verið að bæta úr því sem illa hefur farið og spurning hvort þetta mál hefði ekki átt að taka alveg út fyrir sviga og útvega alveg sérstakt fé í það þannig að það þyrfti ekki að koma niður á öðrum vegaframkvæmdum eins og sakir standa. En auðvitað gefst betra tóm og tækifæri til að skoða þau mál nánar í nefnd.

[16:40]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þær skýringar sem fram komu í ræðu hans við vegáætlun sem hér er til umræðu. Það er afar mikilvægt að fara vandlega yfir vegáætlun hverju sinni og ég treysti því að hv. samgn. fari rækilega og vandlega yfir áætlunina og eigi gott samstarf við þingmenn einstakra kjördæma um þá vinnu.

Ég vildi koma inn á nokkur atriði sem ég tel að séu mikilvæg í umræðunni. Fyrst vil ég nefna tekjuhliðina en eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh. þá aukast tekjur nokkuð. En vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, vil ég vekja athygli á nokkrum atriðum.

Hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi að af mörkuðum tekjustofnum væri tekið allmikið í ríkissjóð. Ef litið er nokkur ár aftur í tímann má það til sanns vegar færa. Lögbundnar tekjur hafa á stundum verið skertar þannig að framlög til vegamála hafa ekki náð því að vera þær upphæðir sem lögbundnu tekjurnar gerðu ráð fyrir. Ég vísa til þess, með leyfi hæstv. forseta, sem fram kemur í frv. til fjárlaga fyrir árið 1997. Á bls. 342 segir að á árunum 1988 til ársins 1997 samkvæmt frv. á meðalverðlagi ársins 1997 verði framlög til vegamála samtals 67 milljarðar og 457 millj. Lögbundnar tekjur hins vegar 65 milljarðar og 947 millj. Mismunurinn er því 1,5 milljarðar sem framlög til vegamála samkvæmt fjárlögum hafa verið hærri en hinar lögbundnu tekjur. Auðvitað verðum við að líta á þetta í ljósi staðreynda.

Ef maður setur sig aðeins í hinar pólitísku karpstellingar, þá vil ég vekja athygli á að á árunum 1988–1991 þegar vinstri stjórn var í landinu voru þessar lögbundnu tekjur skertar um 500 millj. kr. á verðlagi ársins 1997, þ.e. á árunum 1988–1991 þegar m.a. hv. þingmenn Alþb. báru ábyrgð á landsstjórninni náðu framlög til vegamála ekki hinum mörkuðu tekjustofnum og vantaði 500 millj. upp á. Ef við hins vegar lítum á það kjörtímabil sem hv. núv. samgrh. ber ábyrgð á, þá er um það að ræða að framlög eru verulega umfram hinar lögbundnu tekjur. Mestu munar þar um árin 1993, 1994 og 1995 en þá voru framlög til vegamála meiri en þau höfðu nokkru sinni áður verið. Þetta vildi ég að kæmi fram í umræðunni, hæstv. forseti, því afar mikilvægt er að við lítum á framlögin til vegamála yfir lengri tíma en ekki einungis á árið í ár.

Hins vegar vil ég segja að auðvitað er afar mikilvægt að við leggjum sem mest til vegagerðar því eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., þá skiptir hún mjög miklu máli og það kom reyndar fram í ræðum fleiri þingmanna.

Ég vil vekja athygli á því, virðulegur forseti, að verulegur árangur hefur náðst í uppbyggingu vegakerfisins í landinu en þó vantar mjög mikið á. Vegakerfið er víða hemill á þróun í byggðum landsins. Það skiptir mjög miklu máli um alla byggðaþróun að vegakerfið sé gott og það skiptir máli fyrir atvinnulífið og getur haft mikil áhrif á stöðu einstakra atvinnufyrirtækja og haft mikil áhrif á byggðirnar, eins og við þekkjum öll.

Í till. til þál. um vegáætlun sem hér er til umræðu er gerð grein fyrir þeim vegum og flokkun vega sem um ræðir og hv. samgn. fær til skoðunar. Ég vil vekja athygli á einu sem var rætt nokkuð í samgn. þegar vegáætlun var síðast til umræðu á fyrra kjörtímabili að það þyrfti að fara mjög vandlega yfir nafngiftir vega. Nafngiftin skiptir máli. Hún er leiðarvísir fyrir fólk sem ferðast um landið þannig að villandi nafngift getur haft áhrif á umferð og getur jafnvel leitt til þess að fólk villist. Þess vegna vil ég hvetja hv. samgn. að skoða mjög vandlega hvort ekki sé ástæða til að taka nafngiftina til skoðunar. Ég veit að starfsmenn Vegagerðarinnar hafa skoðun á þessu en ég sakna þess að það skyldi ekki koma fram í tillögum um breytingar hvað þetta varðar. Svo ég nefni bara eitt dæmi þá er t.d. mjög villandi hvar Snæfellsnesvegur liggur og væri ástæða til að breyta því. En það er ekki aðalatriði þessa máls heldur hvaða árangri við náum með þeim fjármunum sem lagt er til að séu settir til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Viðhaldsþörfin í vegakerfinu eykst hröðum skrefum, bæði er það að mjög mikilvægt er að gott viðhald sé þar sem slitlag er og einnig þarf að gæta þess að viðhaldið sé gott á malarvegum.

Það sem ég vildi nefna til viðbótar, virðulegi forseti, vegna þess sem fram kom hjá hæstv. samgrh., er að ég

tel að mjög hæpið sé að kostnaður við tengingar við Hvalfjarðargöngin komi ekki úr stórverkefnasjóði. Þau kjördæmi sem liggja þar að þurfa eftir sem áður að kosta viðhald og endurbyggingu vegarins fyrir (Forseti hringir.) Hvalfjörð og þess vegna tel ég afar mikilvægt að þær tengingar komi af stórverkefnasjóði enda gæti það komið fram sem veruleg skerðing á framlögum til vegagerðar og stofnvegagerðar, sérstaklega í Vesturlandskjördæmi.

[16:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því hv. þm. Sturla Böðvarsson gerði það að umtalsefni að skoða yrði framlög til vegamála í samhengi og í heild og horfa yrði til nokkurra ára og er ég honum sammála um það, þá gerði ég eilitla könnun meðan hann talaði og athugaði þessa sömu blaðsíðu fjárlagafrv. og skoðaði mér til gamans hvernig niðurstöðutalan verður hjá hæstv. samgrh. Þau átta ár sem hann verður væntanlega við stjórnvölinn. Þannig er að hæstv. samgrh. verður mínusmegin. (**Samgrh.**: Það er þá ekki í fyrsta skipti.) Hann verður mínusmegin upp á um 25 millj. kr. Það er að vísu ekki mikill mismunur á en engu að síður er það eftirtektarvert að honum tekst ekki að ráða við þetta þrátt fyrir að hafa verið í ríkisstjórn með Alþfl., sem ýtti honum áfram í vegamálum. Það er auðvitað eftirtektarvert í þessu öllu saman þegar þessar tölur er skoðaðar í samhengi. Ég held að hv. þm. Sturla Böðvarsson hljóti að deila þeim skoðunum með mér að það fer ekki að halla undan fæti fyrr en hv. framsóknarmenn koma til sögunnar. Þá fer þessi mismunur að vera mjög í mínus. Þannig er talan plúsmegin upp á 1.300 millj. kr. til að mynda 1993, plús upp á milljarð 1994 en árið 1996 byrjar þetta allt saman að snúast til verri vegar. Og það er rétt að hv. þm. Magnús Stefánsson og Stefán Guðmundsson, landsbyggðarþingmenn Framsfl., átti sig á því að með þeirra tilkomu í ríkisstjórn fer að halla undan fæti og hæstv. samgrh. hættir að ráða við nokkurn skapaðan hlut hvað varðar eðlileg og myndarleg framlög til vegamála og gæti nú komið mörgum á óvart.

[16:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er glöggur eins og þekkt er og alveg hárrétt sem hann sagði. Það er auðvitað nauðsynlegt að átta sig á því hvað var að gerast á árunum 1993, 1994 og 1995. Þá stóðu þáverandi stjórnarflokkar að því að reyna að styrkja atvinnulífið í landinu og leggja fjármuni til þeirra framkvæmda sem mestan arð bera. Niðurstaðan var sú að við Guðmundur Árni Stefánsson urðum m.a. sammála um að leggja bæri aukna fjármuni til vegagerðar. Þess vegna voru þær upphæðir svo háar þau árin. En það varð líka annar árangur af samstarfi þeirra flokka sem þá voru í stjórn. Hann var sá að atvinnulífið í landinu fór að braggast og það dró úr atvinnuleysi og ekki var talin sérstök ástæða til að leggja fjármuni ríkisins umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum til að efla atvinnulífið. Það er nú þannig að ef allar áætlanir ganga upp hvað varðar stóriðjuframkvæmdir þá væri frekar ástæða til að draga úr framkvæmdum á vegum hins opinbera en auka þær. Þetta er nú kannski skýringin á því sem fram kom og réttilega af hálfu hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. En auðvitað væri æskilegt að auka fjármuni til vegagerðar. Ég vænti þess að með auknum tekjum ríkissjóðs takist okkur að ná mikilvægum áföngum m.a. við að bæta þjóðvegakerfið, stofnvegakerfið og vegakerfið á höfuðborgarsvæðinu sem ég veit að hv. þm. ber mjög fyrir brjósti.

[16:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég deili út af fyrir sig ekkert við hv. þm. Sturlu Böðvarsson um þau meginatriði sem hann lýsti. Ég vil þó árétta það sem sagði ég sagði áðan að ég vara dálítið við þeirri tóntegund sem mér finnst vera ný af nálinni núna, að sökum þess að meint þensla sé hér eða þar eða annars staðar á landinu, þá hætti menn allt í einu að tala um mikilvægi vegagerðar per se, þ.e. þær eru einfaldlega í eðli sínu til að treysta byggð í landinu, til að forða slysum og eru í eðli sínu arðbærar. Um þetta hafa allir verið sammála. Þannig að mér finnst það býsna létt í vasa þegar menn koma síðan og gera lítið úr öllum þeim meginmarkmiðum á grundvelli einhverrar meintrar þenslu á einstökum stöðum tímabundið á landinu, sem ég hef ekkert í höndunum um. En tölfræðin er hins vegar merkileg. Ég nefndi það að því miður kemur hæstv. ráðherra, ef þetta gengur fram eins og horfir, til með að skila meiru til ríkissjóðs en honum ber þegar allt er upp gert eftir átta ára setu. En það sem er kannski merkilegra er að afrek Framsfl. í þessu ríkisstjórnarsamstarfi þegar tölur síðasta árs, þessa árs og þær tölur sem er að finna í vegáætlun til ársins 1999 eru skoðaðar, að þeir ætla að slíta hátt á annan milljarð kr. á þessu kjörtímabili út frá Vegasjóði og skila aftur í ríkissjóð. Þessir vinir byggðanna í landinu ætla að skilja eftir sig auða jörð hvað þetta varðar. Þegar við alþýðuflokksmenn hins vegar leiddum hæstv. ráðherra áfram, þá fóru 3 milljörðum meira til vegagerðar en markaðir tekjustofnar sögðu til um. Og hæstv. samgrh. Halldór Blöndal (Gripið fram í.) kunni því að sjálfsögðu mjög vel en heimur versnandi fer, virðulegi forseti, það verður ekki við allt ráðið.

[16:55]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom út af fyrir sig ekki mikið nýtt fram í ræðu hv. þm. annað en það sem hann talaði um meinta þenslu. Ég vil vara við því að menn geri lítið úr því og ég vil vekja athygli á að meira að segja borgarstjórinn í Reykjavík, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, hefur léð máls á því að draga úr framkvæmdum borgarinnar til að hægt sé að auka framkvæmdir í vegagerð á svæðinu án þess að þær framkvæmdir auki á þenslu. Með þeim vilja sem hefur komið fram og hefur verið sagt frá í fréttum af hálfu fulltrúa Reykjavíkurborgar þá er það viðurkennt að sú hætta er fyrir hendi. Auðvitað væri best að þurfa ekki að draga úr vegaframkvæmdum en staðreyndin er nú bara sú að við verðum að líta á íslenska efnahagskerfið í heild. Við verðum að taka tillit til þess sem er og Þjóðhagsstofnun hefur spáð því að ef allar áætlanir um framkvæmdir við orkumannvirki og við stóriðjuframkvæmdir ná fram að ganga þá sé viss hætta á þenslu. Við eigum hins vegar ekkert að bregðast við umfram það sem eðlilegt er í þeim efnum en engu að síður verðum við að taka tillit til þeirra staðreynda og gera það sem nauðsynlegt er og það er m.a. að hægja á en hætta ekki við, skera ekki niður heldur greiða niður skuldir eins og vegáætlun gerir ráð fyrir að gert sé.

[16:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki orða bundist og geri athugasemdir við meðferð þingmannsins á tölum og framlögum til vegamála á tilteknu árabili sem hann nefndi. Það kom fram

að á síðasta kjörtímabili hefði verið varið 3.000 millj. kr. meira til vegamála en markaðir tekjustofnar segðu til um. Það kann að vera, ég hef ekki lagt þær tölur saman og hef þær ekki við höndina. En ég minni á að á síðasta kjörtímabili var nýtt verkefni fært undir þessa tekjustofna sem áður var fjármagnað sérstaklega úr ríkissjóði, sem er flóabátar og ferjur. Á þessum þremur árum á síðasta kjörtímabili hefur það líklega verið um 1.200–1.500 millj. kr. sem var tekið af vegafé í þennan nýja útgjaldaflokk auk þess sem greitt var í ríkissjóð af tekjum vegáætlunar. Ég er því ekki viss um að svo mikið sé eftir af þessum 3.000 milljónum. Svo ber þess að geta að þær eru fengnar með því að framkvæma á síðasta kjörtímabili fyrir peninga sem lagðir eru til á þessu kjörtímabili og eru í skuld og ef maður skoðar yfirstandandi tímabil 1997–2000, sem hér er til umræðu, þá kemur í ljós að menn eiga eftir að borga nærri 600 milljónir af vegafé fyrir framkvæmdir síðasta kjörtímabils. Þar að auki er tekið af mörkuðum tekjustofnum 2.500 milljónir á þessu áætlunartímabili og fært í ríkissjóð. Þá eru menn búnir að skerða framkvæmdagetu þess fjár sem rennur til vegamála um 3.000 milljónir á þessum fjórum árum, 1997—2000. Í þriðja lagi eru um 1.800 millj. kr. teknar af vegafé til flóa- og ferjubáta og er þá upphæðin komin upp í nærri 5 milljarða kr. sem verið er að hafa af vegafé umfram það sem áður gilti fyrir árið 1991. Loks vil ég benda mönnum á að markaðar tekjur, tekjustofnar Vegagerðarinnar samkvæmt upplýsingum í fskj. á bls. 27 eru 2.000 millj. kr. meiri en hér er lagt upp sem tekjur til vegamála á þessu áætlunartímabili, þannig að það vantar 7.000 millj. kr. að til vegamála verði varið á þessum fjórum árum en tekjustofnarnir skila.

[17:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Athugasemd hv. 5. þm. Vestf. snerti ekki það sem ég nefndi sérstaklega. Hins vegar vakti hann athygli á mjög mikilsverðu atriði sem er það að á síðasta kjörtímabili, og það kemur fram í vegáætlun núna, var fjármögnun, bæði varðandi rekstur og endurgreiðslu lána vegna ferjubygginga og ferjurekstrar, komin í eðlilegt horf. Það var nefnilega þannig á sínum tíma, þó maður eigi ekki að vera að rifja það upp sérstaklega mörgum árum seinna, að bygging ferjanna var fjármögnuð með skuldasöfnun og það var allt ófrágengið og ekki í því horfi sem eðlilegt hefði verið. Þess vegna var talið eðlilegt að þetta kæmi inn í sem hluti af rekstri vegakerfisins, þ.e. rekstri á ferjunum, því óneitanlega eru ferjurnar hluti af þeirri þjónustu sem vegakerfið á að veita og þess vegna fullkomlega eðlilegt að reksturinn sé á vegum Vegagerðarinnar og fjármögnunin fari í gegnum vegáætlun.

Um þetta má kannski deila en með þessu móti var hlutunum komið í eðlilegt horf og þær tölur sem hv. þm. fór með eru vafalaust réttar. Ég hef ekki staðreynt þær hér á þessum fáu mínútum sem ég hafði til að hlusta á þær. Ég efast ekki um að þær eru réttar. En aðalatriðið er að þessum hlutum er komið í eðlilegt horf. Ég er sannfærður um að hv. 5. þm. Vestf. hefur góðan skilning á því að greiða þurfi niður kostnaðinn við t.d. Breiðafjarðarferjuna þannig að þeir fjármunir séu tryggilega frá gengnir og klárt sé hverjir greiða og hvernig á að greiða það. Reksturinn er með sama hætti, þ.e. hann er færður af þessu vegafé. Ef til vill má deila um þetta en aðalatriðið er að það liggur alveg ljóst fyrir hvernig þessir hlutir eru núna.

[17:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. Sturla Böðvarsson var að finna þeirri ríkisstjórn til foráttu, sem sat á árunum 1988–1991, að það hefðu vantað 500 millj. kr. upp á að framlög til vegamála á því tímabili væru jafnhá og markaðir tekjustofnar segðu til um. Í þessari tillögu sem við erum að ræða er ástandið ekki 500 millj. kr. heldur miklu, miklu verra eins og ég rakti. Þar eru teknar 2.500 millj. kr. og færðar í ríkissjóð. Það eru teknar 540 millj. kr. til að borga framkvæmdir sem búnar eru og kallaðar eru skuld við ríkissjóð. Þannig að samtals eru 3 milljarðar kr. færðir í ríkissjóð út úr vegafénu. Í þriðja lagi eru 1.800 millj. kr. færðar sem kostnaður á vegafé, þ.e. ferjur og flóabáta sem áður voru greiddir úr ríkissjóði. Það má vel vera að eðlilegt sé að hafa ferjur og flóabáta undir vegafé en það á ekki að færa þann útgjaldalið á vegafé án þess að færa tekjur á móti. Það er það sem gert var. Vegasjóður fékk útgjöldin en engar tekjur. Þannig að bara þessir þrír liðir skerða framkvæmdagetu til vegamála á næstu fjórum árum um 5.000 millj. kr. Það er tíu sinnum hærri fjárhæð en hv. þm. Sturla Böðvarsson var að nefna og álasa þáv. ríkisstjórn fyrir að hafa ekki staðið sig nógu vel. Þó stendur hann sig tíu sinnum verr og er stoltur af. Ég segi nú bara litlu verður Vöggur feginn.

[17:05]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er mjög ánægður með þann árangur sem náðist á síðasta kjörtímabili í vegamálum og ég tel að það sé allvel við unandi sem gert er ráð fyrir að verði á því áætlunartímabili sem við erum að fjalla um.

Af því að hv. 5. þm. Vestf. vitnaði til þess sem var á kjörtímabilinu á árunum 1988–1991, þá vil ég bara nefna eina tölu, ef við berum saman, að árið 1988 voru framlög til vegamála 5,2 milljarðar tæpir, 5 milljarðar og 171 millj. kr. Samkvæmt vegáætlun og fjárlögum í ár er varið 7,1 milljarði. Svo geta menn borið saman og velt fyrir sér hvort verið sé að auka eða minnka framlögin. Þetta er á sama verðlagi. Og þegar við lítum til þess að á sama tíma erum við að ná árangri í ríkisfjármálum, en hvort halli sé á ríkissjóði skiptir auðvitað mjög miklu máli. Við verðum að leggja mikla áherslu á það. En samt sem áður náum við því að auka framlögin til vegamála um 2 milljarða. Hins vegar var alveg hárrétt sem þingmaðurinn sagði að við erum að greiða upp skuldir vegna framkvæmda sem búið er að efna til. Það er staðreynd máls og einnig að taka inn í Vegasjóðinn reksturinn á ferjunum eins og hefur komið rækilega fram. En aðalatriðið málsins er að við erum að stórauka framlög til vegagerðar. Og það er svo sannarlega mikilvægt og við þurfum auðvitað að gera betur ef við eigum þess nokkurn kost.

[17:08]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Við erum að fjalla um vegáætlun fyrir árin 1997–2000. Vegamálin eru eitt helsta hagsmunamál landsmanna og þá ekki síst úti á landsbyggðinni. Ég hef verið og er þeirrar skoðunar að vegamálin og bættar samgöngur séu grundvallarbyggðamál og ekki síst er um að ræða góða fjárfestingu, og það má rökstyðja á ýmsan hátt.

Sú tillaga sem liggur fyrir fjallar um fjáröflun og skiptingu útgjalda eftir verkþáttum fyrir þetta tímabil en ekki um skiptingu eftir einstökum framkvæmdum í kjördæmum landsins. Um það verður fjallað í þingmannahópum kjördæmanna og

í samgn. En í áætluninni er gert ráð fyrir svipuðum fjárveitingum allt áætlunartímabilið. En það er ljóst að mun meira þarf til ef við ætlum að ná ásættanlegum árangri í uppbyggingu vegakerfisins á næstu árum. Ég ber þá von í brjósti að meira fjármagn fáist til þessara hluta jafnvel á síðari hluta áætlunartímabilsins. En eins og hv. þm. vita miða ráðstafanir í ríkisfjármálum að því að reka ríkissjóð hallalausan. Það hefur komið fram og er staðreynd að vegamálin þurfa að taka á sig ákveðinn hluta.

Í athugasemdum með vegáætlun er sérstaklega fjallað um ýmsa þætti sem ég ætla í sjálfu sér ekki að ræða mikið að þessu sinni. Þó langar mig að nefna hið sérstaka framkvæmdaátak í vegagerð sem var ákveðið af þáv. ríkisstjórn árið 1994 og er út af fyrir sig mjög gott mál að slíkt skuli gert. En með þessu framkvæmdaátaki var að hluta til horfið frá þeirri aðferð sem notuð hefur verið til að skipta fjármagni eftir kjördæmum og var þess í stað tekin upp sú aðferð að skipta fjármagni eftir íbúafjölda í kjördæmum.

Um þetta framkvæmdaátak og skiptingu fjármagns má segja að á nokkurn hátt hafi verið farið út í sértækar aðgerðir í vegaframkvæmdum í fjölmennustu kjördæmunum og þá á kostnað hinna fámennari. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að framkvæmdaátakið nái allt til aldamóta og fjárveitingar eru miðaðar við það. Þrátt fyrir þessi orð er ég ekki að gera lítið úr þörfinni fyrir vegagerð í þéttbýlustu kjördæmum landsins. Þar er þörfin að sjálfsögðu jafnmikil og annars staðar vegna hinnar miklu umferðar sem fylgir fjölmenninu. En ég vildi halda þessu til haga og vekja athygli á þeirri staðreynd um breytingar sem eru gerðar á úthlutun fjármagnsins.

Í tengslum við þá vegáætlun sem er til umfjöllunar þykir mér rétt að koma á framfæri þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að skilgreina nánar samhengi samgöngumála í lofti, láði og legi út frá nauðsynlegum framkvæmdum til að bæta samgöngur, sem er eins og ég hef sagt grundvallaratriði fyrir okkar þjóð, byggð og búsetu í öllu landinu. Ég er þeirrar skoðunar að okkur sé mjög nauðsynlegt að skoða þessa hluti alla í samhengi og stilla upp samræmdri áætlun á þessum sviðum samgöngumála, um mannvirkjagerð og uppbyggingu samgöngukerfisins. Það hafa orðið miklar breytingar og þróun í samgöngu- og flutningamynstri þjóðarinnar þar sem umferð og flutningar á landi verða sífellt meiri og því eykst stöðugt mikilvægi samgöngukerfisins á landi og jafnframt þörfin fyrir uppbyggða vegi sem geta borið þessa síauknu og þungu umferð. Umfjöllun um þetta kemur m.a. fram í grg. með þáltill.

Með vegáætlun er m.a. verið að fjalla um vegaframkvæmdir. Í annarri áætlun er fjallað um framkvæmdir er varða flugsamgöngur og þessar áætlanir hafa báðar hlotið afgreiðslu Alþingis mörg undanfarin ár. Síðan er á öðrum vettvangi fjallað um áætlaðar hafnarframkvæmdir en eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á hefur slík áætlun ekki hlotið afgreiðslu Alþingis í langan tíma. Ég tel að lítið samhengi sé milli þessara áætlana þar sem ekki er dregin upp heildstæð mynd af þessum málum yfir landið í heild. Sem dæmi má nefna að varðandi hafnaáætlun hefur framkvæmdum verið hagað á þann hátt að nú stendur ríkissjóður í skuld við sveitarfélög og hafnir í landinu sem nemur yfir 700 millj. kr. En gera má ráð fyrir að árs fjárveitingar til hafnaframkvæmda geti numið nálægt 600 millj. kr. Það er ljóst að vegna mismunandi þarfa eftir kjördæmum þá er töluverð misskipting í fjárveitingum til framkvæmda í hafna- og flugmálum milli landsvæða og það er ekki óeðlilegt. Þannig er ljóst að kjördæmi landsins eru misjafnlega sett er varðar framkvæmdir í samgöngumálum almennt. Einnig er ljóst að mikilvægi hafna vegna vöruflutninga hefur breyst víða og þeir flutningar færst af sjó og á þjóðvegina sem víðast hvar eru á engan hátt undir það búnir að taka við slíkri umferð. Á sama hátt hefur mikilvægi sumra flugvalla í fólksflutningum breyst m.a. vegna betri vega og styttingu vegalengda. Þannig hafa þessir fólksflutningar færst úr lofti á þjóðvegina í nokkrum mæli.

Með samræmdri áætlun í þessum efnum má betur jafna hlut kjördæmanna er varðar fjárveitingar til framkvæmda og taka tillit til þeirra þátta sem ég hef nefnt. Alþingi fjallaði um slíkar samræmdar áætlanir 1989 og var þáltill. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og fleiri fluttu vísað til ríkisstjórnarinnar á þeim tíma. Lítið eða ekkert hefur borið á því að unnið hafi verið eftir þessu en ég tel fulla ástæðu til að unnið verði að því að slík áætlun verði gerð.

Herra forseti. Mikið og margt hefur áunnist í uppbyggingu vegakerfisins á undanförnum árum, en mér er nokkur harmur í brjósti að ekki skuli vera meira fjármagn til vegaframkvæmda, þar sem mikil þörf er víða. Ég hef komið inn á skýringu á því af hverju svo er að þessu sinni. Ég vil vekja athygli á að ég tel mikilvægt og nauðsynlegt að efla áætlanagerð og þá til lengri tíma og tek undir orð sem hér hafa fallið um langtímaáætlun í vegamálum.

Örlítið hefur verið minnst á stórverkefnasjóð í tengslum við vegtengingarframkvæmdir við Hvalfjarðargöng og ég vil að lokum koma skoðun minni á framfæri og vísa til þess að það hefur verið gengið út frá því í umræðum, m.a. sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi, að stórverkefnasjóður komi að þessu verkefni. Og ég vil einnig rifja það upp að í umræðum hér, að ég hygg snemma árs 1995, kom m.a. fram í máli hæstv. samgrh. að stórverkefnasjóður komi að þessu verkefni og ég tel að það sé mjög mikilvægt og grundvallaratriði að málum verði hagað þannig að stórverkefnasjóður taki stærstan hluta þessara framkvæmda á sínar hendur.

Ég mun síðan að sjálfsögðu vinna að framgangi þessarar áætlunar í hv. samgn. og mun koma frekar að þessu máli á þeim vettvangi.

[17:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að hann væri á því að það ætti að gera heildstæða áætlun um samgöngumál þar sem fleiri þættir væru teknir inn í, allar samgöngur inn í eina áætlun. Ég deili þeirri skoðun með hv. þm. Aftur á móti vil ég spyrja hv. þm. um það, hver sé tilgangurinn með því að að samþykkja áætlanir eins og vegáætlun á hverju ári þegar henni er síðan kollvarpað við fjárlagagerð hvert ár og það stendur ekki steinn yfir steini. Hann talar um að markmiðið sé hallalaus fjárlög. Er nokkur möguleiki að vera að samþykkja vegáætlanir þegar markmiðið hallalaus fjárlög er látið kollvarpa þeim tillögum sem búið er að samþykkja hér á þingi? Í framhaldi af því spyr ég: Ef hann vill efla áætlanagerð og gera áætlanir lengra fram í tímann, verða menn þá ekki að standa við þær áætlanir sem þeir hafa samþykkt í stað þess að vera endalaust með allt hrunið af því sem hefur verið lagt fram fyrir þing og hefur verið samþykkt?

[17:18]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr hver tilgangur sé með samþykkt vegáætlana þegar þeim er kollvarpað við fjárlagagerð. Ég get bara lýst þeirri skoðun minni að ég tel þetta mjög óheppilegt. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að vinna raunhæfar áætlanir, hvort sem það er vegáætlun eða aðrar, og að sjálfsögðu á að standa við þær. Þetta er bara mín skoðun á þessu máli og ég veit að við erum sammála um það. Og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að svara fyrir það hér og nú, þær breytingar sem hafa verið gerðar við fjárlagagerð, en þetta er skoðun mín á þessum málum.

[17:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir, þetta er ekki aðeins óheppilegt, það er óviðunandi að standa ekki við áætlanir sem hafa verið samþykktar á hv. Alþingi. Menn eiga auðvitað ekki að una við það og ég treysti því að hv. þm. muni sýna það þegar kemur að afgreiðslu þessa máls að hann er ekki sammála því að málið sé afgreitt á þennan hátt að ekki sé staðið við þær áætlanir sem hafa verið gerðar. Ég bíð því spennt eftir því að hann sýni það í verki að hann er á móti því að svona vinnubrögð séu viðhöfð.

[17:19]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. þm. á við þegar gildandi áætlun fyrir þetta ár, sem ég geri ráð fyrir að þingmaðurinn sé að vitna til, þá er það auðvitað þannig að fjárlög ganga lengra heldur en tillaga um vegáætlun þannig að ég tel að það séu engar líkur á að við getum breytt gildandi fjárlögum. Ég vona að ég hafi skilið hv. þm. rétt, að hún hafi átt við þetta ár, en ég get bara svarað þessu á þennan hátt.

[17:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var einungis út af því hverjir skyldu greiða kostnað við vegtengingu Hvalfjarðarganga. Þannig er að Hvalfjarðargöngin spara auðvitað verulegt fé í báðum kjördæmunum, í Reykjaneskjördæmi og á Vesturlandi, með því að hvorki þarf að ráðast í stórbrúarbyggingu í Hvalfirði eins og áður hafði verið gert ráð fyrir né bæta veginn. Má raunar segja að það spari Reyknesingum meira fé heldur en Vestlendingum. Gert var ráð fyrir því að helmingurinn yrði greiddur af vegtollum, 400 millj. af þessum 800 sem til falla, og síðan var gert ráð fyrir því, í þeim hugmyndum sem ég lýsti á síðasta þingi, að af óskiptu yrðu greiddir vextir af þeim 400 millj. sem það kostar að tengja jarðgöngin en þá var gert ráð fyrir því að kjördæmin mundu síðan standa undir kostnaði við Vegagerðina. Þannig var rætt um þetta á sínum tíma.

[17:21]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg inni á því sem hæstv. ráðherra nefndi hér, en hins vegar tel ég að ég þurfi að fá skýrari svör hjá honum um kostnaðarskiptinguna við sjálfar framkvæmdir vegtengingar. Ég veit til þess að það hefur verið um það rætt að stórverkefnasjóður taki á sig stærstan hluta af þessu máli. Og það kemur verulega á óvart ef það er rétt skilið hjá mér að helmingi kostnaðarins við vegtengingarnar skuli bara skipta á kjördæmin tvö eins og það lítur út. Það kemur mér verulega á óvart, það er minn skilningur.

[17:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið svo þegar ráðist hefur verið í jarðgöng að kjördæmin hafa greitt veginn að jarðgöngunum af sínu vegafé.

[17:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það verður að segjast að það stendur ekki steinn yfir steini í gildandi vegáætlun sem samþykkt var fyrir tímabilið 1995–1998. Bara fyrir árið í ár átti samkvæmt gildandi vegáætlun heildarfjármagn til vegagerðar á landinu að vera 7 milljarðar 555 millj. Með þeirri tillögu sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir tæplega hálfs milljarðs niðurskurði og lagt til að það verði 7 milljarðar 89 millj. þannig að þarna vantar tæplega hálfan milljarð upp á. Í andsvari sagði ég að ég tel óviðunandi þegar samþykktum vegáætlunum eins og hér eru gildandi er kollvarpað á þennan hátt.

Tæknilegir gallar víða á samgöngukerfinu eru mjög alvarlegir og þeir geta verið verulegir slysavaldar. Ég nefni sem dæmi einbreiðar brýr sem hafa verið hér til umræðu og framkvæmdir sem verður að stöðva í miðjum klíðum. Þess vegna tel ég varasamt að draga úr framkvæmdum. Ég vil minna á að kostnaður vegna slysa og tjóna í umferðinni er upp á 16 milljarða kr. samkvæmt skýrslu frá Háskóla Íslands.

Ég vil aðeins byrja á því að minnast á höfuðborgarsvæðið. Ég held að það sé samdóma álit þeirra sem til þekkja að brýn þörf sé á sérstöku átaki í uppbyggingu þjóðvegakerfisins á höfuðborgarsvæðinu, bæði til þess að fækka slysum, árekstrum og öðrum óhöppum í umferðinni. Yfirfullt umferðarkerfi eins og er hér víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu getur bitnað á íbúum sérstaklega og einnig atvinnurekendum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa metið þörfina fyrir framkvæmdir og þar hefur verið miðað við að það þurfi 1.300 millj. kr. árlega og það hefur þurft um alllangt skeið ef vel á að vera. En tillagan um vegáætlun er um helmingurinn af þessari upphæð, eða 650–675 millj. til framkvæmda, og það er allt of lág upphæð til þess að ekki hljótist verra af og ástand umferðarinnar versni. Ég vil lýsa áhyggjum mínum af því að ekki skuli koma frekari fjárveitingar í þetta. Ef þetta á að standa hér á höfuðborgarsvæðinu, þá verða framkvæmdirnar á tímabilinu 1997 til ársins 2000 aðeins helmingurinn af þeim verkefnum sem sveitarfélögin hafa talið eðlileg á þessu tímabili. Það mun t.d. seinka breikkun á Gullinbrú sem hefur verið vegartálmi á mikilli umferð úr Grafarvoginum og niður í bæinn. Sú breikkun mun þurfa að bíða til ársins 2000 en hún var áætluð árið 1998. Mislæg gatnamót á mótum Miklubrautar og Skeiðarvogs munu ekki koma til framkvæmda fyrr en árið 1999 og þar verður umferðin mjög slæm og erfið. Gatnamót Breiðholtsbrautar við Reykjanesbraut, sem þegar eru fullnýtt og lagt var til að yrðu gerð mislæg árið 1999, detta líklega út úr áætluninni á þessu tímabili. Höfuðborgarsvæðið hefur þurft að búa við mjög óstöðugt ástand í fjárveitingum til uppbyggingar á samgöngumannvirkjum, þ.e. að því leyti sem snýr að ríkisvaldinu. Þar hafa skipst á niðurskurður og svo átaksverkefni. Nú í ár þurfum við hér á svæðinu að búa við mikinn niðurskurð og einnig í fyrra. Og ég tek undir með borgarstjóranum í Reykjavík sem hefur oft lýst því yfir að þau vinnubrögð af hálfu ríkisvaldsins í fjárveitingum til vegamála að skera niður og vera með átaksverkefni til skiptis sé eins og að stíga á bremsuna og bensínið til skiptist, það séu vinnubrögð sem eigi ekki að líðast. Það

þætti ekki gott aksturslag ef menn stigju á bremsuna og bensínið til skiptis.

Nú á að bremsa skarpt og harkalega hér á höfuðborgarsvæðinu. Þar er verið að skera niður fjárveitingar um 222 millj. kr. til að sporna við þenslu og við það stöðvast framkvæmdir við samgöngumannvirki. Þar vil ég nefna sérstaklega við Ártúnsbrekkuna. Vegfarendur munu þurfa að búa áfram við þann flöskuháls sem myndast iðulega neðst í brekkunni þar og á brúnni yfir Sæbraut. Af því að í vegáætlun er talað um þenslu, þá vil ég benda á það að í bréfi sem borgarstjórinn í Reykjavík sendi samgn. 18. desember sl. kemur fram að það eru engin merki um þensluástand í Reykjavík, og þar lýsir borgarráð yfir verulegum áhyggjum af atvinnuástandinu í Reykjavík núna í vetur og vor. Ég tek undir þær áhyggjur því að það er ljóst af þeim tölum sem liggja fyrir um atvinnuleysi að helmingur af öllum atvinnulausum á landinu er í Reykjavík.

Eins og fram hefur komið í umræðunum, þá hefur borgarstjórinn í Reykjavík engu að síður lýst því yfir að hún sé tilbúin til að draga úr öðrum framkvæmdum til þess að bregðast við þessu ástandi ef það kemur upp. Og samgrh. kom inn á það hér í máli sínu áðan að hann væri í viðræðum við borgarstjóra. Ég veit til þess að borgarstjóri hefur lagt til að í stað þess að stöðva framkvæmdirnar við Vesturlandsveg í framhaldi af Ártúnsbrekku, þá hefur hún óskað eftir 300 millj. kr. viðbót til vegagerðar árið 1997 gegn því að draga saman framkvæmdir annars staðar, og þá hjá veitunum, aðallega hitaveitunni. Ég vil gjarnan fá að heyra það hjá samgrh. hvort það er rétt, hvort hann sé tilbúinn að bregðast við því því ég tel það mjög alvarlegt ef það á að stöðva framkvæmdirnar í Ártúnsbrekku eina ferðina enn. Frestun þar mun auka verulega slysahættu og við vitum það öll og menn eru sammála um að framkvæmdir hér á höfuðborgarsvæðinu í samgöngumálum eru með arðsömustu framkvæmdum á landinu við samgöngugerð.

Ég get nefnt það sem dæmi að reiknað hefur verið út hjá borgarverkfræðingi að bara arðsemin við framkvæmdirnar á Miklubraut, sem menn hafa nú áhyggjur af að muni tefjast eitthvað út af þessum niðurskurði, er metin á um 20–40% eftir því hvaða lausn er valin. Það sama má segja um fleiri framkvæmdir. Ef ég nefni t.d. framkvæmdirnar við að breikka Gullinbrú, þá hefur það verið reiknað út um 63%.

Því miður er tíma mínum lokið en ég hef ekki nema rétt hafið mál mitt um þá vegáætlun sem bitnar illa á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem það kemur auðvitað niður á vegagerð annars staðar á landinu. En ég mun taka til máls aftur um þetta mál.

[17:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að eins og arðsemi vegaframkvæmda er reiknuð þá borgar sig auðvitað að láta það sitja fyrir að ráðast í vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu en fella allar aðrar framkvæmdir niður eftir þeim reikningi. Veit ég ekki hver þjóðhagsleg hagkvæmni slíkra vinnubragða yrðu. Það er raunar misminni hjá hv. þm. þegar hann segir eins og hann sagði orðrétt áðan: „.... ef á að stöðva framkvæmdir í Ártúnsbrekku eina ferðina enn". Ég kannast ekki við að framkvæmdir í Ártúnsbrekku hafi verið stöðvaðar. Ég hygg að það sé líka misskilningur og misminni hjá hv. þm. þegar hann segir að miðað sé við að það þurfi að framkvæma fyrir 1.300 millj. kr. á ári á höfuðborgarsvæðinu. Ég átti fund í haust með borgarstjóra og fulltrúum höfuðborgarinnar í Hlégarði í Mosfellssveit og ég lýsti þar þeirri skoðun minni að viðunandi væri að unnið yrði fyrir 700–800 millj. kr. á ári á höfuðborgarsvæðinu en borgarstjóri tók undir áætlanir um að það þyrfti 900 millj. kr. til 1 milljarð á ári. Við töluðum á þeim nótum þá, borgarstjórinn í krafti síns embættis og ég sem samgrh. þannig að ég veit ekki hvaðan þessar 1.300 millj. kr. eru komnar, sem hv. þm. talar um. Það er kannski búið að hækka töluna síðan, ég skal ekki um það segja, en svona leit málið út í haust hjá borgarstjóra. En ef við erum að tala um borgarstjórann á meðan hann var þingmaður hér í þessari hv. deild, þá hygg ég að lítið þýði að vitna eða skírskota til hans í sambandi við vegamál því ég minnist þess ekki að hann hafi tekið til máls um vegamál í eitt einasta skipti meðan hann var þingmaður á hinu háa Alþingi.

[17:34]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra, mig misminnti, það stóð til að stöðva framkvæmdir í Ártúnsbrekku en það varð ekki sem betur fer. Það var m.a. vegna þrýstings frá þingmönnum og ákvarðana borgarstjórnar. Niðurstaðan varð sú að haldið var áfram við framkvæmdir. En þær tölur sem ég nefndi, 1.300 millj. kr., komu einmitt fram á þessum fundi í Hlégarði, sem ég átti einnig sæti á. Ég hef einnig fengið þá tölu staðfesta frá borgarverkfræðingi. Það er því ekki misminni. Reyndar hafa tölurnar verið nokkuð á reiki um þörfina. Þær hafa verið frá 1 milljarði til 1.200 millj. og allt upp í að vera 1.300 millj. kr. Þetta eru tölur sem ég fékk og komu bæði fram á fundi með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins í lok október sl. og einnig í gögnum sem ég hef undir höndum frá borgarverkfræðingi, þannig að það er ekki misminni.

Mér finnst ástæðulaust að vera að taka til þess hvort borgarsjórinn í Reykjavík hafi tekið til máls um vegamál eða ekki þegar hún sat á þingi. Það er aukaatriði. Menn ræða um þau mál sem heyra undir þær nefndir sem þeir sitja í. Ég geri ráð fyrir að borgarstjórinn í Reykjavík hafi ekki átt sæti í samgn. En engu að síður varðar borgarstjórann nú mjög samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu og hefur látið til sín taka í þeim málum. Hef ég einmitt vitnað í það í máli mínu.

[17:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlaut auðvitað að víkja máli mínu að borgarstjóra úr því að hv. þm. kaus að draga hann inn í umræðurnar. Mér finnst það líka alveg sjálfsagt til að borgarstjórinn njóti sannmælis, að fram komi hvaða skoðanir og hvaða innlegg hann hefur haft til þessara mála. Ég hygg að hann, eins og aðrir stjórnmálamenn, sé maður fyrir sínum skoðunum og sinni þögn. Ég vil endilega leyfa honum að koma fram í því ljósi sem hann er í sínum stjórnmálaafskiptum. Ég biðst auðvitað ekki afsökunar á því að tala af réttsýni um borgarstjórann.

Ég hygg að það sé líka alveg ljóst að við töluðum um það á ráðstefnu sem var haldin í Borgartúni á síðasta kjörtímabili og aftur var vitnað til í Hlégarði, þá var talað um þær fjárhæðir sem þyrfti til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu svo vel væri fyrir málum séð. Þá var verið að tala um 900 millj. kr. til 1 milljarð. Það getur vel verið að starfsmenn Reykjavíkurborgar hafi skipt um skoðun síðan. Það getur vel verið. En þetta var þeirra upplegg í málinu, það var það. Það skiptir raunar ekki máli hversu oft þetta er endurtekið ef þeir

hafi breytt um skoðun síðar. Það sýnir einungis að þeir gera nú strangari kröfur en áður. Svona lá málið fyrir og svona liggur það fyrir. Ef við berum saman þau framlög sem eru til höfuðborgarsvæðisins samkvæmt vegáætlun og þá þörf sem sveitarstjórnarmenn hér hafa lýst þá sé mjög vel fyrir þessu svæði séð og betur en nokkru sinni fyrr, ég fullyrði það, betur en nokkru sinni fyrr.

[17:38]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hæstv. ráðherra um að ég sé að vitna einungis til sveitarfélagsins Reykjavíkur, þá er ég að tala um höfuðborgarsvæðið allt. Eins og hæstv. ráðherra veit er samstarf um framkvæmdir í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu og auðvitað koma að því sveitarstjórnir fleiri sveitarfélaga heldur en Reykjavíkur, það veit hæstv. ráðherra mætavel.

[17:39]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði áðan í ræðu sinni að gatnamót Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar mundu hugsanlega detta út í framkvæmdum næsta árs vegna niðurskurðar til vegamála. Ég held að þetta hljóti að vera á misskilningi byggt hjá hv. þm. vegna þess að samkvæmt því samkomulagi sem meiri hlutinn gerði. Þegar fjárlögin voru afgreidd fyrir jólin var það sett í vald sveitarstjórnanna hvaða framkvæmdir yrði farið í fyrir þá fjármuni sem menn mundu semja um til að mæta annars vegar framkvæmdum til vegamála og hins vegar til að skera niður framkvæmdir á vegum sveitarfélaga til að mæta þessum þensluáhrifum. Tvöföldun Reykjanesbrautarinnar frá Breiðholtsbraut að Fífuhvammsvegi var inni í þeirri mynd og var hugmyndin að byrjunin, 100 millj. kr., mundi fara til þeirra framkvæmda. Síðan var Ártúnsbrekkan að sjálfsögðu inni í þeirri umræðu einnig. Fleiri mál voru til umræðu þegar verið var að ræða þensluáhrif og niðurskurð sveitarfélaga á móti þessum framkvæmdum. Þar má nefna höfnina í Grindavík þar sem gert var ráð fyrir yfir 100 millj. kr. framkvæmd til að laga innsiglinguna í höfnina og skólaframkvæmdir í Grindavík færu út á móti. Allt þetta er gert til að mæta brýnni þörf. Ég hef fagnað því sérstaklega hvað hæstv. samgrh. hefur tekið vel í þessi mál og komið til móts við sveitarfélögin, til móts við brýn verkefni og ég held að ekki sé hægt að álasa honum fyrir að hafa ekki gert það sem hægt var. Ef menn líta á þær framkvæmdir sem hafa verið á höfuðborgarsvæðinu og um land allt þá hefur þar svo sannarlega verið tekið til hendinni.

[17:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að gert var ráð fyrir að farið yrði í framkvæmd við gatnamót Breiðholtsbrautar við Reykjanesbrautar á tímabilinu. En þar sem niðurskurður hefur orðið mikill miðað við þá áætlun sem gildandi er og niðurskurður er þó nokkur miðað við það sem gert var ráð fyrir, þá er það mat borgarverkfræðings að þessi framkvæmd muni líklega detta út af áætluninni á þessu tímabili nema gripið yrði til einhverra ráðstafana. Ég treysti hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyllilega til að beita sér í því máli þannig að ekki þurfi að koma til þess að framkvæmdirnar detti út af áætluninni. Ég vonast til að hann leggi því lið, svo ekki komi til þess.

[17:42]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég taldi mig hafa lagt mitt af mörkum til að hægt væri að fara út í þessar framkvæmdir og semja um niðurskurð á móti með sveitarfélögunum. Þessi hugmynd var borin undir sveitarstjórnir, bæjarstjóra í sveitarfélögum hér í kring og í þeirra huga var þetta mjög ásættanleg leið. Þá er ekki bara verið að tala um framkvæmdir í Reykjavík heldur einnig í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig að ég á erfitt með að sjá að þessar 250–300 millj. kr. sem um er rætt eigi eingöngu að fara til framkvæmda í Reykjavík. Ef það er meiningin að borgarverkfræðingur einn ráði því hvernig á að úthluta þessu þá er náttúrlega ljóst hvert þetta fer. En ef sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinast um þetta og komast að samkomulagi um að þetta verði svona þá er í sjálfu sér ekkert við því að segja. En þeir vita það vel, sveitarstjórnarmenn hér í kring, að um það var rætt að þetta mundi skiptast með samkomulagi sveitarstjórnarmanna og ráðherra og að um þetta yrði full sátt.

[17:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega er það ekki borgarverkfræðings að ákveða eitt eða neitt um það heldur er þetta, eins og hv. þm. veit, samkomulagsatriði milli sveitarstjórnarmanna og þingmanna. Þetta er aðeins áætlun eða það sem hann gerir ráð fyrir ef verður af þessum niðurskurði. Aftur á móti ef menn semja um að fara út í aðrar framkvæmdir í stað þess að draga úr framkvæmdum við samgöngumannvirki eða vegamál, þá er þetta náttúrlega breytt mynd. Þá gæti það orðið til þess að staðið yrði við áætlunina. Og ég hef einmitt varpað fram í ræðu minni fyrirspurn til hæstv. samgrh. hvort hann muni verða við því að dregið verði úr framkvæmdum annars staðar þannig að hægt verði að standa við þá vegáætlun sem liggur fyrir og er gildandi og menn hafa komið sér saman um að forgangsraða á þann hátt sem menn hafa gert. En það má geta þess að ekki hefur komið svar við því frá hæstv. ráðherra hvort hann muni verða við þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram í þessum efnum.

[17:45]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Það voru tvö atriði sem ég gat ekki komið að hér í fyrri ræðu minni og vildi þess vegna leyfa mér að lengja umræðuna ögn.

Annars vegar tel ég rétt að vekja athygli á að uppbygging safnvegakerfisins, þ.e. þess vegakerfis sem áður hét sýsluvegir, er mikilvæg. Það hefur því miður ekki tekist að þoka þeim verkefnum áfram eins og ég tel nauðsynlegt. Skýringarnar liggja í því að við höfum lagt megináherslu á að byggja upp þann hluta vegakerfisins sem mest umferð fer um og það er út af fyrir sig eðlilegt. En safnvegakerfið sinnir engu að síður mjög mikilvægri þjónustu sem er þjónusta við hinar dreifðu byggðir og mjög víða er verk að vinna þar.

Samkvæmt vegáætluninni er gert ráð fyrir að 164 millj. fari til safnveganna árið 1997 og 1998 og síðan 190 millj. og 200 millj. seinni ár áætlunartímabilsins. Þannig að um nokkra hækkun er að ræða seinni hluta áætlunartímabilsins og ber að fagna því. Ég vil vekja athygli á þessu og hvetja hv. samgn. til að skoða það og fá upplýsingar hjá Vegagerðinni hvernig staða safnvegakerfisins er og hvar mikilvægustu og brýnustu verkefnin á því sviði eru.

Hitt atriðið sem ég vildi nefna er að nýlokið er við jarðgöngin á Vestfjörðum sem hafa gjörbreytt byggðinni á Vestfjörðum, öllum samgöngum innan þess svæðis, og ég á von á því að enn betur eigi eftir að koma í ljós á komandi árum hversu mikilvæg sú framkvæmd er fyrir byggðina.

En ég vildi nefna það, hæstv. forseti, að ég tel að mjög mikilvægt sé að hv. þm. átti sig á því að auðvitað þarf að ná ásættanlegum áföngum við þau stórverkefni sem eru á núgildandi vegáætlun og eru farin af stað áður en hafist er handa við risaverkefni á borð við jarðgöng. Ég vil nefna vegaframkvæmdir eins og á Snæfellsnesi, sem er Búlandshöfðinn en vegurinn fyrir Búlandshöfða tengir byggðirnar á Snæfellsnesi og er mjög mikilvægur samgönguþáttur en hefur ekki tekist að ljúka. Framkvæmdir eru hafnar að austanverðu við Búlandshöfðann og Búlandshöfðaframkvæmdin er á vegáætlun, eins og ég sagði, sem er í gildi núna. Ég vil bara undirstrika að ég tel að nauðsynlegt sé að við náum ásættanlegum áföngum í þeim stórverkefnum sem eru komin af stað eða eru í gangi og eru samkvæmt áætlun áður en farið er í risaverkefni á borð við jarðgöngin.

Með þessu er ég ekki á nokkurn hátt að draga úr því að mjög þýðingarmikið er að bæta samgöngur á Austfjörðum og Norðurlandi þar sem gert er ráð fyrir að verði jarðgöng. En ég tel engu að síður að þar sem gert er ráð fyrir að tengja byggðir saman, eins og t.d. vaxtarsvæðin á Snæfellsnesi og Dölum með vegum, og gert er ráð fyrir, þá er ég sannfærður um að það hefur mikil áhrif á alla byggðaþróun og ekki síst hefur það mikil áhrif þar sem svæði eins og þar um ræðir hafa upp á margt að bjóða fyrir ferðamenn. Þar hefur verið að byggjast upp ferðaþjónusta sem atvinnugrein og þess vegna ber að líta til þess. Ég treysti því að hæstv. samgrh. hafi skilning á þessu og hv. þm. í samgn. einnig.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, sé ég ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu. Ég vil bara undirstrika það sem ég sagði í fyrri ræðu minni að uppbygging vegakerfisins hefur mikil áhrif á atvinnulífið, styrkir atvinnusvæðin og þess vegna ber að leggja áherslu á að við náum sem mestum og stærstum áföngum í uppbyggingu vegakerfisins fyrir þá fjármuni sem við höfum úr að spila samkvæmt vegáætlun.

[17:51]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þáltill. um vegamál er að sjálfsögðu alltaf stórviðburður í þinginu. Þar er fjallað um einn viðamesta þátt í störfum þingsins og þann sem hefur mest áhrif um allt land þegar um er að ræða að halda uppi byggð í landinu og halda uppi atvinnu um allt land. Það er því ekki nema von að menn deili um það hvernig þeim fjármunum er úthlutað sem til eru á hverjum tíma.

Eins og hefur komið fram finnst mörgum sem eiga heima og eru talsmenn landsbyggðarinnar að ekki sé horft nægjanlega til þess hluta landsins sem er hvað afskekktastur. Ég get að mörgu leyti tekið undir það að hinar dreifðu byggðir, sumar hverjar, líða verulega fyrir það hversu hægt hefur gengið að koma á eðlilegu vegasambandi til þeirra. Þar held ég megi fyrst og fremst taka Vestfirði sem ég held að séu ekki hvað síst að láta undan og missa fólk frá sér vegna þess hversu erfitt er, þó svo að samgöngur séu þangað, að komast á þetta svæði vegna þess að vegirnir sem þangað liggja eru að mínu mati óakandi marga mánuði ársins. Ég fer reyndar á þessar slóðir tvisvar sinnum á hverju ári og læt mig ekki muna um það en ég þekki marga sem hafa reynt einu sinni og segjast ekki fara aftur fyrr en búið er að laga þessa vegi. Þetta eru bara staðreyndir sem við þekkjum öll og við vitum að þessu þarf að kippa í liðinn og það sem allra fyrst. Ég hef álitið að ekki sé síður mikilvægt verkefni og stórt að hinar svokölluðu ó-vegaáætlanir sem gerðar voru hér á árum áður og lyftu miklu grettistaki í bættum samgöngum á ákveðnum svæðum sem við þekkjum ættu nú við.

Það verður samt að segja þá sögu eins og hún er að þingmenn í hverju kjördæmi ráða því hvernig forgangsröðunin er. Auðvitað hefur á Vestfjörðum sem annars staðar verið gert gríðarlega mikið átak eins og í gangagerð og tengingu á milli byggða á ákveðnum svæðum. Það er fyrst og fremst að komast til þéttbýlisins á suðvesturhorninu sem hefur staðið í veginum fyrir því, að mínu mati, að eðlileg byggð haldist á þessum svæðum. Vegagerð í þéttbýlinu er ekkert síður mikilvæg. Þar er náttúrlega lífæðin, getum við sagt, þar sem 70% þjóðarinnar eru saman komin. Þar hefur þó verið reynt að halda í við framkvæmdir til að geta mætt því að halda uppi eðlilegum framkvæmdum úti á landi en tekið á þeim öðru hvoru með svokölluðum stórframkvæmdaráætlunum, sem hefur síðan verið kippt úr lið öðru hvoru.

Það er löngu ljóst að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Breiðholti til Hafnarfjarðar er mjög brýnt verkefni og umferðin þar er orðin svo hæg að fólk er í rauninni farið að fara aðrar leiðir og lengri til að komast með eðlilegum hraða til vinnu sinnar á umferðarþyngstu tímum sólarhringsins. Margar aðrar framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu hafa beðið eins og tvöföldun Vesturlandsvegar upp í Mosfellsbæ og framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautar til Reykjanesbæjar sem hefur margoft verið til umræðu á þinginu og við vitum öll að er ein af þeim framkvæmdum sem hljóta að vera forgangsverkefni. En auðvitað er öllum ljóst að við förum ekki í þessar framkvæmdir nema hafa til þess fjármagn og það er sorglegt til þess að vita að við höfum þurft að skera svo niður vegáætlanir að þessi brýnu verkefni hafa setið á hakanum. Ég vonast til að með þeirri breytingu sem hefur orðið á fjárlögum á þessu kjörtímabili sérstaklega, að við erum farin að reka ríkissjóð hallalausan, geti orðið til þess að vegafé geti runnið óskipt til vegamála hér eftir, þannig að við eigum ekki að þurfa að horfa upp á það að hundruð milljóna fari til þess að rétta af halla ríkissjóðs. Það er í rauninni ekki hægt þegar við lítum á allar þær framkvæmdir sem svo brýnar eru.

Mig langar til að beina einni fyrirspurn til hæstv. samgrh. sem var í rauninni ástæða mín fyrir að koma hér upp, þó svo að engin ástæða sé til að draga úr mikilvægi þess að taka þátt í umræðunni því hún er mjög mikilvæg. En mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hafi verið staðið að viðræðum við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um þau verkefni sem leyfilegt yrði að fara í á þessu ári umfram vegáætlun gegn því að sveitarfélögin mundu draga úr framkvæmdum á móti. Eftir því sem mér heyrist í umræðunni hefur einungis verið talað við borgarstjórnina í Reykjavík en ekki við nein sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. En samkvæmt því samkomulagi sem um var rætt fyrir áramótin í tengslum við samþykkt fjárlaga, þá var ætlunin að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu yrðu inni í þessari umræðu. Þá var einnig gert ráð fyrir því að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Breiðholti til Fífuhvammsvegar yrði önnur sú framkvæmd sem yrði til umræðu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en ekki eingöngu Ártúnsbrekkan. Þannig að mig langar að fá svör við því frá hæstv. samgrh. hvernig þessar viðræður

hafa farið fram, hverjir hafa komið að þeim og hverjir hafa verið boðaðir.

[17:59]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einkar athygli vert að hlusta hér á suma stjórnarliða. Maður gæti haldið, ef maður vissi ekki betur, að hv. þm. Kristján Pálsson væri í fyrsta lagi ekki stuðningsmaður þessarar stjórnar og í öðru lagi að hann hefði ekki komið nálægt afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði sl. Hann lætur hér í veðri vaka að þær ákvarðanir sem hann tók þátt í og greiddi atkvæði með ættu síðan að fara í einhverja almenna umræðu við sveitarstjórnarmenn um útfærslu á. Það voru hreinar og beinar tillögur um það að halda inni tilteknum verkefnum á borð við Ártúnsbrekku. Og það voru hugmyndir og tillögur um að halda inni fjármagni til þess að tvöfalda Reykjanesbrautina en hv. þm. greiddi atkvæði gegn þeim. Það þýðir auðvitað ekkert að koma nokkrum mánuðum síðar og ræða um það að menn hefðu haft uppi einhver áform og eitthvert samkomulag um að eiga orðastað við sveitarfélögin um að þau frestuðu einhverju og fengju hugsanlega inn þessi verkefni sem hann sjálfur greiddi atkvæði gegn í desembermánuði. Þetta er auðvitað slíkur kattarþvottur og hundakúnstir að engu tali tekur og auðvitað ekkert mark á takandi. Og ég spyr: Hvaða samkomulag er það sem hann er að vísa hér til? Mér er ekki kunnugt um að það samkomulag hafi verið gert í samgn. a.m.k. Og ekki í almennum umræðum á hinu háa Alþingi. Þannig að hér eru menn auðvitað að reyna að komast úr þröngri stöðu með einhvers konar kattarklóri og yfirbreiðslu og bera af sér sakir sem þeir eiga fullkomlega að standa undir. Því hv. þm. greiddi atkvæði með fjárlögunum eins og þau eru í dag og þar með eru ekki inni verkefni á borð við Ártúnsbrekku, tvöföldun Reykjanesbrautar, og það sem meira er, hann tók undir það að allt væri á fljúgandi ferð á suðvesturhorninu og að draga þyrfti úr framkvæmdum. Skýri hann þau mál fyrir atvinnulausum á þessu svæði.

[18:01]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan höfum við staðið frammi fyrir því á undanförnum árum að ríkissjóður hefur verið rekinn með miklum halla og nauðsynlegt að ná honum niður með einhverju móti. Það hefur m.a. verið gert með því að skera niður vegáætlun og taka hluta af því fé, sem kemur út úr sköttum til Vegasjóðs, til að greiða niður halla ríkissjóðs. Núna hefur tekist að greiða niður þennan halla. Og ég er að vonast til þess eins og ég sagði áðan að vegafé gangi óskert til vegamála á næstu árum og það verði til þess að við getum farið út í þær framkvæmdir sem við vitum að bíða og við sjáum ekki fyrir okkur að geti beðið öllu lengur.

Það var samkomulag um það fyrir áramót, vegna sérstakrar yfirlýsingar og bréfs sem kom frá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu, að reyna að mæta því með einhverju móti. Og hæstv. samgrh. lýsti því hér við fjárlagaumræðuna að hann væri tilbúinn til þess að semja við sveitarfélögin um að ef þau drægju úr framkvæmdum þá kæmust vegaframkvæmdir, sem hefðu annars ekki orðið, á dagskrá. Í umræðunni sem fór fram vegna þeirrar sérstöku yfirlýsingar var talað um framkvæmdir sem ég minntist á hér áðan, þar á meðal tvöföldun Reykjanesbrautar frá Breiðholti í Fífuhvamm. Það er ekkert gruggugt við þetta fyrirkomulag. Það er einungis verið að koma málum áfram sem annars hefðu ekki komist á dagskrá. Ég stend alveg fyllilega keikur undir því að hafa lagt mitt af mörkum og ég vonast til þess að sveitarfélögin sjái þörfina fyrir þetta. Þetta er að sjálfsögðu sameiginlegt verkefni og sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga.

[18:03]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson orðar það þannig að ella hefðu þessi mál ekki komist á dagskrá hefði ekki einhver yfirlýsing hæstv. ráðherra komið til. Fór hún algerlega fram hjá honum umræðan sem var hér um vegamál og önnur umræða um fjármál ríkisins við fjárlagaumræðuna? Og tillögur þar að lútandi sem lutu einmitt að þeim verkefnum sem hann var að nefna og hann greiddi atkvæði gegn. Vissi hann ekkert af þeim? Þessi mál voru nefnilega einmitt á dagskrá. Það var ekkert flóknara en það. Til þess að fá það algerlega á hreint hvað hv. þm. á hér við — er hann að ræða um það að Kópavogur til að mynda eða sveitarfélög sem liggja að Reykjanesbrautinni hætti hverju? Stöðvi hvaða framkvæmdir? Loki hvaða skólabyggingum? Eða hvað er það sem hv. þm. á við? Mér finnst veruleikaskynið stundum býsna lítið í þessum sal, a.m.k. var það svo fyrir örfáum sekúndum síðan þegar hv. þm. lýsti þeirri von sinni að það yrði unnt að standa við það að skila mörkuðum tekjustofnum öllum til Vegasjóðs. Því vek ég athygli hans á því að fyrir framan okkur liggur vegáætlun sem ég vænti að hafi farið um þingflokka stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl., þar sem er gert ráð fyrir því að á næstu fjórum árum skipti það milljörðum sem renni beinustu leið í ríkissjóð. Hvað er hv. þm. að fara í tali sínu? Það er hins vegar einkar athygli vert að eftir að hann kom hér á þing á þessu kjörtímabili sýnist mér í fljótu bragði að mínusinn en ekki plúsinn, þ.e. plúsinn sem rennur inn í ríkissjóð frá mörkuðu vegafé, sé upp á 2,2 milljarða kr. Það er nú öll afrekaskráin.

[18:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég tala um að komast á dagskrá þá á ég við að það komist á dagskrá þannig að viðkomandi verkefni verði á framkvæmdaáætlun. Það er mikill munur á því hvort meiri hluti þingsins er að reyna að koma einhverjum framkvæmdum á eða hvort minni hlutinn er með einhverjar tillögur. Minni hlutinn getur náttúrlega verið með allar sínar tillögur en það er svo spurning um það hvort þær komast nokkurn tímann á annað stig en á dagskrá. Og það sem ég er að meina með dagskrá í þessu tilfelli er að framkvæmdin komist af stað. (**Gripið fram í:** Ef þeir fá stuðning frá meiri hlutanum.) Ef þeir fá stuðning frá meiri hlutanum að sjálfsögðu. En hv. þm. er í minni hluta og hann hlýtur að átta sig á því. (**Gripið fram í:** Það má byrja að flytja tillögur.)

Hvaða verkefni bæjarstjórn Kópavogs og Hafnarfjarðar ættu að skera niður? Að sjálfsögðu er það þeirra höfuðverkur ef maður mætti orða það þannig. Ég vil bara benda á það að Grindvíkingar lögðu það mikla áherslu á að koma hafnamálunum af stað hjá sér að þeir skáru niður skólaframkvæmdir í fullri sátt við sitt fólk. Þeir áttu ekki í miklum vandræðum með að skera niður 130 milljónir eftir því sem mér er sagt. Þannig að ég á ekki von á því að stór sveitarfélög eins og Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðabær ættu að vera í vandræðum með að finna 100 milljónir til að geta farið af stað í tvöföldun Reykjanesbrautarinnar.

[18:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað vil ég aðeins taka það fram að samkvæmt þeirri vegáætlun sem samþykkt var fyrir árin 1995–1998 var gert ráð fyrir því að í Reykjanesbraut, frá Breiðholtsbraut að Fífuhvammsvegi, yrði varið 82 millj. kr. á árinu 1998 en 248 millj. kr. í gatnamót við Fífuhvammsveg á þessu ári. Í fyrra var ráðist í framkvæmdir við gatnamótin og við það miðað að sú framkvæmd mundi nýtast til fullnustu, miðað við að ekki yrði búið að tvöfalda brautina áleiðis til Hafnarfjarðar. Og eins og sakir standa verður látið við það sitja og síðan haldið áfram á árinu 1998 enda hefur ekki verið haft samband við samgrh. um að þessar framkvæmdir sitji sérstaklega fyrir. Það er rétt hjá hv. þm. að ég lýsti því yfir að við værum til viðtals ef menn vildu skjóta framkvæmdum til.

Á hinn bóginn vil ég rifja það upp að gert er ráð fyrir nokkrum niðurskurði á framkvæmdafé til höfuðborgarsvæðisins og þá verða menn að velja á milli. Ef menn vilja leggja áherslu á Ártúnsbrekkuna þá er ekki rúm fyrir annað.

[18:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. hafi verið að svara spurningu minni áðan um það hvernig staðið hafi verið að viðræðum við sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu um niðurskurð á framkvæmdum gegn ákveðnum framkvæmdum í vegamálum. Mér fannst ég ekki fá nægilega skýrt svar við því hvernig hefði verið staðið að þessum viðræðum, hverjir hafi verið boðaðir og hvort þessum viðræðum sé í rauninni lokið. Ég bið hæstv. samgrh. að upplýsa þingheim um það.

[18:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Borgarstjóri hafði samband við mig með formlegum hætti. Við áttum fund og um það var rætt hvort við værum til viðræðu um að ráðast í Ártúnsbrekku þrátt fyrir þá ákvörðun sem tekin hafði verið um að láta vegaframkvæmdir hér liggja niðri, enda yrði öðrum framkvæmdum á vegum borgarinnar frestað í staðinn. Ég hafði áður lýst því yfir að það væri skoðun mín að rétt væri að láta Ártúnsbrekkuna sitja fyrir. Það hafa ýmsir þingmenn haft orð á því að Ártúnsbrekkan sé slysagildra, ég held að vísu að of mikið sé úr því gert og vona að ég geti staðið við þau orð að ekki verði alvarlegt slys í Ártúnsbrekkunni. En eigi að síður hafa þessar umræður átt sér stað og ég mun leggja málið fyrir ríkisstjórn í fyrramálið.

[18:11]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að það kemur mér á óvart að ekki skuli vera önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu í þessari umræðu en Reykjavíkurborg. Það kemur mér einnig á óvart að sveitarfélögin skuli ekki hafa haft samband við hæstv. samgrh. eða þá jafnvel að hann hefði sjálfur samband við þau um að þetta gæti staðið til. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er ekki minna áríðandi heldur en þær framkvæmdir sem hann nefndi í Ártúnsbrekkunni. Ég geri alls ekki lítið úr mikilvægi þeirrar framkvæmdar, síður en svo, en ég held að allir þeir sem þekkja Reykjanesbrautina frá Breiðholti til Hafnarfjarðar sjái að það er í rauninni orðinn lestargangur á þeirri leið því umferðin er svo mikil og stöðug. Báðum megin við hana eru mjög stórar hraðbrautir getum við sagt, eins og t.d. Breiðholtsbrautin sem er með þrjár og fjórar akgreinar í hvora átt, þannig að það er algjör flöskuháls á þessu svæði. Ég vonast til að þessi umræða haldi áfram í samgn. En ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin.

[18:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. um nauðsyn þess að breikka Breiðholtsbrautina til Hafnarfjarðar. Ég hef raunar oft sérstaklega tekið það fram þegar ég hef rætt um vegaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu hversu brýnt væri að geta ráðist í þá framkvæmd. En á hinn bóginn standa sakir þannig að ekki var fyrir alvöru gert átak í vegamálum höfuðborgarsvæðisins fyrr en eftir að ég varð samgrh. þannig að ástandið er ekki betra en raun ber vitni af þeim sökum.

[18:13]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hæstv. ráðherra hafi einmitt hitt naglann á höfuðið sem er meginatriði þessa máls að við fjárlagaafgreiðslunar í desember sl. var tekin pólitísk ákvörðun um að stórlækka framlög til vegamála hér á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf auðvitað ekki að koma nokkrum manni á óvart þó að svona horfi fyrir með mikilvægar framkvæmdir á borð við Reykjanesbraut og Ártúnsbrekku. Ég sé og heyri á hæstv. ráðherra að það kemur honum ekkert á óvart því hann stóð fyrir tillögugerð í þá veru. Jafngagnrýnivert er það hins vegar.

Ég hlýt að árétta það sem ég sagði hér fyrr í dag af þessu tilefni og velta því fyrir mér, þó að ég sé maður mikils og góðs samráðs við sveitarstjórnir í landinu, hvers kyns uppboðsmarkaður þetta sé eiginlega að verða. Hefur hið háa Alþingi gefið hæstv. samgrh. heimildir til þess að gera býtti um alla skapaða hluti við sveitarfélög? Höfn á móti skóla, vegur á móti heilsugæslu, eða hvaðeina. Ég spyr, virðulegi forseti, er eitthvað skrifað í fjárlögum þessa árs sem opnar fyrir slíkar heimildir? Veit ég þó vel af yfirlýsingum hans um að sýna lipurð og sveigjanleika ef einhver vill við hann tala. En ég hlýt að gefnu tilefni að spyrja um þetta. Er með öðrum orðum ráð fyrir því gert og hann verði tilbúinn til að eiga orðastað við hvert það sveitarfélag sem til hans vill leita um það að fara á svona býttimarkað, fara í svona „Kolaport" og skiptast á verkefnum? Ég spyr líka að gefnu tilefni, er þá verið að ræða það að sveitarfélögin dragi skilyrðislaust úr eigin framkvæmdum og fái hækkað ríkisframlag eða er verið að skipta á ríkisframlögum frá einu ríkisframlagi til annars til skólabygginga til að mynda? Það er nauðsynlegt að þetta komi fram til að sveitarfélögin átti sig á því, virðulegi forseti, við hvaða borð þau sitja.

[18:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú alltaf gott og gaman að eiga orðaskipti við hv. þm. Það er ekki rétt hjá honum að niðurskurður á höfuðborgarsvæðinu, ef við horfum á þau fimm ár sem framkvæmdatímabilið stendur yfir, sé meiri en á landsvísu. Það er rangt munað hjá hv. þm. En á hinn bóginn er framkvæmdum öðruvísi raðað í tíma. Ég hygg að rétt sé að það komi fram sem ég gleymdi að geta um áðan að það hafa fleiri sveitarstjórnarmenn en borgarstjóri átt fundi með mér í sambandi við vegaframkvæmdir og ég hygg að rétt mat sé hjá mér að menn telji að skynsamlegt sé að láta Ártúnsbrekku

sitja fyrir ef í nýja framkvæmd verður ráðist vegna þess að þá erum við að tala um að ljúka miklu verki. Fram hjá því verður ekki horft að við erum að skera almennar vegaframkvæmdir niður um 18–20%. En ef við lítum á framkvæmdaátakið sérstaklega þá var gert ráð fyrir að framkvæmdir yrðu á fimm árum en ekki fjórum eins og upphaflega hafði verið reiknað með. Þannig að sá hluti framkvæmda á Reykjavíkursvæðinu sem fellur undir almennar vegaframkvæmdir er skorinn niður um 20% á þessum tveimur árum. Skuldagreiðslan til Reykjavíkur er auðvitað eftir sem áður vegna þess að ekki er hægt að skera niður greiðslur af skuldabréfi. Það er augljóst og það skilja menn jafnvel þótt úr Hafnarfirði séu. Sá hlutinn sem lýtur að framkvæmdaátakinu verður sem sé gerður á fimm árum í staðinn fyrir fjórum.

[18:17]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt úr Hafnarfirði sé þá átta ég mig fyllilega á því að hér er um verulegan niðurskurð að ræða í vegamálum yfir landið allt. Þannig að ég tek heils hugar undir með hæstv. samgrh. í þeim efnum. Það er allt loft úr honum. Það er ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu sem dregur úr þessum fjárframlögum heldur á landinu öllu. Þar erum við sammála Norðlendingurinn og Hafnfirðingurinn og hallast ekki á, þannig að um það þarf ekki að deila.

Ég spurði hins vegar um það og ég kalla mjög ákveðið eftir svari við því hvort kontór hans sé opinn sveitarfélögum vítt og breitt um landið um að gera viðskipti við hann á þeim nótum sem hann er að ræða við Reykjavíkurborg og hann gekk frá við Grindvíkinga, að hann sé tilbúinn til að slaka út spotta hér og spotta þar að uppfylltum einhverjum ákveðnum skilyrðum, sem ég veit ekki hver eru. Ég spyr um þau líka. Ég spyr líka að gefnu tilefni: Er þá verið að ræða um innbyrðis breytingar á fé til vegamála sem frá var gengið í desember í fjárlögum eða er hugsanlega verið að tala um nýtt lán? Er verið að tala um allt aðrar tölur en fjárlögin segja til um? Ætlar hæstv. ráðherra til að mynda í fyrramálið að sækja eftir auknum heimildum í ríkisstjórninni eða ætlar hann að skera niður annars staðar? Það er alveg nauðsynlegt að hv. alþingismenn viti hvað hæstv. ráðherra og ríkisstjórn er að sýsla. Menn eru að tala um einhver samkomulög, samkomulag hér og samkomulag þar á milli einhverra stjórnarliða, sem að vísu kemur síðan alltaf á óvart þegar talað er um niðurskurð. En það er alveg nauðsynlegt ... (Gripið fram í.) Samkomulög, já, það eru vond lög, þau eru ólög. Ég vil hins vegar vita, virðulegi forseti, undir hvaða formerkjum þessar viðræður hæstv. ráðherra eru við sveitastjórnir hér og þar og alls staðar og eiga allir greiðan aðgang að koma í þetta „Kolaport"?

[18:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að upplýsa hv. þm. um að það var leitað eftir því af bæjarstjórn Kópavogs á síðasta ári að ráðist yrði í gatnamótin hjá Fífuhvammsvegi ári fyrr en ella mundi og var það talið nauðsynlegt vegna þeirra framkvæmda sem þar eiga sér stað, skipulagsmál í Kópavogi og vegna þess að menn þyrftu að taka í notkun þar ákveðin mannvirki og var mikil áhersla lögð á það af bæjarstjórn Kópavogs. Það er sjálfsagt að upplýsa hv. þm. um það. Sú skuld verður að sjálfsögðu greidd á þessu ári eins og um var samið við þá í Kópavogi. Það hefur jafnframt verið rætt við sveitarstjórnarmenn og raunar hefur Landsvirkjun komið inn í það mál einnig að hægt yrði að flýta uppbyggingu og lagningu bundins slitlags á Landveg og veginn upp Þjórsárdal vegna þeirra miklu malarflutninga sem þar hafa verið. Það má segja að þetta sé það sem helst er í gangi nú um stundir í sambandi við viðræður sveitarstjórnarmanna og samgrn. um að flýta vegaframkvæmdum. Önnur mál eru ekki í deiglunni rétt eins og sakir standa nema spurningin um það hvort hægt verði að ráðast í Ártúnsbrekku eins og fyrirhugað hafði verið og ég hafði raunar gert mér vonir um áður en ákvarðanir voru teknar um að draga úr framkvæmdum vegna hinnar miklu þenslu sem fyrirsjáanleg er á höfuðborgarsvæðinu.

[18:21]

Útbýting þingskjala:

Ferliverk á Ríkisspítölum, 347. mál, fsp. RG, þskj. 620.

Ferliverk á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, 348. mál, fsp. RG, þskj. 621.

Ferliverk á öðrum sjúkrahúsum, 349. mál, fsp. RG, þskj. 622.

Gjöld einstaklinga utan trúfélaga, 352. mál, fsp. MÁ, þskj. 625.

Komugjöld sjúklinga, 350. mál, fsp. RG, þskj. 623.

Sérfræðimenntaðir læknar, 351. mál, fsp. RG, þskj. 624.

Skotvopn í opinberri eigu, 353. mál, fsp. MÁ, þskj. 626.

Stephansstofa, 354. mál, þáltill. MÁ, þskj. 627.

[18:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem farið hefur fram um vegáætlun ætla ég ekki að fara að kýta um það við hv. þm. Kristján Pálsson hvaða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu séu mikilvægastar, hvort það er tvöföldun Reykjanesbrautar eða að klára framkvæmdir við Ártúnsbrekku. Ég vil benda hv. þm. á að sú framkvæmd sem nefnd hefur verið í Ártúnsbrekku hefur verið stöðvuð í miðjum klíðum þannig að talið er að hún feli í sér slysahættu eins og hún hefur verið skilin eftir hálfunnin. Ég held að það sé atriði sem þurfi að líta til. En ég held að nauðsynlegt sé í þessari umræðu að halda til haga niðurskurðinum í vegamálum því það er greinilegt að einhverjir hv. stjórnarþingmenn hafa ekki gert sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja við fjárlagagerðina.

Í þessari tillögu sem liggur fyrir, og ef maður tekur aðeins árið í ár, þá eru nýframkvæmdir á þjóðvegum landsins skornar niður um 640 millj. kr. eða um 30%, úr 2.766 millj. í 1.947 millj. kr. Í gildandi vegáætlun er gert ráð fyrir 753 millj. í bundin slitlög á þessu ári. Sú upphæð lækkar í 539 millj. eða um 214 millj. kr. Nýframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu lækka úr 557 millj. í 374 millj. eða um 183 millj. kr. Stórverkefnin sem eru ætluð til jarðganga, stórbrúa eða fjarðarþverana, eins og segir í tillögunni, og áfanga á hringvegi milli kjördæma og tengingar þéttbýlisstaða í eitt atvinnu- og þjónustusvæði, eru skorin úr 702 millj. niður í 512 millj. eða um 190 millj. kr. Svo ég komi nú að framkvæmdaátakinu, sem hefur verið til umræðu í dag, og ríkisstjórnin ákvað að ráðist yrði í í vegagerð þá átti það fá 774 millj. kr. samkvæmt gildandi vegáætlun en er skorið niður um 257 millj. og verður 517 millj. kr. En eins og menn þekkja er framkvæmdaátaksfénu skipt niður á kjördæmi eftir íbúafjölda en höfuðborgarsvæðið er skoðað sem eitt svæði þó það sé í tveimur kjördæmum. Ég endurtek að þarna er og verður niðurskurðurinn tilfinnanlegastur.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að pólitísk ákvörðun var tekin um það við fjárlagagerðina í desember, að það skyldi skera niður mest á þessu svæði til að sporna við þenslu eins og það var kallað. Ég held að menn í stjórnarliðinu verði að gera sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja hér í fjárlagagerðinni.

Mig langar til að nota tíma minn til að minnast aðeins á slysahættuna af því að skera niður í vegaframkvæmdum sem ég hef verulegar áhyggjur af. Það kemur reyndar fram í þáltill. að viðurkennt er að slysatíðni er mest í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Þar er þjóðvegaumferð langmest og þá erum við að tala um svæðið sem afmarkast af vegamótum Krísuvíkurvegar og allt að Þingvallavegamótum í Mosfellsbæ. Á þessu svæði er þörfin fyrir úrbætur orðin mjög brýn og hún fer vaxandi og það er orðið mjög aðkallandi að farið verði þar í kostnaðarsamar framkvæmdir. Svo vitnað sé aftur í þingskjalið, með leyfi forseta, þá er talið að unnt sé að fækka þar umferðarslysum mest.

En mig langar til að benda á það, vegna umræðunnar um slysahættu af því að spara í vegaframkvæmdum, að það hefur verið reiknað út að kostnaður af slysum og árekstrum var talinn 8 milljarðar kr. á höfuðborgarsvæðinu, ef beitt er hefðbundnum aðferðum, en allt að 12 milljörðum ef notaðar eru þær viðmiðunarreglur sem tíðkast í nágrannalöndunum. Það hefur einnig verið reiknað út að mislæg gatnamót eru talin fækka slysum um helming og enn meir þeim alvarlegustu. Talningar óhappa á gatnamótum Höfðabakka og Vesturlandsvegar fyrir og eftir byggingu brúarinnar þar staðfesta þessar tölur. En það má geta þess að um 70% allra óhappa í umferð í Reykjavík eiga sér stað á stofnbrautum.

Enn um slysin. Það hefur einnig verið reiknað út að vegna framkvæmdanna á Miklubrautinni, sem ég gerði að umtalsefni í fyrri ræðu minni, þá hefur í skýrslu um skipulag Miklubrautar verið metinn sá kostnaður sem gæti sparast við þá framkvæmd, þ.e. vegna slysavarna. Það er talið að árlegur sparnaður vegna fækkunar slysa og óhappa á Miklubraut, ef farið væri í þær framkvæmdir eða endurbætur sem lagðar hafa verið til þar, sé um 200 millj. kr. og 220 millj. kr. ef gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar yrðu gerð mislæg. Þarna er því um verulegar fjárhæðir að ræða sem má búast við að gætu sparast, fyrir utan þær hörmungar sem fólk lendir í sem verður fyrir þeim óhöppum og slysum sem umferðin leiðir af sér og það ástand sem verður í umferðinni þegar ekki er tekið á málum og gerðar úrbætur.

[18:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að taka það fram enn einu sinni að það hefur alls ekki komið til þess að framkvæmdum við Ártúnsbrekku hafi verið frestað. Og það stóð alls ekki til að fresta þeim áföngum sem búnir eru eins og hv. þm. sagði í næstsíðustu ræðu sinni. Nú heldur hv. þm. sig við það að framkvæmdum hafi verið svo frestað, eins og ég skildi hana, að ekki gæti komið til þess að ljúka þeim áfanga sem ætlað var á þessu ári. Það er heldur ekki rétt. En ég held að það sé alveg ástæðulaust eins og þau mál standa nú að vera með einhver stór orð um þau efni.

Í annan stað held ég að óhjákvæmilegt sé að segja það enn einu sinni vegna niðurskurðar á vegáætlun að gert er ráð fyrir því að niðurskurður verði um 20%. Segja má að niðurskurður á almennum vegaframkvæmdum verði kannski allt að 25% ef tekið er tillit til þess að óhjákvæmilegt er að verja 250 millj. kr. til þess að endurbyggja veginn yfir Skeiðarársand. En það er nú alltaf þannig að ef eitthvað gengur úrskeiðis í vegáætlun þá bitnar það á öðrum framkvæmdum. Þannig bitnaði það auðvitað á framkvæmdum í heild þegar vatnsflóðið mikla varð á Vestfjörðum. Ef kostnaðurinn er vanáætlaður þá hlýtur það auðvitað að bitna vegafénu á sama máta og meira fé er afgangs ef vel gengur og tilboð eru hagstæð.

Um slysin vil ég aðeins segja að það er alltaf erfitt að tala um slys í beinum tengslum við vegagerð. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að það hafi snúist svo við að dauðaslys séu orðin algengari í umferðinni úti á landi heldur en í Reykjavík og eins eru umferðarslys alvarlegri úti á landi og oftar heldur en á Reykjavíkursvæðinu þó að hér séu óhöpp fleiri. En því miður getum við ekki sagt að við spörum 10 milljarða kr. á ári hverju með því að koma í veg fyrir umferðarslys og síðan tekið þá upphæð og varið til vegagerðar og ætlast til þess að engin slys verði á hinu næsta ári. Málið er ekki svo einfalt.

[18:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég byggi auðvitað mál mitt á þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir og þeim niðurskurði sem gert er ráð fyrir þar. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra hafi í hyggju að breyta þar út af og veita e.t.v. aukið fé til framkvæmda í vegagerð. Það hefur komið fram að hann er með eitthvað uppi í erminni í þeim efnum og ætlar að kynna það fyrir ríkisstjórninni á morgun og hefur verið í viðræðum við sveitarfélög og Reykjavíkurborg, eins og ég kom inn á í fyrri ræðu minni, um að vera með einhverja samninga. En auðvitað getur maður ekki annað en byggt á því sem maður hefur hér og hefur verið lagt fyrir og þar er greinilegt að það á að vera niðurskurður og auðvitað verður niðurskurður til þess að dregið er úr framkvæmdum. Það er alveg ljóst. En það er ekki hægt að gera ráð fyrir hlutum sem maður veit ekki um eins og hvað ráðherra ætlar sér að gera, hvort hann ætlar að láta þessar tölur standa sem hann leggur hér fram eða hvort hann hyggst e.t.v. setja meira fé til vegaframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu. Það breytir auðvitað myndinni.

[18:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við skiptumst á skoðunum um Ártúnsbrekku, ég og hv. þm. Þingmaðurinn hafði orð á því fyrr í dag að sér þætti rétt að samgrh. reyndi að stilla saman framkvæmdum í flugmálum, hafnamálum og vegamálum. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. er óljúft að fallast á að það kunni kannski ekki að saka þótt borgarstjóri og samgrh. töluðu saman um vegamál á höfuðborgarsvæðinu. Það var nú einmitt það sem ég var að lýsa hér áðan og ég vona að það sé ekki áfellisdómur yfir mér þó að ég hafi tekið málaleitan borgarstjóra vel og vilji láta athuga til þrautar hvort hægt sé að koma til móts við óskir borgarinnar.

Í sambandi við vegafé er það almennt að segja að ef tekið er tillit til þess viðbótarfjár sem til fellur, annars vegar vegna Skeiðarársands og hins vegar vegna tengingar Hvalfjarðarganga, og ef heildarverk samkvæmt vegáætlun eru borin saman við vegáætlun eins og hún lá fyrir, gildandi vegáætlun frá árunum 1995–1998, þá verður framkvæmdamagn svipað á þessu ári og hinu næsta eins og gert var ráð fyrir þegar vegáætlun var samþykkt.

[18:36]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur hvergi komið fram í máli mínu að ég hafi gagnrýnt það samráð sem hæstv. ráðherra á við borgarstjóra, alls ekki. Ég tel það jákvætt ef hann sér að það verður ekki við svo búið að fara í þann niðurskurð sem lítur út fyrir að verði á höfuðborgarsvæðinu. En eins og ég sagði áðan og endurtek núna, þá er ekkert í hendi hver niðurstaðan verður úr þessum viðræðum hæstv. ráðherra við borgarstjórann, en auðvitað vonar maður að það þurfi ekki að koma til að farið verði í þennan niðurskurð sem hefur verið hér til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 1997, fyrri umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 488.

[18:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Á sl. vori var samþykkt þingsályktun um flugmálaáætlun fyrir árin 1996–1999. Eins og fjárlög voru afgreidd er óhjákvæmilegt að breyta áherslum í flugmálaáætlun í samræmi við það sem þar stendur og eru breytingarnar þessar:

Áætlaðar tekjur fyrir árið 1997 hækka um 46 millj. kr. sem er byggt á áætluðum rauntekjum fyrir árið 1996 ásamt 3,5% hækkun milli ára. Umframtekjur ársins 1996 eru 42 millj. kr. og koma þær til ráðstöfunar í þessari áætlun.

Gert er ráð fyrir að 190 millj. kr. verði ráðstafað til rekstrar flugvalla í stað 100 millj. kr. í fyrri þingsályktun um flugmálaáætlun sem samþykkt var á Alþingi sl. vor.

Þá er gert ráð fyrir 60 millj. kr. fjárveitingu til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Mismunur á milli aukinna tekna og breyttrar ráðstöfunar útgjalda frá fyrri þál. felur í sér lækkun útgjalda til Reykjavíkurflugvallar sem nemur 90 millj. kr. en jafnframt hækkun útgjalda til leiðréttinga og brýnna verkefna um 18 millj. kr.

Þessu til viðbótar vil ég aðeins segja þetta. Á undanförnum mánuðum, eða í rúmt ár getum við sagt, hafa farið fram viðræður milli Reykjavíkurborgar, samgrn. og Flugmálastjórnar um uppbyggingu Reykjavíkurflugvallar. Þær umræður eru nú á lokastigi. Umhverfismat hefur farið fram og ég hygg að niðurstaða geti legið fyrir nú í þessum mánuði, eða a.m.k. í byrjun næsta mánaðar, og á þá ekkert að vera því til fyrirstöðu af þeim sökum að hægt sé að ráðast í að bjóða út endurbætur á Reykjavíkurflugvelli. Ég hafði gert mér vonir um að hægt yrði að ráðast í þessar endurbætur á þessu ári eins og ég hef margsinnis lýst yfir. Á hinn bóginn varð það að ráði vegna þeirra miklu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Reykjavíkursvæðinu vegna stóriðju og stóriðjuframkvæmda að þessi framkvæmd yrði látin bíða til næsta árs og þá yrði ráðist í þetta verk. Hugmyndin er auðvitað sú að vinna að áætlunargerðinni eða útboði og framkvæmdaröðun í samvinnu við Reykjavíkurborg. Ég þarf ekki að leggja á það mikla áherslu hér í þingsölum. Þingmenn eru þeim málum mjög kunnugir á hve miklu ríður að Reykjavíkurflugvöllur geti gegnt hlutverki sínu fyrir landsbyggðina. Hann er auðvitað sá flugvöllur hér innan lands sem mestu skiptir að sé í fullkomnu lagi en óviðunandi auðvitað ef til þess kæmi að nauðsynlegt yrði að taka hann úr notkun sem ég sé alls ekki að hætta sé á eins og málin liggja fyrir.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 60 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Ástæðan er sú að umferð um Keflavíkurflugvöll hefur farið mjög vaxandi. Nauðsynlegt er því á þessu ári að bæta aðkomu farþega, fjölga afgreiðsluborðum og annað því um líkt og er þessum 60 millj. kr. varið til þess.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Málið verður lagt fyrir samgn. til athugunar og skoðunar og jafnframt gerð grein fyrir því hvernig viðræður standa milli Reykjavíkurborgar og flugmálayfirvalda, hvaða áætlanir eru uppi um framkvæmdahraða og endurbyggingu Reykjavíkurflugvallar og síðast en ekki síst hvort til þess geti komið að við sjáum okkur fært í þessari atlögu að ráðast í byggingu nýrrar flugstöðvar, en síðast þegar ég vissi lá ekki endanlega fyrir hvar menn hugsuðu sér að hún stæði. Vonir manna stóðu á hinn bóginn til þess að hún gæti nýst bæði fyrir áætlunarbifreiðir, hópferðabifreiðir og svo farþega í innanlandsflugi.

Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umræðu og samgn.

[18:42]

Útbýting þingskjals:

Raðsmíðaskip, 355. mál, beiðni EKG o.fl. um skýrslu, þskj. 629.

[18:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þó svo að ég eigi sæti í samgn. og geti komið að þessu máli þar, þá get ég ekki látið hjá líða að lýsa vonbrigðum mínum og óánægju með þann niðurskurð sem er gerður á framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli og er 90 millj. kr. Það var gert ráð fyrir að til vallarins færu á þessu ári 127 millj. kr. og hafa framkvæmdir á vellinum, viðhaldsvinna á honum, miðað að því að farið yrði í þessa vinnu á þessu ári. Ef menn hefðu vitað að til stæði að draga enn lengur að gera úrbætur á Reykjavíkurflugvelli, þá hefði án efa verið farið öðruvísi í hlutina og þá hefðu verið gerðar varanlegri úrbætur, en eins og menn vita hafa menn verið svona með smáplástraaðgerðir á vellinum undanfarið.

Ég vil minna á það að í lok nóvember sl. ályktaði flugráð um ástandið á Reykjavíkurflugvelli þar sem það segir, með leyfi forseta, að niðurskurðurinn sem vitnað er til úr fjárlagaumræðunni muni þýða að „fresta verði fyrirhuguðum framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Flugráð getur ekki fallist á að þeim framkvæmdum verði frestað með flugöryggi í huga.

Um ástand flugvallarins má í fyrsta lagi benda á skýrslu Almennu verkfræðistofunnar frá því í mars 1995 sem fengin var til að gera úttekt á ástandi flugvallarins og valkosti um framkvæmdir. Í skýrslunni kemur glöggt fram hversu slæmt ástand flugbrautanna er. Af eðlilegum ástæðum hafa hvorki flugrekendur né flugmálayfirvöld verið reiðubúin að lýsa því nákvæmlega hversu slæmt ástandið er til að skapa ekki hræðslu við notkun flugvallarins. Staðreyndin er sú að við vissar veðurfarslegar aðstæður sem ekki eru óalgengar hér eða þegar vatnsveður eru getur skapast hætta á flugvellinum vegna vatnspolla sem safnast fyrir á flugbrautunum þar sem sandgildra til afvötnunar er engin, samanber skýrslu Almennu verkfræðistofunnar frá mars 1995. Á nokkrum stöðum á flugbrautunum eru hreinlega orðnar til hraðahindranir vegna missigs, sérstaklega á norður/suður og austur/vestur-flugbrautunum. Þessar ójöfnur gera það að

verkum að flugmenn sem þekkja brautirnar reyna að forðast þessa staði á þeim sem þýðir að verið er að víkja frá stöðluðum vinnubrögðum sem geta boðið hættu heim." — Þarna er bara gripið niður í samþykkt flugráðs frá því í vetur.

Nú þegar ljóst er að farið verður í þennan niðurskurð og ekki verður farið í neina vinnu við að gera varanlegar úrbætur á flugbrautunum, þá er mjög sennilegt að þungatakmarkanir verði settar á vellinum með vorinu þegar frost fer að fara úr jörðu. Einnig má gera ráð fyrir að jafnvel þurfi að loka ákveðnum brautum. Þetta tel ég mjög alvarlegt því að eins og við vitum, þá fara um Reykjavíkurflugvöll 350–400 þúsund manns á ári. Þetta er okkar aðalinnanlandsflugvöllur og einnig varaflugvöllur okkar fyrir millilandaflug, einn af fleirum, en þetta er varaflugvöllur engu að síður. Og um þennan völl fara 90% af þeim sem ferðast í innanlandsflugi. Með því að fresta þessum framkvæmdum er verið að ógna öryggi þess fólks sem ferðast hér um.

Ég vil líka minna á að menn eru að leggja áherslu á ferðaþjónustu og það er náttúrlega ekki gott til afspurnar ef völlurinn á enn að vera í þessu ófremdarástandi í ár í viðbót. Því ítreka ég að þetta er gjörsamlega óviðunandi ástand og nær væri að setja þessa peninga í framkvæmdir hér á Reykjavíkurflugvelli heldur en að taka allan niðurskurðinn hér og sömuleiðis að taka 60 millj. kr. til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, en reyndar var það samþykkt í bandormi í desember þannig að ekki þýðir um það að sakast, en engu að síður vil ég lýsa áhyggjum mínum af þessu að enn skuli þurfa að fresta framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli. Ég vona svo sannarlega að ekki verði eitthvert óhapp vegna þessa dráttar á framkvæmdum, en ég sé að mér færari menn hafa vissulega áhyggjur af því og ályktun flugráðs frá því í vetur sýnir það.

[18:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið liggur þannig fyrir að Reykjavíkurflugvöllur er enn ekki tilbúinn fyrir útboð, svo það sé nú alveg ljóst. Það standa vonir til þess og ég veit ekki betur en að rétt nú um þessi mánaðamót liggi fyrir samkomulag milli Reykjavíkurborgar og samgönguyfirvalda um það hvernig staðið skuli að framkvæmdum á Reykjavíkurflugvelli.

Ég vil á hinn bóginn segja hv. þm. það, ef hann vill rifja upp hvernig stendur á því að ekki er búið að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll, að sú ákvörðun var tekin fyrir átta árum. Hún var tekin þegar Alþingi komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að víkja Reykjavíkurflugvelli til hliðar til þess að hægt yrði að ráðast í byggingu varaflugvallar á Egilsstöðum, en hann kostaði á annan milljarð kr., 1,2 milljarða eða eitthvað því um líkt, og það var auðvitað algjörlega borin von að unnt yrði að byggja varaflugvöll á Egilsstöðum samtímis því sem Reykjavíkurflugvölur yrði endurbyggður. Þegar sú ákvörðun var tekin var raunar alls ekki hægt að kenna mér um þann gang mála því að þá hafði ég annað slagið orð á því að nær væri að velta því fyrir sér hvort möguleiki væri á að varaflugvöllur kæmi í Aðaldal og byggður úr Mannvirkjasjóði NATO. En sá samgrh. sem þá var vildi leggja mikið á sig til þess að til slíks kæmi ekki þannig að það er síður en svo að ákvörðunin um að fresta Reykjavíkurflugvelli hafi verið tekin í síðustu viku.

[18:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þeirra orða hæstv. samgrh. um að Reykjavíkurflugvöllur sé ekki tilbúinn fyrir útboð, þá lítur nú út fyrir að hann verði tilbúinn fyrir útboð á þessu ári. Og ég minni hæstv. samgrh. á að í samþykktri flugmálaáætlun fyrir árið í ár er gert ráð fyrir að farið verði í þessar framkvæmdir. Það eru ætlaðar til þess 127 millj. kr. þannig að hann getur ekki vikist undan þeirri ábyrgð að hafa lagt fram þessa flugmálaáætlun og hún hafi verið samþykkt af hv. þingmönnum. Ég stend við hvert orð sem ég hef sagt í þessum efnum og tel að það hefði þá átt að vera búið að sjá það áður en farið var í þær viðgerðir sem unnar voru í fyrra og láta menn vita að ekki stæði til að fara í endurbyggingarnar á vellinum því þá hefði verið staðið öðruvísi að framkvæmdum, þá hefði verið unnið öðruvísi, því að menn voru að gera bráðabirgðaúrbætur vegna þess að þeir töldu að það ætti að fara í gagngerar endurbætur á þessu ári.

[18:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar þessi flugmálaáætlun var samþykkt síðasta vor var gert ráð fyrir því að kostnaður við að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll lægi eitthvað í kringum einn milljarð, kannski 1,1 milljarð kr. Þá var jafnframt talið að nauðsynlegt yrði að ráðast í þá framkvæmd og taka hana fyrir á sem skemmstum tíma og var talað um tvö ár eða jafnvel þrjú í því sambandi en alls ekki lengur. Það er aðvitað rétt hjá hv. þm. að hér eru 117 millj. kr. á þessu ári upp í þessa framkvæmd og vantar þá 900 millj. kr. samkvæmt þeim hugmyndum sem þá voru uppi.

Nú er mér sagt, ég held að ég fari rétt með það, að hugmyndir í flugráði séu komnnar upp í 1,3 milljarða kr. þannig að kröfurnar þar hafa vaxið um 30% á þessu hálfa ári sem liðið er síðan flugmálaáætlun var samþykkt. Tölurnar eru fljótar að hækka og vaxa og stækka.

Ég vil bara segja það að auðvitað hefðum við ekki farið langt fyrir þessar 117 millj., það er síður en svo. Aðalatriðið í málinu er að það hefur náðst samkomulag tel ég, þó að það sé kannski ekki formlega frá gengið þá er það a.m.k. í burðarliðnum, milli Reykjavíkurborgar og samgrn. um að ráðast í endurbyggingu flugvallarins. Ég veit ekki betur en við séum samstiga um það. Í samgrn. er unnið áfram að undirbúningi að því hvernig rétt sé að bjóða verkið út og ég mun að sjálfsögðu hraða þeirri vinnu eins og kostur er. Síðan verður að freista þess að ná samkomulagi um hvernig fjár verður aflað. Það verður ekki tekið af flugmálaáætlun á einu ári, en vegna þeirrar miklu þenslu sem fyrirsjáanleg er á verktakamarkaði á þessu ári var tekin ákvörðun um að fresta Reykjavíkurflugvelli um eitt ár.

[18:54]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar ráðstafanir vegna þeirrar þenslu sem gert er ráð fyrir ógna flugöryggi fólks sem fer hér um völlinn. Ég ætla ekki að mótmæla öðru af því sem hæstv. ráðherra sagði. Ég er alveg sammála því og það eru réttar tölur sem hann nefnir. En mig skal ekki undra þótt menn telji að kostnaður hafi aukist við að að endurbyggja flugvöllinn því að ekki lagast völlurinn við að vera í stöðugri niðurníðslu og vanrækslu eins og hann hefur verið á stjórnartíma hæstv. samgrh. Hann hefur verið með sparnað og niðurskurð og ekki séð um að völlurinn hefði viðunandi fjármagn til þess að honum væri haldið í almennilegu horfi. Mig skal því ekki undra að menn telji að það sé enn meiri kostnaður við að endurbyggja hann heldur en áður var áætlað.

[18:55]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Flugmálaáætlun er plagg sem hefur ekki síður en vegáætlun verið mikið og umdeilt og hefur það verið nokkuð árvisst að menn hafa deilt um hvort Flugstöð Leifs Eiríkssonar og fjárhagsvandi hennar ætti að koma til umræðu og til afgreiðslu við þessa umræðu og hefur mönnum sýnst sitt hvað eins og við er að búast. En staðreyndin er sú að meginhlutinn af öllum tekjum flugmálaáætlunar kemur vegna lendingargjalda frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða vegna lendinga á Keflavíkurflugvelli. Það er því ekki nema lítið brot af því sem þarf til þess að koma til móts við vanda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar að settar eru 60 millj. í þá flugstöð og í rauninni er kannski ekki verið að mæta þar erfiðleikum vegna fjármögnunar þessarar flugstöðvar heldur til að breyta innritunarformi í flugstöðinni sem að hluta til gæti tengst Schengen-samkomulaginu sem er í burðarliðnum.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur liðið fyrir það á undanförnum árum eða allt frá því að hún var byggð hversu fjármögnunin hefur gengið illa og gjöld sem innheimt eru af leiguliðum, sem þar eru staddir, hafa verið svo há að þarna þrífst ekki nokkur rekstur nema ríkið standi að honum þannig að þetta fer úr einum vasanum í annan. Ég verð því að lýsa yfir vonbrigðum mínum með hvað lítið er tekið af fjármunum flugmálaáætlunar til að mæta þeim gríðarlega vanda sem þarna er og hefur staðið, eins og ég sagði áðan, öllum verslunarrekstri á þessu svæði fyrir þrifum nema rekstri Fríhafnarinnar sem hefur skilað miklum hagnaði inn í ríkissjóð en sá hagnaður hefur ekki farið til að greiða niður þessar skuldbindingar sem eru á fimmta milljarð í dag.

Í mínum huga hefur umræðan um Reykjavíkurflugvöll verið nokkuð sérkennileg og hefur komið upp oftar en einu sinni áhugi yfirvalda í Reykjavík að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur hefur í tví- eða þrígang í Morgunblaðinu lýst því yfir að þessi flugvöllur væri fyrir skipulaginu í Reykjavík og þarna væru dýrmætar lóðir sem í rauninni væru miklu dýrmætari sem byggingarlóðir en undir flugvöll. Þessi hv. borgarfulltrúi hefur nú orðið að éta þetta ofan í sig að hluta til vegna þrýstings, enda gera menn sér grein fyrir að þarna er um atvinnuspursmál að ræða og auðvitað ekki til þess fallið að auka fylgi Reykjavíkurlistans að leggja niður þennan flugvöll.

Í mínum huga er þetta fyrst og fremst spurning um hagkvæmni. Að setja 1,3 milljarða í að byggja upp Reykjavíkurflugvöll á sama tíma og borgaryfirvöld eru að gera ráð fyrir að loka ákveðnum brautum til að geta komið fyrir nýrri flugstöð finnst mér alveg hróplegt og í mikilli andstöðu við þær hugmyndir sem eru uppi, að þetta eigi að vera flugvöllur til framtíðar. Ég held að það sé engin spurning að allar aðgerðir sem koma frá Reykjavíkurborg lúti að því að þessi flugvöllur sé víkjandi. Eftir þeim viðbrögðum sem manni sýnast koma frá borgaryfirvöldum verður sá flugvöllur ekki þarna nema í nokkur ár til viðbótar. Þess vegna hef ég lýst þeirri skoðun minni að í rauninni væri miklu eðlilegra að nota þá peninga, sem nú á að setja til að endurbæta Reykjavíkurflugvöll, til að gera samgöngur greiðari til Keflavíkurflugvallar þannig að allt flug sem þarna fer fram í dag verði í gegnum Keflavíkurflugvöll, enda er sá flugvöllur í raun eini flugvöllurinn sem við getum sagt að sé sólarhringsflugvöllur sem geti þjónað hvers konar samgöngum allan sólarhringinn árið um kring.

Ýmislegt er nú að gerast í flugmálum sem bendir til að það sé einmitt þvert á þessa skoðun mína. Það er það að Flugfélag Íslands, hið nýstofnaða félag, er að taka yfir flug Grænlandsflugs til landsins. Grænlandsflug hefur að mestu verið í gegnum Keflavíkurflugvöll en með sameiningu og yfirtöku þeirra á Grænlandsflugi mun það væntanlega flytjast til Reykjavíkurflugvallar, á yfirhlaðinn flugvöll sem þar að auki eftir lýsingum hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur er ekki til þess fallinn af öryggisástæðum að taka yfirleitt við neinu flugi. Ég verð því að lýsa yfir mikilli undrun minni með það hvernig þetta er að þróast og vona að umræður um hagkvæmnisbreytingar, breytingar í þá átt að við rekum flugsamgöngur á sem hagkvæmastan hátt, komist á hærra stig en þær hafa verið. Það er ekkert tiltökumál fyrir hvern sem er að keyra á milli Keflavíkurflugvallar og til Reykjavíkur ef samgöngur eru bættar. Eins og ég hef lýst áður er þessi leið ekki nema í um 20 mínútna fjarlægð þegar við hugsum um miðpunkt Reykjavíkur eða Breiðholtið og þar um kring.

Vandamálið í kringum þetta allt saman er í rauninni sú skipan í stjórnkerfi landsins að samgöngur eru ekki á einni hendi eins og flugsamgöngur. Þær eru annars vegar í höndum utanrrh. sem fer með flugsamgöngur um Keflavíkurflugvöll meðan samgrh. fer með flugsamgöngur að öðru leyti. Af þeirri ástæðu einni hefur ekki gengið að auka samgöngurnar til Keflavíkur vegna þess að verið er að taka ákveðna bita, ákveðna tekjustofna og ákveðin áhrif sem samgrn. hefur í dag og flytja þá yfir til utanrrn. Ýmsar leiðir hafa komið fram til þess að létta flugi af Reykjavíkurflugvelli, m.a. að flytja allt ferjuflug frá Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkurflugvallar. Það hefur heldur ekki tekist nægjanlega vel vegna þess að kerfið sér ekki hag sínum borgið innan þeirra breytinga. Allt þetta lýtur að sama brunni, það vinnur hver á móti öðrum og við náum ekki þeirri hagkvæmni í fluginu sem hægt væri að ná ef menn litu á samgöngurnar í einni heild.

[19:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni að auðvitað þarf fjárveitingar til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Það þarf að gera þar endurbætur og þarf að leggja í verulegan kostnað ef við gerumst aðilar að Schengen. En telur hv. þm. eðlilegt að það sé tekið út með niðurskurði á einum aðalinnanlandsflugvelli okkar, Reykjavíkurflugvelli, og það verði til þess að ógna flugöryggi innanlandsfarþega? Ég vil vegna orða hv. þm. um borgaryfirvöld hér taka fram að borgaryfirvöld hafa aldrei lagt það til að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Einstaka borgarfulltrúi hefur e.t.v. verið með vangaveltur þar um, en sá borgarfulltrúi sem hv. þm. nefndi hefur staðið fyrir samþykktum í borgarráði um mikilvægi þess að farið yrði í endurbætur á Reykjavíkurflugvelli þannig að það er ástæðulaust að vera með svona tal hér.

Vegna orða þingmannsins um að ég hafi sagt í ræðu minni að Reykjavíkurflugvöllur væri ekki í ástandi til að taka við neinu flugi, þá er það rangt. Ég sagði að við ákveðnar aðstæður væri þar hættuástand og það fer saman við ályktun flugráðs frá því í vetur. Þar kemur fram að hættuástand er við ákveðnar aðstæður og það muni þurfa loka vellinum. Það eru öll líkindi til þess að loka þurfi jafnvel brautum og setja þungatakmarkanir nú með vorinu á Reykjavíkurflugvelli eins og ástandið er þar nú.

[19:05]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Niðurskurður á flugmálaáætlun og til viðhalds á Reykjavíkurflugvelli er eðlilega vegna þess að ekki eru til peningar. Þess vegna tel ég að heppilegra sé þegar á

heildina er litið að nýta þá velli sem eru í því ástandi að geta tekið við hvaða flugi sem er. Ég held að engin ástæða sé til að reyna að leiða þá umræðu hjá sér að þessi flugvöllur, eins og ég sagði áðan, er fyrir skipulaginu í Reykjavík og það hefur margoft komið fram hjá borgarfulltrúum, borgarfulltrúa Reykjavíkurlistans, Guðrúnu Ágústsdóttur. Hún hefur lýst því yfir í blaðagreinum, í viðtölum, í fjölmiðlum þannig að ég held að ekki sé hægt að segja annað þegar forseti borgarstjórnar lýsir yfir slíkri afdráttarlausri skoðun sinni, þá sé hún að tala í nafni fleiri en sjálfrar sín. Það er því ekki hægt að segja að það séu einhverjar bollaleggingar eða eitthvað snakk út í loftið. Þetta hlýtur að vera vilji meiri hluta Reykjavíkurlistans, alla vega á þeim tíma sem hún segir það. Ég skal ekki segja hvort hún hafi skipt um skoðun.

Það er alveg ljóst að þó hv. þm. hafi ekki sagt að ekki mætti neitt flug eiga sér stað, þá er samt greinilegt að ef hættuástand er undir ákveðnum kringumstæðum sem geti þýtt að þarna yrðu slys, þá mundi ég segja að í því fælist sú yfirlýsing að um þennan völl gæti ekki orðið neitt flug undir ákveðnum kringumstæðum. Flugvöllurinn er sem sagt ekki nýtanlegur nema veður og aðrar aðstæður sem hafa mikil áhrif á þennan völl séu heppilegar. Það er ekki hægt að segja það um völlinn á Keflavíkurflugvelli að hann geti ekki verið fær undir hvaða kringumstæðum sem er.

[19:08]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. segir að niðurskurður um 90 millj. á Reykjavíkurflugvelli sé vegna þess að ekki séu til peningar. Það voru til peningar til að setja í ýmsar aðrar framkvæmdir í flugáætlun. Ástæðan fyrir þessum niðurskurði er sú að tekin var pólitísk ákvörðun um að skera niður á Reykjavíkurflugvelli. Það var ekki niðurskurður annars staðar í framkvæmdum við flugvelli. Þetta er pólitísk ákvörðun eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra. Það var gert til að koma í veg fyrir þenslu á svæðinu meðal annars. Það er ótrúlegt að heyra slík svör frá þingmanninum. Þetta er einungis forgangsröðun og hún er sú hjá hæstv. ríkisstjórn að setja ekki peninga í að endurbyggja Reykjavíkurflugvöll og stofna öryggi flugfarþega í hættu við vissar aðstæður í innanlandsflugi.

[19:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil ítreka það og upplýsa hv. þm. um að öryggismál geta verið í fullkomnu lagi á þessu svæði. Öryggismál á Keflavíkurflugvelli eru alltaf í lagi og ekki þarf að leggja í neina hættu vegna Reykjavíkurflugvallar því að það er annar flugvöllur í 40 km fjarlægð og hann getur tekið við allri þessari starfsemi strax á morgun.

[19:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf ekki að tíunda hér í ræðustól að ég er auðvitað fullkomlega ósammála hv. þm. um að það mundi ganga upp að flytja innanlandsflugið til Keflavíkurflugvallar. Við höfum oft skipst á orðum út af þeirri skoðun hv. þm. Ég þarf ekki að rökstyðja mína skoðun í þessu. Hún er augljós öllum sem þurfa á slíkum samgöngum að halda, þurfa að skjótast til Akureyrar, skjótast til Ísafjarðar, skjótast til Egilsstaða eða þaðan hingað til höfuðborgarsvæðisins. Það er auðvitað algerlega út í hött að byrja á því að aka til Keflavíkur, algerlega út í hött og gengur ekki, enda yrði auðvitað sjónarsviptir af því í Reykjavík ef innanlandsflugið félli niður, dreifðist á nágrannabyggðarlög því að ekki mundu menn una því að þurfa að fara alla leið suður í Keflavík til að lenda nálægt Reykjavík, fá bæði dýrara flug og lengri tíma en ella mundi, t.d. ef menn mundu lenda á flugvellinum á Selfossi svo að dæmi sé tekið eða bara fara upp í Mosfellssveit.

Um hitt vil ég svara nokkrum orðum sem hv. þm. hafði á orði út af því að svo kynni að fara að Grænlandsfluginu yrði öllu beint til Reykjavíkur. Ég held að engar slíkar áætlanir séu uppi. Ég hef ekki heyrt um það. Ég held að mjög mikilvægt sé fyrir samkeppnisstöðu oss Íslendinga gagnvart Grænlandsflugi og einnig í sambandi við samvinnu íslenskra flugfélaga og Grænlandsflugs að hægt sé að tengja Grænlandsflugið beint við Kaupmannahafnarflugvöll og Keflavíkurflugvöll og koma þannig til móts við hagsmuni Grænlendinga. Ég held að það sjónarmið hljóti að vera ráðandi. En svona til upplýsingar, þá er sumt af Grænlandsfluginu frá Akureyri líka, þ.e. á austurströndina, þannig að það má nú ekki alveg gleyma höfuðborg Norðurlands í þessari umræðu ef menn vilja á annað borð gera málefninu skil.

[19:12]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tíunda þær mínútur sem fara í að keyra frá höfuðborgarsvæðinu til Keflavíkur. Ég hef margoft sagt það og hef mælt að það tekur nákvæmlega 20 mínútur að keyra á löglegum hraða, ef við mundum geta tvöfaldað Reykjanesbrautina, frá Keflavíkurflugvelli til Breiðholts sem er miðja höfuðborgarsvæðisins. Það tekur álíka langan tíma að fara frá Breiðholtinu og niður á Reykjavíkurflugvöll eins og hann er í dag þannig að í sjálfu sér er þetta ekkert ósambærilegt í viðmiðun. (Gripið fram í.) Það þarf nú ekki þyrlu til þannig að þú getur bara verið á þínum bragga, hv. þm.

Það að engar áætlanir séu um að Grænlandsflug leggist af — mínar upplýsingar eru þær reyndar að Flugfélag Íslands muni yfirtaka það og þar sem flugfélagið mun vera með höfuðstöðvar sínar á Reykjavíkurflugvelli, eftir því sem mér er sagt og ef það er ekki rétt hjá mér þá fagna ég því reyndar. En mér er sagt að umræður séu í gangi um að þetta flug sem tengist Grænlandi og Íslandi flytjist með Flugfélagi Íslands til Reykjavíkurflugvallar. Ég veit að fyrir þá þjónustuaðila sem eru suður frá er þetta mikið áfall og þá sérstaklega yfir vetrartímann þar sem ýmsir þjónustuaðilar hafa haft tekjur af því að sinna þessum flugáhöfnum og því fólki sem hefur nýtt sér flug um Keflavíkurflugvöll. En ég fagna því ef það er ekki á döfinni og vona að hæstv. ráðherra fari með rétt mál í því efni.

[19:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við þá fullyrðingu þingmannsins að forseti borgarstjórnar hafi ítrekað sett fram þá skoðun að færa eigi allt innanlandsflug frá Reykjavíkurflugvelli. Eftir því sem ég best veit um það mál, þá er þetta röng staðhæfing af hálfu þingmannsins og ástæða til að bera hana til baka. Það sem forseti borgarstjórnar hefur nefnt í þessu sambandi er hvort ekki væri rétt að flytja frá Reykjavíkurflugvelli allt flug annað en innanlandsflug, þ.e. ferjuflug, æfingaflug og annað þess háttar sem er um 80% af öllu lendingum og flugtökum á vellinum. Þetta horfir því allt öðruvísi við mér en hv. þm. og ég skora á hv. þm. að leiðrétta mál sitt í þessu efni.

Ég hef líka efasemdir um þá skoðun hans eða réttmæti hennar að flytja innanlandsflugið allt til Keflavíkur. Það kann

að vera ávinningur að því að einhverju leyti vegna samnýtingar á flugbrautum að unnt verði að komast hjá því að leggja í kostnað við nýjar flugbrautir í Reykjavík, en athuga þarf líka hvort ekki leiðir af því kostnað á öðrum sviðum eins og við flugstöðina, við flugbúnað og annan leiðsögubúnað sem þarf til að stjórna flugi. Um það er ekki vitað og þarf auðvitað að athuga það mál. Þá lengir þetta innanlandsflugið fyrir alla aðila, bæði Vestfirði, Norðurland og Austurland, gerir flugið lengra, dýrara og farmiðaverðið hærra, auk þess sem þetta er aukakostnaður fyrir farþegana því að þeir þurfa síðan að koma sér frá Keflavík hingað til höfuðborgarsvæðisins því það eru sárafáir farþegar í innanlandsflugi sem eru á leiðinni til og frá Suðurnesjum. Mér sýnist flest mæla heldur gegn því að fara þá leið sem hv. þm. nefnir. Ég held að menn ættu fremur að skoða flugstæði á Suðurlandi eða á Vesturlandi ef menn ætla að leita að öðrum flugvelli á þessu svæði.

[19:16]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð að ég hafi neina ástæðu til að draga neitt til baka af því sem ég sagði um yfirlýsingar forseta borgarstjórnar í Reykjavík. Hún hefur lýst því yfir að hennar skoðun sé sú að það eigi að leggja niður Reykjavíkurflugvöll í núverandi mynd og leggja þetta svæði undir byggingar, undir skipulag til annarrar starfsemi en flugstarfsemi. Ég hef ekki fullyrt að hún hafi ætlast til þess að flugið flyttist til Keflavíkur, ég hef aldrei sagt það. En þessi yfirlýsing hennar liggur fyrir og við skulum bara fara í gegnum þær fréttir sem hafa verið af þessu máli og greinar sem skrifaðar hafa verið og þá getum við komist að því sanna.

Varðandi það að kostnaður aukist ef flutningur verður á fluginu til Keflavíkurflugvallar. Ég viðurkenni að það er að sjálfsögðu mun þægilegra fyrir þingmenn að skutlast héðan úr þinghúsinu út í Vatnsmýrina til þess að taka flug til Akureyrar eða Ísafjarðar, en fyrir þá sem eru uppi í Breiðholti eða eiga heima í Hafnarfirði skiptir þetta ekki nokkru máli. Það er líka fólk sem þarf að leggja út í kostnað.

Sá kostnaður sem við erum að leggja í núna samkvæmt hugmyndum um endurnýjun á Reykjavíkurflugvelli er upp á 1,3 milljarða. Miðað við það sem við heyrðum í fréttunum nýverið að leggja ætti niður norðvestur/suðaustur brautina, eða taka alla vega hluta af henni undir flugstöð, sýnir okkur að það er skref fyrir skref verið að ganga á þetta svæði. Og það getur ekki endað nema á einn veg, þ.e. að þessi flugvöllur verður lagður niður með tímanum. Þetta er allt spurning um tíma. Þess vegna hef ég sagt og stend á því að það væri miklu sniðugra og eðlilegra að taka upp þá umræðu að flytja þetta allt suður eftir þar sem aðstæður eru til staðar og menn geta farið strax í að undirbúa þær.

[19:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að hv. þm. hafi farið yfir strikið í velsæmismörkum í þessum ræðum sínum. Hann er að vega að borgarfulltrúa sem ekki hefur möguleika á að bera hönd fyrir höfuð sér hér á þessum vettvangi og hann hefur ekki fyrir því áður en hann ber fram ásakanir sínar að hafa nein skjöl með sér eða sönnunargögn til stuðnings ásökununum, enda kemur í ljós að hann er að fara með fleipur það best ég veit um það mál eins og ég rakti í fyrri ræðu minni. Ég stend á því að hv. þm. sem ber fram ásakanir verður auðvitað að færa sönnur á sitt mál. Að öðrum kosti á hann að láta það ógert að vega ítrekað að fólki sem ekki á þess kost að svara fyrir sig. Hann á þá að bera fram ásakanir sínar þar sem þeir geta svarað fyrir sig sem að er veist.

[19:20]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson taka heilmikið upp í sig. Ég hef ekki verið með ásakanir á einn né neinn. Ég hef einfaldlega verið að fara yfir það sem hefur verið sagt í fjölmiðlum af ákveðnum fulltrúum í borgarstjórn. Ég held að hann ætti þá að koma með sannanir um að ég fari með rangt mál, það er kannski ekkert síður þitt mál. Og ég get ekki séð að ég hafi farið yfir strikið í þessum málum. Þetta er ekkert að byrja í umræðunni, þetta er búið að vera lengi í umræðunni varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar og ég minni á að það hefur verið gefin út skýrsla um þetta mál sem er ekki svo ýkja gömul þar sem ýmsar hugmyndir hafa verið á lofti. Ég mun leggja þær greinar og þær fréttir sem um þetta hafa komið á síðustu mánuðum fyrir hv. þm. á morgun eða hinn.

[19:22]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. birtist okkur hér í allt öðru gervi en við eigum að venjast og miklu óviðfelldnara heldur en hann yfirleitt sést í. Hann kemur hingað í gervi hins svala töffara sem slettir í góm þegar öryggismál flugvallarins í Reykjavík ber á góma. Það virðist engu máli skipta fyrir hæstv. samgrh. þó fyrir liggi að niðurskurðurinn sem hann eigin hendi hefur beitt sér fyrir varðandi flugvöllinn í Reykjavík leiði til þess að öryggismálin verða fyrir vikið miklu verri og lakari heldur en hægt er að sætta sig við. Þetta eru ekki einungis staðhæfingar sem koma úr munni hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, heldur liggur það fyrir að trúnaðarmenn hæstv. samgrh., flugráð, hefur gert sérstaka bókun þar sem í fyrsta lagi er mótmælt harkalega niðurskurði sem hæstv. ráðherra áformar og í öðru lagi er bent á að frá sjónarmiði öryggis sé þetta ekki ásættanlegt. Og hver eru viðbrögð hæstv. samgrh.? Þau eru engin. Hann hefur í engu svarað þeim staðhæfingum sem komu fram hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur varðandi öryggismálin.

Ég verð að segja það, herra forseti, að það er ekki hægt fyrir einn ráðherra, jafnvel þó að hann sé vel virtur og hæstv., að koma hingað og gera því skóna að allt sé í stakasta lagi þegar þeir menn sem eiga að vera ráðgjafar hans lögum samkvæmt telja að potturinn sé ekki bara brotinn heldur verði hann mölbrotinn ef svo horfir sem virðist nú vera ætlan hæstv. ráðherra. Ég get ekki annað en spurt hæstv. ráðherra: Hvaða úttekt hefur hann fyrir sér í öryggismálum flugvallarins sem bendir til þess að þetta sé allt í lagi? Eða hefur hann kannski ekkert fyrir sér í þessum málum? Er þetta bara handahófskenndur niðurskurður sem eins og dettur af himnum ofan? Það er ekki hægt að bjóða upp á að þegar það liggur fyrir að flugráð mótmælir þessu af öryggisástæðum þá komi ráðherrann og segir: Þetta skiptir ekki máli. Því það er það sem hæstv. ráðherra gerir efnislega með því að virða hv. þm. ekki svars í þessum efnum.

Öðruvísi mér áður brá. Hæstv. samgrh. hefur jafnan verið einn þeirra þingmanna sem hafa gengið hvað varfærnislegast um gáttir og reynt að ástunda hófsemi í hvívetna. Ég verð hins vegar að segja að svona stíll angar af óhófi og er ekki hinn hefðbundi taktur hæstv. samgrh. En auðvitað er það svo að hann er beygður í þessu máli. Það er ekki bara þetta mál. Það eru líka í samgöngumálum annars staðar á höfuðborgar-

svæðinu sem hann hefur látið teyma sig til óhæfuverka. Við skulum rifja það upp, herra forseti.

Það voru bjartsýnir menn sem héldu blaðamannafund rétt fyrir síðustu kosningar. Það voru formaður og varaformaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og fjmrh. Þeir sögðu léttir á brún að þeir ætluðu sér ekki að ástunda yfirboð eða mikil kosningaloforð. Þess í stað ætluðu þeir einungis að gefa eitt loforð og þetta loforð var að auka framlög til samgöngubóta. Hæstv. samgrh. hefur tekið að sér hlutverk niðurskurðarmannsins. Hann hefur tekið að sér að vera maðurinn sem brýtur eina kosningaloforð Sjálfstfl. Ég verð að segja eftir þessa umræðu, eftir mál hæstv. ráðherra og hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að Reykvíkingar þurfa ekki lengur að ganga gruflandi að því viðmóti sem þeir mæta hjá Sjálfstfl. Það á a.m.k. eftir að koma sjálfstæðismaður upp í þessari umræðu og lýsa því yfir að hann sé ekki sammála þessu viðhorfi sem hér hefur komið fram. Hvað er það sem hér er að gerast?

Hæstv. samgrh. sker niður við trog þá áætlun sem áður var búið að samþykkja. Þær 117 millj. kr. sem áttu að fara í samgöngubætur á Reykjavíkurflugvelli eru skornar niður um 90 millj. kr. En hann segir: Það verður ekki til langframa. Hann stefnir að því að hefja þessar endurbætur á næsta ári. En hann er ekki viss.

Hv. þm. Kristján Pálsson, sem er ekki bara venjulegur þingmaður í þessari umræðu heldur einn af trúnaðarmönnum Sjálfstfl. í samgöngumálum vegna þess að hann á sæti í þeirri nefnd, er alveg klár á því hvað er að gerast. Hann sagði hérna áðan að auðvitað lægi fyrir að það væri verið að skera niður Reykjavíkurflugvöll skref fyrir skref. Og hann lýsti því yfir og þá væntanlega fyrir hönd síns flokks að það væri einungis spurning um tíma hvenær flugvöllurinn yrði lagður niður. (**KPál:** Það voru borgaryfirvöldin.) Þetta voru óbreytt orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Hann kemur hér sem fulltrúi Sjálfstfl. í samgn. og hann lýsir því yfir að það sé allljóst að flugvöllurinn verði lagður niður og það sé einungis spurning um tíma. Ef ekki koma fram harkalegar neitanir á þessu frá Sjálfstfl., þá hljótum við að líta svo á að sá niðurskurður sem er núna í gangi af hálfu hæstv. samgrh. sé liður í því að grafa smám saman undan starfsemi flugvallarins, að mola undirstöðuna hægt og hægt.

Hæstv. samgrh. er ekki með góða samvisku þegar hann kemur hingað í ræðustól eins og sést glöggt á því að málflutningur hans er bæði loðinn og veikur. Hann segir í fyrsta lagi, eða ég skildi mál hans þannig, að það skipti ekki máli þó að þessi niðurskurður kæmi fram núna vegna þess að Reykjavíkurflugvöllur væri hvort eð er ekki tilbúinn fyrir útboð. Og það mátti skilja á honum að það væri vegna einhvers konar slaklegrar frammistöðu borgarstjórnar Reykjavíkur. Ef það er rangt hjá mér, þá leiðréttir hann það hér á eftir. En í hinu orðinu segir hann að sá undirbúningur muni liggja fyrir um næstu mánaðamót þannig að þetta eru rök sem ekki er hægt að taka gild.

Sama gildir líka um þær röksemdir sem hann flytur og tengjast fyrirhugaðri þenslu á Reykjavíkursvæðinu. Er það ekki hans ríkisstjórn sem hefur hvað eftir annað komið fram fyrir skjöldu og reynt á síðustu vikum að telja mönnum trú um að hið fyrirhugaða góðæri, hinar miklu fyrirhuguðu framkvæmdir, séu einungis fugl í skógi. Það sé ekkert víst með það og þess vegna eigi verkalýðshreyfingin að stilla kröfum sínum í hóf. En núna kemur hann og segir: Vegna þessarar þenslu, sem ríkisstjórnin á öðrum vettvangi er að draga úr, er ekki hægt að fara í þessar framkvæmdir.

Það er rétt að rifja það upp að borgarstjórinn í Reykjavík hefur ekki bara einu sinni heldur a.m.k. tvisvar sinnum komið fram í fjölmiðlum og sagt að ef það blasir við þensla á næstu missirum þannig að hætta verður á að framkvæmdir á Reykjavíkursvæðinu gætu stuðlað að aukinni verðbólgu, þá væri hún fyrir sitt leyti reiðubúin fyrir hönd meiri hlutans sem stýrir Reykjavíkurborg að skoða hvort ekki sé hægt með einhverju móti að draga úr öðrum framkvæmdum borgarinnar. En það liggur alveg fyrir að þetta eru falsrök hjá hæstv. samgrh., bæði þegar hann er að reyna að gera því skóna að meint þensla sé orðin svo mikil að það verði að draga úr samgöngubótum á Reykjavíkurflugvelli og líka þegar hann er að skera niður framlög til mjög mikilvægra samgöngubóta í Ártúnsbrekkunni.

En ég ítreka að lokum spurningu mína frá því áðan: Miðað við þau varnaðarorð sem flugráð hefur flutt Íslendingum með einróma samþykkt sinni, þá spyr ég hæstv. samgrh.: Hvaða skýrslu og úttekt hefur hann um öryggismál flugvallarins sem leyfa honum að koma hingað og tala eins og það sé ekkert að öryggismálum þar?

[19:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur brugðið svo við, ekki aðeins í umræðum um Reykjavíkurflugvöll heldur einnig áður um vegamál, að hv. stjórnarandstæðingar grípa til þess í hverju málinu á fætur öðru að brigsla mér um það að ég vilji sitja á framkvæmdum og með því sé ég að stefna í hættu lífi og limum Íslendinga. Var svo að skilja á hinum nýráðna ritstjóra Alþýðublaðsins áðan að mér væri það mest í mun að stefna í tvísýnu limum og lífi flugfarþega innan lands. Þetta er auðvitað málflutningur sem nær engri átt og tekur engu tali.

Ég vil líka að það komi fram af þessu tilefni að sú var tíðin að við sátum saman í ríkisstjórn, ég og þessi hv. þm. og ég minnist þess ekki frá þeim tíma að formaður Alþfl. hafi verið neitt sérstaklega áhugasamur um það að fjármunum samkvæmt flugmálaáætlun yrði öllum varið til Reykjavíkurflugvallar heldur hafði hann ár eftir ár uppi háar kröfur um að sem mestir peningar rynnu til Keflavíkurflugvallar, ef ég man rétt. Það er eins og það er þegar hinn nýmóðins alþýðuflokksmaður er að fetta fingur út í það.

Staðreyndin í málinu er sú að við hittumst á öndverðu síðasta ári, ég og borgarstjóri, og við komum okkur saman um að reyna að flýta niðurstöðu um umhverfismat á Reykjavíkurflugvelli og reyna að hraða svo undirbúningi að hægt yrði að bjóða út Reykjavíkurflugvöll á næsta vori og var við það miðað, svo öllu sé til skila haldið. Ég hafði lagt á það áherslu af minni hálfu að við þetta yrði staðið og við það getum við staðið vegna undirbúningsins. En á hinn bóginn varð það niðurstaða að til þess að vinna á móti þeirri þenslu sem fyrirsjáanleg er, þá yrði því frestað um eitt ár að ráðast í Reykjavíkurflugvöll, enda lítum við svo á að við séum ekki með því að stefna lífi flugfarþega í hættu.

[19:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. veit bersýnilega í fylgsnum huga síns að hann hefur vondan málstað að verja. Þess vegna grípur hann til þess að hártoga orð mín og færa með heldur alvarlegu móti úr lagi það sem ég sagði áðan. Ég sagði aldrei í ræðu minni að hæstv. samgrh. væri það mest í mun að stefna í tvísýnu lífi og limum Íslendinga. Það er algerlega fráleitt. Ég sagði hins vegar: Trúnaðarmenn hæstv. samgrh.,

flugráð, hefur í tilefni af þessari aðgerð hæstv. ráðherra gert samþykkt sem felur tvennt í sér. Í fyrsta lagi mótmælir það einróma og harkalega niðurskurðaráformum. Í öðru lagi bendir það á að það sé í andstöðu við öryggishagsmuni þeirra sem nota þennan flugvöll. Flugráð hefur bókstaflega sagt að það sé nauðsynlegt að verja fjármagni til þess að bæta úr þeim skorti á öryggi sem þar er að finna.

Ég spurði hæstv. samgrh. vegna þess að ég veit að hann er drengur góður og vill það sem rétt er. Er það þá ekki svo að hann hafi í fórum sínum einhvers konar úttekt á öryggismálum sem sýni fram á það að flugráð tók of stórt upp í sig þegar það gerði þessar samþykktir? Og hvert var svar hæstv. ráðherra? Það var ekki eitt einasta orð um öryggismál. Hann sagði ekkert um það. Og ég spyr enn hæstv. samgrh.: Hefur hann undir höndum úttekt á öryggismálum Reykjavíkurflugvallar eða hyggst hann láta gera einhverja slíka úttekt?

Í annan stað, herra forseti, vék ég að þeim rökum sem hæstv. ráðherra hefur uppi um þenslu á Reykjavíkursvæðinu og hann notar til þess að skera niður þjóðþrifaframkvæmdir á svæðinu og sýndi fram á að þau voru hjóm eitt. Hæstv. ráðherra hefði verið í lófa lagið ef staðhæfingar mínar væru rangar að koma og sýna fram á það með einhvers konar rökum. Hann gerði ekki einu sinni tilraun til þess vegna þess að þetta er rétt. Það er ekki fótur fyrir þessu og yfirlýsing liggur líka fyrir af hálfu borgarstjórans um að meiri hlutinn í Reykjavík er reiðubúinn til að reyna að draga úr þenslu ef í ljós kemur að hún birtist.

[19:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt flugmálaáætlun eins og hún var samþykkt á sl. vori er gert ráð fyrir 117 millj. kr. til Reykjavíkurflugvallar (**Gripið fram í:** 127.) 117 til endurnýjunar slitlags, svo rétt sé með farið. Það gefur auðvitað auga leið að þetta hrekkur skammt í 1,3 milljarða, eins og flugráð talar um að þurfi til að vinna verkið, en nauðsynlegt er að það verði unnið á tveimur til þremur árum. Eins og ég sagði áðan líka, þá var ákvörðun um frestun á framkvæmdum við Reykjavíkurflugvöll tekin fyrir átta árum, á árunum 1988–1989, og ef flugráð væri sjálfu sér samkvæmt hefði það að sjálfsögðu mótmælt því að ráðist yrði í Egilsstaðaflugvöll á sínum tíma og óskað eftir því að Reykjavíkurflugvöllur yrði látinn sitja fyrir ef flugráð hefði séð fram á að flugvöllurinn yrði hættulegur á því herrans ári 1996 eða 1997, sem ég hygg að flugráð hafi alls ekki séð fyrir.

[19:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað merkilegt hafi ég skilið hæstv. ráðherra rétt að hann lýsir því yfir að trúnaðarmenn hans í flugráði séu ekki sjálfu sér samkvæmir. Ég skildi orð hans þannig. Mér þykir það miður að trúnaðarsambandið við þá menn, milli hæstv. samgrh. og flugráðs, sé ekki betra en þetta. En kjarni málsins er sá: Það er verið að vega að samgöngumálum í Reykjavík, bæði varðandi Ártúnsbrekkuna og Reykjavíkurflugvöll. Hverjir eru að gera það? Það eru sjálfstæðismenn. Það er hv. þm. Kristján Pálsson sem lýsir því yfir skýrt og skorinort að það sé einungis tímaspursmál hvenær Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður. Hæstv. samgrh. hefur ekki komið hingað til að mótmæla því, ekki enn þá a.m.k. en hann á seinni ræðu sína eftir. Þá vænti ég þess að hann taki af öll tvímæli um að hv. þm. Kristján Pálsson sé að tala fyrir sinn munn eingöngu en með engum hætti fyrir munn Sjálfstfl.

[19:37]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 15. þm. Reykv. sem hann hefur eftir 10. þm. Reykn. að verið sé að leggja niður Reykjavíkurflugvöll skref fyrir skref og það sé stefna Sjálfstfl., þá vildi ég leiðrétta það. Það er alrangt vegna þess að þetta hefur ekki komið til tals innan þingflokks Sjálfstfl. og það er ekki stefna Sjálfstfl. að leggja niður Reykjavíkurfugvöll.

Það sem hins vegar hefur verið rætt um og hefur komið fram í borgarstjórn er að flytja kennsluflug til Keflavíkurflugvallar. Það höfum við heyrt úr röðum R-listans. Einstaka borgarfulltrúar og forseti borgarstjórnar hefur rætt um að rétt væri að athuga flutning á Reykjavíkurflugvelli til Keflavíkur, en það hefur ekki komið fram sem skoðun eða stefna núverandi meiri hluta borgarstjórnar.

Ég vil aðeins segja líka varðandi framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll að vissulega er það áhyggjuefni að þær skuli dragast enn um eitt ár. Þingflokkur Sjálfstfl. hefur tekið á því máli og hefur fallist á það sem hér hefur verið lagt fram af hálfu samgrh. að búa svo um hnútana að á þessu máli verði tekið af heilum hug.

En ég vil endurtaka það að ég hef a.m.k. ekki orðið var við og ég hef ekki samþykkt það sem þingmaður Reykvíkinga að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður skref fyrir skref, hvað þá að allt flug verði flutt til Keflavíkurflugvallar vegna þess að það væri hið mesta óhagræði fyrir Reykvíkinga og ekki hvað síst fyrir þá sem þurfa að nota völlinn hvað mest, þeir sem eiga brýn erindi til Reykjavíkur.

[19:39]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er í erfiðri stöðu. Hann er í þingflokki stjórnarliðsins þar sem menn hafa tekið ákvarðanir og hann er væntanlega bundinn af þeim. Hann hefur áhyggjur af þessu en festir hatt sinn á þann krók að á næsta ári verði ráðist í þessar framkvæmdir. Hefur hæstv. samgrh. lýst því skorinort yfir í umræðunni að það verði gert? Nei. Hann hefur ekki gert það enn þá. Í framsögu hans fyrr í dag kom fram að það væri líklegt en það var ekki afdráttarlaust af hans hálfu. Ég get ekki sagt annað en það að ég óttast að auðvitað sé það stefna sjálfstæðismannsins, sem situr í samgn. og vakir fyrir mörgum sjálfstæðismönnum í þessu máli þ.e. að grafa undan Reykjavíkurflugvelli, að mola undirstöður hans skref fyrir skref þannig að það verði, svo ég noti orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar, einungis tímaspursmál hvenær Reykjavíkurflugvöllur verður lagður niður.

Með öðrum orðum stendur það upp úr að sjálfstæðismenn eru að gera þessa atlögu að einhverri merkustu og þörfustu stofnun Reykjavíkurborgar. Það eru engir aðrir en þeir. Þeir fara með ráðuneytið og þeir eiga munninn og varirnar sem hafa sagt þessi orð í dag.

[19:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 15. þm. Reykv. kemur að því máli aftur sem ég nefndi áðan og hélt að ég hefði talað tæpitungulaust. Hv. 10. þm. Reykn. er ekki að tala í nafni sjálfstæðismanna á Alþingi. Hann er að tala sem eigin persóna og hefur þessa ákveðnu skoðun á því hvernig eigi að fara með Reykjavíkurflugvöll og hvernig eigi að efla atvinnu á Keflavíkurflugvelli.

Ég vildi bara segja þetta: Þingmenn Reykjavíkur hvar í flokki sem þeir eru, hv. 15. þm. Reykv., gera sér allir grein fyrir mikilvægi Reykjavíkurflugvallar, ekki hvað síst varðandi samgöngur og síðast en ekki síst vegna atvinnumála Reykvíkinga. Þetta er ekkert smámál, atvinnumálin sem snerta Reykjavíkurflugvöll. Ég ítreka það og endurtek að ég veit að bæði þingmenn Reykjavíkur og þingmenn hinna dreifðu byggða vilja auðvitað gera Reykjavíkurflugvelli hátt undir höfði og óska þess að hann verði hér áfram um ókomna tíð.

[19:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efast ekki um góðan hug hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar í þessu máli. Hann hefur talað mjög skýrt en hann býr eigi að síður við það heimilisböl að vera í sama þingflokki og hv. þm. Kristján Pálsson sem er honum algerlega andstæðrar skoðunar og að auki með hæstv. samgrh. í eftirdragi. En vilji hans í þessari umræðu er ekki meira en loðmullulega volgur, finnst mér. Hann hefur ekki talað skýrt. Hæstv. samgrh. á eftir að lýsa því yfir í umræðunni að fortakslaust verði farið í þessar framkvæmdir á næsta ári. Að öðru leyti, herra forseti, mundi það mjög greiða fyrir umræðunni ef sjálfstæðismenn reyndu nú að setja niður þennan ágreining sín á milli í sínum þingflokki en þurfa ekki að vera að opinbera hann í þingsal og tefja umræðuna fyrir vikið.

[19:43]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Stuðningsmenn R-listans í Reykjavík fara mikinn hérna og þeim liggur mikið á hjarta við að reyna að koma því á Sjálfstfl. að hann hafi einhverja sérstaka stefnu um að flytja Reykjavíkurflugvöll í burtu. Ég held að það sé í rauninni öllum ljóst sem hafa fylgst með fréttum og hafa fylgst með því hvað hv. borgarfulltrúar, eins og hv. borgarfulltrúi Guðrún Ágústsdóttir hefur sagt, þá er það hennar vilji að flytja Reykjavíkurflugvöll frá miðborginni og ég er hér með frétt úr Morgunblaðinu frá 24. október 1995 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Guðrún sagðist ekki leyna því að sjálf vildi hún flugvöllinn út úr borginni enda væri um stórt byggingarsvæði að ræða og byggð á flugvallarsvæðinu myndi óneitanlega styðja og styrkja miðborgina."

Þetta eru hennar óbreyttu orð, herra forseti, og ég held að þar með sé búið að sýna fram á það að þessar yfirlýsingar sem ég hef farið með eru réttar og ég hef ekki farið með staðlausa stafi, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði áðan. Ég held að líka sé ljóst að það er stefna R-listans að leggja þennan flugvöll niður og flytja hann eitthvað annað en ekki stefna Sjálfstfl. og það er ekki með nokkru móti hægt fyrir hv. þm. Össur Skarphéðinsson og hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur að reyna að klína því yfir á einhverja aðra sem R-listinn er að bauka með í borginni.

En ég fagna því í rauninni sjálfur persónulega, herra forseti, að þessi stefna skuli vera uppi hjá R-listanum í Reykjavík því að það er að sjálfsögðu þjóðhagslega miklu hagkvæmara og eðlilegra að flytja þessa starfsemi þar sem flugvöllur er í fullkomnu ástandi og mun verða það áfram og geta þjónað hvaða flugi sem er.

[19:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristján Pálsson getur ekki skroppið undir kápulaf forseta borgarstjórnar í þessu máli. Ég er ekki að ræða við Guðrúnu Ágústsdóttur vegna þess að hv. þm. hefur dregið hana inn í umræðuna, þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að forseti borgarstjórnar hefur beitt sér fyrir samþykkt ásamt öðrum fulltrúum Reykjavíkurlistans í borgarstjórn Reykjavíkur um nauðsyn þess að byggja og endurbæta Reykjavíkurflugvöll. Það liggur fyrir, alveg sama hvað haft er eftir henni í einhverjum fjölmiðlum jafnvel þótt það sé Morgunblaðið. Hv. þm. kom hér og talaði langt mál og jafnvel snjallt á köflum um Guðrúnu Ágústsdóttur, forseta borgarstjórnar, og meintar skoðanir hennar. En hvað var það sem hv. þm. gleymdi að nefna í sinni ræðu? Það eru þær skoðanir sem ég hafði eftir honum, hans eigin orð, sem voru hver? Að það væri einungis tímaspursmál hvenær Reykjavíkurflugvöllur yrði lagður niður. Að skref fyrir skref væri verið að draga úr starfsemi Reykjavíkurflugvallar. Hvaða stjórnmálaflokki tilheyrir hv. þm. Kristján Pálsson? Sjálfstfl. Hvaða stjórnmálaflokkur ber þar af leiðandi ábyrgð á þeim orðum hans? Sjálfstfl. Staðreyndin er auðvitað sú að hér inni eru tveir menn, sem hafa talað þannig. Og að því er annan þeirra varðar, hv. þm. Kristján Pálsson, þá er ekkert efamál og hann er meira að segja nógu ærlegur til þess að draga enga dul á það að hann vill leggja Reykjavíkurflugvöll niður. En hann virðist sjálfur vera að túlka gerðir hæstv. samgrh. með þeim hætti að í þeim felist sú stefna að verið sé að taka niður Reykjavíkurflugvöll skref fyrir skref, loka honum síðan alveg. Og hæstv. samgrh. á eftir að koma hingað og taka af tvímæli um að þetta sé rangt og hann á eftir að lýsa því yfir að fortakslaust verði eigi síðar en á næsta ári ráðist í þessar endurbætur sem hann illu heilli hefur fallist á að fresta núna en undirstrikar enn og aftur að þeir sem eru óvinir samgöngubóta á Reykjavíkursvæðinu, – það er bara einn flokkur og það er Sjálfstfl. (**Samgrh.:** Er þetta ekki svolítið flókið hjá þér?)

[19:47]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðdáendur R-listans í Reykjavík vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga í þessu máli, það er alveg greinilegt. Það er ekki einungis þessi yfirlýsing forseta borgarstjórnar sem liggur á bak við þessa skoðun mína og túlkun heldur líka nýjustu fréttir um að það eigi að taka hluta af einni flugbrautinni undir flugstöð, sem þýðir náttúrlega að verið er að rýra notagildi þessa vallar og þrengja að honum meira en nokkru sinni fyrr. Þetta er gert undir verndarvæng R-listans. Það er R-listinn sem hefur allt frumkvæði í þessu máli og það er ekki til nokkurs fyrir hv. þm. að reyna að koma því að sem einhverri stefnu Sjálfstfl. Aftur á móti tek ég svo sannarlega undir þessa skoðun fulltrúa Reykjavíkurlistans því að ég tel, eins og ég sagði áðan, að þar sé fyrst og fremst um hagkvæmnisatriði að ræða og það sé vegna aðgerða R-listans tímaspursmál hvenær starfsemi þessa vallar verður flutt eitthvað annað og þá að sjálfsögðu til Keflavíkurflugvallar.

[19:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur fyrir að í tíð síðasta meiri hluta Sjálfstfl. í Reykjavík var náttúrlega ekkert gert til þess að reyna að byggja upp flugvöllinn. Núna fer Sjálfstfl. með samgrn. og þá blasa við enn frekari niðurstöður. Talsmaður Sjálfstfl. í samgn. hefur komið hingað og lýst yfir þeim vilja sínum að það eigi að loka Reykjavíkurflugvelli, það sé verið að gera það skref fyrir skref. En hann efast um góðan vilja Reykjavíkurlistans í þessu máli.

Herra forseti. Leyfist mér að bera fram eitt vitni í málinu, hæstv. samgrh.? Hann lýsti því yfir að hann hefði átt í viðræðum við borgarstjórann í Reykjavík og það hefði alveg komið skýrt fram hjá henni að hún er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ráðast hið fyrsta í þessar endurbætur. Ætlar hv. þm. að halda því fram að hæstv. samgrh. komi hér upp og bara búi til í hugskoti sínu fundi með borgarstjóranum í Reykjavík? Að sjálfsögðu ekki. Þannig að málflutningur hv. þm. fellur eins og spilaborg um sjálfan sig.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:49]

Útbýting þingskjals:
Grunnskólar, 254. mál, nál. menntmn., þskj. 636.

Skráning skipa, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (eignarhlutur útlendinga). — Þskj. 274.

[19:50]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með lögum nr. 46 22. maí 1996, um breytingu á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, var rýmkuð heimild útlendinga til þátttöku í íslenskum atvinnurekstri með óbeinni hlutdeild þar á meðal með þátttöku í hlutafélögum sem aftur voru eigendur lögaðila er útgerð stunda. Augljóst er að löggjafinn vildi rýmka heimildir erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi og þar með viðurkenna rétt þeirra til að leggja fé til og eiga hlut í hlutafélögum sem aftur átti hlut í öðrum félögum, lögaðilum sem mega stunda fiskveiðar og eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða. Til þess að framangreint ákvæði geti náð tilgangi sínum er eðlilegt að breyta einnig ákvæðum laga um skráningu fiskiskipa, nr. 115 31. desember 1985, eins og hér er lagt til. Þar með gilda sömu reglur um eignarhald útlendinga í fiskveiðum og fiskvinnslu og fiskiskipum.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstminjasafn Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál. — Þskj. 371.

[19:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Um síðustu áramót tók Póstur og sími hf. við rekstri póst- og símaþjónustu af Póst- og símamálastofnun í samræmi við nýsamþykkt lög. Hlutafélagið tekur þá við þeim skuldbindingum og eignum sem rekstrinum eru nauðsynlegar en ekki þeim stjórnsýsluverkefnum sem stofnunin hafði annast, en sú starfsemi flyst að mestu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Frá því í janúar 1987 hefur Póst- og símamálastofnun rekið póst- og símaminjasafn í gömlu símstöðinni að Austurgötu 11 í Hafnarfirði. Safnið geymir mikið úrval muna og tækja og hvers kyns búnaðar úr langri sögu póst- og símaþjónustunnar á Íslandi. Safninu stýrir þriggja manna stjórn, en safnvörður hefur daglega umsjón og vörslu þess. Safnið er opið almenningi til sýnis og er aðgangur ókeypis. Stofnunin hefur kostað rekstur safnsins.

Auk þess er í vörslu Póst- og símamálastofnunar í Landssímahúsinu í Reykjavík safn frímerkja og annarra póstminja, svo sem póststimplar, prentmót gamalla frímerkja, skissur og teikningar, svo og aðrar minjar um hönnun og gerð frímerkja. Frímerkjum sem þar eru varðveitt er nánar lýst í almennum athugasemdum frv. og vísast til þeirra. Framangreind söfn eru ekki nauðsynleg rekstri Pósts og síma hf. en hafa auk gífurlegs verðmætis, mælt í krónum, ómetanlegt minjagildi sem skylt er að varðveita sem þjóðareign.

Með frv. þessu er lagt til að stofnað verði Póstminjasafn Íslands sem verði sjálfstæð vörslustofnun frímerkja og annarra póstminja í eigu íslenska ríkisins og verði aðsetur þess í Reykjavík. Þá er lagt til að samgrn. fari með yfirstjórn safnsins og að samgrh. setji eða skipi forstöðumann safnsins að fenginni tillögu safnráðs sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Safnráð skal skipað sex mönnum og skulu tveir ráðsmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar þess fyrirtækis eða lögaðila sem veitt hefur verið umboð eða heimild til þess að fara með einkarétt ríkisins til frímerkjaútgáfu, einn ráðsmaður samkvæmt tilnefningu Landssambands ísl. frímerkjasafnara, einn samkvæmt tilnefningu Póst- og fjarskiptastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs og einn ráðsmann skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður ráðsins.

Hlutverki safnsins er nánar lýst í 4. gr. frv. Það skal vera upplýsinga- og fræðslustofnun á sviði frímerkja, fræða og póstsögu. Þessu markmiði skal m.a. náð með föstum sýningum í húsakynnum safnsins og með hvers konar kynningu á eigum þess og starfsemi. Það skal opið almenningi á auglýstum tíma. Tekið er fram í greininni að safnið og starfsemi þess skuli sérstaklega kynnt nemendum í samráði við skólayfirvöld.

Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir að sá póstrekandi sem fer með einkarétt ríkisins til frímerkjaútgáfu samkvæmt póstlögum kosti rekstur safnsins.

Ég hef í stuttu máli farið yfir efni frv. Það er kannski ástæða til að benda á að í 5. gr. er ákvæði svo hljóðandi:

„Frímerki þau, sem Póstminjasafn Íslands eignast skv. 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna, og sambærileg merki, sem safnið tekur við skv. 3. mgr. sömu greinar, skulu ævinlega vera eign safnsins. Þeim ber að koma í örugga geymslu í fjárhirslum Seðlabanka Íslands jafnskjótt og safnið hefur fengið formlega vörslu þeirra."

Það var talið nauðsynlegt að hafa þennan hátt á. Það er bæði praktískt, gott og ódýrt og á að tryggja góða vörslu þessara frímerkja.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 197. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 223.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 17.–20. mál.

Fundi slitið kl. 19:56.

---

72. FUNDUR

þriðjudaginn 18. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Raðsmíðaskip, beiðni um skýrslu, 355. mál, þskj. 629. *Hvort leyfð skuli.*
2. Vegáætlun 1997–2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Skráning skipa, stjfrv., 217. mál, þskj. 274. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Póstminjasafn Íslands, stjfrv., 242. mál, þskj. 371. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vegalög, frv., 197. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601. — 1. umr.
8. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492. — Frh. 1. umr.
9. Almannatryggingar, frv., 163. mál, þskj. 180. — 1. umr.
10. Umönnun aldraðra, þáltill., 201. mál, þskj. 227. — Fyrri umr.
11. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, þáltill., 210. mál, þskj. 249. — Fyrri umr.
12. Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, þáltill., 324. mál, þskj. 586. — Fyrri umr.
13. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.
14. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 303. mál, þskj. 559. — Fyrri umr.
15. Menningarráð Íslands, þáltill., 184. mál, þskj. 205. — Fyrri umr.
16. Háskólaþing, þáltill., 265. mál, þskj. 517. — Fyrri umr.
17. Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, þáltill., 308. mál, þskj. 567. — Fyrri umr.
18. Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, þáltill., 325. mál, þskj. 588. — Fyrri umr.
19. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474, nál. 636. — 2. umr.
20. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, brtt. 637. — 3. umr.
21. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358, nál. 597. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Halldór Ásgrímsson utanrrh.,
Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 183. mál, brtt. allshn., þskj. 637.

Jafnréttismál innan Háskóla Íslands, 358. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 632.

Jafnréttismál innan þjóðkirkjunnar, 359. mál, fsp. GGuðbj, þskj. 633.

Laun og starfskjör Pósts og síma, 357. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 631.

Notkun síma í bifreiðum, 360. mál, fsp. GHelg, þskj. 634.

Starfsfólk sjúkrastofnana, 361. mál, fsp. GÁS, þskj. 635.

Tekjur af happdrættum, 286. mál, svar dómsmrh., þskj. 628.

Raðsmíðaskip.

Beiðni EKG o.fl. um skýrslu, 355. mál. — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:34]
Beiðni leyfð til fjmrh. með 34 shlj. atkv.

Vegáætlun 1997–2000, frh. fyrri umr.

Stjtill., 309. mál. — Þskj. 569.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun 1997, frh. fyrri umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 488.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skráning skipa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál (eignarhlutur útlendinga). — Þskj. 274.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstminjasafn Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál. — Þskj. 371.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 197. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Bókasafnssjóður höfunda, 1. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 601.

[13:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Með bréfi dagsettu 10. júní 1996 skipaði ég nefnd til að kanna forsendur fyrir breytingum á gildandi lagaákvæðum um þóknun til höfunda vegna afnota bóka í bókasöfnum, sbr. 11. gr. gildandi laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976.

Í nefndina voru skipuð Karitas H. Gunnarsdóttir frá menntamálaráðuneyti, formaður, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, samkvæmt tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, Magnús Guðmundsson, tilnefndur af Hagþenki — félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og Knútur Bruun, tilnefndur af Myndstefi — Myndhöfundasjóði Íslands.

Nefndin tók þá þegar til starfa og hélt tíu fundi og skilaði af sér tillögum sínum um síðustu áramót.

Nefndin hafði einkum til hliðsjónar dönsk lög um „Biblioteksafgift", nr. 354/1991, svo og reglugerð frá Danmörku um sama mál. Einnig voru skoðaðar úthlutunarreglur frá Svíþjóð og Finnlandi, Hollandi, Þýskalandi, Bretlandi, Kanada og Ástralíu en markmið nefndarinnar var að finna leið til að koma á skilvirku kerfi sem skilaði starfandi höfundum á Íslandi greiðslum fyrir afnot verka þeirra á bókasöfnum og stuðlaði að bókmenntasköpun í landinu.

Nefndin taldi brýnt að tekið yrði tillit til afnota bóka í almenningsbókasöfnum, skólabókasöfnum, Landsbókasafni Íslands – Háskólasafni og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum.

Það er afrakstur þessa nefndarstarfs sem liggur hér fyrir í frv. um Bókasafnssjóð höfunda. Veigamestu breytingar og nýmæli sem frv. gerir ráð fyrir ef borið er saman við núgildandi lagaákvæði eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að þýðendur og mynd- og tónhöfundar öðlist rétt til úthlutunar. Þannig fái þýðendur $^1/_3$ hlut miðað við að frumhöfundar og myndhöfundar eignist hlutdeild í verkum eftir því sem við á. Aftur á móti er réttur til úthlutunar eftir andlát höfundar skilgreindur þrengra en nú, bæði hvað varðar gildistíma svo og hvaða aðilar skuli njóta þeirra réttinda. Er það í samræmi við það sjónarmið að Bókasafnssjóður sé fyrst og fremst til þess ætlaður að styrkja starfandi höfunda á hverjum tíma og efla þannig nýsköpun bókmennta í landinu.

Í öðru lagi er lagt til að lögin taki til afnota í bóka- og almenningsbókasöfnum, skólabókasöfnum, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og bókasöfnum í stofnunum sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Greiðslur verði miðaðar við útlán bóka og byggist á skráningu margra safna. Núgildandi lagaákvæði taka aðeins til almenningsbókasafna. Ákvörðun þóknunar miðist í framkvæmd við fjölda eintaka á Borgarbókasafni en er ekki í samræmi við notkun verkanna eins og nú er.

Í þriðja lagi verði fellt niður ákvæði um fjárhæð framlagsins sem veitt er til að inna greiðslurnar af hendi, en gert ráð fyrir því að það verði ákveðið í fjárlögum ár hvert og renni í Bókasafnssjóð höfunda sem leysi Rithöfundasjóð Íslands af hólmi.

Ísland var á sínum tíma meðal þeirra þjóða sem fyrstar tóku upp greiðslur til höfunda fyrir afnot af bókum þeirra í bókasöfnum. Hins vegar er nú svo komið að framlagið hér er hið lægsta á Norðurlöndum miðað við höfðatölu. Samkvæmt núgildandi lögum er fé í þessu skyni veitt á fjárlögum um hendur Rithöfundasjóðs Íslands. Á fjárlögum 1997 er gert ráð fyrir að Rithöfundasjóður fái 12,3 millj. kr. til ráðstöfunar. Verði frv. að lögum er gert ráð fyrir tæplega 5 millj. kr. hækkun til sjóðsins þannig að heildarframlagið nemi 17 millj. kr. Heildarfjöldi íslenskra höfunda og rétthafa sem fá greitt fyrir bækur í söfnum árið 1996 er 862, en þar af eru erfingjar látinna höfunda 246 talsins. Þýðendur sem og mynd- og tónhöfundar fá engar greiðslur miðað við núgildandi lög. Lágmarksgreiðsla á árinu 1996 var 1.170 kr. miðað við 30 eintök á Borgarbókasafni en hæsta greiðsla 81.159 kr. miðað við 2.081 eintak.

Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að fara frekari orðum um efni þessa frv., það skýrir sig sjálft og liggur skýrt fyrir í frumvarpstextanum sem ekki er langur. En ég vek athygli á því að fái þetta frv. góðar viðtökur hér í þingi og verði samþykkt, þá þarf að huga að málinu einnig við afgreiðslu á frv. um almenningsbókasöfn sem liggur fyrir og er til meðferðar í menntmn. en þar er endurflutt óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum um greiðslur fyrir afnot af bókum í bókasöfnum en sú grein mundi þá falla úr því frv. og þessi lagabálkur, þessi nýju lög koma í staðinn fyrir þá grein sem er í frv. um almenningsbókasöfn. Þess vegna beini ég því til hv. menntmn. að hún taki þessi mál fyrir samhliða þannig að það verði samræmi á milli afgreiðslu nefndarinnar í þessum málum. Enn fremur leyfi ég mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til nefndarinnar.

[13:44]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hæstv. menntmrh. segir að það frv. sem hér liggi fyrir skýri sig að öllu leyti sjálft. Ég er því ekki fyllilega sammála. Þar eru ýmsir hlutir sem þarf að skýra betur.

Hæstv. ráðherra segir jafnframt að það sé nauðsynlegt að huga að því efni sem hér liggur fyrir í litlu frv. þegar menn taka til afgreiðslu frv. um almenningsbókasöfn og það er alveg rétt. En ég held að það sé ýmislegt fleira sem þarf að huga að. Það þarf líka að huga að þessu máli þegar kemur að afgreiðslu næstu fjárlaga eins og ég reifa hér aðeins á eftir.

Í grundvallaratriðum, herra forseti, tel ég að þetta frv. marki framfaraspor og ég held að það sé þakkarvert að hæstv. ráðherra hefur lagt það fram. Ég held að það sé nauðsynlegt að menntmn. reyni að hraða afgreiðslu þessa máls, en jafnframt eru nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að nefndin leggi áherslu á að kanna rækilega og helst að breyta. Það eru ýmsir hlutir sem tengjast þessu máli sem hæstv. ráðherra þarf að skýra frekar hér á eftir.

Það er alveg ljóst að með frv. er verið að breyta ýmsum málum til batnaðar. Ég nefni t.d. að núna hefur árlega runnið fjárveiting fyrir verk í Rithöfundasjóð og fyrir þeim sjóði hafa farið þrír menn, þar af tveir tilnefndir af Rithöfundasjóði. Nú gerist það með þessu frv. að það er verið að breyta því hverjir eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum, hinum nýja sjóði sem kemur í staðinn fyrir Rithöfundasjóð. Nú eiga það ekki bara að vera rithöfundar heldur líka þeir sem stunda þýðingar, myndhöfundar og tónskáld og ýmsir aðrir sem eiga höfundarframlag til bóka. Í takt við þetta er í hinum nýja sjóði gert ráð fyrir fimm manna stjórn þar sem fulltrúar fleiri en rithöfunda koma að. Þetta er mjög lofsverð nýbreytni sem ég fagna.

Ég vek hins vegar eftirtekt á því, herra forseti, að í athugasemdum um 4. gr. þessa frv. segir t.d. að leggja eigi áherslu á að fé Bókasafnssjóðs nýtist til stuðnings höfundum í menningarstarfi þeirra. En féð kemur náttúrlega ekki að slíku gagni nema það muni verulega um fjárveitinguna. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að fjármagnið sem verður til úthlutunar á hverju ári verður ákvarðað sérstaklega á fjárlögum hvers árs. Þá var hann nokkuð stoltur yfir því, og sennilega með réttu, að hann hefði náð fram hækkun fyrir næsta ár, 5 millj. kr. hækkun. En við skulum ekki gleyma því þegar við skoðum málið að þessi hækkun verður lítil þegar horft er til þess að rétthafarnir eru núna miklu fleiri en áður. Það eru fleiri sem eiga rétt á að njóta framlags úr sjóðnum heldur en áður. Það eru myndhöfundar, það eru höfundar tónverka, það eru þýðendur og ýmsir aðrir sem eiga framlag í verkum sem eru til útlána í bókasöfnum. Við megum heldur ekki gleyma því að söfnin sem þessi sjóður nær til eru talsvert fleiri en áður. Samkvæmt þessu, herra forseti, hlýtur það að vera réttmætt að fyrst umfangið eykst þá aukist fjárframlagið líka í réttu hlutfalli. Ég held að það hljóti að vera eitt af því sem menntmn. tekur til skoðunar, hvort ekki eigi einhvern veginn að negla þetta niður. Að minnsta kosti verður hæstv. ráðherra að láta það koma fram í þessari umræðu hvort hann sé ekki sammála því að fyrst það eru fleiri sem njóta réttarins til úthlutunar en áður, þá sé nauðsynlegt að hann beiti sér fyrir því að hækkunin verði meiri en sem nemur þessum 5 millj. kr.

Ég vil líka segja það, herra forseti, að ég á afskaplega erfitt með að sætta mig við þá stefnu sem ég vona að séu mistök af hálfu hæstv. menntmrh., en kemur fram í athugasemdum um 5. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta, þegar verið er að ræða um hvernig úthluta skuli styrkjum úr Bókasafnssjóði höfunda:

„Eðlilegt er að áhersla verði lögð á styrki til höfunda fagurbókmennta."

Ég er algjörlega ósammála þessu og það sem meira er, hæstv. menntmrh. er líka ósammála þessu vegna þess að við ræddum úthlutanir til listamanna við afgreiðslu síðustu fjárlaga og hæstv. menntmrh. kom einmitt upp og gat þess að það væri nauðsynlegt að efla hlut þeirra sem eru að gefa út fræðirit. Hvers vegna er á hlut þeirra hallað með þessum hætti? Ég get ekki fallist á það, herra forseti, að menntmrh. sé hér að fara gegn því sem er yfirlýst stefna hans úr þessum stóli með þessari yfirlýsingu með því að segja nánast hreint út að þeir sem rita fræðirit og kennslurit eigi ekki að njóta sama réttar og þeir sem skrifa fagurbókmenntir. Við erum öll á bandi fagurbókmenntanna, allir Íslendingar, en við búum í litlu málsamfélagi sem við þurfum að vernda og varðveita. Hvernig gerum við það? Ekki hvað síst með því að efla útgáfu fræðirita á tungu mæðranna og feðranna og hvers kyns kennslugagna. Úti í hinni stóru veröld er markaðurinn allur annar. Þar er markaðurinn sem fræðslu- og kennslurit hafa haslað sér stærri heldur en yfirleitt má segja um markað fyrir fagurbókmenntir. En vegna þess hversu þröngur stakkur er sniðinn okkar litla málsamfélagi þá verðum við að huga sérstaklega að þessu.

Það er lofsvert, herra forseti, að á síðustu árum hafa yfirvöld í vaxandi mæli tekið undir það viðhorf sem ég er að túlka hérna. En mér finnst sem þarna sé um vissa afturför að ræða. Hvernig skiptist þá bókakostur þessara safna sem þetta frv. nær til ef við skoðum það með tilliti til hlutfalls fagurbókmennta og fræðirita? Ef við lítum t.d. bara á ársskýrslu Borgarbókasafns Reykjavíkur þá kemur fram þar að í eigu safnsins eru tæplega 204 þús. skáldrit en það eru 222 þús. rit sem túlka má sem fræðirit eða kennslugögn, fagbækur. Í skólabókasöfnum eru hátt í 600 þús. eintök aðallega fræðirit, uppsláttarrit og námsbækur. Ég held að það væri mikill akkur fyrir Íslendinga að á einhvern hátt væri stuðlað að því að þeim sem skrifa fræðirit verði einhvern veginn ívilnað og örugglega með öðrum hætti heldur en að setja þá hér skör lægra heldur en fagurbókmenntir.

Þess vegna vildi ég, herra forseti, beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvort hann sé ekki þeirrar skoðunar, þegar hann hugsar djúpt eins og honum er lagið, að það sé sanngjarnt að höfundar fræðirita sitji við sama borð og höfundar fagurbókmennta. Ég tel að hæstv. menntmrh. hafi áður talað í þá veru, en það er auðvitað hægt að fletta því upp til að sjá hvað hann sagði þá.

[13:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. ræðu hans. Í sjálfu sér vék hann að atriðum sem eðlilegt er að menn velti fyrir sér þegar þetta mál er borið fram í þessum búningi því hér er verið að stíga skref til að koma til móts við fræðimenn, það má ekki gleyma því að það er verið að stíga skref til að breikka þann hóp sem getur fengið styrk úr þessum sjóði fyrir bækur sínar á bókasöfnum. Hins vegar er einnig þrengt að því er varðar þá sem geta fengið styrkina en miðað er við að erfingjar látinna höfunda fái ekki greiðslur úr þessum sjóði. Þar er, eins og kom fram í máli mínu, um að ræða 246 aðila talsins, því að markmiðið með breytingunni er m.a. að tryggja að þeir sem sinna bókmenntastörfum njóti styrksins á meðan þeir eru við störf. Heildarfjöldi íslenskra höfunda og rétthafa sem fá greitt fyrir bækur í söfnum árið 1996 er 862 en þar af eru erfingjar látinna höfunda 246, þannig að menn sjá að þar er hugað að fjölda þeirra sem styrkina fá með öðrum hætti en gert hefur verið og auðvitað kunna að bætast í hópinn eftir að styrkþegar eru skilgreindir upp á nýtt. Þetta er mál sem sjálfsagt er fyrir nefndina að skoða eins og hv. þm. sagði. Ég taldi sjálfur raunhæft að gera tillögu um þá tæplega 5 millj. kr. hækkun sem lögð er til og fylgir frv. í þessari tillögugerð en verður að sjálfsögðu ákveðin endanlega á fjárlögum eins og mælt er fyrir um í frv. En ég taldi eðlilegt að mæla

með þessari hækkun og fer að sjálfsögðu ekki að breyta um skoðun þrátt fyrir ágæta ræðu hv. þm. um þetta efni. Það er rétt að endanleg ákvörðun um málið verður ekki tekin fyrr en við afgreiðslu fjárlaga, en ég tel að með því að hækka þetta um þessar tæpu 5 millj. þá sé skynsamlega tekið á málinu.

Að því er varðar það orðalag í greinargerðinni sem hv. þm. vék að: „Eðlilegt er að áhersla verði lögð á styrki til höfunda fagurbókmennta" þá er þar byggt á þeirri niðurstöðu sem varð í nefndinni sem samdi frv. og tekið mið af þeim hugmyndum sem þar voru uppi og ég sá ekki ástæðu til þess í sjálfu sér að láta ekki þá skoðun koma fram í greinargerð með frv. sem var uppi í nefndinni og var m.a. forsenda fyrir því ágæta samkomulagi sem tókst á milli ólíkra fulltrúa um málið í nefndinni. Það var vikið að því með ákveðnu orðalagi sem endurspeglast í þessu sem fram kemur í greinargerðinni. Þarna er um matsatriði að ræða sem hv. þm. vék réttilega að. Það er rétt hjá honum að að ég sagði hér við umræður um breytingar á lögum um listamannalaun eða listamannasjóði eða starfslaunasjóði, að það væri eðlilegt að reyna að koma til móts við óskir þeirra sem rituðu fræðibækur að því er starfslaun varðar og hef fullan hug á að reyna að útfæra það mál. Ég tel að einnig í þessu frv. sé uppi töluverð viðleitni til að koma til móts við höfunda fræðibóka en ég vildi ekki hrófla við samkomulagi sem byggðist á því að þessi áhersla kæmi fram í greinargerðinni eins og hér stendur. En að sjálfsögðu verða menn síðan að meta það og það verður væntanlega eitt af því sem hv. menntmn. gerir í sínum störfum að fara yfir þetta og meta alla þessa þætti.

Aðalatriðið er að mínu mati að það hefur verið tekið á málinu, það er búið að leggja grunn að nýjum sjóði, Bókasafnssjóði höfunda þar sem viðurkenndur er réttur fleiri en rithöfunda einna til að fá styrk eða fá greiðslu, það er ekki rétt að tala um þetta sem styrk heldur greiðslu, fyrir afnot í bókasöfnum og þeir sem eiga að njóta þeirra greiðslna eru skilgreindir með öðrum hætti og víðtækari en áður. Ég tel að í því felist sanngirni sem menn eru sammála um. En auðvitað má alltaf gera betur og þróunin mun leiða í ljós hvernig þessu máli reiðir af og einnig að því er varðar mótun úthlutunarreglnanna með hliðsjón af fagurbókmenntum annars vegar og fræðibókum hins vegar.

[13:57]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek fyllilega undir það með hæstv. menntmrh. að það mál sem við erum að ræða er mjög gott og markar framfaraspor að mörgu leyti. Ég varpaði fram tveimur spurningum til hæstv. menntmrh. sem ég óskaði eftir svörum við. Mér finnst að í ræðu sinni hafi hann skýrt mjög ítarlega þau viðhorf sem að baki liggja og ég fagna svörum hans. Í fyrsta lagi spurði ég hann um það hvort ekki væri nauðsynlegt að tryggja aukið fjármagn til sjóðsins í framtíðinni vegna þess að viðfang hans er breikkað. Hæstv. ráðherra svaraði efnislega á þá leið að hann hafi hugsað til þess með því að draga úr framlögum á öðrum vettvangi, þ.e. til erfingja, þeirra sem hafa erft höfundarrétt. Ég hef í sjálfu sér enga skoðun á því en það er rétt hjá honum að þar er hann um leið að skapa aukið svigrúm handa þeim sem eru lífs og hafa rétt á einhvers konar framlögum. Hann bendir líka á það að hann hafi að þessu sinni talið nægilegt að hækka styrkinn um 5 millj. kr. Ég tel að í þeim orðum hans felist yfirlýsing um að málið sé enn á reynslustigi en þegar reynslan er komin á það mun hann beita sér fyrir hækkunum ef það er talið nauðsynlegt. Það finnst mér gott.

Hinu fagna ég þó miklu fremur, því sem hann sagði varðandi seinna atriðið. Ég átti erfitt með að sætta mig við þá yfirlýsingu sem kemur fram í athugasemdum um 5. gr. um að það sé eðlilegt að áherslan verði lögð á styrki til höfunda fagurbókmennta. Hæstv. ráðherra segir að hann hafi ekki talið rétt að hrófla við þeirri niðurstöðu sem varð í nefndinni sem samdi frv. Nú er það auðvitað á ábyrgð ráðherra sem leggur fram mál hvaða skoðun kemur fram í frv. eins og þessu. Ég hefði talið miklu æskilegra að hæstv. ráðherra hefði látið sína skoðun koma fram en ekki bara þessarar nefndar. En það er ekki aðalatriði málsins. Höfuðatriði málsins er það að hæstv. ráðherra hefur greint frá því að hann hafi áður sagt frá ákveðinni skoðun í þessu máli, þ.e. að það beri að efla hlut þeirra sem eru höfundar fræðirita. Hann hefur ítrekað þá skoðun sína og hann hefur lýst því yfir að sú skoðun sem kemur fram í athugasemdum um 5. gr. sé í rauninni ekki hans og ég get fyllilega sætt mig við þessa málavexti. En ég beini því þá vinsamlegast til hv. menntmn. að hún hafi í huga að það viðhorf sem þarna kemur fram er viðhorf nefndarinnar og hæstv. ráðherra hefur sagt að þetta sé ekki endilega viðhorf hans.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 492.

[14:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar frv. um réttindi sjúklinga, framhald 1. umr., sem var rætt töluvert í síðustu viku. Þetta er 260. mál á þskj. 492.

Ég vil byrja á því að fagna fram komnu frv. sem nú er lagt fram öðru sinni með ýmsum breytingum sem eru flestar til bóta. Þar sem ég sit ekki í heilbr.- og trn. vil ég nota tækifærið og segja nokkur orð um frv. Mér finnst ýmislegt vera nýtt í því þó það sé ljóst að mikið af efni frv. er nú lögbundið í öðrum lagabálkum. Hins vegar er að mínu mati mikilvægt að réttindi sjúklinga séu dregin skýrt fram á einum stað og því fagna ég þessu frv.

Ég átti þess kost ekki alls fyrir löngu að fylgjast með málþingi sem haldið var í Háskóla Íslands um réttindi sjúklinga og um efni þessa frv. Þar kom mjög skýrt fram að veruleg þörf er á frv. af þessu tagi en jafnframt að í þessu frv. eru mörg álitamál. Það eru einnig ýmsir sem telja að frv. sé óþarft og það voru ekki síst raddir frá læknum sem þar voru og tóku til máls á áðurnefndu málþingi sem sögðu að nýmæli frv. væru fá og ekkert lægi á að samþykkja það.

Ef ég ber saman það frv. sem nú liggur fyrir og það sem var lagt fram á síðasta þingi þá sýnist mér að að langflestu leyti séu breytingarnar til bóta. En þó vil ég nefna eitt atriði sérstaklega sem ég er ekki sannfærð um að sé til bóta og það varðar 2. gr. frv., um skilgreiningar. Og þá er það fyrst og fremst skilgreining á hugtakinu sjúklingur sem núna er: „Notandi heilbrigðisþjónustu." Í fyrri gerð frv. stóð skýrt: „Sjúklingur er notandi heilbrigðisþjónustu, heilbrigður eða sjúkur." Þetta „heilbrigður eða sjúkur" hefur nú verið fellt út sem er kannski skiljanlegt vegna þess að samkvæmt málvenju þá er sjúklingur ekki heilbrigður en á það skal hins vegar bent að ýmsir notendur heilbrigðisþjónustu eru alls

ekki sjúkir, ég nefni til dæmis sængurkonur eða þá sem eru til meðferðar vegna kynferðisofbeldis. Ég tel reyndar að hið læknisfræðilega módel sem ræður því að hugtök eins og sjúklingur og læknir o.s.frv. eru ráðandi inni á sjúkrahúsum valdi því að ekki er hægt að taka á fyrirbæri eins og kynferðisofbeldi innan heilbrigðiskerfisins öðruvísi en að þarna sé um persónulega ógæfu að ræða og það er komið í veg fyrir að litið sé á þetta fyrirbæri sem félagslegt og menningarlegt vandamál sem beri að taka á í víðara samhengi. Af þessum sökum finnst mér breytt skilgreining skiljanleg, í þessu nýja frv., þ.e. út af því að hið læknisfræðilega módel á að verða ráðandi, en mér finnst það ófullnægjandi ef þarna er átt við alla notendur heilbrigðisþjónustunnar. Þess vegna velti ég því upp og vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún teldi ekki eðlilegra að kalla þetta réttindi notenda heilbrigðisþjónustunnar fyrst hún skilgreinir sjúkling sem notanda heilbrigðisþjónustu. Ég vil beina því til hv. heilbrn. og hæstv. ráðherra að þessi hugtakanotkun verði skoðuð sérstaklega.

Það kom einnig skýrt fram, virðulegi forseti, á áðurnefndu málþingi að hér er um stórt mannréttindamál að ræða. Markmið með frv. er m.a. að vernda mannréttindi sjúklinga en staða þeirra sem sjálfráða einstaklinga er oft verulega skert þegar inn á sjúkrahús er komið, oft vegna misskilnings hans sjálfs og ættingja á því að þeir hafi að sjálfsögðu ákvörðunarrétt um sín mál, t.d. varðandi það hvort viðkomandi sjúklingur þiggur meðferð eða ekki. Þetta hefur verið í gildi í raun en nú á að lögfesta þennan rétt, sbr. 7. gr. frv.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, 1994 eiga sjúklingar ýmiss konar réttindi sem ekki hafa verið lögfest hér og því er þetta frv. veruleg réttarbót og það er ítrekað í grg.

Á áðurnefndu málþingi komu fram ýmsar óánægjuraddir t.d. frá samtökunum Lífsvog sem fjalla um réttindi fólks gagnvart mistökum í heilbrigðiskerfinu. Við þekkjum öll sögur af mistökum í heilbrigðiskerfinu og að það sé tilhneiging til að viðurkenna ekki að mistök hafi átt sér stað þar, að samtryggingin á milli lækna eða fólks innan heilbrigðiskerfisins ráði þar alfarið. Ég tel að það verði að taka málefni þessa fólks betur fyrir í þessari lagasetningu en hér er gert. Ég sé ekki að í frv. sé nægilega tryggt hvernig eigi að taka á öllum þeim vandamálum sem t.d. voru nefnd á áðurnefndu málþingi. Því vil ég benda hv. heilbrn. og hæstv. heilbrrh. á að skoða það mjög vel. Það kom t.d. fram á áðurnefndu málþingi að efni 28. gr. frv., þar sem fjallað er um rétt sjúklinga til að kvarta, sé mun betur tryggt í sambærilegum norskum lögum. Ég mæli með að það verði skoðað vel.

Ég tel að það sé grundvallaratriði, virðulegi forseti, að sá boðskapur sé ítrekaður í öllum sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum að sérhver sjálfráða einstaklingur ræður yfir sjálfum sér og þar með yfir eigin líkama. Þó fólk beri oft óttablandna virðingu fyrir hinu hvítklædda heilbrigðisstarfsfólki þá má það ekki gleyma hvaða rétt það hefur sjálft og þetta á ekki síður við um ættingja en sjúklingana sjálfa.

Þá vil ég, herra forseti, taka undir þær athugasemdir sem komu fram í umræðu um daginn í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar og hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um meðferð dauðvona sjúklinga. Það þarf að vera alveg skýrt hvort núverandi reglur landlæknis hafa lagastoð eða ekki, þ.e. hvort ættingjar dauðvona sjúklinga geta tekið ákvarðanir um það hvort meðferð skuli hætt ef sjúklingur getur ekki gert það sjálfur og að viðkomandi ættingjum sé gert alveg ljóst hvað það þýðir. Þarna er um mjög viðkvæm mál að ræða og ég tel að þetta sé ekki nógu skýrt, jafnvel að þær reglur sem nú eru í gildi stangist á við það frv. sem hér er lagt fram.

Að lokum þarf að huga sérstaklega að stöðu geðsjúkra og þeirra sem hafa verið sviptir sjálfræði. Þá eru ýmis álitamál er varða rannsóknir og eignarrétt, t.d. hver á sýni sem tekin hafa verið úr látnum einstaklingi. Það komu fram mjög margar ábendingar á áðurnefndu málþingi um vanda af þeim toga og ég tel að það þurfi að sinna þessum þætti betur í frv. ef það á að vera alveg skýrt.

Þá vil ég taka undir þá gagnrýni sem fram kom hér um daginn hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um málefni sjúkra barna, bæði varðandi kennslumál þeirra barna og einnig um stöðu foreldra þeirra.

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. og vona að það fái vandaða meðferð í hv. heilbr.- og trn. þó það hafi nú þegar vissulega fengið víðtæka umræðu og ég fagna því. Hérna eru mjög viðkvæm álitamál sem verða að ræðast mjög vandlega en jafnframt er málið brýnt og þess vegna þolir þessi lagasetning ekki mikla bið.

[14:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Mitt mat er það, almennt sagt, að þetta frv. til laga um réttindi sjúklinga sé skref í rétta átt til þess að skilgreina betur en verið hefur stöðu sjúklinga gagnvart heilbrigðiskerfinu og raunar gagnvart samfélaginu í heild. Það er hins vegar mjög mikilvægt þegar hugað er að lagasetningu af þessum toga og rætt er um réttindi, sjúklinga í þessu tilfelli, að menn átti sig fyllilega á því hvað að baki liggur og hver meiningin og ætlunin er í raun og sanni. Það er betur heima setið en af stað farið þegar um það er að ræða að menn ætli að skilja við lagasetningu eins og hér um ræðir, í mjög viðkvæmum málaflokki, með einhverju almennu orðalagi, með einhverjum almennum frómum óskum sem síðan verði erfitt þegar til kastanna kemur að standa við. Um sumt ber þetta frv. örlítið keim af því að menn hafa reynt að loka ýmsum álitamálum með því að orða þau mjög almenns eðlis án þess þó að fullnægjandi svör séu gefin við þeim spurningum sem þá sannarlega vakna.

Ég ætla að drepa á nokkur slík atriði og reyna að kalla eftir svörum hæstv. heilbrrh. í þeim efnum og einnig koma á ábendingum til hv. heilbrn. sem mun síðan eiga talsvert starf fyrir höndum einmitt í þessa veru, að tryggja að það sem frv. segir þýði í raun að við það verði staðið. Óneitanlega vakna spurningar á borð við þær sem ég nefndi í upphafi þegar lesið er fskj. með frv. og á ég við umsögn hæstv. fjmrh. um frv. Þar kemur augljóslega í ljós að hæstv. fjmrh. og fjárlagaskrifstofan reikna ekki með því að þetta kosti nokkra peninga. Það er í einhverjum milljónum talið. En á hinn bóginn þegar efnisatriði frv. og þær réttarbætur sem þar er að finna eru skoðaðar þá gefur það auga leið að þetta mun kosta fjármuni, mismikla þó, en umtalsverða á einstökum sviðum sem ég mun nefna hér á eftir.

Það er bráðnauðsynlegt að löggjafarvaldið geri sér glögga grein fyrir því hvort hér eigi að setja löggjöf sem bæti stöðu og réttindi sjúklinga í raun og sanni eða hvort hér sé um eitthvert almennt snakk að ræða. Ég trúi því ekki að sá sé tilgangur málsins og nálgast það með þeim hætti.

Ef skoðuð eru einstök atriði frv. er einkar athyglivert í 1. gr. frv., þegar rætt er um hin almennu markmið, að þar eru tekin af öll tvímæli, raunar í samræmi við stjórnarskrá, að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis,

trúarbragða o.s.frv. Í upptalningunni er ekki að finna aldur eða fötlun en tekin af öll tvímæli í athugasemdum með því að þeir þættir séu sjálfgefnir taldir með. Þarna vakna strax spurningar og er rétt að kalla eftir því hjá hæstv. heilbrrh. hver hennar nálgun er að þessu viðfangsefni. Ég staldra óneitanlega við aldurinn því að hæstv. heilbrrh. er núna með stóra nefnd í gangi um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu og það er auðvitað bráðnauðsynlegt að ræða það mál hispurslaust og af hreinskilni af því að menn þekkja þá umræðu frá okkar nágrannalöndum hvort með þessu ákvæði sé búið að taka um það grundvallarákvörðun að sjúkir Íslendingar, án tillits til aldurs fái fortakslaust alla þá læknis- og heilbrigðisþjónustu sem völ er á. Ber að skilja þetta ákvæði þannig eins og það stendur hér? Og hefur þá verið tekin sú pólitíska ákvörðun, væntanlega í þessari nefnd eða af hálfu heilbrrn., að við forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu komi ekki til álita að aldraðir Íslendingar þurfi að bíða lengur eða sé hugsanlega neitað um nauðsynlega læknisaðstoð. Ég er að ræða um alvarleg inngrip á borð við hjartaskurðlækningar hjá fólki í kringum 90 ára aldurinn eða 95 ára aldur eða hvað það nú er. Því að við vitum það af reynslunni og praktískum framgangi mála hér að íslenska heilbrigðisstéttin hefur forgangsraðað í reynd. Það er nauðsynlegt á þessum tímapunkti að við svörum þeirri spurningu hvort með þessu ákvæði sé verið að segja: Þetta er af. Allir Íslendingar, án tillits til aldurs, eiga kost á hinu allra besta, allri þeirri aðstoð sem völ er á. Ef við erum ekki að segja þetta þá eigum við að tiltaka það í þessu frv. Því segi ég enn og aftur: Við skulum ekki segja eitthvað í þessu frv. sem við ætlum ekki að láta ganga fram í rauninni þegar til á að taka. Þá er verr af stað farið en heima setið.

Í 3. gr. rætt um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita og sérstaklega tilgreint í athugasemdum með frv. að meðvitað hafi hinn margumtalaði fjárhagsrammi verið út tekinn og menn gefi sér það að hann eigi við í þessu tilfelli eins og öllum öðrum. En er það svo sjálfsagt ef einstaklingur, sem á við veikindi að stríða, gerir kröfu á íslenska heilbrigðiskerfið á grundvelli ákvæða þessarar greinar laganna um að hann eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita? Nú vitum við að það eru til lyf sem við höfum ekki efni á að veita íslenskum sjúklingum. Það er m.a.s. í gangi meðferð við tilteknum sjúkdómi þar sem nokkrir einstaklingar voru tíndir af trjánum, ef svo mætti segja og aðrir fengu ekki aðgengi þar að. Ég er býsna hræddur um það, virðulegi forseti, að ef þeir sem þannig lentu utanveltu sæktu mál á hendur íslenska ríkinu á grundvelli þessarar greinar, þá mundu þeir vinna það mál. Þess vegna verðum að glöggva okkur á því hvað við erum að segja í lagatexta og hvernig fólk á síðan að lifa eftir þeim lögum sem við erum að setja því hér á hinu háa Alþingi. Þarna held ég að menn þurfi að gaumgæfa mjög alvarlega hvort þeir ætla að skilja þetta eftir með þessum hætti eða að reyna, þó að það kunni að vera sársaukafullt, að þrengja það. Því að auðvitað er það þannig, og ég held að það deili enginn um það, að ef við gengjum alla þá leið að veita öllum allt alls staðar miðað við þá möguleika sem læknavísindin í dag bjóða upp á, þá dygðu tæpast 100% af íslenskum fjárlögum. Ég hygg að við getum öll verið sammála um það. En þess vegna skulum við gæta að því að vera ekki að bjóða upp á vonarpening sem síðan er ekki hægt að standa við. Og þess vegna er nauðsynlegt að ræða þau mál af hispursleysi.

Ég vil því næst, herra forseti, staldra við annan viðkvæman þátt er lýtur að 9. og 24. gr. frv. sem snertir undanþágu frá meginreglu um samþykki fyrir meðferð annars vegar og hins vegar meðferð dauðvona sjúklings. Ég geri í sjálfu sér ekki athugasemdir við fyrirliggjandi texta en eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á og raunar hv. þm. Margrét Frímannsdóttir líka, þá er nauðsynlegt að það liggi skýrt fyrir hvað það er sem hér að baki liggur. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom inn á bréf eða leiðbeiningar landlæknis til heilbrigðisstarfsmanna um takmörkun á meðferð við lok lífs sem eftir því sem mér skilst hafa í rauninni enga lagalega stoð, sé í raun ekki gert í umboði hæstv. heilbrrh. heldur sé um að ræða eins konar innanhússplagg á íslenskum heilbrigðisstofnunum. Nú er það auðvitað álitamál hvernig slík plögg eigi að meðhöndlast að formi og efni, en aftur velti ég því upp hver hin lagalega staða er í þeim efnum. Ég rifja upp mál frá Bandaríkjunum í því sambandi fyrir allmörgum árum þegar deilt var um það hvenær og hvort ætti að slökkva á öndunarvél hjá ungri stúlku. Um þau álitamál fjallar til að mynda landlæknir í þessum leiðbeiningum sínum. Þar er um það að ræða að sjúklingurinn sjálfur hefði engin tök á því að taka ákvarðanir um slík endalok eða um slíkar ráðstafanir og ég sé ekki heldur að í þessari fyrirskrifuðu reglu eða því lagafrv. sem við erum að ræða um hér liggi ljóst fyrir hver það er sem í raun geti tekið ákvörðun um það að slökkva á öndunarvél hjá einstaklingi sem hugsanlega hefur lent í slysi, er meðvitundarlaus og heiladauður og öllum þykir sýnt að batahorfur eru nánast engar. Hvernig tekur þessi löggjöf á álitamálum á borð við þau?

Nú er það opinbert leyndarmál að gripið er til ráðstöfunar af því tagi sem ég nefndi hér áðan, að slökkva á öndunarvélum eftir ákveðnum hefðum og venjum sem m.a. er að finna í þessu leiðbeiningarbréfi landlæknis. En ég held að það sé brýnt að löggjafarvaldið sjálft komi sér ekki hjá því að reyna að svara eins og kostur er viðkvæmum og lögfræðilegum álitamálum sem upp koma í því sambandi og þarna finnst mér vanta eilítið upp á.

Það er enn annar þáttur sem ég vil nefna sem mér finnst gersamlega vanta í þetta. Ég fagna því út af fyrir sig að menn skuli nálgast dauðann eins og hér er gert, þ.e. að dauðvona sjúklingur eigi rétt á að deyja með reisn þó að vissulega megi velta því fram og til baka hvað það er í raun að deyja með reisn eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði í umræðunni áður. En það sem mér finnst vanta hér upp á er staða þessa einstaklings eftir að líf hefur fjarað út og reisn þess sem dáinn er.

Þá kem ég að krufningum og stöðu mála í því sambandi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn ljúki þessu ferli um réttindi sjúklinga um hvað taki við eftir að sjúklingurinn er horfinn yfir móðuna miklu. Mig langar til að vitna í ágæta grein eftir Þorberg Kristjánsson, fyrrv. sóknarprest í Kópavogi, frá því í vetur þar sem hann ræðir einmitt þessi mál og hafði hann átt í orðaskiptum við landlækni um þann þátt mála. Landlæknir hafði svarað honum í Morgunblaðsgrein þann 9. mars fyrir ári síðan þar sem hann segir, með leyfi forseta, að alfarið skuli tekið tillit til vilja hins látna og taka skuli mið af vilja nánustu aðstandenda varðandi krufningu nema ef um réttarkrufningu sé að ræða að beiðni lögreglu.

Þessari tilvísun í grein landlæknis er þar með lokið en Þorbergur Kristjánsson bætir við og segir, með leyfi forseta:

„Ég tel mig hins vegar hafa ástæðu til að ætla að þannig túlki ekki allir læknar téð lög og að ákvæði um réttarkrufn-

ingu sé stundum mjög frjálslega notað. Víst er þá líka að syrgjendur eru í tilfinningalegu uppnámi, treysta sér ekki endilega til að reka réttar síns með því t.d. að leita fulltingis landlæknis, enda ganga þessir hlutir yfirleitt mjög fljótt fyrir sig."

Ég þekki dæmi um þetta líka að inni á sjúkrahúsum er þess ekki nægilega vandlega gætt að fá heimildir nánustu aðstandenda þegar um þetta viðkvæma inngrip er að ræða í látna aðstandendur. Og ég held að það sé óhjákvæmilegt annað en að bæta við setningum sem lúta að skýrri og klárri meðferð þessara mála.

Við þekkjum síðan hinn þátt þessara mála líka þar sem deyjandi fólk og/eða aðstandendur vilja ganga mjög langt í hina áttina og gefa líffæri úr hinum látna til þeirra sem not hafa af. En ég held að það sé mikilvægt í þessu sambandi að við höfum skýrar reglur og línur um þetta til þess að freista þess að minnka eins og kostur er þá áþján og það sorgarferli sem aðstandendur eiga í við þessar aðstæður.

Þá vil ég fara yfir þann kafla frv. sem kannski skiptir ekki minnstu máli. Fyrst vil ég í örfáum orðum nefna 18. gr., þ.e. um biðlistana, þ.e. bið eftir meðferð. Mér finnst kaflinn býsna ófullkominn eins og hann er settur fram og í raun ekki segja nokkurn skapaðan hlut um hvað það er sem við viljum í þessum efnum. Ég held að það sé miklum mun skynsamlegra að við stígum þetta skref rösklegar en hér er gert og setjum ákveðið þak á bið í þessu sambandi, reynum að nálgast þetta mál með einhvern metnað í huga og segjum sem svo þegar rætt er um réttindi sjúklinga að það megi ekki gerast í íslensku heilbrigðiskerfi að sjúklingur þurfi að bíða missirum eða árum saman eftir meðferð og hann kosti hugsanlega íslenska þjóðarbúið mun meiri peninga en ella vegna þessarar biðar. Yfir þetta er skautað mjög hratt og í engu reynt að svara þessu áleitna viðfangsefni íslenska heilbrigðiskerfisins, þ.e. hvernig viljum við taka á þessum biðlistum.

En ég vil nýta þann tíma sem ég á eftir til þess að ræða um linun þjáninga og nærveru fjölskyldna og vina og þá einkanlega barnanna. Í 27. gr. til að mynda og raunar í fleiri greinum, 26. gr. líka, er rætt um nauðsyn þess, sem ég hygg að allir séu sammála um, að foreldrar og aðrir aðstandendur eigi þess kost að vera með barni sínu þegar það þarf inn á sjúkrahús til lengri eða skemmri dvalar.

Nú eru þetta ósköp ágæt orð á blaði. En spurning mín er einfaldlega þessi: Hvernig ætlum við að standa við ákvæði þessarar greinar? Það dugir mér nákvæmlega ekki nokkurn hrærandi hlut að hæstv. heilbrrh. segir hér að þetta komist allt í gott lag þegar margnefndur Barnaspítali Hringsins verður kominn í lag. Ég vil hins vegar nota tækifærið og spyrja eftir því, virðulegi ráðherra, hvar á vegi það mál er statt. Það voru hafðar uppi hástemmdar yfirlýsingar um það hér í desember sl. en ég hef ekki heyrt hósta eða stunu síðan. En það er aðeins annar þáttur þessa máls.

Það er alveg ljóst að í dag er ekki nokkur vegur að standa við þau ákvæði sem hér er um rætt varðandi aðstöðu fyrir langveik börn og yfirleitt sjúk börn sem leggjast inn á sjúkrahús, varðandi nám og stuðning við nám svo að ég tali ekki um þá þversögn sem er að finna í þessu frv. annars vegar og síðan umsögn fjmrn. hins vegar um kostnaðinn af grunnskólanáminu. Því var í engu svarað í fyrri lotu þessarar 1. umr. um málið og þarf að svara miklu betur. En mínar áhyggjur standa ekki síst til þess, og það á ekki eingöngu við börn heldur líka við sjúklinga yfirleitt. Það er af mikilli nærgætni talað um nauðsyn þess að ættingjar, foreldrar og aðrir geti haft til þess aðstöðu og tök á að vera styrkur hinum sjúka. En hvernig á að nálgast hina fjárhagslegu möguleika þess að þetta sé hægt? Nú veit ég vel að í okkar tryggingabótakerfi er að finna bótaflokk sem kallaður er umönnunarbætur þar sem reynt er að nálgast þetta viðfangsefni en það dugir engan veginn til. Það vitum við nákvæmlega og höfum margar reynslusögur af. Við skulum taka sem dæmi krabbameinssjúk börn. Samtök þeirra hafa með frjálsum samskotum reynt að hjálpa þar upp á með, t.d. með kaupum á húsnæði hér í Reykjavík fyrir þá foreldra og þær fjölskyldur sem búa úti á landi. En þetta á við í langtum fleiri tilvikum og ég spyr beint: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að tryggja það að ákvæði þeirrar greinar haldi, um að foreldrar barna eða aðstandendur, makar eftir efnum og ástæðum, geti haft fjárhagslegt bolmagn t.d. til þess að koma utan af landi hingað til Reykjavíkur, á hátæknisjúkrahúsin hér, geti verið hér með sínu fólki mánuðum og jafnvel missirum saman? Það getur þurft að hætta í sinni vinnu, stundum annað foreldri, stundum bæði. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að tryggja að fólk geti notið þess réttar sem þetta ákvæði frv. segir fyrir um? Þetta er lykilspurning og víkur enn og aftur að því sem ég sagði áðan að það er hættulegt í þessu háa Alþingi að við sendum frá okkur lagatexta sem allir vita e.t.v. innst inni að við getum ekki staðið við upp á punkt og prik. Það eru vond skilaboð sem við erum að senda út í samfélagið með þeim hætti og þess vegna skulum við búa þannig um hnúta að réttindi sjúklinga verði ekki aðeins réttindi á blaði, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði.

[14:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu var til umræðu á síðasta þingi hjá hv. heilbr.- og trn. og sé ég að tekið hefur verið tillit til ýmissa athugasemda sem komu fram í nefndinni og í þeim umsögnum sem nefndin fékk frá ýmsum aðilum um þetta frv. Get ég ekki sagt annað en að allar breytingar sem gerðar hafa verið á frv. séu til bóta. En mig langar til að koma inn á nokkur atriði í þessu frv. þó svo ég geti komið að umræðu um frv. þegar það verður komið til heilbr.- og trn.

Mig langar aðeins til að byrja á að minnast á 1. gr. Þar er tiltekið markmið laganna og sagt að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis, og síðan er bætt við: og stöðu að öðru leyti. Það urðu nokkrar umræður um þennan þátt í heilbr.- og trn. á síðasta þingi. Ýmsir töldu að þarna ætti að tiltaka fleiri atriði eins og fötlun en ég tel að það sé fullnægjandi að setja þetta svona fram, enda hefur, eins og kemur fram í umsögn um þessa grein, löggjafinn talið óþarft að lengja upptalninguna. Hún er ekki tæmandi þar sem orðunum „og stöðu að öðru leyti" er bætt við. Og það er talið felast í jafnræðireglunni að hún nái til allra þjóðfélagshópa án tillits til aldurs og fötlunar þannig að ég held að þetta sé fullnægjandi eins og það kemur fyrir í frv.

Aftur á móti velti ég fyrir mér 2. gr. þegar menn skilgreina sjúkling sem notanda heilbrigðisþjónustu. Það er rétt að þeir sem nota heilbrigðisþjónustu eru ekki allir sjúkir og þess vegna svolítið ankannalegt að kalla hvern þann sem þarf að nota sér heilbrigðisþjónustuna sjúkling. Þar má nefna t.d. þá sem notfæra sér ýmsar forvarnir sem eru á vegum heilbrigðiskerfisins. Það eru venjulega heilbrigðir einstaklingar

sem koma þar að. Það var nefnt dæmi um sængurkonurnar. Þær eru ekki sjúkar þó að þær þurfi á heilbrigðisþjónustu að halda og þannig mætti náttúrlega áfram telja. Þetta stangast því svolítið á við íslenska málvenju að tala um heilbrigðan einstakling sem sjúkling.

Næsta skilgreining í 2. gr. er skilgreining á heilbrigðisstarfsmanni. Heilbrigðisstarfsmaður er skilgreindur hér sem einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hlotið hefur löggildingu heilbr.- og trmrh. til slíkra starfa. Ég er ekki alveg sátt við að það séu aðeins þeir sem hafa fengið löggildingu á starfsheiti sínu sem falli þarna undir. Það má t.d. nefna sjúkraliðana. Þeir mundu ekki vera kallaðir heilbrigðisstarfsmenn og ekki ræstingarfólkið og ýmsir fleiri sem starfa við heilbrigðisstofnanir, enda hefur verið notað til skiptis orðið „heilbrigðisstarfsmaður" og síðan „starfsmaður í heilbrigðisþjónustu". Þarna er átt við sitt hvað. Ég held að við verðum aðeins að skoða þetta atriði þegar málið kemur aftur til nefndarinnar.

Það eru fleiri atriði í frv. sem ég held að þurfi frekari skoðunar við. Til dæmis segir í 3. gr.: „Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu." Hvað þýðir að það eigi að tryggja sjúklingum sem sambærilegasta þjónustu? Á aðgengið að þjónustunni að vera sem sambærilegast? Á það að vera eftir sjúkdómum? Hvað er verið að fara þarna „með sem sambærilegastri þjónustu"? Menn hafa velt því fyrir sér hvort hér sé e.t.v. um skerðingu að ræða, hvort þetta gæti falið í sér einhvers konar skerðingu sem ég efast um að hafi verið ætlan við frumvarpsgerðina, að þarna kæmi inn einhver skerðing.

Einnig er atriði hér sem kemur í næstu málsgrein: „Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita." Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson benti á að það er unnt að veita mjög dýra meðferð við ýmsum sjúkdómum sem menn hafa ákveðið að fara ekki út í, t.d. lyfjameðferð sem er mjög dýr og ýmis önnur úrræði. Ég velti því fyrir mér hvort þetta þýði að sjúklingar geti krafist meðferðar, t.d. dýrrar meðferðar í útlöndum eða hvar sem er og byggt kröfu sína á þessu ákvæði.

Mig langar til að minnast á það í þessari umræðu að á vegum heilbr.- og trmrn. er starfandi nefnd sem hefur verið nefnd forgangsröðunarnefndin, og á ég sæti í þeirri nefnd, þar sem er einmitt verið að fjalla um ýmislegt sem viðkemur þessu frv., en þar sem trúnaður ríkir um það sem fer fram í þeirri nefnd get ég ekki farið að vitna í það. En þar sem nefndin er komin langt í vinnu sinni teldi ég eðlilegt að heilbr.- og trn. skoðaði niðurstöðu hennar þegar hún hefur skilað af sér því að ég tel að það sé ýmislegt sem nefndin hefur verið að vinna sem gæti gagnast í vinnunni við þetta frv. og orðið til bóta, jafnvel í ákveðnum ákvæðum þessa lagafrv. Ég mun því leggja það til í heilbr.- og trn. þegar málið kemur þangað að niðurstöður forgangsröðunarnefndar verði skoðaðar áður en frv. verður afgreitt frá nefndinni.

Mig langar einnig til að koma aðeins inn á 4. gr. en þegar málið var til umfjöllunar í heilbr.- og trn. í fyrra komu nokkrar athugasemdir um þá grein þar sem segir: „Heilbr.- og trmrn. skal sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar." Þarna er verið að kveða fastar á um upplýsingaskyldu sem er tekið á í öðrum lögum, og er það af hinu góða, og ég vil ítreka það hér að það er mjög mikilvægt að upplýsingar og stöðug fræðsla um réttindi og þjónustu sé til staðar fyrir þá sem þurfa á heilbrigðiskerfinu að halda. Ég held að það þurfi að taka á þessu enn fortakslausara í lögunum. Það er t.d. oft ekki nóg að það séu bæklingar í hillum uppi á vegg fyrir þessa einstaklinga. (**Gripið fram í:** Talar sá sem reynsluna hefur.) Já, talar sá sem reynsluna hefur. Það þarf að fræða fólk um þetta, það þarf að benda fólki á að það þarf að leita eftir upplýsingunum og kynna sér rétt sinn. Ég þreytist aldrei á að brýna það fyrir fólki að það þarf að bera sig eftir upplýsingunum og þess vegna þarf það að koma fram í þessu frv. að það skuli veita þessa fræðslu, það skuli vera upplýsingar. Við vitum að það eru ekki alls staðar félagsráðgjafar starfandi t.d. á sjúkrastofnunum og heilbrigðisstofnunum. Það þarf einhver að hafa það verk á sínum höndum að kynna þeim sem þurfa á þjónustunni að halda hvaða rétt þeir eiga og hvað er fyrir hendi. Til dæmis er bæði í umsögn frá Umhyggju og frá samtökunum Lífsvog einmitt ítrekað að það þurfi meira en bara bæklingana. Og ég þekki það af eigin raun að fólk hefur oft farið á mis við þá þjónustu sem stendur til boða vegna þess að upplýsingunum var ekki haldið að því á réttum tíma. Því held ég að við þurfum kannski aðeins að skerpa á þessu ákvæði í lögunum.

Í 5. gr. er komið ákvæði, sem ég fagna, um að boðið sé upp á túlkun, þ.e. eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein. Þetta er mjög til bóta og nauðsynlegt ákvæði.

Ég vil einnig nefna annað atriði sem eru upplýsingar til þeirra sem ekki hafa færi á að tileinka sér venjulegan texta og það eru t.d. þeir sem eru heyrnarskertir eða heyrnarlausir og nota ekki táknmál. Það þyrfti að vera til texti fyrir þá og einnig þá fyrir þroskahefta einstaklinga sem ekki hafa tök á að nýta sér almennan texta eins og er nú yfirleitt á því upplýsingaefni sem fyrir liggur.

Það eru ýmis fleiri atriði sem ég vil nefna hér. Í 17. gr. segir m.a.: „Heilbrigðisstarfsmenn og aðrir sem starfs síns vegna hafa samskipti við sjúkling skulu koma fram við hann af virðingu." Auðvitað ætti ekki að þurfa að setja svona fram í lagagrein en ég tel þó af hinu góða að það sé. En það er ekki nóg, það þarf auðvitað að fylgja því eftir. Og því miður hefur maður orðið vitni að því að það er ekki alltaf, þó svo að það sé í flestum tilvikum, að þeir sem eiga samskiptum við sjúklinga komi fram við þá af virðingu. Og það þarf meira en bara lagagreinina til að fylgja því eftir.

Hvað varðar 23. gr., um linun þjáninga og næruveru fjölskyldu og vina, og 24. gr., um meðferð dauðvona sjúklings, þá tek ég undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram að það þyrfti auðvitað að koma fram lagastoð, það þarf að vera lagastoð fyrir þeim reglum sem landlæknir hefur sett. Ég tel það af hinu góða að reglur séu samræmdar á sjúkrastofnunum um hvaða meðferð dauðvona sjúklingur á rétt á. Auðvitað verður það að vera skilyrði ef ættingjar taka ákvarðanir fyrir dauðvona sjúkling að þeim sé gerð grein fyrir hvaða áhrif það hefur að stöðva meðferð og það þarf að vera alveg á hreinu að það valdi honum ekki vanlíðan og auknum kvölum, eins og reyndar hefur komið fram hér í umræðunni.

Mig langar einnig til að minnast á sjúku börnin og réttindi foreldra þeirra og náinna vandamanna sem getið er um í 27. gr. Það er nauðsynlegt að tryggja rétt bæði sjúkra barna og foreldra þeirra en það er ekki nóg að það komi fram í þessum lögum, það þarf að taka á þessu víðar. Ég vil benda á að foreldrar sem eru í vinnu hafa ekki rétt á því að vera frá vinnu nema takmarkaðan tíma vegna veikinda barna sinna. Og þá dugir ekki að vísa í lögin um réttindi

sjúklinga þar sem segir að sjúk börn eigi rétt á því að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér þó að þau dveljist á heilbrigðisstofnunum. Þannig að það þarf að taka víðar á þessum réttindum heldur en eingöngu í þessum lögum. Sama gildir náttúrlega um kennslu fyrir þau börn sem eru á skólaskyldualdri og dveljast á heilbrigðisstofnunum. Þar hefur verið nokkur misbrestur á, því miður. Og auðvitað þarf menntmrn. að koma að þeim þætti.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna um þetta mál núna. Ég mun koma að því þegar það kemur til umfjöllunar í heilbr.- og trn. og mun þá ítreka þá þætti sem ég hef nefnt og skoða nánar þau ákvæði sem hér eru til umræðu.

[14:49]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef setið í heilbr.- og trn. þingsins um nokkurn tíma þar sem hefur verið fjallað um þetta mál áður. Ég vildi aðeins koma inn á það mál í upphafi að það var dálítið annað að hlusta á 18. þm. Reykv. eða 9. þm. Reykn. sem hafði mest allt á hornum sér varðandi þetta frv. En hins vegar var heldur jákvæðari tónn í 18. þm. Reykv.

Það er annars eitt sem ég held að sýni að þingmenn fari nokkuð geyst í málið. Frv. í heild er af hinu góða, og ég held að allir séu sammála um það. Það fer ekki á milli mála. Auðvitað er hér eitt og annað sem betur mætti fara en mér finnst þó að það hafi borið svolítið á því að ræðumenn væru komnir nokkuð lengra en frv. felur í sér, eins og fram kom um 27. gr., t.d. varðandi reglur um sjúk börn. Það er ekki langt síðan þingmenn Reykv. og Reykn. fóru í heimsókn á Landspítalann og skoðuðu þar aðstöðu bæði sjúklinga og lækna. Það vakti athygli hjá þingmönnum sem gáfu sér tíma til þess að fara þangað í desembermánuði sl. hve þröngt er búið að. Og menn gera sér fulla grein fyrir því að t.d. á Landspítalanum er talsvert kraðak, það fer ekkert á milli mála, einkum í sambandi við barnadeildina. Þar er mikið verk sem þarf að vinna. Við gerum okkur fulla grein fyrir því. Þegar er verið að tala um að það eigi að veita foreldrum rétt til þess að vera hjá börnum sínum er átt við það í fyrsta lagi að reyna að búa svo um á spítalanum að foreldrarnir geti verið þar. En nú eru menn farnir að hoppa yfir í það hvernig eigi að greiða það ef fólk kemur utan af landi, hvernig á að borga fólki laun mánuðum saman ef það þarf að vera hér á spítala hjá börnum sínum. Það er ekki verið að tala um það í þessu frv., virðulegi forseti. Það er verið að tala um það hér að búa svo um að foreldrarnir geti verið þar daglangt eða næturlangt hjá börnunum en það er annað mál.

[14:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að hér er aðallega verið að tala um að það sé aðstaða til þess að börnin geti haft sína nánustu hjá sér. En það er náttúrlega forsenda fyrir því að aðstandendur og foreldrar geti verið hjá börnum sínum á þessum heilbrigðisstofnunum, að þeir geti komist frá vinnu. Og til þess þarf einhvers staðar annars staðar frá að koma til stuðningur. t.d. fyrir foreldra langtímaveikra barna, barna sem þurfa að koma utan af landi. Það verður að vera einhvers staðar úrræði fyrir þetta fólk annars staðar úr velferðarkerfinu. Um það held ég að við séum bæði sammála að það verður að vera stuðningur. Það hefur komið fram í umfjöllum t.d. frá Umhyggju, sem er félag til stuðnings sjúkum börnum, að þarna er mikill vandi á ferðinni sem þarf að bæta úr. Og auðvitað þarf að taka á þessum þáttum og það verða að vera réttindi sjúklinga, réttindi sjúkra barna að foreldrum þeirra verði gert kleift að vera samvistum við þau á meðan þau eru á heilbrigðisstofnunum og jafnvel þegar þau þurfa að vera heima og að þeim sé gert kleift að sinna þeim. Á þessu verður að taka í öðrum lögum og er alveg sjálfsagt að minnast á það hér þegar við erum að ræða um réttindi sjúklinga.

[14:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það rétt að geta þess. En þetta frv. til laga er fyrst og fremst frv. til laga um réttindi sjúklinga. Síðan þurfum við að finna málinu annan flöt sem áhrærir foreldrana og þann kostnað sem af því leiðir ef þeir þurfa að koma um langan veg og vera mánuðum saman hér í Reykjavík. Ég get alveg fallist á það. En það eru önnur atriði í frv. sem mér finnst full ástæða að sé gefinn sérstakur gaumur og úr þessum ræðustóli ætti að heyrast annar tónn heldur en neikvæður tónn. Það er svo sem eins og það sem oft hefur verið mjög deilt á í heilbrigðisþjónustunni þegar fólk kemur í meðferð og fær ekki samfellda læknismeðferð þannig að það er verið að taka fólk í einhver ákveðin ferliverk og gerð aðgerð sem ekki dugar til þess að klára málið og síðan líða kannski mánuðir og jafnvel ár. Hér er tekið á þessu og ég er sannfærður um að þetta er af hinu góða.

Það er líka önnur hlið á málinu sem snýr að því fólki sem vinnur í heilbrigðisstéttinni, hjúkrunarfræðingum og læknum. Hér er komið mál sem snýr að þeim og þau geta bent sjálf á og sagt: Ja, hér eru bara lög sem segja að meðferð þessa sjúklings skuli ljúka á einhverju tilteknu tímabili. Og það eru fleiri atriði hér í frv. sem eru af hinu góða. Og ég veit að hv. 18. þm. Reykv. mun vinna með okkur, öðrum þingmönnum og stjórnarliðum í heilbr.- og trn. að skjótum framgangi þessa máls. Þó það sé eitt og annað sem menn sjái annars staðar í öðrum lögum sem þurfi að lagfæra, þá held ég að þetta frv. sé það brýnt og þarft að við eigum ekki að láta þetta tefja fyrir heldur að vinna að þeim málum á öðrum vettvangi í öðrum lögum til hliðar við þetta frv.

[14:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig nú hafa talað jákvætt um þetta mál þó svo ég hafi bent á ýmis atriði sem ég teldi að þyrfti að skoða betur í nefndinni. Vissulega mun ég leggja mitt af mörkum til að þess að þetta frv. komist í gegnum þingið og verði að lögum. En engu að síður tel ég að það þurfi að gera ýmsar breytingar á því og ætla ekkert að láta það tefja málið þó það þurfi að gera breytingar á öðrum lögum til að auka réttindi sjúklinga eða aðstandenda sjúkra. En engu að síður tel ég fulla ástæðu til þess við þessa umræðu bæði að benda á það sem hefur kannski ekki farið sem best og það sem má betur fara í öðrum lögum. En ég mun koma að þessu máli eins og aðrir nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. þegar málið kemur þangað. Og ég vil ítreka að ég tel að við eigum að fara yfir niðurstöðu nefndar um forgangsröðun áður en þetta mál verður afgreitt á þinginu því að ég tel að þar séu atriði sem við þyrftum að skoða með þessu frv.

[14:57]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla hér um frv. um réttindi sjúklinga. Hér er mál sem er flutt í annað sinn þannig að við sem vorum í heilbr.- og trn. þekkjum það talsvert. Það er hægt að taka undir það sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir sagði áðan að búið er að taka það út úr frv. sem mest var gagnrýnt og þær breytingar eru

til bóta. Það sem var kannski aðallega gagnrýnt var tilvísun í fjárhagsrammann þar sem sagði að sjúklingur ætti rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma væri völ á að veita innan fjárhagsramma. Það að taka þetta úr er að mínu mati ekki nein stórfelld breyting vegna þess að að sjálfsögðu erum við ekki að veita hér alla þá fullkomnustu þjónustu sem hægt er að veita. Það eru fjárlög sem takmarka okkur þar. Hér er því ekkert nýtt á ferðinni og eins og setningin stendur í frv. núna, um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita, er mjög sambærileg við lögin um heilbrigðisþjónustu almennt.

Það er líka búið að fella út úr 3. gr. frv. þar sem var vísað í aldur, að sjúklingur eigi rétt á meðferð og aðbúnaði sem miðast við ástand hans og horfur á hverjum tíma, þar var líka vísað til aldurs í síðasta frv. Þetta hefur verið fellt út vegna gagnrýni. Þá voru skýringarnar reyndar þær að þetta orð, aldur, ætti aðallega að tengjast börnum, að þarna væri verið að skapa ákveðinn rétt barna. En eldri borgarar töldu að hér væru einhverjar sérstakar skerðingar á ferðinni gagnvart þeim, en það var nú ekki hugsað þannig.

Það er líka annað sem er nýtt í þessu máli núna frá því við ræddum það síðast og það er hvernig aðgangur sjúklinga er að sjúkraskrám eða „sjúrnölum". Það er nú búið að taka þann höfuðverk frá okkur í heilbr.- og trn. Alþingi gerði það með því að samþykkja ný lög, upplýsingalög, en þar er kveðið skýrt á um það að nú eiga sjúklingar að geta skoðað allar sínar gömlu sjúkraskrár, líka frá því fyrir 1988, en það var óheimilt samkvæmt læknalögum þangað til núna 1. jan. 1997. Núna geta sem sagt allir skoðað sínar gömlu sjúkraskrár. Það væri mjög fróðlegt að vita hvort almenningur hefur nýtt sér það. Nú er kominn miður febrúar þannig að fólk hefur í einn og hálfan mánuð haft tækifæri til að skoða allar sínar gömlu sjúkraskrár. Ég er ekki viss um að fólk hafi áttað sig á því enn þá. Að vísu er ákveðinn varnagli þar að ef læknir telur að það sé eitthvað í sjúkraskránni sem sé svo viðkvæmt að það geti skaðað sjúklinginn að lesa það þá getur læknir vísað skránni til landlæknis sem á þá á innan við átta vikum að úrskurða um það hvort sjúklingur megi sjá þessi gögn.

Hér hefur aðeins verið komið inn á aðbúnað barna. Mér þykir við hæfi að ég útskýri aðeins stöðuna þar þar sem ég er formaður byggingarnefndar barnaspítalans. Þar er verið að huga að því að fara yfir gögn sem búið var að vinna á sínum tíma varðandi það mál. Það þarf að endurskoða þau gögn og það þarf líka að ákveða með hvaða hætti verður farið í málið, hvers lags samkeppni t.d. verður viðhöfð, alútboð eða hönnunarútboð og annað slíkt þannig að það mál er í skoðun.

Mig langar til að nota tíma minn hér aðallega í eitt afmarkað atriði. Ég ætla ekki að fara vítt og breitt yfir frv. heldur ræða eitt afmarkað atriði. Það er um svokallaða biðlista. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom inn á það að við ættum kannski að stíga skrefið til fulls og hafa ákvæði í frv. um að það ætti að vera einhver hámarksbiðtími, einhverjir mánuðir t.d. Ég hef legið í gögnum vegna þessa máls, gögnum frá Norðurlöndum, en við erum eins og allir vita með sambærilegt velferðarkerfi og aðrir Norðurlandabúar og því er afar gagnlegt að sjá hvað þeir hafa gert. Hvað þeir hafa gert vel og hvað hefur misfarist. Ég hef einmitt verið að skoða biðlistamál á Norðurlöndunum og mig langar að deila með ykkur því efni sem ég hef farið í gegnum.

Í Noregi þar hafa þeir haft svokallað „ventetidsgaranti" eða biðlistatryggingu og hún hefur verið við lýði í tíu ár, eða síðan 1987, og þeirra reynsla er ekki góð. Þeirra kerfi virkar þannig að þeir flokka sjúklinga — fyrsti flokkur eru þeir sjúklingar sem eru má segja lífshættulega sjúkir og þurfa bráðameðferð, meðferð strax, þola enga bið. Það er fyrsti flokkur hjá Norðmönnum. Síðan er möguleiki á að lenda í svokölluðum öðrum flokki, en það eru þeir sjúklingar sem eru það alvarlega sjúkir að ef þeir fá ekki meðhöndlun fljótlega eða á innan við sex mánuðum þá lendir viðkomandi sjúklingur í nánast lífshættulegu ástandi eða „katastrofal" ástandi eins og þeir kalla það og hefur mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Þetta er flokkur tvö, þá á að meðhöndla sjúkling á innan við sex mánuðum og hann fær tryggingu fyrir því. Aðrir sjúklingar fara þá í þriðja flokk. Það eru þeir sem eru með sjúkdóma sem eru ekki mjög alvarlegir. Þeir geta þá beðið í a.m.k. sex mánuði eða þar til einhver úrræði finnast fyrir þá. Þetta er kallað „garanti" eða trygging en það eru engar sérstakar refsingar þó að tryggingin sé brotin. Þetta virkar meira, má segja, líkt og pólitísk svipa. Fólk hefur enga sérstaka tryggingu fyrir því að fá meðferðina en það er hægt að benda á það ef verið er að brjóta tryggingunа margoft og þá er bent á það bæði af læknum og af stjórnmálamönnum.

En reynslan er það slæm af þessu biðlistakerfi að Norðmenn eru að hverfa frá þessari aðferð. Þetta hefur alls ekki virkað eins og til var ætlast, aðallega vegna þess að læknar hafa metið sína sjúklinga mjög mismunandi. Sumir hafa sett nánast hvern einasta nýja sjúkling sem þeir hafa fengið í annan flokk, þá sem eiga að fá meðferð á innan við sex mánuðum. En aðrir læknar hafa sett mjög fáa í þann flokk, jafnvel læknar innan sömu sérfræðigreinar sem ættu þess vegna að beina álíka hlutfalli í þessa flokka, þannig að biðlistarnir hafa verið falskir, þ.e. of langir miðað við raunveruleikann. Það eru miklu fleiri settir á þá heldur en efni standa til. Vegna þessa hefur brotum að sjálfsögðu stórfjölgað á biðlistunum og árið 1993 var biðlistatryggingin brotin í 6,5% tilfella, þ.e. 5.000 Norðmenn sem voru á listanum fengu ekki meðferð á innan við sex mánuðum. Árið 1995 voru 10 þús. Norðmenn sem biðu enn þá, þ.e. 10% fengu ekki meðferð á tilsettum tíma, þannig að hlutfall þeirra, sem fá ekki meðferð á þeim tíma sem þeir eiga að fá, hefur verið að hækka. Kannanir hafa einnig sýnt að á biðlistanum eru $^3/_4$ hlutar þeirra sem brotið var á fólk sem beið eftir bæklunaraðgerðum. Það er svolítið í anda þess sem við erum að upplifa hér að biðlistarnir eru langir eftir bæklunarskurðaðgerðum.

Rannsóknir í Noregi sýna almennt að læknar senda æ fleiri í hóp tvö. Til dæmis voru árið 1994 63% nýrra sjúklinga settir í hóp tvö en 1995 var það hlutfall komið upp í 70% af öllum nýjum sjúklingum. Væntanlega gera læknar þetta til að auka líkurnar á að fólk komist að og reyna að þrýsta því inn á þessa biðlista. Kannanir hafa líka sýnt að sjúkrahúslæknar hafa túlkað þessar biðlistareglur mjög frjálslega eftir svæðum. Á sumum sjúkrahúsum, t.d. í Rogalandfylki, en sjúkrahúsin eru á fylkisgrundvelli í Noregi, eru 90% nýrra sjúklinga settir á þessa biðlistatryggingu, í annan flokk, og eiga að fá meðferð á innan við sex mánuðum. En í Þelamörk eru einungis 30% sjúklinga settir í þennan annan flokk þannig að menn sjá að þarna er mjög mikill munur á. Það er því ekki hægt að segja að þetta biðlistakerfi hafi tryggt neitt jafnrétti en ein af forsendum þess að þetta biðlistakerfi var tekið upp var að tryggja jafnrétti fólks, jafnan aðgang að þjónustunni. En það hefur alls ekki virkað þannig.

Árið 1995 var gerð mjög merkileg rannsókn í Noregi þar sem 1.000 sjúklingar sem voru á biðlista voru skoðaðir

sérstaklega. Í ljós kom að 12% þeirra 1.000 sjúklinga, sem voru í flokki tvö og áttu að fá meðferð á innan við sex mánuðum, óskuðu ekki eftir meðferð sjálfir, alls ekki, 15% höfðu þegar farið í meðferðina og áttu þess vegna að vera dottnir af listanum og 25% voru ekki það illa haldnir að þeir ættu rétt á að vera á biðlistanum. Þannig að það má segja að helmingurinn af listanum stóðst ekki þær kröfur sem gerðar hafa verið til að vera á listanum. Þessi könnun sýndi einnig að meiri hluti þeirra sem voru á biðlistanum voru í vinnu. En það passar alls ekki við þær kröfur sem gerðar eru til þess að vera á listanum, en menn eiga að vera það sjúkir að þeir geti ekki verið í vinnu, það sjúkir að á innan við sex mánuðum verði þeir í lífshættulegu ástandi og það getur varla passað að þetta fólk sé þá að meiri hluta til í vinnu. Það er mótsögn.

Vegna þessarar reynslu eru Norðmenn nú að skoða nýtt kerfi. Þeir eru að skoða það að taka upp svokallaða 30 daga tryggingu, að á innan við 30 dögum eigi hver sjúklingur að fá úrskurð um hvað hann á að bíða lengi. Ákveðnir hópar eiga að fá þriggja mánaða tryggingu þannig að þeir yrðu meðhöndlaðir á innan við þremur mánuðum. Þá sér maður nú alveg fyrir sér að þeir geti lent í sömu vandræðunum með þennan hóp og í dag. Þeir munu væntanlega koma þessum nýju reglum á í sumar, alla vega hef ég þær upplýsingar þaðan.

Í Svíþjóð er ekki eins umfangsmikið biðlistakerfi og í Noregi. Þar er trygging fyrir 12 sérstaka sjúkdómaflokka. Séu menn haldnir einhverjum af ákveðnum 12 sjúkdómum þá eiga menn að fá meðferð á innan við þremur mánuðum. Fyrst í stað gekk þetta vel hjá Svíunum. Biðlistinn styttist en nú er þetta aftur að fara í gamla farið og listinn er að lengjast og þeir eru aftur farnir að misnota sína biðlista. Reyndar hefur það líka komið til að fjárlög sænska velferðarkerfisins hafa kannski ekki alveg getað staðið undir allri þeirri meðferð sem þeir hefðu viljað veita. Svíar hafa því ekki sérstaklega góða reynslu af þessu.

Danir hafa farið aðra leið. Þeir skrá sína biðlista reglulega mjög markvisst og birta þær tölur opinberlega sex sinnum á ári, þ.e. á tveggja mánaða fresti birta Danir nákvæma stöðu biðlistamála. Þeir fylgjast sérstaklega náið með einstaka sjúkdómahópum og leysa biðlistavandamálið með sveigjanlegum hætti. Þeir setja meira fjármagn til að stytta ákveðna biðlista tímabundið. Þeir hafa líka sett meira fjármagn til að stytta alla biðlista á ákveðnum tíma. Síðan hafa þeir tekið upp kerfi þar sem fjármagn fylgir sjúklingi og það er hægt að taka sjúklinga meira á milli svæða. Þetta tel ég að sé miklu eðlilegri og betri leið, að vera ekki að festa sig í einhverjum hámarksbiðtíma heldur nota frekar sveigjanlegt kerfi af því að það hefur sýnt sig að þau biðlistakerfi, sem hafa verið notuð á Norðurlöndunum, hafa verið misnotuð mjög fljótt eftir að þeim hefur verið komið á. Þetta er hins vegar mál sem við getum rætt í heilbr.- og trn. en það er mín skoðun eftir að hafa athugað þessi mál á Norðurlöndunum að það sé ekki til bóta að taka upp einhvern tímaramma gagnvart biðlistum. Við eigum frekar að fara í danska farið og nota tímabundnar, mismunandi aðgerðir til að stytta biðlistana.

[15:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að hún væri formaður byggingarnefndar barnaspítala. Ég hefði gjarnan viljað heyra nánar um það hvernig þau mál eru stödd í dag. En ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. hvort henni hefði ekki fundist eðlilegt að inni í þessari kostnaðaráætlun, ef gert er ráð fyrir að laga hér og bæta aðbúnað veikra barna, þá væri þess a.m.k. getið í kostnaðarumsögn fjmrn. sem hljóðar upp á það að frv. leiði til kostnaðarauka upp á um 4 millj. kr., ef frv. verður að lögum, hvort hv. þm. hefði ekki fundist eðlilegt að gerð væri grein fyrir því í þessari kostnaðaráætlun við hverju mætti búast varðandi kostnað við uppbyggingu barnaspítala því það segir sig sjálft að ef ekki er staðið við þá uppbyggingu þá er ekki hægt að standa við þessi lög.

[15:13]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal ekki segja hvort það hefði verið eðlilegt endilega að hafa hér inni þá fjárhæð sem reiknað er með að nýr barnaspítali muni kosta. Það má svo sem vel vera, ég þekki ekki nákvæmlega hvað er eðlilegt að hafa inni í svona kostnaðarmati yfirleitt. Hins vegar get ég upplýst að miðað við þær tölur sem við höfum verið að fjalla um til byggingar nýs barnaspítala þá er áætlað að hann kosti ríkið alla vega 800 millj. sem er auðvitað mjög há upphæð. Það verður að sjálfsögðu væntanlega fjármagnað á nokkrum árum.

Málin standa þannig að það þarf að skoða þau gögn sem hafa verið unnin hjá síðustu ríkisstjórn, það þarf að endurskoða þau og uppreikna. Síðan þarf að taka nákvæmar ákvarðanir um hvernig á að standa að hönnun og útboði. Þetta er afar stórt verk. Þessi upphæð, 800 millj. kr., er ekki neitt óyfirstíganleg af því að á hverju ári hefur runnið talsverð upphæð í uppbyggingu á Landspítalalóðinni. En eins og allir vita er afar brýnt að við sjáum hér nýjan barnaspítala fyrr en seinna.

[15:15]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vakti athygli á því þegar ég tók til máls þegar málið var fyrst á dagskrá að kostnaðaráætlunin gerði ekki ráð fyrir því að þetta frv. yrði að lögum. Mér sýnist að það sé í raun staðfest því að það er gjörsamlega útilokað, þó kaflinn um réttindi veikra barna sé stuttur og ekki ítarlega útfærður, þá segja þau atriði sem þar eru, og þau ein, að það er gjörsamlega vonlaust að framkvæma markmið frv. ef ekki verður um byggingu barnaspítala að ræða eða verulegar breytingar á því húsnæði sem er til staðar í dag. Hér hefur hv. þm. sagt okkur að kostnaðaráætlun, lausleg þó, sé um 800 millj. en fjmrn. segir mjög skýrt í sinni áætlun þegar búið er að fjalla um kennslu barna á sjúkrahúsum sem ekki hafi kostað neitt: „Ekki verður séð að önnur atriði frv. hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er og þá er gengið út frá því að lögin hafi ekki áhrif á reglur um sjúkratryggða á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum þessum."

Þó að þarna sé um að ræða útgjöld sem koma til á nokkrum árum, sem hefur auðvitað komið fyrir áður þegar kostnaðarmat fylgir frv., þá er eins og ríkisstjórnin geri ekki ráð fyrir, eða þeir sem vinna á hennar vegum, að lögin verði nokkurn tíma framkvæmd verði þau samþykkt.

[15:17]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé allt of djúpt í árinni tekið að fullyrða að það sé gersamlega útilokað að uppfylla þau markmið sem sett eru í frv. gagnvart börnum án þess að til komi barnaspítali. Ég held að það sé erfitt að fullyrða það svona. Hins vegar örugglega rétt að það mundi auðvelda það.

Ég get ekki sagt það hér og nú hvort eðlilegt sé að þessar 800 millj. fylgi í þessu kostnaðarmati. Ég þekki það ekki nógu vel. Þá er líka hægt að spyrja sig: Hvar liggja mörkin? Hvað á að vera hérna inni? Eiga að vera laun heilbrigðisstarfsmanna því að það er gjörsamlega útilokað að vera með þessa þjónustu ef ekki koma til laun heilbrigðisstarfsmanna? Ég þekki bara ekki alveg nákvæmlega hvar þessi mörk liggja.

[15:18]

Útbýting þingskjals:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 362. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 638.

[15:18]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að blanda mér í þessa umræðu. Þó að mér sé fullljóst að bæði formaður heilbrn., Össur Skarphéðinsson, og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi tekið til máls í þessari umræðu sem og þegar frv. kom fram fyrst, þá hlýtur það að vekja athygli hversu margar konur sitja enn á ný í þingsal þegar hin svokölluðu mjúku mál ber á góma. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur setið hér og fylgst með umræðunni.

Virðulegi forseti. Það er gott að Alþingi er að setja lög um réttindi sjúklinga. Sá réttur á að vera skýr. En sjúklingur á heilbrigðisstofnun á jafnframt að geta verið öruggur. Hann á að geta treyst eftirliti og viðbrögðum við heilbrigðisástandi sínu. Hann á að geta treyst viðbrögðum við heilsufarsupplýsingum. Hann á að geta treyst upplýsingamiðlun á milli sjúkrastofnana. Þannig er það því miður ekki. Á því er alvarlegur misbrestur.

Það er líka misbrestur að einhver einn ákveðinn skuli ekki vera ábyrgur gagnvart sjúklingi á sjúkrastofnun, það þekkja allir þeir sem langdvölum dvelja við sjúkrabeð ástvinar og hin góðu kynni af starfsfólki í umönnunarstörfum sjúkrahúsa bæta engan veginn upp þessa alvarlegu misbresti í okkar heilbrigðisþjónustu.

Það frv. sem hér er til umræðu er reyndar mestmegnis gott. Það er búið að lagfæra eins og hér hefur ítrekað komið fram þau atriði sem alvarlega voru gagnrýnd á fyrra þingi, en þegar maður skoðar frv. þá verður það að segjast að ef eitthvað er þá er það fremur metnaðarlaust. Það er ekki mikið um nýmæli í frv. Það er kannski aðallega það að réttur barna er skýrari en verið hefur. Flest annað er um réttindi sem eru til eða hafa verið til í öðrum lagabálkum og verið er að taka saman og færa á einn stað. Út af fyrir sig er það gott. Hins vegar er staðan sú núna þegar verið er að fjalla um þetta frv. að það er starfshópur að leggja síðustu hönd á stefnumótun um upplýsingamál í heilbrigðiskerfinu. Það er þess vegna ekki mikið að finna um þau mál í þessu réttindafrv. þó manni fyndist að að sumu leyti ætti ýmislegt að finnast hér sem þar verður sett fram. Sömuleiðis er nefnd um forgangsröðun í heilbrigðismálum að ljúka áfangaskýrslu. Þar er fjallað um ýmislegt sem ætti heima undir réttindum sjúklinga, t.d. um hámarksbiðtíma sem hér hefur verið að einhverju leyti ræddur og fleira sem varðar réttindi sjúklinga. Eins og hér hefur komið fram hefur bæði réttur til kvartana og réttur til biðtíma verið settur í lög í nágrannalöndunum.

Mér finnst það mikils virði að hæstv. heilbrrh. hefur skoðað og endurskoðað þetta frv. með tilliti til ábendinga sem komu fram. Ég vil sérstaklega fagna því vegna þess að það er oft þannig að ráðherrar freistast til að keyra frumvörp í gegn eins og þeir hafa sett þau fram. Það er miklu virðingarverðara, og sterkara fyrir lögin þegar þau hafa verið sett, ef um þau hefur náðst bærileg sátt, sérstaklega þegar lögin lúta að svo þýðingarmiklum þáttum sem réttindamál eru og yfirleitt velferðar- og heilbrigðiskerfið er.

Ég ætla líka að hrósa því að sérstaklega er tekið á réttindum barna í heilbrigðisþjónustunni. Þó að e.t.v. megi þar líka taka undir það sem hér hefur komið fram, að það er ekki á skjön við réttindi og þarfir barna ef misbrestur er á því að þeirri ríku þörf barns að geta haft foreldri nálægt sér á alvarlegu tímaskeiði í lífinu er ekki fullnægt. Ekkert er alvarlegra en það sem langtímaveik börn eru að berjast við. Það eru réttindi barnsins sem sjúklings að reynt sé eins og unnt er að gera það kleift að foreldrar dvelji með barninu. Það er svo stórt mál og svo dýr þáttur og alvarlegt álag fyrir heimili sem lendir í alvarlegum veikindum barns að það er engan veginn hægt að veifa því út af borðinu og láta eins og það komi ekkert nálægt réttindum sjúklings eða réttindum barns. Þess vegna árétta ég þetta, virðulegi forseti, í upphafi máls míns.

Það eru nokkur atriði sem ég hafði merkt við og ákveðið að ræða hér. Ég ætla hins vegar að reyna að hlaupa fram hjá einhverjum þeirra af því að aðrir hafa komið að þeim og þau mál hafa verið vel skýrð. En eitt af því sem ég vil nefna í upphafi þó að það eigi reyndar við 19. gr. sem er fremur aftarlega, er stórt mál og það er forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni. Í 19. gr. segir, virðulegi forseti:

„Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum."

Þetta er mjög mikilvægt vegna þess að hugtakið forgangsröðun er mjög óljóst í hugum fólks. Það er notað um ýmislegt sem ekki lýtur að heilbrigðisþjónustu. Eitthvað á að hafa forgang út af einhverju og það er þarna sem hugtakið verður afstætt. Þar leggur hver og einn mat á, væntanlega eftir lífsgildum og lífsskoðunum. Varðandi heilbrigðisþjónustuna á þá t.d. aldur að ráða, staða manna eða frammistaða, framleiðni til þjóðarbúsins, fötlun, staða? Á skipstjórinn á Smuguveiðum að ganga fyrir Sóknarstarfsmanninum á biðlista eftir hjartaaðgerð? Það er absúrd hugmyndafræði en engu að síður hafði einn ágætur embættismaður komist svo að orði gagnvart heilbrigðisstofnun úti á landi. Og það er ekki undarlegt að menn velti fyrir sér þessum atriðum vegna þess að forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu er eitthvað sem hefur verið að koma upp á yfirborðið aftur og aftur og aftur. Það hafa verið haldnar um þetta mál ráðstefnur og menn gera sér grein fyrir því að tækninni hefur fleygt fram. Möguleikar eru óendanlegir og þá velta menn því fyrir sér hvort einhvers staðar þurfi að setja skorður. En það lít ég á sem mjög alvarlegt mál og erfitt.

Virðulegi forseti. Í 5. gr. er fjallað um táknmálið og um upplýsingar til sjúklings og að það skuli farið með það eins og ástand viðkomandi er. Þetta er mjög mikilvægt. Ég fagna þessu ákvæði því að hvort sem maður er nýbúi, aldraður, fatlaður eða barn er mjög mikilvægt að skilja það sem sagt er um hagi og heilsu, ekki síst ef að því kemur að taka eigi ákvörðun um eigið líf, þá er mjög mikilvægt að þessu sé fylgt eftir. Ég staldra sérstaklega við að hér hefur verið sett í lögin að nota skuli táknmál sé þess þörf. Ég held að það sé rétt hjá mér að þetta sé lagabálkur númer tvö, hitt voru framhaldsskólalögin þar sem þetta er tryggt á meðan táknmál heyrnarlausra hefur ekki verið viðurkennt að öðru

leyti hjá okkur. Þetta er mjög mikilvægt fyrir heyrnarlausa og eins hvað varðar upplýsingar fyrir blinda og enn fremur að til sé auðlesið efni fyrir aldraða og þroskahefta sem þurfa að kynna sér réttindi sín. Þau réttindi eru reyndar tryggð í stjórnsýslulögum þó þau hafi ekki komið inn í öll lög hjá okkur.

Það er líka mjög mikilvægt varðandi það að ákveða hvort sjúklingur þiggur meðferð eða ekki og eins þegar kemur að meðferð. Í 7. gr. segir m.a., með leyfi forseta:

„Ákvæði lögræðislaga gilda um samþykki fyrir meðferð sjúklinga sem vegna greindarskorts, eða af öðrum ástæðum sem þau lög tilgreina, eru ófærir um að taka ákvörðun um meðferð."

Þetta leiðir hugann að stöðu þroskaheftra og því þegar t.d. á að ákveða læknismeðferð fyrir þroskahefta, t.d. ófrjósemisaðgerð eða fóstureyðingu. Þá erum við enn þá með lög í gildi sem eru gjörsamlega úr öllum takti við mannréttindasjónarmið nútímans. Það segir í lögum hjá okkur að svipting sjálfræðis sé varanleg aðgerð. Og ef einstaklingur er sviptur sjálfræði, þá er ekki hægt að veita honum sjálfræði aftur nema orsökin fyrir sviptingunni hafi breyst og sé einstaklingur sviptur sjálfræði vegna þess að hann er þroskaheftur, þá hættir hann ekki að vera þroskaheftur og það er mjög erfitt að veita honum sjálfræði á ný. Þetta er alvarlegt mannréttindabrot og í nágrannalöndum okkar hafa menn brugðist við því að í slíkum tilvikum verður sviptingin ævilöng, en það má auðvitað ekki verða og nágrannaþjóðir okkar hafa leyst þetta með því að skipa fólki tímabundinn tilsjónarmann. Þetta þýðir að það þarf að gera breytingar á lögræðislögunum til þess að slíkt sé hægt að gera og hagsmunasamtök fatlaðra hafa ítrekað beint þessum ábendingum til dómsmrh.

Ég bar fram fyrirspurn til dómsmrh. um hvort hann hygðist gera breytingar á lögræðislögunum varðandi þetta og þá svaraði ráðherra svo, virðulegi forseti, að ekki sé fjallað um sviptingar vegna læknismeðferðar í lögræðislögunum, heldur sé í sérlögum vikið að því að sjálfræðissvipting sé nauðsynlegur undanfari tiltekinna aðgerða gegn vilja viðkomandi einstaklings. Svo vísar hann í lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir og að þar sé sjálfræðissvipting eða ólögræði sett sem skilyrði fyrir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð ef viðkomandi einstaklingur er ekki tilbúinn að fallast á umrædda aðgerð. Þannig vísa ein lög í önnur og því sýnist mér að það þurfi að gera breytingar, ef ég hef skilið dómsmrh. rétt, þá er hugsanlegt að það þurfi að gera breytingar á þessum lögum sem varða ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir til þess að bregðast við því sem snýr að þroskaheftum. Ég bið hæstv. heilbrrh. að kanna það hvað þurfi að koma til til þess að bregðast við þeirri stöðu að ekki þurfi að svipta sjúkling sjálfræði ævilangt ef til slíkra aðgerða þarf að koma.

Dómsmrh. upplýsti að í drögum að frv. til nýrra lögræðislaga, sem hann bjóst við að kæmi fljótlega inn í þingið en hefur ekki komið enn þá, sé gert ráð fyrir að unnt verði að svipta einstaklinga tímabundið og þá öðlist þeir lögræði sjálfkrafa á ný að loknum sviptingartímanum. Þetta er úrræði sem gæti gagnast varðandi það sem ég hef hér bent á. En það er mikilvægt að skoða hvort eitthvað þurfi að taka á í hinum lögunum sem ég hef bent á.

Mig langar einnig, virðulegi forseti, að koma inn á samþykki sjúklinga, þátttöku í rannsóknum eða vegna aðgerða. Mér hefur skilist að það sé mjög afgerandi, og hafi verið í reglum sem landlæknisembættið hafi sent frá sér, að þar sé gert ráð fyrir skriflegu, upplýstu samþykki sjúklinga vegna þátttöku í rannsóknum eða vegna aðgerða og sérstaklega þegar um stórar ákvarðanir er að ræða. Ég sé að í frv. er notað orðalagið „svo sem unnt er", það virðist sem það sé ekki fortakslaust að gerð sé krafa um skriflegt samþykki sjúklings.

Mig langar einnig að nefna, en það gæti hafa farið fram hjá mér ef það hefur verið rætt hér, af hverju sjúkraskrá á að vera eign heilbrigðisstofnunar. Ef við veltum fyrir okkur framtíðarhugsuninni þar sem það verður senn þannig að hægt verði að geyma sjúkraskrár sjúklinga á litlu korti, jafnvel ekki miklu stærra en kreditkorti, hver á þá að eiga það? Það hlýtur að vera sjúklingurinn sem geymir þessar upplýsingar og lánar heilbrigðisstofnun eða meðferðarstofnun. Það virkar undarlegt við lestur að sjúkraskrá sé eign heilbrigðisstofnunar. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að hafa stjórn á því hverjir hafa aðgang að einkamálum á borð við heilbrigðisástand. Það er mjög mikilvægt að þegar sjúklingur fer af einni heilbrigðisstofnun á aðra sé flæði upplýsinga sem skýrast sjúklingnum til heilla. En það er líka mjög mikilvægt að tölvuvæddar eða rafrænar upplýsingar saman komnar á einum stað um heilbrigðisástand einstaklings geti ekki komist í hendur þeirra sem alls ekki eiga að hafa þær undir höndum. Þess vegna spyr ég heilbrrh. hvers vegna hún kjósi að gera slíkar viðkvæmar upplýsingar að eign heilbrigðisstofnunar.

Það hefur verið nefnd hérna 18. gr. og bið eftir meðferð. Það er mjög mikilvægt að reyna að komast fyrir biðlista, að reyna að koma til móts við þennan rétt sjúklings sem hann er svo varnarlaus gagnvart. Hann er varnarlaus gagnvart frestun skipulagðra aðgerða. Umræðan um biðlistana er mjög þröng. Það hefur verið lítið gert af því að reyna að reikna hinn raunverulega kostnað þjóðfélagsins og einstaklinganna sem hlýst af löngum biðlistum. Það eru ýmsar skýringar á þessu. M.a. er sú að eftirspurn eftir þjónustu heilbrigðisstofnana er mun meiri en framboð þjónustunnar, en það hlýtur að vera að breytt skipulag og breytt vinnubrögð geti haft þarna áhrif og það sé hægt að komast fram hjá því að bið sjúklinga eftir aðgerðum geti ekki bara numið missirum heldur jafnvel árum. Ég legg mikla áherslu á það, virðulegi forseti, að þetta verði skoðað við meðferð frv. í þingnefnd.

Ég nefndi áðan rétt barns til þess að hafa foreldra hjá sér og ég ætla aðeins að koma betur að því, en í 23. gr. segir að sjúklingur eigi rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina á meðan á meðferð og dvöl stendur. Þarna vitum við að verið er að hreyfa máli sem er mjög erfitt, mjög stórt og kemur að svipaðri stöðu og varðandi börnin og það er að mjög miklar breytingar verða á högum þeirrar fjölskyldu sem kemur af landsbyggðinni vegna fjölskyldumeðlims sem þarf að vera á sjúkrastofnun hér fyrir sunnan og það er takmarkað sem samfélagið telur að það eigi að taka þátt í því máli.

Eins og ég hef áður sagt fagna ég því að hér er settur sérstakur kafli um réttindi sjúkra barna. Ég tek undir allar ábendingar sem hafa komið um rétt langtímaveikra barna. Við stöndum frammi fyrir því hvað varðar börn á sjúkrahúsi, lítandi til Barnaspítala Hringsins sem ég þekki mjög vel, frábært starfsfólk, ótrúlegar úrlausnir miðað við alveg ótrúlega lélegar aðstæður, að þrátt fyrir þann góða vilja tel ég að sá dráttur sem hefur orðið á því að tekið væri á málefnum veikra barna og sá óþarfa dráttur sem hefur orðið á því að

hafist væri handa um byggingu barnaspítala, eins og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson var kominn af stað með á sínum tíma í heilbrrn. hafi haft áhrif á hversu staða barna í heilbrigðiskerfinu hefur verið veik. Mér finnst að réttur barna til þjónustu í umhverfi sem hefur verið við þeirra hæfi og hvað varðar aldur þeirra og þroska sé eitthvað það mikilvægasta samfélagslega verkefni sem við eigum að takast á við og ég hvet til þess að allir sem einn reyni að styðja það verkefni og að nefndin skoði á hvern hátt er hægt að koma til móts við langtímaveik börn og þarfir þeirra til að hafa sína nánustu hjá sér.

[15:38]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni síðasta ræðumanns víkja sérstaklega að því sem lýtur að langtímasjúkum börnum. Ég tek alveg undir að það er ákveðinn blettur á heilbrigðisþjónustunni sem vonir standa þó til að verði úr bætt.

Ég sagði áðan að þetta frv. væri fyrst og fremst frv. til laga um réttindi sjúklinga og það er það mál sem við erum að ræða hér. Eins og ég gat um áðan hafa bæði þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness farið og heimsótt Landspítalann og á fæðingardeildinni t.d. býr starfsfólk við mjög þröngan kost, ekki síst ef nýburar þurfa sérstakrar meðhöndlunar við, en þar vinnur fólk í heilbrigðisþjónustunni, eins og síðasti ræðumaður kom inn á áðan, við hreint ótrúlega þröngan kost. Ég tala nú ekki um þegar svo reynt er líka að veita foreldrum einhverja úrlausn þannig að þau geti verið meginhluta dagsins inni á spítalanum með börnum sínum, þá er ekki orðið mikið plássið eftir. Ég tek heils hugar undir það.

Ég vildi svo bara aðeins leiðrétta það sem mér fannst það eiginlega liggja í orðum síðasta ræðumanns að ég hefði talað þannig að ég hefði frekar lítið gert úr þessu heldur en hitt. Ég vildi bara undirstrika það að mér er fullkunnugt um nauðsyn þess að gera bragarbót á og vinna svo að málum að til sóma sé fyrir þessi litlu börn.

[15:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt hjá þingmanninum að ég skildi orð hans svo að hann teldi að þarfir langveikra barna til að hafa foreldra sína nálægt sér á meðan þau væru að berjast við sinn sjúkdóm og kostnaðurinn við það væri eitthvað sem væri utan við þetta mál vegna þess að hér værum við að tala um réttindi sjúklinga og þetta væri kannski ekki innan þess ramma. Ég er ekki sammála því. Ég tel að það verði að skoða hvernig hægt er að virða þennan mikilvæga rétt og festa hann í sessi einmitt í tengslum við að setja lög um réttindi sjúklinga. Ég fagna því viðbrögum þingmannsins og að hann skuli hafa leiðrétt það.

Ég vil líka taka undir það — af því að fyrir utan það að hafa oft dvalið á Barnaspítala Hringsins með barni, þá hef ég eins og þingmaðurinn skoðað aðstæður á Ríkisspítölum — að það sem var gott í þeim áætlunum sem voru gerðar fyrir þremur árum þegar ákvörðun var tekin um það, m.a. í samvinnu við Reykjavíkurborg og fleiri aðila, að fara af stað með byggingu Barnaspítala Hringsins, þá var bent á það að þá m.a. rýmkaðist um aðrar deildir. Ekki hefur mér vitanlega verið tekin ákvörðun um það hvort t.d. ungbarnadeild eða vökudeild yrði staðsett á barnaspítala eða hvort hún yrði í tengslum við fæðingardeild. En það er alveg ljóst að ef við byggjum barnaspítala þá losnar um það rými sem barnaspítali innan veggja Ríkisspítala nú tekur.

Annað sem ég hefði líka gjarnan viljað nefna og kom ekki að í máli mínu varðar það að staðinn sé vörður um réttindi sjúklinga. Það er mál sem við höfum lagt fram um umboðsmann sjúklinga og ætti vissulega heima í þessari umræðu þar sem fjallað er um að einhver sérstakur sé ráðinn til Ríkisspítalanna sem sjái um réttindin og sem hægt er að kvarta til eða leita til varðandi allt sem kemur upp á.

[15:42]

Guðrún Sigurjónsdóttir:

Herra forseti. Mig langaði aðeins að blanda mér í umræðuna um þetta frv. Mér finnst frv. í heild mjög jákvætt en samt virkar margt í því sem almennar leiðbeiningar frekar en lagasetning af því að það eru ekki nein viðurlög tilgreind í frv. Það er líka erfitt að sanna brot sem heilbrigðisstarfsmenn mundu hugsanlega fremja á sjúklingum. Dæmi um það er í 3. gr. frv. þar sem sagt er, með leyfi forseta: „Heilbrigðisstarfsmaður skal leitast við að koma á traustu sambandi milli sín og sjúklings.“ Þetta er allt mjög gott og auðvitað á heilbrigðisstarfsmaður að gera þetta, en þetta er hins vegar almennt og mjög erfitt að sanna nokkuð í þessu máli. Hins vegar held ég að þetta sé gott og þetta er aðhald fyrir heilbrigðisstéttir að meðhöndla sína skjólstæðinga af fullri virðingu og vandvirkni þannig að þetta er til góðs í heildina.

Það eru bara örfá atriði sem mig langaði til að nefna. Fyrst í sambandi við rétt sjúklinga til að fá upplýsingar um heilbrigðisástand sitt, meðferð og horfur. Það er mjög jákvætt að þetta sé inni vegna þess að þarna er mjög oft pottur brotinn. Eitt sem mig langar til að koma með í þessu samhengi er að ég held að það væri til bóta að skilgreina að þessar upplýsingar skuli vera skriflegar, svo oft sem hægt er, vegna þess að það er nú bara svo að þegar fólk er inni á sjúkrastofnunum, er veikt, er að fást við mjög erfiða hluti að þá er oft mjög erfitt að taka við upplýsingum. Þess vegna held ég að eftir því sem hægt er, það er auðvitað ekki alltaf hægt að hafa upplýsingarnar skriflegar vegna þess að hlutirnir gerast hratt, en þegar það er hægt þá held ég að það ætti að vera. Það hefur aukist að upplýsingar um aðgerðir og meðferð séu skriflegar. En ég held að væri rétt að hnykkja á þessu til að tryggja að upplýsingar berist sjúklingnum sem best og verði honum nýtilegar.

Þá ætla ég að koma að 22. gr. þar sem segir að við útskrift af heilbrigðisstofnun skuli sjúklingur fá, eftir því sem þörf krefur, leiðbeiningar um þýðingarmikil atriði er varða eftirmeðferð, svo sem lyfjagjöf, mataræði, þjálfun og hreyfingu. Ef þess er óskað skulu leiðbeiningarnar gefnar skriflega. Í þessu tilviki held ég að leiðbeiningar ættu alltaf að vera skriflegar af sömu ástæðu og ég talaði um áðan að það hefur sýnt sig í rannsóknum hvað eftir annað að upplýsingar, sem gefnar eru um þessa hluti á meðan á dvöl sjúklings á heilbrigðisstofnun stendur, skila sér ekki og síðan þegar sjúklingurinn á að standa skil á þessum upplýsingum einhverju síðar, þá hafa þeir hreinlega aldrei heyrt þetta. Þetta hefur ekkert með það að gera að sjúklingar séu svona vitlausir heldur eru þeir bara undir miklu álagi meðan á dvöl stendur. Það er verið að fjalla um hluti sem þeim eru oft mjög framandi. Það er svo margt sem þeir þurfa að takast á við og margt sem þeir þurfa að tileinka sér á meðan á dvöl stendur að ég tel að það sé grundvallaratriði að allar leiðbeiningar, sem óskað er eftir að sjúklingur fylgi eftir útskrift, séu skriflegar. Þetta byggi ég á eigin reynslu líka, þetta eru bæði rannsóknir og eigin reynsla.

Það eru örfá atriði enn sem mig langar til að gera athugasemdir við. Það er 21. gr. frv. sem kveður á um ábyrgð sjúklingsins á eigin heilsu. Þar segir að hann skuli fylgja fyrirmælum heilbrigðisstarfsmanna um atriði sem snerta meðferð hans. Ég er í sjálfu sér alveg sammála innihaldi þessarar greinar, þ.e. að sjúklingurinn skuli sýna ábyrgð, hugsa um heilsu sína og fara eftir leiðbeiningum, sem hann hefur þá vonandi fengið skriflega. Hins vegar skil ég ekki alveg af hverju þetta er í lögum. Hvað á að gera ef sjúklingurinn fer ekkert eftir þessu? Ef það er nú sannað að sjúklingurinn hafi ekki reynt eftir megni að fylgja fyrirmælum læknis, hvað þá? Á að vísa honum úr meðferð? Á heilbrigðisstarfsmaður að segja: Nei, væni minn, þú fórst ekki eftir því sem ég sagði, ég hef ekkert meira við þig að tala? Þetta er almenn ósk um það að fólk geri einhverja tiltekna hluti og sú ósk á að vera uppi en ég get ekki séð að hún eigi í sjálfu sér að vera í lögum vegna þess að við förum ekki að refsa fólki, það hefur verið stefnan, fyrir það að fara ekki eftir leiðbeiningum. Þó að fólk hafi með líferni sínu áunnið sér sjúkdóma þá neitum við því ekki um meðferð þannig að ég sé ekki að þetta eigi að vera í lögum. Alls ekki.

Aðeins eitt í sambandi við upplýsingar sem sjúklingar eiga aðgang að úr sjúkraskrám. Mér finnst það mjög gott og ég held að það virki sem aðhald á heilbrigðisstarfsmenn að vanda nú vel til sjúkraskrárgerðar en hins vegar bara í framhjáhlaupi, þó það komi ekki endilega þessum lögum við, þá þarf betri lög um það hvaða upplýsingar skuli varðveittar í sjúkraskrá. Það eru til lög um hvað læknar eigi að setja í sjúkraskrá en það vantar hins vegar nánari lög um það hvað aðrar heilbrigðisstéttir skuli skrá og hvernig það skuli varðveitt.

Og síðan rétt aðeins um 24. gr. þar sem segir að dauðvona sjúklingur eigi rétt á að deyja með reisn. Auðvitað er ég alveg sammála því í sjálfu sér en hins vegar á sjúklingur alltaf að geta haldið fullri reisn eftir því sem ástand hans gerir mögulegt, hvort sem hann er dauðvona, fatlaður eða mjög veikur eða af einhverjum öðrum ástæðum ófær um að gæta réttar síns sjálfur. Og auðvitað eiga heilbrigðisstarfsmenn og allir að taka tillit til þessa á öllum stigum. Ég veit ekki hvort það er endilega þörf á að taka það sérstaklega fram ef sjúklingur er dauðvona en það á alla vega að gilda um alla sjúklinga, alltaf. Þeir eiga alltaf að fá haldið fullri reisn og ég vildi gjarnan að það kæmi fram í þessum lögum.

Aðeins eitt um 17. gr. líka. Þar segir að heilbrigðisstarfsmaður skuli gæta þess að framkvæma nauðsynlega meðferð þannig að utanaðkomandi aðilar sjái ekki til. Þá væri náttúrlega mjög gott að sjúklingar lægju ekki á göngum þar sem er fullt af fólki á ferð. En því miður er það svo þegar öll herbergi eru upptekin, skoðunarherbergi og hvaðeina eru upptekin á deildum, að þá liggur fólk á göngunum og það er hvergi í neitt skjól að fara jafnvel þó að þurfi að hlusta sjúkling, taka upp skyrtu, fara úr skyrtu, þannig að það sjáist að það sé hálfnakið að ofan. Það er okkur náttúrlega til skammar að fólk skuli þurfa að sitja og vera hálfnakið á göngum sjúkrastofnana. Einhvern veginn þarf að bæta úr þessu og það gæti kostað eitthvað.

[15:51]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég tek hér aftur til máls í þessari umræðu um það mál sem á eftir að fara til nefndar þar sem ég á sæti er sú að mér finnst að í umræðunni hafi það komið mjög skýrt fram að þrátt fyrir góð markmið með því að leggja þetta frv. fram og þær góðu breytingar sem hafa verið gerðar á því frá því á síðasta þingi þá segir í fskj. með frv., þ.e. umsögn um frv. til laga um réttindi sjúklinga frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., í raun mjög skýrt að það eigi ekki að standa við þetta, verði frv. að lögum. Það er engin spurning um það hvað á að vera í kostnaðaráætlun frá fjmrn. Það er auðvitað sá heildarkostnaður sem af samþykkt frv. hlýst, þar með talið ef fjölga þarf starfsfólki, ef breyta þarf húsnæði, ef fara þarf í tækjakaup, ef kostnaðurinn, hvort sem hann er innan heilbrigðiskerfisins eða félagsmálakerfisins lendir á sveitarfélögunum eins og frv. gerir ráð fyrir. Það gerir ráð fyrir aukinni heimaþjónustu. Það gerir ráð fyrir að sveitarfélögin taki að sér grunnskólakennslu barna inni á sjúkrahúsi. Það kemur mjög skýrt fram í umsögn þessarar skrifstofu fjmrn. en skrifstofan segir ósköp einfaldlega: „Samtals verður því kostnaðarauki ríkissjóðs sem af frumvarpinu leiðir um 4–8 millj. kr., verði það að lögum." — Hér er enginn vafi, ekkert hér um bil eða kannski heldur bara fullyrðing: Kostnaðarauki ríkissjóðs verður um 4–8 millj. kr. Það er mjög alvarlegur hlutur þegar við hugsum til þeirra frumvarpsgreina sem hér um ræðir. Ég ætla bara að nefna hérna örfáar, það er búið að fara í þetta flest aftur og aftur, en það er 22. gr., 23. gr. og 27. gr. Allar þessar greinar, ef það á að fara eftir þeim, hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka. Og þá eigum við að vera tilbúin til þess að horfast í augu við þann kostnaðarauka og taka afstöðu með eða á móti frv. eftir því hvort við teljum að það sé möguleiki á að standa við það. Ég segi að það sé möguleiki að standa við það þó það sé verulegur kostnaðarauki vegna þess að þetta er alltaf spurning um forgangsröðun, í hvað eiga peningarnir að fara.

Ef við tökum t.d. 22. gr. þá segir þar:

„Áður en að útskrift sjúklings kemur skulu aðstæður hans kannaðar og honum tryggð fullnægjandi heimaþjónusta eða önnur vistunarúrræði eftir því sem unnt er."

Við vitum að þarna hefur ekki verið vel að verki staðið, ekki eins vel og þyrfti. Og við vitum að aðeins eru greiddar umönnunarbætur, sem ég vil kalla umönnunarlaun, til maka aðstandanda eða foreldra veikra barna. Aðrir sem hugsa um sjúkling í heimahúsi eiga ekki rétt á umönnunarlaunum. Og foreldri á t.d. ekki rétt á umönnunarlaunum ef barnið er fullorðið sem þarf að annast. Við vitum að þetta mun hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka ef eðlilega er staðið að málum.

Í 23. gr. segir:

„Sjúklingur á rétt á að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur. Hann á enn fremur rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings."

Þarna hefur verið verulega mikill misbrestur á að eðlilega og rétt hafi verið staðið að málum.

Mig langar til þess, virðulegi forseti, að vitna í nýlegt viðtal sem birtist í tímaritinu Nýtt Líf og er tekið við Herdísi Birnu Arnardóttur sem var fréttamaður á Stöð 2 þar sem hún segir frá lífsreynslu sinni eftir að hún greindist með alvarlegt krabbamein. Í viðtalinu segir hún frá því hvernig hún upplifði það að vera sjúklingur sem fær þessa alvarlegu greiningu inni á sjúkrahúsi. Og það kemur einmitt inn á það sem hv. þm. Guðrún Sigurjónsdóttir nefndi hér áðan um dvöl á göngum sjúkrahúsa vegna sumarlokana eða sparnaðaraðgerða, hvernig slíkt bitnar með beinum hætti á sjúklingum. En í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Það ætti að þykja sjálfsagt að veita sjúklingnum alla þá andlegu hjálp og þann styrk sem til er meðan hann áttar sig á því áfalli. Þannig var því þó ekki farið. „Ég lenti í þeim hremmingum á Borgarspítalanum, eftir að hafa fengið vitneskju um að rannsóknin beindist að því hvort ég væri með krabbamein, að vera gangasjúklingur í fjóra eða fimm tíma vegna sumarlokana en það eru þær skelfilegustu stundir sem ég hef upplifað á allri minni ævi. Á meðan ég beið eftir svari frá læknunum hvað rannsóknirnar leiddu í ljós lá ég í rúmi úti á gangi þar sem gestir og gangandi örkuðu fram og til baka. Ég beið sjálf milli vonar og ótta eftir úrskurðinum og þótt starfsfólkið reyndi eftir fremsta megni að skýla mér með tjöldum þá var þetta afar nöturlega aðstaða og ekki mönnum bjóðandi ... en ég hef mjög ákveðnar skoðanir á sumarlokunum sjúkrahúsa eftir þessa lífsreynslu.““

Herdís Birna segir einnig í viðtalinu, með leyfi forseta: „Eitt af því sem hefur verið að ergja mig auk veikindanna er að það skuli ekki vera til ráðgjöf innan heilbrigðiskerfisins fyrir krabbameinssjúka og aðstandendur þeirra í upphafi veikindanna. Ráðgjöf sem kemur til manns án þess að um hana sé beðið — einhvers konar sálgæsla.“ — Akkúrat það sem frv. kveður á um. — „Slík hjálp þarf að koma til strax og alvarleg sjúkdómsgreining liggur fyrir meðan hugur og tilfinningar eru í algjörri upplausn. Undanfarna mánuði hef ég fengið fólk frá heimahlynningu krabbameinssjúkra og það hefur verið ómetanleg hjálp. ... Þegar á heildina er litið hefur mér engu að síður þótt skorta á ráðgjöf fyrir börn sem lenda í því að foreldrar þeirra veikist alvarlega.“ — En Herdís Birna á dóttur. — „Einnig hefur mér þótt skorta á að ég fái upplýsingar um réttindi mín en þær hef ég bara fengið héðan og þaðan og yfirleitt fyrir tilviljun. Ég veit dæmi um konu sem fór í stóra aðgerð en fékk ekki að vita að hún ætti kost á sjúkradagpeningum fyrr en löngu síðar þegar þau réttindi voru fallin úr gildi. Þá las ég núna í janúar viðtal við unga ekkju sem lýsti því að hún fékk ekki að vita að hún ætti rétt á heimilishjálp fyrr en viku áður en eiginmaður hennar lést úr krabbameini en þá hafði hún hjúkrað honum heima um margra mánaða skeið.

Þegar ég hafði fengið vitneskju um sjúkdóm minn og var send heim þá var enginn á sjúkrahúsinu sem kom til mín og benti mér á hvar ég gæti fengið þá andlegu aðstoð sem ég þurfti á að halda.“

Herdís Birna ræðir einnig í viðtalinu um þessa aðhlynningu í heimahúsi, hverjir það eru sem eiga rétt á umönnunarlaunum fyrir að annast sjúkling í heimahúsi. En í hennar tilviki var hún það heppin að móðir hennar var heimavinnandi og hugsaði um hana, en í viðtalinu segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er það móðir hennar ... sem hefur annast hana allan sólarhringinn þá mánuði sem veikindin hafa staðið yfir. „Ég hef þurft á umönnun að halda jafnt dag sem nótt og hef verið einstaklega heppin að móðir mín er heimavinnandi og hefur tekið þetta hlutverk að sér. Hins vegar er það óréttlátt að móðir mín, sem leggur alla þessa vinnu á sig fyrir mig, fær engar umönnunarbætur. Ef ég ætti maka, sem þyrfti að annast mig, fengi hann umönnunarbætur, einnig ef ég væri barn þá fengi móðir mín þær bætur. En vegna þess að ég er fullorðið barn móður minnar þá fær hún ekkert. Mér finnst það vera réttlætismál að þeir, sem annast sjúklinga heima hjá sér, eigi rétt á launum fyrir það.““

Það eru auðvitað mörg önnur viðtöl sem hægt væri að vitna til þar sem rætt hefur verið við sjúklinga sem hafa þurft á sálgæslu að halda á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa en ekki fengið. Frv. gerir ráð fyrir að þessi þjónusta verði til staðar og það er vel. En það þarf enginn að segja mér að ef starfsfólki sjúkrahúsa verður fjölgað það mikið að það verði mögulegt að veita öllum þeim sjúklingum sem þurfa á sálgæslu að halda þá þjónustu að þá kosti það ekki meira en 4–8 milljónir kr. Það hlýtur þá að vera ætlunin að skera niður einhvers staðar annas staðar á móti einhverja aðra þjónustu. Og nákvæmlega það sama á við um kaflann þar sem fjallað er um sérreglur um sjúk börn. Ef þetta frv. verður samþykkt og þó að þessar reglur séu ekki ítarlegar þá munu þær hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka. Og ég velti því fyrir mér hvort þetta sé þannig að rétt eina ferðina enn eigi að fara að samþykkja hér frv., gera það að lögum, sem ekki er ætlunin að standa við. Mér finnst nægjanlegt það sem fyrir er. Ef ég tek bara heilbrigðisþjónustuna þá eru lög um heilbrigðisþjónustu þannig að þeim er ekki sinnt í dag. Framlög til heilsugæslu eru þannig í dag að það er útilokað að standa við öll þau verkefni sem heilsugæslan á að sjá um.

Fyrir stuttu síðan var viðtal í Ríkisútvarpinu og þar var verið að ræða um geðheilbrigðisþjónustu barna. Hæstv. ráðherra hefur sagt að það sé nefnd á vegum hennar að störfum sem muni leggja fram tillögur þar til úrbóta. Það mun auðvitað hafa í för með sér aukinn kostnað ef þar verður eðlilega staðið að málum. En það hefur líka komið fram að réttindi langtímaveikra barna eru allt önnur hér heldur en þau eru t.d. á hinum Norðurlöndunum. Það kom fram hjá Þorsteini Ólafssyni, sem er formaður Umhyggju, sem er félag um bættan aðbúnað langtímaveikra barna, í viðtali sem tekið var við hann, að sjúk börn hafi gleymst í íslensku þjóðfélagi. Þetta segir hann þrátt fyrir að þetta frv. sé komið fram og þrátt fyrir að það hafi verið gerðar ýmsar úrbætur í málefnum langtímaveikra barna á undanförnum árum. En hann bendir einnig á það, sem er mál ríkisvaldsins ekkert síður en verkalýðshreyfingarinnar, að útivinnandi foreldri hér á landi á aðeins rétt á sjö veikindadögum að hámarki á ári til að sinna veikum börnum án tillits til fjölda barna eða alvarleika sjúkdómanna. Til samanburðar má nefna að sænskt foreldri fær 90% laun í 120 daga fyrir hvert barn upp að 16 ára aldri. Í Danmörku er allur nauðsynlegur kostnaðarauki vegna umönnunar barna að 18 ára aldri endurgreiddur og 90% af launum annars foreldris á meðan á meðferð barns stendur.

Þetta eru harðir dómar hvað við erum þarna langt á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur saman við og það er harður dómur frá þeim manni sem hefur hvað mest unnið að því að bæta réttindi langtímaveikra barna og aðstandenda þeirra á undanförnum árum að langtímaveik börn, eða börn sem eiga við alvarlega sjúkdóma að stríða um langan tíma, hafi hreinlega gleymst í íslensku þjóðfélagi. Það er málefni ríkisins að laga og bæta stöðu útivinnandi foreldra, rétt þeirra til þess að sinna veikum börnum.

Virðulegi forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu. Að síðustu vil ég nefna mál barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi en þau eiga sáralítinn rétt í því kerfi sem við búum við í dag og eru varla talin heyra undir heilbrigðiskerfið. Þrátt fyrir að við vitum að barn sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi sé veikt um langan tíma og þurfi á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda um langan tíma þá eiga foreldrar þessara barna ekki einu sinni rétt á umönnunarlaunum. Það var í fyrsta skipti á sl. ári sem greidd voru umönnunarlaun vegna barns sem hafði orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Og

það var vegna þess að starfsmenn Tryggingastofnunar tóku mál þess barns upp eftir að það hafði í þrígang verið lagt inn á barna- og unglingageðdeild vegna þess að það hafði þrisvar reynt að fremja sjálfsmorð. Þetta barn á við alvarleg veikindi að stríða í dag þó að það falli ekki undir þetta heilbrigðiskerfi sem við á hátíðastundum teljum það fullkomnasta í öllum heiminum.

Ef þetta frv. verður að lögum þá vildi ég gjarnan heyra það frá hæstv. ráðherra, að hún hafi fullan hug á því að kostnaðarhlutinn verði metinn eðlilega þannig að við vitum hvað við erum að samþykkja og að við ætlum að standa við það sem við samþykkjum hér.

[16:06]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það má vera að það sé að bera í bakkafullan lækinn að bæta í þessa umræðu. Þó langar mig að minnast aðeins á nokkur atriði. Í fyrsta lagi lýsa þeim áhyggjum mínum varðandi þetta frv. að hér sé eins og bent var á aðeins fyrr kannski meira um leiðbeinandi reglur en að um sé að ræða lagasetningu sem beri að taka alvarlega. Þegar litið er yfir þetta frv. þá er það fullt af þversögnum. Það segir skýrt og skorinort í 2. mgr. 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita."

Á sama tíma og þetta á að lögfesta vitum við öll og eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Reykn., Sivjar Friðleifsdóttur, er talað hér um biðlista og forgangsröðun. Auðvitað er ekki hægt að tala um það ef við ætlum að fylgja þeim lögum eftir að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita. Þetta hlýtur hver heilvita manneskja að sjá. Þannig er engin meining með þessu ákvæði á meðan við verðum að horfast í augu við biðlista. Þetta vildi ég segja í fyrsta lagi.

Í 2. mgr. 1. gr. finnst mér illilega vanta einn flokk manna til þess að vera alveg örugg um þann hóp og það er að þar sem rætt er um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli, kynferðis, trúarbragða, skoðana o.s.frv. Þetta ætti auðvitað ekkert að þurfa að standa hér vegna þess að stjórnarskrá lýðveldisins ætti að taka af öll tvímæli um það. En aldrei er góð vísa of oft kveðin. En hér vantar mig illilega orðið „aldurs". Við skulum ekki reyna að skrökva því að sjálfum okkur að það skipti ekki máli. Það er þegar forgangsraðað og það vitum við ósköp vel. Ég veit það af reynslu að gamalt fólk er ekki í sama mæli sent í rannsóknir eins og yngri sjúklingar. Um það gæti ég nefnt dæmi ef þess væri óskað. Oft verður þrýstingur ættingja að koma til svo rannsakað sé hvað sé í veginum með fullorðna manneskju sem veikist t.d. inni á dvalarheimili fyrir aldraða. Ég legg því á það mikla áherslu að þetta orð komi hér inn. Ég sé reyndar að það er minnst á það í greinargerð að þetta hafi komið til tals en verið ákveðið að sleppa því og það finnst mér slæmt því mér finnst þetta þurfa að vera inni.

Ég hlýddi aðeins á mál hv. 4. þm. Reykn. áðan þar sem hún vitnaði mjög í heilbrigðiskerfið í Noregi. Það held ég við ættum ekki að gera. Ég er allkunnug í Noregi og raunar nýkomin þaðan. Þar var einmitt mikil umræða í gangi í fjölmiðlum um heilbrigðiskerfið sem er að hrynja svo ótrúlegt sem það nú er. Þetta eitt ríkasta land í Evrópu er að skera heilbrigðiskerfi sitt niður við trog. Og það er ekki að undra þótt ýmsum þyki þar skjóta skökku við. En þannig er nú það að þegar menn eru orðnir svona ríkir eins og Norðmenn þá eru þeir orðnir hræddir við að nota peningana af ótta við þenslu. Þá er það náttúrlega látið bitna á þeim sem síst skyldi. Ég ætla því að biðja hv. 4. þm. Reykn. að fara ekki að dæmi Norðmanna.

Sú staðreynd er augljós sem hér blasir við. Við höfum efni á að gera það sem stendur í 2. mgr. 3. gr. frv. Við höfum efni á að veita sjúklingi fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita. Þetta getum við. Það er bara spurning um vilja. Það er forgangsröðun sem við eigum að leggja áherslu á. Því ef menn vildu hugsa um samfélagið sitt af einhverju skynsamlegu viti, hvaða gagn er í veiku samfélagi? Heilbrigðismál hljóta að vera forgangsmál númer eitt, tvö og þrjú. Svo einfalt er það. Þess vegna eigum við að einbeita okkur að því að reka heilbrigðiskerfið okkar á þann hátt að 2. mgr. 3. gr. verði verulega virt.

Hér eru örfá atriði sem ég ætla einnig að minnast á sem mér þykja mikilvæg. Hv. þm. Guðrún Sigurjónsdóttir, sem er gjörkunnug þessum málum, minntist hér á tölvumálin. Ég er alveg sammála henni, en um það ætla ég ekki að ræða nú til þess er enginn tími. Það þarf að ræða alveg sérstaklega. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er verið að galopna persónulegar upplýsingar í smæstu málum hverrar manneskju í okkar samfélagi og það verður ekki langt þangað til vátryggingafélög, atvinnurekendur, hver sem er, getur vaðið í sjúkraskrár Íslendinga, ef þetta verður ekki stöðvað. Mál hafa þróast þannig að nú á að setja alla lyfseðla inn í tölvukerfi þannig að það verður auðvelt fyrir klóka tölvuáhugamenn, sem virðast ná ýmsu út úr því kerfi sem við dauðlegir höfum ekki vit á, það verður auðvelt fyrir það fólk að kynna sér hvaða lyf hver og einn tekur. Ég vil vara hv. alþm. við að sýna þessum málum fálæti. Ég hef áður minnst á þetta hér en það er eins og menn trúi því ekki fyrr en þeir taka á hvað hér er á ferðinni.

Ég er hins vegar ekki sammála þeim sem hér talaði áðan um að sjúklingurinn eigi að eiga sjúkrasögu sína. Ég held að það sé hreinlega ekki hægt. Segjum að nú vanti upplýsingar vegna einhvers þess sem gerst hefur. Þá kann svo að vera að sjúklingurinn sé gjörsamlega ófær um að finna þessa eign sína þannig að ég held að þetta sé ekki raunhæft. Auðvitað á að vera einhver miðstöð sem geymir slíkar upplýsingar og ekki undir nafni heldur einhverju númerakerfi þannig að það sé nær ógerningur að komast í þetta nema fyrir þá sem þurfa nauðsynlega á því að halda. Ég bið hv. alþm., sem sér til sorgar þurfa innan tíðar að sjá á bak mér, að hafa þessi orð mín í huga og halda þessu máli áfram vegna þess að ég held að hér sé stórt vandamál á ferðinni.

Eitt vil ég spyrja hæstv. ráðherra um. Það segir hér í 3. mgr. 14. gr.:

„Upplýsingar í sjúkraskrá sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf."

Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er þetta ekki þrenging á nýlegum lögum um upplýsingaskyldu gagnvart sjúklingum? Hér vannst frækilegur sigur fyrir örfáum árum þar sem sjúklingum var tryggt með lögum að fá að sjá sjúkraskrár sínar. Hér sýnist mér það vera sterklega þrengt ef heilbrigðisstarfsmaður getur sjálfur ráðið því hvort sjúklingurinn fær skrána eða ekki. Ég vil biðja menn að kanna þetta. Ég get ekki með nokkru móti séð annað en að þetta sé þrenging.

Síðan er atriði í 19. gr., og nú skal ég mjög reyna að stytta mál mitt, hæstv. forseti, sem mér finnst enn vera í þversögn við 2. mgr. 3. gr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum."

Þarna er heilbrigðisstarfsfólkið orðið fólkið sem valdið hefur þannig að fæ ég ekki alveg séð að sjúklingurinn sé hafður með í ráðum þegar þarf að forgangsraða, sem mér þykir afar slæmt orð í heilbrigðisþjónustu.

Ég vil nú enn og aftur taka undir með hv. þm. Guðrúnu Sigurjónsdóttur, að ég dreg mjög í efa nauðsyn þess að hafa í 21. gr. þetta að „sjúklingur ber ábyrgð á heilsu sinni eftir því sem það er á hans færi". Við gætum teygt okkur ansi langt. Eigum við að kenna þeim sem vilja iðnvæða Ísland með stórvirkjunum um að þeir séu vísvitandi að eyðileggja heilsufar sitt og annarra? Við gerum ýmislegt í daglegu lífi sem ekki er talið hollt eins og allir vita og (Gripið fram í.) já, já, sumir reykja, aðrir drekka og aðrir borða sér til óbóta og sumir eru leiðinlegir, þreytandi og óhamingjusamir og verða veikir af því, en engum lifandi manni dettur í hug að neita slíku fólki um læknisþjónustu. Þess vegna held ég nú að þessi grein sé meira til skrauts heldur en nokkurs annars.

Síðan datt ég um undarlega málsgrein, 2. mgr. 22. gr.: „Sjúklingi skal gerð grein fyrir hvaða heilbrigðisstarfsmaður beri meginábyrgð á meðferð hans á heilbrigðisstofnun." Hvað þýðir þetta? Nú vitum við öll að heilbrigðisstofnanir eru reknar á vöktum og tæplega trúi ég að einn yfirlæknir og einn yfirhjúkrunarforstjóri taki að sér einn sjúkling og beri alla ábyrgð á honum. Nú kann að vera að ég þekki ekki nógu vel til á sjúkrahúsum sem betur fer, enda hef ég lifað heilbrigðu lífi, en ég skil ekki almennilega hvernig hægt er að orða þetta, „hvaða heilbrigðisstarfsmaður", ég hef ekki vitað fyrr til að einhver einn aðili væri algjör ábyrgðaraðili fyrir sjúklingi og hef ég nú aðeins þurft að líta inn til sjúklinga án þess að hafa tekið eftir því.

Ég vil enn og aftur taka undir með hv. þm. Guðrúnu Sigurjónsdóttur um orðið „dauðavona" sjúklingur. Ég er alveg sammála um að því verður að breyta. Allir sjúklingar eiga rétt á bæði að lifa og deyja með reisn. Þeir eiga ekki bara að deyja með reisn, þeir eiga líka að lifa með reisn allan tímann sem sjúkdómurinn hrellir sjúklinginn.

Þessi atriði, hæstv. forseti, urðu mér ofarlega í huga og þar sem ég á ekki von á að geta fylgt þessu frv. til enda, þá bið ég hv. nefndarmenn sem hér eru einhverjir að taka þessi atriði til íhugunar þegar málið kemur til hv. nefndar.

[16:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem hafa tekið til máls um frv. um réttindi sjúklinga. Það er alveg ljóst að það er mikill vilji innan þingsins að þetta frv. verði að lögum, ég heyri það. Við erum að tala hér um réttindabætur fyrir sjúklinga og þó að það sé ekki allt í þessu frv. sem menn vildu hafa í einu frv., þá erum við að tala um réttindabætur fyrst og fremst. Við erum að tala um mannréttindi og mannhelgi sjúklinga og það er mjög mikilvægt þegar við ræðum þessi mál að við gerum okkur grein fyrir því að það er grundvallaratriði laganna.

Það hafa margar spurningar verið lagðar fyrir mig og ég vona að ég geti svarað þeim sem flestum. Í upphafi umræðna spurði hv. þm. Össur Skarphéðinsson um það sérstaklega af hverju orðið heilbrigðisstarfsmaður kemur svo víða við í staðinn fyrir orðið læknir. Því er til að svara að í mörgum tilvikum er það sjúkraþjálfari eða iðjuþjálfari sem hefur með sjúklinginn að gera. Það er ekki alltaf læknirinn endilega og því er nauðsynlegt að nota þetta orð, heilbrigðisstarfsmaður, þegar verið er að ræða um meðferð sjúklinga. Og sjúklingur getur neitað meðferð hjá þessum aðilum engu síður en hjá lækni.

Hv. þm. Össur Skarphéðinssn spurði einnig að því hvað væri að frétta af lagabreytingum varðandi einstaka heilbrigðisstéttir. Frv. um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna er tilbúið í ráðuneytinu og er verið að senda núna til umsagnar til heilbrigðisstétta. Hann gerði einnig að umtalsefni að í einni grein frv. er talað um að meðferð skuli alltaf miðast við horfur á hverjum tíma. Þarna er einungis átt við það að sjúklingur skuli fá þá meðferð sem rétt þykir að veita á hverjum tíma.

Varðandi sjúkraskrár sem margir hafa fjallað um hér, þá er þessi kafli um sjúkraskrár alveg í samræmi við upplýsingalög og læknalög. Hér hefur líka mikið verið rætt um það að þegar sjúklingur fer í meðferð og tekin eru sýni úr honum í vísindaskyni þá á að gera honum ljóst að verið sé að taka sýni í vísindaskyni og sjúklingurinn getur samþykkt eða synjað viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni, lækni í þessu tilviki, um það. Nú er í smíðum sérstakt frv. um vísindarannsóknir og ég á von á því að það frv. líti dagsins ljós á þessu þingi.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir kom með ýmsar ágætar ábendingar, ekki beinar spurningar heldur ýmsar ábendingar. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson fór mjög ítarlega yfir frv. og taldi að það væri skref í rétta átt, en hann gerði samt athugasemdir við ýmsa þætti, sagði t.d. að hann teldi óeðlilegt að ekki væri gerð nánari grein fyrir meðferð á sjúklingum eftir aldri.

Það sem er að gerast í þessum málum núna er að við erum sérstaklega að taka á málefnum barna og aldraðra. Það sýnir sig í því sem fram kom áðan hjá hv. þm. Siv Friðleifsdóttur, sem er formaður byggingarnefndar Barnaspítala Hringsins, hvað er að gerast þar. Og til að geta uppfyllt það frv. sem hér er til umfjöllunar þurfum við að gera bragarbót á ýmsum sviðum. Það er það sem við erum að gera, það er það sem við erum að gera varðandi uppbygginguna á Barnaspítala Hringsins og það er það sem við erum að gera varðandi uppbyggingu fyrir aldraða, þá bendi ég á Landakotsspítala sem er verið að byggja sem sérstakt sjúkrahús fyrir aldraða, þannig að við erum að taka á málefnum bæði barna og aldraðra.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kom einnig inn á að verið væri að mismuna sjúklingum í dag á ýmsum sviðum og tók það sérstaklega fram varðandi lyf sem gefið er MS-sjúklingum ef ég skildi hv. þm. rétt. Það er svo að fyrir rúmu ári síðan var ákveðið í ríkisstjórn að þetta lyf fyrir MS-sjúklinga skyldi flutt til landsins. Við vorum þar í fararbroddi því að þetta lyf hefur ekki verið gefið annars staðar í Skandinavíu. Það hafa fimm sjúklingar fengið þetta lyf í dag í Danmörku og aðrar þjóðir á Norðurlöndum eru að byrja að gefa sjúklingum sínum lyfið. Bretar hafa gefið það örfáum sjúklingum, en við höfum aftur á móti gefið 40–50 sjúklingum þetta ákveðna MS-lyf og það er gert eftir vísindalegum prófunum eingöngu og eftir ströngu læknisfræðilegu mati.

Mikið hefur verið rætt um það, sérstakur kafli er um það, að sjúklingar eigi rétt á því að deyja með reisn. Og við höfum rætt um það að sjúklingur á rétt á að dvelja á þeim stað sem hann helst óskar, fá þá umhyggju og umönnun sem hann

óskar á sínum síðustu dögum og þá meðferð sem hann og aðstandendur hans óska eftir.

Hv. þm. kom inn á það í beinu framhaldi hvað væri um réttindi einstaklingsins eftir lok lífs og þá var hv. þm. að tala um krufningar sérstaklega. Nú eru í endurskoðun lög um dánarvottorð, líkskoðanir og krufningar, einmitt með það að markmiði að einstaklingar fái meira um það að segja en er í dag. Hv. þm. minntist einnig á biðlista og taldi eðlilegt að þak yrði sett á biðlista. Við höfum skoðað það alveg sérstaklega og við höfum skoðað þau lönd sérstaklega sem hafa sett sérstakar reglur um biðlista. Það er skemmst frá því að segja að það eru allir í vandræðum með þær reglur sem settar hafa verið.

Í gangi er sérstök nefnd um biðlista í heilbrrn. og markmiðið er að ná utan um þá miklu biðlista sem ég viðurkenni svo fúslega að eru of langir. Þeir eru sérstaklega of langir í beinaaðgerðir og háls-, nef- og eyrnaaðgerðir. Það eru þessar aðgerðir sem eru okkur erfiðastar í dag. Við vorum fyrir ári síðan að berjast við biðlista varðandi hjartaaðgerðir. Við höfum náð utan um þá biðlista í dag. Við gerðum það með sérstöku átaki og við viljum halda utan um þá biðlista þannig að við missum þá ekki aftur úr böndum. En þetta eru þeir sjúkdómsflokkar sem við lítum sérstaklega til í dag vegna þess að við erum með of langa biðlista í þessar aðgerðir. En hvort rétt sé að setja sérstaka löggjöf um biðlista, ég tel það mjög vafasamt miðað við þá reynslu sem aðrar þjóðir hafa.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á ýmsa þætti og kom með ýmsar ágætar ábendingar. Hún taldi þetta frv. vera mikilvægt. En varðandi sjúkraskrár spurði hún sérstaklega hvers vegna sjúkraskrár væru eign viðkomandi stofnunar, þá þeirrar stofnunar sem tekur sjúkraskrána. Því er til að svara að það er mjög mikilvægt að sjúkraskráin sé geymd á einum tryggum stað og það er eðlilegt að hún sé geymd á því sjúkrahúsi sem sjúklingurinn hefur innritast og legið á. En það er rétt ábending hjá hv. þm. að þegar sjúklingur flyst milli stofnana, þá er jafnmikilvægt að þær upplýsingar sem til eru um sjúklinginn flytjist með honum.

Hv. þm. Guðrún Sigurjónsdóttir taldi þetta frv. einnig jákvætt en kom með ábendingar eins og aðrir. Hún sagði réttilega að það væru engin viðurlög í þessu frv. varðandi heilbrigðisstarfsmenn eða sjúklinga. Það er alveg hárrétt. Henni þótti 21. gr. frv. um að sjúklingur beri ábyrgð á eigin heilsu geta orkað tvímælis. Þarna er einfaldlega átt við það að fari sjúklingur t.d. í aðgerð og þurfi að taka lyf eftir aðgerðina þá er nauðsynlegt að það sé samvinna við sjúklinginn um að hann taki lyfið. T.d. er sjúkraþjálfun kannski grundvöllurinn fyrir því að bati náist eftir aðgerð og þá er mjög mikilvægt að ná þessari samvinnu við sjúklinginn og nauðsynlegt að þetta komi fram í frv.

Ég er búin að ræða hér áður um dauðvona sjúklinga og hún sagði réttilega að það sé mikilvægt að á öllum stigum fái sjúklingurinn að halda reisn sinni. Það er einmitt grundvallaratriði þessa frv. Það er að sjúklingur sem er oft veikburða gagnvart heilbrigðisstéttum fái á öllum stigum að halda reisn sinni. Þess vegna er svo nákvæmlega kveðið á um einstök atriði varðandi skyldur heilbrigðisstarfsmanna gagnvart sjúklingum. Hún benti réttilega á að þegar sjúklingur útskrifast sé mikilvægt að hann fái upplýsingar skriflegar um framhaldsmeðferð og mér finnst rétt að taka þessi atriði til athugunar inni í heilbr.- og trn. Þetta er spurning um að breyta einu orði sem getur skipt máli.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á ýmis atriði. Hún spurði t.d. hvað væri átt við þegar sjúklingur ætti að fá sambærilega meðferð. Það sem er átt við í þessari grein er það að allir njóti jafns aðgengis að heilbrigðisþjónustunni.

Það er vert að geta þess að 45 sjúklingafélög komu að gerð þessa frv. og komu með ýmsar ábendingar sem síðan birtast í frv. og ýmislegt er varðar samskipti við heilbrigðisstarfsmenn, sem mega á köflum vera betri, þó ég telji íslenska heilbrigðisstarfsmenn vera afskaplega færa og nærgætna þegar á heildina er litið.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á ýmsa þætti líka, aðallega á kostnaðarþátt frv. Hún las upp úr mjög áhrifamikilli grein, sem ég hef lesið og þekki sögu margra sjúklinga sem svipað er ástatt um. Það er einmitt á þeim grunni sem frv. kemur fram. Það er til að auka rétt sjúklinga. Ég kem enn og aftur að því. Hv. þm. taldi að ekki væri gert ráð fyrir miklum viðbótarfjármunum í frv. en ég ætla að minna á að þetta er skref í rétta átt. Ég geri mér grein fyrir að þegar þetta frv. verður að lögum, þá kostar það mikla peninga og þessi kostnaður kemur fram víða. Hann kemur fram á sjúkrahúsum, hann kemur fram í félagslegri þjónustu o.s.frv. En fyrst þarf að stíga það skref að samþykkja frv. sem á að auka þennan mikilvæga rétt, sem svo víða er nauðsynlegt að auka.

Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir var síðasti ræðumaður. Hún talaði einkum um sjúkrasögu sjúklinga, hvort væri verið að þrengja það að sjúklingar fái upplýsingar úr sínum sjúkraskrám. Það er langt frá því að verið sé að þrengja það. Gert er ráð fyrir að við fylgjum upplýsinga- og læknalögum varðandi sjúkraskrár.

[16:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun hafa þetta stutt. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessa yfirferð. Mig langar aðeins vegna þeirra athugasemda sem hún gerði að umtalsefni og ég gerði við 3. gr. frv. um að í 1. mgr. þar sem segir: „Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegasta heilbrigðisþjónustu". Að þar sé átt við aðgengi. Er þá ekki hreinlegra að segja það í lagagreininni því að annars gæti setningin valdið misskilningi. Væri þá hægt að setja inn: Tryggja skal sjúklingum sem sambærilegast aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Það væri þá alveg skýrt hvað við er átt með þessari málsgrein. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það væri ekki hreinlegra.

[16:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú greinin ágætlega orðuð eins og hún er og við erum búin að velta henni mjög fyrir okkur. Mér finnst hún taka í víðum skilningi á sambærilegri heilbrigðisþjónustu og ég held að með því að þrengja greinina gæti hún fremur valdið misskilningi en hitt.

[16:37]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Í umræðunni um þessa grein kom fram að túlka mætti greinina sem skerðingu eins og hún er orðuð. Ég held því að við þyrftum að athuga þessa grein enn betur í nefndinni þegar málið kemur þangað og skoða hvort hér þurfi að verða einhverjar breytingar á orðalagi.

[16:37]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að til þess að geta uppfyllt þau ákvæði frv. þurfi að gera bragarbót á ýmsum sviðum, eins og hæstv. ráðherra sagði réttilega. Ég tek undir það að fullu. En það sem ég var að benda á er að í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er ekki gert ráð fyrir neinni bragarbót nema á þremur sviðum, þ.e. túlkun á erlent tungumál eða táknmál sem hefur í för með sér einhvern kostnað. Í öðru lagi er í 22. gr. talað um að tryggja fullnægjandi heimaþjónustu og þar segir að ekki verði séð að með frv. felist breytingar á núverandi fyrirkomulagi og á því greinin ekki að hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs og síðan 4. mgr. 27. gr. þar sem fjallað er um kennslu barna sem dvelja á sjúkrastofnunum, en samkvæmt skilningi fjmrn. eiga sveitarfélögin að bera þann kostnað.

Það er hins vegar ljóst og hefur komið fram í umræðunni að annar kostnaðarauki er verulegur og það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra. Það er rétt að fyrsta skrefið er að samþykkja frv. En þegar búið er að samþykkja frv. þá er það orðið að lögum og þá er það lögbrot ef ekki er hægt að standa við þau. 4 til 8 millj. kr. úr ríkissjóði munu ekki fullnægja þeirri þörf sem verður fyrir fjármagn til sjúkrastofnana ef standa á við lögin. Það sem ég vil fá fram hjá hæstv. ráðherra er það: Er ráðherra sammála því að þetta sé rétt túlkun? Hver er hinn raunverulegi kostnaður sem frv. hefur í för með sér verði það að lögum?

[16:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sammála um það, hv. síðasti ræðumaður og ég, að hér er gengið skref í rétta átt og það er það mikilvægasta. Margt í þessu frv. kostar ekki mikla peninga varðandi mannhelgi og mannréttindi. Þetta er spurning um samstarf milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Annað kostar í þessu frv. og t.d. er verið að endurskoða núna í Tryggingastofnun umönnunarbætur barna og auðvitað geri ég mér grein fyrir að það mun kosta eitthvað en það er ekki búið að reikna það nákvæmlega út vegna þess að ekki er endanlega gengið frá þeim breytingum. En það mun koma í ljós í fyllingu tímans.

Hv. þm. sagði að þetta mundi kosta sveitarfélögin eitthvað. Auðvitað skiptist kostnaðurinn milli ríkis og sveitarfélaga í ýmsum félagslegum þáttum. Það þekkjum við báðar sem fyrrverandi sveitarstjórnarmenn þannig að þetta er auðvitað samspil ríkis og sveitarstjórna. Ég efa ekki að ekki er síður vilji hjá sveitarfélögum en ríki að bæta réttindi sjúklinga.

[16:41]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn koma engin svör. Það sem ég spyr um er einfaldlega: Er ætlunin að standa við þetta ef að lögum verður? Hvað kostar það þá fyrir ríkið? Fyrir sveitarfélögin? Hvaða kostnað er hæstv. ráðherra að setja á sveitarfélögin með þessu frv.? Frv. er til bóta og nauðsynlegt að það verði að lögum. En lög eru til að fara eftir þeim en ekki til að brjóta. Ef við samþykktum frv. nú fyrir vorið, þá má ekki byrja á því að brjóta þau vegna þess að þá mun það ekki auka rétt sjúklinga eins og Herdísar Birnu og fjölda annarra sjúklinga sem eru í sömu sporum. Ég spyr því hæstv. ráðherra: Er ætlun hennar að standa við lögin, taki þau gildi frá þeim degi sem þau eiga taka gildi, og hvaða kostnað er um að ræða bæði hjá ríki og sveitarfélögum? Ég vil fá þau svör skýr.

[16:42]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í máli mínu nokkrum sinnum í umræðunni að til þess að uppfylla þetta frv., sem vonandi verður að lögum, þarf fjármuni. Við þurfum ... (Gripið fram í.) Hv. þm. verður að bíða eftir svarinu, hefur fengið það svar að vísu áður. Svarið er að til að uppfylla t.d. þær kröfur sem við gerum varðandi sjúk börn þurfum við að byggja upp fyrir 800 millj., jafnvel milljarð. (Gripið fram í.) Það er ekki eðlilegt að allur sá kostnaður sem framtíðin hefur í för með sér komi fram í þessu litla frv. Hérna erum við að tala um rammalöggjöf og hv. þm. skynjar það án efa að við erum að tala um rammalöggjöf, t.d. til að uppfylla þær kröfur sem við gerum varðandi aldraða sjúklinga. Við erum t.d. í ár að byggja upp öldrunardeild í Landakoti fyrir 122 millj. Það kemur auðvitað ekki fram í frv. þannig að ýmsar réttarbætur eru í gangi sem koma fram annars staðar og í fjárlögum.

[16:43]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær vonir mínar að ýmis ákvæði frv. mundu skýrast og verða gleggri eftir ræðu hæstv. heilbrrh. hafa brostið að fullu og öllu. Ég hef satt að segja enn meiri áhyggjur en fyrr af ýmsum atriðum og mér finnst hún hafa flækt þau fremur en skýrt.

Ég kom inn á það áðan hvernig ætti að lesa saman 1. gr. þessa frv. um að óheimilt væri að mismuna sjúklingum, þar með talið öldruðum, 3. gr. um að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem völ er á á hverjum tíma og síðan 19. gr. um forgangsröðun. Hvernig kemur þetta allt heim og saman? Hvað þýðir þetta fyrir aldraðan Íslending, 80 ára gamlan? Fer hann aftar í forgangsröðun í beinaaðgerðum, í liðamótaaðgerðum en maður sem er 40 ára? Um þetta snýst málið og þessu verðum við auðvitað að svara. Ég er ekki með beinar tillögur um þetta en hæstv. heilbrrh. hlýtur auðvitað að hafa ákveðna sýn á þetta mál. Við getum ekki lesið svona grundvallarlöggjöf sem hér um ræðir eftir hendinni hverju sinni. Og hér er ekkert lítið frv. á ferðinni, eins og hæstv. ráðherra orðaði það, eða einhver rammalöggjöf. Hér er um grundvallarlöggjöf að ræða sem önnur sérlög hljóta að taka mið af. Það er meginmál þessarar umræðu. Við getum ekki skautað fram hjá viðkvæmum álitamálum með einhverju almennu snakki og það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra hefur því miður gert í allt of ríkum mæli, farið yfir á hlaupum yfir einstakar athugasemdir, reyndar súmmerað þær upp undir eigin merkjum en engum svörum skilað frá sér.

Auðvitað er það lykilatriðið í þessu öllu saman og er ekki á borð bjóðandi að segja að þetta kosti mikla peninga og menn svari kostnaðarspurningum á þann hátt. Þetta kosti bara einfaldlega mikla peninga. Hversu mikla peninga kostar þetta? Kostar þetta 8 millj. eins og fjmrh. segir eða eitthvað allt, allt annað? Við hljótum að kalla eftir svörum við þessu.

[16:46]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kvaðst ekki hafa fengið svör við sínum spurningum og var

ekki ánægður með þau svör sem hann fékk og sérstaklega varðandi forgangsröðunarmálin og spyr að því: Gengur 40 ára sjúklingur fram fyrir 80 ára gamlan sjúkling? Þessu munum við ekki svara hér, hv. þm. Þessu mun læknir ávallt þurfa að svara, hvort þessi sjúklingur fer í aðgerð í dag og annar á morgun. Alþingi mun aldrei svara því. Við setjum hér rammalöggjöf, eins og ég hef svo margsinnis rætt um, en svo nákvæma umfjöllun fær málið aldrei á Alþingi. En eins og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir kom inn á áðan er forgangsröðunarnefnd að vinna á vegum heilbrrn., pólitísk og þverfagleg nefnd þar sem menn eru að stilla upp forgangsröðun almennt. En þegar kemur að því að ákveða aðgerð hjá sjúklingi er það ávallt læknirinn sem tekur ákvörðun um það.

[16:47]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf auðvitað ekki að segja mér hvernig málin ganga fyrir sig inni á sjúkrahúsum og hvernig ákvarðanir eru þar teknar. Það er hins vegar þannig og það hlýtur hæstv. ráðherra að vita og þekkja að víða í nágrannalöndum okkar hafa einmitt stjórnmálamenn tekist á við álitamál af þessum toga, ekki gagnvart einstaklingum heldur gagnvart almennum reglum. Og ef ég man rétt eru til að mynda í Danmörku tilteknar ákveðnar reglur um þetta, einmitt um þetta álitamál, þetta dæmi sem ég nefndi áðan, um 80 ára gamlan sjúkling, 40 ára gamlan sjúkling, beinaðgerð. Auðvitað þýðir ekkert að hlaupa undan þessu. Ég man ekki betur en það hafi verið eitt af lykilorðum hæstv. ráðherra þegar hún kom hér til skjalanna að hún vildi forgangsraða. Það er þetta almenna blaður sem ég er að gagnrýna, virðulegi forseti, einhver almenn umræða um forgangsröðun. Og svo þegar menn lenda í dæmunum sjálfum þá hlaupa pólitíkusar á braut eins og hæstv. ráðherra núna.

[16:48]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á einni mínútu get ég örugglega ekki svarað hv. þm. á þann hátt að hann telji fullnægjandi. Hér erum við að tala um grundvallaratriði. Við erum að tala um grundvallaratriði viðkvæms máls. Þess vegna er ég hissa á hv. þm. að velja orðalag eins og hann gerði.

Við Íslendingar höfum verið sammála um að veita eins góða þjónustu og mögulegt er hverju sinni. Við höfum ekki gengið sömu braut og Danir. Ég hef einmitt séð uppkast að þeirri vinnu sem forgangsröðunarnefndin er að vinna og við göngum ekki sömu braut og Danir. Danir hafa forgangsraðað þannig að þeir gera ekki vissar aðgerðir eftir að sjúklingur er orðinn 65 ára gamall. Við höfum aftur á móti gert hjartaaðgerðir á mjög fullorðnu fólki og beinaðgerðir á mjög fullorðnu fólki. Ég sé ekki að forgangsröðunarnefndin muni kveða svo á um að við ættum að hætta að gera hjartaaðgerðir á 65 ára gömlum sjúklingum eins og Danir hafa gert.

[16:50]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki horfið frá þessari umræðu án þess að drepa á nokkur grundvallaratriði. Mér finnst við hægt og bítandi í andsvörum síðustu mínúturnar vera að nálgast kjarna málsins.

Ég sagði áðan að allt of mörg hugtök í pólitískri umræðu heilbrigðismála á Íslandi væru allt of léttvæg. Menn eru að nota ýmsa frasa, ýmiss konar kennisetningar hér og þar eftir hendinni til að komast út úr erfiðri umræðu. Eitt af þeim orðum er forgangsröðun.

Í frv. er rætt um forgangsröðun, að vísu í einni setningu í 19. gr. og segir nánast ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum."

Hins vegar stendur í 1. gr. að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli aldurs. Þó að það sé ekki sagt berum orðum eru tekin af öll tvímæli í athugasemdum. Og í 3. gr. segir fortakslaust, með leyfi forseta:

„Sjúklingur á rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita"

Hér eru auðvitað mótsagnir og þversagnir sem við verðum að skýrgreina. Það er ekki hægt fyrir hið háa Alþingi að skilja við lagatexta þannig að almenningur velkist í vafa um hvað það er í raun sem við eigum við.

Ég nefndi áðan hugtakið „forgangsröðun". Hæstv. heilbrrh. hefur ásamt fleiri stjórnmálamönnum stundum nefnt þetta sem allra meina bót í íslensku heilbrigðiskerfi.

Nú er það svo að það hefur verið forgangsraðað. Við pólitíkusar höfum gert það með því að veita meiri peninga hingað en þangað og raðað í tímaröð. En þegar ég heyrði hæstv. heilbrrh. ræða um það og kalla til starfa fjölmarga einstaklinga til að forgangsraða í heilbrigðiskerfinu var líka nefnt hvernig ætti að skipa sjúklingum. Það er auðvitað stórpólitísk yfirlýsing sem hæstv. ráðherra gaf áðan um að þessi nefnd hennar mundi ekki ganga þann veg að forgangsraða eftir aldri, enda mundi það stangast á við frv. þegar það verður að lögum. Ég hlýt að líta þannig á að 1. gr. og 3. gr., jafnfortakslausar og þær eru, banni að yfirvöld, framkvæmdarvaldið og læknar raði sjúklingum eftir aldri, t.d. í aðgerðir og stilli upp biðlistum miðað við aldur eða félagslega stöðu. Þau ákvæði frv., þessarar grundvallarlöggjafar, eru það fortakslaus. Nú hefur komið fram að hæstv. ráðherra hefur komið þeim skilaboðum til sinna manna í forgangsröðunarnefnd að ekki eigi að fara þessa dönsku leið. Það er stórpólitískt mál og ég fagna því að við séum komin það langt áleiðis í umræðunni að ræða um raunverulega hluti sem lúta að stöðu þessara einstaklinga. Að ráðherrann hefur gefið út pólitískar línur, er komin af snakkstiginu og yfir í „real"-pólitík, svo ég noti nú útlenskar slettur, virðulegi forseti. Þá kannski mjökumst við þótt við getum eftir sem áður verið ósammála um einhverjar meginniðurstöður, þannig að eitthvað erum við að mjakast áleiðis í þá veruna. En eftir sem áður er texti þessa frv. svo mótsagnakenndur að ekki verður við unað og ekki verður hjá því komist að hv. heilbrn. lagfæri hann og geri hann straumlínulagaðan þannig að öllum verði ljóst, sem eftir þessum lögum eiga að fara og vinna, hver meiningin sé og hver ætlunin sé.

Hvað fjármálin varðar hefur okkur, því miður, ekki miðað hænufet, ekki eitt einasta hænufet. Enn er það einasta sem hönd er á festandi það makalausa álit fjmrh. og fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem er fskj. með þessu frv., að allar þessar réttarbætur til handa íslenskum sjúklingum kosti 8 millj. kr. Að vísu hafa menn nefnt í leiðinni að vissulega þurfi að byggja einn lítinn barnaspítala upp á 800 millj. eða milljarð, það þurfi náttúrlega að stórbæta sálgæslu, umönnunarþáttinn, og eins og hæstv. ráðherra orðaði það, held ég: Þetta kostar auðvitað mikla peninga.

Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers vegna í veröldinni er okkur boðið upp á það að sá sem heldur um budduna meti kostnaðaráhrifin upp á 8 millj. kr. þegar fagráðherrann sjálfur segir að þetta kosti mikla peninga og sennilega miklu meira en 8 millj. kr. Því hljótum við að fara fram á það að hún svari okkur hvað þetta kosti, hvaða mannafla þetta kosti, hvaða tækjabúnað þetta kosti, hvaða breytingar aðrar þetta kosti í þessari grundvallarlöggjöf. Ég er henni eðlislægt ósammála að við göngum þannig fram að við samþykkjum hér grundvallarlöggjöf og síðan sjáum við til hvað þurfi til bragðs að taka, hverju þurfi að breyta og hvað þurfi að bæta þegar þessi lög taka gildi. Þannig eigum við ekki að vinna og þannig eigum við ekki að hugsa.

Ég er sannfærður um að þjónustuaukningin skiptir hundruðum milljóna þegar allt er upp talið. Þá á ég auðvitað við tryggingakerfið því ég geng út frá því að menn þurfi að gera þar verulegar bragarbætur á. Þá á ég við umönnunarþáttinn sem lýtur að börnunum, langveikum börnum og síðan sjúklingum almennt og rétti aðstandenda til að vera þeim innan handar og veita þeim alla aðstoð sem mögulegt er. Ef ég árétta það sem ég sagði áðan þá er það ekki viðunandi og ég trúi því ekki að menn séu að setja saman einhvers konar almennan óskalista, einhverjar frómar óskir um að svona væri nú ágætt að hafa þetta en ætli sér síðan að láta þar við sitja. Orðin tóm en engar efndirnar. Þannig getum við auðvitað ekki gengið frá þessum málum.

Að lyktum, virðulegi forseti, finnst mér enn og aftur menn kveða sömu rímurnar þegar kemur að barnaspítalamálum. Ég er búinn að heyra orðaræður hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur og hæstv. heilbrrh. um barnaspítalamálið, nákvæmlega sömu vísurnar kveðnar í heilt ár. Það er verið að skoða, gaumgæfa og athuga. Og nú síðast sagði formaður svokallaðrar byggingarnefndar, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn., að verið væri að athuga gögn. Hvaða gögn er verið að athuga? Ég hef upplýst það í þessum ræðustól að í maí 1994 og enn frekar síðar það sama ár lá fyrir þarfagreining á þessum spítala. Það lágu fyrir grunnteikningar og spítalinn var tilbúinn í alútboð hefði sú ákvörðun verið tekin í árslok 1994. Því miður var ekki farið af stað þá en það væri hægt að gera þetta á morgun. Það væri hægt að auglýsa alútboð á þessum spítala á morgun ef þau gögn væru notuð. Fráfarandi skrifstofustjóri heilbrrn., Guðjón Magnússon, var formaður þáverandi byggingarnefndar, gekk frá þessum málum frá a til ö og því spyr ég hreint og beint: Hvað er verið að athuga í ráðuneytinu í þessum efnum sem ekki hefur verið athugað áður? Það þýðir ekkert að bjóða upp á sömu afsökunina, ekki dag eftir dag, heldur mánuð eftir mánuð, missiri eftir missiri. Ég árétta það enn og aftur, virðulegi forseti, og rifja það upp að í desember sl. kom fram bein tillaga frá mér og fleirum um að þessi spítali skyldi byggður. Hæstv. ráðherra afþakkaði að fá slíka tillögu samþykkta, lét sér nægja almenna heimild um sölu á Vífilsstaðalandi, sem raunar var kveðið á um að andvirði þess skyldi verja til byggingar barnaspítala. Með öðrum orðum, enn þá hefur engin prinsippákvörðun, samþykkt verið gerð í þessum sölum um að ráðast í byggingu þessa spítala. Hæstv. ráðherra, sem ég trúi og vil trúa að sé einlægur áhugamaður um bygginguna, afþakkaði það og felldi tillögu þess efnis spítali skyldi byggður. Ég þekki það nokkuð af eigin raun að hún á ekki sjö dagana sæla í samskiptum sínum við fjmrh. þegar kemur að þeirri framkvæmd. Það er kannski þess vegna sem fjmrh. sjálfur reynir af fremsta megni að komast hjá því að nefna þá mikilvægu framkvæmd í kostnaðarumsögn sinni með frv. Ég held að hæstv. ráðherra væri maður að meiri ef hún viðurkenndi einfaldlega að hún stæði í stríði við hæstv. fjmrh. Það endurspeglast í umsögn hans með frv., og hún mundi óska eftir liðsinni hinna fjölmörgu áhugamanna sem er að finna í þessum sal bæði í stjórn og stjórnarandstöðu við að drífa þetta mál áfram. Tek ég hér fagnandi hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og hefði hún kannski betur hlustað á mínar spurningar um gang mála í þessu barnaspítalamáli því að þar finnst mér allt vera, satt að segja, í stóra stoppi og ég er búinn að heyra afsakanir allt of lengi, virðulegur forseti.

[17:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur staðið í allan dag um þetta merka frv. er af hinu góða. Hún hefur leitt fram mjög margt sem líklegt er að við í heilbr.- og trn. þurfum að taka til gagngerrar umfjöllunar þegar málið kemur til okkar kasta innan skamms.

Auðvitað er það svo eins og segir í athugasemdum með frv. að þó að um nokkur nýmæli sé að ræða, þá er frv. að mestu leyti samsafn af ákvæðum sem er mælt fyrir um annars staðar, reglum sem hafa verið settar um réttindi sjúklinga. En ég tel að það sé ótvírætt framfaraskref að fá þetta frv. og held að það sé góður grunnur sem hægt er að prjóna við. Auðvitað er ýmsu verulega ábótavant við frv. en á heildina litið er það hið besta mál. En ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að af tiltölulega skammvinnum kynnum mínum við forustu Framsfl. þá undrast ég jafnan að það er eins og það sé arfgengur sjúkdómur í forustu Framsfl. að muna ekki eftir hlutum. Menn kannast nú við það úr tiltölulega skammri fortíð Framsfl. en þetta er að verða plagsiður hjá hæstv. heilbrrh. að þegar menn varpa til hennar spurningum, þá svarar hún þeim ekki. Í mínu tilviki kann það að stafa af því að ræða mín var flutt fyrir nokkrum dögum og hana brestur kannski minni þessa örfáu daga aftur í tímann. Það þýðir það að ég verð að endurtaka sumar af þessum spurningum.

Þar er fyrst til að nefna, herra forseti, að í skilgreiningarkafla frv. sem er 2. gr. er talað um heilbrigðisstarfsmann og gerð skilgreining á honum. Það er einstaklingur sem starfar í heilbrigðisþjónustu og hefur hlotið löggildingu ráðherrans til slíkra starfa. Þetta er nokkuð umhendis, herra forseti, vegna þess að það eru mjög fjölmennar og mikilvægar stéttir á sjúkrahúsunum sem hafa ekki hlotið neina löggildingu. Það eru sjúkraliðarnir. Og þegar kemur að því að taka á trúnaðarskyldunni í þessu frv., þá dugar þessi skilgreining ekki lengur vegna þess að trúnaðarskyldan verður auðvitað líka að hvíla á sjúkraliðunum sem ekki hafa löggildingu, og þá er skyndilega ekki talað um heilbrigðisstarfsmenn heldur starfsfólk í heilbrigðisþjónustu. Þetta er auðvitað hundalógík, enda sé ég að hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem hefur meira skopskyn heldur en flestir í þessum sölum, setur upp værðarlegt bros.

Þetta er staðreyndin og þess vegna, herra forseti, spyr ég hæstv. heilbrrh. eins og ég spurði fyrir örfáum dögum: Hyggst hæstv. ráðherra flytja frv. sem leiðir til löggildingar starfsheitisins sjúkraliði? Það er mikilvægt að fá það fram hér, mikilvægt fyrir okkur sem eigum eftir að fjalla um þetta frv.

Sá rauði þráður sem gengur í gegnum þetta frv. er virðing fyrir mannréttindum og mannhelgi og frv. er sprottið af tiltölulega nýlegri umræðu sem hefur undið fram í Evrópu á síðustu áratugum og hefur náð hingað til Íslands. Sjúklingurinn á auðvitað í höggi við kerfi, hann er óttasleginn um

afdrif sín, hann veit ekki hvernig verður með heilbrigði sitt í framtíðinni og hann á erfitt með að standa á rétti sínum. Það er oft þannig að sjúklingurinn verður að eins konar hlut fremur heldur en lifandi veru og það eru aðrir sem taka ákvörðun fyrir hann. Það er einungis á allra síðustu árum sem sjúklingurinn hefur öðlast rétt til þess að hlutast til um eigin framtíð með því að segja til um afstöðu sína til meðferðar eða hvort hann vill ekki meðferð.

Það sem skiptir máli í þessu frv. er t.d. kaflinn um meðferð dauðvona sjúklings. Nú er það svo, herra forseti, að það kann að virðast, eins og ég hef heyrt á mörgum sem hafa talað hér í dag, að þessi grein sé framfaraspor. Ég er ekki alveg viss um það. Og ég varpaði nokkrum spurningum til hæstv. ráðherra í umræðunni um daginn.

Það eru til leiðbeiningar frá landlæknisembættinu um hvernig skuli fara að fólki sem er að deyja. Lykilatriðið í þeim leiðbeiningum er að meðferð sem lengir líf dauðvona sjúklings án þess að fela í sér lækningu eða líkn er ekki réttlætanleg. Mér finnst þetta siðferðilega rétt og skynsamleg niðurstaða. En í þessum leiðbeiningum segir jafnframt, með leyfi forseta:

„Ef sjúklingur er ófær um að taka þátt í ákvörðun um takmörkun meðferðar skal heilbrigðisfólk leita samráðs við nánustu aðstandendur um ákvörðunina."

Með öðrum orðum, herra forseti, það kemur alveg skýrt fram í þeim reglum sem eru í gildi núna að það er hægt að taka ákvörðun um að stöðva meðferð hjá manni sem getur ekki tjáð sig um hana. Ef við lesum þetta saman við 24. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem lengir líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal virða þá ákvörðun."

Með öðrum orðum, ég fæ ekki betur séð en að með frumvarpsgreininni sé stigið skref aftur á bak. Það sé í rauninni verið að takmarka það svigrúm sem reglur embættisins leyfa núna. Þess vegna spyr ég og spurði hæstv. ráðherra:

1. Er hún sammála þessu?

2. Gerir hún sér grein fyrir því að hún er að takmarka núverandi reglur embættisins?

3. Hvaða lagastoð hafa reglur landlæknisembættisins?

Ég hef sagt það hér að ég er ekki á móti þeim. En samt sem áður, þegar kemur að hlutum sem snerta líf eða dauða og þegar við erum að hlutast til um það hvort einhver deyr fyrr en ella, verður það að hafa lagastoð. Þetta er ein af grundvallarreglunum í mannlegu félagi. Við höfum engan siðferðilegan rétt til þess að grípa svona inn í líf annars einstaklings nema það sé einhvern veginn búið að setja siðferðilegan ramma sem hvílir á lagagrunni um það.

Herra forseti. Það er eitt atriði sem hvergi er nefnt í þessu frv. og sem ég komst því miður ekki til þess að ræða um daginn. Það varðar rétt þeirra sem sæta miska vegna mistaka lækna. Hver er sá réttur? Eru þetta ekki svakalegustu vandamálin sem oft og tíðum koma upp? Ég þekki það sem formaður heilbr.- og trn. að þeir eru ófáir sem leita til mín um slík mál og að sjálfsögðu get ég ekkert í þeim gert. En það hefur lengi vantað einhvers konar löggjöf um þetta. Það er að vísu til sjóður í Tryggingastofnun sem hægt er að veita úr, en eftir því sem ég þekki, og ég tek það fram að ég þekki hann ekki út í hörgul, þá byggir það aðallega á einhvers konar mati eða geðþótta þeirra sem fara með völdin hverju sinni í þeirri stofnun. En punctum saliens er þessi: Ef við ætlum að setja frv. til laga, ef við ætlum að setja lög um réttindi sjúklinga, er þá ekki grundvallaratriði að þar verði tekið á þáttum sem þessum? Þar verði með einhverjum hætti mælt fyrir um það hvernig eigi að bæta þeim tjónið sem verða fyrir slíkum miska? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að taka betur á þessu.

Að síðustu, herra forseti, hefur málskotsrétturinn í stjórnsýslunni aukist ár frá ári og það er af hinu góða. Réttur einstaklingsins gagnvart kerfinu er sífellt að aukast og þetta eru hlutir sem tengjast kynslóðum frekar en stjórnmálaflokkum og þess vegna er gleðilegt að fylgjast með því hverng þessi viðhorf færast inn í alla flokka.

Hvað eiga þeir að gera sem þurfa að skjóta máli sínu til kerfisins vegna einhverra mistaka? Hvert eiga þeir að leita eftir úrskurði? Í dag er það þannig að þeir eiga kost á því að kvarta við landlæknisembættið. Það er fest í þessu frv. En, herra forseti, ef ég á eitthvað sökótt við heilbrrn. eða starfsmenn þess, þá er það síðasti staðurinn sem ég vil fara með mína umkvörtun. Ég hlýt að verða að eiga kost á því að leita með umvandanir mínar og ábendingar, kvartanir og miklar sakargiftir í sumum tilfellum, til einhvers annars en þess sem er hið formlega sektarlamb. Þetta gengur ekki upp, herra forseti.

Nú er það að vísu svo að sá landlæknir sem situr í embætti er einstaklega merkur embættismaður og hvergi hræddur hjörs í þrá og allra síst við ráðherra. En það eru ekki nema tvö ár þangað til hann hverfur úr embætti og ég óttast um afdrif þessa kerfis. Þess vegna segi ég það og ég spyr hæstv. ráðherra: Deilir hún ekki með mér áhyggjum yfir þessu? Auðvitað nefni ég þetta hér vegna þess að við jafnaðarmenn höfum lausn á þessu máli. Við höfum lagt fram þáltill. um stofnun embættis sem gæti heitið umboðsmaður sjúklinga, embætti sem hefur rutt sér til rúms víða erlendis, en ég þarf ekkert endilega að fá þá tillögu samþykkta. En ég vil fá farveg fyrir mig og aðra sem mögulega kunna að eiga um sárt að binda vegna mistaka innan heilbrgiðiskerfisins og þá vil ég geta leitað til einhvers annars heldur en ráðherra kerfisins. Það sýnist mér vera sanngjarnt og ég inni hæstv. ráðherra eftir skoðun hennar á þessu.

[17:11]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur nú stundum yfir mig að finnast ekki alveg sanngjarnt að hér sitji æ ofan í æ hæstv. heilbr.- og trmrh. og að henni sé ráðist án þess að hæstv. fjmrh. sé nokkurs staðar nærri. Ég held að þetta sé ekki góð staða fyrir hana. En okkur hv. þingmönnum er ekki boðið upp á betra svo það verður að búa við það.

Ég get ekki stillt mig um að bæta aðeins við það sem ég sagði hér áðan. Þannig er mál með vexti að ég sit í tryggingaráði svo að ég er aðeins nálægt þessum málaflokki á þessu kjörtímabili og heldur betur raunar. Það hljómar í eyrum mér eins og lélegur brandari þegar ég heyri hæstv. ráðherra segja hér í ræðustól að miðað sé að því að allir Íslendingar eigi sama aðgang að meðferð á sjúkrastofnunum. Ekki síst er það undarlegt þegar hæstv. ráðherra tilheyrir þeim stjórnmálaflokki íslenskum sem lengst af hefur sótt styrk sinn til landsbyggðarinnar. Það er eins og þetta fólk viti bara ekki nokkurn skapaðan hlut hvernig þetta land er í laginu og þekki ekki þá gróflegu mismunun sem er á aðstöðu Íslendinga til heilbrigðisþjónustu. Fyrir þá sem ekki vita það þá er það þannig að til þess að fá greiðslu fyrir flutning milli sjúkrastofnana og í sjúkrastofnanir og til lækna þurfa menn beinlínis að vera haldnir sjúkdómi sem tryggir að það sé

alveg öruggt að þeir þurfi að fara aftur og aftur, og það eru örfáar tegundir sjúkdóma. Þótt maður sé í bráðri lífshættu, og ef það skyldi nú svo heppilega vilja til að það sé hægt að lækna hann í einni ferð, þá eru áhöld um hvort ferðin verður greidd því að maðurinn þarf ekki að fara aftur.

Á sama tíma og verið er að tala um í frv. sem okkur er ætlað að taka alvarlega að sérhver sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð, þá er Tryggingastofnun ríkisins að setja reglur um þak á hversu margar rannsóknir mega fara fram í landinu, hversu margar aðgerðir sérfræðinga verða greiddar. Það er ekkert verið að sjá til þess að allir fái besta þjónustu. Það er einungis greitt fyrir ákveðinn fjölda og hann er afmarkaður af fjárframlögum til þeirra hluta þannig að hér erum við ekki að segja satt.

Í næstu nágrannalöndum okkar og raunar í Bandaríkjunum líka eru tugir og jafnvel hundruð hámenntaðra lækna og hjúkrunarfólks sem fær ekki að koma heim til Íslands til að vinna vegna þess að það eru ekki tæki og ekki síst vegna þess að þeir sérfræðingar sem fyrir eru vilja ekki fá þá til Íslands.

Ég hlaut nokkur ámæli ýmissa minna flokksmanna fyrir að standa með fyrirtæki sem heitir Læknisfræðileg myndgreining sem keypti upp á eigin spýtur (Gripið fram í.) — víst, svo sannarlega gerðu þeir það, — tæki fyrir um 100 millj. og settu upp stofu og veita þar afburða góða þjónustu, enda valinn maður þar í hverju rúmi. Þegar ég kom í tryggingaráð höfðu þessi kaup raunar farið fram. En það átti að neita að greiða fyrir þessa þjónustu. Tryggingastofnun tapaði því máli, eins og vita mátti, og varð að greiða háar upphæðir í sakarkostnað. Þessi þjónusta hefur auðvitað orðið mjög svo til góðs enda fær fólk þar framúrskarandi góða þjónustu. Ég er ekki þar með að segja að mér þyki það æskilegt að einstaklingar taki sig saman og fjárfesti í milljóna tækjabúnaði og opni sínar eigin læknastofur. Það held ég okkar litla þjóðfélag þoli illa. En þegar tækin fást ekki vegna þess að íslenska ríkið tímir ekki að kaupa þau, vill ekki kaupa þau — því það eru til peningar fyrir þeim, hvað gerum við þá? Þá getum við ekki verið á móti því að slík stofnun fái fyrirgreiðslu í Tryggingastofnun ríkisins eins og aðrar sjúkrastofnanir.

Öll vitum við hvernig farið hefur með uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík. Hér höfum við ár eftir ár eftir ár, ég held allar götur síðan ég kom á þing árið 1979, verið að samþykkja lög til eins árs í hvert sinn, þar sem frestað er uppbyggingu heilsugæslustöðva í Reykjavík. Það mætti telja svona alveg endalaust. Á síðustu örfáum árum og ekki síst í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar er búið að skera niður við trog aðgengi fólks að sjúkrastofnunum, hækka hlut sjúklinga í nánast öllum tegundum þjónustu þannig að fólk veigrar sér svo sannarlega við að leita hennar. Ég hygg að allmargir foreldrar ungra barna í Reykjavík t.d. hlaupi ekki jafnhratt og við gerðum verði barn fyrir smávegis meiðslum vitandi að það kostar 2.400 kr. að reka andlitið inn á slysadeildina. Við þekkjum hversu tannhirðu smábarna hefur hrakað og þannig mætti lengi telja. Ég þekki þess fjölmörg dæmi að fólk dregur í lengstu lög að leita læknis vegna þess að það kostar peninga. Það er því svolítið einkennilegt fyrir mig að lesa hér að sjúklingur eigi rétt á fullkomnustu meðferð sem á hverjum tíma er völ á að veita. Ég held að þetta sé ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Enda mætti þá spyrja hæstv. ráðherra: Ef þetta er svo og svo sannarlega er ég samþykk því, hvað er þá forgangsröðunarnefnd að gera? Hverju er hún að raða í forgang? Það væri gaman að vita hvernig sú nefnd vinnur, sem er þar að ákveða hvaða sjúklingar fái fyrr þjónustu en aðrir.

Það kann að vera íhaldssemi af verstu tegund en í minni sveit hélt ég að það hefði verið heilög eining um það að líf væri öllu æðra, því bæri að bjarga undir öllum kringumstæðum og í það bæri að halda í lengstu lög, til þess væru læknar og hjúkrunarfólk. Ég hef ekki orðið vör við að Alþingi Íslendinga hafi breytt þessari skoðun. Hafi það gert það, þá verður það að þora að gera það þannig að ekki verði misskilið, að nú sé það svo að sumir Íslendingar séu ja, minna virði en aðrir og skuli síður á vetur settir. Svo einfalt er það. Þetta verðum við þá auðvitað að þora að segja. Á meðan við erum með þak á þjónustu sem Tryggingastofnun ríkisins veitir þá erum við að segja: Við ætlum ekkert að lækna alla, við ætlum bara að lækna suma.

Hæstv. forseti. Þetta er orðin ansi löng umræða en ég hlýt að vekja athygli, eins og fleiri hafa gert í dag, á því að ég hygg að sveitarfélögin hljóti að senda frá sér einhverjar línur í sambandi við þetta frv. Ég held að þau eða forsvarsmenn þeirra hljóti að krefjast þess að fá að vita hvað er áætlað að leggja á þau fjárhagslega, því það er auðvitað umtalsvert þó hvergi sé gefið í skyn hvað það sé mikið. Það hlýtur að verða að liggja fyrir um hve mikla fjármuni er að ræða sem öll sú þjónusta á að kosta sem stendur til að setja á sveitarfélögin.

Rétt að lokum. Ég spurði áðan hvort um væri að ræða með þessu frv. þrengingu á læknalögum, þ.e. lögum um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, um upplýsingar á sjúkraskrám. 16. gr. þeirra laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis sem hana færir.

Lækni er skylt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár, allrar eða að hluta. Sama gildir gagnvart opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns vegna læknismeðferðar."

Ég bað starfsfólk að finna fyrir mig þessa grein, en þar stendur „allrar eða að hluta". En hér segir í hinu nýja frv.:

„Upplýsingar í sjúkraskrá sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal ekki sýna honum nema með samþykki þess sem upplýsingarnar gaf."

Þar með stendur eftir að heilbrigðisstarfsfólki er heimilt að neita að gefa upplýsingar úr sjúkraskrá sem þeir sjálfir hafa samið eða skrifað.

[17:22]

Útbýting þingskjala:

Afleiðingar langs vinnutíma hér á landi, 5. mál, skýrsla félmrh., þskj. 639.

Hámarkstími til að svara erindum, 356. mál, þáltill. GMS, þskj. 630.

[17:22]

Guðrún Sigurjónsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en mig langaði aðeins að minnast á ákvæði í 23. gr. frv. um það að sjúklingur eigi rétt á að njóta andlegs og trúarlegs stuðnings. Þetta hlýtur að gilda bæði um sjúklinginn sjálfan og aðstandendur, þ.e. notanda heilbrigðiskerfisins. Það hefur verið þannig, alla vega á Ríkisspítölum þar sem ég þekki til, að enginn sálfræðingur hefur verið starfandi fyrir utan geðdeildirnar, þ.e. á hinum vefrænu deildum hefur ekki verið sálfræðingur til að styðja við fólk þegar það hefur fengið slæman úrskurð um sitt heilsufar og það hefur greinilega

heldur ekki verið á Borgarspítalanum, eins og kom fram áðan hjá Margréti Frímannsdóttur. Á barnadeildinni fá foreldrar oft og tíðum mjög slæmar fréttir. Þeir eru að fá fréttir um alvarleg veikindi barna sinna og hugsanlega lífstíðarfötlun. Þetta er náttúrlega gríðarlegt áfall og þessum hópi hefur í rauninni verið afskaplega lítið sinnt. Áfallahjálp hefur ekki verið til staðar nema mjög takmarkað. En eftir því sem ég hef frétt, og ég vil gjarnan að það verði leiðrétt ef ég fer rangt með, stendur til að ráða sálfræðing við barnadeild Ríkisspítalanna en hann á að vera kostaður að hálfu leyti af Ríkisspítölum en að hálfu leyti af frjálsum félagasamtökum úti í bæ. En eins og ég segi, ef þetta er rangt þá verð ég vonandi leiðrétt, en mér finnst þetta mjög alvarlegt ekki síst í ljósi þess að þegar verið er að leggja fram frv. um að styðja beri fólk sem lendir í svona áföllum, þá ætlar ríkið að gera þetta svona. Það vekur mér ekki bjartsýni um framhaldið en styður hins vegar það sem Margrét Frímannsdóttir var að tala um áðan að verulegur kostnaður hlýtur að vera samfara þessu frv., þ.e. ef það á að standa við þessa grein t.d., þó ég fari ekki að tala um byggingu barnaspítala og stækkun á vökudeild sem hefur verið tíundað hér fyrr.

Félagsráðgjafar hafa verið af skornum skammti á Ríkisspítölunum. Þetta er gríðarlega stór stofnun og félagsráðgjafar á þessum vefrænu deildum hafa verið fáir og hafa ekki getað séð um þennan þátt heldur. Ég veit ekki hvort einhver áform eru um að bæta þarna úr. Félagsráðgjafar hafa gríðarlega miklu hlutverki að gegna vegna þess að þegar um er að ræða langvarandi sjúkdóm hjá barni þá verða foreldrar að fá mikla leiðsögn um það hvernig þeir eiga að snúa sér í kerfinu, hvar þeir eiga að bera niður til að fá aðstoð og hjálp, og eftir því sem mér er sagt þá sitja foreldrar mjög mikið einir með þetta. Ef þeir eru duglegir og hafa nóga orku þá geta þeir keyrt áfram sín mál en ef þeir eru eitthvað beygðir og eiga erfitt uppdráttar þá eru þeir illa settir og fá jafnvel ekki það sem þeim raunverulega ber vegna þess að þá skortir leiðsögn. Ef fólk ætlar að leita aðstoðar sálfræðings t.d. á eigin kostnað utan stofnunar þarf að greiða 3.000–4.000 kr. fyrir hvert viðtal við sálfræðing. Það sér hver í hendi sér að láglaunafólk getur ekki sótt þá þjónustu. Tryggingastofnun tekur engan þátt í að greiða niður sálfræðiþjónustu utan stofnana og á því þyrfti auðvitað að verða breyting þannig að sá kostur væri raunverulega fyrir hendi fyrir fólk sem fær ekki þjónustu inni á stofnunum eða af einhverjum ástæðum getur ekki nýtt sér hana.

[17:27]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Hér hefur verið rætt almennt um heilbrigðismál og ekkert óeðlilegt við það. Þetta er stór málaflokkur og víðfeðmur. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði áðan að þetta frv. væri ekki allra meina bót í heilbrigðismálum og ég tek undir það. Það verður aldrei lagt fram frv. sem er allra meina bóta í heilbrigðismálum. En við getum samt gengið áfram veginn í átt til bættrar þjónustu án þess að ganga svo langt.

Hv. þm. gerði Barnaspítala Hringsins að aðalumtalsefni og sagði að framsóknarmenn væru með sífelldar afsakanir varðandi barnaspítalann. Það er alrangt. Við höfum ekkert að afsaka. Við tókum ákvörðun í desember sl. að fara í þessa framkvæmd og unnið er af fullum krafti að framfylgja því. Hvar þetta mál er statt um þessar mundir, þá er verið að undirbúa samkeppni um teikningar á barnaspítala þannig að það er í eins hröðum og góðum gangi og mögulegt er. En hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson verður alltaf svolítið viðkvæmur þegar þetta mál ber á góma. Ég efast ekki um hans einlæga vilja sem fyrrv. heilbrrh. að koma þessari framkvæmd áleiðis. Honum tókst það ekki en ég vona að við í sameiningu, ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, sem hefur áhuga fyrir framkvæmdinni, náum því.

Hv. þm. Össur Skarphéðinsson kom aftur inn á að hann teldi þetta frv. vera til bóta. Ég vona að hann sé heils hugar þegar hann segir það því hann er sá drifkraftur sem getur drifið þetta mál í gegnum þingið. Hann hélt að það væri af minnisleysi sem spurningu hans var ekki svarað. Henni var nú svarað en hann var ekki kominn þegar það gerðist og ég get endurtekið það. Hann spurði um löggildingu á starfssviði sjúkraliða. Ekki búið að taka ákvörðun um það en frv. til laga um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna er tilbúið í ráðuneytinu og það er verið að senda það til umsagna, m.a. til sjúkraliða.

Varðandi þann viðkvæma þátt sem hér hefur margsinnis verið til umfjöllunar um lok lífs og þær leiðbeiningar sem landlæknisembættið hefur gefið, þá var fulltrúi landlæknisembættisins í þeirri nefnd sem samþykkti þetta frv. og þetta er í takt við vilja þess embættis því það er samþykkt af þeim hvernig þessi lagatexti var endanlega saminn.

Varðandi miskabætur vegna læknamistaka þá er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að þetta er mjög vandmeðfarið mál og erfitt. Það er þannig að sjúklingar sem verða fyrir miska af völdum lækna geta í dag rekið mál sitt í gegnum svokallaða áfrýjunarnefnd og þurfa ekki að fara í gegnum landlæknisembættið og heilbrrn. Og ég sé að sjúklingar eru í ríkari mæli að leita til þessarar áfrýjunarnefndar.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á ýmsa hluti og talaði m.a. um að tannheilsa barna væri verri í dag en hún hefur verið. Sem betur er þetta ekki rétt. Tannheilsa barna er mun betri í dag en hún hefur verið um langan tíma. Varðandi forgangsröðun sagði hún: Hvað er þessi forgangsröðunarnefnd að gera? Hún er að forgangsraða aðgerðum eftir nauðsyn aðgerða m.a. og forgangsröðun er meira en aðgerðir. Það er líka varðandi framkvæmdir almennt, í hvað röð við eigum að framkvæma í heilbrigðisþjónustunni. Það hefur líka með forgangsröðun að gera.

Hv. 12. þm. Reykv. kom inn á ýmsa þætti og spurði m.a. að því hvort það væri rétt að félag úti í bæ, eins og hún orðaði það, kæmi að því að greiða sálfræðingi á Barnaspítala Hringsins. Það rétt að því leytinu til að það er samvinnuverkefni milli heilbrrn. og Umhyggju að ráða sálfræðing og það er gert í fullri samvinnu við Umhyggju sem ég býst við að muni síðan nýta sér þekkingu sálfræðingsins varðandi félagasamtök sín.

Ég sé að ljósið er farið að blikka á mig en það væri hægt að hafa mörg fleiri orð um þetta frv. En þetta er nú 1. umr. og mér finnst mikilvægt að þetta frv. fari til heilbr.- og trn. sem allra fyrst. (Forseti hringir.) Ég efa ekki að það sé hægt að gera enn betur en hér er gert og það verður þá gert í umfjöllun nefndarinnar. Ég treysti hv. formanni heilbr.- og trn. til að vinna það af heilum hug.

[17:33]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra kom inn á barnaspítala. Ég ætla að leiðrétta orðnotkun hennar þegar hún segir mig viðkvæman fyrir þessu máli. Hið sanna er að þetta er mér mikilvægt mál, þetta er mitt hjartans mál. Og eðlilega hitnar

mér í hamsi þegar ég ræði um það og verð var við að menn ætla sér í almennu snakki og spjalli að skauta fram hjá grundvallarspurningum. Og það þarf þess vegna engum að koma á óvart þó að ég láti aðeins í mér heyra hér og ég ætla að gera það.

Það kemur mér feykilega mikið á óvart, virðulegi forseti, að það skuli hafa tekið hæstv. heilbrrh., Ingibjörgu Pálmadóttur, eitt og hálft ár í embætti að átta sig á nauðsyn þess að byggja þyrfti barnaspítala. Hún lýsti því hér áðan að ákvörðun um þetta stórverkefni hefði ekki verið tekið fyrr en í desember sl., rúmu einu og hálfu ári eftir að hún settist upp að Laugavegi 116. Það er með fádæmum að það skuli hafa tekið hana allan þennan tíma og það skýrir auðvitað margt, þann slappleika og þær frátafir sem hafa orðið á gangi þessara mála. Ég endurtek enn og aftur að þetta mál var þrautkannað og undirbyggt í ráðherratíð minni. Í maí 1994, ég fór úr heilbrrn. í júní það sama ár, var gengið frá samkomulagi við Hringskonur, sem hafa barist fyrir því að koma upp þessum mikilvæga spítala og hafa safnað umtalsverðum fjármunum til þess arna, um hvernig að verki skyldi staðið. Þar komu einnig að stjórnendur Ríkisspítalanna en þeir hafa líka yfir að ráða umtalverðum fjármunum í sérstökum byggingarsjóði. Því spyr ég hér beint: Hvaða tímamörk eru á þessu stóra máli? Það einasta sem bundið er í samþykktir þingsins er heimild í fjárlögum (Forseti hringir.) um að selja skuli land hér sunnan við Reykjavík. Hefur það tekist? Hvað hefur byggingarnefndin langan tíma til að ganga frá öllum endum og til þess að ýta þessu máli úr vör? Ég spyr beint og vil fá hreint og skýrt svar.

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði áðan að Barnaspítali Hringsins væri sitt hjartans mál og ég efa það ekki og það er mitt hjartans mál líka. En það er rétt sem hv. þm. sagði að við tókum þá ákvörðun að fara í þessa framkvæmd í desember sl. vegna þess að tryggja þurfti fjármagn til framkvæmdarinnar. Með allri virðingu fyrir fjármunum sem Hringskonur hafa safnað, sem eru mjög mikilvægur hlekkur í þessu, þá dugar það að sjálfsögðu ekki og þess vegna þurfti annað að koma til. Hv. þm. vill fá hárnákvæmt svar um framkvæmdaáætlun. Við þurfum að hafa lokið þessari framkvæmd fyrir aldamót. Við erum að selja eignir í Vífilsstaðalandi upp á 120 milljónir og sú sala mun ganga eftir innan fárra vikna. Þar með erum við komin með verulegt framkvæmdafé og förum af stað á fullri ferð.

[17:36]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það fæst ekki svar við þessu frekar en fyrri daginn. Þannig hefur í raun ekkert nýtt fjármagn verið tryggt frá því sem var um mitt ár 1994. Þá lá fyrir samþykkt í þáverandi ríkisstjórn um ákveðna fjármögnunaráætlun. Samkomulag við Hringskonur upp á tiltekna upphæð og hærri upphæð en kemur fyrir landið á Vífilsstöðum. Þá lá raunar líka fyrir yfirlýsing frá þáverandi borgarstjórnarmeirihluta um 100 millj. kr. framlag sem síðan gekk því miður ekki eftir hjá nýjum meiri hluta og ég er hryggur vegna þess arna og átti von á öðru frá þessum R-lista sem ég að öðru leyti styð. Þannig að hér hefur auðvitað sáralítið gerst og allt of lítið á þessu tímabili. (**Gripið fram í:** Sem þingmaðurinn styður örlítið?) — Styð að öðru leyti, mér fannst þetta hins vegar óheppilegt upphaf hjá R-listanum á sínum tíma en látum vera með það. Þess vegna spyr ég: 120 milljónir? Það er ekki króna á fjárlögum til þessa verkefnis. 120 milljóna kr. von í peningum vegna sölu á landi. Það er auðvitað ekki nema sáralítill hluti af heildardæminu. Því spyr ég beint: Hefur hæstv. ráðherra samþykkt ríkisstjórnar fyrir þessu verki, tímasett í ramma og fjármunum? Hefur hæstv. fjmrh. sagt já? Hann hefur komið í þennan ræðustól vegna ákvarðana sem hann stóð að sjálfur í ársbyrjun 1994 vegna sama máls í þáverandi ríkisstjórn og ekki viljað við það kannast að hann hafi samþykkt það þá. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra viti það og við hér líka hvort hann hafi samþykkt þetta ráðslag og þessa framkvæmd. Ég styð hana heils hugar, hæstv. heilbrrh. og þessa byggingarnefnd, en vil auðvitað sjá málin hreyfast. Og ég hefði talið eðlilegra, og því kalla ég eftir viðhorfum ráðherra til þess, að fleiri kæmu að verki í þessu sambandi og að hún fjölgaði í þessari ágætu byggingarnefnd, kallaði til liðs áhugamenn í hópi stjórnarandstæðinga. Þá er ég handviss um að málin fengju hraðari framgang en ella.

[17:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fórum í gegnum þessa umræðu um barnaspítalann við fjárlagagerðina og það er svo sem engu við hana að bæta nema hvað hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson talaði áðan um að það hefðu verið vonbrigði að borgin stóð ekki við sinn skerf, þær 100 milljónir sem hún ætlaði að leggja til framkvæmdanna. Ég get nú sagt að ég skil borgaryfirvöld vel vegna þess að þetta er auðvitað í verkahring ríkisins og við verðum að axla þá ábyrgð. En varðandi það hvort heimildir séu fyrir framkvæmdum þá sjáum við þá heimild öll í 6. gr. fjárlaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ÁRJ og ÖS, 163. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 180.

[17:40]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, sem er 163. *mál á* þskj. 180. Flm. auk þess sem hér stendur er hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 2. mgr. 11. gr. [almannatryggingalaganna] bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þá skulu þeir sem notið hafa örorkulífeyris við 67 ára aldur halda öllum réttindum sínum, þar með talinni fjárhæð tekjutryggingar öryrkja, þegar þeir hefja töku ellilífeyris.“

2. gr. hljóðar svo:

„Við 17. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjárhæð tekjutryggingar ellilífeyrisþega, sem fengu greiddan örorkulífeyri við 67 ára aldur, skal ekki lækka við greiðslu ellilífeyris ef tekjur hlutaðeigandi hafa ekki breyst.“

Og síðan 3. gr.:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ástæðan fyrir því að við leggjum fram þetta frv. er sú að eins og almannatryggingalögin eru í dag þá lækka tekjur, þ.e. almannatryggingagreiðslur, öryrkja við það eitt að hann verður 67 ára. Við það eitt að hann fer af örorkulífeyri yfir á ellilífeyri þá lækka greiðslur til hans. Það getur gerst á fleiri en einn hátt og ætla ég aðeins að reifa það hér í máli mínu.

Ein af skýringunum á því er sú að skerðingarprósenta ellilífeyris samkvæmt 2. mgr. 11. gr. almannatryggingalaganna er 30% en skerðingarprósenta örorkulífeyris er 25%. Þannig skerðist ellilífeyrir meira við almennar tekjur heldur en örorkulífeyririnn, þarna á ég við grunnlífeyrinn. Ef einstaklingurinn er með grunnlífeyri og aðrar tekjur þá skerðist grunnlífeyririnn hans meira eftir að hann er orðinn ellilífeyrisþegi en meðan hann var öryrki. Auk þess hefst skerðing grunnlífeyris ellilífeyrisþega við lægri tekjumörk heldur en grunnlífeyrir örorkulífeyrisþega. Auk þess er samkvæmt núgildandi lögum tekjutrygging öryrkja hærri en tekjutrygging ellilífeyrisþega.

Þegar lögunum var breytt árið 1993 voru gerðar miklar breytingar á almannatryggingalögunum og þeim skipt upp í tvenn lög, almannatryggingalög og lög um félagslega aðstoð. Það var í framhaldi af því að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þá voru gerðar ýmsar smávægilegar breytingar á lögunum og sú breyting kom þá inn að öryrkjar fengu örlítið hærri tekjutryggingu. Ástæðan fyrir þessu var sú að menn voru sammála um það að öryrki þyrfti meira til framfærslu heldur en ellilífeyrisþegi.

Eins og tölurnar eru núna, þ.e. upphæðir almannatrygginga, þá lækkar tekjutrygging öryrkja í dag um 703 kr. við það að hann verður 67 ára og hefur töku ellilífeyris, í skjalinu stendur 689 kr. en það eru upphæðir frá því fyrir áramót en almannatryggingabætur hækkuðu um 2% um áramótin. Það eitt að öryrkinn verður ellilífeyrisþegi lækkar tekjutrygginguna hans þrátt fyrir það að ekkert segi að framfærslukostnaður öryrkjans minnki eitthvað við það að hann verður eldri. Yfirleitt er það svo að ef fólk hefur búið við fötlun eða hefur kostnað vegna heilsufars síns, þá minnkar hann ekki við það að eldast heldur eykst yfirleitt.

Ástæðan fyrir því að menn voru sammála um að öryrki þyrfti hærri greiðslur var m.a. sú að margir öryrkjar eiga engan rétt í lífeyrissjóðum og aðrir eiga oft mjög lítinn rétt. Mig langar til að minnast á það hér að öryrkjar t.d. sem starfa á vernduðum vinnustöðum greiða ekki í lífeyrissjóð þó svo að auðvitað ætti svo að vera. Þeir ættu auðvitað að greiða í lífeyrissjóð. Mig langar til að nefna það hér að ekki þyrfti nema örlítið meiri fjárveitingu frá hinu opinbera til verndaðra vinnustaða til þess að þeir geti greitt í lífeyrissjóð.

Ég hef einnig upplýsingar um að í verkefni sem unnið var til þess að kanna þessa hluti, undir Helios-verkefninu, að það var skoðað hversu miklu verðmæti verndaðir vinnustaðir skiluðu til ríkisins. Og það kom í ljós að þeir skila meira verðmæti til ríkisins en þeirri upphæð sem framlag ríkisins nemur. Við flutningsmenn þessa frv. teljum því að það sé mjög ósanngjarnt að lækka greiðslur til öryrkja við það eitt að hann verði 67 ára.

Eitt annað mætti líka benda á í þessu sambandi sem reyndar er ekki tekið á í þessu frv. en það eru reglurnar sem gilda um lífeyrisgreiðslur samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. En framreikningur örorkulífeyris samkvæmt þeim samningi leiðir oft til hlutfallslega hærri greiðslna en ellilífeyrisþegar fá með búsetunni einni saman. Því kunna greiðslur að lækka þegar viðkomandi hefur töku ellilífeyris. Þannig fær t.d. einstaklingur sem flytur frá Íslandi við 25 ára aldur, þ.e. flytur til annars EES-lands og verður öryrki þar um þrítugt, greiddan um það bil $^{33}/_{40}$ hluta örorkulífeyris frá Íslandi til 67 ára aldurs. Ef hann síðan flyst hingað aftur eftir það fengi hann aðeins $^{9}/_{40}$ hluta ellilífeyris. Þó má geta þess að þetta dæmi mun líklega hafa í för með sér að þessi öryrki sem dvelst erlendis mun væntanlega öðlast meiri réttindi til töku ellilífeyris í landinu sem hann flutti til.

Það er ekki tekið á þessu máli hér enda er það stærra en svo að því verði breytt með litlu frv. sem þessu. En það er ástæða til þess að benda á misræmið sem getur skapast við þessar reglur.

Ég vil einnig geta þess að það sem við erum að fara fram á hér, að öryrkinn haldi óbreyttum tekjum eftir að hann er orðinn ellilífeyrisþegi, ætti ekki að vera mikill kostnaðarauki fyrir hið opinbera. Á milli 300 og 400 manns fara frá örorku yfir á ellilífeyri ár hvert. Á síðasta ári voru það 371, árið 1996, þannig að þetta eru ekki stórar upphæðir og ekki mikill fjöldi. En vissulega munar hvern og einn um þessar krónur og ég varð mjög oft vör við það í starfi mínu hjá Tryggingastofnun á sínum tíma að þeir sem lítið höfðu kveinkuðu sér undan því að fá þarna lægri greiðslur eftir að þeir voru orðnir 67 ára. Ég tel því mikilvægt að tekið verði á þessum málum þar til aðrar reglur verða teknar upp um greiðslur lífeyris úr almannatryggingakerfinu. Það er verið að endurskoða almannatryggingalögin en sú endurskoðun gengur hægt fyrir sig. Það er mjög erfitt fyrir öryrkjana að búa við þessar skerðingar. Ég vonast til engu að síður að það verði tekið á þessum málum því þessi hópur býr við mjög óréttláta jaðarskatta vegna mikillar tekjutengingar og hefur hún aukist á síðustu árum og er sífellt að aukast þannig að það er verið að þrengja að þessum hópi ætíð.

Ég vonast til að hæstv. heilbrrh. taki vel í þessa tillögu og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. heilbr.- og trn.

[17:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Eðli málsins samkvæmt ættu öryrki og ellilífeyrisþegi að hafa sama lífeyri. Þetta eru tveir einstaklingar sem þurfa að komast af með þennan lífeyri og þess vegna er eðlilegt að þeir hafi sama lífeyri. Hins vegar hafa menn séð að öryrkjar hafa á margan hátt meiri útgjöld vegna þess að þeir eru yngri og standa í því að koma sér upp húsnæði og stundum börnum og hafa þar af leiðandi meiri þörf fyrir peninga og því hafa menn ákveðið að öryrkjar hafi betri bætur en ellilífeyrisþegar.

Sú tillaga sem hér liggur frammi snýr þessu aftur við, fyrir suma, þá sem verða öryrkjar áður en þeir verða ellilífeyrisþegar. Ég spyr hv. þm. hvort hann telji eðlilegt að maður sem verður fyrst öryrki og síðan ellilífeyrisþegi eigi að hafa hærri lífeyri en maður sem verður bara ellilífeyrisþegi og af hverju. Telur hv. þm. að þessi tillaga muni gera kerfið enn þá einfaldara sem er nú svo einfalt og dagljóst að hver einasti Íslendingur skilur það?

[17:52]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda því fram að kerfið verði einfaldara en það verður e.t.v. réttlátara. Það var ekki niðurstaða þeirra sem sömdu núverandi lagagrein almannatrygginganna um að öryrkjar skyldu hafa hærri tekjutryggingu, að það væri vegna þess að þeir væru ungir eða væru að koma undir sig fótunum eða væru með fjölskyldu. Það

var niðurstaðan að öryrkjar hefðu meiri kostnað heldur en ellilífeyrisþegar almennt. Þeir búa margir við fötlun og önnur útgjöld vegna síns heilsufars.

Þessi hópur hefur einnig haft lítinn tíma til þess að vinna sér inn lífeyrissjóðréttindi og margir hverjir, eins og ég kom inn á í máli mínu, eiga aldrei rétt á neinum lífeyrissjóðsgreiðslum. Hvaða réttlæti er það að þetta fólk lækki í greiðslum úr almannatryggingakerfinu við það eitt að verða 67 ára, þessi hópur sem eru öryrkjar og hafa sannarlega skerta starfsgetu? Hvaða réttlæti er það?

Hv. þm. spurði um þá sem verða ellilífeyrisþegar og hafa þá kannski skerta starfsorku jafnvel vegna þess. Það er gripið inn í þau mál með uppbótum í almannatryggingakerfinu.

Það væri sjálfsagt hægt að leiðrétta hlut öryrkjanna einnig með því að hækka hjá þeim sérstöku uppbótina en við höfum ákveðið að fara frekar þessa leið því að hún er réttlátari, því að þetta fólk er á lífeyrissjóðsgreiðslum sem lækka við þetta, í stað þess að hver og einn þurfi síðan að fara að sækja ákveðna réttarbót í gegnum uppbæturnar. Það gæti aftur á móti sá sem er ellilífeyrisþegi og þarf vegna heilsufars síns að standa straum af auknum útgjöldum, hann getur sótt um hækkun uppbótar. Reyndar er því miður búið að tekjutengja uppbótina eins og allt annað, sem ég harma, en það er þó að minnsta kosti leið fyrir þennan hóp.

[17:54]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki svar við því af hverju hv. þm. telur eðlilegt að maður sem verður ellilífeyrisþegi og síðan örorkulíferisþegi, segjum að hann verði öryrki eftir að hann verður ellilífeyrisþegi, við sjötugt, eigi að fá minni lífeyri en sá sem verður fyrst öryrki og síðan ellilífeyrisþegi.

[17:54]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var nú einmitt að svara þessu. Samkvæmt íslenskum lögum getur ellilífeyrisþegi ekki orðið öryrki, þ.e. samkvæmt lögum. Fyrir 67 ára aldur er hægt að meta starfsorkuskerðingu til örorku en eftir 67 ára aldur er það ekki mögulegt samkvæmt íslenskum lögum. Svo einfalt er það.

Aftur á móti benti ég á það að ef maður hefur skerta starfsorku eða býr við fötlun eftir ellilífeyristöku, þá er möguleiki í uppbótunum þar og á það minntist ég á áðan í mínu fyrra andsvari.

[17:55]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. hv. 18. þm. Reykv. Þetta er auðvitað hárrétt og það er fáránlegt í sjálfu sér að þessi munur skuli vera á bótum til örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega.

En erindi mitt í ræðustól er að spyrja hv. 16. þm. Reykv., Pétur Blöndal, sem er landskunnur fjármálamaður og sá maður sem hefur, ég vil segja, mikið vit á peningum og gildi þeirra. Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. segði að örorkulífeyrsþegar væru gjarnan að koma sér upp húsnæði. Nú langar mig að spyrja: Hvernig í ósköpunum fer maður sem lifir á örorkubótum, jafnvel þó að hann njóti örorkulífeyris, tekjutryggingar og þeirra bóta sem til geta fallið, að því að koma sér upp húsnæði?

[17:57]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Margir verða öryrkjar eftir að hafa tekið á sig skuldbindingar vegna íbúðarkaupa og annars slíkt og mjög margt af því fólki sem hefur lágar tekjur er fært um að leggja til hliðar engu að síður þannig að menn eru oft að koma sér upp húsnæði þó að þeir verði öryrkjar. Og menn eru líka að sjá um uppeldi barna þó þeir séu öryrkjar. Sem betur fer gengur það þannig að fólk notar þessar litlu bætur sínar til þess að koma sér upp húsnæði og til þess að koma upp börnum. Þar af leiðandi er maður sem er öryrki yfirleitt í flestum þjóðfélögum talinn þurfa meira, af því að hann er á virkum aldri, en maður sem er ellilífeyrisþegi. Þetta er talið vera grundvallaratriði ef það á yfirleitt að vera munur þarna á. Ég er ekkert sannfærður um að það eigi að vera munur. Ef maður lítur bara á framfærsluna, þá hefur maður, hvort sem hann er ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi, jafnmikla framfærslu þannig að að því leyti ætti þetta að vera hvort tveggja eins.

En þessi tillaga sem við erum að ræða er að því leyti undarleg að ef menn verða öryrkjar áður en þeir verða ellilífeyrisþegar þá eiga þeir að fá hærri lífeyri heldur en ef þeir fá sömu einkenni og öryrkjar hafa eftir að þeir eru orðnir ellilífeyrisþegar, þó að lagalega séð verði þeir ekki öryrkjar. Að sjálfsögðu getur fólk verið fatlað og verið ellilífeyrisþegar eigi að síður og þarf þá á aðstoð að halda sem það getur fengið. Ég sé því ekki af hverju menn eigi að vera betur settir hafandi fyrst fengið örorkulífeyri og síðan ellilífeyri heldur en það væri öfugt.

[17:59]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 16. þm. Reykv. lifi ekki alveg í sama heimi og við sem erum í nágrenni við fólk sem lifir af slíkum bótum. Ég hef áður getið þess að ég sit í tryggingaráði og er þess vegna allnálægt þessum málum á þessu kjörtímabili.

Ég held að hv. 16. þm. Reykv. geri sér fyllilega ljóst að maður sem lifir á örorkubótum fengi ekki greiðslumat t.d. til að fá húsbréf. Það er óhugsandi þannig að þetta fólk á auðvitað enga kosti. Það lifir mestan part í félagslegu húsnæði af einhverju tagi. Margt af þessu fólki sem verður öryrkjar jafnvel þó það hafi eignast húsnæði, missir það húsnæði vegna þess að það getur ekki hugsanlega staðið undir greiðslum af því. Í tryggingaráði erum við eilíflega að fjalla um vandamál af þessu tagi. Örorkubætur hér í landi eru svo langt undir því sem gerist annars staðar að þær eru hvorki til að lifa eða deyja af og þess vegna hlýtur manni að ofbjóða að heyra menn sem svo sannarlega ættu að vita betur halda því fram að öryrkjar geti staðið í því að koma sér upp húsnæði sem ég skil a.m.k. þannig að sé þá annaðhvort að kaupa eða byggja. Þetta er svo órafjarri raunveruleikanum að það er ekki hægt að sitja þegjandi undir þessu. Raunveruleikinn er ekki svona. Staðreyndin er sú að fólk sem lifir á örorkubótum, jafnvel þótt t.d. bæði hjón njóti slíkra bóta, ræður engan veginn við að framfleyta sér af þeim, hvað þá ef börn eru nú á heimilinu.

Þetta vildi ég bara að kæmi fram, hv. þm. og hæstv. forseti.

[18:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Margir öryrkjar og ellilífeyrisþegar eru að kaupa sér íbúðir í félagslega kerfinu. Þar er búið að búa til aðstöðu fyrir þá til þess að eignast íbúð, til þess að koma yfir

sig þaki. Ég hef kynnst mörgu fólki sem hefur lágar tekjur og það fólk er yfirleitt mjög sparsamt og getur lagt til hliðar af þessum ótrúlega lágu tekjum vegna þess að það sem þarf til lífsviðurværis er ákaflega afstætt hugtak. Þegar menn eru að tala um að menn þurfi svo og svo mikið til framfærslu og tala um fátækt og annað slíkt þá er það ákaflega afstætt hugtak. Hvað þurfa menn til framfærslu? Það er alveg ótrúlegt en mín reynsla af því fólki sem sparar, því ég hef haft töluverða reynslu af því fólki sem sparar, er að það er ekki hátekjufólk. Ég vil benda hv. þm. á að sparifjáreigendur á Íslandi eru alls ekki endilega hátekjufólk. Margt af því fólki sem ég kynntist og var að spara, voru opinberir starfsmenn ekki með nein sérstaklega há laun. Það er nefnilega ekki beint samhengi á milli hárra launa og sparnaðar. Ég þekki töluvert meira til þessara mála en hv. þm. gaf í skyn því ég hef rekið fyrirtæki sem tók við sparnaði og ég vissi hvaða fólk sparaði og það var ekki endilega hátekjufólk. Ég er sannfærður um að margir öryrkjar og ellilífeyrisþegar spara af þeim ótrúlega lágu tekjum sem þeir hafa.

[18:03]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þetta hefur verið mjög athyglisverð umræða sem hefur sprottið hér af þessu litla frv. sem ég mælti fyrir áðan. Mig langar aðeins til að gera að umtalsefni orð hv. þm. Péturs Blöndals frá því áðan því mér nánast blöskrar hvernig maðurinn talar, því miður, herra forseti. Hann segir að margir verði öryrkjar eftir að þeir hafa tekið á sig skuldbindingar. Það er alveg rétt. En því miður eru þeir sem lenda í því í ákaflega erfiðum aðstæðum og hef ég nú oft bent á í hvaða hremmingum t.d. fjölskyldufólk sem missir heilsuna á miðjum aldri og lendir í því að verða öryrkjar er lent. Það lendir í fátæktargildru jaðarskattanna sem þessi ríkisstjórn og fleiri hafa komið á, því miður. Við það að missa atvinnuna, missa heilsuna og vera e.t.v. með maka sem vinnur fulla vinnu gerir það að verkum að viðkomandi einstaklingur á jafnvel ekki nema örlítinn rétt úr tryggingakerfinu, kannski í mesta lagi grunnlífeyri vegna þess að tekjur maka skerða hann ekki. Ég veit um mörg tilfelli sem þetta, þ.e. ungt fólk eða á miðjum aldri sem skuldar vegna húsnæðiskaupa hefur lent í þessum aðstæðum. Það er alveg sama hvað hinn vinnandi maki sem hefur starfsþrek vinnur mikið og aflar mikilla tekna þá er það allt rifið til baka aftur með jaðarsköttunum, með tekjutengingunni. Þetta fólk lifir því við geysilega erfiðar aðstæður.

Og vegna umræðna sem hafa orðið um hvort öryrkjar geti keypt sér húsnæði þá vil ég bara minna hv. þingmenn á að greiðslur úr almannatryggingakerfinu til öryrkja sem ekki á rétt á greiðslum úr lífeyrissjóðum eru um og undir 50.000 kr. á mánuði. Og ég leyfi mér að halda því fram að það sé undir framfærslumörkum. Mér blöskrar því þetta tal og ég leyfi mér að taka undir með 8. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur: Það er nú bara eins og þessir menn séu ekki í nokkrum tengslum við raunveruleikann í landinu og geri sér alls ekki grein fyrir því við hvaða aðstæður fólk býr sem þarf að draga fram lífið á tryggingabótunum einum saman. Mér finnst að menn ættu að kynna sér það áður en þeir fara að halda fram hlutum eins og þeir hafa gert hér. Maður getur bara orðið reiður við að hlusta á svona tal í þingsölum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umönnun aldraðra, fyrri umr.

Þáltill. GMS, 201. mál. — Þskj. 227.

[18:06]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Þáltill. sú sem hér er mælt fyrir lýtur að því að Alþingi feli ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um umönnun aldraðra og þær kröfur og þá ábyrgð sem gerðar eru til þeirra er slíka þjónustu veita. Löggjöfin taki bæði til umönnunar sem fram fer um lengri eða skemmri tíma á sérhæfðum stofnunum sem og til þjónustu sem öldruðum er veitt í heimahúsum af óskyldum aðilum, hvort heldur er opinberum aðilum eða einkaaðilum. Frumvarp þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþinginu árið 1997.

Þátill. þessi lýtur að því að tryggja sem best réttarstöðu eldri borgara með því að skilgreina í lagatexta þá þjónustu sem aldraðir eiga rétt á frá þjóðfélaginu sem og að skilgreina skyldur þeirra sem takast á hendur þjónustu við aldraða hvort heldur er á vegum einkaaðila eða opinberra aðila.

Íslenskt þjóðfélag hefur á fáum áratugum breyst á mörgum sviðum samfara breyttri búsetu og atvinnuháttum. Ein afleiðing breytinganna er sú að aðhlynning og hjúkrun aldraðra hefur færst í vaxandi mæli frá ættingjum til opinberra aðila, ýmist sem vistun á öldrunarstofnunum eða sem aðstoð sem veitt er öldruðum í heimahúsum.

Erlendar kannanir sem ég hef kynnt mér og fjalla um viðhorf aldraðra til lífsins og til þess aðbúnaðar sem þeir búa við sýna ótvírætt að það er ósk flestra að geta dvalist sem lengst á eigin heimili þegar aldurinn færist yfir. Vitað er að oft á tíðum þarf gamalt fólk tiltölulega litla hjálp til að geta búið í eigin íbúðum í stað þess að flytjast á öldrunarstofnun. Slík lausn er af flestum talin félagslega æskileg, jafnframt því að vera margfalt ódýrari fyrir samfélagið en vistun á öldrunarstofnunum.

Eftir því sem þeim hluta þjóðarinnar fjölgar sem kemst á eftirlaunaaldur vex þörfin fyrir sérhæfða öldrunarþjónustu og allar líkur eru á að sama þróun eigi sér stað hér og í öðrum löndum þar sem upp hefur vaxið ný atvinnugrein sem sérhæfir sig í að sinna þeim óskum aldraðra sem ekki er komið til móts við af hálfu hins opinbera. Löggjafanum ber að setja lagaramma um slíka starfsemi þar sem tekið sé á þeim skilyrðum sem einkaaðilum og opinberum aðilum sem starfa á þessu sviði beri að uppfylla. Með heildarlöggjöf um umönnun aldraðra væri lagður grunnur að því að þeir sem kaupa öldrunarþjónustu fái þá þjónustu sem þeir máttu vænta og enn fremur stemmt stigu við að slík mál fari í sama farveg og víða erlendis þar sem leit aldraðra að öryggi og sjálfstæðu lífi er gerð að féþúfu óvandaðs fólks, auk þess sem afbrot í tengslum við umönnun aldraðra fara þar vaxandi.

Hér á landi hefur atvinnustarfsemi tengd byggingu svonefndra íbúða fyrir aldraða á vegum einkaaðila blómstrað um skeið enda eftirspurn mikil þótt verð slíkra íbúða þyki oft á tíðum hátt. Vitað er að í hugum sumra sem komið hafa að þessum málum leikur vafi á að aldraðir séu með kaupum á slíkum íbúðum að fá þá þjónustu eða það öryggi í ellinni sem aldraðir halda sig vera að tryggja sér er kaup eru ákveðin. Enginn dómur skal á það lagður hvort slíkar efasemdir eru réttmætar eða hvort það verð sem sett er upp fyrir slíkar íbúðir er í einhverju eðlilegu samhengi við raunverulegan byggingarkostnað eða eðlilegan hagnað byggingaraðila. Hin

mikla eftirspurn eftir slíkum íbúðum sýnir hins vegar ljóslega að aldraðir leggja mikið á sig til að geta búið sem lengst á eigin heimili. Og sú ósk okkar allra, ungra sem aldinna, að fá tækifæri til að lifa eðlilegu einkalífi og ráða eigin högum sem lengst ætti að vera öllum ljós.

Þjóðfélagið mun seint geta komið til móts við allar þarfir þessa fjölmenna hóps og þess hóps sem á næstu árum og áratugum telst til eftirlaunaþega og aldraðra og því leikur ekki vafi á að hér á landi, líkt og í mörgum öðrum löndum, verða á allra næstu árum til fjölmörg fyrirtæki sem leitast munu við að koma til móts við þessar þarfir með því að bjóða öldruðum persónulega umönnun, aðstoð og hjúkrun.

Mér vitanlega liggja ekki fyrir aðgengilegar upplýsingar um umfang þeirrar öldrunarþjónustu sem veitt er í heimahúsum af einkaaðilum hér á landi eða hver sé álitin líkleg þróun slíkrar starfsemi hér á næstu árum. Í gögnum sem ég hef séð frá atvinnumálaráðuneyti í Bandaríkjunum er hins vegar áætlað að heimahjúkrun og persónuleg þjónusta í heimahúsum séu þær tvær atvinnugreinar sem vaxa munu hraðast þar í landi á árunum 1994–2005. Samkvæmt þessum áætlunum mun heimahjúkrun aukast um 120% á þessu tíu ára tímabili og aðstoð í heimahúsum án hjúkrunar er talin munu aukast um 83%. Til samanburðar og af því við lifum nú á tölvuöld þá er álitið að tölvu- og hugbúnaðariðnaður aukist aðeins á þessum tíma um 70% og lendi í fimmta sæti. Ég sé ekki ástæðu til að ætla annað en að þróunin hér á landi verði að einhverju leyti svipuð og í Bandaríkjunum, a.m.k. sýnir reynslan það að flestar þær þjóðfélagsbreytingar sem eiga upphaf sitt í Bandaríkjunum leggja fyrr eða síðar leið sína til Íslands.

Í Bandaríkjunum eru starfandi samtök um heimaaðhlynningu er nefnast National Association for Home Care og áætla þau samtök að þar í landi njóti nú 7 milljónir manna aðhlynningar í heimahúsi á vegum óskyldra aðila og á árabilinu 1985–1994 hefur þeim fyrirtækjum sem veita slíka þjónustu fjölgað úr 6.000 í 17.000. Opinbera sjúkratryggingakerfið þar í landi sem heitir Medicare greiddi á árinu 1996 fyrir þá heimahjúkrun sem 3,9 milljónir manna af framangreindum 7 milljónum manna nutu, en sá fjöldi hefur aukist um 2 milljónir einstaklinga á einungis sex árum. Á sama tímabili hafa greiðslur hins opinbera vegna þessarar þjónustu aukist úr 4 milljörðum Bandaríkjadala í 18 milljarða dollara.

Sami aðili og ég vitnaði til áðan, National Association for Home Care, hefur látið frá sér fara tölulegar upplýsingar um það hvaða aðilar það eru sem kaupa aðhlynningu í heimahúsum, ekki aðeins aldraðir heldur þeir sem kaupa aðhlynningu í heimahúsum. Og samkvæmt þeim tölum þá eru 67% þeirra sem kaupa slíka þjónustu konur en 33% karlar. 72% kaupenda eru 65 ára eða eldri, 15% eru á aldrinum 45 ára til 64 ára en 13% þeirra sem fá aðhlynningu í heimahúsi eru undir 45 ára aldri.

Aðhlynningin skiptist þannig eftir umfangi þjónustu að 4% fá stöðuga umönnun allan sólarhringinn, 32% fá aðstoð oftar en þrisvar í viku, 41% fá aðstoð tvisvar til þrisvar í viku og 23% einu sinni í viku.

Reynslan frá Bandaríkjunum sýnir að það getur verið erfitt að henda reiður á því hver sé kostnaðarskipting á þeirri aðhlynningu sem veitt er í heimahúsum og stafar þetta af því að fjölmargt eldra fólk semur oft beint við einstaklinga um að veita slíka þjónustu með það að markmiði að spara sér að greiða launatengd gjöld. Ég held ég megi segja hins vegar að í Danmörku taki skattkerfið tillit til þessa með því að það hafi verið skilgreind sérstök atvinnugrein, svonefnd persónuleg þjónusta, sem sé frádráttarbær frá tekjum þeirra sem hana kaupa og ekki sé krafist greiðslu launatengdra gjalda af slíkri vinnu. Ég er ekki alveg viss um að þetta hafi komist á en þetta var mikið til umfjöllunar þar í landi fyrir nokkrum árum. Og ég er sannfærður um að slík breyting á skattalögum hér á landi mundi spara hinu opinbera miklar fjárhæðir þar sem fleiri ellilífeyrisþegar hefðu þá ráð á því að kaupa sér þá þjónustu sem þeir fá ekki frá hinu opinbera en vildu gjarnan fá.

Samkvæmt upplýsingum frá Bandaríkjunum um þá ellilífeyrisþega sem fá þjónustu fyrir tilstilli viðurkenndra fyrirtækja á því sviði að þjónusta eldra fólk, þá er skipting þess kostnaðar, þ.e. hver greiðir kostnaðinn af þessari þjónustu, þannig að opinberar sjúkratryggingar þar í landi greiða 42% af þjónustunni, félagsleg aðstoð greiðir 16%, sjálfstæð tryggingafélög greiða 13%, notandi þjónustunnar greiðir sjálfur 23% og aðrir aðilar, oftast ættingjar, greiða 6%. Í Bandaríkjunum þar sem hefur verið hvað örust þróun frá vistun á stofnunum og yfir til þeirrar viðleitni eldri borgara að vilja búa sem lengst í eigin húsum er nú talið að brýn þörf sé á samræmdri löggjöf um þjónustu þá sem öldruðum er veitt. Reynslan þar sýnir að með viðleitni eldri borgara til að komast hjá því að flytjast á elliheimili hefur opnast leið fyrir óheiðarlegt fólk til að féfletta þá er öldrunarþjónustu kaupa. Verði þáltill. sú sem hér er flutt samþykkt yrði samið frv. til laga um þjónustu utanaðkomandi aðila við aldraða en núverandi löggjöf tekur ekki til umönnunar í heimahúsum með beinum hætti þó víða sé í löggjöfinni að finna ákvæði sem snerta þau mál sem upp geta komið á þessu sviði. Í skjóli þess að ekki er um að ræða opinbert eftirlit með starfsemi þjónustuaðila eða samræmingu á þeim kröfum sem gera ber til þjónustunnar hafa erlendis komið upp mörg erfið og leiðinleg mál þar sem eldri borgarar verða fyrir barðinu á sviksömu og óvönduðu fólki. Engin trygging er fyrir því að slíkt hendi ekki einnig hér á landi verði sama þróunin og erlendis að umönnun aldraðra verði skipulögð atvinnustarfsemi. Það sorglega er að aldraðir sem hleypa utanaðkomandi fólki inn á heimili sín til aðstoðar gera slíkt í þeirri von að geta með því móti komist hjá að lenda á elliheimili. Reynslan sýnir að í mörgum tilvikum láta hinir eldri ekki ættingja eða yfirvöld vita verði þeir fyrir barðinu á óheiðarlegum umönnunaraðilum af ótta við að lenda þá á elliheimili eða vera einfaldlega taldir of gamlir til að gæta sín sjálfir. Athuganir í Bandaríkjunum sýna að í 80% tilvika segja þolendur ekki frá slíkum brotum. Í rannsókn sem gerð var í 150 tilvikum þar sem aldraðir urðu fyrir barðinu á óheiðarlegu fólki sem hleypt hafði verið inn á heimili til að annast þann sem þar bjó, þá kemur í ljós að af þessum 150 tilvikum kom þjófnaður fyrir í 110 tilvikum. Ofbeldi og kynferðisleg áreitni átti sér stað í 29 tilvikum og hrein vanhirða í 23 tilvikum. Samtalan sýnir okkur að í 12 tilvikum hefur þolandinn orðið fyrir fleiri en einni tegund brota á sama tíma. Í 94% af þessum brotum þá var hinn brotlegi ófaglærður aðstoðarmaður en í 6% tilvika var um faglært hjúkrunarfólk að ræða.

Af þeim sem í Bandaríkjunum veita heimilisaðstoð við eldra fólk eru 10% karlar en um 90% eru konur. Karlar eru hins vegar viðriðnir 23% af afbrotunum en konur 77%. Sem betur fer eru fá dæmi um slík brot á Íslandi gagnvart eldri borgurum þótt vissulega hafi komi upp tilvik sem eru erfið. Það er engu að síður trú mín að nauðsyn sé á að löggjafinn setji starfsemi sem byggist á umönnun aldraðra fastar skorður

án þess að komið sé í veg fyrir að slík þjónusta fái að þróast með eðlilegum hætti. Með setningu löggjafar um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem veita alhliða öldrunarþjónustu væri tryggt að aldraðir fái notið góðrar og ábyrgrar umönnunar í ellinni jafnt á stofnunum og á einkaheimilum. Með setningu heildarlöggjafar um umönnun aldraðra væri dregið úr líkum á því að það sama henti hér á landi og gerst hefur í Bandaríkjunum þar sem þeir þegnar þjóðfélagsins sem eru hvað varnarlausastir verða oft fyrir barðinu á óheiðarlegu fólki sem fær aðgang að heimilum viðkomandi fólks undir yfirskini hjálpar og aðhlynningar.

Ég tel enn fremur nauðsynlegt að settar verði reglur sem tryggi að aldraðir sem dveljast á öldrunarheimilum fái búið við þá virðingu og haldi þeirri persónulegu reisn sem aldraðir eiga skilið að veitt sé af því þjóðfélagi sem hinir öldruðu hafa tekið þátt í að byggja upp af eljusemi og umhyggju fyrir komandi kynslóðum. Uppbygging þeirra staða sem taka að sér umönnun aldraðra sem og viðmót starfsfólks gagnvart þeim er þjónustunnar njóta er ekki í lagi nema sá andi sé ríkjandi að um sé að ræða heimili viðkomandi fólks en ekki vistunarstað þar sem einungis sé verið að bíða eftir að viðkomandi hverfi til vistar hjá æðri máttarvöldum. Okkur sem störfum á Alþingi ber siðferðileg skylda til að standa vörð um hag aldraðra samborgara okkar sem eiga að baki langa starfsævi við að byggja upp það þjóðfélag sem við njótum góðs af í dag. Þetta mál sem hér er lagt fram mætti gjarnan vinna frekar undir kjörorðunum glæðum árin lífi.

[18:20]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Það verður þó að segjast eins og er að mér kemur nokkuð á óvart að lagt er til í þessari þáltill. að sett sé lagasetning um umönnun aldraðra þegar það liggur ljóst fyrir að nú eru í endurskoðun lög um málefni aldraðra. Þar eru mörg ákvæði sem síðasti ræðumaður kom inn á. Ég þykist þó vita að flm. hafi farið yfir þau lög áður en þáltill. og grg. með henni voru settar saman. Ég er hins vegar sannfærður um og það gleður mitt hjarta að finna það að sem flm. að þáltill. um umboðsmann aldraðra þykist ég vera búinn að fá einn góðan stuðningsmann. Það setur vissulega að manni hroll þegar vitnað er til Bandaríkjanna um öll þau brot sem þar eru framin gagnvart öldruðum. Kannski hefði verið réttara og eðlilegra að líta til Norðurlandanna því við uppbyggingu öldrunarþjónustu hér á landi hefur mikið verið horft til Norðurlandanna. En allt um það. Þegar litið er til þess að lögin um málefni aldraðra eru nú í endurskoðun þá er komið inn á margt sem flm. gerir tillögu um í þáltill., m.a. það eins og segir um hlutverk þjónustuhóps aldraðra, sem þegar er fyrir. Það er:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra á starfssvæðinu.

2. Að meta vistunarþörf aldraðra á starfssvæðinu, sbr. 18. og 19. gr.

3. Að setja upp í samvinnu við hinn aldraða samþætta áætlun um þjónustu, sbr. 15. gr., sem byggist á samræmdu faglegu mati.

4. Að leitast við að tryggja að aldraðir á starfssvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið við eðlilegt heimilislíf.

Þannig að hér er þetta til fyrir í lögum sem nú er verið að endurskoða. Ekki fyrir löngu síðan upplýsti hæstv. heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn minni, að þessi lög væru í endurskoðun. Kemur þar margt til m.a. það sem flm. kom inn á í þáltill. hvað varðar íbúðir sem verið er að selja öldruðum og eiga að heita sérstakar þjónustuíbúðir. Það hefur nefnilega oft borið við, þegar fólk er að flytja úr eigin húsnæði í íbúðir sem byggingaraðilar hafa verið að selja, að nánast engin umbreyting verður á önnur en sú að nýja húsnæðið er kannski þröskuldalaust og ekki annað. Það sem verra er að ekki er nægjanlega skýrt tekið fram í lögum um málefni aldraðra hver eru skilyrði fyrir því að hægt sé að kalla íbúð þjónustuíbúð fyrir aldraða. Þau samtök sem ég veiti forstöðu og er stjórnarformaður fyrir hafa lent í því að byggja íbúðir fyrir aldraða, þar sem neyðarhnappar hafa verið á flestum íverustöðum, og staðið síðan frammi fyrir því að ráðuneyti og aðrir aðilar hafa sagt að hér sé of mikið í lagt og það gjald sem þurfi að greiða fyrir neyðarhnapp sé ekki greiðandi nema á þurfi að halda. Ég veit að ákveðin atriði varðandi málefni aldraðra eru nú í endurskoðun.

Uppbygging þjónustu við aldraða hér á landi er öðruvísi en gerist í Bandaríkjunum. Hér verður hver sá sem ætlar að veita öldruðum þjónustu að fá til þess sérstakt leyfi frá heilbrrn. Með því er grannt fylgst. Í ræðu minni fyrir jólin ræddi ég um málefni aldraðra og umboðsmann aldraðra. Ég kom einmitt inn á að eðlilegt væri að sú þjónusta sem veitt er öldruðum á stofnunum eða heimilum aldraðra væri frekar skilgreind vegna þess að nokkur heimili aldraðra úti um land fá ákveðin daggjöld eða taka ákveðin daggjöld frá ríki. Aldraðir borga það sem þeir fá úr lífeyrissjóði en halda eftir 25.000 kr. úr lífeyrissjóðnum ef hann er svo hár en annað er síðan tekið í svokallaðar daggjaldagreiðslur. Það hefur komið fyrir og það eru til heimili sem fá greiðslur frá ríkinu en það er umhugsunarefni hvers konar þjónusta þar er veitt. Það er eitt atriðið sem ég veit að verið er að skoða. Þannig að það er ekki nóg að ríkið borgi heldur mun það gera kröfur til þess sem eðlilegt er.

Í grg. með þessari þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Með heildarlöggjöf um umönnun aldraðra væri lagður grunnur að því að þeir sem kaupa öldrunarþjónustu fái þá þjónustu sem þeir vænta, ...“

Það er einmitt það sem verið er að tala um og hefur verið rætt um að kæmi inn í löggjöfina um málefni aldraðra. Ég veitt satt best að segja ekki, herra forseti, hvort eðlilegt sé að enn ein lagasetningin kæmi varðandi þetta mál þegar yfirgripsmikil lög um málefni aldraðra eru fyrir og eru nú til endurskoðunar. Í grg. kemur m.a. fram að „hér á landi hefur atvinnustarfsemi tengd byggingu svonefndra íbúða fyrir aldraða á vegum einkaaðila blómstrað um skeið, enda eftirspurn mikil þótt verð slíkra íbúða þyki oft á tíðum hátt. Þeir sem komið hafa að þessum málum efast sumir um að aldraðir séu með kaupum á slíkum íbúðum að fá þá þjónustu eða það öryggi í ellinni sem þeir vænta.“

Ég get alveg tekið undir það. Þetta er alveg hárrétt því miður. En ég vona að á þessu máli verði tekið.

En ég vildi aðeins benda flm. á og ég efa ekki að hann hefur lesið það sem kemur fram í lögum um málefni aldraðra þar sem talað er um að þegar menn ætla að fara í framkvæmdir varðandi íbúðarhúsnæði eða þjónustu við aldraða þá er það skilyrðislaust tekið fram í lögunum, eins og ég sagði áðan, að það leyfi fæst ekki öðruvísi en að fengnu samþykki ráðuneytisins. En allt um það. Það er gott að vekja

athygli á þessu máli, það er nauðsynlegt. Ég þakka flm. fyrir að hafa hreyft þessu máli. Það mun væntanlega fara til heilbr.- og trn. þar sem ég á sæti og mun auðvitað verða tekið til skoðunar. En jafnhliða á ég von á því að endurskoðuð lög um málefni aldraðra muni sjá dagsins ljós og þá ítarlegri en þau eru nú.

[18:29]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni fyrir hans innlegg í þessa umræðu. Hv. þm. nefndi þó að það bæri að líta frekar til Norðurlandanna heldur en til Bandaríkjanna sem ég hef gert í framsögu minni í þessu máli. Ég verð að viðurkenna að ég er honum ekki sammála um þetta. Ég tel að menn hafi í allt of miklum mæli, bæði í þessum málum og öðrum, einskorðast við sænskan sósíalisma sem í þessum málum eins og svo mörgum öðrum miðast við stofnanir og þá vinnu sem hið opinbera framkvæmir fyrir reikning skattborgara.

Það sem hér er verið að reyna að draga fram er að í löndum eins og Bandaríkjunum er þróuð starfsemi á þessu sviði sem einkaaðilar veita og kostuð er að hluta til líka af einkaaðilum, þ.e. tryggingafélögum sem og notendum þjónustunnar. Þetta hefur það í för með sér að fólk hugsar meira fyrir efri árunum heldur en það gerir hér á Íslandi. Það leggur fyrir með því að kaupa sér tryggingar til þess að það geti fengið þá umönnun sem það vill fá til þess að geta dvalist sem lengst á eigin heimili. Ég er þannig ekki sammála hv. þm. um að menn eigi að líta meira heldur en nú er gert til Skandinavíu. Ég tel reyndar skaðlaust að menn litu í aðrar áttir einnig.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi einnig að það er séð fyrir mörgu þessa sem hér hefur verið nefnt í lögum um umönnun aldraðra, þau lög verði endurskoðuð og ég vona að við þá endurskoðun verði tekið inn það sem ég er aðallega að reyna að vekja athygli á, en það er að þeirri starfsemi sem víða erlendis fer fram á vegum einkaaðila við aldraða verði nægilegur gaumur gefinn. Ég held að vísu að það megi flokka starfsemi eins og fram fer á Dvalarheimili aldraðra sjómanna að einhverju leyti sem starfsemi á vegum einkaaðila, en ég er hér í rauninni að tala um persónulegri þjónustu heldur en þar fer fram, þ.e. starfsemi sem miðast að því að veita umönnun og aðhlynningu inni á heimili viðkomandi skjólstæðings. Og ég veit af eigin reynslu að það er lítið eða ekkert eftirlit með þeim umönnunaraðilum sem veita þjónustu inni á heimili hinna fjölmörgu skjólstæðinga sem fá slíka þjónustu í dag, en þar með er ekki sagt að þeir umönnunaraðilar séu ekki í lagi.

Ég ítreka að ég er ekki að gefa í skyn að þjónustan sé ekki í lagi, en ég held að eftirlitið með henni sé ekki í lagi, þ.e. eftirlit sem byggðist á því að fara inn á viðkomandi heimili og sjá hvernig þetta er framkvæmt.

[18:32]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég kom að því í máli mínu áðan að ég teldi ekki óeðlilegt að hafa eftirlit með þessum aðilum og það þarf að gera það. Við erum þá sammála um það, ég og flm. þáltill., hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson, að auðvitað þarf að hafa eftirlit með þessum aðilum og ríkið þarf að fylgjast nánar með því hvernig peningum þess er eytt. Mér finnst ekkert að því.

Hitt er svo annað mál að þegar ég talaði um Norðurlöndin þá hefði ég átt að nefna Evrópu því það er víða sem forsvarsmenn sjómannasamtakanna sem reka Hrafnistuheimilin hafa litið til margra átta þegar uppbygging þeirra heimila hefur farið fram. Það var komið sérstaklega inn á Bandaríkin en þar er greiðsluformið svo margþætt, allt frá því að kosta mörg þúsund dollara á dag að búa á slíku heimili og niður í mjög lága upphæð, og þá er þjónustan alveg í samræmi við það. Ég held að það sé kannski ekki alveg sá standard sem við erum tilbúin að setja upp í dag en það kemur ef til vill einhvern tíma að því þegar menn hafa keypt sér miklar tryggingar og eru tilbúnir til þess að búa nánast á hóteli sem er allt í lagi ef menn hafa efni á því.

En auðvitað gengur þjónustan og það sem gert er nú þegar í ljósi þess að hér í Reykjavík eru um 200 manns sem bíða eftir því að komast á hjúkrunarheimili og annar eins hópur sem bíður eftir að komast á vistheimili þannig að vandamálið er stórt, á því er ekki nokkur vafi. Og á meðan svo er held ég að sú reynsla sem við höfum fengið af þeim byggingum og þeim rekstri sem fyrir er hafi leitt menn nokkuð fram veginn þó að auðvitað þurfi að gera betur og enn þarf að skoða málin vegna þess að það er alveg rétt að það er ekkert öðruvísi í Bandaríkjunum heldur en á Íslandi eða í Færeyjum eða hvert sem litið er. Alls staðar standa menn frammi fyrir þeim vanda að hinum öldruðu fjölgar og auðvitað þarf að hugsa til þeirra, ekki hvað síst fyrir okkur Íslendinga, minnugir þess að það eru hinir öldruðu sem hafa byggt upp nýja þjóð og búið þannig veginn fyrir okkur að Íslendingar lifa nokkuð þokkalegu lífi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[18:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundarhaldið vill forseti taka fram að hann hafði gert sér vonir um að ljúka mætti dagskrármálunum, a.m.k. tala fyrir þeim öllum, og heldur í þá von áfram en jafnframt að fundur þyrfti ekki að standa lengur en til 7.30 eða í mesta lagi til kl. 8. Forseti væntir þess að hv. þingmenn sem hér ætla að tala fyrir málum sínum sýni hver öðrum þá tilitssemi að vera stuttorðir þannig að þetta megi takast.

Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 210. mál. — Þskj. 249.

[18:35]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég skal með ánægju verða við þeim tilmælum hæstv. forseta að hafa ræðu mína eins stutta og mögulegt er.

Ég mæli fyrir till. til þál. um könnun á biðlistum í heilbrigðisþjónustu. Eins og kunnugt er hafa myndast alllangir biðlistar hjá ýmsum sviðum sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu. Þessir biðlistar eru mislangir eftir þjónustusviðum. Lengstir eru þeir raunar á bæklunardeildum. Alls voru á árinu 1996 um 1.260 á biðlista á bæklunardeildum og einnig eru margir á biðlistum á háls-, nef- og eyrnadeildum eða á síðasta ári rúmlega þúsund manns. Alls eru á biðlistunum á sl. ári rúmlega 3.000 manns ef endurhæfing og lýtalækningar eru

ekki með taldar en heildarbiðlistarnir að endurhæfingu og lýtalækningum meðtöldum eru á fimmta þúsund.

Biðlistarnir skapa að sjálfsögðu þeim sem á þeim eru mikil vandræði og eru sérstakt heilbrigðisvandamál út af fyrir sig en þeir skapa einnig ýmiss konar vandamál utan þeirra sem flokkast undir þjáningar og vandræði sjúklinganna sjálfra. Fjárhagslegur kostnaður er mikill og deilist að sjálfsögðu á sjúklingana, á fjölskyldur þeirra, á vinnuveitendur og á hið opinbera. Á sama tíma og þessir biðlistar hafa verið að myndast hefur sú þróun orðið að dregið hefur verulega úr sérhæfðri þjónustu á smærri sjúkrahúsum raunar víðast hvar á landinu. Ástæður fyrir þessari þróun eru margvíslegar en helst er þó að nefna öra tækniþróun, stóraukna sérhæfingu á öllum sviðum læknisfræði og heilbrigðisþjónustu. En um leið og þessi sérhæfing hefur aukist hefur meðferðarmöguleikum líka fjölgað allhratt.

Smærri sjúkrahúsin á landsbyggðinni eiga af þessum sökum talsvert í vök að verjast í heilbrigðiskerfinu og er því full ástæða til þess að skoða gaumgæfilega að hve miklu leyti mætti hugsanlega nýta þá aðstöðu sem fyrir hendi er utan höfuðborgarsvæðisins til að stytta umrædda biðlista. Ef það tækist þá mætti að sjálfsögðu leysa þau vandamál sem biðlistunum fylgja, en það gæti einnig orðið til þess að styrkja heilbrigðisþjónustuna utan höfuðborgarsvæðisins.

Ég vil geta þess að eftir að þessi þáltill. var lögð fram á þinginu, þá ákvað fjárln. Alþingis sérstaka fjárveitingu til Sjúkrahússins á Akranesi beinlínis í þeim tilgangi að stytta biðlista. Utan höfuðborgarsvæðisins starfa raunar tvö sérgreinasjúkrahús sem geta væntanlega tekið þátt í því verkefni að stytta biðlistana, en auk þess er ekki loku fyrir það skotið að fleiri sjúkrastofnanir gætu átt hlut að þessu máli.

Svo ég nefni sérstaklega Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þá rekur það allmargar sérgreinadeildir og þar fara m.a. fram þvagfæraskurðlækningar og háls-, nef- og eyrnalækningar. Biðlistarnir þar eru allmiklir og þess er ekki getið í yfirliti sem landlæknir hefur gefið um biðlistana að slíkir biðlistar séu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, það er ekki á skrá yfir slíka þjónustu. Þessa þjónustu mætti örugglega nýta til þess að stytta biðlistana og mér er kunnugt um það að á bæklunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er verið að sinna sjúklingum af Reykjavíkursvæðinu, sjúklingarnir kjósa beinlínis að fara norður til þess að komast af þessum biðlistum og fá þjónustu. Ég held því að hér sé verkefni sem væri full ástæða til þess að láta skoða ítarlega og tel að sú greinargerð sem fylgir þessari till. til þál. varpi nokkru ljósi á eðli málsins.

Í lok máls míns vil ég taka fram að það er mjög hæpið af öryggisástæðum að byggja sérgreinaþjónustu upp á einum stað á landinu eins og nú er tilhneiging til. Íslendingar vita það af sárri reynslu að náttúruhamfarir á landinu eru næsta óútreiknanlegar eins og náttúruhamfarir eru alla jafnan og ekki er ráðlegt að setja öll eggin í eina og sömu körfuna í sjúkrahúsmálum og sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu frekar en í öðrum málum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að eftir fyrri umr. verði þessari till. til þál. vísað til síðari umræðu og til hv. heilbrn.

[18:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mér finnst þessi þáltill. frá sex hv. þingmönnum Sjálfstfl. bera vott um það að þessir hv. þingmenn hafa ekki fylgst fyllilega með því sem verið hefur að gerast á þinginu í vetur, því fyrr á þinginu var lögð fram beiðni um skýrslu frá heilbrrh. um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum. Beiðnin kom frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þeirri sem hér stendur og fleiri þingmönnum jafnaðarmanna. Þar er óskað eftir öllum þeim upplýsingum sem farið er fram á í þessari þáltill. að aflað verði. Ég get nefnt sem dæmi að það er farið fram á upplýsingar um þróun biðlista eftir læknisaðgerðum innan og utan sjúkrahúsa, hvaða áhrif sumarlokanir sjúkrahúsa hafa á biðlista, hver eru skilgreind öryggismörk um hámarksbið eftir aðgerðum, hver má áætla að séu útgjöld ríkis og sveitarfélaga á ári af heimaþjónustu og heimahjúkrun, læknismeðferð og lyfjum og vistunarplássum fyrir sjúklinga sem bíða eftir aðgerðum, helstu áhrif biða eftir aðgerð o.s.frv. Ég ætla ekki að lengja það með því að nefna það, en það er nákvæmlega það sem verið er að biðja um í þessari þáltill.

Ég vil líka að það komi fram hér að þessa vinnu er búið að vinna í heilbrrn. og samkvæmt upplýsingum frá heilbrrn. er von á svörum nú á næstu dögum við þeim spurningum sem koma fram í beiðni um þessa skýrslu þannig að ég get ekki séð annað en að búið sé að vinna það verkefni sem farið er fram á að verði unnið samkvæmt þessari þáltill. og þess vegna sé þessi þáltill. óþörf. Ég held að menn ættu bara að fagna því að það sé búið að vinna vinnuna þannig að það á ekki að þurfa að fara í frekari vinnu og hafa fleiri orð um það.

[18:45]

Flm. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram ræðu hv. þm. Ástu Jóhannesdóttur, 18. þm. Reykv., að hér í þinginu er mál sem er efnislega skylt því sem ég mæli fyrir. Það kom hins vegar einnig fram að málin eru ekki sambærileg og munar miklu því þar sem annað þingmálið biður fyrst og fremst um upplýsingar þá er hér verið að rekja hvernig hægt væri að leysa hluta af vandanum og það sérstaklega með því að virkja betur sjúkrastofnanir úti á landi. Það hefur komið fram, m.a. við umfjöllun í fjárln., að aðilar frá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík voru spurðir að því hvort þessi vandi biðlistanna væri leysanlegur að einhverju leyti utan höfuðborgarsvæðisins. Svar við því var það að um 60–70% af þessum vandamálum væri ekki hægt að leysa annars staðar en í Reykjavík. Þar með má gagnálykta að 30–40% megi leysa annars staðar og það er mjög mikilsvert að afla upplýsinga um það að hve miklu leyti hægt er að stytta þessa biðlista með því að nýta betur þá þjónustu sem er annars staðar á landinu. Þess vegna held ég að við hv. 18. þm. Reykv. ættum að geta sameinast um að þessar tillögur eru ekki efnislega samhljóða og sú tillaga sem hér er um að ræða á fyllilega rétt á sér.

[18:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki séð annað eftir að hafa lesið þessar tillögur báðar saman, beiðni um skýrslu og þáltill., að hér sé efnislega um sama málið að ræða. Í beiðni um skýrslu kemur fram sú ósk að skýrslan verði tekin til umræðu á Alþingi fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna. Það má því búast við því að það verði á næstu dögum þannig að þá ættum við að geta tekið þá umræðu sem er þörf vegna biðlista og vegna þeirra svara sem koma fram eftir þá miklu vinnu sem hefur verið lagt í í heilbrrn. við þessa skýrslu. Ég get því ekki tekið undir með hv. þm. Tómasi Inga Olrich að þetta sé þarft þingmál því það

er þegar búið að vinna það verk sem verið er að fara fram á hér og umræðan leiðir vonandi af sér gott eitt og kannski einhverja frekari vinnu. En hér er sem sagt búið að fara fram á að þessi vinna verði unnin og það er búið að vinna vinnuna eins og ég gat um áðan.

Umræðu frestað.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 358, nál. 597.

[18:48]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 25. júní 1970, með síðari breytingum. Nál. er frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Erling Jónasson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra, Ingimar Jóhannesson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti, Árna Ísaksson veiðimálastjóra og Vífil Oddsson, stjórnarformann Veiðimálastofnunar. Þá var skriflegt erindi frá veiðimálastjóra rætt.

Frumvarpið er lagt fram þar sem nauðsynlegt er talið að skilja stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum frá framkvæmdar- og rannsóknarverkefnum sem Veiðimálastofnun hefur á hendi. Í seinni tíð hafa komið upp atvik þar sem bornar hafa verið brigður á hæfi veiðimálastjóra til meðferðar máls vegna afskipta hans sem stjórnvalds á fyrri stigum þess.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

2. gr. orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Egill Jónsson og Hjálmar Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita: Guðni Ágústsson, Magnús Stefánsson, Ágúst Einarsson með fyrirvara, Sigríður Jóhannesdóttir, Lúðvík Bergvinsson með fyrirvara, Árni M. Mathiesen og Guðjón Guðmundsson.

Umræðu frestað.

Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, fyrri umr.

Þáltill. GuðrS o.fl., 324. mál. — Þskj. 586.

[18:50]

Flm. (Guðrún Sigurjónsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. á þskj. 586 um endurskipulagningu á þjónustu innan sjúkrahúsa.

Aðrir flm. eru hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og Svavar Gestsson.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að láta endurskipuleggja þjónustu sjúkrahúsa svo að þjónusta sem veitt er sé í senn sem hagkvæmust og uppfylli þarfir sjúklinga sem best á öllum stigum sjúkdóms. Verkefnið verði unnið í sameiningu af sjúkrahúsum landsins undir forustu heilbrigðisráðuneytisins."

Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um að þörf sé á aukinni hagræðingu í heilbrigðiskerfinu og að auka skuli sparnað. Sparnaðurinn hefur nú ekki tekist að öllu leyti en það hefur að einhverju leyti tekist að hagræða því heilbrigðiskerfið er núna að sinna fleiri sjúklingum en var fyrir nokkrum árum án þess að fjárveitingar hafi aukist til samræmis við það.

Auknar framfarir og tækniþróun hafa á síðustu árum valdið því að aðgerðir og meðferð við mörgum sjúkdómum eru nú mun auðveldari og sjúklingum léttbærari en var fyrir nokkrum árum. En hin nýja tækni er þó í mörgum tilfellum dýrari í framkvæmd en sú gamla þó hún sé oftast þjóðhagslega hagkvæm. Hins vegar gerist það æ oftar á síðustu árum að sjúklingar stansa of stutt á sjúkrahúsum. Þeim er gert að fara heim áður en þeir hafa í raun heilsu til þess. Tillagan sem hér er lögð fram miðar ekki að því að minnka framlög til heilbrigðismála heldur að auka hagkvæmni og árangur sjúkrahúsaþjónustu. Lykilatriði í því sambandi er að hafa virkari endurhæfingu og að skilgreina nýtt þjónustustig sem á erlendum málum kallast „sub-akut"-stig og verður gerð grein fyrir því síðar.

Á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík eru flestar sjúkradeildir bráðadeildir og það er eðlilegt. Á Sjúkrahúsi Reykjavíkur er endurhæfingardeild sem er ekki nýtt að fullu og á Landspítalanum er engin endurhæfingardeild. Eins og kemur fram í greinargerðinni voru í lok janúar 27 sjúklingar á bráðadeildum Landspítalans sem voru búnir að ljúka læknismeðferð en voru ekki færir um að útskrifast. 21 sjúklinganna skorti líkamlega færni, færni sem hefði verið hægt að ná með endurhæfingu en sú meðferð stendur þeim hins vegar ekki til boða nema að mjög takmörkuðu leyti. Inni í þessari tölu voru ekki aldraðir sem bíða eftir hjúkrunarrýmum, ekki heldur þeir sjúklingar sem höfðu lokið bráðameðferð og voru að jafna sig í hinn hefðbundna tíma sem þarf eftir tilteknar aðgerðir eða lyfjameðferð, eingöngu þeir sem höfðu alveg lokið meðferð og bíða eftir því að útskrifast af bráðadeild. Bráðadeild er næstdýrasta úrræði í heilbrigðiskerfinu á eftir gjörgæslu og því er það veruleg sóun að láta fólk dvelja þar lengur en þörf krefur. Þar að auki er nánast öruggt að meðferðin sem þeir fá þar er ekki sú sem þeir þurfa. Þeir þurfa allflestir á endurhæfingu að halda og sú endurhæfing sem stendur til boða á bráðadeildum er alls ekki fullnægjandi, ekki fyrir þennan hóp.

Fyrir nokkrum árum var ákveðið að setja á stofn endurhæfingardeild fyrir Landspítalann í Kópavogi en því miður hefur sú framkvæmd ekki orðið þó hún væri mjög hagkvæm og gæti væntanlega orðið þess valdandi að þessir sjúklingar fengju viðeigandi meðferð.

Þá ætla ég aðeins að skilgreina þetta þjónustustig, þetta „sub-akut"-þjónustustig sem ég var að tala um áðan. Ég biðst afsökunar á því að ég hef ekki neitt gott íslenskt orð yfir þetta og verð því að notast við þetta útlenska orð. Þetta eru deildir sem taka við sjúklingum um leið og bráðastigi sjúkdóms er lokið og ástand sjúklingsins er komið í jafnvægi eftir aðgerð eða lyfjameðferð. Þessar deildir eru eins konar endurhæfingardeildir en taka við sjúklingum sem að jafnaði þurfa ekki að fara á endurhæfingardeild. Þegar bráðastigi sjúkdóms er lokið þurfa sjúklingar á eftirlit og umönnun að halda en ekki mjög virkri læknismeðferð, henni er í raun lokið. En það þarf að fylgjast með að sú meðferð sem fram

hefur farið hafi borið tilætlaðan árangur og að það komi ekki bakslag áður en sjúklingur er útskrifaður heim. Nú til dags eru sjúklingar á bráðadeild bæði meðan á bráðastigi stendur og líka meðan þeir eru að jafna sig eftir meðferð.

Lykilstarfsstéttir á þessum deildum, „sub-akut"-deildunum, eru hjúkrunarfræðingar sem sinna eftirliti, endurhæfingarstéttir sem veita virka endurhæfingu og félagsráðgjafar sem vinna að því að leysa úr félagslegum málum sem þurfa að vera í lagi við útskrift. Og það er verulegur skortur á félagsráðgjöfum á spítölunum eins og kom fram hér áðan. Það þarf hins vegar færri lækna á þessum deildum og þeir eru dýrasti starfskrafturinn og í því felst m.a. sparnaður við að reka svona deild.

Ég ætla að taka tvö dæmi um hópa sem ég tel að sé mjög mikilvægt að dvelji á svona „sub-akut"-deildum frekar en bráðadeildum, hluta legutímans. Það eru í fyrsta lagi sjúklingar sem koma inn út af einhverri tiltekinni meðferð. Þeir leggjast inn á viðkomandi deild og eru undir handleiðslu tiltekins sérfræðings. Það tekur sem betur fer oftast tiltölulega skamman tíma að ráða bót á því meini sem rekur sjúklinginn inn á spítala en hins vegar eru oft önnur vandamál til staðar. Sjúklingarnir eru slappir eftir mismunandi langvarandi veikindi og þurfa að safna kröftum, þurfa kannski stuðning heima fyrir. Það þarf að leita tiltekinna úrræða á heimili. Það þarf jafnvel að breyta heimilinu að einhverju leyti áður en sjúklingurinn getur útskrifast. En hann er hins vegar ekki að fá þá meðferð sem bráðadeild miðar í rauninni að. Það væri eðlilegt að þessir sjúklingar væru á „sub-akut"-deildum meðan þeir eru að jafna sig, að fá endurhæfingu og meðan verið er að ganga frá þeim félagslegu úrræðum sem þurfa að vera til staðar. Sumir geta ekki útskrifast af stofnun og þurfa að fara á hjúkrunarrými og það er gríðarlega dýrt að láta þetta fólk bíða inni á bráðadeild fyrir utan það að það er heldur ekkert sérlega gott fyrir það.

Annar hópur sem væri hægt að hafa styttra á bráðadeild og kemur aðeins inn á þessa biðlista sem var verið að ræða áðan og eru sjúklingar sem t.d. fara í liðskipti. Þeir sem fá nýja mjöðm eða hné eru á bæklunarlækningadeild núna í sex til átta daga eftir aðgerð. Fyrri hluti dvalarinnar fer í aðgerðina og að fylgjast með hvort einhverjir fylgikvillar aðgerðar komi fram en seinni hlutinn fer fyrst og fremst í endurhæfingu og að læra notkun hjálpartækja og jafna sig eftir aðgerðina og eftirlit með því að sárin grói og engar sýkingar komi fram. Þegar sjúklingurinn er kominn í jafnvægi hefur læknirinn frekar litlu hlutverki að gegna. Þeir sem fyrst og fremst sjá um þetta eftirlit eru hjúkrunarfræðingar og síðan koma endurhæfingarstéttir að endurhæfingunni. Ef hægt væri að hafa þessa sjúklinga á „sub-akut"-deildum helming dvalartímans þá væri það í fyrsta lagi mun ódýrara auk þess sem að ég tel að það mundi vera hagkvæmara fyrir sjúklingana sjálfa.

Andrúmsloftið á þessum deildum er miklu hagstæðara þeim sem eru að safna kröftum og búa sig undir heimferð en raunin er á bráðadeildum. Það er ekki maður að deyja í næsta rúmi við þann sem er að endurhæfa sig og fara heim. Á þessum deildum er hægt að hafa mun heimilislegra umhverfi. Það er hægt að flétta endurhæfingu inn í daglegt líf sjúklinga. Það er hægt að láta þá sjá um að búa um rúmið sitt t.d. eftir því sem geta leyfir og þannig mun endurhæfing ganga hraðar fyrir sig og þeir verða betur í stakk búnir til að takast á við þau verkefni sem eru óhjákvæmilega á heimilum eftir útskrift. Heimilislegt umhverfi er yfirleitt meira örvandi en það ókunnuga umhverfi sem er á bráðadeildum þannig að það er verið að sinna sjúklingunum betur, að mínu mati, og líka ódýrara en nú er.

Með því að hafa þessar deildir væri hægt að létta verulega álagi af bráðadeildunum. Við gætum verið með talsvert hraðara streymi í gegnum bæklunardeildirnar ef við gætum útskrifað þá sjúklinga sem þar eru af deildinni núna fyrr heldur en gert er. Það gefur náttúrlega auga leið að það mundi vera auðveldara að höggva í þessa löngu biðlista sem var verið að tala um hérna áðan og hugsanlega væri hægt að fækka einhverjum bráðarúmum þegar til lengri tíma er litið.

Í Bandaríkjunum, svo við vitnum nú aftur í Bandaríkin, hafa sjúkrahús lagt á það höfuðáherslu á undanförnum árum að koma á fót svona deildum vegna þess að bráðadeildir þar eru óheyrilega dýrar og reyndar talsvert dýrari en hér. En rekstrarkostnaður við þessar deildir í Bandaríkjunum er oftast ekki nema 30–50% af því sem það kostar að reka bráðadeildirnar þannig að það er verið að tala um verulega hagræðingu og sparnað. Ég hef sjálf komið á stofnun í Minneapolis í Bandaríkjunum sem tekur við sjúklingum af bráðaspítala strax og ástand þeirra er orðið stöðugt. Kostnaður á þessari stofnun er þriðjungur af því sem það kostar að reka bráðadeildir. Það starfar einn læknasérfræðingur á stofnuninni en mestur hluti starfsins hvílir á öðrum starfsstéttum. Stofnunin er mjög heimilisleg, er í rauninni miklu frekar heimili en stofnun og samkvæmt þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið er sami árangur meðferðar. Sjúklingar dvelja stundum heldur lengur á þessum deildum á stofnuninni en á bráðadeildunum. Það er hins vegar ódýrara vegna þess að reksturinn er svo miklu ódýrari. Ég tel að það sé jákvætt að geta boðið fólki upp á það að vera heldur lengur inni á spítala en nú tíðkast vegna þess að eins og við þekkjum öll er oft verið að útskrifa sjúklinga sem alls ekki eru færir um að sjá um sig sjálfir heima og það er verulega mikið vandræðaástand í þeim málum.

Þá ætla ég aðeins að nefna eitt þjónustustig til viðbótar sem er göngudeildin, en ég tel að full ástæða sé til að athuga hvaða sjúklingar eiga heima á endurhæfingardeild og hverjir geta sótt sér sambærilega þjónustu á göngudeildum. Ég tel líka að nokkuð sé um það að sjúklingar séu lagðir inn á spítala meðan á rannsóknum stendur, rannsóknum sem sjúklingar gætu raunverulega sótt á göngudeild. En ástæður eru ýmsar, m.a. að oft og tíðum er mjög dýrt að fá þessar rannsóknir framkvæmdar á göngudeild.

Fyrst tíminn er svona skammur, þá ætla ég ekki að lengja mál mitt og vona að þessi hugmynd veki einhver viðbrögð í heilbrrn. Ég tel að nauðsynlegt sé að skoða þetta mál. Það gæti sparað og tryggt betri meðferð fyrir sjúklingana. Ég legg til að þessu máli verði vísað til síðari umræðu og til hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda olíuskipa, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 303. mál. — Þskj. 559.

[19:02]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt till. til þál. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Auk mín er meðflutningsmaður Guðjón Guðmundsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu, m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi. Enn fremur verði sett skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest" nema í ákveðinni, tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi).

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnsýslustofnanir fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til þegar mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins."

Virðulegi forseti. Ekki vill svo til að samgrh. sé í húsinu?

(**Forseti** (ÓE)**:** Samgrh. er ekki í húsinu. Er hans saknað?)

Sárlega. — Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera tilkall til þess að hann komi hér en ég vildi þó að gefnu tilefni, vegna þess að þetta er a.m.k. í annað skipti sem þessi þáltill. er flutt, vitna til afar athyglisverðra umsagna nokkurra aðila sem hafa látið frá sér heyra um þetta mál. Fyrst er þess að geta að í lögum um leiðsögu skipa segir svo í 6. gr., með leyfi forseta, um tilkynningu komu skipa:

„Öll skip, er koma erlendis frá inn í íslenska landhelgi með landtöku í huga, skulu með minnst 24 klst. fyrirvara tilkynna komu sína til hafnaryfirvalda í fyrstu viðkomuhöfn. Erlend veiðiskip, sem sigla inn í íslenska efnahagslögsögu, skulu tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands. ... Einnig skal geta áætlaðs komutíma og hvort óskað er leiðsögumanns."

Ég get þessa hér af sérstöku tilefni vegna þess að ekki er langt síðan mengunarslys varð við Breiðdalsvík þar sem ekki var hafnsögumaður um borð og varð þar um nokkurt mengunarslys að ræða. Þá kom berlega í ljós, sem hér er sérstaklega getið í þessari þáltill., að ekki lá ljóst fyrir hver væri hinn afgerandi aðili í stjórnsýslunni sem færi með forræði um allar aðgerðir og grípa til þeirra ráðstafana sem þurfti strax.

Í umsögn Landhelgisgæslunnar kemur fram að þeir telja þetta mál hið þarfasta og mjög nauðsynlegt. Frá Olíufélaginu Esso kemur meira að segja svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Um árabil hefur Siglingamálastofnun ríkisins haft helstu umsjá vegna aðgerða við mengunarslys, þó aðrir aðilar hafi einnig komið þar við sögu. Ástæða er til að fagna því, að með þingsályktunartillögunni verði stefnt að því, að afmarka á skýrari hátt hver skuli fara með forræði í mengunarslysum á sjó eða við strendur landsins. Rétt þykir að leggja áherslu á, að einhverjum einum aðila, ráðuneyti eða stjórnsýslustofnun, verði falið forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til í slíkum tilvikum."

Sama kemur frá Olíuverslun Íslands. Ég vildi þó koma hér víðar við og eins og segir hér frá umhvrn.:

„Hvað varðar það sem segir í tillögunni um heimild til stöðvunar skips, þá leggur ráðuneytið til að tillagan taki einnig til þeirra tilvika þegar mengun er yfirvofandi. Hvað varðar ákvæði um bann við losun á ballest, fljótandi kjölfestu, telur ráðuneytið að hér sé um þarft ákvæði að ræða og fagnar ráðuneytið þessari tillögu."

Siglingamálastofnun styður þessa tillögu og Náttúruverndarráð „telur brýnt að mótaðar verði skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu. Meðal annars er talið brýnt að sett verði skýr ákvæði í lög um heimildir íslenskra stjórnvalda til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar."

Virðulegi forseti. Í bréfi frá Sambandi ísl. kaupskipaútgerða kveður hins vegar við annan tón og með leyfi forseta ætla ég að grípa hér aðeins niður í örfá atriði, tímans vegna. Þar segir m.a.:

„Það er hægt að staðhæfa að Ísland mun ekki fá hljómgrunn fyrir eða undirtektir undir rök um að jafnstopular siglingar með jafnlítið magn af tiltölulega hreinum olíutegundum geti ógnað hagsmunum Íslands í efnahagslögsögunni, enda mundu hliðstæð rök annarra ríkja leiða til að öll hafsvæði heimsins yrðu að afmörkuðum siglingaleiðum. Í ljósi tilboðs olíufélaganna um að beina innflutningsskipum djúpt fyrir Reykjanes eins og fram kom í fyrrnefndum viðræðum stjórnvalda og hagsmunaaðila um málefni þingsályktunartillögunnar, þá verður ekki séð tilefni til afmarkaðra siglingaleiða olíuskipa og skipa með hættulegan varning til landsins enda óraunhæft að ætla að slíkt fáist staðfest alþjóðlega."

Síðan segir: „Að mati SÍK og aðildarútgerða þess er vandamálum vegna flutnings á sjókjölfestu milli lands best borgið þar sem þau eru þegar til umfjöllunar innan Hafnasambands sveitarfélaga og hjá Vita- og hafnamálastjórn og ekki tilefni til frekari ályktana þar að lútandi."

Herra forseti. Ég á hér annað bréf frá þessum aðila sem skrifar fyrir hönd Sambands ísl. kaupskipaútgerða. Hann gerir líka athugasemdir fyrir Reykjavíkurhöfn varðandi þetta sama mál og þá segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ljósi bæði viðkvæmra umhverfisaðstæðna í Reykjavíkurhöfn sem og mikilvægis ómengaðs sjávar við Íslandsstrendur er fyllsta ástæða, í ljósi fyrri biturrar reynslu nokkurra strandríkja og hafna, að huga vandlega að þeim hættum sem fylgja kjölfestusjó aðkomuskipa frá framandi haf- og hafnarsvæðum."

Virðulegi forseti. Að lokum þetta frá Hollustuvernd ríkisins. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stofnunin er einnig sammála um það sem segir í tillögunni um íhlutun, en leggur til að bætt verði inn í tillöguna eftirfarandi: „... m.a. heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar eða yfirvofandi mengunar ..."

Þeim sem starfað hafa að skipulagningu mengunarvarna hjá íslenskum stjórnvöldum hefur lengi verið það ljóst að stjórnvöld geta ekki beitt sér við íhlutun ef á þarf að halda á neyðarstundu þar sem skort hefur lög til að vísa í.

Mengunarvarnir sjávar lýsa sérstaklega ánægju sinni með þessa tillögu þar sem fáir aðrir hér á landi gera sér meiri grein fyrir því hve mikill umhverfisskaði getur orðið við mengunaróhapp og ekki síst kostnaður sem getur hlotist, en hann getur hlaupið á milljónum króna, tugmilljónum eða jafnvel á hundruðum milljóna svo vitnað sé til Noregs, en þar hefur kostnaður orðið um 400 millj. íslenskra króna við óhapp sem vel gæti orðið hér við land."

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekar ofan í þau gögn sem borist hafa vegna þessarar till. til þál.

En ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér þykir það nokkuð sérkennilegt hversu lítt stjórnvöld hafa tekið undir þetta mál með tilliti til þess sem ég hef vitnað hér til. Staðreyndin er sú að ef svo óheppilega vill til að skip strandar hér við land, þá þarf að ganga á milli æðimargra ríkisstofnana áður en ákvörðun er tekin um hvað gert skuli.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að þessari þáltill. verði að lokinni umræðu vísað til hv. samgn.

[19:11]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta verður að heita andsvar vegna þess hve tíminn er takmarkaður til að ræða þær tillögur sem á dagskrá eru, margar mjög merkilegar og þetta er ein af þeim sem ég styð fyllilega. Það eina sem mér fannst vanta í ræðu hv. þm. var umfjöllun um með hvaða hætti mengunarvöktun hafsins er í dag og hver það er sem greiðir fyrir þá mengunarvöktun og hver er munurinn á því að vera með starfsemi í hafi eða starfsemi á landi þar sem eftirlitsgjöld eru tekin af öllum fyrirtækjum í landi. Mér skilst að því sé þannig háttað þrátt fyrir að Alþingi hafi aldrei samþykkt það, að mengunarvöktun í hafi sé greidd að fullu af ríki, sú mengunarvöktun sem á sér stað í dag.

[19:12]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari umræðu, en tímans vegna veit ég að við ætlum bæði að halda það sem virðulegur forseti óskaði eftir. En aðeins örstutt um þetta.

Það dæmi, sem ekki er mjög gamalt, er þegar danskt flutningaskip strandaði við Breiðdalsvík fulllestað af saltfarmi. Þar er laxveiðiá og menn höfðu nokkrar áhyggjur af hvað mundi gerast. En það gekk ekki betur en svo að það tók nokkra daga að taka ákvörðun um hver ætti að hafa framkvæmdarvaldið. Það er vandamálið. Það er annars vegar Siglingamálastofnun, sem fer með hluta af málinu, það er Landhelgisgæslan sem fer hluta, og það eru Mengunarvarnir ríkisins. Ég held ég hafi talið þá flesta upp sem þarna koma við sögu. En það kemur greinilega fram í öllum þeim umsögnum sem berast að menn bíða eftir því að það sé einhver aðili sem hafi með málið að gera, enda kemur í ljós að þessir aðilar, Siglingamálastofnun og þeir aðilar fagna þessari þáltill. og treysta því að að henni verði unnið fljótt og vel svo betri starfsgrundvöllur verði vegna þessa máls.

Það er ekkert langt síðan menn töluðu um mengun í Elliðaánum. Menn töluðu þar um einhverja kýlapest í laxi sem geisaði þar. Henni er nú lokið væntanlega. En í Kanada og í Noregi hafa verið sett lög sem banna skipum að dæla úr ballesttönkum. Það er sjór sem menn eru að nota til þess að þyngja skipin niður ef ekki er farmur um borð í skipinu. Það eru ákvæði um það í þessum löndum að ballestinni skuli dælt út í ákveðinni fjarlægð frá landi við ákveðið dýpi vegna þess að þau óttast einmitt að fiskur sem er viðkvæmur eins og t.d. lax skaðist og ég tala nú ekki um hér við suðurströndina, á uppeldisstöðvum þorsks, að þetta geti valdið mikilli mengun og tjóni.

[19:14]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir að um þetta þurfa að vera skýrar reglur og styð þá þáltill. sem hér er á ferðinni, en ítreka að um ákveðið misræmi er að ræða um hver á og hvernig á að standa að mengunarvöktun í dag. Umhvrn. hefur komið að þessum málum og hefði auðvitað verið þörf á því að bæði hæstv. samgrh. og hæstv. umhvrh. væru hér, en eins og þetta er í dag, án þess að Alþingi hafi nokkurn tíma um það fjallað, þá skilst mér að um greiðslur af hálfu ríkisins sé að ræða vegna umhverfisvöktunar í hafi eða mengunarvöktunar, og ekki er samræmi á milli þeirrar starfsemi sem fer fram í hafi og þeirrar starfsemi sem fer fram á landi, þar sem starfsemin sjálf ber verulega eftirlitsskatta til þess að standa undir mengunareftirliti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólaþing, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 265. mál. — Þskj. 517.

[19:15]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 517 flyt ég ásamt hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni till. til þál. um háskólaþing, en tillagan fjallar um að Alþingi feli menntmrh. að kalla saman háskólaþing haustið 1997. Á háskólaþingi verði m.a. rædd málefni kennslu, rannsókna og náms á háskólastigi hérlendis með þátttöku kennara, nemenda og starfsmanna háskólastigsins og annarra sérfróðra aðila, en kostnaður við þingið greiðist úr ríkissjóði.

Þetta er, herra forseti, texti tillögunnar sem er rökstudd í greinargerð m.a. með tilvísun til þess að háskólaþing þekkist erlendis. Við höfum reynslu hér á landi af þingum af þessu tagi, áratugareynslu af fiskiþingi og búnaðarþingi þar sem kjörnir fulltrúar úr atvinnugreininni koma saman ár hvert á nokkurra daga fund til að vinna að mótun afstöðu til líðandi málefna og oft til stefnumótunar í málum sem viðkoma atvinnugreininni. Við höfum því góða reynslu af slíkum skipulögðum fundahöldum eins og lagt er til að verði sérstaklega um háskólastigið. Hugmyndin er að háskólaþing verði vettvangur fyrir umræðu um háskólamálefni en það eru fjölmargir þættir sem tengjast háskólum, háskólakennslu og háskólarannsóknum sem þarf að ræða á skipulagðan hátt eins og umgjörð háskólaþings gæfi tilefni til.

Háskólaþing er ekki ráðstefna um háskólamálefni heldur reglubundinn fundur í nokkra daga einu sinni á ári eða jafnvel á tveggja ára fresti, það er matsatriði hvort það færi fram árlega eða á tveggja ára fresti, þar sem kjörnir fulltrúar mæta til stefnumótunar í víðum skilningi. Það er mjög mikilvægt að þeir sem sitja háskólaþing sæki umboð sitt til aðila sem tengjast háskólum hér á landi og þá er átt við að á háskólaþingi sitji ekki einungis kennarar eða fulltrúar kennara, nemenda og starfsmanna háskólastigsins heldur einnig fulltrúar úr atvinnulífinu og úr menntmrn. og aðrir sérfróðir aðilar um þessi málefni.

Háskólaþing í þeim búningi sem flutningsmenn gera ráð fyrir á alls ekki að vera lokaður fundur þar sem menn ræða einungis um sín innri málefni heldur miklu frekar vettvangur fyrir alvarleg skoðanaskipti fjölmargra aðila sem tengjast háskólum. Það er ekki lagt upp með í tillögunni hvað þingið geti orðið fjölmennt. Það er hægt að hugsa sér að á þetta þing komi fulltrúar frá öllum skólum sem eru á háskólastigi, en

það má geta þess að þeir háskólar eða skólar í landinu sem bjóða upp á nám til háskólagráðu eru sex talsins og auk þess eru sjö aðrir skólar, sérskólar, sem bjóða einnig upp á nám og krefjast stúdentsprófs til inngöngu. Þetta eru 13 skólar sem eru á háskólastigi. Við getum e.t.v. ekki sagt að það séu 13 háskólar en 13 skólar á háskólastigi. Sex þeirra eru í þeim flokki sem mundu flokkast undir háskóla í skilgreiningu háskóla á erlenda mælikvarða. Það verður hins vegar að hafa í huga að háskólar geta verið margvíslegir, þ.e. það geta verið svokallaðir rannsóknaháskólar sem leggja mikla stund á grunnrannsóknir. Við höfum reyndar ekki nema einn háskóla sem flokkast undir rannsóknaháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, sem er vitaskuld langstærsti háskóli hérlendis. Aðrir háskólar eru meira á sviði fagkennslu þótt vitaskuld sé töluvert mikið um rannsóknir í þeim skólum.

Það er einn galli á háskólastefnu á Íslandi, það er samráðsleysi milli skóla á háskólastigi. Það hefur einnig komið fram á öðrum vettvangi að háskólar hérlendis hafa verið skildir eftir af hálfu fjárveitingavaldsins undanfarin ár. Þannig er hægt að benda á það að framlög til háskóla hér eru minni og hafa dregist aftur úr miðað við nágrannalöndin. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það. Háskólakennsla og menntun er sá þáttur sem ræður mestu um lífskjör í framtíðinni, en við höfum ekki sýnt þessum málum þá athygli sem vert væri.

Það er von okkar flutningsmanna að þessi tillaga geti bætt úr því. Við gerum ráð fyrir að hæstv. menntmrh. hafi frumkvæði um þetta mál. Vitaskuld er alltaf matsatriði hvort aðili framkvæmdarvaldsins eigi að hafa frumkvæði um slíkt mál eða hvort skólarnir sjálfir eigi að taka þetta upp hjá sér, boða til þings og ræða þá málefnin út frá forsendum sínum. Okkur flm. finnst rétt að menntmrh. hafi frumkvæði að þessu máli, ekki síst vegna þess að þá getur hann komið mjög sterkt að því, þ.e. aðstoðað við að móta upphaf þessa þings. Hans fólk kæmi að þessu þingi með fullum réttindum eins og aðrir. Mér finnst einnig eðlilegt að menntmrh. muni hafa frumkvæði að því að leita eftir að t.d. fulltrúar úr atvinnulífinu mundu líka sitja háskólaþing með fullum réttindum. Ég legg, herra forseti, mikla áherslu á það að þetta háskólaþing verði ekki ráðstefna sem gangi inn í sig, heldur fyrst og fremst fundur þar sem opið er fyrir öll þau sjónarmið sem tengjast menntun, rannsóknum og kennslu á háskólastigi.

Það hefur verið skýrt frá því að í undirbúningi sé löggjöf um háskólastigið hér á landi. Það frv. hefur ekki verið lagt fram, en það hefur verið unnið að því í nokkurn tíma. Ég held að fyrstu drög að því hafi verið lögð í tíð fráfarandi menntmrh. Slík löggjöf hefur ekki komið á borð þingmanna en vitaskuld er nauðsynlegt að slík rammalöggjöf verði sett. Það er þó augljóst af stefnu núv. ríkisstjórnar og reyndar fyrrverandi að málum sem varða háskólastigið hefur ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur. Ég vil hins vegar forðast það, herra forseti, að fara í pólitískar deilur um háskólastefnu stjórnvalda og stjórnarandstöðu. Ég vil miklu frekar kalla til samráðs um þessa tillögu og hvort hér sé ekki farinn vegur sem menn geta sammælst um, þ.e. að búa til vettvang þar sem rædd verða málefni háskóla á breiðum vettvangi. Það er skoðun okkar flutningsmanna að slíkan vettvang vanti og háskólaþing getur orðið þessi vettvangur. Við höfum góða reynslu af samsvarandi þingum. Hér á landi undanfarna áratugi og hægt væri að nefna fjölmörg dæmi erlendis frá þar sem slík þing eru mjög mikilvægur þáttur í mótun menntastefnu hverju sinni.

Herra forseti. Að lokinni framsögu geri ég tillögu um að tillögunni verði vísað til síðari umr. og að hún fari til umfjöllunar hjá hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, fyrri umr.

Þáltill. BirnS o.fl., 308. mál. — Þskj. 567.

[19:25]

Flm. (Birna Sigurjónsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu. Hér er átt við fræðslu um samskipti kynjanna, fræðslu um fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldur, fjármálafræðslu, fræðslu um ábyrgð á eigin heilsu, umgengni við umhverfið og fleiri greinar sem hafa það að markmiði að gera nemendur að sjálfstæðum, sjálfbjarga einstaklingum í nútímaþjóðfélagi. Í tillögunni er skorað á hæstv. menntmrh. að tryggja að þessari fræðslu verði komið á í brautarkjarna allra framhaldsskóla svo tryggt verði að allir nemendur njóti kennslu í þessum mikilvægu greinum.

Í 2. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 80/1996, segir m.a. um hlutverk framhaldsskóla að það sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í 17. gr. laganna segir að námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu skuli vera í brautarkjarna skólanna. Lögin gera því ráð fyrir fræðslu af þessu tagi og í greinargerð með lögunum kemur fram að þessum námsþáttum er ætlaður staður í svokölluðum ratvísikjarna ásamt fleiri námsþáttum sem allir eiga að stuðla að því að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu eins og segir þar. Það segir einnig að markmið ratvísikjarna skuli skilgreint í aðalnámskrá framhaldsskóla. Þar sem nú er verið að vinna að gerð aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla tel ég brýnt að tryggja að markmið námskrárinnar um fræðslu á þessu mikilvæga sviði verði skýr og ótvírætt að kennslu í þessum greinum skuli komið á í öllum framhaldsskólum, enda um eitt af meginhlutverkum hans að ræða eins og það er skilgreint í markmiðsgrein laganna.

Nú þegar eru námsþættir sem falla undir þetta svið fyrir hendi á einstökum brautum framhaldsskóla, einkum á uppeldis- og félagsfræðibrautum. En við sem stöndum að þessari tillögu teljum brýnt að allir nemendur framhaldsskóla njóti þessarar fræðslu. Þar skortir enn verulega á. Í sumum framhaldsskólum stendur nemendum ekki til boða nein fræðsla af þessu tagi og annars staðar er hún aðeins fyrir þá sem velja ákveðnar brautir skólanna.

Hér er um að ræða grundvallarþátt í hlutverki skólans í nútímasamfélagi og viðurkenningu á því að menntun eigi ekki að snúast um fræðin ein. Ekki skal á nokkurn hátt gert lítið úr því meginhlutverki skólans að miðla þekkingu á sviði fræða og námsgreina og undirbúa nemendur undir frekara nám á þeim sviðum, en það eitt nægir ekki til að mennta nemendur í þeim skilningi orðsins menntun að gera að manni. Markmið menntunar er að gera nemendur að betri mönnum, betri einstaklingum, betri þjóðfélagsþegnum.

Fræðimenn á sviðum námskrárfræða greinir ekki lengur á um það að hlutverk skólans í menntun sé þríþætt: Það beinist að einstaklingnum sjálfum og þörfum hans, að samfélaginu og því að mennta hæfa þjóðfélagsþegna og loks að fræðunum og því að miðla og skapa þekkingu á sviði fræðanna. Þannig á skólinn að búa nemendur sína undir líf, starf og frekara nám, allt þetta jafnhliða. Þessi þrískipting og breyttar áherslur frá fræðunum og yfir á undirbúning fyrir líf og starf hefur oft og tíðum skapað togstreitu og háværar umræður um námskrárstefnu og skipan skólastarfs. Þær hafa þó löngu áunnið sér sess og þær kenningar um skólastarf sem nú eru helst uppi gera ráð fyrir að í námskrárgerð skuli taka tillit til allra þessara þriggja meginþátta og samþætta þá sem mest.

Á 9. áratugnum hefur í Bandaríkjunum aukist áhersla á að í námskrám og skólum séu siðferðileg gildi tekin inn í kennslu og námskrá. Ástæðan er m.a. aukin upplausn í þjóðfélaginu og ekki er lengur hægt að treysta því að börn læri þessi grunngildi og viðhorf í fjölskyldu eða á heimili. Tölfræðin segir okkur að ofbeldi og afbrot verða sífellt algengari meðal unglinga, virðing fyrir yfirvöldum minnkar, sjálfsmorðum fjölgar og vaxandi sjálflægni og minni þjóðfélagsvitund einkennir ákveðna hópa barna og unglinga. Það er því ekki nóg að siðferðileg gildi séu skráð í skólanámskrá. Þau þurfa að einkenna allt skólastarfið og verða þannig hluti af umgengnisreglum og viðhorfum sem gilda milli nemenda og kennara og í nemendahópnum.

Þó að hér sé verið að miða við bandarískar aðstæður sem vissulega eru aðrar en okkar þá tel ég að margt eigi við hér á landi, sérstaklega að því leyti að skólinn verður í dag að taka á sig ábyrgð á ýmsum þáttum sem áður voru alfarið á ábyrgð foreldra. En þá vil ég jafnframt leggja áherslu á að skólinn á að sinna þessari fræðslu ásamt foreldrunum og í samvinnu við þá en ekki fyrir foreldrana. Eftir stendur að heimilum verður ekki ætlað að sinna þessum margvíslegu þáttum svo að fullnægjandi sé, þ.e. fræðslu um samskipti kynjanna, jafnréttisfræðslu, fræðslu um fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldur og um ábyrgð á eigin heilsu og fleira.

Þjóðfélag nútímans er flókið. Við lifum ekki lengur í einföldu þjóðfélagi fyrri tíma þar sem breytingar voru hægar og reynsla, viðhorf og gildi eldri kynslóðar færðust frá foreldrum til barna. Breytingar á samfélagsþáttum nú eru örar og skiptir þá ekki máli hvort við horfum til heilsubyltingar og vaxandi umræðu um að hver einstaklingur beri ábyrgð á eigin heilsu eða hvort við lítum til breytinga á fjölskyldum og fjölskylduhögum, t.d. aukinnar tíðni skilnaða og fjölgun samsettra fjölskyldna. Fjölskylduformið er langt frá því jafnsjálfgefið og það var áður. Í þessum öru breytingum verða margir foreldrar óöruggir um hlutverk sitt og telja jafnvel að ekkert af þeirra eigin reynslu og hinum góðu gömlu gildum, reglum og kenningum, eigi erindi til barnanna af því að svo margt hefur breyst. Á sama hátt vill það bregða við að börnin hafni viðhorfum og reglum foreldra sinna af því að þau telja þær ekki viðeigandi í nútímaþjóðfélagi heldur einfaldlega gamaldags og úreltar. Í slíku ástandi óstöðugleika er hætt við að ýmsilegt riðlist og reglur, viðhorf og gildi sem eiga fullt erindi til barna og ungmenna fari forgörðum. Ungt fólk verður því gjarnan á eigin spýtur að feta sig áfram í samfélaginu og læra af eigin reynslu og mistökum sem gjarnan getur reynst æði dýrkeypt bæði fyrir hvern þann sem lendir í ógöngum og fyrir þjóðfélagið í heild. Hér verður því menntakerfið að grípa inn í og tryggja fræðslu sem öruggt er að allir nemendur njóti.

Um leið og nýrri fræðslu af þessu tagi er komið á, hvort sem er í framhaldsskóla eða grunnskóla, þarf auðvitað jafnframt að sjá til þess að fyrir hendi séu námefni og námsgögn sem til kennslunnar þarf. Hér þarf að huga vel að gerð námsefnis og leggja í það fjármuni.

Þeir námsþættir sem hér er gerð tillaga um að komi inn í nám nemenda í framhaldsskóla eru um margt ólíkir og ósamstæðir og því kemur vart til greina að mínu mati að fella þá alla undir einn áfanga. Þessa námsþætti mætti kenna í námskeiðsformi en það mætti líka fella þá að og samþætta öðrum greinum. Þess þarf þó að gæta hvernig sem kennslunni er fyrirkomið að markmiðin verði ekki óskýr og óljós heldur sé skýrt kveðið á um hvar hverjum þætti er komið fyrir og hvaða markmiðum eigi að ná fram. Þannig gæti fræðsla um samskipti kynjanna, jafnréttisfræðsla og fræðsla um fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldur, þar með talin foreldrafræðsla, hugsanlega verið einn áfangi í ratvísikjarna. Það er enn allt of ríkjandi að ábyrgð innan fjölskyldu og ábyrgð á umönnun barna, jafnvel ábyrgð á öllum samskiptum bæði við eigin fjölskyldu og tengdafjölskyldu hvíli fyrst og fremst á herðum konunnar. Karlar þurfa að koma hér sterkar inn með jafna foreldraábyrgð og fulla þátttöku í fjölskyldulífi, meðvitaðir um eigin stöðu og sitt mikilvæga framlag í fjölskyldunni. Að þessu þarf fræðslan m.a. að beinast.

Þætti eins og fjármálafræðslu gæti verið kjörið að tengja eða gera hluta af stærðfræðiáfanga. Hér er mjög mikilvægt að leita út fyrir skólann og fá fræðslu t.d. beint frá bönkum eða úr atvinnulífi og að taka mið af því sem er að gerast í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Fræðsla af þessu tagi má ekki vera dauður bókstafur eða úr tengslum við umhverfið því þá fellur hún dauð og ómerk.

Fræðsla um ábyrgð á eigin heilsu og fræðsla um umgengni við umhverfið ætti að vera sjálfsagður þáttur í líffræðinámi og hluti af t.d. grunnlíffræðiáfanga. Í skólanum þarf að leggja góðan grunn að vitund um þessa mikilvægu þætti og tryggja þannig uppfræddan almenning sem ekki er háður sérfræðingum til að mata sig á því hvað er rétt og hvað er rangt heldur getur tekið sjálfstæða afstöðu til mála.

Þó ég sé að tíunda þessar leiðir lít ég svo á að hver framhaldsskóli hafi sjálfstæði til að skipuleggja kennslu sína og beri ábyrgð á nánari útfærslu á þessari kennslu eins og öðru sem að skipulagi skólans lýtur. Því þarf í skólanámskrá hvers skóla að gera grein fyrir því hvernig skólinn hyggst ná þessum markmiðum skólastarfsins eins og öðrum.

Það er mikilvægt að markmið þessarar fræðslu verði skýr í aðalnámskrá og að skýrt verði kveðið á um skyldu skóla að fræða nemendur sína eins og lögin gera ráð fyrir.

Ég legg til að máli þessu verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Umræðu frestað.

Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, fyrri umr.

Þáltill. PHB o.fl., 325. mál. — Þskj. 588.

[19:37]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aðgang nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni. Tillagan er á þskj.

588. Flm. auk mín eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristján Pálsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Steingrímur J. Sigfússon og Svanfríður Jónasdóttir.

Ályktunin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag."

Herra forseti. Þessi ályktun er að öllu leyti í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur sagt m.a. að hún stefni að átaki á sviði menntamála. Menntmrn. hefur auk þess tekið fram að það stefni að því að við námsgagnagerð verði nýttir kostir margmiðlunar til að efla menntun og auka fjölbreytni í skólastarfi. Ef þessi tillaga verður samþykkt mun hún undirstrika vilja hins háa Alþingis til að standa að þessum breytingum og átaki sem ríkisstjórnin stefnir að.

Herra forseti. Nýleg könnun á getu íslenskra nemenda í raungreinum sýnir að þeir hafa hugsanlega ekki þá þekkingu og færni sem æskileg er og nauðsynleg ef þjóðin ætlar að standa sig í samkeppni þjóðanna í framtíðinni. Því er þörf úrbóta.

Eins og áðan kom fram í máli hv. þm. um síðasta dagskrárlið er sífellt verið að auka kröfur um nám í sífellt fleiri greinum í skólunum. Börnin þurfa að læra um umhverfismál og fjármál og alls konar ný mál sem gerðar eru kröfur um að þau læri. Því er mál dagsins að auka framleiðnina, gera þeim fært að læra hraðar og betur en hingað til. Í þeirri könnun sem ég gat um áðan var áberandi að í stærðfræði og eðlisfræði stóðu íslenskir nemendur sig frekar illa. En það væri mjög rangt að álykta út frá því að við ættum allt í einu að fara að leggja gífurlega áherslu á þær greinar og gleyma öllum öðrum því það er ekki síður mikilvægt að læra tungumál, íslensku og sögu en stærðfræði. Þess vegna þurfum við að snúa okkur að nýjum verkfærum til að stunda kennsluna og þá kemur tölvan einmitt upp í hugann.

Möguleikar tölvunnar eru gífurlegir. Hún blandar saman texta, tóni, mynd og kvikmynd í einu á meðan við höfum hingað til eingöngu haft bókina sem er texti og töfluna sem er sömuleiðis texti. Hún gerir mögulega hluti sem við sjáum engan veginn fyrir okkur, t.d. að gera stærðfræðina sýnilega, gera eðlisfræðina hreyfanlega, gera tungumálakennsluna þannig að ef smellt er á orð þá kemur framburðurinn viðkomandi máls fram, þýðingin og málfræðin sem varðar orðið. Þannig má hugsa sér ótal möguleika tölvutækninnar sem munu gjörbreyta kennsluháttum ef rétt er að staðið. Auk þess hefur tölvan þann kost að hún er alltaf til staðar fyrir nemandann. Nemandinn ræður ferðinni og hann verður virkur. Tölvan þreytist aldrei. Hún verður aldrei óþreyjufull, jafnvel ekki þegar nemandinn spyr í þrítugasta skipti hvað ákveðið orð í dönsku þýðir. Tölvuvæðing mun nýtast þeim nemendum sem fara út frá meðaltalinu, þeim sem hafa orðið útundan í dag, þ.e. þeim nemendum sem þurfa mikinn tíma og líka þeim nemendum sem þurfa lítinn tíma. Þeir munu nýta þessa tækni mest allra vegna þess að það er nemandinn sem ræður hraðanum.

Með því að nota tölvu og tövuforrit má stórauka framleiðni í kennslu, en í grundvallaratriðum má segja að kennsluformið hafi verið óbreytt um aldir. Það má segja að við kennum enn þá með svipuðu formi og Grikkir til forna, þ.e. það er einn kennari og hópur af nemendum. Auðvitað notum við alls konar tækni en í grundvallaratriðum er þetta svo. Því sem aukin tölvunotkun við kennslu kynni að breyta er að nemandinn verður virkur. Í staðinn fyrir að einn kennari sé virkur og 20–30 nemendur meira og minna óvirkir þá verður nemandinn virkur en kennarinn verður meira og minna óvirkur. Það verður því grundvallarbreyting á kennslunni.

Sumir óttast að með tölvuvæðingu fylgi félagsleg einangrun, börnin sökkvi sér niður í tölvuna og gleymi sér. Þessu þarf að sjálfsögðu að vinna á móti, en ég vil jafnframt geta þess að í núverandi kennslufyrirkomulagi þar sem nemendur eru óvirkir og verða að hlusta og þegja þá eru þeir líka félagslega einangraðir.

Það má ekki gleyma því, en það vill oft gleymast þegar verið er að tala um tölvuvæðingu, að það er ekki nóg að kaupa tölvur. Það er engan veginn þannig. Ég geri ráð fyrir að menn þurfi að áætla að eyða ekki minna fé í hugbúnaðargerð og kaup á hugbúnaði og aðlögun hugbúnaðar heldur en kaup á tölvum. Svo má ekki gleyma því að þetta er ákaflega hröð fjárfesting, ákaflega hröð þróun, og það þarf að afskrifa þennan búnað á mjög stuttum tíma, jafnvel á þrem árum.

Það er mjög mikilvægt við framkvæmd þessa átaks að haft sé samráð og samskipti við kennara um það að þeir séu með í því að þróa og aðlaga hugbúnað og einnig að búa til nýjan hugbúnað og að þeir læri á þann hugbúnað sem fundinn verður.

Ég get ekki látið hjá líða að líta á kostnaðinn sem þessu fylgir. Ef gert er ráð fyrir að þrír nemendur verði um hverja tölvu í grunnskólunum og einn í framhaldsskólunum þá má gera ráð fyrir að það þurfi að kaupa 10.000 tölvur á hverju ári næstu þrjú árin. Og vegna þess hversu afskriftir eru hraðar þá verður það viðvarandi fjárfesting. Ef gert er ráð fyrir sambærilegum kostnaði við þróun hugbúnaðar þá er verið að tala hér um 1,2–1,8 milljarða á ári. Það eru miklir peningar. Þetta er því kostnaðarfrv. á sama tíma og við erum að tala um niðurskurð og hallarekstur á ríkissjóði eða að minnka halla ríkissjóðs og því kann þetta að líta þannig út að þetta sé ekki sérstaklega skynsamlegt. En menntun er fjárfesting og það skiptir verulegu máli í lífskjörum komandi áratuga hvernig staðið er að menntun dagsins í dag. Vegna þess hve langt er í að slík fjárfesting skili arði er hætt við að hún víki fyrir annarri sem sýnist brýnni. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að menn taki á honum stóra sínum og stundi þessa framtíðarfjárfestingu þannig að ekki fari illa fyrir þjóðinni í framtíðinni.

Sveitarfélögin sjá um grunnskólann og þess vegna er nauðsynlegt að þau komi inn í þann þáttinn og að þeim verði séð fyrir fjármunum til að kosta sinn hlut í þessu verkefni. Það mætti huga að því hvort það mætti hægja á einsetningu skóla ef mönnum þykir kostnaðurinn mikill vegna þess að það kann að vera að sú breyting sem tölvuvæðing gæti leitt af sér þýddi allt annan skóla heldur en við höfum nú. Þýddi að ekki yrði lengur um að ræða bekki í hefðbundnum skilningi heldur hópa nemenda sem eru nokkrir um hverja tölvu og að það þyrfti allt aðra uppbyggingu á skólastarfi en hingað til. Þá er slæmt ef kannski er búið að fjárfesta mikið í einsetningu skóla á sama tíma. Svo er líka hugsanlegt að menn líti til þess að foreldrar væru tilbúnir til að kaupa tölvur handa nemendunum og eigi þar af leiðandi hlut í þeim. En það yrði að sjálfsögðu að gerast þannig að skólarnir stunduðu miðstýrt útboð.

Þessi tillaga mun minnka þann aðstöðumun sem er milli þéttbýlis og dreifbýlis vegna þess að með hjálp internetsins getur kennslan verið á einum stað en notuð alls staðar. Þetta er einmitt það sem við sjáum núna í háskólanum þar sem núna er verið að búa til námsefni sem er hægt að nýta út um allan heim. Þannig mun kennslan verða miklu ódýrari og betri og styðja kennarana á hverjum stað, jafnvel í afskekktustu byggðum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál öllu lengra enda er langt liðið á kvöld. Legg ég til að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til menntmn. og síðari umr.

Umræðu frestað.

Grunnskólar, 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474, nál. 636.

[19:47]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með áorðnum breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórunni J. Hafstein og Hrólf Kjartansson frá menntamálaráðuneytinu og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sveitarstjórnir greiði 1,3% af dagvinnulaunum í námsleyfasjóð kennara í stað 1% samkvæmt gildandi lögum. Breyting þessi er nauðsynleg til að tryggja óbreytta möguleika kennara og skólastjórnenda til námsleyfa vegna viðbótarnáms og endurmenntunar eftir flutning grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, en að jafnaði hefur verið unnt að veita 30 námsleyfi á ári.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Herra forseti. Það er rétt að halda því til haga í þessari umræðu að þegar grunnskólalögin voru samþykkt 1995 var miðað við að 1% af dagvinnulaunum dygði til að halda fjölda námsleyfa óbreyttum eftir flutning grunnskólans eða um 30 leyfi á ári. Nú hefur hins vegar komið í ljós að þessi viðmiðun er of lág og til að halda óbreyttum fjölda námsleyfa á ári eftir flutning grunnskólans til sveitarfélaganna þarf viðmiðunartalan að vera 1,3%. Það er viðurkennt af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga að við ákvörðun um tekjustofna vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaganna hafi verið reiknað með 30 námsleyfum. Þessi breyting sem hér er lögð til á 25. gr. grunnskólalaga leiðir því ekki til aukins kostnaðar fyrir ríkissjóð heldur er um að ræða leiðréttingu til að tryggja lagagrundvöll fyrir námsleyfasjóð á vegum sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204, brtt. 637.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 19:50.

73. FUNDUR

miðvikudaginn 19. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði, fsp. GÁ og GHall, 283. mál, þskj. 537.
2. Almenningssamgöngur á landsbyggðinni, fsp. JónK, 318. mál, þskj. 579.

Til iðnaðarráðherra:

3. Vatnsorka utan miðhálendisins, fsp. ÁMM, 316. mál, þskj. 577.
4. Jarðgufuvirkjanir utan miðhálendisins, fsp. ÁMM, 317. mál, þskj. 578.
5. Samburður á launakjörum iðnaðarmanna, fsp. HjÁ, 329. mál, þskj. 593.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Greiðslur sjúklinga fyrir læknisþjónustu, fsp. GuðrS, 335. mál, þskj. 606.

Tilkynning um dagskrá.

[13:31]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að um kl. 3.30 síðdegis fer fram utandagskrárumræða um starfskjör yfirmanna í ríkisbönkunum. Málshefjandi er Mörður Árnason. Viðskrh., Finnur Ingólfsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Lýsing á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Fsp. GÁ og GHall, 283. mál. — Þskj. 537.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til samgrh. um lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er einnig flm. á þessari fyrirspurn. Fyrirspurnin hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. febrúar 1988 um könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði?

Hefur verið leitað leiða til að framkvæma verkið, svo sem boðið er í ályktuninni?"

Það var árið 1988 að Alþingi samþykkti þessa ályktun. Það var Eggert Haukdal, fyrrv. alþm., og fleiri sem fluttu þáltill. þá.

Tilefni þess að ég dusta rykið af þessari þingsályktun er að ég tel að sá tími sé að koma að menn hafi alla vega skilning á mikilvægi þessa verks. Menn sjá glöggt á Reykjanesbrautinni hverja þýðingu lýsing hefur á þeim fjölfarna vegi. Þetta snýr að öryggi vegfarenda. Hellisheiði er fjölfarnasti fjallvegur landsins. Þar er mjög breytileg veðrátta og ég vænti þess enn fremur að með batnandi fjárhag ríkisins standi vilji til þess að framkvæma svona verk sem veitir vegfarendum aukið öryggi.

Ég viðurkenni auðvitað að það er margt fleira sem mætti gera á þessari leið og er baráttumaður þess að auka öryggi vegfarenda.

Ég minnist þess hvað Reykjanesbrautina varðar og lýsingu þar að þar kom sérstök fjárveiting til lagfæringar á þeim vegi utan skipta sem nýtt var í þessa framkvæmd.

Hvað aðra þætti varðar er auðvitað hægt að breikka veginn, það er hægt að lagfæra hann mjög með aukaakreinum í beygjum. Við sjáum það glöggt t.d. að enn vantar aukaakrein í Draugahlíðinni fyrir ofan Litlu kaffistofuna. Við sjáum muninn í skíðaskálabrekkunni og Lögbergsbrekkunni þegar komin er aukaakrein hversu mikilvægar þær eru og draga úr slysum.

Enn fremur má minnast á að það er jafnvel hægt að laga brekkur með því að nota heitt vatn sem þarna er til þess að bræða klakann þannig að það er af mörgu að taka hvað þetta varðar. Þessi leið er jafnfjölfarin og Reykjanesbrautin stóran hluta af árinu eða milli 5 og 6 þúsund bifreiðar á dag. En meðaltalið yfir árið eru 3.500 bílar.

Ég legg þessa fyrirspurn í hendur hæstv. samgrh.

[13:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Spurt er:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. febrúar 1988 um könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði?

Hefur verið leitað leiða til að framkvæma verkið, svo sem boðið er í ályktuninni?"

Svar vegamálastjóra er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Áður en spurningunum er svarað beint er rétt að fara nokkrum orðum um lýsingu vega almennt. Einungis örfáir vegarkaflar eru upplýstir hér á landi. Í öllum tilvikum hefur Alþingi veitt fé til slíkra verkefna og þau sérstaklega tiltekin í vegáætlun. Geta má þess að í nálægum löndum heyrir það einnig til undantekninga að vegir í strjálbýli séu upplýstir. Erum við að þessu leyti á sama báti og nágrannaþjóðir okkar.

Mikil umræða hefur gjarnan farið á undan ákvörðunum um lýsingu einstakra vegarkafla, nú síðast þegar ákvörðun var tekin um lýsingu Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Leifsstöð. Það verkefni var að mestu leyti unnið á síðasta hausti, 1996, og því verður lokið í ár.

Á Reykjanesbraut er mjög stór hluti skráðra umferðaróhappa í því fólginn að bílum er ekið út af vegi, 40–50%. Veruleg hætta er á að hluti þeirra bíla aki á ljósastaurana á leið sinni út af veginum og lýsingin dragi þá ekki úr slysahættu í sama mæli og að er stefnt. Hér eru raunar komin helstu rök gegn lýsingu á þjóðvegum í strjálbýli ásamt því að kostnaður við lýsingu er mikill. Væri eðlilegt að öryggisúttekt færi fram á viðkomandi vegarköflum áður en ákvörðun er tekin um ráðstöfun mikilla fjármuna til eins þáttar sem snertir öryggi vegfarenda.

Til að draga úr hættu vegna ákeyrslu á staura var ný tegund staura keypt á Reykjanesbrautina. Þessir staurar eiga að ganga í sundur við ákeyrslu og eru því ekki eins hættulegir og eldri gerðir. Á móti eru þeir töluvert dýrari. Ekki er enn komin nein sú reynsla af lýsingu á Reykjanesbraut né þessari tegund nýrra staura þannig að draga megi af henni ályktun um þróun slysatíðni eða alvarleika slysa við ákeyrslu á staura. Ég hygg að þrívegis hafi komið fyrir að ekið hafi verið á ljósastaura við Reykjanesbraut.

Verður þá vikið að fyrirspurninni. Áætlanir um kostnað við lýsingu á Suðurlandsvegi hafa verið gerðar. Nú háttar svo til á þessum vegarkafla að útafkeyrslur eru þar stór hluti óhappa eins og Reykjanesbraut. Er því varlegra að reikna með að hin nýja tegund ljósastaura yrði einnig notuð á Suðurlandsvegi. Kostnaðaráætlun hefur því verið endurskoðuð með tilliti til fenginnar reynslu af Reykjanesbraut. Alls er kaflinn frá Reykjavík að Hveragerði um 35 km og er kostnaður við að lýsa hann áætlaður um 200 millj. kr. Kostnaður við rekstur og viðhald er metinn á 6–7 millj. kr. á ári.

Eins og áður var vikið að hefur lýsing einstakra vega og/eða vegarkafla verið fjármögnuð af því fé á vegáætlun sem komið hefur í hlut viðkomandi kjördæmis. Í raun hafa þingmenn þess kjördæmis gert tillögu um lýsingarverkefnið og hún síðan samþykkt á Alþingi. Ekki er efni til að hafa annan hátt á um það verkefni sem hér um ræðir nema Alþingi móti þá stefnu að lýsingarverkefnið skuli fjármagnað með sérstökum hætti.

Að lokum má benda á að æskilegt væri að nokkur reynsla fáist af lýsingu á Reykjanesbraut áður en ráðist er í ný stórverkefni á þessu sviði."

Svo mörg voru þau orð vegamálastjóra.

Ég vil bæta því hér við að eins og hv. þingmönnum er kunnugt er skólaakstur um allar sveitir, börn koma út að vegum og þar sem umferð er þung og mikil, og það er víðar heldur en á leiðinni til Hveragerðis og kannski færri skólabörn þar en sums staðar annars staðar, hafa verið uppi kröfur um það að lýsa upp vegina um þéttbýlar sveitir til þess að skólabörn verði síður í hættu þegar þau fara yfir veginn, bíða skólabílsins og þar fram eftir götunum. Eins vil ég benda á að víða um land háttar svo til að töluvert er um hestamenn á þjóðvegum eða við þjóðvegi og það hafa einnig komið fram kröfur um það að lýsingar verði settar upp til þess að draga úr slysum af því tagi.

Í þriðja lagi hefur verið rætt um það mjög mikið hér á Alþingi hvaða hætta stafar af einbreiðum brúm og svaraði ég fyrirspurn um það mál á síðasta þingi þannig að það er að ýmsu að hyggja og ugglaust erfitt að koma í veg fyrir öll slys. Ég tel persónulega að ekki sé komin tími til þess að lýsa upp veginn yfir Hellisheiði, það séu önnur verkefni brýnni eins og nú stendur á.

[13:41]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að undrast svör hæstv. ráðherra á sama hátt og ég undraðist þegar ég las Morgunblaðið 15.

þessa mánaðar þar sem hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, skrifar grein sem heitir Raflýsing austur fyrir fjall er forgangsverkefni, og gefur í skyn að þingmenn Sunnlendinga séu að kanna þetta mál og ekki síst þingmenn Sjálfstfl.

Eins og hér hefur verið minnst á, þá hefur Alþingi talað í þessu máli. Hv. þáv. þm., Eggert Haukdal, flutti um þetta þáltill. sem var samþykkt. Það gerðist 28. febrúar 1988. Og hver var þá forsætisráðherra þjóðarinnar? Það var raunar 1. þm. Suðurl. Ég hlýt því að spyrja ráðherra: Hefur ályktun Alþingis ekkert að segja í þessu máli? Á að hunsa hana áfram eða skyldi vera eitthvert samhengi þar á milli hver flutti tillöguna hér fyrr á tíð?

[13:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar og svara ráðherrans þykir mér rétt að benda á að reynsla af þessu fyrirkomulagi liggur fyrir á Óshlíð, á veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, en fyrir nokkrum árum var sett upp lýsing á þeim vegi að ósk heimamanna sem töldu það verkefni öðrum brýnna í öryggisskyni.

Það er álit mitt og fleiri að reynslan af þessari framkvæmd sé sú að hér hafi verið rétt metið og það sé full ástæða til þess að hafa þá framkvæmd að lýsa fjölfarna millibyggðavegi mjög framarlega í forgangsröð þannig að ég get ekki tekið undir það sjónarmið sem kom fram í svari hæstv. ráðherra.

Hins vegar er líka rétt að benda á að á þessu landsvæði eru fleiri brýn verkefni og þingmenn kjördæmanna sem þar eru, á Suðurlandi og Reykjanesi, verða að meta það. Mér finnst t.d. vegur á milli Grindavíkur og Þorlákshafnar eftir ströndinni vera ákaflega brýnt verkefni sem m.a. hefur þann kost að losna við fjallveg og hafa fleiri leiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu en annars er og það er mikill kostur.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir þá greinargerð frá Vegagerðinni sem hæstv. ráðherra las hér og hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu. Ég tek undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að vissulega var þetta ályktun Alþingis og Alþingi hefur talað í þessu máli og þetta snertir náttúrlega mjög mikinn fjölda fólks, ekki bara á Suðurlandi heldur ekki síður á höfuðborgarsvæðinu sem eiga heils árs hús og sumarlönd austan fjalls.

Vissulega er það svo eins og kom fram í máli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar að það eru mörg stór verkefni sem bíða, ekkert síður á Suðurlandi en annars staðar. Hann minntist hér á mikilvægan veg með suðurströnd landsins frá Grindavík til Þorlákshafnar. Ég tek undir það og ég gæti farið út í að ræða um mörg þau stóru verkefni sem við þurfum að verja peningum í á Suðurlandi til þess að bæta þar atvinnu og samgöngur.

Hitt er rétt að sú fjármögnun sem notuð var til lýsingar á Reykjanesbraut kom af sérstökum lið sem Alþingi mótaði og ég tel að þetta sé hliðstætt mál eins og ég rakti í fyrri ræðu minni. Stóran hluta ársins er svipuð umferð, hættulegri leið á margan hátt. Ég ítreka því að þetta er brýnt verkefni. Auðvitað er að mörgu að huga eins og hæstv. ráðherra talaði um, einbreiðar brýr og fleira, en samt sem áður vona ég að það dragist ekki lengi enn að þetta mikilvæga verkefni, sem er bæði byggðamál og öryggisatriði, verði framkvæmt á allra næstu árum.

[13:46]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil segja það við hv. 5. þm. Vestf. að erfitt er að bera Óshlíðina saman við aðra vegi hér á landi, þar sem Óshlíðin er hættulegasti vegur sem liggur á milli tveggja kaupstaða og eftir að göngin komu í Múlanum orðinn hættulegri vegur en Múlavegur og raunar hættulegri en aðrir vegir fyrir vestan þannig að það er ekkert endilega hliðstætt við aðstæður annars staðar á landinu. En það hefur verið ráðist í margvíslegar öryggisráðstafanir einmitt á Óshlíðarvegi sem við höfum ekki treyst okkur til að ráðast í annars staðar og skal ég ekki fara nánar út í það hér, en kýs þó að bera saman þessa tvo vegi, til Ólafsfjarðar og Bolungarvíkur. Við getum líka tekið veginn til Súðavíkur eða til Flateyrar í þessum samanburði og við vitum að Óshlíðin er þar alveg sér á parti.

Í sambandi við málið almennt vil ég segja það að Þjórsárbrúin er sá staður á Suðurlandi sem ýmsir horfa mjög til. Það er sú brú þar sem næstflest slys hafa orðið á undanförnum árum næst á eftir Botnsánni í Hvalfirði. Ég vil líka segja það að ég átta mig ekki alveg á því hvaða rök eru fyrir því að brýnna sé að lýsa Hellisheiði heldur en t.d. leiðina frá Hveragerði til Selfoss ef við tökum inn í dæmið þá umferð skólafólks og barna sem er einmitt á þeim slóðum, þá byggð sem þar er við veginn. Ég hygg að þetta mál sé ekki einfalt, við verðum að reyna að velja og hafna og það sé á ýmislegt að líta þegar við erum að hugsa um öryggismál umferðarinnar.

Almenningssamgöngur á landsbyggðinni.

Fsp. JónK, 318. mál. — Þskj. 579.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Á þskj. 579 flyt ég eftirfarandi fyrirspurn til samgrh. um almenningssamgöngur á landsbyggðinni:

1. Hefur samgönguráðuneytið kynnt sér horfur í almenningssamgöngum á landsbyggðinni eftir uppsagnir Pósts og síma hf. og Flugleiða á samningum við sérleyfishafa?

2. Mun ráðuneytið beita sér fyrir aðgerðum til þess að tryggja almenningssamgöngur í sessi við þessar nýju aðstæður?

Við þessar spurningar er kannski ekki miklu að bæta, en þó vil ég skýra þær í fáum orðum. Þann 4. des. sl. ritaði Félag sérleyfishafa samgn. Alþingis bréf þar sem m.a. er rætt um að blikur séu á lofti í sérleyfismálum vegna breyttrar áherslu í póstflutningum. Þar segir að ljóst sé að nokkur sérleyfi, sérstaklega á Austfjörðum, muni leggjast af vegna þess að póstflutningar sem hafa verið 60–70% af tekjum þessara sérleyfishafa muni færast frá þeim um næstu áramót. Auk þess hafi Flugleiðir sagt upp samningum á einstökum leiðum. Ljóst sé að fjárhagsgrundvöllur sérleyfishafa sé brostinn í fámennum byggðarlögum þegar samningar við þessa aðila eru ekki lengur fyrir hendi.

Ég tel að þarna sé drepið á mjög alvarlegt mál því að samgöngur sérleyfishafa, t.d. á Austurlandi sem vitnað er sérstaklega til, eru mjög mikilvægar fyrir samgöngukerfið í þessum landshlutum og flugið, svo dæmi séu tekin, heldur uppi samgöngum við almenning við fámenni og slæmar aðstæður oft og tíðum.

Ég geri mér alveg ljóst að vald ráðuneytisins til að segja fyrir í þessum efnum er takmarkað og ég geri mér ljóst að

það er ekki á valdi samgrh. að mæla fyrir um það hvaða samninga Flugleiðir hf. gera við sérleyfishafa. Hins vegar hefur það verið þannig að hið opinbera, ríkisvaldið hefur látið sig þessi mál nokkru skipta. Sérleyfishafar hafa notið styrkja frá ríkisvaldinu sem eru ákveðnir við fjárlagagerð og af samgn. Alþingis og eftir samráð við samgrn. þannig að það er eðlilegt að spurt sé hvort ráðuneytið hafi í huga að setja vinnu í að kafa ofan í þessar breyttu aðstæður sérleyfishafanna. Þess vegna er málinu hreyft hér opinberlega.

[13:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég óskaði eftir því við Flugleiðir að fá upplýsingar um þau atriði sem hér er spurt um og segir í bréfi frá Flugleiðum um þessi atriði:

„Bolungarvík. Samningur við Guðmund Hafstein Kristjánsson sérleyfishafa. Föst greiðsla 3.000 kr. á ferð en það eru tíu ferðir í viku. Kostnaður um 123 þús. kr. á mánuði fyrir fólksflutninga en innifalinn í þessari greiðslu er flutningar og frakt.

Djúpivogur. Samningur við Hjört Ásgeirsson. Föst greiðsla 116.500 kr. á mánuði fyrir fólksflutninga en aukalega er greitt fyrir frakt sem er um 14 þús. kr. á mánuði. Keyrir fimm ferðir í viku.

Höfn. Samningur við Austurleið um keyrslu frá Hornafirði á flugvöllinn. Föst greiðsla 876 kr. á ferð, samtals kostnaður á mánuði 32 þús. kr. Keyrir í öll flug.

Norðfjörður. Samningur við Austfjarðaleið ehf. sem er í eigu Hlífars Þorsteinssonar um keyrslu milli Egilsstaða, Reyðarfjarðar, Eskifjarðar og Neskaupstaðar níu sinnum í viku. Föst greiðsla á mánuði 62.500 kr. fyrir fólksflutninga og aukalega greitt fyrir frakt 50 þús. á mánuði.

Húsavík. Um áramótin 1994–1995 var samningi sagt upp við Björn Sigurðsson sérleyfishafa um akstur á milli Húsavíkur og Aðaldalsflugvallar. Samningurinn var um fasta greiðslu á hverja ferð, 2.100 kr. en keyrt var í öll flug Flugleiða hf. sem voru um sjö flug í viku. Ástæða uppsagnar var endurskipulagning á starfsemi Flugleiða á Húsavík sem fólst í uppsögn umboðsmanna og ráðningu starfsfólks. Í framhaldi af þessu var samið við Björn um að sjá um vöruafgreiðslu Flugleiða á Húsavík og akstur á vörum til og frá Aðaldalsflugvelli. Um mitt ár 1996 óskaði Björn eftir breytingum á samningi sem varð til þess að Flugleiðir tóku aftur yfir alla starfsemi vöruafgreiðslu.

Kostnaður Flugleiða hf. innan lands vegna rútusamninga á þessum stöðum sem getið var hér að ofan er 334 þús. kr. á mánuði sem er föst greiðsla til viðkomandi aðila. Samningum var sagt upp í nóvember 1996 og tekur uppsögnin gildi 1. mars 1997."

Í svari Pósts og síma segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Póstur og sími hf. hefur haft til umsagnar fyrirspurn frá Alþingi um almenningssamgöngur á landsbyggðinni, þ.e. þann hluta fyrirspurnarinnar sem snýr að Pósti og síma hf. og varðar breytingar á póstsamgöngum og uppsögnum samninga við sérleyfishafa í kjölfar þeirra. Af hálfu Pósts og síma hf. hefur verið markvisst unnið að því á undanförnum árum að hagræða á sem flestum sviðum og jafnframt að koma í vaxandi mæli til móts við þarfir viðskiptavina, jafnt innlendra fyrirtækja sem erlendra póststjórna um aukin gæði. Einn liður í þessu hefur verið næturakstur frá Reykjavík til Akureyrar og frá Reykjavík til Egilsstaða.

Næturakstur til Akureyrar hófst í júní 1992 og var bylting í póstsamgöngum á þeim tíma. Reynslan af þeim akstri hefur verið mjög góð og hefur leitt til þess að nú fá allir íbúar þéttbýlisstaða á þessari leið bréf sín í hendur á fyrsta virka degi eftir að þau eru póstlögð. Póstmagn á þessari leið hefur tvöfaldast í kjölfarið.

Í júlímánuði 1995 var hafinn tilraunaakstur að næturlagi frá Reykjavík til Egilsstaða. Reynslan af þeim akstri hefur öll verið á sömu lund og akstur til Akureyrar, þ.e. að gæði þjónustunnar hafa aukist verulega, starfsumhverfi starfsfólks hefur einnig batnað því að póstur berst nú fyrir opnunartíma pósthúsanna og póstmagn hefur aukist. Því var þessi akstur boðinn út á miðju ári 1996 og hóf nýr verktaki störf þann 1. des. sl.

Með næturakstrinum og breytingum honum tengdum verða samningar við sérleyfishafa sem áður sá um þessa flutninga óþarfir og því er nú verið að segja upp þessum samningum. Póstur og sími hf. er fyrirtæki á sviði flutningastarfsemi og reynir því eftir föngum að halda kostnaði niðri. Ekki er séð að fyrirtækinu sé ætlað að tryggja almenningssamgöngur á landsbyggðinni en hins vegar mun Póstur og sími hf. hér eftir sem hingað til nýta sér samvinnu við sérleyfishafa á þeim flutningsleiðum þar sem hagsmunir sérleyfishafa og póstþjónustunnar um áætlanir og ferðatíðni fer saman."

Í svari frá skipulagsnefnd fólksflutninga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skipulagsnefnd fólksflutninga hefur lítillega rætt afleiðingar uppsagna Pósts og síma og samninga við sérleyfishafa en ekki ályktað sérstaklega um málið. Uppsagnir Flugleiða eru nýtilkomnar og hafa ekki enn verið ræddar í nefndinni. Fulltrúi sérleyfishafa í nefndinni hefur nokkrum sinnum borið málið upp og lýst áhyggjum sínum vegna þess og hefur það verið fært til bókar. Hefur hann sérstaklega bent á að hætta væri á að áætlunarferðir legðust af á fáfarnari leiðum þar sem póstflutningar hafa skapað jafnvel mestan hluta tekna viðkomandi.

Það er ljóst að sérleyfisakstur á undir högg að sækja. Farþegum hefur fækkað jafnt og þétt á undanförnum árum. Íslendingar ferðast minna og minna með áætlunarferðum en ferðamenn yfir sumartímann hafa víða haldið þessu mikið uppi.

Það má segja að sérleyfisakstur sé styrktur á tvennan hátt í dag. Í fyrsta lagi eru sérleyfishafar verndaðir gegn beinni samkeppni. Í öðru lagi fá þeir endurgreiddan hluta þungaskatts. Endurgreiðslan hefur miðast við 15 tonna gjald en flestir leyfishafar, sérstaklega þeir minni, aka með minni bíla en það. Ríkisskattstjóri hefur nú ákveðið að breyta endurgreiðsluforminu þannig að þessir aðilar fá endurgreitt í samræmi við þá bíla sem notaðir eru hverju sinni. Þetta þýðir skerðingu hjá flestum." (Forseti hringir.)

Ég bið afsökunar á því að hafa ekki lokið svari mínu, en mun gera það í síðari ræðu minni.

[13:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem farið hefur fram um þessi mál. Ég held að þessi þáttur samgangna í okkar landi sé stundum vanmetinn, þ.e. almenningssamgöngurnar vegna þess að hér er um að ræða mjög mikilvægan hlekk í þeirri samgöngukeðju sem þarf að vera til staðar úti um allt land.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að almenningssamgöngur okkar á þessu sviði eru ekki ríkisstyrktar eins og þó er um almenningssamgöngur víða í Evrópu t.d. en það sem er kannski alvarlegast í þessu er það sem hæstv. ráðherra nefndi í lok ræðu sinnar áðan, sú breyting sem stendur fyrir dyrum vegna úrskurðar ríkisskattstjóra á skattlagningu þungaskatts á almenningsfarartækjum.

Það er alveg ljóst mál að ef þessi breyting kemur í framkvæmd mun hún sérstaklega verða íþyngjandi fyrir litlu fyrirtækin úti um allt land sem starfrækja almennt minni áætlunarbíla og það er alveg ljóst mál að þetta getur hreinlega riðið þessum rekstri víða um landið að fullu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hyggist ekki beita sér fyrir því að þessari ákvörðun verði breytt, einkanlega í ljósi þess að nú standa fyrir dyrum gagngerar breytingar og algjör uppstokkun á fyrirkomulagi þungaskattsins með upptöku olíugjalds.

[13:58]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda að hreyfa mikilvægu máli. Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að ríkisvaldið hefur verið æðiafskiptalaust þegar kemur að þessum mikilvæga þætti, almenningssamgöngum, bæði í þéttbýli og dreifbýli og gerir lítt annað en að skattleggja þennan mikilvæga þátt samgangna.

Ég vil hins vegar gera alvarlegar athugasemdir við þau svör sem okkur er boðið hér upp á. Í fyrsta lagi heyrðist ekki í ráðherranum, hann muldraði hér ofan í barm sér. Í annan stað hefur hann greinilega farið í nám í hraðlestri því að það var ekki að skilja nema annað hvert orð sem frá honum kom. Og í þriðja lagi kom ekkert aukatekið orð frá honum sjálfum. Hann las hér yfirlýsingar fyrirtækja á borð við Flugleiðir og hlutafélagið Póst og síma en lagði ekkert mat á það sjálfur. En ég hafði haldið, virðulegi forseti, að tilgangur þessara orðræðna milli þingmanna og ráðherra væri fólginn í því að fá álit þeirra og samandregnar upplýsingar sem þeir afla en ekki að lesa hér bréf eða pappíra frá fyrirtækjum eða mönnum úti í bæ.

[14:00]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Hins vegar sagði hann í lok ræðu sinnar að hluti af svarinu væri eftir og ég býst við að það sé sá hluti sem snýr að afstöðu ráðuneytisins til þessara mála. Ég þakka einnig þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls í umræðunni. Ég tek undir það sem hv. formaður samgn. sagði að ein af þeim aðgerðum sem kæmu til greina í þessum málum væri skattalegs eðlis. Hins vegar hef ég þá trú að miðað við þessar aðstæður, miðað við þau viðskipti sem þessir aðilar eru að missa þá verði að koma til einhvers konar aðgerðir ríkisvaldsins til að reyna að tryggja þessa starfsemi í sessi. Því að þó að vissulega sé farþegafjöldinn með þessum aðilum e.t.v. minnkandi og einkabíllinn sé notaður í ríkum mæli þá er þetta þó afar mikilvægur samgönguþáttur á landsbyggðinni. Það er ekki nóg að færa áhyggjur sérleyfishafa til bókar eins og ráðherra hafði eftir þessari skipulagsnefnd fólksflutninga. Það verða að koma aðgerðir til í þessu og auðvitað þarf þingið og framkvæmdarvaldið að vinna að því að fá úrlausn í þessum málum. Ég bíð eftir seinni hluta svars ráðherrans. Ég veit að hann kemur inn á það þá hvaða afstöðu ráðuneytið hefur í þessum efnum.

[14:02]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Nú um skeið hefur starfað vinnuhópur á vegum samgrn. og fulltrúa frá sérleyfishöfum til þess að gera úttekt á málefnum sérleyfishafa. Það er verið að athuga það sérstaklega hvort hægt sé að koma við hagræðingu með meira samstarfi milli sérleyfishafa en áður hefur verið eða fram að þessu með samruna fyrirtækja og er reynt að hraða störfum eftir því sem unnt er. En ef það er ljóst að slíkar aðgerðir dugi ekki og vilji menn eftir sem áður örugglega tryggja þær samgöngur á landi með langferðabílum sem verið hafa er ekki hægt að gera það með öðrum kosti en þeim að niður séu felld gjöld sem á greininni hvíla eða með beinum styrkjum ríkis eða sveitarfélaga. Ég held að þetta sé öldungis ljóst. Við stöndum því frammi fyrir því eftir að póstsamgöngur hafa batnað og komið er meir til móts við neytendur en verið hefur vegna krafna manna um það að pósturinn berist þegar í stað, þá er ekki hægt að mæta þeim tekjumissi sem sérleyfishafar verða fyrir með öðrum hætti en þeim að hið opinbera komi inn í staðinn, annaðhvort með beinum styrkjum eða lægri gjöldum vegna þess að það er ekki hægt að hækka fargjöld frekar en nú er.

Vatnsorka utan miðhálendisins.

Fsp. ÁMM, 316. mál. — Þskj. 577.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Að undanförnu hefur orðið mikil umræða um það hvernig stóriðja með tilheyrandi orkuöflun og ferðamennska sem byggir á náttúruvernd og náttúruskoðun og dvöl úti í náttúrunni geti farið saman. Ég hef af því tilefni lagt fram svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. iðnrh.:

„Hversu mikið er hægt að virkja af vatnsorku utan miðhálendisins svo hagkvæmt sé?"

[14:05]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hversu mikið sé hægt að virkja af vatnsorku utan miðhálendisins svo hagkvæmt sé. Ég vil í svari mínu skipta landinu í þrjú meginsvæði. Skiptingin er eftirfarandi:

1. Svæði sem einhver orkuvinnsla fer þegar fram á, hvort sem það er á eða utan miðhálendisins.
2. Svæði utan miðhálendisins sem ekki eru nýtt.
3. Svæði á miðhálendinu sem ekki eru nýtt.

Virkjanakostum er hér skipt í þrjá flokka eftir hagkvæmni:

Í fyrsta flokk eru settir virkjanakostir þar sem orkukostnaður er undir 20 kr. á kwst. á ári en þar undir eru t.d. virkjanir í efri hluta Þjórsár sem hagkvæmt er talið að ráðast í á næsta áratug.

Í öðrum flokki eru virkjunarkostir þar sem orkukostnaður er á bilinu 20–25 kr. á hverja kwst. Efri mörkin í þessum flokki eru sett u.þ.b. 50% hærri en orkukostnaður við væntanlega virkjun á Sultartanga.

Í þriðja flokknum eru virkjunarkostir þar sem orkukostnaður er hærri en 25 kr. á kwst. á ári eða þá að virkjunarkostnaðurinn er ekki þekktur eins og er í nokkrum tilfellum.

Í svari þessu verður ekki gerð tilraun til að meta hvort einstökum virkjunarkostum kann að verða hafnað eða tilhögun þeirra breytt vegna röskunar á umhverfi. Á miðhálendinu er

upprunninn meiri hluti vatnsorku landsins, utan þess er nýtanlega vatnsorka á láglendi landsins, á Vestfjarðakjálkanum og á norðausturhorni landsins. Alls er talið tæknilega unnt að virkja um 41.000 gwst. á ári.

Á því svæði þar sem orkuvinnslan er hafin er búið að virkja 4.900 gwst. á ári. Á þessu svæði væri hægt að auka orkugetuna um 6.900 gwst. á ári sem skiptist þannig að í Þjórsá eru 3.800 gwst. á ári, um 120 gwst. í Blöndu og 3.000 í Jökulsá í Fljótsdal. Af Þjórsárvirkjunum eru um 1.700 gwst. á ári þegar í byggingu eða á útboðsstigi og er þá Sultartangi meðtalinn. Þær 2.000 gwst. á ári sem þá eru eftir eru hagkvæmar og að mestu flokkaðar, eins og ég greindi áðan, í fyrsta flokk. Fljótsdalsvirkjun sem talin er í þessum flokki yrði afar hagkvæm og yrði þess vegna flokkuð í fyrsta flokk.

Vatnsorka á láglendi er mest á Suðurlandsundirlendinu. Þar af er mest orka í Þjórsá þar sem virkja má tvær til þrjár stórvirkjanir, yfir 5.000 gwst. á ári, svo sem við Núp, Búðafoss og Urriðafoss. Alls eru þessir virkjunarkostir taldir geta gefið um 2.100 gwst. á ári, þar af eru 1.400 gwst. taldar vera í hagkvæmnisflokki tvö en 700 gwst. mundu líklega flokkast í hagkvæmnisflokk þrjú.

Nokkrar smávirkjanir eru hugsanlegar í viðbót á Suðurlandsundirlendinu en væntanlega mundu þær flokkast í þriðja flokk og teljast til óhagkvæmra virkjunarkosta. Þá má nefna virkjunarstaði í dölum á Vestur- og Norðurlandi, svo sem í Hvítá í Borgarfirði, Blöndu og Þistilfjarðaránum. Í Héraðsvötnum og á Skjálfandafljóti er hægt að virkja eitthvað stærra.

Á Vestfjarðahálendinu eru tvö virkjunarsvæði. Annað er Glámuhálendið þar sem virkja má um 450 gwst. á ári. Þeir virkjunarkostir mundu flokkast í hagkvæmnisflokk þrjú. Hitt er Ófeigsfjarðarheiðin þar sem virkja mætti um 1.200 gwst. á ári og sá virkjunarkostur mundi líklega flokkast í hagkvæmnisflokk tvö.

Á svæðum á láglendi þar sem nýting er ekki hafin er talið að unnt sé að vinna um 9.100 gwst. á ári. Þar af er talið að um 570 gwst. á ári mundu fara í hagkvæmnisflokk eitt, 3.060 í tvö og 5.500 í hagkvæmnisflokk þrjú.

Á miðhálendinu mætti framleiða um 19.000 gwst. á ári. Þar af er rúmlega helmingur sem vatnsafl sem ekki hefur verið nýtt. Um það bil 9.000 gwst. á ári mundu fara í hagkvæmasta flokkinn, þ.e. fyrsta flokk, 2.000 í þann næsthagkvæmasta og 8.000 gwst. í þann þriðja. Alls er talið að tæknilega sé unnt að auka orkuvinnsluna um nálega 16.000 gwst. á ári á svæðum þar sem nýting er hafin eða utan miðhálendisins. Í hagkvæmasta flokknum eru um 7.400 gwst. á ári. Þar af eru tæplega 1.800 í byggingu eða á útboðsstigi. Í þessum flokki er einnig Fljótsdalsvirkjun með 3.000 gwst. á ári. En eins og áður hefur komið fram er hún talin í þeim flokki sem hagkvæmastur er.

Rétt er að ítreka að í þessum tölum hefur ekki verið tekið tillit til einstakra virkjanakosta sem kunni hugsanlega að verða hafnað af umhverfisástæðum.

[14:11]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda, Árna M. Mathiesen, fyrir að bera fram slíka fyrirspurn og hæstv. ráðherra fyrir svarið. Það hefur komið fram í fjölmiðlum og í umræðum að ástæða er til að endurskoða ýmsa þá kosti sem menn hafa rætt vegna umhverfisáhrifa, t.d. er Bjarnarflagsvirkjun, sem er reyndar gufuvirkjun, komin af borðinu eftir því sem mér skilst og fleiri gætu hugsanlega farið sömu leiðina. Það eru hins vegar til hagkvæmir kostir sem hafa óvenjulítil neikvæð umhverfisáhrif og þar er mér ofarlega í huga sá kostur sem nefndur er Villinganesvirkjun sem hefur mjög lítil neikvæð umhverfisáhrif, fremur jákvæð ef eitthvað er. Það vill stundum gleymast að meta hin jákvæðu umhverfisáhrif en skipulagning við hlið uppbyggingar í ferðaþjónustu er í mínum huga mikilvæg og aðalatriðið það að virkjanir eins og virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði og virkjun skagfirsku fallvatnanna styrkir byggð á svæðunum.

[14:12]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Um leið og ástæða er til þess að þakka hv. þm. Árna M. Mathiesen fyrir að leggja fram þessa fyrirspurn er kannski rétt að velta því fyrir sér hvort sé ekki kominn tími til þess að skoða mjög rækilega og frá grunni hvernig hægt er að samhæfa þá hagsmuni sem liggja annars vegar í orkugeiranum og hins vegar í ferðamálum og umhverfismálum. Og þá mætti kannski spyrja hæstv. iðnrh. hvort sé verið að athuga það, á vegum iðnrn. eða ríkisstjórnarinnar í heild, hvernig taka megi á þessum hagsmunamálum sem oft á tíðum er fjallað um sem dæmigerð árekstramál. En að mínu viti þyrfti að tala um málið með það í hyggju að ef við ætlum að bæta hagvöxt þjóðarinnar til lengri tíma þá þurfum við að taka tillit til orkumála, ferðamála og umhverfismála í heild þannig að þetta kallar á heildarskoðun.

[14:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta var afar fróðleg fyrirspurn og það svar sem við henni kom. En ég vil vekja athygli á því að væntanlega eru allir arðsemisútreikningar á þessum virkjunarkostum byggðir á því að ekki þurfi að greiða íbúum á landsvæðum sem leggja til virkjunarstaðinn neitt sérstakt gjald fyrir virkjunarréttindin. Oft á tíðum leiðir þessi virkjun til þess að það er framleitt rafmagn á einum stað, það er flutt til Faxaflóasvæðisins til að byggja þar upp atvinnulíf sem jafnhliða veikir undirstöður byggðar á þeim stöðum þar sem virkjað er. Það er því eðlilegt að mínu mati, sérstaklega í ljósi þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um Landsvirkjun þar sem Landsvirkjun er orðin gróðafyrirtæki fyrir eigendur, peningaframleiðslufyrirtæki fyrir tvo sveitarsjóði og ríkissjóð, að þær kröfur komi frá landsbyggðinni að það verði að gera ráð fyrir því að borga landsvæðunum peninga fyrir virkjunarréttinn.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir mjög greinargóð svör. Ég gerði mér grein fyrir því þegar ég lagði fram fyrirspurnina að það væri ekki þægilegt að koma svari fyrir í stuttu máli en mér sýnist það hafa tekist nokkuð vel. Hins vegar er ljóst á svarinu að virkjunarkostir okkar utan hálendisins sem eru eins hagkvæmir og þeir sem mögulegir eru á hálendinu eru ekki mjög miklir, sérstaklega ef maður lítur til þess að Fljótsdalsvirkjun fylgja umtalsverðar framkvæmdir á hálendinu og því yrði að skoða þá framkvæmd í samhengi við það sem við ætlum okkur að nýta á hálendinu í framtíðinni. Þetta segir okkur hins vegar líka að það er ekki ómögulegt að virkja utan hálendisins og því er þetta eins og svo oft áður spurning um krónur og aura, hvort er hagkvæmara fyrir okkur að virkja — vatnsorkuna til raforkuframleiðslu eða landið til ferðaþjónustu.

[14:16]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held ég hafi tekið það rækilega fram í svari mínu áðan að í þeim möguleikum sem þarna eru taldir er ekki tekið tillit til þess að hugsanlega geta auknar kröfur í umhverfismálum haft einhver áhrif. Ég er sannfærður um að þó við lítum ekki til baka nema fimm ár þá hafa þau virkjanaáform sem menn höfðu þá uppi að einhverju leyti breyst þó ekki væri nema bara á undanförnum vikum og mánuðum þannig að í þessum efnum held ég að hlutirnir geti tekið miklum breytingum á tiltölulega skömmum tíma.

Ég hef hins vegar óskað eftir því við Orkustofnun að fram fari endurskoðun á möguleikum okkar til þess að nýta orkulindirnar, þ.e. jarðvarmann og vatnsaflið með tilliti til þess að við gerum sífellt meiri og meiri kröfur í umhverfismálum þannig að ég á von á því að Orkustofnun fari í þetta verk mjög fljótlega og því verði hraðað.

Ég tek undir það með hv. þm. Tómasi Inga Olrich að það er mjög mikilvægt að menn stilli ekki atvinnugreinunum upp hverri andspænis annarri, hugsi þetta heldur út frá því hvernig við getum nýtt allar þær auðlindir sem við eigum, hafið, orkuna og mannauðinn líka. Til þess að hægt sé að samhæfa og koma á ákveðnu skipulagi þar sem menn viti fyrir fram hvaða atvinnugreinar sé skynsamlegt að byggja upp á hverjum stað með tilliti til landkosta og með tilliti til staðsetningar auðlindanna þá hef ég óskað eftir því að fá tilnefningu frá einstökum undirstofnunum einstakra ráðuneyta og setja af stað vinnuhóp til þess að fara yfir landið, þar á meðal hef ég óskað eftir tillögum frá Byggðastofnun í þessum efnum, fara yfir landið og kortleggja þau landsvæði þar sem tiltekin atvinnustarfsemi hentar sérstaklega vel með tilliti til þeirra aðstæðna sem þar eru og með tilliti til þess hvar auðlindirnar eru staðsettar. Þetta verk verður nú farið í og er mikilvægt að verði unnið hratt.

Jarðgufuvirkjanir utan miðhálendisins.

Fsp. ÁMM, 317. mál. — Þskj. 578.

[14:19]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er lögð fram af sömu ástæðum og sú fyrirspurn sem hér var til umræðu næst á undan. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hversu mikil orka er virkjanleg svo hagkvæmt sé með jarðgufuvirkjunum utan miðhálendisins?"

[14:19]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr hversu mikil orka sé virkjanleg svo hagkvæmt sé með jarðgufuvirkjunum utan miðhálendisins. Líkt og í fyrra svari mínu við fyrirspurn á þskj. 577 ætla ég að gera tilraun til að skipta landinu aftur upp í þrjú meginsvæði:

1. Svæði þar sem einhver orkuvinnsla fer þegar fram hvort sem það er á eða utan miðhálendisins.
2. Svæði utan miðhálendisins sem ekki eru nýtt.
3. Svæði á miðhálendinu sem ekki eru nýtt.

Heildarvarmaorka háhitasvæðanna hefur verið gróflega áætluð með hliðsjón af útbreiðslu háhitaummerkja á yfirborði jarðar og jarðeðlisfræðimælingum á einstaka svæði. Af þeirri varmaorku sem næst úr háhitasvæðum á hagkvæman hátt er talið að einungis 10–15% skili sér til raforkuframleiðslu. Því ætla ég ekki að gera tilraun til þess að meta hvort nýtingu einstakra háhitasvæða kunni að verða hafnað eða nýting þeirra takmörkuð með tilliti til röskunar á umhverfi.

Raforkugeta þeirra háhitasvæða þar sem einhver orkuvinnsla fer fram nú þegar er 500.000 gwst. Hér er rétt að benda á að um er að ræða hversu mikla raforku mætti vinna á þessum svæðum með þeim varmaforða sem er í berginu og því er ekki um að ræða hversu mikla orku mætti fá úr svæðinu á hverju ári. Sú tala ræðst af því hversu hratt einstök svæði eru nýtt. Þannig mætti t.d. vinna um 5.000 gwst. á ári í 100 ár eða 10.000 gwst. á ári í 50 ár og 1.000 gwst. á ári í 500 ár.

Á háhitasvæðum utan miðhálendisins þar sem nýting er ekki hafin er talið að mætti vinna um 350.000 gwst. Þá mætti vinna á háhitsvæðum á miðhálendinu um 550.000 gwst. að áætlað er.

Ef gert væri ráð fyrir að allur varmaforði allra háhitasvæðanna væri nýttur á 50 árum, sem er líklega heldur lengri tími en svarar til endingartíma jarðgufuvirkjunar, er möguleg raforkuvinnsla frá háhitasvæðum landsins talin vera sem hér segir:

Á svæðum þar sem vinnsla er þegar hafin: 10.000 gwst. á ári.

Á svæðum utan miðhálendisins þar sem orkuvinnsla er ekki hafin: 7.000 gwst. á ári.

Á svæðum á miðhálendinu: 11.000 gwst. á ári.

Samtals er þetta 28.000 gwst. á ári.

Árleg vinnslugeta háhitasvæða til raforkuvinnslu utan miðhálendisins eða á svæðum á miðhálendinu þar sem vinnsla fer þegar fram er því áætluð 17.000 gwst. á ári ef reiknað er með 50 ára nýtingartíma. Ekki er talið að öll varmaorka skili sér til vinnslu raforku en eðli máls samkvæmt fæst ekki endanlega úr því skorið fyrr en við vinnslu. Til samanburðar nam raforkuvinnsla með jarðhita á síðastliðnu ári 346 gwst. á því ári. Um hagkvæmni eru aðeins til fremur lauslegar hugmyndir en þó má með vissu segja að raforkuframleiðsla sem aukaafurð með varmavinnslu er mjög hagkvæm, samanber vinnslu á raforku í Svartsengi og þær áætlanir sem núna eru uppi um vinnslu á Nesjavöllum.

Eins og í svari við fyrri fyrirspurninni ætla ég að gera tilraun til þess að skipta virkjunarkostunum upp í þrjá flokka eftir hagkvæmni.

Í fyrsta flokki eru virkjanakostir þar sem orkukostnaður er undir 20 kr. á kwst. á ári. En þar undir eru t.d. virkjanir í efri hluta Þjórsár sem hagkvæmt er talið að ráðast í á næsta áratug.

Í öðrum flokki eru virkjanakostir þar sem orkukostnaður er á bilinu 20–25 kr. kwst. á ári. Efri mörkin eru hér sett u.þ.b. 50% hærri en orkukostnaðurinn í Sultartangavirkjuninni eins og ég sagði frá hér áðan.

Í þriðja flokki eru virkjunarkostir þar sem orkukostnaður er hærri en 25 kr. á kwst. á ári eða virkjunarkostnaður er ekki þekktur.

Þar sem orkuöflun er tryggð og kostnaður af aðstöðu er lágur gætu háhitavirkjanir fallið í fyrsta hagkvæmnisflokk svo sem Bjarnarflag. Annars er talið að háhitavirkjanir á láglendi gætu margar hverjar fallið í annan hagkvæmnisflokk eða jafnvel þann fyrsta. Hér gæti t.d. verið um að ræða háhitasvæði á Suðvesturlandi en athuganir á því svæði liggja ekki fyrir. Þar þarf þó einnig að taka tillit til vaxandi þarfar höfuðborgarsvæðisins fyrir hitaorku og gufu eða varma til

iðnaðar. Einnig þarf þar að hafa í huga að með tilliti til skilvirkrar nýtingar háhitagufu fer best á að sameina varmavinnslu og raforkuvinnslu. Það er því ekki hægt að segja til um hversu mikla orku er hagkvæmt að virkja á háhitasvæðum utan miðhálendisins. Og líkt og í fyrra svari mínu þá hefur í þessum tilraunum til áætlunar ekki verið tekið tillit til þeirra þröngu skorða sem umhverfissjónarmið að einhverju leyti munu setja okkur í þessum efnum.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Mér sýnist að honum hafi tekist ágætlega upp með erfitt verkefni. Ég hef hins vegar oft velt því fyrir mér þegar verið er að tala um orkuvinnslu og ferðaþjónustu hvort einmitt virkjun á jarðgufuorku sé ekki vænlegri kostur til þess að láta það fara saman við ferðaþjónustuna. Það er einmitt svo að þær stærri virkjanir sem við höfum ráðist í hafa orðið að stöðum sem ferðamenn sækja heim og vilja skoða og þetta hefur því getað farið saman hönd í hönd. Við verðum hins vegar að gæta að því að jarðgufuorkan er ekki óendanleg eins og kom fram í svari ráðherrans. Við þurfum því að ganga vel um hana eins og hverja aðra takmarkaða auðlind sem okkur er falin. En það á reyndar að hluta til líka við um vatnsaflsvirkjanirnar að þó þær séu, þegar búið er að byggja virkjanirnar, næstum því eilífðarvélar þá eru möguleikarnir til virkjunar takmarkaðir og við þurfum líka að huga að því að komandi kynslóðir hafi einhverja orku til þess að virkja í framtíðinni. Það hefur stundum verið sagt: Hvernig værum við stödd í dag ef landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson hefði byrjað á því fyrir rúmum ellefu hundruð árum að virkja alla virkjanlega orku á Íslandi og það væri ekkert eftir fyrir okkur í dag? Þetta er okkur til umhugsunar. Við þurfum að fara vel með þessar auðlindir eins og aðrar þær auðlindir sem við höfum með höndum og nýta þær í góðri samvinnu milli allra atvinnugreina landsins.

[14:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að séu einmitt býsna mikil tækifæri sem felast í því að nýta þá kosti sem við höfum í jarðgufunni og virkjun jarðgufunnar og að tengja það við ferðamannaþjónustuna. Einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í landinu er einmitt Bláa lónið sem nákvæmlega er þannig til komið að þar hefur verið sett upp jarðgufuvirkjun og Bláa lónið hefur skapast í kringum hana.

Annað sambærilegt tækifæri væri til norður í Mývatnssveit í kringum Bjarnarflag. Þar var fyrirhugað og er fyrirhugað, það er enn á áætlun Landsvirkjunar, að byggja jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi. Aftur á móti hafa náttúruverndarsamtök neitað, sett því skorður og hafa rétt til þess samkvæmt lögunum um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins. Það leiðir til þess að ef ekki verður byggð þar upp jarðvarmavirkjun þá verður að öllum líkindum ekki hægt að búa þar til svipað lón og í kringum jarðgufuvirkjunina á Suðurnesjum. Síðast í morgun voru fulltrúar úr Þingeyjarsýslu á fundi hjá mér í ráðuneytinu, menn sem eru að reyna að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu og hafa verulegar áhyggjur af því að ef ekki verður byggð upp virkjun á þessu svæði til þess einmitt að skapa aukin tækifæri fyrir ferðamenn til að koma inn á þetta svæði.

Samburður á launakjörum iðnaðarmanna.

Fsp. HjÁ, 329. mál. — Þskj. 593.

[14:29]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Fyrir skömmu fullyrti hæstv. iðnrh. hér í sölum Alþingis að laun iðnaðarmanna í álverinu í Straumsvík væru hærri en almennt gerist meðal starfsbræðra þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Viðbrögð utan þingsins hafa verið nokkuð hörð og fullyrðingin dregin mjög í efa. Efnislega er þetta mál alvarlegt en ekki síður athyglisvert og þar sem málinu var hreyft hér innan þingsins tel ég ekki óeðlilegt að ráðherra iðnaðarmála færi nokkur rök fyrir þessari fullyrðingu. Málið er athyglisvert, m.a. vegna þess að það snýst um það hver reynsla okkar af launamálum erlendrar stóriðju er hérlendis einmitt núna þegar umræða á sér stað um ný tækifæri á þessu sviði. Því er í alla staði eðlilegt að skoða þennan þátt stóriðjunnar. Af framansögðu beini ég þeirri spurningu til hæstv. iðnrh.:

„Hver er munurinn á kjörum iðnaðarmanna hjá álverinu í Straumsvík annars vegar og hjá iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu hins vegar?"

[14:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr á þskj. 593 hver sé munurinn á kjörum iðnaðarmanna hjá álverinu í Straumsvík annars vegar og hjá iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Til þess að fylla enn betur út í það munnlega svar sem ég ætla að gefa þá ætla ég að láta dreifa á borð hv. þm. á eftir fyllra svari við þeirri spurningu sem hér er lögð fyrir.

Samkvæmt upplýsingum Ísals eru iðnaðarmenn sem ekki vinna á vöktum með 169.125 kr. í mánaðarlaun fyrir reglulegan vinnutíma. Reglulegur vinnutími er að meðaltali 37,52 klst. á viku hjá iðnaðarmönnum í dagvinnu hjá Ísal að meðtalinni fastri yfirvinnu. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd eru iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu með að meðaltali 118.500 kr. í heildarlaun á mánuði fyrir dagvinnu. Dagvinnulaunin eru miðuð við 40 greiddar vinnustundir á viku eða 37,05 virkar vinnustundir. Niðurstaðan er því sú að iðnaðarmenn í Ísal fá um 43% hærri laun fyrri dagvinnu en iðnaðarmenn almennt á höfuðborgarsvæðinu. Ef miðað er við iðnaðarmenn á landsbyggðinni er þessi munur miklu meiri.

Laun iðnaðarmanna hjá Ísal eru þannig samansett að til viðbótar grunnlaunum kemur 5% hækkun vegna sveinsbréfs, starfsaldurshækkun í áföngum frá 0–17%, ferðapeningar sem nema föstum 19,5% á allt ofangreint, föst yfirvinna sem er frá 0,75 klst. til 1,75 klst. á viku hjá dagvinnumönnum, flokksstjórnarálag sem er 15%, vaktaálag sem er 26,4%, bónus föst 40,96%, námskeiðsauki sem er einstaklingsbundinn á bilinu 0–6% og að síðustu orlofs- og desemberuppbót.

Til viðbótar framangreindum launagreiðslum fyrir reglulegan vinnutíma koma til að mynda greiðslur fyrir tilfallandi yfirvinnu og kaupauki vegna vinnu við sérstakar aðstæður sem þar eru innifaldar. Auk þess má nefna ýmis hlunnindi svo sem fæði, vinnuföt og ferðir til og frá Straumsvík án endurgjalds, rétt til hlutastarfs og rétt til flýttra starfsloka með sérstökum lífeyri. Orlof er einnig lengra hjá Ísal en almennt gerist. Starfsmenn fyrirtækisins eiga rétt á 30 daga

orlofi eftir þriggja ára starf en þar af verða sex dagar að vera teknir yfir vetrarmánuðina.

Nýjustu upplýsingar kjararannsóknarnefndar um laun iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu eru frá fyrsta ársfjórðungi 1996. Alls voru um 350 iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu í úrtaki nefndarinnar. Dagvinnulaun iðnaðarmanna mældust að meðaltali 118.500 kr. á mánuði eins og ég sagði áðan. Til dagvinnulauna telst dagvinnutaxti að viðbættum hvers kyns aukagreiðslum svo sem yfirborgunum, bónusgreiðslum, fæðispeningum, ferðapeningum, fatapeningum og verkfærapeningum.

Þegar yfirvinna er tekin með í samanburðinn minnkar mjög launamunur iðnaðarmanna í Ísal annars vegar og iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu. Yfirvinna í Ísal er lítil. Samkvæmt upplýsingum í Ísal nam unnin yfirvinna iðnaðarmanna í Ísal tæplega einni vinnustund á viku á árinu 1996. Þannig var meðalvinnutími iðnaðarmanna hjá fyrirtækinu innan við 38,5 klst. á viku en iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu fengu hins vegar greitt fyrir að meðaltali 49 stundir á viku hverri á fyrsta fjórðungi síðasta árs og námu þá heildarlaun með yfirvinnu 167.100 kr. á mánuði. Þrátt fyrir það langa yfirvinnu eru launin í Ísal enn hærri heldur en heildarlaunin hjá iðnaðarmönnum á höfuðborgarsvæðinu.

Hár starfsaldur starfsmanna Ísals hefur nokkur áhrif á þennan samanburð þótt hann skýri reyndar ekki nema lítinn hluta launamunarins. Meðalstarfsaldur starfsmanna Ísals er um 19 ár sem er gríðarlega hár starfsaldur í fyrirtæki sem ekki hefur starfað nema í 30 ár. Starfsmenn Ísals eru því flestir komnir í hæsta starfsaldursþrep en starfsmenn Ísals fá starfsaldurshækkun í áföngum og nemur hæsti flokkurinn 17% á taxtalaun að viðbættri hækkun vegna sveinsbréfs. Ekki liggur ljóst fyrir hver er starfsaldur annarra iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu en líklegt má telja að hann sé lægri en hjá Ísal.

Þau gögn sem iðnrn. hafa borist benda ótvírætt til þess að iðnaðarmenn eigi að jafnaði ekki kost á betur launuðum störfum en hjá Ísal. Laun eru þar mun hærri en almennt gerist og vinnutími styttri. Þetta endurspeglast í háum starfsaldri starfsmanna. Svipaða sögu má segja um laun starfsmnna járnblendiverksmiðjunnar þó laun séu þar heldur lægri en í Ísal.

[14:37]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er vikilega sætt af hv. samþingmanni hæstv. ráðherra að gefa honum tækifæri til að fara hér fram sem sérstakur markaðsfulltrúi Ísals. Ég efast um að fastráðinn starfsmaður Ísals hefði gert þetta betur en hæstv. ráðherra. En gaman væri ef hæstv. ráðherra færi í seinni hluta svarsins jafnskýrt yfir starfskjör iðnaðarmanna hjá ríkinu, einstakra ríkisstofnana, ég nefni stórar ríkisstofnanir eins og Ríkisspítalana, Póst og síma og fleiri. Ég er sannfærð um að þessi sérstaki áhugamaður um starfskjör iðnaðarmanna getur á sama hátt farið yfir launagreiðslur til einstakra starfsmanna ríkisins og mun þá örugglega dreifa hér á borð þingmanna upplýsingum um starfskjör í íslenskum fyrirtækjum. Þetta er eins og einhver látbragðsleikur hér.

[14:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þetta er dálítið skemmtilegt leikrit sem hér er verið að sýna. Undanfari þess eru deilur í fjölmiðlum milli hæstv. iðnrh. og formanns Rafiðnaðarsambandsins.

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðallega upp til að lýsa yfir ánægju minni með þetta leikrit en ég vil beina þeirri fyrirspurn til fyrirspyrjanda af hverju hann beinir þessari fyrirspurn ekki til félmrh. sem fer með vinnumarkaðsmál. Af hverju beinir hann þessari fyrirspurn til iðnrh.? Það vakti sérstaka undrun hjá mér nema ef vera skyldi að hæstv. félmrh. hafi ekki fengið hlutverk í leikritinu.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Ég vil jafnframt vara hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Lúðvík Bergvinsson við að ræða um þetta mál af jafnmiklu kæruleysi og við urðum vitni að áðan. Orð eins og látbragðsleikur, leikrit og fleira í þeim dúr. Þetta er nefnilega háalvarlegt mál. Þetta snertir efnahagsstefnu þjóðar, þetta snertir fyrirbrigði sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hlýtur að hafa heyrt um og er kaupmáttur og launamunur. Það kemur fram í svari hæstv. ráðherra að launamunurinn er 43%. Það er reynsla okkar af stóriðjulaunum í samanburði við þau laun sem annars tíðkast á höfuðborgarsvæðinu í röðum iðnaðarmanna. Það eitt er mikil frétt. Það hlýtur að vekja upp ýmsar spurningar um hvernig á þessu stendur. Það vekur líka athygli að svo virðist vera að í löndum OECD virðist þetta einmitt vera meginreglan að þar sem erlendir fjárfestar koma sér upp fabrikkum í löndum virðist launamunur vera á svipuðu róli, þ.e. þau laun sem erlendir fjárfestar greiða virðast hærri en gengur og gerist í þeim löndum sem þeir fjárfesta í. Það er mjög merkilegt. Það er ekkert leikrit, það er enginn látbragðsleikur. Það er umhugsunarefni og mál sem við þurfum að taka til skoðunar. Getur verið að við höfum verið um of einangruð í efnahagslegu tilliti hvað varðar erlenda fjárfestingu? Niðurstaðan hér heima, eins og í löndum OECD, bendir eindregið til þess. Þetta er ekki látbragðsleikur, þetta er alvarlegt. Það skyldi þó ekki vera að samkeppnin við erlenda fjárfesta um vinnuafl verði það sem dregur kjarabætur til launafólks? Það er spurningin sem við þurfum að svara.

[14:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Þetta er mjög athyglisverð fyrirspurn einkum í ljósi forsögu málsins sem voru orðaskipti ráðherra og formanns Rafiðnaðarsambandsins í fréttum fyrir nokkrum dögum þar sem ráðherra var með sínar fullyrðingar um launamun og formaður Rafiðnaðarsambandsins mótmælti þeim fullyrðingum iðnrh.

Ég tek eftir því að iðnrh. hefur ekki leitað eftir upplýsingum frá samtökum iðnaðarmanna um hver launin væru að þeirra mati heldur leitar hann einungis til Ísals og kjararannsóknarnefndar en forðast eins og heitan eldinn að spyrja iðnaðarmenn sjálfa um kjör þeirra og laun.

Ég vil því ítreka þá fyrirspurn sem hér kom fram fyrr í umræðunni til hæstv. iðnrh.: Hvers vegna var ekki leitað eftir þessum upplýsingum líka hjá samtökum iðnaðarmanna til þess að þeir sem hafa mótmælt hans fullyrðingum hefðu þá kost á því að koma sínum upplýsingum til iðnrh. og síðan gæti hann komið þeim á framfæri hér við þingheim?

[14:43]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðherra alveg sérstaklega fyrir þennan stórmerkilega spurningaleik sem hér hefur verið leikinn. Ég vil benda þingheimi

alveg sérstaklega á að þarna er fundin lausnin við framkvæmd þeirra tillagna sem Alþb. hefur verið með hér í vetur, að stytta vinnutíma og hækka jafnframt laun. Þarna getur ríkisstjórnin sest yfir þessa frábæru lausn úr Straumsvík og gert eins fyrir sitt fólk. Fundið upp sporslur eins og hæstv. ráðherrann taldi hér upp endalausar sem hækka taxtana þannig að hægt sé að lifa af þeim. Ég vil þakka alveg sérstaklega fyrir þetta sem hér hefur komið fram og vona að eftir því verði farið.

[14:44]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er gaman að horfa hér á alþýðubandalagsmenn í stólnum eins og vant er. Nú er aðalvandamálið hvernig fyrirspurnin er tilkomin. Það er eins og það sé höfuðatriðið. Ég hefði nú haldið að það væri frekar erindi fyrir alþýðubandalagsmenn að ganga hér í stól og gleðjast yfir góðum kjörum (**SJóh:** Gerðum við það ekki?) iðnaðarmanna í Straumsvík. En þetta sýnir bara eitt, að sú stefna sem ríkisstjórnin rekur í uppbyggingu atvinnumála, að byggja á auðlindunum, nýta þær til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði, það eru þau fyrirtæki sem greiða hærri laun en almennt eru greidd fyrir sambærileg störf. Þess vegna hlakka ég til þess þegar hingað inn á Alþingi kemur frv., vonandi fljótlega, sem gerir ráð fyrir því að halda áfram uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu að Alþb. standi að því af því að það eru greidd há laun í þessum fyrirtækjum. Ég bíð spenntur eftir þeirri umræðu.

Til að svara hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, þá kemur það fram í því svari sem hér var dreift að þær upplýsingar um launakjör iðnaðarmanna á höfuðborgarsvæðinu og niðurstöður kjararannsóknarnefndar eru byggðar á úrtakskönnun. Úrtakið nær að jafnaði til 10–12 þús. einstaklinga sem starfa hjá 100 fyrirtækjum. Upplýsingarnar eru söttar í launabókhald fyrirtækja og gefa því nákvæmar upplýsingar um greidd laun og vinnustundir viðkomandi einstaklinga. Ég held að þetta atriði í því skriflega svari sem hér var dreift svari nákvæmlega þeirri spurningu sem hér var leitað svara við.

Ef hv. þm. Margrét Frímannsdóttir ber fram fyrirspurn um launakjör ríkisstarfsmanna þá verður henni auðvitað svarað. En það var ekki beðið um svar við þeirri spurningu í þeirri fyrirspurn sem hér liggur fyrir. En þegar hv. þm. kemur með þá fyrirspurn verður henni vitanlega svarað úr þessum ræðustól.

Greiðslur sjúklinga fyrir læknisþjónustu.

Fsp. GuðrS, 335. mál. — Þskj. 606.

[14:46]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Sigurjónsdóttir):

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 606 til hæstv. heilbrrh. um greiðslur sjúklinga fyrir læknisþjónustu:

„Hvers vegna er krafist greiðslu fyrir ófrjósemisaðgerðir á sumum heilbrigðisstofnunum en ekki á öðrum?"

Ástæðan fyrir þessari spurningu er sú að mér er kunnugt um að á Landspítalanum og flestum öðrum sjúkrastofnunum þar sem þessar aðgerðir eru framkvæmdar eru þær gerðar fólki að kostnaðarlausu. Á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði þurfa konur hins vegar að greiða rúmlega 14.500 kr. fyrir þessa sömu aðgerð. Þetta er gróf mismunun milli fólks og hana hlýtur að þurfa að leiðrétta. Þetta er enn merkilegra í ljósi þess að samkvæmt lögum um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir eiga þessar aðgerðir að vera framkvæmdar fólki að kostnaðarlausu. Þarna er því verið að brjóta lög af einhverjum undarlegum ástæðum.

Mér er kunnugt um að St. Jósefsspítali sendir Tryggingastofnun ríkisins reikninga fyrir þessar greiðslur fyrir þann kostnað sem sjúklingurinn borgar ekki. Mér finnst líka mjög undarlegt að Tryggingastofnun skuli greiða hluta og ekki allt, af því að Tryggingastofnun ríkisins hlýtur að vera ljóst hver lögin eru.

Þá er það líka svo að ófrjósemisaðgerð er skilgreind sem ferliverk á sjúkrahúsum en Tryggingastofnun greiðir fyrir ferliverk eins og kunnugt er. Landspítalinn fær hins vegar ekki greiðslur frá Tryggingastofnun fyrir að framkvæma þessa aðgerð þannig að svo virðist sem hún sé ekki ferliverk á þeirri stofnun en eins og fyrr segir fær St. Jósefsspítali greiðslu.

Þá spyr ég ráðherra einnig:

„Telur ráðherra að slíks misræmis gæti í sambandi við fleiri aðgerðir og læknisverk? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á því?"

Ástæðan fyrir þessu er sú að ég hef þráfaldlega heyrt starfsmenn sem vinna á göngudeildum stofnana kvarta yfir því að reglur sem gilda séu óljósar, það sé erfitt að fara eftir þeim og fyrir bragðið er fólki mismunað. Það er mismunandi hvað fólk þarf að greiða fyrir ýmis læknisverk bæði milli stofnana og eins milli verka.

Af því að ég var að fá alveg nýjar fréttir þá vil ég að lokum spyrja hvort fyrirhugað sé að breyta reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga sem fara í sjúkraþjálfun á þann hátt að langveikir og fatlaðir sem nú fá sjúkraþjálfun sér að kostnaðarlausu eigi að fara að greiða fyrir þetta á milli 11 og 12 þús. kr. á ári og að breytingin eigi að taka gildi nú fljótlega.

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðrún Sigurjónsdóttir spyr:

„Hvers vegna er krafist greiðslu fyrir ófrjósemisaðgerðir á sumum heilbrigðisstofnunum en ekki á öðrum?"

Það er rétt sem fram hefur komið hjá hv. þm. Guðrúnu Sigurjónsdóttur að samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 25/1975, sem fjalla m.a. um ófrjósemisaðgerðir, skuli sjúkratryggingar, almannatryggingar, greiða kostnað vegna slíkra aðgerða. Ég þakka hv. þm. fyrir að vekja máls á þessu máli sérstaklega þar sem við skoðun ráðuneytisins í tilefni af fyrirspurn hv. þm. hafa fundist dæmi þess að á einstökum heilbrigðisstofnunum hafi verið innheimt gjald fyrir ófrjósemisaðgerðir. Þá framkvæmd tel ég ekki samrýmast framangreindu lagaákvæði. Ráðuneytið brást hins vegar við þessu þegar í ágúst 1995 og aftur nú eftir að í ljós kom að misbrestur væri á samræmi í þessu efni.

Hinn 28. ágúst 1995 svaraði ráðuneytið fyrirspurn frá kvennadeild Landspítalans varðandi komu- og rannsóknagjöld hjá konum sem óska eftir fóstureyðingu. Í bréfi ráðuneytisins er einnig fjallað um gjaldtöku fyrir ófrjósemisaðgerðir og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Heimilt er að innheimta komugjöld vegna komu einstaklings til skoðana sem eru undanfari ófrjósemisaðgerða svo og vegna nauðsynlegra rannsókna. Aðgerðin sjálf skal á hinn bóginn ætíð framkvæmd einstaklingnum að kostnaðarlausu.

Til að tryggja samræmda framkvæmd mun ráðuneytið tilkynna þeim aðilum sem framkvæma fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir um þetta."

Með þessum hætti brást ráðuneytið skjótt við erindi sem m.a. varðar það efni sem hv. þm. gerir hér að umræðuefni. Með hliðsjón af því að misbrestur virðist hafa orðið á framkvæmd hefur ráðuneytið þegar sent þeim heilbrigðisstofnunum þar sem ófrjósemisaðgerðir eru framkvæmdar bréf þar sem ítrekað er að gjaldtaka fyrir slíkar aðgerðir eigi sér ekki stoð.

Í öðru lagi spyr hv. þm.:

„Telur ráðherra að slíks misræmis gæti í sambandi við fleiri aðgerðir og læknisverk? Ef svo er, hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingum á því?"

Varðandi síðari spurningu hv. þm. þá er mér ekki kunnugt um að sambærilegs misræmis gæti í sambandi við fleiri aðgerðir og læknisverk. Ég hef áður gert grein fyrir því úr ræðustól hér á hv. Alþingi að ég telji óþolandi að sjúklingar sem gangast undir sams konar aðgerðir og liggja ef til vill hlið við hlið, greiði mismunandi gjald fyrir. Þetta vandamál tengist svokölluðum ferliverkum eins og kom fram hjá hv. þm. og mismunandi túlkun á þeim reglum sem um þær gilda. Ráðuneytið er að taka á þessu vandamáli með samræmdum reglum sem koma eiga í veg fyrir misræmi við gjaldtöku.

Vissulega er á þessu sviði ákveðið grátt svæði því sjúkdómsgeining og ákvörðun um hvaða aðferð skuli beitt í hverju tilfelli liggur alltaf hjá fagfólki í heilbrigðisþjónustunni. Því er mikilvægt að reglur sem gilda séu skýrar.

Varðandi síðustu spurningu hv. þm. um breytingar á reglum um sjúkraþjálfun þá liggur sú reglugerð ekki á mínu borði. Mér er því ekki kunnugt um nákvæmlega hvað hv. þm. var að spyrja um.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Sigurjónsdóttir):

Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Ég vildi líka láta það koma fram hér að ég veit þess dæmi að fólk hefur farið með reikningana sína til Tryggingastofnunar og fengið þá jafnvel endurgreidda. Hins vegar hefur það eingöngu byggst á þeirri þekkingu sem viðkomandi hafa haft á kerfinu. Þeir hafa ekki fengið neinar upplýsingar frá stofnun um að þetta væri möguleiki, enda er þetta ekki regla sem er að jafnaði í samskiptum lækna og sjúklinga. Sjúklingurinn greiðir þann kostnað sem honum ber, síðan rukkar læknirinn eða stofnunin fyrir það sem upp á vantar en sjúklingurinn er ekki sendur með reikning niður í Tryggingastofnun. Það gildir ekki nema, illu heilli, í samskiptum sjúklinga og tannlækna.

Í framhaldi af þessu held ég að það sé ljóst að fjöldi fólks á rétt á endurgreiðslu frá hinu opinbera. Það hefur þegar greitt þennan kostnað sem því bar ekki að gera. Því vil ég spyrja hvort ráðherra muni beita sér fyrir því, gefa út auglýsingu og reyna að kynna þessum fjölda fólks á einhvern hátt að það geti fengið endurgreiðslur á þessum kostnaði. Ég vona sannarlega að eitthvað verði gert í þessu vegna þess að þetta hefur sennilega sparað hinu opinbera talsvert fé.

[14:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið eru lögin alveg skýr og réttindi manna skýr í þessu sambandi. Við verðum að gera þá kröfu til stofnana að þær fari að lögum. Hvort það verður auglýst sérstaklega að þeir aðilar sem hafa þurft að borga fyrir þessar aðgerðir fái endurgreitt þá býst ég ekki við að það verði gert. En réttur þeirra er skilyrðislaus.

Fundi slitið kl. 14:56.

---

74. FUNDUR

miðvikudaginn 19. febr.,
kl. 3.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Almannatryggingar, frv., 163. mál, þskj. 180. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Umönnun aldraðra, þáltill., 201. mál, þskj. 227. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, þáltill., 324. mál, þskj. 586. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 303. mál, þskj. 559. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Háskólaþing, þáltill., 265. mál, þskj. 517. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474, nál. 636. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Almenn hegningarlög, stjfrv., 183. mál, þskj. 204, brtt. 637. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Minning Jónasar Péturssonar.

[15:30]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Jónas Pétursson, fyrrverandi tilraunastjóri og alþingismaður, andaðist í gær, þriðjudaginn 18. febrúar. Hann var hátt á áttugasta og sjöunda aldursári.

Jónas Pétursson var fæddur á Hranastöðum í Eyjafirði 20. apríl 1910. Foreldrar hans voru hjónin Pétur Ólafsson bóndi þar og Þórey Helgadóttir húsmóðir. Auk almenns barnalærdóms í sinni sveit nam hann búfræði og lauk prófi frá bændaskólanum á Hólum 1932. Hann var bóndi á Hranastöðum 1933–1946 og jafnframt ráðunautur Búnaðarsambands Eyjafjarðar og eftirlitsmaður Nautgriparæktarsambands Eyjafjarðar 1934–1940. Bústjóri og tilraunastjóri á Hafursá á Fljótsdalshéraði var hann 1947–1949 og á

Skriðuklaustri í Fljótsdal 1949–1962. Eftir það fluttist hann að Lagarfelli í Fellahreppi, var fulltrúi hjá Norðurverki við Lagarfossvirkjun 1971–1974 og framkvæmdastjóri Verslunarfélags Austurlands 1974–1982.

Jónas Pétursson var í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Austurlandskjördæmi við alþingiskosningarnar haustið 1959, hlaut kosningu og sat á Alþingi til 1971, á 12 þingum alls. Hann var kjörinn til ýmissa annarra trúnaðarstarfa. Í hreppsnefnd Hrafnagilshrepps í Eyjafjarðarsýslu var hann 1935–1937 og 1938–1946 og í hreppsnefnd Fljótsdalshrepps í Norður-Múlasýslu 1954–1962. Hann var formaður stjórnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 1966–1969, í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs 1966–1971 og í nýbýlastjórn, síðar landnámsstjórn 1971–1975, formaður stjórnarinnar 1971–1974. Hann var formaður þjóðhátíðarnefndar í Múlaþingi árið 1974 þegar minnst var ellefu alda byggðar í landinu.

Jónas Pétursson nam búfræði og starfaði meginhluta ævinnar við landbúnað. Honum var umhugað um að sveitirnar eflðust og byggð héldist um land allt. Þau hugðarefni mótuðu störf hans í héraði og á Alþingi og um þau ritaði hann fjölda blaðagreina. Honum varð sitthvað ágengt í framfaramálum kjördæmis síns og hann var einn tillögumanna á Alþingi til lausnar á framkvæmdum við síðasta kafla hringvegar um landið sem fagnað var á þjóðhátíðarárinu 1974. Farið var að ráðum hans um sérstaka fjáröflun til framkvæmdanna.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Jónasar Péturssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[15:33]

Útbýting þingskjala:

Efling íþróttastarfs, 363. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 640.

Íslenskt sjónvarpsefni, 285. mál, svar menntmrh., þskj. 619.

Bókasafnssjóður höfunda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 601.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Réttindi sjúklinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 492.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ og ÖS, 163. mál (tekjutrygging örorkulífeyrisþega). — Þskj. 180.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umönnun aldraða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS, 201. mál. — Þskj. 227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Endurskipulagning þjónustu innan sjúkrahúsanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðrS o.fl., 324. mál. — Þskj. 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tilkynningarskylda olíuskipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 303. mál. — Þskj. 559.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Háskólaþing, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 265. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:37]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Grunnskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474, nál. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:38]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 183. mál (fíkniefni, þvætti). — Þskj. 204, brtt. 637.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:40]
Brtt. 637 samþ. með 54 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BirnS, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GuðrS, GMS, HÁs, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KPál, LMR, LB, MS, MF, MÁ, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SK, TIO, VS, VE, ÖS.
10 þm. (ÁJ, DO, GHH, GB, HBl, HjálmJ, JBH, RA, RG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 642).

Umræður utan dagskrár.

Starfskjör yfirmanna í ríkisbönkunum.

[15:40]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Undrun og gremja. Það eru viðbrögð almennings við tölunum í svari hæstv. viðskrh. við fyrirspurn hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um kjör bankastjóra í síðustu viku. Það er ekkert skrýtið að fólk sé hissa, virðulegur forseti, á þessum vikum er einmitt í gangi öflug áróðursvél við að segja þjóðinni að kröfur um lægstu laun upp á 70 þús. kr. muni setja samfélagið úr skorðum og spilla hinum dýrmæta stöðugleika sem var grundvallaður með þjóðarsáttinni svokölluðu í upphafi þessa áratugar. Í svarinu kom í ljós m.a. að laun bankastjóra í ríkisbönkunum hafa síðustu sex ár, einmitt á tímum þjóðarsáttarinnar, hækkað frá 27–52%. Meðalmánaðarlaun stjóranna í Landsbankanum hafa hækkað um 110 þúsund, í Búnaðarbankanum um 137 þúsund, í Seðlabankanum um 165 þúsund, sem er meira en tvöföld sú upphæð sem nú er verið að berjast fyrir sem lágmarkslaunum í landinu. Þá er ótalinn lífeyrir og ýmsa aukagreiðslur sem bankastjórar og aðstoðarmenn fá fyrir önnur viðvik, fyrst og fremst fyrir setu í stjórnum fyrirtækja sem bankarnir eiga. Þau launakjör voru ekki gefin upp í svari ráðherrans og Jóhanna Sigurðardóttir hefur þess vegna lagt fram aðra fyrirspurn um þau og fleira. Fróðleiksmenn telja hins vegar að mánaðarlaun bankastjóranna séu að öllu samanlögðu ekki langt undir milljón krónum og Frjáls verslun segir þá hæstu fimm hafa haft í fyrra 869–988 þúsund á mánuði. Svo bætist við frír bíll og svo bætast við nokkrar laxar á sumrin.

Við erum hér að tala um grandvara heiðursmenn og mönnum með viðkvæmar taugar kann að þykja ókurteislegt að bera þessi kjör saman við kjör venjulegra launamanna, að ekki sé minnst á öryrkja, aldraða, námsmenn og við skulum þess vegna sleppa Jóni og taka bara séra Jón vegna þess að jafnvel í samburði við aðra háembættismenn eru kjör toppanna í bankakerfinu út úr öllu korti. Ég nefni tvö dæmi.

Annað eru hæstaréttardómarar vegna þess að einu sinni voru bankastjóralaunin miðuð við þá. Það væsir ekkert um dómara en þeir eru varla hálfdrættingar á við bankastjórana. Hæstaréttardómari hefur nú með öllu 383 þúsund á mánuði, u.þ.b. 100–150 þús. kr. lægra en föstu laun bankastjóranna og meira en helmingi lægra en heildarlaun bankastjóranna að öllu meðtöldu.

Hitt dæmið er úr stærstu fjármálastofnun landsins, Húsnæðisstofnun ríkisins. Framkvæmdastjórinn þar hefur ágæt laun en hann vantar samt næstum 200 þúsund til að vega upp á móti lágmarkslaunum bankastjóra í Búnaðarbankanum. Hann hefur 345 þúsund á mánuði alls og aðstoðarframkvæmdastjórinn hjá honum tæp 320 þúsund, að vísu með fastri yfirvinnu. Hæstiréttur og húsnæðiskerfið eru sem sagt láglaunasvæði miðað við ríkisbankana og verða yfirmenn í ríkiskerfinu og hjá almannavaldinu þó síst sakaðir um að fara sér hægt í kjarasókn umfram venjulega launþróun í landinu eins og menn vita ágætlega í þessum sal.

En bankastjórarnir eru auðvitað heiðursmenn, herra forseti, og bera þar að auki gífurlega ábyrgð sem forustumenn í efnahagsmálum og atvinnulífi þjóðarinnar. Samkvæmt svari við fyrirspurn hv. þm. Magnúsar Stefánssonar á síðasta þingi bera þessi grandvöru menn t.d. sinn hluta ábyrgðar á því að árin 1990–1994, einmitt þegar mánaðarlaunin þeirra voru eins og strik upp á við, varð útlánatap ríkisbanka og opinberra sjóða samtals 22 milljarðar kr., þar af í Landsbanka og Búnaðarbanka samtals rúmir 10 milljarðar. Háar tölur. Og auðvitað hafa stjórnendur sætt þessari ábyrgð, eða hvað? Það hlýtur að vera þegar málin standa svona að þá séu stjórnendur með há laun látnir taka pokann sinn og aðrir fengnir sem geta gert betur. Samt eru bankastjórarnir núna nákvæmlega þeir sömu og þá. Þeir virðast sem sé ekki bera neina ábyrgð. Og blessaðir bankaráðsmennirnir, sem ég sé suma í þessum sal, una glaðir við sitt í „blómguðu dalanna skauti".

Bankastjórarnir kunna að vera grandvarir heiðursmenn, virðulegi forseti, en staðreyndin er einfaldlega sú að kjör af þessu tagi sýna ekkert annað en spillingu. Spillingu í miðstöð efnahagslífsins á Íslandi, spillingu í skjóli pólitísks valds, spillingu sem stafar af siðblindu og af fullkomnum skorti á tengslum við almannakjör í landinu.

Hæstv. viðskrh. virðist hafa komið nokkuð út úr hól í svörum sínum við fjölmiðla um þessi mál og er auðvitað ýmis vorkunn, en í því trausti að hann víkist ekki undan sinni ábyrgð hlýt ég að beina til hans nokkrum spurningum, þær eru sex:

1. Telur ráðherra kjör bankastjóra og þróun þeirra undanfarin ár eðlilega? Er sú launaþróun í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar?

2. Telur ráðherra að tvítugfaldur launamunur ríkisbankastjóra og Sóknarkonu, milljón á móti 50 þúsund á mánuði, sé ásættanleg tekjudreifing í samfélaginu?

3. Ætlar ráðherra (Forseti hringir.) — ég á aðeins spurningarnar eftir, herra forseti, að beita sér fyrir endurskoðun á kjörum bankastjóra og annarra helstu stjórnenda ríkisbankanna og þá með hvaða ráðum?

4. Hvenær ætlar ráðherra (Forseti hringir.) að breyta reglugerðinni sem tengir þóknun bankaráðsmanna við laun bankastjóra?

5. Mun ráðherra beita sér fyrir því að bankastjórar hætti stjórnarsetu í fyrirtækjum á vegum bankanna?

6. Hvernig skýrir ráðherra að engum af þessum hálaunuðu bankastjórum og (Forseti hringir.) sjóðstjórum hefur verið sagt upp störfum þrátt fyrir að útlánatap á árunum 1990–1995 upp á 22 milljarða?

[15:46]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Eftir því sem menn fara meira fram yfir tíma eftir því fara fleiri aftan af mælendaskránni. Forseti fer því fram á að menn sýni tilhliðrunarsemi og fari ekki fram yfir ræðutímann.

[15:46]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég ætla að vinda mér beint í að svara þeim sex spurningum sem hv. þm. bar fram. Það er rétt að geta þess að ég fékk þær spurningar frá hv. þm. rétt áður en þessi umræða hófst.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra kjör bankastjóra og þróun þeirra undanfarin ár eðlilega? Er sú launaþróun í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar?

Ef við berum saman árin 1991 og 1996, þróun launavísitölu á þessum tíma og þróun launa hjá bankastjórum ríkisviðskiptabankanna, þá hefur launavísitalan verið heldur hærri en þær breytingar sem orðið hafa á launakjörum bankastjóranna á þessu tiltekna tímabili. Hins vegar ef menn fara að miða við árið 1991, þannig að það skiptir máli hvaða tímapunktur er notaður í samanburðinum, þá hafa laun bankastjóra hækkað heldur meira en þróun launavísitölu þannig að þessi samanburður er auðvitað erfiður. En þegar er horft á þetta í heild sinni þá hefur þessi þróun í launakjörum bankastjóranna verið mjög í takt við þróun launavísitölu á þessum tíma og þannig hafa laun almennt verið í landinu. Þó þarna sé um miklu hærri laun að ræða heldur en almenn launakjör þá brýtur þetta ekki í bága við þá efnahagsstefnu sem ríkisstjórnin rekur að launakjör þróist almennt í tengslum við vísitölu launa.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Telur ráðherra að tvítugfaldur launamunur ríkisbankastjóra og Sóknarkonu, milljón á móti 50 þúsund á mánuði, sé ásættanleg tekjudreifing í íslensku samfélagi?

Því er fljótsvarað: Nei. Það er hins vegar fróðlegt, og ég býst við því að hv. þm. hafi setið þá ráðstefnu sem þingflokkur jafnaðarmanna hélt, og einn ágætis forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Tryggvi Þór Herbertsson, taldi að stærsta meinið í íslensku efnahagslífi væri það að launamunur væri ekki nógu mikill. Ég held nú að forstöðumaðurinn hafi alls ekki átt við að ekki væri nógu mikill munur á launakjörum bankastjóra og Sóknarkvenna og þess vegna er svar mitt við þessari spurningu nei.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: Ætlar ráðherra að beita sér fyrir endurskoðun á kjörum bankastjóra og annarra helstu stjórnenda ríkisviðskiptabankanna og þá með hvaða ráðum?

Samkvæmt lögum nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, er það hlutverk bankaráðanna að ákveða launakjör bankastjóra og viðskrh. hefur ekki beint boðvald í þessum efnum. Ég hef hins vegar átt fundi með formönnum bankaráðs beggja ríkisviðskiptabankanna þar sem rætt hefur verið að gera breytingar á þeirri launauppbyggingu sem þar er, m.a. að samhæfa þær greiðslur sem bankastjórarnir fá frá mörgum mismunandi stöðum í eina heildartölu. Því verki er ekki lokið. Ég tel að það geti orðið ákveðin breyting þar á á næstunni, án þess að tiltaka nákvæmlega tíma í þeim efnum, og tel að það gefist þá ákjósanlegasta tækifæri, hafi engin breyting orðið í þessum efnum, þegar um formbreytingu á ríkisviðskiptabankakerfinu verður að ræða. Ég vonast til að frv. um það efni komi fljótlega inn á Alþingi.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Hvenær ætlar ráðherra að breyta reglugerðinni sem tengir þóknun bankaráðsmanna við launakjör bankastjóra?

Þarna er ekki um reglugerð að ræða og ég veit ekki af hverju sá misskilningur hefur læðst inn að þarna sé um ákveðna reglugerð að ræða. Það sem þarna liggur að baki er bréf þáv. viðskrh. frá því 8. maí 1987 sem gerir ráð fyrir því að þóknun bankaráðsmanna sé 12% af launum bankastjóra. Núna í morgun skrifaði ég bönkunum bréf, þ.e. Búnaðarbanka, Landsbanka og Seðlabanka, þar sem þetta bréf frá 8. maí 1987 er dregið til baka. Þannig hefur verið rofið þetta samband milli launa bankastjóra og bankaráðsmanna og hef ég óskað eftir upplýsingum til ráðuneytisins um hver launakjör bankaráðsmannanna séu og í framhaldi af því mun það verða ákvörðun viðskrh. hver þessi launakjör verða. Þegar hins vegar formbreyting hefur átt sér stað er eðlilegt að ársfundur hverju sinni eða aðalfundur viðkomandi banka taki ákvörðun um hver launakjörin munu verða.

Í fimmta lagi spyr hv. þm.: Mun ráðherra beita sér fyrir því að bankastjórar og aðstoðarmenn bankastjóra hætti að taka laun fyrir stjórnarsetu í fyrirtækjum á vegum bankanna?

Ég tel það vera eðlilegt, svo ég svari því fyrir mig, og ég tel að það sé hluti af þeirri breytingu sem þarf að eiga sér stað í launakerfinu.

Í sjötta lagi spyr hv. þm.: Hvernig skýrir ráðherra að engum af þeim hálaunuðu bankastjórum og sjóðstjórnum hefur verið sagt upp störfum þrátt fyrir útlánatöp árin 1990–1995 upp á 22 milljarða kr.?

Enn vil ég vísa til laganna um viðskiptabanka og sparisjóði. Það er ekki viðskrh. sem tekur ákvörðun um ráðningu þessara manna. Það eru bankaráðin. Þau eru kjörin til þess. (Forseti hringir.) Þeim er ætlað það hlutverk í lögunum og það er bankaráðanna að taka þær ákvarðanir að ráða menn og reka.

[15:52]

Svanhildur Kaaber:

Hæstv. forseti. Margt athyglisvert hefur komið í ljós í þeirri umræðu sem nú fer fram um kjör bankastjóra. Það er greinilegt að þau hafa á undanförnum árum tekið allt öðrum breytingum en kjör venjulegs fólks í okkar samfélagi. Mörg undanfarin ár hefur það fengið að heyra að hógværar kröfur um viðunandi lífskjör muni steypa þjóðfélaginu í glötun, hleypa af stað verðbólgu og eyðileggja uppbyggingu íslenskra fyrirtækja. Og nú kemur fram að einn bankastjóri fær mánaðargreiðslur sem svara launum 15 skrifstofukvenna í þjónustu ríkisins, álíka margra sjúkraliða eða sem svarar til námslána tæplega 20 námsmanna. Mér finnst, hæstv. forseti, ákaflega mikilvægt að fá fram þessar upplýsingar um kjörin og kjaraskiptinguna í landinu, ekki síst í ljósi þess að nú standa yfir viðræður um kaup og kjör meginþorra þjóðarinnar. Viðbrögð atvinnurekenda við upplýsingum um bankastjórakjörin voru t.d. sérstaklega athyglisverð. Á talsmönnum þeirra var að skilja að ekkert væri óeðlilegt við að fólk sem er með hátt í milljón króna mánaðartekjur hækki um á annað hundrað þúsund krónur á mánuði á sama tíma og við samningaborðið er verið að bjóða þeim sem búa við vægast sagt bágborin launakjör nánast ekki neitt.

Ekki alls fyrir löngu mun hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hafa haft orð á því að í stað þess að jafna kjör landsmanna væri áríðandi að auka launamuninn svo hann verði í takt við það sem gengur og gerist í öðrum löndum. Eftir að upplýsingar um launakjör bankastjóra komu fram tel ég heldur líklegt að hann sé einn um þá skoðun. Ef eitthvert verkefni er brýnt er það einmitt að draga úr því kjaramisrétti sem viðgengst hér á landi eins og þessi könnun á kjörum bankastjóra staðfestir.

Ég vek líka athygli á því að marktæk könnun á kjörum landsmanna er mun auðveldari í opinberum stofnunum en á einkamarkaði þar sem (Forseti hringir.) frumskógalögmálin ráða ríkjum bak við trausta múra. Með aukinni einkavæðingu mun almenningur ekki eiga jafngreiðan aðgang og nú er að upplýsingum af þessu tagi. Það verða vel geymd leyndarmál.

Virðulegi forseti. Er nokkuð óeðlilegt þó launafólk í þessu landi krefjist þess nú að fá sinn skerf (Forseti hringir.) af góðærinu margnefnda sem hefur skilað bankastjórunum svo blessunarlegum kjarabótum?

(Forseti (ÓE): Þetta var tvær og hálf mínúta í staðinn fyrir tvær.)

[15:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem verið hefur um laun bankastjóra hefur verið á talsverðum villigötum. Vandi íslenska bankakerfisins og notenda þess, jafnt innlánseigenda sem skuldara, er ekki fólginn í launastrúktúr bankastjóra af ýmsum stigum. Vandinn er hins vegar fólginn í allt of miklum almennum kostnaði sem gerir það að verkum að vaxtamunur er of mikill. Vextir eru of háir og reksturinn of dýr. Þó margt hafi áunnist í þeim efnum er þó ljóst að enn erum við á hálfgerðu fornaldarstigi í bankamálunum. Það þarf ekki annað en að skoða hvernig staðið er að ráðningu bankastjóra ríkisbankanna til að sjá hversu afkáralegt þetta allt saman er. Fyrir nokkuð löngu síðan var það leitt í lög að bankastjórar ríkisbankanna skyldu einungis ráðnir til sex ára í senn. Þetta átti trúlega að tryggja að bankarnir sætu ekki uppi til frambúðar með allsendis óhæfa bankastjóra. Því miður verður að segja þá sögu eins og er — þetta hefur enga þýðingu haft. Auglýsingarnar í kringum þessar bankastjórastöður hafa reynst tómt sjónarspil sem hefur orðið þessum bönkum til lítils framdráttar.

Nýlega var t.d. auglýst eftir bankastjóra hjá Landsbankanum. Það vissu það allir að þessi auglýsing var hrein sóun á fjármunum bankans, eins konar óbeinn styrkur bankans til fjölmiðlanna sem fengu auglýsinguna til birtingar. Öllum var ljóst að það stóð aldrei neitt annað til en að endurráða sitjandi bankastjóra sem ráðinn hafði verið til bankans á sínum tíma vegna þess m.a. að það þótti sannað að hann hafði kosið Framsfl. Nú var bara komið að því endurnýja ráðningarsamninginn og því skammrifi fylgdi sá böggull að setja auglýsingu í blöðin. Vitaskuld sótti enginn alvörumaður úr bankaheiminum um þessa stöðu vegna þess að allir vissu að það hefði engu breytt, staðan var frátekin. Hefði einhver efast um þetta, að þetta væri annað en lítilsiglt sjónarspil, fékkst staðfesting í viðtali við annan bankastjóra Landsbankans, Sverri Hermannsson, í Alþýðublaðinu á síðasta ári, sem sagði: „Það er víst skylda að auglýsa, menn eru bara ráðnir til sex ára eða jafnvel fimm núna eftir nýju reglunum, jafnvel þó ekkert standi til. Þetta er reyndar ekki mín staða, hún var auglýst fyrir tveimur árum. Þetta er staða Halldórs Guðbjarnasonar, hann er búinn að vera sex ár, þá er skylda að auglýsa stöðuna. Það gildir um aðrar stöður í kerfinu núorðið. Sjálfsagt þykir þetta formsatriði. Halldór er ekki að hætta, ekki aldeilis, hann er rétt að byrja," sagði Sverrir. (Forseti hringir.)

Í þessu, virðulegi forseti, felst m.a. vandi bankakerfisins sem við verðum að taka á og það gerist vonandi með þeirri nauðsynlegu formbreytingu sem verður á ríkisbönkunum á þessu ári.

[15:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1993 sótti ég ráðstefnu um launajafnrétti kynjanna í Stokkhólmi. Þar var kynnt staða launamála í hverju Norðurlandanna fyrir sig og á eftir sátu frummælendur fyrir svörum. Það vakti mikla athygli og kátínu er fulltrúi Íslands kynnti fyrirbærið óunnin yfirvinna. En ráðstefnugestir höfðu aldrei heyrt um slíka vinnu og áttu erfitt með að skilja hvað þar var á ferð enda tíðkast líklega hvergi á byggðu bóli að körlum sér greitt sérstaklega fyrir vinnu sem þeir vinna ekki. En eins og menn vita eru það sérstök forréttindi hóps karla hér á landi, einkum þeirra sem vinna hjá ríkinu, að fá slíkar greiðslur og aðeins örfáar konur sem njóta þeirrar náðar.

Á undanförnum árum höfum við kvennalistakonur margsinnis bent á þá staðreynd að launakerfi ríkisins sé handónýtt og er ofannefnt dæmi um þær ógöngur sem ríkiskerfið er komið í í leit sinni að leiðum til að bæta launakjör ákveðinna hópa ríkisstarfsmanna sem það þarf að keppa um við almennan markað. Launakerfið er ógagnsætt, það byggist upp á margs konar aukagreiðslum og það felur í sér launamun kynjanna sem er algjörlega óþolandi. Við höfum lagt fram tillögu ár eftir ár um uppstokkun á launakerfi ríkisins en það virðist lítill vilji til að ráðast til atlögu við þennan myrka frumskóg. Miklu fremur á nú að taka upp eina greiðsluna enn, eins konar umbun fyrir vel unnin störf, samkvæmt heimild í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sem enginn veit enn þá hvernig verður beitt.

Þær upplýsingar sem nýlega komu fram um launakjör bankastjóra ríkisbankanna ættu ekki að koma neinum á óvart, þær hafa komið fram áður. Samsetning þeirra er hins vegar lýsandi fyrir launakerfi ríkisins og afar sérkennilegt hve mjög þau hafa hækkað á undanförnum árum miðað við almennar launahækkanir. Fyrir utan það hve launin eru há, miðað við almenn laun í landinu byggjast þau á margföldum greiðslum fyrir aukaverk sem augljóslega eru unnin í dagvinnu. Það á að sjálfsögðu að greiða bankastjórum góð laun eins og öðrum sem bera mikla ábyrgð en fyrr má nú rota en dauðrota.

Hæstv. forseti. Að mínum dómi bera laun bankastjóra ríkisbankanna vott um of mikinn launamun í landinu en fyrst (Forseti hringir.) og fremst minna þau á hve launin eru almennt lág. Það verður að jafna þennan launamun.

[16:00]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt að launakjör bankastjóra og hvernig þau laun eru uppbyggð séu gagnrýnd meðal almennings. Þetta á hins vegar ekki að koma hv. alþm. sem setið hafa hér í nokkur ár á óvart því þetta er sú aðferð sem þeir ákváðu sjálfir í lögum um viðskiptabanka. Í því frv. kom m.a. fram á sínum tíma að þáv. viðskrh. óskaði eftir því að ekki yrði heimilt að greiða bankastjórum sérstaklega fyrir aðra vinnu en þeir vinna sem bankastjórar nema til

kæmi sérstakt leyfi ráðherra. Það var fellt út úr frv., m.a. með þeim rökstuðningi að bankaráðsmenn væru kjörnir af Alþingi, fulltrúar Alþingis, og þeim væri fyllilega treystandi til að ákveða þetta. Því geta alþingismenn, sem staðið hafa að þessari afgreiðslu, ekki komið eins og af fjöllum ofan og sagt að þetta sé launakerfi sem þeir kannist ekki við. Þeir hafa staðið að þessu sjálfir. Ég hef reynslu af því að viðskrh. hefur enga möguleika á því að fá þessu breytt. Það eina sem hann getur gert er að ræða við forustumenn bankaráðanna og biðja þá um að endurskoða þessi launakjör og það var gert á sínum tíma. Það gerði bæði ég og núv. hæstv. viðskrh. en hvorugur höfum valdið til að breyta þessu.

Þetta vildi ég að fram kæmi, virðulegur forseti, að þessar ákvarðanir eru samkvæmt samþykkt Alþingis og rökstuddar með því að þingflokkar Alþingis kjósi þessa bankaráðsmenn og eigi að hafa alla möguleika á að fylgjast með því sem þeir gera.

Hins vegar verð ég, virðulegur forseti, að benda á annan hlut sem hefur verið að gerast og farið lágt og það er að ekki aðeins hafa hæstaréttardómarar komist upp með að ákveða sjálfir yfirvinnugreiðslur til sín heldur virðast þeir líka komast upp með að skipta um fulltrúa í Kjaradómi ef þeir eru ekki sáttir við niðurstöðu hans. Það sýnir sig kannski á því fordæmi að sitthvað er Jón og séra Jón.

[16:02]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Alþingi er hér að ræða laun níu einstaklinga. Mér þykir það frekar sérstakt. Við erum að ræða laun níu einstaklinga. Þar af eru sex sem meðhöndla allt sparifé landsmanna. Margir hafa orðið til að hneykslast á háum launum bankastjóra, vafalaust í leit að lýðhylli. Ég held okkur hér á Alþingi væri nær að ræða þau lágu laun sem verið er að bjóða ráðherrum ríkisstjórnar Íslands. Menn hafa verið að bera þetta saman en mér finnst við ættum frekar að tala um það hvernig við getum bætt hag ráðherranna þannig að þeir séu ekki nánast að borga með sér í þeim störfum sem þeir eru í núna.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að borga bankastjórum góð laun. Mér finnst 600 þús. kr. á mánuði fyrir bankastjóra í sjálfu sér ekki óeðlilegt enda held ég að ef menn geta ekki fengið þau laun úti á markaði ættu þeir ekki að vera bankastjórar. Þú færð það sem þú borgar fyrir, segir máltækið. Og það er mjög einfalt. Menn þurf að borga fyrir það að fá almennilega þjónustu.

Það sem ég er hins vegar ósáttur við er uppbyggingin á launum bankastjóranna eins og þetta er núna. Það eru tiltölulega lág föst laun, ef menn geta notað það orð, og síðan hafa menn innan bankanna verið að leysa þetta með því að greiða fyrir setu í bankaráðum og í nefndum á vegum bankanna. Mér finnst það mjög óeðlilegt og ég fagna því sem viðskrh. sagði áðan að tekið hafi verið fyrir þetta núna.

Að lokum vil ég segja að mér finnst mjög óeðlilegt að greiða þremur mönnum fyrir yfirstjórn og ábyrgð á banka sem alls staðar annars staðar, alls staðar í einkarekstrinum er einum manni greitt fyrir. Þannig að ef menn eru að bera saman milljón króna laun í ríkisbanka núna þá er það í rauninni 3 millj. kr. eða svo sem verið er að greiða fyrir þetta starf sem einkareksturinn er að greiða fyrir 700–800 þús. kr. á mánuði, ekki milljón.

[16:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem ég held að sé sérstaklega ámælisvert í sambandi við launamál toppanna í bankakerfinu, fyrir utan upphæðir sem alltaf má deila um, er sú sjálfvirkni og sú sjálftaka sem þar á sér stað. Það er það sérkennilega kerfi að menn á góðum launum í föstu starfi skuli fá greitt aukalega fyrir svo til hvert viðvik sem þeir vinna. Ég þekki enga aðra stétt sem fær sérstaklega borgað fyrir að vinna í vinnutímanum ef hún gerir það. En þannig er það með bankastjóra sem að sjálfsögðu sækja nefnda- og stjórnarfundi sem fulltrúar bankans í dótturfyrirtækjum bankanna í vinnutímanum og fá borgað aukalega fyrir það. Þetta á ekki að vera svona.

Hitt held ég að sé mikil bjartsýni að binda við það vonir að einkavæðingin leysi þennan vanda. Reynslan þar er sú að eitt fyrsta verk í einkavæddum stofnunum er að hækka laun toppanna og gera launakjörin þar á ofan ósýnileg og auka launamun. Þá mundu menn væntanlega fara úr öskunni í eldinn og það eina sem breyttist væri það að menn fengju ekki lengur upplýsingar um þó þau launakjör sem menn eru þarna að skammta sér.

Hitt er svo mjög athyglisvert, herra forseti, að þessar launahækkanir til bankastjóranna eru ótvíræður vitnisburður yfirvalda bankamála um að það sé mikið svigrúm í þjóðfélaginu til launahækkana. Þau skilaboð komast vonandi áleiðis til réttra aðila. Yfirvöld bankamála á Íslandi, sem eiga að þekkja vel til stöðu efnahagsmála og peningamála, hafa með ákvörðunum um launahækkanir bankastjóra sent frá sér ótvíræð skilaboð um að það séu aðstæður til þess að hækka kaup á Íslandi. Það er gott. Vonandi verður það þá til eftirbreytni annars staðar.

[16:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Starfskjör bankastjóra ríkisbankanna er enn eitt dæmið um þær ógöngur sem launakerfi ríkisins er komið í. Þrátt fyrir dágóð grunnlaun eða um 400 þús. kr. má ætla að heildartekjur þeirra séu oft nær 1 millj. kr. þegar sporslurnar svokölluðu eru taldar með. Það eru ýmis atriði sem vekja athygli í þessu sambandi. Hvers vegna njóta bankastjórar bæði alveg ótrúlegra sérkjara og allra annarra kjara sem hinn almenni bankastarfsmaður hefur eins og t.d. mánaðaruppbótar í desember? Eru einhver takmörk fyrir því hve margar launaðar sporslur bankastjórar mega taka sér? Fyrir hvað eru grunnlaunin hugsuð? Er það eðlilegt fyrirkomulag að bankaráðin sem ákveða laun bankastjóra þiggi laun sem er hlutfall af launum bankastjóra? Þetta eru grundvallarspurningar sem tímabært er að stjórnmálaflokkarnir og bankaráðin svari, ásamt þeirri spurningu hvort ábyrgð bankastjóra sé eða ætti ekki að vera í samræmi við starfskjörin. Því miður virðist svo ekki vera. Starfskjör bankastjóra eru dæmi um pólitíska spillingu sem verður að uppræta. Kvennalistinn hefur fyrst og fremst verið málsvari þeirra sem ekki eru af sama kyni og bankastjórar og oftar en ekki þiggja laun af hinum enda launaskalans, þeirra sem nú mæta skilningsleysi atvinnurekenda í yfirstandandi kjaraviðræðum. Andstæðurnar á milli kjara bankastjóra, sægreifa og að minnsta kosti sumra stjóra annars vegar og launafólks, atvinnulausra, námsmanna og almennra ellilífeyrisþega hins vegar, hljóta að skapa réttláta reiði og aukið baráttuþrek. Ráð mitt til atvinnurekenda nú er að hlusta á þessa reiði og auka réttlætið í kjaramálum landsmanna. Að öðrum kosti hlýtur

þessi réttmæta reiði að fara í neikvæðari, jafnvel hættulegri farveg.

[16:08]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Enn og aftur birtast tölur um óhófleg launakjör og lífeyriskjör bankastjóra. Enn og aftur virðist framkvæmdarvald og þing þjóðarinnar ráðalaust. Hér kemur fram af hálfu hæstv. bankamálaráðherra að hann hafi ekki boðvald í málinu. Það er að sönnu rétt. En lausnin liggur þar með í þessum sal, nefnilega að breyta gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Ég vil lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því að flytja frv. til breytinga í þá veru. Nefnilega að tryggja að bankastjórar sinni ekki aukastörfum eins og gildir um aðra ríkisstarfsmenn og í öðru lagi að launaákvarðanir þeim til handa fari til Kjaradóms eins og gildir um aðra ríkisstarfsmenn. Það er nefnilega ljóst, hvað sem líður kosningu Alþingis til bankaráðanna að bankaráðin hafa ekki gegnt sínu hlutverki og það enda þótt ríkisstjórnarflokkarnir hafi í þeim sérstaka fulltrúa sína úr þessum þingsal, þingmenn, til að tryggja að pólitískur vilji ríkisstjórnar hverju sinni gangi þar fram. Þess vegna held ég að eina ráðið til að bregðast við þessu sé að þingið taki þetta mál til sín á nýjan leik, bregðist við eðlilegri gagnrýni í þessum efnum og taki þær ákvarðanir sem skynsamlegar teljast.

Ég vil hins vegar árétta það, virðulegur forseti, að gefnu tilefni að Alþfl. hefur um langt árabil tekið ákvörðun um að skipa ekki þingmenn í bankaráð einfaldlega vegna þess að við teljum eðlilegt að skiptingin á milli löggjafarvalds annars vegar og framkvæmdarvalds hins vegar sé algjörlega skýr. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa hins vegar kosið að fara aðra leið í þessum efnum og kannski með þeim afleiðingum sem við okkur blasa í dag.

[16:10]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það orkar ekki tvímælis að starfskjör bankastjóra ríkisbankanna eru góð og hafa verið það alla tíð. Hitt er þó ljóst að þau eru sýnishorn af þeim forstjóralaunum sem gilda á Íslandi hjá sambærilegum fyrirtækjum. Ég er hér með sýnishorn sem Frjáls verslun gaf út um laun 600 einstaklinga í forustustörfum. Þar hafa margir hærri laun en bankastjórarnir, aðrir lægri. Algeng eru á markaðnum tvö- og þreföld laun forsætisráðherra. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar um dreifingu atvinnutekna á árinu 1995 hafa 1.200 einstaklingar í landinu yfir 5 milljónir í árstekjur. Ég get tekið undir með hæstv. viðskrh. að tímabært er að endurskoða hvernig þessi laun eru fundin og höggva á hnúta sem valda tortryggni. Nú eiga menn að skoða þetta mál í stærra samhengi. Hlutafélagsformið eða formbreytingin er engin lausn eða staðreynd um kjaralækkun bankastjóranna. Bankastjórar Íslandsbanka og sparisjóða eru síst með lakari starfskjör og þar eins og í ríkisbönkunum eru þau tekin af rekstrarkostnaði bankanna. Ég tel aftur á móti að miklar kröfur um ábyrgð og rekstur eigi að gera til bankastarfsemi. Stólarnir eiga að vera valtir sé reksturinn ekki í lagi. Búnaðarbankinn hefur skilað góðri afkomu og á þessum áratug má ætla að hann skili í ríkissjóð um 1 milljarði kr. í tekjuskatt á meðan hinir viðskiptabankarnir eru tekjuskattslausir, einkabankinn þar með talinn. Lágu launin eru svo vandamál dagsins, þar verður að finna lausn. Ég vona að það gerist með þeim kjarasamningum sem nú eru fram undan.

Sá hv. þm. sem hóf þessa umræðu var Jóhanna Sigurðardóttir. Frá árinu 1987–1994 var hv. þm. ráðherra og viðskiptaráðherrann alþýðuflokksmaður allan tímann. Hvað gerði hv. þm. á þessu tímabili til að lækka starfslaun bankastjóranna? (Forseti hringir.) Flokksbræður hennar fóru enn fremur með forustu í bankaráðum, þeir Ágúst Einarsson og Þröstur Ólafsson, núv. starfsmaður jafnaðarmanna. Verður Þröstur Ólafsson kallaður úr þjónustu sinni undan Svörtuloftum? Ég spyr hv. málshefjanda að því.

[16:13]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Ég minnist þess að fyrir rúmum 30 árum las ég ritgerð eftir ungan hagfræðing, Þröst Ólafsson, þar sem hann gerði grein fyrir því að íslenskar peningastofnanir væru miklu dýrari en nokkrar peningastofnanir hér í kring. Síðan þá hef ég séð margar sannanir þess að þetta er rétt. Þær eru miklu dýrari. Síðustu tíu árin hefur þetta lagast nokkuð en þó ekki meira en svo að íslenskar peningastofnanir kosta í dag u.þ.b. helmingi meira en sambærilegar stofnanir erlendis, þ.e. framleiðnin hér hjá peningastofnunum er mjög lág. Það eru afurðastöðvar landbúnaðarins, sláturhús og bankar sem eru hvað lélegastir varðandi framleiðni á Íslandi. Þetta er vandamálið. Það er þetta sem við stöndum frammi fyrir. Viljum við lyfta upp lífskjörum Íslendinga þá er að snúa sér að þessum fyrirtækjum sem eru svona léleg eins og íslenskar fjármálastofnanir. Þetta hefur legið fyrir í marga áratugi. Ef við getum lækkað kostnað við bankana t.d. um helming, eins og ég veit að er hægt, þá skipti ekki máli hvaða kaup viðkomandi forstjórar hefðu. Það væri algjört aukaatriði. Þess vegna er þessi umræða öll hreinlega út í hött, hvaða laun einhverjir forstjórar hafa í þessum stofnunum. Þetta er allt sett með lögum. Það eru þrír menn í staðinn fyrir einn sem er forstjórar hvers fyrirtækis. Það veit hver einasti maður að það er tveimur of mikið. Þetta hefur Alþingi sett allt saman. Það er Alþingis að breyta þessu. Allir flokkar hafa staðið að þessu í mörg ár, marga áratugi. Það er okkar að breyta þessu því að þessi skipan mála er herfileg. Öll skipan peningamála á Íslandi er frá því á steinöld. Okkur ber að gera þetta strax. Það er málið.

[16:15]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég hlýt í fyrstu að gera þá kurteislegu athugasemd við hæstv. viðskrh. að ég ræddi við aðstoðarmann hans í síma í morgun, sagði honum spurningarnar munnlega og bauðst til að faxa þær. Það er ekki umræðuefnið hér í stólnum, við erum að ræða miklu merkilegri hluti. Ég vil líka þakka ráðherra fyrir að bregðast við í morgun, fyrir þessa umræðu, með því að skrifa bréf til bankaráðanna. Það bréf sem hann sjálfur, hæstv. ráðherra, kallaði reglugerð í blaðaviðtali sem ég las við hann. Ég vona að bankaráðin hlýði þá því bréfi alveg eins og þau hlýddu hinu.

Þetta er merkileg umræða og við skulum fylgjast með því hvað bankaráðin gera í fyrsta lagi eftir að hæstv. viðskrh. hefur skrifað bréfið og í öðru lagi eftir að hann hefur lýst því yfir að honum sé stjórnarseta bankastjóranna ekki að skapi. Því að ég hef tekið eftir því að bæði bankastjórarnir og bankaráðsmennirnir eru mjög áhugasamir um afstöðu viðskrh. í málefnum bankanna. Að vísu eru þeir honum ekki alltaf sammála en láta það þá í ljós með kurteislegum og skynsamlegum hætti.

Ég vil á þeim stutta tíma sem ég hef þakka fyrir umræðuna. Ég tek undir með hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og þeim hv. þm. Sjálfstfl. sem tóku til máls að formbreytingar eru ekki lausn. Þá fyrst kemur leyndin og það fyrsta sem menn gera er að hækka kaupið sitt.

Af því að menn hafa talað um hvort þetta séu rétt laun eða ekki þá vil ég segja að kannski væri lausnin sú, sem ég heyrði mann stinga upp á að áður en bankastjórar og aðrir háembættismenn eru ráðnir sé þeim gert að leita tilboða í sjálfa sig á erlendum markaði eða hér innan lands og séu þá ráðnir á það kaup en venjuleg meðallaun ella. Það mundi þá kannski sýna hverja við erum að ráða í þessar stöður.

Ég er nú ekki Þröstur Ólafsson og ekki Jóhanna Sigurðardóttir, en ég tók eftir að fulltrúi Búnaðarbankans hér í umræðunum taldi nokkuð hallað á sinn banka gagnvart Seðlabankanum. Ég kalla bara fram hér fulltrúa Seðlabankans. (Forseti hringir.)

En að lokum virðist niðurstaða umræðunnar vera sú frá flokksbróður viðskrh. að það sé svo sem engin lausn á þessu nema sú að jafna launin upp á við, bæta hag ráðherranna, og ég tel það ákaflega skynsamlega niðurstöðu í þessu máli (Forseti hringir.) jafnvel þó að hún stangist á við þá launastefnu ríkisstjórnarinnar að öll laun skuli fylgja launavísitölunni sem mér þykir merkilegt fyrir VMSÍ og aðra að heyra nú þegar verið er að reyna að hífa upp lægstu launin.

[16:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þátttöku í þessari umræðu. Mér fannst það vera til fyrirmyndar hjá hv. þm. að senda spurningarnar til mín fyrir fram því þá gefst betra tækifæri til þess að svara mun nákvæmar heldur en ef menn eru ekki undirbúnir og ég þakka hv. þm. fyrir það.

Ég vil aðeins leiðrétta það sem kom fram hér hjá einum hv. þm., að hækkunin á launum bankastjóra hafi verið langt umfram það sem almennt hafi gerst. Ég reyndi að gera grein fyrir því í fyrra svari mínu að þróunin á launakjörum bankastjóra hefði verið nákvæmlega í samræmi við þróun launavísitölunnar. Þannig að það er ekkert umfram það. En þar er um miklu hærri laun að ræða en laun á almennum markaði.

Í viðskrn. hefur verið tekin sú ákvörðun að breyta þeirri sjálfvirkni sem hefur verið á milli launakjara bankastjóra og bankaráðsmanna til þess að eyða þeirri tortryggni sem er til staðar með slíkri tengingu.

Þessi umræða þarf í sjálfu sér ekkert að koma á óvart. Þetta er eiginlega árviss atburður annaðhvort þegar skattskráin kemur út eða þá að einstakar fyrirspurnir koma fram hér á Alþingi um launakjör bankastjóranna. En einhvern veginn hefur þetta verið svo að mönnum hefur ekki tekist að breyta þessu. Ég heyri hins vegar nú í þessari umræðu að fulltrúar allra flokka tala um að þarna sé nauðsynlegt að gera breytingu á. Þá tel ég kannski að það sé betra tækifæri til þess en oft áður því staðreyndin er sú að allir þeir flokkar sem nú eiga sæti á Alþingi eiga fulltrúa í bankaráðum bankanna. Það er alveg sama hvaða stjórnmálaflokkur það er. Ég veit ekki til þess að einn einasti fulltrúi þessara bankaráða hafi gert athugasemdir við þau launakjör sem bankastjórarnir eru á. Nú heyri ég hins vegar hjá fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem eiga sæti á þingi (Forseti hringir.) að það er vilji til að gera breytingu á og þá vænti ég þess að ég sem viðskrh. fái stuðning fulltrúa þessara flokka til að framkvæma þessa breytingu í góðri sátt við bankaráðin.

Fundi slitið kl. 16:20.

---

75. FUNDUR

fimmtudaginn 20. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338. — 1. umr.
2. Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, stjfrv., 344. mál, þskj. 616. — 1. umr.
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358, nál. 597. — Frh. 2. umr.
4. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474. — 3. umr.
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr.
6. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, þáltill., 210. mál, þskj. 249. — Frh. fyrri umr.
7. Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, þáltill., 308. mál, þskj. 567. — Frh. fyrri umr.
8. Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, þáltill., 325. mál, þskj. 588. — Frh. fyrri umr.
9. Stuðningur við konur í Afganistan, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Fyrri umr.
10. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — 1. umr.
11. Menningarráð Íslands, þáltill., 184. mál, þskj. 205. — Fyrri umr.
12. Landgræðsla, frv., 190. mál, þskj. 212. — 1. umr.
13. Staða drengja í grunnskólum, þáltill., 227. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
14. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 243. mál, þskj. 378. — Fyrri umr.
15. Stjórnarskipunarlög, frv., 268. mál, þskj. 521. — 1. umr.
16. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 298. mál, þskj. 554. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Svanhildur Kaaber, 17. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:30]

Útbýting þingskjals:

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 364. mál, stjfrv. (umhvrh.), þskj. 641.

Vörumerki, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 338.

[10:31]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til nýrra vörumerkjalaga sem er 233. mál þingsins á þskj. 338.

Í júní á síðasta ári skipaði ég starfshóp til að endurskoða ákvæði laga nr. 47/1968, um vörumerki. Lögin voru að meginefni til óbreytt frá þeim tíma. Aðeins voru gerðar minni háttar breytingar á lögunum árið 1984 og árið 1993. Það lætur að líkum að margt hefur breyst á þessu sviði og var það því niðurstaða starfshópsins að nauðsynlegt væri að semja frv. að nýjum heildarlögum.

Það voru einkum þrjú atriði sem kölluðu á endurskoðun vörumerkjalaga okkar. Í fyrsta lagi má telja þær skuldbindingar sem Ísland tók á sig með samningnum við hið Evrópska efnahagssvæði og varða aðild að ýmsum alþjóðlegum sáttmálum á sviði hugverkaréttinda.

Í öðru lagi eru það skuldbindingar vegna þess hluta samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem fjallar um hugverkarétt í viðskiptum og loks má telja almenna þróun sem orðið hefur á þessu réttarsviði annars staðar á Norðurlöndum.

Fyrsta atriðið kemur til af ákvæðum í bókun 28 við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði, þar sem kveðið er á um ýmsa alþjóðasamninga á sviði hugverkaréttinda sem Ísland skal gerast aðili að. M.a. kemur þar fram að Ísland mun frá og með 1. janúar 1997 fylgja bókuninni um Madrid-samninginn um alþjóðlega skráningu merkja. Vegna aðildar Íslands að nefndri bókun sem tilkynnt var Alþjóðahugverkastofnuninni 15. janúar sl. ber nauðsyn til að taka upp í vörumerkjalög ákvæði um alþjóðlegar vörumerkjaskráningar. Bókunin öðlast gildi þann 15. apríl nk. Hún er eins konar viðauki við alþjóðlega samninga um sama efni, Madrid-samninginn frá árinu 1891. Síðan hefur hann lítið verið nýttur af ástæðum sem raktar eru í grg. með frv. Þessa bókun hafa nú 15 ríki fullgilt og er gert ráð fyrir að fjölmörg ríki munu gerast aðilar á næstu mánuðum. Bókunin mun koma til framkvæmda 1. apríl 1996.

Ég tel rétt að víkja aðeins nánar að þessu alþjóðlega skráningarkerfi. Aðild að bókuninni felur það í sér að aðilar í samningsríkjunum geta lagt inn umsókn um skráningu vörumerkis í einu ríki og sú umsögn getur síðan orðið grundvöllur alþjóðlegrar skráningar í öllum samningsríkjunum. Alþjóðleg skráning getur þannig sparað aðilum útgjöld og fyrirhöfn sem fylgir því að sækja um skráningu í einstökum ríkjum.

Það er Alþjóðahugverkastofnunin í Genf sem fer með yfirstjórn alþjóðlegra vörumerkjaskráninga samkvæmt bókuninni en vörumerkjaskrifstofur í hverju aðildarríki veita umsóknum viðtöku. Hér á landi tekur Einkaleyfastofan við umsóknum um alþjóðlega skráningu. Skilyrði er að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari eða sé búsettur hérlendis eða reki hér virka atvinnustarfsemi. Jafnframt þarf hann að vera eigandi vörumerkjaumsóknar eða skráningar hér á landi. Einkaleyfastofan framsendir alþjóðlega umsókn til Alþjóðahugverkastofnunarinnar sem heldur skrá yfir öll vörumerki sem skráð eru alþjóðlegri skráningu. Umsóknir erlendra aðila um að alþjóðleg skráning vörumerkis taki gildi hér berast hingað fyrir milligöngu Alþjóðahugverkastofnunarinnar og slíkar umsóknir fá sams konar meðhöndlun og aðrar umsóknir sem eingöngu er ætlað að ná til Íslands. Gera má ráð fyrir að umsóknum um skráningu vörumerkja hérlendis fjölgi til muna vegna áhrifa bókunarinnar.

Annað atriði sem ég nefni sem ástæðu fyrir endurskoðun vörumerkjalaga varðar þann hluta samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem fjallar um hugverkarétt í viðskiptum. Vegna þess eru lagðar til nokkrar breytingar er varða m.a. gagnkvæma réttarvernd og ákvæði um verndun landfræðilegra tilvísana.

Þriðja ástæðan fyrir endurskoðun laganna eru þær almennu breytingar sem orðið hafa á þessu réttarsviði á Norðurlöndum og víðar á þeim tæpu 30 árum sem liðin eru frá síðustu heildarendurskoðun laganna. Benda má á að með sívaxandi viðskiptum milli þjóða hefur gildi vörumerkja vaxið til mikilla muna. Þekkt vörumerki eru lögð að jöfnu við hver önnur verðmæti í atvinnurekstri. Þessi þróun hefur skapað þrýsting á stjórnvöld um að taka upp hraðvirkari verndarkerfi. Skref í þá átt er sú breyting sem lögð er til í frv. þessu að í stað andmæla fyrir skráningu skuli vörumerki skráð strax og gengið hefur verið úr skugga um að það uppfylli skilyrði til skráningar. Frv. gerir þannig ráð fyrir að það sé fyrst eftir skráningu vörumerkis sem hægt sé að bera fram andmæli. Í ljósi þeirrar reynslu að andmæli komi aðeins fram við lítinn hluta innlagðra vörumerkjaumsókna þykir eðlilegt að eigendur þeirra umsókna sem ekki er andmælt þurfi ekki að bíða þrjá mánuði eftir að fá merki sín skráð. Af þessari breytingu einni leiðir allmargar breytingar.

Auk hagræðis fyrir umsækjendur leiðir þessi breyting varðandi andmæli til ákveðins sparnaðar við birtingar. Í stað tvíbirtingar verða vörumerki sem ekki koma fram andmæli við aðeins birt einu sinni í riti skráningaryfirvalda. Þá má telja það sjálfsagða réttarbót að með frv. er tryggður réttur andmælenda til að áfrýja úrskurðum einkaleyfayfirvalda í vörumerkjamálum til áfrýjunarnefndar. Samkvæmt gildandi lögum hefur aðeins umsækjandi rétt til að áfrýja.

Svo sem núgildandi lög kveða á um verða vörumerki skráð í flokka samkvæmt alþjóðlegu flokkunarkerfi fyrir vöru og þjónustu. Samkvæmt frv. er nokkuð hert á kröfum varðandi upplýsingar um það fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið eigi að gilda. Þannig þarf að tilgreina nákvæmlega hvaða vörur eða þjónusta óskast vernduð í þeim flokkum sem umsækjandi kýs að skrá merkið fyrir. Breytingar frá núverandi tilhögun felst í því að umsækjandi getur ekki helgað sér heila vöru eða þjónustuflokka heldur verður hann að tilgreina nákvæmlega fyrir hvaða vöru eða þjónustu merkið á að gilda.

Ég tel rétt að víkja örfáum orðum almennt að vörumerkjum og þróun þeirra hér á landi á síðustu árum. Einkaleyfastofan hefur frá árinu 1991 annast skráningu og meðferð vörumerkja hér á landi. Áður fór sérstök deild innan iðnrn. með þennan málaflokk. Auk vörumerkja annast Einkaleyfastofan meðferð og skráningu umsókna um vernd einkaleyfa og hönnunar. Fjöldi vörumerkjaumsókna og skráninga fer vaxandi. Nefna má að á árinu 1990 voru umsóknir um 1.040 og skráningar tæplega 1.000. Á síðasta ári voru umsóknirnar orðnar 1.570 og skráningar tæplega 1.400. Frá árinu 1980 hefur hlutur íslenskra aðila í innlögðum vörumerkjaumsóknum vaxið úr tæpum 15% í rúmlega 25%. Af þessum tölum má sjá að aukinn áhugi er hjá aðilum í atvinnurekstri að vernda auðkenni sín. Einnig má fullyrða að með auknum viðskiptum við erlend ríki hefur gildi vörumerkjaréttar vaxið til muna. Atvinnurekendum er orðið ljóst að gott vörumerki er gulls ígildi þegar vara eða þjónusta er markaðsfærð.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til iðnn. og það verði afgreitt á þessu þingi, helst svo snemma að það geti öðlast gildi fyrir 15. apríl nk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (EES-reglur). — Þskj. 616.

[10:39]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis er samið vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði um að setja í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins, nr. 94/47 frá 26. október 1994, um verndun kaupenda vegna tilskilinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni.

Á undanförnum árum hafa þróast viðskipti þar sem seld er hlutdeild í afnotarétti að ýmiss konar orlofshúsnæði samkvæmt sérstökum stöðluðum samningum. Algengast er að íbúðarhótel eða annað ámóta íbúðarhúsnæði fyrir ferðamenn sé boðið til sölu á þennan hátt. Söluréttindum til almennings er hagað með ýmsu móti en algengt er að sérstök sérhæfð fyrirtæki annist sölu og umsýslu að öllu leyti. Kaupum á slíkum réttindum fylgir einnig oft réttur til þátttöku í fyrirkomulagi eða skiptum eða endursöluréttindanna á eftir markaði, annaðhvort á vegum þess sem selur réttindin í upphafi en einnig eru dæmi um að slíkir samningar séu seldir á almennum opnum mörkuðum, t.d. verðbréfamörkuðum.

Reynslan hefur sýnt að við markaðssetningu hafa þeir sem selja slík réttindi, sem hér hefur verið fjallað um, notað ýmsar söluaðferðir sem oft á tíðum eru á mörkum þess að teljast vera góðir viðskiptahættir. Algengt er að boðið sé til sölu kynningar á vinsælum ferðamannastöðum og eru kaupendur oft fengnir til þess að undirrita skuldbindandi samninga um kaup á slíkum réttindum án þess að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um þær eignir sem seldar eru með þessum hætti eða þau réttindi sem kaupandi eignast við kaupin.

Meginmarkmiðið með lagasetningunni er að setja lágmarksreglur um þau viðskipti sem frv. nær til og tryggja kaupendum slíkra réttinda lágmarksvernd við gerð slíkra samninga. Um leið er tryggt að á hinum sameiginlega innri markaði í Evrópu gildi sambærilegar reglur að þessu leyti.

Vil ég þá víkja að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er að finna ákvæði sem afmarkar gildissvið frv. Samkvæmt ákvæðinu tekur þetta frv. eingöngu til samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, en hafa gildistíma sem er lengri en þrjú ár og er það í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins. Öll ríki sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu eru skuldbundin með sama hætti og Ísland að setja í lög sambærileg ákvæði og er að finna í frv. því sem hér liggur fyrir. Samkvæmt ákvæði tilskipunarinnar ber aðildarríkjum að tryggja að sú vernd sem felst í frv. þessu nái til allra samninga sem gerðir eru um fasteignir sem staðsettar eru á Evrópska efnahagssvæðinu og gildir þá einu hvort um samninginn fari að öðru leyti eftir löggjöf lands sem er utan svæðisins.

Í 2. gr. frv. er að finna nauðsynlegar skilgreiningar.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá ákvæðum þess kaupanda í óhag.

Eins og ég hef áður vikið að hefur reynslan sýnt að oft hefur skort verulega á upplýsingar um seljanda, svo og þá fasteign eða fasteignir sem samningur kaupanda og seljanda tekur til. Í 4. gr. er því lögð ítarlega skylda á seljendur til að upplýsa kaupanda um ýmis grundvallaratriði samningsins, svo sem byggingarstig fasteignarinnar, tryggingar sem seljandi setur um að byggingu verði lokið ef um er að ræða ófullfrágengna fasteign, hvaða þjónustu kaupandi hefur aðgang að og hvort kaupum fylgir réttur til þess að hafa aðgang að eftirmarkaði vilji hann síðar selja hlutdeild sína. Um nánari greinargerð um upplýsingaskylduna vil ég vísa til greinarinnar og athugasemda við frv.

Í 5. gr. er kveðið svo á að orlofshlutdeild skal ávallt vera á því tungumáli sem talað er þar sem kaupandi er búsettur og jafnframt ber honum réttur til þess að fá löggilta þýðingu hennar á því tungumáli þar sem fasteignin er staðsett.

Í 6. gr. er að finna mikilvægt ákvæði til verndar kaupendum hlutdeildar í afnotarétti orlofshúsnæðis. Í ákvæðinu er skýrt kveðið á um að samningur um kaup á slíkum rétti skuldbindur ekki kaupanda fyrr en tíu dögum eftir að slíkur samningur var gerður. Sá frestur getur einnig lengst hafi seljandi ekki lagt fram fullnægjandi upplýsingar og getur kaupandi þegar þannig stendur á verið óbundinn af tilboði sínu í allt að þrjá mánuði frá því að hann lýsti yfir vilja sínum til að kaupa hlutdeildina.

Eins og ég nefndi áðan hefur reynslan sýnt að við markaðsfærslu hafa seljendur oft notað aðferðir sem er á mörkum þess að teljast vera góðir viðskiptahættir. Sölukynningar á vinsælum ferðamannastöðum í orlofi kaupandans hafa þráfalt leitt til þess að kaup eru ákveðin án nægilegrar ígrundunar og kaupendur borið skaða af. Þetta er mikilvægt ákvæði þess að í tilskipun Evrópusambandsins er kveðið svo á að kaupandi skuli vera óskuldbundinn í allt að tíu daga. Jafnframt hafi hlutaðeigandi ráðuneyti á Norðurlöndum haft samráð um það að þetta atriði og sá frestur sem lagður er til í frv. að öðru leyti samrýmist því sem lagt er til á hinum Norðurlöndunum.

Réttur kaupenda til að nýta sér að hætta við samninga um kaup á hlutdeild er þó ekki sjálfvirkur og segir í 7. gr. frv. að vilji kaupandi nýta sér rétt sinn til riftunar, þá skuli hann senda seljanda tilkynningu þar að lútandi.

Í 8. gr. er enn fremur kveðið svo á að hafi kaupandi undirritað lánssamning í tengslum við kaup sín á hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, þá er slíkur samningur ekki gildur ef kaupandi hefur réttilega tilkynnt seljanda um riftunina. Ákvæðið er í samræmi við þá meginreglu, sem fram kemur í lokamálsgrein 6. gr., að seljanda er óheimilt að krefja kaupanda um greiðslu fyrr en frestur kaupanda til að rifta samningi er liðinn.

Í 9.–11. gr. er að finna ýmis ákvæði um heimild ráðherra til að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara, ákvæði um viðurlög við brotum og gildistökuákvæði.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið meginefni frv. til laga um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, og vil, með leyfi forseta, leggja til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 358, nál. 597.

[10:48]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Mér þykir rétt við þessa umræðu að gera grein fyrir fyrirvara sem ég hafði við álit landbn. um þetta mál. Málið snýst um að skilja að stjórnsýslu samkvæmt lax- og silungsveiðilögum frá framkvæmdar- og rannsóknarverkefnum sem Veiðimálastofnun hefur á hendi. Þetta er lítið frv. og lætur lítið yfir sér. Hins vegar vakti ég athygli á því fyrir jól þegar þetta mál var til umræðu að það væri e.t.v. ástæða til að skoða það í víðara samhengi, þ.e. rannsóknarþátt Veiðimálastofnunar og skipulag stofnunarinnar vegna þess að það hefði verið vel hugsanlegt að haga þeim rannsóknarþætti á annan veg heldur en er. Það hefði t.d. verið hægt að fela öðrum rannsóknastofnunum þær rannsóknir og hafa þá stjórnsýsluþáttinn í landbrn. Ég minni á að starfandi er nefnd ráðuneytisstjóra sem er að endurskoða skipulagningu á rannsóknum hér á landi. Við óskuðum eftir upplýsingum í landbn. um starf þeirrar nefndar. Við fengum ekki svör um hvernig þau mál stæðu en það var skoðun mín að það hefði verið full ástæða til að líta á þetta mál í víðara samhengi.

Það hefur gerst hjá Veiðimálastofnun að sérstakir rannsóknarþættir veiðimála hafa verið færðir út úr stofnuninni og fengnir öðrum sjálfstæðum einkaaðilum og ekkert nema gott um það að segja að tengja fleiri aðila að málinu, en það hefði þá e.t.v. verið tilefni til að skoða málin í stærra samhengi.

Niðurstaðan í nefndinni varð sú, — menn voru kannski ekki á móti því að líta á málin í heild heldur vildu gera þessa nauðsynlegu breytingu sem er vegna stjórnsýslulaga, þ.e. að sami aðili má ekki koma að úrskurði um mál og síðan vera á hinu æðra stjórnsýslustigi ef úrskurði eða málsmeðferð verði áfrýjað. Um það snýst þetta mál, þ.e. að aðskilja starfsemina í Veiðimálastofnun, rannsóknarþáttinn og stjórnsýsluþáttinn. Það er gert í þessu frv. Það var lagt þannig fram að einfaldasta leiðin var farin. Það hefði verið hægt að gera róttækari breytingar sem ég hefði gjarnan viljað skoða en niðurstaðan varð nú að gera það ekki í þessari umferð heldur láta sér nægja að gera þær lágmarksbreytingar sem leiðir af samþykkt stjórnsýslulaganna. Fyrirvari minn laut að því að ég hefði frekar kosið að menn hefðu tekið sér tíma og skoðað allan rannsóknarþáttinn sem viðkemur veiðimálum, t.d. hvort fiskeldismál eigi að heyra undir landbrn. eða hvort þau eigi að fara undir sjútvrn. Það er álitamál sem menn hafa oft rætt en það fékkst ekki samhljómur í nefndinni fyrir því að líta á málin í þessu samhengi í þetta sinn þótt menn viðurkenndu að full ástæða væri til og vísuðu m.a. til þess að ráðuneytisstjórar væru að útbúa heildstæðar tillögur um þennan þátt mála.

Þess vegna tel ég rétt að standa að slíkri breytingu, líta á hana sem nauðsynlegt skref en breytir því ekki að það er jafnrétt að þessi mál verða öll að koma til skoðunar í stærra samhengi síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Grunnskólar, 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. RA o.fl., 70. mál (eignarréttur á náttúruauðæfum og landi). — Þskj. 70.

[10:53]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fyrri umræðum um þetta mál var ég spurð að því í andsvari af hv. þm. Alþb., Kristni H. Gunnarssyni, hvernig Kvennalistinn vildi leysa það vandamál að heilu byggðarlögin missi lífsviðurværi sitt ef einstaklingar kjósa að selja þann rétt til sjósóknar sem þeim er falinn. Hv. þm. spurði vegna yfirlýsingar minnar um að ég teldi að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi tryggði ekki að núverandi nýting á auðlindinni væri til hagsbóta fyrir þjóðarheildina, sem ég tel mjög mikilvægt að festa í stjórnarskipunarlög með hliðsjón af því að nytjastofnarnir í hafinu eru í eigu íslensku þjóðarinnar. Hv. þm. spurði um úrræði Kvennalistans til að tryggja að auðlindin í hafinu nýtist í þágu eigenda sinna, þjóðarheildarinnar, og þar með að heilu byggðarlögin missi ekki lífsviðurværi sitt.

Það er ekki ætlun mín, herra forseti, að orðlengja um þetta mál þar sem hv. fyrirspyrjandi er ekki staddur hér í salnum. En í mjög stuttu máli hefur Kvennalistinn haft það á stefnuskránni allt frá árinu 1986 að byggðakvóta sé úthlutað til byggða. Það er reyndar mjög athyglisvert sem ég heyrði ekki alls fyrir löngu frá fyrrv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, að komið hafi verulega til tals þegar kvótakerfið var sett á árið 1984 að hafa þennan háttinn á fremur en að úthluta þessu beint til útgerðarmanna eftir veiðireynslu.

Í stefnuskrá Kvennalistans er útlistað nákvæmlega hvernig við viljum haga þessum byggðakvóta. Það hefur auðvitað ýmislegt breyst síðan sú stefnuskrá var samin árið 1995, en þar er talað um að skipta hafinu í kringum landið í djúpsjávarmið og grunnslóð og það sé fyrst og fremst grunnslóðin sem verði nýtt af byggðunum í kring. Hugmyndin er þá sú að hluta árlegs aflamarks sé vísað til byggðarlaganna og bæjarstjórn á viðkomandi stað fari með notendarétt þess kvóta.

Þá spyrja margir hvort það mundi ekki minnka framleiðni kerfisins og minnka arðinn af kerfinu. Það er hugsanlegt. En það er reyndar mjög mikilvægt að mínu mati að auðlindin komi öllum til góða og að ríkidæmi fárra, hvort sem við köllum þá sægreifa eða annað, þarf alls ekki að tryggja almannaheill. Ég held því að það séu mun fleiri sjónarmið en hámarksgróði einstaklinga sem hér skiptir máli. Það verður að taka mið af atvinnuástandi úti um allt land og að fólkið í landinu geti lifað á þeim stað sem það hefur fjárfest, t.d. byggt sín íbúðarhús. Það er mjög óvarlegt félagslega séð að hafa hér kerfi sem getur kippt lífsviðurværi heilla byggðarlaga undan þeim ef einstaklingar kjósa að haga því svo.

Ég tel þetta vera tvö helstu vandamálin miðað við kerfið í dag þ.e. að tryggja að auðlindin sé í raun í eigu þjóðarinnar

og sé nýtt í þágu hennar. Fyrirspyrjandi, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, spurði einmitt hvort ég teldi að veiðileyfagjald gæti að einhverju leyti leyst það mál. Ég tel að það geti leyst það mál á vissan hátt ef ríkið fær inn ákveðna upphæð fyrir nýtingu á auðlindinni, þá sé hægt að nýta það fé til almannaheilla. Ég tel einnig að hin leiðin til að tryggja byggðirnar og búsetu sé ekki kippt undan heilu byggðunum sé sú að ákveðinn kvóti fari á byggðarlög ef þess þykir þörf.

Að öðru leyti vil ég vísa hv. þm. á stefnuskrá Kvennalistans þar sem þetta er útlistað í smáatriðum eins og það var 1995. Það kemur vissulega til greina að mínu mati að endurskoða þetta kerfi alveg frá grunni. Það er það mikil úlfúð og óánægja með það að alveg er tímabært að endurskoða það frá grunni, en þá á ég auðvitað alls ekki við að það eigi að fara aftur til einhverra fornra hátta þar sem arðsemi kerfisins eigi ekki að skipta máli. Ég tel mjög mikilvægt að við höfum fiskveiðistjórnarkerfi þar sem hámarksfiskveiðiarður næst út, en það er mikilvægt að þjóðin njóti þessa fiskveiðiarðs í heild og að fólkið sem býr nálægt fiskimiðunum fái að veiða fiskinn sem er spriklandi í sjónum í kringum það en ekki einhverjir aðrir sem búa á hinum hluta landsins.

[11:00]

Flm. (Ragnar Arnalds):

Herra forseti. Þessari umræðu um frv. okkar alþýðubandalagsmanna um stjórnarskrárbreytingar er senn að ljúka og ég vildi fara nokkrum orðum um umræðuna þótt vissulega sé nú orðið það langt um liðið síðan hún fór fram að það sé eilítið farið að fyrnast yfir það sem þar var sagt. En það munu vera a.m.k. tvær vikur síðan þessi umræða var í þinginu.

Frv. okkar fjallar um eignarhald á landi og á verðmætum í sjó og á sjávarbotni, einnig um orku í rennandi vatni, jarðhita og námur. Við alþýðubandalagsmenn teljum nauðsynlegt að sett séu ákvæði um það að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögunnar, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teljist sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 metra dýpi eins og segir í 1. gr. okkar frv.

Ég vil þakka fyrir þær ágætu umræður sem urðu um frv. á sínum tíma, en jafnframt vil ég aðeins víkja að ágreiningsefnum sem þar komu upp og snerta einkum eignarnám á landi og þau ákvæði sem í frv. er að finna um það efni. Það kom mér nokkuð á óvart í þessum umræðum að ágætur þingmaður jafnaðarmanna, hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, sem því miður er ekki viðstaddur nú, skyldi kvarta yfir því að í greinargerð frv. væri minnst á kapítalískt þjóðfélag. Ég gat ekki hjá því komist að segja við sjálfan mig: Öðruvísi mér áður brá. Einhvern tíma þótti slík orðnotkun hæfileg í okkar röðum, okkar hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar. En það var á honum að heyra að nú fyndist honum þetta vera úrelt hugtak og bæri vott um gamaldags hugsunarhátt. Það verður auðvitað hver og einn að eiga það við sjálfan sig hvaða orðaval hann notar. (**Gripið fram í:** Er þetta ritstjóri Alþýðublaðsins sem verið er að tala um?) Það er verið að tala um hv. 15. þm. Reykv. sem einnig er ritstjóri Alþýðublaðsins. Það er rétt.

Ég vil taka það fram að við alþýðubandalagsmenn höfum aldrei verið þjóðnýtingarmenn sérstakir og í stefnuskrá Alþb. hefur aldrei, alla þá tíð sem liðin er síðan það var stofnað, verið lögð sérstök áhersla á þjóðnýtingu. Það hefur verið lögð áhersla á blandað hagkerfi og gert ráð fyrir því að eignarréttur væri virtur, að einkaframtak væri nýtt en jafnframt ætti rekstur sveitarfélaga og ríkisins rétt á sér og að sjálfsögðu ýmiss konar samvinnusamtaka. En við alþýðubandalagsmenn höfum aldrei farið í launkofa með það að við teldum kapítalískt þjóðfélag gallað og ég stóð nú í þeirri meiningu að jafnaðarmenn um allan heim væru þeirrar skoðunar. Það liggur í augum uppi að í kapítalísku þjóðfélagi á stöðugt sér stað mikil uppsöfnun auðs, auðurinn færist á fárra manna hendur og víða má kenna vaxandi fátæktar. Bilið milli ríkra og fátækra hefur farið mjög vaxandi á seinni árum og ég hef talið það hlutverk okkar jafnaðarmanna og sósíalista — ég tel að það sé sama hugtakið sem þar er um að ræða — að vinna gegn mestu meinsemdum kerfisins hvar sem þær birtast. Ég vek t.d. á því athygli svo ég nefni bara sem dæmi að á 2–3 árum hafa hlutabréf í okkar þjóðfélagi tvöfaldast í verði. Hlutabréf sem voru seld á genginu 4 fyrir 3–4 árum eru komin upp í gengið 8 og þeir sem eiga þessi hlutabréf hafa því tvöfaldað eign sína á örfáum árum. Þó er skattkerfi okkar þannig útbúið að mikill meiri hluti af þessum hagnaði verður algjörlega óskattlagður vegna ákvæða skattalaga. En það af honum sem skattlagt er verður með 10% skatti. Þetta hefur okkur fundist ósanngjarnt á sama tíma og verið er að skattleggja fátækt fólk fyrir tekjur sem kannski ná ekki 100 þús. kr. með allt að 42% skatthlutfalli. Á sama tíma gengur sem sagt milljarða gróði í gegnum kerfið til eigenda sinna og hann er annaðhvort alls ekki skattlagður eða mjög lítið skattlagður. Þetta er einn af mörgum ágöllum hins kapítalíska kerfis sem við búum við sem á að ráðast gegn og reyna að ná leiðréttingum á. Slíka mismunun á að afnema og þannig mætti nefna fjöldamörg dæmi um ágalla kerfisins sem við jafnaðarmenn hljótum að reyna að vinna gegn af öllum mætti.

Í þessu frv. höfum við alþýðubandalagsmenn gert tillögu um að við eignarnám á landi sé dómstólum ekki skylt að taka fullt tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni eða vegna opinberra framkvæmda eða annarra ytri ástæðna, heldur beri að leggja það í vald dómstólanna að meta hvað geti talist sanngjarnar bætur. Það er út af fyrir sig ekki verið að slá því föstu að allt land skuli vera á sama verði. Það er mikil mistúlkun á efni frv. Hins vegar er það lagt í vald dómstólanna að meta hvað sanngjarnt geti talist og hvað sé eðlilegt að miða við þegar svona stendur á. Auðvitað verða landeignir alltaf á mismunandi verði því að þær eru mismunandi verðmætar eftir aðstæðum. En við stöndum frammi fyrir því að þegar þéttbýlisbúar hafa verið að byggja upp sín kauptún og kaupstaði, þá hefur landið sem þeir þurfa að nýta undir hús sín verið selt á uppsprengdu verði. Það er algengt að þéttbýlisbúar hafa orðið að sæta því að landið sem þeir fá undir hús sín sé kannski selt á hundraðföldu verði, jafnvel miklu meira en það. Spurningin er hvort eðlilegt sé að landeigendur hagnist svo óeðlilega á þörf almennings fyrir íbúðarhúsnæði.

Ég hef orðið var við að sumir telja þetta vera alveg sérstaka árás á eignarréttindin og eignaréttinn, að eignarréttindin sé mannréttindi og slík mannréttindi megi ekki með einum eða neinum hætti skerða. En ég vek á því athygli að það er löngu viðurkennd regla í samfélagi okkar og í flestum velferðarsamfélögum að það eru mannréttindi að sýnd sé sanngirni í viðskiptum. Það eru mannréttindi að fólk njóti sanngirni í viðskiptum við aðra. Þetta má sjá í löggjöf okkar á ýmislegan hátt. Við getum t.d. séð löggjöfina um samkeppni og einokun. Þar er reynt að koma í veg fyrir að

þeir sem komast í einokunaraðstöðu hagnist á ósanngjarnan hátt á aðstöðu sinni.

Auðvitað eru líka til fjöldamargar aðrar hömlur í löggjöf okkar sem settar eru á viðskipti manna í milli. Ég þarf ekki að fara lengra en bara minna menn á að t.d., svo nefnt sé dæmi, er fólki ekki heimilt að selja blíðu sína. Það má kannski segja að það sé mannréttindabrot að banna fólki að selja blíðu sína en þetta er samt talið eðlilegt, sjálfsagt, sanngjarnt og nauðsynlegt í siðuðu þjóðfélagi. Eins er þörf á að setja ýmiss konar reglur um viðskipti manna. Og þegar verið er að setja hömlur á að land sé metið upp úr öllu valdi á uppsprengdu verði vegna þess að fólk er að sækjast eftir lóðum á þéttbýlisstað sem er að þenjast út, þá er verið að reyna að koma í veg fyrir að landeigendur nýti sér einokunaraðstöðu sína til að hagnast með ósanngjörnum hætti á öðrum. Við gætum kannski einfaldlega orðað þetta þannig að það séu mannréttindi að landeigendur beiti ekki þá landlausu ósanngirni. Það eru mannréttindi hinna landlausu að þeir geti eignast land undir hús sín á viðunandi verði sem talist getur sanngjarnt miðað við það hvernig viðkomandi landeigandi eignaðist sitt land og hvernig það hefur verið nýtt á liðnum árum. Þetta er hugsunin á bak við tillögu okkar og þó að sumir hafi rokið hér upp til handa og fóta og litið á þetta sem hinn argasta kommúnisma ef ekki eitthvað þaðan af verra þá vildi ég með þessum orðum minna á að um það hefur ríkt fullt samkomulag í okkar þjóðfélagi eins og mjög mörgum öðrum velferðarþjóðfélögum að það verður að setja vissar hömlur á viðskipti af ýmsum ástæðum eins og ég hef hér rakið, m.a. af sanngirnisástæðum, m.a. til að koma í veg fyrir að menn nýti aðstöðu sína til að hagnast á öðrum. Þetta er m.a. ein viðleitnin í þá átt að koma í veg fyrir ósanngjörn viðskipti.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þessa tillögu sem hefur fengið hér talsverða umræðu sem ég þakka fyrir, en væntanlega verður tækifæri til þess að fjalla frekar um hana síðar.

Um málflutning hv. 19. þm. Reykv. sem talaði áðan um fiskveiðistefnu Kvennalistans hef ég ekki margt að segja því miður. Ég átti ekki aðild að þeirri umræðu. Það var annar hv. þm. sem spurðist fyrir um stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum. Ég get hins vegar sagt alveg eins og er af hjartans sannfæringu að mér heyrðist hv. þm. flytja ágætt mál og ég er honum að mörgu leyti mjög sammála. Ég hef alltaf verið hlynntur byggðakvóta, enda var það stefna Alþb. þegar kvótakerfið var tekið upp á sínum tíma að byggðakvóti yrði tekinn upp og flest það sem fram kom í ræðu hv. þm. var mér mjög að skapi.

[11:16]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var göfug ræða og góð hjá hv. þm. Ragnari Arnalds eins og hans er vandi og ég ætla ekkert að hvekkja hann né aðra hér með umfjöllun um þá ræðu. Ég tek undir flest það sem þar var sagt. Það verður hins vegar að leiðrétta þann misskilning bara af sagnfræðilegum ástæðum að aldrei hafi í stefnuskrá Alþb. verið lögð áhersla á þjóðnýtingu. Það er nefnilega svo að í stefnuskrá sem í gildi var í 20 ár í Alþb. allt fram til miðstjórnarfundar á Akureyri að ég held vorið 1989 var kveðið á um þjóðnýtingu alls atvinnulífs á Íslandi nema, að mig minnir, á opnum þilfarsbátum sem máttu vera í einkaeign. Og við stóðum fyrir því nokkrir meðan ég var í sama flokki og hv. þm. sem hér talaði áðan að koma þessari stefnuskrá fyrir kattarnef og vakti ekki mikla hylli á sínum tíma þannig að hv. þm. skipti ekki um þjóðnýtingarskoðun sína fyrir sumarið 1989 þó að hann sé nú orðinn sinnaður blönduðu hagkerfi.

[11:17]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hræddur um að við hv. þm. Mörður Árnason verðum að nota annað tækifæri til að rökræða um innihald stefnuskrár Alþb. eins og hún var á sínum tíma, jafnmiklar fjarstæður og hann fór með hér. Auðvitað verður hver að ráða því hvort hann trúir orðum þingmannsins en eins og ég hef þegar sagt, þá var það mikil fjarstæða sem hann flutti hér. Hann getur auðvitað státað af því ef hann vill að hann hafi verið í flokki sem vildi þjóðnýta allan atvinnurekstur í landinu því hann átti sæti í þessum flokki og var félagi í honum í sjálfsagt ein 20 ár og ég minnist þess nú ekki að hann hafi gert neinar sérstakar atlögur að stefnuskrá flokksins á sínum tíma. Ég get eiginlega fullyrt að hafa setið með honum a.m.k. eina 20–30 miðstjórnarfundi og man ekki til þess að hann hafi nokkru sinni minnst á þetta áhyggjuefni sitt.

En hitt er staðreynd að Alþb. hefur aldrei verið sérstakur þjóðnýtingarflokkur en hefur lagt mikla áherslu á það alla tíð að eðlilegt sé að búa hér við blandað hagkerfi enda þótt vissulega hafi verið lögð áhersla á samvinnurekstur, ríkisrekstur og sveitarfélagarekstur þar sem það átti við. Þetta gæti ég auðvitað sýnt fram á við annað og betra tækifæri þegar ég hefði einhvern tíma til þess að koma gögnum að og tilvitnunum.

Það virðist vera svo að þessir hlutir standi svona í minningu þingmannssins sem er horfinn úr Alþb. fyrir nokkrum árum síðan. En það er hans mál, það er hans vandi eða öllu heldur þá er það hans höfuðverkur. Ég get ekkert gert við því.

[11:20]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hafði rétt fyrir mér áðan. Ég átti sjálfsagt ekki að vera að hvekkja hv. þm. Ragnar Arnalds á þessum bókstaf. Þetta er auðvitað eins og biblían. Hún er til. Við getum deilt um hvað í henni stendur. En hún er til þessi stefnuskrá og við Ragnar skulum bara fara hér á eftir og athuga þær greinar sem þar um ræðir.

Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. að Alþb. hefur aldrei verið sérstakur þjóðnýtingarflokkur því að þrátt fyrir stefnuskrá sína og ýmsar yfirlýsingar annað veifið þá hefur Alþb. í reynd verið praktískur flokkur, sósíaldemókratískur flokkur sem í ríkisstjórn og í sveitarstjórnum hefur unnið ekki ósvipað og vestur-evrópskir jafnaðarflokkar og það er auðvitað grunnurinn fyrir því að við Ragnar eigum að vera í sama flokki þó að hann eigi kannski ekki að heita Alþb. (**SJS:** Bónorð, Ragnar.)

[11:21]

Flm. (Ragnar Arnalds) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var satt best að segja allt annar tónn í seinni ræðu hv. þm. en þeirri fyrri og allt er gott þegar endirinn er góður. Hv. þm. komst þannig að orði að Alþb. hefði aldrei verið neinn sérstakur þjóðnýtingarflokkur. Þar hitti hann naglann á höfuðið og þar erum við sammála þannig að kjarni þessarar deilu er fundinn og eining fengin. Vonandi eigum við eftir að eiga gott samstarf á komandi árum hvort

sem við berum gæfu til þess að sitja í sama flokki eða ekki. Það verður framtíðin að skera úr um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 210. mál. — Þskj. 249.

[11:22]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Það mál sem hér er flutt er í sjálfu sér hið ágætasta mál. Þarna sýna sex hv. þm. áhuga á biðlistum á sjúkrahúsum og það hefur lengi verið staðreynd að biðlistarnir eru eitt helsta vandamálið í heilbrigðiskerfinu. Þeir skapa mikil óþægindi og mikinn kostnað fyrir sjúklinginn, samfélagið og vinnustaðina. Þeir snerta raunar fleiri en sjúklinginn sjálfan vegna þess að þeir snerta auðvitað fjölskyldu hans fyrir utan vinnufélaga. Fjölskyldan þarf að annast sjúklinginn. Þeir snerta börn hans ef hann er fullorðinn o.s.frv. Það er ekki bara um það að ræða að sjúklingar bíði, heldur þarf samfélagið að bera margvíslegan kostnað við þá bið, með lyfjum, hjálpartækjum ýmsum og fleiru. Þetta er auðvitað margrakið. Þess vegna hlýtur maður að fagna þeim áhuga sem fram kemur.

Hver er leiðin til þess að afnema biðlista? Það er auðvitað í fyrsta lagi að hafa þjónustuna nógu góða, að sjá um að þær deildir sem til eru á sjúkrahúsunum séu í gangi. Við höfum lifað það hér síðustu árin að deildum er meira og minna lokað á sumrin og ræður þá nánast kasti kylfa hvað fyrir verður í tilraunum, sumum örvæntingarfullum, ýmissa heilbrigðisráðherra til að spara að skipan ýmissa fjármálaráðherra. Jafnvel þó að deildir væru nokkuð í gangi þá er heilbrigðiskerfið eða sjúkrahúsakerfið ekki þannig að það geti svarað öllum kröfum á öllum tíma og þannig geta jafnvel í hinu ágætasta kerfi skapast vandamál við biðlistana. Þessi vandamál eru eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vakti athygli á í gær í umræðum um réttindi sjúklinga, til á öllum Norðurlöndum þannig að við erum ekki ein um þetta biðlistamál.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir rakti það hvernig menn hafa verið að reyna að leysa þessi mál í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Í Noregi hafa menn reynt að skipta sjúklingum í þrjá flokka, án þess að ég ætli að fara að endursegja ræðu Sivjar, og setja á þá hámarksbið. Það kerfi hefur ekki reynst vel og þeir eru að leggja það niður. Í Danmörku hafa menn hins vegar auk þess að reyna að bæta hina almennu sjúkrahúsþjónustu reynt að — ja, hvernig á nú að orða það — að skera kúfinn ofan af eða reynt að sinna þeim sem verst eru staddir með sérstöku átaki í hvert sinn. Sú leið hefur nokkuð verið reynd hér líka. Það gerði t.d. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þegar hann var heilbrrh. Ég kann ekki þá sögu aftar og kann að vera að fleiri heilbrigðisráðherrar hafi beitt sér fyrir því með því að veita ákveðnum sjúkrahúsum fjármagn þannig að biðlistarnir minnkuðu og óþægindi sjúklinganna og kostnaður samfélagsins sömuleiðis.

Hvernig er nú best að gera þetta? Svo háttar til hér á landi að skurðstofur og önnur tækniaðstaða er helst á hátæknisjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu og hún er vannýtt. Hún er ekki nýtt að fullu þannig skynsamlegast er að beita sér fyrir slíku átaki hér á höfuðborgarsvæðunum með því að setja þar í gang vaktir eða a.m.k. fulla nýtingu á þeirri tækniaðstöðu sem fyrir hendi er. Það þekkja menn úr atvinnulífinu að það er ekki skynsamlegt að hafa atvinnutækin ónýtt. Á því er beint tap. Eins er um tækniaðstöðu okkar á sjúkrahúsunum að það er heimskulegt að nýta hana ekki meðan sjúklingar bíða eftir aðgerðum, t.d. bæklunaraðgerðum sem eru oft nefndar, sjálfum sér og samfélaginu til mikils kostnaðar og óþæginda. Í þessum efnum verður því fyrir utan að reyna að búa sem best að sjúkrahúsunum að fara þær leiðir sem eru hagkvæmastar fjárhagslega og sjúklingunum jafnframt þægilegastar.

Því má bæta við í þessu máli af því að þáltill. sexmenninganna varðar einkum sjúkrahúsin úti á landi, og ekki ætla ég að mótmæla því að þar séu góð sjúkrahús er hugsanlega megi nýta til átaksverkefna af þessu tagi í einstökum tilvikum, að mér er sagt úr heilbrigðiskerfinu, og menn mótmæla því þá, að á höfuðborgarsvæðinu sé staðan sú að sjúklingar af landsbyggðinni sem eru sendir frá öðrum sjúkrahúsum á landsbyggðinni komist strax að eða mjög fljótt á meðan sjúklingar á höfuðborgarsvæðinu sem eru sendir frá lækni komist síðar að vegna þess að þeir lenda aftar í forgangsröðinni heldur en sjúklingar á landsbyggðinni. Þetta er svolítið skrýtin staða fyrir okkur Reykvíkinga og nágranna okkar að búa við vegna þess að Reykjavíkurborg sjálf og við af okkar skattfé höfum lagt drjúgt til þessa kerfis. En ekki ætla ég svo sem að gera þá umkvörtun að mínu meginatriði.

Það sem ég spyr hins vegar um er hvers vegna þessi tillaga er fram komin frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og fimm öðrum sjálfstæðismönnum af landsbyggðinni. Enginn þeirra situr í heilbrn. að því er mér er kunnugt og ég hef ekki, þó að ég hafi fylgst nokkuð með þingstörfum, heyrt þá taka mikið til máls í heilbrigðismálum. Hins vegar sitja þrír af þessum hv. þingmönnum í fjárln. og hafa þannig haft bein áhrif, beinust af þingmönnum, á fjárveitingar til sjúkrahúsa, bæði höfuðborgarsjúkrahúsanna og ekki síður sjúkrahúsa úti á landi sem var skorið mikið niður til í síðustu fjárlögum, skorið svo mikið niður til að hæstv. heilbrrh. hefur verið í vandræðum með að koma þeim niðurskurði fyrir og er lent í klandri með það mál satt að segja þó að það hafi ekki verið mikið til umræðu í þinginu.

Manni dettur það ljótt í hug að kannski stafi þessi tillöguflutningur sexmenninganna ekki af einskærri umhyggju fyrir fólkinu á biðlistunum, heldur snúi málin einkum að sjúkrahúsunum úti á landi og tengist klandri hæstv. heilbrrh. með sínar fjárlagaskipanir á herðunum. Sérstaklega dettur manni þetta í hug vegna þess að eins og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir benti á þegar þessi umræða hófst í gær, þá kemur þáltill. sexmenninganna — aðeins einn þeirra er held ég hér í salnum — beint ofan í skýrslubeiðni sem sett var fram snemma þings frá Jóhönnu Sigurðardóttur og tíu öðrum jafnaðarmönnum þar sem beðið er um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum. Þeirrar skýrslu er að vænta á næstu dögum og það er í raun og veru óskiljanlegt að hv. þingmenn skuli setja þetta fram svona. Til þess kynnu að vera tvær meginástæður. Önnur er sú að þeir séu að nota þetta sem einhvers konar gambít á heilbrrh. í einhverjum erjum innan stjórnarflokkanna. Og ef þeir eru að því þá er rétt að það komi fram hér þannig að við séum ekki að ræða málin bara út í loftið.

Hin kann að vera sú að þeir séu að tryggja sjálfa sig heima í kjördæmum sínum — allt eru þetta sjálfstæðismenn á landsbyggðinni — gegn því klandri sem heilbrrh. er kom-

inn í og stjórnarliðar yfir höfuð með sjúkrahúsin úti á landi, að þeir ætli að leggja þetta hér fram, týna því síðan í nefnd en veifa því síðan þegar þeir koma heim í kjördæmin og segja: Hér vorum við á ferðinni. Hér fljótum vér eplin, þó að hæstv. heilbrrh. hafi yfirboðið okkur að lokum.

[11:31]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég er enn að melta ræðu hv. síðasta ræðumanns og undrast nokkuð hvað hann ætlar okkur í málinu, hvers lags lymsku hann ætlar á bak við tillögu okkar sexmenninga.

Nú er það þannig eins og hann nefndi hér sjálfur, hv. þm. Mörður Árnason, að það er margrakið og flestum kunnugt að það eru biðlistar og það eru ýmis vandkvæði í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi sem flestir landsmenn vilja að leysist. Við viljum væntanlega öll að fólk þurfi ekki að þjást, fólk þurfi ekki að bíða mánuðum, jafnvel árum saman eftir aðgerðum og ég efast um að við séum með ólíkar skoðanir í þessu efni.

Þessi tillaga til þál. felur í sér að Alþingi feli heilbrrh. að kanna ítarlega biðlistana, hvort þeir séu réttir, hvort eitthvað sé sem skeikar þar. Því verði samsetning þeirra könnuð og búseta sjúklinganna, þá er hægt að kanna það einnig hvort hætta sé á því að landsbyggðarfólkið fái of fljóta þjónustu miðað við höfuðborgarbúana. En ég bendi hv. þm. og þingheimi öllum á það að allir landsmenn hafa byggt upp heilbrigðiskerfið í landinu, allir eiga sama aðgang að því og enginn meiri en annar. Ef hægt væri að benda á að mismunun sé gerð milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis þá væri það alvarlegt mál á hvorn veginn sem það er.

Við eigum, herra forseti, að geta stytt biðtíma fólks eftir aðgerðum og því höfum við tekið það hér fram að mikilvægt er að byggja upp og búa hátæknisjúkrahúsin okkar með sem allra bestum og mestum búnaði, þannig að besta þjónustan sem völ er á í veröldinni sé einnig til staðar hér á Íslandi.

Hins vegar eru svo landbyggðarsjúkrahúsin sem eru ekki með hátæknina í sama mæli og hin. En gáum að því að þær aðgerðir sem lenda á biðlista og biðtíminn verður lengstur eftir eru skipti á liðum eða einhverjar slíkar viðgerðir sem geta strangt til tekið beðið þó að það sé mikil þörf á þeim vegna þess að það er vinnutap, það er þjáning og það eru ýmis óþægindi sem biðlistar og biðtími skapar, bæði andleg og líkamleg þjáning. Þá er málið það hvort sjúkrahús á landsbyggðinni hafi möguleika á því að taka þessar aðgerðir, sérhæfa sig sum eða öll í einhverjum sérstökum greinum aðgerðanna, liðaskiptum eða einhverju því sem ég hef ekki einu sinni þekkingu til að nefna. Þetta er það sem tillaga okkar felur í sér, að nýta þjónustuna sem er fyrir hendi í landinu, nýta hana sem best fyrir alla landsmenn og fyrir alla landsmenn jafnt.

Þó að ég sé reyndar ekki í andsvari þá verður það öðrum þræði það af þeim ástæðum að síðasti ræðumaður gerði okkur upp einhvers konar andóf eða meiningar í garð hæstv. heilbrrh. og þess klandurs sem ráðherrann væri kominn í með málin. Ég sit í fjárln. og við fleiri í þessum hópi sem flytur málið, þrír af sex, og því er okkur fyllilega kunnugt um vanda heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar skal það tekið fram hér að það er ekki fjárln. sem ákvað niðurskurð eða sparnað á landsbyggðarsjúkrahúsunum um 160 millj. heldur kemur það til þingsins frá ríkisstjórninni. Þetta er ramminn sem hæstv. heilbrrh. setur og þar er gert ráð fyrir 160 millj. kr. sparnaði. Sparnaður þessi er ekki til lykta leiddur og þar eru ýmis mál sem eftir er að fara yfir og við höfum vafalaust ekki sagt okkar síðasta í þeim efnum.

Til þess að bera nú af mér þær sakir að hafa lítið fjallað um heilbrigðismálin, þá er það töluvert mikið í fjárln. sem ég hef tjáð mig um þau, t.d. varðandi biðlistana og ég hef talað um að það sé svartur blettur á velferðarkerfinu okkar og heilbrigðisþjónustunni í landinu að hafa þessa biðlista án þess að vinna á þeim. Og mig langar til þess að það komi einnig fram og gjarnan í því formi að eðlilegt væri að nefndin, ef skipuð verður sem ég vona, kanni einnig hvort túlka megi ákvæði í EES-samningnum, í 22. gr. reglugerðar nr. 1408 í viðauka VI, sem svo að fái fólk ekki meðferð innan eðlilegra tímamarka miðað við heilsufarsástand og framgang sjúkdómsins, þá megi það fara annað innan efnahagssvæðisins til þess að fá þá þjónustu. Sem sagt, að samkomulagið feli það í sér að þjónustuna skuli veita innan ákveðinna tímamarka. Sé það ekki gert, þá geti það verið krafa þeirra sem á biðlistunum eru að þeim verði heimilað að fara annað til þess að fá þá þjónustu sem viðkomandi er búinn að bíða eftir lengi og vanta.

[11:38]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fyrirgef hv. þm. Hjálmari Jónssyni tóninn í ræðu hans í minn garð sem stafar auðvitað af því að hann var að ég held ekki viðstaddur framsöguræðu 1. flm. í fyrrakvöld og talar þess vegna kannski svolítið á svig við 1. flm. en hann er 6. flm.

Málið er auðvitað þetta: Vissu hinir sex sjálfstæðismenn landsbyggðarinnar sem flytja þetta ekki af þeirri skýrslubeiðni sem jafnaðarmenn lögðu fram eða vissu þeir af henni og settu þetta samt fram? Hvort sem er gefur sína túlkunarleið á framkomu þessarar þáltill. og báðar þessar túlkunarleiðir enda auðvitað í hæstv. heilbrrh.

Ég vil líka spyrja að þessu fyrst við erum farin að ræða þetta svona efnislega: Er þá meiningin hjá hv. flm. að sérhæfingin á landsbyggðarsjúkrahúsunum sé þannig að við bætum þar við tækjum og aðstöðu og látum hana ónýtta á hátæknisjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu? Ég spyr líka: Ef þetta færi nú fram, er það þá þannig að landsbyggðarsjúkrahúsin eigi að taka þetta á sig með því fjármagni sem þau nú fá eða eiga þau að fá aukalegt fjármagn til þessa verkefnis? Er það þannig að forsvarsmenn þeirra hafa lýst því yfir að þeir anni ekki verkefnum sínum núna með því fjármagni sem þeir hafa og 160 millj. kr. klandrið stafar af því að þeir telja sig þurfa að fá peninga til þess að anna þeim verkefnum sem þau nú hafa og ekki þeim sem þeir bæta við?

Ég verð að segja það hér þó að ég sé í andsvari að það er líka erfitt að ræða þetta mál allt saman fyrst við erum farin að tala um það svona án þess að hæstv. heilbrrh. sé stödd á svæðinu. Og það gæti verið að það ætti að fresta þessari umræðu þangað til hún hefur tækifæri til þess að hlýða á hana og taka þátt í henni fyrst hana er farið að bera svo mjög á góma í henni.

[11:41]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt, ég var ekki viðstaddur hér í fyrradag, ég var með flensu en ekki á biðlista.

Það er eðlilegt að mál séu rædd frá öllum hliðum. Það er alls ekki óeðlilegt að fram komi óskir um upplýsingar frá fleirum en einum flokki eða einum aðila. Það er þannig með flest mál og því á hv. þm. eftir að átta sig á ef framtíð hans verður mikil í þinginu að það er iðulega verið að biðja um

skýrslur og heimildir til þess að fólk geti sett sig inn í málið frá öllum hliðum og ég hygg að þarna rekist ekki hvað á annars horn, heldur sé verið að óska eftir þessu með nýjum vinkli nú ef svo má segja.

Hvað varðar tæknibúnað á landsbyggðarsjúkrahúsunum þá eru þau bærilega búin mörg hver. Það er eðlilegt að setja upp vaktir hér við hátæknihúsin til þess að nýta tækin sem allra best, og ég hef tjáð mig um það reyndar áður í blaðagreinum. Við höfum sérfræðimannskapinn, við höfum tækin og sjúklingana, en það vantar að drífa þessa hluti af og áfram, vinna fleiri aðgerðir og ljúka biðlistunum.

Hvað varðar framtíð landsbyggðarsjúkrahúsanna, þá felst hún að verulegu leyti í sérhæfingu á vissum sviðum.

[11:43]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Forseti. Já, það er rétt hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni og ég tek eftir þegar maður strýkur þingmönnum öfugt feldinn þá er sífellt á það minnst. Já, ég er varaþm., það er rétt. Ég hef ekki mikla þingreynslu, það er líka rétt. En ég hef nokkuð heilbrigða skynsemi og þakka guði fyrir það og máttarvöldunum. Og skynsemi mín segir mér að þegar sex sjálfstæðismenn á landsbyggðinni sem ekki hafa að ráði snert á heilbrigðismálum koma með tillögu sem fellur nákvæmlega að skýrslubeiðni sem hér er flutt áður, þá sé eitthvað á bak við það mál. Það segir mér mín heibrigða skynsemi.

Nú hef ég hlýtt á hv. 6. flm. tillögunnar nokkra stund og mín heilbrigða skynsemi segir mér að lokum að hér sé á ferðinni einber sýndarmennska af hálfu þessara landsbyggðarmanna Sjálfstfl., ætluð til heimabrúks. Og ég tel það í raun og veru spilla fyrir störfum á þinginu, vera nánast óheiðarlegt og á mörkunum með að vera þinglegt að koma fram með svona tillögu.

[11:44]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú verð ég að láta áheyrendum öllum eftir að meta hvort það er heilbrigð skynsemi hjá hv. þm. Merði Árnasyni að gruna sjálfstæðismenn alltaf um græsku, sérstaklega þegar þeir eru margir saman á þingskjali. Það verður að vera hans mál. En hvort verið er að reyna að nota þessi mál til heimabrúks, þá má það til sanns vegar færa að við viljum að heilbrigðisþjónustan sé hvarvetna í góðu lagi og verði sífellt betri, að fólk geti átt von á því að eiga jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu hvar sem það býr á landinu.

Hitt er annað mál þegar við erum grunaðir um að vera að halda fram hlut landsbyggðar á kostnað Reykjavíkur og það sé okkar meining, þá vil ég rifja upp orð í ræðu hv. þm. hér áðan þegar hann sagði að landsbyggðarmenn ættu greiðari aðgang að sjúkrahúsum í Reykjavík heldur en Reykvíkingar og það væri á kostnað Reykvíkinga. Ég bið hv. þingheim að hugleiða þau orð, hvort hann er að fara fram með eitthvað sem kannski hentar eingöngu til heimabrúks hjá honum.

[11:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð taka undir það að ræða hv. þm. hér á undan var dálítið á skjön við ræðu 1. flm. sem haldin var fyrir tveimur dögum og ég svaraði í ræðu. En ég tek undir með hv. þm. að biðlistar eru svartur blettur á heilbrigðiskerfi okkar. Það fannst okkur jafnaðarmönnum snemma í vetur þegar við lögðum fram beiðni um skýrslu þar sem farið var fram á upplýsingar í einum 9 liðum um afleiðingar biðlista fyrir sjúklinga og önnur áhrif biðlistanna. Sú vinna hefur verið í gangi í heilbrrn. og er henni nánast lokið. Ég velti því fyrir mér hvar þessir hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa alið manninn ef þeir hafa ekki fylgst með því. Kynntu þeir sér ekki hvað var í gangi í þinginu, hvaða umræður höfðu farið hér fram? Vissu þeir ekki af því að verið var að vinna þessa vinnu? Það eina sem er öðruvísi af þeim verkefnum sem nefndinni er ætlað að vinna í þáltill. heldur en það sem jafnaðarmenn óskuðu eftir í skýrslunni, er að það er óskað eftir að kannað verði að hve miklu leyti hagkvæmt er að nýta þá heilbrigðisaðstöðu sem fyrir hendi er utan höfuðborgarsvæðisins. Það er það eina sem er öðruvísi en skýrslubeiðnin sem þegar er búið að vinna þannig að ég furða mig á því. Og ef hv. þm. sýnast biðlistarnir svona svartur blettur, og ég deili þeirri skoðun með honum, þá velti ég því fyrir mér hvað þrír af sex flutningsmönnum tillögunnar sem sitja í fjárln. voru að hugsa þegar þeir skáru niður til heilbrigðisþjónustunnar, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur verulega á landsbyggðinni, þannig að hver stjórnarmaðurinn á sjúkrahúsum á landsbyggðinni á fætur öðrum kemur í fjölmiðla og lýsir því yfir að honum sé ekki unnt að reka sjúkrahúsin á þeim fjárveitingum sem hv. þm. Hjálmar Jónsson og þrír af öðrum flm. á þessari þáltill. komu sér saman um að leggja til fyrir áramót í fjárln.

[11:48]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er svo sem ekki miklu við að bæta. Sem betur fer tala ekki allir sama rómi og áherslur eru ólíkar. Það var mikilvægt að fá það einnig inn í umræðuna að fólk á landsbyggðinni hefur líka þörf fyrir þjónustu í heimabyggðum sínum og til þess að minnka álagið á sjúkrahúsunum hér í Reykjavík er eðlilegt að nýta einnig það sem hægt er að nýta fyrir Reykvíkinga og aðra væntanlega á þeim sjúkrahúsum. Sem sagt að auka héraðshlutdeild þeirra og auka líka aðgerðir á öðrum svæðum.

Síðan vil ég vísa því á bug að skorið hafi verið niður til heilbrigðismála í fjárln. og ég bið hv. þm. eingöngu að lesa fjárlög sem voru afgreidd héðan frá Alþingi fyrir jól og sjá tölurnar hvort skorið hafi verið niður eða bætt við.

[11:49]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær fjárlagatillögur og þau fjárlög sem voru samþykkt hér um áramót fela í sér samdrátt og niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni. Ég fer ekkert ofan af því. Og hv. þm. getur ekki mótmælt því. Þetta vita allir og það hefur komið mjög skýrt fram. Það er vandi sem hæstv. heilbrrh. þarf að glíma við þessa dagana og hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni.

Vegna umræðunnar um sjúklinga á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, þá tók ég eftir því í máli hv. 13. þm. Reykv. að hann sagðist hafa heyrt að sjúklingar sem kæmu utan af landi fengju strax þjónustu hér á höfuðborgarsvæðinu meðan höfuðborgarbúar þyrftu að bíða. Hann spurði um þetta og bað um að það yrði leiðrétt ef þetta væri rangt. Þetta er orðrómur sem maður heyrir og það er rétt hjá hv. 13. þm. Reykv. að það er mjög erfitt að ræða þessi mál meðan hæstv. heilbrrh. er ekki viðstödd umræðuna. Hún gæti örugglega bætt inn upplýsingum um þetta.

Og ég get bætt því við í þessu andsvari að það kom fram hjá heilbrrh. þegar leitað var eftir upplýsingum úr heilbrrn. að þá vinnu sem verið er að biðja um í þessari þál. er búið að

vinna í ráðuneytinu. Það mun fara fram umræða um skýrsluna þegar henni verður dreift á næstu dögum og ég legg bara til að þessir sex hv. þm. Sjálfstfl. sem eru að leggja þetta til taki þátt í þeirri umræðu og við skulum sjá hvað út úr því kemur.

[11:51]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sé búið að vinna alla þá vinnu sem við erum að biðja um, þá er varla mikið mál að koma henni fram og ekki verið að biðja um neitt óskaplegt vinnuálag. Hins vegar virðist mér að þessi argi tónn í hv. þm. sé vegna þess að hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir hafi meira vit á heilbrigðismálum heldur en flestir aðrir og hún verður þá að sitja uppi með það viðhorf sitt ein og sjálf og deila því jafnvel með hv. þm. Merði Árnasyni.

En ég endurtek að það var ekki verið að skera niður til heilbrigðismála. Það er hins vegar verið að skera niður kröfurnar og óskirnar. Strangt tekið væri hægt að fara með öll fjárlög íslenska ríkisins til heilbrigðismála. En við leggjum jafnmikið til heilbrigðismála á Íslandi og þær þjóðir aðrar sem standa sig best að þessu leyti.

[11:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að ræða mjög merkilegt mál, þ.e. biðlista í heilbrigðisþjónustunni og hvernig sé hægt að stytta þá. Mig langar aðeins í mjög stuttu máli að segja frá Norðurlöndunum af því að það hefur borið hér á góma að þar hafa þeir tekið ákvörðun t.d. í Noregi og Svíþjóð um hámarksbiðtíma. Það eru sex mánuðir í Noregi og þrír mánuðir í Svíþjóð fyrir ákveðna sjúklingahópa. Þessi aðferð hefur mistekist þar vegna þess að læknar túlka biðlistana á mismunandi hátt og setja allt of marga á biðlistana þannig að þetta kerfi hefur ekki orðið til þess að jafna aðgang manna að heilbrigðisþjónustunni heldur þveröfugt. Það hefur ekki virkað og nú eru Norðmenn t.d. að víkja frá þessu kerfi og eru að fara yfir í annað.

Danir hafa hins vegar farið aðra leið. Þeir hafa ekki sett upp eitt stíft kerfi sem hægt er að aðlagast og svindla á eins og gert hefur verið annars staðar, heldur hafa þeir farið tímabundið í aðgerðir, að stytta ákveðna biðlista, farið tímabundið í að stytta alla biðlista og veitt miklar upplýsingar um biðlistana þannig að fólk í heilbrigðisþjónustunni viti nákvæmlega hvernig málin standa.

Í þessari till. til þál., og það er alveg rétt sem hefur verið dregið fram að það eru landsbyggðarþingmenn í einum flokki sem flytja hana, er komið inn á það atriði hvernig hægt sé að stytta biðlista á hagkvæman hátt og að það eigi að meta að hve miklu leyti mögulegt er að nýta þá heilbrigðisaðstöðu sem fyrir hendi er utan höfuðborgarsvæðisins til að stytta biðlistana og koma þannig í veg fyrir að sérhæfð heilbrigðisþjónusta verði bundin við höfuðborgarsvæðið eitt. Þetta er að sjálfsögðu mjög falleg ósk og hljómar vel, en að mínu mati held ég að þetta gangi ekki alveg upp, því miður, að þetta sé hálfgerð draumsýn. Það hefur sýnt sig t.d. í Noregi, þar sem þeir hafa mikla reynslu af þessum biðlistamálum, að þeir hafa reynt að færa fólk á milli sjúkrahúsa til þess að stytta biðlista en það hefur ekki gefist neitt sérstaklega vel vegna þess að þetta fólk vill sækja þjónustuna í nágrenni sitt. Það vill ekki fara út á land eða eitthvað í burtu til að sækja þjónustuna, það býður frekar heima hjá sér. Og það vill líka vera nálægt sínum lækni, það skapast yfirleitt traust samband sjúklings og læknis og það vill ekki fara og það vill vera nálægt fjölskyldu sinni.

Ég skil svo sem ósköp vel af hverju þetta er sett fram og þetta hljómar mjög vel og er góð hugsun, en ég ansi hrædd um að þetta sé hálfgerð draumsýn, nema helst að það verði hægt á einstaka sjúkrahúsum að taka upp sérhæfða þjónustu sem er þá ekki fyrir hendi annars staðar þannig að fólk verði að fara á viðkomandi landsbyggðarsjúkrahús til þess að fá þessa þjónustu yfirleitt. Þetta óttast ég.

Varðandi það sem hv. þm. Mörður Árnason kom inn á um sparnaðinn og einhvers konar klandur sem stjórnarflokkarnir eru í, þá er það ekki rétt. Sú vinna gengur ágætlega. Eins og allir vita er stefnt að sparnaði á landsbyggðarsjúkrahúsunum og það er mikill sparnaður á höfuðborgarsvæðinu einnig sem gleymist svolítið í þessari umræðu. Það eru tveir þingmenn sem eiga sæti í þeirri nefnd sem er að útfæra sparnaðinn. Það eru hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann er eins og allir vita í Sjálfstfl. og stendur heils hugar að þeirri vinnu sem þar á sér stað. Hins vegar hefur umræðan um þá vinnu verið svolítið á skjön við raunveruleikann má segja. Það er búið að leggja fram tillögur og landsbyggðarsjúkrahúsin eru að bregðast við þeim og það er svokallað samráð á milli þessara aðila. Þetta hafa framkvæmdastjórar sjúkrahúsanna á landsbyggðinni ekki viljað túlka sem samráð sem er mjög leitt vegna þess að allar þær upplýsingar sem ég fæ bæði úr nefndinni og úr heilbrrn. eru á einn veg, að samráðið er í fullum gangi.

Hins vegar hafa ýmsir þingmenn, og það má segja að hv. þm. Hjálmar Jónsson sé undir það seldur, leyft sér að skrifa stórmerkilegar greinar eins og hér var vitnað í. Hv. þm. Hjálmar Jónsson vitnaði sjálfur í sína grein í Morgunblaðinu sem að mínu mati er ekki til þess að skapa sátt um þetta mál, frekar til þess að æsa upp óánægjuna. Í þeirri grein er verið að etja saman sjúkrahúsum á landsbyggðinni og sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu eða suðvesturhorninu. Ég held að það sé afar skaðlegt að gera slíkt þegar á að spara í viðkvæmum málaflokki og bæta við í grein sinni hvernig veðrið er á Siglufirði og annað slíkt. Þetta er að sjálfsögðu skiljanlegt í því ljósi að Norðurl. v. á að spara samkvæmt þessum tillögum og þá hlaupa þingmenn þess kjördæmis upp og gera málið tortryggilegt. Það minnir mann enn og aftur á kosningalöggjöf okkar að þegar á að skoða málin ofan í botn, þá bregðast þingmenn því miður oft illa við og neita að skoða málin jákvætt í þeirri von að þeir séu að verja sitt kjördæmi sem oft á tíðum endar þannig að það hefði verið betur heima setið en af stað farið.

[11:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er mjög vel að sér um heilbrigðismál og hefur farið yfir hvernig biðlistum og vandanum vegna biðlista hefur verið mætt á Norðurlöndum. Hún fór vel yfir það í ræðu í fyrradag þegar við ræddum um réttindi sjúklinga og aftur nú og hefur verið mjög fróðlegt að heyra það. En ég hefði gjarnan viljað heyra hjá hv. þm. hvaða skoðanir hún hefur sjálf á því hvaða leið skuli fara hér á landi til þess að mæta þessum vanda, af því að hér er nú til umræðu þessi tillaga frá sex sjálfstæðismönnum um þessi mál þar sem óskað er eftir upplýsingum. Þessi mál verða til umræðu á næstu dögum þegar skýrslan frá heilbrrh. kemur að beiðni jafnaðarmanna, en ég hefði gjarnan viljað heyra það í þessari umræðu ef hv. þm. hefur tök á að fara yfir það

stutt í andsvari, hvaða skoðun hv. þm. hefur á því hvaða leið skuli fara hér.

[12:00]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi biðlistana tel ég ekki æskilegt að fara þá leið sem Norðmenn og Svíar hafa farið vegna þess að reynsla þeirra er mjög slæm. Ég tel miklu æskilegra að fara dönsku leiðina sem við reyndar höfum verið að fara hér, þ.e. að skrá biðlistana og skoða þá, gera tímabundnar ráðstafanir þar sem þeir eru að verða of langir. Ég held að við eigum ekki að setja upp eitt kerfi sem hægt er að misnota. Við eigum að vera með sveigjanlegt kerfi þannig að kerfið aðlagist ekki sjálfu sér ef svo má segja.

Varðandi sparnað almennt í sjúkrahúsþjónustunni, þá tel ég það vera rétta leið sem við erum að fara núna á landsbyggðarsjúkrahúsunum, þ.e. að reyna að spara í samráði við þau og samræma þá starfsemi sem þar fer fram. Á höfuðborgarsvæðinu tel ég hins vegar æskilegast og réttast að sameina Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana. Um það er ekki pólitísk samstaða en það er sú leið sem ég tel langbest að fara. Það má segja að ef við horfum á tölurnar í heild þá erum við að velta milljörðum hér á höfuðborgarsvæðinu og þeir peningar sem við erum að setja í heilbrigðiskerfið úti á landi eru smáaurar miðað við það. Ef við ætlum virkilega að spara í heilbrigðiskerfinu, þá eigum við því að skoða höfuðborgarsvæðið nánar með sparnað í huga og þá eigum við að sameina Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana. Allt annað er að mínu mati hálfgert hálfkák.

[12:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þetta yfirgripsmikla svar á stuttum tíma. Ég get tekið undir það að ég tel þessa dönsku leið vera leið sem hefur skilað árangri. Og eins og kom fram í máli hv. 13. þm. Reykv. áðan þá hefur þessi leið verið farin og vitnaði hann til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem var með fjárveitingar í að stytta biðlista eftir ákveðnum aðgerðum og gafst það ágætlega. Frekari umræðu um sparnað á höfuðborgarsvæðinu ætla ég að geyma til síðari tíma en minni á að hér er aðalheilbrigðisþjónustan, þ.e. bæði hátæknisjúkrahúsin stóru eru hér og sinna öllu landinu. Við skulum hafa það hugfast þegar við ræðum þessi mál.

[12:03]

Mörður Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Siv Friðleifsdóttur fyrir ágæta ræðu og þarf kannski ekki að gera það vegna þess að ég hafði rómað hana í fyrri ræðu minni og hennar vit á þessum málum.

Það var hins vegar einkennilegt að heyra að þetta mál allt saman tengdist sem sagt á engan hátt því klandri sem heilbrrh. hefur verið sett í eða komið sér í vegna niðurskurðar hennar á landsbyggðarsjúkrahúsunum því að einhverjir eldar blossuðu undir. Allt í einu var hinn prúði og fagri hv. 4. þm. Reykn. orðinn eins og púðurtunna gagnvart hv. þm. Hjálmari Jónssyni sem hafði leyft sér að fara út af sporinu og skrifa grein í blað, fjallað þar um veðrið á Siglufirði og málefni sjúkrahúsanna á Norðurl. v. sem eru að ég held ansi mörg og voru byggð í tilefni af ýmsum atburðum, m.a. stjórnarmyndunum og öðru. Þetta er auðvitað þannig að Hjálmar Jónsson hljóp frá og það eru hinir sex þingmenn Sjálfstfl. að gera, hlaupa frá stjórnarstefnunni í málinu og hlaupa frá Framsfl. Það er auðvitað aðalmálið. Ég vona að framsóknarmenn sjái það hér hvað er að gerast. Þeir eru sem sé að koma heilbrrh. fyrst í klandur, hlaupa svo frá því og ætla að veifa tillögunni sinni heima í héraði þegar á það verður minnst.

En það eru auðvitað fleiri sem iðka þennan leik. Það gera framsóknarmenn sjálfir líka. Þeir eru á hröðum flótta úti um öll héruð. Og það verður að segja um ríkisstjórnina með orðum Þórbergs Þórðarsonar um Tummakukku að lægst komst hennar lukka er lagðist hún með Kristófer, að það má segja að þegar hæstv. ráðherra Páll Pétursson sem hér í bænum gegnir hlutverki félmrh. og samstarfsmanns hæstv. heilbrrh. fór að taka undir gagnrýni á heilbrrh. og klandur hennar með því að vera kjördæmaþingmaður á Norðurl. v.

[12:05]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mig ekki hafa talað hér eins og einhverja púðurtunnu. En ég er nú þannig að ég tala yfirleitt frekar skýrt og vil halda því áfram.

Varðandi hlut hv. þm. Hjálmars Jónssonar og grein hans, þá viðurkenni ég að hún kom mér mjög á óvart vegna þess að hv. þm. er í fjárln. og þekkti þetta mál þess vegna mjög vel og hvernig átti að vinna það. En síðan kemur grein í Morgunblaðinu þar sem verið er að ýta undir óánægju og etja saman sjúkrahúsum á suðvesturhorninu og sjúkrahúsum á landsbyggðinni. Það tel ég ekki vera svona máli til framdráttar því miður.

Varðandi þá tillögu sem við erum að ræða hér, þá er hún fallega fram sett og hljómar vel, en eins og ég sagði í ræðu minni, þá tel ég ólíklegt að við getum stytt biðlistana verulega með því að setja upp sérhæfða þjónustu úti á landi af því að ég held að fólk vilji ekki fara á milli landshluta í eins miklum mæli og við teljum.

[12:07]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta örlítið misskilning varðandi blaðaskrif mín, ég fagna því hversu vel hv. þm. hafa tekið eftir þeim og vona að svo sé um fleiri. Varðandi forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni var ég að vísa til greinar sem ég ritaði og birtist í Morgunblaðinu 20. desember 1995 og miðað við áhugann á greinum mínum, þá bið ég hv. þm. að lesa þessa grein um forgangsröðun í heilbrigðisþjónustunni.

Varðandi það mál sem hér er til umræðu um biðlistana og svo um niðurskurðaráform og sparnaðarkröfu á landsbyggðarsjúkrahús vil ég segja þetta: Landsbyggðarsjúkrahúsin 12 sem gerð er krafa til um 160 millj. kr. sparnað áttu ekki að sitja við sama borð og stækkað höfuðborgarsvæði, þ.e. Reykjavíkursjúkrahúsin og nágrenni, með Suðurnes, Selfoss og Akranes innifalin, þar sem rekstrarráðgjafi eða óháður aðili er fenginn til þess að vinna með ráðuneyti og heimaaðilum að hagræðingu. Hins vegar er sjúkrahúsunum 12 á landsbyggðinni mætt með sparnaðarkröfu og lagt fram í prósentum og milljónum hversu mikið þau eiga að spara. Forráðamenn þeirra mega hins vegar velja hvernig er sparað, en þetta eiga þau að spara. Þessi vinnubrögð gagnrýndi ég og óskaði eftir að þau sætu við sama borð og önnur. Og það er rétt að það kom fram og er í þessum tillögum sem formlega voru fyrst lagðar fram fyrir fjárln. á fundi fyrir tveim vikum. Ég bið hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að athuga það, að með tillögunum um milljónirnar niðurskornar innifaldar gerðum við þm. Norðurl. v. samþykkt, tveir sjálfstæðismenn og tveir framsóknarmenn, um að þessi sjúkrahús sætu við sama borð og hin hér syðra.

[12:09]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vinnan átti að vera á þeim nótum að þær 60 millj. sem var ákveðið að reyna að spara á þessu ári á sjúkrahúsum á landsbyggðinni átti að spara í samráði við sjúkrahúsin, við þessa stjórnendur. Þá var ekkert rætt um einhverja rekstrarlega úttekt. Það er ekki fyrr en búið er að vinna lengra í málinu og menn átta sig á því úti á landsbyggðinni að það á að fara að spara, þingmenn og aðrir, að þá er allt í einu kallað eftir rekstrarlegri úttekt.

Það má svo sem vera að það sé gott að gera hana. En ég get ekki túlkað þetta öðruvísi en að þetta sé hálfgert vantraust á heilbrrn., að því sé ekki treystandi til að spara þessar upphæðir í samráði við heimamenn, heldur þurfi einhverja utanaðkomandi aðila. Það má alveg skoða það, að fá utanaðkomandi aðila. En það er rokið upp og beðið um þessa úttekt eftir að málið er komið í þennan farveg.

Mig langar að nota tækifærið og spyrja hv. þm. Hjálmar Jónsson fyrst honum er svona mikið í mun að spara í heilbrigðiskerfinu, stytta biðlista og spara, hvernig líst hv. þm. á þá hugmynd að sameina Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana? Er hv. þm. ekki sammála því að þar megi spara stórar upphæðir fyrst hv. þm. þekkir þessi mál svo vel og situr í fjárln.?

[12:11]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú svolítið hissa á því að hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sem hér talaði skuli verja það að mismunur sé gerður á höfuðborgarsvæði og landsbyggð í vinnubrögðum. Ég held að það hljóti að vera vegna þess að hún hafi ekki áttað sig á þessum mismun sem við höfum verið að benda á í gagnrýni á vinnubrögð verkefnisstjórnarinnar.

Ég legg upp úr því að fjármunir skuli nýtast sem allra best í heilbrigðisþjónustunni og af þeim ástæðum er komin fram þessi þáltill. okkar sexmenninganna. Ég bendi svo á það líka að það var talað um mikilvægi þess að hafa samráð við heimamenn í niðurskurðaráformunum en ekki að skera ætti niður ákveðinn hluta af þjónustunni. Það á ekki að skerða þjónustu, það kemur fram hjá verkefnisstjórninni, en það á að spara um allt að 12%. Þetta er náttúrlega vantraust á þá sem stjórna þessum stofnunum. Þetta er svo mikið vantraust að það er ekki hægt að þegja yfir því.

[12:13]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er nú alls ekki svo. Ef maður gerir kröfu um sparnað á einhverri stofnun, þá er það alls ekki eitthvert sérstakt vantraust á þá stofnun. Það er einmitt verið að reyna að spara ákveðnar upphæðir á sjúkrahúsum, ekki bara á landsbyggðinni heldur líka á höfuðborgarsvæðinu. Og í samráði við stjórnendur á að reyna að ná fram þessum sparnaði.

Ég tók eftir því að hv. þm. svaraði því ekki hvort honum litist vel á að sameina sjúkrahúsin hérna á höfuðborgarsvæðinu og bíð eftir því svari. En það er alls ekki svo að hægt sé að bera þetta algjörlega saman, að gera rekstrarlega úttekt úti í bæ á sjúkrahúsunum á höfuðborgarsvæðinu og sjúkrahúsunum á landsbyggðinni. Við erum að tala um miklu, miklu hærri upphæðir hérna á höfuðborgarsvæðinu og það að treysta sér ekki í samráði við heilbrrn. að koma með tillögur um sparnað á landsbyggðinni tel ég vera hálfgert vantraust á heilbrrn.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða hafi þróast þannig að það sé ekki hægt að halda henni fram nema hæstv. heilbrrh. verði kvödd hingað í salinn. Hér hefur komið fram að verulegur ágreiningur er innan stjórnarliðsins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir hefur sagt að ekki sé um neitt að ræða annað heldur en vantraust á heilbrrn., starf þess og ráðherra. Og hverjir eru það, herra forseti, sem bera fram þetta vantraust að dómi hv. þm.? Það eru þingmenn Sjálfstfl. Ég held því að ekki sé hægt að halda þessari umræðu áfram nema hæstv. heilbrrh. komi hingað í salinn og við fáum álit hennar á þessu máli vegna þess að það hlýtur að hafa áhrif á hvaða afstöðu þingmenn taka.

[12:15]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti er reiðubúinn að kanna það hvort hæstv. heilbrrh. getur verið hér að loknu hádegishléi. Eru athugasemdir við það hjá þeim sem eru á mælendaskrá?

[12:15]

Valgerður Sverrisdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað hef ég ekkert við það að athuga að kannað verði hvort hæstv. heilbrrh. getur verið viðstödd þessa umræðu. En ég vek athygli á því að það eru ekki flutningsmenn sem koma fram með þessa ósk. Ég býst nú við því að flutningsmenn hafi eins og tíðkast í góðu stjórnarsamstarfi gert hæstv. heilbrrh. viðvart um að þeir mundu flytja þetta mál og meðan þeir óska ekki sérstaklega eftir nærveru hæstv. heilbrrh. tel ég ekki ástæðu til þess að gera mikið með þessa ósk.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er almennt mjög góð regla að fagráðherrar séu viðstaddir þegar ræddar eru tillögur á þeirra málasviði. Af þeirri ástæðu einni, fyrir nú utan það sem ærið oft vill gleymast að ráðherrar eiga að sinna þingskyldum eins og aðrir þingmenn, þá væri eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. heilbrrh. væri hér sem einn fulltrúi hæstv. ríkisstjórnar sem er frekar fáliðuð í augnablikinu eins og sjá má.

Í öðru lagi er það auðvitað svo að þessi umræða hefur þróast þannig, eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson bendir á, að það er fullkommlega óeðlilegt að mínu mati að halda henni áfram öðruvísi en að a.m.k. hæstv. heilbrrh. komi hingað. Það jaðrar við að maður fari að biðja um hæstv. forsrh. sem ábyrgðarmann á stjórnarheimilinu því að þessi orðaskipti stjórnarliða hér eru satt best að segja að verða harla óvenjuleg, svo ekki sé nú meira sagt, þegar ítrekað er fullyrt af talsmanni annars stjórnarflokksins í heilbrigðismálum að um vantraustsstillögu í reynd sé að ræða á hæstv. heilbrrh. Ég tek því mjög eindregið undir óskir um að það verði gengið svo frá að hæstv. heilbrrh. geti orðið viðstödd þegar umræðunni heldur áfram væntanlega strax eftir matarhlé sem ég hygg að sé að verða tímabært að gefa hvort sem er.

[12:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill ítreka það sem hann sagði áðan að hann er tilbúinn að athuga hvort hæstv. heilbrrh. getur verið hér viðstödd umræðuna á eftir.

[12:18]

Hjálmar Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég óska ekki eftir því sérstaklega fyrir mitt leyti að hæstv. heilbrrh. sitji við þessa umræðu. Hún hefur mörgum erindum að sinna og sinnir þeim harla vel. Ég vil hins vegar að gefnu tilefni vona fyrst spurt er að hæstv. ráðherra heilbrigðismála sé í Norðurl. v. að skoða þar málið.

Að gefnu tilefni vil ég lýsa þessum stuðningi við ráðherrann og hef aldrei lýst vantrausti á þennan hæstv. ráðherra. Hins vegar hef ég gagnrýnt málsmeðferð verkefnisstjórnar sem mætir landsbyggðarsjúkrahúsunum með sparnaðarkröfu í prósentum og milljónum talið. Þau fá eingöngu að velja hvernig þau spara án þess að skerða þjónustuna. Þessu hafa forráðamenn þeirra verið að vinna að árum saman, að ná sparnaði, að ná hagkvæmari rekstri. Síðan á að spara enn um 8–12% og reyndar sums staðar miklu meira án þess að skerða þjónustu. Þeir segja: Við getum þetta ekki, hjálpið okkur til þess, höfum samráð um málið.

[12:20]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þetta var ekki athugasemd um fundarstjórn forseta. Ég bið þá sem hafa kvatt sér hljóðs um fundarstjórn forseta að halda sig við það.

[12:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel ekki unnt að halda áfram þessari umræðu um þáltill. um biðlistana án þess að hæstv. heilbrrh. verði viðstödd og fer því fram á að henni verði frestað þangað til hæstv. ráðherra verður komin í hús. Ég er einn af flutningsmönnum sambærilegs máls sem við jafnaðarmenn lögðum fram fyrr á þessu þingi sem er beiðni um skýrslu um allar þær upplýsingar sem óskað er eftir í þessari þáltill. og þegar er búið að vinna í ráðuneytinu að sögn hæstv. ráðherra. Ég tel því mjög mikilvægt ef við ætlum að halda þessari umræðu áfram að hæstv. ráðherra komi hér í hús og upplýsi okkur um það hvort þörf sé á að þetta mál verði lagt fram, hvort þessi þáltill. sé ekki óþarft þingmál, þar sem þegar er búið að leggja málið fram fyrr á þinginu og vinna þá vinnu sem óskað er eftir. Ég held líka að mál hafi farið í þann farveg við þessa umræðu að það sé nauðsynlegt að hæstv. ráðherra komi að umræðunni og fer því fram á það við hæstv. forseta að umræðunni verði frestað þangað til hæstv. ráðherra er kominn í hús.

Umræðu frestað.

Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, frh. fyrri umr.

Þáltill. PHB o.fl., 325. mál. — Þskj. 588.

[12:21]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aðgang nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni. Þar sem fyrri hluti umræðunnar var fyrir nokkrum dögum þá ætla ég að leyfa mér að lesa þessa þáltill. en hún hljóðar svo:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag.“

Fyrsti flm. þessa máls er hv. þm. Pétur H. Blöndal en sú sem hér stendur er einn af meðflm. á þessari tillögu.

Því miður heyrði ég ekki framsöguræðu 1. flm., og hún er ekki tilbúin til útskriftar, en samkvæmt hans eigin upplýsingum kom hann inn á nokkur atriði í inngangsræðu sinni sem ég er ekki alveg sammála og vil taka það sérstaklega fram hér. Það varðar í fyrsta lagi kostnaðarþátttöku foreldra, en 1. flm. mun hafa reifað það að þar sem hérna er hugsanlega um dýrt átak að ræða væri eðlilegt að foreldrar tækju þátt í þeim kostnaði og ættu jafnvel að hluta tölvurnar sem væru í skólunum. Í öðru lagi mun 1. flm. hafa reifað þá skoðun að þetta átak mundi kosta mikla peninga og kannski væri ástæða til þess að huga að seinkun einsetningar skóla vegna þess.

Ég vil taka það skýrt fram, þó að ég sé sammála því að hér sé um mjög mikilvægt átak að ræða, að ég tel það hvorki ástæðu til að seinka einsetningu skóla né að foreldrar taki þátt í þessum tölvukostnaði.

Ég get að öðru leyti tekið undir langflest af því sem kemur fram í greinargerð með tillögunni en vil gera hér að umræðuefni alveg sérstaklega stöðu kynjanna í þessu sambandi, ekki síst í ljósi þeirrar hugbúnaðargerðar sem væntanlega yrði ráðist í ef tillagan verður samþykkt. Í upphafi greinargerðarinnar er vitnað í stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingamálum. Ég vil nota tækifærið hér og lýsa vanþóknun minni á því að ríkisstjórnin skipaði nefnd í upplýsingamálum sem skilaði merkri skýrslu í október 1996 og í þessari nefnd eru 18 karlar og 2 konur. Ég tel að þetta sé mjög mikil yfirsjón og mjög alvarlegur hlutur, ekki síst vegna þess, og ég er ekki ein um þá skoðun, að það hvort fólk nær valdi á upplýsingatækninni í framtíðinni geti skipt sköpum um það hvort fólk er samkeppnisfært á vinnumarkaði.

Ég vil líka vekja athygli á að ýmsir aðilar hér í skólakerfinu eru þegar farnir að hafa áhyggjur af stöðu kynjanna varðandi tölvumál. Ég frétti nýlega, hæstv. forseti, af því að Námsgagnastofnun hélt fund um þessi mál með samráðshópi um jafna stöðu kynja í skólum og starfshópi um jafnréttismál í skólum, þ.e. á fundi 14. nóvember 1996. Þar var sérstaklega rætt um hvernig ber að takast á við það að upplýsingatæknin er að fá æ stærri sess í skólakerfinu og kennarar upplifa á vissan hátt ekki sama áhuga hjá báðum kynjum. Ég tel mjög gott að heyra að skólafólk er á verði í þessum málum, en m.a. er bent á það í gögnum frá þessum fundi að flestir tölvufræðingar og forritarar eru karlmenn og það virðist vera að stúlkum finnist það frekar vera tímaeyðsla að hanga yfir tölvum heldur en strákum. Áhugamálin eru svolítið mismunandi og margir kenna því um að þau forrit og sá hugbúnaður sem tiltækur er höfði beinlínis meira til pilta. Því vona ég svo sannarlega að sú hugbúnaðargerð, sem mun verða nauðsynleg ef þessi tillaga er samþykkt og væntanlega verður að einhverju leyti á könnu Námsgagnastofnunar, verði þannig að það verði reynt að höfða til beggja kynja. Í því sambandi vil ég einnig minna á eins og ég kem að nánar hér á eftir að þetta er mjög fjárfrek tillaga og þá er mjög mikilvægt að fé verði veitt t.d. til Námsgagnastofnunar til þess að þessi hugbúnaðargerð geti átt sér stað innan hennar að því marki sem ætlast er til þess.

Herra forseti. Ég tel mjög eðlilegt að Námsgagnastofnun verði falið að hluta að afla t.d. upplýsinga um hvaða kennsluforrit eru tiltæk á alþjóðamarkaði og að til þess fái hún fé. Námsgagnastofnun hefur árlega beðið um auknar fjárveitingar sem oftar en ekki hefur verið hafnað. Við

kvennalistakonur höfum mörg undanfarin ár lagt til við gerð fjárlaga að veitt verði aukið fé til Námsgagnastofnunar, nú síðast bæði til þess að yfirfæra námsefni með tilliti til stöðu kynjanna í skólabókum og til að gera átak í kennslubókagerð í kjölfar TIMSS-rannsóknarinnar. En á þetta var ekki hlustað.

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem ég vil einnig koma hér að sem varða greinargerðina. Í fyrsta lagi set ég stórt spurningarmerki við þær skoðanir 1. flm. að það sé æskilegt (Forseti hringir.) við 15 ára aldur að um 75% af virkum kennslutíma verði eytt fyrir framan tölvuna. Ég tel þetta bæði ólíklegt og ekki æskilegt.

Herra forseti. Ég hef ekki lokið máli mínu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Nei, en tíminn er búinn.)

Já, ég mun því ljúka máli mínu í seinni ræðu.

[12:30]

Birna Sigurjónsdóttir *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Mig langar fyrst til þess að lýsa stuðningi við meginhugsun þessarar tillögu sem liggur hérna fyrir, þ.e. að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni. Þetta finnst mér mjög metnaðarfullt og get stutt það. En ég tek undir það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði á undan og lýsi andstöðu minni við þær hugmyndir sem komu fram í máli málshefjanda þegar hann kynnti þetta mál og er alfarið mótfallinn því að foreldrar taki þátt í kostnaði vegna þessa verkefnis. Ég tel það vera í andstöðu við ríkjandi lög um grunnskóla þar sem nemendur eiga að fá námsgögn og tæki til námsins sér að kostnaðarlausu. Ég er líka alfarið á móti því að það sé á einhvern hátt verið að skipta á einsetningu, framkvæmdinni á því og að búa skólana tækjum og gögnum eins og best má vera.

Mig langaði líka varðandi framkvæmd og kostnaðaráætlun að minna á að ef við erum að hugsa um breytingar og umbætur í skólastarfinu þá eru kennararnir lykillinn. Það gerist ekkert nema með því að virkja kennarana til þátttöku og þess vegna þarf að huga að því og byrja helst á því að mennta kennarana og leggja fjármuni í námskeið fyrir kennara. En meginhugmyndin finnst mér vera jákvæð.

[12:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég vil svara þessu andsvari þannig að ég er sammála hv. þm. um þátt kennara og það er einmitt í þeim hluta ræðu minnar sem var ólokið og ég mun koma að því hér á eftir.

[12:32]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Í framsöguræðu minni kom ég inn á það að þar sem þarna er um að ræða mjög dýrt verkefni og mjög metnaðarfullt þá kynni að vera að foreldrar væru til í að taka undir með átakinu og flýta því jafnvel með því að kaupa sjálfir tölvur. Þetta er þegar farið að gerast í einstaka skóla, þ.e. að foreldrafélög standa að kaupum á tölvum þannig að vilji foreldranna er vissulega til staðar að þeirra börn fái eins góða menntun og hægt er.

Ég gat þess líka að menn skyldu skoða hvort ekki mætti fresta einsetningu í skóla þar sem ég get séð fyrir mér, kannski ekki allir aðrir, að kennsluhættir munu gjörbreytast með tilkomu slíkrar tölvuvæðingar þannig að hin hefðbundna skólastofa yrði úrelt og það þarf að byggja skóla allt öðruvísi.

En ég tek undir með hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að vandamálið er jafnréttið. Það er alveg með ólíkindum hvað stúlkur eru seinar til að tileinka sér tölvunotkun og ég get engan veginn skilið það og ég vona að þetta átak hvetji þær til að tileinka sér tölvurnar til jafns við drengi. Ég held að það sem þær eigi við að glíma séu eigin fordómar og fordómar foreldra þeirra.

[12:34]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er talið meðal grundvallarmannréttinda að grunnmenntun barna sé veitt foreldrum að kostnaðarlausu. Það þyrfti lagabreytingu og það væri brot á almennum mannréttindasáttmálum ef það ætti að láta foreldra taka þátt í þessum kostnaði. Samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis er það ekki heimilt.

[12:35]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)***:**

Herra forseti. Við erum að tala um tölvunotkun bæði fyrir grunnskóla og framhaldsskóla og við erum líka að tala um að taka upp það sem ekki er til áður. Og hafi það verið grundvallarmannréttindi að fá að hafa tölvu í skóla, hvers vegna er svo þá ekki í dag? Við erum að tala um að taka þetta upp og við getum ekki bannað foreldrum ef þeir vilja flýta fyrir. Segjum að einhver skóli eigi samkvæmt áætlun að fá tölvur eftir þjrú ár og foreldri eigi barn í þeim skóla og það foreldri óski eftir því að fá að kaupa tölvu inn í skólann fyrir barnið sitt þá get ég ekki séð að það sé brot á mannréttindum að það megi það eða á jafnrétti við aðra nemendur.

[12:35]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)***:**

Herra forseti. Ég get tekið undir þessi orð hv. þm. Það er allt annað mál eins og við vitum að tíðkast hér oft í skólum að foreldrafélög gefi tölvur í skóla. Það er annað mál. En að ætlast til þess að foreldrar komi þarna til og jafnvel að börnum verði mismunað með tilliti til efnahags foreldra, það finnst mér ekki koma til greina og tel mannréttindabrot.

[12:36]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. sem gerir ráð fyrir því að innan þriggja ára hafi sérhver nemandi í opinberum skólum aðgang að tölvum og tölvutæku námsefni minnst einn tíma á dag. Ég hygg að þessi þáltill. sé löngu tímabær eins og fram kemur reyndar í greinargerð og í umræðum á Alþingi.

Þáltill. fjallar um nýja tækni. Það eru ekki margir áratugir síðan bylting varð innan skólanna þegar fram kom tæki sem skólafólk taldi mikla byltingarkennda framför og kallaðist fjölritari. Það eru ekki margir áratugir síðan. Það tæki sem orðið er núna, örfáum áratugum síðar, talið forngripur. Þetta var mikið tæki og ef ég man rétt voru fyrstu fjölritarar sprittknúnir og sá vökvi jafnvel notaður til annarra þarfa.

Það liðu ekki mörg ár þar til handknúnir fjölritarar urðu rafknúnir og enn þóttu framfarir miklar. Næsta skeið, verulegt framfaraskeið, var þegar myndvarpar komu fram og glærufyrirlestrum rigndi yfir nemendur landsins.

Það eru innan við tíu ár síðan tölvur komu inn í suma skóla landsins. Á þessum síðustu tíu árum hafa framfarir orðið slíkar að það er með ólíkindum og nú hefur nýjasta skrefið verið stigið sem er internetið, tenging við umheiminn

þannig að Ísland er komið í hringiðu umheimsins. Aðgangur nemenda að námsefni í gegnum tölvur er orðinn slíkur að nemendur geta í rauninni verið að námi allan sólarhringinn.

Það felur í sér, herra forseti, að tölvan er orðin lykilatriði í kennslu nemenda í grunn- og framhaldsskólum og á háskólastigi og í rauninni grunntæki fyrir allt nám. Hér er um nýja tækni að ræða sem felur í sér óendanlega möguleika til náms. Hins vegar hljótum við í þessu samhengi að velta þeirri spurningu upp hvort kennsluhættir hafi fylgt þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað á tæknisviðinu, þeirri öru tækniþróun sem átt hefur sér stað ekki síst síðustu 10–15 árin. Ég leyfi mér að slá því fram að í grundvallaratriðum hafi kennsluhættir í heiminum lítið breytst frá dögum Forn-Grikkja eða Hellena þegar hinir fróðu og vísu einstaklingar stóðu uppi á kassa og messuðu yfir fjöldanum. Mestallt skólastarf í heiminum byggist upp á þessum grundvelli. Ég leyfi mér því að varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til að endurskoða kennsluhætti með hliðsjón af þeirri öru tækniþróun sem átt hefur sér stað og skapar það svigrúm og þá möguleika námsfólks til náms sem ég nefndi áðan. Í því samhengi þarf einmitt að velta fyrir sér þeirri spurningu, hvernig nám fer fram. Fer nám fram fyrst og fremst við að nemandinn hlustar og skráir eða fer nám fram þannig að nemandinn er virkur á eigin forsendum eða er það sambland af hvoru tveggja?

Mér þykir rétt að leggja áherslu á það að tölvan er aðeins ein leiðin í námi nemenda, er ein leið að ákveðnu markmiði og þess vegna þykir mér þessi þáltill. vera löngu tímabær. Hún felur í sér að allir nemendur skuli hafa aðgang að tölvum. Það mun auka mikið jafnrétti nemenda til náms eftir kynjum og eftir búsetu. Það er afskaplega mikilvægur þáttur og þar spilar internetið inn í.

Þessi tillaga gerir jafnframt ráð fyrir því að ríkisstjórninni er falið að gera áætlun um þessi efni og í því felst stefnumótun. Og í þeirri stefnumótun hlýtur líka að verða skoðað hvernig eigi að fjármagna þetta en ég tel ekki rétt að gera þann þátt að aðalatriði í umræðunni hér og nú. Það hlýtur að koma til umræðu þegar áætlanagerð byggð á stefnumótun fer fram, en ég hygg að þingmenn séu sammála í grundvallaratriðum um meginmarkmiðið, þ.e. að nemendur hafi aðgang að tölvum. Í því felst jafnréttið.

Það skapar líka möguleika nemenda á því að stunda nám ekki einungis innan veggja skólans heldur ekki síður heima og það er þáttur sem vissulega þarf að skoða í tengslum við þessa tillögu eða miklu frekar kannski í framhaldi af henni. Þetta gefur nemendum með öðrum orðum óendanlega möguleika til náms, óbundið tíma og rúmi í raun og veru. Vissulega fylgja þessu ýmsar hættur. Of mikil seta við tölvur getur haft óheppilegar líkamlegar afleiðingar í för með sér og getur leitt til félagslegrar einangrunar, en að því er vikið í greinargerð með þáltill. að það verði m.a. hlutverk skólanna að sinna hinum félagslega þætti og þar hugsanlega verður það hlutverk sem mun skipta sköpum í framtíðinni, hlutverk kennarans, að sinna þessum félagslega þætti og leiðbeiningarþættinum í undraheimi tölvunnar. Ég legg áherslu á að tölvan mun aldrei leysa kennarann af hólmi að öllu leyti en að einhverju leyti.

Hætturnar eru auðvitað fleiri, t.d. að fjármagn fáist ekki. En ég trúi því að verði þessi metnaðarfulla tillaga samþykkt þá muni sá metnaður koma fram í fjárveitingum hvernig svo sem það verður leyst. Þetta mun líka gera ákveðnar kröfur til foreldra, sömu kröfur í rauninni og til kennara og það ýtir enn frekar undir samstarf skóla og heimila um notkun á tölvum.

Ég lít, herra forseti, á þessa tillögu sem skref í þá átt að færa kennslu í skólum landsins, nám nemenda, nær þeim tæknilega veruleika sem við búum nú við, en ég tel eðlilegt að fylgja þessari tillögu eftir með því að gerð verði úttekt á þeim kennsluháttum sem almennt eru stundaðir í landinu í dag og skoða hvort ekki sé ástæða til, með námskeiðum eða stefnumótun, að endurskoða kennsluhættina í ljósi þeirra tækniframfara sem orðið hafa. En tillagan er löngu tímabær. Tölvan er orðin mikilvægur og snar þáttur í námi og skapar óendanleg sóknarfæri.

[12:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fá að ljúka ræðu minni sem mér ekki tókst að gera í hið fyrra sinn. En vegna orða hv. flm. um að stúlkur séu ótrúlega lélegar í tölvum þá vil ég endilega ítreka þá skoðun mína að ég held að það sé engin tilviljun. Á meðan karlmenn eru fyrst og fremst forritarar og móta þennan iðnað þá er mun líklegra að leikirnir og annað höfði meira til drengja. Þetta hafa rannsóknir beinlínis sýnt. Þetta er svipað og með stjórnmálin, á meðan þar voru tómir karlar þá höfðu konur minni áhuga á stjórnmálum. Þetta er held ég fyrst og fremst spurning um að setja hlutina fram þannig að þeir höfði til stúlknanna og þess vegna, og ég held við getum verið sammála um það, er þetta spurning um að konur komist í vissar lykilstöður til þess að búa til þau forrit sem höfða jafnt til stúlkna og drengja. Þetta er ekki spurning um hæfileika og ég efast fyllilega um að það hafi verið skoðun 1. flm.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja megináherslu á þátt kennara og mikilvægis hans, ef þessi tillaga verður samþykkt, þ.e. á mikilvægi þess að fræðsla og upplýsingar til kennara vegna þessa máls verði mjög mikil. Þá á ég bæði við grunn- og endurmenntun kennara. Það er mikilvægt að þar verði gert átak ef þessi tillaga verður samþykkt, bæði í fræðslu um tiltækan hugbúnað og fræðslu um að þróa nýjan hugbúnað og aðlaga erlendan hugbúnað íslenskum aðstæðum.

Í umræðunni hefur komið fram að um mjög kostnaðarsamt átak er að ræða eða um 1.200–1.800 milljónir samkvæmt mati 1. flm. En ég tel mjög mikilvægt að efla mannauðinn í landinu og tek undir það sjónarmið að það sé lykilatriði varðandi framtíðarmöguleika einstaklinga og íslenskrar æsku að ná valdi á tölvutækninni eða stafrænum upplýsingaveitum, ekki síst á internetinu. Þess vegna þarf að taka þessa tillögu af fullri alvöru og það þarf að horfast í augu við að það þurfi að finna 1.200–1.800 milljónir. Og svona vegna þess að verið var að ræða veiðileyfagjald hér áðan þá mætti kannski benda á að þetta gæti hugsanlega verið hluti veiðileyfagjalds á einu ári ef það yrði sett á. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að tryggt verði að það verði á færi hvers barns í framtíðinni, óháð efnahag foreldra, skóla eða búsetu, að búa yfir þessari tækni þannig að það verði gjaldgengt á atvinnumarkaði framtíðarinnar.

[12:48]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að vona að fólk hafi ekki almennt skilið orð mín þannig að ég teldi að stúlkur og piltar hefðu ekki sömu hæfileika. Það sem ég átti við var að þau hafa mismunandi áhugamál. Ég get engan veginn tekið undir það að stúlkur og piltar hafi ekki sömu hæfileika. Það segir reynsla mín mér. Ég hef ekki orðið var við neinn mun þar

á. Ég hef þá trú að stúlkur geti ekki síður lært stærðfræði og eðlisfræði og sinnt tölvum heldur en drengir. Það er því algjör misskilningur ef einhver hefur skilið orð mín þannig. Ég tel einmitt mjög brýnt að þjóðfélagið nýti alla þá hæfileika sem blunda í hverjum einstaklingi, jafnt stúlkum sem drengjum, á þessum sviðum. Ég held að mikið af hæfileikum stúlkna á sviði stærðfræði og eðlisfræði og í tölvufræðum fari forgörðum vegna áhugaleysis þeirra og foreldra þeirra sem stafar af þeirra eigin fordómum í eigin garð og fordómum foreldra þeirra og jafnvel kennara og alls umhverfisins gagnvart þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, frh. fyrri umr.

Þáltill. BirnS o.fl., 308. mál. — Þskj. 567.

[12:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga um fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu frá Birnu Sigurjónsdóttur o.fl. Þetta er gott mál og ég get sagt það hér að Alþingi ætti að samþykkja þessa tillögu. Hún er um að tryggja fræðslu til að undirbúa nemendur með áherslu á samskipti kynjanna, fjölskylduábyrgð, einstaklingsskyldur, fjármálafræðslu, fræðslu um ábyrgð á eigin heilsu, umgengni við umhverfið og fleiri greinar sem hafa það að markmiði að gera nemendur að sjálfstæðum einstaklingum. Flm. vísa í 2. mgr. 17. gr. laga um framhaldsskóla þar sem segir að námsgreinar sem stuðla að almennri menntun og búa nemendur undir þátttöku í samfélaginu skuli vera í brautarkjarna. Þetta er að vísu nokkuð víð tillaga og það er hætta á því þegar tillaga er svo stór að erfitt verði að fylgja því eftir að henni yrði framfylgt jafnvel þó hún yrði samþykkt. Ég segi: Ef hún yrði samþykkt. Og það er ekki að ástæðulausu því það er e.t.v. hægt að telja það á fingrum annarrar handar hvaða mál eru samþykkt frá stjórnarandstöðu á hverju þingi og reyndar má bæta því við að sennilega er það sömuleiðis þannig að hægt sé að telja það á fingrum annarrar handar hvaða mál eru samþykkt frá stjórnarþingmönnum. Þetta er ekki af því að þingmálin séu slæm heldur út af einhverri hefð að framkvæmdarvaldið er ekki tilbúið að taka við of miklum tilmælum eða tilskipunum frá þinginu í gegnum þingmannatillögur eða það er a.m.k. skoðun þeirrar sem hér stendur.

Mér finnst þetta góð tillaga þó ég óttist hvað hún er víð. En það sem fær mig til að taka til máls er sérstaklega það sem lýtur að fjármálafræðslunni sem ég lít á að sé eitthvert brýnasta mál í okkar þjóðfélagi, þ.e. að taka á unga fólkinu með fræðslu í þessum málum. Ég flutti um það tillögu á þinginu 1991 og fékk þá tillögu samþykkta. Hún var þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta útbúa námsgögn um almenna fjármálaumsýslu fyrir efsta bekk grunnskólans, sem og framhaldsskólann, og gera fræðslu um hana að skyldunámsefni á þessum námsstigum. Ráðuneytið ákveði í hvaða námsgreinum fræðslunni verði best fyrir komið.

Markmið fjármálafræðslunnar verði:

að taka til meðferðar sem flest er við kemur almennri fjármálaumsýslu, þar með talin gerð greiðslu- og kostnaðaráætlana, og setja efnið þannig fram að það verði öllum aðgengilegt og skýrt,

að gera ungt fólk betur meðvitað um fjármál og um leið fjárskuldbindingar með því m.a.:

að kynna nemendum meðferð greiðslukorta og notkun tékkhefta,

að kynna nemendum almennar reglur um lántökur, svo sem víxla- og skuldabréfaviðskipti, vaxtamál og hvaða ábyrgð felst í því að gerast ábyrgðarmaður á skuldaviðurkenningum,

að tengja þessi námsgögn réttindum og skyldum manna er þeir verða fjárráða."

Þessi tillaga fékk mjög víðtækan stuðning í þessum sal enda var hún ein af þeim fáu tillögum sem voru samþykktar og við bjuggumst væntanlega öll við því að innan skamms tíma yrði þetta brýna fræðsluefni komið inn í námsefni skólanna í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólann þar sem svo ríkur vilji Alþingis væri til þess.

Á þeim tíma sem ég flutti þessa tillögu var óvenjumikið um að ungt fólk væri lýst gjaldþrota og hjá borgarfógetaembættinu einu var nokkuð á annað hundrað ungmenna undir þrítugu lýst gjaldþrota á átta mánaða tímabili og þar af nokkrir tugir undir 24 ára. Ég þekki ekki sambærilegar tölur nú en við þekkjum hins vegar öll skuldasúpuna sem ungt fjölskyldufólk situr í og við þekkjum tilboðin um að kaupa nú og borga seinna. Nýjasta dæmið er tilboð um að fara í sumarleyfi og vera að borga það fram til aldamóta. Það er því mikilvægara en nokkru sinni að ungt fólk geti skipulagt fjármál sín, haft yfirsýn yfir skuldbindingar, að ég tali ekki um að vita hvað felst í því að skrifa upp á fyrir aðra, en það eru mörg sorgleg dæmi um það að fólk hafi skrifað upp á fyrir vini, kunningja eða ættingja og sitji svo uppi með skuldirnar.

Hið alvarlega í því að svo góð tillaga hafi fengist samþykkt á Alþingi er að henni hefur verið mjög illa framfylgt. Ég hef borið fram fyrirspurnir nokkrum sinnum til menntmrh. um þetta efni, bæði munnlegar fyrirspurnir og fyrir tveimur árum bar ég fram skriflega fyrirspurn til menntmrh. og fékk skriflegt svar. Þar kom fram að viðræður hefðu strax farið fram milli Námsgagnastofnunar og fulltrúa banka og sparisjóða um útgáfu námsefnis um fjármálaumsýslu.

Mér var kunnugt um það á þessum tíma að nokkrir bankanna voru komnir í gang með mikið og gott fræðslustarf og ég þekki það t.d. hjá fræðsludeild Íslandsbanka að þar fer fram fræðsla. Haft er samband við skólana út af henni og teknir ákveðnir bekkir í grunnskólanum sem fá nokkra fræðslu í fjármálaumsýslu sem hentar þessum yngsta hópi. En í svarinu sem ég fékk fyrir tveimur árum kom fram að námefnið Fjármál mín og framtíð, væri samvinnuverkefni Námsgagnastofnunar og samstarfsnefndar banka og sparisjóða, að höfundur hefði skilað af sér handriti sem ætti að senda samstarfsnefndinni fljótlega til yfirlestrar og síðan yrði námsefnið gefið út og yrði væntanlega tilbúið á vormánuðum þá, að það væri ætlað nemendum í 10. bekk grunnskólans og að það hefði verið tveggja ára tilraunakennsla í efninu. Síðan var sagt að fjármálaumsýsla væri ekki afmörkuð skyldunámsgrein í aðalnámskrá og það yrði skoðað við undirbúning og endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla hvernig taka ætti á þessum þætti og bent á að nefnd um mótun menntastefnu legði til að námsgreinin heimilisfræði verði

skilgreind að nýju og tæki þá til þessara þátta. Það er að sjálfsögðu athygli vert að lögð er mikil áhersla á að nefnd um mótun menntastefnu skuli leggja þetta til þrátt fyrir að lítið hafi gengið í kjölfar þess að Alþingi allt vildi að tekið væri á þessum málum.

Nú vill svo til að ég greip símann og hringdi á Námsgagnastofnun núna fyrir hádegi til að vita hvernig reynslan væri af kennslunni þessi tvö ár af þessu fína námsefni Fjármál mín og framtíð, og þá fékk ég þær undarlegu upplýsingar að námsefnið hefði aldrei verið gefið út. Það hefði verið fellt út af áætlun. Ástæða þess var óþekkt sögðu þeir sem við mig töluðu og þeir sem hefðu getað upplýst það voru ekki viðstaddir. En þannig hefur þetta gengið á þeim sex árum sem ég hef verið að fylgjast með hvernig því yrði fylgt eftir að Alþingi ályktaði í þessa veru, þ.e. að það gengur lítið.

Ég hef gert fjármálafræðsluna sérstaklega að umtalsefni í mínum stutta ræðutíma. Það hefur lengi verið skoðun mín að það sé brýnasta kennsluefnið í því sem lýtur að undirbúningi undir lífið og að stofna fjölskyldu. Þingsályktunartillagan er, eins og ég hef sagt hér, mun víðtækari og spannar fleiri svið. Þetta eru allt mikilvægir þættir sem þó víkja gjarnan fyrir öðru í skólaefninu og margir kennarar hafa haft orð á því að ætlast sé til að þeir taki allt of margt í samfélagslegum skilningi inn í fræðsluefnið og vinnuvikan dugi ekki undir hið hefðbundna. Þetta vekur til umhugsunar um það hvort (Forseti hringir.) við séum e.t.v. komin að þeim tímapunkti að þurfa að horfast í augu við það að hverfa frá hinum löngu sumarleyfum, skipuleggja skólahaldið öðruvísi og reyna að ná markvissara inn í skólana víðtækara efni sem undirbýr ungt fólk undir lífið.

[Fundarhlé. — 12:58]

[13:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Hér er fram haldið umræðu um þáltill. um fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskólum undir þátttöku í samfélaginu.

Ég vil í upphafi taka mjög skýrt fram að ég er efnislega sammála því sem þáltill. felur í sér og efni hennar, eins og það er framsett í grg. Þá vil ég taka undir orð hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, um fræðslu í fjármálum fyrir nemendur, ekki síst í framhaldsskólum. Ég get þó ekki látið hjá líða að minna á að í nokkrum framhaldsskólum landsins, líklega um tíu skólum fer fram kennsla, og hefur gert um sex til sjö ára skeið, í áfanga sem í daglegu tali er kallaður SAM og felur í sér það sem efni þessarar tillögu lýsir, þ.e. fræðslu í samskiptum kynjanna, fjölskylduábyrgð, fjármálafræðslu o.s.frv. Þá er líka vert að vekja athygli á því að um þessar mundir er á vegum menntmrn. starfandi nefnd við námskrárvinnu, stefnumótun í námskrárvinnu, þar sem m.a. allir þingflokkar hafa tilnefnt fulltrúa í. Ég lít því svo á að tilgangur þessarar þáltill. sé að senda skilaboð, nokkurs konar viljayfirlýsingu, frá þingi til þeirrar nefndar sem vinnur að námskrárgerðinni.

Mig langar að gera að umtalsefni þar sem minnst er á markmið laga um framhaldsskóla „að gera nemendur hæfa til að lifa í lýðræðisþjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu“ en um það snýst efni tillögunnar, þ.e. að upp verði tekin sérstök fræðsla í þessum fræðum. Við þekkjum þetta og hefur oft komið til umræðu þegar fjallað er um markmið með skólastarfi — að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Hins vegar þykir mér ástæða til að við spyrjum okkur hvað við eigum í rauninni við með þessu. Hvernig ætlum við að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi, við sem öll erum unnendur lýðræðisins? Hvað er í rauninni átt við? Það er kannski hin stóra skólapólitíska spurning sem fram kemur í grg. og er mjög mikilvægt að sé nokkuð skýr. Hin skólapólitíska spurningu snýst um hvenær við viljum hefja sérhæfingu, sérstaklega í framhaldsskóla, og að hve miklu leyti viljum við kenna nemendum framhaldsskóla sameiginlega þætti. Hversu langt viljum við skilgreina lýðræðishugtakið. Ég leyfi mér að minna á að nú um árabil hefur verið litið sérstaklega á fjórar námsgreinar, þ.e. íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði, sem „æðri greinar“. Úr þeim hefur verið prófað á samræmdum prófum og við gerum okkur auðvitað fyllilega grein fyrir því að margir skólar hafa sniðið skólastarf sitt utan um þessar svonefndu kjarnagreinar sem prófað hefur verið úr á samræmdum prófum og nemendur eru síðan valdir inn í framhaldsskóla á grundvelli árangurs þessara fjögurra „æðstu“ greina samræmdra prófa. Ein spurningin sem við leitum svara við hlýtur að verða sú: Hverjar eiga þessar kjarnagreinar að vera og er rétt að þessar fjórar samræmdu greinar verði æðri en aðrar? Að við byggjum skólastarf og sníðum það í kringum þær greinar og veljum nemendur inn í framhaldsskóla á grundvelli árangurs í þeim?

Þegar við erum að búa okkur undir að svara þeirri spurningu hvað við eigum við með því að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi má segja að ákveðnar mótsagnir komi fram þegar við erum að reyna að svara því formlega og óformlega. Við höfum annars vegar sagt að við þurfum að standast sambærilegar kröfur og samkeppnisþjóðir okkar gera í sínu menntakerfi, ekki síst í raungreinum. Ég minni á mjög gagnlega umræðu sem varð í kjölfar birtingu niðurstaðna svonefndrar TIMSS-skýrslu, þar sem árangur íslenskra nemenda virtist vera heldur lakari miðað við jafnaldra þeirra í löndum heimsins. Viðbrögðin voru réttilega þau að við yrðum að bæta skólastarf og bæta árangur okkar *á því sviði. Þar erum við í rauninni að tala á grundvelli* samkeppni milli þjóða.

Eins og þáltill. gerir ráð fyrir, og ég tek efnislega undir, þá tölum við einnig um að sinna hinum félagslegu þáttum. Heimilin hafa verið að breytast. Það er upplausn og sundrung víða á heimilum, m.a. vegna þess að báðir aðilar vinna úti o.s.frv. og ætla ég ekki að fara nánar út í þá umræðu. Ábyrgðin og kröfurnar beinast meira og meira að skólafólki að taka við hinum uppeldislega þætti og hinum félagslega þætti, sinna jafnrétti, sinna félagsmálum o.s.frv. Ég nefni líka í þessu samhengi umræðu um forvarnir. Snar þáttur í því er að byggja einstaklinginn þannig upp að á tímum atvinnuleysis, á tímum vaxandi tómstunda þá sé einstaklingurinn fær um og í stakk búinn til að njóta tómstunda. Þá komum við að þætti eins og listgreinum. Hvar ætlum við að sinna þeim? Eiga þær að vera hluti af kjarnagreinum í framhaldsskóla? Ég vildi draga þetta fram, herra forseti, vegna þess að í því felast sumpart mótsagnir þar sem við horfum annars vegar á afmarkaðar greinar, sem við gætum þess vegna kallað samkeppnisgreinar, og hins vegar þessar mýkri greinar og þann félagslega þátt, sem við erum öll sammála um að skólakerfið þurfi að sinna, en þeim verður seint og illa komið fyrir í samræmdum prófum, eins og þau hafa verið tíðkuð í grunnskóla um árabil og nemendur flokkaðir niður á grundvelli frammistöðu á samræmdum prófum.

Slíkum prófum verður seint komið við í listgreinum, þeim prófum verður seint komið við í svokölluðum ratvísikjarna, eins og þáltill. vitnar til eða SAM-áfanga sem er í rauninni sama fyrirbrigði. Þetta er umræða sem hlýtur að fara fram í þeirri námskrárvinnu sem á sér stað á vegum menntmrn. núna. Alþingismenn hljóta að bíða eftir niðurstöðum og umræða um niðurstöðu þeirrar vinnu hlýtur að eiga sér stað á hinu háa Alþingi. En ég vek enn og aftur athygli á því að þingflokkarnir eiga fulltrúa í þeirri námskrárvinnu sem ég hef vitnað til en ég lít svo á að hér sé verið að beina tilmælum til nefndarmanna í námskrárnefnd.

[13:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð þingmannsins um að námskrárvinna væri í gangi og mikilvægt að þessi skilaboð kæmust þangað. Ég ætla að vona að þær tillögur sem hér hafa verið samþykktar fyrir mörgum árum komist líka inn í þá námskrárvinnu. Mér er kunnugt um að fjármálakennsla er að einhverju marki í sumum framhaldsskólum en miklu er ábótavant að það sé í öllum skólum og verið sé að taka öll þessi atriði fyrir sem hér hafa verið nefnd. Bankar og sparisjóðir hafa verið með námskeið aðallega í grunnskólunum, en mjög takmarkað þó. Þetta er sambærilegt við að við viljum mörg að vímuefnafræðsla sé í skólum, öllum skólum, á meðan sumir skólar eru með Lions Quest efnið og aðrir eru slappari. Síðan stöndum við í þessum þingsal og erum alltaf að bregðast við eftir á, erum að bregðast við vanda sem hefði ef til vill verið hægt að afstýra, alla vega að draga úr, ef það hefði verið brugðist við með forvörnum og aðgerðum fyrir fram. Á borð þingmanna hefur verið dreift skjali frá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Þar er verið að bjóða okkur til ráðstefnu út af þungum skuldum heimilanna. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Námstefnunni er ætlað að varpa ljósi á sem flesta þætti skulda heimilanna m.a. út frá lögfræðilegum, hagfræðilegum, félagsfræðilegum og læknisfræðilegum sjónarmiðum. Er námstefnan liður í fræðslu- og upplýsingahlutverki Ráðgjafarstofu."

Þessu er beint bæði til okkar og ýmissa forsvarsmanna, verkalýðshreyfinga, neytendasamtaka, kirkjunnar, sveitarfélaga, bönkum og útibússtjórum. Við erum alltaf að þessu. Þetta er gott mál og ég er mjög ánægð með að sjá þessa ráðstefnu. En við erum ævinlega að bregðast við og tala um eftir á vandann sem hefur orðið af því að við höfum ekki staðið okkur í stykkinu að ganga þannig frá málum fyrir fram, að reyna eins og unnt er að komast hjá þessum vanda, hvort heldur er vímuefnavandinn eða eins og hér hefur verið nefnt fjármálavandi ungs fólks.

[13:43]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hafi ekki skilið orð mín svo að ég væri að mæla gegn forvörnum, þvert á móti. Ég tek heils hugar undir það sem hv. þm. hefur nefnt ítrekað um gildi fjármálafræðslu. Ég tek heils hugar undir það og taldi mig reyndar vera að gera það efnislega. En þetta snýst um skólapólitíska stefnu í þessum félagslegu málum. Það er í rauninni undir merkjum forvarna eins og hv. þm. vék að í andsvari sínu áðan. Það snertir fjármál, fjármálafræðslu, það er fíkniefnsfræðsla sem auðvitað eru forvarnir, það eru heilbrigðismál, það er líkamsbeiting sem auðvitað eru forvarnir. Það er jafnréttifræðsla og þannig má áfram telja. Um það snýst þetta. Hvenær eigum við að hætta að hafa þetta í skólanum? Ég er sammála efni tillögunnar um gildi þess að hafa ratvísikjarna eða SAM-áfanga sem hefur þessa þætti inni vegna formerkja forvarna þannig að ég hygg að við séum sammála.

[13:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að við erum sammála og fjarskalega væri það áhugavert að þingmenn í þessum sal gætu átt ærlegar samræður um skólapólitíska stefnu þar sem við værum m.a. að taka þessa þætti inn. Það væri umhugsunarefni hvort við ættum e.t.v. að reyna að standa fyrir slíkri umræðu vegna þess að við erum alltaf að koma takmarkað að afmörkuðum þáttum í mjög pólitískri umræðu um hvað eigi að vera í skólunum. Þegar við reynum síðan að ræða þetta við viðkomandi ráðherra þá fáum við að heyra að námskrárnefnd eða nefnd um skólastefnu o.s.frv. sé að fjalla um þessi mál einhvers staðar til hliðar við ráðuneytið eða á vegum ráðuneytisins og síðan eftir einhvern tíma kemur það sem þeirri hv. nefnd hefur þóknast að leggja til við ráðherrann, að verði annaðhvort í reglugerðum eða skilaboðum til skólanna því fæstir af þessum þáttum koma inn í lög um grunnskóla eða lög um framhaldsskóla. Það er þarna sem hnífurinn stendur í kúnni og gerir mér heitt í hamsi að það virðist ekki duga til að Alþingi skori á sína ríkisstjórn að þetta og hitt skuli fara inn í skólana því einhvers staðar á leiðinni deyr það út inni í einhverjum nefndum sem heita guð veit hvað. Síðan stöndum við eftir hér og veltum fyrir okkur skólapólitískri stefnu og vitum eiginlega ekki hvar hana er að finna. Já, ég og þingmaðurinn erum sammála í þessu en við erum kannski stödd á þeim erfiða vegi sem er svo vandrataður og erfitt að finna endapunktinn á.

[13:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að ánægjulegt væri að fá hér opna, líflega og málefnalega umræðu um skólapólitík. Hv. þm. lýsti áðan hvernig sagan segir að vilji Alþingis er oft á tíðum forsmáður. Það hefur mér reyndar sem nýliða hér á þessum vettvangi komið á óvart. Ég hygg að þetta sé ekkert nýtt. Ég hygg að það sem málið snýst um sé aðgreining framkvæmdarvalds og löggjafans og það er önnur umræða sem einhvern tímann þarf að fara fram, þ.e. um styrk Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það hlýtur hv. þm. sem fyrrv. ráðherra og verið hvort tveggja í senn fulltrúi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds að þekkja. Ég tel að brýn ástæða sé til að Alþingi skerpi á stöðu sinni gagnvart framkvæmdarvaldi og dómsvaldi því lýðræðið gengur út á jafna skiptingu þessa þríeykis.

[13:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við fjöllum um tillögu til þál. um aukna fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskólum undir þátttöku í þjóðfélaginu. Þetta er mjög góð tillaga og þar er m.a. nefnd fjármálafræðsla sem ég hef mikinn áhuga á og ætla að fjalla hér um. Ég get á margan hátt tekið undir þau sjónarmið sem komu fram hjá hv. 5. þm. Reykn., Rannveigu Guðmundsdóttur, um þetta mál. Því miður hefur orðið „lán" í íslensku tvenns konar þýðingu. Það þýðir í fyrsta lagi hamingja, svo sem barnalán, og svo þýðir það skuldindingu — að taka á sig skuldbindingu, sem er ólán oft á tíðum og menn rugla þessu saman.

Hér í eina tíð þegar verðbólgan geisaði sem mest þá var lán að fá lán. Að taka á sig fjárhagslega skuldbindingu var

í rauninni lán, þ.e. hamingja, en svo er sko alls ekki lengur. Að taka lán í dag þýðir að ráðstafa tekjum framtíðarinnar. Menn eru að ráðstafa tekjum framtíðarinnar þegar þeir taka lán og það gera menn ekki oft. Þetta vill misskiljast og ég tel að það sé vegna þess að alls engin kennsla er um þessi mál í skólunum, ekki nein. Unga fólkið kemur út úr skólanum, tekur námslán, kaupir íbúðir og fær tékkhefti. Ég hef orðið var við alveg ótrúlegar ranghugmyndir unglinga, 18 ára unglinga um tékkhefti. Þeir halda að ef þeir fái tékkhefti, borgi inn tíu þúsundkall, þá geti þeir bara gefið út röð af tékkum fyrir 100–200 þúsundkall og þetta sé bara fundið fé. Svona eru ranghugmyndirnar.

Það sem mér finnst að þurfi að gera er að kenna fólki hvers eðlis lán í meiningunni skuldbinding er, hvað það þýðir. Það þarf að kenna fólki hvað þýðir að skrifa undir einhverja skuldbindingu. Hvað þýðir að skrifa upp á? Það er alveg ótrúlega mikill misskilningur og vanþekking á því sviði. Ég veit til þess að í háskólanum skrifa nemendur hver upp á námslán hjá öðrum, hjá sessunaut sem af tilviljun sat þarna. Hann getur verið búinn að skrifa upp á námslán fyrir fimm til tíu manna á önninni og hefur ekki einu sinni hugmynd um hjá hverjum hann var að skrifa upp á. Svona er kæruleysið. Menn eru að skrifa upp á fyrir vini og vandamenn jafnvel fjarskylda, hitta þá kannski fyrir tilviljun og skrifa þá upp á milljónaskuldbindingar og svo lendir allt í óhemjuvandræðum. Afleiðingin er meiri háttar örlög fólks sem missir íbúðirnar sínar, er hrakið út á ystu nöf og afleiðingin er vanskil, siðleysi og mjög alvarleg mannleg örlög.

Ég held að mjög brýnt sé að stunda þær forvarnir sem í þáltill. er gert ráð fyrir. Hins vegar er sífellt verið að gera meiri og meiri kröfur til skólanna um að kenna. Við viljum hafa forvarnir í skólunum gegn fíkniefnum, að sjálfsögðu. Fræða börnin um afleiðingar fíkniefnaneyslu. Við viljum kenna þeim um jafnrétti. Við viljum kenna þeim um umhverfismál. Kenna þeim að koma fram þannig að þau geti stundað stjórnmál af einhverju viti o.s.frv. Við erum sífellt að gera meiri kröfur til skólanna. Ég held að ekki sé nema ein leið til að laga það. Það er nákvæmlega það sama og öll önnur fyrirtæki gera þegar gerðar eru kröfur um aukna framleiðslu — en það er einmitt það sem við erum að gera í skólakerfinu, við erum að gera kröfu um aukna framleiðslu, að nemendur læri meira og meira á sama tíma — það er að auka framleiðnina. Þannig að þessi tillaga er á margan hátt í samræmi við þá tillögu sem ég mælti fyrir fyrir tveimur dögum og rædd var hér í morgun um aðgang nemenda að tölvum, þ.e. að auka framleiðnina í skólakerfinu. Þá er hægt að kenna miklu meira á sama tíma. Og það er það sem við þurfum að stefna að.

Ég tek að öðru leyti undir þessa þáltill. og held að hún sé góð og gegn. Ég hlustaði með athygli á umræður þingmanna um örlög slíkra viljayfirlýsinga frá hinu háa Alþingi þegar þær lenda í myllu framkvæmdarvaldsins. Ég get tekið undir með hv. þm. Hjálmari Árnasyni að það er orðið mjög brýnt að Alþingi ræði um aðgreiningu á milli þess og framkvæmdarvaldsins. Við erum að grípa inn í framkvæmdarvaldið eins og við sjáum þegar við ræðum um fjárlögin. Þar erum við að ráða í stöður og þýða bækur og ég veit ekki hvað. Hins vegar er framkvæmdarvaldið að grípa inn í okkar mál með því að senda okkur lög á færibandi til samþykktar. Þarna þarf að gera bragarbót á. Alþingi þarf að hafa meira frumkvæði í því að setja lög og hætta að vasast í framkvæmdum.

[13:54]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga okkar kvennalistakvenna um fræðslu til að búa nemendur í framhaldsskólum undir þátttöku í samfélaginu. 1. flm. er hv. þm. Birna Sigurjónsdóttir, sem gerði grein fyrir tillögunni fyrir nokkrum dögum. Ég vil sem einn flm. láta í ljós þá skoðun mína að þetta er góð tillaga en ég óttast um leið það sama og fram hefur komið í máli fleiri þingmanna, að hugsanlega sé hún fullvíð og því verði erfiðara að framkvæma hana ef hún verður samþykkt. Lagt er til að tekin verði inn í brautarkjarna framhaldsskóla kennsla um, „samskipti kynjanna, fjölskylduábyrgð og einstaklingsskyldur, fjármálafræðsla, fræðsla um ábyrgð á eigin heilsu, umgengni við umhverfið og fleiri greinar sem hafa það að markmiði að gera nemendur að sjálfstæðum einstaklingum í nútímaþjóðfélagi."

Ég legg áherslu á að þetta eru allt mjög mikilvæg atriði og ekki síst fjármálafræðslan sem tveir hv. þm. hafa gert að umræðuefni. En það sem ég vil fyrst og fremst gera að umræðuefni er sá þáttur þessarar tillögu sem er lögbundinn og hefur verið lögbundinn í 20 ár samkvæmt jafnréttislögum en því miður er enn ekki sinnt í mörgum skólum.

Þar sem ég hef verið í nefnd á vegum menntmrn. um þessi mál hef ég haft tækifæri til að fylgjast sérlega með því hvað hefur verið að gerast á undanförnum árum. Árið 1995 lagði ég fram fyrirspurn á hv. Alþingi þar sem ég spurðist fyrir um hvernig 10. gr. jafnréttislaganna væri framkvæmd, þ.e. hvernig jafnréttisfræðslu væri hagað í skólum. Og það má segja að svörin voru óskaplega stuttaraleg árið 1995 og á það bent að það væri menntmrn. annars vegar og skólastjórar grunnskóla og skólameistarar framhaldsskóla sem bera ábyrgð á því að jafnréttisfræðsla sé tekin upp.

Núv. menntmrh. hefur gefið frá sér mikið plagg sem heitir Menning og menntun, forsendur framtíðar. Mjög framarlega í ritinu stendur undir fyrirsögninni Stefna í jafnréttismálum, með leyfi forseta:

„Skólar skulu vinna ötullega að því að tryggja jafnan rétt drengja og stúlkna. Fræða nemendur um stöðu kynjanna og vinna gegn því að nemendur festist um of í farvegi hefðbundinna verkaskiptinga kynjanna."

Þarna stendur ýmislegt fleira gott um þessi mál. En það er ósköp eðlilegt að þetta komi fram í markmiðsplöggum menntmrn. þar sem hér er um lögbundið atriði að ræða.

Nú liggur hins vegar fyrir nýleg könnun um það hvernig framkvæmd þessara mála er. Reyndar hefur sú könnun komið til umræðu á hv. Alþingi í tengslum við fyrirspurnir, ég held eina eða tvær. Úrtakið eru skólastjórar bæði grunn- og framhaldsskóla og ég vil vekja athygli á því að í þessari könnun kom í ljós að það eru ekki nema 68% svarenda sem telja að veitt sé jafnréttisfræðsla í skólum eða fræðsla um virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Það eru marktækt fleiri svarendur í grunnskólunum en í framhaldsskólum sem töldu að slík fræðsla væri veitt en það er einkum framhaldsskólinn sem við erum að ræða um hér. Þá kemur fram í umræddri könnun að þrátt fyrir að margir telji að einhver fræðsla eigi sér stað, þá er aðeins 1% grunnskóla sem gerði sérstaka jafnréttisáætlun og enginn framhaldsskóli, 85% grunnskóla og 89,5% framhaldsskóla skipuleggja ekki jafnréttisfræðslu sérstaklega.

Ein spurning í þessari könnun var um það hvort eitthvað væri sem skólastjórar í þessum skólum teldu að hindraði

framkvæmd jafnréttisfræðslu. Ég vil benda á, í tilefni þessarar tillögu, að í framhaldsskólunum nefna 33,3% skólastjóra tímaskort, 44,4% skort á fræðsluefni og 30,6% ónóga fræðslu til kennara. Þarna er því enn þá verulega mikið að, þó lögbundið hafi verið í 20 ár að fræða eigi um jafnréttismál í skólum.

En ég vil þó láta í ljós ánægju mína yfir því að það er ýmislegt að gerast á þessu sviði í framhaldsskólunum. M.a. er nú búið að semja kennslubækur um jafnrétti kynjanna, bæði nemendahefti og kennarahefti, eftir þau Elínu Vilhelmsdóttur og Garðar Gíslason. Og það er verið að prufukeyra þetta efni núna í nokkrum framhaldsskólum og því fagna ég mjög og ég vona að það verði til þess að hv. nefnd sem núna er að undirbúa námskrá framhaldsskólans geri það af alvöru að taka eftir því að jafnréttisfræðsla er lögbundin og að þessu verði komið inn í brautakjarna framhaldsskólanna.

Ég vil að lokum, herra forseti, nefna að í grein sem ég skrifa sjálf í tímaritið Uppeldi árið 1992 vitna ég í rit sem heitir Jöfn staða kynja í skólum sem menntmrn. gaf út árið 1990. Þar segi ég að ég telji að þar sé mjög góð markmiðssetning fyrir kennslu í jafnréttismálum. En í viðbót við þá markmiðssetningu, og þar er ég einkum að tala um námskrá framhaldsskóla, vanti útfærslu á því hvernig kynjamunur og jafnréttismál snúa að kennurum í mismunandi greinum því það er vissulega vandinn annar í stærðfræði en í leikfimi, bókmenntum eða sagnfræði eða til að mynda í tölvumálum eins og við ræddum hér í morgun. Og í því sambandi bendi ég á könnun á 50 enskum framhaldsskólum sem sýnir að ekki dugar að bjóða upp á nám í fjölskyldufræðum eða heimilisfræði sem valgrein því þá velji konur það eingöngu og hætta sé á að námið fái aðra (Forseti hringir.) stöðu innan skólans en aðrar greinar. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram í norskum rannsóknum og því er mjög mikilvægt að þetta nám fari inn í brautarkjarna, þ.e. verði allt að því skylda eins og hér er lagt til.

[14:02]

Flm. (Birna Sigurjónsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið hér fram um þetta mál og þakka góðar undirtektir þeirra hv. þm. sem hafa tekið undir tillögu mína. Ég ítreka að ég tel að hér sé um að ræða mjög mikilvægan þátt í hlutverki skólans. Hlutverk skólans er þríþætt. Hann á að búa nemendur undir líf og starf og frekara nám. Það er ljóst að í framhaldsskóla sérstaklega beinast kraftarnir fyrst og fremst að því síðastnefnda, þ.e. að búa nemendur undir frekara nám, í einhverjum mæli enn þá að því að búa nemendur undir starf í þjóðfélaginu, en æ meira flyst nú starfsnám yfir í sérskóla og jafnvel háskóla. En þessi þriðji þáttur sem ég hef gert að umræðuefni, þ.e. að búa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi, hefur verið hornreka í skólakerfinu. Þá er í rauninni alveg sama hvort litið er til framhaldsskólans eða grunnskólans. Í grunnskólanum er í núgildandi aðalnámskrá kafli um greinar sem lúta að þessu, 17. kafli námskrárinnar, og þær greinar sem eru þar eru gjarnan kallaðar meðal kennara tímalausu greinarnar vegna þess að þeim er ekki ætlaður eyrnamerktur tími. Og það veit ég að þær verða þess vegna allt of oft út undan í kennslunni þó að vissulega séu á því undantekningar.

Mér er ljóst að nýju lögin um framhaldsskólann gera ráð fyrir þessari fræðslu en eins og hefur verið rakið hér á undan þá nægir ekki alltaf að festa í lögum ákvæði um skólastarf. Það þarf meira til að koma nýjum þáttum í framkvæmd. Ég tel það mjög mikilvægt að í aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla verði kveðið skýrt og ótvírætt á um hlutverk skóla og skyldur þeirra til að gera nemendur að sjálfstæðum einstaklingum í nútíma þjóðfélagi eins og það er orðað. Við berum öll ábyrgð á því að skólinn og menntakerfið undirbúi unga fólkið raunverulega til að takast á við það sem blasir við þegar út í lífið kemur. Ungt fólk er oft að takast á við það allt í einu að stofna til sambúðar, takast á við fjármálin og allt sem því fylgir, eftir að hafa verið í öruggum höndum heimilisins sem stundum er kallað hótel mamma og margir hafa farið flatt á því. Þá taka við alls kyns gylliboð svo sem dæmin sanna mjög nýlega og þar getur verið ýmislegt sem erfitt er fyrir ungt fólk að standast. Og þetta hefur komið mjög vel fram hjá þeim sem hafa talað hér á undan.

Það hefur verið talað um að þetta sé víð tillaga og spurt við hvað sé átt. Ég vil vísa til þess að hver framhaldsskóli setur sér ramma. Það er talað um að framhaldsskólar setji sér skólanámskrá eins og reyndar margir grunnskólar hafa gert og þar hlýtur að verða tekið á því hvernig nákvæmlega hver framhaldsskóli tekur á máli eins og þessu og hvernig hann kemur því fyrir í sínu skipulagi. Ég held að það eigi ekki að gefa út eina línu um hvort þetta á að vera einn áfangi, hvort þetta á að vera hluti af mörgum námsgreinum. Hluti af þessu gæti t.d. heyrt undir líffræði, annað undir stærðfræðiáfanga. Þetta verður hver skóli að meta. Aðalatriðið er að þetta verði gert og skólarnir sinni þessu mikilvæga hlutverki sínu eins og lögin kveða nú þegar á um.

[14:08]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flutningsmönnum þessarar tillögu fyrir að hafa komið þessu máli hér á dagskrá. Auðvitað er þetta ekki alveg nýtt mál. Þetta hefur náttúrlega verið reynt að kenna í mörg ár eða eitthvað svipað í mörgum framhaldsskólum. Það hefur reyndar verið mjög mismunandi eftir skólum. SAM-áfangar hefur það heitið eða ratvísi eða eitthvað slíkt og hefur gefist mjög vel. En ég vildi að hér kæmi aðeins betur upp eitt mál sem hefur strandað mikið á og það er skortur á námsgögnum til þessarar kennslu. Margir kennarar hafa farið af stað fullir áhuga bæði í grunnskólum og framhaldsskólum og ætlað að fara að kenna slíka áfanga. Þetta hefur kostað þá alveg ómælda vinnu því þeir hafa þurft að skrifa nánast allt sjálfir á heimatölvur sínar og prenta út og auðvitað er svona ljósritað dót ekki það mest spennandi námsefni sem völ er á fyrir nemendurna. Ég held að það hljóti að þurfa að koma til opinber framlög frá ríkinu til slíkrar námsgagnagerðar. Ég vildi náttúrlega helst að það yrði gefið út hjá Námsgagnastofnun en það má nú víst ekki nefna snöru í hengds manns húsi. Hver sem gæfi það út þá fyndist mér að ríkið ætti að veita til þess sérstaklega.

[14:09]

Flm. (Birna Sigurjónsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir með hv. fyrri ræðumanni að vissulega þarf að veita fjármuni í námsgögn til þessarar kennslu eins og annarrar kennslu. Og það er nú ljóður á okkar ráði í skólamálunum hvað yfirleitt eru veittir litlir fjármunir til námsgagnagerðar. Það þyrfti að bæta verulega um bæði í grunnskóla og framhaldsskóla og sinna því miklu betur. En ég vil líka segja að ég tel að í námi af þessu tagi þurfi að horfa vítt og leita út fyrir skólann. Þarna geta komið inn aðilar úr atvinnulífinu, bankar með fræðslu á fjármálasviðinu — ég er ekki að segja að þeir eigi endilega að leggja til með sér

námsgögn en það er mjög mikilvægt að kennsla af þessu tagi verði lifandi og í beinum tengslum við það sem er að gerast á hverjum tíma og lokist ekki inni og verði dauður bókstafur.

[14:11]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka mjög undir að það er auðvitað nauðsynlegt að nýta sér kennsluefni úr umhverfinu. En því miður dugar það ekki alltaf og t.d. námsefni sem bankarnir hafa verið að gera af góðum hug er ekki að öllu leyti mjög hentugt í kennslu hafa þeir kennarar sagt mér sem eru að fást við þetta. Fíkniefnafræðsluefni sem ýmis góðviljuð samtök hafa staðið að, vafalaust í bestu meiningu, hefur reynst mjög gallað og samið á öðrum málsvæðum og menningarsvæðum og hentar hreinlega ekki okkar lífsstíl og hugsunarhætti. Þess vegna held ég að sé afar mikilvægt að opinbert fjármagn komi í það að semja heildstætt námsefni í þessari lífsleikni, ef svo má kalla það, og svo má þá bæta við og hafa sem ítarefni allt mögulegt sem til fellur úr umhverfinu.

[14:12]

Flm. (Birna Sigurjónsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að við séum alveg sammála, hv. þm. Sigríður Jóhannesdótir og ég, í því efni hvað varðar mikilvægi námsgagnagerðar og mikilvægi þess að veita í það fjármuni. En ég kom nú aðeins að því í framsögu minni að ég tel kannski ekki endilega rétt að steypa þessum námsþáttum sem ég nefni til í tillögu minni undir einn hatt, ég er ekki viss um að það fari endilega vel á því. Þar fyrir gæti verið mjög þarft að búa til heildstætt námsefni sem tæki yfir einhverja af þessum þáttum, svo sem samskipti kynjanna, fjölskyldu-ábyrgð, foreldrafræðslu og annað sem myndar samstæða heild. En það þarf þá að huga vel að endurskoðun á því námsefni og reglulega ef það á að ná tilgangi sínum. Hv. þm. þekkir það eins vel og ég, a.m.k. eins og verið hefur, að námsefni hér er orðið allt of gamalt í meðförum skólanna, því miður. Við höfum ekki fengið endurnýjun á námsefni eins og þarf og ég tel að fræðsla af þessu tagi mundi missa marks ef hún væri kennd með úreltu námsefni. Það held ég að væri ekki til bóta. Þetta verður að vera lifandi kennsla í takt við það sem er að gerast hverju sinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við konur í Afganistan, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

[14:15]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stuðning við konur í Afganistan. Þessi tillaga var lögð fram snemma hausts eftir að fregnir bárust af því að bókstafstrúarhreyfing Talebana hefði tekið völdin í Afganistan og gengið fram af mikilli hörku, m.a. í því að svipta konur nánast öllum mannréttindum. Heimurinn brást við með ýmsu móti og ýmsar helstu alþjóðastofnanir ályktuðu og fordæmdu þessar aðgerðir. En því miður hefur þessi þróun haldið áfram og í sjálfu sér breytir það litlu þó að tillagan komist ekki á dagskrá hér fyrr en nú því það hefur ekkert breyst til batnaðar og sú styrjöld sem staðið hefur í Afganistan í tæp 18 ár, í þessu litla landi, geisar enn.

Þessi tillaga gengur út á það, hæstv. forseti, að skora á ríkisstjórnina að beita sér á alþjóðavettvangi og hvar sem hún fær því við komið til stuðnings konum í Afganistan. Það þýðir að íslenska ríkisstjórnin og sendimenn hennar taki upp málið hvar sem því verður við komið og beiti sér jafnframt í alþjóðastofnunum til þess að taka á málum eftir því sem hægt er en því miður óttast ég að það sé erfitt. Hjálparstofnanir hafa að nokkru leyti dregið sig til baka út úr Afganistan. Sumar vegna þess að þær gátu ekki haldið áfram störfum sínum þar sem þeim var auðvitað falið að vinna á grundvelli reglna og samþykkta Sameinuðu þjóðanna en hin nýju stjórnvöld komu í veg fyrir að það væri hægt. Þetta á m.a. við um kennslu sem Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og fleiri stofnanir hafa komið á fót. Þegar Talebanar heimtuðu að stúlkur væru teknar úr skólunum, það mætti ekki kenna þeim neitt, þá neituðu þessar stofnanir að halda áfram. Þær fyrirskipanir og tilskipanir sem Talebanar hafa gefið út og varða konur eru á þann veg að þær mega ekki vera einar utan dyra nema í mjög rökstuddum erindagjörðum og helst ekki öðruvísi en í fylgd með karlmanni. Þær mega ekki stunda vinnu utan heimilis og var skipað að hætta. Það hafði þá þegar mjög afdrifaríkar afleiðingar m.a. fyrir heilbrigðiskerfið því eins og kemur fram hér í greinargerðinni þá er það ótrúlega algengt í íslömskum löndum og ekki síst í heittrúarríkjum að margar konur hafa læknismenntun vegna þess að menn vita jú að það þarf að sinna veikindum kvenna og barna en samkvæmt hinni ströngu íslömsku trú þá mega óskyldir karlmenn ekki koma nálægt konum. Þess vegna var farin sú leið að mennta konur en þessi nýju stjórnvöld hafa séð til þess að þær fá ekki að vinna utan heimilis. Nú veit ég ekki hvort eitthvað hefur dregið úr þessu vegna þess að menn ráku sig á að þetta gekk ekki upp en reglurnar gilda eftir sem áður. Í þeim gögnum sem ég hef aflað mér og er hér talsverður bunki af fréttum um það sem gerst hefur í Afganistan, aðallega frá Rauða krossinum, Amnesty International og fleiri stofnunum, og samkvæmt því sem þar kemur fram þá hafa verið stanslaus mannréttindabrot allan þennan tíma. Ráðist hefur verið á konur utan dyra og þær barðar fyrir að vera á götum úti og þeim skipað að koma sér heim. Það gefur auga leið að í þessu stríðshrjáða landi er auðvitað mikið af ekkjum.

Það sem hefur kannski slegið mig mest núna þessar stundir sem ég hef verið að lesa þessar fréttir og er önnur hlið á þessum málum er hin hrikalega staða barna í þessu ríki. Það kemur hér fram — ég ætla nú að skjóta því að að samkvæmt því sem kemur fram í uppflettiritum er Afganistan ekki nema 28.700 ferkílómetrar, þetta er um það bil einn fjórði af Íslandi, og eftir því sem þarna kemur fram er talið að um 4 millj. barna hafi látið lífið á þeim tæplega 18 árum sem styrjöldin hefur staðið. Þau hafa orðið fyrir sprengjuárásum og því hrikalega fyrirbæri sem er nú sem betur fer hafin alþjóðleg barátta gegn sem eru jarðsprengjur. Í þessu ríki eins og mörgum öðrum þar sem styrjaldir hafa geisað hefur verið komið fyrir miklu magni jarðsprengna sem verða óbreyttum borgurum að fjörtjóni og er erfitt að finna nema með sérstökum aðgerðum. Þannig að þetta er auðvitað önnur hlið á þessu hrikalega ástandi sem þarna er. En alveg frá því að Talebanar tóku völdin hafa staðið yfir stanslausir bardagar í Afganistan eins og reyndar áður, þeir breyttu ögn um eðli. Í höfuðborginni Kabúl þar sem þeir ráða ríkjum — en borgin hefur verið meira og minna umkringd — ríkir hrikalegt

ástand, fæðuskortur, vatnsskortur og skortur á heilsugæslu. Þar hefur Rauði krossinn reynt að beita sér og þá ekki síst reynt að bjarga öllum þeim börnum sem eru vegalaus og eru fórnarlömb þessarar grimmilegu styrjaldar.

Hæstv. forseti. Það er mannréttindahliðin á þessu máli sem ég er að vekja athygli á og sú staðreynd að ný stjórnvöld sem byggja á öfgasinnaðri bókstafstrú leyfa sér að brjóta alla alþjóðlega sáttmála um mannréttindi og sáttmálann um að afnema skuli alla mismunun gagnvart konum. Þeir eru margbrotlegir í þessum efnum og það er auðvitað eitthvað sem hið alþjóðlega samfélag þarf að taka á og stöðva eftir því sem nokkur kostur er vegna þess að það er hrikalegt að horfa upp á þróun af þessu tagi. Þótt ýmislegt hafi gerst í öðrum ríkjum íslams eins og í Íran og nú síðast í Alsír þar sem konur hafa verið myrtar í stórum stíl og verið eitt helsta, hvað á ég að segja; hafa verið hundeltar af skæruliðum og verið þeirra skotmark, sérstaklega menntakonur. Þó að ástandið sé mjög slæmt þar og reyndar í Íran líka þá er það nánast barnaleikur hjá því ástandi sem ríkt hefur og ríkir í Afganistan. Það er tilgangur þessarar tillögu að vekja athygli á þessu ástandi og benda á að Íslendingar eins og aðrar þjóðir geta beitt sér í málefnum af þessu tagi. Ég vil í því samhengi minna á að m.a. Evrópusambandið gerði samþykktir snemma hausts, í byrjun október, og skoraði þar á þjóðir heims að grípa til sinna ráða. En í yfirlýsingu þeirra sagði, með leyfi forseta:

„Samfélag þjóða getur ekki staðið aðgerðalaust hjá þegar Taleban framfylgir stefnu sem byggist á víðtækri mismunun kynjanna." Og framkvæmdastjórnin hvetur ríki heims til að þrýsta á Talebana að virða öll mannréttindi, sérstaklega réttindi kvenna.

Eins og ég nefndi í upphafi, hæstv. forseti, er þessi tillaga í fullu gildi enn þrátt fyrir þá mánuði sem liðnir eru og því full ástæða til að beina því til íslenskra stjórnvalda að láta til sín taka í þessu máli eins og öðrum þar sem mannréttindi eru brotin, hvort sem þar eiga í hlut karlar, börn eða konur, en þó sérstaklega þegar um jafnhrikalegt ástand er að ræða og þarna þar sem stigin eru skref langt aftur í aldir að því er manni virðist.

[14:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir þessa tillögu og lýsa yfir stuðningi við hana. Þó að liðinn sé nokkur tími frá því hún kom fram og að á þeim tíma hefðu íslensk stjórn að sjálfsögðu átt að grípa til aðgerða og mótmæla þessum mannréttindabrotum á konum í Afganistan, þá hefur það ekki verið gert, þannig að þessi tillaga er enn í fullu gildi eins og kom fram hjá hv. flm. Ég sé ekki ástæðu til að eyða löngu máli til viðbótar því sem hv. frsm. sagði hér í ræðustól. Ég lýsi yfir stuðningi okkar við þessa tillögu og þakka þingmönnum Kvennalistans fyrir flutning hennar. Það er reyndar ekki í fyrsta skipti sem hv. þm. Kvennalistans ýta hressilega við okkur þegar um mannréttindamál er að ræða. Þingið ætti að sjá sóma sinn í að afgreiða þessa tillögu sem allra fyrst.

[14:26]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir orð hennar. Ég tek undir það að ég vona að þessi tillaga fái skjóta og góða afgreiðslu. Þetta er auðvitað fyrst og fremst innlegg í umræðu og ábending til stjórnvalda.

En ég vil líka bæta úr því sem ég gleymdi áðan, hæstv. forseti, og vísa tillögunni til síðari umræðu og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 243. mál. — Þskj. 378.

[14:27]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu um úttekt á hávaða- og hljóðmengun, sem ég flyt ásamt hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, Lúðvík Bergvinssyni, Kristínu Halldórsdóttur, Ástu R. Jóhannesdóttur og Ragnari Arnalds. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram víðtæka úttekt á hávaða- og hljóðmengun hérlendis og leggja fyrir næsta þing niðurstöður hennar og tillögur til úrbóta."

Þessi tillaga kom fram á síðasta þingi en var þá eigi útrædd. Þá var hv. þm. Ragnar Arnalds meðflutningsmaður en nú eru fleiri sem flytja málið með okkur úr þremur öðrum þingflokkum, þannig að ég vona að sá stuðningur verði til þess að tillagan fái afgreiðslu á þessu þingi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hollustuvernd ríkisins hefur aldrei verið gerð heildarúttekt á hávaða á Íslandi en talið er víst að hér á landi búi margir við hávaða sem er langt yfir settum viðmiðunarmörkum. Það verður að telja mjög brýnt að gerð verði úttekt á þessu ástandi þannig að unnt sé að leggja það til grundvallar úrbótum. Þar við bætist síðan þörfin á að settar verði reglur til að vernda fólk gegn hávaða á almannafæri. En í því skyni getur einnig verið þörf á könnun á ríkjandi aðstæðum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það virðulegur forseti, að hávaði af margvíslegum tagi fer sívaxandi. Þar er ekki aðeins um að ræða hávaða frá umferð og atvinnurekstri heldur einnig tónlist og talað orð úr hátölurum á almannafæri, í almenningsfarartækjum, verslunum, veitinga- og samkomuhúsum, líkamsræktarstöðvum og á útivistarsvæðum ætluðum almenningi og auðvitað miklu víðar en hér er nefnt. Hljóðmengun yfir ákveðnum mörkum getur sannanlega verið heilsuspillandi, valdið skemmdum á heyrn auk truflunar og margvíslegra sálrænna áhrifa sem valdið geta andlegri vanlíðan.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á ágætu innleggi í þetta mál sem kom fram í Morgunblaðinu sl. sumar en talsvert fór fyrir blaðaskrifum og umræðu um hávaða sem mengun einmitt á sl. sumri. Sumt kviknaði kannski vegna deilna og umræðna um kröfur til íbúðarhúsnæðis á tilteknum stað í Reykjavík, nánar tiltekið bygging háhýsis á Kirkjusandi, ef ég man rétt.

Í Morgunblaðinu 21. júlí 1996 er að finna yfirlitsgrein um þetta efni undir yfirskriftinni Heilsuspillandi hávaði og þar er í rauninni gert meira úr máli heldur en við flutningsmenn höfum gert í greinargerð og leiddar fram athuganir og röksemdir sem komið hafa fram í alþjóðlegum ritum. Sérstaklega er tekin fyrir greinargerð úr blaðinu Der Spiegel og ástandið í Þýskalandi þar sem komið hefur fram við rannsóknir umhverfisstofnunar Þýskalands og fleiri aðila að hávaði er talinn hafa miklu víðtækari áhrif á heilbrigði manna heldur en talið hefur verið til þessa. Þessu vildi ég koma hér á framfæri um leið og ég vek athygli á þessu yfirliti og ýmsum

skrifum í blöðum og umtali í fjölmiðlum á síðasta ári sem bætti talsvert við það sem áður hefur fram komið.

Það er mjög brýnt, virðulegur forseti, að af opinberri hálfu sé unnið skipulega gegn óþörfum og truflandi hávaða til verndar heilsu manna og til að tryggja rétt einstaklingsins til ómengaðs umhverfis. Umhverfi með hávaða er ekki ómengað umhverfi. Hávaði frá tólum og tækjum er nefnilega röskun sem ber að halda í lágmarki og enginn á að þurfa að þola síbylju úr hátölurum í formi talaðs orðs eða hljómflutnings sem hann kærir sig ekki um. Þar sem margir koma saman á réttur minni hluta gagnvart hljóðmengun að vera jafnríkur og meiri hluta, jafnt á vinnustað sem á almannafæri, og menn ættu að hafa í huga þá löggjöf sem hefur verið innleidd varðandi ýmsa þætti mengunar, m.a. varðandi reykingar og þá réttarstöðu sem þar er uppi lögum samkvæmt. Ég er ekki að segja að það sé sjálfgert að ganga jafnlangt að einn aðili geti stöðvað hávaða á stöðum þar sem hann verður vart umflúinn eða þar sem menn eru að kaupa sig inn á slíkt til afþreyingar eða skemmtunar. En einnig þar ber að sjálfsögðu að virða heilbrigðismörk.

Það hefur orðið mjög mikil umræða um hávaða frá umferð. Og auðvitað er það ein af uppsprettunum og í þéttbýlinu hér í Reykjavík og víðar er það þessi hávaði sem snertir flesta og vaxandi umferðarþungi og hraði umferðar veldur auknu angri frá þessu eins og kvartanir sem borist hafa til yfirvalda í Reykjavík sanna og sýna sem og sú umræða sem fram hefur farið hér í borginni, m.a. um breytingar á skipulagi og aðgerðir til útbóta eins og að taka Miklubraut niður í stokk að hluta sem mér skilst að sé ein af tillögunum sem fyrir liggur varðandi breytt aðalskipulag Reykjavíkur. Þannig má vísa til mjög margra þátta að þessu leyti.

En ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að þrátt fyrir að hávaði í þéttbýli sé mikil og vaxandi meinsemd þá þurfum við einnig að gæta að umhverfinu þess utan að því er varðar hávaðauppsprettur. Þar er sannarlega þörf á úttekt og að reglur séu settar. Ég vek t.d. athygli á því hvernig fer á svæðum sem eru notuð til útivistar, t.d. skíðasvæðum svo eitt dæmi sér tekið, ef þar hleypt inn eða látið viðgangast að menn séu á vélknúnum tryllitækjum í næsta nágrenni og hvaða áhrif það hefur. Það eru svona þættir sem ber að taka til athugunar, virða og setja um þá reglur. Þetta á auðvitað einnig við um flugumferð yfir svæðum, yfir útivistarsvæðum og annað af þeim toga sem ber að taka á.

Í fskj. með grg. eru raktar þær reglur helstar sem gilda eða hafa verið settar um þetta og lagaákvæði og ég vísa til þess en ég vísa jafnframt til þeirrar skoðunar að æskilegt væri að setja um þennan þátt mengunar samræmda heildarlöggjöf þannig að menn hafi á einum stað þau ákvæði sem gilda í íslenskum lögum um þetta efni. Ekki þarf langt að leita fyrirmynda til þess að taka á svona málum. Ég er hérna með tvær norrænar úttektir um þetta efni, unnar fyrir fáum árum. Þetta er bók um úttekt nefndar í Svíþjóð um hávaðamengun úti í náttúrunni, Naturupplevelser utan buller, en kvalitet att värna, á sænskunni. Og hér Betænkning fra det tværministerede støjudvalg sem vann í Danmörku fyrir dönsk stjórnvöld 1991–1992. Og svo sé nú getið góðra verka íslenskra um þetta efni, það ágæta tímarit Arkitektúr, verktækni, skipulag, AVS, sem gefið er út af mikilli þrautseigju af Gesti Ólafssyni og margir hafa lagt gott til, fjallar um þetta í 2. tbl. 1995 undir heitinu Hljóðvist og vekur þar athygli á ástandi þessara mála. Ég vil einnig geta þess að íslenskir aðilar, verkfræðistofur, hafa verið að bjóða fram aðstoð sína og búa yfir þekkingu til þess að hjálpa til við úttekt af þessum toga sem hér um ræðir, til þess að mæla hávaða. Og ég vísa til þess að fátt er mikilvægara í skipulagi, jafnt í skipulagi þéttbýlis sem og varðandi landnotaskipulag almennt, heldur en að taka tillit á skipulagsstigi, undirbúningsstigi, varðandi framkvæmdir, lagningu vega, ákvarðanir um útivistarsvæði og annað — taka tillit til þessarar mengunar og draga úr henni eins og frekast er kostur.

Ég held, virðulegur forseti, að ég lengi ekki mál mitt um þetta. Mér finnst að málið ætti að tala fyrir sig. Allir hljóta að hafa þekkingu á þessu og hafa álit á þessu og hafa verið þolendur þeirrar óþolandi örtu vaxandi mengunar sem er fylgifiskur nútímans og sem hefur verið vanrækt allt of lengi að taka á hérlendis. Ég tel að við séum miklir eftirbátar nágranna okkar að þessu leyti og við þyrftum því að fá úttekt á þessum málum. Hversu víðtæk hún verður þarf auðvitað að taka afstöðu til ef tillagan verður samþykkt. Það eru ekki dregin mörk beinlínis eða lagðar línur um hvernig því skuli hagað og ég tel allt betra en ekkert í þessu efni og vænti auðvitað, ef tillagan fær brautargengi, að þá verði vel að þessu staðið. En hér er auðvitað um að ræða málefni sem ekki þrýtur, því miður, þ.e. sem hlýtur að vera stöðugt á dagskrá því ég er ekki bjartsýnn á að vandamálið hverfi og síst af öllu af sjálfu sér. Ég legg til að tillögunni verði vísað til hv. umhvn. þingsins.

[14:38]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á að ræða þá tillögu sem er til umræðu núna um úttekt á hávaða- og hljóðmengun. Ég er ein af þeim sem telja að hávaða- og hljóðmengun af margvíslegu tagi sé að verða eitt af þeim stóru, ef við getum kallað það vandamálum, eða því sem truflar hvað mest nútímamanninn og við séum að verða meira og meira meðvituð um það að mengun sé af ýmiss konar tagi. Ég nefni umræður sem hafa verið í gangi nú að undanförnu um mengun rafljósa í stórborgum. Og mig langar til að gerast svolítið persónuleg í þessari framsögu minni því ég sem barn átti þess kost að búa rétt fyrir utan Reykjavík. Þar stóð húsið eitt uppi á hæð og það var um tveggja kílómetra gangur í rútuna í skólann á morgnana og það í hvaða veðri sem var. Ég býst ekki við því að öll börn í Reykjavík mundu láta sig hafa það núna. En eitt af því yndislegasta sem mér fannst þegar ég kom heim á kvöldin var að fara út úr þessari rútu sem var að hökta og inni í henni voru læti og hávaði, fara út úr henni og koma út í náttmyrkrið og horfa á stjörnubjartan himininn og lesa í stjörnurnar. Það er ekki mikið hægt að gera þetta þar sem ég bý í dag. Og það er þetta sem mér finnst við fara svo mikils á mis við, nútímaheimurinn, þótt tæknin hafi hjálpað okkur mikið og gert líf okkar fjölbreyttara.

Það gerðist svo að í 20 ár var ég afskaplega lítið úti í náttúrunni. Fyrir nákvæmlega 10 árum tók ég mig til og fór í fimm daga hestaferð upp í óbyggðir og þá kom það sama fyrir mig að mér fannst hlutirnir allt í einu vera orðnir svo einkennilegir og hátíðlegir. Og það var þögnin, þögnin sem við þessir ferðamenn sækjumst eftir í dag. Það var þögnin sem sló mig ásamt tísti í lóunni eða þrestinum. Og svo, allt í einu í þögninni þá hugsar maður ekki um músíkina, ekki um allan þennan hávaða sem venjulega er allt um kring heldur tekur eftir geldingahnöppunum sem voru þarna undir steini. Þetta er hlutur sem mér finnst ómetanlegur og gæti ekki verið án það sem eftir er lífs míns. En það er bara orðið svo erfitt að taka eftir þessu. Menn flengjast um á jeppum, á

snjósleðum eða öðru slíku um allar jarðir og ég hef nú reynt hvort tveggja. Ég man eftir þegar ég fór á snjósleða upp á Snæfellsjökul fyrir nokkrum árum og hugsaði með mér: Þetta geri ég aldrei aftur, að fara upp í þessa miklu og stóru og blíðu náttúru í svo miklum hávaða að það ærir óstöðugan. Hvernig á maður að njóta þessarar náttúrufegurðar í þeim hávaða sem þessi sleði framkallar og sleðarnir allt í kring, að sjálfsögðu? Þannig að ég verð að segja að hávaðamengun er nokkuð sem rænir okkur ákveðnum lífsgildum sem við ættum að hugsa um og missa ekki af, gildum sem að mínu mati efla okkur sjálf sem einstaklinga, gefa okkur betri heilsu bæði andlega og líkamlega og gefa okkur jafnframt næði til að vera með okkur sjálfum og náttúrunni. Ég er nú kannski orðin nokkuð hátíðleg en þetta er það sem ég hefði viljað koma á framfæri frá mínu brjósti.

Ég hef líka orðið vör við hávaðamengunina inni á veitingastöðum. Ein af mínum uppáhaldssöngkonum — þar á meðal er Kiri Te Kanawa óperusöngkona en síðan kemur okkar ágæta Björk sem ég elska og finnst vera stórkostleg söngkona. Ég fór á tónleika með henni fyrir tveimur árum síðan í Laugardalshöllinni. Ég sat efst uppi og ég hef aldrei vitað annað eins, mér varð óglatt, hljóðhimnurnar á mér titruðu, mig svimaði og það lá við að ég þyrfti stuðning til þess að komast út. Músíkin var fín en þetta var svo mikill hávaði að það var nánast að æra óstöðugan að hlusta á þetta. Ég hef hins vegar keypt diskana hennar Bjarkar og hlusta á þá með mikilli ánægju í hæfilegu magni, þ.e. hljóðmagni.

Þetta ásamt ýmsu öðru, truflun sem fólk á erfitt með að þola í sambýlishúsum, sem ég hef líka þekkt, að unglingar eða fólk sem er að skemmta sér í sambýlishúsum og setur allt á fullt og það er ekki svefnfriður. Og það er eins og það megi ekkert gera, engir koma saman til að skemmta sér og engir fara út og slaka á öðruvísi en að einhver hávaði sér kominn á fullt, annaðhvort tónlist, snjósleðahávaði eða annar hávaði. Auk þess sem við búum í borg þar sem skipulag og mannvirki voru ekki hönnuð fyrir jafnmikla og þunga umferð og hún er orðin í dag. Þess vegna tel ég mjög brýna nauðsyn á að fara fram á mjög víðtæka úttekt á hávaðamengun um landið og setja okkur staðla og reglur um það hvert við getum farið með svona hávaðagripi, hvar við ónáðum ekki aðra og hvar við ónáðum heldur ekki sjálf okkur, því það hefur komið í ljós að þeir sem hafa verið mikið á skemmtistöðum og unnið á skemmtistöðum hvort sem er í hljómsveit eða annars staðar hafa iðulega skerta heyrn. Og hver þekkir ekki að hafa farið út að borða eða sest niður á skemmtistað einhverja stund með vini og að hafa orðið að kallast á yfir borðið og jafnvel halda um eyrun til þess að ná betra hljóði þegar talað er saman? Ég vil þess vegna biðja þingheim um að taka þessari þáltill. vel og að umhvn. muni taka hana alvarlega til íhugunar og afgreiða hana á þessu vorþingi því að ég held að það sé betra að taka á þessum málum fyrr en seinna.

[14:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þessarar tillögu og fagna því að hún skuli fram komin. Ég held að hér sé um mikið nauðsynjamál að ræða. Auðvitað vekur það upp margar spurningar þegar menn eru að velta hér upp öllum þessum tegundum hávaða sem á okkur dynja nánast dag hvern. Þeir þingmenn sem brugðu sér í bíó í gær urðu vitni að töluverðri hávaðamengun þar þar sem tækin voru stillt óþarflega hátt að mínum dómi og það er einmitt það sem við erum að upplifa nánast á hverjum degi að tæki eru stillt mjög hátt. Bílar eru hafðir í gangi, mótorhjól þeysa með miklum drunum um götur og það eru ýmiss konar tæki sem menn eru mjög sólgnir í að eignast sem framkalla mikinn hávaða.

Þegar ég hlustaði á hv. síðasta ræðumann, hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur, fór ég einmitt að hugsa hvernig skyldi standa á þessu. Hvaðan er þessi ásókn í hávaða komin? Hvers vegna getur fólk ekki skemmt sér hvort sem það er á skemmtistöðum eða í heimahúsum án þess að þessi mikli hávaði fylgi? Hvað er eiginlega verið að skapa með þessum mikla hávaða?

Það var mjög mikið talað um þetta á árum áður þegar íslenskar popphljómsveitir voru upp á sitt besta og ber nú vel í veiði þegar einn af örfáum poppurum sem situr á þingi er kominn í salinn og væri fróðlegt að hann fræddi okkur um sína reynslu af miklum hávaða á danshúsum víða um land. (Gripið fram í.) Já, einn af okkar ástsælu poppurum. En það sem ég ætlaði að fara að segja þegar ég kom auga á þingmanninn var að það var mikil umræða um það á árum áður hve hljómsveitarmönnum væri mikil hætta búin og hætta við heyrnarskemmdum vegna þess að þeir voru í þessum gríðarlega hávaða meira og minna öll kvöld. Ég hef svo sem ekki séð neina úttekt á afleiðingum þess, þ.e. hvernig þetta fór með þá til lengri tíma litið. Ég hef ekki orðið vör við að þessi hv. þm. sé neitt sérstaklega heyrnardaufur en hann kannski kann sögur af því. Hann bregst ekkert við og fylgist ekkert með því sem hér er að gerast, en það er hans mál.

Ég vil taka undir efni þessarar tillögu og tel brýna þörf á því að kanna og gera úttekt á hljóðmengun. En það er nú svo skrýtið að það er ekki fyrr en fólk fer að reka sig illilega á sem athygli þess vaknar á þessum málum og það snertir alveg sérstaklega það sem hér kemur fram varðandi fólk sem býr í íbúðum þar sem mikil hljóðmengun er. Við höfum t.d. orðið vör við það og ég þekki dæmi þess að mjög góð íbúð við eina helstu umferðaræð hér í borginni hefur verið á söluskrá í mörg ár og þessar íbúðir eru gjörsamlega óseljanlegar af því að fólk vill ekki flytja í umhverfi þar sem þessi stöðugi dynur er þannig að þetta er orðið raunverulegt vandamál fyrir margt fólk og snertir hreinlega hagsmuni þess.

Þessi mikla hljóðmengun er mjög víða og ég held að við séum kannski ekki nógu vakandi fyrir henni því að hún dynur í eyrum alla daga. Við heyrum stöðugan nið frá umferðinni og hvar sem maður kemur er útvarp í gangi og einmitt þetta segir okkur að fólk fær ekki að njóta þagnarinnar. Ég held að margir þoli ekki orðið þögnina, eru svo óvanir henni að þeir þola hana ekki.

Það rifjaðist líka upp fyrir mér áðan leikritið Stundarfriður eftir Guðmund Steinsson þar sem m.a. var vakin athygli á heimilishávaðanum þar sem sjónvarps- og útvarpstæki eru stöðugt í gangi, síminn hringir, hurðum er skellt og menn æða fram og aftur og þetta er einhvern veginn allt hluti af þessum lífsstíl sem því miður einkennir mjög nútímalíf en margir eru einmitt farnir að snúa baki við og vilja halda inn á aðrar brautir. Það væri fróðlegt að fá það fram í rannsókn af því tagi sem hér er verið að leggja til hvort hljóðmengun er kannski jafnvel miklu meiri en við gerum okkur grein fyrir og þá ef svo er, hvernig má bregðast við.

Enn eitt atriði er auðvitað hljóðmengun á vinnustöðum sem er nú kannski svolítið annað mál en það sem flutningsmenn eru að beina sjónum að. Þeir eru að tala um hljóðmengun í umhverfinu sem snertir allan almenning. En hljóðmengun á vinnustöðum er annað atriði sem ég held að

sé ekki fylgst nógu vel með og ég hef stundum undrast það þegar ég hef farið í vinnustaðaheimsóknir að sjá fólk sem er að vinna í vélasölum, í frystihúsum og víðar og sem er ekki með nein varnartæki á höfðinu, engar hlífar. Ég held að þetta sé þáttur sem líka þurfi að gefa gaum og kannski kveða fastar á um í lögum.

Ég var að nefna poppið sérstaklega og hv. þm. Magnús Stefánsson, sem hefur langa reynslu af dansmúsík og því að skemmta landsmönnum og að vera í þessum mikla og stöðuga hávaða, getur kannski frætt okkur um þetta. Ég var að velta því fyrir mér hvort menn hefðu einhverjar niðurstöður um skaðleg áhrif á hljómlistarmenn eða hvort það hafi verið mjög orðum aukið. Spurningin er hvort það hefur varanleg áhrif að vinna við þessar aðstæður um lengri tíma. (**Gripið fram í:** Hann virðist nokkuð óskaðaður.) Hann virðist nokkuð óskaðaður, já, en hann er kannski best dómbær á það sjálfur. Vissulega er það ein hliðin sem snýr að þessum málum að ekki skuli vera hægt að skemmta sér án þess að það sé þessi gríðarlegi hávaði. En kannski hafa þær hljómveitir sem hv. þm. spilaði í stillt hávaðanum í hóf.

Hæstv. forseti. Enn og aftur. Ég tek undir efni þessarar tillögu og vil gera mitt til þess að hún nái fram að ganga.

[14:53]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir efni tillögunnar. En vegna orða sem féllu áðan um skaðsemi hljóðmengunar þá vildi ég gjarna koma á framfæri vitneskju minni um það efni en sú vitneskja er fengin með því að lesa um tilraun eða könnun sem var gerð á þessu og gæti orðið Magnúsi til nokkurrar huggunar. En það mun vera þannig að tónlist, þó að hátt sé spiluð eyðileggur ekki heyrnina hjá þeim sem líkar tónlistin. Hún hins vegar skemmir eyru annarra sem líkar hún miður, þ.e. það virðist vera svo að ef einhverjum líkar illa sá streituvaldur sem hávaðinn er þá eyðileggur hann heyrnina en það er hægt að þola ótrúlega mikinn samfelldan hávaða ef viðkomandi líkar hávaðinn eða í flestum tilfellum þá væntanlega sú tónlist sem verið er að spila. Þetta hef ég sagt sjálfri mér til huggunar á meðan synir mínir hafa farið í gegnum rokktímabilin sín.

[14:55]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja lengi í stólnum að þessu sinni. Ég er kominn til að leggja mitt litla lóð á vogarskál hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og félaga hans. Ég held að hér sé hið þarfasta mál á ferðinni og hefði kannski átt að sinna fyrr.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. þm. sagði um hávaða utan þéttbýlis og um hávaða á öræfum og í þeirri náttúru sem óspillt er á Íslandi. Það er þögnin, öræfakyrrðin, sem er ekki síst þáttur í þeim auðæfum og þeirri auðlind sem hálendið og fjöllin eru okkur og það er full þörf á því, þó einstaka reglur hafi verið settar á nokkrum svæðum, að koma þar á einhverri heildarskipan. Ég geri ráð fyrir að það sé flóknara mál en svo að það verði gert aðeins hér því það kemur auðvitað við skipulagi hálendisins og þeirra staða annarra sem ég er að tala um. En í ferðum á landi, sumar sem vetur, truflar hávaði oft þá upplifun sem menn eru að sækjast eftir, bæði Íslendingar og ekki síður erlendir menn sem hingað koma og við höfum atvinnu af að aðstoða við þessa náttúruupplifun sína.

Fyrir okkur gönguskíðamenn verður það ekki mikil náttúruupplifun, sem er einn helsti parturinn af skíðaíþróttinni, þegar í kringum mann eru vélsleðar og jeppar og yfir manni sveima flugtæki af ýmsu tagi. Þá geta menn í raun og veru eins verið að ganga í borginni og sætt sig við þann hávaða sem hér er. Mér hefur stundum komið til hugar að það þyrfti kannski, þó að menn mundu hugsanlega missa einhvern rétt við það, að skipuleggja hálendið og vinsælustu skíða- og ferðastaði á vetrum eftir tímabilum á einhvern hátt þannig að hver flokkur ferðafólks geti verið nokkuð öruggur um að vera í friði fyrir ónæði af öðrum. Þetta á auðvitað sérstaklega annars vegar við skíðamenn — þ.e. þá sem ganga á skíðum sem er íþrótt. Hitt er varla íþrótt að renna sér niður brekkur nema keppnisíþrótt — og hins vegar vélsleða og jeppa. Ég veit ekki hvernig ætti að fara að þessu en þetta er eitt af því sem þyrfti að hyggja að og ég fagna því að hv. flm. skuli hafa haft þennan part með í framsögu sinni um þetta þarfa mál.

[14:58]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég hafði ekki sérstaklega ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu en fannst það bæði ljúft og skylt eftir að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir mælti sérstaklega til mín um hávaða varðandi tónlist og ég vil sérstaklega þakka henni fyrir það að telja mig vera einn af ástsælum poppurum þjóðarinnar og vona ég að það sé sannlega mælt.

En aðeins um hugsanlega hljóðmengun frá popphljómsveitum þá þekkjum við það að oft og tíðum er töluverður hávaði frá slíku. En mín reynsla er sú að sitt er hvað hávaði og hávaði. Ég þekki það af reynslunni að þar sem tónstilling er í lagi að það er ekki alltaf hægt að túlka það sem hávaða. Og eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir kom inn á þá held ég, ef við setjum okkur t.d. í spor þeirra sem flytja tónlist, að menn séu oft og tíðum það ánægðir með það sem þeir eru að gera að þeir verði oft ekki fyrir miklum skaða af þeirri iðju.

Ég vildi bara segja að ég hef ekki orðið var við að tónlistarmenn hafi hlotið mikinn skaða af sinni tónlistariðkun. Ég þekki reyndar ekki dæmi um það þannig að ég vildi koma því að hér. En ég vil taka undir það sem hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir sagði að tónlistarmenn hafa oftast nær mikla ánægju af því sem þeir eru að gera þegar þeir flytja tónlist og verða þar af leiðandi líklega ekki fyrir miklum skaða af þeim völdum.

[15:00]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þar sem ég er einn af flm. þessarar ágætu þáltill. vil ég byrja á því að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að hafa haft frumkvæði að því að taka þetta mál upp og leggja fram á þinginu. En þar sem ég hef tekið eftir því að menn hafa verið að koma með persónulega reynslu sína af hávaðamengun þá var ég að hugsa um að leggja orð í belg.

Ég ætla ekki að byrja á minni persónulegu reynslu heldur vil ég leggja áherslu á, af því að ég er áhugamanneskja um ferðaþjónustu, að það hefur komið fram að erlendir ferðamenn sem koma hingað til lands hafa iðulega tekið til þess hvað það er hægt að komast í mikla þögn á Íslandi, sérstaklega þegar ferðast er um hálendið. Og þó að eingöngu sé litið til ferðaþjónustunnar þá tel ég mjög mikilvægt að hugað verði að hljóð- og hávaðamengun hvar sem er.

Hér kom til umræðu hávaði í samkomuhúsum eða á skemmtunum. Ég verð að segja, þvert á það sem hv. þm.

Magnús Stefánsson sagði, að ég veit til þess að mjög margir tónlistarmenn eru með skerta heyrn vegna hávaða við vinnu sína. Þeir hafa hlotið varanlegan skaða af hávaða. Um nokkurra ára skeið starfaði ég á skemmtistöðum sem plötusnúður, á diskótekum svokölluðum. Eftir að ég hafði starfað þar um nokkurn tíma tók ég eftir því að ég var farin að heyra verr, fór til læknis og bað um að heyrnin yrði mæld. Læknirinn sagði við mig: „Við hvað starfar þú, væna mín?" Ég sagði honum að ég væri plötusnúður. En hann gat ekki ímyndað sér annað en ég hlyti að vera plötusmiður, þ.e. að ég sinnti járnsmíði miðað við þann skaða á heyrn sem ég hafði beðið af þessu starfi því ég var komin með varanlegar heyrnarskemmdir af því að starfa sem plötusnúður.

Það er rétt hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að auðvitað þarf að stilla tónlist hæfilega þannig að hún valdi ekki skaða. En það er oft krafa þeirra sem reka þessi hús að leikið sé hátt og að það sé verulegur hávaði. Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu í rannsóknum að það auki t.d. sölu á börum á skemmtistöðum ef tónlistin er hækkuð. Menn hafa mælt það að eftir því sem tónlistin er hærri, því meira er keypt á barnum þannig að það er að ýmsu að hyggja í þessum efnum.

Ég vil eindregið taka undir allt það sem fram kemur í þessari þáltill. og ég tel mjög mikilvægt að tekið verði á þessum málum því að afleiðingar af hávaða og hljóðmengun hér á landi eru alvarlegar og hún á ekki að eiga sér stað.

[15:04]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil við lok þessarar umræðu þakka fyrir það sem hér hefur verið mælt um þessi mál, spaklega allt eða flest a.m.k., og góðar undirtektir við málið sem ég vona að verði til þess að það fái þinglega meðferð og afgreiðslu og helst sem næst því sem flutningsmenn leggja til.

Það má auðvitað bæta ýmsu við þetta, m.a. í ljósi þess sem hér kom fram í umræðunni. Mér þótti vænt um að menn tjáðu sig um persónulega reynslu því það er sá reynsluheimur sem miklu veldur um hvernig menn meta mengun af þessu tagi, hvernig menn reyna þetta á sjálfum sér og þess vegna er langt frá því að það sé ómerkt sem sagt er af eigin reynslu í þessu efni.

Vegna þess að rætt var um beinan skaða á heyrn og heyrnarskemmdir vegna hávaða þá hef ég hér í nefndu yfirliti sem ég dró fram úr Morgunblaðinu viðbrögð frá heyrnarlækni sem starfar sem yfirlæknir á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands sem að vísu dregur í efa að það sem fram kemur í Der Spiegel og er rakið í blaðinu styðjist við alvarlegar rannsóknarniðurstöður. Það eru reyndar fleiri læknar sem kannast ekki við þetta, þ.e. áhrif á hjarta og hjartasjúkdóma sem er fjallað um í þessari grein Der Spiegel. En yfirlæknir Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar segir um hávaða og heyrnarskemmdir, með leyfi forseta:

„„Þar eru mjög hreinar línur: Undir 80 dB skemmist ekki heyrn," sagði Einar. Hann benti á að stórir hópar fólks ynnu á stöðum þar sem jafngildishávaði er yfir 80 dB, sem er langt fyrir ofan 65 dB viðmiðunarmörkin."

Þetta er sem sagt skoðun sérfróðs aðila á málinu. Ég vil nefna það hér að í umfjöllun umhvn. á síðasta þingi sem afgreiddi ekki þingmálið þá var m.a. leitað til heilbrigðisyfirvalda í Reykjavík og fulltrúar þaðan komu til fundar við nefndina. Þar var m.a. dregið fram yfirlit um fjölda kvartana til heilbrigðisyfirvalda um ýmis efni á árabilinu 1985–1994 og þar kemur fram að hávaðamengun er ofarlega í röðinni yfir tilefni umkvartana og númer tvö á árinu 1994, sem er síðasta ár þessa yfirlits, og á árinu 1992 er hávaðamengun í öðru sæti. Á árinu 1994 er loftmengun í fyrsta sæti. Hún er reyndar mun ofar og mjög ofarlega í þessu yfirliti sem segir sína sögu um loftgæðin í höfuðborg Íslands og hvernig menn reyna þau á sjálfum sér.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegur forseti, en ítreka þakkir til þeirra sem hér hafa talað sem og til meðflutningsmanna fyrir stuðning við málið þegar í upphafi. Ég vænti þess að þingnefnd fái þetta sem fyrst til efnislegrar meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:09]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður Ríkissjónvarpsins, 368. mál, fsp. SK, þskj. 646.

Fæðingarorlofsréttur íslenskra kvenna við nám á Norðurlöndum, 367. mál, fsp. BirnS, þskj. 645.

Skipting bóta, 366. mál, fsp. KÁ, þskj. 644.

Skipting skattgreiðslna, 365. mál, fsp. KÁ, þskj. 643.

Staða drengja í grunnskólum, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 227. mál. — Þskj. 307.

[15:10]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stöðu drengja í grunnskólum, en meðflutningsmenn mínir eru Siv Friðleifsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem leiti orsaka þess að drengir eiga við meiri félagsleg vandamál að etja í grunnskólum en stúlkur og námsárangur þeirra er lakari. Jafnframt því að greina orsakir aðlögunarvanda drengja verði nefndinni falið að benda á leiðir til úrbóta.

Nefndina skipi fagfólk á sviði uppeldis- og kennslumála og að því stefnt að hún skili af sér í tíma svo að unnt verði að taka tillit til niðurstaðna hennar og tillagna við gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla sem taka á gildi árið 1998."

Herra forseti. Það hefur lengi verið umræðu- og áhyggjuefni margra skólamanna hve staða drengja í skólakerfinu hefur almennt verið önnur og að ýmsu leyti erfiðari en stúlkna. Þeir aðlagast ekki jafn vel kröfum og væntingum skólans og stúlkurnar. Kannanir hafa sýnt að drengir taka mun meira af tíma kennarans en stúlkur þar sem vandamálin sem kennarinn og skólinn þurfa að fást við, hvort sem þau eru tengd námi eða aga, tengjast mun oftar drengjum. Drengir eru miklu fleiri í hópi þeirra sem þurfa á sérþjónustu og stuðningi innan skólanna að halda. Þá hefur námsárangur stúlkna verið betri. Síðastliðið vor voru stúlkur með hærri meðaleinkunn en drengir í öllum fjórum greinum samræmdra prófa 10. bekkjar. Og í samræmdum prófum sem fram fóru sl. haust í íslensku og stærðfræði um land allt í 4. og 7. bekk voru stelpurnar alls staðar með betri árangur.

Rannsóknir hafa farið fram og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar liggja fyrir um mismunandi hlutfall kynjanna þegar

kemur að mælanlegum þáttum þeirrar þjónustu og stuðnings sem skólinn veitir. Drengir eru yfir 70% þeirra nemenda sem taldir eru þurfa sérkennslu í grunnskólunum. Sama er upp á teningnum þegar röðin kemur að sérdeildum skólanna, þar eru drengirnir einnig, eða hafa verið, u.þ.b. $^2/_3$ nemenda.

Hvernig stendur á þessu þunga vægi drengjanna í sérkennslunni? Það er mælanlegur munur á námsárangri kynjanna eins og fram hefur komið. Sú tilgáta hefur þó einnig verið sett fram að ekki sé eingöngu um námsvanda að ræða heldur leitist skólinn eftir þessum leiðum við að losa sig við óstýriláta nemendur út úr bekknum og inn í sérkennsluna og endurspegli þetta hlutfall því e.t.v. ekki síður skort á úrræðum við hæfi þeirra nemenda sem t.d. eru taldir ofvirkir eða misþroska og eru óstýrilátir í skóla, lúta ekki bekkjaraga. Sama er. Þetta þarf að skoða nánar og bregðast rétt við. Fjöldi drengja er svo í svipuðu hlutfalli eða um það bil þrír drengir á móti einni stúlku þegar litið er til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólanna. Eftir þessum leiðum, stuðningi, sérkennslu og sálfræðiþjónustu hefur grunnskólinn m.a. reynt að koma til móts við mismunandi stöðu og þarfir nemenda sinna. Það er hins vegar ljóst að greina þarf orsakir þess að drengjum tekst almennt verr að fóta sig í skólakerfinu en stúlkum. Þegar orsakirnar eru ljósar er líklegra að unnt verði að mæta þörfum drengjanna strax við upphaf skólagöngu í stað þess að takast síðar á við afleiðingar þess að skólinn, eins og hann er uppbyggður, virðist síður henta drengjum en stúlkum. Skólinn virðist líka hafa ólíkar áhyggjur af drengjum og stúlkum.

Sérfræðingar hafa sett fram tilgátur um að þroski kynjanna sé mismunandi þegar grunnskólanám hefst. Þannig sé námið fyrstu árin eins og eðlilegt framhald af leikjum og föndri stúlknanna en drengirnir eigi mun erfiðara með bæði fínhreyfingar og tjáningu. Þetta rímar við tilfinningu margra kennara. Rannsóknir hafa sýnt að þegar í leikskóla er munur á þroska og getu. Breskar rannsóknir hafa t.d. leitt í ljós að þá þegar séu stúlkur fremri drengjum, bæði í stærðfræði og móðurmáli. Markviss þjálfun strax í leikskóla gæti bætt úr ef niðurstaðan verður sú að taka þyrfti sérstaklega á tilteknum þáttum. Þar gætu menn e.t.v. tekið mið af því merka uppeldisstarfi sem Margrét Pála Ólafsdóttir hefur staðið fyrir og þróað í svokallaðri hjallastefnu þar sem unnið hefur verið markvisst að því að mæta þessum mismunandi þroska kynjanna með svokölluðu viðbótaruppeldi.

Ein ástæða þess að drengir eiga við aðlögunarvanda að etja í skólum er talin sú að fáir karlar og sífellt færri eru við kennslu og því fáar fyrirmyndir í grunnskóla og þá ekki síður í leikskóla, fyrirmyndir sem drengir geti samsamað sig. Þessi staðhæfing er þeim mun alvarlegri að margir feður vinna fjarri heimilum, þar með taldir þúsundir sjómanna, vinnudagur margra feðra er mjög langur og um það bil fjórðungur barna býr með einstæðum mæðrum. Karlmaður sem starfar sem kennari getur því verið raunveruleg fyrirmynd þeim börnum sem lítt kynnast körlum í uppeldi sínu. Hann er a.m.k. staðfesting þess að karlar sinna líka uppeldisstörfum.

Drengir fá ákveðin skilaboð frá umhverfinu um hvers konar manneskjur þeir eigi að vera. Bæði fagfólk og foreldar, og við höfum séð þess gæta í tillöguflutningi á Alþingi, hafa vaxandi áhyggjur af því að nútímasamfélag bjóði drengjum upp á stöðugt verri fyrirmyndir og að hetjuímyndir þeirra verði sífellt ofbeldiskenndari. Það hefur komið í ljós hjá þeim drengjum sem leita skólasálfræðinga að raunverulegir karlmenn eru ekki fyrirmyndir þeirra, heldur ofurmenni teiknimynda, myndbanda og kvikmynda.

Því hefur einnig oft verið haldið fram að karlmenn eigi ekki eins gott með að sýna tilfinningar og konur né heldur að vinna úr þeim. Skoða má sjálfsvíg og áfengisneyslu karla út frá því. Uppeldi er talið eiga hér stóran þátt en sárlega vantar rannsóknir á orsökum þess kynjamunar sem fram kemur t.d. ef litið er til alkóhólisma. Á það hefur verið bent að drengir eigi ekki bara erfiðara með að tjá sig við upphaf skólagöngu heldur einnig við lok grunnskóla og er því líklegra að þeir loki tilfinningar sínar inni eða láti jafnvel hendur skipta.

Herra forseti. Forvarnastarf gegn vímuefnaneyslu þyrfti að beinast markvissar að því að þjálfa sérstaklega drengi í samskiptum og tjáningu ef þetta er svona. Það eru drengirnir sem fara út í lífið án þess að kunna að tjá tilfinningar eða ráða við þær sem eru sérstakur áhættuhópur. Um 65% gesta Unglingaheimilisins hafa verið drengir. Afskipti lögreglu af unglingum sýna einnig að drengir eru mun líklegri til að lenda undir eftirliti lögreglu eða 86% á móti 14% stúlkna. Dauði vegna slysa er einnig margfalt algengari meðal pilta og drengja og sama á við um sjálfsvíg. Ásþór Ragnarsson sálfræðingur sem rannsakað hefur þessi mál mikið hefur kallað þetta háa hlutfall „gjald karlmennskunnar".

Herra forseti. Jafnréttisbaráttan hefur aðallega verið háð af konum. Hún hefur leitt til þess að losnað hefur um ýmsa staðlaða ramma kvenímyndarinnar og staða kvenna hefur að mörgu leyti breyst enda hafa þær unnið mjög meðvitað að því. Ábyrgð á börnum og heimili er þó enn hlutskipti flestra kvenna og kann að vera ein af orsökum þess launamisréttis sem þær búa við. Við því þarf að bregðast. Það verður ekki gert nema við beinum sjónum okkar einnig að stöðu og uppeldi drengja, karla framtíðarinnar, og leitum orsaka þess munar sem hér hefur verið rakinn því hann snertir auðvitað stúlkurnar einnig með ýmsum hætti. Fyrirferð drengjanna innan skólanna er hreint ekki einhlít vísbending um sterka stöðu þeirra heldur e.t.v. þvert á móti. Athyglin sem þeir fá er oft fyrst og fremst neikvæð. Rannsóknir á Norðurlöndum sem fram hafa farið í skólastofunni sýna að í kynblönduðum bekkjum eins og hér hafa strákar almennt yfirhöndina. Þeir bæði kalla á og fá með góðu eða illu miklu meiri athygli en stúlkurnar. Talað er um að allt að 80% af tíma kennarans fari til drengjanna. Á meðan bíða stúlkurnar prúðar eftir að röðin komi að þeim. Staða drengja hefur því bein áhrif á stöðu stúlkna í skólunum og samskiptin þar leggja auðvitað grunn að ákveðnu munstri í framtíðinni.

Herra forseti. Aðeins meira um stöðu og uppeldi stúlknanna. Breskar rannsóknir sýna að náms- og starfsval stelpna sem koma úr stelpubekkjum eða stelpuskólum er mun fjölbreyttara en hinna og þær standi sig betur í samkeppnisþjóðfélaginu, e.t.v. vegna þess að í einkynja bekk verða þær að tileinka sér þau hlutverk sem strákunum eru látin eftir í blönduðu bekkjunum, svo sem að taka forustu og fanga athygli. Breskar, danskar og sænskar rannsóknir eru samhljóða um að sjálfstraust stelpna styrkist einnig við að vera í stelpudeildum. Í tilraun sem gerð var við Gagnfræðaskólann á Akureyri árið 1990–1991 kom það sama fram. Einungis eru komnar skýrslur um fyrri vetur þeirrar rannsóknar, sem náði yfir tvo vetur, en endanleg skýrsla þeirra sem héldu utan um verkefnið, sem voru Kristján Magnússon sálfræðingur og Valgerður Bjarnadóttir, þáverandi jafnréttisfulltrúi á Akureyri, er því miður ekki fullgerð þar sem þau meta þetta verkefni í heild. En hin almenna samfélagslega hugsjón á bak við þetta verkefni var að stuðla að jafnrétti kynjanna

með tímabundinni áherslu á vinnubrögð til að koma til móts við sérkenni hvors kyns. Í því sambandi var vísað til grunnskólalaganna þar sem segir í 2. gr. að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda.

Í þeim skýrslum sem gefnar voru út eftir þennan eina vetur kemur fram að töluverður meiri hluti, sem reyndar vex meðan á tilrauninni stendur, álítur að kynin tileinki sér þekkingu á mismunandi hátt og hafi þar af leiðandi mismunandi þarfir í námi. Um er að ræða nemendur í 8. bekk og þessar mismunandi þarfir kunna þegar hér er komið sögu m.a. að ráðast af því sem á undan er gengið í uppeldi og skólagöngu. Niðurstöður segja a.m.k. eitthvað um mismun á að kenna stelpum og strákum og í sumum tilfellum gefa þær vísbendingar um hvernig rétt væri að haga kennslunni til að koma betur til móts við þarfir hvors kyns fyrir sig. Reynslan af kynskiptingu í bekki virðist einnig hafa styrkt þá skoðun kennarahópsins að tímabundin aðgreining geti jafnað aðstöðu kynjanna til að njóta náms við hæfi.

Tjarnarskóli í Reykjavík er í vetur með tilraunaverkefni í gangi þar sem kynskipt er í stærðfræði og íþróttum í 8. og 9. bekk en blandað í árgöngum. Þetta er gert undir þeim formerkjum að einstaklingurinn eigi að vera í forgrunni og eftir þessum leiðum er þessi skóli að reyna að mæta mismunandi þörfum sinna nemenda.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu nefnt dæmi um rannsóknir og kannanir sem fram hafa farið á þeim þáttum sem hér um ræðir og vil með því benda á að heilmikið efni er til um þessi mál. Um þann mun sem vissulega virðist vera á kynjunum bæði námslega og félagslega og virðist koma í ljós þegar í leikskóla. Þó þessi tillaga taki einungis til grunnskólastigsins er ljóst að sum þeirra vandamála sem leita þarf orsaka fyrir og taka á er að finna bæði í leikskóla og framhaldsskóla því að svo miklu leyti sem staða drengja og pilta á þeim skólastigum hafa verið könnuð hafa niðurstöður verið áþekkar.

Við getum tæpast litið svo á að grunnskólinn hagi störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda svo sem fyrir er mælt í lögum þegar svo áberandi kynbundinn munur er á stöðu nemendanna, þegar það liggur fyrir að stúlkur standa drengjum framar á öllum þeim samræmdu prófum sem fram fara í grunnskólanum hvort sem þær eru 9 ára, 12 ára eða 15 ára, hvort sem er í stærðfræði eða móðurmáli og tungumálum. Það liggur líka fyrir að þetta gerist þrátt fyrir það að megnið af þeim stundum sem varið er til stuðnings og sérkennslu fer til stráka og að mikill meiri hluti þeirra fá þjónustu sálfræðinga skólans. Sálfræðingar sem mikla reynslu hafa af starfi innan skólanna segja líka að alltaf séu það fleiri strákar, sem líður illa vegna þess að þeir verða líka verst úti félagslega. Einhverra hluta vegna er staða strákanna svona bág og við því þarf að bregðast og eðlilegt að reynt sé að beina vinnu skólanna í þann farveg við setningu nýrrar námskrár fyrir grunnskóla en að henni er nú unnið, eins og fram hefur komið, og af því munu stúlkurnar líka njóta góðs. Þetta mál er jafnréttismál og forvarnamál. Tillagan gerir ráð fyrir því að unnið verði forvarnastarf með börnum og unglingum á þeirra vinnustað sem eru skólarnir.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. menntmn.

[15:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er tekin til umræðu er einstaklega þörf og tímabær og ég þakka flutningsmönnum fyrir að hafa sett hana fram, sérstaklega Svanfríði Jónasdóttur, 1. flm. Það er alveg ljóst að litið hefur verið fram hjá þeim vanda sem margir drengir eiga við að etja og það er líka ljóst að skilaboðin til stráka í gegnum myndbönd og ýmsa áhrifamiðla eru á þá lund að þeir eigi að vera sterkir, vera töffarar, vera ofurhugar, vera ofurelskhugar, vera ofur allt. Það er einnig ljóst að ýmislegt sem hefur verið talið sjálfsagt og eðlilegt varðandi uppvöxt strákanna er alls ekki eins einfalt og látið er af.

Mig langar í upphafi máls míns, virðulegi forseti, að vísa til rannsóknar sem Ásþór Ragnarsson sálfræðingur gerði og hann kallar rannsóknina Goðsögnina um karlmanninn. Þar hefur hann tekið saman og skoðað hlutföll og þátt drengja í ýmsu sem maður getur sagt að horfi á verri veg og hann kallar það gjald karlmennskunnar. Þar hefur hann t.d. skoðað hlutfall drengja og stúlkna varðandi sérkennsluþörf í grunn- og framhaldsskólum og þörf á séraðstoð á dagvistarheimilum og þá kemur í ljós að aðeins fjórðungur þessa hóps er stúlkur, $^{3}/_{4}$ hlutar eru drengir. Þegar hann skoðar hverjir eru gestir ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskólanna, hverjir eru gestir Unglingaheimilis ríkisins, hverjir eru gestir sérstofnana, svo sem barna- og unglingageðdeildar, þá kemur í ljós að aðeins $^{1}/_{3}$ af þessum hópi er stúlkur, $^{2}/_{3}$ hlutar eru drengir. Þegar hann skoðar fjölda þeirra sem hafa farið í meðferð vegna áfengisvanda kemur í ljós að 80% þeirra eru drengir. Þegar skoðað er hverjir eru á skilorði eða undir eftirliti löggæslu eru drengirnir orðnir 86% og þegar skoðað er hvernig samsetning kvenna og karla er í fangelsum, þeirra sem afplána refsingu, og hann tekur árin 1985–1990, þá kemur í ljós að þeir sem afplána á þessum tíma eru 96% karlar. Þetta kemur okkur e.t.v. ekkert á óvart, að heyra um þessar tölur eða það sem kom fram í máli 1. flm., en það sem er athyglisvert er að of lítið hefur verið gert til að skoða samhengið í þessum málum og það er það sem lagt er til með þessari tillögu.

Þegar vísað er í þær tölur sem ég hef drepið á er alveg ljóst að þegar slíkar tölur eru settar fram er oft farið með þær á mjög einfaldan og tæknilegan hátt án þess að fjallað sé um hvað hafi valdið samhenginu. Það kom t.d. fram í könnun sem áfengisvarnaráð gerði að sýnt var fram á að þeir unglingar sem fyrst fara að drekka eru jafnframt þeir sem drekka mest síðar. Þetta er alveg rétt. En upplýsingarnar beina athyglinni að því að fyrirbyggja að unglingar byrji snemma að drekka. Hún beinir ekki athyglinni að vandanum sjálfum. Af hverju? Það er ekki spurt: Af hverju? Samhengið er annað.

Þessi mál hafa verið skoðuð erlendis, eins og kom fram í máli Svanfríðar Jónasdóttur, og erlendar kannanir sýna að unglingar, sem standa illa að vígi samskiptalega, skortir sjálfstraust eða ákveðna færni í samskiptum, fara frekar snemma að drekka og festast frekar í óheppilegu samskiptamunstri vegna þess að þau halda áfram að drekka eða neyta vímuefna. Aftur á móti þeir unglingar sem búa við gott sjálfstraust og ákveðna færni í samskiptum, þó að þeir unglingar byrji að drekka, þá ná þeir sér fremur út úr drykkjunni af því að þeir standa betur samskiptalega. Þetta hefur komið í ljós í erlendum könnunum. Það eru sömu unglingarnir sem eru í áhættuhópi varðandi vímugjafa og þeir sem reyna að leysa

sín mál með ofbeldi og samhengið verður skiljanlegt þegar litið er á samskiptahæfnina eða skortinn á henni.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það að drengir virðast vera í mjög óöruggri stöðu og margir þeirra hafa litla æfingu í félagslegum athöfnum, svo sem að veita öðrum umhyggju og að taka við umhyggju, leysa úr erfiðleikum, finna til og bregðast við. Það verður að segjast eins og er að þar hafa samskipti stúlkna allt frá fyrstu æviárum allt annað form. Stelpur eru opnari. Þær eiga yfirleitt hver aðra að trúnaðarvinum, þær byrja með það snemma og alveg fram til fullorðinsára temja konur sér að eiga sína trúnaðarvini þar sem þær geta losað sig við ýmislegt sem veldur óöryggi eða þjakar. Þetta gera drengir og karlmenn miklu síður.

Á karlaráðstefnunni í Stokkhólmi kom mjög vel fram að þegar staða kvenna og karla er borin saman er staða karla miklu dreifðari. Það er fámennur hópur karla, þó að hann sé fjölmennari en kvenna, sem er valdamikill og nýtur velgengni í samfélaginu. Á hinn bóginn eru margir karlar og mun fleiri en konur, sem eru valdalausir og vegnar illa í samfélaginu. Hlutfallslega standa mun fleiri karlar mjög illa að vígi, bæði hvað varðar áfengisneyslu, vímuefnaneyslu, þátttöku í ofbeldi, einsemd, afbrotum, sjálfsmorðum o.s.frv. Það er þess vegna mjög mikilvægt að skoða þá hluti og reyna að varpa ljósi á öryggisleysi ungra drengja vegna þess að þar erum við að taka á forvörnunum eins og við höfum komið að fyrr í dag. Grunnskólarnir hafa að einhverju marki verið að bjóða upp á efni sem á að hjálpa unglingum með ákveðinni þjálfun, hópastarfi og vera með jákvæð tilboð til unglinga sem standa höllum fæti, jafnt stelpna og stráka, en strákarnir eru greinilega miklu meira þurfandi. Við getum spurt hver á að gera þetta og við komum strax að skólanum, eins og kom fram í máli flutningsmanns. Þá erum við enn og aftur komin að því sem við höfum rætt fyrr í dag, því þýðingarmikla atriði að geta tekið félagslega þætti og þætti sem snúa að forvörnum inn í skólana og aftur gætum við tekið upp umræðuna frá í dag þar sem tímaskortur og tækifæri eru of lítil fyrir góða kennara að reyna að taka á þessum málum.

Ég er alveg sannfærð um að sú niðurstaða mun skila sér inn í breyttar áherslur í skólanum verði þessi tillaga samþykkt og þegar nefndin sem lagt er til að vinni með málið hefur skilað áliti.

[15:32]

Útbýting þingskjals:

Seðlabanki Íslands, 369. mál, frv. GÁS o.fl., þskj. 647.

[15:32]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka efnislega undir þá tillögu sem hér liggur fyrir og er til umræðu og færa sérstakar þakkir til 1. flm. fyrir afskaplega vandaða, yfirgripsmikla og málefnalega framsöguræðu. Þessa umræðu tel ég fyllilega tímabæra.

Segja má að umræðan um jafnréttu kynja á síðustu árum hafi fyrst og fremst snúist um stöðu kvenna, bæta hlut kvenna í samfélaginu og hefur svo sem verið og er af nógu að taka þar. Ég nefni þar launamun, ég nefni starfsval, völd og áhrif í samfélaginu almennt. Af nógu hefur verið að taka og af nógu er að taka. Um þetta hefur jafnréttisumræðan að mestu leyti snúist hin síðustu ár. Segja má því að karlpeningurinn, drengir, karlmenn, hafi um sumt gleymst í umræðunni og þess vegna fagna ég þeirri tillögu sem hér er komin fram. Það virðist nefnilega vera full ástæða til að skoða hlut karlmanna í jafnréttisumræðunni, þó e.t.v. undir öðrum formerkjum og á öðrum forsendum en jafnréttisumræða kvenna. Það snýr nefnilega að því sem hefur komið fram í ágætri framsöguræðu og eins í ræðu síðasta hv. þm. um tilfinningaþáttinn.

Eftir að hafa starfað sjálfur um 20 ára skeið við skóla get ég tekið mjög undir það sjónarmið og það hefur ávallt vakið undrun mína hversu piltar, einkum í efri hluta grunnskólans, eru mun fyrirferðarmeiri, agavandamálin miklu bundnari við unga karlmenn meðan kvenpeningurinn hefur verið „meðfærilegri" a.m.k. í augum kennara.

Það hefur líka vakið athygli, eins og fram hefur komið í framsöguræðu, að námsárangur drengja í grunnskóla sérstaklega er lakari. Hér er eitthvað sem veldur og er ástæða til að skoða og ég lít svo á að það sé markmið þessarar tillögu.

Þá er líka ástæða til að ræða það viðkvæma mál sem hefur þó verið að opnast nú á síðustu missirum, þ.e. hin háa tíðni sjálfsvíga ungra drengja hér á landi sem mun vera með því hæsta sem þekkist í veröldinni, einkum í sjávarþorpum. Það vekur óneitanlega upp miklar spurningar og hlýtur að segja okkur að skýringanna sé að leita í okkar menningu. Það er örugglega efni þessarar tillögu að gera tilraun a.m.k. til að finna þá skýringu. Getur verið að það tengist sjómannastéttinni? Íslendingar hafa mikið stundað sjó og þessi háu sjálfsvíg í sjávarþorpum eigi rætur sínar að rekja til þeirrar menningar og þeirrar einangrunar sem sjómenn hafa verið í fjarri heimahögum og bera síðan heim með sér í samfélagið? Ég varpa þessu fram. Það er auðvitað það sem hlýtur að verða rætt í þeirri nefnd sem um er að ræða verði tillagan samþykkt.

Menning okkar hugsanlega segir okkur það að konan er hin mjúka tilfinningavera en karlmaðurinn á ekki og má ekki sýna tilfinningar. Það er kannski vandinn og rót vandans. Ég vil í þessu samhengi minna á þá umræðu sem hefur komið fram á síðustu árum í kjölfar úthafsveiða Íslendinga þar sem umræða um þunglyndi, jafnvel sjálfsvíg sjómanna á hafi úti, hefur komið upp á yfirborðið og verið einkum nú í vetur mikið til umræðu. Hugsanlega er í rót vandans að einhverju leyti að finna skýringar á því sviði.

Ég vil líka rifja upp í þessu sambandi samtöl sem ég hef átt við sjómenn. Nú hefur búnaður til allrar hamingju í mörgum af okkar stærri fiskiskipum, úthafsveiðiskipum, verið mjög fullkominn til þess að rækta líkamann. Menn hafa meira að segja fengið í „best búnu skipunum" sjónvörp inn í klefa sína en menn hafa áttað sig á og ræða það sín á milli að hin félagslega einangrun er skuggahlið þessa góða útbúnaðar. Hin félagslegu tengsl hafa minnkað og þunglyndi í kjölfar aukist. Þetta ræða menn sín á milli og það hlýtur að vera ástæða til að skoða þetta í því samhengi sem tillagan er sett fram.

Ég held einmitt að í framhaldi af þessu sé líka ástæða til að minna á umræðu sem stundum kemur upp um hinn miskunnarlausa sturtuhúmor sem svo er kallaður, þ.e. hinn kaldrifjaði húmor sem tíðkast í sturtuklefum íþróttahúsanna þar sem oft er talað um að einelti og miskunnarleysi þrífist. Hvaða áhrif hefur það á karlmenn, hinn kaldrifjaða karlmann sem lifir af og þó ekki síður þann sem ekki stendur undir því kaldrifjaða andrúmslofti sem þar hefur mótast?

Ég tek einnig undir það sem hér hefur komið fram að einstæðar mæður eru margar á Íslandi. Leikskólakennarar eru að langsamlega mestu leyti konur. Hið sama gildir um grunnskólakennara og nú eru konur um það bil að ná meiri hluta í framhaldsskólunum. Það er þróunin. Það eru auðvitað

margar skýringar á því. Það eru launin og þar fram eftir götunum. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma, en þá komum við einmitt að þeirri fyrirmynd sem ungir drengir hafa í litlum samskiptum við karlmenn. Hvert sækja þeir sínar fyrirmyndir? Komum við þá aftur að þætti fjölmiðla sem hafa verið hér til umræðu. Fyrirmyndirnar eru kaldrifjaðir ofbeldisseggir á stundum en miskunnarlausir sem aldrei mega eða eiga sínar tilfinningar. Niðurstaðan er því sú að karlrembuheimurinn, það er hinn kaldrifjaði karl sem hvorki má eða á að sýna tilfinningar.

Við auðvitað finnum engin eða komum ekki með einhlít svör eða skýringar við þeirri menningu í umræðunni. En ég vil fagna því sérstaklega að þessi tillaga skuli vera komin fram í því skyni að finna svör og þó það sem er meira um vert — að finna úrræði.

Þá komum við einmitt að þeirri umræðu sem var fyrr í dag um hlutverk skólans og hina skólapólitísku stefnu. Þar höfum við annars vegar samkeppnissjónarmiðin með samræmdu prófin og hinar hörðu greinar og svo hinn félagslega þátt skólans, forvarnahlutverkið. Það hlýtur að vera í þessu samhengi hlutverk skólans að efla einstaklinginn. Það er sú besta forvörn sem til er. Þannig og ekki með neinum öðrum hætti getur samfélagið búið nemendur sína undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er að efla hann á tilfinningasviðinu ekki síður en hinu vitræna sviði þannig að einstaklingurinn kunni að njóta og geti notið tómstunda. Ég tel einmitt að það sé hið góða í þessari tillögu þannig að í náinni framtíð megum við upp sjá renna daga hins mjúka manns sem leiddur verður að hinni blíðu konu.

[15:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru mjög athyglisverð atriði sem komu fram hjá hv. þm. Hjálmari Árnasyni og ég ætla að víkja að því sem hann hafði orð á, þunglyndi og sjálfsvígum. Það er mjög alvarlegur hlutur hjá því velmegunarþjóðfélagi sem við tölum oft um. Vandi okkar er sá að við þekkjum ekki hvernig þessum hlutum var háttað fyrr á tímum vegna þess að það eru ekki til neinar rannsóknir eða tölur til að bera saman við fyrri tíma, en við erum hins vegar að fá vitneskju um stöðugt fleiri tilfelli af sjálfsvígum ungs fólks.

Hins vegar var gerð mjög ítarleg könnun af prófessor Þórólfi Þórlindssyni fyrir tveimur eða þremur árum. Hann gerði þessa könnun meðal allra nemenda í ákveðnum bekk í öllum skólum landsins. Þar komu fram mjög sláandi upplýsingar. Það var ótrúlega hátt hlutfall nemenda sem hafði íhugað sjálfsvíg. Það voru mjög margir sem þekktu jafnaldra sem höfðu framið eða íhugað alvarlega sjálfsvíg. Það væri mjög fróðlegt að skoða þá skýrslu eða niðurstöðu Þórólfs hvort hægt er að sjá á þeim niðurstöðutölum hvort tölur eru hærri í sjávarþorpum en annars staðar eða hvort hið nána samfélag á smærri stöðum geri ógæfuna sýnilegri af því að allir þekkja alla, ógæfu sem falin er í stærri bæjum og ekki talað um og þess vegna virðist svo sem þessir hlutir séu verri á ákveðnum stöðum eins og hann nefndi. Það væri vissulega ástæða til þess að biðja um að það væri athugað með lestri út úr þessari könnun hvort vísbendingar séu um slíkt. Ég á þessa skýrslu. Ég er ekki með hana við höndina og vil þess vegna ekki fara með neinar upplýsingar um hlutföll en þau hlutföll sem ég hef nefnt voru mjög há.

[15:43]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um stöðu drengja í grunnskólum. Sú sem hér stendur er meðflutningsmaður að tillögunni en 1. flm. er Svanfríður Jónasdóttir eins og fram hefur komið í umræðunni.

Eftir að hafa starfað í nefnd um jafna stöðu kynja í skólum um fjölmörg ár og hafa stundað rannsóknir sem háskólakennari um menntun og kynferði, þá er efni þessarar tillögu mér mjög kunnugt og endurspeglar að mínu mati vel hvers vegna umræða um jafnréttisfræðslu í grunnskólum á eins erfitt uppdráttar og raun ber vitni. Þó að flestar rannsóknir bendi til að t.d. í kennslubókunum sé staða drengja mun betri en staða stúlkna, þar eru oft mjög hefðbundnar ímyndir af stúlkum og niðurlægjandi ímyndir, og þó að rannsóknir bendi til alveg ótvírætt eins og fram kemur í greinargerð að athygli kennara beinist meira að drengjum en stúlkum, bæði reyndar jákvæð og neikvæð athygli, hvort sem um er að ræða svör við fyrirspurnum eða agafyrirskipanir og skammir, þá standa stúlkur í grunnskólum sig að meðaltali betur, bæði námslega og félagslega, og þar á ég einnig við hegðun í tímum hvort sem ætlast er til að þær sitji og hlusti, þær vinni sjálfstætt eða taki þátt í hópstarfi. Þar af leiðandi eru það drengirnir sem þurfa meiri sérkennslu og sálfræðiaðstoð.

Þó að til séu ýmsar skýringar á þessu eins og þær t.d. að fínhreyfingar drengja þroskast síðar en stúlkna, m.a. vegna mismunandi leikja, og einnig hefur verið bent á það að drengir fæðist að meðaltali stærri og því sé meiri hætta á fæðingaráverkum sem sumir vilja tengja sérkennsluþörf þeirra við, þá þykir ljóst að það eru einnig félagslegar og sálfræðilegar orsakir sem hér er um að ræða og sem margar hverjar eru nefndar í ágætri greinargerð með tillögunni. Þetta kallar á ákveðna vorkunn kannski meðal kennara gagnvart drengjum sem um leið virðast ekki átta sig á því hvað það er sem stúlkur eru að læra í leiðinni ef þær eiga bara alltaf að sitja, vera prúðar og bíða, og hvernig nám þeirra er í raun og veru truflað.

Það hefur verið í menntamálaumræðunni allt frá aldamótum hvort samkennsla kynjanna sé æskileg eða ekki. Þegar heimspekingurinn John Dewey var t.d. að reyna að sannfæra ameríska foreldra um réttmæti þess að kenna stelpum með strákum í skólum, sem ekki tíðkaðist rétt fyrir aldamótin í Bandaríkjunum, þá lagði hann áherslu á það að stúlkur mundu aga strákana til, það yrði svona þægilegra að eiga við bekkina en lagði minni áherslu á að það yrði að sjá til þess að nám stúlknanna truflaðist ekki. Það kemur í ljós að það er oft auðveldara að kenna blönduðum bekk heldur en strákabekk en það þarf ekki endilega að vera auðveldara að kenna blönduðum bekk heldur en stelpubekk.

Ég er hér með tvær nýlegar úrklippur úr Morgunblaðinu sem segja frá tilraunum á þessu sviði hér á landi. Önnur er frá því 27. ágúst og þar er sagt frá tilraunum til að skipta bekkjum eftir kynjum í norskum framhaldsskólum. Tilgangurinn þar var að breyta hefðbundnu námsvali kynjanna. Það kemur nefnilega í ljós að ef um kynskipta skóla er að ræða í framhaldsskólum eða jafnvel háskólum, þá fara stúlkur frekar t.d. í raungreinar og drengir eða karlmenn frekar í ýmsar húmanískar greinar. Þetta mætti t.d. vel hafa í huga sambandi við tölvukennslu og hefur komið í ljós líka í sambandi við raungreinakennslu. Það kemur sér oft betur að aðskilja kynin til þess að bæði kynin geti lært út frá sínum forsendum.

Hin greinin er frá 28. janúar 1997 og fjallar um kynskipta

kennslu í stærðfræði í Tjarnarskóla eins og fram kom hér áðan hjá flm. en það hafði í för með sér að einkunnir stúlkna hækkuðu. Það eru fjölmennar rannsóknir sem sýna þetta. Einnig má nefna tilraunina sem nefnd var áðan frá Akureyri um kynskipta bekki í efri bekkjum grunnskóla sem kom einmitt betur út fyrir stúlkurnar heldur en drengina.

Það er ljóst að aðskilnaður kynjanna mundi veita stúlkum meiri frið til náms en af félagslegum ástæðum hefur þótt eðlilegra almennt að kenna kynjunum saman nema í einstaka greinum eins og leikfimi, handavinnu og nú í vaxandi mæli í raungreinum og slíkt hefur einnig gefið góða raun í kynfræðslu og í tungumálakennslu því að umræðuefni kynjanna eru oft dálítið mismunandi og þau eru hispurslausari að tjá sig á erlendu tungumáli ef þau eru í stelpnahópum en strákahópum. Það þykir orðið alveg eðlilegt í kennaranámi t.d. að kenna þetta sem eina leið til námsaðgreiningar, að taka nemendur eftir kynjum í einstaka greinum og því tel ég nauðsynlegt að reyna að taka mjög markvisst á náms- og hegðunarvandamálum drengja í grunnskólum eins og tillagan gerir eiginlega ráð fyrir, auðvitað fyrst og fremst drengjanna sjálfra vegna en ekkert síður stúlknanna vegna því að það sem stúlkurnar læra við þessar aðstæður er að þegja og læra sjálfar í stað þess að spyrja og fá svör og athygli og sú reynsla virðist há þeim á efri skólastigum þegar námsefni þyngist og réttur skilningur fæst ekki svo auðveldlega hjá meðalnemendum nema með því að spyrja kennara og vera í virkum samskiptum. Það hefur einnig komið í ljós að þó að stúlkurnar sýnist prúðar og vandamálalausar í grunnskólum, þá virðast þær frekar hefta sín vandamál en þau birtast síðan sem geðræn vandamál á unglingsárum, samanber anorexíu og búlimíu, þ.e. það er ekkert sem segir það að stúlkur séu ekki líka viðkvæmar tilfinningalega, það bara birtist síðar og öðruvísi hjá stúlkum.

Þess vegna tel ég, herra forseti, að þessi tillaga sé mjög mikilvæg (Forseti hringir) og ekki síður vegna þess að líklegt er að orsaka sé að leita í uppeldisaðstæðum m.a. feðra.

Ég hef hér lokið tíma mínum, herra forseti, og mun því óska eftir að ljúka ræðunni á eftir.

[15:52]

Birna Sigurjónsdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að taka undir þá tillögu sem hér liggur fyrir og lýsa yfir stuðningi við hana. Efnislega er ég sammála öllu sem kom fram í máli frummælanda. Þetta er mikið verk sem hér er lagt til að nefndin vinni, að leita orsaka þess að drengir eigi við meiri félagsleg vandamál að etja í grunnskólum en stúlkur og námsárangur þeirra lakari. Ég vona svo sannarlega að nefnd af þessu tagi komist á laggirnar og hún geti skilað okkur niðurstöðum. Ég tel að það væri afar mikilvægt fyrir skólastarfið í landinu að fá svör við einmitt þessum spurningum að svo miklu leyti sem slík svör liggja fyrir eða geta legið fyrir.

Mig langar aðeins að koma að þessu máli út frá sjónarhóli þess sem starfar í grunnskólanum og setja spurningarmerki við það að taka þetta sem kynbundið vandamál. Ég er ekki að hafa á móti því að vandi drengja sé skoðaður sérstaklega. Það er mjög þarft og hefur komið fram í máli hv. þingmanna hér á undan og ég þarf ekki að endurtaka það. En ég vil samt minna á það að þó að stelpurnar séu færri sem eiga við félagsleg vandamál að etja, þá er ekkert sem bendir til þess að vandi þeirra sé minni en drengjanna, kannski meiri vegna þess sem hefur verið bent á að þær hafa sig minna í frammi, þær leita síður eftir aðstoð og þær gleymast frekar. Þess vegna segi ég að við erum kannski svolítið föst í því að segja drengir þetta, stúlkur þetta í staðinn fyrir að líta á þetta sem einn ákveðinn hóp barna, fleiri drengir, færri stúlkur eiga við þessi vandamál að etja og skoðum þann hóp. En ég er samt sem áður mjög hlynnt því að þetta verði gert svona.

Ef ég vík aðeins að kynjaskiptingu í bekkjardeildum sem hefur verið tíðkuð nokkuð í skólum og hefur verið reynd víða og miklu meira rætt kannski heldur en komist hefur í framkvæmd, þá er það svolítið sérstakt að skoða að skipting eftir kynjum virðist koma stúlkunum meira til góða en drengjunum. Það kemur oft upp hjá drengjunum að þeir sakna stelpnanna. Þær hafa ákveðið hlutverk í því að vera málamiðlarar og létta andrúmsloftið þegar það er erfitt, allt þetta sem við þekkjum svo vel frá stúlkunum, og þess vegna verður lífið drengjunum oft auðveldara í blönduðum bekk heldur en hreinum strákabekk. Þessu má ekki gleyma. Við megum heldur ekki gleyma þeim strákum sem eru kannski líkari stelpuhópnum heldur en þorra stráka, þeim sem eru einfaldlega tilbúnir til þess að læra og semja sig að reglum og vilja fá sinn vinnufrið. En allt þetta vildi ég nefna hér.

Mér finnst að örlítið hafi verið látið að því liggja að orsaka vandamálsins sé að leita í skólanum og skólagerðinni og það hefur oft verið sagt að skólinn sé sniðinn fyrir stúlkurnar fremur en drengina og það starf sem þar fari fram hæfi þeim betur. Það má vera, en ég held að við megum ekki gera lítið úr þeim fyrirmyndum sem drengirnir hafa í samfélaginu og utan skólans og hver er ábyrgð feðra. Þetta tengist kannski því sem rætt var fyrr í dag um fjölskylduábyrgð og það að feður virðast oft sleppa ansi létt frá sinni feðraábyrgð og samfélagið og kannski konurnar leyfa þeim það. Börn einstæðra mæðra eru væntanlega ekki föðurlaus þó að þau séu það kannski í reynd þegar til á að taka. Við þurfum að skoða þetta vandamál í mjög víðu samhengi og ekki tengja það eingöngu skólanum.

[15:57]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hér er að mínu mati afar mikilvæg tillaga til umfjöllunar. Það hefur margt komið fram í umræðunni og kannski erfitt að bæta miklu við hana, en þó langar mig aðeins að segja frá nokkrum atriðum sérstaklega um þann þátt sem hefur verið komið inn á um aðskilnað drengja og stúlkna í skólakerfinu.

Fyrir stuttu síðan skoðaði ég leikskóla í Hafnarfirði þar sem er aðskilnaður stúlkna og drengja. Þetta var ekki í grunnskólakerfinu, þetta var leikskóli. Mér fannst fyrst þegar ég gekk þarna inn og fór að hugsa um þetta að þetta gæti verið skref aftur á bak að vera að aðskilja kynin, þetta minnti mig á gamla kerfið, en eftir að hafa skoðað þá starfsemi sem þar fór fram þá breytti það svolítið mínum viðhorfum. Þarna voru stúlkurnar hafðar alveg sér og þær voru hvattar áfram. Þær fengu mikinn tíma, þær voru ekki að berjast við drengina um tíma og athygli leikskólakennaranna. Þær voru í ærslaleikjum og öðru slíku sem drengir eru oft einir í. Drengirnir hins vegar voru látnir vera miklu meira í hlutverkaleikjum heldur en þeir eru í þegar þeir eru í blönduðum leikskóla, sérstaklega settir í hlutverkaleiki, sem mér skilst að þeir kunni illa, að það hafi sýnt sig þegar þeir fara upp í skólakerfið að þeir kunni lítið setja sig í spor annarra. Þeir voru þannig látnir sýna má segja tilfinningar og það var farið í mömmuleiki og ýmislegt slíkt sem þeir gera venjulega ekki.

Mér skildist líka að foreldrar þessara barna væru mjög ánægðir með þessa starfsemi og vildu helst ekki að börnin

færu í aðra leikskóla og að sum barnanna, sem voru í öðrum leikskólum, hefðu jafnvel verið flutt til til þess að fara í þennan sérstaka leikskóla því að þetta þótti hafa tekist mjög vel til.

Það væri mjög gaman að fylgja þessum einstaklingum eftir upp í gegnum skólakerfið. Mér er ekki kunnugt um að það sé verið að rannsaka það, en það væri auðvitað mjög gaman að fylgja þessum börnum eftir alla leið fyrst þau byrja svona snemma á aðskilnaði sem er svolítið annað en að lenda í kynjaskiptum bekkjum síðar á skólagöngunni.

Í umræðunni hefur komið fram að stúlkur standi sig betur í skóla og að drengir eigi þar undir högg að sækja og það leiðir hugann að því hvaða orsakir geta verið fyrir því. Hér hefur einnig komið fram að það eru aðallega mæður sem ala upp börnin, alla vega meira en karlarnir í hinu hefðbundna samfélagi. Það eru aðallega konur sem eru leikskólakennarar. Konur eru í meiri hluta kennara í grunnskóla og það hefur líka komið hér fram að konur eru að vissu leyti að taka yfir framhaldsskólann. Þá spyr maður sig: Fyrst konur eru svona áberandi í uppeldinu og þetta er útkoman, eru þá konur hugsanlega að gera eitthvað rangt? Ég skal ekki segja. Auðvitað er hér sjálfsagt um aldagömul viðhorf að ræða í uppeldi. Sjálfsagt eru konur og karlar að ala sín börn upp í einhverri fyrirmynd og líta þá trúlega til foreldra sinna, ala upp sína drengi í átt til þess að verða eins og feðurnir og öfugt.

Þetta leiðir hugann að grein sem ég las í morgun í einhverju blaði um að að rannsókn hér á landi hefði sýnt að íslenskar mæður væru kaldlyndar. Þetta þótti mér mjög merkileg rannsókn. Ég er svo sem ekkert viss um að þessi niðurstaða sé rétt, en þar var verið að bera saman mæður í nokkrum löndum. Þetta var gert með kvikmyndatökuvélum og spurningum og það kom í ljós að mæður væru kaldlyndari á Íslandi. Þetta finnst mér mjög merkilegt og maður spyr sig: Getur þetta haft einhver áhrif á kynin? Koma hugsanlega drengir eitthvað verr út úr því, ef þetta er rétt? En við vitum öll, og það þekkja sjálfsagt allir sem hafa alið upp börn, að þegar börn þurfa að sýna tilfinningar, t.d. þegar börn meiða sig, þá sýna þau mjög miklar tilfinningar og eru mjög tilfinninganæm, þá vitum við alveg hver viðbrögðin eru. Þau eru svolítið kynjaskipt. Það er sagt við drengina: Vertu stór og sterkur, en það er sagt við stúlkurnar: Vertu þæg og góð, þetta lagast. Það er því mjög mikilvægt að við tökum á þessum aldagömlu viðhorfum bæði kvenna og karla og reynum að efla jafnréttisumræðuna bæði konum og körlum í hag. Dropinn holar steininn eins og við vitum og sú viðhorfbreyting sem við ræðum oft um í jafnræðisumræðunni verður að sjálfsögðu ekki nema við höldum mjög markvisst á þessum málum og sú þáttill. sem hér er til umræðu er einmitt innlegg í þá umræðu og mér þykir mjög mikilvægt að hún komist á rekspöl í menntmn. og verði samþykkt þar.

[16:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. frsm. og 1. flm. þessarar tillögu fyrir hana og þá framsögu sem hún hafði fyrir málinu en tek engu að síður undir það álit sem hér hefur komið fram hjá öðrum hv. þm. þess efnis að þó að vissulega sé þörf á því að leita sérstaklega orsaka þess að drengir eigi við meiri félagsleg vandamál að búa í skólum heldur en stúlkur, þá sé stór hópur stúlkna sem þarf á því að halda að gerð sé úttekt á þeirra stöðu innan skólans eða hvernig skólinn meðhöndlar vandamál sem upp koma hjá mjög stórum hópi stúlkna í grunnskóla og þá jafnframt velta því fyrir sér að það mætti hugsanlega breyta þessari ályktun í þá veru að hún tæki á báðum þessum þáttum og þarna væri um að ræða tillögu sem fæli það í sér að fram færi rannsókn á hlutverki skólans og hvernig skólinn sinnti best hlutverki sínu bæði fyrir stúlkur og drengi, hugsanlega með því að skipta niður bekkjum eftir kynjum. Það eru ekki mjög ár síðan að mér fannst slík hugmynd vera fráleit en eins og kom fram í máli hv. þm. áðan hefur mjög margt stutt það á síðari árum að hugsanlega sé það sem til þarf til þess að hægt sé að sinna kennslunni og uppeldishlutverki skólans sem best.

Þegar maður kemur í heimsókn í grunnskóla og sér hangandi þar uppi á töflu auglýsingar frá svokölluðum fyrirsætuskólum þar sem óskað er eftir stúlkum 14 ára og eldri til fyrirsætustarfa, þá velti ég því fyrir mér hvort það sé í raun hlutverk grunnskólans að ýta undir það að ungar stúlkur, stúlkur á þessum aldri sem hafa e.t.v. ekki þann þroska til að bera til að takast á við ýmislegt sem því fylgir að fara út í störf fyrirsætu, hvort það sé hlutverk grunnskólans að ýta á eftir lítt þroskuðum ungum stelpum til að fara inn á þessa braut. Í greinargerð sem fylgir þáltill., segir m.a.:

„Drengir fá skilaboð frá umhverfinu um hvers konar manneskjur þeir eigi að vera. Bæði fagfólk og foreldrar hafa vaxandi áhyggjur af því að í nútímasamfélagi sé drengjum boðið upp á stöðugt verri fyrirmyndir og að hetjuímyndin verði sífellt ofbeldiskenndari."

Þetta er alveg hárrétt og ég held að það sé líka rétt að foreldrar hafi verulegar áhyggjur af því að fyrirmyndir drengja séu sífellt ofbeldiskenndari en engu að síður er hitt líka áhyggjumál ef foreldrum finnst það kannski alls ekki vera af hinu verra ef fyrirmyndir stúlkna, myndir sem hengdar eru uppi á vegg í skólum, séu íturvaxnar fyrirsætur meira og minna úr sílíkoni. En það er að gerast í grunnskólum landsins í dag að þeir taka margir hverjir gagnrýnislaust við auglýsingum frá þessum skólum og hleypa umboðsmönnum fyrirsætuskóla inn í skólana til þess að tala við stúlkurnar og mæla þær, vega og meta hvort þær eigi einhverja möguleika í framtíðinni sem fyrirsætur. Í greinargerðinni segir enn fremur:

„Jafnréttisbaráttan hefur aðallega verið háð af konum." — Það er rétt. — „Hún hefur leitt til þess að losnað hefur um staðlaða ramma kvenímyndarinnar og staða kvenna hefur að ýmsu leyti breyst." Það sem ég óttast að sé að gerast og maður hefur séð ákveðna tilhneigingu til á síðustu árum er að þetta sé að breytast aftur, því miður, og aukin áhersla sé lögð á það við stúlkur að framtíðin sé fólgin í því að útlitið sé vegið og metið af þar til gerðum sérfræðingum og ákveðið hvernig fæðið skuli vera og útlitið og hegðun, framganga og annað. Þess vegna held ég að það sé löngu tímabært að ræða það hvert sé hlutverk skólans. Er það hlutverk skólakerfisins að ýta undir slíka þróun eða á að setja bara fastmótaðar reglur þess efnis að grunnskólinn eigi undir engum kringumstæðum að taka þátt í eða stuðla að starfsemi eins og þessari? Án þess þó að ég sé að segja að starfsemi skóla eins og fyrirsætuskóla sé alvond, þá er mjög hættulegt að ýta grunnskólabörnum inn á þessar brautir. Þau hafa engan þroska til að bera til þess að takast á við þessi störf. Ég óttast það hins vegar að viðhorf foreldra séu kannski svolítið önnur einmitt gagnvart þessari starfsemi heldur en því þó að þeim fyrirmyndum sem skólinn er hugsanlega líka að ýta undir að drengir hafi með sýningu á myndböndum og eins með plakötum sem má sjá

á töflum hangandi í skólum þar sem eru myndir af þessum fyrirmyndum drengjanna ekkert síður en stúlknanna.

Ég hefði viljað sjá þessa tillögu víðtækari þannig að við gætum sett um það mjög skýrar reglur hvert sé hlutverk grunnskólans, hvernig því verði best sinnt og þá í þágu beggja kynja því að mér finnst það vera fráleitt að skólarnir taki og beri á einhvern hátt ábyrgð á tilurð þeirra fyrirmynda sem verða, hvort sem um er að ræða drengi eða stúlkur. Síðast í dag fékk ég hringingu frá kennara í skóla á Vesturlandi sem var að benda mér á að nú væri komin enn ein auglýsing frá enn einum tískuskólanum þar sem ungar stúlkur, 14 ára gamlar væru hvattar til þess að fara út í fyrirsætustörf, en að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og málum að sjálfsögðu. Þetta kostaði verulega peninga, það kæmu sendiboðar frá þessum skólum ogýttu stúlkunum inn á þessar brautir, en mjög margir foreldrar sem vildu jafnvel heimila sínum litlu stelpum að fara í skólana hefðu ekki efni á því, þetta væri mjög dýrt nám og síðan væru þessir óþroskuðu unglingar sendir út í heim í prufumyndatökur og keppni.

Ég tel að það sé mjög hæpið að grunnskólinn eigi á nokkurn hátt að stuðla að því að slík ákvörðun sé tekin um framtíð 14 ára gamallar stúlku.

[16:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þá halda áfram ræðu minni sem mér tókst ekki að ljúka áðan. Ég endaði á því að segja að ég teldi að þessi tillaga væri mikilvæg m.a. vegna þess að líklega má rekja orsakir þessara vandamála til stöðu foreldra í þjóðfélaginu og ekki síst þá stöðu feðra sem alls ekki hafa haft nógu góða aðstöðu eða alls ekki hafa sett það í forgang að sinna börnum sínum á undanförnum árum. Í staðinn hefur börnum þeirra verið komið fyrir hjá dagmæðrum, fóstrum og kennurum sem eins og flestir vita eru í mjög fáum tilfellum karlkyns. Þó að við gæfum okkur það að þær konur séu í flestum tilvikum úrvalsuppalendur þá er mjög líklegt að það verði til þess að drengirnir taki óraunverulegar hetjur úr sjónvarpi, úr tölvuleikjum og öðru sér til fyrirmyndar ef raunverulegir karlmenn eru engir merkingarbærir í þeirra lífi eins og fram kom fyrr í umræðunni. Ég er því sammála 1. flm. um að tillagan kalli á það að staða karlmanna sem feðra og uppeldisaðila verði endurskoðuð og þar vil ég nefna möguleika feðra til þess að taka fæðingarorlof og til þess að auka þátt þeirra í uppeldisstörfum. Og það sama á reyndar við um mæður. Það þarf líka að auka möguleika mæðra til þess að taka þátt í uppeldi barna sinna. En til þess að feður geti t.d. tekið fæðingarorlof verður það að vera ekki bara lagalega mögulegt heldur verða einnig að vera sömu laun fyrir kynin úti á vinnumarkaðinum eða sömu laun í fæðingarorlofi og í vinnu því að annars taka feður ekki fæðingarorlof.

En eins og ég sagði er alls ekki útilokað að vinnuálag á mæðrum komi þarna líka til því að rannsóknir sýna ótvírætt að útivinna mæðra hefur jákvæðari áhrif á stúlkur en drengi og ástæðan er sú hvatning og metnaður til starfs og annað sem útivinna mæðra sýnir stúlkunum af því að mæðurnar eru oft fyrirmyndir fyrir stúlkurnar að því leyti. En það þarf að sinna þeim tilfinningalega, stúlkunum og piltunum, og þó að drengirnir hafi ekki starfsfyrirmyndir frá mæðrum sínum þá geta mæðurnar sinnt þeim tilfinningalega. Ég tel því að það sé mjög mikilvægt að vinnuálag á foreldrum verði skaplegra í þessu þjóðfélagi heldur en það hefur verið og að þetta geti átt við bæði kynin.

Það kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur fyrr í umræðunni að stúlkur sýndu annað samskiptamynstur en drengir bæði með vinum sínum og einnig í leikjum. Þetta hefur einnig sýnt sig í athugun á hópum, t.d. í kynskiptum bekkjum að það er miklu frekar að í drengjahópum myndist tveir, þrír leiðtogar sem ráði umræðunni og þeir séu að keppa um völd, en í stúlknahópi sé orðið látið ganga og frekar séu allar jafnréttháar. Þetta kemur líka fram í stjórnunarstíl kynjanna í fyrirtækjum og þetta er ein af ástæðunum fyrir því að yfirleitt skipuleggja kvennahreyfingar sig lárétt en ekki lóðrétt. En þetta eru auðvitað allt saman menningarbundin fyrirbæri, menningarleg samskiptamynstur sem hafa myndast á mjög löngum tíma og það kemur í ljós að hægt er að kenna báðum kynjum þessi samskiptamynstur og t.d. getur stjórnunarstíll sem hentar körlum, að stýra beint ofan frá, í fæstum tilfellum hentað konum en hins vegar geta karlmenn lært það að vera demókratískir stjórnendur þannig að auðvitað er þetta spurning um að kenna báðum kynjunum æskileg samskiptamynstur og til þess þarf að fræða kennara og taka markvisst á.

Jafnrétti í uppeldismálum tengist því alveg greinilega jafnrétti úti í atvinnulífinu, samanber hið þekkta orðtak kvennahreyfingarinnar „persónulega er pólitískt". Þessi tillaga sýnir það glöggt. Og ef þessi tillaga verður samþykkt, sem ég tel mjög mikilvægt, þá tel ég jafnframt líklegra að jafnréttisfræðsla eigi sér auðveldar uppdráttar innan skólans og að líkurnar aukist á því að allir einstaklingar í grunnskólum landsins fái kennslu við hæfi óháð kynferði.

Ég vil að lokum, herra forseti, koma inn á orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur áðan, annars vegar um það hvort það beri að athuga í hv. menntmn. að taka þessa tillögu og skoða hana með tilliti til þess að útvíkka hana yfir til beggja kynja. Ég held að það sé vel athugandi um leið og ég vil láta í ljós þá skoðun að ég er alveg sannfærð um að þessi tillaga hefði ekki hlotið jafnmikla athygli fjölmiðla og almennt hér í þinginu ef hún hefði verið jafnréttis-eitthvað eða ef athyglinni hefði verið beint að stúlkum. Ég held að það að drengir eru settir í forgrunn hafi orðið til þess að hún hefur vakið meiri athygli en ella.

Að lokum vil ég einnig taka undir orð hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, vangaveltur hennar um það hvort kynímyndir stúlkna eru að fara í hefðbundnari farveg nú á tímum, samanber það sem kom fram í máli hennar um að í skólum sé verið að auglýsa eftir fyrirsætum innan grunnskólanna og að það þyki sjálfsagt á mjög ungum aldri að fara í fyrirsætuskóla eða vera fegurðardís og nú segja síðustu upplýsingar jafnvel að vændi sé fari að tíðkast á skemmtistöðum hér í Reykjavík sem vissulega þarf að athuga vandlega og uppræta ef satt reynist.

Kynhlutverkin hafa tekið miklum breytingum og gera það enn en oftast held ég að slíkt hafi verið til heilla, en þarf svo að vera? Eru ofbeldismenn og tildurrófur þær fyrirmyndir sem við teljum eðlilegastar fyrir börn okkar í dag?

[16:20]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu og lýsa ánægju með hvernig hún hefur gengið til. Það er full ástæða til að vekja athygli á þessum málum eins og öllu sem lýtur að velferð einstaklinga og fjölskyldna í þjóðfélaginu.

Það er líka nauðsynlegt að athuga það að áhrif hinna eldri, þeirra sem ráða mestu í samfélaginu séu holl og heilbrigð gagnvart þeim sem ungir eru og eru neytendur eða

þolendur en séu ekki hið gagnstæða. Það eru ekki börn eða ungt fólk sem framleiða ofbeldismyndirnar, það eru ekki þau sem framleiða allan þann óþverra sem berst að vitum þeirra í ýmsu formi. Þau eru saklausir neytendur og þolendur og á að sjálfsögðu við bæði kynin hið sama. En tölurnar liggja fyrir, eins og fram kom í framsögu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, og þær eru sláandi um mismun kynjanna þegar tekur til ýmissa vandkvæða á ungum aldri.

Vegna þess að talað var um erfiðleika drengja á unglingsárum langar mig til að geta þess að nefnd sem skipuð var 1992 gerði ítarlega og góða könnun á tíðni og orsökum sjálfsvíga á Íslandi. Formaður þeirrar nefndar var Guðríður Sigurðardóttir ráðuneytisstjóri, en átta manns sátu í nefndinni. Hún skilaði á síðasta ári niðurstöðum sínum og er þar margt fróðlegt að finna og ég vek sérstaka athygli á þessari skýrslu. Þar segir um helstu niðurstöður nefndarinnar að mikilvægt sé að nálgast sjálfsvígsvandann með því að leggja áherslu á almenna heilsueflingu sem stuðli að betri líðan, bættum fjölskyldu- og jafningjatengslum og heilbrigðari lífsháttum. Það segir einnig í niðurstöðunum að nauðsynlegt sé að bæta greiningu og meðferð á þunglyndi og taka þurfi aukið tillit til sjálfsvígsáhættu við áfengis- og fíkniefnameðferð þar sem þunglyndi og áfengisneysla séu þættir sem hafa sterkust tengsl við sjálfsvíg.

Í vinnu fjárln. á haustmissiri var tekinn inn liður nr. 999 undir menntmrn. og veittar 5 millj. kr. til að standa undir kostnaði við sérstakt sérfræðingateymi en það er einmitt slíkt sérfræðingateymi sem nefndin leggur til að verði skipað til þess að skipuleggja forvarnastarf í skólum hvað varðar áfengis- og fíkniefnanotkun og fleira því tengt í félagslegum vandkvæðum. Ég vænti þess því að starfið sé þegar hafið og auðvitað er sífellt starf í gangi um rannsóknir og athuganir á þessu þannig að betur megi fara og betur gera.

Þá vil ég aðeins vekja athygli á einu til viðbótar í niðurstöðu þessarar nefndar. Það eru staðreyndir á töflum þar sem vitnað er í Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sem einnig gerði ítarlega könnun í mars 1992 á lífsviðhorfum íslenskra unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla, þ.e. 14–16 ára. Sérstaklega var leitað þátta sem sagt er að hafi forspárgildi fyrir sjálfsvígsatferli. Spurningunum svöruðu sjö af hverjum átta unglingum í landinu. Spurt var um sjálfsvígstilraunir og það kemur á óvart að fleiri stúlkur en drengir höfðu gert sjálfsvígstilraunir, þ.e. 8,2% stúlkna en 4,8% drengja. Þetta bendir til þess að vandinn sé einnig fyrir hendi hjá stúlkunum, jafnvel jafnmikill, ég veit það ekki, það mun koma í ljós verði betur kannað. En ég vek sérstaka athygli á því að sjálfsvígstilraun hlýtur að vera hróp á hjálp og það eru nærri helmingi fleiri stúlkur en drengir sem reyndu sjálfsvíg árið 1992.

[16:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. þm. Hjálmars Jónssonar um sjálfsvíg þá er mjög mikilvægt að við áttum okkur á að t.d. þetta kynjamynstur sem hér kemur fram, það kemur fram alls staðar í heiminum og einnig að það er yfirleitt mikil fjölgun núna í löndunum í kringum okkur á sjálfsvígstíðni ungra pilta. Því held ég að það sé mikilvægt að við áttum okkur á að þetta eru ekki bara íslenskir drengir hér og nú heldur er þetta partur af stærra samhengi.

[16:27]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins ábending sem ég gerði hér varðandi þessar niðurstöður sem mér þóttu athyglisverðar og vildi því minnast á en hitt er annað mál að í till. til þál. sem ég lagði fram í þinginu fyrir fimm árum var þetta allt tíundað og einmitt að það eru sláandi tölur um tíðni sjálfsvíga hjá ungum karlmönnum. Hjá okkur hefur aukningin verið gífurlega mikil á undanförnum tveimur áratugum. En það er líka rétt sem hv. þm. sagði að þetta er vandi sem er mjög vaxandi í vestrænum þjóðfélögum og þarf að bregðast ákveðnar við en hingað til hefur verið gert.

[16:28]

Útbýting þingskjala:

Ráðstefna einkavæðingarnefndar, 371. mál, fsp. SJS, þskj. 649.

Reglugerðir um matvæli, 373. mál, fsp. GHelg, þskj. 651.

Starfsemi og nám í stýrimannaskólum, 372. mál, fsp. MF, þskj. 650.

Störf einkavæðingarnefndar, 370. mál, fsp. SJS, þskj. 648.

Umræðu frestað.

Menningarráð Íslands, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 184. mál. — Þskj. 205.

[16:29]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stofnun Menningarráðs Íslands. Flutningsmenn eru auk mín hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Valgerður Sverrisdóttir, Magnús Stefánsson og Jónas Hallgrímsson, en sá síðasttaldi sat á þingi sem varaþingmaður þegar þáltill. var lögð fram. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa stofnun Menningarráðs Íslands. Nefndin verði skipuð fulltrúum allra listgreina ásamt fulltrúum stjórnmálaflokka og menntamálaráðuneytis. Hlutverk ráðsins verði eftirfarandi:

a. að móta heildarstefnu í menningarmálum,

b. að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði menningarmála,

c. að skipa ásamt menntamálaráðherra fagnefndir sem skipta fjármagni sem veitt er á fjárlögum til einstakra þátta menningarmála.

Ráðið verði formlegur umræðu- og samráðsvettvangur á sviði menningarmála og hafi jafnframt möguleika á frumkvæði í einstökum málum. Það verði sameiginlegur vettvangur stjórnvalda og þeirra sem að menningarmálum starfa.“

Þessi þáltill. er í rauninni endurflutt því að hún var borin fram á 118. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu, enda kom hún mjög seint fram í lok þess þings.

Saga íslensku þjóðarinnar er orðin rúmlega 1100 ára gömul og segja má að á þeim tíma hafi gengið á ýmsu í samskiptum lands og þjóðar. Það hafa skipst á skin og skúrir í þeim samskiptum og segja má að þessi litla þjóð norður í Dumbshafi hafi í einangrun sinni ornað sér við að njóta menningar, skapa menningu og listir, ornað sér við menningu sína og tungu. Það er í rauninni merkilegt að þessi einangraða þjóð langt norður í hafi, þessi litla þjóð, hafi til

að mynda á miðöldum skrifað sögur sem í dag eru almennt taldar meðal perlna heimsbókmenntanna. Það er ekki síst sú einangrun sem þjóðin lengst af bjó við sem skapaði þá menningarlegu sérstöðu sem ávallt hefur einkennt okkur en það er jú menningin og tungan sem skilur eina þjóð frá annarri.

Nú má segja að á allra síðustu árum hafi þessi einangrun þjóðarinnar verið rofin. Við erum ekki nema í u.þ.b. þriggja klukkustunda fjarlægð frá Piccadilly Circus í London eða Ráðhústorginu fræga í Kaupmannahöfn. Það er liðin sú tíð að íslenska þjóðin þurfi að bíða vorskipa til að fá fréttir utan úr heimi. Það er tæknin sem hefur rofið einangrun þjóðarinnar, ekki síst tækni í samgöngum en líka á öðrum sviðum. Það má segja að þjóðlegt og menningarlegt umhverfi íslensku þjóðarinnar hafi verið og sé að breytast. Það er ekki síst vegna tækni á sviði samskipta þar sem fjarskiptahnettir og myndbönd, tölvur og internet og fleira í þeim dúr hefur hafið innreið sína inn í íslenskt þjóðfélag og inn í íslenska menningu að ógleymdum hinum fullkomnu hljómflutningstækjum sem virðast vera á hverju heimili.

Þá hafa samskipti kynslóðanna verið að breytast þar sem ungt fólk elst upp í samskiptum hvert við annað í stað þess að kynslóðir unnu og störfuðu meira saman áður fyrr. Verklag þjóðarinnar er að breytast, lestrarvenjur eru að breytast eða með öðrum orðum, menning okkar og menningarneysla á öllum sviðum er að breytast. En það er einmitt á því sviði sem við þurfum að hafa ofarlega í huga að sú menningarneysla sem er farin að einkenna þjóðina í dag ber í sívaxandi mæli vott um alþjóðahyggju. Ýmsir alþjóðlegir risar í krafti styrkleika síns sjá m.a. um að fóðra þau menningartæki sem þjóðin styðst við í menningarneyslu sinni og þessir alþjóðlegu risar sem gjarnan boða mjög einhæfa og flata menningu geta og hafa mikil áhrif. Þess vegna er það mikilvægt fyrir litla þjóð að spyrna við fæti og vera vel á varðbergi. Ég segi spyrna við fæti, ekki standa gegn heldur er brýnt fyrir okkur að styrkja sérkenni okkar, styrkja menningu okkar og listsköpun til þess að við getum varðveitt íslenska menningu en um leið aðlagað okkur nýju menningarumhverfi og haldið sérkennum okkar. Ég vil í þessu samhengi nefna örfá dæmi.

Líklega er sá Íslendingur sem þekktastur er í hinum stóra heimi í dag söngkonan Björk Guðmundsdóttir og það sem ekki síst hefur skapað sérstöðu hennar, fyrir utan persónulega hæfileika, er sérstaða hennar sem sprottin er upp úr íslenskri menningu, sú sérstaða sem hefur náð augum og eyrum stórþjóða, almennings í útlöndum. Ég nefni myndlistarmanninn Erró sem byggir á íslenskum grunni, íslenskri menningu. Enn í dag er verið að gefa út bækur Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness þar sem fjallað er um sérstæða íslenska menningu. Ég nefni nú nýlega þá viðurkenningu sem einn af fremstu kvikmyndagerðarmönnum okkar, Friðrik Þór Friðriksson var að fá úti í heimi. Ég nefni að auki alla þá alþýðulist sem stunduð er nánast alls staðar á byggðu bóli á Íslandi. Ég hygg að í fáum löndum, líklega hvergi í heiminum sé miðað við höfðatölu, sé jafnmikið um áhugafólk á hinum ýmsu listasviðum, hvergi séu áhugamannaleikhópar jafnalgengir, söngkórar, myndlistafólk, jafnmikið um áhugafólk á þessu sviði og það er einmitt af þessum ástæðum sem það er mikilvægt fyrir okkur að styðja við bakið á og varðveita íslenska menningu. Við erum fámenn þjóð og við megum okkur lítils gagnvart einhæfri alþjóðamenningu ef við höldum ekki vöku okkar. Þess vegna er mikilvægt að standa skynsamlega að verki.

Ég vil benda á það að stórar þjóðir eins og Frakkar og Þjóðverjar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að varðveita tungu sína og menningarleg sérkenni þrátt fyrir mikla alþjóðavæðingu á öllum sviðum meðal þessara þjóða. Hið sama gildir um Norðurlandaþjóðir.

Sú tillaga sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir að komið verði á laggirnar menningarráði. Ég legg þunga áherslu á það að hér er ekki verið að tala um þunglamalega stofnun heldur fyrst og fremst samráðsvettvang stjórnmálamanna og þeirra aðila sem stunda og eru í forsvari fyrir samtökum þeirra sem stunda menningu og listir, samráðsverkefni. Tillagan gerir ráð fyrir því að skipuð verði nefnd sem skoði með hvaða hætti skynsamlegast verði að koma slíkum samráðsvettvangi fyrir. Þeirri nefnd er að sjálfsögðu ætlað að fjalla um verkefnin en ég leyfi mér að nefna dæmi um verkefni sem slíkur samráðsvettvangur gæti tekið til athugunar hjá sér. Það er að móta opinbera stefnu á vegum ríkisins.

Það er vandmeðfarið að móta opinberar listir um stefnu eða menningu. Þá verðum við ávallt að hafa í huga frelsishugtakið því að listin þarfnast frelsis. En það er mikilvægt að hið opinbera, ríkisvaldið, móti stefnu, hvernig ríkisvaldið stuðlar að framsækinni menningu, varðveitir íslenska þjóðlega menningu, hvernig hún vill hlúa að þeim sem stunda þetta og hvernig hún vill hlúa að þessari menningu. Ég get jafnvel séð fyrir mér að þessi samráðsvettvangur í samstarfi stjórnmálamanna og þeirra sem koma úr menningargeiranum setji sér háleit markmið til lengri tíma, ekki síst með það í huga að koma upp aðstöðu sem nauðsynleg er og setji fram einhvers konar menningaráætlun sambærilega við vegáætlun og hafnaáætlun svo dæmi sé tekið. Ég nefni dæmi um meðferð og úthlutun fjár og styrkja til listamanna, samtaka þeirra þannig að list og menning fái blómgast. Ég nefni dæmi um þýðingar. Ég nefni sérstaklega þýðingar í kvikmyndum og sjónvarpi, en í dag er engin sérstök regla um það hvernig farið er með þýðingar. Líklega er það sá texti sem flestir lesa í dag, enda eru kvikmyndir afskaplega vinsælar meðal þjóðarinnar. Þýðendum eru hins vegar eftir því sem ég best veit ekki settar neinar skýrar verklagsreglur og málfarskröfur um verk sín. Ég nefni þetta sem hugsanleg dæmi um verk fyrir slíkan samráðsvettvang.

Þá vil ég líka nefna menntun. Hverja viljum við stöðu listarinnar og menningarinnar í menntakerfinu? Hver á að vera staða listagreina í grunnskólum og framhaldsskólum og vísa ég þá til þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram í dag undir öðrum málum. Ég nefni líka stöðu listaháskólans sem lengi hefur verið til umræðu og þannig má áfram telja. Það er mikilvægt að stjórnmálamenn og fulltrúar grasrótarinnar úr menningar- og listageiranum komi saman að þessu og myndi sér sameiginlegan vettvang.

Í þessu sambandi vil ég einmitt benda á ályktun um menningarmál frá aðalfundi Bandalags íslenskra listamanna þann 16. nóvember 1996, þar sem Bandalag íslenskra listamanna auglýsti eftir opinberri stefnu í menningar- og listamálum. Ég tel einmitt að menningarráð af þeim toga sem hér hefur verið kynnt geti verið vettvangur til þess að móta slíka stefnu. Ég tel að að sé hyggilegra og heppilegra málsins vegna að stjórnmálamenn í samráði og samstarfi við mennta- og listafólk komi að mótun slíkrar sameiginlegrar stefnu og menningarráðinu er einmitt ætlað að vera slíkur vettvangur. Það er gild spurning og það er gilt ákall frá Bandalagi íslsnskra listamanna: Hvað viljum við í menningarlegu tilliti og hvers vegna? Það snýst um fagurt mannlíf og fleira í þeim dúr.

Það er sem sagt verið að ræða hér menningarráð, samráðsvettvang stjórnmálamanna og listamanna og einstaklinga úr menningargeiranum. Þetta er spurningin um það að við stöndum saman, þing og þjóð skulum við segja, ekki í bákni heldur á lifandi og opnum samráðsvettvangi þar sem list og menning nærist á frelsi. Það eru sameiginlegir hagsmunir stjórnmálamanna og listafólks að örva og varðveita íslenska menningu.

Ég vil vísa til reynslu frænda okkar á Norðurlöndum sem hafa farið svipaðar leiðir, e.t.v. með einhverjum blæbrigðamun í útfærslum og telja reynslu góða af slíkum samstarfsvettvangi stjórnmálamanna og aðila úr menningar- og listageiranum.

Markmiðið með þáltill. er að styrkja íslenska menningu gagnvart fjölþjóðamenningu þannig að íslensk þjóð geti enn um sinn státað af sérkenningum sínum og menningu, þjóðerni sínu og þá um leið sjálfstæði sínu.

Ég læt þetta duga, herra forseti, og leyfi mér að óska eftir því að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[16:43]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Hjálmari Árnasyni, fyrir kynninguna á þáltill. um stofnun Menningarráðs Íslands. Vonandi leiðir þáltill., ef samþykkt verður, til faglegrar umfjöllunar um menningarmál í landinu og verði brú á milli listamanna annars vegar og stjórnvalda hins vegar og í raun formlegur umræðuvettvangur um menningu og listir, en þennan umræðugrundvöll hefur vantað í íslenskt þjóðfélag. Það hefur reyndar oft myndast tortryggni á milli þessara starfsstétta því að þegar fjallað er um list, þá er þetta huglægt mat og það getur oft verið erfitt að greina á milli kjarnans og hismisins og ekki síst fyrir leikmenn.

Gert er ráð fyrir því að Menningarráð Íslands verði sameiginlegur vettvangur stjórnvalda og þeirra sem að menningarmálum starfa. En hlutverk menningarráðs er þríþætt samkvæmt þáltill.:

1. að móta heildarstefnu í menningarmálum, en eins og fram kom í ræðu hv. þm. hefur þessa stefnu vantað í íslensku samfélagi,

2. að veita stjórnvöldum ráðgjöf á sviði menningarmála,

3. að skipa ásamt menntamálaráðherra fagnefndir sem komi til með að skipta fjármagni sem veitt er á fjárlögum til einstakra þátta menningarmála.

Ég sit einmitt í fjárln. og veit að það er oft mjög erfitt að meta hvaða einstök verkefni eru styrkhæf og hver ekki. Stundum virðist úthlutunin tilviljanakennd og jafnvel duttlungum háð. Það er oft mjög erfitt fyrir okkur að meta hve miklu fé skal verja t.d. til Þjóðleikhússins, til Sinfóníuhljómsveitarinnar eða einstakra verkefna og þá kemur í ljós að við greiðum fleira niður heldur en landbúnaðarvörur, laun í landinu o.s.frv. vegna þess að við erum líka að greiða niður menningu í landinu. Og í raun og veru er ekkert athugavert við það.

Öflugt, fjölbreytt menningarlíf styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar og þá segi ég þjóðarinnar allrar, ekki einungis höfuðborgarsvæðisins heldur landsins í heild. Þess eru mýmörg dæmi að ákveðin byggðarlög öðlist jákvæða menningarímynd út frá þeirri menningarstarfsemi sem fram fer á viðkomandi svæðum. Við getum nefnt karlakóra, kvennakóra, samkóra, leiklist og ýmislegt fleira sem tengist auðvitað alþýðulistinni og einnig list atvinnumannanna.

Það hefur reyndar farið hljótt að einstakir tónlistarskólar úti á landsbyggðinni starfa á háskólastigi, þ.e. að þeir útskrifa nemendur með lokapróf áttundu gráðu. Þetta hefur reyndar ómælt menningarlegt gildi fyrir viðkomandi svæði. Þetta á t.d. við um tónlistarskóla Rangæinga en forsvarsmenn skólans fagna 40 ára afmæli hans um þessar mundir.

Ég vil líka nefna að oft eiga listamenn sem starfa úti á landi erfitt með að fá tækifæri til þess að fá verkefni hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta á við um tónlistarmenn, myndlistarmenn og leiklistarfólk. Það skiptir okkur miklu máli sem úti á landsbyggðinni búum að skapa listamönnum aðstæður við hæfi ekki síður en hér á höfuðborgarsvæðinu þannig að við getum notið krafta þeirra sem skyldi. Hæstv. forseti Íslands kallar gjarnan til sín listafólk til listflutnings við ýmis tækifæri. Ég skora á forsetann að horfa einnig til listamanna sem úti á landsbyggðinni búa þegar listamenn eru valdir til listsköpunar á Bessastöðum.

Ég vonast til þess að þáltill. fái farsæla umfjöllun og verði sú brú milli listamanna og stjórnvalda sem flutningsmenn ætlast til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnir, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 115. mál. — Þskj. 125.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landgræðsla, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 190. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 212.

[16:48]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum. Mál þetta er flutt af mér og hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Kristínu Halldórsdóttur. Þetta þingmál var upprunalega flutt á 118. þingi og þá flutti það ásamt mér hv. þáv. þm. Kristín Einarsdóttir. Þá fór þetta mál til nefndar en varð eigi útrætt og það sama gerðist síðan á 120. löggjafarþingi þegar málið var endurflutt og þá af þeim hv. þm. sem nú flytja það. Um málið var fjallað í landbn. þingsins en umhvn. fékk það til umfjöllunar og umsagnar og er sú umsögn prentuð sem fskj. með frv.

Mál þetta snertir öðru fremur notkun innfluttra plantna í landgræðslu. Í gildandi löggjöf er ekki tekið á þeim þætti og því er hér um nýmæli í löggjöf að ræða. Markmiðið með frv. er að reynt verði að tryggja að notkun innfluttra plantna í þessu skyni falli að stefnu um gróðurvernd og að alþjóðlegum skuldbindingum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Eins og nú háttar má segja að hver og einn geti tekið sér sjálfdæmi um að breyta gróðurríkinu að eigin geðþótta, t.d. á afréttum landsins svo dæmi sé tekið.

Núverandi ásýnd gróðurlenda og jarðvegs er, eins og hv. þingmenn vita og er almennt viðurkennt, afleiðing búsetunnar í landinu. Gróður- og jarðvegsvernd og rannsóknir á því

sviði þurfa að verða á meðal forgangsmála. Veruleg reynsla er fengin af starfi Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins á þessari öld sem og af starfi áhugamanna. Breyttir búskaparhættir og auknir möguleikar á stjórnun beitar og friðun stórra landsvæða fyrir beit skapar nýja möguleika sem hagnýta þarf skipulega til að endurheimta landgæði. Í því starfi þarf að beita bestu tiltækri þekkingu á vistkerfum landsins og auka við þá þekkingu með rannsóknum. Alþjóðleg reynsla getur einnig orðið að liði, en aðlaga þarf þá reynslu að aðstæðum hér á landi.

Mikið er nú fjallað um mál sem varðar flutning á lífverum milli landa og í ritum sem gefin eru út um umhverfismál má víða finna umfjöllun um þessi efni og í greinargerð er sérstaklega bent á nýlegt innlegg í þessa alþjóðlegu umræðu sem er að finna í árbók hins virta Worldwatch Institute 1996.

Gerðar hafa verið breytingar á frv. nú við endurflutning málsins frá því sem var á fyrri þingum og vil ég í því sambandi sérstaklega vekja athygli á ákvæðum 2. gr. frv. sem var breytt með tilliti til umsagna m.a. frá Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Breytingin felst í því að nú er mat á því hvort óhætt sé talið að taka innflutta tegund til notkunar í landgræðslu sett í hendur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að fenginni umsögn tiltekinna aðila sem eru nafngreindir í 2. gr. Með þessu er komið til móts við athugasemdir sem landbn. bárust á síðasta þingi og umhvn. fékk aðgang að, en af hálfu nokkurra umsagnaraðila og raunar einnig af hálfu umhvn., sem veitti umsögn um frv., var ekki talið rétt að einstakir aðilar og fleiri en einn hefðu neitunarvald í málinu. Og því er nú þannig um hnútana búið að sú stofnun sem á að halda á þessu og hafa matið með höndum er Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Annars er þess að geta að umhvn. tók jákvætt undir frv. eins og það lá fyrir á síðasta þingi og lýsti sig hlynnta því að settar yrðu reglur um notkun innfluttra plantna í landgræðslu og tók undir með flutningsmönnum um þetta efni. Ég vænti þess því að frv. fái nú brautargengi í þinginu þegar það kemur til hv. landbn., sem ég legg til að fái málið til meðferðar, og það fái afgreiðslu á yfirstandandi þingi.

Bent er á það í greinargerð með frv. að efni frv. má styðja með tilvísun í alþjóðasamninga eins og alþjóðasamninginn um líffræðilega fjölbreytni. Sérstaklega er vísað í 8. gr. þess samnings þar sem fjallað er um vernd upprunalegs umhverfis, þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Hver samningsaðili skal eftir því sem hægt er og viðeigandi koma í veg fyrir að fluttar séu inn erlendar tegundir sem ógna vistkerfum, búsvæðum eða tegundum, að öðrum kosti stjórna þeim eða uppræta þær."

Efni frv. er einnig stutt áliti starfshóps sem vann fyrir stjórnvöld um umhverfismál og landbúnað en þessi starfshópur, sem settur var niður að frumkvæði umhvrn. en undir formennsku embættismanns úr landbrn., skilaði áliti í maí 1994, skýrslu til umhvrh. um ástand, markmið og leiðir varðandi umhverfismál og landbúnað. Þarna áttu sæti 19 fulltrúar ýmissa stofnana og samtaka, formaðurinn var Sveinbjörn Eyjólfsson frá landbrn. Ég leyfi mér að vitna til þess sem þarna kemur fram. Efnislega var undir þetta álit tekið á umhverfisþingi sem umhvrn. boðaði til í nóvember sl., en ég vitna hér til álits starfshópsins, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Innfluttum tegundum verði ekki dreift til notenda fyrr en lagt hefur verið mat á hugsanlegan skaða sem leitt gæti af dreifingu viðkomandi tegundar. ... Sett verði löggjöf um innflutning tegunda og um útrýmingu skaðlegra tegunda. Þar verði m.a. tekið tillit til skuldbindinga í rammasáttmála um verndun fjölbreytileika lífs og samþykkta Evrópuráðsins. Kveðið verði á um það hver beri ábyrgð á því að meta hugsanlegan skaða af innfluttum tegundum áður en dreifing þeirra hefst."

Eins og menn sjá af þessu er þarna beinlínis lagt fyrir og gerð sú tillaga að sett verði löggjöf um þetta efni svipað og gert er í fyrirliggjandi máli.

Í greinargerð er vikið að alþjóðlegri reynslu og líka íslenskri reynslu á þessu sviði, af innflutningi plantna sem hafa gerst nokkuð fyrirferðarmiklar í gróðurríki landsins og eru dæmi um það að menn þurfi að gá að sér í þessum efnum. Í bráðabirgðaákvæði II með frv. er kveðið svo á, orðrétt, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra skal í samráði við umhverfisráðherra skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 17/1965, um landgræðslu, með síðari breytingum, og leggja fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um gróður- og jarðvegsvernd og landgræðslu fyrir árslok 1997."

Þetta ákvæði til bráðabirgða hefur verið þingmál frá fyrri stigum og það er leitt að hæstv. landbrh. og um leið umhvrh. skuli ekki vera viðstaddur — en ég gerði út af fyrir sig ekki athugasemd við það að mæla fyrir málinu að honum fjarstöddum — til þess að tjá sig um þetta efni: Hvað líður undirbúningi að heildarendurskoðun þeirrar löggjafar sem hér er lögð til breyting á?

Að því er ég best veit hefur staðið til um lengri tíma að hefja endurskoðun á þessum lagabálki sem að stofni til er orðinn gamall, búinn að vera lítt breyttur um 30 ára skeið og mörg ákvæði hans orðin mjög úrelt og þó að við flutningsmenn hefðum vel treyst okkur til þess að leggja til víðtækari breytingar á lögunum töldum við ekki rétt að ganga lengra en hér er gert með þessu nýmæli, en leyfum okkur í greinargerð á bls. 6 að setja fram ábendingar um mörg atriði sem rétt væri að kæmu og augljóslega þurfa að koma til athugunar við endurskoðun gildandi laga. Ég leyfi mér að stikla á þeim þáttum sem þar eru nefndir vegna þess að ég tel mikilvægt að þeir verði teknir til skoðunar og það fyrr en seinna, með leyfi forseta, það er tilvitnun í greinargerð, þetta eru atriði sem ætti að taka til endurskoðunar við upptöku laganna:

„Skipan gróðurverndarmála og landgræðslu í stjórnkerfinu.

Tengsl við stofnanir er fjalla um skógrækt og skógvernd.

Innra skipulag í málaflokknum, m.a. tengsl við skyld málefni.

Menntunarkröfur til starfsmanna.

Tilhögun rannsókna- og þróunarstarfs og yfirstjórn þess.

Svæðisbundin tengsl í stað eða til viðbótar núverandi gróðurverndarnefndum.

Áætlanagerð og annar undirbúningur landgræðsluaðgerða, þar á meðal mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar landnotkunar.

Fjármögnun fyrir málaflokkinn, tengd framkvæmdaáætlun.

Samningar og tengsl við umráðaaðila yfir landi og sveitarfélög.

Skilyrði fyrir styrkjum til landgræðslu og meðferð lands í kjölfar aðhlynningar.

Beitarmálefni, þar með talin lausaganga sauðfjár og hrossa.

Tengsl við rannsóknaraðila.

Almennt eftirlit með jarðvegi og gróðri.
Áætlanir um rannsóknaþörf og fjármögnun rannsókna.
Tengsl og samstarf við frjáls félagasamtök."

Tilvitnun í greinargerð lýkur um þessa þætti sem taka þyrfti inn í endurskoðun mála varðandi löggjöf um landgræðslu og gróðurvernd.

Ég vildi svo aðeins að endingu, virðulegur forseti, víkja að því að ég teldi æskilegt að þessi mál fengju aðra stöðu í stjórnkerfinu en nú er. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að þessi mál sem varða gróðurvernd í landinu ættu að vera hluti af umsýslusviði umhverfismála í landinu, ættu því að færast undir umhvrn., þó þannig að það sem varðar beina landgræðslu og landgræðsluaðgerðir og skógrækt sem hluta í búskap manna haldist undir viðkomandi fagráðuneyti, þ.e. landbrn. og ég tel tímabært að setja upp undir umhvrn. stofnun sem fari með málefni gróðurverndar og jarðvegsverndar í landinu og mætti heita Gróðurvernd ríkisins eða Gróður- og jarðvegsvernd ríkisins til samræmis við það sem upp er tekið og fyrir er og má í því sambandi benda á Hollustuvernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins. Ég vænti þess að þessar hugmyndir eigi stuðning, m.a. í þeim flokki sem fer með umhverfismálin nú um stundir, og ætti að vera auðveldara að koma slíkum breytingum við nú þegar sami aðili fer með landbúnaðarmálefni og umhverfismál og hæg væru heimatökin að því leyti þar sem ekki reyndi á togstreitu nema hið innra hjá viðkomandi hæstv. ráðherra. Mætti segja um það efni að fátt er svo með öllu illt að ekki fylgi nokkuð gott að þessi málefni skuli vera sett undir einn og sama ráðherra, en ég hef hins vegar ítrekað gagnrýnt þá ráðstöfun sem slíka og tel hana hina mestu óhæfu að ætla ráðherra umhverfismála að gegna öðru ráðuneyti og alveg sérstaklega ráðuneyti sem hlýtur að snerta augljósa hagsmunaárekstra í meðferð innan stjórnsýslunnar. Ég vona að það verði aldrei endurtekið. En þetta mætti nýta í þessu tilviki í sambandi við endurskipulagningu stjórnsýslu varðandi gróður- og jarðvegsverndarmálefni.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að þessu máli verði að umræðu lokinni vísað til hv. landbn. og vænti þess að hún sjái sér kleift að afgreiða málið með jákvæðum hætti að gerðum þeim breytingum sem fram koma nú við endurflutning þar sem tekið er tillit til þeirra helstu athugasemda sem fram hafa komið frá umsagnaraðilum við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–16. mál.

Fundi slitið kl. 17:06.

76. FUNDUR

mánudaginn 24. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, stjfrv., 344. mál, þskj. 616. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 358, nál. 597. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Grunnskólar, stjfrv., 254. mál, þskj. 474. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 70. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, þáltill., 308. mál, þskj. 567. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, þáltill., 325. mál, þskj. 588. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Stuðningur við konur í Afganistan, þáltill., 69. mál, þskj. 69. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Menningarráð Íslands, þáltill., 184. mál, þskj. 205. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Landgræðsla, frv., 190. mál, þskj. 212. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, þáltill., 243. mál, þskj. 378. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
13. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 346. mál, þskj. 618. — 1. umr.
14. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, stjfrv., 364. mál, þskj. 641. — 1. umr.
15. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 266. mál, þskj. 518. — 1. umr.
16. Náttúruvernd, frv., 276. mál, þskj. 529. — 1. umr.
17. Námulög, frv., 277. mál, þskj. 530. — 1. umr.
18. Rafknúin farartæki á Íslandi, þáltill., 323. mál, þskj. 585. — Fyrri umr.
19. Notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans, þáltill., 327. mál, þskj. 591. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.

Fjarvistarleyfi:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vesturl., Guðlaugur Þór Þórðarson stjórnmálafræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl."

Kjörbréf Guðlaugs Þórðarsonar hefur verið samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Guðlaugur Þór Þórðarson, 2. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Guðlaugur Þórðarson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna að að loknum atkvæðagreiðslum um 12 fyrstu dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um fjárveitingar til rannsóknarnefndar sjóslysa. Málshefjandi er Kristinn H. Gunnarsson og samgrh. verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða. Að henni lokinni fer fram önnur utandagskrárumræða um varúðarráðstafanir vegna hættu á smiti búfjársjúkdóma. Málshefjandi Sigríður Jóhannesdóttir og landbrh. verður til andsvara. Það er einnig hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla félagsmálaráðherra um afleiðingar langs vinnutíma.

[15:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á fyrsta starfsdegi þingsins lagði þingflokkur Alþb. og óháðra fram beiðni um skýrslu þar sem við óskum eftir því að hæstv. félmrh. léti fara fram könnun á afleiðingum langs vinnutíma hér á landi. Það sem átti að kanna sérstaklega var áhrif langs vinnutíma á kjör launafólks, framleiðni fyrirtækja og afkomu þeirra, slysa- og veikindatíðni og fjölskyldulíf. Þessi skýrsla er nú komin hér eftir rúma fjóra mánuði. Hún er upp á fjórar blaðsíður. Það hefur ein síða verið unnin á mánuði. Svörin eru engin og ekki gerð tilraun til þess að svara þeim spurningum sem fram komu í skýrslubeiðninni. Í niðurlagi segir, með leyfi forseta:

„Ítarlegri og umfangsmeiri úttekt krefst umtalsverðra fjármuna og mannafla. Ef Alþingi telur brýnt að ráðast í slíka úttekt er ekki óeðlilegt að hún verði framkvæmd á grundvelli sérstakrar þingsályktunar."

Nú vill þannig til að Alþingi, allir hv. þm. sem þá voru í salnum, samþykktu þessa skýrslubeiðni. Því finnst mér með ólíkindum að fá eftir fjögurra mánaða bið þessa niðurstöðu og vil beina fyrirspurn til hæstv. forseta: Eru þetta eðlileg vinnubrögð? Hvað þýðir það þegar hv. Alþingi samþykkir beiðni um skýrslu?

[15:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Alþingi samþykkti þessa skýrslubeiðni á sínum tíma og það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda. Þegar farið var að athuga málið reyndist það umfangsmeira en

menn höfðu kannski búist við í fyrstu. Það er nefnilega ekki til nein úttekt á vinnutíma landsmanna. Nokkrir aðilar hafa litið á þetta og þeim ber ekki saman og það er engin skýrsla til um þetta eða engar áreiðanlega upplýsingar til um það hver virkur vinnutími landsmanna er. Þetta hafa menn kannski ekki haft í huga þegar skýrslubeiðnin var samþykkt hér. Ég held reyndar að það sé ósiður sem við höfum tíðkað í þinginu að samþykkja skýrslubeiðnir jafnvel þó ómögulegt sé að koma skýrslu í almennilegt horf.

Það var leitast við að svara þessu í ráðuneytinu og þetta þingskjal liggur frammi. Það er nú reyndar upp á meira en fjórar síður því að því fylgir ítarlegt fylgiskjal sem ég tel að ætti að vera þingmönnum til gagnlegrar upplýsingar.

Síðan var farið að stíga skref til styttingar vinnutíma og tafirnar á því að skila skýrslunni voru fyrst og fremst þær að samningar stóðu yfir milli aðila vinnumarkaðarins um styttingu vinnutíman í stíl við tilskipun Evrópubandalagsins og ég vildi bíða eftir að þeir samningar lægju fyrir. Þeir liggja nú reyndar ekki fullkomlega fyrir enn þá. Þetta er skýringin á drættinum. Ég tel hins vegar, herra forseti, að ef í svona athugun ætti að fara þá þurfi til þess mikinn mannafla og sérstaka fjárveitingu.

[15:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir athugasemdir hv. 5. þm. Suðurl. og segja frá því að þingflokki Alþb. finnst þessi skil ráðherrans fullkomlega óeðlileg og algjörlega ófullnægjandi. Þingið hefur samþykkt þessa skýrslubeiðni og þar með samþykkt að fela ráðherranum að svara þeim spurningum sem fram eru bornar. Ráðherrann svarar engri af þeim fjórum meginspurningum sem beðið var um svar við. Ég kalla það ekki svar, herra forseti, þó það standi á einum stað í þessari skýrslu eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Með þreytu er átt við tímabundna minnkun á getunni til að vinna, ástand sem auðveldlega gengur til baka ...“

Þetta eru náttúrlega engin svör, herra forseti, við alvarlegri fyrirspurn um alvarlegt málefni sem hrjáir stóran hluta íslensku þjóðarinnar, þ.e. að svara svona.

[15:09]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að taka undir athugasemdir Margrétar Frímannsdóttur þingmanns vegna þess að það er mjög óvanalegt að bregðast svona við beiðni um skýrslu sem svona miklu máli skiptir og hefur verið jafnmikið í umræðunni á Alþingi eins og lífskjörin í landinu sem eru tengd miklu vinnuálagi og hve vinnudagur er langur hérlendis miðað við nágrannalöndin. Það er dálítið undarlegt, virðulegi forseti, að í upphafi skýrslunnar er sagt, með leyfi forseta:

„Áhrif langs vinnutíma á kjör launafólks eru öllum kunn. Langur vinnutími eykur ráðstöfunartekjur eins og greinilega kom fram í samanburðarkönnun á lífskjörum hér á landi og í Danmörku sem var lögð fyrir Alþingi í vor. Þó verður að vekja athygli á því að upplýsingum um raunverulegan vinnutíma hér á landi er að ýmsu leyti áfátt eins og ...“ félmrh. hefur greint hér frá.

Megnið af skýrslunni eða um það bil helmingur af þessum fjórum síðum vísar í erlendar kannanir og þar segir að í sænskri niðurstöðu komi fram að stytting vinnutíma leiði til minni framleiðslu.

Við hljótum að staldra við það, virðulegi forseti, að hér á landi er vinnutími mjög langur miðað við samanburð sem kom fram á þingi í fyrra. Þá voru vikulegar vinnustundir okkar eitthvað um 55 á móti innan við 40 í nágrannalöndunum. Það er alveg ljóst að ef svo lítil vitneskja er um vinnutíma á Íslandi að ekki er hægt að svara öðruvísi en svona þá hljótum við að gera kröfur um að ráðherranum séu fengin þau meðul í hendur að hann geti aflað þessara upplýsinga. En að ráðherrann skuli svara þannig, með leyfi forseta:

„Ítarlegri og umfangsmeiri úttekt krefst umtalsverðra fjármuna og mannafla. Ef Alþingi telur brýnt að ráðast í slíka úttekt er ekki óeðlilegt að hún verði framkvæmd á grundvelli sérstakrar þingsályktunar.“

Þetta þýðir að ef stjórnarandstaðan ber fram þingsályktun þá nær hún ekki fram að ganga. Það er reynsla okkar, virðulegi forseti.

[15:12]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Ákvæði um skýrslugjöf samkvæmt kröfu ákveðins hluta alþingismanna hefur lengi verið í lögum um þingsköp. Fyrstu árin og lengi framan af var þetta ákvæði eiginlega aldrei notað. Það heyrði til undantekninga að beðið væri um skýrslu á þann hátt sem hér hefur verið gert að umtalsefni. Á síðustu árum hefur þetta hins vegar færst mjög í vöxt og mörg dæmi eru um að Alþingi samþykkir skýrslubeiðni sem er mjög yfirgripsmikil og tekur gríðarlegan tíma og kostar umtalsverða fjármuni að vinna úr. Ráðuneyti hafa oft og iðulega þurft að kaupa sér sérfræðiaðstoð til að vinna slík verkefni. Ég tel mjög eðlilegt að forsn. fjalli um þessi mál vegna þess að það er mjög eðlilegt að þegar beðið er um skýrslu og hún samþykkt á Alþingi sem kostar Stjórnarráðið umtalsverð útgjöld, svo maður tali nú ekki um ef það þarf að kaupa að vinnu fyrir verulegt fé, þá sé það Alþingi sem greiði þann kostnað af rekstrarfé þingsins. Mér finnst því mjög eðlilegt að forsn. taki þetta mál upp til skoðunar. En mér finnst jafnóeðlilegt að hæsv. félmrh. skuli skila svari eins og hann gerði í stað þess að hafa þá tal af forsn. og gera henni grein fyrir því að ráðuneyti hans treysti sér ekki til að vinna svona umfangsmikla könnun eins og þarna var beðið um nema þá að Alþingi sem samþykkt hefur þetta verkefni sjái til þess að greiða að minnsta kosti þann kostnað sem félmrn. þyrfti að greiða öðrum utan sinna vébanda fyrir slíka vinnu. En ég tel alveg nauðsynlegt vegna þess hve það er orðið algengt að biðja um skýrslu og hve sú skýrslubeiðni er oft viðamikil að forsn. taki þetta mál til sérstakrar skoðunar.

[15:14]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í tilefni af þessari umræðu vill forseti taka þetta fram. Réttur alþingismanna til að biðja um skýrslu ráðherra um tiltekið efni hefur staðið lengi í stjórnarskrá og þingsköpum eins og hér hefur raunar komið fram. Það hafa komið í ljós ýmsir annmarkar á framkvæmd þessa ákvæðis þingskapa, þ.e. 46. gr. þar sem kveðið er á um beiðni um skýrslu. Hefur bæði gætt óánægju meðal þingmanna sem telja m.a. að skýrslurnar berist að jafnaði of seint og meðal ráðherra sem telja oft að skýrslubeiðnirnar séu allt of viðamiklar og markmið með þeim óskýrt. Um þessi atriði ætlar forseti ekki að dæma en ljóst er að taka þarf þetta þingskapaákvæði til rækilegrar athugunar og er þá eðlilegast að sú athugun fari fram í sambandi við endurskoðun þingskapalaga sem raunar stendur yfir. Það er hins vegar meginsjónarmið forseta að farið sé að þingsköpum og í þessu tilfelli að ráðherrar láti

þann tímafrest sem gefinn er, 10 vikur, sníða skýrslugerðinni stakk og við það verða þingmenn líka að una.

[15:15]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er mjög sérkennilegt að heyra núv. og fyrrv. ráðherra vera að stynja yfir því að beðið sé um skýrslur um hluti eins og kjör launafólks og framleiðni fyrirtækja og annað það sem hér er beðið um. Eðlilegast væri að ráðherrar sjálfir sæju um að útvega sér skýrslur um þessi mál. Hitt er annað mál að vel gæti svo farið að ég færi að taka það að mér að biðja um skýrslur um skýrslur sem gerðar hafa verið vegna þess að það kemur mér afskaplega mikið á óvart að það sé ekkert til um lengd vinnutíma á Íslandi. Þetta hefur margkomið fram í alls kyns skýrslum bæði innlendum og erlendum. Þetta hefur komið fram í skýrslum um jafnréttismál. Ég er ansi hrædd um að það sé orðið svo mikið af skýrslum til að menn séu steinhættir að lesa þetta. Og ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Er kjararannsóknarnefnd ekki til enn þá? Það væri fróðlegt að vita hvað hún er að hafast að. Ég man ekki betur en að það bærust skýrslur frá henni með jöfnu millibili. Nú kann að vera að ég sé illa upplýst og hún sé aflögð. En ég er illa svikin ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir, hæstv. forseti. Og framleiðni fyrirtækja og afkoma þeirra. Á að fara að segja mér hér að það sé ekkert um þetta vitað? Það er ekki von að mönnum gangi vel að stjórna landinu ef þeir vita ekkert um hvað er að gerast þar.

[15:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör virðulegs forseta en þó ítreka ég seinni spurningu mína. Hún var sú: Hvers virði er það þegar Alþingi samþykkir skýrslubeiðni? Þeirri spurningu er ósvarað. Ber framkvæmdarvaldinu ekki að fara að slíkri samþykkt? Skýrslan er upp á fjórar síður. Það er aðeins um fylgiskjöl að ræða sem eru síðan í febrúar 1996. Það var vissulega fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra að hann hefði ákveðið að bíða eftir samningum aðila vinnumarkaðarins um styttingu vinnutímans. Þeir samningar komu þessari skýrslubeiðni ekkert við óðruvísi en það að ef skýrslan hefði legið fyrir þá hefði verið hugsanlegt að verkalýðshreyfingin hefði getað notað þá skýrslu í þeim samningum vegna þess að við vitum auðvitað að afleiðingar langs vinnutíma í þeim atriðum sem við fórum fram á að yrðu könnuð sérstaklega, þ.e. á kjör launafólks, framleiðni fyrirtækja, slysa- og veikindatíðni og fjölskyldulíf, eru neikvæðar. Það var þess vegna ekki ástæða til þess beint að bíða eftir þessum samningum um samþykkt Evrópusambandsins eða tilskipun. En ég vil engu að síður ítreka spurningu mína til hæstv. forseta: Hvers virði er samþykkt Alþingis þegar beðið er um skýrslu? Ber að fara eftir því eða ekki?

[15:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti getur aðeins bætt því við að svör ráðherra eru að sjálfsögðu á ábyrgð þeirra en ekki forseta þingsins.

[15:19]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég er nú alveg ósammála því að samningurinn milli aðila vinnumarkaðarins um lengd vinnutímans skipti ekki máli í þessu sambandi. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan um að æskilegt væri að forsn. mæti vandlega og aflaði sér upplýsinga í ráðuneytunum um það hvort á annað borð væri hægt að gefa viðhlítandi svör við spurningunum. Það er nefnilega hægt að spyrja þannig að upplýsingar liggja ekki á lausu og það sé mjög mikið verk að afla þeirra. (Gripið fram í.) Það eru þrír aðilar sérstaklega að rannsaka vinnutíma á Íslandi. Það er í fyrsta lagi kjararannsóknarnefnd, það er Hagstofan og það er Félagsvísindastofnun. Niðurstöðum þeirra ber ekki saman. Síðan er væntanlega verið að tala um virkan vinnutíma en ekki greiddan vinnutíma og það flækir líka málið. Kaffitímar t.d. eru alla jafna greiddir.

Meginatriðið er að ég tel mikilvægt að stytta vinnutímann. Við getum verið sammála um að vinnutími Íslendinga sé of langur og það sé ekki fjölskylduvænlegt og í þáltill. um mótun opinberrar fjölskyldustefnu sem liggur hér til meðferðar í hv. félmn. er einmitt tekið nokkuð á þessu máli. Ég hef ákveðið að boða til fundar um bætta upplýsingaöflun um vinnutíma og það tekst ekki nema með samvinnu þeirra aðila sem eru að vinna að þessu og samtaka aðila vinnumarkaðarins. Ef til vill verð ég, í framhaldi af starfi sem ég hef áhuga á að hafið verði, fær um að svara slíkri skýrslubeiðni ítarlegar næst.

Vörumerki, frh. 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 338.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, frh. 1. umr.

Stjfrv., 344. mál (EES-reglur). — Þskj. 616.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 358, nál. 597.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 597 (ný 2. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Grunnskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 254. mál (námsleyfasjóður). — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GÞÞ, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, GHelg, GuðrS, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, MÁ, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS.

10 þm. (DO, EKG, FrS, HjálmJ, JBH, LMR, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 658).

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. RA o.fl., 70. mál (eignarréttur á náttúruauðæfum og landi). — Þskj. 70.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv.
Frv. vísað til sérn. án atkvgr.

Fræðsla til að búa nemendur í framhaldsskóla undir þátttöku í samfélaginu, frh. fyrri umr.

Þáltill. BirnS o.fl., 308. mál. — Þskj. 567.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðgangur nemenda að tölvum og tölvutæku námsefni, frh. fyrri umr.

Þáltill. PHB o.fl., 325. mál. — Þskj. 588.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stuðningur við konur í Afganistan, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Sjóvarnir, frh. 1. umr.

Frv. StB o.fl., 115. mál. — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Menningarráð Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 184. mál. — Þskj. 205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Landgræðsla, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 190. mál (innfluttar plöntur). — Þskj. 212.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Úttekt á hávaða- og hljóðmengun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 243. mál. — Þskj. 378.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Till. vísað til síðari umr. með 53 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Fjárveitingar til rannsóknarnefndar sjóslysa. [15:28]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það blandast engum hugur um að sjávarútvegur er mikilvægasti atvinnuvegur þjóðarinnar. Um $^{4}/_{5}$ hlutar af gjaldeyristekjunum verða til vegna starfa þeirra sem nýta þessa auðlind og öflugur sjávarútvegur gerir okkur kleift að halda uppi lífskjörum sem eru með því besta sem gerist í heiminum. Það er líka vel kunn staðreynd að sjómannsstarfið er hættulegra flestum öðrum störfum sem sést best á því að slysatíðni meðal sjómanna er verulega hærri en hjá þeim sem starfa í landi. Um og innan við 5% af störfum á vinnumarkaði eru á sjó en milli 15% og 20% af slysum við störf verða þar. Á síðustu sex árum hafa 440–520 sjómenn slasast ár hvert við störf sín. Þessar tvær staðreyndir sem ég hef nefnt þýða að stjórnvöldum ber að leggja mikla áherslu á að auka öryggi sjómanna við störf sín og verja til þess nauðsynlegu fjármagni m.a. til starfa rannsóknarnefndar sjóslysa. Annað er íslenskum stjórnvöldum ekki sæmandi.

Því miður verður ekki sagt að framlög ríkisins endurspegli þetta. Undanfarin þrjú ár hefur fjárveiting ár hvert verið um 7 millj. kr. sem aðeins dugar fyrir nauðsynlegasta rekstri á skrifstofu rannsóknarnefndar sjóslysa en í eiginlegar rannsóknir er ekkert til ráðstöfunar. Dæmi um fjárskort

nefndarinnar er að skýrsla hennar fyrir árið 1993 kom út á síðasta ári og enn eru óútkomnar skýrslur fyrir þrjú síðustu ári. Það undirstrikar tómlæti ríkisvaldsins að enn hefur ekki verið sett reglugerð um rannsóknarnefndina þar sem skilgreina á afmarkað verksvið hennar þrátt fyrir að lagaákvæðið sé orðið 11 ára gamalt. Í reglugerðinni á m.a. að kveða á um fræðslustörf í skólum og námskeiðahald. Í maímánuði 1992 upplýsti samgrh. á Alþingi að reglugerðarsmíðin væri á lokastigi í svari við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur. Síðan eru liðin tæp fimm ár og enn ekki komin reglugerðin. Það er ekki ofmælt að rannsóknar- og forvarnastarf á þessu sviði sé hálfgert olnborgabarn í samgrn.

Ég vil leyfa mér að skora á samgrh. að efla þátt rannsókna á sjóslysum og styrkja forvarnastarf í kjölfar þess. Verðugt markmið væri að fækka slysum á sjó um a.m.k. helming á næstu árum og síðan stefna að því að slysatíðni á sjó færist niður í slysatíðni vegna starfa í landi. Ég tel að allar forsendur séu til þess að lyfta grettistaki á skömmum tíma. Vilji er allt sem þarf.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver er stefna hans og ríkisstjórnarinnar gagnvart rannsóknarnefnd sjóslysa?

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að því máli sem í raun er kveikjan að umræðu um öryggismál sjómanna og rannsóknarnefnd sjóslysa, en það er hvers vegna skelfiskbáturinn Æsa sökk á Arnarfirði í blíðskaparveðri fyrir réttum sjö mánuðum. Skipið var talið eitt af stöðugustu skipum hér á landi, vel útbúið og sérhannað fyrir skelfiskveiðar. Engar skýringar liggja fyrir um orsök slyssins og það eina sem hægt er að gera er að færa skipsflakið á grynnra vatn þannig að unnt verði að rannsaka það með köfun eða lyfta því alveg upp sem væri betra. Það hlýtur að vera kappsmál allra aðila að komast að því með nokkurri vissu hver orsökin er að þessu hörmulega slysi. Þá er auk þess nauðsynlegt að færa skipsflakið þar sem það er á fiskislóð og getur reynst sjófarendum hættulegt.

Fyrir liggja áætlanir um að kostnaður við að færa skipið upp á grynnra vatn og síðan rannsóknir með köfun kosti um 8 millj. kr. og einnig að það kosti um 18 millj. kr. að lyfta skipinu upp á yfirborð sjávar. Miðað við þessar upplýsingar er það bæði gerlegt og fjárhagslega viðráðanlegt að lyfta skipinu. Ég tel það ekkert áhorfsmál að ráðast eigi í þetta verk og afla til þess nauðsynlegs fjármagns úr ríkissjóði, enda kveðið á um það í 230. gr. siglingalaga að kostnaður vegna rannsóknar máls skuli greiðast úr ríkissjóði.

Ég verð að láta í ljós nokkur vonbrigði með að ráðherra skuli ekki hafa tekið ákvörðun um þetta sjö mánuðum eftir að slysið varð og tek eftir að formaður rannsóknarnefndar sjóslysa ber við fjárskorti. Má ég minna á að fjárskortur kom ekki í veg fyrir að ráðherra tilkynnti á dögunum um 300 millj. kr. vegaframkvæmd sem ekki er á fjárlögum yfirstandandi árs.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að afla fjár fyrir rannsóknarnefnd sjóslysa til þess að lyfta skipinu af hafsbotni og með því stuðla að rannsókn málsins. Það er löngu kominn tími til þess að ríkisvaldið sýni í verki þá virðingu sem sjómannsstarfið á skilið með því að sinna rannsóknum og forvarnastarfi sem skyldi og ég skora á þingheim og ríkisstjórn að sameinast um að gera bragarbót.

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég mun halda mig við það slys sem hér er til umræðu en læt hjá líða að víkja að öðrum atriðum í ræðu hv. þm. sem þó væri fullt tilefni til ef önnur mál væru hér á dagskrá en boðað hefur verið til.

Ég vil í fyrsta lagi segja að það er gagnlegt fyrir okkur alla þingmenn að íhuga hvernig við viljum standa að rannsókn á sjóslysum og höfum við haft ærinn tíma til þess. Þetta mál kom upp á liðnu hausti og ég hélt að hv. þingmönnum hefði verið það jafnljóst og mér að óskir voru um að skipið yrði dregið upp, því náð af hafsbotni til þess að freista þess að ná líkunum og einnig til þess að úr því mætti fá skorið hvað hefði valdið hinu hörmulega Æsuslysi. Þetta mál kom til minna kasta og ég ræddi við aðstandendur eða fulltrúa þeirra og það varð að samkomulagi eins og ég greindi ættingjum skipverja frá að ég mundi beita mér fyrir því að sérstakri köfunartækni yrði beitt eða myndatækni til þess að kanna hvort líkin væru í flakinu og unnt að ná þeim og það mundi kosta um 2 millj. kr. Ríkisstjórnin tók þetta mál fyrir á fundi sínum og varði til þess einni millj. kr. Ég hafði samband við tryggingafélög sem kostuðu það sem upp á vantaði þannig að samgrn. brást mjög vel við þeirri beiðni sem fram kom.

Á hinn bóginn lá málið líka þannig fyrir í þessu slysi eins og raunar í sumum slysum á undanförnum árum að þetta er ekki í fyrsta skipti sem sjóslysanefnd vekur athygli á því að það gæti verið gagnlegt að ná upp skipi af hafsbotni en ríkisvaldið hefur aldrei við því orðið. Ég hef ekki lagt það fyrir fjárln. sem samgrh. og aðrir ekki heldur. Skýringin er náttúrlega sú að það kostar mikla fjármuni að ná skipum upp. Eina tilboðið sem við höfum fast í hendi í samgrn. hljóðar upp á 32 eða 33 millj. kr. í sambandi við Æsuslysið. Önnur tilboð föst liggja ekki fyrir í samgrn. Það hefur enginn haft samband við samgrn. og boðið fram fjármuni til þess að leggja fram á móti því sem við vildum leggja fram. Ég vil líka taka það fram vegna viðtals í morgun við formann Sjómannasambands Íslands að hvorki hann né aðrir fulltrúar sjómannasambandsins hafa haft samband við samgrn. út af þessu máli. Við höfum á hinn bóginn leitast við að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að rannsóknin sé hægt að flýta, en það er auðvitað ekki hægt að ljúka henni fyrr en fyrir liggur hvort hægt sé að kafa niður að skipinu. Beiðni hafði komið fram við utanrrh. um að hann beitti sér fyrir því við varnarliðið hvort það gæti staðið að slíkri köfun og mun hæstv. utanrrh. sem hér er staddur gera grein fyrir þeim þætti málsins. En þar er sem sagt málið statt eða hefur verið statt.

Það mun síðan ekki standa upp á sjóslysanefnd eða ljúka rannsókn málsins ef það liggur fyrir að þess sé ekki að vænta að kafað verði að skipinu. Ég skil vel að ættingjar hafi áhuga á því og vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós samúð mína til þeirra allra. Það er auðvitað svo um okkur Íslendinga að við höfum alist upp við það og saga okkar er þannig að margir sjómenn hafa orðið að hljóta hvílu í votri gröf. Það þekkjum við. Það er hluti af reynsluheimi okkar þjóðar. En ef við á hinn bóginn viljum ganga lengra í rannsókn sjóslysa en við höfum gert þá kostar það tugi milljóna á ári og í sumum tilvikum stundum e.t.v. hundruð milljóna og þá er spurningin: Hvernig ætlum við að afla fjár til slíkra rannsókna? Við höfum fram að þessu lagt höfuðáherslu á leit og björgun og síðan hafa fjörur auðvitað verið gengnar. Við höfum sem sagt einskorðað okkur við þann þátt að bjarga sjómönnum meðan nokkur von stendur til þess að þeir séu á lífi. En við

höfum ekki treyst okkur til þess að leggja tugi milljóna fram til þess að ná upp skipsflökum.

[15:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Vegna þess að utanrrn. hefur blandast inn í þetta mál þá vil ég taka eftirfarandi fram:

Þann 4. desember sl. fór ég þess óformlega á leit að varnarliðið kannaði hvort þeir gætu hjálpað til við rannsókn á því hörmulega slysi sem varð þegar Æsa ÍS-97 fórst í mynni Arnarfjarðar 25. júlí 1996. Í framhaldi af því fór varnarmálaskrifstofan þess formlega á leit við varnarliðið með bréfi dags. 13. janúar sl. að kannað yrði hvort köfunarsveit varnarliðsins gæti kafað niður að flaki rækjubátsins Æsu ÍS-97. Niðurstaða gaumgæfilegra athugana varnarliðsins liggur nú fyrir. Báturinn liggur á 250 feta dýpi en hámarksdýpi sem köfunarsveit varnarliðsins getur unnið á er 190 fet. Til að kafa niður að bátnum þarf sérútbúnað og sérþjálfaða kafara sem yrði að flytja frá Bandaríkjunum til Íslands samfara kostnaði sem er það mikill að slík aðgerð fengist ekki samþykkt af hálfu yfirstjórnar bandarískra flotans. Sérútbúnaður þessi sem ekki er til staðar á Keflavíkurflugvelli samanstendur af köfunarkúlum og smákafbátum.

Það er rétt að taka fram í þessu sambandi að varnarliðinu var mjög umhugað um að reyna að leysa þetta verkefni ef það gæti verið innan getumarka köfunarsveitarinnar á Keflavíkurflugvelli og var reiðubúið til að leggja í talsverðan kostnað því samfara. Þessi athugun hefur tekið alllangan tíma og það skýrist af því að varnarliðinu var mjög umhugað um að geta leyst þetta verkefni. Niðurstaðan liggur nú fyrir og lá fyrir í lok síðustu viku . Og ég verð því miður að tilkynna að varnarliðið treystir sér ekki til þess að leysa þetta verkefni og því verður að skoða málið í ljósi þess.

[15:42]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni Gunnarssyni fyrir að taka upp þetta mál því að forsenda þess að hægt sé að draga úr sjóslysum er að sjálfsögðu að hægt sé að rannsaka þau sjóslys sem orðið hafa og draga þann lærdóm af þeirri rannsókn sem getur gagnast mönnum til þess að berjast gegn því að slík slys endurtaki sig. Það segir sig auðvitað sjálft að 7 millj. kr. framlag til sjóslysavarnanefndar í þessu skyni duga hvergi nærri til því að af því þarf að borga rekstrarkostnað, ferðakostnað og fleira og væri út af fyrir sig forvitnilegt að vita hvernig þetta fé skiptist á milli annars vegar almennra rekstrarútgjalda og ferðakostnaðar og hins vegar rannsóknarverkefna.

Mér finnst mjög leitt að heyra það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. hér áðan að varnarliðið á Keflavikurflugvelli treysti sér ekki til þess að veita nauðsynlegan atbeina til þess að leita að skipverjunum tveimur sem fórust með kúfiskbátnum Æsu. Ég var í hópi þeirra sem höfðu bundið miklar vonir við að þetta gæti gerst og auðvitað skiljum við öll hvernig því fólki líður sem á ástvini sinni í þeirri votu gröf. Ég harma það mjög að varnarliðið skuli ekki hafa séð sér fært með þeirri tækni sem það hefur yfir að ráða að hjálpa til, en hefði áhuga á því að fá að sjá þau tilboð um að lyfta þessu skipi af hafsbotni sem hæstv. samgrh. sagði áðan að hefðu borist, en það virðist vera tæknilega framkvæmanlegt ef svo er að tilboð hafi borist um að það yrði gert.

[15:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni fyrir að hafa tekið upp þetta mál hér. Vissulega er hin mikla slysatíðni meðal sjómanna alvarleg því sú staðreynd blasir við að 25% allra slysa sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins eru slys á sjómönnum enda þótt þeir séu innan við 5% á vinnumarkaðinum. Sjö millj. kr. til rannsóknarnefndar sjóslysa er upphæð sem auðvitað þarf að endurskoða. Ég hefði viljað sjá ákvæði og rétt sjóslysanefndar til að vinna jafnt að málum eins og flugslysanefnd. Þá slys gerast geti sjóslysanefnd þegar og óháð fjármagni hafið sínar rannsóknir.

Árið 1984 varð slys rétt utan við Engey. Þar hvolfdi sanddæluskipi og það lá með fjögur lík innan borðs í nokkra sólarhringa. Það hafði enginn áhuga á því að ráðast í að rannsaka það mál. Það er alvarlegur hlutur þegar svo skeður. Reykvíkingar óku nánast fram hjá þessu skipsflaki vikum saman án þess að nokkuð væri gert. Þarna átti auðvitað að grípa strax til aðgerða. Það er sjálfsagt og eðlilegt að við setjum meira fjármagn í sjóslysanefndina vegna þess að það blasir svo mjög við þegar skýrslur sjóslysanefndar eru skoðaðar hve málin mörg hver eru alvarleg, að ekki sé talað um hve ýmsir aðilar eru tregir til að veita svör þegar leitað er eftir þeim.

Mér dettur í hug t.d. skýrsla sjóslysanefndar 1992. Þá var eitt skip á hafsbotni og það var ákveðið að setja niður myndavél til að rannsaka hvað þar hefði gerst. Í texta skýrslunnar segir, með leyfi forseta:

„Þegar myndavélin komst niður á hafsbotninn kom í ljós flak af skipi en stjórnandi myndavélarinnar treysti sér ekki til að halda áfram verkinu."

Mörg atriði, virðulegi forseti, sem lúta að sjóslysum sem full ástæða er til að taka miklu fastari tökum (Forseti hringir.) en gert hefur verið og ég vænti þess að þingnefnd taki nú á málinu og veiti meira fjármagn til sjóslysanefndar. Svo mikil þörf er á að fá frekari vitneskju um hvers vegna svo mörg slys verða meðal sjómanna.

[15:47]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það slys sem hér er rætt um, mannskaða- og skipstapamálið þegar Æsa sökk á Arnarfirði, hefur vakið margar spurningar. Það er full ástæða til að taka undir að gengið verði í það eins og hægt er að freista þess að kanna aðdraganda þess slyss.

Ég vil nefna dæmi sem kannski léttir leiðina í því hve mikilvægt er að taka á þessum málum. Haförn heitir skip, VE-21, 59 brúttólesta skip sem var smíðað 1959. Síðustu eigendaskipti urðu fyrir nokkrum árum þegar ungir athafnamenn keyptu það skip og hófu róðra árið 1994. Þeir sáu mjög fljótt að eitthvað var að skipinu og treystu sér ekki til að sækja eins og þeir höfðu stundað sjó á öðrum skipum um árabil. Þeir báðu um úttekt á skipinu frá Siglingamálastofnun. Í ljós kom við þá skoðun að skipið var ekki hæft til að vera á sjó og nánast undarlegt að það skyldi ekki hafa sokkið fyrir löngu. Þá spyr maður: Hvernig gat slíkt komið upp að það lá ekki fyrir fyrr, vegna þess að þegar eigendurnir keyptu skipið árið 1994 hafði það haffæriskírteini frá Siglingamálastofnun og engar athugasemdir var að finna í tölvugögnum stofnunarinnar. Síðan þegar leyfið er tekið af skipinu kemur í ljós að það þarf að gera miklar breytingar á því. Það þarf að fjarlægja 10 tonn af þilfari þessa litla skips, 59 brúttólesta

skips. Það eitt kostaði margar millj. kr. Aðalatriðið var þó að ekki hafði orðið skipskaði en þetta sýnir að það þarf víða að taka á og það er víða pottur brotinn í þessum efnum og augljóst (Forseti hringir.) að þetta gengur ekki upp.

Því miður er ekki hægt á stuttum tíma eins og hér að fjalla um mörg atriði sem full (Forseti hringir.) ástæða væri til að taka upp, til að mynda 15 ára sleifarlag í framgangi sjálfvirks sleppibúnaðar í skipaflota landsmanna.

Ég vil að síðustu hvetja hæstv. samgrh. til þess að láta nú framkvæma hallamælingar á öllum íslenskum skipum 15 metra og (Forseti hringir.) yfir. Slíkt var gert í litlum bátum fyrir nokkrum árum. Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu.

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er löngu búinn.)

Já, en hér er slíkt mál að það er ekki hægt annað en að fá að segja staðreyndir sem skipta miklu máli og varða öryggi sjómanna.

(**Forseti** (ÓE): Það á ekki að brjóta þingskapalög þó það séu mikilvæg mál.)

Neyðin brýtur lög.

(**Forseti** (ÓE): Tíminn er úti.)

Ég endurtek áskorun mína til samgrh. að taka á þessu máli og láta hallamæla flota landsmanna.

(**Forseti** (ÓE): Það eru það margir hv. þm. á mælendaskrá að forseti ætlast til að menn gæti tímamarka annars komast ekki allir að.)

[15:50]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er eðlilegt að menn vilji ræða þetta mál í þingsölum. Ég tek undir þakkir til hv. þm. sem beitti sér fyrir umræðunni um þetta mál og málefnið rannsóknir sjóslysa.

Okkur er öllum annt um hag sjófarenda og sjómanna og aðstandenda þeirra. Það skiptir okkur miklu að dregið verði úr óvissu sem hlýtur að ríkja þegar sjóslys hefur orðið við aðstæður eins og í því tilviki sem hér hér var gert að umtalsefni snemma í umræðunni. Það er algjör nauðsyn að vissa megi koma í hennar stað svo hún þjaki ekki ungt fólk sem á eftir að lifa bestu ár ævinnar, þann tíma sem eftir er. Við hljótum að gera ráð fyrir því að aukin tækni og kunnátta geri okkur færari til að ganga betur en áður úr skugga um orsakir sjóslysa hvort heldur þær kunna að hafa verið aðstæður eða búnaður skipa eða hæfni og þekking áhafnar. Það segir sig sjálft og við þekkjum það úr öðrum efnum að það að nota miklu meiri tækni en áður kostar stundum meira fé. En einmitt tæknin hefur líka fært okkur heim betri lífskjör en áður. Við getum þess vegna lagt meira fram en áður til rannsókna á sjóslysum. Ég tek undir hvatningarorð til hæstv. samgrh. um að beita sér fyrir betri skilvirkni í þessum rannsóknum og leggja til þeirra eða fá lagða til þeirra meiri fjármuni en hingað til.

[15:52]

Kristján Pálsson:

Virðulegi forseti. Lög nr. 21/1986 skylda rannsóknanefnd sjóslysa til að upplýsa ástæður eða mögulegar ástæður fyrir þeim og koma til ráðherra. Eins og komið hefur hér fram eru aðeins veittar 7 millj. kr. til slíks og hefur þessi fjárveiting ekki einu sinni dugað til að gefa út bók um sjóslys heldur hefur orðið að leita eftir styrkjum og auglýsingum til þess að hægt sé að koma út bókinni sem er gefin út árlega um sjóslys við Ísland. Afleiðingin er sú að í dag er fjöldinn allur af sjóslysum óupplýstur og menn gista hina votu gröf án þess að nokkuð sé gert í raun til að finna þá eða ástæður viðkomandi slyss. Þetta hefur kostað, eins og flestir Íslendingar þekkja sem eru sjómannaþjóð, mikið sálarstríð aðstandenda þeirra sem farast og liggur slíkur atburður eins og mara á fólki alla ævina.

Í Noregi er í lögum að skylt sé að ná upp skipum ef þess er nokkur kostur. Hér eru engin slík ákvæði í lögum og tel ég að full ástæða sé til þess að slíkt ákvæði væri í lögum og jafnvel í tryggingaskilmálum skipa þannig að skylt væri að tryggja fyrir slíkum kostnaði sem til félli. Þjóð sem byggir afkomu sína á fiskveiðum á að sýna aðstandendum og minningu drukknaðra sjómanna að allt sé gert sem hægt er til að upplýsa slík mál. Í dag eru fjögur mál óupplýst, sjö ára gömul og yngri, þar sem tíu menn fórust. Í dag er viðurkennt að yfir 100 skip eru á floti sem ættu í raun ekki að vera það.

[15:54]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að bréfið sem við hv. þingmenn fengum frá Kolbrúnu Sverrisdóttur á Ísafirði vakti með mér sterkar tilfinningar en ekki síður margar spurningar, spurningar um réttindi þeirra sem missa ástvini sína af slysförum og hvernig staðið er að réttindamálum þeirra og hvað þar þarf að gera til að bæta úr. En ekki síður vakti það spurningar þess efnis hvernig staðið er að öryggismálum sjómanna, forvarnastarfi í þeim efnum, og um störf rannsóknarnefndar sjóslysa sem gegnir þar auðvitað mjög stóru hlutverki. Það er eðlilegt að í framhaldi af bréfi eins og því sem við fengum þá veltum við því fyrir okkur hvort rannsóknarnefnd sjóslysa sé gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki sem henni er ætlað. En í lagabreytingu sem samþykkt var á Alþingi og tók gildi 30. apríl 1986 segir að nefndin eigi að kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast.

Nú er það svo með þetta sérstaka slys að það er ógjörningur að kanna hvers vegna skipið fórst nema ná því upp. Ekkert virðist hins vegar benda til þess að af þeirri framkvæmd verði og segir formaður rannsóknarnefndar sjóslysa, Ragnhildur Hjaltadóttir, fyrir stuttu síðan í vitali við Morgunblaðið, með leyfi forseta:

„Ríkið getur ekki sinnt þessu, enda fjármagn ekki til, auk þess sem slíkt hefði fordæmisgildi."

Ég tel það fordæmisgildi sjálfsagt. Ég tel að við eigum að búa þannig að fjárveitingum til rannsóknarnefndar sjóslysa að hún geti staðið að þeim verkefnum sem til falla hverju sinni. Þó 7,2 millj. séu nægjanlegar til að standa við hefðbundin verkefni nefndarinnar ár hvert þá eigum við að vera tilbúin til þess að samþykkja aukafjárveitingar til þeirra verkefna sem upp koma.

[15:56]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Niðurstaða mín eftir að hafa hlýtt á ræður þingmanna í þessari umræðu er sú að það er almennur vilji þingheims að gera betur en hingað til hefur verið gert, að verja meiru fé til rannsóknarnefndar sjóslysa og leggja meiri áherslu á en verið hefur að upplýsa mál. Ég vil þakka þingmönnum fyrir hlý orð í minn garð í þessari umræðu.

Í öðru lagi kom fram hjá hæstv. samgrh. að samkvæmt tilboði sem honum hefði borist kostaði um 32 millj. kr. að lyfta skipinu Æsu upp af hafsbotni. Það þýðir að það er tæknilega mögulegt eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á.

Í viðtali í Morgunblaðinu sl. miðvikudag upplýsir formaður rannsóknarnefndar sjóslysa að nefndin hafi látið kanna þennan kostnað fyrir sig og niðurstaðan þar hafi verið 20 millj. kr. Þannig að ég segi og held mig við það sem fram kom í fyrri ræðu minni, að þetta er hægt og fjárhæðin er ekki af þeirri stærðargráðu að menn eigi að hika í þessu máli.

Í þriðja lagi langar mig til að benda á og varpa fram þeirri spurningu hvort ekki sé óeðlilegt að rannsóknarnefnd sjóslysa heyri undir samgrn. vegna augljósra hagsmunatengsla í þessu máli. Er eðlilegt að þessi rannsóknarnefnd heyri undir ráðherra sem er yfirmaður þeirra starfsmanna sem rannsóknin gæti beinst að, eins og hjá Siglingamálastofnun Íslands? Er ekki eðlilegt að við breytum lögunum um þessa nefnd þannig að hún sé algerlega sjálfstæð og óháð framkvæmdarvaldinu og hafi sjálfstæðan fjárhag?

Ég vil segja að lokum, herra forseti, að það eina sem mér hefur fundist á skorta í þessari umræðu er að það sýndi sig meiri vilji af hálfu hæstv. samgrh. til að fylgja þessu máli eftir. Ég óska eftir því og skora á hæstv. ráðherra að taka sig á í þessum efnum.

[15:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég er satt að segja undrandi yfir því hvernig þessi umræða hefur snúist. Hér er gefið í skyn af þingmanni eftir þingmanni að ekkert hafi verið unnið á sl. árum og missirum í sambandi við öryggismál sjómanna. Þvert á móti liggja þau mál þannig fyrir að aðrar þjóðir viðurkenna að við séum þar í forustu. Ef við viljum rifja upp hvernig unnið hefur verið að því á undanförnum árum að fækka sjóslysum þá er árangurinn það góður að þeim hefur frá árinu 1989–1996 fækkað um 30% og það er ekki lítið. Ég held að það liggi líka fyrir að þeir starfsmenn samgrn. sem hafa unnið að öryggismálum sjómanna hafi notið mikils trausts erlendis, verið beðnir um að stjórna þar miklum ráðstefnum og það hefur verið leitað eftir því að við komum að þessum málum í alþjóðlegu samstarfi. Mér finnst því þetta sjóslys ekki gefa tilefni til þess að draga þær almennu ályktanir að þeir Íslendingar sem að öryggismálum sjómanna hafi komið hafi ekki sinnt störfum sínum betur en svo að ástæða sé til að veita ráðherra sérstaka áminningu út af því hvernig þeir hafa staðið sig.

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan að það liggur fyrir eitt tilboð upp á 30–32 millj. kr. um að ná skipinu upp. Ég vil einnig rifja upp að rannsóknir sjóslysa eru undir forræði lögreglu og dómstóla þannig að það falla auðvitað líka til fjármunir frá þessum aðilum til rannsóknar á sjóslysum. Það er ekki einungis rannsóknarnefnd sjóslysa sem kemur að þessum málum.

Ég vil að lokum aðeins segja að ég mun að sjálfsögðu íhuga þær umræður sem hér hafa farið fram og að síðustu út af því sem hv. þm. Árni Johnsen sagði, þá er mjög mikið unnið að því nú, og ég hélt satt að segja að hv. þm. væri það kunnugt, að endurskoða reglur um stöðugleika skipa og framkvæmd á eftirliti með stöðugleika skipa þannig að það mál liggur síður en svo í láginni.

Þetta mál sem við erum að ræða hér, og ég vil endurtaka samúðaróskir mínar til aðstandenda þeirra sem fórust í hinu hörmulega sjóslysi, hefur legið fyrir nú um nokkra mánuði. Það lá fyrir á sl. hausti og ef almennur vilji þingmanna hefði til þess staðið við afgreiðslu fjárlaga að afla þeirra peninga sem þurfti til þess að ná skipinu upp, þá væri nú að finna heimildir um það í fjárlögum.

Umræður utan dagskrár.

Varúðarráðstafanir vegna hættu á smiti búfjársjúkdóma.

[16:02]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Undanfarin ár hefur verið að koma í ljós að við Íslendingar höfum náð mjög athyglisverðum árangri í baráttunni við hinn skæða sauðfjársjúkdóm, riðu. Ekki er það síst að þakka árvekni nokkurra dýralækna og vil ég þar fyrst og fremst nefna til Sigurð Sigurðarson á Keldum. Það var þó langt í frá að honum og hans baráttuaðferðum væri á sínum tíma sýndur tilhlýðilegur skilningur þótt nú hljóti flestir að viðurkenna að hann hafi unnið íslenskum landbúnaði ómælt gagn.

Hann byggði aðferðir sínar til útrýmingar veikinni á notkun þeirra fjárhólfa sem hafði verið komið upp hér á landi vegna baráttunnar við mæðiveiki en í þeirri baráttu náðist líka einstæður árangur. Því ber brýna nauðsyn til að umræddum fjárhólfum verði viðhaldið enn um sinn vegna þess að enn hefur ekki unnist fullur sigur á riðuveikinni svo sem kunnugt er og mikilvægt er ef upp koma nýir sjúkdómar að hægt verði að staðbinda þá á þennan hátt.

Viðnám gegn riðu hófst fyrst hér á landi 1978, en veikin náði hér hámarki 1986. Það sama ár tóku stjórnvöld ákvörðun í samráði við samtök bænda um aðgerðir gegn veikinni. Sú samvinna við bændur um aðgerðir var mjög mikilvæg og má fullyrða að það sé henni að þakka sá mikli árangur sem náðst hefur og hefði hann aldrei náðst ef þeir hefðu ekki sýnt fullan skilning á málinu og þann þegnskap sem raun varð á. Svo vel hefur því miður ekki tekist til í ýmsum öðrum löndum.

Frá 1978 hefur verið fargað um 770 hjörðum eða alls um 140 þúsund fjár vegna riðu svo það er ljóst að þetta hefur verið mikil blóðtaka fyrir þjóðarbúið. Þótt reynt hafi verið að fylgja ströngum reglum um sóttvarnir við fjárskiptin hefur það samt gerst í nokkrum tilfellum að riða hefur komið upp aftur en þó er þeim mun minni hætta talin á því sem hreinsunin er ítarlegri. Þrátt fyrir að riða sé enn við lýði og hún hafi fundist t.d. á átta bæjum árið 1996, þá hefur samt náðst mikill árangur og hann er mjög mikilvægur. Þessi árangur mun auðvelda okkur í framtíðinni alla sölu á landbúnaðarafurðum til annarra landa og má í því sambandi nefna að sala á miklu magni kindakjöts til Noregs sl. haust hefði ekki tekist nema vegna þess að við gátum tryggt að það kjöt væri af riðulausum svæðum. Því er mikilvægt að okkur takist að varðveita þennan árangur sem við höfum vissulega kostað miklu til að ná.

Okkur sem fylgjumst með þessum málum brá því ekki alllítið í brún þegar fréttir komu um það í fjölmiðlum að undanþága hefði verið veitt til að selja hey af riðusvæði til að gefa hestum í Reykjavík en einhvern veginn höfðu farið forgörðum á leiðinni þau ströngu skilaboð sem fylgdu um meðferð heysins og það hafði m.a. verið selt upp í Kjós þar sem það var látið vera á víðavangi þar sem m.a. kindur gátu komist í það. Einnig hafði verið selt af sama heyi austur í Ölfus og sumir segja austur í Flóa.

Nú er ein af smitleiðum riðu talin vera með heymaurum og því gat þetta atvik sem og önnur hliðstæð haft afdrifadríkar afleiðingar. Því vil ég leggja til flutningar á heyi og túnþökum frá riðusvæðum verði hið bráðasta algjörlega bannaðir. Það væri vissulega sorglegt ef atvik á borð við það sem ég nefndi hér á undan yrðu til að sjúkdómurinn kæmi

upp á nýjum svæðum og sami rófuleikurinn þyrfti að hefjast upp á nýtt.

Í Hrísey hefur nú um margra ára skeið verið starfrækt einangrunarstöð þar sem búfé sem hefur verið flutt inn til landsins, t.d. til kynbóta, hefur verið haft í sóttkví, stundum í margar kynslóðir. Er það vel því í þessum efnum þarf að fara að öllu með mikilli gát. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar það fréttist að hingað til lands séu nú flutt notuð landbúnaðartæki, t.d. hestakerrur, og hafi þeim verið skipað upp víða um land og eftirlit með sóttvörnum hafi því miður stundum verið fyrir borð borið. Það þarf að gera skýlausa kröfu um að þessum tækjum sé skipað upp í einni ákveðinni höfn, t.d. í Reykjavík, og fólk sem er sérstaklega til þess þjálfað sjái um hreinsun og sótthreinsun. Það stoðar lítið að hafa búfénað í strangri sóttkví kynslóðum saman í sóttvarnaskyni ef flutt eru inn notuð landbúnaðartæki alsett skít og dýrahárum jafnframt. Slík er opin smitleið inn í landið.

[16:07]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á því sem hún hefur hér tekið til umræðu, þ.e. hvernig staðið er að vörnum varðandi hættulega búfjársjúkdóma og hvernig við verjumst að flytja þá inn í landið.

Ég hef nokkrum sinnum rætt um það bæði hér í þessum ræðustóli og annars staðar að við þyrftum að gæta okkar við innflutning á matvælum úr landbúnaðarafurðum sem er dálítið fast sótt á um þessar mundir að opna enn frekar fyrir heldur en þegar hefur verið gert. Ég tel að það beri að fara að öllu slíku með fullri gát og hv. þm. bætir við nokkrum öðrum þáttum sem einnig þarf að huga að.

Fyrst ræddi hv. þm. að vísu um þann erfiða sjúkdóm sem bændur hafa orðið að berjast við sem er riðan í sauðfénu og það er vissulega rétt sem kom fram hjá henni að við höfum náð allgóðum árangri hvað þetta varðar þó að við höfum ekki unnið fullnaðarsigur. Þess vegna hljótum við að þurfa að gæta okkar vel í framhaldinu að grípa ekki til einhverra þeirra aðgerða eða vinna á þann hátt að við töpum þeim árangri sem við höfum náð og þá fórnum við auðvitað þar með þeim fjármunum fyrir lítið sem við höfum lagt í þessa baráttu.

Það er óheimilt eins og vitað er að flytja sauðfé úr hjörðum sem riðuveiki hefur verið staðfest í á aðra bæi. Það er einnig óheimilt að flytja hey, heyköggla, húsdýraáburð, túnþökur og gróðurmold, sláturúrgang og hrámeti úr sláturhúsum yfir varnarlínur eða milli sveita á sýktum svæðum. En eins og hv. þm. gat um, þá eru þessi ákvæði undanþæg í vissum tilvikum og það hefur t.d. verið leyft að flytja hey af riðubæjum á önnur svæði og þá gert að skilyrði að það skuli eingöngu gefið hrossum. Vandinn er síðan sá að fylgja eftir slíkum skilyrðum. Það skortir í raun ekki reglur um smitvarnir í þessu efni, heldur það að geta treyst því þegar slíkar undanþágur eru gefnar. Auðvitað er það gert í góðri trú, í sumum tilvikum til þess að við skulum segja létta ofurlítið undir með þeim bændum sem hafa orðið að farga sínu fé, virða það að þeir eru að nytja tún sín. Þeir eru að reyna að gera sér einhverja fjármuni úr fjárfestingum sínum og þess vegna hefur þetta verið gert. En hér er vissulega bent á og dregið upp dæmi sem ber að hafa áhyggjur af. Og ef það er svo að ekki er hægt að treysta því að hey sem þannig er heimilað að flytja sé eingöngu nýtt til þeirra hluta sem leyft hefur verið, þ.e. til að gefa hrossum, þá er auðvitað hætt við að það verði að grípa til þeirrar tillögu sem hv. þm. setti hér fram, þ.e. að banna algjörlega slíka flutninga.

Þegar horft er til þess að við erum að leggja enn meiri áherslu á það við bændurna sem þurfa að farga fé þarf að gæta vel að því hvernig þeir standa að hreinsun. Það eru nýlegar reglur, hertar viðbótarreglur um varnaraðgerðir, umfangsmeiri hreinsun og sótthreinsun á húsum og umhverfi og það er einmitt lögð sérstök áhersla á hlöðuna og meðferð heysins af þeirri ástæðu að menn telja að heymaurar geti verið smitberinn. Einnig hafa verið settar upp reglur um að bændur geti verið lengur með fjárlaust bú o.s.frv. Allt kostar þetta þannig viðbótarfjármuni sem við þurfum sannarlega að hafa í huga. Á þessu stigi vil ég fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir ábendingar í þessu efni en jafnframt segja frá því hverjar þessar reglur eru og að við höfum af ýmsum ástæðum heimilað þennan flutning í góðri trú um að það sé ekki misnotað en misnotkunin getur auðvitað leitt til þess að við þurfum að grípa til harðari aðgerða.

Hv. þm. nefndi síðan einnig innflutning á notuðum landbúnaðartækjum. Við erum með ýmiss konar varnaraðgerðir uppi, bæði varðandi innflutning á gæludýrafóðri, innflutning á gærum, ull, dún, veiðibúnaði, reiðtygjum og reiðfatnaði. Reynt er að fylgja þessu öllu saman eftir en varðandi það nýjasta, að flytja inn í einhverjum mæli t.d. hestakerrur eins og hv. þm. nefndi, tæki til loðdýraræktar og fleira, þá er það niðurstaða yfirdýralæknis að það sé ekki hægt að ná utan um það mál öðruvísi en að allur innflutningurinn komi í land á einum stað. Tollaeftirlit verði hert og það yrði trúlega helst að vera á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjavíkurhöfn eða einhverri einni höfn sem slíku yrði skipað upp. Þetta er minni vandi varðandi t.d. veiðibúnaðinn þar sem sótthreinsunaraðstaða er til staðar á Keflavíkurflugvelli. En yfirdýralæknir hefur átt í viðræðum við ríkistollstjóra og skipafélög um málið án þess að það hafi leitt til endanlegrar niðurstöðu. Sú umræða er í gangi og henni verður haldið áfram og reynt að fá um það samkomulag og samstöðu hvernig staðið verður að þessum innflutningi þannig að við getum haldið okkur við þessar varnaraðgerðir sem við erum að reyna að setja á.

[16:13]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál á Alþingi og reyndar vil ég líka þakka hæstv. landbrh. fyrir skýr svör.

Hér er í raun um að ræða tvö mál. Það er annars vegar smit innan lands vegna riðu. Þar höfum við gert heilmiklar ráðstafanir, sett strangar reglur sem er fylgt eftir af bestu getu af yfirvöldum, en það sem á skortir þar er að fólk fari eftir reglunum og hlýði því sem fyrir er mælt um. Ef það væri gert, væri þessi hætta eins lítil og mannlega er mögulegt að gera hana. En við getum hins vegar ekki búið í lögregluríki og þess vegna verða þeir aðilar sem að þessum málum starfa að vera vakandi fyrir hættunni hver í sínum ranni.

Hitt málið varðar innflutninginn og þá er það innflutningurinn á notuðum landbúnaðartækjum og kannski sérstaklega hestakerrum sem vakið hefur athygli að undanförnu. Við munum eftir því fyrir nokkrum árum síðan þegar upp kom grunur um smitandi öndunarfærasjúkdóm í hesthúsahverfi á höfuðborgarsvæðinu. Menn sáu þá fyrir sér hvað hefði getað gerst og hverju hefði þurft að breyta í hestamennsku okkar ef sú hefði verið raunin að hér væri kominn upp smitandi öndunarfærasjúkdómur sem ekki var sem betur fer. Möguleikinn

á þessu smiti er raunverulegur með þessum innflutningi og því þurfum við að vera mjög vakandi yfir honum. Ég hef það á tilfinningunni að hæstv. landbrh. sé kannski ekki sá ráðherra sem helst ætti að svara fyrir í þessu máli heldur ætti sá ráðherra sem fer með tollamál að vera hér til þess að svara því að það eru auðvitað tollverðirnir sem fyrstir koma að þessum tækjum þegar þau koma til landsins. Það er þá þeirra að láta vita til viðeigandi dýralæknisyfirvalda til þess að hægt sé að sótthreinsa tækin ef ekki fylgja með vottorð um að þau hafi áður verið sótthreinsuð.

[16:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli en jafnframt lýsa áhyggjum yfir þeim upplýsingum sem komu fram í máli málshefjanda. Það er ekki um það að deila að þær aðgerðir, sem hér var ráðist í með ærnum tilkostnaði við að útrýma riðuveiki á ofanverðum 9. áratugnum og fram á þann 10. sem enn stendur, skiluðu miklum árangri. Það er ljóst að þessar aðgerðir lýsa í raun og veru framsýni í ljósi þess sem síðar hefur komið á daginn. Og menn gætu leitt að því hugann aðeins augnablik hvernig staða mála væri hér nú, hefðum við Íslendingar ekki ráðist í þær aðgerðir til að taka á þessu mikla vandamáli sem riðuveikin var, í ljósi atburða sem orðið hafa hér í nálægum löndum og ýmiss konar takmarkana sem innleiddar hafa verið á viðskipti með búvörur frá löndum eða landshlutum þar sem um slíka sjúkdóma er að ræða. En mest um vert er auðvitað að við náum að gera okkar eigin landbúnað heilbrigðari og hagkvæmari og það má undir engum kringumstæðum stofna í nokkra hættu þeim ótvíræða árangri af þeim aðgerðum sem öflugar forvarnir og aðgerðir hafa þó þrátt fyrir allt skilað okkur. Því það er enn sem fyrr svo að íslenskur landbúnaður sleppur einna best af öllum öðrum slíkum hvað varðar ýmsa smitsjúkdóma sem menn eru að glíma við í landbúnaði í nálægum löndum.

Það er sem sagt, herra forseti, krafa mín að menn geri ekkert það sem stofnað geti þessum árangri í hættu. Kæruleysi í þeim efnum er auðvitað fullkomlega ástæðulaust, fullkomlega óþolandi. Ég tek því undir með málshefjanda að það ber að herða reglur varðandi til að mynda flutning á heyi innan lands til að koma í veg fyrir smit í landinu og það er með öllu ástæðulaust að hafa reglur um innflutning á tækjum og búnaði svo kæruleysislegar að þær stofni einhverju í voða í þessum efnum. Ég sé ekki annað en að það sé sjálfgefið að á þeim málum þurfi að taka. Ég hvet hæstv. landbrh. til þess að hnippa í kollega sinn dómsmrh., sem hér var réttilega bent á að fari með anga af því máli, og koma þeim hlutum í lag.

[16:18]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Við Íslendingar eigum mjög heilbrigðan bústofn en vegna einangrunar landsins mjög viðkvæman og þess vegna verður að gæta allrar þeirrar varúðar og hafa allar þær varnir uppi gegn því að smit berist hér eftir ýmsum leiðum. Hér hefur fyrirspyrjandi nefnt nokkur atriði sem mér finnst ógna okkur. Það er þessi innflutningur á kerrum og sleðum og ýmsu sem ekki er meðhöndlað eins og vera ber. Hvað riðuveikina varðar þá er það auðvitað læknisfræðilegt afrek hvernig okkur hefur tekist að snúa hana niður hér og þar sýndi sig að stundum verður illt með illu út að reka.

Ég vil minnast á eitt atriði enn sem ég held við verðum að hafa líka í huga. Það er innflutningur á gæludýrafóðri. Tímarnir eru breyttir. Nú er það jafnvel svo að íslenskir smalar eða ferðamenn fá senda til sín pitsu með bíl eða flugvél og þar sem þeir sitja og éta pitsuna þá gefa þeir hundinum innflutt hundafóður. Og það sem við skulum hafa í huga í þessu efni að jafnvel þetta hundafóður er flutt inn frá Bretlandi, búið til úr dýrum, riðuveikum kúm og fær ekki þá hitameðferð sem það þarf. Svo kroppar lítið lamb gras af þúfunni.

Ég vek athygli á því að það eru mörg atriði í þessu máli sem við verðum að huga að. Það mundi fara hér mjög illa og verða dýrt landi og þjóð ef þessir sjúkdómar bærust hingað. Þannig að ég hvet bæði landbrh. og aðra þá sem koma að þessu máli að taka höndum saman um að loka öllum smitleiðum og gera sér grein fyrir því að það er hætta á ferðum í dag. Ég skora á hæstv. ráðherra að taka á málinu.

[16:20]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda og það sem hér hefur farið fram í umræðum. Það er árangur út af fyrir sig að umræða sem þessi fari hér fram. Menn hafa verið samstiga í aðgerðum varðandi smitsjúkdóma í búfé. Vísindamenn og bændur hafa unnið saman og það er eins og fram hefur komið hér nokkuð sérstakt fyrir Ísland. Í okkar litla samfélagi skilja menn mikilvægið miklu fremur, að verjast smitsjúkdómum og horfa yfir skammtímasjónarmið á heildarhagsmuni. Það muna líka margir eftir hinni bitru reynslu frá innflutningi á karakúlstofni 1933 þegar hingað komu mæði og visna, votamæði og garnaveiki, og svo er reyndar komið á aðra öld frá því riðan barst hingað til lands.

Nú er það svo að fleiri aðilar þurfa að verjast smitsjúkdómunum en áður með innflutningi á lifandi dýrum, dýraafurðum og fóðri eins og fram hefur komið hér og innflutningi notaðra tækja og útbúnaðar. Það þarf strangar og stífar reglur. Þær hafa hingað til haldið sjúkdómum frá. Það er erfiðara um vik þegar við erum bundin af alþjóðasamningum um innflutning. Mikilvægt er að mínum dómi að halda skiptingu landsins í varnarhólf áfram og ég hvet til árvekni í löggjöf og reglum hvað eftirlit varðar. Og eins og ég segi, þótt ekki sé nema umræðan og að vekja máls á þessu er mjög til bóta.

[16:23]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og hv. þm. sem hér hafa tekið þátt í umræðunni fyrir þeirra ágætu innlegg.

Það hefur komið í ljós í þessari umræðu að það eru fleiri en ég sem hafa áhyggjur af þessum málum. Og auðvitað er þetta stóralvarlegt mál ef við missum það úr böndunum sem við erum búin að kosta svo miklu til, að við erum búin að skera niður á kostnað landssjóðs 140 þúsund fjár á undanförnum 10 árum til þess að vinna bug á þessari veiki og árangurinn er mjög góður. Það þarf kannski ekki svo mikið til að raska honum. Það má hreinlega ekki ske að það gerist fyrir eitthvað kæruleysi. Ég verð að segja að mér finnst of mikil áhætta tekin við að veita undanþágu við flutning þurrheys frá riðusvæðum. Það má segja, og liggja fyrir vísindalegar athuganir á því, að það gegni öðru máli með t.d. rúllubaggahey. Ég held að það sé alveg ljóst að það er nauðsynlegt að taka alveg af þann möguleika að flutt verði þurrhey frá riðusvæðum. Þetta eru orðin svo fá svæði í dag og svo vel einangruð, sem betur fer, að það verður að bæta bændum upp þennan skaða á kostnað landssjóðs þannig að

þeir komist yfir þessi tvö ár. Þennan biðtíma þarf að bæta þeim upp fjárhagslega þannig að þeir þurfi ekki að vera að taka slíka áhættu. Það sama á auðvitað við með flutning á þökum.

Ég er afskaplega þakklát fyrir þær undirtektir sem þetta erindi hefur fengið og vil ítreka að það er auðvitað mjög brýnt að ekki seinna en í gær verði settar strangar reglur um innflutning notaðra búvéla í ljósi þeirra nýlegu dæma sem maður hefur heyrt um furðulegt eftirlitsleysi á því sviði.

[16:25]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er annars vegar spurningin um reglurnar sem menn setja sér og hins vegar hvernig farið er eftir reglunum og hvernig hægt er að framfylgja þeim. Það er auðvitað alltaf vandamálið. Ég get hins vegar tekið undir það sem kom fram hjá hv. þm. að það þarf að gæta sín í þessu. Við megum ekki fórna því sem við höfum áunnið. Við megum ekki fórna þeim mikilvæga árangri. Kæruleysi er ólíðandi sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og auðvitað getum við tekið undir það. En ég segi aftur að ástæðan var sú að það er verið að líta til með þessum aðilum í góðri trú um að farið sé eftir þeim leikreglum sem settar eru. En ef ekki er hægt að treysta því þá kemur auðvitað að því að það þarf að herða reglurnar og þá er því miður stundum verið að hegna fjöldanum fyrir mistök fárra. Það er því miður stundum og kannski alloft þannig en ýmislegt í þessari umræðu bendir til þess að annað sé ólíðandi.

Varðandi gæludýrafóðrið sem hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi þá gilda um það ákveðnar reglur og þar segir m.a. í upplýsingum frá yfirdýralækni: „Innflutningur á gæludýrafóðri hefur verið leyfður á undanförnum árum. Skilyrði fyrir innflutningi á dýrafóðrinu er að fyrir liggi lýsing á framleiðsluferli, fóðrið hafi verið hitað upp í 135°C við þriggja bara þrýsting í 20 mínútur og opinbert heilbrigðisvottorð." Kann að vera að það sé síðan erfitt að fylgja þessu eftir, að menn viti ekki að þetta sé svona nákvæmlega.

Og varðandi tækjabúnaðinn vil ég aðeins segja nánar að yfirdýralæknir hefur skrifað ríkistollstjóra og skipafélögunum bréf, gerði það á síðastliðnu hausti, þar sem spurst var fyrir um hvernig eftirliti væri háttað og hvernig hann teldi að það þyrfti að vera þannig að því væri komið í tryggan farveg. Yfirdýralæknir fór fram á að öllum notuðum tækjum tengdum landbúnaði yrði skipað upp í Reykjavík, skoðuð þar af héraðsdýralækni, þau hreinsuð ef þess þyrfti með en ávallt sótthreinsuð og tæki síðan tollafgreidd þar, en ekki send til tollafgreiðslu út um land eins og nú hefur verið. Og það hefur verið það sem hefur flækt afgreiðsluna. Vonast er til þess að þetta fyrirkomulag komist á á næstunni eftir því sem yfirdýralæknir hefur tjáð mér af viðræðum við þessa málsaðila þannig að ég vona sannarlega að málið sé að færast í betra horf.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (yfirstjórn). — Þskj. 618.

[16:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, með síðari breytingu í lögum nr. 40/1994.

Frv. þetta er einfalt og felur aðeins í sér eina efnislega breytingu á gildandi lögum. Hún er sú að lögbundin yfirstjórn félmrh. á brunavörnum og brunamálum er felld brott í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að flytja þau stjórnarmálefni til umhvrn. hinn 1. júlí næstkomandi. Yfirstjórn stjórnarmálefna er í raun ekki löggjafarmálefni þótt löggjafinn láti slík atriði stundum til sín taka og viðurkennt sé að lagaákvæði þess efnis ber að virða þar til ákvörðun er tekin um annað.

Stjórnarskráin felur hins vegar framkvæmdarvaldinu eða ríkisstjórninni að skipta sjálf með sér verkum og á grundvelli þeirrar valdheimildar er ákvörðun ríkisstjórnarinnar tekin. Eftir sem áður þykir þó rétt að leita eftir samhljóða breytingum á viðeigandi lögum eins og lagt er til í frv. þessu. Málaflokkurinn sjálfur verður síðan fluttur með breytingu á reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem í raun telst vera úrskurður forseta á grundvelli áðurgreindrar réttarheimildar eins og hún kemur fram í fskj. I með frv. Ákvörðun þessa má rekja til tillagna sem fram komu í úttekt sem félmrh. fól Hagsýslu ríkisins að gera á starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins m.a. til að kanna hvort hagkvæmt væri að flytja stofnunina frá Reykjavík. Niðurstaða úttektarinnar var sú að hagkvæmara sé að Brunamálastofnun hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn var á það bent að hagræða mætti í stjórnsýslu og gera eftirlit í brunamálum skilvirkara með því að fella það inn í opinbert eftirlit með byggingarmálum bæði á sveitarstjórnarstigi og hjá skipulagsstjóra ríkisins. Á þessi sjónarmið hafa hlutaðeigandi stjórnvöld og ríkisstjórnin fallist. Aftur á móti þykir ekki ástæða til að trufla af þessum sökum meðferð hv. umhvn. á frv. ríkisstjórnarinnar til nýrra heildarlaga um skipulags- og byggingarmál sem mér er tjáð að sé nú á lokastigi. Þess vegna er ekki annað gert á þessu stigi en að flytja málaflokkinn og yfirstjórn Brunamálastofnunar til þess ráðuneytis er fer með byggingarmálin en heildarendurskoðun laga á þessu sviði getur síðan farið fram á vegum þess ráðuneytis. Í ljósi þess að hér er einvörðungu um stjórnskipulegt atriði að ræða legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:30]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. er þetta frv. eingöngu um að flytja Brunamálastofnun ríkisins úr verkefnaflokki félmrh. til umhvrh. Það væri full ástæða til hér á Alþingi að ræða málefni Brunamálastofnunar ríkisins. Hún hefur komið hingað inn á borð alþingismanna og ágreiningur hefur verið um ýmislegt í stjórnsýslu hennar. Ég tek undir það með ráðherranum að ég tel ekki ástæðu til að ræða Brunamálastofnun sem slíka við umræðu um frv. En ég kem í pontu til að lýsa yfir stuðningi mínum við frv. Ég held að þetta sé rétt ákvörðun. Ég tel eftir að hafa kynnst þessum málum og ráðuneyti sveitarstjórnarmála sem væntanlega hefur verið ástæða þess að bruna- og byggingarmál voru undir félmrn. á sínum tíma. Ég held að það sé mjög mikilvægt að flytja saman undir umhvrn. mörg þeirra mála sem áður voru hjá félmrn. Má þar nefna snjóflóðavarnirnar, skipulagsmál, byggingarmál og nú brunavarnirnar. Það eru tengingar á milli þessara þátta og ekki síst kannski Hollustuverndar sem heyrir undir umhvrn. og er með verkefni og eftirlit sem tengjast jafnframt verkum sem Brunamálastofnun hefur á hendi. Þess vegna finnst mér mjög jákvætt

að gripið er til aðgerða og tekið það skref að flytja Brunamálastofnun, safna saman þessum verkefnum hjá umhvrn. Ég er mjög ánægð með að þetta verkefni hafi ekki verið látið bíða eftir því að verið væri að gera einhverja aðra og stærri heildarskoðun á tilfærslu milli ráðuneyta. Ég held að slíkar hugmyndir þegar á að stokka mikið upp í ráðuneytum eða stjórnsýslu verði oft til þess að góð mál, sem einfalt er að ganga í og staðsetja í nýju ráðuneyti, eru ekki flutt. Þannig að mér finnst mjög mikilvægt og fagna því. Ég tel að miklu oftar væri unnt að flytja verkefni með þessu móti án þess að bíða eftir stærri og meiri úttektum.

Virðulegi forseti. Ég lýsi því yfir við forsrh. að ég mun styðja þetta mál þegar það kemur til félmn. og vænti þess að það þurfi ekki að staldra mjög lengi við í þeirri nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 641.

[16:34]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, sem flutt er á þskj. 641 og er 364. mál þingsins. Á 118. löggjafarþingi 1994–1995 var samþykkt þáltill. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Þar er ríkisstjórninni falið að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri stofnun eða miðstöð um heimskautamálefni sem kennd verði við Vilhjálm Stefánsson og hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautasvæðið.

Stofnunin og miðstöðin sem heyrir undir umhvrn. verði að stofni til kostuð af íslenska ríkinu en leiti sem víðast fjárhagsstuðnings við einstök verkefni. Hún skal m.a. annast ráðgjöf um norðurmálefni og eiga samstarf við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir. Enn fremur verði sett á fót undir forustu umhvrn. föst samvinnunefnd um norðurmálefnin skipuð fulltrúum þeirra innlendu stofnana sem hafa með höndum verkefni er tengjast heimskautarannsóknum. Samvinnunefndin velji auk formanns nefndarinnar, sem umhvrh. skipar án tilnefningar, tvo úr sínum hópi í stjórn þessarar stofnunar eða miðstöðvar.

Í framhaldi af áðurnefndri þingsályktun skipaði ég í september árið 1995 samvinnunefnd um norðurmálefni og er hlutverk hennar „að tengja saman og treysta samstarf hlutaðeigandi stofnana sem annast hafa og annast munu rannsóknir á norðurslóðum, svo og tengsl og samstarf um málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar". Nefndinni var jafnframt falið í samráði við ráðuneytið að vinna að undirbúningi Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og útbúa frv. þar að lútandi. Í nefndinni eiga sæti eftirfarandi:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, sem er formaður, skipaður án tilnefningar, Davíð Egilson forstöðumaður, tilnefndur af Hollustuvernd ríkisins, Jón Gunnar Ottósson forstjóri, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristján Kristjánsson forstöðumaður, tilnefndur af Rannsóknarráði Íslands, Steingrímur Jónsson útibússtjóri, tilnefndur af Hafrannsóknastofnun, Þorsteinn Gunnarsson rektor, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri, Þorsteinn Tómasson forstjóri, tilnefndur af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Þór Jakobsson verkefnisstjóri, tilnefndur af Veðurstofu Íslands, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor, tilnefnd af Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar við gerð frv. var Níels Einarsson mannfræðingur. Aflaði nefndin sér upplýsinga um norðurslóðastofnanir erlendis og norðurslóðarannsóknir hérlendis og tengsl innlendra rannsókna við alþjóðlega rannsóknastarfsemi. Frv. eins og það liggur fyrir er að meginefni til í samræmi við tillögur samvinnunefndarinnar frá því í ágúst sl., eins og hún lagði þær fyrir ráðuneytið og ráðherra. Nefndin vann síðan að lokafrágangi frv. í samráði við ráðuneytið þannig að um frv. eins og það liggur fyrir er samkomulag þessara aðila.

Það er samdóma álit þeirra sem til þekkja að á síðustu árum hafi mannlíf og náttúra á norðurslóðum átt undir högg að sækja. Eðli þeirra vandamála sem við er að etja sé slíkt að þau verði ekki leyst nema með því sem menn kalla þverfaglegu og fjölþjóðlegu samstarfi. Þessi vandamál eru bæði af vistrænum og félagslegum toga, oft á tíðum flókin og falla undir fleiri en eina vísindagrein. Á tiltölulega skömmum tíma hafa þær þjóðir sem byggja heimskautaslóðir þurft að aðlagast gjörbreyttum aðstæðum þegar veiðimannasamfélögin hafa tekið upp aðra menningu og lifnaðarhætti. Þetta hefur á stundum leitt til alvarlegra þjóðfélagsvandamála en einnig til aukinnar vitundar hlutaðeigandi um nauðsynlega þátttöku í alþjóðasamstarfi. Að leiðarljósi hafa menn að sjálfsögðu réttinn til eigin menningar, eigin lands og að fá að nýta náttúruauðlindir á sjálfbæran hátt í samræmi við eigin þarfir og gildismat.

Enn er norðurheimskautssvæðið tiltölulega lítið spillt af mannavöldum þó á því hafi orðið verulegar breytingar að undanförnu með aukinni mengun sem berst oft langar leiðir. Hnattrænar veðurfarsbreytingar auka enn á þann vanda sem blasir við og auk þess er ofnýting náttúruauðlinda og álag á vistkerfi heimskautasvæða verulegt áhyggjuefni. Allar geta þessar breytingar til lengri tíma litið stofnað mannlífi og náttúru í hættu en hér er vitanlega um að ræða breytingar að langmestu leyti af mannavöldum. Mikilvægasti þátturinn er að nýta náttúruna eins og hún er og reyna ekki að velja úr einstaka þætti eða einstakar auðlindir og er það í samræmi við lífsviðhorf og boðskap Vilhjálms Stefánssonar landkönnuðar og í samræmi við sjálfbæra þróun náttúruauðlinda.

Hagsmunir okkar Íslendinga felast ekki síst í því að vinna gegn umhverfismengun og rányrkju auðlinda og möguleikar okkar sem smáþjóðar eru fyrst og fremst fólgnir í því að hafa áhrif á alþjóðavettvangi með virkri þátttöku í alþjóðasamstarfi, ekki síst um þau mál er varða okkur miklu og þar getum við bæði miðlað af reynslu okkar og þekkingu. Íslendingar hafa verið virkir þátttakendur í samstarfi er snertir norðurslóðir og margar stofnanir hér á landi hafa tekið þátt í því.

Íslendingar hafa verið aðilar að Rovaniemi-samstarfi norðurskautsríkjanna átta, Bandaríkjanna, Danmerkur f.h. Grænlands, Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar, frá 1989 og samþykktu umhverfisáætlun þess, AEPS (Arctic Environmental Protection Strategy), árið 1991. AEPS gerir ráð fyrir víðtækri samvinnu norðurskautsríkjanna um vöktun og rannsóknir á lífríki og umhverfi norðurslóða í samvinnu við heimamenn. Verksvið AEPS greinist í fjóra

meginþætti.

Einn af þeim er CAFF – Conservation of Arctic Flora and Fauna. En sú skrifstofa er sem kunnugt er starfrækt hér á landi, þ.e. á Akureyri.

Ég vil enn fremur benda á nýstofnað norðurskautsráð, Arctic Council, sem mun beita sér sérstaklega í sameiginlegum hagsmunamálum sem varða sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda, umhverfismál og félagsleg málefni frumbyggja og annarra sem búa á norðurslóðum. Norðurlöndin lögðu mikla áherslu á stofnun þessa ráðs sem í taka þátt þau átta þjóðlönd sem ég nefndi áðan.

Það er einkar mikilvægt að Íslendingar geti lagt sitt af mörkum til þessa mikilvæga málaflokks og er samvinna Norðurlanda um málefni norðurskautsins dæmi um stóraukna fjölþjóðlega og þverfaglega samvinnu á norðurslóðum. Því er mjög brýnt að íslensk stofnun taki að sér að hafa yfirsýn og hvetji til verkefna í anda þeirrar þróunar sem á sér stað í hliðstæðum stofnunum í nágrannalöndunum. Það er einmitt ætlunin að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar hafi það hlutverk með höndum hér á landi, á Akureyri, en þessu hlutverki sinnir engin einstök stofnun í dag. Margar stofnanir starfa að þessum málum og hafa með höndum rannsóknir og aðra starfsemi er tengist norðurslóðum.

Hlutverk Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar sem verður ríkisstofnun undir yfirstjórn umhvrh. er þannig ætlað að vera samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða á Íslandi, efla umhverfisrannsóknir og stuðla að sjálfbærri þróun og styrkja þátttöku Íslendinga í samstarfi á því sviði.

Hér er ekki verið að setja á fót stofnun sem ætlað er að taka verkefni af öðrum stofnunum heldur að vera samstarfsvettvangur þeirra um þessi fyrrgreindu viðfangsefni. Stofnuninni er ætlað að vinna að þessum markmiðum með því að safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða, stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröðun þeirra og miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings, *vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða* einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun, annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna, skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknastörf á fræðasviði stofnunarinnar sem og að sinna öðrum verkefnum eftir því sem ákveðið verður.

Ástæðan fyrir nafni stofnunarinnar, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, er fyrst og fremst órofa tengsl norðurslóða við *nafn hans sem í fimm ár óslitið eða frá 1913–1918* ferðaðist um norðurslóðir og stundaði mannfræðirannsóknir og landkönnun á heimskautasvæðum í Kanada þar sem hann dvaldi reyndar í tólf ár. Vilhjálmur Stefánsson var boðberi þess að Evrópubúar gætu búið á norðurslóðum líkt og Inúítar, lifað á heimskautaslóðum og nýtt sér gæði þeirra að því tilskildu að þeir lærðu að umgangast náttúruöflin að hætti heimamanna. Vilhjálmur var fjölhæfur fræðimaður og það er því einkar vel *til fallið að kenna stofnunina við nafn hans þegar hlutverk* hennar er haft í huga.

Gert er ráð fyrir að yfir stofnuninni sé sérstök stjórn skipuð þremur aðilum til fjögurra ára í senn og að í stjórn stofnunarinnar eigi sæti formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða sem enn fremur er kveðið á um að skuli starfa samkvæmt lögunum. Skal hann vera formaður stjórnarinnar. En hinir tveir skulu tilnefndir af samvinnunefndinni en þurfa ekki að eiga sæti í henni. *Gert er ráð fyrir að umhvrh. skipi* forstöðumann Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnar. Gerðar eru kröfur um menntun hans sem tengist fræðasviði stofnunarinnar.

Eins og áður er sagt skipar umhvrh. samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í samvinnunefndinni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa undir höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Athygli mín hefur verið vakin á því að í 5. gr. frv., þar sem fjallað er um samvinnunefndina, kunni að vera prentvilla sem megi þá lagfæra, eða að öðrum kosti mál sem umhvn. þarf að taka til skoðunar, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðherra skipar samvinnunefnd um málefni norðurslóða til fjögurra ára í senn. Í stjórninni skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum."

Í staðinn fyrir „stjórninni" er auðvitað átt við samvinnunefndina sjálfa, þ.e.: Í samvinnunefndinni um málefni norðurslóða skulu eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum o.s.frv. Þetta vil ég nefna hér í framhjáhlaupi, hæstv. forseti.

Gert er ráð fyrir að umhvrh. skipi formann nefndarinnar án tilnefningar. Það yrði fyrst og fremst hlutverk samvinnunefndar um norðurmálefni að leitast við að treysta og efla samstarf hlutaðeigandi aðila um rannsóknir á norðurslóðum og um málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Ekki er gert ráð fyrir að um stóra stofnun sé að ræða enda vart þörf á slíku. Ekki er heldur gert ráð fyrir að verkefni stofnunarinnar verði mjög viðamikil í upphafi þótt vissulega horfi ég fram á aukin verkefni þegar fram líða stundir og eftir því sem ný verkefni kunna að berast á borð stofnunarinnar og stjórnar hennar sem talin eru geta heyrt undir verksvið hennar.

Gert er ráð fyrir að í fyrstu verði starfsmenn stofnunarinnar forstöðumaður og einn sérfræðingur auk skrifstofufólks og húsrými verði um 80 m² og er reyndar gert ráð fyrir því í sameiginlegu húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands, veiðistjóra, CAFF-skrifstofunnar og Náttúrugripasafnsins á Akureyri, þ.e. gert hefur verið ráð fyrir því að ef og þegar þetta frv. hefur verið lögfest og stofnunin getur tekið til starfa þá sé fyrir hendi húsnæði sem mögulegt væri að vista stofnunina í. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar er reynt að halda kostnaði í lágmarki enda sætir undantekningum hin síðari ár að stofna til nýs reksturs á vegum ríkisins. Tíminn mun leiða í ljós hvernig starfseminni vex fiskur um hrygg en *eitt er víst að hér er um málefni að ræða sem mun taka meira* rúm á vegum stjórnvalda á komandi árum en verið hefur.

Hæstv. forseti. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir þau sjónarmið sem liggja til grundvallar frv. til laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri og einstök ákvæði frv. og hvernig að því hefur verið staðið. Að öðru leyti vísa ég til grg. og athugasemda við frv. Rétt er að ítreka að frv. er samið og lagt fram til að fylgja eftir ályktun Alþingis. En *það er einnig rétt að geta þess að sem stendur er á vegum* stjórnskipaðrar nefndar unnið að endurskoðun laga er varða náttúrfræðistarfsemi og undir umhvrn. falla. Er það verk vel á veg komið og reikna ég með að nefnd sú skili til mín frv. í næsta mánuði. Ekki er óeðlilegt að litið verði á þessi mál öll saman ekki síst í tengslum við hugsanlegan samruna náttúrufræðistofnana sem nú þegar starfa á Akureyri.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað *til hv. umhvn. um leið og ég læt í ljós þá ósk mína að frv. nái* fram að ganga á yfirstandandi þingi. Ég veit þó að umhvn.

er með stór mál í vinnslu sem ég hef lagt mikla áherslu á að næðu fram að ganga á þessu þingi, þ.e. frv. um byggingar- og skipulagslög og ég veit að þar er unnið að því máli. Ég hef sagt að það yrði að vera og ætti að vera forgangsverkefni en vonast til að fleira kunni að vinnast í nefndinni og þetta frv. nái fram að ganga á yfirstandandi þingi og að starfsemin geti tekið til starfa eigi síðar en frá og með næstu áramótum.

[16:47]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að frv. til laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er komið fram og er til 1. umr. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með frv. og athugasemdir eða grg. með frv. sem mér finnst gera mjög vel grein fyrir hvert hlutverk þessarar stofnunar er. Það er aðeins eitt atriði sem mér finnst að þurfi að koma fram við 1. umr. af minni hálfu og tengist það bæði frv. í heild en einnig 4. gr. frv. Það er greinilegt að frv. og grg. bera það með sér að verksvið Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar verður einkum á sviði hinna ýmsu greina náttúrvísinda og þetta gildir að sjálfsögðu um tilurð frv. og skipan nefndarinnar, eins og hún er samsett, og er ekki nema fyllilega eðlilegt í sjálfu sér. Þetta er skiljanlegt þar sem vistkerfi norðursins er mjög viðkvæmt fyrir umhverfisbreytingum og rannsóknarefni á sviði náttúruvísinda og samræming þessara rannsóknarverkefna og forgangsröðun er því mjög verðugt viðfangsefni stofnunarinnar.

Hins vegar vil ég leyfa mér að leggja það fram til athugunar að viðfangsefni stofnunarinnar ná í raun, ef vel er skoðað, langt út fyrir hefðbundið svið náttúruvísinda. Það er ekki síst ljóst þegar sú staðreynd er skoðuð að á norðurslóðum eru þau tiltölulega fáu nútímasamfélög sem lifa á því að nýta villta dýrastofna. Það eru ekki mörg samfélög í heiminum, allra síst háþróuð samfélög sem lifa á því að talsverðu leyti eða byggja efnahag sinn að verulegu leyti á því að nýta villta dýrastofna. Það má kannski segja að hér á norðurslóðum byggi Íslendingar og Færeyingar sína afkomu að mjög verulegu leyti á þessu en einnig eru nokkur héruð í Norður-Noregi, Rússlandi og Kanada ásamt Grænlendingum að sjálfsögðu sem byggja afkomu sína að talsverðu leyti á nýtingu villtra dýrastofna. Þar sem nýting villtra dýrastofna kallar á afar varfærna meðferð á náttúruauðlindum og krefst þess að slík samfélög virði lögmálið um sjálfbæra nýtingu þessara stofna, þá má segja að rannsóknarverkefni, samræmingarverkefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar nái einnig til nýtingarinnar og í raun og veru þess samfélags sem byggir starfsemi sína á nýtingunni. Það er því verðugt verkefni að samræma, forgangsraða og efla rannsóknir á samfélögum sem byggja efnahag sinn í miklum mæli á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Þetta hefur ekki einungis gildi að því er varðar nýtingu náttúruauðlindanna sjálfra heldur hefur þetta líka gildi að því leyti að efla þarf skilning annarra þjóða á lífsstíl og lífshagsmunum þeirra þjóða sem lifa á nýtingu náttúrulegra villtra dýrastofna. Ég held að í dag sé þverrandi skilningur annarra þjóða á slíkum lífsstíl, hann fari minnkandi og það er afar mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að koma á framfæri upplýsingum um lífsstíl þjóðar eins og Íslendinga og lífshagsmuni sem eru svona háðir nýtingu náttúrulegra auðlinda. Að þessu leyti er kannski óhætt að fullyrða að verkefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar gæti þess vegna náð nokkuð út fyrir svið náttúruvísindanna, gæti t.d. snert mannfræði og fer nú vel á því, þar sem sá maður sem stofnunin er kennd við var mannfræðingur. Mér er sagt að það sé ekki mikill munur á því sem Bandaríkjamenn kalla mannfræðinga og fornleifafræðinga, þau svið tengist nokkuð mikið. Ég tel að þessi stofnun gæti einnig gegnt því hlutverki að samræma rannsóknir á sviði mannfræði og fornleifafræði svo og hagfræði, því allar þessar greinar koma nokkuð að því verkefni að skýra út fyrir öðrum þjóðum í hvers konar samfélagi við höfum lifað öldum saman og í hvers konar samfélagi við lifum í dag og í hvers konar sjálfbæru nýtingarsamfélagi við ætlum okkur að lifa í framtíðinni. Ég vildi benda á þetta í og með til að vekja athygli á því sem segir í 4. gr. að forstöðumaður stofnunarinnar skuli hafa lokið framhaldsnámi og stundað rannsóknir sem tengjast fræðasviði stofnunarinnar. Ég skil það svo að þetta fræðasvið sé þá allrúmt.

[16:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Aðeins fáein orð af minni hálfu til að fagna framlagningu þessa frv. og lýsa þeim vonum að það fái hér skjóta afgreiðslu og lögfestingu vel fyrir vorið. Við hljótum að vænta þess í samræmi við að það byggir á samþykkt frá Alþingi um að setja skuli á fót stofnun af þessu tagi að gata þess verði greið í gegnum löggjafarsamkunduna. Ég vil í öðru lagi þakka hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, fyrir frumkvæði hans að þessu máli. Stundum er talað um að menn hafi ekki mikla uppskeru á hinu háa Alþingi alla vega ekki þeir sem puða í stjórnarandstöðu og að hlutir gangi seint og hægt og jafnvel alls ekki fram. En þó kemur það fyrir, eins og þetta dæmi sannar, að menn geta haft talsverðan árangur erfiðis síns ef þeir vinna þannig að málum eða þau eru í eðli sínu þörf, að um þau tekst samstaða. Það var á þingi veturinn 1993–1994 sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hreyfði þessu máli, fyrst með tillögu til þál. um að setja skyldi á fót eða undirbúa stofnun svonefndrar Norðurstofnunar eins og hún hét þá. Tillagan var síðan endurflutt ári síðar og þá undir þessu ágæta nafni, sem þá var komið fram, þ.e. að stofnunin skyldi taka nafn sitt eftir hinum merka landkönnuði Vilhjálmi Stefánssyni. Það kann að hafa átt einhvern þátt í því að tillagan fékk aukinn byr í seglin og var samþykkt rétt fyrir þinglok á útmánuðum árið 1995, skömmu fyrir þingkosningar. Síðan hefur málinu miðað þannig að hér er komið frv. að lögum fyrir stofnunina og samvinnunefnd um málefni norðurslóða. Jafnframt hafa fjármunir verið teknir til hliðar í því skyni að hefja starfsemina. Þessu öllu vil ég sérstaklega fagna og ítreka að ég bind vonir við að málið hljóti að fá góða afgreiðslu áður en þingið lýkur störfum í vor.

Í þriðja lagi nefni ég að mér er það að sjálfsögðu fagnaðarefni og tel vel ráðið að staðsetja stofnunina á Akureyri og nota uppbyggingu hennar ásamt fleiru til að efla þá starfsemi sem þar er að dafna. Ekki síst í Háskólanum á Akureyri og tengdum stofnunum á þessu sviði öllu sem snýr að líffræði, náttúrufræði og raunvísindum. Ég skýt því að í leiðinni að ég get vel tekið undir hugleiðingar hv. þm. Tómasar Inga Olrich áðan um að stofnunin þarf að sjálfsögðu að hafa svigrúm til að sinna, eftir því sem verkefni hennar tengist, rannsóknum á öðrum sviðum vísinda í nágrenninu, ef svo má að orði komast, enda mörkin oft á tíðum óljós á milli til að mynda líffræði, landafræði, félags-, mannvísinda- og samfélagsfræði og skyldra greina.

Herra forseti. Í fjórða lagi er stofnun ekki fyrst og fremst nafn og enn síður steinsteypa heldur það fólk sem þar velst til starfa og það mun sannast ekki síður hér en endranær

að afar mikið ríður á að fá hæft fólk til starfa, ekki síst á uppbyggingarstigi starfsemi af þessu tagi. Það fer mjög vel á því, þó fyrr hefði verið, að við Íslendingar komum þessum málum betur fyrir í okkar stjórnkerfi og leggjum þeim aukið fé, öllu sem snýr að lífríki norðurslóðanna og búsetu mannsins við okkar aðstæður. Það fellur líka vel saman við það að þessir þættir eru að fá aukið pólitískt vægi í gegnum samstarf þjóða sem liggja að heimskautasvæðunum og nefni ég þar sérstaklega, eins og hæstv. ráðherra reyndar gerði, stofnun Heimskautaráðsins sem tvímælalaust er mikið innlegg í allt starf sem að því lýtur. Það er því mjög tímabært að við komum þessum málum fyrir hjá okkur og leggjum aukið fé í að sinna rannsóknum gagnvart öllu því sem að búsetu okkar í hinu viðkvæma lífríki lýtur. Ekki síður til að búa okkur undir framtíðina og þau fjölmörgu og stóru verkefni sem þar blasa við gagnvart búsetu mannsins í því umhverfi til framtíðar litið og í tengslum við og með vísan til þeirra fjölmörgu og stóru umhverfisvandamála sem að okkur steðja og koma til með að verða afdrifarík, ekki síst á þessum slóðum og kannski enn þá frekar en víða annars staðar.

Herra forseti. Ég lýsi sérstakri ánægju minni með framlagningu þessa máls.

[16:58]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég fagna alveg sérstaklega að þetta mál er hér komið fram. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að flytja málið. Það er eitt sem ég vil nefna strax í upphafi og það er að þetta frv. sker sig frá að því leyti að það er skrifað á óvanalega ríku og góðu máli. Það er unaður að lesa það. Ég veit ekki hver hefur skrifað greinargerðina, væntanlega hefur hæstv. ráðherra komið að henni síðastur manna en hann og nefndin og ráðuneytið eiga þökk skilið fyrir að skila svona góðu þingmáli. Það er auðvitað ekki hægt að ræða þetta mál öðruvísi en að þakka líka, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gerði rækilega, það frumkvæði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sýndi í málinu. Hann flutti málið upphaflega þannig að eftir því var tekið. Í seinni búningi frv. þegar það var orðið að frv. til laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þá var sýnt á árinu 1994 að þingheimur vildi mjög gjarnan fá þessa stofnun. Og ég vænti þess að menn í hv. umhvn. þingsins gefi sér tíma til þess að fjalla um þetta frv. og samþykkja það á þessu þingi. Ég segi það fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna að við munum sannarlega leggja á okkur það sem þarf til þess. Ég verð reyndar að segja líka, herra forseti, að ég held að það þurfi ekki að kafa djúpt í þetta frv. Það er það vel úr garði gert að það ætti að vera hægt að samþykkja það lítt breytt.

Tilgangur stofnunarinnar eins og fram hefur komið er að efla samstarf um rannsóknir á norðurslóðum og það er auðvitað vel. Eins og frv. ber með sér er gert ráð fyrir því að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar verði í upphafi tiltölulega lítil og verkefni sem henni verði falin eru ekki mjög viðamikil. En ég fagna því að hæstv. umhvrh. sagði að hann stefndi að því að fela henni aukin verkefni í framtíðinni og ég vona að þeim vilja verði fylgt eftir með því að útvega aukið fjármagn til stofnunarinnar. Í upphafi er gert ráð fyrir því að tveir háskólamenntaðir sérfræðingar, þar af annar forstjóri, starfi innan vébanda stofnunarinnar. Hún á að samhæfa yfirlit um þær rannsóknir innlendar sem fara fram á ýmsum þeim þáttum sem tengjast málefnum norðurhjarans, ekki hvað síst rannsóknum á lífríki og rannsóknum á mengun, en jafnframt á hún að reyna að auka samstarf með innlendum og erlendum vísindamönnum.

Eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich benti á er öll áhersla frv. á hinu náttúrufræðilega sviði. Ég mótmæli því að sjálfsögðu ekki, herra forseti, ég er því hlynntur. En ég tel samt sem áður með vísan til þess manns sem stofnunin er kennd við að það hafi e.t.v. gleymst að íhuga einn þátt sem þessi stofnun þyrfti að taka til skoðunar og það eru rannsóknir sagnfræðilegs eðlis. Ég held að það væri vel við hæfi að ýmiss konar rannsóknir sem vantar á sögu Íslendinga færu fram undir forustu þessarar stofnunar. Ég nefni sérstaklega, herra forseti, að Ísland hefur þá sérstöðu í hinum byggilega heimi að við búum við þann vágest sem hafísinn er og hefur frá aldaöðli komið hingað og verið vágestur mikill. Hann hefur fært með sér hættur og ógnir. En Íslendingar hafa lært að lifa með honum. Hafísinn er þáttur af okkar sögu og það vantar rannsóknir á því hvernig Íslendingar hafa lifað í gegnum sögu sína í nábýli við þennan forna fjanda landsins.

Árið 1968 var haldin ráðstefna um hafísinn. Þar flutti m.a. Þórhallur Vilmundarson gagnmerkt erindi og benti á að árið 1968 ættu Íslendingar eftir að skrifa árferðissögu sína, skrifa sögu veðurfars Íslands frá því að landið byggðist. Það er að vísu svo að Þorvaldur Thoroddsen tók það saman og gerði ágæt skil í bók sem hann skrifaði fyrir tæpri öld og þó að hún væri á þriðja hundrað síður þá kallaði hann bókina *sjálfur safndyngju. Þar tók hann til allar þær heimildir sem* hann hafði aðgang að um árferði á Íslandi. En það á eftir að beita heimildir sem fyrir liggja gagnrýnum vinnubrögðum og taka inn í ýmsar aðrar upplýsingar sem fram hafa komið. Ég nefni sérstaklega þær merku upplýsingar sem liggja nú fyrir í kjölfar rannsókna á borkjörnum úr Grænlandsjökli sem segja okkur mjög mikið um árferðissögu Íslands. Þarna finnst mér að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar gæti haft visst frumkvæði í framtíðinni. Ég held líka að það væri hægt af hennar hálfu að leita til ungra fræðimanna, námsmanna við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sem eru að ljúka sínum lokaverkefnum t.d. á sviði sagnfræði, fornleifafræði eða mannfræði og reyna að örva þá til þess að taka sem lokaverkefni ýmiss konar verk á sviði sögu okkar sem tengjast verksviði þessarar stofnunar sem við erum að ræða hérna. Ég held að það gæti orðið mikilvægt framlag. Nú hefur engin sérstök stofnun hag af því að hvetja til slíkra rannsókna en ég hygg að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar gæti og ætti auðvitað að verða það tæki sem dugar til slíks.

Ég minni líka á það, herra forseti, að nú nálgast árið 2000. Á þeim tímamótum er ekkert vafamál að menn munu í ríkari mæli taka upp og minnast landafundanna sem Íslendingar stóðu fyrir í kringum árið 1000. Það fer tiltölulega hljótt hversu mikið hlutverk Íslendingar, bæði búsettir hér á landi og á Grænlandi, áttu í því að finna nýja heiminn svokallaða. Það var hlutskipti Norðmanna, manna á borð við Helge Ingstad sem nú er enn á lífi 97 ára gamall í Noregi, að sýna fram á sannleiksgildi þeirra staðhæfinga sem koma fram í Íslendingasögunum um þessar ferðir Íslendinga. Það var *hann og Norðmenn sem fyrst og fremst sinntu rannsóknum á* mannvistarleifum á Nýfundnalandi sem augljóslega voru frá tímum vesturferða Íslendinganna. Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem þjóð að taka þetta upp, rifja upp þessi gömlu minni og sýna fram á hvers við vorum megnug á þessum árdögum Íslandsbyggðar.

Ég nefni þetta hér ekki síst í tilefni af orðum hv. þm. Tómasar Inga Olrich sem sagði að æskilegt væri að þessi

stofnun reyndi með einhverjum hætti að samhæfa vinnu á öðrum sviðum, skyldum þessum en sem koma þó ekki fyrir í greinargerðinni. Hann nefndi mannfræði og fornleifafræði. Ég vil bæta við sagnfræði og sérstaklega tel ég, herra forseti, að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar ætti í framtíðinni að hasla sér völl á þeim sviðum sagnfræðinnar sem tengjast árferðissögu og sögu landafundanna sem íslenskir landnámsmenn stóðu fyrir fyrir réttum þúsund árum.

[17:06]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég fagna þeim áhuga sem hæstv. umhvrh. og hæstv. ríkisstjórn sýnir málefnum norðurslóða og umhverfisrannsóknum á norðurslóðum og minningu mannfræðingsins og landkönnuðarins Vilhjálms Stefánssonar með flutningi þessa frv. Ég ætla hins vegar að leyfa mér að efast um að sá farvegur sem hér er fundinn, að setja á fót nýja stofnun, sé sá besti fyrir málefnið sem hugsast getur því staðreyndin er nefnilega sú að íslenskar rannsóknastofnanir eru of smáar og miðað við þá fjármuni sem við setjum til rannsókna og fyrirsjáanlegt er að við setjum í rannsóknir á næstu árum, jafnvel þótt ýtrustu bjartsýni sé gætt, þá eru þær of margar. Verkefnið er því miklu frekar að sameina og stækka og styrkja núverandi rannsóknastofnanir sem við höfum á þessu sviði sem og öðrum sviðum rannsókna.

Ég fagna því hins vegar að í frv. er gert ráð fyrir því að um sé að ræða samstarfsvettvang ýmissa aðila sem stunda rannsóknir á þessu sviði. Ég minni í því samhengi á að þáltill. gekk ekki einungis út á það að stofna Stofnun Vilhjálms Stefánssonar heldur jafnframt gæti verið um að ræða miðstöð Vilhjálms Stefánssonar. Ég leyfi mér hins vegar að ganga út frá því, m.a. vegna orða hv. þm. Tómasar Inga Olrich, að fræðasvið það sem hér er um að ræða spanni allt fræðasvið Vilhjáms Stefánssonar, þ.e. að það taki ekki einungis til umhverfisrannsókna og náttúrufræðirannsókna heldur einnig til mannfræði og landafræði, en það voru einmitt þau svið sem Vilhjálmur Stefánsson rannsakaði sérstaklega. En á ferðum sínum var hann auðvitað með fylgdarmenn með sér sem rannsökuðu náttúrufræðina. Og í því samhengi þá tel ég sjálfsagt að fræðasviðið spanni það sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson nefndi og sem ég mundi vilja kalla náttúrusögu og mundi þá spanna sögu hafíss við strendur Íslands og viðbrögð íbúa landsins við þessum forna fjanda.

Ég er einnig mjög ánægður með að það skuli vera tekið upp í þessu frv. að kenna starfsemina eða stofnunina við virtan vísindamann eins og Vilhjálm Stefánsson og tel ég að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson eigi hrós skilið fyrir þá hugmynd. Ég tel reyndar að við mættum útfæra þá hugmynd enn frekar og nefna þær stofnanir sem við rekum á þessu sviði í höfuðið á okkar frægustu vísindamönnum eins og Bjarna Sæmundssyni, Árna Friðrikssyni, Þorvaldi Thoroddsen, Benedikt Gröndal og Birni Sigurðssyni. Tel ég að vel færi á því að þetta frv. væri upphafið að slíkri nafnahefð á rannsóknastofnanir okkar Íslendinga.

[17:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. og ríkisstjórn fyrir að leggja fram þetta frv. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Það er ánægjuefni að þetta mál skuli vera komið í þennan búning sem það hér liggur fyrir, í búning sem mér sýnist að sé í öllum aðalatriðum prýðilega sniðinn að þeim hugmyndum sem lágu til grundvallar þegar um þetta mál var fjallað á undirbúningsstigi á Alþingi og samþykkt var þáltill. um þetta efni.

Það má vissulega lengi bæta og væntanlega verður svo með þessa stofnun eins og aðrar góðar stofnanir að hún á eftir að taka breytingum, vaxa og dafna og þróast. Ég óttast ekki að það verði skortur á viðfangsefnum eins og raunar má þegar heyra í umræðum um frv. þar sem nokkrir hv. þm. hafa bent á að jafnvel þurfi að leita víðar heldur en fjallað er um og beinar tillögur eru gerðar um. Ég sé þó ekki að í frv. séu neinar takmarkanir settar þannig að þetta ætti að gera farið prýðilega saman, þ.e. þær ábendingar sem hér er vitnað til og sá möguleiki sem væntanleg lög festa, að hægt sé að þróa þessa stofnun og hún geti bætt við sig þáttum eftir því sem ástæða virðist til.

Það var mikið ánægjuefni þegar um það tókst samstaða bæði í umhvn. þingsins veturinn 1994–1995 og í þinginu sjálfu að afgreiða mál rétt fyrir lok fyrra kjörtímabils. Og á morgun eru tvö ár liðin frá því að samþykktin var gerð, þáltill. var samþykkt hér á Alþingi um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Hún var samþykkt 25. febrúar 1995. Við stöndum því hér nánast á afmælisári, tveggja ára afmæli þessarar samþykktar þingsins sem er að renna upp á morgun. Og fyrir mig, sem átti hlut að því að færa þetta mál inn í þingið er það auðvitað mjög mikið ánægjuefni að þessi hugmynd skyldi fá þá vængi sem hafa borið málið þetta langt, og eins og hæstv. ráðherra nefndi, í rauninni flogið á móti straumi tímans að vissu leyti, þ.e. að það er ekki mikið um það að menn efni til nýrra þátta í starfsemi hins opinbera nú um stundir. Mér finnst að það sanni okkur að hér sé á ferðinni góð hugmynd sem verðskuldi brautargengi og eigi eftir að verða Íslandi og norðurslóðum og því samstarfi sem á sér stað um norðurslóðir, til framdráttar og vegsauka þegar tímar líða fram.

Ég hlýt að minnast þess að hugmyndin um þessa stofnun eða þörfina á að við Íslendingar næðum að samræma okkar málefni að því er varðar norðurslóðir varð til í ferðalagi til Svalbarða sem ég var þátttakandi í. Þangað er eftir gamalli sögn fjögurra dægra sigling frá Íslandi sem er nú vel í lagt, í fornum sögum. Þetta var mjög eftirminnilegt ferðalag sem ég fór í með efnahagsnefnd Norðurlandaráðs í júní 1993 og komst þá norðar en ég hef stigið fæti fyrr og síðar, norður á 79° norðurbreiddar, í einmitt alþjóðlega rannsóknastöð sem rekin er af Norsk Polarinstitutt með þátttöku fjölmargra annarra rannsóknastofnana í Nýja-Álasundi á Svalbarða. Það má segja að kynnin af þeirri starfsemi sem þar fór fram hafi leitt hugann að þörfinni fyrir að við Íslendingar mörkuðum okkur skýrari stefnu í sambandi við norðurmálefni og rannsóknir á því sviði. Auk þess hafði ég kynnt mér þá þegar nokkuð málefni Norsk Polarinstitutt og gerði það þá enn frekar.

Það var vissulega með hálfum huga en þó nokkurri bjartsýni að ég fór norður til Akureyrar rétt fyrir jólin 1993 til að ræða þessa hugmynd við heimamenn, talsmenn Háskólans á Akureyri og fleiri, sem settust niður í morgunsár til að fara yfir málið áður en það var flutt inn í þingið. Ég fann að það var mikill hljómgrunnur fyrir þessu verkefni þar norður frá sem var alveg nýtt fyrir mönnum að heyra um. Mér fannst það þá þegar nokkuð sjálfsagt að velja svona stofnun stað nálægt Dumbshafinu, einmitt á Akureyri, í því umhverfi sem rannsóknir og rannsóknastofnanir eru að fá aukinn sess og þar sem er að skapast umhverfi sem sé fært um að taka við verkefni sem þessu og tengja eðlilega inn í fjölþætta starfsemi rannsókna og rannsóknaumhverfis.

Allt gekk þetta má segja ótrúlega vel, þ.e. að fá stuðning við málið og þegar það var flutt öðru sinni eins og hér hefur komið fram þá stóðu að tillögunni þingmenn, má ég fullyrða, úr öllum þingflokkum sem fluttu málið. Ég sé raunar ástæðu til að nefna þá hv. þm. sem stóðu að þáltill. eins og hún var síðan samþykkt í aðalatriðum á þeim grundvelli en það voru auk þess sem hér talar hv. þm. Sturla Böðvarsson, Kristín Einarsdóttir, Halldór Ásgrímsson og Sigbjörn Gunnarsson, fulltrúar allra þingflokka sem þá voru á Alþingi. Og vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs áðan þá vil ég leyfa mér að vísa til þess sem fram kemur í grg. með þessari þáltill. þar sem segir eftir að búið er að fara yfir verkefni stofnunarinnar og þátttöku hennar í fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum og leiðöngrum, með leyfi forseta:

„Hafa ber í huga að þótt náttúrufræðisvið séu óhjákvæmilega fyrirferðarmikil í heimskautarannsóknum taka þær nú orðið til flestra fræðasviða, m.a. mannfræði og félagsfræði, heilbrigðisfræða og lífeðlisfræði, fornminja og tæknigreina."

Nánar er síðan að þessu vikið annars staðar í þessari þáltill. þannig að þá þegar var hugsað til þess að það væri veruleg fræðileg breidd í starfi þessarar stofnunar.

En eins og hér hefur komið fram, og sem má vera öllum þeim sem hafa kannski efasemdir um svona nýbreytni og svona starfsemi til uppörvunar, svo ég segi ekki huggunar, er sá þáttur frv. sem snýr að samstarfi þeirra mörgu aðila sem nú þegar vinna að málum sem varða norðrið, þ.e. sú samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem skipa á til fjögurra ára og sem í eiga sæti aðilar tilnefndir af stofnunum og samtökum sem hafa með höndum verkefni er tengjast norðurslóðarannsóknum. Það var einmitt þegar í upphafi ætlunin að þessi stofnun yrði sameinandi fyrir þessa aðila og gæti myndað glugga og varpað boðum út á við til umheimsins um það að við Íslendingar værum að sinna af fullri alvöru verkefnum sem tengjast norðurslóðum.

Á þessu tímabili og undanförnum árum hefur mikið verið að gerast í þessum efnum eins og hæstv. ráðherra m.a. kom að í sínu máli. Það síðasta er hið pólitíska samstarf þeirra þjóðríkja sem liggja að norðurheimskautinu og hafa nú ákveðið að mynda hið svokallaða Norðurskautsráð eða Arctic Council sem samstarfsvettvang ríkisstjórna á þessu svæði. Áður var komið til samstarf um umhverfismálefni sem Norðurlöndin áttu ríkan þátt í að móta og sem hefur þegar skilað allverulegu verki undir merkjum AMAP-verkefnisins.

Það verður að geta þess að liður í því að bera þetta mál uppi og hugmyndina um það var vissulega sú hugsun að kenna stofnunina við heimskautafrömuðinn Vilhjálm Stefánsson. Sú hugmynd kom inn í umræður um þessi mál á mótunarskeiði og ég vil ekki fullyrða að ég eigi hugmyndina sem slíka en ég bar hana fram inn í frv. því mér fannst hún strax vænleg til þess að lyfta þessu máli og tengja það eðlilega við nafn Vilhjálms Stefánssonar sem getið var að verðleikum í grg. með upphaflegu tillögunni.

Síðan gerðist það, sem einnig átti eftir að hjálpa til við þetta mál, að ekkja Vilhjálms Stefánssonar heimsækir Ísland, raunar eftir að landsmenn höfðu kynnst henni í gegnum frábæran sjónvarpsþátt sem sýndur var í íslenska sjónvarpinu og unninn var af Íslendingi sem lagði mikið af mörkum í sambandi við þessa hugmynd, kynningu á henni og átti hlut í að gefa út bók um ævi Vilhjálms Stefánssonar. Hér á ég við Hans Kristján Árnason sem átti þetta viðtal við Evelyn Stefánsson Nef eins og hún heitir, ekkja Vilhjálms sem enn er á lífi og heimsótti Ísland í boði forseta Íslands vorið 1995 rétt eftir að Alþingi hafði samþykkt þál. um þessa stofnun. Meðal þeirra sem tóku á móti henni fyrir utan forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttur, var forsrh. sem tók á móti henni á Þingvöllum og sýndi þessu máli þá þegar mikinn áhuga eins og forseti lýðveldisins einnig gerði. Þannig lagðist margt á sveif með þessu máli, að lyfta því og gefa því þann byr sem nægði til þess að það er hingað komið.

Ég hlýt líka í þessu sambandi að geta um sérstakan skilning og hvatningu sem komið hefur frá þeim öfluga fjölmiðli Morgunblaðinu í sambandi við þetta mál. En ritstjórn þess hefur ítrekað vakið athygli á gildi þessa máls, á þýðingu stofnunar sem ber heiti Vilhjálms Stefánssonar og hlýtur að rækta arfinn hans og átti það auðvitað góðan hlut í því að veita málinu það brautargengi sem nægði til að við höfum hér í höndum stjfrv. um málið sem væntanlega fær greiða afgreiðslu þingsins og þeirrar þingnefndar sem til að byrja með fær málið til meðferðar.

Það væri, virðulegur forseti, hægt að staldra lengi við einstaka þætti þessa máls. Ég ætla ekki að taka mikinn tíma til viðbótar þar að lútandi. Ég vil aðeins ítreka gildi norðurrannsókna fyrir okkur Íslendinga.

Við búum á mörkum kaldtempraðra svæða og heimskautabeltisins. Láglendið á Íslandi getur talist til hins fyrra en hálendi og fjöll hafa einkenni hins síðara eins og við þekkjum. Svipuðu máli gegnir um mót hafstrauma við landið. Af þessum ástæðum er það ekki aðeins einboðið heldur beinlínis lífsnauðsyn fyrir Íslendinga að kunna góð skil á náttúru landsins og þeim kröftum úr norðri sem ráða svo miklu um svipmót þess, lífsskilyrði á láði og legi og þar með afkomu þjóðarinnar.

Ég ítreka stuðning minn við þetta frv. og hef ekki við það athugasemdir en ef eitthvað er þá kæmi það fram í þingnefnd sem fær málið til umfjöllunar. Tengslin við fyrri umfjöllun málsins í þeirri nefnd mun væntanlega greiða fyrir meðferð málsins og ég er sannfærður um að við stöndum í þeim sporum að geta afgreitt það fyrir lok þessa þings. Það er ástæða til að hraða afgreiðslu málsins, m.a. vegna þeirra samvinnutilboða sem borist hafa vestan um haf í tengslum við verkefni á vegum þessarar stofnunar, en þar á ég við það margmiðlunarverkefni tengt lífi og starfi Vilhjálms Stefánssonar sem hefur verið í undirbúningi á vegum Dartmont College og sem þörf er á að taka undir og tengjast. Í því sambandi má ekki verða langur dráttur vegna þess að það verkefni er u.þ.b. að hefjast. Þetta er mjög fróðlegt verkefni sem þarlendir leggja til fjármuni og bjóða fram krafta um það og gæti orðið til að festa í sessi tengsl vestur á bóginn sem ættu að teljast sjálfsögð í þessu máli. En við Dartmont College er hið dýrmæta bókasafn Vilhjálms Stefánssonar og hluti af þeim háskóla sem þar starfar. Þetta með öðru ætti að verða til að brýna okkur að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrr en seinna.

[17:27]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í þessari umræðu fyrir þeirra viðhorf til málsins og jákvæða umræðu um frv. sem hér liggur fyrir og um það efni sem þar er fjallað um og aðdraganda þess. Ég hefði auðvitað átt að geta þess, og geri það þó seint sé en hefði mátt gera það í framsöguræðu minni með frv., að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir hans frumkvæði í málinu. Eins og fram hefur komið hjá fleiri hv. þm. var hann 1. flm. að málinu þegar það kom hér inn í fyrsta skipti og síðan aftur í þeim

búningi sem það var svo endanlega flutt og samþykkt. Hann á því heiður skilinn fyrir það og þakkir fyrir frumkvæði að málinu. Ég tel að hér sé um afar áhugavert verkefni að ræða og vildi þess vegna reyna að leggja því lið að það yrði fljótt reynt að vinna úr þál. eins og hún var endanlega samþykkt, en sú kvöð eða skylda hvíldi auðvitað á umhvrh. Það má sjálfsagt segja að sum þingmál, eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, hafa nú átt lengri meðgöngutíma en það sem hér er til umfjöllunar og eftir undirtektum hér í umræðum þá á ég ekki von á öðru en að það fái framgang.

Aðeins út af umræðum um það að verkefnin séu fjölmörg og það megi kannski ekki skilgreina starf stofnunarinnar of þröngt. Það kom fram hjá flestum þingmönnum sem tóku þátt í umræðunni, að ljóst er að í 2. gr. frv., þar sem fjallað er um markmið stofnunarinnar eða verkefnin sem stofnunin skal fást við, er um mjög víða skilgreiningu að ræða. Í fyrsta lagi er talað almennt um upplýsingar, þ.e. að safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða. Það er nú alveg nánast án takmarkana ef maður tekur bara fyrsta lið 2. gr. frv. Síðan er talað um að miðla fræðslu þessara svæða, norðurslóðanna, til skóla og almennings. Að vísu er hér talað um að veita stjórnvöldum ráðgjöf, einkum um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun, en það er þó ekki bundið við það. Þá er síðast en ekki síst talað um að stofnunin geti síðan sinnt öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra sem þá væntanlega koma upp í starfi stofnunarinnar og hjá bæði samvinnunefndinni og stjórn stofnunarinnar og þaðan að sjálfsögðu til ráðherra. Ég sé ekki annað en að það eigi að vera allir möguleikar á því að þróa þessa stofnun á þann veg að menn geti verið sáttir og telji að hún sé að sinna öllum þeim verkefnum sem henni ber að fjalla um.

Út af því sem kom fram hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen um að það eigi ekki að dreifa kröftum og fjármunum þá vil ég auðvitað undirstrika það sem kom fram í framsöguræðu minni og er að finna í greinargerð frv., að henni er ekki ætlað að taka að sér verkefni sem aðrar stofnanir hafa. Henni er þess vegna ekki ætlað að vera stór stofnun sem sinni rannsóknum með rannsóknastofu og öðrum þeim þáttum heldur er þetta samstarfsvettvangur fyrir aðrar stofnanir. Ég undirstrika það. Ég ætla þó ekki að velta vöngum frekar yfir því hvernig stofnunin kann að þróast til lengri tíma litið. Eins og ég nefndi í framsöguræðu minni þá held ég að það sé ekki vafi á því að þau málefni sem hér er verið að fjalla um eru málefni sem munu taka meira rúm á vegum stjórnvalda á komandi árum og þess vegna er ekki hægt að segja nákvæmlega til um það. En ég undirstrika að verkefni stofnunarinnar eins og hún er kynnt og eru samstarfsverkefni margra annarra stofnana og koma þær áherslur kannski nokkuð fram í því hvernig samvinnunefndin um málefni norðurslóða er samsett. Það er líka rétt að vekja athygli á að það er ekki bundið nákvæmlega í lögunum hverjir séu tilnefningaraðilar í þessa stofnun þannig að það getur líka verið svigrúm í því og breytilegt ef mönnum þykir svo við horfa. Samvinnunefndin er skipuð til fjögurra ára í senn þannig að hægt er að breyta áherslum með því að skipta um stofnanir eða fjölga eða koma inn þeim viðhorfum sem menn telja að eigi nauðsynlega að koma fram í þessu starfi öllu og hafa á þann hátt áhrif á þau verkefni sem stofnunin er að fjalla um.

Ég vil að lokum segja að auðvitað hlýt ég að fagna þeirri afstöðu sem tekin var strax í upphafi að stofnunin skyldi starfrækt á Akureyri og þannig er frv. auðvitað sett upp í samræmi við ályktun þingsins og vilja. Ég held að það sé gott staðarval eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson kom inn á í ræðu sinni áðan. Það styrkir uppbyggingu annarra rannsóknastofnana sem þar eru að hasla sér völl og styrkjast, bæði í tengslum við Háskólann á Akureyri og þær stofnanir aðrar sem hafa annaðhvort verið að reisa þar útibú eða vinna þar með einum eða öðrum hætti, og líka að undirstrika að á vegum umhvrn. er að styrkjast verulega ýmiss konar starfsemi á Akureyri á þessu sviði. Þar er öflugt setur, annað af tveimur setrum Náttúrufræðistofnunar Íslands starfar á Akureyri, og það eru í gangi umræður um samstarf þess seturs og þar með Náttúrufræðistofnunar Íslands og Akureyrarbæjar um rekstur náttúrugripasafns á Akureyri. Það hygg ég að festi enn frekar í sessi þessa starfsemi alla. Þar er veiðistjóri nú með aðsetur sitt og síðan höfum við þar þessa alþjóðlegu stofnun sem við höfum tekið að okkur um sinn, þótt við vitum ekki enn um sinn nákvæmlega hvert framhaldið verður á því, þessi stofnun sem gengur undir skammstöfuninni CAFF, Conservation of Arctic Flora and Fauna, og er hluti af þessu Rovaniemi-samstarfi sem ég greindi frá í framsöguræðu og ætla ekki að eyða frekari orðum í. En það sýnir að þarna er að styrkjast starfsemi á vegum umhvrn. eða stofnana sem undir það heyra og það er sjálfsagt eins og ég gat um í lok framsöguræðu minnar áðan að skoða það líka í samhengi hvernig þessar stofnanir allar geta með sem best unnið saman.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar fyrir hversu góðar undirtektir þetta frv. hefur fengið hér í umræðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Frv. GMS, 266. mál (veiðar jarðeiganda). — Þskj. 518.

[17:35]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir gengur út á að jarðeigendum og ábúendum sé heimilt að stunda veiðar á villtum dýrum á jörðum sínum án þess að þurfa að greiða skatt til ríkissjóðs í formi veiðikorts. Með lögum nr. 64/1994 var jarðeigendum gert að greiða ríkissjóði gjald fyrir að fá að nýta rétt sinn til veiði á eigin landi sem fylgt hefur landeigendum og ábúendum jarða um árhundruð. Mál þetta snýst í reynd um eignarréttinn en hann er friðhelgur samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Með lögum um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum var gjaldtaka fyrir veiðikort gerð að forsendu fyrir því að ábúendum sé heimilt að nýta það land til veiða sem fylgt hefur eignarrétti eða ábúð hingað til. Það er mat margra að með slíkri gjaldtöku sé höggvið nærri friðhelgi eignarréttarins, enda hefð fyrir því frá því að land byggðist, og reyndar allt frá búsetu okkar Íslendinga í Noregi löngu fyrir landnám Íslands, að ábúandi geti haft þau hlunnindi af jörðum sínum sem þar er að finna án þess að gjald komi fyrir í ríkissjóð. Jarðeiganda sem ekki getur fellt sig við að standa skil á slíku gjaldi fyrir að stunda veiðar sem hann hefur áður gert óhindrað er nú meinað með lögum að nytja eigið land. Með skyldu landeigenda til að greiða ríkissjóði gjald

fyrir veiðileyfi er hið opinbera að seilast í eignarréttinn. Og þótt ég sé ekki nægilega lögfróður til að fullyrða að þessi ákvæði laga, nr. 64/1994, séu brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar, er engu að síður ljóst að hið opinbera er með gjaldtökunni að seilast verulega langt inn í eignarréttinn. Hvort sem gjaldtakan brýtur í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eða ekki ætti það að vera ljóst öllum þeim sem á annað borð vilja virða eignarréttinn að það er ekki sanngirni fólgin í því að taka gjald fyrir afnot jarðeigenda af þeim nytjum sem land hans gefur af sér með þeim hætti sem nú er gert, þ.e. að banna viðkomandi veiði að viðlagðri refsiábyrgð nema gjald sé greitt fyrir í ríkissjóð.

Dæmi eru um það frá frumstæðum ríkjum heims að reynt hafi verið að nota fjölda plantna á einkalandi sem gjaldstofn fyrir skattheimtu. Slík skattheimta þótt frumstæð sé stangast ekki á við eignarréttinn eins og veiðikortin gera. Búskmenn mæla einungis afgjaldsverðmæti landsins til skattheimtu þannig og ekkert samhengi er milli þess hvort eða hvernig landeigandi kýs að nýta landareign sína. Með lögunum um veiðikort er landeiganda hins vegar meinað að nýta sér landsins gagn nema gjald komi fyrir en segja má að þessi háttur jaðri við eignaupptöku eða fjárkúgun af hálfu ríkisvaldsins, vilji menn fara vægar í sakirnar en að tala um eignaupptöku.

Ljóst er að hvorugt er til fyrirmyndar í ríki sem telur sig halda lýðræðisheiðir. Ísland mun reyndar ekki eina ríkið sem tekið hefur upp gjaldtöku fyrir veiðkort því sams konar lög er að finna í Noregi. Séu norsku lögin skoðuð grannt má ljóst vera að þau eru fyrirmynd villidýralaganna svonefndu. Þykir mér heldur aumt af íslensku ráðuneyti að semja frumvarp með því að þýða erlenda löggjöf eins og mér sýnist að gert hafi verið, að minnsta kosti verður ekki talin felast mikil hugmyndaauðgi í slíkri vinnu.

Ég hef orðið var við það í spjalli mínu við ýmsa hv. þm. að þótt þeir telji sig í eðli sínu vilja standa vörð um eignarréttinn þá velta þeir því fyrir sér hvort jarðeigendur muni skila inn veiðiskýrslum ef þeir þurfa ekki að gera það um leið og sótt er um veiðikort. Slíkt er í sjálfu sér afar léttvæg rök og í reynd fásinna að bera þau fyrir sig til réttlætingar því að seilast inn á friðhelgi eignarréttar einstaklingsins. Verði frv. þetta að lögum er þeim aðilum sem undanþegnir verða greiðslum fyrir veiðikort samt sem áður gert að skila veiðistjóra skýrslu um veiðar hvers árs. Veiðistjóri missir að vísu þann rétt að neita landeiganda eða ábúanda að stunda veiðar skili viðkomandi ekki veiðiskýrslu. Engu að síður hvílir áfram sú lagaskylda á þessum aðilum að skila árlega veiðiskýrslu þótt framkvæmdin verði önnur en verið hefur.

Hvað sem framkvæmdinni líður ætti alþingismönnum öðrum fremur að vera ljóst að vandamál í framkvæmd löggjafar mega ekki verða til þess að friðhelgi eignarréttarins sé skert. Reyndar tel ég ástæðulaust að hafa áhyggjur af þessu atriði því það vita allir sem vilja vita að þeir veiðimenn eru fáir sem fylla út skýrslur um veiði eftir hverja veiðiferð. Í langflestum tilvikum hygg ég að menn setjist niður þegar sækja á um nýtt veiðikort og skrifi, eftir besta minni að sjálfsögðu, það sem skráð er í veiðiskýrsluna um veiði liðins árs. Ekki lái ég veiðimönnum þetta. Það er miklu þægilegra að búa skýrsluna þannig til einu sinni á ári. Ég held að skotveiðimenn séu ekkert frábrugðnir laxveiðimönnum í frásagnargleði. Með öðrum orðum er ég að segja að þær veiðiskýrslur sem menn eru að senda til veiðistjóraembættisins séu í ætt við ævintýri Münchhausens. Ég vona að ég sé ekki að koma veiðimönnum í bobba með þessum upplýstrunum eða að orð mín verði til að sama „hysterian" grípi um sig í Stjórnarráðinu og gerðist með ökurita á dísilbíla á síðasta ári, þegar brýn nauðsyn var talin til að gera ökumönnum að færa allan akstur í bækur sínar daglega og kvitta fyrir áður en þeir færu með bænir að kvöldi.

Herra forseti. Það kemur nokkuð á óvart þegar skoðaðar eru þær umræður sem fram fóru um villidýrafrv. þegar það var til umræðu í þinginu að mér virðist sem einungis tveir hv. þm., þeir hv. þm. Árni M. Mathiesen og Steingrímur J. Sigfússon, hafi vikið orðum að því að ákvæðin um veiðikort kynnu að skarast við hefðbundinn rétt landeigenda til að stunda veiðar. Hefði ég þó haldið að a.m.k. í Framsfl. og í hluta Sjálfstfl. fyndust enn fyrir þingmenn sem vildu standa vörð um eignarréttinn og stemma stigu við eilífri afskiptasemi og ásælni ríkisvaldsins. Mér detta reyndar í hug nöfn nokkurra þingmanna Sjálfstfl. sem ég geri mér vonir um að styðji þetta frv. í ljósi þess að þeir vilji standa vörð um eignarréttinn en auðvitað verðum við að bíða endanlegrar afgreiðslu málsins til að sjá hversu margir eignarréttarmennirnir eru á þessu þingi.

Í framsögu fyrir meirihlutaáliti umhvn. við afgreiðslu villidýrafrv. í þinginu á sínum tíma kemur fram að nefndin taldi ástæðu til að taka tillit til, eins og segir, hefðbundinnar nýtingar hlunninda. Er vitnað til þess að vitað sé að Grímseyingar veiði álku, langnefju og stuttnefju í háf en um það segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ekki er lagt til að hróflað verði við slíkri hefðbundinni nýtingu."

Af þessu orðalagi má ljóst vera að vilji hefur verið fyrir því í nefndinni að virða fornar hefðir þó svo að nefndarmenn virðist ekki hafa munað eftir því að hefðbundin nýting veiðihlunninda er á margfalt fleiri sviðum en hvað varðar veiðar á álku norður í landi. Að vísu kemur einnig fram í nál. meiri hlutans að nokkur umræða hafi orðið í nefndinni um stöðu landeigenda með tilliti til veiðikorta og taldi meiri hlutinn nauðsynlegt að lögleiddar yrðu sérstakar reglur um hlunnindabændur. Niðurstaða nefndarinnar varð engu að síður sú að öllum bæri að greiða sama gjald.

Ég geri mér grein fyrir því að erfitt getur verið fyrir þá sem aldir eru upp við sömu aðstæður og stofublóm að skilja það samband sem myndast milli landeigenda og þeirrar náttúru sem landareignin býður upp á. Til að útskýra betur þetta samband veiðimanns og náttúru vil ég leyfa mér að vitna til orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hann lét falla við umræðuna um frv. á villidýralögunum sem ég kýs að kalla svo. Þingmaðurinn orðaði þetta svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar gætir sennilega uppeldis ræðumanns í einhverjum mæli því ég er nú einu sinni fæddur nánast og uppalinn við það að vera síveiðandi og skjótandi svo lengi sem ég man eiginlega eftir mér í mínum uppvexti, [og slíkt] tilheyrir enn því umhverfi sem ég er upp úr sprottinn. Það er náttúrlega erfitt að breyta þeim hugsunarhætti og innræti sem manni er þannig kennt, því lengi býr að fyrstu gerð."

Í sjálfu sér þarf ekki fleiri orð til að lýsa þessu sérstæða sambandi manns og náttúru sem þeir alast upp við sem lifa af landsins gæðum. Ég ítreka þó það sem kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að veiðilíf tilheyrir enn því umhverfi sem er til sveita, umhverfi sem við getum fundið strax hér rétt utan við höfuðborgina ef menn hafa skilningarvit sín opin fyrir því hvernig þeir lifa sem ekki sækja allar sínar bjargir í Hagkaup og Bónus.

Mannskepnan er því miður vaxin svo langt frá uppruna sínum að skilningur á lífkeðjunni er ekki lengur fyrir hendi, að ekki sé minnst á þann skort á samhengi hlutanna sem felst í því þegar atvinnumótmælendur virkja hjörð sakleysingja til að mótmæla notkun leðurs í yfirhafnir en ganga sjálfir í leðurskóm.

Stundum er sagt að ekki þýði að deila við dómarann en ég get ekki látið hjá líða í þessu sambandi, herra forseti, að gagnrýna úr þessum ræðustól sakfellisdóm sem kveðinn var nýlega upp yfir hjónum norður í landi fyrir eyðingu á ref. Hvers konar vangaveltur brjótast um í kollinum á dómara, manni sem gengið hefur í gegnum langskólanám, þegar hann sakfellir mann fyrir refadráp af því að hann notaði náttúrlegri aðferðir við drápið en skotvopn sem sama ríkisvald og greiðir dómaranum laun greiðir milljónir fyrir á hverju ári að notuð séu til eyðingar á ref? Að ekki sé nú minnst á það að eiginkona mannsins var dæmd sem vitorðsmaður þar sem skóreim sem notuð var við verknaðinn kom úr hennar skó.

Það er e.t.v. ekki nema von að hugsun, eins og í villidýralögunum svonefndu, verði til í höndunum á þeirri hjörð langskólagenginna manna sem slitnað hefur úr öllu sambandi við náttúru þessa lands. Því miður fer sá hópur háskólamanna vaxandi sem ekki hefur á lífsleiðinni tekið þátt í að skapa verðmæti en lifir þess í stað í þeirri glámsýn að Lánasjóður ísl. námsmanna og síðan ríkisvaldið eigi að sjá þeim farborða. Ég veit að í hópi þingmanna finnast enn náttúrubörn sem skilja og hafa upplifað náttúru landsins. Ég treysti á stuðning þeirra hv. þm. við þetta mál ekki síður en þeirra sem ég veit að munu styðja það út á þá trú sína að standa beri vörð um eignarréttinn og það jafnt þó bændur eigi í hlut.

Herra forseti. Til að sýna hversu rétturinn til óhindraðra veiða í náttúru landsins hefur verið samofinn í íslensku samfélagi frá örófi alda ætla ég, með leyfi forseta, að vitna til nokkurra lagaákvæða til að sýna fram á á hvern hátt löggjafinn hefur í aldanna rás tvinnað saman friðhelgi eignarréttarins og réttinn til að stunda veiðar. Ég ætla ekki að fara út í ákvæði Jónsbókar eða Grágásar, en lagaákvæði úr þessum lagabálkum eru víða enn í gildi að töluverðu leyti. Ég ætla að byrja á því, með leyfi forseta, að fara aðeins yfir veiðitilskipunina frá 1849 sem er miklu leyti enn í gildi og hana er að finna í íslenska lagasafninu. Í 1. gr. segir:

„Á Íslandi skulu héðan í frá jarðeigendur einir eiga dýraveiði nema öðruvísi sé ákveðið í tilskipun þessari. Svo skulu og veiðiítök þau, er menn hafa fengið að lögum fyrir utan landareign sína, standa óröskuð að öllu."

Í 2. gr. segir: „Á afréttum, sem fleiri eiga saman, ber veiði þeim mönnum, sem afrétt heyrir til. Á almenningum er veiði öllum mönnum jafnheimil."

Í 4. gr. segir: „Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina." Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé að endurtaka þetta: „Enginn jarðeigandi má skilja að veiðiréttinn og lóðina; því fylgir veiðirétturinn jörðum, þá er þær eru byggðar, sem notkunarréttur, er ekki verður frá lóðinni skilinn. En ábúandi má ekki heldur ljá neinum veiði þá að staðaldri án leyfis jarðeiganda, sem skal eiga kost á að ákveða allt nákvæmar í leigumálanum um veiði þá, er leiguliði fær með ábúðinni, eftir því sem þeim semur um."

Í 5. gr. segir: „Nú drepur maður dýr, eða veiðir með einhverjum hætti í annars manns landi, þar sem hann á ekki veiði, þá veiðir hann þeim, er þar á veiði, og skal hann hafa skaða sinn að öllu bættan, eftir því sem skynsamir menn meta og óvilhallir. Sá skal skaða bæta, er skaða gerði, og sektast hann þar á ofan um hálfa ríkisbankadal eða meir, allt að 10 ríkisbankadölum, eftir því sem á stendur, ..."

Í 20. gr. veiðitilskipunarinnar frá 1849 segir: „Ef maður veiðir heimildarlaust, og verður það uppvíst, þá er málið er rannsakað, að hann hafi framið nokkurn þann misverka um leið, er stórglæpasök fylgir, skal til taka veiðisektina í dómsatkvæði því, er gert er um stórglæpasökina."

Herra forseti. Mér sýnist ljóst á þessari veiðitilskipun að á Íslandi hefur löngum verið litið svo á að veiði og rétturinn til veiði verði ekki frá bændum og landeigendum tekinn. Þeirra sé rétturinn til að stunda veiði og það hafi verið litið mjög alvarlegum augum ef menn reyni að seilast inn í þann rétt.

Ég ætla að leyfa mér, herra forseti, aðeins að rifja upp 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir."

Ef við reynum aðeins að skoða, herra forseti, hugtakið almennt um eignarrétt og hvernig hefur verið litið á land með tilliti til eignarréttar, þá er um það að segja að hugtakið fasteign kemur víða fyrir í lögum þó að ekki sé að finna neina almenna skilgreiningu á því hugtaki. En ýmsir fræðimenn hafa reynt að skilgreina það og yfirleitt á svipaðan hátt eins og kemur fram í skilgreiningu Gauks Jörundssonar í riti sem hann ritar um eignarréttinn. Í því riti segir, með leyfi herra forseta að „hún [þ.e. fasteignin] sé afmarkað land ásamt eðlilegum hlutum landsins, lífrænum og ólífrænum og þeim mannvirkjum sem varanlega er við landið skeytt."

Um eignarréttindi segir: „Sameiginlegri eign og sérkennum eignarréttinda hefur verið lýst svo að aðilaskipti geti orðið að þeim og þau verði metin til fjár á peningalegan mælikvarða." Ég efast ekki um, herra forseti, að hægt sé að meta veiðirétt til fjár.

Það er vitað að áður fyrr skilgreindu fræðimenn í lögfræði beinan eignarrétt með svokölluðum jákvæðum hætti, þ.e. að þeir töldu að telja þyrfti upp þær heimildir sem um væri að ræða. Yngri fræðimenn í greininni hafa aftur á móti skilgreint eignarréttinn með svokölluðum neikvæðum hætti þannig að í honum felist réttur til hvers konar umráða og athafna yfir hlut, þ.e. menn verða að sanna að þeir geti sett takmarkanir á þennan eignarrétt til þess að honum verði raskað. Þetta er sem sagt það sem yngri menn í greininni álíta að túlkunin sé.

Því hefur verið haldið fram hins vegar að þessi neikvæða skilgreining, þ.e. að aðrir þurfi að sanna það, ef þeir ætla að sælast á eignarréttinn, að þeir hafi rétt til þess, að hún falli betur að meginreglum íslenskrar löggjafar og lagahefðar en hin jákvæða túlkun sem notuð var af fræðimönnum áður fyrr.

Sem dæmi um neikvæða skilgreiningu má nefna skilgreiningu Gauks Jörundssonar í því sama riti sem ég nefndi, áðan þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því má skilgreina eignarrétt á þá leið að hann sé einkaréttur ákveðins aðila, eigandans, til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum réttindum annarra aðila sem stofnað hefur verið til yfir hlutnum."

Gaukur Jörundsson segir einnig í þessu riti sínu að tíðkast hafi að einstakar heimildir eða þættir eignarréttar séu talin sérstök réttindi og hann nefnir í því sambandi vatnsréttindi, námuréttindi, réttindi til reka og veiðiréttindi — að veiðiréttindi séu talin sérstök réttindi innan eignarréttarins. Séu slík

réttindi skilin frá eignarrétti eiganda og fengin öðrum er um ítak að ræða og þar með óbein eignarréttindi.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1994 segir á bls. 2227 — þar er fjallað um mál sem snýst um hvort jörðin Geitland væri fullkomið eignarland eða ekki. Málið snerist um refsimál sem höfðað var gegn tveimur mönnum vegna meintra ólöglegra fuglaveiða á landsvæði því sem nefnt er Geitland í Borgarfirði. Í héraðsdómi voru mennirnir fundnir sekir um ólöglegar fuglaveiðar og var sú niðurstaða byggð á því að Geitland væri fullkomið eignarland og þess vegna voru mennirnir dæmdir sekir um ólöglegar fuglaveiðar. Hæstiréttur komst reyndar að annarri niðurstöðu. Hann sýknaði þessa tvo menn af ákæru um ólöglegar fuglaveiðar, en af hverju? Af því að Hæstiréttur taldi vafa leika á því hvernig eignarrétti hreppanna á hinu umdeilda landi væri háttað, með öðrum orðum, málið snerist þar ekki um fuglaveiðarnar sem slíkar heldur að ekki væri sannað að um eignarrétt væri að ræða, en í dómi héraðsdóms fór þar saman eignarrétturinn og fuglaveiðarnar. Þessi dómur þykir mér sýna svo ekki verði um villst, herra forseti, að veiðar á jörðum og einkalandi er réttur sem þeir eiga sem eiga þessi lönd og við þurfum að fara afar varlega í að ganga inn á þann rétt og skerða hann.

Herra forseti. Íslensk löggjöf sýnir glögglega hve mikla áherslu íslenskt þjóðfélag hefur í aldanna rás lagt á rétt landeigenda til að stunda veiðar á eigin landi. Frv. þetta miðar að því að tryggja rétt landeigenda og ábúenda til að nytja sitt land með sama hætti og þeir hafa gert frá því að land byggðist eða áar þeirra uns það lagaslys, sem ég kýs að kalla svo, átti sér stað á árinu 1994 sem hér er verið að gera tilraun til að vinda ofan af.

Mál þetta varðar fyrst og fremst bændur landsins og því leyfi ég mér, herra forseti, að óska eftir því að mál þetta gangi til landbn. til frekari skoðunar og umfjöllunar þó svo lagabálkurinn í heild sinni hafi á sínum tíma gengið til umhvn.

[17:57]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar frv., sem hér er lögð til breyting á, var til umræðu á Alþingi og kom frá þingnefnd, þá var deilt um viss atriði og annað meira en það sem hér er til umræðu. Ef ég man rétt voru það einkum lagafyrirmæli varðandi veiðar á fjallref sem ollu nokkru uppnámi í þingsölum um tíma en var leyst í atkvæðagreiðslu eins og suma rekur minni til.

Það mál sem hér er flutt í formi brtt. við gildandi lög er vissulega þess efnis að ég ætla ekki að hafa á móti því að það fái skoðun í þinginu, en ég er satt að segja dálítið undrandi á hv. þm. sem flytur það að færa þetta mál inn í þingið með jafnveikum rökstuðningi og mér finnst koma fram.

Það kemur fram í grg. með þingmálinu af hálfu hv. flm. að ekki sé hægt að fullyrða að um brot á eignarrétti sé að ræða þannig að sjálfur flm. tekur ekki svo djúpt í árinni að flytja þá skoðun sem er þó meginburðarás þeirra breytinga sem verið er að leggja til. Ég get staðfest að rætt var um þessi efni í umhvn. á sínum tíma. Í þeirri umræðu tók m.a. þátt flokksbróðir hv. þm. og páv. þm., Jón Helgason, sem skipaði sæti í nefndina af hálfu Framsfl. Verður hann vart talinn til þeirra sem vilja hnýta í eða minnka hlut bænda í samfélaginu og um niðurstöðuna var ágætt sammæli sem ég man ekki eftir að væri fyrirvari við þegar frv. var afgreitt frá þingnefndinni.

[17:59]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var minnst á að flm. væri sjálfur í vafa um hvort þetta mál stangaðist á við 72. gr. stjórnarskrárinnar. Ég sagði í ræðu minni að ég væri ekki sá lögspekingur að ég gæti fullyrt að svo væri. Að halda því fram að mál stangist á við stjórnarskrá landsins er nokkuð þungt að bera, þannig að ég er ekki að fullyrða það á nokkurn hátt, en ég sagði og stend við það að margir telja að þetta sé á mörkunum að stangast á við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

[18:00]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst vera farið að vekja hér upp drauga af tiltölulega litlu tilefni með þessum málflutningi. Ekki er ég á móti því að á málið sé litið af þingnefnd en þá er auðvitað sjálfsagt að sú þingnefnd sem um málið fjallaði og málið heyrir undir, umhvn. þingsins, fjalli um það, þó auðvitað geti komið til greina að víkja frá þeirri meginreglu í einhverjum tilvikum. En það er dálítið sérkennilegt ef menn hafa einhverja sérstaka trú á því að landbn. þingsins sé líklegri til stuðnings við það en t.d. umhvn. Ég er ekki viss um að sjónarmið manna fari eftir því hvar þeir sitja í nefndum. Ég hef ekki orðið var við það í þinginu að það skipti sköpum.

Ég vil aðeins segja að lokum að ég held að hagsmunum landeigenda og landnytjenda sé ekki greiði gerður með því að fara að gera þá undanþágu sem hér er lögð til. Ég held einmitt að það fyrirkomulag sem var lögfest með veiðikortum þjóni hagsmunum heildarinnar, ekki síst þeim sem ráða yfir landi og fá þær upplýsingar á skýran hátt sem berast með skýrslum, byggðum á veiðikortum, þó vissulega sé gert ráð fyrir að þeirri skipan sé áfram haldið samkvæmt frv.

[18:02]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er talað um að verið sé að vekja upp draug. Ég gerði mér ekki grein fyrir að málið væri svo viðkvæmt að þetta hefði verið draugur á sínum tíma sem flm. teldi að búið væri að kveða niður. Ég held að öll mál sem snerta svo stóra hluti, eins og ég er að vekja máls á, þ.e. að hugsanlega sé verið að höggva að 72. gr. stjórnarskrárinnar, verði að skoða ofan í kjölinn.

Hvort málið fari til umhvn. eða landbn. snýst ekki um hvort menn vænti meiri stuðnings við málið í landbn. Það snýst einfaldlega um að hér er alfarið verið að fjalla um málefni landeigenda og ábúenda að jörðum, þ.e. fyrst og fremst málefni bænda. Þess vegna hefði mér fundist eðlilegra að landbn. fjallaði um málið. Málið snertir ekki umhverfismál á nokkurn hátt, ekki á hinn minnsta hátt þannig að ég get ekki séð af hverju málið ætti yfir höfuð að ganga til umhvn. þrátt fyrir að fjallað hafi verið um þetta lagafrv. sem lagt var fyrir og varð síðan að lögum nr. 64/1994 og hafi verið í skoðun í umhvn., þá varðar þetta frv. sem hér er flutt hag bænda landsins.

[18:04]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. flm. fyrir að hafa flutt þetta mál inn í þingið og raunar líka fyrir einkar skýra framsögu fyrir málinu. Það liggur ljóst fyrir að hv. þm. hefur lagt mikla vinnu í undirbúning málsins og sína framsögu og það eitt út af fyrir sig er býsna góður leiðarvísir fyrir þá þingnefnd sem fær málið til meðferðar.

Ég er reyndar líka sammála því sem kom fram í tillögu hans um vinnu í þinginu. Ég minnist þess ekki þegar málið var til afgreiðslu að leitað hafi verið umsagnar landbn. t.d. um þetta atriði, raunar ýmis fleiri sem hefði verið fullkomlega ástæða til að gera. Þó annar háttur hefði verið hafður á, þ.e að málinu yrði vísað til umhvn., þá hefði annað tæpast verið hugsanlegt en að landbn. gæfi umsögn til umhvn. um þetta tiltekna atriði sem varðar eignarréttinn og búsetuna á veiðijörðum.

Ég hef reyndar orðið þess var að flutningur frv. hefur vakið eftirtekt og bændur sem sitja á veiðijörðum hafa haft samband við mig og lýst áhuga sínum á þessu máli. Ég tel því að full rök séu fyrir að málið sé flutt í þinginu. Það má þakka fyrir ef ekki eru fyrir því fleiri og meiri röksemdir en bara þær sem eru tilgreindar hér, því ég þykist hafa af því fregnir að þegar arði er skipt og úthlutað séu fyrir því fordæmi að honum sé deilt út t.d. til allra ábúenda í sveitarfélögum alveg án tillits til þess hvort þeir eigi allir land þar sem veiðin fer fram. Ég held því að ástæða sé til að athuga þann þátt málsins líka.

Ég sé ekki ástæðu til að fara efnislega ofan í málið sem slíkt og það hlýtur að verða hlutverk þeirrar nefndar sem fjallar um málið að leita leiðsagnar hvort hér sé ekki um brot á eignarréttinum að ræða. Alla vega verður það að skýrast hvort hér sé ekki gengið á hlut þeirra sem eiga eða nytja þær jarðir þar sem veiði fer fram.

Ég lýsi stuðningi mínum við þessa málsmeðferð sem ég tel fullkomlega tímabæra og eðlilega og hún er hér fram borin af fullu tilefni. Fari svo að málið komi til landbn. eins og tillaga er hér uppi um, þá gefst mér þar færi á að fjalla nákvæmar um málið.

[18:09]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Hér er svo sannarlega um athyglisvert mál að ræða eins og reyndar öll þau mál sem fjalla um eignarréttinn svo mikilvægur sem hann er og grundvöllur okkar samfélags. Ég tók þátt í umfjöllun á Alþingi um villidýrafrv. svokallaða, bæði í umræðum í þingsal og hv. umhvn. Eftir nokkra yfirlegu, því frv. var til umfjöllunar fleiri en eitt þing, þá komst ég að þeirri niðurstöðu að þessi veiðikortatilhögun sem nú er í gildi bryti ekki í bága við eignarréttinn og þá í þeim skilningi að lagagreinarnar ættu við alla. Það væri ekki verið að taka einhverja sérstaka aðila út úr, þetta væru lög sem giltu fyrir alla aðila burt séð frá eignarréttinum á sama hátt og lög um alfriðun, t.d. einhverrar tiltekinnar tegundar, eiga við um alla burt séð frá eignarrétti, auk þess sem röksemdirnar um upplýsingasöfnunina og þann grundvöll sem veiðikortaútgáfan á að vera fyrir rannsóknir á þeim dýrategundum, mikilvægi þessara atriða og það að þetta kemur öllum til góða sem veiðar stunda burt séð frá eignarréttinum hvort sem um er að ræða landeiganda eða veiðimann sem veiðir í almenningi.

Ég ber hins vegar mikla virðingu fyrir eignarréttinum og því finnst mér sjálfsagt að fara ofan í saumana á þessu máli aftur af því tilefni að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hefur lagt fram þetta frv. Ég sé hins vegar ekki að dómurinn um Geitlandið snerti þetta mál svo mikið nema að því leyti til að hann klárlega undirstrikar hversu mikilvægur eignarrétturinn er og það kom reyndar mjög skýrt fram í mjög fróðlegri ræðu hjá hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni.

Hv. þm. Egill Jónsson nefndi hreindýrin og hvernig arði af þeim er skipt í sumum sveitarfélögum. Hreindýrin eru um margt mjög sérstök í þessu sambandi. Þau eru flökkudýr og færa sig á milli landareigna, kannski ekki beint landshluta en svæða innan Austurlands, nokkuð árstíðarbundið. Þeim málum er þannig skipað í dag að umhvrh. ákvarðar veiðikvótann, hversu mikið má veiða og hversu mikið má veiða á hverju svæði. Hreindýraráð skiptir síðan þeim kvóta niður á sveitarfélögin og sveitarfélögin skipta síðan arðinum niður á lögbýlin eða íbúa sveitarfélagsins. En þar er einn hlutur lagður til grundvallar, sem ekki er lagður til grundvallar t.d. í sambandi við laxveiði og sjálfsagt hvergi í sambandi við önnur veiðihlunnindi, en það er ágangur hreindýranna á bújarðir. Það mál er mjög sérstakt. Ég veit ekki hversu mikið innlegg það getur verið inn í þessa umræðu um veiðikortin, en mjög fróðlegt samt og er í athugun í nefnd hjá umhvrn. og í þeirri nefnd á ég sæti.

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson lagði til að málinu yrði vísað til landbn. Fyrir mig má það út af fyrir sig einu gilda til hvorrar nefndarinnar málinu er vísað því að ég á sæti í báðum nefndunum, landbn. og umhvn. Ég held hins vegar að ekki sé gagnlegt fyrir okkur á hv. Alþingi að vísa sama málaflokknum sitt á hvað milli nefnda, en það getur hins vegar verið gagnlegt fyrir umfjöllunina að umhvn. fái álit landbn. á frv. hv. þm. áður en umhvn. kemst að sinni niðurstöðu.

Síðan í lokin get ég, sem formaður dýraverndarráðs, ekki annað en vikið að ummælum hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar um refadrápið í Svarfaðardalnum. Þar voru klárlega bæði villidýralögin og dýraverndarlögin brotin. Við verðum í siðsömu samfélagi að gera greinarmun á því hvernig dýr eru deydd. Það er ekki sama á hvern hátt það er gert. Okkur, hinum viti borna manni, ber að deyða þau dýr sem við þurfum að deyða á eins mannlegan og sársaukalausan hátt og mögulegt er. Og það er alveg ljóst að það refadráp sem átti sér stað í Svarfaðardalnum sl. sumar fór ekki fram á þann hátt, langt í frá, og því síður er það til þess fallið að hreykja sér og hrósa sér af í fjölmiðlum.

Ég get hins vegar ekki sagt annað en að ég var farinn að hálfvorkenna blessuðum hjónunum sem í þessu lentu og lentu þar af leiðandi í öllu fjölmiðlafárinu, ákærunni og dómnum. En það undirstrikar að við verðum að fara eftir lögunum jafnvel þótt menn hafi skilning á því að einhver hafi gert eitthvað svona án þess að hafa vitað nákvæmlega af hverju hann var að gera það eða hann hefði þá hugsanlega gert það öðruvísi ef hann hefði vitað betur, jafnvel þeim verður að refsa sem brjóta lögin á þann hátt.

[18:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það kann að vera að hér sé loks komið upp mál þar sem erfitt er fyrir landbrh. og umhvrh. að gera upp við sig hvorum megin hann á að standa af því að stundum hefur verið talað um að það hlyti að vera uppi fullt af málum sem væri ágreiningsefni milli þessara málaflokka. Í mínum huga hefur það hins vegar ekki verið svo. Það hafa ekki komið mörg mál upp þess eðlis að ég hafi talið að það væri vandamál fyrir einn og sama manninn að gegna þessum tveimur ráðuneytum eða þessum tveimur málaflokkum, en vissulega kunna að koma upp efni þar sem áherslur eða hagsmunir kunna að skarast. Ég tel þó reyndar að svo sé ekki í þessu tilfelli

Ég verð að segja strax í upphafi að ég tel að ef þetta frv. yrði samþykkt þá yrði það til mikils tjóns fyrir veiðisjóðinn svokallaða og þau verkefni sem honum er ætlað að sinna og

þá jafnframt það hlutverk sjóðsins að afla upplýsinga fyrir jarðeigendur, fyrir landeigendur um hvers virði þeirra eigin jarðnæði er eða eignarland og lendur og hvernig þeir geta best nýtt sér það land. Þetta vildi ég láta koma fram strax í upphafi.

Ég ætla ekki að fara í ítarlegar deilur, hæstv. forseti, við hv. 1. flm. frv. eða aðra sem hér hafa talað um eignarréttinn. Ég tel nauðsynlegt að hann sé virtur og skoðaður í þessu tilefni líka, þannig að ég er síður en svo að hafa á móti því að aftur sé farið yfir það mál ef hér er talið að brotið sé eða níðst á eignarrétti, þá þarf auðvitað að taka það mál til sérstakrar athugunar. En eins og fram kom hjá hv. seinasta ræðumanni, hv. þm. Árna M. Mathiesen, þá var það mál einnig tekið til athugunar þegar málið var síðast til umræðu og það má kannski skjóta inn hér að lögin sem heyra undir umhvrn., og þá þar með þann sem hér stendur sem umhvrh., voru tilkomin fyrir mína tíð í umhvrn. Um þetta urðu gríðarlega miklar umræður á þingi á sínum tíma þegar þau voru samþykkt. Þá hafa auðvitað ýmsir þættir verið skoðaðir ítarlega og vafalaust einnig hvað varðar þessi ákvæði um eignarréttinn.

Mig langar að rökstyðja frekar það sem ég nefndi áðan með veiðisjóðinn. Það hefur náðst bærilega góð sátt um hvernig staðið er að framkvæmd þess máls, um innheimtu í sjóðinn. Hún hefur gengið vel. Það urðu nokkrar athugasemdir í fyrsta skipti sem gjald fyrir veiðikortin var innheimt en nú seinast gerðist þetta allt með eðlilegum hætti og komu ekki miklar athugasemdir. Búið var að ná sáttum um þau atriði sem höfðu helst valdið ágreiningi þegar þetta gekk fyrst yfir. Og það verður að minna á að gjaldið fyrir veiðikortin er ætlað að nýta til rannsókna og stýringar á veiðum villtra dýra og fugla. Því tel ég eðlilegt að það gjald greiði allir sem eins og lögin kveða á um ganga til veiða, á hvaða landi svo sem þeir gera það. Þar eru allir að leggja til sjóði sem eiga að ganga til þessara mikilvægu verkefna og það væri mjög erfitt að ætla að brjóta það upp með þeim hætti sem hér er gert.

Þá langar mig að skjóta hér inn í af því að frv. gerir ráð fyrir að jarðeiganda sé heimilt að stunda veiðar á villtum dýrum samkvæmt lögunum á eigin jarðnæði án þess að veiðikort þurfi til. Þá er spurningin auðvitað sú að það á vafalaust við um einhverja jarðeigendur, bændur og aðra sem eiga eignarlendur, að þeir veiði fyrst og fremst á sínu eigin landi. En sjálfsagt er hitt eins við búið að það komi fyrir að þeir þurfi að veiða — ég segi nú þurfi að veiða, á öðrum löndum. Í fyrsta lagi gera þeir það ef þetta eru veiðimenn sem ganga t.d. til refaveiða, þá eru þeir ekki eingöngu að veiða refi á sinni eigin jörð heldur þvert á móti víðar. Og ef það færi nú svo að þeir ætluðu samt að veiða ref á sinni eigin jörð, yrðu fyrir því óláni að særa hann en ekki drepa, refurinn hlypi yfir landamærin yfir á jarðeign næsta eiganda, þá gætu þeir ekki gengið áfram til verksins öðruvísi en sækja sér sitt veiðikort og greiða fyrir það í millitíðinni, hefðu þeir ekki haft hug á því áður. Þetta er nú kannski sagt bæði í gamni og alvöru, en þess vegna tel ég að eðlilegt sé að allir greiði fyrir þessi veiðikort og að ekki verði jafnað til eignarréttarins í því efni sérstaklega, þó að ég ætli ekki hafa á móti þeirri athugun sem hlýtur að fara fram í sambandi við meðferð þessa frv. sem hér liggur fyrir og væntanlega verður sent nefnd til skoðunar.

Ég hygg líka, af því að ég orðaði það aðeins áðan, að allt við vitum meira um stærð veiðidýrastofna, hvernig þeir haga sér, hvar þeirra er helst að vænta og hvar þeir eiga sér aðsetur, allar þessar upplýsingar séu einnig í þágu jarðeigandans, þær séu í þágu jarðeigandans, bóndans í þessu tilviki, og ég tala fyrir því í sambandi við afkomu bænda og möguleika þeirra að nýta sér sem best eignir sínar að þeir eigi að huga til þess að eiga gott samstarf og góð samskipti við áhugamenn um veiðar og að nýta sér þannig sinn eignarrétt með því að semja við þá um t.d. afnot, um gjald fyrir afnot fyrir að ganga um land til veiðiskapar, líkt og gerist með veiðar í ám og vötnum og er fyrir löngu komin fullkomin hefð á.

Ég held að varla verði hægt að jafna því til fjárkúgunar að bóndinn borgi árlega 1.500 kr. eða svo fyrir veiðileyfakortið sitt til þess að geta stundað veiðar þar sem honum þá jafnframt sýnist og almennt er heimilt að gera en ekki bara á sínu eigin landi, takmarkaður af því ef þetta yrði samþykkt eins og hér liggur fyrir.

Allra seinast langar mig að biðja hæstv. forseta að athugað verði hvar eðlilegt er að þetta frv. verði tekið til umfjöllunar. Ég ætla ekki að leggja neitt til, andstætt við það sem flm. gerði. Hann leggur til að það sé landbn. og þar sem hæstv. núv. forseti er jafnframt formaður landbn., þá felst í orðum mínum ekki neitt vantraust á hann eða þá ágætu nefnd til þess að fjalla um málið en ég bið forseta um að skoðað verði hvað sé eðlilegt í þessu efni því ég er ekki sammála hv. flm. um að málið eigi alls ekkert erindi til umhvn., heldur fyrst og fremst til landbn., og tel að það væri eðlilegt að umhvn., ef svo færi að hún fengi málið, sendi það þá til landbn. til umsagnar eða athugunar eins og fram kom hjá hv. þm. Árna Mathiesen hér áðan. En að það eigi ekki erindi til umhvn. tel ég vera rangt vegna þess að það er það mikil breyting á eðli sjóðsins, hlutverki hans og verkefni ef þetta frv. verður samþykkt. Þá er ég ekki að tala um einhverjar krónur sem kynnu að tapast í sjóðinn sem er auðvitað mikilvægur heldur miklu frekar það að ég held að það brjóti mjög upp samstöðuna um sjóðinn, brjóti mjög upp það samkomulag sem náðst hefur um hvernig staðið er að greiðslum í hann, og muni torvelda mjög alla innheimtu. Hættan er því sú að sjóðurinn yrði í það minnsta skemmdur, ef ekki eyðilagður, og þá væri illa farið fyrir því mikilvæga verkefni sem hann hefur að sinna rannsóknum og stýringu á veiðum villtra dýra og fugla.

[18:25]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Þetta hafa verið ágætar umræður. Ég vildi aðeins í lokin fá að ítreka nokkur atriði í máli mínu en fyrst varðandi það sem kom fram í máli hæstv. landbrh. og umhvrh., Guðmundar Bjarnasonar.

Ég er ekki sammála ráðherranum um mikilvægi þessara veiðiskýrslna. Ég lýsti því yfir í máli mínu áðan að ég væri ekki mjög trúaður á það sem fram kæmi í þessum skýrslum. Ég held ekki að neinn sé í sjálfu sér að reyna að segja rangt frá. Ég bara veit einfaldlega að flestir gera þetta ekki upp um leið og þeir veiða. Það er nú svo með veiðimenn að löngunin til þess að veiða meira en þeir gera er býsna sterk þannig að ég gef svo sem ekki mikið fyrir þessar veiðiskýrslur eða þennan áhuga einstakra embættismanna á því að geta skoðað hvað veiðist mikið úr einstökum stofnum. Einhvern veginn hafa þessir stofnar lifað af Íslandsbyggð hingað til. Auðvitað hefur skotveiðimönnum fjölgað. En það er líka svo að þetta blessaða kerfi þarf alltaf að vera að finna upp á einhverju fyrir það fólk sem hjá því vinnur til þess að hafa ofan af fyrir því og ég held að veiðiskýrslurnar séu einn þáttur í því að hafa ofan af fyrir einhverjum opinberum starfsmönnum sem hafa

sérmenntað sig á því sviði sem atvinnulífið þarf ekki að öðru leyti á að halda.

Ég fagna því sem hæstv. umhvrh. og landbrh. lýsti yfir að rétt væri að skoða hvort þessi löggjöf bryti í bága við eignarréttinn. Ég fagna því og ég hef í sjálfu sér ekki farið fram á annað en að það sé skoðað og ef svo er, þá verði það lagfært strax. Það er engu að síður mín skoðun að menn eigi ekki að þurfa að greiða fyrir veiði á eigin jörðum. Það mál byggist ekki á einhverjum 1.500 kr. Málið snýst ekki um það. Þetta snýst um prinsipp og ég veit að bændur landsins eru margir hverjir mjög ósáttir, ekki við gjaldið, heldur að þurfa að greiða fyrir að veiða á eigin landi. Og menn spyrja sjálfa sig: Hvar stoppar þetta með þessu áframhaldi? Hvar stoppar það ef Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hæstv. landbrh., vill nú fara að kanna kal í túnum, kemur þá næst gjald sem menn þurfa að greiða áður en þeir fara að slá túnin? Mundi það verða fjármagnað með gjaldi sem rynni til RALA til þess að kanna kal í túnum ef mönnum dytti það í hug?

Menn spyrja sig: Hvar stoppar þetta ef ekki er spyrnt fótum við þessari endalausu ásælni ríkisvaldsins í að velta kostnaði af því sem ríkisvaldið er að föndra yfir á borgara landsins?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[18:29]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 171. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 653; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 654.

Húsaleigubætur, 375. mál, fsp. SvanJ, þskj. 657.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 172. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 655; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 656.

Náttúruvernd, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 276. mál (landslagsvernd). — Þskj. 529.

og

Námulög, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 277. mál (náttúruvernd). — Þskj. 530.

[18:30]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 93/1996. Frv. þetta hefur áður komið fyrir augu hv. þm. þar eð það hefur verið flutt tvívegis áður. Í fyrra skiptið var það sýnt síðla á þingi fyrir tveimur árum og síðan endurflutt að hausti eftir að umsagna hafði verið aflað við frv. og nú er það sem sagt flutt í þriðja sinn á þinginu og með lítils háttar breytingum á frumvarpstextanum sjálfum. Ég mun aðeins vekja athygli á því hvað þar er um að ræða en ég vil fara fáeinum orðum um málið almennt.

Hv. meðflm. mínir að frv. eru hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Gísli S. Einarsson.

Frv. felur í sér í senn nýmæli við náttúruverndarlöggjöf sem felst í í a- og b-lið 1. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir að inn í lög um náttúruvernd verði tekinn sérstakur kafli undir heitinu Landslagsvernd, sem fái efnislega skilgreiningu samkvæmt því sem lagt er til í frv. Hér eru ekki til slík ákvæði í löggjöf og hafa ekki verið og að því leyti til er frv. með nýmæli sem ég vona að leiði til þess að lögleidd verði ákvæði sem að þessu lúta.

Í seinni þáttum frv. sem er skipt niður í undirliði eins og menn sjá, þ.e. 1. gr., þar er um að ræða ákvæði sem varða efnistöku og efnisnám í landinu til verulegra bóta frá því sem er í gildandi löggjöf, sett skýrari og strangari ákvæði sem uppfylla þarf vegna efnisnáms. Þar er tekið með misjöfnum hætti á efnisnámi og skilyrðum fyrir efnistöku eftir eignaryfirráðum eða umráðum yfir landi eins og sjá má ef menn kynna sér einstakar greinar frv. Inn í frv. eru felld með smávegis breytingum ákvæði 23. gr. gildandi laga um náttúruvernd, ákvæði sem hefur verið í lögum frá árinu 1971 um samráð við Náttúruvernd ríkisins, áður Náttúruverndarráð. Ef fyrirhuguð mannvirkjagerð valdi hættu á að land breyti varanlega um svip eða merkum náttúruminjum verði spillt þá er gert ráð fyrir því að leitað verði álits Náttúruverndar ríkisins á frumstigi framkvæmdaundirbúnings og sama á að gilda varðandi hönnun stórra mannvirkja. Um hana skal haft samráð við Náttúruvernd ríkisins, sem og um vegalagningu að slíkum mannvirkjum.

Ég vek athygli á ákvæðunum um landslagsvernd samkvæmt a-lið 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að tilteknar landslagsgerðir njóti almennrar verndar og ekki megi raska þeim nema samkvæmt ákvörðun skipulagsyfirvalda að fenginni umsögn Náttúruverndar ríkisins. Þessar landslagsgerðir eru taldar upp og skilgreindar og hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf í öðrum löndum, m.a. í danskri náttúruverndarlöggjöf, við mótun þessara tillagna. Það er mjög þýðingarmikið að mati okkar flutningsmanna að slík almenn ákvæði um landslagsvernd verði lögfest þannig að menn þurfi ekki að kveða á um beina friðlýsingu, sérstaka friðlýsingu einstakra náttúrufyrirbæra sem hafa verndargildi heldur sé innleidd almenn regla þessa efnis að um vernd sé að ræða og það þurfi að leita undanþágu ef út af bregður og menn ætla sér að raska viðkomandi landslagi. Það á að vera meginreglan að það sé náttúran sem eigi að njóta verndarinnar en þeir sem ætla að breyta henni þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði.

Það sama er tekið fram varðandi jarðrask, efnistöku og mannvirkjagerð, að óheimilt er að breyta landslagi varanlega nema í samræmi við staðfest skipulag og að undangengnu mati á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Hér er sama hugsun á ferðinni, þ.e. að innleiða þarna meginreglu og að fella slíkar framkvæmdir að skipulagi, skipulagslöggjöf. Í eftirfylgjandi greinum eru síðan ný ákvæði mótuð varðandi skilyrði fyrir jarðefnanámi og efnistöku eftir eðli umráðaréttar á landi, eftir því hvort land er í einkaeign, hvort um er að ræða jarðefnanám á afréttum og almenningum sem gætu talist í almannaeign eða þar sem eignarréttur er ekki ákvarðaður og síðan einnig að því er varðar efnistöku á lendum sem eru í umráðum sveitarfélaga.

Frv. gerir ráð fyrir því að sveitarfélög og nefndir á þeirra vegum ráði miklu um þessi efni. Það segir sig sjálft þegar verið er að vísa til skipulagslöggjafar í þessum efnum. En bæði nú, og enn frekar ef lögfest verða ákvæði þess frv. sem nú liggur fyrir þinginu og er til meðferðar í umhvn. um skipulagsmál, þá verða yfirráð sveitarfélaganna eða ákvörðunarvald þeirra varðandi aðalskipulag og deiliskipulag fyllri en verið hefur í löggjöf og mjög ákvarðandi þannig að hér koma sveitarfélögin inn í sem mjög gildur umráðaaðili í

þessum efnum. Í lokin er að finna ákvæði til bráðabirgða þar sem gert er ráð fyrir að umhvrn. láti gera áætlun vegna frágangs eftir efnistök og jarðrask sem átt hefur sér stað fyrir gildistöku laganna og láti gera áætlun um úrbætur í samvinnu við sveitarstjórnir.

Þetta frv. var unnið í nánu samráði við ýmsa opinbera aðila sem láta sig þessi mál varða og hafa skyldum að gegna. Það er ekki svo að þeir hafi verið mótandi um tillögugerð en ég leyfði mér að leita ráða hjá aðilum eins og Skipulagi ríkisins, Náttúruverndarráði og fleiri aðilum sem eru nefndir í greinargerð og veittu góðfúslega ráð um einstaka efnisþætti og var tekið tillit til þeirra margra sem og umsagna sem bárust strax eftir að frv. hafði verið lagt fram til kynningar.

Það var mjög ánægjulegt hversu góðar undirtektir mikið af efni málsins fékk, þar á meðal frá Bændasamtökum Íslands sem eðli máls samkvæmt eru umbjóðendur hagsmunaaðila sem hafa skoðun á máli sem þessu og verulegra hagsmuna að gæta að sjálfsögðu hvernig með skuli farið. Ég er ekki að segja þar með að í umsögn bændasamtakanna hafi verið skrifað upp á alla hluti, en meginundirtektir þeirra voru ánægjulegar vegna þess að þær báru vott um meiri skilning heldur en menn kannski stundum ætla að komi úr þeirri átt. En bæði er að sjónarmið er að breytast og mikið af bændum landsins og þá eðlilega hagsmunasamtök þeirra, hafa áhuga á því í raun að vel sé gengið um landið. Ég vænti þess að áframhald verði á þeirri þróun mála og að það megi takast gott samstarf á milli umráðaaðila lands og þeirra sem eiga að halda á málum eins og t.d. efnistöku, þar á meðal viðkomandi sveitarstjórna.

Ég hlýt, virðulegur forseti, að nefna að eftir að málið kom fyrst fram, efndi hæstv. umhvrh. eða Náttúruverndarráð í umboði hæstv. ráðherra, til sérstakrar ráðstefnu um efnisnámur. Sú ráðstefna var haldin 17. nóvember 1995. Þar var lögð fram skýrsla af hálfu Náttúruverndarráðs undir nafninu Námur á Íslandi. Í þessari skýrslu kemur fram og var lögð á það áhersla af hæstv. ráðherra og mörgum sem túlkuðu mál og höfðu framsögu á þessari ráðstefnu, hversu brýnt það er að leitað sé úrbóta m.a. með lagabótum og skýrari ákvæðum í lögum um þessi efni og í skýrslunni er dregið fram hver staða mála er. Þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Að beiðni umhvrn. hefur Náttúruverndarráð gert könnun á ástandi efnistökumála. Hún leiðir í ljós að almennt séð er ástandið ekki viðunandi."

Síðan er það dregið skýrt fram. M.a. segir hér, með leyfi forseta:

„Flestar námurnar eru í einkaeign. Lítill hluti þeirra er í eigu sveitarfélaga eða ríkisins. Hins vegar" — og ég vek sérstaka athygli á því — „nýta opinberir aðilar um það bil 90% allra náma í landinu og því er aðeins lítill hluti þeirra nýttur af landeigendum sjálfum. Ástandið virðist vera óviðunandi í öllum landshlutum. Námur eru of margar og umgengni í þeim er víða ábótavant. Sums staðar verður að telja að hætta stafi af vegna slæms viðskilnaðar. Í sumar námur hefur verið safnað sorpi og brotamálmum."

Síðan eru ráð til úrbóta lögð fram þarna.

Ég hafði vænst þess að þegar mál þetta lá fyrir þinginu og unnið var að breytingum á lögum um náttúruvernd, m.a. á síðasta þingi, að það þætti ástæða til þess að taka upp þau ákvæði eða taka afstöðu til þeirra tillagna sem hér liggja fyrir í sambandi við þær lagabreytingar. Þó að þær vörðuðu að meginhluta stjórn náttúruverndarmála þá var farið inn á ýmis önnur atriði í þeim lagabreytingum. Það voru mér því vonbrigði að þetta var ekki gert. Ég hafði skilið umræðuna, m.a. af hálfu talsmanna umhvrn. og raunar hæstv. umhvrh., á þann veg að þar væri vilji til taka á brýnum þáttum eins og hér er um að ræða og ekki er ágreiningur um að þurfi úrbóta við.

Ég nefndi, virðulegur forseti, að lítils háttar breytingar hefðu verið gerðar frá því að málið lá fyrir á síðasta þingi. Ég vil nefna tvö atriði úr frv. Það er að í a-lið 1. gr., undirlið a. — Þetta eru mjög einkennilegar merkjasetningar í frv. Þær eru ekki komnar frá höfundi laganna heldur er mér tjáð að þetta helgist af tölvuforritum í útgáfudeild þingsins og finnst mér það nú sérstakt rannsóknarefni því að það er mjög erfitt að vísa í þennan texta og hafði ég óskað eftir að fá breytingu á því. — En þetta er sem sagt undirliður a í lið a sem hér er um að ræða og þar er bætt við hugtaki í sambandi við landslagsgerðir, þ.e. gosmyndanir frá nútíma, eldstöðvar, gervigígar, eldhraun og hraunhellar. Hugtakinu hraunhellar, er bætt inn í þetta.

Í f-lið frv., þar sem fjallað er um að óheimilt sé að láta efnistökustað standa ófrágenginn til lengri tíma, minnir mig að það hafi verið orðað á síðasta þingi í þeim texta sem þá lá fyrir, varð að ráði að setja: „... ófrágenginn lengur en tvö ár enda þótt frekara efnisnám sé fyrirhugað síðar." Þannig er að sá tímafrestur sem ætlaður er til að gera upp málin tiltekinn þó að leitað verði í sömu námu síðar. Það gengur auðvitað ekki að láta námur standa ófrágengnar og opnar og í reiðileysi um árabil með skírskotun til þess að menn hyggist grafa á sama stað eða taka efni á sama stað og því er það að hér er settur ákveðinn tímafrestur inn í málið.

Virðulegur forseti. Ég er að gera mér von um að stuðningur verði við þetta mál á þinginu þegar það er endurflutt. Það er vel kunnugt í umhvn. þingsins og í þinginu almennt. Það hefur ítrekað verið aflað umsagna um málið og þær liggja fyrir. Það ætti því ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka efnislega afstöðu til málsins. Ég hlýt sem 1. flm. að lýsa vonum um að svo verði og fyrtist að sjálfsögðu ekki við þó að fram komi hugmyndir og tillögur um eitthvað sem betur mætti fara í frv. en tel að brýn nauðsyn sé að fá hér lagabætur á þessu sviði. Ég tel ekki nóg að vísa til þess að til standi að endurskoða lög um náttúruvernd í heild sinni sem punkturinn verður kannski settur aftan við um aldamótin eða innan nokkurra ára, því að af reynslu finnst mér varlegt að ætla að þó að nefnd hafi nýlega hafið störf ljúki því með lögfestingu á endurskoðuðum lögum fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Af þeim ástæðum vænti ég þess að þetta frv. fái efnislega meðferð í þinginu.

Ég ætla að nefna hér annað frv. sem er 277. mál, tillaga um breytingu á námulögum, nr. 24/1973, með síðari breytingum. Námulögin varða að sjálfsögðu efni þessarar löggjafar og því varð að ráði að flytja nú litla breytingu við námulög sem heyra framkvæmdarlega séð undir iðnrh. af einhverjum ástæðum eða kannski sögulegum ástæðum þó ég teldi í raun að þau ættu í heild sinni að heyra undir umhvrh. en það er ekki meginatriði í sambandi við þetta og engin breyting gerð á þeirri skipan mála, heldur aðeins gerð tillaga um að bæta við eða skjóta inn í námulögin nýrri grein sem orðast svo:

„Við framkvæmd laga þessara skal gæta ákvæða laga um náttúruvernd, nr. 93/1996." Þetta þarf raunar ekki skýringa við en slíkt ákvæði vantar nú í námulögin og hvergi er minnst á sérlög eða lög um náttúruvernd í því samhengi. Og þó að sitthvað hafi verið gert til bóta af hæstv. iðnrh. í þessum

efnum, m.a. reglugerð sett varðandi námuvinnslu sem er viðleitni og sjálfsagt að virða, þá þarf að ganga miklu betur fram í sambandi við verndun lands í þessu sambandi, herða þar reglur og setja skýrari lagaákvæði.

Ég geri tillögu um það, virðulegur forseti, að að lokinni umræðu um frv. verði því vísað til hv. umhvn. Ég leyfi mér að nefna bæði málin í því samhengi þó að hitt komi vissulega til álita og bið virðulegan forseta að skoða það hvort unnt er talið að vísa frv. um námulög þar að lútandi til hv. iðnn. sé það talið rétt þó að þessi mál liggi saman hér í þinginu og séu flutt með sama meginefni í huga.

[18:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að halda okkur, sem eigum að teljast í forsvari fyrir þessum málaflokki, við efnið ef ég má orða það svo og ítreka að þörf er á að taka á þessum þætti í náttúruverndarlögum. Hv. frsm. Hjörleifur Guttormsson og 1. flm. þessa frv. minnti á ráðstefnu sem haldin var um námumálin og það ástand sem þar ríkir. Það er vissulega rétt sem fram kom hjá honum að það er ekki til fyrirmyndar og þarf að taka á. Það er fyllilega ástæða til þess að taka sérstaklega á þeim þáttum sem varða verndun landslagsins í náttúruverndarlögunum og ekki síst að setja strangari og ákveðnari skilyrði um efnistöku og nýtingu jarðefna.

Hins vegar langar mig að segja þrátt fyrir nánast lokaorð hv. þm. eða minna á það sem hann reyndar greindi frá að nú er hafin heildarendurskoðun á náttúruverndarlögunum, þ.e. á efnisatriðum þeirra. Á seinasta þingi fjölluðum við um stjórnsýsluþáttinn og hlutverk þeirrar nefndar sem nú hefur þegar hafið störf og haldið nokkra fundi. Hún er að fjalla um aðra þætti en stjórnsýsluþáttinn nema ef eitthvað hefur komið upp þar af fenginni reynslu sem ástæða er til að endurskoða svo fljótt en aðallega eru það þó efnisatriðin sem er fyllilega og löngu tímabært að taka á.

Ég hef áður látið þau orð falla hér í umræðu eins og hv. frsm. veit að ég teldi að það ætti að taka þetta í heild sinni og það færi best á því að gera það þannig. Ég hef sett nefndinni þau tímamörk að henni er ætlað að ljúka störfum fyrir árslok þessa árs þannig að hægt verði að leggja frv. fram á næsta þingi eða síðari hluta vetrar. Auðvitað geri ég þó ekki lítið úr því sem hv. þm. sagði að stundum hefur þetta tekið lengri tíma en ætlað er og við vitum að þetta er mikil vinna, þetta er mikið verk. Við höfum áður rætt um það, ég og hv. þm., hvað þetta kunni að vera mikið verk að endurskoða náttúruverndarlögin í heild sinni. Ég hef hins vegar fullan hug á að reyna að sjá til þess að þetta verk gangi fram með þeim hætti sem ég hef lýst. Þess vegna er það tillaga mín eða spurning mín hvort hv. flm. séu ekki tilbúnir að fallast á að þessi efnisatriði séu tekin þar til umfjöllunar í heild sinni með endurskoðuninni.

Ég er ekki þar með að gera lítið úr því, eins og fram kom hjá hv. frsm. og ég hef reyndar áður látið falla og get gert enn, að nauðsynlegt er að taka á þessum málum. Sérstaklega eru námamálin ekki í nógu góðu ástandi, langt í frá. Á þeim málum þarf að taka sem fyrst þó e.t.v. sé skynsamlegt að láta það fylgja heildarendurskoðuninni og taka það allt í einu og það er það sem ég er að mæla fyrir. En svo er auðvitað ýmislegt fleira sem varðar landslagsvernd sem þarf að hugleiða og velta fyrir sér í sambandi við lagasetninguna. Kannski eru atburðir sem hafa gerst nýlega eða á nýliðnu ári þegar verið var að fjalla um að heimila efnistöku úr svæðum þar sem menn þurfa að velta fyrir sér hinu fagurfræðilega sjónarmiði, ásýndinni og slíkum þáttum sem eru huglægir, ekki bara efnislegir, þá er auðvitað brýnt að lögin kveði eitthvað á um það hvernig standa skuli að slíkum málum þó að ég sé líka sannfærður um að það er ekki einfalt og það kunni alltaf að valda ágreiningi og verða deilu- eða ágreiningsmál hvernig slíkt á að meta. Hvernig á að meta þann þátt sem þó skiptir miklu í okkar náttúruvernd?

Mig langar líka að minna á, þó það sé kannski ekki endilega það sem verið er að fjalla um, að á seinasta ári hófum við það verkefni í samstarfi umhvrn. og landbrn. að reyna að endurheimta votlendi, að endurheimta það landslag eða landshætti sem áður voru á svæðum. Það gerist auðvitað ekki í stórum stíl og er verkefni sem tekur langan tíma og fylgjast þarf með rannsóknum í því efni þannig að við vitum hver tilgangurinn er og hvort verkefnið skilar þeim tilgangi sem við ætlum okkur að ná aftur, þ.e. að skapa gróður og skilyrði fyrir dýralífi svipað og áður hafði verið.

Herra forseti. Ég verð að segja að ég get tekið undir fjölmörg efnisatriði sem koma fram í frv. Ég er ekki endilega að lýsa stuðningi mínum við það eins og það hljóðar orðrétt eða í öllum efnisatriðum. Eins og hv. frsm. greindi frá er hann að sjálfsögðu tilbúinn til að skoða það nánar með öðrum sem að málinu koma, en fylgja eftir þessari hugmynd minni eða skoðun að best sé að vinna þetta mál í heildarendurskoðun laganna og í þeirri nefnd sem er nú þegar að störfum. Ég ítreka að ég mun leggja áherslu á að nefndin ljúki störfum á þessu ári eins og ráð er fyrir gert þannig að við fáum fyrr en síðar inn á þingið nýtt frv. um heildarendurskoðun á efnisatriðum náttúruverndarlaganna.

[18:56]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég hlýddi af athygli á það sem hæstv. umhvrh. sagði um málið og þakka honum fyrir að tjá sig um það í þinginu. Ég tel það þýðingarmikið og virðingarvott við okkur, sem erum að basla í stjórnarandstöðunni við tillögugerð af ýmsum toga, að ráðherrar taki þátt í umræðum um mál og þarf ekkert undan því að kvarta af hálfu núv. hæstv. umhvrh. hvorki í þessu máli né áður.

Það eru aðeins örfá atriði, virðulegur forseti, er varða málsmeðferð sem ég vildi koma á framfæri og beini einkum til hæstv. ráðherra. Sá málaflokkur sem við erum að fjalla um hér, þó hann varði kannski ein stærstu pólitísku mál okkar tíma ef allt er saman lagt, á eftir að vaxa að þýðingu eftir því sem árin líða. Um það hygg ég að lítill ágreiningur sé hjá þeim sem hafa sett sig inn í stöðu mála að því er snertir umhverfi okkar. Með hliðsjón af því ætti út af fyrir sig ekki að þurfa að ríkja flokkspólitískur stórágreiningur um einstaka þætti þó að mér sé ljóst að um aðra geti verið verulegur ágreiningur en ætla ekki að fara að nefna þá í tengslum við þetta mál.

Með vísan til þessa fyndist mér skynsamlegt, ég held að ég mundi setja mig í þær stellingar ef ég væri í sporum núv. hæstv. umhvrh., að grípa mál af þessum toga, sjá hvort þar væri efni sem væri bitastætt og væri til bóta að greiða götu í gegnum þingið og lögleiða með breytingum eftir atvikum til að fá þær tryggingar sem af slíkum lagabótum leiða frekar en að fara út í óvissuna að því er varðar að ná landi í þessum efnum.

Hæstv. ráðherra segir að hann geri ráð fyrir að nefndin, sem er að endurskoða náttúruverndarlöggjöfina í heild sinni, ljúki störfum í lok ársins 1997. Unnt verði að sýna frv. um

breytingu á þeirri löggjöf á vorþingi 1998 og ef ég man rétt er ekki meira en ár í þingkosningar, á árinu 1999. Þingið veturinn 1998–1999 verður samkvæmt lögum og stjórnarskrá mjög stutt þing. Ég hef ekki alveg skoðað dagsetningu kosninga en þær liggja fyrr á vetrinum en verið hefur eðli málsins samkvæmt þar sem kjörtímabilið má ekki fara yfir fjögur ár. Þess vegna er það í raun alltaf að styttast og spurning hvort það lendir inn á marsmánuði þegar gengið verður til kosninga 1999. Mér sýnist því að mjög þröngt geti orðið þar um og oft er ekki það andrúmsloft á slíkum þingum að það sé fallið til þess að koma í gegn vönduðum lagabreytingum í stórum bálkum.

Ég var þeirrar skoðunar í sambandi við breytingar á lögum um náttúruvernd á liðnum þingum að þar hefðu menn átt að taka meira á í þeim efnum, reyna að endurskoða lögin í heild en ekki takmarka sig við aðeins hluta. Meðal annars af þessum ástæðum og vegna þess að ég, ásamt öðrum hv. flm., taldi að brýnt væri að ná fram lagabótum í því efni var lagt í þá vinnu sem liggur að baki frv. og tillögugerðinni.

Ég vildi mælast til þess, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. athugi það í fullri vinsemd og af raunsæi hvort ekki væri rétt að skoða málið með tilliti til þess að fram fari efnisleg skoðun á því, hugsanlega með þátttöku þeirrar nefndar sem nú er að störfum þannig að henni gefist færi á að gefa ábendingar um það sem sú nefnd teldi að betur megi fara, geti komið því á framfæri við umhvn. þingsins þannig að þar væri hægt að taka á málinu efnislega og taka afstöðu til þess.

Ég mæli þetta hér af því að ég tel að málið sé brýnt og um það er ekki ágreiningur, ég held ekki við nokkurn mann í rauninni sem ann landinu og það eru sem betur fer flestir Íslendingar sem hafa ríka tilfinningu fyrir því. Það á ekkert skylt við einhvern metnað okkar flm. þessa máls að svo er mælt heldur einfaldlega að þannig gætu menn kannski unnið tíma, stigið farsæl skref til lagabóta frekar en tefla á þá óvissu sem liggur í tímans rás.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Hér er eftir að mæla fyrir málum á þessum fundi og þegar er nokkuð áliðið dags.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rafknúin farartæki á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 323. mál. — Þskj. 585.

og

Notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 327. mál. — Þskj. 591.

[19:02]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tveimur þáltill. og óskaði eftir að mæla fyrir þeim báðum samtímis þar sem rætur þeirra eru samliggjandi og markmið þeirra eru hin sömu. Önnur þeirra, till. til þál. um notkun rafknúinna farartækja á Íslandi, kveður á um það að umhvrh. verði falið að skipa nefnd til að athuga með hvaða hætti megi hvetja til almennrar notkunar rafknúinna farartækja á Íslandi. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir tillögum nefndarinnar fyrir árslok 1997.

Hin tillagan er af sama meiði en kveður á um notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhvrh. að láta kanna möguleika þess að vélar íslenskra fiskiskipa verði knúnar vetni í stað olíu."

Herra forseti. Í síðustu viku vöknuðu íbúar höfuðborgarsvæðisins upp við vondan draum þegar þeir litu upp til fjalla og sáu sitt fjall, þótt ekki sé í Reykjavík, Esjuna, lukta miklu eiturskýi eða skítaskýi eins og sumir vildu kalla það og brá mönnum mjög í brún. Upphófust af þessu miklar vangaveltur sem von er og voru ýmsar skýringar á lofti. Þarna töldu ýmsir að mætti greina mengun frá stóriðju við Hvalfjörð á Grundartanga, aðrir vildu kenna um Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. En þegar málið var skoðað nánar af Hollustuvernd kom í ljós að skýringanna á þessu ljóta eiturskýi sem lá yfir Esjunni hinni fögru reyndist að leita í mengun frá bílaumferð. Þetta kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart. Það hagar nú þannig til að daglega ek ég Reykjanesskagann á leið til og frá vinnu. Og oft, einkum í vetrarstillum, má sjá slíkan hjúp liggja yfir höfuðborgarsvæðinu frá þeirri miklu bílaumferð sem þar er. Það er með öðrum orðum að færast stórborgarbragur yfir höfuðborg okkar enda er rúmur helmingur þjóðarinnar kominn hingað og notar sín farartæki óspart. Okkur er eðlilega brugðið. Við höfum enn í huga hendingar Jónasar Hallgrímssonar um að „landið sé fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar" þegar við erum farin að sjá slíkar eiturgufur leggjast yfir okkar fallega land. Þá rifjast upp fréttir utan úr heimi úr ýmsum stórborgum þar sem íbúar þurfa að ganga með grímur fyrir vitum á mestu mengunardögum, einkum á sumrin. Ég nefni borgir eins og Tókíó, Aþenu og New York og þá kemur eðlilega sú spurning hvort það styttist í sama ástand hér hjá okkur.

Að undanförnu hefur verið mikil umræða um stjóriðju hér á landi og mengun af hennar völdum í kjölfar hugmynda um að reisa álver á Grundartanga. Ég vil taka fram, herra forseti, að sjálfur er ég mjög fylgjandi því, til þess að renna styrkari stoðum undir efnahagskerfi okkar, að við þurfum að nýta þá orku sem við eigum í jörðinni og að stóriðja að hæfilegu marki sé okkur nauðsynleg í því skyni. En ég lýsi jafnframt því að við þurfum að móta skýra stefnu í því hversu langt við viljum ganga í þeim efnum og hvaða svæði við viljum nýta í þeim tilgangi. Þar sem mér er kunnugt um að hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. vinna að því má segja að þeirri spurningu sé þegar svarað.

Ég nefndi hér Esjuna og hið mengandi ský yfir henni. Það kemur í ljós að 32% af koldíoxíðmengun Íslendinga stafa af samgöngutækjum, af bruna olíu og bensíns, þ.e. afurða olíu á samgöngutækjum. Og það sem meira er, önnur rúmlega 30% af koldíoxíðmengun okkar stafar af bruna í fiskiskipaflotanum. Með öðrum orðum, um það bil $^2/_3$ af koldíoxíðmengun Íslendinga stafa af bruna annars vegar fiskiskipa og hins vegar samgöngutækja og mun vera um það bil 1,5 millj. tonna sem þannig brenna eða renna út í andrúmsloftið, meðan til samanburðar mun sams konar mengun frá álverinu í Straumsvík eftir stækkun vera um 237 þús. tonn.

Hver er niðurstaðan af þessu? Ýmsar ályktanir má auðvitað draga. En ég tel eðlilega og rökrétta ályktun að við reynum að ráðast á þann vanda sem þegar er til staðar, hafandi auðvitað í huga alþjóðlegar skuldbindingar okkar, svo sem frá

Ríó-sáttmálanum, en það er að ráðast á þennan vanda sem annars vegar stafar af farartækjum eða samgöngutækjum og hins vegar fiskiskipaflotanum. Þar eigum við í rauninni mest sóknarfæri. Það má líka orða það þannig að þar sé synd okkar mest. Það ætti að vera rökrétt svar við þeim mengunarkröfum sem gerðar eru. Það ætti að vera rökrétt svar okkar þegar við af efnahagslegum ástæðum erum að byggja hér upp stóriðju.

Ég vil leyfa mér að víkja fyrst að þáltill. sem fjallar um notkun rafknúinna farartækja á Íslandi. Hvaða leiðir getum við farið til þess að draga úr mengun, þeim rúmum 30% sem samgöngutæki hér á landi, þ.e. bílar valda? Það eru auðvitað margar leiðir. Við þekkjum öll sem ökum í umferðinni, ekki síst á morgnana og síðdegis þegar fólk er á leið til og frá vinnu, að þær miklu bílalestir sem myndast hér á höfuðborgarsvæðinu einkennast af því að að öllu jöfnu er aðeins einn í hverjum bíl. Það felur auðvitað í sér að Bjartur í Sumarhúsum er mjög lifandi í umferðinni og við kjósum að fara einir frekar en margmenna í bílum okkar.

Ég nefni það að Norðmenn munu hafa farið þá leið í stærstu borgum sínum að leggja á sérstakan mengunarskatt í ákveðnum radíus út frá stórborgunum. Fólk þarf þó ekki að borga þennan mengunaskatt ef fleiri en einn eru í bílnum. Það getur verið ein leið.

Ég nefni það að í sumum borgum, ég nefni t.d. Vancouverborg í Kanada, þar eru rafknúnir strætisvagnar. Í ýmsum borgum Evrópu og Ameríku eru rafknúnir sporvagnar. Sporvagnar eru ódýrir í rekstri og endast von úr viti og eru knúnir flestir hverjir raforku og raforkuna höfum við hér til staðar. Það er vistvæn græn orka.

Það má líka nefna rafknúin ökutæki. Hér hefur einn einstaklingur, prófessor Gísli Jónsson, mikið barist í því máli og ekki náð árangri sem skyldi. En ég vil vekja athygli á því að í Kaliforníu í Bandaríkjunum vestur hafa þegar verið sett lög sem kveða á um að 2% af seldum bílum árið 1998 skuli vera rafknúnir. Hvað felur þetta í sér? Þetta felur það í sér m.a. að Bandaríkjamenn, a.m.k. í Kaliforníufylki, hafa mótað þessa stefnu. Þetta er fyrsta skrefið í áttina að því að draga úr þeirri mengun frá bílum sem ég hef hér nefnt og taka upp vistvænni orku en verið hefur.

Þá er mér kunnugt um að á teikniborðum og í hönnunardeildum flestra bílaframleiðenda eru menn að skoða í dauðans alvöru leiðir til þess að fjöldaframleiða bíla knúna raforku eða jafnvel vetni en að því mun ég víkja rétt á eftir.

Fleiri atriði má nefna, en það er þetta í rauninni sem þáltill. ætlar nefndinni, ef tillagan verður samþykkt, að skoða að hinir hæfustu sérfræðingar skoði það, en ég legg þunga áherslu á að málið verði ekki einungis skoðað út frá efnahagslegum rökum heldur ekki síður umhverfislegum. Í allri umræðu okkar um aukinn hagvöxt, sem auðvitað er nauðsynlegur til að hér verði framfarir og við getum áfram haldið uppi velferðarkerfi, verðum við samt sem áður í tali um hagvöxt að taka áhrif hans á umhverfið líka í umræðuna.

Ég vil þá víkja aðeins að vetninu. Ég tel að á því sviði geti Ísland orðið forustuþjóð í heiminum. Við höfum alla burði til þess. Við höfum orkuna, við höfum þekkinguna. Það að framleiða vetni er í sjálfu sér ósköp einfalt ferli. Ekki þarf annað en vatn og raforku og af hvoru tveggja eiga Íslendingar nóg. Og það er það sem hin þáltill. gerir ráð fyrir, að skoðað verði hvort ekki megi nota vetni á fiskiskipaflota okkar Íslendinga sem eins og ég nefndi áðan er valdur að rúmlega 30% af koldíoxíðmengun hérlendis. Er þetta mögulegt?

Ég er sannfærður um að margar úrtöluraddir munu heyrast og ýmsir munu kalla þetta óþarfa bjartsýni, en til allrar hamingju er til bjartsýnisfólk. Það er nefnilega heilmargt að gerast einmitt á þessu sviði hér innan lands. En ég vil þó áður en ég nefni það sérstaklega minna á alþjóðaorkuráðstefnuna sem haldin var í Madrid árið 1992. Þar var því m.a. spáð að með óbreyttri olíunotkun mundu olíulindir jarðar tæmast um það bil árið 2025. Það felur auðvitað í sér að bílaframleiðendur og vélaframleiðendur hljóta að skoða aðrar leiðir, og mér er auðvitað kunnugt um það eins og fleirum að þeir eru þegar farnir að gera það. Það eru sem sagt ekki bara umhverfisrökin heldur og sú þekking að olíubirgðir kunni að renna til þurrðar áður en langt um líður.

Í framhaldi af þessari orkuráðstefnu skrifuðu þrír íslenskir vísindamenn. Ég nefni sérstaklega prófessor Braga Árnason, sem hefur verið ötull talsmaður og mjög trúaður á möguleika vetnis hér á Íslandi. Hann skrifaði ásamt prófessor Þorsteini Sigfússyni m.a. grein í tímaritið Hydrogene Energy þar sem þeir fjölluðu m.a. um þennan möguleika á notkun vetnis á íslenska fiskiskipaflotann.

Það er skemmst frá því að segja, herra forseti, að í framhaldi af þessari grein urðu mjög sterk viðbrögð, ekki hér á Íslandi heldur úti í hinum stóra heimi. Nefna má að fyrirtækið Deutsche Aerospace, sem fjallar m.a. um geimferðir, sýndi málinu slíkan áhuga að í dag liggja fyrir upplýsingar, Icelandic Fishing Fleet, þ.e. hugmyndir um það hvernig ætti að standa að því að nota vetnið til brennslu á íslenska fiskiskipaflotanum. Ég hef hér skýrslu um það með merki Deutsche Aerospace. Þá geta menn spurt hvers vegna slíkt fyrirtæki hefur áhuga á þessu máli. Svarið er í rauninni þegar komið fram. Það er hugmyndin um að gera tilraunir hér á landi í því skyni að geta nýtt vetni til að knýja vélar og tæki í Evrópu. Það liggja fyrir yfirlýsingar m.a. frá Deutsche Aerospace um að gera Ísland að tilraunalandi á þessu sviði.

Ég nefni í framhaldi af þessu, herra forseti, að nú þegar eru framleidd um það bil tvö þúsund tonn af vetni í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Það er til komið í framhaldi af áður nefndri grein prófessoranna þar sem Max Planck Institut í Þýskalandi, Áburðarverksmiðjan í Gufunesi og Háskóli Íslands standa að tilraunaverkefni að keyra Caterpillar-vél á vetni. Sú tilraun hefur staðið nú um hríð og farið hljótt en lofar mjög góðu.

Ég nefni auk þess, herra forseti, að ég starfa um þessar mundir í nefnd á vegum hæstv. iðnrh. ásamt Þorsteini Sigfússyni prófessor. Til þeirrar nefndar kom ekki alls fyrir löngu sendiherra okkar í Þýskalandi, Ingimundur Sigfússon, ásamt þremur einstaklingum tengdum bílaiðnaði í Þýskalandi. Þessir einstaklingar lýstu gífurlegum áhuga á því að gera tilraunir og fjárfesta á Íslandi í tilraunum með vetni vegna þess að bílaiðnaðurinn kallar á það.

Ég nefni auk þess, herra forseti, að í Þýskalandi, bæði í borginni Erlangen sem og í München eru nú þegar keyrðir í tilraunaskyni strætisvagnar knúðir vetni. Ég nefni auk þess bréf frá strætisvögnunum í Ósló þar sem kemur fram að árið 1998 munu þeir ætla í tilraunaskyni að aka fjórum strætisvögnum knúðum vetni. Áfram má telja en tíminn leyfir það ekki, hann er að renna frá mér. Ég tel að öll umhverfisleg, efnahagsleg og gjaldeyrisleg rök séu fyrir því að stefna sé mótuð í þessu, að þessi mál séu könnuð allrækilega og það er það sem þessar þingsályktunartillögur gera ráð fyrir. Ég óska eftir því, herra forseti, og vonast til þess að þær fái farsæla afgreiðslu og verði beint til hv. umhvn.

[19:19]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég sé ástæðu til þess að segja nokkur orð í tengslum við þær þáltill. sem hér hefur verið mælt fyrir af hv. 1. flm., Hjálmari Árnasyni. Tillögurnar eru fluttar af nokkrum hv. þm. Framsfl. og fela í sér áskorun um tiltekin efni á hæstv. umhvrh. sem er ekki langt undan, virðulegur forseti, þegar Framsfl. er nefndur því að hæstv. ráðherra mun vera varaformaður flokksins fyrir utan önnur mikilvæg trúnaðarstörf sem hann gegnir. Boðleiðirnar ættu því ekki að vera mjög langar milli hv. flm. og hæstv. ráðherra. Með þessum orðum er ég síst að lasta það að málið skuli fært í þann búning að flytja þáltill. á Alþingi til þess bæði að vekja athygli á málinu og fá fram vilja þingsins. En ég hlýt þó að benda á að unnt hefði verið að fara skemmri leiðina sem stundum hefði verið kölluð djúpleið, fara djúpleiðina, að hvetja hæstv. ráðherra án þess að fara í gegnum Alþingi til þess að taka til þeirra ráða sem felast í tillögunum.

Þetta nefni ég m.a. vegna þess að ég sé það í grein sem birtist í Morgunblaðinu fyrir réttu ári, 23. febrúar 1996, þar sem fjallað er um annað það efni sem hér er til umræðu, þ.e. rafbíla, að starfandi hafi verið stjórnskipuð nefnd til þess að sinna þessum verkefnum, þ.e. að leggja á ráðin um aukna notkun rafbíla, sett niður af umhvrh. nr. tvö í því embætti, fyrrv. ráðherra Eiði Guðnasyni. Í blaðinu segir síðan að Morgunblaðið leitaði frétta af nefndinni um aukna notkun rafbíla og komst að því að hún hafi var lögð niður í janúar sl. með þeim orðum að ekki hafi fundist lífsmark með henni. Og nú stendur hv. þm. Hjálmar Árnason upp á Alþingi til þess að hvetja hæstv. ráðherra til þess að bæta ráð sitt og taka það mál upp sem hæstv. ráðherra komst að að væri þarflaust eða þannig vaxið að það yrði að veita þessari stjórnskipuðu nefnd nábjargirnar. Það má auðvitað vel vera að þessi nefnd, sem hefur þá verið búin að sitja á fjórða ár líklega, hafi verið orðin södd lífdaga, það má leiða líkur að því og hafi verið þörf að gefa henni nýtt blóð og kannski nýtt umboð. En ég vek einfaldlega athygli á því vegna þess að tillagan fjallar nákvæmlega um slíka nefndarskipun og lítið meira í nákvæmlega sama dúr og þessi nefnd sem lögð var af fyrir rétt rúmu ári síðan. Og svo á ráðherra nú að setja nýja nefnd á laggirnar og hún á að gera Alþingi grein fyrir tillögum sínum fyrir árslok 1997.

Spurning er hvort eitthvað var unnið í tíð fyrri nefndar. Það liggur auðvitað ekki fyrir og er ekki rakið hér. En ég tek eindregið undir að sú hugsun sem er á bak við báðar þessar tillögur er góð og gild og skiptir þá engu þó að málið hafi verið til meðferðar á fyrri stigum þó að ég hefði gjarnan viljað sjá efnismeiri umfjöllun um málið, sérstaklega í sjálfum tillögunum, heldur en þetta einfalda atriði að hæstv. ráðherra skipi nefnd vegna þess að hér er auðvitað í raun um mjög stór mál að ræða sem varðar miklu að tekið sé á af fullri alvöru og þó fyrr hefði verið. Hér er spurningin í báðum tilvikum um að nýta innlendar orkulindir, innlenda orkugjafa í samgöngutækjum okkar, skipum og bílum, og útrýma jarðefnaeldsneyti sem leggur inn í það safn mengunar sem Íslendingar eru valdir að. Fiskiskipaflotinn veldur þar eða skipaflotinn um þriðjungi af þeim koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum sem verða til á Íslandi, bílaflotinn er með annan þriðjunginn og síðan iðnaðurinn með síðasta þriðjunginn. Þannig liggur þetta. Hér er því um gífurlega stórt verkefni að ræða sem hefur allt of lengi hvílt óbætt hjá garði ef svo má segja.

Ég hlýt að nefna samhengisins vegna að þau mál sem varða framleiðslu vetnis hefur ítrekað borið á góma hér á Alþingi og ekki fengið þann stuðning sem þau verðskulda, enda flutt af þingmönnum í stjórnarandstöðu sem eiga oft á brattann að sækja með sín mál eins og reynslan sýnir því miður. En þingmenn Kvennalistans, sem kalla sig þingkonur, virðulegur forseti, þeir ágætu þingmenn, heill þingflokkur sem taldi hér sex þingmenn fyrir nokkrum árum, flutti tillögu um framleiðslu vetnis. Það var 134. mál á 113. löggjafarþingi, ætli það hafi ekki verið nálægt 1990.

Sú tillaga var um að fela ríkisstjórninni að hefja skipulagðar rannsóknir og undirbúning að framleiðslu vetnis til notkunar sem eldsneyti til innanlandsnota, og meira en það, og til útflutnings eins og það var orðað í tillögutextan. Jafnframt verði athugað, og nú er ég farinn að vitna, virðulegur forseti, og bið um leyfi: „Jafnframt verði athugað hvaða breytingar þurfi að gera á bifreiða-, skipa- og flugvélaflota og öðrum vélakosti landsins til að notkun á vetni sem eldsneyti yrði möguleg, umfang þeirra breytinga og kostnaður við þær."

Það hangir því miklu meira á spýtu í þessari tillögu frá 113. löggjafarþingi heldur en hér er lagt til, þar sem einfaldlega er verið að láta kanna möguleika þess að vélar íslenskra fiskiskipa verði knúðar vetni í stað olíu. Málið er nefnilega það að það er fleira en rafbílar sem koma til greina. Það er einnig bílar knúðir vetni, möguleikarnir að nýta vetni sem eldsneyti á bíla verðskulda athygli.

Ég vil nefna að margir hafa vakið athygli á þessum málum og reyna að minna á það. Einn var nefndur hér af hv. frsm. að því er varðar vetnisframleiðsluna, Bragi Árnason prófessor, óþreytandi boðberi þess að menn eigi að nýta þetta vistvæna eldsneyti og orkulindir okkar til þess að framleiða það. En varðandi rafbílana nefni ég nafn eins og Jón Baldur Þorbjörnsson bíltækniráðgjafa sem hefur lagt mikið í þetta og Gísla Júlíusson, yfirverkfræðing hjá Landsvirkjun, varaforseta Landverndar, sem hefur verið mikill áhugamaður um rafbíla.

Að lokum, virðulegur forseti, svona rétt upp á samhengið af því að það er oft rætt um rafbílinn Gísla Jónssonar prófessors, sem eitt sinn var hér á götunum og var í rekstri frá árinu 1979 að telja má ég segja, en sá bíll var keyptur eftir að ónefndur maður sem var til húsa í iðnrn. 1979 fann upp á því að fá ríkisstjórnina til að samþykkja að fella niður aðflutningsgjöld á þennan bíl sem hafði lengi verið draumur Gísla Jónssonar prófessors. Því miður var það svolítið endasleppt með þessar tilraunir. Skilningurinn var takmarkaður og er því miður enn takmarkaður. Þökk sé hv. 1. flm. fyrir að hreyfa þó í litlu sé við þessu stóra máli enn á ný.

[19:28]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja út af upphafsorðum hv. seinasta ræðumanns að auðvitað er ekki löng leið milli okkar, mín og hv. 1. flm. þessara tillagna beggja. Það er auðvitað hárrétt. Við höfum rætt þessi mál sem og önnur okkar í milli. Það er hins vegar niðurstaða þeirra flutningsmannanna að leita eftir vilja þingsins um þau tvö mikilvægu mál sem hér eru undir og auðvitað hef ég ekki á móti því, síður en svo. Og það sem meira er, það er nú einu sinni svo að sé lagt í athugun eins og þá sem hér er lögð til og töluverð vinna er henni fylgjandi, þá fylgir líka töluverður kostnaður. Og það er mjög erfitt að setja alltaf ný verkefni á ráðuneyti

öðruvísi en að fyrir því sé séð eða um það fjallað hvernig á að standa straum af t.d. nefndarstarfi eins og lagt er til í öðru tilfellinu eða í hinu tilfellinu athugun sem líka getur kostað mikla fjármuni eftir því hvernig staðið er að. Það þyrfti og mætti gjarnan vera svo að þegar samþykktar eru till. til þál. og þær gerðar að þingsályktunum þá sé jafnframt séð fyrir því með einhverjum hætti hvernig viðkomandi ráðherrar eða ráðuneyti eigi að standa að málinu.

Það er líka rétt sem fram kom hjá hv. seinasta ræðumanni, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að sá sem hér stendur lagði af nefnd sem var að fjalla um svipað verkefni og hér er lagt til snemma á seinasta ári. Það var vegna þess að nákvæmlega eins og hv. þm. lét liggja að, að hún hafi kannski verið orðin södd lífdaga eða þreytt á verkefninu, þá var hún búin að vera að störfum, vonandi að einhverjum störfum, um nokkurn tíma, en ítrekað var ráðuneytið búið að ganga eftir svörum frá nefndinni og biðja beinlínis um niðurstöðu eða skýrslu, bæði með viðræðum við nefndarmenn og skriflega, formlega biðja um að einhver niðurstaða eða upplýsingar kæmu frá nefndinni þó ekki væri nema áfangaskýrsla, en án árangurs. Það var því niðurstaða mín að þarna yrði að verða breyting á.

Ekki hef ég á móti því að gera aðra tilraun verði þessi tillaga samþykkt, en þessu greindi ég hv. 1. flm. frá þannig að hann vissi af þessu ferli þegar hann var að gera mér grein fyrir sínum áhuga á að flytja tillögu af þessu tagi.

Við vitum að rafbílarnir hafa átt undir högg að sækja hvað varðar samkeppni við bensínið eða dísilbifreiðarnar. Það er m.a. fyrir það að þeir eru hreinlega dýrari, hafa verið dýrari í framleiðslu. Það hafa verið nokkur vandamál eða vandkvæði við að gera þá þannig úr garði að menn teldu þá vera æskilega eða skemmtilega, þægilega fararskjóta. En auðvitað geta þeir átt við í ýmiss konar almenningssamgöngum t.d. hvað varðar sporvagna eins og hv. frsm. málsins gerði grein fyrir. En þetta er nú staðreyndin og þó að nokkrir bílar hafi sést á götum — ég hef meira að segja gripið í slíkan bíl sjálfur — þá hafa þeir ekki náð að njóta neinna vinsælda og ekki getað keppt við hin hefðbundnu farartæki. Ég held þess vegna að til að gera þetta raunhæft þurfi að koma til annaðhvort breyting á verðlagi á olíu, með álögum eða einhverjum breytingum á grunni verðlagningarinnar eða þá sérstökum afsláttum eða meðhöndlun á álögum á rafknúnu bílana eða á einhvern annan hátt að breyta þeirri samkeppnisstöðu til að gera þennan kost raunhæfan en það er sjálfsagt að skoða og taka til umræðu auk þess sem viðhorfin í þessu sambandi eru alltaf að breytast dag frá degi.

Um hitt málið, vetnisframleiðsluna eða að fiskiskipaflotinn okkar sé knúinn vetni í stað olíu, þá hefur verið nokkuð fjallað um möguleika á vetnisframleiðslu hér á landi og m.a. var unnin skýrsla fyrir þáv. iðnrh. um eldsneytisframleiðslu á Íslandi og kom hún í október 1993. Þar segir m.a. að niðurstaða þeirrar nefndar á þeim tíma í það minnsta væri sú að það væri innlendum eldsneytisiðnaði í óhag. Við hefðum ekki möguleika til raunhæfrar samkeppni, en ég segi eins og um hitt málið að auðvitað breytist þetta nokkuð ört og það er gaman að vitna til bréfsins sem var skilabréf til hæstv. þáv. iðnrh. Sighvats Björgvinssonar og dags. 27. október 1993. Þar segir eftir að ráðgjafarhópurinn er búinn að gera grein fyrir helstu niðurstöðum sínum í seinasta stjórnumerktum punkti, með leyfi forseta:

„Ráðgjafarhópurinn telur æskilegt að upp úr miðjum þessum áratug verði gerð ný úttekt á hagkvæmni þess að nýta innlendar orkulindir til að knýja farartæki og framleiða eldsneyti.“ Þannig að það kann að vera komið að því að skoða þetta mál aftur eða taka það til endurskoðunar.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum nefna í sambandi við umræður um loftslagsbreytingarnar að þessi viðhorf eru stöðugt að breytast. Við erum núna í mjög ítarlegum samningum á alþjóðavettvangi um hvernig við getum uppfyllt okkar skuldbindingar varðandi losun gróðurhúsalofttegunda og rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Eins og fram kom hjá hv. þm. áðan eru samgöngurnar og fiskiskipaflotinn verulegur gerandi í þessu efni og þó umræðan seinustu daga hér á landi hafi mest snúist um stóriðju og loftmengun af hennar hálfu, þá er sannleikurinn sá að við erum með um það bil þriðjung af okkar útblæstri eða losun á gróðarhúsalofttegundum frá flutningum á landi og sjó, sem sagt samgöngumálunum í víðum skilningi, og fiskiskipaflotinn okkar er með álíka, um eða yfir þriðjungi af þessum svokölluðu CO efnum eða koltvísýringsefnunum. Ef allar gróðurhúsalofttegundir eru teknar inn í dæmið, útreikningana, þá mun skiptingin vera nokkurn veginn þannig að $^1/_4$ hluti er samgöngur, $^1/_4$ fiskiskipaflotinn, $^1/_4$ það sem við köllum stóriðju og $^1/_4$ hluti annað. Ef okkur tekst að gera róttækar eða umtalsverðar breytingar varðandi samgöngur og fiskiskipaflotann og fá menn til alvarlegrar umhugsunar um það, þá er sannarlega hreyft hér þörfu máli og þess vegna ekki ástæða til annars en að lýsa stuðningi við það.

[19:36]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir viðbrögð þeirra. Ég vildi aðeins fá að bregðast við athugasemdum sem fram komu. Hæstv. umhvrh. sagði „ef hægt yrði að fá menn til þess að skoða þetta mál“. Ég held að málið sé miklu alvarlegra. Ég held að það snúist ekki einungis um að reyna að fá menn. Ég held að okkur beri skylda til þess, umhverfisleg skylda og Ríó-sáttmálinn, þær alþjóðaskuldbindingar sem við höfum tekist á hendur, gefa okkur stefnuna og segja að við þurfum e.t.v. að taka með öðru en silkihönskum á þessu máli.

Til allrar hamingju hafa margir komið að málinu og hér hafa verið nafngreindir ýmsir mætir einstaklingar sem hafa unnið rösklega að þessum málum bæði hvað varðar rafknúna bíla og vetnisframleiðslu og vetnisnotkun hérlendis. Það er ekki síst fyrir tilstilli þessara mætu vísindamanna sem málið er lifandi í dag.

Ég styð hæstv. umhvrh. mjög í þeirri ákvörðun að leggja af nefnd sem hafði starfað í um fjögur ár og sýnt lítið lífsmark. Slíkar nefndir eiga ekki að starfa. Þær eru betur settar án umboðs og nýjar nefndir frekar skipaðar.

Varðandi það atriði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi um boðleiðir frá hv. flm. til hæstv. umhvrh. þá er það hárrétt að við hæstv. umhvrh. erum flokksbræður og mjög ánægðir og hreyknir af því. Hins vegar tel ég málið það stórt og alvarlegt, eins og hv. þm. tók reyndar undir, og ég ber það mikla virðingu fyrir hv. Alþingi að ég tel að málið eigi erindi hingað og hér sé um að ræða stefnumörkun af hálfu Alþingis fari þetta í gegn. Ráðherrann hafi þá vilja Alþingis í farteski þegar nefndin vonandi tekur til starfa. Ég er sjálfur sannfærður um gildi málsins og styð það þeim efnahagslegu og umhverfislegu rökum sem áður voru nefnd. Ég verð þó að gera aðeins leiðréttingu á máli hv. 4. þm. Austurl. því að í annarri tillögunni er gert ráð fyrir „rafknúnum farartækjum“

ekki eingöngu rafbílum. Eins og kom fram í framsöguræðu minni þá er m.a. ætlast til þess að leiðir séu skoðaðar með rafknúna strætisvagna, jafnvel vetnisknúna bíla eða rafknúna sporvagna. Þess gat ég í framsögu en ætla að sjálfsögðu nefnd sérfróðra aðila til að skoða þessa þætti eins og áður hefur verið nefnt. Nefndinni er ætlað að safna saman þeim upplýsingum hérlendis og erlendis sem fyrir liggja. Síðan er þetta spurning um hina pólitísku stefnumörkun og það er hún e.t.v. sem er meginatriðið. Höfum við pólitískan vilja til þess að stíga þetta skref? Hefur ríkisvaldið þann pólitíska vilja til að koma málunum fyrir með þessu móti?

Ég er sannfærður um að mikið er að gerast. Ég nefndi dæmi í framsögu minni sem mér er kunnugt um eftir að hafa rætt við fulltrúa frá ýmsum erlendum stórfyrirtækjum og heyrt vilja þeirra til að gera tilraunir á Íslandi og fjárfesta hér í því skyni vegna þess að þeir sömu erlendu aðilar sjá sér hag í að nota Ísland sem tilraunaland. Auðvitað eru þeir ekki að fara út í slíkar tilraunir nema þeir sjái sér sjálfum hag í því. En það er líka okkar hagur og það er hagur heimsins vegna þess að báðar tillögurnar miða að því að draga úr mengun, einkum á koldíoxíði.

Bara örstutt um vetnið. Hér hafa hv. þingmenn Kvennalistans komið með þáltill. um það, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson nefndi. Ég tel að miklu máli skipti sú tilraun sem gerð hefur verið í Gufunesi, en ekki farið hátt um, með tilstilli þeirra prófessora úr háskólanum sem hér hafa verið nefndir og Max Planck Institut og sá vilji sem er frá erlendum kaupendum að fjárfesta og jafnvel kaupa vetni. Það skyldi þó aldrei verða, herra forseti, að um vetnið verði sagt eins og þekktan stórsöngvara úr einni af skáldsögum Nóbelsskáldsins: „Mín upphefð kemur að utan."

[19:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði eiginlega ekki áttað mig á því fyrr en hv. flokksbræður voru að skiptast á skoðunum að það væri svona broddur í þessum tillöguflutningi. Það er náttúrlega alveg ljóst eftir ummæli hv. 1. flm. að hann hefur talið sig þurfa að ýta við hæstv. ráðherra í þessu máli. Samhengið er auðvitað augljóst þegar hæstv. ráðherra leggur niður stjórnskipaða nefnd sem vinnur að ákveðnu verkefni án þess að koma málinu á hreyfingu með einhverjum öðrum hætti, þá þarf hv. þm. Hjálmar Árnason að taka sig til og flytja tillögu um það efni að hæstv. ráðherra endurreisi viðkomandi nefnd. Það er kannski þörf á þessu. Ég skynjaði það á hæstv. ráðherra að hann hefði veitt sitt góðfúslega samþykki fyrir því að málinu yrði hreyft en vakti athygli á því að þetta kostaði peninga. Það hefur ekki verið litið á það sem stórt mál að ráðuneytin setji menn til verka í nefndum sem fá lítils háttar þóknun eftir mati þóknunarnefndar, þannig að það sé stórt efni sem Alþingi þurfi að taka afstöðu til.

Væntanlega verður þetta til þess að málið komist á hreyfingu aftur og ég get alveg lofað hv. flm. að ég mun styðja framgang málsins kannski eitthvað ítarlegra en kemur fram í þessum texta ef málið kemur til þeirrar þingnefndar sem ég sit í, umhvn. þingsins, sem hugsanlega fær málið án þess að ég hafi tekið eftir því hvert hugmyndin væri að vísa því. Ég geri þó ráð fyrir að svo sé, með vísan til þess sem hér liggur fyrir.

[19:43]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta nema ég er eiginlega undrandi á því að jafnmikill og röskur talsmaður gegn stóriðju, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, skuli reyna að snúa málinu og gera það með einhvern veginn torkennilegt í meðförum Framsfl. Á milli okkar flm. og hæstv. umhvrh. er fullt samkomulag um þetta. Það er ekki ágreiningur. Ég ítreka það sem ég nefndi áðan að ég tel þetta vera spurningu um aðgreiningu framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Hér er um þáltill. að ræða og það er eðlilegt að þingið taki afstöðu til mála af þessum toga og færi það síðan til framkvæmdarvaldsins sé það vilji þingsins. Þess vegna fannst mér það sem hv. þm.ýjaði að hér áðan í rauninni ekki eiga við rök að styðjast og alls ekki vera við hæfi.

Það sem er meginmálið er að við erum sammála um meginmarkmiðið og meginefnið og um það eigum við að ræða og styðja og snúa bökum saman í því.

[19:45]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að ræða eða spá í innanhússmál Framsóknarþingflokksins í þessu máli frekar en orðið er. Það verður bara að koma í ljós hvernig málin ráðast og hvort núv. hæstv. umhvrh. tekur myndarlega við þeim bolta sem umhvn. þingsins sendir vonandi þangað, kannski svolítið stærri bolta en hér liggur fyrir.

Varðandi tillöguna um vetnið þá finnst mér of lítið kjöt á þeim beinum og vildi gjarnan sjá að þar yrði við aukið ef þingið fær að ályktað um málið sem ég vil gjarnan að verði. Nú reynir á það og ég vísa m.a. til þeirrar þingsályktunar sem verðskuldaði það kringum 1990 á 113. þingi að fá brautargengi, að vissir þættir sem þar eru nefndir mættu gjarnan koma inn í ályktun um þetta mál og er, eins og ég hef þegar greint frá, reiðubúinn til að láta mitt lóð á vogarskál innan umhvn. til að þetta megi ganga fram og þessi tillaga fái afgreiðslu fyrir þinglok því að málið er gott og enginn ágreiningur um það okkar á milli og í rauninni mál sem hefur legið allt of lengi hjá garði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 19:47.

---

77. FUNDUR

þriðjudaginn 25. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 346. mál, þskj. 618. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, stjfrv., 364. mál, þskj. 641. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frv., 266. mál, þskj. 518. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Náttúruvernd, frv., 276. mál, þskj. 529. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Námulög, frv., 277. mál, þskj. 530. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Rafknúin farartæki á Íslandi, þáltill., 323. mál, þskj. 585. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans, þáltill., 327. mál, þskj. 591. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 188, nál. 653, brtt. 654. — 2. umr.
9. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 189, nál. 655, brtt. 656. — 2. umr.
10. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 230. mál, þskj. 319. — Fyrri umr.
11. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 298. mál, þskj. 554. — Fyrri umr.
12. Stephansstofa, þáltill., 354. mál, þskj. 627. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 346. mál (yfirstjórn). — Þskj. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Frv. GMS, 266. mál (veiðar jarðeiganda). — Þskj. 518.

[13:36]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Við umræðurnar í gær kom fram tillaga frá flutningsmanni um að máli þessu yrði vísað til hv. landbn. Við það voru hins vegar gerðar athugasemdir þar sem þessi málaflokkur heyrir undir umhvrn. og lögin voru til umfjöllunar hjá hv. umhvn. á sínum tíma. Forseti vill því spyrja hvort gerð sé formleg tillaga um aðra nefnd, því hann lítur svo á að það hafi ekki enn verið gert. Komi fram önnur tillaga verður að sjálfsögðu að hafa atkvæðagreiðslu um nefndina. Er gerð tillaga um aðra nefnd? (**Gripið fram í:** Um umhvn.) Það liggja þá fyrir tvær tillögur og verða fyrst greidd atkvæði um fyrri tillöguna, en sú tillaga gekk út á það að málinu yrði vísað til landbn. En áður en atkvæðagreiðslan fer fram greiðum við atkvæði um það að vísa málinu til 2. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til landbn. felld með 32:4 atkv. og sögðu
já: EgJ, GÞÞ, PP, VS.
nei: ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GGuðbj, GHelg, GuðrS, HÁs, HjÁ, ÍGP, KÁ, LB, MS, MF, MÁ, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvanJ, SK, TIO, ÖS.
27 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FrS, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GMS, HBl, HjálmJ, HG, IP, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, ÓE, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 276. mál (landslagsvernd). — Þskj. 529.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Námulög, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 277. mál (náttúruvernd). — Þskj. 530.

[13:40]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Það stendur líkt á um 5. dagskrármálið og um það 3. sem við vorum að fjalla um áðan að gerð var tillaga um að málinu skyldi vísað til hv. umhvn. Spurningin er þá sú með tilliti til þeirrar umræðu sem þá fór fram hvort gerð sé tillaga um annað. (**Gripið fram í:** Til iðnn.) Það er gerð tillaga um hvort tveggja, umhvn. og iðnn., og verða fyrst greidd atkvæði um fyrri tillöguna, um að vísa málinu til umhvn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til umhvn. felld með 29:9 atkv. og sögðu
já: ÁRJ, GGuðbj, GMS, KÁ, ÓÖH, RA, SJóh, SvanJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHelg, GuðrS, HÁs, HjÁ, ÍGP, JBH, LB, MS, MF, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, SK, TIO, VS.

1 þm. (MÁ) greiddi ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, DO, FrS, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, HG, IP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, ÓE, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Rafknúin farartæki á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 323. mál. — Þskj. 585.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Notkun vetnis í vélum fiskiskipaflotans, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 327. mál. — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Menntun, mannauður og hagvöxtur.

[13:44]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Nú hefst utandagskrárumræða um menntun, mannauð og hagvöxt. Málshefjandi er hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir. Hæstv. menntmrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða.

[13:44]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Menntamál hafa verið á hvers manns vörum að undanförnu, ekki síst vegna svokallaðrar TIMSS-könnunar vegna þess að ákveðið hefur verið að birta niðurstöður samræmdra prófa. Í síðustu viku var greint frá tveimur athugunum á arðsemi menntunar. Önnur könnunin var gerð af Hagfræðistofnun háskólans að beiðni menntmrh. og hin af hagfræðingum BHM og Félags ísl. hjúkrunarfræðinga. Þrátt fyrir mismunandi aðferðafræði og forsendur eru niðurstöður beggja kannananna samhljóma að því leyti að almennt er arðsemi menntunar neikvæð á Íslandi. Með öðrum orðum tapar fólk fjárhagslega á því að afla sér menntunar ef miðað er við ævitekjur.

Tilkostnaðurinn við það að afla sér menntunar er of mikill og launin of lág að lokinni menntun til að það borgi sig efnahagslega að afla sér háskólamenntunar með nokkrum undantekningum. Námslánin, vinnutap vegna færri starfsára og skattalegt óhagræði við styttri starfsævi, t.d. varðandi persónufrádrátt og barnabótaauka, kosta meira en svo að launin sem eru í boði standi undir sambærilegum kjörum og t.d. hópar án háskólamenntunar njóta í VR eða BSRB.

Nýleg könnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur leiddi í ljós að meðallaun félagsmanna sem lokið höfðu grunnskólaprófi eru ríflega 160 þús. kr. og meðallaun háskólamenntaðra VR-félaga reyndust hin sömu. Sama könnun sýndi að meðallaun karla innan VR er um 180 þús. á meðan meðallaun kvenna eru um 120 þús. Enn einu sinni kemur hinn illræmdi launamunur kynjanna í ljós en könnun Félagsvísindasstofnunar frá árinu 1995 á kynbundnum launamun benti til að launamunur kynjanna ykist með vaxandi menntun.

Þjóðhagsleg arðsemi menntunar þykir lág á Norðurlöndum en var þó jákvæð upp á 6% fyrir karla í Svíþjóð árið 1991. Eina menntunin sem gefur viðunandi arðsemi samkvæmt greinargerð Hagfræðistofnunar er stúdentspróf eða bóklegt framhaldsnám hjá körlum og BS-nám kvenna. Samkvæmt skýrslu BHM er arðsemi menntunar almennt neikvæð nema hjá verkfræðingum og viðskiptafræðingum þar sem hún er 5–11%. Þó að fólk fái vissulega ýmislegt annað út úr menntun sinni en efnahagsleg gæði, þá er það alvarleg staðreynd að arðsemi menntunar skuli almennt vera neikvæð, alvarleg vitneskja sem verður að bregðast við strax. Að öðrum kosti verður erfitt að sjá hvernig á að telja ungu fólki trú um að menntun borgi sig, ungu kynslóðinni sem ef eitthvað virðist meira efnishyggjufólk en kynslóðirnar á undan.

Af þessu tilefni vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. menntmrh. sem talsmanns ríkisstjórnarinnar í menntamálum:

1. Hyggst menntmrh. og ríkisstjórnin grípa til einhverra aðgerða strax eða á næstunni í því skyni að minnka námskostnað fólks, t.d. með breytingum á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna? Ef svarið er já, hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar? Ef svarið er nei, hvers vegna ekki?

2. Mun menntmrh. og ríkisvaldið, sem einn stærsti vinnuveitandi háskólamenntaðs fólks, taka mið af ofannefndum staðreyndum í komandi kjarasamningum og þá hvernig? Að mati BHM þurfa laun BHM-manna að hækka um 42,5% til að einstaklingarnir tapi ekki fjárhagslega á því að mennta sig miðað við ævitekjur. Hvernig hyggst menntmrh. bregðast við þessum upplýsingum í bráð og lengd?

Virðulegi forseti. Í áðurnefndri greinargerð Hagfræðistofnunar til menntmrh. um menntun, mannauð og framleiðni kemur skýrt fram að Íslendingar byggja afkomu sína að langmestu leyti enn á náttúruauðlindum landsins og að verulega þarf að efla mannauðinn til að við verðum samkeppnisfær við annað vinnuafl Evrópska efnahagssvæðisins. Þá eru færð rök fyrir því að aukin og bætt menntun auki framleiðni og hagvöxt þjóða og bent á að stjórnvöld geti haft áhrif á mannauðinn með því að hvetja einstaklinga til menntunar og að efla rannsóknir og menntakerfið sjálft. Auk niðurskurðar sem snertir grunnskólann á undanförnum árum eins og fækkun lögbundinna kennslustunda, fjársvelti Námsgagnastofnunar og frestun á lengingu B.Ed.-prófsins í kennaraháskólanum og almennur niðurskurður til framhaldsskólans og vanræksla á uppbyggingu á starfsnámi þar, þá er verulegt áhyggjuefni hvað hefur verið að gerast í Háskóla Íslands. Einn aðalmælikvarðinn sem notaður er til að meta gæði háskólanáms auk afkasta kennara við rannsóknir er hlutfallið á milli kennara og nemenda. Á undanförnum árum hefur verulega sigið á ógæfuhliðina að því leyti þar sem fjárveitingar til háskólans hafi ekki aukist samfara fjölgun stúdenta. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Því vil ég af þessu tilefni spyrja að lokum hvort menntmrh. eða ríkisstjórnin hyggjast grípa til aðgerða til að efla menntun, mannauð og rannsóknir og þá hverra.

Þar sem hagrannsóknir nota oft opinber útgjöld hins opinbera til háskólamenntunar sem mælikvarða á mannauð spyr ég að síðustu hvort fyrirhugað er að setja aukið fé í menntakerfið og til rannsókna það sem eftir lifir kjörtímabilsins.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir að óska eftir þessum umræðum um greinargerð sem ég fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að taka saman um tengsl menntunar, mannauðs og hagvaxtar. Meginniðurstaða greinargerðar Hagfræðistofnunar er að skýr tengsl séu á milli hagvaxtar og menntunar. Líkur eru á að 1% hækkun á meðalskólagöngu vinnuafls leiði til 0,3% hagvaxtar á tilteknu ári að öðru óbreyttu.

Í greinargerðinni eru raktar leiðir sem Hagfræðistofnun telur að stjórnvöld geti farið til að bæta menntunina og auka hagvöxtinn. Ég óskaði eftir umræddri greinargerð til að stuðla að málefnalegum umræðum í þjóðfélaginu um þessa þætti og þá sérstaklega hvað megi bæta í menntakerfinu til að hagvöxtur aukist. Það er miður að hv. þm. skuli ekki minnast á þessa meginniðurstöðu Hagfræðistofnunar heldur einungis leggja áherslu á þá þætti sem neikvæðir eru þegar rætt er um menntun og gildi hennar. Tel ég að þessi áhersla hv. þm. sé ekki til þess fallin að hvetja ungt fólk til framhaldsnáms.

Greinargerðin hefur verið lögð fyrir ríkisstjórn til kynningar. Nú þegar og áður en greinargerðin var lögð fram hafa verið teknar ákvarðanir sem styrkja munu Lánasjóð ísl. námsmanna. Við afgreiðslu fjárlaga ársins 1997 var t.d. ákveðið að auka framlög til sjóðsins um 100 millj. kr. Á næstunni verður lagt fram frv. til laga um breyting á lögum um LÍN þar sem m.a. er kveðið á um lækkun á endurgreiðslubyrði námsmanna.

Við úthlutun úr lánasjóðnum er tekið tillit til ýmissa félagslegra aðstæðna námsmanna og aukin fjárveiting til sjóðsins mun að hluta til stuðla að meiri félagslegri jöfnun námsmanna. Hagfræðistofnun leggur hins vegar áherslu á að hvetja eigi nemendur til dáða með umbunarkerfi. Í því gæti t.d. falist að þeir nemendur sem standa sig vel í námi njóti meiri styrkja frá ríkinu en aðrir.

Þegar ég kynnti greinargerð Hagfræðistofnunar opinberlega óttaðist ég að hin málefnalega umræða sem ég var að vonast eftir gæti týnst í umræðum um kjaramál sem yfirleitt einkennast af hagsmunum ákveðinna stétta og heildarmyndin týnist. Það virðist ætla að verða reyndin hér í dag ef marka má orð hv. þm. sem hóf þessa umræðu. Talsmenn launþega hafa undanfarna mánuði lagt mesta áherslu á að lægstu taxtar hækki og launabilið í landinu minnki. Mér virðist sú krafa ekki vera í samræmi við óskir BHM um að laun háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hækki um 42,5% líkt og kemur fram í nýlegri skýrslu bandalagsins um ævitekjur og arðsemi menntunar. Ég er hins vegar ekki í þeirri aðstöðu að svara fyrir hönd samninganefndar ríkisins en hún kemur fram fyrir hönd ríkisvaldsins og svarar kröfugerðum samningsaðila ríkisins.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur hins vegar fram að launabilið milli menntaðra og ómenntaðra einstaklinga hafi mjókkað hér á landi síðustu áratugi og Hagfræðistofnun bendir á að til að arðsemi menntunar á Íslandi verði jákvæð þurfi annaðhvort að styrkja nemendur í námi mun meira en nú er gert eða meta menntun meira í launum og stofnunin segir að sennilega sé breytt tekjuskipting vænlegri þar sem frekari styrkir en nú eru komi hinum efnameiri frekar til góða en hinum efnaminni.

Staðreyndin er sú að auknu fjármagni hefur verið varið til menntakerfisins undanfarin ár. Þegar bornar eru saman fjárveitingar á milli áranna 1996 og 1997 er aukningin liðlega 170 millj. kr. Í þeim samanburði er grunnskólanum hins vegar sleppt vegna flutnings hans til sveitarfélaganna en töluvert meira fé er varið til grunnskólastarfs núna heldur en á síðasta ári. Jafnframt kemur það fram í greinargerð Hagfræðistofnunar að útgjöld á ársverk í rannsóknum og þróun hafa tvöfaldast á tímabilinu 1971–1993 og útgjöld á hvern Íslending tæplega fjórfaldast. Þetta er umtalsverður árangur en vissulega má gera betur og að því er stefnt.

Mörg mikilvæg verkefni eru í gangi í menntmrn. og má þar t.d. nefna umfangsmikla endurskoðun á námskrám grunnskóla og framhaldsskóla en námskráin leggur grunninn að skólastarfi í landinu. Í greinargerð Hagfræðistofnunar eru lagðar fram mjög athyglisverðar tillögur sem flestar eru í samræmi við þá menntastefnu sem ég hef fylgt. Að þeim verður hugað með bætta menntun að leiðarljósi.

[13:55]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Svo lengi sem ég man hafa Íslendingar, einkum á hátíðum og tyllidögum, talað um gildi menntunar. Aðeins einn mælikvarði er á slíka stefnu: Hvernig eru framkvæmdir? Þær má skoða á ýmsum sviðum þjóðlífsins, hvernig hin íslenska menntastefna er.

Ég nefni í fyrsta lagi að fjárframlög hins opinbera hér hafa um áratuga skeið verið með því lægsta sem þekkist í löndum OECD og þar er sekt allra stjórnmálaflokka söm.

Ég nefni í öðru lagi að enn þann dag í dag er verið að ráða kennara sem hafa nánast enga framhaldsmenntun í þeim greinum sem þeim er ætlað að kenna nemendum sínum. Laun eru ekki til þess að laða hæfasta fólkið að skólum landsins.

Ég nefni í þriðja lagi að um árabil hefur það tíðkast að fjömiðlar og foreldrar hafa haldið uppi neikvæðri umræðu um skólafólk og skólastarf með þeim afleiðingum m.a. að virðing nemenda fyrir starfinu dvínar og langt er komið með að brjóta niður sjálfsvirðingu kennarastéttarinnar.

Ég nefni í fjórða lagi að aðilar vinnumarkaðarins og skólar hafa einangrast hvor frá öðrum og ríkir jafnvel tortryggni á milli þeirra, enda er staða starfsmenntunar hér á land til skammar og smánarblettur.

Ég nefni í fimmta lagi að símenntun íslenskra fyrirtækja er 0,12% af launaveltu. Það land í Evrópu sem næst kemur hefur 0,79%, Grikkland, en Danir og Þjóðverjar til samanburðar hafa 5%, enda framleiðni íslenskra fyrirtækja afar lág.

Þessi dæmi segja okkur að á borði er skilningur á menntun sem tæki til framfara takmarkaður hér á Íslandi meðal stjórnmálamanna og þjóðarinnar. Það er þessi tvískinnungur sem er þjóðarböl. En ég fagna og þakka hæstv. menntmrh. fyrir það framtak að beita sér fyrir þessari skýrslu. Ég trúi því að hún geti orðið gott vopn fyrir skilningi á því að menntun sé forsenda fyrir framförum á Íslandi.

[13:58]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Umræða um skólamál hefur verið mikil og vaxandi á síðustu árum hér á landi og er það vel. Augu

manna hafa opnast enn betur fyrir því að það skiptir sköpum fyrir velferð þjóðarinnar og lífskjör hennar í framtíð að forgangsraðað sé í þágu menntunar og þá dugar ekkert annað en það besta okkur til handa.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld lagt stóraukna áherslu á að bæta menntun í landinu. Ný lög hafa verið sett um grunn- og framhaldsskóla þar sem áhersla er á að lengja skólatímann, nýta hann betur, gera meiri kröfur til árangurs í skólakerfinu, auka fjölbreytni í framhaldsmenntun, einkum starfsmenntun en þar stöndum við öðrum þjóðum að baki.

Í kjölfar nýrrar lagasetningar hefur almenningur fengið meiri upplýsingar um skólastarf og árangur þess en áður hefur tíðkast. Tækniframfarir setja nú svipmót sitt á veröldina. Þær breytingar á atvinnuháttum sem þeim fylgja krefjast skjótrar aðlögunar vinnuaflsins að tækninýjungum. Leggja þarf aukna áherslu á tengsl menntunar og atvinnulífs. Starfs- og endurmenntun verður æ gildari þáttur í menntakerfinu og rekstri fyrirtækja. Það er liðin tíð að menn mennti sig til lífstíðar í eitt skipti fyrir öll. Nú er nauðsynlegt að einstaklingarnir geti tileinkað sér nýja þekkingu og tækni og nýtt hana í starfi.

Samkeppnisstaða og hagsæld þjóða ræðst í ríkum mæli af öflugri rannsóknarstarfsemi og nýtingu þekkingar og tækni í atvinnulífinu. Enginn vafi er á því að þær þjóðir sem lagt hafa kapp á góða menntun, einkum á lægri skólastigum, skara nú fram úr á ýmsum sviðum og hefur tekist að öðru jöfnu að auka framleiðni og þar með tekjur á mann. Með öðrum orðum er beint samband á milli menntunarstigs þjóða og efnahagslegrar hagsældar.

Við Íslendingar verðum að meta menntun betur til launa en gert er í dag því þrátt fyrir allt þarf fólk viðurkenningu á því að menntun borgi sig. Menntun og gæði hennar er undirstaða allra framfara og sterkasta vopnið til að byggja upp öflugt atvinnulíf þjóðinni til hagsældar og gagns.

[14:00]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Um hvernig menntun biður atvinnulífið og fyrir hvaða þekkingu er það tilbúið að borga? Íslenskt atvinnulíf byggir enn fyrst og fremst á nýtingu auðlinda náttúrunnar. Landbúnaður og sjávarútvegur virðast hins vegar, líka þegar horft er til umheimsins, gera minni menntunarkröfur en t.d. iðnaður og þjónusta ýmiss konar. Hagsaga heimsins birtir okkur líka þá mynd að það sem mestu ráði um auðlegð þjóðarinnar sé mannauðurinn, menntun og menning fólksins en ekki endilega auðlindir náttúrunnar. Við höfum byggt hagvöxt okkar á því að sækja fastar í auðlindir sjávar og færa út landhelgina. Í kjölfar þeirrar kreppu sem hófst árið 1987 og stóð allt fram á síðustu ár, og orsakaðist m.a. af lækkandi fiskverði og minnkun þorskstofnsins, hefur okkur hins vegar orðið ljósar að góð og batnandi lífskjör í landinu verða í framtíðinni því aðeins tryggð að við finnum okkur og þróum aðrar arðbærar atvinnugreinar við hlið hinna hefðbundnu. Þær atvinnugreinar verða að byggja á mannauði, á þekkingu því við verðum að líta til þess að lífskjörin hér almennt verði samkeppnishæf við það besta. Spurningin er hvernig við getum hraðað þróuninni, hvernig við getum ýtt undir vöxt þeirra atvinnugreina sem krefjast þekkingar og eru tilbúnar að greiða fyrir hana.

Við jafnaðarmenn höfum flutt frv. til laga um skattívilnanir handa þeim sem leggja fjármuni til menningarmála og vísindalegrar rannsóknarstarfsemi. Það er ein þeirra leiða sem mælt er með til að örva nýsköpun. Það er auðveldast í bili, herra forseti, að leggja áfram fjármuni í fortíðina til að viðhalda óbreyttu ástandi. Þá tilhneigingu sjáum við hjá ríkisstjórninni. Það sjáum við á framlögum til menntunar og rannsókna. En hversu lengi verður það ástand óbreytt? Það er full ástæða til að óttast að sú byggðaröskun sem stjórnvöld reyna að hamla með óbreyttri atvinnustefnu muni þá ekki aðeins ná til landsbyggðarinnar heldur til Íslands alls.

[14:02]

Svanhildur Kaaber:

Hæstv. forseti. Í greinargerð Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hér er til umræðu er margt athyglisvert. Þar eru færð enn ein rökin fyrir því að leggja þurfi meiri áherslu á menntun þjóðarinnar en gert hefur verið til þessa en það hefur einmitt verið áhyggjuefni mjög margra hvað skólakerfið, allt frá grunnskóla til háskóla, hefur þurft að líða undir metnaðarleysi og niðurskurðargleði þeirra sem því hafa stjórnað undanfarin ár. Nefndar eru nokkrar leiðir sem taldar eru farsælar til þess að bæta menntunina og menntakerfið. Sumar þeirra eru allra góðra gjalda verðar en aðrar eru að mínu mati vægast sagt hæpnar og full ástæða til að staldra við þegar ein hinna virtu stofnana Háskóla Íslands, þeirrar menntastofnunar sem fyrst og fremst ætti að standa vörð um framsýni og umburðarlyndi, telur þær leiðir heppilegar.

Í greinargerðinni er rökstutt að aukin menntun leiði til meiri hagvaxtar að öðrum forsendum óbreyttum. Þetta ætti að mínu mati fyrst og fremst að tryggja með því að efla og bæta menntakerfið allt á öllum skólastigum í öllum skólagerðum og gera skólagöngu og aukna menntun fýsilegan og eftirsóknarverðan kost fyrir alla landsmenn. Til þess er fyrst og fremst ein leið augljós. Það er sú leið að draga úr tilkostnaði einstaklinga við að mennta sig og gera öllu fólki kleift að standa straum af afborgunum á námslánum sínum. Það verður að hætta að brjóta niður námslánakerfið. Það verður þvert á móti að byggja það upp og gera það þannig úr garði að allir eigi greiðan aðgang að því og geti risið undir afborgunum af námslánum sínum þegar fram líða stundir. Það má ekki fara þá leið, sem mér sýnist lagt upp með í greinargerðinni, að markaðsvæða menntunina og auka enn tekjumuninn í landinu.

Virðulegi forseti. Vissulega er mikilvægt að treysta langskólamenntun, hvort sem það er háskólamenntun eða sérhæft nám á öðrum skólastigum, t.d. iðnmenntun. En það má ekki láta í blindni tímabundin arðsemissjónarmið ráða för. Miklu mikilvægara er að efla almenna menntun þjóðarinnar, tryggja möguleika bæði faglærðra og ófaglærðra til símenntunar alla starfsævina og auka þannig líkur til þess að allir landsmenn geti horft til farsælli framtíðar.

[14:05]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um menntun, mannauð og hagvöxt er velkomið framlag til umræðunnar um menntamál. Í raun er langur aðdragandi að þeim vandamálum sem rýr tengsl milli atvinnulífs og menntakerfis skapa. Á fjölmörgum sviðum er nú verið að taka á þessum vandamálum með nýjum og sérstökum hætti. Í framhaldsskólalögunum hefur verið tekið á þeim vanda sem samstarf atvinnulífs og skólakerfis er og er þar gert ráð fyrir auknu aðhaldi og ytra og innra eftirlit er líka styrkt. Inn-

an kennaramenntunarstofnana þjóðarinnar er verið að efla faglegt eftirlit og faglega kennsluþætti.

Ég vil í þessari umræðu einnig vekja athygli á því að nú er verið að styrkja þann þátt sem fjarskipti og upplýsingar hafa í menntakerfi okkar á uppbyggingu menntakerfisins. Á þessu sviði hefur verið mikið unnið á vegum ríkisstjórnarinnar. Stefnumörkun hefur verið kynnt í þessum efnum og menntmrn. hefur með útgáfu sérstaks plaggs, sem heitir Í krafti upplýsinga, kynnt sína stefnu á þessu sviði.

Að mörgu leyti stöndum við mjög vel að vígi á sviði upplýsinga og fjarskipta og getum styrkt okkar menntakerfi afar vel með því og höfum þegar sótt fram á við í þeim efnum. Ég vil vitna til þess að þrátt fyrir hlutfallslega smæð okkar skólastofnana þá hefur tekist að gera þær mjög virkar á þessu sviði. Í þessu sambandi ætla ég að nefna sérstaklega að 88% safna á höfuðborgarsvæðinu veita aðgang að margmiðlunargögnum og 80% safna á landsbyggðinni. Þetta, borið saman við stöðuna í fjölmörgum Evrópuríkjum, er einstakt. Þessi uppbygging er á fullri ferð og hún heldur áfram og styrkir mjög stöðu þessara safna til að styrkja menntakerfið í heild.

[14:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessum málum. Einhvers staðar stendur að framtíðin sé þeirrar þjóðar sem á bestu skólana og hér eru til umfjöllunar hugtök eins og menntun, mannauður og hagvöxtur. Hugtökin skipta auðvitað máli en það er líka hættulegt að festast í hugtökum. Menntun er auðvitað víðar heldur en í skólakerfinu. Við getum gjarnan spurt: Hvar er færnin sem menntunin skapar og hvar eru nýsköpunarhæfileikarnir? Við útskrifum úr Háskóla Íslands, Samvinnuháskólanum, Tækniskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri viðskiptafræðinga, hagfræðinga, verkfræðinga, iðnfræðinga, rekstrarfræðinga o.s.frv., sem sækjast fyrst og fremst eftir því að vinna hjá öðrum en sjálfum sér. Menntunin verður að vera hagnýt og nýtast þjóðinni allri.

Við búum ekki enn við fullt jafnrétti í framhaldsnámi. Ég tek sem dæmi fólk sem býr utan alfaraleiðar og þarf að sækja framhaldsnám um langan veg. Dreifbýlisstyrkir þjóna því miður ekki til fullnustu tilgangi sínum í þessum tilfellum. Það er aðstöðumunur fyrir íbúa í Skaftafellssýslu sem þarf að leigja íbúð eða herbergi fyrir nemendur sem fara t.d. í Fjölbrautaskóla Suðurlands eða í framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og svo íbúa í þéttbýli þar sem framhaldsskólar eru starfræktir og nemendur geta farið heim til sín í lok skóladags.

Í gegnum tíðina höfum við Íslendingar snobbað fyrir bóknámi, verknámið skipar ekki sama sess. Verknám og bóknám er auðvitað samþætt og ég hef þá trú að tölvan brúi þetta bil í framtíðinni. Matreiðslumeistarar og hárgreiðslumeistarar á Íslandi hafa lyft starfsgreinum sínum til mikillar virðingar hér á landi og erlendis. Íslenskir matreiðslumenn og hárskurðarmenn eru á heimsmælikvarða og það er full ástæða til að benda á þetta. (Forseti hringir.)

Það er mikil gróska í tónlistarnámi hér á landi og ég hef þá tilfinningu að mesti mannauðurinn sé að fólk finni sig í lífinu, í námi og starfi og hafi síðan möguleika á símenntun.

[14:10]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Mikilvægi menntunar er ótvírætt eins og fram er komið í máli allra hv. þm. sem hér tala. Í þjóðfélaginu er hins vegar unnið að gerð kjarasamninga um þessar mundir og þar er krafan þessi: Að hækka lægstu laun og gæta þess að launamunur vaxi ekki. Ég er samþykkur þeirri stefnu. Ég vil að allir fylgist að á leiðinni fram til betri lífskjara.

Þegar rætt er hér um samanburð og samkeppnishæfni okkar á Evrópska efnahagssvæðinu eins og kom fram í máli hv. málshefjanda þá er rétt að gæta að einu: Hverjum bjóðast betri kjör erlendis en hér heima? Það er yfirleitt menntafólk sem fer til starfa í þeim löndum þar sem launamunur er meiri en á Íslandi. Ef við ætlum að keppa um hvern og einn einstakling sem býðst hátt launað starf erlendis þá er hætt við að launamunur hér á landi mundi vaxa hröðum skrefum. Ég fæ því ekki séð hvernig það tvennt fer saman að vinna bug á fátækt á Íslandi og um leið að hækka verulega laun til þeirra sem þjóðin hefur menntað og sérhæft en kjósa þrátt fyrir þjóðerni sitt að starfa á öðrum velmegunarsvæðum heimsins vegna betri launa sem þar eru greidd vissum þjóðfélagshópum en ekki öðrum.

[14:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég spurði aðallega um þrennt, m.a. hvort til stæði að lækka tilkostnað vegna náms, og ég er ánægð með þau svör sem hæstv. menntmrh. gaf þar um, að það standi til að breyta endurgreiðsluálagi vegna lánasjóðsins. Það er mjög mikilvægt að álagið komi seint á starfsævina vegna þess að að öðrum kosti ræður fólk ekki bæði við húsnæðislán og námslán.

Varðandi kjara- og skattamál þá vísaði ráðherra á samninganefnd ríkisins, kannski réttilega. Hann tók þó á vissan hátt undir þá stefnumörkun sem kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunar og ég vona að það sé vísbending um að hann muni styðja það að menntamenn fái bætt kjör.

Svar hæstv. ráðherra við spurningunni um eflingu menntunar og mannauðs olli mér mestum vonbrigðum vegna þess að hann gaf engar yfirlýsingar um að hann hygðist beita sér fyrir auknu fjármagni inn í menntakerfið. Það er engan veginn nóg að fá breytt framhaldsskólalög ef ekki er t.d. lagt í verknám og þá þætti sem kosta peninga og eru hvað brýnastir.

Við vitum öll að kjarasamningar eru fram undan og það komu vélegar fréttir í dag um að skæruverkföll standi til og jafnvel verkföll hjá félögum ASÍ. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort ætlunin er að láta efnahagsbatann vera áfram eingöngu hjá fyrirtækjum og atvinnurekendum, hvort ganga á svo langt að launþegar þurfi að grípa til verkfalla til að fá viðunandi laun eða fá eðlilega aðsemi af menntun sinni. Það hættulega er einmitt að menntamenn hafa þann valkost að fara úr landi og stunda vinnu annars staðar. Er það kannski ætlun ráðamanna að Ísland sitji eftir og haldi áfram að byggja aðsemi sína á náttúruauðlindum en mannauðurinn flyst úr landi?

[14:14]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þessar umræður. Það er fast að orði kveðið að segja að ekki hafi verið lagt neitt fé í verknám og ekki sé verið að gera það þegar teknir hafa verið í notkun á undanförnum mánuðum tveir skólar sem eru hvað best búnu

verknámsskólarnir á öllum Norðurlöndunum, annars vegar í matvælagreinum og hins vegar í bílgreinum og að það sé til marks um að menn hafi ekki áhuga á að efla hér verknám er náttúrlega algjörlega út í hött hjá hv. þm. eins og ýmislegt annað sem kemur fram þegar menn fara að hallmæla hvernig staðið er hér að menntakerfinu. Það er algjörlega órökstutt að gagnrýna með þeim hætti sem hér hefur komið fram. Það hefur verið staðið markvisst að uppbyggingu menntakerfisins innan þess ramma sem fjárhagur ríkisins hefur leyft á hverjum tíma. Það er unnið metnaðarfullt starf í skólunum og varðandi verknámið þá hafa skapast algjörlega nýjar forsendur á undanförnum mánuðum til þess að sinna því.

Ég vil aðeins í lokin, herra forseti, draga fram það sem Hagfræðistofnun leggur áherslu á þegar hún tekur til þeirra atriða sem leggja beri áherslu á til að auka hagvöxt með góðri menntun. Það er að leggja áherslu á að auka gæði menntunar en ekki fjölda prófgráða svo sem með lengra skólaári, bættu námsefni og betur menntuðum kennurum. Hvetja nemendur til dáða með einhvers konar umbunarkerfi. Efla öll skólastig og rannsóknir innan þeirra, þó þannig að arðsemi mismunandi tegundar menntunar sé að einhverju leyti höfð til hliðsjónar, sérstaklega á framhalds- og háskólastigi. Efla atvinnugreinatengda menntun og starfsþjálfun. Hvetja til að launþegum sé greitt í samræmi við menntun sína og hæfileika og gera þannig menntun eftirsóknarverðari fyrir einstaklinginn en hún er nú. Styrkja rannsóknar- og þróunarstarf fyrirtækja almennt, t.d. með skattívilnunum en ekki með sértækum aðgerðum. Leita leiða til að auka beina erlenda fjárfestingu fyrirtækja sem mundu stunda rannsóknar- og þróunarstarf innan lands. Afnema viðskiptahindranir til að auðvelda sem mest flutning þekkingar til landsins. Og beina heilsugæslu- og forvarnastarfi að yngstu kynslóðunum til að tryggja að heilbrigði og góð menntun eigi samleið.

Þetta eru mjög mikilvægir þættir í skynsamlegri menntastefnu. Og eins og ég sagði í upphafsræðu minni mun ég taka mið af því í mínum störfum sem menntmrh.

[14:17]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 171. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 659.

Vinnumarkaðsaðgerðir, 172. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 660.

Um fundarstjórn.

Umræða um frv. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.

[14:18]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna næstu tveggja mála sem koma á dagskrá, frv. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, viljum við í félmn. leggja til að þessi mál verði rædd sameiginlega. Þau fléttast mjög mikið saman og þó að við höfum hafnað því við 1. umr. að gera slíkt, vegna þess að þá vorum við alls óundirbúin, þá teljum við rétt að fara þessa leið ef enginn andmælir því.

[14:18]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseta er ljúft að fallast á það að 8. og 9. dagskrármálið verði rædd saman og telst það samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Atvinnuleysistryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 188, nál. 653 og 659, brtt. 654.

og

Vinnumarkaðsaðgerðir, 2. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 189, nál. 655 og 660, brtt. 656.

[14:18]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. á þskj. 653 um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar og fyrir nál. meiri hluta félmn. á þskj. 655 um vinnumarkaðsaðgerðir.

Félmn. hefur farið mjög vandlega yfir bæði þessi frv. og fjallað um málið á 13 fundum á tveggja mánaða tímabili. Alls bárust nefndinni 22 umsagnir, sumar hverjar mjög ítarlegar, en gestir komu fund nefndarinnar frá 18 mismunandi aðilum, hagsmunasamtökum eða öðrum sem tengjast frv. tveimur. Í umsögnum bárust nefndinni talsverðar athugasemdir, sérstaklega varðandi frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, og hefur hér verið tekið tillit til fjölmargra athugasemda eins og sést best á breytingartillöguskjali 654.

Varðandi frv. til laga um atvinnuleysistryggingar þá leggur meiri hluti félmn. til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á þskj. 654. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til nokkar breytingar á 2. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að neðri aldursmörk þeirra sem geta átt rétt til atvinnuleysisbóta, sbr. 1. tölul., skuli vera 16 ár í stað 18 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi reglur. Í öðru lagi er lögð til sú breyting á 5. tölul. að sá sem hefur skráð sig atvinnulausan þurfi einungis að bíða í þrjá daga eftir að réttur hans til bóta verði virkur en ekki í tvær vikur eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta er einnig í samræmi við gildandi reglur. Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 6. tölul. að í stað þess bótaskilyrðis að menn þurfi að vera tilbúnir að ráða sig í fullt starf, með undantekningum þó sem úthlutunarnefnd metur, verði miðað við að atvinnuleitandi skuli vera reiðubúinn að ráða sig til allra almennra starfa. Breytingar á 4. mgr. 13. gr. eru gerðar með hliðsjón af þessum breytingum á 6. tölul. Aðrar breytingar á greininni leiðir af fyrrnefndri breytingu á aldursmörkum.

2. Tvær breytingar eru lagðar til á 3. gr. Annars vegar er lagt til að felld verði niður upptalning í 1. mgr. um hvað geti talist til heimilisástæðna. Með þessu er þó ekki litið svo á að þessi atriði geti ekki fallið undir hugtakið heimilisaðstæður heldur geta þau öll komið til skoðunar sem og margt annað í þessu samhengi. Þau tilvik sem talin voru upp í ákvæðinu munu vera í samræmi við túlkun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á hugtakinu „heimilisaðstæður" og er með þessari breytingu ekki ætlunin að ganga gegn þeirri túlkun. Hins vegar er lögð til sú rýmkun á ákvæði 2. mgr. að í stað þess að sá sem fer í fæðingarorlof haldi áunnum bótarétti í allt að sex mánuði verði miðað við töku fæðingarorlofs sem getur verið lengra tímabil, t.d. vegna fjölburafæðingar.

3. Þá er lögð til breyting á 4. gr. til að taka af öll tvímæli um að með trúnaðarlækni í 4. mgr. sé átt við trúnaðarlækni Atvinnuleysistryggingasjóðs.

4. Lagðar eru til þær breytingar á 5. gr. að bótaréttur þeirra sem sagt hafa starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á falli niður í 40 daga í fyrsta sinn í stað 55 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi reglur. Þá er lagt til að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Slíkar reglur skulu staðfestar af ráðherra. Breyting þessi er sett fram til þess að mögulegt verði í ákveðnum undantekningartilvikum að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa orðið að hætta námi fyrir lok námsannar.

5. Lögð er til sú breyting á 6. gr. að tekjutenging bóta verði afnumin en í frumvarpinu er miðað við að tekjur einstaklings sem öðlast hefur bótarétt hafi ekki á síðustu tólf mánuðum fyrir skráningu verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði. Þannig munu tekjur einstaklings áður en hann hefur töku bóta ekki fresta rétti til bóta eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

6. Lagðar eru til breytingar á 7. gr. er varða fjárhæð atvinnuleysisbóta og endurskoðun þeirra. Gert er ráð fyrir að lögbundin fjárhæð hámarksbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Nær samhljóða ákvæði eru í gildandi lögum. Enda þótt ákvæðið mæli svo breytt fyrir um bætur, en ekki dagpeninga, verður eftir sem áður miðað við hvern dag um ákvörðun bóta, sbr. einnig 5. mgr. 8. gr. varðandi skrá um ákvörðun dagpeninga.

7. Lagt er til að ákvæði 9. gr., sem kveður á um að þau tímabil, sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum, teljist hluti bótatímabils, falli brott.

8. Lögð er til sú breyting á 13. gr. að miða skuli við að bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skuli úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, samanber og breytingu sem rakin er í 1. lið, um að atvinnulausir skuli reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er. Þá er felld niður sú regla frumvarpsins að maður er sinnir hlutastarfi geti jafnframt því aðeins notið bóta í sex mánuði.

9. Lagt er til að það skilyrði 15. gr. að einungis vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar varði missi bótaréttar falli brott. Telja verður nægjanlegt að rangar eða villandi upplýsingar séu gefnar enda getur reynst erfitt að sanna ásetning manna í þessum efnum. Með hliðsjón af þessari breytingu er einnig lögð til breyting á 26. gr. og er þar vísað til ákvæðis 15. gr.

10. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á 16. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að frestur til að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar um bætur og missi bótaréttar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta verði lengdur úr tveimur vikum í þrjá mánuði. Er það í samræmi við almennan kærufrest skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þá er lagt til að ákvæði um að svæðisvinnumiðlun skuli sjá úthlutunarnefndum fyrir nauðsynlegri aðstoð og aðstöðu falli brott. Þetta er í samræmi við þá breytingu á greininni að kostnaður af starfi nefndanna skuli greiddur af Atvinnuleysistryggingasjóði og að hver úthlutunarnefnd fyrir sig ákveði fyrirkomulag á greiðslu bóta. Í þessu felst að úthlutunarnefndir geta m.a. ákveðið útborgunarstaði. Til samræmis við þetta er einnig lögð til breyting á 19. gr. og fellt brott ákvæðið um að Vinnumálastofnun annist útborgun bóta í umboði stjórnar sjóðsins.

11. Lagt er til að árlega skuli verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðist við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Ákvæðið er sett fram með hliðsjón af því að við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1997 var ákveðið að framangreind verkefni yrðu kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Starfsmenntaráð gerir tillögu til ráðherra um ráðstöfun starfsmenntafjár.

12. Sú breyting er lögð til á 25. gr. að auk þeirra aðila sem taldir eru upp í greininni og skylt er að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laganna skuli hlutaðeigandi lífeyrissjóðum einnig skylt að veita slíkar upplýsingar vegna framkvæmdar ákvæðis 5. mgr. 7. gr.

13. Þá er gert ráð fyrir að í stað ákvæðis til bráðabirgða I, sem ekki á lengur við með hliðsjón af breytingu á aldursmörkum, sbr. 1. lið, komi ákvæði sem snertir kjararannsóknarnefnd, en sambærilegt ákvæði er nú að finna í ákvæði til bráðabirgða II í gildandi lögum. Ákvæðið lýtur meðal annars að því að á meðan nefndin starfar skuli kostnaður við störf hennar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

14. Loks er gert ráð fyrir að nýju ákvæði til bráðabirgða verði bætt við frumvarpið. Ákvæðið er hliðstætt ákvæði til bráðabirgða V í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 140/1996, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1997. Þar er mælt fyrir um heimild stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til að gera tillögu um að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Félagsmálaráðherra setur samkvæmt ákvæðinu reglur um úthlutun styrkja. Nú munu vera í gildi reglur nr. 680/1996 um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði árið 1997 til átaksverkefna á vegum sveitarfélaga.

Ég mæli hér einnig fyrir nál. 655 um frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og þar á við sami inngangur og farið var með í upphafi. Þeir sem komu á fund nefndarinnar komu einnig á fund hennar vegna þessa máls.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að það frv. verði samþykkt með breytingum á þskj. 656 en þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að í 8. gr. verði sérstaklega kveðið á um að Vinnumálastofnun verði heimilt, að fenginni umsögn svæðisráðs og stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að semja við sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlunar og skulu slíkir samningar staðfestir af félagsmálaráðherra.

2. Þá eru lagðar til breytingar á 15. gr. sem lúta að gerð starfsleitaráætlana hjá svæðisvinnumiðlunum með samkomulagi við hvern einstakan atvinnuleitanda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skylt sé að gera slíkar áætlanir við hvern einstakan atvinnuleitanda. Meiri hlutinn telur, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið um ákvæði 15. gr., að rétt sé að miða við að slíkt sé skylt innan tíu vikna frá skráningu. Komið hefur í ljós að mikill fjöldi atvinnuleitenda fær vinnu á fyrstu vikunum eftir skráningu og því þykir óraunhæft að skylda svæðisvinnumiðlanir til að gera slíkar

áætlanir fyrir hvern einstakan atvinnuleitanda þegar í stað. Slíkt er þó heimilt. Meiri hlutinn leggur áherslu á að haft verði til hliðsjónar að sami starfsmaður svæðisvinnumiðlunar og gerir starfsleitaráætlun með atvinnuleitanda sinni honum að jafnaði áfram.

3. Loks er gert ráð fyrir að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um að ákvæði frumvarpsins haggi ekki samþykktum reynslusveitarfélaga um framkvæmd vinnumiðlunar. Slíkar samþykktir munu hafa verið staðfestar af félagsmálaráðherra fyrir tvö sveitarfélög, Reykjanesbæ og Hafnarfjarðarkaupstað. Gert er ráð fyrir að ákvæðið gildi til 31. desember 1999. Það er til samræmis við gildistíma fyrrnefndra tveggja samþykkta.

Herra forseti. Meiri hluti félmn. leggur til að bæði frv. sem hér hefur verið mælt fyrir, þ.e. frv. til laga um atvinnuleysistryggingar og frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

[14:32]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar frá minni hluta félmn.

Það er ástæða til að geta þess hér að félmn. hefur verið mjög ábyrg í umfjöllun þeirra mála sem hér koma inn í þingið eftir að hafa verið í umfjöllun nefndar. Minni hlutinn hefur hvergi látið sitt eftir í þeirri vinnu sem fram hefur farið í félmn. Að vísu vantar það þriðja frv. sem hangir með þessum vinnumarkaðsfrv. sem eru frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, frv. um vinnumarkaðsaðgerðir og tryggingasjóður einyrkja sem er sérstakt frv. fyrir þá sem eru sjálfstætt starfandi, þ.e. þrjá hópa þeirra sem eru sjálfstætt starfandi. Það er enn þá til umfjöllunar í nefnd og ég vil geta þess hér að ég hef talið að hin réttu og góðu vinnubrögð hefðu verið að öll þrjú málin kæmu saman út úr nefndinni þar sem ef eitthvað ætti eftir að breytast í meðförum með einyrkjafrv. þá væri hugsanlegt að það hefði á einhvern hátt þurft að taka tillit til þess í frv. um atvinnuleysistryggingar. En það er mín skoðun.

Virðulegi forseti. Ég hefði óskað að sú umfjöllun, sem ég vísa hér til í félmn., hefði leitt til annarrar niðurstöðu en hér birtist. Það hefur margt verið lagfært, sérstaklega eftir samkomulag sem ríkisstjórnin gerði við ASÍ, en það hefði þurft að gera víðtækar breytingar á báðum þeim frv. sem hér eru til umræðu í dag.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fylgja nál. úr hlaði. Þegar frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar kom til umræðu á Alþingi mætti það harðri gagnrýni minni hlutans. Frumvarpið bar í sér mjög neikvæða afstöðu til atvinnulausra og reyndist innihalda fjölmörg skerðingarákvæði um réttindi atvinnulausra. Í því birtist sú sýn ríkisstjórnarinnar að hinn atvinnulausi sé vandamálið, ekki atvinnuleysið sjálft sem stafar af skorti á störfum. Fólkið er gert að meginvandamáli, ekki verkefnaskorturinn. Það virðist nokkuð ljóst að við munum búa við atvinnuleysi enn um sinn og þótt hlutfall atvinnulausra sé lægra nú en þegar atvinnuleysið var mest hefur það samt mælst um og yfir 5% að undanförnu. — Ég vek athygli þingmanna á því að sem fylgiskjal með nál. minni hlutans er að finna yfirlit frá vinnumálaskrifstofu um atvinnuleysi eins og það er skráð bæði í desember og janúar og einnig skýrslu um skráð atvinnuleysi í Reykjavík 30. nóv. 1996. Það sem er að finna í fylgiskjali minni hlutans gefur glögga mynd af stöðunni í atvinnumálum í landinu síðustu mánuðina.

Atvinnuleysið er langmest í þéttbýlinu á suðvesturhorninu og staða kvenna er verri en karla. Ríkisstjórnin sýnir enga tilburði til að bregðast við þessum staðreyndum. Í frumvarpinu birtust eingöngu kröfur á hinn atvinnulausa á meðan atvinnurekendum er ekki ætlað neitt hlutverk í atvinnuuppbyggingu, eins og algengt er hjá öðrum þjóðum, m.a. þeim þjóðum sem við lítum helst til í kringum okkur. Aukinn hagvöxtur og efling atvinnulífsins hefur ekki skilað sér í samsvarandi fjölgun starfa. Fyrirtækin virðast fremur auka vinnuna hjá þeim sem fyrir eru en leitast við að fjölga störfum.

Mig langar að geta þess hér í tengslum við þennan þátt í nál. að ég var að skoða skýrslu frá Þjóðhagsstofnun um lítil og meðalstór fyrirtæki í Evrópu og á Íslandi og starfskjör lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þar kemur fram á einum stað að árleg fjölgun fyrirtækja er um 10% í Evrópusambandinu og að svipað hlutfall leggur upp laupana á hverju ári innan Evrópusambandsins. Athuganir Þjóðhagsstofnunar á stofnun og slitum fyrirtækja hér á landi sýna að árlega eru stofnuð um 2.200–2.500 fyrirtæki eða sem svarar til 13% aukningar. Mér fannst þetta mjög athyglisverð staðreynd sem ég hafði ekki áttað mig á. Það kemur jafnframt fram að slit fyrirtækja vegna gjaldþrots o.s.frv., nemur svipuðu hlutfalli sem þýðir þá að ef stofnuð eru 2.200–2.500 fyrirtæki hér á landi árlega þá hætta 2.200–2.500 fyrirtæki jafnframt rekstri vegna gjaldþrots. Það kemur fram hjá Þjóðhagsstofnun að ný störf verða til einkum við stofnun fyrirtækja fremur en að starfandi fyrirtæki fjölgi starfsfólki. Þetta er mjög merkileg staðreynd sem við sem hér störfum höfum kannski talið okkur hafa vissu fyrir en er hér sett fram í útdrætti úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar. Það eru ekki að verða til fleiri störf innan fyrirtæja sem eflast og blómstra, m.a. af því að það eru komnir betri tímar og þeim hefur verið gert kleift að bæta stöðu sína með skattalækkunum og ýmsum breytingum á umhverfi sínu, heldur eru það hin nýju fyrirtæki og hreyfingin á þeim sem skapa störf.

Virðulegi forseti. Í nokkurn tíma hefur staðið til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar og flestir áttu von á að þegar frumvarp til breytinga á lögunum kæmi fram væri því ætlað að efla réttindi og skapa úrbætur fyrir atvinnulaust fólk. Atvinnuleysisbætur eru hluti af því félagslega öryggisneti sem búa þarf launafólki og fjölskyldum í velferðarþjóðfélagi.

Ég vísaði til þess við fyrri umræðu þessa máls hversu ítarleg skýrsla var unnin af starfshópi um réttindi atvinnulausra sem skilað var í júní 1994. Þá var lögð mikil áhersla á það einmitt að skoða ólíka hópa, skoða stöðu annarra tryggingabótaþega, skoða stöðu ungra mæðra með lítil börn og að það hlyti að þurfa að meta það hvort ástæða væri til að skoða lengd fæðingarorlofs fremur en að skoða stöðu þeirra sem atvinnulausra á bótum eigandi að vera úti á vinnumarkaðnum eins og við höfum heyrt hér. Enn fremur var farið inn á það í þessari skýrslu að reyna að greina hópa, takast á við almannatryggingakerfið samhliða því að þessir hlutir yrðu skoðaðir. Það hefur ekki verið gert. Þetta fór á annan veg.

Í frumvarpinu var ekki að finna framtíðarsýn, það treysti ekki rétt hins atvinnulausa heldur skerti hann. Þann mikilvæga þátt að bregðast við vanda einstaklingsins í langtímaatvinnuleysi og byggja hann upp er aðallega að finna í óljósum hugmyndum í greinargerð með vinnumarkaðsfrumvarpinu.

Frumvarp um atvinnuleysistryggingar vakti upp þá grundvallarspurningu hvort líta bæri á atvinnuleysisbætur sem atvinnuleysistryggingu með réttindum eða hvort um ölmusu hins opinbera væri að ræða. Frumvarp ríkisstjórnarinar ber því miður keim þess síðarnefnda og er því áratuga skref aftur á bak í réttarstöðu atvinnulausra. Mikilvægt er að halda því til haga að launafólk samdi um atvinnuleysistryggingar eftir harðvítugt verkfall árið 1955 og gaf þá eftir 1% af launum sínum í staðinn.

Í umræðunni er gjarnan rætt um allar bætur út frá svipuðu sjónarhorni en það verður að hafa það í huga að atvinnuleysistryggingar hafa sérstöðu.

Ríkisstjórnin hefur komið fram með fljótfærnislega unnin frumvörp í hverju málinu á fætur öðru, sérstaklega hvað varðar vinnumarkaðinn og minni hlutinn spyr hvað vinnist með slíkum vinnubrögðum. Frumvarp um atvinnuleysistryggingar er því miður engin undantekning frá því.

Minni hlutinn gagnrýnir það harðlega að í annað sinn sé lagt fram frumvarp sem snýr að réttindum fólks á vinnumarkaði með valdboði og án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna. Í fyrravor voru sett lög, einhliða af hálfu ríkisstjórnarinnar, um stéttarfélög og vinnudeilur og um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þau vinnubrögð hafa haft mjög neikvæð áhrif á þróun kjaraviðræðna undanfarna mánuði og síst verið til að einfalda samningsferlið eða greiða fyrir kjarasamningum, eins og markmiðið var þó.

Þetta hefur komið fram í viðræðum við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar aftur og aftur og þess vegna hefði maður talið að miðað við það að byrjað var að ræða saman þó nokkrum vikum fyrir jól þá hefði ríkisstjórnin tekið mið af þessari staðreynd áður en lengra var haldið.

En leikurinn var endurtekinn í desember með því að leggja fram frumvarp um atvinnuleysistryggingar sem mikill ágreiningur var um við samtök launafólks. Nú þegar stefnir í átök á vinnumarkaði er hlaupið til og sest yfir frumvarpið með fulltrúum ASÍ og þess freistað að gera á því viðunandi breytingar. Þetta eru vond vinnubrögð og hætta á að lögin sem sett verða reynist innantóm umgjörð og alls ekki það framfaraskref sem ný löggjöf á þessu sviði ætti að verða. Meiri hluti félmn. hafði áður kynnt tillögur sem gengu mun skemur í breytingum á frumvarpinu og þrátt fyrir þá ítarlegu yfirferð sem ég hef verið að vitna til í félmn. þá léði meiri hlutinn ekki máls á öðrum hugmyndum sem fram höfðu komið hjá minni hlutanum. Minni hlutinn telur hins vegar þær breytingartillögur sem nú eru komnar fram allar til bóta, eða réttara sagt flestar, ég undanskil tillögur um starfsmenntun í atvinnulífinu og kvennasjóðinn, og mun minni hlutinn samþykkja þær flestar. Einnig telur minni hlutinn jákvætt að opnað sé á að námsmenn og heimavinnandi geti öðlast rétt til bóta en í því efni er réttur einnig lítt skilgreindur og óljós.

Líka má nefna, virðulegi forseti, að eitt ákvæði hefur fallið út sem var í lögum áður sem er líka jákvætt og ég vil leitast við að halda því til haga sem jákvætt er. Það er jákvætt að bótalausa tímabilið skuli fellt út. En á það er þó að líta að um leið munu atvinnulausir missa möguleika á námskeiðahaldinu sem þeir áttu rétt á meðan þeir voru án vinnu nema til komi fjármagn sem tryggi þeim aðgang að markvissu námi og aðstöðu til að sinna félagslegu starfi og það er mjög brýnt að svo verði gert. Það eru ýmis slík markmið í vinnumarkaðsfrv. en því miður er mjög erfitt að átta sig á að hvaða leyti tekst að hrinda þeim í framkvæmd vegna þess að það er fullkomlega óljóst hvaða fjármagn á að veita til þessara mikilvægu stuðningsaðgerða. Minni hlutinn telur hins vegar að mörgu sé enn þá ábótavant í þeirri lagasetningu sem hér er að verða staðreynd.

Óbreytt er það ákvæði frv. að atvinnulaust fólk falli út úr bótakerfinu þegar það hefur verið atvinnulaust í fimm ár. Bótaréttur hefst ekki á ný fyrr en að tólf mánuðum liðnum og þá því aðeins að viðkomandi eigi a.m.k. sex mánaða vinnu að baki eftir að bótatímabilinu lauk.

Í umsögn Bandalags háskólamanna segir að með því að setja hámarkstíma atvinnuleysisbóta í fimm ár þrátt fyrir að hinn atvinnulausi hafi e.t.v. engar úrbætur fengið í atvinnumálum sínum feli þetta ákvæði í sér fullkomna afneitun á langtímaatvinnuleysi.

Í sama streng tekur BSRB sem segir að verði bótatímabil stytt í fimm ár verði jafnframt að gera þá kröfu á hendur samfélaginu að réttur til atvinnu eða viðunandi úrræða verði tryggður.

Í umsögn Reykjavíkurborgar segir um þetta ákvæði að með lögfestingu þessarar breytingar muni þeir sem lengst hafa verið atvinnulausir, þ.e. fimm ár eða lengur, í raun missa bótarétt sinn. Með þessum hætti sé verið að vísa þeim einstaklingum á framfærslu sveitarfélaga og þá um leið verið að auka fjárhagsbyrðar þeirra. Í sama streng taka önnur sveitarfélög sem sendu inn umsögn.

Erfiðast fyrir hinn atvinnulausa er þó að reglur um fjárhagsaðstoð hafa ekki verið samræmdar hjá sveitarfélögum og mikil óvissa því samfara að missa bótaréttinn eftir því hvar á landinu viðkomandi býr. Þetta er mjög stórt mál og ég leyfi mér, virðulegi forseti, að minna á það hér, meðan ég er að fylgja nál. úr hlaði, að ekki eru nema u.þ.b. fimm ár síðan sett var rammalöggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sú rammalöggjöf tók við af úreltri löggjöf um framfærslu frá 1942, ég held að rétt sé með farið, og þessi löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga gaf íbúunum í fyrsta sinn lögbundinn rétt til stuðnings og aðstoðar hjá sveitarfélaginu sem það bjó í. Þetta eru lög um víðtæk réttindi en hvað varðar fjárhagsaðstoð sem slíka þá er sveitarfélögunum í sjálfsvald sett að setja sérreglur um fjárhagsaðstoð. Auðvitað er gert ráð fyrir því að á þeim árum sem hafa liðið hafi sveitarfélögin beitt sér í þessu efni, búið til afmarkaðar og skýrar reglur og það hafa mörg þeirra gert en ljóst er að mjög mismunandi er hvernig reglurnar eru og hver réttur íbúans er.

Ég get nefnt það af því við vorum mörg sem störfum á Alþingi á ráðstefnu hjá Umhyggju, Samtaka félags langveikra barna, sl. laugardag. Þar kom fram að mjög misjafnt er hvernig sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, hér á þéttbýlissvæðinu, fara í raun með mat á því sem kallast tekjur fjölskyldunnar og var m.a. bent á að í mínu sveitarfélagi væru umönnunarbætur sem foreldri fær til að sinna langveiku barni flokkaðar sem tekjur þegar verið væri að meta framfærsluþörf fjölskyldunnar.

Í áliti sem ég nefndi áðan frá 1994 er lögð mikil áhersla á að áður en lög verði sett um atvinnuleysistryggingar og úrbætur verði búið að ganga frá því að samræma reglur sveitarfélaga eins og unnt er, alla vega tryggja rétt íbúanna til fjárhagsstuðnings og fjölskylduaðstoðar þegar sverfur að. Þetta hefur heldur ekki gerst.

Minni hlutinn telur að skilgreina eigi hópa langtímaatvinnulausra og setja í lög hvernig bregðast eigi við ólíkum hópum. Í hópi atvinnulausra eru til að mynda óvinnufært fólk, sumt hvert vegna sjúkdóma eða einhverra alvarlegra

annmarka og þessu fólki þarf að beina ákveðið og faglega inn í tryggingakerfið. Í skýrslu starfshópsins sem ég gat um áður var líka lögð áhersla á að atvinnuleysisbótakerfið væri fyrir þá sem eru atvinnulausir í atvinnuleit og ekki fyrir aðra. Að kanna hverjir ættu fremur að vera á öðrum bótum en atvinnuleysisbótum. Starfshópurinn lagði til að endurskoða ætti örorkuhugtak almannatryggingalaganna eins og ég hef vikið að. Aðrir hópar atvinnulausra þurfa markvissa þjálfun áður en þeim er beint inn á vinnumarkaðinn. Enn aðrir þarfnast endurmenntunar svo þeim sé unnt að sækja inn í ný störf. Það verður að tryggja atvinnulausum slíka skólun eða þjálfun og þá leið hafa nágrannaþjóðir okkar valið.

Ég hef afar oft staðið í þessum ræðustól, virðulegi forseti, og minnt á þennan mikilvæga þátt og hversu starfsmenntun og símenntun er mikilvæg fyrir vinnumarkað okkar og vegna þróunar á vinnumarkaði fyrir utan það þegar þeir sem verða atvinnuleysi að bráð þurfa á skólun að halda til að geta tekist á við ný störf. Mér finnst ástæða til að nefna tvö atriði án þess að fara dýpra í það í þessu stutta inngangserindi meðan ég fylgi nál. úr hlaði. Norðmenn tóku þá stefnumarkandi ákvörðun að ungt fólk ætti ekki að vera á atvinnuleysisbótum. Þeir gerðu það ekki með því að koma með frv. eins og þetta og segja: Þeir sem eru yngri en 18 ára eiga ekki að fá atvinnuleysisbætur. Þeir gerðu það með því að fara í markvissar aðgerðir fyrir ungt fólk. Tryggja að ungt fólk væri annaðhvort í námi, í starfsþjálfun eða í starfi og ef þess þyrfti fengi þetta unga fólk bætur eða laun meðan það væri að afla sér þessarar skólunar eða þjálfunar sem til þyrfti til að komast á vinnumarkaðinn. Þetta er pólitík. Þetta er stefnumörkun um að ungt fólk, yngra en tvítugt, eigi ekki að detta út af vinnumarkaði vegna þess að það flosnar út úr skóla, fer í vinnu, missir vinnuna og er þarna „af því bara". Þetta er pólitík um að leggja áherslu á það í velferðarþjóðfélagi að ungt fólk fái eins traust og gott veganesti og unnt er. Þetta er munurinn á viðhorfi annars staðar og þess anda sem ríkti í frv. félmrh. sem við erum að fjalla um. Það hefur verið hopað frá því að yngri en 18 ára fái ekki atvinnuleysisbætur en einungis er hopað undan þrýstingi í skjóli átaka á vinnumarkaði. Það er ekki verið að bregðast við af einhverri reisn.

Ég vil líka nefna annað. Í Danmörku þar sem hefur verið víðtækt atvinnuleysi hafa menn farið þá leið að hjálpa fólki til að komast í störf í sex mánuði í trausti þess að á þeim sex mánuðum nái þetta fólk fótfestu, verði eftirsóknarverðir starfsmenn og fái starf áfram. Það kom fram í máli fulltrúa Bandalags háskólamanna á fundi félmn. að reynslan er sú að þegar staða þeirra sem höfðu fengið slík störf í sex mánaða tilraunaverkefni var skoðuð eftir 18 mánuði, þeirra sem voru háskólamenntaðir, voru 75% þeirra enn þá í starfi. Ég veit að vísað verður til þess hér á eftir að úrræði séu í vinnumarkaðsfrv. Ég get ekki rætt það nú, það á eftir að mæla fyrir nál. minni hlutans um vinnumarkaðsfrv. og mun koma nánar að því síðar en ég legg áherslu á að öll þau úrræði sem þar eru nefnd eru fljótandi og í lausu lofti. Hvergi er unnt að sjá hvort á að veita fjármagn til þeirra úrræða sem til þarf. Það er punctum saliens í þessum málum.

Minni hlutinn gagnrýndi það harðlega við fjárlagagerðina að liðirnir Starfsmenntasjóður og Atvinnumál kvenna sem hafa hingað til verið sjálfstæðir fjárlagaliðir voru felldir undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Samkvæmt brtt. meiri hlutans með frv. til laga um atvinnuleysistrygginar er sú breyting lögfest. Það er sem sagt verið að passa upp á að setja inn lagaákvæði í brtt. með frv. að innan Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi þessir þættir — starfsmenntun í atvinnulífinu og kvennasjóðurinn — heima. Með því er horfið frá grundvallarhugsun laganna um starfsmenntun í atvinnulífinu sem byggir á hugmyndafræðinni um sí- og endurmenntun fólks á vinnumarkaði. Minni hlutinn telur þessi vinnubrögð algjörlega óviðunandi.

Það eru ekki ýkjamörg ár síðan lög um starfsmenntun í atvinnulífinu voru sett. Ætli það hafi ekki verið 1989 eða 1990. Þetta var mikið framfaraspor og í lögunum er Starfsmenntasjóðurinn festur í sessi. Hann hefur ekki ýkjamiklar fjárhæðir. Ég held ég muni rétt að hann hafi 48 millj. til ráðstöfunar á þessu ári en umsóknir í hann núna eru upp á 160 millj. Hins vegar þó hann hafi ekki haft nema um 50 millj. á ári hefur hann ár hvert veitt ótrúlegum fjölda einstaklinga styrki til starfs- og endurmenntunar. Ég man að ég skoðaði þetta fyrir svona fjórum árum og þá voru um níu þúsund manns búin að fá á einhverjum tíma stuðning eða styrki úr þessum sjóði. Það er afskaplega mikilvægt að hafa slík úrræði til staðar og vera meðvitaður til hvers þau eru og hafa pólitíkina á hreinu sem snýr að starfsmenntun og fyrir hvað starfsmenntunin stendur. Að dengja sjóðunum inn í Atvinnuleysistryggingasjóð þar sem þeim, ég fullyrði, er hætta búin. Það er fávíslegt og það er gagnrýnivert.

Litli sjóðurinn sem veitt hefur verið úr til atvinnumála kvenna hefur verið konum í eigin atvinnurekstri mjög mikilvæg stoð þó framlög væru lág og skilyrt. Þetta eru konur sem hafa verið að leitast við að setja á fót lítil fyrirtæki, ekki síst á svæðum eins og Austfjörðum og víðar þar sem var mjög víðtækt atvinnuleysi kvenna. Oft voru þær saman um húsnæði og það var alveg ótrúlegt að sjá hvaða hugkvæmni og frumkvæði var að finna hjá þessum konum. Upphæðirnar voru ekki stórar, þær voru kannski 150–200 þús. kr. til hverrar en það skipti samt sköpum að þær gátu gert þetta. Þær voru ekki að taka peninga frá heimilinu, matarpeningana hreinlega, til að reyna að fara af stað með eitthvað.

Ég veit að festar eru í sessi fjárhæðir í fjárlögunum í ár upp á 65 millj. til beggja þessara sjóða samanlagt og það er sagt að halda eigi áfram að veita úr þeim í Atvinnuleysistryggingasjóðnum en það er skoðun minni hlutans að þessum mikilvægu sjóðum sé hætta búin í Atvinnuleysistryggingasjóðunum því sú skoðun hefur komið fram hjá hugmyndasmiðum frv. að ríkið eigi ekki að kosta námskeið annarra en atvinnulausra. Starfsmenntasjóður og kvennasjóðurinn eiga þar að auki alls ekki heima undir Atvinnuleysistryggingasjóði að mati minni hlutans.

Virðulegi forseti. Alþingi er ekki ætlað að kjósa fulltrúa í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samkvæmt þessu frv. Nýlega var afgreitt frv. um Landsvirkjun þar sem samsvarandi breyting var gerð um kjör í stjórn. Þess vegna er ástæða til að spyrja hvort ríkisstjórnin eða stjórnarflokkarnir séu búnir að marka þá stefnu að Alþingi hætti að kjósa fulltrúa í stjórnir og ráð á vegum ríkisins. Því sé svo þá hefur sú stefnumörkun ekki verið kynnt en fróðlegt fyrir okkur að vita hvort það sé sú stefna sem muni birtast í frv. sem lúta að þeim stofnunum þar sem Alþingi hefur hingað til kosið fulltrúa í.

Ég er ekki hér og nú að setja fram einhverja skoðun á því hvort Alþingi eigi endilega að halda þessu áfram eða hvort það sé slæmt að fellt sé úr einhverju ákveðnu frv. eða lögum að Alþingi kjósi fulltrúa. En þannig hefur þetta verið og sé verið að hverfa víðtækt frá slíku, þá finnst mér að það eigi að

ræða það á Alþingi og kynna það sérstaklega og leyfa okkur að taka umræðu þar um.

Ríkisstjórnin ætlar að spara með þessu frv. Það átti að henda ungu fólki út úr kerfinu, það átti að lækka bætur hinna lægst launuðu og það átt að koma í veg fyrir meinta misnotkun kerfisins. Nú hafa verið gerðar breytingar á frv. sem koma í veg fyrir þessi hæpnu áform. Ég bendi á að brtt. sem frsm. meirihlutaálitsins vísaði til eru allar í þessa átt og ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að renna yfir nokkrar þeirra eins og þær birtast mér.

Bótaréttur mun miðast við 16 ár eins og áður, ekki 18 ár. Það er fellt út að fólk fái ekki bætur fyrstu tvær vikurnar sem það er atvinnulaust. Sá biðtími mun verða þrír dagar eins og áður. Það er fellt út að þeir sem sagt hafa starfi lausu eða eiga sök á að hafa misst vinnuna sem þeir voru í verði bótalausir í 55 daga. Þeir dagar verða áfram 40 eins og var í lögum.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli eiga bótarétt undir sérstökum kringumstæðum í stað þess að réttur til bóta samkvæmt þessum tölulið átti að falla niður í jafnlangan tíma og eftir stóð af námsönn og bótatími átti að skerðast sem því nam.

Það er fellt brott að bótaréttur sé háður því að tekjur hafi ekki verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum og það er fellt út að hækka megi bótafjárhæð allt að 3% á bótatímabilinu. Það var mjög gagnrýnt að ríkisstjórnin væri að ákveða með lögum að jafnvel þó að forsendur breyttust mættu bótafjárhæðir ekki hækka meira en 3%. Nú verður slíkt endurskoðað með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála.

Það er fellt brott að tímabil sem atvinnulaus tekur þátt í úrræðum teljist til bótatímabils. Til að skýra út hvað það þýðir, þá þýðir það að viðkomandi gat verið allan bótatímann á svokölluðu úrræði sem er eins konar vinna. Fyrir hann væri greitt tryggingagjald en samt væri bótaþeginn eða launþeginn sem í úrræðinu tæki þátt réttlaus eftir að hafa verið allan tímann í vinnu samkvæmt slíku úrræði.

Því er ekki breytt, virðulegi forseti, að það geti varðað missi bótaréttar að hafna vinnu fjarri heimili. Það er mjög mikilvægt að vel verði farið með það ákvæði. Þeir sem telja að þetta ákvæði sé í lagi eru alveg sannfærðir um að það verði farið varlega með það, en með þessu ákvæði væri hægt að brjóta mjög á einstaklingi í atvinnuleit.

Ég vil líka geta þess að málskotsrétti er breytt úr tveimur vikum í þrjá mánuði. Og ég vil leggja áherslu á það enn á ný að fimm ára hámarksbótaréttur er óbreyttur og gagnrýni okkar, virðulegi forseti, ég vil ljúka yfirferð nefndarálits míns á því að gagnrýni okkar er ekki um að við viljum að atvinnulaus geti verið á bótum atvinnuleysistrygginga í 5, 7, 10 eða 12 ár, aldeilis ekki. Við teljum hins vegar að það sé skylda í velferðarþjóðfélagi eins og okkar að búa til tryggingarnar fyrst. Það skuli vera alveg ljóst hvað tekur við að loknu bótatímabili því að eins og hér hefur komið fram er verið að vísa fólki á miðjum aldri út af vinnumarkaði með þessu fimm ára hámarki. Og það er kannski fyrst og fremst verið að vísa konum milli fimmtugs og sextugs út af vinnumarkaði með þessu hámarksákvæði því í ljós hefur komið að það er langmest um að ófaglærðar konur á aldrinum fimmtugs til sextugs séu stórir hópar atvinnulausra. Þessar konur eru enn þá vel innan við sextugt þegar þær eru búnar með þessi fimm ár og takist ekki til með úrræði þeim til handa er verið að vísa þeim út úr bótaréttinum án þess að nokkuð sé skilgreint hvað í velferðarþjóðfélaginu taki við annað en fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Virðulegi forseti. Nokkrar þessara brtt. voru komnar fram af hálfu meiri hlutans í félmn. en flestar þeirra urðu til núna rétt fyrir helgina eftir samráð ASÍ og félmrn. Af hálfu ráðuneytisins var hins vegar ekki haft samráð við önnur launþegasamtök, ekki einu sinni þau sem áttu fulltrúa í nefndinni eins og BSRB og við höfum gagnrýnt það.

Ég vil líka að lokum, virðulegi forseti, láta það koma fram að í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga segir, með leyfi forseta:

„Eftir 5 ára bótatímabil hefst bótaréttur ekki fyrr en a.m.k. eftir 12 mánuði enda eigi viðkomandi þá a.m.k. að baki 6 mánaða vinnu eftir að bótatímabili lauk. Nú er bótalaust tímabil 16 vikur og með þátttöku í átaksverkefnum eða námskeiðum hefur bótatímabil getað fallið saman.

Með lögfestingu þessara breytinga um skerðingar á bótarétti er þeim sem þeirra hafa notið að stórum hluta vísað á framfærsluúrræði sveitarfélaganna. Fjárhagsbyrðar sveitarfélaganna munu því aukast mjög verulega verði frv. að lögum.

Því er beint til félmn. Alþingis að hún láti fara fram ítarlega skoðun á fjárhagslegum afleiðingum þeirra breytinga sem frv. gerir ráð fyrir og að sérstaklega verði könnuð áhrif þess á fjárhag sveitarfélaganna."

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að upplýsa hér að ekki liggur fyrir úttekt á því hvaða áhrif þessi ákvæði munu hugsanlega hafa á fjárhag sveitarfélaganna. Mér liggur meira á hjarta, virðulegi forseti, varðandi þessi mál. Ég vil rifja upp að þegar mælt var fyrir þessum málum þá óskaði félmrh. eftir því að fá að mæla fyrir báðum frumvörpunum saman og umræða yrði tekin um málin saman. Minni hlutinn lagðist gegn því fyrst og fremst vegna þess að ekki hafði verið um þetta rætt og minni hlutinn var því óviðbúinn að ræða málin saman. Hins vegar gerðum við okkur mjög vel grein fyrir því að það hefði verið æskilegt að vinna málið þannig og þess vegna var það að frumkvæði okkar nú að leggja til að frv. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir yrðu rædd saman því að þetta eru samfléttuð mál og nærri því óframkvæmanlegt að ræða annað án þess að koma inn á hitt.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[15:08]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þessarar umræðu lýsa furðu minni á því hversu fáir þingmenn eru viðstaddir þegar verið er að ræða þau stórmál sem hér eru til umfjöllunar og ég hlýt sérstaklega að auglýsa eftir Sjálfstfl., einn fulltrúi hans situr í salnum, því að mig langar mikið til að fá að vita hvernig á því stendur að Sjálfstfl. hefur skrifað upp á frv. um vinnumarkaðsaðgerðir. Ég fæ ekki betur séð en það gangi gjörsamlega gegn stefnu Sjálfstfl. og reyndar stefnu ríkisstjórnarinnar líka sem hefur haft það að markmiði ef eitthvað er að skera ríkisreksturinn niður og færa stofnanir frá ríki til sveitarfélaga og jafnvel að einkavæða, sem ég tel ekki eiga við í þessu tilviki þó að ýmsir þingmenn kunni að vera þeirrar skoðunar að það væri við hæfi. Því vil ég fara þess á leit, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. verði kallaður til þessarar umræðu. Mér finnst nauðsynlegt að fá skýringar hvernig á því stendur að Sjálfstfl. skuli skrifa upp á þessi mál. Nú tók ég ekki eftir því hvort hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi. Ég hefði gjarnan viljað heyra í hæstv. fjmrh. líka en ég heyrði að hann hefur veikindaleyfi og ekki ætla

ég að draga hann úr rúminu. En ég vil óska þess að hæstv. forsrh. komi til þessarar umræðu. Það þarf ekki nauðsynlega að gerast nú en við höfum daginn fyrir okkur. Ef hann gæti komið hingað, þá held ég að það væri mjög af hinu góða því að hér er um mjög stórt mál að ræða.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill einfaldlega spyrja hvers vegna forsrh. er beðinn um að koma. Nú eru fleiri talsmenn Sjálfstfl. í húsinu, talsmenn þingflokksins og fleiri. Er það eitthvert efnislegt atriði sem hv. þm. er með í huga?)

Eins og ég var að nefna er hér að mínum dómi um mjög stórt mál að ræða sem ég tel ekki samrýmast stefnu Sjálfstfl. Það er margt í þessu máli sem við höfum ekki fengið svör við og ég tel mjög eðlilegt, þegar um er að ræða það að verið er að stofna heila nýja ríkisstofnun, að sá sem er í forsvari fyrir ríkisstjórnina komi hingað og ræði við okkur um jafnstórt og viðamikið mál.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun fara að óskum hv. þm. og gaumgæfa hvort hæstv. forsrh. hefur tök á að koma til umræðunnar.)

Ég vil ítreka að ég skil vel að Framsfl. skuli fylgja eftir máli af þessu tagi því að það er löng hefð fyrir því í hans sögu allt frá dögum Jónasar frá Hriflu að fjölga ríkisstofnunum og setja á stofn sjóði. En ég hlýt að inna sérstaklega eftir stefnu Sjálfstfl. varðandi þessi mál í ljósi annars þess sem verið er að gera í samfélagi okkar.

Svo að ég víki þá að því máli sem hér er til umræðu og því nefndaráliti sem minni hlutinn hefur gefið frá sér, þá er fyrst ástæða til þess að rifja upp aðdraganda málsins, en eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem mælti fyrir nefndarálitinu um atvinnuleysistryggingar, þá hanga þessi mál öll saman. Í annað sinn á ferli þessarar ríkisstjórnar er verið að gera stórfelldar breytingar á þeim ramma sem gilt hefur um vinnumarkaðinn. Á síðasta þingi urðu miklar og harðar deilur um tvö frv. sem annars vegar snertu opinbera starfsmenn, frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og hins vegar frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem sneru beint að verkalýðshreyfingunni.

Hæstv. félmrh. tók þá ákvörðun að leggja fram þrjú frumvörp síðla hausts sem öll snerta vinnumarkaðinn. Tvö þeirra eru hér til umræðu og hið þriðja mun birtast aftur í þingsölum innan skamms. Annað þessara frv. var flutt þvert gegn vilja verkalýðshreyfingarinnar, frv. um atvinnuleysistryggingar. Um hitt frv., sem hér er til umræðu og ég er að ræða nú, vinnumarkaðsaðgerðir, er samstaða í nefndinni sem undirbjó það. Þar voru sammála fulltrúar ASÍ, BSRB, VSÍ og fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna. En það skiptir bara engu máli í þessu samhengi. Það sem við þurfum að skoða og ber að skoða í þessu samhengi er hvað er verið að gera með þessu frv. Og ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég er algjörlega andvíg efni þessa frv., algjörlega. Ég tel að verið sé að fara inn á kolrangar brautir. Hér er verið að færa valdið frá fólki en ekki til þess. Hér er verið að færa verkefni frá sveitarfélögunum til ríkisins, verkefni sem að *mínum dómi á heima* hjá sveitarfélögunum. Hér er verið að koma upp heilmiklu bákni sem nær til alls landsins og er reyndar afar vandséð hvernig muni virka og hvort muni virka og krefst auðvitað mikils undirbúnings. Það kallar á sérmenntað vinnuafl og þetta mun kosta á annað hundrað milljóna ef kostnaðurinn er ekki stórlega vanmetinn. Hér er sem sagt verið að koma upp nýju ríkisbákni. Það er skoðun okkar í minni hlutanum að nær hefði nú verið að verja þessum peningum til þess að mennta fólk, bjóða upp á fleiri menntunarmöguleika, til þess að efla heilbrigðiskerfið og fela sveitarfélögunum áfram að annast þessi verkefni, í stað þess að fara þá leið sem hér er farin. Ég kem nánar að einstökum atriðum málsins síðar.

Ein grundvallarforsendan fyrir þeim frv. var sú að það átti að ná fram sparnaði, reyndar ekki í þessu vinnumarkaðskerfi heldur fyrst og fremst hjá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ef litið er á það sem fram kom í frv. til fjárlaga fyrir árið 1997, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Unnið hefur verið að endurskoðun á starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnumiðlana með áherslu á að forðast hugsanlega misnotkun á sjóðnum. Aukin áhersla er lögð á að fólki á atvinnuleysisskrá verði boðin störf og það missi bætur ef störf eru ekki þegin.“ Ég vek sérstaka athygli á þessu, hæstv. forseti „og það missi bætur ef störf eru ekki þegin. Stefnt er að því að ná fram 128 millj. kr. sparnaði hjá sjóðnum með endurskoðun á starfsemi hans og úthlutunarreglum.“

Eins og fram kom áðan hefur hæstv. félmrh. gert þær breytingar á frv. sem fyrst var lagt fram að þessi sparnaður er nú orðinn að litlu sem engu. Það er reyndar erfitt að gera sér grein fyrir hversu mikill hann er en það er alveg ljóst að þau áform að ná fram sparnaði í Atvinnueysistryggingasjóði eru fyrir bí. Hvað stendur þá eftir af þeim breytingum sem átti að gera? Það er harla fátt og hefði verið nær að draga málið til baka og byrja upp á nýtt og vinna að úrbótum í málefnum atvinnulausra í stað þess að eftir standa nokkur skerðingarákvæði og nákvæmlega engar úrbætur, engar.

Hæstv. forseti. Í frv. er um það að ræða í blóra við ríkjandi stefnu og þá stefnu, sem hér hefur verið uppi á undanförnum árum að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga, þá hefur af einhverjum óljósum ástæðum verið ákveðið að fara aðra leið og flytja til ríkisins frá sveitarfélögunum það verkefni að annast vinnumiðlanir og þjónustu við atvinnulaust fólk. Að dómi okkar í minni hlutanum eru rökin fyrir þessu afar óljós. Það kom fram í vinnu nefndarinnar að meginorsökin væri sú að vinnumiðlanir virkuðu ekki og þar af leiðandi þyrfti að efla þær.

Við skoðun í nefndinni kom í ljós að þetta er með ýmsum hætti og mörg stærri sveitarfélaganna hafa staðið sig ágætlega í viðbrögðum við því atvinnuleysi sem skall hér yfir fyrir allnokkrum árum, í byrjun þessa áratugar getum við sagt, og enn önnur þ.e. minni sveitarfélögin hafa gripið til ýmissa ráða til að koma til móts við atvinnuleysi ungs fólks og sett upp ýmiss konar átaksverkefni, sem reyndar verður að viðurkenna að hafa gefist misjafnlega. Þannig að þau rök að vinnumiðlanir hafi ekki virkað gilda alls ekki um það svæði þar sem atvinnuleysi hefur verið mest, þ.e. á suðvesturhorninu. Á suðvesturhorninu hefur atvinnuleysi verið og er langsamlega mest samanber tölur frá allra síðustu mánuðum þar sem atvinnuleysi virðist því miður fara mjög vaxandi aftur á Suðurnesjum, sérstaklega meðal kvenna. Það þurfa því að vera miklu sterkari og öflugri rök fyrir því að gera svona stjórnkerfisbreytingu og að færa vinnumiðlanir og þjónustu við atvinnulausa frá sveitarfélögum til ríkisins, sem er meginstefna þessa frv.

Nú verður að geta þess, hæstv. forseti, að í brtt. er gert ráð fyrir að heimilt verði að semja við einstök sveitarfélög eða aðra aðila um að annast verkefni svæðisvinnumiðlana. En eftir sem áður eiga þeir, sem taka þau verkefni að sér, að framfylgja lögunum. Það verður að setja yfir allt það stjórnkerfi sem gert er ráð fyrir, níu manna ráðgjafarnefnd

og hugsanlega þriggja manna framkvæmdarráð, ef þess er óskað, þannig að þetta nýja stjórnkerfi verður til staðar. Þessi vinnumiðlun, hver sem hún verður, hugsum okkur t.d. vinnumiðlunina í Reykjavík, heyrir undir Vinnumálstofnun ríkisins samkvæmt lögunum. Það er því ekki um það að ræða, eins og sveitarfélögin óskuðu eftir mörg hver og Samband ísl. sveitarfélaga í sínum umsögnum, að þetta kerfi yrði óbreytt. Þau munu heyra undir lögin og yfir þeim verður að vera stjórn svæðisvinnumiðlunar.

Það er líka erfitt að átta sig á hvernig þetta geti virkað ef heimildin er nýtt og hvernig þessi tilgangur, að efla vinnumiðlun, næst fram. Ég nefni sem dæmi að í umsögn frá Hafnarfjarðarbæ, sem er dæmigert viðhorf sveitarfélaganna, kemur fram að það sé algerlega óásættanlegt að Hafnfirðingar — og nú ætti forseti að hlusta vel, — þurfi að eiga allt sitt undir vinnumiðlun t.d. Reykjaneskjördæmis ef það væri ein vinnumiðlun. En í umsögn þessari segir, með leyfi forseta:

„Þannig liggur ekki fyrir hvernig framkvæmd vinnumiðlunar verður í reynd og hvað Hafnarfjörð sértaklega varðar gæti þetta ákvæði þýtt að þjónustu við atvinnulausa bæri að sækja á eina stofnun sem þjónaði öllu Reykjaneskjördæmi. Slíkt fyrirkomulag er augljóslega óásættanlegt."

Slíkt er viðhorf þessa sveitarfélags og ég hygg að svipuð viðhorf eigi víðar við. Nú er ekki þar með sagt að við þurfum endilega að fallast á það því það er auðvitað miklu nær að sveitarfélögin vinni saman og sums staðar hefur verið byggð upp heildstæð þjónusta nefni. Ég Akureyri sérstaklega þar sem búið er að tengja saman alla félagsþjónustuna, vinnumiðlun, atvinnu fyrir fatlaða og fleiri þætti sem undir heyra, eins og sjá má í skipuriti sem fylgir með fylgiskjölum okkar í minni hlutanum. Þar má sjá hvernig fyrirkomulagið er og ég fæ ekki annað séð, þó samið yrði sérstaklega við Akureyri, en að þetta yrði að skilja að og setja stjórn svæðisvinnumiðlunar yfir þessa vinnumiðlun á Akureyri jafnvel þó að hún héldi tengslum sínum við afganginn af félagsmálakerfinu, þá yrði samkvæmt lögunum að auka og bæta við stjórnkerfið. Hér er því ekkert um það að ræða að kerfið verði óbreytt þannig að hugsanlega þarf að marka stefnu í því hversu margar svæðisvinnumiðlanir eiga að vera, hversu raunhæft er að slá saman heilu kjördæmunum eða stærri svæðum og maður talar nú ekki um hvað þetta kostar sem auðvitað enginn veit og ég ætla að koma að ögn síðar.

Samkvæmt því kerfi sem verið er að ræða um og við reynum að draga upp mynd af í nál. þá er það þannig uppbyggt að fyrst er Atvinnuleysistryggingasjóður sem verður væntanlega áfram staðsettur í Reykjavík. Yfir honum er níu manna stjórn með þriggja manna framkvæmdastjórn. Síðan á sú stjórn að skipa fimm manna úthlutunarnefndir í umdæmi hverrar svæðisvinnumiðlunar. Ég vek athygli á þessu að fimm manna úthlutunarnefnd verður í umdæmi hverrar svæðisvinnumiðlunar þannig að ef þær verða átta, þá verða þarna 40 manns sem verða í því hlutverki að úthluta atvinnuleysisbótum. Eins og kerfið er núna er bótunum úthlutað mjög víða en þó hefur tekist að að fækka úthlutunarnefndum allverulega. Síðan á ráðherra að skipa þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta.

Þá kemur Vinnumálastofnunin, sem einnig er gert ráð fyrir að hafi aðsetur í Reykjavík. Yfir henni verður forstjóri, sem eftir því sem ég best veit hefur þegar verið ráðinn, og yfir Vinnumálastofnuninni er átta manna stjórn. Þetta er nokkuð óvenjulegt að jöfn tala stjórnarmanna sé yfir stofnun af þessu tagi en það er alltaf verið að gæta jafnvægisins og það verða ákveðnir aðilar að komast þarna að.

Síðan koma svæðisvinnumiðlanirnar sem eins og ég hef áður nefnt er ekki vitað hvað verða margar. Samkvæmt upphaflegri hugmynd frv. var miðað við svæðisvinnumiðlun í hverju kjördæmi en ef sú leið verður farin að semja við einstök sveitarfélög, sérstaklega þau sem eru núna reynslusveitarfélög, það er reyndar hugsanlegt að þau sveitarfélög taki að sér stærri svæði gæti þetta einnig þýtt að svæðisvinnumiðlanirnar yrðu fleiri. Við hverja svæðisvinnumiðlun á að vera níu manna ráðgjafarnefnd og getur hún valið sér þriggja manna framkvæmdaráð hverrar svæðisvinnumiðlunar. Við þetta bætist svo Tryggingasjóður einyrkja sem á einnig að verða til við hliðina á öllu þessu kerfi og í tengslum við Vinnumálastofnun og Atvinnuleysistryggingasjóð en eins og frv. lítur út núna, því enn hafa ekki komið fram brtt. við það, er gert ráð fyrir fimm manna stjórn og fimm manna úthlutunarnefnd. Samkvæmt mínum útreikningum, hæstv. forseti, þýðir þetta að hvorki meira né minna en allt að 120 manns munu koma einungis að stjórn þessara mála.

Til samanburðar kemur í dag fjöldi sveitarstjórnarmanna að þessum málum og verkalýðsfélögin þó með öðrum hætti. Þar fléttast þessi atvinnumál inn í aðra starfsemi. Atvinnumálanefndir hafa ýmislegt annað þar sem þær hafa þetta í sínum höndum en þeir eru líka stundum að vasast í sjálfri úthlutuninni og öllu sem þessu viðkemur. Þetta er samt sem áður gríðarlega mikið bákn sem á að halda utan um kerfið. Þá er auðvitað ótalið allt starfsfólkið sem ekki er nokkur lifandis leið að átta sig á hversu margt verður eða hvað sú starfsemi verður dýr. Meðal annars bentu fulltrúar Akureyrarbæjar á það og miðuðu þá við sitt kjördæmi. Hæstv. félmrh. mætti hugsa til síns stóra kjördæmis að ef til kemur slíkt ráðgjafarkerfi þar sem ráðgjafarnir verða á ferð og flugi milli staða, þ.e. ef þessir ráðgjafar fást því þeir eru ekki til staðar, það er ekki til nægilega margt sérmenntað fólk til að sinna jafnviðamiklum og ábyrgðarmiklum störfum og hér er gert ráð fyrir, þá verður þetta auðvitað mjög dýrt því að þetta fólk verður væntanlega á dagpeningum, ökustyrk og öðru sem til þarf að kosta. Þessi kostnaður er algerlega óljós og það er ekki nokkur leið að gera sér grein fyrir hvað þetta mun kosta.

Þá er rétt að nefna, hæstv. forseti, varðandi ráðgjafarnefndir svæðisvinnumiðlananna, að þar er alltaf sama gamla sagan að valið er í það hverjir eiga þar sæti og eiga þrjú stéttarfélög að koma sér saman um fulltrúa og augljóst er að þar munu ýmsir verða út undan. Mjög brýnt er að stofnanir eins og þessar, hvort sem það er ríkisstofnunin sjálf eða svæðisvinnumiðlanirnar, hafi yfirsýn yfir allan vinnumarkaðinn og hafi aðstöðu til að kynna sér breytingar og átta sig á breytingum. Ég vil vekja athygli á ummælum sem einn af gestum félmn. lét frá sér fara þess efnis að lítið gagn væri að þessu ef sama fólkið sæti áfram í öllum þessum stjórnum og ráðum, sama fólkið og nefndin sem samdi frv. telur að hafi ekki staðið sig í stykkinu. Hvaða gagn er þá að þessu? Við erum að tala um að hér þurfi endurskipulagningu, nýtt blóð, nýjar hugmyndir og maður talar nú ekki um breytingar á hugsunarhætti ef kerfi af þessu tagi á einfaldlega að virka.

Það sem ég vildi vekja athygli á í þessu samhengi, hæstv. forseti, og spyrja hæstv. félmrh. að, er það hvernig hann sjái fyrir sér framkvæmdina á þessu kerfi. Ég fæ ekki betur séð en ef þessar heimildir til samninga við sveitarfélög verða nýttar, þá getur orðið um margfalt kerfi að ræða, þ.e.

svæðisvinnumiðlanir sem eru reknar undir stjórn Vinnumálastofnunar. Síðan geta verið aðrar sem sveitarfélögin annast og hugsanlega gætu reynslusveitarfélögin, eins og Suðurnes eða Reykjanesbær, ef þau vildu vera áfram með sitt ákveðna, tiltekna verkefni og gerðu um það samkomulag, þá gæti verið komið þarna þrefalt kerfi vinnumiðlana. Og hvað er þá unnið með þessu?

Því er ekki að leyna, hæstv. forseti, að okkur í minni hluta hv. félmn. finnst það vera afar sérkennileg forgangsröð hjá ríkisstjórninni að vera að eyða miklu fjármagni í þessa nýju ríkisstofnun í stað þess að einbeita sér að menntamálum og heilbrigðiskerfinu. Ég ítreka það enn og aftur að það er afar erfitt að gera sér grein fyrir því hvað þetta muni allt saman kosta.

Af því að ég var að auglýsa eftir sjálfstæðismönnum áðan og einn þeirra situr hér í salnum, þá rifjaðist það nú upp að fyrir allmörgum árum — þarna bættist annar við — þá var kjörorð Sjálfstfl.: Báknið burt. En það er greinilega allt saman gleymt og grafið og hefði nú verið gaman að sjá hinn unga formann Sambands ungra sjálfstæðismanna hér að fylgjast með þessari umræðu, hæstv. forseti, sem hefur verið mjög skeleggur í því að koma tillögum af ýmsu tagi til *sinna ráðherra og minna þá á stefnu Sjálfstfl.*

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill geta þess vegna fyrri óska hv. þm. að boðum hefur verið komið til hæstv. forsrh.)

Ég þakka fyrir það, hæstv. forseti.

Þá ætla ég að víkja að því ákvæði þessa frv. að gera landið að einu vinnusvæði. Í sjálfu sér væri það hið besta mál og eðlilegt að landið væri eitt vinnusvæði ef það væri ekki tilgangur þess ákvæðis, eins og ljóslega kemur fram í þessum tveimur frv. sem hér eru til umræðu, að meiningin og tilgangurinn með þessu er sá að ná fólki út af atvinnuleysisbótum. Það er hugsað þannig, hæstv. forseti, að vegna þess að landið er eitt vinnusvæði, þá beri fólki að taka vinnu hvar sem er á landinu svo framarlega sem fjölskylduaðstæður hamla því ekki eða þær skilgreiningar á aðstæðum fólks sem viðkomandi svæðisvinnumiðlun fellst á. Og gætu ýmsir lent í erfiðleikum að þurfa að eiga allt sitt undir einhverri fjarlægri stjórn sem ekki þekkir til aðstæðna einstaklingsins. Það verður að segja það, hæstv. forseti, að okkur í minni hluta félmn. finnst þetta afar gamaldags hugsunarháttur.

Nú fagna ég því sérstaklega að formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna skuli koma í salinn og vil af því tilefni rifja upp að við erum að ræða um frv. um vinnumarkaðsáætlanir þar sem verið er að koma upp nýrri ríkisstofnun sem samkvæmt áætlun skrifstofu fjmrn. mun kosta 190–215 millj. fyrsta árið en 160–175 millj. kr. á ári eftir það með miklu stjórnbákni. Ég hef spurt mig þeirra spurninga oft og iðulega meðan við höfum verið að vinna þetta frv. hvernig í ósköpunum á því standi að Sjálfstfl. skuli hafa fallist á þetta mál. Mér er það algerlega óskiljanlegt. Hvaða kaup eru þar á ferð? Hvað skyldi Sjálfstfl. hafa fengið í sinn hlut? Það væri fróðlegt að vita. En af þessu tilefni rifjaðist upp gamalt kjörorð Sjálfstfl.: Báknið burt. Vil ég nú beina því til formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna að hann rifji það upp fyrir sínum ráðherrum sem hér eru að stuðla að því að koma upp nýju bákni. (**Gripið fram í:** Þeir verða að spyrja höfunda þessa slagorðs.) Já, hann hefur veikindaleyfi. Ég stóð í þeirri meiningu að það væri hæstv. fjmrh. Í það minnsta notaði hann þetta slagorð mjög mikið fyrr á árum (**MF:** Áður en hann varð fjmrh.) en hann er greinilega búinn að gleyma því öllu saman. Því meira undrandi verð ég ef hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er höfundur þessa slagorðs en hann situr í félmn. og hefur skrifað upp á allt þetta dæmi. En í alvöru talað, hæstv. forseti, við getum auðvitað gantast með gömul slagorð en alvara þessa máls er mikil. Hér er dauðans alvara á ferð. Það er ekki bara þessi nýja stofnun og sá kostnaður sem henni fylgir heldur fyrst og fremst sú stefna og sú stefnumörkun að færa jafnviðkvæmt verkefni og málefni atvinnulausra þar sem nálægðin og þekkingin á aðstæðum einstaklinganna skiptir svo miklu máli, þ.e. sú stefnumörkun að flytja þetta frá sveitarfélögunum til ríkisins veldur þvílíkri undrun að ég á eiginlega ekki orð. Ég er mjög undrandi á því hversu lítið menn hafa brugðist við. Við erum hér með umsagnir frá ýmsum sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórnum sem hafa mótmælt inntaki þessa frv. og í rauninni beðið um heimild til að fá að halda áfram að sinna þessum málefnum. En eins og ég rakti áðan fæ ég ekki annað séð en að það verður ekki hægt öðruvísi en undir stjórn þessarar nýju ríkisstofnunar og með þetta níu manna ráð svæðisvinnumiðlunarinnar yfir sér. Ég get því ekki séð að sveitarfélögin séu mikið bætt og nefni þar það sem fram kom hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að sá kostnaður sem verður létt af sveitarfélögunum með þessari breytingu er ekkert samsvarandi þeim kostnaðarauka sem ríkið verður fyrir því að hér er mjög verið að bæta við starfsliði, þ.e. þegar það fæst.

Þegar hv. formaður ungra sjálfstæðismanna gekk í salinn var ég að ræða það atriði að gera landið að einu vinnusvæði og það atriði að hægt sé að svipta fólk bótum ef það ekki þiggur vinnu annars staðar á landinu. Menn hafa lýst því yfir að þeir trúi ekki að þessu ákvæði verði beitt á þann veg að fólk verði annaðhvort neytt til að fara á milli landshluta eða þessu verði beitt af einhverri hörku en það er ekkert sem tryggir það. Það er nákvæmlega ekkert hér sem tryggir það og ástæða er til að óttast að það verði einna helst þeir sem eru ófaglærðir sem verði svona ýtt út í það að þeytast á milli landshluta í leit að vinnu og skilningur á þeirra málefni, sérstaklega þeirra sem eru einhleypir, verði takmarkaður. Það er þessi farandverkamannahugsunarháttur sem lýsir út úr öllu þessu máli og atvinnuleysistryggingafrv. líka sem er bara ekki í takt við tímann. Íslenskur vinnumarkaður hefur auðvitað gerbreyst á undanförnum áratugum. Ég get tíundað tölur yfir það úr Hagtíðindum hvernig íslenskur *vinnumarkaður er samansettur núna.* Ég ætla að taka dæmi, hæstv. forseti, af öllu landinu að langsamlega stærsti hópur vinnandi fólks hér á landi er fólk sem vinnur í þjónustu- og verslunarstörfum. Það er ekki fólkið sem fer í loðnufrystinguna, síldina eða almenna verkamannavinnu og sá hópur er alls upp á 18,1% vinnumarkaðarins samkvæmt tölum frá árinu 1995 og eru nýjustu tölur sem fyrir liggja. Sérmenntað starfsfólk er 13,3%, sérfræðingar 14,5%, ósérhæft starfsfólk sem er skilgreint þannig er 7,5%, iðnaðarmenn 16,5% og ég gæti lesið áfram. Hér eru meira að segja tölur um hlutfall kynjanna sem er ekki alltaf það algengasta þegar opinberar stofnanir eiga í hlut.

Ég vil alveg sérstaklega fjalla um þetta atriði og ítreka það, hæstv. forseti, að það er algerlega ólíðandi ef fólki er ekki gefið tækifæri á að leita sér að vinnu í sinni heimabyggð ef farið verður út á slíkar brautir að svipta fólk bótum vegna skilningsleysis á aðstæðum. Það getur auðvitað verið ótal margt, t.d. kostnaður, eins og mörg dæmi eru um, þar sem fólk leitar sér vinnu í öðrum landshlutum en kemur út með tap. Þessu fylgir svo mikill kostnaður. Uppgripin verða ekki

eins mikil og við var búist og þessu fylgir ekkert annað en tap ofan á aðra erfiðleika.

Þá vil ég nefna það atriði sem er kannski það sem skiptir allra mestu máli, þ.e. hvort þetta kerfi sem hér á að fara að byggja upp býður upp á einhver raunhæf úrræði. Í grg. með frv. er stungið upp á ýmsum úrræðum en þau eru ekki lögfest. Það verður algerlega á valdi svæðisvinnumiðlana til hvaða úrræða verður gripið. Það eru engin ákveðin markmið eins og t.d. það að útrýma atvinnuleysi fólks á aldrinum 18–25 ára eða taka sérstaklega á erfiðleikum þeirra sem eru elstir í hópnum eða setja sér einhver menntunarmarkmið. Þetta er allt saman galopið. Það er einungis bent á ýmsar hugmyndir enda ótal margt sem kemur til greina. En fyrst menn eru að fara út í svona lagasetningu á annað borð ætti auðvitað að setja einhver markmið og lögfesta ákveðin úrræði. Þetta er einmitt sá galli sem margir hafa bent á, sem að þessu máli hafa komið.

Þá vil ég víkja að því atriði sem líka er eitt af því sem gengur í gegnum bæði þessi frv. og var dregið til baka í frv. um atvinnuleysistryggingar en það er sú stefna sem ég hygg að sé ættuð frá fyrrv. skólameistara Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum. Hann er nú reyndar ekki einn um það í röðum skólamanna, sem sé sú hugmynd að ungt fólk sé best komið í skóla. Það er ákveðinn sannleikur í því en auðvitað bundið því skilyrði að skólarnir bjóði ungu fólki upp á eitthvað við hæfi. Það er einmitt gallinn á íslensku skólakerfi að svo er ekki. Það skortir mjög á ýmiss konar starfsmenntun og að boðið sé upp á stutt nám af ýmsu tagi. Þess vegna er algerlega óraunhæft að setja það fram í einfaldri skýringu við lagagrein að ungt fólk eigi að vera í skóla. Það er stór hópur ungs fólks sem hefur flosnað upp úr skóla hér á landi og getur ekki hugsað sér að fara þangað inn aftur enda er þar ekkert við þess hæfi. Þess vegna þarf að skipuleggja úrræði og hugsa úrræði sérstaklega út frá þessum hópi.

Í frv. um atvinnuleysistryggingar var ákvæði þar sem átti að svipta hópinn 16–18 ára atvinnuleysisbótum en sem betur fer sá meiri hlutinn að sér og dró þá breytingu til baka enda ekki við hæfi að fólk sem er í vinnu, missir vinnuna, tryggingagjald hefur verið greitt fyrir það og það njóti ekki réttar.

Þá vil ég víkja sérstaklega að því atriði sem hefur verið mér mikið umhugsunarefni, kannski fyrst og fremst aðferðafræðilega, sem sýnir hversu illa þessi frv. eru unnin og vanhugsuð. Það er það atriði sem snýr að skipan ráðsins, svæðisvinnuráðsins, þessa níu manna ráðs — ráðgjafarnefndin heitir hún, hæstv. forseti, að framhaldsskólarnir á svæðinu skuli eiga fulltrúa í slíkri ráðgjafarnefnd. Enn og aftur er mér það algerlega hulin ráðgáta hvernig á að skipa þá fulltrúa. Mér er það algerlega hulin ráðgáta. Ég hef margspurt að þessu í nefndinni og við tökum dæmi af því í nál. að í Reykjavík eru 17 framhaldsskólar samkvæmt fjárlögum, og þá tel ég Verslunarskólann með, en þeir hafa ekki neina sérstaka samvinnu sín á milli.

Það er til eitt félag sem heitir Félag skólameistara. Er eðlilegt að Félag skólameistara, sem nær yfir allt landið, ákveði hverjir skuli vera fulltrúar framhaldsskólans á Vestfjörðum eða Framhaldsskólans á Sauðárkróki o.s.frv.? Hvernig í ósköpunum á að ákveða þetta í Reykjavík? Í rauninni hefði verið miklu eðlilegra að menntmrh. skipaði þessa fulltrúa rétt eins og fjmrh. skipar sína fulltrúa á öðrum stöðum, sem tengjast þessu máli, Atvinnuleysistryggingsjóðnum, en þetta er bara dæmi um klúður. Við þessu fengust engin svör. Bara einhvern veginn. Við bara gerum það einhvern veginn. Það hlýtur að vera til einhver leið í því. En til þess að slík tilnefning sé unnin á eðlilegan og lýðræðislegan hátt þarf auðvitað að vera hægt að beina óskinni eitthvert. Það þarf að biðja einhvern að velja fulltrúann. Það eru fjórir framhaldsskólar í Reykjaneskjördæmi. (**Gripið fram í:** Hv. þm. Hjálmar Árnason.) Já, ég veit ekki hvernig hann hefur hugsað þetta í sínu kjördæmi, sá ágæti þingmaður þar sem eru fjórir framhaldsskólar. Hvernig á að velja þetta? Mér er það algerlega hulin ráðgáta.

Hæstv. forseti. Það fer nú að styttast í ræðu minni í þessari umræðu því að ég ætlaði að koma hér upp síðar og ræða atvinnuleysistryggingarnar, sem er önnur hlið á þessum málum. Ég vil taka fram í tengslum við atriðið sem ég var að ræða, fulltrúa skólanna, hvort sem það verða skólameistarar, kennarar eða nemendur, það kemur heldur ekkert fram, en í 11. gr. segir: „Félmrh. skipar á hverju svæði, að afloknum reglubundnum sveitarstjórnarkosningum, níu manna ráðgjafarnefnd svæðisvinnumiðlunar, ...“ Þannig getur félmrh. bara valið einhvern skólastjóra eða skólameistara sem honum líst á. En er það eðlilegt? Er það lýðræðislegt? Mér finnst það ekki. Þetta er afar óljóst atriði fyrir utan það hvaða erindi skólameistarar fjölbrautaskóla og menntaskóla eiga inn í þetta svæðisráð.

Að lokum, hæstv. forseti, er rétt að draga það saman að minni hlutinn í félmn. hefur mjög margt við þetta frv. að athuga. Við mótmælum því að málaflokkurinn sé fluttur frá sveitarfélögunum til ríkisins og teljum hann best hjá þeim kominn. Við leggjumst gegn því að komið verði á fót nýju ríkisbákni með margföldu stjórnkerfi og miklum tilkostnaði sem vandséð er að hafi forsendur til að sinna hlutverki sínu.

Að okkar dómi væri miklu nær að efla sveitarfélögin og efla samvinnu þeirra. Það stendur þeim næst að hugsa um sitt fólk og hjá þeim er mesta og besta yfirsýnin og þekkingin á stöðu þeirra sem eru atvinnulausir eða hafa leitað sér félagslegrar aðstoðar, en það eru mjög margir atvinnulausir sem einnig hafa leitað til félagsmálayfirvalda vegna þess að þeir ná ekki endum saman og lenda í ýmiss konar félagslegum erfiðleikum. Að okkar dómi er það hlutverk ríkisins að hafa yfirsýn yfir stöðu atvinnumála, sinna upplýsingaöflun og birtingu þeirra upplýsinga, standa að kjararannsóknum og vinnuvernd og að setja vinnumarkaðnum leikreglur. En þetta frv. stefnir í þveröfuga átt og eins og ég rakti fyrr í mínu máli eru rökin fyrir því afar óljós og ósannfærandi.

Hæstv. forseti. Ég ætla að geyma mér til síðari ræðu að tala meira um atvinnuleysið sem slíkt, orsakir þess og afleiðingar, og stefnuna í þeim málum. Við hljótum að velta því fyrir okkur varðandi þetta frv. hvað vinnst og hvað tapast í þessu máli. Það kann vel að vera að menn geti komið sér saman um einhverjar samræmdar aðgerðir hvað varðar þjónustu við atvinnulausa, þó að það sé allt saman mjög óljóst í þessum frv., en það sem tapast er svo augljóslega hið nána samband milli íbúanna og þeirra sem annast þessa þjónustu. Ég held að hver og einn hljóti að sjá það í hendi sér að atvinnulaus karl eða kona, t.d. á Breiðdalsvík eða Fáskrúðsfirði sem þarf að bíða eftir því að einhver ráðgjafi t.d. frá Egilsstöðum mæti einu sinni í viku eða hversu oft það nú verður, og að eiga allt sitt undir slíkri þjónustu, kunni ekki góðri lukku að stýra. Þess vegna, hæstv. forseti, verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð á þessu frv. Enn og aftur er mér algerlega óskiljanlegt að sá ríkisstjórnarflokkur sem hefur haft það á stefnuskrá sinni að draga úr ríkisrekstri, breyta

honum og gera hann um sumt skynsamlegri — hefur að vísu gengið býsna langt í einkavæðingaráformum sem reyndar hafa ekki öll náð fram að ganga – skuli standa að þessum frv. En aðalmálið er þetta, herra forseti, að skynsamlegar forsendur þurfa að vera fyrir hendi gagnvart breytingum af þessu tagi. Það þarf að vera ljóst að þær þjóni tilgangi sínum og það náist sem ætlunin er að ná, það er skoðun okkar í minni hluta félmn. að það sé langt í frá og því verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð á þessu máli.

[15:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mun í seinni ræðu minni í dag ræða um efnisatriði þeirra frv. sem við ræðum hér og skýra þann fyrirvara minn við brtt. meiri hluta hv. félmn. við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar.

Herra forseti. Við erum að ræða frv. til laga um atvinnuleysistryggingar. Verkalýðsforustan hefur haft ýmislegt við þetta frv. að athuga og henni hefur ekki nægt að koma með athugasemdir og tilmæli til hv. félmn. Nei. ASÍ hefur beinlínis krafist þess að frv. verði dregið til baka ellegar að gerðar verði á því þær breytingar sem sá ágæti félagsskapur gæti sætt sig við. Við því hefur hæstv. ríkisstjórn orðið og það eru m.a. breytingar ASÍ sem við erum að ræða á hinu háa Alþingi í dag.

Í hv. félmn. kom meira að segja fram sú spurning frá einum hv. þm. hvort leitað hefði verið samþykkis BSRB og BHM á breytingum ASÍ á lagafrv. Þessi spurning vakti ekki neina sérstaka athygli og þótti eðlileg. Spurning um það hvort aðili úti í bæ væri búinn að samþykkja lagafrv. á hinu háa Alþingi. Þvílík er niðurlæging hins háa Alþings.

Herra forseti. Í 1. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands segir svo, með leyfi forseta: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn." Í 2. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi forseta: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvald."

Af þessu má ljóst vera hvert er vald hins háa Alþingis. Það eitt afgreiðir lög í landinu og ríkisstjórnir verða að reiða sig á meiri hluta Alþingis.

Herra forseti. Hver er reyndin? Hér á hinu háa Alþingi eru nánast aldrei samþykkt lög sem samin eru af frumkvæði þingmanna, aldrei. Flest lög eru sett að frumkvæði framkvæmdarvaldsins og samin af embættismönnum. Og svo er meiri háttar lagasetning. Hún er yfirleitt sett að frumkvæði þrýstihópa, samtaka útgerðarmanna, bænda, opinberra starfsmanna, sveitarfélaga, að ógleymdum aðilum vinnumarkaðarins. Þessir aðilar senda ríkisstjórnum lagafrv. til samþykktar sem síðan eru stimpluð á hinu háa Alþingi.

Þrýstihópar geta eflaust samið hin ágætustu lagafrv. með dýrum sérfræðingum sínum. En þau eru alltaf því marki brennd að þau henta þrýstihópnum betur en þjóðinni. Þannig leitast verkalýðsforustan t.d. við að gera sig ómissandi með því að félagsmenn hennar verði að leita til hennar um flesta hluti. Það er eðlilegt. En það er engan veginn víst að hinum óbreytta félagsmanni henti að vera með lögum gert að greiða alls konar gjöld til verkalýðsfélags síns og fá svo hlunnindi frá félaginu í staðinn.

Herra forseti. Kjósendur hafa margoft lýst því að það sé sama hvaða flokk eða þingmenn þeir kjósi, það sé sami rassinn undir þessu öllu, eins og einn komst að orði. Þessi skoðun er ekki út í hött. Það eru ekki hv. þingmenn og ekki einu sinni hæstv. ríkisstjórn sem ákveður stefnuna. (**SvG:** Hver þá?) Það eru þrýstihóparnir og þeir breytast ekki neitt þó kjósendur gangi að kjörborði á fjögurra ára fresti. Þannig vinnur valdaafsal hins háa Alþingis gegn hagsmunum kjósenda og þeim finnst að þeir hafi ekki neitt val.

Herra forseti. Hvenær hóf hið háa Alþingi að framselja vald sitt til þrýstihópa? Svo lengi sem ég man hafa þrýstihópar haft óeðlileg afskipti af lagasetningu og mér sýnist að þetta valdaframsal sé að aukast með aukinni fjölmiðlun. Svarið við spurningunni í hv. félmn. hvort BSRB og BHM hefðu samþykkt breytingar ASÍ hlýtur að leiða til nýrrar spurningar. Hvaða aðilar úti í bæ hafa löggjafarvald auk ASÍ?

Hvers vegna hafa hv. þingmenn framselt vald sitt? Á því eru margar skýringar. Mér sýnist sú skýring nærtækust að sundrung hv. þingmanna og flokkadrættir valdi því að leitað er eftir stuðningi aðila utan þings. Hv. þingmenn virða ekki skoðanir hvers annars og umræðan snýst oftar en ekki um það hver sigri frekar en að hv. þingmenn séu að leita leiða að því marki sem þeir allir vilja, þ.e. velsæld íslensku þjóðarinnar. Hversu mörg skynsamleg frv. stjórnarandstöðunnar hafa verið samþykkt í áranna rás? Sárafá ef nokkur.

Herra forseti. Ég hlýt að benda hv. þingmönnum sem lyppast niður undan hótunum um verkföll og alls konar óáran á það vald sem þeim er gefið samkvæmt stjórnarskránni. 32 þingmenn geta sett ríkisstjórnina af fyrir kvöldmat. Og þeir geta sett þau lög um atvinnuleysistryggingar sem þeir telja skynsamleg og hinum atvinnulausa og þjóðinni til heilla burt séð frá hótunum aðila úti í bæ. Þetta er valdið sem okkur hv. þingmönnum er gefið og við þiggjum það frá þjóðinni í almennum kosningum.

Mega hv. þingmenn framselja löggjafarvald sitt til aðila utan þings hvort sem er til þrýstihópa eða framkvæmdarvalds? Nei. Að mínu mati bannar stjórnarskráin slíkt valdaframsal. Þegar ASÍ og aðrir þrýstihópar fá fram breytingu á lögum á hinu háa Alþingi, þá er það atlaga að lýðræðinu sem er grundvöllur þjóðskipulags okkar. (**KÁ:** Hvað er þingmaðurinn að gera hérna?)

[16:01]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var býsna merkileg ræða hjá hv. 16. þm. Reykv. og er kannski eðlilegra að kalla hana predikun því að hér kemur þessi hv. þm. sem hefur samviskusamlega ýtt á græna takkann og stutt ríkjandi ráðherra og ríkisstjórn með ráðum og dáð þrátt fyrir röfl annað slagið því þegar til kastanna hefur komið hefur hann ævinlega lotið þessu sama valdi og hann lýsti svo snautlega áðan, þ.e. ráðherravaldinu, valdi hagsmunasamtaka úti í bæ. Ekki hef ég heyrt þennan sama hv. þm. ræða mikið um vald Verslunarráðsins sem situr t.d. vikum saman yfirleitt í nóvember og desember þegar menn eru að setja saman fjárlög og skattareglur komandi árs — hann situr nefnilega, hv. þm., í efh.- og viðskn. — ég hef ekki heyrt hann tala um það. En nú kemur hann líkt og faríseinn forðum, og telur mikilvægt að hv. alþingismenn haldi ró sinni og hlutlægni gagnvart þessum þrýstihópum úti í bæ. Ég nefndi Verslunarráðið. En nú bregður svo við þegar allt í einu samtök fólksins í þessu landi vilja láta til sín taka og í sér heyra um hagsmuni sinna skjólstæðinga, þá á allt í einu að skella við skollaeyrum.

Ég segi enn og aftur, virðulegi forseti. Það væri þá ástæða til og eftir því kallandi að hv. þm. framkvæmdi í anda þeirra orða sem hann fór með hér áðan en léti vera að halda einhvers konar farísearæður á borð við þær sem hann lét yfir okkur dynja rétt í þessu.

[16:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir verðum við hv. þingmenn að gera málamiðlanir vegna þess að við ráðum ekki einir. Við erum 1 af 63, hver og einn okkar. Við verðum ætíð að vega og meta meiri hagsmuni fyrir minni, alltaf. Menn samþykkja oft vissa hluti vegna þess að þeir eru hlynntari þeim en ekki, þó að þeir séu alls ekki hlynntir þeim. Menn þurfa alltaf að vega og meta meiri hagsmuni fyrir minni. Þetta hef ég haft að leiðarljósi. Þess vegna hef ég stutt nokkur mál og ég mun styðja þetta mál líka vegna þess að það er betra heldur en ekki en það er engan veginn nógu gott.

Það sem ég er að benda á eru ítök aðila utan þings á löggjafarsamkunduna Ég er á móti þeim hvort sem þau koma frá Verslunarráðinu eða Vinnuveitendasambandinu eða ASÍ. Það er nánast sama hvaðan þau koma, ég er á móti þeim og ég hef alltaf mótmælt þeim. Ég vil benda hv. þm. á að ég hef verið á móti mörgum stjórnarfrv. vegna sannfæringar minnar og vegna þess að ég taldi að ég væri að fórna meiri hagsmunum en ég fengi í staðinn. Ég lýsi því yfir að ég tel ekki að ég sé að tala hér af hræsni. Ég meina virkilega það sem ég segi.

[16:04]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. hljóti að hafa fylgst með því í umræðum þings á síðustu tveimur árum hvaða stjórnmálaöfl það eru sem hafa einmitt lagt áherslu á þetta meginatriði, þennan rauða þráð um aðskilnað löggjafarþingsins annars vegar og framkvæmdarvaldsins hins vegar og svo aftur gagnvart þrýstihópum úti í bæ. Það eru ekki hans flokksmenn, það eru ekki sjálfstæðismenn hér á landi sem hafa haldið því til haga. Nei, það eru sko allt aðrir. Það eru jafnaðarmenn í landinu, þannig að hv. þm. í því sambandi er á vitlausum vistarstað. Ekki það að ég sé að kalla eftir honum í okkar hóp því (Gripið fram í.) ýmislegt annað gerir hann taglhnýting þeirra almennu viðhorfa einkareksturs og frjálshyggju sem ég vil ekki sjá eða heyra.

Það sem er merkilegt er þetta: Við vitum auðvitað hvernig gangur mála er í þinginu og hvernig stjórnarfrv. koma inn í þingið. Þau koma í stjórnarflokkana og ég hef sjaldnast heyrt það við 1. umr. að hv. þm. Pétur Blöndal hafi sett hnefann í borðið og sagt: Hingað og ekki lengra. Ég tek ekki við fleiri skipunum frá ráðherrum þessarar ríkisstjórnar eða frá þrýstihópum úti í bæ. Ég heyri það ekki oft og hafi það farið fram hjá mér, þá bið ég hann að rifja það þá upp fyrir mig.

[16:06]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fylgdist með að jafnaðarmenn hafa barist fyrir því að minnka ítök hagsmunaaðila og það er vel. En það er ekki þar með sagt að ég vilji styðja þann ágæta flokk því það er ýmislegt í hans stefnuskrá sem ekki fellur mér. (**GÁS:** Já, ég skil það vel.) En ég virði skoðanir þeirra engu að síður og ég virði þeirra sjónarmið og það er allt rétt sem hv. þm. segir út frá hans sjónarhóli þó að ég sé ekki sammála því.

Varðandi það hvort menn styðji ríkisstjórn og hvort menn séu á móti frv. ríkisstjórnarinnar, þá er það nákvæmlega það sama og ég var að segja áðan. Ég tel að ríkisstjórnin sé almennt að gera góða hluti og vegna þess að hún er almennt að gera góða hluti, þá fellst ég á að styðja ýmis mál sem eru minni hagsmunir fyrir meiri. Ég gef minni hagsmuni til að fá meiri hagsmuni í staðinn og þetta verður hver einasti hv. þm. að gera og þess vegna myndum við flokka, hv. þm.

[16:07]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmaðurinn talaði um að framselja valdið til aðila úti í bæ og hann var mjög reiður yfir því að þingmenn væru að gera samning við aðila úti í bæ. Hverjir eru það sem í þessu máli eru að gera samning? Hvaða þingmenn? Það er annaðhvort ríkisstjórnin sem hefur gert samning við ASÍ eða meiri hluti í félmn. sem hv. þm. Pétur Blöndal er hluti af og hefur tekið út málið og hefur ákveðið að standa að því. Þrátt fyrir yfirlýsingar og tilfinningaheita ræðu hans má skilja svo að hann muni ýta á græna takkann þó að hann hafi í raun og veru ekki upplýst það.

Þó að samið hafi verið við ASÍ um breytingar á frv. þá breytir það ekki minni afstöðu til frv. þó ég fagni þeim brtt. af því að þær eru í takt við þau sjónarmið sem ég hef sjálf sett fram í þessum ræðustól. Hins vegar er það svo að sum mál eru annars eðlis en önnur hjá löggjafanum. Við skulum staldra við þessi, sem eru vinnumarkaðsmál. Það er alltaf verið að vísa til Danmerkur. Í Danmörku hafa menn þau samskipti á vinnumarkaði að þeir koma sér saman um vinnumarkaðsmálin, um samskiptin. Þar er næstum því ekkert í lögum um samskipti manna beggja vegna borðs, verkalýðshreyfingar versus vinnuveitenda. Hér var slíkt keyrt í gegn með valdi í fyrra af hálfu þessara stjórnaflokka.

Nú er aftur komið frv. sem snýr að vinnumarkaðnum. Hvers eðlis er það? Jú, það er þess eðlis að 1955 var samið um mál eftir harðvítugt verkfall og látin af hendi 1% launahækkun fyrir. Þess vegna talar maður við verkalýðshreyfinguna og kemur sér saman um breytingar en ryðst ekki með málið hérna inn í sal eins og nú var gert. Málið fer í félmn. þar sem við erum búin að liggja yfir því í allt að fjóra fundi í viku, tíu tíma sl. viku og svo er samið við ASÍ af því að yfir vofir verkfall.

[16:09]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég væri mjög ánægður ef þingmenn gætu rétt aðeins litið upp úr dægurkarpinu þegar þeir ræða svona alvarlega hluti. Ég talaði ekki um þessa ríkisstjórn. Ég talaði almennt um ríkisstjórnir liðinna ára og áratuga. Ég álít þetta mjög alvarlegt mál, svo alvarlegt að það skerði löggjafarvald Alþingis. Alþingi hefur í reynd framselt sitt vald.

Frv. sem við erum að ræða og sem varð tilefni þessara orða minna, við það er ég með fyrirvara. Ég er einmitt með fyrirvara vegna þess að ég er ekki sammála þeim breytingum sem ASÍ hefur fengið gerðar á frv. og ég ætla að greiða atkvæði gegn þeim atriðum sem felast í því. Meðal annars að atvinnulausum gæti verið gert að mæta á skrifstofu verkalýðsfélaganna til að ná í atvinnuleysisbætur sínar. Það er nefnilega verið að opna á það í þessum brtt. ASÍ og ég er á móti.

Ég vil taka það aftur fram að ég er að ræða um grundvallaratriði, ekki það hvernig þessi ríkisstjórn eða einhver önnur ríkisstjórn hefur gert. Málið er að það er alveg sama hvort kjósendur kjósa Alþfl., Sjálfstfl., Alþb., Kvennalistann, sama hvaða flokk. Allir þessir flokkar eru í reynd alltaf að framfylgja stefnu þrýstihópanna hvort sem það er í landbúnaðarmálum, verkalýðsmálum, tryggingamálum, skattamálum eða sjávarútvegsmálum, bara nefna það. Það

er þess vegna sem ég kem inn á þetta mál. Kjósendur hafa misst þann lýðræðislega rétt sem þeir hafa vegna þessa valdaframsals.

[16:11]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð hv. þm. um þrýstihópa. Alþingi á ekki að láta þrýstihópa taka yfir sitt löggjafarvald. Ég er alveg sammála því þó ég vísi til þess sem fram kom í máli mínu áðan. En það sem hv. þm. var að upplýsa hér var mjög athyglisvert vegna þess að frv. var tekið út úr félmn. af hálfu meiri hlutans með brtt. sem fluttar voru af hálfu meiri hlutans, ef ég man rétt fimm þingmanna eins og þingsköp segja til um. Ég skildi það svo að þessir fimm væru að flytja okkur þessar brtt. Minni hlutinn í félmn. flutti ekki brtt. en minni hlutinn í félmn. var sanngjarn í störfum sínum og tók málið út með meiri hlutanum, enda hafði hann orðið við þeim frestum sem óskað var.

Ég hef skilið það svo, virðulegi forseti, að hv. þm. Pétur Blöndal hafi verið einn af þeim þingmönnum sem flytja brtt. þær sem málið var afgreitt frá félmn. með. Ég óska eftir því að það sé upplýst hvort þetta sé rétt eða rangt.

[16:12]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara vegna þess að ég er með fyrirvara við eitt atriði í brtt. (**Gripið fram í:** Hvaða atriði?) Það er það atriði að möguleikar séu á að flytja greiðslustaðinn yfir til verkalýðsfélagsins. Þetta er minn fyrirvari og ég er að lýsa honum hérna.

En að hv. þm. geti ekki haft ákveðna skoðun á málunum vegna þess að þeir séu bundnir af einhverjum hagsmunum, þá vil ég benda mönnum á að mjög mikilvægt er að við reynum að átta okkur á því hvar þessir hagsmunir grípa inn í störf Alþingis.

[16:13]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög merkileg ræða sem var flutt áðan af hv. þm. Pétri Blöndal. Fór hann stórum orðum um að Alþingi væri að framselja vald sitt. Segja má að það sé rétt að einhverju leyti að framkvæmdarvaldið hefur mikil áhrif og hagsmunasamtök úti í bæ, eins og hv. þm. kaus að orða það, hafa líka mikil völd og minnir mig á tillögu sem ég hef flutt um að ráðherrar eigi ekki að sitja sem þingmenn líka, sem hefur reyndar fallið í frekar grýttan jarðveg hér. En það var okkar val að fara þessa leið sem við gerðum í meiri hluta félmn. Og það er alveg rétt að ASÍ hafði áhrif á okkar afgreiðslu. ASÍ sendi mjög ítarlega umsögn inn til nefndarinnar og færði mjög sterk rök fyrir sínu máli og hafði unnið þetta afar vel. Við tókum tillit til ýmislegs þar. Við hefðum hins vegar getað sleppt því að taka tillit til raka ASÍ en við kusum sjálf að fallast á ýmsar athugasemdir sem þeir gerðu. Það er í okkar tillögum sem við lögðum hér fram og það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal segir, hann er með fyrirvara um málið en það er einungis um eitt atriði þannig að væntanlega mun hv. þm. samþykkja önnur atriði.

En ég vil að það komi hér skýrt fram að þetta er okkar val þannig að við getum ekki algerlega sagt að við séum að framselja valdið úti í bæ. Það er ekki rétt. Við völdum að fara þessa leið sjálf í félmn. og meiri hlutinn stendur að tillögunum með þó þessum eina fyrirvara hv. þm. Péturs Blöndals. Ég vil líka benda á að minni hlutinn ætlar að samþykkja þessar tillögur allar, nema eina trúlega, þannig að hér mun myndast breið samstaða um brtt. Það er Alþingi sem er að mynda breiða samstöðu um málið. Það er ekki að framselja valdið úti í bæ, að öllu leyti.

[16:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er full ástæða til að byrja á að fjalla aðeins um ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég efast ekkert um að hann hefur talað á þennan hátt af einlægni. En hv. þm. orðaði það þannig að Alþingi hefði í raun framselt vald sitt og lýsti því bæði sem valdaafsali, valdaframsali og skerðingu á völdum Alþingis og spurði þeirra spurninga hvort við hv. þingmenn, sem hefðum verið kosnir til þessara starfa, hefðum í raun heimild til að framselja það vald sem okkur var falið að fara með í ákveðinn tíma með þessum hætti.

Ég get tekið undir það með hv. þm. að óeðlilegt er að á síðustu dögum nefndarstarfs, þar sem er verið að fjalla um eitt ákveðið mál, komi inn fullbúnar brtt., fullfrágengnar og það sé í raun og veru lokaafgreiðsla nefndarinnar. Ég get fallist á það sjónarmið. Ég get hins vegar ekki fallist á það sjónarmið að hér sé um valdaframsal, afsal eða skerðingu á völdum Alþingis að ræða einfaldlega vegna þess að lögin eru sett af Alþingi og hv. þm. öllum gefst tækifæri til að greiða atkvæði um þær tillögur sem hér er um að ræða. Og það felst ekki framsal í tillögum ASÍ eða annarra, sem hv. þm. kallaði þrýstihópa, þó svo við þá sé haft ákveðið samráð og þeim gefið færi á að koma sínum tillögum á framfæri. Það eru hins vegar röng vinnubrögð að taka slíkar tillögur og kynna þær á einum nefndarfundi og ætla jafnvel ekki neinn tíma til að skoða þær, alla vega mjög takmarkaðan. Það eru vafasöm vinnubrögð.

Ég hafði ætlað mér, hæstv. forseti, að ræða aðeins um vinnubrögð þingsins í upphafi áður en ég hæfi umræðu um þau mál sem hér eru á dagskrá. Mér finnst þetta satt að segja afar einkennilegt, eftir að hafa setið þó nokkra fundi í félmn. og hlustað á þær umræður sem þar fóru fram og þann hátt sem hafður var á með afgreiðslu málsins, að hlusta á hv. þm. Pétur Blöndal lýsa yfir þessari niðurlægingu þingsins sem er þá í raun niðurlæging nefndarinnar, er þá í raun niðurlæging þeirra hv. þingmanna sem sitja í meiri hluta félmn. Að mati hv. þm. hlýtur það að vera þannig vegna þess að meiri hluti félmn. tekur þær tillögur sem hér um ræðir og leggur þær fram sem sínar að beiðni framkvæmdarvaldsins. Framkvæmdarvaldið hefur mun meira að segja um það með hvaða hætti mál eru afgreidd á þingi heldur en þrýstihópar. Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að um hreint valdaframsal sé að ræða til þrýstihópa, ef hægt er að kalla verkalýðshreyfinguna svo, þegar um er að ræða frv. sem snerta beina samninga sem áður hafa verið gerðir um kjör þeirra einstaklinga sem tilheyra þeim samtökum.

Sú spurning sem kom fram í félmn. um hvort BSRB og BHM hefði lagt blessun sína yfir þessar tillögur sem komu frá ASÍ var fullkomlega eðlileg ef litið er til þess að leitað var til ASÍ og BSRB um tilnefningu í þá nefnd sem stóð að því að semja þessi frv. sem hér komu inn. Maður skyldi ætla þegar stéttarfélög koma að með þessu móti, þó fulltrúar ASÍ hafi vissulega skilað séráliti um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og þeir samþykktu hitt frv. sem við erum að ræða, þá er eðlilegt að fulltrúar þessa launafólks sem eru innan raða BSRB og BHM séu spurðir að því hvort þeir geti fallist á þær tillögur sem ASÍ lagði til. Ég lít ekki

á það þannig að ASÍ sé með því búið að setja brtt. inn og samþykkja það sem lög. Þess vegna er þessi umræða að fara fram hér. Hv. þm. hefur alla möguleika til að bregðast ekki trúnaði þeirra sem kusu hv. þm. til þessara starfa á grundvelli þeirra sjónarmiða sem hv. þm. var með í þessum ræðustól rétt áðan vegna þess að ég tel að þeir sem greiddu hv. þm. Pétri Blöndal eða Sjálfstfl. og þeim sjónarmiðum sem hann stendur fyrir atkvæði sitt í alþingiskosningum, standa fyrir önnur sjónarmið og vilja sjá önnur sjónarmið á Alþingi en t.d. við í Alþb. höfum staðið fyrir.

Alþb. hefur ávallt og mun ávallt í störfum sínum beita sér fyrir samráði við þá hópa sem hv. þm. nefndi áðan. Hvers vegna? Vegna þess að okkur er nauðsynleg sú þekking fólksins sem er innan þessara stéttarfélaga. Okkur er nauðsyn á að kynna okkur reynslu þess og þekkingu til að taka síðan endanlega ákvörðun þegar við greiðum atkvæði og ræðum þessi mál í þingsölum. Það kalla ég ekki valdaframsal. Það kalla ég samráð.

Sá háttur sem var hafður á í nefndinni og er ekkert einsdæmi, ekki bundinn við þetta ár, ekki síðasta ár heldur öll þau níu ár sem ég hef setið á þingi, að fram komi brtt. og ekki sé gefinn eðlilegur tími til að fjalla um þær í nefndinni, er hins vegar vítaverður. Það snertir störf þingsins, hins háa Alþingis eins og hv. þm. sagði en ekki það hvort um valdaframsal sé að ræða því það er algerlega í okkar höndum á hvern hátt við tökum á þeim tillögum sem til okkar berast.

Virðulegi forseti. Ég hafði reyndar ætlað að ræða aðeins um vinnubrögð þingsins. Ég þakka hv. formanni félmn. sem og frsm. meiri hlutans fyrir að hafa á síðustu dögum tekið tillit til þeirra óska sem fram komu af minni hálfu, þegar við vorum að fjalla um þau frv. sem hér er verið að ræða, bæði um að kalla til fulltrúa BSRB og BHM til að heyra álit þeirra á þeim tillögum sem hér liggja frammi og hv. þm. hefur lýst að séu í raun ekki ríkisstjórnarinnar eða meiri hlutans heldur ASÍ eins og reyndar kom fram á fundi í félmn. Það eru í raun fráleit vinnubrögð samt sem áður að þegar mál er afgreitt úr nefnd, skuli minni hluta nefndarinnar ekki vera ætlaður nema sólarhringur til að ganga frá sínu nál., hugsanlegum brtt. og hafa það samráð sem við vildum gjarnan hafa við að undirbúa okkar málflutning í sölum þingsins til þess að gera þetta nú á málefnalegan og eðlilega máta, að í raun skuli aðeins vera ætlaður sólarhringur til slíkrar undirbúningsvinnu.

Þetta er ekki í fyrsta skipti, hæstv. forseti, að slík vinnubrögð eru viðhöfð af hálfu þingsins. Ég held að það sé nánast undantekningarlaust, nánast regla að nefnd afgreiði mál frá sér og síðan sé það tekið til umræðu í sölum þingsins einu til tveimur sólarhringum eftir að það hefur verið afgreitt frá nefndinni. Það er verið, virðulegi forseti, að koma í veg fyrir að starfsmenn þingsins geti aðstoðað alla nefndarmenn jafnt. Við vitum að starfsmenn þingsins vinna með meiri hluta að brtt. og nál. og það er í raun með þessum vinnubrögðum verið að koma í veg fyrir það, gera starfsmönnum þingsins ókleift að vinna með minni hluta nefndanna. Ég tek það fram að ég á ekki aðeins við störf í hv. félmn. heldur nánast öllum nefndum þingsins.

Þetta eru vinnubrögð sem eru að sjálfsögðu ólíðandi. Þegar mál hefur verið afgreitt frá nefnd er lágmark og ætti að vera lágmarksfrestur þrír til fjórir sólarhringar sem nefndarmenn hefðu til þess að undirbúa nál., brtt. og ræður. Það er nauðsynlegt til að vinnubrögðin verði eins vönduð og þau þurfa að vera. Í stórmálum eins og þessum tveimur sem hér eru til umræðu, þ.e. breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsmál hefði verið nauðsynlegt fyrir minni hluta nefndarinnar og að sjálfsögðu meiri hlutann einnig að hafa tíma til að undirbúa brtt. og sinn málflutning.

Þær brtt. sem hér liggja frammi eru allar heldur til bóta. Eins og fram hefur komið hjá frsm. nál. minni hlutans um frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, þá reiknum við með því að minni hlutinn í þingsölum muni styðja flestar þær brtt. Það er engu að síður þannig að við hefðum kosið að hafa lengri tíma til að undirbúa okkur og koma með brtt. Áhersla hefur komið fram í okkar málflutningi, bæði við 1. umr. um málið í nefndinni og síðan hér, að við vildum gjarnan ræða betur ýmis atriði og a.m.k. reyna að koma í gegn við afgreiðslu þingsins. Þar erum við fyrst og fremst að tala um áherslu sem við leggjum á starfsmenntun sem við teljum að ekki sé nóg að gert og reyndar fleiri atriði í þessu frv. og varðandi brtt. sem við hefðum viljað sjá betur útfært. En tímans vegna var í raun ekki hægt að vinna þetta eins og við hefðum viljað gera. Þetta eru vinnubrögð sem eiga undir engum kringumstæðum að tíðkast í sölum Alþingis og nauðsynlegt að taka upp og tryggja að við höfum a.m.k. þrjá til fjóra sólarhringa til slíkrar vinnu og tryggja þá líka að starfsfólk nefnda geti sinnt öllum þingmönnum sem á þurfa að halda og eru í viðkomandi nefnd. Það er líka fráleitt að með þessum vinnubrögðum sé jafnvel verið að stuðla að því að starfsfólk Alþingis vinni á kvöldin, nætur eða um helgar við frágang mála, nál., brtt. og að safna upplýsingum sem þarf til að ræða málin. Það er fráleitt að staðið skuli vera að því með þeim hætti að meiri hluti þessarar vinnu fari jafnvel fram á kvöldin, næturnar og um helgar sem ég hygg að sé í raun staðreynd.

Hér erum við, og vorum sammála um í byrjun, að ræða saman tvö frv. sem skipta verulegu máli í afkomu fólks. Við erum að taka til umræðu í raun eitt vandræðabarnið enn á sviði vinnumarkaðsmála sem hefur komið frá hæstv. ríkisstjórn síðan hún tók við. Það er frv. til laga um atvinnuleysistryggingar og frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Það er eins og hæstv. ríkisstjórn sé einfaldlega ekki lagið að taka á löggjöf sem tengist vinnumarkaði öðruvísi en klúðra málinu fullkomlega þrátt fyrir þær vonir sem bundnar voru við það að um vandaða endurskoðun atvinnuleysistrygginga yrði að ræða og tekið yrði tillit til breyttra þjóðfélagsaðstæðna frá því sem áður hefur verið þar sem við búum því miður við verulega aukið og viðvarandi atvinnuleysi. Á hinum viðkvæma málaflokki, þ.e. atvinnuleysistryggingunum yrði tekið á vandaðan hátt og þær breytingar sem hér kæmu fram væru unnar þannig að fyrst og fremst væri horft til þeirra auknu vandamála sem hafa í raun orðið samfara auknu atvinnuleysi á undanförnum árum.

Það er ekki langt um liðið frá því að stjórnarandstaðan ásamt öllum starfandi samtökum launafólks í landinu skar upp herör gegn ótrúlega klaufalegum tilburðum hæstv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. til þess að „einfalda lagasetningu á vinnumarkaði" eins og það var orðað þá. Markmiðið með þeirri lagasetningu var, svo vitnað sé í hæstv. ráðherra félagsmála, að einfalda kjarasamningagerð, greiða fyrir kjarasamningum, auka frelsi einstaklingsins í stéttarfélögunum. Það var orðað einhvern veginn á þennan hátt. Þær lagabreytingar voru keyrðar í gegn þrátt fyrir fullkomna andstöðu allrar verkalýðshreyfingarinnar enda hefur það ekki verið í anda þessarar ríkisstjórnar, þrátt fyrir þau orð sem hv. þm. Pétur Blöndal lét falla áðan, þá hefur það ekki verið í anda þessarar ríkisstjórnar að ganga erinda launafólks. Það

er e.t.v. þess vegna sem hv. þm. Pétur Blöndal getur, að eigin mati, enn þá stutt ríkisstjórnina og það sem frá henni kemur.

Nú hins vegar brá svo við að samið var við ein samtök launafólks um breytingar á öðru því frv. sem hér er verið að ræða, þ.e. um atvinnuleysistryggingar. Hins vegar var ekkert samráð haft við BSRB, BHM eða önnur samtök launafólks. Það hefur áður komið fram í máli minni hlutans að við teljum það vera vítavert. Það hefðu verið eðlileg vinnubrögð að hafa samráð við alla þessa aðila úr því að farið var af stað með að breyta frv. Það þarf svo sem ekkert að taka það fram að tilögur minni hluta félmn. í þessum efnum hafa ekki skipt nokkru máli hvorki við lokaafgreiðsluna né meðan á vinnunni stóð. En hins vegar er um meira samráð að ræða við aðra hópa en við samtök launafólks í þjóðfélaginu því að það má eiginlega segja að vart hafi hnífurinn gengið á milli samtaka atvinnurekenda og hæstv. ríkisstjórnar.

Það hafa margsinnis komið fram frv. á þessu kjörtímabili og meðan þessi ríkisstjórn hefur setið sem auðsjáanlega eiga uppruna sinn að rekja til samtaka atvinnurekenda á svipaðan hátt og hv. þm. Pétur Blöndal talaði um ASÍ sem þrýstihóp áðan.

Samtök launafólks muna örugglega, þótt samráð hafi verið haft um þær brtt. sem nú eru gerðar við ASÍ, hinn harða slag sem var háður hér sl. vor því að önnur eins atlaga hefur ekki verið gerð að sjálfstæði og sjálfsforræði stéttarfélaganna hér á landi frá upphafi vega eins og ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. með hæstv. ráðherra vinnumála, Pál Pétursson, í broddi fylkingar skipulagði og stóð fyrir á síðasta ári. Þar var um að ræða þaulskipulagða aðferðafræði gagngert í þeim tilgangi að brjóta á bak aftur innri styrk og skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Hluti þeirrar aðferðafræði fólst í því að taka ekkert tillit til kröftugrar andstöðu hreyfingarinnar við stórmál og rétt þeirra til að ákveða sjálf sitt innra skipulag, svo sem fyrirkomulag atkvæðagreiðslu og skipulag samninganefnda. Þá mátti ekki hlusta á mótmæli verkalýðshreyfingarinnar og ákveðið að keyra málið í gegn í fullkominni ósátt við öll samtök launafólks.

Hæstv. ríkisstjórn ætlaði á þeim tíma að sýna samtökum launafólks hver það er sem ræður í þessu þjóðfélagi. Hún var að sýna launafólki að það er undir velvilja hæstv. ríkisstjórnar komið hvort frjáls verkalýðshreyfing fær að þrífast í þessu litla föðurlandi okkar, sem nú er orðið að söluvöru í útlöndum sem draumaland fjárfesta þar sem þess er sérstaklega getið að hér sé launakostnaður lítill.

Ég sé ástæðu til að rifja þetta upp við upphaf þessarar umræðu því að þau frv. sem hér er um að ræða áttu upphaflega að vera liður í hinni svokölluðu hreinsun hæstv. ríkisstjórnar á lögum er snerta vinnumarkaðinn. Það átti að ráðast til atlögu við eina meinsemdina enn, eða það sem hæstv. ríkisstjórn telur vera meinsemd í þjóðfélaginu, ekki atvinnuleysið sjálft heldur hina atvinnulausu. Skipað var í nefnd til þess að leysa málið þar sem samtök launafólks, fulltrúar ASÍ og BSRB áttu fulltrúa í en þeir skiluðu séráliti vegna þess að ekki var tekið tillit til þeirra breytinga sem þeir þá lögðu til. Hins vegar skrifuðu fulltrúar samtaka launafólks upp á frv. um vinnumarkaðsaðgerðir, sem ég er auðvitað mjög hissa á að þeir skuli hafa gert, því að það var ástæða til að gera við það miklar athugasemdir ekki síður en frv. um atvinnuleysistryggingar.

Frv. um atvinnuleysistryggingar felur ekki í sér neina framtíðarsýn fyrir þær þúsundir Íslendinga sem nú eru atvinnulausar og því miður hefur svo verið um nokkur ár þannig að við virðumst vera að kynnast því ástandi sem reyndar er þekkt annars staðar en við sloppið svo blessunarlega við fram undir þetta. Það er viðvarandi atvinnuleysi þúsundir manna. Öll nálgun frv. er á þá vegu að það sé hinn atvinnulausi sem sé meinið en ekki atvinnuleysið sjálft. Litið er á réttindi atvinnulausra til atvinnuleysistrygginga sem ölmusu þrátt fyrir þá sögulegu staðreynd að launafólk samdi um þennan rétt í kjölfar harðvítugs verkfalls um miðja öldina. Í staðinn lét þetta fólk af hendi 1% launahækkun. Það var kaupverðið fyrir það að vera tryggt fyrir atvinnuleysinu. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að það er svolítið skrýtið að sjá hér ekki þann mann sem gekk nú hvað harðast fram í fjölmiðlum — birtist hann nú reyndar í dyrunum — formann nefndarinnar sem samdi þessi frv., stóð að endurskoðuninni og kynnti í fjölmiðlum á síðasta ári vegna þess að rúmum 40 árum eftir baráttu verkafólks, þar sem það lét af hendi hluta af sínum launakjörum til að tryggja sig fyrir atvinnuleysinu, birtist hér frv. sem felur í sér að litið skal á þennan rétt sem einhverja ölmusu af hendi ríkisvaldsins sem hægt er að skerða á þann hátt sem valdhöfum þóknast. Öðruvísi mér áður brá þegar hv. þm., sem nú hefur gengið á brott aftur, formaður þessarar nefndar ræddi um jafna stöðu, jafnrétti til launa og jafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins. Hann er einn af þingmönnum Framsfl. sem hafa gleymt öllum slíkum hugsjónum.

Ríkisstjórnin hefur sýnt það í verki að hún telur marga matarholuna að finna hjá þeim atvinnulausu svo ekki sé nú talað um þá sem þurfa á almannatryggingakerfinu að halda. Bætur þessara hópa hafa verið skertar með því að afnema tengsl þeirra við almenna launaþróun í landinu og við gerð fjárlaga fyrir árið 1996 var hafist handa undir þeim formerkjum að hæstv. ríkisstjórn mundi að sjálfsögðu sjá til þess að þetta fólk, þ.e. þeir sem þurfa á almannatryggingakerfinu að halda, mundi fá sömu hækkun á bæturnar og launaþróun gæfi tilefni til. Það átti alls ekkert að skerða bæturnar. Það átti bara að taka þessa lagagrein út, breyta henni en það þýddi ekkert. Það er á sama hátt þegar landið verður eitt atvinnusvæði þá heimila lögin í dag, ef þetta frv. verður samþykkt, að atvinnulaus maður sé sendur landshorna á milli í atvinnu um tíma og tíma — þá er það ekki meiningin og þetta var ekkert meiningin með aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Það átti ekkert að skerða bæturnar. En hvað gerðist hins vegar við samþykkt fjárlaga fyrir árið í ár, 1997? Bæturnar hækka um 2% þrátt fyrir fyrirsjáanlega staðreynd þess efnis að laun mundu hækka mun meira. Með þessu hefur hæstv. ríkisstjórn haft einhver hundruð milljónir kr. af þeim sem njóta bóta úr almanna- eða atvinnuleysistryggingakerfinu. Dágóður hluti af jákvæðri fjárhagsafkomu ríkissjóðs er fenginn með þessum hætti.

Menn létu ekki staðar numið hér. Við sögðum frá því við afgreiðslu fjárlaga 1996, aftur 1997 og þegar frv. sem samþykkt voru illu heilli sl. vor og snertu launafólk í landinu verulega, þá tókum við inn í þá umræðu að líklega mundi hæstv. ríkisstjórn ekki láta staðar numið þó hún hefði skert kjör aldraðra, öryrkja, opinberra starfsmanna og launafólks á hinum almenna markaði, að næst yrðu það atvinnulausir og það brást ekki. Framhaldið birtist í frv. tveimur sem eru til umræðu í dag eða réttara sagt: Í dag ræðum við umbúðirnar um þau áform sem einu sinni voru uppi. Áformin voru skýr þegar frv. voru lögð fram. Áformin voru skýr þegar hv. þm. Hjálmar Árnason, formaður nefndarinnar, sem stóð að samningu þessara frv. skýrði þau í fjölmiðlum fyrir ári

síðan. Þeir sem lægstu launin hafa skyldu ekki auðgast á því að missa vinnuna, bætur þeirra skyldu lækkaðar. Ungmenni átti að setja út úr bótakerfinu á ábyrgð foreldranna eða sveitarfélaga ef ekki vildi betur til. Þetta voru markmiðin þótt frv. hafi tekið breytingum síðan þá. Af hverju hefur frv. tekið þessum breytingum? Var það vegna þess að þessi ásetningur hæstv. ríkisstjórnar væri ekki einlægur? Var það vegna þess að forneskjulegar skoðanir hæstv. ríkisstjórnar í garð launafólks í landinu og til samtaka launafólks hefðu breyst? Nei, það var vegna þess að við samtök launafólks var haft samráð, þ.e. við hluta þeirra. Það var haft samráð við ASÍ. Ástæðan er einföld. Ástæðan er sú að það standa yfir kjarasamningar og hæstv. ríkisstjórn taldi að samningar við ASÍ gætu hugsanlega liðkað fyrir kjarasamningum. Það kom mjög skýrt fram í störfum nefndarinnar á síðustu dögum að það væri í raun ástæðan fyrir þeim brtt. sem lagðar voru fram.

Meiri hluti hv. félmn. hefur nú gert að sínum þessar brtt. Alþýðusambands Íslands, sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hér þrýstihóp, og lýst sérstakri ánægju sinni með þær. Hv. þm. Pétur Blöndal taldi það fullkomlega eðlileg vinnubrögð að ekki væri leitað til annarra samtaka launafólks sem einnig standa í kjarasamningum þessa dagana með þessar brtt. Það væri engin ástæða til þess.

Það er vissulega, virðulegi forseti, ákveðin hætta fólgin í því fyrir launafólk í landinu að þegar gengið hefur verið frá kjarasamningum þá eigi eftir að koma hér frv. aftur. Það er ekkert í þessum brtt. og ekkert í máli hvorki meiri hluta félmn. né þess fulltrúa ASÍ sem mætti á fund nefndarinnar til þess að fara yfir brtt. með okkur, að um það hefði verið samið að ekki skyldu gerðar breytingar á kjarasamningstímanum, hver sem hann nú verður, þrátt fyrir að það kom ítrekað fram hjá fulltrúum meiri hlutans í félmn. að þetta væri í raun hluti af kjarasamningunum, þetta væri beita sem væri notuð til þess að bæta andrúmsloftið á vinnumarkaðinum sem hugsanlega væri hægt að draga til baka eftir að samningar hefðu verið gerðir. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir það.

Það kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals áðan að í raun hefði ASÍ gert kröfu um að annaðhvort væru þessar breytingar samþykktar eða frv. yrði tekið út af borðinu og að endurskoðun laganna héldi þá áfram. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að mér finnst það umhugsunarefni að Alþýðusamband Íslands, sem og önnur samtök launafólks í landinu, hafi ekki gert þá kröfu að frv. yrði tekið út af borðinu, endurskoðað og lagt fram verulega breytt frá því sem nú er, vegna þess að þótt mér finnist þessar breytingartillögur sem hér liggja frammi allar til bóta, þá finnst mér að ekki sé tekið nægjanlegt tillit til þess ástands sem við búum við í dag og höfum búið við á undanförnum árum, þetta gífurlega atvinnuleysi sem við höfum búið við og er því miður útlit fyrir að muni halda áfram eitthvað enn. Þessar brtt. fela í raun ekki í sér neinar réttarbætur til atvinnulausra, ekki á nokkurn hátt. Þetta er í raun og veru óbreytt ástand. Það litla sem er þarna, eins og fimm ára reglan, felur heldur í sér skerðingu frá því sem er í dag. Að öðru leyti felur þetta frv. ekki í sér nokkrar einustu réttarbætur til atvinnulausra. Þess vegna hefði mér fundist ástæða til þess að verkalýðshreyfingin hefði gert kröfu um að þetta frv. væri hreinlega tekið út og hafin yrði endurskoðun á lögunum á grundvelli niðurstaðna þess hóps, sem skilaði skýrslu sumarið 1994, en það var hópur sem páv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, hafði skipað til þess að skoða stöðu atvinnulausra. Í skipunarbréfi, sem kemur fram í inngangi þeirrar skýrslu sem starfshópurinn skilaði, þar sem starfshópnum var ætlað að fara yfir þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra, einkanlega málefni atvinnulausra með börn á framfæri, segir, með leyfi forseta:

„Starfshópnum er ætlað að kanna sérstaklega réttindi atvinnulausra með tilliti til bótakerfis, almannatrygginga, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, starfsmenntunar og námsframboðs. Starfshópnum var ætlað að samræma og leggja fram tillögur til úrbóta er tryggi betur framfærslumöguleika þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi og athuga sérstaklega hvort unnt væri að nýta bótakerfi hins opinbera þannig að það nýttist betur þeim sem höllustum fæti standa. Einnig þyrfti starfshópurinn að huga að hvernig beita mætti frekari vinnumarkaðsaðgerðum fyrir atvinnulausa, einkum ófaglærða og unga fólkið og þá sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi. Skyldi þar einkum hugað að atvinnutilboðum í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð í samstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Samstarfshópurinn skyldi hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins í vinnu sinni."

Þessi starfshópur skilaði mjög merkilegri skýrslu og í henni segir um niðurstöðu hópsins, með leyfi forseta: „að afla þurfi frekari upplýsinga um atvinnuleysi á Íslandi í dag, afmarka betur hóp atvinnulausra, greina hann upp í smærri hópa og leita úrræða fyrir hvern hóp fyrir sig." Var þetta gert? Er eitthvað í þessu frv. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem segir að í þessa vinnu hafi verið farið? Nei, ekki neitt, alls ekki.

Í öðru lagi: „Sníða þarf af annmarka á reglum um meðlagsgreiðslur þannig að þær virki ekki atvinnuletjandi. Samtímis að tengja reglur um barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur, auka möguleika sveitarfélaga á eftirgjöf opinberra gjalda til handa atvinnulausum." Voru þessir þættir skoðaðir? Er eitthvað í frv. sem segir það að þessir þættir hafi verið skoðaðir? Nei, ekki neitt.

Síðan: „Sveitarfélögin setji sér öll reglur um fjárhagsaðstoð sem nægi til framfærslu." Þetta hefur ekki heldur verið gert. Enn segir: „Stórauka þarf menntun til handa atvinnulausu fólki, sérstaklega ungu fólki sem hefur litla skólagöngu að baki. Enn fremur þarf að endurskipuleggja átaksverkefni sveitarfélaga, koma á markvissri starfsþjálfun fyrir atvinnulausa, koma á frumkvæðastyrkjum og efla starfsmenntun." Er eitthvað í þessu frv. sem segir að þarna verði um einhverjar framfarir að ræða frá því sem er í dag? Ekki neitt. Síðan segir: „Efla þarf skilvirkni í framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins." Er þetta ríkisbákn sem á að búa til með frv. um atvinnuleysistryggingar og um vinnumarkaðsmál, það að auka skilvirkni í framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins? Ég dreg það stórlega í efa. Og þar er ekki aðeins um að ræða það atriði sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hér áðan, þ.e. með hvaða hætti verði staðið að greiðslum bótanna. Það er flestallt annað í báðum þessum frumvörpum sem ég tel að muni frekar draga úr skilvirkni heldur en hitt. Og ef ég nefni þá fyrir það fyrsta starfsemi sveitarfélaganna, þá finnst mér þarna vera stigið skref aftur á bak, bæði gagnvart skráningu og úrræðum fyrir atvinnulausa. Og ég varð mjög hissa að heyra þær fullyrðingar í nefndinni aftur og aftur og aftur, að þar sem sveitarfélögin hefðu staðið sig illa í þessum málum, þá væri nauðsynlegt að breyta því og taka þau yfir til ríkisins, að stofna ætti þetta nýja ríkisbákn þar sem, eins og kom fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, um væri að ræða allt að 120 störf, (**Gripið fram í:**

Stjórnarstörf.) já, stjórnarstörf, 120 störf. Þetta væri úrræðið vegna getuleysis sveitarfélaganna í þessum málum. Ég kem sjálf úr mjög litlu sveitarfélagi, sveitarfélagi þar sem búa bara rétt rúmlega 500 manns. Þar hefur verið staðið mjög vel að þessum málum og ég þekki mjög mörg sveitarfélög hringinn í kringum landið þar sem hefur verið staðið mjög vel að þessum málum öllum. Hvers vegna? Vegna þess að sveitarstjórnirnar sjálfar eru í návígi við atvinnulífið og þann atvinnulausa. Þess vegna finnst sveitarstjórnunum þær bera ákveðna ábyrgð og verði að finna atvinnuúrræði og stuðla að öflugu atvinnulífi innan sveitarfélagsins. Það hefur alla tíð verið þannig. Og það hefur verið talinn kostur og frekar merki um hæfni sveitarstjórna hvort þær stæðu vel að akkúrat þessum málum, með uppbyggingu atvinnu og sérstökum úrræðum fyrir þá sem eru atvinnulausir. Mjög oft tengjast saman félagsleg vandamál og mál sem heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og svo aftur mál sem tengjast þeim atvinnulausu, og sveitarfélögin hafa langflest staðið með nokkuð góðu móti að þessum málum með mjög skipulögðum og góðum hætti. Auðvitað eru einhverjir skussar í þessum efnum eins og annars staðar. Það eru skussar innan þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem standa ekki að þeim málum sem þeir upphaflega lofuðu í sinni kosningabaráttu, ákveðnum úrræðum, úrbótum og breytingum, og hafa ekki komið því í verk enn þann dag í dag og jafnvel gengið gegn því sem þeir sögðu í kosningabaráttunni síðustu. Það eru skussar. Og það er vissulega ástæða til þess að þau verkefni séu þá áfram hjá sveitarfélögunum heldur en vera jafnvel að fela þessum hæstv. skussum að fara með þau.

Komið var inn á það atriði, bæði í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, að landið er allt eitt vinnusvæði og ekkert í lögunum sem komi í veg fyrir að menn séu sendir landshorna á milli og þá muni það líklega fyrst og fremst bitna á ófaglærðu verkafólki. Vissulega á að taka tillit til aðstæðna og þá kannski aðallega fjölskylduaðstæðna. Fram kom í máli meiri hlutans í störfum nefndarinnar og reyndar, þannig að öllu sé haldið til haga, hjá Hervari Guðmundssyni sem mætti sem fulltrúi ASÍ fyrir nefndina, að menn hefðu ekki trú á því. Þetta hefði ekki verið gert og þá yrði það ekki gert.

En af hverju hefur framkvæmdin ekki verið svona? Það skyldi þó aldrei vera m.a. vegna þess að þessi mál hafa verið í höndum sveitarfélaganna og verkalýðsfélaganna, í samstarfi sveitarfélaga og verkalýðsfélaga á viðkomandi stöðum í návígi við fólkið, þannig að það hefur verið hægt að taka tillit til fjölskylduaðstæðna, félagslegra aðstæðna. Þegar búið er að færa þessi mál í burtu frá sveitarfélögunum hvort sem þau eru lítil eða stór, þá er miklu meiri hætta á að það reynist erfiðleikum bundið að taka tillit til félagslegra aðstæðna og minni líkur til þess að hinir atvinnulausu geti treyst því að tekið sé tillit til þeirra. Mat verkalýðshreyfingarinnar eða fulltrúa hennar byggir að sjálfsögðu á þeirri reynslu sem við höfum. En það er verið að breyta þessu kerfi, taka það út úr því kunningjasamfélagi sem það hefur í mörgum tilfellum verið í og fara með það yfir í dýrt bákn, sem mun kosta þjóðfélagið miklu meira. Og hrædd er ég um að það muni hafa þær afleiðingar í för með sér að réttur atvinnulausra verði fyrir borð borinn þegar til lengri tíma er litið. Þá er verr af stað farið en heima setið með að endurskoða þessi lög, sem allir viðurkenndu að þyrfti að endurskoða, þegar niðurstaðan er þessi.

Það er einnig erfitt að ímynda sér að þessi breyting verði til hins betra þegar við erum að vissu leyti að eyðileggja það brautryðjendastarf sem sveitarfélögin hafa verið að vinna í breyttum kringumstæðum, þar sem sveitarfélögin hafa verið í návígi þann vanda sem viðvarandi atvinnuleysi er, tekið á því og reynt að finna farveg fyrir vinnu sína til úrbóta fyrir hinn atvinnulausa og til þess að byggja upp atvinnulífið. Það er í raun og veru mjög viðkvæmt en þó farsælt brautryðjendastarf sem sveitarfélögin hafa unnið. Það er viðkvæmt vegna þess að við stöndum frammi fyrir því að vera heldur óreynd hvað varðar úrræði fyrir atvinnulausa. Sem betur fer, má kannski segja, vegna þess að varanlegt atvinnuleysi fer ekki að verða staðreynd hér á landi fyrr en upp úr 1990, á meðan aðrar þjóðir Evrópu sem hafa mun lengri reynslu af þessum vágesti hafa tekið á þessum máli með allt öðrum hætti heldur en hæstv. ríkisstjórn er að leggja til að verði gert hér.

Þessi frumvörp taka ekkert mið af reynslu annarra þjóða virðist vera. Á stundum hefur manni fundist að viðhorf ýmissa hv. stjórnarliða væri það að atvinnuleysi þrífist á Íslandi fyrst og fremst vegna þess að fullt af fólki hafi komist upp með að misnota kerfið. Við séum með fólk á atvinnuleysisskrá af því að það hafi komist upp með að misnota kerfið og þess vegna þurfi í raun og veru að herða allar reglur og eftirlit af því að hinn atvinnulausi er vandamál en atvinnuleysið ekki. Þetta er auðvitað viðhorf sem við getum alls ekki fallist á. Og það hefði verið nær að horfa til reynslu annarra þjóða, skoða hvernig þær hafa tekið á sínum málefnum. Hjá þeim sem hafa búið í langan tíma við viðvarandi atvinnuleysi hefur ekki aðeins verið um hækkun á bótagreiðslum til hins atvinnulausa að ræða heldur hafa þessar þjóðir gripið til ýmissa annarra ráðstafana til þess að tryggja hag launafólks, m.a. bætt starfsöryggi.

Hér á hv. Alþingi liggur frammi fjöldi tillagna sem bætir öryggi launþega í landinu, starfsöryggi þeirra, réttindi þeirra og hér liggja frammi skýrslubeiðnir sem eru í raun mjög góður grunnur að þeirri vinnu sem hefði þurft að eiga sér stað áður en frv. til laga um breytingar á atvinnuleysistryggingum var lagt fram. Það er nefnilega þannig að við höfum ekki unnið þá grunnvinnu sem við þurftum að fara í. Það kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal að þau væru ekki mörg málin frá stjórnarandstöðunni, jafnvel þótt þau væru góð að hans mati, sem hefðu verið samþykkt í gegnum tíðina. Þetta er rétt. Stjórnarandstaðan hefur í dag sem og t.d. á síðasta þingi lagt fram mjög mörg góð mál sem hefðu orðið atvinnuskapandi, sem hefðu bætt úr atvinnuástandinu, um breytingu á ríkisrekstri, um breytingar á starfsöryggi launþegans, um breytingar á kjörum launafólks og þeirra lægst launuðu. Ég get nefnt mjög margar tillögur þessu til stuðnings. Það eru komnar fram skýrslubeiðnir frá þingflokki jafnaðarmanna. Það var lögð fram þáltill. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfsfólks af hálfu atvinnurekenda, tillaga sem flutt er af hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur. Þetta er tillaga sem lá frammi á síðasta þingi. Samþykkt hennar getur haft veruleg áhrif á fjölda atvinnulausra, hver er fjöldi atvinnulausra.

Þingflokkur Alþb. lagði fram fyrir ekki löngu síðan frv. til laga um réttindi þeirra sem ekki hafa atvinnu, víðtækar aðgerðir. Í því voru breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar en ýmsar aðrar breytingar voru líka í því frv., breytingar á lögum um vinnumiðlun, breytingar á lögum um stjórn efnahagsmála og vinnumarkaðsmálin.

Þingflokkur Kvennalistans, hv. þingkonur Kristín Ástgeirsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og Kristín Halldórsdóttir lögðu fram till. til þál. um aðgerðir til að afnema launamisrétti kynjanna. Ég flutti hér tillögu um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og breytingar á lögum um almannatryggingar, sem fela það í sér að ríkið viðurkennir störf sálfræðinga og félagsráðgjafa sem hluta af heilbrigðisþjónustunni. Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur beðið um skýrslu frá forsrh. um þróun launa og lífskjara á Íslandi. Við höfum lagt fram frv. til laga um að fella niður þjónustugjöld í heilsugæslu. Við lögðum fram skýrslubeiðni um áhrif langs vinnutíma því að langur vinnutími hefur líka áhrif á hversu margir eru hér á vinnumarkaðnum. Ef vinnutími væri styttri en raun ber vitni, þá þýddi það að fyrirtækin þyrftu að ráða fleiri í vinnu heldur en raunin er á í dag. En því miður virðist þróunin vera sú að þótt um aukna vinnu sé að ræða hjá fyrirtækjum, þá er bara lagt meira á þá sem fyrir eru í stað þess að ráða nýtt starfsfólk í auknum mæli. Við fórum fram á þessa skýrslu og það er óþarfi, virðulegi forseti, að endurtaka þá umræðu sem fór hér fram í gær um það hvernig þessi skýrslubeiðni var afgreidd, sem hefði þó getað orðið grunnurinn að ýmsum úrræðum í atvinnumálum.

Virðulegi forseti. Það eru auðvitað þó nokkur atriði sem mig hefði langað til þess að koma inn á til viðbótar við það sem ég hef þegar nefnt. En hv. þingmenn Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir hafa farið yfir þau nefndarálit sem minni hlutinn stendur allur að, eða við stöndum allar að. En þó eru hér atriði sem mig langar til þess að nefna vegna umræðna sem áður hafa verið á hv. Alþingi.

Á síðasta þingi var ég með fyrirspurn til hæstv. dómsmh. um hversu margir dómarar ættu sæti í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, á vegum ríkisins. Það kom mér satt að segja á óvart þá hversu stór hluti dómara situr í launuðum nefndum og ráðum á vegum ráðuneytanna allra eða flestra. Það hefur verið uppi umræða í þjóðfélaginu um nauðsyn þess að dómari sé hlutlaus í störfum sínum. Á sínum tíma fór fram umræða um laun dómara, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sem hafði í för með sér að laun þessara starfsstétta voru hækkuð verulega. Þá voru rökin m.a. þau að dómari verði að hafa það góð laun í störfum sínum að hann undir engum kringumstæðum þurfi að sinna neinum öðrum aukastörfum til þess að tryggja hlutleysi hans. Hér er rétt eina ferðina gert ráð fyrir að dómarar taki sæti í nefnd. Í 17. gr. frv. um atvinnuleysistryggingar segir, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndarmenn skulu hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðinum.“ — Svo kemur: „Formaður og varaformaður hans skulu fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar.“

Hér er um að ræða þriggja manna úrskurðarnefnd þar sem tveir af þremur sem eiga að hafa víðtæka þekkingu á vinnumarkaðnum, það var upphaflega skilyrði, skulu vera skipaðir héraðsdómarar. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðherra að hann skoði þetta ákvæði og hv. félmn. einnig milli 2. og 3. umr. Þarna finnst mér vera í fyrsta lagi veikleiki á frv. og nokkuð sem ég hafði ekki hugsað út í og ekki tekið eftir í raun fyrr en við lestur núna þegar ég var að undirbúa mig undir þessa umræðu.

Annað atriði er það sem ég vildi gjarnan gera hér að umræðuefni og hef reyndar gert áður. Ég hef í tvígang lagt fram frv. þess efnis að gerðar verði breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem tryggja það að dvöl manns sem er að afplána dóm í fangelsi komi sem réttur til atvinnuleysisbóta að henni lokinni. En það frv. sem ég flutti á sínum tíma hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur maður lokið samfelldri afplánun refsivistar sem staðið hefur a.m.k. síðustu 12 mánuði, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og skal hann þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta þó að hann uppfylli ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, enda uppfylli hann önnur skilyrði til greiðslu bótanna.“ Þ.e. að hann hafi ekki haft tækifæri til þess að stunda vinnu á þessu 12 mánaða tímabili.

Nú er að svo að í lögum um fangelsi og fangavist er gert ráð fyrir að hver einasti maður sem afplánar refsingu í fangelsi eigi rétt á námi eða vinnu. Okkur ber skylda til að sjá til þess að viðkomandi einstaklingur geti stundað nám eða vinnu. En þannig er því nú háttað í fangelsum þessa lands að það eru aðeins þrjú fangelsi, þ.e. Kvíabryggja, Litla-Hraun og Kópavogur, sem geta séð til þess að þessum lagabókstaf sé framfylgt. Þarna er um að ræða rétt ein lögin sem er ekki staðið við þó að Alþingi sýni í raun og veru vilja í verki með því að samþykkja. Samkvæmt því frv. sem hér er getur maður sem sviptur er frelsi sínu með dómi haldið áunnum bótarétti í allt að 24 mánuði meðan á afplánun stendur, sem sagt í tvö ár. Það er nú svo að langstærsti hluti þeirra sem sitja í fangelsum landsins hefur ekki áunnið sér neinn bótarétt þegar hann hlýtur dóm. Oft er um að ræða, og að meiri hluta, einstaklinga sem hafa verið í eiturlyfjum eða um langan tíma ekki náð fótfestu í þjóðfélaginu og farið út á braut afbrota. Þar sem okkur ber skylda til samkvæmt lögum að sjá til þess að allir Íslendingar sem sitja í fangelsum eigi rétt á vinnu eða námi, og það er ekki gert, þá væri það hugsanlega uppbót fyrir þann sem situr í fangelsi og afplánar dóm að eiga rétt á atvinnuleysisbótum þegar hann hefur lokið refsivist. Það mundi líka hjálpa þeim sama til að fóta sig í þjóðfélaginu á meðan hann væri að leita sér að vinnu.

Þegar mikið atvinnuleysi er í þjóðfélaginu eins og hefur verið á undanförnum árum, þá er mjög erfitt fyrir manneskju sem hefur lokið refsivist að fá vinnu og afar takmörkuð aðstoð við slíka einstaklinga til að útvega sér vinnu. Ég tel það mjög mikilsvert ef þetta ákvæði væri tekið inn. En þess ber hins vegar að geta að það er ekki aðeins um að ræða að á föngum séu brotin lög og mannréttindi hvað varðar rétt þeirra til vinnu eða náms á meðan á refsivist stendur. Það er annað sem er kannski enn alvarlegra, því þótt þetta sé auðvitað alvarlegt þá búum við við þær aðstæður að fangelsi landsins eru þannig úr garði gerð flest þeirra að þau bjóða ekki upp á aðstöðu til að iðka vinnu eða nám og stendur nú til að bæta úr því. En alvarlegra lögbrot er framið í fangelsum landsins þar sem atvinnan er þó stunduð, þ.e. í Kópavogi, á Kvíabryggju og Litla-Hrauni. Það kom fram í máli fangelsismálastjóra sem kom fyrir félmn. að fangar fá greitt fyrir vinnu sína frá 175 kr. á tímann upp í 250 kr. og fer það eftir arðsemi vinnunnar. Arðsemi vinnunnar er mæld í þeim krónum sem vinnan skilar inn í rekstur fangelsisins í beinhörðum peningum. Sá sem t.d. vinnur við númeragerð sem skilar ágóða inn í fangelsiskerfið fær þá líklega 250 kr. á tímann en sá sem skúrar gólfið innan veggja fangelsanna, skúrar gangana eða vinnur í eldhúsinu, fær 175 kr. af því að þar er ekki hægt að reikna arðsemina í beinhörðum krónum sem hægt er að taka inn í reksturinn, eða þannig er það ekki reiknað af hálfu fangelsisyfirvalda. Þannig að þótt þarna

séu launþegar, launafólk, þá eru ekki greidd af þessu fólki opinber gjöld. Tryggingagjald er ekki greitt af launum sem renna til fangans og þá ekki aðrir skattar, þannig að lög eru brotin og mannréttindi þessa fólks í hverri einustu viku. Það er ekki greitt í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, þannig að þó svo að viðkomandi einstaklingur dvelji allt að 7–8 árum innan veggja fangelsis og þó að hann vinni upp á hvern einasta virkan dag allan þann tíma sem á fangelsisdvölinni stendur, þá er hann algjörlega réttindalaus þegar hann hefur lokið afplánun refsingar. Ég tel þetta mjög alvarlegt brot. Ég hef áður reynt hér í sölum þingsins að vekja athygli á þessu fyrirkomulagi því þarna er um mjög alvarlegt brot að ræða af hinu opinbera, þar sem ríkið sjálft brýtur lög, hverja einustu einustu viku, hvern útborgunardag, hvern dvalardag, hvern vinnudag manns sem afplánar refsivist. Ég vil því beina því til hæstv. félmrh. að hann skoði sérstaklega málefni fanga, rétt þeirra til vinnu, rétt þeirra til náms og rétt þeirra til þeirra mannréttinda að eðlileg skil séu staðin á þeim gjöldum sem á að taka lögum samkvæmt, þannig að þegar einstaklingur hefur lokið afplánun þá hafi þjóðfélagið a.m.k. gert sitt til þess að auðvelda honum endurkomu út í þjóðfélagið sem er í flestum tilvikum ef ekki öllum mjög fjandsamleg. En það er nú einu sinni þannig að þegar einstaklingur hefur tekið út refsingu sem talin hefur verið eðlileg fyrir það brot sem hann hefur framið, þá á hann að eiga rétt á því þegar hann hefur lokið því að taka út refsinguna, að hefja eðlilegt líf, daglegt líf, í þjóðfélaginu að nýju eins og tök eru á.

Það væri vissulega ástæða til þess, virðulegur forseti, að fara í gegnum það atriði sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, gerði að sérstöku umtalsefni, þ.e. kostnaðinn við þessa nýju stofnun. Nú hafa kostnaðarumsagnir frá fjmrh. yfirleitt verið því marki brenndar að þær hafa verið heldur lágar miðað við það sem reyndin hefur orðið. Við samþykkt frv. hefur reynslan yfirleitt sýnt að það er heldur meiri kostnaður sem fylgir samþykkt frv. en hefur komið fram í kostnaðaráætlun frá fjmrn. Það er vissulega ástæða til þess að ræða það viðhorf sem hér er á ferðinni, þ.e. að taka verkefni frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins, og þann kostnað sem á að leggja í á tímum þegar beita á verulegu aðhaldi í þjóðfélaginu og ítrekað hefur komið fram af hálfu núv. ríkisstjórnar að ekki eigi að auka umsvif ríkisins, sem þó hafa í raun verið aukin töluvert í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það væri áhugavert en við fáum kannski annað og betra tilefni til að ræða um ríkisrekstur við hv. þm., formann Sambands ungra sjálfstæðismanna, á meðan hann situr á þingi, því þeir hafa eins og þjóðinni er kunnugt lagt fram ítarlegar tillögur um niðurskurð í ríkisrekstri og hvernig á að breyta skattalögunum. Ég býst við, virðulegi forseti, að það gefist annað og betra tækifæri til að ræða við þennan ágæta hv. þm., sem auðvitað er hér af okkar hálfu boðinn velkominn til starfa, og verður sérstaklega gaman að fylgjast með þeim tillögum sem hv. þm. mun koma með og við auðvitað taka þátt í umræðum um. Ég býst við að hann fylgi eftir þeim tillögum sem hafa verið kynntar af hálfu ungra sjálfstæðismanna um skattamál og niðurskurð og breytingar á ríkisrekstri og það gæti þess vegna orðið hin besta umræða.

En, virðulegi forseti, það var sérstök ástæða og er til að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar. Ástæðan er vegna breyttra aðstæðna. Viðvarandi atvinnuleysi hefur verið um langan tíma, ástand sem við ekki bjuggum við og löggjöfin tók ekki mið af. Þess vegna var og er ástæða til að endurskoða lög um atvinnuleysistryggingar. Ég, eins og ýmsir aðrir hv. þm., vænti mjög mikils af þeirri endurskoðun sem var í gangi og fannst þetta frv. því hálfgerður bastarður miðað við þær umræður sem hafa átt sér stað um þörfina fyrir breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þó að þær tillögur sem hér liggja frammi séu allar heldur til bóta á frv. eru þær engu að síður ekkert til bóta frá því sem er í lögunum sem nú eru í gildi. Þær miða flestar að því að færa aftur í sama horf og taka ekkert mið af því ástandi sem við höfum búið við. Og það er engin framtíðarsýn og mun því miður ekki bæta kjör hins atvinnulausa. Viðhorfið er enn það sama að hinn atvinnulausi er vandamálið en ekki atvinnuleysið sjálft.

[17:26]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á vandamál fanga. Ég get hjartanlega tekið undir með það. Það er í rauninni óskiljanlegt að fólk skuli geta unnið og fengið laun og að ekki skuli vera greidd af þeim launatengd gjöld eins og lög gera ráð fyrir. Það kom fram á fundi félmn. að menn töldu sig ekki hafa efni á þeirri miklu vinnu sem fylgir því að standa skil á þessum sköttum og skyldum. Hvað má þá hinn venjulegi atvinnurekandi segja þegar opinber fyrirtæki hafa ekki efni á þessu? Mér finnst það algjörlega út í hött að ekki sé borgað af þessum launum. Fram kom í máli hv. þm. að fangar eiga rétt á vinnu og því má jafnvel ályktа þannig að ef þeir eiga rétt á vinnu þá eiga þeir að fá vinnu og þá eiga þeir að vera tryggðir. Þannig að það má rökstyðja út frá því að þeir eigi í rauninni að fá réttindi út á þann tíma sem þeir hafa verið í fangelsi.

Varðandi umræðuna um ríkisumsvifin og því sem beint er til okkar hv. þm. Sjálfstfl., þá er ekki verið að færa verkefni frá ríki til sveitarfélaga, það er augljóst, það er verið að færa þau öfugt. En það er verið að færa verkefni til þeirra sem borga. Það er verið að færa ákvörðunarvaldið frá sveitarfélögunum sem áður tóku ákvörðun en greiddu ekki og frá stéttarfélögunum sem greiddu út fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs en borguðu ekki sjálf. Það er verið að flytja ákvörðunina og framkvæmdina til þess aðila sem greiðir. Og það er verið að koma hér upp mikilli áætlun um starfsleitaráætlanir. Það kostar peninga, en það mun hins vegar líka spara fé vegna þess að það mun minnka atvinnuleysið. Það er alla vega von þeirra sem að þessu frv. standa að þessi tilhögun starfsleitaráætlunarinnar með samræmdar reglur um allt land muni minnka atvinnuleysið og þar sparast ómælt fé.

[17:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir þessi sjónarmið mín gagnvart föngum. Það er þannig samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist, það er algjörlega ótvírætt, að fangi á rétt á námi og/eða vinnu á meðan á vistun í fangelsi stendur. Það er óskiljanlegt að ekki skuli hafa verið greidd opinber gjöld til að tryggja rétt þeirra þegar afplánun lýkur.

Það er hins vegar einhver misskilningur hjá hv. þm. að verið sé að færa verkefni frá þeim sem ekki greiddu og ekkert komu að þessu yfir til þeirra sem greiða. Sveitarfélögin eru atvinnurekendur og verða það í auknum mæli. Það er nefnilega verið með annarri hendinni að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna til að auka vægi þeirra sem atvinnurekenda í raun. Í sumum tilvikum er það. Það er verið að taka yfir stór verkefni sem áður voru hjá ríkinu og nú eru og verða

hjá sveitarfélögunum. Þau eru auðvitað atvinnurekendur og koma að þessum málum og miklu, miklu meira heldur en eitthvert bákn, þau eru í miklu meiri tengslum við það sem er að gerast í atvinnulífinu á hverjum stað heldur en svona bákn verður. Hv. þm. hlýtur að taka undir það með mér að sveitarfélögin eru auðvitað bara smækkuð útgáfa af ríkisrekstri, þetta er hluti af hinu opinbera og það er um rekstur að ræða á vegum sveitarfélaganna og í sumum tilvikum hreinan atvinnurekstur.

[17:30]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er Atvinnuleysistryggingasjóður sem borgar atvinnuleysisbæturnar og hann er ekki á vegum sveitarfélaganna. Hann er opinbert fyrirtæki á vegum ríkisins og hefur verið það hingað til af því iðgjöldin inn í hann hafa í reynd verið skattur. Það er reyndar að breytast. Þannig að það er verið að færa ákvörðunarvaldið frá sveitarfélögunum til ríkisins sem greiðir bæturnar. Áður var það þannig að sveitarfélögin tóku ákvörðun og miðluðu en þau borguðu ekki sjálf og það er alltaf hættulegt.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um héraðsdómaraákvæðið í 17. gr. þá lagði ég fram tillögu í félmn. þar sem það ákvæði er strikað út að formaður og varaformaður þyrftu að vera héraðsdómarar.

[17:31]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er mjög ánægður með þær brtt. sem hér liggja fyrir frá meiri hluta félmn. og ég vil þakka meiri hlutanum sérstaklega fyrir góð störf. Ég lýsi sérstakri ánægju með það samstarf sem ég hef átt við fulltrúa ASÍ varðandi þetta mál. Og það er fullt samkomulag við þá um frv. eins og það kemur til með að líta út að samþykktum þessum brtt.

Frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og frv. til laga um atvinnuleysistryggingar voru samin af nefnd eins og hér hefur komið fram. Í henni áttu sæti fulltrúar stjórnarflokkanna, vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambandsins, Vinnumálasambands samvinnufélaga, BSRB, ASÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Um frv. um vinnumarkaðsaðgerðir var alger samstaða í nefndinni og af því að það var alger samstaða þá taldi ég heppilegt að leggja það fram nákvæmlega eins og nefndin gekk frá því. Frv. til laga um atvinnuleysistryggingar var með fyrirvara frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og frá Hervari Gunnarssyni, varaforseta ASÍ. Þeir höfðu hins vegar sett fram tillögur og sumar þeirra færði ég inn í frv. og vonaðist eftir að þar væri farinn nokkur millivegur á milli meiri hluta og minni hluta nefndarinnar. En þegar ég hafði kannað umsagnir um frv. beitti ég mér fyrir breytingum á því og ég beitti mér enn fremur fyrir frekari breytingum eftir viðræður við ASÍ.

Ég vil þakka hv. minni hluta fyrir þau fylgiskjöl sem hann birtir með nál. um atvinnuleysistryggingafrv. Reyndar eru þessar umsagnir, og það ber að hafa í huga, um upphaflegt frv. en ekki eins og það kemur til með að líta út þegar brtt. hafa verið færðar inn í það. Og rétt er að hafa í huga að það hefur verið tekið tillit til flestra þeirra meginbreytingartillagna sem hafa komið fram. Ég þakka sem sagt hv. minni hluta fyrir að birta hér fskj., sem eru nokkuð fróðleg, með minnihlutaáliti sínu. Í fyrsta lagi birta þau sem fskj. skýrslu frá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar um skráð atvinnuleysi í Reykjavík 30. nóvember 1996. Þetta er mjög fróðleg skýrsla.

Ég þekki að vísu þessa skýrslu því mér var afhent hún sem trúnaðarmál fyrir jól. Ég vissi ekki að það væri búið að gera hana opinbera. Í henni kemur nefnilega mjög margt fram. Þar kemur það fram um atvinnuleysi kvenna í Reykjavík að það eru fyrst og fremst konur á aldrinum 21–36 ára sem eru á atvinnuleysisbótum í Reykjavík. Eftir að kona er orðin 36 ára, og ég tala nú ekki um eftir að hún er orðin fertug, virðist hún vera orðin svo eftirsótt á vinnumarkaði að hún hefur jafnvel fremur vinnu heldur en karlar, þ.e. konum virðist ganga betur eftir að þær eru orðnar fertugar að fá vinnu heldur en körlum. Það er nánast enginn munur sums staðar og sums staðar vegnar þeim heldur betur. En þungi atvinnuleysis kvenna í Reykjavík eru konur á barneignaraldri. Í skýrslunni er þetta brotið niður og það kemur í ljós þar að þær eiga yfirleitt allar börn, undantekningarlítið eru þær með lítil börn innan við skólaaldur. Og þá spyr maður sig þessarar spurningar: Kann þetta að vera að einhverju leyti sjálfvalið atvinnuleysi hjá þessum aldurshópi kvenna? Nú er ég ekki að hafa á móti því að mæður séu heima hjá börnum sínum, síður en svo. Og ég tel að það sé eðlilegt að greiða hlutabætur. Hafa ber í huga að í atvinnuleysistölunum er ekki gerður greinarmunur á fólki á hlutabótum í heildartölunum en af 1.000 einstaklingum sem voru á hlutabótum í janúar eru nærri 900 konur.

Þetta er sem sagt stórfróðleg skýrsla og ég hvet hv. þm. til þess að skoða hana því af henni má draga ýmsa lærdóma. Hún gefur vísbendingar um hverjir það eru sem helst þurfa á úrræðum að halda.

Það er líka ástæða til að þakka hv. minni hluta fyrir að birta yfirlit um atvinnuástandið frá vinnumálaskrifstofu félmrn., dagsett 14. febrúar sl. og jafnframt yfirlit um atvinnuástandið dags. 21. janúar sl., og það er reyndar merkt með handskrift starfsmanni mínum í félmrn., Hólmfríði Sv. En sá galli er á gjöf Njarðar að heftin eru ekki birt öll heldur er slitið aftan af báðum heftunum. Það eru teknar nokkrar blaðsíður fyrst en heftin ekki birt sem slík. Það tel ég vera mikinn galla því þá hefðu menn séð hvernig atvinnuleysistölurnar eru uppbyggðar. Þá sæist hve margir eru í hlutastörfum, hve mörg störf eru laus og hvar þau eru, hvað er í boði á vinnumiðlununum sem er að vísu ekki nema lítið af þeim störfum sem okkur vantar fólk í í þjóðfélaginu. Og þá sæist líka hversu margir útlendingar utan Evrópska efnahagssvæðisins eru með atvinnuleyfi hér á landi en þeir eru um 1.200.

Hér hefur komið fram gagnrýni, meira að segja hefur nú sumt af henni verið rökstutt og málefnalegt, og vangaveltur um ráðgjafarnefndirnar og hverjir það yrðu sem ættu að vera fulltrúar framhaldsskólanna í ráðgjafarnefndunum. Ég tel einboðið að um skólastjórnendur sé að ræða í ráðgjafarnefndirnar og ég tel jafnframt, eftir því sem mér skilst þá hafa þeir með sér félag, að þeim veitist auðvelt að ráða fram úr því hverja þeir velji úr sínum hópi til setu í þessum nefndum.

Starfsmenntun í atvinnulífinu á að vera tryggð hér í þessum brtt. Það er tekið sérstaklega fram að við afgreiðslu fjárlaga sé upphæð hvers árs ákvörðuð og það er líka tekið sérstaklega fram, og það vil ég ítreka, að það er starfsmenntaráð en ekki stjórn Avinnuleysistryggingasjóðs eða einhverjir aðrir sem gera tillögur til ráðherra um hvernig starfsmenntafénu skuli varið. Sömuleiðis er með kvennapeningana, það verður að sjálfsögðu með óbreyttu sniði hvernig tillaga verður gerð til félmrh. um skiptingu þeirra.

Menn hafa kvartað undan því hér í ræðustól að ekki hafi verið haft samráð við BSRB. Það vill nú svo til að ég hef verið fullvissaður um það, af reyndar fulltrúum ASÍ, að BSRB hafi verið sammála þeim athugasemdum — þeirri umsögn sem ASÍ veitti um frv. Ég tek því ekki til mín þessa gagnrýni og vísa henni á bug.

Hér komu fram í ræðu eins ræðumanns áhyggjur út af vinnumiðlun í Hafnarfirði. Ég hef samið við Hafnarfjörð sem reynslusveitarfélag um að þeir reki sína vinnumiðlun sem reynslusveitarfélag og það er staðfest í bráðabirgðaákvæði með frv. Sama er upp á teningnum í Reykjanesbæ. Þar eru þeir með reynslusveitarfélagaverkefni í vinnumiðlun og ég vænti góðs af báðum þessum verkefnum.

Varðandi ræðu hv. formanns Alþb., Margrétar Frímannsdóttur, þá var ég nú dálítið hissa á henni af því mér hefur fundist hv. þm. sanngjörn og skynsöm. Mér finnst vandlifað — ég hef verið skammaður blóðugum skömmum fyrir að hafa ekki samráð við ASÍ um setningu vinnulöggjafar í fyrravor sem er nú reyndar alveg kolrangt, ég hafði verulegt samráð við ASÍ, þó að ég treysti mér ekki til þess að fara að öllu leyti eftir þeirra vilja, en nú skammar hv. þm. mig fyrir að hafa samráð við ASÍ. Hvað á ég að gera? Ég get ekki hlaupið eftir hennar ráðleggingum. Ég kaus að hafa samráð við Alþýðusamband Íslands við frágang þessa máls og það samstarf tókst vel og ég er mjög ánægður með það og þakklátur þeim sem komu að því fyrir hönd Alþýðusambandsins.

Menn hafa verið að kvarta yfir því að stjórnarandstaðan hafi ekki haft nægan tíma til þess að kynna sér brtt. Ég heyri það glögglega á ræðum hv. stjórnarandstæðinga úr félmn. að þeir hafa ekki kynnt sér tillögurnar. En ég hygg að þær hafi verið lagðar fram og kynntar í hv. félmn. á fimmtudag í síðustu viku að meginstofni. Að vísu voru lagðar fram á mánudag, þ.e. í gær, minni háttar brtt. frá meiri hlutanum. Mér finnst það óvenjulegt og veit ekki hvað það boðar að hlusta á stjórnarandstöðuna gagnrýna harðlega brtt. sem Alþýðusamband Íslands styður. Mér finnst það óskynsamleg klisja og leiðinlegt að hlusta á það sem kemur upp úr hverjum þingmanninum eftir annan að þeir atvinnulausu séu vandamálið en ekki atvinnuleysið. Þetta er einhver klisja sem sumir hv. alþm. hafa komið sér upp. (**Gripið fram í:** Frumvarpið endurspeglar þetta sjónarmið.) Þetta er rangt. Það ástand að fólk er atvinnulaust er vandamálið. Þessu frv. er ætlað að aðstoða hina atvinnulausu til þess að rjúfa vítahring atvinnuleysisins. Annars væri ég ekkert að flytja þetta frv. Það eru fjarstæðukenndar getsakir sem hér hafa komið fram að til standi að breyta þessum lögum að loknum kjarasamningum. Það eru engin áform um slíkt, um það vil ég fullvissa hv. þm.

Formenn landssambanda innan ASÍ kröfðust þess af ríkisstjórninni að frv. yrði dregið til baka og tóku það reyndar skýrt fram að í því fælist að ekki yrði hreyft við málinu það sem eftir lifði kjörtímabils. Ég tók upp viðræður við fulltrúana og eftir þær viðræður féllu þeir frá þessari kröfu og eru sáttir við framgang þessara frv.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir talaði um hina ágætu vinnumiðlun á Stokkseyri í litla sveitarfélaginu sínu. Ég er svo sem ekki að draga í efa að þar vinni menn vel. Að meðaltali voru 42 á atvinnuleysisbótum í þessu litla sveitarfélagi í janúarmánuði sl. Ég efa ekki að vinnumiðlun sveitarfélagsins á Stokkseyri hafi haft mikla þekkingu á aðstæðum í þessu kunningjasamfélagi. Það voru sem sagt 912 atvinnuleysisdagar greiddir af Atvinnuleysistryggingasjóði í janúar 1997. Og svo öllu sé til skila haldið þá var 801 dagur greiddur í sama mánuði árið 1996 þannig að eitthvað virðist atvinnuástandi á Stokkseyri hafa hrakað á þessum tíma. Ég hef ekki handbærar tölur um félagsaðstoð sveitarfélagsins í þessum mánuðum en ég get að sjálfsögðu nálgast þær síðar. En mér finnst þetta mikið atvinnuleysi í þessu sveitarfélagi þar sem sennilega eru ekki nema um 200 launþegar. Það er miklu meira en í nágrannasveitarfélögum. Og þó er Stokkseyri það gott sveitarfélag að m.a.s. er hægt að sækja vinnu þaðan hingað til höfuðborgarinnar eins og hv. 5. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, hefur rækilega sannað á mörgum undanförnum árum.

Menn hafa verið að gera sér að þau yrðu héraðsdómarar sem kvaddir yrðu til starfa í úrskurðarnefnd. Það segir ekkert um að það eigi að vera héraðsdómarar. Það eru miklu fleiri heldur en starfandi héraðsdómarar sem hafa réttindi til að vera héraðsdómara, miklu fleiri, og ég tel eðlilegt að leita í þann hóp en ekki í hóp starfandi héraðsdómara, síðar en svo.

Í framhaldi af ræðuhöldum um réttindi fanga — málefni heyra að vísu undir dómsmrn. en ekki mitt ráðuneyti — þá er rétt að halda því til skila að fangar halda bótarétti í allt að tvö ár á meðan þeir eru í fangelsi.

[17:51]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er mín skoðun að félmrh. skilji fullkomlega gagnrýni okkar á samráð við verkalýðshreyfinguna þó hann velji að bregðast við með þeim hætti sem hann gerir. Ég tek eftir því að ráðherrann velur að þakka meiri hluta sínum fyrir störf við þessi mikilvægu frv. Ég vil af því tilefni taka það fram að formaður félmn. hefur sýnt skínandi verkstjórn allar þær vikur sem þessi mál hafa verið í vinnslu í nefndinni og enginn sem þar hefði komið hefði getað upplifað annað en að formaðurinn væri að vinna í hina bestu þágu ríkjandi meiri hluta og ríkisstjórnar. Þetta vil ég að komi fram.

Ráðherrann vekur athygli á nafni á skjölum sem við höfum sett fram með nál. Ég hafði ekki séð þau en hitt er annað mál að ég sat langt fram eftir kvöldi í gær við að fara ofan í mín gögn til að vinna nál. Sömuleiðis í morgun og ég hringdi á vinnumálaskrifstofu og bað um Margréti Tómasdóttur en hún var á fundi og þá bað ég um þá næstu manneskju sem mér kom í huga sem var Hólmfríður Sveinsdóttir, öflug stúlka á vinnumálaskrifstofu, og bað hana að útvega mér desember- og janúarhefti yfir atvinnuleysisskráningu. Hún varð ljúflega við því og ég sagði henni að ég yrði að fá það fyrir hádegi vegna þess að nefndadeildinni lægi á að fá skjölin. Það gerði hún. Það var mat okkar í minni hlutanum, af því að við höfum svo nauman tíma til að vinna þetta, að við gætum ekki boðið nefndadeildinni upp á það að fá þessi þykku skjöl til ljósritunar á svo skömmum tíma og þess vegna tókum við það sem brýnast var. Þetta er skýring mín á skjölunum. Okkur langaði mjög að hafa allan pakkann. Ég fullvissa ráðherrann um það.

Hæstv. ráðherra vekur athygli á tölum ungra kvenna á skránni. Ég tek undir að það er athyglivert að sjá konur 30–40 ára, 162 talsins, vera á atvinnuleysisskrá 13–25 vikur. Það er annað sem vekur athygli og það er að eiginlega er jöfn tala karla og kvenna 30–40 ára sem eru atvinnulaus í 4–12 vikur en það sem ég vil vekja athygli á er að þeir sem hafa verið atvinnulausir 52 vikur eða lengur eru 167 þegar aldurinn 50 ára og eldri er tekinn.

[17:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það heldur til prýði á þessu fylgiskjali sem hér var ljósritað að á því skuli vera nafn míns ágæta starfsmanns Hólmfríðar Sveinsdóttur sem ég er alveg sammála hv. þm. að er ágætur starfsmaður, það best ég veit. Hún hefur einn kost sem er alveg ómetanlegur hún hefur pólitíska áhuga. Hún er að vísu mjög öflugur jafnaðarmaður eða krati og reyndar orðin í forustu fyrir einhverju félagi sem heitir Gróska, en ég tel það prýði á starfsmönnum ráðuneytisins ef þeir beita sér í pólitík. Það gildir einu þótt þeir séu ekki í mínum flokki. Í ráðuneytinu vinnur fólk úr öllum flokkum, það best ég veit, og ég hef beinlínis sóst eftir fólki við nýráðningar sem hefur starfað í stjórnmálum því ég tel að af því hafi það mikinn þroska og lærdóm.

[17:55]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þá er það mál til lykta leitt að það verður ekki lagt starfsmanninum til lasts að hafa fengið upphringingu úr þinginu og vera beðin sem starfsmaður að senda skjöl niður í þing til fjölföldunar og er það gott. Ég vil hins vegar upplýsa ráðherrann um að þetta „eitthvert félag sem heitir Gróska" er samtök ungs fólks innan stjórnmálaflokkanna, ungs fólks utan stjórnmálaflokkanna og þau héldu sinn stofnfund með glæsibrag þar sem mættu um 600 manns og væri eftirtektarvert ef einhver hinna grónu stjórnmálaflokka gæti haldið slíka fundi og vakið slíkan áhuga yngri sem eldri. Þetta vildi ég segja um Grósku.

Ég ætla aðeins, virðulegi forseti, að staldra áfram við tölurnar á skránni yfir atvinnulausa í Reykjavík. Það eru þessir sem eru 30–40 ára, en 89 þeirra hafa verið atvinnulausir í 52 vikur eða lengur. Það finnst mér mjög há tala. Það eru 61 50 ára sem hefur verið atvinnulaus í 52 vikur eða lengur, það eru 42 60 ára sem hafa verið atvinnulausir í 52 vikur eða lengur og það eru 64 sem eru fæddir 1927 og þar með 70 ára á þessu ári sem hafa verið atvinnulausir í 52 vikur eða lengur. Þetta þýðir 167 einstaklingar 50 ára eða eldri og ef við bætum þessum 89 30–40 ára við þá erum við komin með ansi háa tölu eða yfir 250 manns 30 ára og eldri sem hafa verið atvinnulausir í yfir 52 vikur. Það er mjög mikilvægt að þetta komi fram, virðulegi forseti.

[17:57]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Ég gleymdi því í svari mínu áðan að geta þess að mér fannst það óþarfi að slíta aftan af heftunum úr því að verið var að ljósrita þau og dreifa þeim. Ég hefði talið að það væri heppilegast að þau kæmu fyrir almenningssjónir og sjónir hv. þm. eins og Gunnar Sigurðsson, deildarstjóri á vinnumálaskrifstofunni, gekk frá þeim. En ég treysti því að það hafi ekki verið Hólmfríður sem gerði það.

[17:58]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get upplýst að það var ekki Hólmfríður sem reif heftið í sundur heldur við vegna þess að það sem okkur fannst skipta máli voru fyrst og fremst tölurnar um atvinnuleysi. En ég vil líka minna á það að við þingmenn fáum þessi hefti send í heilu lagi og ég hef þann vana að skoða þau í hverjum einasta mánuði og reyndar varð eitt þessara hefta tilefni til fyrirspurnar til hæstv. félmrh.

Erindi mitt hingað í andsvar var í fyrsta lagi það að mótmæla því sem fram kom hjá hæstv. félmrh. þess efnis að við stjórnarandstæðingar hefðum ekki kynnt okkur brtt. sem höfðu verið lagðar fram. Þær voru að sjálfsögðu kynntar í hv. félmn. lið fyrir lið og ég minni jafnframt á að margar þeirra eiga rætur að rekja til þeirrar gagnrýni sem stjórnarandstæðingar komu fram með, bæði í umræðunni og í þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í þessi frumvörp í hv. félmn.

Varðandi skólastjórnendur vil ég enn og aftur — það hefur þá verið upplýst að það eru skólastjórnendur sem ætlunin er að setjist í þessi ráð sem reyndar hefur ekki áður komið skýlaust í ljós. Ég get upplýst að það hringdi í mig áðan fulltrúi Félags framhaldsskólanema sem hafði verið að hlusta á umræðurnar í sjónvarpinu og hann hafði staðið í þeirri meiningu að það væru nemendurnar sem ættu að verða þessir fulltrúar. (Gripið fram í.) Þetta hefur verið afar óskýrt. En hvað um það. Ég veit að það er til starfandi félag skólameistara sem er bara samráðsvettvangur skólameistara og mér finnst óeðlilegt að það fari að úthluta sætum í þessum nefndum. Ég hefði viljað kveða miklu nánar á um það í lögunum.

Með þessum samningum við reynslusveitarfélögin verða í það minnsta tvenns konar kerfi í gangi. Það verða sveðisvinnumiðlanir, það verða reynslusveitarfélögin, ef ég skil þetta rétt, og síðan væri hugsanlegt að það væri líka í þriðja tilviki þar sem væri samið við sveitarfélög eða aðila sem taka þessi mál að sér, ekki reynslusveitarfélög, og því spyr ég ráðherra: Hvers konar kerfi er þá búið að smíða?

[18:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom í ljós að eftir að frv. var lagt fram sáu sum sveitarfélögin eftir vinnumiðlununum sínum, t.d. Reykjavíkurborg. Sum þeirra ráku ágætar vinnumiðlanir með árangri. Ég taldi ekkert á móti því og reyndar taldi að það væru í frv. heimildir og möguleiki til þess að semja við sveitarfélögin um að gerast verktakar. Fram komu efasemdir um það og þar af leiðandi gerði ég tillögu um það, þannig að það væri alveg skýrt, að unnt væri að semja við sveitarfélögin sem verktaka að taka þetta verkefni að sér og reyndar aðra. Það er hugsanlegt að einhverjir aðrir hafi hug á því að setja upp vinnumiðlanir, t.d. verkalýðsfélög og ég tel að þetta sé til bóta. Ríkið kemur til með að greiða þessa starfsemi. Það verður ekki greitt fyrir hana nema eitthvert sanngjarnt verð. Það verður ekki farið að sæta neinum afarkostum af hendi sveitarfélaga eða stéttarfélaga. Ég tel að það sé heppilegra fyrirkomulag að gefa sveitarfélögum, þar sem fólk er reynt að góðu, færi á því að standa fyrir vinnumiðlunum.

[18:02]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í mínum huga var það alltaf ljóst að það vantaði lagastoð í frv. til þess að semja við sveitarfélögin. Ég margspurði um þetta og leitaði í frv. en fann ekki slíka stoð. Mér finnst því rétt, vilji menn fara inn á þá braut, að það sé ótvíræð heimild til þess að semja við sveitarfélögin.

En það sem ég er að velta fyrir mér er þetta grundvallaratriði að það á að vera tilgangur þessara laga að skapa jafnvægi milli framboðs vinnu og eftirspurnar eftir henni. Menn kvarta yfir því að vinnumiðlanir hafi ekki verið nógu skilvirkar og góðar og það eru rökin fyrir því að færa þetta

frá sveitarfélögum til ríkisins, en síðan á að fara ýmsar leiðir þannig að það verður margfalt kerfi í gangi og ég spyr mig þeirrar spurningar: Næst sá tilgangur, sem var settur fram í upphafi, að bæta þjónustuna, gera hana skilvirkari, skapa fleiri úrræði fyrir hina atvinnulausu? Hvernig næst þessi tilgangur með að gera þetta kerfi svona margfalt eins og ætlunin virðist vera? Þetta er ekki einhlítt ríkiskerfi. Þetta verður hjá einstaka sveitarfélögum, sums staðar ríkiskerfi, sums staðar jafnvel hjá einkaaðilum og hvað kemur út úr þessu?

Ég ítreka þá skoðun mína að ég held að það hefði verið miklu betri leið að þessi málefni yrðu áfram hjá sveitarfélögunum. Það yrði stuðlað að aukinni samvinnu þeirra þannig að hún næði yfir stærri svæði og þau skipulegðu þessi mál betur.

[18:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég marglýsti því yfir við 1. umr. málsins að það væri ekkert sem hindraði það að sveitarfélögin gætu orðið verktakar að þessu verkefni. Það er komin, a.m.k. núna að samþykktri brtt., alveg ótvíræð lagastoð. Ég trúi því að tilgangurinn náist þrátt fyrir það að sum sveitarfélögin annist vinnumiðlun og ríkið annist sums staðar vinnumiðlun. Ef það gengur ekki upp, þá er ríkið náttúrlega ekki neytt til þess að semja endalaust við sveitarfélögin um rekstur á þessu og getur svo sem yfirtekið það ef einhver misbrestur verður á að kerfi virki.

[18:05]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Vinnumarkaðsmál eru komin til 2. umr. að aflokinni mikilli umfjöllun og að mínu mati vandaðri umfjöllun í hv. félmn. Alþingis. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það hafi verið mjög skynsamlega og eðlilega að öllu verkinu staðið og ég tek undir það að mér finnst formaður nefndarinnar hafa staðið sig ákaflega vel í þeirri vinnu sem og nefndin öll sem vann að þessu máli af mikilli samviskusemi þannig að ég tel að okkur sé að sjálfsögðu ekkert að vanbúnaði að taka þetta mál til efnislegrar meðhöndlunar. Ég er alveg ósammála því sem fram kom í máli hv. 5. þm. Suðurl. um það að tíminn hafi verið knappur til þess að undirbúa þessa umræðu. Öðru nær. Ég held að þetta mál beri þannig að að við höfum kannski haft meiri tíma til þess að undirbúa umræðuna heldur en oft áður.

Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að þetta mál hafði þegar fengið nokkra umfjöllun á opinberum vettvangi áður en það kom inn í þingið. Það var rætt hér í nóvembermánuði. Þessi mál komu til félmn. þann 20. og 21. nóv. Leitað var umsagna hjá fjöldamörgum aðilum, beðið um skriflegar umsagnir hjá fjöldamörgum aðilum sem sendu inn umsagnir sínar eftir áramótin. Kallaðir voru fyrir nefndina fjöldamargir aðilar sem ræddu við nefndina, skiptust á skoðunum og svöruðu fyrirspurnum eins og eðlilegt er. Fulltrúar stóru verkalýðssamtakanna eins og Alþýðusambands Íslands, BHM og BSRB, komu a.m.k. tvisvar sinnum til fundar við nefndina til að ræða þessi mál. Breytingartillögur voru settar fram, við skulum segja í tveimur meginátföngum af meiri hluta félmn. Síðari áfanginn, fullbúinn að mestu, leit dagsins ljós á fimmtudaginn í síðustu viku þannig að það má segja sem svo að miðað við þær annir sem oft eru hér í þinginu hafi þetta mál fengið lengri aðdraganda heldur en við þekkjum í mörgum öðrum tilvikum. Því tel ég, virðulegi forseti, að þegar við skoðum þetta í þessu samhengi, sé það mjög ósanngjarnt þegar því er haldið fram að það hafi verið eitthvert flaustursleg yfirbragð yfir þessu máli eða málinu verið þannig uppstillt að það hafi verið á einhvern hátt erfitt fyrir minni hluta nefndarinnar að koma sínum sjónarmiðum að í minnihlutaáliti. Ég hafna þeirri túlkun algjörlega.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara ítarlega í efnisatriði frv. Mig langar aðeins að dvelja við nokkrar meginspurningar sem m.a. hafa komið fram í umræðunni sem ég tel mjög eðlilegar og vil reyna að segja mína skoðun á þeim spurningum.

Í fyrsta lagi hefur mikið verið rædd sú meginstefna frv. að fela þetta tiltekna verksvið ríkinu en ekki sveitarfélögunum eins og nú er. Mér finnst mjög eðlilegt að þessar spurningar vakni vegna þess að það er alveg rétt sem fram hefur komið að það sjónarmið hefur frekar verið uppi að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaganna heldur en öfugt. Sérstaklega hefur það verið verkefni þessarar hæstv. ríkisstjórnar að vinna að því. Það var núv. hæstv. ríkisstjórn sem kom því máli heilu í höfn að færa grunnskólann frá ríkinu að fullu til sveitarfélaga og það var líka núna rétt fyrir áramótin að okkur tókst að afgreiða stjfrv. frá hæstv. ríkisstjórn sem fól í sér að við flytjum þann stóra málaflokk, málefni fatlaðra, frá ríkinu til sveitarfélaganna, og það mun verða á árinu 1999.

Það er því ekkert óeðlilegt að menn ræði þá spurningu hvort hér sé ekki um að ræða stílbrot, að við séum að færa þetta verkefni undir ríkið. Ég held að það sé alls ekki þannig. Auðvitað verðum við að skoða hvert mál út af fyrir sig og efnislega. Við erum fyrst og fremst að ræða um það hvernig við skiptum verkefnum milli ríkisins og sveitarfélaganna og ég held að við höfum í flestum tilvikum komist að þeirri niðurstöðu að það sé langaffarasælast að ríkið sjái um tiltekin verkefni og sveitarfélögin um tiltekin verkefni. Það er einfaldlega eðli þessa máls, a.m.k. eins og málum er komið fyrir núna, að það er einfaldlega skynsamlegra að þetta sé á hendi ríkisins heldur en sveitarfélaganna. Vinnumarkaðurinn verður sífellt stærri. Samgöngur og aðrar aðstæður gera það að verkum að fólk á miklu betra með að sækja vinnu yfir sveitarfélagamörk heldur en áður, jafnvel þó sveitarfélögin hafi verið að stækka og það er mjög mikilvægt í þessu sambandi að það sé einhver einn aðili sem hafi til þess aðstöðu að geta vakað yfir þessu og skoðað þessi mál í samhengi. Reynslan sem við höfum haft, því miður, virðulegi forseti, af núverandi fyrirkomulagi er sú að þetta hefur ekki gefist nægilega vel. Þessi heildaryfirsýn og hin nauðsynlega tilhneiging sem þarf að vera til staðar í kerfinu til þess að tryggja að það sé sem mestur sveigjanleiki á vinnumarkaðinum, tryggja það að menn sæki sér vinnu jafnvel yfir sveitarfélagamörk — þetta hefur mikið skort á í núverandi kerfi. Þess vegna er það alveg rétt sem m.a. kemur fram í athugasemdum við frv. til laga um atvinnuleysistryggingar að það er auðvitað grundvallaratriði að tryggja annars vegar samhæfingu og hins vegar eflingu vinnumarkaðsaðgerðanna sem hafi það í för með sér að draga úr atvinnuleysi. Því auðvitað er það meginmarkmið með þessum frumvörpum að reyna að draga úr atvinnuleysinu. Það getum við að nokkru leyti gert með því að gera skráninguna markvissari, tryggja það að hún endurspegli fyrst og fremst atvinnuleysi en ekki eitthvað annað, ekki t.d. einhverjar félagslegar eða aðrar slíkar ástæður sem gera það að verkum að fólk getur ekki stundað vinnu, heldur séum við fyrst og fremst að reyna að mæla atvinnuleysi.

Í öðru lagi erum við að reyna að gera hér ráðstafanir til þess að það dragi úr atvinnuleysinu. Við búum til einhvern hvata til þess að atvinnuleysi hér á landi verði minna en það er í dag, minna en það er í nágrannalöndunum og við reynum að bægja frá þessu böli atvinnuleysisins eins mikið og við mögulega getum. Það er markmiðið með þeirri lagasetningu sem hér er í bígerð og það er niðurstaða þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að það sé skynsamlegra að hafa þetta svona en ekki þannig að þessu sé dreift á milli sveitarfélaganna.

Nú hlýt ég, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að við undirbúning vinnumarkaðslöggjafarinnar komu m.a. fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar að því máli, sem eru auðvitað þeir aðilar sem þekkja þessi mál best, sem hafa mestu yfirsýnina. Á þessum aðilum brennur þessi eldur. Það eru þeir sem hafa þetta daglega í höndunum að reyna að vinna að því að miðla störfum. Þeir eru í bestu sambandi við hina atvinnulausu og þekkja þessi mál býsna vel. Og það varð sameiginleg niðurstaða þessara aðila að það væri miklu betra að skipa þessum málum með þessum hætti heldur en hafa þetta á hendi sveitarfélaganna.

Ég hlýt, virðulegi forseti, að vekja sérstaka athygli á því að hér hefur mikið verið talað um nauðsyn þess að eiga gott samráð við verkalýðshreyfinguna. Undir það skal tekið þó að það sé auðvitað þannig að í lok dagsins, þegar við erum að vinna að lagasetningu, þá sé það meiri hluti þingsins sem hlýtur að taka sínar ákvarðanir og gera það á sína eigin pólitísku ábyrgð. Hann getur ekki varpað þeirri ábyrgð yfir á einhverja aðila úti í bæ, hvort sem það eru aðilar vinnumarkaðarins eða einhverjir aðrir. Það er auðvitað á pólitíska ábyrgð meiri hlutans hverju sinni hvernig hann vinnur síðan úr þessu samráði.

Ég spyr núna: Hafi það verið svona mikilvægt, eins og talsmenn minni hlutans í félmn. hafa rætt um, að hafa gott samráð við verkalýðshreyfinguna, hvernig í dauðanum stendur þá á því að talsmenn þessa sama minni hluta leggja það til að ganga þvert gegn niðurstöðu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar í undirbúningnum að þessari lagasetningu, sem lögðu það til varðandi vinnumarkaðshlutann að þessu máli væri skipað einmmitt svona? Þeir gerðu athugasemdir við atvinnuleysistryggingafrv. en þeir gerðu það ekki varðandi hinn hlutann. Þess vegna vekur það óneitanlega mikla undrun, svo ekki sé meira sagt, að hv. fulltrúar minni hlutans í félmn. leggja það til að við förum hér í lagasetningunni þvert á niðurstöðu verkalýðshreyfingarinnar, talsmanna aðila vinnumarkaðarins og fólks sem þekkir vel til varðandi skipulag þessara mála.

Sveitarfélögin höfðu nokkuð aðra afstöðu, en ég hlýt þó, virðulegi forseti og hv. formaður félmn., að vekja athygli á umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þar sem Samband sveitarfélaga segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ýmis sveitarfélög hafa rekið mjög virkar vinnumiðlanir og eðlilegt væri að gera ráð fyrir því í frumvarpinu að heimilt væri að fela sveitarfélögum, einu eða fleiri saman, að annast framkvæmd vinnumiðlunar á tilteknum svæðum."

Það er einmitt það sem gert er ráð fyrir í brtt. meiri hluta hv. félmn. Þar er beinlínis lagt til að opnað verði fyrir þessa heimild til þess að gera samning við sveitarfélög eða aðra aðila um það að annast þessar vinnumarkaðsaðgerðir, annast þessar vinnumiðlanir. Þetta er auðvitað mjög mikilvægt. Engu að síður er ekkert horfið frá því grundvallarprinsippi að það sé einhver einn aðili sem hafi samhæfinguna með höndum. Það er hins vegar opnað á þessa heimild gegn því að tiltekin skilyrði séu uppfyllt. Og það er ekkert verið að búa til þrefalt kerfi, eins og hv. 14. þm. Reykv. sagði. Það er rangt. Það er eitt kerfi. Hins vegar er síðan ýmsum aðskiljanlegum aðilum hugsanlega falið að vinna verkin. Þetta kann að virka flókið en það er ekkert flókið í því þegar einn aðili felur aðskiljanlegum aðilum öðrum að vinna verkin. Þetta er bara eins og þekkist víða úti í þjóðfélaginu að menn fá til verktöku aðra sem betur eru til verksins fallnir. Það er mjög algengur hlutur og er ekkert flókið og bögglast ekkert fyrir neinum og mun ekki bögglast fyrir neinum og alls ekki þessum sveðismiðlunum að standa þannig að þessu.

Engu að síður vil ég segja það í þessu sambandi að það er gríðarlega mikilvægt að þetta ákvæði verði ekki notað til þess að opna á mjög margar svæðisvinnumiðlanir. Við þurfum að hafa þannig að þetta nái yfir sem stærst landsvæði, þó þannig auðvitað að það sé landfræðilega gerlegt að vinna verkin og verður að treysta hæstv. félmrh. til þess að tryggja svo verði. Engu að síður er það mjög mikilvægt að þau svæði sem svæðisvinnumiðlanirnar taki yfir séu stór til þess að við lendum ekki í sömu gryfjunni og við erum í í dag að vinnumarkaðssvæðin séu látin einskorðast við eitt og eitt sveitarfélag þannig að menn hafni vinnu í nágrannasveitarfélagi þrátt fyrir að landfræðilegar aðstæður geri það að verkum að menn geti vel sótt vinnu yfir sveitarfélagamörk.

Virðulegi forseti. Það er mikil ástæða til að vekja athygli á því sem er meginmarkmið þessa frv. hér um atvinnuleysistryggingar og það er að þeir sem atvinnulausir séu eigi rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og jafnframt að tryggt sé að þeir séu í atvinnuleit og fullfærir til vinnu. Það er þetta atriði með atvinnuleitina sem ég held að sé mikilvægt að undirstrika. Í frv. og lagasetningunni er gert ráð fyrir því að settar séu upp sérstakar starfsleitaráætlanir. Að vísu lagði meiri hluti félmn. til breytingu sem fól það í sér að ekki yrði skylt að gera starfsleitaráætlun strax í upphafi vegna þess að það er nú bara einfaldlega þannig að mjög stór hluti, eða a.m.k. helmingurinn af atvinnulausum, dettur sem betur fer tiltölulega fljótt út af atvinnuleysisskrá og fær vinnu á nokkrum fyrstu vikunum, þannig að það er ekki skynsamlegt að gera starfsleitaráætlanir fyrir alla en alla vega þegar liðinn er tiltekinn tími, ég held að í frv. sé lagt til að það séu tíu vikur. Þetta atriði fékk almennt gríðarlega jákvæðar viðtökur í nefndinni. Fulltrúar hópa eins og t.d. frá vinnuklúbbnum, frá Hinu húsinu og Lýðskólanum, svo ég nefni bara þrjú dæmi, töldu þetta t.d. mjög jákvætt og þýðingarmikið. Ég held að það sé ástæða til að vekja athygli á þessu atriði vegna þess að það er nú svo að sá sem einu sinni er orðinn atvinnulaus stendur oft höllum fæti. Og það kom rækilega fram í umfjölluninni í félmn. Alþingis að sá sem einu sinni hefur verið skráður atvinnulaus stendur hreinlega oft höllum fæti í því að leita sér að vinnu. Það er einhvern veginn þannig að vinnumarkaðurinn tekur þeim aðilum ekki vel og þess vegna er það mjög mikilvægt að það sé búið til plan, einhverjar áætlanir um að auðvelda slíku fólki að fá vinnu.

Ég held, virðulegi forseti, að þetta séu nokkur helstu stóru efnisatriðin sem ég vildi koma inn á í ræðu minni við þessa umræðu. Ég árétta að í meðförum þingsins voru auðvitað gerðar miklar breytingar á frv. Og það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að þær breytingar eiga m.a. rætur sínar að rekja til samráðs hæstv. félmrh. og fulltrúa ríkisstjórnarinnar við Alþýðusamband Íslands, verkalýðshreyfinguna. Niðurstaðan af því samráði eru m.a. þær brtt. sem hér líta dagsins

ljós. En ég held hins vegar að það sé óþarfi að menn kippi sér mikið upp við þetta og ég bendi á það í þessu sambandi að margar þær brtt. sem líta hér dagsins ljós af hálfu meiri hluta félmn. eru brtt. sem má segja að séu stuðningur við sjónarmið sem m.a. minni hlutinn hefur sett fram. Við getum því út af fyrir sig sagt sem svo að þetta sé afrakstur af þeirri umræðu sem fram hefur farið og m.a. líka samráði við verkalýðshreyfinguna og Alþýðusamband Íslands alveg sérstaklega.

Virðulegi forseti. Þingið hefur unnið að þessu máli og ber hina pólitísku ábyrgð á því og það er mjög þýðingarmikið að árétta að það er meiri hluti nefndarinnar og væntanlega meiri hluti Alþingis sem mun standa að þessu máli og hlýtur að bera hina pólitísku ábyrgð þrátt fyrir það að verulegt samráð hafi átt sér stað, og það skiptir mjög miklu máli að hafa í huga í framhaldi af þeirri umræðu sem hér átti sér stað, og ég tel að hafi átt fullan rétt á sér, um afskipti aðila vinnumarkaðarins og ýmissa aðila úti í bæ af lagasetningunni í landinu. En þetta er vandmeðfarið mál. Alþingi má hins vegar ekki heldur líta þannig á að það geti unnið í einhverju tómarúmi án þess að heyra eða hlusta á það sem fólkið í landinu er að segja og fulltrúar þess og hagsmunasamtök þess þó að það sé þannig að Alþingi, sem sjálfstæð löggjafarsamkoma, hljóti alltaf í lok dagsins að bera hina endanlegu ábyrgð.

[18:22]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður undraðist það að stjórnarandstaðan skyldi ekki vera samþykk frv. um vinnumarkaðsaðgerðir bara af því að ASÍ og BSRB skrifuðu upp á það mál. Það kom fram við 1. umr. um bæði þessi mál að stjórnarandstaðan gagnrýndi þau bæði harðlega. Síðan hafa orðið miklar breytingar á frv. um atvinnuleysistryggingar. Flestar þær breytingar munum við styðja en það er samt ýmislegt eftir í frv. Hitt frv. er hins vegar meira og minna óbreytt og sú gagnrýni sem kom fram við 1. umr. stendur enn. Við tökum málefnalega afstöðu til þessara frv. og gildir þar einu hvort ASÍ eða BSRB eru með eða á móti. Hitt er annað mál að það er eðlilegt, og ég tek undir það með hv. þm., að hafa samráð við ýmsa aðila. Þessir aðilar áttu sæti í þeirri nefnd sem samdi frumvörpin, annað málið endaði með klofningi en um hitt varð samkomulag og það er einfaldlega þeirra mál, enda erum við sjálfstæðir aðilar hér á hinu háa Alþingi.

Annað mál langar mig að taka upp af því sem fram kom í ræðu þingmannsins og það var vegna þess að hann vitnaði til þess sem ég sagði fyrr í dag um margfalt kerfi. Ég skil það svo að það eru í gildi lög um reynslusveitarfélög. Það hafa verið gerðir sérstakir samningar við ákveðin sveitarfélög um meðferð ýmissa mála, Reykjavík, Hafnarfjörð, Akureyri og Reykjanesbæ, m.a. um meðferð atvinnuleysismála. Samkvæmt þeirri brtt. sem hér er lögð fram haggast þessir samningar ekki þannig að ég skil það svo að það verði svolítið annað kerfi þar í gangi. Ég þarf að vísu að átta mig betur á því hversu langt það nær og að hve miklu leyti þessi reynslusveitarfélög þurfa að lúta þessum nýju lögum, ég átta mig ekki alveg á þessu en það er alla vega ljóst að þeir sérsamningar sem hafa verið gerðir um skráningu og fleira verða í gildi. (Forseti hringir.) Því stendur niðurstaða mín eftir sem áður að þetta verður ekki samfellt kerfi. En ef meiri hlutanum finnst það í lagi þá er það þeirra skoðun, ég er á annarri skoðun.

[18:25]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hvika ekkert frá því sjónarmiði mínu að ég tel að þetta kerfi sé í sjálfu sér mjög einfalt. Í meginatriðum ber ríkið ábyrgð á skipan þessara vinnumarkaðsmála en getur síðan falið einstökum aðilum, sveitarfélögum eða öðrum, að annast framkvæmdina og mundi þá væntanlega gera við þá samning. Hins vegar er alveg rétt hjá hv. þm. að þannig háttar til að það eru nokkur sveitarfélög í landinu, reynslusveitarfélög, sem hafa tekið yfir hluta af verkefnum sem ríkið annars annaðist, t.d. á sviði málefna fatlaðra, heilsugæslu og síðan vinnumiðlunar og fleira sem menn hafa hugsað sér að þessi sveitarfélög önnuðust. Það er ekki hugmyndin að raska því í neinum efnum enda hefði það náttúrlega verið fullkomlega óeðlilegt að standa þannig að því, svo mér finnst þetta ekki vera mjög flókið mál.

Í öðru lagi varðandi samráðið þá var ég að vekja athygli á því að í umræðunni sem fram fór á síðasta ári um skipan vinnumarkaðsmála að öðru leyti, sem miklar deilur urðu um, þá var það lykilatriði í málflutningi fulltrúa þáv. minni hluta félmn. að það ætti ekki að skipa þeim málum með lögum heldur ætti þetta að koma fram sem niðurstaða aðila vinnumarkaðarins. Ég var að vekja athygli á því að það væri auðvitað sérkennilegt að halda því fram annan daginn, og raunar í þessari umræðu, að hvetja til mikils samráðs við verkalýðshreyfinguna og þegar við stæðum síðan frammi fyrir því að taka afstöðu til frv. sem byggðist á sátt aðila vinnumarkaðarins, að þá færi minni hluti félmn. skyndilega þvert á þetta mál, þvert á vilja aðila vinnumarkaðarins í þessu máli og hvetti til þess að greiða atkvæði gegn þeirri niðurstöðu.

[18:27]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi vinnumarkaðsmál eiga sér langa sögu eins og hér hefur komið fram í dag. Á sínum tíma var samið um atvinnuleysisbæturnar eftir hart verkfall 1955. En vinnulöggjöfin, sem deildum hvað harðast um í fyrra, var sett 1938, þrátt fyrir mikla gagnrýni ákveðins hluta verkalýðshreyfingarinnar á þeim tíma. Síðar kom í ljós að margt í henni reyndist vel. Samt sem áður er það mín grundvallarskoðun að það eigi að vera samkomulag um grundvallaratriði eins og t.d. leikreglur vinnumarkaðarins og það hljóti að vera öllum til hagsbóta að það ríki samkomulag um það og að löggjafinn sé ekki að setja reglur í blóra við vilja mikils meiri hluta. Það gilti í því máli að augljóst var að það mundi hafa mjög afdrífaríkar afleiðingar, og hefur að mínum dómi haft nokkrar afleiðingar hvernig að þeim málum var staðið. Hins vegar er það mín skoðun, eins og ég sagði áðan, að ég tek afstöðu til einstakra mála eftir efni þeirra. Og að hlaupa alltaf eftir vilja verkalýðshreyfingarinnar í hverju einasta máli er bara algjörlega út í bláinn. Það á að meta málefnin út af fyrir sig. Verkalýðshreyfingin hefur ekki alltaf rétt fyrir sér, það er svo langt í frá. Hér gildir að sveitarfélögin eru á annarri skoðun en verkalýðshreyfingin.

Það er kannski óþarfi að eyða mörgum orðum um þessi kerfi en þá minni ég á það sem ég tók dæmi af fyrr í dag með skipulag Akureyrar. Ég fæ ekki betur séð en ef þeir eiga að lúta þessum lögum, þá verði þeir að raska sínu heildstæða skipulagi sem þeir hafa sett upp. Þeir verða að setja stjórn

yfir þá deild sem fjallar um atvinnumálin og væntanlega taka þar út verndaða vinnustaði og það sem snýr að málefnum fatlaðra því þetta kemur ekki heim og saman. En þetta er atriði sem þyrfti að skoða betur.

[18:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf kannski ekki að hafa mörg orð um þetta. Mér heyrist að við hv. þm. séum ótrúlega sammála um spurninguna um samráð við gerð lagafrv. og lagasetningu þegar grannt er skoðað. Við erum bæði þeirrar skoðunar að í lok dagsins sé það Alþingi sem beri hina endanlegu ábyrgð. Ég hef lagt á það mikla ábyrgð og gerði það m.a. þegar við vorum að ræða svipuð mál á síðasta ári þegar ræddar voru mjög svipaðar spurningar. Einmitt um það hversu langt menn ættu að ganga í þessu samráði. Hvort lagasetningin ætti yfir höfuð að vera til o.s.frv. Ég var þá og er reyndar enn þá mjög eindregið þeirrar skoðunar að Alþingi verði að kveða upp úr um þetta, taka af skarið og axla sína ábyrgð. Hins vegar er hitt bara skynsamlegt og eðlilegt og sjálfsagt í „plúralísku" þjóðfélagi, eins og það er kallað, að menn leiti eftir samráði sem víðast í þjóðfélaginu. Hins vegar getur samráð þýtt, og þýðir það oftast nær, að fram koma mismunandi sjónarmið. Og það er á grundvelli þessara mismunandi sjónarmiða sem löggjafinn verður síðan að taka afstöðu sína og komast að niðurstöðu. Á það legg ég mikla áherslu og við getum auðvitað ekki leyft okkur að láta hagsmunasamtök segja okkur fyrir verkum en við getum hugsanlega komist að sameiginlegri niðurstöðu með slíkum samtökum ef við teljum það skynsamlegt, ef við teljum að í því felist meiri hagsmunir en minni eins og hér var sagt fyrr í dag. Þannig hefur þetta verið gert. Ég tel ekki að Alþingi sé á nokkurn hátt að afsala sér réttindum sínum eða möguleikum til að móta niðurstöðuna. Það er ákvörðun Alþingis hverju sinni hversu langt gengið er í slíku samráði. En aðalatriðið er að það sé til staðar einhver samráðsvettvangur og það eru m.a. þingnefndirnar, en síðan er það Alþingi, málstofan, sem tekur hina endanlegu niðurstöðu og það munum við gera að lokinni þessari umræðu.

[18:32]

Frsm. minni hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa ágæt skoðanaskipti farið fram og áhugaverð. Mig langar að koma aðeins inn á orðaskipti hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og formanns félmn. Það sem hann kom inn á er viðhorf stjórnarandstöðunnar á móti hinni pólitísku ábyrgð sem ríkisstjórn og stjórnarflokkar bera. Þar er pólitíska ábyrgðin á stjórnarfrumvörpum og það er grundvallarmunur á því eða viðhorfum stjórnarandstöðu til þeirra pólitísku sjónarmiða sem birtast í stjórnarfrumvarpi. Ef sjónarmið ráðherra sem er að flytja stjórnarfrumvarp er t.d. það að málum sé betur komið hjá sveitarfélögum og vinni hann samkvæmt því pólitíska markmiði þá hlýtur hann að leita eftir stuðningi við það sjónarmið hjá þeim trúnaðarmönnum sínum sem hann felur verkefni í nefndarstarfi. Niðurstaðan af vinnumálafrv. var að búa til vinnumálastofnun og flytja verkefnin frá sveitarfélagi. Þeirri niðurstöðu er ég ekki sammála. Ég hef aðhyllst þau pólitísku markmið að flytja verkefni sem snúa að fjölskyldunni og umhverfi fjölskyldunnar til sveitarfélaganna þar sem þekking er betri og þar sem ég trúi að málum sé betur fyrir komið. Hins vegar hef ég ekki, þó ég eigi sæti í félmn., það pólitíska forræði á máli sem hefði gert það kleift að fara öðruvísi af stað með það.

Ég skil vel að ráðherra félagsmála hafi talið sig á grænni grein með vinnumálafrv. enda hefur honum hugnast að ríkið tæki að sér þessi verkefni. Það breytir ekki afstöðu hans varðandi þau mál sem hann hefur keyrt hér fram í andstöðu við verkalýðshreyfinguna. Þetta er mitt sjónarmið.

Virðulegi forseti. Ég er líka á þeirri skoðun að við í minni hluta félmn. höfum haft áhrif í nefndinni. Við höfum haft áhrif á málið og eigum sjálfsagt meira í því að samkomulag varð við ASÍ um brtt. en hér kemur fram og nokkurn tímann verður kortlagt.

Virðulegi forseti. Við höfum rætt hér, eða alla vega ég í andsvörum við félmrh., nokkuð hvernig atvinnuleysisskráin birtist okkur og hefur verið vísað í skráða atvinnulausa í Reykjavík frá því í nóvember 1996. Ég ætla að leyfa mér að nefna örfá atriði sem skipta máli varðandi yfirlit um atvinnuástandið eins og það birtist nú í janúar 1997.

Nú í janúar voru 6.754 á atvinnuleysisskrá, þar af 2.963 karlar og 3.791 kona. Síðastliðna 12 mánuði voru um 5.616 manns að meðaltali atvinnulausir og er kannski ástæða til að auglýsa eftir góðærinu sem forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa svo mörg orð um þegar það hentar. Þegar litið er á yfirlit yfir atvinnuleysið frá janúar 1995 til janúar 1997 þá sýnir það talsverðar sveiflur. Þegar litið er á atvinnuleysistölur frá því í september sl. þá eru þær, virðulegi forseti, 3,3% í september, 3,7% í október, 4,0% í nóvember, 4,5% desember og 5,2% í janúar. Það er beint línurit upp á við í þessum tölum og þær valda mér áhyggjum. Þær valda mér verulegum áhyggjum vegna þess að mér finnst að úr þeim megi lesa að það sé kannski meiri óróleiki á vinnumarkaðnum heldur en við höfum talið. Þegar rætt er í þessu plaggi um vísbendingar um atvinnuleysi næsta mánaðar þá er bent á að ef loðnuveiðar og loðnufrysting og önnur aflabrögð í febrúar verða svipuð og í fyrra þá ætti atvinnuleysi að minnka nokkuð milli mánaða. „Hins vegar getur óvissa á vinnumarkaðnum nú haft áhrif á mannaráðningar," segir í þessu skjali félamrn. og staðfestir sú athugasemd nokkuð þau sjónarmið sem ég er hér að setja fram.

Enn eitt vil ég nefna, virðulegi forseti, varðandi atvinnuleysið og það er atvinnuleysið á Suðurnesjum. Atvinnuleysi á Suðurnesjum er um 5,5% en atvinnuleysi kvenna þar mælist nú 9,8%. Það var 6,8% í desember en er 9,8% nú og það er hvergi meira á landinu öllu. Þetta hlýtur að valda okkur áhyggjum, ekki bara mér sem er þingmaður Reykjaness og þingmaður þessa fólks, heldur öllum sem að máli koma. Þetta segir okkur að það þarf að taka markvisst á þessum málum. Það er áhyggjuefni hvernig þessi mál standa og að talað hefur verið með nokkurri léttúð um stöðuna á vinnumarkaði og að störfum sé að fjölga og úrbætur séu fram undan.

Ég ætla örlítið að koma inn á starfsmenntasjóðinn vegna þess að það er sannfæring mín að starfsmenntun í atvinnulífinu, endur- og símenntun, séu það sem til þarf að koma þó það hjálpi engan veginn. Það hjálpar ekki fólki sem er atvinnulaust ef engin störf finnast þótt við menntum það og menntum það og menntum það. Starfsmenntunin, símenntunin og endurmenntunin kemur því eingöngu til góða að það sé verið að stuðla að því að fjölga störfum, að skapa tækifæri til þess að það fólk sem hefur umskólað sig eða bætt sig á vinnumarkaði eigi möguleika á starfi. Þetta er mjög mikilvægt. Við megum aldrei gleyma því í umræðunni um þessi mál að það verða að koma störf þannig að hinn vinnandi maður eða sá sem vill vinna eigi möguleika.

En ég ætla að nefna starfsmenntasjóðinn, virðulegi forseti. Fyrir jól voru gerðar breytingar á 8. gr. laganna um starfsmenntun í atvinnulífinu, um að ráðstafa skuli ákveðnu fé á fjárlögum í sérstakan sjóð á vegum starfsmenntaráðs, það var fellt út og í staðinn kom þessi málsgrein, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra og sjávarútvegsráðherra gera tillögur um fjárþörf vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu að fengnum umsögnum starfsmenntaráðs og stjórnar starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar. Árlega skal verja fé úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulífinu, sbr. 4. gr., og skulu fjárhæðir ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Starfsmenntaráð fer með stjórn framlaga til starfsmenntunar." — Takið eftir þessu orðalagi. En um leið og maður kemur í næstu grein í lögunum um starfsmenntun í atvinnulífinu þá segir:

„Styrki úr starfsmenntasjóði er heimilt að veita til" o.s.frv.

„Umsóknir skulu" o.s.frv.

„Eftirtalin gögn skulu fylgja umsóknum" o.s.frv.

Það sem ég bendi á hér er að flaustrið oft á tíðum í þessum málum er slíkt að þegar lögunum er breytt þá er ekki einu sinni haft fyrir því að lesa í gegnum lögin öll þannig að það standi ekki eftir starfsmenntasjóður sem búið er að aftengja með öllu, fyrst með ákvæðum í ríkisfjármálabandormi og síðan núna með staðfestingu á ákvæðum í þessum lögum um atvinnuleysistryggingar á meðan inni standa enn þá ákvæði sem vísa til starfsmenntasjóðs.

Virðulegur forseti. Hér hefur verið talað um starfið í félmn. Það hefur verið gott og vandað. Það verður að segjast eins og er að næstum hver einasta umsögn sem um þessi mál komu til okkar var neikvæð. Það verður að segjast eins og er að næstum hver einasti gestur sem til félmn. kom hafði áhyggjur og setti fram gagnrýni á þessi frv. Ég ætla að leyfa mér að nefna örfá atriði en ég er alveg staðráðin í því að lengja ekki þessa umræðu mikið og þess vegna mun ég aðeins stikla á stóru.

Bæjarráð Akureyrar bendir á að verið sé að auka miðstýringu og draga úr frumkvæði sveitarfélaganna með þessum frv. Og bæjarráð Akureyrar hefur verið að gera mjög miklar breytingar eins og hér hefur komið fram. Það hefur gert samninga um að taka að sér málefni fatlaðra fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið sem reynslusveitarfélagsverkefni. Það hefur samþættað þau verkefnum sem fyrir voru og það hefur gert ráð fyrir að vinnumiðlun heyri til sömu deild og verndaður vinnustaður o.s.frv. Ég veit að búið er að bregðast við þessari gagnrýni með því að reynslusveitarfélögin fá að halda sínum verkefnum en það undirstrikar fyrir mér að sú ákvörðun að flytja verkefni frá sveitarfélaginu er ekki rétt vegna þess að þar sem sveitarfélögin hafa verið búin að fá verkefnin og þar sem gagnrýnin hefur verið hörðust þá er verið að ákveða að sveitarfélögin fái verkefnin aftur.

Hvað segir Hafnarfjörður? Flutningur verkefna frá ríkinu hefur stuðlað að auknu sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga og án efa átt verulegan þátt í fækkun og stækkun þeirra á sl. árum. Með ákvæðum frv. er aukin miðstýring ríkisvaldsins með flóknu, þunglamalegu stjórnkerfi sem vafalaust mun auka kostnað hins opinbera. Í Hafnarfirði segja menn að þetta ákvæði, þ.e. um svæðisvinnumiðlanir, geti þýtt að þjónustu við atvinnulausa beri að sækja á eina stofnun sem þjónaði öllu Reykjaneskjördæmi og slíkt fyrirkomulag sé augljóslega óásættanlegt.

Það vitum við svo sem ekkert hvernig verður. Hafnarfjörður og Reykjanes eru reynslusveitarfélög. Öðru þeirra gæti svo sem verið falið að sjá um verkefni fyrir allt Reykjanes en andinn í breytingunum sem var verið að gera er þannig að sveitarfélögin bregðast við.

Af því að hér var vísað í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga þá segir í þeirri umsögn: „Flutningur vinnumiðlunar frá sveitarfélögum til ríkisins er ekki í samræmi við þróun breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að undanförnu og markaða stefnu stjórnvalda um færslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Með stofnun svæðisvinnumiðlana sem lúta eiga eftirliti vinnumálastofnunar eykst miðstýring ríkisins til mikilla muna en að sama skapi er dregið úr áhrifum sveitarstjórna." — Þeir eru með frekari gagnrýni þarna en að sumu leyti var brugðist við. En þetta er tónninn í Sambandi sveitarfélaga um það verkefni að flytja vinnumiðlun til ríkisins.

Mér finnst mikilvægt út af því hvernig hér hefur verið talað að halda þessu til haga, láta það koma fram og vekja athygli þeirra sem með þessari umræðu fylgjast á hvernig staðreyndir mála eru.

Virðulegi forseti. Ég kom í ræðustól á ný vegna þess að ég talaði fyrir nál. um Atvinnuleysistryggingasjóð en kýs að hafa örfá orð um vinnumarkaðsaðgerðirnar og þá kannski fyrst og fremst breytingartillögurnar. Eins og ég hef komið inn á tel ég að það að opna samninga við sveitarfélögin og aðra gjörbreyti markmiðum frv., e.t.v. til góðs, en e.t.v. verður þetta of flókið og of dýrt af því að það er verið að ákveða að vinnumiðlanir geti verið á vegum sveitarfélaga, geti verið hjá ríkinu, geti verið hjá svæðismiðlunum og geti verið hjá öðrum, hjá Hagvangi þess vegna eins og Pétur H. Blöndal mundi segja. Þess vegna er ég ekki alveg viss um að við séum búin að bjarga því sem bjargað verður með þeirri brtt. sem hér er sett fram.

Ég vil líka nefna að önnur brtt. sem hér hefur verið gerð er að ekki verði gerðar starfsleitaráætlanir strax heldur innan tíu vikna frá skráningu. Af hverju er þetta? Það er vegna þess að fram kom ábending frá Reykjavík. Það er mikil og góð reynsla af uppbyggingu Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar sem hefur verið til fyrirmyndar. En það vekur að sjálfsögðu athygli að ekki var leitað eftir þeirri þekkingu í nefndarstarfinu sem var undanfari þessa frv. Við spurðum um það í félmn. og forstöðumaður þeirrar vinnumiðlunar hafði að engu komið að undirbúningi þessa frv. né heldur var leitað eftir reynslu hennar eða þekkingu varðandi þessi miklu mál.

En félmn. hafði vit á því að nýta sér þessar ábendingar og að það væru þúsundir sem þyrftu að gera starfsleitarsamninga við sem væru búnir að fá atvinnu, miðað við reynsluna hingað til, á ákveðnu tímabili og það mundi engin vinnumiðlun, ekki einu sinni Reykjavíkurborgar, ráða við það. Sömuleiðis var mikil óánægja hjá reynslusveitarfélögum með að þau voru búin að leggja í mikinn kostnað við að undirbúa sig undir að taka vinnumiðlanir sérstaklega fyrir og þess vegna er því breytt. Auðvitað eru þessar brtt. út af fyrir sig allar til bóta. Þær eru hver fyrir sig, ein og stök, til bóta í máli sem var vont. En það er ekki endilega þannig að þegar búið er að samþykkja þær þá verði málið gott. Og það hefur stjórnarandstaðan og minni hluti í félmn. verið að draga fram í þessari umræðu. Um það höfum við verið að tala þegar við óskum eftir að í svo viðkvæmum málum eins og vinnumarkaðsmálin eru sé reynt að taka tillit til stöðunnar í þessum málum og fara öðruvísi að.

Virðulegi forseti. Til að varpa ljósi á stöðuna í þessum málum setti félmn. nokkrar fyrirspurnir fram til vinnumálaskrifstofu félmrn. og fékk svör við þeim. Ég hafði hugsað mér að fara í gegnum þessi svör vegna þess að það hefði verið mjög fróðlegt og þau mundu varpa ljósi á það hversu vanbúnir menn eru til þess að fara í markvissar vinnumarkaðsaðgerðir sem við höfum verið að kalla eftir. Ég ætla ekki að gera það. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara í gegnum þessi svör en ég ætla a.m.k. að leyfa mér að nefna hér eitt svar þar sem var kallað eftir því hvort væri verið að velta kostnaði yfir á sveitarfélögin. Hver er sá kostnaður? Hver er sparnaður sveitarfélaga við vinnumiðlanir? Hver er núverandi rekstrarkostnaður sveitarfélaga við vinnumiðlanir? Það hefði verið eðlilegt að reyna að leita svara við þessum spurningum áður en farið var af stað með frv. sem gerir þær breytingar sem hér er verið að fjalla um.

Svarið var þetta, með leyfi forseta:

„Frumvörpin hafa ekki þann tilgang að velta neinum kostnaði yfir á sveitarfélögin. Vera má að sveitarfélögin óttist að markviss framkvæmd laga geti leitt til þess að fleiri falli út af bótum. Bótatími gæti einnig styst í ýmsum tilvikum, t.d. ef einstaklingurinn hefur verið lengur en fimm ár á bótum. Hins vegar er engan veginn sjálfgefið að þessir einstaklingar eigi möguleika á aðstoð sveitarfélaga vegna þessara tilvika. Þessir einstaklingar gætu t.d. átt rétt á tryggingabótum. Þessi bótakostnaður er þannig í fyrsta lagi háður því hvort einhver brotalöm er í núverandi framkvæmd, hvort hægt sé að uppgötva hana og leiðrétta og í öðru lagi kostnaðaráhrif sem koma fram í kostnaðarmati vegna sparnaðar af bótagreiðslum. Þessi stærð er mjög óviss og kostnaðurinn dreifist væntanlega á einstaklingana sjálfa, sveitarfélögin, almannatryggingakerfið og ríkissjóð að öðru leyti.

Þá er ósvarað hvað sveitarfélögin spara á því að þurfa ekki lengur að standa straum af kostnaði við vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu. Þessi kostnaður er áætlaður 70–80 millj. kr. samkvæmt kostnaðarmati frumvarps um vinnumarkaðsaðgerðir."

Nú vitum við að mörg þeirra munu leita eftir samningum til að vera með vinnumiðlun áfram, og þar með að vera með þennan kostnað.

Það hefur verið fróðlegt að fara í gegnum þessi svör vegna þess að í þeim kemur fram veikleikinn í hugsuninni á bak við þessi frv. sem við höfum verið að gagnrýna.

Virðulegi forseti. Ég fór mjög ítarlega í gegnum þá gagnrýni sem uppi hefur verið varðandi atvinnuleysistryggingafrumvarpið. Hér hefur verið fjallað mjög ítarlega af formanni félmn. um vinnumarkaðsfrumvarpið og ég ætla því að láta mér nægja að koma með þessar athugasemdir og enn á ný vísa í hina góðu skýrslu starfshóps um þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra sem skilað var sumarið 1994 og var undanfari þess að setja átti nefndarstarf í gang um það hvernig málum atvinnulausra yrði best varið samhliða því að reyna að fara í atvinnuuppbyggingu.

Ég harma það að ekki skyldi hafa verið betur reynt að nýta sér þá forvinnu sem hafði verið farið í til þess að skila góðu máli hér inn í þing. Þetta mál er að verða komið á enda. Við höfum haft okkar áhrif. Við munum bregðast við brtt. Við munum samþykkja þær flestar en það breytir því ekki að þau lög sem eftir munu standa eru veik vegna þess að fallið hefur verið frá markmiðum laganna, markmiðum sem ég var ósammála en þau markmið sem ég hefði viljað sjá í nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsmál er ekki að finna í þeim lögum sem verið er að setja hér.

[18:50]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Dagur er að kveldi kominn og þessari umræðu fer væntanlega að ljúka. Ég boðaði það fyrr í dag að ég mundi taka aftur til máls og ræða ögn um atvinnuleysistryggingafrumvarpið. Það eru aðeins örfá atriði sem ég hef við þessa umræðu að bæta eða vil ítreka og spurningar til hæstv. félmrh. Ég harma að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa látið sjá sig við þessa umræðu. Ég bað um að hann yrði sóttur. Hann hefur ekki komið hingað en 3. umr. er eftir þannig að það á kannski eitthvað eftir að skýrast betur hver sjónarmið Sjálfstfl. eru, ekki síst varðandi þennan verkefnatilflutning á milli ríkis og sveitarfélaga sem hér stefnir í þveröfuga átt.

Hæstv. forseti. Það hefur verið vakin athygli á því að í fskj. með nál. minni hluta eru birtar mjög athyglisverðar upplýsingar um atvinnuleysi. Ég held einmitt að sú leið sem við þurfum að fara til þess að vinna bug á atvinnuleysinu, eftir því sem það er hægt, sé að greina atvinnuleysi sem allra best, reyna að átta sig á því hvaða hópar það eru sem eiga við atvinnuleysi að stríða, eftir aldri, eftir kyni, eftir atvinnugreinum. Því það eru fyrst og fremst þær upplýsingar sem geta sagt okkur hvert þurfi að leita eftir úrbótum og hvað helst megi verða til þess að draga úr atvinnuleysi.

Ég hef vikið að því nokkrum sinnum í umræðum í vetur og reyndar í fyrra líka að ég hygg að við séum komin hér með það ástand sem hefur einkennt flest ríki Evrópu og reyndar flest ríki hins vestræna heims, að það hefur verið viðvarandi atvinnuleysi í þessum ríkjum, að vísu mjög mismunandi mikið. Síðustu tölur sem ég sá frá Evrópusambandinu sögðu að þar væri að meðaltali um 11% atvinnuleysi. Við vitum að það er mjög mismunandi eftir löndum og eftir svæðum, þar er t.d. Spánn með einna verst ástand, á ákveðnum svæðum þar í landi, gríðarlegt atvinnuleysi. En síðan standa önnur ríki sig miklu betur og í Bandaríkjunum er talað um 5% atvinnuleysi, að talan fari hreinlega ekki niður fyrir það, og skýringin á því sé alveg gríðarleg hreyfing á vinnuaflinu í Bandaríkjunum, óvenjumikil hreyfing. Þar tíðkast það að fólk er mjög iðið við að flytja sig á milli starfa og þar af leiðandi mikill fjöldi sem er tímabundið skráður atvinnulaus. Þannig að þeir tala um u.þ.b. 5% atvinnuleysi sem það sem má eiginlega ekki segja: „eðlilegt" atvinnuleysi. Þetta er umdeilt atriði en svo virðist sem breytingar á vinnumarkaði, tæknibreytingar og slíkt hafi haft það í för með sér á síðustu áratugum að það sé viðvarandi atvinnuleysi þrátt fyrir jafnvel mikla atvinnusköpun eins og t.d. er í Bandaríkjunum. Ég gæti dregið greinar upp úr pússi mínu þar sem verið er að bera saman ástandið í Bandaríkjunum annars vegar og í Evrópu hins vegar og hvernig gangi að skapa ný störf en þar eiga Bandaríkin algjörlega vinninginn.

Allar tölur sem við höfum hér á landi um atvinnuleysi sýna að atvinnuleysi er mun meira meðal kvenna en karla og mun meira hér á suðvesturhorninu en úti á landi, en það kann að vera að það sé alltaf töluverður tilflutningur af fólki utan af landi og hingað. Í það minnsta segja sveitarstjórnarmenn hér á suðvesturhorninu að þeir sem sjá fram á það að missa vinnuna eða hafa misst vinnuna úti á landsbyggðinni flytji gjarnan í þéttbýlið þar sem um betri félagslega þjónustu er að ræða.

Það er líka mjög athyglisvert vegna þeirrar umræðu og vegna þess frv. sem hér er til umræðu að skoða tölurnar

frá Reykjavík um þá sem búa við langtímaatvinnuleysi. Því miður virðist sem statt og stöðugt hafi fjölgað í þeim hópi sem hefur verið atvinnulaus í ár eða lengur. Þetta er atriði sem þarf að gefa sérstakan gaum vegna þess að hér er meiningin að setja í lög að fólk missi allan rétt eftir fimm ára atvinnuleysi. Þetta er það atriði sem enn stendur eftir í þessu frv. sem ég er algjörlega andvíg.

Fleira mætti nefna sem tengist atvinnuleysinu og þá enn eitt atriði sem hér kemur fram sem er það hversu margir eru utan stéttarfélaga og án bóta. Þann 30. nóv. 1996 voru alls 433 einstaklingar á skrá hjá Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar sem voru utan stéttarfélaga og án bóta. Og þar við bætast eflaust fjöldamargir sem ekki skrá sig. Þetta er hópur sem virkilega þarf að gefa gaum.

Það er eitt atriði sem einkennir það frv. sem hér er til umræðu og var reyndar mikið rætt við 1. umr. og það varðar þá sem segja sjálfir upp störfum. Þeir eru beittir refsingum sem reyndar er heldur dregið úr hér í þessu frv., refsidögum fækkað út 55 í 40 eins og þeir eru í núgildandi lögum. En ég vil vekja sérstaka athygli á því að í þeim tölum sem er að finna í þessari skýrslu Vinnumiðlunar Reykjavíkurborgar kemur fram og það er vakin athygli á því að þeim konum fjölgar sem eru atvinnulausar vegna eigin uppsagnar. Þetta finnst mér vera atriði sem þarf að skoða alveg sérstaklega. Hvernig stendur á þessu? Þetta er aukning úr 11% í nóvember 1994 upp í 16% í nóvember 1996. Þetta er töluverð fjölgun og maður spyr sig: Hvað er þarna á ferð og hversu réttlætanlegt er að beita fólk refsingum sem segir upp störfum því ástæður fyrir uppsögnum kunna að vera margvíslegar og ekki alltaf hægt að láta í ljós hvað þar kann að liggja að baki.

Eitt atriði hefur því miður verið ákaflega lítið rætt í þessari umræðu í dag og það er það atriði að taka fulltrúa Alþingis út úr stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nú kann vel að vera að það sé samkomulag um það, menn séu almennt á því að Alþingi eigi ekki að vera í eftirlitshlutverki í þessum sjóði eða vera að taka ákvarðanir sem að honum snúa. En það hefur nákvæmlega engin umræða átt sér stað um þetta atriði, þ.e. hvar eiga fulltrúar Alþingis heima í ákveðnu eftirlitshlutverki og hvar ekki? Hver á stefnan að vera? Það er alveg greinilegt að stefna ríkisstjórnarinnar er að taka þessa fulltrúa út og þá hlýtur maður auðvitað að spyrja: Hvað verður um eftirlitshlutverkið? Hver verður aðstaða Alþingis til þess að fylgjast með? Vil ég taka það skýrt fram að ég tel að mjög víða sé ríkt og fullkomin ástæða til þess að fulltrúar Alþingis sitji ekki í stjórnum og sérstaklega eiga alþingismenn alls ekki að vera í sjóðum og bankaráðum og annars staðar þar sem menn eru að setjast beggja vegna borðsins. En hver á stefnan í þessum málum að vera? Ég sakna þess mjög að sáralítil umræða hefur átt sér stað um þetta atriði.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég víkja að þeim brtt. sem liggja fyrir um þetta frv. Eins og fram hefur komið erum við stjórnarandstæðingar fylgjandi flestum þeirra vegna þess að þær eru yfirleitt til bóta og það er verið að hverfa til fyrra horfs en það þýðir að niðurstaðan af öllu þessu starfi er sú að umbæturnar eru nánast engar. Þær eru bara engar og það er það sorglega í þessu máli. Hér hefur verið dregin fram skýrsla frá árinu 1994, vel unnin og góð skýrsla, henni er hent út í horn. Það kemur nýr ráðherra sem setur nýjan hóp á laggirnar, frá þeim hópi kemur svo vitlaust frv. að allt ætlar um kolla að keyra, ráðherrann bakkar með allt saman og niðurstaðan er nákvæmlega núll, engar umbætur. Reyndar sitja eftir ófullkomin lög með leiðinlegan anda og reyndar ákvæði sem við stjórnarandstæðingar getum ekki fellt okkur við eins og fimm ára regluna. Þá er verið að festa í lög þessa reglu um starfsmenntasjóðinn og framlögin til atvinnumála kvenna sem við áttum í harðri rimmu um fyrir jól og eiga ekki heima hér. Starfsmenntun í atvinnulífinu og stuðningur við atvinnusköpun eru ekki atvinnuleysismál. Þetta eru sérstök mál sem á að tengja við nýsköpun og menntakerfið almennt og þarf að vera einhver heildarsýn yfir en ekki að troða þessum verkefnum inn á Atvinnuleysistryggingasjóð. Svo þurfti auðvitað líka að bjarga kjararannsóknarnefnd, sem hafði gleymst, og sjá til þess að einhvers staðar væri hægt að sækja í einhverja sjóði til að halda henni uppi en meiningin er að flytja hana út úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Að lokum, herra forseti, er það 16. brtt. á þskj. 654:

„Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu 1997 að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað."

Þetta er tillaga sem hefur verið flutt ár eftir ár og ég spyr hvort ekki sé verið að breyta hér kerfinu. Er ekki verið að flytja þessi verkefni frá sveitarfélögunum til ríkisins? Er það meiningin að sveitarfélögin verði áfram með átaksverkefni? Ég stóð í þeirri meiningu eftir alla þessa umræðu og alla þessa vinnu að það væri verið að setja á laggirnar svæðisvinnumiðlanir sem hefðu það hlutverk að koma á úrbótum. Hvað er þetta að gera hér? Á þessi stofnun og þetta batterí ekki að taka til starfa á miðju ári? Eiga sveitarfélögin sem sagt að vera í þessu áfram eða hver er meiningin? Það er nú einu sinni svo, hæstv. forseti, að mér finnst þetta svo mikil hringavitleysa að það er varla að maður nenni að eyða fleiri orðum á þetta enda veit ég að sumir bíða hér óþreyjufullir eftir því að komast í önnur mál. Þetta eru vanhugsuð og illa undirbúin frv. og ég harma það, hæstv. forseti, að við skulum fá svona illa unnin mál. Ég get ekki stillt mig um að vitna hér í sama plagg og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði til áðan þar sem starfsmenn félmrn. voru að svara skriflega spurningum frá nefndarmönnum í félmn. og sem snertir reyndar vinnumarkaðsfrv. og svæðisvinnumiðlanirnar. Það segir í svarinu, með leyfi forseta:

„Fyrir liggur að svæðisvinnumiðlanir geta samkvæmt frumvarpinu gert samning við sveitarfélag sem aðra um skráninguna." Það er heimildin sem var að finna í frv. en ráðherrann og fleiri túlkuðu sem heimild til að semja um allt milli himins og jarðar. Svo segir í framhaldinu: „Ekki er útilokað að svæðisvinnumiðlun mundi gera samning við sveitarfélag um aðra þætti eins og t.d. vinnumiðlun. Í það minnsta eru engin ákvæði í frv. sem banna slíkt." Enda eru engin ákvæði í frumvörpunum sem banna slíkt. Það er verið að skilgreina í lögum hver eru verkefni vinnumálastofnunar og svæðisvinnumiðlana og svo segja þeir að það sé ekkert sem bannar að semja um eitthvað annað. Það er búið að skilgreina verkefnin í lögum og það er ekki heimilt að flytja verkefni til annarra stofnana nema fyrir því sé stoð í lögum. Það eru starfsmenn ráðuneytis félagsmála sem senda svona nokkuð frá sér. Þetta þykir mér sorglegt, hæstv. forseti. En hvað um það, sú spurning sem eftir stendur hjá mér eftir þetta allt saman er sú að það væri gaman að fá upplýst hvað stendur eftir af þeim sparnaði sem átti að ná með þessu öllu saman. Hversu mikill sparnaður af þessum 128 millj. kr. sem

átti að nást með þessum breytingum stendur eftir? Ég hygg að það sé harla lítið og ég efast reyndar um að hæstv. félmrh. geti upplýst það hér og nú.

Allra síðast, hæstv. forseti, vil ég segja að það hefur að mörgu leyti verið mjög fróðlegt að vinna við þessi mál. Það hefur verið mjög fróðlegt og við sem eigum sæti í félmn. höfum fengið gott tækifæri til að kynna okkur rækilega nánast allar hliðar þessara mála. Það sem hefur vakið einna mesta athygli mína og vakið mig til umhugsunar er það sem fram hefur komið um afstöðu bæði stjórnvalda og kannski ekki síst vinnumarkaðarins til hinna atvinnulausu og kannski ekki síður til þeirra sem komnir eru yfir miðjan aldur á vinnumarkaði. Við fengum í okkar hendur og var sagt frá ýmsum dæmum, m.a. dæmum um fólk sem hefur lagt það á sig á miðjum aldri að endurmennta sig, jafnvel taka háskólapróf, og kemur síðan út á vinnumarkaðinn og fær enga vinnu vegna einhverra furðulegra hugmynda um hvað sé æskilegt vinnuafl. Þetta á ekki síst við um konur. Mér finnst þetta afar umhugsunarvert og líka dæmi um það að þegar vinnuveitendur komast að því að einhver sem er að sækja um vinnu hjá þeim er á atvinnuleysisskrá þá er hann bara útilokaður samstundis. Fólki er ekki gefið tækifæri. Þessi viðhorf eru mjög alvarleg og ég held að þetta sé mál sem þurfi að taka á og vinna að viðhorfsbreytingu. Við erum að tala um afleiðingar samdráttar, tæknibreytinga og ýmislegs sem hefur verið að gerast í okkar þjóðfélagi sem veldur því að fólk missir vinnu eða fær ekki vinnu jafnvel nýkomið úr námi. Það er hörmulegt ef viðhorfin eru svo forneskjuleg að fólk er hreinlega dæmt til atvinnuleysis vegna ríkjandi fordóma. Það er skylda okkar á hinu háa Alþingi vegna framtíðarinnar, vegna samfélags okkar og vegna þeirrar skyldu að skapa betra þjóðfélag að vinna gegn þessum fordómum. Ég er viss um að margt er hægt að gera til að breyta ríkjandi viðhorfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:09]

Útbýting þingskjals:

Brú yfir Grunnafjörð, 374. mál, þáltill. GE og GuðjG, þskj. 652.

Stephansstofa, fyrri umr.

Þáltill. MÁ, 354. mál. — Þskj. 627.

[19:10]

Flm. (Mörður Árnason):

Herra forseti. Ég vil fyrst þakka ýmsum hér á þinginu fyrir tilhliðrun og lipurð sem hefur orðið til þess að þetta mál komst á dagskrá sem ekki er endilega víst um mál sem varaþingmenn flytja sem stutt eru á þinginu.

Vér höldum allir hópinn þótt hafið skilji löndin, stendur á skildi hér fyrir framan Kringluna til hægri handar þegar niður er gengið. Sá skjöldur er gefinn af Vestur-Íslendingum til heiðurs lýðveldisstofnun á Íslandi 17. júní 1944. Það er auðvitað því miður svo þrátt fyrir þessi orð og önnur göfugleg mælt fyrr og síðar að vér höfum ekki haldið allir hópinn. Frá um 1872, þegar vesturferðirnar hófust og fram að upphafi fyrri heimstyrjaldarinnar 1914, þegar leiðir skildu af eðlilegum ástæðum, mun um fimmtungur til fjórðungur Íslendinga hafa leitað lífshamingju á nýjum slóðum vestan hafs. Við vitum ekki núna hvað afkomendur þessa fólks eru margir, þar er kannski örðugt að fást við nákvæmar skilgreiningar og enn hefur ekki lokið og varla hafist sú skráning manna sem telja sig afkomendur Vestur-Íslendinga sem mundi sýna okkur þann fjölda. Menn nefna tölur frá um 70 þús. til um 200 þús. og þá er átt við kannski þrengstu skilgreininguna.

Á þessum áratugum, sem ég vitnaði til, þangað til vesturferðunum lauk, að minnsta kosti hinum fyrri vesturferðum, þá voru lífleg samskipti milli Íslendinga og Vestur-Íslendinga. Það voru bréfaskipti eins og við höfum kynnst af nýlegum bókmenntaverkum, það voru mannaferðir af ýmsu tagi, menntamenn, skáld og rithöfundar fluttu frá Íslandi til Vestur-Íslendinga og komu margir aftur. Það má nefna höfn eins og Einar Kvaran, Gest Pálsson og Jón Ólafsson. Í raun og veru hefur verið erfitt fyrir Íslendinga á þessum tíma báðum megin hafs að fást við að skilgreina sjálfa sig. Voru þetta tvær þjóðir? Var þetta klofin þjóð í tveim löndum? Var þetta ein þjóð og þjóðarbrot vestra? Upplifunin hefur verið misjöfn en þetta var a.m.k. fólk sem talaði sömu tungu og hafði sama bakgrunn. Ekki var alltaf fullur samhugur milli þessara hópa, skulum við kalla þá. Heima litu menn, eins og við vitum vesturfarirnar ýmsum augum. Menn tortryggðu þær og lögðust á móti þeim, eins og sjá má í blaðaskrifum og bókmenntum. Ytra var kannski tvískipt viðhorf. Annars vegar litu menn á sig sem hina nýju landnema sem höfðu yfirgefið af hugrekki og kjarki harðbýlt heimaland sem var orðið þeim eins konar fangelsi. Hins vegar ríkti auðvitað söknuður eftir gamla landinu og ákveðinn órói í brjóstum yfir því að hafa hálft í hvoru brugðist því, með leyfi forseta: „að elska, byggja og treysta á landið," eins og Hannes Hafstein hvatti til í frægu ljóði. Um sjálfsmynd Vestur-Íslendinga má reyndar fræðast í fróðlegri ritgerð nýrri, Viðars Hreinssonar, um bókmenntir vestan hafs í nýútkomnu þriðja bindi Íslenskrar bókmenntasögu.

Því má ekki gleyma að merkileg lífsbarátta vestra og samfélag Íslendinga þar hafði bein áhrif á okkur hér heima, þannig að ég tali í tímaleysi, þ.e. á hina frægu aldamótamenn hér heima og hvatti þá til dáða. Vestur-Íslendingar áttu leyndan og ljósan þátt í ýmsum íslenskum framfaraverkefnum og nægir kannski að minna á ólítinn hlut þeirra við að koma á legg því sem þá var kallað óskabarn þjóðarinnar, Eimskipafélagi Íslands. Tillegg Vestur-Íslendinga, hygg ég sé enn, einn stærsti hluturinn í því félagi. Það sýnir vel hug þeirra vestan hafs að þeir ráðstöfuðu arðgreiðslum sínum af þeirri gjöf til Háskóla Íslands. Það er svo önnur saga þessu óviðkomandi hvernig farið er með þann hlut. Það má kannski líka nefna, þó ég viti ekki um rannsóknir því tengdar, að séu íslensku ríkin þrjú, íslenska þjóðveldið, íslenska konungríkið, þegar við áttum sameiginlegan konung í Danmörku, og íslenska lýðveldið, þá getum við bætt við vegna framtaks þeirra vestanmanna fjórða íslenska ríkinu, Nýja-Íslandi, sem upp var sett með sérstakri stjórnarskrá 1877 við Winnipeg-vatnið og átti sér einn áratug af lífi áður en stofnað var Manitoba-fylki og rennt saman mörgum þjóðarbrotum í þeirri repúblik.

Ég ætla ekki að lengja umræður sem hafa verið nokkuð langar hér í dag með því að halda lengstu ræðu sem hægt væri að halda um þetta og vísa þar með til grg. með þáltill. sem kannski er rétt að taka fram á þessum tímapunkti að felst í því að Alþingi álykti að fela forsrh. að skipa nefnd til að kanna hvort heppilegt sé að setja á stofn sérstaka skrifstofu kennda við Stephan G. Stephansson, sem sæi um margvísleg samskipti við Vestur-Íslendinga en einnig við

annað fólk af íslenskum ættum um allan heim og við hópa íslenskra ríkisborgara búsettra erlendis. Í greinargerðinni er m.a. vakin athygli á því að þrátt fyrir að samskipti Íslendinga og Vestur-Íslendinga hafi nokkuð dvínað á síðari hluta aldarinnar þá hefur nú nýverið aukist forvitni báðum megin hafs hvorra á öðrum. Hér heima höfum við t.d. til vitnis um það skáldsögur Böðvars Guðmundssonar sem hlotið hafa mjög góðar viðtökur og hið nýja Vesturfarasafn á Hofsósi og ýmislegt því tengt. Þar er líka minnt á að aðrar Evrópuþjóðir leggja mikla vinnu í að halda þessum samskiptum uppi og nefndar eru til sögu tvær þjóðir, Norðmenn, sem gera þetta með miklum myndarbrag m.a. í gegnum syni Noregs, sem er félag þeirra vestra, og Íra sem á sinn hátt hafa mjög treyst á vesturmenn sína og er í raun og veru efasamt að írska lýðveldið væri til ef ekki kæmi til stuðningur vestanmanna.

Að samskiptum við Vestur-Íslendinga hefur starfað nefnd frá árinu 1976. Í starfi þeirrar nefndar urðu nokkur þáttaskil árið 1994 vegna þess að þá var henni fengið nýtt verkefni sem fólst í skráningu vestra. Það verður að segja eins og er af kynnum mínum af þessari nefnd að sá opinberi aðili sem hún er hefur ekki í kringum sig nægan ramma til þess að sinna sínum auknu verkefnum. Nú er nefndin reyndar í nokkrum vanda því formaður hennar hefur sagt af sér m.a. vegna þess að hann telur að annir við þessi nefndarstörf séu meiri en hann geti þolað vegna vinnu sinnar og vegna þess enn fremur að nefndin virðist ólaunuð. Við búum því greinilega ekki vel að þessum samskiptum.

Hitt vil ég svo taka fram að til marks um þennan aukna áhuga okkar hér á samskiptum vestra, sem auðvitað er á menningarlegum forsendum og þjóðernislegum en er líka að sjálfsögðu og ekkert óeðlilegt við það, að við leitum viðskiptatækifæra af ýmsu tagi í gegnum þessi tengsl eins og aðrar þjóðir. Kannski er það sem merkilegast hefur gerst á síðari árum stofnun fyrirtækis sem hefur aðsetur á Hofsósi, stofnað 1995, og heitir Snorri Þorfinnsson. Það er einmitt það fyrirtæki sem hefur stuðlað að Vesturfarasafninu sem allir róma og ætlar sér að láta meira til sín taka m.a. hafa forustumenn þess í nóvember á síðasta ári skrifað undir viljayfirlýsingu, við Háskólann á Akureyri um að setja af stað eins konar ættfræðistofnun sem yrði rekin í tengslum við Vesturfarasafnið. Það er m.a. við þetta fyrirtæki og þá áhugamenn sem þar starfa, og nefni ég þar fremstan Valgeir verðlaunabónda Þorvaldsson á Vatni, sem Stephansstofa mundi hafa samskipti. Hún mundi líka hafa samskipti, vonandi, við það þjóðræknisfélag Íslands hér heima sem menn eru nú í ýmsum hornum að reyna að endurreisa þannig að þar komi að gildir bændur úr athafnalífinu m.a. og geti verið félag áhugamanna um þessi samskipti.

Það er hins vegar þannig að við afgreiðum ekki svo einfaldlega þau málefni sem varða tengsl okkar vestur, bæði við Vestur-Íslendingana og eins og tekið er fram hér í grg. og þáltill., við annað fólk af íslenskum ættum vestra og, tel ég, íslenskar nýlendur sem eru að myndast í stórum stíl annars staðar í heiminum, einkum á Norðurlöndum en líka í fjarlægari löndum en það, með því að fela það einkaaðilum algjörlega. Ég tel að við verðum að standa nokkuð duglega að opinberri samræmingu og opinberu framtaki en það er líka sannfæring mín, og það sést held ég á starfi þeirra í kringum Snorra Þorfinnsson, að þá stendur ekki á fyrirtækjum og ýmsum félagasamtökum innan lands að taka duglegan þátt í því starfi.

Ég vil segja það um tillöguna sjálfa að þar er nefndur forsrh. vegna þess að ég tel að undir hann eða ráðuneyti hans eigi helst að heyra samskipti af þessu tagi. Menn geta deilt um það og gera það þá í nefndinni. Ég legg áherslu á að það litla mál trufli ekki framgöngu þessarar hugmyndar. Ég vil líka segja að um Stephansstofu er engin staðarákvörðun nefnd í greinargerðinni nema sú sem fram kemur í uppruna Stephans G. Stephanssonar sem var Skagfirðingur og grét menntunarleysi sitt einmitt á þeim stað þar sem við komum ofan í Skagafjörð og minnismerki hans stendur.

Mig langar að bæta því við að eftir þrjú ár, árið 2000, er ekki bara kristnitökuafmæli heldur einnig afmæli landafundanna eins og forseti Íslands hefur minnt ágætlega á og væri stoltsmál fyrir okkur og verðugt viðfangsefni að reyna að koma samskiptamálum okkar við Vestur-Íslendinga og aðra Íslendinga og íslenskættaða menn utan lands á fastan grunn áður en þess viðburðar er minnst. Kannski leiðir af sjálfu að tengja nafn Stephans G. við þessa hugmynd. Hann var íslenskt skáld, svo íslenskt að við hugsum alla jafna ekki um hann sem útlending þó hann hafi formlega verið Breti en hann var um leið höfuðsnillingur Vestur-Íslendinga, bjó báðum megin línu eins og sagt var um landamærin milli Bandaríkjanna og Kanada í þann tíma. Það er í raun og veru undarlegt þegar maður les Stephan hvort heldur eru ljóð, bréf eða greinar að hann skuli hafa setið á sínum bæ lengst vestur í rassi, liggur mér við að segja — með fullri virðingu fyrir honum og hans byggðarlagi, og fylgst með alþjóðastraumum í bókmenntum, heimspeki og stjórnmálum eins og hann gerði. Hann var heimsborgari en minnti um leið á það að það er ekki hægt án þess að standa föstum fótum í sínum eigin þjóðlega jarðvegi.

Að lokum, forseti, langar mig til að skýra þó að nokkru hvers vegna ég kýs að tengja þetta mál við Stephan G. Stephansson og tel að hann sé sjálfur besti flutningsmaður þeirrar tengingar og vil, með leyfi forseta, lesa úr Íslendingadagsræðu, reyndar ekki þeirri í ljóðum sem frægust er orðin heldur annarri, sem 2. ágúst á þessu ári verður 100 ára, og flutt var í heimahéraði hans í Alberta. Sá stutti kafli sem ég ætla að lesa varðar algengt vestur-íslenskt tema, samanburð nýja landsins og hins gamla en um það hefur Stephan G. Stephansson þetta að segja:

„Það er árangurslaust að rífast um kosti landanna. Besti kostur hvers lands er fólkið sem í því býr og þar er best fólk sem á flesta einstaklinga sem verja ævinni ekki einungis sér til uppeldis og fjár heldur til að bæta úr framtíðinni þó það sé ekki nema að fá tvö strá til að spretta þar sem aðeins eitt þreifst áður. Það eru líka mennirnir sem eitthvað vinna í þá stefnu, andlega eða verklega, sem næst komast því að verða ódauðlegir, svo við vitum með vissu því þeir vefja sig inn í framtíðarsögu þjóðarinnar. Það eru launin. Þeir sem lifa bara fyrir munn og maga og mammon gleymast öllum á grafarbakkanum. Það er hegningin fyrir að hafa aldrei orðið að manni. Þetta er íslenska þjóðin nú að læra að mér sýnist" segir Stephan G. Stephansson árið 1897 „og lærist henni það æ betur því það er besta blessunaróskin sem ég get sent heim. Standi Ísland meðan veröld varir."

Að lokum þakka ég þær undirtektir sem mér sýnist að þetta mál þegar hafa fengið í þinginu. Mér hefur, herra forseti, ekki verið fullkomlega skýrt hvaða tillögu ég ætti að gera um nefnd sem þetta mál tæki fyrir. Mér hefur þó verið bent á að ekki væri úr vegi að samgn. tæki þetta mál fyrir og legg það hér með til að það gangi þangað eftir þessa umræðu og eftir að því hefur verið vísað til síðari umr., en fellst á það

sem menn kunna að telja vera betra, sé það að bestu manna yfirsýn.

[19:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. flm. ágæta ræðu og fagna þeirri hugsun sem fram kemur í tillögunni. Það er ástæða til að efla samskiptin við Vestur-Íslendinga eða fólk af íslenskum uppruna í Vesturheimi og halda á lofti minningu Stephans G. Stephanssonar, skáldbónda vestur við Klettafjöll. Mér finnst reyndar að við getum lært ýmislegt af sögu Vestur-Íslendinganna. Mér hefur komið það í hug, ég haft nokkra umsjón með og afskipti af flóttamönnum sem boðið var hingað til lands og fóru til Ísafjarðar, að það sé mjög mikilvægt að taka á móti þeim gestum sem hingað koma með þeim hætti að þeir verði fullveðja borgarar í ríkinu en jafnframt að gefa þeim tækifæri til að viðhalda sinni menningu þannig að rótin slitni ekki. Mér hefur oft komið í hug hvað það hefur verið mikilvægt líka fyrir Kanada og jafnvel Bandaríkin að Vestur-Íslendingarnir höfðu þessi tengsl til gamla landsins. Þetta tel mjög mikilvægt og ég held við eigum að reyna að örva samskiptin við þau eftir því sem við getum.

Varðandi staðsetningu Stephansstofu þá tel ég að það væri langeðlilegast að hún yrði staðsett á Hofsósi eins og hv. þm. ýjaði reyndar að með því að nefna hina skagfirsku búsetu Stephans G. Stephanssonar. Ég tel að þessi starfsemi færi best í tengslum við starfsemi Vesturfarasafnsins á Hofsósi sem er rekið með miklum myndarskap og hefur verið sett þar upp þannig að þjóðarathygli hefur vakið.

Ég tel líka að það hafi verið unnið stórvirki á Hofsósi við endurnýjun gamalla húsa. Þar eru alveg einstakar aðstæður til þess að varðveita gamla tímann, gamlan þorpshluta sem er tiltölulega ótruflaður af nútímanum. Það er þarna gamall þorpshluti niðri í kvos við ósinn og það eru tiltölulega mjög fá hús frá nýrri tíð sem sjást úr þessari kvos þannig að þarna er maður kominn í annan heim og það eru einstakar aðstæður hér á landi.

Ég vildi, herra forseti, leggja hér fáein orð í belg. Ég tel að þarna væri slíkri starfsemi best komið. Ég veit að forráðamenn Snorra Þorfinnssonar hafa haft í undirbúningi að heiðra minningu Stephans G. Stephanssonar og verið uppi með plön þar um. Ég tel að ef Alþingi afgreiðir þessa tillögu væri það vel við hæfi að ríkið kæmi að starfsemi einkaframtaksins Snorra Þorfinnssonar, en frumkvöðull þess er, eins og fram hefur komið í umræðunni, Valgeir Þorvaldsson á Vatni sem nýverið fékk landbúnaðarverðlaun fyrir brautryðjandastarf í ferðamennsku.

Herra forseti. Ég tel að við eigum að sinna þessu verkefni. Og ég tel að það yrði best gert í tengslum við þá starfsemi sem þegar er komin á legg á Hofsósi.

[19:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir þessa mjög svo athyglisverðu tillögu. Ég las grg. með mikilli athygli og get tekið undir allt sem fram kemur í henni og ég er sammála því að ég held að við eigum að reyna að efla tengslin við brottflutta Íslendinga og afkomendur þeirra af margvíslegum ástæðum. Þarna um ákveðinn menningararf að ræða og ég get nefnt hér sem dæmi að ég þekki konu, málvísindamann, sem hefur fengist við að rannsaka leifarnar af íslenskunni á Winnipeg-svæðinu og þar um kring. Það er auðvitað margt sem lifir enn með þessu fólki sem á rætur að rekja til þeirra hópa sem fyrst fluttu til Kanada.

En mig langaði líka að minna á það sem reyndar kom fram í máli flm. að það eru hópar Íslendinga annars staðar. Það var t.d. töluverður hópur íslenskra kvenna sem flutti til Bandaríkjanna í lok heimsstyrjaldarinnar síðari og þær eiga stóran hóp afkomenda þar. Og reyndar hef ég séð það einhvers staðar að það hafi reynst mjög erfitt að hafa upp á því fólki og þeir sem hafa verið að reyna að vinna eitthvað við þau verkefni hafi átt í miklum erfiðleikum við að finna Íslendinga og afkomendur þeirra. Ég kann nú ekki skýringu á því en auðvitað breytast nöfnin og það er erfitt að hafa upp á fólki. En mér datt í hug þegar hv. flm. nefndi Nýja-Ísland hversu merkilegur draumur það var að halda að það væri hægt að flytja til annars lands og búa þar til nánast inni í miðri heimsálfu eftirlíkingu af Íslandi eða búa til nýtt Ísland, væntanlega við betri skilyrði. En sá draumur varð auðvitað aldrei að veruleika enda tilheyrði þetta svæði öðru ríki.

Mig langar líka að nefna það í þessu samhengi að það vakti athygli mína fyrir nokkrum árum er ég var að spjalla við konu sem var þingmaður í Evrópuráðinu kom í ljós að hún var fyrrverandi ráðherra málefna brottfluttra Portúgala. Þar er staðreyndin sú að það er þvílíkur fjöldi Portúgala sem býr annars staðar og á afkomendur í öðrum löndum, eru að senda peninga heim og það eru öll möguleg samskipti, að þeir urðu að setja yfir þennan málaflokk heilan ráðherra og ráðuneyti, væntanlega mikið til vegna ýmiss konar réttindamála, það gefur auga leið. En það er rétt að margar þjóðir hafa sinnt þessu máli alveg sérstaklega og átt vísan stuðning hjá þessu brottflutta fólki og afkomendum þeirra. Ekki þarf að minna á að það er ekki bara hér sem menn eru loksins farnir að skoða þetta mál allt saman í sögulegu og bókmenntalegu samhengi, heldur hafa verið gerðar þó nokkrar kvikmyndir og sjónvarpsmyndir um þennan flutning, kannski ekki síst Ítala sem fluttust svo milljónum skipti og reyndar Írar líka. Þetta er hluti af mikilli bylgju og mikilli leit að betra lífi.

Að lokum, hæstv. forseti, tek ég undir efni þessarar tillögu. Ég held það væri mjög vel til fundið að reyna að tengja þessa stofu við safnið á Hofsósi sem er að mínum dómi mjög athyglisvert og mikið og gott framtak sem segir ákaflega merkilega sögu. M.a. kom það mér á óvart sem brottfluttum Vestmannaeyingi að sjá hversu margir Vestmannaeyingar fluttu á sínum tíma til Vesturheims. Þeir voru nú reyndar meðal hinna allra fyrstu sem féllu fyrir mormónatrúnni og fóru alla leið vestur til Salt Lake City upp úr miðri síðustu öld. Þetta er allt mikil saga en þarna hefur verið gerð tilraun til þess að ná saman sögunni, skrá allar upplýsingar og ég held að þarna sé kominn staður sem hægt væri að byggja slíka stofu á.

Mér þótti nú tillaga flm. um að vísa þessu máli til samgn. ekki í mjög þinglegum anda. Ég mundi halda að þetta mál ætti frekar heima annað hvort hjá menntmn. eða allshn., kannski ekki síst allshn. sem tekur til sín málefni forsrh. Nafnið ber það auðvitað með sér að hún tekur allt að sér sem aðrir vilja ekki fá eða aðrir telja ekki eiga heima hjá sér. En auðvitað er það algjört aukaatriði. Aðalmálið er að þessi ágæta tillaga nái fram að ganga.

[19:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna því sérstaklega að þessi tillaga er fram komin og styð hana af heilum hug. Ég er ein þeirra sem hafa á síðustu árum verið að velta því fyrir sér hvað hafi

orðið um þjóðarbrotið í vestri eins og stundum hefur verið talað um. Einhvern veginn hefur það farið svo að í hinum miklu vaxtarverkjum íslensks samfélags á undanförnum áratugum höfum við verið svo upptekin af okkur sjálfum að við höfum ekki hirt um með sama hætti og ýmsar aðrar þjóðir hvað varð um afkomendur þeirra sem fluttu vestur. Samt tala menn um að í Vesturálfu gæti nú verið um að ræða u.þ.b. 100 þúsund manns. Og það munar um minna fyrir þjóð sem einungis telur 270 þúsund.

Við hljótum að horfa svolítið til þess hvernig aðrir hafa ástundað samskipti við þá sem fluttu vestur um haf en gerum okkur auðvitað jafnframt ljóst að þau samskipti sem við höfum reynt að halda uppi hafa verið býsna lítilfjörleg. Mér finnst stundum að mörg okkar hafi helst viljað gleyma því fólki sem ákvað að flytja vestur um haf og freista þar gæfunnar. En sem betur fer eru þessi viðhorf nú mjög að breytast. Eins og tillögumaður rakti hér áðan má merkja það bæði af þeirri miklu aðsókn sem hefur orðið í Vesturfarasafnið á Hofsósi, aðsókn sem kom aðstandendum þess safns *í opna skjöldu í raun*, og svo líka hvaða áhuga og undirtektir bókmenntaverk Böðvars Guðmundssonar hafa vakið og fengið.

Ég held, herra forseti, að það geti verið okkur Íslendingum mikið hagsmunamál að ná betra sambandi við þá Íslendinga sem búa vestan hafs. Íslendinga segi ég og er þar að tala um fólk sem er afkomendur allra þeirra Íslendinga sem flutt hafa vestur um haf undanfarin rúm hundrað ár. Mikið hagsmunamál vegna þess að lítilli þjóð veitir ekki af þeim talsmönnum og liðsmönnum sem hún kann að eiga hvar svo sem þeir eru. *Í hópi afkomenda* þeirra Íslendinga sem flutt hafa vestur um haf eru bæði öflugir kaupsýslumenn og stjórnmálamenn, listamenn og aðrir sem getur verið gott að eiga sem hauka í horni ef eitthvað liggur við.

Mér finnst afskaplega vel til fundið að hugsa Stephansstofu norður í land. Mér finnst staðsetning slíkrar stofu í rauninni geta byggst fyrst og fremst á fjarskiptamöguleikum og að hún gæti einmitt farið mjög eðlilega í eins konar samvinnu við Vesturfarasafnið eða í nálægð við það.

Eins og fram hefur komið viljum við gjarnan standa fyrir eins konar hátíðahöldum vegna landafundanna innan þriggja ára. Það er mjög eðlilegt, bæði með tilliti til þess og einnig þeirra miklu hagsmuna sem ég og fleiri teljum að séu fólgnir *í því að ná sambandi við sem flesta afkomendur* þeirra Íslendinga sem vestur hafa flutt, að opinberir aðilar komi að þessu máli, að nokkrir fjármunir verði settir til þess að koma skrifstofunni á fót og að reka hana með myndarskap til þess að afmæli hinna miklu landafunda geti orðið með reisn og mikilli þátttöku. Og að við Íslendingar getum, og þar veit ég að mörg fyrirtæki horfa til með eftirvæntingu og áhuga, leitað til „landa okkar" þegar okkur liggur nokkuð við að koma okkar málstað, varningi eða hugmyndum á framfæri þar sem fjölmennið er meira.

Ég tel, herra forseti, að það sé mjög *mikilvægt* að menn skoði þessa tillögu af fyllstu alvöru vegna þess að ég er alveg handviss um að hver sú króna sem menn setja í stofnun af þessu tagi, með þær hugmyndir að baki sem hér eru raktar, muni geta skilað sér til baka. Ég nefni þetta hér, herra forseti, vegna þess að hér hafa menn jú tilhneigingu til þess að leggja mælikvarða peninganna sérstaklega á alla hluti. Ég veit að ég þarf ekki að rekja mikilvægi þess menningarlega að við höldum þessu sambandi, það er rakið ágætlega í þessari grg. og af hálfu flm.

En ég bind vonir við það að þessi tillaga nái fram að ganga, það sé okkur öllum ljóst hvert hagsmunamál það getur verið og að Stephansstofa verði að veruleika fyrr en varir.

[19:42]

Svanhildur Kaaber:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn sem hér hafa komið styðja þá tillögu sem nú er til umræðu og ég lofa að gera það ekki í löngu máli því það er langt liðið á kvöld. Það er líka ástæðulaust þar sem flm. talaði prýðilega fyrir tillögunni og bæði hæstv. félmrh. og hv. þm. aðrir sem tekið hafa til máls hafa stutt hana mjög dyggilega. Eins og fram er komið segir í grg. með tillögunni nokkuð um þann áhuga sem hefur glæðst að undanförnu á tengslum okkar við Vesturheim og þar er m.a. minnst á Vesturfarasafnið á Hofsósi og þær viðtöku sem skáldsögur Böðvars Guðmundssonar rithöfundar um Vestur-Íslendinga hafa hlotið.

Mig langar til þess að bæta enn einu atriði inn í þessa umfjöllun en það var mjög áhugavert og fjölmennt námskeið sem Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hélt nú á liðnu hausti um Vesturfara, forsögu vesturferða, frumbýlingsár fólksins vestra og þau ótrúlega erfiðu lífsskilyrði sem landar okkar bjuggu við fyrstu árin. Ég var sjálf þeirrar ánægju aðnjótandi að taka þátt í þessu námskeiði og lærði þar mjög margt sem ég í rauninni hefði ekki getað gert mér nokkra grein fyrir ef ég hefði ekki notið leiðsagnar þeirra ágætu fræðimanna sem þar fjölluðu um málefni Vesturfaranna. Mér finnst mjög merkileg sú einstaka tryggð afkomenda þessa fólks við uppruna sinn hér á Íslandi og rætur sínar. *Og mér finnst ástæða til þess að við sem erum lítil þjóð* og fámenn, og kannski allt of sjálflæg hér uppi á okkar Íslandi, metum þá tryggð og viðurkennum hana. Við eigum sannarlega að treysta samband okkar við fólk af íslenskum ættum erlendis og rækta frændsemi við það. Við eigum að gera það hvar sem það fólk býr. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér áðan að það má líka nefna allan þann fjölda kvenna sem flutti til Bandaríkjanna á stríðsárunum og svo fólk sem flutt hefur til annarra landa og til annarra heimsálfa núna á enn seinni árum.

Tillagan sem hér liggur fyrir er stuðningur við þetta viðhorf og um leið er sýnd virðing ástsælu skáldi sem varð tákn fyrir samheldni þeirra Íslendinga sem vestur fóru og þess vegna tel ég *mikilvægt* að styðja hana. Mér finnst góð hugmynd að koma Stephansstofu fyrir á Hofsósi og styrkja þar með þá starfsemi sem þar fer fram og það lofsverða framtak sem heimamenn hafa haft í að koma safninu þar upp.

Að lokum finnst mér ástæða til að vísa máli þessu til menntmn. þar sem það varðar sannarlega menningararf okkar.

[19:46]

Flm. (Mörður Árnason):

Forseti. Ég þakka þær umræður sem farið hafa fram um málið. Ég tek eftir að í þeim taka þátt bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar sem hér hafa einmitt verið að deila nokkuð hart í dag, tveir af þeim a.m.k., um heimamál. Þetta vekur mér þær vonir að þetta mál fái kannski framgang á þinginu.

Ég held að stofa af þessu tagi sé einmitt dæmi um stofnun sem ekki þarf að vera í Reykjavík. Hér er ekki um það að ræða að menn þurfi mikið að vera að hlaupa í næstu hús, heldur eru samskiptin einmitt slík að þau eiga að fara fram

með nýrri og gamalli samskiptatækni sem alltaf er að eflast, því samskiptin eru ekki síst hugsuð við stofnanir sem eru hér en hægt er að tala við án þess að þurfi að gera það augliti til auglitis og ekki síður við einstaklinga, félagasamtök og hópa í fjörrum löndum. Ég vil þakka fyrir það að tveir ræðumenn hafa minnst á aðra hópa Íslendinga en Vestur-Íslendinga og þar nefnt sérstaklega hina seinni Vestur-Íslendinga, íslenskar konur upp úr stríðsárunum, sem er nú annar kafli í þjóðarsögunni, kafli sem við höfum stundum viljað gleyma. En af þeim eru sprottnar, og raunar öðrum Íslendingum sem þangað fluttust eftir stríð, töluverður ættleggur sem okkur er ekki allt of kunnugt um eins og hér var reyndar nefnt líka.

Í því skráningarverkefni sem farið er af stað, undir nokkuð vanmáttugri stjórn nefndar þeirrar sem ég minntist á að utanrrn. hefði á sínum vegum, er reynt að leita til þessa hóps m.a. og annarra þeirra sem hafa flutt vestur og reynt að hafa hann með. Þá er sagt sem svo: Við ætlum ekki að stilla fólki hér upp, það erum ekki við sem ætlum að dæma um það hver er Íslendingur og hver ekki, það eru þeir vestra sem eiga að dæma um það. Ef þú vilt vera Íslendingur, þá gjörðu svo vel, þá skalt þú vera það og koma og vinna með okkur. Athygli mína vakti líka sú frásögn að í öðrum löndum væru ráðuneyti höfð til þess arna. Það á kannski einkum við um hin stærri og smærri nýlenduveldi í Evrópu. Hér er nú ekki verið að leggja til nema eina skrifstofu sem ég hygg að þurfi ekki að vera mjög stór, einkum vegna þess að hún gæti unnið í samráði við einkaaðila og félagasamtök þannig að það er ekki hætta á að þetta þenji sig út. Þó held ég að nokkrum fjármunum sé að minnsta kosti í upphafi verjandi til þess arna. Eins og vakin hefur verið athygli á hér gætu þeir fjármunir skilað sér ekki eingöngu í betri líðan og aukinni menningu okkar og þar með framsókn, heldur höfum við einnig af þessu beina viðskiptalega hagsmuni sem m.a. snúa að ferðamálum fólks hingað og okkar þangað.

Um nefndina verð ég að segja eins og áður að ég mun sætta mig við að bestu manna yfirsýn ráði í því máli. En ég lagði það ekki til sem mér fannst kannski allra augljósast að málið færi annaðhvort til allshn. eða menntmn. vegna þess að ég tel málið af nokkuð sérstöku tagi og held mig við að samgn. sem svona almenn samskiptanefnd eigi að fá málið. Það kynni kannski líka að gleðja hana í sínum venjulegu jarðlegu vekefnum að fá mál sem hún gæti lyft augum aðeins lengra fram á veginn heldur en að næstu brú eða næsta malbikaða metra. En það ætla ég ekki að gera að stórmáli frekar en önnur smærri atriði í þessu efni en þakka fyrir umræður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11. mál.

Fundi slitið kl. 19:51.

78. FUNDUR

miðvikudaginn 26. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Vísitölubinding langtímalána, fsp. KPál, 269. mál, þskj. 522.
2. Öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi, fsp. HG, 279. mál, þskj. 533.
3. Framkvæmd á framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið, fsp. HG, 333. mál, þskj. 604.

Til utanríkisráðherra:

4. Miðlun EES-gerða á íslensku um tölvunet, fsp. HG, 334. mál, þskj. 605.

Til menntamálaráðherra:

5. Aðbúnaður Ríkissjónvarpsins, fsp. SK, 368. mál, þskj. 646.
6. Starfsemi og nám í stýrimannaskólum, fsp. MF, 372. mál, þskj. 650.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svofellt bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.“

Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur áður tekið sæti á Alþingi. Ég býð hann velkominn til starfa á ný.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, 376. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 661.

Vísitölubinding langtímalána.

Fsp. KPál, 269. mál. — Þskj. 522.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Virðulegi forseti. Frá byrjun níunda áratugarins hafa skuldir heimilanna vaxið frá því að vera 20% af ráðstöfunartekjum þeirra í að vera 120% eða sexfaldast á 15 árum. Erlendis hafa heimilin verið að greiða niður skuldir sínar.

Maður veltir því fyrir sér, herra forseti, hverjar ástæðurnar eru að baki slíkri þróun. Þær geta ekki legið í því að fólk

hafi skyndilega farið að eyða og spenna langt umfram efni eftir 1980. Hvers vegna ætti slíkt að vera líka?

Margir halda því fram að við Íslendingar höfum aldrei vaxið upp úr því að neikvæðir vextir borgi upp skuldirnar. Þessari fullyrðinu er ég ósammála. Við Íslendingar erum menntuð þjóð. Við kunnum að reikna og finnum ballansinn jafnfljótt með jákvæðu vaxtastigi og neikvæðu. Hverjar eru þá ástæðurnar?

Ég hef lesið greinar síðustu ára sem birst hafa í blöðum og rætt við virta hagfræðinga hér á landi og verður að viðurkennast að menn greinir mjög á um ástæður og hvað þurfi að gera. Nokkrar grundvallarstaðreyndir eru þó til staðar og má að mínu viti leggja til grundvallar þó hagfræðingar séu mér ekki allir sammála um niðurstöðurnar.

Ein af grundvallarkennisetningum hagfræðinnar er að fyrirtæki og einstaklingar þoli ekki hærri vexti en sem nemur hagvextinum. Hagvöxtur á Íslandi hefur verið 2–4% á þessum tíma meðan vextir hafa verið 6–10% auk verðbólgu. Þá erum við kannski að nálgast kjarna málsins, hvort vísitölubinding lána til heimilanna hafi haft þessi áhrif, en slík tenging byrjaði með svonefndum Ólafslögum árið 1980.

Af sumum bandarískum hagfræðingum er verðtrygging langtímalána talin mæla hærri verðbólgu en raunverulega er og haldi þannig upp hærra verði á vörum, þjónustu og vöxtum. Í dag eru t.d vextir taldir vera 3% hærri hér á landi en í sambærilegum löndum í Evrópu. Það hefur leitt til þess að fjárfestar leita meira til erlendra lánastofnana nú en á síðustu árum.

Að afnema verðtryggingu eða breyta henni er mál sem þarf nákvæmrar skoðunar við. Að finna leiðir til þess að mæta síhækkandi skuldum heimilanna er einnig mál sem þarf nákvæmrar skoðunar við. Sú skuldasöfnun er staðreynd þó vænlega horfi almennt í efnahagslífi þjóðarinnar eftir stöðugleika síðustu fimm ára.

Af þessum ástæðum, herra forseti, hef ég lagt spurningar fyrir hæstv. forsrh. sem hljóða svo, virðulegi forseti:

1. Telur ráðherra að tenging langtímalána við vísitölu hafi efnahagslega þýðingu?

2. Eru hugmyndir uppi um að fella niður heimildir til að tengja lán við breytingar á vísitölu?

3. Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fjölskyldu um síðustu áramót?

4. Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fyrirtæki um síðustu áramót?

5. Hve langan tíma tæki að afnema vísitölubindingu lána eftir að ákvörðun um það væri tekin?

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Svar mitt, sem ég byggi á upplýsingum frá Seðlabanka Íslands, við fyrstu spurningunni er eftirfarandi: Margt bendir til þess að verðtrygging á langtímalánum hafi jákvæð efnahagsleg áhrif. Verðtrygging á langtímaskuldbindingum dregur úr óvissu um raunvexti fjárskuldbindinga og verður það til þess að áhættuálag í vöxtum þeirra verður mun minna og raunvextir því lægri. Lánstími getur því yfirleitt orðið lengri. Til samans veldur þetta því að greiðslubyrði lántakenda verður lægri en ella. Hinn þjóðhagslegi ávinningur af minni óvissu birtist í því að raunvextir verða lægri fyrir vikið. Ekki verður séð að neinn viðlíka tilkostnaður sé því samfara að ná þessum ávinningi þar sem raunlækkun óverðtryggðra skulda með óvæntri verðbólgu verður nær örugglega dýru verði keypt við aðstæður frjálsra og opinna fjármagnsmarkaða. Afleiðingin yrði fjármagnsflótti og mun hærri vextir í framhaldinu en ella hefði orðið.

Þegar óverðtryggt lán er veitt til langs tíma þarf lánveitandinn að mynda sér einhverja skoðun á verðbólguhorfum á öllum lánstíma lánsins. Það segir sig sjálft að það kann að vera erfitt þegar t.d. er um að ræða tíu ára lán eða lengra. Fjárfestar eru einnig misvissir í sinni sök í þessum efnum. Af þessum ástæðum áskilja þeir sér því áhættuálag í vöxtum. Því hærri sem þeir telja að verðbólgan verði, því hærri verða nafnvextirnir og því hræddari sem þeir eru um verðbólgu, þá geta þeir þurft að reikna með enn þá hærri ávöxtun. Áhættuálagið veldur því ótvírætt að raunvextir verða hærri. En þeir verða einnig hærri en ella ef verðbólguvæntingar markaðarins reynast of svartsýnar. Það er aðeins ef óvæntur verðbólguskellur á sér stað að raunvextir verða lægri en fjárfestar ætluðu sér í upphafi. Aukin verðbólguhræðsla getur einnig valdið því að lánstími hinna óverðtryggðu lána sem í boði eru styttist.

Verðtrygging veldur því að lánveitandi losnar við verðbólguáhættu. Lántakandi nýtur þess í lægri raunvöxtum en á móti kemur að hann getur ekki átt von á að óvænt verðbólga éti upp höfuðstól lánsins. Það ætti þó ekki að vera vandamál enda væntingar um slíkt vart eðlilegt tilefni lántöku. Þar sem verðtryggð og óverðtryggð skuldabréf til langs tíma eru hlið við hlið á markaði, eins og t.d. í Bretlandi, kemur þessi raunvaxtamunur yfirleitt skýrt fram. Til dæmis má taka að um miðjan febrúar voru vextir verðtryggðra ríkisverðbréfa til tíu ára í Bretlandi um 3,34% en nafnvextir sambærilegra óverðtryggðra bréfa um 7,11%. Spáð er að meðaltali 3,1% hækkun framfærslukostnaðar í Bretlandi milli áranna 1996 og 1997 og fyrirliggjandi tíu ára verðbólguspár gefa svipaða niðurstöðu. Þetta felur í sér að raunvextir óverðtryggðra bréfa hafa um miðjan febrúar verið 3,9% eða 0,6% hærri en á verðtryggðum bréfum.

Í þessu sambandi má einnig benda á að undanfarin fjögur ár hafa raunvextir á óverðtryggðum útlánum banka og sparisjóða hér á landi verið um 1,7% hærri að meðaltali en af verðtryggðum lánum. Sem dæmi um þýðingu verðtrygginga hér á landi má benda á að húsnæðislán til 25–40 ára eru fjármögnuð með sölu verðbréfa á markaði. Án verðtryggingar væru slík bréf að líkindum óseljanleg. Afnám verðtryggingar mundi því annaðhvort leiða til mun styttri lánstíma húsnæðislána eða mikils fjáröflunarvanda húsnæðiskerfisins.

Ofangreindir kostir verðtryggingar langtímaskuldbindinga njóta nú æ meiri viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi. Það sést m.a. af því að æ fleiri ríki gefa nú út verðtryggð ríkisskuldabréf til langs tíma. Meðal iðnríkja eru slík bréf nú gefin út í Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi, Kanada, Nýja-Sjálandi og Sviþjóð. Rétt er að benda á að í Bandaríkjunum voru fyrstu verðtryggðu skuldabréf ríkissjóðs boðin út í janúar sl.

Þá var spurt um hugmyndir um að fella niður heimildir til að tengja lán við breytingar á vísitölu. Ekki eru uppi hugmyndir um slíkt, enda ekki hagstætt, samanber svar við fyrri spurningu. Hins vegar mótuðu ríkisstjórn og Seðlabanki sameiginlega stefnu vorið 1995 um að draga úr verðtryggingu á styttri enda markaðarins, enda eru kostir hennar þar minni og henni fylgja ýmis vandamál þegar um er að ræða styttri skuldbindingar eins og fram kom m.a. í áliti vaxtamyndunarnefndar sem starfaði haustið 1993 og einnig að nokkru leyti í áliti nefndar um endurbætur á innlendum skuldabréfamarkaði sem starfaði á vegum viðskrh. og skilaði

af sér í apríl 1996. Ofangreind stefna felur í sér að verðtrygging innstæðna í bönkum verður óheimil frá og með 1. janúar árið 2000 og lágmarkstími verðtryggðra skuldabréfa verði sjö ár. Næsti áfangi þessarar þróunar mun eiga sér stað 1. janúar 1998 þegar lágmarksbinditími verðtryggðra innstæðna verður hækkaður úr einu ári í þrjú og lágmarkstími verðtryggðra skuldabréfa verður lengdur úr þremur árum í fimm.

Þá var spurt: Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fjölskyldu um síðustu áramót? Ekki liggja fyrir upplýsingar um þetta efni miðað við síðustu áramót. Hins vegar liggur fyrir uppgjör Seðlabankans á útlánum lánakerfisins í lok september á síðasta ári. Samkvæmt því eru skuldir heimila metnar á 342,9 milljarða kr. Af þeim eru 310,8 milljarðar verðtryggðir eða 90,6%. Fjöldi fjölskyldna er talinn um 140 þús. og eru þær þá skildgreindar sem hjón, sambýlisfólk og einstaklingar eldri en tvítugir. Meðalskuldir hverrar fjölskyldu eru því 2,4 millj. kr. Þar af eru um 2,2 millj. kr. með verðtryggðum kjörum. Ef aðeins eru teknar þær fjölskyldur sem skulda, en það eru taldar þær fjölskyldur sem skulda samkvæmt uppgjöri lánastofnana og gefa upp skuldir á skattframtali, verða meðalskuldir um 3,6 millj. kr. og verðtryggðar skuldir 3,2 millj. kr.

Síðan var spurt: Hve há voru vísitölubundin lán að meðaltali á fyrirtæki um síðustu áramót? Heildarskuldir fyrirtækja í lok september voru taldar 343,3 milljarðar kr. Af þeim eru 36,6% verðtryggðar eða 125 milljarðar kr. Meðaltalsskuld á fyrirtæki verður þá 18,5 millj., þar af 6,8 millj. verðtryggðar. Hafa verður þann fyrirvara á að skil á milli einstaklinga og fyrirtækja eru ekki alltaf glögg en hér er miðað við þá lögaðila sem eru með virðisaukaskattskylda veltu er nemur 1 millj. kr. eða meir. Þessir lögaðilar eru 18.539.

Í síðasta lagi var spurt: Hve langan tíma tæki að afnema vísitölubindingu lána eftir að ákvörðun um það væri tekin? Vísitölubindingu nýrra lána má afnema án fyrirvara sé aðeins litið til lögformlegra og tæknilegra hliða þess máls. Vísitölubinding á eldri skuldbindingum verður hins vegar vart afnumin nema með lögum en á markaði tíðkast nú lán til allt að 40 ára.

[13:42]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í kjölfar fyrirspurnar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í haust kom fram að skuldir heimilanna eru nú yfir 350 milljarðar. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa skuldir heimilanna hækkað um 100 millj. á hverjum einasta degi. Lán heimilanna eru 90% verðtryggð en verðtrygging þekkist varla erlendis. Stjórnvöld hafa ákveðið að banna verðtryggingu innlána frá árinu 2000 en áfram á að lána út með verðtryggingu. Að mínu mati á að banna verðtryggingu útlána alveg eins og það verður bannað að verðtryggja innlán. Við verðum, herra forseti, að hafa hugrekki til að treysta stöðugleikanum. Þó sjö ár séu ekki langur tími í hagsögu og óverðtryggðir vextir verði fyrst um sinn hærri en verðtryggð kjör, þá er brýnt að koma vaxtakjörum lána í eðlilegan farveg og afnema verðtryggingu sem er arfur fortíðarinnar.

Ég skora á ríkisstjórnina að fylgja eftir fyrirhuguðu banni á verðtryggð innlán með banni á verðtryggingu útlána.

[13:43]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Stjórnvöld þurfa að hafa hugrekki til að treysta borgurunum fyrir fjármálum sínum. Það segi ég við ræðu síðasta hv. þm. Það sýnir sig að raunvextir af verðtryggðum lánum hafa síðustu fimm til sex árin ætíð verið lægri en raunvextir af óverðtryggðum lánum. Það er skuldurunum til hagsbóta að verðtryggingin sé í gildi en ekki öfugt.

Það hefur komið fram í ræðum þingmanna hér á undan að skuldir heimilanna hafi aukist. Það er innbyggt inn í skattkerfið. Það að menn geti dregið vexti frá skatti og vaxtabæturnar hvetur menn til skulda og það er innbyggt inn í skattkerfi okkar að fólk skuldi sífellt meira og meira.

[13:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft stórmáli. Lánskjaravísitalan er alltaf spurning. Auðvitað er það aðalatriðið sem þarf að skoða hvort hún er rétt mæld. Það leikur grunur á að vogin sé skökk, byggingarvísitalan komi þar rangt inn þannig að þarna sé ekki rétt mæling.

Ég álít að verðtrygging á húsnæðislánum sé mikil tímaskekkja og þekkist raunar hvergi í veröldinni. Unga fólkið stendur frammi fyrir því að fá 70–75% húsnæðislán verðtryggð. Einn daginn verður verðfall á markaðnum og þá standa skuldirnar upp úr þakinu. Svona kjör býður engin þjóð sinni ásku í víðri veröld.

Hitt er svo stærsta málið, hæstv. forsrh., að lækka vexti. Ég hef orðið vitni að því að hæstv. fjmrh. hefur tekið ofurstana á Íslandi, þessa fimm menn sem ráða vaxtastiginu á Íslandi, til bæna og sagt: Ef þið kaupið ekki á 5% ríkisbréfin, þá er ég farinn á erlendan markað. Þeir keyptu. Þeir eru komnir upp í 7–8% á nýjan leik. Það er stærsta hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf og almenning að nú, þegar boðuð eru hallalaus fjárlög, verði á nýjan leik tekið á peningaofurstunum á Íslandi sem ráða vaxtastiginu. Þar eru verkalýðsforingjar, þar eru atvinnujöfrar og þar eru einstaklingar sem eiga mjög mikla peninga. Við þurfum að taka á þessum aðilum.

[13:46]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda og hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það sem mér finnst standa upp úr í þessari umræðu eru þær upplýsingar sem fram komu í máli hæstv. forsrh. um vaxtastigið í Bretlandi sem leiðir það í ljós að vextir á verðtryggðum pappírum eru verulega lægri en þeir gerast hér á landi.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þeir liggja á bilinu 3–4% umfram verðtryggingu en á ríkispappírum hér á landi er samsvarandi tala 6–7%. Ef við værum að tala um skuldbindingar almennings, lán sem almenningur gæti tekið í bönkum, þá værum við sjálfsagt að tala um lán á bilinu 8% til jafnvel 12% umfram verðtryggingu þannig að við blasir í þessu samhengi að vextir hér á landi eru náttúrlega allt of háir fyrir utan það að allar efnahagslegar forsendur hafa verið skapaðar fyrir því að við gætum lækkað vexti. Hér hefur opinber lánsfjárþörf minnkað. Hér hefur sem betur fer ríkt stöðugleiki í verðlagi og við blasir á afkomutölum sem viðskiptabankarnir hafa verið að birta á undanförnum dögum að afkoma þeirra hefur batnað.

[13:48]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög greinargóð og skýr svör og hv. þm. fyrir þátttökuna í umræðunni.

Það er ljóst að Seðlabankinn hefur haft þá skoðun að verðtrygging lána sé heppilegri heldur en tenging án verðtryggingar þannig að ljóst var að svör Seðlabankans yrðu á þá lund. Ég veit að hæstv. forsrh. hefur tekið mið af því. Ég hef þá skoðun og trú eigi að síður að þó svo að Seðlabankinn hafi þessa skoðun þá sé nauðsynlegt í ljósi þeirrar stöðu sem heimilin standa frammi fyrir í dag að hæstv. forsrh. eða ríkisstjórnin skoði hvernig mætti mæta þessum mikla vanda sem heimilin standa frammi fyrir.

Menn hafa bent á það í bankakerfinu m.a. að hugsanlega væri betri leið til þess að mæta þessum vanda heimilanna að tryggja húsnæðislán með launavísitölu í staðinn fyrir verðlagsvísitölu. Því hefur verið haldið fram að verðlagsvísitalan sé svo viðkvæm fyrir breytingum að stórverslanir geti jafnvel lækkað stórlega verð á grænmeti fyrir stóran gjalddaga hjá sjálfum sér og fengið þannig niður verðlagsvísitöluna.

Þetta eru fullyrðingar sem leikmenn eins og ég geta ekki metið en þó er haldið fram.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé ýmislegt í þessu kerfi sem mætti fara betur og því skora ég á hæstv. forsrh., sem ég veit að vill gera vel fyrir launafólk og heimili í landinu, að athuga þessi mál eftir bestu getu.

[13:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. er það mikilvægasta verkefnið hjá okkur að lækka raunvextina almennt. Það er alveg hárrétt sem hér kom fram. Ef við horfum dálítið til baka þegar við erum að velta fyrir okkur vísitölubindingu vaxta og slíkum kjörum og síðan óverðtryggðum lánum minnast menn þess kannski að á meðan lán voru óverðtryggð og verðbólgan há, þá hurfu lánin. En menn eru ekki að biðja um slíkt tímabil aftur þannig að fólk með langtímaskuldbindingar yrði ekki betur sett ef verðtrygging yrði afnumin, ef það þýddi aðeins að raunvextir nafnvaxta mundu hækka. Það yrði eingöngu betur sett ef verðbinding yrði afnumin, ef verðbólgan færi upp úr öllu valdi. Þetta þurfa menn að hafa í huga.

Þær upplýsingar sem við búum við núna sýna okkur að við normalástand er raunvaxtastigið sem fólkið er að borga lægra við vísitölubindinguna vegna þess að áhættuþátturinn minnkar. Við erum aðeins að horfa til glæstrar fortíðar 50% verðbólgu þegar við erum að horfa til þess að óverðtryggðir vextir geti hjálpað okkur í baslinu.

Öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi.

Fsp. HG, 279. mál. — Þskj. 533.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fyrirspurn fram við hæstv. forsrh. um öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi. Hún er í tveimur liðum og svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Hefur farið fram úttekt á því hvernig best verði að því staðið að tryggja öryggi þeirra mörgu sem fara munu um Skeiðarársand á þessu ári, m.a. til að skoða minjar um stórhlaupið í nóvember 1996?

2. Til hvaða aðgerða er talið rétt að grípa af stjórnvalda hálfu í þessu sambandi og hverjir munu skipuleggja þær og bera á þeim ábyrgð?

Tilefni fyrirspurnarinnar eru þær aðstæður sem skapast hafa á Skeiðarársandi í kjölfar stórhlaupsins 5.–7. nóv. sl. Fullvíst má telja að þangað leiti fjöldi ferðamanna, innlendra og erlendra, á þessu ári í meiri mæli en verið hefur vegna náttúruhamfaranna. Það er ekkert nema gott um það að segja og einmitt slíkir atburðir eiga mikinn þátt í aðdráttarafli lands okkar gagnvart útlendingum. Að hinu þarf jafnframt að hyggja að sem best sé gætt upplýsinga um þær hættur sem víða geta leynst á svæði sem vatnsflaumur fór yfir með *jakaburði og kynstrum af aur* sem og við jökulrönd og á sjálfum Skeiðarárjökli.

Það er alþekkt frá fyrri tíð að Skeiðarársandur og vötnin þar voru oft ófær um lengri tíma í kjölfar slíkra hlaupa sem best sést á því að krækt var fyrir upptök Skeiðarár á jökli oft langtímum saman, einkum að sumarlagi. Áður fyrr ferðuðust menn oftast af nauðsyn en nú eru skemmtiferðir og skoðun landsins erindi meiri hluta fólks að sumarlagi. Fyrritíðarmenn þekktu allvel til aðstæðna en nú kemur á vettvang fjöldi fóks til að svala forvitni sinni alls óvant svörtum sandi með sandbleytur, ísjaka og jakahvörf.

Heimamenn hafa af þessu nokkrar áhyggjur. Ferðafélag Austur-Skaftafellssýslu ræddi og ályktaði um málið á aðalfundi sínum laugardaginn 15. febr. sl. og beindi þeim óskum til yfirvalda ferða- og samgöngumála auk Almannavarna ríkisins að vinnu við skýrslugerð og tillögur að öryggi ferðafólks á Skeiðarársandi verði hraðað. Við þá vinnu verði heimamenn hafðir með í ráðum. Nauðsyn ber til að gripið verði til varúðarráðstafana á sandinum á allra næstu dögum, segir í ályktun fundar Ferðafélags Austur-Skaftafellssýslu.

Ég valdi, virðulegur forseti, að beina fyrirspurn minni til hæstv. forsrh. þar eð málið er margþætt og snertir málasvið margra ráðuneyta auk stjórnvalds í héraði og áhugamannasamtök svo sem *björgunarsveitir*.

[13:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur borið fram svohljóðandi fyrirspurn um öryggi ferðamanna á Skeiðarársandi:

1. Hefur farið fram úttekt á því hvernig best verði að því staðið að tryggja öryggi þeirra mörgu sem fara munu um Skeiðarársand á þessu ári, m.a. til að skoða minjar um stórhlaupið í nóvember 1996?

2. Til hvaða aðgerða er talið rétt að grípa af stjórnvalda hálfu í þessu sambandi og hverjir munu skipuleggja þær og bera á þeim ábyrgð?

Samkvæmt upplýsingum Almannavarna ríkisins hafa Almannavarnir í samvinnu við lögreglustjórann í Austur- og Vestur-Skaftafellssýslum unnið að gerð tillagna um hvernig best verði staðið að viðvörun til almennings vegna þeirrar hættu sem kann að steðja að ferðamönnum á Skeiðarársandi. Lagðar hafa verið fyrir almannavarnaráð tillögur um málið og voru þær samþykktar á fundi ráðsins hinn 23. jan. sl. Almannavarnir ríkisins telja rétt að eftirfarandi aðgerðir komi til framkvæmda og eru að vinna að þeim:

1. Að komið verði upp í samráði við sýslumenn áberandi skiltum við þjóðveg 1 beggja vegna Skeiðarársands þar sem fram komi upplýsingar um eðli og umfang þeirrar hættu sem ógnar öryggi ferðafólks á sandinum.

2. Að komið verði fyrir smærri aðvörunarskiltum við þá vegarslóða sem liggja af aðalvegi út á sandinn.

3. Vegaverkstjórum og lögreglumönnum verði falið að skoða svæðið og að ákveða staðsetningu ofangreindra skilta.

4. Tekinn verði saman einblöðungur í samráði við sýslumenn þar sem fram komi helstu upplýsingar um umrædda hættu, hvað beri að varast, helstu símanúmer og þess háttar. Einblöðungur þessi verði gefinn út á íslensku, ensku, þýsku og frönsku.

Þá er við þessar upplýsingar að bæta að Vegagerð ríkisins mun eiga samstarf við framangreinda aðila og verður leitast við að tryggja að öllum ferðamönnum verði gerð ljós sú hætta sem kann að steðja að fólki á ferð um það svæði sem hér um ræðir.

[13:56]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir að vekja máls á þessu og enn fremur hæstv. forsrh. fyrir að upplýsa okkur um að þarna sé verið að grípa til ráðstafana. Það er ljóst að ferðamannastraumur á þetta svæði mun aukast verulega í sumar og næstu ár. Fjöldi erlendra ferðamanna og vísindamanna kemur gagngert frá útlöndum til þess að skoða þau náttúruundur sem þarna er að sjá á sandinum.

Staðan er hins vegar þannig að við höfum reynslu fyrir því að jakar sem þarna hafa borist fram verpast sandi og þeir bráðna í tímans rás og þarna myndast sanddý. Þegar maður les gamla annála er hægt að sjá allnokkur dæmi, t.d. frá 18. öldinni, um það að stórgripir hafi farist í slíkum dýjum, en það eru líka dæmi um mannskaða. Það eru dæmi um það að nokkrir menn hafi tapað lífi vegna þess að þeir hafi fallið í slíkar gryfjur. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. vekur máls á þessu og enn fremur að menn hlutast til um það að reyna að setja fram leiðbeiningar um það hvernig beri að forðast þær hættur sem á sandinum eru.

[13:57]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég hafði vænst ítarlegri leiðsagnar af hálfu Almannavarna ríkisins en þeirrar sem samþykkt hafði verið 23. jan. sl. og ég tel afar þýðingarmikið að það verði sem skýrast hverra er ábyrgðin. Ég veit ekki hvort ég heyrði rétt um hlut Vegagerðarinnar í þessu sambandi. Sjálfsagt getur hún verið gildur aðili að þessu, en ég held að það hljóti að koma til álita að það séu heimildir til þess að loka einhverjum svæðum vegna hættu. Þá hef ég ekki síst í huga svæðin vestanvert við Skeiðará eða hlaupsvæði Skeiðarár sjálfrar og Sæluhúsakvíslina þar sem vatn dreifðist yfir svæði og það er ekki skýrt afmarkað af farvegum eða slíku, t.d. við Gígju. Ég tel því að þarna þurfi menn að vera mjög vel á verði. Ég legg áherslu á að það sé greitt fyrir því að ferðafólk geti notið þess sem þarna er að sjá. Leiðsögn, t.d. með stikuðum leiðum á valda staði, getur auðveldað og flýtt fyrir fólki að fá notið þess sem fyrir augu ber, sem er stórbrotið, og jafnframt án þess að stofna lífi og limum í hættu.

Ég vek athygli á merkum greinum sem Páll Imsland jarðfræðingur kom á framfæri í Morgunblaðinu nýverið þar sem dregnar eru fram þessar margvíslegu hættur sem geta verið býsna duldar. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson vitnaði til fyrri tíðar. Ég hygg að það hafi verið helsta dæmið sem var leitt fram um mann, hestríðandi, sem reið ofan í sandpytt eftir ísjaka. Ég held að það hafi verið í kjölfar stórhlaupsins 1861 og sá hafi heitið Vigfús, en þetta er sagt eftir minni, þannig að vissulega eru dæmi um þetta. Þetta var maður sem átti að þekkja til aðstæðna og hvað þá um fólk sem kemur úr fjarlægum löndum til þess að njóta þeirra ummerkja sem þarna er að sjá.

Því hvet ég til þess að þarna verði sem skýrust leiðsögn og skýrust ábyrgð og þetta verði athugað áframhaldandi. Hættan er þegar fyrir hendi. Það er fólksstraumur inn á svæðið.

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel að yfirvöld hafi þegar almennar heimildir til þess að afmarka og banna umferð um þau svæði sem hættulegust geta talist í þessu sambandi. Við höfum náttúrlega nokkra reynslu af því að láta ekki síst erlenda ferðamenn umgangast erfið og hættuleg svæði á ferðamannaslóðum. Við þekkjum það úr Námaskarði og jafnvel kringum Geysi og slíka staði að þar er leitast við að girða vissa hluta af en jafnframt að tryggja aðkomu bæði innlendra og erlendra ferðamanna. Þetta er svolítið vandspilað. En þýðingarmest er þó fyrir okkur að aðvaranir til þeirra sem ekki mega vita af hættunni liggi greinilegar fyrir þannig að fólk hafi almennt verið áminnt um varúð og geri sér grein fyrir hvers konar hættur geti leynst á svæðinu. Það hefur reynst þokkalega á okkar hverasvæðum en þó hafa varla liðið sumur sem ekki hafa orðið stóralvarleg slys. Þó hafa menn ekki viljað loka svæðunum af.

Framkvæmd á framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið.

Fsp. HG, 333. mál. — Þskj. 604.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrr á þessum vetri var gefið út rit, í október 1996 er það tímasett, undir heitinu Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið. Þetta er gagnmerkt verkefni sem þarna var tekið á og fróðlegt rit og ég ber í framhaldi af útkomu þess fram svofellda fyrirspurn til hæstv. forsrh. Hún er í fjórum liðum:

1. Með hvaða hætti ætla stjórnvöld á næstunni „að gera almenningi auðveldara en nú er að fylgjast með starfsemi opinberra aðila, ná í þær upplýsingar sem sjálfsagt er að opnar séu landsmönnum . . . “, eins og segir í Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið?

2. Hversu mikið af gögnum Stjórnarráðsins, sem aðgengileg eiga að vera fyrir almenning lögum samkvæmt, eru lauslega áætlað þegar fyrirliggjandi á vef alnetsins, t.d. miðað við gögn sem urðu til: fyrir árið 1990, frá árinu 1990 að telja, á árinu 1996?

3. Eru slík gögn Stjórnarráðsins, sem aðgengileg eiga að vera almenningi lögum samkvæmt, nú færð í tölvutæku formi til miðlunar á vefnum?

4. Með hvaða hætti verður mótuð heildarstefna um fjárveitingar af opinberri hálfu til að hrinda í framkvæmd þeim markmiðum sem snúa að opinberum aðilum og sett hafa verið fram í Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið? Liggja nú þegar fyrir vísbendingar um hver þörfin gæti verið í þessu skyni, t.d. næstu þrjú ár?

Þetta er fyrirspurnin. Sú vinna sem hér var framkvæmd er mjög athyglisverð að mínu mati og eins og fram kemur í ritinu komu þar að mjög margir, jafnvel allt að 200 manns og níu starfshópar sem að þessu unnu og mér finnst margt af því sem þarna er sagt horfa til framtíðar og vera mjög

þýðingarmikið. Þess vegna skiptir auðvitað máli að svona stefnumörkun rykfalli ekki heldur verði lifandi í verkefnum og vinnu þeirra sem erindinu er beint til og þar hljóta opinberir aðilar að ganga fyrir. Mér er það ljóst að hér er talsvert verk fram undan, sérstaklega ef menn ætla að gera gögn fyrri tíðar aðgengileg í einhverjum mæli.

Ég vek athygli á því þegar ég lít yfir ritið að ég hafði gaman af því að lesa þetta rit og ég rakst þar nánast á nýmæli og leyfi mér að nefna það hér. Það er alltaf fróðlegt. T.d. er í formála hæstv. forsrh. talað um að með Íslendingum bærist talsverður þrái og sterk sjálfstæðiskennd. Annars staðar í ritinu, á bls. 13, er talað um strandaglópsku og útþrá. Ég hef raunar ekki heyrt um strandaglópsku. Það er ekki algegnt að nota það í þessu formi. En þetta er einkenni sagt vera á Íslendingum og enn er sagt um Íslendinga að í þeim blandist, og það er á bls. 13, norræn kergja og keltnesk dulúð, svo að menn sjá að það er djúpt rýnt í þessu riti varðandi eigindir Íslendinga og er nokkuð óvenjulegt að sjá slíkar afurðir í riti af þessu tagi sem hér er á ferðinni og er ég síst að lasta það þó að menn geri atrennur að eiginleikum okkar og nýti íslenskt mál jafnvel þó að sé á tæpasta vaði.

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég get nú huggað hv. fyrirspyrjanda á því að mitt svar verður á miklu meira stofnanamáli en var í skýrslunni sem hann gat um, ef það róar hann.

Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið felst, eins og hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, að stefnt skuli að því að almenningur skuli geta náð sem mestu af upplýsingum um opinbera starfsemi og sem mestu af gögnum sem hið opinbera býr yfir með því að nýta sér rafræna upplýsingamiðla og fjarskiptatækni. Í þessu skyni er að því stefnt að ráðuneyti og ríkisstofnanir miðli slíkum upplýsingum um alnetið og er sú þróun þegar hafin eins og menn komast að raun um þegar þeir skoða netið, þótt hún sé e.t.v. ekki komin ýkja langt á veg. Hins vegar er á það að líta að þessi þróun er nýhafin og breytingar á því sviði eru mjög örar. Það efni sem hægt er að eiga aðgang að á netinu eykst stöðugt og þess er að vænta að almenningur muni eiga kost á aðgangi að mun meira efni frá opinberum aðilum á netinu í nánustu framtíð en nú er.

Ríkisstjórnin hefur með þeirri skýrslu sem fyrirspyrjandi vitnaði til markað þá stefnu að hægt verði að nálgast sem mest af opinberum upplýsingum á netinu. Varðandi það hvernig ríkisstjórnin mun standa að almennri framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið má upplýsa að verið er að setja á stofn sérstakt þróunarverkefni meðal ráðuneyta undir forustu forsrn. þar sem unnið verður að þeim markmiðum sem fram koma í stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingamálum. Á meðal þess sem sérstakri verkefnastjórn með fulltrúum fjögurra ráðuneyta verður falið er að leggja línurnar varðandi það hvernig ráðuneytið og ríkisstofnanir komi upplýsingum á framfæri með samræmdum hætti.

Eins og ég sagði áðan er þess að vænta að stefnt verði að því að aðgangur verði greiður að svo miklum upplýsingum sem kostur er. Það er bæði í þágu þeirra sem þurfa að leita sér upplýsinga hjá hinu opinbera og það er ekki síður í þágu ráðuneyta og ríkisstofnana að miðlun upplýsinga geti orðið eins einföld og skilvirk og þessi nýja tækni býður upp á.

Fyrirspyrjandi spyr um hver mikið af eldri gögnum verði aðgengileg á alnetinu. Erfitt er að fullyrða um það en þess er síður að vænta að áhersla verði lögð á að koma eldra efni á netið nema um eitthvað sérstaklega eftirsótt efni sé að ræða. Það skiptir væntanlega meiru að nýrra efni og efni sem eftirsótt er á hverri stundu sé til taks sem allra fyrst. Í þessu sambandi er rétt að nefna að verið er að leita leiða til þess að haga gerð þess hugbúnaðar sem notaður er í ráðuneytunum þannig að einfalt verði að koma gögnum og upplýsingum yfir á alnetið.

Rétt er að árétta að stjórnvöldum ber út af fyrir sig engin sérstök lagaskylda til að miðla gögnum og upplýsingum stjórnvalda á netinu. Lög skylda stjórnvöld til birtingar á afmörkuðu efni og þá á prenti og ákvæðin um að gera gögn eða efni aðgengilegt á netinu hafa ekkert að gera með þær kvaðir sem nýsett upplýsingalög leggja stjórnvöldum á herðar. Það er fremur hitt að það er í þágu almennings, ríkisins og ríkisstofnana að slíkar upplýsingar liggi fyrir á sem aðgengilegustan og auðveldastan hátt.

Hv. fyrirspyrjandi spyr sérstaklega um fjárveitingar sem veittar verði til að framkvæma þá stefnu í upplýsingamálum sem við erum hér að ræða og hvort heildarstefna um þær fjárveitingar liggi fyrir. Því er til að svara að á meðal viðfangsefna verkefnisstjórnarinnar sem fær þetta þróunarverkefni í sínar hendur í stjórnsýslunni og unnið verður að undir forustu forsrn., verður það meginverkefni hennar í fyrstunni að gera tillögur og áætla hversu mikla fjármuni eigi að veita til þessara þátta bæði almennt og eins á vegum hvers einstaks ráðuneytis.

Ég vil hins vegar einnig nefna að ekki er síður mikilvægt að fram komi frá þessum hópi tillögur um það hvernig þeim fjármunum verði best varið. Vitanlega er nú þegar umtalsverðum fjármunum varið til þessa málaflokks. Háar fjárhæðir veitum við árlega til endurnýjunar og kaupa á hugbúnaði og vélbúnaði fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir og það ber ríka nauðsyn til þess að slíkum fjármunum sé markvisst varið því að ekki er víst að svo hafi verið gert hér á árum fyrr.

[14:10]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur stýrði þessu stefnumótunarstarfi og hafði af því sérstaka ánægju að brjóta þennan texta úr viðjum stofnanamálsins. Ég fagna því að sveigt er svolítið að þjóðareinkennum Íslendinga í inngangínum og tek sérstaklega fram að þar sem fjallað er um þjóðrækni og norræna kergju er alls ekki vikið að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni frekar en öðrum hér á landi þó að þeir hafi að sjálfsögðu átt til að grípa til þjóðrækni sem er góðs viti og kergju stundum í og með.

Ég vil benda á það sérstaklega að í lokakafla þessa rits er fjallað um framkvæmd málsins og þar eru skilgreind nokkur áherslu- og forgangssvið. Þar á meðal eru menntamál og flutningsgeta og flutningsöryggi og lágmörkun kostnaðar við þessa þætti. Ég vil aðeins benda á það, til þess að undirstrika að við erum mjög langt komin á þessari braut og stöndum vel, að í dag nær breiðband til rúmlega 20 þúsund heimila á Íslandi, en heimilin eru 80–90 þúsund og vonir standa til að í lok ársins nái breiðbandsvæðing til 30 þúsund heimila sem er mjög góð staða og sýnir hvað Íslendingar hafa sterka stöðu á þessu sviði borið saman við Evrópuþjóðir.

[14:11]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með það að ríkisstjórn Íslands hafi sett fram framtíðarsýn sína um

upplýsingasamfélagið um leið og ég furða mig á því að í 20 manna nefnd skulu hafa verið valdir 18 karlar og tvær konur. Hvernig stendur á því, hæstv. forsrh., að enn þá eru nefndir skipaðar með þessum hætti þrátt fyrir ákvæði jafnréttislaga? Stendur e.t.v. til að skipa aðra nefnd um konur og upplýsingasamfélagið? Það er mjög mikilvægt að það sé tekið á því máli þar sem það mun að öllum líkindum skilja á milli feigs og ófeigs á vinnumarkaði framtíðarinnar hvort við náum tökum á þessari tækni eða ekki.

[14:12]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir viðbrögð hans og svör við þessari fyrirspurn. Það er góðra gjalda vert að það er sýnt að framhald verður á málinu. Það er verið að vinna að málinu, þróunarverkefni eru sett á laggirnar og verkefnastjórn. Það var nú ekki upplýst af hæstv. ráðherra hverjir leiddu eða væru í forustu fyrir því starfi. Það gæti verið fróðlegt að heyra um það hvort kona leyndist kannski í þeim hópi vegna þess sem hér var nefnt réttilega, þ.e. hversu hallar á í nefndaskipuninni. Ég tek undir það að hér er auðvitað um að ræða vinnu sem bæði er í þágu væntanlegra notenda sem og miðlara, þ.e. stjórnsýslunnar sjálfrar og ráðuneytanna. Mér er ljóst að hér er ekki um lagaskyldu að ræða en hins vegar gæti þetta auðveldað að uppfylla lagaskyldu samkvæmt lögum upplýsingar, upplýsingaskyldu stjórnvalda, því að þau eru lögskylduð til þess að sinna þar ákveðnum verkefnum. Það ætti þá auðvelda málin að það sé aðgengilegt á vefnum.

Ég spurði um fjármögnun og hún liggur ekki fyrir en það ræður auðvitað úrslitum um það hversu greitt verður unnið í þessu máli. Ég nefni að í Svíþjóð, sem dæmi um Norðurlöndin, er vinna að þessum málum komin býsna langt. Þar er gagnabankinn Rixlex svokallaði sem er mikið tölvukerfi fyrir ríki og þing og það er ekki tekið gjald lengur fyrir notkun þess. Það var gert í upphafi og þarna liggur fyrir sem sagt mikið efni og aðgengilegt hjá þeim. Þeir eru mjög framarlega í upplýsingaskyldu og eru að reyna að reka þau trippi innan Evrópusambandsins þar sem margt er nú hulið og dulið í þessum efnum.

Ég ítreka þakkir fyrir svörin og Alþingi þarf auðvitað að fylgjast með þessum málum. Ég nefni það, virðulegur forseti, í lokin að gott er til þess að vita að hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur lagt gjörva hönd á þessa vinnu og skilað henni hér sumpart á frumlegu íslensku máli.

[14:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Aðeins vegna eins atriðis, um fjölda kvenna í nefndinni, þá er þetta nú kannski svipað dæmi og annað sem rætt var fyrir fáeinum vikum í þjóðfélaginu. En þarna er um að ræða tilnefningar aðila og síðan aðila sem sitja í nefndinni í krafti embætta sinna. Það hefur áhrif í þessum efnum. En það er rétt að þess sé sérstaklega getið að það starfaði síðan sjö manna verkefnisstjórn að undirbúningi málsins. Þar voru sex karlar og ein kona og konan var formaður nefndarinnar, Guðbjörg Sigurðardóttir, og mæddi mest á henni í vinnunni og er ekki vafi á því að áhrif þess kyns hafa kannski skilað sér í ríkara hlutfalli en tala nefndarmanna segir fyrir um þannig að í þessum efnum naut þessi starfsemi og stefnumótun ekki aðeins leiðsagnar Tómasar Inga Olrich heldur einnig þessa ötula verkefnisstjóra. Ég vænti þess að atbeini hennar geti komið áfram að þessu máli við frekari vinnslu þess sem full alvara er í að fylgja eftir, ekki vegna þess að þar sé um að ræða kosningaloforð flokka eða stjórnmálamanna heldur vegna þess að þetta er sívaxandi viðfangsefni allra í þjóðfélaginu og menn sjá sameiginlegan hag í þessu, ríkið og almenningur.

Aðbúnaður ríkissjónvarpsins.

Fsp. SK, 368. mál. — Þskj. 646.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Svanhildur Kaaber):

Hæstv. forseti. Fjölmiðlun, starfsaðstaða fjölmiðla og stjórnun hefur verið mikið til umræðu undanfarna daga og ekki að tilefnislausu. Fréttir liðinnar viku um sameiningu einkareknu sjónvarpsstöðvanna og þá staðreynd að með henni flyst stjórn annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins á fárra manna hendur gefur sannarlega tilefni til þess að hafa áhyggjur af samþjöppun valds, eignarhalds og áhrifa í heimi fjölmiðlanna og þeirra eignalegu tengsla sem nú hafa skapast milli allra fjölmiðla á landsvísu utan Ríkisútvarpsins og ríkissjónvarpsins. Sé litið til svars hæstv. menntmrh. við fyrirspurn hv. 8. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, sem dreift var hér á Alþingi nýlega verður manni síður en svo rórra. Í svarinu kemur fram að aðeins um það bil þriðjungur íslensks dagskrárefnis ríkissjónvarpsins er íslenskt efni og nálægt fjórðungur þess er fréttir, fréttatengt efni og íþróttir. Íslenskt efni á einkareknu stöðvunum sem nú hafa verið sameinaðar nær ekki einu sinni að vera samtals jafnmikið og það þó er nú hjá ríkissjónvarpinu.

Öllum er ljóst hve mikilvægur og sterkur miðill sjónvarpið er. Þeir sem velta fyrir sér nútíð og framtíð íslenskrar menningar hljóta einnig að hugleiða hvernig hægt er að styrkja ríkissjónvarpið og búa því þannig starfsaðstæður að það geti sinnt sínu mikilvæga hlutverki betur en nú er, sérstaklega með tilliti til innlendrar dagskrárgerðar. Til þess er einlægur vilji og metnaður innan stofnunarinnar og til þess eru reyndar ágæt tækifæri ef menn vilja sameinast um að nýta þau.

Þegar hönnun útvarpshússins í Efstaleiti hófst árið 1972 var gengið út frá því að öll starfsemi Ríkisútvarpsins yrði flutt undir sama þak. Útvarpshúsið er alls um 16 þúsund fermetrar. Um það bil 5.000 fermetrar standa þar ónotaðir til viðbótar við það húsnæði sem sjónvarpið þegar nýtir í Efstaleitinu. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að starfsemi sjónvarpsins verði þarna og lagt í umtalsverðan kostnað, eða 600–800 millj., sem verða til einskis ef þessi starfsemi verður ekki flutt í Efstaleiti. Núverandi húsnæði sjónvarpsins er að mörgu leyti óhentugt, þarf mikið viðhald og lagfæringar, og t.d kemur fram í upplýsingum fjármáladeildar Ríkisútvarpsins að viðhaldskostnaður þar miðað við fermetra er um það bil sex sinnum meiri en í Efstaleiti. Auk þess er það ófullnægjandi og fyrir ýmis verkefni verður að leigja húsnæði úti í bæ.

Fjölmargar nefndir hafa fjallað um rekstur Ríkisútvarpsins á undanförnum árum. Niðurstöður þeirra, skýrslur og kannanir eru allar hinar sömu. Mikil hagkvæmni fælist í því að sameina rekstur útvarpsdeildanna og flytja í Efstaleiti. Samkvæmt upplýsingum fjármáladeildar Ríkisútvarpsins mundi þar sparast um 50 millj. árlega sem mætti nýta til að styrkja íslenskra dagskrárgerð. Ég spyr því menntmrh.

hvort hann hyggist beita sér fyrir því að starfsemi sjónvarpsins verði flutt í útvarpshúsið í Efstaleiti. Ef menntmrh. hyggst ekki beita sér fyrir flutningi á næstu árum, hvernig verður þá bætt aðstaða og tækjabúnaður sjónvarpsins og hvernig auknir möguleikar þess til að sinna menningarhlutverki sínu, einkum innlendri dagskrárgerð?

[14:21]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Um fyrri hluta fyrirspurnarinnar vil ég segja að fyrir um það bil ári starfaði nefnd á mínum vegum og gerði úttekt á húsnæðismálum sjónvarpsins og flutningi á starfsemi þess í útvarpshúsið við Efstaleiti. Lagði ég skýrslu nefndarinnar fyrir ríkisstjórn eftir að hún barst mér. Hef ég ekki enn beitt mér frekar í þessu máli, enda tel ég önnur viðfangsefni brýnni þegar litið er til hagsmuna Ríkisútvarpsins. Tækja- og húsakostur stendur ekki í vegi fyrir því að sjónvarpið sinni menningarhlutverki sínu eða innlendri dagskrárgerð. Því til staðfestingar nægir að vitna til nýlegrar bókunar í útvarpsráði þegar fjárhagsáætlun 1997 var afgreidd, en þar segir, með leyfi forseta:

„Útvarpsráð fagnar því að starfsmönnum hefur tekist að ná jafnvægi í rekstri Ríkisútvarpsins og að nánast allir þættir rekstursins á árinu 1996 eru innan fjárhagsramma. Útvarpsráð fagnar því einnig að í fjárhagsáætlun ársins 1997 hefur tekist að ráðstafa mun meira fjármagni til innlendrar dagskrárgerðar en áður og á það bæði við um framlag til innlendrar dagskrárdeildar, svo og til fréttastofu sjónvarpsins. Þeim auknu fjárframlögum verður m.a. varið til barnafrétta. Er fjárhagsáætlun ársins 1997 í anda þeirrar sannfæringar útvarpsráðs að Ríkisútvarpið ræki best skyldur sínar með vandaðri innlendri dagskrárgerð."

Á árinu 1997 hækka fjárframlög til fréttastofu sjónvarps um 9,81% eða úr tæplega 165 millj. kr. í 181 millj. og til innlendrar dagskrárgerðar hækka framlögin um 26,48%, þ.e. úr 198 millj. kr. í 250 millj. kr. eða um 52 millj. kr.

[14:23]

Mörður Árnason:

Forseti. Það hlýtur að vera furðulegt að hæstv. menntmrh. skuli ekki svara spurningum hv. þm. Svanhildar Kaaber því að það gerir hann ekki. Hann segir að hann hafi fengið skýrslu frá nefnd, lagt hana fyrir ríkisstjórnina og ætli ekkert að gera með hana, meðan hv. þm. hins vegar upplýsir að samkvæmt hans heimildum kosti þetta ástand 50 millj. á ári. Hæstv. menntmrh. fer með smáar tölur um hækkað framlag til fréttastofu og innlendrar dagskrárgerðar en allir landsmenn vita að báðir þessir þættir í rekstri sjónvarpsins hafa verið í það algeru svelti undanfarin ár að innlend dagskrárgerð í sjónvarpi hefur aðallega beinst að einum föstum þætti. Og menn hafa beinlínis sagt þar upp sem forstöðumenn innlendrar dagskrárgerðar vegna þess að þeir sjá engan tilgang í því að stjórna svona stofnun eða hafa ekki til þess metnað.

Það sem er auðvitað að gerast með Ríkisútvarpið er það að vegna þess að hæstv. menntmrh. og útvarpslaganefnd hans, en formaður hennar situr hér fyrir framan okkur, hafa ekki komið sér saman um hvað þeir ætla að gera við Ríkisútvarpið, þá er það í sífelldri óvissu um framtíð sína. Þar er ekki mörkuð nein dagskrárstefna til framtíðar, (Forseti hringir.) starfsmenn búa við óöryggi, bæði um sín eigin störf og um það sem þeir eiga að vera að gera. Á meðan það stendur hjá Sjálfstfl. að hann hvorki þorir, getur né vill segja okkur hinum frá því hvað hann ætlar að gera við Ríkisútvarpið og koma því í almenna umræðu, þá verður Ríkisútvarpið alltaf slappara og slappara. Þannig ætla þeir sennilega að kyrkja úr því síðasta lífsdráttinn svo að það deyi af sjálfu sér eins og sjálfdauð rolla úti í haga.

[14:25]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get nú ekki tekið undir með síðasta hv. þm., Merði Árnasyni, en ég vil nota tækifærið og þakka hv. 17. þm. Reykv. fyrir að bera þessa fyrirspurn upp.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að ég á sæti í útvarpsráði og er aðili að þeirri bókun sem hér var lesin áðan. Sannleikurinn er sá að Ríkisútvarpið hefur staðið sig nokkuð vel í að koma fjármálum sínum í horf á sl. ári. Auðvitað er það hárrétt sem hv. þm. Mörður Árnason sagði hér áðan að það hefur ekki tekist nema með niðurskurði. Hitt er annað mál að það er auðvitað óviðunandi að 5.000 fermetrar skuli standa ónotaðir á meðan sjónvarpið leigir húsnæði úti í bæ, eins og það gerir t.d. undir framleiðsluna á Dagsljósi. Það nær auðvitað engri átt. Og það sem útvarpsráð horfir fram á núna er að fá niðurstöðu nefndar eða starfshóps sem fenginn var til að fara yfir rekstur Ríkisútvarpsins ásamt starfsmönnum. (Forseti hringir.) Við væntum þess að fá niðurstöður úr þeirri vinnu mjög fljótlega, en ég vil taka það fram að ég sé ekki að þær hrakspár sem hv. þm. Mörður Árnason hafði hér í frammi eigi við rök að styðjast. Ég hef enga ástæðu til að halda að hæstv. menntmrh. (Forseti hringir.) sjái helst fyrir sér að ganga af Ríkisútvarpinu dauðu, ég held að það sé ekki rétt, og því síður virðulegur formaður útvarpsráðs sem við höfum öll átt ágætt samstarf við og ég held að við eigum það öll sameiginlegt að hafa uppi töluverðan metnað fyrir hönd Ríkisútvarpsins.

[14:27]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það var vikið áðan að störfum útvarpsráðsnefndar. Ég var formaður þeirrar nefndar og vann lagafrv. í hendurnar á fyrrv. menntmrh., Ólafi G. Einarssyni. Þar var tekið sérstaklega á dagskrárgerðarmálum og lagðar fram tillögur þar að lútandi. Það er misskilningur að uppi séu einhver deilumál milli þess sem hér stendur og hæstv. menntmrh. um þessi mál. Þvert á móti hefur hann sýnt mikinn áhuga á dagskrárgerð og beitt sér fyrir því að auka hana.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Svanhildur Kaaber):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að bregðast við spurningu minni og þingmönnum sem hér hafa tekið til máls fyrir það sem þeir hafa lagt inn í þessa umræðu, en ég verð að viðurkenna að ég hafði satt að segja vonast eftir því að svör hæstv. menntmrh. við spurningunni yrðu skýrari heldur en ég skildi þau.

Mér finnst ákaflega alvarlegt að vita til þess að ríkissjónvarpið skuli búa við jafnþröngan kost og það gerir þegar allt tilefni er til að flytja starfsemi þess í mjög gott húsnæði og búa því góðar starfsaðstæður inni í Efstaleiti. Og ég verð að segja að ekki síst finnst mér fréttir úr fjömiðlaheiminum síðustu daga, eins og ég vék að í upphafi, gefa tilefni til þess að það er ákaflega nauðsynlegt og verður mikilvægara með hverjum deginum sem líður.

Það er mikið talað um hagræðingu í rekstri og hagkvæmni og þess háttar. Það eru ákaflega vinsæl hugtök núna og mikil áhersla lögð á að unnið sé samkvæmt slíkum viðhorfum, t.d. í skólastofum og á spítölum, og mér finnst full ástæða til þess

að beita þeim einmitt líka, hagræðinu og hagkvæmninni, í sambandi við mál eins og málefni Ríkisútvarpsins. Eins og vikið var að hér áðan standa rúmlega 5.000 fermetrar ónotaðir inni í Efstaleiti með þeim beina kostnaði sem því fylgir auðvitað. Ljóst er að um 50 millj. árlega mundu sparast við að sameina rekstur Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins og flytja starfsemina í Efstaleiti og það er ljóst að þá mundu líka nýtast þær 600–800 millj. sem þegar hafa verið lagðar í að útbúa aðstöðu fyrir sjónvarpið í Efstaleitinu. Mér finnst þess vegna fá önnur verkefni brýnni (Forseti hringir.) heldur en einmitt þessi og ég vona að það komi til að það verði gert áður en mjög langt um líður og að starfsemi ríkissjónvarpsins verði styrkt þannig að hún geti tekist á við það sem horft er fram á einmitt núna þessa daga.

[14:30]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið að útvarpshúsið var byggt við vöxt og ónotað húsnæði býður þess að verða nýtt í þeim húsakynnum. En ég er ekki viss um að það sé skynsamlegasta leiðin vilji menn efla ríkissjónvarpið að fara að festa fé frekar í húsbyggingum. Aðalatriðið er að framleiða gott efni og veita fjármuni til þess að framleiða innlent dagskrárefni eins og útvarpsráð hefur gert myndarlega. Hvað sem hv. þm. Mörður Árnason hefur um það að segja, þá er þetta veruleg hækkun á framlögum til innlendrar dagskrárgerðar og þess munu sjást merki. Ég held að það sé skynsamlegra en að festa fé í steinsteypu núna við nýjar aðstæður á samkeppnismarkaði. Eins og ég hef gagnrýnt það í sjálfu sér að menn séu alltaf að festa fé í hlutabréfum á hinum frjálsa markaði, þá held ég að það sé ekki skynsamlegasta úrræðið í þessari stöðu fyrir Ríkisútvarpið að fara að beina stórum fjármunum til steinsteypu eða í innréttingar á húsnæði fyrir starfsemi sem á að þróast frekar í þá átt að losna undan fjárveitingum í steinsteypuhúsnæði og verða framleidd á hinum frjálsa markaði fyrir áhorfendur hvort sem það er á vegum ríkisins eða einkaaðila. Það á frekar að marka þá stefnu að bjóða út dagskrárgerð og efnisgerð fyrir sjónvarpið en velta því fyrir sér að það eigi að bjarga hag þess með því að festa meira fé í steinsteypu.

Starfsemi og nám í stýrimannaskólum.

Fsp. MF, 372. mál. — Þskj. 650.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir rúmu ári kom fram hugmyndir hjá hæstv. menntmrh. þar sem hann boðaði mjög róttækar breytingar á skipstjórnarnámi í framtíðinni. Meðal annars sem hæstv. ráðherra reifaði þá var að Stýrimannaskólinn í Reykjavík yrði hugsanlega lagður niður og allt skipstjórnarnám flutt út á land.

Ýmsar ábendingar hafa komið fram frá nemendum í skipstjórnar- og stýrimannaskólum þess efnis að við nánari tengingu þessa náms inn í framhaldsskólana hafi dregið úr því að þeir sem hafa stundað sjó í mörg ár sæki réttindanám vegna þess að þeir telji það ekki eins aðlaðandi kost að fara í nám til þess að öðlast skipstjórnar- eða stýrimannaréttindi ef námið er fært inn í framhaldsskólana, telji sig þá ekki á sama hátt eiga samleið með nemendum og áður var.

Í viðtali sem birtist við hæstv. menntmrh. í blaðinu Fréttir í Vestmannaeyjum í febrúar 1996 segir hæstv. ráðherra að það sé verið að vinna að endurskoðun á skipstjórnarnámi í landinu og tekur því ekki fjarri að hugsanlega yrði skipstjórnarnámið allt fært út á land. Ég hef á þskj. 650 beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

1. Hver var heildarfjöldi nemenda í stýrimanna- og skipstjórnarnámi á árunum 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla?

2. Hversu margir nemendur hófu réttindanám árin 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla?

3. Eru fyrirhugaðar breytingar á námi í stýrimannaskólum? Ef svo er, þá hverjar?

4. Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri stýrimannaskólanna? Ef svo er, þá hverjar?

5. Kemur til greina að flytja allt stýrimanna- og skipstjórnarnám á einn stað utan höfuðborgarsvæðisins? Og hverjir eru þá möguleikarnir í þeim efnum?

[14:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Þessi fyrirspurn er í mörgum liðum eins og fram hefur komið. Ég hef leyft mér að dreifa til þingmanna ítarefni um tvær fyrstu spurningarnar, þ.e. hver var heildarfjöldi nemenda í stýrimanna- og skipstjórnarnámi á árunum 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla.

Síðan var önnur spurningin: Hversu margir nemendur hófu réttindanám árin 1990 til og með 1996, skipt niður á ár og skóla?

Ég held að ég noti ekki minn tíma til þess að lesa þessar tölur. Þær liggja fyrir hjá þingmönnum og þeir geta kynnt sér þær. Eins og menn sjá hafa verið nokkrar sveiflur í þessu en ef við lítum á árið 1996 sérstaklega, þá fjölgar nemendum frekar heldur en hitt á sl. hausti, m.a. vegna þess að tekin var ákvörðun um að stytta siglingatíma úr 12 mánuðum í 6 mánuði, ef ég man rétt, á síðasta sumri.

Þriðja fyrirspurnin er þessi: Eru fyrirhugaðar breytingar á námi í stýrimannaskólum? Ef svo er, þá hverjar? Svarið er á þennan veg: Síðastliðið sumar voru lagðar fram í menntmrn. tillögur um breytta skipan skipstjórnarnáms. Þessar tillögur voru síðan sendar hagsmunaaðilum til umsagnar og í framhaldi af þeim umsögnum er nú verið að undirbúa breytingar á skipstjórnarnáminu. Námið mun skiptast í annars vegar sjávarútvegsbraut sem er tveggja ára braut, bæði með almennar greinar og sérgreinar. Þessi braut mun verða í boði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og við framhaldsskóla í öllum landsfjórðungum. Brautin er skilyrði til inngöngu í tveggja ára fagnám sem kennt verður a.m.k. við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að þessar breytingar komi til sögunnar næsta haust.

Að því er varðar eldri nemendur, eins og hv. þm. vék að sérstaklega í máli sínu, þá hefur verið tekið tillit til hagsmuna þeirra að mínu mati við þessa námskrárvinnugerð til þess m.a. að útiloka ekki að menn með mikla reynslu í sjómennsku geti komið til skólanna á síðari stigum, ef ég má orða það svo, þegar þeir eru búnir að afla sér reynslu á sjónum og það á ekki að útiloka slíkt. Hins vegar verð ég að segja að ég gef lítið fyrir það sjónarmið að við sameiningu skólanna fæli framhaldsskólinn þessa menn frá því að sækja námið. Það finnst mér ekki sannfærandi rök. Hitt taldi ég nauðsynlegt að þessi leið væri opin í námskrárgerðinni og þessir menn væru ekki útilokaðir frá því að geta sótt skólana þegar þeir kysu sjálfir þótt hlé hefði orðið á skólagöngu þeirra. En hitt

finnst mér ekki sannfærandi rök að þeir vilji ekki koma í hóp yngra fólks, enda held ég að það stangist á við reynslu manna almennt í skólakerfinu. Það er síður en svo að eldra fólk sjái nokkra vankanta á því, ef það hefur áhuga á námi, að setjast í hóp með yngra fólki. Þvert á móti er þetta til að styrkja alla og styrkja skólastarfið og ber frekar að stuðla að þessu en hindra hvort heldur er um sjómannsnám að ræða eða ekki.

Þá er spurt: Eru fyrirhugaðar breytingar á rekstri stýrimannaskólanna? Ef svo er, þá hverjar? Einu breytingarnar sem þegar eru ákveðnar á rekstri stýrimannaskólanna eru að næsta haust verða Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sameinaðir.

Síðan er spurt í fimmta lagi: Kemur til greina að flytja allt stýrimanna- og skipstjóranám á einn stað utan höfuðborgarsvæðisins? Svarið er: Engar tillögur hafa verið kynntar um að flytja stýrimanna- og skipstjórnarnámið frá Reykjavík og á einn stað utan höfuðborgarsvæðisins. Auðvitað væri slíkt hugsanlegt en hætt er við að erfitt yrði að ná samstöðu um slíkar breytingar.

Þar sem hv. þm. vitnaði til viðtals við mig í blaði í Vestmannaeyjum á rætur að rekja til þess að ég tók þátt í fundi með nemendum, fréttamönnum og blaðamönnum í námi í Háskóla Íslands og þar kom þetta upp og ég svaraði þessu á þennan veg vegna þess m.a. að nemendur í Stýrimannaskólanum í Reykjavík hafa komið á minn fund og talið sjálfir að það kynni að draga nemendum frekar að ef skólastarfið væri utan höfuðborgarsvæðisins. Ég ætla ekki að dæma um það en það er alveg ljóst að Stýrmannaskólinn stendur föstum rótum, einnig í Reykjavík, en að sjálfsögðu hljóta mál sem þessi ávallt að vera til umræðu, sérstaklega á þeim tímum þegar menn velta fyrir sér að flytja eitthvað af starfsemi ríkisins út á land. Ég mun ekki standa að slíku nema um það náist góð sátt og ef ég sannfærist um að einhverjar slíkar breytingar verði til þess að spilla fyrir aðsókn að stýrimannanámi, þá mun ég ekki leggja því lið. Eins og þessar tölur sýna sem ég hef lagt hér fram þá ætti það frekar að vera okkar metnaðarmál að fjölga nemendum á þessu sviði heldur en að fækka.

[14:40]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa málinu og hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör. Hér er hreyft afskaplega stóru máli sem snýst m.a. um það hvers vegna svo fátt ungt fólk sækir í skipstjórnar- og stýrimannanám.

Ég get tekið undir það meginsjónarmið hjá hv. fyrirspyrjanda um að færa námið að ákveðnu marki inn í hið almenna framhaldsskólakerfi, en ég er ekki sannfærður um að það leysi vandann. Þegar í dag hafa nokkrir fjölbrautaskólar úti á landsbyggðinni heimild til að starfrækja stýrimannanám en aðsóknin er engin. Það er kannski spurningin sem þarf að svara. Hvers vegna sækir ungt fólk ekki stýrimannanám? Það er hægt að benda á að við höfum verið að fækka í fiskiskipaflotanum og benda má á þá tilhneigingu að skrá kaupskip okkar undir hentifána og ráða erlendar áhafnir. Það eru skilaboð til ungs fólks.

Þá er líka vert í þessu samhengi að benda á þá sorglegu mynd sem við blasir í eitt sinn glæsilegasta skólahúsnæði landsins, Stýrimannaskóla Íslands, sem vígt var 1945 og hefur nánast staðið óhreyft síðan þannig að nemendur þurfa að vaða þar elginn í orðsins fyllstu merkingu á rigningardögum. Það eru auðvitað ákveðin skilaboð til nemenda og er brýnt að á verði tekið. (Forseti hringir.) Rétt að lokum, herra forseti. Það er líka mikilvægt að sinna hásetanámi en við höfum ekki sinnt því og er mikið umhugsunarefni.

[14:41]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnir hans og ekki síst menntmrh. fyrir hans afgerandi svör í þessu máli.

Það vill oft brenna við að hv. þingmenn utan af landi gleyma því að Reykjavík er einn stærsti útgerðarstaður landsins.

Í annan stað vildi ég líka minna á að það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni er alveg rétt. Það er mjög alvarlegt mál hvað áhrærir skólann sjálfan hvaða áhrif íslenski kaupskipaflotinn hefur sem er nærri 40 skip en aðeins fjögur undir íslenskum fána. Fiskiskipunum hefur fækkað en þau hafa að sama skapi stækkað.

Það er líka alvarlegt ástand sem ríkir í skólanum. Það vill svo vel til að sjútvn. heimsótti Sjómannaskólann í gær og skoðaði húsakynni öll og því miður hefur lítið viðhald verið við skólann frá því að hann var vígður 1945 og það eru kannski — ég vil ekki segja skilboð — heldur hin móralska hlið menntakerfisins á sjómannastéttinni. En ég veit að menntmrh. vill gera betur og ég treysti því að hann muni gera það en alveg ljóst er að a.m.k. 250 millj. þarf að eyða á næstu árum til að gera þennan skóla sómasamlegan svo að hann sé í samræmi við annað menntakerfi þar sem kröfur eru gerðar til húsnæðis.

[14:43]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Við alþýðubandalagsmenn höfum áður og m.a. sú sem hér stendur gert fyrirspurnir um stöðu menntunarmála sjómanna og það hefur lengi verið ótrúlegt hvað lítill áhugi hefur virst vera einmitt á menntunarmálum þeirrar stéttar, sem vinnur þau störf sem við eigum allt undir. Ég held að það verði að viðurkennast að það var ekki af hinu góða að færa menntun sjómanna til annarra skóla en hins eina sanna stýrimannaskóla. Það hefði verið nær að byggja hann upp og halda honum við en ekki vanrækja hann eins og gert hefur verið.

Það er ágætt að heyra að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson veit núna það sem hann virtist ekki vita fyrir 2–3 árum að verið er að reka íslenska sjómannastétt til útlanda á erlend skip, sem hann mótmælti harðlega hér í þingsölum þegar því var haldið fram, en eftir stendur — hér er enginn tími til þeirrar umræðu. Það er óþolandi að ekki verði þegar tekið á menntunarmálum sjómanna og raunar farið að endurheimta aftur heim til heimalandsins skip sem búið er að setja undir erlenda hentifána. Það er ekkert efnilegt (Forseti hringir.) að mennta sig til skipstjórnar á Íslandi þessa dagana.

(**GHall:** Ég ætla að fá að bera af mér sakir.)

[14:44]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Það eru nokkur strangar reglur um það í þingsköpum að hver þingmaður getur einungis tekið til máls einu sinni og gert stutta athugasemd þegar um fyrirspurn er að ræða þannig að ef hv. þm. sér sig tilknúinn að bera af sér sakir, þá verð ég að koma því að eftir að fyrirspurnatímanum er lokið.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Þó að þau séu mér auðvitað ekki öll að skapi, þá er alltaf gott að fá það á hreinskilinn hátt hvernig málin standa.

Það er örstutt síðan ég hafði samband við þá sem reka Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum og þar virðist ekki vera samstaða um að færa þetta nám undir framhaldsskólann. Og hvort sem hæstv. ráðherra gefur mikið eða lítið fyrir þær staðreyndir að þeir sem hafa stundað sjó í mörg ár og hyggja á réttindanám fara síðar inn í framhaldsskólana, þá er þetta staðreynd sem fram hefur komið aftur og aftur hjá þeim sem standa að rekstri stýrimannaskólanna.

Stýrimannaskólinn hér í Reykjavík og viðhald hans er í raun talandi dæmi þess hvernig hefur verið horft á mikilvægi þessa náms. Það hefur alltaf orðið út undan. Og það er alveg rétt hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að hér er stór útgerðarstaður í Reykjavík, það er alveg hárrétt. Þingmenn utan af landi gera sér fulla grein fyrir því hér er stór útgerðarstaður og langstærsti hluti Íslendinga býr einmitt á þessu svæði, og við gerum okkur fulla grein fyrir því. En við gerum okkur líka fulla grein fyrir því að nám í stýrimannaskóla getur og á alveg eins heima á útgerðarstöðum annars staðar.

[14:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram að með nýju framhaldsskólalögunum voru lögin um Stýrimannaskólann afnumin þannig að nú er unnt að taka á málefnum hans með allt öðrum hætti heldur en hægt hefur verið til þessa.

Í öðru lagi er verið að ljúka námskrárgerðarvinnu fyrir stýrimannanámið og það verk mun sjá dagsins ljós endanlega nú á næstu vikum. Það er með öllu rangt að halda því fram að þetta nám hafi verið litið einhverju hornauga í minni tíð sem menntmrh. Þvert á móti hefur verið markvisst unnið að því að koma þessu skynsamlega á varanlegan grundvöll, en menn verða líka að líta til þeirra stofnana sem við erum að tala um og velta fyrir sér: Getur verið eitthvað í innra starfi þeirra sem hefur valdið því að það hefur farið á þann veg sem þessar tölur benda til? Við skulum því ekki skella skuldinni alfarið á þá sem standa utan skólanna. Það þarf að líta á skólastarfið sjálft eins og alltaf þegar um slíka hluti er að ræða og spyrja sig: Hefur verið rétt að málum staðið alls staðar á landinu? Þarf að gera betur og finna út hvað við getum gert betur til þess að laða nemendur að þessum skólum.

Varðandi Vestmannaeyjar liggur alveg ljóst fyrir að það hefur verið tekin ákvörðun um að skólarnir sameinist. Það hefur verið skipuð sameiginleg skólanefnd fyrir báða skólana og að því er unnið að sameina skólana. Ég geri mér vonir um að það muni ekki draga úr aðsókn að skólunum. Þvert á móti verði aukinn áhugi nemenda að fara í þetta nám en það er auðvitað mjög brýnt að menn fái betur menntaða sjómenn og einnig að þeir sem eldri eru vilji koma inn í skólann þótt þessi breyting hafi orðið. Mér finnst þau rök ekki sannfærandi að ef menn sem koma til náms hafa stundað sjómennsku þá sé það eitthvað niðurlægjandi fyrir þá eða fæli þá frá námi að þeir þurfa að fara innan um ungt fólk. Það finnst mér ekki sannfærandi rök. Þvert á móti eins og ég sagði. Þróunin er alls staðar sú. Símenntun og endurmenntun verða mikilvægari. Eldri og yngri blandast saman með öðrum hætti (Forseti hringir.) heldur en verið hefur.

Síðan ætla ég að nefna að lokum, herra forseti, að staðsetning á skóla og þessu námi kann að skipta minna máli þegar fram líða stundir vegna möguleika á fjarnámi. Við sjáum það t.d. núna að heilu skipshafnirnar stunda fjarnám frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og að því leyti kunnum við að vera að sigla inn í gjörbreytt umhverfi fyrir þá sem stunda störf á sjónum.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 10. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[14:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi að gefnu tilefni vegna orða hv. 8. þm. Reykv. geta þess og minna á að 1980, þegar ég var formaður Sjómannfélags Reykjavíkur, voru margar samþykktir þess félags gerðar varðandi erlend leiguskip undir erlendum fána með erlendum áhöfnum. Við vöruðum við því að sú þróun mundi væntanlega ganga yfir að fiskiskip sæjust undir þægindafána.

Mér er minnisstætt að þá voru ekki miklar undirtektir við því og allt að því að gert væri grín að félögum Sjómannafélagsins fyrir að vara við þeirri þróun sem síðar hefur komið í ljós. Hv. 8. þm. Reykv. er nú að vaða eld og reyk þegar því er haldið hér fram í svo mikilli fjarstæðu að ég hafi ekki gert mér grein fyrir hvernig þróun þessara mála yrði. Ef eitthvað er þá held ég að ég hafi gert mér miklu betur grein fyrir því heldur en almennt hv. 8. þm. Reykv. Ég ber því þessar sakir af mér og vísa þeim alfarið til föðurhúsanna.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 8. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[14:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Um orðaskipti okkar hv. þm. má lesa í þingtíðindum og þarf ekki að fara mörg ár til baka. En það er ánægjulegt að menn hafa nú áhyggjur af þessum málum og veit ég þá ekki um hvað við deildum, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og ég, því að hann virtist vera ósammála mér um þá hluti þegar umræður um þessi mál fóru fram um útflöggun á skipum og þau fjögur skip Eimskipafélagsins t.d. sem eftir eru undir íslenskum fána.

Það hlýtur þá að hafa verið sú ástæðan ein að menn geta ekki tekið undir sjálfsögð mál pólitískra andstæðinga sinna og verður þá að hafa það. En vilji menn kynna sér þessa umræðu, því að nú er það auðvelt, þarf ekki nema að biðja um að fletta upp orðinu hentifáni til þess að skrifstofa þingsins skili umræðum um þau mál. Ég bið þá hv. þingmenn að gera það sem vilja kynna sér þau orðaskipti sem fram fóru.

Forseti (Ragnar Arnalds):

Hv. 10. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[14:52]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hvað svo sem hv. 8. þm. Reykv. vill segja hér og vitna til fyrri skrifa þingtíðinda, þá held ég að ég geti alveg eins og miklu frekar vísað til fyrri tilskrifa minna í blöðum, fjölmargar blaðagreinar um þetta mál. Og ef afstaða mín kemur hv. 8. þm. Reykv. á óvart, þá þykir mér það bara miður að vita af því að páv. alþm. og núv. hafi ekki fylgst eins vel með þjóðmálum og ekki þá með málefnum siglingaþjóðarinnar Íslendinga og fiskveiðiþjóðarinnar eins

og hún hefði kannski átt að gera. En mín afstaða í þessu máli orkar ekki tvímælis og hefur ekki gert.

Miðlun EES-gerða á íslensku um tölvunet.

Fsp. HG, 334. mál. — Þskj. 605.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um miðlun EES-gerða á íslensku um tölvunet, en fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta, í þrem liðum:

1. Hver er staðan í miðlun EES-gerða á íslensku á vef alnetsins er varða íslenska löggjöf og reglugerðir, sem og gerðir sem eru á undirbúningsstigi gagnvart EES-ríkjum?

2. Hvenær er þess að vænta að allar slíkar gerðir verði fyrirliggjandi öllum aðgengilegar?

3. Hver er stefna ráðuneytisins um þýðingu á dómum Evrópudómstólsins og miðlun þeirra í tölvutæku formi á íslensku?

Það mál sem hér er spurt um skiptir mjög miklu fyrir möguleika almennings og raunar alþingismanna um leið til þess að fylgjast með og hafa áhrif á það sem nú mótar æ stærri hluta af íslenskri löggjöf, þ.e. ákvarðanir teknar á vettvangi Evrópusambandsins, stofnana þess og síðan í EES-kerfinu. Hér er um að ræða geysilega mikið efni sem skiptir tugþúsundum blaðsíðna eins og kunnugt er úr umræðum liðinna ára. Og þó að það sé nú fyrirliggjandi í prentuðu formi og hægt að fá það sem varðar liðna tíð, eins og samninginn sjálfan, sérrit EES-gerða, viðbótarpakkann af sérstakri útgáfu af EES-viðbæti og svonefndan EES-viðbæti svo að þetta sé nú upp talið, þá kostar þetta stórfé ef menn ætla að kaupa það í því formi. Ég hef aðeins gamlar tölur varðandi verðlagningu, kann að vera að verð hafi hækkað síðan eða lækkað, trúlega frekar hækkað, en þá kostaði sérrit EES-gerða ekkert minna heldur en 19.900 kr. Viðbótarpakkinn kostaði 17.100, samtals 37 þúsund íslenskar krónur. Og sjá menn þá hvers konar hindrun er hér á ferðinni til þess að komast yfir þessa hluti og hversu mikið hagsmunamál það er að fá þetta á tölvutæku formi inn á vef alnetsins þannig að það sé mönnum aðgengilegt og á það auðvitað að vera án kostnaðar.

Síðan er að geta um viðbæturnar. Ársáskrift kostar nærri 10 þús. kr., það kostar nærri 10 þús. að verða áskrifandi að viðbótunum svo að hér er ekkert lítið mál á ferðinni að því er varðar hagsmuni.

Varðandi dómstólinn sem vikið er að í lokin þá er alveg ljóst að allir dómar Evrópusambandsins varða mótun löggjafar, sbr. 6. gr. samningsins, þar sem segir, með leyfi forseta: „Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úskurð dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa.“ Allt safnið frá 1957 eða 1960, sem ekki hefur verið þýtt á íslensku nema í einhverjum útdráttum, er auðvitað brýnt að liggi fyrir á íslensku máli og öllum aðgengilegt. Ég vænti því skýrra svara, virðulegur forseti.

[14:58]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Að því er varðar spurningu 1 og 2, þá hefur að undanförnu verið gerð á því forkönnun í utanrrn. hvort raunhæft væri að setja EES-samninginn í heild sinni á íslensku á vef alnetsins ásamt tilvísunum í íslensk lög og reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli hans. Við þessa könnun hefur verið haft samband við fjölda aðila en þegar var litið á þetta mál 1994 eftir því sem ég best veit, var ekki talið tæknilega gerlegt af ýmsum ástæðum að fara út í þessa hluti. Síðan hefur tækninni fleygt mjög fram þannig að niðurstaða þessarar könnunar er sú að þetta sé gerlegt en við vitum ekki hver kostnaðurinn er.

Í framhaldi af þessu skipaði ég nýlega nefnd sem hefur það hlutverk að kanna tæknilegar hliðar þessa máls og meta kostnað við að koma þessu í framkvæmd áður en endanleg ákvörðun verður tekin í málinu, en þá þurfum við að sjálfsögðu að hafa í huga kostnaðinn.

Nefndinni er einnig ætlað að gera framkvæmdaáætlun vegna verksins og er gefinn tiltölulega stuttur tími, en henni er ætlað að skila tillögum sínum eigi síðar en 1. maí nk. Formaður þessarar nefndar er Björn Friðfinnsson sem er sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í EES-málum.

Að því er varðar spurningu 3 þá hafa engar ákvarðanir verið teknar um það að þýða dóma Evrópudómstólsins yfir á íslensku. Það er alveg ljóst að slík framkvæmd yrði mjög kostnaðarsöm og það þyrfti mjög stóra stofnun til þess að annast slíkar þýðingar. Það er hins vegar rétt að benda á að Evrópusambandið er fyrst núna að vinna að því að setja dóma Evrópudómstólsins á vef alnetsins.

Ég vænti þess að þessi svör skýri nokkuð stöðu málsins.

[15:01]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég hlýt að fagna þeim vilja sem mér fannst koma fram hjá hæstv. utanrrh. til þess að koma þessum gerðum á netið. Ég vænti þess að þegar forkönnun lýkur og allir tæknimöguleikar hafa verið skoðaðir verði þær þá birtar þannig að allir sem aðgang hafa geti að kostnaðarlausu skoðað þessar gerðir á netinu.

Ég hlýt að vekja á því athygli hér, þó að ég hyggi að tækifæri gefist til þess síðar í dag að ræða það mál, að svo er nefnilega ekki um íslenska lagasafnið. Almenningur á ekki kost á því að nálgast það á netinu sér að kostnaðarlausu. Ég mun reyna að finna mér tækifæri síðar í dag til að ræða það við hlutaðeigandi aðila.

Um þýðingar á dómunum tel ég að sá uppgjafatónn sem er í ráðherra gagnvart þeim, þó þar sé mikið verkefni á ferðinni, sé óþarfur. Það stendur í lögum frá 1943 að birta skuli lög og dómar Evrópudómstólsins eru þannig lagaðir að þeir hafa ákveðið ígildi íslenskra laga og þess vegna eiga þeir að vera aðgengilegir öllum án tillits til frekari tungumálakunnáttu heldur en að kunna sitt heimamál þó að auðvitað verði að gefa ákveðinn umþóttunartíma í svo viðamiklu verkefni.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir upplýsingar hans og svör við fyrirspurn minni. Ég er ánægður að heyra að unnið er að því að undirbúa ákvarðanir um þetta efni. Ég hlýt í raun að treysta því að ráðist verði í verkefnið að því er varðar EES-pakkann alveg fram til þess tíma sem

næstur er og þá einnig það sem snýr að meðferð mála sem í gangi eru, þ.e. að mál sem eru í gangi komi einnig inn í þetta samhengi. Það getur að mínu mati í rauninni ekki verið álitamál hvort þetta verði gert aðgengilegt með þessum hætti. Það hlýtur að hafa blasað við þeim sem ákvarðanir tóku um EES-samninginn að verulegur kostnaður væri samfara því að tengjast þessu réttarkerfi sem þarna er um að ræða. Það hlýtur að hafa verið hluti af þeirri ákvörðun eða það leiðir augljóslega af þeirri ákvörðun að þetta verður að liggja fyrir á íslensku máli svo ekki sé nú talað um íslenska lagasafnið sem er nánast skoplegt að heyra en jafnframt háalvarlegt að ekki skuli vera aðgengilegt almenningi á alnetsins.

Varðandi ákvarðanir um dóma Evrópusambandsins, þá blasir það við með tilliti til 6. gr. EES-samningsins að þar er um að ræða efni sem beint varðar lagatúlkanir og það er ekki viðunandi fyrir íslenska þegna að vera tengdir þessu valdi, þessum lögum sem þarna er um að ræða og lagaígildi sem dómarnir hafa án þess að það sé alveg ljóst hvernig ber að skilja það á íslensku máli og það liggi fyrir í ótvíræðri þýðingu. Menn standa því frammi fyrir þessu verkefni og að mínu mati ber lýðræðisleg skylda til þess að tryggja íslenskum þegnum fullan aðgang að þessu á íslensku máli þar sem ljóst sé hvernig það verði túlkað þannig að um samræmi sé að ræða þegar um er að ræða málfylgju, svo ekki sé talað um málarekstur og dómsákvarðanir.

[15:05]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það að unnið er að málinu í utanrrn. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að að sjálfsögðu er það mjög mikilvægt að þessar gerðir liggi fyrir með aðgengilegum hætti. Í því sambandi fór einn af starfsmönnum utanrrn. til Noregs núna í ársbyrjun til þess að kynna sér það starf sem þar hafði átt sér stað. Þar hafði einkafyrirtæki tekið sér þetta verk á hendur og leyst það sómasamlega eftir því sem ég best veit. Við hyggjumst nýta okkur þá reynslu sem þar hefur fengist í þessu sambandi, en hér þarf að standa vel að verki og auðvitað má kostnaðurinn ekki standa í vegi fyrir því að þetta sé hægt. Við þurfum hins vegar að gera okkur grein fyrir því um hvaða kostnað er að ræða þannig að við getum lagt það fyrir í okkar fjárlagaundirbúningi í sambandi við áframhaldandi meðferð málsins. Þess vegna höfum við lagt á það áherslu að þessu starfi verði sem mest hraðað því að ekkert bendir til annars en hægt sé að vinna þetta að því er tæknina varðar. Hún er því ekki lengur hindrun eftir því sem okkur sýnist best, en þá er að sjá hvort mönnum finnist að kostnaðurinn sé hindrun en ég vænti þess að svo verði ekki.

Fundi slitið kl. 15:08.

---

79. FUNDUR

miðvikudaginn 26. febr.,
kl. 5.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, þáltill., 376. mál, þskj. 661. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
2. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 188, nál. 653 og 659, brtt. 654. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 189, nál. 655 og 660, brtt. 656. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Stephansstofa, þáltill., 354. mál, þskj. 627. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Tilkynning um dagskrá.

[17:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill geta þess að settur verður nýr fundur að loknum þessum.

Athugasemdir um störf þingsins.

Netaðgangur að Lagasafni.

[17:34]

Mörður Árnason:

Forseti. Óhindraður aðgangur almennings að landslögum er eitthvert helsta skilyrði lýðræðislegs réttarríkis enda kveða lög okkar á um hvort tveggja, að hinu opinbera sé skylt að birta lögin og að menn geti ekki skotist undan ábyrgð á lögbroti vegna vanþekkingar um lagabókstafinn. Það leiðir af sjálfu að lögin séu á hverjum tíma birt með þeim hætti sem tækniþróun gefur tilefni til. Eitt sinn hrópaði kallari tilskipanir á götuhornum, nú treysta menn í síauknum mæli á nettækni tölvunnar. Á fyrra fundi þingsins í dag upplýsti hæstv. utanrrh. að í hans ráðuneyti sé í gangi könnun um að birta EES-gerðir á alnetinu.

Á heimasíðu Alþingis gefst almenningi kostur á að fylgjast með störfum þingsins. Þar er hægt að skoða öll þingmál, fylgjast með umræðum og kynna sér þau lög sem Alþingi setur á hverjum tíma. Aðgangur á netinu að sjálfu lagasafninu, helsta höfundarverki Alþingis, er hins vegar bannaður almenningi. Í fyrra var forseta sent innanþingsbréf um þetta mál en svar hefur ekki borist, svo mér sé kunnugt. Mér skilst hins vegar á mínum heimildum að hér strandi helst á einhvers konar einkarétti sem dómsmrh. hefur tekið sér og framselt

til einkaaðila. Þetta ástand er óviðunandi fyrir nútímalegt þjóðþing. Ég fer fram á að forseti kynni sér málið og kippi því í liðinn hið snarasta. Þurfi til lagabreytingar, t.d. á lögum nr. 64/1943, er örugglega enginn hörgull á þingmönnum innan og utan forsn. til að leggja slíkt frv. fyrir þingið.

[17:36]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í tilefni af athugasemd hv. 13. þm. Reykv., sem hann gerði reyndar forseta viðvart um fyrr í dag, telur forseti rétt að höfðu samráði við skrifstofustjóra Alþingis að eftirfarandi komi fram:

Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. þm. að á heimasíðu Alþingis gefst almenningi kostur á að fylgjast með störfum þingsins. Má í því samandi geta þess að skrifstofa Alþingis var meðal fyrstu stofnana ríkisins til að opna almenningi frjálsan aðgang að tölvuformi gagna um flestallt er lýtur að starfsemi þingsins. Nú má finna á heimasíðu Alþingis m.a. tölvutexta þingskjala, þingræðna, laga frá Alþingi, þ.e. samþykktra frv., yfirlit yfir feril þingmála og ýmis gögn sem tengjast þeim, svo sem niðurstöðutölur atkvæðagreiðslna, upplýsingar um þingmenn og margt fleira.

Öðru máli gegnir um lagasafnið sjálft, helsta höfundarverk Alþingis, eins og hv. þm. komst réttilega að orði. Skv. 19. tölul. 3. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, nr. 96/1969, er útgáfa lagasafns í höndum dóms- og kirkjumrn. Hefur reglugerðin verið túlkuð svo að hún veiti dómsmrn. höfundarrétt á lagasafninu, þ.e. á hönnun þess, uppsetningu, uppfærslu lagatextans, niðurröðun efnis, atriðisorðaskráa o.s.frv. Í þessu felst að dómsmrn. hefur talið sig hafa einkarétt á dreifingu lagatextans hvort sem er í prentuðu eða tölvutæku formi. Sökum þessa einkaréttar og sölu dómsmrn. til gagnamiðlunarfyrirtækja á dreifingu tölvutextans hefur hvorki skrifstofa Alþingis né aðrir aðilar getað dreift texta lagasafnsins á internetinu þannig að almenningur hafi frjálsan aðgang að því.

Rétt er að það komi fram hér að um nokkurra ára skeið hefur skrifstofa Alþingis séð um vistun lagasafnsins á tölvuformi, uppfærslu þess og umbrot samkvæmt samkomulagi þar um við dómsmrn. og hefur ráðuneytinu verið afhent uppfært lagasafn tvisvar á ári. Texti lagasafnsins er varðveittur í notendavinsamlegu vefkerfi í tölvukerfi Alþingis og væri ekkert tæknilega því til fyrirstöðu að opna það til frjálsra afnota fyrir almenning. En af fyrrnefndum ástæðum hefur þvert á móti orðið að grípa til sérstakra ráðstafana til að loka þessu kerfi þannig að það vinnur aðeins innan staðarneta Alþingis. Lagasafnið hefur því orðið að undanskilja og einskorða við innanhússnot en að öllum öðrum gögnum, sem lúta að starfsemi þingsins, hefur almenningur frjálsan aðgang.

Því er ekki að leyna að hér á Alþingi hafa verið uppi aðrar hugmyndir, um það hvernig staðið skuli að miðlun lagatexta til almennra nota á internetinu og að þörf sé nýrrar stefnumótunar í þessum efnum, m.a. hvað varðar sívinnslu lagasafnsins og ritstjórn þess. Ef veittur yrði frjáls aðgangur að lagasafninu í tölvukerfi Alþingi mundu opnast möguleikar til beinnar tengingar annarra vefkerfa við lagasafnið. Þarf ekki að orðlengja hvílíkt hagræði það hefði í för með sér að geta ávallt gengið að gildandi lögum vísum á einum og sama stað.

[17:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hreyfa þessu máli hér og hæstv. forseta fyrir að gera þinginu grein fyrir stöðu málsins. Hér er alveg ótrúlegt mál á ferðinni í raun sem við sem störfum að jafnaði á Alþingi gerum okkur ekki ljóst að hafi verið statt í þessu öngstræti að því er varðar aðgengi almennings að sjálfu lagasafninu. Það er þá frekar að þeir sem eru að fylgjast með pólitíkinni utan að reki sig á þessa hindrun. Það er mjög eðlilegt. Mér finnst þetta mál þess eðlis að um leið og ég tek eindregið undir það sem kom fram hjá hæstv. forseta, að það kalli að sjálfsögðu á skilagrein af hálfu hæstv. dómsmrh. til þingsins um það hvernig í ósköpunum stendur á þeirri meinbægni sem hefur verið uppi í samskiptum við þingið af hálfu ráðuneytisins, að mér skilst um árabil, sem þessi tilbúna hindrun er sett upp af dómsmrn. Við þetta má ekki una og auðvitað á aðgengi að lagasafninu á vefsíðu alnetsins hvergi að vera annars staðar vistað heldur en undir Alþingi. Hverjum dettur í hug að fara að leita á síðum dómsmrn. að upplýsingum um lög á Íslandi? Og líta svo á að í tilvitnuðum lögum felist einhver einkaréttur þessa hæstv. ráðuneytis á miðlun að því er varðar lagatexta er hreint með ólíkindum. Ég vona því að þetta mál verði ekki mjög lengi að vefjast fyrir og ef það vantar að höggva á það með breyttri lagasetningu þá skora ég á hæstv. forsn. að leggja hér fram frv. við fyrstu hentugleika til að skera úr um það.

[17:42]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir greinargóð svör sem staðfesta í stuttu máli grun minn um þetta mál og mínar heimildir. Við kynnum að fá upp þá stöðu ef hæstv. utanrrh. og hans menn eru duglegir að geta okkur að kostnaðarlausu, þá á ég við menn utan þingsins, kallað fram EES-gerðir en standa frammi fyrir því að þurfa að borga fyrir landslög. Þá væri nú orðið — hvernig er nú vísan um íslenska bitið sem er betra en það erlenda. Ég tel að ég hafi náð því markmiði mínu að vekja athygli á þessum undarlega hlut og væri ekki vanþörf á að menn færu eftir tilmælum síðasta hv. ræðumanns, Hjörleifs Guttormssonar þingmanns, um að forsn. athugaði þetta betur og flytti um það sérstakt frv. Ef í nauðirnar rekur gæti kannski Alþingi ráðið sér lögfræðing og farið í höfundarréttarmál við dómsmrn. um þessa texta að lokum.

Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 376. mál. — Þskj. 661.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:44]

Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv.

[17:44]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. þingsins hefur að beiðni ríkisstjórnarinnar lagt fram til meðferðar í þinginu till. til

þál. á þskj. 661 um staðfestingu samnings milli Grænlands/Danmerkur annars vegar og Íslands hins vegar um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu.

Mál þetta ber að með nokkuð skjótum hætti og því er farin sú óvenjulega leið að utanrmn. ber fram málið í stað þess að ríkisstjórnin geri það. Það er til þess að flýta málsmeðferð og um það er góð sátt bæði innan utanrmn. og á vettvangi formanna þingflokka sem einnig hafa fjallað um þetta mál. Ástæðan fyrir þessu er sú að hér er um að ræða samkomulag sem undirritað var til bráðabirgða hinn 20. febr. sl. sem ætlunin er að ljúka formlega með undirritun ráðherra og formanns landstjórnar Grænlands þegar hann verður hér í opinberri heimsókn síðar í vikunni. Og til þess að fullnægja öllum formsatriðum og ljúka hinni formlegu umfjöllun Alþingis þótti rétt og nauðsynlegt að hraða málsmeðferð í þinginu með þeim hætti sem ég hef gert grein fyrir.

Samkvæmt samningnum sem hér er gerð tillaga um að heimila ríkisstjórninni að undirrita fyrir Íslands hönd er grænlenskum nótaskipum heimilt að veiða í efnahagslögsögu Íslands allt að 8.000 lestir af loðnu af loðnukvóta Íslands á loðnuvertíð þeirri sem lýkur nú í vor, þ.e. 30. apríl nk. Heimild þessi er óháð þeim svæðatakmörkunum sem um getur í 8. gr. samnings milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem undirritaður var 29. júní 1994. Er grænlenskum nótaskipum því einnig heimilt að veiða umrætt magn sunnan 64°30´N í íslensku efnahagslögsögunni. Heimilt er að landa þessum afla til vinnslu á Íslandi. Óheimilt er að vinna eða frysta aflann um borð og utan Íslands er einungis heimilt að landa aflanum til bræðslu.

Á móti verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af loðnu úr þeim kvóta, sem kemur í hlut Grænlands, á loðnuvertíð þeirri sem hefst 1. júlí í sumar. Þá verður íslenskum skipum heimilt að veiða allt að 8.000 lestir af heildarkvóta Íslands í tilraunaskyni í fiskveiðilögsögu Grænlands sunnan 64°30´N, en samkvæmt núverandi loðnusamningi hafa loðnuveiðar verið íslenskum skipum óheimilar á því svæði.

Um veiðar samkvæmt samningnum og stjórn þeirra gilda að öðru leyti ákvæði loðnusamningsins og reglur sem settar eru samkvæmt honum.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða við undirskrift hans eins og áður var getið og mun öðlast gildi formlega þegar endanlega hefur verið tilkynnt um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt. Það er það sem verið er að óska eftir með þessari afgreiðslu sem ég greindi frá, að Alþingi staðfesti þennan samning og veiti heimild til þess að ríkisstjórnin gangi frá staðfestingunni.

Ég fagna þeirri samstöðu sem er um þetta mál. Málið tengist ýmsum öðrum hagsmunamálum og viðræðum sem í gangi hafa verið milli Íslands og Grænlands og tengjast margvíslegum hagsmunum sem við Íslendingar eigum þar. Ég tel að þó efalaust megi færa rök fyrir því að Íslendingar séu að láta verðmætari afla af hendi og öruggari en við fáum í staðinn sé eðlilegt og skynsamlegt að gera þetta samkomulag við Grænlendinga nú og sýna í verki bræðrahug okkar til þessarar góðu nágrannaþjóðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta mál en vænti þess að takast megi að ljúka afgreiðslu þess í tveimur umræðum hér á þessum degi.

[17:48]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil segja það fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna að við munum gera það sem við getum til þess að flýta afgreiðslu þessa máls, ekki síst í virðingarskyni við formann landstjórnar Grænlendinga sem kemur í heimsókn í þingið á morgun. Við teljum að það sé nauðsynlegt að gera það sem hægt er til þess að greiða fyrir betri samskiptum við Grænlendinga. Íslendingar hafa alltaf haft tengsl við Grænland. Þau hafa verið missterk en á fyrstu öldum Íslandsbyggðar voru þau e.t.v. enn sterkari en í dag þegar nokkur þúsund Íslendingar tóku sér búfestu og áttu heima á Grænlandi. Þessi samskipti dvínuðu þegar leið gegnum aldirnar. Það má segja að á allra síðustu áratugum og árum hafi samskipti okkar við Grænlendinga ekki verið nægilega góð. Við þurfum að reyna að efla samskipti okkar við þá og ekki síst á sjávarútvegssviðinu. Það erum við að gera með þessum samningi.

Hv. þm. Geir Haarde sagði að líkast til værum við að færa örlitla fórn vegna þess að það væru meiri líkur á því að þeim tækist að nýta sér þessi 8.000 tonn sem grænlensk nótaskip mega veiða hér innan efnahagslögsögunnar, litlar líkur e.t.v. á því að okkur takist í tilraunaskyni að verða okkur úti um sama magn innan efnahagslögsögu þeirra. En staðan er eigi að síður þannig, herra forseti, að á síðasta mánudegi áttu Íslendingar eftir að veiða 470.000 tonn af sínum kvóta þannig að mér er til efs að í þessu sé fólgin mikil fórn af okkar hálfu. Ég held þess vegna að þetta sé auðveldur gerningur.

Við þurfum líka að átta okkur á því, herra forseti, að Íslendingar og Grænlendingar eiga eðlilega miklu meiri samstöðu varðandi loðnuveiðarnar heldur en til að mynda við annars vegar og Norðmenn hins vegar. Við þurfum að gera það sem hægt er til þess að ná góðri samferð með Grænlendingum í þessu máli. Við megum ekki horfa fram hjá því að það eru einungis missiri þangað til þríhliða loðnusamningurinn milli okkar, Grænlands og Norðmanna rennur út, hinn 1. október. Ef þeim samningi verður ekki sagt upp formlega þá framlengist hann. Ég er þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að segja þeim samningi upp vegna þess að það eflir stöðu okkar gagnvart Norðmönnum.

Við þurfum þá að fá sem mestan styrk frá vinum okkar og frændum á Grænlandi og ég held að með þessum gerningi sé lagt upp í vegferð sem geti ekki annað en orðið okkur til heilla. Ég er þeirrar skoðunar, eins og margir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls á undanförnum þingum um samskipti okkar og þeirra, að það sé nauðsynlegt að við leggjum meira af mörkum til þess að ná greiðari samvinnu við þá. Það er sérstaklega með tilliti til þess samnings sem við munum þurfa að fara í og eigum að fara í þegar núverandi þríhliða samningur um loðnuveiðarnar rennur út, sem það er nauðsynlegt að styrkja samskipti okkar við Grænlendinga. Og það er ekki síst út af þessu sem jafnaðarmenn munu gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að greiða fyrir samþykkt þessa samnings í dag.

[17:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér til að fagna þessu samkomulagi og lýsa stuðningi við það sem tekist hefur milli Grænlands og Íslands um samstarf á sviði loðnuveiða. Ég vil upplýsa að sjútvn. Alþingis hefur fylgst með þessu máli og reyndar beitt sér í því undanfarin ár. Bæði á þessu kjörtímabili og hinu síðasta hefur sjútvn. tekið jákvætt í erindi frá grænlensku

landstjórninni, fyrir hönd grænlenskrar útgerðar, um að fá rýmri möguleika til að nýta þann hlut sem Grænlendingar fá úthlutaðan af loðnustofninum. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta mál nýtur þar af leiðandi stuðnings nefndarinnar sem einróma hefur mælt með því á undanförnum árum að reynt yrði að leita leiða til að koma til móts við óskir Grænlendinga að þessu leyti.

Ég held að það sé rétt að undirstrika að nefndin hefur einnig rætt um nauðsyn þess að bæta samskipti Íslands og Grænlands á sviði sjávarútvegsmála almennt. Af því hafa menn haft nokkrar áhyggjur að undanförnu að þau væru ekki að öllu leyti í sem bestu horfi og löngu kunn er sú staðreynd að enn er ósamið um nokkra sameiginlega fiskstofna milli Íslands og Grænlands og Íslands, Grænlands og Færeyja. Við bindum þar af leiðandi vonir við að jákvæð niðurstaða í þessu máli geti orðið til þess að koma raunverulegum samningaviðræðum um þá hluti á hreyfingu á nýjan leik. Og væri það þá mikils virði og vel til vinnandi að gera þetta samkomulag þó að til sanns vegar megi færa að í því felist nokkur örlætisgerningur af okkar hálfu, því ljóst er að við látum veiðirétt á þeim hluta vertíðarinnar þegar veiðin er öruggust gegn veiðum sem ekki eru eins tryggar eða verðmætar. Ég vil þó alls ekki gera lítið úr því að þessi samningur kunni að leiða til stærri skrefa og aukins samstarfs og samvinnu milli Íslands og Grænlands almennt á þessu sviði. Það er rétt að hafa í huga í þessu máli að sá hluti grænlenska loðnukvótans, þeirra 11% sem til Grænlands hafa farið á undanförnum árum og nýttur er af grænlenskum útgerðum, er nýttur frá Íslandi. Sú útgerð er rekin frá Íslandi og aflanum landað hér, þannig að við eigum í þeim skilningi líka hagsmuna að gæta í að þær veiðar geti gengið vel fyrir sig og Grænlendingar sjálfir aukið sína útgerð þannig að þeir nýti sem stærstan hluta kvótans í stað þess að selja hann öðrum, t.d. Norðmönnum eða Færeyingum, sem hafa gjarnan siglt með aflann í burtu.

Ég vona, herra forseti, að þetta sé upphafið að því að mál þokist nú í rétta átt í samskiptum þessara þjóða og þetta verði einnig innlegg í betri og jákvæðari þríhliða samskipti Íslands, Grænlands og Færeyja sem nauðsynlegt er að vinna að. Það er vel til fundið að hraða afgreiðslu þessa máls og staðfesta það formlega með undirskrift í tengslum við heimsókn formanns landstjórnar Grænlands hingað til Íslands.

[17:55]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. utanrmn. fyrir skjóta afgreiðslu þessa máls. Ég tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að ljúka því. Þótt það sé ekki endilega nauðsynlegt þá sýnir það mjög góðan vilja Alþingis til þessa máls og til grænlensku þjóðarinnar. Ég tel það vera mjög mikilvægt á þessum tímamótum að svo sé gert.

Íslendingar hafa með margvíslegum hætti undanfarna daga sýnt mjög góðan hug og samstarfsvilja við Grænlendinga. Ég get staðfest það að sl. fimmtudag átti ég viðræður við formann landstjórnarinnar, Lars Emil Johansen, og það er full ástæða til þess að vera bjartsýnn um það að viðræður verði teknar upp á milli þjóðanna um þau ágreiningsmál sem út af standa. Þar á ég einkum við deilu sem er milli þjóðanna um lögsögumörk milli Íslands og Grænlands sem er mjög viðkvæmt mál, ekki síður hér á Íslandi. Einnig um sameiginlegan grálúðustofn og karfastofn sem viðræður hafa legið niðri um á undanförnum árum. En á sama tíma og við höfum verið að draga úr okkar veiðum úr þessum stofnum hafa Grænlendingar verið að auka sína veiði. Það er nauðsynlegt að sjá þessi mál öll í heild. Grænlendingar hafa fyrir sitt leyti lýst yfir vilja sínum til að halda áfram viðræðum um þessi mál og ég veit að það verður staðfest af formanni grænlensku landstjórnarinnar í heimsókn hans hingað. En hún er afar mikilvæg og ég er þess fullviss að heimsókn hans mun verða mjög mikilvæg í þessu sambandi og leiða til bættra samskipta milli þjóðanna sem er ekki aðeins mikilvægt fyrir okkur Íslendinga heldur líka fyrir Grænlendinga og samstarf þjóða hér á Norður-Atlantshafi um mikilvæg fiskveiðihagsmunamál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:59]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 188, nál. 653 og 659, brtt. 654.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:05]

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:01]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þegar frv. til laga um atvinnuleysistryggingar kom til umræðu á Alþingi mætti það harðri gagnrýni minni hlutans, enda bar frv. í sér mjög neikvæða afstöðu til atvinnulausra og reyndist innihalda fjölmörg skerðingarákvæði um réttindi atvinnulausra. Nú hefur meiri hlutinn fallist á ýmsar ábendingar fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um gagngerar breytingar til bóta á einstökum þáttum. Þær breytingartillögur munum við styðja, enda mikil framför frá þeim neikvæðu viðhorfum og skerðingarákvæðum sem eru í upphaflegu frv. hæstv. ráðherra.

En sá bastarður sem þessi löggjöf stefnir í að verða er hins vegar fullkomlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og meiri hluta hennar hér á Alþingi og mun þingflokkur jafnaðarmanna því sitja hjá við flestar efnisgreinar frv. og við málið í heild. Ég sit hjá við þessa grein, herra forseti.

[18:02]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er vond lagasetning ef af samþykkt frv. verður. Hæstv. ríkisstjórn ræðst með offorsi til atlögu við atvinnuleysistryggingalögin í því skyni að spara og draga úr meintri misnotkun. Eins og stjórnarandstaðan benti á þegar frv. kom fram voru ýmis atriði

í því gjörsamlega óviðunandi og beinlínis aðför að hinum atvinnulausu. Sem betur fer hefur hæstv. ríkisstjórn séð að sér með stærstu atriðin í frv. og dregið þau til baka, ekki síst fyrir þrýsting frá verkalýðshreyfingunni vegna yfirvofandi ófriðar á vinnumarkaði.

Þótt verstu atriðin hafi verið tekin út úr frv. þá stendur það eftir að verið er að róta í lögum um réttindi og skyldur atvinnulausra án þess að til bóta sé og tónninn í frv. gagnvart hinum atvinnulausu er gamaldags og óásættanlegur. Alþb. getur því ekki stutt efni þessa frv. en mun þó greiða sjálfsögðum brtt. sem til bóta eru atkvæði sitt. Ég sit hjá við þetta ákvæði, herra forseti.

[18:03]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar upphaflegt frv. ríkisstjórnarinnar kom fram var því ætlað að ná 128 millj. kr. sparnaði. Frv. mætti mikilli andstöðu og stendur nú til að breyta fjölmörgum greinum til fyrra horfs þannig að þegar að lokinni þessari atkvæðagreiðslu verða lögin væntanlega í stórum dráttum eins og þau voru þegar sú nefnd sem hæstv. félmrh. skipaði hóf sitt starf. Flestar brtt. eru til bóta en eftir standa lög sem eru meingölluð og þarf að endurskoða.

Við kvennalistakonur munum greiða atkvæði með þeim brtt. sem við teljum vera til bóta, á móti öðrum og ýmist sitja hjá eða greiða atkvæði gegn einstökum greinum.

[18:04]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Á undanförnum árum höfum við Íslendingar á ný kynnst böli atvinnuleysisins. Við höfum kynnst því jafnvel hjá okkar nánustu hvílíkt niðurbrot á sjálfsvirðingu atvinnuleysi er og við höfum líka kynnst því hve gildandi löggjöf í landinu var ófullnægjandi og gerði langt í frá að styðja nægilega við fólk sem lenti í þessari ógæfu.

Því miður bætti þetta frv. ekki úr skák. Það var ekki lagt fram til að bæta stöðu hinna atvinnulausu. Það var lagt fram til að spara. Gerðar hafa verið á því nokkrar breytingar og flestar til bóta og mun ég styðja þær, en að öðru leyti mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa frv. Ég sit hjá við þessa grein.

Brtt. 654,1.a samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MÁ, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er komið dæmi um það sem ríkisstjórnin er að draga til baka. Það stóð til að svipta ungt fólk á aldrinum 16–18 ára réttinum til atvinnuleysisbóta þó að það fólk hafi unnið sér þann rétt og greitt hafi verið tryggingagjald vegna þeirrar vinnu. Sem betur fer hefur meiri hlutinn séð að sér og við styðjum að sjálfsögðu þessa brtt. Rökin voru þau að það ætti að halda ungu fólki í skólum en meðan skólarnir bjóða ekki upp á nægilega fjölbreytni, þá er ekki forsvaranlegt að leggja það til að svipta þennan hóp réttinum til atvinnuleysisbóta.

Brtt. 654,1.b–e samþ. með 43 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SAÞ, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,2 samþ. með 44 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,3 samþ. með 27:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SvanJ, SK.

5 þm. (JBH, MÁ, SighB, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,4.a samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, JBH, KPál, MS, MF, PP, PHB, RA, SighB, SAÞ, SvanJ, TIO, VS.

7 þm. (GGuðbj, HG, KÁ, MÁ, SJóh, SJS, SK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. er verið að koma aftur til fyrra horfs þeirri refsireglu sem er að finna í núgildandi lögum, en þar sem ég tel að þetta sé of langur tími þá sit ég hjá við þessa breytingu þó að hún sé til bóta frá því sem ætlað var að gera.

Brtt. 654,4.b samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, PP, PHB, RA, SAÞ, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

4 þm. (HG, MÁ, SJóh, SJS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, GÁ, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,5 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, MÁ, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÖS.

2 þm. (HG, SK) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EKG, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,6 samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er ríkisstjórnin enn við sama heygarðshornið. Í lagagreininni á enn að lögfesta það að upphæð atvinnuleysisbóta fylgi ekki launaþróun í landinu heldur ákvarðist á fjárlögum ár hvert. Stjórnarandstaðan hefur mótmælt því að þessi háttur væri hafður á, bæði í umræðum um ráðstafanir í ríkisfjármálum við fjárlagagerð þessa og síðasta árs.

Atvinnuleysisbætur eiga að fylgja launaþróun. Það er réttlætismál og því greiðum við atkvæði gegn þessu ákvæði. Ég segi nei.

7. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HjálmJ, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,7 samþ. með 44 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 27:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:16]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er verið að vísa til sveitar þeim sem lenda í langtímaatvinnuleysi og afneita því til frambúðar að slík staða geti komið upp við eðlilegar aðstæður. Hér er enn ein aðförin að sjálfsvirðingu atvinnulauss fólks. Ég segi nei.

10.–12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, GÁ, JBH, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 654,8 samþ. með 44 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, SvanJ, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Brtt. 654,9 samþ. með 44 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,10.a–b samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 654,10.c–d samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

nei: PHB.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:20]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi breyting á frv., sem ættuð er frá ASÍ, leiðir til þess að hægt er að viðhalda núverandi kerfi á útgreiðslum atvinnuleysisbóta í gegnum skrifstofu verkalýðsfélaganna í stað þess að greiða það beint inn á reikning fólksins. Þessu er ég mótfallinn vegna mikils kostnaðar og fyrirhafnar hins atvinnulausa. Vegna andstöðu við þessi ákvæði skrifa ég undir nefndarálit hv. meiri hluta félmn. með fyrirvara og segi nei.

16. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, PHB, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, GHelg, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

17.–18. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 654,11 samþ. með 43 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HjálmJ, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

20.–22. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EKG, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,12 (ný grein, verður 23. gr.) samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ,

HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir jólin gerðust þau tíðindi að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti hennar samþykkti að öll fjárframlög til starfsmenntunar og starfsnáms skyldu vera sérstakt viðfangsefni Atvinnuleysistryggingasjóðs og hér á að festa inn í lög um Atvinnuleysistryggingasjóð að þetta sé sérstakt verkefni sjóðsins. Þetta er fráleit tilhögun og alveg einstaklega metnaðarlaust að ætla að velta á þennan hátt ábyrgðinni af þessum þætti menntunar í landinu yfir á Atvinnuleysistryggingasjóð í staðinn fyrir að hafa það fjárlagalið eins og vera ber og efla hann á komandi árum eins og mikið er talað um. Það má vera hæstv. ríkisstjórn og meiri hluta hennar hér til háðungar og skammar ef hún vill reisa sér þetta minnismerki og ég veit ekki hvors sök er verri í því, hæstv. félmrh. eða hæstv. menntmrh. En heldur er lágt á þeim báðum risið, það verð ég að segja, þessum görpum, að ætla að láta þetta verkefni, sem mikið hefur verið talað um að nauðsyn beri til að sinna betur en gert hefur verið, þ.e. öllu sem lýtur að starfsmenntun og endurmenntun og öðru slíku, vera verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þessi tenging er óviðurkvæmileg. Þetta fyrirkomulag er óeðlilegt og við greiðum því atkvæði gegn þessu, herra forseti.

[18:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari nýju grein er verið að festa í lögin um atvinnuleysistryggingar það sem reyndar var samþykkt hér fyrir jól um að flytja starfsmenntun í atvinnulífinu og sérstakan stuðning við atvinnumál kvenna yfir til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta eru ekki atvinnuleysismál og eiga ekki heima í þessum sjóði. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessu.

[18:25]

Mörður Árnason:

Herra forseti. Með þessari tillögu er á ákaflega klunnalegan hátt ruglað saman aðstoð við atvinnulausa annars vegar og hins vegar almennum aðgerðum til starfsmenntunar og sérstökum aðgerðum til nýsköpunar í atvinnulífi kvenna, úr Jóhönnusjóðnum svonefnda. Með þeirri nýskipan sem tillagan gerir ráð fyrir eru þessi sérstöku verkefni orðin hornrekur í stóru bákni. Ég óttast að markmið þeirra séu þar með sett í uppnám og segi því nei.

23. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 24:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, VS.

nei: HG, SighB.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, FI, GE, GÁS, JGS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, RA, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 654,13 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, MÁ, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (RA) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

25. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,14 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JGS, JBH, KÁ, KPál, MS, MF, MÁ, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

26. gr. (verður 27. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, GHelg, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

27.–30. gr. (verða 28.–31. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,15 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Um árabil hafa kjararannsóknir og kjararannsóknarnefnd fengið fjárveitingar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það stóð til að breyta því en reyndar er óljóst hver ætlunin er eða hvað menn ætla að gera í því en svo mikið er víst að kjararannsóknir eiga ekki heima í Atvinnuleysistryggingasjóði. Á þessu verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð og því greiði ég ekki atkvæði með þessari brtt.

Ákvæði til brb. II samþ. með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JGS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hafa komið fram álitamál varðandi þessa grein, hvort hér sé um afturvirkni að ræða sem sé óeðlileg. Hér mun ekki vera um stjórnarskrárbundinn eignarrétt að ræða. Þetta er í nákvæmri athugun. Það náðist ekki til allra þeirra prófessora í lagadeild sem við ætluðum að spyrja um málið í dag, en ég vænti þess að niðurstaða liggi fyrir um þessa grein frá okkar hendi áður en málið kemur til 3. umr. þannig að hugsanlegt er að ég leggi til að þetta ákvæði verði dregið til baka. (Gripið fram í.) Það er hugsanlegt. Það vantar niðurstöðu enn þá. En ef niðurstaðan yrði á þann veg að ákvæðið væri óeðlilegt, þá dreg ég það að sjálfsögðu til baka.

[18:33]

Svanhildur Kaaber:

Herra forseti. Á meðan um það ríkir nokkur óvissa hvort ákvæði þetta eigi að vera afturvirkt eða ekki, þá tel ég það algjörlega fráleitt. Samkvæmt ákvæðinu eins og það stendur er verið að leggja til að skerða rétt til atvinnuleysisbóta þannig að hann geti að hámarki orðið fimm ár. Upphafspunktur skerðingarinnar er ekki einu sinni bara frá því að lögin eiga að taka gildi heldur frá og með 1. júlí 1994 og mér finnst þetta algjörlega fráleitt. Þannig er ráðist alveg sérstaklega að rétti þeirra sem hafa orðið fórnarlömb langtímaatvinnuleysis og ég segi nei við þessu ákvæði, herra forseti.

Ákvæði til brb. III samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JGS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 654,16 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. IV) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, KPál, MS, MF, MÁ, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HBl, JGS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 189, nál. 655 og 660, brtt. 656.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, GMS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu frv. sem hér kemur til atkvæða er verið að færa vinnumarkaðsmál frá sveitarfélögunum til ríkisins án þess að haldbær rök séu fyrir þeirri breytingu. Við kvennalistakonur erum andvígar þessari nýju stefnu ríkisstjórnarinnar. Með þessu frv. á að koma upp miklu ríkisbákni og færa ráðgjöf og úrræði frá fólkinu inn í miðstýrt kerfi sem alls er óljóst hvort muni virka. Við munum greiða atkvæði gegn ákveðnum greinum frv. en sitja hjá við aðrar. Ríkisstjórnin verður að bera ábyrgð á þessari vitleysu.

[18:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. 1. gr. frv. hefur vissulega háleitt markmið. Það er hvorki meira né minna en það að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli í landinu. En þótt markmiðið sé gott og gilt í sjálfu sér þá er ég mótfallin aðferðinni sem ríkisstjórnin ætlar að nota til þess að koma þessu markmiði sínu á. Það á að koma hér á fót ríkisstofnun utan um málaflokk sem miklu fremur á heima hjá sveitarfélögunum en hjá ríkinu og báknið kostar mannafla sem mér sýnist að sé á annað hundrað manns þegar allt er talið. Það á að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkis, sem vissulega er ný stefna, og þjónustuna frá fólkinu inn í ríkisbáknið. Ég er ekki sammála þeirri pólitík sem birtist í þessu frv. og mun því greiða atkvæði gegn sumum greinum þess en sitja hjá við aðrar eftir atvikum og svo er um þessa 1. gr., herra forseti.

[18:39]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við undirbúning að þessari lagasetningu skapaðist góð sátt jafnt hjá vinnuveitendum sem launþegum. Markmiðið er að draga úr atvinnuleysi og tryggja markviss og samhæfð vinnubrögð. Það er mat þeirra er gleggst þekkja til, t.d. fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, að það fyrirkomulag sem hér er lagt til nái best því markmiði að stuðla að minna atvinnuleysi. Því segi ég já.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, ÖS.

2 þm. (HG, SK) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:41]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það er afar sérkennilegt að ætla að flytja vinnumiðlun frá sveitarfélögum og stofna utan um það verkefni mikla ríkisstofnun með miðstýringarmöguleikum. Það er grundvallarafstaða þingflokks jafnaðarmanna að efla eigi sveitarfélögin og styðja til að taka að sér fleiri verkefni, ekki síst þau sem kalla á sérþekkingu, staðarþekkingu, en þetta er einmitt eitt slíkra. Við munum því greiða atkvæði gegn 3. gr. þar sem ríkisstofnunin mikla er staðfest en sitja hjá við aðrar greinar frv. Ég segi nei við 3. gr.

[18:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari grein er verið að setja á fót nýja ríkisstofnun og samkvæmt mínum útreikningum munu nálægt 120 manns koma bara að stjórnunarstörfum þessarar stofnunar og undirstofnana hennar. Ég spyr, hæstv. forseti: Hvað er orðið um þá sem einu sinni hrópuðu: Báknið burt? Hvar eru þeir nú?

Við kvennalistakonur erum á móti þessu bákni og teljum málaflokkinn betur kominn hjá sveitarfélögunum.

[18:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ef einhver fótur væri fyrir þessum skringilegum tilgátum þá væri hér náttúrlega kjörið tækifæri til atvinnusköpunar í landinu. En það vill nú svo til að þessi störf eru unnin þegar í dag að flestu leyti og þar af leiðandi er þetta mjög mikill misskilningur og mistúlkun hjá hv. þm.

4.–5. gr. samþ. með 27:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

nei: BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, SJóh, SJS, ÖS.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, GHelg, MF, MÁ, RA, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

6.–7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 656,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JGS, JBH, KPál, MS, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, TIO, VS.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, KÁ, MÁ, RA, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, LMR, LB, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 26:10 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.
nei: BH, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SJS, ÖS.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, JBH, MÁ, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það sem hér er fjallað um er að skilgreina allt landið í skilningi þessara laga sem eitt vinnusvæði. Hin hliðin á því máli er sú að menn geta þá átt á hættu að missa atvinnuleysisbótarétt ef þeir hafna vinnu, jafnvel þó á fjarlægi landshorni sé. Núgildandi ákvæði eru í þessu sambandi nógu erfið viðureignar og bjóða upp á túlkun sem getur orðið býsna vandasöm, svo sem þegar meta þarf hvort að heimilisaðstæður viðkomandi séu þess eðlis að þær komi í veg fyrir að hann geti með auðveldlega sótt vinnu um langan veg þó ekki bætist nú við að það þurfi að fara að meta hvort í slíkum tilvikum eigi að svipta menn bótum þó þeir jafnvel vilji ekki flytjast landshornanna á milli. Nú þegar hefur komið til árekstra vegna þess að t.d. mæður með börn í skólum hafa misst atvinnuleysisbótarétt þegar þær hafa neitað að sækja vinnu í fjarlæg byggðarlög af þeim ástæðum. Ég held að væri nær að taka á þeim vandamálum sem uppi eru í lagaframkvæmdinni heldur en að breyta þeim í þessa átt og búa sér til enn þá erfiðari vandamál og meiri hættur í sambandi við það að fólk verði af eðlilegum bótarétti vegna lagaframkvæmdarinnar. Þetta ákvæði er stórgallað og því þarf að breyta.

9.–10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, KPál, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 25:8 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.
nei: BH, GGuðbj, GHelg, HG, KÁ, MF, SJóh, SJS.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, JBH, MÁ, RA, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í þessari grein er kveðið á um skipan svæðisráða sem enginn veit hversu mörg verða. Ef gengið er út frá kjördæmum landsins þá verða þau minnst átta sem þýðir að það verða 72 sem koma að þeirri ráðgjöf sem þar á að veita. Mér þykir skipan í þessi ráð vera allt of þröng og hef efasemdir um það að fulltrúar framhaldsskólanna eigi heima í þessum ráðum og því greiði ég atkvæði gegn þessari grein.

12.–14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 656,2 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

16.–24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GHelg*, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, MS, PP, PHB, SAÞ, TIO, VS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, MF, MÁ, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 656,3 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, JBH, MS, MF, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, TIO, VS.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, GHelg*, HG, KÁ, MÁ, RA, SvanJ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EOK, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JGS, JBH, MS, MF, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, TIO, VS.

5 þm. (HG, KÁ, MÁ, SK, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Stephansstofa, frh. fyrri umr.

Þáltill. MÁ, 354. mál. — Þskj. 627.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:54]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 18:54.

80. FUNDUR

miðvikudaginn 26. febr.,
að loknum 79. fundi.

Dagskrá:

Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, þáltill., 376. mál, þskj. 661. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

Samningur um fiskveiðar innan grænlenskrar og íslenskrar lögsögu, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 376. mál. — Þskj. 661.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:56]
Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:57]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GGuðbj, GHelg, GMS, HBl, HjÁ, HjálmJ, JGS, JBH, KÁ, MS, MF, MÁ, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SJS, SvanJ, SK, TIO, VS, ÖS.

26 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, DO, FI, GE, GÁS, HÁs, HG, IP, ÍGP, JónK, KHG, KH, KPál, LMR, LB, ÓE, ÓÖH, RG, SighB, SF, SP, StG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 665).

Fundi slitið kl. 18:58.

81. FUNDUR

fimmtudaginn 27. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 663. — 3. umr.
2. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 664. — 3. umr.
3. Staða drengja í grunnskólum, þáltill., 227. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr.
4. Stjórnarskipunarlög, frv., 268. mál, þskj. 521. — 1. umr.
5. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 284. mál, þskj. 538. — 1. umr.
6. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 297. mál, þskj. 553. — Fyrri umr.
7. Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, þáltill., 300. mál, þskj. 556. — Fyrri umr.
8. Kaup skólabáts, þáltill., 310. mál, þskj. 571. — Fyrri umr.
9. Verðbólgureikningsskil, þáltill., 314. mál, þskj. 575. — Fyrri umr.
10. Landsbókasafn – Háskólabókasafn, þáltill., 342. mál, þskj. 614. — Fyrri umr.
11. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615. — Fyrri umr.
12. Efling íþróttastarfs, þáltill., 363. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,

Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

[10:34]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 171. mál, þskj. 663.
Ríkisfjármál 1996, 378. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 666.
Vinnumarkaðsaðgerðir, 172. mál, þskj. 664.

Tilkynning um dagskrá.

[10:35]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Í dag, kl. 1.30, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um stöðu eldri borgara í skatt- og almannatryggingakerfinu. Málshefjandi er Ágúst Einarsson en hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

Önnur umræða utan dagskrár verður kl. 2 síðdegis um öryggismál fiskiskipa og stöðugleikamælingar. Málshefjandi er Kristján Pálsson og hæstv. samgrh. Halldór Blöndal verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

[10:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er af allgildu tilefni sem ég kveð mér hljóðs um störf þingsins. Við höfum fylgst með því í fréttum að hæstv. iðnrh. og Landsvirkjun hafa verið að undirbúa samninga við eigendur Íslenska járnblendifélagsins í sambandi við hugsanlega stækkun verksmiðjunnar. En það hefur lítið heyrst frá hæstv. ráðherra í þinginu um þetta mál. Okkur er sagt að verið sé að ganga frá samningum um stækkun verksmiðjunnar og í tengslum við það afhendingu á meiri hluta íslenska ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu til norska fyrirtækisins Elkem sem nú á 30% í verksmiðjunni. Landsvirkjun hefur sem kunnugt er sett eindaga varðandi þegar gerðan raforkusamning miðað við að svör liggi fyrir frá Íslenska járnblendifélaginu fyrir 8. mars nk. Þá er reynt að knýja fram pólitískar yfirlýsingar frá Landsvirkjun þess efnis að Elkem verði tryggður aðgangur að raforku frá hagkvæmustu virkjunarkostum landsmanna til frekari stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á næstu árum ef þeim hentar að flytja hingað starfsemi sína.

Það liggja fyrir útreikningar, virðulegur forseti, að ég best veit á verði járnblendiverksmiðjunnar samkvæmt mati þar sem gengið er út frá svartsýnustu forsendum um afkomu fyrirtækisins og háum vöxtum. Þessir útreikningar er sagt að skili nafnvirði hlutafjár í verksmiðjunni upp á aðeins 2,7 milljarða kr. sem er lægri upphæð en stofnkostnaður við stækkun verksmiðjunnar gæti skilað. Það verður að hafa í huga, virðulegur forseti, að íslenska ríkið hefur þegar lagt 4 milljarða kr. í verksmiðjuna frá upphafi, reiknað á núvirði og án vaxta. Á síðasta ári skilaði verksmiðjan 600 millj. kr. hagnaði og raunar gott betur vegna raforkusamningsins þar sem á annað hundrað millj. kr. gætu orðið afturkræfar.

Samkvæmt þessu, virðulegur forseti, stefnir í það að Elkem verði nánast gefin þessi verksmiðja og Landsvirkjun skuldbindi sig í þokkabót til að afhenda nýjum meirihlutaeiganda orku næstu ár og áratugi á kostakjörum. Þetta er nú hagsmunagæsla eða hitt þó heldur. Hæstv. iðnrh., hefur (Forseti hringir.) ekki haft fyrir því að gera Alþingi Íslendinga grein fyrir því hvert stefnir. Ég hlýt að gera kröfu til þess að ráðherrann gefi Alþingi skýrslu hið allra fyrsta og (Forseti hringir.) áður en gengið verður frá samningum. Það er með öllu óviðunandi að fastmælum verði bundið efni í þá veru sem ég hef frétt af að standi til og að Alþingi fái ekki að ræða málin og fái ekki greinargóð svör frá ríkisvaldinu um þessi efni. Það er ekki (Forseti hringir.) hægt að segja okkur það, virðulegur forseti, að við verðum að knékrjúpa fyrir Norðmönnum eða norska fyrirtækinu Elkem og eigum engra kosta völ í þessu máli að gera annað.

[10:39]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að staðið hafa yfir bráðum í eitt og hálft ár viðræður milli eignaraðila Íslenska járnblendifélagsins, þ.e. Elkem í Noregi, Sumitomo í Japan og íslenska ríkisins um hugsanlega stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Lengst af hafa þessar umræður farið fram innan stjórnar fyrirtækisins. Þær umræður hafa hins vegar ekki skilað árangri og nú í nokkurn tíma eða síðan í október hafa eignaraðilar fyrirtækisins rætt um stækkun á fyrirtækinu.

Málið er þar af leiðandi alls ekki komið á það stig að hægt sé að gera þinginu grein fyrir um hvað er verið að semja þar sem samningar hafa ekki náðst enn þá. Um breyttan eignarhlut í fyrirtækinu verður auðvitað ekki samið nema með samþykki Alþingis vegna þess að lagabreyting þarf að koma til ef breyting á að verða á eignarhluta ríkisins í þessu fyrirtæki.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til þessarar stækkunar byggist á því að bæta afkomu Íslenska járnblendifélagsins og tryggja stöðu þess til lengri tíma litið. Í öðru lagi að stækkun með þriðja bræðsluofninum treystir samkeppnisstöðu fyrirtækisins allverulega og tryggir þá um leið atvinnuöryggi þess fólks sem núna vinnur hjá fyrirtækinu. Áætlað er að með stækkun þriðja ofnsins muni framleiðslukostnaður hjá fyrirtækinu í heild sinni lækka úr 3.800 norskar kr. á tonnið niður í 3.200 norskar kr. á tonnið þannig að veruleg hagkvæmni hlýst af þessu.

Fyrirtækið lenti í mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum á síðasta samdráttarskeiði hjá fyrirtækinu árin 1992–1994 og þurfti þá að koma til enn ein aðstoð ríkisins til að fyrirtækið héldi velli í þeirri samkeppni sem þá var. En með því að stækka fyrirtækið og ná fram aukinni hagkvæmni í rekstri þess eru menn að tryggja að fyrirtækið verði betur í stakk búið til að mæta næstu niðursveiflu sem allir spá að verði um aldamót.

[10:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég tek undir óskir um að hæstv. iðnrh. geri Alþingi grein fyrir stöðu þessa máls. Ég vil jafnframt upplýsa

að ég hef óskað eftir því í efh.- og viðskn. að þangað komi upplýsingar um hvar þessi mál standa, sérstaklega í tengslum við fréttir sem hafa verið að koma fram nú upp á síðkastið að farið sé að ræða um breytt eignarhlutföll í fyrirtækinu án nokkurrar kynningar á þingi eða í þingnefndum. Ekki hefur reynst unnt að koma þeim fundi við m.a. vegna fjarveru þeirra manna sem um þessi mál véla í hinu háa iðnrn. og virðist þá skrifstofustjórinn vera innsti koppur í búri í öllu tilliti því ekki er talið mögulegt að veita um þetta neinar upplýsingar nema hann sé á landinu.

Herra forseti. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að miðað við þá fjármuni sem íslenska ríkið hefur lagt í þetta fyrirtæki, þær geysilega stóru tölur sem liggja í virkjunum og öðru sem þessum málum tengjast, þá sé það með öllu óásættanlegt að þingmenn séu að fá flugufregnir utan úr bæ um stefnubreytingu í málum af þessu tagi, hvort sem heldur varðar breytta eignaraðild eða meðferð á eignarhlut ríkisins í þessu fyrirtæki í ljósi allra þeirra fjármuna sem í það hafa verið settir eða önnur áform sem tengjast þessum samskiptum íslenska ríkisins við meðeigendur, svo sem fréttir sem heyrst hafa um að inn í þetta gætu komið áform Elkem um að flytja hingað marga gamla ofna sem þeir eru að flýja með frá Noregi. Þá væri komin upp enn önnur hlið á þessu máli sem snýr að umhverfisþáttunum.

En fyrst og fremst, herra forseti, tel ég að það sé réttmæt krafa sem hæstv. iðnrh. beri að verða við, úr því að hann sá ekki sóma sinn í að gera það sjálfur óumbeðinn, að gera Alþingi grein fyrir hvar þessi mál standa þannig að menn þurfi ekki að byggja á óljósum fréttum úr fjölmiðlum um hluti af þessu tagi.

[10:44]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það var ekki mikið að hafa upp úr hæstv. ráðherra um þetta mál. Þó sagði þögn hæstv. ráðherra varðandi það sem fram kom í mínu máli talsverða sögu. Er það rétt, hæstv. ráðherra, að í það stefni að íslenska ríkið afhendi norska fyrirtækinu Elkem meirihlutaeign í fyrirtækinu? Er það rétt að verið sé að knýja á um að Landsvirkjun gefi yfirlýsingar um að þeir eigi kost á því að ganga hér að íslenskri raforku, bestu raforkukostum landsmanna á næstu árum ef þeim hentar?

Það eru þessi stóru mál og þessar stóru spurningar sem Alþingi Íslendinga verður að geta rætt áður en málið er læst af hálfu ríkisstjórnarinnar sem fer með meiri hlutann, meirihlutaeign í fyrirtækinu, sem ætla að afhenda og hæstv. forsrh. hefur gefið yfirlýsingar um að eigi að setja hlutabréf á almennan markað. Hvers konar hagsmunagæsla er það sem hér er á ferðinni? Er það rétt, virðulegur forseti, að mat liggi fyrir á fyrirtækinu, á nafnvirði fyrirtækisins upp á 2,7 milljarða kr. sem eigi að leggja til grundvallar við hugsanlega sölu á meiri hluta í fyrirtækinu?

Þetta eru svo stórar spurningar, virðulegur forseti, að það er náttúrlega með fádæmum að hæstv. ráðherra skuli ekki þegar hafa gefið óumbeðið efh.- og viðskn. og iðnn. þingsins upplýsingar um þetta. Fyrir utan það sem hér var minnt á í sambandi við umhverfismál fyrirtækisins. Ég hélt að ekki væri nú bætandi á þá stöðu sem blasir við í sambandi við stóriðjustasjón uppi í Hvalfirði. Ég held að menn fagni því ekki að verið sé að falbjóða íslenska orku til Elkem sem því miður hefur ekki allt of góðan orðstír heima fyrir í sambandi við umhverfismál.

Þetta efni, virðulegur forseti, er þess eðlis að ég tel að (Forseti hringir.) forsetadæmið eigi að taka það upp að sínu leyti við hæstv. ráðherra að hann gefi hér skýrslu á næstunni. Mér er sagt að fundur verði í Noregi á morgun (Forseti hringir.) um þessi mál og kannski fleiri fyrirhugaðir eftir helgina og 8. mars nálgast. Áður en þetta gerist verður að fá þetta mál rætt á Alþingi.

[10:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Því miður átta ég mig nú ekki alveg á málflutningi hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað. Í öðru orðinu er það alveg skelfilegt, þeir miklu fjármunir sem ríkið hefur sett í fyrirtækið og í hinu orðinu, að menn séu hugsanlega að setja fyrirtækið í hendur einhverra annarra aðila. Því miður gengur svona málflutningur ekki upp. (**SJS:** Hvernig væri að svara spurningunni?) Það er rétt að verulegir fjármunir hafa verið settir af fé skattborgaranna til að mæta þeim töpum sem þetta fyrirtæki hefur orðið fyrir í gegnum tíðina. Þær aðgerðir sem verið er að ræða núna í samvinnu við aðra eignaraðila okkar í fyrirtækinu byggjast á því að styrkja og treysta fyrirtækið í sessi þannig að við þurfum ekki, þegar við lendum í næsta erfiðleikatímabili í rekstri fyrirtækisins, að koma með fé úr ríkissjóði til að aðstoða fyrirtækið. Fyrirtækið verður þess vegna betur í stakk búið til að mæta þeirri niðursveiflu sem þá mun verða.

Það hefur engin ákvörðun verið tekin um hvort gerð verði breyting á eignarhlutum í fyrirtækinu eða ekki. Sú ákvörðun hefur ekki verið tekin vegna þess að ekki hafa enn náðst samningar milli eignaraðila með hvaða hætti verði staðið að stækkun fyrirtækisins ef sú ákvörðun verður á annað borð tekin, en um það eru skiptar skoðanir milli eignaraðila.

Í öðru lagi hefur verið gerður samningur milli Landsvirkjunar og fyrirtækisins um raforku ef af stækkun fyrirtækisins verður um einn ofn. Fyrirtækið hefur hins vegar ekki frest nema til 8. mars til að svara því hvort það sé tilbúið til að taka þeim samningi sem þar er í boði. Verði af stækkun og náist samkomulag er ljóst að fyrirtækið getur hugsanlega stækkað enn frekar. Þá þurfa eignaraðilar að hafa ákveðna vissu, ekki tryggingu, (Forseti hringir.) vissu fyrir því að ef um frekari stækkun verður að ræða á hvaða kjörum hugsanlega þeir raforkusamningar gætu orðið við Landsvirkjun ef til þess kæmi að þriðji, fjórði eða fimmti ofn eða enn þá fleiri ofnar yrðu að veruleika í rekstri fyrirtækisins.

Atvinnuleysistryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 663.

og

Vinnumarkaðsaðgerðir, 3. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 664.

[10:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þau vinnumarkaðsmál hæstv. félmrh. eða þau frv. sem hæstv. félmrh. ber hér fram um vinnumarkaðsaðgerðir annars vegar og breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar hins vegar.

Maður staldrar auðvitað fyrst við þau vinnubrögð sem hæstv. félmrh. hefur tamið sér eða lent í hvað varðar öll meiri háttar mál, samskiptamál við aðila vinnumarkaðarins og breytingar á löggjöf þar um. Það er óþarfi að rifja upp fyrir hv. alþm. hvernig umræður stóðu hér á Alþingi á síðasta vori þegar hæstv. félmrh. var að böðlast með breytingar sínar á lögum um vinnumarkaðinn við litla hrifningu þeirra sem við áttu að búa eins og kunnugt er. Sérstaklega voru færð fram sem rök í þeirri umræðu að þær breytingar mundu auðvelda svo gerð kjarasamninga og það væri svo skynsamlegt með tilliti til þess að bæta andrúmsloftið í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins og greiða fyrir fram fyrir gerð kjarasamninga að þröngva fram löggjöf í harðri andstöðu við allt og alla. Þessar fínu viðræðuáætlanir og allt það áttu að vera slíkt lykilatriði til að ná snurðulaust kjarasamningum í þjóðfélaginu. Hver hefur niðurstaðan orðið? Hver hefur uppskera hæstv. félmrh. orðið í því? Ekki önnur en sú að í langan tíma hefur ekki horft jafnalvarlega hvað varðar samskipti aðila vinnumarkaðarins við aðstæður sem hefðu þó átt að vera nokkuð hagstæðar til að gera kjarasamninga í sæmilegri sátt eins og nú er í þjóðfélaginu þegar eitthvað er þó til skiptanna og allir viðurkenna það, meira að segja hæstv. ráðherrar bjóða talsverðar kjarabætur. En það er ekki eins og hæstv. félmrh. hafi lært mikið af þessu því hæstv. ráðherrann heldur áfram eða gerði það að minnsta kosti þegar hann lagði fram þessi frv., til að mynda þetta dæmalausa frv. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Nú er það að vísu svo að hæstv. ráðherra hefur verið laminn til baka með efni málsins að verulegu leyti og vegna þrýstings fyrst og fremst væntanlega frá yfirstandandi kjarasamningum og kröfum verkalýðshreyfingar. Í tengslum við þær viðræður hafa verið gerðar ýmsar breytingar á frv. sem fluttar voru hér af meiri hlutanum og afgreiddar í atkvæðagreiðslu á þingi í gær þannig að það má segja að búið sé að draga að verulegu leyti tennurnar úr frv. í þeim skilningi að mikið af þeim skerðingum og þeirri réttindasviptingu sem í því átti að felast er gengið til baka. En eftir standa auðvitað vinnubrögðin sem hæstv. ráðherra hefur tamið sér og það hlýtur nú að fara að verða fleirum en ræðumanni umhugsunarefni hvort hæstv. ráðherra ætli að varða allan feril sinn með þessum hætti, að mikilvægustu grundvallarlög um málefni vinnumarkaðarins eða réttindi þeirra, sem hafa ratað í þá ógæfu að missa atvinnu sína, séu sett við þessar kringumstæður og í þessu andrúmslofti, í bullandi átökum undir hörðum mótmælum þeirra sem við þau eiga að búa. Mikið má hæstv. ráðherra vera sanntrúaður á eigin visku og ágæti ef ekki læðast að honum efasemdir um hvort hann sé á réttri braut. Það séu bara allir hinir sem hafi rangt fyrir sér. Það voru í raun svör hæstv. ráðherra hér sl. vor þegar allir helstu forsvarsmenn verkalýðsfélaga í landinu vöruðu hæstv. ráðherra við. Þessar aðgerðir væru óskynsamlegar og þær mundu ekki verða til velfarnaðar, þá sagði hæstv. ráðherra bara: Jú, víst, og trúði á eigin yfirburði og visku í því máli. Hæstv. ráðherrann virðist ekki heldur, því miður, megna að læra neitt af reynslunni.

Herra forseti. Ég tel að þetta frv. um atvinnuleysistryggingar, svo ég snúi mér fyrst að því málinu sem er með lægra númeri, 171. máli á þskj. 663 eins og það er nú eftir 2. umr., sé þrátt fyrir þær breytingar sem á því hafa orðið langt í frá nógu gott. Það stofnar ekki til þess að ég hafi sérstakan áhuga á að styðja þetta mál þó búið sé að draga út úr því dálítinn hluta af þeim breytingum, skerðingum og fantaskap sem í því var þegar það var lagt fram. Það eru ekki aðferðir af þessu tagi sem menn eiga að temja sér. Það er dapurlegt að sjá jafnágætan mann og hæstv. félmrh. lenda í því leiðindafari sem mikið hefur borið á hér undanfarin ár, að ríkisstjórnir leggja fram frv. þar sem mönnum er hótað illu einu. Það á að skerða þetta og taka af hitt. Síðan er látið undan þrýstingi og eitthvað af þessu eða hinu dregið til baka og þá eiga allir að vera glaðir og ánægðir og þakka hæstv. ráðherrum, ríkisstjórn eða meiri hluta fyrir gæskuna að í staðinn fyrir að gefa mönnum á kjaftinn, þá sé kannski látið nægja að löðrunga menn. Það er þessi aðferðafræði, hóta nógu illu, leggja frv. fram af nógu miklum skepnuskap, þannig að mikið svigrúm sé til að draga eitthvað af því til baka og þá eiga allir að vera ánægðir og þakka fyrir og knékrjúpa fyrir hinu miskunnsama valdi sem hefur fallist á að milda nú aðeins hlutina. Þetta er formúlan sem trekk í trekk hefur verið keyrt eftir hér á undanförnum árum og jafnvel hæstv. félmrh. lætur sig hafa að falla í þetta ógæfufar.

Ég tel t.d. að enn þá eimi eftir í frv. af því viðhorfi til atvinnulausra og atvinnuleysis sem vandamáls og ég get afar illa sætt mig við. Að rót vandans liggi hjá hinum atvinnulausa eða hjá þeim sem hefur misst atvinnu sína, það sé eitthvað að hjá honum. Og maður heyrir oft, því miður, fordómum hlaðin viðhorf gjósa upp — ja, það geti allir fengið vinnu ef þeir bara nenni því eða vilji. Þetta viðhorf er náttúrlega af því tagi að ekki þarf að ræða það mikið. Þetta er forneskja og tilheyrir aðstæðum sem við viljum helst ekki kenna okkur við eða tímabili í mannkynssögunni, að ég hélt. Það er líka, því miður, út frá aðstæðum á Íslandi, eins og þær eru orðnar í dag augljóslega rangt, vegna þess að raunverulegt, varanlegt atvinnuleysi er orðið á Íslandi. Það er þannig. Menn geta deilt um hvers eðlis það vandamál er að stórum hluta ef skráð atvinnuleysi er kannski að mælast af stærðargráðunni 0,5–1,5%. Sumir segja að það hljóti að vera svo ef ekki er þeim mun meiri umframeftirspurn eftir vinnuafli þá sé einfaldlega vegna breytinga, sem alltaf eru, ákveðnar hreyfingar á vinnuaflinu og alltaf eitthvert skráð atvinnuleysi, kannski af þessari stærðargráðu. Einhver hluti þess geti líka legið á hinu gráa svæði á mörkum þess að vandamálin séu af félagslegum eða heilsufarslegum toga eða eitthvað því um líkt. En það þýðir ekki að bera slíkt fram þegar langtímaatvinnuleysi, nokkurn veginn viðvarandi atvinnuleysi er orðið um 5%. Þegar kannski 6.000–7.000 Íslendingar ganga að staðaldri atvinnulausir, þá held ég að það sé augljóst mál að slíkt á ekki lengur við. Eða dettur mönnum t.d. í hug að tíunda hver kona á atvinnumarkaði væri atvinnulaus á sumum landsvæðum ef ekki væri um raunverulegt atvinnuleysi að ræða? Nei, það vona ég ekki. Þannig að við skulum ræða þetta vandamál eins og það er. Það er því miður þannig að á Íslandi er nú við að glíma, að vísu að hluta til svæðisbundið og að einhverju leyti árstíðabundið, en samt varanlegt atvinnuleysi sem er stórfellt vandamál.

Þá er það mjög sérkennilegt að upp skjóti kollinum breyting á löggjöf sem gengur nánast að öllu leyti í þá átt að skerða kjör þess fólks sem orðið hefur fyrir þessu. Auðvitað var íslensk löggjöf þannig vanbúin til að taka við atvinnuleysinu eftir langt tímabil þegar það var nánast ekki fyrir hendi nema mjög staðbundið og árstíðabundið. Auðvitað vantaði fjölmargt í okkar viðbrögð við þessu vandamáli sem menn voru búnir að þróa erlendis svo sem að ýta undir að á þessu sé tekið með ýmiss konar endurmenntun, starfsþjálfum og endurhæfingu þeirra sem verða fyrir því að missa vinnu og

þurfa kannski að aðlaga sig að breyttum aðstæðum, fara að vinna í nýju starfi við nýjar aðstæður o.s.frv. Það hefði frekar verið breyting í þá átt og stuðningur af því tagi sem maður hefði bundið vonir við að sjá á þingi á Íslandi á þessum árum en aðgerðir af þessu tagi.

Það er auðvitað búið að bakka með vissa hluti eins og þá að unglingar á aldrinum 16–18 ára sem væru án atvinnu gætu ekki fengið atvinnuleysisbætur og fleira af því tagi en eftir standa hlutir sem tvímælalaust og því miður eru vitnisburður um það hugarfar sem á bak við málið liggur. Ég nefni til að mynda langtímaatvinnuleysið og það tímabil sem stendur enn þá inni að henda mönnum út eftir fimm ára atvinnuleysi. Það er í raun ákveðin neitun, ákveðin tilraun til að neita því að horfast í augu við að um langtímaatvinnuleysi, eiginlegt langtímaatvinnuleysi geti verið að ræða í þeim skilningi að fólk geti lent í aðstæðum sem hreinlega bjóða ekki upp á atvinnu árum saman.

Ég nefni einnig, herra forseti, þann þátt að hengja allt sem lýtur að starfsmenntun í atvinnulífinu á Atvinnuleysistryggingasjóð. Það höfum við gert að umtalsefni ítrekað og gagnrýnt mjög harðlega. Ég held að það alvarlegasta við það mál sé kannski ekki útgjaldahlutinn sjálfur, ekki byrðin sem slík sem á Atvinnuleysistryggingasjóð lendir heldur fyrst og fremst hugarfarið. Hvað á þessi tenging að þýða? Af hverju á starfsmenntun að vera flokkuð sem sérstakt vandamál Atvinnuleysistryggingasjóðs? Af hverju er það ekki sett fram með jákvæðum formerkjum sem sjálfstætt jákvætt mál, sem sé fjármagnað sem slíkt, en ekki hengt utan á Atvinnuleysistryggingasjóð eins og það sé sérstakt vandamál sem eigi helst heima þar? Mér finnst þetta óskaplega ógeðfelld hugsun, ég verð að segja það alveg eins og er. Þessi tenging er að mínu mati óviðurkvæmileg. Að farið verði að líta á allt sem lýtur að því að fara í endurmenntun, starfsmenntun og starfsþjálfun sem næsta bæ við það að menn séu atvinnulausir og einhverjir aumingjar sem þurfi á sértækum aðgerðum að halda af því tagi. (**Gripið fram í:** Eru atvinnuleysingar aumingjar?) Nei, ég er að vara við því að hugsunin lendi inn á það spor. Ég er að vara við því hér. Það er þess vegna sem ég vil ekki slíka tengingu vegna þeirrar hættu sem blasir við og þess hugarfars sem hér glittir víða í — að hinn atvinnulausi sé vandamálið en ekki þjóðfélagsaðstæðurnar sem slíkar sem beri að skoða eða ástandið í efnahags- og atvinnulífinu sjálfu.

Verið er að henda því út að Alþingi kjósi, eins og er í tísku núna, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er líka mjög athyglisvert að þessi hæstv. ríkisstjórn, þessi sérstaka lýðræðissinnaða og valddreifingarsinnaða ríkisstjórn rekur einhverja hörðustu miðstýringar- og valdasamþjöppunarpólitík sem lengi hefur sést. Það kemur hér varla frumvarp að ef einhvers staðar er eða hefur verið lýðræðislega kjörið apparat er því hent út til að ráðherrar Framsfl. geti einir raðað sínum gæðingum þar í stjórnir og ráð. Þetta gerist undir merkjum hinnar svokölluðu einkavæðingar sem er yfirleitt einhvers konar einkavinagæðingavæðing. Og hér er angi af þessu þ.e. að fulltrúar Alþingis sem þarna hafa verið eiga ekki að koma við sögu meir og þeim er hent út.

Síðan er eitt atriði, herra forseti, sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni og tengist í raun og veru málunum báðum. Það er spurningin um réttarstöðu þess fólks sem verður atvinnulaust, missir atvinnu, í samhengi við skilgreiningu á landinu sem vinnusvæði og rétti fólks til að halda bótum þó að það treysti sér ekki til að sækja vinnu sem því kann að bjóðast, annaðhvort vinnu af öðrum toga en það telur sig fært um að fara í eða vinnu í fjarlægum byggðarlögum. Ég hef satt best að segja, herra forseti, miklar áhyggjur af því máli og þeim mun meiri sem ég hef velt því meira fyrir mér. Mér finnst hæstv. ráðherra á stundum hafa talað furðuglannalega um þau mál, svo ekki sé nú meira sagt, og tel ég mig þá vera ákaflega hógværan í einkunnagjöf. Mér finnst stundum að það viðhorf sé orðið uppi að ástæðulaust sé að þetta lið fái atvinnuleysisbætur ef það fari ekki í þá vinnu sem býðst hvar sem er á landinu. Hvað er verið að segja með slíku hugarfari? Það er verið að segja að einhver hluti landsmanna eigi að sæta því að njóta ekki eiginlegra framfærsluréttinda nema þá þannig að hann sé tilbúinn til að hverfa frá heimili sínu og ganga að vinnu einhvers staðar og einhvers staðar ef hún er í boði.

Ég hef fengið upplýsingar um það á síðustu dögum að verið sé að henda fólki út af atvinnuleysisbótum vegna þess að það hefur ekki treyst sér til að sækja vinnu í fjarlæg byggðarlög eða um nokkurn veg. Þar virðist vera um afar handahófskennt mat að ræða hvort viðkomandi hafi fært fram réttmætar eða tilgreint ástæður sem ástæða sé að taka tillit til. Ég ætla að sleppa því, herra forseti, að nefna hér nöfn en ég hef um þetta áreiðanlegar upplýsingar sem ég vona að mér leyfist að vitna til. Þannig hafi t.d. tekist til í einu ónefndu byggðarlagi. Hópur fólks, aðallega kvenna, hafði misst atvinnu sína vegna þess að vinnustað þeirra var lokað. Tiltekinn fjöldi starfa bauðst í nágrannabyggðarlagi, að vísu mun færri störf en nam því atvinnulausa fólki sem misst hafði vinnu sína, og vegna þess að þau störf voru ekki öll mönnuð, u.þ.b. eitt eða eitt og hálft stöðugildi var ófyllt, þá eigi fjöldi fólks að missa atvinnuleysisbætur. Og sumt af því fólki sem treysti sér ekki til að sækja þessa vinnu í fjarlægt byggðarlag missir bæturnar en aðrir ekki.

Og þá vil ég leyfa mér að segja að við séum komin hér út í nokkuð sem hljóti að kalla á mjög vönduð vinnubrögð hvað varðar mat á aðstæðum fólks. Ég veit um dæmi þess að húsmæðrum hefur verið synjað bóta af úthlutunarnefnd — að vísu hefur því máli verið skotið áfram til stjórnar — þó að í sumum tilvikum eigi það við húsmæður sem annars vegar eigi börn í skóla og treysta sér af þeim ástæðum ekki til að fara burt úr byggðarlaginu heilan dag. Þær gátu sótt vinnu í sínu heimabyggðarlagi vegna þess að þær gátu hlaupið heim í pásum, kaffitímum og matartímum, og þær voru til staðar ef eitthvað bjátaði á og börnin vissu hvar þær unnu. En það allt saman er úr gildi fallið ef þær þyrftu að fara eldsnemma að morgni, áður en börnin fara í skólann, og sækja vinnu í annað byggðarlag og væru ekki til staðar ef eitthvað bjátaði á. Í öðru tilviki er um að ræða einstakling sem lítur til með rúmliggjandi sjúkum maka sínum heima. Og sama gildir, þegar vinnustaðurinn var steinsnar frá heimilinu var hægt að hlaupa yfir götuna og líta til með sjúklingnum en það á að sjálfsögðu ekki við ef viðkomandi er kominn í vinnu í annað byggðarlag og hefur þar á ofan ekki yfir bifreið að ráða, fer með skipulagðri ferð, þannig að hún hefur ekki sjálf möguleika á því að ráða sínum ferðum. Samt sem áður metur úthlutunarnefnd það svo að þetta séu ekki gildar ástæður hjá viðkomandi aðilum til að treysta sér ekki til að fara í vinnu, og tekur viðkomandi út af bótum. Hvað segir hæstv. félmrh. um slíka hluti? Hvað þá ef á að gera allt landið að einu vinnusvæði í þessum efnum? Hvernig í ósköpunum ætla menn þá að skilgreina hvar mörkin liggja gagnvart því hvaða heimilisaðstæður, fjölskylduaðstæður eða félagslegar

aðstæður gera það að verkum að mönnum sé stætt á því að biðjast undan eða neita að fara í vinnu í fjarlæg byggðarlög án þess að missa atvinnuleysisbótarétt?

Ég er ekki viss um að menn hafi séð fyrir endann á þessu máli, hvaða flækjur geta komið upp í því sambandi ef menn ætla að fara út í mat af þessu tagi á annað borð sem mun reynast mjög erfitt. Þá spyr ég líka hver eigi að leggja hið faglega mat á það. Hvaða félagslegu eða fjölskyldulegu aðstæður séu teknar til greina og hverjar ekki. Það held ég að verði býsna vandasamt mál og geti þurft að kalla ýmsa aðra til en þá sem eru að véla um þessi mál í dag, og er ég þá ekkert að kasta neinni rýrð á það fólk sem því sinnir að það sé ekki almennt að reyna að gera það vel. Ég held að þessi þáttur hafi ekki verið nálægt því nógu vel skoðaður og stórhætta sé á því að menn séu að stofna til mikilla vandræða ef menn halda áfram á þessari braut og með því hugarfari sem mér virðist þarna vera að hluta til á ferðinni hjá núverandi yfirvöldum þessara mála.

Ég held að fróðlegt væri að heyra hæstv. félmrh. gera grein fyrir meginviðhorfum sínum í þessum efnum. Málin eru að sjálfsögðu tiltölulega einföld á meðan þetta er bundið við heimabyggðarlag. Þá er að sjálfsögðu tiltölulega einfalt að fara í gegnum það, hverjir eru raunverulega tilbúnir til að taka vinnu og hverjir ekki, sérstaklega ef það eru menn með staðgóða þekkingu á aðstæðum sem halda þar utan um hlutina. En nú á líka að breyta því með uppsetningu þessarar nýju stofnunar þar sem stóraukin miðstýring á að færast í meðferð þessara mála. Ég tel mig þekkja dæmi um það hjá sveitarfélögum þar sem mjög vel hefur verið staðið að þessum málum og þar sem sveitarfélögin hafa með metnaðarfullum hætti reynt að taka á atvinnuleysi með átaksverkefnum og öðru slíku hjá sér og gott samstarf hefur tekist milli úthlutunarnefnda, milli verkalýðsfélaga og sveitarfélaga. Og ég veit dæmi þess t.d. að menn hafa hreinsað upp atvinnuleysisskrána með því að fara skipulega yfir þá sem á skrá voru, bjóða öllum, sem treystu sér til að taka vinnu, störf við átaksverkefni eða önnur störf sem í boði voru, og taka þá á vandamálum þeirra með öðrum hætti sem eftir stóðu. Með öðrum orðum menn greindu málin og sorteruðu þau upp og fóru skipulega í gegnum þau. Það er hægt að mínu mati ef menn vinna þetta á faglegum forsendum og út frá hagsmunum eða aðstæðum í hverju einstöku byggðarlagi. En inn koma fjölmargir þættir sem flækja málin ef á að fara að beita þessu þannig að mönnum sé hent út ef þeir færast undan því að sækja vinnu jafnvel um langan veg í fjarlæg byggðarlög. Því þá þarf að fara að meta hvaða aðstæður séu þess eðlis að réttmætt sé eða eðlilegt að menn geri það og hverjar ekki. Ég hef ekki séð að búið sé að leggja niður miklar línur í þeim efnum. Eða liggur það eitthvað fyrir? Hvernig á þá að standa að slíku mati? Hverjir eiga að veita þar sérfræðilega ráðgjöf eða faglega aðstoð o.s.frv.?

Ég held að það væri langfarsælast, herra forseti, að hæstv. ráðherra tæki þessi mál sín bæði aftur og reyni að vinna að þeim með öðrum hætti en hann hefur gert hingað til. Laða menn til samstarfs um þetta og gera þetta í sátt við verkalýðshreyfinguna og í sátt við sveitarfélögin þannig að út úr því kæmu hlutir sem sæmilegur friður gæti orðið um og menn gætu unað við.

Það er því að lokum, herra forseti, tillaga mín til hæstv. ráðherra að hann brjóti nú odd af oflæti sínu og leggi af það vinnulag sem hann virðist vera að temja sér hér, að þjösna þessu áfram, taka mest lítið tillit til gagnrýni eða athugasemda eða andstöðu þeirra sem eiga við að búa og jafnvel þó að um sé að ræða heildarsamtök launamanna í landinu sem nú er upp á nýja tísku farið að kalla þrýstihóp og ég verð að segja alveg eins og er að er einhver stórkostlegasta hugtakaskilgreining sem ég hef nokkurn tíma heyrt þegar farið er að kalla obbann af landsmönnum þrýstihóp — gagnvart sjálfum sér? Eða hverjum? (**Félmrh.:** Það hef ég ekki gert.) Nei, það hefur hæstv. ráðherra ekki gert, það er best að tilgreina við hvern er átt, það er hv. þm. Pétur H. Blöndal, sem hefur endurtekið flutt þessar röksemdir inn í umræður um þessi mál hér að það eigi ekki að vera að hlusta of mikið á verkalýðshreyfinguna vegna þess að hún sé þrýstihópur. Og það eru nú meiri ósköpin, að verkalýðshreyfingin skuli leyfa sér að vera að reyna að gæta hagsmuna umbjóðenda sinna sem er fólk á vinnumarkaði í landinu og þar með talin helftin af þjóðinni.

Nei, ætli það verði nú ekki þannig þegar upp er staðið að þá megi menn ekki missa algjörlega marks á því hver er tilgangurinn með allri lagasetningu. Hver er hann? Hann er að bæta aðstæður fólks í landinu. Að laga einhverja hluti í þjóðfélaginu sem betur mega fara. Fyrir hverja? Fyrir fólkið í landinu en ekki gegn því eða á móti því. Það er ekki verið að setja lög bara laganna vegna. Það er ekki verið að setja lög bara ráðherranna vegna eða einhverra sem hafa samið frumvörp eða einhverra sem hefur dottið eitthvað í hug í einhverjum stofnunum eða ráðuneytunum. Það er ekki þannig. Við erum hér umbjóðendur fólksins, við erum hér til þess að bæta aðstæður fyrir það og okkur öll og megum aldrei missa sjónar á því. Þannig eru menn auðvitað á mjög háskalegum brautum þegar þeir hvað eftir annað í málum af þessu tagi láta það sem vind um eyru þjóta þó að heildarsamtök t.d. launamanna í landinu vari við hlutunum eða leggist gegn þeim. Ég tala nú ekki um ósköpin þegar í hlut á sjálf grundvallarlöggjöf vinnumarkaðarins eða almenn réttindi vinnandi fólks. Ef einhvern tíma er ástæða til að taka virkilega mark á þeim aðilum þá er það náttúrlega þegar í hlut á löggjöf vinnumarkaðarins, réttindi atvinnulausra eða annað slíkt.

Herra forseti. Þessum athugasemdum vildi ég koma á framfæri þar sem ég átti þess ekki kost að taka þátt í umræðunni við 2. umr. málsins og segi það að þó að málin hafi vissulega skánað vegna þess að hæstv. ráðherra hefur verið píndur til að laga þau (**Gripið fram í:** Bara annað.) og þá sérstaklega annað, þ.e. frv. til laga um atvinnuleysistryggingar, þá er þar ýmislegt enn þá inni sem gerir það að verkum að ég get ekki veitt því stuðning og greitt því atkvæði og teldi langskynsamlegast allra hluta vegna að málin yrðu látin liggja þar sem þau eru og hæstv. ráðherra setti þau í endurskoðun.

[11:18]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Hin svokölluðu vinnumarkaðsfrumvörp, þ.e. frv. um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir, eru nú komin til 3. umr. og því ljóst hver staðan er, hvað búið er að samþykkja, hvaða breytingar er búið að gera á þessum frumvörpum. Það kom greinilega í ljós við atkvæðagreiðsluna í gær að við stjórnarandstæðingar höfum mjög margt við þessi mál að athuga. Ég hygg að það hefði verið skynsamlegra að leggja þau til hliðar bæði tvö vegna þess að það sem eftir stendur, sérstaklega af frv. um atvinnuleysistryggingar, er þess eðlis að sú löggjöf og þær breytingar eru ekki að skila nokkrum sköpuðum hlut.

Eftir 2. umr. blasir við okkur kerfi sem er afskaplega sundurlaust og enginn veit hvert muni þróast. Þetta getur orðið margfalt kerfi þeirra sem eru að fást við atvinnuleysið og löggjöfin um atvinnuleysistryggingar er alveg meingölluð. Og það var ástæðan fyrir því að ekki bara núv. hæstv. félmrh. heldur einnig fyrrv. félmrh. settu nefndir á laggir til þess að fara í gegnum þessi lög. Menn höfðu rekið sig á það, á þessu atvinnuleysistímabili sem nú hefur staðið í ein sex, sjö ár, að ýmsu þurfti að breyta. Staðan núna, eftir að þær breytingar sem nefnd hæstv. félmrh. hafði lagt fram hafa verið dregnar til baka nánast allar, er sú að við stöndum uppi með sama skemmda grautinn. Að mínum dómi hefði verið miklu skynsamlegra að draga málin til baka. Nú er spurningin þessi: Hvað ætlar félmrh. að gera nú? Ætlar hann að sitja uppi með þessa meingölluðu löggjöf eða er meiningin að byrja upp á nýtt? Ef það er meiningin þá held ég að menn verði að vanda sig betur en gert var í þessu tilviki. Ég verð að segja að þau vinnubrögð sem við höfum horft upp á undanfarin ár í málefnum vinnumarkaðarins hafa verið alveg með eindæmum.

Menn leggja fram vægast sagt illa unnin frumvörp, vanhugsuð, jafnvel frumvörp sem brjóta í bága við þá alþjóðlegu sáttmála sem við höfum undirritað þannig að það verður að kollvarpa öllu saman. Og í öðru frv. sem hér eru til umræðu, þ.e. frv. um atvinnuleysistryggingar, gerist það sama að það er allt meira og minna dregið til baka. Þetta segir okkur auðvitað að menn þurfa að vanda sig miklu betur. Það þarf að vanda miklu betur undirbúning frumvarpa af þessu tagi. Og það gengur ekki að bera fram lagafrv. sem eru algjörlega í blóra við vilja þeirra sem málið snertir. Auðvitað er það meiri hlutinn hér á Alþingi sem ræður og auðvitað hafa kjósendur, seinna meir, í því sem nú er farið að kalla hlutalýðræði, part time democracy eins og það er kallað á ensku, fólk hefur ekki tækifæri til þess að kveða upp sinn dóm fyrr en eftir tæplega tvö ár núna í málum eins og þessu og það er algjörlega óviðunandi þegar gengið er fram með þessum hætti. Það er verið að bera fram frv. sem snerta þúsundir manna og réttindi alls launafólks í landinu og þetta er svo hrikalegt að við blasir að málið hefði getað orðið átakspunktur í þeim samningum sem fram undan eru. Og það er auðvitað ástæðan fyrir því að hæstv. félmrh. dró þessar breytingar til baka.

En það er orðið alveg makalaust að horfa upp á þennan hrærigraut. Það var skipuð nefnd 1994. Hún komst að niðurstöðu, lagði fram merka skýrslu sem var miklu jákvæðari en sá andi sem var að finna í frv. hæstv. núv. félmrh. Hann kastar þessu náttúrlega öllu út um gluggann, skipar nýja nefnd og sú nefnd hefur ekki fyrir því að ræða við þá sem fyrst og fremst eru að vinna í þessum málum t.d. Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar þar sem sennilega er að finna mesta og besta þekkingu á þessum málum hér. Nei. Það er ekkert verið að ræða við slíka aðila. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga virðist ekki hafa haft nokkurt samráð við sína umbjóðendur og niðurstaðan verður þessi grautur sem gerðar hafa verið miklar athugasemdir við og sveitarfélögin hafa síðan gagnrýnt mjög harðlega vegna þess að það var augljóst að velt yrði yfir á þau miklum kostnaði. Það standa nokkur atriði eftir sem snerta sveitarfélögin varðandi atvinnuleysistryggingarnar, t.d. fimm ára reglan. Það er alveg augljóst að þegar þeir sem eru fórnarlömb langtímaatvinnuleysis missa endanlega sinn rétt þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að leita til sveitarfélagsins. Þetta er fráleit aðferð og ég get ekki hugsað það dæmi til enda þegar þessi regla fer að virka og það fólk, sérstaklega þeir sem eldri eru á vinnumarkaði, fá þann dóm ofan á þá erfiðleika sem þeir hafa lent í við að fá vinnu að vera kastað út úr atvinnuleysistryggingakerfinu. Þeir eru þar með endanlega dæmdir nánast óvinnufærir. Þetta er alveg hörmulegt og ég ítreka það sem ég sagði í seinni ræðu minni við 2. umr. að þessi viðhorf á vinnumarkaðnum og hér með viðhorf atvinnuleysistryggingakerfisins til eldra fólks á vinnumarkaði eru mjög umhugsunarverð og þarna þarf virkilega að grípa á og taka á og reyna að stuðla að viðhorfsbreytingu því að það er augljóst að þarna er oft á ferð mjög öflugur og góður vinnukraftur, sérstaklega konur sem allir vita að eru mjög góður og stöðugur vinnukraftur. Þær eru samviskusamar og vilja vinna sitt verk vel eins og reynslan sýnir.

Ég ætla að nefna þau atriði sem mér finnst upp úr standa eftir 2. umr. Mig langar til að koma aðeins betur inn á þær aðgerðir og umræður sem hafa átt sér stað erlendis um atvinnuleysi. Ég hef verið að lesa mér til um það, hæstv. forseti, að víða um lönd, bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum, á sér stað mikil umræða um þróun vinnumarkaðarins og hvert stefnir. Það eru líklega orðin ein 20 ár síðan þekktur hagfræðingur, Andre Gotts, skrifaði bók sem hann kallaði Gullöld atvinnuleysisins þar sem hann var að spá því að í framtíðinni yrði miklu minni þörf fyrir vinnuafl, tæknin mundi hafa það í för með sér að að drægi mjög úr þörf fyrir vinnuafli. Hann var m.a. að vekja athygli á hinni breyttu samsetningu vinnumarkaðarins og að sá hópur fólks sem hingað til hefur verið flokkaður sem verkafólk yrði mun fámennari í framtíðinni en hann hefur verið. Það þarf ekki annað en skoða tölur um skiptingu vinnumarkaðarins á Íslandi til að sjá að það hefur orðið alveg gífurleg breyting. Tökum sem dæmi fiskvinnsluna þar sem fólki hefur fækkað alveg gífurlega. Við þekkjum líka dæmin úr landbúnaði.

Það hefur hins vegar ýmislegt komið til móts við þessa fækkun starfa. Það hafa orðið til nýjar greinar, sérstaklega í þjónustu, sem hafa boðið upp á vinnu og kalla fyrst og fremst á menntað vinnuafl. Það segja allir sem skoða framtíð vinnumarkaðarins að það sem þörfin kallar á er fyrst og fremst menntað vinnuafl. Og það vekur miklar áhyggjur hvað við höfum verið sofandi, bæði gagnvart því að endurmennta vinnuaflið, bjóða upp á nýja möguleika og það kemur augljóslega fram í því sem hér er verið að staðfesta að núverandi hæstv. ríkisstjórn lítur á starfsmenntun í atvinnulífinu sem eitthvert atvinnuleysismál. Þetta er ekki spurning um atvinnuleysi. Þetta er spurning um stöðuga endurnýjun og endurmenntun vinnuaflsins. Þetta þarf að skoða algjörlega upp á nýtt og út frá allt öðru sjónarhorni heldur en einhverjum vandamálafræðum eða einhverjum atvinnuleysisvanda. Atvinnuleysi er sérstakt fyrirbæri sem þarf að greina og taka á sérstaklega, en hinn breiði straumur, framtíðin og þörf vinnumarkaðarins er annað mál sem tengist einfaldlega framtíð menntakerfisins.

Ég vil benda mönnum á það að kynna sér þá umræðu sem á sér stað erlendis. Meðal annars hafa Norðurlöndin verið að vinna mjög ötullega að því að þau mál, framtíð vinnumarkaðarins og allt sem snertir vinnumarkaðinn, komi inn í umræður, áætlanir og áform Evrópusambandsins. Þeir hafa tekið þessi mál upp á ríkjaráðstefnunni og vilja fá þau inn í hina fyrstu stoð Evrópusambandsins. Það er hörmulegt að sjá það svo hér, hæstv. forseti, hvað þessi umræða um atvinnuleysið og um vinnumarkaðinn og framtíðina er ótrúlega þröng og gamaldags og mótuð af einhverjum viðhorfum

til þeirra sem eru atvinnulausir sem einhvers vandamáls og þetta sé eitthvert letingjamál eða spurning um vinnufælni eða hvað maður vill nú kalla þetta. Þar vil ég vitna í marga þá sem komu á fund félagsmálanefndar, t.d. félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, Láru Björnsdóttur, sem sagðist einfaldlega vera sjokkeruð yfir þeim anda sem væri að finna í þessum frv. Sjokkeruð. Hún komst þannig að orði.

Ég ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að þeirri stöðu sem blasir við okkur í þessum málum, hæstv. forseti. Það ræðst af því að ég fékk í pósti í gær nýja úttekt Þjóðhagsstofnunar á atvinnuástandi í janúar 1997. Það tengist nákvæmlega þessu sem ég var að segja um þróun vinnumarkaðarins. En þessi nýja könnun Þjóðhagsstofnunar sýnir að það virðist vera lítil eftirspurn eftir vinnuafli, þó einna helst í byggingariðnaði, en það segir að atvinnurekendur vilji helst fækka fólki í sjúkrahúsrekstri, fiskiðnaði og verslun og veitingastarfsemi. Þar vilja menn fækka. En það kemur ekki á óvart að það er vaxandi eftirspurn í iðnaði, sérstaklega byggingariðnaði, og það tengist margra ára samdrætti í iðnaðinum. Núna er byggingariðnaðurinn í uppsveiflu og ýmis verkefni honum tengd og það eru þessar miklu framkvæmdir sem eru hafnar í Hvalfirðinum og væntanlega eru fram undan á þeim sama stað, stækkun álversins og fleira sem hefur kallað á aukna eftirspurn. En það sem vekur ekki síst athygli er að á höfuðborgarsvæðinu virðist vera aukin eftirspurn eftir því sem hér er flokkað sem önnur þjónustustarfsemi. Þetta sýnir að það er ekki eftirspurn eftir ófaglærðu verkafólki. Þar er nánast engin eftirspurn, þar er fækkun. Og þetta er sá hópur fólks sem er fjölmennastur í hópi atvinnulausra sem segir okkur að þar þarf að grípa til sérstakra ráðstafana. Þar þarf að skipuleggja menntun og umskólun ófaglærðs fólks. Ég fæ því miður ekki séð, hæstv. forseti, að það sé neitt hér á ferðinni sem sérstaklega beinir sjónum að því. Það er ekkert verið að gera sem beinir sjónum að því að bjóða ófaglærðu fólki, ungu jafnt sem því sem eldra er, upp á raunverulega endurmenntun. Þarna er mál sem þarf að taka verulega á.

Hæstv. forseti. 3. umr. þessa máls er hafin. Það kom fram við atkvæðagreiðslu í gær að það er eitt ákvæði þessa frv. sem er ófrágengið og væri fróðlegt að fá að heyra það frá hæstv. félmrh. hvort niðurstaða er komin í það mál, þ.e. um afturvirknina, hið afturvirka ákvæði sem gerir það að verkum að þeir sem hafa átt við langtímaatvinnuleysi að stríða detta út af bótum. Hafi þeir verið atvinnulausir frá 1. júlí 1994 þá fer reglan að virka á þá 1. júlí 1999. Þetta ákvæði var mjög lítið rætt við 2. umr. en ég vil segja það sem mína skoðun að mér finnst þetta mjög sérstakt í lagasetningu. Ég held það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta tengist ekki broti á stjórnarskrá eða slíku en það er afar óvenjulegt í íslenskri lagasetningu að ákvæði séu afturvirk með þessum hætti. Mér finnst þetta koma við þá sem verst standa og efast um að það ástand eða þau verkfæri verði til staðar að hægt verði að aðstoða þann hóp, sem því miður fer vaxandi samkvæmt tölum frá Reykjavíkurborg, sem hefur átt við langvarandi atvinnuleysi að stríða. Því skora ég á hæstv. félmrh. að breyta þessu. Það er augljóst að þetta hefur ekki áhrif á kostnað eða sparnað á þessu ári. Það gerist ekki fyrr en á eftir 1. júlí 1999 að fólk detti út af bótum. En áður en sá tími rennur upp verður vonandi búið að skipta um ríkisstjórn og vonandi verða önnur sjónarmið komin að í þessum málum og horfi ég nú til formanns Alþfl. sem situr hér í hliðarsal sem ég vona að muni reynast liðsmaður í því að taka á þessum lögum þegar þar að kemur.

Herra forseti. Ég vil aðeins nefna starfsmenntun í atvinnulífinu og styrki til atvinnusköpunar kvenna sem verður hluti af þessum lögum þegar þau verða endanlega afgreidd og vil ítreka þá skoðun mína að þessir þættir eigi ekki heima í Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta eru mjög sérkennilegar ráðstafanir. Það eru tvö verkefni flutt inn í Atvinnuleysistryggingasjóð, þ.e. starfsmenntun í atvinnulífinu og styrkir til atvinnusköpunar kvenna sem eru auðvitað allt annað mál og tengist almennt nýsköpun í atvinnulífinu en á ekki að vera að tengja við atvinnuleysi. Ég veit ekki betur en von sé á frv. frá hæstv. viðskrh. um nýsköpunarsjóð. Auðvitað hefði þetta mál átt miklu frekar heima þar, í nýsköpunarsjóði, heldur en í Atvinnuleysistryggingasjóði. Jafnframt var meiningin samkvæmt því sem fram kom við fjárlagagerðina fyrir jól að taka kjararannsóknarnefnd út úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Það væri gott að fá það upplýst hjá hæstv. félmrh. hvar það mál stendur. Ég skil þetta eiginlega svo að kjararannsóknarnefnd hafi eiginlega verið hálfmunaðarlaus og hafi gleymst á fjárlögum og ekki verið ljóst eiginlega hver átti að borga fyrir hana. En ég er í sjálfu sér sammála því að taka hana út úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Hún ætti að heyra undir vinnumálin og reyndar tel ég að það þurfi að stórefla kjara- og vinnumarkaðsrannsóknir hér á landi sem eru afskaplega takmarkaðar. Þær eru mjög takmarkaðar og þyrfti að skipuleggja miklu betur. Vil ég þar t.d. vísa til Svíþjóðar þar sem verið hafa mjög öflugar vinnumarkaðsrannsóknir.

Hæstv. forseti. Aðeins meira um atvinnuleysið og afleiðingar þess. Við erum hér að fjalla um lög um Atvinnuleysistryggingasjóð og ef ég reyni að draga saman það sem blasir við mér þá sýnist mér að því miður munum við búa við nokkurt atvinnuleysi hér. Eins og ég rakti við 2. umr. bendir allt til þess að það muni ekki fara niður fyrir 3–4%, þessi staða sé einfaldlega komin upp hér eins og í flestum vestrænum samfélögum. Það þýðir að hér er bæði orðinn til hópur ungs fólks sem kemur út á vinnumarkaðinn og er einmitt mjög athyglisvert og hefur vakið óhug okkar í félmn. að sjá þennan stóra hóp af ungu fólki sem er réttindalaus og bótalaus. Svo ég vitni í það sem fram kom hjá Loga Sigurfinnssyni, sem annast atvinnuleysismál hjá Hinu húsinu hér í Reykjavík, þá kom það fram hjá honum að á síðasta ári fengu 373 einstaklingar framfærslubætur á aldrinum 17–19 ára í Reykjavík. Langflestir í þessum hópi eru réttindalausir. Fólk hefur fengið tímabundnar bætur. Það kom fram hjá Láru Björnsdóttur, félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar, að langflestir þeirra sem fá bætur hjá borginni eru innan við fjóra mánuði á bótum. Þeir fá aðstoð í innan við fjóra mánuði. En þetta segir okkur að það eru hundruð ungmenna, karlar og konur, og ungar mæður eru m.a. allnokkrar í þessum hópi, það er vaxandi hópur ungs fólks sem er réttindalaus og bótalaus. Þetta er alveg sérstakt áhyggjuefni sem þarf að taka á af krafti og þarf samræmdar aðgerðir og markmið. Eins og fram hefur komið í okkar gögnum setti ríkisstjórn Noregs sér það markmið og kvað á um það í lögum að atvinnuleysi ungs fólks skyldi útrýmt. Það er einmitt eitthvað slíkt sem við hefðum viljað sjá hér, ákveðnar aðgerðir sem beinast að ákveðnum hópum.

Það er líka orðinn til, hæstv. forseti, hópur fólks sem á við langtímaatvinnueysi að stríða og virðist fara fjölgandi í þeim hópi.

Enn ein afleiðing atvinnuleysisins er stóraukið álag á félagsmálastofnanir sveitarfélaganna. Það er mjög athyglisvert að skoða tölur t.d. úr Reykjavík á síðasta kjörtímabili.

Þegar við vorum samherjar, hæstv. félmrh. og sú sem hér stendur, þá vitnuðum við oft til þess að á örskömmum tíma tvöfaldaðist fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar til þurfandi, en það kom fram hjá félagsmálastjóra Reykjavíkurborgar að á árinu 1996 fóru 733 millj. kr. til fjárhagsaðstoðar. Þar af fóru 75% til atvinnulausra. Af þessum hópi atvinnulausra, og nú kem ég aftur að því, var helmingur bótalaus. Því vil ég segja enn og aftur, hæstv. forseti, að þennan hóp sem er réttindalaus og bótalaus þarf að skoða alveg sérstaklega. En hér er fyrst og fremst verið að skilgreina hverjir fái bætur og hvernig sé hægt að henda fólki út úr bótakerfinu. En hvað svo? Það hefði verið stórmannlegra að sjá einhver markmið þess efnis að taka á þessum vaxandi vanda.

Enn eitt atriði, hæstv. forseti, og svo fer ég alveg að ljúka máli mínu, og það er sú hugmynd í frv. um vinnumarkaðsaðgerðir sem mér finnst afar sérkennileg sem er þetta svæðafyrirkomulag, að koma upp svæðisvinnumiðlunum. Í því ráðuneyti sem hæstv. félmrh. stýrir er einnig fjallað um málefni fatlaðra. Þar hefur um margra ára skeið verið til staðar svæðafyrirkomulag, landinu hefur verið skipt upp í ákveðin svæði. Það voru settar upp skrifstofur í öllum landshlutum sem önnuðust málefni fatlaðra. Núna er verið að hverfa frá þessu skipulagi af því að það þótti ekki gefast nógu vel. Það þótti betra að taka öðruvísi á þessum málum og fyrst og fremst er verið að vinna að því núna að flytja málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna. En í þessum málum á að taka upp svæðafyrirkomulag. Og hver eru rökin? Hvað er það sem bendir til þess að það fyrirkomulag muni reynast eitthvað betur en að málin séu hjá sveitarfélögunum? Hefði ekki verið nær að skoða reynsluna af þessu svæðafyrirkomulagi, skoða kostina og þó kannski einkum gallana, fyrst menn eru greinilega að hverfa frá þessu, og hugsa sinn gang áður en taka á upp nýtt skipulag með forstöðumönnum, ráðum, undirráðum og öllu þessu gríðarlega battarí sem á að koma upp.

Hæstv. forseti. Ég hef nú nefnt þau atriði sem ég vildi víkja að við 3. umr. Ég vil nefna það sérstaklega að það er mjög athyglisvert að skoða hvert atvinnuástandið er í dag, hvar eftirspurnin er eftir vinnu og hvaða aðgerðir það eru sem ríkisstjórnin er að grípa til, bera þetta tvennt saman og spyrja sig: Er von nokkurra úrbóta? Því miður, hæstv. forseti, fæ ég ekki séð að svo sé. Það eru ýmis góð áform og góðar hugmyndir í frv. um vinnumarkaðsaðgerðir en vandséð að þeim verði komið í framkvæmd, m.a. vegna þess að það fólk sem á að sinna þessum úrbótum er ekki til. Það þarf að byrja á því að mennta ráðgjafa og sjá til þess að hægt sé að veita þá þjónustu sem lögin kveða á um.

Það er í það minnsta eitt atriði í frv. sem enn er óleyst og fróðlegt væri að fá upplýst hvar stendur og það sem er allra síðast, hæstv. forseti, er það að frv. um atvinnuleysistryggingar er orðinn algjör bastarður eins og hér kom fram í gær. Lögin standa næstum því söm og jöfn og þau voru áður nema hvað búið er að kasta út fulltrúum Alþingis og gera breytingar hér og þar. Ég mun kjósa að sitja hjá við endanlega afgreiðslu þess frv. og mér er alveg hjartanlega sama um það hverjir sömdu um hvað og hvenær og með hvaða samráði. Okkar hlutverk hér er að taka málefnalega afstöðu til þessara laga og spyrja okkur þeirrar spurningar hvort þau komi þeim að gagni sem þau eiga að nýtast. Og þó að ég segi þetta um samráð, þá vil ég ítreka að ég tel að það eigi og þurfi að ríkja samstaða í þjóðfélaginu um stóra málaflokka eins og skólamál, heilbrigðismál og leikreglur vinnumarkaðarins en þar hafa aðferðir ríkisstjórnarinnar verið vægast sagt hörmulegar.

Hvað varðar hið ömurlega frv. um vinnumarkaðsaðgerðir, sem að mínum dómi er ein hringavitleysa, þá mun ég greiða atkvæði gegn því frv., hæstv. forseti.

[11:49]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Við erum að ræða hér um gríðarlega stór mál sem snúa að atvinnuleysistryggingum og vinnumarkaðsmálum og ég tek undir orð þeirra sem hafa nefnt að æskilegra hefði verið á þessum tímum að það mál sem hér liggur fyrir hefði eilítið annað snið en raun ber vitni.

Atvinnuleysistryggingar eru hluti af því öryggisneti sem langt samkomulag er um í okkar þjóðfélagi að þurfi að vera í lagi. Það er hins vegar rétt sem fram hefur komið að e.t.v. varð okkur ekki ljóst fyrr en á allra síðustu árum að ýmsir þættir þessa hluta öryggisnetsins voru orðnir fúnir og þurftu endurnýjunar við, en þá hefði verið ráðlegra að litið hefði verið til þeirrar þróunar og þeirrar breytingar sem ekki er bara orðin á okkar vinnumarkaði, heldur er fyrirsjáanleg.

Þegar þetta frv. kom fyrst inn í Alþingi mætti það harðri andstöðu, ekki bara minni hlutans hér á Alþingi heldur einnig verkalýðshreyfingarinnar. Það hefur orðið til þess að nú undir lokin á vinnslu málsins í nefnd voru teknir út úr frv. ákveðnir þættir, þeir sem þrengdu helst kosti fólksins í landinu og frv. stendur nú eftir með veigamiklum breytingum en í rauninni óskiljanlegum tilgangi og uppbyggingin líður að sjálfsögðu fyrir þessi vinnubrögð.

En ef við lítum, herra forseti, til þeirra breytinga sem eru að verða á vinnumarkaði, þá kom það fram í máli hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur að ekki er eftirspurn eftir ófaglærðu fólki. Það er ekki einstakt við íslenskan vinnumarkað. Þetta er staða sem er komin upp um öll Vesturlönd. Það er sótt eftir sérþekkingu eða menntun af einhverju tagi, einfaldlega vegna þess að störfin eru að verða flóknari og æ færri störf krefjast vöðvaorkunnar einnar. Þess vegna er það svo að þeir sem missa atvinnu vegna þess að störf þeirra hafa úrelst, vegna þess að vélar eða ný tækni hefur leyst störf þeirra á annan hátt en áður var gert, þurfa alveg sérstakra ráðstafana við. Og frv. eins og það var upphaflega var ekki ýkja vinsamlegt gagnvart þessum hópi.

Síðan er annar hópur á markaðnum sem einnig verður atvinnulaus en má kannski frekar rekja atvinnuleysi til tafar, þ.e. það fólk fær ekki atvinnu umsvifalaust heldur verður á töf vegna þess að menn eru að leita bæði að vinnu við hæfi sinnar þekkingar og menntunar og markaðurinn er líka að leita e.t.v. nákvæmar en fyrr að réttum starfsmönnum.

Þannig hafa orðið miklar breytingar að þessu leytinu til á íslenskum vinnumarkaði. En það eru líka að verða breytingar á vinnumarkaðnum hvað það varðar að fjarlægðir, sem áður gerðu það að verkum að vinnumarkaður í litlu plássi úti á landi gat verið mjög einangraður, eru að styttast vegna bættra samgangna og vegna allt annarra aðstæðna. En þó svo að þær aðstæður hafi breyst, þá þýðir það ekki endilega að fólk sé alveg tilbúið til þess að breyta því munstri sem það hefur komið sér upp varðandi atvinnuþátttöku og það er ekki nema sanngjarnt að fólki sé gefinn ákveðinn aðlögunartími til þess að takast á við þessar breytingar. Að svipta fólk atvinnuleysisbótum vegna þess að það treystir sér ekki til þess að taka atvinnu í öðru byggðarlagi, þar sem samgöngur kunna að vera hæpnar yfir vetrartímann, er ekki aðferð til

þess að aðlaga þann hugsunarhátt sem einu sinni var bundinn við hið þrönga svæði sveitarfélagsins því að möguleikar eru í raun breyttir. Mér finnst að þessar miklu breytingar hafi ekki verið íhugaðar nógu nákvæmlega við gerð þessa frv. og að til þeirra hafi ekki verið tekið það tillit sem við hefðum þurft á að halda einmitt núna vegna þess að það eru miklir breytingatímar. Við þurfum löggjöf sem tekur á eða mætir þeim aðstæðum sem nú eru og eins og ég rakti áðan eru ekki einstakar fyrir Ísland, heldur er sama tilhneigingin á öllum Vesturlöndum.

Tilurð þessa frv., herra forseti, hefur verið rakin hér prýðilega af öðrum þeim sem rætt hafa um þessi mál og ég vil nota þetta tækifæri til að deila áhyggjum með þeim sem hér hafa komið upp, áhyggjum vegna þess hvernig frv. lítur út núna og hvernig löggjöf við erum að fá. Í hana vantar því miður, eins og ég hef reynt að benda á, þá framsækni og í rauninni þá víðsýni, þá opnun gagnvart þeim breytingum sem eru að verða á vinnumarkaði sem við þurfum helst á að halda.

Það er forvitnilegt, herra forseti, að velta því fyrir sér hvernig hæstv. ráðherra ætlar að snúa sér gagnvart 1. gr. frv. þar sem fjallað er um skilyrði bótaréttar. Ég hafði skilið það svo að svokallað einyrkjafrv. mundi fylgja þessum tveimur inn í þingið og verða rætt samhliða, enda kemur fram í 1. gr. frv. að það er búið að taka út ákvæði um það að einyrkjar þurfi að hafa hætt atvinnurekstri. Það segir í greinargerð með frv. að talin hafi verið þörf á sveigjanlegri reglum heldur en þar voru inni, en við höfum ekki séð eða heyrt önnur svör varðandi þann sveigjanleika en þann að þrír hópar einyrkja eru teknir út úr og að þeim virðist eiga að snúa tilteknu öryggisneti. Hvað aðra varðar höfum við engin svör fengið enn. Þess vegna væri fróðlegt að heyra hver er hugsun hæstv. ráðherra með framhald þess máls.

Það eru margir hópar svokallaðra einyrkja í íslensku samfélagi og þeim hefur verið að fjölga á undanförnum árum. Eftir því sem fleiri hafa verið ráðnir á svokallaða verktakasamninga, sem hefur verið mjög áberandi ráðningarform á undanförnum árum bæði hjá ríkinu og á almenna markaðnum, þá hafa menn ekki notið þess öryggisnets sem verkalýðshreyfingin hefur þó hannað og búið til fyrir sína félagsmenn. Þessum einkstaklingum hefur verið að fjölga og þeir eru í mun fleiri greinum en bara í hópi vörubílstjóra, bænda eða smábátasjómanna eins og einyrkjafrv. lýtur að. Því hljótum við einhvern veginn að verða að leysa mál þessara hópa og ég auglýsi eftir þeim hugmyndum sem liggja að baki þeirri breytingu sem í þessu tilfelli á að gera á lögunum, ef þetta verður verður að lögum. Og auðvitað hlýtur að hafa verið einhver hugsun varðandi þessa hópa að baki þessari breytingu fyrst rökin eru þau að þurft hafi sveigjanlegri reglur.

Ég vil ekki, herra forseti, ljúka máli mínu án þess að víkja að því frv. sem snýr að vinnumarkaðsaðgerðum. Ég tek undir og ítreka þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á það fyrirkomulag sem verið er að setja á. Markmið þessarar löggjafar er að hafa eða koma á jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar vinnuafls í landinu. Það er býsna stórt markmið en ég er ekki viss um, herra forseti, að ríkisstofnun sé endilega best til þess fallin að ná slíku markmiði.

Það hefur komið fram af hálfu þeirra sem talað hafa fyrir hönd minni hlutans, og ég vil ítreka það, að sveitarfélögin, þ.e. vettvangur þar sem til er staðarþekking hlýtur að vera betri til þess að taka á vinnumarkaðsmálum, til að koma inn með vinnumarkaðsaðgerðir heldur en ríkisstofnunin. Það hlýtur að vera eðlilegt að setja bæði ábyrgð og framkvæmd á þann aðila sem líklegastur er til að leysa verkefnið best af hendi. Ég veit að stofnanir af þessu tagi eru rótgrónar víða annars staðar, en ég er ekki endilega viss um að ef verið væri að taka þetta fyrirkomulag upp í dag þá væri það nákvæmlega svona. Það hefur orðið mikil þróun hvað varðar verkefni, hverjir fara með hin ýmsu velferðarverkefni og hjá okkur hefur tilhneigingin á undanförnum árum verið sú að flytja þessi verkefni frá ríki og til sveitarfélaganna. Þess vegna er það sem hér er verið að gera í fullkominni andstöðu eða mótsetningu við annað sem gert hefur verið og óskiljanlegt í því samhengi líka.

Ég vil svo að lokum taka undir það sem kom fram áðan að starfsmenntun í atvinnulífinu og stuðningur við ýmis verkefni kvenna, sá sjóður sem kenndur hefur verið við Jóhönnu Sigurðardóttur, þau verkefni sem hafa verið unnin og það nám sem fram hefur farið á vegum þessara aðila eiga ekki heima í Atvinnuleysistryggingasjóði. Þessi verkefni, hvort sem um er að ræða nám eða vinnu, eru hugsuð sem hluti af nýsköpun, af sókn en ekki sem hluti af lausnum varðandi atvinnuleysi eftir að það er orðið.

Mér fannst sú hugmynd sem fram kom áðan um að nær hefði verið að tengja þessa þætti nýsköpunarsjóði sem ríkisstjórnin hefur verið að fjalla um, mér fannst sú hugmynd reyndar þess eðlis að ég skora á hæstv. ráðherra að líta til þess. Þar væri annar bragur á þessum málum og öllu líklegri að mínu mati til þess að gera þessum sjóðum tveimur fært að sinna því hlutverki sem þeim var upphaflega ætlað.

[12:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af spurningu hv. þm. varðandi Tryggingasjóð einyrkja, þá hefur komið í ljós að það eru einhverjar aðrar stéttir sem hafa áhuga á því að gerast aðilar að sjóðnum og ég mun leggja til að frv. um einyrkjana verði breytt þannig að opnað verði fyrir öðrum hópum eða stéttum einyrkja sem kynnu að æskja aðildar að sjóðnum. Ég tel að það sé einboðið að gera það. Ég tel líka að það sé eðlilegt að það sé a.m.k. heimild til þess að deildaskipta sjóðnum.

Sjónvarpsþýðendur hafa komið á minn fund t.d. og kvartað yfir réttleysi sínu. Þegar ég fór að athuga það sýndist mér að þeirra mál væru í hinum mesta ólestri, þ.e. félagsleg mál, og ég ætla að setja nefnd með aðild þeirra og menntmrn. og fjmrn., hvort ekki væri mögulegt að koma betra skipulagi á þeirra félagsskap og þá gæti í framhaldinu hugsanlega orðið vilji þeirra að gerast aðilar að sjóðnum og ég hef ekkert á móti því.

[12:06]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fagna þeim skilningi sem hér kemur fram í orðum hæstv. ráðherra á kjörum þeirra sem hafa á undanförnum árum og áratugum unnið sem verktakar bæði hjá hinu opinbera og á almenna markaðnum. Hann nefnir hér einn tiltekinn hóp sem eru þýðendur. Þeir eru fleiri. Ég hygg að hv. félmn. hafi orðið vör við fleiri slíka hópa sem væri mjög æskilegt að fengju að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og það yrði vissulega rós í hnappagat ráðherrans ef honum tækist í góðu samstarfi við Alþingi og hv. nefnd að leysa mál þess stóra hóps réttindalauss fólks sem hefur þurft að sæta þeim afarkostum á undanförnum árum að vinna

sem verktakar við sitt starf, en leit eðlilega til þess nokkru vonarauga þegar það heyrði um einyrkjasjóðinn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða drengja í grunnskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 227. mál. — Þskj. 307.

[12:08]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég stend hér upp til þess, sýnist mér, að ljúka þeirri umræðu sem hófst fyrir viku síðan um stöðu drengja í grunnskólum. Þá varð hér býsna mikil og góð umræða um stöðu grunnskólans og um möguleika hans til þess að mæta þörfum nemenda sinna. Þeir hv. alþm. sem tóku þátt í umræðunni voru á einu máli um að hér væri mál sem þyrfti að skoða öðruvísi en gert hefur verið, þ.e. að þær niðurstöður, sá mælanlegi munur sem er á gengi stúlkna og drengja í þeim tilvikum sem hér eru rakin, hljóti að verða okkur tilefni til þess að skoða þessi mál betur en gert hefur verið.

Menn hafa nefnt það oft í umræðu um stöðu drengja í grunnskólum, og hún hefur verið nokkur á undanförnum árum, að það yrði að líta til stúlknanna einnig. Það er vissulega gert og hlýtur að verða gert ef farið verður að vilja flm. þessarar tillögu og nefnd sett á laggirnar til að skoða málin vegna þess að um leið og menn horfa til þess að drengir taka í rauninni 70% þeirrar þjónustu sem skólinn býður upp á, þá setja menn eðlilega spurningarmerki við það af hverju stelpurnar fá þá ekki nema þessi 30%. Er það vegna þess að þær eru látnar mæta afgangi eða hvernig er staða þeirra að öðru leyti?

Ég gat þess í framsöguræðu minni að jafnréttisbaráttan hefði á undanförnum árum og áratugum fyrst og fremst verið borin uppi af konum og svo virðist, herra forseti, sem hún hafi haft ákveðin jákvæð áhrif á stúlkurnar. Sumir vilja bæði rekja til þess batnandi námsárangur og einnig hitt að rannsóknir hafa sýnt að stúlkur hafa öðlast bæði félagslegan styrk og sjálfstraust á undanförnum árum. Þrátt fyrir þetta er enn þörf á því að styrkja stúlkurnar og sannfæra þær betur um að þær séu ekki veika kynið en við verðum að horfa til þess líka, og það er e.t.v. það sem er nú svo tímabært, að drengirnir hafa ekki síður en stúlkur liðið fyrir eða verið fórnarlömb kynbundinna fordóma og staðlaðra fyrirmynda. Rannsóknir benda einnig til þess að drengir séu nú undir mun meiri þrýstingi en stúlkur hvað það varðar að haga sér strákalega, leika sér með strákaleikföng o.s.frv. Jafnréttisbaráttu kvenna virðist hafa tekist að víkka út þann ramma sem stúlkur og konur „mega" haga sér innan, en strákarnir virðast samkvæmt þeim rannsóknum sem ég er að vitna til enn vera undir mikilli pressu hvað það varðar að vera strákar.

Menn hafa líka nefnt það í þessari umræðu að ekki ætti að tengja þetta vandamál einungis skólunum. Það er auðvitað mikið rétt en það er hins vegar svo að samskipti einstaklinga í hópum, þegar um börn er að ræða, fara fyrst og fremst fram í skólunum, í leikskólanum, grunnskólunum og síðan í framhaldsskólum, þannig að sú félagsmótun sem fram fer í hópnum, og samskipti kynjanna þar með, þróast fyrst og fremst á þessum stöðum vegna þess að þar fara samskiptin í hópum fram. Þess vegna er svo mikilvægt að kennarar á öllum þessum skólastigum séu meðvitaðir um að það skiptir verulegu máli hvernig umfjöllunin er um kynferði og jafnrétti.

Í Kennaraháskóla Íslands er nú fjallað um þessi mál, þ.e. um kynferði og jafnrétti, á námskeiði í þróunarsálfræði á fyrsta ári vegna þess einmmitt að á síðustu árum hefur athygli fræðimanna í auknum mæli beinst að kynferði sem áhrifavaldi í þroska barna. Menn eru búnir að gera sér grein fyrir því að börn læra kyndbundna hegðun vegna þess að þeim er umbunað fyrir það sem kölluð er rétt hegðun eða viðunandi hegðun og svo fá þau aftur neikvæð viðbrögð gagnvart óæskilegri hegðun. Við getum svo velt því fyrir okkur hver hefur verið talin rétt og viðeigandi hegðun og framkoma, annars vegar stráka og hins vegar stelpna og við vitum öll að þar hefur ekki verið um sömu kröfur að ræða.

Á vegum starfshóps í menntmrn. var gefin út skýrsla árið 1990 þar sem gerðar voru tillögur um stefnu og markmið í skólastarfi. Þar var lögð áhersla á að jafnrétti yrði haft að leiðarljósi. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í skólastarfi skal leitast við að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu bæði stúlkna og drengja og búa þau jafnt undir virka þátttöku í fjölskyldulífi og mótun samfélagsins alls."

Hér eru háleit markmið og í raun sjálfsögð. Það er samt sem áður svo, herra forseti, að ef kennarar ætla sér að sinna þessu verkefni eins og þarna er lagt upp með, þá verða þeir að brjóta þær venjur sem ríkja í skólastarfinu og þeir verða einnig að leggja á sig vinnu við að móta eigin námskrá og námsefni. Það er þess vegna sem við flm. teljum að umfjöllun um þessi mál eigi heima við gerð nýrrar námskrár fyrir grunnskóla, að það sé þar sem eigi að byrja á því að leggja áherslurnar af virkilegum krafti til þess að við getum náð þeim árangri sem sóst er eftir, þ.e. að við náum því jafnrétti að hvort heldur börn eða fullorðnir einstaklingar geti náð árangri án tillits til þess hvort þau eru karlar eða konur og þau þurfi hvorki í skólum né annars staðar í samfélaginu að líða fyrir kynferði sitt eða þurfa að búa við svo þröngan ramma að þau fái ekki notið hæfileika sinna.

Aðeins að lokum, herra forseti. Í þessari umræðu hefur komið fram að 70% þeirra sem fá sérkennslu- og sálfræðiþjónustu í skólunum eru drengir. Rannsóknir hafa líka sýnt að drengir taka um það bil þetta hlutfall af tíma kennarans og sumir hafa nefnt þar til hærri tölur eða allt að 80%. Þess vegna veltum við auðvitað fyrir okkur hvað verður um stelpurnar á meðan og hvaða félagsmótun fer fram einmitt við þær aðstæður að drengirnir með fyrirferð taka athygli og tíma en þær bíða.

Við höfum líka nefnt það í þessari umræðu og nokkrir hv. þm. hafa komið inn á það að hlutfall drengja er óhugnanlega hátt þegar litið er til slysa, sjálfsvíga og svo einnig innilokunar á stofnunum ýmiss konar. Ég held að við verðum að fara að horfa af meiri alvöru á þessi mál, og um það hefur mér fundist menn vera nokkuð sammála, meiri alvöru en verið hefur. Það eru ýmsar tilgátur sem settar hafa verið fram um orsakir. Menn hafa sett fram tilgátur um mismunandi þroska og ekki bara tilgátur. Rannsóknir sýna á ýmsum sviðum að svo muni vera. Menn hafa talað um að það hafi sín áhrif að konur sinni uppeldisstörfum fyrst og fremst, bæði inni á heimilum og eins í skólum. Ég veit að frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, ekki síst í Danmörku, eru nokkuð uppteknir einmitt af því. Í framhaldi af því hefur verið talað um að drengi vanti þar af leiðandi eðlilegar fyrirmyndir. Það hefur verið talað um að orsakirnar kunni að vera vegna

erfiðleika drengja við að tjá tilfinningar og síðan hefur verið bent á að áhrif umhverfis á kynferðisvitund, þ.e. að börn læri ákveðna hegðun, svokallaða rétta hegðun, hafi einnig sín áhrif. Ég held að þetta séu allt hlutir sem þurfi að skoða og ég er sannfærð um að við hér á Íslandi höfum vegna fámennis einstakt tækifæri til þess að bregðast við þessum hlutum með þeim hætti að við getum boðið börnunum okkar, ef svo má að orði komast, upp á betra uppeldi að þessu leytinu til heldur en flestar aðrar þjóðir.

[12:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir framlag hennar í þessu máli. Hér er til umræðu mjög brýn þáltill. sem tekur á miklum vanda. Ég ætla ekki að fara mikið í gegnum þetta, ég er að mestu leyti sammála hv. þm. En ég vil benda á að drengir hafa fyrirmyndir sem passa illa við það hlutverk sem þeim er ætlað. Þar á ég við þær fyrirmyndir sem felast í tölvuleikjum og kvikmyndum, það eru ofbeldiskenndar fyrirmyndir og á margan hátt neikvæðar sem brjóta niður í staðinn fyrir að byggja upp. Ég held að það sé mjög mikilvægt að reyna að átta sig á þeirri klemmu sem drengir lenda í í grunnskólunum þar sem fyrirmyndin fer ekki saman við það hlutverk sem þeim er hins vegar ætlað að uppfylla og því held ég að það sé mjög brýnt að taka á þessu. Og það er rétt sem hv. þm. nefndi að vandamál með börn í grunnskólum eru að mestu leyti vegna drengja. Sem dæmi má nefna þau börn sem þjást af ofvirkni sem er umtalsverður hluti. Ofvirkni lýsir sér öðruvísi hjá drengjum heldur en hjá stúlkum. Stúlkur verða bældar og niðurdregnar en hjá drengjum kemur þetta fram í árásargirni og uppivöðslusemi. Ég held að það sé mjög brýnt að skoða þessa hluti alla og reyna að ráða bót á þessu því að hér er um að ræða mikið mein sem er í allra þágu að sé lagað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[12:20]

Útbýting þingskjala:

Samræmd próf, 380. mál, fsp. EKG, þskj. 668.
Sláturkostnaður, 379. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 667.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 268. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 521.

[12:21]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Flutningsmenn erum við þingkonur Kvennalistans, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Frumvarpstextinn hljóðar svo, með leyfi forseti:

„1. gr. Á eftir 72. gr. kemur ný grein er verður 73. gr. og breytist röð annarra greina til samræmis við það. Greinin hljóðar svo:

Nytjastofnar á hafsvæði því sem fullveldisréttur Íslands nær til eru sameign íslensku þjóðarinnar. Kveðið skal á um sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda til hagsbóta fyrir þjóðarheildina í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð með frv. eru raktar helstu ástæður fyrir því að við leggjum þetta frv. fram, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru langmikilvægasta auðlind íslensku þjóðarinnar. Í lögum um stjórn fiskveiða hefur frá árinu 1988 verið ákveði um að þeir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Með þessu frumvarpi til stjórnarskipunarlaga er verið að tryggja stjórnskipulega stöðu þess ákvæðis."

Þá segir nánar að með þessum fyrra málslið fyrri greinar sé verið að tryggja annars vegar forræði Íslendinga yfir auðlindinni og hins vegar að auðlindin sé sameign íslensku þjóðarinnr en ekki þeirra sem fara með nýtingarréttinn hverju sinni samkvæmt lögum. Það er lögð mikil áhersla á nauðsyn þess að tryggja stjórnskipulega stöðu þessa ákvæðis þó að sé þegar lögbundið vegna þess hvernig núverandi fiskveiðistjórn er framkvæmd og vegna fyrirhugaðra lagabreytinga sem varða veðheimildir á aflahlutdeild. Ég kem nánar sérstaklega að þeim þætti í ræðu minni á eftir.

Í síðara ákvæði 1. gr. er kveðið á um að nýta beri auðlindina á sjálfbæran hátt, en með því er átt við að nýtingin mæti þörfum núverandi kynslóðar án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar til sambærilegrar nýtingar. Í því sambandi er minnt á hið mikla brottkast sem hefur ógnað sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar og mjög margir telja að sé meira en góðu hófi gegnir í núverandi kerfi. Hins vegar er yfirlýsing um að hagnýting auðlindarinnar eigi að vera til hagsbóta fyrir þjóðarheildina og ákveðin samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Ástæða þykir til þess að ítreka hagsmuni þjóðarheildarinnar í ljósi þess að heilu byggðarlögin geta misst viðurværi sitt við kaup og sölu einstaklinga á aflahlutdeildum. Þetta getur einnig átt sér stað þegar aflahlutdeildum er úthlutað án endurgjalds til einstaklinga og fyrirtækja sem nýta ekki veiðirétt sinn en hagnast á því að selja hann eða leigja til þeirra sem stunda fiskveiðar, þeirra sem ekki fá veiðileyfi eða aflahlutdeild þrátt fyrir ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar um að ekki megi leggja bönd á atvinnufrelsi manna nema almannaheill krefji.

Þá er þarna vísað í skilgreiningu á hugtakinu nytjastofnar og ég vísa sérstaklega í greinargerðina varðandi það atriði. Það er meira tæknilegt atriði en að ég telji nauðsynlegt að leggja áherslu á það hér í þessari ræðu.

Áður en ég fer nánar út í þessi efnisatriði, herra forseti, vil ég benda á það sem kemur fram í greinargerðinni, að frv. þetta er nær samhljóða frv. því sem hæstv. forsrh. flutti á síðasta kjörtímabili, á 118. löggjafarþingi 1994–1995, sem stjfrv. Sjálfstfl. og Alþfl. Og samkvæmt stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar stefnir ríkisstjórnin að því að festa í stjórnarskrá ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar. Af þessu dreg ég þá ályktun, herra forseti, að það hljóti að vera mikil víðtæk sátt um þetta mál í þinginu.

Herra forseti. Eins og ég sagði áðan þá tel ég vera ástæðu til að styrkja sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna með því að festa það inni í stjórnarskrá, ekki síst vegna þess að það liggja nú fyrir rannsóknir á því að aflahlutdeild er að færast á æ færri hendur. Kvóti fimm stærstu útgerðanna á Íslandi var 12% árið 1991 en er nú eða var í árslok 1996 21%. Og enn heyrum við sögur af því að stóru fyrirtækin séu að stækka. Þetta kemur m.a. fram í nýlegri grein sem birtist í Morgunblaðinu eftir þá Agnar Helgason og Gísla Pálsson sem heitir Hver á kvótann?, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Vandinn er sá að þótt lög kveði skýrt á um að fiskistofnarnir umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar, eru kvótarnir sjálfir — þ.e.a.s. rétturinn til að veiða — „eign" útgerðarmanna..." — Þetta er reyndar notað í gæsalöppum og ég legg áherslu á það. — „Og sá eignarréttur virðist vera tryggður eins lengi og núverandi kvótakerfi er við lýði. Þá kynnu menn að spyrja: Hvað er það nákvæmlega sem þjóðin á? Hvað merkir það að eiga fiskistofna en ekki réttinn til að veiða úr þeim? Á meðan útgerðarmenn eru handhafar ... aflakvóta er lítið hægt að gera til að sporna gegn samþjöppun aflaheimilda, „kvótabraski" eða upplausn byggða vegna kvótasölu. Ef útgerðarmönnum er frjálst að kaupa, selja eða leigja kvóta munu þessi „vandamál" halda áfram að skjóta upp kollinum."

Þá segir síðar í þessari sömu grein:

„Hvað sem líður afstöðu manna til sjálfs kvótakerfisins ... ætti þeim að vera ljóst að frekari tafir á því að tekið sé á kjarna þess ósættis sem ríkir um kerfið munu leiða til fleiri verkfalla, byggðaröskunar og félagslegrar upplausnar. Hér er því ekki aðeins um siðferðileg gildi að ræða heldur einnig beinharða fjármuni. Nauðsynlegt er að svipta burt þeirri þoku sem hulið hefur eignarréttarstöðu kvóta og fiskistofna. Það er kominn tími til þess að menn setjist niður ... og skilgreini nánar hvað það merkir að „eiga" fiskistofna en ekki réttinn til að veiða úr þeim og hvaða svigrúm þjóðin hefur hvað þetta snertir."

Það virðist að mínu mati, herra forseti, vera nokkuð merkingarlaust að eiga eitthvað sem ekki má nota. Það er því mat mitt, herra forseti, að það sé mjög mikilvægt að styrkja þetta sameignarákvæði og ekki síst í ljósi umræðunnar sem hefur átt sér stað á meðal lögfræðinga, og meðal annars í hv. allshn. sem núna er að fjalla um heimildir til þess að veðsetja aflaheimildir, og það er alveg skýrt að færustu lögfræðinga þjóðarinnar greinir á um nákvæmlega hvað hér er á ferðinni.

Mig langar, herra forseti, áður en ég kem að veðsetningu aflaheimilda að koma aðeins nánar að því að auðlindin verði nýtt til hagsbóta fyrir þjóðarheildina. Á undanförnum mánuðum hefur komið í ljós að nokkur byggðarlög hafa verið svipt aflaheimildum vegna þess að útgerðarmenn eða sægreifar viðkomandi staða hafa séð sér hag í því að hoppa af bátnum og selja fyrirtækið annað. Ég tel því að það stjórnarskrárákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest ætti að gera það erfiðara að fólk missi lífsviðurværi sitt ef það er lögfest að það eigi að nýta auðlindina til hagsbóta fyrir þjóðarheildina.

Varðandi þau rök sem oft koma gegn því að aflaheimildirnar séu að færast á æ færri hendur segja þeir stundum, sem ekki telja það mikilvæg rök, að þetta séu stórfyrirtæki sem séu á hlutabréfamarkaði og það séu mjög margir sem eigi þau. Ég tel að þessi rök vegi ekki mjög þungt vegna þess að í ljós hefur komið, og þar vil ég vitna í Sigurgeir Stefánsson í nýju fréttabréfi LÍÚ, að það er í raun ekki svo margir sem eiga stærstu útgerðarfyrirtækin. Það er nefnd talan 5.000 eigendur að 10 stærstu fyrirtækjunu og þar af séu 1.800 eigendur að ÚA. Ég vil einnig benda á að þó að því hafi verið haldið fram að fiskvinnslukonur og starfsfólk í fiskvinnslustöðvum og í sjávarplássum eigi stundum hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, þá má vel vera að til séu dæmi um slíkt. En það er alveg ljóst að fiskverkakonur eða almenningur yfirleitt hefur ekki mikil efni á því að vera að fjárfesta í þessum fyrirtækjum. Þess vegna finnst mér ljóst að þessi fyrirtæki eru enn þá í eigu hlutfallslega fárra, þau eru í eigu þeirra sem eiga peninga hér á landi, eiga fé aflögu til þess að kaupa sér hlutabréf og þá erum við að binda það við svona ríkari helming, eða hvað eigum við að segja, jafnvel $^{1}/_{10}$ þjóðarinnar, réttinn til þess að fjárfesta í fiskveiðiarðinum sem er að myndast vegna þess að sægreifarnir eru að selja þjóðinni sína eigin eign, selja þjóðinni hlutabréf í fiskveiðiauðlindinni sem hún sjálf á. Ég tel þetta algerlega óviðunandi og þess vegna verði að stoppa þetta með einhverjum hætti.

Varðandi frv. sem nú liggur fyrir þinginu um að heimila veðsetningu á aflaheimildum, þá er mjög athyglisvert að skoða þann ágreining sem er um túlkun þess sem þar er að gerast og um leið að hvaða leyti sú túlkun byggir á sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna. Ef við lítum á frv. um samningsveð, þá er því haldið fram af sérfræðingum, sem allshn. hefur verið að ræða við að undanförnu, að eins og frv. er orðað núna muni sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna halda. Þarna á ég við prófessor Þorgeir Örlygsson. Hann telur sem sagt að þetta sameignarákvæði sé það sterkt og mikilvægt að það muni halda þó að fiskveiðistjórnarlögunum verði breytt og muni ekki skapa neinn bótarétt á hendur ríkissjóði þó að því verði breytt. Það sem kom mér hins vegar verulega á óvart við málflutning prófessors Þorgeirs Örlygssonar í allshn. var að hann taldi að það sama mundi eiga við þó að frv. sem var lagt fram fyrir tveimur árum væri lagt fram, þ.e. þó það væri sagt alveg skýrum orðum að veðsetning á aflahlutdeild sé heimil, þá muni þetta sameignarákvæði samt halda að hans mati.

Mér finnst ástæða til þess að leggja áherslu á þetta vegna þess að málflutningur framsóknarmanna að undanförnu við framlagningu á frv. um samningsveð hefur gengið út á að nú sé búið að finna svo fínt orðalag á 4. mgr. 3. gr. frv. um samningsveð að það muni ekki vera neitt vandamál þetta með að veðsetja aflahlutdeildina. Til þess að minna hv. þingheim á hvernig þetta er orðað núna ætla ég að lesa 4. mgr. 3. gr., með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar." Síðan segir í seinni hluta greinarinnar:

„Hafi fjárverðmæti það sem réttindi eru skráð á verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindin eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Þ.e. fyrst er bannað að veðsetja aflahlutdeild og síðan er sagt: Ekki má veðsetja skip nema aflahlutdeildin sé með. Að mati prófessors Þorgeirs Örlygssonar skiptir ekki máli hvort þetta orðalag er viðhaft eða það sem var fyrir tveimur árum hvað það snertir. Að hans mati heldur sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna.

Þetta legg ég áherslu á ekki síst vegna þess að nýlega hafa birst í dagblöðum nokkrar greinar eftir annan lagaprófessor, prófessor Sigurð Líndal, sem sérstaklega hefur tekið fyrir í þremur greinum í Dagblaðinu að undanförnu hvað þetta sameignarákvæði stjórnarskrárinnar merki og hvort aflaheimildir tengist stjórnarskrárvernduðum ákvæðum um eignarrétt. Það er skemmst frá því að segja að það er mat prófessors Sigurðar Líndals að 1. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sé haldlaust ákvæði ef það eigi að tryggja raunverulegt eignarhald þjóðarinnar á fiskstofnum. Ástæðan er, svo ég vitni beint í prófessorinn, með leyfi forseta: „þjóðin

hafi engin þau eignaráð sem eignarréttindum fylgja eins og hugtakið er skilið samkvæmt lagabókstaf og lagafræðum."

Með öðrum orðum er prófessor Sigurður Líndal að rökstyðja það í sínum greinum að atvinnuréttindi útgerðarmanna falli undir stjórnarskrárvernduð eignarréttindi af því að þeir hafi lagt í ákveðinn tilkostnað og að sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna dugi lítið. Þetta dreg ég hér fram, herra forseti, til þess að sýna fram á að virtustu prófessora við Háskóla Íslands, sem eru sérfræðingar á þessum sviðum, greinir á. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að styrkja þetta ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindinni. Það er alveg ljóst að það vefst fyrir prófessor Sigurði Líndal í sínum greinum hvort atvinnuréttindin, þessi atvinnuréttindi í sjávarútvegi séu stjórnarskrárvarin eða ekki. Hann segir: Það er pínulítið óljóst, þau eru ekki eins vel varin og aðrar eiginir og það er alveg ljóst að þarna er vafi, þó að prófessor Sigurður Líndal virðist gera lítið úr þeim vafa.

Í framhaldi af því andmælir hann málflutningi þeirra sem hafa mælt með bæði veiðileyfagjaldi og sem telja að sameignarákvæðið þýði það í raun að þjóðin eigi fiskstofnana. Hann bendir á að vissulega sé hægt að hugsa sér þannig fiskveiðistjórnun og bendir á að Morgunblaðið þurfi pínulítið að breyta sínum málflutningi ef þeir ætli að leggja áherslu á það. Það er einmitt skoðun okkar kvennalistakvenna að það verði að gera allt til þess að tryggja að svo verði, að það verði útgangspunkturinn í umræðunni, þarna eru tvær lagagreinar að mínu mati sem stangast á, þ.e. 1. og 4. gr. fiskveiðistjórnarlaganna, og tekin séu af öll tvímæli um að sameignarákvæðið sé það ákvæði sem gengið er út frá. M.a. þess vegna er þetta frv. lagt fram til þess að tryggja að það verði útgangspunkturinn í öllum frekari breytingum á fiskveiðistjórnun hér á landi. Eins og prófessor Sigurður Líndal segir sjálfur er ekkert því til fyrirstöðu að gera það að útgangspunkti. Við kvennalistakonur erum eindregið þeirrar skoðunar að þetta eigi að vera hinn eini og rétti útgangspunktur og mér virðist það vera skoðun þingheims almennt þó að auðvitað séu nokkrar undantekningar þar á innan ákveðinna flokka. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt sem lið í því að styrkja þá hugsun sem prófessor Þorgeir Örlygsson kom með, að útgangspunkturinn eigi að vera sameignarákvæðið um nytjastofnana sem nú eru eingöngu í fiskveiðistjórnarlögunum og setja það í stjórnarskrána.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, ítreka að núverandi ríkisstjórn virðist vera alveg sammála þessu frv. Hún hefur lýst því yfir í stjórnarsáttmála að hún stefni að því að gera þetta. Yfirleitt eru stjórnarskrárbreytingar ekki samþykktar fyrr en á síðasta þingi rétt fyrir kosningar þannig að það má vel vera að ríkisstjórnin hyggist sjálf flytja svona frv. á næsta ári, en ég tel að umræðan núna sé það mikil að tímabært sé að halda þessu sjónarmiði á lofti. Ég legg því mikla áherslu á að þetta frv. fái vandaða umræðu núna og að lokinni þessari umræðu verði því vísað til sérstakrar nefndar sem fjallar um stjórnarskrármál.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:46]

Umræður utan dagskrár.

Staða eldri borgara í skatt- og almannatryggingakerfinu.

[13:31]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Eins og áður hafði verið getið mun nú hefjast utandagskrárumræða. Efni hennar er staða eldri borgara í skatt- og almannatryggingakerfinu. Málshefjandi er hv. þm. Ágúst Einarsson. Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[13:32]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er brýn ástæða fyrir því að málefni aldraðra séu tekin til umræðu á hinu háa Alþingi. Þrengt er að hag þeirra og óöryggi skapað. Það eru um 65 þúsund manns yfir 50 ára hérlendis og 27 þúsund yfir 67 ára aldri. Þetta fólk á sammerkt að hafa lifað tímana tvenna og byggt upp þau lífskjör sem við búum nú við.

Það er samfélagsleg skylda stjórnmálamanna, einkum jafnaðarmanna, að veita öldruðum öryggi og gott viðurværi í ellinni. Skammarlegt er að það skuli vera ástæða fyrir aldraða að fyllast réttmætri gremju gagnvart stjórnvöldum. Þessi hópur á ekki margra kosta völ til að þrýsta á stjórnvöld til að leiðrétta kjör sín. Það er ekki rætt við þennan hóp í karphúsi og ekki fara aldraðir í verkfall ef þeim þykir á sig hallað. Þessi hópur hefur skilað því margföldu til þjóðfélagsins sem rennur til hans á síðari hluta ævi þeirra.

Ríkisstjórnin afnam tengingu greiðslna úr almannatryggingakerfinu við launabreytingar og skerti hlut aldraðra nú í haust. Þetta er ríkisstjórnarstefna. Þeir hlífa ekki þessum hóp. Lífeyrisgreiðslur eiga að hækka um 2% á þessu ári án tillits til væntanlegra kjarasamninga. Persónuafsláttur og vaxtabætur eru óbreyttar þrátt fyrir verðbólgu af því að ríkisstjórnin er að aura upp í kjarasamninga.

Ríkisvaldið ætlar nú eina ferðina enn að greiða launahækkun fyrir VSÍ með skattalækkunum, þ.e. á kostnað almennings, en ekkert tillit er tekið til hagsmuna aldraðra. Heilbrrh. lýsti á fundi með eldri borgurum 21. febrúar á Hótel Borg, samkvæmt Morgunblaðinu, að hún væri hlynnt því að ellilífeyrir væri aftur tengdur almennum launakjörum. Ráðherrann stóð hins vegar að því í desember 1996 ásamt stjórnarliðinu að fella tillögu stjórnarandstöðunnar að þetta samband yrði tekið aftur upp. Formaður jaðarskattanefndar vill samkvæmt blaðaummælum sem minnst vita af hagsmunamálum aldraðra í vinnu nefndarinnar.

Ellilífeyrir er hér 2,3% af landsframleiðslu, en í Svíþjóð er þetta hlutfall um 10%. Við í þingflokki jafnaðarmanna munum óska eftir samanburði á kjörum eldri borgara hérlendis og í nágrannalöndunum. Samkvæmt dæmi Félags eldri borgara og aðgerðahóps aldraðra tapar sá aðili sem fær 10 þús. kr. hækkun lífeyrisgreiðslna. Tekjutrygging, heimilisuppbót og lyfjauppbót lækka, svo og fríðindi vegna ljós- og hljóðvakamiðla. Þetta eru jaðaráhrif kerfisins.

Auðvitað er þetta jafnforkastanlegt og það er gagnvart millitekjufólki vinnumarkaðarins. Munurinn er sá að þar er verið að leggja til lausnir en gagnvart eldri borgurum er ekkert gert. Grunnlífeyrir er nú 13 þús. kr., tekjutrygging 25 þús. sem skerðist við 18 þús. kr. tekjur. Greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða tekjutryggingu og það er harðlega gagnrýnt af eldri borgurum. Eldra fólk ber oft mikinn kostnað, t.d. við kaup og rekstur þjónustuíbúða. Það er aukin harka í

viðbrögðum eldra fólks vegna þess að því er misboðið með framgöngu ríkisstjórnarflokkanna. Þó eru þar í forustu ýmsir sem hafa verið nokkuð ráðandi innan stjórnarflokkanna, en það kemur fyrir ekki. Þeir tala fyrir daufum eyrum og það er skammarlegt, herra forseti.

Niðurstaða jaðarskattanefndar getur orðið lykilatriði við gerð kjarasamninga varðandi jaðarskatta og jaðaráhrif í skatta- og almannatryggingakerfinu og slíkt hefur mikil áhrif á fjárlög. Ég spyr því hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurninga:

Mun fjmrh. beita sér fyrir því að ellilífeyrir, tekjutrygging og tengdar bætur fyrir árið 1997 hækki a.m.k. til samræmis við launabreytingar 1997 og þá meira en um þau 2% sem kveðið er á í fjárlögum fyrir árið í ár?

Mun fjmrh. beita sér fyrir því í ríkisstjórn að hækkun lífeyrisgreiðslna til aldraðra sé tengd almennum launabreytingum eins og var áður, samanber kröfu Félags eldri borgara og nýlegar yfirlýsingar heilbrrh. um stuðning við að slíkt samband sé tekið upp aftur?

Hyggst fjmrh. beita sér fyrir afnámi eða minnkun tekjutengingar ellilífeyris, tekjutrygginga og tengdra bóta?

Hyggst fjmrh. beita sér fyrir því að fulltrúar aldraðra fái að taka þátt í tillögugerð um endurbætur á skattkerfinu eins og gildir mjög oft um aðila vinnumarkaðarins?

[13:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Svokölluð jaðarskattanefnd starfar á grundvelli stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar en þar segir að tekið skuli upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um tiltekna endurskoðun á skattkerfinu. Ástæðan fyrir því að leitað var samstarfs sérstaklega við aðila vinnumarkaðarins er sú að skattkerfið hefur mikil áhrif á tekjuskiptinguna og þar með á framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Ekki síst á þetta við þegar haldið er fram að jaðaráhrif tekjuskattskerfisins letji menn til vinnu vegna stighækkandi skatts eða missis tekjutengdra bóta.

Lífeyrir almannatryggingakerfisins var hækkaður um 2% í takt við verðlagshækkanir um sl. áramót þótt engar launahækkanir ættu sér þá stað á vinnumarkaði. Eins og margoft hefur komið fram verður lífeyririnn endurskoðaður þegar kjarasamningar liggja fyrir. Í lögum um bætur almannatrygginga segir að þær skuli breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Til hliðsjónar við ákvörðun bóta skal hafa þróun launa, verðlags og efnahagsmála. Heimilt er að breyta bótafjárhæðinni um allt að 3% ef verulegar breytingar verða á þjóðhagsforsendum.

Eins og menn vita byggja forsendur fjárlaga á að almennar launabreytingar verði 3,5% og almennt verðlag hækki um 2% milli ára. Nauðsynlegt er að endurskoða lagaákvæðin um viðmiðun bótanna fyrir árslok vegna þess að það er tímabundið.

Mín skoðun er að við breytingar á lífeyri sé eðlilegast að hafa hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum þannig að þær verði óháðar kaupmáttarsveiflum, enda er um lágmarkstryggingar að ræða. Sífellt fleiri ríki miða framfærslu við kostnaðarbreytingar frekar en launabreytingar og greiðslur úr lífeyrissjóðum fylgja lánskjaravísitölu eða vísitölu neysluverðs.

Á vegum heilbrrh. er starfandi nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög um almannatryggingar. Nefndinni var sett það markmið að einfalda bótakerfi almannatrygginga ásamt því að nýta betur fjármagn til þeirra sem mest þurfa á því að halda. Reglur um samhengi lífeyris og annarra tekna og jaðaráhrif þeirra hafa verið til umræðu innan nefndarinnar ásamt einföldun kerfisins. Auk fulltrúa ráðuneyta, stjórnmálaflokka og aðila vinnumarkaðar eiga Landssamtök aldraðra, Öryrkjabandalagið og Þroskahjálp aðild að nefndinni. Ljóst er að gera verður viðamikla útreikninga á þeim leiðum sem koma til greina þegar einfalda á kerfið. Breytingar kosta mismunandi mikið og hafa mismunandi áhrif á þá einstaklinga sem eru að fá lífeyri í núverandi kerfi. Hefur nokkuð tafið úrvinnslu að frekari upplýsingar þarf til að meta áhrif breytinganna.

Mín skoðun er sú að óhjákvæmilegt sé að gera breytingar á tekjutengingu lífeyris, tekjutrygginga og tengdra bóta sem allra fyrst og reynt verði að samræma skerðingarnar. Kerfið í dag er flókið og jaðaráhrifin geta orðið mun meiri en í skattkerfinu. Sérstaklega þarf að beina athyglinni að þeim tilvikum sem geta komið upp í samspili ýmissa bótaflokka og valdið miklum sveiflum á tekjum lífeyrisþega. Ekki eru uppi hugmyndir um að fulltrúar aldraðra taki sæti í jaðarskattanefndinni. Fulltrúar Landssambands aldraðra, Félags eldri borgara og aðgerðahóps aldraðra hafa hins vegar komið sjónarmiðum sínum að við fjmrh. og heilbrrh. og einstaka nefndarmenn. Formaður jaðarskattanefndar hefur bent á að skoða þurfi samspil skattkerfis og tryggingakerfis.

Þegar rætt er um lífeyrisgreiðslur almannatryggingakerfisins þarf að líta til lengri tíma og taka ákvarðanir með tilliti til þess. Meðalaldur Íslendinga er lágur. Gera má ráð fyrir að breytt aldurssamsetning leiði til þess að á bak við hvern aldraðan verði aðeins þrír Íslendingar á vinnualdri, þ.e. 20–67 ára, árið 2030 en nú eru þeir sex til sjö. Þetta er gífurleg breyting. Vandamál þau sem aðrar þjóðir eru nú að kljást við af þessum sökum, munu því koma yfir okkur ef ekki er brugðist rétt við. Þessu til viðbótar má benda á að Hagfræðistofnun telur að útgjöld til heilbrigðismála muni vaxa um 50–65% á mann á sama tíma. Til hvaða ráða á að grípa?

Flestir eru sammála um þrennt: Í fyrsta lagi verður að reka ríkissjóð án halla og koma í veg fyrir að ríkið safni skuldum. Þannig gefst okkur svigrúm til að fást við vaxandi kostnað vegna breyttrar aldurssamsetningar án þess að þyngja skattbyrðina óhóflega.

Í öðru lagi þarf að auka langtímasparnað m.a. í lífeyrissjóðum eða með öðrum ámóta hætti þannig að fólk með tekjur leggi fjármuni fyrir til elliáranna. Stöðugleiki í efnahagsmálum og fjölbreytni sparnaðarforma hafa áhrif í þessa átt auk skattívilnana.

Í þriðja lagi þarf að skipuleggja samspil lífeyristryggingabótakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins, en smám saman munu greiðslur úr lífeyrissjóðum verða mikilvægari þáttur í afkomu eldra fólks en nú er og lífeyrisbætur verða lágmarkstrygging og takmarkast við þá sem þurfa á aðstoð samfélagsins að halda.

Herra forseti. Að þessum langtímamarkmiðum mun ríkisstjórnin vinna um leið og hún mun leitast við að laga þá ágalla sem ætíð munu koma upp þegar bætur eru tekjutengdar.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var satt að segja heldur kaldranalegur boðskapur til aldraðra og öryrkja í landinu sem kom frá hæstv. fjmrh. Það var tvennt sem hæstv. fjmrh. hafði að segja við aldraða og öryrkja á Íslandi í þessari ræðu. Það var í fyrsta lagi að það þyrftu að fara fram viðamiklir útreikningar

á kjörum þessa fólks. Það vita allir hvað þýðir. Það þýðir að það á að drepa málinu á dreif.

Í öðru lagi sagði hann að hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að það væri nauðsynlegt að — gera hvað? Að samræma skerðingarnar. Þetta eru brýnustu verkefnin að mati hæstv. fjmrh. þegar það blasir við að kjör aldraðra og öryrkja eru að versna dag frá degi fyrst og fremst vegna ákvarðana sem eru teknar hér í þessum sal, pólitískra ákvarðana um skerðingu á svo að segja öllum þáttum almannatrygginga og stöðugt brattari tekjutengingum. Ég nefni í því sambandi t.d. lyfjauppbót, sem í sumum tilvikum er verið að strika út. Ég nefni í því sambandi sérstaka heimilisuppbót sem er verið að strika út. Ég nefni í því sambandi hina almennu heimilisuppbót, sem er jafnvel strikuð út, og ég nefni í því sambandi fréttirnar núna sem hafa borist öldruðum hundruðum saman síðustu daga frá Tryggingastofnun ríkisins og Ríkisútvarpinu um að fella niður þá heimild sem hefur verið hjá öldruðum og öryrkjum að þeir þyrftu ekki að borga afnotagjöld útvarps og sjónvarps. Þetta blasir núna við í stórum stíl og þýðir að í mörgum tilvikum er fólk er að borga langt yfir 100% í jaðarskatt af tekjum umfram t.d. 75 þús. kr. á mánuði. Það er því alveg ljóst, herra forseti, að á þessu máli verður að taka núna í tengslum við samningana. Það þarf enga viðamikla útreikninga á kjörum aldraðra og öryrkja í þessum efnum, hæstv. fjmrh. Það þarf að fara í málið. Vandinn hefur verið sá núna undanfarin ár, allt frá 1991, að svo að segja á þriggja mánaða fresti hafa borist tilkynningar til þessa fólks um að það ætti að skerða kjör þess með einum eða öðrum hætti. Þetta fólk býr við stöðuga óvissu í kjörum sínum. Kjör þess eru flókin og það er alvarlegur hlutur að standa þannig að málum. Þess vegna er brýnt að taka málið fyrir og það má ekki standa upp frá þeim kjarasamningum sem nú eru fram undan öðruvísi en að ríkisstjórnin verði knúin til undanhalds í þessum efnum.

[13:45]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hér hefur komið fram, eru aldraðir í landinu, þeir sem eru 67 ára og eldri, um 27 þúsund manns eða 9,9% af íbúafjölda. Það er nokkuð ljóst að þeim mun fjölga og er álitið að um 2030 verði þessi aldurshópur 16–17% af þjóðinni. Meðal annars vegna þessa er ljóst að við stöndum frammi fyrir viðfangsefni sem verður að taka á og verður að leysa. Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er ákvæði þess efnis að sett verði ný lög um almannatryggingar þar sem réttur þeirra sem raunverulega þurfa á bótum að halda verði betur tryggður en nú er.

Í þessu sambandi vil ég geta þess að þegar tekjutryggingunni var komið á árið 1971 voru rökin sem stóðu að baki því þau að hún skyldi tryggja framfærslu lífeyrisþega í samræmi við lægstu laun þangað til lífeyrissjóðirnir hefðu bolmagn til að taka við. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði og sú hugsun sem ég vil halda á lofti í þessu sambandi.

Það er hins vegar langt í það að lífeyrissjóðirnir geti leyst þetta verk af hendi. Bætur almannatrygginga, svo að ég komi aðeins inn á þær, hafa hækkað verulega í tíð núv. ríkisstjórnar, núv. hæstv. heilbrrh. Sem dæmi: Þeir sem búa einir og hafa ekki aðrar tekjur hafa hækkað úr 47.031 kr. í 53.137, eða um tæplega 13%. Á sama tíma hafa heildarútgjöld hækkað úr 15 milljörðum 830 millj. í 18 milljarða 81 millj., eða um 14,22%.

Hæstv. forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið en ég vil bara að síðustu segja að bótagreiðslur almannatrygginga hljóta fyrst og fremst að eiga að þjóna þeim sem ekki hafa úr öðru að spila. Það er hins vegar sú stóra spurning sem við stöndum frammi fyrir: Hvar eiga mörkin að liggja? Hvenær eiga þessi skerðingarákvæði að koma inn og taka gildi? Það er viðfangsefni sem núv. hæstv. ríkisstjórn mun taka á.

[13:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál til umræðu á Alþingi. Ég vil biðja aldraða afsökunar á því að ekki skuli vera fleiri þingmenn í salnum en raun ber vitni en þar kemur margt til og m.a. miklar annir.

Ég verð að segja að ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að nokkru leyti hvað varðar þá ádeilu sem hefur komið upp varðandi stöðu aldraðra hér á landi. Mikinn hluta starfsævi sinnar eru einstaklingar að búa sig undir áhyggjulaust ævikvöld og taka þá mið af gildandi lögum og reglum um aldraða þegar lagt er í sameiginlega sjóði almannatrygginga og séreignarsjóði lífeyrissjóðanna. Það er því nauðsynlegt að stöðugleika sé gætt í hvívetna hvað varðar fjárhagslega afkomu aldraðra.

Hér hefur verið rætt nokkuð um lífeyrissjóðina og það er vissulega vandamál út af fyrir sig. Ég held að þegar lagt var upp með lífeyrissjóðinn hafi mönnum ekki órað fyrir því að jafnhrikalegar örorkugreiðslur yrðu úr sjóðnum og raun ber vitni. Væri hægt hins vegar að koma því við að örorkubætur yrðu greiddar úr Tryggingastofnun ríkisins gætu lífeyrissjóðirnir staðið mikið betur að vígi gagnvart greiðslum til aldraðra heldur en raun ber vitni í dag. Hér hefur komið fram að 27 þús. aðilar eru 67 ára og eldri. Þeirra gremja er réttlát að mörgu leyti vegna þess að aldraðir eiga vissulega að fá að koma miklu meira að stjórnsýslunni heldur en gerst hefur fram að þessu. Mér heyrðist það á fjmrh. að þess muni ekki langt að bíða og ég fagna því.

Ísland er í dag gott og gjöfult land og ég þakka þeim og við hinir yngri hljótum að þakka þeim öldruðu sem landið byggðu. Við hinir sem erfum eigum gott eitt að láta af okkur leiða í umhyggju gagnvart öldruðum.

[13:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er eitt af meginmarkmiðunum að lækka jaðarskatta til að gera landsmönnum kleift að ganga bjartsýnir og með reisn inn í 21. öldina. Hvernig hefur ríkisstjórnin unnið að þessu markmiði þegar aldraðir eru annars vegar? Jaðarskattarnir hafa verið auknir verulega. Skerðing grunnlífeyris er nú 30% í stað 25% gagnvart tekjum. Lyfja- og umönnunaruppbótin vegna nauðsynlegs kostnaðar hefur verið tekjutengd, sem er algert nýmæli. Það hefur í för með sér verulega tekjuskerðingu á annað þúsund lífeyrisþega og töpuð tengd réttindi sem eru afnotagjöld af Ríkisútvarpinu. Þannig ber nú fjöldi lífeyrisþega yfir 100% jaðarskatt. Það þýðir að ef t.d. lífeyrissjóðsgreiðslur hækka, þá verða ráðstöfunartekjurnar enn lægri en áður en hækkunin varð. Þetta hljómar eins og hver annar brandari en eru því miður grafalvarlegar staðreyndir.

Álögur hafa verið auknar á aldraða á kjörtímabilinu. Þjónustugjöld í heilbrigðisþjónustunni hafa verið hækkuð verulega og réttindi skert. Tvísköttun á hluta lífeyrisþega hófst að nýju og síðast en ekki síst, lífeyrisgreiðslur aftengdar við launaþróun í landinu sem er algert siðleysi. Og hér er fátt eitt tínt til. Nú stendur fyrir dyrum aukin skattheimta

með aukinni greiðsluþátttöku þeirra fyrir sjúkraþjálfun sem hæstv. heilbrrh. þorði ekki að kannast við, aðspurð hér á þinginu á dögunum. Aldraðir sjálfir og aðgerðarhópur þeirra hefur unnið ötult starf við að vekja athygli á stöðu þeirra og hvernig ríkisstjórnin hefur veist að kjörum þeirra. Ég krefst þess að aldraðir komi að vinnu jaðarskattanefndarinnar eins og endurskoðun almannatrygginganna. Lífeyrir verður að ná framfærslumörkum, tekjutenging hans að minnka og upphæðir að fylgja launaþróun í landinu. Það er sanngirniskrafa og það þarf að gera það strax.

Það er réttur aldraðra og skylda okkar að tryggja öldruðum mannsæmandi viðurværi á ævikvöldinu, herra forseti.

[13:52]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Aldrað fólk er ungt fólk fram eftir öllum aldri sé heilsan góð. Aldrað fólk á sínar vonir og þrár ekkert síður en þeir sem yngri eru. Því er það mikilvægt verkefni stjórnmálamanna að tryggja jafnræði og ásættanlega afkomu þessa þjóðfélagshóps. Margur eldri borgari býr við kröpp kjör, aðrir hafa það gott, sem betur fer, og eiga að viðurkenna það.

Það á að vera aðalsmerki ríkis og sveitarfélaga að búa öldruðum og sjúkum öryggi. Við eigum að breyta lífeyrissjóðakerfinu. Það ræður nú yfir 350 milljörðum kr. en greiðir í mörgum tilfellum smánarellilífeyri. Við eigum að stofna skattfrjálsa séreignarsjóði launþega við hliðina á þessu kerfi til að létta af okkur áhyggjum þegar hlutfall aldraðra hækkar á næstu öld.

Ég vil hér, hæstv. forseti, þar sem hæstv. heilbrrh. er með veikindaforföll í dag, minnast á nokkur atriði sem unnið er að.

*Í fyrsta lagi hefur hæstv. heilbrrh. lýst yfir þeirri skoð*un sinni að jaðarskattanefnd og ríkisstjórnin verði að taka til skoðunar jaðaráhrif tekna lífeyrisþega á bætur almannatrygginga um leið og jaðarskattar á barnafólk eru teknir til endurskoðunar. Innan ráðuneytisins og í samstarfi við fjmrn. er verið að skoða sérstaklega samspil bóta frá félagsmálastofnunum við bætur almannatrygginga og skattkerfið. Lífeyris- og sjúkrasjóðir hafa hingað til verið allt að því ósnertanlegir vegna áfalla sem félagar þeirra hafa orðið fyrir, við veikindi og fleira. En það sem er langmikilvægast í mínum huga sem nú er unnið að er að sérstök nefnd, sem samtök aldraðra og öryrkja eiga aðild að, er nú að fara yfir áhrif reglugerðar um frekari uppbót vegna 75 þús. kr. tekjumarksins og hugsanlega hækkun þess.

Vegna þess sem kom fram í umræðunni vil ég taka fram að ellilífeyrisþegar hafa ekki tapað hingað til vegna aftengingar bóta við laun. Sem betur fer hefur ríkisstjórnin passað upp á að lífeyrisgreiðslur hækki í takt við lágmarkslaunin. Við eigum að standa saman um málefni aldraðra og að þetta fólk megi búa við öryggi. Ég trúi því að þessi ríkisstjórn muni ná samstöðu um það.

[13:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Aldraðir hafa á undanförnum mánuðum margir hverjir orðið fyrir umtalsverðri tekjuskerðingu venga lækkunar á tekjutryggingu, niðurfellingar á lyfjauppbót og að afnotagjald útvarps og sjónvarps hefur verið lagt á fjölmarga sem áður greiddu ekki slíkt gjald. Til að bæta um betur ákvað ríkisstjórnin að hækka elli- og örorkulífeyri aðeins um 2% við afgreiðslu síðustu fjárlaga þegar meira að segja ríkisstjórninni sjálfri er það ljóst að laun á vinnumarkaði munu hækka miklu meira. Það er ljóst að stjórnvöld telja sig hafa fundið þau hin breiðu bökin í þjóðfélaginu meðal þeirra sem eru á eftirlaunum og telur að þau geti nú farið að borga stærri skerf í fjárlagahallanum en þau hafa áður gert.

Þetta skýtur nokkuð skökku við því að það er einmitt þetta fólk sem hefur á undanförnum áratugum byggt upp það velferðarþjóðfélag sem við búum við í dag. Einnig vil ég vekja athygli á því að okkur sem höfum starfað í samninganefndum á vegum samtaka launamanna á undanförnum árum er ljóst að sú ofuráhersla sem hefur verið lögð á það, t.d. af samninganefnd ríkisins og Vinnuveitendasambandsins, að halda niðri umsömdum grunnlaunum en bjóða í staðinn alls kyns sporslur og aukagreiðslur af ýmsu tagi, er ekki hvað síst gert til að halda niðri eftirlaunum. Eftirlaunin eru einmitt prósentur af umsömdum grunnlaunum. Mörgum hefur verið ljóst lengi að þessi aðför að þeim réttindum sem fólk hefur unnið sér inn á langri ævi er með öllu ósæmandi og tekur þó steininn úr þegar stjórnvöld leggja sérstakan krók á hala sinn til að skerða réttindi þessa sama hóps með óréttlátum jaðarsköttum eins og hér er gert að umtalsefni.

Ég vil minna á frv. um jaðarskatta sem Steingrímur J. Sigfússon lagði fram á sl. hausti sem mundi draga mjög úr þessu óréttlæti ef samþykkt yrði en hefur hingað til ekki hlotið afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

[13:58]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við Íslendingar búum við tvöfalt kerfi lífeyristrygginga. Í fyrsta lagi almannatryggingar, sem veita 53 þús. kr. á mánuði fyrir mann sem aldrei hefur unnið á vinnumarkaði eða aldrei greitt í lífeyrissjóð, og svo hins vegar fjölda lífeyrissjóða sem greiða 60–80% af launum *þegar menn eru búnir að vera í þeim svona 30–40 ár.*

Þessi tvö kerfi eru mjög góð og fullnægjandi hvort fyrir sig. Þegar þau fara saman veita þau greinilega oftryggingu. Og vegna þess að þau veita slíka oftryggingu, þá hafa menn búið til ákaflega, og ég segi bara verulega flókið kerfi á skerðingum til þess að mæta þessari oftryggingu sem sífellt verður meiri og meiri.

Frá 1980 og jafnvel frá 1974 var skylduaðild að lífeyrissjóði. En reglurnar taka ekki mið af því. Það er ekki gert ráð fyrir að menn hafi borgað í lífeyrissjóð frá þessum tíma og það er þar sem vandinn liggur.

Herra forseti. Ef gert væri ráð fyrir því að fólk hefði farið að lögum frá 1974 og frá 1980 og borgað í lífeyrissjóð og gert væri ráð fyrir því að menn væru með þann lífeyri, þá þyrftum við ekki þetta kerfi skerðinga sem við höfum í dag. Þeir sem hafa borgað í lífeyrissjóð í 20–30 ár fá í rauninni sáralítið fyrir það umfram hina sem hafa svikist um að greiða í lífeyrissjóð þrátt fyrir lagaskyldu. Þetta er mjög hart fyrir fólk að horfa upp á. Það sem er nauðsynlegt og brýnt er að koma á eðlilegum samskiptum almannatrygginga, lífeyrissjóða og skattkerfisins.

Það er svo önnur saga að það er sjálfsagt að veita öldruðum alla þá heilbrigðisþjónustu sem þeir þurfa á að halda án tillits til tekna. Það er óeðlilegt að skattleggja tekjurnar aftur eftir að búið er að skattleggja þær einu sinni.

[14:00]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ágúst Einarssyni fyrir þessa umræðu og tek heils hugar undir þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hans. Það er til háborinnar skammar að

mínu mati hvernig búið er að eldri borgurum þessa lands og öðru láglaunafólki eftir að sú launastefna hefur verið ríkjandi að halda lægstu töxtum niðri og miða bætur við þá. Hér eru einkum til umræðu kjara- og skattamál aldraðra sem eru auðvitað brýnust núna en vissulega er margt fleira við þeirra kjör og aðbúnað sem væri ástæða til þess að ræða við annað tækifæri heldur en núna þegar við höfum tvær mínútur til umræðu.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að við sjáum fram á mjög miklar breytingar á aldursskiptingu þjóðarinnar og þeim mun mikilvægara er að koma lífeyrismálunum í sæmilegt horf en því miður er ekki margt sem bendir til þess, t.d. varðandi þá hópa sem ekki njóta neinna lífeyrisréttinda núna eins og t.d. húsmæður eða þeir fjölmörgu og sífellt fleiri launþegar sem eru settir undir svokallaða gerviverktöku, ekki síst hjá ríkinu sjálfu. Þetta er til háborinnar skammar og verður að breyta og núna er lag að mínu mati, þegar efnahagsbatinn er, að hækka lægstu laun og tengja laun aldraðra aftur við þau laun. Einnig er mjög mikilvægt að eldri borgarar fái aðgang að jaðarskattanefnd eða alla vega að tekið verði mið af sjónarmiðum þeirra í vinnu nefndarinnar.

[14:02]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þann málflutning að mikilvægt er að tryggja í alla staði réttindi eldri borgara, taka undir orð hæstv. fjmrh. um að mikilvægt sé að einfalda alla hluti í framsetningu er varðar réttindi eldri borgara sem annarra í landinu og tryggja að ekki verði misvísun til lengri tíma í þeim efnum. Það er mikilvægt að eyða allri óvissu í málefnum sem varða réttindi aldraðra borgara, tryggja eðlileg og sanngjörn réttindi þeirra. Vissulega hefur margt áunnist í þeim efnum, bæði fyrir atbeina ríkisvalds, bæjarfélaga og ekki síst fyrir atbeina eldri borgara sjálfra sem hafa verið duglegir í að byggja upp starfsemi og nýta ýmsa möguleika sem þeir hafa ýtt á með athafnasemi sinni.

Ágætisvinur minn í Vestmannaeyjum, Þorsteinn Þorsteinsson, í daglegu tali Doddi í olíunni, hefur bent á fyrir stuttu sem einn úr hópi eldri borgara að það sé mikilvægt að ríkisvaldið fari ekki að gera út á eldri borgara landsins, það sé enginn bisness í því, eins og Doddi orðaði það. Mikilvægt sé að hugsa til enda samsetningu allra skatta og gjalda og tryggja eins vandlega og unnt er réttindi eldri borgaranna sjálfra.

[14:03]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka fjmrh. svör hans. Þau voru lítil en þau sögðu okkur samt eitt: Það á ekkert að gera gagnvart öldruðum við þessa samningsgerð núna. Það á ekki að hleypa neins staðar að sjónarmiðum aldraðra í þá vinnu sem núna er í gangi. Það kom út úr þessari umræðu. Þeir eiga ekki að fá að koma að endurskoðun á skattalöggjöf. Það á ekki að taka tillit til jaðartenginga nema að vísa því í nefndarstarf sem er langt fram undan. Það á ekki að bæta hag þeirra hvað varðar lífeyrisgreiðslur með tengingu við launaþróun.

Það kom einnig fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur að allt væri raunverulega í góðu lagi. Þá spyr ég: Af hverju eru aldraðir að láta svona? Af hverju eru aldraðir að mótmæla eins og aldrei fyrr? Það er vegna þess að gengið er á kjör þeirra og hlutirnir eru ekki í lagi. Það dugir ekki að koma hér upp eins og hv. þm. Guðni Ágústsson og spjalla um daginn og veginn þegar horft er til þess að það eru ekki fögur orð sem skipta máli í þessum ræðusal, heldur er það stefnan, breytingarnar sem eru fyrirhugaðar. Og þær eru engar. Þetta á að vera algjörlega óbreytt gagnvart öldruðum í landinu.

Herra forseti. Það er oft sagt, að virði þjóðfélags sé kannski best metið eftir þeirri umhyggju sem það sýnir öldruðum. Ég er ansi hræddur um að þjóðfélag okkar, herra forseti, sé ekki mikils virði mælt á þennan mælikvarða.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa orðið hér. Hv. þm. Svavar Gestsson talaði um kaldranalegan boðskap þegar rætt var um að samræma skerðingar vegna jaðaráhrifa í þessu kerfi, bótakerfi almannatryggginganna. Af hverju eru skerðingar? Þær eru ekki nýjar af nálinni. Þær voru einnig þegar hann var við stjórn. Það er vegna þess að menn eru að reyna að beina fjármununum til þeirra sem þurfa raunverulega á þeim að halda. Og það er nauðsynlegt að samræma þessar skerðingar og gera það sem allra fyrst til þess að út úr dæminu komi ekki sá óskapnaður sem sumir hv. þm. hafa gert hér að umtalsefni.

Kaldranalegasta kveðja til aldraðra er þegar stjórnmálamenn sitja í ríkisstjórnum og safna skuldum, láta ríkið safna skuldum þannig að ríkið hefur ekki efni á því að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi. Það eru kaldranalegustu kveðjurnar sem þingið getur sent frá sér.

Hér var sagt að það væri siðleysi að aftengja bætur við laun. Má ég minna á að það hafði engin hækkun orðið um sl. áramót, þessi 2% hækkun hefði alls ekki komið til skjalanna ef eingöngu hefði verið miðað við laun. Menn verða að átta sig á því hvað þeir eru að segja þegar þeir segja slíkt hér í ræðustólnum.

Það hefur komið skýrt fram í dag, bæði af minni hálfu og annarra, að þegar kjarasamningarnir liggja fyrir þá verða bæturnar endurskoðaðar. Kjör aldraðra eru misjöfn. Það sem skiptir máli er að horfa til lengri tíma og leysa málið með stefnu eins og hv. fyrirspyrjandi gat um. Ég hef bent á í mínum málflutningi að það er mikilvægast að koma í veg fyrir halla á ríkissjóði, í öðru lagi að það sé sem árekstraminnst samspil lífeyriskerfanna og í þriðja lagi að auka fjölbreytni sparnaðar, sérstaklega langtímasparnaðar. Þetta er það sem skiptir máli þegar til lengri tíma er litið.

[14:08]

Útbýting þingskjala:

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 381. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 670.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, 377. mál, þáltill. ÁE o.fl., þskj. 662.

Um fundarstjórn.

Utandagskrárumræður.

[14:08]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Enn ein utandagskrárumræða hefur farið fram og væntanlega er önnur hér á eftir. Ég verð að segja það og hef nefnt það áður hér á hinu háa Alþingi að það er vægast sagt sérkennilegt hvernig utandagskrárumræðu getur borið að. Í þingsköpum Alþingis segir svo í 50. gr. um utandagskrárumræður, með leyfi forseta:

„Í allt að hálftíma á venjulegum fundartíma geta þingmenn fengið tekin fyrir mál utan dagskrár, hvort heldur er

í formi yfirlýsingar eða fyrirspurnar til ráðherra. Skal þá þingmaður bera fram við forseta ósk sína hér um eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en þingfundur hefst."

Virðulegi forseti. Þetta er á stundum óviðunandi fyrir þá þingmenn sem jafnvel eru að störfum í nefndum annars staðar og koma hingað beint á þingfund og eru allsendis óundirbúnir að mæta þessum umræðum. Það er eindregin ósk mín, virðulegi forseti, að forsætisnefndin taki þetta til alvarlegrar íhugunar. Það er ekki eðlilegt fyrir flesta þingmenn að svo skammur fyrirvari sé varðandi þetta mál sem raun ber vitni um.

[14:09]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orða hv. þm. og tilvitnunar hans í 50. gr. þingskapa þar sem tímafresturinn er tvær klukkustundir vill forseti geta þess að almenna reglan er þrátt fyrir það sú að mun lengri aðdragandi er að þvílíkum umræðum sem hér um ræðir og raunar í flestum tilfellum margir dagar. Formenn þingflokka fá venjulegast upplýsingar með margra daga fyrirvara um hvað er í vændum. Forsætisnefnd hefur einnig reynt að setja mál þannig upp að utandagskrárumræður fari fyrst og fremst fram á mánudögum annars vegar og fimmtudögum hins vegar. Það er því álit forseta að þingmenn hafi að öllu jöfnu miklum mun lengri tíma til undirbúnings slíkra umræðna heldur en kveðið er á um í þingsköpum og heyrir til algerra undantekninga að utandagskrárumræður fari fram með jafnskömmum fyrirvara og hér um ræðir.

[14:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Vegna þessara ummæla hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar verð ég að segja það að sú umræða sem hér fór fram áðan var tilkynnt og kynnt fyrir a.m.k. tveimur dögum síðan. Eftir því sem ég best veit eru sendar út tilkynningar í öll hús sem Alþingi hefur til umráða þannig að þetta er náttúrlega spurningin um það að fylgjast með. Auðvitað kemur fyrir að umræður eru með stuttum fyrirvara og þannig erfitt að átta sig á því um hvað þær eru nákvæmlega og þá er náttúrlega einfaldast að leita til upphafsmannsins og fá upplýsingar um hvert inntak umræðunnar er. En að mínum dómi hefur öll þjónusta í kringum utandagskrárumræður batnað mjög með því einmitt að það eru sendar tilkynningar í hvert einasta hús þannig að þingmaðurinn þarf að halda vöku sinni.

[14:12]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Að gefnu tilefni vegna orða síðasta ræðumanns vildi ég taka fram að ég vissi af þessari umræðu. En engu að síður eru ákvæði í þingsköpum sem heimila það að þingmaður getur komið hér og beðið um utandagskrárumræðu með tveggja tíma fyrirvara. Það eru staðreyndir málsins sem ég er að ræða um en ekki það hvort menn halda vöku sinni eða ekki. Ég er nú vanur því að halda vöku minni og hef gert það sem sjómaður áður en ég kom á Alþingi, hv. þm. En ég vildi mælast til þess að forsætisnefndin athugaði með breytingu á þessum ákvæðum þingskapa og það er eðlilegt að það sé lengri aðdragandi að utandagskrárumræðu heldur en þingsköp heimila.

Umræður utan dagskrár.

Öryggismál fiskiskipa og stöðugleikamælingar.

[14:13]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fullyrti í utandagskrárumræðu á hinu háa Alþingi í byrjun vikunnar að um 100 skip væru á sjó sem ekki ættu að vera þar. Þessi yfirlýsing hefur vakið mikla athygli og er ég mjög ánægður með það því að umræða af þessu tagi styrkir kröfuna um að öryggismál sjómanna séu í lagi.

Sem annar af tveim þingmönnum á Alþingi sem hefur próf úr sjómannaskóla og langa reynslu af sjómennsku tel mig af þeirri ástæðu hafa meiri skyldum að gegna í að upplýsa hér í hvílíku óefni öryggismál sjómanna eru. Það er ástæðan fyrir þessari utandagskrárumræðu.

Það hefur lengi verið máltæki sjómanna: Flýtur á meðan ekki sekkur, og á það að sýna hetjulund sjómanna sem alla tíð hafa sýnt ótrúlegt afskiptaleysi þegar kemur að því að vernda sitt eigið líf og öryggi. Það hefur lítið breyst, enda allt of mörg sjóslys sem rekja má beint til þess að öryggi var ábótavant og eftirlit ekki sem skyldi.

Ég hef verið spurður að því hvort ég geti staðfest töluna um 100 skipin. Það vill svo til að hin nýja stofnun, Siglingastofnun Íslands, er nýbúin að gera úttekt á stöðugleika 728 skipa af 2.525 skipum á skipaskrá. Í könnuninni kom í ljós að um 80% tréskipa undir 15 metrum að lengd stóðust ekki kröfur um stöðugleika. Um 52% tréskipa 15–24 metra löng stóðust ekki kröfur og um 28% málmskipa 15–24 metrar að lengd stóðust ekki kröfur um stöðugleika. Af þessum 728 skipum sem skoðuð voru stóðst ekki 191 skip stöðugleikakröfur. Mín tala er því allt of lág. Þá er ekki tekið tillit til þeirra skipa sem hafa haffæriskírteini með athugasemdum vegna annarra óuppfylltra krafna um öryggi, eins og neyðarútganga úr vél, káetu, breytinga vegna vélaskipta, skilrúmabreytingar og fleira.

Það er heldur ekki vitað hve mörg skip af þeim sem stóðust tvo stöðugleikapunkta og eru talin í lagi í dag uppfylli kröfur um 6 eða 8 punkta hallamælingar sem krafist er til að fá haffæriskírteini. Það er því spurningin hvort hér sjáist aðeins toppurinn af ísjakanum. Þetta eru einhverjar verstu fréttir sem ég hef fengið um ástand íslenska fiskiskipaflotans.

Fjöldi skipa eru hreinar dauðagildrur þar sem endalausar undanþágur frá eðlilegum öryggiskröfum hafa tíðkast ár eftir ár og haffæriskírteini jafnvel gefin út hrein þó skipin væru vart sjófær. Ótrúleg staða. Því hefur verið borið við að lög sem farið er eftir um eftirlit með skipum sé ekki aftur virk og nái ekki yfir skip sem eru byggð eftir setningu reglna frá 1975. Samkvæmt mínum heimildum er þetta ekki rétt. Hér þarf aðeins að breyta reglugerð, sbr. lög nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, en öryggiskröfur hafa ávallt verið háðar reglugerðarvaldi ráðherra. Málið er grafalvarlegt og grípa verður til aðgerða strax.

Ég bind miklar vonir við að nýstofnuð Siglingastofnun Íslands, sem er nýtekin við hlutverki Siglingamálastofnunar, taki vel utan um þessi mál. Tillögur stofnunarinnar eru skynsamlegar að mínu mati nema að einu leyti: Að gefa fimm ára aðlögun svo að öryggismál komist í lag. Þetta er allt of langur frestur, hann má ekki vera lengri en eitt ár.

Ég vil hér og nú fara þess á leit við hæstv. samgrh., herra forseti, að hann kynni sem allra fyrst aðgerðaplan þar sem því markmiði verði náð að öll skip standist reglur um smíði og búnað skipa. Til þess þarf að breyta reglugerð, gera ráð fyrir

fjármögnun áætlunar, breytingar á úreldingarreglum skipa þurfa líka að koma til til að breytingar á sumum skipum séu mögulegar og margt annað.

Á meðan aðgerðir standa yfir fer ég fram á að hæstv. samgrh. geri opinberan lista yfir þau 191 skip sem ekki standast öryggiskröfur í dag. Þetta er krafa sem er gerð vegna þeirra sjómanna sem þar eru og fjölskyldna þeirra. Þennan lista hef ég ekki fengið þrátt fyrir ósk þar um og hvað sem veldur.

Herra forseti. Þegar ástand mála eins og hér um ræðir er svo lélegt sem raun ber vitni er það venjan að leita að sökudólgum. Að kenna einhverjum einum um ástandið tel ég mikla einföldun, enda margir sem koma að skipum án þess að stjórnvöld geti ein borið ábyrgð á því. Skipstjórnarmenn og útgerðarmenn verða sérstaklega að taka sér tak í þessu efni og bera ábyrgð á því að öryggi áhafna sinna sé ávallt í lagi. Ábyrgð samgrh. og Siglingastofnunar Íslands er fólgin í því fyrst og fremst á þessari stundu að láta hendur standa fram úr ermum og það strax. Það er krafa dagsins í öryggismálum þeirra hundruð sjómanna sem eiga líf sitt undir því að fyllsta öryggis sé gætt.

[14:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljósi undrun yfir málflutningi hv. þm. og sérstaklega hlýt ég að láta í ljós undrun yfir því að hann skyldi ekki hafa vakið máls á þessu ástandi sem honum hefur verið svo lengi kunnugt á fiskiskipaflotanum, hefur þó átt sæti í samgn. Alþingis og hefur setið hér nokkurn tíma. Það hefur gefið honum fyllsta möguleika á því að taka málið sjálfur upp að fyrra bragði. Það hefur þó ekki til þess komið, en á hinn bóginn hefur hann fengið í hendur, að ég hygg, skýrslu um stöðugleika íslenskra fiskiskipa sem unnin var af Siglingastofnun síðustu tvo mánuði. Þessi skýrsla hefur verið lögð fram í siglingaráði og er til meðferðar bæði hjá samtökum sjómanna, farmanna, fiskimanna, vélstjóra og hjá útgerðarmönnum og það er verið að vinna upp úr henni.

Ég hlýt líka að láta í ljósi undrun mína yfir þeim þunga áfellisdómi, sem fólst óbeinlínis í orðum hv. þm., um þá menn sem hafa unnið að öryggismálum sjómanna á undanförnum árum til hennar gömlu Siglingamálastofnunar og þeirra manna sem hafa unnið úti á örkinni að öryggismálum þegar hann gefur það í skyn að um það séu mýmörg dæmi að undanþágur hafi verið gefnar frá öryggiskröfum og gefur það í skyn og segir beinlínis í Dagblaðinu að fjöldi sjómanna, hann nefnir töluna 500, séu í hættu vegna þess að eftirlit sé ekki nóg og vegna þess að hér séu 100 skip með skipstjórum sem leggja út á hafið og fara á fiskveiðar þó þeir hafi um það gögn í höndum að þeir séu á skipum sem séu hættuleg sjálfum þeim og öryggi þeirra sjómanna sem þar eru. Ég hélt satt að segja að fullyrðingar af þessu tagi heyrðu fortíðinni til.

Sannleikurinn er sá að á undanförnum árum hefur verið markvisst unnið að því að draga úr slysum á sjó. Það hefur verið markvisst unnið að því að skýra betur fyrir fiskimönnum og sjómönnum almennt hversu mikilvægt það er að reynt sé að bera virðingu fyrir því að skip séu rétt hlaðin og þar fram eftir götunum. Og þar sem hv. þm. er einmitt ættaður að vestan úr Hnífsdal ætti honum að vera það vel kunnugt að fyrir 6–7 árum, ætli það hafi ekki verið 1988–1989, var gert sérstakt átak í Djúpinu vegna þeirra slysa sem þar höfðu orðið. Niðurstaðan af því varð sú að síðan hefur ekki komið fyrir að skip hafi keyrt sig niður á þessum slóðum. Aflinn var látinn niður í lestar og annað eftir því og starfsmenn Siglingastofnunar hafa farið á Breiðafjörð og víðar, haldið námskeið með sjómönnum og skipstjórnarmönnum og reynt með þeim hætti að vinna að öryggi sjómanna. Hið sama á við um sjómannasamtökin sjálf og siglingaráð. Þar hefur verið unnið að þessum sömu málum.

Hitt er alveg laukrétt hjá hv. þm., og kemur fram í skýrslu, að auðvitað eru enn til í flotanum skip sem ekki eru til gögn um stöðugleika og sem ekki standast stöðugleikaprófun. Ástæðan er sú að áður fyrr meðan okkar gömlu skipasmiðir og bátasmiðir voru við lýði voru ekki til teikningar af skipum eins og nú er orðið heldur smíðuðu menn skip sem vel höfðu reynst. Ef við förum yfir slys og annað, þá sjáum við að gömlu færabátarnir, sem fóru á færi, línu og net með gamla laginu, stóðu sig vel. Ég hygg að það sé almennt viðurkennt af mönnum sem hafa hugsað um þessi mál að auðvitað er nauðsynlegt að hafa stöðugleikaprófun á skipi sem er óreynt, nýju skipi eða skipi sem fer í miklar breytingar, en ef við erum að tala um gamla báta, við getum tekið sem dæmi vararbátana gömlu frá Akureyri, Níels Jónsson á Hauganesi, hér sé ég þingmann frá Dalvík sem þekkir þessi mál, þá var auðvitað ekki stöðugleikaprófun á því skipi þegar það var smíðað á 7. áratugnum. Það var ekki fyrr en 1975 sem byrjað var að stöðugleikaprófa fiskiskip. Síðan hefur verið unnið að því af Siglingastofnun og er unnið að því núna áfram að afla gagna um stöðugleika, vinna sig áfram og við erum fremstir þjóða í þessum efnum. Þær alþjóðasamþykktir sem hafa verið verið gerðar hafa verið gerðar að kröfu okkar Íslendinga og Hjálmar Bárðarson var m.a. formaður í alþjóðlegri nefnd sem vann að því að auka stöðugleika fiskiskipa.

Ég efast ekki um að hv. þm. gangi gott til með því að vekja máls á þessu hér nú, en ég fullyrði það að fiskimenn, starfsmenn Siglingastofnunar nú og fyrr og líka þeir sem kenna í Stýrimannaskólanum eru að vinna saman að þessum málum, þeir eru að bæta úr þessum málum og það er unnið á mjög heilbrigðan og eðlilegan hátt að því að draga úr slysum á sjó.

[14:24]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli sem snertir svo mjög hagsmuni sjómanna, fjölskyldna þeirra og allrar þjóðarinnar í reynd. Þetta eru mál sem við megum með engu móti höndla með hangandi hendi og þetta eru mál sem við verðum að fjalla um af fullri ábyrgð og alvöru.

Siglingastofnun hefur á síðustu vikum unnið markvisst að úttekt á stöðugleika íslenskra skipa með það að markmiði að móta stefnu og leggja grunn að ákvörðunum varðandi úrbætur í þessum efnum. Nýleg skýrsla liggur fyrir um það og hefur komið fram reyndar í þessari umræðu. Ég vil nota tækifærið og þakka Siglingastofnun fyrir þetta og lýsa ánægju með framgöngu stofnunarinnar um að taka á þessum málum. En niðurstaða skýrslunnar sýnir að þessi mál eru í óviðunandi horfi. Mörg skip hafa ekki verið stöðugleikamæld og það er í raun nokkur áfellisdómur yfir siglingayfirvöldum síðustu ára. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að ábyrgð í þessum málum liggur ekki síður hjá skipstjórnarmönnum og útgerðarmönnum þannig að ég held að rétt sé að hafa það í huga líka.

Í skýrslunni sem um er rætt er bent á tillögur og leiðir til úrbóta með það að markmiði að íslenski skipaflotinn verði stöðugleikamældur. Hér er um að ræða forvarnir sem geta líklega komið í veg fyrir skipskaða og jafnvel komið í veg

fyrir mannskaða og það hlýtur allt að vera tilvinnandi til þess að koma í veg fyrir slíkt og þessi vinna Siglingastofnunar er mjög mikilvæg í þessu samhengi.

Herra forseti. Okkur ber skylda til þess að beita öllum tiltækum ráðum til þess að öryggi sjómanna okkar sé sem best tryggt. Ég lít svo á að siglingayfirvöld séu að vinna markvisst að því að stöðugleiki íslenskra skipa verði eins og lög og reglur kveða á um, umrædd skýrsla sýnir fram á það.

Ég vil nota tækifærið og skora á hæstv. samgrh. að veita Siglingastofnun það aðhald og stuðning sem þarf til þess að öryggishagsmunir íslenskra sjómanna verði sem best tryggðir. Öryggishagsmunir sjómanna eru grundvallaratriði og þá verður að tryggja svo sem frekast er kostur.

[14:26]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hafa tekið þetta mál uppi á þingi. Ég get alls ekki verið sammála hæstv. ráðherra að þetta sé ekki mál sem eigi að ræða hér. Mér finnst þetta mjög alvarlegar upplýsingar sem koma fram í skýrslu Siglingastofnunar Íslands um stöðugleika íslenskra fiskiskipa. Allt að fjórðungur íslenskra fiskiskipa stenst ekki reglur um stöðugleika. Mér finnst þetta mjög alvarlegt og ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðherra: Hversu margir sjómenn eru á skipum sem ekki uppfylla reglur um stöðugleika? Hversu margir sjómenn eru á þessum skipum?

Það kemur einnig fram í þessari skýrslu að stór hluti íslenskra fiskiskipa er smíðaður fyrir gildistöku reglna um stöðugleika. Hvernig stendur á því að reglur eru ekki látnar gilda yfir öll íslensk skip sem eru á sjó? Mér finnst þetta svo alvarlegar upplýsingar sem koma hér fram að mér finnst að alveg skilyrðislaust eigi að ræða þetta hérna þegar við horfum líka til að þetta er einn aðalatvinnuvegur okkar, sjómennskan, og það á að huga að öryggi sjómanna.

Ég var að renna í gegnum þessa skýrslu og það fór um mig þegar ég sá hvernig ástandið hefur verið fyrir nokkrum árum. Það er verið að tala um átak sem var gert á Vestfjörðum og hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni. Það voru kannaðir 44 bátar á Vestfjörðum og kom í ljós að af 44 bátum reyndist aðeins einn uppfylla öll gildandi stöðugleikamörk. Mér finnast þetta uggvænlegar upplýsingar og ég velti því fyrir mér að hefði svona skýrsla komið út í útlöndum, hvort viðkomandi ráðherra hefði bara ekki þurft að segja af sér við það að fá svona upplýsingar frá sinni stofnun um hvernig ástandið er.

En ég verð að segja að ég tel það löngu tímabært að tala um þessi mál og þakka fyrir úttekt Siglingastofnunar Íslands á þessum málum og vonast til að það verði tekið strax á þessum málum og reglurnar verði látnar gilda afturvirkt.

[14:28]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við ræðum hér er í senn þýðingarmikið, viðkvæmt og margslungið og þess vegna gersamlega borin von að hægt sé að fjalla um það nema með afar yfirborðslegum hætti á þessum tveimur mínútum sem þingmenn hafa til ráðstöfunar. Það er mikil ástæða til að vara alvarlega við því að menn fjalli um þetta vandasama viðfangsefni í upphrópana- og ásakanastíl. Hér stöndum við einfaldlega frammi fyrir gríðarlega stóru verkefni og sjómenn, útgerðarmenn og stjórnvöld verða sameiginlega að koma að því að leysa það enda snertir það slíkt grundvallarmál sem öryggi sjómanna og allir hljóta að vera sammála um að þurfi að auka í hvívetna.

Ég vil í upphafi fagna því frumkvæði sem hin nýja stofnun, Siglingastofnun Íslands, hefur sýnt með útgáfu á skýrslu um þessi mál sem leit dagsins ljós nú í þessum mánuði en var hafin vinna við á sl. hausti. Ég vil enn fremur láta í ljósi stuðning minn við þau góðu vinnubrögð að kynna hana í siglingaráði með ósk um að þeir fagaðilar sem þar sitja taki hana til meðferðar í sínum hópum. Þessi vinnubrögð eru líklegust til að leiða til skynsamlegrar niðurstöðu.

Við skulum ekki gleyma því að þessir bátar sem nú er sagt að standist ekki stöðugleikakröfur voru almennt smíðaðir samkvæmt reglum sem Siglingamálastofnunin setti á sínum tíma og hafa siglt um með athugasemdalaus haffærisskírteini, ýmsir þeirra jafnvel áratugum saman. Eigendur þessara báta hafa þess vegna staðið í þeirri góðu trú að bátar þeirra uppfylltu öll skilyrði sem íslensk stjórnvöld setja á þessum sviðum. Í þessum bátum liggur í mörgum tilvikum afrakstur lífsstarfsins. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar þau mál eru rædd vegna þess að svo háttar einfaldlega til að stærsti hluti trébátaflotans, sem á annað borð ekki uppfyllir þessar kröfur, er þannig að ekki er hægt að breyta honum að neinu viti til að uppfylla ýtrustu kröfur um stöðugleika að mati þeirra sérfræðinga sem ég hef rætt við. Það þýðir einfaldlega að eigendur þessara báta geta staðið frammi fyrir því að eignir þeirra, afrakstur lífsstarfsins, verða gersamlega verðlausar á einni nóttu. Þess vegna hvílir ótvírætt skylda á stjórnvöldum í þessum málum. Við viljum ekki að þessum flota verði útrýmt nema önnur sambærileg en örugg skip komi í staðinn. Ýmsir þessara báta gegna lykilhlutverki í atvinnulífi í mörgum sjávarplássunum og jafnframt því að við hljótum að sjálfsögðu að gera kröfur um öryggi og stöðugleika á þessum bátum, þá verðum við líka að hafa í huga þann bakgrunn sem ég hef reynt að gera hér grein fyrir í nokkrum setningum. Þessi mál verða ekki leyst nema í samstarfi sjómanna, útvegsmanna og stjórnvalda.

[14:31]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð þeirra sem hér hafa þakkað frummælanda fyrir að hefja umræðu um þetta, en ég vildi þó nálgast þetta mál, þessa ágætu skýrslu um stöðugleika íslenskra fiskiskipa frá öðru sjónarhorni.

Í fyrsta lagi vildi ég fagna því að svo yfirgripsmikið og gott plagg skuli koma frá hinni nýju Siglingastofnun og það er áhugavert út af fyrir sig. Hins vegar segir í skýrslunni, sem menn ættu að hugleiða, að varhugavert sé að fullyrða að niðurstöður könnunarinnar séu óyggjandi. Það er hins vegar mat Siglingastofnunar Íslands að niðurstöðurnar séu marktækar og geti því verið grundvöllur málefnalegrar umfjöllunar um stöðugleika íslenskra fiskiskipa og stefnumótunar í þeim efnum og ég tek undir það. Við þurfum auðvitað að vinna þessu verki vel.

Það eru hins vegar nokkur mál sem þarf að vinda bráðan bug að og ég beini orðum mínum sérstaklega til samgrh. vegna þess að hérlendis gilda ákvæði alþjóðahleðslumerkjasamþykktarinnar um lágmarksfríborð skipa. Sú samþykkt nær til skipa sem eru 24 metrar að lengd og lengri, að undanskildum m.a. fiskiskipum. Í reglum um smíði búnaðar í báta með mestu lengd í að allt 15 metrum er að finna ákvæði um lágmarksfríborð og gilda þau jafnt um fiskibáta sem aðra báta. Fyrir stærri fiskiskip eru engin ákvæði í reglum

um lágmarksfríborð ef undan eru skildar reglur um hleðslu síldveiðiskipa á vetrarsíldveiðum frá árinu 1963.

Nauðsynlegt er að koma á eftirliti með búnaði fiskiskipa, svo sem spilum, vírum, blökkum, krókum, lásum og keðjum sem notaðar eru við hífingar. Engar reglur gilda um eftirlit eða skoðun þessa búnaðar. Hér gæti verið skýring á hluta óeðlilegrar slysatíðni meðal íslenskra sjómanna. Siglingastofnun á ekki til álagsmæla til að mæla styrkleikaþol víra, keðja og festinga fyrir blakkir. Það er áhyggjuefni hvað fiskiskipastóllinn eldist og sífellt er verið að klastra upp á gömul skip.

Virðulegi forseti. Siglingastofnunin þarf móralskan og fjárhagslegan styrk til að takast á við alvarlega brotalöm (Forseti hringir.) í öryggismálum sjómanna. Alþingismenn eiga ekki að liggja á liði sínu til að ná því máli fram og ég vænti þess og ég held að sjómenn séu með miklar væntingar við hina nýju stofnun og vonast til þess að nú verði á málum tekið, (Forseti hringir.) undanþágum fækkað og tekið á málum svo að um muni.

[14:33]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft afar stóru máli og auðvitað verður að gera mjög miklar kröfur til farartækja í lofti, á sjó og umferðar á landi. Öryggismál sjómanna verða ætíð að vera undir miklu aðhaldi og eftirliti að mínum dómi.

Hér eru auðvitað stór orð sögð og það skýtur manni skelk í bringu að heyra ef satt er þannig að hér er mál sem menn verða að taka fyrir og ég treysti hæstv. ráðherra til að fylgja því eftir.

Það er margt sem snýr að öryggismálum sjómanna. Ég vil spyrja hæstv. samgrh. um eitt atriði þ.e. reglugerð um öryggisbúnað skipa, hvenær hún líti dagsins ljós. Ég hygg t.d. að á síðustu 15 árum hafi 20–30 einstaklingar fullyrt að þeir hefðu farist ef ekki hefði verið sleppibúnaður um borð.

Ég vil spyrja um annað. Er það tilfellið að Siglingastofnun í einstaka tilfellum gefi skipum undanþágur til siglinga eða svokallaðar innanfjarðarundanþágur sem jafnvel fylgja svo ekki skipum þegar selt er á milli byggðarlaga? Slíkar undanþágur eiga ekki að þekkjast.

Ég vil taka undir að það verður að gera mikið átak í því að hallaprófa öll skip og í það verkefni verður að fara. Ég lýsi því yfir sem þingmaður að Alþingi verður að koma að þessu máli með hæstv. ríkisstjórn. Þurfi til þess fjármagn, þá verður það að liggja fyrir og ég vænti þess að það standi ekki á þingheimi að verða við því, því ekki væri það gott til afspurnar ef fullyrt væri að menn kæmu öryggismálum ekki á hreint vegna þess að Alþingi neitar um peninga.

[14:36]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Það er alltaf brýnt og þakkarvert að ræða öryggismál sjómanna, en þó verður að segjast eins og er að of djúpt er í árinni tekið hjá hv. málshefjanda þegar hann segir að öryggismál sjómanna séu öll í miklu óefni. Það er rangt. Það eru einstaka þættir í öryggismálum sjómanna sem þarf að huga betur að og mega mun betur fara. Eitt af þeim atriðum eru stöðugleikamælingar, annað sjálfvirkur sleppibúnaður og þriðja atriðið er flotvinnugallar. Þetta eru kannski brýnustu verkefnin sem þarf að fjalla um í öryggismálum sjómanna.

Þingnefnd var sett á stofn í kjölfar hins hörmulega Hellisseyjarslyss 1984 og sú nefnd, skipuð þingmönnum undir forustu Péturs heitins Sigurðssonar, skilaði 30 tillögum sem ollu byltingu í öryggismálum sjómanna. Öllum þessum tillögum hefur verið fylgt eftir. Að vísu hafa tvær þeirra fengið bakslag í seglin síðan og það eru þau tvö atriði, stöðugleikamælingarnar og sjálfvirkur sleppibúnaður. Öll önnur hafa verið unnin og fylgt eftir og almennt eru öryggismál sjómanna í allgóðu lagi.

Það má nefna einn þátt líka sem var lengi mikið baráttumál, þ.e. ný og fullkomin björgunarþyrla sem auðvitað er snar þáttur í auknu öryggi sjómanna. Það er mikil ástæða til að hvetja hæstv. samgrh. til að fylgja eftir þeim þáttum sem út af standa í þessum efnum. Hér hefur verið minnst á sjálfvirkan sleppibúnað björgunarbáta. Um árabil hefur verið mikil togstreita í þeim efnum. Sigmundsbúnaður sem lengst af hefur verið eini búnaðurinn sem hefur verið löggiltur fékk löggildingu 1982–1987, þá var hann tekinn út. Hann fékk síðan aftur löggildingu 1995 alveg óbreyttur frá fyrri tíma. Þetta sýnir lausung og óstjórn í öryggismálum sjómanna. Þrívegis hefur verið veittur frestur til að koma á sjálfvirkum sleppibúnaði í björgunarbáta og vonandi veitir samgrh. ekki frest á ný þegar þetta á að taka gildi 1. apríl nk.

[14:38]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Kristjáni Pálssyni fyrir að taka þetta mál upp á Alþing því að þetta er gríðarlega alvarlegt mál. Málefni sem varða öryggi sjómanna eru þau mál sem hvað mestan forgang eiga að hafa í samfélaginu.

Það sem hefur vakið örlítinn ugg í brjósti mér sökum þess hversu alvarleg þessi umræða er, er hvernig menn nálgast þetta. Menn hafa gefið sér forsendur út frá þessari skýrslu, en í henni kemur fram að hún er ekki ábyggilegt, vísindalegt gagn. Í sumum tilvikum er aðeins prófað eitt tilvik af sex eða sjö og það er sérstaklega tekið fram í skýrslunni að mjög erfitt sé að draga af henni einhverja ábyggilega niðurstöðu. Þess vegna þótti mér eftirtektarvert þegar hv. þm. Kristján Pálsson orðaði það svo að hér væru á ferðinni dauðagildrur. Það er mjög alvarlegt þegar alþingismenn taka svo stórt upp í sig í málefnum sem þessum, í málefnum sem varða hundruð manna, sjómanna, aðstandendur og fleiri, að menn séu að draga slíkar ályktanir af þessari skýrslu sem sérstaklega tekur þó fram að megi ekki draga slíkar ályktanir, að menn skuli fullyrða í sölum Alþingis að einhver skip sem eru á floti, sem eru á sjó, séu dauðagildrur. Menn verða að gæta orða sinna í þessari umræðu því að hún má ekki fara út í slíka vitleysu.

Virðulegi forseti. Það er þó eitt sem eftir stendur í þessu og kom sérstaklega fram í fréttum sjónvarpsins í gær, en þar kemur fram að það sé vilji nýrrar Siglingastofnunar að gera stöðugleikareglur afturvirkar svo að þær nái til bæði eldri og nýrri skipa. Ég spyr því hæstv. samgrh.: Er hugsanlegt að Siglingastofnun geti ekki gripið inn í og svipt tiltekin skip haffærisskírteini ef í ljós kemur að þau standast ekki kröfur um stöðugleika? Eru reglur þannig úr garði gerðar að í einhverjum tilvikum geti Siglingastofnun ekki svipt þessi skip haffærisskírteini? Getur það verið? Ég vona að svo sé ekki.

[14:41]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu þótt umræðuefnið sjálft sé svo sannarlega ekki fagnaðarefni. Öryggismál sjómanna eiga að vera forgangsverkefni. Að því vil ég svo sannarlega vinna. Því mun ég óska eftir því að gefnu tilefni

sem hér hefur komið fram í þessari umræðu að þetta mál verði tekið til umfjöllunar í samgn. Alþingis hið allra fyrsta. Þar verði málið skoðað og réttir aðilar kallaðir að málinu. Ég vona svo sannarlega að málið sé ekki jafnalvarlegt og hér hefur verið haldið fram.

Virðulegi forseti. Það þarf að eyða öllum vafa í málinu og því er nauðsynlegt að þessi umræða fari fram.

[14:42]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta hv. þm. Árna Johnsen. Ég sagði aldrei að öll öryggismál sjómanna væru í miklum ólestri. Ég hef fyrst og fremst verið að vitna í skýrslu sem Siglingastofnun Íslands hefur sent mér ásamt fleiri þingmönnum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að ekki ætti að tala um dauðagildrur. Ég get upplýst hv. þm. um fjölda skipa sem hafa farið vegna þess að menn sáu ekki sóma sinn í því að hafa öryggismálin í þeim í lagi. Ég ætla ekki að rifja það upp í þessum ræðustól en vil taka undir með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og þakka honum fyrir að koma með þá hugmynd að taka þetta mál upp í samgn. Þar er hægt að upplýsa um mörg viðkvæm mál sem hafa komið upp á undanförnum árum eingöngu vegna þess að menn hafa ekki staðið að þeim öryggiskröfum sem ætlast er til samkvæmt reglum eða þá menn hafa fengið undanþágur þó svo vitað hafi verið að skipin stæðust ekki neinar öryggisreglur. Þetta er staðreynd, hæstv. ráðherra.

Mér finnst mjög leiðinlegt að heyra hæstv. ráðherra segja að ég hafi átt að vita betur því ég sé í samgn. Ég minnist þess ekki nokkurn tíma að þetta mál hafi komið upp í samgn. eða það að hæstv. ráðherra hafi beðið samgn. um að taka öryggismál sjómanna fyrir. Ég hef aldrei heyrt það fyrr en í þessari skýrslu. Þetta hefði hæstv. ráðherra aftur á móti átt að vita sem yfirmaður þessara mála og láta gera eitthvað í málinu. Það er áfellisdómur að sjálfsögðu ef það getur verið að 80% af tilteknum bátahópi séu undir viðmiðunarmörkum. (Gripið fram í.) Það er áfellisdómur og ekki hægt að kalla það neinum öðrum nöfnum. Það er áfellisdómur ef 20% af þeim skipum sem eru yfir 25 metrar eru undir viðmiðunarmörkum.

Að segja, eins og hv. þm. gerði, að það rýri gildi skýrslunnar að mælipunktarnir séu fleiri en voru teknir (Forseti hringir.) finnst mér alveg út í hött. Það rýrir hana alla vega ekki að því leytinu til að hún lýsir ekki betra ástandi en það er. Það gæti hugsanlega verið verra. Hún lýsir ekki betra ástandi en er. Þess (Forseti hringir.) vegna vil ég ítreka, hæstv. forseti, þá kröfu mína til hæstv. samgrh. að hann upplýsi Alþingi um þau skip sem ekki uppfylla öryggiskröfur og hann gefi yfirlýsingar um að aðgerðaplan verði upplýst fyrir hv. samgn. þegar þar að kemur. (**Gripið fram í:** Það ætti þá að kalla þau í land.)

[14:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þingmanni Þjóðvaka sem hér talaði áðan að ástandið væri verra hér á landi í þessum efnum en í öðrum löndum. Samt sagði hv. þm. að ef skýrsla af þessu tagi hefði birst í útlöndum hefði ráðherra sennilega orðið að segja af sér.

Ástandið hér á landi er betra en í öðrum löndum og við höfum gengið lengra í öryggiskröfum fyrir sjómenn en aðrar þjóðir. Og út af því sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson spurði um áðan, þá vil ég að það komi fram að það er einmitt í tillögum Siglingastofnunar að settar verði reglur um lágmarksfríborð fiskiskipa og það mál verður rætt í siglingaráði þar sem hv. þm. á sæti fyrir samgrn. Ég vil taka undir það með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það er rétt að samgn. ræði öryggismál sjómanna, þennan þátt sem aðra. Það hafa komið mál til samgn. sem varða öryggismál sjómanna og ég mun beita mér fyrir því að Siglingastofnun bjóði samgn. til sín og kynni fyrir henni þau störf sem þar er verið að vinna og varða sjómenn eins og aðra.

Til að ekki vakni misskilningur af því að ég nefndi eitt fiskiskip áðan, Níels Jónsson, að því gefna tilefni, sem ég var að segja að væri einungis af því að þegar hann var smíðaður voru ekki uppi kröfur um stöðugleika, en þau skip standast auðvitað öll kröfur um stöðugleika og hafa slík vottorð sem smíðuð voru svo seint. Þetta vildi ég taka fram þannig að það sé enginn vafi um það, enda er það svo, og kemur fram í skýrslunni, að 80% þilfarsfiskiskipa sem skoðuð voru hafa fullkominn stöðugleikagögn. Mörg önnur eru mjög nálægt því. Um önnur liggja ekki fyrir upplýsingar enn, en það er verið að vinna að þessum málum og eins og ég sagði erum við á undan öðrum þjóðum í því.

Um sleppibúnaðinn er það að segja að hinn 20. febr. sl. samþykkti siglingaráð á fundi sínum reglugerð um sleppibúnaðinn og er búist við því að þær reglur gangi í gildi 1. apríl. (Forseti hringir.)

Aðeins eitt atriði enn, og ég biðst afsökunar á því af því að málið er þannig vaxið, þá hefur ekki verið vikið frá öryggiskröfum um fiskiskip og þess ekki getið í haffærisskírteini en á hinn bóginn eru nokkur skip þannig, t.d. allar norsku ferjurnar, að þær hafa einungis takmarkað farsvið og er þess þá getið í haffærisskírteini. Hið sama á við um Íslending, knörrinn sem er mikið stolt okkar Íslendinga, fallegt skip og vel smíðað, en engin von er til þess að það standist fyllstu kröfur um útbúnað nýtískulegra skipa.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 268. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 521.

[14:48]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu, frv. sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir mælti fyrir fyrir hádegisverðarhlé, snýst um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands til þess að tryggja sameignarákvæði laganna um stjórn fiskveiða. Hér er borin fram tillaga um það að breyta stjórnarskránni í þá veru að það verði alveg tryggt að fiskstofnarnir í hafinu séu sameign íslensku þjóðarinnar, ekki bara í orði heldur líka á borði. Eins og kom fram í framsögu hv. þm. er hér um að ræða mál sem virðist geta fagnað allvíðtækri samstöðu hér í sölum Alþingis sakir þess að það mun hafa verið áhugamál fyrrverandi ríkisstjórnar að mál sem þetta næði fram að ganga og sömuleiðis núverandi ríkisstjórnar. Við verðum því að ætla að hér sé komið fram mál sem verði samþykkt og að unnið verði að breytingum á stjórnarskránni í þessa veru.

Við getum velt því fyrir okkur af hverju bæði fyrrverandi ríkisstjórn og núverandi hafa áhuga á því að stjórnarskránni verði breytt í þessa veru og af hverju hv. þm. sér sig knúna til að drífa málið hingað inn í þingið. Þar er auðvitað um að ræða, herra forseti, viðbrögð við fiskveiðistjórnarkerfinu

og framkvæmd þess. Viðbrögð við kerfi sem er talið afar hagkvæmt og á sinn þátt í því að útgerð er nú rekin með miklum hagnaði á Íslandi þó að skattgreiðslur gefi reyndar annað til kynna. En útgerðin á eins og menn þekkja nægar gamlar skuldir frá þeim tímum þegar kerfið bauð ekki upp á sömu hagkvæmni og nú. En það kerfi sem menn eru að bregðast við með því að vilja treysta eignarákvæðið er í rauninni þannig að menn geta selt, leigt og nú síðast stendur til að menn geti líka veðsett það sem samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða er talið sameign þjóðarinnar. Auðvitað hlýtur það að kalla á viðbrögð og jafnvel ótta fólksins í landinu og fulltrúa þeirra hér á hinu háa Alþingi, ótta við það að einn góðan veðurdag verði fiskstofnarnir skilgreindir eða kannski öllu heldur dæmdir eign þeirra sem nú hafa tímabundinn afnotarétt, til þeirra sem nú fá tímabundin veiðileyfi frá ári til árs samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða. Þessi tillöguflutningur endurspeglar ótta við það að eignarhaldsákvæðið haldi ekki ef ekkert verður að gert. Þessi ótti, herra forseti, hefur speglast í öðrum tillöguflutningi hér á Alþingi, tillöguflutningi okkar jafnaðarmanna um veiðileyfagjald. Rökin fyrir veiðileyfagjaldi eru ekki hvað síst þau að með því að leggja á veiðileyfagjald þá gætum við treyst sameignarákvæði laganna um stjórn fiskveiða. Og 75% þjóðarinnar virðast, herra forseti, vera sammála þessu, að það þurfi að staðfesta eign þjóðarinnar á auðlindinni með því að þeir sem fá afnotarétt greiði fyrir hann.

Í tillögu jafnaðarmanna um veiðileyfagjald eru talin upp tvenns konar rök fyrir veiðileyfagjaldi. Það eru annars vegar réttlætisrökin og hins vegar hin efnahaglegu rök. Ég ætla, með leyfi forseta, að leyfa mér að rekja hér þau efnisrök, réttlætisrök, sem þar eru fram borin:

Í fyrsta lagi að þjóðin á fiskimiðin. Og grundvöllur veiðileyfagjalds væri þá sú staðreynd að fiskstofnarnir í kringum landið eru eign allrar þjóðarinnar og því óeðlilegt að arður af þeim renni eingönu til fámenns hóps sem fær þennan afnotarétt.

Í öðru lagi væri setning veiðileyfagjalds staðfesting á þjóðareign. Það mundi staðfesta þjóðareign á fiskimiðunum og slík skipan mundi einnig stuðla að skynsamlegri framþróun í efnahagsmálum þó ég ætli ekki að gera það að sérstöku umræðuefni hér.

Það væri líka eðlilegt, herra forseti, og er hluti af réttlætisrökunum að allir greiddu veiðileyfagjald vegna þess að það þurfa nýir aðilar að gera núna. Því það verður að hafa í huga að nýir aðilar greiða veiðileyfagjald en þeir greiða hins vegar ekki til ríkisvaldsins eða almannavaldsins í landinu heldur til annarra útgerðarmanna sem fá eða hafa fengið þessum veiðiheimildum úthlutað ókeypis á hverju ári.

Fjórða röksemdin sem styður réttlætisrökin er sú að það er óásættanlegt að ríkið skuli skammta mönnum rétt til að selja eða hagnast á annarra manna eigum með þeim hætti.

Í fimmta lagi er ljóst að það særir réttlætiskennd manna að verslað sé með veiðiheimildir og að þeir sem fengu þeim úthlutað upphaflega geti hagnast á því að selja þær eða leigja því þeir hafa ekkert greitt fyrir þær, hvorki við úthlutun í upphafi né árlegt leigugjald. Og, herra forseti, eitt að því sem þar er nefnt til sögunnar er einmitt að það sé forsenda fyrir því að sátt náist um núverandi stjórn fiskveiða að lagt sé á veiðileyfagjald.

Þetta voru þau fimm atriði sem voru flokkuð sem réttlætisrök í þeirri tillögu sem jafnaðarmenn hafa lagt var fyrir Alþingi um upptöku veiðileyfagjalds.

Það eru margir fræðimenn sammála um að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi sé mjög hagkvæmt en þeir eru líka margir á þeirri skoðun að til þess að útgerðin nái sáttum við þjóðina um þetta fiskveiðistjórnarkerfi þurfi að koma til greiðslur vegna afnotaréttarins. Við höfum heyrt útgerðarmenn og talsmenn þeirra lýsa kostum kvótakerfisins, og á því þreytast þeir seint, bæði kostum þess og mikilvægi þess fyrir velgengni útgerðarinnar í landinu. Þeir hljóta samt eins og ýmsir ónefndir stjórnmálamenn að finna þá undiröldu sem er gegn þessu kerfi. Þeir hljóta að vera sér þess vel meðvitaðir um að til þess að ná sáttum við eiganda auðlindarinnar þarf eitthvað að koma til.

Ég hef heyrt og lesið eftir tilteknum útgerðarmönnum að þeir vilji frekar gera kerfið aftur óhagkvæmt en að þurfa að greiða þjóðinni fyrir aðganginn. Vegna þess vil ég einungis segja það að veiðileyfagjald er ekki endilega bundið því kerfi fiskveiða sem nú er við lýði, hreint ekki. Þannig að þó svo að menn vildu, til þess að forðast það að greiða þjóðinni fyrir afnotin, gera kerfið óhagkvæmt á ný þá er það ekki undankoma þegar um það er að ræða að ríkið útdeili takmörkuðum gæðum og kalli þá á afgjald fyrir. En það sýnir okkur bara hversu langt einstaka menn eru tilbúnir til að ganga til þess að losna við það og þá réttlætiskröfu að greiða fyrir aðgang að hinni sameiginlegu auðlind. En það eru samt sem áður bæði til útgerðarmenn og þá ekki síður fræðimenn, og þeim er að fjölga, sem átta sig á því að það þarf að ná sáttum við þjóðina til þess að núverandi kerfi geti staðist.

Rögnvaldur Hannesson prófessor skrifaði grein í Morgunblaðið um síðustu helgi sem heitir Hagvöxtur og kvótakerfi. Eftir að hafa farið yfir kosti kvótakerfisins og mikilvægi þess við að stýra útgerðinni með sem fyllstri hagkvæmni, ef við ætlum að byggja framtíð okkar að stórum hluta á nýtingu þessarar sameiginlegu auðlindar, þá segir prófessor Rögnvaldur, með leyfi forseta:

„Hinu skulu menn átta sig á að kvótakerfið er háð því að það sé fyrir hendi pólitískur vilji hjá þjóðinni til að halda þessu kerfi úti. Það er alls ekki nóg að kerfið sé skilvirkt og hagkvæmt, það verður líka að vera sæmilega réttlátt. Það særir réttlætiskennd flestra að menn séu að hagnast á verðmætum sem þeir hafa fengið gefins og reyndar eru skilgreind sem þjóðareign.

Séð í þessu ljósi, verður það að teljast furðulegt hve andsnúnir margir útgerðarmenn eru veiðigjaldinu svokallaða. Það er hvorki útgerðarmönnum né þjóðarheildinni í hag að kvótakerfinu verði kastað fyrir róða eða framsali kvóta settar svo þröngar skorður að það skili litlum sem engum árangri. Það þjónar að öllum líkindum langtímahagsmunum útgerðarmanna að sættast við þjóðina á hæfilegt veiðigjald. Sumum forystumönnum útgerðarmanna er þetta löngu ljóst."

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt í umfjöllun um nauðsyn þess að eignarhald þjóðarinnar á auðlindinni sé staðfest að hefja umræðu um það með hvaða hætti öðrum þarf að staðfesta eignarhald þjóðarinnar. Eins og fram kom í skoðanakönnun, og ég gat um áðan, eru 75% þjóðarinnar á því að það sé réttlætismál að útgerðarmenn greiði fyrir aðgang að hinni sameiginlegu auðlind. Áðan var vikið að því að það þarf pólitískan vilja til þess að halda úti svo umdeildu kerfi sem kvótakerfið er. Ef menn vilja treysta þann pólitíska vilja sem til þarf þá þurfa útgerðarmenn á Íslandi, forusta þeirra og talsmenn að hugsa þessi mál upp að nýju vegna þess, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að sú hugsun sem liggur að baki þessu frv. til stjórnarskipunarlaga, bæði

nú og áður, er sú að menn telja nauðsynlegt að bregðast við framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða þar sem lýtur að eignarhaldi þjóðarinnar og meðferð á þeim lögum.

[15:02]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka orð hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur um frv. mitt sem hér er til umræðu. Ég get í sjálfu sér tekið undir hvert orð sem hún sagði. Að auki vil ég aðeins bæta við nokkrum orðum vegna skrifa prófessors Sigurðar Líndals sem ég talaði um í morgun. Mér finnst mjög athyglisvert hvernig hann reynir að rökstyðja það að með því að taka upp kvótakerfið árið 1983 þá hafi atvinnuréttindi til fiskveiða verið viðurkennd sem eignarréttindi eins og stjórnarskráin skilgreinir þau. Þetta finnst mér mjög sérstakt. Þetta er ekki rökstutt öðruvísi en svo að það þurfti þriggja ára veiðireynslu til að fá þessi réttindi. En áður, eins og hann segir, alveg frá Grágásartímum, höfðu fiskveiðar verið hér frjálsar nema hvað þær voru leyfisbundnar frá árinu 1976. Má þá ekki alveg eins spyrja: Hvað með alla hina sem kannski voru með leyfisbundnar veiðar frá 1976–1983 en voru ekki með þessa þriggja ára veiðireynslu? Þeir fengu ekki neitt en hinir fengu allt saman. Eða þá ef við lítum á sameignarákvæðið: Hvað með alla hina sem ekki fengu, miðað við þessa viðmiðun, þriggja ára veiðireynslu? Ég er sem sagt mjög ósátt við þessa túlkun prófessorsins og einnig þá niðurstöðu hans að það sé ljóst mál að ríkið verði ekki bótaskylt ef kerfið verði aflagt og teknar upp frjálsar fiskveiðar. En hann segir ekki hvað muni gerast ef tekin yrði upp annars konar úthlutun á kvóta eða einhvern veginn skert sóknarkerfi. Ég get því ekki túlkað grein hans öðruvísi en svo að hann sé að segja að þá verði ríkið bótaskylt. Þetta er mjög alvarlegt mál og alvarlegt að svona túlkanir komi fram í blöðum. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessi umræða haldi áfam hér á Alþingi og að sameignarákvæðið verði fest í stjórnarskrá eins og hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt sendiráð í Japan, fyrri umr.

Þáltill. HG, 297. mál. — Þskj. 553.

[15:05]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um íslenskt sendiráð í Japan. Tillagan er stuttorð, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót íslensku sendiráði í Japan á árinu 1998."

Það er ekki í fyrsta sinn sem þetta mál kemur hingað inn í þingsali því að á 115. og 116. þingi, tímabilinu 1991–1993, var tvívegis flutt frv. um hliðstætt efni um íslenskt sendiráð í Japan, þá flutt af fjórum þingmönnum sem voru ásamt þeim sem hér talar hv. þáv. þingmenn Gunnlaugur Stefánsson, Jón Helgason og Kristín Einarsdóttir.

Nú er þetta mál tekið upp að nýju og ástæðan fyrir því er að ég hef verið þeirrar skoðunar, sem 1. flm. þessa máls á fyrri stigum, að það væri verðugt verkefni og nauðsynlegt sem liður í uppbyggingu okkar utanríkisþjónustu að koma upp sendiráði Íslands í Japan. Það eru mörg rök sem mæla með því að svo sé og má þar nefna viðskiptatengsl landanna sem eru veruleg og vaxandi og einnig samskipti á menningarsviði þótt um ólíka menningarheima sé að ræða sem auðgað geta hvor annan með samskiptum eins og þróast hafa nú um mörg ár en þar sem möguleikar eru jafnframt miklir til að treysta og efla þau samskipti.

Það varð að ráði hjá fyrrv. ríkisstjórn á árinu 1995 að opna sendiráð Íslands í Kína. Með flutningi þessarar tillögu er ekki verið að gera athugasemd við þann gjörning. Það voru vafalaust rök fyrir því að velja Kína á þeim tíma þó að áhersla þess sem hér talar hafi hnigið í aðra átt þegar litið var til Austur-Asíu og eðlilegra hefði verið að mínu mati að láta sendiráð í Japan hafa forgang. Mætti færa fram ýmsar ástæður fyrir því en ég legg áherslu á að með þessari tillögu er ekki verið að leggja til neina breytingu á stöðu íslensks sendiráðs í Kína. Það sendiráð hefur þegar unnið ýmislegt gagnlegt fyrir samskipti landanna og þar er um mikla framtíð að ræða gagnvart því stóra ríki sem þar á í hlut.

Það hefur heyrst víðar en frá þeim sem hér talar að ekki sé nægilegt að reka eitt íslenskt sendiráð í þessum heimshluta, heldur sé æskilegt að stíga það skref fljótlega að koma upp sendiráði í Japan. Í því sambandi er nauðsynlegt að fyrir liggi vilji Alþingis til málsins um leið og tekið er undir þær hugmyndir sem fram hafa komið af hálfu talsmanna ríkisstjórnar, þar á meðal af hálfu bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. á þessum vetri að áhugi sé á því af hálfu stjórnvalda að koma upp sendiráði í Japan. Með flutningi þessarar tillögu og afstöðu Alþingis til málsins þá vinnst það bæði hvað tíma snertir að þingviljinn liggi fyrir í málinu og að stjórnvöld undirbúi málið fyrir sitt leyti.

Það er auðvitað vandasamt mál fyrir litla þjóð að halda uppi öflugri utanríkisþjónustu og sinna þeim mörgu hagsmunum sem Ísland á víða og samskiptum við aðrar þjóðir. Það er alveg ljóst að við þurfum að þróa okkar utanríkisþjónustu öðruvísi en verið hefur á liðnum tíma og hugsa til þess að koma upp útstöðvum utanríkisþjónustunnar í heimsálfum sem eru alveg út undan. Það má segja að það séu þrjár heimsálfur ef við teljum Suður-Ameríku sem slíka í hópi þeirra þó til Ameríku heyri en einnig í Afríku og Ástralíu þar sem ekki er um að ræða sendiráð af okkar hálfu. Þar er hins vegar ekki um sömu samskipti að ræða og við Japan enn sem komið er og ekki sömu hagsmuni þó ég geri alls ekki lítið úr því að það þarf nauðsynlegga að hugsa til þess að bæta þessi samskipti, hugsanlega jafnhliða því sem utanríkisþjónustan almennt verði endurskipulögð sem oft hefur vissulega komið til tals en lítið orðið úr framkvæmdum í því sambandi.

Í því efni má benda á að hugmyndir hafa komið fram um það, og ég þekki þær raddir m.a. úr mínum þingflokki, að hugsanlegt sé að halda úti fulltrúum utanríkisþjónustunnar án þess að um fullkomið sendiráð sé að ræða og slík skipan mála geti átt við á vissum stöðum. Ég hef síður en svo á móti því að slíkir möguleikar séu athugaðir. Ég tel hins vegar að í því tilviki sem hér um ræðir, þ.e. í Japan, þurfum við að koma upp fullveðja sendiráði þó að það óhjákvæmilega kosti talsvert vegna þess að kostnaður við slíkt er óvenjumikill, í Tókíó a.m.k., og menn þurfa að gera sér ljóst að talsverður kostnaður fylgir slíkri uppbyggingu.

Ég vil nefna það, virðulegur forseti, að viðskipti landanna hafa farið vaxandi og Japan mun nú vera í 4. sæti þeirra ríkja sem við höfum utanríkisviðskipti við, á eftir Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Á árinu 1995 fluttu Íslendingar út vörur til Japans fyrir 13 milljarða kr. eða 11,3% af

heildarútflutningi Íslendinga. Vöruskiptajöfnuðurinn milli landanna var mjög hagstæður okkur því að innflutningur frá Japan á sama ári nam aðeins um 5 milljörðum kr.

Af okkar hálfu voru það eðlilega fiskafurðir sem voru meginhluti útflutnings en innflutningur frá Japan einkum vélar, samgöngutæki og fatnaður. Þessi viðskipti er eflaust hægt að auka til muna af beggja hálfu og það er vafalaust áhugaefni beggja þjóðanna, Japana og Íslendinga, að styrkja samskiptin og auka þau, bæði á viðskiptasviði og eins á menningarsviði. Þó að fjarlægð sé mikil á milli landanna þá er sitthvað líkt með aðstæðum þessara þjóða. Báðar byggja eylönd, Ísland og Japan. Sjávarútvegur er mikilvæg atvinnugrein í báðum ríkjunum og ef litið er til náttúrufars, þá er sitthvað sem er líkt með þessum löndum, Japan og Íslandi, ekki síst eldvirknin og það sem henni fylgir, bæði jákvætt og neikvætt, ef svo má segja, og geta þjóðirnar þannig miðlað hvor annarri af reynslu í þeim efnum og hafa raunar þegar gert það.

Af menningarsamskiptum mætti ýmislegt nefna, t.d. að fyrrv. forseti lýðveldisins, Vigdís Finnbogadóttir, ræktaði mjög samskipti við Japan, fór í heimsóknir þangað og var tekið með kostum og kynjum og af hálfu Alþingis fór sendinefnd til Japans sumarið 1992 og ýtti það raunar við þeim sem stóðu að flutningi málsins um sendiráð í Japan, á tillögunni sem flutt var hér á Alþingi í framhaldi af þeirri heimsókn, en þar var um að ræða samskipti milli þjóðþinganna.

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að máli þessu verði vel tekið, að málið fái efnislega umfjöllun í hv. utanrmn. og að við getum vænst þess að á allra næstu árum, helst á næsta ári eins og tillagan gerir ráð fyrir, verði komið á sendiráði í Japan og þá er tilgangi þessarar tillögu vissulega náð. Í kjölfarið þurfum við að vinna að traustari samskiptum sem hafa verið góð um langt árabil, en hægt er að efla bæði viðskiptalega og menningarlega.

[15:16]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er nokkur vandi á höndum fyrir smáa þjóð að halda úti öflugri utanríkisþjónustu. Oft og tíðum er það þannig að hnýtt er í utanríkisþjónustuna og margir telja að fjármagnið sem til hennar er varið ávaxti sig ekki nægilega vel. Ég er ekki í þeirra hópi. Ég tel að ekki eigi að horfa í það fjármagn sem við leggjum í utanríkisþjónustuna vegna þess að oft og tíðum er þar beinlínis um að ræða mjög góða fjárfestingu sem í framtíðinni skilar sér vel.

Við höfum í vaxandi mæli fest okkar augu á Austur-Asíu bæði vegna þess að þar er um að ræða menningarheima sem Íslendingar hafa gott af að kynnast en ekki síður vegna þess að þar liggja viðskiptatækifæri framtíðarinnar og nauðsynlegt er að rækta þau. Sú fjárfesting sem við setjum í utanríkisþjónustu í þessum heimshlutum er líkleg til að skila sér, e.t.v. ekki alveg á allra næstu árum en það kemur að því að hún mun skila sér.

Við höfum með þrennum hætti að segja má, herra forseti, eflt okkar tengsl við Austur-Asíu. Í fyrsta lagi nefni ég samskipti á sviði menningar og mennta. Við höfum í vaxandi mæli skipst á námsmönnum en þó ekki síður vísindamönnum. Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um í ræðu sinni hafa samskipti eflst við Japan til að mynda á sviði eldfjallafræði. Japan og Ísland eiga það sameiginlegt að vera eldfjallaeyjur þar sem eru virk eldfjöll og við búum við sams konar náttúruvá og þess vegna getur það gagnast báðum þjóðunum að deila sameiginlegri reynslu á því sviði.

Í annan stað er ljóst að viðskipti Íslands og þessa heimshluta hafa aukist á síðustu árum. Það er rakið í grg. sem fylgir tillögu hv. þm. að Japan er nú komið í annað eða þriðja sæti ásamt Bandaríkjunum sem öflugasta viðskiptaland okkar á eftir EES-löndunum og það sýnir auðvitað þá hraðfleygu þróun sem þarna er í gangi.

Í þriðja lagi höfum við síðan ræktað okkar tengsl við þennan hluta veraldar með því að hafa þegar sett upp sendiráð í Kína. Ég held að sú ráðstöfun að setja upp sendiráð í Kína á árinu 1995 hafi verið afskaplega heppileg og farsæl. Andstætt því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, þá tel ég að þar hafi verið um rétta forgangsröð að ræða vegna þess að Japan er miklu opnara land en Kína. Það er nauðsynlegra að ryðja burt hindrunum bæði á sviði menningarlegra samskipta en þó ekki síður viðskiptalegra í Kína sökum þess hversu einangrað það land er og meiri þörf er á því að hafa sendiráð þar. Þess vegna tel ég að við eigum absalútt að styðja og styrkja sendiráðið í Kína til þess ekki síst að byggja brú inn í framtíðina. Þar er um að ræða mjög öflug viðskiptatækifæri á næstu árum.

Ég segi það líka, herra forseti, að ég tel að sú tillaga sem hér er flutt sé jákvæð. Það er kominn tími til að við hugum að því að koma á fót íslensku sendiráði í Japan og ég styð þessa tillögu og ég lýsi stuðningi mínum við hana, herra forseti.

Þó þjóðirnar séu ólíkar þá er margt sem er sameiginlegt með okkur. Ég hef þegar rakið þau samskipti sem við eigum í vaxandi mæli á sviði náttúrufræða og það er auðvitað fyrst og fremst á sviði eldfjalla- og jarðskjálftafræði. En í vaxandi mæli erum við líka farin að skiptast og deila reynslu okkar á því sviði vísinda sem tengist fiski, fiskifræði og hvers konar fiskivísindum. Japanar eiga það líka sameiginlegt með okkur að þeir hafa í aldanna rás verið mikil fiskveiðiþjóð. Þar eru margvíslegar rannsóknir t.d. á fiskeldi mjög langt komnar og við gætum margt af þeim lært en við gætum líka miðlað þeim um margt af okkar reynslu og höfum reyndar gert. Það er því margt sem tengir þessar tvær þjóðir. Viðskipti Íslands og Japans hafa farið vaxandi en Japan mun óhjákvæmilega líka verða miðstöð verslunar við nálæg lönd. Ég held þess vegna að kominn sé tími til að við hugum að því að vinna ný lönd með því að setja niður sendiráð þarna.

Hv. þm. getur þess í grg. sinni að hann taki ekki afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að fjármagna sendiráðið, hvort eigi að gera það með því að hagræða annars staðar í utanríkisþjónustunni eða með nýjum fjárframlögum. Ég er þeirrar skoðunar að það væri fjárfesting sem til framtíðar mundi borga sig að auka oft og tíðum framlög til utanríkisþjónustunnar. Sú þróun hefur verið í gangi á síðustu árum. Menn hafa verið að setja upp viðskiptafulltrúa. Nú er fyrir dyrum að ráða þrjá nýja viðskiptafulltrúa til utanríkisþjónustunnar. Þetta er líka liður í því að ryðja íslenskum athafnamönnum brautina inn í ný lönd. Þess vegna tel ég farsælt að þessi tillaga komi fram.

[15:21]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka stuðninginn sem fram kom í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar við það mál sem hér er flutt. Hv. þm. á sæti í utanrmn. þingsins og ég vænti þess að einmitt í þeirri þingnefnd þar sem um málið verður fjallað ríki svipaður skilningur. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hans varðandi þýðingu þess að standa vel að okkar utanríkisþjónustu og auka hana. Það er í rauninni sjálfsagt mál með auknum alþjóðatengslum. Við þurfum að

gæta þess að skera þar ekki um of við nögl jafnframt því sem við reynum að gæta fyllstu hagkvæmni við rekstur hennar og meta það hverju sinni hvernig við verjum því fjármagni, að sjálfsögðu takmarkaða fjármagni, sem við getum lagt til þess arna. Þetta á ekki aðeins við um þjónustu í þjóðríkjum heldur á þetta jafnframt við um okkar fulltrúa sem vinna hjá alþjóðastofnunum mjög mikilvæg störf þar sem við þurfum að leggja í rauninni meira fram. Vegna breyttra aðstæðna í samskiptum okkar t.d. við hin Norðurlöndin og milli Norðurlandanna innbyrðis þurfum við Íslendingar að leggja meira af mörkum sjálfir en meðan við gátum stuðst meira við utanríkisþjónustur hinna Norðurlandanna, t.d. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Að þessu þarf að hyggja jafnframt því sem við færum út okkar tengsl við aðrar þjóðir með stofnun sendiráða eða sendiskrifstofa og gætum þess að ná þar sem bestum árangri og vanda sem best til verka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 300. mál. — Þskj. 556.

[15:24]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 556 hef ég borið fram till. til þál. ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni. Tillagan sjálf er stutt. Hún er svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Nefndina skipi sérfræðingar á sviði hagstjórnar. Hún skili niðurstöðum fyrir árslok 1997."

Þó svo Evrópuumræðan hér á landi hafi fyrst og fremst snúist um efnahagslega þætti, þá eru Evrópumálin miklu víðtækari og ber að skilja þau miklu víðtækara en við höfum oft rætt um þau, þ.e. að Evrópusamrunaferillinn sem hófst upp úr stríði var fyrst og fremst markaður af þeim vilja forustumanna í Evrópu að reyna að búa til þá umgjörð sem gæti betur tryggt frið. Þetta er fyrst og fremst markað af fólki sem var þá nýkomið út úr seinni heimsstyrjöldinni og margt af því fólki hafði einnig barist í fyrri heimsstyrjöld. Þessir forustumenn stjórnmálaflokka og landa í Evrópu um miðja öldina þráðu sárlega frið í löndum sínum. Sú hugmyndafræði sem þeir lögðu upp með er nokkuð einföld en kom að miklum notum. Hún byggðist einfaldlega á því að reyna að búa til samstarf um efnahagslega þætti sem hófst með Evrópusamstarfi á sviði kola- og námusamstarfs, kola- og stálsamband Evrópu sem undanfari þess sem síðar hér Efnahagsbandalag Evrópu og kallað er núna Evrópusambandið.

Þeir forustumenn sem settu hvað mestan svip á þessa þróun voru Frakkar og Þjóðverjar. Vikið er að nokkrum nöfnum úr Evrópusögunni í grg. með tillögunni. Upphaflega koma þessar hugmyndir frá Frökkunum Jean Monnet og Robert Schuman og fylgt eftir á hinum pólitíska vettvangi af Charles de Gaulle og Konrad Adenauer í Þýskalandi og eftirmönnum þeirra François Mitterrand, Willy Brandt, Helmut Schmidt og Helmut Kohl svo nokkur nöfn séu nefnd úr Evrópusögunni, stjórnmálum Evrópu sem hafa fylgt þessari stefnu, þ.e. að stefna sífellt að nánara samstarfi á sviði efnahagsmála og pólitísku samstarfi og tryggt með því frið í álfunni. Það er merkilegt að hugsa til þess að einmitt tíminn frá seinni heimsstyrjöld til borgarastyrjaldarinnar í fyrrum Júgóslavíu, sem er ekki nema 40–46 ára tími, er lengsti friðartími í Evrópu. Það þarf eiginlega að fara aftur til tíma Rómverja til að finna sambærilegt friðartímabil og var nú ekki beint friður kannski á þeim tíma, enda erfitt að tala um sögu Evrópu í þessu sambandi vegna þess að hún var kannski ekki til í þeim skilningi sem við lítum á hana í dag.

Samt sem áður segir þetta okkur heilmikið um þá aðferðafræði að stuðla að friði með efnahagslegu og pólitísku samstarfi.

Þetta er sú umgjörð um Evrópusamstarfið sem mér finnst oft og tíðum gleymast í umræðu hér á landi. Hins vegar fjallar þessi tillaga einungis um einn þátt þessa samstarfs sem er um væntanlegt Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Þetta er samstarf ríkja Evrópusambandsins og mun hefjast í ársbyrjun 1999. Það felur m.a. í sér eina mynt, evró, sameiginlega peningastefnu og einn sjálfstæðan seðlabanka. Þetta er mjög nákvæm stefnumörkun um efnahagslegt og stjórnmálalegt samstarf og það er mjög afdrifaríkt skref sem Evrópuþjóðirnar eru að stíga með þessu vegna þess að þetta krefst samstillingar mjög marga þátta sem áður voru í umsjá einstakra þjóðríkja.

Það er ekki hægt að fletta einu einasta blaði í Evrópu núna og hefur verið um nokkurt skeið svo ekki sé mjög ítarleg umræða um EMU og áhrif þess á viðkomandi þjóðríki. Þessi umræða hefur ekki verið mikil hér á landi, helst vakið athygli fyrir þann misskilning eða þekkingarleysi ráðamanna hér á landi að halda að við gerðumst aðilar að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu og vanþekking forsrh. var e.t.v. skýrust í þessum efnum þegar hann sagði að hann teldi að við ættum ekki að gerast aðilar að þessu myntbandalagi og sá helstu kosti í þessum málum að þetta yrði einfaldara fyrir ferðamenn.

Ég man nú satt best að segja ekki eftir því að ráðamaður í Evrópu hafi farið slíkum orðum um þetta mál sem lýstu meiri vanþekkingu á því en einmitt hæstv. forsrh. Síðan átu nokkrir þingmenn þetta upp eftir forsrh., þ.e. um möguleika á aðild Íslendinga. En svo þetta sé nú alveg skýrt á slíkt efnahagssamstarf eða myntsamstarf vitaskuld einungis við ríki Evrópusambandsins og þá yrði Ísland fyrst að gerast aðili að Evrópusambandinu áður en það gerðist aðili að Efnahags- og myntbandalaginu. En það er önnur saga. Þessi umræða hér snýst ekki um hvort við eigum að gerast aðilar að Evrópusambandinu eða ekki heldur snýst hún um að setja í gang vandaða úttekt á áhrifum þessa myntsamstarfs á íslenskt efnahagslíf.

Það eru ströng skilyrði fyrir þátttöku einstakra ríkja. Þannig verður halli á rekstri ríkis og sveitarfélaga að vera innan við 3% af vergri landsframleiðslu, skuldir hins opinbera innan við 60% af landsframleiðslu, vextir ekki hærri en tveimur prósentustigum yfir lægstu vöxtum og verðbólga ekki meira en 1,5% yfir verðbólgu þar sem hún er lægst.

Ísland hefur uppfyllt flest þessi skilyrði og má segja öll skilyrðin nema vaxtaskilyrðið er líklega ekki lengur uppfyllt því að vextir eru 2–3% hærri en almennt gerist í Evrópu þó að mínu viti hafi ekki farið fram nákvæm úttekt á því. Það er einungis eitt ríki í Evrópusambandinu sem nú þegar uppfyllir öll þessi skilyrði. Það er Lúxemborg. Hins vegar er gert ráð fyrir aðlögun ríkja. Ef þau stefna í rétta átt geta þau orðið aðilar að Myntbandalaginu. Það hefur reynst einna

erfiðast fyrir ríki Evrópusambandsins að uppfylla skilyrðin um skuldir og halla hins opinbera.

Það eru 15 ríki núna í Evrópusambandinu og það er ekki vitað nákvæmlega hve mörg þeirra verða með frá fyrsta degi, en það er talið að þau verði a.m.k. 8 talsins sem munu vera með strax frá byrjun. Það eru Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Lúxemborg og Þýskaland. Það er náttúrlega ekki vitað hvort öll þessi ríki verða með. Það er ekki búið að taka hina pólitísku ákvörðun alls staðar. Spánn og Ítalía gera mikið til að reyna að uppfylla hin efnahagslegu skilyrði en það er ólíklegt. Talið er að Bretland muni örugglega ekki vera með og ólíklegt að Danmörk, Grikkland, Portúgal og Svíþjóð muni taka þátt í Myntbandalaginu frá byrjun en þessi ríki geta gerst aðilar að því síðar.

Auðvitað kæmi til álita fyrir okkur, þó við gætum ekki gerst aðilar að þessu, að skoða áhrif þess á íslenska gengisstefnu og það væri hægt að tengjast Evrópumyntinni með einhliða yfirlýsingu. Slíkt þekkist og hefur þekkst í evrópskri hagsögu að þjóðir sem hafa ekki átt formlega aðild að samstarfi í myntbandalagi — myntbandalag hefur verið mjög lengi við lýði, þó það hafi ekki verið í þessari mynd — þá hafa menn tengst því með einhliða yfirlýsingu og lagað sína efnahagsstefnu að þeim skilyrðum. Finnar til að mynda gerðu þetta um tíma og aðrar þjóðir hafa einnig íhugað þessa möguleika.

Flest ríki í Evrópu og Íslendingar meðtaldir hafa undanfarin ár fylgt svipaðri efnahagsstefnu, þ.e. að halda verðbólgu niðri, stuðla að stöðugu gengi og ná þannig upp skilyrðum fyrir hagvöxt og freista þess að ná niður atvinnuleysi. Þetta hefur gengið misjafnlega í Evrópu en þessi efnahagsstefna sem við tókum upp um 1990 hefur reynst hér nokkuð vel. Alla vega hefur stöðugleiki verið hér mikill og hagvöxtur meiri undanfarin ár en oftast áður. Þetta skiptir verulega máli fyrir okkur Íslendinga einfaldlega vegna þess að helsta viðskiptasvæði okkar er Evrópa. 65% af vöruútflutningi fer á Evrópusvæðið og 60% af vöruinnflutningi þannig að áhrif myntsamstarfsins í Evrópu hefur mjög mikil efnahagsleg áhrif hér á landi.

Það má líka benda á að þetta hefur áhrif á vaxtastig hér á landi því talið er að vextir í Evrópu muni lækka í kjölfar myntsamstarfsins. Við skuldum núna 650 milljarða. Þannig er munur upp á eitt prósentustig hvorki meira né minna en 6,5 milljarðar bara ef maður tekur innlendu skuldirnar. Nú er vaxtamunurinn 2–3% og ef við bætist bara vegna Myntbandalagsins, þá sjá menn hvílíkar tölur við erum að tala um þannig að full ástæða er til, eins og segir í tillögunni, að gera vandaða úttekt á þessum efnum.

Það eru fleiri atriði sem rétt er að vekja athygli á. Þeir telja sjálfir að sameiginleg mynt þýði betri samanburð á verði milli landa, stækki innanlandsmarkað, lækki fjármagnskostnað, stuðli að meiri viðskiptum, auki samkeppni og fjárfestingar. Búist er við að þetta samstarf muni auka hagvöxt innan Evrópusambandsins nokkuð mikið auk hins pólitíska samstarfs sem fylgir í kjölfarið. Þetta þýðir að Evrópusambandsríkin munu ná viðskiptalegu forskoti á okkur Íslendinga eins og á aðrar þjóðir og það er það sem við þurfum að horfast í augu við. Við þurfum að meta hvernig þetta forskot hefur áhrif á inn- og útflutning. Það er mikilvægt að skoða, og nefnt sérstaklega í tillögunni, samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, áhrif á önnur viðskiptaríki t.d. Bandaríkin og Japan, sem var í umræðu áðan en sá markaður er okkur mjög mikilvægur. Vitaskuld þarf að skoða áhrif á vaxtastig, vinnumarkað og atvinnuástand. Allt hefur þetta áhrif á okkar umgjörð sem rétt er að lögð sé vinna í að kanna ítarlega.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á einum þætti þessa samstarfs sem er hinn sameiginlegi Seðlabanki Evrópu. Settur er á laggirnar einn seðlabanki í Evrópu sem hefur mjög mikið frjálsræði við vinnu á faglegum forsendum að mótun peningastefnu út frá því markmiði að halda verðbólgu niðri og tryggja þannig möguleika til hagvaxtar. Þessi nýi seðlabanki er sniðinn eftir þeirri umgjörð sem þýski seðlabankinn hefur haft um áratuga skeið og hefur þótt reynast vel. Fram til þessa hefur efnahagslíf einmitt í Þýskalandi verið hvað sterkast í Evrópu þótt blikur séu á lofti nú sem stendur.

Það er mikilvægt í þessu sambandi að hin faglega úttekt sé gerð. Talað er um að skipa sérfræðinga á sviði hagstjórnar. Hér erum við að skoða hin hagrænu áhrif af myntsamstarfinu. Þótt einhver vinna sé í gangi t.d. innan Seðlabankans eða Lánasýslu nær hún ekki utan um þessa víðtæku úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir. Ýmis vinna hefur þegar verið unnin í þessu sambandi og má þarf nefna umræðu sem var fyrir nokkrum árum um þróun og tengingu íslensku krónunnar við ECU og nýtist þessi fyrri athugun vitaskuld vel við þá úttekt sem hér er nauðsynleg.

Að lokum, herra forseti, má geta þess að nágrannaþjóðir okkar hvort sem þær ætla sér að gerast aðilar að myntsamstarfinu eða ekki, hafa sett í gang svipaða úttekt og gert er ráð fyrir, þ.e. faglega og ítarlega úttekt. Við tillögumenn gerum ráð fyrir að forsrh., sem fer með yfirstjórn efnahagsmála af hálfu framkvæmdarvaldsins, skipi þá nefnd sem hér um ræðir og niðurstöður muni liggja fyrir í lok þessa árs.

Að lokum, herra forseti, geri ég það að tillögu minni að málinu verði vísað til síðari umr. og til hv. efh.- og viðskn.

[15:40]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir efni þessarar tillögu og það ræðst af því að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við á Íslandi og kannski sérstaklega hér á hinu háa Alþingi fylgjumst alls ekki nógu vel með þeirri þróun sem nú á sér stað í Evrópu og snýr það bæði að umræðunum á ríkjaráðstefnunni og hvert hún stefnir og einnig að Myntbandalaginu og hvaða áhrif og afleiðingar það mun hafa á Íslandi.

Það er rétt sem fram kom í máli 1. flm. að mjög mikið er um þetta fjallað í Evrópu, bæði um kosti og galla þess að koma á Myntbandalaginu og einnig því hvaða áhrif það muni hafa á efnahagslíf í Evrópu. Ég get nefnt sem dæmi að fylgst er með þessu annars staðar að sjálfsögðu og fyrir líklega um tveimur til þremur vikum var mikil umfjöllun um Myntbandalagið í bandarísku tímaritinu Newsweek þannig að mjög mikið er spáð í það hvað þetta þýðir. Og það þurfum við Íslendingar að sjálfsögðu að gera.

Þó að Seðlabankinn sé að skoða þetta mál og hugsanlega aðrir aðilar, eins og fram kemur í grg., finnst mér að við hér á Alþingi eigum að skoða þessi mál sérstaklega. Þó að skipuð yrði sérstök nefnd, eins og tillagan gerir ráð fyrir, af hálfu forsrh. finnst mér vera mjög athugandi hvort þingið ætti ekki að fara aftur þá leið sem farin var undir lok síðasta áratugar þegar sett var á fót sérstök Evrópustefnunefnd, held ég að hún hafi verið kölluð, þar sem allir þingflokkar komu að. Sú nefnd tók saman heilmiklar skýrslur um þróunina í Evrópu og kynningu á því öllu saman. Ég held að full þörf væri á því að þingið sinnti því miklu betur að kynna sér þessi mál,

bæði Myntbandalagið og einnig þá umræðu sem á sér stað á ríkjaráðstefnunni.

Ég átti þess kost fyrir um það bil hálfum mánuði að sækja ráðstefnu Norðurlandaráðs þar sem verið var að gera þingmönnum á Norðurlöndunum og þeim þingmönnum þeirra Norðurlandanna sem eru í Evrópusambandinu grein fyrir hvar umræðan stæði. Það var mjög fróðlegt þó að það kæmi auðvitað berlega í ljós að ekki var búið að taka neinar ákvarðanir en það er að skýrast hvert stefnir. Og hvaða skoðun sem við höfum á aðild Íslands að Evrópusambandinu þá hljótum við að vera sammála um að við eigum og þurfum að fylgjast mjög vel með þessum málum vegna þess að við vitum að þetta hefur allt saman áhrif. Að því leytinu er ég sammála hv. flm.

Hann vitnaði til örstuttrar umræðu sem varð í fyrirspurnatíma á hinu háa Alþingi þar sem ég spurði hæstv. forsrh. um hvort eitthvað væri verið að vinna í þessum málum og hann upplýsti þá að þessi nefnd Seðlabankans væri að störfum. Ég lét þá skoðun í ljós að ég taldi að við ættum ekki mikið erindi inn í þetta battarí og þá meina ég Evrópusambandið sem heild því að mér er það ákaflega vel ljóst að Myntbandalagið nær eingöngu til þeirra ríkja sem eru aðilar að Evrópusambandinu. En eins og fram kom í máli hv. ræðumanns er auðvitað möguleiki á því að aðlaga sig á ýmsan hátt að þessum breytingum.

En fyrst og fremst þurfa menn auðvitað að gera sér grein fyrir því hvaða breytingar eru líklegar og hvernig á að bregðast við þeim og þær kunna að verða margvíslegar. Hitt er svo annað mál að hve miklu leyti og hvort þessi áform ná fram að ganga. Það er stefnt að því jafnt og þétt, en þetta er líka mjög umdeilt mál og m.a. Bretar, Svíar, Grikkir og fleiri þjóðir ýmist vilja ekki ganga þarna inn eða uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru fyrir *því að þetta myntbandalag geti* virkað. Það á því eftir að koma í ljós hvað úr verður.

En mergurinn málsins er sá, hæstv. forseti, að við þurfum að átta okkur á þessu og fylgjast mjög vel með þessari þróun allri saman. Ég held að það sé í sjálfu sér ágætt að setja upp faglega nefnd sem gerir úttekt á þessum málum, en ég held að við á Alþingi ættum að taka okkur tak og reyna að fylgjast miklu betur með þessum málum en við gerum. Sting ég upp á því til umræðu hvort ekki væri ástæða til þess að fara aftur þá leið sem farin var fyrir nokkrum árum að setja hreinlega sérstaka nefnd á laggir til þess að skoða þessi mál. Við gerum allt of lítið af því hér að taka upp ákveðin mál til sérstakrar skoðunar þannig að þingið komi að því og átti sig á þróun mála óháð vilja og stefnu framkvæmdarvaldsins.

[15:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi segja okkur orð vegna þessarar fram komnu tillögu sem hv. þm. Ágúst Einarsson hefur mælt fyrir um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf.

Það er að sjálfsögðu ekki hægt að hafa á móti því að athugun fari fram á hugsanlegum áhrifum þess sem stefnt er að innan Evrópusambandsins að koma þar á myntbandalagi og nýjum gjaldmiðli á grundvelli samþykktanna frá Maastricht 1991. Það er rétt sem hv. þm. mælti að um fátt meira er rætt varðandi efnahagsmál og þá um leið pólitísk efni í Evrópusambandinu um þessar mundir en einmitt spurninguna um tilkomu þessa myntbandalags, kosti þess og ókosti, spurninguna um hvort einstök ríki eða lönd Evrópusambandsins smjúgi í gegnum það nálarauga sem samþykktirnar frá Maastricht gera ráð fyrir. En á það var minnt af hv. flm. hver þau atriði eru sem uppfylla þarf til þess að lúta þeim skilyrðum. Og það er raunar svolítið kaldhæðnislegt að það ríki sem mestu veldur í efnahagspólitík Evrópusambandsins, sjálft Þýskaland, hefur verið í óvissu um hvort það stæðist þær kröfur sem þarna eru gerðar til inngöngu og á fátt meira horft heldur en efnahagsvogir í Þýskalandi þessa mánuðina hvað þetta snertir. Ég ætla ekki neinum getum að því að leiða hvað verður í þeim efnum, en það skiptir auðvitað ekki öllu hvort þessi skilyrði eru uppfyllt af Þjóðverja hálfu missirinu fyrr eða seinna. Það er alveg ljóst að Þýskaland og Frakkland eru þau ríki sem mynda uppistöðuna í sambandi við þetta myntbandalag, ef af verður, því að ég held að enn sé ástæða til þess að setja fram spurninguna ef eða fyrirvarann ef.

Það er alveg ljóst að það er geysilega þung pólitísk undiralda í sambandi við þetta mál og mörgum spurningum ósvarað í því efni. Vissulega er það svo að líkurnar á því að þetta verði keyrt saman eru meiri heldur en minni. En hitt er jafnóljóst hvaða ríki það verða sem koma þarna með til að byrja með og enn óvissara og óljósara hvaða áhrif þetta myntbandalag mun hafa á þróun Evrópusambandsins. Þau skilyrði sem koma til við að aðeins hluti Evrópusambandsríkja gengur inn í upphafi geta haft djúptæk áhrif á Evrópusambandið sem slíkt og hugsanlega orðið til þess að veikja samstöðuna innan þess og innviðina. Síðan er það auðvitað skoðunarmál út af fyrir sig, og eitt af því sem hugmyndin er að athuga samkvæmt tillögunni, og það eru áhrifin sem þetta mun hafa í einstökum atriðum og þar er auðvitað af mörgu að taka.

Það er hins vegar alveg ljóst að hér er komin spennitreyja, meiri spennitreyja heldur en menn hafa séð í Evrópulöndum *fram til þessa sem mjög erfitt verður að komast úr ef menn* einu sinni eru þar í komnir. Og það er auðvitað sérstakt fagnaðarefni fyrir okkur á Alþingi Íslendinga að við erum ekki í þeim hópi sem stendur frammi fyrir spurningunni hvort eigi að gerast þarna meðreiðarsveinar, hvort við eigum að reyna að komast þarna að eða ekki því að réttilega var á það minnt af hv. flm. að Ísland utan Evrópusambandsins er ekki gjaldgengur aðili í þessum klúbbi sem verið er að stofna.

Ég vil líka slá varnagla við það sem hv. þm. sagði um afstöðu þeirra sem ekki vilja einblína á það sem er að gerast innan Evrópusambandsins. Mér fannst kannski ekki vera alveg rétt að vega að hæstv. forsrh. með þeim hætti sem hv. þm. gerði í þessu sambandi, hann vitnaði til áramótagreinar hæstv. forsrh. í þessum efnum en hann kvað mjög ákveðið að orði um þetta í áramótagrein. Það er kannski rétt að rifja upp, með leyfi forseta, það sem hann sagði:

„Fáum blandast hugur um að Íslendingum væri ógerlegt að gerast aðilar að sameiginlegri mynt Evrópu. Þeir misstu þá umsvifalaust forræði á mikilvægustu þáttum íslensks efnahagslífs. Sveiflum á verði og magni á okkar meginafurðum yrði ekki lengur mætt með því að laga íslenskan veruleika að nýrri stöðu. Til yrðu að koma sérstakir sveiflujöfnunarsjóðir í Brussel, sem sæju á okkur aumur, þegar illa gengi."

Þetta er úr áramótagrein hæstv. forsrh. Ég held að þessi orð séu ekki mælt af neinum misskilningi um að Íslendingar ættu þess ekki kost þótt einhverjir vildu að gerast formlegir aðilar að þessu, heldur einfaldlega lýsa þau hvaða aðstaða okkur væri sköpuð ef við ætluðum að fara þarna inn. Þetta tengist auðvitað spurningunni til Evrópusambandsins, spurningunni um hvort menn telja að Íslendingar eigi að gerast þar

aðilar eða ekki og það er sú spurning sem ég taldi að hæstv. forsrh. væri að svara, ítreka og undirstrika, og ég fagnaði því að sjá þessi orð, eins og fleiri sem lúta að því hvaðan sem þau koma, sem vara eindregið við því að Íslendingar leiði hugann að því að fara þarna inn af pólitískum ástæðum alveg sérstaklega.

Kem ég þá að því sem ég vildi gera smáathugasemd við varðandi efni tillögunnar. Ég hef sem sagt ekkert á móti því að fram fari athugun á hugsanlegum áhrifum þessa myntbandalags innan Evrópusambandsins á okkar aðstæður. En að í þeirri nefnd eigi fyrst og fremst, og eingöngu eins og gert er ráð fyrir, að sitja sérfræðingar á sviði hagstjórnar, það er ég ekki viss um að sé alveg rétt hugsað. Hér er um að ræða mál sem auðvitað er efnahagslegs eðlis en vitaskuld hápólitískt um leið og ég held að menn verði að líta á báða þættina samtímis. Það eru auðvitað ákveðnir hagtæknilegir, ef svo má orða það, hagtæknilegir þættir, hagstjórnarlegir þættir (Forseti hringir.) sem þarna er um að ræða, en þarna er líka um að ræða, og ekki síst, pólitíska þætti sem þarf að taka með í skoðun þessara mála. Því hefði ég gjarnan viljað sjá að meiri breidd væri í skipun hóps sem væri settur til þess að gera úttekt á þessum efnum fyrir þjóðina, fyrir Alþingi, fyrir stjórnmálaflokkana og átta sig á þeim aðstæðum. En við megum síst einangra okkur við að skoða þetta. Við þurfum að líta víðar þegar við horfum á efnahagsaðstæður í umhverfi okkar (Forseti hringir.) þannig að þetta er aðeins einn liður í því að glöggva þá mynd.

[15:56]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa tekið þátt í þessari umræðu fyrir undirtektir við tillöguna um að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Ég held að það sé alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði hér áðan að það má vera full ástæða til þess að Alþingi kanni líka sérstaklega þennan málaflokk því að eins og ég nefndi og hefur komið fram í umræðunni þá er um fátt meira rætt í stjórnmálum og efnahagslífi í Evrópu en einmitt þetta fyrirhugaða efnahags- og myntsamstarf.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson tók einnig undir efni tillögunnar í meginatriðum. Ég vil taka fram að þegar ég var að ræða um ummæli hæstv. forsrh., þá var ég einmitt að vitna til svars við fyrirspurn hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur sem var hér í þingsölum fyrir nokkru síðan. Ég var ekki að vísa til áramótagreinar hæstv. forsrh. heldur svars hans hér við hinni beinu fyrirspurn hv. þm. Ég þekki afstöðu hæstv. forsrh. og hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og Hjörleifs Guttormssonar gagnvart Evrópusambandinu og hvort menn eigi þar að gerast aðilar eður ei. Um það snýst ekki þessi tillaga. Hún er sett upp af ráðnum hug. Það er ekki verið að taka afstöðu gagnvart þeim þáttum heldur fyrst og fremst verið að afla nauðsynlegra upplýsinga fyrir frekari umræðu um Evrópusamstarfið og aðkomu okkar að því. Það er m.a. þess vegna sem í tillögunni er sagt að að þessari nefndarskipan eigi að koma sérfræðingar á sviði hagstjórnar. Það má vel vera að nefndin kjósi ef málið nær fram að ganga að víkka það nokkuð út. Hins vegar er ákveðin hugsun fólgin í þessari framsetningu til að leggja áherslu á að hér er fyrst og fremst verið að gera vandaða úttekt á áhrifum og sú úttekt getur orðið og á að vera grunnur að frekari umræðu um aðkomu okkar að Evrópusamstarfinu því að eins og við vitum, þá skiptast menn þar mjög í flokka og hafa mismunandi skoðanir og það þarf að taka miklu fleiri þætti inn í þá umræðu heldur en gert er í þessari tillögu. Hér er verið að taka afmarkaðan þátt Evrópumála út úr sem hefur mikil áhrif á okkar efnahagslíf, vinna hann vandvirknislega þannig að við séum betur í stakk búin til að skiptast á skoðunum, vera sammála eða ósammála um Evrópumálin í víðu samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup skólabáts, fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 310. mál. — Þskj. 571.

[15:59]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég flyt till. til þál. um skipun nefndar um kaup eða leigu á skólabát og viðvaningshlutaskráningu. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Guðmundur Hallvarðsson, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Hjálmar Jónsson, Árni Johnsen, Lúðvík Bergvinsson, Gísli S. Einarsson og Magnús Stefánsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum eða leigu á skólabát sem nýttur verði til kennslu í sjómennsku. Nefndinni verði einnig falið að finna leiðir til fjármögnunar á hugsanlegum kaupum og rekstri bátsins. Jafnframt kanni nefndin möguleika á viðvaningshlutaskráningu sjóvinnunemenda um borð í fiskiskipum.

Nefndina skipi fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins, Fiskifélags Íslands, sjómannasamtaka, samtaka útgerðarmanna, Stýrimannaskólans í Reykjavík, Sambands ísl. sveitarfélaga, menntamála-, fjármála- og samgönguráðuneytis.

Nefndin skili áliti sem fyrst."

Þáltill. þessi er endurflutt frá síðasta þingi, þó aðeins breytt að því leytinu til að viðvaningshlutaskráning er viðbót við þá tillögu sem flutt var á síðasta þingi ásamt því að fjármögnunarleiðir eru settar inn í þáltill.

Skólabáturinn Mímir RE var keyptur hingað til landsins til að sjá um kennslu í sjóvinnu og var rekstur slíks báts þá nýlunda hér við land. Það starf sem unnið var á þessum bát var mjög merkt og áhöfnin skilaði mjög góðu starfi ásamt þeim starfsmönnum Fiskifélagsins sem að þessum málum stóðu, en Mímir fórst eins og kunnugt er með voveiflegum hætti árið 1991.

Koma bátsins varð mikil lyftistöng fyrir sjóvinnunám í grunnskólum landsins sem og í stýrimannadeildum og víðar. Má sjá í skýrslum Fiskifélagsins um rekstur bátsins að mikill áhugi var fyrir sjóvinnunni og ferðum skólafólks með bátnum. Meðan hans naut við fóru um 5.000 ungmenni í sjóferð með bátnum, flest í sína fyrstu sjóferð.

Frá því að Mímir fórst hefur kennsla í sjómennsku verið mjög stopul í skólum landsins og áhugi á sjóvinnukennslu minnkað verulega. Þetta sést best á því að skólum sem kenna sjóvinnu sem valfag hefur fækkað úr 27 árið 1992 í 18 á sl. ári.

Eftir að Mímir fórst lagðist hluti skólastarfsins, sjóferðirnar, niður að mestu sem að dómi allra sem að þessum málum hafa komið var mikil afturför og aðalástæða þess að sjóvinnukennslan er á slíku undanhaldi sem raun ber vitni. Á síðasta ári leigði Fiskifélagið 60 tonna bát, Haftind HF

123, svo að bjóða mætti sjóvinnunemendum um landið upp á sjóferð. Í umsögnum skólastjóra, sem fengu Haftind til sín, má glöggt sjá þann mikla áhuga sem er fyrir slíku skipi og þeim möguleikum sem það gefur, bæði við nám og til kynningar á sjómennsku fyrir nemendur. Halldór Valdimarsson, skólastjóri á Húsavík, segir í umsögn sinni, með leyfi forseta: „Ég lýsi yfir ánægju minni með ferðir Haftinds HF 123 með sjóvinnunemendur Borgarholtsskóla, Húsavík. Kennslan og aðbúnaður allur var með ágætum. Vonandi verður framhald á þessari frábæru þjónustu.“ Hugo Rasmus, kennari í Kópavogi, skrifaði: „Hvers vegna er ekki til skólaskip á Íslandi 1996? Allir sem undirritaður hefur rætt við um þessi mál eru sammála um að skólaskip sé sjálfsagt að starfrækja. Ég vona að ráðamenn rumski og kippi þessu í liðinn.“

Fleiri umsagnir hafa borist sem Karel Karelsson skipstjóri á *Haftindi hefur fengið og leyft mér að nota.* Þær eru frá Patreksfirði, Flateyri. Ein hljóðar svo, með leyfi forseta, undirrituð af Birni E. Hafberg skólastjóra:

„Í dag, þriðjudaginn 19. mars 1996, kom í heimsókn til okkar á Flateyri skólaskipið Haftindur. Efstu bekkjum grunnskólans var boðið í sjóferð þar sem kynnt var á fjölbreytilegan hátt ýmislegt varðandi sjómennsku og siglingar. Allir nemendur efstu bekkjanna mættu í þessa ferð og var almennt mjög vel látið af þessari nýbreytni. Það er því einlæg von okkar að framhald geti orðið á starfsemi skólabáts af þessari gerð.“

Í Bolungarvík segir Rúnar Vífilsson skólastjóri eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Við þökkum kærlega fyrir þennan frábæra dag með ósk um að slíkt verði endurtekið á næstu árum.“

Umræðu frestað.

Heimsókn formanns grænlensku landstjórnarinnar.

[16:05]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill vekja athygli hv. alþingismanna á því að formaður grænlensku landstjórnarinnar, Lars Emil Johansen, er staddur á þingpöllum ásamt 1. varaforseta Alþingis, Ragnari Arnalds, og fylgdarliði. Formaður grænlensku landstjórnarinnar er hér í Alþingishúsinu í tengslum við opinbera heimsókn hans hingað til lands í boði forsætisráðherra.

Forseti vill fyrir hönd Alþingis bjóða formann grænlensku landstjórnarinnar velkominn í Alþingishúsið og væntir þess að för hans til Íslands verði til að styrkja enn frekar þau góðu tengsl sem eru milli landa okkar.

Forseti vill biðja hv. þingmenn að votta formanni grænlensku landstjórnarinnar og grænlensku þjóðinni vináttu og virðingu með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Kaup skólabáts, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 310. mál. — Þskj. 571.

[16:06]

Flm. (Kristján Pálsson) (frh.):

Herra forseti. Ég var að lesa upp hvernig skólamenn tóku velkomnum heimsóknum skólaskipsins Haftinds til sjávarútvegsplássa í kringum landið. Ég er með mun fleiri greinargerðir sem ég ætla ekki að lesa en þær eru allir á sömu lund; að skólastjórendur lýsa yfir sérstaklega miklum áhuga á þeirri starfsemi og skora á alla aðila sem að þeim málum koma að reyna að halda hinu góða starfi áfram og tryggja sem best undirstöðu þess.

Nauðsyn þessa máls er augljós þegar haft er í huga að hér býr þjóð sem byggir allt sitt á afkomu sjávarútvegs. Þjóð, sem býr við slíkar aðstæður, verður að vekja áhuga á störfum til sjós og gera öllu námi sem getur stuðlað að því hátt undir höfði. Til að það sé hægt verða að vera til góð og örugg tæki eins og fram kemur í þeim umsögnum sem vísað er til hér að framan. Sú virðingarverða viðleitni sem einkaaðilar hafa sýnt til að sinna útgerð skólaskips sl. sumar, eins og með Haftindi, hefur gengið illa, enda ekki á færi einstaklinga að *standa undir kostnaðarsömu kennslustarfi án þess að fyrir* það komi full greiðsla. Einstaklingar á borð við Karel Karelsson, skipstjóra og eiganda Haftinds HF 123, hafa kynnst því og hugsjónin verið dýru verði keypt. Kemur þar margt til og má nefna kvótaleysi, kostnaðarsama útgerð og flókna sambúð við ríki og sveitarfélög þar sem mikill tími fer í að finna fjármagn og sannfæra yfirvöld ár eftir ár um nauðsyn starfseminnar.

Því hefur verið haldið fram að rekstur skólabáts ætti að vera algerlega í höndum skólanna sjálfra þar sem hér væri um skólamál að ræða. Þetta hljómar vel en gengur þó ekki upp af mörgum ástæðum. Mikil ábyrgð fylgir því að gera út bát og ekki hvað síst þar sem um borð eru grunnskólanemar og ungmenni alls óvön sjómennsku. Um borð í slíkum skipum þarf aðbúnaður og öryggi að hafa sérstakan forgang og þar þarf að vera sérþjálfaður mannskapur. Slíkt er dýrt og ekki á færi útgerða sem einungis ætla að sinna þessu fáein *skipti á ári. Einnig hefur sýnt sig* að þrátt fyrir að mikið sé til af bátum sem henta og hægt væri að fá til kennslu verður kennslan tilviljanakennd og ómarkviss. Tryggingar verða einnig dýrari og annar kostnaður eykst vegna þeirrar sérhæfingar sem slíkri útgerð fylgir.

Af þessum og fleiri ástæðum eiga kennsla og fiskveiðar í atvinnuskyni ekki saman. Einnig er óraunhæft að gera ráð fyrir að mörg sérútbúin skip sinni kennslu og í ljósi reynslunnar ekki gerlegt þegar varla gengur að halda úti einu skipi fyrir það fé sem fæst. Það er því eðlilegt hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar Íslands að hafa frumkvæði að kaupum eða leigu á skólabát og fá til liðs við sig sveitarfélög og hagsmunasamtök. Reynslan sýnir að það er eina færa leiðin til árangurs.

Tilgangurinn með þeirri þingsályktunartillögu sem hér er rædd er að tryggja þetta og um leið að kennsla í sjómennsku verði í boði í grunnskólum sem þá ali af sér áhugasöm sjómannsefni. Reynslan sýnir að það gerist ekki betur en með skólaskipi og er þá ekki aðalatriði hvort ríkið á skipið sjálft eða leigir það. Aðalatriðið er að slíkur möguleiki sé fyrir hendi og öryggi og útbúnaður sé eins og best verður á kosið. Sú trygging fæst ekki nema ríkissjóður beri ábyrgð og tryggi nauðsynlegar rekstrarforsendur, eins og rekstrarfé og heimildir til veiða utan kvóta. Mímir var of lítill sem skólaskip og háði það starfinu um borð. Skip sem er 50–60 tonn að stærð eins og Haftindur er mun betri kostur sem opnar möguleika á að reyna flest þau veiðarfæri sem notuð eru á fiskiskipum.

Sú nýbreytni er í þessari þáltill. að gera ráð fyrir viðvaningshlutaskráningu um borð í fiskiskip. Það var til siðs hér á

árum áður að leyfa ungmennum að koma um borð í fiskiskip upp á hluta úr aflahlut og ekki óalgengt að tvö ungmenni skiptu á milli sínum einum heilum hlut. Þetta þýddi það að ungmenni komust fyrr á sjó til reynslu með vönum mönnum og auðveldaði í raun samskiptin og kynninguna til muna umfram það sem hefur orðið síðari árin eftir að þessi regla var felld út vegna þess að þetta var misnotað af einhverjum, að því mér er sagt. Það er slæmt að það skyldi fara svo en eigi að síður held ég að full ástæða sé til að taka þetta upp aftur og þá á þeim forsendum að nemendur sem hafa stundað sjóvinnunám í grunnskólum og fari með slíkum skólabát ættu að njóta þess að geta skráð sig sem viðvaninga á hluta úr aflahlut ásamt einhverjum öðrum þannig að hugsanlega væru tveir á slíkum hlutakjörum um borð í hverju skipi. Þetta gæti að sjálfsögðu ekki átt við nema um einn túr eða svo ef um togara væri að ræða þannig að ekki yrði um neina misnotkun að ræða, enda gerum við ráð fyrir að ungir menn og konur læri fljótt það sem fram fer um borð í skipum, en eigi að síður eru menn alltaf að læra, enda svo margt sem kemur til þegar menn eru á sjó sem enginn getur lært nema af reynslunni. Þess vegna er sú nýbreytni í þáltill. um að leyfa hlutaskráningu.

Ég vona, herra forseti, að þetta mál fái þá afgreiðslu á þingi að hv. Alþingi fallist á að gera út skólaskip og koma á nýjum reglum varðandi hlutaskráningu því að eins og fram hefur komið í máli mínu er þetta eitt af því sem flestöllum skólamönnum og ég hygg einnig mörgum sjómönnunum finnst hafa vantað á undanförnum árum að yrði í þeim föstu skorðum sem ætlast var til í upphafi.

Þeir eiga þakkir skildar sem hafa sinnt þessum málum á undanförnum árum og lagt á sig mikið og óeigingjarnt starf. Ég vona svo sannarlega að við náum því markmiði að festa það í sessi. Að því loknu, herra forseti, óska ég þess að málinu verði vísað til hv. sjútvn.

[16:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þeir sem hafa stundað sjó hafa oft haft á því orð að það sé að verða alvarlegt ástand með æskuna hér á landi, hún megi ekki dýfa hendi í kalt vatn fyrr en hún hefur lokið löngu námi. Hér þarf auðvitað að verða nokkur breyting á og ég tel að þessi þáltill. sé í nokkra átt til þess að mæta kröfum tímans en ungt fólk þarf auðvitað nauðsynlega á að halda að komast í snertingu við atvinnulífið með einum eða öðrum hætti.

Landhelgisgæslan hefur nú um nokkurn tíma sinnt þessu hvar ungu fólki hefur verið gefinn kostur á að fara í hálfsmánaðar- til mánaðarferð með varðskipunum. Þar hafa þessu unga fólki verið kennd undirstöðuatriði sjómennskunnar þótt vissulega hafi kannski ekki verið farið eins langt og hér er lagt til.

Öllum ber saman um það sem að þessum málum koma hjá Landhelgisgæslunni að greinilega megi sjá og finna mun á ungu fólki eftir að það hefur verið um borð í varðskipunum, lært þar ýmsa sjóvinnu en nokkuð meira þurfi vissulega til ef menn eru að hugsa um að þjálfa ungt fólk til starfa hvað áhrærir fiskimennskuna.

Flm. kom inn á að það hefði þekkst hér á árum áður að ungu fólki var gefinn kostur á að vera um borð í fiskiskipunum. Ég man þá tíð að ég fékk ungur maður að fara um borð í einn síðutogarann og þá vorum við ungu mennirnir nefndir hálfdrættingar af því að við vorum upp á hálfan hlut. Það var auðvitað kappsmál allra ungra manna að vera ekki lengi á hálfum hlut heldur að reyna að vinna sig upp og lögðu menn margt þar af mörkum til þess að stytta sér leiðina upp í þá hefð að vera ekki lengur hálfdrættingur heldur háseti með respekt.

Það var svo líka til á kaupskipunum nokkuð sem hét viðvaningar. En þannig þróuðust nú mál þar að bæði vegna fækkunar í áhöfn, meiri hraða og aukinna krafna til vinnunnar, voru oftar en ekki gerðar slíkar kröfur til þessara viðvaninga, sem voru komnir um borð til að læra sjómennskuna, undirstöðuatriðin og gera sig hæfari þá fram liðu stundir, að þær voru engu minni heldur en gerðar voru til þeirra háseta sem höfðu verið til sjós um nokkuð langan tíma.

Það er vissulega athygli vert þegar litið er til nágrannalandanna hvað þau lönd, sem þó eiga ekki jafnmikið undir eins og við Íslendingar hvað fiskveiðar áhrærir, leggja mjög af mörkum til þess að stuðla að því að ungt fólk eigi möguleika á að komast til sjós.

Mér er það minnisstætt að á sl. sumri var ég á sólarströnd Spánar hvar mikil og ágæt hollensk skúta kom að bryggju. Þegar ég gekk eftir því við skipstjórann hvað kæmi til, vegna þess að ég tók eftir því að um borð í skútunni var eingöngu ungt fólk, þá tjáði hann mér að þessi skúta væri gerð út af hollenska ríkinu og þarna væri verið að styðja unglinga sem höfðu lent á refilstigum eða misstigið sig í lífinu. Það væri verið að gefa þeim kost og möguleika á að endurskoða sjálfa sig og komast aftur til manns og þarna voru jafnt stúlkur sem drengir. Hollenska ríkið lagði sem sagt í þann kostnað að reka skútu við Spánarstrendur og senda ungt fólk þangað niður eftir til þess að læra að lifa lífinu. Þetta er athugunarvert og ég held sannarlega að við Íslendingar eigum alvarlega að hugleiða hvernig við ætlum að halda á okkar málum.

Sem formaður Sjómannasamtakanna hef ég oftar en ekki leitað til erlendra aðila á merkum tímamótum í sögu sjómannadagsins og reynt að fá erlenda skútu til þess að koma hér við. Alltaf vekur það jafnmikla athygli Íslendinga þegar glæsileg seglskip koma brunandi inn Faxaflóann og leggjast að bryggju, alltaf er sama fólksstreymið til þess að skoða þessi skip.

Hér er það ekki stórt skrefið sem stigið er til þess að gefa sem flestum ungmennum kost á að koma til sjós. En ég held samt sem áður að þetta sé skref í rétta átt, enda er ég meðflm. að þessari þáltill. og tel hana af hinu góða. Eins og frsm. kom hér inn á, ber alls staðar að sama brunni hvar spurt er. Þeir sem þjónustunnar hafa notið bera allir lof á og telja að þetta sé af hinu góða og vissulega er það það sem við mátti búast og menn vissu. Það er ákveðið vandamál, herra forseti, fyrir ungt fólk sem þarf að komast í störf og vill fara til sjós, það er ákveðinn vandi að senda ungt fólk beint um borð í togara án þess að það hafi nokkuð lært undirstöðuatriðin. Það er erfitt fyrir það að fá pláss og það kemur náttúrlega einhvern tíma að því að endurnýjunar er þörf í áhöfn þessara togara, þá þarf auðvitað að leita að nýju fólki og ekki væri það nú verra ef fólk hefði fengið einhverja tilsögn, hefði einhverja reynslu og þekkingu, það mundi örugglega stuðla að því að slysatíðni mundi m.a. minnka á þessum togurum. Mér er það minnisstætt þegar skuttogaraaldan gekk hér yfir. Þá var það því næst þannig að í höfninni lá nýr skuttogari, síðutogari kom brunandi að bryggju og lagðist nánast við hliðina á skuttogaranum, áhöfnin gekk yfir og síðan var haldið til hafs til veiða á ný án þess að nokkur þekking eða reynsla væri þar við lýði. Enda sagði líka slysatíðni sjómanna okkur allt um það hvað þarna væri að gerast.

Enn er það svo að slysatíðni meðal íslenskra sjómanna er mjög há og er óeðlilega há miðað við t.d. slysatíðni hjá Norðmönnum sem gera út mjög svipuð skip og Íslendingar og oft á hafsvæðum þar sem veður eru válynd eins og hér. Þess vegna tel ég, herra forseti, að þessi þáltill. sé rétt í tíma sett og heiti á alþingismenn að veita þessu máli brautargengi svo þarft sem það er. En það vill nú oft verða svo, og var hér í umræðunni í gær um Sjómannaskólann, að þegar kemur að þessari stétt manna þá er eins og það sé mjög erfitt að fá fjármagn til þess að kenna þeim, eins og t.d. að reka hér skólabát, það er eins og þar séu allir sjóðir lokaðir.

Virðulegi forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu, en lýsi eindregnum stuðningi mínum við þetta mál og vænti þess að það fái góðar lyktir á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landsbókasafn – Háskólabókasafn, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 342. mál. — Þskj. 614.

[16:22]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það mál sem ég mæli hér fyrir lýtur að því að Alþingi feli menntmrh. að efla þjónustu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, m.a. með því að rýmka afgreiðslutíma safnsins og auka þannig möguleika þeirra sem nýta það, háskólastúdenta, fræðimanna og annarra notenda, á að hagnýta sér þau einstæðu gögn sem er að finna innan stofnunarinnar. Með mér flytja þetta mál hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Herra forseti. Þegar Þjóðarbókhlaðan var opnuð fyrir örfáum árum voru það mikil gleðitíðindi fyrir þá sem sinna rannsóknum á íslenskri menningu, ekki bara fyrir þá heldur líka fyrir vísindamenn hér á landi og háskólastúdenta. Ég vil segja það í upphafi máls míns að þeir ágætu forverar okkar hér í þessum sölum sem áttu frumkvæði að því að reisa Þjóðarbókhlöðuna eiga virðingu skilið og þökk fyrir þá framsýni sem þeir sýndu í því máli. Lögin frá 11. maí 1994 sem samþykkt voru hér á þinginu gefa tilefni til mikilla væntinga um starfsemi hins nýja bókasafns. Þau segja ekki bara að safnið skuli í senn vera þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands heldur er hlutverkum þess lýst í 18. töluliðum og þar segir m.a. að hlutverk þess eigi að vera að gefa safngestum kost á vinnuaðstöðu og greiðum aðgangi að safngögnum, að halda uppi fjölþættri rannsóknarþjónustu, að sinna þörfum kennslu og rannsóknarstarfsemi í Háskóla Íslands.

Tæknilega er þessi nýja bygging frábærlega vel úr garði gerð og af þeim sökum á hin nýja háskólastofnun fyllilega að vera fær um að standa undir þeim væntingum sem henni tengjast hvort heldur varðar nám eða fræðistörf. Það er óhætt að fullyrða, herra forseti, að aðstaðan til fræðirannsókna er einstök innan þessarar nýju stofnunar. Hvergi í heiminum eru saman dregin jafnríkuleg föng um íslenska menningu síðustu alda og í fórum hennar. Þar er að finna tugi þúsunda handrita, flest pappírshandrit frá síðustu öldum. Þar er að vísu fátt skinnbóka, enda slík handrit aðallega varðveitt í stofnunum Árna Magnússonar hér heima og í Kaupmannahöfn. Þó er á annað hundrað skinnblaða varðveitt í fórum safnsins og þar er m.a. það merka blað sem Árni Magnússon tók og bar upp að skjánum þegar hann gekk inn á gólf örreytiskots á Skaga og mælti: Loksins það dýra membrana.

Herra forseti. Það er líka þannig að tæknilega er safnið og byggingin einstaklega vel úr garði gerð til rannsókna og náms. Þar eru sérstakir lestrarsalir sem eru vel búnir tækjum og tölvum. Þar eru 100 tölvur sem standa opnar öllum fræðimönnum og stúdentum sem vilja notfæra sér hin viðamiklu gögn stofnunarinnar. Það er óhætt að segja að bókhlaðan er ómetanleg stoð fyrir námsmenn á háskólastigi, enda sannar aðsókn þeirra að safninu það.

Á hinum þjóðlegu sviðum á safnið auðvitað engan sinn líka. En á öðrum sviðum vísinda er það líka gagnmerkt. Þar er alls að finna 800 þúsund bókatitla og á hverju ári berast því um 2.800 titlar tímarita um margvísleg, vísindaleg efni. Að vísu er það svo, herra forseti, að það er nokkurt hryggðarefni að undir forustu þessarar ríkisstjórnar hafa fjárveitingar til safnsins að því er varðar tímaritakaup verið svo skornar niður að háskólinn hefur neyðst til að draga um þriðjung úr kaupum á tímaritum.

Aðgangur að nútímalegum ritakosti er vitaskuld afar nauðsynlegur, raunar óhjákvæmileg forsenda þess að fólk í ströngu háskólanámi standist kröfur um hæfni og þekkingu. Heimildir safnsins og aðstaða eru því sérhverjum háskólastúdent ómissandi hjálp.

En það er eitt annað sem skiptir líka máli varðandi þetta safn. Eitt af helstu einkennum hinnar sériślensku fræðahefðar eru hinir sjálfstæðu fræðimenn, þeir sem hvorki tengjast akademískum stofnunum né hafa viðurværi sitt af því að sinna einhvers konar fræðimennsku. Þetta eru grúskararnir, þetta eru þeir sem hnýsast í gömul gögn. Framlag þessara manna til að ávaxta menningararfinn hefur í gegnum aldirnar og ekki síst á síðustu áratugum verið ómetanlegt. Það er hægt að nefna menn eins og Lúðvík Kristjánsson, Gils Guðmundsson og á allra síðustu árum menn á borð við Guðjón Friðriksson. Það er sammerkt öllum þessum mönnum að stærstan hluta fræðaferils síns iðka þeir rannsóknir utan hefðbundins vinnutíma. Hvernig eiga þessir menn þá að geta sinnt þessum rannsóknum innan þeirra vébanda sem Þjóðarbókhlaðan haslar ef hún er lokuð á þeim einu tímum sem þeir hafa möguleika til þess að stunda þessar rannsóknir. Það er nefnilega þannig að þetta eru mennirnir sem setjast við fræðabrunna heimildasjóða á borð við Landsbókasafn – Háskólabókasafn þegar venjulegum vinnudegi sleppir.

Í dag, herra forseti, er það þannig að Landsbókasafnið er opið 59 tíma á hverri viku. Það er allt of lítið. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson bar fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. í fyrra um opnunartíma. Þar kom fram að afgreiðslutími safnsins var alls 61 klukkustund á viku. Núna eftir allar kvartanir stúdenta blasir við að búið er að stytta afgreiðslutímann um tvær stundir og hann er aðeins 59 stundir í dag. Þessu hafa háskólastúdentar auðvitað mótmælt og þessu mótmæla líka þeir sem vilja notfæra sér gögn Þjóðarbókhlöðunnar utan hefðbundins vinnutíma. Ég, herra forseti, er einn af þeim mönnum sem hafa sótt í þessa sjóði og auðvitað þykir mér það slæmt að geta hvorki veitt stopulum frístundum mínum um helgar og utan þess tíma sem við vinnum hér til þess að stunda rannsóknir eins og hugur okkar stendur auðvitað til í þessari stofnun.

Það kom fram í máli hæstv. ráðherra á síðasta ári þegar hv. þm. Lúðvík Bergvinsson flutti sína fyrirspurn að hann taldi að miðað við önnur lönd væri staðan bara nokkuð góð hjá okkur Íslendingum. En ég hef, herra forseti, skoðað

þau gögn sem hæstv. ráðherra lagði til grundvallar þessum staðhæfingum sínum, en það voru einmitt upplýsingar um opnunartíma bókasafna á hinum Norðurlöndunum. Þar kemur fram að Þjóðarbókhlaðan er opin tæpa 59 tíma á viku, en til að mynda Finnar hafa sín bókasöfn að meðaltali opin 69 stundir á viku, í Noregi eru þau opin að meðaltali tæpa 65 tíma, í Svíþjóð líka tæpa 65 tíma, þannig Íslendingar standa miklu aftar öllum þessum þjóðum. Það er einungis í Danmörku samkvæmt þessum upplýsingum sem opnunartíminn er skemmri.

Það er hins vegar vert að undirstrika að t.d. miðstöð Konunglega bókasafnsins, sem í Danmörku gegnir svipuðu hlutverki og Þjóðarbókhlaðan hér, er opin 65 stundir á viku. Því er alveg ljóst að við stöndum líka að baki Dönum þegar um sambærileg bókasöfn er að ræða. Af þeim 19 bókasöfnum sem hæstv. menntmrh. dró saman í svari sínu í fyrra, þá eru 12 sem hafa opnunartímann mun rýmri heldur en við Íslendingar og það eru einungis sjö sem höfðu skemmri opnunartíma. Þetta, herra forseti, sýnir að við Íslendingar erum eftirbátar þeirra þjóða sem við berum okkur yfirleitt saman við og það er þess vegna sem þessi þáltill. er flutt. Það er nauðsynlegt að opna safnið. Það er nauðsynlegt að gera sjálfstæðum fræðimönnum kleift að notfæra sér gögnin sem í því er að finna og öll þau óskaplega fínu tæki sem þar er líka hægt að fá til þess að sinna rannsóknum með, en fyrst og síðast skiptir það máli að háskólastúdentar geti haft aðgang að safninu. Bókakostur þess er þess eðlis að hann er óhjákvæmileg forsenda þess að þeir nái að þróa með sér ekki bara rökræna hugsun heldur sköpunargleði og frumkvæði. Og það eru þessir þættir sem æ fleiri rannsóknir sýna að eru undirstaða þess að okkar háskólagengna fólk standist samkeppnina við háskólamenntað fólk frá öðrum löndum. Þetta er auðvitað spurning um framleiðslustig Íslands, þetta er spurning um atvinnulíf en þetta er líka spurning um það að verja hinar menningarlegu hefðir. Og því segi ég það, herra forseti, ég vænti þess að hin háa menntmn. þingsins fjalli um þetta mál af skilningi og geri sér grein fyrir því að til þess að reyna að bæta rannsóknir á Íslandi, bæta stöðu menntunar á Íslandi, þá þarf að efla bókasöfnin. Þetta er liður í því, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbólgureikningsskil, fyrri umr.

Þáltill. ÁE og VE, 314. mál. — Þskj. 575.

[16:32]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Á þskj. 575 flyt ég ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni till. til þál. um verðbólgureikningsskil. Tillagan fjallar um að fela viðskrh. að skipa nefnd sérfróðra aðila til að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólgureikningsskilum hérlendis. Nefndin þarf að skoða lög um bókhald, lög um ársreikninga, lög um tekju- og eignarskatt og hún þarf einnig að skoða fyrirkomulag um fjárreiður ríkisins.

Í tillögunni er kveðið á um að nefndina skipi m.a. endurskoðendur, kennarar í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands, sérfræðingar úr ráðuneytum viðskipta- og fjármála, aðrir sem starfa á fjármagnsmarkaði hérlendis og búa yfir víðtækri þekkingu á þessu sviði. Það er augljóst á þessu, herra forseti, að hér er sett upp vönduð nefnd til að skoða mjög mikilvægt mál.

Það er gert ráð fyrir, ef tillagan verður samþykkt, að nefndin ljúki störfum í apríl 1998, þ.e. gert er ráð fyrir að nefndarstarfið taki um eitt ár og hún muni gera tillögur til lagabreytingar ef hún telur nauðsyn á því. Jafnframt er kveðið á um að viðskrh. leggi í kjölfar þess fram frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum um verðbólgureikningsskil til kynningar á vorþingi 1998, þ.e. eftir eitt ár.

Þetta er brýnt mál sem hér er til umræðu. Ég vil hins vegar strax í upphafi taka fram að það getur verið álitamál hvaða ráðherra á að skipa slíka nefnd, hvort það eigi að vera viðskrh. sem er með ábyrgð á flestum þáttum í viðskiptalífinu eða fjmrh. en einmitt skattalög og ýmis af þeim lögum sem ég vitnaði til falla undir fjmrn. og þar á meðal lög um endurskoðun. Þetta er vitaskuld álitaefni sem hv. efh.- og viðskn. verður að skoða en það verður gerð tillaga um að vísa málinu þangað.

Verðbólgureikningsskil eru að nokkru leyti barn síns tíma hér á landi og voru eðlileg þegar verðbólga var hér miklu meiri en í nágrannalöndunum. Það þarf hins vegar að taka mjög skýrt fram að þó svo hætt verði við verðbólgureikningsskil þýðir það ekki að horfið verði frá verðtryggingu fjárskuldbindinga. Það er annað mál og kemur ekki inn á þá vinnu sem samþykkt þessarar tillögu hefði í för með sér.

Eitt mikilvægasta atriði í verðbólgureikningsskilum er svokölluð verðbreytingafærsla en með henni eru áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir reiknaðar og færðar í ársreikning. Það þarf einnig að hafa í huga að ársreikningur og skattframtöl þurfa ekki að vera samhljóða hjá einstökum fyrirtækjum. Skattframtöl taka mið af lögum um tekju- og eignarskatt og þau geta verið frábrugðin ársreikningi sem settur er upp til framsetningar á rekstrar- og efnahagsreikningi auk annarra þátta sem koma fyrst og fremst að gagni til að upplýsa hluthafa og aðra aðila um stöðu viðkomandi fyrirtækis.

Það er mikilvægt, herra forseti, í þessu sambandi að skoðaðar verði sérstaklega uppgjörsaðferðir ríkisins. Vel gæti komið til greina að ríkið mundi ganga á undan að hverfa frá verðbólgureikningsskilum ef menn kysu að gera það, en það er ekki fullyrt í þessari tillögu að reynt sé að hverfa frá verðbólgureikningsskilum, heldur fyrst og fremst talað um vandaða nefndarskipun til að skoða allar hliðar þessa máls. Nú færir ríkið fjármagnskostnað þannig að raunvextir verðtryggðra lána og nafnvextir óverðtryggðra og gengistryggðra lána eru færðir til gjalda en verðbótaþáttur verðtryggðra lána og gengisbreyting gengistryggðra lána eru færð um endurmatsreikning, þ.e. yfir efnahagsreikning en ekki rekstrarreikning. Vitaskuld væri hægt að færa alla vexti hjá ríkinu og verðbætur til gjalda eins og er hjá fyrirtækjum en falla frá verðbreytingarfærslunni. Það gæti verið tiltölulega einfaldari útfærsla að byrja á þessum þætti vegna þess hvernig uppgjör ríkisins er.

Þetta var rætt nokkuð í fyrra í sérnefnd á hinu háa Alþingi þegar frv. um fjárreiður ríkisins var hér til umræðu, það mál er nú reyndar aftur til umræðu hér á Alþingi, og niðurstaðan var þá og verður væntanlega aftur að leggja ekki til að hætt verði eða að ríkið hafi forgöngu um að hætta við verðbólgureikningsskil, heldur komst sérnefndin að þeirri niðurstöðu í fyrra að rétt væri að fylgjast mjög vel með þróun mála erlendis og athuga hvort aðstæður breyttust á þann hátt.

Í greinargerð með tillögunni er sömuleiðis vitnað til um-

sagnar Stefáns Svavarssonar, dósents í reikningshaldi og endurskoðun við Háskóla Íslands, formanns reikningsskilaráðs og eins helsta einstaklings hér á landi á sviði endurskoðunarmála. Þar veltir hann upp möguleikum þess að skynsamlegt gæti verið að skoða nákvæmlega hvort hætta ætti verðbólgureikningsskilum. Það er ýmislegt sem mælir með því að það verði gert, sérstaklega með tilliti til þess að nú er verðbólgan miklu minni og svipuð og hún er í öðrum nágrannalöndum, en verðbólgureikningsskil þekkjast sáralítið annars staðar. Þó má geta þess að fræðilega er vitaskuld hægt að sýna fram á að verðbólgureikningsskil, þ.e. að taka tillit til verðbólgu, geta verið mjög hagkvæm og í sjálfu sér réttara að gera í reikningsskilum. Hins vegar lúta rökin fyrir því að hætta við þetta e.t.v. fyrst og fremst að því að gæta að samræmingu í samanburði milli ríkja, t.d. innan OECD-ríkjanna. Það eru því rök með því að láta af verðbólgureikningsskilum, sterk rök til samræmingar við það sem gengur og gerist í öðrum ríkjum og einmitt vegna þess að við erum horfin út úr þessari miklu verðbólgu sem var hér, en það eru hins vegar rök með því að halda þessu áfram vegna þess að það að taka tillit til verðbólgu þó að hún sé lítil gefur í sjálfu sér réttari mynd af þróun í rekstri fyrirtækja.

Það er augljóst að nefndin sem hér gert er ráð fyrir að sé skipuð verður að afla sér upplýsinga erlendis frá og meta aðstæður hérlendis hvað varðar verðbólguþróun.

Við flutningsmenn eigum báðir sæti í efh.- og viðskn. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er formaður efh.- og viðskn. og ég er varaformaður hennar þannig að við komum til með að fjalla um málið í nefnd. Við erum þeirrar skoðunar að það sé rétt að setja þessa athugun af stað, en við segjum alveg skilmerkilega varðandi þetta mál að við höfum ekki myndað okkur skoðun fyrir fram hvort hætta eigi verðbólgureikningsskilum, en við viljum benda á að alþjóðlegur samanburður verður mun auðveldari, bæði milli fyrirtækja og opinberra aðila ef uppgjörsaðferðir eru sambærilegar.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:40]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sú ályktun sem við ræðum hér felur í sér ákveðna skoðun á því að verðbólgureikningsskil séu slæm vegna þess að það stendur í henni að það eigi að kanna hvort hverfa eigi frá verðbólgureikningsskilum hérlendis. Það gefur til kynna að þau séu á einhvern máta slæm.

Nú er það þannig að hagnaður fyrirtækja er mismunur á tekjum og gjöldum og sem mismunatala er hann ákaflega viðkvæmur fyrir sveiflum. Verðbólgureikningsskilin sýna miklu nær raunveruleikanum það tap og þann hagnað sem fyrirtæki hafa. Ef fyrirtæki t.d. skulda mjög mikið, þá kemur tekjufærsla vegna þess að skuldirnar rýrna að hluta til vegna verðbólgunnar og til þess að sýna þann hagnað fyrirtækisins, þá er mynduð tekjufærsla sem hækkar eðlilega tekjur fyrirtækisins og hækkar jafnframt skattgreiðslu þess. Öfugt gerist með peningalegar eignir. Þá er sýnt fram á að þær vaxtatekjur sem fyrirtækið hefur af þessum eignum eru ekki eins miklar og sýnist vegna verðbólgunnar. Eignirnar rýrna jú og þess vegna eru tekjurnar sýndar minni og skatturinn minni. Hvort tveggja hvetur fyrirtækin til þess að skulda minna og eiga meira fé. Og ekki veitir af hér á landi.

Það var rætt um það hér af hv. þm. og frsm., Ágústi Einarssyni, að þetta mundi létta alþjóðlegan samanburð og það er rétt. Það má vel vera að það komi út úr þessu að skynsamlegt sé að fara þá leiðina. Hins vegar þykir mér slæmt ef Íslendingar ætla að hverfa frá kerfi sem hefur sýnt sig að vera mjög gott og miklu betra heldur en víðast hvar annars staðar. Og það hefur þann góða eiginleika að ráða við verðbólgu eins og hér var á árum áður og ráða líka við litla verðbólgu eins og nú er. Mér þykir því heldur miður ef menn hugsa sér að hverfa frá þessum verðbólgureikningsskilum, en að sjálfsögðu mun hv. efh.- og viðskn. ræða þessi mál þegar þau koma til hennar.

[16:42]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég taka fram, sem ég gerði reyndar skilmerkilega áðan, að í tillögunni felst ekki afstaða um hvort leggja eigi verðbólgureikningsskil niður eða ekki. Það eru fjölmörg rök fyrir því að gera það. Ég kom inn á þau. Það eru líka rök á móti. Hann drap á nokkur þeirra. Hér er fyrst og fremst verið að leggja upp með úttekt til að auðvelda ákvarðanatöku. Það er gert ráð fyrir nokkuð löngu ferli í því vegna þess að málið er flókið og afdrifaríkt eins og flest sem viðkemur lögum um skattamál eða endurskoðun.

Ég er þess fullviss og veit að hv. þm. er fylgjandi því að þessi mál verði skoðuð mjög vandlega. Það breytir því ekki að allir, og hann einnig, hafa vitaskuld skoðun á því hvort eigi að gera þetta og taka þá afstöðu sem ég lýsti. Það eru tvær skoðanir í málinu; að hætta þessu til samræmis við aðra í ljósi minnkandi verðbólgu, eða vegna þess eins og ég gat einnig um, að það sýnir ákveðinn réttan feril að taka mið af verðbólgunni. Hins vegar vegur mjög þungt að aðrar þjóðir gera þetta ekki og þó að fræðilega séu þessi reikningsskil þekkt og hafi verið þekkt mjög lengi þá hefur engin þjóð farið í verðbólgureikningsskil í sama umfangi og við Íslendingar.

Þau álitamál mun þessi nefnd skoða og eins og tillagan hljóðar er gert ráð fyrir þátttöku fjölmargra aðila, ekki einungis aðila frá hinu opinbera heldur líka aðila á fjármagnsmarkaði sem þekkingu hafa á málinu. Ég er þess fullviss að niðurstaða nefndarinnar verður mjög góð athugun og góð tillögugerð mun koma í kjölfar ef þessi tillaga verður samþykkt sem ég vona.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:47]

Út af dagskrá voru tekin 5. og 11.–12. mál.

Fundi slitið kl. 16:55.

82. FUNDUR

mánudaginn 3. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Atvinnuleysistryggingar, stjfrv., 171. mál, þskj. 663. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Vinnumarkaðsaðgerðir, stjfrv., 172. mál, þskj. 664. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Staða drengja í grunnskólum, þáltill., 227. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Stjórnarskipunarlög, frv., 268. mál, þskj. 521. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Íslenskt sendiráð í Japan, þáltill., 297. mál, þskj. 553. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, þáltill., 300. mál, þskj. 556. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Kaup skólabáts, þáltill., 310. mál, þskj. 571. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Verðbólgureikningsskil, þáltill., 314. mál, þskj. 575. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Landsbókasafn – Háskólabókasafn, þáltill., 342. mál, þskj. 614. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 675. — 3. umr.
12. Sala afla á fiskmörkuðum, þáltill., 202. mál, þskj. 228. — Fyrri umr.
13. Stjórn fiskveiða, frv., 219. mál, þskj. 278. — 1. umr.
14. Stjórn fiskveiða, frv., 263. mál, þskj. 498. — 1. umr.
15. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir, 13. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. e., Svanhildur Árnadóttir bankastarfsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.“

Kjörbréf Svanhildar Árnadóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi. Ég býð hana velkomna til starfa.

[15:05]

Útbýting þingskjala:

Eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja, 280. mál, svar heilbrrh., þskj. 669.

Kaup á hverasvæði Geysis í Haukadal, 382. mál, fsp. GHall, þskj. 671.

Lax- og silungsveiði, 239. mál, þskj. 675.

Staða og horfur í vísinda- og tæknimálum, 384. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 676.

Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, 383. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 672.

Þróun kauptaxta, 281. mál, svar forsrh., þskj. 673.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Orkusala Landsvirkjunar til stóriðju.

[15:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og menn rekur minni til lágu hér fyrir við fjárlagaafgreiðslu hugmyndir ríkisstjórnar um stórframkvæmdir í landinu, fyrst og fremst stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði og um nýja álbræðslu á Grundartanga og miklar fjárfestingar og umsvif sem þessu áttu að tengjast. Önnur þessara framkvæmda er fallin ef marka má yfirlýsingar rétt fyrir helgina af hálfu ráðamanna Íslenska járnblendifélagsins sem staðfest var af hæstv. iðnrh. Af því tilefni voru umræður í fjölmiðlum um breytingar á virkjanaáformum þar sem stjórnarformaður Landsvirkjunar og forstjóri m.a. komu fram. Í máli þeirra kom fram að mikil óvissa væri um hvernig framhaldið yrði hjá Landsvirkjun í sambandi við virkjanaáform. Sumt af því hefur raunar þegar verið boðið út með fyrirvörum eins og tveir af þremur þáttum Sultartangavirkjunar sem mér skilst að hafi tengst stækkun járnblendiverksmiðjunnar sérstaklega. En um leið og þetta liggur fyrir sögðust þessir talsmenn þegar búnir að setja sig í samband við aðra aðila vegna orkukaupa, þar á meðal hugsanlega 50% stækkun álbræðslu á Grundartanga. Það gerist sama daginn að við fréttum af því í hádegisfréttum, fyrstu fréttir sögðu: „Stækkun járnblendiverksmiðjunnar úr sögunni í bili að minnsta kosti.“ — svo var hringt í forstjóra Columbia álfyrirtækisins og spurt: Viltu ekki stækka um 50% í viðbót? Þetta minnir dálítið á fjárhættuspil, virðulegur forseti, það sem hér fer fram. Ég er dálítið undrandi á (Forseti hringir.) hvernig haldið er á þessum málum af hálfu Landsvirkjunar og iðnrn., sem er jú ábyrgðaraðili, og óttast að þetta geti skaðað hagsmuni aðila og þar með íslensku þjóðarinnar ef svona er haldið á málum.

[15:08]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er rétt að það varð niðurstaða þess fundar sem íslenska samninganefndin átti við fulltrúa Elkem í Noregi að ekki gæti orðið af þessum stækkunaráformum í fyrirtækinu þar sem eignaraðilar náðu ekki saman um þau

meginatriði sem ná þurfti saman um, eins og verðmæti fyrirtækisins og við hvaða kringumstæður Elkem gæti hugsanlega orðið meirihlutaaðili að þessu fyrirtæki.

Í framhaldi af því var ljóst að úr því að þau virkjanaáform Landsvirkjunar sem nú lágu fyrir byggðust á því að bæði yrði af byggingu álvers á Grundartanga og stækkun járnblendiverksmiðjunnar og allar líkur sýndu að ekki yrði af stækkuninni, þá voru það að mínu viti hárrétt viðbrögð stjórnenda Landsvirkjunar að leita fyrir sér með áframhaldandi orkusölu. Enda er stjórn og stjórnendum fyrirtækisins gert skylt samkvæmt lögum að leita að viðbótarmarkaði fyrir sölu á raforku í gegnum fyrirtækið. Það þýðir að menn eru að auka tekjur fyrirtækisins. Menn eru að auka arðsemi fyrirtækisins, bæta hagnaðinn, og þannig eru menn að ná þeim áföngum með aukinni orkusölu á hagstæðu verði að geta lækkað raforkuverðið í landinu eins og menn vilja stefna að. Þarna er að mínu viti hárrétt brugðist við af hálfu stjórnenda Landsvirkjunar að hefja strax leit að nýjum aðila sem hugsanlega vilji kaupa þá orku sem þarna yrði til fyrst járnblendifélagið var ekki tilbúið til þeirra kaupa.

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú svolítið erfitt fyrir okkur hér á Alþingi að skoða þetta orkudæmi þar sem við fáum ekki að sjá þá samninga sem haldið er leyndum varðandi raforkusölu til stórfyrirtækja. En ég ætla ekki að ræða það hér. Það sem mig undrar er að það skuli varla vera komnar fréttir um niðurstöðu í viðræðum úti í Ósló þegar menn eru farnir að hringja út og suður og leita eftir því hvort ekki sé hægt að bæta við svona 50% í stækkun á álbræðslunni uppi í Hvalfirði. Það er farið að nefna til sögunnar nýjan virkjunaraðila. — Virðulegur forseti. Það er erfitt að halda sambandi þegar menn standa hér. Ég vildi gjarnan sjá framan í hæstv. iðnrh. Það er farið að draga nýjan aðila inn í málið sem ég hef ekki heyrt að væri tengdur þessu, þar sem er Hitaveita Suðurnesja. Hvernig er eiginlega haldið á þessum málum af ráðuneytinu og Landsvirkjun? (Forseti hringir.) Það er mér fyrirmunað að skilja. Ég mundi setjast niður yfir helgi að minnsta kosti og fara yfir dæmið áður en farið væri að fleyta svona hugmyndum. Svo er farið að nefna Bjarnarflag að auki sem ég hélt að væri nú úr sögunni af umhverfisástæðum, ég hélt að það væri samkomulag um það.

[15:12]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þegar það lá fyrir strax á föstudag að sennilega yrði ekki af þessum samningum þá voru þetta eins og ég sagði áðan hárrétt viðbrögð hjá stjórnendum Landsvirkjunar vegna þess að tíminn er mjög knappur. Þau útboð sem fóru fram á vegum Landsvirkjunar í Sultartangavirkjun — þeir samningar þurfa að hafa verið undirritaðir fyrir miðjan mars. Landsvirkjun hefur því tiltölulega stuttan tíma til að ákveða hvort ráðast eigi í Sultartangavirkjun eða ekki. Það hlýtur að byggjast á því hver er möguleg orkusala. Af þessum stutta tíma réðust þessi viðbrögð.

Varðandi Hitaveitu Suðurnesja þá er það allt annað sem Landsvirkjun er að hugsa um og hv. þm. verður að gera greinarmun þar á. Hitaveita Suðurnesja kæmi aðeins til ef Landsvirkjun félli frá því að ráðast í Sultartangavirkjun vegna þess að það er mun minni orka sem kæmi þaðan og eftir að járnblendifélagið hefur hætt við kaupin. (Forseti hringir.) Stjórnendur Landsvirkjunar voru því með þessum hætti að reyna að raða upp skynsamlegum orkukostum með tilliti til þeirrar eftirspurnar sem yrði frá nýjum kaupendum.

Endurnýjun varðskipa.

[15:14]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég flutti fyrir nokkrum árum síðan tillögu til þál. um endurnýjun varðskips. Í september 1994 skipaði dómsmrh. nefnd til að gera tillögur um endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar. Við stöndum frammi fyrir því að elsta varðskipið, Óðinn, er orðinn 38 ára, Ægir 30 ára og Týr 23 ára. Skipakostur er þannig úr garði gerður að hann á mjög erfitt með að þjónusta okkar stærstu togara, en fiskiskipaflotinn hefur verið að stækka.

Í tilefni af þessu vildi ég beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.: Hvað líður störfum þessarar nefndar og hvenær má vænta þess að hún skili af sér? Getur hæstv. dómsmrh. upplýst þingheim um hvað er á döfinni varðandi endurnýjun að minnsta kosti elsta varðskipsins sem, eins og ég sagði áðan, er orðið 38 ára og mjög lúið? Það er mjög brýn þörf á að endurnýjun þessa skipakosts fari fram.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á þá er starfandi nefnd á vegum dómsmrn. sem hefur það hlutverk að gera tillögur um hvers konar skipakost Landhelgisgæslan þarf á að halda á komandi tímum. Það eru að verða miklar breytingar í þessum efnum. Eins og hv. þm. benti á eru skip Gæslunnar komin til ára sinna. Það eru ýmsar nýjar aðstæður sem blasa við. Skipastóllinn er með öðrum hætti. Við höfum sótt á veiðar utan landhelginnar. Þar kemur bæði til spurning um þjónustu og öryggisatriði og eins um hugsanlegt eftirlit þegar þjóðarrétturinn hefur þróast í þá veru. Það eru jafnframt að verða miklar breytingar á möguleikum til eftirlits með gervihnöttum. Allar þessar aðstæður kalla á endurmat á því á hvers konar skipakosti Landhelgisgæslan þarf að halda á komandi tímum. Sú nefnd sem ég skipaði á sínum tíma hefur það hlutverk að gera tillögur þar um og ég á von á því að niðurstöður hennar liggi fyrir innan ekki langs tíma. Það er auðvitað gríðarlega mikið verkefni og kostnaðarsamt að endurnýja skipastól Gæslunnar en ég vona að þær aðstæður geti skapast að að því verði unnt að standa. Það er mjög mikilvægt í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa átt sér stað að það verði gert að vel yfirveguðu ráði og á grundvelli mats á þessum nýju aðstæðum.

[15:17]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil þakka dómsmrh. fyrir svörin og vænti þess að nefndin skili góðu starfi. Hins vegar vildi ég, vegna orða ráðherra, ítreka þann þátt sem snýr að Landhelgisgæslunni og er ekki hvað síst veigamikill, en það eru einmitt björgunarstörfin. Mér fannst ráðherra koma inn á það að eftirlit væri að breytast þannig að það þyrfti að skoða skipin í ljósi þess. Ég held að það væri umhugsunarefni hvort ekki væri möguleiki á að Gæslan tæki að sér meiri eftirlitsstörf og vildi beina þeirri fyrirspurn til dómsmrh. hvort ekki sé möguleiki á að sækja t.d. um styrk til smíði nýs varðskips, sem ég geri mér fulla grein fyrir að kostar mikið fé, en er ekki möguleiki á að sækja um styrk til Mannvirkjasjóðs NATO t.d. til þess að efla Gæsluna enn frekar? Mér skilst að

ef einhver ákveðinn búnaður sé settur í varðskipin sem gæti jafnvel verið til þjónustu varðandi samstarf við NATO þá sé möguleiki á því að sækja úr þessum Mannvirkjasjóði og það gæti vissulega deilt kostnaði mjög miður, þ.e. minnkað byggingarkostnað Íslendinga.

[15:18]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að lögum samkvæmt og í framkvæmd hefur það verið veigamikill þáttur í starfsemi Landhelgisgæslunnar að annast öryggisgæslu af ýmsu tagi og björgunarstörf. Ég nefndi einmitt áðan að það er hluti af þessu endurmati að skoða hvers konar skipakosti við þurfum á að halda í ljósi þessa hlutverks Landhelgisgæslunnar — að sinna björgunar- og öryggismálum. En varðandi kostnað við Landhelgisgæsluna þá hefur það verið svo í mínum huga að íslenska ríkið mundi sjálft kosta gæslu íslensku landhelginnar.

Túlkaþjónusta fyrir heyrnarlausa utan sjúkrahúsa.

[15:19]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú er það viðurkennt að stór hópur fatlaðra, þ.e. heyrnarlausir, þurfa túlkaþjónustu til þess að geta nýtt sér þjónustu samfélagsins. Komu til þess fjárveitingar úr Framkvæmdasjóði fatlaðra bæði fyrir árið 1995 og 1996 til að sinna túlkaþjónustu vegna heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa, 2 millj. kr. hvort ár. Fyrir árið 1997 kom engin fjárveiting og nú er fjáveitingin frá því 1996 upp urin og heyrnarlausir fá ekki lengur túlkaþjónustu innan heilbrigðiskerfisins utan sjúkrahúsa. Dæmi um vanda heyrnarlausra, svo ég nefni bara eitt dæmi — ég veit um fleiri, er móðir sem er heyrnarlaus og er með fatlað barn á fyrsta ári sem þarf að sækja þjálfun þrisvar sinnum í viku. Hún getur aðeins nýtt sér táknmál en hún fær enga túlkaþjónustu en á samt að veita barninu þjálfun heima eftir hvern þjálfunartíma. Það er mikill vandi sem margir heyrnarlausir standa frammi fyrir nú þegar fjárveitingin er búin. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvernig hann hyggst taka á þeim vanda heyrnarlausra sem þurfa túlkun til þess að geta nýtt sér heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa.

[15:21]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér er nú ekki kunnugt um þetta sérstaka tilfelli sem hv. þm. gat um. Mér er ljóst að túlkaþjónustan er nokkuð í lausu lofti og við munum reyna eftir bestu getu að leysa vanda hennar eftir því sem okkur er unnt í félmrn. Það vill hins vegar svo til að Samskiptamiðstöðin heyrir öðru ráðuneyti til, þ.e. menntmrn., þannig að þetta er ekki alfarið á okkar verksviði. Þar af leiðandi þurfum við að hafa samvinnu við önnur ráðuneyti um málið. En ég vil bara ítreka að við munum reyna að líta á þessi vandamál og leysa þau eftir því sem unnt er.

[15:22]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nú hefur þessi þjónusta verið á höndum félmrn. þar sem fjárveiting til þjónustunnar hefur komið úr Framkvæmdasjóði fatlaðra þangað til núna. Þess vegna vil ég kalla eftir því aftur hjá hæstv. ráðherra hvað hann hyggst gera. Þetta er þjónusta sem hefur verið á hendi félmrn. Þjónustan er engin núna vegna fjárskorts. Ég var ekki, herra forseti, að spyrja um þetta ákveðna tilvik heldur var það bara dæmi um hvernig staðan er hjá einstökum heyrnarlausum sem ekki geta nýtt sér heilbrigðisþjónustuna vegna skorts á túlkaþjónustu. En ég kalla eftir svari því að vandi hinna heyrnarlausu er mjög mikill þegar þeir geta ekki fengið þessa þjónustu. Þess vegna spyr ég aftur: Hyggst hæstv. ráðherra bregðast við og taka á þessum vanda?

[15:23]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er rétt að nú er Framkvæmdasjóður einungis eða næstum einungis notaður til framkvæmda og þar af leiðir að við sækjum ekki peninga í hann til að bregðast við í þessu tilfelli. En við munum, eins og ég sagði áðan, leita leiða til þess að koma til aðstoðar eftir því sem okkur er unnt.

[15:23]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir það. Ég heyri að hann vill taka á þessu máli. Auðvitað tek ég undir með ráðherranum að Framkvæmdasjóður fatlaðra er náttúrlega ætlaður til framkvæmda en úr honum hafa komið peningar til þess að sinna þessari þjónustu. En ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka á þessu máli. Þetta einstaka dæmi sem ég nefndi er ekki eina málið, það eru fleiri mál þar sem heyrnarlausir eru í vanda vegna þess að fjárveiting til þjónustunnar er upp urin. Ég vil þess vegna fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að taka á þessu máli. Án hennar geta heyrnarlausir ekki nýtt sér heilbrigðisþjónustu.

Húsnæðisstofnun ríkisins.

[15:25]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. félmrh. varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins. Eins og öllum er kunnugt er nú starfandi nefnd sem hefur það að markmiði að skoða framtíð stofnunarinnar og framtíðarskipan húsnæðismála í landinu. Nýlega gerði Hagvangur skoðanakönnun fyrir Samband ungra sjálfstæðismanna þar sem spurt var, með leyfi forseta: „Ert þú fylgjandi eða andvígur því að Húsnæðisstofnun ríkisins verði lögð niður í þeirri mynd sem hún er í í dag og að bankarnir yfirtaki útlánaviðskipti stofnunarinnar?"

Niðurstaðan varð sú, herra forseti, að um helmingur þeirra sem tóku þátt í könnuninni var fylgjandi því að stofnunin yrði lögð niður. Og ef einungis eru teknir þeir sem afstöðu tóku þá voru sjö af hverjum tíu fylgjandi því. Það sem var sérstaklega athyglisvert var að þeir aldurshópar sem eru líklegastir til að hafa notið þjónustu stofnunarinnar voru áberandi mest fylgjandi því að hún yrði lögð niður. Einnig var athyglisvert að landsbyggðarfólk var í ríkari mæli fylgjandi niðurfellingu en höfuðborgarbúar.

Þetta þarf kannski ekki að koma á óvart þar sem engin sérstök rök eru fyrir því að opinber stofnun sé smíðuð utan um húsnæðislán landsmanna. Ef það er vilji stjórnvalda að auðvelda fólki húsnæðiskaup þá er hægt að gera það með ýmsum aðgerðum eins og vaxtaniðurgreiðslum á lánum sem fram til þessa hefur verið gert með vaxtabótum og ríkisábyrgðum á húsnæðislánum. Útlánastarfsemi á hins vegar heima hjá þeim aðilum sem hafa sérþekkingu á því sviði, þ.e. bönkum og sparisjóðum. Enda hefur raunin verið sú að húsnæðislán eru í auknum mæli að færast yfir til þeirra aðila. Rekstrarkostnaður stofnunarinnar er á þessu ári áætlaður tæplega 400 milljónir og mun viðskiptavinum hennar vera

ætlað að greiða nær 70% af þeim kostnaði í gegnum ýmis gjöld stofnunarinnar.

Herra forseti. Öll rök hníga að því að leggja þessa stofnun niður. Spurningin er því sú til hæstv. félmrh.: Hver er vilji hans í þessu máli? Vill hæstv. félmrh. leggja þessa stofnun niður og verður það gert á næstunni?

[15:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mun ekki leggja það til að Húsnæðisstofnun verði lögð niður. Hún hefur enn hlutverki að sinna í þjóðfélaginu. Hins vegar stendur yfir endurskipulagning stofnunarinnar og það er unnið af krafti að því verkefni. Lögð er til grundvallar stjórnsýsluúttekt sem ég fékk Ríkisendurskoðun til að gera á stofnuninni þar sem kemur í ljós að hægt er að leysa ýmsa þætti í verkefnum stofnunarinnar á ódýrari og skilvirkari máta heldur en gert er í dag.

Nefnd sem sett var til þess að athuga með færslu húsbréfakerfisins til bankanna hefur lokið störfum. Hún skilaði áliti og leggur það til að afgreiðsla húsbréfa, veðmat og greiðslumat verði fært alfarið yfir til bankanna. Nefndarstarf hefur verið í gangi varðandi félagsíbúðirnar og það er á lokastigi. Starfshópurinn hefur þessar hugmyndir til meðferðar og á að hrinda þeim í framkvæmd.

Jafnframt er vinna í gangi við að kanna hvort unnt sé að létta ríkisábyrgð af húsbréfum. Húsbréfanefndin taldi að ekki væri ráðlegt að létta ríkisábyrgð af eða hverfa frá ríkisábyrgð á húsbréfum nema eitthvað jafngilt kæmi í staðinn. Á morgun munu fulltrúar mínir kynna sér norska húsbankann sem gæti verið leið til þess að létta þessari ábyrgð úr bókhaldi ríkisins. En ég legg áherslu á að við megum ekki gera neitt sem verður til þess að húsbréfin falli í verði, þ.e. að þau verði með meiri afföllum heldur en þau eru í dag.

[15:29]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Það er augljóst að það er verið að vinna að útfærslu á mörgum góðum hugmyndum innan ráðuneytis hans. Hins vegar verð ég að viðurkenna að ég varð fyrir ákveðnum vonbrigðum með að hann hyggst ekki leggja stofnunina niður.

Undanfarnir tveir áratugir hafa einkennst af auknum ríkisafskiptum og samfara því einkennst af því að við höfum verið að auka ríkisútgjöld og skuldir og fjölga opinberum starfsmönnum. Það hefur verið haft á orði og oft notað sem röksemd að ekki hafi verið hægt að taka á þessum málum sökum þess að það hafi vantað vilja hjá almenningi. Það liggur alveg fyrir að það er skilningur hjá almenningi í þessu máli núna. Ég sé í sjálfu sér ekki að það sé eftir neinu að bíða. Ekki er hægt að benda á mörg önnur sambærileg dæmi í öðrum löndum, að menn hafi stofnanir sambærilegar við Húsnæðisstofnun, og því er engin sérstök ástæða fyrir því að við Íslendingar skulum hafa eina slíka.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Húsnæðisstofnun hefur legið undir nokkurri ágjöf undanfarnar vikur og mánuði en hún hefur unnið gott starf og á að mínu mati enn þá hlutverki að gegna. Þar er margt saman komið af hæfu og ágætu fólki sem getur orðið að liði. Tímarnir hafa breyst, bankakerfið hefur þróast og viðskiptaumhverfið þannig að við megum ekki vera fastir í fortíðinni, en við eigum hins vegar ekki að kasta frá okkur verkefnum sem vel getur verið fyrir komið í Húsnæðisstofnun.

Ég sé það fyrir mér að afgreiðsla húsbréfa, greiðslumat og veðmat, fari til bankanna. Ég sé það líka fyrir mér að félagslega íbúðakerfið verði einfaldað, sniðnir af því annmarkar bæði gagnvart íbúum í félagslegu íbúðunum og eins gagnvart sveitarfélögunum.

[15:31]

Guðlaugur Þór Þórðarson:

Virðulegi forseti. Húsnæðisstofnun ríkisins er 40 ára gömul stofnun og fráleitt er að halda því fram að hún hafi ekki haft neitt hlutverk allan þann tíma. Það eru hins vegar breyttir tímar og fjármálamarkaðurinn íslenski hefur tekið stakkaskiptum til hins betra og opinberar lánastofnanir eru því frekar til trafala en gagns. Þess vegna tel ég, herra forseti, eins og áður hefur komið fram, að við eigum að fækka opinberum lánastofnunum. Þeim markmiðum að auðvelda fólki að eignast íbúð í fyrsta skipti eða auðvelda þeim efnaminni að eignast íbúðir er hægt að ná með öðrum hætti en með slíkri stofnun.

[15:32]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég get verið sammála hv. ræðumanni um það, eins og þegar hefur komið þegar fram hjá mér, að hlutverk Húsnæðisstofnunar hlýtur að breytast. En það eru ákveðnir þættir sem er eðlilegt að almannavaldið hafi ítök með. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að við enn um sinn a.m.k. og væntanlega um langa framtíð leggjum nokkuð af mörkum til þess að aðstoða hina tekjuminni í þjóðfélaginu við að koma sér upp húsnæði.

Meiraprófökutækja.

[15:33]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Hún varðar réttindi til svokallaðs meiraprófs ökutækja. Eins og allir vita er það námskeið sem stendur í um það bil sex vikur og er dýrt fyrir þá nemendur sem það sækja. Að auki bætist svo 18 þús. kr. próftökugjald ofan á námskeiðskostnað og það eitt í sjálfu sér vekur upp spurningar. En, herra forseti, um þá staðreynd að hluti af prófinu til þessa svonefnda meiraprófs fer einungis fram á Akureyri og í Reykjavík vildi ég gera örstutta athugasemd. Ég tel að í því felist ákveðinn ójöfnuður þar sem búseta hefur greinilega mikið að segja hvað varðar kostnað við að afla sér þessara mikilvægu réttinda.

Herra forseti. Þegar ákvörðun er tekin um hvar próf skuli halda þá þurfa að sjálfsögðu að liggja fyrir því ýmis fagleg rök en ég fæ ekki séð að fyrir þessari ákvörðun, sem mun vera nokkuð nýleg, séu efnisleg rök. Ég fæ ekki séð, herra forseti, að í stærri sveitarfélögum, t.d. á Vesturlandi, Suðurnesjum og víðar um landið, geti nemendur ekki sannað kunnáttu sína í að aka stærri bílum. Og að það geti aðeins gerst í Reykjavík eða á Akureyri er í rauninni dálítið óskiljanlegt. Það eru með öðrum orðum ekki fagleg rök. Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að prófa á Akureyri, en ekki t.d. á Suðurnesjum. Það felst í þessu verulegur kostnaðarauki fyrir nemendur. Þeir þurfa að taka sér leyfi frá vinnu. Ég sé þetta sem kerfislegt vandamál og af því að ég veit að hæstv. dómsmrh. er maður réttsýnn, þá leyfi ég mér að beina þeirri spurningu, og um leið áskorun, til hans hvort hann muni breyta þessu fyrirkomulagi.

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt ákvæðum í reglugerð er það svo að Umferðarráð eða sú deild hjá Umferðarráði sem sér um umferðarkennslu skal ákveða hvar próf fara fram. Ég geri ráð fyrir því að meginsjónarmiðin sem að baki liggja, eins og hv. fyrirspyrjandi reyndar vék að, séu fagleg atriði sem lúti að því að staðreynt sé að þeir sem þreyta prófin standist þau skilyrði sem sett eru. Það er ugglaust líka rétt að það væri æskilegt að próf gætu farið fram við sem ólíkastar aðstæður. Þeir sem aka bifreiðum, ekki síst stórum fólksflutningabifreiðum, þurfa að kunna skil á ýmsum aðstæðum, bæði í þéttbýli og ekkert síður við erfið skilyrði á vegum úti, en ég er reiðubúinn til þess að láta athugun fara fram á þessu. Hér er ekki um að ræða ákvörðun sem tekin hefur verið í ráðuneyti með reglugerð heldur af Umferðarráði og ég skal beita mér fyrir því að fram fari skoðun á þeim forsendum sem þarna liggja að baki með það í huga að veita sem allra besta þjónustu án þess að slaka á þeim efnislegu kröfum sem eðlilegt er að menn geri út frá umferðaröryggisástæðum við töku þessara prófa.

[15:37]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir greinargóð svör hans og fagna sérstaklega þeirri viljayfirlýsingu hans að taka á þessum málum. Ég ítreka að ég fæ ekki séð þau faglegu rök sem búa að baki ákvörðun Umferðarráðs, en Umferðarráð er á ábyrgð hæstv. dómsmrh. Þetta snýst um jöfnuð, að nemendur þurfi ekki að gjalda fyrir búsetu sína eins og þessi ákvörðun Umferðarráðs óneitanlega felur í sér.

Þá er rétt að vekja athygli á því að próftakan sem fram fer í Reykjavík felst m.a. í því, auk þess að þræða öngstræti höfuðborgarinnar, að aka suður með sjó, m.a. að Bláa lóninu sem er mikill ferðamannastaður og rútur þurfa gjarnan að fara. Þetta snýst kannski um það hvort ekki sé einfaldara að embættismenn, prófdómarar, komi til nemenda, að Múhameð komi til fjallsins í stað þess að snúa því við. En ég fagna yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. en bendi á að nú þegar í næstu viku eiga próf að fara fram þannig að málið þolir e.t.v. ekki langa bið.

Stækkun járnblendiverksmiðjunnar.

[15:39]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Á föstudaginn lauk viðræðum fulltrúa íslenskra stjórnvalda og norska fyrirtækisins Elkem um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Þessar viðræður hafa staðið nokkuð lengi en niðurstaðan varð sú að Elkem lýsti því yfir að þeir væru ekki tilbúnir til að taka þátt í stækkun verksmiðjunnar.

Stækkun járnblendiverksmiðjunnar mundi stórbæta rekstrarafkomu járnblendifélagsins. Talið er að framleiðslukostnaður verksmiðjunnar mundi lækka um allt að 15% og verksmiðjan því að sjálfsögðu verða mun samkeppnishæfari og færari um að mæta verðsveiflum á járnblendi á heimsmarkaði. Því spyr ég hæstv. iðnrh. hvort hann telji að með þessari niðurstöðu viðræðna við Norðmenn sé stækkun verksmiðjunnar úr sögunni eða hvort hann telji hugsanlegt að taka upp viðræður við japanska fyrirtækið Sumitomo sem á 15% hlut í Íslenska járnblendifélaginu, en samanlagt eiga íslenska ríkið og Sumitomo 70% hlut í félaginu.

[15:40]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það var efnahagslegt áfall að ekki skyldi takast að ná samkomulagi við samstarfsaðila okkar í Noregi um stækkun járnblendiverksmiðjunnar. Þrátt fyrir það að við Íslendingar séum með 55% eignaraðild í fyrirtækinu, þá er sú eignaraðild okkur því miður lítils virði vegna þess að minnihlutaréttindi eru svo tryggð í samstarfssamningi milli eignaraðila að þeir sem minni eru og fara með minnihlutaréttindin geta í mjög mörgum tilfellum algjörlega ráðið fyrirtækinu.

Til þess að selja eignarhlut í fyrirtækinu þá var það fyrstu 15 árin algjörlega háð samþykki allra eignaraðila. Ef gera á breytingu á markaðssamningi milli eignaraðila þá er það háð samþykki allra aðila. Til þess að auka hlutafé í fyrirtækinu þarf samþykki $^2/_3$ hluta eignaraðila og til þess að taka lán til að fjármagna fjárfestingu eins og þriðji ofninn væri, þá þarf líka samþykki $^2/_3$ hluta allra eignaraðila.

Það er rétt að með því að eignarhluti Íslands og Sumitomo samanlagt er 70% þá gætum við við fyrstu sýn haldið að hægt væri að ná fram ákvörðun þessara tveggja aðila um stækkun fyrirtækisins, en það hefur komið skýrt fram hjá Sumitomo að ákvörðun af þessu tagi komi ekki til greina nema þeir fái breytingu á sínum markaðssamningi sem þeir hafa við fyrirtækið. Til þess að fá honum breytt þarf samþykki allra eignaraðilanna í fyrirtækinu þannig að okkur er býsna mikill vandi á höndum hvað þetta snertir.

[15:42]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Það er vissulega afleitt að ekki skuli geta orðið af stækkun verksmiðjunnar, alla vega ekki í bráð. Eins og ég lýsti áðan mundi það skipta mjög miklu máli fyrir þetta fyrirtæki ef hægt væri að fjölga ofnum þess úr tveimur í þrjá og það mundi stórbæta rekstur og afkomu fyrirtækisins. Reksturinn gengur að vísu mjög vel um þessar mundir og fyrirtækinu er vel stjórnað. Verðið er allt að því í hámarki. En það er svo með þennan rekstur að hann gengur í sveiflum og það eru ekki mörg ár síðan þetta fyrirtæki lenti í miklum hremmingum þegar verðfall varð á járnblendi á heimsmarkaði og trúlega kemur að því eftir einhver ár að það endurtaki sig. Þess vegna er það afleitt að ekki skuli geta orðið af þessari stækkun nú eins og gert hafði verið ráð fyrir, en ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svarið.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 171. mál (heildarlög). — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:46]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JGS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GHH, GE, GÁS, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, LMR, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, SK, VS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með samþykkt þessa frv. til laga um atvinnuleysistryggingar er horfið aftur til gildandi laga að mestu leyti þar sem flestallar breytingar sem gera átti hafa verið kallaðar aftur og fyrirhugaður sparnaður upp á 128 millj. kr. er floginn út í veður og vind. Eftir stendur að þeir sem hafa verið atvinnulausir í fimm ár eða lengur missa bætur og fulltrúar Alþingis eru felldir út úr stjórn án þess að nokkur efnisleg umræða hafi farið fram um það meðal þingmanna hvar eðlilegt sé að fulltrúar Alþingis komi að eftirliti með framkvæmdarvaldinu með setu í stjórnum.

Þetta frv. er meingallað, hæstv. forseti, og hefði betur verið látið bíða nýrrar og framsækinnar endurskoðunar sem gengi út á að bæta hag hinna atvinnulausu í stað þess að skerða rétt þeirra. Á þessu verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð og því greiði ég ekki atkvæði.

[15:45]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það hafa orðið miklar umræður um þau tvö mál sem nú á að fara að greiða atkvæði um, sem er annars vegar atvinnuleysistryggingar og hins vegar vinnumarkaðsaðgerðir, ekki síst um það með hvaða hætti þau bar hér inn í þingið og hvaða meðferð þau hafa fengið. Það er ljóst að þessi frv. eru bæði í hrópandi andstöðu að sumu leyti við það sem að öðru leyti er að gerast. Þar á ég við það að verið er að færa vinnumarkaðsaðgerðir frá sveitarstjórnum og til ríkisins og hins vegar það að frv. um atvinnuleysisbætur hefur tekið það miklum breytingum að það hlýtur að vera orðið eins konar bastarður og spurning til hvers var af stað farið þegar niðurstaðan er þessi. Við hljótum því að skilja alla ábyrgð á afgreiðslu þessara mála eftir hjá ríkisstjórninni og sitja hjá við afgreiðslu þessara frv.

[15:46]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Alþb. hefur í umræðum hér í þinginu margsinnis gagnrýnt harðlega það frv. sem nú er verið að greiða atkvæði um. Upphaflega vegna þeirra áforma sem ríkisstjórnin hafði uppi um stórlega skerðingu á réttindum atvinnulausra með framlagningu þessa frv.

Nú þegar verstu agnúarnir hafa verið sniðnir af frv. þá stendur eftir innantóm umgjörð um þessi áform ríkisstjórnarinnar og tilgangslaus breyting á lögum um réttindi atvinnulausra. Alþb. mun því sitja hjá í atkvæðagreiðslu um þetta frv. og getur ekki stutt það eins og það liggur fyrir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 683).

Vinnumarkaðsaðgerðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 172. mál. — Þskj. 664.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:50]

Frv. samþ. með 28:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GuðjG, GÞÞ, GHall, GÁ, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JGS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SP, SvÁ, TIO, VE, ÞorstP.

nei: BH, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh.

7 þm. (ÁRJ, JBH, LB, RA, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, BBj, FrS, GHH, GE, GÁS, GGuðbj, HÁs, IP, JóhS, LMR, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, SJS, SK, VS) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þetta frv. felur í sér þá stefnubreytingu að málefni atvinnulausra verða flutt frá sveitarfélögunum til ríkisins án þess að nokkur haldbær rök séu fyrir slíku. Til stendur að koma á fót nýrri ríkisstofnun með miklu stjórnarbákni, svæðisskipulagi og undirstjórnum, sem vandséð er að geti þjónað þeim tilgangi að bæta atvinnuástand, stuðla að nauðsynlegri endurmenntun og að bjóða atvinnulausu fólki upp á þá þjónustu sem það þarf á að halda. Það vantar sérmenntað starfsfólk til að sinna þeirri vinnu sem stjórnendurnir 120, eða hvað þeir verða margir, ákveða að sinna skuli. Þetta frv. er eitthvað það alla vitlausasta sem frá þessari ríkisstjórn hefur komið og er þó af ýmsu að taka. Málefni atvinnulausra eru mun betur komin hjá sveitarfélögunum þar sem þau tengjast annarri félagslegri þjónustu. Þetta nýja ríkisbákn get ég ekki stutt og ekki sætt mig við og því greiði ég atkvæði gegn þessu frv.

[15:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að sá tilflutningur á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins sem felst í frv. sé aðalágalli þess. Það gengur í grundvallaratriðum gegn þeirri stefnu sem fylgt hefur verið í orði kveðnu af öllum stjórnmálaflokkum á undanförnum árum. Það á að fara að byggja upp nýja ríkisstofnun, nýtt ríkisbákn til þess að stýra þessum málum í landinu og skýtur það skökku við miðað við málflutning sumra, t.d. sjálfstæðismanna, m.a. á þessum fundi í dag.

Af þessum ástæðum, hæstv. forseti, tel ég enga ástæðu til að leggja þessu máli lið og sit því hjá við meðferð þess og tel eðlilegt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á því sjálf í einu og öllu.

[15:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. og frv. um atvinnuleysistryggingar er verið að setja hér merk lög. Það er mjög bætt staða atvinnuleitenda til að finna sér störf. Landið er gert að einu vinnusvæði, vinnumiðlanir eru gerðar miklu virkari, stóraukin eru tækifæri atvinnuleitenda til að hljóta þjálfun og starfsmenntun, verulega er dregið úr hættu á misnotkun og verulega er dregið úr þeirri hættu að fólk lokist langtímum saman inni í vítahring atvinnuleysis.

Þessi mál eru bæði afgreidd í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna þó að stjórnarandstaðan hér á Alþingi hafi eitt og annað við þau að athuga. Ég segi að sjálfsögðu já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 683).

Staða drengja í grunnskólum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 227. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 268. mál (nytjastofnar í hafi). — Þskj. 521.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:51]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til stjórnarskrárn. án atkvgr.

Íslenskt sendiráð í Japan, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 297. mál. — Þskj. 553.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:52]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 300. mál. — Þskj. 556.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kaup skólabáts, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál o.fl., 310. mál. — Þskj. 571.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Verðbólgureikningsskil, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE og VE, 314. mál. — Þskj. 575.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Landsbókasafn – Háskólabókasafn, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 342. mál. — Þskj. 614.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:54]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Tilkynning um dagskrá.

[15:55]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess að honum hafa borist óskir um að næstu fjögur dagskrármálin, 12., 13., 14. og 15., verði rædd sameiginlega. Forseti hyggst heimila það ef enginn hreyfir athugasemd. Það eru ekki athugasemdir við það. (**KHG:** Er þetta ósk forseta?) Nei, það er ekki ósk forseta. Það er ósk flutningsmanna. Má forseti líta svo á að ekki séu athugasemdir við þetta fyrirkomulag? (Gripið fram í.) Forseti getur heimilað það, en er tilbúinn að taka við athugasemdum ef þær berast. Ef eru ekki formlegar athugasemdir, þá er ... (**KHG:** Hver er ræðutíminn, herra forseti?) Ræðutíminn er samkvæmt reglum þingskapa. Um frv. er hann 30 mín. fyrir flutningsmann, það er almenn regla við 1. umr., og þetta eru allt mál til 1. umr., í annað sinn 15 mín. og 5 mín. í þriðja sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar 20 mín. og 10 mín. Um þáltill. hefur flm. 15 mín. tvisvar, aðrir þingmenn og ráðherrar 8 mín. tvisvar. Þetta segja þingsköpin. Forseti telur eðlilegast, ef málin verða rædd saman, að aðrir en frsm. hafi ræðutíma eins og um frv., þ.e. 20 mín. og 10 mín. (**KHG:** Er ekki óeðlilegt að ræða saman þáltill. og frv.? Ég geri athugasemdir við það.) Já, þá tekur forseti tillit til þess. Þáltill. verður rædd sér.

Sala afla á fiskmörkuðum, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 202. mál. — Þskj. 228.

[15:57]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um sölu afla á fiskmarkaði. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson og Ásta B. Þorsteinsdóttir.

Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að allur sjávarafli sem seldur er innan lands skuli seldur á fiskmörkuðum."

Fiskmarkaðir hafa starfað á Íslandi í um tíu ár og á þeim eru nú seld árlega um 100 þús. tonn af bolfiski fyrir um 10 milljarða kr.

Fiskmarkaðirnir hafa með sér samstarf um allt land, m.a. með því að nýta sér nýjustu fjarskiptatækni þannig að hvar sem skip eru stödd eða verkendur er mögulegt að koma á

viðskiptum á skjótan hátt. Fiskmarkaðir hafa skapað tilverugrundvöll fyrir mörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig á tiltekna erlenda markaði og á fiskmörkuðum hefur orðið til markaður fyrir tegundir sem áður var hent, ekki síst á þeim forsendum að þær væru ekki söluvara. Þeir hafa að ýmsu leyti breytt viðhorfum vinnslunnar og gert þá sem þar starfa meðvitaðri um markaðinn sem verið er að vinna fyrir, samkeppni og gæði. Það er óhætt að fullyrða að ef fiskmarkaðir hefðu ekki komið til og náð þeim árangri sem raun ber vitni hefði landvinnslan farið enn frekar halloka fyrir sjóvinnslunni.

Herra forseti. Fiskmarkaðir stuðla ekki aðeins að því að vinnslan geti sérhæft sig og gert betur, fiskverð á að heita frjálst en verð sem fæst á fiskmörkuðum hefur einnig orðið viðmið verðlagningar þess afla sem aðrir hafa samið um í svokölluðum beinum viðskiptum eða utan fiskmarkaðanna. Annar afli sem seldur er innan lands, þar með talin rækjan, er seldur í beinum viðskiptum. Í þeim viðskiptum kemur virði kvótans einatt einhvern veginn fram þó oftast sé um að ræða viðskipti handhafa kvótans við sjálfan sig. Það getur haft afgerandi áhrif á gengi vinnslunnar eða útgerðar hvar virði kvótans og kostnaður við öflun hráefnis er skráður.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið miðað við umfang á framsali veiðiheimilda má ætla að sá hópur útgerðarmanna þar sem vinnsla og veiðar eru á sömu hendi taki einnig þátt í tonni á móti tonni eða öðrum þeim aðferðum sem fyrirtækin hafa beitt til að sérhæfa sig og náð hámarksárangri. Þannig hefur stór hluti af framsalinu verið til að tryggja vinnslunni ákveðna tegund hráefnis. Segja má að í stað þess að versla eðlilega á markaði með veiddan afla hafi þörf vinnslunnar fyrir aukna sérhæfingu leitt til enn meira framsals veiðiheimilda. Núverandi kerfi styður að því er virist frekar við það að menn versli með fiskinn í sjónum en að eðlileg viðskipti fari fram með afla á mörkuðum.

Sjómenn, samtök þeirra og verkalýðshreyfingin hafa verið andsnúin því mikla framsali veiðiheimilda sem átt hefur sér stað í núverandi kerfi og stór meiri hluti þjóðarinnar er sammála því áliti eða um 75%. Af hverju halda menn að það sé? Þjóðin er einfaldlega ósátt við þann mikla rétt sem óbreytt ástand skammtar útgerðarmönnum, að þeir fái veiðiheimildum úthlutað ókeypis þó þeir síðan telji sjálfir rétt að selja öðrum aðgang að auðlindinni, að þeir geti ráðstafað óveiddum fiskinum að vild og án tillits til hagsmuna annarra og þeir geti síðan einnig ráðstafað aflanum að vild og hafi þannig ákvörðunarvald um það hvort hinir hæfustu fái aflann til verkunar eða bara þeir sem annarra hagsmuna kunna að hafa að gæta, eru t.d. innan réttra sölusamtaka. Verðmyndunin hefur þannig í mörgum tilfellum farið fram með þeim hætti að mikil tortryggni hefur skapast á milli sjómanna og útgerðarmanna, ekki síst vegna fjölmargra dæma um það að sjómenn eru látnir bera kostnað af kaupum eða leigu með veiðiheimildum. Veðlagningin er einatt þannig að erfitt er að greina á milli hvaða hluti er fiskverð samkvæmt hinni hefðbundnu skilgreiningu og hvað er kvótaleiga eða kvótakaup.

Sjómenn hafa með vaxandi þunga farið fram með kröfuna um að allur fiskur verði seldur yfir fiskmarkaðinn, enda væri verðlagningin þá gegnsæ þannig að ljóst væri hvert hið raunverulega skiptaverð er og að þeirra hlutur væri klár. Krafan um allan fisk yfir á markað er meginkrafa allra samtaka sjómanna í dag.

Hagsmunir útgerðar og sjómanna ættu ef allt væri með felldu að fara saman við verðlagningu á sjávarafla. Það ætti að vera beggja hagur að fá sem hæst verð sem þeir síðan skipta á milli sín eftir samningum og lögum. Verðlagning á sjávarfangi á að heita frjáls eins og ég sagði áðan og samkvæmt samningum hefur útgerðarmaður með höndum sölu aflans og hefur til þess umboð áhafnar. Það er einnig kveðið á um að útgerðarmaður skuli tryggja skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn. Hins vegar hafa útgerðarmenn í mörgum tilvikum ákveðið einhliða það verð sem greitt er til áhafna þrátt fyrir skýr ákvæði kjarasamninga og laga um að óheimilt sé að sjómenn taki þátt í kostnaði útgerða við öflun veiðiheimilda og hafa útgerðarmenn verðlagt afla til áhafna með tilliti til þess kostnaðar.

Tilraunir til að finna lausn á þessum vanda við verðlagningu hafa verið gerðar í tvígang nú á seinni árum. Annars vegar var vorið 1994 sett á fót samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna til að leysa verðlagningarvandann. Sú tilraun mistókst gjörsamlega vegna viljaleysis útgerðarmanna til að taka á vandanum. Hins vegar var í síðustu kjarasamningum sjómanna sett á nefnd úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna til að úrskurða um fiskverð þegar ekki næðist samkomulag milli útgerðarmanna og áhafna um það verð sem greitt skyldi fyrir aflann. Í mörgum tilvikum hafa útvegsmenn hunsað nefndina og beitt sjómenn þvingunum til að verðleggja aflann eftir eigin geðþótta. Ljóst er því að úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna getur ekki leyst þau vandamál sem blasa við varðandi verðlagningu á afla. Svo geta menn hins vegar haft sína skoðun á því í nútímasamfélagi að nefnd sé falið að verðleggja vöru inn á markað.

En það hlýtur að vekja upp spurningar af hverju viðsemjendur sjómanna, útgerðarmenn, vilja ekki fá eðlilega verðlagningu á markaði á þann afla sem kemur að landi. Er tregða útgerðarmanna gagnvart fiskmörkuðunum tengd því að ef afli er seldur á fiskmarkaði, þá kemur hið rétta skiptaverð fram? Að hagræðingin góða sem leitt hefur til þess að útgerðin í landinu er öll rekin með hagnaði sé, eins og sjómenn fullyrða, fyrst og fremst þannig til komin að þeir hafi greitt fyrir hana með þvingaðri þátttöku í kvótakaupum eða kvótaleigu? Með því að breyta leikreglum þannig að viðskipti á markaði séu áskilin við sölu afla til vinnslu má eyða þeirri tortryggni sem er milli útgerðar og sjómanna og tryggja betur að það séu jafnan þeir sem bestum árangri ná sem eru við fiskvinnslu á hverjum tíma.

Sala alls afla sem seldur er innan lands um fiskmarkaði er því ekki bara réttlætismál fyrir sjómenn, heldur mikilvægt hagsmunamál vinnslunnar svo hún geti sérhæft sig frekar og gert betur. Í meiri sérhæfingu liggur líka grundvöllur þess að laun fiskvinnslufólks geti hækkað. Forsvarsmenn þessa mikilvægasta matvælaiðnaðar okkar láta því líka ómótmælt þegar áhrifamiklir aðilar úr þeirra röðum segja sölu alls afla á fiskmarkaði fljótustu leiðina til að ná fram réttu fiskverði. En fyrirsvarsmaður útgerðarinnar í landinu hefur annan háttinn á og sendir sjómönnum og þá fiskvinnslunni í raun einnig tóninn í dagblöðum um jólin og telur fráleitt, svo að vitnað sé beint, með leyfi forseta, „að svipta útgerðarmann rétti þeirra til að verka sinn eigin afla".

Herra forseti. Það er búið að markaðsvæða veiðarnar og fiskveiðistjórnarkerfið er talið afar mikilvægt til að ná fram hagræðingu í útgerðinni. Veiðimannasamfélagið er að líða undir lok og sjávarútvegssamfélag alþjóðavæðingar, tækni, þekkingar, fjármagns og markaðsvæðingar er að taka við. Fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru komin á hlutabréfamark-

að og lúta þeim lögmálum sem þar gilda um árangur eru ekki hluti af veiðimannasamfélagi. Fyrirtæki í sjávarútvegi sem eru á viðskiptaforsendum komin í samvinnu við fyrirtæki erlendis eru heldur ekki hluti af veiðimannasamfélagi. Upptaka kvótakerfisins, sem gerði það mögulegt að skipuleggja starfsemina og fara á markað með fyrirtækin, var fráhvarf frá veiðimannasamfélaginu. Í þessu sambandi er hlægilegt að hlusta á forustu LÍÚ tala um rétt útgerðarmanna til að verka sinn eigin afla. Sá réttur tilheyrði vissulega gamla veiðimannasamfélaginu. Nýja sjávarútvegssamfélagið byggir bara á allt öðrum lögmálum, svo sem lögmálum markaðsvæðingar og samkeppni og útgerðarmenn geta ekki bæði mært nýja kerfið þegar það hentar þeim og krafist réttar samkvæmt gamla kerfinu. Þeir eins og aðrir verða að gera það upp við sig hvar þeir eru staddir.

Í veiðimannasamfélaginu var það líka hluti af sjálfsögðum rétti þeirra sem bjuggu við ströndina að róa til fiskjar. Við markaðsvæðingu veiðanna er eignarhald útgerðarfyrirtækjanna komið á allt annan stað og allt önnur lögmál hljóta þá einnig að gilda um aðgang að auðlindinni. Þess vegna er það hluti af þessari þróun að þau fyrirtæki og hlutafélög sem fá veiðiheimildir greiði fyrir aðganginn að auðlindinni og það vill þjóðin einmitt líka.

Alþýðusamböndin bæði fyrir austan og vestan hafa ályktað um að allur fiskur verði seldur á fiskmarkaði. Það gerðu þau á þingum sínum í nóvember sl. þar sem þau ýmist vildu stefna að því eða kröfðust þess í ályktunum sínum. Sjómenn telja líka að ef allur fiskur færi yfir á fiskmarkað þá mundi framsalsþörfin minnka og þau heimildarákvæði kvótakerfisins sem mestum ágreiningi valda í dag verða notuð eins og e.t.v. var reiknað með í upphafi. Ef vinnslan gæti sérhæft sig eðlilega með kaupum á fiskmörkuðum þá minnkaði þörfin fyrir verslun með óveiddan fisk og þá væri jafnframt ljóst hver hlutur sjómanna ætti með réttu að vera og staðið væri við það að tryggja þeim hæsta verð fyrir aflann.

Herra forseti. Samþykkt þessarar tillögu felur í sér stefnumörkun Alþingis um nýtt fyrirkomulag til að taka á skipulagsvanda í sjávarútvegi, skipulagsvanda, sem m.a. er tilkominn af því að sumt á að lúta markaði en annað handaflsaðferð. Það er öllum ljóst sem það vilja sjá að nauðsynlegt er að taka á þeim skipulagsvanda. Það gengur ekki til lengdar að þeim sem vinna innan sjávarútvegsins sé mismunað með þeim hætti sem nú er og að eðlileg samkeppni um hráefni fái ekki notið sín.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til hv. sjútvn. og síðari umræðu.

[16:09]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil þessa till. til þál. þannig að hér sé verið að leggja til að allur fiskur sé seldur á uppboðsmörkuðum. Þá vaknar sú spurning hvort það er ekki afar óvenjulegt að svo strangar takmarkanir á viðskiptum séu settar á eitt viðskiptasvið. Hvar tíðkast á öðrum viðskiptasviðum að slíkar takmarkanir séu settar fram? Það hlýtur að kalla á einhverja skýringu á því hvers vegna á að takmarka viðskiptasviðið með fisk með þessum sérkennilega hætti.

Á öðru er rétt að vekja athygli en það er að eftir því sem frammúrstefnufyrirtæki í fiskvinnslu, ef við getum sagt sem svo, hafa náð sterkara sambandi við kaupendur sína erlendis, þá er allt ferlið frá því að fiskurinn er veiddur og þangað til hann er unninn og það skipulag sem þar er á og þær tryggingar sem í því eru að vel sé með fiskinn farið frá upphafi í veiðunum og þangað til honum er skilað, allt þetta ferli gæti truflast verulega með því að leggja svo takmarkandi tillögur fram sem hér er um að ræða. Mér finnst að það vanti í þessa till. til þál. ærið margar skýringar sem málið kallar á.

[16:11]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Á hverjum degi fjallar hv. Alþingi um tillögur sem lúta að leikreglum fyrir þann markað sem við erum að vinna hér á. Þetta er ein slík. Þessi tillaga á að koma í veg fyrir þann mismun sem nú er í gangi á milli þeirra verkenda sem annars vegar hafa aðgang að veiðikvóta, eru hluti af fyrirtæki sem jafnframt er í veiðum og svo hinna sem ekki hafa slíkan aðgang.

Það kom fram í máli mínu að fyrirtækin hafa sérhæft sig í vinnslunni, mörg hver með því að versla enn stífar með óveiddan fisk en þörf hefur verið fyrir ef fiskur hefði verið boðinn upp á markaði. Þau fyrirtæki sem geta haft þann háttinn á eru e.t.v. sæmilega sett, en það hefur komið fram oftar en einu sinni að slík aðferð misbýður réttlætiskennd ýmissa, hún eykur framsal í kvótakerfinu og veikir það þar með og sjómenn hafa viljað meina að um óeðlilega þátttöku þeirra í slíku kerfi væri að ræða. Það er mikill mismunur á aðstöðu þessara aðila sem verkenda og hinna sem eiga allt sitt undir því að kaupa sitt hráefni á markaði. Og það eru merkileg skilaboð í rauninni að ef menn vilja fara í fiskverkun, ef menn eru með góða hugmynd að úrvinnslu á afla, ef menn eru jafnvel með góð viðskiptasambönd til að selja slíkt, þá skuli það nánast vera skilaboð frá Alþingi Íslendinga að menn verði þá einnig að eiga skip og kvóta.

[16:13]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að það kemur fram í greinargerð með þessari till. til þál. að það er verið að reyna að leysa ákveðinn vanda sem er vissulega vandamál í sambandi við kvótakerfið. En ég vil þá spyrja þingmanninn aftur hvort hún telji ekki að svo fortakslaus þáltill. sem hér er um að ræða, um að allur afli verði seldur á fiskmörkuðum, trufli ekki það þróunarstarf sem mörg helstu og bestu fiskvinnslufyrirtæki landsins hafa verið að vinna og byggja nákvæmlega á hráefnisöflun sinni og góðri meðferð á aflanum frá því að hann er dregin úr sjó og þangað til hann er seldur á erlenda markaði, hvort ekki sé ástæða til þess að fara varlega í því að trufla þetta starf, ekki síst núna þegar fiskvinnslan stendur frammi fyrir því að þurfa að auka þróunarstarf sitt alveg sérstaklega og berst nokkuð í bökkum.

[16:14]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er handviss um það að fyrir fyrirtæki sem á annað borð eru með þróunarstarf og eru sér meðvituð um það eftir hvers konar vöru markaðurinn er að kalla er það ekki mikill vandi að fara úr því kerfi sem þau mörg hver vinna við núna sem er verslun með óveiddan fisk yfir í það að kaupa sinn fisk á mörkuðum. Ég hygg að flest stærri fyrirtækin í landinu kaupi að hluta til sinn fisk á mörkuðum.

Mig langar, með leyfi forseta, til að vitna í grein Björns G. Ólafssonar úr Vísbendingu þar sem hann fjallar um fiskmarkaði:

„Reynslan af fiskmörkuðum bendir hins vegar eindregið til þess að uppboð á veiddum fiski hafi aukið stöðugleika og sérhæfingu í fiskvinnslu."

Það er kannski akkúrat þetta sem við erum að leita eftir, ekki bara markaðsvæðingu á veiðunum, ekki bara hagræðingu þar, heldur að þetta geti líka náð til fiskvinnslunnar og það gerist ekki, herra forseti, nema við stuðlum að því að eðlileg samkeppni geti farið fram um hráefnið og það sé þannig öruggt eða nokkuð öruggt að þeir sem standa sig best kaupi hráefnið, vinni það áfram og selji með hag allrar þjóðarinnar að leiðarljósi.

[16:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Textinn á þessu þskj. er mjög afdráttarlaus eins og hér hefur komið fram. Ég skil hann á þann veg að það sé vilji þeirra sem að þskj. standa að allur afli sé seldur á mörkuðum, þar á meðal afli frystiskipa, þar á meðal uppsjávarafli eins og loðna og síld, grásleppa og kúfiskur, en ég vildi gjarnan fá það staðfest hvort þetta sé ekki alveg örugglega hinn rétti skilningur flutningsmanna á efni þess sem þskj. ber með sér.

[16:17]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í efni tillögunnar, og er nú ekki eins flókið og hæstv. ráðherra vildi vera láta, þá er tillaga um að allur afli sem seldur er innan lands verði seldur á fiskmarkaði. Það er nokkuð ljóst. Það vill svo til að það eru til afurðir, sem eru unnar um borð í skipum, sem eru ekki seldar hér innan lands. Það er búið að semja um sölu á þeim. Um það hljóta að gilda önnur lögmál. Hins vegar fyndist mér ekkert að því að hv. sjútvn. skoðaði það nánar hvort hægt sé að fara þannig í málið að allur fiskur sem veiddur er í íslenskri lögsögu, allur fiskur sem við gefum út veiðiheimildir fyrir, verði seldur á uppboðsmarkaði. Ugglaust er hægt að koma því við en það er ekki gengið svo langt í þessari tillögu. Það er gengið nákvæmlega jafnlangt í þessari tillögu og sjómannasamtökin álykta um.

[16:18]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru afar merkilegar upplýsingar. Talsmaður flutningsmanna staðfestir að alls ekki sé ætlunin að selja á uppboðum allan fisk sem veiddur er heldur undanskilja hina veigamiklu veiði frystiskipa. Það hlýtur að vekja upp fjölmargar spurningar. Þeir sem vinna fiskinn sem þeir veiða um borð í sínum skipum mega gera það án þess að aflinn fari á uppboð en þeir sem vinna fiskinn af sínum eigin skipum í landi eru neyddir til þess að fara í gegnum þennan millilið sem hér er verið að mæla fyrir um. Hér er verið að búa til slíka mismunun sem mér sýnist að mundi alveg augljóslega ýta mönnum út í það að auka vinnslu um borð í frystiskipum. Alla vega er alveg ljóst að hér er verið að mismuna aðilum eftir því hvort þeir vinna aflann um borð í skipum eða í landi. Mér er mjög til efs að slík mismunun fái staðist.

[16:19]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mig að hæstv. ráðherra er farinn að koma auga á eitthvað sem heitir mismunun í þessu kerfi sem við höfum búið til í kringum okkar sjávarútveg. Það kveður þá satt að segja nýrra við. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst andsvör hans bera vott um vilja til svolítilla útúrsnúninga og hann verður auðvitað að eiga það við sjálfan sig en fyrir mér er það jafnræði að allur sá afli sem seldur er innan lands sé seldur með sama hætti. Ég veit að þar mæli ég fyrir munn sjómannasamtakanna í landinu, eins og ég gat um áðan, og ég er handviss um það, herra forseti, að fyrir þeim vakir ekkert sem heitir mismunun heldur miklu frekar hitt að það er verið að sækjast eftir jafnræði og það er verið að vinna gegn þeirri mismunun sem menn verða fyrir í núverandi kerfi á hverjum einasta degi. Ef menn sjá flöt á því að vinna málið með þeim hætti, sem mér heyrist ráðherrann hafa áhuga á, þ.e. að allur fiskur, alveg sama hvort búið er að vinna hann mikið eða lítið, komi til sölu á innlendum fiskmörkuðum, þá mun ég verða fyrsta manneskjan til að styðja hæstv. ráðherra í þeirri viðleitni hans.

[16:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er út af fyrir sig allrar athygli verð en það er svo sem ekki verið að hreyfa neinni nýrri hugmynd. Menn hafa fengið þingmál af þessum toga áður hér inn á borð í þingsölum og fjallað um þessi málefni.

Ég vil fyrsta segja um þingmálið að það er tæknilega ekki rétt útfært því þrátt fyrir að tillagan yrði samþykkt þá mundi ekkert gerast. Það mundi ekki leiða til neinna þeirra breytinga sem samþykktin felur í sér af því breytingar á skipan mála verða ekki gerðar nema með breytingum á lögum og hér er aðeins lögð fram tillaga til þál. sem er pólitísk yfirlýsing. Og jafnvel þó hún yrði samþykkt þá mundu engar breytingar fylgja sjálfkrafa í kjölfarið. Í lok grg. er vísað til þess að samþykkt ályktunarinnar mundi leiða til þess að ríkisstjórnin ynni frv. og legði fyrir þingið. Það er ekkert víst að ríkisstjórnin geri það enda er henni ekki falið að gera það.

Það sem menn mega ekki, að mínu viti, flaska á er að gera ekki þá hluti sem þeim er ætlað að gera, þ.e. þeim sem sitja á löggjafarsamkomunni. Þeim er ætlað að setja lög. Til þess eru menn kosnir á Alþingi, að beita sér fyrir því að lög séu sett. Og vilji menn gera það þá flytja menn frv. Þetta er tiltölulega einfalt mál þannig að ég sé ekki annað en að það hefði verið mjög einfalt fyrir flm. að setja upp snoturt frv. sem fæli í sér þá meiningu sem lögð er til í þáltill. Þetta tel ég galla á málinu og velti því fyrir mér hvers vegna flm. velja þessa leið en ekki þá að flytja frv. Er eitthvert hik á þeim með að hrinda í framkvæmd þeirri meiningu sem þeir tala fyrir?

Þá vil ég aðeins velta fyrir mér efni tillögugreinarinnar. Það er ekki alveg ljóst hvernig ber að skilja hana. Þar segir að allur sjávarafli sem seldur er innan lands skuli seldur á fiskmörkuðum. Hvað með afla sem landað er en ekki er seldur? Er þá heimilt að verka hann? Geta útgerðarmenn eins og trillusjómenn komið með sinn fisk að landi, verkað sinn þorsk í saltfisk eða hengt hann upp á hjalla og verkað í harðfisk? Er það meiningin í tillögugreininni að það verði áfram heimilt að einhver hluti af lönduðum afla sé undanþeginn þeirri kvöð að vera seldur á fiskmarkaði? Mér heyrðist reyndar á framsöguræðunni að svo væri ekki. Þá kemur upp önnur spurning sem vefst mjög fyrir mér að átta mig á hvort sé framkvæmanlegt eða hvort það sé ekki það mikil breyting að erfitt sé að afla stuðnings við það hjá útgerðarmönnum — geta menn ætlast til þess að fá stuðning smábátasjómanna við því að þeir megi ekki verka eigin fisk? Þeir megi ekki verka sinn fisk í saltfisk eins og margir gera hvort sem þeir veiða hann á handfæri eða línu? Eða þeir megi ekki verka

hann í harðfisk? Hvers konar markaðskerfi er það sem takmarkar ráðstöfun eða möguleika útgerðarmanna til að gera verðmæti úr sínum afla? Því í þessum skilningi er ekki um að ræða tillögu til aukins frjálsræðis heldur er þetta tillaga til minna frjálsræðis en er í dag. Og hvernig má það vera ef fiskmarkaðskerfið er svona gott að það skuli ekki geta staðið sig í samkeppninni við fiskvinnslurnar í landinu án þess að fá lög sem kveða á um að þeir sem selja fisk verði að nota þetta form til að selja fiskinn? Það er greinilega ekki nógu gott kerfi. Og er það þá góð leið í markaðshagkerfinu að þvinga menn með lögum til að nota þá leið sem menn vilja helst ekki nota eða vilja ekki nota í nægilega miklum mæli? Ég er ekki alveg viss um að menn séu á réttu spori með þessari aðferðafræði.

Ef við höldum áfram með tillögugreinina þá segir hún það, eins og ég rakti áðan, þó það sé ekki meining flm., að menn gætu sjálfir verkað eigin afla. Menn gætu hengt upp sinn fisk og gert hann að harðfiski. Þýðir þá tillögugreinin að þegar fiskurinn er orðinn að harðfiski verði menn að selja harðfiskinn á fiskmarkaði? Eða selja saltfiskinn á fiskmarkaði? Þetta er það sem stendur í tillögugreininni en er, að ég tel, ekki meining flm. Þeir verða þá að umskrifa greinina til þess að hún feli í sér það sem þeir óska eftir.

Herra forseti. Vissulega er vandamálið þess eðlis að það ber að taka öllum tillögum til lausnar á því með velvilja og það vil ég gera. Það hefur verið verulegur áhugi á því innan míns stjórnmálaflokks að koma til móts við þessi sjónarmið sjómanna sem þeir hafa haldið fram, og oft að ég held með réttu, að þeir gætu fengið hærra verð fyrir fiskinn ef hann yrði seldur öðruvísi en í beinum viðskiptum, a.m.k. til skamms tíma litið. Hins vegar hefur ekki verið stuðningur fyrir því að gera það að lagakvöð að útgerðarmenn og sjómenn verði að selja fiskinn eftir þessari leið einni og megi ekki nota neina aðra leið. Það eru fleiri hagsmunir í þessu máli en bara hagsmunir sjómanna, og á það ber að horfa líka, og það eru líka lögmætir hagsmunir. Við skulum gefa okkur að það væri rétt, án þess að ég ætli að halda því fram, en við skulum gefa okkur að útgerðarmaður velji að selja frystihúsi í byggðarlaginu þar sem hann býr allan fisk af sínu skipi og hann fái fyrir hann eitthvað lægra verð en hann gæti vænst að fá á fiskmarkaði. En hann velur samt þessa leið. Eigum við þá að segja á Alþingi: Þetta er gegn hagsmunum sjómanna, þess vegna erum við á móti þessu og setjum lög sem banna þetta. Er það víst? Eigum við ekki að muna eftir því að það er fólk í landi sem vinnur í frystihúsunum sem hefur hagsmuni af því að frystihúsin fái fisk til vinnslu á verði sem þau ráða við að kaupa. Á Alþingi að segja: Við viljum ekki gæta hagsmuna fiskvinnslufólks í landi heldur bara hagsmuna sjómanna? Nei, auðvitað ekki. Menn verða að horfa á þessi mál í heild sinni og það eru fyllilega réttlætanlegir hagsmunir að mínu viti í því dæmi sem ég var að setja upp og búa til að gæta að hagsmunum fiskvinnslufólks í landi. Ef þessi tillaga yrði sett í lög mundi hún taka fyrir þá hagsmunagæslu. Ég er ekki tilbúinn til að ganga svo freklega á rétt fólks í landi að samþykkja þetta mál þó ég vilji sýna því allan skilning og velvild að öðru leyti.

[16:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það blandast engum hugur um það lengur að starfsemi fiskmarkaða er orðin mjög mikilvæg í okkar þjóðfélagi. Frá því að starfsemi fiskmarkaðanna hófst fyrir u.þ.b. tíu árum síðan hefur hún aukist má segja ár frá ári og er nú orðin miklu snarari þáttur í rekstri margra sjávarútvegsfyrirtækja heldur en var í upphafi þó margir hafi spáð fremur illa fyrir fiskmörkuðunum. Menn töldu að þetta mundi ekki ganga upp, þetta væri erlend hugmynd sem mundi ekki eiga við í okkar þjóðfélagi, en annað hefur komið á daginn. Og það er mjög mikið til í því sem fram kom í máli hv. 1. flm. þessarar þáltill. að starfsemi og tilkoma fiskmarkaða hefur haft mjög margt gott í för með sér, t.d. skapað fjölbreytni, möguleika á að losna við aukaafla og að gera sér peninga úr honum, þannig að það er ekki ástæða til annars en að taka undir að þessi starfsemi er mjög þýðingarmikil. Það er mikilvægt að um þessa starfsemi sé sem gleggstur, skýrastur og bestur lagarammi. Mér finnst hins vegar, herra forseti, að flutningsmenn dragi síðan alveg kolvitlausar ályktanir af þessari reynslu. Það er út af fyrir sig alveg eðlilegt að viðurkenna, og það hef ég verið að gera hér í þessum orðum mínum, að starfsemi fiskmarkaðanna er mjög mikilvæg og hún er að verða óaðskiljanlegur hluti af sjávarútveginum í dag og ég vænti þess að þannig verði það á næstu árum. En það þýðir hins vegar ekki að menn eigi að draga þá ályktun að úr því að menn sjá ýmislegt jákvætt í sambandi við fiskmarkaðina þá eigi að yfirfæra það yfir á gjörvallan sjávarútveginn í landinu. Mér finnst fráleitt að menn dragi slíkar ályktanir. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegur forseti, að ég get á engan hátt stutt þessa þáltill. og tel raunar að hún sé mjög óskynsamleg eins og ég skal reyna að færa nokkur rök fyrir.

Í fyrsta lagi er það mjög eðlilegt í öllum viðskiptum að menn hafi ráðstöfunarrétt yfir því sem þeir eru að bjóða til sölu. Þannig hefur það verið í okkar þjóðfélagi. Alveg sama hvaða fiskveiðistjórnarkerfi menn hafa haft þá hafa menn haft það í hendi sér hvernig menn ráðstafa þessum afla. Það er alveg rétt að við bjuggum mjög lengi við miðstýrt fyrirkomulag á þessari öld, miðstýrt verðfyrirkomulag sem reyndist ákaflega illa. Þess vegna var það mikilvægt þegar frelsið hófst og menn hófu frjálsa fiskverðsmyndun í sjávarútveginum. En það þýðir ekki að við eigum að stýra þessari fiskverðsmyndun inn í einn farveg. Það mæla engin rök með því að við ætlum með opinberri tilskipun að ofan að segja að þannig og einungis þannig getum við stýrt fiskverðsmyndun í landinu að við sendum allan fisk á fiskmarkaði. Það er alveg fráleitt og alls ekki í samræmi við nútímahugsunarhátt eins og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir talaði um áðan að við förum með opinberri tilskipun að haga okkur þannig.

Ég held að það sé hægt að benda á ýmislegt sem gæti verið mjög neikvætt ef við færum inn á þessar brautir. Hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði mikið um annars vegar það sem hann kallaði veiðimannasamfélag og hins vegar hið nýja sjávarútvegssamfélag. Ég held að það fyrirkomulag sem hv. þm. er að leggja til væri hið dæmigerða veiðimannasamfélag og alveg fráleitt að það ætti nokkuð skylt við það nýja sjávarútvegssamfélag sem þjóðin er nú að fara inn í vegna þess að það sem einkennir sjávarútveginn í dag er að menn eru að reyna að auka vöruþróun og að hafa sem best eftirlit með þeirri vöru sem þeir eru að framleiða alveg frá fyrstu stundu. Forsendan fyrir því að þetta sé hægt t.d. í sjávarútveginum er að menn geti haft sitt eigið gæðaeftirlit alveg frá því að veiðarnar hefjast og þar til vinnslu og sölu er lokið. Út á það gengur vöruþróunin í sjávarútveginum. Hún gengur ekki bara út á það að hafa eftirlit með hvernig vinnslan gengur fyrir sig, heldur gengur hún þvert á móti öll út á það að menn geti haft eftirlit með þessu alveg frá upphafi.

Fyrir nokkrum dögum vestur í Bolungavík, á mínum heimaslóðum, voru t.d. bæði sjómenn og fulltrúar fiskvinnslunnar sameiginlega á námskeiði sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hafði eftirlit með þar sem menn voru að fara yfir alla þessa þætti vegna þess að það var grundvöllurinn að hægt væri að ná besta hugsanlega árangri, m.a. í gæðastjórnun, að menn reyndu að tryggja að það ætti sér stað, tryggt og gott eftirlit á öllum sviðum, á öllum þáttum málsins frá upphafi. Ég hef hitt mjög marga fiskverkendur og raunar sjómenn líka sem hafa kvartað undan því að á fiskmörkuðum gæti ótrúlega lítils verðmunar á milli góðs fisks og slæms. Fiskverkendur kvarta mjög undan því að m.a. á þessum fjarskiptamörkuðum sé þeim engan veginn ljóst og geti engan veginn treyst því að þeir séu að fá góðan fisk eða slæman. Þess vegna, virðulegi forseti, hefur sú þróun verið að eiga sér stað, jafnhliða því að fiskmarkaðirnir hafa verið að eflast til lengri tíma litið, að fiskverkendur hafa verið að reyna að tryggja sér föst viðskipti, ekki síst fiskverkendur án útgerða. Þeir hafa verið að reyna að tryggja sér föst viðskipti við tiltekna báta sem þeir geta treyst gæðunum frá. Út á þetta gengur það sem er að gerast í sjávarútveginum í dag. Þess vegna, virðulegur forseti, held ég að við værum að stíga skref aftur á bak, út úr nýja sjávarútvegssamfélaginu inn í gamla veiðimannasamfélagið aftur, ef tillaga af því tagi sem hér er til umræðu væri samþykkt.

Ég get nefnt fleiri dæmi. Fiskverkandi vestur á Patreksfirði, sem hefur verið að reyna að byggja upp litla snotra vinnslu á fjölskyldugrundvelli, segir mér að það sé grundvallaratriði að hann geti gert út sjálfur sinn litla bát, stjórnað vinnslunni og haft síðan með það að gera hvernig staðið verður að markaðssetningunni í gegnum þá söluaðila sem hann velur sér hverju sinni. Það er grundvallaratriði að þetta hangi allt saman. Fleiri dæmi væri hægt að nefna, svo sem af litlu fyrirtæki norður í Eyjafirði sem er þar með fullvinnslu á saltfiski sem grundvallast á öllu þessu, allt þetta m.a. á því að geta haft eftirlit með þessu alveg frá upphafi.

Virðulegi forseti. Þó að ég skilji á margan hátt mætavel þann hugsunarhátt sem fram kemur í tillögunni, að í tillögunni felist eins konar viðurkenning á því að fiskmarkaðir hafi á margan hátt verið til góðs, hafi skapað hér ný tækifæri í sjávarútvegi, þá held ég að sú — mér liggur við að segja ofstýringarárátta sem mér finnst skína í gegnum tillöguna mundi ekki skila sjávarútveginum því sem ég þykist vita að vaki fyrir hv. flutningsmönnum, því ekki dettur mér neitt annað í hug en að það sé þeirra meining að reyna að búa til aðstæður fyrir íslenskan sjávarútveg sem yrðu honum til góðs.

Síðan gætum við velt því fyrir okkur hvaða óvissu þetta gæti skapað í byggðunum úti um land ef útgerðarmönnum sem hefðu viljað landa í sínum heimabyggðum yrði gert að láta þennan fisk á markað og gætu ekki haft nokkurt vald á því hvort hann lenti í vinnslu í litlu þorpunum úti á landi eða hér á höfuðborgarsvæðinu, Eyjafjarðarsvæðinu eða einhvers staðar annars staðar. Þetta er líka mál sem við þyrftum að ræða. Hver yrði staða litla fyrirtækisins, t.d. eftir brælutíð, þegar lítill fiskur væri á mörkuðum og fiskverð ryki upp. Hver væri staða litla fyrirtækisins sem hefði getað fengið fisk af sínum eigin báti strax eftir bræluna? Hver væri staðan ef þetta litla fyrirtæki þyfti að fara inn á markaðinn og kaupa allan sinn fisk þar og væri að keppa við stóra fyrirtækið sem fyrst og fremst þyrfti að hugsa um jaðarkostnaðinn, viðbótarkostnaðinn við að bæta aðeins við hráefni sitt? Það er augljóst mál að litla fyrirtækið úti á landsbyggðinni yrði undir í slíkri samkeppni.

[16:38]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Í þessum umræðum hefur farið eins og svo oft áður að menn gleyma hvernig hinir frjálsu markaðir urðu til og hverjir það voru sem beittu sér fyrir breytingunni. Sá sem fyrstur mun hafa flutt tillögu um það á Alþingi að breyta fiskverðsákvörðunum yfir í frjálsar markaðsákvarðanir var Vilmundur heitinn Gylfason, þáv. þingmaður Alþfl. og einn af helstu forustumönnum jafnaðarmanna. Hann flutti á Alþingi tillögur um þessar breytingar og sætti þá mjög harðri andstöðu, ekki síst frá flokki hæstv. sjútvrh. sem þrátt fyrir mikið tal um markað og markaðsfylgni er nú ekki meiri markaðsflokkur en svo að hann stóð lengi gegn hugmyndum um frjálst fiskverð og opnun fiskmarkaða. Þar má líka nefna ýmsa hagsmunagæsluaðila í sjávartútvegi sem fannst þetta vera algjör firra. En þetta mál hafðist í gegn og ég held að það sé enginn sem vill stíga það skref til baka enda hefur ekki komið fram í þessum umræðum að nokkur óski þess. Við skulum því vera minnug þess í umræðunum hvernig frjálst fiskverð og frjálst markaðskerfi við fiskverðsákvörðun var komið á, hverjir studdu það og fluttu fram fram og hverjir voru á móti því þangað til þeir treystu sér ekki til að spyrna lengur gegn broddunum.

Hvernig er ástandið núna? Við búum við þær aðstæður á Íslandi sem mjög fáir sjómenn í öðrum löndum búa við, þ.e. kaup og kjör sjómanna á íslenskum fiskiskipum eru ákveðin með hlutaskiptum, ekki með föstu kaupi, heldur með hlutaskiptum. Það er því að sjálfsögðu mikið mál fyrir þá hvort um er að ræða eðlilega verðmyndun á fiski á markaði eða hvort þeir verði að una ákvörðunum þar sem ekki er um markaðsákvarðanir að ræða á fiski sem er grundvöllurinn að kaupi þeirra og kjörum. Það getur verið að hagkvæmara sé fyrir einhverja aðila að kaupa fisk til vinnslu á lægra verði heldur en markaðurinn ákveður. En það er þá einhver sem greiðir fyrir. Sá sem greiðir fyrir að verulegu leyti er sjómaðurinn sem fær þá lægra skiptaverð en hann mundi fá ef markaðslögmálin réðu ákvörðun um fiskverð. Þess vegna er mjög eðlilegt að sú krafa komi frá sjómannasamtökunum, þegar þau hafa mörg dæmi um að hlutur sjómanna er þannig fyrir borð borinn, að markaðskerfið verði látið stjórna í meira mæli fiskverðsákvörðun heldur en gert hefur verið. Það er alveg sjálfsagt og eðlilegt að Alþingi taki slíkar tillögur til skoðunar. Það sem hér er verið að gera er að það er einfaldlega verið að leggja fram till. til þál. um að Alþingi lýsi yfir vilja sínum í þeim efnum. Það er einfaldlega verið að leggja fram tillögu um viðbrögð Alþingis við þeim umræðum sem orðið hafa og þeirri stefnu sem sjómannasamtökin hafa markað. Það er mjög eðlilegt að slík tillaga komi fram á Alþingi Íslendinga og það er mjög eðlilegt að slík umræða eigi sér stað í sjútvn. og að niðurstaða af þeim umræðum, hver svo sem hún verður, verði síðan kynnt sem tillaga að afgreiðslu nefndarinnar á þeirri þáltill. sem hér hefur verið flutt.

Auðvitað eru ýmis vandkvæði á því að skylda allan fisk á markað, en það eru ekkert meiri vandkvæði, nema síður sé, en voru á því hér á árum áður að breyta frá miðstýrðu kerfi yfir í markaðskerfi. Þá komu þingmenn hér upp hver á fætur öðrum og sögðu að slík breyting væri þess eðlis að ekki væri óhætt að ráðast í þær miklu sviptingar sem fylgja mundu í kjölfarið. Þeir ágætu þingmenn sem þannig töluðu

þegar málið var hér fyrst á dagskrá þegja nú. Þeir rifja ekki upp sín fyrri ummæli, þeir gera ekki tillögu um að horfið verði aftur til fyrri hátta. Það er því ekkert óeðlilegt við það að sú ósk, sem komið hefur fram hjá sjómannasamtökunum og rökstudd var með rökum eins og ég nefndi hér áðan, sé tekin til umfjöllunar á Alþingi Íslendinga. Þetta er tillaga um það. Menn mega ekki heldur gleyma því að fiskmarkaðirnir hafa treyst stöðugleika og sérhæfingu í íslenskri fiskvinnslu. Það eru fjölmörg fyrirtæki sem byggja starfsemi sína fyrst og fremst á því að kaupa á fiskmörkuðum og vinna þann afla sem þannig er keyptur. Það eru t.d. mörg slík fiskvinnslufyrirtæki sem hafa náð góðum árangri á erlendum mörkuðum með sölu á nýjum fiski sem þau hafa unnið á neytendamarkað og keypt með þessum hætti af fiskmörkuðum. Það er því algjörlega rangt að fiskmarkaðir hafi grafið undan stöðugleika og sérhæfingu í íslenskri fiskvinnslu. Þvert á móti eru fiskmarkaðirnir undirstaða margra fyrirtækja sem hafa sérhæft sig og standa í stöðugum og tíðum viðskiptum við erlenda kaupendur.

Virðulegi forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að vera að snúa út úr því máli sem hér er flutt með þeim rökum sem menn notuðu á sínum tíma á móti því að fiskverð yrði gefið frjálst. Mér er alveg ljóst að það eru vandkvæði á því að framkvæma þessa tillögu eins og það voru vandkvæði á því á sínum tíma að taka upp frjálsa fiskverðsmyndun. Þrátt fyrir þau vandkvæði var það gert og hefur skilað góðum árangri. Ég er alveg sannfærður um að með því að taka markaðsbúskapinn enn betur í þjónustu sína er hægt að ná enn betri árangri bæði fyrir fiskvinnsluna, sjómenn og útgerðarmenn í okkar landi.

[16:45]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Það var merkilegt að hlýða á þær ræður sem hér voru fluttar um þá vankanta sem kynnu að vera á því að allur fiskur færi yfir á fiskmarkað. Það var einna merkilegast út frá því að mér fannst jafnvel eins og menn töluðu þannig að eins og staðan er í dag þá væri svo sem engin óvissa. Þetta væri allt á nokkuð sléttum sjó, allir vissu hvað þeir hefðu eða hvað þeir fengju. Fiskvinnslan í landinu gæti ætíð gengið að hráefni o.s.frv. Það var talað um þá óvissu sem kynni að skapast. Þetta fannst mér afar merkilegt vegna þess, herra forseti, að ég hélt að það væri öllum ljóst, ekki síst þeim sem hér hafa talað á undan mér, að sjávarútvegi hefur alltaf fylgt mikil óvissa. Sú óvissa mun ekki aukast þó svo að við seljum fisk á fiskmarkaði í ríkari mæli en við gerum núna. Hún mun ekki gera það, herra forseti, og staðreyndin er sú að tilkoma fiskmarkaðanna hefur ekki bara komið í veg fyrir það að enn meiri fiskur færi til sjóvinnslu, hún hefur líka tekið á öðrum afleiðingum kvótakerfisins, sem sé þeim að ef skip hefur verið selt burt úr sveitarfélagi með kvóta þá hafa þó fiskvinnslufyrirtækin sem eftir sitja átt þann möguleika að kaupa hráefni á mörkuðum til þess að halda uppi atvinnu.

Þar erum við kannski komin að máli sem væri eðlilegt að ræða í þessu samhengi. Það er nefnilega svo, herra forseti, að sveitarfélögin í landinu hafa undanfarin ár lagt þó nokkuð á sig til þess að festa skip með kvóta heima í héraði. Hér á árum áður þurftu sveitarfélögin iðulega að hlaupa undir bagga vegna þess að það vantaði fé til rekstrar. Það var áður en útgerðin var rekin með hagnaði, herra forseti, en á seinni tímum — og það sjáum við líka á lögunum um stjórn fiskveiða þar sem inni er forgangsréttarákvæði sveitarfélaga — hafa menn haft tilhneigingu til að líta svo á að eignarhald á kvóta skapaði öryggi í vinnslu. Það hefur þá þýtt að ef kvóti er framseldur eða skip seld á milli byggðarlaga þá hefur skapast óöryggi. Þá hefur skapast það óöryggi sem menn viku að áðan. Þá hefur skapast það óöryggi að sú vinnsla sem ekki er hægt að flytja á milli staða, en hugsanlega á möguleika á mörkuðum, getur þá haldið áfram vegna þess að hún á möguleika á hráefni á fiskmörkuðum. Það má þess vegna orða það þannig, herra forseti, að það að skilja á milli veiða og vinnslu með þeim hætti að afli verði seldur á fiskmörkuðum minnki þá óvissu sem óhjákvæmilega fylgir kvótakerfinu, þá óvissu sem alltaf vofir yfir ef skip eru seld eða viðskipti fara fram með veiðiheimildir.

Ég gat um það áðan að það orðalag sem er á þessari ályktunartillögu og það orðalag sem hér er óskað eftir að Alþingi sameinist um er það orðalag sem sjómannasamtökin hafa í sínum ályktunum. En það eru ekki bara sjómannasamtökin, eins og kom fram í framsögu minni, sem hafa ályktað um það að fiskur ætti að seljast um fiskmarkaði. Það hafa samtök verkafólks einnig gert bæði fyrir austan og einnig fyrir vestan. Það er því ekki bara litið á þetta sem hagsmunamál sjómanna heldur líka vinnslunnar og verkafólks vegna þess að fólk er auðvitað búið að átta sig á því að það er meira öryggi fólgið í því að fiskvinnslan geti keypt fisk á markaði heldur en að hún þurfi að eiga allt sitt undir því hvort útgerðarmaður ákveður að selja aflann í þessu plássi til þessa fiskvinnsluhúss eða jafnvel að framselja hann til veiða á einhverju öðru skipi eins og nú háttar til.

Það var nefnt í umræðunni áðan að það gæti verið óeðlilegt að meina útgerðarmanni að selja afla til frystihúss í litlu plássi á kannski örlítið lægra verði en hann gæti fengið annars. Til lengri tíma litið er það nú svo að þau fyrirtæki ein standa sem geta selt afurðir sínar, geta selt sína framleiðslu á þeim markaði sem fyrir hana er á því verði sem þarf til þess að reka viðkomandi fyrirtæki. Ég veit því ekki hvort sá „greiði" sem þarna er verið að gera getur verið hið varanlega gagnvart þessari vinnslu. Ef hún þarf á því að halda að fá hráefnið niðurgreitt með þessum hætti og þá niðurgreitt af sjómönnunum, þá held ég að menn þurfi að skoða aðra hluti. En hún þarf þá að fá það niðurgreitt af sjómönnunum og þar stendur hnífurinn í kúnni. Það eru sjómannasamtökin sem aftur og aftur hafa farið fram með þá kröfu að afli verði seldur á fiskmarkaði. Og það er einmitt vegna þessa. Það er vegna þess að þeir hafa viljað meina, og fyrir því eru dæmi, að þeir hafi verið látnir taka þátt í kvótakaupum, mátt þola það að útgerðarmaður semji um sölu á afla á því verði sem honum hentar og þannig talið sig vera hlunnfarna. Það er því ljóst, herra forseti, að við verðum að koma okkur upp kerfi sem stuðlar að meira réttlæti þarna. Um það er verið að biðja og um það er erum við að tala hér í dag.

Að orða það svo að menn séu að biðja um opinbera tilskipun, að það sé verið að biðja um tilskipun að ofan. — Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst þetta alltaf svolítið fyndið orðatiltæki þegar við erum að ræða mál hér á Alþingi vegna þess að það er alveg laukrétt sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gat um áðan að fyrsta hlutverk alþingismannsins er auðvitað að setja lög. Og einhvern veginn hefur það sest þannig í mig að lög væru tilskipanir að ofan, sama hvort þau eru um verslun af þessu tagi eða einhverju öðru eða aðrar hliðar mannlegs lífs. Við þetta höfum við í flestum tilfellum sætt okkur. Þess vegna lít ég ekki svo á að hér sé um frekari tilskipun að ofan að ræða heldur en í mörgu öðru. Fyrir mér og okkur flutningsmönnum vakir það

fyrst og fremst að setja réttlátar leikreglur, leikreglur sem það fyrirkomulag sem við erum með í sjávarútvegi í dag kallar beinlínis á, bæði staða sjómanna, staða vinnslunnar, það hvernig fiskveiðistjórnarkerfi við erum með. Allt þetta kallar á að við setjum þennan ramma um það hvernig menn versla með það hráefni sem selt er og keypt til vinnslu.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fór aðeins yfir það sem einkenndi sjávarútveg í dag. Hann hefur sína sýn á það, heyri ég, og það höfum við væntanlega öll eftir því hvar við stöndum. En því miður er það sem einkennir umræðuna um sjávarútveg í dag það að þjóðin virðist vera afskaplega ósátt við það fyrirkomulag sem við erum með. Mér finnst það hljóti að vera skylda okkar að reyna að mæta þeirri óánægju á einhvern þann hátt sem viðunandi getur kallast.

Ég gat um það í framsögu minni að ein þeirra leiða sem notuð hefur verið til þess að hjálpa vinnslunni við að sérhæfa sig hefur verið sú, þar sem í hlut eiga fyrirtæki sem einnig eiga kvóta, að versla með fiskinn óveiddan eða framselja aflakvóta og fela öðrum að veiða tilteknar tegundir jafnvel af tiltekinni stærð á tilteknum tímum. Þetta er fyrirkomulag sem mér finnst í fyllsta máta óeðlilegt ef um það er að ræða að stuðla að sérhæfingu í fiskvinnslunni. Það hlýtur að vera eðlilegra að aflinn sé seldur á mörkuðum þannig að menn geti átt aðgang að honum þar eftir því hvað þeir eru að framleiða og hvenær frekar en að menn versli með óveiddan fiskinn með þessum hætti. Enda er alveg ljóst að einmitt þessi verslun er eitt af því sem sjómenn eru að berjast gegn og sem hefur komið óorði á kvótakerfið ef ég mætti, herra forseti, taka þannig til orða. Þingsályktunartillaga okkar, þar sem verið er að kalla eftir skoðun Alþingis í tilteknu máli, snýst þess vegna um það að við sköpum hér ákveðinn ramma, að við tökum á tilteknum skipulagsvanda. Og ég trúi því, herra forseti, að meiri hluti hv. alþm. sé sammála því að á þessu þurfi að taka.

[16:56]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu um þáltill. hefur verið leitt fram í dagsljósið að ekki er verið að leggja til að allur sjávarafli verði seldur á fiskmörkuðum. Það er aðeins hluti af sjávaraflanum sem mun fara á fiskmarkaðina og það mun leiða til þess að útgerðum verður mismunað. Það er alveg ljóst að landvinnslan, frystihúsin í landinu sem byggja vinnslu sína að talsverðu leyti á afla ísfisktogara, mun, ef þetta nær fram að ganga, eiga erfiðara í samkeppninni við frystiskipin. Frystiskipin munu ekki verða háð þeirri takmörkun sem hér er verið að setja fram hugmyndir um. Það munu hins vegar frystihúsin í landi verða. Þau munu ekki geta tryggt á sama hátt það gæðaferli sem frystiskipin geta tryggt sér. Þau munu ekki geta tryggt það á sambærilegan hátt. Þannig er þetta grundvallaratriði sem hefur verið leitt fram í umræðunni að ekki er verið að tryggja að allur fiskur verði seldur á fiskmörkuðum, heldur er verið að tryggja það að fyrirtækjum verður mismunað eftir því hvers konar fiskverkun þau stunda. Þetta er athyglisvert ekki síst með tilliti til þess að fiskvinnslan í frystihúsunum á nokkuð undir högg að sækja. Það er ljóst að þeir sem í fiskvinnslunni starfa telja að það sé afar mikilvægt að frystihúsin fjárfesti í bættri vinnslutækni og bættri gæðastjórnun og fjárfesti í þróunarstarfi. Þar eru raunar taldir vera talsverðir möguleikar í frystihúsunum. Þetta kom fram á ráðstefnu sem haldin var um stöðu landvinnslunnar á Akureyri nú fyrir stuttu. Það var talið að ef menn hefðu á annað borð svigrúm til þess að stunda þróunarstarf og bæta nýtingu hráefnisins þá væru möguleikarnir að vissu leyti meiri í frystihúsunum heldur en á frystitogurunum, meira svigrúm sögðu menn. En það byggðist að sjálfsögðu á því að menn gætu fylgst með vörunni frá upphafi til enda og tryggt alla þætti gæðastjórnunarinnar. Ég sé því ekki betur en að sú þáltill. sem hér til umræðu í dag gangi nokkuð þvert á hugmyndir þeirra sem ætla sér að leysa vanda landvinnslunnar með þróunarstarfi og gæðaeftirliti.

Hér hefur verið sagt að stöðugleikinn í fiskvinnslunni byggist á uppboðsmörkuðunum. Þetta er rangt. Uppboðsmarkaðir eru hluti af því sem tryggir stöðu fiskvinnslunnar og sjávarútvegsins í dag og er ágætur hluti af þessu starfsumhverfi. En það er ekki þar með sagt að menn eigi að einblína á fiskmarkaðina og segja: Við lögbjóðum uppboðsmarkað á fiski. Það verður að teljast raunar mjög sérstakt að menn þrengi þannig viðskiptaumhverfið. Ég hefði gjarnan viljað að menn veltu því fyrir sér hvar á öðrum sviðum viðskiptalífsins menn væru reiðubúnir til að ganga svona langt — að lögbjóða uppboðsmarkaði. Það er nokkuð sérkennilegt. Það er kannski ekki hægt að segja að verið sé með þessum hætti að hafa viðskiptafrelsið í hávegum heldur þvert á móti er verið að takmarka viðskiptafrelsið. Þannig að það er afskaplega sérkennileg skoðun sem kom fram áðan að í því að lögbjóða mönnum að þeir geti ekki selt fisk öðruvísi en á uppboðsmarkaði felist ekki takmörkun á viðskiptafrelsi. Að sjálfsögðu er veruleg takmörkun á viðskiptafrelsi fólgin í því. Uppboðsmarkaðir á öllum stigum atvinnulífsins eru aðeins ein tegund af viðskiptum. Í tilfelli sjávarútvegsins hefur sú viðskiptategund komið sér mjög vel. Ég endurtek það hér að uppboðsmarkaðirnir gegna mjög mikilvægu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi í dag og fiskvinnslu og eiga fullan rétt á sér og hafa orðið til góðs. Þar með er ekki sagt að menn eigi að útiloka aðra viðskiptahætti.

Hér hefur komið fram að sjómenn krefjist þessa. Það er rétt að sjómenn telja sínum hagsmunum vel borgið á fiskmörkuðunum. Ég er hins vegar ekki viss um að fiskvinnslufólk alls staðar á landinu sé mjög hrifið af þessum hugmyndum. Komum við þar að stöðu landvinnslunnar. Þessi sjónarmið hafa komið fram hjá landverkafólki en ekki alls staðar. Ég hef sjálfur rætt óformlega við forustumenn launþega í mínu kjördæmi og það er ljóst að þeir hafa nokkrar áhyggjur af þessum tillögum vegna þess að þeim finnst að þær tryggi ekki sérstaklega hagsmuni landverkafólks. Þar er það ekki síst sú þróun í gæðaeftirliti og eftirliti með vörunni frá upphafi til enda sem tryggir best stöðu landverkafólksins.

Þetta held ég að sé ástæða til að benda á í umræðunni — að ekki er hægt að leggja þetta mál fram undir merki frjáls markaðar. Það er fullkominn misskilningur hjá hv. flm. ef þeir halda að svo sé. Það er verið að leggja þetta mál fram undir flaggi takmarkana á markaðsmálum.

[17:03]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegur forseti. Ég hef alltaf gaman af því þegar þingmenn Sjálfstfl. sem telja sig vera fylgjandi frjálsum markaðsbúskap koma hér upp á Alþingi til að mæla gegn honum. Það gera þeir í hverju málinu á fætur öðru og brjóta þannig sinn eigin boðskap meira en flestir aðrir menn gera. Ég hef gaman af því vegna þess að það voru nákvæmlega sömu rök og hv. þm., sem hér talaði áðan, færði gegn því að markaðurinn yrði látinn ákvarða fiskverð eins og á sínum tíma voru færð rök gegn því að löggjafinn afnæmi ákvæði

um miðstýringu með aðild framkvæmdarvaldsins við fiskverðsákvörðun. Það voru nákvæmlega þessu sömu rök, herra forseti. Að ef það valdboð yrði afnumið, að ganga ætti frá fiskverðsákvörðun með tilstyrk opinbers oddamanns, þ.e. með opinberri miðstýringu, mundi það skapa skelfilega mismunun í sjávarútvegi. (**Sjútvrh.:** Hvers konar órétti?) Þetta voru rökin sem þá voru færð. (**Sjútvrh.:** Hverjir voru það?) Núna koma menn með tillögu um að markaðurinn verði látinn ráða verðinu í enn frekari mæli en gert hefur verið og þá eru enn sömu rökin um mismunun færð fram, þ.e. að verðákvörðun á markaði muni skapa óþolandi mismunun. Það eru formælendur Sjálfstfl. sem eru að skýra okkur frá því að markaðsverðsákvörðun muni skapa óþolandi mismunun. Ef svo er hlýtur náttúrlega sá frjálsi markaður sem er í dag að skapa óþolandi mismunun, eða hvað? Alla vega einhverja mismunun. Er þá ekki rétt að stíga skrefið til baka í það kerfi, herra forseti, sem enga mismunun skapaði? Kerfið þegar fulltrúi framkvæmdarvaldsins fór með oddaatkvæði í verðákvörðun á fiski. Það kerfi mun þá væntanlega ekki skapa neina mismunun vegna þess að þá gildir sama verðið fyrir alla. Er þá ekki sjálfsagt og eðlilegt að stíga skrefið til baka til þess jafnréttis allra fyrirtækja á sjó og á landi sem þá var viðhaft? (**SvG:** Og kalla oddamanninn heim.) Og kalla oddamanninn heim. Mann sem hefur góða og langa reynslu af því að skera úr um hvort fiskverð eigi að hækka eða lækka og svo sitja náttúrlega allir við sama borð því það er kosturinn, virðulegi forseti, þegar menn styðjast ekki við markaðsbúskap að þá er með miðstýrðum ákvörðunum hægt að tryggja að allir sitji við sama borð. Og það virðist vera það skelfilega í hugum þeirra sjálfstæðismanna ef ekki er hægt að tryggja slíkt. Þess vegna eru þeir á móti því að markaðurinn fái að ákvarða verð. Hafi verið knúið í gegn að hann fái að ákvarða verð að takmörkuðu leyti þá má hann alls ekki fá að ákvarða verð að öllu leyti því það er stórhættulegt. Ég hef alltaf gaman af því, virðulegur forseti, að hlusta á sjálfstæðismenn þegar þeir rökstyðja markaðshyggju sína.

Auðvitað er mismunur á milli landvinnslunnar og vinnslu um borð í fiskiskipum á hafi úti. Hver skyldi vera mesti mismunurinn á aðstöðu þeirra tveggja vinnslugreina eftir því hvort er á hafi úti eða í landi? Það er að sjálfsögðu launafyrirkomulagið sem viðhaft er við greiðslu verkalauna fyrir vinnu við að veiða fiskinn og verka hann vegna þess að það fyrirkomulag sem haft er um borð í vinnsluskipum er að þar fá menn greitt samkvæmt hlutaskiptareglum, ekki bara fyrir veiðarnar heldur fyrir vinnsluna líka, þ.e. þar eru launakjör viðkomandi starfsmanna tengd því verði sem þeir fá fyrir afurðirnar og launakjör sjómanna sem vinna fisk um borð eru ekki bara tengd fiskverðinu, ekki bara tengd verði á þeim fiski sem vinnslan um borð tekur síðan við heldur af skilaverðmætinu í heild. Þar er mismununinn. Þannig að sjómennirnir um borð í frystiskipum fá laun í fullu samræmi við markaðsverðið á þeirri afurð sem þeir framleiða. Það fær landverkafólk hins vegar ekki. Ef ætti að tala um hið fullkomna jafnrétti í þessum efnum þá ættu menn að tala um að breyta annaðhvort kjörum landverkafólks til samræmis við það sem gerist um borð í frystiskipum eða að breyta kjörum þeirra sem afla vinna um borð í frystiskipum í hátt við það sem gerist í landi. Þar er mismununin. En ef það eru nokkrir aðilar sem að öllu leyti eru háðir markaðnum um afkomu sína — að öllu leyti — þá er það fólkið sem vinnur við veiðar og vinnslu afla á sjó.

Síðan spurði hv. þm. sem talaði hér síðast hvenær Alþingi hefði lögboðið markaðsvæðingu. Til dæmis þegar við afgreiddum hér hlutafélagavæðingu Pósts og síma. Það var gert á grundvelli þess að Alþingi hafði ákveðið og var raunar knúið til að ákveða það vegna áhrifa EES-samningsins að þarna skyldu verða frjáls markaðsviðskipti í sambandi við fjarskiptaþjónustu. Hv. þm. spyr: Hvenær hafa menn lögboðið uppboðsmarkað? Það hafa menn gert t.d. í lögum um fjarskipti þar sem ráðherra er veitt heimild til að bjóða út fjarskiptarásir með frjálsu útboði. (**Gripið fram í:** Þeir vita ekkert um ...) Það hafa menn líka gert í framkvæmdum á útboði á tollkvótum þar sem uppboðsviðskipti eru lögleidd. Þannig að ég spyr: Hvar hefur þessi hv. þm. verið? Við höfum verið að afgreiða hvert lagafrv. á fætur öðru á undanförnum missirum þar sem markaðsviðskipti eru lögleidd, beinlínis fyrirskipað í lögum að svo skuli vera. Ég bið hv. þm. að hugsa þá hugsun til enda hvort hv. þm. finnst það vera eðlileg viðskipti eða finnst honum það vera innherjaviðskipti ef einn aðili selur sjálfum sér afurð sem hann þarf að nota á lægra verði en aðrir þurfa að kaupa sambærilega afurð sem eru við hann í viðskiptum? Sumir mundu kalla það innherjaviðskipti og ekki telja það æskilegt. Enn óæskilegra er það, hv. þm., þegar laun fólks sem stundar framleiðsluna eru háð verðinu, eins og í þessu tilviki.

Um lögboð að ofan. Frjáls markaðsviðskipti með fisk voru lögboðin að ofan með því að afnema það lögboð að opinber verðákvörðun skyldi vera á fiski og markaðurinn (Forseti hringir.) skyldi opnaður í staðinn. Það voru fyrirmæli að ofan um að markaðsviðskiptin skyldu vera ríkjandi, (Forseti hringir.) sams konar lögmál eins og við höfum innleitt í stöðugt fleiri svið í íslensku efnahags- og viðskiptalífi og það er af hinu góða.

[17:12]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem hér talaði síðast, gekk nú ansi langt í útúrsnúningunum í sínum málflutningi. Í raun og veru virðist hann rugla saman frjálsu markaðskerfi og lögboðnu uppboðskerfi. Ég vænti þess að hv. þm. geri sér samt grein fyrir að talsverður munur er á þessu. Ef menn leiða í lög uppboðskerfi þá er verið að þrengja markaðsbúskap og markaðskerfi. Ég held að gott væri fyrir hv. þm. að reyna að gera sér grein fyrir hvernig það mundi þrengja viðskiptasviðið á ýmsum sviðum ef viðskipti, á hvaða sviði sem er, væru bönnuð nema þau færu fram á uppboðsmarkaði. Ég er hræddur um að það mundi hvína í mörgum helstu forvígismönnum frjálsra markaðsviðskipta ef svo væri gert. Frjáls markaðsviðskipti annars vegar og lögboðinn uppboðsmarkaður hins vegar eiga afskaplega lítið sameiginlegt. Það getur vel verið að hv. þm. vilji koma upp í ræðustólinn og slá sig til riddara og sem sérstakan varnarmann markaðsviðskipta með því að leggja til að uppboðsmarkaðir verði lögboðnir en ég er hræddur um að hann fái ekki marga til að veita sér medalíu fyrir þá framgöngu enda er bókstaflega ekkert samband þarna á milli.

[17:14]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég átta mig nú ekki alveg á röksemdafærslunni hjá hv. þm. því hér er verið að tala um að lögbinda það að frjáls markaðsviðskipti skuli fara fram á þeim markaði sem skapaður hefur verið fyrir slík viðskipti. Það er það sem verið er að gera. En þetta er bara alveg í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá formælendum þess

flokks sem hv. þm. tilheyrir. Hann svaraði ekki spurningu minni þegar ég spurði hann hvort hann teldi þá ekki rétt, til að koma í veg fyrir að hin frjálsu markaðsviðskipti sköpuðu ójafnvægi milli aðila eins og hann gagnrýndi helst áðan, að snúa til baka til þess kerfis sem eitt getur tryggt að allir sitji við sama borð, sömu fiskverðsákvörðunar sem tekin er við sama borð á sömu stundu fyrir alla. Það er eina aðferðin til að gulltryggja að engin mismunun sé á milli aðila því að markaðurinn getur mismunað aðilum. Þar sem þetta vóg svo þungt í röksemdafærslu hv. þm., af hverju leggur hann þá ekki til að allri mismunun verði útrýmt með því að gamla kerfið um eitt verð fyrir alla verði tekið upp á ný?

[17:15]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður virðist ekki sjá fyrir sér nema tvo möguleika í viðskiptum. Annaðhvort opinbera miðstýringu eða lögboðinn uppboðsmarkað. Þessi fátækt í hugmyndafræði þingmannsins er mjög sérkennileg. Ég leyfði mér áðan að benda á til hvers það mundi leiða ef menn notuðu þessa hugmyndafræði sem einhverja grundvallarhugmyndafræði í sínum viðskiptum. Það mundi að sjálfsögðu leiða til hins mesta ófarnaðar. Ég sé ekki hvað hv. þm. á við þegar hann ímyndar sér — þegar ég hef efasemdir um það hér og lýsi þeim — að rétt sé að lögbjóða uppboðsmarkaði þá sé ég að leggja til að menn hverfi aftur til opinberrar miðstýringar. Svona langt er ekki hægt að ganga í útúrsnúningum, hv. þm.

[17:16]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er nú leikur að orðum. Frjáls markaður hlýtur alltaf að vera uppboðsmarkaður vegna þess að á frjálsum markaði verður verðmyndunin sú sem samkomulag getur náðst um milli kaupenda og seljenda þar sem seljandi fær það hámarksverð fyrir vöru sína sem kaupandinn vill greiða. Þannig að frjáls markaður og uppboðsmarkaður er einfaldlega eitt og það sama í reynd. Það sem hv. þm. sést yfir er að í núgildandi kerfi skapast sá vandi að aðilar sem eiga hlut í að búa til verðmæti vörunnar, þ.e. sjómennirnir, fá í sumum tilvikum ekki sannvirði fyrir þá vöru, það verð sem markaðurinn mundi bjóða þeim ef þeir væru frjálsir að því að versla með vöru sína á frjálsum opnum markaði. Hv. þm. gleymir hver borgar herkostnaðinn af þessu. Það eru sjómennirnir í launum sínum sem eru neyddir til að sætta sig við lægri laun en frjáls viðskipti bjóða þeim upp á. Mér er sem ég sjái þennan hv. þm. halda því fram á fundi t.d. með sjómönnum í sínu kjördæmi að þetta sé réttlátt kerfi. Sá mundi verða fljótur að þvo hendur sínar af því og tala með öðrum hætti á slíkum fundi frammi fyrir kjósendum úr sjómannastétt í kjördæmi sínuen hann talar hér.

[17:18]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það var fróðlegt að heyra þessar umræður. En það þarf býsna ófyrirleitna prætubókarlist til að reyna að gagnrýna þessa einföldu tillögu um markaðsviðskipti með fisk á þeim forsendum að það feli í sér mismunun og miðstýringarárattu. Er það kannski svo að engin mismunun sé í því kerfi sem við búum við? Sitja útgerðarmenn allir við sama borð? Sitja sjómenn við sama borð? Situr fiskvinnslan við sama borð? Gilda almennar reglur þar sem menn sitja við sama borð eins og á að gilda, og það er þá alla vega grundvallaratriðið, um markaðsviðskipti? Um leið og spurninganna er spurt vita menn að svo er ekki. Það er kjarni þess fiskveiðistjórnarkerfis sem við höfum, þ.e. úthlutun veiðiheimilda ókeypis með framsali, að útgerðaraðilar sitja ekki við sama borð. Sumir fá þessar veiðiheimildir ókeypis og nýta þær, aðrir fá þær en nýta þær ekki. Þeir ýmist leigja innan árs eða selja en alla vega er það svo að sá aðili sem kemur nýr að útgerð situr ekki við sama borð. Hann verður að kaupa sig inn í greinina og honum er þess vegna mismunað í samanburði við þá sem fyrir eru. Sjómennirnir búa við hlutaskiptakerfi og hafa kjarasamninga um að útgerðaraðilum sé skylt að leita hæsta verðs fyrir fiskinn. Sitja þeir við sama borð? Nei, að sjálfsögðu ekki. Nú eru menn ekki að tala um einyrkja sem róa einir á bát og með eigin útgerð, eins og ein útúrsnúningatilraunin var. Þeir sitja ekki við sama borð vegna þess að eitt megindeilumálið í þjóðfélaginu í dag, og búið að reyna á það í alvarlegum verkföllum, er að reyna að koma með frjálsum samningum upp samstarfsnefndum eða úrskurðarnefndum milli útgerðaraðila og sjómanna til að koma í veg fyrir að einmitt framsalskerfið leiði til þess að sjómönnum sé mismunað að því er varðar hlutaskiptakerfið. Sumir eru, þó það sé lögbrot, þvingaðir til þátttöku í kaupum á kvótum en aðrir sleppa við það. Þannig er mönnum mismunað. Ein afleiðingin af þessu kerfi er hins vegar sú að kvótabraskið sem er að sumu leyti kveikja þessarar tillögu, veldur því m.a. af því að það fer auðvitað inn í fiskverðið, að aðfangaverð fiskvinnslunnar í landinu er hærra en það ella væri og bitnar þar af leiðandi á kjörum fiskvinnslufólks. Við búum með öðrum orðum við kerfi þar sem fólki er mismunað í bak og fyrir.

Þessi tillaga er afar einföld og auðvitað er hægt að reyna að gera hana hlægilega með einhverjum útúrsnúningum t.d. hvað eigi að gera við trillukarla sem vilja hengja upp eða segja: ja, þetta er náttúrlega ekki tillaga um almennar reglur vegna þess að frystitogarar sem selja sínar afurðir beint á erlendum mörkuðum og sæta þar lögmálum markaðskerfisins, sem þeir búa við þar, eru ekki með. Það er hægt að gagnrýna þetta fyrir að vera þáltill. en ekki lagafrv. sem er svona ámóta gáfulegt og að gagnrýna sagnfræðirit fyrir að vera ekki skáldsaga.

Kjarni málsins er hins vegar mjög einfaldur og hann er þessi: Hér er lagt til að almennar reglur verði settar um viðskipti innan lands með fisk og að þær reglur verði markaðsviðskipti og horfið verði frá þeirri mismunun sem blasir við öllum aðilum sem að þessu koma á hverju þrepi og stigi. Það verði ein almenn regla. Það verði horfið frá mismunun og allir sitji við sama borð sem að þessum viðskiptum koma. Þá bregður svo við að þeir sem í orði kveðnu teljast vera helstu talsmenn markaðskerfis koma og finna þessu allt til foráttu sem þeir mögulega geta og telja þetta vera takmörkun á almennum viðskiptareglum, telja þetta vera miðstýringu og mismunum. Þeir beita með öðrum orðum prætubókarlist og þeirri ófyrirleitni að snúa þessu alveg gjörsamlega öfugt. Snúa þessu öllu á haus.

Hverjir eru kostirnir við fiskmarkaði? Fyrst og fremst þeir að allir sitja við sama borð. Eftir því sem framboðið væri meira á fiskmarkaði væri verðið í meira jafnvægi sem hefur líka ákveðna kosti. Menn óttast gæðastjórnun og vöruþróun, segja þeir. Menn hafa þá ekki mikla trú á áhrifamætti markaðsviðskipta ef sú staðreynd að menn eru reiðubúnir að greiða hærra verð fyrir meiri gæði, betri afurð, mundi ekki að lokum skila sér í gegnum þann aga sem verðmyndun í markaðskerfi þýðir. Fyrir utan það að því er varðar vöru-

þróun að fiskmarkaðir eru auðvitað sérstaklega vel til þess fallnir að gefa fiskvinnslunni í landi kost á því að sérhæfa sig, að nýta betur bæði mannskap, tæki og hráefni, sérhæfa sig í hinni endanlegu vöru og standa betur að vöruþróun en ella er hægt.

Ég get alveg gert ráð fyrir því að hægt sé við nánari skoðun að segja að einhverjir annmarkar væru á þessu í framkvæmdinni en þeir eru þá aðrir en hér hafa komi fram í umræðunum. Og af því að menn hafa verið að spyrja hvenær löggjafarvaldið hafi beitt sér fyrir því að knýja menn til að lúta almennum reglum á markaði. Ja, frá því að sú ríkjandi heimspeki og stjórnunarspeki sem hefur nú verið ráðandi lengst af á þessari öld hjá forustumönnum Sjálfstfl. og Framsfl., sem er yfirleitt um ríkisforsjá og ríkisíhlutun, frá því að hún hefur orðið að láta undan síga á seinni árum hefur þó Alþingi Íslendinga verið að setja slíka löggjöf í hverju stórmálinu á fætur öðru. Mér er náttúrlega afskaplega ofarlega í minni að sú kenning var ráðandi hjá forustu Sjálfstfl. áratugum saman að frjáls verslun væri ágæt í innflutningi en gjörsamlega þjóðhættuleg í útflutningi. Það mál snerist um einkaleyfi Sambands ísl. fiskframleiðenda, þ.e. SÍF, á saltfiskmörkuðunum. Það tókst þrátt fyrir allt með miklum erfiðismunum en með akkúrat sams konar útúrsnúningum og íhaldssjónarmiðum sem hér hafa verið rakin. Það tókst að lokum að vinna bug á þeim og koma á almennu viðskiptafrelsi í útflutningi á saltfiski. Allar hrakspárnar urðu mönnum til skammar. Það kom á daginn að þetta var að sjálfsögðu mjög hagkvæmt fyrir útflytjendur ekki síður en innflytjendur og leiddi til bættrar afkomu þeirra og bættrar stöðu okkar á mörkuðunum.

Annað dæmi: Alþingi Íslendinga hefur sett almennar reglur um fjármagnsmarkaði. Hverjir væru viðskiptavakar á fjármagnsmarkaði og hvaða almennu reglur giltu um það. Hann er að vísu vanþróaður enn en samt sem áður var það löggjafinn sem setti almennar reglur um það, leikreglur til að reyna að tryggja að menn sætu við sama borð. Það er nákvæmlega það sem þessi tillaga snýst um. Ef það er svo að menn hafa svona mikla vantrú á því að almennar viðskiptareglur og almenn markaðslögmál leiði til hagkvæmustu niðurstöðu, þá eiga menn að segja það bara fullum fetum en ekki að vera með málamyndavífilengjur og útúrsnúninga sem sneiða algjörlega hjá kjarna málsins.

[17:26]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Eftir því sem ég hef fylgst með umræðunni ber hún nokkurn keim af þeirri umræðu sem er í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál í dag sem mér finnst að sé meira og minna á röngum forsendum. Það kom berlega í ljós hjá síðasta ræðumanni sem um leið var kominn í umræðu um fiskveiðistjórnarkerfið sem í grundvallaratriðum byggir á því að við erum með takmarkaða auðlind og verðum að takmarka aðgang að henni. Það er eins og það sé allt í einu orðið aðalatriðið. Það er dálítið gaman að heyra það frá þingmönnum sem í öðru orðinu tala eins og þeir séu hinir einu og sjálfskipuðu sérfræðingar í markaðsmálum. Ég er sammála að það sem skiptir máli fyrir íslenskan sjávarútveg eru númer eitt markaðsmál. Það er aðgangur að markaði, ekki innlendum fiskmarkaði, heldur erlendum neytendamarkaði fyrir vöruna sem við erum að framleiða. Númer tvö er aðgangur að tækniþekkingu til að geta unnið þessa vöru og komið henni á markað og verið fullkomlega samkeppnishæf við það besta sem gerist annars staðar í því. Númer þrjú er kannski til að geta fullnægt þessu aðgangur að fjármagni. Sá aðili sem getur fullnægt þessum skilyrðum, haft aðgang að erlendum neytendamarkaði fyrir vörurnar, átt aðgang að þeirri tækni sem þarf til að koma vörunni á framfæri og aðgang að því fjármagni sem þarf til að gera þetta hvort tveggja, getur gert hvað sem hann vill í sjávarútvegi alveg burt séð frá því hvaða kerfi er í gangi á hverjum tíma til að stjórna aðgenginu að auðlindinni. Hann hefur einfaldlega yfirburðarstöðu.

Virðulegur forseti. Þó það sé kannski aðeins út fyrir umræðuefni þessarar tillögu þá tekur nú alveg steininn úr þegar sömu markaðssinnar í orði fara að tala um að nýjar leiðir vanti til að koma arðinum í sjávarútvegi út til fólksins og eru búnir að finna þá leið í gegnum ríkiskassann, samanber umræðuna um að taka hugsanlega allt að 30 milljarða af 100 milljarða veltu sjávarútvegsins og velta þeim í gegnum ríkiskassann. Svo koma þessir sömu aðilar hér og berja sér á brjóst og segjast vera talsmenn hins eina sanna einkaframtaks og markaðsmála en sem eru kannski þeir einu sem enn eru að tala fyrir hreinum og ómenguðum sósíalisma í okkar þjóðfélagi. (**SvanJ:** Þú gleymir ritstjóra Morgunblaðsins. ... hann í þessu samhengi.) Já, virðulegur forseti, ég er greinilega ekki ritstjóri Morgunblaðsins í þessu samhengi.

Ég var á ráðstefnu um sjávarútvegsmál sem Stafnbúi, þ.e. nemendur í sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri, hélt um síðustu helgi norður á Akureyri. Þar kom fram fulltrúi fiskvinnslunnar, ekki fyrirtækjanna heldur fiskverkafólksins, fiskverkakona ofan af Akranesi. (**Gripið fram í:** Þessi fræga?) Já, þessi fræga, en ég held að það hefði verið hollt fyrir frammíkallanda að hlusta á rök hennar. Hún sagði einfaldlega að fiskverkafólkið væri á móti kröfunni um allan fisk á markað vegna þess, sagði hún, „... við viljum ekki þurfa að taka 5% umsýslugjald ofan á allan aflann sem auðvitað bætist ofan á hráefnisverðið fyrir vinnsluna". En að sjálfsögðu er ég ekki að tala á móti fiskmörkuðum. Fiskmarkaðir eru komnir til að vera og þar hlýtur að fara í gegn verulegur hluti af aflanum.

En hins vegar, virðulegi forseti, svo ég komi aftur að markaðsmálunum, íslenskur sjávarúvegur og sjávarútvegsfyrirtæki eru orðin mjög vel meðvituð um að þau verða að vinna að markaðsmálum og þau verða að komast í beina tengingu við hinn erlenda neytendamarkað. Sá markaður er kröfuharður. Hann gerir kröfur um mikil gæði og til þess að uppfylla þær þá verða fiskvinnslufyrirtækin að geta haft með gæðastjórnun að gera á öllum ferlinum. Allt frá vinnslu og til hins endanlega neytendamarkaðar. Og ég sé ekki hvað það bætir okkur ef það á að lögskipa það að bætt verði einum millilið við allt kerfið sem eðli sínu samkvæmt kostar eitthvað, sem er að taka 5% fyrir þá umsýslu. Það kerfi sem er í dag kemur á engan hátt í veg fyrir sérhæfingu. Það kemur á engan hátt í veg fyrir að stærri fyrirtæki sem stunda bæði útgerð og vinnslu setji hluta af sínum afla á markað. Og þau gera það. Þau setja þann afla sem ekki passar inn í vinnslumunstur þeirra á markað og þess njóta þá þeir sem eru sérhæfðir á því sviði. Þannig að það er ekkert nýtt að slíkt gerist. Menn eru ekki að gera neinar byltingar á því sviði með þeirri tillögu sem hér liggur frammi. Fiskmarkaðir eru staðreynd.

Það er líka staðreynd að hluti fyrirtækja hefur kosið að ráða bæði yfir veiðunum og vinnslunni en varðandi kjör sjómanna í slíkum fyrirtækjum þá er samið um þau sérstaklega og m.a. tekið mið af þeim hluta sams konar afla sem

tekur verð á markaði. Þannig að það er ekki rétt að það sé slitið úr samhengi við laun sjómanna í slíkum tilfellum. *Slíkir samningar eru í gangi, a.m.k. í þeim fyrirtækjum sem ég þekki sem stunda bæði veiðar og vinnslu.* Það eina rétta í þessu er því að láta markaði ráða. Láta markaðinn ráða hvort aflinn fer á hverjum tíma í gegnum fiskmarkaðina eða hvort hinn endanlegi erlendi markaður gefur okkur best verð með því að hann fari í gegnum fyrirtæki sem stunda bæði veiðar og vinnslu. Mér fyndist það svo ég noti nú, virðulegi forseti, þekktan frasa, „alveg arfavitlaust" að fara að banna með lögum að sama fyrirtækið geti stundað bæði veiðar og vinnslu án afskipta þriðja aðila, milliliðs, sem tæki einhverja prósentu af hinni endanlegu afkomu, sem kæmi væntanlega bæði niður á sjómönnum og landverkafólki.

[17:34]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er stutt andsvar. Ég get afar vel skilið það að menn sem eiga hagsmuna að gæta sem stjórnarformenn í fyrirtækjum telji óbreytt kerfi hagsmunum fyrirtækis síns hugsanlega í hag. Það getur vel verið að út frá því sjónarmiði telji menn þetta hagkvæmt. En ef hv. þm. meinar eitthvað með kjörorði sínu „látum markaðinn ráða" þá erum við alveg hjartanlega sammála. Það er nákvæmlega það sem þessi tillaga fjallar um. Hún er um það að láta markaðinn ráða þannig að allir sitji við sama borð og við látum af þeirri mismunum sem við finnum víða í kerfinu núna og ég færði rök fyrir áðan.

Að því er varðar þá athugasemd hans að hann telji það svona í hugmyndafræðiumræðunni einhvern vísi að sósíalisma eða ríkisrekstri — hugmyndir manna um veiðileyfagjald — þá er því einu til að svara: Það er nú einu sinni svo að það er ríkisvaldið og löggjafinn sem hefur takmarkað aðgang manna að auðlindinni og þannig tryggt að veiðiheimildirnar eru orðnar að fémæti og þær ganga kaupum og sölum og þær eru leigðar eins og hv. þm. veit. Og það þýðir að þetta veiðigjald er komið á en það eina sem er að er það að fulltrúar almannavaldsins í landinu, almenningur í landinu, sem er lögformlegur eigandi auðlindarinnar, fær ekkert fyrir sinn snúð.

[17:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrsta athugasemd hv. þm. er nú kannski dæmi um athugasemd þess sem er rökþrota og reynir að gera viðkomandi persónu tortryggilega. Hvað hv. þm. sagði hins vegar um sameiginlega afstöðu okkar til þess að við eigum að láta markaðinn ráða — við erum sammála um það, segir hann — en okkur greinir á um á hvern hátt. (**JBH:** Það er bara einn.) Það er bara einn háttur? Það er alveg hárrétt. Og það sem skiptir öllu máli fyrir íslenskan sjávarútveg er að við skiljum þarfir hins endanlega markaðar sem er hinn erlendi neytendamarkaður og að okkur takist að fá hæsta mögulega verð í gegnum hann. Ég sé ekki að það að lögbinda að allur afli hér innan lands fari á uppboðsmarkað tryggi þetta á nokkurn hátt nema síður sé. Að því leyti erum við ekki sammála. Það sem flm. eru að færa fram er að lögbinda nýjan millilið. Og mér hefur nú fundist á hv. þm. og hans flokki að hann hafi yfirleitt ekki verið mikill talsmaður og mikill aðdáandi fleiri milliliða.

[17:37]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi málflutningur er allur í stílnum: Já, fiskmarkaðir, þeir eru ágætir til síns brúks, en ... Og síðan er byrjað að telja upp að það eru margvíslegir annmarkar á fiskmörkuðum og það er nú allt of langt gengið að allir sitji við sama borð og allur fiskur fari um fiskmarkaði sem viðskipti eru stunduð á. Þessir fyrirvarar koma eins og skrattinn úr sauðarleggnum í þessari röksemdafærslu. Mikið meira er ekki um það að segja í bili.

[17:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú blöskraði hv. þm. eigin málflutningur og ákvað að hætta. (**Gripið fram í:** Gekk fram af sjálfum sér.) Gekk fram af sjálfum sér. Auðvitað eru engir annmarkar á fiskmörkuðum. Þeir eru mjög góðir. Ef fiskmarkaðir eru jafngóðir og flm. halda, ef fiskmarkaðir eru það tæki sem þarf til að tryggja best og mest endanlegt verð fyrir íslenskar sjávarafurðir, þá er ekkert sem getur komið í veg fyrir að allur afli fari þar í gegn. Ef það er það sem tryggir besta verðið þá mundi hinn frjálsi markaður og markaðskerfi væntanlega gera það að verkum að þar færi allur afli í gegn. En það er bara ekki þannig. Það er mjög hagkvæmt að hluti aflans fari þar í gegn og samkvæmt lögmálum markaðarins þá fer það þar í gegn sem þannig skapar fyrir það hið endanlega og besta verð.

[17:39]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að koma hér upp og víkja að því hvað fiskverkafólk hefur haft um þessi mál að segja fyrst hv. síðasti ræðumaður taldi ástæðu til þess að vitna í eina fiskvinnslukonu. Ég er hér með fyrir framan mig ályktanir Alþýðusambands Austurlands frá nóvember síðastliðnum þar sem þess er krafist að allur afli sem seldur er til vinnslu innan lands verði seldur um fiskmarkað. Þarna talar verkafólk eða hvað? Þarna talar sú forusta sem það hefur treyst fyrir sínum málum. Ég er líka með ályktun frá Alþýðusambandi Vestfjarða frá nóvember síðastliðnum. En *þar stendur, með leyfi forseta: „Stefnt skal að því að* allur afli fari á markað þannig að komið verði í veg fyrir kvótabrask og fiskvinnslan í landi hafi greiðari aðgang að hráefninu." Hér sýnist mér að verkafólk hafi talað þannig að óyggjandi sé. Síðan vildi ég segja, herra forseti, vegna umræðunnar um „ef markaðurinn er svo hagkvæmur o.s.frv. ... mun þetta þá ekki allt gerast af sjálfu sér", að ég varpaði fram þeirri spurningu hér áðan af hverju útgerðarmenn og sjómenn ættu ekki samleið í því að reyna að fá sem hæst verð fyrir þann afla sem komið er með að landi. Ég spurði hvort það gæti verið rétt hjá sjómönnum sem þeir halda fram að sú hagkvæmni sem orðin er í útgerð sé e.t.v. fyrst og fremst þannig til komin að þeir hafi getað braskað með kvóta og látið sjómenn greiða svo og svo mikið af þeim hagnaði — allan, vilja þeir nú segja. Skyldi ekki svarið við spurningu hv. þm. liggja einhvers staðar þarna? Útgerðarmenn virðast hafa aðra hagsmuni í þessu máli og það væri þá gott ef þeir gætu verið ræddir.

[17:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vitnaði hér í ráðstefnu norður á Akureyri og talsmann fiskverkafólks þar og við því er í sjálfu sér engu að bæta. Það kunna að vera til aðrar ályktanir einnig og sem kom nú þarna í ljós að voru sagðar beinast gegn kvótabraski. En er fiskmarkaður einhver endanleg trygging gegn kvótabraski? Ég held ekki. Og ég held að það sé mikill misskilningur að með því að löggilda að allur afli sé seldur á

markaði þá sé komin einhver endanleg lausn á kvótabraski. Það held ég alls ekki.

Hins vegar held ég að menn geti ekki heldur horft fram hjá því að stór hluti af íslenskum sjávarútvegi hefur kosið, væntanlega vegna þess að menn hafa talið að með því hefðu menn best út úr okkar sjávarútvegi sem skilar sér nú væntanlega til allrar þjóðarinnar, að hafa bæði vinnslu og veiðar á einni hendi. Ég rakti það nokkuð í ræðu minni áðan að þær kröfur, sérstaklega þær sem gerðar eru til fyrirtækja sem vilja stunda landvinnslu og vilja stunda fullvinnslu, eru orðnar svo harðar að ef menn eiga að geta staðist þær þá verða menn að geta fylgt eftir gæðastjórnun alveg frá því að afli er blóðgaður um borð í skipi. Og ég sé ekki hagsmunina í því og ég endurtek það, virðulegur forseti, að lögbinda það að allur afli þurfi að fara á markað í gegnum nýjan millilið. Það sem er hagkvæmt að fari í gegnum markað fer þangað væntanlega samkvæmt lögmálum markaðarins og það sem er hagkvæmt og skilar endanlega besta verðinu með því að fara í gegnum ferilinn veiðar og vinnsla í sama fyrirtæki, það fer eftir þeirri leið.

[17:44]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get því miður ekki komið hér og flutt aðra ræðu þar eð tími minn mun vera útrunninn í þeim efnum, en mér finnst að hv. síðasti ræðumaður gefi e.t.v. tilefni til þess vegna þess að mér finnst hann vera kominn með okkur á byrjunarreit aftur.

Ég ætla hins vegar ekki í þessum stutta tíma sem ég hef í andsvari að reyna að fara yfir málflutning hans. Það er alveg ljóst að menn eru að gæta ýmissa hagsmuna, jafnvel eru menn að vinna í þágu tiltekinna sölusamtaka svo merkilegt sem það kann nú að virðast. En menn mega ekki gleyma því að sjómennirnir í landinu eru aðilar að þessu máli og ekki svo lítill.

Ég vil vitna, með leyfi forseta, í Helga Laxdal, formann Vélstjórafélags Íslands, þar sem hann segir: „Áhöfn er eignaraðili að sínum hlut um leið og afli kemur um borð." Fyrir þessu, herra forseti, liggur niðurstaða úr dómi þar sem segir, með leyfi forseta: „Samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1986 verður að telja að áhöfn skips öðlist eignarhlutdeild í verulegum hluta afla skips um leið og hann hefur verið veiddur og honum verði ekki ráðstafað án samþykkis hennar nema raunvirði fáist fyrir."

Hvar ætla menn að fá þetta raunvirði? Hvar fæst raunvirði? Fæst það með ákvörðun nefndar eða fæst það með því að útgerðaraðili sem á hagsmuna að gæta í vinnslu ákvarði verðið? Nei, herra forseti. Þetta raunvirði fæst bara á markaði.

[17:46]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þessi umræða hefur verið um margt athyglisverð. Að mínu mati byggir hún á eða hefur að stórum hluta byggst á því gamla viðhorfi að greina sjávarútveginn upp, annars vegar í veiðar og hins vegar í vinnslu. Frá mínum bæjardyrum séð er það úrelt og gamalt sjónarmið. Við eigum að líta á sjávarútveginn sem eina heild. Hann er sjávarútvegur og við eigum að reyna að setja þær almennu reglur sem þjóna atvinnugreininni í heild en ekki að byggja alltaf allar úrlausnir á þessari gömlu, úreltu tvískiptingu milli veiða og vinnslu.

Það er síðan athyglisvert að í þessari tillögu er ekki verið að leggja til að allur afli af Íslandsmiðum sé seldur á markaði. Það á að selja stóran hluta en ekki allan afla á markaði. Með öðrum orðum, það er skýrt tekið fram af hálfu flutningsmanna að afla frystitogara og fullvinnsluskipa eigi ekki að selja á markaði. Þeir selja aflann til útlanda eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði hér áðan. Og af því að þeir gera beina samninga án þess að nokkur uppboðsmarkaður sé þar í milli, þeir gera beina samninga í flestum tilvikum við fyrirtæki í útlöndum, þá heitir það fullkominn markaður. En ef sama fyrirtæki selur fisk í beinum samningum hér innan lands, þá er það einhver gamaldags íhaldsaðferð, eins og þeir orðuðu það, við að selja fisk. En ef það er selt til erlendra fyrirtækja með sama hætti þá er það markaður.

Hv. flm. komast ekki hjá því að tillagan felur í sér að það á að selja suman fisk á markaði en ekki allan. Í sumum tilvikum viðurkenna þeir að bein viðskipti, beinir samningar, séu bara eðlileg markaðsstarfsemi og ekkert annað, hluti af markaðskerfinu. Það sem ég fæ ekki skilið er hvers vegna þeir viðurkenna það ekki í öllum tilvikum, hvers vegna það er bara í viðskiptum við útlend fyrirtæki sem þeir viðurkenna beina samninga sem hluta af markaðskerfinu en ekki í viðskiptum hér innan lands. Á öllum öðrum sviðum í viðskiptum eru beinir samningar hluti af markaðskerfi. Flutningsmönnum þessa máls hefur aldrei dottið í hug að leggja til að kex skuli selt á uppboðsmarkaði, að mjólk skuli seld á uppboðsmarkaði eða öll málverk skuli seld á uppboði. Uppboð getur verið ágætt og sjálfsagt hentað bæði í kexsölu og öðru. En það hefur engum dottið í hug að segja að það skuli gerast á uppboði vegna þess að það eru fleiri leiðir til þess að láta markaði vinna. Það er einmitt það sem við þurfum að hafa í huga í sjávarútveginum að við megum ekki stíga þau skref að minni hyggju að takmarka þá möguleika sem markaðurinn býður upp á. Uppboð á fiski er ein leið til þess að láta markaðsöflin virka á þessu sviði en frjálsir samningar eru líka ein leið til þess. Og í þeim tilvikum þar sem útgerð og vinnsla er á sömu hendi fara þeir samningar fram að því er sjómennina varðar á þann veg að það er gerður formlegur samningur á milli útvegsmannsins eða fiskkaupandans og sjómanna, þannig að þar er það engan veginn á þann veg að það sé einhliða ákvörðun útgerðaraðilans.

Þess vegna komast flutningsmenn ekki hjá því að tillagan felur að þessu leyti í sér tvenns konar mismunun, að öðru leyti að það er bara hluti af fiskinum sem á að selja á markaði en ekki allur fiskurinn og að hinu leytinu að það er verið að takmarka þá möguleika sem markaðskerfið býður upp á í því hvernig vara er seld.

Sjávarútvegurinn á Íslandi hefur verið að ganga í gegnum miklar breytingar og á eftir að gera á næstu árum. Það er enginn vafi á að stærstu vaxtarmöguleikarnir í sjávarútvegi felast m.a. í því að auka vöruþróun og markaðsstarfsemi. Það eru margir aðilar í sjávarútveginum sem telja að þeir muni ná mestum árangri með því að geta unnið afla af eigin skipum, skipulagt veiðarnar með tilliti til hagsmuna vinnslunnar og hagað vinnslunni með tilliti til kröfu markaðarins. Ef atvinnugreinin sjálf telur að hún geti best náð árangri með slíku skipulagi, hvers vegna á að banna það, þegar allar aðrar aðferðir eru opnar um leið? Fiskmarkaður er góð aðferð, en það er ekki endilega víst að hún þjóni hagsmunum allra. Hvers vegna mega ekki þeir sem telja sig ná meiri árangri og meiri verðmætasköpun með heildarskipulagningu af þessu tagi, stunda sína atvinnustarfsemi á þann veg? Hvers vegna á að takmarka hana? Fyrir því vantar öll rök. Flutningsmenn hafa ekki fært nein rök fyrir því að þetta eigi að gilda á

öðrum sviðum atvinnulífsins, á öðrum sviðum iðnaðar eða viðskiptalífs, að takmarka eigi möguleika atvinnufyrirtækja að velja þær leiðir sem markaðskerfið býður upp á. Og ég held að það væri mjög varasamt fyrir okkur að stíga slíkt skref í dag vegna þess að við eigum mjög mikið undir því að fyrirtækin í sjávarútveginum sýni frumkvæði og nýti alla þessa möguleika og þá megum við ekki sem löggjafarvald takmarka möguleika þeirra. Ef þeir kjósa að fara með þetta á fiskmarkaði eins og þeir gera í stórum stíl, þá er það ágætt. Ef þeir kjósa að gera það í beinum samningum og ná árangri þannig, þá er það líka gott. Það er bara hluti af markaðskerfinu og væri óeðlilegt að löggjafarsamkoman setti þar á takmarkanir. Þess vegna held ég að tillaga þessi sé varasöm, hún geti í raun heft framþróun og takmarki um of þá möguleika sem frjálst markaðskerfi býður upp á. Hitt er svo allt annað mál, sá vandi sem hefur verið fyrir hendi vegna þess að í einhverjum tilvikum hafa sjómenn verið látnir taka þátt í kvótakaupum. Við þurfum að taka á þeim vanda. Þar er um að ræða brot á lögum og brot á kjarasamningum og við þurfum að finna lausn á því, en við gerum það ekki með því að takmarka möguleika markaðarins til þess að vinna og skerða þá markaðsmöguleika sem atvinnufyrirtækin hafa.

[17:54]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað vegna varnaðarorða hæstv. sjútvrh. en minnst sögunnar um Pétur og úlfinn þar sem afi var að vara Pétur við frelsinu. Óskaplega hljómar þetta eitthvað gamalt og eins.

En vegna þess að ráðherrann kemur svona seint inn í umræðuna, hann kaus að taka ekki til máls á meðan flutningsmenn gátu enn þá tekið þátt í efnislegri umræðu, þá á ég ekki annars úrkosti en leggja hér spurningar fyrir ráðherrann sem hann getur þá væntanlega svarað svo hann upplýsi sína skoðun a.m.k. betur en hann hefur gert til þessa.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um það hér áðan, að það væri markaðurinn erlendis sem endanlega skipti máli. Mig langar að fá að vita hvort hæstv. sjútvrh. er sammála því. Og í öðru lagi, af því að ráðherrann er mér sammála um að það er sérhæfing sem skiptir öllu máli fyrir íslenska fiskvinnslu ef hún á að ná að vinna sig út úr þeim erfiðleikum sem hún sannarlega er í, þá langar mig til að vita hvort hann þekki til eða viti hversu margir það mundu vera sem hafa náð að sérhæfa sig með því að vinna bara afla af eigin skipum.

[17:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld er það kórrétt að hið endanlega verð fyrir fullunnar afurðir fæst á erlendum mörkuðum. Stundum fæst hið endanlega verð fyrir óunninn fisk á erlendum mörkuðum. Vegna þess að við flytjum svo til allan okkar fisk út, þá er það verðið á erlendum mörkuðum sem er hið endanlega verð fyrir afurðirnar.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. þá hef ég ekki nákvæmar upplýsingar um hversu margir vinna fisk af eigin skipum og hversu margir kaupa fisk í beinum samningum af skipum frá öðrum eða á uppboðsmörkuðum. En mín skoðun er sú að markaðskerfið eigi að fá að starfa þannig að þeir sem telja sig fá mesta verðmætasköpun með því að vinna afla af eigin skipum og sýna fram á það, þeir eiga að vera frjálsir að því. Þeir sem telja sig leysa sín mál betur með því að gera beina samninga við útgerðarmenn eiga að vera frjálsir að því. Þeir sem vilja fara með fiskkaupin um markað eiga að vera frjálsir að því. Með öðrum orðum, ég tel að við megum ekki takmarka þá möguleika sem markaðskerfið býður upp á í þessu efni og það eigi ekki að búa til opinberar forskriftir þar um. Það sé atvinnulífið sjálft sem er farsælast um að finna þær leiðir. Þær geta verið breytilegar frá einum tíma til annars. Þær geta verið mismunandi eftir tegundum og þar fram eftir götunum. Þar kemur auðvitað í ljós að atvinnulífið og ekki síst þessi atvinnugrein er svo fjölbreytt að það verður alltaf til tjóns þegar verið er að setja takmarkanir af þessu tagi um markaðsviðskipti.

[17:58]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vill að menn séu frjálsir að því að gera ákveðna samninga. Það liggur alveg ljóst fyrir hvernig sjómenn vilja hafa þetta. Þeir vilja að það sé frjálst verð og að fiskurinn sé seldur á markaði. Ég hefði hins vegar gaman af að heyra hvernig hæstv. ráðherra sér lausn á því máli sem hann rakti hér áðan, þ.e. því að sjómenn eru látnir taka þátt í leigu eða kaupum á kvóta.

Vegna þess að hann gat ekki svarað spurningu minni um það áðan hversu margir hefðu náð að sérhæfa sig með því að vinna einungis fisk af eigin skipum, þá veit ráðherrann auðvitað mætavel alveg eins og ég að það tekst mönnum ekki. Menn verða annaðhvort að hafa aðgang að afla á markaði ellegar menn verða að geta framselt veiðiheimildir sínar með einhverjum hætti, þ.e. verslað með fiskinn í sjónum. Það er það vandamál sem sjómenn horfa mest á. Vinnslan horfir kannski meira á möguleika þess að geta keypt fisk á markaði vegna þess að það er ekki öll vinnsla í landinu sem getur verslað með fiskinn í sjónum. Þar liggur mismunur sem við viljum láta taka á. Það er ákveðinn skipulagsvandi í þessu kerfi. Ef hæstv. ráðherra er með einfalda lausn á þeim skipulagsvanda, þá vil ég gjarnan heyra hana en ég hef ekki heyrt hana enn.

[17:59]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þátttöku sjómanna í kvótakaupum þá eru skýr ákvæði um það í lögum og kjarasamningum að sú þátttaka er óheimil. Auðvitað verða menn að finna leiðir til þess að taka á því þegar menn eru að brjóta lög. Að hluta til verða menn að gera það með því að fara með þau mál fyrir dómstóla ef brögð eru að. En það er þessum atvinnuvegi ekki til góðs að ætla að fara að þrengja þau markaðsskilyrði sem atvinnugreinin býr við vegna þess að á endanum hlýtur það að koma niður á verðmætasköpuninni, á afkomu greinarinnar, afkomu fólksins sem þar starfar og afkomu þjóðarbúsins. Við eigum svo mikið undir því í framtíðinni að hér verði hagvöxtur og þegar við getum ekki aukið aflann að neinu marki, þá verðum við að gera það með aukinni verðmætasköpun og skapa fyrirtækjunum þann möguleika að geta hagnýtt sér allar þær leiðir sem markaðskerfið býður upp á í þessu efni. Það er grundvallaratriðið og frá því megum við ekki hverfa vegna þess að lífskjör okkar allra eru undir því komin.

[18:00]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit að hæstv. ráðherra ætlast ekki til að þau rök hans séu tekin alvarlega að þessi tillaga taki ekki til viðskipta með afurðir frystiskipa og fullvinnsluskipa sem aldrei koma inn í landhelgina vegna viðskipta. Það getur ekki verið gagnrýnin á þessa tillögu.

Í annan stað segir hæstv. ráðherra: Þessi tillaga er um takmörkun á eðlilegum viðskiptarétti og viðskiptaháttum, og tekur líkingu af kexi. Er þetta nú vandlega íhuguð samlíking, hæstv. ráðherra? Getur hæstv. ráðherra upplýst mig um hvaða hlutaskiptareglur gilda í kexbisnessnum? Er það svo að kjarasamningar við kexframleiðendur, launþega og kexframleiðendur — vill hann líkja þeim við hlutaskiptasamninga sjómanna? Það er nefnilega partur af þessum vanda að sjómenn róa upp á hlut.

Nú er það svo að þeir hafa kjarasamning um að það eigi að leita hæsta verðs fyrir alvöru. Það er ekki gert, hæstv. ráðherra. Það er t.d. engin trygging fyrir því að það sé gert í innherjaviðskiptum. Í raun og veru er hægt að nefna dæmi um að útgerðarmenn eru einráðir um þessa verðmyndun þannig að meira að segja kexsamlíkingin dugar ekki til. Þessi tillaga er til þess að brjótast út úr slíkum vítahring, að innleiða almennar reglur þar sem bæði útgerðarmenn og sjómenn geta þá leyst deilur sem hafa komið upp og eru orðnar mjög alvarlegar á þann veg að markaðurinn ráði fremur en geðþóttaákvarðanir eða einhliða ákvarðanir annars aðilans. Og sannleikurinn er sá að sennilega er þessi tillaga ekki síst til þess fallin að hjálpa hæstv. ráðherra. Hann ætti auðvitað að taka undir þessa tillögu því að hún gæti orðið honum að verulegum stuðningi næst þegar sú staða kemur upp að sjómenn munu einfaldlega sigla flotanum í land vegna þess að þeir una ekki lengur við þessa mismunun.

[18:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég efa ekki að góður hugur er að baki þessa tillöguflutnings af hálfu flutningsmanna. Við vitum um ákveðinn vanda sem hefur verið uppi vegna þátttöku sjómanna í kvótakaupum. En það væri mjög varasamt að stíga það skref af minni hálfu, sem ég er hér að vara við, að ætla að leysa þann vanda með því að takmarka markaðsmöguleikana í sjávarútveginum og skerða þá möguleika sem markaðskerfið býður upp á vegna þess að uppboð á vöru er bara ein leið til að láta markaðinn vinna. Aðrir sjá að þeir geta náð meiri árangri með annars konar viðskiptum og hv. flutningsmenn hafa viðurkennt hér að samningar frystiskipanna, beinir samningar frystiskipa við kaupendur á þeirra afurðum eru hluti af markaðskerfi. Þess vegna get ég ekki skilið hvers vegna þeir segja að beinir samningar aðila hér innan lands séu ekki hluti af markaðskerfi. Það er mjög mikilvægt að menn hafi það í huga þegar um er að ræða að skip og vinnsla er á höndum sama aðila, þá er skylt að gera formlegan samning við sjómennina um fiskverðið þannig að þar fer markaðskerfið fram með venjulegum hætti og síðan er hægt að fá úrskurð þar um ef samkomulag næst ekki.

En aðalatriðið er þetta að við megum ekki þrengja þessa fjölbreyttu flóru sem markaðskerfið býður upp á, ekki í sjávarútveginum fremur en í öðrum atvinnugreinum og sérstök vandamál sem við stöndum frammi fyrir verðum við að leysa með öðrum hætti. En ég virði mjög góðan hug flutningsmanna til þess að taka á þeim málum því ég tel það mjög mikilvægt og þau eigi ekki að viðgangast.

[18:05]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gleður mitt gamla hjarta að hæstv. ráðherra rengir ekki góðan hug flutningsmanna. Sannleikurinn er sá að við erum alltaf að reyna að hjálpa honum út úr hvers kyns vandræðum á vandasamri vegferð hans við að stjórna þessari atvinnugrein sem er nú ekki heiglum hent. Við gerum það ekki bara með því að minna hann á að innherjaviðskipti eru ekki markaðsviðskipti. Við erum ekki að flytja tillögu um að takmarka markaðsviðskipti, við erum að flytja tillögu um að taka upp almennar reglur um markaðsviðskipti og binda endi á innherjaviðskipti og binda endi á ójafna samningsstöðu aðila þar sem annars vegar eru útgerðarmenn og hins vegar sjómenn.

Þar að auki erum við að flytja tillögu — af því að, virðulegi forseti, talað var um það áðan að ræða ætti þetta allt í einu — um að afnema mismunun í sjávarútveginum gagnvart framsalinu með því að sjálfsögðu að taka upp veiðileyfagjald. Við erum að flytja tillögur um að setja almennar reglur sem væru framkvæmanlegar varðandi brottkast fisks og sérstaklega undirmáls og við erum að flytja tillögur um nokkra takmörkun á framsali. Þessar tillögur allar í heild sinni hafa í raun eitt meginmarkmið: Það er að skapa starfsfrið í þessari grein, reyna að skapa sátt milli þeirra aðila sem helst togast á í hagsmunaárekstrum innan kerfisins án þess þó að ganga á snið við yfirlýst markmið um hagkvæmni greinarinnar sem við gerum okkur ljóst að við þurfum að halda til streitu vegna mikilvægis hennar í íslenskum þjóðarbúskap.

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að vera að flytja allar þessar tillögur til þess að hjálpa hæstv. ráðherra ef hann ekki grípur tækifærið til að þakka fyrir sig og taka undir þær og aðstoða við að koma þeim fram. En að sjálfsögðu metum við mikils góð orð hans um að þetta sé flutt af góðum hug.

[18:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég met mikils umhyggju hv. flutningsmanna í minn garð en hitt mundi ég meta meira ef þeir sýndu atvinnugreininni meiri skilning en fram kemur í þessari þáltill.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 219. mál (kvótaleiga). — Þskj. 278.

og

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 263. mál (undirmálsfiskur). — Þskj. 498.

og

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613.

[18:08]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur af þeim þremur frv. sem verða rædd saman. Það er í fyrsta lagi 219. mál sem er frv. til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, en

flutningsmenn auk mín eru þeir hv. þm. Gísli S. Einarsson og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir.

Þetta frv. fjallar um afmarkaðan þátt í fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. framsal veiðiheimilda, er nokkur takmörkun á framsali veiðiheimilda. Frv. er liður í víðtækri stefnumótun þingflokks jafnaðarmanna í sjávarútvegsmálum en áðan var rætt eitt af fimm þingmálum þingflokks jafnaðarmanna eða einstakra þingmanna í þingflokki jafnaðarmanna, um að allur fiskur sem seldur er hérlendis verði seldur á fiskmarkaði, en önnur mál í þessum flokki er hin þekkta ályktun um veiðileyfagjald sem var rædd í haust og síðan hefur þegar farið til nefndar frv. til laga um að heimila útlendingum að fjárfesta í fiskvinnslu hér á landi.

Þetta mál er þannig fjórða málið í röð þingmála þingflokks jafnaðarmanna, en fimmta málið og síðasta í þessari sjávarútvegshrinu, er það mál sem ég mun tala fyrir á eftir sem fjallar um undirmál eða brottkast á afla.

Meginatriðið varðandi framsal eða þá umræðu sem tengist fiskveiðistjórnarkerfinu hefur verið umræðan um veiðileyfagjald og eins og við vitum skiptast menn mjög í fylkingar hvað þann þátt varðar. Við sem erum talsmenn veiðileyfagjalds höfum haldið fram réttlætisrökum í því máli, þ.e. úr því að ríkisvaldið afhendir veiðiheimildir ókeypis og menn hagnast á kaupum, sölum eða leigu á veiðiheimildum án þess að hafa greitt nokkuð til eigandans, að enga sanngirni sé að finna í því fyrirkomulagi. Í öðru lagi höfum við dregið fram sem röksemd fyrir veiðileyfagjaldi að söknarfæri séu nýtt á efnahagssviðinu með veiðileyfagjaldi til að skapa svigrúm til að byggja upp annað atvinnulíf við hlið sjávarútvegs.

Hins vegar, og það er nauðsynlegt að menn átti sig á því, að veiðileyfagjald hefur ekkert með framsal veiðiheimilda að gera og ekkert með fiskveiðistjórnarkerfið að gera en þetta frv. tekur einmitt á tilteknum þætti í þeim efnum. Framsalið á veiðiheimildum er ákveðinn grundvallarþáttur í aflamarkskerfinu og hefur bæði verið gagnrýnt en kostir þess hafa einnig verið dregnir fram. Framsal veiðiheimilda í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi er að stærstum hluta þannig að skipt er á veiðiheimildum innan sömu útgerðar og jöfn skipti eru á veiðiheimildum milli útgerðaraðila. Þetta er það fyrirkomulag sem almennt er talið leiða til hagkvæmni og hagkvæmari stýringu veiða.

Annar flokkur slíks framsals er þegar veiðiheimildir eru leigðar innan ársins eða þær eru keyptar og seldar varanlega og greitt er fyrir með peningum. Þetta er sá þáttur þegar sumir bæta við sig veiðiheimildum, aðrir minnka við sig. Það er einmitt þessi þáttur framsalsins sem hefur verið gagnrýndur og liggja til þess tvær ástæður. Önnur er sú að veiðiheimildunum er úthlutað ókeypis og fjölmargir hafa gagnrýnt að úr því að veiðiheimildunum er úthlutað ókeypis, þá sé ekki sanngjarnt að stýrikerfið bjóði upp á að þessir handhafar veiðiheimildanna geti hagnast verulega. Þetta er ein af röksemdunum fyrir veiðileyfagjaldi eins og ég gat um áðan.

Hitt atriðið sem hefur valdið mikilli gagnrýni er að menn leigja frá sér kvóta en leigja hann síðan til sín aftur og láta sjómenn taka þátt í þeim kvótakaupum. Þetta er það sem sjómenn hafa gagnrýnt hvað mest varðandi framsalið og er undirrótin að þeirri óánægju sem hefur verið með framsalskerfið fyrir utan þá staðreynd að ekki er veiðileyfagjald lagt á veiðiheimildir sem úthlutað er. Þessi viðskipti sem ég lýsti, þ.e. þátttaka sjómanna við kaup á veiðiheimildum, eru bönnuð. Það hefur verið settur lagarammi í kringum þá þætti og líka gengið frá því í kjarasamningum en það virðist vera að þau mál hafi ekki haldið nægjanlega vel að mati sjómanna. Benda má einmitt á að ein af röksemdunum fyrir því máli sem var rætt áðan, þ.e. að allur afli fari um fiskmarkaði, er einmitt til að taka m.a. á þeim vanda auk annarra röksemda fyrir því máli sem voru rakin áðan.

Þetta frv. sem hér er til umræðu tekur hins vegar á einu ákvæði í núverandi lögum um stjórn fiskveiða. Þar segir að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflaverðmæti í þorskígildum talið tvö ár í röð, þá fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækki sem því nemur. Þetta segir okkur að hægt er að veiða 51% sem tæki tvö ár í röð, það er alltaf litið yfir tvö ár í núverandi lögum. Ástæðan er m.a. sú að menn telja að sú vannýting á úthlutuðum fiskveiðiheimildum verði að vera yfir lengra tímabil svo að rétt sé að refsa með því að menn missi veiðiheimildirnar. Þetta þýðir hins vegar það að nægjanlegt er að veiða 51% og leigja frá sér 49% yfir tveggja ára tímabil.

Tillaga okkar í þingflokki jafnaðarmanna er einföld. Hún gengur út á það að fiskiskip verði að veiða 80% af fiskveiðihlutdeild sinni. Það eina sem er breytt í núgildandi lögum er að hlutfallið er hækkað úr 50% í 80%, miðað við tvö fiskveiðiár í röð. Hugsunin er alltaf tvö ár, bæði í lögum og í þessu frv. Hér er vitaskuld verið að tala um að útgerðaraðili verði að nýta sér a.m.k. 80% af aflamarki samanlagt tvö ár í röð, ef hann á ekki að missa veiðiheimildir sínar.

Með þessu frv. eru menn hvattir til þess, og það er megintilgangurinn frv., að vera annaðhvort inni í fiskveiðistjórnarkerfinu, þ.e. vera í útgerð af fullum krafti ef við getum orðað það svo, því að nú er það þannig að menn mega flytja 20% af fiskveiðiheimildum á milli ára þannig að menn hafa þegar svigrúm í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að færa á milli ára og það er ósköp eðlilegt fyrirkomulag í fiskveiðistjórnarkerfinu, eða hverfa úr útgerð. Ef frv. verður samþykkt í því formi það er hér, þá knýr það menn til að annaðhvort veiða meira af sínum úthlutuðu aflahlutdeildum eða að hætta og fara úr útgerð, þ.e. nokkuð verður dregið úr leiguviðskiptum með þessu frv. Að okkar mati er þetta frv. mikilvæg endurbót á núverandi kerfi, það takmarkar framsal að nokkru leyti. Gert er ráð fyrir að þeir sem fá úthlutað veiðiheimildum verði að veiða meira af þeim sjálfir, en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.

Það er ekki mikið um að menn nýti sér ekki að veiða þau 50% aflaheimilda sem eru í núgildandi lögum. Tölur sýna að það er lítið um að aflaheimildir falli niður, enda mjög eðlilegt vegna þess að menn reyna að nýta þær heimildir sem þeir fá úthlutað og komast hjá því að þær falli niður, annaðhvort með varanlegri sölu eða með því, sem er reyndar ekki gott í núverandi kerfi, þ.e. að geyma heimildir yfir fiskveiðiáramótin eins og þekkist. Það er auðvitað ekki í anda laganna. Það er ekki í anda núverandi löggjafar og vitaskuld ekki í anda þeirrar hugmyndafræði sem liggur að baki þessu frv. *Burt séð frá því hvort þetta frv. verður samþykkt eða* ekki þarf að skoða betur þann þátt þegar menn eru að geyma mikið af fiskveiðiheimildum fyrir aðra aðila, geyma þær yfir áramótin og framselja síðan aftur til baka. Eðli framsalsins í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi var alltaf upprunalega það að veiðiheimildir skiptu varanlega um eigendur. Eiginlega má segja að flestir sem hafa komið nálægt núverandi fiskveiðistjórnarkerfi áttuðu sig ekki á því að leiguviðskiptin, þ.e. viðskiptin með veiðiheimildir innan ársins, mundu verða

eins umfangsmikil og raun ber vitni. Mjög margir sem hafa komið að umræðu um núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, og ég er einn af þeim, hafa tjáð sig um það að leiguviðskipti innan ársins hafa tekið miklu rýmri þátt í kvótaviðskiptum en menn héldu í upphafi. Menn héldu að þetta mundi verða meira í því formi að það skiptust á varanlegar heimildir og menn hagræddu, færu úr útgerð eða bættu við sig eftir því sem þeim þætti hagkvæmt hverju sinni.

Þetta frv. miðar að því að taka á afmörkuðum þætti þessa máls. Hér er ekki gengið eins langt og hefur verið gert í öðrum tillögum, að banna allt framsal, bæði varanlegt og leiguframsal en eins þekkjast líka hugmyndir um að taka á afmörkuðum þætti málsins.

Við gerum ráð fyrir því, herra forseti, að sú takmörkun á framsali innan ársins sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni ekki virka þannig að hagkvæmni sé stefnt í hættu, enda er náttúrlega mjög mikilvægt að það bæði ríki hagkvæmni í kerfinu og meiri sátt en nú er. Þessari tillögu er ætlað að koma nokkuð til móts við þá gagnrýni sem hefur verið á núverandi útfærslu kerfisins þannig að með samþykkt þessa frv. er komið í veg fyrir að útgerðaraðilar leigi árlega frá sér stóran hluta úthlutaðra veiðiheimilda og stundi ekki veiðar í samræmi við úthlutaðan kvóta. Þannig, herra forseti, tekur þetta frv. á veigamiklum þætti í gagnrýni á framsal veiðiheimilda í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi.

Herra forseti. Síðara málið sem ég mæli fyrir, er einnig frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Það er flutt auk mín af þingmönnum í þingflokki jafnaðarmanna, þ.e. þeim hv. þm. Gísla S. Einarssyni, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Lúðvík Bergvinssyni, Sighvati Björgvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur. Það frv. tekur á nokkuð öðrum þætti heldur en hér var verið að fjalla um. Ástæðan fyrir því að málin eru rædd saman er sú að sjávarútvegsumræða á hinu háa Alþingi vill oft snúast um marga þætti þessa málaflokks þannig að það er ekki óeðilegt að þeir séu teknir hér saman. Ég vil hins vegar geta þess að á eftir verður rætt frv. sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mun mæla fyrir sem snýst reyndar um breytingu á ákvæðum sem ég fjallaði um áðan, þ.e. 50% regluna, það er tiltekin útfærsla varðandi þær veiðar sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Þó að ekki sé búið að tala fyrir því máli þykir mér rétt að segja að eins og það frv. er sett fram, finnst mér það vera mjög eðlileg endurbót á núverandi kerfi og taka mið af þeim breyttu aðstæðum sem þar hafa komið. Að vísu er þar talað um 50% en hugsunin gengur ekki út á það, heldur gengur út á svokallað viðmiðunarhlutfall, lækkun á viðmiðunarhlutfalli ef skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilögsögu og tekur mið af því að búið er að semja um marga stofna sem eru fyrir utan lögsöguna. Þetta tel ég vera eðlilega endurbót á núverandi kerfi en það verður rætt betur á eftir.

Frv. sem ég nefndi hér áðan hins vegar, 263. mál á þskj. 498, er vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um brottkast á fiski, þ.e. fiski sé hent útbyrðis af fiskiskipum. Það ganga miklar sögur um þann þátt. Ekki er kannski alltaf hægt að henda reiður á því að hve miklu leyti slíkar sögur eiga við rök að styðjast, en samt sem áður er talið að það sé einkum undirmálsfiskur sem er hent fyrir borð.

Ástæður fyrir því að fiski er hent geta verið ýmsar. Hann getur verið mjög smár og mönnum finnst ekki borga sig að ganga frá slíku smælki. Hins vegar getur verið að það sé ekki kvóti til fyrir þeim tegundum sem koma með öðrum í veiðarfæri og til að forðast upptöku afla og sektir, þá hendi menn fiski. Smár fiskur er verðminni en stærri fiskur og af því að menn vilja nýta kvótann sem best, þá henda menn frekar smáum fiski til að veiða stærri fisk upp í kvóta. Og loks er hægt að geta um að ef gerðir eru sérstakir samningar um veiði, t.d. að aðili lætur skip hafa kvóta en áskilur að fiskurinn sé t.d. yfir 6 kg og kaupir einungis þann fisk, þá getur það líka leitt til brottkasts.

Ég ætla ekkert að fullyrða í sjálfu sér um hvort þessar ástæður kalli á að fiski sé hent. Það er ekki leyfilegt að henda fiski, en það er hægt samt að líta á að þau atriði sem ég nefndi geti stuðlað að því við tilteknar aðstæður. Það er því brýnt að reyna að taka á þessu máli. Það er ekki auðvelt. Við gerum það hins vegar í þessu frv. með því að leggja til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða þannig að undirmál, og undirmál er skilgreint í þessu frv. en hefur áður verið reglugerðarákvæði, er tekið inn í lögin núna og það er kveðið á um að undirmál verði allt utan kvóta.

Nú er það þannig að undirmál er að hálfu leyti utan kvóta en allt undirmál smábáta er í kvóta. Hér er sem sagt meginreglan sú að undirmál verði allt utan kvóta, en þar að auki má undirmál ekki vera meira en 10% af afla hverrar tegundar í hverri veiðiferð. Menn mega ekki sem sagt koma með bara undirmál að landi. Það eru takmarkanir sem eru reyndar í núgildandi lögum hvað þetta varðar. Smábátum er heimilt að koma með undirmál að landi eins og öðrum skipum, það er ekki gerður greinarmunur á því. Aðalástæðan fyrir því að hafa undirmál utan kvóta, er að þá er tekin burt ein veigamesta ástæðan fyrir því að kasta fiski, þ.e. ef hann telst til kvóta þá rýrir hann kvótaaðila og ef um lítinn fisk er að ræða, sem segir sig náttúrlega sjálft úr því að um undirmál er að ræða, þá hefur einmitt þetta stuðlað frekar að því að fiskur hafi ekki komið að landi. Síðan er þetta útfært þannig að undirmáli verði haldið aðgreindu um borð í fiskiskipi og selt á fiskmarkaði sem tryggir eftirlit. Nú er sem sagt hugmyndafræðin hér ekki þessi almenna að allur fiskur eigi að fara á fiskmarkað, það er reyndar skoðun flutningsmanna að það sé skynsamleg útfærsla, heldur er hugmyndin sú að láta undirmálsfiskinn fara um fiskmarkaði til að tryggja eftirlit. Á árum áður var nefnilega sú regla að undirmál var utan kvóta. Það má segja að það kerfi hafi brotnað niður vegna þess að menn tóku fisk inn í hús hjá sér, kölluðu hann undirmál, voru í sjálfstæðum viðskiptum og svo þegar eftirlit var haft með, því það var ekki nokkur opinber eftirlitsaðili sem kom þá að þeirri verðlagningu, þá kom í ljós að aðilar voru farnir að misnota þessa heimild. Þetta var ekki undirmálsfiskur heldur fullvaxta fiskur sem menn kölluðu undirmálsfisk til að losna við að reikna hann inn í kvóta. Það er tekið á þessu með því að segja að fiskurinn skuli fara á fiskmarkað. Þetta var á þeim tíma þegar fiskmarkaðir höfðu ekki unnið sér þann sess sem þeir hafa núna, en eins og menn vita tryggir sala á fiskmarkaði eftirlit bæði með stærð og öðru. Fiskmarkaðir starfa eftir starfsleyfi sjútvn. þannig að hér skapast þá virkt eftirlit, fyrir utan það að þarna myndast verð á markaði sem hefur dálitla sérstöðu vegna þess að fiskurinn er ekki tekinn í kvóta. Það er ástæðan fyrir því sem er fjórða atriðið í þessu, þetta er heilsteypt útfærsla í frv. okkar, að vitaskuld eiga tekjur af undirmálsfiski ekki teljast eins og aðrar tekjur af fiski sem útgerð og sjómenn afla vegna þess að þetta er utan kvóta. Hins vegar eiga þeir ekki að verða fyrir útgjöldum ef þeir koma með undirmál að landi. Þess vegna er gert ráð fyrir að einungis fjórðungur af aflaverðmæti undirmálsfisks sem fæst á markaði komi til skipta. Hinir $^3/_4$ hlutarnir renni

til sérstakra málefna sem tengjast sjávarútvegi, þ.e. 1/4 renni til að efla slysavarnir sjómanna en flutningsmenn telja að þar séu ýmis mál brýn og þeim málum sé í sjálfu sér aldrei of vel sinnt, 1/4 skuli látinn renna til hafrannsókna og þá með þeirri hugsun að rannsókn á lífríki sjávar komi bæði sjómönnum, útgerðarmönnum og öllum landsmönnum til góða. Þetta er svona eyrnamerking á þeim tekjum sem þarna skapast. Síðan er 1/4 látinn renna til sjómanna óbeint, þ.e. til stéttarfélaga þeirra sem ráðstafa honum til orlofsmála sjómanna. Sjómenn eru lengi fjarri heimilum sínum og orlof þeirra oft mikilvægara en hjá flestum starfsstéttum þessa lands. Þarna er búin til karfa í ráðstöfun á undirmálsfiski. Meginatriðið er náttúrlega að *undirmálsfiskurinn komi að landi, menn hafi yfirlit yfir* hann, úr honum verði verðmæti og að þessu verðmæti sé þannig skipt að um það geti skapast sátt.

Það er hins vegar hægt að nefna aðra þætti sem geta hjálpað til við vandamál með brottkast eða undirmálsfisk og það er nefnt sérstaklega í greinargerðinni, hlutur sem hefur nokkuð verið í umræðu nú undanfarið og það er smáfiskaskilja sem verið er að þróa hér í meira mæli en verið hefur. Þetta hefur verið rætt aðeins á hinu háa Alþingi. Það eru Austfirðingar sem hafa haft forgöngu og menn binda vonir við þetta. Þetta er byggt að hluta til á norskri útfærslu en menn eru að vonast til þess að smáfiskaskiljan geti þegar fram líða stundir skilið smáfisk þannig frá öðrum fiski að *honum sé sleppt aftur lifandi í sjóinn. Og ef það gengur allt* eftir, þá erum við kannski búin að leysa það meginvandamál sem við erum að tala um, þ.e. brottkast fisks, að fiskur sé drepinn en ekki nýttur. Það er ekki vitað, menn eru að fikra sig áfram með notkun á þessu og starfshópur sem tengist sjútvrn. hefur unnið í þessu máli. Ég veit að menn binda vonir við þetta og það gerum við flm. líka.

Ég vil einnig geta þess að til eru aðferðir til sjálfvirks eftirlits með myndbandatækni, að reikna út hvað er í veiðarfærum. Hægt er að reikna út aflamagn í trolli út frá álagi á vírum. Það er meira að segja hægt að reikna nákvæmlega út þyngd á fiskiskipi. Sumt af þessu finnst mönnum vera dálítið fjarlægt en það er ekki svo. Það eru til ýmsar aðferðir sem byggjast á nýjustu tækni og vísindum sem gera kleift að fylgjast betur með mörgum þessara þátta heldur en var hér áður. Sumt af þessu er notað að hluta til í útlöndum þótt á tilraunastigi sé. Við vekjum athygli á þessu og væntum þess að menn reyni að fylgjast eins vel og hægt er með þessum þáttum, hinni nýju tækni varðandi undirmál, og grípa þá möguleika sem gefast.

Það breytir því ekki, herra forseti, að eins og við leggjum þetta frv. upp, að hafa undirmál utan kvóta, hafa takmörkun á heildarmagni og það gildir fyrir allan flotann, þetta sé selt undir eftirliti fiskmarkaða og andvirði renni til verðugra málefna eins og við lýstum áður og aðeins hluti komi til skipta. Við teljum að með þessu sé fundin skynsamleg leið *til að minnka brottkast á fiski. Vitaskuld er ekki komið í* veg fyrir það allt saman. Við ætlumst ekki til að þessi frv. sem ég hef hér talað fyrir leysi öll þau vandamál en að mati okkar horfa tillögurnar til bóta og vonandi getur skapast um þær samstaða þó svo að menn hafi skiptar skoðanir á öðrum þáttum í sjávarútvegsmálum. Ég vænti þess, herra forseti, að þessi mál fái brautargengi á hinu háa Alþingi.

Að svo mæltu legg ég til, að frumvörpunum verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[18:33]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Árni Ragnar Árnason, Guðmundur Hallvarðsson, Kristján Pálsson og Einar Oddur Kristjánsson.

Meginefni þessa frv. er það að gera breytingar á framsalsheimildum þeim sem eru í gildandi lögum. Eins og menn vita hefur um fátt verið jafnmikið rætt í sjávarútveginum og framsalið og um þau mál hafa verið mjög skiptar skoðanir. Framsalið hefur í sjálfu sér orðið uppspretta mikilla *deilna milli hópa í sjávarútveginum, bæði milli einstakra* hópa innan útvegsins, en ekki síst og sérstaklega þó á milli sjómanna og útvegsmanna. Og framsalið eins og það virkar í dag er farið í raun og veru að grafa undan tiltrú almennings á sjávarútveginum í heild.

Nú geta menn auðvitað haft ýmsar skoðanir á því hvort framsal sé gott, eðlilegt og skynsamlegt. Það er þó ekki kjarni málsins, heldur sá að meðan núverandi ástand varir og er við lýði er hættan sú að almenningi blöskri ýmis tilvik sem nefnd hafa verið um misnotkun á þessum þáttum. Það gerir það að verkum að menn ekki einasta ráðast gegn fiskveiðistjórnarkerfinu, sem getur verið út af fyrir sig göfugt markmið, heldur hitt að það grafi undan tiltrú almennings á *sjávarútveginum í heild og geri aðstæður manna til* þess að stunda þessa atvinnugrein í rauninni óþolandi.

Í dag er það þannig að gert er ráð fyrir því í lögum að ef fiskiskip veiðir minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð, þá fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og aflahlutdeild annarra skipa hækkar þá samsvarandi. Hins vegar er það jafnframt þannig í núgildandi lögum að ef menn stunda þessar veiðar utan fiskveiðilandhelginnar íslensku, þá hættir þetta ákvæði smám saman að virka. Viðmiðunarhlutfallið, sem í upphafi var 50% af samanlögðu aflamarki talið tvö fiskveiðiár í röð, lækkar um 5% fyrir hverja 30 daga eða hvern mánuð sem menn eru að veiðum utan íslensku fiskveiðilandhelginnar. Það þýðir að eftir 10 mánaða úthald á tveggja ára skeiði er þetta kerfi í reynd hætt að virka og menn hafa þá alveg fullar heimildir til þess að framselja innan ársins allar sínar afaheimildir. Út af fyrir sig gætum við séð að fyrir þessu voru ákveðin rök í upphafi. Rökin voru auðvitað þau, sem ég féllst á á sínum tíma enda tók ég þá þátt í að gera þessar breytingar á fiskveiðistjórnarlögunum, að það væri eðlilegt að búa til einhvern hvata sem auðveldaði mönnum að stunda fiskveiðar utan landhelginnar, sækja viðbótarheimildir fyrir þjóðfélagið og þjóðarbúið. Þetta var auðvitað alveg rétt og þetta var auðvitað mjög þýðingarmikið fyrir menn sem voru t.d. að sækja sér reynslu á Flæmska hattinum eða Reykjaneshryggnum svo ég taki tvö dæmi. En nú eru auðvitað aðstæðurnar breyttar. Nú er búið að semja á þessum hafsvæðum sem ég nefndi hérna áðan, t.d. Flæmska hattinum og Reykjaneshryggnum og það er jafnvel búið að deila þessu niður á skip þannig að í raun og veru er staða þeirra skipa sem eru að veiðum þarna orðin mjög sambærileg því sem er hjá skipum sem veiða innan íslensku landhelginnar. Rökin fyrir því að láta eitthvað sérstakt gilda um veiðar á hafsvæðum sem búið er að semja um veiðréttinn á og búið er að ákvarða fiskveiðistjórnina á, hvort sem það er gert á grundvelli kvótasetningar eða einhverrar annarrar veiðistýringar, þau eru því í sjálfu sér engin orðin. Það er langsamlega eðlilegast að

sams konar regla gildi þá um veiðarnar á þeim hafsvæðum sem búið er að semja um veiðarnar á.

Ég held að það sé mjög mikilvægt þegar við ræðum þessi mál að við áttum okkur á því hvers vegna framsalið var yfir höfuð sett inn í þetta kvótakerfi. Við skulum ekki gleyma því sem er grundvallaratriði varðandi aflamarkskerfið að gert er ráð fyrir því að kvótum sé úthlutað á skip. Og rökin voru einföld. Það eru skipin sem veiða fiskinn. Hugsunin var með öðrum orðum sú að við værum að úthluta hér aflahlutdeildum, aflamarki á veiðitækin sjálf, það væri nærtækast. Síðan var hins vegar byggður inn í kerfið sveigjanleiki sem gerði það að verkum að ef menn einhverra hluta vegna gátu ekki eða það var ekki hentugt fyrir þá að veiða hluta af sínum aflaheimildum, þá gátu menn framselt þær öðrum, búið til hagræðingu sem kallað var, búið til mekanisma sem tryggði að þetta gæti gengið sem snurðulausast fyrir sig. Hugsunin var auðvitað aldrei sú í þessu framsalskerfi að framsalið væri meginatriðið eins og hv. þm. Ágúst Einarsson nefndi hér áðan og ég er alveg sammála honum um. Meginatriðið var auðvitað veiðin hjá hverju einstöku skipi. Framsalið var hins vegar bara aðferð til þess að búa til sveigju til þess að gera mönnum bærilegra að vinna með þessu kerfi því að það gefur auðvitað auga leið að þegar farið er að deila út aflahlutdeildum hér um bil upp á kíló af hverri tegund á einstök skip, þá þurfa menn meiri sveigju heldur en það kerfi býður upp á að öðru leyti hvaða skoðun svo sem menn hafa á kerfinu að öðru leyti.

Þessi mál hafa hins vegar þróast þannig að jafnvel þeir sem báru ábyrgðina eða unnu hvað mest að útfærslu þess í upphafi hafa sagt síðar meir að það óraði engan fyrir því að þetta mundi þróast svona. Þessi viðskipti eru orðin öðruvísi heldur en menn gerðu ráð fyrir og mun umsvifameiri og leigukvótaviðskiptin hafa tekið á sig myndir sem enginn í dag vill í raun og veru verja. Þess vegna er það þannig að æ fleiri eru að komast á þá skoðun að þrátt fyrir að þeir kunni að styðja núverandi aflamarkskerfi og vilji hafa það sem frjálsast, þá sé alveg útilokað að það geti viðgengist eins og það er í dag. Menn verða að setja þessu þrengri leikreglur heldur en menn búa við í dag.

Í þessu sambandi rifjaði ég upp þegar verið var að ræða frv. frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni og Guðjóni Guðmundssyni að jafnvel útgerðarmaður eins og Sighvatur Bjarnason í Vestmannaeyjum, sem á sínum tíma talaði mjög eindregið fyrir því að hafa sem frjálsast framsal og gagnrýndi Alþingi árið 1994 þegar verið var að þrengja framsalið eitthvað örlítið, segir núna á haustdögum 1996 að þessu eigi að breyta og segir, með leyfi forseta:

„Breyta mætti kerfinu á þann hátt að einungis yrði hægt að skipta á aflamarki (heimildir innan ársins), þá væri að vísu stór hlut hagræðingarinnar til skemmri tíma fyrir bí. Til lengri tíma tel ég að þetta gæti leitt til þess að skip með takmarkaðar aflaheimildir myndu leggja upp laupana. ... Brottkast myndi einnig minnka, því það er ljóst að skip með takmarkaðar heimildir eru líklegri til þess að stunda brottkast en þau sem nægar heimildir hafa. Aflahlutdeildir yrðu hins vegar að geta gengið kaupum og sölum til þess að tryggja hagræðingu í greininni sem er mikilvægt þjóðfélagslegt mál."

Þannig sjáum við að jafnvel þeir sem forðum töluðu mjög ákveðið fyrir því að hafa hér sem frjálsast framsal og takmarkalausast eru að komast á þá skoðun að þetta gangi ekki svona. Enda er það auðvitað þannig að það hníga öll rök að því að við búum til eitthvern ramma sem skerðir þetta framsal vegna þess að það er grundvallaratriði kvótakerfisins sjálfs að það séu skipin sem sæki aflann og það eru auðvitað engin sérstök rök fyrir því að binda veiðiheimildir við skip nema vegna þess að löggjafinn telur að það sé eðlilegt að viðkomandi skip sæki þessar aflaheimildir. Ef við förum að hafa þetta framsalskerfi algjörlega galopið, þá eru auðvitað full rök fyrir því að aflaheimildir séu ekki bundnar við skip, þær séu bara bundnar við hvað sem er, bíl eða hús eða hvað sem er, sem menn geta þá framselt til og frá. Ástæðan fyrir því að við höfum þetta kerfi er sú að löggjafinn hefur talið að það væri eðlilegast, að binda aflaheimildirnar við þann aðila sem gæti sótt aflann í hafið, eiganda skipsins, útgerðina sjálfa, og skip hans.

Ég vil líka, virðulegi forseti, vekja athygli á því að í mjög athyglisverðu viðtali við mætasta og mjög farsælan útgerðarmann, Gunnar Sigvaldason á Ólafsfirði, og raunar Jón Þorvaldsson, sem er skrifstofustjóri fyrirtækisins Sæbergs á Ólafsfirði, fara þeir inn á þessa umræðu og segja svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Eitt atriði teljum við að þyrfti að lagfæra hið fyrsta og það er ákvæðið um að menn þurfi aðeins að veiða helming heimilda sinna annaðhvort ár en séu ekki bundnir af veiði á hverju ári. Með þessu skapast viss möguleiki að leigja frá sér aflaheimildir og stunda síðan engar veiðar sjálfur. Það þarf að auka veiðiskylduna þannig að menn verði að veiða eitthvað á hverju ári. Hér er ekkert stórvandamál á ferðinni. Þeir sem þetta hafa gert eru fáir og þeir eru smáir. Í áróðrinum hefur þetta verið misnotað. Það er bent á þessa örfáu menn og því skrökvað í alþjóð að svona sé þetta hjá okkur öllum. Þeir sem ekkert þekkja til í sjávarútvegi trúa því kannski að við séum flestir í sólbaði í útlöndum. Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi og það mundi vonandi kveða niður þennan áróður ef veiðiskyldan yrði aukin á þessum einstaklingum."

Þetta held ég, virðulegi forseti, að mæli með því að það sé eðlilegt að fara þá leið sem hér er verið að leggja til í frv. sem ég hef verið að mæla fyrir, að það verði ekki sá opnunarmöguleiki sem er í lögunum í dag að menn geti framselt frá sér aflaheimildir á þeim grundvelli að þeir séu að stunda veiðar á hafsvæðum sem þegar er búið að semja um. Og ég get að gefnu tilefni tekið það fram að ég er sjálfur þeirrar skoðunar og tek undir það sjónarmið að eðlilegt sé að auka veiðiskyldu þeirra skipa sem kvótum er úthlutað til. Ég er þess vegna sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar og sammála því sem hinir mætu og góðu menn frá Ólafsfirði halda fram í þessu athyglisverða viðtali í Fréttabréfi Landssambands ísl. útvegsmanna sem barst mér í hendurnar núna rétt áðan.

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ég ekki að fara mjög mörgum orðum um þetta mál. Ég held að þetta sé allt saman býsna augljóst og sé sanngirnismál sem flestir ættu að geta tekið undir. Ég held að þetta geti orðið liður í því að hjálpa til við að leysa þann sambúðarvanda sem er orðinn svo erfiður núna innan sjávarútvegsins og m.a. helgast af þessum vandræðagangi sem er í kringum framsalið sjálft. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að fyrirkomulag af þessu tagi mundi njóta víðtæks stuðnings innan sjávarútvegsins. Ég hitti mjög marga útgerðarmenn á mínum ferðum sem segja mér að þeir hafi áhyggjur af því hvernig málin hafi þróast og telja sjálfir mjög mikilvægt að skapa frið um atvinnugreinina, hvort sem menn deili síðan um fyrirkomulag fiskveiðistjórnarinnar, og liður í því sé að búa til almennari og skynsamlegri ramma um framsalið.

Ég vil hins vegar jafnframt árétta það í lokin, virðulegi forseti, að gert er ráð fyrir því í þessu frv., sem við fimm hv. þm. erum flm. að, að lögin öðlist þegar gildi. Auðvitað kom það til álita að þessi lög mundu öðlast gildi með nýju fiskveiðiári. Ég tel hins vegar að það sé mjög mikilvægt að taka á þessu vandamáli strax. Fram undan er veiðitímabil t.d. á Flæmska hattinum og á Reykjaneshryggnum sem gæti auðvitað opnað möguleika á þessu óhefta framsali sem ég hef verið að gagnrýna. Þess vegna held ég að það sé mikilvægt að lögin taki gildi strax þannig að menn nái utan um þetta vandamál sem er til staðar þegar breytingin tekur gildi, sem vonandi verður fyrr en síðar.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[18:46]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil einungis þakka hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni fyrir undirtektir við annað af þeim málum sem ég ræddi hér um. Hann gat réttilega um þessa gagnrýni þar sem hann vitnaði í hina mætu menn á Ólafsfirði sem við þekkjum vel sem höfum starfað í greininni, að breyta þessu ákvæði eins og einmitt er lagt til í því frv. sem ég talaði fyrir áðan, hvort það er hækkað úr 50% í 80% yfir tvö ár eins og tillagan gerir ráð fyrir eða 50% ár hvert eða eitthvað þess háttar. Það er útfærsluatriði sem menn geta skoðað.

Ég tel sömuleiðis eins og ég gat um áðan að sú tillaga sem hv. þm. gerði grein fyrir í frv. sínu og hv. sjálfstæðisþingmanna sé til bóta og ég tel að þarna sé hugsanlega hægt að finna þá útfærslu sem lagfærir þetta kerfi, eins og frv. okkar jafnaðarmanna gerir ráð fyrir í þessum tiltekna þætti og hv. þm. tók undir, og síðan frv. nokkurra sjálfstæðisþingmanna sem ég tek undir einnig. Mér sýnist ýmislegt benda til að hugsanlega væri hægt að ná einhverri samstöðu í sjútvn. þingsins um frekari útfærslu á þessum þætti. Ég tel það vera brýnt. Ég tel ekki að þarna séu öll vandamál leyst en ég held að með þessari útfærslu sé sátt komin á tiltekna þætti og lagt upp með lausn sem menn ættu að geta orðið sammála um.

[18:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykn. fór í upphafi nokkrum orðum um stefnu jafnaðarmanna í sjávarútvegsmálum. Ég ætla að þessu sinni að leiða hjá mér að taka upp þann þráð, en vildi gjarnan víkja að efnislegum atriðum þeirra þriggja frumvarpa sem hér liggja fyrir.

Varðandi frv. sem mælir fyrir um að hækka svokallaða 50% reglu upp í 80% þannig að menn verði skyldaðir til þess að veiða 80% annað hvert ár vil ég aðeins segja þetta: Á ársfundum samtaka sjómanna og útvegsmanna fyrr í vetur ræddi ég ýmis þau atriði sem við þyrftum að taka til skoðunar í þeim tilgangi að stemma stigu við þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Öllum er held ég ljóst að ekkert eitt atriði getur leitt þar til lausnar en eitt af þeim atriðum sem ég benti á að æskilegt væri að taka til skoðunar og frekari umræðu milli aðila í þessu samhengi var þetta svokallaða 50% ákvæði.

Það er tvennt sem kemur þar til skoðunar, annars vegar hlutfallið sjálft og hins vegar framkvæmdin. Eins og hv. þingmenn vita kom þetta ákvæði upphaflega inn að ósk útvegsmanna og var þá 25%, en var hækkað í 50% árið 1994. Það er vissulega eitt af álitaefnunum hvort hækka eigi þetta hlutfall eins og hér er lagt til. Ég get vel tekið undir að það er álitaefni.

Gallinn við framkvæmdina hefur hins vegar verið sá að menn hafa getað komist fram hjá þessu ákvæði með því að framselja veiðiheimildir skipsins. Eftir að hætt var að gera kröfu til þess að skip væru afskráð af skipaskrá ef þau hefðu ekki veiðiheimildir hefur það verið gert auðveldara en áður var. Hv. flm. minntist einmitt sjálfur á þennan annmarka og það er eitt af þeim atriðum sem menn þurfa að skoða, annars vegar spurninguna um það hvort hægt sé að koma í veg fyrir að menn fari þannig fram hjá ákvæðum laganna og hins vegar hvort það sé svo að ákvæðið verður ekki virkt eins og að er stefnt. Það er auðvitað ágalli á löggjöf ef ekki er hægt að gera hana virka.

Kjarni málsins er sá að þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tel eðlilegt að séu til skoðunar í þessu efni þó að fjölmörg önnur atriði hljóti að koma til álita einnig. Þó að erfitt sé að dæma nákvæmlega um hvort það á að vera með þeirri útfærslu sem þetta frv. mælir fyrir um eða ekki, þá er þetta vissulega eitt af þeim atriðum sem eru til skoðunar og ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, bæði gagnvart sjómannasamtökunum og samtökum útvegsmanna.

Hitt frv. sem hv. 11. þm. Reykn. mælti fyrir lýtur að undirmálsfiski og heimildum til þess að koma með hann að landi utan kvóta, en gera hluta aflaverðmætisins upptækan til ráðstöfunar fyrir tiltekna aðila. Eins og hv. flm. benti réttilega á hefur þetta verið með ýmsu móti. Um tíma var allur undirmálsfiskur utan kvóta. 1988 markaði sjútvn. þá afstöðu af sinni hálfu að að því skyldi stefnt að allur undirmálsfiskur yrði innan kvóta. Það væri óeðlilegt að halda undirmálsfiski fyrir utan kvóta og nefndin beitti sér í því sambandi fyrir breytingu á því frv. sem þá lá fyrir þinginu þannig að það væri ekki heimilt fyrir ráðherra að reikna allan undirmálsfisk utan kvóta, heldur aðeins hluta af honum. Og það byggðist á stefnumörkun sjútvn. þingsins á þeim tíma.

Núna er verið að framkvæma útfærslu á þessu sem er tillaga samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna. Í sjálfu sér tel ég að það þyrfti að koma meiri reynsla á þá útfærslu áður en menn gerðu breytingar á því fyrirkomulagi, en það eru fjölmörg álitaefni sem koma hér upp. Ef aðferð eins og þessi felur í sér hvata til að koma með smáfisk eða undirmálsfisk að landi, þá er auðvitað hætta á því að skip breyti venjum sínum frá því sem er í dag. Ég held að flestir reyni að forðast smáfiskasvæðið þegar þeir eru að veiðum en þetta gæti leitt til þeirrar freistingar hjá skipum sem væru til að mynda á heimleið og sigldu yfir smáfiskasvæðið að taka eitt eða tvö holl og koma með smáfisk að landi fyrst hann gæfi einhver verðmæti í aðra hönd. Ef þetta felur hins vegar ekki í sér neinn hvata, þá felur það kannski heldur ekki í sér neina lausn. Ég þori ekki að fullyrða hvort frv. mundi hafa þessi áhrif.

Ég held að í sjálfu sér séu vænlegri leiðir til þess að koma í veg fyrir frákast á undirmáli að loka smáfiskasvæðum. Við höfum verið að gera það á undanförnum árum og lokað stærri hluta af smáfiskasvæðum en nokkru sinni fyrr. Það hefur dregið úr frákasti á undirmálsfiski þó að það heyri því miður auðvitað ekki sögunni til því að það eru engar einfaldar lausnir til í þessu efni. Eins og hv. flm. benti á, þá er einnig verið að þróa nýja möguleika til þess að skilja smáfiskinn frá með smáfiskaskiljum og íslensk fiskiskip eru að feta inn á þær brautir. Það er álitaefni að mínu mati hvort þessar leiðir eru ekki vænlegri til árangurs í þessu efni.

Við verðum líka að athuga að það er álitaefni hvort rétt er að fara inn í kjarasamninga og lög um skiptahlut sjó-

manna eins og gert er með þessum hætti. Það vekur auðvitað upp þá spurningu hvar Alþingi á að setja takmörk fyrir því hvenær breyta á skiptahlutföllum sjómanna og gæti skapað fordæmi fyrir því að fara inn í skiptahlutföllin undir öðrum kringumstæðum þó að ég viti að það er ekki ætlun hv. flm.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og ráðuneytisins um bætta umgengni um fiskveiðiauðlindina hefur nýlega ákveðið að taka einmitt þetta viðfangsefni til nýrrar skoðunar. Við erum núna að framkvæma þá tillögu sem nefndin kom fram með fyrir einu og hálfu ári eða svo en hún hefur ákveðið að taka þetta efni til nýrrar skoðunar af sinni hálfu. Það hafa oft komið fram hugmyndir af þessu tagi og ég teldi að það væri mjög mikilvægt að nefndin fengi eðlilegt ráðrúm til þess að fara yfir þessi mál og skoða þær hugmyndir sem settar hafa verið fram af þessu tagi áður en þingið hrapaði að niðurstöðu um þetta atriði.

Að því er varðar svo þriðja frv. sem hér er til umræðu og hv. 1. þm. Vestf. mælti fyrir vil ég aðeins segja að ég held að það hafi verið ákveðin rök fyrir því á sínum tíma að 50% reglan gilti ekki að fullu þegar skip voru að vinna Íslandi veiðirétt utan fiskveiðilögsögunnar. Að sama skapi tel ég að það séu alveg gild sjónarmið á bak við þetta frv., að þegar þróunin hefur náð því stigi sem nú er, þegar við höfum komið á fiskveiðistjórn á ýmsum þessum svæðum og úthlutað aflaheimildum, þá eru ekki sömu rök og áður að veikja 50% regluna með þeim frádrætti sem þarna er heimilaður. Ég tel eðlilegt að það mál sé tekið til endurskoðunar.

Herra forseti. Ég vildi aðeins koma þessum almennu athugasemdum að við 1. umr. varðandi þessi þrjú frumvörp.

[18:58]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta. Ég vil fyrst og fremst og eingöngu þakka hæstv. sjútvrh. fyrir jákvæðar undirtektir við þetta frv. Ég er mjög sammála honum eins og nærri getur að það eru auðvitað mjög gild sjónarmið á bak við þetta frv. Nú er málum svo komið að það er búið að semja um veiðirétt og stjórnun veiða á fjarlægum miðum eins og Flæmska hattinum og Reykjaneshryggnum og þess vegna eru aðstæður allt aðrar en þær voru þegar menn voru á frumbýlingsárunum að reyna að búa sér til veiðirétt fyrir sjálfa sig og fyrir þjóðarbúið í heild. Þess vegna var ástæða til þess á sínum tíma að hafa innbyggðan hvata inn í kerfið sem gerði það að verkum að menn sæju sér hag í því að sækja á fjarlægar slóðir, því að auðvitað vita það allir að þegar menn eru að fara á fjarlægar slóðir, oft og tíðum við erfiðar aðstæður þar sem þeir þekkja takmarkað til, þá kostar það mikið fé og er auðvitað mjög áhættusamt og margar útgerðir hafa hreinlega farið flatt á því. Þó að sem betur fer hafi tekist í meginatriðum vel til varðandi Flæmska hattinn og Reykjaneshrygginn þá eru samt sem áður þekkt dæmi úr sögunni að menn hafa farið á fjarlæg mið og ekki haft erindi sem erfiði.

Þess vegna voru það á sínum tíma fullgild rök að hafa þetta kerfi þannig að það byggði inn einhvern hvata fyrir menn til þess að stunda þessar veiðar. Nú er auðvitað búið að breyta þessu landslagi öllu með því að búið er að gera samninga og skapa ramma utan um veiðifyrirkomulagið þannig að á sama hátt og við teljum eðlilegt að reisa einhverjar skorður við framsalinu innan landhelginnar, þá eru auðvitað sömu rök fyrir því að gera það á sambærilegan máta á þeim hafsvæðum þar sem búið er að ná samkomulagi um veiðarnar og skipuleggja veiðistjórnina með nýjum hætti.

[19:00]

Flm. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skildi hæstv. ráðherra þannig varðandi fyrra frv., um hækkun á hlutfalli, að það væri álitaefni hvort ekki væri rétt að fara einhverja þessa leið. Hann gat réttilega um að hann hefði sjálfur rætt um að þetta væri þáttur sem yrði að reyna að skoða í núverandi kerfi.

Það að geyma kvóta, sá ágalli á löggjöfinni sem ég gerði að umtalsefni og ráðherra tók undir, held ég að sé einmitt mál sem yrði að skoða vandlega í sjútvn. og hvernig menn kæmu í veg fyrir það. Hægt væri að hugsa sér að setja aftur í lög þá gömlu reglu að ekki mætti taka til skips meira heldur en það gæti veitt. Það var í lögum og stundum er talað um að setja hana í lög aftur. Menn hafa líka séð á því annmarka. Þá voru menn að reyna að koma í veg fyrir að svona hlutir gætu gerst, að verið væri að geyma kvóta. Kannski er ekki erfitt að komast hjá því heldur er þetta bara þáttur sem þarf að skoða betur. En ég held alla vega að í þessu frv., og mér finnst það á undirtektum, sé þó aðferðafræði sem vel er hægt að framkvæma og ég þakka undirtektir undir það mál.

Varðandi undirmálsfiskinn sem hér var líka gerður að umtalsefni og ráðherra tók undir að nokkru leyti þá tel ég hins vegar að það þurfi ekki að vera þannig að það sé hvati að veiða undirmál. Það er reynt einmitt að setja þetta þannig upp að það sé fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að undirmáli sé hent, ekki að það sé veitt. Það þarf þá bara að skoða hvaða prósentur menn setja inn. Hér er gert ráð fyrir 10%.

Ég lít þannig á að undirmáls- og brottkastsumræða eigi að vera fyrst og fremst þannig að við eigum að finna öll þau verkfæri sem tiltæk eru. Smáfiskaskilja er eitt verkfæri. Lokun smáfiskasvæða sem hæstv. ráðherra nefndi er annað og ég tek mjög undir það því að ég veit að lokun smáfiskasvæða hefur reynst mjög vel. Ég lít svo á að þetta frv. mundi líka hjálpa til að koma í veg fyrir brottkast á fiski. Ég tel þannig, herra forseti, að við þurfum að beita öllum tiltækum ráðum og sú tækniþróun sem er í gangi hjálpar okkur líka við þetta. Þetta er efni sem menn þurfa ekki að skiptast í einhverjar pólitískar fylkingar út af heldur reyna einfaldlega að finna lausn sem er framkvæmanleg og horfir til framtíðar.

[19:03]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil gjarnan blanda mér í þessa umræðu fyrst og fremst um það frv. sem hér lýtur að undirmáli og brottkasti. Ég hjó eftir því þegar hæstv. ráðherra tók til máls hér áðan að hann vék að nefnd um umgengni um auðlindir sjávar held ég að hún hafi heitið einhvern tíma. Hún væri að fjalla um þessi mál og mér var það reyndar kunnugt, en ráðherra talaði rétt eins og nefndin væri um það bil að skila okkur einhverjum niðurstöðum, þ.e. innan skamms mættum við vænta þess að fyrir lægju tillögur um hvernig yrði tekið á þessum vanda.

Það væri mjög gott í þessari umræðu ef það væri mögulegt að ráðherrann reifaði örlítið betur innihald þeirra reglna sem þarna eru að fæðast. T.d. væri fróðlegt að vita hvort þarna er einungis tekið á undirmáli eða hvort tekið er einnig á aukfiski, hvort allur sá afli sem getur orðið frákast er þarna undir.

Ég er alveg sammála því mati sem hér hefur komið fram að það getur verið vandrataður meðalvegurinn í þessum efnum. Við viljum ekki setja upp kerfi sem virkar sem hvati á menn að veiða þær tegundir sem ekki falla innan eðlilegra veiðiheimilda skips, en í leiðinni viljum við tryggja að komið verði með allan mögulegan, nýtanlegan afla að landi. Hvar finnum við svo þennan meðalveg?

Fyrir nokkrum árum síðan flutti ég sem varaþm. hér á Alþingi tillögu sem var í þá veru að sjómennirnir ættu að eiga allan aukfisk sem kæmi um borð. Þetta fannst mér á þeim tíma mikill galdur og mundi þá virka þannig að sjómennirnir mundu leggja á sig að ganga vel frá þessum afla. Hann yrði síðan seldur á markaði þegar komið yrði með hann að landi. Útgerðin fengi hins vegar ekki neitt, enda væri það þá til þess að stuða skipstjórann og koma í veg fyrir að hann væri að renna sér yfir smáfiskasvæðið til þess að bjarga hlut útgerðarinnar. Síðan ætlaði ég að treysta á aðhald fjölmiðla hvað það varðaði að menn færu ekki að koma með óhæfilega mikið af smáfiski í land og átti hvort tveggja, andstyggð útgerðarinnar á því að sjómenn væru að vinna afla sem útgerðin fengi enga hlutdeild í og aðhald fjölmiðla vegna þess hversu mikil skömm væri að því að koma með smáfisk að landi, að koma í veg fyrir að menn freistuðust til þess að veiða smáfisk umfram það sem menn oft og tíðum komast ekki hjá að gera.

Við að velta þessu fyrir mér á þeim tíma þóttist ég sjá að þetta mál er langt frá því að vera einfalt. Ég geri svo sem ráð fyrir að þó að nefndin góða sé að koma með tillögur, þá munum við halda áfram að leita leiða til þess að þessir hlutir geti verið í sem bestum farvegi hjá okkur. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við séum á öllum tímum tilbúin til þess að ræða allar þær leiðir sem hugsanlegar kunna að vera til þess að allur nýtanlegur afli komi að landi og geti orðið hráefni fyrir íslenska fiskvinnslu vegna þess að þó að okkur finnist slæmt að verið sé að veiða smáfisk, þá getur samt verið fyrir hann markaður í fiskvinnslunni og áframhaldandi jafnvel mikilvægur eða dýr markaður í útlöndum. Það er mjög mikilvægt að við reynum að ná einhverju landi í þessum málum. Ég held að það fyrirkomulag sem við búum við núna sé alveg óþolandi. Því ég endurtek spurningu mína til ráðherrans hvort hann getur sagt okkur nokkuð frekar af niðurstöðu þessarar nefndar eða þeim niðurstöðum sem þar eru að fæðast og hvort þar verður þá bæði tekið á undirmáli og öðrum svokölluðum aukfiski.

[19:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að rifja það upp vegna fyrirspurnar hv. 6. þm. Norðurl. e. að umgengnisnefndin svokallaða skilaði ítarlegum tillögum á sínum tíma og núgildandi lög um umgengni um fiskstofna eru afrakstur af starfi nefndarinnar.

Önnur tillaga sem nefndin gerði og fól í sér breytingu á reglugerð en ekki lögum var sú að afnema með öllu þær heimildir sem voru í reglugerð um að koma með hluta af afla með undirmálsfiski utan kvóta. Það þótti ekki gefa góða raun og nefndin tók það til endurskoðunar og kom með nýjar tillögur. Þær eru í gildi núna og ég hefði talið að það væri eðlilegt að framkvæmd þeirra fengi eðlilegan umþóttunartíma.

Ég hef hins vegar nýlega átt tal við forustumenn nefndarinnar um að taka þær hugmyndir sem fram hafa komið, ekki bara um undirmálsfisk heldur allan aukfisk, til heildarskoðunar. Það eru mjög skiptar skoðanir um það hvort þær leiðir sem hafa komið fram í ýmsum tillögum séu í raun til þess fallnar að draga úr því að fiski sé hent og samræma um leið að við höldum okkur auðvitað við þau heildarmarkmið um fiskveiðistjórn sem að er stefnt. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir.

Eins og fram kom af hálfu sjútvn. árið 1988, þá taldi hún þá að það ætti alfarið að hverfa frá þessu og það hafa verið efasemdir um þetta af hálfu forustu sjómanna og útvegsmanna. En nefndin ætlar sem sagt að taka þetta mál í heild sinni til skoðunar. Auðvitað mun það taka nokkurn tíma að fara yfir röksemdir og mótrök, með reynsluna af því fyrirkomulagi sem er núna um að undirmálsfiskur geti að ákveðnum hluta verið utan kvóta. En það þarf að ég hygg nokkuð lengri tíma til þess að meta þá reynslu. Þessar tillögur eru sem sagt ekki að koma heldur er nefndin að undirbúa það að taka málið til heildarskoðunar að nýju.

[19:10]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig á því að ég hef misskilið hæstv. ráðherra eitthvað. Það kemur til af því að á síðasta ári sat ég í hv. sjútvn. sem þá fjallaði einmitt um þetta umgengnisfrv. Í umfjöllun þess í nefndinni komu fram býsna margar tillögur, misformlegar þó. Einhverjar náðu með ákveðnum hætti hér inn í þingsali um að lengra yrði gengið eða á annan hátt í þessum efnum en frv. og síðan lögin ganga út frá.

Það varð niðurstaða í nefndinni á þeim tíma að þeim hugmyndum sem þar voru reifaðar, þótt ekki væru allar formlegar, yrði stefnt inn í þessa umgengnisnefnd, vegna þess að fram kom að hún væri tilbúin og mundi velta þessum málum fyrir sér áfram. Ég hélt sem sé að þessar hugmyndir allar væru nú komnar í tiltekinn farveg og það væru að koma fram hugmyndir á grundvelli þeirra en ég sé að það er minn misskilningur. En ugglaust eru þessar tillögur þá hluti af því nesti sem nefndin núna hefur í þá vinnu sem ráðherra boðar að hún sé að fara í.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 19:11.

---

83. FUNDUR

þriðjudaginn 4. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Sala afla á fiskmörkuðum, þáltill., 202. mál, þskj. 228. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, frv., 219. mál, þskj. 278. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stjórn fiskveiða, frv., 263. mál, þskj. 498. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 381. mál, þskj. 670. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 253. mál, þskj. 443. — 1. umr.
7. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 284. mál, þskj. 538. — 1. umr.
8. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 313. mál, þskj. 574. — Fyrri umr.
9. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615. — Fyrri umr.
10. Efling íþróttastarfs, þáltill., 363. mál, þskj. 640. — Fyrri umr.
11. Brú yfir Grunnafjörð, þáltill., 374. mál, þskj. 652. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Ágúst Einarsson, 11. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson, 9. þm. Reykn.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Alþýðusambandi Vestfjarða.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Aðstaða fyrir brunasjúklinga á Landspítala, 391. mál, fsp. ÖS og RG, þskj. 685.
Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, 385. mál, þáltill. HG, þskj. 677.
Endurskoðun laga um tæknifrjóvgun, 394. mál, fsp. HG, þskj. 688.
Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 388. mál, frv. SighB o.fl., þskj. 680.
Lífsiðfræðiráð, 389. mál, þáltill. HG, þskj. 681.
Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, 387. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 679.
Ráðgjafanefnd um erfðabreytingar á lífverum, 395. mál, fsp. HG, þskj. 689.
Stimpilgjald, 386. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 678.
Tilraunadýranefnd, 396. mál, fsp. HG, þskj. 690.
Tæknifrjóvgun, 393. mál, fsp. HG, þskj. 687.
Umgengni um nytjastofna sjávar, 390. mál, þáltill. PHB, þskj. 684.
Umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík, 392. mál, fsp. ÍGP, þskj. 686.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Forseti vill tilkynna að að loknum atkvæðagreiðslum um fyrstu fjögur dagskrármálin fer fram utandagskrárumræða um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og breytingar á eignaraðild að henni. Málshefjandi er hv. þm. Gísli S. Einarsson og hæstv. iðnrh. verður til andsvara.

Sala afla á fiskmörkuðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 202. mál. — Þskj. 228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 219. mál (kvótaleiga). — Þskj. 278.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 263. mál (undirmálsfiskur). — Þskj. 498.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og breytingar á eignaraðild að henni.

[13:38]

Gísli S. Einarsson:
Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. iðnrh. og spyr um málefni Íslenska járnblendifélags. Landsmönnum er kunnugt að líkur voru á stækkun verksmiðjunnar um einn ofn ef samningar næðust um það milli meiri hluta eignaraðila, annaðhvort milli Sumitomo og Íslands eða Elkem og íslenska ríkisins. Þær upplýsingar liggja fyrir að verði ekki um stækkun verksmiðjunnar að ræða þá er staða fyrirtækisins hæpin ef verðfall verður á markaði líkt og á árinu 1993.

Ríkisstjórnin stóð í samningum við Elkem um að Elkem yfirtæki meiri hluta Íslenska járnblendifélagsins hf. Elkem setti það sem skilyrði fyrir því að samþykkja að þriðji ofninn yrði byggður á Grundartanga. Í samningsdrögunum var gert ráð fyrir að hlutur Elkem í Íslenska járnblendifélaginu færi strax úr 30% í 45%. Það fé sem Elkem greiddi færi til fjárfestingar við þriðja ofninn, þ.e. um 750 millj. kr. Eftir þrjú ár átti Elkem síðan að yfirtaka meiri hluta í fyrirtækinu og fá 6% hlut frá íslenska ríkinu. Járnblendifélagið með tveimur ofnum og allri verksmiðjunni var metið á lægra verði en áætlaður byggingakostnaður fyrir ein strípaðan ofn, en verðmætamat hans er um það bil 2,7 milljarðar kr.

Það sem málið snýst um er að tryggja rekstrargrundvöll Íslenska járnblendifélagsins, fjölgun starfa í fyrirtækinu, stóraukna raforkusölu og þar með gífurlega eflingu raforkuframleiðslu. Þær upplýsingar liggja fyrir að eignarhluti íslenska ríkisins er metinn á aðeins u.þ.b. 1,5 milljarða kr. Það er líka ljóst að ríkið hefur lagt u.þ.b. 4 milljarða kr. í þetta fyrirtæki á 20 árum. Beinn kostnaður fyrir ríkið er því 2,5 milljarðar miðað við verðmætamat Salomon Brothers, hvort sem það er rétt eða rangt. Það er dýrt að eiga meiri hluta í fyrirtæki þegar staðan er slík. Það má auðvitað segja það sama um hina eignaraðilana, þ.e. Sumitomo og Elkem, nema að til íslenska ríkisins hafa komið skattar af atvinnutekjum starfsmanna og verktaka sem eru reyndar mikils virði.

Herra forseti. Mér virðist best að ríkið dragi sig almennt út úr fyrirtækjarekstri ef unnt er. Mér virðist einnig vera ljóst að best hefði verið að láta Elkem eftir að stækka verksmiðjuna á sinn kostnað í þá stærð að þeir verði að kappkosta að halda henni gangandi. En óneitanlega er núverandi staða mörgum mikil vonbrigði og ótti er um að illa geti farið á næstu árum ef ekki verður um stækkun að ræða. Því vil ég beina eftirfarandi spurningum, herra forseti, til hæstv. iðnrh. Ég vil geta þess að ég kom þessum spurningum til hæstv. iðnrh. í gær þannig að honum mætti ljóst vera um hvað væri spurt hér í dag.

1. Er það rétt sem fram hefur komið í fréttamiðlum að Íslendingar hafi slitið viðræðum þegar um 100–140 millj. kr. bar í milli þjóðanna um verðmæti fyrirtækisins?

2. Hver hefði orðið ávinningur íslenska ríkisins af stækkun fyrirtækisins um í fyrsta lagi einn ofn og í öðru lagi um tvo ofna?

3. Eru möguleikar á því að sameignaraðilar okkar vilji ganga til samninga um stækkun fyrirtækisins með enn auknum eignarhlut íslenska ríkisins?

4. Hverjir eru möguleikar okkar á að selja Norðmönnum okkar hlutafé og kemur það til greina af okkar hálfu?

5. Frestur til að gefa Landsvirkjun svar um raforkukaup til Íslenska járnblendifélagsins rennur út nk. laugardag. Er möguleiki á því að ná fram nýrri stöðu í málinu á þeim dögum sem enn eru til þeirra tímamarka?

[13:43]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Afstaða ríkisstjórnarinnar til stækkunar járnblendifélagsins hefur legið fyrir í mjög langan tíma. Það hefur verið eindreginn vilji ríkisstjórnarinnar að í þessa framkvæmd yrði ráðist og það byggjum við á eftirfarandi:

1. Það mun bæta afkomu fyrirtækisins mjög og tryggja stöðu fyrirtækisins til lengri tíma litið.

2. Það mun treysta samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

3. Það mun tryggja atvinnuöryggi þess starfsfólks sem nú er starfandi hjá fyrirtækinu.

4. Það mun auka útflutningsverðmæti fyrirtækisins og útflutningsverðmæti þjóðarbúsins í heild og leggja þannig grunn að efnahagslegum framförum í landinu.

5. Störfum mun fjölga og það mun draga úr atvinnuleysi. Þetta eru þau markmið sem ríkisstjórnin hefur sett sér í atvinnumálum.

Afstaða Sumitomo og Elkem hefur líka legið fyrir í nokkuð langan tíma. Elkem hefur lagt höfuðáherslu á að eignast meiri hluta í fyrirtækinu og á mjög lágu verði. Sumitomo hefur hins vegar sett það sem algera forsendu fyrir því að þeir væru tilbúnir til að taka þátt í þessum breytingum að gerð yrði breyting á þeim markaðssamningi sem Sumitomo hefur við fyrirtækið. Til að reyna að fá mat á því hvers virði fyrirtæki væri leituðum við bæði til innlendra og erlendra aðila í þeim efnum og þá var gengið út frá í því mati að tekið yrði tillit til þess hver hagkvæmni fyrirtækisins væri eftir að búið væri að stækka verksmiðjuna um einn ofn. Niðurstaða þessara þriggja aðila sem þarna voru fengnir til, þ.e. innlendu og erlendu aðilanna, var að heildarvirði fyrirtækisins væri á bilinu 2,2 milljarðar til 2,9 milljarðar íslenskra króna. En án þriðja ofnsins væri verðmæti fyrirtækisins mun minna.

Það hefur hins vegar ekki náðst samkomulag milli eignaraðilanna um þetta verðmætamat sem liggur fyrir og um það hefur m.a. verið deilt í þessum samningum.

Í aðalsamningi, markaðssamningi og samstarfssamningi milli aðilanna, eru samstarfsaðilum settar mjög þröngar skorður og með þessum 55% eignarhlut Íslendinga er í raun og veru alls ekki um að ræða virk yfirráð í fyrirtækinu. Það lýsir sér í því að til að ná fram breytingu á markaðssamningi innan fyrirtækisins milli eignaraðila þarf samkomulag allra aðila til að slíkt geti orðið. Til að auka hlutaféð í fyrirtækinu og til að taka lán varðandi þriðja ofninn þarf aukinn meiri hluta eigenda eða í kringum $^2/_3$ hluta eigenda fyrirtækisins. Með samanlögðum eignarhlut Sumitomo og okkar Íslendinga náum við 70% eignarhlut í fyrirtækinu þannig að á grundvelli þess væri hægt að taka ákvörðun um hlutafjáraukningu og lántöku til að fara í þriðja ofninn. En þrátt fyrir 70% eignarhlut þessara tveggja aðila í fyrirtækinu getur að sá aðili sem á 30% getur sagt nei við að breyta markaðssamningnum og forsendan fyrir því að Sumitomo taki þátt í stækkuninni er að fá markasamningnum breytt. Að þessu leyti til erum við í sjálfheldu og komnir í nokkurt öngstræti.

Með þessum orðum er ég einfaldlega að segja að meirihlutaeign okkar Íslendinga upp á 55% er einskis virði við þessar kringumstæður. Hún er einskis virði og þannig var gengið frá á sínum tíma að það var ekkert annað en sýndarmennska þegar menn voru að halda því fram að með 55% eignarhlut Íslendinga í þessu fyrirtæki væri um virk yfirráð að ræða og kemur best í ljós þegar á þetta samstarf reynir núna til ákvarðanatöku að 55% meirihlutaeign eru okkur því miður einskis virði.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. lagði fyrir, og ég vil þakka hv. þm. fyrir að leggja fyrir mig spurningarnar strax í gær, þá er því til að svara í fyrsta lagi að ég get staðfest að það var tiltölulega mjög lítið sem bar í milli eignaraðila sl. föstudag þegar menn horfa á málið út frá heildarhagsmunum hvort sem það er Elkems eða íslenska ríkisins. Deilan stóð m.a. um það hvert væri verðmæti fyrirtækisins og hvort hægt væri að komast að samkomulagi um verðmæti fyrirtækisins og þá um leið með hvaða hætti Elkem gæti eignast meiri hluta í fyrirtækinu.

Í öðru lagi varðandi (Forseti hringir.) þann ávinning sem íslenska ríkið og járnblendifélagið hefði af þessari stækkun, þá höfum við ekki nákvæmlega metið það, en út frá samanlögðum ávinningi íslenska þjóðarbúsins á byggingu álvers á Grundartanga og stækkuninni hjá Íslenska járnblendifélaginu þá er ljóst að heildarfjárfestingin er í kringum 36,2 milljarðar. 51% aukning frá 1996–1997, 22 milljarðar í raforkuvirkjum, 14 milljarðar í stóriðjuverum.

(**Forseti** (ÓE)**:** Nú er ræðutíminn liðinn og hæstv. ráðherra er rétt að byrja að svara fyrirspurnunum.)

Nei, það er nú ekki rétt, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það voru 30 sekúndur eftir.)

Ég hef ekki lokið við að svara því miður en ég fæ tækifæri í seinni umferð til að svara þeim nánar.

[13:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sl. fimmtudag tók ég þetta mál sem nú er rætt í ljósi þess sem gerðist á föstudaginn var. Ég tók það upp við hæstv. iðnrh. og lýsti ugg mínum yfir því að ef ætti að fara að ganga til samninga við Elkem úti í Ósló daginn eftir á þeim forsendum sem við birtust blasa. Það er ekki oft sem ég get lýst því að vera á svipaðri skoðun og núv. hæstv. iðnrh. en ég verð að segja að í sambandi við það sem gerðist á föstudaginn, þá sýnist mér að það hefði verið óðs manns æði að fara að ganga að þeim kröfum sem lágu þar fyrir frá Elkem. Ég held að það geti verið hverjum manni ljóst sem horfir á þær tölur sem við blasa. Það átti nánast að gefa fyrirtækið og það átti að fylgja yfirlýsing, sem ég er hræddur um að hafi verið gefin eða komið fram frá Landsvirkjun um að afhenda hér rjómann í virkjunum okkar á næstu árum til stækkunar fyrir Elkem sem meirihlutaaðila. Hæstv. ráðherra segir að meiri hlutinn sé einskis virði — hinn íslenski. Ég held að ekki séu allir sammála um það.

Alþb. var vissulega á móti þessum samningi af mörgum ástæðum, efnahagslegum og varðandi umhverfisþætti á sínum tíma og vegna þess markaðssamnings sem nú blasir við. En ég er alveg viss um að ef íslenska ríkið hefði ekki átt meiri hluta í þessu fyrirtæki þau ár sem liðin eru frá því að það hóf rekstur, þá væri búið að loka fyrirtækinu fyrir löngu síðan. (**ÖS:** Hefði það ekki verið betra?) Ég minni á það viðhorf sem ríkir hjá starfsmönnum og stjórnendum Íslenska járnblendifélagsins í sambandi við þetta mál. Það liggur fyrir m.a. það mat í bréfum til hæstv. iðnrh., svo að ég vitni í bréf fyrir hönd trúnaðarmanna á Grundartanga, með leyfi forseta:

„Þegar miklir erfiðleikar voru í rekstri járnblendiverksmiðjunnar hélt ríkið sínu hlut á meðan Elkem seldi af sínum. Við spyrjum okkur að því hvert verður (Forseti hringir.) viðhorf erlendra meirihlutaeigenda til starfseminnar þegar erfiðleikar steðja að.“ Og fleira í þessum dúr segir í því erindi. Ég held því að menn þurfi að hugsa (Forseti hringir.) sig um áður en þeir fara að knýja á um það að gengið sé að þessum kröfum Norðmanna. Frekar ætti að skoða það (Forseti hringir.) álitaefni að losa þá út úr fyrirtækinu.

[13:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að eins og staðan er í þessu máli, þá hafa stjórnvöld haldið þannig á því að Elkem hefur haft kverkatak á málinu. Elkem ræður verulega stórum hluta í fyrirtækinu og Elkem ræður markaðnum sem er aðalatriðið. Það er málið, það er vandinn.

Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er að ég tel rangt að setja hlutina upp eins og hæstv. ráðherra gerði áðan að hlutur Íslendinga í fyrirtækinu sé einskis virði. Með því að segja þetta úr þessum ræðustól er hæstv. ráðherra í raun að gefa Elkem óþarflega marga milljarða svo ekki sé meira sagt. Ég tel að hæstv. ráðherra eigi að halda öðruvísi á málinu.

Ég vil fyrst og fremst, herra forseti, gagnrýna stjórnvöld í þessu máli fyrir að hafa gefið meira í skyn um öryggi og vissu þessara samninga heldur en rétt hefur verið að gera. Þau hafa gengið ótrúlega langt og að mörgu leyti haldið á okkar málstað með býsna niðurlægjandi hætti. Þau hafa gefið í skyn að þau væru tilbúin að afskrifa öll framlög Íslendinga í þetta fyrirtæki upp á milljarða króna. Þau hafa gefið í skyn að þau væru tilbúin til að semja um fjórða og fimmta ofninn. Þau hafa gefið í skyn að Elkem mætti eignast meiri hluta í fyrirtækinu og þrátt fyrir allt þetta gekk ekki neitt. Íslensk stjórnvöld höfðu í raun spilað öllu af sér í málinu, höfðu enga eða lélega samningsstöðu og núna bætti hæstv. ráðherra um betur með því að segja: Hlutur Íslands er einskis virði. Þetta er ofboðslega erfið staða, herra forseti. Það er ekkert skrýtið við þessar aðstæður að upp komi alls konar sérkennileg viðbrögð eins og mér finnst reyndar yfirlýsingar forstjóra Landsvirkjunar benda til í þessu máli.

Ég tel að Landsvirkjun geti leyst þann vanda (Forseti hringir.) sem uppi er að því er hana varðar með þeim einfalda hætti að taka Sultartangavirkjun í notkun í tveimur áföngum. Það er hlutur sem hægt er að fara að undirbúa með (Forseti hringir.) eðlilegum hætti án þess að ana að neinu. Aðalatriðið finnst mér vera í þessu máli, herra forseti, að viðbrögðin séu ró og festa, ekki (Forseti hringir.) flumbrugangur. Keilisnes ætti að vera núv. hæstv. iðnrh. víti til varnaðar í þessu máli.

[13:54]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég verð nú að lýsa því yfir að mér þykir leitt að þingmenn skuli ekki vilja taka þátt í þessari umræðu sem ég tel vera ákaflega mikilsverða. En ég vil þakka þeim sem tóku þátt í umræðunni samt sem áður og vona að hæstv. ráðherra nái að klára svörin á eftir.

Alþingi tók ákvörðun um það á sínum tíma að íslenska ríkið ætti að eiga meiri hluta í járnblendifélaginu. Það er mín krafa að fram fari pólitísk umræða um hversu mikilvægt er að atvinnufyrirtæki séu undir íslensku forræði. Samningsdrögin sem voru kynnt starfsmönnum járnblendifélagsins vöktu mikinn óróa. Starfsmenn hafa verið ánægðir að vinna fyrir íslenska ríkið og í raun og voru þeir tilbúnir að fórna miklu fyrir áframhaldandi rekstur á sínum tíma. Það er auðvitað hægt að setja sig í spor þeirra sem óttast að Elkem, sem stjórnandi, leggi áherslu á fækkun starfsfólks í Noregi og slíkt hefur valdið þar óróa.

Norðmenn hafa sótt þekkingu um rekstur á járnblendiverksmiðju til Íslands. Það segir töluvert um hæfni starfsmanna og stjórnenda.

Herra forseti. Hagnaður af rekstri Íslenska járnblendifélagsins 1997 er áætlaður 450 millj. kr. Hagnaðurinn var 610 millj. kr. á síðasta ári. Hann var 520 millj. kr. 1995. Það er upplýst að verksmiðjan á Grundartanga er með lægsta framleiðslukostnað í núverandi mynd í Evrópu. Það er ástæða til að spyrja tveggja spurninga til viðbótar: Er rétt út frá þeim upplýsingum, út frá verðmætamati Salomon Brothers sem metið var út frá management worst case, að taka einhliða ákvörðun um byggingu þriðja ofnsins? Hann kostar án fylgi-

hluta 2,7 milljarða kr. á sama tíma og fyrirtækið með tvo ofna fyrir og allar byggingar er metið á 2 milljarða. Er ástæða til að draga verðmætamat Salomon Brothers í efa út frá því (Forseti hringir.) að matið breytist um 400 millj. ísl. kr. við hvert prósent sem afurðirnar hækka eða lækka í verði?

[13:57]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er fáum hv. þm. jafntamt að rangtúlka hlutina og hv. þm. Svavari Gestssyni. Það kom fram í fyrri ræðu minni að verðmætamat fyrirtækisins væri 2,3–2,9 milljarðar kr. Og koma síðan hér í ræðustól á eftir og segja að verðmætamatið sé einskis virði. (**SvG:** Sagði ráðherrann.) Það sem ég sagði, hv. þm., var þetta, að yfirráð okkar í fyrirtækinu sem ráðandi afl með 55% eignarhlut væri einskis virði vegna þess að minnihlutaréttindin væru svo tryggð og menn þurfa að hafa það, og hv. þm. líka, rétt eftir.

Til að svara spurningum hv. þm. er það svo að heildarfjárfesting tengd þessum virkjunum og byggingu fyrirtækjanna er 36,2 milljarðar kr. Það skapar um 1.600 ársverk á framkvæmdatímanum. Það er 5%–8% aukning á ársverkum í byggingarstarfsemi. Til lengri tíma litið þýðir þetta að hagvöxtur mun aukast hefði þetta gengið eftir. Það bætir viðskiptajöfnuðinn til lengri tíma og það eykur verðmætasköpunina innan fyrirtækisins og í útflutningsverðmætunum. Ef samningar ganga ekki eftir er þetta okkur efnahagslegt áfall, því miður.

Varðandi þriðju spurninguna um kostnaðinn, þá er ljóst að áætlaður fjárfestingarkostnaður er í kringum 2,7 milljarðar við byggingu þriðja ofns. Hlutafé þar yrði um 900 millj. Íslenska ríkið þyrfti í óbreyttum eignarhlutföllum að greiða inn 495 millj. Erum við tilbúin til að bæta þessum 500 millj. tæpum við þá 4 milljarða sem við höfum nú þegar sett inn í fyrirtækið og taka það af skattpeningunum? Nei, segi ég. Þess vegna er sú leið ekki fær. Við eigum að breyta eignarhlutföllunum og fá Norðmennina til að bera hitann og þungann af stækkuninni.

Um sölu á hlut ríkisins til Elkem vil ég taka fram að rætt var um verulega sölu á hlutabréfum til Elkem, ekki beina sölu heldur með því að auka hlutafé gæti Elkem eignast (Forseti hringir.) meiri hluta í fyrirtækinu.

Að lokum, um tímafrest í málinu, þá mun málið verða rætt milli stjórnarmanna á næstu dögum. Ég vil engu spá um það á þessari stundu hvort af því getur orðið að breytingar á afstöðu einstakra eignarhluta í málinu verði eða ekki.

Herra forseti. Fréttir af viðræðuslitum Norðmanna (Forseti hringir.) vegna stækkunar járnblendiverksmiðjunnar hafa orðið vatn á myllu afturhaldsaflanna í þjóðfélaginu, þeirra sem vilja ekki stækkun, (Forseti hringir.) draga úr útflutningsverðmætunum, vilja atvinnuleysi í staðinn fyrir atvinnu, versnandi kjör frekar en aukinn kaupmátt. Það voru þessi öfl sem fengu byr undir báða vængi þegar fréttir bárust af því að ekki yrði sennilega af samningum milli íslenska ríkisins og járnblendifélagsins.

[14:00]

Útbýting þingskjals:

Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum, 102. mál, skýrsla heilbrrh., þskj. 695.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 670.

[14:00]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga á þskj. 670.

Í gildandi lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er ákveðið í ákvæði til bráðabirgða að lögin skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Því þurfti þessi endurskoðun að fara fram og hún er framkvæmd af nefnd sem ég skipaði í maí 1996. Í nefndina voru skipuð Jón Björnsson, tilnefndur Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristján Pálsson alþingismaður, tilnefndur af þingflokki Sjálfstfl., Ólafur Hilmar Sverrisson bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siv Friðleifsdóttir alþingismaður, tilnefnd af þingflokki Framsfl. og Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður minn sem var formaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu Ingibjörg Broddadóttir deildarstjóri og Þorgerður Benediktsdóttir deildarstjóri, báðar í félmrn.

Hugmyndin að baki þeim endurskoðunarákvæðum var sú sýn að málefni fatlaðra mundu sameinast félagsþjónustu sveitarfélaga í náinni framtíð og því væri rétt að taka bæði lögin til endurskoðunar á sama tíma. En eins og þingheimi er kunnugt þá lauk endurskoðun laga um málefni fatlaðra með samþykkt laga nr. 161/1996. Þar var tekið af skarið um að hefja undirbúning þess að færa málefni fatlaðra til sveitarfélaga og verkefnaflutningurinn kæmi til framkvæmda 1. janúar 1999. Sá verkefnaflutningur kallar á ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taki einnig til laganna um málefni fatlaðra, þ.e. lögin um málefni fatlaðra verði felld inn í félagsþjónustulögin.

Þar sem svo veigamikil endurskoðun á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga er fram undan samkvæmt framansögðu þótti rétt á þessu stigi málsins að einskorða endurskoðun laganna við þau atriði sem nauðsynleg eru talin, einkanlega þau atriði sem komið hafi í ljós við framkvæmd laganna að þurfi breytinga við eða breytt sjónarmið hafa skotið upp kollinum.

Herra forseti. Meginatriði frv. eru þrjú:

Í fyrsta lagi að félagsmálanefnd sem fer með barnaverndarmál verði skipuð fimm fulltrúum. Um þetta atriði vísast til 1. gr. frv. og skýringar frv. á þeirri grein. Ástæða þessarar breytingar er sú að ákvæði laga um félagsþjónustu og laga um vernd barna og ungmenna skarast hvað varðar fjölda nefndarmanna í félagsmálanefnd og barnaverndarnefnd. Þannig skal félagsmálanefnd skipuð þremur fulltrúum hið fæsta en barnaverndarnefnd ávallt skipuð fimm fulltrúum. Því er lagt til í frv. að þegar sú ákvörðun sveitarstjórnar liggur fyrir að félagsmálanefnd fari með verkefni barnaverndarnefndar verði félagsmálanefnd skipuð fimm fulltrúum upp frá því.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði skylt að bjóða upp á félagslega ráðgjöf. Hér er dæmi um að sjónarmið hafa breyst frá gildistöku laganna frá 1991 eins og getur um í skýringum við 5. gr. frv. Reynslan sýnir að nú þykir sjálfsagt að sveitarfélög bjóði upp á félagslega ráðgjöf t.d. þegar vandasöm fjölskyldumál eiga í hlut enda verði fólki ekki veitt viðhlítandi þjónusta með öðrum hætti. Ekki er gerð krafa um að sveitarfélög hafi fastan starfsmann í þessari þjónustu t.d. í fámennum sveitarfélögum heldur er nægjanlegt að sveitarfélög ráði mann til þess verks þegar

þörf krefur. Hér er lögð áhersla á að fólk eigi aðgang að þessari þjónustu en sveitarfélögin að sjálfsögðu sjálfráð um hvaða fyrirkomulag þau telja heppilegast.

Í þriðja lagi er lagt til að lögfest verði hámark þess tíma sem skylt er að greiða fjárhagsaðstoð aftur í tímann. Hér er um að ræða nýmæli í lögunum sem er tilkomið vegna úrskurðar úrskurðanefndar félagsþjónustu eins og nánar er rakið í skýringum við 7. gr. frv. Meginatriðið er að ef ekki er tekið á þessu atriði í lögum um félagsþjónustu gilda um það meginreglur kröfuréttar sem þýða að aðstoð skuli veitt frá þeim tíma er umsækjandi geti sýnt fram á að hann hafði þörf á fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum og reglum sveitarfélagsins. Hér getur hugsanlega verið um langan tíma að ræða og það er nauðsynlegt að takmarka þann tíma og lagt til að hámarkið verði fjórir mánuðir. Enda finnst mér eðlilegt að viðkomandi hafi áttað sig á því á fjórum mánuðum að hann þurfi á aðstoð að halda og sótt um hana. Þetta þýðir að sveitarfélagi er ekki skylt að greiða fjárhagsaðstoð lengra en fjóra mánuði aftur í tímann.

Ég vil líka benda á að 2. og 3. gr. frv. miða að því að auka sjálfstæði sveitarfélaga um stjórn og skipulag málaflokksins. Ég vísa til skýringa með frv. við einstakar greinar og sé ekki ástæðu til að orðlengja það meira.

Í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga hefur orðið mikil þróun og mig langar til, herra forseti, að rifja upp hvað segir í ómagabálki Grágásar en þar segir svo, með leyfi forseta: „Svo er mælt að sína ómaga á hver maður fram að færa á landi hér. Móður sína á maður fyrst fram að færa, en ef hann orkar betur, þá skal hann færa fram föður sinn. Nú má hann betur, þá skal hann börn sín. Nú má hann betur, þá skal hann systkin sín fram færa. Nú má hann betur, þá skal hann færa fram þá menn er hann á arf að taka eftir og þá menn er hann hefir arftaki tekna. Nú má hann betur og þá skal hann framfæra leysing sinn þann er hann gaf frelsi. Ef nokkur þeirra manna gengur að hans ráði er nú var taldur enda eigi hann fé til að færa þá fram þá verður hann útlagur gerr of það ef þeir ganga.“ Það er rétt að geta þess að útlægur er ekki það að hann skuli sendur utan heldur skuli hann leggja út fyrir þeim kostnaði sem af þessu hlýst. Þetta er sem sagt úr ómagabálki Grágásar.

En ég vil geta um hreppstjórnarinstrúks Magnúsar Stephensens sem veitti töluvert mikla réttarbót varðandi sveitarframfæri en þar eru nú komin mannlegri sjónarmið í umræðuna, en í hreppstjórnarinstrúksinu voru ákvæði sem skylduðu hreppstjóra til að fylgjast með því „... að sérhver ómagi forsorgist vel og forsvaranlega bæði með tilliti til þrifnaðar, fatnaðar, uppeldis unglinga og menntunar í bóklestri, kristindómi, góðum siðum og vinnu og að þeim með þessu verði ekki svo of þyngt að baga þurfi framför þeirra og þroska eða bila þá til heilsu og sjái hann um að þeir haldist við sama kost og aðbúnað sem annað verkafólk eða börn á bænum.“ Þetta er sem sagt frá 1809.

Mig langar til að vitna til 51. gr. fátækralaga frá 31. maí 1927. Ég endurtek, herra forseti, frá 1927 þar sem segir um vald sveitarstjórna yfir þurfamönnum: „Nú sýnir þurfalingur mikla óhlýðni eða þrjósku við sveitarstjórn eða hann sökum leti, drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli og má þá sveitarstjórnin láta setja hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í allt að þrjá mánuði, þó því aðeins að lögreglustjóri veiti samþykki sitt til þess í hvert sinn eða setji hann í nauðungarvinnu með samþykki lögreglustjóra og eftir reglum er ráðherra þar um setur. Kostnaður við fangavist eftir þessari grein greiðist af sveitarsjóð.“

Herra forseti. Viðhorfin hafa breyst. Mér finnst nokkuð fróðlegt að sjá það að 1927 voru menn að samþykkja lög hér á Alþingi svohljóðandi eins og þessi 51. gr. fátækralaga. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég vil gera tillögu um að þetta mál verði sent til athugunar í hv. félmn. að lokinni þessari umræðu og vænti þess að það fái afgreiðslu þar fyrir vorið. Það er hafinn undirbúningur að yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna og við erum að skipuleggja þá vinnu og nauðsynlegt að þessar tiltölulega litlu breytingar liggi fyrir áður en að heildarendurskoðun laganna verður framkvæmd.

[14:11]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um það frv. sem er til umræðu og þær breytingar sem hér eru lagðar til þó ekki séu þær nú mjög veigamiklar. Ég hygg að segja megi að þegar lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga voru sett 1991 hafi þar verið kominn vísir að heildstæðri félagsmálalöggjöf og ég held að í stórum dráttum megi segja að við framkvæmd þessara laga hafi vel til tekist. Hér er ekki um heildstæða endurskoðun að ræða eins og vísað er til í grg. eins og fram átti að fara þegar lögin voru sett, þ.e. fimm árum eftir að þau tóku gildi. Ég tel alveg fullgild rök fyrir því að þessi háttur sé hafður á eins og skýringarnar segja til um.

Vísað er til þess í grg. að um þrjár breytingar sé að ræða. Í fyrsta lagi skipan félagsmálanefndar en nefndin fer einnig með barnaverndarmál. Ég tel að sú breyting sé til bóta sem lögð er til. Einnig önnur breytingin, um skyldur sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf, ég held að hún sé til bóta en hún er að mínu viti samt mjög óljós og kallar kannski á að framkvæmdin verði mjög misjöfn eftir sveitarfélögunum. Það er spurning í mínum huga hvernig hæstv. ráðherra lítur á það hvernig minni sveitarfélögin geti framkvæmt þetta ákvæði, þ.e. að halda uppi eða veita íbúum sveitarfélags aðgang að ráðgjöf um félagsleg réttindi. En hér segir: „... og einnig, ef mögulegt er, ráðgjöf í einkamálum“. Hvað þýðir þetta nákvæmlega? Þetta er náttúrlega mjög opið. Þýðir þetta að verið sé að tala um almenna fjölskylduráðgjöf í sveitarfélögunum? Þýðir þetta ráðgjöf í barnaverndarmálum, t.d. eins og hér var til umræðu um daginn þegar verið var að ræða um kynferðislega misnotkun á börnum en þá kom í ljós að mjög mikið vantaði upp á það í sveitarfélögunum að slík ráðgjöf og aðstoð væri til staðar. Mun þetta eitthvað herða á því? Er ekki hætta á, að mati ráðherrans, að þarna verði um mismunandi aðstoð að ræða? Ég vil líka nota þetta tilefni til að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi ýtt af stað vinnu í því sem hann talaði um hér fyrir nokkrum vikum þegar við ræddum um skýrsluna um kynferðislega misnotkun á börnum. Þar hafði hann á orði að hann teldi nauðsynlegt að vinna að því að fara að undirbúa stækkun á barnaverndarumdæmum og vil ég spyrja ráðherrann hvort sú vinna sé farin af stað. Ég held að það sé forsenda fyrir því að við getum haft sæmilegt skipulag á barnaverndarmálum að við höfum stærri barnaverndarumdæmi sem hafi þá allar forsendur til þess að bjóða upp á nauðsynlega ráðgjöf og aðstoð.

En ég vil víkja að þriðja atriðinu sem er greiðsla fjárhagsaðstoðar aftur í tímann. Ég hef nokkrar efasemdir þar um og spyr hæstv. ráðherrann nokkurra spurninga af því tilefni um 7. gr. Það er alveg ljóst, eins og fram kemur í 7.

gr., að það vantar verulega upp á að sveitarfélögin hafi sett sér reglur um fjárhagsaðstoð, hvað þá að þessar reglur séu samræmdar hjá öllum sveitarfélögunum. Hér kemur fram að einungis 85 af 165 sveitarfélögum hafa sett sér reglur. Ég minni á að í svari hæstv. félmrh. til mín á síðasta þingi þar sem ég spurði um reglur um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga kom fram að fjárhagsaðstoðin er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Það var spurt um ákveðnar sambærilegar fjölskyldugerðir í sveitarfélögum og þar kom fram verulegur munur. Ef við tökum t.d. einstæða foreldra með tvö börn þá greiddi Reykjavíkurborg 67.000 á meðan Selfoss greiddi 40.000 og ef tekin voru hjón með tvö börn á framfæri sem voru í leiguhúsnæði þá var Reykajvíkurborg með tæp 50.000 kr. á meðan Selfoss var með 21.000 og þannig mætti áfram telja. Það er því rúmlega helmingsmunur á fjárhagsaðstoð eftir því í hvaða sveitarfélagi fólk býr. Kópavogur er með annað en Reykjavík o.s.frv. Þess vegna spyr ég ráðherrann að því og ég fagna því ef verið er að herða á því, ef ég skil málið rétt, að sveitarfélögin setji sér þessar reglur, hvort hann telji ekki rétt að beita sér fyrir því í lögum að til verði einhver samræmd lágmarksfjárhagsaðstoð þannig að ekki sé svona mikill munur á rétti íbúanna sem eru kannski í nærliggjandi sveitarfélögum eða víðar um landið. Ég held að þetta gefi vissulega tilefni til þar sem verið er að hreyfa þessu máli að spyrja hvort ekki sé rétt að hafa eitthvert lágmarksviðmið þannig að sveitarfélögin geti ekki farið niður úr öllu að því er varðar fjárhagsaðstoðina.

Síðan er, eins og talað er um, verið að takmarka greiðslur fjárhagsaðstoðar aftur í tímann. Í greinargerðinni stendur:

„... reglur sveitarfélaga geta ekki þrengt almennan rétt sem í landslögum felst."

Tryggingastofnun hefur sett sér ákveðið viðmið aftur í tímann og þeir úrskurða bætur aldrei lengra aftur í tímann en tvö ár. Hér á að fara að miða við fjóra mánuði, að það megi ekki greiða lengur aftur í tímann en fjóra mánuði. Ég spyr hæstv. ráðherra, af því að ég hef ekki haft tök á að kynna mér það: Er verið að takmarka hér eitthvað réttinn frá því sem verið hefur? Hefur fjárhagsaðstoð verið greidd lengra aftur í tímann hjá sveitarfélögunum en fjóra mánuði? Ég skil það svo að ef miðað er við almennan kröfurétt þá sé miðað við þegar þær aðstæður sköpuðust sem veitti viðkomandi rétt á fjárhagsaðstoð. Hann hefur kannski ekki áttað sig á því fyrr en löngu seinna en þá er metið hvenær það var sem hann átti rétt á þessari fjárhagsaðstoð og það getur auðvitað verið miklu lengra aftur í tímann heldur en fjórir mánuði, kannski sex mánuðir, eitt ár eða þaðan af lengra. Þá á samkvæmt landslögum að miða við þann tíma. Þess vegna spyr ég hvort ráðherrann þekki framkvæmdina, hvort það séu einhver dæmi þess að það hafi verið algengt að þetta hafi verið veitt lengra aftur í tímann en fjóra mánuði. Það sem ég velti fyrir mér er hvort þetta sé til bóta. Voru einhver sveitarfélög sem greiddu kannski ekkert aftur í tímann eða er verið að takmarka rétt sem fyrir var? Þetta held ég að sé nauðsynlegt að fá fram.

Ég vildi láta þetta koma fram við 1. umr. málsins og hefði einnig hug á að heyra í hæstv. ráðherra um það hvort hann telji tímabært að fara að undirbúa, eins og er þekkt víða í löndum sem við berum okkur saman við, heildstæða félagsmálalöggjöf, þannig að við hverfum frá þeim sérlögum sem verið hafa. Hvort hann telji tímabært að fara að undirbúa slíka lagasetningu. Ég veit að hún er flókin, yfirgripsmikil og viðkvæm á margan hátt en ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort eitthvað slíkt sé á döfinni um leið og ég ítreka fyrri spurningar mínar við þær greinar og breytingar á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem hér eru lagðar fram.

[14:20]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Til mín hefur verið beint nokkrum spurningum sem ég mun leitast við að svara eftir því sem ég hef tækifæri til. Samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður sem ég ætla að vona, verður sveitarfélagi skylt, hvort sem það er stórt eða lítið, að útvega ráðgjöf ef ástæða þykir til. Frumkvæðið getur komið frá ýmsum aðilum, þeim sem þurfa á ráðgjöfinni að halda, sveitarstjórn, nágrönnum eða hvernig sem það yrði túlkað. Það er ekki gert að skyldu að ráða sérstaka ráðgjafa í hvert sveitarfélag heldur er sú skylda lögð á sveitarfélagið að útvega ráðgjöf teljist hennar þörf.

Hv. þm. spurði hvort stækkun barnaverndarsvæðanna væri farin af stað. Nei, svo er ekki. Það er í undirbúningi að vinna að því og ég vona að það komist á skrið áður en langt um líður. Ég tel mjög mikilvægt með tilliti til upplýsinga og uggvænlegrar þróunar sem við höfum orðið áskynja að stækka barnaverndarnefndirnar og gera þær öflugri heldur en þær eru.

Varðandi fárhagsaðstoðina aftur í tímann og fjárhagsaðstoð sem er mismunandi milli sveitarfélaga þá er alveg hárrétt að félagsaðstoð er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Það sést t.d. mjög glögglega í sveitarfélögunum hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjárhagsaðstoð er hagað með ýmsu móti. En það ber líka að hafa í huga að aðstoðin getur verið ekki einungis með greiðslu til viðkomandi. Sums staðar er hún í formi mjög ódýrrar leigu. Það er ekki öll sveitarfélög sem greiða húsaleigubætur og svona mætti lengi telja. Nú vilja sveitarfélögin halda mjög í sinn sjálfsákvörðunarrétt og út af fyrir sig skil ég það en það er ekki tekið á því í frv. Það verður að bíða heildarendurskoðunarinnar sem fer fram á þessu ári og næsta að fá botn í það mál. Ég fyrir mitt leyti t.d. tel eðlilegast að húsaleigubætur væru greiddar eins í öllum sveitarfélögum. Ég teldi það langeðlilegast en það er veruleg andstaða við það í sumum sveitarfélögum að taka upp húsaleigubætur. Ég tel hins vegar að húsaleigubætur hafi sannað gildi sitt þannig að eðlilegt sé að halda þeim áfram. Ég tel líka að húsaleigubætur ættu að greiðast leigjendum hjá sveitarfélögum eða þ.e. fólki sem býr í íbúðum sveitarfélaga að minnsta kosti ef þar er ekki um ódýra leigu að ræða.

Hv. þm. spurði um greiðsluskyldu aftur í tímann. Ég held að það sé varla hægt að segja að verið sé að þrengja með þessu ákvæði. Það er verið að reyna að koma reglu á hlutina. Úrskurðarnefnd hefur í einhverjum tilfellum úrskurðað bætur lengra aftur í tímann en fjóra mánuði. Það má kannski segja að einhverjir hafi sótt sér rétt lengra aftur en fjóra mánuði en hins vegar hafa ekki nærri öll sveitarfélög verið rýmileg með þetta. Það hefur verið fyrirstaða að greiða aftur fyrir sig a.m.k. sums staðar. Ég tel þess vegna að eðlilega að ein regla gildi hjá öllum sveitarfélögum, að fólk geti sótt þetta fjóra mánuði aftur í tímann. Mér finnst að það sé ekki órýmilega stuttur frestur. Menn eiga að geta verið búnir að átta sig á því hvort þeir eru komnir í þröng á fjórum mánuðum þannig að mér finnst þetta ekki vera ósanngjarnt ákvæði.

Varðandi heildstæða félagsmálalöggjöf þá hef ég ekki hugleitt að beita mér fyrir því. Mér finnst næsta verkefni vera færsla á málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaganna og að fella þau inn í félagsþjónustulögin. Ég sé það ekki alveg fyrir mér

svoleiðis a.m.k. á þessu kjörtímabili að við förum lengra. Það er áreiðanlega nokkuð flókið mál að sigla fyrir öll sker með félagsmálalöggjöf sem sjálfsagt er hægt að hafa víðtækari. Það eru líka mjög mismunandi viðhorf til félagsþjónustunnar í einstökum sveitarfélögum. Ég hef á tilfinningunni og hef reyndar vissu fyrir því að í sveitum landsins er miklu meiri tregða hjá fátæku fólki að sækja um aðstoð til sveitarfélagsins heldur en þar sem þéttbýli er meira. Gallup var með spurningavagn sem var beint að bændum og ég keypti tvær spurningar inn í þennan vagn. Með tilliti til upplýsinga sem fram komu í fátæktarúttekt Félagsvísindastofnunar háskólans þar sem í ljós kom að undir fátæktarmörkum væru 40% bændastéttarinnar. Fátæktarmörkin eru skilgreind þar sem helmingur af meðaltekjum. Þeir sem væru með undir helming af meðaltekjum í þjóðfélaginu væru undir fátæktarmörkum. Sama hvað meðaltekjurnar væru háar þannig að fátækt er kannski ekki nákvæmlega rétta orðið heldur er það fremur tekjubrestur eða eitthvað tekjustigstengt. Þær spurningar sem ég fékk inn í þennan spurningavagn voru tvær. Önnur var sú hvort viðkomandi fjölskylda hefði þurft að leita félagslegrar aðstoðar sveitarfélags á síðustu tveimur árum. Svarið var 2%. Sem betur fer voru ekki nema 2% sem höfðu á síðustu tveimur árum fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu.

Aðra spurningu setti ég þarna inn líka. Hvort börn eða unglingar viðkomandi hefðu orðið að hætta námi vegna fátæktar eða vegna fjárskorts. Þar var svarið skuggalegra. Á milli 8 og 9% aðspurðra höfðu orðið að láta unglinga sína hætta í námi vegna fátæktar. Nú er hér kannski ekki um mjög stóran hóp að ræða. Og þó. Ef við ímyndum okkur að bændafjölskyldurnar í landinu séu 3.000–4.000 þá er þarna töluverður hópur þar sem atgervi fær ekki að þróast eðlilega eins og við vildum sjá. Þetta er mikið áhyggjuefni og ég tel að þjóðfélagið komist ekki hjá því að líta á þetta atriði.

[14:30]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta voru athyglisverðar en jafnframt alvarlegar upplýsingar sem hæstv. ráðherra gaf hér síðast, þar sem hann greindi frá niðurstöðum úr spurningavagni varðandi t.d. menntun barna. Þetta eru mjög alvarlegar upplýsingar sem hér koma fram, að það séu um 8–9% aðspurðra sem segjast hafa þurft að hætta námi vegna fátæktar foreldra eða framfærenda ef ég skil málið rétt.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvað hann ætli að gera með slíkar upplýsingar. Þetta er mjög alvarlegt þannig að ég tel nauðsynlegt þegar svona liggur fyrir að á þessu máli verði tekið. Auðvitað hefur maður vitað að það væri eitthvað um þetta en þetta eru nokkuð háar tölur og kemur vissulega inn á mál sem hér er á dagskrá á eftir um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um að einstæðir foreldrar geti nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna sinna einmitt til þess að styrkja þau börn að því er varðar möguleika á menntun. En ég held að það sé nauðsynlegar þegar svona upplýsingar liggja fyrir, að fá betur fram hjá ráðherranum hvað hann ætli að gera með upplýsingarnar.

Ég vil þakka ráðherranum fyrir svörin. Ég skil það sem ráðherrann segir um greiðslu fjárhagsaðstoðar aftur í tímann svo að þarna geti bæði verið um að ræða skertan rétt hjá sumum íbúum sveitarfélaga sem hafa staðið vel að máli og eins sé kannski verið að rýmka réttinn og þá um leið samræma hann gagnvart íbúum sveitarfélaga sem standa sig illa varðandi fjárhagsaðstoðina. En ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki rétt að miða við sömu afturvirkni og er hjá Tryggingastofnun, þ.e. tvö ár. Ég sé ekki eðlismuninn á því af hverju það eigi að vera hægt að fá bætur afturvirkt hjá Tryggingastofnun í tvö ár en einungis fjóra mánuði ef um er að ræða bætur eða fjarhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum. Ég get tekið undir með ráðherra að rétt sé að samræma innbyrðis afturvirkni í greiðslu fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum, en það er efi í mínum huga að það sé rétt að miða við fjóra mánuði.

Ég fagna því að ráðherrann ætli að fara að undirbúa stækkun barnaverndarumdæmanna. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það verði gert sem fyrst og vænti þess að frv. um það geti fljótlega séð dagsins ljós hér á Alþingi vegna þess að ég hygg að það þurfi að breyta lögum til þess.

Varðandi það að koma á samræmdum reglum um upphæð fjárhagsaðstoðar þá fannst mér ráðherrann kannski ekki taka vel í það að öðru leyti en því að hann vísaði þessu til heildarendurskoðunar, en það getur tekið einhvern tíma að undirbúa frv. um slíkt og leggja fyrir Alþingi. Mér finnst alveg nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir sem ráðherrann sjálfur lét hinu háa Alþingi í té þar sem fram kom að hvað þessi fjárhagsaðstoð væri mismunandi þannig að mér finnst allar forsendur vera fyrir því, virðulegi forseti, að samræma og setja gólf í því hver fjárhagsaðstoðin á að vera. En það má vel vera að ráðherrann vilji fyrst knýja öll sveitarfelögin til þess að skila inn sínum reglum og ætli síðan kannski að vinna út frá því.

Varðandi húsaleigubæturnar sem ráðherrann gerði nokkuð að umtalsefni. Ég alveg sannfærð um að fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga sem veita húsaleigubætur er þetta ein besta kjarabótin sem láglaunafólk hefur fengið í háa herrans tíð og þess vegna er mjög slæmt að ekki skuli öll sveitarfélög veita þessa aðstoð og greiða húsaleigubætur. Við þekkjum rökin fyrir því af hverju þessi leið var farin. Þetta var raunverulega skilyrði af hálfu Sambands sveitarfélaga til þess að þeir féllust á frv. um húsaleigubætur á sínum tíma. Virðulegi forseti, sveitarfélögin báru alltaf fyrir sig að framkvæmdarerfiðleikar yrðu í þessu. Nú er komin fram skýrsla sem segir að alls engir framkvæmdaerfiðleikar séu, að þetta hafi gengið mjög vel fyrir sig. Þess vegna skil ég ekki að fleiri sveitarfélög hafi ekki tekið þetta upp vegna þess að það voru fyrst og fremst framkvæmdaerfiðleikarnir sem sveitarfélögin báru fyrir sig. Öll sveitarfélög sem hafa tekið upp húsaleigubætur viðurkenna að framkvæmdin hefur gengið mjög vel. Þess vegna tel ég að það þurfi að flýta því að setja löggjöf sem skyldi sveitarfelögin öll að taka upp húsaleigubætur. Það er ekki sama hvort fólk leigir á almennum markaði í Reykjavík þar sem það fær húsaleigubætur eða hérna í næsta nágrannasveitarfélagi eins og Kópavogi þar sem engar húsaleigubætur eru greiddar. Það getur kannski munað 15 þús. kr. fyrir þá sem eru á leigumarkaðnum hvort þeir búa í Kópavogi eða Reykjavík þannig að þetta eru miklir annmarkar á þessari löggjöf og væri fróðlegt að vita hvort við eigum von á því á þessu þingi að fram komi frv. um breytingar á húsaleigubótunum sem feli í sér skyldu allra sveitarfélaga til þess að taka upp húsaleigubætur.

[14:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Fyrst síðustu spurningu hv. þm. Ég mun reyndar svara fyrirspurn frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur

um húsaleigubætur væntanlega í næsta fyrirspurnatíma, þ.e. á morgun. En í stuttu máli get ég sagt að það er unnið að endurskoðun laganna um húsaleigubætur eða sú vinna er að fara í gang og ég vænti þess að á haustþingi og endilega á næsta haustþingi þarf að afgreiða löggjöf um húsaleigubætur. Það verður að gerast í samráði við sveitarfélögin. Ég treysti mér ekki til þess að segja hér og nú hvernig sú löggjöf muni líta út. Ég mun leggja áherslu á það prívat og persónulega að húsaleigubætur verði í boði alls staðar og reyndar eins og hv. þm. nefndi er þarna mikið misræmi á milli sveitarfélaga.

Það er eitt atriði enn sem ég vil bæta við þessa upptalningu hv. þm. Það eru töluverð brögð að því að unglingar sem eru í námi í Reykjavík flytji heimilisfang sitt til Reykjavíkur ef viðkomandi sveitarfélag greiðir ekki húsaleigubætur. Ég veit t.d. um nokkra unglinga sem hafa verið heimilisfastir á Akureyri en hafa flutt lögheimili sitt suður beinlínis út af húsaleigubótunum.

Varðandi það að verið sé að þrengja rétt þá er ekki rétt að verið sé að taka fram fyrir hendur á sveitarfélögum sem vilja greiða lengra aftur í tímann. Það eru einstaklingar og væntanlega einstaklingar með mikið bein í nefinu og harðskeyttir einstaklingar sem hafa sótt sér í gegnum úrskurðarnefnd bætur lengra aftur í tímann. Mér finnst það ekki vera alveg sambærilegt hvort um bætur frá Tryggingastofnun er að ræða eða fjárhagsaðstoð. Bætur frá Tryggingastofnun geta t.d. verið tilkomnar út af örorku eða slysum og menn sjá þá kannski ekki hver þróunin verður. Menn geta lifað í voninni um bata. Stundum kemur hann og stundum ekki og mér finnst þetta ekki alveg sambærilegt.

Ég vil nefna að auðvitað getur hv. félmn. fjallað um þetta atriði eins og önnur í frv. og það kann að vera að hv. félmn. sýnist eftir skoðun að heppilegra væri að hafa þessi tímamörk einhvern veginn öðruvísi. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að það sé regla á hlutunum og samræmi í þessu á milli sveitarfélaganna. Þess vegna eru þessir fjórir mánuðir tilteknir. Ekki vegna þess að það sé endilega stóri sannleikur að það skuli vera fjórir mánuðir, heldur af því að það skulu vera ákveðin tímamörk þannig að öllum sveitarfélögum geti borið skylda til að greiða aftur í tímann eða að þau geti ekki komist hjá því.

Hv. þm. spurði hvað ég ætlaði að gera með þær upplýsingar sem komu út úr spurningavagni Gallups. Það vill svo til að strax og könnun Félagsvísindastofnunar lá fyrir, var þetta mál tekið til umræðu í ríkisstjórninni. Niðurstaðan varð sú að setja nefnd til þess að skoða tekjustöðu bænda. Hún verður skipuð af hæstv. landbrh. með aðild frá hæstv. forsrh. og mér og á að fara ofan í þessa tekjustöðu hjá bændum og hvað eiginlega sé til ráða. Við erum sammála um að þetta sé óviðunandi ástand. Það er e.t.v. hægt að hugsa sér að þeim fjármunum sem ríkissjóður veitir landbúnaðinum sé ekki sem hagkvæmast deilt. Mikið af þessum fjármunum er samningsbundið, en sumt eru ákvarðanir sem hægt er að hreyfa. Það hefur verið mjög mikill niðurskurður, mjög harkalegur niðurskurður á framlögum ríkisins til þessarar stéttar. Hún hefur orðið að búa við afar strangar framleiðslutakmarkanir þannig að það er ekki óeðlilegt að að henni þrengi, en óhjákvæmilegt er að líta á þetta atriði og um það eru allir sammála.

[14:42]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég hef misskilið hæstv. ráðherra. Ég var að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann ætlaði að gera með þær upplýsingar sem hann var með og hann hafði fengið út úr spurningavagninum og sem voru á þá leið að 8–9% aðspurðra urðu að hætta í skóla vegna fátæktar framfærenda og svarið við því var að nefnd hafði verið skipuð varðandi tekjustöðu bænda. Eru þetta þá aðallega börn bænda sem þarna eiga í hlut? Ég hlýt eitthvað að hafa misskilið hæstv. ráðherra. Alla vega vildi ég gjarnan fá skýringu á þessu.

[14:43]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom kannski ekki nógu skýrt fram hjá mér, en Gallup spurði einungis bændur. Þetta var sérstakur spurningavagn sem lagður var fyrir bændur og ég keypti þessar tvær spurningar inn í vagninn. Ég geri ráð fyrir því varðandi félagsaðstoðina að ef þetta hefði verið lagt fyrir alla þjóðina, þá væru það talsvert meira en 2% þjóðarinnar sem hefðu notið félagsaðstoðar. Það eru einungis 2% bænda sem hafa sótt eftir eða fengið félagsaðstoð. Þessi 8–9% sem hafa ekki haft efni á því að hafa krakkana sína í skóla eru einungis miðuð við bændastéttina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, 1. umr.

Frv. JóhS og ÖS, 284. mál. — Þskj. 538.

[14:44]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. það sem hér er mælt fyrir, um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokkanna, er nú flutt í þriðja sinn. Það var áður flutt á tveim síðustu þingum en náði þá ekki fram að ganga. Flutningsmaður ásamt mér að þessu sinni er hv. þm. Össur Skarphéðinsson.

Frv. var fyrir tveimur árum til meðferðar í allshn. og var sent til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust þá frá Ríkisendurskoðun og ríkisskattstjóra og var tekið tillit til ábendingar þeirra við endurflutning frv. á síðasta þingi. Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er ekki síst sá að gera fjármál stjórnmálaflokka opin og sýnileg og setja stjórnmálamönnum reglur í starfi sínu innan flokkanna. Leynd sem er í kringum fjármál stjórnmálaflokka er einungis til þess fallin að auka á tortryggni almennings í garð stjórnmálaflokka. Sama gildir ef leynd hvílir yfir háum styrkjum frá einstaklingum eða fyrirtækjum til stjórnmálaflokka. Hætta getur skapast í slíkum tilvikum á hagsmunaárekstrum sem leitt geta til óeðlilegrar afgreiðslu mála í stjórnsýslunni þar sem fáum aðilum er hyglað á kostnað heildarinnar.

Almennt er lítið vitað um fjármál stjórnmálaflokka hér á landi, enda eru þeir hvorki framtalsskyldir né skattskyldir, aðeins bókhaldsskyldir. Þó er greinilegt að mikið fjármagn fer oft og tíðum í gegnum fjárhirslur þeirra, ekki hvað síst í kosningabaráttunni. Auk frjálsra framlaga eru íslenskir stjórnmálaflokkar fjármagnaðir úr ríkissjóði og það knýr ekki síst á um að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokka og að reikningar verði birtir opinberlega.

Innan þings og utan hefur um langt skeið verið umræða um nauðsyn slíkrar lagasetningar eins og hér er gert ráð fyrir, en ekkert hefur orðið af því. Á árinu 1975 var málinu formlega hreyft á Alþingi með flutningi frv. sem Benedikt

Gröndal lagði fram, en í því frv. var að finna ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og reglur um fjárframlög þeirra. Frv. náði þó aðeins til stjórnmálaflokka sem bjóða fram til Alþingis en ekki til sveitarstjórna eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, en það er í veigamiklum atriðum frábrugðið því frv. sem var flutt 1975.

Kvennalistinn lagði einnig fram fyrir nokkrum árum þáltill. um að skipuð yrði nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka og jafnframt að nefndin legði mat á hvort rétt væri að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka. Fyrir einu og hálfu ári eða tveim árum síðan, ég man það ekki nákvæmlega, skipaði hæstv. forsrh. nefnd til þess að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast, ef ég skil verksvið nefndarinnar rétt en mér hefur aldrei verið nákvæmlega ljóst verksvið nefndarinnar. Það hefur satt að segja ekki mikið frést af starfi þessarar nefndar og því óskaði ég eftir að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þessa umræðu, m.a. til að svara nokkrum spurningum sem ég vil beina til hans.

Þó þetta frv. sé nú flutt í þriðja sinn hefur það litla efnislega umfjöllun fengið í hv. allshn. Þar er því ávallt borið við að nefnd á vegum hæstv. forsrh. sé að fjalla um málið. Það sýnir mér enn einu sinni veikleika löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu að Alþingi geti ekki haft sjálfstæða skoðun eða tekið afstöðu til mála nema þau komi frá ríkisstjórninni eða a.m.k. að hún leggi blessun sína yfir þau.

Nokkur umræða varð um þessa nefnd hæstv. forsrh. í allshn. þegar frv. var þar til umræðu, bæði 1995 og 1996. Það var helst að skilja á fulltrúa forsrn. sem mætti á fund nefndarinnar að nefnd hæstv. forsrh. mundi skila fljótt af sér. Því spyr ég hæstv. forsrh.: Hvað líður störfum þessarar nefndar? Hvert er nákvæmlega verksvið hennar? Tekur það til allra þeirra þátta sem frv. sem ég mæli fyrir kveður á um? Má vænta þess að frv. til laga um fjárreiður stjórnmálaflokka verði lagt fram á yfirstandandi þingi? Ég held, virðulegi forseti, að það sé nauðsynlegt fyrir framgang málsins í hv. allshn. að hæstv. forsrh. skýri nokkuð stöðu þessara mála vegna þess að það hefur vissulega hamlað starfinu í nefndinni, eins og ég sagði, að því er ávallt borið við að málið sé á leiðinni inn á þing frá hæstv. forsrh.

Það er auðvitað nauðsynlegt, virðulegi forseti, að þmfrv. jafnt sem stjfrv. fái efnislega og eðlilega umræðu í nefndum og þingið verði látið taka afstöðu til þeirra, en ekki sé vetur eftir vetur og þing eftir þing verið að vísa í einhver óljós nefndarstörf, að þar sé verið að fjalla þar um málið á vegum ríkisstjórnarinnar.

Eftir því sem ég hef haft spurnir af, þá hefur þessi nefnd ekkert fundað síðustu 5 eða 6 mánuðina sem sýnir mér að það virðist ekki vera mikill áhugi fyrir framgangi þessa máls. Mér er sagt að hún sé búin að vera í gagnasöfnun í $1\,^1/_2$–2 ár. Það er alllangur tími ef þetta er rétt. Ég vona að hæstv. forsrh. upplýsi okkur nú um aðra stöðu þessa máls.

Það er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það verður að finna þessu máli annan farveg ef það kemur ekkert nýtt fram í umræðunni hjá hæstv. forsrh. ef á annað borð er áhugi á því hjá stjórnmálaflokkunum á Alþingi að setja slíka löggjöf.

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. hafa alls staðar á Norðurlöndum, að því er ég best veit, verið lögfestar reglur um fjárreiður stjórnmálasamtaka. Í Svíþjóð voru lögfestar reglur um ríkisframlög til stjórnmálaflokka árið 1972 og 1976 voru samþykkt lög um fjárframlög til stjórnmálaflokka bæði í tengslum við lands- og sveitarstjórnarframlög. Í Finnlandi voru árið 1969 lögfest ítarleg ákvæði um starfsemi stjórnmálaflokka, svo og fjárframlög til þeirra sem bjóða fram til þings. Þá má einnig benda á að í Bandaríkjunum, Kanada, Írlandi og víðar hafa verið sett lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna en þar er sett þak á heildarkostnað sem má eyða í kosningabaráttunni sem er athyglisverð hugmynd og ég tel rétt að nefndin sem fær þetta frv. til meðferðar skoði sérstaklega. Slík bann rennir frekar stoðum undir það að árangur stjórnmálaflokka ráðist ekki alfarið af fjárhagslegum styrk þeirra og að staða þeirra að því er þennan þátt varðar í kosningabaráttunni verði sem jöfnust.

Þessar þjóðir hafa ekki látið sér nægja að setja ramma um fjárreiður stjórnmálaflokka heldur hafa sjónir manna beinst mjög að starfsemi stjórnmálamanna, embættismanna og stjórnsýslunnar í heild. Víða í Bandaríkjunum eru í gildi siðareglur sem taka til stjórnmálamanna og starfsemi stjórnmálaflokka almennt. Á Írlandi kom einnig fram sú tillaga í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar árið 1992 að þingmenn legðu í upphafi þings fram lista yfir öll störf sín og þátttöku í nefndum utan þings. Þegar þingið fjallaði síðan um málaflokka sem sköruðust á við starf eða hagsmuni viðkomandi þingmanns viki hann sjálfkrafa sæti. Í Kanada eru í gildi svipaðar reglur. Þar er þó ekki sérstaklega haft eftirlit með því að þingmenn gefi upp störf sín en komi hins vegar í ljós að tiltekinn þingmaður hafi brotið gegn reglunni á sá hinn sami það á hættu að missa þingsæti sitt. Slíkar hugmyndir hafa ekki mikið verið ræddar hér á landi, en það er full ástæða til að gefa þeim gaum við meðferð málsins á þingi.

Ég tel líka skynsamlegt a.m.k. að huga að því að settar verði siðareglur í stjórnmálum. Það er áhrifaríkt tæki til að vinna gegn spillingu á opinberum vettvangi og það er nauðsynlegt að gerðir opinberra aðila séu fyrir opnum tjöldum.

Það eru skiptar skoðanir um slíkt, en ég tel að í tengslum við þetta frv. sé rétt að nefndin a.m.k. fari yfir það mál.

Í greinargerð með frv. koma fram ýmsar ábendingar sem rétt er að allshn. skoði líka við umfjöllun málsins. Þar má nefna t.d. hvort hámark eigi að vera á leyfðum framlögum einstaklinga og fyrirtækja til stjórnmálasamtaka, hvort aðskilja eigi kosningastarf frá annarri starfsemi stjórnmálaflokka og setja eigi reglur um prófkjör, þar með talið um fjárhagslegan ramma þeirra, hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu — sem ég tel rétt að verði gert — og hvort eigi að setja reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings. Ég vildi sérstaklega spyrja og teldi áhugavert að heyra lauslega álit forsrh. á þessum hugmyndum sem reifaðar eru í greinargerð með frv. og skoðun hans á þeim atriðum sem ég nefndi, t.d. hvort takmarka eigi umfang auglýsinga í kosningabaráttu og hvort setja eigi reglur um birtingu skoðanakannana rétt fyrir kjördag og hvort þingmenn eigi að leggja fram lista yfir öll störf og þátttöku í nefndum utan þings.

Varðandi efnisatriði frv. vil ég einungis geta meginatriða, en ítarlega var gerð grein fyrir einstökum greinum frv. þegar mælt var fyrir því á tveimur síðustu þingum. Frv. er ítarlegt en í því er annars vegar settur almennur lagarammi um starfsemi stjórnmálaflokka og hins vegar er kveðið um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Helstu atriði sem lúta að fjárreiðum stjórnmálaflokka eru þessi:

Stjórnmálasamtök verði framtalsskyld og gert að skila skattframtali, en reikningar þeirra skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum og birtir opinberlega. Stjórnmálasamtökum verði óheimilt að taka við fjárframlögum eða ígildi þess frá einstökum aðilum sem fer yfir 300 þús. kr. á ári nema birt verði nafn þess styrktaraðila opinberlega. Víða í vestrænum löndum hafa verið lögfestar strangar reglur í þessu sambandi til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Gert er ráð fyrir að stjórnmálasamtök geti misst rétt sinn til ríkisframlaga brjóti þeir á einhvern hátt gegn ákvæðum laganna.

Í lokin vil ég geta þess, virðulegi forseti, að skv. 7. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, þá hvílir á stofnuninni sérstök eftirlitsskylda með samtökum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Þannig getur Ríkisendurskoðun krafist reikningsskila af samtökum, þar á meðal stjórnmálasamtökum, sem fá framlög eða styrki úr ríkissjóði í því skyni að rannsaka hvernig ríkisframlögum er varið. Það verður að gera ráð fyrir að Ríkisendurskoðun beiti þessari heimild sinni ef hún telur ástæðu til og til álita kemur að skylda Ríkisendurskoðun til að endurskoða ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði. Lög um Ríkisendurskoðun kveða hins vegar á um að endurskoðunarskylda stofnunarinnar er annars vegar bundin við eignarhald ríkisins eða þátttöku þess í greiðslum meginhluta rekstrarkostnaðar og þótt stjórnmálasamtök fái framlög úr ríkissjóði er starfsemi þeirra ótengd ríkinu og rekstri þess. Þess vegna er ekki talið rétt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga stjórnmálasamtaka sem fá framlög úr ríkissjóði, enda eru ársreikningarnir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum samkvæmt frv. Jafnframt er heimild til afskipta Ríkisendurskoðunar eins og áður er greint frá.

Þetta var í upphaflegu frv. Þá var gert ráð fyrir aðkomu Ríkisendurskoðunar að þessu leyti, en eftir ábendingar Ríkisendurskoðunar hefur upprunalegu frv. verið breytt í samræmi við þær.

Ég vil í lokin ítreka mikilvægi þess að sett verði löggjöf um starfsemi og fjárreiður stjórnmálaflokka sem er mikilvægt til að skapa traust milli stjórnmálamanna og fólksins í landinu. Ég lagði þetta frv. fram, ég man ekki hvorum megin við jólin það var, ég lagði þetta ekki fram í haust einmitt af því að ég hafði þær væntingar til hæstv. forsrh. að hann mundi leggja fram frv. á yfirstandandi þingi og vísa ég þá til fulltrúa hans sem hafði, að mig minnir í fyrravor, mætt á fund nefndarinnar og gefið þessar upplýsingar. Þess vegna beið ég með það, virðulegi forseti, í nokkra mánuði að leggja þetta frv. fram, en ég var orðin úrkula vonar með að hæstv. forsrh. mundi leggja þetta fram á yfirstandandi þingi. Þess vegna er frv. lagt fram aftur.

Um leið og ég ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh. legg ég til að frv. verði vísað til hv. allshn.

[14:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það virðist nú vera að þetta brýna hagsmunamál sé ekki aðaláhugamál þingheims. Við erum hér fimm stödd í salnum um þessar mundir að hæstv. forseta meðtöldum. Það þýðir ekki að málið sé ekki merkilegt og hægt að hafa um það langt mál.

Það er alveg rétt að það er starfandi nefnd sem sett var á stofn til þess að fjalla um þessi mál í framhaldi af umræðum sem urðu er gerðar voru nokkrar breytingar á fyrirkomulagi skattmeðferðar og frádráttarheimildar fyrirtækja á framlögum til stjórnmálaflokka. Fram að því hafði verið sá skilningur ríkjandi af hálfu skattyfirvalda að slík framlög væru frádráttarbær hjá fyrirtækjunum í reynd. Það hefur aldrei verið gerð athugasemd við það. Síðan var breytt um vinnutilhögun í þeim efnum og meðferð framkvæmdar hjá skattyfirvöldum. Kom það ýmsum fyrirtækjum og endurskoðendum þeirra á óvart miðað við það sem þekkt var og menn höfðu búið við. Því var það svo að fulltrúar mikils meiri hluta hér á Alþingi sameinuðust um að koma þessu máli í tiltekið horf sem nú er þekkt þannig að frádráttarbærni slíkra greiðslna til stjórnmálaflokka er skipuð með sérstökum hætti að lögum og ættu því ekki lengur að vera efasemdir um þau atriði.

Engu að síður þótti mönnum rétt í framhaldi af þessum umræðum öllum að setja á laggirnar nefnd til að fjalla um þessi mál, nefnd sem þingflokkarnir ættu aðild að og leitast yrði við að ná sem víðtækastri samstöðu um málið. Hér er því ekki um það að ræða sem hv. þm. gat nú um að þetta væri einhver undirgefni þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það hefur verið nokkur umræða um slík mál hér í þinginu, mjög á villigötum og undarleg satt best að segja, sem ég ætla ekki að fara ofan í hér, en það er ekki mjög til sóma hvernig sú umræða hefur farið fram. En hér er um að ræða að allir þingflokkar eiga aðild að þessari nefnd og geta haft þann atbeina að störfum hennar sem þeir kjósa. Rammi um starfsemi þeirrar nefndar er rúmur og nefndin á auðvitað að fjalla um þessi mál í heild út frá almennum sjónarmiðum jafnframt, en auðvitað er sérstaklega verið að horfa til þess hvernig ríkisframlögum til stjórnmálaflokka er skipað því að eins og hv. þm. nefndi áðan, þá hafa önnur lönd séð sig knúin til þess að setja lagaramma um slík framlög.

Hins vegar verða menn að gæta sín nokkuð á því sem hv. þm. gerði ekki alveg áðan, það er hvers vegna sjálfstæði stjórnmálaflokkanna gagnvart ríkisvaldinu og eftirlitshlutverki þess er nauðsynlegt. Ef við byggjum í alræðisríki, þá væri út af fyrir sig sjálfsagt að ríkisvaldið og ríkisendurskoðun væru með puttana ofan í starfsemi stjórnmálaflokkanna og gætu haft þumalskrúfur á þeim. Það á ekki við í lýðræðisríki eins og okkar. Menn verða að fara afar gætilega í að rugla þessu saman. Þótt menn hafi mikla trú á forræði ríkisins og eftirlitshlutverki þess í hvívetna, þá er það grundvallaratriði að stjórnmálaflokkarnir geti starfað án slíkra afskipta og þvingana. Það hafa reyndar ekki komið upp nein sérstök dæmi sem ég minnist um að misnotkun í þeim efnum hafi þótt vera áberandi. Ég man ekki eftir mörgum slíkum dæmum.

Þá er þess að geta vegna þess að hv. þm. nefndi margvíslega þætti, sem ég hygg að nefndin muni lítið koma að því að það er mjög víðtækt efni og hún mundi þá seint og illa skila af sér, varðandi prófkjör og prófkjörsreglur og um siðareglur stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna. Hv. þm. nefndi að þingmenn gætu misst þingsæti sitt ef þeir höguðu sér ekki nægilega vel og það er vissulega þekkt. Þá eru það félagarnir sem senda viðkomandi út af þinginu en ekki kjósandinn sem kaus þá þannig að það er klúbburinn sem ákveður hvaða menn sitja á þingi en ekki kjósandinn. Slík hugmynd er mér algjörlega fráhverf. Mér finnst hins vegar sjálfsagt að ef hinum almenna kjósanda, þeim sem ábyrgðina ber og valdið skal hafa, ofbýður framkoma þingmanns, þá setji hann að sjálfsögðu þann þingmann út af sakramentinu. En það á ekki hópurinn að gera eftir einhverjum siðferðisvottorðum sem hann ákveður og væru meira og minna kannski hluti af sýndarskap og sviðsetningu, eins og við þekkjum þegar einn

fer að dæma annan í hópi félaganna. Það mundi mér ekki lítast á.

Ég vil nefna annað dæmi sem hv. þm. nefndi um leynd í kringum reikninga og að stjórnmálaflokkar ættu að birta reikninga. Einn stjórnmálaflokkur hefur sagt, og hann á fulltrúa hér í salnum, að hann sé eini stjórnmálaflokkurinn sem birtir reikninga. Og hann birti einhverja reikninga, einhverjar fáeinar tölur á blaði. Ég held að það hafi ekki þótt sæta neinum tíðindum. Það sætti hins vegar tíðindum þegar sjálfur framkvæmdastjóri viðkomandi flokks sagði af sér mánuði síðar eða svo vegna þess að hann hafði ekki fengið að sjá reikningana hjá þessum eina flokki sem birti þó reikningana að eigin sögn. Það sýnir nú í hvaða farvegi slíkar umræður geta orðið. Það þætti skrýtið í mínum flokki ef ég þættist hafa birt reikningana, einhverjar fáeinar tölur á blaði, og svo kæmi Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., og tilkynnti að hann hefði ekki fengið að sjá reikningana fyrir mér og ætlaði að hætta af þeim ástæðum. Og ég væri nýbúinn að básúna að ég væri með eina flokkinn sem birti reikninga. Menn sjá nú sýndarskapinn sem er í þessum efnum og hversu lítið gagn er af slíkum birtingum.

En þá er spursmálið, á þá að ganga lengra? Á eftirlitið af hálfu ríkisins að vera með puttana á púlsi frjálsra stjórnmálaflokka? Auðvitað er svarið við því nei í þessu landi, rétt eins og svarið var já við því í Sovét hinu gamla sem ekki er lengur til. Stjórnmálaflokkar hafa nefnilega mjög mikla sérstöðu sem við þurfum að gæta að og huga að ef tryggja á sjálfstæði þeirra gagnvart ríkisvaldinu. Við setjum reglur um hlutafélög, hvernig á að skipa innri málum þeirra. Væntanlega dytti engum í hug að setja reglur um hvernig eigi að skipa innri málum stjórnmálaflokka, hvort þeir eigi að hafa prófkjör, hvort þeiri eigi að raða svona eða hinsegin í nefndir, hvernig þeir eigi að ráða starfsfólk til starfa o.s.frv., vegna sérstöðu þeirra. Og það sama gildir um reikninga þeirra. En auðvitað er það svo í hverjum stjórnmálaflokki sem eitthvert vit er í að þar er agi innan frá og þar er skýrt frá efnahagslegri og fjárhagslegri niðurstöðu.

Reyndar er það svo að vandamál stjórnmálaflokkanna hefur ekki verið yfirfljótandi peningar. Ég þekki a.m.k. engan stjórnmálaflokk þar sem það er vandamál að þeir séu að skila afgangi af starfsemi sinni. Því miður er það svo að fjárhagsvandræði stjórnmálaflokkanna hafa aukist og því miður er það einnig svo að hlutur ríkisins í heildarfjárframlögum stjórnmálaflokkanna er að aukast ár frá ári þannig að þessir stjórnmálaflokkar fara að verða útibú frá ríkisvaldinu, sem er afar óhollt svo ekki sé meira sagt, og gengur þvert á alla lýðræðislega hugsun um frjálsa og óháða stjórnmálaflokka sem geta gegnt hlutverki sínu án afskipta og yfirdrottnunar ríkisvaldsins. Að þessu þurfum við öll mjög að huga.

Menn geta sett siðferðisreglur um menn og stjórnmálaflokka. Slíkar reglur breyta litlu siðferði viðkomandi manns eða viðkomandi manna. Það gæti kannski hugsanlega hjálpað þeim að fela sig eitthvað pínulítið. Siðferðisreglurnar eru nefnilega inni í kollinum á hverjum manni og það er þar sem þær koma fram. Og það er áríðandi að brjóti menn slíkar reglur þá sé kjósandanum gert um það viðvart þannig að hann geti losað sig við þann mann eða þá konu sem er blendin í slíkum meginatriðum í þjóðfélaginu.

Hv. þm. nefndi heildarþak á framlög í kosningabaráttu. Þetta hljómar líka ágætlega, en hvernig hafa menn síðan brugðist við? Eru allir svona ánægðir með þetta í Bandaríkjunum? Jú, jú, þar er svokallað heildarþak. En hvernig fara menn í kringum það? Skyldu menn ekki gera það? Ó, jú. Verkalýðshreyfingin þar, sem er kannski ekki mjög sterk, var óspör á stórkostlega peninga í síðustu kosningum til að auglýsa hvað stjórnmálaflokkarnir vildu, en hún var ekki hluti af þeim. Það hittist nú þannig á að hún var alveg samsíða einum stjórnmálaflokknum. Mjög öflugur félagsskapur eins og rifflasamtökin, sem ekki er stjórnmálaflokkur, beitti gríðarlegum peningum í auglýsingar og það hittist þannig á að mest af þeirra áróðri var samsíða hinum aðalstjórnmálaflokknum. Síðan kom hópur kristilegra manna sem var mjög vel skipulagður. Hann beitti gríðarlegum peningum sem tengdist ekkert þessu þaki á framlög. Það hittist þannig á að hans boðskapur, sem þeir sögðu að væri bara tilviljun og sjálfsagt hefur það verið tilviljun, fylgdi aðallega repúblikönum í þessum kosningum. Þannig að menn geta búið sér til alls konar þök. En hvernig ætla menn að fara fram hjá þeim? Hvað ef það væru til að mynda þök á slíkum framlögum hér á landi? Síðan hefði einhver stjórnmálaflokkur einhvern tiltekinn þátt á stefnuskrá sinni, tökum sem dæmi að Alþfl. hefði nú þá skoðun að afnema ætti verkfallsrétt opinberra starfsmanna og fylgdi henni fram og BSRB mundi kjósa að veita tugi milljóna í að berjast gegn þessari afstöðu, sem mundi þjóna hinum flokkunum, andstæðingum þessa tiltekna flokks í þessu dæmi. Mundi það brjóta þakið eða mundi það ekki brjóta þakið? Allar slíkar reglur eru afar vandmeðfarnar og það er mjög auðvelt að komast í kringum þær.

Við eigum að ganga út frá því að gera stjórnmálaflokkunum kleift að njóta þess stuðnings sem stuðningsmenn þeirra vilja veita þeim. Auðvitað skilur maður að ef stjórnmálaflokkar hafa lítinn stuðningsmannahóp, þá vilja þeir sækja allt sitt fé til ríkisins. En það er líka annarlegt. Sums staðar er slíkum stuðningi þannig háttað að það geta allir sem bjóða fram fengið loforð um slíkan stuðning, ekki bara þeir sem eru fyrir í þinginu eða sveitarstjórninni, allir sem bjóða fram geta fengið loforð um slíkan stuðning. En sá fyrirvari er á því að menn nái tilteknum árangri. Að menn komi manni á þing eða í sveitarstjórn eða fái tiltekinn hlut af atkvæðum til þess að það séu kjósendur sem í raun ákveði framlagið en ekki einhverjir skriffinnar í ráðuneytum eða á skrifstofu. Þetta er líka hugmynd sem hægt væri að skoða, að láta stuðning stjórnmálaflokkanna fara eftir því hversu þeir væru metnir af fólkinu í landinu því að það er fólkið í landinu sem við hljótum að vilja taka mest mark á. Það segjum við a.m.k. í ræðum okkar fyrir kosningar og endrum og sinnum þess á milli og ég býst við því að menn vilji halda sig við það.

Sú nefnd sem hér var um getið hefur ekki haldið mjög marga fundi, það er alveg rétt. Hins vegar hefur mikil undirbúningsvinna og gagnasöfnun átt sér stað innan nefndarinnar og ég veit ekki annað en þar verði á næstu vikum ræddar ítarlega tillögur sem formaður nefndarinnar mun í framhaldi af umræðum sem þar hafa orðið og gagnasöfnun kynna og leggja til grundvallar. Hvort um þær tillögur verður sátt skal ég ekki segja því að það er eins og ég segi, allir flokkar þingsins eiga aðild að þessari nefnd og það verður leitast við að ná sem viðtækustu samkomulagi um niðurstöðurnar. Það er mjög þýðingarmikið að til að mynda meiri hluti Alþingis á hverjum tíma sé ekki að þvinga fram ákveðna niðurstöðu sína, heldur verði þess gætt að meiri hlutinn og minni hlutinn geti þokkalega sæmilega við slíkar tillögur unað. Ég er því þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt að láta þessa nefndarvinnu fá eðlilegan gang. Ég á ekki von á því að hún leiði til þess að lagðar verði fram neinar formlegar tillögur á þessu

þingi en vonandi verður á næsta þingi hægt að leggja fram vandaðar tillögur um þetta efni þannig að kjósendum sé ljóst fyrir næstu kosningar til að mynda hvernig þessum málum sé skipað og að hvaða niðurstöðu stjórnmálaflokkarnir hafi komist í þeim efnum hér í þjóðþinginu.

Varðandi auglýsingar sem hv. þm. nefndi og hvort það eigi að setja almennar reglur um hvað mikið megi auglýsa, þá held ég að það sé ekki nauðsynlegt. Ég held að auglýsingar af því tagi sem stjórnmálaflokkarnir hafa stundum lent í séu marklitlar og geri þeim lítið gagn og ég held að þeir eigi að læra af reynslunni. Við eigum ekki að vera að bjarga þeim frá slíkum pyttum sem þeir detta í. Ég held að auglýsingar fáeina daga fyrir kosningar virki afar lítið á kjósendur. Kjósendur eru varir um sig vikurnar fyrir kosningar og þeir fletta yfir slíkar auglýsingar og horfa lítið til þeirra og vægi þeirra er miklu minna en menn mundu ætla. Hins vegar hef ég oft orðið var við að stjórnmálamenn í hinum ýmsu flokkum eru mjög uppnæmir yfir þessum auglýsingum þegar þær koma og þess vegna fara áróðursmeistararnir allt of hratt og mikið í slíkar auglýsingar og flokkarnir eru lengi í sárum eftir slíkt. Þeir eiga bara að kunna fótum sínum forráð sjálfir. Ég get grannt um þetta talað því að minn flokkur hefur svo sannarlega lent í dellum af þessu tagi og verið í mörg ár að vinna sig eftir slíkt auglýsingagönuhlaup. Og minn flokkur er ekki sá eini sem hefur í slíku lent. Í því hafa fleiri lent þegar menn horfa hver hjá öðrum og ímynda sér að nú sé þessi flokkurinn eða hinn að vinna verulega á út af auglýsingaflóði. Ég held að það sé mikill misreikningur og ofmat á þessum auglýsingum skömmu fyrir kosningar af því að fólk varar sig á þeim. Og ég vil í samræmi við mína lífsskoðun láta menn bera ábyrgð á gjörðum sínum í sem flestum efnum eins og þeir geta. Og stjórnmálaflokkarnir sem eru nú alltaf að reyna að hafa vit fyrir fólkinu og sýna því fram á að þeir séu færir um að stjórna málum ríkis og sveitarfélaga ættu þá að geta stjórnað sínum eigin málum og eigin fjármálum. Ef þetta sama fólk, sem er að bjóðast til að koma og stjórna landinu og stjórna sveitunum, kaupstöðunum og hreppunum og sveitarfélögum um land allt, ef það getur ekki stjórnað sínum eigin fjármálum, hver ætlar þá að treysta því til að stjórna fjármálum ríkisins, lands og þjóðar?

[15:14]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst öll ræða hæstv. forsrh. ganga út á að hann væri á móti því að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna eða fjárreiður stjórnmálaflokkanna. Síðan kom niðurstaðan. Hann býst við að frv. verði lagt fram um það ef samstaða næst um það á næsta þingi. Það veldur mér vissulega vonbrigðum að þetta taki svo langan tíma, að enn þurfi að líða nokkrir mánuðir áður en þingið færi að fjalla um þetta mál.

Ég hafði vissulega gert mér vonir um það miðað við upplýsingar sem komu fram í nefndinni að frv. mundi koma fram á þessu þingi. Ég vil líka taka fram af því að hæstv. forsrh. sagði að allir stjórnmálaflokkar ættu aðild að þessari vinnu, að Þjóðvaki á ekki aðild að þessu samstarfi eða þessu starfi í nefndinni einfaldlega vegna þess að Þjóðvaki fékk ekki, þó eftir því væri gengið, þá skilgreiningu á verksviði þessarar nefndar sem hann óskaði eftir að fá. Þjóðvaki sem slíkur stendur því utan við þessa vinnu.

Hæstv. forsrh. hefur lýst skoðun sinni á ýmsu því sem ég hef hér sett fram og ég verð að segja að ýmislegt hefur valdið mér vonbrigðum. Þó að þetta væri fróðleg ræða á margan hátt hjá hæstv. ráðherra þá hefur afstaða hans til hinna ýmsu þátta eins og prófkjörs og þaks á fjárframlög í kosningabaráttu valdið mér vonbrigðum. Eitt hefur hann þó ekki nefnt sem er efnisatriði í þessu frv. Ég spurði hæstv. ráðherra hvort þessi frumvörp sem hann væri með á sínu borði væru í sama eða svipuðum dúr og hér er verið að ræða. Það er spurningin um að stjórnmálasamtökum sé heimilt að taka við fjárframlagi eða ígildi þess frá einstökum aðilum, þó þannig að fari framlög yfir ákveðna upphæð, hér er nefnt 300 þús., á hverju reikningsári þá eigi að birta nöfn styrktaraðila samhliða birtingu ársreikninga. Ég tel þetta mjög mikilvægt atriði og spyr hæstv. ráðherra um á skoðun hans á þessu ákveðna atriði.

En ég lýsi aftur vonbrigðum mínum með þann drátt sem verður á framlagningu frv. um fjárreiður stjórnmálaflokka.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að samskipti stjórnmálaflokka og stuðningsmanna þeirra eigi að vera þeirra samband, að það eigi að vera trúnaðarsamband á milli stuðningsaðila stjórnmálaflokka og stjórnmálaflokksins. Ég tel ekki að það gefist neitt tilefni til þess hér á landi að gera slíka hluti tortryggilega.

Sennilega er það nú tiltölulega sjaldgæft að framlög til stjórnmálaflokka nemi hærri upphæðum en þessi sem hv. þm. nefndi. Ég kannast a.m.k. ekki við mjög mörg dæmi þess að framlög til stjórnmálaflokka, árleg framlög býst ég við að þingmaðurinn sé að nefna eða fyrir kosningar, séu hærri en sem þessari upphæð nemur. Oftast nær eru þetta miklu minni framlög.

Ég verð að tala út frá mínum flokki sem hefur að vísu mikla sérstöðu vegna þess að hann er almenningsflokkur, ekki svona fámennisklúbbur eins og sumir flokkar eru. Það eru 35 þúsund meðlimir í þessum flokki sem greiða félagsgjöld og auðvitað safnast mjög mikið saman þegar svo margir koma saman og leggja í púkk.

[15:17]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að hæstv. forsrh. er líka á móti því að gert verði að skyldu að birta nöfn styrktaraðila ef framlag fer yfir ákveðna fjárhæð. Ég tel mjög mikils virði að slíkt sé sett. Það mun eyða ákveðinni tortryggni sem oft er uppi varðandi fjármál stjórnmálaflokkanna og hvernig þeir fá framlög til sinnar starfsemi. Ég sé ekki annað en það ætti að vera útgjaldalaust af hálfu stjórnmálaflokkanna að miða slíkt þak við, eins og hér er lagt til, 300 þús. þegar meira að segja er upplýst af stærsta stjórnmálaflokknum að hann hafi ekki tekið við, ef ég skildi hæstv. forsrh. rétt, framlögum yfir 300 þús. Því ætti að vera útgjaldalaust að setja slíkt þak á og ég held að það mundi eins og ég segi vera til bóta varðandi það að eyða tortryggni sem er uppi um fjármál stjórnmálasamtaka og hvernig þeir afla fjár til þess að reka sína starfsemi.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú ekki orðið var við mikla tortryggni í garð fjáröflunar stjórnmálaflokka hjá almenningi. Það er kannski hér í þessum sal hjá tilteknum þingmönnum en það er ekki mikil tortryggni hjá almenningi í þessum efnum. Ef þingmenn ætla að ákveða til að mynda hvaða upphæðir verða birtar. Segjum að stjórnmálaflokkur sé með árlegan fjárhag upp á 50 millj. kr. 300 þús. kr. eru kannski

ekkert mjög stór hluti af slíkum fjárhag og þess vegna mundi slíkur styrktaraðili ekki hafa mjög mikil áhrif innan slíks flokks.

En segjum síðan að einhver flokkur sé með fjárhag upp á 2 millj. kr. og síðan gefi einhver slíkum flokki 300 þús. kr., þ.e. yfir 10% af fjárhagsstöðu viðkomandi flokks, þá kannski er sá aðili orðinn mjög mikill þungavigtaraðili innan slíks flokks. Á þá að miða þessa upphæð bara við upphæð eða hlutfall af öllum heildatekjum viðkomandi stjórnmálaflokks? Það getur líka skipt máli.

Ég er bara með þessu að vekja athygli þingmannsins á hvað allt svona er vandmeðfarið því að 300 þús. kr. styrkur til flokks sem er kannski með 800 meðlimi eða 500 meðlimi er ekkert smáræði. En 300 þús. kr. styrkur til flokks sem er með 35 þús. meðlimi er allt annars eðlis eins og hv. þm. hlýtur að sjá.

[15:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. um starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka. Það var einnig flutt í fyrra lítið breytt. Ég sit í hv. allshn. og kem því til með að sinna þessu máli. En ég vil byrja á því að láta það koma fram að að mati okkar kvennalistakvenna er það mjög mikilvægur þáttur lýðræðis í landinu að stjórnmálaflokkum sé gert kleift að starfa og þá sé mjög eðlilegt að til komi opinber fjárstuðningur.

Ég vil einnig benda á að í flestum nágrannalöndunum þykir t.d. eðlilegt að skiptireglurnar séu þannig að stjórnarandstaðan fái hlutfallslega meiri stuðning en stjórnarflokkar vegna þeirrar gífurlegu aðstoðar sem stjórnarflokkar fá í ráðuneytum bæði í sérfræðiaðstoð og ýmissi annarri vinnu.

Það kom fram hér áðan að einhverjir stjórnmálaflokkar þættust einir hafa birt bókhald sitt. Ég held að það sé algerlega rangt. Kvennalistinn hefur ávallt haft bókhald sitt opið og hefur birt reikninga yfirfærða af löggiltum endurskoðendum þannig að það er rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru fleiri en einn flokkur sem hafa gert þetta. Það er nú svona með fréttaflutning hér á landi. En Kvennalistinn hefur ávallt haft sína reikninga opna og birt þá ef um það hefur verið beðið.

Tilgangur minn með því að koma í pontu er ekki síst sá að vekja athygli á þeirri þróun sem hefur átt sér stað í veitingu fjármagns til stjórnmálaflokka og þess vegna er ég kannski ekki alveg nógu ánægð með orðalagið á 11. gr. og 13. gr. frv. þar sem það á að setja það í hendur forseta Alþingis, 13. gr. sem er í samræmi við núgildandi lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka. Staðreyndin hefur nefnilega verið sú að á undanförnum árum hafa þessar úthlutunarreglur breyst þannig að þær hafi verið stóru flokkunum verulega í hag á kostnað minni flokkanna. Þegar ég kom fyrst að þessu máli eftir að Kvennalistinn var stofnaður árið 1983, var í gildi sú regla að rúmlega 40% fóru jafnt til allra flokka og hinu var skipt eftir þingmannafjölda. Þetta á sér fyrirmyndir erlendis frá og hugsunin er sú að það kosti ákveðna upphæð að reka skrifstofu, hafa starfsmann og annað slíkt og lágmarkskostnaðurinn sé jafnmikill hvort sem flokkurinn er lítil eða stór, að þetta sé einfaldlega lýðræðisleg þjónusta við almenning.

Síðan sat ég í nefnd sem skipti þessu fé í nokkur ár þangað til mér ofbauð árið 1992 hvernig málum var komið. Þá skilaði ég bókun þegar verið var að skipta fjárlagaliðnum á fjárlögum og ég ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að lesa þessa bókun sem er frá 10. janúar 1992. Þar segir:

„Fulltrúi Samtaka um kvennalista vill vekja athygli á þeirri þróun sem orðið hefur í tillögum og skiptingu ofangreindra fjárlagaliða. Þegar Kvennalistinn var fyrst kjörinn á þing var skiptireglan þannig að hluti fjárins fór beint til dagblaða en hinum hlutanum var skipt á milli þingflokka þannig að 47% var skipt jafnt á milli allra flokka og 53% var síðan skipt eftir fjölda þingmanna. Þetta var árið 1984. Árið 1988 og 1989 var allri upphæðinni skipt á milli þingflokka þannig að 40% upphæðarinnar var skipt jafnt á milli flokka og 60% eftir þingmannafjölda. Árið 1990 þegar þingflokkar voru sjö og árið 1991 þegar þingflokkar voru sex náðist meiri hluti fyrir því í nefndinni að lækka þann hluta sem skiptist jafnt á milli þingflokka niður í 12,5% og 87,5% var skipt eftir atkvæðamagni flokka. Nú árið 1992 var síðastnefnda skiptireglan einnig notuð."

Og hún hefur verið óbreytt síðan, þ.e. það eru aðeins 12,5% sem fer jafnt á flokka en hitt fer eftir þingmannafjölda. En áfram með þetta bréf, með leyfi forseta:

„Á fundum úthlutunarnefndarinnar hefur verið ítrekuð sú skoðun að nauðsynlegt sé að endurskoða þetta fyrirkomulag. Nefndin kynnti sér hvernig sambærilegum styrkjum til blaða og starfsemi stjórnmálaflokka er háttað í nágrannalöndum okkar og þann 20. mars 1989", takið eftir: 1989 „var páv. fjmrh. skrifað bréf með ítarlegum upplýsingum um fyrirkomulag sambærilegra mála erlendis og beðið um að endurskoðun væri látin fara fram. Svokölluð lýðræðisnefnd sem skipuð var af forsrh. að fenginni tilnefningu þingflokka árið 1990 hefur því miður ekki enn skilað breyttum tillögum þó að við í úthlutunarnefndinni hefðum bundið miklar vonir við það starf við úthlutunina árið 1991 og enn þá er staðan óbreytt.

Undirrituð telur óviðunandi að fulltrúar þingflokkanna séu látnir deila árlega um skiptingu þessara fjárlagaliða og að ekki skuli vera til fastmótaðar reglur og e.t.v. lög um þessa fjárlagaliði eða um starfsemi stjórnmálaflokka. Enn fremur hefur þróunin í úthlutunarreglunum augljóslega orðið þannig að minni flokkum er gert erfiðara um vik, en umsvifamöguleikar þeirra stóru hafa aukist."

Undir þetta bréf skrifar Guðný Guðbjörnsdóttir. Ég vil aðeins rökstyðja síðustu setninguna betur með tilvísun í fyrirspurn sem ég lagði fram á Alþingi á síðasta þingi. Svarið er birt á þskj. 959 frá 120. löggjafarþingi. Þar spyr ég um heildarupphæðir til allra stjórnmálaflokkanna og ég bið um árin frá 1986 og fram til ársins 1996. Og til þess að það taki ekki of mikinn tíma, þá kemur í ljós samandregið að upphæð stærstu flokkanna eins og Framsfl. og Sjálfstfl. hefur tæplega sexfaldast frá árinu 1986 til 1996 á meðan upphæðir A-flokkanna hafa um það bil fimmfaldast, á meðan hins vegar upphæð Kvennalistans hefur þrefaldast. Ég vil taka það fram að fylgi Kvennalistans 1986 var það sama og það er núna, þ.e. þrír þingmenn. Ég er ekki með þingmannafjölda hinna flokkanna alveg skipt niður þannig að vera má að það skýri málið að einhverju leyti. En mér virðist þetta sýna mjög vel að þróunin hefur verið sú að hlutfallslega hefur miklu meira farið til stóru flokkanna en þeirra litlu. Þetta finnst mér sérstaklega athyglisvert vegna þess að það kom skýrt fram hjá formanni þessarar lýðræðisnefndar sem undirrituð sat í á sínum tíma að ekki er mikill áhugi á því innan Sjálfstfl., eins og kom fram í máli ráðherra hér áðan, að setja lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna. En á sama tíma breyta þeir úthlutunarreglunum þannig að þeir hagnast mest á þeim. Finnst hæstv. forsrh. eðlilegt að vera annars vegar á móti stuðningi við stjórnmálaflokka og hins vegar að Sjálfstfl. fái 57,3 millj. kr. á liðnu ári? Þetta er tvískinnungur og ekkert

annað en tvískinnungur og það er vonandi að núverandi nefnd komi hér inn með alvörufrv. sem sátt næst um og er í einhverju samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum en að það verði ekki alltaf ákveðnir aðilar sem geti hagnast á því að segja: Við erum á móti reglum og á móti lögum um þetta, en hirða svo til sín stærsta hlutann af fjármagninu.

[15:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist nú þess út af síðustu orðunum að það var einmitt hv. þm. sem var á móti hækkunum til stjórnmálaflokkanna en sótti samt í það sjálf. Hún afneitaði því ekki fyrir hönd síns flokks sl. vor heldur sótti eftir því sérstaklega að fá það greitt sem hinir flokkarnir komu sér saman um en Kvennalistinn reyndi að slá sér upp á hér í þinghúsinu að hafa ekki staðið að. En Kvennalistanum hefði verið í lófa lagið að afsala sér þeirri upphæð og vera sjálfum sér samkvæmur sem flokkur.

Af því það var spurt um Sjálfstfl. sérstaklega þá hefur Sjálfstfl. sætt sig við að fá heldur lægri upphæð á hvern þingmann en aðrir flokkar fá. Sjálfstfl. hefur sætt sig við það. Við teljum hins vegar langréttustu regluna að það sé greitt fyrir hvern þingmann vegna þess að við eigum ekki hér í húsinu að vera að leiðrétta kosningaúrslitin eftir á sem kjósendur hafa ákveðið. Við höfum því talið að það væri langbest og eðlilegast að hafa þetta miðað við þingmannafjölda en við höfum sætt okkur við að Sjálfstfl. fengi heldur minna á hvern þingmann en aðrir flokkar.

[15:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru mjög athyglisverð rök vegna þess að fyrst þegar ég kom að þessu máli þá var sérfræðiaðstoðinni skipt þannig að 33% var skipt jafnt á milli þingflokka og þá var það heilaga reglan: Við skulum skipta þessu eins og í nefndinni um sérfræðiaðstoð þingflokka, 33% jafnt og hitt á þingmenn. Núna segir forsrh.: „Jú, við höfum sætt okkur við það að þingmenn Sjálfstfl. fái aðeins minna.“ Það er vegna þessa 12,5% sem fer jafnt milli flokkanna. Það á ekki að viðurkenna þau prinsipp sem öll nágrannalöndin viðurkenna og þar að auki er tekið tillit til stjórnarandstöðunnar. Skuggaráðuneytin, þeir sem ekki eru í stjórn, fá meira. Hér eru reglurnar að þróast í þveröfuga átt við það sem alls staðar tíðkast í lýðræðisríkjum undir því yfirskini að Sjálfstfl. sætti sig við að fá aðeins minna á hvern þingmann.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:32]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 398. mál, fsp. MF, þskj. 692.

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 399. mál, fsp. MF, þskj. 693.

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 400. mál, fsp. MF, þskj. 694.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 253. mál (persónuafsláttur barna). — Þskj. 443.

[15:33]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, Bryndísi Hlöðversdóttur og Rannveigu Guðmundsdóttur.

Frv. felur í sér að einstæðum foreldrum sem hafa á framfæri sínu barn á aldrinum 16–19 ára verður heimilt að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti barna með sama hætti og gildir um persónuafslátt hjóna eða sambýlisfólks en samkvæmt skattalögum er heimilt að nýta 80% af óráðstöfuðum persónuafslætti þess sem lægri hefur tekjurnar. Ég tel að hér sé mikið réttlætismál á ferðinni og það sé mikil ósanngirni í því fólgin þegar einstæðir foreldrar eiga hlut að máli, að geta ekki nýtt sér ónýttan persónuafslátt barna sinna.

Frá því að þetta fyrirkomulag var ákveðið í skattalögum hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu sem felast m.a. í auknum menntunarkröfum og lengri skólagöngu barna. Atvinnuleysi hefur aukist verulega, t.d. hefur það tífaldast hjá ungmennum 15–19 ára á árunum 1987–1994. Börn dveljast lengur í foreldrahúsum og þurfa lengur á framfærslu foreldra sinna að halda og þá ekki síst til að geta menntað sig en það er talið að um 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára búi í foreldrahúsum. Það er alveg ljóst að framfærslukostnaður einstæðra foreldra er mjög mikill, ekki síst þegar um er að ræða menntun barnanna. Félag einstæðra foreldra lét gera könnun á framfærslukostnaði 1991 vegna 13–15 ára barna. Niðurstaðan í þeirri könnun varð sú að árlegur framfærslukostnaður 13–15 ára barna væri um 500 þús. kr. og það sjá náttúrlega allir að einstæðir foreldrar sem eru kannski ekki með mikið meira en lágmarkslaun eiga í miklum erfiðleikum með að standa undir slíku þegar framfærslukostnaður vegna barnanna slagar langt upp í lágmarkslaunin.

Það má líka vísa til neyslukönnunar sem gerð var árið 1991. Hún sýnir mjög mikil útgjöld hjá einstæðum foreldrum. Þau voru áætluð 1.945 þús. kr. á núgildandi verðlagi. Einstæðir foreldrar með eitt barn eru áætlaðir undir fátæktarmörkum samkvæmt þeirri skilgreiningu sem menn leggja í það mál, þ.e. að þeir séu undir fátæktarmörkum sem hafa tekjur undir 66 þús. kr. eða 792 þús. kr. á ári. Það þurfa nú töluvert margir einstæðir foreldrar að lifa af þessum tekjum sem eru tæplega 800 þús. kr. á ári en neyslukönnunin sýnir að framfærslukostnaðurinn er meiri en helmingi hærri eða um 1.945 þús. kr. Til þess að standa undir þessum útgjöldum þyrftu samkvæmt könnuninni tekjur þeirra einstæðra foreldra sem eru 66 þús. kr. að hækka um 100 þús. kr. á mánuði og fara í 162 þús. til þess að eiga fyrir framfærslunni. Það er alveg ljóst að tekjur þeirra standa nú vart undir brýnustu matarinnkaupum eða lágmarkshúsnæðiskostnaði og eru þá aðrar nauðþurftir undanskildar. Það er því ljóst að það er ekkert réttlæti fólgið í því að leyfa einstæðum foreldrum ekki að fara sömu leið varðandi ónýttan persónuafslátt eins og hjón eða sambúðarfólk gerir.

Í greinargerðinni koma fram upplýsingar um mjög laka fjárhagsaðstöðu einstæðra foreldra, líka þó litið sé til ráðstöfunartekna, en samkvæmt niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar eru meðaltekjur einstæðra foreldra þrefalt lægri en meðaltekjur hjóna.

Í úttekt Félagsvísindastofnunar sem gerð var í mars 1995 undir heitinu Skuldastaða heimilanna, kemur fram að einstæðir foreldrar skulda einna mest, mest allra eða um 4,5 millj. kr. og þeir greiða einna mest í afborganir eða um 35% tekna. Þar kemur einnig fram að einstæðir foreldrar og fólk með heimilistekjur undir 70 þús. kr. á mánuði greiða hlutfallslega hæstu mánaðargreiðslur vegna húsnæðiskaupa. Húsnæðiskannanir sýna að möguleikar einstæðra foreldra til að eignast eigið húsnæði eru miklu minni en þar sem tveir sjá um framfærsluna. Um 84% Íslendinga á aldrinum 25–75 ára búa í eigin húsnæði en um 60% einstæðra foreldra. Samkvæmt upplýsingum Félagsmálastofnunar Reykjavíkur eru einstæðir foreldrar stærstur hluti þeirra húsaleigubótaþega sem eiga börn undir 18 ára aldri eða 58%.

Einnig er ljóst og liggur fyrir að konur eru með forsjá barna sinna þegar um er að ræða skilnað í um 90% tilvika og allir þekkja meðlögin, þau rétt hrökkva fyrir leikskólaplássi þannig að hvernig sem litið er á þetta, virðulegi forseti, hvort sem litið er á tekjurnar, hvort sem það eru beinar launatekjur, ráðstöfunartekjur, félagslegar aðstæður, húsnæðisaðstæður eða menntunarmöguleikar barna einstæðra foreldra, öll þessi rök segja okkur að frv. sem hér er mælt fyrir um að einstæðir foreldrar geti nýtt ónýttan persónuafslátt barna sinna, á fyllilega rétt á sér og mundi gjörbreyta, virðulegi forseti, aðstöðu einstæðra foreldra og afkomumöguleikum þeirra. Þetta hefur verið mikið baráttumál Félags einstæðra foreldra. Ef ég man rétt var forsrh., eða ég man nú ekki hvaða ráðherra það var, fyrir einu eða tveimur árum afhent fjöldinn allur af undirskriftum frá Félagi einstæðra foreldra sem settu þetta baráttumál mjög á oddinn. En það hefur ekkert heyrst að ríkisstjórnin sé neitt að vinna að framgangi þessa mikla réttlætismáls. Því er gerð tilraun til þess, virðulegi forseti, í þriðja eða fjórða sinn að hreyfa þessu máli á hv. Alþingi.

Samkvæmt upplýsingum úr álagningargögnum fyrir árið 1996 vegna tekna á árinu 1995 er ónýttur skattafsláttur þeirra sem fæddir eru á árunum 1976–1979 að báðum árum meðtöldum um 2,3 milljarðar kr. og þeir eru 13.994 talsins. Aðeins um 30% barna 16–19 ára hafa verið á vinnumarkaði undanfarið ár og þess vegna er hann mjög hár þessi ónýtti persónuafsláttur.

Ég ítreka, virðulegi forseti, mikilvægi þessa máls og vona að það fari ekki fyrir því eins og mörgum öðrum frv. frá þingmönnum að þau fái litla eða enga efnislega umfjöllun í þingnefndum sem er orðið mjög alvarlegt. Mér finnst, virðulegi forseti, að hæstv. forsn. ætti sérstaklega að fara ofan í þau mál vegna þess að það er algjörlega undir hælinn lagt hvort þau fái efnislega umfjöllun og ef hún er þá er hún mjög lítil. Frv. þingmanna eru sjaldnast afgreidd inn í þingið þannig að þingheimur fær ekki einu sinni að taka afstöðu til þessara mála. Þeim sem stýra nefndunum þykir það bara mjög gott ef málin eru send til umsagnar og síðan er ekkert gert með málin frekar. Þetta er algengt varðandi þingmannamál. Það er mjög erfitt við þetta að búa. Þó að ég viti að stjórnarandstaðan hafi ekki sama rétt varðandi afgreiðslu á málum eða getu eða afl til að koma þeim fram eins og meiri hlutinn þá er það lágmark, virðulegi forseti, að stjórnarandstöðunni sé sýnd sú kurteisi að málin verði tekin til efnislegrar umfjöllunar í nefndum og afgreidd inn í þingið og þá til lýðræðislegrar atkvæðagreiðslu. Það er orðið stórt vandamál hér í þinginu hvernig með þessi mál er farið. Við vorum áðan að ræða frv. um starfsemi stjórnmálaflokkanna sem búið er að flytja þrisvar. Og af því að þar er einhver vinna í gangi í forsrn., en er nú upplýst að viðkomandi nefnd hefur ekki komið saman í hálft ár, þá neitar meiri hluti nefndarinnar að taka málið til efnislegrar umfjöllunar. Ég beini því til virðulegs forseta að hv. forsn. skoði þessi mál af alvöru.

Ég vil freista þess, virðulegi forseti, þó ég viti ekki hve mikinn tilgang það hefur, að vísa málinu til 2. umr. og til umfjöllunar í hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, fyrri umr.

Þáltill. SvG, 313. mál. — Þskj. 574.

[15:43]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 574 þá flyt ég till. til þál. um íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra. Tillagan er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa frumvarp til laga sem lagt verði fyrir næsta reglulegt Alþingi um að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi.“

Ég vil geta þess áður en ég geri grein fyrir tillögunni í einstökum atriðum að mér barst í dag símbréf frá umboðsmanni barna þar sem hún gerir grein fyrir sínum málflutningi í þessu máli, m.a. bréfi sem hún ritaði menntmrh. 12. júní 1996, þar sem hún leggur mikla áherslu á að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Hún vitnar í því bréfi m.a. í stjórnarskrána, nýju stjórnarskrána, mannréttindarákvæði hennar, og einnig í greinargerðina með stjórnarskrárfrv. og sömuleiðis í samþykkt Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins en Ísland er aðili að þeim samningi. Sömuleiðis vitnar hún til annarra mannréttindasamninga sem Ísland hefur fullgilt auk laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. En í stjórnarskránni segir svo í 76. gr. eins og hún hljóðar nú, með leyfi forseta:

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“ — Hvorki meira né minna þannig að á grundvelli þessa hafði umboðsmaður barna samband við hæstv. menntmrh. og mun það vera næsta óvenjulegt að umboðsmaður barna snúi sér þannig til stjórnvalds. Ég tel að það sé til fyrirmyndar að Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, hefur frumkvæði í þessu máli. Í bréfi sínu fer hún líka yfir þessi mál hér á landi og þar segir, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa fæðst að jafnaði eitt til tvö heyrnarlaus börn hér á landi. Í Vesturhlíðarskóla, sérskóla fyrir heyrnarlaus börn, eru 25 börn á grunnskólaaldri en átta á leikskólaaldri. Ég held að allir geti verið sammála um að hlúa beri að börnum þessa lands og gæta jafnræðis þeirra í milli svo sem framast er unnt.

Á fyrstu árum ævinnar er grunnur lagður að þroska barna á öllum sviðum. Á öðrum Norðurlöndum er táknmál heyrnarlausra viðurkennt sem fyrsta mál þeirra, móðurmálið.“

Og síðar segir í bréfi umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Eins og áðurgreind ummæli menntamálaráðherra bera vott um og einnig kemur fram í niðurlagi 20. gr. nýsamþykktra laga um framhaldsskóla er stigið ákveðið skref til

viðurkenningar á íslensku táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra íslenskra ungmenna frá 16 ára aldri. Aftur á móti er engum slíkum ákvæðum til að dreifa, hvorki í lögum um leikskóla né heldur í lögum um grunnskóla. Að mínum dómi brýtur slíkt í bága við rétt hinna heyrnarlausu barna sem eru yngri en 16 ára samanber framannefnd ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og alþjóðlegra mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að.

Með vísan til þessa vil ég sem umboðsmaður þessara barna hér með skora á yður, herra menntamálaráðherra, að sýna skilning og vilja í verki með því að eiga frumkvæði að því að íslenskt táknmál verði viðurkennt af löggjafans hálfu sem móðurmál heyrnarlausra barna á leikskóla- og grunnskólaaldri."

Undir þetta ritar umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal.

Hæstv. menntmrh. svaraði þessu bréfi ekki strax en umboðsmaður barna ítrekaði fyrirspurnir sínar með öðru bréfi sem var dags. 26. júní 1996 þar sem umboðsmaðurinn segir, með leyfi forseta:

„Það er vissulega áfangi í jafnréttisbaráttu heyrnarlausra barna hér á landi að þessi mál skuli verða tekin fyrir í sambandi við endurskoðun námskrár grunnskóla og framhaldsskóla en hins vegar liggur ekki afdráttarlaust fyrir hvort þér [þ.e. menntmrh.] hafið í hyggju að verða við rökstuddri áskorun minni er sett var fram í fyrrnefndu bréfi mínu þess efnis að þér sem ráðherra hafið frumkvæði að því að íslenskt táknmál verði viðurkennt af löggjafans hálfu sem móðurmál heyrnarlausra barna á leikskóla- og grunnskólaaldri.

Eins og þér vitið þá verða réttindi manna ekki tryggð með öruggum hætti nema með lögum. Af þeirri ástæðu fer ég þess á leit hér með við yður að fá glöggt svar við fyrrnefndri áskorun minni þannig að mér verði með augljósum hætti unnt að gera hinum heyrnarlausu umbjóðendum mínum grein fyrir afstöðu yðar til hennar."

Hæstv. menntmrh. svaraði þessu svo með bréfi, dags. 29. júlí 1996 og hann byrjar á því að skammast út í umboðsmanninn fyrir að vera að skrifa honum til um þessi mál í dagblöðum og er það satt að segja alveg ótrúlegur tónn í bréfi hæstv. menntmrh. En látum það nú vera, herra forseti, ég ætla ekki að fara að velta mér upp úr því hér að ráðherranum fjarstöddum. En í lok bréfsins vitnar ráðherrann í álit meiri hluta menntmn. um frv. til laga um grunnskóla þar sem kom fram að um þessi mál eigi að fjalla í tengslum við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla. Ráðherrann vitnar í þetta og til þess að hann hafi sjálfur verið í meiri hlutanum, hann hafi ekki verið orðinn ráðherra þegar þetta var heldur hafi hann verið einn af þingmönnum meiri hlutans, og segir svo um þessa afstöðu meiri hlutans:

„Teljið þér meinbugi á þessari afstöðu löggjafans væri eðlilegt að vekja athygli hans á því." — Ráðherrann vísar sem sagt til löggjafans og vísar málinu í raun frá sér til löggjafans. Ég tel að ég sé að taka upp þann bolta nú og óska eftir því að Alþingi fjalli um málið. — Síðan segir hæstv. menntmrh.: „Ég mun sinna skyldum mínum í þessu efni í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma en á þeim tíma sem meiri hluti menntmn. vann að ofangreindu sat ég í honum [þ.e. í meiri hlutanum]. Um leið og efni bréfa minna, dags. 21. júní sl. og 20. des., er áréttað skal það tekið skýrt fram að hvorki grunnskólalög né leikskólalög girða fyrir að skólakerfið þjóni hagsmunum heyrnarlausra og þörfum, m.a. eflingu táknmáls við kennslu.

Þau réttmætu sjónarmið sem þér hafið komið á framfæri verða tekin til athugunar við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og uppeldisstefnu leikskóla en vinna við þá endurskoðun er nýhafin."

Ég vildi koma þessu hér á framfæri, herra forseti, og segja að mér fannst þetta ekki góð viðbrögð frá hæstv. menntmrh. Þess vegna er nauðsynlegt að þingið taki á málinu, m.a. eins og hér er gerð tillaga um.

Málefni heyrnarlausra hafa mjög oft komið til meðferðar í þessari stofnun og í grg. með tillögu minni nefni ég um það mjög mörg dæmi, ein 16 dæmi. Ég vek athygli á því að það er algengt að þegar þingmenn flytja mál þá nefni þeir ekki forsögu málanna, það er gert mjög nákvæmlega í grg. með þessari þáltill. Og þó að ég eigi hlut að máli þá vil ég segja að ég tel það til fyrirmyndar. Ég tel að það eigi að rekja það hvernig Alþingi hefur fjallað um mál af þessu tagi eða öðru áður, ef það hefur þá annað borð gert það.

Ég geri ráð fyrir því, herra forseti, að full samstaða sé um að íslenska táknmálið eigi að geta orðið móðurmál heyrnarlausra. Vandinn er hins vegar sá að það er ekki nóg að setja það í lög að íslenska táknmálið eigi að vera móðurmál heyrnarlausra. Það þarf um leið að tryggja fjármuni í þessum efnum. Það fór fram umræða um þessi mál í gær að frumkvæði hv. 18. þm. Reykv. þar sem hún spurði hæstv. félmrh. um þessi mál og þá kom fram að engir peningar séu til þess að tryggja þann rétt sem hér er um að ræða. Þess vegna vil ég taka fram að ég tel að það sé nauðsynlegt að um leið og sett yrðu lög að þá tryggi menn jafnframt fjármögnun þeirra annars eru slík lög ónýt.

Þetta málefni, um að gera íslenska táknmálið að móðurmáli heyrnarlausra, vekur umhugsun um að það eru engin lög til á Íslandi um móðurmálið. Það eru engin lög til um það á Íslandi eða stjórnarskrárákvæði um að íslenskan sé móðurmál Íslendinga sem væri þó eðlilegt að hafa, a.m.k. miðað við það sem tíðkast annars staðar. En þetta er að sjálfsögðu vegna þess að það liggur svo að segja í hlutarins eðli að íslenska sé okkar móðurmál en þó er athyglisvert að það skuli hvergi tekið fram, t.d. í lögum um þingsköp Alþingis. Væri þó eðlilegt að taka það fram þar að mínu mati að úr þessum stól skuli menn tala á íslensku en ekki öðrum tungumálum. En það liggur ekki fyrir þannig að forseti gæti, hygg ég, ekki vikið mér úr stólnum þó ég reyndi að tala hér framandi tungur — sem ég mun þó ekki reyna og hugga forseta með því. Eins kæmi til greina að hafa um það ákvæði að skjöl hér skuli vera á íslensku. Það hefur stundum verið sett ofan í við þingmenn fyrir það að þeir hafi reynt að birta fylgiskjöl, minnir mig, á erlendum málum og þeir hafa tekið mark á því. Þannig að venjan er sú að íslenska sé málið sem talað er úr þessum stól og á öllu sem gerist í þessu húsi en það er umhugsunarvert hvort ekki sé ástæða til þess að setja um það sérstök lagaákvæði. Mér finnst reyndar að það mætti alveg hugsa sér að í stjórnarskránni væru beinlínis ákvæði um það að íslenskan væri móðurmál Íslendinga.

Í grg. er rakin nokkuð ítarlega saga þessa máls. Ég ætla ekki að endurtaka það en vísa sérstaklega til fskj. sem birt er á bls. 4 og áfram en það er greinargerð eftir Valgerði Stefánsdóttur til vísindanefndar heimspekideildar Háskóla Íslands. Ég sé ekki betur en að nafn hennar hafi fallið niður og það eru mistök. En Valgerður Stefánsdóttir er forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. Hún rekur þróun þessara mála allt til ársins 1992 þegar forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar leitaði til Háskóla Íslands með

tvíþætt erindi, hið fyrra var að koma á BA-námi í táknmáli og túlkun á Íslandi en hið síðara varðandi rannsóknir. Hún rekur það síðan að táknmál og túlkun á táknmáli hafi verið verkefni í Háskóla Íslands nú um tveggja ára skeið. Skipulagið hafi miðast við að fyrstu tvö árin yrðu fullgild aðalgrein til BA-prófs innan heimspekideildar en þriðja árið hafi verið hugsað sem hagnýtt viðbótarnám (40 einingar) sem félli utan BA-stigsins á svipaðan hátt og hagnýt fjölmiðlun innan félagsvísindadeildar.

Skemmst er frá því að segja að það hefur verið mikil aðsókn að þessu námi. Þetta nám hófst í september 1994 við Háskóla Íslands. Sumarið 1994 voru 27 nemar skráðir í táknmálsfræði. Af þeim luku fjórir engum prófum, fimm luku 10–30 einingum og átján hafa tekið táknmál sem aðalgrein til 60 eininga. Það er því augljóst mál strax 1994 og svo aftur 1995 þegar innrituðust 37 nemendur að áhugi á málinu er gríðarlegur. Það var litið þannig á, herra forseti, að þessi kennsla við Háskóla Íslands væri í tilraunaskyni til þriggja ára. Það er ekki ljóst hvað verður svo um þessa kennslu að þessum þremur árum loknum. Það mun liggja þannig í heimspekideild Háskóla Íslands að tekin hafi verið ákvörðun um það að taka enga nýja nema í þessar greinar næsta haust en viðræður hafa staðið yfir milli háskólans og Samskiptamiðstöðvar um það mál og þeim er ekki lokið.

Síðan er í greinargerð Valgerðar fjallað ítarlega um rannsóknir á þessum þáttum, þ.e. á íslenska táknmálinu, en það er augljóst að það verða að fara fram ítarlegar rannsóknir til að þróa íslenska táknmálið. Margir halda, herra forseti, að táknmálið sé alþjóðlegt mál og sá sem kunni eitt táknmál geti þar af leiðandi talað við alla sem kunna táknmál á annað borð. Þannig er það ekki. Hver þjóð verður að eiga sitt táknmál. Danskir heyrnarlausir og heyrnardaufir verða að nota og þróa danskt táknmál og eins er það með okkar fólk. Það lýtur að áherslum, beygingum bæði sagna og nafnorða og annarra orða sem þarf að nota, svo og blæbrigða í máli, en við sem talandi erum og heyrandi eigum oft erfitt með að átta okkur á þessu af því við lítum á þetta sem sjálfsagða hluti. Allt þetta þarf hins vegar að rannsakast rækilega þegar um táknmálið er að ræða og þær rannsóknir hafa verið í gangi.

Ég vænti þess, herra forseti, að þessari tillögu verði vel tekið. Ég legg til að menntmrh. eigi að undirbúa frumvarp. Ég er satt að segja með dálítinn bakþanka um hvort það hefði kannski átt að vera einhvers konar þverfaglegt teymi sem hefði komið að þessu máli, þ.e. heilbr.- og trmrn. og félmrn., líkt og þegar við settum lögin um Samskiptamiðstöðina á sínum tíma. Þá komu að því máli fulltrúar úr þremur ráðuneytum. Kannski hefði það mátt gerast þannig og ég vísa því til hv. nefndar, sem vonandi fær málið til meðferðar, að hún skoði það að vísa til þess möguleika við afgreiðslu sína á málinu sem ég treysti að verði jákvæð.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[15:58]

Útbýting þingskjals:

Erfðabreyttar lífverur, 397. mál, fsp. HG, þskj. 691.

[15:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa þáltill., sem hv. 8. þm. Reykv. er eini flm. að, sem fjallar um það að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Ég tel það geysilega mikilvægt að táknmálið fái viðurkenningu því það er allnokkur hópur Íslendinga sem hefur ekki annað tungumál en íslenska táknmálið. Og eins og kom fram hjá flm. þegar hann vitnaði í bréf frá umboðsmanni barna þá hefur hann einmitt beitt sér fyrir því að reyna að auka skilning stjórnvalda á því að fá íslenska táknmálið viðurkennt sem tungumál barna sem ekki geta tileinkað sér annað mál.

Mér finnst sérstaklega mikilvægt að benda á stöðu heyrnarlausra á meðan táknmálið er ekki viðurkennt og það hversu þeir eru háðir fjárlögum um þjónustu. Það kom einmitt fram hjá hv. 8. þm. Reykv. sem benti á það í fyrirspurnatíma í gær. Þó svo að vilji stjórnvalda sé skýr í málefnum þeirra eins og fram kemur í frv. sem liggur fyrir þinginu, frv. til laga um réttindi sjúklinga, en þar er kveðið á um það í 5. gr. að sjúklingum sem tala ekki íslensku eða sjúklingum sem nota táknmál skuli tryggð túlkun á upplýsingum, þá kemur þessi vilji stjórnvalda ekki fram við fjárlagagerð. Er nú svo komið að þessi hópur, sem ekki getur tileinkað sér annað tungumál en íslenska táknmálið, getur ekki nýtt sér heilbrigðisþjónustuna sem skyldi. Hann fær ekki túlkun, hvorki er hann leitar til heilsugæslustöðva né til sjálfstætt starfandi sérfræðinga, á göngudeilir sjúkrahúsa o.s.frv. vegna þess að fjárveiting kom ekki til þeirrar túlkunar við síðustu fjárlagagerð þó svo að félmrh. hafi séð til þess árin 1995 og 1996 að fjárveiting kæmi til þessarar þjónustu. Ég tel þetta mjög alvarlegt og er sannfærð um að þessi mál verða ekki fullkomlega tryggð fyrr en táknmálið verður orðið viðurkennt sem tungumál þessa fólks. Það eru mannréttindi og jafnréttismál þessara hópa. Við skulum muna að heyrnarlausir og heyrnarskertir eru skattgreiðendur eins og við hin og eiga rétt á því að hafa jafnan aðgang að þjónustu hins opinbera eins og við sem getum nýtt okkur hana án þess að til komi milliliðir eins og túlkar.

Ég hefði talið rétt að sú vinna sem lögð er til að unnin verði í þáltill. heyrði undir fleiri en menntmrh. Reynslan sýnir okkur að það þurfa fleiri að koma að þessum málum, t.d. félmrh., en undir hann heyra málefni fatlaðra, og heilbrrh., því það er greinilegt að nauðsynlegt er að þessir aðilar komi að málinu. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á að það standi frammi fyrir því að fá ekki þjónustu eins og komið er í ljós með heilbrigðisþjónustuna núna. Ég get nefnt það að ég var á fundi í hádeginu hjá heilsugæslustöðvum hér í Reykjavík og þar kom til tals bréf frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra, sem leitaði til heilsugæslustöðva um hvort þær ætluðu að greiða fyrir túlkun á heilsugæslustöðvum, en hún fæst ekki lengur greidd frá félmrn. Og á þessum fundi kom fram að þær mundu ekki sjá sér fært að greiða það. Heilsugæslustöðvarnar eiga við fjárhagserfiðleika að glíma og munu ekki greiða fyrir þessa þjónustu og þurfa að sækja fé fyrir þessa þjónustu til félmrn.

Ég held að þetta sé mál sem þarf virkilega að taka á og lýsi yfir fullum stuðningi við þáltill. Ég sting upp á að þarna komi að fleiri ráðuneyti eins og ég nefndi áðan. Það þarf að vera ljóst hverjir eiga að greiða fyrir þá þjónustu sem þessi hópur þarf að fá í kerfinu. Það er ekki nóg að þetta sé aðeins lagabókstafur, fjárframlög verða að fylgja í fjárlögum og það þarf að vera mjög skýrt.

Ég vonast til þess að ekki fari fyrir þessu máli eins og öðrum málum sem einstakir þingmenn eða stjórnarandstaðan hafa verið að flytja hér á þingi, að því verði vísað til nefndar og síðan út til umsagnar og síðan fái það enga frekari

umfjöllun í þinginu, komi ekki einu sinni til atkvæða, því þetta er mjög brýnt mál sem þyrfti að taka á. Vegna þeirrar umræðu sem var hér í gær, um stöðu þeirra heyrnarlausu sem ekki fá túlkaþjónustu í heilbrigðiskerfinu, þá bind ég miklar vonir við að tekið verði á því máli því þar eru ýmsir komnir í mjög erfiða stöðu. Þeir geta ekki nýtt sér þá þjónustu sem veitt er þar og þarf að taka fljótt á því máli til að leysa þann brýna vanda sem þar liggur fyrir.

[16:06]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er oft sagt að það sé mikil árátta okkar þingmanna að vera að setja lög um alla skapaða hluti. Menn eiga að freista þess að setja sem fæst lög. Þeim mun færri lög sem sett eru þeim mun betur er að verki staðið, það er að verða niðurstaða mín eftir að hafa verið hér nokkur ár.

Hér kemur hv. þm. Svavar Gestsson og leggur til að unnið verði frv. til laga sem verði lagt fyrir þetta þing. Efni þessa frv. er að lögbundið verði að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra hér á landi. Ég tel, herra forseti, að þetta sé ekki alveg jafneinfalt mál og hér kemur fram. Ég er alveg klár á því að vilji hv. þm. er mjög jákvæður og góður. En það er samt sem áður ekki einfalt að gera þessa hluti. Það er heldur ekki alveg sjálfsagt við fyrstu sýn. Maður þarf að kafa dálítið djúpt í þetta mál til þess að komast að raun um að raunveruleg sé þörf á þessu. Staðan er sú, eins og hv. þm. Svavar Gestsson gat um áðan í sinni ágætu framsögu, að það eru engin lög sem segja að íslenskan skuli vera viðurkennt móðurmál Íslendinga. Því eins og hv. þm. sagði, sem er gamall lappi og vitur þegar að þingstörfum kemur, þá er enginn sem getur bannað þingmönnum að taka skyndilega upp á því að tala tungum í ræðustól sem enginn skilur. Er það eitthvað sem bannar það annað en hefðin? Sennilega ekki. Og það er kannski ekkert sem starfsmenn þingsins hafa fyrir sér nema hefðina þegar þeir hafa, eins og dæmi eru um, meinað mönnum að leggja fram fylgiskjöl með frv. sínum á annarlegum tungum.

Hvers vegna er þá hv. þm. að leggja til að hér verði sett í gang vinna til að lögbinda að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra og heyrnarskertra? Það er vegna þess að í dag má draga í efa að þessi hópur, þótt lítill sé, hafi þann fortakslausa rétt sem hann ætti að hafa til þess að taka þátt í öllum gjörðum og verkum og athöfnum þjóðfélagsins til jafns við aðra sem ekki eru skertir að þessu leyti. Ég held að í þessu liggi kjarni þáltill. Ef það tækist að setja í framkvæmd lög sem segja fortakslaust að þessi hópur eigi að hafa sömu möguleika og aðrir til að taka eðlilegan þátt í gangverki þjóðfélagsins, þá held ég að jafnvel þó að fjármagnið kæmi ekki fyrst í stað þá værum við búin að setja siðferðilegan mælikvarða á það hvernig við viljum að þjóðfélagið komi fram við þetta fólk. Hér er í rauninni um mannréttindi að ræða og mannréttindi eru nokkuð sem ekki er hægt að semja um, er ekki hægt að gera neinar málamiðlanir um.

Á síðustu árum hafa menn í vaxandi mæli gefið gaum að mannréttindum minnihlutahópa eins og þess hóps sem hér um ræðir. Menn eru alltaf að komast að sömu niðurstöðu. Hún er sú að í gegnum árin hafi réttur þeirra verið skertur. Og þeir komast jafnframt að hinni niðurstöðunni, að til þess að upphefja þessa réttarskerðingu þarf fjármagn. Út af fyrir sig mætti alveg komast að þeirri niðurstöðu að það þyrfti engin lög til að viðurkenna táknmálið sem mál þessa hóps með því að lyfta því með fjármagni, með því að sjá til þess að menn framleiddu túlka og menn sköpuðu aðstöðu fyrir t.d. foreldra og aðra sem koma að uppeldi þessara barna til þess að læra táknmál. Að vissu leyti höfum við gert það. Ef ég man rétt er kominn a.m.k. partur af námsgrein til fyrrihlutaprófs hér við Háskóla Íslands sem lýtur að táknmálsfræði og túlkunarfræðum. Þar höfum við stigið mjög heilladrjúgt skref. Ég tek hins vegar undir það með hv. þm. eftir að hafa hlýtt á hans mál og rennt í gegnum greinargerðina með tillögunni að það væri æskilegt að binda þetta í lög. Það væri jákvætt fyrir þennan hóp og þar með erum við búin að setja okkur siðferðilegt leiðarhnoða sem við eigum að fylgja í þessum efnum.

Þetta er í annað skipti á jafnmörgum dögum sem málefni heyrnarlausra koma hér til umræðu. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir drap á það í máli sínu áðan að það væri svakalegt að standa frammi fyrir þeirri staðreynd að það skuli vera mögulegt í dag að heyrnarskert fólk, sem þarf að leita til læknis, til heilsugæslustöðva eða leita sér aðstoðar eins og við hin gerum kannski á hverjum einasta degi, skuli ekki vera öruggt um rétt sinn í þeim efnum vegna þess að það vantar fjármagn. Það blasir við að hver túlkuð klukkustund fyrir þetta fólk kostar 2.300 kr. og einhver þarf að borga það. Þetta fólk á ekki að greiða það vegna þess að það er einfaldlega grunnregla í því velferðarsamfélagi sem við höfum komið hér upp að þjóðfélagið greiðir þann kostnað sem meðfæddur galli eða galli sem með einhverjum hætti skapast síðar á lífsleiðinni veldur. Við eigum sem samfélag að greiða þennan kostnað. Samt sem áður blasir það við að þegar þessir einstaklingar þurfa að leita sér aðstoðar, t.d. hjá lækni, þá er það undir hælinn lagt hvort þeir verða að greiða gjaldið eða hvort það er velviljaður læknir eða forsvarsmenn heilsugæslustöðva sem senda reikninginn áfram. En það blasir við, eins og kom fram í umræðunni í gær, að fjármagnið til þessa liðar er upp urið. Það er nauðsynlegt að vekja athygli á þessu og nauðsynlegt að knýja á um það gagnvart stjórnvöldum að það sé lagt fjármagn í þetta. Þessi þáltill. er liður í að tryggja það varanlega til frambúðar. Ég er alveg viss um að þó að þáltill. yrði að veruleika og í framhaldi á því yrðu lögin samþykkt á þessu þingi þá mundum við samt þurfa að standa í einhvers konar barningi til þess að tryggja þetta fjármagn en það væri samt mikilvægt skref fram á við. Þess vegna styð ég þetta mál.

Það er einungis eitt sem mér finnst merkilegt við þessa þáltill. og það er þessi stöðuga trú hv. þm. Svavars Gestssonar á þeim ágæta manni sem situr í stóli menntmrh. Hann vill fela hæstv. menntmrh. að undirbúa þetta frv. Menntmrh. er hinn besti maður og hefur vit á mörgu en hann er önnum kafinn eins og við vitum. Hann þarf að eyða drjúgum parti síns dagsverks í að sitja við tölvuna og hamra út skoðanir sínar á gangi þjóðlífsins á internetið. Það kom líka fram hjá hv. þm. að hann hafði ekki meira en svo bærilega trú á því að undirtektir hæstv. ráðherra við málinu yrðu jákvæðar. Hann las upp bréf frá Þórhildi Líndal sem er umboðsmaður barna og hefur sýnt lofsvert frumkvæði í þessu máli með því að skora á hæstv. menntmrh. að beita sér fyrir framgangi hins íslenska táknmáls. Hún þurfti að ítreka það bréf. Hv. þm., sem hefur lesið bréfið og leyft okkur að deila með sér parti af því, sagði að það væri eitt sem stæði upp úr í þessu bréfi og það væri fýla hæstv. ráðherra yfir að vera settur í þessa stöðu. Ég velti því þá fyrir mér hvort rétt sé að fela ráðherra sem er í fýlu, jafnvel þótt hann sé burðarmikill en ekki mjög kátur yfir málinu, að undirbúa málið. Er ekki miklu æskilegra að

taka einhvers konar hóp manna sem koma að málinu með mismunandi þekkingu en tengjast því að einhverju leyti og fela þeim að vinna málið? Því eins og hv. þm. veit sjá augu betur en auga.

[16:15]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að auðvitað á samfélagið að greiða fyrir þessa þjónustu. Mig langar aðeins til að benda á það í framhaldi af máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að við sem þurfum ekki túlkaþjónustu, getum notað okkur heilbrigðiskerfið hvernig sem okkur þóknast. Við getum farið til sérfræðinga eins oft og við viljum og almannatryggingarnar borga alltaf hluta af kostnaðinum. Við getum farið til heimilislæknis. Við getum fengið ýmsa þjónustu í gegnum almannatryggingarnar og ég hefði talið rétt að það kæmi hér fram að þó að túlkaþjónustan heyri undir málefni félmrn. eða málefni fatlaðra þá tel ég það íhugunarefni hvort túlkaþjónustan eigi ekki að fást greidd í gegnum almannatryggingarnar því það er hluti af því að fólk geti nýtt sér heilbrigðiskerfið að fá túlkað það sem fram kemur hjá þeim sérfræðingum sem almannatryggingakerfið tekur almennt þátt í að greiða kostnaðinn við þjónustu hjá. Því held ég að það sé mikilvægt að það verði skoðað, af því það virðist vera erfitt að fá peninga í að veita þjónustu við heyrnarlausa og heyrnaskerta í heilbrigðisþjónustunni og jafnvel í félagskerfinu, að það verði þá jafnvel tekið inn í almannatryggingarnar að greiða þessa þjónustu. Eins og fram kom hjá hv. þm. kostar tíminn hjá túlki 2.300 kr. og það er ákveðin sérfræðiþjónusta sem þessi hópur þarf til að geta notað sér heilbrigðiskerfið.

[16:17]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. samþingmönnum mínum úr Reykjavíkurkjördæmi fyrir góðar undirtektir við þessa tillögu og tek undir allt það sem þau sögðu, líka þær athugasemdir við tillöguna sem komu fram frá þeim. Mér finnst það réttmætt sem þau benda á í þeim efnum. Það er alveg rétt hjá hv. 15. þm. Reykv. að það er ekki einfalt að setja þetta mál í lög vegna þess að það er gagnslaust að setja það í lög nema peningar séu í dæminu. Það er málið. Auðvitað mætti hugsa sér að byrja peningamegin á málinu en ég hugsa að það yrði flóknara fyrir þingið eins og það er og það er mín reynsla af því. Þess vegna ákvað ég að prófa þessa leið til að koma málinu hér á dagskrá.

Ég tel að þessi mál liggi þannig að í fyrsta lagi eigi lögin að undirstrika stjórnarskrárákvæðin, þ.e. að taka undir þau ákvæði sem eru í stjórnarskránni um mannréttindi en í annan stað eigi lögin að kveða á um almenn réttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra. Þá er ég að tala um þá alla. Í fyrsta lagi við venjulegar og hversdagslegar kringumstæður þeirra, það fæðast eitt til tvö heyrnarlaus börn á ári, og þá þarf að skapa aðstæður til þess að foreldrar þeirra geti talað við þau á táknmáli þegar fram í sækir. Það er mál sem þarf að huga að í fyrsta lagi. Í annan stað þarf að huga að möguleikum þessara barna þegar þau komast á skólaaldur — á leikskólaaldur og grunnskólaaldur. Til þess þarf táknmálstúlkun í leikskólum og í grunnskólum og síðan í framhaldsskólum. Táknmálstúlkana og táknmálskennarana þarf síðan að mennta í framhaldsskólum og í háskólum, eins og reyndar hefur þegar verið gert og rakið er í grg. með tillögunni. Hér er því um allmikið réttindakerfi að ræða sem ég held að verði að lögbinda. Síðan eru það rannsóknirnar líka sem eru kapítuli út af fyrir sig.

En þá kemur þessi spurning sem mér finnst vefjast dálítið fyrir okkur: Hver á að tryggja þetta? Hvernig á að halda á því? Ég hallast helst að því, herra forseti, að þetta eigi að vera almenn lagaákvæði sem geri það að verkum að þegar atvinnulaus maður, t.d. heyrnarlaus, þarf á þjónustu vinnumiðlunar að halda þá fái hann túlk tafarlaust og það sé gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum vinnumiðlana og síðan sjúkrahúsa ef um sjúkan er að ræða að þetta sé borgað þannig að þessar stofnanir lendi ekki í því að „þurfa að henda reikningum sín á milli“ sem bitnar fyrst og fremst á þessu fólki þegar upp er staðið.

Það vill svo til, þó það sé ólíku saman að jafna, að í morgun hitti ég nokkra aðstandendur fanga sem sögðu mér ótrúlegar sögur af því hvernig þessir einstaklingar, fangar, eru sviptir mannréttindum vegna þess að það eru svo harðar deilur um það á milli ríkisstofnana hver á að borga reikningana, og það endar með því að þetta fólk fær ekki einu sinni almennilega heilbrigðisþjónustu.

Mér virðist að það dæmi, sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir nefndi í gær og aftur í dag, sýni að þetta fólk, sem síst skyldi, sé að lenda á milli stofnana af því menn eru að pexa um það hver eigi að borga reikningana. Þetta gengur ekki. Það mundi vera sterkara fyrir þetta fólk og aðra að geta veifað lagasetningu og sagt: Það stendur í lögum að ég eigi að fá þetta og eigi rétt á því að fá þessa þjónustu þó ég sé heyrnarlaus eða heyrnarskertur. Því hefði ég talið að skynsamlegast væri að túlkarnir sem fólk kallaði til, hvort sem það væri til vinnumiðlana eða annarra slíkra stofnana, sjúkrahúsa eða hvað það nú er, væru kannski staðsettir meira og minna á einum stað eða í tengslum við einn stað. Orðið samskiptamiðstöð var hugsað svona vegna þess að gert var ráð fyrir því að þessi miðstöð gæti stuðlað að samskiptum heyrnarlausra og heyrnarskertra við umhverfi sitt og þá hugsanlega með því að á hennar vegum væru þessir aðilar að einhverju leyti sem væru þá í ýmsum verkum, stundum að sinna einhverjum í skóla, stundum að sinna einhverjum á heilbrigðisstofnun, stundum hér og stundum þar.

Að öðru leyti vil ég leyfa mér að þakka fyrir góðar undirtektir undir tillöguna og nefna að lokum að ég mun fara fram á það við hv. menntmn. að hv. heilbrn. og hv. félmn. fái þetta mál einnig til skoðunar og að það verði sent út sem víðast til umsagnar þannig að hægt verði að átta sig á frekari flutningi mála af þessu tagi næsta haust ef svo ólíklega skyldi vilja til að hæstv. menntmrh. hafi ekki lagt fram frv. um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðiþol beitukóngs, fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 343. mál. — Þskj. 615.

[16:23]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég flyt hérna ásamt nokkrum félögum mínum till. til þál. um að veiðiþol beitukóngs verði kannað. Þeir sem flytja tillöguna með mér eru hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, sem væntanlega mun flytja mál sitt hér á eftir og ræða ítarlega álit sitt á veiðiþoli beitukóngs, Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðmundur Árni Stefánsson og Sighvatur Björgvinsson.

Í þáltill. er lagt til að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að láta gera úttekt á möguleikum til að nýta beitukóng hér við land. Úttektin skal fela í sér mat á því hvar tegundina er að finna við landið, veiðiþol og enn fremur æskilegar veiðiaðferðir en jafnframt er lagt til að hún taki til markaðsstöðu og aðferða til að markaðssetja afurðir úr beitukóngi.

Beitukóngurinn, herra forseti, svo ég geti þess lítillega í upphafi máls míns, er botnlægt lindýr sem einkennist af kuðungi úr harðri kalkskel sem dýrið myndar um líkamann. Hann hefur verið nefndur ætiskuðungur. Jón lærði kallaði hann bara kuðung og ég læt mér nægja að nota það orð.

Nú er ákveðið lag fyrir Íslendinga að reyna að efla veiðar á þessari dýrategund vegna þess að á síðustu árum hafa veiðar annarra þjóða brostið, sérstaklega hjá Frökkum sem löngum voru langumsvifamestir í veiðunum. Það má geta þess að árið 1990 var heildarveiðin um 12 þúsund tonn. Frakkar voru þá langumsvifamestir í veiðunum, voru að veiða u.þ.b. 10 þúsund tonn en þeirra hlutur hefur lækkað verulega. Það má nefna til að mynda að samkvæmt skýrslum FAO öfluðu þeir 6 þúsund tonna árið 1990 og nokkrum árum síðar var þetta komið niður fyrir þúsund tonn. Á þessum tölum má því sjá að veiðar þessarar mestu afla- og neysluþjóðar á beitukóngi hafa bókstaflega hrunið. Þessi aflabrestur hefur leitt til verðhækkunar á beitukóngi og þess vegna eru allar forsendur fyrir veiðum og vinnslu miklu hallkvæmari Íslendingum heldur en áður. Jafnframt þessu aflahruni Frakka hafa sprottið fram nýir og mjög vaxandi markaðir í Austur-Asíu. Það eru fyrst og fremst Japanar sem í vaxandi mæli kaupa beitukóng frá Evrópu. Kóreumenn hafa lýst sérstökum áhuga á að kaupa héðan beitukóng ef hann veiðist. Þessar þjóðir veiða þessa tegund í afar litlum mæli. Þær kaupa hana annars staðar frá og hafa t.d. beint viðskiptum sínum til Rússa en í kjölfar þess að blessaður kommúnisminn hrundi þá hrundu líka veiðar Sovétríkjanna gömlu og Rússa á beitukóngi. Hér er því margt sem leggst á eitt sem gerir það að verkum að það er lag fyrir þessa nýjung. Það má geta þess að ýmsar þjóðir okkur skyldar hafa gripið þetta tækifæri og stóraukið sínar veiðar. Ég nefni t.d. að byggðarlög í Írlandi og Wales hafa stóraukið veiðar sínar og haft góðan hagnað, skapað fjölmörg störf vegna þessa.

Gerðar hafa verið rannsóknir við Ísland sem benda til þess að það sé líkast til góður möguleiki á því að afla hérna talsverðs magns af beitukóngi. Sólmundur T. Einarsson fiskifræðingur og Karl Gunnarsson líffræðingur, báðir starfandi á Hafrannsóknastofnun, stóðu fyrir skipulegum veiðitilraunum á beitukóngi í Breiðafirði árið 1993 og niðurstöðurnar voru nægilega góðar til þess að þær voru lagðar fram í skýrslu á vettvangi Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar. Þar kom fram að þó að þeir hefðu valið veiðistöðvar án nokkurrar fyrirframþekkingar á svæðinu þá hefðu gildrurnar sem notaðar voru sums staðar gefið afskaplega jákvæða niðurstöðu. Tilraunaveiðarnar gáfu sums staðar kíló á gildru á sólarhring en upp í fjögur kíló. Ég tek það fram, herra forseti, að þetta voru gildrur sem voru lagðar algjörlega af handahófi. Fyrir nokkrum árum voru menn byrjaðir tilraunaveiðar á beitukóngi. Það voru fyrirtæki, bæði á Vesturlandi og Suðurnesjum, sem hófu vinnslu og markaðssetningu á beitukóngi hérna heima og erlendis. Starfsemin hlaut raunar bráðari endi heldur en til var stofnað. En síðan hefur það gerst, eins og ég hef rakið, að verðið hefur hækkað verulega.

Á þessum tíma var líka farið í nokkra leiðangra til þess að kanna beitukónginn, þar af einn umhverfis landið og niðurstaðan varð sú að þessa tegund er að finna miklu víðar en menn töldu. Þess vegna er líklegt að hér sé hægt að koma upp svolitlum veiðum sem gætu sums staðar skipt sköpum fyrir afkomu manna. Þegar ég segi þetta, herra forseti, þá hugsa ég ekki síst til þess að ég er einn af þeim sem hafa borið hag smárra báta fyrir brjósti. Ég er einn af þeim sem kalla má Grímseyjarkommúnista. Ég fylgdi í fótspor Jónasar Árnasonar og Stefáns Jónssonar, sem hér sátu forðum á þingi og voru þeirrar skoðunar að það væri farsælast fyrir framtíð Íslendinga að reyna að efla smábátaútgerð á Íslandi. Og það er margt sem hnígur að því að það væri auðvelt að halda úti veiðum á beitukóngi með gildrum sem lagðar væru af smábátum. Ég tel, herra forseti, að hér gæti verið um mikilvægt hagsmunamál að ræða fyrir smábáta sem búa við ónógar veiðiheimildir og sem búa við frekar þrasgjarnar og leiðinlegar ríkisstjórnir sem æ ofan í æ hafa reynt að þrengja kosti þessara báta. Ef vel tækist til, herra forseti, þá gætu þessar veiðar orðið mikilvæg aukageta fyrir smábáta, gætu rennt stoðum undir afkomu þeirra. Og þess vegna tel ég, ekki síst með hliðsjón af þessum möguleikum, að það sé brýnt að hraða rannsóknum á möguleikum til að veiða og afsetja beitukóng. En við verðum að vara okkur á því að fara ekki of geyst í dæmið. Við höfum fyrir okkur t.d. að menn fóru kannski fullgeyst í veiðar á nýrri tegund, ígulkerum, og þróunin varð ekki jafnjákvæð og við hefðum viljað. Við þurfum að gæta þess að stofnum beitukóngs verði ekki ofboðið og við þurfum að finna heppilegar aðferðir til þess að afsetja afurðirnar. Sérstaklega vegna þess að ég hygg að í framtíðinni verði þetta fyrst og fremst nýtt af smáum útgerðarmönnum á smáum stöðum. Við þurfum að aðstoða þessa framtakssömu einstaklinga til þess að finna hentugar aðferðir til þess að veiða tegundina og koma afurðunum í lóg á góðu verði.

Herra forseti. Íslendingar hafa lengi þekkt beitukónginn og hafa lengi notfært hann sér til framdráttar á ýmsum sviðum. Í gömlum íslenskum ritum er víða getið um kuðungaát og ég tel að það sé ekki hægt að ræða beitukónginn hér án þess að geta til að mynda þess sem Jón lærði Guðmundsson, sannkallaður fjöllistamaður og fjölfræðingur á fyrri hluta sautjándu aldar, skrifaði um þetta. Jón þessi var auðvitað snillingur. Hann var kallaður Jón tannsmiður, ekki bara Jón lærði. Hann var auðvitað galinn eins og flestir bærilega góðir vísindamenn en hann var einhver fyrsti náttúruvísindamaðurinn sem að kvað. Hann skrifaði merka texta um náttúrufræði sem hafa til þessa dags verið vanmetnir. En hróður hans fór samt svo víða erlendis að fremstu vísindamenn í álfunni stóðu í bréfaskriftum við þennan ágæta mann til þess að fá upplýsingar um ýmislegt sem laut að náttúru Íslands. Hann dvaldist um hríð í Stóra-Fjarðarhorni í Kollafirði vestra en einmitt á þeim slóðum nýttu menn mest beitukóng til átu fyrr á tímum og það er líklegt að Jón lærði hafi kynnst þar kuðungaáti en því lýsir hann með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Meistarar nýta það og fleira af vorum ætum kuðungum, að þeir brenna þá með fiskinum svo glóandi verði og slökkvi í uxaþvagi, og láti neyta í mat og drykkjum svo að hún eða hann ekki viti. Það varnar píku karlmannafari og svo lauslætismönnum óhóflegri kvensemi. Svo og einnig líka ganga sjósóttarmenn í fjöru leynilega og svelgja hráan fiskinn úr honum 3 sinnum, með vaxandi og svo þverrandi tungli með litlum sjósopa."

Herra forseti. Hér talar gamall lærdómsmeistari sem vænt-

anlega af eigin skinni og af sínu nágrenni hefur fundið út að þetta merka dýr er hægt að nota við alls konar aðstæður. Það er hægt að slá á bæði brímandi losta holdsins og það er líka hægt að lækna sjóveiki með þessu kynjadýri. Hérna áður fyrr þótti þjóðráð að nota beitukónginn líka í smyrsl sem var búið til úr ösku kuðungsins eða muldum krabba sem var blandaður hunangi. Þessi áburður úr kuðungum, ösku og smjöri var líka talinn græða brunasár. Þannig að þetta er til margs nýtanlegt, herra forseti. Það má líka geta þess að hjá Jóni lærða er sennilega að finna fyrstu íslensku lýsinguna á ákveðinni tegund skelfiskseitrunar sem lýsir sér þannig að ef menn éta of mikið af beitukóngnum þá geta þeir dofnað upp og mega tæpast mæla og um þetta farast meistara Jóni svofelld orð, með leyfi forseta:

„Ef menn þá éta mikið af þeim, verða þeir sem fordrukknir menn svo þeir standa ekki. Það köllum vér kuðungariðu, og má af sér sofa."

Herra forseti. Þetta hlýst að sjálfsögðu af því fræga eitri sem er að finna í kirtli beitukóngsins sem er áfastur skráptungu og sem hann getur notað til þess að bora í gegnum mjög harðar skeljar og þess vegna getur verið varasamt að borða kuðunginn í of miklu magni í einu. Og ég tek hv. þm. sérstakan vara fyrir að leggja sér of mikið af honum ferskum til munns. En þegar hann er unnin þá er hann unnin þannig að skráptungan og kirtillinn er skorin frá.

Herra forseti. Ég gæti sagt ýmislegt meira um þessa ágætu dýrategund en ég hef rakið það hér að hún hefur áður verið Íslendingum til nytsemdar og aftur og aftur rekum við okkur á það að forfeður okkar kunnu að nýta náttúruna miklu betur en við. Þeir lærðu að búa til úr henni ekki bara sérkennilega góðan mat heldur líka hvers kyns lækningasmyrsl. Og aftur og aftur erum við að uppgötva það sem þeir vissu.

Herra forseti. Hér er ég að leggja til að við förum í rannsóknir á veiðiþoli beitukóngs og reynum að gera okkur mat úr honum en ég hef líka rakið það að meistari Jón lærði, mestur náttúruvísindamaður síns tíma, gerði þetta auðvitað árum saman og skrifaði um þetta. Þannig að hér er ekkert nýtt á ferðinni en það er jú háttur okkar þingmanna að reyna að finna upp hjólið eins hægt og kostur er.

[16:35]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er kannski búið að segja allt sem segja þarf í þessu máli. En ég er meðflm. á þessari þáltill. og ég er stoltur af því. Ég held nefnilega að það sé nauðsyn á að athuga útbreiðslu og veiðiþol ásamt nýtingarmöguleikum beitukóngs. Víða um lönd þykir beitukóngur herramannsmatur, t.d. mjög víða í Vestur-Evrópu og svo í Asíulöndum. (**Gripið fram í:** Suður-Evrópu.) Íslendingar hafa reynt veiðar og vinnslu og það er vitað nokkuð víða um góð mið við landið þar sem mikið er af beitukóngi. Veiðar og vinnsla voru reyndar m.a. á Akranesi en þar vantaði ekkert annað en þolinmótt fjármagn til þess að fyrirtækið næði fjárfestu. Ég tel að það sé ástæðan fyrir því að það fyrirtæki rúllaði yfir að það vantaði raunverulega fjármagn til að ná fótfestunni. Það má geta þess að vinnsla hefur verið um nokkurt skeið í Stykkishólmi og hefur tekist vel og ég vona að þeir aðilar sem þar eru fái tíma til þess að koma sér fyrir með fyrirtækið áður en gullæði rennur á Íslendinga varðandi beitukóng eins og gerðist með ígulkerin.

Ég vil virða þær skemmtilegu tilvitnanir sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson notar sem ég vil, með leyfi forseta, fá að halda áfram að vitna í eins og hv. þm. Össur Skarphéðinsson gerði áðan. Það eru fróðlegar og skemmtilegar lýsingar sem ég tel reyndar að sem flestir ættu að kynna sér. Til dæmis á bls. 5, með leyfi forseta:

„Eins og nafnið gefur til kynna var beitukóngurinn einkum notaður sem agn við krókaveiðar. En önnur nöfn hans, svo sem ætiskóngur og ætiskúfungur, vísa einnig til þess að sums staðar var beitukóngur hirtur til matar" — eins og fram kom í máli hv. þm. — „Vafalítið hefðu menn nýtt hann í enn ríkari mæli en gert var hefðu þeir haft vit og þekkingu til að skera frá kirtilinn sem framkallaði kuðungariðuna, en margir töldu beitukónginn baneitraðan vegna hennar og þorðu ekki að neyta hans. Sveinn Pálsson segir í Ferðabók sinni athyglisverða sögu af neyslu Þorskfirðinga á beitukóngi, sem hann nefndi raunar ætiskúfung: „Fyrir miðjum firði þessum og langt inn eftir honum liggur mjó vök eða áll, og veit enginn dýpt hans. Báðum megin og framan við vökina verður alveg þurrt um stórstraumsfjöru, svo að ganga má fram á barma þessa hyldýpis, sem eru því nær lóðréttir ... Um jafndægurstórstreymi á vorin eru barmarnir á vök þessari, — svo langt niður sem séð verður alsettir hinum svonefnda ætiskúfung eða bobba ... Menn í næsta nágrenni gá tímans og safnast þangað í stórhópum til að tína kúfung, sem þeir sjóða þegar með skel og öllu saman í fjörunni og flytja svo heim til átu. En veiði þessi verður aðeins stunduð þrjár fjörur í röð ..."".

Þarna er um merkilegar heimildir að ræða sem ég held að sé vel komið í grg. með þessari skemmtilegu þáltill. Að auki er sannarlega ástæða til þess að ræða nýtingu ýmissa botndýra og skelja hér við land. Það er í rauninni skammarlegt að ekki skuli vera sett af stað vinnsla t.d. á kræklingi. Það má nefna það hér að líkur eru fyrir því að það megi vinna krækling úr Hvalfirði fyrir u.þ.b. tvo og hálfan milljarð á ári og hefði einhvern tíma nægt til þess að hleypa einhverjum af stað að kanna það mál hvernig það mætti komast af stað. Kræklingur finnst víða við land og hann ber að nýta.

Mér finnst merkilegt, herra forseti, að ekki hafi verið hugað að reglugerðarsetningu um veiðar og vinnslu fjölmargra nýtanlegra skeldýra hér við land. Ég hvet til þess að hv. sjútvn. taki á sig rögg og samþykki ferli fyrir þá ágætu tillögu sem hér til umfjöllunar og ég lýsi yfir sérstakri ánægju með.

[16:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég held að hér sé gott mál á ferðinni sem er till. til þál. um könnun á veiðiþoli beitukóngs. Það er fyllsta ástæða til þess að átta sig á þeim lífverum sem lifa í hafinu við Ísland og leita þar nýrra fanga og umfram allt að gæta að því að afla upplýsinga sem bestra með rannsóknum á lífsháttum og um leið nýtingarþoli þeirra lífvera sem eru í sjónum í kringum landið og sú tillaga sem hér er flutt af nokkrum hv. þm. er viðleitni í þessa átt. Þar er tekin fyrir aðeins ein tegund. Það er auðvitað alltaf álitaefni hversu vítt er farið yfir sviðið en ég held að það þurfi að setja mál sem þetta inn í almennt samhengi þar sem beitukóngurinn er að sjálfsögðu ekki einn á ferð heldur hluti af vistkerfi botndýra við landið og það þarf að gæta þess að afla sem fyllstra upplýsinga um þetta vistkerfi sem beitukóngurinn er hluti af.

Vegna þessa máls vil ég geta þess að það hefur verið fjallað um það eins og frsm. mun hafa nefnt í upphafi síns máls. Um það hefur verið fjallað um á fyrri þingum. Ég flutti tillögu og fékk samþykkta þál. ásamt öðrum þingmönnum Alþb. á þinginu 1986–1987. Það er nú svo með blessuð þingskjölin á þeim tíma að það var ekki haft fyrir því að prenta ártal

í þingskjölum þannig að fái maður ljósrit af þingskjölum fyrri áratugar þá kemur ekki fram á hvaða þingi viðkomandi mál var flutt en úr þessu var bætt þannig að það er auðséð nú. En hér er um að ræða þáltill., sem var 6. mál á 109. þingi 1986–1987, um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi. Mér sýnist allur þáverandi þingflokkur Alþb. hafa staðið að þessu með mér sem hafði á hendi undirbúning málsins. Tillagan var samþykkt og ég ætla að leyfa mér að lesa hana eins og hún var samþykkt þann 24. febr. 1987:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða. Jafnframt verði athuguð hagkvæmni á veiði botnlægra tegunda.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka því á næstu fimm árum og til þess verði veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði."

Þetta var efni tillögunnar. Með tillögunni var fskj. sem ég fékk frá Hrafnkeli Eiríkssyni, sérfræðingi á Hafrannsóknastofnun, sem lét mér í té greinargerð um rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum í fjörðum og flóum hérlendis og þar eru taldar upp margar tegundir sem koma við sögu. Flestar hafa verið nytjaðar með einhverjum hætti á fyrri tíð og sumar enn þann dag í dag. Það má nefna hörpudisk, rækju, trjónukrabba, beitukóng, kúfskel, krækling, öðu, sandskel, báruskeljar, þar á meðal hjartaskel sem er þekkt sem markaðsvara. Þetta eru dæmi um tegundir sem er gerð grein fyrir í þessu fskj.

Síðan gekk ég á eftir því á 116. löggjafarþingi hvað hefði verið aðhafst af framkvæmdarvaldinu á grundvelli þessarar tillögu og á 116. þingi á að vera að finna á þskj. 294 svar sjútvrh. við fyrirspurn minni um rannsóknir á botnlægum tegundum.

Þar kemur fram að sjútvrn. hafi falið Hafrannsóknastofnun þann 3. mars 1987, það er þá mjög fljótlega eftir samþykkt tillögunnar á Alþingi, að gera fimm ára áætlun um skipulagðar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagningu slíkra miða ásamt kostnaðaráætlun þar um. Síðan er gerð grein fyrir þessu. Og með þessu svari fylgir skjal frá Hafrannsóknastofnun sem er þessi rannsóknaáætlun sem stofnunin hafði gengist fyrir.

Ég óttast hins vegar að ekki hafi verið framfylgt sem skyldi því sem þál. gerði ráð fyrir í rannsóknum, hef þó vissulega í huga að Hafrannsóknstofnun hefur lagt til slíkra rannsókna á undanförnum árum og hefur yfir ágætum sérfræðingum að ráða sem vinna að þeim og þessi rannsóknaáætlun er, held ég, þess virði að það sé kannað og ég hvet til þess um leið og ég mæli með því að þessi þáltill. um beitukónginn fái eðlilega þinglega meðferð og sé ekkert á móti því að hún verði samþykkt sem slík af því að þetta er ágætt mál. En ég tel rétt að þingnefnd sem um málið fjallar fari yfir allt sem áður var samþykkt á Alþingi og gangi eftir upplýsingum frá sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun um þær rannsóknir í krafti þeirrar áætlunar sem Hafrannsóknastofnun tók saman fyrir sjútvrn. á sínum tíma. Þannig held ég að sé mjög nauðsynlegt að vinna að málum og þyrfti auðvitað að kortleggja skipulega lífsstöðvar þessara nytjadýra á hafsbotni við landið og ráðleggja um hugsanlega nýtingu þeirra í hófi þannig að ekki verði um ofnýtingu að ræða.

Herra forseti. Um leið og ég lýk máli mínu vil ég segja að það eru mörg vítin að varast í þessu. Eitt það nýjasta varðar ígulkerin við landið þar sem menn fóru í nýtingu í allverulegum mæli án þess að sjómenn hefðu þær upplýsingar sem eðlilegt væri í sambandi við veiðarnar (Forseti hringir.) og þar af leiðandi hafa þær ekki orðið jafnskipulegar og uppskeran kannski ekki sú sem skyldi og vitneskja um veiðiþolið er óljós fyrir utan markaðsmálin sem hafa sett þessum veiðum sín takmörk og það sem upp úr var að hafa. (Forseti hringir.)

Þetta vildi ég nefnt hafa, virðulegur forseti, um leið og ég þakka þolinmæði forseta.

[16:49]

Flm. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég vildi aðeins í örfáum orðum þakka undirtektir þeirra tveggja þingmanna sem hafa talað í þessu máli. Ég gat ekki sérstaklega í upphafi máls míns um frumkvæði hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar en ég gat þess hins vegar að tveir af fyrrverandi félögum hans í þingflokki Alþb. hefðu haldið fram þeirri stefnu að það ætti að reyna að skjóta styrkari stoðum undir smábátaútgerð í landinu og nefndi þá sérstaklega Grímseyjarkommúnistana tvo, Stefán Jónsson og Jónas Árnason, og taldi mig þriðja Grímseyjarkommúnistann í þeim hópi. Þessi tillaga, eins og hv. þm. veit því hann hefur lesið hana, miðar m.a. að því að reyna að færa aðeins út möguleika smábáta til þess að lifa af hafinu. Það er þrengt að þeim á öllum sviðum, en líkast til mundu smáir bátar henta afar vel til að vinna þessa tegund.

Ég nefni það líka, herra forseti, að sjómenn við Ísafjarðardjúp sem komu að máli við mig eftir að ég lagði fram þessa tillögu sögðu mér það að þeir teldu að á smáum bátum, 8 tonna bátum, væri hægt að ná 15–20 milljarða kr. aflaverðmæti á ári. Auðvitað skiptir það gríðarlega miklu máli. En það er lítið vitað um útbreiðslu tegundarinnar og það er nákvæmlega eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að við höfum ákveðin víti fyrir okkur sem við þurfum að varast. Við vitum ekki um stofnstærð þessarar tegundar. Við vitum ekki heldur hvernig stofnarnir eru uppbyggðir, hvort þeir eru einn eða mjög margir eins og ég tel nú líklegra. Við vitum ekki hvað er hægt að bjóða einstökum veiðistöðum. Ég ímynda mér að á stöðum eins og Ísafjarðardjúpi og á Breiðafirði sé að finna mikið magn af þessum tegundum, en við vitum það ekki og það er óvarlegt að ráðast í nýtingu á þeim án þess að hafa a.m.k. pata af því hvernig líklegt er að veiðarnar kæmu við þessa stofna.

Ég tek heils hugar undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er löngu tímabært að veita fjármagn í það að kortleggja ýmsar botnlægar tegundir við Ísland sem án efa gætu skapað mjög mikil verðmæti, mjög mörg störf og leitt til uppbyggingar vítt um landið, gætu skotið traustum hnyðjum undir ýmis smábyggðarlög sem eru í hættu. Sú tillaga sem liggur hérna fyrir varðar bara eina þeirra sem er beitukóngurinn. En hún er m.a. lögð til þess að undirstrika þessa möguleika vegna þess að aðstæðurnar eru sérstakar núna. Aðstæðurnar eru sérstakar að því leyti til að tvennt hefur gerst. Það hafa opnast nýir markaðir í Austur-Asíu þar sem Japanar hafa í vaxandi mæli farið að nota þetta í sína frægu sushi-rétti. Þeir þurfa þar af leiðandi einhvers staðar frá að fá þessa tegund. Þeir veiða hana eiginlega ekkert sjálfir. Kóreumenn eru líka farnir að óska eftir þessu dýri. Þeir fengu þessa tegund áður frá Rússlandi þar sem veiðunum er ekki sinnt lengur.

Hins vegar hefur það líka gerst að helsta veiðiþjóðin og reyndar neysluþjóðin í Evrópu, Frakkar, hefur þurft að þola hrun í veiðunum, algjört hrun. Veiðarnar hafa hrunið úr

8–10 þús. tonnum á ári niður fyrir þúsund tonn og það er þetta sem gerir það að verkum að markaðurinn er reiðubúinn til þess að greiða hærra verð fyrir beitukónginn. Þess vegna er lag fyrir hann einmitt núna. En það líka beinir kastljósinu á stöðu rannsókna á botndýrum almennt. Hv. þm. gat um ígulkerin hérna áðan og það er hægt að nefna fleiri botnlægar tegundir sem líklegt er að við gætum unnið verðmæti úr. En við vitum svo lítið um það og það þarf að rannsaka í miklu meiri mæli heldur en áður.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat þess að það væri fróðlegt að þingið gengi eftir því við framkvæmdarvaldið hversu fram hefur undið þeim rannsóknum sem samþykktar voru með þáltill. hans og félaga hans úr Alþb. 1987. Það er hárrétt, það væri fróðlegt. En ég veit hvernig því hefur undið fram. Það hefur nánast ekkert verið gert. Sú tillaga sem nú liggur fyrir á að vissu leyti rætur sínar að rekja inn á Hafrannsóknastofnun þar sem menn hafa veikum burðum verið að sinna rannsóknum á þessari tegund, þeir tveir menn sem ég nefndi sérstaklega, Karl Gunnarsson, sem er þörungafræðingur, og Sólmundur T. Einarsson sem hefur sinnt allt öðrum rannsóknum. Þeir hafa meðfram öðru verið að kanna þetta og verið að reyna að kría út fjármagn í það en gengið illa. En ef það tækist að fá þessar tillögur samþykktar, þá mundi það auðvitað treysta þeirra vinnu. En ég viðurkenni það alveg fúslega að miklu glaðari yrði ég ef hægt væri í meðförum nefndarinnar að ná samkomulagi um það að freista þess að fá fjármagn til almennra rannsókna á þessum tegundum. Það er það sem skiptir miklu máli. Það er ljóst að þarna eru ónýttir möguleikar og við verðum á einhvern hátt að sjá til þess að þeir séu kannaðir.

Ástæðan fyrir því að ekki er ráðist í það er að þetta eru dreifðir stofnar og þeir eru okkur framandi, bæði í veiðum og vinnslu, og það eru engin stór og traust fyrirtæki sem hafa beinan hag strax af því að því að nýta þetta. En það er eins og með svo margt annað sem hefur orðið okkur að uppsprettu verðmæta hér á Íslandi að oft er það þannig að það eru fræðimenn sem koma auga á eitthvað, þætta það saman við gamla reynslu og fá einhverja menn á einhverjum stöðum sem hafa kannski báta og tæki aflögu til þess að reyna að kanna möguleikana á veiðum nýrra tegunda og upp úr því hafa oft komið mjög mikilvæg tækifæri sem hafa stutt byggðina í landinu.

Ég held að það væri afskaplega gott ef Alþingi gæti falið ríkisstjórninni að fara út í allsherjarkortlagningu á þessum tegundum. Það væri kannski farsælasta niðurstaðan í þessu máli að hin háa sjútvn. féllist á eitthvað slíkt. Ég vísa því þá til þeirra sjávarútvegsnefndarmanna sem hér eru staddir eða lesa þessar umræður að beita sér fyrir því ef áhugi er á því í nefndinni.

[16:56]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð rétt til getið hjá hv. þm. að ekki var veitt það fjármagn sem Alþingi þó mælti með að yrði veitt til þessara mála af því að í svarinu á 116. löggjafarþingi kemur fram að það var sótt eftir því 1988 að fá sérstakt fjármagn og stöðuheimild fyrir náttúrufræðing til rannsókna á vannýttum hryggleysingjum. Fjmrn. féllst ekki á beiðni þessa. Var málið þá tekið upp við fjárveitinganefnd á haustmánuðum 1987 en fékk ekki úrlausn. Sérstök fjármögnun til þessa verkefnis hefur því ekki fengist. Þrátt fyrir það hefur Hafrannsóknastofnun reynt að stunda hluta þessara rannsókna eftir því sem þröng fjárráð hafa leyft. — Þetta var tilvitnun í svarið.

Síðan fer fram lýsing á því sem gert hefur verið. Það er rétt í þessu samhengi að nefna einnig að það hefur verið í gangi mikið rannsóknaverkefni sem varða botndýr á Íslandsmiðum og yfirgripsmikið verkefni sem gengur undir nafninu Botndýr á íslensku hafsvæði, en það er samstarfsverkefni margra aðila sem þar er um að ræða til að kanna útbreiðslu botndýra á íslenska hafsvæðinu frá grunnsævi niður á 3.000 metra dýpi. Við höfum verið að fá fréttir af því öðru hvoru að það hafa verið að finnast nýjar tegundir, raunar fjöldi nýrra tegunda. Þetta verkefni er vísindalegs eðlis og tengist ekki beint hagnýtingu en skylt að minnast þess þegar við ræðum þessi mál og síðan aðeins vísa til þess að svo mikið af þessum lífverum sem finnast á botni eru hið mesta sælgæti. Og þó að ekki væri um að ræða mikinn afla er ég alveg sannfærður um að það er hægt að auðga framboð íslenskrar gastrónómíu t.d. bæði fyrir innlenda sem erlenda sem okkur sækja heim. Við skulum hafa Japana í huga, hvað þeir gera, hvílíkt gómsæti þar er að finna á borðum sem sótt er í greipar hafsins og Íslendinga hefði jafnvel hryllt við til skamms tíma. En nú eru menn orðnir hugaðri við þetta, bæði Íslendingar og aðrir, og við eigum að athuga nýtingu á þessu en þó í fyllsta hófi og með aðgæslu.

[16:59]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er vafalaust miklu betur að sér í gastrónómíu erlendra þjóða heldur en ég þó að ég borði kannski meira en hann. En það er önnur saga.

Hv. þm. getur um verkefni sem er staðsett á Suðurnesjunum og lýtur að botndýrarannsóknum við hafsvæði Íslands. Það er eitthvert allra merkasta verkefni sem er í gangi í dag á sviði náttúruvísinda á Íslandi. Ég tók þátt í því sem umhvrh. að reyna að afla fjármagns til þess verks og ég fullyrði að það er fátt sem hefur skilað sér jafn vel inn í náttúruvísindi Íslendinga á síðustu árum og einmitt þetta.

Hv. þm. kom aftur að skortinum á fjármagni til rannsókna. Ég er honum hjartanlega sammála um að það er vísindum á Íslandi á þessu sviði verulegur fjötur um fót að það skortir fjármagn. Það er ýmislegt fleira þar sem okkur vantar fjármagn til þess að reyna að reyna að vinna aukið verðmæti úr greipum hafsins. Ég nefni t.d. gjörólíkt mál eins og línuveiðar á miklu dýpi, línuveiðar fyrir aðrir tegundir en við erum venjulega að veiða á línu. Þetta eru ýmsar þjóðir að gera þó hægt fari, kosta til þess verulega miklu fé og eru að uppskera mikilvægan ávinning núna. Við höfum ekkert fjármagn til þess að sinna svona rannsóknum og svo ég færi gjörólíkt svið inn í þessa umræðu, herra forseti, þá er þetta t.d. ein af ástæðunum fyrir því að ég er mjög hlynntur veiðigjaldi. Ég vil fá veiðigjald, og hef sagt það, til þess að standa straum af slíkum rannsóknum á nýjum tegundum, á nýjum veiðiaðferðum hér við Ísland. Ég held að það sé mjög erfitt fyrir okkur að afla fjármagnsins til þess með öðrum hætti. Við sjáum það að hv. þm. fékk samþykkta tillögu hér fyrir áratug síðan. Þingið samþykkti tillöguna en framkvæmdarvaldið kom ekki með fjármagnið. Svona er hægt að nefna einar tvær ef ekki þrjár tillögur síðan þá sem hafa verið samþykktar en fjármagnið hefur ekki komið.

[17:01]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sárgrætilegt til að vita hversu naumt er skammtað til rannsókna á íslenskri náttúru, íslensku lífríki og einnig á hafsvæðinu í kringum landið. Við hljótum að hugsa til þess, m.a. í samanburði við hvað er veitt í alls konar atriði sem snúa að stórum framkvæmdaáformum, hvað er búið að eyða í sambandi við drauma um stóriðjuver útlendinga sem reynt er að draga hingað upp á landið, ef það væri saman talið. Það eru nokkrir milljarðar sem hafa farið fyrir lítið í þeim efnum. En á sama tíma erum við með þessi mál í svelti að því er snertir það sem liggur við bæjardyrnar hjá okkur, rétt utan við bæjarhelluna og þetta er ekki farsælt. Þetta er röng stefna. En af því að hv. þm. fór að nefna hugðarefni Alþfl. í formi veiðigjalds, sem ég ætla ekkert að taka inn í þessa umræðu, það er enginn tími til þess, þá eigum við ekki að fara að tengja slík efni saman. Alþfl., eða jafnaðarmannaflokkur Íslands, ef hann heitir svo nú um stundir, verður að baksa með þessi mál sín og hugðarefni sér á parti, en ekki að vera að tengja þau við beitukóng og aðra góða hluti og tillögur af þessum toga. Hvar enda menn? Hv. þm. hefði getað komið hér með málefni númer eitt sem sameinaður jafnaðarmannaflokkur Íslands berst fyrir, þ.e. aðild að Evrópusambandinu. Það er verið að gylla það fyrir okkur að þar sé í sjóði að leita og ætli það væri ekki hægt að fá stuðning þaðan til rannsókna á beitukóngi við Ísland? Ég hugsa það, þeir eru margir sjóðirnar. En það er líka rukkað fyrir þetta. Þetta er ekkert gjafafé sem er þarna á ferðinni svo að við skulum reyna að standa að svona sjálfsögðum hlutum á eigin fótum og eigin forsendum.

[17:03]

Flm. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau mál sem hv. þm. drap á hérna eru einfaldlega svo yfirgripsmikil að þau hljóta að koma öllum við, hvort sem við erum að ræða hinn sameinaða jafnaðarmannaflokk eða aðra flokka á borð við hinn tiltölulega — ja, hvað heitir hann, grænn kostur, sem heyrist hér í þjóðfélaginu að einhverjir menn vilji stofna. Ég skal ekkert um það segja.

Það sem hv. þm. var að segja í ræðu sinni áðan var þetta: Okkur skortir fjármagn til þess að stunda þessar rannsóknir. Hann fékk samþykkta tillögu í þinginu um að það ætti að fara í þessar rannsóknir. Þingið vildi það en framkvæmdarvaldið kom ekki með fjármagnið og við hljótum þá að velta því fyrir okkur hvernig hægt sé að afla fjármagns til þess að tryggja að svona rannsóknir fari af stað og þá ekki bara á þessari einu tilteknu tegund sem við erum að ræða hérna, heldur að ráðist verði í það verkefni sem hv. þm. hefur lýst sem mjög þörfu, og ég er honum sammála um það, að kortleggja botninn við Ísland, kortleggja þær botnlægu lífverur sem þar er að finna og sem gætu fært mikinn auð inn í okkar þjóðfélag.

Ég nefndi það, leyfði mér að flytja það inn í umræðuna, að eitt af því sem gerir það að verkum að ég er fylgjandi veiðigjaldi er m.a. það að ég vil nota það til þess að kanna slíka nýja möguleika.

Hv. þm. kom óforvarandis með annan möguleika, þó hann væri ekki að mæla með honum, að það væri möguleiki að ganga í Evrópusambandið og freista þess að gera þar út á sjóðabrunnana. Ég skal ekkert um það segja, herra forseti. Ég hef að vísu fylgt því máli, en ég er ekki í hópi áköfustu stuðningsmanna þess og ég tel að við getum alveg sjálf sinnt rannsóknum okkar á beitukóngi.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég þakka þessar umræður hér sem hafa sprottið af þessari tillögu minni og félaga minna um beitukónginn og hef lýst þeirri skoðun minni að ég yrði hæstánægður ef einhvern veginn tækist að koma henni til sjútvn. og frá henni aftur, e.t.v. í því formi að sjónum framkvæmdarvaldsins yrði ekki eingöngu beint að beitukóngi heldur líka öðrum botnlægum tegundum við Íslandsstrendur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling íþróttastarfs, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 363. mál. — Þskj. 640.

[17:06]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um eflingu íþróttastarfs. Flutningsmenn ásamt mér eru hv. þm. Hjálmar Árnason, Kristinn H. Gunnarsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Árni Johnsen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Árni M. Mathiesen, Magnús Stefánsson og Vilhjálmur Egilsson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sjö manna nefnd til að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og um samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Markmið nefndarstarfsins verði meðal annars að skilgreina og gera tillögur um þátt hins opinbera í þeirri viðleitni íþróttahreyfingarinnar að:

a. laða æskufólk, pilta og stúlkur, svo og almenning til iðkunar íþrótta,

b. efla árangur íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi,

c. auka skilning þjóðarinnar á gildi líkamsræktar, heilbrigðis og hollra lífshátta.

Nefndin verði skipuð tveim fulltrúum Íþróttasambands Íslands, einum frá UMFÍ, einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af fjármálaráðherra, einum tilnefndum af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og einum tilnefndum af menntamálaráðherra og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Nefndin skili skýrslu og tillögum eigi síðar en 1. nóvember 1997."

Herra forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um gildi öflugs íþróttastarfs, en íþróttir og líkamsrækt skipa æ stærri sess í þjóðlífinu. Þróun á sviði íþrótta hefur orðið mjög ör á undanförnum árum og áratugum, þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi eykst stöðugt, svo og marghátttuð líkamsþjálfun og áhugi almennings á íþróttum og hollri hreyfingu. Íþróttafélögum fjölgar, umfjöllun um íþróttir í fjölmiðlum fer vaxandi. Þessu aukna íþróttastarfi fylgja svo vaxandi kröfur til íþróttafélaga og sveitarfélaga um bætta aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Skilningur almennings á gildi íþrótta sem þætti í heilbrigði og hollum lífsháttum hefur aukist mjög á síðari árum. Öflugt íþróttastarf hefur tvímælalaust mikla og jákvæða þýðingu í baráttunni við óreglu og fíkniefnanotkun. Eftir að hafa starfað að íþróttamálum um langt árabil fullyrði ég að iðkun íþrótta skiptir mjög miklu máli fyrir vellíðan, afþreyingu, félagsþroska og uppeldi. Íþróttir hafa því ótvíræða samfélagslega þýðingu.

Á seinni árum hefur sú ánægjulega þróun orðið að þátttaka fatlaðra í skipulögðu íþróttastarfi hefur stóraukist og hafa æ fleiri fatlaðir einstaklingar stundað íþróttir sér til hressingar og heilsubótar. Þeir hafa auk þess náð framúrskarandi árangri í keppni á alþjóðavettvangi. Enn er þó mikið verk óunnið við að skapa fötluðum betri aðstöðu til að enn fleiri þeirra hafi möguleika á að stunda íþróttir.

Hér á Íslandi sem víða annars staðar er hið skipulega starf á vettvangi íþróttanna rekið af frjálsri íþróttahreyfingu sem hefur innan sinna vébanda félög, bandalög og sambönd sem sameiginlega mynda Íþróttasamband Íslands. Þar til viðbótar má nefna Ungmennafélag Íslands sem myndað er af héraðssamböndum og einstökum ungmennafélögum. Þessi samtök starfa einnig að íþróttum og eru aðilar að Íþróttasambandi Íslands.

Ríkissjóður hefur styrkt þessi landssamtök og auk þess ólympíunefnd Íslands, Íþróttasamband fatlaðra og fleiri eftir atvikum. Þá hefur Alþingi samþykkt lög sem heimila Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands ásamt Öryrkjabandalagi Íslands að starfrækja getraunir á almennum markaði. Það eru síðan sveitarfélögin sem annast byggingu íþróttamannvirkja í samvinnu við íþróttafélögin.

Það hefur ríkt nokkuð góð sátt um þetta fyrirkomulag og það er almenn skoðun að styðja beri fjárhagslega vel við bakið á þeim aðilum sem fást við íþrótta- og æskulýðsstarfsemi án þess þó að taka frumkvæðið af þeim. Eins og ég nefndi fyrr fara þær kröfur vaxandi sem gerðar eru til íþróttafélaganna um aukna og bætta íþróttaaðstöðu. Það er ljóst að íþróttahreyfingin stendur illa fjárhagslega undir þeim kröfum sem gerðar eru til hennar eins og glöggt má sjá í samantekt sem Íþróttasamband Íslands hefur lagt fram og fjallar um fjárhag íþróttafélaganna, en þar kemur fram að félögin eru flest illa stödd fjárhagslega.

Sérsamböndin eru flest rekin með tapi og Íþróttasamband Íslands kvartar undan því að ekki sé nægilegt fé til skiptanna. En sjálfsagt má hagræða í rekstri íþróttahreyfingarinnar eins og víðar og auðvitað eru þeir sem þar eru í forsvari stöðugt að leita leiða til þess. Á íþróttaþingi sem haldið var á Akranesi í lok október 1996 var samþykkt að sameina bæri Íþróttasambandið og ólympíunefndina í þeim tilgangi að einfalda skipulag íþróttahreyfingarinnar og ná fram sparnaði og hagræðingu, og einnig til að auðvelda samskipti ríkisvaldsins og íþróttahreyfingarinnar.

Árið 1991 skilaði nefnd sem fyrrv. menntmrh. skipaði tillögu að stefnumótun á sviði íþrótta-, æskulýðs- og tómstundamála til ársins 2000. Í inngangi að þessari skýrslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Flest bendir til þess að á næstu árum aukist frítími fólks og einnig að ungt fólk fari seinna út á vinnumarkaðinn. Auk þess er ekki ólíklegt að dagvinnustundum fækki hjá vinnandi fólki. Af þessu leiðir að tómstundir og tómstundastarf verður æ ríkari þáttur í lífi fólks. Félagsstarfsemi og tómstundastörf af ýmsum toga gegna mjög mikilvægu hlutverki í framtíðinni, sérstaklega meðal ungs fólks."

Síðar í sama inngangi segir, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt er að styðja fjárhagslega vel við bakið á þeim aðilum er fást við íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarf án þess þó að taka frumkvæði af þeim. Skapa þarf félagsstarfsemi betri aðstöðu til að mæta aukinni þörf á komandi árum sem sérstaklega er fólgin í því að koma betur til móts við þarfir hvers einstaklings."

Það má öllum ljóst vera að íþróttahreyfingin leggur mikið af mörkum til félagslegra þátta. Það er nauðsynlegt að meta gildi þessa hlutverks og huga að verkaskiptingu, fjárveitingum og mikilvægi einstakra þátta í ljósi þróunar þjóðfélagsins. Fjárveitingar til íþróttahreyfingarinnar á fjárlögum og í gegnum ráðuneyti hafa í gegnum tíðina virst nokkuð ómarkvissar eða venjubundnar og þeim til grundvallar hefur ekki legið nein samræmd stefna þess opinbera. Það er skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu að það beri að laga opinberar fjárveitingar markvisst að stefnu sem er mótuð í sæmilegri sátt hlutaðeigandi aðila. Tillagan er flutt í þeim tilgangi að vinna að slíkri stefnumótun.

Herra forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. menntmn.

[17:13]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu þáltill. um eflingu íþróttastarfs og það er vert í upphafi að vekja athygli á því að flutningsmenn eru úr öllum þeim flokkum sem eiga sæti á Alþingi. Þetta er með öðrum orðum þverpólitískt mál og mætti því ætla að það ætti greiða leið í gegnum þingið.

Mig langar, herra forseti, til að fylgja eftir ágætri framsöguræðu 1. flm., hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, og vík ég þá fyrst almennt að gildi íþrótta sem ég vil líta á út frá þremur meginsjónarmiðum, þ.e. keppni, í annan stað hin félagslega leik og í þriðja lagi hollustu- og forvarnir.

Ég vil fyrst víkja aðeins að keppninni. Gildi íþrótta hvað varðar keppni er ótvírætt vegna þess að keppni í sjálfu sér virðist höfða mjög til fólks almennt. Einstaklingar hafa gaman af því að reyna með sér í heiðarlegum leik og heiðarlegu ati. Það virðist hafa fylgt mannskepnunni alveg frá örófi alda og á því sviði, keppni, er nokkuð drjúgur hlutur í hlutverki íþróttarinnar.

Undir þessum formerkjum hafa íþróttir einnig mikið skemmtigildi eins og ýmsar opinberar samkomur á vegum íþróttahreyfingarinnar hafa sýnt. Ég hygg að hin ýmsu íþróttamót séu líklega fjölmennustu samkomur sem haldnar eru. Ég nefni einnig í tengslum við þetta félagsstarfið, þ.e. allan þann fjölda fólks sem vinnur að stjórnunarstörfum og ýmsum störfum í kringum íþróttahreyfinguna og fær afskaplega mikilvægan og þroskandi skóla af þeim störfum. Ekki einungis á ég þar við keppendur, heldur ekki síður þá sem í kringum íþróttafélögin starfa.

Þá hygg ég að íþróttir hafi auglýsingagildi í sjálfu sér, t.d. vaskar sveitir okkar sem hafa gert garðinn frægan á erlendum vettvangi. Nægir þar að nefna frjálsíþróttamenn okkar frá síðustu Ólympíuleikum, handknattleikslið og þegar vel gengur hjá knattspyrnuliði og þannig mætti áfram telja. Hinar vösku íþróttasveitir á erlendum vettvangi eru mikilvæg og ómetanleg auglýsing.

Þá vil ég líka vekja athygli á þeim þætti hópíþróttarinnar sem eflir samkennd. Margar og líklega meiri hluti íþróttagreina eru byggðar upp sem hópíþróttir þar sem samkenndin og hópkenndin er þroskuð og efld fyrir einstaklinginn, að allir berjist fyrir einn og einn fyrir alla. Fyrir samfélagið er það afskaplega mikils virði.

Herra forseti. Í annan stað um gildi íþrótta langar mig til að víkja að íþróttunum sem þroskandi leik. Enginn er eyland, segir einhvers staðar og til allrar hamingju er mannskepnan félagsvera og hafa einstaklingar þörf fyrir að umgangast hver annan. Þeirri þörf þarf að mæta og hana þarf að þroska og það gerist einmitt mjög mikið innan íþróttahreyfingarinnar.

Í þessu sambandi er vert að minna á m.a. að ýmsar rannsóknir benda til þess að þar sem hreyfiþroski er ekki í lagi, þá komi það niður á andlegum þroska, jafnvel tilfinningaþroska og námsþroska nemenda. Um þetta hafa verið gerðar ýmsar athuganir og vil ég benda á fyrirlestur Antons Bjarnasonar við Kennaraháskóla Íslands sem hefur verið mjög ötull talsmaður þess að ung börn sérstaklega og unglingar fái holla, reglulega og skipulagða hreyfingu vegna þess að hreyfingin sé undirstaða annars þroska.

Það er líka vert að benda á það að sem félagslegur þáttur, ekki síst á tímum sjónvarpsgláps og fjölmiðlamenningar, er afskaplega mikilvægt að íþróttahreyfingin sé öflug til þess að ýta undir holla hreyfingu og félagslega þátttöku nemenda, að rjúfa þá einangrun sem gjarnan vill fylgja miklum yfirlegum yfir fjölmiðlamenningunni. Ég bendi einnig á það og vísa til reynslu minnar úr skólastarfi að mesta afreksfólk í íþróttum skilaði jafnframt mjög góðum árangri í skólastarfi. Ég leyfi mér að nefna þekkt íþróttafólk eins og Eydísi Konráðsdóttur, sunddrottningu af Suðurnesjum, íþróttamann ársins þar á síðasta ári. Ég nefni sömuleiðis Eðvarð Þór Eðvarðsson og Ragnheiði Runólfsdóttur. Öll hafa þau átt góðu gengi að fagna í skóla, en sem ungt afreksfólk vöknuðu þau klukkan fjögur til fimm á morgnana til þess að stunda sína íþrótt, komu síðan til skóla eins og aðrir nemendur og skiluðu góðum árangri. Með öðrum orðum: Afrekum í íþróttum fylgir sjálfsagi sem skilar sér ávallt fyrir einstaklinginn í lífinu.

Í þriðja lagi, herra forseti, nefni ég um gildi íþrótta, þátt hollustu og forvarna. Við verjum um það bil 50 milljörðum kr. í heilbrigðiskerfi okkar til þess að taka afleiðingum af ýmsum sjúkdómum en ýmsu sem einnig má rekja til félagslegra þátta, þar á meðal hreyfingarleysis. Ég hygg að það þurfi engar deilur um það, á það hefur svo oft verið bent, stutt ýmsum rannsóknum af ýmsum toga, að holl hreyfing er ein besta forvörn sem einstaklingurinn getur stundað. Þar með erum við e.t.v. komin að kjarna málsins. Með skipulögðu og öflugu íþróttastarfi má alveg örugglega spara milljarða króna í útgjöldum ríkissjóðs fyrir utan það að stuðla að hamingjusamara lífi einstaklinga sem forðast veikindi. Sem betur fer hefur orðið vakning á þessu sviði á síðustu árum, en betur má ef duga skal.

Ég vil í lokin, herra forseti, vekja athygli á því og varpa því fram hvort ekki sé orðið tímabært að íþróttafélög leysi af hólmi ýmis þau verkefni sem grunnskólar og framhaldsskólar landsins sinna í íþróttum því þarna eru orðnir árekstrar á milli en markmið með íþróttakennslu í skólum er í rauninni það sama og markmið með íþróttafélögunum, þ.e. að efla holla hreyfingu og þá þætti sem hér hafa verið nefndir og því er það spurning hvort íþróttahreyfingin geti ekki tekið að sér ákveðna þætti í skólastarfi og þá um leið leyst ákveðinn vanda sem fylgir of þröngum kosti íþróttahúsa hér á landi.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum en ég vonast til þess að tillagan fái farsæla afgreiðslu hér á þingi.

[17:22]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til þess að þakka flutningsmönnum fyrir flutning þessarar tillögu. Hér er hreyft hinu besta máli og ég vil lýsa yfir fullum stuðningi við það og vonast til þess að við alþingismenn berum gæfu til að leiða þetta mál til lykta.

Ræðumenn hafa farið ítarlega yfir málið og ég hef þar engu við að bæta. Þar hefur ekkert verið ofsagt en ég veit jafnframt að þar er líka margt ósagt og svo verður það ætíð. En ég trúi því að iðkun íþrótta sé eitt það besta sem við getum gert til þess að efla forvarnastarf. Það er ekki bara til þess að styrkja heilsu okkar sem einstaklinga og bæta líkamsburði. Ég held og ég veit reyndar að iðkun íþrótta er eitt það allra besta sem við getum gert til þess að leiða unglinga á hinu viðkvæmasta þroskaskeiði sem við göngum öll í gegnum frá þeirri vá sem nú herjar svo sorglega stíft að og þá á ég við fíkniefnin og margs konar ávanalyf. Ég trúi því að við getum hvergi varið fjármagni betur til að verjast í þeim efnum en með því að efla íþróttastarf sé það okkar áform að hjálpa unglingunum við að komast í gegnum sitt viðkvæma þroskaskeið.

Ég þarf, virðulegi forseti, ekki að segja meira. Ég tek undir það og ítreka það sem hér hefur verið sagt áður að það fjármagn sem lagt er til íþróttahreyfingarinnar á Íslandi skilar sér margfalt til baka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brú yfir Grunnafjörð, fyrri umr.

Þáltill. GE og GuðjG, 374. mál. — Þskj. 652.

[17:24]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um brú yfir Grunnafjörð. Meðflutningsmaður er hv. þm. Guðjón Guðmundsson. Tillagan er stutt og hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera hagkvæmnisrannsókn á gerð brúar yfir Grunnafjörð á milli Súlueyrar í Melahreppi og Hvítaness í Skilmannahreppi. Gert verði umhverfismat ef í ljós kemur að brúargerð reynist hagkvæm."

Það er örstutt greinargerð með þáltill., herra forseti:

Gerð jarðganga undir Hvalfjörð mun ljúka fyrr en áætlað var ef að líkum lætur. Sterk rök eru fyrir því að þjóðvegur liggi vestan Akrafjalls, m.a. mundi hann stytta vegalengdir vestur og norður í land. Tillagan, sem hér er lögð fram, hefur ýmsa kosti og eru þessir helstir:

1. vegur styttist um 7 – 10 km frá höfuðborgarsvæði vestur og norður í land,

2. leið milli Borgarness og Akraness styttist, þannig aukast möguleikar á samskiptum sveitarfélaganna í fjölmörgum málaflokkum,

3. betri veglína yrði að brú frá þjóðvegi 1 á Hafnarmelum að brú frá Akranesvegi,

4. ótraust raflína, sem hefur verið á möstrum yfir ósinn, færi í jarðstreng í brúnni,

5. möguleiki skapast á fiskirækt í Grunnafirði.

Tillaga þessi felur í sér að gerð verði úttekt á möguleikum brúargerðar og færslu veglínu sem yrði hagkvæm með langtímamarkmið í huga. Að auki má benda á að ef sjónmengun af stóriðju vinnur gegn ferðamennsku eru sterk rök fyrir því að aðalleið fari vestur fyrir Akrafjall og umræddri vegtengingu verði komið á. Ástæða er til að nefna sérstaklega möguleika til atvinnusköpunar og tengingar atvinnufyrirtækja í Borgarnesi og Borgarfirði annars vegar og hins vegar fyrirtækja á Akranesi og í sveitarfélögunum sunnan Skarðsheiðar, einnig sameiningu sveitarfélaga. Samgöngubætur milli Akraness og Borgarness mundu án efa leiða til styrkara samstarfs

skólanna í héraðinu sem nauðsyn er að efla og bæta. Reiknað er með að veglínan og brúargerðin falli eðlilega inn í áætlanir Vegagerðarinnar.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að í tillögu þingmanna Vesturlands frá 110. löggjafarþingi, 165. máli, var gert ráð fyrir að veglína lægi svo sem gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu. Meðfylgjandi er sú þingsályktunartillaga þáverandi þingmanna Vesturlands og kort af umræddri leið. Þeir þáv. þingmenn sem ég er hér að geta um voru Eiður Guðnason, Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Skúli Alexandersson, Ingi Björn Albertsson og Danfríður Skarphéðinsdóttir.

Í þeirri litlu tillögu sem ég hef verið að gera hér grein fyrir er ekki gert annað en huga að framtíðinni og í ljósi þess hversu umfangsmiklar umhverfisrannsóknir og umhverfismat þarf við slíkar framkvæmdir tel ég ástæðu og við flutningsmenn að setja þetta mál fram nú með þeim áhersluatriðum að sé um hagkvæma vegframkvæmd að ræða verði gripið til hennar í fyllingu tímans. Lengra er ekki gengið í okkar málflutningi.

Í greinargerðinni segir að verði af gerð jarðganga undir Hvalfjörð, eins og orðið er, þá liggi þjóðvegur vestan Akrafjalls.

Ég þarf ekki að fara, herra forseti, mörgum fleiri orðum um þessa tillögu. Mér finnst merkilegt hvernig mál hafa þróast varðandi ákvörðun um veglínu frá Hvalfjarðargöngum að Laxá austan Akrafjalls. Ég geri mér grein fyrir því að þeirri ákvörðun verður vart hnekkt, en ólíkt skynsamlegra held ég að það hefði verið að leggja veglínu frá Hvalfjarðargöngum að Grundartanga og þaðan að Brennimel og í áttina að Geldingadraga og að aðalleiðin norður og vestur í land hefði legið vestan fjalls en með brú yfir Grunnafjörð styttist veglínan um 7–10 km auk þess sem um hagræðingu í samkeppni sveitarfélaga norðan og sunnan Skarðsheiðar yrði að ræða.

Ég mælist til, herra forseti, að að lokinni umræðu verði tillögunni vísað til umfjöllunar og afgreiðslu í hv. samgn.

[17:29]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þegar ráðist var í gerð jarðganga undir Hvalfjörð voru mjög skiptar skoðanir á því hvar göngin ættu að tengjast þjóðvegi 1 að norðanverðu. Tvær leiðir komu til greina, sú sem farin var, þ.e. austan Akrafjalls með tengingu við þjóðveg 1 við Laxá í Leirársveit, og svo hin leiðin vestan Akrafjalls og yfir Grunnafjörð. Sú leið er styttri og að mörgu leyti hentugri, tengir Akranes betur umferðinni að og frá göngunum og mundi bæta mjög samskipti á Akraborgarsvæðinu sem svo er stundum nefnt, þ.e. Akranes, Borgarbyggðar og hreppanna sunnan Skarðsheiðar. Margháttuð samskipti íbúa á þessu svæði hafa aukist mjög á undanförnum árum. Akurnesingar starfa í Borgarnesi og Borgnesingar starfa á Akranesi. Fólkið af þessu svæði sækir þjónustu, sjúkrahús og framhaldsskóla á Akranesi svo dæmi séu nefnd. En ástæða þess að leiðin austan Akrafjalls með aukavegi sem tengist Akranesvegamótum var valin var fyrst og fremst sú að Vegagerðin taldi hana miklu ódýrari og það sem nam hundruðum milljóna króna.

Hins vegar er það skoðun mín að til lengri tíma litið sé vestari leiðin álitlegur kostur og því sjálfsagt að gera hagkvæmnisrannsókn á gerð brúar yfir Grunnafjörð á milli Súlueyrar og Hvítárness. Verði það niðurstaða þessarar rannsóknar að brúargerðin reynist hagkvæm, þá verði gert umhverfismat. Það er reyndar skoðun sumra að erfitt gæti reynst að fá samþykkt umhverfismat vegna þessara framkvæmda, vegna viðkvæms náttúrulífs á svæðinu en allt þetta þarf að liggja fyrir þegar og ef að því kemur að brú yfir Grunnafjörð kemst aftur á dagskrá.

Ég vil taka það skýrt fram að þessi tillaga er á engan hátt flutt til að raska þeirri vegagerð sem áætluð er í Vesturlandskjördæmi á næstu árum. Framkvæmdir við vegtengingu frá Hvalfjarðargöngum eru í fullum gangi og gengur vel. Umferð um þann nýja veg hefst væntanlega á næsta ári og ýmsar vegaframkvæmdir aðrar eru á döfinni í kjördæminu sem munu ganga eðlilega fram þó að þessi tillaga verði samþykkt og þó að hæstv. samgrh. mundi fallast á að gera þá hagkvæmnisrannsókn sem þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:32.

---

84. FUNDUR

miðvikudaginn 5. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til utanríkisráðherra:

1. Grunnlínupunktar við Svalbarða, fsp. ÖS, 208. mál, þskj. 247.

Til dómsmálaráðherra:

2. Notkun síma í bifreiðum, fsp. GHelg, 360. mál, þskj. 634.

Til félagsmálaráðherra:

3. Húsaleigubætur, fsp. SvanJ, 375. mál, þskj. 657.

Tilkynning um dagskrá.

[13:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vekur athygli á því að í lok síðari fundarins, áður en þingflokksfundir hefjast, fara fram þær atkvæðagreiðslur sem þurfa að fara fram um 1.–7. dagskrármálið.

Grunnlínupunktar við Svalbarða.

Fsp. ÖS, 208. mál. — Þskj. 247.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Íslendingar hafa um árabil stundað veiðar á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi sem við þekkjum öll sem Smuguna. Um það hafa vitaskuld staðið deilur en við Íslendingar höfum staðfastlega haldið því fram að við hefðum skilyrðislausan rétt til þess að veiða þarna, þarna væri alþjóðlegt hafsvæði, og veiðar okkar hafa fært milljarða í þjóðarbúið.

Á sl. sumri gerðist það hins vegar, herra forseti, að norska strandgæslan tók að reka burt íslensk skip sem voru að veiðum í norðausturhorni Smugunnar. Þegar skipin skirrtust við að hlíta fyrirskipun Norðmanna var þeim einfaldlega tilkynnt að þessi hluti veiðisvæðisins væri utan Smugunnar. Þeim var sagt að samkvæmt hafréttarsáttmálanum ættu Norðmenn rétt til þessa horns af Smugunni. Norðmenn ráku sem sagt burt íslensk skip af svæði sem allir höfðu áður álitið að væri alþjóðlegt svæði. Bæði skipstjórar og viðkomandi útgerðir kvörtuðu undan þessu við utanrrn. sem gegnum sendiherrann í Ósló sendi fyrirspurn um þetta til Norðmanna. Svarið sem barst Íslendingum 3. október fól alls ekki í sér nægilega afdráttarlausa skýringu á þessari breytingu. Þar var að vísu vísað í ákveðnar greinar hafréttarsáttmálans, en aðallega var vísað í tvö sjókort sem þá höfðu nýlega verið gefin út. Það voru engar aðrar skýringar en þessi kort gefin á framferði Norðmanna.

Samkvæmt kortunum er alveg ljóst að Norðmenn hafa breytt viðmiðunarpunktum sínum þannig að núna reikna þeir lögsögðuna út frá algerlega óbyggðu svæði, Abeley á Kóngs Karls landi á Svalbarða. Það út af fyrir sig er athyglisvert út frá ýmsum greinum sáttmálans, sérstaklega 3. tölul. 121. gr. þar sem er talað um að klettar sem ekki geta borið mannabyggð né eigið efnahagslíf skuli ekki hafa nokkra sérefnahagslögsögu eða landgrunn.

Það er líka athyglisvert að rökstuðningur Norðmanna fyrir hinni breyttu landhelgi eins og hún er færð út á kortunum er fólgin í dómi norska hæstaréttarins frá 7. maí sama ár yfir tveimur íslenskum skipum. En hvort sem breytingar Norðmanna á grunnlínupunktunum styðjast við alþjóðlegan rétt eða ekki, þá er ljóst að þeir tilkynntu aldrei Íslendingum né íslenskum skipum um þessar breytingar. Samt er ljóst að í Noregi gilda lög um birtingu slíkra reglna. Þau gilda reyndar líka hér á landi og má geta þess að það eru hæstaréttardómar hér á Íslandi sem sýkna skipstjóra sem hafa verið teknir innan lokaðra svæða af því að framkvæmdarvaldið forsómaði að birta reglurnar.

Í ljósi þessara staðreynda hef ég spurt hæstv. utanrrh. um viðbrögð Íslendinga við þessu athæfi:

1. Hefur utanrrn. mótmælt breytingum Norðmanna á grunnlínupunktum við Svalbarða?

2. Til hvaða aðgerða hyggst ráðuneytið grípa vegna málsins?

3. Hve mikið minnkar alþjóðlega hafsvæðið í Barentshafi vegna þessa?

4. Telur hæstv. ráðherra miðað við kynningu málsins að Norðmenn hafi getað rekið íslensk skip af þessu svæði?

5. Telur hæstv. utanrrh. að þjóðarréttur heimili Norðmönnum að helga sér þennan umrædda hluta Smugunnar?

[13:36]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Utanrrn. hefur eins og fram kom hjá hv. þm. aflað upplýsinga um mörk austurhluta fiskverndarsvæðisins við Svalbarða og þar með vesturmörk Smugunnar svokölluðu. Þess ber að geta, þótt þingheimi sé það að sjálfsögðu ljóst, að réttarstaðan á fiskverndarsvæðinu er umdeild. M.a. er ágreiningur um áhrif Svalbarðasamningsins frá 1920 sem Ísland er aðili að. Samningurinn gerir ráð fyrir vissum réttindum aðildarríkja. Því er afstaða Noregs ein og sér ekki afgerandi hvað margar hliðar þessa máls snertir.

Samkvæmt norskri reglugerð frá 3. júní 1977, um fiskverndarsvæðið við Svalbarða, liggja ytri mörk svæðisins 200 mílur frá þeim grunnlínum sem ákveðnar eru eða þar sem grunnlínur eru ekki ákveðnar frá línum sem tengja saman ystu punkta eyjaklasans, grunnlínur sem voru ákveðnar fyrir hluta Svalbarða með reglugerð frá 25. september 1970. Hins vegar er á svæðum í norðri og austri, þar með töldum svæðunum við Kóngs Karls land, miðað við strandlengjupunkta en ekki grunnlínur.

Í málflutningi fyrir hæstarétti Noregs í Björgúlfsmálinu svokallaða sl. vor var tekið á ýmsum óvissuþáttum hvað þessi ytri mörk varðar. Ytri mörk fyrir norðan 76 gráður norðlægrar breiddar voru ekki sýnd á opinberum kortum og var það talið á ábyrgð skipstjórnarmanna að leita nánari upplýsinga um þau mörk. Í málinu var m.a. deilt um hvort nota mætti Abeley, sem er 13,2 km á Kóngs Karls landi, sem viðmiðunarpunkt jafnframt Vonarey.

Fiskverndarsvæðið við Svalbarða er um það bil 5.400 km stærra en ef eingöngu væri miðað við Vonarey. Hæstiréttur Noregs komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að vefengja þessi mörk og tók hann í því sambandi m.a. tillit til 121. gr. hafréttarsamningsins.

Árið 1996, væntanlega í tengslum við fullgildingu Noregs á hafréttarsamningnum, voru þessi mörk gefin út á opinberum kortum í fyrsta sinn og því hafa Norðmenn í raun ekki breytt viðmiðunarpunktum.

Að því er varðar 2. tölul., en ég hef nú þegar svarað 1 og 3, þá hafa sem kunnugt er viðræður staðið yfir undanfarin ár við Norðmenn og Rússa um fiskveiðar Íslendinga í Barentshafi. Í þeim viðræðum hefur einnig verið fjallað um fiskveiðar á Svalbarðasvæðinu. Ég hef lengst af leyft mér að vera vongóður um niðurstöðu í þeim viðræðum sem mundi leiða til samkomulags um veiðar Íslendinga á öllu svæðinu, þar með talið Svalbarðasvæðinu. Því miður hefur lítið þokast nýlega í þeim viðræðum. Við mat á framhaldi málsins verður tekið tillit til allra óvissuþátta og verður afmörkun svæðanna metin í þessu stærra samhengi. Eins og kunnugt er hafa hvorki Íslendingar né aðrar þjóðir viðurkennt beitingu Noregs á fiskverndarlögsögu við Svalbarða. Fyrirvari Íslands gildir enn og skal það enn einu sinni áréttað þótt í reynd ætti það að vera óþarft.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Það er óhætt að segja að þetta var í besta falli loðið. Það var erfitt að skilja það að öllu leyti en þó stendur eftirfarandi upp úr: Mörk þessa svæðis voru gefin út með reglugerð 1970–1977. Það er á grundvelli þessarar reglugerðar sem íslenskir skipstjórnarmenn og útgerðarmenn hafa hagað veiðum sínum og ég vænti þess að það hafi verið gert í samráði við utanrrn. á hverjum tíma.

Í sumar gerist það að þessum mörkum er breytt. Þeim er breytt með útgáfu tveggja sjókorta og þar kemur þessi breyting fram. Þegar Íslendingar inna eftir skýringum er vísað til hæstaréttardóms. Þetta skiptir máli. Það sem skiptir máli er auðvitað það að hæstv. utanrrh. kemur hingað og ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi en svo að hann tæki undir með Norðmönnum um að þeir hefðu ekki breytt viðmiðunarpunktum sínum. Það setur þetta mál í talsvert annað ljós heldur en skein á það þegar ég hóf þessa fyrirspurn. Er hæstv. utanrrh. að taka undir með málstað Norðmanna í þessari valdbeitingu þeirra því það er ekki hægt að kalla það neitt annað? Gengur það einfaldlega í samskiptum tveggja þjóða að önnur þeirra

færi út sína landhelgi og hún hafi ekki einu sinni fyrir því að tilkynna hinni þjóðinni um það? Það gengur ekki, herra forseti. Ég hlýt að skilja þetta svo að hæstv. utanrrh. telji að Norðmenn hafi getað rekið íslensk skip af þessu svæði. Hann telji að þjóðarréttur heimili Norðmönnum að helga sér þennan hluta Smugunnar sem við höfum litið svo á að væri á alþjóðlegu svæði þar sem íslensk skip hafa veitt undanfarin sumur.

Það sem mér finnst verst er að hæstv. utanrrh. stendur og horfir á þetta gerast og ég spurði: Hvað hefur utanrrn. gert til þess að mótmæla þessu? Svarið var: Ekkert. Þeir hafa ekkert gert. Þeir hafa farið eins og kurteisir drengir með húfuna í höndunum og beðið um skýringar og þeir hafa fengið skýringar, sem voru vondar skýringar, og þeir taka þær gildar. Þetta er óviðunandi, herra forseti.

[13:42]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef aðeins lýst staðreyndum þessa máls og staðreyndirnar eru þær, hvort sem hv. þm. líkar betur eða verr, að það er fyrst á þessum tíma sem Norðmenn gefa út opinber sjókort af þessu svæði. Það var ekki búið að ákveða neinar viðmiðunarlínur af þeirra hálfu og þau sjókort sem kunna að vera til fyrir þann tíma eru væntanlega teiknuð upp af skipstjórnarmönnum eða öðrum aðilum.

Ég tók það fram í mínu svari að hvorki Íslendingar né aðrar þjóðir, þar með talið Kanadamenn því þeir hafa ekki staðfest þann samning sem þeir gerðu við Norðmenn og eftir mínum upplýsingum stendur það ekki til, hafa viðurkennt breytingu Noregs á fiskverndarlögsögu við Svalbarða. Þessi fyrirvari okkar gildir enn í þessu máli og það ætti að vera nóg. Ég er á engan hátt að taka undir með sjónarmiðum Norðmanna hvað svo sem hv. þm. segir í þeim efnum. En ef hann þarf einhverjar frekari upplýsingar í þessu máli fyndist mér eðlilegt að hann leitaði eftir þeim á vettvangi utanrmn.

Notkun síma í bifreiðum.

Fsp. GHelg, 360. mál. — Þskj. 634.

[13:44]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þann 11. maí árið 1988 samþykkti Alþingi ályktun sem borin var fram af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur og fleirum um að settar yrðu reglur um notkun síma í bifreiðum. Á þeim tíma var notkun síma við akstur þó ekki orðin jafnútbreidd plága og síðar varð. Nú munu um 50 þúsund farsímar vera í notkun í landinu og er það að verða æ algengara að það fólk sem maður mætir t.d. á flóknum gatnamótum sé malandi í síma. Aðalvarðstjóri lögreglunnar í Reykjavík telur að þau umferðaróhöpp sem orðið hafa undanfarið og megi rekja til símanotkunar séu allmörg. Hann biður um lagasetningu um þessi mál og þykir engum mikið.

Í Kanada var gerð sérstök rannsókn á hættunni sem fylgir talsímanotkun við akstur og benda niðurstöður til þess að ökumenn sem tala í síma við akstur fjórfaldi slysahættuna í umferðinni. Auðvitað eru símar í bílum mikilvæg öryggistæki og geta verið til mikilla þæginda, síst skal hér dregið úr því. En það hlýtur að þurfa að gera þá kröfu að ökutæki sé stöðvað á meðan ökumaðurinn talar í símann.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að símtal við akstur er jafnhættulegt og ölvun við akstur og þá hljóta allir að fara að skilja alvöru málsins og þörfina á lagasetningu þar sem bannað verður að tala í síma við akstur. Um setningu slíks banns hefur verið rætt á hinum Norðurlöndunum og víða um lönd hefur verið bannað að tala í síma við akstur. Sumir hafa jafnvel bannað með öllu farsíma í bílum sem ég tel nú allt of langt gengið. Fólk hefur áhyggjur af þróun þessara mála, herra forseti, og þess vegna hefur hv. þm. Guðrún Helgadóttir lagt fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 634:

„Hvað líður gerð reglna um notkun síma í bifreiðum samkvæmt ályktun sem Alþingi samþykkti 11. maí 1988?"

[13:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þess er fyrst að geta varðandi þessa fyrirspurn að þáltill. sú sem vitnað er til og samþykkt var árið 1988 var á sínum tíma send samgrn. til meðferðar. Í skýrslu um framkvæmd þál. frá 1990 segir að ályktunin hafi verið send póst- og símamálastjóra til umsagnar og að umsögn hans hafi falið í sér almennar ábendingar um notkun farsíma með umferðaröryggi í huga. Eigi að síður hefur þetta viðfangsefni verið til meðferðar bæði í dómsmrn. og hjá Umferðarráði með hliðsjón af því að notkun farsíma í bifreiðum getur eins og notkun ýmissa annarra tækja í bifreiðum haft áhrif á umferðaröryggi.

Umferðarlögin hafa ekki bein ákvæði sem lúta að notkun farsíma en í 4. gr. laganna segir að vegfarandi skuli sýna tillitssemi og varúð svo að eigi leiði til hættu eða valdi tjóni eða óþægindum, þannig að eigi trufli eða tefji umferð að óþörfu. Þetta almenna ákvæði á auðvitað við um notkun farsíma og gerir mönnum skylt að nota farsímann á þann veg að ekki leiði til hættu í umferðinni. Síðan hafa verið settar sérstakar reglur í reglugerð um staðsetningu farsíma í ökutækjum sem miða að því að draga úr slysahættu. Þá hefur Umferðarráð haft þessi mál til meðferðar og í námi til almennra ökuréttinda er um þetta fjallað. Í sérstöku bréfi til þeirra sem fá ökuskírteini er minnst á ábyrgð sem fylgir því að aka bifreið og varað við hættu við notkun farsíma í akstri. Í námsefni til aukinna ökuréttinda er fjallað um hættu af slíkri notkun og í ökukennaranámi er fjallað um mikilvægi þess að ökumaður sé með hugann við akstur og í því sambandi minnst á notkun farsíma. Eigendum og ökumönnum hópferðabifreiða hafa verið send bréf þar sem fjallað er um ábyrgð ökumanna hópferðabifreiða og þeir hvattir til að nota ekki farsíma í akstri. Í útvarpsþáttum og öðrum upplýsingum á vegum Umferðarráðs hefur almennum leiðbeiningum verið komið fram.

Nú alveg nýlega hefur verið gerður sérstakur samningur á milli Pósts og síma annars vegar og Umferðarráðs hins vegar um almennar leiðbeiningar um notkun farsíma í bílum í þeim tilgangi að draga úr slysahættu við notkun símanna. Það er auðvitað álitaefni hvort banna eigi notkun síma við akstur. Eitt af þeim álitaefnum sem kemur upp varðandi þá spurningu er það hvort unnt er að framkvæma eftirlit með slíku banni. Ég hygg að það sjónarmið hafi verið ráðandi á hinum Norðurlöndunum, þar sem slíkt bann hefur ekki verið sett, að óráðlegt væri að setja reglur sem ekki væri hægt að fylgja eftir. Og ég held að varðandi atriði eins og þetta sé mjög mikilvægt að við hugum að því að setja ekki reglur sem ógerlegt er að fylgja eftir.

Hitt er annað mál að það er alveg rétt sem hv. fyrirspyrjandi vekur hér athygli á að notkun síma getur haft áhrif á

umferðaröryggi. Og hvernig nálgumst við það verkefni? Ég held að það sé skynsamleg leið sem reynt hefur verið að fara að setja almennar reglur, leiðbeiningareglur, um notkun símanna í þeim tilgangi að stuðla að sem mestu umferðaröryggi og að við náum jafnvel meiri árangri með því en með því að setja reglur sem banna slíka notkun og sem yrði erfitt eða ógerlegt að fylgja eftir.

[13:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Það kemur hér fram að þeir hafa verið að hvíslast á, samgrn. og dómsmrn., um reglugerðarsetningu vegna þessara mála og eitthvað mun þetta hafa komið fram í ábendingum í útvarpsþáttum minnir mig að væri tiltekið hér, en einhvern veginn virðist þetta ekki hafa slegið í gegn þó að það hefði verið vel meint því að hvar sem maður keyrir um götur, stræti og vegi er nánast annar hver maður sem maður mætir að tala í farsíma.

Ég verð nú að bera hér fram þá frómu ósk að það muni fara að fæðast fótur hjá ráðuneytinu þar sem yrðu settar einhverjar mjög ákveðnar reglur um þessi mál sem reynt yrði að fara eftir. Það er ekki hægt að gefa sér það fyrir fram að það sé svo erfitt að fara eftir reglum að ekki þýði að setja þær. Ég á alla vega erfitt með að taka slíkum röksemdum.

Við Íslendingar erum hrikalegir símaskriðdrekar og tölum alveg óhugnanlega mikið í síma og miklu meira heldur en nokkur maður hefur gott af. Það væri sannarlega þjóðinni til góðs ef reynt væri að koma ákveðið á einhverjum takmarkandi reglum um hvernig nota ætti farsíma. Í ljósi þess að hér eru 50 þúsund farsímar í notkun, þ.e. einn á rúmlega fimm íbúa, þá finnst mér satt að segja mjög brýnt að settar séu reglur um þessi mál og helst strax.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 13:54.

---

85. FUNDUR

miðvikudaginn 5. mars,
að loknum 84. fundi.

Dagskrá:

1. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 381. mál, þskj. 670. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 253. mál, þskj. 443. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frv., 284. mál, þskj. 538. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, þáltill., 313. mál, þskj. 574. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Efling íþróttastarfs, þáltill., 363. mál, þskj. 640. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Brú yfir Grunnafjörð, þáltill., 374. mál, þskj. 652. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

8. Orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, skýrsla, 340. mál, þskj. 612.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 3. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

[13:56]

Útbýting þingskjala:

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 218. mál, nál. allshn., þskj. 696.

Umhverfismál járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, 328. mál, svar umhvrh., þskj. 674.

Orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis.

Skýrsla dómsmrh., 340. mál. — Þskj. 612.

[13:56]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en þessi umræða hefst vill forseti geta þess að samkomulag er um það milli forseta og formanna þingflokka, sbr. 2. mgr. 72. gr. þingskapa, að ræðutími um skýrsluna verði sem hér segir: Ráðherra hafi allt að 15 mínútur til framsögu og allt að 5 mínútur í lok umræðunnar. Talsmenn þingflokka annarra en ráðherrans hafi allt að 10 mínútur. Aðrir þingmenn og ráðherra allt að 5 mínútur. Hver þingmaður og ráðherra má tala tvisvar og þá allt að 5 mínútum í síðara sinn. Andvör verða ekki leyfð. Gert er ráð fyrir að umræðan geti staðið í allt að tvær til tvær og hálfa klukkustund og því gæti svo farið að fundurinn stæði eitthvað fram yfir kl. fjögur, þ.e. fram yfir hefðbundinn fundartíma þingflokka.

Áður en lengra er haldið með 8. dagskrármálið vill forseti geta þess að fram hafa komið óskir um það að þrátt fyrir að þegar hafi verið tilkynnt að atkvæðagreiðslur verði í lok fundarins, áður en þingflokksfundir hefjist, þá verði því nú breytt og atkvæðagreiðslur fari fram nú þegar. Í trausti þess að ekki séu gerðar alvarlegar athugasemdir við þessa breytingu á okkar verkáætlun í dag, þá frestar forseti 8. dagskrármálinu og verður þá gengið til atkvæðagreiðslu um 1.–7. dagskrármál.

Umræðu frestað.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 253. mál (persónuafsláttur barna). — Þskj. 443.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Starfsemi og fjárreiður stjórnmálasamtaka, frh. 1. umr.

Frv. JóhS og ÖS, 284. mál. — Þskj. 538.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG, 313. mál. — Þskj. 574.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Veiðiþol beitukóngs, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 343. mál. — Þskj. 615.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Efling íþróttastarfs, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 363. mál. — Þskj. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Brú yfir Grunnafjörð, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE og GuðjG, 374. mál. — Þskj. 652.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis, frh. umr.

Skýrsla dómsmrh., 340. mál. — Þskj. 612.

[14:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir skýrslu um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Skýrslan liggur fyrir á þskj. 612.

Aðdragandi þessa máls er sá að árinu 1993 var lögð fram hér á Alþingi till. til þál. um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi. Með tillögunni var dómsmálaráðherra falið að skipa nefnd er hefði það hlutverk að undirbúa og hafa umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum. Í samræmi við framangreinda tillögu skipaði ég hinn 13. febrúar 1995 nefnd í þessum tilgangi. Hefur hún nú lokið störfum. Það er skýrsla hennar sem liggur hér fyrir og kemur nú til umræðu.

Í samræmi við skipunarbréf sitt ákvað nefndin að standa að rannsókn á heimilisofbeldi. Var hún framkvæmd í apríl-mánuði 1996. Niðurstöður hennar liggja fyrir í skýrslunni. Ekki er fært að gera grein fyrir öllum atriðum hennar hér, en ég vil þó draga fram nokkur meginatriði.

Niðurstöðurnar sýna eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að heimilisofbeldi er ekki algengara hér á landi en annars staðar.

Í öðru lagi að ef konur hafa verið beittar ofbeldi er algengara að þær hafi verið beittar því oftar en einu sinni á síðustu 12 mánuðum en að um einstakan atburð hafi verið að ræða. Þessar niðurstöður sýna að ofbeldi er sjaldnast einstakur atburður. Þær sýna jafnframt að í tæpum helmingi tilfella er ofbeldið gróft.

Í þriðja lagi kemur fram að 1,3% kvenna og 0,8% karla hafa orðið fyrir ofbeldi af völdum maka á síðastliðnum 12 mánuðum. Um 54% af þeim konum sem hafa verið beittar ofbeldi hafa verið beittar grófu ofbeldi á móti um 38% af körlunum. Þetta sýnir að tíðnin var ekki aðeins hærri meðal kvenna heldur höfðu þær einnig oftar orðið fyrir grófu ofbeldi.

Í fjórða lagi kemur fram að samtals hafa á bilinu 1.000 til 1.100 konur mátt þola ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns á síðasta ári. Af þeim hafa um 750 konur mátt þola ofbeldi oftar en einu sinni, á meðan tæplega 350 konur hafa mátt þola það í eitt einstakt sinn. Hins vegar hafa um 650 karlar verið beittir ofbeldi af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka.

Í fimmta lagi að ofbeldi á sér stað í öllum stéttum samfélagsins og háar tekjur breyta litlu eða engu um niðurstöðurnar. Tveir hópar eru líklegri en aðrir til að vera beittir ofbeldi. Annars vegar fráskildar konur og hins vegar konur á aldrinum 35 til 44 ára.

Í sjötta lagi kemur fram að ofbeldi gegn körlum fyrirfinnst í öllum hópum þjóðfélagsins. Þeir eru oftast beittir því af hálfu ókunnugra, á meðan konur eru beittar ofbeldi af hálfu aðila sem þær þekkja. Jafnframt að fleiri karlar en konur verða fyrir ofbeldi af völdum fleiri en eins aðila. Það á við um 10% karla.

Í sjöunda lagi kemur fram að afleiðingar heimilisofbeldis birtast m.a. í langtímaáhrifum og að þær konur sem beittar eru ofbeldi þjást oft af sektarkennd, þær skammast sín og í kjölfar þess minnkar sjálfstraust þeirra. Jafnframt kemur fram að ofbeldi gegn konum leiðir oft til þess að þær fá kvíðaköst og þær hætta að geta tekið sjálfstæðar og raunhæfar ákvarðanir. Margar konur sem beittar eru ofbeldi bera þess merki sem koma m.a. fram í lamandi ótta sem stigmagnast vegna stöðugrar hræðslu við að ofbeldið verði endurtekið. Þá sýna niðurstöðurnar einnig að um skammtímaáhrif getur verið um að ræða. Þau lýsa sér í reiði og ótta, hvort sem konurnar eru hræddar um sjálfa sig eða börn sín. Svefntruflanir koma oft í kjölfar áfalla sem þessara, en þær geta líka tengst þunglyndi og depurð. Loks sýna niðurstöðurnar að þær konur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi hafa einnig upplifað öryggisleysi. Þær verða varkárari og eiga í erfiðleikum með og jafnvel varast að tengjast öðrum tilfinningaböndum. Það er því ljóst af þessum niðurstöðum að afleiðingar heimilisofbeldis eru mjög alvarlegar og hafa mjög víðtæk áhrif á þá sem fyrir því verða.

Í áttunda lagi kemur fram í skýrslunni að konur sem beittar eru ofbeldi leita aðstoðar og stuðnings bæði hjá hinu opinbera sem og hjá sínum nánustu. Niðurstöðurnar sýna þannig að stuðningskerfi fjölskyldna og vina er mjög mikilvægt. Í ljósi þess verður að telja brýnt að fræðsla um ofbeldi gegn konum nái til alls almennings. Almennt er talið að fyrstu viðbrögð fjölskyldu og vina geti haft mikil áhrif á hvernig mál þróast í framhaldi af ofbeldisverki.

Í níunda lagi sýna niðurstöður þessarar könnunar að engar einfaldar skýringar virðast vera fyrir hendi á heimilisofbeldi. Fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi eru þættir sem vega þar þungt. Þá vekur athygli að oftast töldu konur þær sem könnunin náði til að orsaka ofbeldis væri að leita í áfengisneyslu og afbrýðisemi maka.

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að niðurstöður þessarar rannsóknar verði nýttar til úrbóta á þessum vettvangi og hef því þegar lagt grunn að því á vettvangi dómsmrn. hvernig við verður brugðist. Heimilisofbeldi og vandamál sem tengjast því eru margslungin og afar erfið meðferðar. Ekki síst þar sem ofbeldi í fjölskyldum á sér stað á vettvangi sem hvað erfiðast er fyrir utanaðkomandi aðila að komast inn á til að hafa áhrif — vettvangi sem þó er sá mikilvægasti í hverju samfélagi, heimilinu sjálfu.

Á grundvelli niðurstaðna þessarar skýrslu hef ég lagt drög að því að settur verði á fót vinnuhópur sérfræðinga á sviði löggæslu. Hann mun hafa það hlutverk að fara yfir það með hvaða hætti lögregluyfirvöld standa að meðferð þessara mála og með hvaða hætti unnt er að koma við endurbótum í því sambandi. Með sama hætti verður annar vinnuhópur sérfræðinga settur á fót, er kemur til með að hafa það hlutverk að huga að meðferð þessara mála í dómskerfinu.

Mikilvægt er að menn hugi á öllum sviðum að því hvernig best verður brugðist við í ljósi þeirra staðreynda sem hér liggja fyrir. Eins og fram hefur komið er mikilvægt að upplýsingar þar um komi fram til alls almennings því að fyrstu viðbrögð fjölskyldu og aðstandenda geta oft skipt mjög miklu um framhald mála. Ég er sannfærður um að unnt er að gera margt betur á þessu sviði en nú er gert og bind því vonir við að þeir tveir starfshópar á sviði löggæslu og dómstólameðferðar geti komið fram með hugmyndir og tillögur sem leiði til raunhæfra úrbóta og betri málsmeðferðar í þeim tilvikum sem þessi mál koma upp og koma fyrir löggæsluyfirvöld og dómstóla.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir niðurstöðum þessarar skýrslu og þeim fyrstu viðbrögðum af hálfu dómsmrn. við þessum niðurstöðum, en auðvitað er ljóst að mjög mikilvægt er að mjög ítarleg umræða og umfjöllun fari fram um þær alvarlegu niðurstöður sem í skýrslunni liggja og menn skoði hvernig unnt er að bregðast við á öðrum sviðum í þjóðfélaginu þannig að við getum reynt að vinna gegn þeim vanda sem er fyrir hendi, en ekki aðeins miða að því að bæta úrræðin þar sem við tökum á afleiðingunum.

Ég vil í lokin ítreka þakklæti mitt til þeirra sem höfðu forgöngu um það bæði hér á Alþingi að þessu máli var hreyft á sínum tíma og eins þeirra aðila sem í nefndinni unnu að gerð þessarar skýrslu sem ég tel að sé mikilvægt framlag til umræðna um mjög alvarlegt mál í okkar þjóðfélagi.

[14:17]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 405. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 702.

Hlutafélög, 404. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 701.

[14:17]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram, þakka honum, nefndinni og starfsmönnum hennar fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð. Hún skapar möguleika til að hér fari fram skynsamleg umræða um málið í þessari virðulegu stofnun, en hún skapar líka möguleika til þess sem er enn þá mikilvægara, að gripið verði til ráðstafana og ákvarðanir verði teknar í framhaldi af þessari skýrslu sem geti breytt heimi sem lýst er í skýrslunni.

Ég vil einnig segja, áður en lengra er haldið af minni hálfu, að ég get út af fyrir sig tekið undir þá samantekt á eðli heimilisofbeldis sem fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. og skýrslunni. Hann lýsti því ákaflega vel. Ég verð þó að segja að ég tel að halda megi því fram að heimilisofbeldi sé sérstakt, algerlega sérstakt og afbrigðilegt og mér finnst að við ættum að ræða um það í leiðinni að hér er um að ræða að mörgu leyti eitt svartasta ofbeldi gagnvart einstaklingum sem hægt er að hugsa sér vegna þess að yfirleitt er um langtímaofbeldi að ræða. Oft um að ræða andlegt ofbeldi um mjög langan tíma sem brýst síðan út í líkamlegu ofbeldi og það er aðeins sá hluti ofbeldisins sem birtist í þeim niðurstöðum sem hér liggja fyrir. Það finnst mér mikilvægt að hafa í huga.

Mér finnst líka mikilvægt að hafa í huga, herra forseti, í sambandi við slíkt ofbeldi að það er svo afleitt viðfangs fyrir stjórnvöld vegna þess að það eru oftast nákomnir viðkomandi fórnarlambi sem beita slíku ofbeldi og þar af leiðandi er málið snúnara en nokkurs staðar annars staðar. Jafnvel höfum við séð dæmi þess í skrifum og rannsóknum undanfarinna ára að menn bera fyrir sig friðhelgi heimilisins í þessu efni sem er satt að segja hrikalegur hlutur en ég hef séð mörg dæmi um það í þeim ritum sem ég hef lesið um þessi mál.

Mér finnst líka nauðsynlegt að taka fram út af orðum hæstv. ráðherra að það er í sjálfu sér fagnaðarefni að sjá að konurnar leita til fjölskyldu sinnar, en líka er umhugsunarvert að oft á tíðum er um það að ræða að sambandið við fjölskylduna eða tengslin við hana verður skjól, verður til

þess að loka málið inni í staðinn fyrir að fara með málið á þann vettvang sem það á heima. Að öðru leyti tek ég undir orð hæstv. ráðherra, eins og hann lýsti skýrslunni og endurtek þakkir mínar til hans fyrir fagleg, málefnaleg og vönduð vinnubrögð í þessu máli.

Á 117. löggjafarþingi lagði ég fram till. til þál. um rannsókn á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi og flm. tillögunnar ásamt mér var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Í framhaldi af tillögunni var dómsmrh. falið að skipa nefnd er hefði það hlutverk að undirbúa og hafa umsjón með rannsóknum og ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gagnvart konum og börnum. Ráðherra skipaði síðan nefnd í málið með bréfi dags. 13. febr. 1995 og hann réð starfsmenn og nefndin réð starfsmenn til að sinna málinu og niðurstöðurnar liggja núna fyrir.

Þá er rétt að nefna það, herra forseti, að þessi könnun er einstæð í heiminum og það ber að halda því til haga vegna þess að aldrei áður hefur svona könnun verið gerð hjá heilli þjóð. Allar þær kannanir sem vitnað er til í skýrslunni, t.d. könnun Else Christensen sem nefnd er á bls. 8 í grg. náði aðeins til hluta dönsku þjóðarinnar og þær bandarísku kannanir sem gerðar hafa verið og vitnað er til að einhverju leyti í þessari skýrslu hafa náð til hluta viðkomandi þjóða. Hér er því auðvitað um að ræða, mér liggur við að segja heimsviðburð sem lýsir því að mörgu leyti hvað Ísland skapar mikla sérstöðu að því er varðar félagsfræðilegar rannsóknir. Ég held að skynsamlegt væri fyrir ráðuneytið, og mér liggur við að segja málefnið sem um er að ræða, að þessu yrði komið á framfæri annars staðar en hér, að heil þjóð, allir Íslendingar hafa í raun átt kost á því að taka þátt í þessari könnun eins og hún er lögð upp. Mér finnst mikilvægt að undirstrika að um tímamót er að ræða í rannsóknum á þessu máli sem reyndar kemur lauslega fram í skýrslunni en mér finnst nefndin óþarflega hógvær í að hæla sér og öðrum af því að hafa staðið svona að málum.

Það er því miður enginn kostur á því í mínu máli, herra forseti, að rekja einstök atriði úr skýrslunni, enda gerði ráðherra það ágætlega. Ég ætla bara að nefna eitt atriði áður en ég kem að því sem mér finnst að þurfi núna að gera. Ég ætla að nefna áhrif ofbeldis á börn. Ég held að nauðsynlegt sé að ræða það alveg sérstaklega hvað um er að ræða hrikalegan veruleika gagnvart þeim börnum sem þurfa að kynnast heimilisofbeldi hjá foreldrum sínum, feðrum sínum oftast. Börnin bera þess mjög oft merki árum og áratugum saman og jafnvel alla ævina að hafa lent í slíku. Mér finnst að tala eigi um að mikið þurfi að vanda sig við að sinna konunum, fórnarlömbunum, en sérstaklega þarf að muna eftir börnunum í þessu máli. Til dæmis þarf að kenna kennurum, leikskólakennurum og grunnskólakennurum að þekkja börnin sem koma frá ofbeldisheimilum.

Hvað á að gera í framhaldi af þessu? Ég hlýt að víkja að því næst, herra forseti. Ég tel að það sé eftirfarandi: Ég fagna þeim starfshópum sem hæstv. ráðherra nefndi. Ég tel hins vegar að núna ætti að stofna það sem ég kalla þverfaglegt teymi í ráðuneytum dómsmála, menntamála, heilbrigðismála og félagsmála. Mér finnst að slíkt teymi eigi að gera tillögur um aðgerðir til viðkomandi ráðherra og viðkomandi stjórnvalda, t.d. sveitarfélaga og annarra um ýmsa mikilvæga þætti og mér finnst að svona teymi eigi að setja tímamörk. Hvaða tillögur gæti ég hugsað mér að kæmu frá svona teymi?

1. Tillögur um lagabreytingar ef nauðsynlegt er að gera einhverjar slíkar.

2. Tillögur um beinar aðgerðir ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.

3. Beinar aðgerðir til að efla starf félagasamtaka sem sinna forvarnamálum og hjálparúrræðum. Ég er að tala um Rauða krossinn. Ég er t.d. að tala um Kvennaathvarfið, Samtök um kvennaathvarf og ég gæti nefnt fleiri dæmi.

4. Beinar tillögur um forvarnaaðgerðir með fræðslu í skólum, hjá félagasamtökum, hjá meðferðaraðilum og öðrum þeim sem skipta máli í þessu sambandi, fræðsla sem beinist ekki síst að því að kenna viðkomandi aðilum að þekkja fórnarlömbin hvort sem það eru börnin eða konurnar sem þar er um að ræða.

5. Ég vildi sjá frá slíkum hópi beinar tillögur um skipuleg hjálparúrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis af hvaða tagi sem er.

6. Ég vildi sjá beinar tillögur um hjálparúrræði fyrir þá sem fremja ofbeldi af hvaða tagi sem er.

7. Ég vildi sjá beinar tillögur um hverjir kosta hjálparúrræðin fyrir einstaklingana þannig að fólki verði ekki neitað um aðstoð af fjárhagsástæðum, en þannig getur það verið nú. Ég bendi á í þessu sambandi, sem kannski fáir vita, að konurnar sem koma í Kvennaathvarfið borga yfirleitt ákveðna upphæð, að vísu ekki mikla, ég held að það séu um 1.000 kr. á dag, en það getur munað um það í mörgum tilvikum. Engri konu er að vísu vikið frá Kvennaathvarfinu vegna þess að hún geti ekki borgað þessa upphæð, en það er samt óþægilegt fyrir þá sem vinna þarna að þurfa að byrja á því að kanna hvort viðkomandi hefur greiðslugetu til að nota þá þjónustu sem þarna er um að ræða. Mér finnst sem sagt að taka eigi á þessum málum líka og fjármögnun stofnana eins og Kvennaathvarfsins.

Þessar sjö ábendingar vildi ég nefna, virðulegi forseti, um leið og ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðherra fyrir það hvernig að þessu máli er staðið.

[14:26]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem er til umræðu er engin skemmtilesning en hún er nauðsynlegt vinnugagn og ber að fagna henni og þakka þá miklu vinnu sem að baki henni liggur. Fæst í henni kemur þó á óvart heldur er hún staðfesting á flestu því sem haldið hefur verið fram um svonefnt heimilisofbeldi.

Það er hins vegar umhugsunarefni að það er aldeilis ótrúlega skammt síðan slíkt ofbeldi var alls ekki viðurkennd staðreynd í íslensku samfélagi og mörgum er enn í minni umræðan, sem var þegar Kvennaathvarfið var stofnað á sínum tíma fyrir um 15 árum. Þá vildu menn hreinlega ekki trúa eða viðurkenna að þörf gæti verið fyrir athvarf fyrir konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi á heimilum sínum, slíkt ætti bara við í útlöndum. Enn eiga margir erfitt með að horfast í augu við að slíkt eigi sér stað í jafnmiklum mæli og sagt hefur verið. Það er hins vegar staðfest í þessari skýrslu og nauðsynlegt var að fá þessa staðfestingu og greiningu sem er ein mikilvægasta forsenda þess að eitthvað sé aðhafst til úrbóta en það þurfa auðvitað að vera næstu skref í málinu.

Það er margt athyglisvert í skýrslunni en ég vil fyrst nefna að vafalaust skortir nokkuð á að allur sannleikurinn hafi komið fram. Það segir sig sjálft að margir eiga erfitt með að tjá sig um reynslu af því tagi sem hér um ræðir, ekki síst ef ofbeldismaðurinn eða ofbeldið er enn til staðar. Við getum rétt ímyndað okkur þær aðstæður að spyrill í

símakönnun af þessu tagi, sem að baki skýrslunni liggur, hringi í konu og spyrji hana rétt sisvona hvort hún hafi verið eða sé beitt ofbeldi. Hún er ekki fjarska líkleg til að svara slíkri spurningu játandi ef ofbeldismaðurinn situr inni í stofu, jafnvel þótt hann sé ekki heima vegna þess að kona í ofbeldissambandi treystir ekki öðru fólki. Þetta þarf að hafa í huga þó ég ætli ekki að halda því fram að þetta rýri í raun gildi þeirrar könnunar sem skýrslan byggist á, alls ekki.

Það eru nokkur atriði í skýrslunni sem ástæða er til að undirstrika eins og reyndar hefur þegar verið gert en þessi atriði skipta miklu máli þegar tekið er á vandanum.

Eitt atriðið lýtur að viðhorfum gagnvart heimilisofbeldi sem almennt er enn þá litið öðrum augum en annað ofbeldi. Menn hafa í raun afneitað því og gera margir enn eða a.m.k. sýna því miklu meira umburðarlyndi en ofbeldi utan veggja heimilisins. Þó er í skýrslunni minnt á rannsóknir sem sýna að ofbeldi innan fjölskyldna er margfalt algengara en ofbeldi gegn ókunnugum. Sumir fræðimenn hafa jafnvel gengið svo langt að staðhæfa að fjölskyldan sé í flestum samfélögum ofbeldisfyllsta stofnun samfélagsins fyrir utan lögregluna og herinn eins og kemur fram á bls. 6 í skýrslunni og eru nú vafalaust ekki allir fúsir til að taka undir það. Það sem vitanlega einkennir heimilisofbeldi er að þolendur eru fyrst og fremst konur og börn. Ofbeldi er auðvitað alltaf ólíðandi en það er af ólíkum toga spunnið og sú staðreynd hlýtur að snerta okkur öll óþægilega að ofbeldi gegn körlum er oftast framið af ókunnugum körlum en ofbeldi á konum er framið af einhverjum körlum sem þær þekkja. Það er því einn forvitnilegasti hluti skýrslunnar þar sem reynt er að leita skýringa á orsökum ofbeldis karla gegn konum. Þar eru ýmsar kenningar á lofti svo sem áhrif ofbeldis í bernsku, samband áfengis og ofbeldis, streita, fátækt, atvinnuleysi, vanlíðan og almenn óánægja. Allar þessar ástæður eru alþekktar skýringar og því miður eru þeir furðu margir sem telja þær jafnvel til réttlætingar á ofbeldinu. Hins vegar eru sennilega færri sem vilja fallast á þá skýringu sem nokkuð er reifuð á bls. 25–26 í skýrslunni, þ.e. að ofbeldi innan veggja heimilisins sé afleiðing valdatogstreitu og sé notað sem tæki til yfirráða. Ég ætla að vitna til hluta á bls. 25 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þegar leitað er skýringa á ofbeldi á heimilum verður því ekki hjá því komist að tengja það völdum og stöðu karla og kvenna í hjónabandi. Þrátt fyrir formlegt jafnrétti er staða karla og kvenna ekki jöfn hvorki í þjóðfélaginu né í hjónabandinu. Hugmyndir um yfirburði karlmannsins, völd hans og styrk og höfuð fjölskyldunnar, hafa lengi verið ráðandi. Þau viðhorf eru enn fyrir hendi í þjóðfélaginu þrátt fyrir ýmsar breytingar á verkaskiptingu kynjanna. Karlar hafa að meðaltali hærri laun en konur, sitja í fleiri valda- og virðingarstöðum og hafa meiri áhrif en konur. Fjárhagsleg staða kvæntra karla er því sterkari en giftra kvenna og sá sem aflar teknanna hefur mest um það að segja hvernig þeim er varið. Í reynd eru valdatengslin í hjónabandi oft líkari sambandi hins sterka og veika fremur en jafnréttháttra einstaklinga."

Áfram er fjallað um ofbeldi gegn eiginkonum sem gamalt fyrirbrigði og minnt á að í þjóðlöndum þar sem fjölskyldan nýtur verndar fyrir utanaðkomandi afskiptum þrífist innan hennar atferli sem lýtur öðrum lögmálum en almennt ríkja úti í þjóðfélaginu. Þetta fyrirkomulag henti þörfum karlmanna og ríkjandi þjóðskipulagi en beinist gegn hagsmunum kvenna. Og þannig þjóni ofbeldi sem konur eru beittar af eiginmönnum sínum þeim ákveðna tilgangi að viðhalda feðraveldinu og sýna valdastöðu karlmanna. Þetta þykir áreiðanlega mörgum óþægilegur lestur og bregðast jafnvel ókvæða við en það er óhjákvæmilegt að skoða þessa hlið málsins ekki síður en aðrar skýringar ef menn á annað borð vilja takast á við vandann. Og ég vil skora á hv. þm. að lesa þetta með opnum huga.

Það eru mörg fleiri atriði í skýrslunni sem vert væri að benda á og fjalla um en tíminn er klipptur og skorinn og ber að virða það. Helstu niðurstöður skýrslunnar koma ekki á óvart. Við vissum það fyrir fram að heimilisofbeldi er vandamál í íslensku samfélagi en það hefur skort mikið á viðurkenningu þess að heimilisofbeldi eða ofbeldi yfirleitt gegn konum væri vandamál samfélagsins alls en ekki bara þeirra sem fyrir því verða. Það hefur verið og er enn að miklu leyti dulið vandamál sem margir veigra sér við að ræða og viðurkenna og á meðan svo er er erfitt að taka á því. Þess vegna er svo mikilvægt að fá þessa skýrslu fram og verður ekki ofmælt eða of mikil áhersla á því hvað hún er mikils virði.

Það er t.d. athyglisverð niðurstaða að hvorki menntunarstig, starfsstétt né tekjur veiti konum vörn gegn ofbeldi eins og fram kemur í þessari skýrslu. Jafnvel ekki aldur né búseta svo fyllilega marktækt sé, þó það virðist nú reyndar vera svolítill munur þar á einkum að því er tekur til búsetu. En þetta staðfestir bara enn og aftur hversu víðtækt vandamál hér er um að ræða sem fyrst og síðast snýst um samskipti kynjanna, snýst um valdabaráttu, skilningsleysi, vanmátt og virðingarleysi í samskiptum.

Ég vil líka benda sérstaklega á í þessu sambandi það sem kemur raunar fram í þessari skýrslu sem er mismunandi skilningur og viðhorf til ofbeldis eftir kynjum. Hún er greinilega lífseig klisjan um að kvenmanns-nei megi túlka á ýmsa vegu og að gagnkvæmt skilningsleysi leiðir oft til ofbeldis án þess auðvitað að það sé nokkur einasta afsökun fyrir ofbeldi. Það getur ekki verið það. Hitt er svo að það virðist sem kynin líti ofbeldi ólíkum augum, að karlar telji margs konar hegðun ekki ofbeldi sem konur sannarlega skynja og skilgreina sem ofbeldi. Þetta er mjög athyglisvert atriði sem ástæða er til að vinna með og það sýnir og undirstrikar þá niðurstöðu að það þarf að auka verulega fræðslu um ofbeldi og áhrif þess og það verður að hætta að líta á heimilisofbeldi sem einkamál heimilismanna sem falli utan ramma laganna eins og nú er í raun og veru.

Herra forseti. Við teljum okkur búa í lýðræðisþjóðfélagi og stefna að samfélagi jafnréttis. Það sem við ræðum hér í dag í tilefni af þessari skýrslu er ömurleg birting mannréttindabrota sem við getum ekki sætt okkur við og hljótum að leita allra leiða til að afnema. Ofbeldi gegn konum er vandamál samfélagsins alls en ekki eingöngu þeirra sem fyrir því verða. Í ofbeldi gegn konum birtist kvennakúgun í sinni grófustu mynd. Kvennalistinn hefur látið sig þessi mál miklu varða og ber þar hæst tillögu okkar og aðgerðir í framhaldi af samþykkt hennar til úrbóta í meðferð nauðgunarmála. Þar hafa orðið miklar breytingar til hagsbóta fyrir brotaþola þótt því miður hafi ekki dregið úr ofbeldi af því tagi. En áfram þarf að halda eins og kom fram í máli bæði hæstv. ráðherra og hv. síðasta ræðumanns sem ég tek vissulega undir. Við kvennalistakonur höfum nú í framhaldi af þessari skýrslu lagt fram tillögu um aðgerðir í framhaldi af þessari könnun og niðurstöðum hennar sem væntanlega verður dreift hér á borðin í dag og þar koma einmitt fram mörg þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður minnti á. Ég hef því miður ekki

tíma til að kynna það hér heldur verður það gert þegar mælt verður fyrir tillögunni.

[14:37]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að vekja máls á máli þessu og þakka þá skýrslu sem lögð hefur verið fram og þeirri nefnd sem skipuð var til þess að vinna að skýrslunni. Skýrslan er reyndar ekkert gleðiefni en vekur okkur til umhugsunar um hve alvarlegt mál er hér á ferðinni og vonandi getur skýrslan orðið hornsteinn að tilraun okkar til þess að uppræta heimilisofbeldi sem er ekkert annað en gróft mannréttindabrot. Það er í raun merkilegt að í fyrsta skipti árið 1982 skuli vera gerð rannsókn hér á landi um ofbeldi í íslenskum fjölskyldum, en rannsóknina unnu þær Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. Enn merkilegra er að Ísland og Danmörk hafa ein Norðurlandanna gert slíka rannsókn og íslenska rannsóknin er greinilega vel unnin og fjöltæk og í raun einstæð vegna þess að hún nær til allra þjóðfélagshópa.

Í skýrslunni kemur fram að fjölmargar konur eru beittar líkamlegu ofbeldi á heimilum sínum hér á landi eða samtals á milli 1.000 og 1.100 á ársgrundvelli. Oftast eru gerendur nákomnir einstaklingar. Það kemur einnig fram í skýrslunni að u.þ.b. 650 karlar eru beittir ofbeldi og það kemur einnig fram að oft á tíðum er um ókunnuga að ræða í þessum efnum. Það er erfitt að merkja andlegt ofbeldi sem að sjálfsögðu fer einnig fram á heimilum sem er líka mjög alvarlegt mannréttindabrot og það er auðvitað mannréttindabrot þar sem brotið er á körlun, konum og börnum.

Það er líka mjög erfitt að henda reiður á ástæðum ofbeldis og það er engin ein ástæða fyrir ofbeldinu, en það má benda á nokkur atriði svo sem fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi. Það má benda á valdabaráttu kynjanna og yfirráð einstaklinganna. Það má nefna áfengis- og fíkniefnaneyslu og það má einnig nefna streitu í þjóðfélaginu. Ég tel reyndar að ofbeldisfullar kvikmyndir og ofbeldisfullir tölvuleikir séu oft hvati að ofbeldi og geti leitt til þess að fólki þyki hreinlega eðlilegt að beita ofbeldi, jafnfráleitt sem þetta nú er. Við getum líka nefnt gildismat okkar í þjóðfélaginu. Við erum ginnkeypt fyrir dýrum og dauðum hlutum sem í raun skipta afar litlu máli þegar upp er staðið.

Við getum einnig velt því fyrir okkur hvernig við getum brugðist við ofbeldi á heimilum. Það er afar brýnt að efla forvarnir, efla fræðslu og eftirlit. Það er lán í óláni að konur leita nú gjarnan aðstoðar þegar þær verða fyrir ofbeldi og það er líka mjög brýnt fyrir okkur að kynna þessi mál í skólum landsins og bregðast við á viðeigandi hátt. Við þurfum að skapa umhverfi þar sem að einstaklingurinn finnur sig í námi og starfi.

Íslenskt þjóðfélag er um margt gott þjóðfélag en við verðum að kappkosta að uppræta heimilisofbeldi og koma þannig í veg fyrir þessi alvarlegu mannréttindabrot.

[14:41]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil líkt og aðrir þeir sem hér hafa talað þakka fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram og er um margt eins og kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni mjög sérstæð og hugsanlega einsdæmi í veröldinni því aðstæður hér á landi bjóða upp á alveg einstakar rannsóknir á félagslegum vandamálum. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir fjallar einungis um líkamlegt ofbeldi en ekki andlegt en vitaskuld eru þessir tveir þættir óaðskiljanlegir. Það er alveg ljóst að það heimilisofbeldi sem fram fer er yfirleitt langtímaofbeldi, ofbeldi sem á stað oft og endurtekur sig og afleiðingin af því er vitaskuld mikið andlegt ofbeldi sem því fylgir.

Hæstv. dómsmrh. fór ágætlega yfir þessa skýrslu, tiltók nokkuð skilmerkilega hvað hún hefur að geyma og hverjar niðurstöður hennar voru svo það er óþarfi að endurtaka það hér. Það sem mig langaði sérstaklega að fjalla um í umræðunni um þessa skýrslu eru viðbrögð eða möguleikar þeirra einstaklinga sem fyrir þessu verða á að leita sér aðstoðar. Það kemur fram á bls. 34 í þessari skýrslu að það er ekki mikið sem hið opinbera býður upp á fyrir þá sem fyrir ofbeldinu verða að geta leitað til. Ef við förum yfir þann lista sem hér er þá er hér lögreglan, prestur, slysavarðstofan og félagsmálastofnun sem má segja að séu nánast hinir einu aðilar sem hægt er að leita til á vegum hins opinbera og það eitt út af fyrir sig hlýtur að vera dálítið umhugsunarefni fyrir okkur, þ.e. að hið opinbera eða samfélagið býður ekki þeim aðilum sem fyrir ofbeldi verða upp á marga kosti til að leita til.

Það sem vekur kannski sérstaka eftirtekt í þessu er að einungis 28,6% af þeim sem til lögreglu leita vegna þessara mála eru ánægð með þá meðferð sem mál þeirra fá hjá lögreglu. Ég vil sérstaklega í þessu sambandi þakka það að hæstv. dómsmrh. nefndi það áðan að hann hefði hug á að koma á fót tveimur sérfræðinganefndum, annars vegar sérfræðinganefnd á sviði löggæslumála með það að verkefni að reyna að leita leiða til að gera aðkomu lögreglu mun betri að þessum málum en nú er og auka þá möguleika og hins vegar sérfræðinganefnd á sviði dómsmála. Ég held að það sé vel og að það sé sérstök ástæða til þess að þakka viðbrögð hæstv. dómsmrh. í þessu máli og að hann skuli beita sér með þessum hætti eftir að sú skýrsla sem hér liggur fyrir kemur fram.

Það sem er mér hugleikið í þessu, virðulegi forseti, er þetta með lögregluna. Það er umhugsunarefni að einungis 28% eru ánægð með þau viðbrögð sem lögreglan sýnir við málaleitan þeirra. Það þarf kannski ekki að koma svo mjög á óvart. Í fyrsta lagi vantar inn í þessa skýrslu hverjar væntingar þeir sem verða fyrir ofbeldi hafa til lögreglu eða gera til lögreglu þegar þeir leita þangað því að það er alveg ljóst að hér er á ferðinni ofbeldi sem framið er á heimilum, heimilum sem njóta friðhelgi og því á lögreglan mjög erfitt um vik með að aðstoða þá eða rannsaka þau mál sem upp kunna að koma sökum þess að heimilið er friðhelgt. Það ofbeldi sem hér er á ferðinni, ég er að tala um ofbeldi sem beitt er gagnvart konum, er yfirleitt beitt af nákomnum aðilum sem þýðir að þeir sem leita til lögreglu eru að leita eftir því að lögreglan taki til meðferðar nákomna aðila sem hlýtur vitaskuld ætíð að vera mjög erfitt. Og það hefur sýnt sig að mjög margar kærur sem lagðar eru fyrir lögreglu í málum af þessu tagi eru afturkallaðar, þ.e. menn vilja að þessi viðkomandi mál séu felld niður og það út af fyrir sig þarf ekki að koma á óvart því að oft og tíðum er það þannig og það er mín reynsla af þessum málum, en ég kom talsvert að svona málum í þeim störfum sem ég hef sinnt, að oftar en ekki eru afbrotin framin í áfengisvímu. Það er leitað til lögreglu þá strax um nóttina oft og tíðum. Það er það mynstur sem oft á sér stað. Það er leitað til lögreglu strax en svo daginn eftir er kæran afturkölluð. Þetta mynstur er gríðarlega algengt.

Það ber líka að nefna í þessu sambandi að sönnunarreglur í þessum málum eru vitaskuld hinar sömu og gengur og

gerist, þ.e. meginreglan er sú að maður er saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð og það ofbeldi sem hér er til umræðu á sér yfirleitt stað þar sem einungis tveir einstaklingar eiga í hlut. Það er sjaldnast sem slíkt ofbeldi á sér stað innan um fjölmenni þannig að þessi mál eru eðli sínu samkvæmt gríðarlega erfið í meðförum hjá lögreglu. Ég skildi hæstv. dómsmrh. svo hér áðan þegar hann ræddi um þá sérfræðinganefnd sem hann hygðist koma á fót að þetta væri eitt af þeim málum, þ.e. hugsanleg umfjöllun um sönnunarbyrði í slíkum málum, sem hlyti að koma til skoðunar í vinnu þessarar nefndar.

Ég get tekið eitt dæmi sem ég þekki mætavel þar sem kona kærði sambýlismann sinn í einu máli og dró það svo til baka. En þegar sami atburður átti sér stað aftur þá endurtók hún kæruna. Þau voru einungis tvö á vettvangi og hann hafði vitaskuld sínar skýringar á því hvers vegna þetta hafði gerst. En sakir fjölda tilviljana var hægt að sýna fram á að þau höfðu verið ein í þrjá eða fjóra klukkutíma. Hún hafði verið heil þegar þau fóru inn og hún hafði talsverða áverka þegar næst sást til hennar. Og það var hægt að sýna fram á með aðstoð sérfræðinga að hún gat ekki hafa fengið þá áverka sem hún fékk samkvæmt þeim skýringum sem sambýlismaðurinn gaf. En það kostaði mikla vinnu sérfræðinga til þess að sýna fram á að þetta væri hægt. Það voru kannski frekar tilviljanir en annað sem réðu því að hægt var að fara með þetta mál fyrir dóm þannig að þessi mál eru gríðarlega erfið og mjög sérstæð.

Niðurstaða mín er sú að að óbreyttum sönnunarreglum sé mjög ólíklegt að hægt sé að ætlast til þess að lögreglan geti orðið þungavigtarstofnun þegar kemur að úrræðum sem samfélagið hefur upp á að bjóða vegna heimilisofbeldis. Ástæðan er einföld því á meðan hún starfar eftir þeim reglum sem um hana gilda, reglum um meðferð opinberra mála, sönnunarreglum um friðhelgi einkalífs o.s.frv., er ólíklegt að hún geti orðið þungavigtarstofnun sem úrræði vegna þessara mála.

Eins og eldri rannsóknir bera með sér, sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að heimilisofbeldi gagnvart konum á engar einfaldar skýringar. Fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi, barnsburðarhlutverkið, áfengi og afbrýðissemi eru þættir sem skýra að einhverju leyti ofbeldi gegn konum en langt er frá því að þar sé að finna tæmandi talningu á þeim þáttum. Sýnt er þó að skýringar ofbeldis er ekki að finna í einstaklingsbundnum einkennum eða félagslegum aðstæðum þeirra kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi. Ofbeldi gagnvart konum verður ekki skýrt út frá einni orsök heldur verður það aðeins skýrt út frá mörgum mismunandi orsakaþáttum. Hafa verður í huga að engin ein skýring er algild. Ekkert bendir til þess í rannsókninni að einstakir hópar í þjóðfélaginu verði frekar fyrir ofbeldi en aðrir. Ofbeldi er alvarlegt vandamál samfélagsins eins og niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta. Ofbeldi er mannréttindabrot. Því verður að leggja áherslu á forvarnir og að fræðsla nái til allra þar sem ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að ofbeldi fyrirfinnst í öllum hópum. Forvarnir og fræðsla verða ekki markvissar nema byggt sé á þekkingu og þessi rannsókn sem við ræðum hér er gott innlegg til þeirrar þekkingaröflunar.

[14:52]

Svanhildur Árnadóttir:

Virðulegur forseti. Það mun hafa verið árið 1993 sem lögð var fram þáltill. á Alþingi um að gerð yrði rannsókn á umfangi, orsökum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi. Ég vil þakka dómsmrh. og öðrum sem að málinu hafa komið fyrir að niðurstöður þessarar rannsóknar liggja nú fyrir Alþingi til umfjöllunar.

Þessi rannsókn mun vera frumrannsókn á heimilisofbeldi hér á landi og reyndar benti hv. þm. Svavar Gestsson á að hún væri einstæð í heiminum þar sem hún næði til allrar þjóðarinnar. Ég tel hana mjög mikilvægt skref sem hefur verið stigið til þess að fá raunsanna mynd af tíðni og útbreiðslu ofbeldis og þar á meðal heimilisofbeldis hér á landi. Ákveðið var í upphafi að karlmenn yrðu einnig með í úrtakinu til að gefa rannsókninni víðari skírskotun og tel ég það vera af hinu góða með vísan til þess að það gerði samanburð á ofbeldishegðun karla og kvenna mögulegan.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að heimilisofbeldi virðist ekki vera algengara hér á landi en annars staðar, en vandinn er fyrir hendi og þörf er á úrbótum. Rannsókn þessi sýnir að allt of margar konur hafa orðið fyrir ofbeldi einu sinni á ári af völdum núverandi eða fyrrverandi eiginmanns eða sambýlismanns og enn stærri hópur kvenna hefur mátt þola ofbeldi af völdum eiginmannsins oftar en einu sinni og bendir það til þess að þær búi við ofbeldi. Enginn þarf að velkjast í vafa um að afleiðingar ofbeldis eru hörmulegar fyrir þolendur og bent er á í skýrslunni að afleiðingarnar birtast í ýmsum myndum, m.a. lamandi ótta sem stigmagnast vegna stöðugrar hræðslu við að ofbeldið verði endurtekið. Athyglisvert er að niðurstöðurnar sýna að konur sem beittar eru ofbeldi leita fremur til fjölskyldna og vina eftir aðstoð en til hins opinbera hjálparkerfis samfélagsins. Niðurstöðurnar sýna enn fremur að stuðningskerfi fjölskyldna og vina á mikinn þátt í að styðja við bakið á þessum sömu konum. Í ljósi þessa er mikilvægt að fræðsla um ofbeldi nái til almennings alls.

Í rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum hefur verið sýnt fram á tengsl heimilisofbeldis, fátæktar og atvinnuleysis. Hins vegar sýna niðurstöður þessarar rannsóknar að ofbeldi á sér stað í öllum stéttum samfélagsins og háar tekjur virðast ekki veita vernd gegn því. En þegar leitað er skýringa á orsökum heimilisofbeldis sýna niðurstöður að engar einfaldar skýringar eru fyrir hendi, heldur er oft um flókið samspil margra þátta að ræða. Þó hlýtur fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi að vega þar þungt.

Einnig er sýnt að ofbeldi getur verið þáttur í yfirráðum eiginmanns yfir eiginkonu sinni eins og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir benti á og las upp úr skýrslunni á bls. 25. Þá kemur einnig fram að konur telja hluta skýringarinnar felast í áfengisneyslu og afbrýðissemi maka síns.

Ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist er alvarlegt vandamál. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta að heimilisofbeldi hér er ekki minna en í þeim löndum sem við viljum helst bera okkur saman við. Því verður að leggja áherslu á að forvarnir og fræðsla nái til allra þar sem ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að ofbeldi fyrirfinnst í öllum hópum samfélagsins, enn fremur vegna þess að þær konur sem hafa verið beittar ofbeldi leita til fjölskyldu sinnar og sinna nánustu hvað varðar ráð og stuðning. Það er því mikilvægt að hið opinbera hjálparkerfi sé aðgengilegt fyrir þær konur sem þurfa á aðstoð að halda og þær viti hvert þær geti leitað með sín vandamál. Forvarnir og fræðsla verða ekki markvissar nema byggt sé á þekkingu. Því vona ég eins og aðrir sem talað hafa á undan mér að hér verði ekki látið staðar numið heldur verði markvisst unnið að því að útrýma ofbeldi í

hvaða mynd sem það er þannig að það heyri sögunni til

[14:57]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt með að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessa skýrslu sem hér liggur fyrir um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum á Íslandi. Sú rannsókn sem lögð er til grundvallar við gerð skýrslunnar var gerð á grundvelli svara 3.000 manna úrtaks sem svaraði spurningum þessa efnis sem snertu þá persónulega og hefur verið mjög vandlega unnið úr þeim upplýsingum sem þannig fengust auk þess sem sérhæfðar greinargerðir fylgja í skýrslunni um einstaka þætti. Skýrslan er þess vegna afar gott gagn. En spurningin er: Hvernig getum við nýtt okkur þær upplýsingar sem í henni er að finna til að vinna gegn þessu ömurlega fyrirbæri sem heimilisofbeldi er? Það stafar oftar en ekki af því að menn reyna að byggja upp heimavígi þar sem þeir eru guðir og orð þeirra eru lög. Í gömlu orðatiltæki íslensku er talað um að þess sé hefnt í héraði sem hallast á Alþingi. Og hversu oft hefur þeirri er hér stendur ekki dottið sú gamla speki í hug þegar ég hef í gegnum árin fylgst með ungum nemendum mínum og séð hvernig stór hluti þeirra bregst við áreiti og niðurlægingu frá umhverfinu. Einmitt svona: Að finna þann næsta sem liggur vel við höggi og láta vaða. Í kjölfarið fylgir svo einhver iðrun, grátur og jafnvel fyrirgefningarbænir. En umfram allt er einhver þróun í þessu. Það er búið að losa um spennu.

Mér hefur fundist ég kenna þessi viðbrögð hjá stúlkum líka þó að e.t.v. séu þeirra aðferðir nokkuð frábrugðnar. Mér finnst sjálfri að heimilisofbeldið sé angi af þessum meiði.

Það eru svo mörg vonbrigðin í lífinu, mörg niðurlægingin sem fólk verður að þola án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Sumir eru skapstærri en aðrir og leitast við að fá útrás á þeim sem þeir þora til við, vita að eru bundnir þeim tilfinningaböndum og munu þess vegna fyrirgefa. Þeim sem hafa fylgst með slíkum atvikum hefur stundum sýnst að fyrirgefningaraugnablikin væru svo sterk að þau væru stundum látin réttlæta það sem á undan var gengið og er kannski oft erfiðast að skilja það fyrir þá sem næstir standa. Og ég vil benda á það sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði hér áðan í sinni ræðu, en hann þekkir þessi mál úr sínu starfi, að kærur sem lagðar eru fram eru oftar en ekki dregnar til baka daginn eftir.

Það kemur fram í könnuninni að afleiðingar heimilisofbeldis eru margþættar og líða þolendur fyrir það lengi síðan og þjást t.d. af miklu öryggisleysi. Könnunin leiðir í ljós að engar einfaldar skýringar eru á heimilisofbeldi og einnig að það tíðkast ekki frekar í einum þjóðfélagshópi en öðrum. Það kemur einnig fram að oftast er það fjölskyldan sem er öflugasti stuðningsaðili þess sem ofbeldi er beittur og kemur það í sjálfu sér ekki á óvart í okkar gamalgróna ættarsamfélagi.

Þegar við höfum nú fengið það staðfest í þessari skýrslu að ástandið í þessum efnum er ekkert mjög frábrugðið því sem gerist í nálægum löndum þá leitar á mann spurningin: Hvað er til ráða? Hvernig getum við dregið úr slíkri hegðun? Ég held að með því að birta þessa skýrslu hafi mikilvægt skref verið stigið. Ástandið hefur verið gert sýnilegt. Því verður ekki lengur á móti mælt að þetta er algengt í þjóðfélagi okkar. Þetta er eitthvað sem kemur fyrir hjá öllum þjóðfélagshópum. Þess vegna þarf að vinna að fyrirbyggjandi starfi m.a. þar sem við náum til sem flestra ungmenna. Það þarf að kenna skipulega samskipti í almennum grunnskóla og gera samskiptakjarna að skyldunámsefni í öllum framhaldsskólum. Það þarf að semja vandað námsefni til notkunar í slíkri kennslu og í því efni þarf að taka til umræðu ofbeldi og afleiðingar þess og fá nemendur til að ræða hvernig þeir geti leyst vandamál sín með öðrum og markvissari hætti en með beitingu ofbeldis. Einnig þarf að framleiða sjónvarpsefni í sama skyni og efna til umræðna og fræðslu í sjónvarpi, útvarpi og öðrum fjölmiðlum. Það þarf að gera alla þjóðfélagsþegna meðvitaða um alvöru málsins og beita til þess öllum tiltækum ráðum.

[15:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Afnám ofbeldis gegn konum er mál sem kvennahreyfingar hafa komið á dagskrá í flestum löndum heims og á alþjóðavettvangi og Kvennalistinn hefur frá upphafi látið þessi mál til sín taka innan sem utan Alþingis.

Skýrslan um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis sem hér er til umræðu er að flestu leyti vönduð enda unnin í kjölfar samþykkis Alþingis á þáltill. Fyrst vil ég því þakka flm. tillögunnar, þeim Svavari Gestssyni hv. þm. Alþb. og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrrv. þingkonu Kvennalistans, svo og hæstv. dómsmrh. fyrir skipan nefndarinnar. Nefndin hefur leyst starf sitt fagmannlega af hendi, þó að vissulega megi gagnrýna það eins og hér hefur komið fram að notuð var símakönnun um svona viðkvæm mál. Einnig má gagnrýna að ofbeldi gagnvart börnum fær mjög litla umfjöllun og er í raun sleppt enda er stuðst við þá skilgreiningu á heimilisofbeldi að það sé ofbeldi sem konur og karlar verða fyrir af hálfu núverandi eða fyrrverandi maka hvort sem þau eru hjón eða sambýlisfólk. Skilgreiningin tekur ekki til ofbeldis gegn börnum, kynferðislegrar misnotkunar á börnum eða annars konar ofbeldis sem getur átt sér stað inni á heimilum eða milli fjölskyldumeðlima. Niðurstöður skýrslunnar og rannsóknarinnar staðfesta það sem mörg okkar vissu áður og kom m.a. fram í könnun hér á Íslandi frá 1982 að heimilisofbeldi viðgengst á Íslandi sem víðar og virðist umfang þess vera svipað og í Danmörku. Niðurstöðurnar, sem byggðar eru á stóru úrtaki sem endurspeglar fólk af öllu landinu á aldrinum 18–65 ára, sýna að á síðastliðnu ári eins og hér hefur komið fram má gera ráð fyrir að 1.100 konur hafi mátt þola ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka, þar af hafa 750 þeirra búið við endurtekið ofbeldi. Þá er athyglisvert að 650 karlar hafa verið beittir ofbeldi af hendi maka eða fyrrverandi maka á síðasta ári en síður kemur á óvart að karlar verða mun meira fyrir ofbeldi af hendi ókunnugra utan heimilis en konur. Þá vekur sú niðurstaða óhugnað að 4,5% kvenna höfðu orðið fyrir nauðgun og að einungis sjöunda til áttunda hver kona kærir verknaðinn til lögreglu enda þekktu þær ofbeldismanninn í 80% tilfella.

Virðulegi forseti. Á þeim stutta tíma sem hér er til umræðu er ekki hægt að fjölyrða um áhrif heimilisofbeldis á ofbeldisþolana hvort sem þeir eru börn eða fullorðnir. Samkvæmt þessari könnun eru algengustu viðbrögðin tortryggni í garð annarra, kvíðaköst, erfiðleikar við að tengjast öðrum, reiði, dvínandi sjálfstraust og svefntruflanir. Þá nefna um 15% kvenna að þær leiti í áfengi til að takast á við reynslu sína og önnur 15% nefnda lyfjanotkun.

Þær skýringar sem notaðar eru í skýrslunni má flokka í fjóra þætti. Í fyrsta lagi er nefnt ofbeldi sem afleiðing ofbeldis í æsku sem er auðvitað mjög umhugsunarvert og

áréttar mikilvægi þess að koma í veg fyrir ofbeldi til að það endurtaki sig ekki í næstu kynslóð. Í öðru lagi ofbeldi sem afleiðing ölvunar. Í þriðja lagi ofbeldi sem afleiðing valdatogstreitu og sem tæki til yfirráða sem hv. þm. Kristín Halldórsdóttir gerði að sérstöku umræðuefni áðan en þar endurspeglast mjög mismunandi valdahlutföll kynjanna. Og í fjórða lagi þá er talað um ofbeldi sem afleiðingu fátæktar, atvinnuleysis og streitu. Konurnar sjálfar, í þessari könnun, skýra ofbeldið mest með áfengisnotkun, afbrýðisemi, skilnaði eða ágreiningi um fjármál og/eða börn.

Ein ánægjuleg niðurstaða er í þessari skýrslu og hún er sú hve margar konur leita sér aðstoðar, eða allar nema tólf. Þetta bendir til að konur sem á annað borð viðurkenna að hafa orðið fyrir ofbeldi reyna ekki lengur að fela það eins og margar eldri rannsóknir sýna. Og hér hefur komið fram að konurnar leita til mjög margra aðila en mesta ánægjan er með þá aðstoð sem þær fá í kvennaráðgjöfinni, Kvennaathvarfinu, á slysadeild og með stuðning vinanna. Það hefur komið fram að konurnar eru síst ánægðar með aðstoð lögreglu, lögfræðinga og félagsmálastofnunar sem bendir til að þessir aðilar þurfi að taka sig sérstaklega á. En tilgangur svona skýrslu hlýtur auðvitað fyrst og fremst að vera sá (Forseti hringir.) að koma með úrbætur. Í þeim tilgangi höfum við kvennalistakonur lagt fram tillögu sem er umfangsmikil og ég hef því miður ekki tíma til að gera grein fyrir nánar í þessari ræðu en það mun verða gert hér á eftir.

[15:08]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Tíu mínúturnar eru svo fljótar að líða og ég leyfði mér að biðja aftur um orðið þar sem nokkuð er enn eftir af þeim tíma sem ætlaður var til umræðunnar í heild. Ég gat þess í lok ræðu minnar áðan að þingflokkur Kvennalistans hefði þegar lagt fram tillögu sem viðbrögð við þessari skýrslu en þeirri tillögu hefur reyndar ekki enn verið dreift á borðin. En mér finnst rétt þar sem tími gafst ekki til þess áðan að nefna þau atriði sem við teljum nauðsynlegt að hafa í huga og til hliðsjónar við mótun áætlunar um afnám ofbeldis gegn konum eins og tillaga okkar fjallar um. Þessi atriði eru níu talsins og þau eru talin upp í grg. með tillögunni og ég vil leyfa mér að nefna þau hérna. Þau eru þessi:

1. að fræðsla um ofbeldi og áhrif þess verði aukin verulega í skólum og meðal almennings, hvort sem um er að ræða kynferðislegt ofbeldi eða ofbeldi af öðrum toga,

2. að heimilisofbeldi verði skilgreint og meðhöndlað eins og annað ofbeldi,

3. að fræðsla fyrir lögreglumenn, lögfræðinga og dómara um kynferðisofbeldi og ofbeldi á heimilum verði stóraukin,

4. að markvisst verði unnið að því að fjölga konum í þeim starfsstéttum sem vinna við meðferð ofbeldismála, bæði hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum,

5. að kæruskylda hvíli á lögreglu og ákæruvaldi vegna ofbeldisbrota en ábyrgðin hvíli ekki á þolanda brotsins — og þetta er mjög mikilvægt atriði,

6. að brotaþola sé skipaður málsvari allt frá upphafi rannsóknar til málsloka,

7. að lögreglu verði gert kleift að beita nálgunarbanni jafnhliða áminningu ef einhver raskar friði annarrar manneskju eða vekur henni ótta með ógnunum eða ofsóknum,

8. að tryggt verði fjármagn til reksturs miðstöðvar fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi,

9. að komið verði á meðferðarúrræðum fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Mér þykir vænt um að hafa gefist tími til þess að koma þessu á framfæri. Mörg þessara atriða eru samhljóða þeim atriðum sem hv. 8. þm. Reykv. mælti fyrir áðan og ég vonast til þess að þessi tillaga okkar komi til umræðu hér á þinginu innan skamms.

Ég vil að lokum aðeins taka fram, herra forseti, að ég fagna mjög skilningi hæstv. dómsmrh. á því vandamáli sem hér um ræðir og ég fagna þeim viðbrögðum hans og aðgerðum sem hann kynnti í máli sínu áðan. Þau atriði eru svo sannarlega mikilvæg en það er nauðsynlegt að taka á málinu með víðtækum hætti og í samvinnu margra ráðuneyta sem málið varðar. Og sá er tilgangurinn með tillögu okkar sem við erum að leggja fram á Alþingi núna.

[15:12]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir tækifærið til að fá að tala hér aftur því þetta er mál sem er mjög mikilvægt að mínu mati. Ég endaði ræðu mína áðan með að tala um úrræðin. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að uppræta helst með öllu þennan vágest og smánarblett á samfélagi okkar. Heimilið og fjölskyldan á að vera griðastaður og vettvangur tilfinningalegs stuðnings fyrir bæði börn og fullorðna en ekki ofbeldismesta stofnun þjóðfélagsins sem brýtur heimilisfólkið niður.

Kvennahreyfingin hefur unnið markvisst í þessum málum á undanförnum árum, samanber starf Kvennathvarfsins, kvennaráðgjafar, Stígamóta og neyðarmóttöku vegna nauðgana. Að auki koma fjölmargir aðilar að vinnu við þessi mál og því er mikilvægt núna að allir þessir fagaðilar nái að samhæfa störf sín og uppræta þennan vágest.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir hefur þegar gert grein fyrir tillögu okkar um viðbrögð. Hér hafa komið fram ýmsar hugmyndir um úrbætur og ég er sannfærð um að það er þverpólitískur vilji til þess að taka á þessu máli þó að viðbrögðin hafi kannski verið orðuð á mismunandi hátt. Ef þetta er ekki mál sem pólitísk samstaða ætti að geta náðst um, þá veit ég ekki hvaða mál það ætti að vera.

Virðulegi forseti. Rétt að lokum. Talað hefur verið um að þessi mál séu mjög erfið viðfangs. Ég vil í því sambandi taka undir það en jafnframt benda á að árið 1995 var gerð breyting á stjórnarskránni, á 71. gr., þar sem er talað um að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs. Bætt var við þá grein, með leyfi forseta: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.“ Þess vegna held ég að nú séu meiri möguleikar en oft áður til þess að taka á þessum málum. Það er einnig trú mín, ekki síst í framhaldi af rannsóknum í kvennarétti og kvennalögfræði sem hafa átt sér stað í háskólanum hér og víðar á undanförnum árum, að verulegar lagabreytingar þurfi að eiga sér stað á Íslandi og einnig verulegt átak í dómskerfinu. Vonandi sjáum við úrbætur á öllum þessum sviðum á komandi árum.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þær mjög svo málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram um efni skýrslunnar og niðurstöðu þeirrar könnunar sem nefndin gekkst fyrir sem skýrsluna vann. Það verður ekki í sjálfu sér tekið nógu djúpt í árinni um það hversu alvarleg mál eru hér til umfjöllunar. Ég hygg að það sé nokkuð rétt sem hv. 12. þm. Reykn. sagði í umræðunni að sennilega hafi menn sýnt heimilisofbeldi

meira umburðarlyndi en öðru ofbeldi í þjóðfélaginu. Fyrir því kunna að vera ýmsar ástæður, en það er þá ærin ástæða til þess að nota þær viðamiklu upplýsingar sem nú liggja fyrir til þess að reyna að breyta þeirri staðreynd og taka á þessu ofbeldi með sama og jafnvirkum hætti og öðru ofbeldi í þjóðfélaginu. Auðvitað er það vandasamt eins og hefur komið fram í umræðunni, en þau gögn sem hér liggja fyrir eiga að auðvelda okkur að takast á við það viðfangsefni.

Ég lýsti í upphafi þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið nú þegar af hálfu dómsmrn. um undirbúning aðgerða, bæði á sviði löggæslu og dómsmála til þess að bregðast við þessum niðurstöðum. Ég nefndi það einnig í upphafi að ástæða væri til að horfa á þessi viðfangsefni frá mun víðtækara sjónarhorni. Í umræðunni hér hafa komið fram ákveðnar hugmyndir um viðbrögð bæði af hálfu talsmanna Kvennalistans og eins mjög ákveðnar hugmyndir sem hv. 8. þm. Reykv. nefndi um samstarfsverkefni þeirra ráðuneyta sem hér koma helst að málum og tiltekin viðfangsefni sem þyrfti að glíma við í slíku samstarfi. Ég get mjög vel tekið undir slíkar hugmyndir og hygg að það yrði málinu til framdráttar ef slíku samstarfi á milli ráðuneyta yrði komið á til þess að taka á ýmsum þeim atriðum sem þar voru nefnd. Ég er fyrir mitt leyti reiðubúinn til þess að beita mér fyrir slíku samstarfi á milli ráðuneyta því að það liggur í augum uppi að hér þarf mjög víðtæka skoðun og aðgerðir á mjög mörgum sviðum til þess að takast á við verkefnið.

Herra forseti. Ég vil að lokum ítreka þakklæti mitt til hv. þingmanna fyrir mjög málefnalega umræðu og góðar hugmyndir varðandi framhaldsvinnu í þessum málum.

[Fundarhlé. — 15:18]

[16:02]

Útbýting þingskjala:

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, 403. mál, þáltill. KH o.fl., þskj. 700.

Eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja, 406. mál, fsp. SvG, þskj. 703.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 408. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 705.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 407. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 704.

[17:02]

Útbýting þingskjala:

Samkeppnisstaða frjálsra leikhópa gagnvart opinberu leikhúsunum, 401. mál, beiðni GÞÞ o.fl. um skýrslu, þskj. 697.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 706.

Fundi slitið kl. 17:02.

86. FUNDUR

mánudaginn 10. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Rannsókn kjörbréfs.
3. Samkeppnisstaða frjálsra leikhópa gagnvart opinberu leikhúsunum, beiðni um skýrslu, 401. mál, þskj. 697. *Hvort leyfð skuli.*
4. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 275, nál. 696. — 2. umr.
5. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 199. mál, þskj. 225. — Fyrri umr.
6. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 200. mál, þskj. 226. — Fyrri umr.
7. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 209. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.
8. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 298. mál, þskj. 554. — Fyrri umr.
9. Kynslóðareikningar, þáltill., 299. mál, þskj. 555. — Fyrri umr.
10. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 304. mál, þskj. 563. — 1. umr.
11. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 305. mál, þskj. 564. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.

Fjarvistarleyfi:

Rannveig Guðmundsdóttir, 5. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Sjóslys og mannskaðar.

[15:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti segja eftirfarandi:

Í stormviðrum undanfarinna daga hafa orðið stór áföll á siglingaleiðum Íslendinga. Traust hafskip hafa orðið að láta undan veðurofsanum. Síðastliðinn miðvikudag rak þýska farmskipið Víkartind upp í fjöru austan Þjórsárósa og aðfaranótt sunnudags sökk farmskipið Dísarfell á leið til Færeyja. Svo hörmulega tókst til þegar varðskipið Ægir reyndi að forða Víkartindi frá að reka á land að einn skipverja varðskipsins tók útbyrðis í hamförum sjávarins. Hins vegar vann áhöfnin á þyrlunni Líf það afrek að bjarga skipshöfninni á Víkartindi á land til björgunarsveita þar. Áhöfninni á þyrlunni Líf tókst einnig að bjarga tíu manns af skipshöfninni á Dísarfelli en harmsefni er að tveir skipverjanna létust. Við þessa atburði reyndi mikið á björgunarlið á sjó, landi og í lofti. Varðskipsmenn á Ægi lögðu sig í lífshættu við björgunartilraun. Björgunarsveitir biðu lengi viðbúnar í óveðrinu á ströndinni. Þyrluáhöfnin hafði farartæki sem dugði til björgunar mannslífa í óveðri og hafði áræði, þrek og kunnáttu til að bjarga giftusamlega 29 manns úr sjávarháska. Allt þetta björgunarlið á skildar þakkir og aðdáun og aðstandendum hinna þriggja látnu eru sendar samúðarkveðjur.

Ég bið hv. alþingismenn að taka undir lokaorð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Minning Eyjólfs Konráðs Jónssonar.

[15:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Nú verður minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Eyjólfur Konráð Jónsson, lögfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, andaðist fimmtudaginn 6. mars. Hann var 68 ára að aldri.

Eyjólfur Konráð Jónsson var fæddur í Stykkishólmi 13. júní 1928. Foreldrar hans voru hjónin Jón Eyjólfsson kaupmaður þar og síðar í Reykjavík og Sesselja Konráðsdóttir, húsmóðir og skólastjóri. Hann lauk stúdentsprófi í Verslunarskóla Íslands 1949 og lögfræðiprófi í Háskóla Íslands 1955. Héraðsdómslögmaður varð hann 1956 og hæstaréttarlögmaður 1962.

Eyjólfur Konráð Jónsson var einn af frumkvöðlum að stofnun Almenna bókafélagsins og hlutafélagsins Stuðla árið 1955, var fyrsti framkvæmdastjóri þeirra og jafnframt ritstjóri Fréttabréfs Almenna bókafélagsins. Árið 1960 lét hann af störfum hjá Almenna bókafélaginu og varð einn af fjórum ritstjórum Morgunblaðsins. Því starfi gegndi hann til ársloka 1974. Við alþingiskosningarnar 1967 og 1971 var hann í kjöri á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra og tók 18 sinnum varamannssæti á Alþingi þau kjörtímabil, ýmist í stað þingmanna kjördæmisins eða landskjörinna þingmanna flokksins. Árið 1974 hlaut hann kosningu í kjördæminu, var þingmaður Norðurlands vestra 1974–79 og 1983–87 og landskjörinn þingmaður 1979–83. Síðan var hann þingmaður Reykvíkinga 1987–95, sat á 31 þingi alls. Jafnframt þeim störfum, sem hér hafa verið talin, rak hann árum saman með öðrum lögfræðingum málflutningsskrifstofu í Reykjavík frá árinu 1956.

Eyjólfur Konráð Jónsson hóf ungur að árum afskipti af stjórnmálum. Hann var flugmælskur og vel ritfær, barðist af eldmóði fyrir stefnumálum flokks síns og eigin hugðarmálum í ræðu og riti, meðal annars í fjölda blaðagreina. Hann var ötull talsmaður einkaframtaks í atvinnurekstri og stofnunar opinna almenningshlutafélaga. Lengi var hann stjórnarformaður umsvifamikils fiskeldisfyrirtækis. Hann fjallaði um efnahagsmál, var um tíma formaður fjárhagsnefndar efri deildar. Utanríkismál voru eitt af helstu áhugasviðum hans og var hann um nokkur ár formaður utanríkismálanefndar. Hann var kosinn í Evrópustefnunefnd 1988, var formaður hennar frá 1989. Í þingmannanefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, var hann 1991–95 og í þingmannanefnd Evrópska efnahagssvæðisins 1994–95. Afskipti hafði hann af hafréttarmálum, átti sæti á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á árunum 1976–1982. Hann sótti fast að Íslendingar gættu fyllsta réttar síns til hafsvæðanna á landgrunninu. Hann var stefnufastur stjórnmálamaður og drenglyndur hugsjónamaður.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Eyjólfs Konráðs Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfs.

[15:08]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég af einkaástæðum get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþm. Þjóðvaka í Norðurl. e., Magnús Aðalbjörnsson aðstoðarskólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Norðurl. e.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.“

Hitt bréfið er svohljóðandi:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Svanfríðar Jónasdóttur, 6. þm. Norðurl. e. á Alþingi, sem 1. varaþm. Þjóðvaka í Norðurl. e.

Virðingarfyllst, Vilhjálmur Ingi Árnason.“

Kjörbréfanefnd kom saman áður en þingfundur hófst til að rannsaka kjörbréf Magnúsar Aðalbjörnssonar.

[15:09]

Frsm. kjörbréfanefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Þjóðvaka, hreyfingar fólksins, í Norðurl. e., Magnúsar Aðalbjörnssonar, sem landskjörstjórn gaf út þann 6. mars 1997 en 1. varaþm. flokksins í kjördæminu, Vilhjálmur Ingi Árnason getur ekki tekið sæti að þessu sinni sökum anna.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[15:09]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf Magnúsar Aðalbjörnssonar verði samþykkt. Skoðast kjörbréfið samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Magnúsar Aðalbjörnssonar samþ. án atkvgr.

[15:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Magnús Aðalbjörnsson hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Magnús Aðalbjörnsson, 6. þm. Norðurl. e., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:10]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Magnús Aðalbjörnsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

[15:10]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 346. mál, nál. allshn., þskj. 712.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 414. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 715.

Jafnréttismál innan þjóðkirkjunnar, 359. mál, svar dómsmrh., þskj. 699.

Lögræðislög, 410. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 707.

Tekjur ríkissjóðs af skráningu skipa, 235. mál, svar fjmrh., þskj. 709.

Veiting ríkisborgararéttar, 413. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 714.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, 411. mál, þáltill. SvanJ o.fl., þskj. 708.

Samkeppnisstaða frjálsra leikhópa gagnvart opinberu leikhúsunum.

Beiðni GÞÞ o.fl. um skýrslu, 401. mál. — Þskj. 697.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Beiðni leyfð til menntmrh. með 44 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 218. mál (EES-reglur). — Þskj. 275, nál. 696.

[15:13]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 696 frá allshn. sem hefur fjallað um 218. mál þingsins, frv. til laga um breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1996. Fékk nefndin á sinn fund vegna málsins Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumrn.

Frv. þetta leiðir af samþykkt samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en lögunum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna var breytt á árinu 1993 í þeim tilgangi að aðlaga þau að ákvæðum samningsins. Frv. þetta felur í sér enn frekari aðlögun að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þannig að ákvæði 2. tölul. 4. mgr. 1. gr. laganna um að ekki þurfi að afla leyfis dómsmrh. til réttinda yfir fasteign taki til þeirra sem njóta réttar samkvæmt reglum samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga auk reglna um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt og þjónustustarfsemi.

Á 120. löggjafarþingi voru gerðar breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri með það fyrir augum að rýmka reglur um fjárfestingu erlendra aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins til samræmis við ákvæði EES-samningsins.

Í 4. gr. þeirra laga er vísað til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og segir að erlendum aðilum sé heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Ákvæðum laganna um eignarrétt og afnotarétt fasteigna var hins vegar ekki breytt samtímis og er þetta frv. því fyrir þinginu nú.

Allshn. mælir með samþykkt frv. með einni breytingu en hún snýr að leiðréttingu ártals í heiti frv. en það misritaðist í tölvuvinnslu. Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Svanhildur Kaaber, Kristján Pálsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 696 samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 298. mál. — Þskj. 554.

[15:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Flm. ásamt mér er hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir. Þetta er 298. mál 121. löggjafarþings á þskj. 554.

Herra forseti. Í daglegu lífi er reynt að forðast það til að mynda að láta börn og aðra sem fyrir óæskilegum áhrifum gætu orðið verða vitni að mjög ógeðfelldum fyrirbærum. Það er alþekkt bæði í okkar menningu og annars staðar að t.d. er reynt að forðast að láta börn horfa upp á þjáningar manna eða dýra. Það er reynt að afstýra því að þau séu viðstödd þar sem slíkir atburðir fara fram og ætli þessi tilhneiging foreldra hafi ekki fylgt manninum nokkurn veginn frá ómunatíð. Það má segja að fyrir daga nútímafjölmiðlunar hafi aðstæður í þessu sambandi verið viðráðanlegar í þeim skilningi að hægt var að halda börnum frá tilteknum stöðum eða sjá til þess að þau væru ekki þátttakendur í athöfnum sem ekki voru taldar við hæfi. En nú er öldin önnur. Ofbeldi í einhverju formi er orðinn svo útbreiddur hlutur í daglegu lífi okkar, svo útbreitt og hverdagslegt fyrirbæri á svo fjölmörgum sviðum, að ógerningur er að einangra nokkurn þjóðfélagsþegn, þar með talin börn, frá snertingu við það.

Þetta hefur leitt til þess, herra forseti, að um allan heim hafa áhyggjur manna farið mjög vaxandi af óæskilegum áhrifum þessa stóraukna framboðs á hvers kyns ofbeldisefni en þó einkanlega í sjónvarpi og kvikmyndum. Nægir að vísa í því sambandi til fjölda kannana sem gerðar hafa verið á áhrifum þess að börn sem fullorðnir horfi á ofbeldismyndir. Allar þessar kannanir, allt þetta fé, tími og orka sem eytt hefur verið í rannsóknir á þessum fyrirbærum á samhengi ofbeldis í samfélaginu og ofbeldis í fjölmiðlum staðfesta þessar áhyggjur. Það er ekki ætlun mín hér, herra forseti, að fara að fjölyrða neitt um þetta samhengi. Vandaðar kannanir liggja fyrir og þær sýna svo ekki verður um villst að það er ákveðin fylgni milli t.d. ofbeldishegðunar og mikils áhorfs á ofbeldisefni þó að heimili, félagslegar aðstæður og fleiri þættir skipti vissulega einnig miklu máli. Í því samandi vísa ég til fskj. I með tillögu þessari. Í því sambandi má einnig vísa til þeirrar skýrslu sem nýlega hefur verið dreift, herra forseti, í framhaldi af samþykkt Alþingis um útbreiðslu heimilisofbeldis þar sem ýmsar ískyggilegar upplýsingar koma fram.

Á síðustu árum og áratugum hefur framboð hvers kyns ofbeldisefnis aukist gífurlega. Um það þarf ekki að deila. En það er einnig ástæða til að draga athyglina að því að eðli og gerð þess efnis sem í boði er hefur breyst. Þar má nefna hluti eins og tölvuleiki í heimilistölvum og sérstakar leikjatölvur sem tengja má við sjónvarp. Uppistaðan í leikjum í slíkum tækjum er því miður oftast nær tengd ofbeldi. Sama gildir um ýmiss konar sýndarveruleikatæki, leiktæki í spilasölum og leikföng. Ofbeldi í einhverri mynd sem einhvers konar bardagi eða hernaður er langoftast undirstaða slíkra leikja.

Tæknin kemur hér einnig við sögu að því leyti að efnið sem framleitt er er raunverulegra að allri gerð. Tækninni (t.d. stafrænni framleiðslu eða tölvugerð mynda) eru orðin lítil takmörk sett. Það leiðir til þess að ofbeldisatriðin eða leikirnir eða hvað sem þar er á ferðinni eru orðin eðlileg og lifandi og þar af leiðandi að sama skapi erfiðara fyrir þá sem takmörkuðum þroska hafa enn þá náð að gera greinarmun á þeim og raunveruleikanum.

Síðast en ekki síst, herra forseti, virðist hér eins og svo víða annars staðar í þessum efnum vera á ferðinni vítahringur stigmögnunarinnar, þ.e. til þess að selja nýja framleiðslu, nýja mynd, nýjan leik virðist ofbeldið þurfa að vera svæsnara en það sem á undan er komið — taka því fram með einum eða öðrum hætti. Það þarf stærri skammt í hverri umferð, meiri grimmd, afkastameiri drápstól, miskunnarlausari ofurhetjur, meira blóð. Þetta er, held ég, staðreynd sem flestir sem fylgst hafa með þróun t.d. ofbeldiskvikmynda mundu taka undir.

Herra forseti. Í grg. með tillögunni er tekið ákveðið dæmi um það efni sem t.d. börnum í grunnskóla gæti staðið til boða á einum sólarhring. Þar er annars vegar stuðst við úttekt Jafnréttisráðs á ofbeldisefni í sjónvarpi í septembermánuði síðastliðnum þannig að þar eru á ferðinni raunveruleg dæmi af ofbeldiskvikmyndum eða auglýsingum á ofbeldiskvikmyndum í kvikmyndahúsum eða á myndböndum sem sýnd voru í sjónvarpi á Íslandi þennan tiltekna dag í september síðastliðnum. Það er einnig um að ræða raunveruleg dæmi þar sem nefndir eru tölvuleikir eða leiktæki sem eru í umferð á Íslandi og sýna ýmsa allhrottafengna hluti. Það eru nefnd dæmi sem styðjast því miður við raunverulegar athuganir t.d. á möguleikum barna til að fá leigðar kvikmyndir á myndbandaleigum þó þær séu bannaðar jafnvel innan 16 ára og samkvæmt lögum eigi slíkt ekki að geta gerst.

Ég vísa til þess hér, herra forseti, ef menn hefðu áhuga á því að reyna að setja sér það fyrir sjónir hvernig sólarhringur, kannski ekki dæmigerður sólarhringur, en hvernig sólarhringur gæti verið í lífi t.d. tíu, tólf ára grunnskólabarns á Íslandi í ljósi alls þess framboðs á ofbeldisefni og allra þeirra möguleika sem mönnum standa til boða í þeim efnum. Það má segja að stór hluti sólarhringsins gæti verið undirlagður af nálægð við slíkt efni ef svo bæri undir í formi leikja, áhorfs á kvikmyndir og annað því um líkt.

Það fer ekki hjá því, herra forseti, að fjölmargar spurningar vakni þegar þessum málum er velt fyrir sér. Fyrst kemur auðvitað sú spurning: Hvað á að gera? Eða kannski: Á eitthvað að gera? Er þetta óumbreytanlegur hluti af nútímanum sem við fáum enga rönd reist við?

Það er að sjálfsögðu skoðun okkar tillögumanna að svo sé ekki. Því hér eru að sjálfsögðu mannasetningar á ferð eins og í svo mörgum öðrum sambærilegum tilvikum. Þetta er hluti af því samfélagi sem við mennirnir búum til en kemur ekki utan frá í formi einhverra óviðráðanlegra örlaga sem okkur eru dæmd. Við getum ekki, að okkar mati, horft aðgerðalaus upp á það að sívaxandi ofbeldi gegnsýri allt umhverfi okkar og barnanna okkar. Jafnvel þótt vísindalegar sannanir liggi ekki fyrir í einstökum tilvikum um samhengi vaxandi ofbeldis í samfélaginu og þessa þáttar, þ.e. aukins framboðs á ofbeldisefni, enda erfitt um vik, þá réttlætir það ekki að láta skeika að sköpuðu.

Menn slógu því á frest að takast á við mengunina í líklega ein 20 ár t.d. hvað varðaði súra rigningu vegna þess að það væri ekki nægjanlega vísindalega sannað hvernig samhengi t.d. útblásturs frá iðnaði í Bretlandi og meginlandi Evrópu og sýrumengunar í vötnum í Skandinavíu væri háttað. Og í 20 ár þvældust Bretar fyrir í því máli. Hvernig? — Með því að segja að það væri ekki fullnægjandi og vísindalega nákvæmlega sannað í einstökum atriðum hvernig samhengið væri á milli iðnaðarmengaðs lofts frá suðvestur Evrópu og vatnadauðans í Skandinavíu. Á meðan dóu vötnin.

Við viljum væntanlega ekki láta það gerast hér að við fljótum sofandi að feigðarósi með þeim rökum að hér séu ekki vísindalegar sannanir í einstökum atriðum fyrir hendi, enda ekki um auðsannanlega hluti að ræða þegar félagslegt eða mannlegt atferli á í hlut. En það eru mjög sterk rök sem benda til orsakasambands og fylgni milli aukins framboðs ofbeldisefnis og ofbeldishegðunar. Vaxandi glæpatíðni í samfélögunum víða um heim kallar líka á að brugðist sé við. Við teljum að við eigum ekki að sætta okkur við það að tilvera okkar og umhverfi séu fyllt ljótleika og ofbeldi og slíkir hlutir gegnsýri allt afþreyingarefni ogýti öðru til hliðar.

Við erum að sjálfsögðu litlir, Íslendingar, og ráðum litlu um heimsmarkaðinn en við getum sjálf sett okkur reglur. Við getum haldið fram meðvitaðri stefnu um að takmarka ofbeldisefnisflauminn og tala fyrir henni á norrænum vettvangi, alþjóðlega o.s.frv.

Það má hugsa sér ýmislegt í sérstakri framkvæmdaáætlun til að draga úr framboði ofbeldisefnis svo sem eins og það í fyrsta lagi að setja strangar reglur um sýningartíma efnis sem bannað er börnum.

Það ætti að sjálfsögðu tvímælalaust að banna auglýsingar á efni sem ekki er leyft til sýninga fyrir alla aldurshópa nema þá, ef það er leyft yfir höfuð, seint í kvölddagskrá sjónvarpsstöðva. Einnig á undan efni í kvikmyndahúsum sem leyft er til sýninga fyrir alla. Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, að lýsa megnustu óánægju minni með það að þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar til sjónvarpsstöðvanna og þrátt fyrir umræður hér á Alþingi og þrátt fyrir svör ráðherra þá sækir sífellt í sama horfið á nýjan leik, að sjónvarpsstöðvarnar sýna og auglýsa ofbeldisefni á hvað tíma dagsins sem er. Það er fullkomlega ólíðandi að þær skuli hunsa þannig lög í landinu, svo sem eins og ákvæði samkeppnislaga um vernd barna og unglinga fyrir skaðlegum áhrifum auglýsinga.

Ég sé ekki annað en eitthvert foreldri, e.t.v. sá sem hér stendur ef ekki rætist fljótlega úr, eigi þann kost einan eftir að fara í mál við sjónvarpsstöðvarnar og reyna að knýja þær til þess að fara að lögum og kann vel að vera að svo verði innan tíðar.

Í þriðja lagi mætti hugsa sér að aðgöngumiðar á kvikmyndir og útleiga á myndböndum sem sýna ofbeldisefni bæru sérstakt viðbótargjald. Það væri einfaldlega haft dýrara inn á slíkar myndir eða útleigu slíkra myndbanda bæru sérstakt viðbótargjald sem síðan væri hægt að verja til fræðslu og forvarnastarfs á viðkomandi sviði.

Í fjórða lagi þarf að stórefla kvikmyndaskoðun og bæta aðstöðu barnaverndaryfirvalda og löggæslu til eftirlits, sbr. 9. gr. laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, laga nr. 47/1995.

Í fimmta lagi þarf að framfylgja ströngum reglum um að kvikmyndir séu ekki sýndar eða myndbönd leigð út eða afhent öðrum en þeim sem aldur hafa til að horfa á viðkomandi efni. Ég veit sannarlega dæmi þess að 10–11 ára börn hafa gengið inn á myndbandaleigur og með þeirri einföldu útskýringu að þau væru að sækja myndband fyrir fullorðna heimilismenn labbað út án athugasemda með kvikmynd sem var bönnuð innan 16 ára.

Í sjötta lagi þarf að framfylgja ströngum reglum um að aðgangur að leiktækjum sem hafa ofbeldisefni á boðstólum sé samkvæmt lögum. Á því er því miður, fullyrði ég, misbrestur að aðgangur að t.d. leikjasölum sé takmarkaður eins og vera ber samkvæmt lögum.

Í sjöunda og síðasta lagi en ekki síst þarf að beina, eða mér liggur við að segja því miður, þarf að hefja og taka upp fræðslustarf í þessum efnum, og beina því að foreldrum jafnt sem börnum og öllum öðrum sem hér geta lagt málinu lið, þar sem hvatt er til þess að virða aldursmörk og takmarka áhorf á ofbeldismyndum eða aðgang að öðru ofbeldisefni. Við þekkjum það væntanlega öll sem eitthvað höfum komið nálægt uppeldi barna að það er afar erfitt að framfylgja reglum ef þær eru ekki virtar af leikfélögum eða umhverfinu almennt. Þar af leiðandi skiptir skilningur og meðvitund almennings, allra foreldra og uppalenda miklu máli hér.

Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar að brýnt sé að koma þessu máli á dagskrá og til skoðunar hjá yfirvöldum uppeldis- og menntamála, fjölmiðla, félagsmála og heilbrigðismála og annars staðar þar sem ástæða er til og þá auðvitað ekki síst eins og áður sagði meðal almennings og fjölskyldna í landinu.

Sem fylgiskjal með þessari tillögu er dreift ágætri samantekt sem er úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi frá því í október 1996. Þetta er hluti af stærri skýrslu þar sem gerð var úttekt á ofbeldisefni í sjónvarpi í september sl. eins og áður sagði.

Við leggjum svo til, herra forseti, í tillgr. að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að undirbúa áætlun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldi er sýnt í einhverju formi. Sérstaklega verði athygli beint að hvers kyns efni eða athöfnum sem líklegt má telja að börn eða unglingar verði fyrir áhrifum af.

Áætlunin miði m.a. að því að takmarka eins og kostur er:

a. hvers kyns ofbeldi, misþyrmingar, limlestingar og manndráp í myndefni sjónvarpsstöðva, kvikmyndahúsa og á myndböndum,

b. tölvuleiki, leiktæki og leikföng sem byggja á ofbeldi,

c. ofbeldi á tölvunetum,

d. ofbeldi í sýndarveruleikatækjum,

e. ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum,

f. annað efni eða athafnir þar sem ofbeldi er hafið til vegs, réttlætt eða dýrkað, þar sem ástæðulausar eða tilgangslausar ofbeldisathafnir eru sýndar eða ofbeldi yfirleitt án listræns eða fræðandi gildis,

g. aðgengi barna og unglinga að ofbeldisefni.

Forsætisráðherra skipi nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að vinna með viðkomandi ráðuneytum, stofnunum og samtökum að gerð framkvæmdaáætlunar um aðgerðir á þessu sviði, þar með talið fræðslu, sem lögð verði fyrir Alþingi í formi þáltill.

Að lokinni þessari umræðu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að till. verði vísað til hv. allshn. en ég hygg að það liggi beinast við að hún fái viðfangsefni þessarar tillögu til umfjöllunar. Vissulega mætti færa fyrir því rök að hún gæti einnig átt annars staðar heima, en mér sýnist eðlilegast að tillögunni verði vísað til hv. allshn. og síðari umr.

[15:35]

Svanhildur Kaaber:

Hæstv. forseti. Í þáltill. sem hér liggur fyrir til umræðu er fjallað um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði á ofbeldisefni. Hér er leitast við að taka á afar mikilvægu máli sem hefur valdið áhyggjum fjölmargra, ekki síst úr hópi foreldra og kennara ungra barna og unglinga. Tillagan er sérstaklega skipulega fram sett og vel unnin og full ástæða er til að þakka flutningsmönnum hennar fyrir að koma henni á dagskrá.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir sannanlegan vilja okkar allra til að búa börnum okkar og unglingum kjöraðstæður heima fyrir eru allt of margir sem ekki eiga þess nokkurn kost að sjá til að þau séu alla jafna undir handarjaðri fullorðinna þann hluta vökutíma síns sem þau eru ekki í skólanum eða skipulögðu tómstundastarfi. Því miður hefur verið þannig búið að okkar samfélagi að flestir ef ekki allir foreldrar þurfa að vinna langan vinnudag til að sjá sér og sínum farborða og almennt búskaparbasl flestra foreldra gerir þeim ekki kleift að sinna uppeldi barna sinna á sama hátt og áður var. Þar með er ekki sagt að ungir foreldrar leggi minni metnað í umönnun og uppeldi barna sinna eða vilji síður en eldri kynslóðir koma börnum sínum til manns og ala þau upp í því að verða hamingjusamir og sjálfstæðir einstaklingar. Við verðum einfaldlega að átta okkur á því að veröldin er önnur nú en áður var og við verðum að viðurkenna fyrir sjálfum okkur og öðrum að á þeirri forsendu verður að bregðast öðruvísi við og takast á annan hátt á við hinar nýju aðstæður sem uppeldi eru búnar.

Okkur hefur sennilega flestum þótt fram undir þetta sem íslenskt samfélag væri ekki stærra en svo að við ættum þess í sameiningu kost að hafa yfir það nokkra yfirsýn. Við höfum líka e.t.v. vænst þess í of miklum mæli að samheldni í fjölskyldum, nálægðin í litlu þjóðfélagi og eðlislæg samábyrgð fólks fleytti okkur fram hjá þeim boðaföllum sem riðu yfir stórþjóðirnar, en svo er því miður ekki. Það er dapurleg staðreynd að árásargirni og ofbeldi hefur færst í aukana og kemur fram miklu víðar en almennt hefur verið talið eins og við heyrðum m.a. í umræðum hér á Alþingi í skýrslu dómsmrh. sem lögð var fram í sl. viku.

Hver ætli verði nú framtíðarsýn þess ungmennis sem fylgist daglega með ótrúlega vinsælum sjónvarpsþáttum þar sem búinn er til einhvers konar veruleiki vísindaskáldsagna sem sýnir skelfilegar geimverur eyða öllu sem fyrir þeim verður með hrottafengnu ofbeldi? Hvernig á það ungmenni að líta framtíðina björtum augum, hlakka til að takast á við hana og finna sér náms- og starfsvettvang sem mun gera þá framtíð fýsilega? Hvernig á barn sem sér fólk drepið og limlest hópum saman í ofsafengnum slagsmálum kvikmyndanna læra að leysa ágreining og jafna deilumál með því að leita lausna sem allir aðilar máls geta sætt sig við? Hvernig á það að læra að sýna umburðarlyndi, réttsýni og þolinmæði? Hvernig á barn sem sér ofbeldi beitt og það látið

óátalið í hverjum sjónvarpsþættinum af öðrum að átta sig á þeirri skyldu alls fólks í siðmenntuðu samfélagi að sýna samábyrgð og umhyggju fyrir öllu lífi? Hvernig á barn eða ungmenni að átta sig á því hvað er réttlæti þegar tilgangurinn virðist oftar en ekki helga meðalið og góðu karlarnir beita ekki síður ofsafengnu ofbeldi en hinir?

Í fylgiskjölum með þáltill. er vitnað í fjölmargar skýrslur og rannsóknir og m.a. gerð grein fyrir nokkrum kenningum um ofbeldi úr skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi sem er frá því í október 1996. Þar er líka mjög athyglisverð umfjöllun um áhrif ofbeldisefnis í sjónvarpi. M.a. er vitnað í skýrslu Eisenhower-nefndarinnar þar sem reynt var m.a. að skoða hvaða áhrif sjónvarpsofbeldi hefði á heimssýn manna gagnvart ofbeldi. Nefndin fékk frægan fjölmiðlafræðing, George Gerbner, til liðs við sig. Helstu niðurstöðurnar úr innihaldskönnun Gerbners um sjónvarpsofbeldi eru mjög umhugsunarverðar. Ég ætla ekki að tíunda þær allar hér, en mig langar til þess að vitna í fimm þeirra með leyfi forseta. Þar segir:

„Þrátt fyrir að fortíðin og nútíðin í sjónvarpsþáttum einkennist af ofbeldi einkennist framtíðin af enn meira ofbeldi. Þrátt fyrir að hægt sé að láta lífið fyrir tilstilli ofbeldis virðast slagsmál ekki valda mönnum teljandi sársauka eða óþægindum. Þeir sem verða vitni að beitingu ofbeldis grípa sjaldnast í taumana. Þeir sem beita aðra ofbeldi virðast ekkert hafa áhyggjur af hugsanlegri refsingu. Og „góðu gæjarnir" eru alveg jafnmiklir ofbeldisseggir og „vondu gæjarnir". Þeir beita iðulega ofbeldi ef tilgangurinn helgar meðalið."

Nú megum við ekki, virðulegi forseti, vaða í þeirri villu að áhrif ofbeldisefnis í fjölmiðlum hafi ekki nákvæmlega sömu afleiðingar hér á landi og úti í hinum stóra heimi. Enda hafa ágætir íslenskir fjölmiðlafræðingar vakið athygli á hugsanlegum áhrifum ofbeldisefnis hér á landi ekki síður en erlendir fræðingar hafa tekið þau mál til umfjöllunar. Mig langar í þessu sambandi til að vekja máls á þeirri þróun sem íslenskir kennarar hafa undanfarin ár margsinnis bent á, en það er sá vandi sem fram kemur í skólastarfinu þegar nemendurnir, jafnvel yngstu börnin, beita hreinlega í auknum mæli ofbeldi í samskiptum við aðra nemendur og í samskiptum við kennara sína og annað starfsfólk skólanna. Það er umhugsunarvert og það er ógnvekjandi að horfa á lítið barn ganga í skrokk á bekkjarsystkinum sínum eða kennara sínum af minnsta tilefni. Hér er ekki verið að tala um það sem mætti kalla venjulegan ágreining hressilegra krakka heldur hreint og beint ofbeldi, öskur, árásir, barsmíðar, jafnvel með einhverju tilteknu barefli þannig að stórsér á þeim sem fyrir verður.

Fyrir nokkrum árum þegar ég starfaði sjálf í grunnskóla kom upp í kennarahópnum sem ég starfaði með umræða um hvað við sæjum mikla breytingu á yngstu nemendum skólanna frá þeim tíma þegar við byrjuðum okkar kennsluferil. Það ber að taka fram að flestir í þessum hópi voru reyndir kennarar með margra ára ef ekki áratuga starfsreynslu að baki. Við vorum sammála um að yngstu nemendurnir yrðu órólegri með ári hverju. Þeim veittist sífellt erfiðara og erfiðara að hlýða einföldum fyrirmælum, sitja kyrr, hlusta, fylgja þeim umgengnisreglum sem settar voru í skólastarfinu. Í rauninni undruðumst við þetta þar sem okkur var fullkunnugt um hvað mikil áhersla er lögð einmitt á þessi atriði í leikskólunum þar sem mjög markviss undirbúningur undir skólagönguna í grunnskóla fer fram. Því miður hefur ástandið hríðversnað á þeim árum sem liðin eru síðan þessi kennarahópur ræddi málin. Ekki síst hefur, eins og ég sagði áður, orðið meira og meira áberandi hvað börn og unglingar missa oft stjórn á skapi sínu og beita miklu oftar en áður alvarlegu ofbeldi ef ekki fer allt að þeirra skapi.

Þáltill. sem hér liggur fyrir miðar að því að ríkisstjórnin undirbúi ályktun um aðgerðir til að draga úr framboði efnis þar sem ofbeldið er sýnt, sérstaklega efni og athöfnum sem telja má líklegt að börn og unglingar verði fyrir áhrifum af. Auðvitað verður að beita sjálfsögðum og augljósum aðgerðum sem margsinnis hafa verið nefndar, svo sem því að sjá til þess að sónvarpsefni sem hugsanlega felur í sér ofbeldi í einhverri mynd sé sýnt á þeim tíma dagskrár að ólíklegt sé að börn og unglingar horfi á það. Einnig með því að merkja slíkt efni nákvæmlega, bæði í dagskrárkynningu og í blaðaauglýsingum. En aðrar aðgerðir eru ekki síður nauðsynlegar. Ég tel að jafnframt verði að byggja upp markvisst forvarnastarf fyrst og fremst með aðstoð og stuðningi við foreldra og aðra uppalendur og í skólanum. Það mætti t.d. gera með foreldranámskeiðum og með eflingu markvissra foreldrahópa eins og tíðkast víða erlendis. Í slíkum starfshópum geta foreldrar rætt uppeldi barna sinna og uppeldisaðferðir, leitað stuðnings og ráða hjá öðrum foreldrum sem eiga börn á svipuðum aldri, samræmt aðgerðir sínar og ákvarðanir, t.d. um sjónvarpsnotkun barna sinna. (Forseti hringir.)

Annað mikilvægt skref væri að veita ungu fólki sem ekki nýtur þess aðhalds sem skólastarf eða vinna gefur aukna ráðgjöf og meiri stuðning.

Í þriðja lagi má leitast við að koma í veg fyrir áhrif ofbeldis með því að efla kvikmyndaeftirlit og auka stjórnun á því efni sem sýnt er í fjölmiðlum.

Í fjórða og síðasta lagi, herra forseti, er e.t.v. mikilvægast af öllu að tryggja markvissa og gagnrýna umfjöllun um fjölmiðlun. Það þarf að efla listrænan skilning og það þarf að kenna ungu fólki að lesa og skilja myndmál og stuðla þannig að því að börn og unglingar læri að greina á milli ofbeldis og eðlilegrar hegðunar. Þar held ég að sé komið að mikilvægu verkefni fjölmiðlanna sjálfra auk skólakerfisins, foreldra og annars fullorðins fólks.

Ég lýsi eindregnum stuðningi við að þáltill. þessi nái fram að ganga.

[15:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Fjölmargar kannanir og rannsóknir hafa á undanförnum árum staðfest svo ekki verður lengur um villst að ofbeldi í þjóðfélaginu hefur aukist svo um munar. Vekja þar sérstaka athygli árásir ýmsar sem virðast vera algjörlega tilefnislausar þar sem t.d. er ráðist að fólki þar sem það gengur á götunni og því misþyrmt alvarlega og engin tengsl finnast á milli árásarmanna og fórnarlambs. Stundum er þarna um fullorðið fólk að ræða en það sem hefur vakið athygli okkar margra sem höfum lengi starfað við kennslu barna og ungmenna er hversu ofbeldi í samskiptum barna virðist hafa aukist.

Auðvitað hefur það alltaf tíðkast að krakkar væru að tuskast eitthvað, en okkur sem með þessu höfum fylgst hefur óað við hvernig þróunin hefur verið í þessum efnum. Þau virðast oft vera að herma eftir einhverjum áflogatilburðum sem þau sjá í sjónvarpi en þekkja ekki sín takmörk þannig að stundum endar þetta með umtalsverðum meiðslum. Oft verða þau börn sem lenda í svokölluðu einelti í alvarlegum vandræðum því innan hópsins virðist það vera smám saman viðtekin skoðun að þau eigi allt illt skilið.

Ég veit að margir skólar hafa reynt að bregðast við þessu hegðunarmynstri með því að verja tíma í að taka fyrir samskipti milli fólks og ræða málin frá grunni og telja sumir sig hafa náð nokkrum árangri. En þetta starf hefur yfirleitt ekki verið nógu markvisst og alls ekki náð til allra nemenda, enda er það ekki alltaf vinsælt að skólinn sé að taka tíma frá öðrum námsgreinum sem mörgum finnst mikilvægari, til slíkra hluta.

Það er ljóst að einhvers staðar verður að taka á þessu efni í kerfinu því að þróunin er vissulega uggvænleg. Ofbeldi í öllum hugsanlegum myndum flæðir yfir börn í sjónvarpi, úr myndbandstækjum, í tölvuleikjum, á internetinu og svo mætti lengi telja. Jafnvel þó margir foreldrar reyni að vernda börn sín eftir mætti gegn slíku efni þá er uppeldi barna okkar með þeim hætti í okkar önnum kafna þjóðfélagi að þau ganga oft ein og sjálfala stóran hluta dagsins og það er því miður allt of algengt að þau sem þannig er ástatt um safnist saman hvort heima hjá öðru þar sem enginn fullorðinn er til eftirlits og séu þar að skoða efni sem vægast sagt er ekki við hæfi barna af ýmsum ástæðum og þar á meðal er gróft ofbeldi.

Ofbeldisefni í sjónvarpi virðist ekki síst höfða til þeirra sem finnst þeir sjálfir standa höllum fæti og dreymir um að ná tökum á aðferðum sem gera þá sjálfa ósnertanlega.

Við Íslendingar erum síður en svo einir um að hafa áhyggjur af þessari þróun mála. Hún hefur orðið um allan heim og er vandséð með hvaða ráðum er hægt að koma í veg fyrir að þau börn og unglingar sem kannski síst mega við því komist í slíkt efni sem flýtur yfir allt. En við tillögumenn trúum því samt að hægt sé að draga úr þessu með samræmdum aðgerðum af hálfu yfirvalda og leggjum því til í tillögu okkar sex mikilvæg atriði sem mundu vissulega verða til úrbóta í þessum málum ef eftir væri farið.

Sjöundi liður í þessum tillögum er um fræðslustarf þar sem foreldrar jafnt og börn eru hvattir til að virða aldurstakmörk og þar sem hvatt er til fræðslu. Ég held að með því að gera foreldra meðvitaðri um hættuna sem börnum þeirra stafar af slíku efni og að byggja foreldra og kennara þannig upp að þeir geti jafnvel farið í gegnum slíkt myndband með börnum og sýnt þeim fram á hve fjarri slíkt efni er raunveruleikanum, hversu mikil fjarstæða það er að ofbeldi geti leitt af sér einhvers konar uppreisn einstaklingsins í samfélaginu og aflað honum virðingar sem hann hefur ekki öðlast á annan hátt. Ég tel að nú sé lag þegar verið er að endurskoða námskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla að koma fyrir þeim mikilvæga þætti sem samskiptanámið er og ætla því stað í námsferlinu, útbúið verði vandað námsefni og kennarar verði þjálfaðir þannig að tryggt sé að allir nemendur fari í gegnum það í sínu skyldunámi með fólki sem er til þess hæft.

Það hefur raunar lengi verið eitt mikilvægasta hlutverk grunnskólans að byggja fólk upp svo það verði hæfara til að takast á við lífið og velja og hafna. Mikilvægi þess hlutverks hefur svo sannarlega vaxið á undanförnum árum og þótt margt sé þar vissulega vel gert þá er alltaf hægt að bæta um betur.

[15:51]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun og framboði ofbeldisefnis. Ég vil þakka flutningsmönnum fyrir þessa tillögu og ekki síst fyrir fróðlega og ítarlega greinargerð þar sem m.a. er vitnað í skýrslu umboðsmanns barna um ofbeldi í sjónvarpi. Ýmsar fróðlegar upplýsingar komu þar fram, m.a. um kenningar um ofbeldi og ýmsar niðurstöður á rannsóknum á áhrifum ofbeldis í sjónvarpi á börn.

Ég er fylgjandi því að þessi tillaga fái hér framgang þó að það sé álitamál hvað boð og bönn geta haft mikil áhrif annars vegar og hins vegar að hve miklu leyti verður að höfða til fræðslu og sterkari siðferðiskenndar og meðvitundar foreldra og uppeldisaðila.

En það er einkum eitt sem ég sakna í þessari tillögu og vil þess vegna spyrja hv. flm. Sjónum virðist aðallega, herra forseti, vera beint að sjónvarpsefni og efni á interneti og öðru slíku, en þó er einnig talað um ofbeldisefni í bókum, blöðum og tímaritum. Það sem ég sakna helst er umræða um klám og kynferðisofbeldi sem mér finnst ekki vera tekið sérstaklega á í greinargerðinni, en þess má geta að undanfarna daga eða undanfarnar vikur hafa verið ákaflega fróðleg málþing í gangi í þjóðfélaginu um kynferðisofbeldi og m.a. um klám og hvernig orsakasamband er talið vera þar á milli. Samkvæmt íslenskum lögum er innflutningur og dreifing á klámi bannað. En klámrit eru seld hérna á öllum bensínstöðvum eins og hver önnur nauðsynjavara þannig að það virðist ljóst að þessi lög eru ekki virk og maður getur velt því fyrir sér hvers vegna sum lög eru virk í okkar þjóðfélagi og önnur ekki.

Þess vegna vil ég spyrja flutningsmenn hvort þeir skilji það ekki sem svo að klám sé hluti af ofbeldisefni og hafi náin tengsl við kynferðisofbeldi. Einnig er athyglisvert að velta fyrir sér í sambandi við klámið að það er hægt að kaupa og fá leigðar vídeóspólur og annað slíkt á annarri hverri vídeóleigu og það virðist eins og almenningur láti sig þetta engu varða, þetta bara viðgengst. Það hefur komið fram á áðurnefndum málþingum að úti í þjóðfélaginu virðist vera að eiga sér stað ákveðin hækkun á þröskuldi þess sem fólk þolir. Sumir nota hugtakið „normalísering" yfir þá þróun. Það standa svo öflug hagsmunaöfl að baki hvort heldur er eiturlyfjamarkaðarins, vændismarkaðarins eða klámefnismarkaðarins að það er að verða viðtekið að þetta sé allt saman „normal" og bara hluti af lífinu með þessum miðlum öllum. Þess vegna held ég að það sé mjög mikilvægt að fólk sé á verði, ekki síst kennarar og uppalendur. Hinn almenni sjónvarpsnotandi láti þá sem stýra stöðvunum sjá að hann skrifar í blöðin, að hann kærir bóksala eftir því um hvað er að ræða. Þetta er orðið alveg óþolandi og það eru fjöldamargar rannsóknir sem sýna tengsl þarna á milli og eitthvað verður að gera.

Hæstv. forseti. Það er ekki mikið fleira sem ég ætla að segja hér vegna þess að greinargerðin er ítarleg og tillaga er mjög góð að mínu mati.

En vegna umræðunnar um internetið er minnt á að það er ekki lengra síðan en um tveir mánuðir að mig minnir að hegningarlögunum var breytt, en þá varð mjög mikil umræða um það hvort hægt væri að banna t.d. klám á internetinu og það var ekki talið vera tæknilega mögulegt þá. En núna virðist ýmislegt að gerast tæknilega, alla vega er hægt að biðja viðkomandi aðila sem sjá um tengingar inn á internetið að sleppa slíku efni, fyrir utan virkt eftirlit notendanna sjálfra, fara inn á heimasíður og benda á að svona efni viðgangist ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög stutt í að Alþingi verði eitthvað að koma nálægt þessu máli með internetið á einn eða annan hátt.

Ég vil aðeins að lokum fagna þessari tillögu og um leið árétta og það verði athugað mjög vel að hve miklu leyti hægt sé að taka á þessu máli annars vegar með því að gera

fólk meðvitað og notendur virka og gagnrýna eða hins vegar banna efni ofan frá.

[15:57]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hefur orðið um tillöguna þó hún hefði mín vegna mátt vera meiri og t.d. hefði einhver fulltrúi tíu manna hæstv. ríkisstjórnar mátt vera viðstaddur í salnum. Það er svona heldur hvimleitt þrátt fyrir allt að það er að verða regla hér en ekki undantekning, herra forseti, að hæstv. ráðherrar spýtast úr salnum um leið og þeir eru búnir að greiða atkvæði í upphafi fundar ef svo ber undir og spurning hvort ekki verður að fara að veita eitthvert aðhald í þeim efnum.

Ég vil aðeins segja vegna þess sem síðasti ræðumaður, Guðný Guðbjörnsdóttir hv. 19. þm. Reykv., gerði að umtalsefni, að tillagan gengur út frá þeirri skilgreiningu á hugtakinu ofbeldi að það sé nánast í sinni víðtækustu mynd og að sjálfsögðu falli þar með kynferðislegt ofbeldi gagnart börnum eða hverjum sem er undir ofbeldishugtakið í þessu efni. Það er einnig vísað í ákvæði í greinargerð, t.d. í ákvæði laganna um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum og það er vísað í ákvæði laga um vernd barna og ungmenna. Í framsöguræðu minnti ég á ákvæði samkeppnislaganna um auglýsingar og vernd barna og ungmenna fyrir óæskilegum áhrifum og innrætandi áhrifum í auglýsingum. Í öllum þessum lögum er ofbeldi, ef svo má að orði komast, lagt að jöfnu eða notað í mjög víðtækri merkingu. Það er ljóst. Ég held t.d. að enginn geti lesið 22. gr. samkeppnislaganna öðruvísi en þannig að hún taki til ofbeldis í sinni víðtækustu mynd í hvaða formi sem það er og til óæskilegra áhrifa af hvaða tagi sem er á börn og unglinga þar sem þau eru viðkvæm fyrir. Það er a.m.k. minn skilningur að að sjálfsögðu eigi að skoða þessi mál á þeim grunni.

Reyndar má segja að löggjöfin geri þó með vissum hætti eins og kunnugt er eftir talsverðar umræður hér á þingi í fyrra og aftur nú í vetur, nokkurn greinarmun þarna á þar sem hún er auðvitað sem eðlilegt er strangari að breyttu breytanda þegar í hlut á klám eða kynferðislegt ofbeldi.

Varðandi internetið í öðru lagi eða tölvuheiminn sem slíkan þá er það vissulega hárrétt hjá hv. þm. að miklar umræður hafa orðið um bæði tæknilega og e.t.v. pólitíska eða viðskiptalega möguleika á því að setja þar einhverjar reglur. Þeirri skoðun hefur oft verið haldið fram að þetta sé heimur þess eðlis að þar þýði hvorki né eigi að vera að hugsa um eða ræða að setja nein bönn eða yfirleitt neinar leikreglur, því verði ekki við komið. En ég hygg að þar séu vindar nokkuð að snúast. Mikil umræða er núna í sumum nágrannalöndunum, þó að lítið fari fyrir henni hér enn þá, um að það sé að verða sjálfu netinu og öllum þessum samskiptum fyrir bestu að menn snúi við blaðinu og fari að setja skýrar leikreglur, ósköp einfaldlega vegna þess að það ber orðið svo mikið á misnotkun á netinu sem saklaus fórnarlömb verða fyrir við núverandi leikreglur, eða núverandi frelsi ef svo má að orði komast. Fleiri og fleiri eru farnir að hafa mikinn fyrirvara á um notkun sína á netinu eða þátttöku inni á því vegna dæma um að saklausir aðilar verða fyrir því að nafn þeirra er ranglega notað eða bendlað við hluti sem þeir kæra sig ekkert um og því draga þeir sig þar með út úr viðskiptum á þessu sviði. Á því hafa rekstraraðilarnir, sölumennirnir, að sjálfsögðu ekki áhuga þannig að meðal þeirra er nú komin af stað umræða um að sjálfri framtíð netsins sé það fyrir bestu að farið verði að breyta um stefnu og beita takmörkunum.

Ég heyrði nýlega í Finnlandi allsvakaleg dæmi um það hvernig jafnsaklausir aðilar og almenningsbókasafn í Svíþjóð hefðu orðið fyrir því að nafn þeirra var misnotað og efni sent út í þeirra nafni eða þeir tengdir við efni af verstu sort, sem þeir höfðu að sjálfsögðu hina megnustu skömm á og kærðu sig ekki um. Það leiddi til þess að í viðkomandi fylki var tekin ákvörðun um að draga þessa aðila út af netinu til þess að fyrirbyggja að slíkir hlutir gerðust oftar.

Auðvitað má ræða alla þessa hluti, hvort boð og bönn, eða það sem sumir kalla nú og hrópa ritskoðun, um leið og rætt er um svo mikið sem að setja einhverjar reglur um þessa hluti, séu líkleg til árangurs, eða hvað er árangursríkast í þessum efnum. Ég get tekið undir það sem hér kom fram hjá þeim sem töluðu að fræðsla, upplýsingar og umræður um þessi mál eru ákaflega mikilvæg og kannski árangursríkasta aðferðin til þess að vekja þá meðvitund um hlutina sem við þurfum fyrst og fremst á að halda. En reglur getum við sett okkur af ýmsum toga, sem ættu að vera til bóta þó að við gerum okkur kannski ekki miklar vonir um að við Íslendingar einir og sér getum haft mikil áhrif á hvaða stefnu þessi mál taka í heiminum. En þó er það alveg augljóst mál að leikreglur á þessu sviði verða til umræðu á alþjóðavettvangi á komandi árum og eru það nú þegar. Þar eigum við ekki að vera skoðanalaus, eða hvað? Ég tel að við eigum öll, Íslendingar sem þjóð og við sem þingmenn og hvar sem við komumst að þessum málum, að reyna að hafa einhverja meðvitaða og uppbyggilega skoðun fram að færa og reyna að leggja okkar lóð á réttar vogarskálar í þessum efnum. Við höfum mjög víða tækifæri til þess að láta í okkur heyra. Ég nefni sem dæmi norrænt samstarf og Norðurlandaráð og alla þá samvinnu. Þar er mikil umræða um þetta og þetta bar á góma á nýafstaðinni menningarráðstefnu Norðurlandaráðs í Ósló þar sem ýmsir tengdu saman tæknibyltinguna, upplýsingabyltinguna, stöðu málsins, menningarinnar og ástandið í samfélögunum, þar á meðal ofbeldi og ýmsa slíka hluti.

Það var auðvitað mjög fróðlegt, herra forseti, að heyra mat reyndra kennara á því hvernig þessi mál hafa verið að þróast innan grunnskólans. Ég held að það liggi í hlutarins eðli að þessi mál snúa ekki síst að börnunum og uppeldisstarfinu, bæði vegna þess sem þar fer fram og líka vegna þess að þar er framtíðin að myndast. Það hlýtur að vera keppikefli okkar að reyna að vinna á þeim vettvangi þannig að samfélagið í framtíðinni geti orðið manneskjulegt og ánægjulegt að búa í.

Ég ítreka þakkir mínar, herra forseti, fyrir þær undirtektir sem tillagan hefur fengið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynslóðareikningar, fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 299. mál. — Þskj. 555.

[16:05]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég veit ekki hvað hefði orðið um þingstörfin í dag ef ég hefði ekki haft nokkrar tillögur til þess að mæla fyrir. Ég mæli hér fyrir tillögu til þáltill. um gerð kynslóðareikninga. Flm. ásamt mér er hv. þm. Ögmundur Jónasson. Tillagan er 299. mál á þskj. 555. Tillögugreinin er stutt, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að gerð svonefndra kynslóðareikninga. Slíkir reikningar

verði framvegis hafðir til hliðsjónar við gerð rammafjárlaga til lengri tíma, opinberra áætlana og fjárlagagerð eftir því sem við getur átt."

Í sem allra stystu máli má segja að kynslóðareikningar snúist um eftirfarandi: Öll opinber útgjöld verður fyrr eða síðar að greiða eins og aðra eyðslu og þau greiðast annaðhvort samtímis af þeirri kynslóð sem nýtur þá um leið góðs af útgjöldunum eða að einhverju leyti síðar, af komandi kynslóðum, komandi skattgreiðendum, ef útgjöld eru umfram tekjur og mismunurinn er brúaður með lántökum.

Þetta eru tiltölulega einföld sannindi og þau eru svo sem ljós og hafa lengi verið. En það sem er kannski nýtt af nálinni í þessari umræðu er hið flókna samspil núverandi afkomu hins opinbera, og þá er fyrst og fremst átt við ríki og sveitarfélög a.m.k. í okkar landi þar sem ekki er neitt þriðja stjórnsýslustig, við ýmsa aðra þætti. Þætti eins og breytta aldurssamsetningu eða hærra hlutfall aldraðra, atvinnuástand, vexti, fyrirkomulag lífeyrismála o.fl. En þessir þættir munu hafa afgerandi áhrif á aðstöðu kynslóðanna til að standa straum af opinberum útgjöldum og/eða njóta góðs af þeim.

Hugtakið sem hér er á ferðinni, og ég valdi að þýða sem kynslóðareikningar, á ensku útleggst þetta „generational accounting" og á norsku „generasjonsregnskap", er tiltölulega nýtt af nálinni. Ég tek það fram, herra forseti, að ég hef ekki komist að neinni skárri þýðingu á þessu þó að ég viti að sumum finnst þetta sérkennilegt orð, kynslóðareikningar, en það skýrist dálítið þegar betur er fjallað um málið. Slíkir reikningar fylgdu í fyrsta skipti fjárlagafrumvarpi ársins 1993 í Bandaríkjunum en þar var þetta hugtak í raun og veru búið til af ágætum háskólamönnum vestra. Slíkir reikningar hafa verið gerðir á Ítalíu, í Þýskalandi, Japan og víðar og eru sjálfsagt víða í undirbúningi. Á Norðurlöndum hafa Danir og Norðmenn verið í fararbroddi og var sérstaklega gerð grein fyrir kynslóðareikningum á norska Stórþinginu fyrir tveimur árum, þ.e. í greinargerð fjárlagafrumvarpsins (sjá St. meld. nr. 1/1994–1995). Það má benda þeim sem vilja lesa sér til um gerð, möguleika og takmarkanir slíkra útreikninga á þá greinargerð.

Kynslóðareikningar eru reikningsaðferðir til að reyna að reikna út og spá fyrir um líklega eða væntanlega nettóskattbyrði núlifandi og komandi kynslóða, óhjákvæmilega að gefnum ýmsum forsendum.

Reikningarnir fela í sér að reynt er að spá fyrir um og reikna út útkomu hverrar kynslóðar allt lífshlaupið hvað varðar greiðslur (skatta) til og tekjur (endurgreiðslur og bætur) frá hinu opinbera. Þetta er einhvers konar reikningsskilauppgjör kynslóðarinnar.

Reikningarnir eru tilraun til að mæla heildaráhrifin af fyrirkomulagi og samspili helstu þátta sem áhrif hafa á stöðu kynslóðanna í þessu sambandi. Meðal þess helsta má telja afkomu hins opinbera, þ.e. hvort það er að leggja fyrir eða taka lán, tilhögun tekjuöflunar og ráðstöfun tekna hins opinbera, þ.e. tilfærslur, útgjöld til velferðarmála o.s.frv.

Breytingar í aldurssamsetningu hafa hér mikil áhrif, hækkandi hlutfall aldraðra sem víðast hvar er þróunin breytir hlutföllum milli þeirra sem eru á vinnumarkaði og leggja til samneyslunnar með sköttum sínum og hinna sem eru á eftirlaunum eða fá stuðning frá hinu opinbera sér til framfærslu.

Margt fleira skiptir hér einnig máli svo sem eins og raunvextir eða raunvaxtastig, hagvöxtur eða efnahagsþróun, atvinnuástand, þ.e. hve margir eru á vinnumarkaði og hve margir þiggja atvinnuleysisbætur. Og síðast en ekki síst má nefna fyrirkomulag lífeyrismála, einkum hvort um er að ræða sjóðauppbyggingu eða gegnumstreymiskerfi í lífeyriskerfinu.

Eins og sjá má af þessu, herra forseti, er óhugsandi að gera slíka útreikninga án þess að gefa sér ýmsar forsendur um þróun mála. Þeir, þ.e. reikningarnir, eru því að sama skapi háðir óvissu sem því nemur.

Það má segja að útkoman, ein meginniðurstaða eða útkoma slíkra reikninga, er eða á að geta orðið sú hvert nettóskattbyrðin stefni að óbreyttu eða, ef við viljum orða það öðruvísi, hvaða breytingar þurfi að gera í efnahagsmálum vilji menn jafna skattbyrði kynslóðanna.

Það þarf engan að undra, herra forseti, að á tímum viðvarandi hallareksturs velflestra ríkissjóða á Vesturlöndum hefur útkoman yfirleitt sýnt að skattbyrði komandi kynslóða yrði að óbreyttu óhjákvæmilega þyngri en hún er hjá núlifandi kynslóðum. Sú varð eðlilega útkoman í Bandaríkjunum þar sem alríkissjóðurinn hefur verið rekinn með miklum halla. Hafa kynslóðaútreikningarnir þar komið töluvert við sögu í pólitískri umræðu og valdið deilum m.a. um hversu hratt eigi að reyna að minnka ríkissjóðshallann í því landi. Einhverjir kannast við að deilur einmitt um það efni hafa leikið talsvert stórt hlutverk í síðustu almennum kosningum, bæði til embættis forseta Bandaríkjanna og Bandaríkjaþings. Jafnvel í Noregi þar sem umtalsverður afgangur er orðinn á fjárlögum gæti skattbyrðin samt átt eftir að þyngjast þegar breyttrar aldurssamsetningar verður farið að gæta af fullum þunga. En einnig vegna þess að í Noregi er ekki að heitið getur neitt uppsöfnunarkerfi lífeyrisréttinda í gangi.

Þetta gæti, herra forseti, fljótt á litið skilist þannig að börn okkar og barnabörn væru dæmd til lakari lífskjara en þeirra sem við búum við. Málið er þó ekki alveg svo einfalt því þróun efnahagsmála að öðru leyti, t.d. hagvöxtur, ræður einnig miklu. Aftur er rétt að minna á alla þá fyrirvara sem nauðsynlegt er að hafa vegna þess að útreikningarnir byggja á fjölmörgum gefnum forsendum. Það er því ástæða til að vara við oftúlkun eða mistúlkun á niðurstöðum. Ég vil sérstaklega, herra forseti, sem flm. taka það skýrt fram af þessu tilefni að ég er ekki þeirrar trúar að það fyrirbæri sem ég er hér að mæla fyrir, þ.e. svonefndir kynslóðareikningar, geti birt okkur einhvern algildan sannleik eða einhverjar hreinar og klárar niðurstöður sem við getum gengið að sem áreiðanlegum. Hitt er allt annað mál að ef vönduð vinnubrögð eru viðhöfð þá eiga þeir að geta gefið mikilsverðar vísbendingar um hvert við stefnum. Þeir ættu a.m.k. að geta orðið gagnlegt tæki til að spá fyrir um tilhneigingu eða líklega þróun.

Loks er rétt að minna á að kynslóðareikningar í einföldustu mynd sinni byggjast á meðaltölum, þ.e. þeir mæla meðaltalsútkomu kynslóðanna, en ekki er þar með sagt að sú verði reyndin, þ.e. að allir deili byrðunum jafnt innan sömu kynslóðar. Í Bandaríkjunum hafa lífskjör ófaglærðra og lægri millistétta versnað á sama tíma og þeir tekjuhæstu hafa stórlega bætt stöðu sína. Lífskjaramunurinn hefur sem sagt aukist mjög verulega. Það er þar af leiðandi síður en svo gefið að byrðarnar af líklegri aukningu skatta komi til með að dreifast jafnt.

Þeirrar tilhneigingar hefur nokkuð gætt að hampa útkomu úr kynslóðareikningum sem rökum fyrir frekari niðurskurði opinberra útgjalda. Við tillögumenn viljum taka skýrt fram að það er ekki tilgangur okkar með flutningi þessarar tillögu að leggja mönnum vopn í hendur í þeim efnum heldur er

það þvert á móti okkar sannfæring að einmitt til að verja og varðveita til frambúðar öflugt almennt velferðarkerfi af því tagi, sem t.d. Norðurlönd hafa sérstaklega orðið þekkt fyrir, sé okkur nauðsynlegt að átta okkur á því hvert stefnir. Einmitt þeir sem vilja standa vörð um velferðarkerfið, um jöfnun lífskjara og samhjálp í samfélögunum verða að taka forustu í þeim efnum að átta sig á þessari stöðu og því hvert stefnir.

Það er enginn ágreiningur um það, geri ég ráð fyrir, hvaða pólitíska skoðun sem menn hafa að öðru leyti, að við getum ekki reiknað með því að kaupa okkur til frambúðar aukna velmegun núlifandi kynslóðar á kostnað barnanna okkar og barnabarnanna. Það er siðferðislega óverjandi, um það hljóta allir að verða sammála.

Niðurstaðan gagnvart þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þarf eftir sem áður ekki að verða sú að skerða kjör þeirra sem nú eru aldraðir eða sjúkir eins og oft mætti skilja af umfjöllun manna um þessi mál því það er ekki síst þangað sem útgjöldin leita og í vaxandi mæli á komandi árum. Þar koma ýmsir aðrir hlutir til svo sem að uppsafnaður lífeyrissparnaður núlifandi kynslóðar getur stórbætt stöðu hennar þegar þar að kemur og hún fer að þiggja eftirlaun. Það má auka tekjur. Það má reyna að auka atvinnu og kannski er engin ein röksemd veigameiri fyrir því að tryggja fulla atvinnu í samfélaginu en einmitt sú sem niðurstöður kynslóðareikninganna birta okkur. Í Noregi er það t.d. þannig að sú breyta sem fyrir utan breytta aldurssamsetningu færir til stærstu tölurnar í útkomu kynslóðareikninga miðað við mismunandi forsendur er spurningin um atvinnuleysi. Það er spurningin um hvort 3%, 5% eða 8% færast úr þeim hluta sem leggur sitt af mörkum til samneyslunnar með skattgreiðslum yfir í hinn hlutann sem þiggur frá samfélaginu í formi atvinnuleysisbóta. Engin ein breyting er jafnafgerandi og einmitt sú hvoru megin kynslóðin sem á vinnumarkaðnum er eða á þeim aldri er liggur og þarf ekki flókna röksemdafærslu fyrir.

Að sjálfsögðu og síðast en ekki síst má svo bæta stöðuna með því að auka tekjurnar þannig að ekki sé um hallarekstur að ræða. Allt getur þetta skilað sama árangri í þá átt að jafna aðstöðu kynslóðanna eins og það að skera niður í núinu.

Það er rétt að vekja á því athygli, herra forseti, að aðstæður eru að sjálfsögðu mismunandi eftir löndum. Hvergi eru skattkerfi nákvæmlega eins, lífeyrissjóðafyrirkomulag er mismunandi o.s.frv. Það þarf því að einhverju leyti að þróa slíkar reikningsaðferðir í samræmi við fyrirkomulag í hverju landi þó að að sjálfsögðu megi að einhverju leyti yfirfæra aðferðafræðina og læra mikið af því sem gert hefur verið erlendis, t.d. í Noregi eða Danmörku og eðlilega er nærtækast að leita fyrirmynda til hinna Norðurlandanna sem hafa þó skattkerfi og fyrirkomulag sem líkast er okkar.

Við höfum, herra forseti, gert lauslega athugun á hvernig þessi mál standa hérlendis og svo virðist sem aðilar eins og Þjóðhagsstofnun, fjmrn. og Seðlabanki hafi fylgst nokkuð með umræðum og skrifum erlendis um þessi mál en ekki eru miklar beinar aðgerðir eða vinna í gangi á þessum stöðum.

Rétt er að taka fram að í grg. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1996 var lítillega minnst á þessa hluti og síðast en ekki síst hefur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skoðað þetta mál nokkuð og afrakstur slíkrar vinnu mun vera væntanlegur einhvern tímann á næstunni. En það er þar af leiðandi og ekki síður tímabært að taka mál þetta á dagskrá Alþingis og marka því einhverja stefnu og þess vegna er tillagan flutt. Við teljum að á komandi árum hljótum við að temja okkur vönduð vinnubrögð, eins og aðrar þjóðir sem eru í fremstu röð eða vilja temja sér eða tileinka sér, vönduð vinnubrögð hvað varðar áætlanagerð og langtímastefnumótun, t.d. gerð rammafjárlaga til lengri tíma sem iðulega hefur borið á góma hér á undanförnum árum en enn sem komið er virðist því miður alllangt í land með.

Það vakti athygli mína fyrir tveimur eða þremur árum þegar ég var í heimsókn í grænlenska fjármálaráðuneytinu að þar lágu á borðum drög að frv. til fjárlaga fyrir Grænland, annars vegar fjárlaga í hönd farandi árs og hins vegar ramma fjárlaga til næstu fjögurra ára. Mér fannst það nokkuð merkilegt hjá þeim, miklu minni þjóð en okkur, voru þeir þó miklu lengra á veg komnir að þeir settu málin fram með þessum hætti.

Herra forseti. Ég held að vænlegast sé að þessa tillögu fái efh.- og viðskn. til umfjöllunar því það liggur næst hennar starfssviði að mínu mati að fara yfir mál af þessu tagi. Ég leyfi mér því að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. efh.- og viðskn. Ég veit að hún fær góðar viðtökur þar.

[16:21]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér er til umfjöllunar um gerð kynslóðareikninga er í alla staði athyglisverð og ber að fagna því að tilefni gefist til að ræða þau mál á hinu háa Alþingi. Í því sambandi má benda á og vekja athygli á að í umræðum um gerð fjárlaga hefur, a.m.k. á þeim tíma sem ég hef tekið þátt í þeirri umræðu, verið lögð aukin og ríkari áhersla á langtímasjónarmið við gerð fjárlaga og eins og kom fram hjá hv. flm. er í grg. með fjárlagafrv. fyrir árið 1997 fjallað um það sem nefnt er kynslóðareikningar og farið yfir hugmyndafræðina varðandi þá.

Það kom fram í framsöguræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann tók undir og lagði áherslu á mikilvægi þess að vinnubrögð væru vönduð við langtímaáætlunargerð og nefndi þar rammafjárlagagerðina. Ég tek undir það. Það er mjög mikilvægt að stuðningsmenn séu sem flestir við þau vinnubrögð. Ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á stjórn mála nú hefur unnið á þessum forsendum, en lengra þarf að ganga. Það þarf að líta til fleiri ára og rammarnir þurfa auðvitað helst af öllu að vera til umræðu í þinginu en ekki einungis í ríkisstjórn og meðal stjórnarflokkanna til að sem best og vönduðust vinnubrögð séu og sem flestir komi að þeirri umræðu.

Kynslóðareikningarnir sem fjallað er um í þáltill. eru auðvitað komnir til umræðu og framkvæmda vegna þess að menn horfðu til þess með skelfingu að skattbyrðin hefur verið að aukast hjá mörgum þjóðum. Afleiðingarnar af vaxandi skattbyrði vegna stöðugs hallareksturs á viðkomandi ríkissjóðum hefur leitt til þess að vextir hafa hækkað og afkoma almennings hefur farið versnandi. Í því sambandi hefur verið litið til Bandaríkjanna þar sem þessir kynslóðareikningar hafa verið gerðir. Þar hefur verið vakin athygli á að komandi kynslóðir, að öllu óbreyttu, að óbreyttum lögum, að því óbreyttu að haldið verði áfram hallarekstri, að því óbreyttu að gerðar verði kröfur á ríkissjóð varðandi lífeyrisskuldbindingar og annað er varðar ríkisreksturinn, muni þurfa að taka við af núlifandi kynslóð, þurfi að standa undir mun hærri og meiri greiðslubyrði í formi skatta en þeir sem nú standa undir skattbyrðinni. Þetta eru þær staðreyndir sem litið er til þegar fjallað er um svokallaða kynslóðareikninga.

Nú er það viðurkennt í dag sem ekki var áður að stöðugleiki og hófsemi í ríkisfjármálum sé ekki lengur ávísun á samdrátt í hagkerfinu heldur hið gagnstæða. Áður héldu menn að með því að draga saman í ríkisbúskapnum mundi það leiða til samdráttar í hagkerfinu og það mundi valda vandræðum. Sem betur fer eru uppi aðrir skólar í hagfræðinni hvað þetta varðar og menn hafa áttað sig á að með því að hafa hóf á ríkisútgjöldum, með því að halda fast á og halda stöðugleika, þá sé það ávísun á vöxt í einkageiranum og aukinn hagvöxt almennt hjá þjóðunum þannig að það er ekki lengur talið af hinu verra að draga saman í ríkisbúskapnum.

Um það fjallar ekki þessi þáltill. Hún fjallar um þá hugmyndafræði kynslóðareikninganna og ég tek tekið undir það sem fram kemur í tillögu hv. þm. þar sem þeir gera ráð fyrir að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning. Ég tel hins vegar að sá undirbúningur sé hafinn. Hann kemur fram m.a. í þeirri langtímaáætlunargerð sem kynnt var í fjárlagafrv. bæði fyrir þetta ár og það síðasta og á að geta lagt grundvöll að gerð kynslóðareikninga auk þess sem í tengslum við þá langtímaáætlunargerð vann Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og fjmrn. að sjálfsögðu mjög mikilvægt undirbúningsstarf þegar reynt var að horfa til fleiri ára í tengslum við að vinna á grundvelli ramma fjárlagagerðar.

En hvað um það, hæstv. forseti. Ég tel að hér sé hreyft merkilegu máli sem ástæða er til að efh.- og viðskn. skoði mjög vandlega og ég fagna þeirri umræðu sem hv. 1. flm. þessarar tillögu hleypti af stað og ég vona að hér og í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar geti orðið gagnleg og nauðsynleg umræða um kynslóðareikningagerðina með það að markmiði að við náum betri tökum á ríkisfjármálunum, ekki bara í ár heldur á komandi árum. Það ríður á miklu þannig að við getum tryggt sem mesta og besta hagsæld fyrir þá Íslendinga og sem hóflegasta skattbyrði fyrir þá sem munu taka við því að standa undir velferðarkerfinu sem hér er og verður rekið.

[16:28]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Hér er hreyft góðu máli og ég vil þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir framsögu hans í málinu. Í öllum samfélögum eru í gildi ákveðin óskrifuð siðalögmál sem nefnd hefur verið kynslóðasamningur. Hann felst í því að ég el upp mín börn og el önn fyrir þeim en í staðinn lofa þau að ala önn fyrir mér þegar ég er orðinn gamall og óstarfhæfur. Þetta hefur verið nefnt kynslóðasamningurinn og í sinni frumstæðustu mynd sjáum við hann auðvitað hjá stórfjölskyldunni í vanþróuðum þjóðfélögum þar sem gamla fólkið fær pláss við eldstóna og gætt er að hagsmunum barnanna. Það er í reynd hinn vinnandi maður sem sér bæði um komandi og síðustu kynslóð.

Með iðnbyltingunni raskaðist stórfjölskyldan og menn urðu að leysa þessi mál öðruvísi, t.d. með alþýðutryggingum, með lífeyrissjóðum og með alls konar lögum og reglum til að gæta hagsmuna barna og hinna öldruðu.

Herra forseti. Þær skuldbindingar sem við lifum við í dag verða sífellt ógagnsærri. Það verður sífellt erfiðara og erfiðara að átta sig á skuldbindingum, réttindum og jafnvel eignum. Menn eiga eignir í hlutabréfum eða verðbréfum og menn eiga eignir í lífeyrissjóðum. Þetta er orðið ákaflega ógagnsætt og erfitt að átta sig á hvað er í rauninni skuldbinding, hvar eru eignir og hvar eru skuldir. Dæmi um þetta er halli ríkissjóðs, raunverulegur og sýndur. Við afgreiðum fjárlög hér á hverju ári en þau sýna ekki nema brot af vandanum. Þau hafa verið afgreidd með miklum halla án þess að menn risu upp til handa og fóta og segðu að þetta væri ekki hægt.

Halli ríkissjóðs er ekkert annað en skattar framtíðarinnar. Og skuldir ríkissjóðs, sem nú eru orðnar það miklar að vaxtagreiðslur vegna þeirra skulda eru orðnar jafnmiklar og allur tekjuskattur Íslendinga, er ekkert annað en halli undangenginna ára og þetta er bara sýndur halli. Við erum ekki búin að taka inn í dæmið t.d. lífeyrisskuldbindingar. Fyrir áramót afgreiddum við lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem byggði á samkomulagi sem hæstv. fjmrh. gerði við opinbera starfsmenn. Þegar áfallnar skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna eru 4.000 millj. á ári í 40 ár. Þetta er þegar áfallið. Þetta er velferðarkerfi fortíðarinnar, ekki framtíðarinnar og ekki einu sinni nútíðarinnar. Þetta er velferðarkerfi fortíðarinnar sem á eftir að greiða. Þetta er ein af þessum duldu skuldbindingum sem menn hafa tekið á sig.

Ég lagði fram í þeirri umræðu brtt. um að reikna iðgjaldið. Það var kolfellt hér á hinu háa Alþingi. Ég held að hver einasti þingmaður hafi greitt atkvæði gegn því að reikna út þessa skuldbindingu. Brtt. fólst ekki í öðru en að reikna út hver skuldbindingin er orðin. Það mátti ekki. Það gleður mig því mjög að sjá þessa tillögu til þingsályktunar um að nú skuli fara að reikna alls konar svona skuldbindingar.

En það kemur fleira til. Inn í þessa mynd koma jákvæðir hlutir eins og eignir lífeyrissjóðanna sem eru 2 millj. kr. á hvern vinnandi mann. Það koma inn í þetta sameiginlegar eignir þjóðarinnar, t.d. Landsvirkjun, og fjöldinn allur af opinberum fyrirtækjum sem eru eignir sem þjóðin á sameiginlega. Það koma líka eignir einstaklinga sem komandi kynslóðir munu erfa og þær eru í síauknum mæli að erfa eignir. Það kemur margt fleira til, t.d. menntun. Menntun er fjárfesting til framtíðar og við höfum því miður, að mínu mati, vanrækt þá fjárfestingu. En hún er líka eign komandi kynslóða. Ný tækni mun bæta stöðu nýrra kynslóða og svo velferðarkerfið sem við höfum byggt upp og við verðum að standa vörð um.

Herra forseti. Sem dæmi um ógagnsæar skuldbindingar, sem erfitt er að henda reiður á, er ákvörðun ávöxtunarkröfu við útreikninga á stöðu lífeyrissjóða. Ef notaðir eru háir vextir eins og 7% þá mætti hækka lífeyri hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna t.d. um sennilega 50, 60 eða 100%. Það mætti hækka lífeyri til núverandi lífeyrisþega bara við það eitt að nota 7% ávöxtunarkröfu. Ef hins vegar væri notuð 1% ávöxtunarkrafa þyrfti að skerða þennan sama lífeyri. Þannig að ákvörðun um ávöxtunarkröfu í útreikningum getur orðið ásteytingarsteinn og bitbein kynslóða og mun væntanlega verða það í framtíðinni. Þetta er bara dæmi um hvað það er erfitt og ógagnsætt að reikna út þessar skuldbindingar.

Eins og kom fram hjá 2. þm. Vesturl., Sturlu Böðvarssyni, er þegar verið að vinna að slíkum kynslóðareikningum hjá ríkisstjórninni. Samband ungra sjálfstæðismanna hefur sömuleiðis ályktað um að slíkir útreikningar skuli framkvæmdir þannig að þetta mál er mjög víða í umræðunni.

Að sjálfsögðu eru slíkir útreikningar alltaf spá og byggja á ákveðnum forsendum sem menn verða að gefa sér. Þeir verða aldrei sterkari heldur en forsendurnar sem þeir byggja á. Hins vegar verða menn að horfa til þess, og það er rétt hjá hv. þm., framsögumanni þessarar tillögu, að það er mjög mikilvægt að horfa til þess hvernig við erum að skattleggja komandi kynslóðir með t.d. hallarekstri ríkissjóðs í dag. Hvað er þol skattgreiðenda til að borga síaukna skatta mik-

ið? Hvenær segja þeir: Nei takk! Um leið og við pössum að fara ekki fram úr skattlagningarþoli komandi kynslóða erum við líka að standa vörð um að núverandi velferðarkerfi fái staðist. Þess vegna er mjög mikilvægt að slíkir útreikningar séu framkvæmdir. Ég tek heils hugar undir að þeir verði framkvæmdir til þess að gæta þess að kollkeyra ekki velferðarkerfið.

Það eru ekki bara skattar sem við þurfum að horfa á. Við þurfum líka að horfa á skuldir og greiðslur af skuldum. Það veldur óneitanlega miklum áhyggjum hvað skuldsetning heimilanna hefur farið hraðvaxandi undanfarin ár. Það eru peningar og fjármunir sem þarf að greiða til baka. Það kemur líka niður á næstu kynslóð. Það hangir saman við það, að mínu mati, að í skattalögunum er hreinlega hvatning til að skulda sem er vaxtabótakerfið. Það er hreinlega hvatning til ungs fólks og raunverulega til allra að skulda sem mest. Það er því ekki bara nóg að líta á skatta.

Það er mjög mikilvægt að gæta þess að ekki verði óeðlilegar tilbúnar sveiflur á högum kynslóðanna. Í því sambandi má nefna „verðbólgukynslóðina". Þegar verðbólgan var sem mest og vextir neikvæðir voru fluttir óhemjumiklir fjármunir frá einni kynslóð til annarrar, frá sparifjáreigendum, gamla fólkinu, til þeirra sem skulduðu, þ.e. þeirra sem voru á virkum aldri, vinnandi, sem er akkúrat öfug tilfærsla við það sem hér er verið að tala um. Það er því mjög mikilvægt að reikna út væntanlegar skuldbindingar vegna skattlagningar og annars slíks. Ég tek sem sagt heils hugar undir þessa tillögu um að teknir verði upp kynslóðareikningar.

[16:36]

Útbýting þingskjala:

Gjaldþrotakröfur, 418. mál, fsp. MF, þskj. 720.

Hæfniskröfur skipahönnuða og skipasmiða, 417. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 719.

Hættumat vegna virkjanaframkvæmda, 419. mál, fsp. MF, þskj. 721.

Landgræðsluverkefni á Hólasandi, 415. mál, fsp. SvG, þskj. 717.

Úrbætur í öryggismálum sjómanna, 416. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 718.

Útilokun fyrirtækja frá markaði, 420. mál, fsp. SvG, þskj. 722.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, 402. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 698.

[16:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um kynslóðareikninga sem flutt er af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og Ögmundi Jónassyni. Ég vil byrja á að láta í ljós ánægju mína, eins og aðrir sem hér hafa talað, með þessa tillögu. Um leið vil ég gera nokkrar athugasemdir og beina fyrirspurnum til 1. flm.

Það hefur komið fram í máli flestra sem hér hafa talað að íslensk stjórnmál einkennast ekki síst af því hve oft er litið til skamms tíma. Ég man eftir því að fyrir nokkrum árum flutti ég fyrirspurn um það hér í þinginu hvort ekki væri hægt að gera fjárlög til þriggja ára og það fundust auðvitað ýmsir annmarkar á því en ég fagna því ef það er hugmyndin að fara að gera í meira mæli rammafjárlög til lengri tíma. Það má segja, eins og kom fram áðan í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, um ástandið í Bandaríkjunum að það er mjög mikilvægt að Alþingi komi að svona máli, það sé ekki bara framkvæmdarvaldið. Því ef ástandið er þannig í Bandaríkjunum, eins og fram kom í máli hv. þm., að útlit sé fyrir að komandi kynslóðir í Bandaríkjunum eigi ekki möguleika á sömu lífskjörum og núverandi kynslóðir vegna fjárlagahalla o.s.frv., má velta því fyrir sér hvort það séu hagsmunir framkvæmdarvaldsins að uppfræða fólk um það. Ég held að það sé alveg ljóst að það verða að vera einhverjir aðrir aðilar en þeir sem eru við völd hverju sinni sem sjá um að uppfræða fólk og veita ríkisstjórnum aðhald í þessum efnum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að Alþingi komi að svona máli og það verði falið óháðri stofnun, t.d. Þjóðhagsstofnun sem auðvitað er ekki alveg óháð stofnun eða einhverri annarri óháðri framkvæmdarvaldinu hverju sinni sem bæði gerir svona útreikninga og uppfræðir almenning um stöðu mála.

Ég vil gera annað atriði að umtalsefni. Ég skil þessa tillögu þannig að fyrst og fremst sé verið að beina athyglinni að efnahagsmálum og sköttum í víðri merkingu, samanber ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ég vil þó minna á að það má auðvitað hugsa sér að mun fleiri málaflokkar kæmu þarna undir, samanber hugtakið sjálfbær þróun sem skírskotar til þess að þjóðir skili náttúruauðlindum og landi í því horfi til komandi kynslóða að það verði ekki í verra ástandi en hjá núverandi kynslóðum. Ég held t.d. að það sé til lítils að vera að hafa áhyggjur af því árið 2040 að sú kynslóð sem þá er að vaxa úr grasi geti ekki haft það efnahagslega nógu gott ef við erum búin að eyðileggja andrúmsloftið með koltvísýringsmengun og höfum ekki hugleitt hvort loftið á jörðinni verði lífvænlegt. Það er augljóslega svo margt fleira en skatta- og efnahagsmál sem skipta þarna máli, ekki síst náttúruauðlindirnar, mengunarmálin og menntamálin. Ég held að það væri mjög æskilegt að svona áætlanir væru gerðar fyrir komandi kynslóðir á mun fleiri sviðum þó ég sé um leið fús að viðurkenna að það sé mjög erfitt að spá fram í tímann. Það liggja t.d. fyrir alþjóðasamningar í sambandi við útblástur á koltvísýringi. Við erum ekki alveg á línunni varðandi þær skuldbindingar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma fái aðhald á sem flestum sviðum, ekki bara á efnahagssviðinu að þessu leyti.

Ég vil taka undir þessa tillögu, hæstv. forseti, og spyrja um leið hvort það sé réttur skilningur hjá mér að þetta sé einskorðað við reikninga er varða efnahags- og skattamál því að vissulega þurfi að huga að þessum málum á mun fleiri sviðum.

[16:43]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið og undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið og nefna nokkur atriði sem komið var inn á af ræðumönnum.

Í fyrsta lagi varðandi það sem hv. þm. Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl., nefndi að þegar væri hafinn nokkur undirbúningur að gerð kynslóðareikninga eða áætlanagerð að minnsta kosti sem er skylt því fyrirbæri. Þá nefndi ég að sönnu það sem ég hafði orðið vitni að og vissi af, svo sem umfjöllun í greinargerð fjárlagafrv. sem var að vísu afar stuttaraleg, nokkrar setningar, ef ég man rétt. En könnun á því hjá hinum einstöku aðilum sem hér koma helst við sögu með einfaldlega samtölum við forustumenn þeirra eins og Þjóðhagsstofnunar, hagfræðideildar Seðlabanka Íslands, fjmrn. og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, leiddi samt í aðalatriðum það í ljós að undirbúningurinn er fyrst og fremst á könnunarstigi. Menn fylgjast með því sem er rætt

og ritað um þessi mál erlendis og velta þessu fyrir sér en það hefur engin ákvörðun verið tekin á Íslandi um að ráðast í gerð þessara reikninga sem slíkra og það er enginn beinn undirbúningur í gangi að segja má nema þá helst sú vinna sem unnin hefur verið af Hagfræðistofnun háskólans miðað við þær upplýsingar sem ég hef. Ég tek það fram að ég er ekki á nokkurn hátt að reyna að gera lítið úr því sem aðhafst hefur verið og ég veit að ýmsir önnum kafnir menn eru að reyna að taka sér tíma til að skoða þessi mál og fylgjast með. En um það bil þannig standa málin.

Í öðru lagi tek ég undir það sem hv. þm. nefndi að sjálfsögðu að aðstöðumunur kynslóðanna sem slíkur kemur mjög við sögu og þá í víðtækasta skilningi þess orðs, ekki aðeins hvað varðar viðskipti þeirra við opinbera aðila eða útkomu þeirra gagnvart greiðslum til og tekjum frá t.d. ríkissjóði. Ég hef á undanförnum árum oft nefnt það viðfangsefni hér, sem er óvenjustórt á Íslandi, að reyna að átta sig á og nálgast spurninguna um aðstöðumun kynslóðanna. Það er óvenjustórt, herra forseti, eins og ég hygg að flestir geri sér grein fyrir vegna þess að við höfum lifað miklar sveiflur í afkomu þessa þjóðarbús. Við höfum búið við mjög ólíkar aðstæður í efnahagslegu tilliti á einstökum tímabilum. Við höfum kynslóðirnar fyrir og eftir verðtryggingu. Við höfum verðbólgukynslóðina sem fékk sínar skuldir afskrifaðar og myndaði í kjölfarið miklar verðmætar eignir. Við höfum kynslóðina fyrir og eftir tilkomu jákvæðra raunvaxta á Íslandi. Við bjuggum við neikvæða vexti á löngum tímabilum á meðan hér var verðbólga og fyrir verðtryggingu fjármagnsskuldbindinga en við höfum búið við einhverja hæstu raunvexti í Evrópu núna síðustu árin.

Allt þetta gerir það að verkum og reyndar margt fleira að aðstöðumunur eða aðstaða kynslóðanna er mjög ólík. Ég held að það sé viðurkennt að sú kynslóð, sem nú er á ungum aldri á vinnumarkaði og er að leggja út í lífið eða hefur nýlega hafið búskap með verðtryggð námslán á bakinu við þær aðstæður sem nú eru á húsnæðismarkaði, með háa raunvexti á öllum sínum lánum, með mikla og grimma tekjutengingu í skattkerfinu sem þar með þýða hin illræmdu jaðaráhrif, er í verulega erfiðri stöðu borið saman við t.d. þá, með fullri virðingu fyrir þeim auðvitað, sem fengu allar skuldir sínar afskrifaðar á verðbólgutímanum, áttu mikið verðmætt skuldlaust húsnæði, voru farnir að leggja jafnvel fyrir fjármuni sem nú eru á háum vöxtum þegar hin mikla gaddavírsgirðing sem er girt í gegnum íslenskt samfélag, kynslóðirnar fyrir og eftir verðtryggingu, reis.

Þetta er að sjálfsögðu viðfangsefni sem tengist afar mikið því sem hér er á dagskrá, þ.e. gerð svonefndra kynslóðareikninga. Ég segi aftur að varðandi framgang þessa máls þá finnst mér þrátt fyrir þann undirbúning eða þær athuganir sem á þessu hafa verið gerðar eftir atvikum af einstökum aðilum í stjórnkerfinu, að Alþingi eigi sjálft fyrir sitt leyti að taka á þessu máli og marka því stefnu. Það er líka hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að viss nauðsyn er að gæta að því að málið sé í óháðum farvegi frá því sem kunna að vera skammtímahagsmunir sitjandi valdhafa á hverjum tíma og þar hlýtur Alþingi sjálft að þurfa að skoða sína stöðu.

Hv. þm. Pétur Blöndal nefndi hin óskrifuðu siðalögmál samfélaganna, svonefnda kynslóðasamninga sem stundum er talað um sem þetta gamla góða, þ.e. foreldrar og börn og börn og foreldrar. Það er sú samtrygging sem sem betur fer heldur enn þá í þó nokkrum mæli að menn láta sig varða örlög og afkomu sinna nánustu a.m.k. hversu langt sem það nær í nútímanum og menn reyna að sjá til þess að þeir sem standa næstir séu ekki á köldum klaka, hvorki börn né aldraðir. Að sjálfsögðu er ekki verið að leggja til að rjúfa á nokkurn hátt þessa samninga eða samheldni í samfélaginu ef svo má að orði komast, heldur kannski þvert á móti reyna að leggja grunn að því að hún geti haldist vegna þess að himinhrópandi aðstöðumunur kynslóðanna, t.d. stóraukin skattbyrði komandi kynslóða, þeirra sem nú eru börn eða unglingar er einmitt líkleg til þess að valda spennu í samfélaginu og stofna þessari samheldni í hættu. Það er nákvæmlega það sem menn telja vera að gerast núna í Bandaríkjunum að uppvaxandi stétt, sérstaklega börn og unglingar lægri millistéttarfólks, eins og það er kallað þar, sér ekki fram á að óbreyttu að geta með nokkrum hætti skapað sér sambærileg lífskjör og foreldrarnir hafa búið við. Það veldur mikilli spennu, það veldur óánægju og ýmiss konar upplausn sem við viljum forðast.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi einnig það sem ekki skiptir minnstu máli í þessu, og kemur engum á óvart að hann nefni orðið lífeyrissjóði. Það er að sjálfsögðu fyrirkomulag lífeyrissparnaðar í samfélaginu. Þá segi ég nú sem oftar: Guði sé lof fyrir uppsöfnunarkerfi lífeyrisréttinda sem við þó höfum verið að byggja upp og erum að byggja upp. Staðreyndin er sú að sennilega er ekkert eitt atriði, fyrir þá utan sjálfa afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaganna, sem skiptir meiru máli en einmitt það hvernig lífeyrissparnaðurinn eða lífeyrisréttindin eru mynduð. Það að þau myndist með innborgunum kynslóðarinnar sjálfrar þegar hún er á vinnumarkaði sé sparnaður er algert úrslitaatriði í þessum efnum. Það sem skýrir það, eins og ég sagði í minni framsögu, hvernig olíuríkið Noregur, sem nú rekur ekki bara ríkissjóð með afgangi heldur leggur tugi milljarða norskra króna ef ekki hundruð milljarða inn á sérstaka reikninga í útlöndum til komandi tíma, gæti samt lent í því að skattbyrðin aukist á komandi kynslóðum þegar breyttrar aldurssamsetningar fer að gæta að fullu, það er ekki síst lífeyriskerfið hjá þeim. Þeir eru fyrst og fremst með gegnumstreymiskerfi en ekki uppsöfnun í sjóði.

Að slepptum þeim halla sem hv. þm. nefndi á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og liggur fyrir, þá er það auðvitað mikið fagnaðarefni að staða almennu lífeyrissjóðanna hefur verið að stórbatna á undanförnum árum og flestir þeirra, a.m.k. þeir stærstu, eru núna að færast réttu megin við strikið, þ.e. þeir eiga fyrir þeim réttindum sem nú eru í boði.

Það skiptir líka miklu máli eins og nefnt var af hv. þm. og ég kom aðeins inn á í framsöguræðu minni hvernig sparnaður í samfélaginu að öðru leyti er á vegi staddur. Að sjálfsögðu þarf að taka mið af því hversu verðmætar sameignir þjóðarinnar eru, hversu mikið verðmæti við erum að mynda af öðrum toga. Ástæðan fyrir því að Japan kemur þokkalega vel út úr þessum reikningum þrátt fyrir halla á ríkissjóði og ástæðan fyrir því að hagfræðingar hafa yfirleitt ekki miklar áhyggjur af hallarekstri ríkissjóðs í Japan er einföld: Hún er gífurlegur sparnaður almennings sem er þar á móti til að rétta þjóðfélagið af ef svo má að orði komast.

Af sama toga er það að mikil ástæða er til að hafa áhyggjur af vaxandi skuldasöfnun heimilanna. Sú skuldasöfnun flyst yfir á komandi kynslóðir. Hún gerir það eðli málsins samkvæmt með einum eða öðrum hætti því skuldirnar hjá heimilunum rétt eins og hjá ríkissjóði þarf að borga. Þær borgast annaðhvort með því að þeir sem stofna til

þeirra verða að ráðstafa þeim mun meira af tekjum sínum á næstu árum til að greiða þær niður og þar með erfist minna milli kynslóðanna af verðmætum eða beinlínis með því að komandi kynslóðir fá skuldirnar í arf. Það er því alveg jafnnauðsynlegt að horfa til útkomu heimilanna eins og hinna opinberu aðila þó að reikningarnir sem slíkir leggi það til grundvallar.

Ég tek enn fram vegna þess sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi að nauðsynlegt væri — og það fannst mér virkilega ánægjulegt að heyra frá hv. þm. — að huga að þessum málum til að grunnurinn bresti ekki undan velferðarkerfinu. Það er nefnilega einmitt mergurinn málsins. Þess vegna flytjum við, ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson, þessa tillögu. Við mundum ekki flytja hana nema vegna þess að það er okkar útgangspunktur. Við viljum nálgast þessi mál frá þeim sjónarhóli að nauðsynlegt sé að átta sig á hvert stefni til þess að standa vörð um velferðarkerfið. Það er skilmerkilega tekið fram í grg. með tillögunni þannig að samstaðan við hv. þm. Pétur H. Blöndal um einmitt þennan útgangspunkt málsins er mér alveg sérstakt fagnaðarefni.

Þá vík ég að hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur um hvað tekið er inn í útreikningana. Það var ánægjulegt að hv. þm. nefndi t.d. spurninguna um sjálfbæra þróun og stöðu auðlindanna eða ásigkomulag náttúrunnar í þessu sambandi. Það er að sjálfsögðu eitt af því sem væri æskilegt að geta tekið með á einhvern hátt og þar hafa hagfræðingar verið að glíma við hugtök eins og græna þjóðarframleiðslu eða vísitölu umhverfiskostnaðar með það í huga að hugsanlega ætti að reyna að gjaldfæra t.d. fórnarkostnað gagnvart náttúrunni þar sem hann er á ferðinni og reikna hann beinlínis inn. Menn hafa t.d. sagt: Hagvöxtur sem ekki tekur tillit til skemmda á náttúrunni eða versnandi umhverfisskilyrða er ekki raunhæfur. Hann er ekki réttur og kannski ætti að reikna niður allan hagvöxt í vestrænum iðnaðarsamfélögum um 1%–5% vegna þess fórnarkostnaðar sem honum er samfara í formi þess að gengið er á auðlindir eða umhverfisaðstæður versna. En þetta er auðvitað, eins og liggur í hlutarins eðli, gífurlega umfangsmikið viðfangsefni og menn eru kannski rétt að komast af stað að reyna að ná utan um að slá máli á svona hluti en ég tek undir að æskilægt væri að reyna þetta ef hægt væri.

Menn munu hins vegar neyðast til að beita ákveðnum einföldunum, a.m.k. framan af. Það er niðurstaða flestra fræðimanna að til þess að útreikningarnir verði ekki einfaldlega óviðráðanlega flóknir verði að beita talsverðum einföldunum. Reikningarnir eru eðli málsins samkvæmt býsna viðamiklir því að byrja þarf á að gefa sér allmargar forsendur um þróun helstu stærða eins og hagvaxtar, atvinnuástands og fleiri hluta sem ég nefndi. Það þarf að reikna inn spár um breytta aldurssamsetningu o.s.frv. og ef til viðbótar kæmu þvílíkir hlutir, þá yrði þetta viðfangsefni fyrir jafnvel stærstu tölvur í Pentagon. Ég veit ekki hvort þær mundu hiksta á þessu. En það kemur sér alla vega vel að þær eru orðnar öflugar í dag því svo stórir eru þeir reikningar sem þarna eru gerðir. En það breytir því ekki að þetta eru einmitt hlutir sem þarf að taka til skoðunar í samhengi við alla áætlanagerð og einhverja vitræna, heildstæða umfjöllun um efnahagsmál og þjóðmál. Það er þannig. Auðvitað er okkar umræða allt of mikið talnaleg og blind gagnvart svona hlutum, sérstaklega inn í framtíðina. Menn reikna eins og páfagaukar, liggur mér við að segja, hagvöxt langt fram í tímann án þess að horfa nokkuð til þess t.d. hvernig við erum að fara með náttúruna.

Að síðustu um það hver á að gera þessa reikninga. Hér er lagt til að ríkisstjórninni verði falið með ályktun Alþingis að annast um undirbúninginn. En það þýðir ekki þar með sagt að ríkisstjórnin eigi að sitja og reikna. Ég hef miklar efasemdir um það þrátt fyrir að þeir séu sjálfsagt ágætir í stærðfræði að þeir eigi að gera það vegna þess að þeir standa ansi nærri málum, t.d hæstv. fjmrh. Ég er ekki viss um að þeir eigi að standa í þessu. Ég held að rétt sé að reyna beri að skapa grundvöll fyrir að þessir reikningar séu gerðir á mjög óháðan og sjálfstæðan hátt.

Niðurstaðan er líka sú að þeir sem helst hafa stuðlað að þróun þessara vísinda eru óháðir fræðimenn í háskólum. Þannig er það t.d. vestan hafs. Bandaríkjaþing hefur fyrst og fremst leitað til háskólamanna sem þróuðu þessar aðferðir því það hefur sótt sér efnivið til þeirra í umfjöllun um þessi mál. Í Noregi er helsti guðfaðir kynslóðareikninganna þar prófessor við háskólann í Bergen. Ég held þess vegna að mjög vel færi á því að opinberir aðilar fyrir forgöngu Alþingis leituðust við að koma þessum málum í sjálfstæðan og tiltölulega óháðan farveg, t.d. með því að láta Háskóla Íslands í samstarfi við aðila eins og Þjóðhagsstofnun og hagdeild Seðlabankans og auðvitað fjmrn. að breyttu breytanda annast framkvæmd þessara mála. Ég er (Forseti hringir.) sannfærður um að ef við vöndum okkur við þetta þá finnum við góðar aðferðir í þeim efnum. Að sjálfsögðu hrekkur þetta ekki í gang á morgun. Mér er það fullljóst að vinna þarf talsverða undirbúningsvinnu og vanda til hennar en ég held að mjög mikilvægt sé að Alþingi sjálft láti sitt álit í ljós. Það er að lokum Alþingi sem ber ábyrgð á þessum málum í formi þess að afgreiða fjárlög og ráða því hvernig skattar (Forseti hringir.) eru lagðir á, hvernig bætur eru greiddar í gegnum almannatryggingakerfið o.s.frv. þannig að hér liggur ábyrgðin.

Ég þakka þessa umræðu, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–7. og 10.–11. mál.

Fundi slitið kl. 16:59.

---

87. FUNDUR

þriðjudaginn 11. mars,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, þáltill., 298. mál, þskj. 554. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Kynslóðareikningar, þáltill., 299. mál, þskj. 555. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 346. mál, þskj. 618, nál. 712. — 2. umr.

4. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, stjfrv., 218. mál, þskj. 725. — 3. umr.

5. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706. — 1. umr.

6. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 408. mál, þskj. 705. — 1. umr.

7. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704. — 1. umr.

8. Seðlabanki Íslands, frv., 369. mál, þskj. 647. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. v.

Tilkynning um dagskrá.

[13:04]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill geta þess að að lokinni utandagskrárumræðu, sem fram fer áður en gengið er til dagskrár og gerð verður grein fyrir hér á eftir, munu fara fram atkvæðagreiðslur. Þær verða um kl. 2, þegar utandagskrárumræðunni lýkur.

Í dag upp úr kl. 4 síðdegis fer fram utandagskrárumræða um skattatillögur ríkisstjórnarinnar. Málshefjandi er Sighvatur Björgvinsson. Forsrh., Davíð Oddsson, verður til andsvara. Sú umræða mun standa í hálftíma.

[13:04]

Útbýting þingskjala:

Afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands, 423. mál, þáltill. SK og SvG, þskj. 727.

Bann við kynferðislegri áreitni, 422. mál, frv. GGuðbj o.fl., þskj. 726.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 218. mál, þskj. 725.

Flórgoðastofninn, 312. mál, svar umhvrh., þskj. 710.

Lánasjóður landbúnaðarins, 424. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 728.

Orkulög, 412. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 713.

Umræður utan dagskrár.

Strand flutningaskipsins Víkartinds.

[13:06]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Nú hefst umræða utan dagskrár um strand flutningaskipsins Víkartinds. Málshefjandi er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson en hæstv. forsrh. verður til andsvara.

Samkomulag er milli þingflokka um fyrirkomulag umræðunnar. Gert er ráð fyrir að hún standi í um það bil eina klukkustund. Málshefjandi og talsmenn þingflokka annarra en málshefjanda og ráðherra hafa fjórar mínútur en forsrh. sex mínútur. Ráðherrar umhverfismála, samgöngumála og dómsmála hafa einnig allt að fjórum mínútum. Aðrir þingmenn hafa tvær mínútur. Málshefjandi og forsrh. hafa tvær mínútur hvor við lok umræðunnar.

Með hliðsjón af þessu ættu um 10 þingmenn, auk þeirra sem þegar hafa verið taldir, að komast að í umræðunni. Bið ég hv. þingmenn að virða tímatakmörk.

[13:07]

Ólafur Örn Haraldsson:

Herra forseti. Strandi flutningaskipsins Víkartinds má skipta í þrjá höfuðþætti: Í fyrsta lagi aðdragandann síðustu 10 klukkustundirnar fyrir strandið. Í öðru lagi björgunina sjálfa og í þriðja lagi mengunarhættu sem nú vofir yfir og viðbrögð við henni.

Miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir sýnist mér að við aðdraganda strandsins hafi bæði Landhelgisgæslan og Eimskipafélag Íslands brugðist við af þekkingu og ábyrgð en að lög hafi hindrað að hægt væri að grípa í taumana. Við hljótum að spyrja um gildi slíkra laga.

Þegar við lítum á björgunina sjálfa og síðasta björgunarafrek þyrlusveitarinnar og Landhelgisgæslunnar koma tvö orð fyrst í hugann: Þakklæti og aðdáun.

Þriðji þáttur strands Víkartinds er óleystur en það er björgun farmsins en ekki síður mengunarvarnir og hreinsun. Það er afdráttarlaus krafa að tryggingafélög og erlendir eigendur skipsins tryggi mengunarvarnir og aðgerðir á sinn kostnað og að skipsflak, farmur og rusl verði fjarlægt. Óvissa ríkti í upphafi um hver bæri ábyrgð og kostnað. Það tafði hreinsunarstarfið. En þó að slíkt sé alvarlegt gætum við staðið frammi fyrir mun alvarlegri umhverfismálum ef hér við suðurströnd Íslands færist olíuflutningaskip með þúsundir tonna af olíu með tilheyrandi afleiðingum fyrir lífríkið og markaðsmöguleika okkar Íslendinga.

Til þess að Alþingi fái nokkra yfirsýn yfir þetta mál vil ég leyfa mér að leggja hér fram sjö spurningar til ráðherra.

1. Beitti Landhelgisgæslan öllum tiltækum ráðum og heimildum til að grípa inn í þá atburðarás sem leiddi til strands flutningaskipsins?

2. Hvernig er hægt að tryggja íslenskum stjórnvöldum, svo sem dómsmrh. eða Landhelgisgæslu, eðlilegan rétt til íhlutunar ef skipstjórnarmenn þverskallast við ábendingu yfirvalda um yfirvofandi hættu og með slíku framferði stefna lífi manna í tvísýnu?

3. Þá bendi ég á að það eru miklar andstæður sem mætast þar sem í brimgarðinum veltist skip og farmur sem metið er á tvo milljarða kr. en í fjörunni standa sjálfboðaliðar í björgunarsveit sem hefur ekki einu sinni efni á að kaupa og reka eigin bíl, heldur verða björgunarmenn að sitja í eigin bílum meðan þeir sandblása í storminum. Er ekki rétt að framlag björgunarsveita og björgunarmanna verði metið sem skyldi?

4. Stafar hætta af siglingum flutningaskipa nærri landi þannig að of lítið svigrúm er til aðgerða ef þau rekur að landi vegna vélarbilunar eða annarra óhappa? Er ástæða til að setja fram reglur eða gefa út leiðbeinandi tilmæli um siglingaleiðir flutningaskipa sem sigla með ströndum fram? Eiga slíkar reglur að gilda sérstaklega þegar fluttur er hættulegur farmur, einkanlega olía eða eiturefni? Ættu slíkar reglur að taka mið af hrygningarstöðvum fiskstofnanna?

5. Hafa landslög eða hagsmunir erlendra skipaeigenda eða tryggingafélaga tafið eða hindrað aðgerðir til mengunarvarna eftir strand Víkartinds?

6. Er viðbúnaður íslenskra stjórnvalda nægur til þess að takast á við mengunarslys við strendur landsins? Nánar tiltekið: Er nægur búnaður fyrir hendi? Eru viðbragðsáætlanir öruggar? Er þjálfun mannskaps næg? Eru fjármunir til rekstursins nægir?

7. Gefa íslensk lög nægar heimildir til þess að grípa inn í ákvarðanir skipstjórnarmanna ef þær augljóslega geta leitt til stórfelldra mengunarslysa, spillt lífríki og hrygningarstöðvum og þar með markaðsmöguleikum í fiskútflutningi? Eru heimildir alþjóðasamninga til íhlutunar þær ýtrustu sem hægt er? Er þeim beitt í íslenskri lagasetningu?

[13:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Landhelgisgæslan fékk tilkynningu um hádegi umræddan dag sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um vanda skipsins Víkartinds vegna vélarbilunar. Skipið var þá statt um 6 sjómílur út af Þjórsárósi. Varðskipið Ægir var þegar sent á vettvang og kom að skipinu kl. 14.15.

Landhelgisgæslan bauð ítrekað fram hjálp sína en skipstjóri Víkartinds afþakkaði alla hjálp. Ekki var í þeim umræðum vikið að þóknun til Landhelgisgæslunnar vegna björgunar. Starfsmenn Eimskipafélags Íslands spurðust aftur á móti fyrir um það hjá forstjóra Gæslunnar hvaða reglur giltu um samninga fyrir veitta hjálp í slíkum tilvikum. Upplýsingar voru veittar um það og voru ekki gerðar athugasemdir við þær.

Um kl. 18.30 var skipstjóranum bent á af skipstjóra varðskipsins að myrkur væri að skella á sem mundi gera varðskipinu erfitt fyrir. Var honum boðin aðstoð og jafnframt boðið að þyrla mundi koma til að ná í hluta áhafnarinnar. Tíu mínútum síðar hafnaði hann enn og aftur aðstoð varðskipsins og taldi ekki þörf á þyrlu Landhelgisgæslunnar. Það var síðan klukkutíma síðar sem skipstjórinn þáði aðstoð en þá var ekki unnt að koma við björgun eins og mönnum er kunnugt um. Þyrla Landhelgisgæslunnar bjargaði skipverjunum giftusamlega síðar um kvöldið eftir að skipið hafði strandað í fjörunni.

Þau ráð sem Landhelgisgæslan hafði tiltæk til þess að grípa inn í atburðarás voru ekki önnur en þau að bjóða ítrekað fram aðstoð sína, enda á valdi og ábyrgð skipstjóra viðkomandi skips að meta hættuástand og þörf á björgunaraðgerðum eða hjálp. Skýrar heimildir til að grípa inn í og hefja björgunaraðgerðir þegar boði um slíkt er hafnað eða þegar skipstjóri viðkomandi skips telur ekki þörf á slíku eru ekki til staðar.

Varðandi spurningu tvö, um möguleika yfirvalda til íhlutunar ef skipstjórar hafa aðra skoðun, vil ég segja að siglingar eru alþjóðleg starfsgrein. Um langa hríð hefur gætt alþjóðlegrar samræmingar varðandi siglingalöggjöf og verið stofnað til fjölmargra þjóðréttarlegra sáttmála á því sviði. Siglingalög, nr. 34/1985, taka mið af þessu auk þess sem höfð hefur verið hliðsjón af siglingalögum annars staðar á Norðurlöndunum en þau hafa um langt skeið haft með sér samstarf um löggjöf þessa.

Siglingalögin byggja á þeirri grundvallarreglu að skipstjóri hefur ákvörðun og boðvald á sínu skipi. Það tekur einnig til þess hvort óskað verði aðstoðar vegna sjávarháska. Þetta er í samræmi við aldagömul og alþjóðleg viðhorf varðandi siglingar.

Í 1. málsl. 11. gr. siglingalaga segir að skipstjóra sé skylt að gera allt sem hann má til bjargar mönnum, skipi, farmi og öðrum fjármunum sem á skipi eru og leita sér til þess hjálpar sem nauðsyn krefur ef skip kemst í sjávarháska. Vanræki skipstjóri þessa skyldu og stefni með því lífi og limum manna í hættu getur á grundvelli sjónarmiða um neyðarrétt verið réttlætanlegt að taka stjórn úr hans hendi. Mat í þeim efnum er þó vandasamt og verður ekki gripið til þess úrræðis nema öldungis megi vera ljóst að stórkostleg hætta sé á ferðum sem skipstjóri sinni ekki með viðeigandi úrræðum eftir atvikum með beiðni um viðeigandi aðstoð. Þess ber þó að gæta að ekki er ávallt unnt að grípa fram fyrir hendur skipstjóra þótt vilji stæði til þess.

Til að unnt yrði að taka fram fyrir hendur skipstjóra umfram það sem hér hefur verið rakið væri nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á siglingalögum. Á því eru hins vegar þau tormerki að gæta verður alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og viðhorfa á þessu sviði. Standa þau í vegi þess að gerðar verði umtalsverðar breytingar hvað þetta varðar.

Varðandi aðstöðu björgunarsveitar er þetta að segja: Björgunarsveitir og einstakir björgunarmenn vinna þýðingarmikið starf í landi okkar við leit og björgun og við almannavarnir, starf sem seint verður ofmetið. Starf björgunarsveitanna er að meginhluta til sjálfboðaliðastarf sem ekki er tekið gjald fyrir. Ef til þess kemur að greiða eigi laun mun það aðeins gerast að undangengnum viðræðum við heildarsamtök björgunarsveita. Þess í stað veitir þjóðin björgunarsveitunum framlag með ýmsum hætti, með beinum framlögum einstaklinga, með dánargjöfum, með kaupum á happdrættismiðum eða kaupum á vörum, svo sem flugeldum sem sveitirnar selja í fjáröflunarskyni. Mörg sveitarfélög leggja björgunarsveitum til fjárframlög eða styðja starfsemi þeirra með öðrum hætti. Það gerir ríkið einnig beint og óbeint. Stuðningur ríkisvaldsins við björgunarsveitir hefur einkum fólginn í eftirgjöf gjalda, aðflutningsgjalda og skatta við innflutning bíla og tækja til sveitanna. Er þar um að ræða nokkuð háar fjárhæðir á hverju ári, um 30 millj. kr. Þar að auki fá Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg bein framlög á yfirstandandi ári, yfir 30 millj. kr. Þá hefur það lagt björgunarsveitum í landinu til voldugan tekjustofn með lögum um safnakassa, en bæði Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg standa að rekstri þeirra ásamt Rauða krossinum og SÁÁ.

Björgun mannslífa verður ekki metin til fjár og enginn gerir ráð fyrir að fá þóknun af því tilefni. Um björgun eigna gegnir öðru máli. Þar geta þeir sem að björgun standa átt rétt á björgunarlaunum. Í siglingalögum eru sérstök ákvæði um björgun skipa sem hafa farist eða eru í hættu stödd og verðmæta sem í því eru og björgunarlaun í því sambandi. Sama er um björgun loftfara. Þessi lög hafa þá sérreglu að gengið er út frá því að ekki skuli greiða björgunarlaun þeim sem tekur þátt í björgun gegn beru og réttmætu banni þess sem hefur stjórn skips með höndum. Í því sambandi er byggt á þeirri meginreglu að eigandi eða vörslumaður hafi ráðstöfunarrétt yfir því verðmæti sem kann að vera í hættu statt á hafi úti.

Rétt er að taka fram að björgunarsveit getur með framlagi sínu unnið til björgunarlauna eins og hver annar. Um björgun fjárverðmæta sem ekki fellur undir ákvæða siglingalaga og loftferðalaga gilda hins vegar almennar reglur, þar á meðal ákvæði laga um skipströnd og vogrek. Fyrir slíkt mundu menn eiga rétt á endurgjaldi. Sama er um hverja aðra aðstoð sem veitt er.

Þess skal getið að dóms- og kirkjumrh. hefur fyrir skömmu óskað eftir tilnefningum í nefnd sem ætlað er að semja drög að frv. til laga um réttindi og skyldur björgunarsveita og félagsmanna þeirra, en sú nefnd mun verða skipuð fulltrúum Slysavarnafélagsins, Landsbjargar, heilbr.- og trmrn., samgrn., fjmrn., auk fulltrúa dóms- og kirkjumrn.

Varðandi það hvort hætta stafi af siglingum flutningaskipa nærri landi þannig að of lítið svigrúm sé til aðgerða ef þau rekur að landi er þetta segja: Almennt er frelsi skipa til siglinga mjög víðtækt og íhlutun íslenskra stjórnvalda utan hafnasvæða orkar alltaf tvímælis. Siglingum fylgir því miður ávallt hætta hvort sem siglt er nærri landi eða á úthafinu.

Gildir þar einu þótt settar verði reglur um fjarlægð siglingaleiða frá landi og jafnt hvort sem um er að ræða flutningaskip, ferjur eða fiskiskip. Áhrifamesta leiðin til þess að draga úr þessari hættu er að allur búnaður sé í lagi og skipstjórnarmönnum sé ljós ábyrgð sín og fylgi þeirri reglu sem kallast góð sjómennska. Í því felst að meta aðstæður rétt og taka ekki óþarfa áhættu. Skipstjóri hefur í öllum efnum æðsta vald á skipi sínu og þar af leiðandi vald til að taka sjálfstæða ákvörðun um aðgerð til bjargar skipi, skipshöfn og farmi.

Er ástæða til að setja reglur eða gefa leiðbeinandi tilmæli um siglingaleiðir flutningaskipa sem sigla með ströndum fram? — Hingað til hefur ekki verið talin nauðsyn á slíkum reglum.

Eiga slíkar reglur að gilda sérstaklega þegar fluttur er hættulegur farmur, einkanlega olía og eiturefni? — Þessi mál voru í sérstakri athugun í vinnuhópi á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins sem var skipaður fulltrúum hagsmunaaðila, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu ríkisins. Starfshópurinn náði ekki samkomulagi um niðurstöðu og verður starfið tekið upp að nýju.

Ættu slíkar reglur að taka mið af hrygningarstöðvum fiskstofna? — Það álitaefni var tekið upp í starfshópnum og er meðal þess sem hlýtur að koma til athugunar. Við afmörkun á þeim svæðum við strendur landsins sem viðkvæm teljast er rétt að taka mið af klak- og hrygningarslóðum helstu nytjafiska í hafinu og stórum fuglabjörgum og öðrum friðlýstum svæðum við strendur landsins.

Hafa landslög eða hagsmunir erlenda skipaeigandans svo og tryggingafélaga tafið eða hindrað aðgerðir til mengunarvarna við strand Víkartinds? — Hafa ber í huga að aðstæður á strandstað eru afar erfiðar til þess að fjarlægja úr skipinu þau hættulegu efni sem geta valdið mengun. Hér kemur til að skipið hallar um 40° í átt til sjávar. Þá hefur vont veður og vaxandi straumur frá því skipið strandaði valdið því að sjór hefur gengið yfir skipið. Við slíkar aðstæður þarf að vanda allar aðgerðir og hafa ber í huga að vanhugsaðar athafnir geta valdið stórum skaða. Sú bið sem orðið hefur frá því skipið strandaði þar til aðgerðir hófust við að draga úr hættu á mengun skýrist af því að þeir sem koma að þessum málum vildu vanda undirbúning sem mest og fá rétt tæki og mannafla sem þjálfaður er til þessara verka og koma á þann hátt í veg fyrir frekari skaða.

Er viðbúnaður íslenskra stjórnvalda nægur til þess að takast á við mengunarslys við strendur landsins, nánar tiltekið er nægur búnaður fyrir hendi? — Segja má að viðbúnaður stjórnvalda til þess að mæta mengunaróhöppum þegar olía fer í sjó sé allgóður miðað við þá áhættu sem gera má ráð fyrir vegna siglinga skipa hér við land. Mikið er gert af hálfu Hollustuverndar til að vinna með þeim aðilum sem eiga að koma að slíkum málum og nýta þeim þannig fjármunina sem best. Hins vegar er ljóst að Íslendingar geta ekki mætt öllum slíkum óhöppum á eigin spýtur. Þeir hafa allgóða þekkingu á málunum en við meiri háttar mengunaróhöpp verður að treysta á aðstoð erlendis frá. Í því skyni höfum við gerst aðilar að svonefndu Kaupmannahafnarsamkomulagi um gagnkvæma aðstoð til að mæta stórum mengunaróhöppum.

Eru viðbragðsáætlanir öruggar? — Til eru viðbragðsáætlanir yfir landið allt og einstakar hafnir. Þessar viðbragðsáætlanir eru að mati stjórnvalda taldar viðunandi.

Er þjálfun á mannskap næg? — Lögð hefur verið rík áhersla á að þjálfa mannskap og hefur Hollustuvernd ríkisins séð um hana bæði fyrir hafnarstarfsmenn og starfsmenn Landhelgisgæslu. Auk þess hafa fulltrúar íslenskra stjórnvalda tekið þátt í sameiginlegum æfingum Norðurlandanna samkvæmt Kaupmannahafnarsamkomulaginu.

Eru nægir fjármunir til reksturs slíkra mengunarvarna? — Það er að sjálfsögðu matsatriði hversu miklu fé eigi að verja til mengunarvarna á þessu sviði. Óraunhæft er að skipuleggja viðbúnað til að mæta öllum hugsanlegum mengunaróhöppum. Íslensk stjórnvöld hafa leitast við að hafa viðbúnað, þ.e. búnað og þjálfun mannafla, í því horfi að hægt sé að fást við stærstan hluta fyrirsjáanlegra óhappa.

Og loks: Gefa íslensk lög nægar heimildir til þess að grípa inn í (Forseti hringir.) ákvarðanir skipsstjórnarmanna ef þær gætu augljóslega leitt til stórkostlegra mengunarslysa o.s.frv.? — Í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum, eru ekki neinar heimildir til íhlutunar til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun frá skipum meðan þau eru undir stjórn skipstjóra. Í alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að og varða varnir gegn mengun sjávar er heldur ekki að finna heimild til slíkrar íhlutunar. Ísland er aðili að alþjóðasamningi um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valdið geta olíumengun og er sá samningur frá 1969. Hann tekur einungis til íhlutunar á úthafinu en ekki í landhelginni.

Herra forseti. Þetta voru afar margar spurningar.

[13:20]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða fer fram í skugga þriggja sjóslysa og í mínum huga er það umhugsunarefni að Alþingi Íslendinga skuli taka upp umræðu um þetta málefni áður en rannsókn er lokið, því sjóprófum í þessu máli hefur verið frestað. Mér finnst umhugsunarefni hvort ekki sé ástæða til þess að fresta henni a.m.k. þar til rannsókn á þessu máli lýkur.

Þingflokkur jafnaðarmanna vill votta þeim samúð sem misst hafa ástvini í þessum hörmulegu slysum, jafnframt því að þakka Landhelgisgæslunni framúrskarandi störf við björgun.

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst standa upp úr í þessu er einkanlega tvennt. Mig langar að bera fram tvær fyrirspurnir, annars vegar til hæstv. dómsmrh. og hins vegar til hæstv. umhvrh. Það sem lýtur að hæstv. dómsmrh. eru fréttir sem birtust í Morgunblaðinu á laugardaginn um að skipstjórinn á Víkartindi hafi leitað eftir samningum við skipherrann á Ægi um björgunarlaun en verið hafnað. Og í Morgunblaðinu kemur fram að þeim hafi verið hafnað á þeim forsendum að skipstjóranum hafi ekki verið heimilt að semja um björgunarlaun þrátt fyrir ákvæði 167. gr. siglingalaga, en þar kemur fram að heimilt er að gera björgunarsamning. Þess vegna spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort innan Landhelgisgæslunnar séu reglur sem kveða á um að slíkir samningar skuli ekki gerðir við aðstæður sem þessar.

Hins vegar vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. umhvrh. hver beri kostnaðinn af því rusli og því sem borist hefur núna um fjörur Suðurlands, en talið er að það sé u.þ.b. 55 km² svæði sem sé að einu eða öðru leyti þakið rusli. Jafnframt hefur komið fram í umfjöllun fjölmiðla um þetta mál að þýska tryggingafyrirtækið ætlar að fjarlægja skipið og bera kostnað af hreinsun á olíunni. Því vil ég beina því til hæstv. umhvrh. hvort hér sé á ferðinni einhvers konar meginregla sem færa megi yfir á önnur skipströnd sem hér

hafa átt sér stað, og hvort umhvrn. muni í framhaldi af þessu ganga í það að þau íslensku tryggingafélög, sem hafa tryggt þau skip sem hafa strandað og liggja núna víða í fjörum landsins, sjái til þess að þau skipsflök verði fjarlægð.

[13:23]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. sem hér talaði áðan að þessi umræða fer fram í skugga þeirra þriggja sjóslysa sem orðið hafa á síðustu dögum. Ég vil fyrir hönd Alþb. votta þeim samúð sem misst hafa ástvini sína í þessum hörmulegu slysum. En um leið er í hugum okkar þakklæti til starfsmanna Landhelgisgæslunnar sem hafa unnið frækilegt björgunarafrek. Það hefur einnig sýnt sig á undanförnum dögum hversu miklu máli það skiptir að eiga öflug björgunartæki. Við forðumst að hugsa þá hugsun til enda hvernig farið hefði ef öflug þyrla Landhelgisgæslunnar hefði ekki verið til staðar. En við erum um leið minnt á að úrbóta er þörf hvað varðar skipakost Gæslunnar.

Þingflokkur Alþb. og óháðra bað um umræðu utan dagskrár eftir strand Víkartinds og aðdraganda þess að skipið fór upp í fjöru. Fyrst og fremst var beðið um þá umræðu til þess að ræða þá spurningu hvort ekki sé rétt að auka völd Landhelgisgæslunnar eða annarra yfirvalda til þess að geta með afgerandi hætti gripið inn í atburðarás þegar augljós hætta er á slysi við strendur landsins.

Aðdragandi slyssins þegar Víkartindur strandaði var þannig að hefði Landhelgisgæslan haft slíka heimild hefðu meiri líkur en ekki verið á að afstýra hefði mátt svo alvarlegu slysi þar sem mannslífum var stefnt í hættu og hætta er á mengunarslysi sem valdið getur verulegum skaða á náttúru og dýralífi. Þessi atburður hlýtur að kalla á endurskoðun gildandi laga og reglna. Við hljótum að setja fram þá kröfu að innan tólf mílna landhelgi verði ótvírætt vald Landhelgisgæslunnar eða annarra yfirvalda til ákvarðanatöku varðandi skip í sjávarháska.

Ég vil því beina þeirri spurningu minni til hæstv. dómsmrh. og hæstv. samgrh. hvort þeir séu tilbúnir til að beita sér fyrir þeim breytingum sem til þarf. Skoðun yfirmanna Landhelgisgæslunnar hefur komið fram í fjölmiðlum síðustu daga. Þeir telja nauðsyn á að auka völd Landhelgisgæslunnar í þessum efnum. Þá hefur það komið fram að forseti Slysavarnafélags Íslands er sömu skoðunar, skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna, sem og formaður Sjómannasambands Íslands. Hér er um mikilvæga forvarnaaðgerð að ræða, fyrst og fremst með tilliti til þeirra manna sem vinna um borð í þeim skipum sem eru við strendur landsins, og einnig með tilliti til hættu á alvarlegum mengunarslysum. Ég vil því skora á hæstv. ríkisstjórn að breyta gildandi reglum hið fyrsta.

Virðulegi forseti. Hv. formaður umhvn. hóf þessa umræðu og beindi spurningum sínum m.a. til umhvrh. Ég kom á strandstað fimm sólarhringum eftir að slysið átti sér stað. Það kom mér vissulega á óvart að ekki virðist vera gerð tilraun til að hreinsa ströndina nema hvað tiltölulega fámennur hópur manna reyndi að tína saman hættuleg efni sem lágu á víð og dreif um sandinn. Aðkoman var vægast sagt ljót og veruleg hætta á margra kílómetra svæði sem stafaði af alls konar dóti og járnahrúgum sem lágu á sandinum. Fyrir utan hreina hættu á mengunarslysi sem gæti haft áhrif með allri suðurströndinni þá hlýtur að vera hætta á tjóni vegna foks. Engin tilraun virðist hafa verið gerð til að safna saman braki eða verðmætum hlutum í gryfju eða ganga þannig frá að sem minnst hætta sé á tjóni.

Samkvæmt fréttum fjölmiðla var fundað í umhvrn. í gær um aðgerðir gegn mengun, um forvarnir og hreinsun á rusli og reka. Áætlað er að byrja að dæla upp olíu í dag en þar er um margra daga verk að ræða. En þannig er mál með vexti að 1991 skipaði þáv. umhvrh., Eiður Guðnason, nefnd, aðgerðanefnd á sviði mengunarslysa. Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar á hún að koma saman og meta hættu á mengun þegar slys hefur orðið og leiðbeina um viðbrögð og aðgerðir. Nefndin á að samræma störf hinna ýmsu stofnana sem að málinu koma, meta árangur að verki loknu og vinna um það skýrslu. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar frá Hollustuvernd ríkisins, (Forseti hringir.) Hafrannsóknastofnun, Geislavörnum ríkisins, Náttúrufræðistofnun og fulltrúi ráðherra sjálfs. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef hefur þessi nefnd ekki verið kölluð saman. Hvers vegna, er spurning sem ég beini til hæstv. umhvrh.

[13:28]

Kristín Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að opna þessa umræðu og hæstv. forsrh. fyrir svör hans sem ég heyrði þó ekki fyllilega. Ég tel þó nauðsynlegt með tilliti til umfangs þessa máls og alvöru þess að ekki verði látið við þessa umræðu sitja heldur verði tekin saman skýrsla um málið og unnið að úrbótum á grundvelli hennar.

Margar spurningar hafa vaknað við atburði síðustu daga en hugurinn er vitanlega fyrst og fremst hjá þeim sem eiga um sárt að binda vegna missis ástvina, svo og hjá þeim sem hafa lagt líf sitt í hættu við björgunarstörf. Ég mun hins vegar í máli mínu eingöngu fjalla um þann þátt sem snýr að umhverfismálum. Þar er augljóslega pottur brotinn og þörf úrbóta.

Ég átti þess kost í gær að skoða aðstæður á vettvangi og það var vægast sagt ömurleg reynsla fyrir skilningarvitin. Ömurlegast er þó að ýmislegt hefði getað farið öðruvísi og betur ef rétt hefði verið brugðist við aðstæðum. Það er gjörsamlega óviðunandi ástand að viðbrögð og aðgerðir dragist von úr viti vegna skorts á heimildum til aðgerða og reglum um greiðslu kostnaðar eins og raunin hefur verið í sambandi við strand Víkartinds.

Ég minni á að fyrir tæpum sex árum varð vart við mikla mengun á Ströndum sem kom mönnum í opna skjöldu og leiddi í ljós hversu vanbúin stjórnvöld eru til að taka á slíkum málum. Og í framhaldi af því var skipuð sú nefnd sem hv. síðasti ræðumaður minnti á. Þessi nefnd átti að taka á þessum málum. Hún átti að meta mengunarhættu, skipuleggja rannsóknir, leiðbeina um viðbrögð og samræma aðgerðir einstakra stofnana og gera tillögur til ráðherra um úrbætur. Og þessi viðbrögð þáv. ráðherra voru í sjálfu sér hárrétt en hafa augljóslega ekki skilað tilætluðum árangri.

Fyrir rúmum tveimur árum varð annað mengunarslys þegar flutningaskip með svartolíufarm innanborðs steytti á skeri út af Seltjarnarnesi. Aðeins örlítið brot af olíunni fór þá í sjóinn en nógu mikið til að valda umtalsverðri mengun og fyrirhöfn við hreinsun. Aftur voru menn þar með minntir á nauðsyn þess að samhæfa viðbrögð og hafa áætlanir að styðjast við. Þetta eru ekki einu dæmin á undanförnum árum og þetta verða ekki einu dæmin um mengunarslys við strendur landsins, því miður. Þau eru óhjákvæmilegt þótt allt þurfi auðvitað að gera til að koma í veg fyrir þau. En hvað hefur verið gert? Hvers vegna allt þetta ráðleysi í sambandi

við strand Víkartinds? Hvernig ætla menn að bregðast við ef mörg þúsund lesta olíuflutningaskipi hlekkist á svo að um meiri háttar olíumengun verður að ræða? Það yrði stóráfall og er geysilega mikilvægt að vita nákvæmlega hvernig bregðast skuli við.

Nú er það svo að lögum samkvæmt eiga sveitarfélög að hafa tiltæka áætlun um viðbrögð en svo virðist sem mikil brotalöm sé á þeim þætti. Það verður að kanna og sjá til að lögum verði framfylgt að þessu leyti. Ríkisvaldið verður að hafa frumkvæði að því. Það verður augljóslega að gera stórátak í þessu efni. Það þarf að vera fullkomlega ljóst hverjum ber að hafa stjórnun aðgerða á hendi, hverjir eigi að framkvæma aðgerðir og hverjir beri fjárhagslega ábyrgð. Það gengur einfaldlega ekki að nauðsynlegar aðgerðir tefjist vegna óvissu um þessa þætti. Sofandaháttur stjórnvalda í þessum málum er í raun stærsti umhverfisvandinn og þau geta ekki skákað í því skjólinu að hafa ekki verið minnt á nauðsyn þess að taka á málum. Þau hafa ítrekað verið minnt á ábyrgð sína og strand Víkartinds og afleiðingar þess verða að vera sá lærdómur sem dugir til að móta raunhæfa áætlun um viðbrögð.

[13:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þessarar umræðu af minni hálfu votta öllum þeim sem um sárt eiga að binda vegna þessara áfalla undanfarna sólarhringa samúð og þakka fyrir frækileg björgunarafrek þeirra sem hafa staðið í eldlínunni við það verkefni. Þeir eiga sannarlega heiður skilinn. Um leið ítreka ég samúðarkveðjur mínar og fyrir hönd Framsfl. til þeirra sem um sárt eiga að binda.

Eins og fram kom í svari hæstv. forsrh. áðan held ég að fullyrða megi að hvorki landslög né aðrar fjárhagslegar aðgerðir eða hagsmunir hafi staðið í vegi fyrir því að aðgerðir til þess að bregðast við þeim vanda sem þarna er á strandstað hafi ekki hafist fyrr. Aðstæður eru afar erfiðar. Það veit ég að þeir hafa séð sem hafa komið á staðinn. Ég fór þangað á sunnudaginn og fór um svæðið með mönnum sem eru að vinna þar að björgunaraðgerðum og voru að undirbúa þær. Það hlýtur að vera öllum ljóst sem sjá þetta að það þarf að fara með gát að hlutunum, skipulega og á vel undirbúinn og hugsaðan hátt. Ég vil því leyfa mér að fullyrða að þarna er staðið rétt að málum. Okkur finnst umhverfið þarna vera afar illa útlítandi og auðvitað fannst mér það líka þá þegar eins og öllum öðrum. Við sjáum fréttamyndir og vitum að það hefur ekki batnað. Rusl er fjúkandi þarna um svæðið allt. Það kann að vera að hægt væri að hefja hreinsunaraðgerðir á úrganginum þegar eða fyrr en allir voru sammála um að það bæri auðvitað fyrst og fremst að gæta að því að það yrði ekki enn hættulegri mengun eins og af olíu og hættulegum efnum sem vitað var að væru um borð í skipinu og fyrstu aðgerðir miðuðust við það.

Vegna spurninga sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir beindi til mín áðan og síðan Kristín Halldórsdóttir um nefnd sem skipuð hafði verið eftir fyrri mengunarslys er rétt að taka fram að þeirri nefnd er ekki ætlað að vera viðbúnaðaraðili eða aðili til þess að taka á málum eða bregðast við í svona tilvikum heldur var hún skipuð eftir mengunarvandamálið sem kom upp á Ströndum til þess að koma með hugmyndir um það hvernig mætti bregðast við og það hefur sú nefnd þegar gert. Hún hefur skilað ráðuneytinu ítarlegri skýrslu bæði um það mál sérstaklega og önnur mál og síðan er hugsað að hún geti verið ráðuneytinu til aðstoðar við mat eftir slys eða áföll sem hafa orðið eins og það sem hér ber nú að garði. En stjórn mála, að minnsta kosti hvað varðar öll hættulegu efnin og olíuna, er í höndum Hollustuverndar ríkisins. Það er Hollustuvernd ríkisins sem hefur haft það mál með höndum að þessu sinni. Ég tel að það hafi verið staðið rétt að málum. Og eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur þá er hreinsun á rusli og öðrum óskaðlegum efnum málefni sveitarfélaganna.

Rétt er að segja síðan frá því að eftir fund sem getið hefur verið um og haldinn var í umhvrn. í gær þar sem rætt var við málsaðila hefur komið fram hjá þeim viljayfirlýsing sem við báðum um. Auðvitað á enn eftir að ganga nánar frá ýmsum þáttum og sérstaklega um endanlegar kostnaðargreiðslur. En þar kemur fram í viljayfirlýsingu aðila að þeir fallast á að fjarlægja allan hættulegan farm af strandstað, að fjárlægja olíu í samræmi við fyrirmæli yfirvalda, að sinna skyldum til að fjarlægja flak skipsins í samræmi við íslensk lög og að hefja og stjórna hreinsun hættulauss góss af strandstað. Varðandi þann þáttinn er rétt að segja frá því að um það er fjallað nú á fundi með heimamönnum í dag.

Virðulegur forseti. Aðeins að lokum vegna spurningar um önnur skipsflök. Því verður að svara til að það er mál sem mér er ekki kunnugt um persónulega. Ég ímynda mér að a.m.k. eitthvað af slíkum málum verði ekki leyst héðan af heldur að búið sé að fjalla um þau svo sem hægt er og bregðast við. En ef eitthvað kann að koma í ljós eftir þetta mál sem gefur tilefni til að takast á við þau mál sérstaklega þá mun ráðuneytið auðvitað skoða það.

[13:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. alþingismenn votta aðstandendum þeirra sem látist hafa í sjóslysum samúð mína eins og þingheimur gerir raunar allur. Ég vil og þakka þeim sem stóðu að hinum erfiðu björgunaraðgerðum sem sýndu eins og oft áður að vilji manna og hreysti til að standa í slíkum aðgerðum er með ólíkindum hjá okkur Íslendingum, þeim sem að slíku koma, er nú kannski rétt fyrir mig að bæta við.

Vegna þeirra umræðna sem hér fara fram vil ég aðeins taka fram að Siglingamálastofnun hlýtur auðvitað og sömuleiðis samgrn. að taka til nýrrar athugunar öryggi sjófarenda og skipa sem sigla með ströndum landsins. Og vegna fyrirspurnar Margrétar Frímannsdóttur um hugsanlegar breytingar á siglingarlögum til að auka völd Landhelgisgæslunnar til að grípa inn í þegar hættuástand skapast þá skal ég ekki útiloka að um sérstök hættutilvik geti verið að ræða þar sem rétt sé að gera ráð fyrir slíku, en ég hygg að það verði að taka það til athugunar með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum og með öðrum þeim hætti sem rétt er að koma að svo flóknum málum. Ég vil ekki á þessari stundu fara nánar út í þá sálma. Ég vil á hinn bóginn leggja áherslu á að ég hef ákveðið að kveðja til sérfræðinga og hagsmunaaðila til að draga lærdóm af þeim atburðum sem hér hafa orðið og leggja fram tillögur um öryggi flutningaskipa við strendur landsins bæði með hliðsjón af öryggi sjófarenda og auðvitað vegna hættu á umhverfisslysum.

[13:39]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þegar þessi umræða fer fram er hugur okkar alþingismanna og samúð hjá aðstandendum þeirra sem misst hafa ástvini í þeim sjóslysum sem átt hafa sér stað að undanförnu og við erum fullir þakklætis til starfsmanna

Landhelgisgæslunnar sem unnið hafa alveg einstök björgunarafrek.

Hv. 6. þm. Suðurl. varpaði fram þeirri spurningu til mín hvort skipstjóri Víkartinds hefði leitað eftir því við skipherra Landhelgisgæslunnar að gerður yrði samningur um hugsanlega björgun skipsins. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá forstjóra Landhelgisgæslunnar fóru ekki fram viðræður um þau efni á milli skipstjórans og skipherra varðskipsins. Hins vegar sneru fulltrúar Eimskipafélagsins og einn erlendur aðili sér til forstjóra Landhelgisgæslunnar og spurðust fyrir um þær reglur sem giltu hjá Landhelgisgæslunni um slíka samninga og voru gefnar upplýsingar um þær venjur sem giltu í þeim efnum. Á það var bent af hálfu Landhelgisgæslunnar að mjög örðugt væri um vik að gera fyrirframsamning því að óvíst væri um hvernig standa mætti að björguninni, fyrst og fremst vegna þess að mikil óvissa var á þeim tíma hvort unnt væri að draga skipið fyrir Reykjanesröstina eða hvort skipin yrðu í því tilviki að halda sjó um lengri eða skemmri tíma þangað til veður lægði. Af þeim ástæðum var því örðugt að gera fyrirframsamning. Jafnframt var á það bent að ákvæði siglingarlaga gera ráð fyrir því að heimilt sé að ógilda slíka samninga sem gerðir eru undir þeim erfiðu aðstæðum að skip er enn í sjávarháska. Um þetta eru engar fastar reglur heldur er reynt að fara eftir almennum reglum um björgunarlaun og meta aðstæður hverju sinni.

Hv. 5. þm. Suðurl. varpaði fram þeirri spurningu hvort af hálfu stjórnvalda væri vilji til að endurskoða reglur sem lúta að réttarstöðu skipstjóra og auka vald Landhelgisgæslunnar til að grípa inn í í tilvikum sem þessum. Ég hygg í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið að það geti verið rétt að ræða öll þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og vega og meta þau álitaefni sem sett hafa verið upp. Á hinn bóginn verða menn að gera sér grein fyrir því að hér erum við að starfa að hluta til í alþjóðlegu umhverfi. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að það er mjög örðugt um vik að flytja ábyrgð frá skipstjóra. Skip Landhelgisgæslunnar eru ekki alltaf í nálægð við slysstað eins og í þessu tilviki. Menn yrðu þá að afmarka nálægð varðskips og völd skipherra til að grípa inn í. Ég býst við að menn geri sér grein fyrir því að skipherra á varðskipi sem er víðsfjarri er ekki í aðstöðu til að taka slíkar ákvarðanir og því síður menn á skrifstofum í Reykjavík. Hvernig á sú aðstaða að vera sem réttlætir inngrip og hvernig ætti það að fara fram gegn vilja skipherra? Allt eru þetta atriði sem gera það mjög erfitt að færa ábyrgð frá einum skipstjóra til annars. Taki skipherra á landhelgisgæsluskipi ákvörðun um að aðhafast ekki undir slíkum kringumstæðum, hvar liggur þá ábyrgðin? Flyst hún yfir á ríkisvaldið og þar fram eftir götunum?

En þrátt fyrir þessar almennu athugasemdir þá tel ég eðlilegt að menn fari í gegnum þessa umræðu og vegi og meti rök sem færð hafa verið fram í þessu efni.

[13:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Þjóðin er stolt af björgunarafrekum Landhelgisgæslunnar en hrærð yfir missi björgunarmanns og er alveg ljóst að ekki mátti tæpara standa þegar tilraun varðskipsins Ægis var gerð til að bjarga Víkartindi.

Oddviti Djúpárhrepps í Þykkvabæ sagði að fjaran væri að verða að stærsta ruslahaug í Evrópu eftir strandið. Nánast engin hreinsun hefur farið fram nema á spilliefnum en vel hefur verið staðið að þeirri söfnun af hálfu heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Enn hefur ekki verið tryggt að tryggingafélagið eða útgerð skipsins beri kostnað af hreinsun fjörunnar. Þess vegna hefur hreinsunin ekki farið í gang og er biðin óþolandi. Rusl hefur dreifst á stórt svæði allt austur undir Eyjafjöll og talið er að svæðið sé um 50 eða 70 km . Brýn þörf er á að hreinsun hefjist sem allra fyrst og þá í samvinnu við heimamenn.

Heilmikið rusl hefur einnig grafist í sandinn og er ljóst að langan tíma tekur að hreinsa upp allt það sem frá skipinu hefur komið. Sá varningur sem Víkartindur flutti var hættulítill en spyrja má hvað hefði gerst ef um olíu eða önnur spilliefni hefði verið að ræða. Ekki verður séð hvað verður um talsvert magn af svartolíu sem er um borð en ljóst er að það tekur a.m.k. hálfan mánuð að ná þeirri olíu úr skipinu þegar dæling fer í gang en íslenskur búnaður er ekki til staðar og þess vegna þarf að flytja hann inn frá Hollandi.

Þáttur heimamanna í björgunar- og leitarstarfi vegna strands Víkartinds er stór en stærsti hlutinn er unninn í sjálfboðavinnu af vel skipuðum björgunarsveitum í Rangárvallasýslu. Vert er að benda á að verulegt eignatjón hefur orðið á björgunartækjum björgunarsveitanna og einnig á bílum einstaklinga vegna sandfoks, sjógangs og fleira. Björgunarsveitir eru ekki í stakk búnar að endurnýja tæki sem skemmst hafa og er óljóst hvernig eignatjón þeirra verður bætt en brýnt er að svo verði. Það er ljóst að hér er um sjóslys að ræða sem væntanlega hefði verið hægt að koma í veg fyrir.

[13:46]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Um leið og þjóðin gleðst yfir afrekum Landhelgisgæslunnar þá lýsir hún hryggð og samúð með þeim sem hafa misst ástvini sína.

Ég flutti þáltill. um slysabætur til handa sjómönnum sem var samþykkt 1994. Sú þáltill. var um að samgrh. skipaði nefnd um endurskoðun slysabóta sjómanna en fébætur til barnlausrar ekkju sjómanns er nú um 1.300 þús. kr. og þarf vissulega endurskoðunar við og vona ég að eitthvað verði gert í þessu máli nú, þ.e. að nefndin fari að skila af sér.

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram áðan að þetta er nokkuð merkileg umræða vegna þess að að sjóprófum loknum hefur hið sanna og rétta komið í ljós og þá er kannski ástæða fyrir þingheim að taka þetta mál til umræðu. Ég vil, virðulegi forseti, úr þessum stól taka fram og óska eftir því að mér verði veitt heimild til að hafa hér utandagskrárumræðu um öryggismál sjómanna að loknu sjóprófi vegna Dísarfells.

Menn hafa verið að tala um það og verið í nokkrum vafa um hversu langt ætti að ganga varðandi ábyrgð skipstjóra. En ef grannt er skoðað í siglingalögunum núna, þá er ábyrgð skipstjóra ekki mikil eða réttara sagt útgerðar og farmflytjanda ef skipstjóri hefur ekki haldið á stjórn skips eins og góðum skipstjóra sæmir. Í 16. gr. siglingalaga frá 1985 segir m.a., með leyfi forseta:

„Tjón það, sem skipstjóri veldur útgerðarmanni, farmeigendum eða öðrum með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín er honum skylt að bæta. Dómstólar geta þá lækkað bótafjárhæð með tilliti til þess hve mikil sökin var og tjónið til efnahags skipstjóra og annarra atvika."

Í 68. gr. segir: „Farmflytjandi er ekki ábyrgur þegar hann getur sýnt fram á að tjónið stafi af yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök eða meðferð skips sem skipstjóra hefur orðið á."

Ég held, herra forseti, að í ljósi þessa sé mjög mikil og brýn nauðsyn á að endurskoða siglingalögin með tilliti til þess að ábyrgð skipstjóra er eins og hér er getið.

[13:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir samúðarkveðjur til þeirra sem um sárt eiga að binda vegna þeirra atburða sem orðið hafa undanfarna daga.

Hvað varðar þá umræðu sem nú fer fram finnst mér að gæta þurfi þess að þegar spurningar eru bornar fram hafi sá sem svarar, hæstv. forsrh., möguleika á að svara án þess að ganga undir hraðlestrarpróf eins og hér fór fram, þannig að svör fari ekki fyrir ofan garð og neðan af þeim ástæðum. Í rauninni hefði kannski þurft að taka þessi mál svolítið seinna til formlegrar umræðu innan þingsins. Ég tek undir óskir um skýrslu þegar sér fyrir endann á þessum atburðum varðandi Víkartind.

Í sambandi við meðferð stjórnvalda á málinu er það umhugsunarefni að 5. mars strandar skipið. Það er fyrst 9. mars sem ráðherra kemur á vettvang til að átta sig á aðstæðum. Mér finnst þetta óvenjulegt og hefði auðvitað verið hægt að standa öðruvísi að því þó hæstv. umhvrh. hafi verið erlendis þegar þetta gerðist.

Ég vil líka minna á, virðulegur forseti, að ég bar fram tvær fyrirspurnir til samgrh. og umhvrh. á síðasta þingi, þann 13. mars 1996, það er ekki ár síðan, um undirbúning vegna hugsanlegra slysa sérstaklega með tilliti til olíuflutninga. Þá kom m.a. fram af hálfu hæstv. samgrh. að starfshópur hefði verið að störfum sem hann rakti, tillögur hans og lauk máli sínu með því að segja: „Við munum að sjálfsögðu leggja áherslu á að fylgja þessu máli eftir og að skýrar reglur verði settar við ferðum þessara skipa hér við land."

Nú sagði hæstv. forsrh. að ekki hefði tekist samkomulag, e.t.v. í þessum starfshópi, um málið. (Forseti hringir.) Ég vísa til svara ráðherranna við þessum fyrirspurnum í fyrra á síðasta þingi. Fróðlegt er að bera það saman við þær aðstæður sem nú eru og þá umræðu sem hér fer fram og það er satt að segja ekki í lagi, virðulegur forseti, að allt skuli nánast vera í uppnámi og menn skuli vera teknir í rúminu þegar kemur að strandi sem þessu (Forseti hringir.) við Ísland.

[13:52]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka undir samúðarkveðjur til þeirra sem eiga um sárt að binda vegna hörmulegra sjóslysa að undanförnu.

Herra forseti. Á landi hefur lögreglan fullt vald til að grípa inn í atburðarás t.d. ef drukkinn ökumaður er á ferð. Lögreglunni er veitt þetta vald til að verja líf og limi borgaranna og til að koma í veg fyrir eignatjón og afstýra hættuástandi. Því skyldu ekki sömu lög gilda á sjó? Í mínum huga er enginn vafi á því að við Þjórsárósa trufluðu ólíkir hagsmunir eðlilega framvindu mála. Ég sé skipstjórann fyrir mér standandi með byssuhlaup í bakið undir þrýstingi þýskra eigenda og tryggingafélagsins sem vildu komast hjá björgunarlaunum. Þess vegna hlýtur að vera mikilvægt að auka valdsvið skipstjórnarmanna Landhelgisgæslunnar svo unnt sé að grípa inn í þegar nauðsyn krefur hvað sem líður alþjóðasamþykktum.

Í öðru lagi er vitað að ítrekað hefur það gerst við skipstrand eða óhapp að útgerðir og skipstjórar hafa veigrað sér við að kalla á eða þiggja aðstoð Landhelgisgæslunnar vegna ákvæða um björgunarlaun og þau ákvæði hafa dregið úr því að þeir sem í háska eru taki ákvörðun um að þiggja aðstoð. Ef útgerðin, í þessu tilviki ríkið sjálft, gerir slíka kvöð til björgunarlauna að hlutverk Gæslunnar er ekki virt, þá er ástæða til endurskoðunar. Þannig má spyrja: Hvaða gjöld vildi Gæslan fá fyrir þjónustu sína við ósa Þjórsár og á grundvelli hvaða laga var sú krafa byggð?

Í þriðja lagi nefni ég, herra forseti, að það hlýtur að vekja margar spurningar sú staðreynd að flestir úr áhöfn Víkartinds, nota bene flestir Filippseyingar, voru sendir pappírslausir úr landi þegar rannsókn á slysinu var rétt að hefjast. Hvað lá á og hverjar eru skýringar á því?

Að lokum, herra forseti, ítreka ég aðdáun mína á stórkostlegum störfum þyrlusveitar og sjómanna Landhelgisgæslunnar.

[13:54]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir samúðarkveðjur til allra þeirra sem um sárt eiga að binda eftir þessi hörmulegu sjóslys sem orðið hafa við Íslandsstrendur. Sjóslys síðustu daga og umræður um öryggismál skipa hafa vakið þjóðina til meðvitundar um hve stutt er á milli lífs og dauða þegar ógnarkraftur hafsins er annars vegar. Þá sjá menn hversu lífsnauðsynlegt það er að ákvarðanir skipstjórnarmanna séu réttar og öll öryggisatriði í lagi.

Björgunarafrek þyrlumanna síðustu daga eru óumdeild og þar fara sannkallaðar hetjur. Ekki má heldur gleyma þeim þætti að það var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem tók ákvörðun um kaup á þyrlunni Líf og fór þar að ráðum okkar færustu sérfræðinga í þessum málum, þ.e. flugstjóra þyrlunnar, Benónýs Ásgrímssonar og Páls Halldórssonar.

Einnig hefur vakið verðskuldaða athygli góður árangur kennslu sjómanna í björgunarskóla sjómanna. Áfallahjálp sem veitt var skipbrotsmönnum af Dísarfelli og fjölskyldum þeirra var einnig til fyrirmyndar og þakkarverð en það skilja ekki aðrir en þeir sem það hafa reynt hvílíkt áfall það er að lenda í sjónum og dvelja þar jafnvel um langan tíma. Þar hangir líf og heilsa á bláþræði og fyrsta hjálp getur verið vendipunktur í þeirri endurhæfingu sem oft er nauðsynleg þegar skipbrotsmenn koma til lands.

Hvernig bregðast á við dómgreindarleysi skipstjórnarmanna eins og á Víkartindi er aftur á móti vandaverk án þess að ábyrgð og skaði lendi á íslenskum stjórnvöldum. Ég tel því nauðsynlegt að ríkisstjórnin skipi nefnd sérfróðra manna í siglingarétti, sjórétti og tryggingamálum svo hægt sé að átta sig á því hvað hægt er að gera til að auka öryggi sjómanna og þeirra sem verða fyrir skaða af strandi skipa og af sokknum skipum.

Það sem snýr að strandi Víkartinds í dag eru afleiðingar þess og að skipið hefur legið á strandstað í heila viku án þess að nokkuð hafi verið gert til að hefta fok á alls kyns varningi. Þar er rusl að dreifast um allar sveitir sem og sandfjörur við Þjórsárósa. Það er mikill skaði hversu seint er gripið inn í þetta umhverfisslys. Það er ekki verjandi.

[13:56]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í öðrum löndum í kringum okkur sem við miðum okkur gjarnan við mundu viðbrögð við slysum af þessu tagi verða þau að þjóðþingin kysu rannsóknarnefndir og nefndir sem jafnframt gerðu tillögur til úrbóta. Ég held í rauninni að þau mál sem við stöndum frammi fyrir séu þess eðlis að skynsamlegast væri að Alþingi Íslendinga kysi sérstaka nefnd til að fjalla um mál af því tagi sem hér er uppi og gera tillögur til úrbóta.

Því miður hafa menn kosið að fara aðrar leiðir yfirleitt hér á landi og sú leið sem menn mundu sennilega fara væri að skipa nefndir á vegum framkvæmdarvaldsins. Ef það verður niðurstaðan, þá er það út af fyrir sig gott og blessað. Það hefur oft verið gert og ég vil þá láta það koma fram sem mína skoðun að ég teldi að slík nefnd og slík rannsókn og slík samstilling kraftanna á vegum framkvæmdarvaldsins ætti að fara fram undir forustu forsrn. Ég tel að þau mál sem hér er um að ræða snerti í rauninni öll ráðuneyti á einn eða annan hátt. Eðlilegt væri að tafarlaust yrði sett niður nefnd til að rannsaka aðdraganda mála, til að gera tillögur, til að skila þeim tillögum til Alþingis, til að tryggja að Alþingi geti tekið ákvarðanir um nauðsynlega fjármögnun á þeim aðgerðum sem á að grípa til. Menn eiga ekki að láta það gerast í málum, eins og þeim sem eru til umræðu, að þingið láti sitja við orðin tóm. Það á að grípa til athafna og það liggur fyrir hverjar þær þurfa að vera, herra forseti.

[13:58]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég tek undir samúðarkveðjur til þeirra sem misst hafa ástvini í sjóslysum undanfarna daga og tek undir fagnaðaróskir til starfsmanna Landhelgisgæslunnar. Hæfni þeirra kemur ekki á óvart.

Þegar dregnar eru saman staðreyndir um skipsskaða við strendur Íslands um nokkurt árabil vakna margar spurningar sem hér hefur verið fjallað um, spurningar um hvort ástæða er til að grípa inn í á öðrum stigum en hefð er fyrir og lög segja fyrir um. Og nefna má allmörg dæmi þar sem vafaatriðin koma upp.

Ég held að draga megi saman tvo þætti málsins og ég vil um leið og ég kem að þeim fagna ummælum hæstv. samgrh. þar sem hann hefur sagt að hann muni kalla til sérfræðinga og hagsmunaaðila til að taka út stöðuna og vinna að því að koma með tillögur ef menn ná saman um slíkt. En líka má minna á í því sambandi að í kjölfar hörmulegs slyss 1984 þegar Hellisey fórst við Vestmannaeyjar, þá var skipuð nefnd þingmanna sem gekk undir nafninu rannsóknarnefnd sjóslysa og var skipuð þingmönnum allra flokka. Sú nefnd skilaði tillögum sem ollu byltingu í björgunaraðgerðum og fyrirbyggjandi aðgerðum við Ísland.

Það eru tveir þættir sem ég tel ástæðu til að skoða sérstaklega í þessu sambandi, annars vegar fyrirbyggjandi aðgerðir, og hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að ástæða sé til að skoða hver sé réttarstaða skipstjórnenda eða stjórnenda yfirleitt þegar upp koma slík slys sem hér um ræðir, og hvort eigi að draga einhverja línu við strendur Íslands þar sem ganga megi inn í að taka við stjórn eða stjórn af viðkomandi aðilum. Ég hygg að 12 mílur sem hér eru nefndar séu allt of langt bil. (Forseti hringir.) Hitt eru viðbrögð á strandstað og ég held, herra forseti, að krefjast verði þess að hreinsun á ströndinni þar sem Víkartindur (Forseti hringir.) liggur hefjist strax og hefði átt að hefjast strax og strandið átti sér stað. Það er hlutur sem stjórnvöld eiga að geta gripið inn í.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil eins og aðrir taka undir samúðaróskir til þeirra sem eiga um sárt að binda eftir þessi hörmulegu sjóslys síðustu daga. Ég vil líka þakka Landhelgisgæslunni fyrir frækileg afrek. Ég vil líka taka undir með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það er alveg á mörkunum að þessi umræða sé tímabær núna þegar sjóprófum er ekki lokið og við vitum ekki að fullu hvað olli þessum slysum.

En það eru ýmis atriði sem vert er að nefna á þessari stundu. Í fyrsta lagi er ljóst að þeir sem hafa farið í gegnum björgunarskóla Slysavarnafélagsins eru miklu betur í undirbúnir ef þeir að lenda í svona slysum heldur en aðrir og það kennir okkur þá lexíu að við eigum ekki að skera við nögl fjárveitingar til þess skóla.

Í öðru lagi hefur björgunarþyrlan sannað sig án nokkurra tvímæla og það kennir okkur þá lexíu að við eigum ekki að skera við nögl fjárveitingar til þess að reka hana líka að sumrinu til en það hafa komið fram hugmyndir um að leggja henni að sumrinu til þess að spara fé. Það er ekki hægt.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt, herra forseti, að ræða aðeins möguleikana á olíumengun. Hér hafa nokkrir hv. þingmenn komið upp og talað um hættuna af alls konar góssi sem fjúki um strendurnar. Ég hef miklu minni áhyggjur af því heldur en af olíunni. Ég velti fyrir mér, herra forseti, það líða fimm dagar áður en hæstv. umhvrh. lætur grípa til aðgerða, þ.e. það líða fimm dagar áður en menn taka að dæla olíunni úr skipinu. Það liggur fyrir að það tekur tvær vikur að dæla olíunni. Það liggur líka fyrir að einn af talsmönnum tryggingafélaganna erlendu segir að eftir tvær vikur sé líklegt að skipið hafi brotnað í spón. Það er eðlilegt að menn spyrji: Hvernig stendur á þessu? Við því hafa ekki fengist nægilega skýr svör í þessari umræðu.

Í fjórða lagi er talað um áfallahjálp. Hvaða áfallahjálp fengu Filippseyingarnir sem líka voru skipbrotsmenn? Þegar þeir óskuðu eftir kaþólskum prestum og þegar farið var með þá var búið að taka þá úr landi. Þeir fengu enga áfallahjálp. Hvernig stendur á því, herra forseti, að þessir menn voru fluttir úr landi áður en sjóprófum var lokið? Það er vert að það komi hér fram að fulltrúi rannsóknarnefndar sjóslysa kvartaði sérstaklega undan því meðan á sjóprófum stóð að þeir hefðu farið áður en prófunum var lokið. Þetta þarf líka að upplýsa, hæstv. forseti.

[14:03]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. umhvrh. að sú nefnd sem ég nefndi í minni ræðu áðan ætti hvorki að fjalla um skipulag né undirbúning aðgerða og samræmingu og þess vegna hefur hún ekki verið kölluð saman enn.

12. mars 1992 svarar þáv. umhvrh., Eiður Guðnason, fyrirspurn frá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem spurði til hvaða ráðstafana hefði verið gripið til að bregðast við umhverfisslysum við strendur landsins. Hún gerði það í framhaldi af þeim atburði sem gerðist á Ströndum sumarið 1991. Þá kom fram hjá þáv. umhvrh. að hann hefði skipað nefnd og hlutverk nefndarinnar væri, eins og segir í erindisbréfi nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Umhvrn. ákvað fyrir nokkru að skipa nefnd sérfróðra manna til að kanna hvernig hagað skuli rannsókn á lífríki þegar mengunaróhöpp, bráðamengun, verður í sjó hér við land." Verkefni nefndarinnar eru síðan talin upp og þau eru þessi:

1. Að koma saman þegar meiri háttar mengunaróhöpp verða eða hætta er á slíku, meta mengunarhættu, skipuleggja rannsóknir á lífríki og leiðbeina um viðbrögð og samræma aðgerðir einstakra stofnana;

2. að meta árangur aðgerða sem gripið er til skv. 1. tölul. að þeim loknum;

3. að gera tillögur til umhvrh. um sérstakar úrbætur og aðgerðir til að mæta umhverfisóhöppum í framtíðinni eftir því sem nefndin telur nauðsynlegt.

Jafnframt segir um hlutverk þessarar nefndar að það sé ætlunin að þessi nefnd sé til staðar, sé eins konar viðbragðsnefnd í viðbragðsstöðu til þess að gera ráðstafanir, annast samræmingu aðgerða og gera tillögur um aðgerðir ef óhapp ber að höndum.

Þetta er ótvírætt hlutverk nefndarinnar. Þessi nefnd er enn til og skipuð sömu mönnum og í henni voru árið 1991. Þess vegna vekur það furðu að nefndin skuli ekki hafa verið kölluð saman strax og strandið á sér stað.

[14:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Menn hafa aðallega lýst yfir áhyggjum sínum af því sem snýr að foki á ströndinni og því rusli sem er vissulega að berast um svæðið núna og að ekki skuli hafa verið brugðist við fyrr og kannski strax í upphafi. Ég skal ekki leggja dóm á að ekki hefði mátt standa eitthvað öðruvísi að því máli, en ég hygg að ástæðan fyrir því hafi þó fyrst og fremst verið sú að þeir sem þarna hafa einkum stjórnað aðgerðum og framvindu mála hafi reynt að leita allra leiða til þess að verjast stærri óhöppum og áföllum eins og ég gat um hér áðan, þ.e. olíumengun og mengun frá hættulegri efnum en þeim sem þarna fjúka aftur og fram. Þó að það sé vissulega alvarleg sjónmengun sem af því verður og rusl sem getur verið lengi að þvælast fyrir því það grefst í sand og kemur síðan upp aftur og veldur í það minnsta angri og óþrifum veldur það þó kannski ekki slysum eða alvarlegri hættu eins og olían getur gert og önnur hættulegri efni.

Auðvitað má segja að það hefði þurft að gerast fyrr en í gær var haldinn fundur með þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli um hin hættulegri efni. Í dag er verið að fjalla um þetta rusl sem nú berst um ströndina og hvernig að hreinsun verði staðið og ég geri ráð fyrir að á því finnist ásættanleg niðurstaða hvernig þar verði staðið að málum og kostnaðargreiðslu við þá hreinsun.

Svo aðeins, hæstv. forseti, út af þessum atriðum með nefndina sem hér hefur verið vitnað til og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las upp úr svari hæstv. fyrrv. umhvrh. Það er ljóst að nefndinni er fyrst og fremst ætlað að fjalla um mengunaróhöpp, þ.e. það sem við mundum telja stærri slys eins og með olíuna og slíka hluti en á að koma saman, eins og hér kom rétt fram í tilvitnun hv. þm. í svar hæstv. fyrrv. ráðherra, þegar hætta er á slíkri mengun. Ég vil láta það koma fram að það hefur verið samráð á milli nefndarmanna. Davíð Egilsson, sem er forustumaður mengunarvarna sjávar hjá Hollustuvernd ríkisins, hefur átt viðræður við formann þessarar margumræddu nefndar um hvernig hún kom að málinu. Þar sem talið var að málin væru undir handleiðslu og eðlilegri stjórn Hollustuverndarinnar var ekki talin ástæða að nefndin yrði kölluð saman af hálfu formannsins og deildarstjóra mengunarvarnar sjávar hjá Hollustuverndinni, en hún mun að sjálfsögðu fylgjast með málinu og veita upplýsingar um það hvernig við verður brugðist eftir því sem framvindan verður eins og gert er ráð fyrir í hennar skipunarbréfi.

[14:09]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Austurl., áðan vil ég ítreka það, sem raunar kom fram við fyrirspurn á sl. vori í sambandi við hvaða ráðstafanir séu líklegar til þess að draga úr líkum á strandi eða öðrum áföllum sem leitt geti til stórfelldrar mengunar vegna olíuflutninga við strendur landsins, að þá var starfandi um þetta samstarfshópur sem í áttu sæti fulltrúar opinberra stofnana eins og Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslu ásamt hagsmunaaðilum. Hinar opinberu stofnanir náðu saman um tillögur en á hinn bóginn voru hagsmunaaðilar ekki sammála um þau úrræði og niðurstaðan varð sú að áfram yrði unnið á þessum grundvelli.

Eins og ég sagði í ræðu minni fyrr í dag hef ég ákveðið að þessi hópur skuli taka til starfa á nýjan leik. Þeir menn sem skipuðu þann hóp voru á öndverðum þessum vetri að vinna að álitsgerð um öryggi fiskiskipa þannig að þeim vannst ekki tími til þess að fara í önnur verk á meðan en þessi mál hef ég þegar tekið upp við Siglingastofnun og mun bréflega óska eftir því að flutningafyrirtæki, olíufélög og tryggingafélög komi að þessu máli.

[14:10]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Umræða þessi fer fram í skugga þess að sjómenn hafa farist við Íslandsstrendur og m.a. við björgun Víkartinds. Samúð okkar allra er með aðstandendum þeirra sem hafa orðið fyrir þessum þungu áföllum.

Ég vil þakka hæstv. forsrh. og öðrum ráðherrum sem hér hafa veitt svör og þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls. Aðalatriði framhaldsins er það að Alþingi og ríkisstjórn bregðist við því sem orðið er og kanni hvernig megi nýta ýtrustu heimildir alþjóðalaga til þess að verja íslenska hagsmuni, bæði hvað varðar umhverfismál og atvinnulíf en ekki síst að lífi íslenskra sjómanna sé ekki teflt í tvísýnu.

Ég hvet Alþingi og ríkisstjórn til þess að efla viðbúnað og setja skýra áætlun um viðbrögð við sérstaka mengunarhættu sem gæti orðið jafnstórfelld og lýst hefur verið með nokkrum orðum í umræðunni.

Þessi umræða sem hér var til stofnað með þeim spurningum sem ég setti fram varðaði ekki neitt af því sem að sjórétti snýr eða yfirheyrslum sem nú kunna að standa yfir heldur setti ég fram málefnalega afstöðu í spurningum mínum, spurningum sem varða löggjafarstarf og löggjafarhlutverk þingsins sem við sem hér erum getum ekki skorast undan. Þess vegna vísa ég á bug þeim ummælum sem hafa komið fram hjá nokkrum þingmönnum og læt það koma fram að ég tel það tvískinnung að gagnrýna það að ég fór fram á þessa umræðu, sérstaklega með tilliti til þess að sumir þessara manna fóru þess á leit við forseta að umræðan færi fram enda þótt þeir væru ekki málshefjendur.

Umhvn. fór á strandstað í gær og okkur er ljóst eftir þá skoðun að aðgerða er þörf. Ég hvet ríkisstjórn og Alþingi til aðgerða.

[14:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að ræða þessi mál hér. Þeir sem með störfum þingsins fylgjast telja það vafalítið óeðlilegt ef þingið hefði ekki látið málið til sín taka með þeim hætti að taka það á dagskrá sína og ræða það. Hins vegar er ljóst að það er viss hætta á því að svör sem gefin eru verði fremur yfirborðsleg við umræðu eins og þessa. Ég tek því undir þau sjónarmið að skynsamlegt sé að skila þinginu ítarlegri skýrslu um málið þegar niðurstöður liggja fyrir um það.

Það er hætt við því að í tilfinningahitanum kunni menn að varpa hér fram, ráðherrar sem aðrir hv. þingmenn, nokkuð

vanhugsuðum athugasemdum og spurningum og er ekkert við því að segja. Það er fullkomlega eðlilegt en það er hætt við þegar málin verða skoðuð í meiri ró, við aðrar aðstæður, þá kynni niðurstaðan að verða önnur en hér. Við höfum um það rætt að setja reglur sem væru sérislenskar reglur og tækju ekki mið af alþjóðlegum reglum og venjum sem gilda um skipsferðir og forræði skipstjóra á skipi sínu. Ég tel hætt við að það yrði afar flókið að setja slíkar reglur og þær yrðu til þess fallnar að skapa rugling. Hvernig á skipstjóri sem siglir um heimsins höf að vita að þá fyrst þegar hann kemur í námunda við Íslandsstrendur gildi aðrar reglu heldur en gilda almennt og að alþjóðalögum og alþjóðasamningum um slíkar ferðir? Hvenær á sú ábyrgð að færast af hálfu skipstjóra skips yfir til skipherra Landhelgisgæslu? Hversu nálægt þurfa landhelgisgæsluskipin að vera komin að slysstað til að geta metið það betur en skipstjórinn o.s.frv. Oftast nær kemur skipherra Landhelgisgæslunnar og skip hans ekki á vettvang fyrr en eftir að hann hefur verið boðaður til slíkra aðgerða. Það er tilviljun að skipið kemur fyrr.

Annað sem er líka þýðingarmikið í þessari umræðu er að ekkert bendir til þess að Landhelgisgæslan hafi haft uppi einhverjar óeðlilegar kröfur eða nokkrar kröfur í sjálfu sér umfram það sem almennt er í gildi um björgunarlaun. Það liggur þegar fyrir í málinu að varðskipið hætti sér inn í brimgarðinn í ofsaveðri án nokkurrar athugasemdar eða beiðni um björgunarlaun og var þar í námunda við skipið við mjög óhugnanlegar aðstæður svo ekki sé meira sagt. En ég tek undir það sem hér hefur verið nefnt að það er skynsamlegt fyrir þingið að fá um þetta ítarlega skýrslu þegar mál liggja ljósar fyrir en nú er og dómstólar hafa farið með sitt hlutverk í málinu.

[14:16]

Útbýting þingskjals:

Áhrif breytinga á ríkisviðskiptabönkunum, 426. mál, fsp. JóhS og GÁS, þskj. 730.

Athugasemd um útbýtingu þingskjals.

[14:16]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Útbýtt er á fundinum þskj. 730, Áhrif breytinga á ríkisviðskiptabönkunum, fsp., flm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðmundur Árni Stefánsson.

Forseti vill taka fram að fyrirspurn þessari er útbýtt samkvæmt 2. mgr. 49. gr. þingskapa að ósk fyrirspyrjanda, en forseti synjaði fsp. Atkvæðagreiðsla um fsp. fer fram á næsta fundi, á morgun.

Aðgerðir til að draga úr ofbeldisdýrkun, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og SJóh, 298. mál. — Þskj. 554.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Kynslóðareikningar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 299. mál. — Þskj. 555.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 346. mál (yfirstjórn). — Þskj. 618, nál. 712.

[14:20]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. á þskj. 712.

Nefndin hefur fjallað um 346. mál, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, Bergstein Gizurarson brunamálastjóra og Guðmund V. Óskarsson frá Landssambandi slökkviliðsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að mál er varða brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins, flytjist frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með einni breytingu en vegna mistaka við vinnslu var orðinu félagsmálaráðherra í 2. málsl. 11. gr. ekki breytt.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Jón Kristjánsson, Hjálmar Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Svanhildur Kaaber, Kristján Pálsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KH, LMR, LB, MagnA, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, SvÁ, SK, VS, ÖS.

4 þm. (HG, MF, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HÁs, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KH, LMR, LB, MagnA, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, SvÁ, SK, VS, ÖS.

4 þm. (HG, MF, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HÁs, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 712 (ný 4. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KH, LMR, LB, MagnA, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, SvÁ, SK, SvG, VS, ÖS.

3 þm. (HG, MF, SJS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HÁs, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KH, LMR, LB, MagnA, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SP, SvÁ, SK, VS, ÖS.
3 þm. (HG, MF, SJS) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HÁs, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 218. mál (EES-reglur). — Þskj. 725.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JGS, JBH, KÁ, KH, LMR, LB, MagnA, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SP, SJS, SvÁ, SK, SvG, VS, ÖS.
25 þm. (ÁRÁ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GMS, HÁs, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 737).

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706.

[14:26]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 11. mars 1997:

„Með vísan til 3. mgr. 55. gr. laga um þingsköp Alþingis leyfi ég mér að óska eftir því fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra að umræðutími við 1. umr. um frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands verði tvöfaldur vegna mikilvægis málsins.

Svavar Gestsson,
formaður þingflokks Alþb. óháðra."

Forseti verður við þeirri beiðni.

[14:26]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 706 sem er 409. mál þingsins, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. er ákveðið að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna þannig að þeir verði reknir sem hlutafélög. Það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að breyta í hlutafélög þeim ríkisfyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði þannig að þau starfi við sömu samkeppnisaðstæður og önnur fyrirtæki.

Á síðustu árum hefur átt sér stað ör þróun á fjármagnsmarkaði. Þannig hefur fjármagnsmarkaðurinn opnast og orðið alþjóðlegri og áherslur í viðskiptum hafa breyst. Þessi þróun er í samræmi við þróun viðskiptaumhverfisins í heild. Samhliða þessu hafa áherslur í fjármálastarfsemi breyst og starfsaðferðir fjármálastofnana sömuleiðis.

Eitt megineinkenni þessara breytinga er að hefðbundin flokkun fjármálastarfsemi hefur riðlast. Í því felst m.a. að hinar rótgrónu og hefðbundnu fjármálastofnanir standa nú frammi fyrir samkeppni nýrra aðila, svo sem fyrirtækja í verðbréfaþjónustu, lífeyrissjóða o.fl. Sú þróun hefur leitt til aukinna krafna um jafna samkeppnisstöðu.

Þetta hefur beint athyglinni að aðstöðumun fjármálastofnana í ríkiseigu og annarra aðila á fjármagnsmarkaði. Sá munur er fjármálastofnunum í ríkiseigu bæði í hag og óhag. Kostir geta verið því samfara að njóta ríkisábyrgðar og verndar ríkisins. Á hinn bóginn hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að svigrúm stofnana í eigu ríkisins til að bregðast við aukinni samkeppni er oft á tíðum lítið.

Á grundvelli samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði hefur löggjöf um fjármálastofnanir og fjármálastarfsemi verið aðlöguð reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og löggjöf á þessu sviði tekið stakkaskiptum. Kröfur um eðlileg samkeppnisskilyrði eiga sér stoð í EES-samningnum og Eftirlitsstofnun EFTA hefur nú um nokkurt skeið þrýst á um úrbætur að því er rekstur ríkisviðskiptabankanna hér á landi varðar.

Í nýrri skýrslu World Economic Forum um alþjóðlega samkeppnisstöðu eru efnahagslegur styrkleiki, stjórnsýsla, stjórnun fyrirtækja, vísindi og tækni, innviðir hagkerfisins og fjármagnsmarkaður borin saman og þjóðum gefnar einkunnir fyrir frammistöðu á hverju sviði fyrir sig og samkeppnishæfni þjóða þannig borin saman.

Í skýrslunni er Ísland talið vera í 25. sæti af 46 ríkjum. Við erum sem sagt um miðjan hóp ríkustu þjóða veraldar. Það getur ekki talist viðunandi. Ef aðeins er tekið mið af stöðu á fjármagnsmarkaði erum við hins vegar í 32. sæti af 46 ríkjum. Staða fjármagnsmarkaðar er samkvæmt því ein af helstu veikleikum íslensks efnahags og atvinnulífs. Það er áhyggjuefni hve Ísland kemur illa út úr þessum samanburði og ljóst að það tekur langan tíma að snúa þessu við.

Í þessu sambandi er hins vegar vert að hugleiða stöðu ríkisins á íslenskum fjármagnsmarkaði. Tveir af þremur starfandi viðskiptabönkum eru ríkisviðskiptabankar og í annarri fjármálaþjónustu er ríkið mjög umfangsmikið og í fjárfestingarlánastarfseminni allsráðandi.

Með hliðsjón af þeim atriðum sem ég hef áður nefnt er nauðsynlegt að skilgreina að nýju hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði. Meginhlutverk þess verður jafnan að tryggja að til staðar séu reglur um starfsemi á þessu sviði og að reglunum sé fylgt. Jafnframt kann á hverjum tíma að vera

nauðsynlegt að ríkið hlutist til um fjármálastarfsemi sem nauðsynleg er til að efla atvinnulíf og tryggja þjóðfélaginu ákveðin lífsgæði. Hins vegar hníga ýmis rök að því að láta beri öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir til að annast með eðlilegum hætti. Sem dæmi um slíka starfsemi má nefna viðskiptabankastarfsemi, verðbréfaþjónustu ýmiss konar, hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi og fleira. Sem dæmi um svið þar sem ríkið hefur enn mikilvægu hlutverki að gegna samkvæmt þessu má nefna fjárfestingarþjónustu eins og verkefnafjármögnun og beina áhættufjármögnun.

Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi. Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Einn meginkostur þess er að hlutafélög geta styrkt eiginfjárstöðu sína með útboði á hlutafé. Með þeim hætti geta hlutafélög einnig styrkt samkeppnisstöðu sína.

Með frumvarpinu, sem hér er lagt fram, eru stigin skref í þá átt sem að framan er lýst. Samhliða þessu frv. hef ég lagt fram frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Frumvörpin tvö fela í sér umfangsmiklar breytingar á sjóðakerfi atvinnuveganna. Með þessum breytingum eru boðaðar róttækustu og umfangsmestu skipulags- og hagræðingaraðgerðir sem gerðar hafa verið á íslenskum fjármagnsmarkaði. Megintilgangur aðgerðanna er að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum.

Tilgangur þessa frv. er þríþættur: Í fyrsta lagi að jafna samkeppnisaðstæður á íslenskum fjármagnsmarkaði. Í öðru lagi að treysta samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja. Í þriðja lagi að auka samkeppni á markaðnum og þannig auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja og stofnana á þessu sviði sem skilar sér í betri og ódýrari þjónustu til viðskiptavinanna.

Meginefni frv. er eftirfarandi:

1. Hlutafélagsbankarnir taki við öllum eignum, réttindum, skuldum og skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna, þar með töldum skattaréttarlegum réttindum og skyldum.

2. Ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna sem stofnað er til áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af hlutafélagsbönkunum. Þó fellur niður ríkisábyrgð á innlánum öðrum en bundnum innlánum.

3. Ríkissjóður beri ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum ríkisviðskiptabankanna eins og þær eru við formbreytinguna og eins og um semst að öðru leyti.

4. Viðskiptaráðherra fari með hlut ríkissjóðs í hlutafélagsbönkunum. Það þýðir m.a. að hann mun fara með atkvæði ríkissjóðs við kosningu í bankaráð hlutafélagsbankanna.

5. Gert er ráð fyrir að sérstakar nefndir verði skipaðar til að annast undirbúning vegna stofnunar hlutafélaga um hvorn ríkisviðskiptabanka. Þær starfi í umboði viðskiptaráðherra og í samráði við hvorn banka fyrir sig. Þá er gert ráð fyrir að sérstök nefnd verði skipuð til að aðstoða við mat á heildarupphæð stofnhlutafjár.

6. Allir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna sem taka laun samkvæmt kjarasamningum SÍB og kjarasamningum annarra stéttarfélaga eigi kost á sambærilegu starfi hjá viðkomandi hlutafélagsbanka við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Starfsmaður njóti þá sömu réttinda og hann hafði samkvæmt kjarasamningum og/eða ráðningarsamningum. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, gildi ákvæði nýsettra laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að óheimilt verði að að selja eignarhluti ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., nema með samþykki Alþingis. Þannig er beinlínis tekið fram í 6. gr. frumvarpsins að hlutafé í eigu ríkissjóðs í bönkunum tveimur verði ekki selt, nema með samþykki Alþingis. Það er mat ríkisstjórnarinnar að tryggja verði hlutafélagabönkunum nokkurn tíma til að sanna að þeir njóti sama trausts og fyrirrennarar þeirra. Þau sjónarmið hafa komið fram að óvissa um eignarhald hlutafélagsbankanna geti leitt til þess að þeir eigi erfiðara með að ná hagstæðum kjörum í lánasamningum við erlenda lánveitendur. Til að tryggja festu í rekstri hlutafélagabankanna er miðað við að ríkissjóður selji ekki hlutabréf sín í þeim fyrstu fjögur rekstrarár þeirra. Hins vegar er gert ráð fyrir að ráðherra getið heimilað útboð á nýju hlutafé í hlutafélagsbönkunum. Með þessum hætti er mögulegt að styrkja eiginfjárstöðu bankanna án þess að leita til ríkissjóðs, jafnframt því sem utanaðkomandi aðilum gefst færi á að eignast hlut í þeim. Hlutafjárútboð af þessu tagi ætti einnig að leiða til þess að virði bankanna verði ljósara. Í þessu sambandi verður og að hafa í huga að reglur um hámark lána og ábyrgða viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana mega áhættuskuldbindinganna vegna, einstakra viðskiptamanna og fjárhagslega tengdra aðila ekki fara yfir 25% af eigin fé lánastofnunar frá og með 31. desember 2001. Útboð á hlutafé eru sett þau takmörk að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig. Í því felst takmörkun á heimildum til hlutafjárútboðs en ekki vísbending um að selja eigi upp á þá heimild þegar í stað. Þegar til sölu á hlutabréfum í hlutafélagsbönkunum kemur er það mat ríkisstjórnarinnar að allir aðilar í landinu eigi að hafa rétt til að eignast eignarhlut í bönkunum. Jafnframt beri að stefna að dreifðri eignaraðild. Rétt er að huga að því hvernig veita megi starfsmönnum bankanna aukinn rétt eða aðgang að kaupum á hlutafé.

Það er ætlun mín að staða viðskiptamanna í hlutafélagsbönkunum verði tryggð og að hagsmunir þeirra skerðist ekki við breytinguna. Á það við um almenna viðskiptavini og innlánseigendur bankanna, svo og erlenda lánardrottna. Má nefna nokkur atriði sem tryggja eiga að hagsmunir þessara aðila skerðist ekki. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð haldist á skuldbindingum sem til eru orðnar fyrir yfirtöku ríkisviðskiptabankanna á hlutafélagsbönkunum. Þetta á þó ekki við um almenn innlán, en bundnar innstæður sem lagðar hafa verið inn fyrir yfirtökuna verða með ríkisábyrgð út binditímann. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hlutafélagsbankarnir verði fyrst um sinn í eigu ríkissjóðs að meiri hluta. Í þriðja lagi er lagt til að ráðherra geti heimilað útboð á nýju hlutafé. Með því gefst færi á að styrkja eiginfjárstöðu bankanna og tryggja enn betur stöðu viðskiptamanna þeirra auk þess sem nýjum aðilum, þar með talið viðskiptamönnum, gefst færi á að eignast eignarhlut í bönkunum.

Frumvarpið miðar að því að sem minnst röskun verði á starfshögum almennra starfsmanna við breytinguna. Gert er ráð fyrir að almennir starfsmenn ríkisviðskiptabankanna fái sambærilegt starf í hlutafélagsbönkunum við breytinguna. Í því felst að þeir haldi réttindum samkvæmt kjarasamning-

um og/eða ráðningarsamningum. Þá er ekki gert ráð fyrir breytingum á lögbundnum réttindum umfram það sem almennt fylgir breytingu sem þessari lögum samkvæmt. Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum, fer samkvæmt lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þau lög byggja á stefnu ríkisstjórnarinnar í starfsmannamálum ríkisins sem m.a. miðar að því að gera réttarstöðu opinberra starfsmanna sem líkasta réttarstöðu starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Bankastjórum og öðrum helstu stjórnendum bankanna eru ekki tryggð störf með sama hætti.

Nauðsynlegt þykir að tryggja nýjum hlutafélagabönkum nokkurt svigrúm til að gera breytingar á innra skipulagi bankanna með það fyrir augum að gera skipulag á yfirstjórn þeirra skýrara.

Á undanförnum mánuðum hefur endurskoðun lífeyrismála verið til umfjöllunar innan bankanna og liggja nú fyrir drög að nýjum reglugerðum fyrir eftirlaunasjóð starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og eftirlaunasjóð Búnaðarbanka Íslands. Ekki er ljóst á þessari stundu hvernig þessum áformum mun lykta. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir almennu ákvæði þess efnis að ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingu ríkisviðskiptabankanna gagnvart eftirlaunasjóðum vegna starfsmanna bankanna í samræmi við reglugerðir sem gilda þegar rekstur þeirra er yfirtekinn af hlutafélagsbönkunum en jafnframt að heimilt sé að semja um annað eftir það tímamark. Ákvæðið er í samræmi við 12. gr. frv. þar sem kveðið er á um ábyrgð ríkissjóðs á innlendum og erlendum skuldbindingum. Það ræðst af þróun þessara mála nú á næstu vikum hvernig ákvæði frv. um lífeyrismál verður endanlega hagað. Í því efni verður að huga að því að skýra sem best lífeyrisréttindi starfsmanna og skuldbindingar ríkissjóðs og hlutafélagsbankanna. Vonast ég til að eiga um það gott samstarf við Alþingi.

Gert er ráð fyrir að hlutafélagabankarnir taki við rekstri og starfsemi ríkisviðskiptabankanna 1. janúar 1998. Á sama degi skulu ríkisviðskiptabankarnir lagðir niður. Við undirbúning málsins hefur verið hugað að ýmsum leiðum við framkvæmd formbreytingarinnar. Niðurstaðan varð sú að leggja til að kveðið verði á um sérstakar undirbúningsnefndir fyrir hvorn banka sem verði fengið það verkefni að undirbúa stofnun hlutafélagsbankanna og grípa til nauðsynlegra aðgerða vegna breytinganna. Nefndunum verði falið að annast undirbúning löggerninga er varða stofnun hlutafélagsbankanna og fyrirhugaða starfsrækslu þeirra. Gert er ráð fyrir að nefndirnar starfi í umboði viðskrh. og í samráði við viðkomandi ríkisviðskiptabanka. Nánar er vikið að því í athugasemdum með frv. í hverju verkefni nefndarinnar geta falist. Með þessu tel ég að best verði tryggt samstarf þeirra aðila sem eðli máls samkvæmt koma að þessum breytingum. Rétt er hins vegar að leggja áherslu á að umræddum nefndum er ekki ætlað að skerða lögbundið valdsvið bankastjórna og bankaráða ríkisviðskiptabankanna. Staðfestingareða ákvörðunarvald vegna þeirra löggerninga sem nefndunum er ætlað að útbúa er í höndum þar til bærra bankaráða og eftir atvikum bankastjóra eða bankastjórna lögum samkvæmt.

Með því frv. sem ég mæli nú fyrir standa vonir til að hrint verði í framkvæmd áformum um breytingar sem verið hafa á stefnuskrá ríkisstjórna hin síðari ár. Með því verður létt af þessum stofnunum óvissu sem eflaust hefur um nokkurt skeið íþyngt starfsemi þeirra. Mikilvægt er því að vel takist til um vinnslu frv. og framkvæmd málsins ef frv. verður að lögum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

[14:44]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Skv. 6. gr. þessa stjfrv. fær hæstv. viðskrh. opnar og óskilgreindar heimildir til þess að leita á hlutabréfamarkað eftir viðbótarhlutafé allt að 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanum um sig. Ég tel gagnlegt áður en umræða um þetta stóra mál hefst að hæstv. ráðherra svari því hvernig á því stendur að ekkert segir í frv. um það með hvaða hætti þetta skuli gert. Hvergi er vikið einu orði að þeirri aðferðafræði þrátt fyrir að í skýringum og greinargerð segi í látlausri setningu: „Jafnframt beri að stefna að dreifðri eignaraðild." Veikara gat það nú ekki verið. „... beri að stefna að" og það er í grg. En í lagatextanum sjálfum og í ræðu hæstv. ráðherra var ekki vikið að þessu einu einasta orði. En þetta er kjarni þess máls sem við erum hér að ræða um. Þá er ég fyrst og fremst að vísa til þess að viðvörunarorðin í þessu máli eru auðvitað ekki um það að breyta bönkunum í hlutafélagsform. Þau eru spurningin um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst standa við þessa litlu yfirlýsingu um að við þá breytingu sem þegar er tekin ákvörðun um að fara út í, að leita út á markaðinn, að þá skuli það tryggt að þetta verði ekki selt á undirverði og að það verði tryggt að yfirráðin yfir þessum bönkum komist ekki í hendur tiltölulega fárra stórra fyrirtækja sem gætu eftir atvikum fengið þau á undirprís. Ég vísa til reynslunnar, herra forseti, ég vísa til reynslunnar hjá öðrum þjóðum og ég undrast að um þetta aðalatriði málsins skuli ekki sagt eitt einasta orð.

[14:46]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni um að ekki komi fram í frv. eitt einasta orð um dreifða eignaraðild. Það er hins vegar rétt að gert er ráð fyrir því að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkisins geti ekki orðið til að byrja með meiri en 35%. Þetta er fyrst og fremst til þess að tryggja það að með hlutafjáraukningunni sé ekki hægt að auka hlutafé það mikið að ríkið geti lent í minni hluta í viðkomandi hlutafélagi. Fyrst og fremst er þetta varúðarráðstöfun sem þarna er sett fram og 35% eru í sjálfu sér engin sérstök vísindi. Það er sú tala sem menn komust að samkomulagi um að rétt væri að setja inn. En í grg. frv. er skýr stefnuyfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig að þessu skuli staðið án þess að það sé bundið nákvæmlega í greinum frv. Með leyfi forseta, stendur á bls. 8, 4. hluta grg. um breytingar á eignarhaldi: „Þegar til sölu á hlutabréfum í hlutafélagsbönkunum kemur er það mat ríkisstjórnarinnar að allir aðilar í landinu eigi að hafa rétt til að eignast eignarhlut í bönkunum. Jafnframt beri að stefna að dreifðri eignaraðild. Rétt er að huga að því hvernig veita megi starfsmönnum bankanna aukinn rétt eða aðgang að kaupum á hlutafé."

Þetta er skýr stefnuyfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar og hlýtur þá að leiða til þess þegar að framkvæmd málsins kemur, sem hv. þm. spurði um hver yrði, að þetta verður haft í huga.

[14:48]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að ég lýsi eindregnum vonbrigðum mínum yfir þessum svörum hæstv. ráðherra. Þau eru gjörsamlega ófullnægjandi. Það er hins vegar ástæða til þess að spyrja alveg sérstaklega í tilefni af ráðstefnu á vegum ríkisstjórnar um einkavæðingu að þá segir í tilvitnum í hæstv. forsrh.: „Einkaaðilar eignist 49% í ríkisbönkum." Það vekur athygli að talan 49% hefur breyst á seinustu stundu í 35% þó það skipti nú kannski engum sköpum. Eitthvað hefur átt sér stað bak við tjöldin í sambúð stjórnarflokkanna í aðdraganda að þessum breytingum og hvort það hefur dugað til þess að berja niður þekkta andstöðu innan þingflokks Framsfl. skal ósagt látið. En ég vil minna hæstv. ráðherra á annað. Það dugar ekki að vísa í almennar stefnuyfirlýsingar. Við erum hér að tala um lagafrv. Ég minni hæstv. ráðherra á það að samkvæmt samkeppnislögum og skýrslu sem fram var lögð á Alþingi af fyrirrennara hæstv. ráðherra, þáv. viðskrh. Sighvati Björgvinssyni, er lögð sérstök áhersla á að kanna beri stjórnunar- og eignatengsl, hringamyndun og valdasamþjöppun í íslenskum fyrirtækjastrúktúr. Og það er vakin athygli á því að á sérstökum sviðum, eins og sviði trygginga, olíuverslunar, flutninga, útflutnings sjávarfangs, ferðaþjónustu og viðskiptum, hafa myndast hér fyrirtækjablokkir. Ef menn óttast það fyrst og fremst í sambandi við þá sjálfsögðu framkvæmd að breyta bönkum í hlutafélög að það kunni, ef illa er á málum haldið, að leiða til skerðingar á samkeppni, enn meiri samþjöppunar eigna, enn nánari vensla tiltölulega fárra stórra fyrirtækja, þá ber hæstv. ríkisstjórn sem vill beita sér fyrir slíku máli (Forseti hringir.) að leggja fram skýran lagatexta um það, með aðferðafræði um það hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst koma í veg fyrir það og framfylgja stefnuyfirlýsingu sinni sem er loðin og einskis virði eins og hún er.

[14:50]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem fram kom í Morgunblaðinu og var vitnað í er allt saman hárrétt. Því með þeirri breytingu að opna hlutafélögin, sem verða til að byrja með í eigu ríkisins, þannig að einstaklingar og einkaaðilar geti eignast samanlagt allt að 35% af hlutafé í viðkomandi stofnun er verið að opna fyrir nýja aðila, einkaaðila, til að koma inn í bankakerfið.

Að því er hv. þm. vitnaði í skýrslu frá fyrrv. hæstv. viðskrh. um eignatengslin þá er það rétt. Sú skýrsla var unnin á vegum Samkeppnisstofnunar. Með hana hefur ekki neitt verið gert hvorki í tíð núv. viðskrh. né tíð fyrrv. viðskrh. Hún hefur legið sem merkilegt plagg, engu að síður, í viðskrn. En það er stefnuyfirlýsingin sem skiptir höfuðmáli sem fram kemur í því frv. sem hér er búið að mæla fyrir, að það er stefnt að dreifðri eignaraðild og hlutafjáraukningin verður í höndum ríkisstjórnarinnar. Þar verður farið eftir þeirri stefnuyfirlýsingu sem gefin er í viðkomandi lagafrv.

[14:52]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Í ljósi þess að þetta frv. er fram borið af hæstv. viðskrh. Framsfl. og er stjfrv. í helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsfl. þá þykir mér rétt að byrja þessa umræðu með því að rifja upp svolítið söguna af samstarfi þessara flokka á landamærum hins pólitíska og hins viðskiptalega valds í þjóðfélaginu. Það er ekki örgrannt um að ég haldi að hæstv. viðskrh. veiti ekkert af því að fá þá sögu aðeins rifjaða upp í upphafi umræðunnar, reyndar verðum við að gera hlé á henni, að sögn hæstv. forseta, klukkan fjögur vegna áríðandi utandagsskrárumræðu um hlut ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum, þ.e. að því er varðar skattatillögur hennar.

Ég ætla að byrja á því að rifja upp, virðulegi forseti, að hér á hinu háa Alþingi gerðist það í marsmánuði árið 1936 að kjörnir voru tveir fulltrúar af Alþingi í bankaráð Landsbankans. Þessi saga er rifjuð upp í merku söguriti Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings, þriggja binda verki hans um hinn mikla stjórnmálaleiðtoga Framsfl., Jónas frá Hriflu. Í þessum kosningum voru tveir menn kosnir í bankaráðið. Annar var Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Framsfl. Hinn var Ólafur Thors, formaður Sjálfstfl. Fyrir sat Jón Árnason, framkvæmdastjóri SÍS, og reyndar einn í viðbót, Helgi Bergs, forstjóri Sláturfélags Suðurlands. Síðan segir í þessu söguriti um SÍS og Kveldúlf, fyrirtæki Ólafs Thors: „Samanlagt skulduðu þessi fyrirtæki bankanum um 6 millj. kr. sem var nærri tvöfalt stofnfé hans." Enn fremur segir í þessari sagnfræði: „Á því herrans ári 1936 voru því fjórir af fimm bankaráðsmönnum langstærsta banka landsins fulltrúar þeirra þriggja fyrirtækja sem skulduðu einna mest í bankanum." Í nánari umfjöllun um þetta segir höfundurinn: „Á þeim degi gerðust þeir Heródes og Pílatus vinir" — og ályktar með eftirfarandi orðum: „Með kosningu Jónasar frá Hriflu, formanns Framsóknarflokksins, og Ólafs Thors, formanns Sjálfstæðisflokksins, í bankaráð Landsbankans 27. mars 1936 urðu þáttaskil í íslenskum stjórnmálum. Þar var stigið skref í átt til þess að þessir tveir stærstu flokkar landsins gætu starfað saman en grundvöllurinn var sameiginlegir hagsmunir í atvinnurekstri."

Höfundur þessara orða, umræddur sagnfræðingur, fylgdi þessari könnun sinni eftir með sérstakri grein um pólitíska stjórnun Landsbankans sem birtist árið 1994 í tímaritinu Heimsmynd. Þar rekur hann þær staðreyndir að þessir tveir flokkar allt frá árunum 1917–1920 börðust um pólitískt forræði í Landsbankanum og náðu að lokum hinu endanlega samkomulagi um helmingaskiptin eins og áður er lýst. Forustumönnum Framsfl. á þeirri tíð var vel ljóst hvað væri í húfi. Eftir að hafa rakið það hvernig Framsfl. náði þessari aðstöðu á árunum 1917–1920 segir höfundurinn á þessa leið: „Í raun og veru var um yfirtöku á Landsbankanum að ræða og næstu 70 árin var hann nánast rekin sem einkabanki Sambands íslenskra samvinnumanna." Jafnfram segir, með leyfi forseta: „Samhengið milli uppgangs Sambands íslenskra samvinnufélaga og kaupfélaganna annars vegar og ítakanna í Landsbankanum hins vegar var engum ljósara en framsóknarmönnum sjálfum. Jónas frá Hriflu sagði orðrétt á miðstjórnarfundi í Framsóknarflokknum árið 1942: „Framsóknarflokkurinn hefur skapað Landsbankann. Landsbankinn hefur skapað vöxt samvinnufélaganna. Það hefur haft þá þýðingu að komið hafa upp kaupfélög við hverja höfn.""

Í framhaldi af þessu rekur höfundur þessarar greinar að frá og með valdatökunni 1920 hafa allir bankastjórar Framsfl. til þessa dags verið fyrrverandi forstjórar SÍS eða forstjórar í KEA og telur upp Magnús Sigurðsson, Jón Árnason, Vilhjálm Þór, Svanbjörn Frímannsson, Helga Bergs, Val Arnþórsson. Loks má þess geta að í samtímanum eiga þessi sömu fyrirtæki sem áður stóðu að SÍS sinn fulltrúa.

Með samkomulaginu sem gert var á Alþingi um að skipta völdum í þessum banka milli annars vegar SÍS og hins

vegar einkarekstursins í landinu, þá undir forustu Kvelduúlfs og formanns Sjálfstfl., hefur þessi banki síðan verið helmingaskiptabanki þótt fleiri hafi komið þar við sögu sem bankastjórar. En þarna er kannski dæmið um hið raunverulega samspil annars vegar hins ríkisrekna bankakerfis og pólitískra hagsmuna flokka sem byggja fylgi sitt fyrst og fremst á þjónustu við atvinnurekstrarhagsmuni. Það er til þessarar sögu sem við tölum um helmingaskiptastjórnir. Næsta vers í þeim sálmi er náttúrlega að rekja það í örfáum orðum hver árangurinn eða hver niðurstaðan hefur verið, hver reynsla íslensku þjóðarinnar hefur verið af því að reka fjármálakerfi sitt, nánast þjóðbanka sinn, með þessum hætti.

Það er fljótsagt, herra forseti, að reynslan af þessum pólitísku helmingaskiptum í pólitískum ríkisrekstri bankakerfisins hefur verið afar slæm. Niðurstaðan er orðin sú að rekstur banka á Íslandi kosta yfir 13 milljarða kr. á ári. En það er meira en samsvarar rekstri Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur samanlagt. Það kostar álíka að reka bankakerfið og allt menntakerfið að vísu að frátöldum grunnskólunum.

Það er að sjálfsögðu hægt að tíunda fleiri dæmi um þessa reynslu. Við sitjum uppi með ríkisbanka sem eru dýrir í rekstri, sem þrátt fyrir allt hafa skilað lítilli arðsemi, ef við leitum samanburðar við sambærileg fyrirtæki á fjármálamarkaði, hafa getað veitt takmarkaða þjónustu. Við vitum að vaxtamunur er mikill og við vitum að þetta íslenska bankakerfi er rekið með mun hærri vöxtum þrátt fyrir tiltölulega lága verðbólgu og stöðugleika heldur en hefur tíðkast í grannlöndum okkar. Þannig mætti lengi telja. En kannski er stærsta dæmið í þessari sögu það að á hinu langa óðaverðbólgutímabili í íslenskri þjóðarsögu þegar fjármagn var takmarkað, þá gerðist það einfaldlega í gegnum þetta pólitískt stýrða bankakerfi að þeir sem höfðu pólitískan aðgang að kerfinu sættu forgangi að lánum á sama tíma og neikvæðir vextir þýddu að sparnaður almennings brann raunverulega upp áratugum saman. Það að fá lán til fjárfestingar eða ábatasamrar starfsemi sem oftar en ekki var komin undir pólitískri aðstöðu var þannig auðvitað gulls ígildi.

Þessi upprifjun ætti að nægja til þess að draga þá einföldu niðurstöðu að við erum alveg sammála þeirri meginstefnu að það var fyllilega kominn tími til að gera breytingar á þessu kerfi og það var löngu tímabært að gera þær breytingar. Ástæðan fyrir því að það t.d. náðist ekki fram í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, þrátt fyrir miklar umræður og miklar kannanir, var einfaldlega sú að það var pólitískur ágreiningur milli stjórnarflokkanna. Nú er að skilja að ekki sé lengur ágreiningur milli núverandi stjórnarflokka um þessa breytingu. En einmitt vegna þess hvernig að málum er staðið og hvernig þetta frv. er úr garði gert, hvernig það þegir um hin raunverulegu vandamál sem við er að fást í sambandi við þessa nauðsynlegu breytingu, spyr maður sjálfan sig: Er það virkilega svo að Framsfl. hafi í þessu máli algjörlega undirgengist línu Sjálfstfl. og sér hann enga þörf á því, út frá almannahagsmunum, að binda í löggjöfina og taka skýrt fram og afdráttarlaust hvernig menn ætla að tryggja að við förum ekki úr öskunni í eldinn, úr pólitískt miðstýrðu skömmtunarkerfi fjármagns yfir í kerfi sem e.t.v. kann að þýða enn þá meiri valdasamþjöppun tiltölulega fárra en sterkra fjárhagslegra aðila í þjóðfélaginu.

Hæstv. ráðherra svaraði því til þegar ég beindi til hans fyrirspurn áðan undir liðnum andsvörum að ekkert hefði verið gert með skýrslu Samkeppnisstofnunar frá fyrra kjörtímabili sem lögð var fram á Alþingi sem 360. mál í janúar árið 1995. En ég nefndi það til sögunnar einfaldlega vegna þess að samkvæmt samkeppnislögum ber stjórnvöldum að gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna, hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni um hringamyndun, óæskileg tengsl eða valdasamþjöppun sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum. Fyrrv. hæstv. viðskrh. Sighvatur Björgvinsson gegndi að sjálfsögðu þeirri lagaskyldu að láta vinna slíka skýrslu og lagði hana fram hér á hinu háa Alþingi ásamt með útdrætti um helstu niðurstöður. Á bls. 5 í þessari skýrslu þar sem helstu niðurstöður eru raktar er m.a. vakin athygli á eftirfarandi undir lið 4, með leyfi forseta:

„Merki eru um að í atvinnulífinu myndist „blokkir" fyrirtækja þar sem fyrirtæki í „blokk" tengjast eigna- og stjórnunarlega. Stærstu fyrirtækin á sviði tryggínga, olíuverslunar, flutninga, útflutnings sjávarfangs og ferðaþjónustu tengjast með gagnkvæmu eignarhaldi og stjórnunartengsl eru einnig mikil þar sem sömu aðilar sitja í stjórnum þessara fyrirtækja og veita þeim forustu."

Þetta er síðan rakið nánar með því að tíunda helstu svið, bæði á fjármagnsmarkaðnum sjálfum, að því er varðar skyldusöfnun lífeyrisfjár í lífeyrissjóðum, að því er varðar tengsl atvinnuvega og stjórnun í fjárfestingarlánasjóðum, að því er varðar olíufélög, útflutningsstarfsemi, matvöruverslun, flutningastarfsemi, tryggingastarfsemi o.s.frv.

Ég nefni þetta til sögunnar einfaldlega af þessari ástæðu: Ef það er einhver tilgangur, augljós, þarfur og verðugur með þessum frumvörpum, þá er hann eftirfarandi: Að binda endi á pólitíska ráðstjórn í fjármálakerfi þjóðarinnar með því að afnema ríkisrekna banka að fenginni reynslu, en að tryggja með almennum reglum í staðinn að við förum ekki úr öskunni í eldinn, að tryggt verði að þessar breytingar leiði til aukinnar samkeppni á fjármagnsmarkaðnum í þágu almennings og að sýna fram á það sæmilega trúverðuglega að þetta leiði ekki til þess að þau tiltölulega fáu en öflugu fyrirtæki sem hafa mikilla hagsmuna að gæta í íslensku þjóðfélagi fái til þess aðstöðu með tiltölulega ódýrum hætti að tryggja sér forræði, yfirráðarétt, ráðandi rétt á þeim bönkum sem kynnu að verða reistir sem hlutafélagsbankar eftir að þeir hverfa úr eigu ríkisins. Þetta er beinlínis kjarni málsins. Hæstv. ráðherra vék réttilega að því að ýmsar breytingar hefðu átt sér stað á fjármagnsmarkaðnum á undanförnum árum sem m.a. væru til þess að knýja á um þessar breytingar. Það var allt saman satt og rétt. Einkum og sér í lagi í tíð fyrri ríkisstjórnar var margvíslegum slíkum breytingum komið á og reyndar allt frá árinu 1987 og síðar hafa orðið róttækar breytingar á fjármagnsmarkaðnum en stærsta breytingin var að sjálfsögðu EES-samningurinn sjálfur. Hann var, eins og þekktur hagfræðingur, Jónas Á. Haralz, hefur orðað það, smiðshöggið á þessa breytingaþróun vegna þess að hann opnaði einfaldlega fyrir fjármagnsflutninga og gerði íslensku atvinnulífi í raun og veru fræðilega kleift að leita fram hjá íslenskum fjármagnsmarkaði, enda kann að vera ærin ástæða til þess í ljósi þess að íslenskir bankar eru þrátt fyrir allt örfáir. Þeir eru reyndar svo litlir að þeim er um megn að fjármagna atvinnurekstur verulega stórra fyrirtækja. Ef vaxtamunur milli þeirra kjara sem fást á innlendum markaði og erlendum markaði heldur áfram að aukast og er jafnmikill sem raun ber vitni, þá er í alla staði eðlilegt að það gerist líka að öflug fyrirtæki í a.m.k. meiri háttar fjárfestingum og

öðru slíku leiti einfaldlega fram hjá þessu kerfi. Allt er þetta satt og rétt og eru rétt rök fyrir því að breytingarnar eru tímabærar.

Það er einmitt nákvæmlega þess vegna, herra forseti, sem ég og við fleiri jafnaðarmenn sem erum samþykkir þessari breytingu yfir í hlutafélagsformið lýsum vonbrigðum okkar yfir því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu. Þetta frv. er ekki bara um formbreytingu. Það er ekki bara um að hverfa frá ríkisrekstri yfir í hlutafélagarekstur í eigu ríkisins einfaldlega vegna þess, og það er aðalatriði þessa máls, að í þessu frv. er gert ráð fyrir þessari opnu heimild til hæstv. ráðherra um að styrkja stöðu þessa hlutafélagsbanka enn frekar með því að leita út á markaðinn, þó að það sé takmarkað við 35% af stofnhlutafé. Með öðrum orðum, það á að leita út á markaðinn, það á að bjóða öðrum aðilum að taka þátt í þessum rekstri.

Nú geta menn haft skiptar skoðanir á því hversu líklegt er að það þyki kostaboð, þ.e. er líklegt að fjárfestar telji það girnilegt boð að kaupa hlutabréf í banka sem áfram verður að óbreyttu í meirihlutastjórn ríkisins og meðan ekki er vitað nánast eitt eða neitt, því það stendur ekkert um það í þessu frv., hvernig eigi að breyta stjórnskipan og stjórnun þessara banka. Er líklegt að það verði ábatavænlegt? Er líklegt að menn telji þetta góðan bisness? Það er ein spurning.

Önnur spurning er hins vegar sú: Úr því að það á að opna fyrir þetta, þá þýðir það um leið að sá hæstv. ráðherra og sú ríkisstjórn sem segir: Jafnframt viljum við stefna að dreifðri eignaraðild, verður að svara almenningi í landinu, Alþingi Íslendinga, þjóðinni allri, fjárfestum í landinu, einföldustu spurningum um hvernig á að tryggja sem jafnasta eignaraðild. En um það segir eins og fram kom í svörum hæstv. ráðherra ekki neitt sem hönd á festir annað en loðmullulegar yfirlýsingar um að þetta sé nú stefnuyfirlýsingin og þannig verði haldið á málum. Þetta eru ekki boðleg svör. Og þessi svör duga ekki til þess að skapa sem mesta samstöðu um málið milli þess stóra þingmeirihluta sem ég veit að hér er á hinu háa Alþingi fyrir því að taka þessi skref í átt til hlutafélagaformsins.

Þetta er í raun og veru kjarni minnar gagnrýni á frv. Ég verð að vísu einnig að lýsa undrun minni á því að í málabúnaði hæstv. ráðherra og í því frv. og greinargerð sem hér liggur fyrir skuli ekki liggja fyrir miklu ítarlegri skilgreiningar og upplýsingar um hvernig þetta á að gerast. Aðalatriðið í þessu máli er auðvitað hvernig, en ekki hvort, það er hvernig á að tryggja það örugglega að þessar fyrirhuguðu breytingar nái tilætluðum árangri.

Hvers vegna er þessi heimild til ráðherrans svona galopin? Úr því að ekkert er um það að sjá í textanum, hvernig stendur þá á því að hæstv. ráðherra svarar því ekki skýrar í framsöguræðu sinni hvernig hann hyggst þá halda á málinu, hvernig han hyggst nýta þessa heimild. Ætlar hann að fara í þessi útboð hlutafjár í áföngum án þess að það sé í lagatextanum? Ætlar hann að beita sér fyrir því að það verði settar einhverjir sérstakar reglur um hámarkshlut hvers kaupanda? Ætlar hann að setja einhverjar reglur um að það verði síðan tryggt í framkvæmd með því að það verði skilgreint hver er einn aðili, þ.e. með hliðsjón af venslum og tengslum eignarlegum eða stjórnunarlegum milli þeirra fyrirtækja sem kynnu að vera á markaðnum? Öllum þessum spurningum er einfaldlega ekkert svarað. Og hvernig stendur á því að hæstv. ráðherra svarar því ekki skilmerkilega hvernig á að standa að stjórnunarlegum breytingum? En það er eitt af því sem hefur verið gagnrýnt mjög í rekstri helmingaskiptakerfisins, þ.e. með þrjá skipstjóra um borð í pólitísku umboði og stjórnkerfi að öðru leyti, sem hefur þótt lítt til fyrirmyndar að því er varðar skilvirkni og hagkvæmni. Getur hæstv. ráðherra svarað því skýrt og skilmerkilega? Verður einn bankastjóri, einn skipstjóri um borð í hinum nýja hlutafélagabanka? Já eða nei. Hvernig hyggst hann standa að skipan bankaráða, vegna þess að valdið færist nú til hæstv. ráðherra, til framkvæmdarvaldsins, á Alþingi? Og ég tek undir að það er að sjálfsögðu í rétta átt, það er rétt breyting vegna þess að Alþingi á að hafa skýr skil á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins í þessu efni en þá á líka framkvæmdarvaldið að setja um það skýrar almennar reglur og veita upplýsingar sem mark er á takandi.

Er augljóst að hæstv. viðskrh. eigi að fara með vörslu hlutafjár ríkisins og umboð ríkisins í þessu efni? Ég tel það ekki liggja í augum uppi. Á það að vera í höndum fagráðherra ef um er að ræða breytingar úr ríkisrekstri yfir í hlutafélagsform hverju sinni? Á það t.d. að vera í höndum samgrh. ef slíkar breytingar eiga sér stað að því er varðar Póst og síma? Ef parti af landbúnaðarbákninu væri nú breytt í rekstrarhæft form, ætti það þá að vera í höndum landbrh. o.s.frv.? Eða á að fylgja þeirri grundvallarreglu að hæstv. fjmrh. sé vörsluaðili að hlut ríkisins ef ríkið er á annað borð í samstarfi við einhverja aðra í fyrirtækjarekstri? Þetta er auðvitað spurning sem varðar stjórnunarlega framkvæmd og þetta kann að vera álitamál en mér sýnist ekkert sjálfgefið við að þetta eigi að vera svo dreift að 10 ráðherrar gætu komið að því máli og mótað hver sína stefnuna.

Ég verð einnig að segja vegna þess sem fram kom hér, virðulegi forseti, að því er varðaði fyrirspurnir sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hugðust leggja fram um þetta mál en hefur enn ekki verið heimilað og boðuð atkvæðagreiðsla um það á eftir, að ég undrast það mjög að hæstv. ráðherra skuli ekki leggja á borð með sér þær upplýsingar sem þar er verið að biðja um þegar þetta stóra mál kemur á dagskrá. Því deilan um hvort það er þinglegt eða ekki þinglegt að leggja fram þessa fyrirspurn, sem var tilbúin löngu áður en málið sjálft kom á dagskrá, er aukaatriði málsins en upplýsingarnar kjarni málsins.

Þegar þessi mál voru til umræðu á árunum 1991–1992 voru lagðar fram margvíslegar skýrslur þar sem fóru fram efnahagslegar úttektir, hagrænar úttektir á því hverjar væru líklegar afleiðingar þessara breytinga, svo sem áhrif á markaðsvexti, erlend lánskjör, fákeppni og/eða einokunartilhneigingar, sem er sjálfur kjarni málsins, afnám ríkisábyrgðar, stöðu Tryggingasjóðs til að mæta skakkaföllum o.s.frv. Þetta eru nokkur dæmi um þær spurningar sem hv. þm. hugðust leggja fram og réttilega í þeim skilningi að þeir óskuðu eftir að þessar upplýsingar lægju fyrir innan tíu daga, þ.e. áður en líklegt er að hið háa Alþingi útkljái það.

Í tilefni af þessu vil ég einfaldlega nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra: Er hann ekki sammála mér um það að æskilegt væri að slíkar upplýsingar liggi fyrir? Ég spyr: Er það svo í undirbúningsvinnu þeirra nefnda sem hafa unnið að málinu að slíkar kannanir hafi verið gerðar? Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til þess til að greiða fyrir umræðum og afgreiðslu málsins bæði á þingi og í nefndum, að leggja slíkar upplýsingar fram eins og hér er verið að fara fram á? Ég tel það svo sem nánast ekki sérstaklega þakkarvert þó ég muni virða hann fyrir framtakið ef þetta er ekki til, ég tel það svo sjálfsagðan hlut. Ég tel það málinu í hag ef hæstv.

ráðherra vill leggja eitthvað af mörkum til að greiða fyrir samstöðu um það.

Herra forseti. Kjarni málsins er þessi: Er líklegt að þessi breyting yfir í hlutafélagsform ásamt opinni heimild til ráðherra án nánari reglusetningar eða skilgreininga um útboð á viðbótarhlutafé skili tilætluðum árangri með því að tryggja almenningi í landinu kosti samkeppnisrekstrar í þessu kerfi eða erum við að taka áhættu með þessari aðferðafræði, áhættu um að tiltölulega fáir en öflugir fjármagnseigendur geti í krafti þessarar aðferðafræði náð ráðandi ítökum í væntanlegum hlutafélagsbönkum? Reynslan af pólitísku helmingaskiptunum var vond en hún ætti fyrst og fremst að vera okkur viðvörun um það að hverfa ekki úr einu vondu kerfi sem hefur reynst illa yfir í annað sem gæti leitt til þess eftir öðrum leiðum með venslum og tengslum í atvinnulífinu sjálfu, að í stað pólitískra helmingaskipta sem ráðin eru af Alþingi komi samþjöppun fjármálavaldsins, að vísu áfram í nánum tengslum við stjórnarflokkana en ekki eftir einhverjum reglum sem settar eru á Alþingi.

Nú er það svo að hlutverk Alþingis, virðulegi forseti, er að gæta almannahags og setja almennar reglur til að gæta hag almennings. Það er meginefni míns máls að segja einfaldlega: Ég hygg að mikill vilji sé fyrir því hjá meiri hluta alþingismanna að fara fram í þessu máli af eðlilegri varúð, að gæta eðlilegrar varúðar, að ana ekki að neinu og helst af öllu að láta þessa breytingu fara fram í þannig áföngum að menn geti metið nokkuð reynsluna eftir því sem þær fara fram og gripið þá í taumana ef reynslan ætlar að vera slæm. Sérstaklega ber að spyrja spurninga eins og þessarar: Er ekki eðlilegt að þessi breyting fari fram í þannig áföngum að ef um er að ræða útboð á hlutafé verði það í ekki allt of stórum skömmtum? Þar verður að taka tillit til þess hvað hinn litli og vanburðugi fjármagnsmarkaður á Íslandi þolir. Þar verður líka að taka tillit til þess hvort offramboð á því hlutafé leiðir til þess að unnt væri að ná þessari hlutafjáreign fyrir spottprís eða að verðið sem ríkissjóður á að fá fyrir eignarhluta ríkisins, almennings í þessu, reynist vera undir raunvirði. Það skiptir öllu máli að hæstv. ráðherra takist að sannfæra okkur um að þarna verði vel á málum haldið. Þess vegna þykir mér mjög miður að það skuli ekki koma skýrar fram í frv. en ég hef þegar upplýst hvernig hæstv. ráðherra hyggst fara að vegna þess að frv. tekur ekki á þessu. Hæstv. ráðherra getur að sjálfsögðu í meðförum málsins á þingi bætt um betur og reynt að skapa traust og trú á framkvæmdinni með því að sýna á Alþingi eða í nefndarstarfinu hvernig hann hyggst haga framkvæmdinni.

Það er ekki ástæða til að setja á langar tölur um kosti og galla hlutafélagareksturs í samanburði við ríkisrekstur einfaldlega vegna þess að það er mál sem oft hefur verið rætt og liggur í augum uppi. Það eina sem menn segja um meinta hagkvæmni ríkisrekstrarins er auðvitað ríkisábyrgðin og að með ótvíræðri og ótakmarkaðri ríkisábyrgð eigi að gefast betri kjör á erlendum lánamörkuðum. Ef menn vildu draga réttar ályktanir af því og gera að meginröksemd sinni þá væri það auðvitað röksemd fyrir því að ríkið ætti að sjá um allan atvinnurekstur í landinu ef á að reka hann fyrst og fremst með lánsfjármagni vegna þess að þá fengjust betri kjör. Þau rök duga því ekki. Bankarekstur er áhætturekstur og hann er þjónusturekstur. Ríkið á ekkert erindi inn í slíkan rekstur almennt séð. Það kunna að vera á því einhverjar undantekningar og þá helst tímabundnar að því er varðar einstaka fjárfestingarverkefni eða áhættulánasjóði. En að því er varðar almenna viðskiptaþjónustu þá er þetta einfaldlega ekki hlutverk ríkisins. Hins vegar er spurningin sú hvort menn gætu náð einhverju samkomulagi í aðferðafræðinni út frá almennum varúðarsjónarmiðum með því að fara öðruvísi að en hæstv. ríkisstjórn leggur til. Hvað á ég við? Ég á við hugmyndir eins og þessar: Að báðum þessum ríkisbönkum sem hér eru til umræðu verði að vísu breytt í hlutafélagsform. Það er kostur út af fyrir sig.

Að menn þreifi fyrir sér að því er aðferðina varðar með því að selja annan ríkisbankann fyrst. Rökin fyrir því eru margvísleg. Í fyrsta lagi varúðarsjónarmiðin sem ég nefndi áðan um að gera ekki of mikið í einu og að meta reynsluna og árangurinn eftir því sem málinu vikur fram. Í annan stað að forðast þau mistök sem ekki verður bætt fyrir ef menn taka stóra stökkið í einu. Í þriðja lagi að kanna af varfærni viðbrögð markaðarins og vera þannig í aðstöðu til að miða framkvæmdina við það sem reynslan gefur til kynna úr því að hæstv. ríkisstjórn virðist vera svipaðrar hugsunar, að því er það varðar að hún vill ekki stíga skrefið til fulls um sölu á meiri hluta í þessum hlutafélögum með því að skapa eitthvert öryggi eins og hún orðar það, með því að hafa frystingu á málinu í fjögur ár. Ég held hins vegar að hin aðferðin væri skynsamlegri, að taka annan bankann fyrst.

Þá er það spurningin um aðferðirnar. Ef ríkisstjórnin meinar eitthvað með almennri stefnuyfirlýsingu um að hún vilji tryggja í framkvæmd dreifða eignaraðild þá verður hún að sýna fram á það áður en hún biður þingmenn um að kaupa þessa leið, áður en þetta frv. verður gert að lögum, hvernig hún hyggst setja reglur sem tryggja að sá hlutur sem seldur verði verði ekki í höndum fárra fjársterkra aðila sem fái ráðandi ítök í þessum bönkum og jafnvel nái þeim ítökum fyrir spottprís eða á undirverði.

Ég ætla ekki að setja á mjög langa ræðu um þetta en ég vísa til reynslu hér heima og ég vísa til reynslu annarra þjóða af einkavæðingu. Ég vísa alveg sérstaklega til reynslu Breta af sambærilegum málum þar sem þeir hafa gripið til sérstakra varúðarráðstafana. Ég ætla að nefna eitt dæmi um það. Þeir hafa á stundum þegar þeir hafa breytt rekstri stórfyrirtækja úr ríkisrekstri yfir í einkarekstur áskilið ríkinu svokallað „golden share", þ.e. tryggt með almennum reglum að sá hlutur sem ríkið heldur eftir á einhverju tilteknu umþóttunarskeiði, að því fylgi meiri atkvæðisréttur en almennum hlutabréfum til þess að ríkið geti þá á reynslutímanum gripið inn í ef það kemur á daginn að markaðurinn hefur brugðist þannig við að tiltölulga fáir fjársterkir aðilar hafa getað keypt á sannanlegu undirverði ráðandi hlut. Önnur aðferð sem auðvitað kæmi fyllilega til greina væri að fara að fordæmi gests hæstv. forsrh., þ.e. Václav Klaus, hins tékkneska og fara tékknesku leiðina. Þá væri fyrst og fremst um það að ræða að almenningur í landinu fengi einfaldlega sendan sinn hlut í þessum bönkum og menn yrðu þá á eftirmarkaðnum hins vegar að beita almennum reglum að því er varðar endursöluna þannig að það væri engu að síður tryggt að fáir fjársterkir aðilar gætu ekki keypt upp ráðandi hlut á eftirmarkaðnum.

Þetta er auðvitað ein aðferð sem verðskuldar fyllilega umræðu. Hún byggir hins vegar á því að ríkið sé að þeim breytingum ekki vegna þess að svo mikið fé vanti inn í þessa banka heldur vegna þess að breytingin sjálf sé nauðsynleg af öðrum ástæðum. En þá mundi ég nefna til fjórða atriðið sem skipti alveg sköpum til að almenningur á Íslandi gæti fengið traust á breytingunni og einhverja tryggingu fyrir því að við-

komandi banki yrði rekinn út frá samkeppnissjónarmiðum og faglegum sjónarmiðum og það væri að tryggja í leiðinni erlenda eignaraðild að einhverju lágmarki í slíkum banka.

Mér er fullkunnugt um að menn eru svartsýnir á að það sé unnt. Hvers vegna? Eru menn reiðubúnir til að segja af hverju það er? Ef menn tjáðu sig nú algjörlega um það væru menn náttúrlega að kveða upp slíkan dóm yfir niðurstöðu ríkisrekstrarins í þessu bankakerfi að menn hefðu með öðrum orðum ekki trú á því að alvöru fjárfestar sem hefðu áhuga á að fjárfesta í arðvænlega reknum samkeppnisbönkum hefðu á þessu áhuga. Ég vil einfaldlega fá svör við því frá hæstv. ráðherra: Er það virkilega svo þegar vísir menn voru að undirbúa þessi mál í undirbúningsnefnd að það mál væri ekki rætt? Var það kannað? Getur hæstv. viðskrh. svarað einhverju um það? Er það virkilega svo að þeir sem að málinu standa telji það vonlaust fyrir fram? Ég legg á það höfuðáherslu að ef menn vilja gera hvort tveggja, að fara fram af varúð, fylgja fram varúðarreglunni, fara fram með gát og koma í veg fyrir mistök, hlaupa ekki á sig þannig að ekki verði fyrir það bætt síðar, þá eigi menn að leita eftir *aðferðum sem gæta almannahagsmuna* og sennlega er engin ein aðgerð sem gæti tryggt hagsmuni almennings betur og einhver tiltekin lágmarkseignaraðild erlendra aðila í þessum rekstri.

Ég hef nefnt fjögur atriði um aðferðir sem eru allt öðruvísi en hæstv. ríkisstjórn leggur til. Kostirnir við þær aðferðir eru að þar er farið fram af eðlilegri gát í ljósi reynslunnar. Hægt er að endurmeta aðferðina eftir því sem við förum fram í ljósi reynslu og síðan er hægt með því að stuðla að aukinni samkeppni og selja annan bankann fyrst að nota tímann til að byggja hinn og búa undir vaxandi samkeppni og gera viðeigandi ráðstafanir um aðferðafræðina í ljósi reynslunnar.

Herra forseti. Það er auðvitað margt annað sem ætti að taka hér fyrir og ég veit að aðrir fulltrúar okkar jafnaðarmanna í þessum umræðum munu gera það, sérstaklega að því er varðar hagsmuni starfsmanna, spurninguna um það hvort gera eigi þeim sérstakt tilboð um aðild í slíkum hlutafélagsbanka og þá á sérkjörum, um stjórnunarreglurnar og stjórnkerfi nýrra banka, um hlut Ríkisendurskoðunar við endurskoðun slíkra banka, um spurningarnar sem vakna um það hvort biðlaunaréttur skapist þrátt fyrir nýja löggjöf, um hvaða lífeyrisskuldbindingar hvíla á ríkinu í sambandi við þessar breytingar o.s.frv., o.s.frv. Allt mun þetta verða tíundað betur í þessum umræðum.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég leggja áherslu á það sem ég sagði í upphafi: Við viljum gjarnan stuðla að því að hverfa frá þessari allt of löngu sögu um pólitísk helmingaskipti þessara tveggja stjórnarflokka í ríkisbankakerfinu í landinu. En við viljum jafnframt alveg sérstaklega vara við því að að *breytingunum verði staðið þannig að menn* kunna einhvern tíma síðar að geta sagt: Því miður var farið úr öskunni í eldinn.

[15:31]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessari löngu og yfirgripsmiklu ræðu hv. síðasta ræðumanns kom eiginlega ekki skýrt fram hvort ræðumaður er fylgjandi þessu máli eða ekki. Hann færði fram ýmsar vangaveltur um þetta mál og margt af því get ég að sjálfsögðu tekið undir. Ég tel að það mikilvægasta sem hann sagði í þessu hafi verið að þetta mál snýst ekki um hvort heldur hvernig eigi að ráðast í þessar breytingar. Samt hafði hann allt á hornum sér varðandi málið.

Hann spurði: Hefur verið kannað hvort erlendir aðilar vilji koma inn í bankarekstur á Íslandi í tengslum við þetta? Ég sat í undirbúningsnefndinni sem fjallaði um þetta. Ég get svarað því. Þetta var ekki kannað sérstaklega á vegum þeirrar nefndar. En eins og hv. þm. veit auðvitað mætavel þá þarf engar sérstakar ráðstafanir af hálfu Alþingis í því efni. Ef þetta hlutafé verður boðið út þá er sjálfsagt að kanna það í leiðinni hvort erlendir aðilar vilji eiga þar hlut og þeim stendur það að sjálfsögðu opið, m.a. fyrir tilverknað reglna sem hv. þm. átti aðild að að setja á sínum tíma um opnun íslenska efnahagskerfisins út á við.

Hv. ræðumaður gerði að umtalsefni meintan ágreining í Framsfl. um þetta mál. Ég er ekki til svara um þá hluti en eitthvað minnir mig að í fyrri ríkisstjórn og tveimur fyrri ríkisstjórnum hafi verið reynt að koma þessu máli fram af viðskiptaráðherrum Alþfl. Þeim tókst ekki að koma saman frv. sem samkomulag varð um innan þeirra eigin flokks ef ég man rétt þannig að það er nú rétt að gá að því hvort samkomulag er um þessa stefnu innan Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna áður en menn fara að hreyta ónotum í Framsfl. af þeim sökum.

En ég vil spyrja hv. þm.: Er hann fylgjandi þessu frv. eða ekki? Mun hann beita sér fyrir því að þetta frv. verði afgreitt, hugsanlega með einhverjum breytingum? Er hann sem sagt fylgjandi málinu eða ekki?

[15:33]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þm. eigi að vita svarið við sinni spurningu nú þegar og hefði átt að fá það svar af minni ræðu ef hann hefur fylgst gaumgæfilega með. Svarið er mjög einfalt. Ég er eindregið fylgjandi því að breyta frá ríkisrekstri í bankakerfinu yfir í hlutafélagsform og ég er enn fremur fylgjandi því að stíga skrefið lengra og einkavæða ríkisbankana að því tilskildu að þar verði settar almennar reglur í löggjöf sem tryggja að við sitjum ekki uppi með enn þá meiri fákeppni og enn þá meiri valdasamþjöppun tiltölulega fárra fjársterkra aðila. Með öðrum orðum: Ég er fylgjandi þessari breytingu að því tilskildu að gerðar verði á þessu máli tilteknar breytingar sem ég reifaði í ræðu minni.

Að því er varðar forsögu málsins er rétt að minna á að það tókst ekki í tíð fyrrv. ríkisstjórnar að ná samkomulagi um slík stjórnarfrv. Sá ágreiningur var auðvitað fyrst og fremst innan Sjálfstfl. eins og hv. þm. veit manna best, þ.e. gagnvart þeim aðilum sem töldu sig vera í sérstakri hagsmunavörslu fyrir hluta af ríkisrekna bankakerfinu. Ég kannast við að það voru skiptar skoðanir í mínum flokki en ágreiningurinn strandaði annars vegar á aðferðafræðinni, ágreiningi innan beggja stjórnarflokkanna reyndar, og ekki hvað síst líka að því er varðar framhald málsins um fjárfestingar banka.

[15:34]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vísa á bug söguskýringum hv. þm. um afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Það eru meira en 15 ár frá því að fyrst var ályktað um það á vettvangi Sjálfstfl. að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og reyna síðan að losa um þá hluti til einkaaðila innan lands og utan. Þetta veit ég vel vegna þess að ég átti sjálfur aðild að þeirri stefnumótun á sínum tíma.

Ég hins vegar fagna því sem kom fram núna allskýrt hjá hv. þm., að hann er fylgjandi þeirri meginstefnu sem kemur fram í frv., hann er sem sé fylgjandi málinu. Hann er

fylgjandi þessu frv. um að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélög. Ég fagna því að það er komið fram af hálfu talsmanns þingflokks jafnaðarmanna og ég treysti því að sjálfsögðu að það sé þá stefna þess þingflokks í heild sinni.

[15:35]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. tók sér í munn orðaleppana um að hann vísaði á bug söguskýringum. Það er rétt að bæta við þessa sögulegu upprifjun þeirri staðreynd að hæstv. fyrrv. viðskrh. skipaði einn af þingmönnum Sjálfstfl., hv. þm. Matthías Bjarnason, í forustu fyrir nefnd til þess að reyna að leita sátta innan þingflokks Sjálfstfl. um þá litlu breytingu að gera þetta ríkisapparat að hlutafélögum, ekki með einkavæðingu, vegna þess að það var svo öflug andstaða áhrifamikilla þingmanna í Sjálfstfl. gegn því að stíga það hænufet. Svo er hv. þm. að spyrja aðra hvort þeir séu fylgjandi því að breyta yfir í hlutafélagaform eða stuðla að einkavæðingu.

Það þarf ekkert að spyrja slíkra spurninga að því er mig varðar. En ég mun ekki kaupa þessar breytingar hvaða verði sem er. Það var meginefni minnar ræðu að ég vil að tryggt verði að við förum ekki úr öskunni í eldinn. Ég vil að þessi breyting þjóni þeim tilgangi að auka samkeppni en draga ekki úr henni. Ég tel að þetta tryggi heilbrigðara fjárhagslegt bankakerfi en ekki fákeppni eða einkavinavæðingu.

[15:36]

Útbýting þingskjala:

Gjöld einstaklinga utan trúfélaga, 352. mál, svar menntmrh., þskj. 711.

Innstæður í bönkum og sparisjóðum, 322. mál, svar viðskrh., þskj. 724.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í orðaskipti fyrrverandi bólfélaga í stjórnarsamstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. á síðasta kjörtímabili þó að það gæti út af fyrir sig verið fróðlegt, en dreg mörkin þar að ræða vinnubrögð og sögu þessa máls frá því að núv. hæstv. ríkisstjórn og núv. hæstv. viðskrh. tóku til starfa.

Fyrst kemur upp í hugann að hæstv. ráðherra skipaði nefnd eins og títt er hjá Framsfl. undir forustu eins af þingmönnum flokksins til þess að vinna að undirbúningi þessa máls. Þetta var hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson sem óneitanlega er nokkur skaði að að skuli vera hér fjarverandi í dag af einhverjum ástæðum þar sem hann kemur svo mjög við sögu undirbúnings málsins. Við hljótum að treysta því að hv. þm. verði við umræðuna þegar frá líður og geri okkur grein fyrir sínu mati á málinu í ljósi þess að hann er slíkur sérfræðingur og trúnaðarmaður, eða var a.m.k., Framsfl. í þessum málum sem raun ber vitni.

Það vekur einnig nokkra athygli, ekki síður en fjarvera hv. þm., að niðurstaða þeirrar nefndar er ekki birt sem fylgiskjal með frv. og til hennar er vitnað með satt best að segja afar losaralegu orðalagi. Ég bendi mönnum á að líta í greinargerð frv. á bls. 6, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið, sem viðskiptaráðherra leggur nú fram, er grundvallað á vinnu fyrrgreindrar nefndar en hefur tekið breytingum í meðferð ráðuneytisins frá þeim frumvarpsdrögum sem nefndin samdi."

Hvað felst í þessu orðalagi? Hefði þó ekki nema skýrslan eða álit þessarar nefndar verið prentað sem fskj. með frv., þá hefði frekar verið hægt fyrir hv. þm. að átta sig á því að hve miklu leyti tillögur nefndarinnar voru teknar til greina og að hve miklu leyti ekki, en upp á það er ekki boðið.

Í öðru lagi hefur hæstv. ráðherra gengið nokkuð sérkennilega fram virðist mér mega segja hvað varðar ýmsar yfirlýsingar í undirbúningsferli þessa máls. T.d. bárust þær fréttir fyrir eins og missiri síðan að hæstv. ráðherra hefði á fundi með bankamönnum fullvissað þá um að hér væri fyrst og fremst um formbreytingu að ræða og ekki stæði til að selja eða einkavæða bankana og átti þetta væntanlega að vera innlegg í þá átt að fullvissa bankamenn um sína stöðu að einhverju leyti og róa þá.

Síðan gerast þau undur að ekki hæstv. ráðherra heldur hæstv. forsrh. fer á flug á einkavæðingarráðstefnu og ætlar þá allt í einu meira og minna að selja þetta í hvelli, upphafinn af andlegri næringu af samskiptum við sérstakan heiðursgest á einkavæðingarráðstefnunni. Loks kemur svo frv. fram með þeirri útfærslu að það á að einkavæða inn um gluggann, eins og kallað er, allt að 35% á fjögurra ára tímabili, á grundvelli einhverrar fjögurra ára áætlunar sem hér er lögð upp.

Einnig virðist vera, herra forseti, ástæða til að staldra við undirbúning málsins hvað varðar ýmisleg gögn, úttektir og athugun á aðstæðum eins og þær blasa við eða liggja fyrir nú. Það er nokkuð sérkennilegt að í plöggum sér maður að vitnað er í allt að sex ára gömul gögn máli þessu til stuðnings, gamla úttekt sem Seðlabankinn lét erlenda aðila gera um 1990. (**Gripið fram í:** Þá voru menn alltaf að vinna.) Þá voru menn að vísu alltaf að vinna. En er það virkilega svo, herra forseti, að hæstv. viðskrh. hafi ekki nýlegri eða traustari gögnum fram að tefla en þetta? Það er von að spurt sé.

Nú, herra forseti, nokkur orð um þetta frv. svona almennt séð og samhengi þess við almennar aðstæður í efnahags- og fjármálakerfi okkar. Þar get ég reyndar tekið undir ýmislegt af því sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það er virkilega ástæða til þess að þessu gefna tilefni að fara rækilega og á breiðum grundvelli yfir stöðuna í hinum íslenska fjármálaheimi og það þýðir ekki að reyna að ræða þetta mál einangrað fremur en að hægt sé að skoða breytingu á tveimur stærstu viðskiptabönkum þjóðarinnar af þremur sem einangrað fyrirbæri í hinum íslenska fjármálaheimi og viðskiptaheimi. Það er ekki hægt. Þess þá heldur ef áformað er að hefja einkavæðingu bankanna, verður að skoða í samhengi við stöðuna almennt í íslenskum viðskiptum og fjármálaheimi hverjir séu líklegir kaupendur og hvaða áhrif það geti haft á fákeppni og samþjöppun fjármuna og valds í þjóðfélaginu.

Af því að hér hefur verið vitnað til skýrslu Samkeppnisstofnunar frá árinu 1994 um hringamyndun og eignatengsl í íslensku viðskiptalífi þá er það vel. Hitt er öllu lakara að hæstv. viðskrh. svaraði því til í andsvari áðan að það hefði ekkert verið gert með skýrsluna, hvorki af fyrrv. hæstv. viðskrh. né núverandi og var það ekki góð einkunn að mér fannst sem hæstv. ráðherra gaf sér, þ.e. að skýrslan lægi eins og hvert annað gagn í skúffu í ráðuneytinu en ekkert væri með hana gert.

Það er rétt að rifja aðeins upp aðdragandann að því að þessi skýrsla var unnin. Sá aðdragandi liggur í setningu samkeppnislaganna á sínum tíma snemma á síðasta kjörtímabili sem ég hygg að hafi tekið gildi 1992. Þá náðist hér um afgreiðslu þess máls að mörgu leyti býsna merkilegt og sögulegt samkomulag og einn hlutinn af því að innsigla

það samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu var sá að það tókst um það samkomulag við 3. umr. málsins að brtt. sem ég flutti um að gera skyldi sérstaka úttekt á þessu máli áður en lögin öðluðust gildi, var sett inn sem ákvæði til bráðabirgða. Þar var viðskrh. falið að gera slíka úttekt og skila henni til Alþingis í formi skýrslu og það má fyrrv. viðskrh. eiga að þessi vinna var mjög myndarlega unnin og ég tel skýrsluna að mörgu leyti hið merkasta gagn. Þetta var gert vegna þess að menn voru að reyna að þróa íslensk viðskipti yfir á meiri samkeppnisgrundvöll með setningu samkeppnislaganna en höfðu sérstakar áhyggjur af og hafa enn, fákeppni og hringamyndun, blokkamyndun í íslensku viðskiptalífi sem auðvitað er hverjum manni ljós sem þá hluti skoðar. Skýrslan kortleggur þessa hluti ágætlega en þar með er það líka upp talið. Þetta held ég að menn verði að hafa rækilega í huga þegar komið er að umfjöllun um þessi bankamál eða þessar breytingar í peningamálum öllum saman því hér eru á eftir á dagskrá, herra forseti, eins og kunnugt er, fleiri mál sem þessu tengjast.

Ef við lítum aðeins á það, herra forseti, hvað er fært fram máli þessu til tekna sérstaklega þá er eitt sem gjarnan er sagt, að með breytingum af þessu tagi eigi að draga úr ríkisumsvifum og afskiptum stjórnmálamanna, afskiptum stjórnmálamanna af peningamálum. Það er alveg sérstaklega fínt að segja það. Og hvernig er svo staðið að því? Jú, það er þannig að hf. er sett aftan við nafnið, því er ekki breytt heldur bara sett hf. aftan við. Og við það gerist það aðallega að einn stjórnmálamaður í staðinn fyrir Alþingi allt áður fer að setja þessu fyrirtæki stjórn. Og hvaða stjórnmálamaður er þetta? Það er hæstv. viðskrh. eins og hér er frá málunum gengið. Og hvað er þá að gerast í íslenska peningakerfinu ef þetta gengur nú allt yfir, breytingin á bönkunum, stofnun hins nýja fjárfestingarbanka, stofnun nýsköpunarsjóðsins og síðan sú háeffun ríkisfyrirtækja, sem mörg hver heyra undir sama mann, og hefur verið að ganga yfir? Það sem ósköp einfaldlega er að gerast er að í staðinn fyrir þverpólitískt kjörnar stjórnir þessara fyrirtækja eða bankaráð skipar einn einasti stjórnmálamaður úr einum flokki bankaráðið. Og við blasir sú framtíð að innan tveggja ára eða svo verði bankaráð Landsbankans, bankaráð Búnaðarbankans, meiri hluti af stjórn fjárfestingarbanka atvinnulífsins, stjórn nýsköpunarsjóðs, stjórn Landsvirkjunar, stjórn Sementsverksmiðjunnar og margra fleiri stórfyrirtækja og fjármálastofnana, öllum settar stjórnir af einum og sama manninum úr einum og sama flokknum. Er þetta að draga úr afskiptum stjórnmálamanna af peningamálum eða atvinnumálum yfirleitt? Eru þetta minnkuð ríkisafskipti? (**Gripið fram í:** Þú gleymir heilmörgum.) Ég gleymi miklu, tímans vegna fer ég ekki yfir nema efsta hlutann af listanum. Hæstv. ráðherra má gjarnan leggja hann fram okkur til yndisauka.

Ég, herra forseti, nefni þetta í fyrsta lagi að það verður að setja mjög stórt spurningarmerki við það að hér sé um mjög heilbrigðar breytingar að ræða út frá valddreifingar- eða lýðræðissjónarmiðum eða í öllu tilliti yfirleitt. Auðvitað færa menn ýmis fleiri rök sem ástæðulaust er svo sem að tíunda. Þau eru rækilega talin hér í grg. Þar er m.a. nefnt að með þessu komist á heilbrigðari og réttlátari samkeppnisforsendur í bankaviðskiptum þar sem staða ríkisbanka hafi verið önnur en einkabankans og að nokkru leyti sparisjóðanna. Það er nokkuð til í því. En eftir stendur að þarna verður ýmiss konar munur á. Staða ríkisbankanna hefur ekki í öllu tilliti verið betri, hún hefur í sumu tilliti verið verri. Þannig að það er ekki alveg einfalt mál að meta slíka hluti.

Ef við lítum þá aðeins, herra forseti, á það sem færa má undir mínusliði eða hluti sem geta orkað tvímælis í sambandi við þessar breytingar á bankakerfinu, þá staldrar maður nú við það kannski fyrst að með þessu breytist ósköp lítið. Staðreyndin er náttúrlega sú að þetta er lágmarksaðgerð, a.m.k. að því marki sem bara er um að ræða breytingu ríkisbankanna yfir í hlutafélagsform. Þetta er nefnilega alls ekki nein víðtæk uppstokkun eða endurskipulagning í íslenskum fjármálaheimi sem ástæða væri auðvitað til að kalla eftir ef menn eru í alvöru að ræða hér um þörfina á aukinni hagræðingu og endurskipulagningu þessara stofnana. Þetta er það ekki. Ef þetta þýðir bara hf. aftan við Landsbankann og Búnaðarbankann og þýðir svo að þessir tveir bankar reka áfram öll sín útibú án nokkurrar uppstokkunar eða hagræðingar á sinni starfsemi, þá er þetta auðvitað ekki neitt neitt í raun og veru. Og það má alveg eins nálgast þetta mál frá þeim sjónarhóli að lýsa yfir sérstökum vonbrigðum yfir því hversu snautleg í rauninni þessi niðurstaða er. Sérstaklega vegna þess að samanburður á síðustu árum hefur auðvitað, því miður, sýnt okkur fram á að íslenskt bankakerfi er langt aftur á lendinni hvað varðar að standast einhverja samkeppni við banka í nálægum löndum. Það er miklu dýrara í rekstri, tekur sér miklu meiri vaxtamun og á þar með talið þátt í því að halda hér uppi einhverju hæsta raunvaxtastigi í heiminum.

Þetta er með öðrum orðum, herra forseti, ekki hluti af víðtækari uppstokkun og hagræðingu í bankakerfinu og/eða fjármálageiranum yfirleitt til þess að gera íslenskar stofnanir frekar samkeppnisfærar. Rekstrarkostnaður og vaxtamunur er hér miklu meiri en annars staðar og verður það áfram ef ekkert annað gerist en þetta. Ef hér hefði verið á dagskrá að ræða víðtæka uppstokkun í bankakerfinu og fjármálageiranum þá hefði verið gaman að fara yfir það hvaða möguleikar fælust í stöðunni. Ég nefni þar fyrstan þann sem við alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum missirum haldið til haga, sem er sameining ríkisbankanna í einn stóran öflugan banka. Banka sem hefði mikið frekar haft til þess burði að veita nútímalega bankaþjónustu, að ráða við stærri eða jafnvel stærstu íslensku fyrirtækin sem engin íslenskur banki gerir í dag, sem hefði getað náð máli á alþjóðlegan mælikvarða, hefði a.m.k. sést með stækkunargleri í London en ekki þurft sérstaka smásjá eins og þarf í dag þegar íslenskir bankar eru bornir saman við erlenda. Ef um hefði verið að ræða sameiningu bankanna og fjárfestingarlánasjóðanna í einn mjög sterkan banka með fjárfestingarlánadeild, þá hefði það líka verið í átt til nútímalegrar þróunar bankaviðskipta eins og hún er erlendis þar sem langtímafjármögnun er almennt verkefni banka en ekki sérstakra sjóða. Það er ekki. Ef um hefði verið að ræða annars konar endurskipulagningu íslenska bankakerfisins, t.d. þannig að Búnaðarbankinn hefði verið tekinn og stokkaður upp, hann hefði að stórum hluta gengið í samband við sparisjóðina og myndað eina heildstæða sparisjóðakeðju um landið en að öðru leyti e.t.v. að einhverju leyti sameinast Landsbankanum, þá hefði þar sömuleiðis verið endurskipulagning á ferðinni sem hefði gefið vonir um aukna hagræðingu. Ef t.d. Landsbankinn og Fiskveiðasjóður hefðu sameinast, og hefði nú legið nærri þar sem obbinn af viðskiptum við íslenskan sjávarútveg, bankaviðskiptum, er hjá Landsbankanum og Fiskveiðasjóður er fjárfestingarlánasjóður sjávarútvegsins, þá hefði verið á ferðinni breyting sem hefði gefið fyrirheit um hagræðingu og verið efnislega rökrétt út frá viðskiptum bankanna. Eða ef

á ferðinni hefði verið einhver blanda af þessu. En það er ekki. Hvað varðar endurskipulagningu sem slíka í bankakerfinu og fjárfestingargeiranum er þetta í raun og veru algjör lágmarksaðgerð, nánast andlitslyfting — nafnbreyting, það að þessir fátæklegu stafir, hf., koma þarna bak við gamalkunn nöfn á tveimur stöðum — og punktur.

Lítum aðeins nánar á þann möguleika að sameina ríkisbankana, Landsbankann og Búnaðarbankann. Helstu rökin sem færð eru fram gegn því eru að það sé ekki viðráðanlegt vegna þess að þá verði of mikil fákeppni eða þessi aðili of stór í bankaviðskiptunum. En hverju eru menn þá að horfa fram hjá? Þeir eru þá að nota það sem rök fyrir því að afsala sér hlutum sem eru svo borðleggjandi hagstæðir íslenskum neytendum og íslensku atvinnulífi að ég kalla það mikið ábyrgðarleysi að nota jafneinfaldan og raunverulega lítt rökstuddan hlut, eins og það að það geti þá orkað tvímælis hvort það sé ekki óhagstætt út frá samkeppnisforsendum, til að henda því út af borðinu. Því hvað er í boði ef menn sameinuðu ríkisbankana í einn stóran öflugan banka? Í fyrsta lagi a.m.k. milljarður í hagræðingu að mati bankastjóra Landsbankans, samanber ræðu hans á aðalfundi Landsbankans í fyrra, þar sem reyndasti bankastjóri Landsbankans, Björgvin Vilmundarson, mat hagræðinguna sem lægi á borðinu upp á milljarð. Og sagði í öðru lagi: Það er a.m.k. hægt að leggja niður 18 útibú, það er hægt að spara rekstrarkostnað 18 útibúa a.m.k. með því að sameina þessa banka. (**Gripið fram í:** Hvar á að loka?) Það hafa líka komið fram þau sjónarmið að samkeppnisforsendurnar í þessu máli, eins og þær eru upp lagðar, eigi í raun og veru ekki við með þeim formúlum sem hér hafa verið settar upp. Vegna þess að er einhver stór munur á fákeppnisaðstæðunum á íslenskum bankamarkaði eins og þær eru í dag hvort einingarnar eru þrjár eða fjórar? Er það? Aðhaldið er ekki fyrst og fremst innbyrðis samkeppni bankanna. Það er mjöguleiki fyrirtækjanna til að leita út fyrir landsteinana með viðskipti sín og síðan er það þannig að þegar varðar viðskipti og þjónustu við almenning þá ná menn ekki samkeppni nema að reka þrjú og fjögur útibú á hverju einasta viðskiptasvæði. Og eru menn tilbúnir til að borga þann kostnað? Svarið er nei. Niðurstaðan er hvort sem er víðast sú að annars staðar en á fjölmennustu stöðunum er ein bankastofnun, mjög víða. Og hvar er þá samkeppnin þar? Á þá bara hluti landsmanna að búa við samkeppni eða hvernig er það?

Það er athyglisvert, herra forseti, að fara aðeins betur yfir þetta mál vegna þess að svo vill til að fyrir liggur skjalfestur stuðningur við að þessi kostur verði mjög rækilega athugaður úr ólíklegustu áttum. Ég nefni fyrstan þennan ágæta bankastjóra Landsbankans sem setti fram og rökstuddi mjög vel þessa skoðun. Ég nefni í öðru lagi ekki ómerkara apparat en Morgunblaðið því svo skemmtilega vill til að þessari hugmynd og tillögum Alþb. um að sameining ríkisbankanna yrði rækilega skoðuð barst stuðningur úr óvæntri átt í leiðara Morgunblaðsins fyrir ekki löngu síðan. Það var 10. mars 1996 sem leiðari Morgunblaðsins fjallaði um þetta mál og vitnaði í Björgvin Vilmundarson, taldi það sjónarmið sem þar kæmi fram um sameiningu afar athyglisvert og taldi ekki ástæðu til að hafa of miklar áhyggjur af því að skortur á samkeppni ætti að hindra að menn skoðuðu þennan kost. Og Morgunblaðið fór yfir það, með leyfi forseta, með svofelldum hætti:

„Að auki má benda á þrennt, sem á að draga úr áhyggjum af því, að sameining þessara tveggja banka leiddi til of lítillar samkeppni. Í fyrsta lagi er ljóst, að sparisjóðirnar eru að stóreflast og má í því sambandi benda á nánast ótrúlega innlánsaukningu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á síðasta ári. Í öðru lagi fer ekki á milli mála, að breiddin á fjármagnsmarkaðnum hefur aukist verulega á undanförnum árum. Þeir sem þurfa á þjónustu banka að halda geta nú bæði leitað út á innlendan fjármagnsmarkað og auk þess leitað eftir viðskiptum við erlenda banka. Í þriðja lagi er ekki óhugsandi, að hér rísi nýr einkabanki, sem rekinn yrði í öðru formi en núverandi viðskiptabankar. ... Í fjórða lagi má nefna hugmyndir um að breyta fjárfestingarlánasjóðum í einn fjárfestingarbanka."

Morgunblaðið taldi með öðrum orðum margt vera breytt í stöðunni sem þýddi að það væri ekki ástæða til að hafna fyrir fram og nema að mjög vel athuguðu máli þeim kosti að sameina ríkisbankana. Og þegar fyrir liggur rökstutt mat á því að með þeirri breytingu megi ná fram langtum meiri hagræðingu heldur en nokkurri annarri sem nefnd hefur verið á nafn í þessu sambandi, hvers vegna afsala menn sér þá þeim kosti að óathuguðu máli?

Ég ætla að síðustu að nefna einn liðsmann enn, það er nú kannski meira til gamans og af sögulegum ástæðum, fyrir því að sameiningu ríkisbankanna verði ekki hafnað að óathuguðu máli. Og hver er hann? Hann situr núna í Seðlabankanum. Er einn af bankastjórum Seðlabankans en var formaður Framsfl. þegar hann setti fram sín sjónarmið m.a. í ítarlegri ræðu á fundi Framsóknarfélags Reykjavíkur á árinu 1991 um þessi mál. Þá sagði Steingrímur Hermannsson, háv. hv. þm., því þetta var 29. júní 1991, nú seðlabankastjóri. (**Gripið fram í:** Það er svo langt síðan þetta var.) Er hv. þm. að afneita manninum, eða hvað? Já, það er langt síðan þetta var en ætli skoðunin sé ekki í gildi út af fyrir sig. Hann hlýtur a.m.k. að hafa meint það þegar hann sagði það þarna. Í ræðunni var sagt að athuga þyrfti sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Með leyfi forseta: „Hann [þ.e. Steingrímur Hermannsson] ræddi nokkuð hugmyndir um að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og selja þá einkaaðilum. Sagði hann að það að breyta bönkunum í hlutafélög skipti ekki miklu máli ef ríkið ætti allt hlutaféð en hins vegar væri ekki góð reynsla af því að selja einkaaðilum ríkisbanka". Þetta sagði formaður Framsfl. á árinu 1991.

Síðan fór hann yfir sölu Útvegsbankans og ýmislegt í þeim dúr og sagði svo „að mikilvægt væri að hafa í landinu sterkan íslenskan banka og athugandi væri að sameina Landsbanka og Búnaðarbanka í því skyni." Fleiri fögrum orðum fór hv. háv. þm., Steingrímur Hermannsson og formaður Framsfl., um það mál út frá þessum forsendum. Þarna eru nú komnir liðsmenn sitt úr hvorri áttinni þar sem eru Björgvin Vilmundarson, bankastjóri Landsbankans, Alþb. með málflutningi sínum undanfarin missiri, leiðari Morgunblaðsins og fyrrv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson. Hvers vegna virðir núv. hæstv. viðskrh. ekki þennan möguleika viðlits heldur leggur fram frv. þar sem algjörlega er horft fram hjá þeim möguleika til hagræðingar í íslenska bankarekstrinum? (**Gripið fram í:** Það er kominn nýr formaður.) Það er að vísu rétt, já, það er kominn nýr formaður fyrir Framsfl.

Fleira mætti nefna af þessu tagi, herra forseti, sem ég tel að þetta mál gangi í raun algjörlega fram hjá. Ég trúi ekki öðru en á þinginu skapist í umfjöllun um þetta mál möguleikar til að fara í miklu, miklu víðtækari úttekt og skoðun á því hvaða breytingar, hvers konar uppstokkun, hvers konar hagræðing

er vænlegust í íslenska fjármálaheiminum því mikil þörf er á slíku. Það er mikil þörf á því. Ég tel að þessi lending, þessi niðurstaða, þessi magalending, þessi tangarfæðing stjórnarflokkanna eftir allt kvalræðið sé uppgjöf í þeim skilningi að reyna að endurskipuleggja íslenska peningakerfið, fjármálastofnanirnar á einhverja nútímalega vísu þannig að það sé í takt við breyttar aðstæður bæði erlendis og innan lands, fullkomin uppgjöf. Það er t.d. eitt sem menn hljóta að þurfa að athuga í því sambandi og það er að erlend umsvif íslenskra fyrirtækja hafa vaxið að miklum mun á síðustu árum og það ásamt fleiru hefur leitt til þess að þau í æ ríkari mæli leita nú út fyrir landsteinana með sína þjónustu. M.a. vegna þess að íslensku bankastofnanirnar eru svo litlar og kannski óhagkvæmar. Hefðu þá ekki vænlegustu viðbrögðin við því verið að reyna að efla eina sæmilega sterka stofnun sem gæti a.m.k. veitt samkeppni á þessu sviði? Það er ekki gert með þessu.

Um efnisatriði og einstök ákvæði í frv., herra forseti, vil ég fyrst segja nokkur orð um starfsmannamálin sem fjallað er um í greinum 8–10 í frv. Ástæða er til að athuga þar ýmsa þætti sem ekki liggja kannski ljóst fyrir út frá fátæklegri umfjöllun um það í grg. með frv. eða í umsögnum um einstakar greinar frv. Ég staldra sérstaklega við 9. gr. og ákvæði sem lúta að ráðningu og starfskjörum bankastjóra og nokkurra toppa í bönkunum. Þarna er um algjörlega tvískipta uppsetningu að ræða. Annars vegar eru það almennir starfsmenn bankanna og sæmilega skýrt að þeim skal öllum bjóða sambærileg störf í hinum nýju bönkum. Það er auðvitað gert til að upphefja biðlaunarétt þeirra að óbreyttu. Öðruvísi en að bjóða þeim öllum störf er ekki hægt að svipta þá biðlaunaréttinum sem þeir hafa og þar með reynir í fyrsta skipti á gambítinn sem hæstv. ríkisstjórn ákvað að setja á alla ríkisstarfsmenn með breytingu á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á sl. vori. Þau voru sett og þannig frá þeim gengið eins og raun ber vitni til þess að síðan væri hægt að segja eins og hér er gert í 8. gr. að öllum skuli bjóða störf og ef þeir ekki þiggi þau þá eti þeir það sem úti frýs. Þannig var það mál leyst af stjórnarflokkunum. Og kannski er ekki mikið meira um það að segja. Það liggur fyrir eins og það er.

Í 9. gr. eru bankastjórar, staðgenglar bankastjóra, forstöðumaður endurskoðunardeildar og eftir atvikum aðstoðarbankastjórar Landsbanka og Búnaðarbanka hins vegar undanskildir þessu. Þetta þýðir að ekki er endilega ætlunin að bjóða þeim störf. Því er með öðrum orðum haldið opnu að segja þeim upp, láta þá bara hvína. Þá eiga þeir að vísu biðlaunaréttinn vegna þess að þeirri skyldu hefur þá ekki verið fullnægt að bjóða þeim djobb í staðinn. Þá meta menn það væntanlega svo að það sé betri kostur í þeim tilvikum að borga biðlaunin. Hins vegar segir ekkert um það hvernig hugsunin er að halda á þessum málum í hinum nýju hlutafélögum eins og m.a. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson benti á áðan. Er ætlunin að hafa bankastjórann einn eða þrjá? Á þetta toppakerfi, þetta silkihúfusístem allt saman að halda sér eða ekki? Það er dálítið sérkennilegt í ljósi þess t.d. að hæstv. viðskrh. hefur haft uppi heilmikil orð um launakjör bankastjóra. Hæstv. viðskrh. sagði hér á þingi ekki alls fyrir löngu að nauðsynlegt væri að lækka laun bankastjóranna, þetta væri alveg út í hött að þeir hefðu svona mikil laun. Síðan var hæstv. ráðherra spurður að því á aðalfundi Landsbankans hvort ætlunin væri að lækka laun bankastjóra en þá var hæstv. ráðherra allur genginn inn í sig og kannaðist ekki við neitt. Það er hollt að hafa í huga í sambandi við þetta mál að borin var upp sú tillaga í bankaráði Landsbankans þegar þar var síðast ráðinn bankastjóri, og það er ekki mjög langt síðan eins og einhverjir muna, að gerður yrði við hann tímabundinn samningur í ljósi þess að til stæði að breyta rekstrarformi bankanna en ekki fest við hann ráðning til fimm ára eins og venja er. Hvernig fór það mál? Hvernig stóðu stjórnarflokkarnir að því? Fulltrúar þeirra í bankaráði Landsbankans felldu að ekki yrði festur samningur við einn af þremur bankastjórnum til fimm ára rétt áður en bönkunum yrði breytt. (**Gripið fram í:** Þeir eru í minni hluta í bankaráðinu.) Þeim dugði hjáseta eins bankaráðsmanns til að fella á jöfnu tillögu um að þetta yrði gert svona. Og ábyrgð þeirra er væntanlega hvorki meiri né minni eftir sem áður hver úrslitin urðu. Það er atkvæði þeirra hvernig þeir greiða það sem skiptir máli, er það ekki? En ekki einhver talnafræði um hvernig hlutföll standa í bankaráðinu? Eða hefur hv. þm. vanist því hér í sinni þingmennsku að efnisleg afstaða hans í atkvæðagreiðslum sé öðruvísi þegar hann tekur afstöðu til máls hvort hann er einn af fimm eða einn af tíu? Ég hélt að það væri efnið sem skipti máli. Það er kannski eitthvað öðruvísi í Sjálfstfl. og báðum núv. stjórnarflokkum ef til vill.

En þetta, herra forseti, tel ég ástæðu til að draga fram vegna þess að þetta kann að vera lýsandi um það hvað hér er á ferðinni. Hvers konar feluleikur er á ferðinni með því að þegja þunnu hljóði um hluti af þessu tagi? Er þá verið að undirbúa að hið flokksstýrða kerfi haldi þarna áfram bara með nýja tvo bókstafi aftan við nafnið á bönkunum? Er það? Vísar þetta til þess? Af hverju er ekkert sagt um hver stefnan eigi að vera gagnvart mjög mikilvægum þáttum varðandi uppbyggingu og rekstur og meðferð mála í bönkunum þegar þar að kemur?

Herra forseti. Ég vil einnig víkja aðeins að ákvæðum 5. gr. frv. um ákvörðun heildarfjárhæðar hlutafjár í bönkunum. Þar er um að ræða ákaflega afdrifaríkar ákvarðanir svo sem hversu hátt hlutaféð verður í upphafi. Sú regla er sett ein að það skuli ekki verða hærra en sem nemur 75% af eigin fé Landsbankans og Búnaðarbankans. Þá er auðvelt að reikna út að nafnvirði hlutafjár í Búnaðarbankanum yrði um 3,1 milljarður og í Landsbankanum um 4,6 milljarðar. En þetta skiptir ekki síst máli vegna þess ef síðan verða teknir inn nýir meðeigendur, allt að 35% með því að bjóða út viðbótarhlutafé, þá skiptir verðlagningin á bönkunum sem slík og hvernig hlutföll verða milli hlutafjár og innra virðis bankanna mjög miklu máli. Það þarf sem sagt ekki mjög háar fjárhæðir til að gerast stór meðeigandi að bönkunum á móti ríkinu ef gengið á viðbótarhlutafénu yrði lágt þegar það yrði boðið út í ljósi þess hversu lágar fjárhæðir nafnverð hlutafjár í ríkisbönkunum verður með þessum aðferðum og kemur þá að ýmsum mikilvægum álitamálum sem hér er nauðsynlegt að staldra við. En einkum er það sérkennilegt hversu mikið vald á að framselja í hendur viðskrh. til að ganga frá þessum málum. Það er merkilega óljóst hér hvernig á að ganga frá þessu. Í raun og er það þannig að einræðisherrann tilvonandi sem á að fara að skipa stjórnir allra mikilvægustu fjármálastofnana í landinu einn og fríhendis fyrir utan allt annað ætlar líka að ráða því meira og minna í formi heimildarframsals hvernig verðlagningu verði háttað.

Ég vil einnig staldra við ákvæðið um sölu eða heimildir til sölu í formi þess að taka inn meðeigendur að bönkunum. Þar er í raun og veru á ferðinni algjörlega opin og óskilyrt heimild til að taka inn meðeigendur upp á allt að 35%. Það

er verulegt framsal á valdi til ráðherrans til að ákveða á hvað þessi hlutur verður látinn eins og ég tel mig hafa rökstutt. Síðan er alveg kostulegt orðalag, samanber á bls. 8 og 11 í grg. með frv. um það að ekki standi til að selja hlutabréf í hlutafélagabönkunum og það beri jafnframt að stefna að dreifðri eignaraðild. En hvernig? Á bls. 11 í umsögn um 6. gr. er sagt, með leyfi forseta:

„Miðað er við að hlutafé í eigu ríkisins í bönkunum tveimur verði ekki selt fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Hvað er hér verið að segja á mannamáli? Hefur ríkisstjórnin einhverja stefnu í þessu og hver er hún þá? Það er ekki einu sinni sagt afdráttarlaust að þetta verði ekki gert fyrstu fjögur árin. Það er „miðað við" það. Af hverju fjögur ár? Hvaða vísindi eru fólgin í því? Var það nauðsynlegt til að leysa sambúðarvanda stjórnarflokkanna um að færa þetta aðeins aftur fyrir næstu kosningar þannig að þeir væru óbundnir af þessu ef þeir kynnu nú að lenda upp í hjá einhverjum öðrum? Þetta er mjög sérkennilegt, herra forseti, því hér eru engin smámál á ferðinni. Hér er verið að tala um það sem auðvitað felst í þessu máli, að það er ekki fyrst og fremst breyting á formi úr ríkisfyrirtæki yfir í hlutafélag. Það er upphafið að einkavæðingu þessarar starfsemi og hvernig hún fer fram ef til kemur er ekkert smámál. Ég trúi því ekki að hæstv. viðskrh. sé svo barnalegur að hann ímyndi sér að hann sleppi frá umræðunni og með málið í gegnum þingið í skjóli orðalags af þessu tagi. — „Miðað er við að hlutafé í eigu ríkisins í bönkunum tveimur verði ekki selt fyrstu fjögur rekstrarár þeirra."

Í 18. gr. frv. koma fyrir ákvæði sem einnig er ástæða til að staldra aðeins við. Þar segir á einum stað að:

„Landsbanki Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanki Íslands hf. tekur við öllum skattalegum réttindum og skyldum Búnaðarbanka Íslands."

Hvað þýðir það? Það þýðir í tilvikinu Landsbanki Íslands að hið nýja hlutafélag, Landsbankinn hf., fær í arf frá foreldri sínu, því þetta er eingetið fyrirbæri eins og kunnugt er, rúma 3 milljarða kr. í yfirfæranlegu tapi, rúma 3 milljarða kr. í heimanmund í yfirfæranlegu tapi til frádráttar frá hugsanlegum skattgreiðslum á komandi árum. Plús það að inn í nýja bankann, „háeffið", færist rúmlega 2 milljarða kr. víkjandi lán sem Landsbankanum var veitt á sínum tíma í erfiðleikum hans. Það er afar óljóst af frv., greinargerð og fylgiskjölum, hvernig á að fara með þetta mál. Það er svo óljóst að sjálft fjmrn. neyðist til að vekja athygli á því að þarna séu á ferðinni hlutir sem ástæða sé til að taka betur á. Þeir segja: „Taka þarf afstöðu til þessara mála við undirbúning að stofnun hlutafélagsbankanna, sbr. umfjöllun um 5. gr. frumvarpsins."

Þarna eru ekki neinir smáaurar á ferðinni. Þarna eru 5 milljarðar á ferð ef lagt er saman tapið og víkjandi lánið, með öðrum orðum það er tala af svipaðri stærðargráðu og allt eigið fé Landsbankans. Og orðalagið er af þessu tagi sem okkur er boðið upp á til að átta okkur á því hvernig á að fara með þessa hluti. Meira að segja fjmrn. sem væntanlega hefur ekki ætlað að leggja stein í götu þessa máls viljandi miðað við þankagang húsbændanna þar neyðist til að vekja athygli á því að þarna sé um mjög óljósa hluti að ræða sem þurfi að ganga betur frá.

Herra forseti. Ég tel að margt sé órætt í þessu máli og mjög mörg atriði sem liggi afar óljós fyrir svo ekki sé meira sagt. Ég trúi því satt best að segja ekki að mönnum sé alvara með að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Mér finnst það svo yfirgengilegt ef menn ætla að afgreiða þetta nú á þeim tiltölulega fáu vikum, vinnutíma sem eftir er af þinginu og láta þetta ganga í gildi um næstu áramót í ljósi allrar þeirrar vinnu sem hlýtur að verða eftir þegar búið er að ganga frá lagarammanum, að ég get ekki kallað það neitt annað en ábyrgðarleysi, herra forseti. Það er hreint ábyrgðarleysi að leika sér þannig með mikilvægustu fjármálastofnanir þjóðarinnar.

Ég tel að það sé mikil vinna óunnin hvað varðar bæði innri skoðun á þessu máli, því sem snýr að mati verðmæta og framsetningu mála, en líka það að skoða þetta í samhengi við núverandi aðstæður í fjármálaheiminum, breytingar sem eru að verða í þessum efnum erlendis, t.d. samruna og stækkun banka í nágrannalöndunum sem við hljótum að þurfa að taka mið af. Og ýmsar aðrar breytingar í íslensku viðskiptalífi svo sem þær að íslensk fyrirtæki, eins og ég hef áður nefnt, eru í síauknum mæli að hasla sér völl í viðskiptum á alþjóðavettvangi og munu leita með þjónustu sína út fyrir landsteinana í enn ríkari mæli en nú þegar er orðið, ef íslenska bankakerfið og fjármálaheimurinn tekur ekkert mið af þeirri þróun sem er að gerast alls staðar í kringum okkur.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að eiga a.m.k. eina mjög öfluga og sterka innlenda fjármálastofnun. Ég hefði talið heppilegt að upp úr endurskipulagningu og uppstokkun íslenskra fjármálastofnana hefðu komið t.d. þrjár heildstæðar bankakeðjur, ein ríkisbanka- eða þjóðbankakeðja, ein sparisjóðakeðja og ein einkabankakeðja. Og a.m.k. ein af þessum þremur stofnunum hefði orðið svo öflug með fjárfestingarlánastarfsemi innan borðs að hún gæti veitt jafnvel stærstu innlendu fyrirtækjunum fullnægjandi fjármálaþjónustu á öllum sviðum. Það hlýtur að vera markmiðið að standa þannig að málum ef við viljum til frambúðar tryggja sjálfstætt íslenskt efnahagslíf.

[16:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að koma upp í andsvar eftir ræðu hv. þm. til þess, herra forseti, að leiðrétta annars vegar rangfærslur og hins vegar þau ósannindi sem hv. þm. fór með í ræðu sinni. Hv. þm. sagði að ég hefði lýst því yfir að það ætti að lækka laun bankastjóra. Það er rangt. Ég hef hins vegar lýst því að ég tel að laun bankastjóra eigi að segja til um það hvaða störfum þeir eru að sinna og að inn í þeirri heildartölu eigi líka að vera þóknanir fyrir setu í stjórnarstörfum fyrir viðkomandi stofnanir. Síðan sagði hv. þm. að ég hefði lýst því yfir á ársfundi Landsbankans að það bæri ekki að lækka laun bankastjóra. Það eru hrein ósannindi vegna þess að umræða um launakjör bankastjóra kom ekki til umræðu á ársfundi Landsbankans í síðustu viku. Í þriðja lagi er það líka rangt sem hv. þm. heldur hér fram varðandi hvernig var staðið að ráðningu síðasta bankastjóra eða síðustu ráðningu bankastjóra Landsbankans. Þar fluttu tveir fulltrúar í bankaráðinu tillögu um að ráða skyldi þann bankastjóra til fimm ára með sex mánaða uppsagnarfresti. Sex mánaða uppsagnarfrestur í þessu tilfelli er efnislega einskisverður og ástæðulaus. Sú tillaga féll á jöfnum atkvæðum. Hins vegar stóðu þessir sömu tveir bankaráðsmen síðan ekki að því, sátu hjá við atkvæðagreiðslu, að ráða viðkomandi einstakling í stöðu bankastjóra.

[16:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ummæli hæstv. viðskrh. um launamál bankastjóra liggja fyrir og það er hægt að fletta upp á þeim. Það getur náttúrlega hver lagt sinn skilning í þessa hluti en ég leyfi mér nú að fullyrða að ég hafi verið eins og yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar þeirrar tilfinningar, eftir framgöngu hæstv. viðskrh., að hann væri að taka undir með þeim sem teldu launakjör ríkisbankastjóranna óhófleg, þetta fyrirkomulag allt saman óeðlilegt. Og það skildu held ég flestir á þann veg að hæstv. ráðherra væri að ganga í lið með þeim sem teldu að þarna þyrfti að taka til í kerfinu og lækka í raun og veru heildarlaun bankastjóranna. En upp á þessu getum við flett og það er ástæðulaust að teygja umræðuna um það hér og nú, sérstaklega vegna þess að forseti vill stytta hana eins og við vitum. Við höldum henni líka áfram eftir utandagskrárumræður með mikilli ánægju.

Ég notaði engin orð af því tagi sem hæstv. ráðherrann notaði um mig, að ég hefði farið með ósannsögli og rangfærslur. Það kann að vera að ég hafi misheyrt á hvaða vettvangi orðaskipti bankaráðsmanna og hæstv. ráðherra um launakjör bankastjóranna urðu þegar ég fékk mínar upplýsingar. Það kann að vera að ég hafi misheyrt og það hafi ekki verið ársfundur Landsbankans heldur tiltekinn annar fundur bankaráðsmanna eða bankamannanna með ráðherranum. Ég skal fá upplýsingar um það og koma með þær aftur til umræðunnar. En ég veit að slík orðaskipti fóru fram á einhverjum vettvangi og hef það frá mjög sannsögulum mönnum og þá gengu þessir hlutir þar efnislega til eins og ég lýsti. Hæstv. ráðherra fór sjálfur yfir það hvernig málin gengu þegar bankaráðið var að ráða bankastjóra Landsbankans. Hann var ráðinn til fimm ára og það var það sem ég sagði og það fannst mér við þessar aðstæður fullkomlega óeðlilegt þegar tillaga var um annan hlut, þ.e. ráða hann til skamms tíma í ljósi þeirra breytinga sem voru yfirvofandi.

[16:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ummæli mín um launakjör bankastjóra liggja fyrir í þingtíðindum þannig að upp á þeim er hægt að fletta og það hefði hv. þm. kannski átt að gera áður en hann fór með þau í þessum ræðustól áðan. Það er hins vegar verra með sögusagnirnar, hv. þm. getur ekki enn fundið orðum sínum stað og þarf enn að vera með dylgjur. Það verður verra að fletta upp á þeim.

[16:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ráðherrann er býsna orðljótur, þykir mér, það eru rangfærslur og lygar, dylgjur og sögusagnir, og ég bíð bara eftir því hvað þetta verður kallað næst allt saman. Ég held að ég geti fundið orðum mínum stað og mun gera það síðar í umræðunni.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Skattatillögur ríkisstjórnarinnar.

[16:22]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Síðdegis í gær kynnti ríkisstjórnin tillögur sínar til að greiða fyrir kjarasamningum. Þessar tillögur vekja athygli ekki síður fyrir það hvað þar er ekki að finna en fyrir það hvað þar er sagt. Í sameiginlegri kjarastefnu landssambanda Alþýðusambands Íslands sem kynnt var ríkisstjórninni var lögð höfuðáhersla á tryggingu kaupmáttar. Athyglisvert er að í svari því sem ríkisstjórnin gaf í gær er ekkert slíkt að finna, engin rauð strik, engar verðlagsforsendur af neinu tagi og enga viljayfirlýsingu af hennar hálfu til varðveislu kaupmáttar. Og ég spyr: Á þar við að sitja? Í kjarastefnu ASÍ var einnig lögð áhersla á að hefja þegar í stað viðræður um jöfnun lífeyrisréttar. Þeim tilmælum svarar hæstv. ríkisstjórn ekki. Í kjarastefnu ASÍ var lögð mikil áhersla á lækkun innflutningstolla og að markmiðum GATT-samningsins verði framfylgt í raun. Hæstv. ríkisstjórn gefur þar engin svör. Í kjarastefnu ASÍ er lögð þung áhersla á lækkun þjónustugjalda, t.d. á heilbrigðissviðinu.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar í gær voru engin. Af þessu tilefni spyr ég hæstv. forsrh.: Er tilkynning ríkisstjórnar hans frá í gær endanlegt svar hennar til verkalýðshreyfingarinnar? Er ríkisstjórnin ekki reiðubúin til að ræða þau erindi sem til hennar var beint? Hafi hún ekki gefið lokasvar sitt í gær hvenær er þess þá að vænta og til hvaða atriða í kröfugerð ASÍ mun það taka?

Einu svörin sem hæstv. ríkisstjórn gaf í gær vörðuðu málefni lífeyrisþega og skattamál. Í málefnum lífeyrisþega féllst ríkisstjórnin einfaldlega á tillögur stjórnarandstöðunnar, sömu tillögur og þessi sama ríkisstjórn felldi við fjárlagaafgreiðsluna í desember. Um skattamálin segist hún nú vera reiðubúin til að skila launþegum aftur þeim skattahækkunum sem hún tók af þessu sama launafólki sl. 15 mánuði. Meiri var nú rausnin ekki. Og hvernig er það gert? Framkvæmdin er sú að stórum hluta þessarar fjárhæðar eða allt að $^2/_5$ hlutum er varið til að létta á sköttum þeirra sem hæstar hafa tekjurnar, til einstaklinga sem hafa yfir 175 þús. kr. í mánaðartekjur og til fjölskyldna með yfir 350 þús. kr. fjölskyldutekjur. Þannig fær fjögurra manna fjölskylda með 525 þús. kr. mánaðartekjur um 16 þús. kr. í skattalækkun á mánuði frá ríkisstjórninni en fjögurra manna fjölskylda með 125 þús. kr. í mánaðartekjur aðeins um 2 þús. kr. í skattalækkun frá þessari sömu ríkisstjórn. Með því að láta skattleysismörkin ekki fylgja launaþróuninni munu lágtekjufjölskyldur sem nú eru við skattleysismörk og borga litla eða enga skatta borga umtalsverða skatta eftir þær takmörkuðu kauphækkanir sem samið hefur verið um. Með því að innleiða tekjutengingar í öllu barnabótakerfinu er verið að auka jaðarskattsáhrif þess kerfis en það er í mótsögn við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að draga eigi úr jaðarskattlagningu. Þýðir þetta þá, virðulegi forsrh., að ekki sé lengur neinna tillagna að vænta frá jaðarskattanefnd umfram þær tillögur sem hæstv. ríkisstjórn boðaði í gær? Með því að tekjutengja allar barnabætur er ríkisstjórnin jafnframt að auka mismuninn á greiðslubyrði barnafjölskyldna og barnlausra fjölskyldna með sömu fjölskyldutekjur.

Gerir ríkisstjórnin sér heldur ekki grein fyrir því að með þeirri útfærslu sem hún hefur valið á eignatengingu í vaxtabótakerfinu, þ.e. með því að miða skerðinguna við hlutfall af fasteignamati einvörðungu í stað heildareignar, þá er hún

í senn að auka mismunun í skattlagningu milli fólks eftir búsetu og bæta verulega hag eignafólks sem á eignir sínar að verulegum hluta í öðrum verðmætum en íbúðarhúsnæði og getur nýtt þær eignir sínar án þess að þær skerði vaxtabætur. Framkvæmd ríkisstjórnarinnar á skattalækkununum eins og hún boðaði í gær orkar því mjög tvímælis og er þeim mest í hag sem hafa háar tekjur og eiga miklar eignir.

Því hlýt ég að spyrja hæstv. forsrh.: Er þetta lokasvar ríkisstjórnarinnar um skattamálin eða er hún reiðubúin til samninga við verkalýðshreyfinguna um aðrar og skynsamlegri útfærslur á skattalækkununum? Og í öðru lagi: Er ríkisstjórnin reiðubúin til að gefa tryggingu fyrir því að hún muni ekki sækja þær tekjur sem hún segist vera reiðubúin að afsala sér með lækkun tekjuskatta með því að hækka aðra skatta eða með viðbótarniðurskurði í viðkvæmum málaflokkum svo sem í heilbrigðismálum, menntamálum og félagsmálum?

[16:27]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Umræðuefnið utan dagskrár er skattalækkunartillögur ríkisstjórnarinnar þó hv. þm. kysi að fjalla um það sem hann sagði að væri ekki í boðskap ríkisstjórnarinnar. Ég ætla hins vegar að halda mér við dagskrárefnið og fjalla um skattalækkanir ríkisstjórnarinnar og tilkomu þeirra. Eins og menn vita óskaði Alþýðusambandið sérstaklega eftir því að ríkisstjórnin mundi koma inn í þá samningsstöðu sem nú var uppi með lækkunum skatta. Það fólst ekki, eins og ætla mætti af ræðu hv. þm., málshefjanda, í tillögum Alþýðusambandsins að sú skattalækkun skyldi vera krónuleg, heldur hlutfallsleg lækkun og þannig var það auðvitað í samræmi við þær kröfur sem Alþýðusambandið gerði.

Það er ljóst að sú skattalækkun sem ríkisstjórnin kynnti í gær er ein umfangsmesta skattalækkun sem hér hefur verið gerð um mjög langan tíma. Það er ákveðið að tekjuskatturinn lækki um 4% á samningstímanum, raunverulega á tveimur og hálfu ári, ekki fjórum árum eins og sumir fjölmiðlar hafa nefnt heldur á tveimur og hálfu ári, þá lækka tekjuskattar í staðgreiðslu um 4%. Það er mikil lækkun, þörf og tímabær. Og það stendur ekki til, svo ég svari hv. þm., að bæta ríkissjóði upp þær skattalækkanir með skattahækkunum en dæmi um slíkt eru alþekkt í okkar sögu.

Það fer ekkert á milli mála og gengur þvert á það sem hv. þm. sagði, að þeir sem njóta mest þeirrar skattalækkunar sem nú er orðin, er fólk með meðaltekjur í kringum 250 þús. kr. á mánuði. Og við vorum einmitt að svara kröfum um það að bæta hag þessa hóps, ekki síst. Það var gert ráð fyrir því í kjarasamningunum að leggja mesta áherslu þar á hækkun launa þeirra lægst launuðu. Alþýðusambandið vildi þess vegna beina því til ríkisstjórnarinnar að koma inn í málið með skattalækkunarprógramm beinna skatta sem beindist auðvitað að þeim sem borga skatta. Alþýðusambandið gerði sér auðvitað ljóst að lækkun beinna skatta hlaut að beinast að þeim sem borga skatta, þó það virðist hafa farið fram hjá hv. þm. sem hér talaði áðan.

Sem dæmi um áhrif þessarar skattalækkunar má nefna að ráðstöfunartekjur hjóna með tvö börn þar sem meðaltekjur hjónanna eru samanlagt um 250 þús. kr. á mánuði, hækka um 8.800 kr. á mánuði eða um 4,4% vegna skattalækananna einna, fyrir utan þær hækkanir sem verða vegna kjarasamninganna. Ráðstöfunartekjur hjóna með þrjú börn og 250 þús. kr. heimilistekjur aukast um 13.600 kr. á mánuði eða um 6,8%. Það er fjarri öllu lagi að reyna að halda því fram, eins og hv. þm. gerði og ég skil ekki hvað fyrir hv. þm. vakir, að fullyrða hér og halda því fram, að þessar skattalækkanir gagnist hlutfallslega best og mest þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Þvert á móti er út frá því gengið að svokallaður hátekjuskattur er hækkaður úr 5% í 7%. Það leiðir þegar af þeirri ákvörðun að sá hópur nýtur ekki þessarar skattalækkunar eins og allur hópurinn þar fyrir neðan. Það er einfalt reikningsdæmi og hv. þm. er svo reikningsglöggur að hann fer nærri um það.

Því hefur verið haldið fram að með þessum skattabreytingum séum við ekki að draga á þær þjóðir sem kjaralega séð hafa staðið sig betur en við á undanförnum árum vegna þeirrar kreppu sem við höfum gengið í gegnum og erum nú senn komin út úr. Því fer líka fjarri. Það er algjörlega ljóst eftir þessar ráðstafanir, ef kjarasamningar verða á sömu nótum og þeir sem þegar hafa verið gerðir hjá stórum félögum, að íslenskir launþegar munu verulega draga á stéttarbræður sína í nálægum löndum. Kaupmáttur íslenskra launþega mun á tveimur og hálfu ári aukast um rúm 10%. Það er mjög erfitt að finna dæmi þess að slíkt hafi verið gert áður á traustum grunni. Það má nefna dæmi þess að kaupmáttur hafi rokið upp um stund en undirstöðurnar hafi verið falskar. En mjög fá dæmi er hægt að nefna í sögunni um að tekist hafi að gera þetta áður á traustum grunni og að við drögum svo mjög á aðrar þjóðir um kaupmáttaraukningu á jafnskömmum tíma.

Ég hygg að flestir landsmenn, öfugt við hv. þm., fagni mjög þessum tillögum og eigi mjög bágt með að skilja hvers vegna þingmaðurinn les þessar skattalækkunartillögur eins og ónefnd persóna faðirvorið.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er mjög margt sérkennilegt við útspil hæstv. ríkisstjórnar í þessum skattamálum fyrir utan innihaldið. Allur aðdragandi og samhengi málsins er mjög sérkennilegt. Sjálfstfl. situr í raun og veru öllum megin við þetta borð enn sem komið er. Fyrst gefur hæstv. forsrh. tóninn í viðtali við Morgunblaðið í janúar og gefur út löggilta skoðun á því hvað kjarabætur megi verða miklar. Síðan koma til íhaldsmenn í forustu Verslunarmannafélags Reykjavíkur og semja við aðra íhaldsmenn í forustu tiltekinna félaga eða samtaka um kjarabætur sem eru akkúrat á línu hæstv. forsrh. Þar með er íhaldið sem sagt búið að semja vel fram yfir aldamót, vel fram yfir næstu kosningar og þá, nákvæmlega þá, er skattapakka ríkisstjórnarinnar spilað út. Áður en búið er að semja við fjölmennustu heildarsamtök verkafólks í landinu er spilað út í kjölfar þess að kjaramálastefnan er á þeim nótum eða jafnvel ívið hógværari en hæstv. forsrh. hafði boðað þannig að í þeim skilningi er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að verða einn af róttækustu verkalýðsforingjum í landinu. Hann var jafnvel búinn að boða ívið meiri kjarabætur ef eitthvað væri.

Við núverandi efnahagslegar aðstæður, herra forseti, þá er það mín skoðun að það sé í grundvallaratriðum rangt að senda reikninginn vegna þessara kjarasamninga á ríkissjóð. Það er nægt svigrúm í atvinnulífinu, góðæri hjá fyrirtækjunum, til þess að gjaldfæra launahækkanirnar þar.

Þegar kemur að efni þessa skattaútspils þá er það stórgallað. Það skilar þeim tekjuhæstu sannarlega mest í krónum talið. Skattahækkun á lægstu laun kemur inn í þeim skilningi að skattleysismörk fylgja ekki launahækkunum. Það er fyrst og fremst, herra forseti, barnalaust hátekjufólk sem græðir á þessari útkomu. Það var aldrei ætlunin.

[16:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér fagnaðarefni þegar samningar takast á vinnumarkaði en hins vegar er afar sérkennilega að málum staðið hér. Það er búið að semja við um það bil þriðjung launafólks á almennum vinnumarkaði ef marka má fréttir fjölmiðla. En áður en lengra er haldið er ríkisstjórnin búin að spila út sínu spili sem enn einu sinni felst í því að reikningurinn er sendur til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin hefur ákveðið skattalækkanir upp á 4–5 milljarða. Ég hef ekki séð neina útfærslu á því hvernig þetta dæmi virkar en það hlýtur að vera ljóst að þeir fá hlutfallslega mest sem mest hafa, alla vega upp að vissu marki, ef hátekjuskatturinn virkar inn í þetta dæmi. Ég spyr mig þeirrar spurningar hvort ekki hefði verið nær að hækka persónuafsláttinn þannig að allir fengju sömu krónutöluhækkun og þeir þar með hlutfallslega hæst sem minnst hafa.

Því er oft haldið fram, hæstv. forseti, að skattar séu háir hér á landi, en í samanburði við okkar nágrannalönd eru þeir það ekki. Það eru hins vegar launin sem eru allt of lág og fólk er að borga skatta af allt of lágum launum. Ég vil taka fram í þessari umræðu, hæstv. forseti, í ljósi þess sem hæstv. fjmrh. hefur látið frá sér fara, m.a. í Morgunblaðinu í dag þar sem vikið er að því hvernig þessu tekjutapi ríkissjóðs verði mætt. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„... þannig að ef tekjur ríkisins rýrnuðu verulega við þetta yrði að mæta því með lækkun útgjalda."

Þetta er auðvitað hættan, hæstv. forseti, að menn fari út í þær aðgerðir að skera enn meira niður í heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu. Og það má ekki gerast. Það hljóta að verða fyrirtækin í landinu sem eiga að standa undir launum og ef þau geta það ekki þá erum við í vondum málum, herra forseti. Við stöndum frammi fyrir því að hér verða að vera lífvænleg kjör ef við ætlum okkur yfirleitt að halda vinnuaflinu í landinu.

[16:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ekki vissi ég það fyrr en nú að Guðmundur Þ Jónsson, formaður Iðju, væri flokkaður með íhaldsmönnum eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði áðan. Við hann hafði verið samið. Hann er ergilegur yfir þeim skattalækkunum sem hér eru boðaðar. Hann hefur margoft býsnast yfir ósanngjarnri skattheimtu og háum jaðarsköttum. Mér finnst þetta útspil frá ríkisstjórninni komi á réttri stundu og óþarfi sé fyrir stjórnarandstöðuna að vera að býsnast yfir því að það komi of snemma.

Formenn landssambanda ASÍ settu fram kröfur í skattamálum. Ríkisstjórnin hefur komið til móts við þessar kröfur að mjög verulegu leyti, ekki nákvæmlega eins og ASÍ lagði þær upp heldur nær markinu með ofurlítið annarri aðferð. Það eru verulegar skattalækkanir boðaðar nema á hátekjufólk. Jaðaráhrifin í skattkerfinu eru minnkuð mjög verulega. Barnabætur hjóna með þrjú börn og 250 þús. kr. mánaðatekjur hækka verulega. Barnabætur hjóna með þrjú börn og 350 þús. kr. í mánaðatekjur lækka um 4.800 og ráðstöfunartekjur hjóna með 450 þús kr. lækka um 8.100 kr. við barnabæturnar. Það var sátt gerð við ASÍ um frv. um atvinnuleysistryggingar og það er orðið að lögum í fullu samkomulagi við ASÍ. Það er yfirlýst að bætur aldraða og öryrkja og atvinnulausra munu hækka með tilliti til launahækkana. Ég tel að það hafi tekist tiltölulega vel með þennan skattapakka og hann ætti að greiða fyrir lausn yfirstandandi kjaradeilu. Það stendur ekki upp á ríkisstjórnina í þessu efni.

[16:39]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi vissulega verið tímabært af hæstv. ríkisstjórn að leggja á borðið tillögur sínar í skattamálum og ekki mátt seinna vera. Samkvæmt yfirliti frá fjmrn. um afkomu ríkissjóðs sem lagt var fram í upphafi árs var staðfest að milli áranna 1995 og 1996 hafi ríkissjóður fengið í tekjuskatt frá einstaklingum 4.621 millj. kr. umfram áætlun. Þar að auki með frystingu persónuafsláttar 800 millj. kr. í viðbót þannig að ríkisstjórnin hefur með þessu spilað út hluta af því sem hún svo sannanlega hafði oftekið af launþegum fyrir. Það er til góðs að hluta af því er skilað. En nú er spurningin þessi: Eru þetta lokaorð hæstv. ríkisstjórnar? Mér þykir miður að hæstv. forsrh. svaraði hvorki þeirri spurningu hv. málshefjanda né öðrum, en það er ástæða til að spyrja vegna þess að kjarasamningum er ekki lokið. Meiri hluti launþega á eftir að ljúka kjarasamningum.

Ég spyr alveg sérstaklega út frá jaðaráhrifum skattkerfisins. Ríkisstjórnin var með nefnd í því máli. Þar var ekki bara verið að tala um tekjutengingu að því er varðar launþega heldur ekki síður t.d. jaðaráhrifin varðandi bótagreiðslur lífeyrisþega. Ég spyr: Eru þetta lokaorð ríkisstjórnarinnar eða ætlar ríkisstjórnin og hæstv. forsrh. að gera eitthvað í því máli?

Því næst spurning númer tvö, vegna þess að kjarasamningum er ekki lokið. Það eru engar tryggingar, engar verðlagsforsendur gefnar, engin rauð strik, engar kaupmáttartryggingar í þessum samningum. En ég spyr: Ef ríkisstjórnin ætlar að gera betur og efna vilyrði sín gagnvart lífeyrisþegum — og hún stendur þá frammi fyrir því að byrðarnar á ríkissjóð eru meiri en hún hefur kannski áætlað — er hæstv. forsrh. reiðubúinn til að segja að hann muni ekki grípa til annarra skattálagna eða niðurskurðaraðgerða til þess að mæta þeim?

[16:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hæstv. síðasti ræðumaður sagði að ríkisstjórnin ætti að skila aftur sköttum sem hún hefur tekið umfram skatta á umliðnum árum. Sannleikurinn er sá að heildarskatttekjur ríkissjóðs á liðnu ári, árinu 1996, voru sem hlutfall af vergri landsframleiðslu nákvæmlega þær sömu og 1992 þegar hv. þm. sat í ríkisstjórn og árið 1989 þegar hann sat í ríkisstjórn með Alþb., eða 24,1%. Það er hins vegar rétt að hann ásamt fleirum vann að því að færa til skatta, þar á meðal óbeina skatta yfir á beina skatta, á einstaklinga. Það liggur fyrir og það er vissulega verið að breyta því hér. En það þarf að halda því vel til skila að skattbyrðin hefur ekki þyngst á undanförnum árum.

Hér hefur nokkuð verið getið um dæmi og það hafa verið tekin dæmi af mönnum með t.d. 100 þús. kr. og öðrum sem hafa 400 þús. kr. Svo er sagt: Það er verið að skila miklu meiru til þess sem hefur hærri tekjurnar. Sannleikurinn er sá að ef við lítum á einstaklinga þá greiðir sá sem hefur 100 þús. kr. í skatt núna 17.400 kr., lækkunin er 2.200 kr. og skatturinn verður 15.200 kr. og lækkar þannig um 12,6%. Sá sem hefur 400 þús. kr. greiðir 151.700 kr. í dag, lækkunin er 12.700 kr. og skattalækkunin er einungis 8,4%. Þannig verður munurinn á skattbyrðinni meiri á milli þessara aðila eftir en áður þó báðir njóti að sjálfsögðu skattbreytinganna.

Virðulegi forseti. Það hefur verið sýnt fram á það hér, m.a. af forsrh., að þessar breytingar gagnast fyrst og fremst þeim sem hafa lægri tekjur og meðaltekjur og eru með börn á framfæri. Það er okkar von að þessar tillögur ríkisstjórnarinnar verði til að skapa vinnufrið og efnahagslegan stöðugleika um leið og ráðstöfunartekjurnar aukast verulega á næstu árum.

[16:44]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Hluti þeirra breytinga sem kynntar hafa verið um skattalækkanir sem ríkisstjórnin hefur boðað er af hinu góða. Óþolandi háir jaðarskattar hafa bitnað af fullkominni hörku á ungu fjölskyldufólki sem er t.d. að eignast húsnæði og þar sem tekið er á þeirra málum og boðaðar lækkanir hversu litlar sem þær eru, þá er það auðvitað af hinu góða. Það sem veldur vonbrigðum er að þessar breytingar eru ekki notaðar til að jafna lífskjörin. Þvert á móti virðist ágóði þeirra sem mestar hafa tekjurnar mun meiri en þeirra sem vart hafa til framfærslu.

Það hafa verið nefndar ýmsar tölur en við skulum taka dæmi af því hvernig þessir hlutir líta út í dag og síðan að tveimur árum liðnum. Ef við tökum dæmi um einstakling sem er með 100 þús. kr. tekjur í dag þá hefur hann í tekjur eftir skatta 84.243 kr. Eftir tvö ár og allar þessar breytingar sem boðaðar eru hefur þessi sami einstaklingur um 112.161 kr. í tekjur og tekjur eftir skatta eru 94.596 kr. Ágóðinn, það sem hann hefur áunnið sér á þessum tveimur árum er 10.353 kr. Það er nú allur ábatinn af þessum skattalækkunum. Ef við tökum hjón með tvö börn sem eru með 180 þús. kr. mánaðartekjur í dag þá eru tekjur þeirra eftir skatta 169.212 kr., verða eftir tvö ár 201.890 kr., tekjur eftir skatta 188.773 kr. Ágóðinn er 19.562 kr. í raun — og þarna inn í er búið að taka ekki bara skattkerfisbreytingarnar heldur allar boðaðar launahækkanir. Það þarf sem sagt tvö ár til að ná þessum tæpum 20 þús. kr. í launahækkun.

[16:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Miðað við þá umræðu um skattbyrði og jaðarskatta sem hefur farið fram á Alþingi í gegnum árin koma viðbrögðin við útspili ríkisstjórnarinnar nú um skattalækkanir á óvart. Það sem hefur gerst er í fyrsta lagi að komið hefur verið til móts við kröfur Alþýðusambands Íslands. Það er viðurkennt. Hátekjuskattur hefur verið hækkaður. (**Gripið fram í:** Rangt.) Dregið er úr jaðaráhrifum gegnum barnabótakerfið og létt er á skattbyrði almennt.

Hv. 4. þm. Vestf. segir að enga yfirlýsingu sé að finna um varðveislu kaupmáttar og saknar þess. Ég verð að benda honum á að grundvallaratriðið í öllum málflutningi ríkisstjórnarinnar í gegnum tíðina er að varðveita lága verðbólgu og kaupmátt. Það er grundvallarstefnuskráratriði núv. ríkisstjórnar að gera það. Hér hefur einnig verið rætt um áhrifin á ríkissjóð. Við í fjárln. höfum kallað á fulltrúa fjmrn. til að gera grein fyrir þessum skattabreytingum svo langt sem þær ná. Hins vegar er erfitt að gera sér grein fyrir áhrifunum á ríkissjóð á þessari stundu. Þar kemur til að eftir er að semja við ríkisstarfsmenn, það er eftir að sjá endanleg áhrif á tryggingakerfið af þessum aðgerðum og ekki er auðvelt að meta tekjurnar sem koma inn vegna launahækkana og aukins kaupmáttar á þessari stundu vegna þess að ósamið er við stóra hópa í þjóðfélaginu. Eigi að síður er þetta útspil á réttum tíma að mínum dómi og vonandi verður það til að efla stöðugleika og stuðla að því að samningar náist.

[16:49]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna einu ákvæði sérstaklega í þessum tillögum ríkisstjórnarinnar og það er að krafa stjórnarandstöðunnar, verkalýðshreyfingarinnar og eldra fólks í landinu hafi náð fram að ganga. Bætur til ellilífeyrisþega og öryrkja munu hækka í samræmi við launahækkanir kjarasamninga. Ríkisstjórnarflokkarnir stóðu að því að fella þetta fyrir áramót. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í þingsölum fyrir tíu dögum að hann vildi ekki fara þessa leið. Ég fagna því sinnaskiptum ríkisstjórnarinnar. Ég tel þetta sigur fyrir okkur í stjórnarandstöðunni.

Ég bendi hins vegar á varðandi þessa útfærslu að vaxtabætur geta lækkað verulega. Sú aðferð, að draga 3% af tekjum í stað 6% og taka þess í stað upp frádrátt út af fasteignagjöldum, getur leitt til verulegrar skerðingar á vaxtabótum einstaklinga. Sömuleiðis þarf að skoða greiðslumat einstaklinga í húsnæðislánakerfinu vegna þessara tillagna. Ég hefði talið, herra forseti, að frekar hefði átt að fara leið hinna tveggja þrepa. Ég vil leiðrétta það sem hér hefur komið fram að verið sé að hækka hátekjuskatt úr 5% í 7%. Það er rangt. Það er verið að lækka hátekjuskatt úr 47% niður í 45%. Þeir sem greiða hátekjuskatt munu ekki njóta fjögurra prósentustiga lækkunarinnar nema að hálfu. Ríkisstjórnin kýs hins vegar að setja þetta fram eins og verið sé að hækka hátekjuskatt úr 5% í 7%. Það er rangt. Hér er verið að lækka hátekjuskattinn úr 47% í 45%. Ég er orðinn þreyttur á að ríkisstjórnin er hvað eftir annað að greiða fyrir vinnuveitendur í stað þess að láta þá standa undir launahækkunum. Ríkissjóður er sjóður launamanna í landinu. Hér er verið að láta launafólk greiða fyrir sínar eigin kauphækkanir. Það er þessi efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem við höfum verið andvíg þó við fögnum vitaskuld skattalækkunum til einstaklinga en þá verða menn að hafa samhengið í réttu lagi.

[16:51]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Um leið og ég tek undir þær spurningar sem hafa verið bornar fram varðandi framhald þessa máls þá vil ég benda á það sem fram hefur komið. Það er í fyrsta lagi það að fyrir liggur samkvæmt upplýsingum fjmrh. að sá sem var í lægri tekjuflokknum fékk 2.200 kr. á mánuði út úr þessum breytingum en sá sem var í hærri tekjuflokknum fékk 12.700 kr. á mánuði. Hér er bersýnilega um það að ræða að þeim mun meiri tekjur sem menn hafa þeim mun meira eru menn að fá út úr breytingunum eins og þær liggja fyrir.

Í öðru lagi vil ég benda á það alvarlega atriði sem felst í þessu máli sem er sú krafa fjmrh. sem kemur fram í Morgunblaðinu í dag að ætlunin sé að svara þessum breytingum á skattkerfinu með niðurskurði á velferðarkerfinu. Það er í rauninni hrikalegt. Ætlunin er með öðrum orðum að standa þannig að málum að menntmrn. og heilbrrn. skeri niður hjá sér á móti þeim breytingum sem um er að ræða. Það er afar alvarlegur hlutur og ég hvet til þess að menn staldri við áður en menn taka beina ákvörðun um að lengja biðlistana á sjúkrahúsunum í landinu til að koma í veg fyrir þær breytingar sem hér er verið að ákveða.

Loks vil ég spyrja, hæstv. forseti: Er það rétt að málið liggi þannig að þær skattabreytingar sem verið er að tala um kosti ríkissjóð á árinu 1997 ekki neitt heldur hafi ríkissjóður

í raun upp úr krafsinu 700 millj. kr. á árinu 1997 vegna þess hvernig þetta er sett saman? Og hann þurfi fyrst að fara að borga af þessum kjarasamningum á árinu 1998? Er það rétt, herra forseti, að ríkissjóður sé að vinna sér inn 700 millj. kr. á árinu 1997 á þessum samningi við Magnús L. Sveinsson?

[16:53]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Það er dæmigert um þau rök sem hæstv. ríkisstjórn beitir þegar hún kynnir tillögur sínar að verið sé að hækka hátekjuskattinn. Er það að hækka álögur á hátekjufólk þegar skattprósentan gagnvart því er lækkuð úr 47% í 45%? Er það að hækka álögur á hátekjufólk þegar hjón með fjölskyldutekjur upp á rúmar 500 þús. kr. eru að fá út úr þessu kerfi 16 þús. kr. á sama tíma og fólk með rúmlega 100 þús. kr. í fjölskyldutekjur fær út úr þessu 2 þús. kr.?

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. svaraði ekki einni einustu spurningu sem ég lagði fram. Ég endurtek þær. Í fyrsta lagi. Er þetta lokasvar hæstv. ríkisstjórnar? Ætlar hún ekki að svara öðrum erindum verkalýðshreyfingarinnar neinu?

Í öðru lagi. Er hún ekki reiðubúin til viðtals um að skoða framkvæmdina á þeim skattalækkunum sem hún hefur boðað? Vegna þess að það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að Alþýðusamband Íslands hafi beðið um svona útfærslu á tekjuskattalækkunum, þ.e. hlutfallslegri lækkun sem kæmi mest að gagni þeim sem hæstar tekjur hafa heldur þvert á móti það verkalýðshreyfingin um aðra framkvæmd til að tryggja fyrst og fremst að láglauna- og millitekjufólk næði árangri. Og ég ítreka spurningu mína: Er hæstv. ríkisstjórn ekki reiðubúin til að ræða við verkalýðshreyfinguna um hugsanlega breytta framkvæmd á þessari tilhögun?

Í þriðja lagi. Við vitum að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa að sæta yfir 100% jaðarskattaálögum. Ríkisstjórnin lofaði að láta endurskoða jaðarskattheimtuna. Hún setti til þess sérstaka jaðarskattanefnd. Ég ítreka þá spurningu hvort sú nefnd hefur lokið störfum eða mun hún skila tillögum um breytingar á jaðarskattheimtu sem hæstv. ríkisstjórn mun sýna á Alþingi á komandi vori? Það er mjög eðlilegt að þessar spurningar komi fram og hæstv. forsrh. hefur ekki svarað einni einustu þeirra í umræðunum áðan.

[16:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. veit að samkvæmt tillögum Alþýðusambandsins hefðu krónutölulækkun skatta hækkað meira í efri þrepum en neðri þrepum, það er samkvæmt tillögum Alþýðusambandsins. Það veit hv. þm. og ætti þess vegna ekki að vera með þennan leikaraskap. Hv. þm. veit líka að hinn sérstaki hátekjuskattur er 5%. Það veit prófessorinn úr háskólanum líka og verður núna 7%. Sjö er hærri tala en fimm, það hljóta þeir líka að vita í hagfræðideild háskólans. Það er alþekkt staðreynd. (Gripið fram í.) Varðandi rauð strik sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi áðan — rauð strik þurfa auðvitað að vera ef kjarasamningar eru í þeim mæli að allt fer á annan endann í þjóðfélaginu og samningarnir standast ekki, þá þurfa menn vissulega að fá rauð strik. En Alþýðusambandið gaf sér þá forsendu að þeirra kjarakröfur leiddu til verðbólgu sem væri um 2,5% á ári. Við byggjum á því. Við slíkar aðstæður þarf ekki rauð strik. Við slíkar aðstæður er hægt að tryggja 10% kaupmáttaraukningu á tveimur og hálfu ári án þess að hafa rauð strik. Rauð strik hafa reyndar sjaldan hjálpað neinum en rauð strik hafa hins vegar tekið þátt í að kynda upp verðbólguna t.d. þegar hún var 130% eins og menn þekkja.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans í dag þá hafa ekki orðið neikvæð viðbrögð hvorki á peningamarkaði né gjaldeyrismarkaði við útspil ríkisstjórnarinnar sem byggt er á tilteknum samningsforsendum sem hafa verið gerðar. Það undirstrikar að ekki þurfi rauð strik í tilefni þessara kjarasamninga vegna þess að þetta eru kaupmáttarsamningar ekki verðbólgusamningar.

Hér er að því fundið að ríkisstjórnin borgi brúsann. Það er gert af hálfu Alþb., Kvennalistans og Alþfl. Þetta þýðir með öðrum orðum: Ríkisstjórnin átti að hunsa kröfur Alþýðusambandsins um að koma að málinu. Þessir þingmenn lýstu yfir með þessum hætti að ríkisstjórnin ætti að hunsa kröfur Alþýðusambandsins um að koma að málinu á þann hátt sem hún gerði.

[16:58]

Útbýting þingskjala:

Fíkniefnamál, 429. mál, fsp. MagnA, þskj. 733.

Kjarnavopn á Íslandi, 427. mál, fsp. HG, þskj. 731.

Úthlutunarreglur dreifbýlisstyrkja, 430. mál, fsp. ÍGP, þskj. 734.

Verkmenntun, 428. mál, fsp. MagnA, þskj. 732.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706.

[16:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur nú orðið nokkuð rof í umræðunni um bankana til að ræða önnur stórmál sem eru á dagskrá þessa dagana. Ég ætla að reyna að beina sjónum mínum aftur að bönkunum og því sem hér er til umræðu sem vissulega er afar stórt og umhugsunarvert mál.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson vék nokkuð að sögunni í sinni ræðu og athyglisvert er að velta því fyrir sér að á fyrri hluta aldarinnar snerust öll helstu átök í íslenskum stjórnmálum um bankamál. Það réðist auðvitað af því að yfirráð yfir þessum fjármálastofnunum landsins voru afar mikilvæg og eimir svo sem eftir af því fram til okkar daga eins og sést á ráðningum bankastjóra og því hvernig sérstaklega Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. hafa getað ráðstafað þessum stöðum. Rifjast þá upp fyrir mér að Alþfl. var nú býsna stórtækur á síðasta kjörtímabili þegar hann var að ráðstafa flokksmönnum sínum í mikil og góð embætti.

Í þessu samhengi rifjaðist upp fyrir mér að það var árið 1909 sem ráðherra varð að segja af sér vegna bankamála og átaka innan Landsbankans, held ég að það hafi nú verið frekar en Íslandsbanka en þeir voru tveir á þeim tíma.

Það voru mikil átök 1917 þegar Framsfl. var að koma fram á sjónarsviðið og Jónas frá Hriflu fór að láta til sín taka. Þá urðu mikil átök um skipan í bankastjórastöður. Þá snerist það ekki síst um það að menn voru að reyna að sporna við miklum völdum kaupmanna og útvegsmanna í fjármálakerfinu og það var stefna Jónasar að reyna að efla veldi SÍS til mótvægis við þetta reykvíska vald eins og hann kallaði það.

Gjaldþrot Íslandsbanka árið 1930 og stofnun Útvegsbankans á grunni hans olli mjög miklum átökum og eiginlega

miklum skjálfta í íslensku stjórnmála- og atvinnulífi. Og eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson nefndi hér í ræðu sinni þá voru það deilurnar í kringum Kveldúlf og staða útgerðarinnar á tímabilinu 1936–1937 þegar Jónas var búinn að átta sig á því að hann átti ekki mikla möguleika á því að verða ráðherra á vegum síns flokks að hann fór að snúa sér að Sjálfstfl. Þetta var eftir að Spánarstyrjöldin hófst og kreppan magnaðist hér á landi og það þurfti auðvitað líka að tryggja hagsmuni SÍS.

Síðasta stóra málið af þessu tagi var svo þegar Útvegsbankinn var gerður upp árið 1985, ef ég man rétt, og Íslandsbanki stofnaður á rústum hans, og þar með var búið að fara allan hringinn.

En mergurinn málsins er sá, þegar við horfum yfir þessa sögu, herra forseti, að hér hefur alltaf verið ríkisbanki frá því að Landsbankinn var stofnaður, þ.e. banki sem hefur haft ríkisvaldið að bakhjarli. Og það er einmitt fyrsta spurning mín þegar ég skoða þetta mál, hvort skynsamlegt sé og rétt að gera ríkisbankana tvo sem hér eru að hlutafélagsbönkum, hvort jafnlítið hagkerfi og við búum við á Íslandi geti komist af án ríkisbanka. Er það í rauninni mögulegt og skynsamlegt að hér sé enginn ríkisbanki?

Ég get tekið undir það að sú stjórn sem hefur verið á bönkunum hefur ekki verið til mikillar fyrirmyndar. Við kvennalistakonur höfum gagnrýnt það í gegnum árin hvernig hefur verið staðið að skipan í stöður bankastjóra, hvernig þeim embættum hefur verið úthlutað og einnig það að gríðarlegt útlánatap hefur verið hjá sumum bankanna án þess að nokkur maður hafi þurft að bera á því raunverulega ábyrgð. Það er því vissulega ástæða til þess að gagnrýna stjórn bankanna. En grundvallarspurningin er sú: Er skynsamlegt, vegna ýmissa sjónarmiða, að það sé ekki ríkisbanki hér á landi? Það leiðir auðvitað spurninguna að því hvaða rök liggi að baki þeirri breytingu sem á að fara að gera. Það verður að segjast eins og er að það sem er að finna í grg. með þessu frv., og reyndar öðrum þeim frv. sem hér eru til umræðu, er ansi rýrt. Það er vísað til athugasemda frá Eftirlitsstofnun EFTA, það er vísað til samkeppnisstöðu og einhverra almennra atriða. En er þetta nægjanlegt? Ég veit ekki betur en að það starfi ríkisbankar býsna víða og að ekki sé endilega í gangi umræða um að breyta þeim í hlutafélög. Og ég veit ekki betur en að ríkisbankarnir á Norðurlöndunum hafi fyrst og fremst orðið til að hlaupa undir bagga og bjarga einkabönkunum, þannig að maður gæti snúið spurningunni við og spurt hvort ekki séu of margir einkabankar frekar en ríkisbankar.

Síðan er auðvitað sú stóra spurning, hæstv. forseti, hvers vegna var ekki farin sú leið að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann? Mér finnst heldur ekki koma fram nein haldbær rök fyrir því í þessu frv. Við erum nú ekki að tala um þvílíkar ógnarbankastofnanir að það yrði til að setja alla samkeppnisstöðu hér á annan endann að sameina þessa tvo ríkisbanka. Ég tek undir það sem kom fram hér fyrr í dag að með slíkri sameiningu hefði mátt ná mikilli hagræðingu og það væri þó betra að hafa einn öflugan ríkisbanka heldur en engan. Og spurningin er auðvitað hver verður framtíð þessara tveggja hlutafélagsbanka. Eftir því sem ég veit þá standa þeir nokkuð misjafnlega að vígi. Búnaðarbankinn hefur verið rekinn með miklum hagnaði og stendur vel að vígi en ég minnist þess að á undanförnum árum hefur ríkisvaldið orðið að hlaupa í tvígang undir bagga með Landsbankanum. Og það er auðvitað staðreynd að Landsbankinn, sem er stærsti viðskiptabankinn og hefur útgerðina meira og minna á sínum snærum, hefur orðið fyrir miklum útlánatöpum og stendur þar af leiðandi tæpar heldur en Búnaðarbankinn.

Maður spyr sig, sem er auðvitað meginspurningin, herra forseti, hver verða áhrifin af þessari breytingu? Og þar get ég tekið undir það sem er ástæðan fyrir þeirri fyrirspurn sem búið er að leggja hér fram á þskj. nr. 730, sem ítarleg fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni, að auðvitað saknar maður þess að ekki skuli fylgja með einhver úttekt á áhrifum þessara breytinga. Hér situr í salnum einn nefndarmanna sem vann að þessum breytingum og það væri nú fróðlegt að fá upplýst hvaða mat var lagt á áhrif þessara breytinga og hvaða gagna var aflað. Eða eru það bara trúarbrögðin sem ráða? Er það bara hin yfirlýsta stefna ríkisstjórnarinnar um að þetta skuli gert hvað sem tautar og raular? Það er vissulega mikil ástæða til að spyrja sig margra spurninga, herra forseti. Hver verða áhrifin á vaxtakjör í landinu? Á vaxtamun? Hver verða áhrifin á möguleika íslenskra banka til þess að taka langtímalán erlendis? Það er staðreynd að Landsbankinn með sína ríkisábyrgð að baki hefur haft miklu meiri möguleika til þess að taka lán erlendis til langs tíma. Og samkvæmt mínum upplýsingum hefur Landsbankinn fengið lán til allt að 20 ára erlendis meðan Íslandsbanki hefur verið að fá lán til fimm til sex ára. Hvaða áhrif hefur það ef úr þessu lánstrausti og þessum möguleikum, sem auðvitað byggjast á ríkisábyrgð, dregur eða þeir jafnvel hverfa? Er það til að auka hagkvæmni á lánamarkaði? Hver verða áhrifin á þá samkeppni sem hér ríkir á fjármagnsmarkaði og lánamarkaði? Breytir það í sjálfu sér einhverju þó að þessum bönkum sé breytt í hlutafélagsbanka? Ég fæ ekki séð að það breyti í sjálfu sér neinu um samkeppnina nema að því leytinu auðvitað að Landsbankinn kannski sérstaklega eða reyndar báðir ríkisbankarnir verða auðvitað veikari. Þeir verða veikari á þessum markaði þegar ríkisábyrgðin hverfur. Það held ég að hljóti að vera alveg augljóst.

Það má líka spyrja sig um þjónustu við landsbyggðina. Nú hafa náttúrlega ríkisbankar meiri ábyrgð sem ríkisstofnanir heldur en sjálfstæðir hlutafélagsbankar. Þeir munu auðvitað leita hagkvæmni og hvað verður um þá þjónustu sem hefur verið byggð upp úti á landi þar sem auðvitað má hagræða heilmikið? Það eru því margar spurningar sem vakna við það að velta þessu máli fyrir sér eins og fram kemur á þessu þskj. sem auðvitað hljóta að fléttast hér inn í umræðurnar. Þar er einmitt vitnað til ákveðinnar skýrslu sem var gerð árið 1991. Ég hlýt að lýsa furðu minni á því að ekki skuli fylgja þessu frv. viðlíka skýrsla eða úttekt á stöðu ríkisbankanna og þeim áhrifum sem þessar breytingar hljóta að hafa að mínum dómi. Ég held það hljóti að vera óhjákvæmilegt að þegar ríkisbönkum er breytt þá hefur það ákveðin áhrif á allan fjármagnsmarkaðinn.

En aðalatriðið í einkavæðingu, herra forseti, er auðvitað hvernig hún fer fram og hverjir það eru sem kaupa hlutina í ríkisfyrirtækinu. Fyrst er auðvitað að spyrja sig, eins og ég gerði reyndar áðan, á að vera ríkisrekstur eða á að breyta í hlutafélög? Taki menn þá ákvörðun að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, þá er auðvitað verið að gera það í þeim tilgangi að koma þeim út á almennan markað og annaðhvort að sækja aukið fé með hlutafjáraukningu eða að selja síðan hlut ríkisins. Og það er þó svo sem þakkarvert að það fer ekkert á milli mála í þessu frv. að það stendur til. Það er veitt heimild til ráðherra að auka hlutafé um allt að 35%. Það er talað um það í athugasemdum með einni grein frv.

að reiknað sé með fjögurra ára aðlögunartíma og síðan ætla menn auðvitað að athuga málið.

Þá kemur að þessu atriði með hina dreifðu eignaraðild sem ég tek undir að mér finnst vera lykilatriði. Mér finnst það lykilatriði í þessu máli að eignaraðild að jafnvoldugum og öflugum fyrirtækjum á íslenskan mælikvarða sé tryggð vegna þess að við höfum verið að horfa upp á, herra forseti, að það hefur átt sér stað gríðarleg samþjöppun á eignum og valdi í samfélagi okkar á undanförnum árum. Við þurfum nú ekki að líta langt til að sjá þessa miklu tengingu sem nær frá skipafélögum og flugfélögum yfir í fjölmiðla og það er varla nefnt svo fyrirtæki að þessir stóru aðilar komi þar ekki að máli. Þarna hefur átt sér stað mikil samþjöppun á valdi. Það eru til leiðir til þess að tryggja að eignaraðild sé dreifð og ég vil lýsa því sem minni skoðun að ef meiningin er að þessi frv., þetta stóra mál og hin sem fylgja með, verði afgreidd á þessu þingi þá verði tryggt í lögum að eignaraðildin skuli vera dreifð. Ég vil vísa þar til þess ákvæðis sem er að finna í lögunum um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi þar sem var kveðið á um það í 4. gr., með leyfi forseta: „Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja."

Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að slíkt ákvæði sé tekið inn í lögin, að það beri að gæta þess við sölu. Það kann hins vegar vel að vera að það virki ekki nema til ákveðins tíma og þegar slík bréf fari að ganga kaupum og sölum þá verði afar erfitt að fylgjast með því. En er á meðan er. Ég held að það væri mjög brýnt að tryggja slíkt ákvæði í lögum. Ég tek ekki gott og gilt þótt það komi fram í greinargerð að það sé stefna ríkisstjórnarinnar. Eftir fjögur ár getur verið kominn allt önnur ríkisstjórn, herra forseti. Sjálfstfl. kannski í meiri hluta, þótt það sé kannski heldur ólíklegt, en gefum okkur það, með sína hörðu einkavæðingarstefnu. Hvað gerist þá? Nú er þetta kannski heldur ótrúlegt en menn geta breytt um stefnu og aðalatriðið er að málið verði lagt fyrir þingið og það þurfi að breyta lögum en sé ekki hægt að selja þennan hlut ríkisins eins og mönnum sýnist og það verði til þess að yfirráðin yfir þessum mikilvægu peningastofnunum komist á fárra manna hendur. Þetta eru fyrirtæki okkar allra og við hljótum að reyna allt sem við getum til að koma í veg fyrir samþjöppun valds og fákeppni þar sem aðeins ákveðnir aðilar hafa aðgang að fjármagni. Um það snýst auðvitað málið, herra forseti, aðgang að fjármagni og hvernig því er dreift, hverjir það eru sem útdeila fjármagninu.

Hvað varðar einstök atriði þessa frv. er það afar óljóst, eins og reyndar fleiri hafa komið inn á, hvernig og eftir hvaða reglum hæstv. ráðherra mun fara við það að skipa í bankaráð og skipa bankastjóra og svo framvegis. Í 3. gr. segir einungis:

„Kjósa skal bankaráð hvors hlutafélagsbanka á stofnfundum sem haldnir skulu fyrir yfirtöku hlutafélagsbankanna á ríkisviðskiptabönkunum."

„Kjósa skal" en það er augljóst að það verður ekkert kosið fyrr en hluthafarnir verða orðnir nokkrir og á meðan ríkið situr eitt að eigninni er það ráðherra sem skipar bankaráðin. Mér þætti ekki óeðlilegt að það væri kveðið á um það í lögunum hvernig þeir skulu valdir. Alla vega er þetta atriði sem ég vil skoða mun betur í nefndinni. En svona hefur þetta verið í þessum frv. um einkavæðingu, að valdið hefur eingöngu verið í höndum ráðherra. Ráðherra er með eignarhlutinn og skipar stjórn. Miðað við þær hefðir sem hér ríkja er full ástæða til að ætla að menn skipi menn sér hliðholla í stað þess að gæta faglegra og viðskiptalegra raka sem ég vil hvetja hæstv. viðskrh. til að hafa í heiðri þegar og ef að þessu kemur.

Það er staðreynd herra forseti, að meðferð þessa máls hefur tekið mjög langan tíma í ríkisstjórnarflokkunum. Þetta hefur verið lengi á leiðinni í gegnum ríkisstjórnarflokkana og stoppað margsinnis. Ég hlýt að álykta sem svo að meginástæðan fyrir því sé einmitt sú sem ég var að nefna áðan, hvernig hægt sé að tryggja að þessar fjármálastofnanir lendi ekki í fárra manna höndum. Eins og ég hef rakið hér sé ég ekki að það sé neitt sem tryggi það. Að vísu er farið hægt af stað með þennan fjögurra ára aðlögunartíma og 35% sem ungur sjálfstæðismaður sagði að væri brandari. Þetta væri engin einkavæðing eða hlutafélagavæðing þegar þetta ákvæði væri inni. En ég álít svo að þarna hafi menn þó verið að slá ákveðinn varnagla. Það eru sem sagt mjög margar spurningar sem vakna við þessi stóru mál og þó menn séu að flagga því að þeir vilji að sem flestir kaupi hlutabréf í þessum stofnunum hljótum við samt að spyrja okkur hverjir það séu sem eru á hlutabréfamarkaðnum. Hverjir eru það sem hafa efni á því að kaupa hlutabréf og eiga hluti í fyrirtækjum? Þeir eru auðvitað býsna margir sem eiga lítinn hlut en þegar betur er að gáð eru það örfáir aðilar sem eiga allan meginþorra hlutabréfa í fyrirtækjum. Þetta er lítill hópur sem hefur mikil völd og á miklar eignir. Því þarf að sjá til þess, eins og ég hef margnefnt hér, að eignaraðildin verði sem allra dreifðust.

Það verður nú líklega nokkur bið á því að viðskrh. komist að til að svara þeim spurningum sem ég og fleiri höfum verið að leggja fram. Það sem mér finnst að við sem þurfum að skoða þetta mál og taka afstöðu til þess þurfum að gera okkur grein fyrir er það sem ég var að nefna áðan um áhrifin af þessu á fjármálakerfi landsins. Það er ekki að ástæðulausu sem menn hafa haft hér ríkisbanka. Ég hygg að ef íslenskt efnahagslíf og hagkerfi hefði verið öflugra þá hefðu menn ekki séð ástæðu til að standa jafnþétt við bakið á ríkisbönkum og hér hefur verið gert. Það eru ríkar ástæður fyrir þessu og ekki síst það að tryggja aðgang Íslendinga að fjármagni erlendis. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kom inn á það í sinni ræðu að það yrði jafnvel betra að fá erlenda aðila sem eignaraðila að hlutafélagsbönkum til að tryggja dreifingu. Það væri þó skárra að fá þá inn í dæmið heldur en íslenska aðila. Það er ekkert sem bannar það, hygg ég, að t.d. aðilar á Evrópska efnahagssvæðinu geti fjárfest hér í bönkum sérstaklega eftir að búið er að breyta þeim í hlutafélög. En íslensk fyrirtæki hafa bara ekki hingað til þótt mjög eftirsóknarverð til fjárfestinga. Til þess liggja auðvitað ærnar ástæður og þær greinar sem eru kannski mest freistandi fyrir erlenda fjárfesta eru lokaðar. Þá er ég fyrst og fremst að tala um sjávarútveginn.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort það er ástæða til að lengja þessa umræðu meira. Ég hef ótal spurningar varðandi þetta mál. Mér finnst það grundvallarspurning hvort jafnlítið hagkerfi og við búum í komist hreinlega af án ríkisbanka, hvort ekki sé þörf á ríkisbanka til að tryggja aðgang að erlendu fjármagni, til þess að reyna að halda vöxtum í skikkanlegu formi. Ég hef enga sannfæringu gagnvart því að vextir muni lækka við þessa breytingu. Ég held miklu frekar að þeir muni hækka, m.a. vegna þess að menn verði að taka lán til skemmri tíma. Fyrst og fremst megum við ekki gleyma því að Landsbankinn er sá banki sem hefur staðið að baki útgerðinni sem er jú hryggjarstykkið í íslensku atvinnulífi.

Ég held að menn þurfi að fara ákaflega varlega í að veikja þann banka. Ég held að menn þurfi að fara afar varlega í það. Eftir þessa breytingu hefur Landsbankinn ekki lengur aðgang að ríkisábyrgðum og borgar ekki það gjald sem hann greiðir nú, svokallað ríkisábyrgðargjald. Það vekur spurningu um hvernig hans aðstaða verður til að vera þessi stóri lánveitandi útgerðarinnar. Munu þau viðskipti færast yfir til nýja fjárfestingarbankans eða munu þau ef til vill færast úr landi?

Þetta eru allt spurningar sem ég velti fyrir mér, herra forseti, og áskil mér allan rétt til að skoða þetta mál mjög rækilega. Ég hef miklar efasemdir gagnvart þessu máli og tek það ekkert sem gefið að það þurfi eða eigi að breyta flestum ríkisstofnunum í hlutafélög. Það hefur vissulega ákveðinn sveigjanleika í stjórnun í för með sér en það hefur líka ákveðna ókosti. Ég á þess kost að fylgja þessu máli eftir í hv. efh.- og viðskn. og þar verður eflaust mikil og ítarleg úttekt. En enn og aftur þá hef ég miklar efasemdir varðandi þessar breytingar.

[17:26]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristín Ástgreirsdóttir spurði hér nokkurra spurninga. Þingmaðurinn spurði hvaða mat hefði verið lagt á áhrif þeirra breytinga sem lagðar eru til með þessu frv. eða hvort það séu aðeins trúarbrögð að breyta. Það mat var lagt á að þetta væri bönkunum til góðs, að bankarnir mundu við þessa breytingu þjóna lántakendum sínum og almenningi betur eftir þessa breytingu, ef hún kæmist á, en með núverandi kerfi. Þingmaðurinn spurði einnig um áhrif breytinganna á vaxtakerfið í landinu. Það var trú þeirra sem voru í þeirri nefnd sem undirbjó málið og skilaði tillögum sínum í maí á sl. ári að með þessum breytingum mundu vextir í landinu lækka, þ.e. menn trúa því að með breyttu fyrirkomulagi batni reksturinn sem leiði til þess að hægt sé að reka lánakerfið með lægri vöxtum.

Það var spurt um möguleika til að taka langtímalán. Það er rétt að þegar ekki er ríkisábyrgð eru möguleikarnir minni til að taka jafnlöng lán og nefnd voru hér. Þetta mun vafalaust færast yfir í það til skemmri tíma litið að verða eins og nefnt var með Íslandsbanka 4–6 ára lán en það er ekki talið að það valdi neinum erfiðleikum vegna þess að þetta er orðið hluti af þeirri rútínu sem bankamenn lifa við í dag, að endurfjármagna sig.

Það er spurt um áhrifin af samkeppni á lánamarkaði. Þarna eru menn náttúrlega með spurninguna annars vegar færri og stærri einingar sem geta þjónað sínum lántakendum betur og hins vegar hvað þarf til marga til að halda uppi eðlilegri samkeppni. Þetta er auðvitað spurning.

[17:28]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þetta eru allt svo stór mál að þau er ekki hægt að ræða í andsvörum. Hv. þm. nefndi færri og stærri einingar. Hér er ekkert um færri eða stærri einingar að ræða. Það verða alveg jafnmargir bankar og áður og engin breyting hvað það varðar. Hins vegar kann vel að vera að það hafi verið mat nefndarinnar að bankarnir yrðu knúnir til einhverrar hagræðingar og að það sem þingmaðurinn átti við hafi verið að útibúum yrði fækkað eða eitthvað slíkt. En bankarnir sem stofnanir eru eftir sem áður jafnmargir þannig að það breytir varla miklu. Ég endurtek þær efasemdir mínar þangað til ég sé rök og útreikninga að það verði bæði bönkunum, og þá er náttúrlega verið að tala um bankakerfið sem heild, og fólkinu í landinu til góðs að þessar breytingar eigi sér stað. Það er þá mikið að í bankakerfinu núna ef svo er.

[17:29]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því talað er um sameiningu banka og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi áðan að þingmaðurinn teldi að það hefði átti að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka. Ég er þingmanninum sammála um að það þyrfti að búa til stærri heildir, stærri lánastofnanir á Íslandi. Að mörgu leyti teldi ég þó að æskilegra hefði verið að sameina Íslandsbanka og Búnaðarbanka. Mér er ljóst að sú sameining er ekki inni í þessari mynd en það hefði að mínu mati verið að mörgu leyti æskilegra heldur en að sameina ríkisbankana tvo en ég geri mér grein fyrir að það gerist ekki í þessari atrennu.

[17:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er fram komið frv. til umfjöllunar á hinu háa Alþingi um að breyta rekstrarformi ríkisbankanna í hlutafélög. Enn fremur mun starfsumhverfi ríkisbankanna breytast á mörgum öðrum sviðum verði frv. að lögum. Hér hefur ekki verið mynduð ríkisstjórn síðustu 10–15 árin án þess að hafa á stefnuskrá sinni áform um miklar breytingar á starfsemi og jafnvel eignarhaldi ríkisviðskiptabankanna. Bankastarfsemi er í eðli sínu viðkvæm. Því hef ég sem bankaráðsmaður í Búnaðarbanka Íslands fyrir löngu gert mér grein fyrir að endalaus pólitísk umræða og styr um rekstur og rekstrarform ríkisbankanna skaðar ímynd og traust bankanna fyrir rest.

Hæstv. forseti. Hver hafa verið áform fjögurra síðustu ríkisstjórna í málefnum ríkisbankanna? Þar hafa komið að allir stjórnmálaflokkar nema Kvennalistinn sem er heilagur í því eins og svo mörgu öðru því þær hafa aldrei við stjórnvölinn setið. Þær hafa aldrei sest í ríkisstjórn, ekki svo langt sem ég man.

En ég hafði með mér í ræðustólinn stefnuskrár nokkurra síðustu ríkisstjórna. Við skulum gá, hæstv. forseti, hvað var í stefnuyfirlýsingu og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar 1987 um ríkisbankana. Þar segir, með leyfi forseta, um banka- og lánamál: „Dregið verður úr ábyrgð ríkisins og afskiptum af bankarekstri og lánastarfsemi. Stefnt verður að samruna banka með því að setja um það efni almennar reglur en einnig með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins.“ **(Gripið fram í:** Skrifaðir þú undir þetta, Guðni?)

Við skulum taka næstu stefnuskrá sem var málefnasamningur ríksstjórnar Steingríms Hermannssonar og að þeirri ríkisstjórn áttu aðild mjög margir stjórnmálaflokkar. Ef ég man rétt þá var það auk Framsfl., Alþfl. allur, Alþb., Borgaraflokkurinn hálfur og auk þess Stefán Valgeirsson. Hvað segir um bankamál í þeim málefnasamningi? Þar segir, með leyfi forseta: „Stefnt verður að samruna og stækkun banka m.a. með endurskipulagningu á viðskiptabönkum í eigu ríkisins. Markmiðið er að ná aukinni hagkvæmni og rekstraröryggi í bankastarfsemi.“ Þetta var þó sú ríkisstjórn sem fór út í miklar breytingar á bankakerfinu. Þetta var ríkisstjórnin sem sameinaði eina fjóra banka í einn. Þetta var ríkisstjórnin sem í fyllingu tímans gaf Útvegsbankann einkaframtakinu og Íslandsbanki varð til. Og í litla morgungjöf fengu þeir á milli 1 og 2 milljarða með í skattalegu tapi sem þeir nýta enn og munu nýta fram á næstu öld og einnig það að skuldbindingar bankastjóranna í Útvegsbankanum voru teknar á ríkið.

Þá kemur að þriðju ríkisstjórninni — og dofna nú ljósin. Það er ríkisstjórnin sem hafði „velferð á varanlegum grunni" á stefnuskrá sinni. Hvað sagði sú ríkisstjórn um bankamál? Hún segir, með leyfi forseta, á bls. 9: „Hlutverk ýmissa stofnana ríkisins verður endurskoðað og lagað að breyttum aðstæðum. Fjárfestingarlánasjóðum verður fækkað og þeim breytt í sjálfstæð hlutafélög eða starfsemi þeirra færð til annarra fjármálastofnana. Ríkisbönkunum verður breytt í hlutafélög." Enn fremur sagði á bls. 15: „Meðal fyrirtækja sem áformað er að breyta í hlutafélög og undirbúa sölu hlutabréfa í má nefna Búnaðarbanka Íslands." Þetta var ríkisstjórnin sem Sjálfstfl. stofnaði til 1991 og ef ég man rétt var Alþfl. allur, Þjóðvaki ekki til, en þeir ágætu einstaklingar sem skipa hann nú sátu í þessari ríkisstjórn og höfðu þetta á stefnuskrá sinni í bankamálum.

Þá kem ég að þeirri ríkisstjórn sem nú starfar. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Þar segir þetta um bankamál á bls. 3, með leyfi forseta: „Að leggja fram áætlun um verkefni á sviði einkavæðingar sem unnið verður að á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða." Punktur og búið. Svo mörg voru þau orð.

Þetta segir mér að þessi umræða hefur staðið linnulaust í tíu ár. Þessi óvissa hefur oft á tíðum kallað á yfirlýsingar sem hafa skaðað ríkisbankana. Ég nefni sem dæmi einn af fundum Verslunarráðsins á síðasta kjörtímabili, sem er einkavinahreyfing á Íslandi, en þar gerðist það að hæstv. fjmrh. sagði á þá leið að hann vildi selja Búnaðarbankann á hálfvirði og það strax. Slík yfirlýsing skóp óvissu bæði meðal starfsmanna og viðskiptavina á þeirri stundu. Slík var nú virðingin á þeim tíma fyrir þeim milljörðum sem Íslendingar eiga í þessum miklu fyrirtækjum að á hálfvirði skyldi hann fara til gæðinganna.

Margir hv. alþm. hafa haft áráttu til að draga einstök atriði í rekstri ríkisbankanna fram í dagsljósið meðan keppinautarnir hafa haft starfsfrið. Þó er öllum skynsömum mönnum það ljóst að ríkisbankarnir greiða töp sín af rekstrarkostnaði og laun og annað kostnað af vaxtamun alveg eins og Íslandsbanki og sparisjóðirnir sem notið hafa nokkurs konar friðhelgi í umræðunni síðustu árin. Hefur þó Íslandsbanki notið sambærilegrar fyrirgreiðslu og Landsbankinn sé upphafleg fyrirgreiðsla metin, sem ég minntist á áðan, en þar á ég enn við yfirfæranlegt skattalegt tap og þær lífeyrisgreiðslur sem ríkið yfirtók við stofnun bankans.

Í allri þessari umræðu hefur Búnaðarbanki Íslands í umræðunni hér á Alþingi í litlu notið þess að vera best rekni viðskiptabanki landsins í áratugi. Banki sem minnstu tapaði og skilar í ríkissjóð 1 milljarði í tekjuskatt á þessum áratug meðan aðalkeppinautarnir borga ekki krónu í tekjuskatt og einkabankinn að auki eignarskattslaus.

Það er auðvitað fróðlegt í þessari umræðu að fara út í það að skoða hver töpin hafa verið í bankakerfinu og bera þau saman við þessar aðstæður og þær umræður þegar ríkisbankarnir liggja ávallt undir í umræðunni. Á síðasta þingi kom fram fsp. frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni. Þar var spurt um tap og skatta, tekju- og eignarskatt viðskiptabankanna. Þar kemur fram, með leyfi forseta:

Á árunum 1990–1995 tapaði Landsbanki Íslands 7,3 milljörðum, Íslandsbanki 5,3 milljörðum, Búnaðarbankinn 2,2, sparisjóðirnir 1,4. Þannig mætti áfram telja. En þetta segir að það virðist ekki skipta miklu hvert formið er. Ég segi nú stundum sem svo: Eru það kannski ráðamenn bankanna eða einhverjir aðrir sem bera ábyrgð á því hvernig fór á þessum tíma? Hafa ekki fleiri áhrif á umhverfi þjóðfélagsins heldur en nákvæmlega þeir sem lána peninga?

Ég minnist þess sem ungur þingmaður, ég stóð að þeirri ríkisstjórn sem starfaði frá 1987–1988, að mér leið illa í þeirri ríkisstjórn. Hver vegna? Vegna þess að þá tóku stjórnmálamennirnir upp á því að halda genginu föstu á Íslandi í bullandi verðbólgu og háum vöxtum. Ég minnist þess að Sjálfstfl. kom þá saman í Stykkishólmi og ágætur bankastjóri sem þá var ráðherra, Sverrir Hermannsson, sagði eitthvað á þá leið að þessi stefna mundi leiða það eitt af sér að sjávarútvegurinn stefndi lóðbeint til andskotans, ég hef þetta orðrétt eftir eins og það birtist í fjölmiðlum á þeim tímum. Ég hygg að þetta hafi verið rétt, að þarna var íslenskt atvinnulíf að komast í strand, ekki vegna þess að lánastarfsemi bankanna væri gáleysisleg heldur af hinu — að menn héldu um kverkar sterkasta atvinnuvegar á Íslandi, sjávarútvegsins. Hann fékk ekki genginu breytt í óðaverðbólgu og háum vöxtum.

Ég minni á annað atriði sem hefur haft mikil áhrif á töp bankanna. Það var í upphafi síðustu ríkisstjórnar 1991 þegar vextir voru hækkaðir, ég vil segja með handafli, í upphafi ferilsins. Þessar tvær orsakir eiga sinn þátt ekki síður en útlánastefnan í því hvernig fór í öllum viðskiptabönkum á Íslandi. Þar með talinn einkabankinn. Það eru margar ástæður sem valda því að svona fer.

Við þessar aðstæður og þær að enn fer ég með ábyrgð af hálfu Alþingis í Búnaðarbanka Íslands, sem er eign almennings og mikið þjónustufyrirtæki, hef ég reynt að gera upp hug minn hvernig má skapa frið um framtíð þessa fyrirtækis og ekki síður Landsbanka Íslands sem gegnir að mínu viti lykilhlutverki í bankastarfsemi í landinu. Óvissunni verður að ljúka.

Hér hef í raun rakið það, hæstv. forseti, að ásetningur allra flokka á Alþingi er að breyta þessu formi. Ég hef að vísu undanskilið Kvennalistann. Ég er hlynntur ríkisbankaformi í okkar litla samfélagi. Ég óttast fákeppni og það mikla fámennisvald sem einkennir okkar litla markað. Ég geri mér grein fyrir miklum breytingum í framtíðinni bæði í rekstri banka og hvað stærð fyrirtækja varðar. Búnaðarbankans vegna þarf ekki að breyta rekstrarformi. Þó ætla ég að hann geti í ýmsu notið þess að vera sterkur um þær mundir og álitlegur fjárfestingarkostur fyrir ýmsa verði gefin heimild til að styrkja hann með nýju hlutafé sem frv. boðar en segir þó ekkert afdráttarlaust um að verði gert.

Um síðustu áramót keyptu 20.000 Íslendingar sér hlutabréf í fyrirtækjum á almenningshlutabréfamarkaði fyrir 130 þús. kr. hver, eða fyrir 2,6 milljarða. Nýtt fjármagn inn í mörg sterk fyrirtæki á Íslandi með þessum hætti. Ég hygg að sjávarútvegurinn hafi notið þess á síðustu árum að geta með þessum hætti náð í nýtt hlutafé. Mörg þessi fyrirtæki sem njóta velvildar almennings eru framsæknustu fyrirtæki Íslendinga í dag.

Í ljósi þess að eigi má sköpum renna hef ég beitt mér í mínum þingflokki og við hæstv. viðskrh. að fá frv. breytt og þannig úr garði gert að sem minnst átök verði um ríkisbankana og þeir fái tíma og tækifæri að sanna gildi sitt á næstu árum. Ég tel að á síðustu vikum hafi hæstv. viðskrh. lagt sig fram um að sníða vankanta af frv. og tekið til greina veigamiklar athugasemdir frá stjórnendum og starfsfólki ríkisviðskiptabankanna og vil ég þakka það sérstaklega. (**KÁ:** Hverjum er hv. þm. að þakka?) Ég tel það þessu frv. til tekna, hv. þm., og til gildis að fyrir liggur yfirlýstur vilji

frá ríkisstjórninni að minnst næstu fjögur árin verði hlutur ríkisins ekki seldur. Þ.e. að ríkisbankarnir eru ekki til sölu. Komi til þess að fjórum árum liðnum þarf heimild frá meiri hluta Alþingis og ég trúi því að í meðferð þessa frv., og þegar þar að kemur ef það verður, muni menn marka þar um skýra stefnu. En þetta er í fyrsta sinn sem það næst skýrt fram að þeir fá starfsfrið við óbreyttar aðstæður. Það er yfirlýstur vilji núv. ríkisstjórnar og honum ber að fagna. Ég veit að við hann verður staðið.

Fjögur ár eru tiltölulega langur starfstími í sögu banka og margt getur gerst á þeim tíma. En mikilvægast er að viðskiptavinirnir og starfsmennirnir vita að óvissunni er lokið og þeir vita að hvert skref fram undan verður markað með öruggum hætti af hálfu Alþingis.

Hitt blasir svo við að frv. gefur ríkisbönkunum þann möguleika til að styrkja fjárhagsstöðu sína að afla aukins eigin fjár á markaði með sama hætti og svo mörg önnur fyrirtæki í landinu. Þetta hef ég oft nefnt sölu á hlutafé inn um gluggann. Nú má þessi upphæð ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð af hlutafé í hvorum banka en áður var rætt um 49%.

Eins og ég sagði áðan, enginn segir að ráðherra né bankarnir muni sækjast eftir svo miklu af nýju hlutafé. Hitt er svo mikilvægt að að hinu nýja hlutafé verði dreifð eignaraðild almennings og eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra að starfsfólk bankanna geti eignast og öðlast áhrif, ég vil segja með einhverjum sérstökum kjörum sem er mjög þekkt í slíkum aðgerðum víða erlendis. Fagna ég því að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir við umræðuna.

Ég vil segja einnig: Viðskiptavinir fyrirtækjanna ættu einnig að koma þar að. Og ég er sannfærður um að þeir munu gera það með einhverjum hætti til að styrkja þessi fyrirtæki. Ég hefði óttast hákarlana sem allt vilja gleypa ef frv. hefði miðað við 49%. Þá hefðu þeir séð það lag að vilja koma inn í þessi fyrirtæki því að þá var skammt í að þeir hefðu meiri hluta en þeir vilja hafa allt undir sínum eigin hæl eins og þekkt er. En nú er það líklegra við þessar aðstæður að það verði viðskiptavinir, starfsfólk og almenningur sem mun veðja á fjárfestingu til viðbótar við það sem ríkið á í þessum fyrirtækjum og styrkja þessa banka til samkeppni.

Hitt er annað mál að auðvitað verða menn að fara varlega í þeim efnum á litlum hlutabréfamarkaði á Íslandi. Hann skiptir ekki mörgum milljörðum á hverju ári því að ríkisstjórnin verður að gá að sér því að eins og ég sagði hér áðan, ég hygg t.d. að mörg sterk sjávarútvegsfyrirtæki hafi og megi ekki missa þann spón og þá velvild sem bankinn hefur notið hjá almenningi í landinu á síðustu árum.

Ég treysti hæstv. ráðherra bæði miðað við þær yfirlýsingar sem hann hér hefur gefið og þau fyrirheit sem eru gefin í frv. um dreifða eignaraðild. Framsfl. hafði heilmikil áhrif á það á síðasta kjörtímabili sem stjórnarandstöðuflokkur hvernig staðið var að sölunni á Lyfjaverslun ríkisins. Hann beitti sér í því máli og sé ég nú að hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. kinkar kolli. En því miður, mörg einkavæðing seinni ára er vörðuð mistökum. Ég hef nefnt gjöfina með Útvegsbankann. Ég get nefnt SR-mjöl, ég get nefnt Þormóð ramma og fleiri og fleiri fyrirtæki. Hitt er svo önnur saga að það hefur komið mjög fram í umræðunni að þingmenn ekki síst óttast þessa afdráttarlausu heimild til hæstv. ráðherra. Og ég segi fyrir mig, ég tel mikilvægt að efh.- og viðskn. fari mjög vel yfir þetta atriði.

Ég sagði áðan að lækkunin úr 49% niður í 35% skiptir heilmiklu máli. En ég hef ekkert á móti því að afdráttarlaust verði tekið fram í frv. að enginn megi kaupa meira en sem nemur einhverjum prósentum, 3%, 5% eða eitthvað slíkt, þannig að þetta mun Alþingi skoða.

Ég get nefnt mörg fleiri atriði sem mér finnst skipta sköpum og eru ekki í frv. Ég ætla að sleppa því. Ég vil þó segja eitt, að ákvæði um að ráðherra geti á einni nóttu rennt þessum fyrirtækjum inn í einhver önnur o.s.frv. eru ekki lengur. Hér var einn hv. þm. að tala um áðan að sameina ætti Búnaðarbanka og Íslandsbanka. Ég er andstæðingur þess og þetta gera menn ekki á einni nóttu. Þetta er út úr frv. og ekki með í þessum leik.

Hæstv. forseti. Innan flestra stjórnmálaflokka er gerð krafa um breytingar á ríkisbankaforminu. Það er talið úrelt og úr sér gengið. Ég ætla hér að spyrja hv. alþingismenn og hæstv. viðskrh. að öðru: Hverjir eru eigendur að sparisjóðum landsins? Það er eðlilegt að sú spurning komi fram við þessa umræðu. Stundum heyrist bæði hér á Alþingi og víðar að sparisjóðirnir ættu að yfirtaka t.d. Búnaðarbanka Íslands. Eru sparisjóðirnir munaðarlausir? Hafið þið velt því fyrir ykkur, hv. þingmenn, hverjir eiga þá? Mér sýnist að sparisjóðirnir byggist á úreltu ábyrgðarmannakerfi. Er þetta form ekki löngu gengið sér til húðar? Þetta ábyrgðarkerfi er líklega lénskerfi, sonur erfir gjarnan sætið í stjórninni o.s.frv. Sparisjóðirnir tengjast sveitarstjórnum, óbeint þó. Sveitarstjórnirnar eru í hlutverki guðföður eða heilags verndara því engin virðist í raun eiga sparisjóðina eða þeir svara mér á eftir sem það vita. Getur annars einhver hv. alþm. frætt mig á því hver er eigandi sparisjóðanna? (**Gripið fram í:** Þeir eiga hlutdeild ...) Ég var að fara yfir ábyrgðamannakerfið, hv. þm., og ég var að tala um að það væri úrelt. Sparisjóðirnir eru sterkt afl, með um 20% í innstæðum af sparifé landsmanna, svipuð stærð og Búnaðarbanki Íslands og Íslandsbanki. Ríkið fer með vald og ábyrgð á stjórnum ríkisbankanna. Hluthafar kjósa stjórn Íslandsbanka en hvaðan kemur valdið í sparisjóðunum? Þó hafa þeir öðlast full bankaréttindi. Á ég þar við sparisjóðabankann sem er nokkurs konar seðlabanki eða skiptimiðstöð sparisjóðanna. Er ekki brýnt verkefni fyrir Alþingi að fara ofan í og finna eiganda og ábyrgðarkerfi fyrir rekstur sparisjóðanna?

Í atvinnulífi er hlutafélagsformið eins og frá almættinu. Allt skal undir hf. Er kannski þörf á því að háeffa sparisjóðina ekki síður en ríkisviðskiptabankana? Ég spyr.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja ræðu mína meir. En ég er þeirrar skoðunar að þetta frv. hafi nú fengið nokkra meðferð og taki heilmiklum breytingum. Ég trúi því að Alþingi og sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar muni fara mjög vel yfir það og ég treysti því. Það er mjög mikilvægt. Og mér þætti mikilvægt og gæfa fyrir þingið við þessar aðstæður, þegar stefnan er með ýmsum hætti í öllum stjórnmálaflokkum en þó þannig að þessu formi á rekstri ríkisviðskiptabankanna muni verða breytt, að það næði samstöðu um þetta mál. Að lokum vil ég leggja áherslu á það, hæstv. forseti.

Ég sé að hér er komin fyrirspurn til hæstv. viðskrh. sem ég veit að hann á létt með að fara yfir frá tveimur hv. þm. Þar er góður leiðarsteinn fyrir nefndarstarfið til að kafa ofan í frv.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

[17:56]

Útbýting þingskjals:

Erlendar skuldir þjóðarinnar, 431. mál, þáltill. PHB, þskj. 735.

[17:57]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er mikið fagnaðarefni að þetta frv. er komið fram fyrst og fremst vegna þess sem ég held að síðasti hv. þm. hafi gleymt í ræðu sinni að íslenskt peningakerfi er helmingi dýrara að meðaltali heldur en í nágrannalöndum okkar. Þess vegna er ákaflega brýnt fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrir íslenskan almenning, fyrir fólk og fyrirtæki að ná fram breytingum á þessu skelfilega kerfi, þessu skelfilega steinrunna kerfi sem hv. þm. virðist vera svo ákafur fylgismaður fyrir.

Hann gleymir því líka að það er hin frjálsa samkeppni sem hefur náð þeim árangri víðast hvar í heiminum að geta lækkað þennan kostnað, bæði í bankaviðskiptum sem og annars staðar og skiptir engu máli hvort það eru hlutafélög, hvort það er einkaeign eða hvort það er sparisjóðaform en sparisjóðir eru mjög þekktir um allan heim. Þeim gengur misjafnlega, sums staðar vel, annars staðar illa, þannig gengur nú reksturinn yfirleitt í þessum heimi. Og það er það sem menn hafa verið að leita eftir hér um íslenskar peningastofnanir, ríkisstjórn eftir ríkisstjórn, að reyna að ná árangri á þessu sviði til þess að efla atvinnulíf Íslendinga, til þess að auka hér framleiðni, til þess að stuðla að meiri hagvexti, til þess að stuðla að betri kjörum sem var einmitt verið að ræða hér í dag og hefur verið aðalumræðuefnið lengi vel á Íslandi. Þess vegna er þetta frv. fagnaðarefni þrátt fyrir að mjög skammt sé gengið, þrátt fyrir að það sé hálftragikomískt að vita til þess að einhverjir hv. stjórnarsinnar hafa komið því þannig fyrir að ekki má selja nema 35% viðbótarhlutafé, það mun hinn breiði almenningur kaupa. Komið sé í veg fyrir eins og ætlað var í upphafi að 49% verði seld, því það yrðu hákarlarnir sem keyptu þau. Það er mikill og skrýtinn hugarheimur sem að baki slíkum yfirlýsingum liggur.

[17:59]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur legið ljóst fyrir í mínum huga mjög lengi að það þarf að breyta íslensku peningakerfi. Ég hygg að það gleðji hv. þm. Einar Odd Kristjánsson að hér mun hæstv. viðskrh. í kjölfarið mæla fyrir nýjum ríkisbanka sem verður nokkurs konar stofnlánasjóður atvinnulífsins.

Staðreyndin er sú að íslenskt bankakerfi hefur ekkert verið mjög langt frá erlendum bönkum sé það skoðað ofan í kjölinn. Hitt er annað mál að hér hafa helgreipar manna í kringum, ég vil segja, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð haldið stofnlánasjóðum atvinnuveganna með okurvaxtastigi sem á engan sinn líka í veröldinni. Þar hefur t.d. Stofnlánadeild landbúnaðarins starfað með sínum atvinnuvegi með allt öðrum hætti þannig að um leið og menn treysta viðskiptabanka landsins þá ætla menn líka að leggjast í hernað og taka á því að menn geti stofnað fyrirtæki, komist á fæturna í gegnum þann stofnlánabanka sem hér á að mæla fyrir síðar.

Enn fremur ætlar hæstv. viðskrh. að mæla fyrir sjóði sem mun verða áhættulánasjóður og taka þátt í því með hugrökkum mönnum að stofna fyrirtæki um allt land þannig að ég hygg að að sumu leyti eigum við hv. samleið í huganum. (**Gripið fram í:** Ég er stjórnarþingmaður.) Þó að hann finni ríkisbönkunum allt til foráttu þá fór ég glöggt yfir það í minni ræðu, hv. þm., að einkabankinn hefur tapað meira fé og þar hafa menn komið inn í gegnum vald peninganna en ekki í gegnum Alþingi eins og ríkisviðskiptabankarnir. Nú vil ég að hv. þm. skýri mér frá því hvers vegna Íslandsbanki tapaði eins og hann hefur gert á síðustu fimm árum.

[18:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég lýsti hér yfir þá liggur það alveg fyrir að íslenskt peningakerfi er um það bil helmingi dýrara en í okkar viðskiptalöndum og það er ekki þar með sagt að það skipti máli hvaða stofnanir það eru. Og það er ekki eingöngu hvað þeir tapa af peningum, það er minna. Það er rekstrarkostnaður þessara stofnana sem er helmingi of hár. Þetta er vandamálið vegna þess að þeir hafa verið að taka vaxtamismun sem eru helmingi hærri en almennt eru teknir og þrátt fyrir það eru þjónustugjöldin helmingi hærri en vanalega og á flestum stöðum eru þekkt.

Það breytir engu fyrir bankana þó að aðrar stofnanir séu líka illa rekar og engin afsökun fyrir þá. Þess vegna er svar hv. þm. eins og skógarferð. Hann segir enga sögu um það sem ég var að benda honum á að hann hefði misskilið í þessu frv. Við erum að reyna að koma á frjálsum viðskiptum. Við eigum að reyna að auka hér samkeppni til þess að feta það stig sem við þekkjum að hefur gagnast best í heiminum til þess að lækka rekstrarkostnað. Þess vegna styð ég þetta frv.

[18:02]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við Íslendingar búum nú í svo undarlegu landi að þegar við berum okkur saman við erlendar þjóðir á mörgum sviðum þá er þingið hér helmingi dýrara heldur en þing erlendis. Ríkisstjórnin er helmingi dýrari á hvern mann heldur en gerist í öðrum löndum. Bankastarfsemin er vonlaus af því að hún er svo dýr. Verkamaðurinn er jafnvel talinn allt of dýr. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Skólarnir eru dýrir. Þannig hafa útreikningar síðustu ára því miður verið á Íslandi. Þetta snýr ekkert frekar að bankakerfinu en svo mörgu öðru (**EOK:** Jú, jú. Miklu meira.) á Íslandi. En ég er aftur á móti talsmaður þess og hef verið trúnaðarmaður banka sem hefur verið allvel rekinn. (**EOK:** Nei, nei, nei.)

[18:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson hefur mikla reynslu af bankaviðskiptum og bankastarfsemi og óttast kolkrabbann. Ég hef fjórar spurningar til hv. þm.

Í fyrsta lagi: Telur hann að það muni vera fýsilegur kostur að kaupa hlutabréf í banka sem er 65% í eigu ríkissjóðs og er með óleyst vandamál í lestinni, afskriftir og annað slíkt, og ekki einu sinni á hreinu hvort það verða jafnvel þrír bankastjórar? Verður ekki bara stofnaður nýr banki fyrir þá sem hafa áhuga á að festa peninga í banka?

Önnur spurning: Samkeppni vex og það fjarar hratt undan bönkunum. Stærstu fyrirtækin eru öll í viðskiptum við erlenda banka og einstaklingar eru líka farnir í auknum mæli að leita út á verðbréfamarkaðinn. Verður eitthvað að selja eftir fjögur ár í þessum ágætu bönkum hv. þm.?

Þriðja: Gæti hv. þm. hugsað sér að kaupa hlut í Landsbanka Íslands hf. eftir fjögur ár?

Fjórða: Er Íslandsbanki einkabanki?

[18:04]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur einkennt hv. 16. þm. Reykv. að hann býr oft til myrkur um miðjan dag með umræðu sinni. Er hann þó allvel stæður sem þingmaður. Ég minntist ekki á kolkrabbann í minni ræðu. En eigi að síður er það svo (**Gripið fram í:** Hákarlarnir.) að ég óttast fákeppni á Íslandi og að of fáir menn séu hér að eignast of mikið og það hafi verið gengið á eignir almennings á síðustu árum. Þær hafa færst á of fár hendur. Við sjáum það á mörgum sviðum sem ég get ekki rakið hér. (**SJS:** Á ekki að reyna að verja bankana?)

Hv. þm. sagði að bankarnir stefndu á heljarþröm. Nú blasa við reikningar bankanna fyrir síðasta ár. Þá kemur það í ljós að þeir eru í heldur góðum málum. Afkoman er að batna (**Gripið fram í:** Báðir?) og horfurnar allþokkalegar. Já, ég vil segja um Landsbankann að mér finnst að hann eigi erfitt af ýmsum ástæðum eins og ég rakti í máli mínu en ég vona að hans staða sé einnig að lagast.

Hvað varðar nýjan banka. Það kann vel að vera að stóreignamenn stofni nýjan banka. Þeir fara þá andstætt því sem þeir eru að boða hér í umræðunni. Þeir vilja sameina allt. En svo kemur hv. þm. og þá er hann jafnvel með hótanir um að hann muni stofna banka. Ég segi, verði honum að góðu.

En verður eitthvað að selja? Það kemur í ljós. Ég tel að ef menn selja núna þessi 35% eða eitthvað af þeim, þá hygg ég að Búnaðarbankinn muni standa nokkuð vel að vígi, þ.e. að almenningur um allt land muni treysta þessu fyrirtæki til þess að varðveita eyri sinn og gerast hluthafi þar með ríkinu þó að það sé 65% eigandi.

Hv. þm. spurði hvort Íslandsbanki væri einkabanki. Nei, því miður, hann er ekki alfarið einkabanki. Ég hygg að formaðurinn komi meira að segja inn þar á ríkisins hlut. En ég veit ekki hvað verður um þann formann þegar Fiskveiðasjóður er tekinn út.

[18:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þingmaðurinn er ekki alveg sjálfum sér samkvæmur. Hann sagði í ræðu sinni að 20 þúsund einstaklingar hefðu keypt hlut í fyrirtækjum um síðustu áramót eða á síðasta ári. Það er ekki aldeilis að aflið og eignir séu að færast á örfáar hendur þegar þvílíkt gerist þannig að hv. þm. er ekki alveg sjálfum sér samkvæmur.

Um það að ég hafi verið að hóta því að stofna banka. Mér dettur ekki í hug að stofna banka, mig langar ekki til þess. En mig langar heldur ekki til að kaupa hlutabréf í einhverjum ríkisbanka þar sem verða hugsanlega þrír bankastjórar og fullt af líkum í lestinni. Það langar mig heldur ekki.

[18:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Í rauninni eru náttúrlega, hæstv. forseti, svona yfirlýsingar hv. þm. bæði skaðlegar og til skammar, að lýsa því yfir að það séu lík í lestinni o.s.frv. Sjálfur sat þessi hv. þm. ekki nema eitt ár í bankaráði Íslandsbanka en mér finnst þessar yfirlýsingar hv. þm. ekki til fyrirmyndar.

Ég minntist á þessa 20 þúsund Íslendinga sem keyptu hlutabréf. Ég tel það fagnaðarefni. Ég tel að þeir hafi komið íslensku atvinnulífi mjög til styrktar. Þeir hafa að vísu notið skattafsláttar út á þessi kaup sín og ég vil ekki að þessir Íslendingar verði teknir frá atvinnulífinu og fari að fjárfesta bara í bönkunum. Ég vil segja eins og Landsbankinn, hann þarf sjálfsagt og örugglega á auknu á eigin fé að halda, að einhverjir mundi vilja styrkja það fyrirtæki því slíkt þjónustufyrirtæki er hann nú við almenning og atvinnulíf á Íslandi. Ég er í engum vafa, hv. þm., að margir mundu vilja, eins og ég sagði áðan, láta Búnaðarbankann varðveita eignir fyrir sig.

[18:09]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson var harðasti andstæðingur einka- og hlutafélagavæðingar bankanna fyrir nokkrum árum. Hann var mjög dyggur stuðningsmaður minn á þeim árum að koma í veg fyrir, eins og þá voru áform uppi um, að einka- og hlutafélagavæða ríkisviðskiptabankana. Nú er hann á hraðferð kominn í þá lest sem vill einkavæða bankana og mér finnst þetta aumt yfirklór og kattarþvottur hjá þingmanninum þegar hann er nú að réttlæta afstöðu sína.

Hv. þm. sagði árið 1996, bara á síðasta ári, að formbreytingu fylgdi sala og hann sagði fyrir nokkrum árum að það væri verið að stíga óheillaskref til að færa örfáum fjölskyldum ríkiseign á silfurfati með einka- og hlutafélagavæðingu bankanna. Hann vildi ekki undir nokkrum kringumstæðum að Búnaðarbankinn yrði seldur. Og hann sagði við þá ráðherra sem vildu selja ríkisbankana að þá ætti að reka úr ríkisstjórn. Svo stór voru orðin. Nú þakkar hann bara hæstv. viðskrh. fyrir að ætla sér að hlutafélagavæða og selja bankana. Hann hafði svo stór orð uppi að hann spurði þá ráðherra sem vildu selja og einkavæða, hvort þeir ættu seturétt í ríkisstjórn í nokkru landi eftir framferði sitt. Hvað hefur svona mikið breyst? Hv. þm. hefur svo sannarlega ekki réttlætt í þessari umræðu þau umskipti sem hafa orðið á hv. þm.

Hann sagði að einstaklingar gætu grætt í örfá ár á einkavæðingu bankanna og sent síðan reikninginn á ríkissjóð. Er það svo nú? Verður það svo eftir þessa breytingu? Ég spyr hv. þm.: Mun hann styðja hlutafélagavæðingu bankanna? Og ég spyr sérstaklega um 6. gr. þar sem er verið að tala um raunverulega einkavæðingu eða 35% af heildarhlutafé bankans sem eru 5 milljarðar kr. í báðum bönkunum, hv. þm. Það var þó ekki verið að tala um nema 1 – 1,5 milljarða á árinu 1991. Ætlar þingmaðurinn að styðja það að hlutafé úr bankanum, heildarhlutafé, verði selt af 35% hluta sem eru 5 milljarðar kr.? Þá er þingmaðurinn að gera það sem hann ekki vildi gera á árinu 1991, þ.e. að koma stórum hluta af bönkunum í hendur á kolkrabbanum. (**SJS:** Ljótt er þetta, Guðni.)

[18:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt að ég hef barist gegn hlutafjárvæðingu ríkisbankanna, ekki síst á þeim forsendum að jafnan hefur hún verið mjög óljós og opin þannig að í kjölfarið sýndist manni að hlutur ríkisins yrði seldur.

Ég hef rakið það í ræðu minni og farið mjög ítarlega yfir það hver stefna allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi er, þar á meðal flokks hv. þm., þannig að ég hef komist að þeirri niðurstöðu nú þegar það blasir við að ríkið er ekki að fara að selja hlut sinn í þessum fyrirtækjum. Ríkið er ekki að fara að selja hlut sinn. Það er ekki víst að hv. þm. skilji það því að nú hristir hann höfuðið. En það stendur til að taka viðbótarhlutafé inn í ríkisviðskiptabankana eftir einhverri heimild, frá almenningi. (**Gripið fram í:** Heimild frá almenningi?) Nei, eftir heimild, þ.e. að almenningur komi þar með inn í þessi fyrirtæki eftir ákveðnum reglum sem Alþingi mun

marka. Eftir þessa umræðu fellst ég á að frv. er að komast í það horf að rétt sé að lögfesta það og að þessi breyting gangi í gegn, ekki síst til þess að skapa frið um þessi fyrirtæki sem eiga sér viðskiptavini og starfsmenn. Þess vegna hef ég farið yfir það hér að ég tel að frv. hafi loksins tekið þeim breytingum — og að hæstv. viðskrh. hafi einn allra viðskrh. átt það samstarf við stjórnendur og starfsfólk þessara stofnana — að það er ásættanlegt að ganga nú þessa leið.

[18:14]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það þarf engan að undra að það sé trúnaðarbrestur milli stjórnmálamanna og fólksins í landinu vegna þess að þegar menn setjast í ríkisstjórn þá skipta þeir snarlega um skoðun í hinum stærstu málum eins og hér er gert. Ég hef aldrei orðið vitni að öðrum eins umskiptum og orðið hafa á hv. þm. og því yfirklóri sem hann býður þingheimi og þjóðinni upp á. Og að segja að það sé ekki verið að selja hluta af Búnaðarbankanum sýnir mér að hv. þm. veit ekki um hvað málið snýst vegna þess að hér er talað um 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanum um sig. Það er heildarfjárhæðin af öllu hlutafénu samanlögðu. Það eru ekki bara 35% til viðbótar heldur er það heildarfjárhæðin, 35%, sem á að selja og það eru 5 milljarðar kr.

Ég bið þingmanninn um eitt svar: Ætlar hann að styðja 6. gr. sem mun koma bankanum að verulegu leyti í hendurnar á fjölskyldunum fjórtán, kolkrabbanum? Ætlar þingmaðurinn að gera það? Það þarf ekkert að segja mér að á eftirmarkaði eða með einhverju þaki á eignaraðild eða atkvæðisrétti sé hægt að koma í veg fyrir að þetta fari í hendurnar á fjölskyldunum fjórtán.

[18:15]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir er nú sá stjórnmálamaður sem oftast hefur barið hausnum við steininn og ekki verið trúverðug í mörgu sem hv. þm. hefur tekið sér fyrir hendur. (**JóhS:** Hver kom í veg fyrir einkavæðingu ...?) Hv. þm. fór í mikla herferð og náði í kringum sig hreyfingu fólksins sem kölluð var. Hvar er nú sú hreyfing? Hún hefur yfirgefið hv. þm. Ég segi fyrir mig að sem stjórnmálamaður á ég ekki alltaf valið. Stjórnmálamenn standa oft frammi fyrir því að þeir verða að velja leiðir. (**JóhS:** Fylgir þingmaðurinn sannfæringu ...) Ég fylgi minni sannfæringu að því leyti (Gripið fram í.) að ég einn ræð ekki öllu hér á Alþingi, ég einn ræð ekki öllu í Framsfl. (Gripið fram í.) og þess vegna er svo komið að ég verð að velja um leiðir og hafa áhrif á málið. Þannig starfa yfirleitt heiðarlegir stjórnmálamenn. Þeir stökkva ekki út um móa og mýrar með yfirlýsingar til að plata fólk og koma svo fylgislausir eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir stendur nú hér á Alþingi (Gripið fram í.) og á vart traust í sínum eigin flokki sem kallast þó jafnaðarmannaflokkur Íslands.

[18:17]

Útbýting þingskjals:

Rannsókn á brennsluorku olíu, 421. mál, þáltill. GE, þskj. 723.

[18:17]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Það er erfitt að taka til máls á eftir þessum skemmtilegu skoðanaskiptum kollega minna hér áðan. En í raun og veru þarf ekki að hafa langt mál um þetta frv. svo sjálfsagt sem það er. Það hefur verið augljóst mál árum saman og yfirlýst markmið ríkisstjórna í langan tíma að gera breytingar á rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna. Og vegna hvers er það? Það er vegna þess að núverandi rekstrarform er úrelt. Það hentar ekki lengur í nútímaþjóðfélagi að reka bankastofnanir í því horfi sem við höfum hér gert um áratuga skeið og því miður allt of lengi. Það er löngu tímabært að breyta formi þessara fyrirtækja í það horf sem hér er lagt til, þ.e. í hlutafélagaform þar sem um er að ræða miklu sveigjanlegri möguleika, miklu meiri sveigjanleika fyrir stjórnendur og aðra til þess að bregðast við breyttum aðstæðum.

Auðvitað eru margar færar leiðir í þessu efni og það er búið að hanga yfir þessu máli árum saman. Alþýðuflokksráðherrarnir sem gegndu embætti á undan hæstv. núv. viðskrh. héngu yfir þessu máli árum saman og komu því ekki áleiðis, m.a. vegna andstöðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eins og hún var að kalla hér fram í áðan og hreykja sér af. En nú er mál að menn hætti að hanga yfir þessu. Það er búið að velja eina leið af mörgum færum leiðum og þá er rétt að setja punktinn aftan við og segja: Nú verður þetta mál klárað. Nú hættum við þessu röfli og klárum þetta mál til þess m.a. að eyða óvissunni sem hv. þm. Guðni Ágústsson talaði um og vissulega er til skaða og vandræða í öllum bankarekstri. Það þarf að eyða henni. Það þarf að komast að niðurstöðu og klára þetta mál. Auðvitað verður að klára það núna fyrst það er komið inn í þingið því að óvissa er eitur í starfsemi allra bankastofnana að því er varðar viðskiptamenn sem leggja fé sitt inn í slíkar stofnanir, fyrir lánardrottna sem lána þessum stofnunum peninga og ekki síður fyrir starfsfólkið sem á auðvitað vissan rétt og mikinn rétt að því er varðar starfsöryggi og vitneskju um sinn framtíðarhag í þessum stofnunum.

Kannski er aðalatriðið í þessu máli að nauðsynlegt er að skapa bönkunum sem starfa í landinu jafna og sambærilega samkeppnisstöðu. Það er gert með frv. Eftir þessar breytingar verða engir bankar með ríkisábyrgðir umfram aðrar bankastofnanir þegar málinu verður endanlega lokið. Það verður líka jafnræði á sviði skattamála. Það hallar á einkabankana og starfsemi þeirra að því er varðar ríkisábyrgðir í dag. Það má segja að það halli á ríkisbankana að því er varðar skattareglurnar í dag. Landsbankinn hefur safnað upp miklu tapi. Hann getur ekki hagnýtt sér það til skattalegs ávinnings eins og Íslandsbanki getur gert. Það er óeðlilegt. Þessar stofnanir eiga að starfa á sambærilegum grundvelli. Þær eru í samkeppni. Um það snýst þetta mál. Út á það gengur málið. Menn sem neita að horfast í augu við svona augljósa hluti eins og þetta bara vegna þess að þeir vilja hafa eitthvað sem þeir kalla ríkisbankakerfi eða þjóðbankakerfi, eru ekki að horfast í augu við staðreyndir og þeir neita því að við lifum á breyttum tímum og í gjörbreyttu viðskiptalegu umhverfi, eins og rakið hefur verið í þessari umræðu, ekki bara hérna innan lands heldur líka vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðlegum vettvangi í þessum efnum og vegna þess að búið er að opna okkar þjóðfélag algjörlega fyrir fjármagnsstreymi inn og út og fyrir alls kyns áhrifum utan lands frá að því er varðar tilfærslur peninga, gjaldeyris o.s.frv. Við getum ekkert lifað hér eins og við búum á eyðieyju í þessu efni.

Það er rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal benti á hér áðan að það fjarar að sumu leyti hratt undan íslenskum bankastofnunum vegna þess að þær eru svo litlar og í þessu opna umhverfi geta menn einfaldlega leitað sér þjónustu annað. Og það er það sem stóru fyrirtækin á Íslandi gera og einnig ýmsir aðrir aðilar, ekki bara hin stóru fyrirtæki heldur ýmsir

aðrir aðilar. Þeir leita út fyrir landsteinana með sín viðskipti og við viljum ekki missa þessi viðskipti úr landi. Við viljum reyna að halda þeim hér. Við viljum auðvitað hafa traustar, öflugar og stórar bankastofnanir á Íslandi sem geta sinnt atvinnulífi og einstaklingum eins og með þarf hérna í landinu. Þess vegna verða menn að horfast í augu við þessar breyttu forsendur og gera þessar stofnanir þannig úr garði, að því er varðar umhverfi þeirra, rekstrarramma og fleira þess háttar, að þær geti brugðist við nýjum tímum og breyttum aðstæðum og geti starfað við þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er, geti brugðist hratt við breyttum aðstæðum og að stjórnendur þeirra hafi það svigrúm sem þeir þurfa til þess að taka skjótar og snöggar ákvarðanir ef aðstæður breytast hratt sem þær auðvitað gera oft í alþjóðlegum viðskiptum og í bankamálum.

Það er einnig eðlilegt og verður afleiðing af þessu frv. að bankarnir, eins og önnur fyrirtæki, geti aflað sér aukins eigin fjár með hlutafjárútboði. Hvernig dettur fólki í hug að ætla að meina stórum fyrirtækjum eins og viðskiptabönkum að efla hag sinn með því að sækja sér aukið eigið fé? Hvernig dettur fólki það í hug í dag að hægt sé að leggjast gegn því? Það er eitt af því sem hefur staðið þessum bönkum fyrir þrifum, að þeir hafa ekki getað útvegað sér nægilegt eigið fé vegna þess að rekstrarform þeirra er þannig að það hefur komið í veg fyrir það.

Það er sömuleiðis eðlilegt að til þessara fyrirtækja séu gerðar arðsemiskröfur, að þau skili arði af því eigin fé sem í þeim er bundið, að eigandi þeirra, hvort sem það er ríkið eða einhverjir aðrir aðilar, fái greiddan eðlilegan arð af því fé sem bundið er í þessari starfsemi. Það mun auðvitað gerast ef hlutafjárformið verður ofan á að eigandinn sem mætir á aðalfund gerir kröfu um að arður verði greiddur og að eðlileg arðsemi verði af starfseminni.

Síðan mætti segja margt um fyrirkomulag yfirstjórnar og þess háttar í þessu máli. Það verður væntanlegra bankaráða að taka ákvörðun um það hvort það verður einn eða fleiri bankastjórar í þessum stofnunum. Auðvitað er það ekki í samræmi við þá stjórnunarhætti sem menn telja nú eðlilegasta að vera með fleiri en einn bankastjóra í svona bönkum, en það verður bankaráðanna að ákveða það og undirbúningsnefndanna að leggja drög að fyrirkomulagi yfirstjórnarinnar í þessum stofnunum.

Nei, það er engin ástæða til þess að vera lengur að velkjast með þetta mál sem er búið að vera að þvælast hér fyrir mönnum allan þann tíma sem ég hef setið á þingi, í tíu ár hafa haft menn haft uppi áform um að hrinda þessum breytingum í framkvæmd. (Gripið fram í.) Það er nauðsynlegt að klára þetta mál. Það á að útrýma óvissunni um það. Það á auðvitað að gefa skynsamlega aðlögun að þeim ákvörðunum sem verið er að taka hér og það á að marka skýlausa stefnu fram í tímann um það hvert menn vilja halda með málið. Og það vill svo til að það er gert í frv. Það er sagt: Við ætlum að auka við hlutaféð um 35% innan fjögurra ára eða það er opnaður sá möguleiki. Meira verður ekki gert á fjórum árum. Auðvitað er skynsamlegt að setja einhvern slíkan tímaramma. Þó að hann sé ekki nein heilög tala í sjálfu sér þá er verið að móta þarna ákveðna stefnu. Það er verið að gefa tiltölulega langan aðlögunartíma í þessu máli og það er bara heilbrigt og eðlilegt að gera það. Það er heilbrigt og eðlilegt og skynsamlegt að setja slík markmið þannig að allir þeir fjölmörgu aðilar sem að þessu máli koma, hvort sem þeir eru viðskiptamenn bankanna eða starfsmenn eða væntanlegir eigendur hlutafjár, viti hvert förinni er heitið, hvað fram undan er og hvernig á að standa að málum með þessi öflugu fyrirtæki þegar fram í sækir.

Síðan að því er varðar væntanlega sölu nýrra hluta, þá get ég tekið undir margt af því sem komið hefur fram í umræðunni. Það er eðlilegt og skynsamlegt að reyna að dreifa eignaraðildinni á svona voldugum fyrirtækjum. Auðvitað á að stefna að því. Það eru ýmis dæmi um það hér í sambandi við einkavæðingu að settar hafa verið sérstakar reglur sem eiga að tryggja að eignaraðild verði dreifð. Ég er sannfærður um að það verður engum vandkvæðum bundið í þessu máli. Ég er sannfærður um að það verður ekki erfitt að finna slíkar leiðir ef á annað borð verður markaður fyrir þessi hlutabréf, því að ábendingar Péturs H. Blöndals áðan geta átt við rök að styðjast, þ.e. að þessi bréf þyki ekki góð markaðsvara og enginn fáist til þess að kaupa þau. En það vitum við náttúrlega ekki fyrir fram, það vitum við ekki fyrr en á reynir á markaðnum. En vissulega þarf að búa þannig um hnútana að það verði eftirsóknarverður fjárfestingarkostur að eignast hlutabréf í Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf.

Dreifð eignaraðild. Það er eðlilegt að stefna að henni. Ég er sammála því sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði um það mál, þ.e. þau markmið sem hann talaði um í því efni. Hann er eins og Margrét Thatcher. Hann vill selja mörgum litlum aðilum hluti (**Gripið fram í:** Leiðum að líkjast.) í fyrirtækjum sem verið er að einkavæða. Margrét Thatcher vildi gera sem flesta að litlum kapítalistum og hv. þm. Guðni Ágústsson er sammála því og ég tek undir það með þeim báðum að það er skynsamleg og heilbrigð stefna og á við í þessu efni eins og þetta mál er allt í pottinn búið.

[18:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að ég styð þetta mál sem hér er lagt fram þó að ég fái ekki tækifæri til að fylgja því eftir. Ég er að fara héðan út í kvöld. En í tilefni af orðum síðasta ræðumanns langar mig til að spyrja hv. þm. hvort hann telji að ef búið væri að „háeffa", eins og sumir segja, ríkisbankana og svo væri komið að ríkið ætti ekkert lengur í bönkum á Íslandi, hvort hann telji að þar með væri ríkið orðið laust undan allri ábyrgð á bankastarfsemi. (**JóhS:** Góð spurning.)

[18:29]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Ríkið yrði að sjálfsögðu laust undan ábyrgð eigenda sem slíkra en vissulega hefur ríkið almennum skyldum að gegna í þjóðfélaginu, m.a. þeim að setja löggjöf, rammalöggjöf um bankastarfsemi eins og gert hefur verið. Við höfum gjörbreytt hér á undanförnum árum löggjöfinni um viðskiptabanka og mjög margt annað og með dyggilegri aðstoð Alþfl. á undanförnum árum hefur það verið gert. Vissulega mun ríkið áfram hafa skyldum að gegna í peningamálum og í fjármálaheiminum á Íslandi þó að það muni ekki eiga viðskiptabankana. En þær skyldur eru allt annars eðlis og algjörlega óháðar því hvort íslenskir skattgreiðendur binda milljarða kr. í hlutum í þessum stofnunum eins og nú er gert. Þessa peninga væri hægt að nota með mjög eftirsóknarverðum hætti í margt annað heldur en nú er gert.

[18:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var kannski ekki endilega að spyrja eftir hinum almennu lagaskyldum ríkisvaldsins. Á síðasta kjörtímabili tók ég þátt, þá í stjórnarandstöðu með öðrum, að breyta algerlega, eins og hv. þm. sagði réttilega, lagaumgerðinni um íslenska bankastarfsemi.

Það sem spurning mín beindist að er að við höfum mörg dæmi um að ríkisvald, sem verður að bera ábyrgð á því að peningakerfi viðkomandi lands virki, getur aldrei og er aldrei laust undan þessari ábyrgð. Ég held að menn verði að taka það með og skilja það í þessari umræðu.

Það gerðist í Noregi í lok síðasta áratugar að norska ríkisstjórnin þurfti að dæla milljörðum króna í bankakerfið sem þó var búið að einkavæða meira og minna einfaldlega til þess að halda þessari grundvallarstarfsemi í þjóðfélaginu gangandi. Sömuleiðis er ekki langt síðan bandaríska alríkisstjórnin lagði stjarnfræðilegar upphæðir í bandaríska sparisjóðakerfið vegna þess að menn sáu fyrir sér að það hefði þvílíkar afleiðingar ef það yrði gjaldþrota að ekki væri hægt að láta það gerast.

Ég vildi bara koma þessu sjónarmiði að í þessari umræðu og menn haldi því til haga að það er ein af frumskyldum í efnahagsmálum hverrar ríkisstjórnar að halda peningamálum gangandi og það gerir það að verkum að ríkisstjórn getur aldrei látið það gerast að stór banki fari á hausinn.

[18:32]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að votta að á síðasta kjörtímabili átti hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson drjúgan þátt í þeim umbyltingarkenndu breytingum sem gerðar voru í sambandi við bankamál, ekki síst það ár sem hann sat sem formaður í hv. efh.- og viðskn. En þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því að leggja niður ríkisvald á Íslandi eða að ríkið hætti að gegna einhverjum almennum skyldum sínum. Þetta mál snýst um að breyta rekstrarformi á viðskiptabönkum, sem eru fyrirtæki í samkeppnisviðskiptum, í viðurkennt og almennt rekstrarform sem hefur ótal kosti umfram það sem núverandi form hefur upp á að bjóða og jafnframt að gefa fleirum kost á því að eignast hlut í fyrirtækjunum með það að markmiði í mínum huga að losa þarna um opinbert fé sem betur væri komið í annars konar starfsemi, hvort sem það er nýsköpunarsjóðurinn, sem hér á að mæla fyrir á eftir, eða í hinum almenna ríkisrekstri með hverjum þeim hætti sem menn komu sér saman um. Það verður seinni tíma mál að taka ákvörðun um það. En það er óskynsamlegt og óþarfi — það er kannski aðalatriðið — óþarfi að binda milljarða króna af skattfé almennings í starfsemi sem þessari þegar nógir aðrir eru vonandi til þess að taka hana að sér.

[18:33]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið býsna fróðlegt satt að segja að fylgjast með orðræðum hv. þingmanna og þá einkanlega stjórnarþingmanna þessa síðustu einu og hálfa klukkustund eða svo. Hv. síðasti ræðumaður, formaður þingflokks Sjálfstfl., taldi kjarna málsins vera þann að með þessum frumvörpum um formbreytingar á íslensku bankakerfi og raunar stórfelldar efnisbreytingar á þeim mætti fyrst og síðast skýra með þeim hætti að hér væri verið að eyða óvissu. Í fyrsta lagi verið að eyða pólitískri óvissu um það hver stefna ríkisstjórnar og stjórnmálaflokkanna hér á landi væri í þessum málum. Ekki síður væri verið að eyða óvissu meðal viðskiptamanna bankanna. Raunar kvað við svipaðan tón hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni um að nú væri mál að linni. Það gengi ekki miklum mun lengur að hver ríkisstjórn á fætur annarri hefði uppi áform um formbreytingu og skipulagsbreytingu á íslensku bankakerfi og nú þyrfti að láta slag standa. Þetta gengi ekki lengur. Þótt hann væri í efninu og í andanum ósammála því að fara þessa leið væri það samt sem áður þannig að mikilvægt væri að eyða þessari óvissu með einhverjum þeim hætti sem gerlegt væri.

Ég fæ ekki betur heyrt, virðulegi forseti, eftir að hafa hlýtt á þessi skoðanaskipti stjórnarþingmanna einkanlega að þessi óvissa sé aldeilis til staðar enn þá. Í fyrsta lagi koma þeir stjórnarþingmenn sem hér hafa lagt orð í belg með svo mjög ólíkum hætti að þessu máli að maður hlýtur að spyrja sjálfan sig hvort þeir séu yfirleitt að ræða sama málið. Þannig var að hv. þm. Guðni Ágústsson gerði í löngu og glöggu máli grein fyrir því hvernig rekstri, einkanlega Búnaðarbankans, hefði verið gerð skil og hann verið vel rekinn á síðari tímum. Hv. þm. Pétur H. Blöndal kom hins vegar og sagði að þar væri lík í lestinni og raunar í öllum ríkisviðskiptabönkunum og þessir hlutir sem á að selja þrátt fyrir allt væru fullkomlega óseljanlegir. Maður spyr sig hvers konar fjármálapólitík það sé yfirleitt hjá þeim ágæta þingmanni að leggjast á þá sveifina að selja hluti úr bönkum sem væru óseljanlegir. Hann gat þess líka að hann hefði af því einhverjr fregnir að peningamenn á Íslandi ætluðu ekkert að hirða um að kaupa hlut í þessum ónýtu stofnunum og ætluðu sér að stofna eigin banka.

Maður hlýtur þá að gagnálykta og spyrja sem svo hvers vegna þeir hafi ekki gripið til þess ráðs fyrir margt löngu og af hverju þeir hafi ekki farið af stað með raunverulegan einkabanka og hafist handa um að selja út peninga á lágum vöxtum og greiða út háan arð. En það hefur ekki verið. Á hinn bóginn eru megintónarnir í viðlagi hv. þm. Guðna Ágústssonar þeir að þetta séu víst verðmætir hlutir en hann vilji hins vegar tæpast selja þá. Þarna koma menn því að málinu algerlega að austan annars vegar og vestan hins vegar.

Síðan skammast hv. 3. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, út í þá framsóknarmenn og segir þá aftarlega á merinni. Menn takast því hér á innan stjórnarflokkanna um þetta frv. og það er langt í frá allri óvissu eytt í þessum efnum. Auðvitað er skýringin á bak við þetta sú að þau viðamiklu frumvörp sem hér eru á ferðinni, ekki eitt, ekki tvö heldur raunar þrjú þegar allt er talið, skapa óvissu. Þau eru umbúnaður utan um býsna lítið. Ég gleymdi í þessari upptalningu, en stundum er það þannig að þeir síðustu verða fyrstir og þeir fyrstu síðastir, að geta um þátt hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar í þessari löngu sögu allri, a.m.k. frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda fyrir hartnær tveimur árum. Þá var hann kallaður sérstaklega til þeirra starfa ásamt þó með formanni þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Geir H. Haarde, og einum af þremur seðlabankastjórum að leggja grunn að þeim hlutum sem nú eru að fara í gang í þessum sölum. Það kemur hins vegar fram í greinargerð með frv. að með þá undirbúningsvinnu sem þeir hv. einstaklingar sem ég gat um áðan inntu af hendi hefur ákaflega lítið verið farið og engan veginn verið neitt upplýst að hve miklu leyti á henni hefur verið byggt og hvort það hefur yfirleitt verið að nokkru leyti. Því var lýst yfir opinberlega af hálfu hv. formanns nefndarinnar, hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar, í sjónvarpsþætti nýverið að hann hafi lagt

fyrir ein þrjú frumvörp, þrjá valkosti, fyrir hæstv. viðskrh. af ýmsum toga, en það má skilja á orðalagi greinargerðar með frv. að ekki hafi verið notaður einn einasti. Ég tel brýnt til þess að hv. þingmenn hafi öll gögn málsins við hendina að hæstv. ráðherra upplýsi það, og raunar er eðlilegt að gera kröfu til þess, að þær greinargerðir og athuganir sem þessi undirbúningsnefnd innti af hendi verði birtar og verði lagðar fram sem opinber gögn til þess að menn geti rætt málin á grundvelli almennra upplýsinga því ég gef mér að það hálft annað ár sem þessi undirbúningsnefnd hefur verið að störfum hafi vitaskuld verið safnað gögnum og upplýsingum, m.a. upplýsingum um áhrif slíkra og viðlíkra breytinga og hér um ræðir á íslenskan fjármagnsmarkað, ýmiss konar munstur og reiknilíkön þar upp sett, ef svo og svo mikið yrði selt til þessara og hinna, hvaða áhrif það hefði á vaxtastig að afnema ríkisábyrgðina.

Nú hafa að vísu fræðimenn áður og fyrr haft uppi sjónarmið í þeim efnum og ég ætla að koma að því rétt á eftir. Hæstv. ráðherra vísar til þeirra orða á bls. 6, sem ég var að geta um og eru hér í 5–6 línum og segja mér ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað þessir ágætu nefndarmenn hafa verið að sýsla á sl. tveimur árum. Þar er engar upplýsingar að finna um það. Ég óska eftir því með formlegum hætti, virðulegi forseti, að þessi grundvallargögn sem þessir þrír hv. nefndarmenn hafa væntanlega viðað að sér verði hér birt þannig að hv. þingmenn geti glöggvað sig betur á því en ella hvernig það frv. sem hér um ræðir verður til. Og ekki síst hvaða afleiðingar það mun hafa á íslenskan fjármagnsmarkað, hvaða afleiðingar það mun hafa á viðskiptakjör fyrir einstaklinga og atvinnulíf í næstu og lengri framtíð. Það er ekki reynt að lesa í þau fræði í athugasemdum með þessu stóra frv.

Ég segi það, virðulegi forseti, því að það mál sem við ræðum hér er sannarlega það langstærsta sem rekið hefur á fjörur þingsins á yfirstandandi kjörtímabili, það langstærsta sem frá ríkisstjórninni hefur komið. Mér segir svo hugur um að hér sé um að ræða feikilega mikla breytingu á öllu umhverfi íslensks fjármagnsmarkaðar til lengri tíma litið og ég vona svo sannarlega að þetta muni leiða til, eins og ég sagði, betri þjónustu, stöðugleika og markaðsvænni stofnana. En ýmislegt er það samt sem áður sem gerir það að verkum að ég er ekki allt of trúaður á að þessar innstu vonir mínar komi til með að rætast og mun ég koma inn á það hér rétt á eftir.

Einu er þó ástæða til þess að fagna alveg sérstaklega. Nú loksins er búið að fella leiktjöldin, nú loksins eru menn komnir til dyranna eins og þeir eru klæddir. Nú loksins eru menn farnir að hætta að tala um hlutafélagavæðingu sem markmið í sjálfu sér. Auðvitað hefur hún aldrei verið það og loksins er hæstv. ráðherra farinn að tala um hlutina eins og þeir eru, að hlutafélagavæðingin er til þess gerð að einkavæða, til þess að breyta þessum ríkisstofnunum í hlutafélög. Þess vegna má segja að yfirskrift þessa frv. um stofnun hlutafélags um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands er aðeins örsmár hluti og raunar nauðsynlegur aðdragandi að því stóra markmiði sem er að finna í 6. gr. frv. og málið snýst um fyrst og síðast. Málið snýst ekki um að formbreyta þessum bönkum heldur fyrst og síðast um það að breyta þeim í hlutafélög, að selja þessa hluti sem þjóðin öll hefur átt í hendur einkaaðilum sem vilja greiða fyrir þá. Við erum a.m.k. komin þetta langt en það þurfti þó til mikla hátíð í Perlunni. Það var raunar ekki fyrr en þessi græna bók var út gefin þegar menn frá útlöndum komu hingað og messuðu í Perlunni undir forustu hæstv. forsrh. sem menn fóru að þora að segja þessa hluti eins og þeir eru.

Það eru hins vegar ekki nema þrír eða fjórir mánuðir síðan við vorum í sviplíkri umræðu þar sem var verið að hlutafélagavæða, að formbreyta engu smáfyrirtæki á íslenska vísu, miklu og góðu fyrirtæki sem við um langt árabil þekktum sem Póst- og símamálastofnun en núna sem Póst og síma hf. Þar var ítrekað og aftur dögum saman af hálfu stjórnarliða, af hálfu hæstv. samgrh., að það væri eingöngu formbreytingin. Ekki stæði til að selja neina hluti út um gluggann eða inn um gluggann eða eitt eða neitt heldur væri eingöngu um það að ræða að breyta rekstrarforminu og, eins og það er nú gjarnan orðað, til að gefa stjórnendum þessa fyrirtækis frjálsari hendur en ella, gefa þeim meira ráðrúm til að bregðast við áreiti og viðskiptalegri samkeppni.

En hvað gerist? Á þeim sama Perlufundi og þegar hin græna bók var gefin út og henni dreift er því bara lýst si svona yfir af hálfu hæstv. forsrh. að auðvitað eigi að selja hluti úr Pósti og síma. Það væri nú annað hvort. Til hvers hefði þá verið að hlutafélagavæða þetta stóra fyrirtæki? Með öðrum orðum var sú leið farin að skáka í því skjólinu að hlutafélagavæðingin væri sárasaklaus og ríkissjóður ætlaði sér að eiga þessa hluti og ekki kæmi til greina að selja þar út um glugga eða inn um glugga og margsinnis vísað til ákvæða sem við sjáum ganga eftir í frv., ákvæða þess efnis að samþykki Alþingis þyrfti til. En á það var minnt að ákvæði af þessari tegund hefur auðvitað verið að finna í frumvörpum um formbreytingu ríkisfyrirtækja áður. Og það hefur tekið hér dagstund, seinni part dags að ná í heimild til að selja þá hluti. Það er hægt að stinga því inn í 3. umr. fjárlaga með heimild 6. gr., með hálfri setningu. Hæstv. viðskrh. gæti fengið heimild Alþingis og þægan þingmeirihluta stjórnarliða til að samþykkja slíka sögu hér á tveimur klukkutímum við lok 3. umr. fjárlaga og þá er ég hræddur um að fátt verði til varnar hjá sumum hv. þingmönnum. Og ég bið suma hv. þingmenn sem hér eru inni og lýstu yfir mikilli trú á hæstv. viðskrh. að þar væri nú maðurinn sem stæði fast í báða fæturna og væri á treystandi. Ég bið hann og þá að gaumgæfa eftirfarandi orð mín í því samhengi því mér segir svo hugur um að ekki seinna en við fjárlagagerðina fyrir árið 1999, þ.e. á seinni part næsta árs, átta mánuðum eftir að bankarnir hafa orðið að hlutafélögum, gangi þetta fram; þar sem menn þá gaumgæfi það mjög alvarlega og komi fram með tillögur um að selja út um gluggann. Þetta segi ég af nokkurri reynslu því að hæstv. fjmrh. hefur aldrei farið í launkofa með sín sjónarmið í þessum efnum. Ég er handviss um að menn verða farnir að ræða þessa hluti á þann veg strax þá. Auðvitað verður ekki beðið boðanna og leggi nú aftur sami hv. þm. við hlustir sem hefur svo mikla tröllatrú á hæstv. viðskrh. og ríkisstjórninni þegar kemur að því að fara með þessi verðmæti þjóðarinnar. Auðvitað verður þetta allt selt í einum grænum hvínandi hvelli. Menn munu ekki bíða þrjú eða fjögur ár til þess. Og gæti menn líka að þeim ákvæðum sem er að finna í athugasemdum með þessu frv. þar sem kveðið er á um að ríkisstjórnin „miði" að því að selja nú ekki meira fyrr en eftir fjögur ár, að vísu tveimur árum eftir að hún er farin frá völdum, þannig að það er auðvitað fullkomlega marklaust og hefur ekkert gildi. En hún „miðar" að því.

Ég er því miður ekki þannig gerður, virðulegi forseti, að ég geti, eins og sá hv. þm. sem ég gat um áðan, haft jafnmikla tröllatrú á hæstv. viðskrh., jafngóður drengur og hann er. Ég held bara að örlögin og umhverfið taki af honum öll völd en

ég er vongóður og trúi að hann meini hið besta í andartakinu þannig að af reynslu skulum við auðvitað læra eilítið. Þegar menn ræða hlutafélagavæðingu eru þeir auðvitað að tala um einkavæðingu. Þess vegna segi ég enn og aftur að ég fagna því sumpart að menn eru þó komnir fetinu framar og farnir að ræða um hlutina eins og þeir eru. En þá skulum við gera það fyrir fullt og fast og til hins ýtrasta. Því er það að við getum loksins farið að ræða á vitrænan hátt um það hvernig hæstv. ríkisstjórn undir forustu hæstv. viðskrh. ætlar sér að koma þessum hlutum á markað. Það hefur að sönnu verið drepið á það í umræðunni fyrr í dag og leitað eftir því en enn þá hafa ekki viðhlítandi svör fengist. Hvernig sér hæstv. ráðherra það fyrir sér að koma þessum hlutabréfum, sem á að selja inn og út um gluggann, á markað? Hvaða viðmið á að hafa þar í heiðri? Á hæstbjóðandi að fá þá? Á að gera þetta í mörgum smáum hlutum? Hversu smáum hlutum? Á að bjóða starfsmönnum þetta á lægra verði en öðrum? Á að reyna að opna fyrir þann möguleika að fá inn erlent kapítal sem að minni hyggju er mjög skynsamlegt og eðlilegt? Og eiga einhver ígildisviðskipti að eiga sér stað við einhverja tiltekna hópa sem mönnum þykir æskilegt að fá þar inn? Þetta eru auðvitað hlutir sem við hljótum að verða að ræða í botn og glöggva okkur á.

Ég tók með mér, eins og margir aðrir, bókina góðu sem hæstv. ráðherra gat um að væri í kössum og handröðum uppi í ráðuneyti og lítið hefur verið gert með sem er skýrsla Samkeppnisráðs um stjórnun og eignatengsl í íslensku atvinnulífi og er holl biblía okkur öllum sem við stjórnmál sýsla. Þar er að finna margar viðvaranir og undirstrikanir á því hversu fábreytilegt þetta íslenska atvinnulíf er hér og hversu í raun fá og smá við erum sem aftur leiðir til þess að það eru auðvitað örfáir peningamenn, sterkir peningamenn sem geta í krafti fjármagns, ekki mikils fjármagns, sölsað undir sig stóra þætti íslensks atvinnulífs. Og hvað svo sem mönnum finnst að öðru leyti um íslenska banka þá eru þeir vafalaust ekki margir í landinu sem eru sérstakir aðdáendur banka og það hefur sennilega aldrei verið þannig og verður kannski aldrei. En það breytir því ekki að þeir hafa um margt verið ákveðnir kjarnapunktar í íslensku peningalífi og þótt menn úr atvinnulífinu hafi mismunandi skoðanir á þeim mörgum, hafa þeir engu að síður þurft að leita þangað og margir fengið ágæta fyrirgreiðslu en aðrir síðri. Við erum því að ræða um ákveðna grunnþætti í íslensku peningakerfi, í íslensku atvinnulífi sem menn skulu ekkert fara léttilega með og afgreiða svona inn og út um gluggann með einhvers konar hálfkæringi og því einu að þetta sé allt saman urrandi af spillingu, þetta sé óseljanlegt með öllu og þarna þurfi að hreinsa til.

Sannleikurinn er auðvitað sá, virðulegi forseti, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson rakti í löngu máli, að þessi langvarandi umræða um að leysa þurfi öll vandamál í íslensku bankakerfi með því einu að hlutafélagavæða það hefur leitt til þess að menn hafa ekkert gert í því eða haft nokkurn vilja til þess að fara inn í þessa banka og gera þær nauðsynlegu breytingar á löggjöf þeirra og umhverfi þeirra sem svo mikilvægar eru. Menn voru síðast fyrir nokkrum vikum að æpa sig hása yfir því að bankastjórar ríkisviðskiptabankanna hefðu svo há laun. Ég ásamt fleiri þingmönnum kom fram með frv. sem menn hefðu getað afgreitt seinni part sama dags þar sem lagt var til að laun þeirra yrðu ákvörðuð af kjaranefnd eins og laun annarra embættismanna ríkisins. Ég var ekki mikið var við það hjá stjórnarþingmönnum eða hæstv. ráðherra að honum væri mjög umhugað um að drífa það í gang. Menn hefðu getað afgreitt það fyrir hálfum mánuði og ég kalla eindregið eftir því, virðulegi forseti, vegna þess að við erum að ræða þessi mál, kalla eftir afstöðu hæstv. ráðherra til þess, því að það er þó ekki fyrr en um næstu áramót sem þetta á að hlutafélagavæða þannig að menn geta þó ekki farið að lagfæra og hreinsa til í kjaramálum bankastjóranna, þriggja, fjögurra eða fimm, maður veit ekki hversu margir þeir verða, fyrr en að þeim tíma liðnum. Er hæstv. ráðherra þá ekki tilbúinn til þess ásamt mér og fleirum hv. þm. jafnaðarmanna að koma kjaramálum bankastjóranna í sæmilegan skikk með því að setja þá undir kjaranefnd nú þegar? Þetta gátu menn náttúrlega gert fyrir margt löngu. Menn hafa svo sem ekkert gert mikið í því heldur að koma samkeppninni á slíkan jafnréttisgrundvöll sem ævinlega hefur verið það hald sem einkavæðingar- og hlutafélagavæðingarmenn hafa gripið í, þ.e. ríkisábyrgðin, skattahliðin, arðsemiskröfurnar. Menn geta auðvitað breytt gildandi lögum án þess að gera formbreytingar á ríkjandi bönkum. Það er hægt að selja t.d. ríkisábyrgðina og láta alla banka jafnt hafa aðgang að henni og borga fyrir hana. Það er hægt að samræma skattareglur með þeim hætti, einfaldlega með lagabreytingu (Gripið fram í.) Víst er það hægt, virðulegi hæstv. ráðherra og ég bið hæstv. ráðherra að lesa athugasemdir Seðlabankans um þau efni og rannsóknir sem ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi beðið um sjálfur þar sem farið er yfir það mjög rækilega hvaða valkostir eru til staðar í þeim efnum. Það hefur raunar legið mun lengur fyrir. Það er líka hægt að gera arðsemiskröfur til ríkisbankanna eins og allra annarra banka, maður lifandi. Auðvitað höfum við raunverulega haft öll tök á hendi til að fara inn í þetta núverandi kerfi og gera á því ákveðnar lagfæringar og gera þessar stofnanir mun virkari en þær sannarlega hafa verið og betur reknar. En enginn áhugi hefur verið á því af því að menn hafa afgreitt slíkar vangaveltur með því einu: Við skulum ekkert vera að því, við skulum bara hlutafélagavæða þetta, við skulum bara einkavæða þetta og þá leysa menn öll vandamál.

Auðvitað staldra menn við, virðulegi forseti, og velta því sannarlega eilítið fyrir sér hvernig í veröldinni standi þá á því að þeir bankar sem hafa þó verið einkavæddir, Íslandsbanki, skuli ekki rísa upp úr eins og viti á haffleti með blikkandi ljós þar sem töpin eru langlægst, þar sem vextirnir eru langlægstir, þar sem gróðinn er langmestur, þar sem rekstrarkostnaðurinn er langminnstur. En það er bara ekki þannig, virðulegi forseti. Þetta er fyrirmynd einkavæðingarmanna. Hún sýnir okkur að þar sé ekki neinn stór munur á, því er nú verr og miður. Það kunna auðvitað að vera á því ákveðnar skýringar og ég ætla ekkert að draga úr því. En veruleikinn er samt sem áður þessi og við getum ekkert fram hjá honum horft.

Ég gat þess ekki heldur og menn sýndu því ekki mikinn áhuga í háværri umræðu um há laun bankastjóra ríkisviðskiptabankanna að laun bankastjóra einkabankans voru jafnhá ef ekki hærri og ekki mikill munur þar á og skipti ekki meginmáli hvort þar væri um að ræða aðalbankastjóra, aðstoðarbankastjóra, undirbankastjóra eða hvað þeir heita. Þetta er nú sá veruleiki, sem við okkur blasir, virðulegi forseti, þannig að með þessu töfraorði, einkavæðingu, hafa menn ekki gripið guð í fótinn. Það eitt og sér dugir ekki.

Ég tek það hins vegar mjög skýrt og ákveðið fram, virðulegi forseti, að rekstrarform banka eða annarra þjónustustofnana er mér ekkert heilagt mál. Það er jafnóheilagt

hvort menn ræða um ríkisrekstur, hlutafélagarekstur, samvinnurekstur. Ég vil bara meta það kalt og ákveðið hvernig þau kaup gerast á eyrinni, hvernig þau mál horfa við þegar grannt eru skoðuð. Er það þannig að ríkisreksturinn eigi ekki við í þessu sambandi og annað rekstrarform henti betur, þá gott og vel, þá skal ég vera fyrstur manna til að fallast á það. En ég tek því alltaf með ákveðnum fyrirvara þegar menn fara í krossferðir, þegar menn fara að boða trú og ætla sér að afgreiða stór og flókin mál með því einu að segja: Við leysum öll vandamál með því einu að einkavæða. Við leysum öll vandamál með því einu að hlutafélagavæða. En reynslan hefur sýnt okkur að þannig er það ekki og þannig verður það aldrei Því miður er það svo með þetta mál að allt of mörgum spurningum er enn ósvarað. Og ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, hef lagt fram fyrirspurn á þinginu sem raunar er óafgreidd enn þá og á eftir að ákvarða hér á hinu háa Alþingi hvort fáist lögð fram með formlegum hætti, þar sem er leitað eftir einmitt ýmsum mikilvægum upplýsingum um mikilvæg álitaefni sem uppi eru og uppi hafa verið um áhrif þessara breytinga á íslenskan fjármagnsmarkað. Það er auðvitað alveg undarlegt, virðulegi forseti, eins og ég gat um í upphafi minnar ræðu, að hálfs annars árs undirbúningsvinna sérstakra sérfræðinga ríkisstjórnarinnar og raunar tíu ára umræða um þessi mál öll skuli ekki hafa leitt okkur lengra fram á veg en svo að menn hafa ekki svör við þessum spurningum, að menn skuli enn þá vera að deila um staðreyndir á borð við þær að ríkisábyrgð komi til með að skipta einhverju máli ef íslenskar bankastofnanir lenda í erfiðleikum.

Menn hafa rakið með réttu hér hvað gerðist á fyrri hluta þessa áratugar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku og menn hafa skrifað lærðar skýrslur um það. Þar hefur auðvitað niðurstaðan orðið sú að ríkið hefur hlaupið undir bagga og það nákvæmlega gerist hér. Og ég trúi því ekki að menn ætli sér að deila um þá staðreynd. Hvað erum við þá fyrst og síðast að tala um? Við erum hugsanlega að tala um að eitthvað létti nú á ríkisreikningi og einhverjar breytingafærslur verði gerðar í honum, en í raun og sanni er ábyrgðin jafnvirk, ríkisábyrgðin, þjóðarábyrgðin gagnvart íslensku bankakerfi, hvort sem bankarnir heita ríkisviðskiptabankar, hlutafélög eða sparisjóðir.

Og það get ég út af fyrir sig tekið hjartanlega undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni, þegar talað er um eignarhald á bönkum og form á þeim, að sparisjóðirnir eru alger bastarður í íslensku bankakerfi. Ég hef um langt skeið spurt eftir og beðið um svar við einfaldri spurningu: Verði um það tekin ákvörðun að leggja niður sparisjóði, hver hirðir hagnaðinn og eignirnar? Lendi sparisjóður í vandamálum og tryggingarsjóðurinn dugir ekki til, hver borgar brúsann?

Það er alveg hárrétt eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gat um að ábyrgðarsæti hafa gengið í erfðir. Ábyrgðirnar eru hlægilega lágar auðvitað og duga engan veginn neitt í áttina að þeim skuldbindingum sem þessir sömu sjóðir hafa undirgengist þannig að eignarhaldið þar á bæ er þess virði að fara sérstökum orðum um og raunar löngu kominn tími til þess að ræða það miklum mun meira.

Virðulegi forseti. Ég á satt að segja ýmislegt eftir ósagt um þessi mál en þar sem degi hallar ætla ég að fara að stytta mál mitt. Ég vil hins vegar segja að lyktum að þegar menn ræða um að eyða óvissu á íslenskum fjármagnsmarkaði og sjálfstæðismenn hér á bæ tala um nauðsyn þess að markaðsvæða og samkeppnisvæða fjármagnsmarkaðinn og fara með himintunglum eins og sumir orða það í þeirri lýsingu á slíkri paradís sem þá mun upp rísa.

Á fimmtudaginn ætlar hæstv. ráðherra að mæla fyrir stofnun nýs ríkisbanka þannig að við erum ekki beinlínis að einfalda íslenska bankakerfið, er það, þegar á allt er litið? Nei, erum við ekki að bæta við einum banka eða svo? Ég tel nú bara á puttum og ég fæ ekki annað út en að úr þessu verði Búnaðarbanki, Landsbanki og síðan þriðji bankinn sem er Fjárfestingarbankinn. Það segir mér að þá séu þrír hlutafélagabankar í eigu ríkissjóðs en hefðu að óbreyttu orðið tveir. Síðan til viðbótar ætla ég ekki að nefna sjóðinn góða sem út af fyrir sig má margt gott um segja. Hér er þannig verið að markaðsvæða og einkavæða á öðrum vængnum en síðan verið að fjölga þessum stofnunum á vettvangi íslenskra bankamála, bæta við banka sem verður að vísu hlutafélagsbanki líka þegar allt kemur til alls, þannig að auðvitað er þetta eins og hver önnur þvæla. Og af því að ég get ekki verið við þá umræðu á fimmtudaginn, þá verð ég að geta þess að lyktum að auðvitað hefði verið langeðlilegast og sjálfsagðast að þessir sjóðir, sem ég hygg að langflestir séu sammála um að eigi að sameina, rynnu inn í þessa viðskiptabanka sem til staðar eru, Landsbankann og Búnaðarbankann. Það er engum blöðum um það að fletta að auðvitað hefði það verið það eina skynsamlega. Áhættulánasjóðurinn hefði staðið sjálfstæður og klár, en það sem eftir væri af þessum fjárfestingarlánasjóðum færi ekki í stofnun enn nýs banka heldur rynni inn í þær stofnanir sem til staðar eru.

Virðulegi forseti. Ég vona svo sannarlega hið besta en er ekki síður viðbúinn hinu versta. Þetta mál á langt í land og við eigum eftir að eyða hér mörgum klukkustundum, dögum og vikum í að klára og hnýta alla lausa enda sem á því eru.

[19:05]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég undra mig á því að jafnfrjálslyndur þingmaður og síðasti ræðumaður komi ekki hér upp og lýsi yfir fögnuði sínum yfir því að nú skuli þó loksins vera búið að flytja þetta frv. sem hreyfir þessar steinrunnu stofnanir. Þó að kannski sé það lítið sem á að fara í fyrsta áfanga, hvernig stendur þá á því að hann fagnar ekki tilkomu þessa frv.? Ég reyndi að hlusta á hann eins vel og ég gat og ég gat ekki annað merkt á allri hans ræðu en hann væri svona hálffúll og ergilegur yfir þessu öllu saman án þess þó að gera annað en slá úr og í um hvað ætti að gera.

Það sem hneykslar mig, herra forseti, er að hv. þm. heldur því fram hér í ræðu sinni að sparisjóðir landsins sem skipta tugum séu með hlægilegar tryggingar. Menn geta ekki komið hér og talað af slíku ábyrgðarleysi. Tryggingarsjóðir sparisjóðanna eru mjög traustir. Hann getur kynnt sér þetta hjá bankaeftirliti Seðlabankans. Það er enginn einasti sparisjóður sem er ekki mjög vel tryggður. Þetta er sameiginleg ábyrgð og þeir hafa mjög sterkan sjóð og standa mjög vel í samkeppninni. Þó að sparisjóður á Norðurlöndum sé sannarlega heldur ódýrari í rekstri heldur en sparisjóður á Íslandi, þá eru þó íslensku sparisjóðirnir skástir peningastofnana íslenskra, þeir eru skástir, þeir eru ekki góðir, það er engin ástæða til að verðlauna þá. En þeir eru þó skástir. Og stofnanir starfa um land allt tugum saman og hafa verið atvinnulífinu og fólkinu í landinu ákaflega mikilvægar áratugum saman alla þessa öld og svo kemur hér hv. þm. og talar um sparisjóðina eins og hlægileg fyrirbrigði, fyrirbrigði þar sem menn geta

ekki treyst viðskiptunum. Þetta er ámælisvert, herra forseti.

[19:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann því ákaflega illa að út úr orðum mínum sé snúið. Ég sagði aldrei að sparisjóðir á Íslandi væru hlægileg fyrirbrigði. Ég sagði heldur aldrei að tryggingamál þar væru hlægileg. Ég sagði hins vegar að það væri hlægilegt það framlag sem ábyrgðarmenn í undarlegu ábyrgðarmannakerfi sparisjóðanna legðu þar undir. Það voru mín orð og á þau skal hv. þm. hlusta og ég stend auðvitað við þau.

Vitaskuld veit ég eins og hv. þm. að sparisjóðir víða um land hafa gegnt mikilvægu hlutverki í þjónustu við einstaklinga og jafnvel atvinnufyrirtæki. Auðvitað þarf ekki að segja mér neitt um það. En ábyrgðarmannakerfið, sem þó hefur verið endurbætt á síðari árum, er auðvitað fullkomlega hlægilegt. Það veit hv. þm. Ég kann nú ekki þá sögu hvort hann sé hluti af því en ég þekki það í mörgum bæjarfélögum hvernig það hefur gengið í erfðir og í minni heimabyggð var það lengi vel þannig að af 35 eða 36 ábyrgðarmönnum þar á bæ voru þeir einhverra hluta vegna nærri því allir í sama flokki og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, hver einn og einasti. Ég sat í stjórn þess sjóðs um nokkurra ára bil sem sveitarstjórnarmaður, sem fulltrúi bæjarfélagsins, þannig að hann þarf ekki að segja mér neitt um það.

Að ég eigi sérstaklega að fagna þeim frumvörpum sem hér eru fram komin. Það get ég auðvitað ekki gert því að þau eru mikil að umbúnaði en lítil að innihaldi. Og ég spyr hv. þm.: Er honum séstakur fögnuður í brjósti yfir því að fjölga ríkisbönkum á Íslandi? Er hann sérstakur ákafur talsmaður þess og stuðningsmaður þess að stofna nýjan banka, enn einn banka til viðbótar við það sem til staðar er? Er hann sérstakur og ákafur talsmaður þess og mun hann koma hér á fimmtudaginn og mæla því alveg sérstaklega bót?

Ég spyr líka af því að hann þekkir dálítið til þar á bæ: Hefur hann engar áhyggjur af því hvaða menn það eru sem ætla að koma með peningana og kaupa þessi 35% inn og út um gluggann? Hann þekkir þá.

[19:09]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Það geta verið einhverjar búksorgir, herra forseti, í Hafnarfirði yfir flokkslitnum á ábyrgðarmönnunum en úti um land alls staðar þar sem ég þekki til eru menn í öllum stjórnmálaflokkum starfandi saman í sparisjóðum. Og þar sem ég á sæti sem ábyrgðarmaður í sparisjóði eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Þannig að þetta er eitthvert Hafnarfjarðarvandamál sem er ekki rétt að koma hér með.

Í öðru lagi spyr ég, herra forseti: Hver er þá stefna hv. þm.? Ef hann getur ekki fagnað því að við komum einhverju máli af stað þótt smátt sé farið í upphafi, hvað vill hann þá? Ég reyndi að hlusta á hans löngu ræðu hér áðan og gat ekki skilið hvað hann vildi. Ég gat ekki áttað mig á því hvað hann vildi helst gera en hann var ákaflega óánægður með þetta samt. Ég vil meina að það sé ekkert fagnaðarefni í sjálfu sér þó að menn taki þessa fjárfestingarlánasjóði og setji þá saman. Það er þá betra heldur en hafa þá hvern í sínu lagi vegna þess að við vissum að þeir voru í mjög miklum erfiðleikum með að sinna sínu hlutverki. Hér er því farið af stað og hér er byrjað á því og reynt að benda á þær leiðir og ég held að það komi fram í frv. að það geti reynst okkur til góða. Ég hef engar áhyggjur af því, herra forseti, hver kann að kaupa þetta hlutafé. Ég hef bara áhyggjur ef það skyldi ekki seljast. Og ég mundi hér og nú vil ég segja, að það væri mikið fagnaðarefni ef Alþingi Íslendinga gæti stigið það skref á næstu árum að við opnuðum þessa banka þannig að við fengjum inn erlent fjármagn til þess einmitt að styrkja þessar stofnanir, til að gera þær samkeppnishæfar við stofnanir erlendis. Því menn ætla að keppa við það, fyrirtæki Íslands munu keppa á alþjóðlegum grundvelli í bankamálum og því er okkur mjög nauðsynlegt að þessar stofnanir séu nógu traustar. Það skiptir máli.

[19:11]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað hefur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson verulegar áhyggjur af því hverjir koma til með að kaupa þessa banka. Hann talar hér auðvitað þvert um hug sér. Ég þykist nú vita að réttsýnn og frjálslyndur maður eins og hann vilji auðvitað ekki sjá neina fákeppni og einokun á íslenskum fjármagnsmarkaði, hann vill ekkert sjá það. Ég hef stundum sagt hér áður í svipuðum orðræðum við hann að það er kannski versta form rekstrar þegar peningamenn hafa einokun eða of mikil völd á þröngum markaði. Það er jafnvel verra heldur en að stjórnmálamenn séu að sýsla með þá hluti.

Ég rakti hér dæmið um það hvernig menn áttu til að mynda ekki að standa að því að einkavæða hluti, þó að flokksbróðir minn hafi þar átt í hlut, þegar menn fóru í breytingar á Bifreiðaskoðun ríkisins og létu einkaaðilana annast eina um þann markað og gátu ráðið þar verðlagspólitík eins og þeir vildu. Það er auðvitað lítið dæmi í þessu stóra sem hér um ræðir. En til þess að svara spurningum hans um hvert mitt viðhorf er í þessum málum. Ég vil samkeppnisvæða í raun og sanni. Það er lykilorðið því að fyrr sjáum við ekki lækkaðan kostnað fyrir viðskiptamenn þessara banka og raunverulega einhvers konar skilvirka endurskoðun á innviðum þeirra.

En þetta frv., virðulegi þm., segir mér bara nákvæmlega ekkert um það. Engar slíkar tryggingar er að finna að sú lína sem hér er lögð tryggi það eða treysti á nokkurn hátt að vextir lækki, að rekstrarkostnaður lækki, töpin minnki o.s.frv. Jafnvel tryggir það ekki og segir mér ekkert um það hvort bankastjóralaunin hækki ekki, af því að menn hafa haft svo miklar áhyggjur af þeim. Það getur alveg eins farið svo að þau hækki. Þannig að þetta frv., því verr og miður, svarar mér ekki þeim lykilspurningum og þess vegna er ég eilítið tvístígandi og lái mér hver sem vill.

[19:14]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr um afstöðu manna til þess að fjölga ríkisbönkum eins og til stendur víst núna, fjölga þeim um tvo. Ég get upplýst hann um það að ég styð það ekki. Úr því að hann verður ekki hér á fimmtudaginn vil ég láta það koma fram svo að hann viti það.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson spyr um nefnd sem starfaði frá hausti 1995 til maí 1996 og vildi fá þau gögn sem nefndin hefði viðað að sér. Ég vildi bara nota þetta tækifæri, af því að þingmaðurinn getur ekki verið við umræðuna á fimmtudaginn, til að greina frá eftir minni reyndar hvaða gögn við studdumst við. Þar er fyrst að nefna fyrri skýrslur og greinargerðir sem unnar hafa verið af ýmsum nefndum á liðnum árum, þar með talinni nefnd sem hv. þm. Ágúst Einarsson veitti forstöðu. Síðan var skýrsla Spicer og Oppenheim um íslenska banka. Það var álit Seðlabankans í

framhaldi af þeirri skýrslugerð. Það voru álitsgerðir vinnuhópa sem stofnaðir voru í báðum bönkum. Við kölluðum eftir samráði og áttum ágætt samráð við forustumenn Sambands ísl. bankamanna. Það voru flutt fyrir okkur munnlega álit þeirra sem unnið hafa að skoðun á breytingum á lífeyriskerfi bankanna, þ.e. undir forustu Yngva Arnar Kristinssonar. Við skoðuðum mjög rækilega reglur EES um réttindi starfsmanna við sölu eða yfirtöku fyrirtækja ásamt síðan löggjöf sem sett var hér á landi 1993 í framhaldi af þessari reglugerð Evrópska efnahagssvæðisins. Við skoðuðum gögn um þróun bankakerfisins á erlendum vettvangi og við skoðuðum mjög gaumgæfilega ársreikninga bankanna beggja. Þetta voru að því er mig minnir þau gögn sem við notum. En við lögðum þetta ekki fram með okkar greinargerð. Við skiluðum þremur frumvörpum en lögðum ekki fram þessi gögn sem voru í rauninni vinnuplögg.

[19:16]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni fyrir þær upplýsingar sem hann hefur hér veitt um þau grundvallargögn sem þessi sérfræðinganefnd ríkisstjórnarinnar hafði til viðmiðunar og vann upp við sína undirbúningsvinnu. Að vísu kemur mér það eilítið á óvart að ekki hafi verið lagt af hálfu nefndarinnar og ríkisstjórnarinnar út í sjálfstæðar athuganir, heldur byggt á gögnum frá 1991 jafngóð út af fyrir sig og þau voru. Ég minni á það af því að ég ræddi það hér áðan og hæstv. ráðherra hefur ekki látið svo lítið að svara því, að þá daga sem ég sat í ríkisstjórn, m.a. 1993, var samþykkt ákveðið verklag við einkavæðingu þar sem kveðið var á um að úttekt skuli fara fram. Þar segir að fram skuli fara ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækis og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Það er ekki orð um það hér. Það er ekki aukatekið orð um það hér. (Gripið fram í.) Nei, hefði nú ekki verið eðlilegra að menn ynnu aðeins eilítið fram fyrir sig hér og gæfu okkur upplýsingar um það því að hér er verið að samþykkja þessa heimild, hér á þessum stað en ekki uppi í ráðuneyti. Hér eftir nokkrar vikur væntanlega á að samþykkja þá heimild að leyfa hæstv. ráðherra að selja.

Á hinn bóginn er það auðvitað stór yfirlýsing sem hér kom fram af hálfu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar, að hann styður ekki fjölgun ríkisbanka og þó að það mál sé ekki hér til umræðu, þá þakka ég fyrir það að hann skuli hafa upplýst mig um það hér og nú. Kannski eru fleiri í stjórnarliðinu sem þannig háttar til um að þeir styðja aðeins sumt í þessum bankapakka ríkisstjórnarinnar en annað ekki. Ég trúði því satt að segja að flestir hefðu fengið snuð í munninn samanber þegar hv. þm. og baráttumaður gamall, Guðni Ágústsson, varð sáttur og alsæll með flest, en það eru nú komnir nýir baráttumenn í þessa sveit.

[19:18]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi þau gögn sem notuð voru og hvort ástæða hafi verið til þess að vinna upp nýja skýrslu er það að segja að það verkefni sem nefndin hafði var að semja frv. til laga um að breyta bönkunum i hlutafélög þannig að það var í sjálfu sér ekki neinn ágreiningur um það eða við nefndina. Hún skildi það hlutverk sitt svo að það væri fyrst og fremst að semja þetta lagafrv. en ekki að byrja skoðun á málinu upp á nýtt. Þess vegna töldum við ekki ástæðu til þess að vera að skila enn einni skýrslunni um þetta mál heldur fyrst og fremst lagafrumvörpum.

[19:19]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi þetta nú bara vegna þess að auðvitað er talsverður munur á því hvort það er árið 1991 eða 1997 þó ekki væri nema vegna þess að efnahagsumhverfið hefur gjörbreyst á þeim tíma. Þá voru hér erfiðleikatímar. Það var kreppa í atvinnulífi og ýmiss konar erfiðleikar. Nú er hins vegar blússandi uppgangur og góðæri þannig að það hefur veruleg áhrif á þróun vaxta og að öðru leyti á þróun peningamála í landinu. Það undirstrikar enn og aftur nauðsyn þess að hæstv. ráðherra geri þingheimi miklum mun gleggri grein fyrir því en hann hefur gert fram að þessu hvaða þróun hann sér verða á íslenskum fjármagnsmarkaði í kjölfar þeirra breytinga sem hann er að leggja til. Það þýðir ekkert að skila auðu í því sambandi. Það er ekki boðlegt. Og það er einmitt af þeim ástæðum, ég sé það núna, virðulegi forseti, að það var ekki að ástæðulausu að ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir óskuðum eftir því að hann svaraði því hér skriflega hvernig hann sæi þá þróun. Ég trúi því að sérfræðingar ríkisstjórnarinnar í þessum málum, sem út af fyrir sig hefur verið ýtt af þessum vagni á síðustu vikum af einhverjum orsökum, séu mér sammála um það, sérfræðingar í þessum málum eins og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson sem skilaði þremur aðskiljanlegum frv. í hendur hæstv. ráðherra og hann henti þeim öllum. Það er ekki góð einkunn. Kannski er ástæðan fyrir því að þessi bankapakki ríkisstjórnarinnar er ekki jafn vel úr garði gerður og maður hefði kannski vonast til og ítarlegur að allri gerð, að menn hafa ekki notað þessa ágætu grunnvinnu sem hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson og fleiri hafa að öllum líkindum innt af hendi, heldur farið í einhvers konar fúsk og samningamakk við einhverja meinta andstæðinga þessara mála allra og úr orðið einhvers konar bastarður.

[19:21]

Svanhildur Kaaber:

Hæstv. forseti. Í umræðum um frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem hér er til umræðu mun ég fjalla um þrjár hliðar málsins sérstaklega. Í fyrsta lagi þá ákvörðun að breyta rekstrarformi Landsbankans og Búnaðarbankans í hlutafélagsform. Í öðru lagi þá hlið málsins sem snýr að sölu hlutabréfa í Landsbankanum hf. og Búnaðarbankanum hf. Í þriðja lagi þær áhyggjur sem hugsandi menn hljóta að hafa af starfsfólki því sem þessi mál óhjákvæmilega varða, réttindum þess og starfskjörum.

Ég sný mér að fyrsta atriðinu sem nefnt var, breytingu á rekstrarformi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög. Ég hlýt að spyrja: Af hverju? Hvað er það sem gerir það svo nauðsynlegt að breyta rekstrarformi þessara ríkisstofnana? Í athugasemdum með frv. finn ég þau rök helst að það sé í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að breyta í hlutafélag þeim ríkisfyrirtækjum sem starfa á samkeppnismarkaði þannig að þau geti starfað á sama grundvelli og samkeppnisfyrirtæki. Þessi rök tel ég léttvæg, enda ósammála stefnu ríkisstjórnarinnar í flestum málum og líka þessu.

Ég tel fullkomlega óraunhæft að stefna sífellt í blindni að samkeppni á öllum sviðum í rauninni af því bara, eins og börnin segja eða af því að aðrar þjóðir, milljónaþjóðir, hafa talið slíkt heppilegt og þó reyndar sumar lært af biturri reynslu að svo var ekki. Í því sambandi má vísa til Norðmanna, en á níunda áratugnum var rekstrarformi norskra

ríkisbanka breytt með þeim afleiðingum, eins og nefnt hefur verið í þessari umræðu, að Norðmenn hafa orðið að dæla 40–50 milljörðum norskra króna inn í bankakerfið til að halda því á réttum kili og norska ríkið á núna um 60% hlutafjár í bönkunum sem áður átti að henda út í hina frjálsu samkeppni. Jafnvel norskir bankar sem gerðir voru að hreinum hlutafélagabönkum réðu nefnilega ekki við samkeppnina og því hlýtur það að verða áleitin spurning hvort íslenskir bankar muni gera það. Núna hafa þeir tryggingu í því að vera ríkisbankar. Eftir þá breytingu sem hér er lögð til verða þeir ekki bara litlir heldur agnarsmáir hlutafélagabankar. Ég sé ekkert tilefni til að ætla að þessar, mér liggur við að segja örverur, muni standa sig í samkeppni við erlenda risa eins og títt nefndan Chase Manhattan banka eða svo nær sé litið Den Danske Bank sem þrátt fyrir stærð sína — en hann er langstærsti banki í Danmörku — verður að leita samstarfs við bankastofnanir í Evrópu til að ráða við hinn tiltölulega litla markað í Danmörku.

Í athugasemdum við frv. kemur einnig fram að Eftirlitsstofnun EFTA hafi þrýst á úrbætur að því er varði rekstur ríkisviðskiptabanka hér á landi þegar kemur að því sem kallað er eðlileg samkeppnisskilyrði. Nú kann vel að vera að nauðsynlegt sé að koma til móts við slíkar ábendingar en ég hlýt að velta því fyrir mér hvort sú leið sem hér er farin sé sú eina sem fær er til að koma til móts við ábendingar EFTA og vísa aftur til þess sem áður var sagt um norska banka. Ég dreg það í efa á sama hátt og ég dreg í efa að það sé rétt og hagkvæmt og verði til aukinnar hagræðingar fyrir landsmenn og fyrir almenn fyrirtæki í landinu. Ég dreg það í efa, eins og ég efast stórlega um að það auki áhrif fólksins í landinu á bankaumsvifin eða lækki vextina sem eru að sliga menn, að breyta rekstrarformi ríkisbankanna úr því formi sem nú er yfir í hlutafélagaform. Og ég dreg það í efa á sama hátt að ég efast um að það verði til þess að bæta bankaþjónustuna í landinu.

Hér má t.d. spyrja hvort þessir hlutafélagabankar eigi að hafa einhverjar skyldur við landsmenn hvar sem þeir búa hvað þjónustu varðar. Nú rekur Landsbankinn rúmlega 60 útibú um land allt. Á hinn bóginn er t.d. ekkert útibú Íslandsbanka hf. sem eðlilegt má telja að nefna í þessu sambandi, á öllu svæðinu frá Húsavík, austur og suður um land til Selfoss.

Mér er sagt að reikna megi með því að stofnun eins meðalbankaútibús kosti um 100 millj. kr. Það verður aldeilis hagræði í því fyrir Landsbankann hf. að fækka útibúum sínum, setja hugsanlega upp hraðbankakassa á einhverju götuhorni í stærstu plássunum og vísa viðskiptavinum annars upp á heiðina eða yfir fjallvegina til að sækja aðra þjónustu en þá sem tölvustýrðu kassarnir geta veitt. Sú hefur nefnilega orðið reyndin t.d. í Danmörku, en það ber þó að athuga að munurinn er allnokkur þar sem ekki er yfir fjallvegi og heiðar að fara þar á milli byggðarlaga og kvarta þó danskir notendur engu að síður undan bankaþjónustunni og yfir því hvað þjónusta hefur dregist saman við einkavæðingu banka þar.

Að öðru leyti en því sem hér hefur verið nefnt er látið að því liggja í frv. þessu og athugasemdum með því að í rauninni sé ekkert verið að gera svo afskaplega mikla breytingu aðra en þá að láta Landsbanka Íslands heita Landsbankann hf. og Búnaðarbankann heita Búnaðarbankann hf. Á bls. 6 í athugasemdum segir m.a., með leyfi forseta:

„Þótt ekki sé ráðist í sölu á fjármálastofnunum í eigu ríkisins mælir margt með því að slík starfsemi sé rekin í formi hlutafélaga. Þetta á við jafnvel þótt ríkið sé eini eigandi viðkomandi hlutafélags eins og gert ráð fyrir í þessu frumvarpi.“ — Þetta er reyndar atriði sem ég mun koma að aftur á eftir. Og áfram, með leyfi forseta: — „Starfsemi hlutafélaga er í vandlega skilgreindu formi og hefur löggjafinn sett ítarlegar reglur þar um, m.a. um starfssvið stjórnar, framkvæmdastjórnar og aðalfundar. Nefna má að í hlutafélagalögum eru ákvæði sem vernda rétt minnihlutaeigenda.“

Á hinn bóginn segir í 7. gr. frv. að ýmis ákvæði annars vegar bankalaga og hins vegar hlutafélagalaga eigi ekki að gilda um Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Og ég hlýt að spyrja: Af hverju er annars vegar vísað í þessi lög sem rökstuðning fyrir rekstrarformsbreytingu og hins vegar tekið fram að ákvæði í þeim lögum eigi ekki að gilda í þessu tilviki? Er verið að komast fram hjá einhverjum ákvæðum laganna?

Þá gerir frv. ráð fyrir alræðisvaldi hæstv. viðskrh. á flestum sviðum. Sem dæmi má nefna að viðskrh. á að skipa undirbúningsnefndir, viðskrh. á að fara með eignarhlut ríkisins, viðskrh. getur ákveðið skiptingu hlutafjár í hluti o.s.frv. Með þessum ákvæðum og öðrum í frv. tel ég að enn sé verið að draga úr almannavaldi og möguleikum fólksins til að hafa áhrif í gegnum sína kjörnu fulltrúa á Alþingi og færa þau völd til eins manns, hæstv. viðskrh. og almáttugs í þessu tilviki. Það tel ég vonda ráðstöfun og í fullkominni andstöðu við þá lýðræðishugsjón sem hingað til hefur verið í hávegum höfð, a.m.k. sums staðar.

Næst vil ég koma að því sem ég nefndi áðan, því sem fram kemur í athugasemdum við frv., þ.e. að ríkið eigi að vera eini eigandi hlutafélagsins um bankana og vísast þá til bls. 6 og 7 í frv. Ég vil líka vísa til bréfs hæstv. iðn.- og viðskrh. sem hann skrifaði starfsmönnum banka og er dagsett 30. september sl. Fyrst er í bréfinu fjallað um áðurnefnda stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og síðan óskað eftir samstarfi við starfsmenn bankanna. Þar á eftir segir, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig undirstrika að breytingin á rekstrarformi banka annars vegar og hins vegar sala á bönkunum að hluta til eða öllu leyti eru algerlega aðskilin mál. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að það verði Alþingis að taka ákvörðun um sölu á eignarhlutum ríkisins í einstökum fyrirtækjum eða stofnunum.“

En hvað segir svo í frv. sjálfu? Það segir reyndar í 6. gr. að sala á hlutafé í eigu ríkissjóðs í þessum bönkum verði háð samþykki Alþingis en, og það er stórt en, það segir einnig, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 2. mgr.“ — sem sé þá að sala sé óheimil nema með samþykki Alþingis — „getur ráðherra, til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagsbankanna, heimilað útboð á nýju hlutafé.“

Þetta get ég ekki skilið öðruvísi en sem svo að það á ekki að selja en það á samt sem áður að selja. Haltu mér, slepptu mér.

Hér er einnig rétt að fram komi að aðalfundir starfsmanna beggja bankanna ályktuðu um einmitt þetta mál. Í ályktun starfsfólks í Búnaðarbankanum segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi viðskrh. Finns Ingólfssonar, dagsettu 30. september 1995, sem sent var öllum starfsmönnum Búnaðarbanka Íslands, er fjallað um áform ríkisstjórnarinnar um að breyta rekstrarformi ríkisbankanna. Þar kemur fram að breyting á rekstrarformi annars vegar og sala bankanna hins vegar séu algerlega aðskilin mál. Alþingi eitt geti tekið ákvörðun um

sölu á hlutafé bankanna og að ráðherra leggi áherslu á að undirbúningsvinna vegna breytinganna fari fram í samvinnu við þá sem málið snertir.

Á þessum forsendum hóf formaður stjórnar Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands samstarf við ráðherra þar sem það var álitinn vænlegri kostur til þess að tryggja stöðu starfsmanna við rekstrarformsbreytinguna. Í frumvarpsdrögum dagsettum 17. febrúar 1997 er hins vegar ákvæði þess efnis að ráðherra einn hafi heimild til að auka hlutafé bankans um allt að 49% til utanaðkomandi aðila." — Því hefur nú eins og okkur er kunnugt verið breytt í 35% í fyrirliggjandi frv. Og áfram segir í ályktuninni, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands mótmælir því harðlega að svo veigamikil breyting hafi verið gerð á frv. án samráðs þar sem ekki hafði áður verið rætt um aukningu eða sölu hlutafjár heldur einungis samruna við önnur fjármálafyrirtæki."

Þess ber líka að geta, virðulegi forseti, að ályktun sama efnis kom fram og var samþykkt samhljóða á aðalfundi Starfsmannafélags Landsbanka Íslands.

Næst ætla ég að nefna nokkur atriði sem varða réttindi starfsmanna en um þau er fjallað í III. kafla frv. Í 8. gr. frv. er talað um að starfsmenn Landsbanka Íslands annars vegar og Búnaðarbankans hins vegar skuli eiga kost á sambærilegu starfi hjá Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á viðskiptabönkunum. Hér hlýtur maður að spyrja: Af hverju sambærilegt starf en ekki sama starf? Ef ekki á að gera aðra breytingu en þá að skella einu hf. aftan við nafn bankanna hlýtur að mega tryggja fólkinu sem þar starfar sama starf áfram. Það getur ekki hjá því farið að menn gruni þá um grænsku sem ekki eru tilbúnir til að viðurkenna það og láta það koma fram í frv., gruni þá um að hér eigi að gera einhverjar þær breytingar sem gætu komið sér illa fyrir starfsmennina og rýrt kjör þeirra.

Í 8. gr. segir einnig að starfsmaður skuli njóta sömu réttinda og hann hafði áður, en það segir ekkert um kjör hans. Það hlýtur að vera grundvallarskilyrði að tryggja að kjör starfsfólksins rýrni ekki við breytingu af þessu tagi, enda hafa samtök bankamanna gert ítrekaðar athugasemdir við einmitt þessa grein frv. og lagt á það áherslu að skýlaust verði tryggt að starfsfólk eigi kost á sama starfi hjá Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. og að þeir njóti þar sömu launa og réttinda og þeir höfðu áður.

Í 10. gr. frv. er fjallað um bíðlaunarétt sem, eins og það er orðað í greininni með leyfi forseta:

„... kann að hafa fylgt störfum í ríkisviðskiptabönkunum ..."

Ég hlýt að spyrja: Ríkir einhver vafi á því að slíkur réttur hafi verið fyrir hendi? Sá efi er alla vega ekki til í hugum starfsmanna bankanna og þeir telja þessa grein óþarfa ef 8. gr. sem áður var fjallað um verður breytt á þann hátt sem augljóslega er sanngjarnt og réttmætt að verði.

Í 11. gr. frv. er fjallað um lífeyrismál bankastarfsmanna. Í því sambandi er rétt að fram komi að í tillögum að breytingu á reglugerðum lífeyrissjóða starfsmanna Landsbanka og Búnaðarbanka er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð og ábyrgð bankanna á eftirlaunum falli niður. Þessi atriði hafa valdið mikilli umræðu og deilum meðal starfsmannanna. Það er því ástæða til að ítreka að mjög nauðsynlegt er að strax verði gengið til þess verks að ganga frá samningum um tilhögun lífeyrismála við bankamenn.

Enn er hér ótalin í þessum kafla laganna ein grein um starfsmenn en það er greinin um bankastjóra. Nú hafa bankastjórar og laun þeirra verið mikið til umræðu að undanförnu. Ekki er að sjá á greininni sem er 9. gr. frv. að sérstaklega eigi að hagræða eða spara í sambandi við þessa ofurlaunamenn í bönkunum, en væri þó augljóst hagræði að því að fækka þeim t.d. eins og um $^2/_3$ í hvorum banka fyrir sig. Þannig mætti líka bæta verulega kjör almennra starfsmanna bankanna. Og nú langar mig til að vitna í grein í blaði SÍB, Sambands ísl. bankamanna frá því í febrúar 1997 þar sem fjallað var um launahækkun þriggja seðlabankastjóra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er eðlileg krafa starfsmanna að sú 37% hækkun sem átt hefur sér stað á launum bankastjóranna frá árinu 1993 skili sér að öllu leyti líka til annarra starfsmanna bankans. Til þess að varpa skýru ljósi á þessar miklu launahækkanir bankastjóra Seðlabankans má benda á að ef sú krónutala launahækkana, tæplega 4,7 millj. kr. á ári, sem þessir þrír menn hafa fengið frá árinu 1993 til ársins 1996 hefði verið notuð til þess að hækka laun allra starfsmanna bankans hefði mátt hækka laun hvers og eins hinna rúmlega 140 starfsmanna bankans um rúmlega 32 þús. kr. á ári."

Enn eitt atriði sem varðar starfsmenn þó ekki sé það í starfsmannakafla frv. heldur í I. kaflanum og þá í 2. gr. Þar er ákvæði um tvær undirbúningsnefndir sem skulu þannig skipaðar að viðskrh. ákveður skipun þriggja manna í hvora nefnd. Ekkert er um tilnefningar. Ekkert er um hvaðan heppilegt væri að menn þessir kæmu. Þetta er sem sagt bara ákvörðun eins manns. Þetta er með ólíkindum.

Vegna þess hvað breytingar á rekstrarformi bankanna munu hafa afgerandi áhrif á starfsvettvang bankamanna og vegna þess líka að bankastarfsmennirnir eru náttúrlega sérfræðingar í málefnum banka og hafa menntun, reynslu og þjálfun á þeim vettvangi, er ekki óeðlilegt að ætlast til þess að starfsmenn banka fái fulltrúa í þessar undirbúningsnefndir. Í framhaldi af því er einnig eðlileg krafa að starfsmenn fái a.m.k. áheyrnarfulltrúa í bankaráð hinna nýju banka. Þar sem vinsælt er að vísa til útlanda má nefna að slíkt fyrirkomulag tíðkast á Norðurlöndunum og víða í löndum Evrópubandalagsins.

Hæstv. forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Ég tel frv. sem hér liggur fyrir vont frv. Það byggir á einhvers konar „haltu mér, slepptu mér" — hugsun eða að „éta kökuna og geyma hana" — hugsun sem er lítilmótleg og lágkúruleg. Ég er ekki að mæla gegn því að gagnger endurskoðun verði gerð á bankakerfinu. Ég tel fulla ástæðu til skipulagsbreytinga, skipulagsbreytinga sem hefðu það að markmiði að gera starfsemi bankanna almenningi skiljanlegri og augljósari, auka áhrif fólksins á bankastarfsemina, bæta þjónustuna og lækka vextina svo eitthvað sé nefnt. Til þess væru ýmsar leiðir færar sem ekki eru nefndar í þessu frv. en nokkrir ræðumenn í dag hafa nefnt og ég ætla ekki að fara að tíunda hér frekar þegar liðið er svo langt á dag. Hér virðist miklu frekar eiga að gefa erlendum aðilum eða þessum fáu íslensku stórfyrirtækjum og stóreignafólki möguleika á að yfirtaka stjórn bankakerfisins líka.

Frv. sýnir kannski betur en margt annað hvers lags barningur það hefur nú verið fyrir núverandi ríkisstjórn að komast að sameiginlegri niðurstöðu um stefnumál sem sennilega hafa verið sett niður í hálfgerðu fljótræði í sigurvímunni eftir kosningarnar síðustu, án þess að báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafi hugsað í kjölinn hvers konar samvinna yrði byggð upp í

ríkisstjórnarsamstarfinu og hvernig ætti að vinna að málum og umfram allt að hvaða málum ætti að vinna.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:43.

---

88. FUNDUR

miðvikudaginn 12. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til landbúnaðarráðherra:

1. Störf nefndar um stefnu í landbúnaðarmálum, fsp. KPál, 338. mál, þskj. 610.
2. Sláturkostnaður, fsp. HjálmJ, 379. mál, þskj. 667.

Til umhverfisráðherra:

3. Umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík, fsp. ÍGP, 392. mál, þskj. 686.
4. Ráðgjafanefnd um erfðabreytingar á lífverum, fsp. HG, 395. mál, þskj. 689.
5. Tilraunadýranefnd, fsp. HG, 396. mál, þskj. 690.

Til menntamálaráðherra:

6. Friðun gamalla húsa, fsp. SvG, 319. mál, þskj. 580.
7. Samræmd próf, fsp. EKG, 380. mál, þskj. 668.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ögmundur Jónasson, 17. þm. Reykv.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Brunavarnir og brunamál, 346. mál, þskj. 738.

Endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar, 433. mál, fsp. SJS, þskj. 739.

Endurskoðun kennsluhátta, 432. mál, þáltill. HjÁ o.fl., þskj. 736.

Félagsleg aðstoð, 425. mál, frv. ÁRJ, þskj. 729.

Laun og starfskjör Pósts og síma, 357. mál, svar samgrh., þskj. 716.

Samanburður á lífskjörum hérlendis og í Danmörku, 22. mál, skýrsla forsrh., þskj. 743.

Slysabætur sjómanna, 434. mál, fsp. KHG, þskj. 740.

Staða umhverfismála, 435. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 741.

Þróun launa og lífskjara, 20. mál, skýrsla forsrh., þskj. 742.

Tilkynning um dagskrá.

[13:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að klukkan 3.30 síðdegis mun fara fram utandagskrárumræða. Efni hennar er vinnubrögð við niðurskurð í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Málshefjandi verður Össur Skarphéðinsson og heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara. Umræðan mun standa í hálftíma.

Störf nefndar um stefnu í landbúnaðarmálum.

Fsp. KPál, 338. mál. — Þskj. 610.

[13:35]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Í umræðu sem fram fór á hinu háa Alþingi um samning við sauðfjárbændur haustið 1995 var eitt helsta þemað slæm staða bænda, þá sérstaklega sauðfjárbænda. Sá samningur sem þá var samþykktur gildir til ársins 2000 og var meiningin að nýta þann tíma sem skapaðist á samningstímanum til þess að líta á vandamál sauðfjárbænda sérstaklega, hvernig mætti grípa þar inn í og styrkja stöðu þeirra og þeirra búa sem lífvænleg geta talist í starfrækslu og við framleiðslu sauðfjárafurða.

Í umræðunni lofaði hæstv. landbrh. að skipuð yrði sérstök nefnd sem ætti að taka til starfa strax eftir áramótin 1995/96 og átti sú nefnd að kanna það sem ég sagði fyrr um stöðu bænda og úrræði til bóta. Í nefndinni áttu að sitja fulltrúar og aðilar vinnumarkaðarins ásamt fulltrúum neytenda ef samningar næðust um slíkt og aðrir sem um landbúnaðarmál og þessa stöðu geta fjallað og komið heildstæðum tillögum til ráðherra. Síðan er liðið eitt og hálft ár og ekki bólar á neinum niðurstöðum. Eins og allir vita líður tíminn hratt og staða bænda fer versnandi ef eitthvað er, og nýjustu fréttir af stöðu þeirra er sú að þeir geta ekki lengur sent börn sín til mennta og stór hópur þeirra hefur orðið að taka börn sín úr skólum sem eru afar slæm tíðindi fyrir þessa stétt.

Samdráttur í sölu kindakjöts er einnig staðreynd og þrátt fyrir gríðarlega markaðssetningu og söluátak sem gert var strax haustið 1995 hefur sala lambakjöts dregist saman, á sl. ári um tæp 3%. Sala kindakjöts dróst t.d. saman síðustu þrjá mánuði ársins 1996 um tæp 20%. Sala á hrossakjöti dróst einnig saman um tæp 9% á sl. ári. Sala nautakjöts hefur aðeins aukist á árinu í heild en ef litið er á síðasta mánuð ársins, þ.e. jólamánuðinn, desember 1996, þá dróst sala á nautakjöti saman um 14%. Þannig að á flestum sviðum virðist þetta vera niður á við hjá bændum og því mjög eðlilegt að spurt sé hvað líði störfum þeirrar nefndar sem landbrh. átti að skipa og hefur væntanlega skipað. Þess vegna hef ég lagt fram eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. landbrh., virðulegi forseti, sem hljóða svo:

1. Hvaða samtök hagsmunaaðila eiga aðild að nefnd þeirri er skipa átti í upphafi árs 1996 og hefði það hlutverk að skoða vanda bænda og framtíðarsýn, ásamt því að marka stefnu í landbúnaðarmálum?
2. Hvert er hlutverk nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi ráðherra?
3. Hvenær á nefndin að skila tillögum sínum til ráðherra?

[13:39]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Rétt eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var það svo að þegar við ræddum hér á hv. Alþingi um breytingar á búvörusamningi sem einkum tóku til sauðfjárræktar, í lok árs 1995 og í upphafi árs 1996, var rætt um hvernig ná mætti aftur samstarfi við þá aðila sem áður höfðu tekið þátt í viðræðum um landbúnaðarmál ásamt Bændasamtökunum og landbrn. og gengu venjulega, og ganga reyndar enn, undir heitinu sjömannanefnd. Einnig var rætt um einhvers konar annað nefndarstarf ef þetta sjömannanefndarstarf yrði ekki endurvakið.

Á fyrri hluta seinasta árs fóru fram miklar viðræður milli þeirra aðila sem áttu áður aðild að sjömannanefndinni um hvort þeir væru tilbúnir til þess að koma til þess nefndarstarfs á nýjan leik. Og ég átti æðimörg samtöl við fulltrúa Alþýðusambandsins, BSRB og vinnuveitenda, bæði Vinnumálasambandsins og Vinnuveitendasambands Íslands, sem höfðu átt aðild að því nefndarstarfi. Niðurstaða þess varð sú að allir þessir aðilar voru tilbúnir til að koma að borðinu aftur, setjast niður og ræða þessi mál áfram, þrátt fyrir nokkurt hlé sem hafði orðið á nefndarstarfinu. Var nefndin skipuð á nýjan leik með bréfi ráðneytis 23. sept. 1996, þ.e. allmargir mánuðir liðu áður en tókst að koma starfinu á að nýju. Það var sem sagt að undangengnum miklum viðræðum við málsaðila.

Niðurstaðan varð sú að að þessu nefndarstarfi kæmu á nýjan leik Alþýðusambandið, BSRB, Vinnumálasambandið, Vinnuveitendasamband Íslands, Bændasamtökin og landbrn. Með bréfi dags. 2. des. 1996 dró Alþýðusambandið hins vegar fulltrúa sinn aftur út úr þessari nefnd þar sem ákvörðun hafði verið tekin á fundi sambandsstjórnar ASÍ að draga fulltrúa sambandsins úr opinberu starfi að málefnum landbúnaðarins. Mér þótti þetta mjög miður og harma enn að svo skyldi fara, en leyfi mér að hafa væntingar um að það kunni að koma að því aftur að þessir aðilar séu tilbúnir til þess að ræða við okkur. Nefndarstarfið hefur þrátt fyrir þetta haldið áfram þó að kannski sé ekki réttnefni lengur að kalla nefndina sjömannanefnd. Ég hef hins vegar átt viðræður við málsaðila eftir að þessi breyting varð á nefndarstarfinu og segi þetta nú af því að þó að staðan sé þessi í augnablikinu, þá leyfi ég mér að hafa væntingar um að aftur kunni að skipast svo veður í lofti að við getum haldið þessu nefndarstarfi áfram með öllum aðilum. En það heldur áfram þrátt fyrir þessa breytingu.

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar er hlutverk hennar:

1. Athugun á rekstrarskilyrðum landbúnaðarins hérlendis í samanburði við nágrannalöndin.

2. Athugun á verðlagningu búvara og samkeppnislöggjöf með hliðsjón af hliðstæðum í nágrannalöndum okkar.

3. Innflutningsverð fyrir landbúnaðarvörur.

4. Hagræðing við framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða.

5. Smásöluverslunin og verðlagslöggjöf um viðskipti með búvörur.

Ákveðið er síðan að nefndin móti umfjöllun þessara málaflokka og annarra sem tengjast stefnumörkun að mati nefndarinnar. Út af fyrir sig er því hægt að taka fleira upp í þessu nefndarstarfi þótt þetta séu aðalatriðin eins og þau eru tilgreind í erindisbréfinu.

Í þriðja lagi er spurt um skil nefndarinnar. Í erindisbréfinu er ekki uppálagt að skila tillögum innan ákveðins tiltekins tíma. Það varð nokkur dráttur á störfum nefndarinnar í haust meðan óvissa var um áframhaldandi þátttöku ASÍ í nefndinni og hún hóf náttúrlega ekki störf fyrr en eftir 23. september. En skipulagi nefndarinnar hefur verið deilt á nokkra verkþætti og undirhópar starfa þar að. Þar má fyrst nefna hóp sem fjallar um rekstrarskilyrði landbúnaðarins í samanburði við nágrannalöndin og um innflutningsvernd fyrir landbúnaðarafurðir. Í öðru lagi um verðlagningu landbúnaðarafurða og samkeppnislöggjöfina. Og í þriðja lagi um mjólkurframleiðslu og vinnslu mjólkurafurða. En þess ber að geta sérstaklega að ljóst er að það er mjög áríðandi að ljúka áliti um mjólkurframleiðsluna og vinnslu mjólkurafurðanna þar sem núgildandi samningur um þann hluta búvörusamningsins rennur út næsta haust. Því er á dagskrá að ljúka vinnu sjömannanefndarinnar um þetta atriði í vor þannig að samningar í framhaldi af því geti orðið í sumar og til staðfestingar á næsta hausti.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir skýr og greinargóð svör. Ég vil lýsa yfir áhyggjum mínum yfir því að ekki skuli vera meiri hraði á störfum þessarar nefndar og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni þá virðist vera brýn þörf á að grípa strax til einhverra ráðstafana til þess að mæta gríðarlegum vandamálum sem eru ekki minni nú innan bændastéttarinnar heldur en áður. Ef eitthvað er þá er að draga úr möguleikum til sölu kindakjöts og erlendir markaðir sem menn horfðu mjög á við umræðuna 1995 hafa í raun brugðist að mestu leyti þannig að í dag treysta menn eingöngu á innalandsmarkaðinn.

Ég held líka að menn hafi verið að mála sig ákveðið inn í einhverja bjartsýni um að þegar kjötfjallið seldist upp væru öll vandamálin þar með úr sögunni. Og ég sé haft eftir einum starfsmanni hjá bændum að innanlandsneysla á lambakjöti hafi aukist samkvæmt tölum frá í september 1996 en samkvæmt þeim tölum sem koma síðan fram í skýrslum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins dregst sala lambakjöts saman um nærri 20% á síðustu þrem mánuðum ársins 1996, þannig að kannski er þarna miklu meira vandamál á ferðinni heldur en almennt er rætt um hér. Því skora ég á hæstv. ráðherra að setja þessari nefnd einhver tímamörk þannig að hægt sé að fara í umræðu um þær aðgerðir sem ráðuneytið hugsar sér að beita og við sjáum að þessum miklu vandamálum sé mætt á einhvern hátt.

[13:46]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er aðeins örstutt því út af fyrir sig er ekki meira að segja um efni fyrirspurnarinnar sjálfrar. En varðandi störf nefndarinnar vil ég minna á að það voru nokkuð skiptar skoðanir um hvernig staðið var að því að taka sérstaklega upp samninginn um sauðfjárræktina, sem ég taldi þó nauðsynlegt að gera og var gert áður en samningstíminn var útrunninn. Því tel ég að ekki hafi staðið á að landbrn. og núverandi landbrh. hafi reynt að bregðast við hvað það varðaði af því að menn voru almennt sammála um að staða sauðfjárræktarinnar væri þess eðlis að nauðsynlegt væri að taka á málum hennar áður en samningstíminn væri útrunninn. Ég vil síðan ítreka að þó að nokkuð hafi dregist að koma þessu nefndarstarfi í gang aftur á seinasta ári, þá var það ekki fyrir það að minn vilji stæði ekki til þess. Ég reyndi lengi að ná nefndinni saman og átti viðræður við menn til þess að koma nefndarstarfinu á og ég held að fullyrða megi

að það sé í fullum gangi þó að ég hefði gjarnan viljað að nefndin væri fullskipuð eins og ég greindi frá áðan en hef ekki fleiri orð um það að sinni.

Sala dilkakjöts hefur að vísu dregist lítillega saman á seinasta ári, en þó má nefna það sem huggun harmi gegn að það er þó mikill munur frá því sem hefur verið á árum þar á undan. Það hefur verið gríðarlegur samdráttur í neyslu kindakjöts á undanförnum árum þangað til á seinasta ári. Og þar sem hv. þm. tók til, ég held að ég hafi náð rétt, verulegur samdráttur fyrstu þrjá mánuði ársins 1996, (**Gripið fram í:** Síðustu þrjá mánuði ársins 1996.). Síðustu þrjá mánuði 1996, þá hef ég það ekki nákvæmlega fyrir framan mig. En ég minni á að það hefur auðvitað skekkt nokkuð samanburð á milli einstakra mánaða að menn hafa verið hér í alls konar söluherferðum, m.a. útsölu á hverju hausti eða síðsumars, reglubundið undanfarið, en ég vona að það tímabil sé afstaðið því að nú eru ekki neinar umframbirgðir kjöts í landinu. Gert er ráð fyrir að við getum markaðssett kjötið nokkuð öðruvísi heldur en verið hefur og ég vona að það komi landbúnaðinum til góða. Einnig má nefna, því að hv. þm. sagði að sala erlendis hefði ekki gengið eftir, að þá hafa að vísu orðið áföll þar eins og með Bandaríkjamarkaðinn, en annars staðar hefur okkur gengið betur. Við höfum fengið aukna sölu á ESB-markaði og verð til sumra þeirra landa hefur verið nokkuð bærilegt þó að auðvitað það sé ekki eins og verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir.

Sláturkostnaður.

Fsp. HjálmJ, 379. mál. — Þskj. 667.

[13:49]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Mín fyrirspurn er skyld fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Það er vitað að bændur á Íslandi hafa öðrum fremur tekið á sig kjaraskerðingar á undanförnum árum. Það er fyrst til þess að taka að stuðningur ríkisins hefur dregist saman um 40% á nokkrum árum eða 43% frá 1991–1995. Á sama tíma hefur verð til neytenda lækkað. Hagnaður búanna hefur því farið verulega minnkandi og tekjur sauðfjárbænda eru svo litlar að til vandræða horfir eins og fram hefur komið að undanförnu og síðast núna í umræðunni. Því hlýtur það að brenna á öllum þeim sem að hyggja hvernig þessari þróun verði snúið við.

Margt bændafólk er láglaunafólk þar sem meðaltekjur af allgóðu sauðfjárbúi, svona 400–600 ærgilda búi, eru ekki nema rétt tæpar 1.500 þús. kr. en meðaltekjur hjóna á Íslandi eru um 3 millj. eða 2,9 millj. á ári. Hvorar tveggja eru tölur miðaðar við 1995.

Eitt af því sem bent hefur verið á er að bóndinn fái of lítinn hlut af söluverði dilkakjöts. Einkum hefur verið bent á að sláturkostnaður á dilkakjöti sé hár, a.m.k. tvöfaldur á við stórgripasláturkostnað. Í Bændablaðinu 4. mars sl. er vitnað í forstjóra Sláturfélags Suðurlands sem telur að lækka megi sláturkostnað um a.m.k. 30 kr. á kg með hagræðingu, úr tæpum 100 kr. á kg í 65–70 kr. Sé hægt að lækka þannig sláturkostnaðinn um þriðjung, þá mundi það auka tekjur sauðfjárbænda um 20–25%. Hér er því athyglisvert mál á ferðinni til kjarabóta fyrir sauðfjárbændur og á þessu stigi nauðsynlegt að fá fram sundurliðun á sláturkostnaðinum til þess að auðvelda þá vinnu sem væntanlega er fram undan. Ég beini því fyrirspurn til hæstv. landbrh. svohljóðandi, með leyfi forseta:

Hver er sláturkostnaður á hvert kíló af dilkakjöti? Hvernig greinist hann í:

1. vinnulaun,
2. sjóðgjöld, og hvert renna þau,
3. dýralækniskostnað,
4. annað, hvað?

[13:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, fer svokölluð fimm manna nefnd með ákvörðun slátur- og heildsölukostnaðar fyrir sauðfjárafurðir. Samkvæmt ákvörðunum nefndarinnar var slátur- og heildsölukostnaður haustið 1995 ákveðinn 136,30 kr. á kg. Á sl. hausti stóð til að verðskráning í heildsölu á kindakjöti yrði aflögð sbr. breytingu sem gerð var á búvörulögum þann 5. desember 1995, eins og hv. þm. kannast við. Þá var fimm manna nefnd heimilað að gefa verðlagningu á sauðfjárafurðum frjálsa í heildsölu væru um það samningar milli þess opinbera og Bændasamtakanna. Með umræddri breytingu búvörulaganna var ákveðið að fella niður verðlagningu sauðfjárafurða til bænda frá og með 1. september 1998 og að verðlagsnefnd landbúnaðarins, svokölluð sex manna nefnd, meti framleiðslukostnað sauðfjárafurða frá þeim tíma. Samkvæmt ákvæðum búvörulaganna er því ekki unnt að ákveða heildsöluverð annarra búvara en þeirra sem verð til bænda er ákveðið fyrir. Því leiðir af sjálfu sér að opinber skráning á slátur- og heildsölukostnaði fyrir kindakjöt verður ekki gerð eftir 1. september 1998.

Þetta segir í raun að við erum að fara út úr því verðlagskerfi sem gilt hefur að undanförnu og var rætt í sambandi við búvörusamninginn um sauðfjárafurðir sem aðeins kom til umræðu í svari við fyrirspurn hv. þm. Kristjáns Pálssonar hér áðan. Seinasta skráða verð fimm manna nefndarinnar á slátur- og heildsölukostnaði er því það sem skráð var haustið 1995, 136,30 kr. á kg.

Síðan spyr hv. þm. um sundurliðun á þessum kostnaði. Það er svo að ráðuneytið býr í raun ekki yfir þeirri sundurliðun og hefur ekki tök á að gefa þá sundurliðun upp sem beðið er um, þar sem fimm manna nefndin hefur ekki birt sundurliðun á slátur- og heildsölukostnaði sem fellur að fyrirspurninni, þ.e. í þessa fjóra kostnaðarliði. Þar sem einstakir sláturleyfishafar hafa fært einfalda kostnaðarliði með mismunandi hætti er ekki unnt að gefa umbeðna skiptingu að mati nefndarinnar. Það er reynsla fimm manna nefndar að eini raunhæfi samanburðurinn á kostnaðinum milli einstakra sláturleyfishafa sé samanburður á heildsölukostnaði þeirra á hverja einingu, þ.e. á hvert kíló kjöts. Og það er sem sagt samkvæmt upplýsingum frá fimm manna nefnd ástæða þess að ekki er unnt að gefa upp þessa skiptingu eða þeir hafa ekki gefið ráðuneytinu hana, að einstakir kostnaðarliðir eru gjaldfærðir með ólíkum hætti hjá sláturleyfishöfum í þeim skýrslum um kostnað sem nefndinni hafa borist frá þeim.

Nefndin lét fara fram umfangsmikla vinnu á árunum 1986–1987 til að samræma tekju- og kostnaðarskiptingu sláturleyfishafa, einkum með það fyrir augum að unnt yrði að skilja á milli slátur- og heildsölukostnaðar sauðfjár og annarra sláturgripa. Við þá vinnu var kappkostað að skilja sláturhúsrekstur frá öðrum rekstri þar sem um blandaðan rekstur var að ræða. Nefndin telur ekki unnt að gera ítarlega

sundurliðun á kostnaðarliðum sláturleyfishafa sem sé hæf til birtingar þar sem rekstrarform þeirra sé um margt svo ólíkt. Má sem dæmi nefna að sumir sláturleyfishafar annast sölu eigin afurða þar sem aftur á móti aðrir hafa látið óskylda aðila sjá um afurðasöluna. Af tölum fimm manna nefndarinnar má þó sjá að af 2. verðflokki kindakjöts sem er afurðasöluflokkurinn nema sjóðagjöld, af því að það var eitt af því sem spurt var um sérstaklega, 11,57 kr. á kíló og renna þau til stofnlánadeildar landbúnaðarins. Síðan er gjald til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem nemur 1,45 kr. á kíló. Þetta eru þau tvö sjóðagjöld sem eru inni í þessari verðlagningu. Af sláturkostnaðinum, 136,30 kr. á kíló, nemur dýralækniskostnaður og heilbrigðiseftirlit, þar með talið eftirlit með aðskotaefnum, 2,25 kr. á kíló. Þessi krónutala er innheimt af öllu kjöti sem kemur í sláturhús samkvæmt ákvæðum laga og fer ekki eftir ákvörðun fimm manna nefndarinnar við mat og ákvörðun á kostnaði við slátrun.

Þetta eru þær upplýsingar sem mér er unnt að gefa, hæstv. forseti, við þessari fyrirspurn sem er þó ekki ítarleg sundurliðun á kostnaðinum eins og spurt var um.

[13:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það sem mér finnst vera aðalatriði þessa máls er þetta: Sláturkostnaðurinn í landinu og milliliðakostnaðurinn frá bóndanum annars vegar og til markaðarins hins vegar er of mikill, þetta er of dýrt. Þetta kostar of mikið sem veldur því að annars vegar fá bændurnir of lítið í sinn hlut og hins vegar verða þær ágætu afurðir sem þeir eru að framleiða of dýrar og seljast þess vegna ekki nægilega vel. Þetta er sá vandi sem við er að glíma. Síðan geta menn auðvitað reynt að hafa áhrif á þetta.

Það sem mér finnst blasa við þegar maður fer um sveitir landsins og sér sláturhús í sláturtíðinni er þessi gríðarlegi umsýslu- og eftirlitskostnaður sem mér finnst að hljóti augljóslega að vera allt of mikill í þessum geira atvinnulífsins. Eftirlitsiðnaðurinn sem víða hefur blómgast bærilega á undanförnum árum og þarf ekkert að kvarta yfir sínum hlut virðist vera meiri þarna miðað við umfangið heldur en víða annars staðar og kostnaður þess vegna allt of mikill. Og maður verður var við að bændum sjálfum og starfsfólki sláturhúsanna blöskrar hversu margbrotið þetta eftirlitskerfi allt saman er, bæði inni í sláturhúsunum sem starfsmennirnir þurfa að framkvæma og svo alls konar stimplaverk sem gerist síðan í framhaldinu sem litlum tilgangi virðist þjóna.

[13:58]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem mér fannst koma fram hjá hv. fyrirspyrjanda að sláturkostnaður í landinu er allt of hár. Það nær ekki nokkurri átt þegar bændur geta ekki lifað af þeim hluta sem þeir fá til sín af verði kindakjöts, að sláturkostnaður sé eins og hér hefur verið. Umfangsmiklar aðgerðir hafa verið gerðar að því er sagt var til að lækka sláturkostnað í landinu. Sláturhúsum var fækkað mjög mikið og það var sársaukafullt víða fyrir ýmis byggðarlög. Sagt var að það væri til að lækka þennan sláturkostnað, en það virðist ekki hafa skilað sér. Mér finnst mjög brýnt að þetta verði tekið föstum tökum og einhverjar aðgerðir gerðar sem virkilega duga í þessum málum því að við svo búið má ekki standa.

[13:59]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir svörin og þá umræðu sem fram hefur farið, þakka svörin að því leyti sem svör hafa fengist. Þau voru skýr svo langt sem þau náðu, en ég hlýt að óska eftir því við hæstv. landbrh. að þessar upplýsingar liggi fljótlega fyrir. Í vinnu að úrbótum fyrir bændastéttina þurfa slíkar grunnupplýsingar að vera öllum ljósar og aðgengilegar.

Vandinn er milliliðir kom fram hjá einum hv. þm., en samt er það svo að margir sláturleyfishafar gefa afslátt af sínum hlut. Nefnt var að eftirlitskerfið væri flókið og ekki síst þess vegna vildi ég fá fram sundurliðun á þessum sláturkostnaði. Ég vil því ítreka þá ósk mína að þessar upplýsingar liggi fyrir.

Ég ítreka einnig að vísitala neysluverðs fyrir búvörur fer lækkandi núna síðustu fimm árin meðan vísitala neysluverðs hefur hækkað um 14 stig eða 8,7%, þannig að við sjáum að sauðfjárbændur hafa tekið vel á og reyndar verið látnir taka svo mjög á að þeir eiga erfitt með að lifa af afrakstri búa sinna.

[14:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins út af orðum hv. fyrirspyrjanda aftur um það að fá fram þessar tölur. Ég ítreka það sem fram kom í fyrra svari að það eru upplýsingarnar frá fimm manna nefnd sem ég hef á að byggja og get ekki sótt þær annað heldur en þangað. Ég hef reynt það með þeim skýringum sem ég hef hér greint frá, við getum sagt án árangurs í þeim skilningi að þær eru ekki nákvæmari en hér hefur verið gerð grein fyrir.

Það er fyrst og fremst mikilvægt fyrir bændur og bændastéttina og forsvarsmenn þeirra að gera sér grein fyrir þessu. Og ég minni á að vegna þess að ákveðið er að gefa þetta verð frjálst þá verður ekki lengur neitt nefndarstarf til þess að gefa það út annað heldur en að það er kveðið á um það í lögunum að reikna skuli út viðmiðunarverð þannig að það er þá nauðsynlegt fyrir þá sem að því koma að gera sér grein fyrir því hvaða kostnað þar er verið að tilgreina.

Ég get tekið undir það með öðrum hv. þm. sem hér hafa talað að mikilvægt er að ná öllum þessum milliliðakostnaði niður, hvort sem það er sláturkostnaður eða annar kostnaður, heildsölukostnaður og auðvitað kostnaður smásölunnar líka. Ég held að það megi kannski ekki gleyma henni alveg, þ.e. að ná kostnaði þar einnig niður þannig að bóndinn beri meira úr býtum fyrir þær afurðir sem hann er að framleiða.

Vegna orða hv. 8. þm. Reykn. þá vil ég segja — ef hún vildi gefa mér eins og hálfa sekúndu til þess að hlýða á svarið — um það að hv. þm. sagði að ekkert hefði breyst í þessum kostnaði þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir, að sláturog heildsölukostnaður var árið 1991 148,59 kr. eða nærri 150 kr. en er þó ekki nema 136 kr. núna þannig að aðeins hefur áunnist. Það mætti vera meira en ég á von á því að þær breytingar sem fram undan eru muni hafa áhrif á það enn frekar.

Varðandi umsýslu- og eftirlitskostnað sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi (Forseti hringir.) þá vil ég ítreka aftur að dýralæknakostnaður og heilbrigðiseftirlit við slátrun er þó ekki nema 2,25 kr. Auðvitað er það kostnaður líka. Ég veit ekki alveg hvað hv. þm. hefur haft í huga sérstaklega (Forseti hringir.) en við gerum miklar kröfur til okkar afurðastöðva og okkar framleiðenda um að vel sé þar búið að öllu og

fyllsta hreinlætis gætt við bestu aðstæður þannig að auðvitað kostar líka að fylgjast með því.

Umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík.

Fsp. ÍGP, 392. mál. — Þskj. 686.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar er tilvitnun hv. alþingismanns Margrétar Frímannsdóttur í rannsókn Harðar Kristinssonar grasafræðings og forstöðumanns Náttúrusetursins á Akureyri í morgunútvarpi Rásar 2, 3. mars sl., þ.e. skýrslu um umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík. Niðurstöður þessarar 12 ára rannsóknar hafa hvergi verið birtar. Umhvn. hefur ekki haft handrit rannsóknarinnar til skoðunar en forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands hafði fáum dögum áður en vitnað var til skýrslunnar í útvarpi sagt umhvn. frá þessari skýrslu og kynnt lauslega niðurstöður hennar. Hann sagði okkur einnig frá því að þessari rannsókn væri ekki lokið. Ég hef þetta einnig staðfest frá Herði Kristinssyni grasafræðingi og þess vegna leikur mér forvitni á að vita í stórum dráttum í hverju niðurstöður skýrslunnar eru fólgnar. Spurningar mínar eru tvær:

1. Hverjar eru niðurstöður rannsóknar Harðar Kristinssonar grasafræðings í skýrslu sem vitnað var í í morgunútvarpi Rásar 2, mánudaginn 3. mars 1997, um umhverfisáhrif frá álverinu í Straumsvík og væntanlega var unnin árið 1985?

2. Á hvern hátt hefur hreinsibúnaður álversins vegna mengunarvarna breyst frá því að rannsóknin var gerð?

[14:05]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Rannsókn sú sem vitnað er til í fyrirspurninni fór fram sumarið 1985 en skýrsla um rannsóknina hefur ekki verið gefin út, en er að finna í handriti hjá höfundi. Ekki hefur verið gengið endanlega frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Rannsóknin mun hafa verið gerð að frumkvæði höfundar en ekki unnin samkvæmt kröfum í starfsleyfi.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er fyrirhugað að birta niðurstöður rannsóknarinnar í heild í Náttúrufræðingnum síðar á þessu ári. Í stuttu máli benda niðurstöðurnar til þess að áhrif mengunarinnar á tiltekinn gróður nærri álverinu í Straumsvík á þeim tíma sem rannsóknin fór fram hafi verið greinileg. Mosi og fléttur virðast hafa látið töluvert á sjá næst álverinu, svo og lynggróður annar en krækilyng. Krækilyng virðist dafna vel meðan plantan er ung en láta á sjá þegar hún eldist. Það á kannski við um okkur flest.

Snið var tekið annars vegar í 300–400 metra fjarlægð og hins vegar í um að bil tveggja kílómetra fjarlægð. Sýnatakan er því að hluta til innan þynningarsvæðis verksmiðjunnar. Hins vegar fór fram vettvangsathugun í allt að þriggja km fjarlægð frá verksmiðjunni og varð áhrifa vart á mosa og fléttur í þeirri fjarlægð. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar fara áhrifin minnkandi eftir því sem fjær dregur verksmiðjunni.

Varðandi seinni lið fyrirspurnarinnar má segja að veruleg breyting hafi orðið á hreinsibúnaði verksmiðjunnar síðan rannsóknin var gerð. Mestu munar að þekjur á kerum eru nú rafdrifnar í stað handvirkrar stjórnunar áður. Þetta hefur í för með sér að mun meira af menguðu lofti er sogið til hreinsibúnaðar en áður var. Þetta kemur fram í minni losun mengunarefna frá verksmiðjunni sem nú eru um það bil 1 kg á hvert framleitt tonn af áli af flúoríðum í staðinn fyrir um 5 kg á hvert framleitt tonn af áli áður en rafdrifnar þekjur komu til og svarar þetta til um 80% minni losunar á flúor.

Losun ryks er nú um það bil 0,7 kg á hvert framleitt tonn af áli í stað um það bil 8 kg á framleitt tonn af áli áður en rafdrifnar þekjur voru teknar í notkun sem er um 90% minnkun á ryklosun.

Einnig er rétt að hafa í huga að fram til ársins 1982 voru mengunarvarnir við álverið í Straumsvík afar ófullkomnar miðað við það sem nú er. Til marks um það má nefna að losun flúoríða var á þeim tíma um 25 kg á hvert framleitt tonn af áli og um 30 kg af ryki á hvert framleitt tonn af áli. Ekki er útilokað að áhrifa frá losun mengunarefna frá þessum tíma hafi gætt að einhverju leyti við gróðurrannsóknirnar sem fram fóru á árinu 1985 og áður er um getið.

Þess má að lokum geta að mælingar sem gerðar hafa verið árlega á flúoríði í grasi og trjágróðri í nágrenni verksmiðjunnar á vegum flúornefndar allt frá árinu 1968 sýna að frá árinu 1992 er styrkur flúoríða í þessum gróðri í svipuðu magni og hann var áður en verksmiðjan tók til starfa.

[14:09]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að hv. þingmenn Framsfl. eru farnir að kynna sér þessi efni og ganga eftir því með fyrirspurnum og ég gleðst yfir því. Varðandi vöntun á heildstæðri úttekt á þessum málum, þ.e. umhverfi stóriðjurekstrar, þá blasir við að því er varðar álbræðsluna í Straumsvík og einnig væntanlega stóriðjustarfsemi á Grundartanga að þar hefur verið haldið á málum þannig að heildstæða náttúrufarslega úttekt vantar, grunn til samanburðar, grunn sem þarf auðvitað að leggja áður en byggt er upp þannig að menn geti fylgst skynsamlega og tryggilega með breytingum og áhrifum á umhverfið. Eins og menn sjá af þessari rannsókn sem er 12 ára gömul, var um mjög verulegar breytingar að ræða og ég hlýt að nefna það vegna þeirra talna sem hæstv. umhvrh. fór með að þær eru ekki miðaðar við starfsleyfi heldur sumpart við annað þannig að það er dálítið einkennilega fram sett. En alveg sérstaklega þurfa menn að hafa í huga (Forseti hringir.) að þó það sé reynt að herða á kröfu um losun á hvert framleitt tonn þá skilar mengunin sér í vaxandi mæli þegar aukið (Forseti hringir.) er við framleiðsluna eins og gert hefur verið í Straumsvík og það getur endað í hinu sama ... (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁS): Tíminn er búinn.)

... hvað varðar áhrif.

[14:11]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Ísólfi Gylfa Pálmasyni, fyrir að koma með þessa fyrirspurn sem mér finnst mjög tímabær því að það hefur verið nokkuð mikið um það að vitnað hafi verið í umrædda rannsókn og hún notuð til grundvallar í umræðu sem nú er um álver almennt.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni þá er þessi rannsókn orðin 10 eða 12 ára gömul og mjög margt búið að gerast í mengunarvörnum álversins í Straumsvík sem hefur leitt til þess að mengun er ekki mælanleg í gróðri, svo sem laufi, grasi og öðrum gróðri sem er í kringum álverið í ákveðnum radíusi fremur en var fyrir starfrækslu álversins 1969, en það var byrjað á þessum rannsóknum 1968. Það er

því mjög nauðsynlegt að þetta komi fram svo að hægt sé að (Forseti hringir.) eyða allri tortryggni um það að þarna séu einhverjir erfiðleikar á ferðinni sem eru alls ekki.

[14:12]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma með þessa spurningu hér þó að mér hefði kannski fundist þarfara að spurt hefði verið um ýmislegt annað eins og landskipulag og grunnrannsóknir varðandi staðsetningu fyrir stóriðju. En það er hins vegar ekki rétt að þessi rannsókn hafi ekki verið birt. Það hefði leyst málið ef hv. þm. hefði rætt þetta á þingflokksfundi í Framsfl. því að 1989 var unnin sérstök skýrsla fyrir markaðsskrifstofu iðnrn. um allar rannsóknir varðandi álver í Straumsvík og þar kemur þessi rannsókn fram þannig að hún er til.

Annað sem hér hefur komið fram. Menn tala um flúormengun. Ekkert hefur komið fram um það hvaða efni það eru sem orsaka gróðurskemmdirnar. Það geta alveg eins verið brennisteinsdíoxíð sem valda þessum skemmdum. Engar rannsóknir liggja fyrir. Og það er eðlilegt að menn vitni til rannsókna frá 1985 því að síðan þá hafa bara ósköp einfaldlega engar rannsóknir átt sér stað og um það snýst málið.

[14:13]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin og ég vil þakka þá hvatningu sem ég hef fengið frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. Hann leggur ævinlega mjög gott til málanna þegar verið er að ræða um þessi mál. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki þessar upplýsingar sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kemur með hér í ræðustól, svipað og þegar ég hlustaði á þann ágæta þingmann í útvarpinu á leið minni frá Hvolsvelli til Reykjavíkur, þá hafði ég ekki þær upplýsingar sem hún var með. Það var einmitt þess vegna sem ég (Gripið fram í.) fór fram á það við hæstv. umhvrh. að fá upplýsingar um þetta og ég hlakka til þegar þessar upplýsingar verða birtar opinberlega í Náttúrufræðingnum áður en langt um líður.

Ráðgjafanefnd um erfðabreytingar á lífverum.

Fsp. HG, 395. mál. — Þskj. 689.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 689 hef ég borið fram svofellda fyrirspurn til hæstv. umhvrn. um ráðgjafanefnd um erfðabreytingar á lífverum:

1. Hverjir eiga sæti í ráðgjafanefnd til að fylgjast með og veita ráðgjöf um framkvæmd laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur?

2. Hverjar eru starfsreglur nefndarinnar samkvæmt reglugerð, sbr. 6. gr. laganna um erfðabreyttar lífverur?

Þessi lög sem eins og fram kemur í fyrirspurninni voru sett á síðasta ári fjalla um erfðabreyttar lífverur, tilraunir, dreifingu og markaðssetningu. Samkvæmt 6. gr. laganna er sett á fót níu manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði eins og segir í upphafi greinarinnar. Þessi grein var verulega styrkt í meðförum umhvn., t.d. var sett inn í lögin að við skipan í nefndina skuli m.a. höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði. Ég hef lagt fram aðra fyrirspurn sem snerta þessi lög, en þar er um að ræða beiðni um skriflegt svar, þ.e. um ítarlega setningu reglugerða á grundvelli laganna og vænti þess að það komi fjótlega svar við því frá hæstv. ráðherra.

Ástæðan fyrir því að ég hef lagt fram fyrirspurn þessa og fleiri sem snerta erfðabreytingar og tilraunir bæði varðandi erfðabreyttar lífverur aðrar en manninn svo og varðandi tæknifrjóvgun, en þeim mun verða svarað síðar, er sú að ég tel eðlilegt að það verði athugað, ef fallist verður á fram komna tillögu mína um að stofna lífsiðfræðiráð, að til kunni að koma einföldun eða einhver breyting á því nefndakerfi sem sett er upp með sérlögum, hvort sem það er um erfðabreyttar lífverur, dýravernd eða tæknifrjóvgun, án þess að ég gefi mér neitt fyrir fram í því efni. En þetta er svona bakgrunnurinn, þ.e. að átta sig á því hvað hefur verið gert af hálfu viðkomandi ráðuneyta í sambandi við þessar nefndaskipanir þannig að menn geti betur áttað sig á því hvort bregða eigi á það ráð sem vikið er að í fram kominni þáltill. um lífsiðfræðiráð, að skapa kerfi sem væri heildstæðara en það sem nú liggur fyrir.

[14:18]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda þá hefur hann lagt fram aðra mjög ítarlega fyrirspurn um mál sem tengjast lögunum um erfðabreyttar lífverur og unnið er að svari í umhvrn. Ég vona að það dragist ekki lengi að svarið berist sem hv. þm. spurði eftir, vonandi kemur það innan þess tíma sem þingsköp kveða á um.

En varðandi nefndarstarfið þá er þetta nokkur listi upp að lesa um það hverjir skipa þessa nefnd. Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, skipaði umhvrh. níu manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Nefndina skipa Franklín Georgsson, forstöðumaður hjá Hollustuvernd ríkisins, sem er formaður og skipaður án tilnefningar, og Aðalheiður Jóhannesdóttir, forstjóri Náttúruverndar ríkisins, er varaformaður. Kesara Jónsson, sérfræðingur í erfðafræði plantna, er skipuð án tilnefningar og til vara Guðni Á. Alfreðsson prófessor. Árni Bragason forstöðumaður er tilnefndur af Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins og varamaður hans er Aðalsteinn Sigurgeirsson sérfræðingur. Mikael M. Karlsson prófessor er tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og til vara Þorvarður Árnason sérfræðingur. Þorkell Jóhannesson prófessor er tilnefndur af rannsóknastofu í lyfjafræði og til vara Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri. Guðmundur Eggertsson prófessor er tilnefndur af Líffræðistofnun Háskóla Íslands og til vara Sigríður Þorbjarnardóttir deildarstjóri. Guðmundur Óli Hreggviðsson sameindalíffræðingur er tilnefndur af Iðntæknistofnun og varamaður hans er Jakob K. Kristjánsson lífefnafræðingur. Sólveig Grétarsdóttir sameindaerfðafræðingur er tilnefnd af Krabbameinsfélagi Íslands og til vara Jórunn Erla Eyfjörð sameindaerfðafræðingur. Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur er tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands og til vara Eyþór Einarsson grasafræðingur.

Þetta eru þeir sem skipaðir hafa verið í þessa nefnd, en rétt er að taka fram að sú skipun er reyndar nýleg því það tók nokkurn tíma bæði að fá tilnefningar og finna sérfræðinga til að taka sæti í þessari mikilvægu nefnd sérfræðinga til að fjalla um þetta mál.

Síðan er spurt um hverjar séu starfsreglur nefndarinnar samkvæmt reglugerð, sbr. 6. gr. laga um erfðabreyttar lífverur, en lög nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, tóku gildi 2. apríl 1996.

Markmið laganna er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Jafnframt er markmið laganna að tryggja að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær.

Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt þeim.

Nefndin, þessi sem ég las skipunina í hér áðan, skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráðgjöf um framkvæmd laganna og beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Þá ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í málaflokki þessum.

Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð auk þess sem þar skal kveðið á um það hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt.

Því les ég upp eða vitna í lögin um hlutverk þeirra og hlutverk nefndarinnar að reglugerðin hefur ekki enn verið sett, en umrædd tilvitnun í lögin gefur vísbendingu um það sem í reglugerðinni verður en nú er unnið að þeirri reglugerðarsetningu. Hún er sem sagt í undirbúningi í ráðuneytinu.

Rétt í lokin, hæstv. forseti, er rétt að láta það koma fram af minni hálfu að í þeim umræðum sem orðið hafa í þjóðfélaginu að undanförnu um mál af þessu tagi er ekki óeðlilegt að ýtt sé við því að menn uppfylli lagaákvæðin og fylgist ítarlega með málum þessum á allan hátt og ég mun því reyna að leggja áherslu á að þessari reglugerðarsetningu verði hraðað svo nefndin geti hafið störf sín sem allra fyrst samkvæmt þessum lagatexta sem ég hef hér vitnað til.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör við fyrirspurninni. Hæstv. ráðherra upplýsti að reglugerð á grundvelli 6. gr. laganna hefur enn ekki verið sett. Ég bíð spenntur eftir að fá fregnir af reglugerðarsetningu samkvæmt 7. gr. en þar er nú um langtum umfangsmeira mál að ræða sem að umhvn. orðaði við meðferð málsins á sínum tíma að æskilegt væri að lægi fyrir við umfjöllun hennar þá, þ.e. á síðasta þingi en þá lágu þessi drög ekki fyrir. Þetta leiðir hugann að því hvort ekki sé brýnt í rauninni að ráðuneytin leitist við að móta drög að reglugerðum, a.m.k. til kynningar þingnefndum, til þess að ljóst sé að ekki líði óhóflegur tími frá lagasetningu þar til reglugerð er sett svo og að menn átti sig á því hvert er stefnt af hálfu framkvæmdarvaldsins varðandi reglugerðarheimildir sem auðvitað verða að styðjast við lög en ekki ganga gegn ákvæðum laga. Hæstv. ráðherra sagði að nefndin hefði nýlega verið skipuð, og það væri æskilegt að heyra hvenær gengið var frá skipun nefndarinnar, þannig að hún er þá að hefja störf. Hefur nefndin komið saman? Það er frekari fyrirspurn af minni hálfu.

Varðandi þetta geysistóra mál kemur einnig upp spurningin um hvernig búið er að Hollustuvernd ríkisins sem á að fara með þetta mál að þessu leyti. Ég hafði spurnir af því vegna undirbúnings fjárlaga að þar ætti að fjölga um eitt stöðugildi á þessu ári vegna þessa verkefnis sérstaklega, í rauninni eina stöðuheimildin (Forseti hringir.) til viðbótar hjá Hollustuvernd ríkisins. Mér er mjög til efs að það sé fullnægjandi varðandi þau verkefni sem þarna bíða. En miklu skiptir að framkvæmdin verði ekki látin stranda á því, að það verði hægt að sinna þessu mikilvæga verkefni, bæði eftirliti og leyfisveitingum.

[14:26]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er líka rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta er mikið reglugerðarverk. Það er mikið verk að setja þá reglugerð sem hér er spurt um og sérstaklega var vitnað til. Þó er fleira sem fylgir og mikið starf sem bíður bæði nefndarinnar og eins auðvitað Hollustuverndar ríkisins sem stofnunarinnar sem fer með málið. Það er rétt að minna á að það var, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, sérstaklega getið í sambandi við fjárveitingar til stofnunarinnar, að þær voru auknar vegna þessarar nýju löggjafar og gert ráð fyrir því að það mundi auka umfang stofnunarinnar. Að öðru leyti var fjárhagur stofnunarinnar líka leiðréttur nokkuð þar í viðbót. En mér eins og auðvitað hv. þm. öllum er ljóst að það hafa hlaðist á þessa stofnun mikil verkefni að undanförnu og hún hefur átt í rekstrarerfiðleikum en við höfum reynt að bregðast við því bæði á seinasta ári og í fjárlögum þessa árs og reyndar er enn í umræðu hvernig frekar megi styrkja þessa starfsemi.

Hv. þm. spurði hvenær nefndin hefði verið skipuð. Ég hef nú því miður ekki dagsetninguna á því en það eru aðeins örfáir dagar síðan þannig að ég hygg að ég geti fullyrt að nefndin hafi ekki enn komið til fyrsta fundar. Ég gef mér það því það eru ekki nema örfáir dagar síðan gengið var frá skipunarbréfunum. Þau voru til eða svo til frágengin fyrir nokkru síðan en þá brá ráðherra sér utan og var erlendis í nokkra daga en gekk frá þessu núna strax og hann kom heim þannig að það eru bara tveir til þrír dagar síðan gengið var frá nefndarskipuninni. Ég vona að nefndin komi saman hið allra fyrsta og verði eins og kveðið er á, ráðuneytinu og stjórnvöldum til ráðgjafar um framkvæmd alla og um þá reglugerðarsetningu sem fyrir dyrum er.

Tilraunadýranefnd.

Fsp. HG, 396. mál. — Þskj. 690.

[14:28]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 690 ber ég fram svofellda fyrirspurn til hæstv. umhvrh. um tilraunadýranefnd. Efni fyrirspurnarinnar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Hverjir eiga sæti í tilraunadýranefnd samkvæmt lögum nr. 15/1994, um dýravernd?

2. Hvenær var sett reglugerð „þar sem kveðið er á um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum“, sbr. 16. gr. laganna?

3. Hver eru helstu efnisatriði reglugerðarinnar?

16. gr. laganna er í VI. kafla þessa lagabálks um dýravernd. Þar er fjallað um tilraunir á dýrum og kveðið á um að umhvrh. skipi tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar með háskólamenntun og þekkingu á sviði dýratilrauna og einn fulltrúi er skipaður af Rannsóknastofnun í siðfræði auk þess sem yfirdýralæknir á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Þarna er einnig kveðið á um reglugerðarheimildina eða reglugerðarkvöðina því það er sett fram ákvarðandi að sett skuli reglugerð.

Tilraunir á dýrum eru mikið stundaðar í sambandi við vísindarannsóknir af ýmsum toga og reyndar framleiðslu á lyfjum og ýmsu fleira og hér er um vandasamt mála að ræða og viðkvæmt að mörgu leyti. Því skiptir miklu máli að vel sé á þessu haldið. Við þetta bætist síðan að tilraunir á dýrum geta varðað efni siðfræðilegs eðlis eins og kemur fram í því hvernig nefndin skal vera skipuð. Þar á siðfræðingur að vera til ráðgjafar. Stóru tíðindin frá síðustu vikum er um einræktun á spendýrum. Það er sauðkindin Dollý sem búin var til með tilraunum á sauðfé og breytti verulega þeirri mynd sem við blasir í þessum efnum. Upp hlýtur að koma spurningin um það, þó ég sé ekki að leiða líkur að því að verið sé að vinna í þessa áttina hér þó ekki væri nema vegna fjárskorts þó áhugi kynni að vera á því en ég hef ekki orðið var við neitt slíkt, þá hlýtur að vakna spurningin hvort ekki eigi að setja blátt bann við slíkum tilraunum hér á landi og varðar það þá þau lög sem hér er um að ræða, a.m.k. efnislega séð þó að það sé nokkuð sérstakt mál. (Forseti hringir.) Þetta tengist einnig spurningunni um starfsemi þessarar nefndar, spurningunni um það hvort setja skuli á fót sérstakt lífsiðfræðiráð til þess að hafa heildaryfirlit og vöktun á þessu stóra sviði öllu saman.

[14:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í 16. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, er kveðið á um að umhvrh. skuli skipa tilraunadýranefnd til fjögurra ára í senn svo sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn, þ.e. yfirdýralæknir, sem er formaður nefndarinnar, einn fulltrúi tilnefndur af Rannsóknastofnun í siðfræði — Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og einn fulltrúi skipaður án tilnefningar og skal hann hafa háskólapróf og þekkingu og reynslu á sviði dýratilrauna.

Þá var spurt fyrst hverjir eiga sæti í þessari nefnd en tilraunadýranefndin var skipuð 6. júlí 1995 og eiga sæti í henni Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, sem er jafnframt formaður nefndarinnar, Jón Kalmansson tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands og Dagmar Vala Hjörleifsdóttir dýralæknir, sem skipuð er án tilnefningar.

Síðan er spurt um reglugerðina skv. 16. gr. en við skipun nefndarinnar var óskað eftir því að nefndin gerði drög að reglugerð um tilraunadýr í samræmi við 16. gr. Nefndin skilaði tillögu sinni til ráðuneytisins í lok seinasta árs. Eftir athugun í ráðuneytinu var ákveðið að senda reglugerðardrögin til nefndarinnar aftur til frekari vinnslu. Ný tillaga barst ráðuneytinu 25. febrúar sl. frá nefndinni og hefur ráðuneytið sent þau drög til umsagnar hjá dýraverndarráði. Reglugerð um meðferð tilraunadýra og eftirlit með tilraunum verður sett jafnskjótt og umsögn dýraverndarráðs berst og gengið hefur verið frá athugasemdum ráðsins við reglugerðardrögin. Af því að síðasti liður fyrirspurnarinnar hljóðar um efnisatriði reglugerðarinnar sem ekki hefur enn verið sett er rétt að gefa upp efnisatriði reglugerðardraganna. Í reglugerðardrögunum er m.a. kveðið á um að óheimilt verði að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema að fengnu leyfi tilraunadýranefndarinnar ef því fylgir álag, hræðsla, þjáning eða varanlegt heilsutjón fyrir dýrið. Þá eru sett skilyrði um að aðbúnaður, fóðrun og aðhlynning dýra skuli vera í samræmi við alþjóðastaðla og að eingöngu skuli notuð dýr til tilrauna sem til þess eru sérstaklega valin í viðurkenndum uppeldisstöðvum. Samþykki og heimild tilraunadýranefndar verður krafist til þess að sjá um uppeldi og geymslu tilraunadýra og skal nefndin samþykkja allan aðbúnað áður en starfsemi getur hafist. Sett eru skilyrði um markmið tilrauna og skal þar miða við:

1. Að tilraunir auki vísindalega þekkingu á líffærastarfsemi og ferli eða hegðun dýra sem ætla má að verði mönnum og dýrum til hagsbóta,
2. að finna nýjar leiðir sem bætt geti eða tryggt heilsu manna og dýra,
3. að sannprófa áhrif þýðingarmikilla efna eða lyfja á tilraunadýr, afkvæmi þeirra eða nánasta umhverfi,
4. að auka þekkingu eða þjálfun starfsfólks, lækna og dýralækna.

Kveðið er á um að umsækjandi um leyfi til dýratilrauna skuli leggja fram rannsóknaráætlun þar sem fram komi upplýsingar um fjölda og tegundir tilraunadýra, starfsaðferðir og líkleg áhrif á dýrin, aðstæður og aðbúnað dýranna.

Þá er fjallað um uppeldi, eldi og geymslu tilraunadýra og sett skilyrði um að uppfylla skuli kröfur um reglur sem tilraunadýranefnd Evrópuráðsins og ICLA, sem mun vera skammstöfun fyrir alþjóðasamtök aðila í eldi tilraunadýra, hafa samþykkt.

Að lokum má geta þess að þeim sem fá leyfi til að framkvæma tilraunir á dýrum verður gert skylt að halda skýrslur um þær og senda skýrslurnar til tilraunadýranefndar fyrir 20. febrúar ár hvert.

[14:36]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Í svari hæstv. ráðherra, sem ég þakka, kemur fram að nefndin hafi verið sett á laggirnar á miðju ári 1995. Lögin eru samþykkt á árinu 1994, líklega að vori án þess að ég vilji fullyrða það, þannig að það líður meira en ár frá því lögin eru samþykkt þar til að nefndin verður til sem síðan er falið að gera tillögur um reglugerð sem enn er í meltunni í stjórnkerfinu. Það er ekki fljótvirkt, virðulegur forseti, að manni sýnist, að svona sé staðið að málum. Vissulega tek ég undir þau sjónarmið að vel skal vandað til setningar á reglugerðum um efni sem þessi, sem og almennt séð, og lasta ég það ekki út af fyrir sig. En mér finnst þetta vera óhóflegur dráttur á að hrinda ákvæðum laga í framkvæmd eins og hér er um að ræða.

Ég vil svo að endingu, virðulegur forseti, spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé reiðubúinn til þess að í reglugerð verði sett sérstök ákvæði sem kveði á um bann við einræktun á dýrum því mér sýnist að það gæti fallið undir það sem varðar markmið laganna og rúmast undir því en hitt er áfram álitaefni að taka það mál sjálfstætt upp í löggjöf.

[14:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það má taka undir það með hv. fyrirspyrjanda að það hefur liðið langur tími, frá því trúlega fyrri hluta árs 1994 og fram á nú upphaf árs 1997, að ekki skuli hafa meira miðað að framfylgja þessum ákvæðum laganna.

Það dregur þá kannski athyglina aftur að því sem hv. fyrirspyrjandi sagði við fyrirspurn sem var á dagskrá næst á undan um það að e.t.v. ætti framkvæmdarvaldið að leggja sig meira fram um að sýna drög að reglugerðum við frumvarpsvinnslu. Ég skal ekki draga úr því að það væri sjálfsagt æskilegt í mörgum tilfellum en e.t.v. er það þó stundum erfitt. Ég bendi einmitt á það fyrirkomulag sem hér hefur verið hugsað að hafa, að tilraunadýranefndinni sjálfri er ætlað að semja drög að reglugerðinni og vinna úr lögunum með framkvæmdarvaldinu á þennan hátt. Kannski átti það líka við um nefndarstarfið og reglugerðarsetninguna sem við vorum að ræða við næsta dagskrárlið á undan. Það er kannski í sumum tilfellum erfitt að láta reglugerðardrög fylgja frv. þegar þau eru lögð fyrir þingið þó það geti átt við í ýmsum tilvikum.

Ég vil svo minna á að það líður ekki langur tími frá því að sá sem hér stendur nú settist í ráðherrastól í umhvrn. þar til nefndin var skipuð en þá hafði hins vegar liðið kannski u.þ.b. ár frá því lögin voru sett. Það er sem sagt 6. júlí 1995 sem nefndin er skipuð og síðan hefur dregist töluvert að hún skili ráðuneytinu drögum að reglugerð. En eftir að þau komu seint á seinasta ári hefur þó verið unnið í málinu af hálfu ráðuneytisins, bæði voru drögin endurskoðuð, send til baka til nefndarinnar, nefndin sendi endurskoðuð drög til ráðuneytisins sem nú eru í athugun hjá dýraverndarráði og ég vonast til þess (Forseti hringir.) að það þurfi ekki að líða langur tími.

Allra seinast um spurningu hv. þm. varðandi einræktun. Án þess að ég hafi þó sérstaklega skoðað það eða borið undir aðra aðila, þá er það mín tilfinning og skoðun að við eigum að gæta okkar mjög í þessu efni. Sjálfsagt höfum við nú ekki mikla möguleika eins og hv. þm. talaði um, þó ekki væri nema vegna fjárskorts, en þá held ég að það væri ekki úr vegi að setja bann við slíkum hlutum í þessa reglugerð ef það ættu ekki að vera sérstök lagaákvæði um það.

Friðun gamalla húsa.

Fsp. SvG, 319. mál. — Þskj. 580.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum svaraði hæstv. umhvrh. fyrirspurn frá mér um sama efni, þ.e. um þann úrskurð sem hæstv. umhvrh. felldi 1. október 1996 þar sem fellt var niður bann byggingarnefndar Reykjavíkur á því að tilteknir steinbæir yrðu rifnir eins og eigendur þeirra fóru fram á.

Í meginatriðum var niðurstaða umhvrn. sú að ekki væri hægt að hafna niðurrifinu vegna þess að hér væri um að ræða svo ríka einkaeignarréttarlega hagsmuni að ekki væri unnt að leggja þær kvaðir á eigendurna sem fylgdu því að hafna niðurrifsbeiðninni. Um þetta ræddum við hér og allmargir þingmenn tóku þá til máls og tóku undir þau sjónarmið mín, og reyndar hæstv. umhvrh., að í rauninni væru þessi mál í nokkurri óvissu og nokkrum vanda stödd.

Hér í Reykjavík er um að ræða tvo steinbæi sem þessir úrskurðir snerust um. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að rífa annan þeirra. Það er bærinn Brenna við Bergsstaðastræti. En hins vegar hefur Reykjavíkurborg tekið ákvörðun um að kaupa hinn bæinn sem mig minnir að hafi verið á Vesturgötu 54. Steinbæir eru mjög merkileg fyrirbrigði í íslenskri byggingarsögu og eiga sér enga sína líka í öðrum löndum. Þeir voru byggðir og urðu til í framhaldi af byggingu Alþingishússins og að sjálfsögðu datt engum öðrum þjóðum en Íslendingum í hug að byggja svo lágreist hús úr steini og þess eru engin dæmi í öðrum löndum.

Í framhaldi af þessu er greinilegt að húsfriðun er í nokkrum vanda stödd og þess vegna ber ég svipaða fyrirspurn til hæstv. menntmrh. sem er svona:

„Hverjar eru horfur um friðun gamalla húsa að mati ráðherra eftir úrskurð umhverfisráðherra frá 1. október 1996?"

Eins og kunnugt er þá er það menntmrh. sem er í raun og veru æðsti yfirmaður húsfriðunar og húsverndar í landinu og undir hann heyrir húsafriðunarnefnd. Ákvarðanir um húsfriðun verða ekki teknar nema að tillögu nefndarinnar og af menntmrh.

Nú stendur þannig á í Reykjavík að það er satt að segja gífurleg ásókn í að rífa hús, m.a. hér á þessum gömlu svæðum, miðbæjarsvæðinu og upp allan Laugaveg. Nýlega hafa verið lagðar fram óskir um að rífa fjögur gömul hús við Laugaveg og það hefur þegar verið samþykkt af borgaryfirvöldum að heimila niðurrif á þremur. Eitt þeirra vilja borgaryfirvöld gjarnan vernda. Það er næstelsta timburhús Laugavegarins sem var byggt árið 1885 og er við Laugaveg 21 í Reykjavík. Það hús hefur fyrst og fremst gildi vegna þess að það er þáttur í Laugavegssögunni. Og þeir sem vilja lesa húsasögu Reykjavíkur og sögu Reykjavíkur þurfa að temja sér það að lesa Laugaveginn og það væri mikið tjón ef þetta hús færi og fleiri. Af þessum ástæðum ber ég þessa fyrirspurn fram við hæstv. menntmrh., endurtek hana ekki en vænti þess að fá góð svör.

[14:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: „Hverjar eru horfur um friðun gamalla húsa að mati ráðherra eftir úrskurð umhverfisráðherra frá 1. október 1996?"

Svarið er á þessa leið: Úrskurður umhvrh. raskar ekki grundvelli ákvæða þjóðminjalaga, nr. 88 frá 29. maí 1980, um friðun húsa, enda vísar úrskurðurinn beinlínis til þeirra og breytir í engu úrræðum til friðunar. Úrskurðurinn beinir hins vegar athygli að því að stjórnvöld sveitarfélaga, byggingarnefndir, hafa takmarkaðar heimildir til að tryggja verndun húsa sem ekki njóta friðunar samkvæmt þjóðminjalögum. Úrskurður umhvrh. brýnir fyrir þeim að gæta þess að beita fyrir fram þeim úrræðum sem þeim eru tæk, lögum samkvæmt, til að vernda einstök hús innan sveitarfélagsins sem þó er ekki talin ástæða til að friða samkvæmt þjóðminjalögum. Þar ber að nefna ákvæði 26. og 28. gr. skipulagslaga um forkaupsrétt sveitarstjórnar að lóðum og öðrum fasteignum innan sveitarfélagsins ef hún telur slíkt nauðsynlegt af skipulagsástæðum og heimild hennar til að taka einstakar fasteignir eða hluta fasteigna eignarnámi ef þess gerist þörf vegna framkvæmda á staðfestu skipulagi. 9. gr. byggingarlaga kveður á um að óheimilt sé að rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nema að fengnu leyfi byggingarnefndar. Skulu framkvæmdir þessar vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag og gætt skal ákvæða þjóðminjalaga um friðun húsa og annarra mannvirkja. Sé það vilji skipulagsyfirvalda að mæla sérstaklega fyrir um verndun einstakra húsagerða, ákveðinna götumynda eða hverfa og

þar með að byggingarnefnd geti, ef hún telur nauðsyn til, synjað um niðurrif húsa á þeim grundvelli er nauðsynlegt að skapa fyrirmælum í þá veru grundvöll í því skipulagi sem stjórnvöld hafa staðfest eða samþykkt með lögmætum hætti. Sé sá grundvöllur fyrir hendi getur byggingarnefnd betur gætt þess að eldri byggingarhverfi haldi óbreyttum svip sínum og menningarsöguleg verðmæti fari ekki forgörðum. Það getur síðan orði sjálfstætt úrlausnarefni í hverju tilviki hvort og þá í hvaða mæli slíkar ákvarðanir kalla á bótaábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

Þetta er hið formlega svar við fyrirspurninni en ég heyrði að hv. þm. vék að öðrum þáttum í ræðu sinni, m.a. að því hvort nauðsynlegt væri að gera ríkari kröfur en nú er til þess væntanlega að friða hús því um það hlýtur málið að snúast, hvort menn vilja friða fleiri hús ef menntmrh. er spurður því eins og hv. þm. nefndi er friðun og húsafriðun á verksviði menntmrh. og húsafriðunarnefndar ríkisins.

Það er athyglisvert varðandi steinhúsið Brennu að húsafriðunarnefnd ríkisins taldi ekki ástæðu til að beita ákvæðum þjóðminjalaga um húsafriðun og lagðist ekki gegn því að steinhúsið Brenna yrði rifið. Hið sama kemur fram hér í úrskurði umhvrn. með því sem segir um húsið á Vesturgötu 50. Þar notar umhvrn. það sem ástæðu fyrir niðurstöðu sinni að húsin hafi ekki verið friðuð. Að sjálfsögðu er það álitamál á hverjum tíma hvort eigi að friða hús eða ekki og það er húsafriðunarnefnd sem gerir tillögur um það til menntmrh. og fer þar eftir ákveðnum og almennum reglum sem um þau mál gilda. Í þessu tilviki er um tvö úrræði að ræða, þ.e. friðun, eins og mælt er fyrir um í þjóðminjalögum, eða að sveitarstjórnir nýti sér þá kosti sem þær hafa til þess að binda eigendur húsa með skipulagsákvæðum með ákveðnum hætti. Spurningin er alltaf hins vegar um bótaskyldu ef eignarréttinum eru settar skorður og það hlýtur að vera álitamál þegar sveitarfélög taka ákvarðanir um mál af þessu tagi. En í stuttu máli sagt er það svo að úrskurður umhvrh. frá 1. október 1996 breytir engu um rétt til friðunar.

[14:50]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég er út af fyrir sig alveg sáttur við þetta svar frá hæstv. menntmrh. Aðalatriðið fyrir mér í málinu var að það kæmi skýrt fram að þrátt fyrir þennan úrskurð umhvrh. þá hygðist menntmrh. lesa lögin með sama hætti og verið hefur, að ráðuneytið hefði með þessi mál að gera og þessi niðurstaða raskaði í engu framkvæmd þjóðminjalaga. Hins vegar held ég að það sé nauðsynlegt að rifja það upp að þetta mál er því miður dálítið flókið vegna þess að þarna geta komið að pólitískir erfiðir hagsmunir, þ.e. þegar um það er að ræða að einhverjir aðilar vilja t.d. byggja hús á lóð eða lóðum þar sem gömul hús eru fyrir sem viðkomandi telja að þurfi að rífa og losna við til þess að hægt sé að fara út í framkvæmdir sem veiti mönnum kannski meiri fjárhagslegan ábata en að láta hin gömlu hús standa áfram. Það eru þessi átök milli almennra menningarlegra hagsmuna, liggur mér við að segja, og hins vegar skammtímahagsmuna þeirra sem gætu haft hagsmuni af því að rífa húsin og byggja ný sem sveitarstjórnaryfirvöld lenda oft í og eru flókin í þessu máli. Ég held að það verði að tala um þau eins og þau eru og á því máli verði að taka.

Ég bendi á í þessu sambandi, hæstv. forseti, að fyrir þinginu liggur núna í fjórða eða fimmta sinn frv. til skipulagslaga og ég teldi eðlilegt að því frv. yrði breytt að einhverju leyti þannig að hinar menningarlegu forsendur yrðu tryggðar betur heldur en núna er kostur á með almennum deiliskipulagskröfum til þeirra svæða þar sem ætla má að þurfi að vernda hús. Ég bendi í þessu sambandi á fyrirmyndir og góða reynslu af lagaákvæðum af þessu tagi sem hafa lengi verið í gildi í Noregi og hafa nýst vel, eins og þeir þekkja sem hafa komið í gamla norska bæi.

[14:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir með hv. þm. að ég tel eðlilegt að þetta mál sé skoðað í meðferð á skipulagslögum og við athugun á þeim ákvæðum sem þar er að finna. Þetta er málefni sem þarf að liggja skýrar fyrir í lögum en nú er miðað við breyttar aðstæður. Eins og hér hefur komið fram gera menn aðrar kröfur nú en áður varðandi varðveislu á gömlum húsum. Það er eðlilegt að veita sveitarstjórnunum forræði í þessum málum, m.a. út frá menningarlegum sjónarhóli. Hins vegar ber að virða einnig eignarréttinn og að tryggja að þeir sem verða að sætta sig við ákveðin skilyrði af hálfu sveitarfélaganna vegna slíkra krafna verði ekki illa úti fjárhagslega og ekki sé gengið of nærri eignarrétti þeirra.

Samræmd próf.

Fsp. EKG, 380. mál. — Þskj. 668.

[14:53]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hafa orðið býsna miklar umræður um skólamál og hafa staðið yfir í vetur. Tilefnið sýnist mér einkanlega vera tvennt. Það er í fyrsta lagi að nýlega voru birtar niðurstöður úr alþjóðlegum samanburði á árangri grunnskólabarna í samræmdum prófum í raungreinum. Hins vegar voru birtar með öðrum hætti upplýsingar um samræmd próf í grunnskólum landsins og jafnframt því fóru fram samræmd próf í fyrsta sinn í 4. og 7. bekk grunnskólans. Allt þetta hefur auðvitað vakið meiri umræður um skólamál en endranær og í sjálfu sér er ástæða til þess að fagna því. Ég tel líka ástæðu til þess að fagna því að þannig hefur verið staðið að þessum málum að birta upplýsingar um árangur einstakra skóla. Fram að þessu hafa verið birtar upplýsingar um árangur í einstökum fræðsluumdæmum sem ég tel að hafi verið mjög villandi.

Nú er það auðvitað þannig að samræmd próf eru ekki algildur mælikvarði á gæði skólastarfs né árangur nemenda og þess vegna verða menn að vera tilbúnir að slá alls kyns varnagla áður en farið er að túlka niðurstöður prófanna. Engu að síður gefa þessar upplýsingar til kynna tiltekna stöðu jafnt nemenda sem skóla sem fyllsta ástæða er til að taka tillit til. Í það minnsta er ástæða til að fullyrða að engin önnur vísbending sé til sem við getum fremur tekið mark á en sú sem mæld er með sambærilegum hætti ár eftir ár í öllum skólum landsins. Það er þess vegna að stinga hausnum í sandinn að halda því fram að samræmdu prófin gefi okkur ekki verðmætar upplýsingar. Hins vegar er það svo, sem ég nefndi áðan, að meðaltölin kunna að vera villandi og einstökum skólum getur vegnað mjög misjafnlega innan fræðsluumdæma og þó að fræðsluumdæmin komi út svona og svona þá getur árangur skólanna innan fræðsluumdæmanna líka verið mismunandi. Þess vegna var það rétt ákvörðun að mínu mati af hæstv. menntmrh. að birta upplýsingar um einstaka skóla,

þó ég veki líka athygli á því að ekki birtust upplýsingar um skóla sem voru með færri en 10 nemendur í bekk.

Hins vegar hefur vaknað sú spurning hvort ekki sé rétt að nemendur og foreldrar fái meiri upplýsingar um árangur í samræmdum prófum. Fái ekki bara upplýsingar um hina svokölluðu meðaltalskúrfu heldur fái líka raunverulega niðurstöðu á árangri einstakra nemenda til þess að geta áttað sig á. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því að þann 26. febrúar sl. skrifaði Páll Dagbjartsson, skólastjóri í Varmahlíðarskóla, grein í Morgunblaðið þar sem hann vakti einmitt athygli á þessu og sagði að þetta mál hefði valdið misskilningi meðal nemenda og foreldra. Þess vegna hvatti hann mjög til þess að farið yrði að birta raunverulega útkomu nemendanna og færði fyrir því gild rök sem ekki er tími til þess að rekja hér. Því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh.:

Telur ráðherra eðlilegt að við miðlun upplýsinga til nemenda og foreldra um niðurstöður samræmdra prófa sé eingöngu notuð svonefnd normalkúrfa?

[14:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningin er: „Telur ráðherra eðlilegt að við miðlun upplýsinga til nemenda og foreldra um niðurstöður samræmdra prófa sé eingöngu notuð svonefnd normalkúrfa?“

Einn megintilgangur birtingar niðurstaðna samræmdra prófa er að auðvelda nemendum, foreldrum, skólayfirvöldum og öllum almenningi að átta sig á stöðu einstakra skóla en jafnframt að gera umræðu um niðurstöður prófanna og skólamál almennt opnari og markvissari. Fram til þessa hafa verið gefin stig fyrir rétt leyst verkefni í samræmdum prófum. Einkunn nemenda er þá samtala stiga sem er gefin á einkunnastiganum 1 – 10 og endurspeglar einkunnin hversu mörg verkefni nemandinn hefur leyst rétt í prófunum. Einkunn nemandans veitir upplýsingar um persónulegt námsgengi hans en segir ekki til um frammistöðu hans samanborið við aðra nemendur. Einkunnir gefnar í stigum eru ekki samanburðarhæfar milli ára eða milli námsgreina.

Til þess að gefa skólayfirvöldum og almenningi samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu einstakra skóla á samræmdum prófum var tekin ákvörðun um að normaldreifa einkunnum á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk grunnskóla sl. haust og einnig í könnunarprófi í ensku í framhaldsskólum í október sl. Jafnframt voru niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk á árunum 1993 – 1996, sem nýlega voru birtar, umreiknaðar á normalkúrfu. Með normaldreifðum einkunnum er hægt að veita samanburðarhæfar upplýsingar um námsgengi nemenda milli námsgreina og ára. Sem dæmi má nefna að einkunnin 6 í íslensku þýðir það sama og einkunnin 6 í stærðfræði sama ár og milli ára. Normaldreifing einkunna er því nauðsynleg eigi að vera hægt að veita samanburðarhæfar upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa. Það er rétt að undirstrika það, og um það snýst spurning hv. þm., að eftir sem áður eiga einstakir nemendur og foreldrar þeirra að fá upplýsingar um samtölu stiga á samræmdu prófi í heild og eftir prófþáttum og einkunn á skalanum 1 – 10. Það er mælt fyrir um það í nýrri reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa sem tók gildi 1. janúar sl. Þetta er fyrsta reglugerðin sem gefin er út um þetta efni og segir í 14. gr., með leyfi forseta: „ Einkunnir á samræmdum prófum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum á einkunnakvarðanum 1 – 10.“ Það á jafnt við um samræmd próf úr 10. bekk, 4. bekk, 7. bekk eða hvaða samræmt próf sem tekið er. Hins vegar mun það hafa gerst á sl. hausti áður en reglugerðin tók gildi þegar könnunarprófin fóru fram í 4. og 7. bekk grunnskóla að einungis var gefin normaleinkunn í íslensku en nemendur fengu upplýsingar um hlutfall rétt leystra svara í stærðfræði. Það held ég að hafi skapað þá hugmynd meðal foreldra og ótta, ef ég má nota það orð um þetta atvik, að framvegis yrðu þessar einkunnir aðeins gefnar sem normaldreifðar einkunnir en ekki á skalanum 1 – 10. En þetta var gert áður en reglugerðin tók gildi og samkvæmt reglugerðinni ber nú að gefa einkunnir úr samræmdum prófum í heilum og hálfum tölum á einkunnarkvarðanum 1 – 10.

Hins vegar verður nauðsynlegt að hafa normalkúrfuna einnig við lýði til þess að um samanburð sé að ræða en upplýsingarnar eiga að berast til nemenda og foreldra með gamla laginu, ef ég má orða það svo, sem allir eiga að geta skilið. Hins vegar er normalkúrfan torskilin fyrir marga og þarf oft tölfræðinga til að átta sig á því raunverulega hvað hún er að segja okkur.

[15:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar fregnir spurðust um að það stæði til að birta einkunnir eftir skólum til þess að unnt væri að bera saman getu þeirra, þá var það gagnrýnt af mörgum vegna þess að skólarnir byggju við mismunandi aðstæður. Það er t.d. ekki sanngjarnt að bera saman segjum tvo skóla í Reykjavík og segja: Þessi er betri en þessi verri út af tilteknum einkunnaniðurstöðum vegna þess að aðstæður í umhverfi skólanna eru mismunandi. Sums staðar hafa skólastjórnendur leikið það að láta ekki þá nemendur taka próf sem líklegir væru til þess að draga verulega niður meðaltal viðkomandi skóla.

Mér sýnist að þessi umræða um normalkúrfuna, sem er fjarska hlýlegt að heyra Sjálfstfl. tala um hér vegna þess að Morgunblaðið skrifaði eins og kunnugt er fyrr á öldinni marga leiðara á móti normalkúrfunni, bendi til þess að menn hafi farið offari í þessu og ekki vandað sig nægilega við birtingu á þessum upplýsingum. Ég endurtek það að ég vara við því að menn alhæfi, eins og gert var núna eftir birtinguna, út frá þeim tölum sem hér koma fyrir vegna þess reyndar, eins og Páll Dagbjartsson hefur bent á í blaðagrein, að þær segja í sjálfu sér ekki neitt eins og þær voru birtar sl. haust.

[15:02]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég þakka þessa fyrirspurn og þær upplýsingar sem hér hafa fram komið. Það er í raun og veru margt gott við það að birta niðurstöður í samræmdum prófum. Það skapar á vissan hátt samkeppni milli skólastofnana en þetta er líka spurning, eins og fram hefur komið hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, hve marktækar þessar niðurstöður eru.

Þess eru t.d. mýmörg dæmi að félagsmálastofnanir sendi börn, sem hafa verið til vandræða í þéttbýliskjörnum, út á landsbyggðina í litla skóla. Þau hafa jafnvel átt erfitt með nám og hafa verulega skekkt niðurstöðu þessara samræmdu prófa í viðkomandi skólum. Lakari nemendum hefur einnig verið hlíft við að taka þessi samræmdu próf og ákveðnir skólar hafa líka lagt sérstaka áherslu á þessar fjórar greinar á kostnað annarra greina, t.d. list- og verkmenntagreina. Margt er gott við að birta þessar niðurstöður en við verðum að hafa ákveðna fyrirvara í þessum efnum og við verðum að vita ná-

kvæmlega að þessar tölur eru ekki alltaf samanburðarhæfar.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir afar skýr og greinargóð svör. Ég er alveg sammála því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að það er mikilvægt til þess að geta haft samanburð milli ára og eðlilegan samanburð milli skóla og fræðsluumdæma að birta samanburðarhæfar tölur á grundvelli normalkúrfunnar. Ég tel og færði fyrir því rök áðan að það gæti verið mjög gott fyrir skóla einmitt að þessar upplýsingar lægju fyrir til þess að menn lentu ekki inni í einhverjum fræðsluumdæmameðaltölum eins og menn voru að lenda í þegar birtingin var með gamla laginu þar sem birtar voru tölur úr hverju fræðsluumdæmi í heild og gáfu alranga og mjög skakka mynd af því ástandi sem er í einstökum skólum. Ég er alveg sammála því sem fram hefur komið hjá einstökum hv. þm. að það þýðir ekki að draga of víðtækar ályktanir af þessu. Ég varaði reyndar við því strax í ræðu minni áðan og ég tel að flestir skólamenn sem fjalla um þessi mál geri sér grein fyrir því að þetta eru auðvitað ákveðnar upplýsingar en ekki þannig upplýsingar að við getum byggt á og sagt sem svo að þetta eitt og sér nægi til þess að segja okkur allt um gæði einstakra skóla. En þetta eru hins vegar mjög mikilvægar vísbendingar.

Það sem ég átti hins vegar við með fyrirspurn minni var að ég þekkti þessi dæmi sem hæstv. ráðherra rakti áðan að fyrir áramótin birtust upplýsingar um árangur í samræmdum prófum í 4. og 7. bekk sem var verið að taka í fyrsta skipti og foreldrar og nemendur áttu mjög örðugt með að átta sig á því að þegar þeir fengu upplýsingar um meðaltalsútkomuna á grundvelli meðalkúrfunnar virtist sem árangur nemendanna væri ekkert í samræmi við það sem þeir hefðu getað gert ráð fyrir og gaf ekki til kynna hinn einstaklingsbundna árangur, mældan á þann kvarða sem menn eru vanastir og þekkjast best til. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra hvort ekki væri eðlilegt að birta í senn meðaltalskúrfuna og hinar upplýsingarnar sem við þekkjum betur og okkur er tamara að fjalla um.

Þess vegna vil ég, virðulegi forseti, þakka hæstv. ráðherra fyrir þetta. Ég tel mjög til bóta eins og staðið er að þessu núna og sú reglugerð sem hæstv. menntmrh. setti muni tryggja að þetta verði framkvæmt í framtíðinni með öruggum, skilvirkum og góðum hætti.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar ágætu umræður og þakka fyrirspyrjanda fyrirspurnina til þess að unnt væri að koma þessum skýringum á framfæri með þeim hætti sem umræðurnar hafa leitt í ljós. Ég vil hins vegar taka fram að að sjálfsögðu hefur það verið lengi til umræðu hvort birta eigi þær upplýsingar sem nú liggja fyrir opinberlega um samanburð á milli skóla á grundvelli samræmdra prófa. Ég tók þá ákvörðun að það skyldi gert og í reglugerðinni sem ég nefndi er mælt fyrir um hvernig Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skuli standa að þessu. Reglugerðin var gefin út 20. september 1996 en eftir að upplýsingalögin tóku gildi 1. janúar sl., sem samþykkt voru af hv. þingmönnum, lá alveg ljóst fyrir að hvort sem þessi reglugerð hefði verið gefin út eða ekki var okkur skylt að gefa þessar upplýsingar og leggja þær fram. Raunar var það eitt af fyrstu málunum sem kom fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál á grundvelli hinna nýju laga hvort ekki bæri að gefa þessar upplýsingar.

Ég tel hins vegar að mjög vel hafi verið staðið að miðlun upplýsinganna. Þær voru kynntar með þeim fyrirvörum sem nauðsynlegar eru þegar menn fjalla um þessi mál og ég verð að segja það sjálfur eftir að hafa fylgst með umræðum um málið eftir að upplýsingarnar lágu fyrir að málið hefur farið í mun jákvæðari og uppbyggilegri farveg en ég gat vænst af þeim mörgu varnaðarorðum sem ég hafði heyrt frá þeim sem voru algerlega andvígir því að þessar upplýsingar yrðu birtar. Ég met það svo af lestri fjölmiðla og viðtölum og þátttöku í fundum um menntamál að menn líta á þetta sem skref í þá átt að styrkja innviði skólakerfisins og hef séð að skólastjórar líta einnig á þetta til marks um að þeir þurfa að taka sig á ef um það er að ræða eða að þeirra starfsemi sé í góðu horfi ef samanburðurinn gefur það til kynna. Ég held að almennt séð, þó um einstök atriði megi að sjálfsögðu deila, þá hafi það verið skynsamleg og rétt ákvörðun að birta þessar upplýsingar.

Fundi slitið kl. 15:09.

---

89. FUNDUR

miðvikudaginn 12. mars,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá:

Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 346. mál, þskj. 738. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[15:09]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Á dagskrá þessa fundar er eitt dagskrármál, Brunavarnir og brunamál, stjfrv. Það hefur komið fram ósk frá hv. 8. þm. Reykv., Svavari Gestssyni, fyrir hönd Alþb., um að umræðunni verði frestað og verður orðið við þeirri ósk.

Eins og forseti hafði tilkynnt fer fram utandagskrárumræða kl. 3.30 og verður fundinum því frestað til kl. 3.30 að utandagskrárumræðan hefst.

[Fundarhlé. — 15:10]

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn.

[15:32]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég geri athugasemd um störf þingsins vegna svars frá hæstv. samgrh. við fyrirspurn minni um laun og

starfskjör starfsmanna Pósts og síma, þ.e. Póst- og símamálastofnunar annars vegar og Pósts og síma hf. hins vegar.

Það verður að segjast að svar það sem hér hefur verið dreift er mjög athyglisvert. Ekki vantar upp á að hægt sé að svara hér öllum þeim upplýsingum sem óskað er eftir um Póst- og símamálastofnun, en eftir að Póstur og sími varð að Pósti og síma hf. er ekki um nein svör að ræða og segir hér í svarinu, með leyfi forseta: „Ráðuneytið hefur því ekki þær upplýsingar sem um er beðið í fyrirspurninni að því er varðar Póst og síma hf. og telur sér ekki fært að krefjast þeirra."

Nú er Póstur og sími hf. hlutafélag í eigu ríkisins með eitt hlutabréf sem hæstv. samgrh. fer með og fer hann með eignarhlut ríkisins í því. Mér finnst mjög sérkennilegt að hæstv. samgrh. geti ekki kallað eftir þessum upplýsingum hjá trúnaðarmönnum sínum sem hann hefur skipað í stjórn fyrirtækisins. Og ég leyfi mér, herra forseti, að spyrjast fyrir um hvort það geti verið að ekki sé lengur hægt að kalla eftir upplýsingum um ríkisfyrirtæki þegar búið er að gera þau að hlutafélögum? Verða engar upplýsingar gefnar framar um þau ríkisfyrirtæki sem búið er að gera að hlutafélögum, þegar búið er að breyta um rekstrarform?

Ég kalla hér aftur eftir þessum upplýsingum. Ég trúi því ekki að það sé ekki unnt að veita þær og ég óska eftir því hér með að hæstv. forseti beiti sér í málinu.

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kom í umræðum á hinu háa Alþingi þegar rætt var um nauðsyn þess að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag var það skýrt tekið fram af minni hálfu og undir það tóku ýmsir þingmenn að eitt af því sem gerði það nauðsynlegt að breyta Póst- og símamálastofnun í hlutafélag væri að til þess að Póstur og sími gæti haldið áfram með eðlilegu samstarfi og samvinnu við erlend fyrirtæki á sviði fjarskipta væri nauðsynlegt að klippa á þau tengsl sem væru á milli ríkisvaldsins og símans, sem m.a. birtast í því að hægt er að ganga inn í opinberar stofnanir og krefjast upplýsinga um hvaðeina.

Ég hygg að í fyrirspurn hv. þingmanns komi líka fram hér að verið er að spyrja um persónulegar upplýsingar um launakjör einstakra manna. Það hefur verið regla að slíkar upplýsingar séu ekki gefnar, enda veit ég satt að segja ekki hvar það mundi enda ef einhverjum alþm. dytti í hug að óska eftir að fá t.d. nákvæmlega upp gefin launakjör tiltekinna starfsstétta hjá ríkinu.

Á hinn bóginn hlýtur þessi fyrirspurn hv. þingmanns og sú tortryggni sem verið er að reyna að vekja í garð Pósts og síma hf. með fyrirspurninni að vekja spurningar um hvort gerlegt sé í nútímalegri samkeppni, sem nær yfir allan heiminn eins og fjarskiptin gera í dag, að reka fyrirtækið með þeim hætti að ríkið eitt eigi hlutabréf í því. Þessi fyrirspurn og sá málarekstur sem henni fylgir kallar auðvitað á þá spurningu og flýtir fyrir því að henni sé svarað að athuga hvort skynsamlegt sé að selja hlutabréf í Pósti og síma hf. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að talsmaður Þjóðvaka í efnahagsmálum, hv. þm. Ágúst Einarsson, hefur verið sérstakur áhugamaður um hlutabréfaviðskipti og annað því líkt.

[15:36]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta svar sem hér hefur verið dreift á hinu háa Alþingi er fráleitt vegna þess að ráðherra fer með eignaraðild ríkisins í Pósti og síma hf. samkvæmt lögum um Póst og síma og samkvæmt lögum um hlutafélög. Stjórn situr í umboði hluthafa og ríkissjóður á þennan hlut sem ráðherra fer með fyrir hönd ríkisins. Ráðherra fer ekki persónulega með þennan hlut.

Alþingi óskar eftir því að ráðherra upplýsi um þætti sem hluthöfum eru aðgengilegir, ekki hvað síst 100% hluthafa eins og er í þessu tilviki. Réttur hluthafa til að krefjast upplýsinga er skýrt markaður í hlutafjárlögum, bæði 85., 86. og 91. gr., hvað varðar fundi og upplýsingaskyldu, þannig að það er á færi ráðherra að óska eftir þessum upplýsingum. Ég minni á að stjórnin situr í umboði ráðherra. Ég var sjálfur fylgjandi því að Pósti og síma var breytt í hlutafélag, reyndar ekki í þessari útfærslu nákvæmlega, en þetta svar kallar á tortryggni varðandi alla málsmeðferð vegna þess að það er ekki lagastoð fyrir þessu svari ráðherra. Ég hef átt þess kost að ræða aðeins við lögfræðinga um þetta mál og þeim ber saman um að hér sé ráðherra á hálum ís.

Ráðherra veitir upplýsingar um starfskjör í þessu svari fyrir hlutafjárbreytinguna og oft er upplýst um t.d. launakjör bankastjóra. Ekkert í formbreytingunni segir að ekki verði á sama máta veittar upplýsingar um það sem um er beðið hér á hinu háa Alþingi vegna þess að eignarhlutur ríkisins er ótvíræður og ráðherrann fer með þetta eignarhald fyrir hönd ríkisins.

Hluthafi á aðalfundi Eimskipafélags Íslands getur staðið þar upp og spurt stjórn og fundarstjóra um launakjör Harðar Sigurgeststssonar, forstjóra félagsins, og hann fær upplýsingar um það á þeim hluthafafundi. Það gilda lög og reglur um skyldur og réttindi hluthafa í landinu og ég óska eftir því að forseti hlutist til um að svör fáist. Ég mun á næsta fundi í efh.- og viðskn. sem málið er nokkuð skylt óska eftir að þetta mál verði skoðað, farið verði ofan í það og kallað eftir upplýsingum.

[15:39]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það fer að verða fremur regla en undantekning að hæstv. ráðherrar þessarar ríkisstjórnar skili þingheimi hálfkveðnum vísum við eðlilegum fyrirspurnum hv. þingmanna. Það svar sem hér um ræðir, ef svar má kalla, er auðvitað hrein og klár hneisa og viðbrögð hæstv. ráðherra við réttmætum athugasemdum fyrirspyrjanda eru hneyksli. Að segja hér við hv. þingmann að ef menn hætti ekki að spyrja spurninga á borð við þær sem hér eru fram lagðar, þá sé hugsanlega best að selja þetta fyrirtæki. Þá sé bara best að ráðherra skipti um skoðun frá því í desember sl. og best að fara að koma fyrirtækinu út á markað þannig að hæstv. ráðherra þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að hv. þingmenn sinni lögboðinni eftirlitsskyldu sinni gagnvart framkvæmdarvaldinu. Þetta er auðvitað slík forsmán að engu tali tekur. Það er rétt að hæstv. ráðherra tali hér hreint út og segi hlutina eins og þeir eru. Er það með öðrum orðum á dagskrá hjá honum alveg á næstunni að koma þessu út á markað, þvert á það sem hann lofaði margsinnis í umræðunni um hlutafélagsvæðinguna?

Annað er auðvitað mikilvægt í þessu sambandi. Er þetta það sem koma skal? Við erum að ræða stórt mál í þinginu þessa dagana sem lýtur að hlutafélagsvæðingu bankanna. Menn hafa ekki farið í felur með kjaramál til að mynda bankastjóra eða önnur atriði sem lúta að rekstri þeirra. Þýðir þetta, og rétt er að fá skýr svör við því, að eftir að bankarnir verða hlutafélagsvæddir sé hv. þingmönnum bannað að spyrja um eitt eða annað í rekstri þeirra? Er eingöngu

um að ræða laun embættismanna eða tekur þetta yfir alla rekstrarþætti Pósts og síma? Kemur hv. þingmönnum ekki lengur við hvað þar fer fram innan dyra? Ég bið um skýr svör við því og menn hljóta auðvitað að draga sínar ályktanir af þeim svörum sem við því fást. En þetta er auðvitað hrein og klár hneisa og hlýtur að koma til umræðu og athugunar hjá yfirstjórn þingsins hvernig menn ætla að haga samskiptum framkvæmdarvalds og þings.

[15:41]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Þetta eru ný tíðindi í einkavæðingarhraðferð ríkisstjórnarinnar að hún þýði að leynd eigi að hvíla yfir launakjörum toppanna hjá þeim fyrirtækjum sem eru einkavædd. Það er auðvitað fráleitt að leynd verði látin hvíla yfir launakjörum Pósts og síma eftir að félaginu hefur verið breytt í hlutafélag, ekki síst þar sem fyrirtækið er í fullri ríkiseign. Og reynslan er sú eins og sagt var við umræðuna á sínum tíma að í löndum þar sem póstur og sími hefur verið einkavæddur hafa laun toppanna hækkað. Hefur sú orðið reyndin varðandi Póst og síma og ætlar ráðherrann virkilega að leyna Alþingi því hver kjörin eru?

Ég spyr líka um bankana. Þetta hefur áhrif á umræðuna um þá. Hæstv. viðskrh. sagði að þegar bönkunum hefði verið breytt í hlutafélög, þá yrðu launakjör bankastjóranna endurskoðuð. Þýðir það virkilega að Alþingi muni eftir það ekki fá upplýsingar um hver kjör bankastjóranna eru? Við hvaða lög og reglur styðst ráðherrann? Ef þetta er reglan þá hlýtur hún líka að gilda varðandi bankana og það er auðvitað fráleitt og óþolandi fyrir Alþingi að ætla að búa við það að fá ekki slíkar upplýsingar. Það er ekki verið að biðja um upplýsingar um einstaka aðila og nöfn. Það var hægt að gefa þessar upplýsingar varðandi bankastjórana og hæstv. viðskrh. gerði það með fullri sæmd og sagði að nauðsynlegt væri að endurskoða þau launakjör en það væri ekki hægt fyrr en búið væri að breyta bönkunum í hlutafélög.

Hæstv. forseti. Þetta svar krefst virkilegrar skýringar og ég spyr ráðherrann: Með stoð í hvaða lögum og reglum ætlar hann að láta leynd hvíla yfir launakjörum toppanna hjá Pósti og síma?

[15:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram. Ég á eiginlega ekki orð yfir því svari sem hér hefur verið borið á borð fyrir þingheim. Hér er því haldið fram að við breytingarnar á Pósti og síma hafi rofnað öll stjórnsýslutengsl milli ráðuneytis og félagsins. Fer ekki ráðherra með eignarhlut ríkisins í þessu félagi? Ég veit ekki betur.

Hvað er ráðherrann að segja hérna? Að Alþingi geti ekki lengur sinnt eftirlitshlutverki sínu gagnvart þeim eignum ríkisins, hvort sem það eru stofnanir eða hvers konar form þar er, að um leið og þeim hafi verið breytt í hlutafélag, þá geti Alþingi ekki lengur sinnt sínu eftirlitshlutverki? Þetta er auðvitað algjörlega fráleitt og við hljótum að skoða þetta mál nánar, hæstv. forseti. Ég spyr líka um hlutverk Ríkisendurskoðunar. Kemur Ríkisendurskoðun ekkert framar að þessum málum og þessum hlutafélögum? Ég tek einnig undir að þetta varpar algjörlega nýju ljósi á þau frumvörp sem hér eru til umræðu um hlutafélagsvæðingu bankanna.

[15:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að frábiðja mér dónaskap og hótanir og útúrsnúninga frá hæstv. ráðherra. Svona orðbragð dæmir sig náttúrlega sjálft. En ég sé að það er nauðsynlegt að ekki aðeins fáist svar við þeim spurningum sem ég bar fram hér í skriflegri fyrirspurn og hefur ekki nema að hálfu verið svarað, það er nauðsynlegt að þau svör komi fram, heldur svör við ýmsum öðrum spurningum sem varpað hefur verið fram til hæstv. ráðherra í umræðunni. Ég fer því fram á það við hæstv. forseta að fram fari utandagskrárumræða þar sem upplýst verður um þessi mál, þar sem svarað verður þeim spurningum sem varpað hefur verið fram því að ég get ekki séð annað en að hæstv. ráðherra beri skylda til þess að upplýsa þingheim um svör við þessum spurningum.

[15:46]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurninni var stjórn Pósts og síma hf. kosin á stofnfundi hans 27. des. sl. Stjórnin réð starfsmenn og ákvað kjör þeirra. Samgrn. hefur engin afskipti af gerð ráðningarsamninga við starfsmenn Pósts og síma. Ráðningar og starfskjör starfsmanna Pósts og síma hf. teljast trúnaðarmál milli stjórnar félagsins og starfsmanna. (Gripið fram í.)

Í þeirri fyrirspurn sem hér kemur fram er ekki bara spurt um forstjóra, heldur er verið að spyrja um stöðvarstjóra, deildarstjóra og aðra stjórnendur þannig að það á að fara vítt yfir sviðið og á að gefa býsna miklar persónulegar upplýsingar sem ég tel að sjálfsögðu ekki fært að verða við.

Hitt hefur vakið mikla athygli, a.m.k. mína, í þessum umræðum að í einkavæðingarmálum og hlutafjárvæðingum ríkisstofnana skuli hnífurinn ekki fara á milli hv. þm. Ágústs Einarssonar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og bregður þá satt að segja nýrra við, en á þeim tíma sem þessir þingmenn voru báðir í Alþfl., og þá undir hatti hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, minnir mig að sjónarmið hv. þm. Ágústs Einarssonar hafi verið nær þeim sem ég er að túlka hér nú.

Í sambandi við það sem hv. 14. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, sagði áðan um það hvort Alþingi geti ekki lengur sinnt eftirlitshlutverki sínu, þá hefur Alþingi sjálft ákveðið með lögum að Ríkisendurskoðun skuli endurskoða fyrirtæki sem ríkið á að öllu eða a.m.k. hluti í, annaðhvort hafa sjálfa endurskoðun með höndum eða fela öðrum í sínu umboði að hafa endurskoðun með höndum á starfsemi slíkra fyrirtækja þannig að eftirlitshlutverki Alþingis með Pósti og síma hf. er þannig sinnt lögum samkvæmt af stofnun, endurskoðunarstofnun og eftirlitsstofnun sem er stjórnað af Alþingi sjálfu og lýtur stjórn Alþingis, forsætisnefndar Alþingis svo ég hygg að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af þessu.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um strand farmskipsins Víkartinds.

[15:48]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef miklar efasemdir um þá umræðu utan dagskrár sem átti sér stað í gær. Athugasemdum mínum má skipta í þrennt.

Í fyrsta lagi var á hinu háa Alþingi rætt um voveiflega atburði sem áttu sér stað aðeins fyrir örfáum dögum. Vil ég votta þeim sem eiga um sárt að binda vegna þessara og annarra slysa til lands og sjávar dýpstu samúð mína. Mér finnst ekki við hæfi að hið háa Alþingi sem löggjafarsamkunda sé að ræða slíka atburði. Nær væri að fulltrúi framkvæmdarvaldsins, hæstv. forsrh., flytti Alþingi slík tíðindi.

Í öðru lagi komu fram þungar ásakanir á hendur einstaklingi við þessa umræðu sem ekki átti kost á að verja hendur sínar. Hv. þingmenn verða að gæta vel að þeim mannréttindum að menn, hvort sem þeir eru erlendir eða innlendir, eru ekki taldir sekir nema sök þeirra sannist og þeir verði dæmdir af dómstólum og að þeir eigi þess kost að verja hendur sínar. Ég var ekki á staðnum og þekki að öðru leyti ekki málavöxtu. Ég hef heldur ekki lent í þeirri stöðu að bera ábyrgð á mannslífum og miklum verðmætum og þurfa að taka skjótar ákvarðanir við mjög þröngar aðstæður. Því get ég ekki og vil ekki taka afstöðu í þessu máli.

Í þriðja lagi er þetta mál fyrir dómstólum og ég tel ekki rétt að löggjafarvaldið sé að ræða mál sem er í meðferð hjá dómsvaldinu.

Herra forseti. Þessi umræða olli mér miklum vonbrigðum og ég verð að lýsa yfir þessum efasemdum. Vona ég að hv. þingmenn hafi skilning á þessum sjónarmiðum mínum.

Umræður utan dagskrár.

Vinnubrögð við niðurskurð í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni.

[15:51]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er ekki hægt að leggjast gegn því að stjórnvöld freisti skynsamlegs sparnaðar. En alveg án tillits til þess hvort menn eru með eða á móti ákvörðunum hæstv. heilbrrh. um 60 millj. kr. niðurskurð á þessu ári á 12 sjúkrahúsum landsbyggðarinnar, þá er ekki hægt að láta vinnubrögð hennar í málinu átölulaus.

Virtur læknir sagði í grein í Morgunblaðinu í síðasta mánuði: „Þetta er ekki sparnaður, þetta eru fantabrögð.“ Hann kallar aðferðir hæstv. ráðherra tilraunaverkefni stjórnlauss heilbrrn. Það er því nauðsynlegt að þingið fari aðeins yfir hver þessi vinnubrögð eru.

Byrjum á fjárlagafrv. Í greinargerð með því var staðhæft að niðurskurðurinn væri fenginn á grundvelli annars vegar úttekta á nokkrum sjúkrahúsum á landsbyggðinni og hins vegar áætlun um hagkvæmustu nýtingu miðað við þarfir á sérhverjum stað. Hæstv. heilbrrh. var þráspurð um þessar úttektir hér á Alþingi. Fulltrúar ráðuneytisins voru þráspurðir af forsvarsmönnum sjúkrahúsanna. Málið var reifað í heilbrn. þingsins en það komu aldrei neinar skýslur. Þær voru nefnilega aldrei til. Það var efnislega staðfest af talsmanni ráðuneytisins í Ríkisútvarpinu 1. febr. sl.

Staðreyndin er sú að niðurskurðurinn var ákveðinn af handahófi fyrir fram og síðan hefur ráðuneytið og hæstv. heilbrrh. verið í óðaönn að búa til rökstuðning eftir á. Þetta, herra forseti, eru óþolandi vinnubrögð bæði fyrir þingið og fyrir þjóðina.

En það er fleira. Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gaf formaður fjárln. yfirlýsingu við 3. umr. fjárlaga um að engar endanlegar tillögur kæmu fram fyrr en eftir samráð við viðkomandi sveitarstjórnir. Þetta eru forsendurnar fyrir samþykkt þingsins á þeim niðurskurði sem þá var ákveðinn. Þetta loforð, herra forseti, hefur verið þverbrotið eins og fræðilega er unnt. Það hefur alls ekkert samráð verið haft við sveitarstjórnarinnar.

Hv. þm. Jón Kristjánsson, formaður fjárln., lofaði því líka fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að haft yrði samráð við forsvarsmenn sjúkrahúsanna. Það var líka þverbrotið. Sjúkrahúsin fengu niðurskurðinn í formi fyrirmæla, þau máttu sjálf gera tillögur um annars konar niðurskurð en ekki um minni niðurskurð. Þau fengu, svo að ég noti orð hv. þm. Hjálmars Jónssonar, niðurskurðartölurnar afturgengnar í tilskipunarformi. Samráðið, herra forseti, var sem sagt ekkert. Var ekki einu sinni sagt: Orð skulu standa? Og hvernig líður þeim formanni fjárln. sem af sínum eigin ráðherra er gerður að ómerkingi eins og orð hans séu einskis virði?

Hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur líka sagt að verkefnisstjórn ráðuneytisins hafi brotið samþykktir Alþingis. Það eru stór orð af munni stjórnarliða. En a.m.k. formaður heilbr.- og trn. er því sammála. En hver ber ábyrgð á verkefnisstjórninni? Það er að sjálfsögðu hæstv. heilbrrh. Hér, herra forseti, tel ég að sé ekki um neitt annað að ræða en hreint og klárt og ómengað vantraust á hæstv. ráðherrann sem kemur þráðbeint úr miðju stjórnarliðsins, ekki frá stjórnarandstöðunni.

Í kjölfarið, herra forseti, sendi hæstv. félmrh. með öðrum þingmönnum opinbera áskorun til hæstv. heilbrrh. um að hún viðhefði vönduð vinnubrögð í málinu. Einn ráðherra skorar sem sagt á annan að vanda vinnubrögð sín. Frammi fyrir hverju stöndum við? Þetta er yfirlýsing eins ráðherra um að annar ráðherra hafi ekki vald á því verki sem honum er falið. Og til að kóróna þennan farsa sagði embættismaðurinn sem hefur yfirumsjón með niðurskurðinum á opnum fundi fyrir tæpum tveimur vikum, þar sem ég var staddur ásamt hæstv. ráðherra: „Ég græt það ekkert þó að við náum ekki þessum peningum.“

Herra forseti. Var þetta þá allt saman grín? Var þetta bara í plati? Er það bara „djók“ að skapa ólgu og óróleika á landsbyggðinni með svona tali? Í hnotskurn sýnist mér málið vera svona, herra forseti:

1. Stjórnarliðið gagnrýnir vinnubrögð ráðherrans.

2. Fulltrúi ríkisstjórnar í fjárln. segir að ráðuneytið brjóti samþykktir þingsins.

3. Annar ráðherra dregur vinnubrögð hennar í efa.

4. Hennar eigin embættismaður segir að hann gráti ekki þó að ráðherranum mistakist ætlunarverkið.

Ég spyr þess vegna: Er ekki mál til komið að þessum farsa linni? Er ekki kominn tími til að slá á kvíða fólks og fá botn í málið? Ég spyr þess vegna hæstv. ráðherra: Er hún ekki sammála því sem hv. þm. Hjálmar Jónsson hefur sagt opinberlega að ekki séu lengur forsendur til að ná þessum sparnaði á þessu ári vegna þess að það þarf meira tilhlaup? Er hún ekki til í að lýsa því yfir og ljúka þessu máli fyrir sitt leyti á þessum þingfundi?

[15:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að taka upp hér á hinu háa Alþingi málefni landsbyggðarsjúkrahúsanna. Það hefur hann ekki gert áður þótt hann hafi haft ótal tækifæri til.

Eins og hv. þingmönnum er í fersku minni voru samþykkt fjárlög hér á Alþingi fyrir jól. Þá var samþykkt viss hagræðing á sjúkrahúsum úti á landi upp á 60 millj. kr. Það var

ákveðið um leið að taka þessar 60 millj. úr hagræðingarsjóði heilbrrn. því að við ætlum að hafa fullt samráð og samvinnu við heimamenn um þessa hagræðingu.

Um vinnubrögðin er það að segja að eins og kom fram í fjárlagaumræðunni var sérstök nefnd skipuð í október sl. sem skyldi hafa þetta verkefni með höndum. Nefndin var skipuð tveim fagaðilum, tveim stjórnarþingmönnum sem þekkja vel til byggðamála og skrifstofustjóra úr heilbrrn.

Í ársbyrjun voru sjúkrahússtjórnendum send vinnugögn sem hafa vakið vissa ólgu eins og fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni. En hvað var í þessum vinnugögnum? Vinnugögnin byggðu á íbúafjölda í héraði, aldursdreifingu og þjónustustigi og héraðshlutdeild sjúkrahúsanna, þ.e. hversu margir héraðsbúar nýttu sér sjúkrahúsaðstöðuna. Þetta voru vinnugögn sem stjórnendur sjúkrahúsanna fengu og sjúkrahússtjórnendum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir við þessi vinnugögn. Flestir sjúkrahússtjórnendur hafa nú sent sínar athugasemdir og einmitt núna er hluti nefndarinnar á ferðalagi og heimsækir þau sjúkrahús sem hér er um rætt og unnið er í samvinnu við heimamenn um þessa hagræðingu. En fjárveitingar til þessara héraðssjúkrahúsa hafa hækkað um 10,8% á sl. sjö árum samanborið við sjúkrahúsin hér á Reykjavíkursvæðinu um 4,8% á sama tíma.

Það er rétt að geta þess að á undangengnum árum hafa heilbrigðisstéttir og stjórnendur sjúkrahúsanna gengið langt varðandi hagræðingu í þjónustunni en það hefur ekki bitnað á þjónustu við sjúklinga. En vegna þessarar hagræðingar hefur okkur tekist að fjölga flóknum aðgerðum, við höfum aldrei gert fleiri aðgerðir en á sl. ári, við höfum tekist á við nýja tækni og tekist á við ný lyf og verið í fararbroddi á ýmsum sviðum. Þetta er allt hægt að gera ef við rekum sjúkrastofnanir á sem hagkvæmastan hátt. Við erum ekki að tala um neina byltingu í þessum efnum.

Fyrir fjórum árum var kynnt hér af alþýðuflokksráðherra svokölluð gul skýrsla sem boðaði byltingu varðandi héraðssjúkrahúsin. Það átti með einu pennastriki að spara 800 millj. Hér erum við að tala um 60 millj. hagræðingu á einu ári. Við erum að spara í yfirstjórn með samvinnu og samræmingu og þannig ætlum við að byggja upp betri þjónustu fyrir sjúklingana. Hér er faglega og lýðræðislega að öllu staðið og öllum aðdróttunum um annað vísa ég heim til föðurhúsanna.

[16:01]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem hefur nokkuð verið til meðferðar að undanförnu og fer ekki hjá því að við þingmenn höfum orðið varir við miklar áhyggjur víða á landsbyggðinni, bæði sveitarstjórnarmanna og þeirra sem hafa með rekstur sjúkrastofnana á landsbyggðinni að gera og einnig hjá almenningi. Ég vil af þessu tilefni vekja athygli á því sem stundum hefur verið rætt og þrástagast á, að búið væri að samþykkja niðurskurð upp á 160 millj. kr. eða þá að búið væri að afgreiða og samþykkja niðurskurð upp á 60 millj. kr. Hvort tveggja er rangt. Það voru tillögur í fjárlagafrv. fyrir þetta ár um að skera niður á landsbyggðarsjúkrahúsunum um 160 millj. kr. en það verður að segjast eins og er að það náðist ekki niðurstaða í þá vinnu vegna þess að þetta er miklu erfiðara og vandasamara viðfangsefni en menn höfðu e.t.v gert sér í hugarlund til að byrja með. Þess vegna var farin sú leið sem ég mælti með, að setja þessa lækkunarhugmynd upp á 60 millj. kr. inn á hagræðingarlið þannig að heilbrrn. gæfist lengri tími til þess að vinna að þessum sparnaði. Auðvitað þurfum við að reyna að ná hagræðingu og sparnaði hvarvetna, alls staðar. Hins vegar er ekki sama hvernig að þessu er staðið og það þarf að vinna að því í samráði og í samstarfi við heimamenn. Ég hef lagt á það áherslu en því miður hafa þessar tillögur vakið upp mikla ólgu og ég tel að það sé höfuðnauðsyn að eiga samráð við heimamenn, fá tillögur frá þeim. En jafnframt liggur alveg ljóst fyrir að sem betur fer eru sjúkrastofnanir úti á landi sem hafa tekið til í sínum ranni, gert tillögur, gengið fram í sparnaði og hafa nú þegar náð þeim árangri sem ætlast var til í sparnaði. Því er ekki raunhæft að gera frekari kröfur um sparnað.

[16:03]

Ragnar Arnalds:

Herra forseti. Ég held að það undri engan að leitast sé við að ná sparnaði og ráðdeild í rekstri ríkisstofnana. Auðvitað er það skylda ráðherra að reyna að koma fram ýtrustu hagkvæmni hvar sem er í ríkiskerfinu en kjarni málsins er sá að ekki er sama hvernig að því er staðið. Ég tel að ákvörðun Alþingis um 60 millj. kr. niðurskurð, sumir vilja nú ekki viðurkenna að þarna sé um niðurskurð að ræða, hafi verið ansi yfirborðsleg og það er mjög óljóst hvað í þeirri ákvörðun felst. Ég verð að segja það alveg eins og er að hæstv. ráðherra er alls ekki öfundsverður af því að eiga að framfylgja vilja meiri hluta Alþingis í þessu máli. Mér skilst nefnilega að það verði mjög erfitt víðast hvar að koma fram þessum sparnaði án þess að sjúklingum sé vísað frá. Það er mér sagt alls staðar þar sem ég spyr um þetta. Ef lausnin verður fólgin í því að farið er að vísa sjúklingum frá þá er augljóslega verr af stað farið en heima setið. Það er mjög dýrt að senda sjúklinga suður. Það er bæði dýrt fyrir sjúklingana sjálfa og einnig fyrir heilbrigðiskerfið. Það er sem sagt mjög óhagkvæmt þjóðhagslega séð að fara þá leið. Ég verð því, í þessu flókna máli sem ekki gefst langur tími til að ræða, að ljúka máli mínu með því að láta þá von í ljós að þetta sjónarmið verði haft í huga við endanlega afgreiðslu þessa máls sem er greinilega hið mesta vandræðamál.

[16:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Um þessar mundir eru tvær nefndir að störfum á vegum heilbrrn. sem fjalla um framtíð heilbrigðismála. Annars vegar um skipulag, hins vegar um forgangsröðun og ég á sæti í síðartöldu nefndinni ásamt fulltrúum allra annarra þingflokka. En á sama tíma og þessar nefndir eru að störfum er ráðuneytið að hræra í verkaskiptingu sjúkrahúsanna úti á landi vegna þess að meiningin er að ná fram 60 millj. kr. sparnaði á þessu ári. Ég spyr: Hefði ekki verið nær að bíða eftir tillögum nefndanna og reyna á grundvelli þeirra að ná samkomulagi um framtíðarskipan sjúkrahúsmála sem augljóslega þarf að stokka upp? Það þarf að skilgreina hvaða þjónustu skuli veita á hverjum stað og hvort ekki er hægt að breyta eða fækka þeim sjúkrahúsum sem nú eru starfandi með mismikla þjónustu. Hæstv. heilbrrh. kaus að bíða ekki og setti nefnd í að gera tillögur um niðurskurðinn án þess að eðlilegt samráð væri haft við heimamenn en það er auðvitað besta leiðin til þess að gera allt vitlaust og kveða allar slíkar tillögur í kútinn.

Fyrr í vetur hlustaði ég á einn af forsvarsmönnum sjúkrahússins á Egilsstöðum velta því fyrir sér hvort hægt væri að auka samvinnu og ná fram hagræðingu á hans svæði. Hann komst að þeirri niðurstöðu að afar erfitt væri að ná fram auk-

inni verkaskiptingu án þess að því fygldi aukinn kostnaður, m.a. vegna ferða á milli staða. Það verk að endurskipuleggja sjúkrahúsþjónustu á landsbyggðinni, kallar á mikla vinnu og er verk sem ekki er hægt að vinna í krafti sparnaðartillagna heldur verður að liggja til grundvallar skynsamleg áætlun og ákvarðanir um skipulag og þjónustu á hverjum stað. Slíkra tillagna er að vænta eftir því sem ég best veit. Og því spyr ég: Væri ekki rétt að bíða átekta og vinna að nauðsynlegum endurbótum í ljósi almannahags og þess hvað okkar þjóðfélag ræður við í sem bestri samvinnu við alla aðila? Ég held að slík aðferð hljóti að duga best þegar til lengri tíma er litið.

[16:07]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þetta mál er allt eitt hreinasta klúður. Kannski er skýringin sú sem fram kom í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, varaformanns fjárln., að hæstv. ráðherra hefur misskilið þetta allt því engin ákvörðun var í raun tekin eftir því sem ég skildi best um þennan 60 millj. kr. niðurskurð. Málið er því bara allt saman hreinn og klár misskilningur. (Gripið fram í.) Þess vegar er kannski ráð fyrir hæstv. ráðherra að stokka spilin upp á nýtt og byrja á nýjan leik því málið er komið í hreint óefni.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar og get tekið undir með hæstv. ráðherra að það er mikilvægt að fara yfir hlutverk landsbyggðarsjúkrahúsa og heilbrigðisþjónustustofnana vítt og breitt um landið. Það á hins vegar ekki að gera undir þeim formerkjum að hræða menn til samstarfs. Það gengur ekki. Reynslan sýnir okkur það og við eigum að læra af henni. Það er hins vegar athyglivert í þessu sambandi að öll grunnvinna er mjög broguð og illa unnin.

Ég spurðist eftir því hér í þinginu fyrir 17 virkum dögum síðan hver væri hlutdeild þessara sjúkrastofnana vítt og breitt um landið í atvinnulífi viðkomandi byggðarlaga. Það svar hefur mér ekki borist enn þá og mér skilst að það gangi hægt og bítandi að fá þær upplýsingar frá sjúkrastofnunum um landið. Ef menn horfa nú á hlutina eins og þeir eru þá er hér ekki eingöngu um heilbrigðismál að ræða heldur og ekki síður atvinnulegt spursmál. Og það að menn viti ekki, þegar af stað er farið við vinnu af þessum toga hversu miklu eða litlu hlutverki sjúkrastofnanir gegna í atvinnulífi í hinum dreifðari byggðum landsins er algjörlega fráleitt. Ég held að það væri hyggilegt að menn a.m.k. vissu það áður en af stað væri farið, þó ég segi nú ekki meira um aðra nauðsynlega grunnvinnu. Þannig er málið allt hreint og klárt klúður. Auðvitað er best að hætta leik þá hæst stendur og byrja á nýjan leik og gera þetta eins og menn.

[16:10]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég man ekki dæmi þess að hv. þm. sem hefur verið falinn sá trúnaður af þinginu að vera nefndarformaður í fagnefnd hafi snúið hlutunum á haus eins og hv. formaður heilbr.- og trn. gerði áðan. Mig undrar að það skuli vera beðið um utandagskrárumræðu um þetta mál og að málshefjandi skuli ekki hafa kynnt sér málið áður en hann byrjaði umræðuna. Hann segir að framkvæmd málsins hafi verið í algjöru ósamræmi við það sem ég sagði í fjárlagaræðu minni. Þetta er alrangt. Framkvæmdin hefur algjörlega verið í samræmi við það sem ég sagði þá. Það hefur verið verkefnisstjórn í þessu máli. Þessi verkefnisstjórn hefur lagt tillögur fyrir forsvarsmenn sjúkrahúsanna. Hún hefur beðið um umsagnir þeirra. Hún mun fara og ræða við hverja einustu stjórn, hafa samráð við sveitarstjórnarmenn og fara yfir þetta mál. Mig undrar að farið skuli í utandagskrárumræðu um málið á svona hæpnum forsendum eins og hv. formaður heilbr.- og trn. gerir.

Það hafa engir úrslitakostir verið settir í þessu máli. Samráð um það þarf einkum að beinast að eftirtöldum atriðum:

Hvort hægt er að spara skipulega í yfirstjórn sjúkrahúsanna með samstarfi þeirra, sameiningu stofnana eða aukinni verkaskiptingu. Hvort hægt er að auka héraðshlutdeild þeirra með aukinni sérfræðiþjónustu eða hliðstæðum aðgerðum. Og það þarf að meta kostnaðaraukingu sjúkrahúsanna úti á landi vegna staðsetningar þeirra og þjónustuhlutverks, t.d. vegna einangrunar eða samgangna.

Ég vísa því algjörlega á bug að í þessu máli hafi verið um fantabrögð að ræða. Fjárveitingar til sjúkrahúsanna hafa ekki verið lækkaðar um eina einustu krónu. En það hafa verið sett sparnaðarmarkmið og það hefur verið fært inn á hagræðingarlið ráðuneytisins og er ætlunin, ef sparnaður næst fram, að skila honum inn á þennan hagræðingarlið. Þetta er ekki svo flókið mál að hæstv. formaður heilbr.- og trn. ætti ekki að geta skilið það.

Ég vísa þeim ummælum algjörlega á bug að þessi framkvæmd hafi verið í skötulíki.

[16:12]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það er mikil tilhneiging til þess að reyna að misskilja þetta viðkvæma mál. Við höfum eftir bestu getu reynt að gera grein fyrir því að það er höfuðforsenda þessarar vinnu að fá sjúkrahúsin endurmetin miðað við það þjónustustig sem þau veita, að fá þau endurmetin með tilliti til þess. Það er grunnurinn. Þetta er allt einn vefur, bæði sjúkrahús úti á landi og í Reykjavík. Og það að fá sjúkrahúsin endurmetin eftir þjónustustiginu er það sem við erum að fara fram á vegna þess að það er landsbyggðarmál. Það er keppikefli landsbyggðarinnar að reyna að hækka þjónustustigið eins og mögulegt er. Það er sparnaðarígildi vegna þess að vandræði sjúkrahúsanna í Reykjavík hafa ekki hvað síst verið vegna þess að þau þurfa að þjóna landsbyggðinni. Þetta er einn vefur. Að þessu erum við að vinna. Þetta er það sem lagt var upp með og ég trúi því, herra forseti, að ef okkur tekst vel til, ef við vöndum okkur í þessari vinnu þá munum við geta lagt grunninn að mjög farsælli þróun í heilbrigðismálum fyrir landsbyggðina í heild. Það er þetta sem við erum að keppa að og þetta hefði ég, herra forseti, ætlast til af formanni heilbrn. að hann gerði sér grein fyrir því þá hefði hann getað sleppt þessum narrahætti sem hann hefur verið með hér í dag.

[16:14]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í þessu stóra máli má segja að byrjað sé á öfugum enda. Það var tilkynnt með framlagningu fjárlagafrv. í haust að spara ætti 160 millj. kr. Þetta hleypti auðvitað illu blóði og tortryggni í þetta mál allt saman þó síðan væri undið ofan af því með eftirrekstri stjórnarandstöðu og atfylgi stjórnarliða sem þekkja til málsins eins og hv. formaður fjárln. og varaformaður fjárln. hafa vitnað um.

Ég tel að það sé geysilega mikilvægt að menn vandi sig við þetta. Það gengur ekki að setja sér markmið af þessum toga án þess að menn hafi áttað sig á því hvað er mögulegt í þessu máli. Hér tekur einn eftir öðrum, það má ekki skerða þjónustustig, það stendur ekki til. En það er alveg ljóst hvað lá í hugmyndunum um allt að 160 millj. kr. sparnað. Það

hafa lengi verið allt of veik tök á skipulagi heilbrigðismála í landinu. Það var samþykkt þáltill. árið 1990 um að reyna að styrkja svæðisbundin tök með því að setja upp skrifstofur heilbrigðismála í kjördæmum landsins. Það hefur því miður ekkert verið gert með þessa samþykkt. Við stæðum í öðrum sporum ef það hefði verið gert og reynt hefði verið að laða saman samstarf þar sem það er hægt á annað borð með tilliti til landfræðilegra aðstæðna. Ég treysti því, virðulegur forseti, að staðið verði við það sem stjórnarliðar segja, að ekki verði um skert þjónustustig að ræða. Það er ekki hægt að spara með því að vísa sjúklingum frá. Það er enginn þjóðhagslegur sparnaður í því að færa til þjónustuna. Ef hægt er að sinna henni á heimasvæði þá á að sjálfsögðu að gera það.

[16:16]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það þarf engan að undra að beðið sé um að fá þessi mál rædd hér á Alþingi. Aðferðir stjórnvalda við niðurskurðinn á landsbyggðarsjúkrahúsunum lýsa sér best í orðunum að skjóta fyrst og spyrja svo, eða frekar að skera fyrst og spyrja svo. Það er aðferðin sem notuð var í þessu tilefni og það var staðfest á fundi hjá heilbr.- og trn., þegar þessi mál voru þar til umræðu, af fulltrúa úr heilbr.- og trmrn. Ákvarðanirnar við fjárlagagerðina við fundarborð hér úti við Austurvöll eða upp við Hlemm eru fyrst 160 millj. kr., síðan 60 millj. kr. og núna virðist ekki einu sinni vera víst að séu 60 millj. kr. Ég minni á að það eru nefndir að vinna að því hvernig best er að reka hagkvæma og skilvirka heilbrigðisþjónustu. Hvers vegna er ekki beðið eftir að það komi niðurstaða úr þeirri vinnu áður en menn fara út í svona vitleysu? Menn verða að gera sér grein fyrir hvaða þjónustu menn vilja veita og hvað hún kostar og síðan að vinna í málunum. Þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð bera ekki vott um fagmennsku.

[16:18]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Í þessu máli hafa verið viðhöfð alveg ágæt vinnubrögð. Það er nefnd að störfum, verkefnisstjórn, og hún er í samráði við sjúkrahúsin að reyna að finna leiðir til að spara. Það er ekki búið að taka eina einustu ákvörðun. Fulltrúar úr þessari nefnd eru núna á Sauðárkróki að ræða við starfsfólkið þar. Það er því alrangt að búið sé að taka þessar ákvarðanir. Eina ákvörðunin sem hefur verið tekin er að það eigi að spara í heild 60 millj. kr. á þessu ári á sjúkrahúsunum. Það er eina ákvörðunin sem hefur verið tekin. Ég átta mig því ekki alveg á þessari umræðu.

Hins vegar er ekkert skrýtið að það sé óróa vegna þessa máls. Það er okkur sjálfum að kenna vegna þess að einstaka þingmenn hafa farið fram og vakið óróa um málið með því að biðja um rekstrarlega úttekt á þessum sjúkrahúsum þó það hafi aldrei verið rætt í upphafi að það ætti að gera og þeir vísa í sjúkrahúsin hér á suðvesturhorninu. Gott og vel. Það má vel vera að það sé rétt að gera rekstrarlega úttekt úti í bæ á þessum sjúkrahúsum. Tvö sjúkrahús hafa gert það, sjúkrahúsin í Neskaupstað og á Patrekstirði, en þau hafa ekki farið eftir henni.

[16:19]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson sýnir hæstv. heilbrrh. mikla ósanngirni í þessu máli því verið er að beita nýjum vinnubrögðum í heilbrrn., faglegum vinnubrögðum, þar sem tekið er tillit til íbúafjölda, þjónustustigs og síðan annarra breytilegra þátta á svæði sjúkrahúsanna. Slík vinnubrögð voru ekki viðhöfð í heilbrrn. á síðasta kjörtímabili. Þá lögðu ráðherrar Alþfl. til allt að 50% niðurskurð á sjúkrahúsum hér á höfuðborgarsvæðinu, t.d. á St. Jósefsspítalanum. Þar var niðurskurðurinn 26% á einu ári. Það er hvergi í þessum tillögum verið að leggja til slíkan niðurskurð í þessum sjúkrahúsum. Ég endurtek að þetta er ósanngirni í garð hæstv. ráðherra. Það er verið að viðhafa hér fagleg vinnubrögð sem eru til mikilla bóta frá því sem var á síðasta kjörtímabili.

[16:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að lýsa megnustu óánægju minni með alla málsmeðferðina hvað varðar fjárveitingar eða niðurskurð fjárveitinga til sjúkrastofnana á landsbyggðinni. Það er ekki aðeins hæstv. heilbrrh. sem hér á sök, heldur ríkisstjórnin öll og stjórnarliðar sem samþykktu þessa aðferðafræði við afgreiðslu fjárlaga. Sjúkrastofnunum úti á landi er stillt upp við vegg. Þetta eru ófagleg vinnubrögð. Fyrst er ákveðinn niðurskurður síðan er farið að leita leiða til að framkvæma hann. Í þriðja lagi er síðan sagt við stofnanirnar: En þið megið ekki skerða þjónustuna. Þetta er ekki hægt. Þetta er öfug röð á hlutunum. Fyrst á að gera úttekt á stofnununum og síðan að ákvarða hver sparnaðurinn getur orðið í ljósi þess markmiðs að ekki eigi að skerða þjónustu. Og þó nú sé verið að reyna að lagfæra þetta með því að vinna í málinu og hafa samráð við heimamenn þá var þarna byrjað á öfugum enda og meira að segja þingmenn Norðurl. v. með sjálfan hæstv. félmrh. í broddi fylkingar hafa áttað sig á þessu og viðurkennt það.

[16:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er náttúrlega alveg fráleit fullyrðing hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar að ég eða aðrir þingmenn Norðurl. v. höfum verið með eitthvert vantraust á hæstv. heilbrrh. Það er ekki nokkur leið að skoða þá samþykkt sem við gerðum ásamt framkvæmdastjórum sjúkrahúsa í kjördæminu sem eitthvað í þá áttina. Þvert á móti vorum við að bjóða upp á samstarf til að ná þeim markmiðum sem heilbrrh. hafði sett fram, sparnaði án þess að skerða þjónustu. Við tilgreindum nokkur atriði sem við töldum að gætu komið til greina og buðum beinlínis fram samstarf okkar við að ná þessum sparnaði án þess að skerða þjónustuna. Það hefur engin ákvörðun verið tekin og þar af leiðandi var engri ákvörðun hægt að mótmæla af því að hún hafði ekki verið tekin. Það var ekkert vantraust hægt að bera fram út af ákvörðun sem ekki hafði verið tekin.

Ég vil líka mótmæla alveg sérstaklega fullyrðingu sem kom hér fram frá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni að halda því fram að sjúkrahús og heilsugæslustöðvar væru til vegna þess að þær væru vinnustaðir. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru rekin fyrir sjúklingana.

[16:23]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hér er ekki um neitt vantraust á hæstv. heilbrrh. að ræða. Það er alveg rétt sem hæstv. félmrh. hefur sagt. Hins vegar hefur fáum dulist undanfarið að uppi er alvarlegur ágreiningur, a.m.k. alvarlegur misskilningur á milli stjórnenda landsbyggðarsjúkrahúsanna og nefndar hæstv. heilbrrh. sem var falið það hlutverk að gera tillögur um hagræðingu í rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Það

þarf að komast fyrir þennan ágreining áður en lengra er haldið. Þetta mál á að vinnast í samráði við þá og því er ekki hægt að fara með það í bullandi ófriði áfram.

Ágreiningurinn felst í því að stjórnendur sjúkrahúsanna telja sig á undanförnum árum hafa náð hagræðingu og sparnaði niður í það að ekki verði lengra komist án þess að skerða þjónustuna. Þeir segja reksturinn í járnum. En hvað sem öðru líður voru tillögur nefndarinnar um sparnað settar fram í prósentum snemma í ferlinu. Það var vissulega óheppileg málsmeðferð og kolvitlaus nálgun. Hægt hefði verið að spara mikinn tíma, fyrirhöfn og geðshræringu vítt um landsins byggðir ef sparnaðarnefndin hefði tekið sig upp fyrr til að tala við heimamenn eins og áskilið var við umræðuna um fjárlögin hér á hinu háa Alþingi fyrir áramót.

[16:24]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Verkefnisstjórn sú sem hér hefur verið nefnd opinberaði tillögur sínar í janúar sl. og hefur að sumu leyti unnið ágætis starf. En afar óheppilega var staðið að kynningu á hugmyndum nefndarinnar og ekki líklegt að heimamenn hlypu upp til handa og fóta til samstarfs þegar búið var að skipta niður sparnaðinum í krónum og aurum ásamt ófullkomnum, svo ekki sé meira sagt, hugmyndum um hagræðingarmöguleika. Þær gengu aðallega út á samvinnu og sameiningu en stór galli var á tillögunum að ekki var tilgreint hver ætti að kanna samvinnuna og leiða eitthvert viðræðuferli á milli stofnana. Það hlýtur að vekja sérstaka athygli þar sem hagræðingartillögurnar ganga ekki út á annað.

Ég hef miklar athugasemdir við hugtakið, héraðshlutdeild, sem virðist vera undirstaða þess reikniverks sem öll vinnan byggist á. Hugtakið felur m.a. í sér þær forsendur að maður geti einungis leitað sér læknisþjónustu í heimahéraði eða í Reykjavík en það vinnur aftur á móti hugsuninni um sérhæfni einstakra sjúkrahúsa nema þau séu staðsett í Reykjavík.

[16:26]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún hefur skýrt þetta mál mjög mikið. Hér hafa þrír hv. þm. Sjálfstfl. komið upp og gagnrýnt málsmeðferð hæstv. heilbrrh. mjög harkalega. Ég tek undir alla þeirra gagnrýni. Það er líka ljóst að það er rétt sem hv. þm. Hjálmar Jónsson segir að það er uppi mjög alvarlegur misskilningur í málinu og það hefur enginn sýnt betur fram á það en hann. En hver er grundvallarmisskilningurinn í þessu máli? Hann er auðvitað sá að hæstv. heilbrrh. hefur sett fram markmið til að spara 60 millj. kr. en hv. stjórnarliðar eru einfaldlega aljörlega á móti því. Það er það sem stendur upp úr.

Það eru tvær spurningar sem við þurfum að svara. Í fyrsta lagi: Stendur enn þá sparnaðarmarkmið hæstv. heilbrrh. um að skera niður um 60 millj. á þessu ári? Í öðru lagi, stendur enn þá það sem segir í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir þetta ár að það sé einungis fyrsti áfanginn að spara 160 millj. kr.? Ég tel, herra forseti, að þessum spurningum hafi þingheimur fyrir sitt leyti svarað í dag. Það er alveg ljóst að þingheimur telur að það sé illframkvæmanlegt og obbinn af stjórnarliðinu sem hér hefur talað er á móti þessum vinnubrögðum.

Herra forseti. Ég efndi til þessarar umræðu til þess að ræða um vinnubrögð. Hvers vegna? Í heilbr.- og trn. kom Kristján Erlendsson, starfsmaður og yfirmaður þess hluta ráðuneytisins sem sér um þennan niðurskurð. Hann sagði það alveg klárt og kvitt eins og hér kom fram hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur að vinnubrögðin væru þannig að niðurskurðurinn væri ákveðinn og sendur sjúkrahúsunum, þau gætu gert athugasemdir um það. Ég spurði: Af hverju gerið þið þetta? Svarið var þetta: Það gekk svo vel í Reykjavík að við ætlum að prófa þetta aftur. Ég vísa því öllu á bug um að þetta sé einhver misskilningur af minni hálfu. Hins vegar hef ég fulla samúð með vini mínum, hv. þm. Jóni Kristjánssyni, sem er auðvitað grátt leikinn í þessu máli og miklu miður en hann á skilið.

Herra forseti. Það stendur eftir að hæstv. heilbrrh. hefur ekki þingstyrk til að ná í gegn þessu sem er líka enginn niðurskurður, þetta er bara markmið. Við skulum gleyma þessu markmiði. Við þurfum, eins og hv. þm. séra Hjálmar Jónsson sagði, lengra tilhlaup í þetta stökk.

[16:28]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. „Lengra tilhlaup í þetta stökk," sagði hv. málshefjandi, (Gripið fram í.) sá málshefjandi sem studdi 800 millj. kr. sparnað á einu ári á sjúkrahúsum úti á landi. (**ÖS:** Bull og vitleysa.) Nú hefur hann gleymt því. Mér finnst að málshefjandi hafa orðið sér til ævarandi skammar með þessum umræðum hér í dag. Ég verð að segja það. Vegna þess að það hefur komið fram hjá nefndarmönnum sem hér hafa talað nákvæmlega hvar málin eru stödd og hvernig unnið er að málum eðlilega á sama hátt og var samþykkt hér við fjárlagagerðina. Ég vil því ljúka máli mínu með því sem fyrrv. hæstv. heilbrrh., hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, sagði áðan: Hætta skal hverjum leik þá hæst hann stendur. Það gerði hv. þm. En ég veit að ríkisstjórnin og stjórnarliðar hafa styrk til þess að vinna sitt verk í samvinnu við þjóðina.

Út af dagskrá var tekið eina dagskrármálið.

Fundi slitið kl. 16:30.

---

90. FUNDUR

fimmtudaginn 13. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 346. mál, þskj. 738. — 3. umr.

2. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706. — Frh. 1. umr.

3. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 408. mál, þskj. 705. — 1. umr.

4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704. — 1. umr.

5. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 424. mál, þskj. 728. — 1. umr.

6. Seðlabanki Íslands, frv., 369. mál, þskj. 647. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Umræður utan dagskrár.

Samkomulag um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. og um breytingu á eignaraðild.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár mun hæstv. iðnrh. flytja tilkynningu um samkomulag um stækkun verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. og um breytingu á eignaraðild, en síðar fara fram umræður um tilkynninguna.

Það er tillaga forseta að umræða um tilkynninguna fari þannig fram að ráðherra hafi fimm mínútur, talsmenn þingflokka fjórar mínútur en aðrir sem kunna að vilja taka til máls um tilkynninguna hafi tvær mínútur. Við gerum ráð fyrir að umræðan standi í um það bil hálfa klukkustund. Ef ekki eru athugasemdir við að hafa þennan hátt á umræðunni skoðar forseti það samþykkt.

[10:36]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Eftir að slitnaði upp úr samningaviðræðum milli eignaraðila að Íslenska járnblendifélaginu 28. febr. sl. fóru aftur af stað viðræður um síðustu helgi sem enduðu með því að seint í gærkvöldi komust eignaraðilar að samkomulagi um stækkun verksmiðjunnar. Samningurinn um stækkun verksmiðjunnar á Grundartanga felur í sér að Elkem skrifar sig fyrir nýju hlutafé til að fjármagna þriðja ofn verksmiðjunnar sem eykur afkastagetu hennar úr 70 þúsund tonnum í 110 þúsund tonn. Jafnframt hefur verið samið um það við Landsvirkjun að Íslenska járnblendifélagið geti nýtt sér forkaupsrétt á raforku til þriðja ofnsins með þeim skilmálum sem kveðið er á um í rafmagnssamningi milli Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar frá 9. janúar sl.

Meginefni samnings eigendanna er að Elkem mun leggja fram það viðbótarhlutafé sem þörf er á vegna stækkunar verksmiðjunnar. Með hlutafjáraukningunni eignast Elkem meiri hluta í fyrirtækinu eða 51%. Elkem átti áður 30% hlut. Hlutur íslenska ríkisins sem var 55% verður nú 38,5%. Sumitomo í Japan sem átti 15% hlut mun eiga eftir þessa breytingu 10,5%. Um leið verður félagið gert að almenningshlutafélagi og að undangengnu almennu hlutafjárútboði skráð á hlutabréfamarkaði hér á landi strax á þessu ári. Hlutabréf íslenska ríkisins verða síðan seld á hlutabréfamarkaði í áföngum.

Í samningnum er hlutafé í Íslenska járnblendifélaginu metið á 245 millj. norskra króna eða rétt rúma 2,5 milljarða íslenskra króna. Matsverð sem fengið er á fyrirtækinu byggir á mati þriggja aðila: Það er í fyrsta lagi matsverð frá fjárfestingarbankanum Salomon Brothers International Limited í London sem mat verðgildi hlutafjár í Íslenska járnblendifélaginu fyrir ríkið sl. haust á bilinu 225–250 millj. norskra króna. Einnig byggir þetta mat á mati tveggja íslenskra verðbréfafyrirtækja, Kaupþings og Íslandsbanka. Matsverð þessara fyrirtækja er svipað og matsverð enska fyrirtækisins eða á bilinu 230–290 millj. norskra króna.

Í samningnum er einnig kveðið á um arðgreiðslur ársins 1996. Jafnframt eru gerðar breytingar á markaðssamningi félagsins við Sumitomo. Kveðið er á um meginreglur um að allar greiðslur skuli fara fram á grundvelli hlutlægna reglna um viðskipti milli óskyldra aðila og eftirlit óháðra endurskoðenda um framkvæmd reglnanna. Þá er ákvæði um að rannsóknar- og þróunarstarf skuli eflt og fyrirtækið treyst í sessi sem leiðandi afl á því sviði á Íslandi.

Á fundi sem við áttum með starfsfólki járnblendifélagsins í morgun uppi á Grundartanga kom fram í máli fulltrúa Elkem að það verður áframhaldandi stefna félagsins að hafa að störfum við fyrirtækið íslenskan framkvæmdastjóra.

Innborgað nýtt hlutafé Elkem verður 932,5 millj. íslenskra króna. Fjárfesting vegna þriðja ofnsins er um 2,7 milljarðar og verður það sem á vantar, um 1.800 millj. kr., fjármagnað með lánsfé. Þetta tryggir mjög hátt eiginfjárhlutfall Íslenska járnblendifélagsins. Á aðalfundi félagsins sem haldinn verður í næsta mánuði verður formlega gengið frá hlutafjáraukningunni og breytingum á samþykktum félagsins. Á aðalfundinum fer fram stjórnarkjör og fær Elkem fjóra fulltrúa í stjórn fyrirtækisins, íslenska ríkið tvo og Sumitomo einn.

Það liggur líka fyrir að við þessa stækkun mun fyrirtækið þurfa á nýju starfsleyfi að halda til þess að reka þriðja ofninn. Í því starfsleyfi munu verða gerðar ýtrustu kröfur um mengunarvarnir í alla staði og þær uppfylltar hversu strangar sem þær geta orðið.

Með þessum samningi hefur tekist að tryggja stöðu Íslenska járnblendifélagsins til frambúðarreksturs. Í öðru lagi að treysta samkeppnisstöðu félagsins og atvinnuöryggi starfsfólksins. Í þriðja lagi að fá erlent áhættufé inn í atvinnurekstur á Íslandi og í fjórða lagi að skjóta styrkari stoðum undir rannsóknir og þróun í iðnaði á Íslandi.

[10:42]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þessum samningi fylgja vissulega stórir kostir en einnig nokkrir gallar. Í stuttu máli verður að drepa aðeins á þeim allra stærstu.

Kostirnir eru að sjálfsögðu þeir að stækkun verksmiðjunnar er tryggð. Í öðru lagi að störfum mun fjölga í stað þess að þeim mundi ella hafa þurft að fækka ef ekki hefði af þessu orðið. Í þriðja lagi er markaður tryggður fyrir afurðir verksmiðjunnar sem ekki hefði verið unnt að gera ef Íslendingar einir hefðu ætlað að standa að stækkuninni og í fjórða lagi er þetta tvímælalaust réttur tími vegna þess að afkoma verksmiðjunnar er nú góð, en líkur benda til þess með afnámi verndartolla í áföngum að afkoma verksmiðjunnar verði ekki eins góð á næsta og þar næsta ári eins og hún hefur verið. Allt eru þetta tvímælalaust stórir kostir og ég óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa náð þessari niðurstöðu.

En það eru einnig ókostir sem þarna eru augljósir. Deila má um það verð sem upp er sett þó að það sé innan þeirra marka sem aðilar sem komið hafa að því að meta eignir í verksmiðjunni hafa gert ráð fyrir. Stærsti gallinn er hins vegar sá hvaða erlendur aðili það er sem nær nú meirihlutatökum í verksmiðjunni. Reynsla okkar Íslendinga af Elkem er sú að þar sé um mjög harðdræga aðila að ræða. Því er ekki heldur að leyna að stjórn Elkem á í deilum við starfsfólk í öllum þeim verksmiðjum sem reknar eru á hennar vegum.

Í þriðja lagi er það áhyggjuefni að Elkemstjórnin hefur tekið upp á þeim sið að krefja allar þær verksmiðjur sem á hennar vegum starfa um stjórnunargjöld. Það er hennar aðferð til þess að flytja fjármuni úr rekstri verksmiðjanna til aðalstöðvanna í Ósló og við þekkjum það frá þeim tíma

þegar Elkem tók þróunargjöld af Íslenska járnblendifélaginu hversu harðsótt það getur verið af þeirra hálfu að draga til sín fé með þessum hætti.

Að lokum var ástæða til að óttast að þeir mundu einnig flytja þróunarstarfið úr verksmiðjunni og á sinn vettvang en eins og hæstv. iðnrh. hefur nú skýrt frá hafa þeir lýst því yfir að það muni ekki verða gert, heldur muni þeir beita sér fyrir því að það farsæla þróunarstarf sem unnið hefur verið í þessari verksmiðju muni halda áfram. Það er því vissulega einnig hægt að finna ókosti á þessu samkomulagi en engu að síður er það mín niðurstaða að þegar vegnir séu bæði kostirnir og ókostirnir þá séu kostirnir miklu þyngri á metaskálunum.

En mig langar, virðulegi forseti, að spyrja hæstv. iðnrh. að öðru sem lýtur að þessu máli og það er að þegar svo virtist vera að samningar gætu ekki tekist þá bauð forstjóri Landsvirkjunar fyrirtækinu Columbia Ventures að ganga inn í samkomulag um raforkukaup sem forstöðumenn Íslenska járnblendifélagsins höfðu verið að velta fyrir sér. Ég veit ekki betur en að það tilboð standi enn. Landsvirkjun mun geta sinnt báðum þessum tilboðum ef Columbia Ventures tekur því tilboði sem Landsvirkjun beindi til þeirra en þá ekki nema með umtalsverðum viðbótarframkvæmdum við virkjun við Sultartanga sem mun kosta verulega fjármuni og leiða til mun meira framkvæmdastigs á næsta ári og næstu árum heldur en gert var ráð fyrir. Og mín spurning til hæstv. iðnrh. er þessi: Er þá líklegt að ríkisstjórnin muni bregðast við þeim auknu framkvæmdum (Forseti hringir.) með því að skera niður opinberar framkvæmdir eins og hún hefur boðað að gera þyrfti vegna þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar voru áður en að því kom að umrædd raforkusala frá Landsvirkjun gæti orðið miklu meiri heldur en þá var talað um?

[10:46]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að það sé jákvætt að þessi mál eru rædd á Alþingi áður en þau eru kynnt í fjölmiðlum. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að þannig skuli að málum staðið þó að ég verði að viðurkenna að það er erfitt að ræða málið hér hafandi ekki séð nokkurn pappír, ekki eina einustu línu um málið frá hæstv. iðnrh. Það hefði verið gott ef unnt hefði verið að sjá a.m.k. tölurnar á blaði áður en umræðurnar hófust. Þess vegna treysti ég mér ekki til þess að taka afstöðu til málsins í heild á þessu stigi fyrr en að allir hlutir liggja þar fyrir. Þegar afstaða okkar verður tekin í þessu máli þá hljótum við að horfa á raforkusamninginn, við hljótum að horfa á mengunarmálin og umhverfismálin, en starfsleyfi liggur ekki fyrir eins og hæstv. iðnrh. benti á áðan. Við hljótum að líta á skattastöðu fyrirtækisins, á eignarhaldið sem slíkt, á áhrif á byggðaþróun og einnig á sambýli járnblendiverksmiðjunnar við aðra stóriðju í landinu og sérstaklega sambýli hennar við hugsanlegt álver í Hvalfirði. Allt þetta verður að skoða í heild áður en menn hrapa að þeim niðurstöðum að taka afstöðu til þessara hluta.

Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að mér finnst að um Elkem megi segja: Ill var þín fyrsta ganga. Veruleiki sem blasir við eftir reynsluna af Elkem og viðræðurnar við Elkem að undanförnu er ekki góður. Það blasir við að í upphafi krafðist Elkem stækkunar og reyndi um leið að sauma að fyrirtækinu og Íslendingum í þessu máli eins og kostur var. Síðan var krafist meiri hluta í fyrirtækinu og það var gefið undir fótinn með meiri hluta. Í þriðja lagi var þess þá krafist að hlutur Íslands yrði endurmetinn og það var gert. Niðurstaðan af dæminu sýnist mér vera sú að framlag Íslands til verksmiðjunnar sem í heild nemur um 4 milljörðum kr. er metið á 1.300 millj. kr. Þannig að samkvæmt þeim tölum sem iðnrh. las upp áðan þá sýnist mér að Ísland gefi eftir í dæminu 2,7 milljarða til að ná þessum samningum sem nú liggja fyrir. Í fjórða lagi hefur það líka gerst og verið knúið fram af Elkem með ótrúlegri óbilgirni að mínu mati, að Íslendingar gæfu undir fótinn með það að verksmiðjan yrði stækkuð enn frekar og bætt við fjórða og fimmta ofninum og gerðir raforkusamningar þess vegna. Niðurstöður í þeim efnum liggja að sjálfsögðu ekki en fyrirheitin hafa verið gefin. Og loks hefur hæstv. iðnrh. lýst því yfir úr þessum ræðustól í þessari virðulegu stofnun að í rauninni sé vald eða meiri hluti Íslendinga í þessu fyrirtæki einskis virði.

Allt þetta bendir til þess að Elkem ætli að sækja bragðið gagnvart Íslendingum í þessu máli af ótrúlegri hörku. Það bætist svo við, herra forseti, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson benti á áðan, að Elkem á í illdeilum við starfslið sitt víða í Noregi í þeim verksmiðjum sem fyrirtækið rekur og svo bætist við að starfsliðið hér hefur miklar áhyggjur af málinu eins og kemur fram í lesendabréfi í Morgunblaðinu í dag sem Jón Hálfdanarson eðlisfræðingur skrifar. Og hygg ég að fáir starfsmenn fyrirtækisins, með fullri virðingu fyrir þeim öllum, þekki eins vel til málsins og Jón Hálfdanarson. Ég hvet hv. þm. til að lesa þetta bréf vegna þess að þar er varað við því að gengið sé fram í málum eins og hér hefur verið gert.

Að öllu þessu samanlögðu, herra forseti, finnst mér óhætt að segja um þessi fyrstu spor: Ill var þín fyrsta ganga. En við skulum meta málið að lokum í heild þegar við sjáum það í heild sem við höfum ekki séð enn.

[10:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum stóðu viðræður um stækkun járnblendiverksmiðunnar þannig að viðræðum var í raun slitið. Ágreiningur virtist óleysanlegur og ásakanir um stífni og ósanngirni gengu á víxl. Í umræðum um málið á hv. Alþingi hinn 3. mars sl. lagði hæstv. iðnrh. áherslu á slæma samningsstöðu Íslendinga þar sem — og ég vitna efnislega til orða hæstv. ráðherra, með leyfi forseta — yfirráð okkar í fyrirtækinu sem ráðandi afl með 55% eignarhlut væri einskis virði vegna þess að minnihlutaréttindin væru svo tryggð. Margir töldu þessa yfirlýsingu hæstv. ráðherra vægast sagt gáleysislega og skaðlega fyrir samningsstöðu okkar í málinu.

Og nú er það auðvitað stóra spurningin, með tillti til síðustu atburða, hvort aðrir eignaraðilar hafi metið hlutina allt öðruvísi en hæstv. ráðherra eða hvort nú hafi verið gengið svo frá í samningunum að dregið hafi úr réttindum minnihlutaeigenda í fyrirtækinu. Þessu verður hæstv. ráðherra að svara.

Fjölmörgum öðrum spurningum er vitanlega ósvarað á þessari stundu. Ég vil nefna tvær: Bormenn Íslands geta vissulega glaðst þar sem virkjanaáform fá nú byr undir báða vængi. En hverju mun þessi samningur skila til framtíðar? Hvert er það verð sem fæst fyrir orkuna og hver verður hagnaðurinn þegar upp er staðið? Íslenska ríkið hefur lagt mikið af fé skattgreiðenda í þetta fyrirtæki sem hefur notið allrar hugsanlegrar fyrirgreiðslu og alls þess hagræðis og stuðnings sem hugsast getur og þá fyrst og fremst í lágu orkuverði. Getur hæstv. iðnrh. fullyrt það góðri samvisku að orkusala Landsvirkjunar til járnblendiverksmiðjunnar og þær framkvæmdir sem hún þarf að ráðast í vegna stækkun-

ar verksmiðjunnar muni skila arði? Getur hæstv. ráðherra svarað því?

Í öðru lagi hljótum við að spyrja um forsendur og skilyrði á sviði umhverfismála fyrir þessari stækkun. Mengunarvarnir hafa verið í ólestri hjá þessu fyrirtæki og það er fullkomlega óviðunandi ef það á að samþykkja stækkun hennar og aukna framleiðslu án verulegra fyrirvara og strangra skilyrða um ýtrustu mengunarvarnir. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir hér áðan að það yrði gert en sporin hræða og brýnt að menn haldi vöku sinni. Ég er full tortryggni.

Herra forseti. Á þessum stutta tíma sem gefst til umræðna hér er ekki svigrúm fyrir ítarlega umræðu um þetta mál eða atvinnustefnu ríkisstjórnarinar yfirleitt. En hér er á ferðinni enn eitt dæmið, enn ein staðfestingin, að mínu mati, um rangar áherslur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum sem í raun vinna gegn þeim miklu möguleikum sem við höfum á öðrum sviðum atvinnumála, atvinnukostum sem byggja annars vegar á hreinleika og lítt menguðu umhverfi og hins vegar á virkjun hugvits og þekkingar. Það er nöturlegt að á sama tíma og hæstv. iðnrh. í nafni ríkisstjórnarinnar vinnur af alefli að aukningu og eflingu mengandi stóriðju í landinu þá er upplýst að atvinnukostir sem byggja á hugviti, þekkingu og rannsóknum eru afskiptir og vanræktir og njóta smánarlegs stuðnings af hálfu stjórnvalda. Það sýnir þá gríðarlegu möguleika sem þar eru fyrir hendi að þrátt fyrir stuðnings- og skilningsleysi stjórnvalda eru íslenskir vísindamenn þessa dagana að auka hróður lands og þjóðar og gera verðmæta samninga um verkefni á sviði líftækni. Það er athyglisvert.

[10:54]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. hefur gert grein fyrir þeim mikilvæga samningi sem náðst hefur um stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Á þessum morgni átti hæstv. iðnrh. ásamt stjórn fyrirtækisins og fulltrúum Elkem og Sumitomo fund með starfsmönnum þar sem farið var yfir samningana og þær breytingar sem eru í vændum ef allt gengur eftir eins og samkomulag hefur orðið um.

Þegar samkomulagið sem gert hefur verið er metið er nauðsynlegt að fara yfir sögu rekstrar þessa fyrirtækis og rifja upp hvernig hlutirnir hafa gengið, reyna að meta markaðsaðstæður og þær ytri aðstæður sem þessi iðnaður býr við. Árið 1992 var halli á rekstri járnblendifélagsins 600 millj. ísl. kr. Þá var fyrirtækið í seinni hluta mikillar lægðar í þessari starfsemi sem m.a. var vegna markaðshruns á járnblendi sem stafaði af því að mikið hráefni kom inn á markaðinn frá Sovétríkjunum gömlu og Kína og varð til þess að verksmiðjur á Vesturlöndum urðu í miklum vandræðum. Síðan hefur færst mjög til betri vegar í þessum rekstri hjá Íslenska járnblendifélaginu, m.a. vegna þess að endurskipulagt var á Grundartanga, miklar skipulagsbreytingar voru gerðar í verksmiðjunni og starfsliði fækkað mjög mikið. Það voru mjög erfið spor sem gengin voru á þeim árum þegar þurfti að fækka um 40 manns á skömmum tíma. En þær breytingar sem þá voru gerðar hafa leitt til þess að í dag er þessi verksmiðja talin með allra hagkvæmustu verksmiðjum sem völ er á. Það er þess vegna sem niðurstaða hefur orðið um það og samkomulag að stækka verksmiðjuna. En þrátt fyrir að þarna sé mikil hagkvæmni í rekstri þá var það mat stjórnarinnar, sem hefur átt í viðræðum á undanförnum missirum við meðeigendur verksmiðjunnar, að nauðsynlegt væri að stækka hana til þess að verksmiðjan stæðist samkeppni í þessari framleiðslu.

Það var í ljósi þessa sem gengið var svo hart fram í viðræðum við Elkem. Og á fundinum upp á Grundartanga í morgun kom fram það mat fulltrúa Elkem að samningurinn fæli það í sér að Grundartangaverksmiðjan væri sennilega dýrasta verksmiðja í veröldinni. En það sem veldur því að samningar náðust og fulltrúar Elkem og Sumitomo voru til viðræðu um þessa niðurstöðu var að það er einnig þeirra mat að þetta sé mjög vel rekin verksmiðja, þarna sé góður starfsandi og miklir möguleikar séu á því að reka þessa verksmiðju með góðum árangri. En auðvitað er það alltaf þannig að þegar gerðir eru samningar að það þarf að ná málamiðlun, ná niðurstöðu sem allir geta sætt sig við. Það er mitt mat að stækkun um þriðja ofn og heimild til þess að undirbúa stækkun um fjórða ofn og yfirlýsing frá Landsvirkjun um samninga um fimmta ofninn skapi þvílíka möguleika fyrir okkur Íslendinga um iðnaðaruppbyggingu að það sé fyllilega forsvaranlegt og í fyllsta máta hagkvæmt fyrir íslenska ríkið að gera þessa samninga og gera ráð fyrir því að selja sinn hlut í verksmiðjunni. Það er m.a. mikilvæg (Forseti hringir.) trygging fyrir því, tel ég vera, að starfsmenn á Grundartanga hafi starfsöryggi í framtíðinni.

[10:59]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að samningar hafa tekist um stækkun járnblendiverksmiðjunnar og þakka hæstv. iðnrh. hvernig hann hefur haldið á þessu máli af fullri festu gagnvart erlendum viðsemjendum. Í þeim samningum sem hér hafa verið gerðir sýnist mér að hagsmunir Íslendinga séu mjög ásættanlegir. Þeir bæta afkomu fyrirtækisins og treysta verulega atvinnuöryggi starfsfólks til lengri tíma litið.

Mér er það fremur fagnaðarefni að íslenska ríkið eigi enn um sinn jafnstóran hlut í fyrirtækinu og hér er lagt til. Ég trúi því að sú stækkun verksmiðjunnar sem nú er ákveðin og áform um frekari framþróun fyrirtækisins muni bæta mjög afkomu fyrirtækisins og þannig hækka verðgildi þess rúmlega 38% eignarhluta í járnblendiverksmiðjunni sem íslenska ríkið á. Ráðherrann hefur teflt þessa skák býsna vel, hæstv. forseti.

Að þessar framkvæmdir muni valda mikilli þenslu á suðvesturhorninu eins og oft er sagt eru ekki gild rök til að leggjast gegn þessum áformum. Þau eru alveg klár skilaboð til aukinnar atvinnustarfsemi sem víðast á landsbyggðinni. Þau undirstrika að á Íslandi er nú betra starfsumhverfi en verið hefur um langt skeið. Það umhverfi þarf umfram allt að verja og vera okkur hvatning sem allra víðast til aukinnar sóknar til atvinnuuppbyggingar.

[11:01]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég vil í upphafi vísa til utandagskrárumræðu sem var haldin hér fyrir skömmu að frumkvæði Gísla S. Einarssonar, þingmanns jafnaðarmanna, út af þessu máli þar sem hann harmaði þá niðurstöðu sem varð fyrir nokkru þegar slitnaði upp úr samningum. Þar hvatti hann til að málið yrði tekið upp aftur og freistað þess að taka það úr þeim farvegi sem það var í og það hefur orðið. Ég fagna því að svo hafi gerst því eins og skýrt hefur komið fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þá eru kostirnir mun meiri og vega þyngra en gallarnir. Hér ber vitaskuld hæst fjölgun starfa. Það hefur verið mjög misjafn gangur á þessu fyrirtæki. Við höfum lagt í það 4 milljarða. Það hefur búið við mjög lágt

raforkuverð og reksturinn hefur ekki alltaf gengið vel. Það er full ástæða til að halda að það standi til bóta og í mínum huga er meirihlutaeignaraðild ekkert aðalatriði enda hefur sú meirihlutaaðild ekki nýst okkur í reynd. Aðalatriði í okkar huga hlýtur að vera að selja orku á góðu verði, samkeppnishæfu og háu verði, og að skapa skilyrði fyrir góð, vel launuð störf.

Herra forseti. Ég vil benda þingheimi á það, þegar menn tala um verðgildi, að enginn hlutur er meira virði en þriðji aðili er reiðubúinn til að greiða fyrir. Það er hins vegar svo að ekki er hér allt gott. Ég verð að treysta því að þessi verksmiðja muni sýna umhverfismálum og þeim þáttum mun meiri athygli og festu heldur en verið hefur. Það hefur verið aðalgagnrýnisefnið með réttu gagnvart þessu fyrirtæki. Það verður vitaskuld að gaumgæfa mjög vel við veitingu frekara starfsleyfis að öll ströngustu skilyrði varðandi umhverfismál verði uppfyllt.

[11:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mætti halda að mikil hátíðarstund væri runnin upp hér á Alþingi. Hæstv. iðnrh. hefur unnið það afrek að afhenda erlendu fyrirtæki, einu fyrirtæki, Elkem, meiri hlutann í Íslenska járnblendifélaginu. Síðan kemur hæstv. iðnrh. og talar eins og sá sem valdið hefur í þessu máli. Hver hefur valdið? Hver ræður þróun þessa fyrirtækis á næstu árum? Það er ekki íslenska ríkið. Það er ekki iðnrn. sem býður þar, enda ætlar ríkið að losna við þetta sem allra fyrst, hlut sinn í félaginu. Menn ættu að fara yfir sögu Elkem og hvernig það fyrirtæki hefur staðið að málum. „Ýtrustu mengunarvarnir", segir hæstv. iðnrh. Já, hann var umhvrh. hér á dögunum líka. Hvernig ætli þær ýtrustu umhverfisvarnir verði? Ef litið er á það sem til stendur varðandi álbræðslu á Grundartanga þá vitum við hvað ríkisstjórnin og talsmenn hennar skilja undir ýtrustu umhverfisvörnum. Hér er m.a. stefnt í að bæta í losun á brennisteini án nokkurrar hreinsunar. Ég á eftir að sjá að það komi tillaga um vothreinsibúnað á þessa verksmiðju. Ég á eftir að sjá það. Hér er stefnt í að bæta í losun á koltvíoxíði frá Íslandi um nálægt 150 þús. tonn. Hvað var ákveðið með skógræktaráætluninni? Voru það 150 þús. tonn? Það voru 22 þús. tonn sem sem kosta 450 millj. Hvernig standa samningar hæstv. umhvrh. varðandi þetta stóra mál sem tengist loftslagsbreytingum? Ísland er að bruna fram úr skuldbindingum sínum. Með þessari ákvörðun er verið að þrengja að öðru atvinnulífi í framtíðinni þegar það verður, ef til vill í lok þessa árs, lagalega skuldbindandi fyrir Íslendinga að draga úr þessari losun. Hver á að draga úr losun? Fiskveiðar eða ferðaþjónusta? Menn ættu aðeins að gæta að sér áður en fleiri ræður af þeim toga sem sumir hafa haldið hér eru haldnar á Alþingi.

[11:05]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að taka þetta mál upp á þessum tímapunkti. Fyrir um tveim vikum síðan voru málefni Íslenska járnblendifélagsins til umræðu á Alþingi og sú staða sem þá var komin upp þegar slitnað hafði upp úr viðræðum eigenda fyrirtækisins um stækkun verksmiðjunnar. Að mínu mati var þá komin upp sú versta staða sem við gátum staðið frammi fyrir, staða fyrirtækisins til framtíðar var mjög ótrygg og ekkert útlit fyrir aukna starfsemi þess. Síðast en ekki síst er það mitt mat að atvinnuöryggi starfsmanna til lengri tíma litið hafi verið í hættu. Umræðan á Alþingi á þeim tíma bar keim af álíka sjónarmiðum og fram komu áhyggjur hv. alþm. vegna stöðu málsins þá.

Skiptar skoðanir hafa verið um eignaraðild eigenda fyrirtækisins en sá þáttur tengist einmitt umræðunni um stækkun verksmiðjunnar. Ég tel að það eigi ekki að vera markmið í sjálfu sér að íslenska ríkið eigi meiri hluta í þessu fyrirtæki. Markmiðið hlýtur að vera að tryggja starfsemina í sessi, bæta afkomu fyrirtækisins og tryggja atvinnuöryggi starfsmanna til lengdar. Nú blasir við gerbreytt staða í þessu máli frá því sem var fyrir um það bil tveimur vikum síðan. Ég fagna þeim samningum sem hafa náðst um stækkun verksmiðjunnar og tel niðurstöðuna vel viðunandi.

Eins og fram hefur komið mun eignarhald eigenda breytast samkvæmt samningunum. Íslenska ríkið gefur eftir meiri hluta sinn í hlutafélaginu og í framhaldi verður fyrirtækið gert að almenningshlutafélagi. Hins vegar er það svo að ýmsum er það nokkurt áhyggjuefni hvaða aðili það er sem mun eignast meiri hluta í þessu fyrirtæki. Þessi breytta staða málsins mun þýða að fram undan eru stóraukin umsvif í þjóðfélaginu, starfsemi fyrirtækisins verður tryggð til lengdar litið og þessu fylgja miklir efnahagslegir ávinningar fyrir þjóðarbúið. Síðast en ekki síst fjölgar störfum í þjóðfélaginu og það styrkir atvinnusvæðið og byggðirnar í nágrenni við Grundartanga og því ber sérstaklega að fagna.

[11:08]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég vil svara nokkrum spurningum sem beint hefur verið til mín. Fyrst varðandi spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um tilboð Landsvirkjunar til Columbia. Það hefur legið fyrir mjög lengi að staðið hefur til að stækka ef af framkvæmdum verður um byggingu álvers á Grundartanga, en þá er þar um fyrsta áfanga að ræða, þ.e. 60 þús. tonna byggingu, og gert er ráð fyrir að þar muni rísa, þegar fram líða stundir og ef af þessu verður, 180 þús. tonna verksmiðja. Viðbrögð forstjóra Landsvirkjunar voru hins vegar þau, þegar hann sá fram á að hugsanlega væri sá möguleiki að falla fyrir borð að hægt væri að selja raforku til járnblendifélagsins, að leita að nýjum markaði eins og honum ber lögum samkvæmt.

Hv. þm. Svavar Gestsson, kvartaði undan því að hv. þingmenn hefðu ekki haft gögn í málinu til að átta sig á. Því miður er það nú svo að ekki var gengið frá þessum samningum fyrr en eftir miðnætti í gærkvöldi með formlegri undirritun, en við munum innan tíðar koma gögnum og upplýsingum til hv. þingmanna um hvað í þessum samningi felst.

Spurt var um ábatan af þeim raforkusamningi sem þarna hefur verið gerður. Það er ljóst að núvirt verðmæti Landsvirkjunar af þessum raforkusamningi við járnblendifélagið á samningstímanum eru 600 millj. kr., 600 millj. kr., sem munar verulega um fyrir það fyrirtæki til að ná þeim áföngum sem menn hafa mótað í lækkun orkuverðs í landinu.

Það má endalaust deila um það og það verður sjálfsagt deiluefni hér hvert hið raunverulega verðmæti fyrirtækisins er. Það kann vel að vera að það sé hærra en 245 millj. norskra króna. Ég ætla ekki að leggja mat á það. Þetta var samningsniðurstaðan fengin með ráðgjöf bestu og færustu aðila á þessu sviði. En í samningunum síðustu daga tókst okkur hins vegar að hækka þetta verðmætamat um 200 millj. ísl. kr. og ég tel það vera nokkurn ávinning vegna þess að fyrra verð sem rætt var um var 225 millj. norskra króna.

Varðandi minnihlutaréttindin þá er ljóst að þegar þau bréf sem ríkið á í þessu fyrirtæki eftir þessa breytingu verða sett á markað þá mun það leiða til þess að ekki er hægt að hafa neinar hömlur á slíkum bréfum, þar af leiðandi eru minnihlutaréttindi ekki tryggð í þessu fyrirtæki eins og áður var enda nauðsynlegt að (Forseti hringir.) komast út úr slíkum hlutum ef menn ætla að gera þetta fyrirtæki að verðmætum fyrir ríkið.

Þeir samningar sem nú hafa verið gerðir skapa okkur stóraukin atvinnutækifæri og stóraukna sókn í atvinnu- og iðnaðaruppbyggingu á landinu. Og í nýju starfsleyfi fyrir þetta fyrirtæki munu verða gerðar ýtrustu kröfur í umhverfismálum. (Gripið fram í.)

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 346. mál (yfirstjórn). — Þskj. 738.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:13]

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, KH, LB, MagnA, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvÁ, VS, ÖJ.

5 þm. (HG, KHG, MF, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

28 þm. (ÁE, ÁMM, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, HÁs, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LMR, RA, RG, SJóh, SF, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:11]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér eru greidd atkvæði við 3. umr. um að flytja brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins frá félmrn. til umhvrn. Ég hélt nú, virðulegur forseti, satt að segja að umhvrn. hefði alveg nóg að sýsla þó ekki væri verið að taka við þessum pakka frá hæstv. félmrh. sem hann út af lífinu vill losna við vegna þeirra vandkvæða sem hafa verið innan þessarar stofnunar um lengri tíma. Umhvrn. okkar, því miður, er þannig statt að það er aldeilis skelfilegt upp á að líta. Mér sýnist að það sé að verða brýnt að gerð verði stjórnsýsluendurskoðun á þessu ráðuneyti. Ég held að það væri ástæða til að gera það áður en þessi ákvörðun hér er tekin til að átta sig á því hvort ástæða sé til að vera að hlaða fleiri pinklum á þetta ráðuneyti eins og þar hefur verið staðið að málum. Ég efa það stórlega. Þetta er heldur dapur dagur fyrir hæstv. umhvrh. að eiga að fara að axla þennan pinkil.

[11:13]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil bara ítreka að þetta er samkomulagsmál í allshn. þar sem allir fulltrúar nefndarinnar eru samhljóða í sínu mati á því að þetta frv. nái fram að ganga, þar á meðal fulltrúi Alþb.

Enn fremur vek ég athygli á því að bæði brunamálastjóri og fulltrúi frá Landssambandi slökkviliðsmanna voru fengnir sem gestir til að ræða þetta mál og enginn ágreiningur hefur komið fram um það.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 748).

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706.

[11:16]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er aðeins um liðið síðan umræða hófst um þetta mál. Það var gerð ítarleg grein fyrir helstu efnisatriðum málsins af hálfu annars nefndarmanns í efh.- og viðskn. í þingflokki jafnaðarmanna, hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni. Mér þykir samt ástæða til að draga fram nokkra þætti þessa máls og þá einkum að þetta verður að skoðast ekki aðeins út frá þeirri formbreytingu sem er fyrirsögn frv., þ.e. breyting á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög, heldur í víðara samhengi, ekki hvað síst það ákvæði frv. um að auka hlutafé um allt að 35% og selja það á almennum markaði.

Hér er verið að breyta fyrirkomulagi á ríkisviðskiptabönkum sem eiga sér mjög langa sögu og mjög langa pólitíska sögu hér á landi. Það þekkja það allir sem vita að ríkisbankakerfið hefur í marga áratugi verði meira og minna undir stjórn tveggja stjórnmálaflokka, þ.e. Sjálfstfl. og Framsfl., og tengdra fyrirtækja. Þessi helmingaskiptaregla í íslenskum fjármálaheimi og atvinnulífi hefur verið við lýði býsna lengi og í sjálfu sér erum við að takast hér á um einn anga þessa máls. Það breytir því þó ekki að flest nágrannalönd eru að draga sig út úr beinum rekstri á fjármálamarkaði.

Flest nágrannalönd okkar hafa farið þá leið að breyta rekstrarformi ríkisfyrirtækja. Mörg ríki hafa farið þá leið að selja það sem fyrrum voru ríkisfyrirtæki og hraði í því ferli fer eftir pólitískum skoðunum ríkisstjórna hverju sinni. Hér á landi höfum við hins vegar búið við tiltölulega veikan fjármagnsmarkað og þá sérstöðu að nær allur fjármagnsmarkaðurinn hefur verið rekinn af hálfu ríkisins sem er nú orðið einsdæmi í Evrópu.

Í skjóli þessarar stjórnmálalegu forsjár á ríkisbankakerfinu, einkum af hálfu Sjálfstfl. og Framsfl., hefur vitaskuld ekki verið gætt eðlilegra viðskiptalögmála nema að hluta. Þannig hafa þessar ríkisbankastofnanir oft lent í því að þurfa að útfæra pólitíska stefnu stjórnvalda, t.d. þætti í byggðastefnu, sem hefur valdið þeim íþyngingu í rekstri.

Alþjóðlegar kannanir hafa sýnt að víða er pottur brotinn í íslensku bankakerfi. Slakur rekstur er einkennandi, mikill vaxtamunur og há þjónustugjöld. Ef maður ber íslenskan bankarekstur saman við banka í útlöndum þá blasir þessi staðreynd við. Og það eru neytendur, einstaklingar og fyrirtæki sem borga þessa stöðu íslenska bankakerfisins. Það er enginn annar sem gerir það. Enginn annar en fyrirtæki og neytendur. Rekstrarkostnaður bankakerfisins er yfir 13 milljarðar eða jafnmikið og Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur kosta. Þetta er meira en allt skólakerfið fyrir utan grunnskólana kostar hér á landi. Þetta eru vitaskuld gífurlegar fjárhæðir og það ber að kanna allar leiðir til að finna þessum rekstri betri farveg hvað varðar hagkvæmni.

Það er ekki aðalatriði í þessu máli hvort að bankarnir séu reknir í ríkiseign eða í einkaeign. Það er í mínum huga ekki aðalatriði í þessu máli heldur þetta: Ríkir samkeppni á fjármagnsmarkaði? Það er það sem þarf að tryggja því það er samkeppnin á fjármagnsmarkaði eins og á markaði almennt sem tryggir hagkvæman rekstur og lág gjöld fyrir neytendur hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Það er orðið samkeppnisvæðing sem á að vera aðalatriðið hjá okkur

í umræðu um atvinnulífið hvort sem þessi atvinnustarfsemi er í eign ríkisins eða ekki.

Við Íslendingar búum við þá staðreynd að hér er mjög lítill markaður. Við erum ekki nema 270 þúsund talsins sem gerir það að verkum að markaður fyrir fyrirtæki hér er mjög lítill. Það er alþekkt úr markaðsfræðinni og rekstrarhagfræðinni að við slíkar aðstæður getur sú staða skapast að það séu tiltölulega fá fyrirtæki sem ráða ferðinni og starfa í einstökum greinum. Það er einmitt þetta sem við höfum horft upp á á mjög mörgum sviðum hér á landi. Það er fákeppni og fákeppni á mjög mikilvægum sviðum þar sem örfáir aðilar eru að keppa. Þar er samkeppnin að hluta til alls ekki jafngrimm og hún gæti verið ef fleiri aðilar væru á markaðnum. Við sjáum þessa fákeppni endurspeglast í stöðu og styrkleika nokkurra stórfyrirtækja hér á landi sem ráða meginþáttum í efnahagskerfinu hér. Allt eru þetta fyrirtæki sem bera höfuð og herðar yfir önnur og starfa á sviðum þar sem ekki er um mikla samkeppni að ræða. Við getum nefnt olíurekstur. Það eru ekki nema þrjú fyrirtæki sem standa í þeim rekstri hér á landi. Við getum nefnt tryggingarekstur. Við getum nefnt flutningarekstur og þannig mætti telja áfram. Allt eru þetta mikilvæg atvinnusvið þar sem fákeppni er einkennandi.

Það er líka merkilegt, og verður að hafa í huga í sambandi við þessa umræðu, vegna þess að ríkisviðskiptabankakerfið er pólitískt, hefur haft stimpil Sjálfstfl. og Framsfl. um áratuga skeið, að sú barátta, sem hefur verið háð alla þessa öld milli þessara tveggja stærstu flokka þjóðarinnar á pólitíska sviðinu, hefur einnig gerst á fyrirtækjasviðinu. Allir þekkja þá sögu sem skapaðist milli svokallaðs einkaframtaks og samvinnuhreyfingarinnar hér á árum áður.

Nú er komin upp önnur staða á þessum fákeppnismarkaði en hún er alveg sama markinu brennd og sú fyrri. Við erum annars vegar með tvö mjög stór og öflug fyrirtæki, Eimskipafélag Íslands, sem er langstærsti flutningsaðilinn hér á landi, og Sjóvá-Almennar, sem er næststærsta tryggingafélag landsins. Þetta eru geysilega öflug fyrirtæki, vel rekin fyrirtæki og hafa mjög mikil eignaleg tengsl inn í annan atvinnurekstur hér á landi. Þessi fyrirtæki og forsvarsmenn þeirra tengjast Sjálfstfl. mjög sterkt. Það þarf ekki annað en að líta bæði á stjórnir og framkvæmdastjórn í þessum fyrirtækjum og þá sjáum við að öll þessi andlit er hægt að finna á landsfundi Sjálfstfl. hverju sinni. Hins vegar höfum við líka tvö fyrirtæki, mjög stór og öflug, Vátryggingafélag Íslands, VÍS, og Olíufélagið, ESSO. Þetta eru sömuleiðis stór og öflug fyrirtæki og vel rekin sem eiga eignaleg ítök mjög víða í íslensku atvinnulífi. Þessi tvö fyrirtæki tengjast Framsfl. meira en nokkru öðru stjórnmálaafli enda að hluta til runnin upp úr hinu eldra samvinnuveldi sem hér réði miklu á árum áður.

Undanfarin ár hefur átt sér stað ákveðin barátta í íslensku atvinnulífi milli þessara tveggja fylkinga og í fylkingarbrjósti hafa verið þessi tvö fyrirtæki á sínum vængnum hvort. Menn hafa séð þessar fylkingar takast á með hvað skýrustum hætti í sjávarútvegi undanfarin ár. Hér eiga sér stað átök, framlenging á pólitískum átökum fyrri tíma milli helmingaskiptaflokkanna sem voru á pólitíska sviðinu en einnig á hinu efnahagslega. Nú eru þessi pólitísku átök farin að færast miklu sterkar út í atvinnulífið en var áður. Þessir aðilar sem tengjast hvor sínum stjórnmálaflokki þó ég geri mér vitaskuld fulla grein fyrir að hér er ekki verið að segja að þessir menn séu að reka fyrirtæki til hagsmuna fyrir stjórnmálaflokka, svo er ekki. Hins vegar eru þessi ósýnilegu og sýnilegu tengsl, hagsmunatengsl þessara einstaklinga mjög greinileg í samfélagi okkar. Við eigum að skoða, herra forseti, frv. í ljósi þessarar stöðu.

Ég er þeirrar skoðunar að hlutafélagsformið sé hið eðlilega rekstrarform í atvinnulífinu. Það er almenn löggjöf um það rekstrarform og var einmitt í gær verið að takast á um einn þátt þessa forms þegar ráðherra skildi ekki formbreytinguna betur en svo að hann hélt að með því að fara einmitt í hið opna hlutafélagsform gæti hann skellt aftur öllum hurðum hvað varðar upplýsingagjöf. Sá hæstv. ráðherra, samgrh., skildi ekki betur þá formbreytingu sem þar átti sér stað. En sú umræða verður að bíða betri tíma.

Það er hins vegar full ástæða til þess, úr því ég nefni það atriði, að spyrja hæstv. viðskrh. hvernig verður háttað upplýsingagjöf varðandi t.d. þá þætti sem spurt var um í fyrirspurninni sem rædd var í gær, þ.e. beðið var um upplýsingar um launakjör æðstu stjórnenda, upplýsingar sem hluthafar geta alltaf kallað eftir á hluthafafundum. Mér þætti fróðlegt að vita, herra forseti, hver afstaða viðskrh. er þegar þetta frv. er orðið að lögum, hann fer með 100% eignarhlut ríkisins, er eini hluthafinn. Hvernig mundi hann svara því ef samsvarandi fyrirspurn kæmi fram hér á hinu háa Alþingi, þar sem spurt væri um eitthvað sem viðkemur rekstri, eitthvað sem viðkemur launakjörum æðstu manna, þ.e. hvaða upplýsingaskyldu telur hann sig hafa gagnvart Alþingi þegar að því kemur. Ég held að það væri mjög athyglisvert að vita sjónarmið ráðherra í þessu máli því þetta mál er ekki útrætt á hinu háa Alþingi.

Ég vil sömuleiðis spyrja hæstv. ráðherra, því frv. sem við erum að ræða nú ber þess merki að heimavinna hafi ekki verið unnin. Það fylgja þessu ekki þær úttektir og mat á áhrifum sem er nauðsynlegt. Þá er ég að vitna til fyrirspurnar sem þeir hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðmundur Árni Stefánsson hafa lagt fram hér á hinu háa Alþingi og nokkrar deilur hafa skapast um, ekki út frá spurningunum eða efni þeirra heldur út frá forminu. Ég ætla ekki að ræða það hér. En þar er m.a. spurt hvort farið hafi fram úttekt þar sem fram komi mat á áhrifum á t.d. erlend lánskjör, markaðsvexti, afnám ríkisábyrgðar, stöðu tryggingarsjóðs, lánskjör þjóðarinnar, fákeppni, trúnað í bankakerfinu, samkeppnisstöðu, starfsöryggi og skattgreiðslur og áhrif á ríkissjóð. Þetta eru nokkur atriði úr þessari fyrirspurn. Þar er líka vikið að mati erlendra aðila frá því fyrir nokkrum árum um að afnám ríkisábyrgða mundi auka lántökukostnað. Allt eru þetta atriði sem nauðsynlegt er að fá afstöðu til, úttekt á og skýringar.

Ég vildi biðja hæstv. viðskrh. um að tjá sig um þessa fyrirspurn og þau efnisatriði sem þar koma fram og spyr hann hvernig hann ætlar sér að svara spurningunum, í hvaða farvegi þær úttektir og sú vinna getur farið fram. Ég tel nauðsynlegt að þetta liggi hér frammi við umræðuna ekki síst í ljósi þess að deilur hafa verið uppi um formið varðandi þessa tilteknu fyrirspurn.

Annað vildi ég nefna. Þegar einkavætt er hér á landi, þ.e. hlutir teknir úr ríkisrekstri og talað um einkavæðingu sem eru trúarbrögð þessarar ríkisstjórnar, sérstaklega Sjálfstfl., þá er hér um að ræða mikinn misskilning því það er ekki einkavæðing sem á að tala um, það á að tala um samkeppnisvæðingu.

Við höfum séð það gerast að einkavæðingin hefur orðið einkavinavæðing. Við höfum séð að fyrirtæki hafa farið úr ríkisrekstri til þess eins að fara í fákeppnisrekstur nokkurra aðila. Þá, herra forseti, er verr af stað farið en heima setið.

Aðalatriðið við breytingar á íslenska bankakerfinu, og þær eru nauðsynlegar, er að þær séu gerðar þannig að samkeppni sé tryggð, áhrif margra séu tryggð en ekki áhrif fárra.

Hér eru stigin fyrstu skref til að minnka hlut ríkisins, að auka hlutafé um 35% og selja það. Það er ekki, herra forseti, kveðið á um hvort selja megi öll þessi 35% kannski að helmingi til Eimskips og að helmingi til VÍS. Það er ekkert kveðið á um það í þessu frv. Og það er fráleitt að afgreiða þetta jafnvel þótt stjórnin hafi til þess þingmeirihluta. Ég boða strax, hér og nú, brtt. Ef ekki tekst að hnekkja hér öðrum ákvæðum þá munum við jafnaðarmenn flytja brtt. um að ætli ríkisstjórnin að fara þessa leið þá skuli hún alla vega gera það með ákvæði í lögum um að t.d. einn aðili megi ekki kaupa meira en 5% af þessum 35% eða eitthvað þess háttar. Þá brtt. munum við jafnaðarmenn flytja við 2. umr. Það er forkastanlegt en sýnir samt pólitík að ríkisstjórnin skuli leggja þetta fram svona. Vegna þess að hún er ekkert að einkavæða. Hún er að færa pólitískt forræði ríkisviðskiptabankanna yfir á forræði vinafyrirtækja sinna í þessu þjóðfélagi sem eru tengd stjórnmálaflokkunum. Það er það sem er að gerast. Það sem ég hef verið að draga upp eru þessi átök sem áttu sér stað á árum áður milli samvinnuhreyfingar og einkaframtaks, milli Sjálfstfl. og Framsfl. Þeir tóku höndum saman nokkrum sinnum í ríkisstjórn og skiptu upp á milli sín atvinnurekstrinum þegar þeim passaði, eins og frægasta dæmið sýnir sem er verktakaiðnaðurinn á Keflavíkurflugvelli þar sem menn gerðu sitt fræga helmingasamkomulag. Þessi stefna þessara tveggja flokka endurspeglast í frv. Það sem mér finnst miður er að ekki skuli vera gengið róttækt til verka og stokkað upp í íslenskum bankaheimi.

Það hefði t.d. verið hægt að gera með því að breyta vitaskuld báðum bönkunum í hlutafélagsform, að því tilskildu að ráðherrarnir ætli ekki að misnota það form — við fáum nú einhver svör við því hjá ráðherranum — og ríkið mundi þá áfram eiga annan ríkisbankann en taka hinn — ég er ekki á þessu stigi málsins að tilgreina hvorn — og selja í honum hlut, bjóða t.d. út á erlendum markaði þannig að við fengjum sterka erlenda eignaraðild í öðrum ríkisviðskiptabankanum, t.d. allt að $^1/_3$. Ég held að það væri mjög gott fyrir íslenskan fjármálaheim að fá slíka sterka þátttöku erlendis frá sem mundi örva fagleg vinnubrögð og veita nýja sýn á rekstur bankakerfisins. Ég tel að svona ætti að standa að málum. Það er betra að hafa faglegan erlendan banka í rekstri hér heldur en þessa fákeppnisaðila í hinu þrönga íslenska atvinnuumhverfi þar sem allir eru meira og minna tengdir og eru ekki hvað síst að gæta síns pólitíska baklands. Síðan er hugmynd sem við höfum velt fyrir okkur og hefur verið kastað fram í umræðunni. Hún er sú hvort ekki gæti verið skynsamlegt að dreifa eignaraðildinni þannig að ríkið mundi senda öllum fjárráða Íslendingum hlutabréf í þeim banka sem verið væri að einkavæða. Þá væri tryggð breið eignaraðild og vitaskuld mundi skapast eftirmarkaður eftir það. Einhverjir mundu eiga hlutabréf sín og einhverjir mundu selja. Og vitaskuld væri hægt með löggjöf að tryggja að enginn mætti eignast meira en 5% eða hafa meira en 5% atkvæðisrétt á hluthafafundi af innlendum aðilum. Þetta er hugmyndafræði sem mér finnst full ástæða til að ræða hér því það er mikilvægt að hafa í huga að það er ekki ríkisstjórnin sem á þessa banka, og það er ekki Sjálfstfl. og ekki Framsfl. sem eiga Landsbankann eða Búnaðarbankann þó að þeir hafi rekið þá frá stofnun þeirra, það er þjóðin, íslenskur almenningur, sem á þessar bankastofnanir. Og ef menn vilja koma þessum bankastofnunum í eigu annarra en ríkisins, þá er náttúrlega einfaldast og eðlilegast að þær fari beint í eigu fólksins í landinu. Vitaskuld má líka hugsa sér að ef til sölu kemur þá fái starfsmenn möguleika til að kaupa hlutabréf á ívilnandi kjörum. Sú leið hefur oft verið farin. Ég vil benda á að sú hugmynd sem ég er að lýsa hefur verið útfærð víða erlendis og gefist ágætlega. Það væri miklu nær, herra forseti, að skoða þetta mál út frá einhverri slíkri róttækni sem þessi hugmynd og aðrar svipaðar hafa í för með sér heldur en að leggja til þetta frv. hér, sem fjallar ekki um neitt annað en að byrja á að búa til möguleika til að koma bankastofnununum yfir í hið tiltölulega þrönga atvinnuumhverfi sem við því miður búum við.

Það sýnir best hvað helmingaskiptareglan er rík að í frv. er ekkert kveðið á um fjölda bankastjóra. Það er ekki kveðið á um að það sé einn bankastjóri sem eigi að reka bankann, eins og oft hefur verið talað um að yrði, eða þá þrír. Ástæðan er einföld. Ríkisstjórnarflokkarnir eru ekki búnir að semja um hver fær hvaða bankastjórastöðu og hvort það eigi að vera yfirbankastjóri eða aðalbankastjóri og hver hann eigi að vera. Það er ekki búið. Þeir verða líklega þrír og hugsanlega búið að semja um það en ég veit það ekki, ég veit ekki hver fær hvað. Það eru fleiri bankastjórastöður eða stórstöður sem eru núna í samningum milli ríkisstjórnarflokkanna eins og allir vita. Það er forstjórastaðan í nýja Fjárfestingarbankanum og það eru einnig lausar stöður í tengdum ríkisfyrirtækjum og jafnvel rætt um ráðherra í því sambandi. Við sjáum hvað hér er að gerast. Hér er eina ferðina enn verið að hygla pólitískum vinum eða fylgismönnum þessara stjórnarflokka. Ég vil líka taka fram að aðrir flokkar hafa svo sem komið að slíkum viðskiptum heldur en þessir tveir ríkisstjórnarflokkar. Það hafa aðrir komið að slíku. Ekkert er kveðið á um þessi blessuð bankaráð í bönkunum, þ.e. hvort bankaráðsmenn eiga að vera fimm eða fimmtán, en ráðherra skýrir það nú kannski betur. En ég vil vekja athygli á einu. Allt vald er fært til viðskrh., hann fer einn með valdið, 100% atkvæðarétt, hann einn. Ég hef svolitlar áhyggjur af þessu. Ekki vegna þess að ég vantreysti hæstv. iðn.- og viðskrh. Ég treysti honum betur að fara með atkvæðið heldur en kannski hæstv. samgrh. Látum það nú vera. Það má velta vöngum yfir því hvort það fyrirkomulag sé rétt að það sé einungis einn ráðherra. Auðvitað á framkvæmdarvaldið að gera þetta, ég er ekki á því að Alþingi eigi að gera þetta. En ég vek athygli á að það er stór spurning hvort ef til vill eigi að setja einhver nánari fyrirmæli í lög varðandi þennan þátt sem gengju þá út yfir almenn ákvæði sem eru í hlutafjárlögum. Það væri ef til vill ekki óeðlilegt við þessar sérstöku aðstæður.

Það er annað sem menn gleyma mjög oft í þessari bankaumræðu. Menn halda að þetta séu mjög sterkar stofnanir. Þær eru það ekki. Eigið fé Búnaðarbankans er 4 milljarðar, eigið fé Landsbankans er 6 milljarðar. Þetta eru vesælir 10 milljarðar. Það er ekki mikið í íslensku atvinnulífi. Eigið fé Eimskipafélagsins — ég tek það nú stundum sem dæmi, það eru að vísu til sterkari félög heldur en Eimskipafélagið — eigið fé Eimskipafélagsins er núna rúmlega 6 milljarðar, það er meira en eigið fé Landsbankans, það er vanmetið um nokkuð marga milljarða. Markaðsverð Eimskipafélagsins er um 18 milljarðar. Eimskipafélagið er miklu öflugra heldur en báðir bankarnir til samans og fjárhagslegur styrkleiki þeirra tveggja tryggingafélaga sem ég nefndi áðan er miklu meiri heldur en Eimskipafélagsins, þannig að menn sjá í hvílíku umhverfi við erum. Við erum að tala um mjög veikar

stofnanir. Það er ein af ástæðunum fyrir því að þegar kemur að umræðu um fjárfestingarbankann munum við tala fyrir því sjónarmiði að það hefði átt að taka þessa sjóði sem eru í ríkiseigu, setja þá inn í þessa veiku peningastofnanir til að gera þær að alvörubönkum. Það gera þessir menn ekki. Þeir eru að búa til kerfi til að gæta sinna pólitísku hagsmuna. Það er því miður ekki hugsað á rekstrarforsendum. Það er ekki gert, heldur er hér hugsað út frá pólitískum sjónarmiðum fortíðarinnar.

Vitaskuld þarf að gæta mjög vel að réttindum starfsmanna, það er kveðið á um það í lögunum. Þarna eru álitaefni sem hugsanlega getur orðið ágreiningur um eins og biðlaunamál. Vonandi eru lífeyrisréttindi — ég skil það svo að þau séu tryggð með þessu frv. en auðvitað ber að leggja mikla áherslu á það við slíka formbreytingu, ekki hvað síst í eftirmálanum, að hagsmuna starfsmanna sé gætt því það er nú með þessa banka eins og ýmis önnur fyrirtæki í eigu ríkisins að það verðmætasta við þau er starfsfólkið. Það er ekki efnahagsreikningurinn, hann er ekki verðmætur og það er ekki mjög merkilegur efnahagsreikningur þessara banka. Rekstur þeirra hefur reyndar verið misjafn, mjög dapur af hálfu Landsbankans undanfarin ár enda hefur ríkið margoft þurft að grípa inn í þann banka með milljörðum af skattpeningum á meðan rekstur Búnaðarbankans, til að gæta fullrar sanngirni, hefur verið í góðu lagi. Þar hefur mönnum líka tekist betur að halda pólitískum afskiptum frá þeirri bankastofnun heldur en oft áður. Alla vega er mun minna um það í þeim banka heldur en í Landsbankanum þótt í grundvallaratriðum sé þetta allt byggt á pólitískum hlutföllum þessara tveggja ríkisstjórnarflokka. Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að svör fáist við þeim spurningum sem ég gat um hér áðan, einkum hvað varðar þær úttektir eða þau áhrif sem þetta frv. hefur í för með sér. Það er ekki hægt að taka afstöðu til málsins fyrr en þetta liggur ljóst fyrir.

Það verða mín lokaorð í þessari umræðu að það hefði átt að hugsa þetta frv. öðruvísi. Það hefði átt að reyna að stokka róttækt upp þannig að við hefðum staðið með öflugar peningastofnanir, aukna samkeppni, dreifða eignaraðild og hagkvæmari rekstur sem kæmi sér vel bæði fyrir einstaklinga, fyrirtæki og atvinnulífið í landinu.

[11:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spurði við umræðuna hvort eitthvað af þessum rannsóknum hefðu farið fram og könnunum við undirbúning málsins sem komu fram á fyrirspurn á þskj. 730 sem lögð var fram af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni. Það er rétt að mikið af þessu hefur verið kannað. Hér í andsvari treysti ég mér ekki til þess að svara því efnislega en mun síðar við umræðuna leitast eftir að svara þeim spurningum öllum sem fram koma á meðfylgjandi þingskjali. Sé eitthvað sem ekki næst að svara við þessa umræðu þá er ráðuneytið og ég tilbúinn til að láta þingnefndinni í té öll þau gögn sem þar er óskað eftir og vinna að málinu í samvinnu við nefndina á grundvelli þeirra gagna sem óskað er í þessari fyrirspurn.

[11:46]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel mjög mikilvægt að hæstv. ráðherra hafi veitt þetta svar við einni af þeim spurningum sem ég bar upp. Hann sagði efnislega að hann mundi síðar í umræðunni taka til svara nokkur af þeim atriðum sem getið er um í tiltekinni fyrirspurn. Þeim sem hann getur ekki svarað núna og hefur ekki tök á, enda eru margvísleg atriði sem krefjast víðtækari úttektar. Því muni hann hlutast til um að sú vinna fari fram og þetta verði aðgengilegt hjá viðkomandi þingnefnd og komi þá hér inn í þessa umræðu.

Ég tel, herra forseti, að þetta sé mikilvægt mál. Og hann undanskildi ekkert í þessari fyrirspurn sem hér var til umræðu þó að ég hafi bara drepið á nokkra þætti. Hann talaði almennt um öll þessi atriði, að það mundu koma svör við þeim, hluti í umræðunni síðar af hans hálfu og síðar í úttektum sem hann mun standa fyrir og munu verða þá viðkomandi þingnefnd aðgengileg. Ég þakka ráðherra fyrir þessa afstöðu og þann farveg sem hann beinir þessu mikilvæga máli í því að það er alveg ljóst í mínum huga og annarra að þessi efnisatriði eru forsenda þess að fram geti farið vitræn umræða um þetta stjfrv. Það var vanbúið þegar það kom til þings en ráðherra hefur nú bætt nokkuð úr því með svörum sínum við spurningu minni.

[11:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í svari mínu áðan þá mun ég leggja mig fram um það að geta svarað þessum spurningum og að vinnu ráðuneytisins verði beint í þann farveg að menn fái svar við þessum mikilvægu spurningum sem hér er spurt um.

Ég vil hins vegar mótmæla því sem fram kom í máli hv. þm. að stjfrv. sem slíkt eins og það liggur hér fyrir sé vanbúið vegna þess að nefndin undir forustu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar hafði öll þessi gögn til hliðsjónar þegar unnið var að undirbúningi málsins og staðreyndin er sú að um þessi mál hefur mikið verið skrifað á undanförnum árum og margt af því, þó að nokkuð sé um liðið, á fyllilega við enn þann dag í dag. En þetta förum við betur yfir síðar við umræðuna og í nefndarstarfinu.

[11:49]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld getur verið skoðanamunur á því hvort ráðherra telur málið hafa verið vanbúið eða ekki. Ég tel að það hafi verið það. Ég ætla ekki að gera ágreining við hann um það. Hann var fyrst og fremst að mótmæla þeirri skoðun minni að málið væri vanbúið.

Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði áðan um þetta svar ráðherra. Hann mun svara hér síðar hluta af því sem hann getur. Á því sem hann getur ekki svarað mun hann láta fara fram þær úttektir sem eru nauðsynlegar til að svör komi til viðkomandi þingnefnda. Er ekki skilningur minn á svari ráðherra alveg ljós, þ.e. að hann mun setja í gang þá vinnu og þær úttektir sem eru nauðsynlegar til að svara því sem hann getur ekki svarað hér við 1. umr.? Ég sé að hann kinkar kolli. Ég tel það mjög mikilvægt að ef hann mótmælir ekki þessu eins og ég skildi hann og segi hér, þá lít ég svo á að það séu einmitt þau vinnubrögð sem hann er að leggja hér til.

[11:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með því frv. sem hér er til umfjöllunar er verið að stíga mjög afdrifaríkt skref sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar á peninga- og fjármagnsmarkaðinn ef ekki er farið að öllu með gát. Því er mikilvægt að allur undirbúningur sé vandaður, markmiðssetningar skýrar og mat á áhrifum breytinganna liggi ljóst fyrir, til að mynda

á markaðsvexti, erlend lánskjör, fákeppni eða einokunartilhneigingar í bankakerfinu, hver áhrif verði af því að afnema ríkisábyrgð á bönkunum, hver sé staða tryggingarsjóðs til þess að mæta skakkaföllum og um það vil ég spyrja ráðherra sérstaklega við þessa umræðu og hvaða áhrif breytingarnar hafa á öryggi innstæðna.

Eftir því sem ég kemst næst hefur ekki nýverið farið fram þjóðhagsleg úttekt með ítarlegri markmiðssetningu sem í felst skilgreining og útfærsla þeirra markmiða sem starfsemi bankakerfisins er ætlað að ná vegna áforma um hlutafélaga- og einkavæðingu bankakerfisins, áhrif þeirra breytinga á fjármagnsmarkaðinn og ríkisbúskapinn og framkvæmd þjóðhagslegrar kostnaðarábatagreiningar á fyrirhugaðar framkvæmdir.

Það var raunverulega ástæða þess að ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lögðum fram þessa fyrirspurn. Hver er ástæðan fyrir að hún kom ekki fram fyrr og fyrr en frv. um breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélag? Það er einfaldlega vegna þess að ég taldi víst að ráðherrann hefði unnið sína heimavinnu, látið fara fram ítarlega úttekt á áhrifum þeirra breytinga sem hér eru fyrirhugaðar og taldi að ég mundi finna í greinargerð með frv. öll efnisatriði um það mál. Þegar það var ekki þá kannaði ég hjá ýmsum stofnunum, efnahagsstofnunum, Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka, bankaeftirliti og fleiri aðilum hvort þeir hefðu metið þessi áhrif og svo var ekki. Hæstv. ráðherra hafði ekki látið t.d. uppfæra þær mörgu álitsgerðir sem lágu frammi 1991 þegar þá voru áform um að hlutafélagavæða bankana. Þess vegna má raunverulega segja, virðulegi forseti, að málið, fyrst að þessi áhrif liggja ekki fyrir, sé raunverulega vanbúið til 1. umr.

Auðvitað er mikilvægast af öllu að þessar úttektir fari fram, a.m.k. áður en málið verður afgreitt frá þinginu, og áhrifin af breytingunum verði kynnt fyrir Alþingi og þeirri þingnefnd sem fjallar um málið. Hæstv. ráðherra hefur lýst því hér yfir vegna þeirra spurninga sem ekki er hægt að svara við 1. umr. af því að það þarf að fara fram fagleg úttekt og mat á þeim, að það muni hann láta gera á sínum vegum, þ.e. að gera á vegum ráðuneytisins þá úttekt sem um er beðið í 2. tölul. þessarar fyrirspurnar.

Ríkisstjórnin virðist álíta að einkavæðing sé töfralausn sem hvers manns vanda leysir og minna haft fyrir því að meta áhrif hennar á hagsmuni þjóðarheildarinnar eins og hér hefur komið fram. Keppikefli virðist helst vera einkavinavæðing ríkisstjórnarflokkanna. Fákeppni og einokunaraðstaða fárra er orðin vandamál í okkar þjóðfélagi sem á umliðnum árum hefur leitt til valdasamþjöppunar og gert þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari.

Með einkavæðingu alls bankakerfisins sem greinilega er stefnt að er farið inn á braut sem í enn meira mæli mun færa völd og peninga til fárra á kostnað þjóðarheildarinnar. Að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög til að jafna samkeppnisaðstæður á markaðnum og gera bankakerfið hagkvæmara og skilvirkara virðist ekki vera aðalatriðið heldur er það nauðsynlegt skref til að opna fyrir einkavæðinguna og færa fjármagn til örfárra fjársterkra einstaklinga sem smátt og smátt eru að eignast Ísland, ekki aðeins varðandi völd og áhrif heldur eru peningar þjóðarinnar í æ meira mæli að færast á hendur þeirra.

Herra forseti. Ef markmiðið er að jafna samkeppnisaðstæður á markaðinum, gera bankakerfið hagkvæmara og skilvirkara þannig að það verði meira rekið út frá viðskiptalegum sjónarmiðum, m.a. með það að markmiði að afnema pólitísk afskipti og forréttindi toppanna í bankakerfinu, þá er ekkert endilega nauðsynlegt að fara hlutafélagaleiðina. Mér fannst t.d. þegar við ræddum þetta mál hér um daginn, hv. þm. Geir Haarde gera það að aðalmarkmiði, hlutafélagavæðinguna, en það er það í raun og sanni ekki vegna þess að ef markmiðið væri að ná fram kostum hlutafélagavæðingarinnar þá er hægt að fara aðra leið.

Það er beinlínis verra að fara hlutafélagaleiðina nema meiningin sé að fara út í einkavæðingu bankanna eins og hér er stefnt að. Hlutafélagaleiðin er nefnilega lykillinn að einkavæðingunni og þess vegna er hún valin. Það kom reyndar fram í skýrslu bankastjórnar Seðlabankans frá 1991 um breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og mati erlends ráðgjafarfyrirtækis sem Seðlabankinn fékk til að leggja mat á breytinguna, en hjá ráðgafjafyrirtækjunum kom fram að breyting á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög hefði engan sérstakan tilgang nema ætlunin sé að ganga enn lengra með sölu hlutafjár til einkaaðila. Í skýrslu Seðlabankans kom fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Sé markmiðið eingöngu að ná fram breytingum til batnaðar á stjórnarháttum og rekstrarhagkvæmni ríkisviðskiptabankanna án þess að draga úr eignarhluta ríkisins eða stefna að því að einkavæða ríkisbankana með tíð og tíma er vafasamt að breyting þeirra í hlutafélög skipti í raun miklu máli. Aðrar leiðir eru fyrir hendi ...“ Og ég bið hæstv. ráðherra að taka eftir því. „Aðrar leiðir eru fyrir hendi til þess að bæta skipulag og starfshætti ríkisviðskiptabankanna, t.d. með breytingum á bankalögum.“

Ég vitna hér orðrétt í greinargerð bankastjórnar Seðlabankans um þetta efni, en þeir nefna hvaða leiðir er hægt að fara aðrar en að hlutafélagavæða til þess að ná, við getum kallað það samkeppnisvæðingu, og þeim jákvæðu áhrifum sem hlutafélagaformið hefur. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Má þar t.d. nefna eftirfarandi breytingar: Allir starfsmenn, þar á meðal aðalbankastjórar og útibússtjórar, verði ráðnir af bankastjórn og beri eingöngu ábyrgð beint gagnvart henni. Valinn verði formaður bankastjórnar sem ber einn ábyrgð á framkvæmdastjórn bankans gagnvart bankaráði. Bankaráð taki engar beinar ákvarðanir varðandi framkvæmdastjórn bankans, t.d. með því að ákvarða vexti eða aðra viðskiptaskilmála bankans. Breytt verði eiginfjárákvæðum bankanna er geri ríkisviðskiptabönkunum kleift að gefa út víkjandi lán er teljist til eigin fjár, en að því atriði verður nánar vikið síðar.“

Þetta sýnir auðvitað svart á hvítu að hægt er að fara aðra leið ef markmiðið væri að ná fram kostum hlutafélagavæðingar. Og ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Af hverju var þessi leið ekki farin? Þetta er sú leið sem ég teldi að hefði átt að fara. Með því yrði komið í veg fyrir ókosti einkavæðingarinnar sem leiðir af hlutafélagavæðingunni. Þeir eru í fyrsta lagi að ábyrgð ríkssjóðs er virk vegna skakkafalla einkabankanna eins og ég mun koma að síðar og reyndin hefur orðið víða erlendis. Í öðru lagi: Verri lánskjör á erlendum mörkuðum. Í þriðja lagi: Hættu á vaxtahækkunum og auknum lántökukostnaði á innanlandsmörkuðum og í fjórða lagi og ekki síst koma í veg fyrir valda- og eignasamþjöppun í bankakerfinu.

Ég álít það og margir fleiri sem talað hafa á undan mér að nóg sé komið af því. En með þeirri leið sem ég tala fyrir hefði verið hægt að ná fram kostum hlutafélagavæðingarinnar án þess að ókostir hennar sem ég hef hér lýst fylgdu og það tel ég mjög mikilvægt. Ég hef haft þá trú að fyrir hæstv.

ráðherra vekti fyrst og fremst að ná fram kostum hlutafélagavæðingarinnar án þess að fara út í einkavæðingu og ég hef sýnt fram á og mun gera frekar síðar í mínu máli að hægt er að ná fram þeim kostum án þess að hlutafélagavæða.

Við hefðum sem sagt getað breytt bankalögunum með því að draga úr pólitískum áhrifum á ákvarðanir bankanna með því að breyta fyrirkomulagi á stjórnun bankanna. Einn aðalbankastjóri yrði ráðinn sem beri alfarið ábyrgð á daglegum rekstri einkabankanna og taki allar ákvarðanir, svo sem um útlán, lánskjör, gjaldskrár og ráðningu starfsliðs en bankaráð gegni fyrst og fremst hlutverki almennrar stefnumótunar og eftirlits og ráði bankastjóra og segi þeim upp starfi með hliðsjón af þeim árangri sem næst í rekstri bankanna. Mér skilst á þeim orðaskiptum sem hafa orðið um þetta mál að það liggi meira að segja alls ekki fyrir að ráðinn verði einn aðalbankastjóri sem beri alla ábyrgð á rekstrinum eftir að hlutafjárvæðingin hefur átt sér stað, heldur muni kannski verða ráðnir tveir eða þrír bankastjórar samkvæmt helmingaskiptaformúlu ríkisstjórnarflokkanna. Það er nauðsynlegt að fá það upplýst vegna þess að ef svo er, þá er meira að segja sú leið sem ég mæli hér fyrir enn hagkvæmari en hlutafélagaleiðin.

Síðan er auðvitað hægt, án þess að hlutafélagavæða, að fara þá leið að bankaráðið yrði ekki kosið af Alþingi. Það mætti gera með breytingu á bankalögunum og það mætti hugsa sér að viðskrh. tilnefndi í bankaráð ásamt t.d. Seðlabankanum og að starfsmenn bankans fengju a.m.k. tvo fulltrúa í bankaráð. Ég spyr: Er það fyrirhugað af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra, sem skilur það eftir algerlega opið í frv., sem er mjög óvanalegt, hve fjölmennt þetta bankaráð á að vera? Ég tel alls ekki boðlegt fyrir þingið að skilja eftir opið hvort bankaráðið verði þriggja, fimm eða tíu manna. Það hlýtur að koma fram tillaga um það, ef ekki frá efh.- og viðskn. þá frá öðrum þingmönnum, að skýrt verði kveðið á um það hve fjölmennt bankaráðið á að vera. Og ég teldi eðlilegt að starfsmenn ættu sinn fulltrúa í bankaráðinu og spyr hæstv. ráðherra um það: Kemur til greina að starfsmenn ættu aðild að bankaráðinu?

Síðan væri hægt að gera það án þess að hlutafélagavæða að laun stjórenda bankanna yrðu ákveðin af Kjaradómi og forréttindi þeirra í lífeyrismálum afnumin.

Það er nauðsynlegt að fá upplýst það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Ágúst Einarsson, spurði ráðherrann um í tilefni þeirrar umræðu sem varð hér í gær þegar upplýst var að samgrh. telur að með hlutafélagavæðingu Pósts og síma hafi öll stjórnsýslutengsl milli ráðuneytisins og félagsins rofnað og telur til að mynda að Alþingi geti ekki fengið upplýsingar um þann hluta starfseminnar sem snýr að kjörum æðstu yfirmanna Pósts og síma, það eigi að teljast trúnaðarmál. Ég minnist þess, herra forseti, að þegar upplýst var hér um starfskjör bankastjóranna að þá sagði hæstv. viðskrh., og ég vona að hann sé að hlýða á mitt mál, að hann teldi að endurskoða ætti launakjör bankastjóranna þegar þeim hefði verið breytt í hlutafélög. Ég skildi það svo að það væri þá til lækkunar og allar þær miklu sporslur sem þeir hafa af setu í alls konar stjórnum og ráðum sem tengjast bankanum yrðu færðar inn í launakjörin. En er það svo, herra forseti, og ég spyr hæstv. viðskrh. um það hvort að eftir að Alþingi mun hafa afgreitt þetta mál þá hafi dyrum bankastofnananna verið lokað fyrir Alþingi og að það muni þá ekki fá neinar upplýsingar í hvaða farveg launakjör bankastjóranna fara sem að margir hafa gagnrýnt. Ég tel það mjög mikilvægt fyrir áframhald á hlutafélagavæðingu og einavæðingarhraðferð ríkisstjórnarinnar að þingið verði í eitt skipti fyrir öll upplýst um það hvernig það mun hafa aðgang að starfsemi bankanna, þar með talið upplýsingum um starfskjör bankastjóranna og æðstu stjórnenda þar eftir að bönkunum hefur verið breytt í hlutafélög. Ég trúi því ekki, ekki fyrr en ég heyri það, að hæstv. viðskrh. sé sömu skoðunar og hæstv. samgrh. um það efni. (**Viðskrh.:** Ég er sammála þér.) Ja, ég fagna þessu mjög, herra forseti, sem kemur fram hjá hæstv. viðskrh. án þess að hann komi hingað í ræðustólinn. Hann er nákvæmlega sammála mér um hvernig eigi að taka á þessu máli og að Alþingi hafi eftir að hlutafélagavæðingin hefur átt sér stað algjörlega óbreyttan aðgang að upplýsingum um starfsemi bankans, og þar með töldum launakjörum. Ég bið hæstv. ráðherra að staðfesta þetta hér í ræðustól þannig að þetta sjáist í Alþingistíðindum og það sé opinbert þá fyrir alþjóð, sem betur fer, að hæstv. viðskrh. hafi aðra skoðun en hæstv. samgrh. sem vill læsa og loka allt inni fyrir þjóðinni og fyrir Alþingi, loka það inni og þar á allt að fara fram fyrir luktum dyrum.

Ég tel líka að án þess að hlutafélagavæða sé hægt að setja bankanum ströng arðsemis- og rekstrarmarkmið. Þeir lúta nú sömu reglum um eiginfjárstöðu og einkabankarnir og það er hægt að setja þeim ströng arðsemis- og rekstrarmarkmið. Reyndar held ég, virðulegi forseti, að það megi segja að ríkisbankarnir séu á margan hátt kannski betur reknir en einkabankarnir. Og af því að ég er að tala um arðsemis- og rekstrarmarkmið þá hef ég látið taka saman fyrir mig hjá bankaeftirlitinu svör við ýmsum spurningum um afkomu annars vegar ríkisviðskiptabankanna og hins vegar um afkomu einkabankanna. Þar kemur margt mjög athyglisvert í ljós. M.a. virðist það svo að Landsbankinn standi sig best að því er það varðar að taka sem minnst þjónustugjöld, að því er varðar vaxtamun ef við skoðum það sem hlutfall af efnahagsreikningi. Þá kemur það fram að Íslandsbanki er t.d. með í hreinar rekstrartekjur, og þar með talið það sem hann hefur af þjónustugjöldum og vaxtamun, um 7% sem hlutfall af efnahagsreikningi. En hjá Landsbankanum sem margir hér eru að skamma eru rekstrartekjurnar sem hlutfall af efnahagsreikningi ekki nema 5,9%. Í Búnaðarbankanum er það álíka og hjá Íslandsbanka og þar virðast hreinar rekstrartekjur vera mestar hjá sparisjóðunum, 7,8%, sem kom mér mjög á óvart. Ég spyr hæstv. ráðherra: Skýrist þetta af því að sparisjóðirnir og Íslandsbanki taki meiri þjónustugjöld, meiri vaxtamun og hærri þóknanir af sínum útlánum en t.d. Landsbankinn? Ég spyr ráðherrann um þetta og óska eftir að fá svar við því.

Ég er að tala um leiðir til þess að jafna samkeppnisaðstæður í bankakerfinu án þess að fara hlutafélagaleiðina. Við getum nefnt skattalega meðferð sem er hagstæðari hjá einkabönkunum en ríkisviðskiptabönkunum, en bent er á það í nýlegri greinargerð, frá 1995 um samkeppnisstöðu bankanna, að hægt væri að breyta hluta af eigin fé ríkisviðskiptabankanna í stofnfé sem fengi sömu skattalega meðhöndlun og hlutafé. Einnig að gerð sé arðsemiskrafa til viðskiptabanka í eigu ríkisins, svo og krafa um arðgreiðslur sem sé sambærileg við þá sem tíðkast hjá einkabanka. Um leið þurfi að tryggja jafnan aðgang ríkisviðskiptabankanna og einkabankanna að nýju fé og bent er á að þetta mætti t.d. gera með því að taka víkjandi lán á markaði.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann sé á það heppilegum stað í ræðu sinni að hægt sé að gera hlé.)

Það hentar mér prýðilega.

(**Forseti** (ÓE): Það stendur vel á. Þá verður þessum fundi frestað til kl. 13.15.)

[Fundarhlé. — 12:10]

[13:17]

Jóhanna Sigurðardóttir (frh.):

Herra forseti. Í máli mínu áðan kom fram að hægt er að jafna samkeppnisstöðu í bönkunum og samkeppnisvæða þá án þess að fara bakdyramegin til að opna fyrir einkavæðingu eins og hér er gert og ná þannig fram kostum hlutafélagavæðingar með þeim breytingum sem ég hef lýst. En staðreyndin er sú að hlutafélagavæðing eða jöfnun samkeppnisaðstöðu er ekkert markmið hjá ríkisstjórninni þótt að því sé látið liggja í greinargerð með frv. Markmiðið er fyrst og fremst einkavæðing og helmingaskiptaregla Framsfl. og Sjálfstfl. þar sem völdin og áhrifin eru í peningakerfinu. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég undirstrika að ég tel rétt að jafna samkeppnisstöðu í bankakerfinu og á fjármagnsmarkaðinum og breyta stjórnarfyrirkomulagi í ríkisbönkunum og koma í veg fyrir pólitísk afskipti í bankakerfinu, með öðrum orðum að samkeppnisvæða bankana eins og ég hef hér lýst.

Það er nauðsynlegt að vega og meta ítarlega kosti og galla þeirra leiða sem þetta frv. felur í sér. Ég hef áður lýst að þeir kostir felast í hlutafélagaleiðinni sem er fyrst og fremst að jafna samkeppnisaðstöðu í bankakerfinu en hægt er að ná þeim fram með öðru móti en hlutafélagavæðingu ef markmiðið er ekki sala bankanna. Þeir sem segja já við hlutafélagavæðingu eins og málið er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar eru líka að segja já við einkavæðingu bankanna.

Hverjir eru þá ókostir og gallar þeirrar leiðar? Þeir eru fjölmargir og hætturnar víða fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar.

1. Afnám ríkisábyrgðar firrir ríkissjóð ekki ábyrgð ef einkabankarnir verða fyrir skakkaföllum.

2. Næsta gefið er að hvaða girðingar sem menn setja muni þessi aðferð leiða til valda- og eignasamþjöppunar í þjóðfélaginu.

3. Lántökukostnaður mun aukast og dregið verður úr aðgangi bankanna að erlendu lánsfé.

4. Hætta er á að markaðurinn sé ekki í stakk búinn til að mæta verulega auknu framboði á hlutafé og þar með skapist hætta á vaxtahækkun.

Við öllu þessu er varað, öllum þessum fjórum þáttum sem ég hef hér nefnt, í skýrslu eftir skýrslu sem fram komu 1991 og 1992. Alla þessa áhættu eru menn að taka með einkavæðingunni án þess raunverulega að þurfa þess, ef — og ég segi ef — markmiðið væri eingöngu að jafna samkeppnisstöðu og gera bankakerfið skilvirkara og hagkvæmara.

Ég vil nú, herra forseti, fara yfir hvern þessara áhættuþátta fyrir sig og hvaða afleiðingar þeir geta haft.

Varðandi ríkisábyrgðina verður því varla á móti mælt að ríkissjóður er ekki að firra sig ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabanka með afnámi ríkisábyrgðar. Það er bæði hægt að vitna til reynslunnar hér og erlendis og mats og álits Seðlabankans, erlends ráðgjafarfyrirtækis sem Seðlabankinn fékk til að meta breytingarnar á bankakerfinu og ýmissa aðila eins og stjórnenda Búnaðarbankans. Allt eru þetta álitsgerðir frá þeim tíma þegar hugmyndir voru uppi um að hlutafélagavæða ríkisviðskiptabankana 1991.

Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að vitna í allar þessar greinargerðir, greinargerð bankastjórnar Seðlabankans, greinargerð Búnaðarbankans um áhorfsmál um eignaraðild að viðskiptabönkunum, greinargerð Ragnars Arnórssonar prófessors og Birgis Þórs Runólfssonar lektors, grein í Fjármálatíðindum eftir Ragnar Hafliðason frá bankaeftirlitinu, grein eftir Jóhannes Nordal í Fjármálatíðindum. Álit allra þessara sérfróðu aðila sem um málið hafa fjallað ganga á sama veg. Ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum bankanna fellur ekki niður þó að ríkisábyrgð sé afnumin. Og ég vil bara vitna í greinargerð Búnaðarbankans sem var biblía hv. þm. Guðna Ágústssonar sem nú situr í forsetastól. Hún var biblía hans þegar hann var á móti hlutafélaga- og einkavæðingu bankanna. Hann notaði einmitt oft þessa setningu sem er í þeirri greinargerð og vitna ég til, með leyfi forseta:

„Sala ríkisbankanna nú gæti þýtt að einkaaðilum yrði gert kleift að græða á bönkunum í fáein ár, en ríkið sem hinn eiginlegi ábyrgðaraðili yrði að leysa bankana og skuldbindingar þeirra til sín með ærnum tilkostnaði ef illa færi.“ Sú varð raunin á í Noregi, Svíþjóð og í Finnlandi. Þeir segja einnig að óumdeilt sé að ríkið beri ábyrgð á fjármálakerfinu og þar með öllum viðskiptabönkunum hvernig sem eignarhaldi er háttað og vitna í dæmi frá Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.

Mér finnst nú slæmt að hæstv. viðskrh. sé ekki hér við vegna þess að ég vil fá fram skoðun hæstv. ráðherra á því hvort hann telji að með afnámi ríkisábyrgðar sé verið að firra ríkisviðskiptabankana ábyrgð á skuldbindingum bankanna. Ef ráðherrann er ekki sammála mér, þá hlýt ég að koma aftur upp í umræðunni og lesa yfir allar þessar álitsgerðir frá fimm eða sex aðilum sem fjölluðu um þetta mál og hafa besta þekkingu til.

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur gert ráðstafanir til að kanna hvort hæstv. viðskrh. verði ekki hér innan stundar í húsinu.)

Þá væri ágætt að stoppa klukkuna á meðan.

(**Forseti** (GÁ): Vill hv. þm. fresta ræðu sinni?)

Ég get reynt að halda áfram, en það er auðvitað æskilegt að hæstv. ráðherra sé við.

Við höfum reynslu af því hér á landi að ríkið hefur þurft að leggja fram verulega fjármuni til að forða kreppu í bankakerfinu. Það er þó a.m.k. hingað til í engri líkingu við það sem hefur gerst í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi þar sem einkabankarnir hafa haft á hendi stærsta hluta inn- og útlána bankakerfisins. Reynslan af bankakreppunni í Noregi, Svíþjóð og Finnland þar sem ríkisvaldið varð að koma einkabönkunum til aðstoðar og leggja þeim til gífurlegar fjárhæðir til að verja fjármálakerfið hruni er lýsandi dæmi um hvernig ríkið er í raun og veru bakhjarl einkaaðilanna þegar í harðbakka slær og einmitt lýsandi dæmi um það sem stjórnendur Búnaðarbankans héldu fram í sínu áliti. Í grein í Fjármálatíðindum 1994 eftir Sigurjón Gestsson kemur fram um hve gífurlegar fjárhæðir er að ræða. Þar kom fram að í lok árs 1993 hafi finnska ríkið beint og óbeint lagt til samtals 39 milljarða finnskra marka í formi ábyrgða, víkjandi lána og eiginfjárframlaga til finnska bankakerfisins en það er um 8% af þjóðarframleiðslu Finnlands. Þannig hafa finnskir skattgreiðendur orðið að bera ábyrgð svo tugum milljarða skiptir vegna einkabankanna og fjármagnseigenda sem hirða gróðann en láta skattgreiðendur greiða fyrir skakkaföll af óábyrgum gerðum sínum. Og ef bankahrun hér, herra forseti, hefði verið af sambærilegri stærðargráðu og í Finnlandi, eða sem samsvarar 8% af þjóðarframleiðslu, þá værum við að tala um um eða yfir 40 milljarða kr. sem lent hefðu á

skattgreiðendum. Heldur minna var það í Noregi og Svíþjóð á sínum tíma en upphæðirnar eru þar svimandi háar. Þetta sýnir okkur auðvitað svart á hvítu einkavæðingu í skjóli pilsfaldakapítalisma en í þessum löndum og a.m.k. Svíþjóð og Finnlandi eru einkabankarnir stærsti hluti bankakerfisins á móti því að hér á landi eru um 60% innlána og útlána hjá ríkisviðskiptabönkunum.

Ég kýs, herra forseti, að fresta máli mínu þar til hæstv. viðskrh. kemur í salinn.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti verður við ósk hv. þm. og frestar þessum fundi til kl. 13.30 eða rúmar 5 mínútur. — Ber nú svo við að hæstv. viðskrh. gengur í salinn og sér þá forseti ástæðu til þess að fundinum verði fram haldið og biður hv. þingmann að hefja ræðu sína á nýjan leik.)

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. af því að ég fór hér nokkrum orðum um það að ríkissjóður væri ekki að firra sig ábyrgð á skuldbindingum bankanna þó að þeir væru hlutafélagavæddir. Ég er hér með fimm eða sex skýrslur og greinargerðir frá fyrri árum þar sem þetta er staðfest. Ég tel ástæðu til að koma aftur upp í umræðunni nema ráðherra taki undir það þannig að afdráttarlaust liggi fyrir hver ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisbankanna er eftir að þeir hafa verið hlutafélagavæddir.

Ég vil líka nefna, herra forseti, að það er athyglisvert að þó að útlánatöp viðskiptabankanna hér á landi hafi verið gífurleg á sjö árum, eða um 45 milljarðar kr., þá hafa þau verið mun meiri á hinum Norðurlöndunum þar sem bankakerfið er að miklu leyti einkarekið. Sem dæmi má nefna að á árunum 1990–1993 þegar útlánaafskriftir voru gífurlega miklar á Norðurlöndunum, þá voru þær þó að meðaltali langlægstar á Íslandi. Einkarekið bankakerfi er því síður en svo trygging fyrir meiri hagkvæmni, betri rekstri eða betri þjónustu við skattgreiðendur. Reynslan sýnir þvert á móti að einkareknir bankar í þessum löndum hafa verið gífurlega þung byrði fyrir skattgreiðendur.

Það sem kemur mér mest á óvart, virðulegi forseti, er að framsóknarmenn hafi fengist út í þau einkavæðingaráform sem hér eru á döfinni. Og ég trúi því ekki fyrr en á reynir að t.d. hv. þm. og bankaráðsmaður í Búnaðarbankanum, Guðni Ágústsson, sé orðinn eins og umskiptingur og virðist ætla að láta teyma sig í einkavæðinguna og í ginið á kolkrabbanum eins og hæstv. núv. viðskrh. sór af Framsfl. þegar hann var óbreyttur þingmaður. En ég ætla að hlífa hv. þm. Guðna Ágústssyni að fara yfir hans ræðu frá þeim tíma þar sem hann talaði mjög gegn hlutafélagavæðingu og einkavæðingu bankanna og taldi að með því værum við að fara í ginið á kolbrabbanum. Ég vil frekar afhenda honum ræður hans til þess að hann geti rifjað upp ummæli sín frá þeim tíma og ég ætla að vona að hann iðrist og breyti um skoðun, endurskoði afstöðu sína. (**EgJ:** Þetta er þroskamerki á manninum.) Ég kalla það nú ekki þroskamerki, herra forseti, að breyta svona um afstöðu þegar engin rök eru fyrir þeirri einkavæðingu sem nú er verið að fara út í.

Hæstv. viðskrh. virðist líka hafa breytt um skoðun og ætlar sér nú að brjóta upp bankakerfið svo að það passi í gin kolkrabbans sem hann sagðist þó aldrei mundu standa að á árinu 1992, þegar hann barðist gegn einkavæðingu í bankakerfinu. Það eru einmitt fróðleg ummæli hæstv. ráðherra þá frá þeim tíma, 1992, en þá sagði hæstv. núv. viðskrh., með leyfi forseta:

„Hins vegar hafnar Framsfl. því að brjóta niður margar mikilvægar þjónustustofnanir, svo sem ríkisbankana, ... og brjóta það þannig niður að molarnir passi í ginið á kolkrabbanum.“

Hvað er hæstv. ráðherra að gera nú? Hann er að brjóta niður bankakerfið svo að það passi í ginið á kolkrabbanum. Það er engum blöðum um það að fletta að mikil valda- og eignasamþjöppun hefur orðið víða í þjóðfélaginu og má þar nefna flutningastarfsemi, tryggingastarfsemi og fjölmiðlaheiminn, þar sem eignatengsl stærstu fjölmiðlarisanna eru orðin ógnvekjandi svo að dæmi sé tekið. Í þetta er einmitt vitnað í skýrslu samkeppnisráðs um stjórnar- og eignatengsl í íslenskum bönkum. Og það er einmitt í þessum blokkasamsteypum sem þar er vitnað til og árheft-14.nyt fjármagnsmarkaðinum sem er að finna fjölskyldurnar fjórtán sem nú bíða eftir einkavinavæðingu í bankakerfinu, því þetta er auðvitað ekkert annað en einkavinavæðing, herra forseti.

Ég hef ekki heyrt sannfærandi rök fyrir því að hægt sé að setja þær girðingar sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir valda- og eignasamþjöppun í bankakerfinu með einkavæðingu þess. Nefnd er dreifð eignaraðild, þak á hvað hver og einn megi eiga, skorður á atkvæðisrétti o.s.frv. Um það er vitnað í þeim skýrslum sem ég hef hér vitnað til, að það er eftirmarkaðurinn sem mun eftir sem áður færa hlutabréfin í þeirra hendur, hvernig skorður sem verða settar, sem geta gert sér síðan mestan mat úr þeim. Hvað sem viðskrh. gerir, hvaða þak sem viðskrh. setur og skorður sem hann setur á eftirmarkaðnum, þá mun eftirmarkaðurinn sjá um að bankakerfið verði brotið svo upp að það passi í gin kolkrabbans sem viðskrh., þá þingmaður 1992, sagði að hann ætlaði að berjast fyrir að yrði forðað.

Það er líka fróðlegt að vitna til Tómasar Árnasonar, flokksbróður hæstv. iðnrh., þá seðlabankastjóra. Hann sagði einmitt orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá er það íhugunarefni hvort opna á fyrir þann möguleika að bankakerfið komist í hendur fárra fjársterkra aðila í þjóðfélaginu. Það eru nærtæk dæmi um raunverulega fámennisstjórn öflugra atvinnu- og viðskiptafyrirtækja sem þó flokkast undir almenningsfyrirtæki.“ Og Tómas efaðist líka um að einkavæðing drægi úr pólitískum áhrifum og útlánastarfsemi, en hann sagði orðrétt: „Ég álít að í íslensku þjóðfélagi kunningsskapar og pólitískra flokkadrátta sé alveg eins mikil hætta á pólitískum áhrifum í einkabönkum. Þar verða aðrir aðilar með sína pólitísku hagsmuni sem deila og drottna engu síður en nú tíðkast. En pólitík er að mjög miklu leyti barátta um hagsmuni og um það að lánastarfsemi mun ákvarðast fyrst og fremst af viðskiptasjónarmiðum og arðsemi með hlutafélagavæðingu í stað pólitískra sjónarmiða.“ Tómas spurði einmitt réttu spurninganna, sömu spurninga og hv. þm. Guðni Ágústsson spurði á þeim tíma. Viðskiptasjónarmiða hverra verður gætt? Það er spurningin, þegar völd og áhrif í bankakerfinu verða komin í hendur fjölskyldnanna fjórtán. Viðskiptasjónarmið þeirra munu þá ráða ferðinni.

Um hættuna á valda- og eignasamþjöppun vil ég líka vitna til greinargerðar Búnaðarbankans frá 1991, en þar sagði orðrétt: „Með sölu ríkisbankanna verður opnað fyrir þann möguleika að bankakerfið komist allt í hendur fárra fjársterkra aðila í þjóðfélaginu. Um það eru nærtæk dæmi á öðrum sviðum atvinnulífsins þótt þau fyrirtæki eigi að heita í almenningseign og hafi upphaflega verið það.“ Má vitna í fleiri aðila og fleiri greinargerðir þessu til staðfestingar.

Ég held, herra forseti, að Framsfl. sé að færa á silfurfati peninga og völd til kolkrabbans sem ríkið ber síðan ábyrgð á ef illa fer um rekstur einkabankanna og þeir séu að

brjóta niður ríkisbankana þannig að molarnir passi í kjaftinn á kolkrabbanum eins og andstæðingur einkavæðingar ríkisbankanna orðaði það 1992, þá óbreyttur þingmaður, nú hæstv. viðskrh.

Það eru tvö önnur atriði sem ég vil gera nánari grein fyrir varðandi afleiðingar einkavæðingarinnar. Það er í fyrsta lagi að það er alveg ljóst og um það er líka vitnað í skýrslum frá 1991 og 1992 að einn ókostur þeirrar leiðar er að lántökukostnaður mun aukast og dregið verður úr aðgengi bankanna að erlendu lánsfé. Þetta mun koma niður á þeim sem þjónustunnar njóta, þ.e. lántakendum bankanna. Þetta er skýrt skráð í skýrslunum frá 1991 og 1992. Hitt atriðið er varðandi það að ráðherrann geti styrkt eiginfjárstöðu hlutafélagabankanna með því að heimila útboð á nýju hlutafé þannig að samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs megi ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár hvors bankanna um sig eins og fram kemur í frv. Hér er um verulegar fjárhæðir að ræða, sérstaklega þegar tekin eru með þau útboð sem á að heimila samkvæmt nýja ríkisbankanum, fjárfestingarbankanum, sem hér verður síðar til umræðu. Miðað við að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbankanum fyrir sig sé eigi hærri en sem nemur 75% af eigin fé bankanna samkvæmt 5. gr. frv. má ætla að ráðherra geti heimilað útboð. Ég spyr hann um upphæðirnar, ég spyr hann um fjárhæðirnar, hvort hann geti heimilað útboð samkvæmt 6. gr. á yfir 5 milljörðum kr. á nýju hlutafé. Er þetta rétt, herra forseti, og ég spyr hæstv. viðskrh. um hvaða fjárhæðir er að tefla miðað við þessi 35% af heildarfjárhæð hlutafjár. Ég hef reiknað út að þar sé um að ræða 5 milljarða kr. sem sé heimilað að selja og kannski er það akkúrat bitinn sem passar í ginið á kolkrabbanum eins og hæstv. ráðherra orðaði það á sínum tíma. Og ef við tökum með það sem fjárfestingarlánasjóðirnir mega bjóða út, þá er þar um 3 milljarða til viðbótar að ræða þannig að við erum að tala um samtals 8 milljarða í ginið á kolkrabbanum, 8 milljarða kr.

Um möguleika markaðarins til þess að taka við nýju hlutafé sagði erlent ráðgjafarfyrirtæki 1991, sem var falið að leggja mat á hlutafélagavæðingu bankanna, að markaðurinn gæti þá tekið við nýju hlutafé sem næmi 500–1.000 millj. kr. Nú erum við að tala um 8 milljarða, herra forseti. Og hæstv. ráðherra hefur ekki haft fyrir því að meta áhrif þess að bjóða út á markaðnum yfir 8 milljarða kr.

Ég sé að tími minn er að verða búinn þannig að ég hlýt að nýta mér þann möguleika sem ég hef í næstu umferð, en ég spyr um tryggingarsjóðina. Það kom fram hjá Búnaðarbankanum á sínum tíma að tryggingarsjóðirnir væru ekki í stakk búnir til þess að mæta skakkaföllum í bankakerfinu og ég spyr ráðherrann um stöðu tryggingarsjóðanna og mat hans á því hvernig þeir gætu mætt skakkaföllum í bankakerfinu. Síðan spyr ég hvort ráðherra telji sig bundinn af verklagsreglum ríkisstjórnarinnar frá 1993, þar sem fram kemur að áður en hafin er sala á ríkiseignum skuli fara fram úttekt eins og hér er orðað um framkvæmd einkavæðingar, áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um sölu fyrirtækis fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækisins og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti. Ég spyr ráðherrann hvort hann telji sig bundinn af þessum verklagsreglum og hvort þetta mat hafi þá farið fram. Ég fagna því að ráðherra ætlar að láta fara fram þær úttektir sem fram koma í fyrirspurn minni og hv. þm. Guðmundar Árna og tel að tilganginum með þeirri fyrirspurn sé náð eftir yfirlýsingu ráðherra um að slík úttekt muni fara fram. Hann mun svara í þessari umræðu þeim fyrirspurnum sem hann getur, en á vegum hans fari þessi úttekt fram og tel ég ástæðulaust, virðulegi forseti, að fram fari atkvæðagreiðsla hér um hvort þessi fyrirspurn skuli leyfð þar sem þetta liggur fyrir og ráðherra hefur staðfest að hann muni láta þessa úttekt fara fram. Og auðvitað er það nauðsynlegt vegna þess að við erum að tala um stærstu mál sem lögð hafa verið fram með tilliti til áhrifa á fjármagns- og peningamarkað þjóðarinnar og það er ljóst að ríkisstjórnin hefur ekki unnið sína heimavinnu, en úr því á nú að bæta.

Ég vil í lokin spyrja um starfsmannamálin. Er fullkomin sátt við starfsmenn bankanna um hvernig haga eigi þessari breytingu og framkvæmd hennar? Hefur í einu og öllu verið tekið tillit til ábendinga og sjónarmiða bankastarfsmanna varðandi þær ábendingar sem fram hafa komið og ef ekki, hvað er það þá sem út af stendur? Munu starfsmennirnir fá einn fulltrúa í þessari þriggja manna ráðgjafarnefnd sem á að skipa samkvæmt 5. gr.?

Ég spyr líka um 8. gr. Hver verður samningsaðili bankastarfsmanna eftir þessa breytingu? Verður það Vinnuveitendasambandið eða verður það fjmrn.? Hver verður samningsaðili við bankastarfsmenn? Ég spyr um það. Um þetta var spurt þegar Póstur og sími var hlutafélagsvæddur og ég spyr þeirrar sömu spurningar varðandi bankastarfsmenn.

Í lokin vil ég fagna því sem fram kom hjá ráðherra áðan og bið hann um að staðfesta það að hann hafi ekki sömu skoðun á því að eftir hlutafélagavæðinguna eigi að hvíla leynd yfir starfsemi bankanna, þar með talið launakjörum bankastjóra og stjórnenda bankanna. Ég held að það væri mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu ef ráðherra staðfesti (Forseti hringir.) það ótvírætt að þingið hefði sama aðgang að bönkunum eftir hlutafélagavæðingu sem ég tel óþarfa, virðulegi forseti, og skal ljúka máli mínu á því að ég tel að það sé hægt að samkeppnisvæða banka án þess að fara þá leið sem ríkisstjórnin ætlar sér. Hún er auðvitað að fara þessa leið vegna þess að hún ætlar sér að einkavæða bankana og brjóta bankakerfið upp svo að það passi í kjaftinn á kolkrabbanum eins og hæstv. ráðherra orðaði það 1992 þegar hann var á móti einkavæðingunni.

[13:40]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil leggja á það áherslu í upphafi máls míns, herra forseti, og rökstyðja það aðeins nánar hér á eftir að ég tel að það sé í fyrsta lagi eðlilegt að menn leiti leiða til þess að draga úr kostnaði við bankastarfsemi á Íslandi. Við erum með dýrustu banka í heimi og það er sama á hvaða þætti kostnaðarins er litið, hvort það eru útibúin, vextirnir, rekstrarkostnaðurinn eða hvað það er, við erum með dýrustu banka í heimi. Og ég tel að það sé eðlilegt að við reynum að leita leiða til þess að draga þann kostnað niður.

Sá veruleiki er aðalástæðan fyrir því að menn hafa á undanförnum árum og áratugum verið með yfirlýsingar um að sameina banka og draga úr kostnaði við banka. Þær yfirlýsingar eru reyndar mjög gamlar og á fyrri árum, t.d. á tímum ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar voru stigin mjög myndarleg skref í þá átt að draga úr kostnaði í bankakerfinu.

Það er auðvitað alveg augljóst mál að meðan við erum með svona dýra banka, þá getum við ekki bætt lífskjör á Íslandi eins og við þurfum að gera. Það er augljóst mál að atvinnufyrirtæki okkar verða ekki samkeppnisfær við önnur atvinnufyrirtæki í heiminum á meðan við erum með svona dýra banka þannig að það má halda því fram að ein stærsta

hindrunin í vegi þess að lífskjör á Íslandi verði almennileg sé gífurlegur bankakostnaður. Í skýrslu sem dreift var á hv. Alþingi í gær sem svar við skýrslubeiðni frá hv. þm. Ragnari Arnalds og fleirum kemur fram hvað lífskjörin hafa versnað á Íslandi á undanförnum árum. Það er alveg bersýnilegt að það er óhugsandi að ná verulegum og varanlegum árangri í lífskjarabata á Íslandi öðruvísi en að kostnaðarþættir eins og bankakerfið, bankakostnaðurinn verði lækkaður mikið. Um það eru hins vegar mjög skiptar skoðanir, herra forseti, hvaða leið á helst að fara í þessum efnum og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að ríkisstjórnin og sérstaklega Framsfl. sé í raun og veru fangi sjónarmiða Sjálfstfl. í þessu máli. Ég sé engin sérstök rök fyrir því að það gerist neitt með því að gera þá banka sem hér eru til umræðu að hlutafélögum. Það gerist ekki neitt. Það sparast enginn kostnaður. Það liggur ekkert fyrir um að kostnaður lækki þó að þessir bankar verði gerðir að hlutafélögum. Það viðurkenna það allir, alveg sama við hvern maður talar t.d. hér í þinginu eða úti í atvinnulífinu eða í bönkunum sem ég hef verið að ræða við núna síðustu daga. Það viðurkenna allir að í raun og veru muni ekkert gerast þó að þessir bankar verði gerðir að hlutafélögum, ekki nokkur skapaður hlutur. Þess vegna er það í besta falli tímasóun fyrir Alþingi að vera að eyða tíma í að ræða þetta frv. vegna þess að það mun engu breyta í því sem skiptir máli, þ.e. því að skapa sæmilegar aðstæður til þess að bæta lífskjör í landinu.

Mér finnst líka nauðsynlegt að draga fram og mun gera það hér, herra forseti, og fara aðeins yfir einn þátt í þessum málum alveg sérstaklega. Það er spurningin um sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans sem hefur verið rædd dálítið og reyndar fluttum við alþýðubandalagsmenn um það tillögu á síðasta þingi að það yrði kannað sérstaklega og ég mun fara aðeins yfir það mál og reyna að velta því upp af hverju menn hafa staldrað við þá leið að sameina þessa banka. Síðan mun ég leggja fyrir hæstv. ráðherra nokkrar spurningar um þessi mál og að lokum reyna að gera grein fyrir þeim aðalmarkmiðum sem mér finnst að eigi að vera varðandi bankamálin.

Ég ætla fyrst að víkja þá að því, herra forseti, í nokkuð ítarlegra máli af hverju ég tel eðlilegt að menn leiti leiða til að lækka kostnað í bönkum. Það er vegna þess að bankarnir á Íslandi eru svo dýrir. Ég hef aflað mér nokkurra kennitalna í þeim efnum sem ég ætla hér að rekja.

Í fyrsta lagi er það ljóst að vaxtatekjur bankanna hér á landi eru þær hæstu í heiminum sem hlutfall af efnahagsreikningi bankanna. Hlutfallið hér á landi var á árinu 1995 4,5% af efnahagsreikningi bankanna en annars staðar í öðrum löndum eru menn að tala um að meðaltali um það bil 3%. Í sumum löndum eins og t.d. í Þýskalandi er þessi tala 2,9% á árunum 1990–1994. Í Noregi í viðskiptabönkunum er hún 2,8% á sama tíma. Hér á landi var hún á árunum 1990–1994 á bilinu 4,7–5% þannig að þessi tala hefur aðeins verið að lækka, það er alveg ljóst. En það er greinilegt að þessi tala á Íslandi, þessi kostnaður, er má segja 50–100% hærri en í samanburðarlöndunum að meðaltali. Í sjálfu sér mætti vel horfa á þetta t.d. sem hlutfall af efnahagsreikningi Landsbankans. Er hann ekki einhvers staðar í kringum 100 milljarðar kr. þegar allt er skoðað? Ef við næðum þessu niður í það sem það er í öðrum löndum, þá værum við því að tala um lækkun á kostnaði þjóðarinnar upp á 1–2 milljarða kr. Og það munar um minna.

Í öðru lagi liggur fyrir að heildartekjur bankanna, þ.e. það sem þeir taka til sín út úr hagkerfinu, eru miklu hærri en nokkurs staðar annars staðar. Þá er ég kominn með vaxtatekjurnar plús þjónustugjöldin sem bankarnir eru hér að leggja á.

Ef við skoðum heildartekjur bankanna að meðaltali á árunum 1990–1994 þá voru þær 6,7–7,1% af efnahagsreikningi hér á landi en voru t.d. í Danmörku hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á sama tíma um 3,6%, þ.e. u.þ.b. helmingurinn af því sem þessi kostnaður var að jafnaði hér á landi. Þannig að þegar vaxtatekjurnar eru teknar þá eru menn að tala um kostnað hér á Íslandi upp á 1–2 milljarða kr. umfram önnur lönd og þegar þjónustugjöld bankanna eru tekin til viðbótar þá eru menn komnir með miklu hærri tölu. Það er bersýnilegt að bankarnir eru að taka inn mjög miklar tekjur á þessum þjónustugjöldum.

Í þriðja lagi kemur fram að rekstrarkostnaður bankanna í heild á Íslandi sem hlutfall af efnahagsreikningi er sá hæsti í heimi. Það liggur fyrir m.a. af skýrslum sem OECD hefur tekið saman og reyndar bankaeftirlit Seðlabankans líka að við erum með dýrasta bankakerfi í heimi, ekki á Norðurlöndum, heldur í heimi. Munurinn er hvorki meiri né minni en sá að hér erum við að tala um að kostnaðurinn sé 4,9–5,1% af efnahagsreikningi en í öðrum löndum sem við berum okkur saman við þá er kostnaðurinn u.þ.b. helmingurinn af þeirri tölu sem um er ræða á Íslandi.

Skoðum líka t.d. í þessu samhengi afskriftirnar. Það er mikið talað um miklar afskriftir hjá bönkunum á Íslandi, að þeir séu alltaf að afskrifa, aðallega af sjávarútvegsfyrirtækjum er nú oft talað um. En í rauninni er það ekki þannig. Það eru alls konar fyrirtæki sem verið er að afskrifa lán hjá, einstaklingar og fyrirtæki. Og hver er staðan í þeim efnum? Afskriftir voru 4,5% af efnahagsreikningi 1991, 2,8–3% 1992 og 0,9–1,2% 1995. Þetta hefur verið að minnka og ég tel reyndar að það skuldbreytingaátak sem við efndum til á vegum Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina á sínum tíma hafi verulega dregið úr þeim skakkaföllum sem annars voru yfirvofandi fyrir bankakerfið. En ef við berum saman við önnur lönd 1995 þá eru afskriftir lána í öðrum löndum sem hlutfall af efnahagsreikningi 0,15–0,65%. Með öðrum orðum erum við fimm til sex sinnum hærri í því að afskrifa lán hjá okkur sem hlutfall af efnahagsreikningi bankanna þannig að sá kostnaður einnig sem skellur á bönkunum vegna þjóðfélagslegra efnahagsráðstafana er miklu hærri hér á landi en annars staðar.

Herra forseti. Ég hef nefnt hér fjóra þætti. Og ef við skoðum svo að lokum starfsmannakostnaðinn þá er hann hærri en annars staðar eða u.þ.b. tvisvar sinnum hærri en gerist í öðrum löndum og það er ekki vegna þess að menn séu með svo há laun, nema þeir sem eru á ofurlaunanum í æðstu stigum bankakerfisins, heldur er það vegna þess að við erum með svo mikið kerfi til að þjóna tiltölulega litlum markaði. Þegar allt þetta er skoðað, herra forseti, kemur eftirfarandi í ljós:

Vextir eru þeir hæstu í heimi. Heildartekjur bankanna, heildarskattar sem bankarnir taka af þjóðinni eru þeir hæstu í heimi.

Rekstrarkostnaður er sá hæsti í heimi.

Afskriftirnar eru meiri en annars staðar.

Kostnaðurinn við hinn almenna rekstur, m.a. starfsmannakostnaðurinn, er meiri en annars staðar.

Og þegar þetta er allt saman skoðað þá verð ég að segja,

herra forseti, ég tel eðlilegt og sjálfsagt að gera það sem hægt er til þess að draga úr kostnaði við bankakerfið.

Þá kemur hins vegar að því, herra forseti, að þessi frv. sem hér liggja fyrir gera ekkert í þeim efnum. Það er viðurkennt af talsmönnum ríkisstjórnarinnar í þessu máli, hv. þm. Guðna Ágústssyni og hæstv. viðskrh., að það er enginn peningur til sparnaðar í þessu, ekki nokkur skapaður hlutur, ekki neitt. Mér sýnist að þessi frv. séu aðallega til orðin upp úr innri hrossakaupum á milli stjórnarflokkanna og inni í stjórnarflokkunum sem gangi m.a. út á það að verja í grundvallaratriðum óbreytt kerfi að öðru leyti en því að eftir að þetta yrði að lögum þá mætti skipa fimm framsóknarmenn í bankaráð bankanna. Það væri eini munurinn. Það yrðu fimm Guðnar Ágústssynir í bankaráði Búnaðarbankans og fimm Guðnar Ágústssynir í bankaráði Landsbankans (**Gripið fram í:** Á að klóna hann?) svo ég nefni dæmi. Þannig að veruleikinn er auðvitað sá, herra forseti, í þessu samhengi að það er ekkert að gerast annað en að það er verið að festa hin flokkspólitísku tök stjórnarflokkanna en ekki losa þau. Það er verið að festa þau enn þá meira en verið hefur. Það er ekkert annað að gerast í þessu dæmi, herra forseti.

Og þá spyr ég: Hafa menn þá ekki viljað gera eitthvað annað? Og mitt svar er: Jú, ég er sannfærður um að menn hafa viljað taka öðruvísi á þessu. Menn vilja spara. En það virðist vera þannig að þegar Framsfl. og Sjálfstfl. koma að máli af þessu tagi þá geti þeir það ekki af því þeir eru fangar þessara helmingaskiptahagsmuna sem hafa verið að þróast á Íslandi alla þessa öld. Þeir eru fangar þessara helmingaskiptahagsmuna og geta þar af leiðandi ekki sparað í bankakerfinu eins og þyrfti að gera. Liggur það þá kannski ekki fyrir, herra forseti, að hægt sé að spara í þessum efnum? Hefur kannski komið í ljós, segjum að með því að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann, að þá græði menn ekkert á því? Og er það kannski líka þannig að menn hafi sagt sem svo: „Heyrðu, þetta yrði þannig lagað skrímsli, svo stór banki, að það er ekki hægt að hafa svona stóran banka á Íslandi eins og Landsbankann og Búnaðarbankann", og hrokkið frá því þess vegna. Það eru engin rök að mínu mati en það getur verið að menn hafi hrokkið frá þessu þess vegna. Ég tel það vitleysu að hrökkva frá þess vegna.

Ég ætla að rekja það aðeins, herra forseti, eftir ítarlegum tölum sem ég aflaði mér í morgun, hvað hægt væri að spara og af hverju væri hægt að spara með því að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann. Þegar menn settust niður við að reikna það dæmi lá tvennt fyrir. Í fyrsta lagi að útibúakerfið eins og það hefur verið að þróast er of dýrt. Það er allt of dýrt, allt of þungt í vöfum og allt of dýrt og skilar of litlum tekjum í annan rekstur bankanna. Í öðru lagi, sem er kannski aðalatriðið í málinu, geta bankarnir ekki þjónað stærri fyrirtækjum á Íslandi. Það eru ekki aðeins Flugleiðir sem hér er um að ræða með veltu upp á 20 milljarða. Þegar Flugleiðir ætla sér að kaupa nýja vél sem kostar 2–2,5 milljarða þá geta íslensku bankarnir ekki tekið þátt í þeirri fjármögnun eins og þeir eru í dag. Það þarf ekki fyrirtæki eins og Flugleiðir. Það má nefna fyrirtæki eins og Samherja, fyrirtæki eins og Granda, fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyrar. Að því er þessi fyrirtæki varðar þá dugir ekki íslenska bankakerfið eins og það er. Það heldur ekki þó það verði sett hf. fyrir aftan nafnið á bönkunum. Af þessum tveimur ástæðum var það sem menn veltu því fyrir sér að það þyrfti að sameina eða gera eitthvað og menn skoðuðu hvað það kostaði og hvernig hægt væri að hugsa sér að ná árangri í því að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann. Útibúakerfið er of kostnaðarsamt og bankinn getur ekki þjónað stærri fyrirtækjum.

Það var nákvæmlega farið yfir málið í Landsbankanum. Niðurstaðan varð sú að með því að sameina þessa banka þá mætti loka níu útibúum þessara banka í Reykjavík. Það mætti loka níu útibúum í Reykjavík og níu útibúum á landsbyggðinni líka og samt sem áður hafa afgreiðslustað á öllum þeim stöðum á landsbyggðinni þar sem útibúi væri lokað, af því að þessi bankar eru með tvöfalda þjónustu á þessum stöðum. Þeir staðir sem hér er um að ræða, herra forseti, eru Grundarfjörður, Skagaströnd, Akureyri, Sauðárkrókur, Akranes, Egilsstaðir, Kirkjubæjarklaustur, Vík og Selfoss. Á öllum þessum stöðum eru ríkisbankarnir tveir með tvöfalt kerfi. Búnaðarbankinn hér og Landsbankinn hér. Og á sumum stöðum eins og á vissum stöðum kjördæmi hæstv. forseta þá er nú hagræðingin orðin slík að þeir eru hvor með sína afgreiðslulúguna, sína í hvorum endanum á sama húsinu og má segja að það sé út af fyrir sig í áttina.

Veruleikinn er sá að þarna hefði mátt spara verulega fjármuni og einnig hefði mátt sameina á einum stað eða einu svæði alla miðstöð bankanna og flytja hana þannig saman frá mjög mörgum stöðum í Reykjavík. En nú er það þannig að bankarnir eru með alls konar skrifstofur og aðstöðu út um allan bæ á einum tíu stöðum, eins og sakir standa, sem hefði verið hægt að loka öllum og flytja í raun og veru alla þessa starfsemi hér á sama svæðið ef menn hefðu viljað hafa það þannig.

Hvað mátti spara mikið með þessu? Það liggur fyrir. Það var reiknað nákvæmlega út. Í rekstrarkostnaði mátti spara 1.000 millj. kr. á ári. Og ég spyr, herra forseti: Hefur Alþingi efni á því fyrir hönd þjóðarinnar að spara ekki milljarð þegar hann er í boði? Á Alþingi að leyfa sér það í þágu tiltölulega þröngra flokkshagsmuna eða af einhverjum öðrum ástæðum að neita sér um að spara milljarð? Eru menn á móti því að spara milljarð? Af hverju vilja menn ekki spara milljarð? Hvað er veldur því? Fyrir því verður hæstv. ráðherra að finna rök. Hvað er veldur því að stjórnarflokkarnir vilja ekki spara milljarð í bönkunum? Af hverju eru þeir á móti því? Af hverju vilja stjórnarflokkarnir endilega leggja þennan aukamilljarð á bakið á þjóðinni? Hver er ástæðan fyrir því?

Í annan stað er það svo líka þannig, herra forseti, að við sameiningu og sparnað af þessu tagi væru menn ekki bara að spara rekstrarkostnað heldur líka alls konar óarðbæran fjárfestingarkostnað, fasta fjármuni af ýmsu tagi sem gefa ekkert af sér sem fara í húsnæði og innréttingar, tæki og annað þess háttar og kosta gífurlega fjármuni þegar allt er lagt saman. Þannig að veruleikinn er sá að við stöndum frammi fyrir því að það hefði verið hægt að hafa hér inni á borðunum frv. sem gerði ráð fyrir því að þessir tveir bankar yrðu sameinaðir og þannig væri stigið fyrsta skrefið í átt til hagræðingar og sparnaðar í íslenska bankakerfinu. En það vilja menn ekki. Menn vilja ekki spara milljarð, fyrst og fremst vegna þess að það er erfitt fyrir stjórnarflokkana að leysa pólitíska hagsmuni sína með því að spara milljarð T.d. eiga þeir eftir að koma sér saman um, og það er sennilega vonlaust fyrir þá að koma sér saman um það, hvernig ætti að fækka bankastjórum í þessum sameinaða banka úr sex í einn. Það er kannski ekki hægt. Og kannski er það þessi eini bankastjóri eða þessi veruleiki, þ.e. kjarkleysi stjórnarflokkanna við að fækka bankastjórum úr sex í einn, sem kostar þjóðina milljarð, 1.000 millj. kr.

Ég spyr þessu næst, herra forseti: Er það þannig að hér yrði um að ræða einhverja risastofnun, Landsbankann og Búnaðarbankann? Það er stór stofnun á íslenskan mælikvarða. Ef við leggjum saman heildarefnahagsreikning Landsbankans og Búnaðarbankans þá eru það um það bil 150 milljarðar kr. og ætli Íslandsbanki sé ekki eitthvað 60–70 milljarðar. Það er því vissulega um að ræða nokkuð stóran banka, stóra tölu, miðað við það. Ef við síðan skoðun t.d. útlánin, þá eru samanlögð útlán Landsbankans og Búnaðarbankans 118 milljarðar kr. og Íslandsbanki er með útlán upp á 50–55 milljarða kr. Það er nokkuð mikill munur, það er rétt. Og ef við skoðum eigið fé bankanna þá er samanlagt eigið fé þessara tveggja banka, Búnaðarbankans og Landsbankans, í kringum 10 milljarðar kr., en eigið fé Íslandsbanka er aftur á móti einhvers staðar í kringum 5 milljarðar króna. Það er rétt að þar yrði um að ræða nokkra stærð í íslensku samhengi.

Þá kemur að hinu sem sömu aðilar eru alltaf að miklast yfir og það er að það eigi fara að taka þátt í hinni alþjóðlegu samkeppni. Bankarnir hjá okkur verða að geta tekið þátt í þessari alþjóðlegu samkeppni. Banki sem er með 10 milljarða kr. eigið fé er ekki stór í alþjóðlegu samhengi, hann er ekki stór. Hann nær því varla í raun og veru að geta þjónað stærstu fyrirtækjum á Íslandi jafnvel þó hann yrði sameinaður, þessi ríkisbanki.

Þess vegna segi ég, herra forseti, að hér er ekki um það að ræða að menn eigi að hrökkva frá sameiningu bankanna af því að hann verði svo stór, þessi banki, af því að hann sparar svo mikið fyrir þjóðina og þjóð sem er með svo dýrt bankakerfi getur ekki borgað sæmilegt kaup einu sinni. Þess vegna eiga menn að gera allt sem þeir geta til þess að skera niður kostnað við bankakerfið.

Það má líka spyrja: Er þetta t.d. mikil upphæð í samanburði við lífeyrissjóðina? Lífeyrissjóðabáknið yrði margfalt á stærð við þennan viðskiptabanka sem ég er að tala um þannig að allt mælir með því að þetta mál verði skoðað betur, farið betur ofan í það. Ég held að menn eigi að fara rækilega yfir það og vanda sig dálítið í þeim efnum og mér liggur við að segja, láta stjfrv. lönd og leið. Nú finnst mér að hinir miklu efnahagssérfræðingar Sjálfstfl. sem sitja í hv. efh.- og viðskn., hv. þm. Pétur Blöndal og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og (**Gripið fram í:** Vilhjálmur Egilsson.) hv. þm. Vilhjálmur Egilsson já — það má segja að þar sé, með fullri virðingu fyrir þeim öllum saman, hver silkihúfan upp af annarri, ég segi nú ekki meira, — ættu að taka völdin og slá saman við mannvit í öðrum stjórnmálaflokkum um að ganga frá frv. og lögum um bankana sem breyti einhverju, í staðinn fyrir að láta hneppa sig fasta í þetta framsóknarvaldabrask sem mér sýnist þetta frv. vera satt að segja eins og það lítur hér út því Framsókn þarf alltaf að hafa sína menn í bönkum, sem bankastjóra, í bankaráðum og alls staðar, forstjórar hér og forstjórar þar. Það er nú einu sinni veruleikinn með Framsfl.

Í þessu samhengi, herra forseti, geta menn líka velt því fyrir sér hvernig Alþingi eigi að koma að þessu máli og þá kem ég að spurningunni með þessi bankaráð og hf. Ég segi eins og er: Ég neita að tala um þetta mál á þeim grundvelli hvort bankarnir verða hf. eða eitthvað annað, ég neita því. Ég spyr fyrst um árangurinn af rekstri bankanna og um hagræðingarmarkmiðin: Koma þau? Ég spyr um það.

Það má margt um þetta segja og sumir velta því fyrir sér og segja, eins og ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal segir stundum og ég hef heyrt hann segja og séð haft eftir honum, að hlutverk ríkisins í bankakerfi sé svo sem ekki neitt, þ.e. að ríkið eigi a.m.k. ekki að vera í viðskiptabankarekstri. Ég er þeirrar skoðunar að ríkið hafi hins vegar mikið hlutverk í bankarekstri. Í fyrsta lagi er auðvitað hlutverk ríkisins að tryggja lagalega umgerð bankakerfisins og að tryggja öruggt bankaeftirlit þannig að fólk geti treyst því að vel sé farið með innstæðurnar þess. Ég hygg að margir muni þá sorgarsögu sem gerðist í sambandi við ákveðið ávöxtunarfyrirtæki hér fyrir fáeinum árum þegar fólk sat uppi með sárt ennið í stórum stíl af því að fyrirtækið gat ekki tryggt ávöxtun peninganna. Hlutur ríkisins er að tryggja þetta, þ.e. lagalega umgerð og traust eftirlit.

Í öðru lagi er mikilvægt hlutverk ríkisins og verkefni á bankamarkaði að nota fjármálamarkaðinn og þar með bankana til þess að miðla hagstjórnarupplýsingum. Í bankakerfinu eru alls konar upplýsingar um fjármál, fjárhag o.fl. og kostnað og rekstrarforsendur og allt þetta. Það er skylda ríkisins að ganga þannig frá málum að bankakerfið verði notað til þess að miðla eðlilegum og nauðsynlegum hagstjórnarupplýsingum í nútímaþjóðfélagi. Enginn getur það betur en bankakerfið.

Í þriðja lagi á ríkið að koma inn í rekstur banka, alveg örugglega, þegar um er að ræða mikla áhættu, þegar um er að ræða nýsköpun, þegar um er að ræða byggðastefnu eða byggðastofnanir eða eitthvað þess háttar, þá á ríkið auðvitað hiklaust að koma inn. Þetta eru sem sagt þrjú svið þar sem ég tel eðlilegt og óhjákvæmilegt að ríkið komi inn. En til viðbótar er það svo þannig að við Íslendingar höfum búið við ríkisbankakerfið um áratuga skeið og það er ekki hægt á einni nóttu að breyta því. Það verður að eiga sér nokkurn aðlögunartíma. Og ég er ekki að slá því föstu eða hafna því á neinn hátt að taka þátt í því að búa til þann aðlögunartíma en ég tel að það sé ekki skynsamlega að því staðið hér fyrst og fremst vegna þess að ekki er verið að spara krónu í bankakerfinu eins og horfurnar eru samkvæmt þessu frv.

Þá kemur næst spurning í þessu sambandi, af því að frv. er nú einu sinni hér á dagskrá: Hver á aðkoma ríkisins að vera að þessum hlutafélagabönkum? Þá koma menn að þessu máli undir eins: „Heyrðu, það verður að vera þannig að ráðherrann skipi alla stjórn bankans.“ Og það stendur hér að ráðherrann eigi að skipa allar nefndir sem meta alla hluti og ráðherrann gerir allt í þessu máli. Hver eru rökin fyrir þessu, herra forseti? Rökin fyrir þessu eru þau að með þessu móti sé verið að tryggja aðskilnað framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þetta eru afskaplega göfug rök, verð ég að segja, sérstaklega hjá þeim sem sitja á Alþingi og greiða atkvæði og aðskilja þannig framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið í sjálfum sér, eins og ráðherrarnir gera. Ef hluturinn væri sá að ráðherrarnir væru sviptir atkvæðisrétti á löggjafarsamkomunni um leið og þeir gerðust ráðherrar, þá horfði málið öðruvísi við. En það er ekki þannig. Ráðherrarnir eru takandi hér þátt í verkum löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins, framkvæmdarvaldsins fyrir hádegi og löggjafarvaldsins eftir hádegi í einum og sama manninum eins og segir í frægri vísu, þannig að þegar þessi rök koma frá þessum ágætu ráðherrum þá gef ég ekki mikið fyrir þau. Þegar svo er auk þess þannig komið, herra forseti, að einn og sami ráðherrann, einn og sami maðurinn, situr með vald til að útnefna menn í Landsvirkjun, í Sementsverksmiðjunni og í báðum ríkisbönkunum. Er þetta eðlilegt? Er þetta lýðræðislegt? Auðvitað er það ekkert lýðræðislegt og það kemur málinu ekkert við hvort maður hefur gott eða ekkert álit

á viðkomandi ráðherra eða viðkomandi manni sem gegnir því ráðherraembætti sem er um að ræða hverju sinni. Það skiptir engu máli. Aðalatriðið er að það er ólýðræðislegt að hafa þetta í höndunum á einum og sama manninum. Það er óeðlilegt.

Önnur ríki hafa leyst þetta t.d. þannig sums staðar að þar verða til eignarhaldsfélög með tilteknum hætti sem kjósa menn í þessi bankaráð, en það er ekki látið vera í höndunum á viðkomandi ráðherrum milliliðalaust og það á ekki að vera þannig, það er óeðlilegt. Ég legg á það mikla áherslu að menn reyni nú að tala sig út úr þessari þvælu, þ.e. að það sé eitthvert hámark lýðræðisins að einn og sami ráðherrann fái að tilnefna menn, og alla menn, í stjórnir allra ríkisfyrirtækja. Ég heyri að Framsfl. notar þessi rök núna mikið af því að hann er í ríkisstjórn. Hann mundi örugglega nota önnur rök ef hann væri ekki í stjórn. Ég þekki hann. Sjálfstfl. tekur þetta upp endalaust og meira að segja Alþfl. Fyrrv. formaður Alþfl. var þeirra fyrsti talsmaður í þessum umræðum. Hann féll alveg marflatur í þessa gryfju. Ég get ekki tekið undir þessi sjónarmið. Ég held að eitt það brýnasta í sambandi við þessi ónýtu frv. sem menn ætla að fara að eyða hér miklum tíma í, sé að reynt verði að finnan annan flöt á þessu máli.

Nú er það auðvitað svo, herra forseti, því miður að ég geri ekki ráð fyrir því að þingið, ef ég þekki menn rétt, ætli sér að gera neitt með þessi frv. annað en gleypa þau eins og þau koma frá ríkisstjórninni. Ég hef ekki séð mikinn kjark í þingmönnum stjórnarflokkanna þegar kemur að stjórnarfrumvörpum. Mér sýnist þeir alltaf leka niður undir eins í öllum málum þó þeir séu kannski nokkuð galvaskir í 1. umr. mála eins og var hérna í Landsvirkjunarmálinu, en þá láku þeir niður út um allan sal eins og kertavax þegar kom að atkvæðagreiðslu málsins.

Ég verð þó að segja alveg eins og er að ég vona að menn sjái að aðkoma Alþingis og ríkisins þar með að stjórnum þessara banka er ekki góð. Þá skal ég alveg taka undir það sem menn eru hér að segja að það hafi verið óheppilegt hvernig að þessu hefur verið staðið, að flokkarnir hafi ráðið þarna allt of miklu og menn hafa verið að sinna sínu fólki með alls konar fyrirgreiðslu úti í bönkunum og allt það. Allt er það rétt. En menn eiga ekki að gefast upp frammi fyrir því vandamáli með því að afhenda flokkspólitískum ráðherra sem jafnframt er $^{1}/_{63}$ löggjafarvaldsins, allt vald í þessu máli. Það er rangt. Ég er alveg viss um að þó að menn komist upp með það kannski á þessu þingi að breyta öllum lögum þannig að einn ráðherra ráði öllum stjórnum ríkisfyrirtækja í landinu, þá mun það ekki staldra lengi við vegna þess að þjóðin mun gera uppreisn gegn svoleiðis kerfi ef ég þekki þessa þjóð rétt.

Í framhaldi af þessu, herra forseti, vil ég leggja fyrir hæstv. viðskrh. nokkrar spurningar. Ég ætla fyrst að spyrja hann að því hvort hann sé ósammála fyrrv. formanni Framsfl. í þessu máli, Steingrími Hermannssyni. Hann lagði mjög mikla áherslu á það á fundi sem haldinn var í Framsóknarfélagi Reykjavíkur fyrir ekkert mörgum árum að það væri skynsamlegt að sameina ríkisbankana. Sömuleiðis vísa ég líka í þessu sambandi til leiðara í Morgunblaðinu á sl. ári sem tók undir sjónarmið Björgvins Vilmundarsonar í þessu efni þannig að ég hefði viljað heyra sjónarmið ráðherrans að því er þetta varðar.

Varðandi einstök atriði frv. vil ég fyrst spyrja hæstv. ráðherra hverjir eigi að vera í undirbúningsnefndinni sem á að skipa samkvæmt 2. gr. Hvernig á að velja menn í hana? Ráðherrann ræður henni eða nefndunum. Þær eru reyndar tvær ef ég man rétt. Hverjir eiga að vera í þeim?

Í öðru lagi spyr ég ráðherrann: Hverjir verða í bankaráðunum? Á hvaða forsendum ætlar ráðherrann að velja menn í bankaráðin? Á hvaða forsendum verða þeir valdir? Hvað þurfa þeir að hafa til brunns að bera sem verða í bankaráðunum? Ég vil fá að vita það. (**JóhS:** Framsóknarmenn.) Eiga þeir að vera framsóknarmenn? Hv. 13. þm. Reykv. spyr að því. Ég útvarpa því hér til hæstv. ráðherra ef ráðherrann skyldi ekki hafa heyrt það. Verða það framsóknarmenn? (**Gripið fram í:** Það er ekki skilyrði en talið æskilegt.) Ég er að tala í fúlustu alvöru. Hvaða skilyrði verða menn að uppfylla til þess að vera í þessum bankaráðum? Ég tel óeðlilegt að fela flokkspólitískum ráðherra að gera þetta, en það er lágmark að hann segi okkur frá því á hvaða forsendum hann ætlar sér að skipa þessa menn.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver verður líkleg heildarfjárhæð hlutafjár samkvæmt 5. gr. frv. eins og það er sett upp? Þar er talað um ákveðið þak í þeim efnum en ekki er talað um neitt annað í því sambandi, hvorki í frv. né annars staðar og ég hefði viljað heyra hvaða hugmyndir ráðherrann gerir sér í þeim efnum um heildarfjárhæð hlutafjár.

Í fjórða lagi hefði ég viljað spyrja ráðherrann: Hverjir verða í nefndinni til ráðuneytis honum samkvæmt 3. mgr. 5. gr. frv.? Þar er gert ráð fyrir því að ákveðnir aðilar verði kallaðir til ráðuneytis ráðherranum varðandi mat á þessum málum þegar þar að kemur.

Í fimmta lagi spyr ég ráðherrann. Í 2. mgr. 6. gr. segir að ekkert verði selt nema með samþykki Alþingis. Og ég segi við ráðherrann: Hvað er samþykki Alþingis? Er það að koma hérna, mér liggur við að segja, í skjóli náttmyrkurs eins og var gert hér í sambandi við Sementsverksmiðjuna í vetur? Þá var allt í einu smellt inn heimildarákvæði í 6. gr. fjárlaga um að það ætti að selja einhvern hlut af Sementsverksmiðjunni. Eiga menn við að sett verði sérstök lög um hugsanlega sölu á þessum hlut í bönkunum eða gera menn ráð fyrir því að hægt verði að heimila sölu á þessum hlut samkvæmt 6. gr. fjárlaga?

Síðan mundi ég vilja spyrja hæstv. ráðherra í sjötta lagi: Hvenær sér hann fyrir sér að fram fari útboð á 35% samkvæmt 3. mgr. 6. gr. ef hlutirnir fá þann framgang sem hann gerir tillögu um?

Herra forseti. Þetta eru þau atriði sem ég ætlaði að nefna. Ég gæti nefnt mörg fleiri en tíminn leyfir það ekki. Ég ætla að vekja athygli á því að lokum að hv. 9. þm. Reykv. Jón Baldvin Hannibalsson benti á að það gæti verið hættulegt að setja bankana á almennan hlutafjármarkað eins og hann er á Íslandi í dag vegna þess að það er hætt við því, eins og hv. 13. þm. benti á hér áðan, að þeir sem eiga peninga á Íslandi sem er aðallega eitt fyrirtæki eða svo eignuðust bankana líka. Ég sé ekki að það séu í raun settar neinar takmarkandi reglur í þessu efni. Ég vil þess vegna spyrja ráðherrann í sjöunda lagi hvort hann sé tilbúinn til að setja í lagatextann frekari takmarkandi reglur á söluhluta í Landsbankanum og Búnaðarbankanum heldur en gert er ráð fyrir í frv. eins og það er núna. Ég spyr í raun og veru í framhaldi af ræðu hv. 9. þm. Reykv., Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem lagði þetta mál upp sem sérstakan lið í sínum umræðum.

Ég nefni einnig að síðustu, herra forseti, að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lagði á það áherslu að til þess að stuðla að ódýrari bankastarfsemi hér á Íslandi þyrfti að koma

til erlend eignaraðild. Ég segi fyrir mitt leyti að ég sé ekki að það mundi neinu breyta í óbreyttu kerfi eins og það er. Ég tel að það þyrfti í raun og veru að eiga sér stað miklu róttækari strúktúrbreytingar á bankakerfinu ef alþjóðlegt fjármagn ætti að koma að gagni. Ég get þá líka vísað til ræðu hv. þm. Ágústs Einarssonar í þessu sambandi.

Hvert er markmiðið með þessu tali okkar, þessu frv., þessum umræðum? Það er að skapa forsendur fyrir hagræðingu, að lækka kostnað, að tryggja að við getum bætt frekar launin á Íslandi, og að fyrirtækin á Íslandi geti verið samkeppnisfær við önnur fyrirtæki af því að við séum með ódýrari bankastarfsemi. Ég verð að segja, herra forseti, að ég sé ekki að þetta frv. eins og það liggur fyrir breyti neinu í þessu efni. Ég sé það ekki, en auðvitað gæti það verið þó að ég komi ekki auga á það. Ég sé ekki að þessi frv. hafi í för með sér lækkandi bankakostnað á Íslandi eins og þau eru, ég sé það ekki. Ég sé ekki betur en að menn séu að taka ákvörðun um að frysta status quo í raun og veru til alllangs tíma. Það gildir mig einu í þessu sambandi þó að menn setji hf. fyrir aftan nafnið á þessum bönkum, það mun ekkert leysa og engu breyta.

Þess vegna vil ég að allra síðustu spyrja, sem verður þá mín áttunda spurning til hæstv. ráðherra: Hvernig leyfir hann sér að leggja fyrir Alþingi frv. sem neitar þjóðinni um að fá að spara 1–2 milljarða á því að sameina Búnaðarbankann og Landsbankann? Hvernig leyfir hann sér að leggja hér fyrir frv. sem neitar þjóðinni um að fá að spara 1–2 milljarða við dýrasta bankakerfi í heimi eins og ég rakti áðan? Dýrasta bankakerfi í heimi, hvort sem menn taka vaxtakostnaðinn, rekstrarkostnaðinn, launakostnaðinn eða hvað það nú er. Við erum með dýrasta bankakerfi í heimi. Á meðan við erum með dýrasta bankakerfi í heimi verðum við með lakari lífskjör en annars staðar í kringum okkur og okkar fyrirtæki eiga erfiðara með að borga almennileg laun meðan við erum með dýrasta bankakerfi í heimi. Því miður sýnist mér að frv. ráðherra eins og það lítur út breyti engu í þeim efnum.

[14:19]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hér frv. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Smá eru skrefin en ber samt að þakka vegna þess að það er alltaf betra að breyta einhverju í rétta átt heldur en að gera ekki neitt.

Ég skil vel þá mótstöðu sem er við þetta frv. Það eru margir sem óttast breytingu. Þeir þekkja það sem þeir hafa en vita ekki hvað tekur við. Ég skil svoleiðis afstöðu mjög vel. Það sem að mínu mati kemur gott út úr þessu frv. er að það er minni ríkisábyrgð á fjármálamarkaðnum, það er meiningin að hún hverfi með tímanum þegar þau lán sem ríkið ber ábyrgð á núna detta út. Það mun leiða til þess að erlendar skuldir þjóðarinnar verða hagstæðari vegna þess að þeir lánveitendur sem veita okkur lán, þ.e. erlendir lánveitendur, munu gæta betur að því að þær fjárfestingar sem farið er út í standi undir vöxtunum. Þegar ekki er um að ræða ríkisábyrgð lengur þá verða þeir að treysta á að framkvæmdirnar séu arðbærar. Það er einn meginmunurinn á því að hafa ríkisábyrgðir eða ekki.

Hér hefur verið rætt nokkuð um val bankaráða. Ég er sammála því að Alþingi sé ekki að kjósa bankaráð. Hvernig í ósköpunum getur Alþingi sem eftirlitsaðili gagnrýnt aðila sem það hefur sjálft kosið? Það getur það ekki. Þess vegna er skömminni skárra að framkvæmdarvaldið kjósi bankaráðin og beri ábyrgð á þeim en ekki að Alþingi sé að skipa þessi bankaráð. Best væri náttúrlega að þetta væri ekkert á höndum ríkisins.

Það er dálítið óljóst með fjölda bankastjóra vegna þess að bankastjóri er eins í eignarfalli í fleirtölu og eintölu. Það kemur ekki fram í frv. hvort átt er við einn bankastjóra eða marga. Ég væri mjög hlynntur því að hafa einn bankastjóra með nákvæmlega sömu rökum og þeim að ég vil hafa einn skipstjóra á hverju skipi og ég vil hafa einn bílstjóra í hverjum bíl. Þá ber viðkomandi fulla ábyrgð. Eins og kerfið er í dag ber enginn ábyrgð, ég kem inn á það á eftir.

Herra forseti. Ég var með ákveðnar hugmyndir í sambandi við endurskipulagningu á fjármálamarkaðnum sem ég kom til nefndarinnar sem um þetta fjallaði. Þær fólust einfaldlega í því að selja þá sjóði sem voru myndaðir einu sinni til að skapa lánsfé til ákveðinna atvinnugreina, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð o.s.frv., ég vildi bara selja þetta hæstbjóðanda. En áður en það yrði gert yrðu ríkisbankarnir hlutafélagavæddir og þeir gætu þá aukið hlutafé sitt til að geta keypt þessa sjóði. Þannig fengi ríkið mest út úr þessu.

Það er mikill munur á því, eins og hér er hugmyndin og við ræðum seinna í dag um framkvæmdabankann, að steypa þeim saman, vegna þess að þegar maður steypir saman svona lánapúlíu, fjölda af útlánum, þá eru alltaf einhver slæm útlán þar á meðal, það fylgir því að lána peninga. Það fylgir því að lána út að menn geta tapað útlánunum eins og afskriftirnar bera með sér. Þegar einhver á að fara að taka yfir svona lánapott þá verður hann að meta hver eru slæmu lánin. Þegar hins vegar er búið að steypa öllu saman í einn banka þá er ekki nokkur leið að selja hlut úr honum aftur af því að þá er spurningin hver fær góðu lánin og hver fær slæmu lánin og það verður svo erfitt að meta það. Þannig að nýi framkvæmdabankinn verður í rauninni ekki seldur nema í heilu lagi og það er neikvætt því bankarnir ráða ekkert við það. Það ræðum við seinna í dag.

Hugmynd mín gekk út á yfirlífeyrisréttindi starfsmanna. Starfsmenn í bönkunum njóta mjög góðra lífeyrisréttinda, nákvæmlega eins og opinberir starfsmenn, miklu betri en almennt gengur og gerist. Þessi réttindi eru í báðum ríkisbönkunum metin á um 6.000 millj. kr. eða tæpar 4 millj. á hvern starfsmann. Þetta er vegna þess að það er verið að veita betri réttindi heldur en 10% iðgjaldið stendur undir. Mín hugmynd gekk út á það að starfsmennirnir gætu ráðið því að breyta þessum yfirréttindum, þ.e. þeim lífeyrisréttindum sem þeir hafa umfram aðra landsmenn í eign í viðkomandi banka. Þannig hefði myndast ákveðin eign starfsmannanna í bankanum. Ég veit ekki hversu margir mundu hafa valið það en ég geri ráð fyrir að þarna hefði getað komið inn eign sem væri um 25–30% af endanlegu eigin fé bankans sem vex við þessa aðgerð vegna þess að skuldbindingin upp á sex milljarða dettur út að einhverju leyti. Svo var mín hugmynd um að senda helminginn af restinni til þjóðarinnar sem gjöf vegna þess að þannig mætti kenna allri þjóðinni að fara með hlutabréf. Þegar menn ættu hlut í Landsbankanum hf. þá mundu þeir að sjálfsögðu vilja fá arð og þá kemur arðsemiskrafan sem er mjög nauðsynleg fyrir bankana og mundi auka samkeppnina milli þeirra. Svo var mín hugmynd að selja restina til almennings en þó með kvöðum um hámark á hvern mann. Ég tel nefnilega að það að starfsmennirnir eigi þarna stóran hluta, gefi bankanum ákveðinn bakhjarl. En það er mjög nauðsynlegt fyrir hvert hlutafélag að hafa bakhjarl sem fylgi því og stendur á bak við það. Þetta varð

sem sagt ekki ofan á og hér er komin fram hugmynd sem er allt öðruvísi, að mínu mati mikið lakari. En ég fellst á að þetta er niðurstaðan og ég styð hana sem slíka með því sem ég sagði áðan að smáskref séu betri en engin skref.

Ég er á þeirri skoðun að ríkið eigi ekki að standa í bankarekstri. Það á ekki að standa í því að lána fólki peninga og taka við innlánum, þetta er ekki hlutverk ríkisins. Aftur á móti á ríkið að setja umgjörð eða eins og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi, það á að setja lög sem tryggja sparifjáreigendur og lántakendur fyrir þessum fyrirtækjum. Ríkið á að sjálfsögðu að setja lög sem tryggja eftirlit, bankaeftirlit og annað slíkt, og það þarf að vera mjög virkt. Ég felst alveg á þau ríkisafskipti en ekki að ríkið sé að standa í því svona yfir borðið að taka á móti peningum og lána þá út.

Herra forseti. Hvernig hefur saga fjármálamarkaðarins verið? Þetta hefur verið ákaflega staðnað kerfi sem hefur notið mikillar verndar. Það hefur engin samkeppni verið. Margir sem eru komnir yfir miðjan aldur muna eftir því að það voru svona 40–50 manns á hverjum einasta degi í biðstofum bankastjóra, biðjandi um lán, liggjandi á hnjánum. Menn báðu um einhverjar smáupphæðir og fengu yfirleitt helminginn, ef eitthvað, víxla til sex mánaða eða eitthvað slíkt. Þetta var alveg ótrúleg staða. Framboð og eftirspurn voru hugtök sem ekki voru til í þessum ágætu viðskiptum. Þarna var íhlutun stjórnmálamanna alveg yfirgengileg og það átti við alla flokka. Allir flokkar, jafnt í stjórnarandstöðu sem stjórn voru í því að redda víxlum fyrir hina og þessa menn og keðjan var oft ótrúlega löng. Ég var einu sinni hér í Alþingishúsinu í öðrum erindum og þá heyrði ég einn stjórnarandstöðuþingmann vera að tala við ráðherra um að bjarga víxilláni til námsmanns sem var sonur einhvers manns út á landi og keðjan var alveg ótrúlega löng. Þessu var komið í gegn og strákurinn fékk sinn víxil í bankanum. Sem betur fer er þetta liðin tíð. En af þessu leiddi mikið þjóðhagslegt tap og mikil mistök í fjárfestingum og ábyrgðarleysi allra aðila. Bankastjórarnir báru ekki ábyrgð, bankaráðin báru ekki ábyrgð, og stjórnmálamennirnir báru heldur ekki ábyrgð. Þetta hélt lífskjörunum í landinu niðri og heldur þeim enn niðri. Það er ljóst að þegar skuldarar þurfa að borga of háa vexti og sparifjáreigendur fá of lága vexti á sitt fé þá kemur það niður á einhverjum, það kemur niður á lífskjörunum, getu fyrirtækja til að fjárfesta o.s.frv.

Bankaráðin voru og eru kosin af Alþingi og þar af leiðandi er eftirlit Alþingis með bankaráðunum orðið ákaflega veikt. Eigum við hv. þm. að fara að gagnrýna þá menn sem við kusum sjálf? Það finnst mér ekki. Bankastjórarnir eru þrír og það ber enginn þeirra ábyrgð, það er alltaf hægt að vísa á einhvern annan af þessum þrem þannig að það ber enginn ábyrgð. Enda hefur enginn borið ábyrgð nema svo illa vilji til að bankinn fari hreinlega á hausinn eins og gerðist með Útvegsbankann.

Herra forseti. Það er mjög hröð þróun í gangi á fjármálamarkaðinum og samkeppnin er orðin umtalsverð. Ég ætla aðeins að fara í gegnum það. Það hafa komið margir nýir aðilar. Ég nefni verðbréfasjóðina sem eru komnir með tugi milljarða í veltu til útlána. Lífeyrissjóðirnir hafa vaxið mjög hratt og það hafa orðið miklar breytingar. Ef við t.d. förum í gegnum langtímalán til fyrirtækja þá eru öll stöndugri fyrirtækin hætt að taka lán hjá bönkunum sínum, þau taka lán á verðbréfamarkaði og fá miklu lægri vexti eða hreinlega taka lán erlendis, hjá erlendum bönkum eða erlendum lánasjóðum eins og Norræna fjárfestingarbankanum. Stærri fyrirtæki taka að sjálfsögðu ekki lán hér innan lands. Það ræður enginn banki við Landsvirkjun og ekki með góðu móti við Eimskip eða Flugleiðir.

Skammtímalán til fyrirtækja. Mér skilst að öll stærri sveitarfélög séu komin með reikninga í útlöndum þar sem þau geta yfirdregið og fengið yfirdráttarreikning. Að sjálfsögðu eru þessi stærri fyrirtæki eins og Landsvirkjun, Eimskip og Flugleiðir með öll sín skammtímalán erlendis.

Langtímalán til einstaklinga. Þar hafa bankarnir ekki komið nálægt. Það er Húsnæðisstofnun, það er lánasjóðurinn og nú upp á síðkastið eru komnar umtalsverðar fjárhæðir, sem er samkeppni við Húsnæðisstofnun, við húsbréfin, sem Spron og Handsal hafa haft milligöngu um, sem er lánsfé frá lífeyrissjóðunum til einstaklinga til fjölda ára, 15–20 ára, en reyndar með nokkuð háum vöxtum.

Skammtímalán til einstaklinga eru komin til VISA og Euro og það eru fleiri milljarðar sem þessi fyrirtæki lána einstaklingum til skamms tíma.

Þannig er mikil samkeppni í gangi á þessum markaði. Eftir nokkur ár, kannski er ekki mjög langt þangað til, munu menn geta lagt inn með internetinu og fengið lán í gegnum internetið og það er þegar að koma. Íslandsbanki er þegar kominn með bankanet yfir á internetið og þegar öryggismál internetsins verða tryggð eftir tvö til þrjú ár geta menn lagt inn í hvaða banka sem er í heiminum hvort sem það er Citybank eða einhver banki í Japan eða hvar sem er. Menn geta fengið lán víðast hvar ef þeir sýna sæmilega greiðslusögu. Þannig breytist samkeppnin mjög hratt. Og það fjarar hratt undan bönkunum. Það fjarar nefnilega hratt undan þessum bönkum sem eins og hér hefur verið nefnt mörgum sinnum eru í rauninni litlar búðir.

Herra forseti. Menn hafa rætt hér og haft miklar áhyggjur af því að einhver kaupi þessa banka. Sú fræga mótstaða sem ég nefndi í upphafi kom því til leiðar að ekki má selja nema 35% í þessum bönkum og það meira segja ekki fyrr en eftir fimm ár, í ársbyrjun 2002, þá má byrja að selja í þessum bönkum samkvæmt grg. sem fylgir frv. á bls. 8.

Vill einhver kaupa þessa banka? Hafa menn velt því fyrir sér? Vill einhver setja fleiri milljarða í einhverja banka, sem eru eins og þessir bankar allt of litlir, þeir ráða ekki við meðalfyrirtæki með góðu móti ef við setjum öryggismörk 5 eða 10% af eigin fé, sem ég tel vera hið ýtrasta, er reyndar í lögunum í dag 20% sem mér finnst alveg fáránlegt. Ég mundi telja að það ætti að vera 5–10% mörk, öryggismörk á því sem bankarnir lána af eigin fé og það mundi þýða svona 300–500 milljónir. Það er nánast ekkert einasta útgerðarfyrirtæki af sæmilegri stærð sem gæti þá fengið lán hjá banka. Bankakerfið er því allt of lítið og getur ekki sinnt neinum almennilega stórum fyrirtækjum.

Hvað ætla menn að selja? Verður einn bankastjóri í þessum bönkum? Verður skipuritið þokkalegt? Hvernig er með líkin í lestinni? Hvernig er með öll lánin sem hafa verið veitt á undanförnum árum og ekki er búið að afskrifa en hugsanlega er hætta í? Hvernig er með afskriftamatið? Þetta eru allt spurningar sem fjárfestar munu setja fram. Vilja menn setja 2.000, 5.000 eða 10.000 milljónir í það að kaupa hlut í þessum bönkum? Ég efast stórlega um það. Það verður þá að laga fjöldamörg atriði eins og t.d. með bankastjórana, eins og t.d. með skipuritið, eins og t.d. með það að það gerist hratt.

Árið 2002 verður komin einhver allt önnur staða. Þá er komið internetið og þá eru þessir bankar bara horfnir. Það

verður ekkert að selja. Nei, ég tel hreinlega að ef menn ætla og vilja stunda bankastarfsemi og setja í það 2.000 eða 5.000 eða 10.000 milljónir þá stofna þeir bara banka sjálfir. Svo einfalt er það. Með því skipuriti sem þeir vilja hafa sjálfir, með einum bankastjóra, með góðu útibúaneti og engin lík í lestinni. Það er ekki spurning.

En hvað gerist við þessa miklu samkeppni? Það sem gerist er að verðmæti þess að ráða yfir bönkunum hverfur. Það er nefnilega málið. Þegar vextir voru neikvæðir, þegar 20–40 manns voru á biðstofunum á hverjum morgni þá var það mikið atriði að fá að ráða yfir bönkunum. Þá var það mikið atriði að fá að tilnefna í bankaráðin. Þegar menn eru komnir í hörkusamkeppni og það er spurning um líf eða dauða, hvort menn lifa af, þá skiptir þetta engu máli. Þá eru engin völd fólgin í því að vera bankastjóri. Þá eru engin völd fólgin í því að vera bankaráðsmaður. Þetta breytist. Þá er nefnilega bara spurningin um að finna góða lántakendur sem geta borgað lánin nokkuð örugglega til baka. Og það er spurning um að finna góða sparifjáreigendur sem vilja leggja inn peninga. Þetta verður spurning um að ná til viðskiptavina á báðum hliðum. Svo hefur ekki verið. Og þegar sú staða er komin upp, þegar samkeppnin er búin að ýta mönnum í þá stöðu, þá er ekkert varið í, herra forseti, að vera bankaráðsmaður.

Spurningin er sú hvort menn vilji yfirleitt fjárfesta. Vilja útlendingar fjárfesta? Ég vildi gjarnan sjá það að útlendingar fjárfestu hérna til að koma með nýtt „know how", nýja þekkingu inn í landið á þessu sviði. Ég er ekkert viss um það. Ég hugsa að þeir stofni bara nýja banka. Það er miklu eðlilegra. Eða stofni hér útibú. Það er miklu betra.

Herra forseti. Menn eru svo innilega vanir því að ríkisfyrirtæki njóti einhverra forréttinda að þeir gátu ekki látið það vera að láta þessa nýju banka vera lausa við stimpilgjald. Af hverju í ósköpunum skyldu þessir nýju bankar ekki borga stimpilgjald? Það er eins og það sé orðið fast í hugum manna að ríkisfyrirtæki verði að hafa forréttindi. Af hverju skyldu þessi fyrirtæki ekki borga stimpilgjald nákvæmlega eins og Eimskip eða Íslandsbanki o.s.frv.? Að sjálfsögðu er það bara tilflutningur á peningum því að ríkið fengi þá minni tekjur af sölunni eða eigið fé bankanna yrði minna þannig að það skiptir í sjálfu sér ekki máli. En prinsippið er það, mér finnst að þessi hlutafélög eigi að vera jafnsett og aðrir og er þar af leiðandi á móti því að undanþiggja þau stimpilgjöldum.

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv., Jóhanna Sigurðardóttir, og margir fleiri, hafa talað um það að einhverjir ljótir stórir karlar ætli að gleypa þetta indæla óskabarn þjóðarinnar, eða þannig skildi ég það. Og þetta sé vaxandi tilhneiging í að einhverjar 14 fjölskyldur séu að eignast allt landið og miðin. Mér finnst þetta alveg ótrúleg umræða. Fyrir 10–15 árum var hér eitt útvarp, eitt sjónvarp og yfir því réð einn útvarpsstjóri og einn eigandi sem var ríkið. Menn urðu að gjöra svo vel og sitja og standa eins og þessi eini ljósvakafjölmiðill sagði mönnum að sitja og standa. Síðan hefur mjög margt breyst. Nú er komin samkeppni á þessum markaði, fjöldinn allur af útvarpsstöðvum, menn geta valið eftir því sem þeir vilja og hafa smekk fyrir. Það er komin heilmikil samkeppni, það er kominn mjög breiður hluthafahópur hjá þessari nýju sjónvarpsstöð. Mér skilst að stærstu eigendur eigi 25%, og þeir eru háðir því að selja áskrift og ef þeir fara að haga sér eitthvað dónalega gagnvart áskrifendum sínum með því að þrýsta ofan í kokið á þeim einhverjum skoðunum, þá mundu menn bara segja upp áskriftinni, það er svo einfalt. Og þessir menn mundu tapa peningum. Það gera þeir að sjálfsögðu ekki þannig að þeir passa sig á því að koma ekkert nálægt því að troða skoðunum ofan í kokið á hlustendum og áhorfendum. Ef þeir gera það þá tapa þeir bara sjálfir á því.

Hér er heilmikil samkeppni. Mér skilst að aldrei í Íslandssögunni hafi jafnmargir aðilar verið þátttakendur í atvinnulífinu. Að undanförnu hefur verið selt hlutafé á hlutafjármarkaði til fleiri tuga þúsunda nýrra hluthafa. Er þetta samþjöppun valds? Er þetta það að einn aðili ráði öllu? Ef menn hafa áhyggjur af samþjöppun valds þá ættu menn að líta til lífeyrissjóðanna því þar eru 260 milljarðar og þeir ráðstafa 50 milljörðum á ári sem er náttúrlega miklu meira en þeir 5 milljarðar sem þeir hafa selt í þessum hlutafélögum. Þannig að þar er samþjöppun valds ef menn hafa áhyggjur af slíku. En þeir eru að sjálfsögðu margir lífeyrissjóðirnir, og ekki ein skepna frekar en kolkrabbinn frægi, hann er ekki ein skepna.

Ég tel, herra forseti, að það mál sem við ræðum hér í dag um bankana leysist af sjálfu sér. Þetta er mjög einfalt. Það leysist af sjálfu sér, samkeppnin mun leysa það. Það mun koma í ljós innan ekki langs tíma að bankarnir, ef þeir taka sér ekki tak og standa sig í samkeppninni nákvæmlega eins og Póstur og sími er búinn að sjá, verða þeir að fá nýtt hlutafé og nýja hluthafa og breyta skipuritinu, hafa einn bankastjóra og vinna eins og menn. Og þá verður þetta ekkert vandamál. Og þá munu að sjálfsögðu koma upp raddir um það að ríkið fari út úr þessum rekstri til þess að hægt sé að fá inn nýtt hlutafé. Dettur einhverjum í hug að einhver vilji fjárfesta með ríkinu? Með einhverjum aðilum sem hafa allt aðra hagsmuni en hagnað í huga? Dettur einhverjum í hug að einhver vilji fjárfesta með ríkinu þar sem ríkið er meirihlutaaðili í Landsbankanum og Búnaðarbankanum? Það stórefa ég. Það sem mun gerast á næstu árum er að þeir sem ráða þessum málum munu sjá að það er miklu skynsamlegra að þessir bankar fari úr höndum ríkisins og standi sig úti á hinum harða markaði öllum til hagsbóta, sérstaklega lántakendum og sparifjáreigendum.

[14:40]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður taldi það vera einn af kostum þess að hlutafélagavæða og einkavæða bankana að með því væri verið að afnema ríkisábyrgð á skuldbindingum bankanna. Nú vil ég spyrja hv. þm. að því hvort hann sé þeirrar skoðunar að þegar búið verður að einkavæða bankana þá sé ríkið þar með laust við það að vera ábyrgt fyrir skuldbindingum bankanna.

Ég vitnaði til þess í ræðu minni áðan að í greinargerðum og skýrslum sem lágu fyrir fyrir nokkrum árum síðan um þetta atriði frá mörgum aðilum kom fram það sjónarmið sem var sameiginlegt hjá öllum þessum aðilum að ef einkabankar yrðu fyrir skakkaföllum og illa færi, einkabankar yrðu gjaldþrota, þá væri ríkið ábyrgt fyrir skuldbindingum og skattgreiðendur þyrftu að standa undir þeim líkt og gerðist fyrir nokkrum árum á hinum Norðurlöndunum. Í Finnlandi til að mynda þurfti ríkið að grípa inn í og koma með fjármagn og ábyrgðir sem samsvaraði 8% af þjóðarframleiðslu. Ef við hefðum lent í svipuðum skakkaföllum í bankakerfinu sem hefðu numið 8% af þjóðarframleiðslu þá værum við að tala þar um 40 milljarða. Það er nefnilega svo, eins og stóð í einni greinargerðinni, að það er tekin áhætta á því að einkaaðilar græði í örfá ár í bankakerfinu en ef illa fer þá er öllu vísað á ríkissjóð. Gróðinn fer til einkaaðilanna en ef þeir tapa þá þurfa skattgreiðendur að bera það. Því spyr ég hv. síðasta

ræðumann: Telur hann virkilega að ríkissjóður sé laus undan allri ábyrgð á skuldbindingum í bankakerfinu ef bankarnir verða einkavæddir?

[14:42]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar bankar verða gjaldþrota, eins og varð í Noregi, eða allt að því gjaldþrota, þá tapa eigendur öllu sínu fé. Það byrjaði þannig. Þeir byrjuðu á að tapa öll sínu fé og ríkið tók yfir. Það er eðlilegt. Þeir tóku áhættu af rekstrinum og töpuðu.

Hvort ríkið tryggi innstæður? — Það hefur oft gerst og gerist reyndar oftar þegar einn banki af fjöldamörgum, eins og hefur gerst í Þýskalandi, verður gjaldþrota að þá koma aðrir bankar til hjálpar til þess að halda uppi trausti manna á innlánsforminu og þeir tryggja þá innstæður upp að vissu marki. En alls ekki aðrar skuldbindingar bankanna eins og bankabréf og annað slíkt. Það er því þekkt að ríkisvaldið eða aðrir bankar grípi inn í og bjargi innstæðum vegna þess að það er litið þannig á að bankaeftirlitið hafi brugðist.

Ef bankaeftirlitið er sterkt þá á fólk ekki að tapa innstæðum. Það hefur eitthvað brugðist í bankaeftirlitinu þegar það gerist og þá telja menn að ríkisvaldið beri ábyrgð á því. En yfirleitt er það þannig að þá eru innstæður tryggðar upp að vissu marki eða bara hluti af innstæðum, t.d. ekki vextir, og oftast er það þannig þegar markaðurinn er stór að aðrir bankar grípa inn í og borga þessar bætur. Enda er það svo t.d. hjá sparisjóðunum að þeir eru með ákveðinn tryggingarsjóð, sem er orðinn nokkuð öflugur, sem á einmitt að standa undir því að tryggja innstæður ef illa fer hjá einum sparisjóði. Þannig er ríkið í eðli sínu laust við ábyrgð á bönkunum sem slíkum vegna þess að það ber t.d. ekki ábyrgð á bankabréfum eða erlendum lánum sem bankarnir hafa tekið.

[14:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er athyglisvert sjónarmið sem þarna kemur fram og ég vona að svör ráðherrans, en ég hef beint sambærilegri spurningu til hans, séu önnur en hjá hv. þm. Það er ljóst að það verður að liggja fyrir áður en málið er afgreitt frá Alþingi hvernig innstæður sparifjáreigenda til að mynda eru tryggðar þegar verið er að fara út í hlutafélagavæðingu eða einkavæðingu í bankakerfinu. Mér fannst hv. þm. slá úr og í að því er það varðaði. Og það er nýtt í mínum eyrum ef það eru einhverjir aðrir bankar sem beri þar ábyrgð. Ber Íslandsbanki þá ábyrgð á Landsbankanum eftir að hann hefur verið einkavæddur? Eða hvað er það sem hv. þm. meinar? Hann vill meina það að ríkissjóður beri bara ábyrgð á einhverjum hluta, innstæðum en ekki vöxtum. Eiga þá sparifjáreigendur sem fjárfesta í einkabanka á hættu að tapa fé eftir þessa einkavæðingu? Ríkir ekki sami skilningur hér og í öðrum löndum að ef einkabankar eða bankar verða fyrir skakkaföllum að eigendur séu öruggir með sínar innstæður? (**Gripið fram í:** Tryggingarsjóðirnir.) Tryggingarsjóðirnir, segir hæstv. ráðherra. Það er gott að hann kom að því vegna þess að ef ég skil þetta rétt átti hv. þm. sæti í þeirri nefnd sem komst að þessari niðurstöðu þó að þingmaðurinn væri ekki alls kostar sáttur við það. Hver er staða tryggingarsjóðanna að mati hv. þm.? Telur hann að tryggingarsjóðirnir séu í stakk búnir til að standa undir skakkaföllum í bankakerfinu ef illa fer? Það er grundvallaratriði að við séum ekki að ana út í einhverjar breytingar í bankakerfinu sem geti orðið þess valdandi að sparifjáreigendur séu ekki öruggir með innstæður sínar.

[14:46]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta þann misskilning að ég hafi verið í nefndinni. Ég var ekki í nefndinni þannig að ég veit ekkert hvað þar fór fram. En varðandi það að sparisjóðirnir geti tapað sínu fé, þá er það nú einu sinni svo í lífinu, hv. þm., að það er áhætta í öllu. Það er ekki hægt að lifa áhættulaust. Þetta vita náttúrlega sparifjáreigendur sem aðrir. Það er áhætta að leggja inn í banka. Það er áhætta að kaupa hús. Það er áhætta að sigla skipi eins og við vitum. Það er áhætta úti um allt í lífinu og við komumst ekki hjá henni. Það er ekki hægt að gera þjóðfélagið áhættulaust, þó að við gjarnan vildum. En við byggjum upp alls konar öryggi í kringum það. Við höfum sjóði, tryggingarsjóði, við höfum mjög ströng lög um banka, við höfum BIS-reglurnar, við höfum bankaeftirlit til að framfylgja þessu öllu saman, mjög sterkt og gott bankaeftirlit. Svo höfum við þessa siðferðilegu ábyrgð sem aðrir bankar hafa gagnvart því ef einn þeirra hrynur. Ef þeir hrynja allir þá geta þeir það náttúrlega ekki. Það er nú einu sinni þannig að sumt er ekki hægt að tryggja. En það hefur komið í ljós t.d. í Þýskalandi, ég þekkti það, að aðrir bankar brugðust þannig við að þeir tryggðu innstæður upp að vissu marki til þess að halda uppi trú á innstæðuforminu. Þetta var þeirra eigið val. Síðan getur verið að innstæðueigendur eigi kröfu á ríkið vegna þess að bankaeftirlitið hafi brugðist. Þannig að ef öll þessi öryggisnet bregðast þá geta menn að sjálfsögðu tapað innstæðum. Og menn þurfa að hafa vit á því að eins og í öllu öðru, t.d. þegar ég fer út að keyra á eftir þá get ég lent í slysi og það er ekkert sem hindrar það.

[14:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við þessa 1. umr. hefur verið beint til mín nokkrum spurningum og ég ætla að snúa mér beint að því að svara þeim.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lýsti því yfir að hann væri fylgjandi frv. um hlutafjárvæðinguna eins og það lægi fyrir en spurði þó ákveðinna spurninga í þeim efnum sem snúa þá fyrst og fremst að framkvæmdinni og það er eðlilegt.

Í fyrsta lagi spurði hann hvernig staðið yrði að hlutafjáraukningunni í bönkunum. Fleiri hv. þm. hafa spurt um þetta, t.d. hv. þm. Ágúst Einarsson og Guðmundur Árni Stefánsson. Sama gildir um hv. þm. Svavar Gestsson. Reglan er skýr eins og hún liggur fyrir í lögunum. Á hvaða tíma þessi hlutafjáraukning muni eiga sér stað mun auðvitað ráðast af því hver þörf bankanna verður fyrir eigið fé. Fyrst og fremst mun þetta ráðast af því hvernig mat bankanna á því verður hver þörf þeirra er fyrir eigið fé í þeirri vaxandi samkeppni sem er fram undan á þessu sviði. Ég er því ekki tilbúinn til þess að gefa upp dagsetningar í þeim efnum. Ég hygg þó að það sé styttra í það en menn almennt gera sér grein fyrir að þörfin fyrir báða bankana, eftir að búið er að breyta þeim í hlutafélög, sé til staðar til þess að þeir geti tekið þátt í þessari samkeppni. Sú regla verður innleidd árið 2001 að þá má enginn banki lána meira en 25% af eigin fé sínu til eins aðila. Það þýðir, ef við tökum dæmi af Búnaðarbanka Íslands, sem er með eigið fé í kringum 4 milljarða kr., að hann getur ekki lánað nema 1 milljarð til eins aðila og það sjá allir að þrátt fyrir að við séum með lítið atvinnulíf á Íslandi þá er þetta allt of veik eiginfjárstaða til þess að geta þjónað íslensku atvinnulífi vel.

Hvernig að framkvæmdinni verður staðið? Þar tel ég eðlilegast að einkavæðingarnefnd verið falið það verk að sjá um undirbúning slíkra verka. Ástæðan er sú að þar hafa núna verið mótaðar skýrar verklagsreglur um útboð og sölu ríkisfyrirtækja. Ég bendi hv. þm. á að lesa bækling sem einkavæðingarnefnd hefur gefið út um hvernig að slíku skuli staðið. Það eru mjög skýrar og ótvíræðar reglur um hvernig að þeim undirbúningi skuli staðið. Í frv. eru hins vegar skýrar yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað skuli gert. Það er stefnt að mjög dreifðri eignaraðild við útboð á nýju hlutafé og sérstaklega verði kannað hvort starfsmenn bankanna geti haft þar forgang fram yfir aðra.

Hv. þm. spurði líka um stjórnskipulag nýs banka. Sama gerðu hv. þm. Ágúst Einarsson og Svavar Gestsson. Hvað varðar bankastjórana þá er það alveg klárt samkæmt þessu frv. að bankastjórarnir hafa ekki tryggingu fyrir endurráðningu í þessum nýju félögum, þ.e. bankastjórarnir, aðstoðarbankastjórarnir, staðgengill bankastjóra og endurskoðandi bankans. Hins vegar verður kveðið á um það í samþykktum fyrir nýtt hlutafélag hvert stjórnskipulag nýs banka verður og þá um leið hversu margir bankastjórar, hvort sem þeir verða einn, tveir, þrír, fjórir eða hversu margir þeir verða, sem þar munu starfa. Það mun verða gengið út frá því í samþykktum fyrir hlutafélagið. Eitt af þeim verkum sem nefnd samkvæmt 2. gr. frv. á að hafa með höndum er að undirbúa samþykktir fyrir þessi nýju félög.

Hv. þm., og einnig hv. þm. Svavar Gestsson, spurði um bankaráðin. Um bankaráðin verður líka kveðið á í samþykktum þessara nýju félaga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að bankaráðin eigi að vera fimm manna og mun leggja upp með það í þeirri vinnu. Ég geri mér grein fyrir því að hér er verið að stíga tiltölulega róttæk skref frá fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði í langan tíma, að Alþingi hafi kosið bankaráðin fyrir ríkisviðskiptabankana. Þar hefur sú regla verið í gildi að bankaráðin hafa endurspeglað pólitískt landslag í landinu á hverjum tíma, undantekningin frá þessu er sú að í Landsbankanum er stjórnarandstaðan núna með meiri hluta manna í bankaráðinu. Ég er þeirrar skoðunar, án þess að það þurfi endilega að velja alþingismenn til þeirra starfa, að það sé mikilvægt í fyrstu að bankaráðin verði skipuð mönnum sem við getum talið að standi fyrir hið pólitíska landslag í landinu á hverjum tíma á meðan þetta er í 100% eigu ríkisins. Aðalatriðið er að það verði valdir einstaklingar til þeirra starfa sem hafi hæfni, reynslu, þekkingu og getu til þess að sinna þeim ábyrgðarstörfum sem munu hvíla á bankaráðunum, bæði samkvæmt lögum og samkvæmt þeim samþykktum sem munu gilda fyrir banka.

Það er ljóst að hægt hefði verið að ganga öðruvísi fram við undirbúning þessa máls og koma með frv. inn í þingið sem gerði ráð fyrir mun róttækari breytingum heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir. Eftir mjög víðtækt samráð við formenn bankaráða beggja bankanna, við bankastjóra beggja bankanna og við starfsfólk beggja bankanna varð þessi niðurstaða um það hvernig þetta skyldi gert. Undirbúninginn að þessu mun nefndin sem starfar samkvæmt 2. gr. annast. Og af því hv. þm. Svavar Gestsson spurði líka áðan hverjir yrðu í þessari nefnd eða nefndum fyrir hvorn banka þá vil ég segja að ég held að það sé mikilvægt að reyna að tengja þar saman framkvæmdarvaldið og bankana sem slíka vegna þess að nefndirnar eiga að starfa í umboði viðskrh. en í nánu samráði við bankana. Og af því hv. þm. Svavar Gestsson spurði sérstaklega um hvort starfsmenn yrðu hafðir þar með í ráðum þá hafa starfsmenn spurt nákvæmlega þessara sömu spurninga við þennan undirbúning. Svarið hefur verið þetta: Ég hef ekki lofað því að starfsmennirnir fái sæti í þessum nefndum. Ég hef hins vegar lofað því að starfsmennirnir muni fá að fylgjast nákvæmlega með því sem þarna mun gerast eða með öðrum orðum að þeir muni fá að fylgjast með starfi nefndanna og vinna að þessum undirbúningi. Hins vegar hefur einfaldlega ekki verið tekin ákvörðun um hvernig þetta skuli gert.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson spurði: Af hverju þessi fjögurra ára regla um sölu á eignarhlutum ríkisins? Ástæðan er sú að við teljum að það sé nauðsynlegt og ég tel að það sé nauðsynlegt að leyfa bönkunum að fóta sig í nýju rekstrarumhverfi sem mun verða með formbreytingunni. Þeir þurfa til þess ákveðinn tíma. Fyrst og fremst þurfa þeir þó á því að halda að auka eiginfjárhlutfall sitt, styrkja stöðu sína þannig og á grundvelli 6. gr. frv. er hægt að bjóða út nýtt hlutafé en að bíða með í fjögur ár að selja eignarhluti ríkisins í þessum bönkum.

Hversu mikið verður selt í einu? spurði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Á þessari stundu tel ég ekki hægt að segja nákvæmlega til um það. Hins vegar mun það fyrst og fremst ráðast af því hver þörf hvors banka fyrir sig mun verða á að auka eiginfjárstöðu sína og það verður að nokkru leyti mat stjórnenda bankans hverju sinni, aðalfundar síðan að taka síðan ákvörðun um það hversu mikið hlutafé skuli aukið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon spurði um niðurstöður þeirrar nefndar sem vann að þessum undirbúningi. Það er rétt hún fylgir ekki hér með sem fskj. með frv. en það er alveg sjálfsagt að hún verði lögð fyrir nefndina til umfjöllunar og ég mun beita mér fyrir því að það verði gert.

Hv. þm. spurði líka um samstarfið við Samband íslenskra bankamanna og starfsmannafélög bankanna. Ég tel að það samstarf hafi verið býsna víðtækt. Í upphafi kallaði ég fulltrúa SÍB og starfsmannafélaganna á minn fund til að kynna fyrir þeim hvernig skyldi staðið að fyrirhugaðri breytingu, skrifaði þeim síðan bréf og bauð þeim upp á þátttöku í þessu nefndarstarfi innan bankanna til að byrja með þar sem starfsmennirnir voru hafðir með í ráðum. Bankastjórarnir og bankaráðin leiddu þá vinnu og starfsmenn voru hafðir með. Síðan var opinn aðgangur starfsmannafélaganna beggja að nefnd þeirri sem hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson stýrði. Þegar þær tillögur lágu fyrir voru þær kynntar fyrir fulltrúum beggja starfsmannafélaganna og Sambandi íslenskra bankamanna. Síðan, við lokaundirbúning málsins, átti ég sjálfur í tvígang fund með formönnum beggja starfsmannafélaganna og formanni Sambands íslenskra bankamanna og kynnti nákvæmlega fyrir þeim hvað í frumvörpunum var. Starfsmennirnir gerðu athugasemdir við einstaka þætti frv. Við sumu af því sem fram kom hjá starfsmönnunum var orðið. Eitt dæmi sem ég get nefnt og við gátum ekki orðið við var það að starfsmennirnir óskuðu eftir því að ekki stæði að um sambærilegt starf væri að ræða heldur að um sama starf væri að ræða. Við þessu var ekki hægt að verða einfaldlega vegna þess að þarna verður um sitthvorn rekstraraðilann, sitthvorn lögaðilann, að ræða að ræða. Þannig að starfsmaður sem vinnur hjá Landsbanka Íslands í dag getur ekki fengið sama starf, hvernig sem á það væri litið hjá Landsbanka Íslands hf. Hins vegar getur hann fengið sambærilegt starf og það stendur viðkomandi starfsmönnum til boða.

Hins vegar kom fram á síðustu stundu hjá starfsmönnunum að þeir hefðu áhyggjur af hversu hátt hlutfall þetta var

sem mátti auka hlutafé í bönkunum upp í 49% og m.a. fyrir ábendingar þeirra var leitað eftir samstöðu innan stjórnarflokkanna um að lækka þetta hlutfall. Það var gert án þess að ég sé að segja með því að starfsmennirnir séu sáttir við það að það skuli endilega vera 35%. En ég hygg að það sé kannski það eina sem starfsmannafélögin hafa við þetta frv. að athuga eins og það liggur fyrir, að það er ákveðinn ótti í starfsmönnum hvað þetta varðar.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon taldi að það hefði þurft að verða meiri uppstokkun á fjármagnsmarkaði heldur en sú sem hér er boðuð. Eins og hv. þm. Guðni Ágústsson fór yfir hefur þessi formbreyting ríkisviðskiptabankanna verið á dagskrá ríkisstjórna í ein tíu ár. Eins og við öll vitum hefur enginn árangur orðinn í þeim efnum ef undan er skilinn árangurinn sem varð af sameiningu fjögurra banka í einn hlutafélagabanka árið 1989 þegar Íslandsbanki varð til.

Um þetta mál hefur ekki verið mjög mikil pólitísk samstaða. Ég held hins vegar að þó sé kannski meiri pólitísk samstaða um þessa formbreytingu nú heldur en áður. Ég dreg ekki í efa að menn hefðu getað farið aðrar leiðir í þessum efnum. Ég hef hins vegar ekki trú á því að tekist hefði að skapa kyrrð og ró um þetta mál með því að byrja á að sameina eða ætla sér að sameina Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Þegar fram líða stundir, ég veit ekki hvenær, þá er ég ekki frá því að það geti gerst að þessir bankar muni renna saman. Það er ég þó ekki að boða hér og nú heldur. Hins vegar er það að gerast á fjármagnsmörkuðum, ekki bara hér heldur í löndunum í kringum okkur, að bankastofnanir eru að renna saman til þess að stækka, verða öflgri til að taka þátt í samkeppninni. Tryggingafélög og bankar eru að renna saman, lánasjóðir og bankar eru að renna saman og þannig mætti lengi telja. Fjármögnunarfyrirtæki og bankar eru að renna saman, allt í þeim tilgangi að veita fjölbreyttari þjónustu og líka í þeim tilgangi að styrkja stöðu sína á markaði.

Það hefur komið fram hjá einum aðalbankastjóra Landsbankans, formanni bankastjórnar þar, Björgvini Vilmundarsyni, að það væri um milljarðs króna sparnaður af því að slá Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands saman. Í hverju liggur sá sparnaður? Hann liggur í því að loka útibúum víða um land. Ég held að það sé alveg hárrétt eins og kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að það er hægt með því að loka útibúum víða um land að spara verulega fjármuni. En þá spyr ég hv. þm. á móti: Hvar eru þau útibú sem þar á að loka? Það hefur einmitt vafist fyrir mönnum í nokkuð langan tíma að finna lausn á því.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort ekki væri þörf fyrir einn ríkisbanka. Ég er þeirrar skoðunar að svo sé ekki. Ég held að það sé ekki ástæða til að binda sig við það að hér sé einn ríkisbanki starfandi. Ég held að við séum ekki tilbúin til að veita fjármunum frá almenningi, af skattpeningum almennings, til að standa undir sífellt auknum kröfum um eigið fé í einum ríkisviðskiptabanka. Það er mjög mikilvægt fyrir þessar stofnanir að geta leitað eftir áhættufé úti á markaðnum frá einstaklingum, frá fyrirtækjum og þeim sem eru tilbúnir til að leggja fjármuni í þennan rekstur.

Hv. þm. gerði mikið úr því að þetta mál hefði verið lengi í undirbúningi hjá ríkisstjórn. Það er rétt að undirbúningur þessa máls var hafinn fljótlega eftir að ríkisstjórnin var mynduð. Ástæðan fyrir því hversu seint það kemur fram var einfaldlega sú að við höfum lagt talsvert mikla vinnu í þennan undirbúning. Við höfum leitað ráða hjá mjög mörgum og við höfum líka viljað hafa samráð við mjög marga við framlagningu málsins sem ég tel að við höfum gert.

Ég held ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni með öðrum þeim spurningum sem hér hafa komið fram. Þó er þeirri spurningu ósvarað sem snýr að því hvað verður um upplýsingar um launakjör bankastjóra þegar breytt hefur verið í hlutafélag. Þá vil ég vitna fyrsta lagi til 54. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er alþingismönnum, með leyfi Alþingis, að óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni með því að bera fram fyrirspurn um málið eða beiðast um það skýrslu."

Þannig tel ég að þessi möguleiki sé fyrir hendi. Í lögum um ársreikninga segir í 36. gr.:

„Í skýringum í ársreikningi eða í skýrslu stjórnar, ef hún er hluti ársreiknings, skal a.m.k. veita upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru í 37.–51. gr., auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara."

Ég ætla þá að vitna í 48. gr.:

„Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir."

Þetta tel ég að eigi allt að liggja fyrri í skýrslum og ársreikningum þegar þeir eru kynntir á hverju einasta ári. (Gripið fram í.) Lög um ársreikninga, nr. 144/1994, þannig að þessar upplýsingar eiga allar að liggja fyrir og það er skylda og þessi regla mun gilda um hlutafélög.

Í reglugerð nr. 544/1994, um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þar sem þetta er sérstaklega tilgreint, segir í 42. gr., með leyfi forseta:

„Í skýringum við rekstrarlið 8.1, laun og launatengd gjöld, skulu koma fram upplýsingar um laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda stofnunar vegna starfa í þágu hennar enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar." Samkvæmt þessu eiga þóknanirnar líka að koma fram. Ég tel að þarna séu allir möguleikar til staðar til þess að verða við þeim óskum sem hafa komið fram. Ég er þeirrar skoðunar að Alþingi eigi að hafa þennan aðgang að vita hver þessi kjör eru, og ekki síst á meðan ríkið á 100% í þessu hlutafélagi, fyrir utan það að ef þetta frv. verður samþykkt þá mun viðskrh. velja stjórn viðkomandi stofnunar og stjórn viðkomandi hlutafélags á að gefa viðskrh. upplýsingar um launakjör eins og greint er á um í 79. gr. laga um hlutafélög:

„Aðalfundur ákveður árlega laun stjórnarmanna og fulltrúa nefndarmanna. Félagsstjórn ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjóra."

Það er því stjórnin sem ákveður þetta. Og þar sem stjórnin er skipuð af viðskrh. í þessu tilfelli þá eiga þessar upplýsingar að vera til staðar ef menn leita eftir þeim. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert mat að leggja á það og hef ekki kynnt mér hvort þessu er öðruvísi farið hjá Pósti og síma. En mér sýnist þetta liggja þannig í lögum sem snúa að viðskiptabönkum og sparisjóðum að það sé opinn aðgangur að þessum upplýsingum.

Áður en ég kem að því að svara þeim spurningum sem koma fram í fyrirspurn sem hér hefur verið lögð fyrir á þskj.

730 þá vil ég víkja að nokkrum spurningum frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. þm. spyr hver sé skýringin á mismunandi rekstrarafkomu bankanna, þ.e. mismunandi rekstrarkostnaði. Ég hugsa að skýringin sé fyrst og fremst sú að stærri einingar eru hagkvæmari í rekstri og það er held ég ástæðan fyrir því að rekstrarkostnaður Landsbankans er tiltölulega lægstur. Þetta er stærsti bankinn. (Gripið fram í.) Það kemur fram í fyrirspurninni, ég kem að því örlítið síðar.

Hv. þm. spyr hver sé ábyrgð ríkissjóðs eftir að búið er að breyta í hlutafélög. Það er alveg skýrt í þessu frv. að ríkissjóður ber ábyrgð á öllum þeim skuldbindingum sem til eru orðnar í ríkisviðskiptabönkunum áður en formbreytingin á sér stað en eftir að formbreytingin hefur átt sér stað er ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður beri ábyrgð á þessum skuldbindingum öðrum en eftirlaunaskuldbindingum starfsmanna og bundnum innlánsreikningum á meðan á binditíma stendur. Frv. er alveg skýrt í þessum efnum.

Varðandi starfsmannamálin spurði hv. þm. hver hefði samningsrétt fyrir starfsmenn. Í 12. gr. frv. er kveðið á um það, með leyfi forseta:

„Um kjarasamninga Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. við starfsmenn skal fara samkvæmt lögum nr. 34/1977, um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins."

Þessi lög gera ráð fyrir að það sé Samband ísl. bankamanna sem fari með samningsumboðið og það hefur verið þannig kynnt fyrir Sambandi ísl. bankamanna og starfsmannafélögum beggja bankanna. Ég veit ekki betur en að báðir aðilar séu sáttir við þá niðurstöðu.

Hv. þm. talaði um að það kæmi í hlut ráðherra að auka hlutafé í viðskiptabönkunum um 4–5 milljarða kr. Þetta er ekki alls kostar rétt. Ég vil benda hv. þm. á í fyrsta lagi að samanlagt eigið fé beggja bankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans var 10,3 milljarðar um síðustu áramót. Ef hv. þm. les 2. mgr. 5. gr. frv. þá er gert ráð fyrir að það verði ekki nema 75% af eigin fé bankanna sem verði breytt yfir í hlutafé. 25% verði annað eigið fé. Hver er þá hæsta mögulega hlutafjáraukning sem viðskrh. hefur heimild til að bjóða út? Þá er ég með báða bankana undir. Það eru 2,7 milljarðar, þ.e. 35% af 7,7. Þannig að það er hæsta mögulega hlutafjáraukning sem getur átt sér stað í báðum bönkunum án þess að breyta lögum, í báðum bönkunum. Þetta er þá alveg skýrt.

Þá kem ég að spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar um hvað samþykki Alþingis þýði. Það er von að spurt sé og ágætt dæmi tekið af Sementsverksmiðju ríkisins við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jól þar sem óskað var eftir því tiltölulega mjög seint að fá heimild til að selja 25% af eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Eins og frv. er orðað þá væri hægt að leita eftir, þannig að það liggi fyrir hér líka, slíkri heimild með frv. til fjárlaga. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar þar sem hér er um slík fyrirtæki að ræða eins og bankana að það væri eðlilegast að frv. um þessa breytingu, ákvörðun um þessa sölu, færi fram við þrjár umræður hér á Alþingi. Komi til þess þá mun ég í minni tíð sem viðskrh. beita mér fyrir að það verði gert þannig vegna þess að í greinargerð með frv. er líka ákveðin stefnuyfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar. Næstu fjögur árin verða þessar ríkiseignir ekki seldar og það þarf sérstakt samþykki Alþingis til þess. Því finnst mér eðlilegt að sú ákvörðun fari fram með formlegum hætti og að þingsköpum, með þremur umræðum í þinginu og nefndarstarfi þar á milli.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ég væri sammála flokksbróður mínum Steingrími Hermannssyni um sameiningu banka, þ.e. sameiningu Búnaðarbankans og Landsbankans. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon las upp úr þessari ræðu þáverandi hv. þm. Steingríms Hermannssonar og vægt þótti mér þar til orða tekið um sameininguna, herra forseti, í því sem var haft eftir núverandi seðlabankastjóra. Ég held ég hafi hins vegar svarað því hér fyrr hver afstaða mín er til sameiningar bankanna. Ég tel að hún komi ekki til álita við þær kringumstæður sem núna eru uppi. Hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim efnum treysti ég mér ekki til að segja á þessari stundu.

Varðandi þá fyrirspurn sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni og þá fyrstu spurninguna, um hvort farið hafi fram úttekt á áformum um hlutafélaga- og einkavæðingu bankakerfisins þar sem fram kemur mat á áhrifum þeirra breytinga á fjármagnsmarkaðinn og ríkisbúskapinn svo sem á markaðsvexti, erlend lánskjör, fákeppni eða einokunartilhneigingar í bankakerfinu, afnám ríkisábyrgðar, stöðu tryggingarsjóða til að mæta skakkaföllum og öryggi innstæðna, og ef svo er hverjar séu helstu niðurstöður þeirrar úttektar.

Það hefur ekki farið fram heildstæð úttekt í þessum efnum. Hins vegar eru til margar greinargerðir og skýrslur um öll þau efnisatriði sem hér eru tilgreind. Fyrst vil ég nefna þá greinargerð sem nefnd hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar skilaði til viðskrh. og ég sagði frá áðan að ég teldi eðlilegt að yrði til umfjöllunar í hv. efh.- og viðskn. Í þeirri skýrslu er tekið á flestum þeim hlutum sem hér er minnst á. Í öðru lagi er greinargerð um samkeppnisstöðu viðskiptabankanna frá því 24. nóv. 1994. Í þriðja lagi er greinargerð Matthíasar Bjarnasonar um frv. til laga um breytingu á ríkisviðskiptabönkunum frá apríl 1995. Í fjórða lagi er skýrsla Ágústs Einarssonar um nauðsynlegan undirbúning að breyttu formi ríkisviðskiptabankanna frá því í nóvember 1992, og veit ég að hv. þm. þekkir þá skýrslu mjög vel. Síðan er greinargerð bankastjórnar Seðlabankans um breytingar á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélag frá því í mars 1991. Sú skýrsla er hins vegar tekin saman áður en við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu þannig að ég held að hún sé að nokkru leyti úrelt. En ég tel að hinar skýrslurnar allar séu mjög þörf og greinargóð gögn inn í þá umræðu sem fer fram í hv. efh.- og viðskn. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Þar sem tími minn er búinn verð ég að fá að taka til máls síðar við umræðuna til þess að svara frekar þeim spurningum sem koma fram á þessu fyrirspurnablaði.

[15:19]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 445. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 757.

Bókhald, 446. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 758.

Flugskóli Íslands, 152. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 754; nál. minni hluta samgn., þskj. 755.

Kynning á réttaraðstoð, 440. mál, fsp. RG, þskj. 750.

Nauðasamningar, 442. mál, fsp. RG, þskj. 752.

Ráðstefna einkavæðingarnefndar, 371. mál, svar forsrh., þskj. 744.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 439. mál, fsp. RG, þskj. 749.

Samningar um lækkun meðlagsskulda, 441. mál, fsp. RG, þskj. 751.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 444. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 756.

Störf jaðarskattanefndar, 443. mál, fsp. SighB, þskj. 753.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, 438. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 747.

Virðisaukaskattur, 437. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 746.

[15:20]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hæstv. ráðherra upplýsti ekki mjög mikið. Það er ljóst að ekki á að dreifa eignaraðild með skýrum hætti í frv. Ég boðaði brtt. okkar jafnaðarmanna varðandi þennan þátt. Þetta er ómöguleg útfærsla og skýrðist ekkert betur hjá ráðherra. Það að fela einkavæðingarnefnd útfærslu á þessum þáttum staðfestir grun okkar um einkavinavæðingarhugsunarháttinn og má þar nefna hvernig tókst til með einkavæðingu SR þar sem hæsta tilboði var ekki tekið af því það var ekki mönnum þóknanlegt.

Það á ekkert að hafa samráð við starfsmenn. Þeir eiga að fá að fylgjast með. Það eru engin samráð hér. Það er ekkert sagt til um bankastjórana, einn, þrír eða fimm eða í bankaráðin fimm eða tíu menn. Það á að vera í samþykktum. Það er útilokað að ganga svona frá frv., að fela mikilvægar ákvarðanir eins og stjórnskipulag í samþykktir þessarar stjórnar þegar hún verður skipuð. Þetta gengur ekki en sýnir fyrst og fremst vandkvæði ráðherra að semja um mönnunina milli stjórnarflokkanna.

Það sem er hins vegar athyglisverðast í svari ráðherra er það hvernig hann tekur á upplýsingaskyldunni vegna þess að hann svarar alveg með réttu, vitnar bæði í stjórnarskrá, lög um ársreikninga og uppgjör og hlutafélög, sem er allt rétt með farið, og sýnir skyldu ráðherra til upplýsingagjafar. Það sem hæstv. viðskrh. segir er að hæstv. samgrh. hafi brotið lög og brotið stjórnarskrá með svari sínu hér á hinu háa Alþingi í gær. Það mál mun vitaskuld hafa eftirköst því það er rétt sem ráðherra sagði að það er ótvírætt skylda bæði í stjórnarskrá, í hlutafjárlögum og reyndar vísað til í ákvæði um ársreikninga um upplýsingar af þessu tagi, auk þess sem hluthafinn hefur möguleika bæði í hlutafjárlögum, 91. gr. t.d., að kalla eftir fundi og upplýsingum sem nauðsynlegar eru. (Forseti hringir.) Hins vegar er einnig ljóst að ráðherrann verður, og ég veit að hann gerir það og stendur við allt sem hann sagði hér áður, að svara til nefndarinnar þeirri miklu úttekt sem þarf að gera varðandi fyrirspurnina margfrægu.

[15:23]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hv. þm. vil ég taka það skýrt fram að með útskýringum mínum á því hvernig ég horfði á upplýsingaskylduna gagnvart viðskiptabönkunum, var ég ekki að leggja neitt mat á svar samgrh. í þeim efnum, bara svo það sé alveg skýrt. Varðandi dreifðu eignaraðildina tel ég að ekki sé rétt, þannig að það komi skýrt fram af minni hálfu, að lögfesta það í frv. hvernig hún skuli dreifast. Ég tel nægja að skýr yfirlýsing í grg. frv. um þetta efni komi fram og vísa aftur til reglna einkavæðingarnefndar og minni þar hv. þm. á, af því að hann tók dæmi af fyrirtæki sem einkavætt hefði verið, Síldarverksmiðjur ríkisins eða SR-mjöl, þá var það mál einmitt ekki til umfjöllunar hjá einkavæðingarnefnd. Það mál fór ekki til úrvinnslu hjá einkavæðingarnefnd heldur var það gert með alveg sérstökum hætti og staðfestir það að mikilvægt er að um ríkiseignir, sem eru boðnar til sölu eða ef um er að ræða að auka hlutafé í bönkunum, gildi mjög skýrar reglur — og reglur einkavæðingarnefndar eru mjög skýrar á þessu sviði — og það gildi sama regla og sömu reglur frá einu fyrirtæki til annars en það sé ekki hending ein sem ráði því hvernig staðið er að framkvæmdinni.

[15:25]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að hæstv. viðskrh. ræddi ekkert um samgrh. í sinni ræðu. Hins vegar tók hann afstöðu til þessarar sömu spurningar og hæstv. samgrh. var spurður í gær, þ.e. um upplýsingaskyldu varðandi tiltekna þætti. Ég sagði að ráðherrann hefði farið alveg rétt með, hann vísaði rétt bæði til stjórnarskrár og laga um hlutafélög og ársreikninga. Það er mín ályktun og þingheims alls að hér er berlegt, og ráðherra í ríkisstjórn staðfestir að málsmeðferð annars ráðherra í algjörlega sambærilegu máli hafi verið á skjön eða brot við núgildandi lög og meira að segja hægt að vísa til stjórnarskrár lýðveldisins. Það mun verða rætt á öðrum vettvangi. Ég ætla ekkert að draga hæstv. viðskrh. frekar inn í deilur stjórnarandstöðunnar, og fleiri þingmanna, við hæstv. samgrh. Samgrh. er fjarstaddur og hefur ekki tækifæri til að koma að þeirri umræðu núna. En það er alveg ljóst að þetta mál sem snýst um grundvallaratriði verður að skoðast miklu betur og það er ekki hægt að láta ráðherra komast upp með það sem hann gerði hér í gær, en það snertir annan ráðherra.

Ég er mjög ósammála hæstv. ráðherra um það að ekki sé hægt að setja í lög um takmörkun við söluna, að t.d. einn aðili fái ekki leyfi til að kaupa meira en 5% og fara með meira en 5% atkvæðisrétt, hann og tengdir aðilar á aðalfundi. Það mun reyna á það í atkvæðagreiðslu um brtt. okkar. Það tókst mjög illa til með einkavæðingu SR. Það er rétt sem ráðherra segir. Þetta var í umsjón hæstv. sjútvrh. sem fól verðbréfafyrirtæki þetta mál. Það er rétt að það var ekki einkavæðingarnefnd. En málið var jafnalvarlegt fyrir því. Þetta var virt verðbréfafyrirtæki. Það var boðið út og hæsta tilboði var ekki tekið og þeim var ekki gefinn kostur á að standa við hæsta tilboð vegna þess að mönnum hugnaðist ekki kaupandinn. Það gagnrýni ég varðandi framkvæmd þess máls, ekki í sjálfu sér verðið, heldur hvernig staðið var að því þegar útboðin voru opnuð.

[15:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hélt því fram að vandinn við sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans væri aðallega sá að menn hefðu ekki komið sér saman um það og ekki getað fundið út hvaða útibúum ætti að loka. Þetta tel ég að sé ekki rétt. Ég tel að það liggi fyrir að það væri hægt að loka níu útibúum Landsbankans eða Búnaðarbankans úti á landi, og þeir staðir sem hér er um að ræða eru Grundarfjörður, Skagaströnd, Akureyri, Sauðárkrókur, Akranes, Egilsstaðir, Kirkjubæjarklaustur, Vík og Selfoss, og samt stæðu alls staðar eftir útibú frá öðrum hvorum bankanum. Í öðru lagi væri hægt að loka líka níu útibúum í Reykjavík og loks að sameina aðalstöðvar bankanna en það væri kannski mesti sparnaðurinn. Það er því augljóst mál að það er tiltölulega einfalt að benda á leiðir sem mundu tryggja sparnað í rekstri beggja þessara banka upp á 1.000 millj. kr. Þess vegna var það sem ég orðaði spurningu mína áðan til hæstv. ráðherra þannig: Hvernig getur ráðherrann neitað sér um að gera tillögur um að spara milljarð fyrir þjóðina?

[15:29]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. taldi hér upp útibú á stöðum þar sem mætti sameina eða loka. Fyrst og fremst var þá verið að tala um sameiningu útibúa sem mundi fylgja í kjölfar þess að bankarnir yrðu sameinaðir. Ég tek undir með hv. þm. að það er eitt af því sem vafalaust væri hægt að spara í rekstri bankanna að koma á auknu samstarfi um útibúanetið víða um land.

Þegar Landsbankinn á sínum tíma sóttist eftir aðstoð þingsins til að geta tekið víkjandi lán til þess að geta styrkt eiginfjárstöðu sína 1992 þá voru settar ákveðnar kröfur á bankann í sparnaði. Flestar þær sparnaðarkröfur hafa gengið eftir. Það sem þó hefur farið úr skorðum er að afskriftatöpin eru meiri en menn gerðu ráð fyrir í upphafi en það voru líka settar kröfur á bankann um að leita leiða til þess að hagræða og spara m.a. með því að sameina útibú og draga úr eignarhlut sínum í einstökum fjármálafyrirtækjum. Nú eiga flestir þeir flokkar sem eiga sæti á Alþingi fulltrúa í bankaráði Landsbankans. Þrátt fyrir þessa kröfu þingsins til bankans hafa þessi áform ekki gengið eftir vegna þess að um það hefur staðið pólitísk deila hvernig skuli staðið að þessari framkvæmd. Mér þykir það virðingarvert af hv. þm. Svavari Gestssyni að telja það skýrt hér upp fyrir þjóðina hvaða útibú það eru víða um land sem rétt væri að loka.

[15:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek eftir því að þessi samtöl bera árangur og það er fagnaðarefni. Ég vil aðeins rifja upp að það er tvennt sem veldur því að bankakerfið á Íslandi er dýrt og erfitt og það þarf að taka á því. Annars vegar er það útibúakerfið sem er bersýnilega kostnaðarsamt og þar er ég ekki bara að tala um að útibúakerfið á landsbyggðinni heldur líka útibúakerfið í Reykjavík. Í öðru lagi er það sá veruleiki að bankarnir geta ekki þjónað stærri fyrirtækjum og það er af þessum tveimur ástæðum sem menn hafa verið að velta því fyrir sér að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann. Í framhaldi af þessum viðbrögðum ráðherrans spyr ég hann: Er það opið af hans hálfu að efh.- og viðskn. kanni hvort best sé og hagkvæmast að sameina Landsbankann og Búnaðarbankann og mundi hann taka tillögu nefndarinnar um það efni vel ef sýnt væri fram á að það væri besta leiðin til að stuðla að hagræðingu í bankakerfinu?

[15:32]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er kannski þetta tvennt m.a. sem gerir það að verkum að vaxtamunur eða vaxtakostnaður er meiri hér á landi en í nálægum löndum, þ.e. annars vegar sá kostnaður sem bankastofnanir verða að leggja í fyrir að búa í dreifbýlu landi til að veita þjónustu. En þar er að vissu leyti hægt að spara og svo hitt að við þurfum stærri stofnanir til að geta þjónað betur. Við erum að opna fyrir þann möguleika í þessu frv. sem hér er til umfjöllunar og umræðu, opna fyrir þann möguleika að þessar stofnanir geti leitað eftir nýju eigin fé á markaði. Það er ekkert sem bannar það, ef um það myndast pólitísk samstaða og samstaða milli bankanna og þeirra stjórnenda sem þar munu fara með völdin þegar þetta frv. er orðið að lögum, að þessar stofnanir sameinist vegna þess að lögin um viðskiptabanka og sparisjóði heimila slíkan samruna ef menn telja það vera heppilegt. Það getur vel verið að framtíðin beri það í skauti sér að bankar muni renna saman hvort sem það verða Landsbankinn og Búnaðarbankinn eða kannski Landsbankinn eða Íslandsbanki, ég ætla ekkert að segja um það. En svo það sé skýrt af minni hálfu teldi ég ekki rétt á þessari stundu af efh.- og viðskn. að fara að leita slíkra leiða vegna þess að ég veit að það er mjög erfitt við þessar kringumstæður að ná slíku fram. Ég tel mikilvægast af öllu fyrir bankana, fyrir starfsfólk bankanna og viðskiptavini bankanna og þá sem þar fara með stjórn að þeirri óvissu sé aflétt, sem hefur verið í tíu ár, um hvort formbreyta eigi þessum stofnunum eða ekki. Með því að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir er óvissunni aflétt.

[15:34]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka ráðherra fyrir svörin. Það er ýmislegt sem kom fram í máli hans sem ég taldi mig ekki geta afgreitt í stuttu andsvari og bað þess vegna um orðið.

Ég vil í fyrsta lagi þakka ráðherranum fyrir þau svör sem hann veitti varðandi aðgang Alþingis að upplýsingum eftir hlutafélagavæðingu bankanna. Þau voru mjög skýr og afdráttarlaus. Það er greinilegt að hæstv. viðskrh. og hæstv. samgrh. eru ósammála um hvaða aðgang Alþingi hefur að upplýsingum og hvaða möguleika það hefur að sinna eftirlitsskyldu eftir hlutafélagavæðingu. Ég held að hæstv. viðskrh. hljóti að hafa rétt fyrir sér í þessu efni og að almennir ársreikningar sem hann vitnaði í hljóti líka að gilda um Póst og síma. Það er því alveg ljóst að þetta kallar á, eins og við jafnaðarmenn höfum óskað eftir, frekari umræðu um þetta mál á þingi.

Hæstv. ráðherra vitnaði til þess varðandi mat og áhrif á einstakar efnahagsstærðir og þætti eftir þessa breytingu og eftir einkavæðingu að til væru ýmsar skýrslur. Mér var ljóst að til væru ýmsar skýrslur en margar þeirra eru gamlar og gerðar við allt annað efnahagsumhverfi en við búum við í dag og þess vegna þarf að uppfæra þær eins og t.d. frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabankanum. En mér kom á óvart að hæstv. ráðherra vitnaði til þess að í nefndinni sem vann þetta frv. hefði verið lagt þetta mat sem ég og hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson kölluðum eftir í fyrirspurn okkar varðandi áhrif á vexti, möguleika á lánsfé og hvaða áhrif þetta hefði á lánskjör og fleiri þætti. Hvaða áhrif þetta hefði á fákeppni og einokunartilhneigingu, streymis fjár úr landi og öryggis innstæðna. Hæstv. ráðherra segir að þetta sé til í þeirri greinargerð sem nefndin hafði til umfjöllunar. Þess vegna kemur mér á óvart að greinargerðin hafi ekki verið látin fylgja með því frv. sem við fjöllum hér um.

Ég treysti því að þær upplýsingar sem við biðjum um í fyrirspurn okkar liggi allar frammi við afgreiðslu málsins eins og hæstv. ráðherra hefur lofað. Hæstv. ráðherra hefur einnig lofað að láta fara fram úttekt á þeim þáttum sem ekki liggja fyrir þannig að ég óska eftir því að þeirri greinargerð sem lá fyrir nefndinni verði dreift á borð þingmanna þannig að við sem eigum ekki sæti í efh.- og viðskn. getum líka farið yfir skýrsluna og metið hvort hún fullnægi þeim óskum sem við höfum beðið um. Hún hefði raunverulega átt að fylgja hér, herra forseti, og henni hefði átt að vera dreift hér núna þegar við erum að fjalla um málið við 1. umr. málsins. Það hefði kannski sparað ýmislegt og stytt umræðuna.

Það eru nokkrir aðrir þættir sem ég vil koma inn á. Fyrir það fyrsta það sem hæstv. ráðherra nefndi varðandi 6. gr., um heimildina til að styrkja eiginfjárstöðu hlutafélagabankanna og heimila útboð á nýju hlutafé. Hæstv. ráðherra talar um

að sú fjárhæð sem þarna geti farið í útboð sé miklu lægri en ég nefndi. Ég nefndi að hér væri um að ræða 4–5 milljarða en hæstv. ráðherra nefnir 2,7 milljarða ef ég skil hann rétt. Að það sé hámarksheimild sem hægt sé að setja í útboð án þess að heimila sölu sem þarf þá að fara fyrir Alþingi með sérstökum lögum. (**Viðskrh.:** Það eru 2,8 milljarðar.) Þá er spurning við hvað er miðað, hæstv. ráðherra. Er verið að miða við fjárhæð eins og hún er eftir hlutafjáraukninguna eða fyrir hana? Ef bara er verið að miða við eigið fé bankanna núna, rúma 10–11 milljarða, 75% tekið af því og síðan 35%, þá erum við að tala um 2,7 milljarða. En ég skildi greinina þannig að það væri verið að tala um 35% sem mætti fara í útboð af heildarfjárhæð hlutafjár eftir að útboð hefði farið fram og þá erum við að tala um hærri fjárhæð. Þetta verður að liggja skýrt fyrir. Þetta skiptir miklu máli upp á hvaða áhrif það hefur t.d. á vexti á markaðnum ef þetta fer allt út. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni voru það álitsgjafar, t.d. bæði Þjóðhagsstofnun og erlent ráðgjafarfyrirtæki, sem töldu að á þeim tíma þyldi markaðurinn ekki nema 500 millj.–1 milljarð án þess að hafa áhrif á vexti. Í umsögn Þjóðhagsstofnunar á sínum tíma, frá 1991, sem ég tel nauðsynlegt að biðja Þjóðhagsstofnun um að endurskoða miðað við breyttar aðstæður, sagði orðrétt: „Að öllu samanlögðu má gera ráð fyrir að vextir hækki í bráð um u.þ.b. bil hálft prósentustig frá því sem ella yrði við hreina aukningu eftirspurnar á innlendu fé um 1,5 milljarða kr." Ég tel því alveg nauðsynlegt að fram fari mat miðað við nýtt hlutafjárútboð og ég tala ekki um ef þetta er einhvers staðar af stærðargráðunni 3–5 milljarðar eða nálægt því.

Herra forseti. Mér finnst þurfa frekari skýringar við að hæstv. ráðherra vitnar til þess að ábyrgð ríkissjóðs gildi einungis á innstæðum sem stofnað er til áður en rekstur þeirra er yfirtekinn af hlutafélagabönkunum. Þá fellur niður ríkisábyrgð á innlánum öðrum en bundnum innlánum. Af þessu hef ég nokkrar áhyggjur, herra forseti. Sérstaklega varðandi skilning ráðherrans á málinu. Hvað tekur þá við ef illa fer varðandi innstæður sem koma inn eftir að bankinn hefur verið hlutafélagavæddur? Væntanlega verður svar ráðherrans það, sem hann kannski náði ekki að svara áðan, að þá taki Tryggingarsjóður bankanna við. Það sé þá hans að ábyrgjast skakkaföll sem verða í bankakerfinu að því er varðar innstæður sem koma inn eftir hlutafélagavæðinguna. Er tryggingarsjóðurinn þá í stakk búinn til að standa undir því? Ég vil vitna í álitsgerð frá Búnaðarbankanum á sínum tíma, frá 1992. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Tryggingarsjóður viðskiptabankanna er algjörlega ófær um að koma til nokkurrar bjargar ef illa fer í íslenska bankakerfinu. Samkvæmt lögum og reglugerð um sjóðinn skal stefnt að því að heildareign hans nái 1% af heildarinnlánum viðskiptabankanna á innlánsreikningum. Það mun duga skammt ef bankakerfið lendir í einhverjum hremmingum svipuðum og bankar og sparisjóðir á hinum Norðurlöndunum hafa lent í."

Búnaðarbankinn, herra forseti, telur einnig ástæðu til að benda á ábyrgð ríkissjóðs í tiltölulega nýlegri umsögn sinni. Ég vitnaði til þess í fyrri ræðu minni að fyrir lægju ótalmargar skýrslur sem ég skal ekki tefja tíma Alþingis með að fara yfir en fer þó eftir svari ráðherra hér á eftir hvort ég rifja upp og les orð fyrir orð. Ég nefni Seðlabankann, ég nefni Búnaðarbankann og sérstaka álitsgerð sem var gerð varðandi einkavæðinguna af Ragnari Árnasyni. Ég nefni grein eftir Jóhannes Nordal og fleiri aðila sem veittu ráðgjöf. Þeir segja að það sé tvímælalaust að ríkissjóður beri ábyrgð á skakkaföllum í bankakerfinu, bankahruni, gjaldþroti og þá er alveg sama hvort um er að ræða ríkisbanka eða einkabanka. Búnaðarbankinn gaf þetta álit 1991–1992 og telur ástæðu til þess 20. mars 1995, þar sem þeir eru að gefa Seðlabankanum álit á greinargerð um samkeppnisstöðu viðskiptabankanna, að árétta þetta. Og þá segja þeir:

„Í kafla 3.4 er m.a. vísað í greinargerð bankastjórnar Seðlabankans frá 11. mars 1991 þar sem fram kemur sú skoðun að það sé að heita má óhugsandi að ríkið láti banka í sinni eigu komast í greiðsluþrot gagnvart erlendum lánardrottnum, enda þótt viðkomandi banki kunni að vera rekinn án formlegrar ábyrgðar ríkisjsóðs. Eðlilegt má telja að í þeirri greinargerð sem hér er til umfjöllunar verði einnig bent á þá staðreynd að víða um heim hefur ríkisvaldið í reynd tekið ábyrgð á fjárhag stórra einkabanka þegar þeir hafa lent í erfiðleikum. Engin ástæða er til að ætla að annað yrði upp á teningnum í þessu efni hér á landi."

Þess vegna finnst mér, herra forseti, ekki hægt að ljúka þessari umræðu nema fyrir liggi — það liggur fyrir hver ábyrgð ríkissjóðs er á innstæðunum sem eru í bönkunum áður en breytingin á sér stað. En hvað með innstæður eftir það? Hvað ef tryggingarsjóðurinn er ekki í stakk búinn til þess að bæta innstæðueigendum ef bankarnir verða fyrir skakkaföllum? Er það skoðun hæstv. viðskrh., og ég spyr alveg skýrt um það, burt séð frá því sem stendur í greinargerðinni, og þá er ég að vísa til reynslunnar t.d. í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi en þar þurfti ríkissjóður að koma inn með tugi milljarða af peningum skattgreiðenda til þess að bæta sparifjáreigendum innstæður sínar og til þess raunverulega að forða fjármálakerfinu hruni. Er það ekki skoðun viðskrh. að það sama mundi verða uppi ef svo illa færi að við mundum lenda í slíku hinu sama? Ráðherra þarf ekki að hafa langt mál um þetta, bara að þetta liggi klárt fyrir. Það er stórt mál í mínum huga að þetta liggi fyrir.

Það er svo sem ýmislegt annað sem ég gæti farið inn á en sé ekki ástæðu til að gera það frekar nema tilefni gefist til og mun þá sjá hvernig málin þróast í meðferð þingsins, hvaða greinargerðum verði skilað, hvaða úttekt ráðherrann lætur gera og mun því bíða með að ræða þetta mál nánar.

Þó verð ég að segja að það kemur mér mjög á óvart varðandi starfsmannamálin og ég hefði talið það útlátalaust af hálfu hæstv. viðskrh. að starfsmenn fengju beinan aðgang að þeim nefndum sem sjá eiga um framkvæmd mála. Hæstv. ráðherra orðaði það svo að starfsmennirnir fengju að fylgjast með. Það veit hæstv. ráðherra, herra forseti, mætavel að er allt annar hlutur en ef starfsmenn fengju beinan aðgang að ákvarðantöku. Mín skoðun er sú að það sé heillavænlegra fyrir allan framgang málsins og jákvæð viðhorf til þeirra breytinga sem hér er verið að leggja upp með að starfsmennirnir hafi þennan beina aðgang að framkvæmdum.

Ég er alveg sannfærð um það að bankastarfsmenn, sem þekkja kannski best til bankastarfsemi, vilja bankastarfsemi vel og munu leggja góða hluti til málanna varðandi framkvæmdina. Þess vegna hvet ég hæstv. viðskrh. — mér skilst að þetta sé ekki endanlega ákveðið — að hann veiti fulltrúum starfsmanna aðgang að þessari framkvæmd. Ég tel að hæstv. viðskrh. sé maður að meiri ef hann heldur þannig á málum.

Ég lít svo á varðandi hlutafjárútboðið að það sé vilji til þess, ég markaði orð hæstv. ráðherra á þann hátt, að starfsmenn hefðu ákveðinn forgang varðandi útboð á nýju hlutafé. Er ráðherrann þá að tala um að starfsmennirnir fá

á einhverjum sérkjörum? Það er stundum talað um það og stundum hefur það verið gert að starfsmennirnir fá ákveðinn forgang.

Það er tvennt í lokin sem kom mér mjög á óvart í máli hæstv. viðskrh. Það snertir bankastjórana og það snertir bankaráðin. Ef ég skildi hæstv. ráðherra rétt verður frá málinu gengið með þeim hætti á Alþingi að þingið verður einskis vísari um hversu fjölmennt þetta bankaráð á að vera. Ráðherrann hafði að vísu skoðun á því sjálfur, en hann talaði um að kveðið yrði á um það í samþykktum félaganna. Er það þá eftir á, eftir að Alþingi hefur afgreitt málið? Verður málum hagað þannig að Alþingi á ekkert að hafa um það að segja hversu fjölmenn þessi bankaráð eiga að vera? Mér fannst líka athyglisverð yfirlýsing ráðherrans og mjög hreinskilin líka þegar hann sagði að á meðan ríkissjóður ætti meiri hluta, þá mundu bankaráðin endurspegla pólitíska landslagið á hverjum tíma, ef ég skildi ráðherrann rétt. Mér fannst það mjög hreinskilið af hæstv. ráðherra að tala þannig. Hæstv. ráðherra er að segja að með því að hlutafélagavæða bankana er ekki lokið pólitískum afskiptum af bönkunum. Það eru margir sem hafa talið það einmitt vera ávinninginn af hlutafélagavæðingunni að Alþingi hætti að kjósa bankaráðin og nú yrðu bankaráðin valin þannig að þar yrði starfað út frá viðskiptalegum sjónarmiðum, arðsemi og hagnaður mundi fyrst og fremst ráða ferðinni og pólitísk afskipti af bankaráðunum væri liðin tíð. En ráðherrann segir alveg blákalt og hreinskilið: Bankaráðið mun endurspegla pólitískt landslag á hverjum tíma. Það er nákvæmlega eins og hefur verið haldið fram hér aftur og aftur í þessum ræðustól við þessa umræðu. Það er þessi helmingaskiptaregla Framsfl. og íhaldsins. (**Viðskrh.:** Það eru fleiri flokkar til.) Það væri kannski gott að fá það upplýst hér hvernig ráðherra ætlar að haga þessu pólitíska litavali í bankaráðunum. Hvaða regla á þar að gilda? Ég held að við ættum að hverfa frá þessum pólitísku afskiptum af bankaráðum og þar ættu önnur sjónarmið að gilda.

Að lokum, herra forseti, er alveg ljóst að ekkert liggur fyrir um hvort kosinn verði einn bankastjóri sem hafi hina raunverulega ábyrgð á rekstri bankanna og lánastarfsemi sem hægt er þá að kalla á teppið og sem beri raunverulega ábyrgð ef eitthvað gengur illa. Það er það sem menn hafa líka talið kosti hlutafélagavæðingarinnar að halda á málunum með þeim hætti og það var það sem ég talaði fyrir áðan, að ég væri hlynnt samkeppnisvæðingu og lýsti hvernig hún gæti orðið án þess að að hlutafélagavæða sem er auðvitað verið að gera bara til þess að opna dyrnar inn í einkavæðinguna. Þar lýsti ég að það væri einn bankastjóri sem ætti að bera ábyrgðina. Bankaráðið ætti að vera eftirlitsaðili og reka þá bankastjórann ef hann stæði sig ekki. En ráðherrann orðaði það svo: Það er ekkert ákveðið hvort það verða einn, tveir, þrír eða fjórir bankastjórar. Eiga pólitísku hrossakaupin eftir að fara fram milli Framsfl. og Sjálfstfl.? Er það það sem menn hafa verið að deila um og ekki er botn fenginn í enn þá? Kannski er það eftir allt saman stór hluti af þessari breytingu sem hér er verið að gera og raunverulega feli þetta kannski ekki í sér neina aðra breytingu en þá að Framsfl. og Sjálfstfl. geti farið að raða gæðingum sínum í bankastjórastólana.

Þetta fannst mér mjög sérkennilegt og ég segi aftur að ráðherrann væri þá maður að meiri ef hann lýsti því hér yfir að það væri hans skoðun að til þess að hægt væri að reka bankann af fyllstu hagkvæmni þyrfti einn aðili að vera ábyrgur fyrir rekstri bankanna, það ætti bara að vera einn bankastjóri. En ráðherrann gerir það ekki, talar jafnvel um allt að fjóra bankastjóra.

Ég sé að tími minn er að renna út og skal því ljúka máli mínu. Ég held að það sé a.m.k. stór þáttur í því að það á að fara í þessar breytingar að verið er að festa pólitísk tök þessara stjórnarflokka á bankakerfinu en ekki að losa um þau eins og margir halda að sé einn þáttur í þessari breytingu. Ég ítreka þær spurningar sem ég hef hér fram borið og ráðherrann hafði ekki tíma til að svara hér áðan.

[15:54]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er örlítill misskilningur hjá hv. þm. varðandi 35% hlutafjáraukninguna. Það stendur skýrt í frv. að samanlagður eignarhlutur annarra en ríkisins getur aldrei farið upp fyrir 35%. Þá er miðað við það hlutafé sem ríkið á því það á 100% í bankanum þegar honum er breytt í hlutafélag. Aðrir aðilar geta samtals ekki farið upp fyrir 35%. Ríkisábyrgðin er alveg skýr í frv. Hún er ekki til staðar eftir að búið er að breyta nema á þeim tveimur þáttum sem ég nefndi áðan. Tryggingarsjóðirnir þurfa að taka við og bera ábyrgð á þeim skakkaföllum sem bankarnir verða hugsanlega fyrir.

Hv. þm. var að lýsa alveg sérstökum aðstæðum á Norðurlöndum. Þar var tekið á út frá þjóðhagslegum hagsmunum og ákveðið að ríkið hlypi undir bagga með þessum fjármálastofnunum, eins og hv. þm. orðaði það, til að fjármálakerfið í landinu hryndi ekki. Ég ætla ekki að útiloka að það mundi gerast hér ef slíkar aðstæður kæmu upp. En ábyrgðin er ekki til staðar.

Varðandi það að starfsmennirnir njóti sérkjara. Það verður sérstaklega kannað og kemur fram í frv. stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

Varðandi hin pólitísku afskipti, þá held ég að hv. þm. hafi misskilið mín orð áðan þegar ég var að lýsa því að ég teldi að það þyrfti að fara varlega í að breyta þessu vegna þess að hér væru róttækar breytingar að eiga sér stað. Bankaráðin eru skipuð þannig í dag að þau endurspegla hið pólitíska landslag að nokkru leyti. Viðskrh. er pólitískur hverju sinni og meðan viðskrh. fer með þetta, þá verður alltaf sagt að þar sé um pólitísk afskipti að ræða. Hinum pólitísku afskiptum af bankastarfsemi í landinu lýkur ekki fyrr en ríkið er algerlega farið út úr þessu. Ég held að ég og hv. þm. getum orðið sammála um þetta. Það sem ég var einfaldlega að reyna að segja er að ég tel að menn eigi ekki að gera róttækar breytingar á því formi sem verið hefur í gangi, hvernig menn hafa komið sér saman um að bankaráð væru skipuð. Aðalatriðið er að í bankaráðin veljist hæfir og færir einstaklingar sem hafa og geta staðið undir ábyrgð og þeim skyldum sem lögin kveða á um að þeir eigi að geta staðið undir.

[15:57]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal einfalda spurningu mína varðandi öryggi innstæðna í bönkum. Það er alveg skýrt hverju ráðherrann hefur svarað. Ríkið er ábyrgt fyrir innstæðunum sem eru fyrir. Hvað tekur við á eftir? Það er tryggingarsjóðurinn. Þá spyr ég ráðherrann beint: Telur hann að tryggingarsjóðurinn sé í stakk búinn og sé megnugur þess að tryggja öryggi innstæðna sparifjáreigenda? Að sparifjáreigendur geti verið tryggir ef bankarnir verða fyrir einhverjum skakkaföllum fái þeir innstæður sínar að fullu bættar?

Í annan stað vil ég spyrja ráðherrann. Er ráðherrann tilbúinn til þess að lýsa því yfir, sem ég held að mundi greiða mjög fyrir málinu, að tryggja starfsmönnum beina aðild að

þessari þriggja manna framkvæmdarnefnd? Ráðherrann talar um að starfsmennirnir fái að fylgjast með, en ég spyr: Er ráðherrann reiðubúinn til að lýsa yfir að starfsmennirnir fái beina aðild að framkvæmdinni? Það mundi greiða mjög fyrir málinu ef ráðherrann væri tilbúinn að lýsa því yfir.

[15:58]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi spurninguna um getu tryggingarsjóðanna til að taka á sig þær ábyrgðir sem þarna gætu hugsanlega legið að baki, þá er það mitt mat. Við höfum á undanförnum tveimur þingum gert verulegar breytingar einmitt á tryggingarsjóðum. Hér var frv. á síðasta þingi þar sem menn voru að gera breytingar á Tryggingarsjóði viðskiptabankanna. Ég er þeirrar skoðunar að tryggingarsjóðirnir standi undir tryggingum fyrir innstæðueigendur í bönkunum.

Þær aðstæður geta auðvitað skapast að eitt allsherjarhrun, og það er það sem hv. þm. var að vitna til, sem gerðist á Norðurlöndunum. Þar varð hrun í bankakerfinu og við þær kringumstæður stóðu tryggingarsjóðirnir ekki undir tryggingum og þess vegna hljóp ríkið þar undir bagga, til þess að tryggja að fjármálakerfi viðkomandi þjóða hryndi ekki. En tryggingarsjóðirnir hjá okkur tryggja innstæðueigendur. Það er alveg ljóst og við erum með þær reglur. Ég ætla ekkert að spá fyrir hvernig færi hjá okkur frekar en öðrum ef um allsherjarhrun væri að ræða. Við megum ekki rugla þessu saman. Annars vegar tryggingu til að standa undir ef illa fer og svo hins vegar tryggingu til að standa undir ef eitthvert allsherjarhrun gengi yfir.

Varðandi aðgang starfsmanna að þeirri nefnd sem um er getið í 2. gr. frv., þá svara ég því eins og ég svaraði því áðan og ég hef svarað starfsmönnunum þessari sömu spurningu. Ég er ekki tilbúinn til þess að segja hér og nú að starfsmennirnir verði með mann í þessari nefnd. En ég hef sagt: Starfsmennirnir munu eiga gott samstarf við nefndina, munu fá að vinna með nefndinni.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil koma aðeins inn á sem mér vannst ekki tími til í minni fyrri ræðu og/eða þá sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni.

Ég vil fyrst segja að mér fannst leitt að heyra hjá hæstv. ráðherra áðan að það jaðraði við afneitun á fyrrv. formanni Framsfl. og fyrrv. hv. þm. og hæstv. forsrh., Steingrími Hermannssyni, nú hvorki meira né minna en seðlabankastjóra, að draga úr því að sá ágæti maður hefði haft þau sjónarmið sem hann sannanlega viðraði m.a. í frægri ræðu á fundi hjá framsóknarfélagi hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum þar sem ómótmælanlega kom fram það viðhorf að það væri mjög athyglisverður kostur til að skoða að sameina ríkisbankana.

Í öðru lagi vil ég aðeins út frá efni frv. — það kann að vera að ég hafi ekki lesið mig nógu vel til eða lagt nógu vel við eyru við orðum ráðherra en ég hef ekki enn fengið almennilega botn í hvernig beri að túlka ákvæði 6. gr. frv. um heimild til aukningar hlutafjár, hvort sem heldur ég les greinina sjálfa eða umsögn um 6. gr., miðað við það sem mér skildist vera túlkun hæstv. ráðherra áðan. Það munar nú um minna en það, herra forseti, hvort þessi 35% heimild er þannig skilgreind að hún skuli vera 35% af þeim 7,5 milljörðum sem samanlagt nafnverð hlutafjár í nýju bönkunum verður og væri þá upp á 2,6 milljarða, eða hvort nýju aðilarnir mega eiga allt að 35% hlutafjárins eftir aukninguna, þ.e. 35% heildarhlutafjár eftir að það hefur verið aukið. Ég hef tilhneigingu til að túlka greinina þannig og satt best að segja gaf mér að það væri hinn rétti skilningur að þarna væri verið að tala um að nýir meðeigendur ríkisins mættu eiga allt að 35% af hlutafé eftir að það hefur verið aukið, sem sagt inn í framtíðina. (Gripið fram í.) Aukið þannig að boðið hefði verið út hlutafé sem svaraði til þess að þegar það hefði allt verið selt ættu hinir nýju aðilar 35% af heildarhlutafénu svo auknu. (**Viðskrh.:** Aðrir en ríkið.) Aðrir en ríkið. Þetta er ekki mjög flókið, herra forseti. Ef við segjum að heildarhlutafé sé 7,5 milljarðar og ríkið á þar 100%. Þá er þetta spurningin hvort við tökum 35% af þeirri tölu, sem væri 2,6 milljarðar, bætum því við, aukum hlutaféð um það sem verður þá um 10,1 milljarður og nýju eigendurnir ættu 26%. Eða hvort við tökum 7,5 milljarða og segjum, það eiga að verða 0,65% af heildarhlutafénu. Ergó: Nýir eigendur mega eiga allt að 4 milljörðum. Heildarhlutafé verður þá 11,5 og nýju eigendurnir eiga 35% af því. Þetta er augljóslega eingöngu spurning um hvort 35% skuli taka mið af lægri tölunni, hlutafé ríkisins eins og það er, áður en hlutaféð er aukið eða hærri tölunni, heildarhlutaféð eftir aukningu. Ég skil greinina þannig en mér fannst hæstv. ráðherra vera að segja áðan með þeim tölum sem hann nefndi að þetta væri öfugt. Það er auðvitað alveg óþarfi að hafa jafneinfaldan hlut og þetta óljósan og ég trúi því ekki að hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. ráðherra hafi lagt frv. fram óðruvísi en það væri alveg ljóst hvort væri því það út af fyrir sig munar um minna en tilhlaup upp á kannski 1.400 millj. kr. að nafnvirði. Ég vek athygli á því að þetta er nafnvirði og ég hef að sjálfsögðu ekki neinar upplýsingar í höndum um það í sjálfu sér hvernig hið nýja hlutafé á að verðleggjast út frá nafnvirði hlutafjár í bönkunum eins og það verður sett upp í efnahagsreikningi hinna nýju hlutafélagabanka áður en nokkrir gerast þar meðeigendur. Innra virði bankanna og mat á viðskiptalegri stöðu þeirra og annað því um líkt hlýtur svo að koma til skoðunar þegar markaðsverð hins nýja hlutafjár verður ákveðið ef það verður ekki beinlínis boðið út eða með einhverjum öðrum hætti fundið þannig. Þetta um 6. gr., herra forseti. Það vakti athygli mína undir umræðunni að svo virtist sem þetta væri óljóst. Svo kann að vera að það sé misskilningur en þá verður hann leiðréttur hér.

Þá að því sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni í kjölfar bæði áherslna sem ég hafði í minni ræðu og eins m.a. hv. þm. Svavar Gestsson um sparnaðinn því samfara að stokka þetta rækilega upp og þar á meðal t.d. sameina ríkisbankana. Það liggur fyrir í frægri ræðu sem orðin er sem formaður bankastjórnar Landsbankans, að ég hygg þáverandi eða einn af aðalbankastjórum og reyndasti bankastjóri Landsbankans, Björgvin Vilmundarson, flutti fyrir ári eða þar um bil á aðalfundi Landsbankans, að lauslegt mat þar á sparnaði er um 1 milljarður kr. og jafnframt að það ætti að mega sameina eða leggja niður ein 18 útibú. Segjum 15–20 útibú og þar af 8–10 hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra ætli að byggja vörn sína fyrir því að þessi kostur skuli ekki hafa verið skoðaður eða jafnvel valinn á því einu að það sé einhverjum vandkvæðum bundið að finna þessi útibú og/eða gera þessar skipulagsbreytingar. Það heldur ekki. Til að mynda hér á höfuðborgarsvæðinu. Getur einhver haldið því fram að það sé einhver þjóðarnauðsyn að ríkið reki tvær bankastofnanir á hverjum staðnum á fætur öðrum hér í höfuðborginni þannig að sums staðar er ekki einu sinni stein-

snar á milli. Þær liggja jafnvel saman hvort sem menn eru hér í kvosinni eða labba upp Laugaveginn eða Bankastrætið blessað og víðar. Í flestum helstu þjónustumiðstöðvum og -kjörnum hér á höfuðborgarsvæðinu eru ríkisbankarnir með útibú hlið við hlið. Hvaða hagræðing er í því? Hvaða rök eru fyrir því? Er ekki nóg að í boði sé á sama stað í sömu þjónustumiðstöðvum eða -svæðum sparisjóður og útibú frá einkabankanum? Þarf ríkið að reka tvö til viðbótar hlið við hlið á hverjum staðnum á fætur öðrum.

Úti á landi er þetta mjög víða þannig að útibú ríkisbankanna þar sem þeir eru báðir til staðar eru mjög mismunandi stór. Á nokkrum af þessum 8–9 stöðum úti á landi þar sem báðir bankarnir hafa útibú er markaðshlutdeild þeirra mjög ólík. Á nokkrum stöðum eru stór Búnaðarbankaútibú en Landsbankinn lítill og öfugt. Þá er það ekki nein stórkostleg aðgerð að sameina þessi bú eða leggja niður það útibúið sem hefur miklu minni viðskipti á því svæði. Ég legg áherslu á, herra forseti, að ég er ekki að tala hér um neinn fantaskap. Ég er ekki að tala um að þetta þurfi að gerast einn, tveir, þrír. Þetta gæti verið hagræðingarverkefni hins nýja sameinaða banka á nokkrum árum eða missirum. Það er að sjálfsögðu skylt og rétt að fara hér mjúklega að hlutunum gagnvart starfsfólki. Það má fara þá leið að reyna að gefa þessu ákveðinn tíma, færa fólk til, ráða ekki í lausar stöður og ná þannig fram þessari hagræðingu, kannski á einhverjum fimm árum. Þó svo að þessi milljarður í hagræðingu næðist ekki allur strax, þá er það eftirsóknarvert takmark þegar við höfum í huga að þessi tala, milljarður í sparnað, er svipuð eða meiri en hagnaður beggja bankanna mörg undanfarin ár, stærri talan, í beinni rekstrarhagræðingu á hverju ári. En svo er eitt enn, herra forseti, við megum ekki gleyma okkur alveg í þessu útibúatali því að það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga að verulegur hluti þessarar hagræðingar liggur í öðru en því. Hann liggur í samræmingu höfuðstöðva bankanna, hann liggur í því að sameina yfirstjórnina og draga stórlega úr kostnaði við hana því það fara nokkrir aurar í það eins og kunnugt er að reka sex bankastjóra á þeim launum sem þjóðfræg eru og alla hina toppana í bankakerfinu þar sem einn mundi duga í mörgum tilvikum.

Ég bendi á hluti eins og erlend viðskipti þessara banka. Þau eru auðvitað dýr fyrir litla banka, að vera með þá möguleika að geta veitt þjónustu gagnvart erlendum gjaldmiðlum, viðskiptum erlendis, gjaldeyrisyfirfærslum og öðru slíku. Það er enginn vafi á því t.d. að á því sviði gætu bankarnir hagrætt verulega. Einn baki mundi ná að gera þetta sennilega bæði betur og miklu ódýrar en þeir tveir til samans.

Ég bendi á lögfræðideildina og lögfræðikostnaðinn sem bönkunum fylgja. Halda menn ekki að aðeins sé hægt að taka til þar með því að sameina bankana o.s.frv.? Með öðrum orðum, herra forseti, yrði almennt um stærri og hagkvæmari einingu að ræða eins og hæstv. ráðherra viðurkenndi áðan þegar hæstv. ráðherra kom inn á hvers vegna rekstrarkostnaður Landsbankans væri lægstur hlutfallslega miðað við veltu. Ráðherrann sagði: Jú, það er af því að Landsbankinn er stærstur. Hann er hagkvæmari eining, stærri. Eru það ekki akkúrat rök fyrir því að það verði áfram og búa til einn almennilegan þjóðbanka?

Í reynd, herra forseti, er mjög athyglisvert og hefur komið fram í þessari umræðu að mínu mati og er það sem stendur eftir hana og ég tel langmerkilegast, en það er hversu veik rök hafa verið færð fram gegn því að sameina bankana. Þau eru mjög veik. Það eru annars vegar einhverjir tæknilegir erfiðleikar eða pólitískir eða tilfinningalegir, að það sé erfitt að sameina útibú. Hins vegar eru þau rök að þetta skerði samkeppni á þessum fjármagnsmarkaði sem fyrir er og ég gef satt best að segja ekki mjög mikið fyrir.

Ég sé ekki að við Íslendingar verðum verr settir í bankaviðskiptum með þrjár bankakeðjur ef menn hefðu valið þá leið að reyna að sameina þetta og stokka upp þannig að til yrðu þrjár heildstæðar bankakeðjur, einkabanki, sparisjóðakeðja og þjóðbankakeðja, heldur en við erum t.d. með olíuviðskipti, tryggingaviðskipti og hvaðeina, herra forseti, eins og ég veit að hæstv. forseti veit vel. Hér eru tveir og þrír stórir markaðsráðandi risar sem skipta milli sín markaðnum á fjölmörgum sviðum. Ég er ekki endilega að segja að það sé æskilegt, en þannig er þetta einu sinni á okkar litla Íslandi að það er ekki pláss fyrir margar hagkvæmar einingar í svona starfsemi. Þar af leiðandi er ég alveg sannfærður um að bankaviðskiptin með því aðhaldi sem möguleiki manna, t.d. fyrirtækjanna, til að sækja sér þjónustu erlendis, með aðhaldi frá öðrum fjármálastofnunum, þær hafa sprottið upp eins og gorkúlur, alls konar aðrar fjármálastofnanir sem gera neytendum gylliboð um þjónustu, verðbréfafyrirtæki, sjóðir, lánastarfsemi tryggingafélaganna, allt er þetta með einum eða öðrum hætti viss samkeppni við bankakerfið og veitir því aðhald. Það segja margir sem eru að reka minni fyrirtæki. Það þarf ekki stór fyrirtæki til sem eru að fara utan. Ef þau eru að fara út í einhver vélakaup eða fjárfestingar í sínum fyrirtækjum bíða menn í röðum, ekki fyrst og fremst í bönkunum, líka þeim reyndar, ef menn frétta af einhverjum slíkum fjárfestingum sem eru á döfinni þá bíða menn í röðum að bjóða fram fjármögnun. Það eru tryggingafélögin með lánastarfsemi, jafnvel til bílakaupa, það eru kaupleigufyrirtæki og það eru alls konar fjármálafyrirtæki sem eru komin inn á a.m.k. grátt svæði í samkeppni við bankana. Ég held þess vegna að þau rök séu úr sér gengin, þau halda ekki lengur nema að mjög litlu leyti. Ef menn hafa af þessu áhyggjur er til ráð við því. Þá kemur Samkeppnisstofnun og hefur sérstakt eftirlit með þessari starfsemi á grundvelli þeirra lagaákvæða í samkeppnislögum sem heimilar henni að gera slíkt ef ástæða er til að ætla að varhugaverð fákeppni sé á ferðinni. Þeim ákvæðum mætti Samkeppnisstofnun beita miklu oftar og miklu víðar en hún gerir. Það er líka hægt að taka á því máli þannig, setja þá þetta svið viðskipta eða þjónustu undir sérstakt eftirlit, veita því sérstakt aðhald af hálfu samkeppnisyfirvalda á einhverju tímabili.

Nei, mér finnst, herra forseti, standa eftir að rökin eru ekki frambærileg og þá er aðeins eitt eftir: Menn hafa ekki pólitískan kjark eða vilja til að gera þetta. Er það kannski svo þegar upp er staðið að gamla góða helmingahagsmunabandalagið, sem oftast var að vísu þrílembingabandalag því að kratarnir fengu nú lengi að fljóta með og eiga einn bankastjóra af þremur o.s.frv., sé að vakna hér upp á bak við tjöldin, bak við háeffin, þannig að það sé bara verið að skipta um grímu og tjöld? Skyldi nú ekki vera að þetta væri bara gamla, góða leikritið aftur undir nýju nafni. Og einhvers staðar á bak við tjöldin sé líka búið að ganga frá því í hárfínu jafnvægi milli stjórnarflokkanna og kannski að einhverju leyti með pínulitlu samkomulagi við Alþfl. sem eins og kunnugt er á hér og þar einn af þremur bankastjórum samkvæmt gömlu kvótakerfi, að svona skuli þetta vera? Svo sé háeffað og svo birtist mönnum hinn gamli góði hversdagsleiki daginn eftir að þeir verða allir ráðnir, allir fái sinn mann og sína sendiherra og allt verði í fína lagi og þeir verði þarna allir

saman, blessaðir karlarnir. Svo er auðvitað næsta kynslóð sem bíður á þröskuldinum eftir því að taka við, telur sig hafa reynslu, vit og þekkingu á bankamálum þó að hún sinni öðrum störfum nú um stundir eins og sjá má.

Nei, herra forseti. Að lokum aftur þetta. Ég held að það sé búið að kristallast í þessari umræðu mjög vel að þetta er í raun og veru hvorki fugl né fiskur, það sem a.m.k. kemur fram á pappírunum hér er óskapleg magalending satt best að segja. Það er alveg borðleggjandi að leggja nú í það vinnu af hálfu Alþingis að fara ítarlega yfir þessi mál. Ég tel að þetta sé alveg dæmigert mál þar sem eðlilegt sé að kosin sé milliþinganefnd hinna hæfustu manna sem fái það verkefni að fara rækilega yfir þetta svið í sumar og skilaði með haustinu niðurstöðum þar sem gerð hafi verið úttekt á íslenska bankakerfinu með hliðsjón af þróun í bankamálum í nágrannalöndunum, þar sem farið hafi verið yfir alla þá valkosti sem til greina koma til hagræðingar í íslenska fjármálaheiminum, þar með talin sameining ríkisbankanna, þar með talið að stokka sjóðina saman við bankana með einhverjum hætti o.s.frv. Og markmiðið sem menn setji sér verði að gera íslenskar fjármálastofnanir og íslenskan viðskiptaheim að þessu leyti samkeppnisfæran á þremur til fimm árum. Ég mundi sætta mig prýðilega við það ef menn gætu sett fram raunhæf markmið um að við hagræddum og stokkuðum upp í þessu kerfi þannig að við hefðum hérna slík tæki í höndum okkar sem stæðust fyllilega samanburð við það sem gerist í nágrannalöndunum, með sanngjörnum hætti þó með tilliti til stærðar og aðstöðu, eftir svona þrjú til fimm ár. Það markmið þurfum við í raun og veru að setja okkur vegna þess að ég er algjörlega sannfærður um að íslensku bankarnir eru deyjandi starfsemi nema okkur takist vel til með að hagræða í þeim nú á næstu árum. Það er metið svo af ýmsum að hefðbundin bankastarfsemi sé víkjandi erlendis. Þetta er ýmist að færast yfir á tölvur, netið, þetta er að færast yfir í sérhæfðar fjármálastofnanir og risastórar bankakeðjur. En hinn venjulegi sjálfstæði banki sem er mitt á milli þess að vera þjónustustofnun almennings og fjárfestingarbanki er að hverfa. Íslensku bankarnir eru akkúrat það í dag, sérstaklega ríkisbankarnir. Ég held að þjónustusinnaðir og þjónustuviljugir litlir bankar með góðar rætur geti átt framtíð fyrir sér sem þjónustustofnanir við almenning, við einstaklinga, við fjölskyldur og jafnvel smáfyrirtæki. En millibankar, sem eru hvorki þannig settir að þeir séu í góðum færum til að veita þessa þjónustu við amenning né nógu stórir til að veita stærri fyrirtækjum þjónustu, munu hverfa. Og það þarf að halda mjög vel á spöðunum að mínu mati ef þetta á ekki að gerast hér, þannig að akkúrat einingar eins og íslensku ríkisbankarnir gætu orðið illa úti á næstu árum vegna ýmissa breytinga sem eru að gerast í þessu umhverfi og samkeppni bæði utan frá og innan frá og frá öðrum fjármálastofnunum o.s.frv. Að síðustu yrði það kannski tæknin sem mundi verða þeim þyngst í skauti sem gerir það mögulegt að láta færslur fara fram án þess að menn komi í stofnunina og þurfi að fara inn í bankann eins og sagt er.

Herra forseti. Ég bind vonir við að menn nái þeirri skynsamlegu niðurstöðu að setja þessi mál í rækilega skoðun, að efh.- og viðskn. fái, ef ég má orða það svo, herra forseti, að vinna vel og ítarlega og rækilega og lengi að þessum málum.

[16:21]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt atriði sem ég vildi gera athugasemd við í ræðu hv. þm. Ég ætla ekki að tjá mig efnislega um niðurstöðu hans um þetta frv. en hann rakti og að mínu mati alveg réttilega að þetta frv. tengist helmingaskiptafyrirkomulagi stjórnarflokkanna. Ég rakti í ítarlegu máli hér í morgun hvernig fjármálakerfið hefur verið, en hann lét sérstaklega að því liggja að þetta væri með einhverri hjálp eða aðstoð Alþfl.

Nú ætla ég í sjálfu sér ekki að svara fyrir Alþfl. En mér er málið að því leytinu skylt að ég starfa í þingflokki jafnaðarmanna og þar eru þingmenn Alþfl. Þó svo að ég sé kosinn á þing fyrir Þjóðvaka, þá vil ég að afstaðan sem við höfum tekið í þingflokki jafnaðarmanna sé alveg skýr í þessari umræðu, en hún hefur verið flutt af þingmönnum flokksins með ýmsum blæbrigðum vitaskuld, að það er engin tenging við þessa helmingaskiptaútfærslu ríkisstjórnarinnar eins og hér er lagt upp með. Það eru engir baksamningar til í þessu efni að mínu viti og við skulum hafa þetta alveg rétt hvað þennan þátt varðar. Stjórnin leggur fram þetta frv. og ætlar að fylgja því eftir. Þó svo að menn eigi vitaskuld forsögu í gamla kerfinu, sem ég hef gagnrýnt kannski mönnum frekar, um bankastjórastöður og tengingu við flokka og annað slíkt, Alþfl. eins og aðrir, þá er ekki hægt að tengja aðstoð þess flokks að því ég best veit á nokkurn hátt við þetta frv.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst segja að mér finnst hv. þm. bregðast drengilega við og alveg sérstaklega drengilega, að hann skuli koma félögum sínum í Alþfl. til aðstoðar og hjálpar hér, berandi til þess í raun og veru engar skyldur. Því að mér er fullljóst að Þjóðvaki hefur aldrei komist til þeirra metorða að eignast bankastjóra sem slíkur. Það er alveg ljóst.

Hins vegar er það sögulega óhrekjandi staðreynd að Alþfl. hefur á köflum sloppið alveg inn í þetta samtryggingabandalag sem hefur þá breyst úr helmingaskiptabandalagi yfir í þriðjungaskiptabandalag. Á köflum hafa þriðjungaskiptin verið alveg augljós og borðleggjandi. Og gæti ekki hugsast t.d. að það væri aðalskýringin á hinni heilögu tölu, þremur, þremur bankastjórum og þremur sem ganga mjög víða aftur í kerfinu, að þeir buðu upp á valdabandalag þessara flokka um marga hluti á löngum tímabilum þessarar aldar.

En það má enginn misskilja mig svo. Það var í sjálfu sér kannski ógætilega mælt að ég væri að væna Alþfl. eða þess vegna þingflokk jafnaðarmanna um að vera með einhverja samninga við stjórnarliðið beinlínis um þetta frv. (Gripið fram í.) Ég sé að ýmsum fellur illa þessi umræða og flýja nú á dyr eins og ritstjóri Alþýðublaðsins, má hann ekki við bindast þessa umræðu.

Hitt er alveg rétt sem hér hefur komið fram og það er eðlilegt að menn fari hér í ákveðna sögulega upprifjun í tengslum við þetta mál. Því miður er ekki hægt að neita því að grunsemdir vakna af ýmsu tagi um að það leynist maðkur í mysunni, ýmislegt fleira sé þarna á ferðinni heldur en látið er uppi á yfirborðinu og að þeir tímar að flokkarnir ætli alveg að sleppa af þessu hendinni gangi ekki í garð bara með gildistöku þessara laga. Kannski er það þá þannig að Alþfl. sé endanlega að losna út úr þessu og það er vel ef svo er.

[16:25]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vildi koma hér og víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í svörum hæstv. viðskrh. fyrr í dag

í þessum umræðum við spurningum mínum og annarra um efni þessa frv. og umgjörð málsins, en áður en ég kem að því langar mig til að rifja það upp til glöggvunar með hliðsjón af því hvað málið er í raun og veru stórt að Alþb. hefur sem flokkur fjallað sérstaklega um þessi bankamál aftur og aftur á undanförnum árum. Ég hygg að nýjustu heildarsamþykktir Alþb. varðandi bankamálin birtist í riti sem gefið var út fyrir kosningarnar 1995 og kallaðist Útflutningsleiðin, en þar segir svo um bankamál, með leyfi forseta, því að mér finnst að það eigi heima í þessum umræðum:

„Auk nauðsynlegra skipulagsbreytinga er mikilvægt að nýr hugsunarháttur, nýtt gildismat, aðhald og sparnaður í rekstri setji svip á starfsemi og stjórnendur peningastofnana landsins. Bankarnir mega ekki vera dæmi um flottræfilshátt, lúxus og ofurlaun. Bankastjórar og forstjórar lánasjóða verða að sýna gott fordæmi. Þeir mega ekki verða yfirstétt sem býr við lífsstíl sem er ofan og utan við allt sem fólkið í landinu þekkir af eigin raun. Mikilvæg skref til að ná þeim markmiðum sem hér er lýst eru þessi:

1. Sameining Landsbanka og Búnaðarbanka í öflugan, alhliða þjóðbanka verði könnuð sérstaklega. Athugað verði hvort hún stuðlar að því að á hagkvæmari og ódýrari hátt sé veitt víðtæk þjónusta sem stenst alþjóðlega samkeppni.

2. Fækkun hinna ýmsu lánasjóða sem merktir eru atvinnugreinum eða sérstökum verkefnum með því að láta þá renna inn í hinn sameiginlega banka. Þar með næðist sameining bankastarfsemi og atvinnuvega og veruleg hagræðing og sparnaður í rekstri.

3. Bankar og sparisjóðir taki í auknum mæli við því verkefni að þjónusta lánveitingar til húsnæðiskaupa.

4. Sett verði þak á launakjör bankastjóra og stjórnenda annarra fjármálastofnana í almenningseign og afnumin margvísleg fríðindi sem þeir nú njóta.

5. Skipulagi Seðlabankans verði breytt á þann veg að einn bankastjóri komi í stað þriggja. Þríeykið í stjórn Seðlabankans er afleiðing úrelts pólitísks lénsskipulags.

6. Settar verði skorður við möguleikum Seðlabankans til að starfa á sviðum sem á engan hátt snerta hlutverk bankans."

Þetta voru tilvitnanir í samþykktir Alþb. sem voru hluti af Útflutningsleiðinni og voru kynntar sérstaklega fyrir kosningarnar 1995. Hvaða erindi átti þessi texti í bók sem hét Útflutningsleiðin? Þessi texti átti það erindi í bókina Útflutningsleiðin að við höfum lengi verið þeirrar skoðunar að einn aðalvandi íslenska atvinnulífsins sé allt of dýrt peningakerfi. Það er ekki aðeins aðalvandi atvinnulífsins vegna þess að peningakerfið sé dýrt til skemmri tíma litið, heldur er það kannski fyrst og fremst aðalvandi atvinnulífsins vegna þess að með því að búa við svona dýrt peningakerfi, þá getur atvinnulífið ekki borgað nægilega góð laun. Við töldum líka að ef íslenskt atvinnulíf ætlaði að vera samkeppnisfært við það atvinnulíf sem um er að ræða í grannlöndum okkar almennt séð og einnig í launagreiðslum, þá yrði að ná niður kostnaði við bankakerfið.

Það er mjög mikilvægt líka að hafa það í huga sem fram kemur í þessari ályktun Alþb. frá því fyrir kosningarnar 1995 að það er hinn alþjóðlegi vinkill sem verður að hafa í huga, það er hinn alþjóðlegi vinkill. Og mér finnst satt að segja að þetta frv. og umbúnaður þess gleymi hinum alþjóðlega vinkli, að hérna séu menn lokaðir inni í tiltölulega þröngum valdahagsmunum stjórnarflokkanna frekar en að hér sé um að ræða tillögur um róttækar breytingar sem geri íslenskt efnahagslíf samkeppnisfærara við efnahagslíf grannlanda okkar á komandi árum og áratugum.

Ég óttast með öðrum orðum að menn séu að stíga hér svo lítil skref í áttina til endurbóta á bankakerfinu að það gæti hrunið, íslenska bankakerfið, um leið og aðrir aðilar létu sér detta í hug að koma til sögunnar á einn eða annan hátt. Þetta var um samþykktir Alþb. sem mér fannst nauðsynlegt að koma á framfæri í þessari umræðu til að þær upplýsingar lægju fyrir.

Í öðru lagi ætla ég aðeins að nefna, herra forseti, varðandi sparnaðinn af rekstri bankanna og það sem hæstv. ráðherra sagði um að ég hefði gerst svo djarfur að telja hér upp nokkur útibú. Ég gerði það en vil bara ítreka í tilefni af orðum ráðherrans að öll þessi útibú eru á stöðum þar sem tvö útibú eru, sitt frá hvorum ríkisbanka, Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Þegar ég segi: Það má leggja niður eitt útibú á hverjum þessara staða, þá þýðir það að eitt stendur eftir frá öðrum hvorum bankanum eftir því sem aðstæður leyfa.

Þegar Landsbankinn fékk ákveðna fyrirgreiðslu á vegum ríkisins fyrir fáeinum árum þá voru honum sett skilyrði í sambandi við rekstrarkostnað sinn og ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ekki mjög sterka tilfinningu fyrir því að menn hafi gengið lengra en krafist var í þá veru að taka niður rekstrarkostnað Landsbankans. Ég hefði getað hugsað mér að menn gengju þar allmiklu lengra að því er það varðar heldur en raun hefur á orðið. En ég vil endurtaka að þessar hugmyndir sem ég taldi upp um að loka níu útibúum á níu stöðum og að loka níu útibúum í Reykjavík þýða ekki að einhverjir staðir yrðu skildir eftir bankaþjónustulausir því að alls staðar er um að ræða tvöföldun á þjónustukerfi ríkisbankanna. Þetta var um það atriði.

Varðandi í öðru lagi það mál sem hæstv. viðskrh. kom að í sambandi við launakjör bankastjóra þá verð ég að taka undir það með hv. þm. Ágústi Einarssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur að ég heyrði ekki betur en viðskrh. og iðnrh. hafi allt aðra skoðun á þessu máli heldur en samgrh. Ég held að það sé mjög æskilegt að draga það fram að á meðan hæstv. samgrh., Halldór Blöndal, neitar að gefa upplýsingar um launakjör yfirmanna Pósts og síma af því að þar sé um að ræða atriði sem leynt eigi að fara, þá vísar hæstv. viðskrh. til laga um ársreikninga. Í rauninni er ekki hægt að skilja ráðherrann öðruvísi en svo að hann sé að gagnrýna hæstv. samgrh. Og ég held að það sé dálítið athyglisvert og umhugsunarvert ef málið er þannig að hæstv. samgrh. veður í villu og svíma í þessu máli af því að ég treysti því betur að hæstv. viðskrh. kunni að lesa ársreikningalög en hæstv. samgrh. með fullri virðingu fyrir þeim síðarnefnda. Mér sýnist því að hér sé komin upp ansi harkaleg deila, túlkunardeila, og ansi harkalegur túlkunarmismunur hjá þessum tveimur hæstv. ráðherrum sem er algerlega óhjákvæmilegt að við stöldrum við í umræðunni og höldum þá til haga í frekari umræðum um þessi mál eða önnur því að það er auðvitað spurning hvort ekki sé nauðsynlegt að taka þessi mál upp á almennum grundvelli (**JóhS:** Forsrh. fær að skera úr um þetta.) þannig að annaðhvort verði forsrh. látinn skera úr um þetta sem almennt atriði eða þá að flutt verði almennt þingmál sem taki á því að það sé algerlega tvímælalaust að túlkun hæstv. viðskrh. sé í samræmi við lagasetningarvilja Alþingis.

Um bankastjóralaunin og bankastjórana sérstaklega, þá verð ég að segja að mér fannst það nokkuð athyglisvert sem

hæstv. ráðherra sagði um þau mál, þ.e. að bankastjórarnir geti ekki treyst því að hafa sömu kjör áfram. Var það ekki nokkurn veginn það sem ráðherrann sagði? Ég vek athygli á því að ég veit ekki betur en Landsbankinn hafi alveg nýlega gengið frá fimm ára ráðningarsamningi með öllu tilheyrandi við einn af sínum bankastjórum rétt um það leyti sem þessi einkavæðing eða hlutafélagavæðing bankanna er að hefjast. Og ég spyr hæstv. ráðherra af því tilefni: Var hann samþykkur því að ganga þannig frá þessari ráðningu, vegna þess að hún hlýtur að standa inn í tímann þó að um það verði að ræða að þessir bankar yrðu gerðir að hlutafélögum eins og hér er lagt til? Með þessum samningi er bersýnilega verið að binda Landsbankanum verulega bagga umfram það sem ella væri og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hafi verið samþykkur því, því að hann hlýtur að hafa komið einhvern veginn að málinu, hvort hann var samþykkur því að ráðning þessa bankastjóra yrði framlengd um fimm ár með kaupi og „tilbehör" eins og bankastjóralaunum hefur verið lýst hér að undanförnu.

Þessu næst vil ég spyrja hæstv. ráðherra aðeins nánar út í það sem ég kalla almenn stefnuatriði og ég hygg að hv. 4. þm. Norðurl. e. hafi rætt þau mál líka mjög ítarlega. Hver er hin almenna stefna ráðherrans í sambandi við þróun bankamála? Hvernig vill hann sjá fyrir sér þróun íslenska bankakerfisins? Vill hann sjá fyrir sér að hér séu tveir bankar eða þrír? Það er bersýnilegt að hann stefnir að fjórum bönkum eins og þetta er hér, a.m.k. til skemmri tíma, þ.e. Landsbankanum, Búnaðarbankanum, Íslandsbanka og Fjárfestingarbankanum til viðbótar svo við sparisjóðina þannig að hér er gert ráð fyrir því að áfram verði haldið með allviðamikið bankakerfi í landinu. Hvernig sér hæstv. viðskrh. framtíðina fyrir sér í þessu efni vegna þess að hans framtíðarsýn skiptir aðvitað máli í þessu dæmi. Svo lengi sem hann situr uppi í Stjórnarráði og hefur með viðskrn. að gera, þá hlýt ég að spyrja hann þeirrar spurningar.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra aðeins lítillega um það sem hér hefur verið rætt mjög mikið og kallað er dreifð eignaraðild. Ég tek eftir því að menn hafa þessi orð hver eftir öðrum, dreifð eignaraðild, og að það eigi að tryggja dreifða eignaraðild. Og ég heyri ekki betur en hv. þingmenn jafnaðarmanna séu margir að tala mikið um dreifða eignaraðild og að nauðsynlegt sé að setja reglur um það og ég er alveg sammála því. En ég skil ekki alveg hvernig menn ætla sér að framkvæma þetta. Ég segi alveg eins og er. Ég sé það ekki. Hvernig ætla menn sér að framkvæma eða tryggja það sem kalla má dreifða eignaraðild eftir að bréfin voru komin á markað? Markaður er markaður og hann tekur hlutina eins og þeir koma fyrir af skepnunni, ef svo mætti segja. Ég held að það sé óskaplega flókið að búa til fyrir fram forskrift að einhverju sem heitir dreifð eignaraðild nema þá að það sé beinlínis sagt í lögunum að bannað sé að selja hverjum einum aðila t.d. meira en 1% eða 2% í viðkomandi banka. Er það það sem hæstv. ráðherra er með í huga eða hvað þýðir þetta tal um dreifða eignaraðild? Mér sýnist að það sé meira og minna innihaldslaust satt að segja en ég tek eftir því að það étur þetta hver upp eftir öðrum svo að segja þannig að það væri kannski fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig hæstv. viðskrh. sér þetta mál fyrir sér.

Ég bar það fram við hæstv. ráðherra hvort hann teldi að orð Steingríms Hermannssonar væru enn í gildi eða ekki, en hann sagði á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur 27. júní 1991 að það þyrfti að athuga sameiningu Landsbanka og Búnaðarbanka. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort hann væri sammála þessu. En Steingrímur Hermannsson sagði þá samkvæmt frétt Tímans frá 29. júní 1991, með leyfi forseta:

„Sagði Steingrímur að mikilvægt væri að hafa í landinu sterkan íslenskan banka og athugandi væri að sameina Landsbanka og Búnaðarbanka í því skyni."

Nú er ég út af fyrir sig sammála því hjá hæstv. iðnrh. og viðskrh. að hér er ekki mjög sterkt að orði kveðið og ég vek athygli á því að við alþýðubandalagsmenn sem höfum talað um sameiningu Landsbankans og Búnaðarbankans höfum heldur ekki kveðið sterkt að orði í þessu máli. Við höfum sagt að það eigi að kanna þessa hluti til þrautar. Okkur finnst freistandi að fara í verkið af því að það sparar þjóðinni milljarð á ári. Milljarður er stór tala. En við höfum hins vegar aldrei slegið því í sjálfu sér föstu og það er ekki gert í samþykkt Alþb. frá 1994 að skilyrðislaust eigi, hvað sem það kostar svo að segja, að sameina þessa banka. Hins vegar er greinilegt að Steingrímur Hermannsson, fyrrv. formaður Framsfl., var þeirrar skoðunar að þetta ætti að athuga og ég vil þess vegna spyrja hæstv. viðskrh.: Hefur hann látið athuga þetta sjálfur? Hann hefur ekki fært fram nein rök í umræðunum á móti því að spara þennan milljarð, engin rök. Hann hefurýjað að því að það væri erfitt að finna leið til að loka þessum útibúum, að það væri svo erfitt að ná utan um það mál, að það þyrfti mikið afl og mikla krafta til þess og ég hugsa út af fyrir sig að það sé rétt. Ég hygg þó að í raun inni ættu menn að geta haldið utan um þetta mál og hæstv. ráðherra sagði hér áðan: „Menn geta út af fyrir sig sameinað bankana og tekið ákvörðun um það eftir að þetta frv. er orðið að lögum." Svo hygg að sé kannski ekki. Það yrði alla vega að breyta lögunum áður en það gerðist. En látum það vera. Menn gætu auðvitað stefnt á það. En þá verð ég að segja: Ég tel það ekki líklega leið. Mér sýnist að aðalgallinn við þetta frv. sé sá að kóngarnir, ég sagði ekki smákóngarnir heldur kóngarnir, í hvorum banka haldi öllu sínu. Og ég held að vandinn sé sá að Alþingi þarf að taka fram fyrir hendurnar á smákóngaveldinu í þessum ríkisbönkum ef það á að komast einhver vitræn niðurstaða í þeim efnum. Þess vegna verð ég að segja að mér finnst mikilvægt að í umræðunni um þetta mál hafi hæstv. viðskrh. haldið tiltölulega opið á málinu. Ég tel að hv. efh.- og viðskn. geti þar af leiðandi að sjálfsögðu komist að hvaða niðurstöðu sem henni sýnist um málið og að hæstv. viðskrh. hljóti að taka þeirri niðurstöðu jafnvel þó að niðurstaða nefndarinnar verði sú að leggja til að Landsbankinn og Búnaðarbankinn verði sameinaðir.

[16:42]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hér hafa komið fram örfáar fyrirspurnir. Fyrst varðandi þá fyrirspurn á þskj. 730 sem hérna liggur fyrir og ekki gafst tími til þess að svara áðan. Ég hef rætt við flm. fyrirspurnarinnar og mér finnst eðlilegt að af hálfu ráðuneytisins verði undirbúin svör og þau send til efh.- og viðskn. á grundvelli þeirrar fyrirspurnar sem hérna liggur fyrir þannig að í nefndinni hafi menn þá á hreinu svör ráðuneytisins gagnvart einstökum hlutum þar eins og þeir eru settir hér fram til að það verði hægt að gera með tiltölulega skömmum fyrirvara og það verði þá skýrt gagnvart nefndinni hvað þar er um að ræða.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um afstöðu mína til ráðningar á þeim síðasta bankastjóra sem ráðinn var við Landsbankann til fimm ára. Fyrir lá tillaga frá hluta af

bankaráði bankans um að hann yrði ráðinn til fimm ára með sex mánaða uppsagnarfresti. Það er nú svo að ráðnir hafa verið þrír bankastjórar við viðskiptabankana, bæði Búnaðarbanka og Landsbanka á undanförnu einu og hálfu ári. Þeir hafa allir, þrátt fyrir að hlutafjárvæðing bankanna stæði fyrir dyrum, verið ráðnir til fimm ára án nokkurs uppsagnarfrests. Fimm ára ráðningin skapar ekki viðkomandi bankastjórum ráðningu til fimm ára óháð því hversu lengi viðkomandi stofnun er starfandi. Ég held að engin deila sé um það. Þegar kemur að því að ráða þarf bankastjóra í hlutafélagabankana — þeir bankastjórar sem fyrir eru koma auðvitað til greina í þeim efnum en það verður stjórn viðkomandi hlutafélags sem tekur ákvörðunina — þá er ljóst að þó svo að einhver þeirra verði ekki ráðinn þá heldur hann ekki launum við gamla bankann í fimm ár. Ég held að það sé engin lagaleg deila um slíkt.

Hv. þm. spurði hver mín framtíðarsýn á þessum fjármagnsmarkaði væri. Ég held að íslenskur fjármagnsmarkaður muni þróast mjög líkt og fjármagnsmarkaður í löndunum í kringum okkur og ég held að við eigum einmitt að gefa honum tækifæri til að þróast þannig. Hver er þróunin? Jú, hún er sú og það er að mörgu leyti í samræmi við það sem hv. þingmenn Alþb. hafa verið að tala um að ætti að byrja á að gera, þ.e. að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka og sjá síðan til. Þróunin á fjármagnsmarkaði í löndunum í kringum okkur er sú að hinar ýmsu fjármálastofnanir eru að renna saman. Það eru ekki endilega bankar sem renna saman heldur eru bankar, verðbréfasjóðir, bankar og fjárfestingarlánasjóðir, bankar og tryggingafélög í stórum stíl að renna saman, stofnanir sem veita fjármálalega þjónustu. Þetta er allt gert í þeim tilgangi að styrkja eiginfjárstöðu þessara stofnana til þess að geta frekar veitt ódýra og betri þjónustu á þessum markaði.

Ég hef sagt og segi enn að ég tel það ekki rétta leið við þessar kringumstæður sem hér eru uppi að byrja á því að sameina Búnaðarbanka og Landsbanka. Ég teldi það vera ranga leið. Fyrst tel ég að það eigi að byrja á því að formbreyta bönkunum, skapa öllum þeim viðskiptabönkunum sem eru á íslenskum fjármagnsmarkaði og fjármálamarkaði sömu samkeppnisaðstæður. Aðstæðurnar eru mismunandi nú. Við skulum síðan sjá til hver þróunin verður.

Það er ekkert í núgildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem hamlar því að þessi þróun sem ég er hér að lýsa um aukinn samruna, styrkari stofnanir, sterkari stofnanir til að taka þátt í samkeppninni geri það að verkum eða komi í veg fyrir að slík þróun geti átt sér stað.

[16:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin en mér finnst þetta satt að segja ekki alveg ganga upp. Út af fyrir sig get ég fallist á það með honum að það gæti verið markmið, burt séð frá afstöðu minni til þess, að segja sem svo: Allir skulu fá sömu aðstæður, allir skulu búa við sömu aðstæður. En það er ekki verið að gera tillögu um það hér heldur. Það er ekki verið að því. Það er verið að segja: „Það má kannski undirbúa það að það gerist einhvern tíma í framtíðinni. En það er ekki verið að taka ákvörðun um að allir búi við sömu aðstæður.“ Þess vegna finnst mér að þetta gangi ekki rökrétt alveg upp eins og þetta er sett upp af hæstv. ráðherra hér í síðustu ræðu hans.

Auðvitað mætti hugsa sér líka, herra forseti, þá leið að Landsbankinn og Búnaðarbankinn yrðu sameinaðir og þeim yrði eða hinum sameinaða banka breytt í hlutafélag sem væri að öllu leyti látið sæta sömu reglum og almennt gilda um hlutafélög. Af hverju er sú leið ekki könnuð alveg eins og þessi?

[16:48]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. á við þegar hann segir að það sé ekki verið að skapa sömu samkeppnisaðstæður milli bankanna með formbreytingunni. Staðreyndin er sú og þær skýrslur liggja fyrir hér við skoðun málsins þegar það kemur til efh.- og viðskn. og úttekt Seðlabankans á því, að það eru mismunandi samkeppnisaðstæður eftir því hvort bankarnir eru í ríkiseigu og eru ekki hlutafélög eða eru í einkaeigu og eru hlutafélög. Við erum með þessari breytingu m.a. að stefna að því að jafna þessar samkeppnisaðstæður þannig að þær séu þannig að það halli á hvorugan, að formið sé slíkt að allar stofnanirnar búi við sambærilegar aðstæður hvað þetta snertir. En um leið erum við líka með þessu að tryggja það að viðkomandi ríkisbankar sem núna starfa, eftir að búið er að breyta þeim í hlutafélög, hafi tök á því að ná inn nýju fé, áhættufé inn í bankana í gegnum aukningu á hlutafé til þess að vera sterkari og betur í stakk búnir í þessari samkeppni.

[16:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að þetta geti ekki gengið fyrir sig svona vegna þess að í raun og veru stendur ekki í frv. að bankarnir eigi allir að fara á sama grunn. Það stendur að það eigi að fresta því í nokkur ár þannig að það er ekki verið að taka þá ákvörðun sem hæstv. ráðherra er hér að tala um og þess vegna finnst mér að þessir hlutir gangi ekki upp eins og hann setur þá hér fram.

Í annan stað vil ég svo bara vekja athygli á því, hæstv. forseti, að lokum að mér finnst það merkilegt sem fram kom hjá ráðherranum að það var ákveðið að framlengja ráðningu eins bankastjórans með öllum hlunnindum í fimm ár og þeirri hugmynd að hafa þá ráðningu með aðeins öðrum hætti, þ.e. að vera með uppsagnarfrest til sex mánaða var hafnað í bankaráðinu. Það er nokkuð athyglisvert að á sama tíma og menn þykjast vera að endurskipuleggja bankakerfið, þora menn ekki að taka á þeim sem eru með ofurlaunin efst í bönkunum.

[16:50]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þannig að það sé alveg skýrt, þá velur viðskrh. ekki bankastjóra bankanna heldur var það ákvörðun bankaráðs Landsbankans að ráða síðasta bankastjórann eins og aðrir bankastjórar höfðu áður verið ráðnir. Um það voru hins vegar í fyrsta skipti í langan tíma skiptar skoðanir innan bankaráðsins hvernig að því var staðið.

Með þessu frv., og ég er ekki sammála hv. þm. Svavari Gestssyni í þeim efnum, er einmitt nákvæmlega verið að skapa sambærilegar samkeppnisaðstæður fyrir bankana. Þó að ríkið muni eiga mjög stóran hluta áfram í bönkunum næstu fjögur árin þar sem ríkiseignir verða ekki seldar, þá er verið að opna fyrir þann möguleika að auka eigið fé bankanna með *því að selja nýtt hlutafé inn í bankana sem ekki má þó verða* meira en 35% samanlagt af eigin fé á móti ríkinu.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er tvennt. Í fyrra lagi spurði ég hæstv. ráðherra út í hvernig túlka bæri 6. gr. frv. og hvaða viðmiðun 35% talan sem þar er afgerandi skyldi taka, þá lægri eða þá hærri, þ.e. hvort það ætti að vera 35% af nafnverði hlutafjár eins og það verður í upphafi og allt í eigu ríkisins eða hvort meðeigendurnir mættu eiga 35% af auknu hlutafé eins og það yrði eftir aukninguna. Ég vildi gjarnan fá svör við þessu.

Í öðru lagi verð ég að segja að ég er algjörlega ósammála þeirri uppsetningu hæstv. ráðherra að það sé réttari leið, upp á það til að gera að halda opnum þeim möguleika að sameina ríkisbankana, að breyta þeim fyrst sitt í hvoru lagi í hlutafélög og svo eigi að sjá til. Ég held að þetta sé mjög vanhugsað. Það er þannig að ríkið er vegna eignar sinnar, ekki bara á bönkunum heldur líka sjóðunum í alveg einstakri aðstöðu til þess að stokka þessa hluti upp og hagræða þeim nú vegna þess að þetta eru bein ríkisfyrirtæki sem lúta sérlögum, koma ekki undir hlutafélagalög eða önnur slík ákvæði þannig að aðferðafræðilega er staða ríkisins eins sterk og hún getur nokkurn tíma orðið núna, núna á meðan ríkið á bankana og sjóðina 100% og er ekki bundið af einu eða neinu í sjálfu sér með það hvernig það fer með það, hvernig það stokkar þetta upp, endurskipuleggur þessi mál eins og hvern annan hreinan ríkisrekstur. Þetta liggur alveg á borðinu.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara yfir það hvaða flækjur geti skapast einmitt í þessu sambandi bara við það eitt að breyta bönkunum í hlutafélög.

[16:54]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vonast til að ekki þurfi að verða misskilningur. Ég held að það sé alveg skýrt í 6. gr. frv. varðandi aukningu hlutafjár. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Samanlagður eignarhlutur annarra aðila en ríkissjóðs má þó ekki vera hærri en 35% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum bankanna um sig."

Heildarhlutafjárhæðin er það þegar menn meta á hverjum tíma hvert hlutaféð er.

[16:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Meinar hæstv. ráðherra að með orðunum „á hverjum tíma" sé málið útkljáð? Það vísi til þess að þetta eigi við sem sagt 35% eignarhlut eftir aukningu, af svo auknu hlutafé, og þá erum við auðvitað að tala um hinar hærri tölurnar og þá hafa reikningskúnstir hér fyrr í umræðunni ekki átt sér stoð. Þá hefur þetta verið sem sagt sá skilningur sem ég lagði í þetta frá upphafi. Mér fannst hæstv. ráðherra í svörum við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur eða þeirra orðaskipti gefa tilefni til þess að draga gagnstæða ályktun og það skildi ég ekki. En þá eru líka hér á ferðinni mun hærri tölur hvað varðar upphæðir sem t.d. hinir nýju meðeigendur gætu sett inn í bankana.

[16:56]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði, þegar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var í ræðustól, athugasemdir við að ekki hefði verið rétt reiknað í fyrri umferðinni og það er rétt hjá hv. þm. Með þessu, ef hlutafé í upphafi er í kringum 7,7 milljarðar kr. í bönkunum samtals, þá gæti heildarhlutafé farið allt að því upp í 12 milljarða kr. og 35% af því er þá þessi upphæð þannig að hv. þm. skilur málið hárrétt og ég held að enginn misskilningur sé þar á milli okkar í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 705.

og

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 1. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 704.

[16:57]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 705 um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og frv. til laga á þskj. 704 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks kemur fram að eitt af markmiðum hennar sé að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða og annarra fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Jafnframt skuli unnið að sölu ríkisfyrirtækja á kjörtímabilinu í samræmi við ákvarðanir Alþingis. Þá er í stefnu ríkisstjórnarinnar lögð áhersla á að stuðla að sókn og uppbyggingu atvinnulífsins um allt land, tryggja stöðug og góð rekstrarskilyrði útflutningsgreina og stuðla að nýsköpun og sókn í vöruþróun og markaðssetningu. Til að svo megi verða þarf að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Jafnframt er nauðsynlegt að öll fyrirtæki, í hvaða atvinnugrein sem er, eigi jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna. Í þessu skyni ákváðu forsrh., iðn- og viðskrh. og sjútvrh. að fela ráðuneytisstjórum þessara ráðuneyta að vinna að endurskoðun á núverandi sjóðakerfi að því er varðar starfsemi Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs.

Þessi hópur hefur síðan átt náið samráð við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði. Þessar atvinnugreinar hafa haft áhrif á stefnu og starfsemi sjóðanna með setu í stjórnum þeirra og lagt þeim til fé, einkum í formi skattlagningar á viðkomandi greinar þó sjóðirnir séu í eigu ríkisins. Frv. þau sem ég mæli hér fyrir eru afrakstur þessarar vinnu.

Þátttaka ríkisins á íslenskum fjármagnsmarkaði er áberandi og mun meiri en í öðrum iðnríkjum. Starfandi eru fjárfestingarlánasjóðir í eigu ríkisins auk þess sem tveir af þremur starfandi viðskiptabönkum eru ríkisstofnanir. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna er yfirleitt bundin við afmörkuð svið eða atvinnugreinar og þeim settar sérreglur í lögum. Kostir geta verið því samfara að njóta verndar ríkisins, ýmissa sérreglna sem gilda um einstaka fjárfestingarlánasjóði og í sumum tilvikum ríkisábyrgðar. Á hinn bóginn hefur reynsla undanfarinna ára sýnt að svigrúm stofnana í eigu ríkisins til að bregðast við aukinni samkeppni er oft á tíðum lítið. Á

sama tíma benda erlendar samanburðarkannanir á alþjóðlegri samkeppnisstöðu til þess að Ísland sé aðeins um miðjan hóp ríkustu þjóða heims. Í nýlegri skýrslu World Economist Forum er Ísland í 32. sæti af 46 ríkjum ef einvörðungu er litið til fjármagnsmarkaðar. Ef litið er til alþjóðavæðingar er Ísland í 36. sæti í saman hópi, en með alþjóðavæðingu er átt við erlenda fjárfestingu, fjárfestingu innlendra aðila erlendis og tæknisamstarf. Margt bendir til þess að staða þessara tveggja sviða sé á meðal helstu veikleika íslensks atvinnu- og efnahagslífs. Í þessu ljósi er því afar brýnt að skilgreina að nýju hlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði. Meginhlutverk þess verði jafnan að tryggja að til séu staðalreglur um starfsemi á þessu sviði og reglunum sé fylgt.

Jafnframt kann á hverjum tíma að vera brýnt að ríkið hlutist til um fjármálastarfsemi sem nauðsynleg er til að efla atvinnulíf. Hins vegar ber að láta öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir til að annast með eðlilegum hætti. Þannig má færa sterk rök fyrir því að ríkinu beri í áföngum að draga úr vægi sínu í hefðbundinni fjármálastarfsemi á borð við viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarlánastarfsemi en beita kröftum sínum enn fremur að áhættumeiri fjárfestingarþjónustu eins og verkefnafjármögnun og beinni áhættufjármögnun.

Með frv. sem ég mæli nú fyrir, auk frv. til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem ég hef einnig lagt fram, eru stigin skref í þá átt sem hér var áður lýst. Með þessu er boðaðar róttækar og umfangsmiklar skipulags- og hagræðingaraðgerðir á íslenskum fjármagnsmarkaði. Megintilgangur aðgerðanna er að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti í framtíðinni séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á sem hagstæðustum kjörum.

Það frv. sem hér er mælt fyrir gerir ráð fyrir að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. verði stofnaður á grunni Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs auk útflutningslánasjóðs. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verður einnig reistur á grunni þessara sjóða, ef frv. þessi verða að lögum. Til greina kemur að fleiri fjárfestingarlánasjóðir sameinist hinum nýja Fjárfestingarbanka fljótlega eftir stofnun hans. Má í því sambandi nefna Ferðamálasjóð. Fjárfestingarbankanum er ætlað að starfa eftir lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og afmarkast starfsemin því af þeim heimildum sem hann hefur í þeim lögum. Megináhersla í starfsemi Fjárfestingarbankans mun súa að hefðbundinni starfsemi sem tengist veitingu langtímaveðlána. Auk þess má ætla að hann sinni fjármögnun skilgreindra og afmarkaðra verkefna. Þá er ljóst að Fjárfestingarbankanum verða sett ströng markmið um hagkvæmni og ódýra þjónustu. Af þessu leiðir að öllum líkindum að áhersla verði lögð á þjónustu yfir tilteknum fjárhæðamörkum.

Helstu efnisatriði frv. eru þessi:

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. taki til starfa sem lánastofnun 1. janúar 1998. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. verði stofnaður eigi síðar en 1. júlí 1997. Fram til 1. janúar 1998 verði unnið að undirbúningi þess að hann hefji starfsemi sem lánastofnun. Ríkissjóður verði einn eigandi hlutafjár í Fjárfestingarbankanum við stofnun hans. Heimilt sé að selja 49% hlutafjár ríkissjóðs. Undirbúningur að sölu verði þegar hafinn. Samtökum fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi verði tryggð aðild að meðferð atkvæða ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum. Ríkissjóður beri ábyrgð á skuldbindingum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem stofnað var til í starfstíð þeirra. Fjárfestingarbankinn taki við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ekki er ráðstafað til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fjárfestingarbankinn taki jafnframt við öllum skattalegum réttindum og skyldum sjóðanna. Starfsmönnum núverandi sjóða verði tryggð störf í Fjárfestingarbankanum eða Nýsköpunarsjóði.

Það er mat ríkisstjórnarinnar að sú leið sem hér er farin þjóni best þeim meginmarkmiðum sem áður hefur verið lýst, þ.e. tryggja atvinnulífinu aðgang að hagkvæmu fjármagni. Atvinnufyrirtækjum er nauðsynlegt að eiga slíka stofnun að bakhjarli sem býður upp á raunhæfan valkost við fjármögnun. Fjárfestingarbanki af þessu tagi getur náð hagstæðum samningum við lánveitendur og með því ásamt lágum rekstrarkostnaði veitt fyrirtækjum hagstæð lán og skapað starfandi viðskiptabönkum heilbrigða samkeppni. Einnig er með þessari leið varðveitt og nýtt mikil fyrirliggjandi þekking núverandi sjóða á atvinnulífinu og náin tengsl þeirra við viðskiptafyrirtæki sín. Þá er atvinnugreinaskiptingin í starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna afnumin, en það leiðir til hagstæðari áhættudreifingar. Í heild mun þessi leið því leiða til hagræðingar á fjármagnsmarkaðnum.

Við undirbúning málsins var leitað til ýmissa aðila um mat á helstu leiðum við endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna. Nefna má að leitað var til fjármálafyrirtækisins J.P. Morgan í London og óskað eftir að sérfræðingar legðu mat á mismunandi viðhorf og leiðir sem um hefur verið fjallað á undanförnum missirum, með hliðsjón af þeirri þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og líklegri þróun til framtíðar.

Það er mat J.P. Morgan að með tilliti til líklegrar þróunar næstu ára megi ætla að starfsemi fjárfestingarlánasjóða og viðskiptabanka verði samþætt. Viðskiptamenn þessara stofnana séu hinir sömu og þekking á starfseminni til staðar. Engu að síður er það niðurstaða athugunarinnar að fjárfestingarlánasjóðir muni áfram hafa hlutverki að gegna. Bent er einkum á tvö atriði sem marka fjárfestingarlánasjóðunum sérstöðu sem geti nýst íslensku atvinnulífi. Annars vegar eru möguleikar sjóðanna til að viðhalda og þróa áfram náin tengsl sín við atvinnulífið sem leiði til bættrar þjónustu á þessu sviði. Þannig geti slíkir sjóðir veitt þjónustu til hliðar við þjónustu viðskiptabanka og annarra fjármálafyrirtækja og verið valkostur við aðra starfsemi á fjármagnsmarkaði. Hins vegar geta fjárfestingarlánasjóðirnir áfram veitt langtímalán á mjög hagstæðum kjörum vegna góðrar stöðu á lánamarkaði og lágs rekstrarkostnaðar.

Þá er það mat J.P. Morgan að sameining sjóðanna í einn fjárfestingarbanka og stofnun nýsköpunarsjóðs hafi marga kosti. Með sameiningu megi ná fram hagræðingu í rekstri. Einnig gefi þessi nýskipan færi á að aðgreina hefðbundna fjárfestingarlánastarfsemi frá áhættufjármögnun. Stofnun fjárfestingarbanka gæti ýtt undir samkeppni á fjármagnsmarkaði, auðveldað einkavæðingu og leitt til sérhæfðari fjármálaþjónustu. Þá gæti nýr fjárfestingarbanki orðið álitlegur kostur fyrir erlenda lánveitendur og fjárfesta. Að mati J.P. Morgan ætti nýr fjárfestingarbanki að starfa á sama grunni og Iðnlánasjóður og Fiskveiðasjóður, þ.e að veita langtímalán og tengda fjármálaþjónustu, en hann gæti einnig aukið sérhæfingu á fjármagnsmarkaði.

Eins og bent er á má með sameiningu sjóðanna ná fram verulegri hagræðingu í rekstri sem mun skila sér í betri kjör-

um á lánum til fyrirtækja. Fullri hagræðingu verður þó ekki náð í fyrstu. Þannig er gert ráð fyrir að starfsfólki sjóðanna þriggja verði tryggt starf í Fjárfestingarbankanum eða Nýsköpunarsjóði, enda má ætla að uppbygging starfseminnar krefjist í fyrstu mikillar vinnu. Reynslan sýnir hins vegar að náðst hefur hagræðing í starfsmannamálum þar sem svipuð leið hefur verið farin. Ekki liggja fyrir nákvæmar rekstraráætlanir fyrir bankann, enda verður það hlutverk stjórnar bankans að taka endanlegar ákvarðanir um rekstur og mannahald. Samkvæmt áætlun sem ég hef látið gera og byggist á fyrirliggjandi ársreikningum og rekstraráætlun fjárfestingarlánasjóðanna má þó ætla að meginstærðir efnahagsreiknings Fjárfestingarbankans við stofnun hans verði sem hér segir:

Eignir Fjárfestingarbankans verði um 50 milljarðar kr. en þar af næmu útlán um 43,3 milljörðum. Skuldir samtals verða um 41.600 millj. kr. en þar af væri lántaka 40 milljarðar kr. Eigið fé næmi tæpum 8,5 milljörðum kr. Ef rekstur Fjárfestingarbankans á fyrsta ári, þ.e. 1998, er áætlaður með hliðsjón af reikningum sjóðanna fyrir þetta ár ásamt rekstraráætlunum samkvæmt framansögðu má ætla að hagnaður fyrir skatta gæti numið 845 millj. kr. Hins vegar má ætla að á fyrstu rekstrarárum hans muni nást hagræðing sem skili meiri hagnaði. Þannig hefur í áætlunum verið gert ráð fyrir að rekstrargjöld lækki um 120–130 millj. kr. á fyrstu þremur rekstrarárunum.

Ætla má að arðsemi eigin fjár geti numið um 8,1% í árslok 1998. Fyrirliggjandi áætlanir gera þó ráð fyrir að vaxtamunur verði svipaður og verið hefur eða um 1,8–2%. Ætla má hins vegar að samkeppnin leiði til mun lægri vaxtamunar og það mun hafa áhrif á arðsemi eigin fjár. Ljóst er að eiginfjárhlutfall Fjárfestingarbankans verður sterkt. Samkvæmt framangreindri rekstraráætlun gæti eiginfjárhlutfall bankans numið um 17,5%.

Í gegnum árin hafa verið skiptar skoðanir um eignarhald þeirra sjóða sem til umfjöllunar eru, einkum Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnlánasjóðs. Af hálfu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og iðnaði hefur verið lögð áhersla á að atvinnuvegirnir og jafnvel fyrirtækin hafi með viðskiptum sínum við sjóðina og greiðslum til þeirra öðlast eignarrétt eða hlutdeild að sjóðunum. Lögum samkvæmt er hins vegar ótvírætt að sjóðirnir eru í eigu ríkisins.

Í umræðum um breytingar á sjóðunum hafa verið skiptar skoðanir um eignarhald þeirra sjóða sem til umfjöllunar eru, einkum Fiskveiðasjóðs Íslands og Iðnlánasjóðs. Af hálfu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og iðnaði hefur verið lögð áhersla á að atvinnuvegirnir og jafnvel fyrirtæki hafi með viðskiptum sínum við sjóðina og greiðslum til þeirra öðlast eignarrétt eða hlutdeild í sjóðunum. Lögum samkvæmt er hins vegar ótvírætt að sjóðirnir eru í eigu ríkisins. Í umræðum um breytingar á sjóðunum hafa þó á liðnum árum komið fram hugmyndir að leiðum til að taka tillit til þessara sjónarmiða. Við undirbúning þeirrar endurskipulagningar sem nú er á döfinni hefur verið miðað við að veita samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði aðild að stjórnun Fjárfestingarbankans við stofnun hans. Lagt er til að atvinnuvegirnir eigi aðild að meðferð atkvæða fyrir hönd ríkissjóðs. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði, ásamt Alþýðusambandi Íslands, eigi þrjá fulltrúa í fimm manna stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Ég tel hins vegar rétt að undirstrika að Fjárfestingarbankanum er ætlað að sinna öllum atvinnugreinum, ekki bara sjávarútvegi og iðnaði.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að Fjárfestingarbankinn taki við eignum, skuldum og skuldbindingum umræddra sjóða, að frádregnum 3.000 millj. kr. sem lagðar verði til Nýsköpunarsjóðsins og u.þ.b. 650 millj. kr. eigin fé vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs sem gert er ráð fyrir að flytjist til Nýsköpunarsjóðs. Umrædd deild hefur afmarkaðan tilgang á sviði iðnþróunar og er fjárhagur hennar aðskilinn frá annarri starfsemi. Til hennar rennur meginhluti svokallaðs iðnlánasjóðsgjalds sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að við gildistöku laganna verði hafinn undirbúningur að sölu á allt að 49% hlutafjár í Fjárfestingarbankanum. Það mun ráðast af aðstæðum á markaði og hagsmunum bankans að öðru leyti hversu hratt hlutabréf verða seld. Hins vegar er lögð áhersla á að hin heimilaða sala fari fram strax og aðstæður leyfa. Í ákvæðinu felst að ekki verður heimilt að selja meiri hluta ríkissjóðs í Fjárfestingarbankanum nema með heimild Alþingis. Í þessu sambandi verður að hafa í huga stöðu Fjárfestingarbankans á erlendum lánamarkaði. Það er samdóma álit þeirra sérfræðinga sem leitað hefur verið til að mikilvægt sé að meiri hluti ríkissjóðs verði ekki seldur fyrst um sinn þannig að hinum nýja fjárfestingarbanka verði gefinn kostur á svigrúmi til að fóta sig á markaði við öflun lánsfjár og afla sér trausts á erlendum lánamarkaði. Hafa verður og í huga stöðu núverandi lánardrottna sjóðanna, einkum með tilliti til þeirra skuldbindinga sem Fiskveiðasjóður Íslands er nú í, en hann nýtur ekki ríkisábyrgðar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði Nýsköpunarsjóði 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutfjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Nauðsynlegt er með vísan til þessa að flýta fyrstu sölu hlutafjár í Fjárfestingarbankanum. Gengið er út frá því að Nýsköpunarsjóði verði lagt til fyrsta söluandvirði bréfanna.

Gert er ráð fyrir að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins taki til starfa sem lánastofnun hinn 1. janúar 1998. Hins vegar verður hann stofnaður í síðasta lagi 1. júlí 1997 til þess að auðvelda og gera markvissari þann undirbúning sem nauðsynlegur er. Á sama tíma skulu Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Iðnþróunarsjóður lagðir niður og lög sem um þá gilda felld úr gildi. Rétt er að benda sérstaklega á að lög nr. 93/1986, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, falla niður og með því sá greiðslumáti lána hjá Fiskveiðasjóði sem þar er gert ráð fyrir. Jafnframt er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslur innan sjávarútvegsins. Frv. um það efni hefur verið lagt fram í þinginu.

Nauðsynlegt þykir að hraða aðgerðum þeim sem lagðar eru til í frv. þessu til að eyða sem fyrst þeirri óvissu sem ríkt hefur um framtíð þessara sjóða og óvissu sem óhjákvæmilega fylgir breytingum af þessu tagi.

Umræðan um endurskoðun á sjóðakerfi atvinnuveganna á sér langa sögu. Síðustu ríkisstjórnir hafa gert sér grein fyrir mikilvægi breytinga en ekki hefur tekist að efna til breytinga þó frv. þar að lútandi hafi einu sinni verið lagt fram á Alþingi. Nú er hins vegar brýnt að aflétta þeirri óvissu sem skapast hefur í kringum áform síðustu ára. Á þar hið sama við og þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á starfsemi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. þessu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Þá mæli ég fyrir frv., herra forseti, á þskj. 704 sem er 407. mál þingsins um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Þrátt

fyrir mikla þátttöku ríkisins á íslenskum fjármagnsmarkaði er almennt viðurkennt að mikið skorti á að nægjanleg aðstoð til nýsköpunar og þróunar sé þar fyrir hendi. Þátttaka ríkisins í hefðbundnum greinum fjármálastarfseminnar er rótgróin. Hefðin er rík og þrátt fyrir að miklar breytingar hafi átt sér stað á fjármagnsmarkaði á síðustu árum þar sem einkaaðilar hafa rutt sér til rúms hefur ríkið dregið lítið úr starfsemi sinni á þessu sviði. Reynslu okkar sjálfra og erlendum samanburðarkönnunum ber saman um að aðstoð við nýsköpun, þróun og alþjóðavæðingu er ábótavant hér á landi. Með alþjóðavæðingu er átt við fjárfestingu íslenskra aðila erlendis og aukna fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Þetta eru hin áhættusamari svið fjármálaþjónustunnar og því er einkaaðilum síður kleift að bjóða upp á slíka þjónustu. Því er nauðsynlegt að ríkið tryggi að slík þjónusta sé fyrir hendi svo atvinnulíf geti vaxið og dafnað á sem árangursríkastan hátt.

Margt bendir til að skortur á þessu eigi veigamikinn átt í því að Ísland hefur ekki komist í fremstu röð þegar litið er til alþjóðlegrar samkeppnisstöðu. Það er því mat ríkisstjórnarinnar að framtíðarhlutverk ríkisins á fjármagnsmarkaði auk hins opinbera tilsjónarvalds verði fyrst og fremst að tryggja að fyrir hendi sé fjárfestingarþjónusta eins og verkefnafjármögnun og bein áhættufjármögnun. M.a. þess vegna þarf einnig að aðgreina áhættufjármögnun frá hefðbundinni fjárfestingarlánastarfsemi.

Áhættufjármagn er gjarnan flokkað eftir því í hvaða tilgangi eða á hvaða stigi það er lagt fram. Af eðlilegum ástæðum er áhættan meiri á fyrri þrepum þróunar enda er ekki gert ráð fyrir því að framlög til slíkra verkefna séu endurgreidd nema í undantekningartilvikum. Ljóst er að starfandi áhættufjármagnsfélög hafa tilhneigingu til þess að sinna áhættuminni verkefnum.

Flokka má áhættufjármagn í nýsköpun í nokkra flokka:

Í fyrsta lagi má nefna svokallað þróunarfjármagn eða hugmyndafé en með því er átt við fjármagn til rannsóknar og þróunar á vöru eða viðskiptahugmynd. Fjármagn á þessu stigi fer aðallega í gerð frumáætlana og fyrstu tilraunir við vöruþróun og forkönnun markaða.

2. Þá má nefna byrjunarfjármagn eða upphafsfé sem tekur við af þróunarfjármagni, t.d. til að fullgera frumeintak vöru og til að hefja markaðsstarfsemi.

3. Fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé en það er fjármagn til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum mun aðallega falla í þriðja flokkinn, þ.e. fjármögnun til vaxtar. Einnig er sjóðnum ætlað að styðja við vöruþróun og kynningarverkefni, svo og forathuganir og hagkvæmnisathuganir, en það fellur nær því sem nefnt er þróunarfjármagn eða byrjunarfjármagn.

Mikilvægt starfssvið Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður þátttaka í fjárfestingarverkefnum sem hefur það að markmiði að auka alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs, annars vegar með fjárfestingu íslenskra aðila erlendis og hins vegar með aukinni fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Vöxtur íslensks atvinnulífs í framtíðinni mun ráðast af því hvort hér nær að dafna atvinnustarfsemi sem stenst samkeppni á alþjóðamarkaði og nær að auka hlutdeild sína í vaxandi alþjóðlegum viðskiptum. Til þess að svo megi verða þurfa íslensk fyrirtæki að taka í auknum mæli þátt í alþjóðlegum atvinnurekstri.

Sjóðnum er ætlað að vera virkur þátttakandi í verkefnum og skapa þannig fjárhagslegan aga og styrk fyrir atvinnufyrirtækin. Eðli málsins samkvæmt mun hann oft ekki geta gengið að tryggingum öðrum en þeim sem liggja í verkefnunum sjálfum. Af því leiðir að tengsl sjóðsins við verkefnin verða náin og eftirlit og agi því mikilvægur þáttur í starfsemi hans. Þá mun sjóðnum verða heimilt að nýta afl atkvæða sinna í samræmi við hlutafjáreign og leiðir það til þess sama. Nýsköpunarsjóði er því í stuttu máli ætlað að vera traustur bakhjarl þeirra sem ráðast í áhættusöm verkefni.

Með hliðsjón af ákvæðum í 61.–64. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, samanber lög nr. 2/1993, og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar frá 19. janúar 1994 er ljóst að tilkynna verður til stofnunarinnar þá aðstoð við atvinnulífið sem felst í starfsemi Nýsköpunarsjóðs. Eins og áður segir mun stjórn sjóðsins móta sér starfsreglur og mun við gerð þeirra höfð hliðsjón af reglum EES. Slíkar starfsreglur, staðfestar af ráðherra, eða eftir atvikum reglugerð ráðherra munu síðar tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA.

Gert er ráð fyrir að Nýsköpunarsjóði verði lagðar til 4.000 millj. kr. Þar af munu honum lagðar til 3.000 millj. kr. annars vegar í formi markaðshæfra hlutabréfa og hins vegar í formi skuldabréfs sem útgefið verður af Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Auk þess mun ríkissjóður leggja sjóðnum til 1.000 millj. kr. af söluandvirði hlutafjár í Fjárfestingarbankanum. Þá verða eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar vistaðar í sérstakri deild í tiltekinn tíma og ráðstafað til sérstakra verkefna. Samkomulag varð um þá tilhögun í ljósi þess að starfsemi deildarinnar er fjármögnuð með iðnlánasjóðsgjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.

Gert er ráð fyrir að sjóðnum verði óheimilt að skerða stofnfé sitt og eðlilegt er að gera ráð fyrir að raunávöxtun hans til lengri tíma verði nokkur. Af þessum sökum mun ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma ráðast af raunávöxtun stofnfjár. Í því sambandi skiptir tvennt miklu máli, árangur fjárfestingarverkefna, þ.e. arðsemi, afskriftir og töp, og fjárhæð framlaga til stuðningsverkefna sem ekki er reiknað með að endurgreiðist. Til þess að hindra að gengið verði að eigin fé er nauðsynlegt að fjárhagsuppgjör sjóðsins sýni ætíð raunhæft mat á þeirri áhættu sem tengist fjárfestingarverkefnunum.

Lagt er til að hagsmunasamtökum í sjávarútvegi og iðnaði verði tryggð áhrif við stjórnun Nýsköpunarsjóðs. Þannig eigi samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði ásamt Alþýðusambandi Íslands þrjá fulltrúa í fimm manna stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, auk tveggja fulltrúa ríkisins er tilnefndir verða af iðnrh. og sjútvrh. Ástæður þess eru hinar sömu og varða þátttöku samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði í meðferð atkvæða ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

Í frv. er lagt til að Nýsköpunarsjóður taki við starfsemi tryggingardeildar útflutningslána hjá Iðnlánasjóði, samkvæmt lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, og tryggingardeildar útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, samkvæmt lögum nr. 60/1970. Eðlilegt þykir að starfsemi þessara deilda verði á einum stað. Tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð hefur dregið úr starfsemi sinni og hefur nú aðeins eitt verkefni á sinni könnu.

Sókn á nýja erlenda markaði er oft það áhættusöm að einkaaðilar eru ekki í stakk búnir til þess að veita útflytjanda tryggingar gegn greiðslufalli erlends kaupanda. Þess vegna er

ríkistryggð útflutningstryggingarstarfsemi talin nauðsynleg forsenda þess að útflutningur aukist.

Ætla má að nauðsynlegt verði að endurskoða ákvæði þessa kafla á næstu árum með hliðsjón af þróun í nágrannalöndunum og reynslu af starfseminni.

Skýrt er kveðið á um að ríkissjóður beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema hvað varðar skuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs eigi rétt á starfi hjá Nýsköpunarsjóðnum hafi þeim ekki verið boðið starf hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ákvæði þetta er sambærilegt 10. gr. frv. til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er ætlað að taka til starfa 1. janúar 1998 eða á sama tíma og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Hins vegar er gert ráð fyrir að stjórn Nýsköpunarsjóðs verði skipuð a.m.k. hálfu ári áður en sjóðurinn tekur til starfa. Hlutverk hennar á þeim tíma er að undirbúa starfsemi sjóðsins.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[17:24]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þau tvö frumvörp sem við erum hér að fjalla um ber vitaskuld að skoða saman en einnig það frv. sem við vorum að ræða áðan, þ.e. breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög og ákvæði því tengdu. Fjórða frv. verður rætt hér á eftir sem er stofnun sérstaks Lánasjóðs landbúnaðarins.

Varðandi þessi tvö frumvörp ber að hafa í huga að það er löngu tímabært að stokka upp hið staðnaða fjárfestingarlánasjóðakerfi atvinnulífsins, þ.e. þessa þrjá sjóði, Iðnþróunarsjóð, Iðnlánasjóð og Fiskveiðisjóð, þessa atvinnutengdu sjóði, svo og reyndar Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ágreiningurinn um þetta efni hefur einkum verið tvíþættur. Annars vegar hafa menn deilt nokkuð lengi um eignarhald í sjóðunum og þá fyrst og fremst vegna greiðslu frá atvinnuvegunum inn í sjóðina án þess að það lægi skýrt fyrir hvort og í hvaða mæli menn eignuðust hlut í viðkomandi sjóðum. Þetta hefur tafið fyrir uppstokkun í sjóðakerfinu um nokkurn tíma. Hitt atriðið er hvað á að gera með þessa sjóði, hvernig uppstokkun ætti að eiga sér stað ef menn eru sammála um það meginatriði að sératvinnutengdir fjárfestingarlánasjóðir séu arfur frá fortíðinni. Ég er þeirrar skoðunar að slík aðgreining atvinnuvega eins og verið hefur í íslenska stofnlánakerfinu eða fjárfestingarlánakerfinu hafi verið gagnslítil og beinlínis til tjóns hin síðustu ár.

Hins vegar er sú aðferðafræði sem lagt er upp með í þessum frumvörpum um hvernig uppstokkunin eigi að ganga fyrir sig kolröng. Í stað þess að taka þessa sjóði, eins og gert er ráð fyrir í þessum frumvörpum sem hæstv. ráðherra talaði fyrir, og búa til einn fjárfestingarbanka, einn ríkisbankann í viðbót, hefði átt að fara aðra leið. Það hefði átt að taka þessa þrjá sjóði og færa þá inn í ríkisviðskiptabankakerfið. Það hefði verið skynsamleg leið varðandi þá uppstokkun sem er nauðsynleg á þessu sviði.

Það eru nokkur rök fyrir þessu. Þau eru m.a. að íslenskir bankar, ríkisviðskiptabankar, eru fjárhagslega mjög veikir eins og við ræddum í sambandi við fyrra þingmálið. Fram kom að eigið fé bæði Landsbanka og Búnaðarbanka er ekki nema 10 milljarðar, þannig að ekki hefði veitt af styrkingu upp á þessa um það bil 7–8 milljarða sem hefðu getað komið inn í bankakerfið, þessa tvo ríkisviðskiptabanka, með því að fara ekki þá leið að setja á stofn nýjan ríkisbanka.

Það eru hins vegar önnur rök fyrir þessu. Það hefur nefnilega átt sér stað mjög ör þróun á þessu sviði undanfarin ár vegna þess að menn hafa oft rætt — nú spyr ég herra forseti, ég geri ráð fyrir að hæstv. viðskrh. sé einhvers staðar mjög nálægt. Við gerðum um það samkomulag að ræða þessi mál saman og á einföldum umræðutíma og þá er mjög bagalegt ef ráðherra er ...

(**Forseti** (GÁ)**:** Ég geri ráðstafanir. Ég býst við að ráðherra sé alveg á næstu grösum og tek undir með þingmanninum.)

Það hafa nefnilega átt sér stað mjög verulegar breytingar í umhverfi fjárfestingarlánasjóða á undanförnum árum. Það sem var e.t.v. góð og gild skoðun hér fyrir nokkrum árum að það bæri að steypa þessum sjóðum saman í einn sjóð á ekki lengur við og það er meira að segja rökstutt í frv. hæstv. ríkisstjórnar. Þar er vitnað í álitsgerð J.P. Morgan sem er sérfræðingar á þessu sviði. Þar segir, með leyfi forseta:

„... að viðskiptabankar í Evrópu bjóði svipaða þjónustu og fjárfestingarlánasjóðirnir þrír, en sú þróun sé þó ný af nálinni á Norðurlöndunum. Fjárfestingarlánasjóðir, sem reistir voru á svipuðum forsendum og hérlendir sjóðir, hafi þróast í mismunandi áttir og brugðist með mismunandi hætti við breytingum á starfsumhverfi sínu."

Hér, ásamt öðrum heimildum sem ég get vitnað til, er hægt að færa full rök fyrir því að þróunin í Evrópu hefur orðið sú að fjárfestingarlán hafa miklu frekar farið í gegnum hefðbundið viðskiptabankaumhverfi en í sérstökum fjárfestingarbönkum eða fjárfestingarsjóðum. Í þessari greinargerð eru tvær röksemdir færðar fyrir því að fara þessa leið þrátt fyrir það að þetta sé gegn þróuninni. Og þá skulum við líta á þessar röksemdir. Það er sagt:

„Annars vegar eru möguleikar sjóðanna til að viðhalda og þróa áfram náin tengsl sín við atvinnulífið sem leiði til bættrar þjónustu á þessu sviði."

Það er einmitt þetta sem er og á að vera í viðskiptabankaumhverfinu. Þessi nánu tengsl við atvinnulífið eru fyrir hendi og þau hefðu fullkomlega verið fyrir hendi ef þessir sjóðir hefðu verið felldir inn í ríkisbankaumhverfið. Þessi röksemd fellur því um sjálfa sig vegna þess að hún kæmi raunverulega miklu meira að gagni með því að fjárfestingarlánasjóðirnir væru hluti af viðskiptabankaumhverfinu.

Hin röksemdin sem er færð fram vegna þessarar útfærslu er svo, með leyfi forseta:

„Hins vegar geta fjárfestingarlánasjóðirnir áfram veitt langtímalán á mjög hagstæðum kjörum vegna góðrar stöðu á lánamarkaði og lágs rekstrarkostnaðar."

Þessi röksemd á enn frekar við ef við hefðum fært fjárfestingarlánasjóðina inn í bankana einfaldlega vegna þess að við hefðum styrkt bankana. Þeir hefðu getað náð hagstæðum kjörum í útlöndum. Það er hægðarleikur. Það fer eftir efnahagslegri stöðu þeirra. Það er hvort sem er ekki ríkisábyrgð fyrirhuguð á neinum af þessum bönkum og vitaskuld, og það þarf ekki að hafa um það mörg orð, hefði hagræðing sú sem hefði skapast í íslenska bankakerfinu við það að taka þessa sjóði og fella þá inn í ríkisbankana og styrkja þar með bankana, verið alveg ótvíræð því að það er ein af röksemdunum hér með því að fella saman þessa þrjá sjóði að menn séu að spara eitthvað í rekstri, en það er lítilvægt hjá því sem menn hefðu sparað ef þeir hefðu tekið þessa þrjá sjóði og fellt þá inn í viðskiptabankakerfið.

Það sem menn verða að átta sig á er að umhverfið er að breytast. Samkeppnin kemur meira að utan, bankaviðskipti hafa breyst, stór fyrirtæki hér hafa reynt að leita meira í bankaviðskipti við erlenda banka, hlutabréfamarkaðurinn hefur tekið hér á síðustu árum við mikilvægu hlutverki sem bankastofnanirnar voru með áður og einnig má benda á að bankaheimurinn er að breytast í þeirri mynd að tryggingafélög eru að fara miklu meira inn á hefðbundinn viðskiptabankamarkað heldur en var hér áður. Allt þetta kallar á að það á ekki að hugsa út frá aðferðafræði fortíðarinnar og það er, herra forseti, það sem gert er í þessu frv. Ég veit að það er góður vilji á bak við þetta og þetta er í sjálfu sér engin ný hugmynd sem hér kemur fram en hugmyndafræðin er því miður gamladags. Þessi útfærsla hefði gengið fyrir svona fimm til sex árum. Þá hefðu menn sagt: „Ja, þetta gæti nú verið skynsamlegt skref í uppstokkun", og ég hefði sennilega fallist á það þá af því að það er alla vega nokkuð til bóta að stokka upp þetta kerfi. En þessi útfærsla er einfaldlega orðin gamaldags vegna þess að þetta verkefni í fjárfestingarlánum á núna miklu betur heima í viðskiptabönkum sem hafa til þess faglega þekkingu og styrkleika að veita lán á þeim mælikvarða sem þarf til, því að vitaskuld er styrkleiki þessa nýja fjárfestingarbanka ekkert meiri en styrkleiki viðskiptabankanna. En eigið fé fjárfestingarbankans er mikið og það hefði komið sér mjög vel fyrir ríkisviðskiptabankana og gert þá mun öflugri ef það hefði komið þar inn og þeir þá starfað eins og alvöruviðskiptabankar með fjárfestingarlánasjóð eins og reyndar viðskiptabankarnir eru með. Því miður er Stofnlánadeildin tekin út úr þessari hugmyndafræði. Það verður rætt hér á eftir og er mál sem er verst fyrir landbúnaðinn. Ég harma það að menn skuli eina ferðina enn taka landbúnaðinn sem á það ekki skilið og búa til sérstaka umgjörð um hann. Ég er þess fullviss að landbúnaðurinn hefði ekki bara þolað það mjög vel að vera þátttakandi með öðrum atvinnuvegum í fjárfestingarlánasjóði eða í viðskiptabankaumhverfi. En þessi hugsun að slá skjaldborg til verndar landbúnaðinum hefur orðið honum til meira tjóns en margt margt annað.

Eins og kemur fram hér í frv. er lýsingin á verkefnum bankans í engu frábrugðin venjulegu hlutverki viðskiptabankanna eins og menn skilja hlutverk þeirra nú til dags. Hagræðingin hefði verið augljós og það hefði styrkt þá til átaka burt séð frá því hvað menn hefðu svo gert við ríkisviðskiptabankana. Hvernig skiptingin hefði orðið, skiptir ekki öllu máli og í hvaða form menn hefðu síðan sett þetta, þ.e. hvort menn hefðu einkavætt eða ekki.

En það er ekki það sem málið snýst um. Málið snýst um það sama og var í frv. um hlutafjárvæðinguna, þ.e. að tryggja áfram óbreytt kerfi, óbreytta hugsun, en fyrst og fremst helmingaskipti milli þessara tveggja stjórnmálaflokka. Það er meginatriðið. Það eina sem er ítarlega frá gengið í þessu frv., herra forseti, er hvernig eigi að skipa stjórnir og hvernig eigi að semja milli viðskrh. og sjútvrh. og hverjir eigi að koma að stjórnum nýja bankans og Nýsköpunarsjóðsins. Þar eru ákvæðin skýr. Þar eru helmingaskiptin augljós vegna þess að þar á að koma einn frá hvorum ráðherra og síðan eiga tveir að koma eftir tilnefningum og það er athyglisvert hverjir eiga að tilnefna. Það er einn fulltrúi sem er tilnefndur frá Samtökum iðnaðarins og síðan er annar fulltrúi, fulltrúi sjútvrh., tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva. Hvað eru þessi samtök? Eru þetta fagsamtök á viðkomandi sviði? Nei, svo er ekki. Þetta eru vinnuveitendafélög atvinnugreinanna. Þetta eru ekki fagsamtök á sviði sjávarútvegs eða iðnaðar heldur er starfsemi þeirra fyrst og fremst að vera samningsaðili um kaup og kjör. Sennilega þekki ég þessi samtök best af öllum þeim 63 þingmönnum sem hér eru einfaldlega vegna þess að ég var varaformaður Samtaka fiskvinnslustöðvanna um árabil og starfaði á árum áður innan Landssambands ísl. útvegsmanna og þekki Samtök iðnaðarins. Ég þekki þessi samtök ágætlega.

Það sem hér er hins vegar verið að gera, og það bið ég menn að íhuga, er að hér er verið að taka fulltrúa atvinnulífsins, þ.e. vinnuveitendamegin úr tveimur atvinnugreinum og setja þá inn í þessa stjórn. Hér er verið að búa til vettvang fyrir annars vegar Kristján Ragnarsson og hins vegar fyrir Harald Sumarliðason sem eru formenn þessara tveggja samtaka. Ef til vill verður það Arnar Sigurmundsson í stað Kristjáns Ragnarssonar sem líklega má telja vegna þess að Kristján situr þegar í Íslandsbanka. Hér sjá menn alveg hvað skrifað er á vegginn. Hér er verið að tryggja hina pólitísku hagsmuni. Hér eru enn og aftur sömu mennirnir og við sjáum á landsfundum stjórnmálaflokkanna. Og hvernig var svo reynt að mæta því gagnvart framsóknarmönnunum? Jú, það liggur víst fyrir að bankastjórinn í nýja Fjárfestingarbankanum verður með flokksskírteini Framsfl. Þetta eru kaupin. Þetta eru samningarnir. Öll þessi fjögur frv. ganga ekki út á neitt annað, herra forseti, en að tryggja hið pólitíska vald áfram í viðskiptaumhverfinu þegar breytingar eru gerðar bæði á bönkum og sjóðum. Launafólk, starfsmenn fá enga aðild að þessum sjóð, Fjárfestingarbankanum. Fulltrúar launþega fá engan, hvað þá önnur atvinnulífssamtök, því að það eru ekki allir í sjávarútvegi í Samtökum fiskvinnslustöðvanna eða Landssambandi ísl. útvegsmanna. Því fer fjarri. Það eru ekki öll iðnaðarfyrirtæki í Samtökum iðnaðarins. Því fer fjarri. Og hafa þó greitt inn í þessa sjóði. Þeir fá hins vegar engan fulltrúa. Hér er verið að ganga erinda valdakerfisins í atvinnulífinu. Það á að selja 49% strax. Það eru engar takmarkanir á hámarkskaupum, engar útlistanir um dreifða eignaraðild og ég boða enn og aftur: Við munum flytja breytingartillögur um þennan þátt.

Hvað varðar Nýsköpunarsjóðinn þá getur það verið gott mál. Nýsköpun, er það ekki fallegt og gott og í sjálfu sér mundi ég styðja það. Við styðjum að sérstakan sjóð til að vinna að nýsköpun, í þróunarstarfsemi og öðru slíku í atvinnulífinu. Ekki veitir af því. En hvers konar sjóður er þetta? Þetta er ekki sjóður sem á raunverulega að stunda nýsköpun, þróun og fóstra hugmyndir. Það er meira að segja rakið í frv. sjálfu. Það er sagt að hægt sé að skipta þessu þróunarfjármagni eða hugmyndafé í þrjá flokka. Það er fjármagn til rannsóknar og þróunar á vöru- og viðskiptahugmynd. Síðan er annað stigið: Byrjunarfjármagn eða upphafsfé, þ.e. að taka við þróunarfjármagni og fullgera og hefja markaðsstarfsemi. Síðan er þriðja stigið sem er fjármagn til vaxtar eða vaxtafé og það er einmitt þar sem Nýsköpunarsjóðurinn á að koma inn. Hann á ekki að koma inn þar sem kannski mest nauðsyn er, þ.e. á frumstigi, að þróa fjármagn til rannsókna og þróunar, en við erum aftur einna öftust af öllum þjóðum í Evrópu á sviði rannsókna og þróunar. Það er ekkert gert með það. Nei, hér á að setja upp gamaldags byggðasjóð með öllu því sem honum fygir.

Og ekki nóg með það, herra forseti. Það sem er nú athyglisverðast við þennan blessaða Nýsköpunarsjóð er hverjir eiga að stjórna honum. Hverjir skyldu það nú vera? Það má ekki gleyma því hver á alla þessa sjóði. Það er fólkið í landinu.

Ríkisvaldið fer með umsjón allra þessara sjóða fyrir hönd almennings. En hverjir eiga nú að stjórna Nýsköpunarsjóðnum sem á að byrja með 4 milljarða? (**Gripið fram í:** Gamla gengið.) Akkúrat. Gamla gengið. Þrír af fimm stjórnarmönnum, hvaðan skyldu þeir nú koma? Jú, einn er tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðvanna. Það verður þá annaðhvort Kristján Ragnarsson eða Arnar Sigurmundsson ef þeir finna þá einhvern annan. Síðan er einn frá Samtökum iðnaðarins, hvort það verður Haraldur Sumarliðason eða Sveinn Hannesson veit ég ekki. Þriðji aðilinn er frá Alþýðusambandinu. Þar tókst þeim að loka hringnum, kippa launþegahreyfingunni inn og þá spyr ég: Af hverju Alþýðusambandinu? Ég hef ekkert á móti Alþýðusambandinu, síður en svo. Hvað með aðra launþega? Hvað með opinbera starfsmenn? Hvað með þá sem eru ekki í Alþýðusambandinu? Af hverju á Alþýðusambandið sérstaklega að koma að Nýsköpunarsjóði? Af hverju eiga fulltrúar vinnuveitenda, félög sjávarútvegs og iðnaðar, en meginverkefni þeirra er að vera samningsaðilar, að koma sérstaklega að nýsköpun? Af hverju þá ekki að setja inn tölvumenn, ef það væri nýsköpun? Af hverju ekki að taka Jón Braga Bjarnason prófessor eða Kára Stefánsson prófessor og gera hann að stjórnarmanni? Nei, það er ekki gert ráð fyrir því. Þetta á að vera fast í höndunum á gömlu hagsmunagæsluklíkunum. Og það sem er athyglisvert er að þessir hópar, eðlilega því að þetta eru aðilar vinnumarkaðarins, eru sömu aðilarnir og stjórna lífeyriskerfinu hér á landi. Það er ekki nóg með að við búum við það kerfi að samtök vinnuveitenda og samtök launafólks ráði yfir á þriðja hundrað milljörðum sem er fjármagnið í lífeyrissjóðunum — það er ekkert nema gott um það að segja — heldur eiga þessir aðilar í viðbót að taka við þessu verkefni sem er að þróa nýjar hugmyndir sem eiga að vera til framdráttar.

Herra forseti. Þetta er gamaldags hugsun og þetta er vond hugsun gagnvart nýsköpun, uppstokkun, framþróun og hagræðingu. Það er svo grátlegt að viðskrh. sem hefur stundum komið með ferskar hugmyndir skuli bera fram frv. fortíðarinnar með þessum hætti. En það er samhengi í þessu. Öll þessi frv. ganga út á það að tryggja valdastöðu þessara tveggja stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl., hvort sem er í ríkisstjórn eða flokksapparatinu, hvort sem er í bankaheiminum eða í sjóðakerfinu eða í hagsmunahópunum sem tengjast svo vinnumarkaði. Það er samhengi, herra forseti í öllum þessum frv. Þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum öll þessi frv. og það er m.a. þess vegna sem við leggjumst gegn þessu. Við teljum að útfærslan á þessum fjárfestingarbanka, nýja ríkisbanka með samansúrruðu valdi gömlu hagsmunahópanna og þessi illa útfærði nýsköpunarsjóður sé slæm þótt hugmyndin gæti verið góð. Þess vegna, herra forseti, leggjumst við gegn þessu. Þessi útfærsla gerir ekkert annað en að tryggja óbreytt ástand og horfir á engan hátt til bættrar framtíðar.

[17:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Nú eru hér á dagskrá tvö af þessum banka-sjóðafrumvörpum sem eru hér fyrirferðarmikil og það er auðvitað spurning hvort ekki hefði verið einfaldast að slengja þessu öllu saman og hafa um þetta einn almennilegan eldhúsdag í svona þrjá, fjóra daga því auðvitað eru öll þessi frumvörp að nokkru leyti samhangandi. Þau varða skipulag banka og fjárfestingarsjóða í landinu og auðvitað er þetta nátengt.

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem fram kom í máli síðasta ræðumanns varðandi það að margt lyktar nú eiginlega af hagsmunagæslu gömlu valdablokkanna bæði í þessu kerfi sem slíku og svo að sjálfsögðu stjórnarflokkanna sem þarna hafa greinilega ætlað sér að passa vel og dyggilega upp á sitt. Þó að það sé í sjálfu sér margt jákvætt við að fækka þessum sjóðum og sameina þá út frá almennum sjónarmiðum um hagræðingu og stærð eininga þá er ekki sama hvernig það er gert.

Það var reyndar, herra forseti, nokkuð fyndið, svo ekki sé sagt beinlínis stórfyndið, alveg rígfyndið að heyra hæstv. iðnrh. mæla fyrir þessari sjóðasameiningu áðan eftir að hafa heyrt hann hins vegar verjast í umræðum fyrr í dag og fyrir nokkrum dögum varðandi þann möguleika að sameina ríkisbankana. Nú sneri allt á haus hjá hæstv. ráðherra. Með öðrum orðum, hæstv. ráðherra tíndi hér upp rökin hver á fætur öðrum sem við höfðum notað fyrir því að sameining ríkisbankanna væri a.m.k. kostur sem ætti að skoða mjög vel. Þá yrði til stærri og sterkari eining og hagkvæmari o.s.frv.

Nú sagði hæstv. ráðherra að það væri mikil hagræðing í því fólgin að fækka einingunum og stækka þær, það mundi nást umtalsverður sparnaður og vaxtamunur ætti að geta minnkað og þar fram eftir götunum. Þá er auðvitað nærtækt að spyrja, úr því að þetta er svona glæsilegt og einboðið í sambandi við sameiningu fjárfestingarlánasjóðanna, hvers vegna er það þá ekki líka svo í sambandi við sameiningu ríkisbankanna? Ég held að hæstv. ráðherra skuldi okkur skýringar á þessum mótsögnum eða mótsetningum í málflutningi sínum.

Ég nefni hér fyrst, herra forseti, sama gagnrýnisatriðið og ég gerði í umræðum um ríkisbankana, að þessi sjóðasameining í sjálfu sér er ekki sú heildaruppstokkun og sameining og raunverulega hagræðing sem ég hefði gjarnan viljað sjá vera hér á ferðinni úr því að farið er í það verkefni á annað borð að stokka upp spilin í banka- og sjóðakerfinu, þ.e. þeim stóra hluta þess sem tilheyrir ríkinu. Ég held að það sé ekki sérstaklega mikið í takt við nútímaleg viðhorf eða þróun í bankamálum í umhverfinu að stofna hér, mér liggur við að segja tiltölulega gamaldags nýjan ríkisbanka, að vísu að því slepptu að hann á ekki að taka við innlánum frá almenningi. Ég hefði talið að það væri miklu meira í takt við tímann að færa fjárfestingarlánastarfsemina inn í bankana, sameina þá þætti og búa til einingu sem væri sambærileg við þá banka erlendis sem við gætum helst reynt að bera okkur saman við, aftur með þeim sömu rökum að þá yrði til eining sem hefði miklu meiri burði til að sinna viðskiptum við stórfyrirtæki, hefði mun sterkari eigin fjárhag og ætti að geta náð enn þá meiri hagkvæmni og hagræðingu í krafti stærðar sinnar. Ég held að menn átti sig ekki almennt á því sem er verið að gera t.d. í bankakerfinu. Það er verið að búa til dverghlutafélagabanka, hreina og klára dverga á alþjóðlegum viðskiptamarkaði. Ástæðan fyrir því að íslensku ríkisbankarnir hafa fengið þokkalega góð lánskjör er auðvitað sú að þeir hafa verið hrein ríkisfyrirtæki og ábyrgð ríkisins staðið beint á bak við. Lánskjör ríkisbankanna hafa þannig í grófum dráttum fylgt lánshæfi íslenska ríkisins en á því verður nokkur breyting þegar til verða örsmáir hlutafélagabankar af því tagi sem nú er verið að stofna til.

Ég held að þarna hefði verið miklu vænlegra að velja þá leið að stokka þessa fjárfestingarlánastarfsemi með einhverjum hætti saman við bankastarfsemina eða endurskipuleggja þetta betur.

Það má líka spyrja: Hvers vegna er þetta — bara nákvæmlega þetta skref tekið? Hvað með þá sjóði sem liggja þá áfram utan við og verða auðvitað enn þá minni og sem verður í raun og veru fráleitara að reka sem algjörlega sjálfstæðar stofnanir eftir þessa sameiningu? Af hverju er þá ekki Stofnlánadeild tekin þarna með? Hvað með Byggðasjóð? Hvað með Ferðamálasjóð? Sjálfsagt gleymi ég einhverju.

Það skrýtna er að þrátt fyrir þessar aðgerðir, þrátt fyrir þennan nýja ríkisbanka og þrátt fyrir síðan Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, þá á að reka allt hitt áfram. (Gripið fram í.) Ekki veit ég annað, þ.e. þá sjóði sem ekki koma þarna með. Það hefði auðvitað verið eðlilegt að reyna að stokka þá saman við þetta einhvern veginn. Kannski ætlar hæstv. ráðherra að fara aftur með þær ræður að það eigi að gera þetta í einhverri tiltekinni röð og fyrst sé rétt að gera þetta og svo geti hitt komið á eftir en það er svolítið billegt finnst mér satt best að segja. Ef menn eru þeirrar skoðunar á annað borð að þetta sé hagstætt, af hverju eru menn þá bara að fara hálfa leið meðan þeir hafa það tækifæri í höndunum að ríkið á þetta og getur gert það sem það vill í sambandi við endurskipulagningu þessara mála og áður en stofnaðir verða nýir bankar, nýr sjóður eða þriðji bankinn en með nýrri stjórn, nýjum Kristjánum og nýjum Haröldum sem fara svo að passa upp á sitt í nýju umhverfi? Nýir toppar ráðnir í bankann o.s.frv. Ef menn ætla í þetta á annað borð, af hverju gera þeir það þá ekki almennilega, láta sig hafa það, setja undir sig hausinn og fara bara í gegnum þann skafl að endurskipuleggja þrátt fyrir nöldrið í öllum kóngunum? Mér finnst þetta svona hálfvelgja sem er eitthvað óskaplega slöpp.

Það er auðvitað fyndið að þessi mikla einkavæðingarstjórn sem hefur verið að flytja inn einkavæðinguna í gríð og erg með ærnum tilkostnaði, þó að hann fáist ekki birtur samanber snautleg svör hjá hæstv. forsrh. þar um hér á borðum okkar í dag, að hún skuli vera að stofna nýjan ríkisbanka. Það finnst mér mjög fyndið. Mér finnst það afar fyndið satt best að segja. Svona er nú mitt skopskyn sérkennilegt, herra forseti. Ég get bara ekki annað en hlegið að þessu.

Það má líka spyrja ýmissa spurninga í sambandi við það stjórnunarfyrirkomulag sem þarna er upp sett. Og síðast en ekki síst er þarna náttúrlega á ferðinni hrein og klár einkavæðing upp á allt að helming eða 49% af þessum nýja sjóði. Og ekki bara einkavæðing, heldur strax því það stendur á bls. 9 að það sé algjört forgangsverkefni og mjög brýnt að drífa þetta út. Hins vegar er lögð áhersla á, herra forseti, að hin heimilaða sala fari fram strax, „og aðstæður leyfa" er að vísu bætt við. Og ætli það sé þá ekki mat þessara snillinga að þær leyfi það. Jafnvel þótt ekki fáist nema hálfvirði fyrir. Eins og frægt er þá er í ríkisstjórninni maður sem hefur lagt þvílíkt ofurkapp á einkavæðingu að hann missti það út úr sér á frægum fundi að það væri allt í lagi að selja tilteknar eignir ríkisins á hálfvirði ef ekki fengist meira fyrir þær bara til að einkavæða þær. Og var þá ekki minna á stykkinu heldur en sjálfur Búnaðarbankinn. En ég veit að vini mínum, hæstv. fjmrh., er mjög viðkvæmt að þetta sé rifjað upp.

Hér er sem sagt á ferðinni hrein og klár einkavæðing, hrein og klár á býsna umsvifamikilli fjármálastofnun sem verður þessi nýi ríkisbanki. Nú er skaði mikill að hv. þm. Guðni Ágústsson skuli ekki vera hér til staðar því hann hefur haldið mjög hjartnæmar ræður um hinn gífurlega mun á þessum prósentum, 35% og 49%. Hann fór út í stærðfræðilegar nálganir í þeim efnum að þetta væri alveg sitt hvað, svart og hvítt, hvort einkavætt væri upp á $^{35}/_{100}$ eða $^{49}/_{100}$. Hér er hrá einkavæðing út um gluggann á ferðinni, þ.e. það á bara að selja þetta mikið af hlutafénu og það strax.

Þá erum við komin, herra forseti, alveg inn í kjarna umræðunnar, hver kaupir, hvað skeður? Er þetta framför? Er víst að þarna verði um framför að ræða í íslenska fjármálaheiminum? Hver er nú líklegastur til að kaupa eða hverjir? Það er kannski hægt að hafa það í fleirtölu. (**GMS:** Enginn þennan banka.) Enginn þennan banka, telur hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, sérfræðingur Framsfl. þangað til í maí í fyrra í bankamálum og einkavæðingu. Ég veit ekkert um það en einhvern veginn hefur mér sýnst að ýmsir kóngar í viðskiptaheiminum, oddvitar tiltekinna blokka, væru tilbúnir til þess að borga talsvert verr fyrir vissa hluti þegar þannig stendur á, þegar verið er að kaupa eitthvað annað heldur en bara svona hlut til þess að hafa arð af honum. Mér sýnist nefnilega enn íslenski viðskiptaheimurinn vera gegnsýrður af þeim sjúka hugsunarhætti að þegar menn eru að kaupa hlut í fyrirtækjum, þá eru þeir ekki fyrst og fremst að fjárfesta. Það er verið að kaupa völd, það er verið að kaupa aðstöðu, það er verið að pétta raðirnar í keðjunni, í blokkinni. Og auðvitað blasir sú hætta við hér, eins og hún gerir í sjálfu sér um leið og menn fara að opna upp bankana, að þetta verði keypt af aðilum sem síðan leiðir til að um enn frekari samþjöppun valda og fjármuna verður að ræða í hinu örsmáa, íslenska efnahagslífi. Það er þannig. Sú hætta er borðliggjandi. Og þetta er, herra forseti, auðvitað að verða grafalvarlegt mál sem kannski er réttara að ræða við betra tækifæri og undir öðrum kringumstæðum, og þó. Það er bara ósköp einfaldlega sú gríðarlega samþjöppun og blokkamyndun sem er á fullri ferð í íslensku viðskiptalífi þessa dagana og þessi missiri, þar sem menn ganga svo langt í sumum tilvikum að verðið skiptir að því er virðist engu máli sem þeir borga fyrir tiltekna aðstöðu, tiltekin völd, tiltekna hluti, til að ná fram öðrum markmiðum en kannski arðsemismarkiðinu.

Ég held t.d. að kaup á ýmsum fyrirtækjum í flutningageiranum og í sjávarútvegsgeiranum og víðar séu þess eðlis að það sjái það allir menn að þar er á ferðinni allt annað en fyrst og fremst fjárfesting til þess að fá af henni arð. Það er allt, allt annað á ferðinni. Það er ískyggilegt að svo mikið fjármagn hefur safnast á ákveðnar hendur að menn geta leyft sér slíkt, a.m.k. eins og málin standa hér meðan ekki kemur meira aðhald frá hluthöfum í þeim fyrirtækjum. Ég hef af því miklar áhyggjur að hér geti menn sem sagt farið úr öskunni í eldinn í raun og veru. Og við verðum að vera menn til þess að spyrja okkur þeirrar spurningar, hvort er betra, ef það eru kostirnir, að hið opinbera eigi stofnanir af þessu tagi eða þær lendi lóðbeint í hendurnar á sömu fákeppnisblokkunum sem eru að herða krumlurnar meira og minna um allt í íslenskt viðskiptalíf þessi missiri? Hafa menn engar áhyggjur af því? Hefur hæstv. viðskrh. sem er yfir samkeppnismálum engar áhyggjur af því að þeir sem eru að reyna að lifa sjálfstæðu lífi utan þessara blokka fara með veggjum? Þeir fara helst ekki út á daginn nema með hauspoka því að þeir eru svo hræddir um að styggja risana og komast í ónáð. Og ef þeir stíga einhvers staðar nálægt tánum á þeim, þá vita þeir sem er að þeir vita ekkert hvenær þeir verða slegnir af. Þetta er svona, herra forseti, og það er mjög alvarlegt mál.

Svo furðulegt sem það nú er þá hefur fákeppnin því miður verið að aukast til mikilla muna á mörgum sviðum viðskipta. Maður hélt að blokkamyndun væri t.d. að líða undir lok í sjávarútveginum og batt vissar vonir við að fátt væri svo með

öllu illt að ekki boðaði nokkuð gott, m.a. að þrengingarnar í sjávarútveginum á 9. áratugnum væru að leiða til þess að blokkirnar væru dálítið að leysast upp, en blokkamyndun er nú á fullri ferð til baka sem aldrei fyrr.

Herra forseti. Um Nýsköpunarsjóðinn ætla ég ekki að fara mörgum orðum, annar fulltrúi okkar þingflokks mun ræða það sérstaklega. En ég vil þó aðeins spyrja hæstv. ráðherra eða leggja inn í þessa umræðu spurningar úr því að farið var út í þessa breytingu sem er mjög góðra gjalda verð í sjálfu sér. Og það er fullkomlega réttmætt að menn reyni að gera eitthvað, láti ekki nægja bara orðin tóm í sambandi við að stuðla að einhverri nýsköpun og uppbyggingu í atvinnulífinu. Gott er að ríkisstjórnin skuli þó ekki vera kaþólskari en það að hún þorir að leggja fram frv. um opinberan sjóð í þessu skyni. Ég hefði að vísu gjarnan viljað sjá það fé vera viðbótarfé í þetta verkefni en ekki koma frá fjárfestingarlánasjóðunum, sem þar með tekur niður eigin fjárhag þeirra sem því nemur. Og því ekki bara setja í þetta nýtt fé? En spurning mín lýtur meira að því hvernig skipulagið á þá að vera í þessum nýsköpunar- og þróunarmálum í kjölfarið. Hver á að gera hvað eftir að nýi sjóðurinn verður kominn til viðbótar við þá aðila sem fyrir eru? En frv. tekur ekki á því hvernig þeir eiga að falla inn í myndina.

Spurning mín lýtur meira að því hvernig skipulagið eigi að vera í þessum nýsköpunar- og þróunarmálum í kjölfarið. Hver á að gera hvað eftir að nýi sjóðurinn verður kominn til viðbótar við þá aðila sem fyrir eru án þess að frv. taki á því hvernig þeir eiga þá að falla inn í þá mynd? Ég er að tala um Byggðastofnun, Byggðasjóð, ég er að tala um Þróunarfélagið. Hvað með þróunarfélagið sem var sérstakt hugarfóstur nafna míns, hv. fyrrv. þm. Steingríms Hermannssonar? Þróunarfélagið var hans draumabarn á síðasta áratug, (**Gripið fram í:** Það er búið að selja það.) Búið að selja það? Já, en á það þá bara að dóla sér þarna? Og hvað með aðra aðila sem eru að sinna verkefnum á þessu sviði? Hvað með iðnþróunarfélög og iðnþróunarsjóði á einstökum svæðum o.s.frv.? Mér finnst að það þurfi að reyna að horfa á eitthvert heildarskipulag í þessum málum þó að það sé mjög gott að til sögunnar komi sterkur aðili sem geti veitt fyrirgreiðslu, þá þarf samt sem áður að skoða hvernig það á að gerast og eru ýmsar spurningar sem vakna í þessu sambandi.

En aftur að upphafinu, herra forseti. Þetta frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hangir mjög saman við bankafrumvörpin sem væntanlega verða tekin til rækilegrar skoðunar og mér finnst rökstuðningurinn á bak við þetta fjárfestingarbankamál vera viðbót við það sem áður hefur verið sagt, viðbótarrökstuðningur fyrir því að þessi mál eiga nú að fara í mjög víðtæka og rækilega skoðun hér á vettvangi löggjafans. Það á ekki að rasa um ráð fram hvað varðar þessar breytingar. Menn leika sér ekki með mikilvægustu fjármálastofnanir heillar þjóðir. Það gera menn ekki. Ekki ábyrgir stjórnmálamenn. Og tími, vikur eða mánuðir skipta engu máli í því sambandi, engu. Það er þess vegna þannig, herra forseti, að það er tæplega hægt að taka það mjög alvarlega að þessi gífurlega stóru mál sem fyrst eru að koma hingað inn til umræðu á þessum dögum, skömmu áður en Alþingi fer í páskaleyfi, eigi að fá hér afgreiðslu. Ég trúi því satt best að segja ekki að mönnum sé fullkomin alvara með því að ætla Alþingi sjálfu ekki nema fáeinar vinnuvikur til að skoða þessi mál en það blasir við. Nú fer í hönd innan skamms páskahlé. Eftir það kemur þing saman til fundar í tvo eða þrjá daga og þá kemur nefndavika í sjö daga og þá verður kominn um það bil miður apríl þegar þingið fer þá aftur að taka til starfa og mánuður eftir af þeim tíma sem þinginu var ætlað að vinna hér.

Sami maður, hæstv. ráðherra, að vísu í gervi iðnrh., er að sulla hér inn stórum frumvörpum um álver og guð má vita hvar og hæstv. ráðherra hlýtur að gera sér grein fyrir því að það fer að renna út úr þessari tunnu fyrr en varir.

Ég endurtek þar af leiðandi að lokum, herra forseti, þá skoðun mína að þetta sé dæmigert viðfangsefni og dæmigert mál fyrir milliþinganefnd til að skoða. Við höfum ekki haft stærri mál á sviði fjármálastofnana mjög lengi, skal fúslega viðurkennt jafnvel þó að hér hafi farið fram heildarendurskoðun á löggjöf um viðskiptabanka og sparisjóði, um aðrar lánastofnanir og um Seðlabankann fyrir ekki löngu síðan, þá var það endurskoðun á lagarammanum í grófum dráttum í óbreyttri mynd þessara stofnana, þær héldu sem sagt áfram. Það voru ekki miklar skipulagsbreytingar því samfara í sjálfu sér. En hér eru aðrir hlutir á ferð eða gætu a.m.k. verið á ferð. Hér er búið að opna upp mál sem býður upp á stórkostlega uppstokkun í íslenska fjármálakerfinu ef menn nota tækifærið, ef menn verða ekki með nein álver í þessu sem ég hvet eindregið til og þá skulum við líka taka okkur þann tíma í það sem til þarf. Ég hefði talið að harðdugleg milliþinganefnd sem ynni kappsamlega í allt sumar og fram á haust hefði meira en nægjanleg verkefni að skoða til þess að skila svo af sér fullbúnum afrakstri af slíku starfi, t.d. í lok september nk. áður en þing hæfi störf á nýjan leik.

[18:04]

Gunnlaugur M. Sigmundsson:

Herra forseti. Mér þykja vera fáir þingmenn í salnum og sérstaklega sakna ég þess að hér skuli ekki vera fleiri ráðherrar en hæstv. viðskrh. Það eru býsna stór mál sem menn eru að fjalla um hér og mér þykir að það hljóti að vera mjög stór mál sem aðrir ráðherrar ríkisstjórnarinnar fjalla um ef þeir geta verið fjarverandi við þessa umræðu.

Herra forseti. Ég styð ekki þetta frv. um fjárfestingarbanka og ég er andvígur þeirri stefnu að fara nú undir lok þessarar aldar að búa til nýjan ríkisbanka. Fjárfestingarlánasjóðir eru börn síns tíma sem eiga sér vart nokkra hliðstæðu í vestrænum löndum. Ég kýs að lifa í nútíðinni og ég neita alfarið að taka þátt í afturhvarfi til fortíðar eins og þetta frv. felur í sér. Stofnun sérstaks fjárfestingarbanka er stökk 15 ár a.m.k. aftur í tímann og það hryggir mig ef sá hluti stjórnarmeirihlutans sem að öllu jöfnu vill lifa í nútíðinni lætur múlbinda sig í þessu máli.

Hér er um að ræða gamla kratahugmynd, gamla hugmynd frá hæstv. fyrrv. viðskrh., Jóni Sigurðssyni, sem hann reyndi að koma í gegn á sínum tíma en þá var það hæstv. forsrh., eftir því sem sögusagnir herma, sem stoppaði það mál auk nokkurra hæstv. þingmanna Alþfl. Ég dáðist á þeim tíma að hæstv. forsrh. fyrir það að stoppa þetta mál því ég hef alla tíð talið að það væri tímaskekkja.

Með þessu frv. finnst mér ríkisstjórnin vera komin á það sem ég kalla mjólkurbúðastigið. Ég veit ekki hvort menn muna eftir því að fyrir allmörgum árum deildu menn mjög hart um það hvort mjólk ætti að selja í sérstökum búðum eða hvort það væri hugsanlega hægt að afgreiða og selja mjólk inni í stórmörkuðum. Menn greindi mjög á og það voru mjög sterk öfl sem töldu að heimurinn mundi farast af mjólk yrði ekki afgreidd í sérstökum búðum. Mér finnst að

með þessu frv. sé ríkisstjórnin að bera sig að því að hún sé á mjólkurbúðastiginu.

Ég er þeirrar skoðunar að mestu hagræði í bankakerfinu væri unnt að ná með því að láta viðskiptabankana annast langtímalánin. Nú er í sjálfu sér ekkert sem bannar viðskiptabönkunum að fara út í langtímalánveitingar eða annast þær en við vitum að það er mjög erfitt fyrir viðskiptabankana að byggja upp samkeppni við lánasjóð sem þegar er með krossveð í öllum fasteignum og vélum helstu fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi á Íslandi. Það verður erfið samkeppni. Að sjálfsögðu fara viðskiptabankarnir út í þessa samkeppni og að sjálfsögðu munu þeir hafa betur heldur en þessi banki þegar tímar líða en það verður að hins vegar erfið samkeppni sem tefur framgang hagræðinga í þessu máli. Ég minni á það að viðskiptabankarnir eru nú þegar farnir að bjóða góð fjárfestingarlán og hafa sýnt að þeir eru vel samkeppnisfærir um langtímalán.

Sú leið sem hér er lagt til að fara er hins vegar sú versta að mínu mati sem hægt væri að fara ef menn ætluðu að breyta því kerfi fjárfestingarlánasjóða sem nú viðgengst hér. Að mínu mati koma einkum tvær leiðir til greina. Sú besta að mínu mati var að leggja sjóðina inn í viðskiptabankana og skapa þannig stórar og hagkvæmar lánastofnanir. Þetta er einföld leið. Það væri hægt að framkvæma þetta þannig að annaðhvort gefa bönkunum kost á því að kaupa inn þau skuldabréf og yfirtaka þau lán sem fjárfestingarlánasjóðirnir hafa tekist á hendur, kaupa þau skuldabréf sem varða fyrirtæki sem eru í viðskiptum við viðkomandi banka eða þá að leggja einfaldlega viðkomandi lán inn í viðskiptabankana, auka þar með eigið fé þeirra og svo geta menn farið með þau hlutabréf sem ríkið fengi í staðinn út á markað og selt og þannig mundi ríkið losa 9 eða 10 milljarða sem það á í eigin fé í þessum lánasjóðum.

Ef menn geta ekki orðið sammála um þessa leið, sem virðist nú liggja fyrir a.m.k. að ríkisstjórin vill ekki fara, þá er hin leiðin að breyta núverandi sjóðum í hlutafélög, afnema atvinnugreinamörkin sem eru hjá þessum sjóðum núna og láta síðan þessa sjóði keppa um lántakendur. Ég hélt í einfeldni minni að stjórnarmeirihlutinn tryði á samkeppnina og mátt samkeppninnar og það að samkeppni yrði til þess að bæta hag lántakenda, yrði til þess að lækka lántökukostnað og bæta kjörin fyrir atvinnulífið. Ég er sannfærður um það að með þeim fjárfestingarbanka sem hér á að koma upp, þessari mjólkurbúð, þá mun samkeppni verða heft stórlega um mörg ár.

Ég er líka sannfærður um að sú leið sem hér á að fara hefði ekki verið valin í nokkru öðru vestrænu ríki og ég furða mig á því hvað valdi því að nú eigi að fara að lemja þetta mál í gegn og það þrátt fyrir ráð þeirra manna sem að öllu jöfnu hafa mest traust ríkisstjórnarinnar í bankamálum. Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að fá að vitna í viðtöl við þá Kjartan Gunnarsson, bankaráðsformann Landsbankans, og Tryggva Pálsson bankastjóra. Þá vitna ég fyrst í Morgunblaðið laugardaginn 8. mars þar sem er viðtal við bankaráðsformann Landsbankans. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá vék Kjartan að fyrirætlunum um að breyta fjárfestingarlánasjóðum atvinnulífsins. Landsbankinn hefði haft forustu um að leggja til við ríkisstjórnina að eignir sjóðanna verði seldar viðskiptabönkunum og þeir taki við hlutverki þeirra með þeim hætti. Slík breyting myndi styrkja bankakerfið og lækka rekstrarkostnað þess, sem yrði viðskiptamönnum bankanna til hagsbóta. Hann væri ekki hrifinn af þeirri hugmynd að stofna sérstakan fjárfestingarbanka að meiri hluta í eigu ríkissjóðs og teldi fyrrgreinda aðferð farsælli leið til þess að ná hratt fram markmiðum ríkisstjórnarinnar.

Kjartan bætti því við að næsta stórverkefni á þessu sviði hlyti að verða að kanna frekar möguleika á nánari samvinnu og samruna fyrirtækja á fjármálamarkaði ... Það væri mjög brýnt með tilliti til harðnandi samkeppni bæði hér á landi og að utan. Hann rifjaði upp hugmyndir Björgvins Vilmundarsonar, bankastjóra Landsbankans, um haginn af því að sameina Landsbanka og Búnaðarbanka og sagði að það væri hægt að hugsa sér fleiri sameiningar eða samruna á fjármálamarkaði."

Í viðtali, herra forseti, við Dag-Tímann þann 21. febrúar 1997 lýsir Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., og bankaráðsformaður Landsbankans, svipuðum hugmyndum og ég hef hér haft eftir honum úr Morgunblaðinu.

Herra forseti. Nýverið kom í Viðskiptablaðinu, ég held að það hafi verið í síðustu viku, viðtal við Tryggva Pálsson bankastjóra Íslandsbanka. Tryggvi Pálsson er án efa einn af þeim bankamönnum á Íslandi sem þekkja hvað best til bankamála og, með leyfi herra forseta, ætla ég að fá að lesa kafla úr þessu viðtali Viðskiptablaðsins við Tryggva Pálsson þar sem hann segir:

„Verslunarlánasjóður er fjórði stærsti fjárfestingarlánasjóður landsins á eftir Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þetta er sjóður upp á rúma 9 milljarða kr. Hann er 100% í eigu Íslandsbanka og veitir löng veðlán óháð atvinnugreinum.

Tryggvi bætir við að þetta sé lánastarfsemi sem eðlilegt sé að hafa innan bankanna. Það sama má reyndar segja um húsnæðislánin og ef við værum ekki með þetta ríkiskerfi í húsnæðislánunum sem nýtur náttúrlega sérkjara, þá væru húsnæðislánin hér í bönkunum eins og erlendis er. Manni finnst að bæði löngu lánin til atvinnuveganna og húsnæðislánin muni, horfandi nokkur ár fram í tímann, meira og meira renna inn í sömu einingar. Verslunarlánasjóðurinn veitir löng veðlán með lágmarkskostnaði. Það eru þrír starfsmenn sem halda utan um þennan efnahagsreikning, að vísu með bakstuðningi annarra starfsmanna bankans og við erum með kostnaðarhlutfall mun lægra en sést hjá öðrum sjóðum. Meginmálið er að löng veðlán þurfa alls ekki að vera í séreiningum. Verslunarlánasjóður er í raun bara sérdeild í bankanum og þyrfti alls ekki að bera sérstakt heiti og okkur er ekkert til vanbúnaðar að veita löng lán til allra atvinnugreina."

Herra forseti. Hér hefur verið vitnað til manna sem þekkja lánastarfsemi og ég er sammála því mati sem þarna kemur fram. Lánasjóðir eiga að fara inn í viðskiptabankana. Það ber besta leiðin til að skapa grundvöll góðrar, skilvirkrar og ódýrrar lánaþjónustu fyrir atvinnulífið. Ríkisstjórn Íslands verður að ná sér út úr mjólkurbúðahugsunarhætti. Fjárfestingarlánasjóðir voru börn síns tíma rétt eins og mjólkurbúðirnar voru en nú er mál að linni. Í dag versla menn í stórmörkuðum og vilja alla þjónustu á einum stað, bankaþjónustu rétt eins og kaup á mjólk og fiski.

Fjárfestingarlánasjóðir eru reyndar að mestu sérískenskt fyrirbæri. Ef við lítum á athugasemdir við frv. til laga um stofnun fjárfestingarbanka atvinnulífsins, lið 4 sem ber yfirskriftina Mat á valkostum, þá segir þar um niðurstöðu fjármálafyrirtækisins J.P. Morgans að viðskiptabankar í Evrópu bjóði svipaða þjónustu og fjárfestingarlánasjóðirnir þrír, en sú þróun sé þó ný af nálinni á Norðurlöndunum. Fjárfest-

ingarlánasjóðir, sem reistir voru á svipuðum forsendum og hérlendir sjóðir, hafi þróast í mismunandi áttir og brugðist með mismunandi hætti við breytingum á starfsumhverfi sínu. Þær breytingar felast m.a. í aukinni samkeppni þar sem fleiri aðilar, svo sem viðskiptabankar, hafa sótt á þennan markað." — Og síðan segir, herra forseti: „Finna má dæmi um starfandi fjárfestingarlánasjóði eins og danska iðnlánasjóðinn, FIH, sem veitir langtímalán til atvinnulífsins."

Í þessari sömu greinargerð segir einnig:

„Það er mat J.P. Morgan að með tilliti til líklegrar þróunar næstu ára megi ætla að starfsemi fjárfestingarlánasjóða og viðskiptabanka verði samþætt. Viðskiptamenn þessara stofnana séu hinir sömu og þekking á starfseminni til staðar."

Enn þá furða ég mig á því hvernig í ósköpunum menn komust að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að búa til nýjan ríkisbanka til að veita löng lán. Ég sagði áðan að þetta væri sérískenskt fyrirbæri. Þetta er svo mikið sérískenskt fyrirbæri að orðið fjárfestingarlánabanki er mér vitanlega einfaldlega ekki til á enskri tungu. Á enskri tungu tala menn stundum um investment bank en það er bara allt annar hlutur. Það svarar til verðbréfafyrirtækja rétt eins og Kaupþings og Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka og hefur ekkert að gera með fjárfestingarlán til atvinnuvega. Ég spyr sjálfan mig hvernig í ósköpunum standi á því að Íslendingar skuli alltaf þurfa að vera að finna upp hjólið. Menn verða að fara að átta sig á því að tími fjárfestingarlánasjóðanna er liðinn. Svefnfriður þeirra sem lána peninga er löngu rofinn. Tími þess fyrirkomulags sem gilt hefur hér um ára raðir, að fjármagnseigendur láni ríkisstofnunum fé til að endurlána og þar með taka áhættu fyrir fjármagnseigandann, er liðinn. Í nútímarekstri eru milliliðir miskunnarlaust skornir burtu. Fjárfestingarbanki er í sjálfu sér ekkert annað en óþarfa milliliður sem í besta falli situr uppi með verstu lántakendurna þegar fram líða stundir. Fólk verður að fara að átta sig á því að vaxtakostnaður af lántöku til endurlána auk vaxtaálags til þess að dekka rekstrarkostnað fjárfestingarlánasjóðs er það gólf sem opinberir sjóðir geta lægst verðlagt sig á. Öðru máli gegnir hins vegar um lífeyrissjóði, verðbréfasjóði og tryggingarsjóði og ég vek athygli á því að tryggingarsjóðir tryggingafélaganna eru býsna stórir sjóðir.

Þessir sjóðir geta allir leyft sér að líta svo á að það fé sem þeir hafa til útlána sé þeirra eigið fé þar sem aðeins skiptir máli að reyna að ná sem bestri ávöxtun og þar skiptir máli að höggva inn í það álag sem þessir milliliðir reyna að næla sér í eða lifa á. Og bankarnir munu hefja samkeppni við þennan nýja ríkisbanka. Og ég get fullyrt, herra forseti, að bankarnir eru í mun betri stöðu en þetta nýja ríkisbákn til þess að meta hvaða viðskiptavinir eru góðir og hverjir ekki. Ég spái því að þegar við ræðum um endalok hvað þennan banka varðar þá séum við að ræða um fimm til sjö ára líftíma á þessum banka. Undir lokin mun þessi banki sitja uppi með erfiðustu viðskiptavinina og þá kann það að verða þrautalendingin fyrir þá ríkisstjórn sem þá situr að sameina þennan sjóð Byggðastofnun því eins og máltækið segir þá sækjast sér um líkir.

Ef litið er á rekstrarafkomu þessa banka, væntanlega rekstrarafkomu, þá á eigið fé bankans að vera um tæpir 9 milljarðar kr. Ég held að flestir muni telja eðlilegt að ríkið setti þessum banka arðsemiskröfu og 15% arður væri ekki óeðlileg arðsemiskrafa að minnsta kosti á almennum markaði. Það mundi þýða að arðurinn þyrfti að vera 1.350 millj. kr. af þessum 9 milljörðum. Nú hefur að vísu verið upplýst hér í framsöguræðu hæstv. viðskrh. að krafan á fyrsta ári sé 8,5% arðsemi af eigin fé, þ.e. 2–3% meira en menn geta haft með því að lána eða kaupa ríkisskuldabréf.

Ef við lítum á efnahag Iðnlánasjóðs á árinu 1995 þá var hann 17 milljarðar kr., Fiskveiðasjóður var með 26 milljarða í efnahag sem er samtals 43 milljarðar og þar af voru 40 milljarðar í útlán. Áætlanir fyrir nýja bankann eins og upplýst var hér í dag er að eignir verði upp á 50 milljarða og útlán upp á 43 milljarða eða með öðrum orðum að ekki sé gert ráð fyrir að viðskiptabankarnir nái til sín neinu af þeim lánum sem í dag eru inni í þessum þremur lánastofnunum sem þarna eru að sameinast.

Á árinu 1995 voru hreinar vaxtatekjur þessara tveggja sjóða, Iðnlánasjós og Fiskveiðisjóðs upp á 1.089 millj. kr. Þá á eftir að draga frá allan rekstrarkostnað og framlög í afskriftareikning en í skýrslu Iðnlánasjóðs fyrir sama ár er tekið fram að almennt framlag í afskriftasjóð sé 2,45% af útlánum og áföllnum vöxtum fyrir utan sérstakar afskriftir. Ég spyr hvort menn þurfi frekar vitnanna við. Hér er verið að gera tóma vitleysu. Það er verið að setja á 9 milljarða í eigið fé til að standa á bak við 40 milljarða í útlán sem samkeppnisaðilarnir að mínu mati munu fljótt kroppa niður um að minnsta kosti fjórðung. Sé litið til reynslunnar eru hreinar vaxtatekjur sem vænta má upp á 1,1 milljarð að hámarki auk síðan arðs af eigin fé þessa banka. Það er áður en rekstrarkostnaður er greiddur eða lagt í eðlilegan afskriftasjóð og á sama tíma og eðlileg afskriftakrafa af 9 milljörðum í slíkum rekstri er upp á 1,3 milljarða kr. Þetta dæmi gengur einfaldlega ekki upp og ég spyr: Hvar lærðu þeir sína stærðfræði sem leggja til að banki sé stofnaður þar sem vantar allan rekstrargrundvöll? (**Gripið fram í:** Í Samvinnuskólanum.) Ekki veit ég það en sú stærðfræði hefur alla vega ekki verið lærð í Singapúr.

Gera menn sér grein fyrir því að það álag sem slíkur banki getur vænst að komast upp með að leggja á lán þegar hinir bankarnir hafa vaknað til vitundar um að þeir eru komnir í samkeppni við þennan nýja banka er að hámarki 0,6–1%? Hér var að vísu upplýst áðan að þess væri vænst að vaxtaálagið yrði 1,8–2% og þá verð ég að segja að mig minnir, herra forseti, að Iðnlánasjóður haldi því fram að þeirra meðalvaxtaálag sé 1,6%. Þannig að ég skil ekki hvar hagræðið liggur ef vaxtaálagið á að aukast við að sameina þessa sjóði. Fyrir mér gengur þetta dæmi einfaldlega ekki upp. Ég spyr í einlægni, herra forseti: Má ekki gera kröfu til þess að ríkisvaldið geri rekstraráætlanir áður en ráðist er í slíkar fjárfestingar?

En það er fleira sem mér finnst að en skortur á rekstrargrundvelli og það ónáðar mig líka í sambandi við þetta mál. Það kemur fram í frv. að ekki verði öllum starfsmönnum tryggð atvinna, látum það nú vera. En það sem verra er er það sem stendur í frv. um Nýsköpunarsjóðinn, að þeir sem ekki fái vinnu í nýja bankanum fái vinnu í sjóðnum. Nú spyr ég hvort nokkrum detti í hug að það verði blóminn af starfsliðinu, þeir sem hafa mesta reynsluna, sem ekki fær vinnuna í Fjárfestingarbankanum? En Nýsköpunarsjóðurinn á að taka við þeim sem ekki fá vinnu. Ég minni á lög nr. 77 frá 18. maí 1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti. Ef ég les þau lög rétt þá er ekki heimilt við samruna að segja fólki upp fyrir samrunann. Nýi aðilinn þarf að segja fólkinu upp, þannig að ef ég hef skilið þau lög rétt þá þurfa allir starfsmennirnir að byrja í nýja bankanum og svo kemur það á stjórnendur nýja bankans að segja fólki upp.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu hér rakið af hverju ég er svo mikið á móti því að stofnaður sé sérstakur fjárfestingarlánabanki nú í lok 20. aldar. Helstu rök mín hafa verið þessi:

Í fyrsta lagi er ekki þörf fyrir nýjan ríkisbanka.

Í öðru lagi er það svo að í öllum löndum heims er það hluti af starfsemi viðskiptabanka að veita langtímalán til fyrirtækja. Íslendingar þurfa ekki sérlausnir í þessum efnum heldur má ná fram mesta hagræði á lánamarkaði með því að núverandi bankar taki þessa starfsemi að sér.

Í þriðja lagi óska íslenskir viðskiptabankar eftir að fá að yfirtaka starfsemi núverandi fjárfestingarlánasjóða.

Í fjórða lagi mun þessi nýi banki, ef af verður, virka mjög hamlandi á alla samkeppni á fjárfestingarlánamarkaði af því að hann fær krossveð í öllum eignum íslenskra fyrirtækja í vöggugjöf.

Í fimmta lagi er ekki rekstrargrundvöllur fyrir slíkan banka miðað við eðlilega arðsemiskröfu.

Í sjötta lagi er langt, langt í frá að það verði unnt að ná eðlilegri arðsemi af þeim 9 milljörðum sem ríkið ætlar að leggja í þennan banka.

Í sjöunda lagi — og nú má ef til vill fara að tala um dauðasyndirnar sjö — þá er það einfaldlega vitlaus hugsun sem felst í því að stofna nýjan ríkisbanka í stað þess að leyfa þeim lánveitendum sem fyrir eru á markaðnum að leysa málin.

Ég efast ekki um að tíminn mun leiða í ljós að ég hef haft rétt fyrir mér í þessu máli og jafnframt að síðari tíma söguskoðendur munu dæma þá hart sem standa að þessu máli. Um þá hv. þm. Sjálfstfl. sem nú ætla að standa að því að stofna nýjan ríkisbanka og hamla með því allri samkeppni á fjárfestingarlánamarkaði segi ég þá aðeins þetta og hef það lokaorð mín, herra forseti: Hættið að hjala um einkavæðingu og frjálsa samkeppni, það fer ykkur illa eftir að þið hafið samþykkt þetta frv.

[18:25]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að veita andsvar við ræðunni heldur taka undir sjónarmið hv. þm. Aðra eins útreið og ríkisstjórnarstefnan fékk í þessari ræðu man ég ekki eftir að hafa heyrt frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum fyrir um það bil tveimur árum. Hann gerði upp við ríkisstjórnina á efnahagssviðinu.

Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson er ekki bara einhver þingmaður stjórnarliðsins, hann er sérfræðingur og sérmenntaður á sviði viðskipta, hann hefur starfað við það. Hann er annar fulltrúi Framsfl. í efh.- og viðskn. Hann var sérstakur trúnaðarmaður hæstv. viðskrh. og vann ýmsa undirbúningsvinnu í sambandi við öll þessi mál. Hér var alvörumaður að tala, herra forseti. Hann lagðist gegn þessu, flutti sterk rök fyrir máli sínu, hans meginniðurstaða var sú sama og ég flutti áðan um að hér er verið að leggja inn á mikla villubraut, stökk 15 ár aftur í tímann eins og hann orðaði það. Hann talaði um mjólkurbúðafyrirkomulag og fleira þess háttar og að þetta væri tóm vitleysa fyrir utan að rekstrardæmið gengi ekki upp sem er alveg rétt eins og hann lagði það upp hér sem var viðbótarinnlegg í stöðuna.

Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann sé einn um þessa skoðun í þingflokki sjálfstæðismanna því hér er stjórnarþingmaður að tala. Veit hann um aðra þingmenn í Sjálfstfl., sem eru líka stjórnarþingmenn? Við höfum ekki heyrt í sjálfstæðisþingmönnum í þessari umræðu. Það er enginn hér í þingsalnum fyrir utan hv. þm. Pétur H. Blöndal, hann talar ekki fyrir hönd Sjálfstfl. í þessu máli. Það er matsatriði, herra forseti, hvort við verðum að kalla til ábyrgari menn. En ég óska eftir að hv. þm. upplýsi um stöðu mála eftir því sem hann þekkir hjá einstökum þingmönnum ef hann getur tjáð okkur það.

[18:27]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson spyr hvort sá sem hér stendur sé einn stjórnarliða með þessa afstöðu. Ekki get ég dæmt um það. Ég hef ekki lagt mig eftir því að leita eftir því hver sé afstaða annarra stjórnarþingmanna til þessa máls. Ég stend klár á minni afstöðu í málinu en veit ekki hvort það eru fleiri sem eru mér sammála eða hvort allir aðrir stjórnarliðar vilja auka enn á ríkisbáknið.

[18:28]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vitaskuld svar hv. þm. Hann gerði grein fyrir sinni skoðun og getur að sjálfsögðu ekki svarað fyrir aðra og veit kannski ekki glöggt um þeirra hug. Mér fannst hins vegar rök hans það sterk í þessu máli og ég trúi ekki öðru en að rétt væri að menn íhuguðu þau og kölluðu til fleiri aðila. Hæstv. viðskrh. verður vitaskuld að svara því sem hér kemur fram vegna þess eins og ég nefndi áðan að hér er stjórnarþingmaður, hér er þungavigtarmaður að tala á sviði sem hann þekkir út og inn. Við, herra forseti, erum að tala um stofnun á sjóði, við erum að tala um 10 milljarða, við erum að tala um geysilega stórt og afdrifaríkt skref í íslensku efnahagslífi. Það er ekki hægt, herra forseti, að ganga frá því máli óöruvísi en að það sé þá rætt ítarlega eftir að þessar upplýsingar koma fram og þetta sjónarmið sem ég tek undir að verður að skýrast mikið betur ekki síst í ljósi ummæla hv. þm. þar sem hann gat um að hæstv. forsrh. hefði verið með þær skoðanir áður að það bæri að fara aðra leið varðandi þessa sjóði, þ.e. að renna þeim inn í viðskiptabankana eins og hv. þm. lýsti. Hvað hefur valdið sinnaskiptum hjá hæstv. forsrh. veit ég ekki. Hæstv. forsrh. er ekki hér. Hins vegar stendur hann hér að stjfrv. En vitaskuld þarf það að upplýsast í umræðunni eftir þetta hvort og hvers vegna þau sinnaskipti, ef rétt er með farið og ég held að svo sé, af hverju þau sinnaskipti áttu sér stað sem hér hefur verið lýst.

[18:30]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni fyrir ræðu hans sem mér fannst mjög athyglisverð. Hann er ekki einn um það að skilja ekki hvaða stefna er hér eiginlega á ferð þar sem menn mæla fyrir því einn daginn að breyta tveimur ríkisbönkum í hlutafélagabanka og koma svo næsta dag og stofna nýjan ríkisbanka, að vísu í sérstökum tilgangi. Þetta er afar sérkennilegt og spurning hvort ekki hefði verið rétt að fara aðrar leiðir, annaðhvort þá sem hv. þm. nefndi að þessir sjóðir færu einfaldlega inn í bankana, sem ég hefði talið hina réttu leið, eða hreinlega inn í Byggðastofnun því maður sér ekki annað en að verið sé að búa hér til einhverja nýja byggðastofnun. En það sem mig langaði til að fá að vita vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm., þ.e. að hann skildi ekki hvert menn væru eiginlega að fara með þessu, var hvaða skýringar fengu stjórnarþingmenn? Nú hljóta þessi mál að hafa verið rædd í stjórnarflokkunum. Hvaða skýringar fengu stjórnarþingmenn á þessum aðgerðum því það hljóta allir að sjá að það er eitthvað mjög sérstakt sem liggur hér að

baki. Það hlýtur nú að vera nokkuð augljóst mál. En hvaða skýringar fengu þeir?

[18:31]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur í augum uppi að ég get ekki farið að ræða hér persónuleg samtöl einstakra þingmanna við ráðherra eða þau mál sem rædd eru á þingflokksfundum í þingflokki Framsfl. En ég efast ekki um að það sé einlæg trú þeirra sem að þessu standa að þetta sé rétt leið, að þetta sé besta leiðin og þetta sé nútíminn. Ég er einfaldlega annarrar skoðunar. En ég hef ekki nokkra ástæðu til þess að ætla annað en að þeir sem að þessu standa trúi því að þetta sé gert landi og þjóð til hagsbóta. Ég er hins vegar á annarri skoðun.

[18:32]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sérkennilegt ef menn skipta ekki um skoðun eftir að hafa heyrt þessa ræðu þingmannsins og ég verð að segja það að ég á erfitt með að skilja að það sé einhver mikil sterk og einlæg trú á bak við þessa stefnu. Ég held það hljóti að vera eitthvað annað því menn hljóta að hafa skoðað þessa breytingu frá öllum hliðum og reynt að átta sig á því hvort þetta væri skynsamleg ráðstöfun. Hvort þessi nýi banki gæti yfir höfuð staðið undir sér og hvort hann gæti staðið sig í samkeppninni almennt á lánamarkaðnum. Ég verð því að segja það enn og aftur, hæstv. forseti, að fyrir mér er þetta enn þá mjög illskiljanlegt en það skýrist kannski þegar hæstv. viðskrh. kemur hér í stólinn og svarar því sem hér hefur komið fram.

[18:33]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Það eru engin ný sannindi að í íslensku atvinnulífi skortir stórlega tiltækt áhættufjármagn svo nýsköpun geti blómstrað sem skyldi og atvinnulífið þróast eðlilega. Íslenskur fjármagnsmarkaður hefur brugðist atvinnulífinu að þessu leyti og afleiðingarnar eru þær að vaxtarbroddar atvinnulífsins eiga mjög erfitt uppdráttar á meðan höfuðatvinnugreinarnar hafa búið við nokkuð þéttriðið styrkjakerfi og lánamöguleikar eru nokkuð góðir. Sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður hafa haft aðgang að fjármagni í gegnum hina ýmsu sjóði sem greinarnar vissulega hafa átt þátt í að byggja upp með framlögum sínum í sjóðina. Það er ekki einfalt verk og í raun óvinnandi vegur að draga upp mynd af því kerfi sem atvinnulífið á aðgang að varðandi fjárfesta og styrki. Það væri efni í langa ræðu út af fyrir sig og ég ætla ekki að reyna það hér en ég tel þó rétt að reyna að bregða einhverju ljósi á þann frumskóg sem blasir við í þessum efnum með því að tína til nokkur dæmi. Annars vegar höfum við opinbera hlutann og svo að sjálfsögðu fjölda hlutafélaga sem starfa á þessu sviði.

Fiskveiðasjóður hefur það lögbundna hlutverk að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, vinnuslustöðvum, vélum og mannvirkjum sem að dómi sjóðstjórnar er í þágu sjávarútvegsins. Innan sjóðsins skal starfa sérstök þróunardeild er hefur það hlutverk að veita lán og styrki til markaðsmála, rannsókna og þróunarverkefna á öllum sviðum sjávarútvegs. Stofnfjársjóður fiskiskipa er síðan deild innan Fiskveiðasjóðs en hlutverk hans er að tryggja að eigendur fiskiskipa greiði af stofnlánum sem á skipunum hvíla.

Iðnlánasjóður starfar samkvæmt sérstökum lögum og tilgangur hans er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði með því að veita stofnlán og styðja almennt við umbótastarf í iðnaði og innan hans er vöru- og markaðsþróunardeild er skal m.a. stuðla að aukinni nýsköpun í iðnaði en mér skilst að sú deild hafi reyndar útvíkkað starfsemi sína töluvert upp á síðkastið.

Svo höfum við Iðnþróunarsjóð en hlutverk hans er samkvæmt lögum að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi. Honum er ætlað að gegna hlutverki sínu með því að veita lán til ákveðinna verkefna, ábyrgjast lán sem veitt er af öðrum aðilum, kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, nýjum og starfandi, og veita áhættulán. Stjórnin er þriggja manna sem allir eru tilnefndir af iðnrh. sem bendir til þess að þar séu áherslurnar fyrst og fremst á iðnaðinn þótt lögbundið hlutverk sjóðsins sé víðara. Ef útlán iðnþróunarsjóðs frá upphafi eru skoðuð kemur í ljós að þar er iðnaðurinn í langstærstum hluta en samtals eru útlán á sviði iðnaðar um 70% allra útlána sjóðsins.

Þá er það Útflutningslánasjóður sem hefur það hlutverk fyrst og fremst að veita lán vegna útflutnings meiri háttar véla og tækja, þar á meðal skipa og annarra fjárfestingarvara sem framleiddar eru innan lands, og að veita samkeppnislán, þ.e. lán til innlendra aðila er kaupa vélar og tæki, þar með talin skip, sem framleidd eru innan lands. Stofnaðilar sjóðsins eru Seðlabanki, Landsbankinn og Iðnlánasjóður og þeir lögðu fram hluta stofnframlags.

Þetta er reyndar sá grunnur sem frv. tvö sem eru til umræðu hér og hin svokallaða endurskipulagning hins opinbera sjóðakerfis er byggð á. Það þarf ekki annað en að skoða lögbundið hlutverk þessara sjóða til þess að sjá að iðnaður og sjávarútvegur eru þarna ráðandi og þess konar kerfi er lítt til þess fallið að ýta undir nýsköpun í atvinnulífinu, þ.e. í öðrum atvinnugreinum. Nýjar en stórlega vaxandi greinar eins og hugbúnaðargeirinn eru ekki í fyrirrúmi í þessu umhverfi, hvað þá kvikmyndagerð, svo dæmi séu tekin um vaxandi greinar sem þurfa aðhlynningar við. En til viðbótar við það sem hér hefur verið talið má nefna ýmsa minni sértæka sjóði sem fyrirtæki t.d. á sviði nýsköpunar geta átt aðgang að. Þá má nefna sem dæmi Rannsóknarráð Íslands sem hefur á sínum snærum fjóra sjóði, Vísindasjóð sem hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, Tæknisjóð sem á að styrkja þróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi, Byggingaog tækjasjóð sem hefur það hlutverk að styrkja byggingu eða kaup á húsnæði svo og kaup á dýrari tækjum og búnaði til rannsókna og að lokum Rannsóknarnámssjóð er hefur það hlutverk að styðja vísindalegt framhaldsnám.

Auk þeirra opinberu sjóða sem eru vissulega miklu fleiri en hér hafa verið taldir er fjöldi annarra fjárfesta, þ.e. hlutafélög sem ríkisvaldið á enga aðild að og eru því að mínu mati fyrir utan þessa umræðu sem snýst um hið opinbera og hlutverk þess í fjárfestingum í atvinnulífinu. Það hlutverk er fyrst og fremst að búa markaðnum eðlilega umgjörð og sinna eftirlitshlutverki en koma inn þar sem ljóst er að markaðurinn muni bregðast. Sem dæmi um slíkt mætti nefna útvegun áhættufjár til nýsköpunar og byggðastyrki.

Alþb. hefur lagt fram ítarlegar hugmyndir um það hvernig eigi að hlúa að vaxtarbroddum atvinnulífsins í öllum atvinnugreinum svo þeir megi dafna og má sjá þær hugmyndir í grænu bókinni eða útflutningsleiðinni og hluti þeirra hugmynda hefur líka verið lagður fram í frv. um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem lagt var fram á síðasta þingi og ég

tel reyndar vera miklu betra frv. heldur en það sem hér er rætt um, og þá er ég að tala um Nýsköpunarsjóðinn, en ég ætla ekki að rekja þær hugmyndir frekar hér, bendi einungis á þær.

Það hefur líklega enginn efast um það að brýn nauðsyn væri á því að opinbera sjóðakerfið væri stokkað algjörlega upp. Því var ekki laust við að eftirvæntingar gætti hjá mörgum við að sjá að það væri einmitt á dagskrá hæstv. ríkisstjórnar að endurskoða þetta kerfi. Markmið endurskoðunarinnar var að tryggja atvinnulífinu aðgang að fjármagni til fjárfestingar á markaðskjörum á sem hagkvæmastan hátt og tryggja aðgang að fjármagni til nýsköpunar og þróunar. Þetta er gott markmið og það var sett sem skilyrði að öll fyrirtæki í hvaða atvinnugreinum sem var ættu aðgang, jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna. Með því væri afnumin sú atvinnugreinaskipting sem verið hefur í sjóðakerfinu eins og það er orðað í athugasemdum með frv. um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins.

En hvað gerist svo, herra forseti? Hvernig framkvæmir hæstv. ríkisstjórn þessi göfugu markmið sín? Hún stokkar vissulega upp í sjóðakerfi atvinnulífsins en alls ekki á þann hátt að það horfi til nokkurra framfara að því er séð verður, a.m.k. ekki fyrir þau fyrirtæki sem eru í mestri þörf fyrir áhættufjármagn. Ráðuneytisstjórar þriggja ráðuneyta, forsrn., iðn.- og viðskrn. og sjútvrn. eru fengnir til að gera uppstokkunina, til að búa til nýtt kerfi sem byggir á sama ofurvaldi höfuðatvinnugreinanna — iðnaðar og sjávarútvegs. En í staðinn fyrir allan fjöldann sem var tíndur til hér í upphafi eru nú til tvö batterí, þ.e. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og svo reyndar sérstakur sjóður fyrir landbúnaðinn, einhverra hluta vegna sem ég átta mig ekki alveg á. Með fullri virðingu fyrir ráðuneytisstjórum, herra forseti, þá verður að segja eins og er að þeir ágætu menn eru síst líklegir til einhverrar byltingar á því kerfi sem þeir sjálfir eru tengdir órjúfanlegum böndum. Hefði ekki verið skynsamlegra að leita ráða annars staðar? Að fá t.d forsvarsmenn nýsköpunarfyrirtækja til að koma með hugmyndir um það hvernig best væri búið að nýsköpun? Leita kannski til sérfræðinga sem eru vissulega í röðum hæstv. ríkisstjórnar eða stuðningarmanna hennar, t.d. hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson sem talaði hér áðan. Nei, ríkisstjórnin velur sér aðra stýrimenn við þessa uppstokkun, þrjá ráðuneytisstjóra.

Hvað fjárfestingarbanka varðar þá er það hlutverk hans að veita atvinnulífinu fjármálaþjónustu eða hafa með höndum hverja þá starfsemi sem lánastofnunum öðrum en viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilað að lögum. Vissulega er hlutverk hans ekki bundið ákveðnum atvinnugreinum en sjútvrh. og iðnrh. fara saman með eignarhlut ríkisins í bankanum og stofnfé hans er að grunni til eigið fé Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi fara fimm menn. Tveir skipaðir af iðnrh., annar eftir ábendingu samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði. Tveir skipaðir af sjúrvrh., annar eftir ábendingu samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Ráðherrarnir tveir skipa einn sameiginlega. Ég vil fyllilega taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, m.a. hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni, á þessa samsetningu stjórnarinnar. En hverjir eru það sem fara þarna með tögl og hagldir? Jú, það eru áfram hefðbundnu atvinnugreinarnar og hæstv. ríkisstjórn viðurkennir það beinlínis í athugasemdum með frv. til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að hagsmunasamtök í þessum atvinnugreinum stóðu ríkisstjórninni fyrir þrifum þegar taka átti til við uppstokkunina. Þeir vildu sín áhrif, þeir vildu hafa tögl og hagldir í hinu nýja sjóðakerfi atvinnulífsins.

Það segir í athugasemdum með frv., herra forseti, að það hafi verið markmiðið að afnema þá atvinnugreinaskiptingu sem verið hefur í sjóðakerfinu. En síðan kemur góður kafli um það á hvern hátt og með hvaða rökum hafi verið horfið af þeirri braut og þess í stað ákveðið að hafa náið samráð við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, í iðnaði, og að starfsmenn og stjórnendur sjóðanna þriggja hafi aðstoðað við undirbúning málsins. Því er reyndar haldið fram af veikum mætti að vissulega séu þessir sjóðir í eigu ríkisins en vegna þess að þeir hafi upphaflega verið stofnaðir til að tryggja aðgang einstakra atvinnugreina að lánsfé á tímum lánsfjárskorts og vegna þess hvernig þeir voru fjármagnaðir þá verði að taka tillit til yfirburðastöðu sjávarútvegs og iðnaðar við uppstokkunina. Svipaða klausu má lesa í athugasemdum með frv. um Nýsköpunarsjóðinn en vegna nafngiftar hans og tilgangs með stofnun hans er sá kafli grg. enn hjákátlegri en í hinu frv. En tilgangurinn með henni er líklega sá sami, að afsaka það af hverju ríkisstjórnin treystir sér ekki til þess að nota eignir ríkisins, en í athugasemdum er það margtekið fram að sjóðirnir séu í eigu ríkisins, til þeirra nota sem best hefðu þjónað íslensku atvinnulífi og verið landi og þjóð til ótvíræðrar farsældar. Þetta skref gat ríkisstjórnin ekki tekið. Þess í stað var búin til einn ein sýndarlausnin til þess að láta líta svo út sem kosningaloforðin væru efnd. Við höfum séð þær fjölmargar, í uppstokkun húsnæðiskerfisins, í endurskoðun á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem er alveg að koma eftir því sem hæstv. menntmrh. hefur haldið fram frá því í október á síðasta ári, og svo mætti lengi telja.

Það mætti margt tína til í umfjöllun um þessi lagafrv. sem hér eru til umræðu en ég ætla að halda mig fyrst og fremst við það sem mér þykir einna alvarlegasta glappaskotið, ef af lögum verður, en það er Nýsköpunarsjóðurinn. Við lestur frv. verður ekki séð að þessi sjóður breyti nokkru sem heitið getur fyrir mörg þau fyrirtæki sem eru í mikilli þörf fyrir áhættufjármagn. Frv. bendir ekki til þess að ofurvaldi þeirra tveggja atvinnuvega sem hafa haft tögl og hagldir í sjóðakerfi atvinnulífsins til þessa verði aflétt heldur er þeim þvert á móti tryggð lykilstaða. Alþjóðavæðing atvinnulífsins sem komið er inn á í grg. í einhverju frumvarpanna veldur því að vegna lélegs framboðs á áhættufjármagni hér kemur til með að verða æ meiri atgervisflótti fyrirtækja í erlent umhverfi einfaldlega vegna þess að eftir að þeim hafa staðið allar dyr lokaðar á kæra Íslandi þá leita þau eftir erlendu fjármagni og fá það oft og tíðum. Við getum nefnt hér nokkur dæmi.

Í fréttum nýverið var sagt frá samningi upp á hundruð milljóna kr. vegna ensímavinnslu til lyfjagerðar. Setja á upp stórvinnslu ensíma á Íslandi og þróa nýjan lyfjaflokk náttúrulyfja en Jón Bragi Bjarnason og fleiri hafa unnið að undirbúningi. Í frétt í DV segir Jón Bragi að hann vildi sjá mikið meira gert á þessum vettvangi á hvaða sviði sem það yrði. Þekkingin og færnin sé til staðar en að leita verði út fyrir landsteinana að fjármagni því ekki sé unnt að fá það hér heima. Bandarískir aðilar settu hundruð milljóna í erfðarannsóknir hér fyrir nokkrum mánuðum. Svo má ekki gleyma að Íslendingar hafa aðgang að styrkjakerfi ESB. Fyrirtæki eins og Máki hf. á Sauðárkróki og Hugvit hf. í

Reykjavík hyggja á mikla landvinninga, ekki síst á grundvelli rannsóknaráætlunar ESB og fleiri slík dæmi mætti nefna.

Kvikmyndagerðin hefur aðgang að fé úr Kvikmyndasjóði og Menningarsjóði útvarpsstöðva ef um menningarverkefni fyrir útvarp er að ræða. Annað fjármagn kemur frá útlöndum. Skiptingin er eftirfarandi á undanförnum áratug samkvæmt upplýsingum frá Kvikmyndasjóði, herra forseti:

Skipting fjármagns í íslenskum leiknum kvikmyndum 1991–1997:

Kvikmyndasjóður Íslands 19%, innlendur framleiðandi, 24%, erlent fjármagn 57%.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði árið 1997. Fyrr á þessu ári veitti Kvikmyndasjóður styrki til fjögurra leikinna kvikmynda samtals að upphæð 80 millj. kr. Framleiðslukostnaður myndanna er áætlaður 318 millj. Framleiðslukostnaður skiptist þannig að Kvikmyndasjóður ber ábyrgð á 25,2%, íslenskur framleiðandi 24,8%, erlent fjármagn 50%.

Dæmigerð íslensk kvikmynd lítur sem sagt þannig út að ef heildarkostnaðurinn er 80 millj., Kvikmyndasjóður leggur til 15–20 millj. kr., íslenskur framleiðandi 10–30 millj. kr., erlendir sjóðir 10–30 millj., erlendir meðframleiðendur 20–50 millj. kr. Þetta eru nýjar upplýsingar frá Kvikmyndasjóði Íslands.

Þá höfum við mörg dæmi um að hugbúnðarfyrirtæki fara úr landi með starfsemi sína að hluta til m.a. vegna skorts á fjármagni hér heima. Nærtæk dæmi eru Íslensk forritaþróun hf. sem heitir nú Coda á Íslandi og OZ.

Herra forseti. Hæstv. ríkisstjórn ætlar að leggja milljarð í stofnfé vegna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins til viðbótar þeim 3 milljörðum sem byggja á sameiginlegum fégögnum sjóðanna. Þessi milljarður á að koma af söluandvirði hlutafjár í eigu ríkissjóðs í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Það hljómar því vægast sagt undarlega þrátt fyrir að iðnaður og sjávarútvegur telji sig eiga ítök í gömlu sjóðunum að þá skuli þeim einum tryggð aðkoma að stjórn sjóðsins. Aðrar atvinnugreinar sem þó eru í miklum vexti eiga ekki aðkomu að stjórninni. Ég efast um að þetta skili þeim atvinnugreinum jöfnum aðgangi að sjóðnum á við iðnað og sjávarútveg, því miður.

Herra forseti. Það er eitt í viðbót sem ég leyfi mér að efast stórlega um í frv. um Nýsköpunarsjóðinn og hefur reyndar verið bent á það af fleirum hér í umræðunni. En í athugasemdum með frv. er áhættufjármögnun vegna nýsköpunar skipt í þrjá flokka eftir áhættu eins og hér hefur áður verið rakið, í fyrsta lagi þróunarfjármagn eða hugmyndafé, í öðru lagi byrjunarfjármagn eða upphafsfé og í þriðja lagi fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé. Það er jafnframt tekið fram í athugasemdum með frv. að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum muni aðallega falla að þriðja flokknum, þ.e. fjármögnun vaxtar.

Þau fyrirtæki sem eru í nýsköpun þurfa einmitt á fjármagni að halda á fyrri stigum starfseminnar. Það er einmitt á þeim stigum sem áhættan er mest og því erfitt um fjármögnun. Það má spyrja sig að því hvort ekki væri eðlilegra að sjóðurinn starfaði einmitt á fyrri stigunum, en það væri í samræmi við það hlutverk hins opinbera á fjármagnsmarkaðnum að koma inn í þar sem markaðurinn bregst vegna þess að hann bregst einmitt fyrst og fremst þarna. Það má líka spyrja þeirrar spurningar hvað sé þá raunveruleg nýsköpun. Þarf ekki víðtækari skilning á því en fram kemur í frv.? Hvert hefði Björk Guðmundsdóttir t.d. átt að leita árið 1986 eftir stuðningi við sína sköpun eða öllu heldur hvert getur Björk morgundagsins leitað til þess að fá fjármagn í listsköpun sína?

Ég óttast að þessi breyting hæstv. ríkisstjórnar breyti því ekki miklu þegar upp er staðið fyrir aðgang raunverulegra nýsköpunarfyrirtækja eða aðila sem eru í nýsköpun að áhættufjármagni. Ég óttast að eftir sem áður muni kvikmyndagerðin þurfa að leita til útlanda eftir fjármagni á sama tíma og við gerum þær kröfur að íslenskum sérkennum sé haldið á verkum sem framleidd eru af Íslendingum. Ekki það að ég óttist að Íslendingar hætti að vera Íslendingar þótt þeir tali ensku eða framleiði kvikmyndir á ensku, sem vissulega hlýtur að vera fylgifiskur þess að kvikmyndir eru í æ meira mæli kostaðar af erlendum fjárfestum, heldur er hitt ljóst að það hefur mikið að segja fyrir varðveislu íslenskrar menningar að okkar kvikmyndagerð hafi efni á að framleiða góðar myndir á íslensku og með íslenskum leikurum. Því miður eru æ minni líkur á því með hverju árinu sem nú líður.

Herra forseti. Í sjálfu sér verður ekki sagt að staða mála versni með þeirri breytingu sem hæstv. ríkisstjórn leggur til í þeim frv. sem hér eru til umræðu. Það veldur hins vegar vissulega vonbrigðum að ekki skuli hafa verið gert myndarlegra átak og raunverlegt átak í því að opna leið fyrir þær atvinnugreinar sem hafa verið í skugganum hingað til. Það verður því miður ekki séð að mikil breyting til hins betra verði fyrir þær með þessum breytingum.

[18:51]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Meginádeiluefni hv. þm. Bryndísar Hlöðversdóttur á frv. um Nýsköpunarsjóðinn var að það skyldi ekki vera opnað fyrir aðrar atvinnugreinar inn í sjóðinn. Þetta er mikill misskilningur. Frv. gerir akkúrat ráð fyrir því — og það tók ég skýrt fram í ræðu minni áðan — að með Nýsköpunarsjóði er verið að opna aðgang fyrir nýjar atvinnugreinar að áhættu- og nýsköpunarfjármagni. Það er meginbreytingin frá því sem áður hefur verið. Það er m.a. í samræmi við ágætis frv. sem Alþb. og óháðir hafa lagt fram hér á þingi um nýsköpunarlánasjóð fyrir atvinnulífið. Þetta er megintilgangurinn. Og ef það er ekki annað sem hv. þm. hefur út á málið að setja um að það skuli ekki gert þá er um misskilning að ræða og hann er þá leiðréttur hér með.

[18:52]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki misskilið eitt eða neitt í þessu frv. Ég er búin að lesa það mjög ítarlega og greinargerðina með. Ég hef líka lesið mjög ítarlega það frv. sem Alþb. hefur lagt fram um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Ég sagði að vissulega væri gerð tilraun og það er vissulega gerð tilraun til að opna fyrir að aðrar atvinnugreinar eigi þarna aðgang en af hverju í ósköpunum, hæstv. ráðherra, eru það bara fulltrúar tveggja atvinnugreina sem eiga sæti í stjórn sjóðsins og af hverju í ósköpunum er þeim tryggð þessi sérstaka aðkoma og af hverju er sérstaklega verið að hygla þeim umfram aðrar atvinnugreinar sem vissulega hafa verið úti í kuldanum vegna ofurvalds þessara greina og sérstaks aðgangs þeirra að þessum sjóðum?

Hvað varðar það frv. sem Alþb. hefur lagt fram þá er þar vissulega opnað fyrir allar greinar, sem er algjör frumforsenda þess að hægt sé að tala um nýsköpunarsjóð, en þar er stjórnin líka skipuð á allt annan hátt. Hún er skipuð af samtökum launafólks, hún er skipuð af fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga, af samtökum atvinnurekenda og síðan eru

tveir skipaðir af forsrh. án tilnefningar og annar þeirra er formaður. Þar er jafnframt tekið fram að við skipan stjórnarinnar skuli þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu á nýsköpun í atvinnulífi sem hlýtur jú að vera lykilatriði. Annað er það, herra forseti, að tryggja hagsmunasamtökum atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi aðgang að þessum sjóðum eins og lagt er til í þessu frv. Það er því mikill misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég hafi misskilið eitthvað tilgang frv. eða það hvernig það er sett fram.

[18:54]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með þessu frv. er verið að stíga risaskref að mínu viti í nýsköpun í atvinnulífinu. Það er verið að setja meiri peninga í þennan þátt fjárfestingarstarfseminnar en áður hefur verið gert. Stofnfé eða eigið fé Nýsköpunarsjóðs verða 4 milljarðar kr. Það er rangt hjá hv. þm. að það séu bara tveimur atvinnugreinum tryggður aðgangur að þessum sjóði. Mér heyrðist líka þegar hv. þm. fór að bera saman hvernig stjórn nýsköpunarsjóðs sem Alþb. hefði lagt fyrir Alþingi er skipuð og í þessu frv. að þær séu skipaðar með mjög sambærilegum hætti. Vegna þess að í stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er gert ráð fyrir að verði fulltrúar iðnaðar, fulltrúar sjávarútvegs, fulltrúar launafólks í landinu í gegnum ASÍ. Síðan eru tveir fulltrúar skipaðir, annar af sjútvrh. og hinn af iðnrh. Það segir ekkert um það úr hvaða greinum atvinnulífsins þeir skuli koma. Þannig að þarna er um misskilning að ræða, hv. þm.

[18:55]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Enn og aftur: Þarna er ekki um nokkurn einasta misskilning að ræða af minni hálfu. Það sér hver einasti maður sem les þetta frv. og sem les athugasemdirnar með frv. að þar er ákveðnum atvinnugreinum tryggð sérstök aðkoma og þeim einum er tryggð seta í stjórn sjóðsins. Ég sé ekki út af hverju hæstv. ríkisstjórn hefur séð sérstaka ástæðu til að setja þarna gæslumenn tveggja atvinnugreina þegar nýsköpun á sér vissulega stað í mörgum öðrum atvinnugreinum heldur en þeim tveimur nema til þess eins, eins og fram kemur í athugasemdum, að þóknast forsvarsmönnum hagsmunasamtaka í sjávarútvegi og iðnaði sem telja sig eiga þessa sjóði. Þó að hæstv. ríkisstjórn sé að reyna að halda því fram af veikum mætti, sem vissulega er rétt, að sjóðirnir séu í eigu ríkisins þá er þarna gengist við því sem þessir fulltrúar hafa haldið fram að þessir sjóðir séu í eigu iðnaðarins og sjávarútvegsins.

[18:56]

Útbýting þingskjala:

Afli línubáta, 449. mál, fsp. EKG, þskj. 761.

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, 447. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 759.

Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, 448. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 760.

[18:57]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í þessari umræðu, sem hæstv. forseti ætlar að fresta til hálfníu, ég hef engar athugasemdir við það, hafa gerst þau tíðindi að einn helsti sérfræðingur Framsfl. á þessu sviði hefur lagst algjörlega gegn þessu stjfrv. með rökum sem ég þarf ekki að lýsa hér. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki væri við hæfi að fulltrúar Sjálfstfl. væru viðstaddir við umræðuna sem heldur áfram kl. hálfníu. Ég veit að það er einn þingmaður Sjálfstfl. á mælendaskrá en mér finnst málið vera það stórt að það verði að koma hér til atbeina annaðhvort forsrh., fjmrh., eða formanns þingflokks Sjálfstfl. eða formann efh.- og viðskn. Þetta eru allt mætir menn í þingflokki Sjálfstfl. sem þurfa að skýra málin, hvort það hafi orðið sinnaskipti og hvort það líti þannig út að það verði að endurmeta allt þetta frv. í ljósi röksemda hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að koma því þannig við að við fáum skýrari umræðu um afstöðu stjórnarliðsins til þessa frv. Þó það sé vitaskuld í lagi sem stjfrv. þá hafa þau tíðindi gerst að við þurfum að fá um það betri umræðu.

[18:58]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti sér ekki betur en að í þingsalnum séu fulltrúar allra þingflokka. En það er sjálfsagt að skoða þær athugasemdir sem fram hafa komið hjá hv. þm.

[18:59]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er ljóst að hér er um stjórnarfrv. að ræða. Hér eru engin ný tíðindi á ferðinni. Það var löngu vitað áður en þetta frv. var lagt fram að einn þingmaður Framsfl., hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, hafði athugasemdir við málið og var í andstöðu við það. Hér eru engin tíðindi að gerast.

[18:59]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa vissulega orðið mikil tíðindi. Ekki er það nú einasta þannig að hv. þm. Gunnlaugur M. Sigmundsson sé sérfræðingur á þessu sviði og hafi beinlínis komið að undirbúningi þessara mála og síðan verið settur af, af hæstv., iðnrh., heldur er það þannig að hann var um langt skeið framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins sem hafði með nýsköpun í atvinnulífinu að gera. Þetta félag var sett á laggirnar að frumkvæði þáv. forsrh. og formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar. Hér hefur með öðrum orðum talað sá maður sem þekkir þessi mál gerst allra manna í þessum sal, allra manna. Þess vegna er algjörlega fráleitt annað en að segja að hér hafi orðið mikil tíðindi. Nú kann það að vera svo, herra forseti, að hv. þm. og hæstv. ráðherrum Framsfl. hafi verið þessi afstaða þm. ljós. Mér var hún ekki ljós. Ég hafði ekki orðið var við það áður að hv. þm. hefði þessa afstöðu og ég hafði a.m.k. aldrei áður heyrt í samfelldu máli rök hans fyrir þeirri afstöðu. Þess vegna finnst mér að útilokað að afgreiða þessi mál eins og mér fannst hæstv. viðskrh. reyna að gera hér áðan og tek því undir óskir hv. 11. þm. Reykn. um að talsmenn Sjálfstfl. á sviði efnhags- og viðskiptamála verði látnir vita af þessum tíðindum þannig að þeir geti verið þátttakendur í umræðunni í kvöld. Það er líka athyglisvert, herra forseti, ef svo illa færi að þeir kæmu ekki — af því væri einnig hægt að draga ályktanir.

[Fundarhlé. — 19:01]

[20:32]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Á dögunum var haldinn fundur í Perlunni um einkavæðingu. Þangað komu miklir spekingar víða að úr heiminum og sögðu okkur Íslendingum hvernig best væri að standa að einkavæðingu. En svo meinleg voru örlögin að á þessum fundi var tilkynnt um stofnun nýs ríkisbanka. Þannig

að nú ætla Íslendingar að hafa þrjá ríkisbanka í staðinn fyrir tvo.

Það voru margir kostir í stöðunni. Af þeim kostum sem voru til umræðu tel ég að sá versti hafi verði valinn. Ég er þó ekki sammála hv. 2. þm. Vestf., Gunnlaugi M. Sigmundssyni, um það að þetta hafi verið versta leiðin. Versta leiðin hefði að sjálfsögðu verið að gera ekki neitt þannig að þetta er betra heldur en ekki neitt.

Hér er farin sú leið að hella saman rekstri margra sjóða þar sem hver um sig væri betri söluvara vegna þess að þegar búið er að setja saman fjöldann allan af skuldabréfum þá er það á hreinu að einhver af þeim skuldabréfum eru mjög veik, það standa léleg veð á bak við þau og lélegir skuldarar. Og það er miklu erfiðara að taka stóran flokk skuldabréfa og ætla að selja hann, svo ég tali nú ekki um að skipta honum, sem er ekki hægt eða nánast útilokað, heldur en að selja minni pakka. Það hefði verið miklu betri söluvara að selja Fiskveiðasjóð eða rekstur hans einan sér og selja rekstur Iðnlánasjóðs einan sér heldur en að selja þetta saman.

Þessir sjóðir eru börn síns tíma þegar mjög mikill skortur var á lánsfé og mjög mikill mismunur á framboði og eftirspurn eftir lánsfé. Eftir að þær breytingar hafa orðið sem við höfum upplifað á undanförnum áratug, sem eru gífurlegar, þá daga þessir sjóðir upp eins og nátttröll. Þeir eru dýrir, þeir eru óarðbærir og markmið þeirra eru gjörsamlega fokin út í veður og vind. Öll fyrirtæki sem eitthvað mega sín og hafa sæmilega trausta eiginfjárstöðu taka lán annars staðar, miklu ódýrari. Þetta er staðreyndin.

Inn í þessa samsuðu sem hér er verið að búa til vantar Ferðamálasjóð og eflaust marga fleiri. Hvað á að gera við þá sjóði? (**Gripið fram í:** Gera nýja ríkisstofnun.) Ágæt hugmynd hjá hv. þm. Þetta er engan veginn góð lausn sem hér er farin og ég er ekki ánægður með hana. Svo ætla menn að selja hluti í þessu, 49%, og hver skyldi vilja kaupa? Miðað við það mikla eigið fé sem er bundið í þessum sjóðum, um 11,3 milljarðar, þá tel ég nánast vonlaust að fá kaupanda að því sem ætlar að reka það með hagnaði vegna þess að þetta eigið fé er bundið í alls konar útlánum sem menn vildu kannski ekki standa að sjálfir. Það er því mjög vafasamt að nokkur fáist til að kaupa.

Herra forseti. Það sem ég tel vera verst við þessa lausn er að hún veikir stöðu bankakerfisins og fjármagnskerfisins í heild sinni. Hér var gullið tækifæri til þess að búa til sæmilega stórar sjoppur, ef ég má nota það orð, úr bönkunum. Bankarnir eru allt of litlir. Ef menn hefðu farið þá leið fyrst að hlutafélagavæða ríkisbankana, síðan að gefa þeim heimild til að gefa út aukið hlutafé og svo að selja rekstur þessara sjóða allra þá hefði sá bankinn af þeim þremur sem eru starfandi í dag, sem best væri til þess hæfur, getað boðið mest í rekstur þessara sjóða. Hann hefði boðið út hlutafé á markaði til að ná í fé til að greiða ríkinu. Og ríkið hefði fengið heilmikið af peningum í kassann hjá sér sem mundi laga halla ríkissjóðs og gera kleift að borga niður skuldir ríkissjóðs og þar með lækka erlendar skuldir þjóðarinnar. Þessu tækifæri hafa menn misst af með þessari lausn. (Gripið fram í.) Bankarnir hefðu fengið langlánadeildir inn til sín, en hingað til hafa bankarnir nánast eingöngu verið í skammtímalánum, og rekstur þeirra hefði á allan máta verið miklu heilbrigðari eftir en áður.

Herra forseti. Við ræðum hérna líka Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Ég hef enga trú á því að opinberir starfsmenn muni nokkurn tíma geta stundað nýsköpun eða fjárfest í nýsköpun. Ég hef enga trú á því. Þetta verður slagur um fé. Menn munu gera út á þennan Nýsköpunarsjóð nákvæmlega eins og sumir gera út á þorsk. Það verður slagur um þetta fé og menn munu ekki fjárfesta, að minni reynslu, eftir því hvaða hugmyndir eru arðbærar eða gefa mikla von heldur eftir allt öðrum sjónarmiðum, byggðasjónarmiðum eða einhverju enn þá verra.

Ég hefði talið að það væri miklu eðlilegra að menn t.d. hættu að skattleggja nýsköpun sem í dag er til staðar. Það kostar 75 þús. kr. að stofna einkahlutafélag og 120 þús. kr. að stofna hlutafélag í staðinn fyrir að þetta ætti ekki að kosta nema svona 5 þús. kr. Það þarf reksturinn hjá hlutafélagaskrá. Ég hefði talið miklu eðlilegra að menn hættu þessari skattlagningu sem gefur ríkissjóði ekki nema 50 milljónir á ári og ég hef lagt það til að það verði hætt skattlagningu á nýsköpun en þá eru ekki til pengingar. Hér er verið að setja 4.000 milljónir í Nýsköpunarsjóð, því ekki í ósköpunum 50 milljónir í lækkaðri skattlagningu?

Svo mætti að sjálfsögðu huga að almennum skilyrðum atvinnulífsins. Hvað er að? Af hverju eru íslensk fyrirtæki svona lítið arðsöm? Af hverju fara menn ekki út í nýsköpun? Nóg er til af hugmyndunum, það vantar ekki. Íslendingar eiga fjöldann allan af frábærum hugvitsmönnum. Af hverju fá þeir ekki hlutafé frá almenningi eða einhverjum sem vill fjárfesta? Það er eitthvað að. Það er enginn styrkur til íslenskra fyrirtækja vegna þróunar og rannsókna, skattafsláttur eða annað slíkt sem margar aðrar þjóðir hafa farið út í. Ég hefði talið miklu eðlilegra að fara þá leiðina heldur en að búa til einhvern opinberan sjóð þar sem opinberir starfsmenn eiga að fara að útdeila peningum til nýsköpunar.

Þessi sjóður mun auk þess vera í samkeppni við ýmis fyrirtæki sem eru á markaðnum. Ég nefni Þróunarfélagið. Það vill svo til að ég er hluthafi í Þróunarfélaginu, pínulítill. (Gripið fram í.) Ekkert voðalega mikinn. En þarna er allt í einu komin opinber samkeppni við Þróunarfélagið. Það er líka komin samkeppni við alla þá sem væru tilbúnir að leggja peninga í nýsköpun.

Tryggingadeild þessa fyrirbæris, Nýsköpunarsjóðsins, á að tryggja útflutning. Það eru til fyrirtæki erlendis sem stunda slíka tryggingastarfsemi með góðum árangri, verkefnafjármögnun og annað slíkt. Þarna er kominn opinber aðili sem fer í samkeppni við þessa aðila.

Hvað er svo til ráðstöfunar úr þessum sjóði? Það er sagt að hann megi ráðstafa eins og hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til verkefna sjóðsins skv. 2. gr. má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar. Rekstraráætlun sjóðsins skal miðast við að ekki sé gengið á eigið fé hans."

Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að það má ekki ganga á eigið fé, sjóðurinn má hætta fé sem nemur vöxtum af fénu. Það geta orðið svona 200 milljónir á ári. Það eru nú öll ósköpin. Það er það sem hann getur sett í áhættusaman rekstur. Því ef hann setur peninga í áhættusaman rekstur þá verður hann nánast að reikna með því að tapa þeim. Þannig er það í áhættusömum rekstri og nýsköpun. Ætli menn að taka upp einhverja hugmynd frá hugvitsmanni og fjárfesta í henni þá eru mjög miklar líkur, jafnvel 90% líkur á því að hugmyndin gangi ekki upp. Það er bara eðlilegt og þá eiga menn að tapa með bros á vör. En það þýðir líka að þessi sjóður getur ekki sett nema í hæsta lagi um 200 milljónir í nýsköpun. Það eru nú öll ósköpin. Og við þetta eru bundnar

4.000 milljónir af ríkisfé. Það verður að sjálfsögðu bundið í spariskírteinum og öðru slíku eða skuldabréfum sem hér er talað um í byrjun.

Menn gátu að sjálfsögðu ekki látið af þeim vana sínum, menn eru alltaf með svona vana, að láta opinber fyrirtæki hafa einhver forréttindi. Þessi tvö fyrirtæki sem við ræðum hér um, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, eiga ekki að borga stimilgjöld. Hvers vegna í ósköpunum ekki? Þeir eru í samkeppni við einkaaðila sem þurfa að borga stimpilgjöld sem eru ákaflega óréttlát og mjög þungbær. En þessi fyrirtæki skulu ekki borga það. Og meira að segja Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins á ekki að borga tekjuskatt né eignarskatt. Ja, þungur er vaninn og mikil vanafestan hjá þeim aðilum sem semja þessi lög. Af hverju í ósköpunum skyldi þessi sjóður og þessi banki ekki borga skatta eins og önnur fyrirtæki?

Ég ræddi um það fyrr í dag um hlutafjárvæðingu bankanna að samkeppnin væri að grafa undan bönkunum og það fjaraði undan þeim nokkuð hratt — ekki einu sinni hægt. Það fjarar hratt undan þeim. Samkeppnin er á öllum sviðum, í langtímalánum, skammtímalánum, til einstaklinga og fyrirtækja og líka á innlánshliðinni. Þannig að þar fjarar hratt undan þeim. Þessi banki verður í nákvæmlega sömu stöðu, það mun fjara hratt undan honum líka.

Það má kannski segja að það sé allt í lagi, erlendir bankar muni halda uppi samkeppni og lækka vexti og koma hér með atriði sem gagnast íslensku atvinnulífi. Það má kannski segja að það sé allt í lagi. En það er einn ókostur við það. Það kostar töluvert fyrir menn að kynna sér markað, það kostar heilmikið fyrir erlenda banka að kynna sér íslenskan markað, íslensk lög og venjur og annað slíkt. Þannig að það verður alltaf dýrara fyrir íslensk fyrirtæki að taka lán hjá erlendum banka heldur en hjá vel reknum íslenskum banka.

Það mun koma niður á lífskjörum okkar í framtíðinni þegar þessir bankar hafa allir lagt upp laupana. Sem dæmi um þetta er að á Íslandi í dag er 3% vaxtamunur og af hverju koma útlendingar ekki í stríðum straumum og nota þennan vaxtamun? Það eru 3% hærri vextir hér á landi heldur en erlendis. Það er vegna þess að það kostar fleiri hundruð milljónir að kynna sér markaðinn, kynna sér lög og reglur og vita hvað markaðurinn þolir af innlánum og annað slíkt. Þess vegna helst vaxtamunur svona hár, vegna þessa kostnaðar við að kynna sér markaðinn. Ef við ekki fáum almennilegar innlendar bankastofnanir sem eru vel reknar og geta stundað samkeppni þá munum við þurfa að borga hærri vexti fyrir lánin okkar en fáum lægri vexti fyrir innlánin. Það kemur niður á lífskjörum þjóðarinnar í heild sinni.

Að mínu mati erum við að missa af ákveðnu tækifæri. Ég nefndi fyrr í dag þá möguleika sem internetið bíður upp á. Það verða alveg gífurlegir möguleikar eftir bara eitt eða tvö ár í bankaþjónustu. Bæði í útlánum og innlánum og þá getur maður lagt inn í banka hvar sem er í heiminum og fengið lán hvar sem er í heiminum ef viðkomandi lánastofnun veit eitthvað um hvernig maður stendur sig í fjármálum.

Ég ætlaði að koma með eina fyrirspurn til hæstv. ráðherra. Má ég reikna með því, herra forseti, að ráðherra komi?

(**Forseti** (ÓE)**:** Ráðherrann er í húsinu. Ég skal gera ráðstafanir til að sækja ráðherrann.)

Spurning mín er eftirfarandi: Ráðherra gat þess í andsvari í dag, að ég tel, að hann fæli efh.- og viðskn. að gera á þessum frv. ákveðnar breytingar. Hversu langt getur hv. efh.- og viðskn. gengið í þeim breytingum? Gæti hún t.d. lagt til með þennan Fjárfestingarbanka að rekstur þessara sjóða yrði bara seldur á uppboði í staðinn fyrir að steypa þeim saman í einn banka? Það er náttúrlega dálítið mikil breyting á frv. verð ég að viðurkenna. En það er spurning hvort það yrði heimilt eða hvort það yrði vel liðið að slíkar breytingar yrðu gerðar. Gæti hún t.d. lagt til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins yrði ekki settur í gang? Í staðinn yrðu gerðar almennar breytingar á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja? Þetta eru þær spurningar sem ég hef til hæstv. ráðherra.

Ég er á móti þessu frv. eins og menn hafa kannski skilið af máli mínu. Ég hefði frekar kosið lausnir sem ég tel að hefðu orðið þjóðinni miklu hagkvæmari, hefðu leitt til betri árangurs og hefðu getað bætt stöðu íslenskra fyrirtækja og íslenskra sparifjáreigenda og bætt lífskjör þjóðarinnar til framtíðar í verulegum mæli. Það hefur margoft verið bent á það að sú ríkisvæðing og sú hólfun sem er á íslenskum fjármagnsmarkaði sé mjög dýr og skaðleg fyrir lífskjör íslensku þjóðarinnar.

[20:48]

Ágúst Einarsson *(andsvar)***:**

Herra forseti. Nú er skammt stórra höggva milli. Fyrst ræða Gunnlaugs Sigmundssonar hér fyrr í kvöld, aðalsérfræðings Framsfl. í þessum málaflokki, sem lagðist þvert gegn þessu frumvarpi. Nú kemur annar stjórnarþingmaður, líka sérmenntaður á þessu sviði, einn helsti sérfræðingur Sjálfstfl. og leggst mjög gegn þeim frv. sem hér eru til umræðu. Ég mun á eftir ræða betur við herra forseta, um framhald þessarar umræðu. Hv. þm. rakti þetta vel og fór vel yfir málið og röksemdir hans voru sannfærandi. Að hluta til höfðu þær komið fram hjá okkur stjórnarandstæðingum varðandi þetta mál, en hér liggur fyrir andstaða eins sjálfstæðisþingmanns í viðbót því hæstv. viðskrh. gerði lítið úr andstöðu hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar. Það væri nú bara einn þingmaður þar, en nú virðast fleiri varadekk springa. En ég vil spyrja hv. þm. hvort hann geti upplýst okkur stjórnarandstæðinga um hvernig háttar til um stuðning við frv. í þingflokki Sjálfstfl. Ég sé að hv. þm. Geir H. Haarde, formaður þingflokksins, er kominn hér í salinn og verður spurður um þetta hér á eftir. Því það er satt að segja mjög óvanalegt að við ræðum hér mjög stórt og mikilvægt stjórnarfrv. og þeir einu stjórnarþingmenn sem hafa talað í málinu fyrir utan hæstv. ráðherra hafa gert meira en að leggjast gegn frv., þeir hafa fundið því allt til foráttu og rakkað það niður og það með sterkum rökum og þar að auki eru þeir þungavigtarmenn í stjórnarliðinu. Mér þætti vænt um að hv. þm. gæti upplýst mig betur um stöðu málsins, ef hann hefur tök á því, í sínum eigin þingflokki.

[20:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)***:**

Herra forseti. Mér fannst mjög miður að heyra í hv. þm. Ágústi Einarssyni og hans málflutning því að hann gerir einmitt það sem ég hefði helst ekki viljað heyra og það er að pólarísera, að egna menn hvern gegn öðrum. Ég hef alltaf reynt að líta þannig á að Alþingi starfi með heill þjóðarinnar í huga. En ekki að menn séu múlbundnir í þingflokkum eins og hv. þm. virðist gera ráð fyrir að eigi að vera. Hann er sjálfur í stjórnarandstöðu og ætti að gleðjast yfir því að þingmenn hafi þetta mikið sjálfstæði því það er þá von til þess að þau frv. sem hann leggur fram á þingi verði samþykkt.

Mér finnst mjög miður hvað þingið er oft á tíðum einstrengingslegt og sumir þingmenn reyna að flokka menn í flokka. Það er reynt að ýta þeim inn í flokkana eins og

mögulegt er. Ég er á móti því ég held að menn ættu miklu frekar að láta skynsemina ráða í málum eins og þessum.

Ég geri ráð fyrir að mjög margir þingmenn í stjórnarflokkunum séu sammála þessu frv., ég heyrði ekki annað, sem segir það að þeir eru á annarri skoðun en ég. Alla vega í mínum þingflokki. Það er bara þeirra heilagi réttur og allt í lagi með það. Og þó að tveir stjórnarþingmenn hafi tekið til máls þá tala þeir að sjálfsögðu sem eru á móti frv. Ég hefði ekki séð ástæðu til að kveðja mér hljóðs ef ég væri hjartanlega sammála hverri grein í frv. Alla vega mundi ég tala stutt ef ég væri sammála öllu. Það er því mjög eðlilegt að þeir sem eru á móti frv. tali en hinir ekki.

En hvað það varðar að varadekkin springi þá er ég nú náttúrlega voðalega óhress með að ég skuli vera varadekk.

[20:52]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gerði hv. þm. ekki upp neinar skoðanir. Ég hrósaði honum fyrir málflutning hans. Ég var ekki á nokkurn hátt að reyna að múlbinda hann. Ég spurði hvort hann gæti upplýst mig um afstöðu annarra þingmanna. Hann sagði að hann svaraði fyrir sjálfan sig og gæti ekki upplýst um aðra. Það er alveg viðunandi svar. Ég er ekki að tala um að það eigi allir að vera með eina skoðun. Hins vegar höfum við stjórnarandstæðingar rétt á að vita það þegar borið er fram stjfrv., en það nýtur þá væntanlega þingmeirihluta, að hér koma stjórnarþingmenn og leggjast gegn báðum frv., hæstv. ráðherra, þá viljum við mjög gjarnan fá að vita hvernig málið er vaxið í þingflokkum stjórnarliðsins. Það er eðlileg krafa af okkar hálfu. Hér er ekki verið að egna neinn gegn öðrum, hv. þm. Þetta voru mjög einfaldar og kurteislegar spurningar sem voru bornar fram við hv. þm. Ég vil hins vegar geta þess að þegar hann spurði ráðherra áðan um breytingar í efh.- og viðskn., þá ætlaði ég líka að upplýsa hann um að efh.- og viðskn. getur lagt til hvaða einustu breytingu sem hún vill á frv. án þess að spyrja hæstv. ráðherra nokkurn skapaðan hlut. Þannig starfar þingið. Þannig munum við starfa í efh.- og viðskn. og hv. þm. veit það ósköp vel.

[20:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að þessi umræða er þegar orðin mjög athyglisverð að einu leyti til. Ekki vegna þess að stjórnarþingmenn hafi talað á móti máli, það hefur oft gerst. En það sem er athyglisvert við málið, þennan Fjárfestingarlánabanka, er aðallega það að meiri hluti efh.- og viðskn. hefur tjáð sig andvígan málinu, meiri hluti efh.- og viðskn. Það eru kaflaskil í málinu. Það eru þeir stjórnarandstæðingar sem talað hafa úr efh.- og viðskn. og tveir stjórnarsinnar eða fimm þingmenn sem eiga sæti í efh.- og viðskn. Oft hefur það verið þannig, t.d. í Landsvirkjunarfrv., að einstakir þingmenn stjórnarflokkanna hafa gagnrýnt málið við 1. umr. en síðan runnið af hólmi í 2. umr. Veruleikinn er hins vegar allt annar þegar kemur að þessu máli. Nú hlýtur það að vera þannig að þeir hv. þm. sem hér hafa talað úr stjórnarliðinu geti fylgt máli sínu eftir. Þeir eru frjálsir eins og hv. þm. Ágúst Einarsson benti á hér áðan. Þeir eru frjálsir og ráða því sjálfir hvað þeir láta koma út úr málinu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal spurði hæstv. ráðherra hversu langt nefndin gæti gengið í breytingum. Nefndin er algjörlega frjáls. Þingið er algjörlega frjálst og þingmennirnir geta komið þeim málum í gegnum nefndina sem þeir ná meiri hluta fyrir í nefndinni. Það er veruleikinn. Þeir eiga í þessu tilviki bæði völina og kvölina.

[20:55]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar þá fyrirspurn sem hv. þm. Pétur Blöndal beindi til mín þá hafa þeir tveir hv. þm. sem síðast töluðu svarað þeirri spurningu. Auðvitað er það svo að þingnefnd getur gert tillögur um hvaða breytingar sem er á viðkomandi frv. eins og hér hefur verið sagt, hún er frjáls að því. Hér er hins vegar um stjórnarfrv. að ræða sem ég veit að nýtur þingmeirihluta. Sé það svo, sem ég hef ekki enn þá sannreynt, að meiri hluti efh.- og viðskn. sé á móti málinu þá er það auðvitað þingið sem tekur endanlega ákvörðun um það hvað hér verður samþykkt en það er ekki lögfest í efh.- og viðskn., það er mikill misskilningur.

[20:56]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að kveðja mér hljóðs um stjórn fundarins. Rétt fyrir kvöldmatarhlé vöktum við stjórnarandstæðingar athygli forseta á því að þau tíðindi hefðu gerst að einn af nefndarmönnum í efh.- og viðskn. úr stjórnarliðinu hefði lýst andstöðu við málið og báðum forseta að gera ráðstafanir til að afstaða Sjálfstfl. kæmi skýrt fram í umræðunni þó svo að einn fulltrúi Sjálfstfl. væri þegar kominn. Nú er búið að flytja ræðu sem varð umtalsefni áðan og komið er í ljós, eins og hv. þm. Svavar Gestsson hefur dregið mjög skilmerkilega fram, að meiri hluti í efh.- og viðskn. er andvígur alla vega öðru frv., það er álitamál um nýsköpunarfrv., en er alla vega andvígur frv. um Fjárfestingarbankann. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að ef hægt væri að upplýsa okkur stjórnarandstæðingana, sem erum ekki lengur vissir um stöðu málsins í þessum tveimur þingflokkum. Hæstv. viðskrh. hefur sagt fyrir hönd síns þingflokks að það sé bara einn þingmaður sem sé ekki með þessum stjórnarfrv. Hér ber svo vel í veiði að formaður þingflokks Sjálfstfl. er hér staddur og getur kannski upplýst okkur stjórnarandstæðinga um stöðu þessa máls. Það er óþægilegt fyrir okkur þegar ráðandi einstaklingar í stjórnarliðinu — kannski ekki óþægilegt því við fögnum þeirra sinnaskiptum, en við vildum mjög gjarnan vita hvort við getum búist við frekari umræðu og hvers við megum þá vænta í nefndarstörfum. Þetta er mjög óvanalegt sem gerist hér. Þó að stjórnarandstæðingar leggist gegn stjfrv. öðru hvoru þá er hér um að ræða þá einstaklinga í báðum þessum þingflokkum sem gerst þekkja til þessa máls. Það eru alvarleg tíðindi, herra forseti, þannig að mér þykir sérstök ástæða til að spyrjast fyrir um það hvort hægt væri að skýra málið nánar þannig að við stjórnarandstæðingar gætum flutt okkar rök í ljósi þeirra tíðinda sem hér hafa gerst.

[20:58]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég verð nú að segja að þessar umræður sem ég hef hlýtt hér á síðustu mínúturnar vekja nokkra furðu. Ég hafði því miður ekki aðstöðu til að fylgjast með umræðum síðla dags en hv. þm. Ágúst Einarsson beinir til mín þeirri fyrirspurn hvort hér sé á ferðinni venjulegt stjórnarfrv., hvort þingmeirihluti sé tryggður, hvort það séu ekki gríðarlega mikil tíðindi og ill að hv. þm. Pétur Blöndal standi ekki að þessu máli. Ég verð nú að segja að mér finnst hann lýsa undarlegum hugarheimi (**Gripið fram í:** Pétur?) og satt að segja áttaði mig ekki á því hvers konar hyldýpi er þar á ferð ef hv. þm. telur að hér séu einhver stór og mikil tíðindi að gerast

þó að stjórnarþingmenn lýsi andstöðu sinni persónulega við ákveðin mál sem hér koma upp. Það er nákvæmlega eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði að ástæðan fyrir því að hann tekur til máls en ekki aðrir þingmenn af okkar hálfu er sú að hann er með athugasemdir við málið en ekki aðrir. Þær athugasemdir komu að sjálfsögðu fram þegar við ræddum málið í þingflokki sjálfstæðismanna. Við vitum vel af því. Það eru engin sérstök tíðindi. Það er engin sérstök frétt. Við bókuðum það meira að segja í bréfi til ráðherra að einstakir þingmenn gerðu athugasemdir við frv. (**Gripið fram í:** Eins og hann gerir alltaf.) Mér finnst satt að segja að fyrirspurn sem þessi, að það sé hún sem er undarleg. Það er hún sem er óeðlileg. Það er hún sem ekki á rétt á sér í þessum umræðum. En ég get fullvissað hv. þm. um að það er þingmeirihluti á bak við þetta frv. en að sjálfsögðu munu menn hlýða á allar uppbyggilegar tillögur til breytinga í þessu máli eins og öllum öðrum.

Það er með þetta mál alveg eins og bankana sem ræddir voru fyrr í dag og sl. þriðjudag að það mátti fara ýmsar leiðir í þessu máli en það varð að sjálfsögðu á endanum að höggva á hnútinn. Hv. þm. Pétur Blöndal og Gunnlaugur Sigmundsson eru ekki ánægðir með niðurstöðuna. En það er til einskis og var til einskis að halda áfram að þæfa þetta mál. Það varð að fá niðurstöðu. Ég hygg að hv. þm. Ágúst Einarsson sé mér sammála um það. Það varð að fá niðurstöðu til þess að ljúka þessu máli, eyða óvissunni sem hefur verið um þessar stofnanir og klára þetta. Það erum við að gera hérna, þingmeirihlutinn, og hv. þm. sem hafa lýst andstöðu sinni úr stjórnarliðinu hafa að sjálfsögðu fullan rétt til þess. En svarið við spurningunni er að þetta er alls ekkert óðruvísi stjfrv. en önnur og það hefur fullan og ríflegan þingmeirihluta á Alþingi.

[21:02]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst undrun minni á viðbrögðum hv. þm. Geirs Hilmars Haarde sem er einna þingreyndastur þeirra sem hér eru í þessum sal. Honum finnst skrýtið að menn komi upp og inni eftir afstöðu Sjálfstfl. Það hefur gerst í þessari umræðu að eini maðurinn sem hefur talað af hálfu Sjálfstfl. hefur lýst andstöðu við frv. sem hér er undir. Það vill svo til að sá þingmaður sem hér hefur talað af hálfu Sjálfstfl. einn manna er líka sá sem þekktastur er fyrir hvað mesta reynslu á þessu sviði og margoft teflt fram af hálfu Sjálfstfl. sem sérfræðingi í málum sem þessum. Það er því ekkert skrýtið við það þegar þingmenn koma upp og spyrja: Er þetta afstaða Sjálfstfl.?

Herra forseti. Í hverju málinu á fætur öðru hafa sjálfstæðismenn komið í bakið á Framsfl. og reynt að kúga þá og beygja til hlýðni og spurningin er hvort svo sé í þessu máli líka. Það er eðlilegt að menn gangi eftir því hvort fleiri en Pétur Blöndal séu þessarar skoðunar innan Sjálfstfl. Og auðvitað er það líka merkilegt í þessari umræðu að þeir sem koma hér upp og tala af hálfu stjórnarliðsins fyrir utan ráðherra virðast, a.m.k. þeir sem ég hef hlýtt á, finna þessu máli flest til foráttu. Ég verð að segja að ég hef ekki í langan tíma hlýtt á ræðu þar sem málflutningur stjórnarinnar hefur verið tættur niður jafnhnitmiðað og í hinni rökföstu ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals þannig að það er ekkert óeðlilegt við þessa spurningu. (**Gripið fram í:** Víst.)

[21:03]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég mun segja alveg eins og er að ég hef nú ekki heyrt jafnólýðræðislega athugasemd frá þingmanni lengi í þessum sal eins og frá hv. þm. Geir H. Haarde áðan. Hvað sagði hv. þm. Geir H. Haarde? Hann sagði að allir þeir þingmenn Sjálfstfl. sem ekki tala í málinu væru þar með búnir að afsala sér rétti sínum til að gera athugasemdir við málið. Hann var í raun og veru að segja að eini maðurinn sem hefði athugasemdir að gera við málið væri hv. þm. Pétur H. Blöndal. Aðrir þingmenn hefðu engar athugasemdir að gera við þetta mál. Ég fullyrði það að hv. þm. Geir H. Haarde getur ekki talað svona fyrir hönd allra þingmanna Sjálfstfl. vegna þess að ég veit að fjöldinn allur af þeim hefur margar athugasemdir að gera við þetta frv. og mér finnst að hann beiti agavaldi sínu á sína þingmenn með óeðlilega mikilli hörku í þessari athugasemd sinni sem hann lét falla hér áðan. Hann er að reyna að handjárna alla hina af því að þeir biðja ekki um orðið í umræðunni. Ég hef satt að segja aldrei áður heyrt tilraun af þessu tagi fyrr, til þess að handjárna heilan þingflokk eins og hv. þm. Geir Haarde gerði áðan. Það er alveg ótrúlegt.

Síðan kom annað atriði fram í ræðu hans áðan sem er mjög merkilegt og til umhugsunar og það er að hv. þm. sagði: „Þetta er eins og hvert annað stjfrv.“, hann sagði það, „en við munum hlýða á allar uppbyggilegar tillögur.“ Það er því auðvitað alveg augljóst mál að þrátt fyrir handjárnstilraunina, gerir formaður þingflokksins sér ljóst að málið er á mjög tæpu vaði. Og þó að efh.- og viðskn. hafi auðvitað ekki löggjafarvald eins og hæstv. viðskrh. benti á hér áðan, þá eru hún þó úrslitanefnd í þessu máli og það sem kemur frá henni er úrslitaatriði. (**ÖS:** Það þarf fóthlekki líka.)

[21:05]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hlýt að gera alvarlega athugasemd við ummæli hv. þm. Geirs Haarde þegar hann talaði um að mín fyrirspurn væri óeðlileg. Þetta er mjög óeðlileg afstaða af hálfu hv. þm. eins og hann setti það fram vegna þess að hann þekkir e.t.v. ekki forsöguna alveg nógu vel. Það var gerð athugasemd fyrir kvöldmat út af ummælum Gunnlaugs Sigmundssonar og vakin athygli á því að nauðsynlegt væri að fram kæmi afstaða sjálfstæðismanna. Það var enginn annar sjálfstæðismaður í salnum en Pétur H. Blöndal. Við sögðum að það væri mjög æskilegt að fá að vita hvernig staða málsins væri og nefndum þá aðila sem eru helstu ráðamenn Sjálfstfl. í þessum málaflokki, þ.e. hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh., formann þingflokks Sjálfstfl. og formann efh.- og viðskn. Við nefndum þessa fjóra aðila. Hæstv. forseti benti réttilega á þegar hann horfði yfir salinn að hér væru fulltrúar allra þingflokka og átti þar við hv. þm. Pétur Böndal sem er verðugur fulltrúi Sjálfstfl. og ekkert út á það að setja.

Ég er einungis að benda á að ef það hefði verið látið svo vera að hann hefði talað sem fulltrúi Sjálfstfl. eins og forseti sem þá var á forsetastól, hv. þm. Sturla Böðvarsson, benti á þá lá alveg ljóst fyrir hvernig afstaða Sjálfstfl. kæmi hér fram í umræðunni. Þess vegna fagna ég svari hv. þm. Geirs Haardes. Hann upplýsti alveg hvernig málið lægi. Pétur Blöndal er andvígur þessu frv., aðrir eru með því að því er virðist. En þetta eru tíðindi fyrir okkur, herra forseti. Það getur vel verið að sjálfstæðismenn hafi vitað af þessu en það eru tíðindi fyrir okkur að hv. þm. Pétur Blöndal leggst gegn þessu máli. Það eru hins vegar mjög mikil tíðindi og það

fréttnæm tíðindi, herra forseti, að meiri hluti efh.- og viðskn. er á móti þessu stjfrv. Það eru mikil tíðindi að meiri hluti efh.- og viðskn. er á móti þessu frv. og nefndin mun þá haga vinnubrögðum sínum samkvæmt því í þinginu. Við sjáum hverjar lyktir málsins verða. Það er fullkomlega eðlilegt að beðið sé um nánari upplýsingar um afstöðu einstakra þingflokka þegar það liggur fyrir að eina afstaðan sem kom fram af hálfu Sjálfstfl. var andstaða við frv. Við vitum vitaskuld að þingmenn hafa frjálsræði til að hafa sínar skoðanir. Við vitum vitaskuld að stjórnarfrv. búa við þingmeirihluta. Við viljum hins vegar mjög gjarnan og eigum rétt á því að vita hvernig staða málsins er, ekki síst í ljósi þessara merkilegu tíðinda hér vegna þessara einstaklinga sem leggjast á móti málinu. Og að málið skuli ekki hafa meiri hluta í efh.- og viðskn. Það eru, herra forseti, tíðindi.

[21:08]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það getur ekki sætt tíðindum og allra síst fyrir hv. þm. Ágúst Einarsson sem hefur mikla þingreynslu að baki eins og við vitum, kom hér fyrst inn á þing 1978, að stjfrv. hafi meiri hluta á bak við sig. Það liggur í hlutarins eðli og það vita menn að stjfrv. kemur ekki fram nema búið sé að fara með það fyrir þingflokksfund í báðum stjórnarflokkunum eða þeim sem mynda meiri hluta á hverjum tíma og tryggja því fylgi. Ég undrast að menn skuli hugsa svo ólýðræðislega að gera því skóna að það sé eitthvað óeðlilegt við það að virtur þingmaður eins og Pétur Blöndal sem vissulega hefur sérþekkingu í þessum málaflokki skuli segja sínar skoðanir jafnvel þó að þær séu öndverðar við það sem lagt er til í frv. Ég tel þvert á móti að það sé styrkur og stuðningur að því að slík sjónarmið komi hér fram og mjög eðlilegt að hv. þm. lýsi þeim sjónarmiðum hér eins og hann gerði þegar málið var tekið fyrir og rætt og afgreitt í þingflokki sjálfstæðismanna.

Ég verð að gera örlitla athugasemd við ummæli hv. þm. Svavars Gestssonar frá því áðan. Það er óskað eftir því að ég skýri frá því hver sé afstaða þingflokks sjálfstæðismanna. Ég hef gert það. Síðan gerir hann athugasemd við það, kallar það ólýðræðislegt að ég lýsi því hver sú afstaða er. Það er ekki hægt að hafa þetta á báða vegu. Annaðhvort hefur maður umboð til þess að tala fyrir hönd þingflokksins eða ekki. Ég tel að ég hafi það í þessu máli eins og í flestum málum. Afstaða þingflokksins liggur skýrt fyrir og það er ekkert ólýðræðislegt við það að skýra frá henni. Ég geri alveg ráð fyrir því að einstakir þingmenn í okkar flokki eins og í fleiri málum geti hugsað sér einhverjar breytingartillögur eða tilfæringar í þessu. Við munum auðvitað bara skoða það. Til þess er nefndarstarfið á Alþingi. Til þess hafa verið valdir hinir færustu menn í efh.- og viðskn. sem hafa sérþekkingu, bakgrunn og menntun til þess að vinna að þessum málum. Þeir hafa hæfileika eins og hv. þm. Ágúst Einarsson sem er einn af leiðtogum efh.- og viðskn. Hann er varaformaður þar. Menn hafa verið valdir í þetta út frá sínum mannkostum og sínum hæfileikum á þessu sviði og við verðum að gefa mönnum svigrúm til þess að skoða allar breytingartillögur og allar hugmyndir sem fram koma í þessu máli.

Ég treysti efh.- og viðskn. mjög vel til þess að vinna úr þeim efniviði sem hér er fram kominn. Meginstefnan liggur fyrir í frv. Við hana er fylgi og ég fullyrði meirihlutafylgi í þinginu. Ef menn koma með góðar og skynsamlegar brtt. í efh.- og viðskn. þá munu þær að sjálfsögðu verða skoðaðar á vettvangi stjórnarflokkanna. Ég hef enga trú á öðru en við leysum þetta mál og við ljúkum þessu máli enda er full nauðsyn á því að klára þetta og leggja til hliðar þær vangaveltur sem hafa verið þessari starfsemi til trafala undanfarin ár. Þær hafa verið henni til trafala vegna þess hvernig óvissan um þessa hluti hefur þróast. Nú skulum við bara ljúka þessu á grundvelli þess stjfrv. sem hæstv. viðskrh. hefur lagt fram.

[21:11]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Geir H. Haarde fyrir þessa seinni ræðu sem var að sama skapi drengileg sem hin var fráleit vegna þess að hann lét það koma fram að hann teldi að það væri fullkomlega eðlilegt að einstakir þingmenn kæmu fram með brtt. við frv. og ræddu þær rækilega og jafnvel tilfæringar nefndi hann sem er alveg nýyrði í sambandi við þingsköp. Hann sagði að það væri ekkert óeðlilegt að menn kæmu fram með brtt. og tilfæringar við það frv. sem hér er um að ræða og er það út af fyrir sig fagnaðarefni að þingflokksformaðurinn skuli opna fyrir glufu á frelsi fyrir sína þingmenn í þessu efni.

Ég vil líka þakka honum sérstaklega fyrir þau lofsyrði sem hann viðhafði um efh.- og viðskn. sem hann sagði skipaða völdum mönnum með í fyrsta lagi sérþekkingu, í öðru lagi góðan bakgrunn, í þriðja lagi mikla menntun, í fjórða lagi hæfileika og í fimmta lagi mannkosti að því er þessa hluti varðar þannig að það er augljóst mál að þessi hópur manna hlýtur að vera kjörinn til að taka skynsamlega á málum.

Hins vegar svaraði hv. þm. ekki því grundvallaratriði sem skiptir mestu máli: Hvað samþykkti þingflokkur Sjálfstfl.? Samþykkti hann frv.? (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Samþykkti hann frv. efnislega lið fyrir lið eða samþykkti hann aðeins takmarkaða hluta þess? Ég hef orðið var við það, herra forseti, í vetur og í fyrravetur og á síðasta kjörtímabili að afgreiðslur þingflokks Sjálfstfl. á stjórnarfrumvörpum eru sérkennilegar, virka losaralegar og virka ónákvæmar. Er það þannig með þetta mál líka? Ég spyr: Hvernig er mál af þessu tagi rætt í þingflokki Sjálfstfl.? Er það rætt efnislega lið fyrir lið eða er þessu rennt í gegn án þess að menn hafi hugmynd um hvað þeir eru að afgreiða nema einn og einn sérlega nákvæmur maður eins og hv. þm. Pétur Blöndal?

[21:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ég tel að hér hafi orðið nokkur tíðindi sem kalli á það að staða þessara mála verði metin dálítið og þar sem merkilegast er við niðurstöðuna eins og fram hefur komið hér á síðustu mínútum er að meiri hluti efh.- og viðskiptanefndarmanna er þeirrar skoðunar að það þurfi að laga þetta mál mjög mikið. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði: „Ég er á móti málinu“, eins og þingmaðurinn orðaði að nákvæmlega og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson fór þeim orðum um þetta frv. að ekki var hægt að heyra annað en hann væri andvígur málinu líka. Þess vegna er staðan þannig að maður hlýtur að velta því fyrir sér að því er varðar frv. um fjárfestingarbankann hvort það eru möguleikar til þess að skapa í því máli nýjan þingmeirihluta. Eru möguleikar til þess að skapa í því máli nýjan þingmeirihluta? Það hlýtur efh.- og viðskn. að láta kanna. Hún hlýtur, og ég segi það við þá sem hér eru úr nefndinni, þeir hljóta að gera tilraun til þess að ná samstöðu um málið sem hugsanlega er hægt að ná samstöðu um í þinginu. Og eins og hv. þm. Pétur Blöndal sagði hér áðan: „Þingmenn eru frjálsir að því.“

Þingmönnum er ekki bara skylt að gagnrýna hluti. Þingmönnum er skylt að reyna að leiða þingviljann í ljós eins og segir í öllum ritum um stjórnarskipunarlög. Þingmönnum er skylt að leiða þingviljann í ljós. Og í þessu máli vill þannig til að það er ástæða til að ætla að það sé annar þingmeirihluti í þessu máli heldur en birtist í því frv. sem er hér verið að ræða aðallega, þ.e. frv. um fjárfestingarbankann. Og af hverju segi ég það? Ég segi það í fyrsta lagi með hliðsjón af þeim orðum sem fallið hafa t.d. frá þingmönnum jafnaðarmanna sem hafa talað margir í þessu máli. Ég dæmi það einnig út frá þeim orðum sem fallið hafa frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem talaði hér fyrr í kvöld í þessu máli og ég dæmi það einnig frá þeim tveimur stjórnarþingmönnum úr efh.- og viðskn. sem talað hafa í þessu máli. Frammi fyrir þessu geri ég ráð fyrir því að staðan geti verið þannig að ráðherrann hrökkvi við, að hann sé kannski bara að missa þetta allt saman út úr höndunum á sér og það er það sérkennilega við kúgun meirihlutavaldsins sem er aðalvandi þingræðisins á Íslandi, að ráðherrarnir vilja ráða málunum í einstökum atriðum.

Í þingum grannlanda okkar á Norðurlöndum, t.d. í Noregi, Danmörku og einnig Svíþjóð er það þannig að þingin ná samstöðu um mál, að þingin leiða mál til lykta. Ég segi í þessu máli: Það er einstakt tækifæri til þess að leiða þetta mál til lykta og ég tel að lausnin í því eigi ekki að felast í því að menn svæfi málið. Ég vil sjá að menn takist eðlilega á um málin með rökum í umræðum í þessari stofnun og kanni hvaða leið er til. Þá vil ég leyfa mér að spyrja hv. þm. Gunnlaug M. Sigmundsson sem hér talaði í kvöld: Hvað sér hann fyrir sér sem hugsanlega bestu leiðina í þessu máli? Ég er algerlega sannfærður um að þeir þingmenn aðrir sem hafa talað með gagnrýnum hætti um þetta frv. eru tilbúnir til að hlýða á þær hugmyndir sem hann kann að hafa, hv. þm., og einnig hv. þm. Pétur H. Blöndal, í þessu máli.

Ég held að þetta mál, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson lýsti því, sé orðið til upp úr dálitlum hrossakaupum, að menn séu kannski hér fyrst og fremst að hagræða valdapóstum frekar en að menn hafi hugsað sér að hagræða efni málsins. Ég ætla ekkert að vera með getsakir hliðstæðar þeim sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni í þessum efnum. Ég hef ekki vit á þessu valdakerfi satt að segja eins og hv. þm. Ágúst Einarsson virtist hafa. Hann virtist satt að segja kunna þetta kerfi alveg ótrúlega vel og ég dáðist að því hvað hann virtist hafa það á valdi sínu. (**Gripið fram í:** Hann þekkir sitt ...) Hann þekkir sitt heimafólk, enda sagði hann sjálfur að hann hefði verið í stjórnum eiginlega allra svona samtaka sem þarna koma að máli þannig að það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það, en ég játa það að hann tekur mér langt fram í þeim fræðum. Það væri fróðlegt að vita í umræðunni hvort eitthvað mætti hugsanlega gera, eða segja eða stuðla að í áframhaldandi meðferð málsins sem gæti orðið til þess að leiða annan þingvilja í ljós.

Ég hlýddi á ræðu hv. þm. Gunnlaugs M. Sigmundssonar og ég segi alveg eins og er að mér fannst þar margt athyglisvert. Mér fannst sérstaklega athyglisvert að hann leiddi að því eiginlega alveg óyggjandi rök að mér fannst, en það getur auðvitað verið misskilningur, en mér fannst það vera trúverðugt, að þessi banki gæti ekki lifað mjög lengi, að þessi fjárfestingarbanki gæti ekki lifað mjög lengi. Hann talaði um rúmlega hálfan áratug eða svo og hann studdi það margvíslegum rökum. Hann talaði um að hér væri að ræða um afturhvarf aftur í tímann, 15 ára aftur í tímann og hann minntist þeirra sælu daga þegar menn mótmæltu lokun mjólkurbúða sem sumir menn hér í salnum, án þess að ég fari nánar út í það, gætu farið mjög ítarlega yfir og kallaði þetta mjólkurbúðastefnuna sem hér væri uppi. Ég held að ég átti mig á því hvað hv. þm. var að segja með þessu. Hann var að segja að verið væri að reyna að loka tiltekinn hluta lánastarfseminnar í landinu inni í ákveðinni tegund af búð, í þessu tilviki fjárfestingarlánabúð sem hann líkir við mjólkurbúðirnar eins og þær voru í gamla daga. Þó að ég geti ekki sagt að ég sé sérfróður í þessum málum þá hygg ég að það sé nokkuð til í því að þessi almenni peningamarkaður, viðskiptabankakerfið, þetta þjónustukerfi peningamála yfirleitt, þurfi að vera samþætt og það eigi ekki að vera þannig að menn hólfi peningana af til þess að sinna tilteknum afmörkuðum verkefnum, afmörkuðum atvinnugreinum, afmörkuðum hópum heldur eigi að reyna að láta fjármunina vinna þannig að þar hjálpist áherslurnar að eins og kostur er nema þegar um það er að ræða að tekin sé lagaleg ákvörðun um eitthvað allt annað eins og nýsköpunarsjóð eða áhættulánasjóð sem hv. þm. Pétur Blöndal kallar skrýtna starfsemi. Hann segir að hann kannist ekki við það að opinberir starfsmenn geti stundað mikla nýsköpun, en þá finnst mér nú illa fjarri góðu gamni á þessu kvöldi hv. 17. þm. Reykv. sem gæti frætt okkur eitt og annað um opinbera starfsmenn þannig að mér þótti það athyglisvert sem hv. þm. þarna sagði. Er hann þá að segja að eðlilegt væri að þetta væri þarna tekið inn í þessa banka, þ.e. viðskiptabankana? Og í framhaldi af því, af því að hann talaði ekki í viðskiptamálinu, ég held að hann hafi ekki talað í viðskiptabankamálinu, þá vildi ég inna hann eftir því hvernig hann gæti séð fyrir sér viðskiptabankamálin þróast líka vegna þess að það skiptir einnig máli í þessu samhengi hvort hann er að horfa á það að þessir tveir ríkisbankar verði gerðir að hlutafélögum eins og ætlast er til eða hvort hann er með eitthvað annað í huga.

Ég held að það sé líka nauðsynlegt að rifja upp að við stöndum núna frammi fyrir býsna miklum tíðindum í okkar efnahags- og atvinnulífi. Sérstaklega eru það tíðindi vegna þess að auðvitað verðum við stöðugt með skýrari hætti greinilegur hluti af alþjóðlegu umhverfi og við verðum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að reyna að laga okkur einhvern veginn að því. Ég get ímyndað mér það að ef við hefðum verið að tala t.d. um þessa fjárfestingarlánasjóði fyrir 15 árum þá hefðu menn nálgast þá kannski svipað og er í þessu frv. Þetta segi ég vegna þess að ég var hér fyrir 15 árum og ég man þessa tíma. Ég held líka að ef að menn hefðu verið að fjalla um þessa hluti fyrir 10 eða 15 árum, þá höfðu menn talið eðlilegt að einhverjir fulltrúar atvinnuveganna sem svo eru kallaðir t.d. stýrðu þessum nýsköpunarsjóði. Nú er það auðvitað bersýnilega fornöld vegna þess að atvinnuþróunin er ekki þannig að hún eigi sér stað í hólfum hún. Hún spyr ekki um tilteknar „addressur" heldur getur hana borið hvarvetna niður. (**PHB:** Er þingmaðurinn orðinn frjálshyggjumaður?) Þingmaðurinn hefur aldrei verið frjálshyggjumaður í þeim skilningi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal þekkir nú vel og er örugglega minni frjálshyggjumaður en hv. þm. Pétur Blöndal er jafnaðarmaður svo að ég vitni til okkar umræðna á heimspekilegum grunni hér fyrr á þessu ári. Það er ekki það sem hér er um að ræða. Hins vegar eru hlutirnir þannig og það er sérstaklega brýnt fyrir sósíalista, það er sérstaklega brýnt fyrir vinstri menn eða jafnaðarmenn að menn horfist í augu við hlutina eins og þeir eru og að menn búi ekki um sig innan einhverra múra sem eru löngu, löngu hrundir. Menn verða að horfast í augu við veruleikann

eins og hann er. (Gripið fram í.) Til dæmis.

Eitt af því sem er t.d. athyglisvert sem hv. þm. fór yfir og ég gæti farið um mörgum orðum vegna þess að ég hef aðeins verið að lesa pappíra um þessa hluti nú um nokkurt skeið og það bendir margt til þess, er að þessi, mér liggur við að segja steypubundna viðskiptategund, húsbundna viðskiptategund sem bankakerfið hefur verið að mörgu leyti, muni hverfa vegna þess að fleiri menn muni læra á tölvur en hv. þm. Pétur Blöndal og geta unnið þessa hluti heima hjá sér og aldrei þurft að koma í banka en þó átt mjög mikil viðskipti við banka af einhverju tagi. Mér finnst að þær ákvarðanir sem verið er að taka eða gera tillögu um að taka í þessum frv. hæstv. ráðherra miðist við tímann áður en tölvurnar voru fundnar upp sem almenningseign. Það má segja að hæstv. ráðherra sé svona á SKÝRR-stiginu en ekki því stigi sem hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri snillingar eru á sem hafa flutt hér tillögur um að hvert einasta skólabarn geti setið við tölvu í klukkutíma á dag eða svo.

Ég held með öðrum orðum og það vil ég segja líka og taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að ef við reynum að múra þessi kerfi inni á forsendum gærdagsins þá hrynji þau og þá gerist það að þjóðin tapi peningunum sínum og geti a.m.k. ekki breytt þeim í þann kraft í framleiðslu- og verðmætasköpun sem þarf að vera til staðar. Það er mín skoðun og ég óttast að þær hugmyndir sem hér eru uppi séu fyrst og fremst tilkomnar vegna þess að menn hafi gefist upp við að ná þeim markmiðum sem við eigum að vinna að. Ég tel t.d. og er alveg sannfærður um það að hæstv. viðskrh. vill vel í málinu, að hann vill leggja sig fram, hann vill vanda sig. Það er engin spurning um það. Hann vill ná fram hagræðingu. Hann vill tryggja það að peningarnir skili sem mestum arði fyrir þjóðarbúið þannig að fyrirtækið geti borgað betri laun. Ég er viss um það. En hæstv. viðskrh. er hins vegar fangi aðstæðna sem hann á mjög erfitt með að brjótast út úr, fangi aðstæðna sem t.d. gera þá kröfu til hans að hann verji hluta kerfisins, helst óbreytt eins og það er. Ég gáði af vissum ástæðum hver væri hér að baki mér því að þar hefur stundum setið maður sem hefur komið við sögu Búnaðarbankans. Mér hefur dálítið fundist að í þessum málum öllum væru menn að reyna að semja um það að allir eins og héldu því sem þeir hafa haldið og þá er ekki hægt að gera neitt í þessu máli. Mér finnst dálítið að skynsemin sé í fjötrum vanans í þessu máli og t.d. að, ég segi það alveg eins og það er, mér finnst eins og Búnaðarbankinn ráði ákaflega miklu í þessu jukki eins og það lítur út, með leyfi hæstv. forseta. (Gripið fram í.) Í hinu málinu og þar af leiðandi í málinu í heild. En það er gott hjá hæstv. ráðherra að kalla fram í: „Ekki þessu“, því að þar með hjálpaði hann mér dálítið við að þoka þessu máli áfram því að hann þekkir það örugglega betur en ég hvernig það er að glíma við Búnaðarbankann. Það er örugglega ekkert grín og það þekkja því miður margir viðskiptamenn þess banka sem síst skyldi, bæði á landsbyggð og í þéttbýli.

Þetta vildi ég segja, herra forseti, og segja líka um leið við hv. þm. Pétur Blöndal sem er alltaf kallandi hérna fram í sem betur fer og nefna það í leiðinni, hæstv. forseti, að það er rétt hjá honum að hér eiga menn ekki að stunda umræður sem byggjast á því að „pólarísera“. Það er alveg rétt hjá honum. Hann á heldur ekki að gera það. Það á að leyfa hinni frjálsu skynsemi að njóta sín í þinginu og komast að niðurstöðu. Um hvað? Um það sem má verða þjóðinni fyrir bestu því að að hérna erum við kosin — til hvers? Til hvers erum við kosin hingað? Til þess að láta gott af okkur leiða eins og það heitir á afskaplega hversdagslegu íslensku máli og einskis annars en að láta gott af okkur leiða. Þess vegna, herra forseti, reynir ánægjulega á Alþingi og hinn lýðræðislega nýsköpunarkraft í þessari stofnun í framhaldi af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

Ég ætla þá aðeins að víkja, á þessum mínútum sem ég á eftir, að þessum nýsköpunarsjóði og segja að ég er heldur ánægður með að menn skuli reyna að taka á því máli. Ég viðurkenni að á því eru margir gallar og mér finnst aðalgallinn vera sá að það á að láta gamla hagsmunasamtakakerfið stjórna þessum sjóði. Í öðru lagi er gallinn við frv. eins og það er, að það eru engir peningar í því, það eru engir nýir peningar í því. Ég er afskaplega mikið tilbúinn til þess að hlusta á gagnrýni um það sem við alþýðubandalagsmenn flytjum. En ég verð þó að segja eins og er að ég held að 19. mál þingsins um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sé betra en þetta frv. af þeim tveimur ástæðum að þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir peningum, dálitlum peningum, ekki miklum að vísu, en í öðru lagi er gert ráð fyrir því að skipað verði í stjórnina á mikið breiðari forsendum, þ.e. þeim að forsrh. skipi stjórnina og að þeir sem eru í stjórninni eigi að hafa þekkingu á uppbyggingu atvinnu- og efnahagsmála. Ég tel að þar séu ágætar hugmyndir sem ég fer fram á að hv. þingnefnd skoði vel.

Ég vil segja það líka, herra forseti, að þessu frv. okkar alþýðubandalagsmanna um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð var vísað til iðnn. og ég hugsa að hæstv. ráðherra vilji vísa þessum Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins til efh.- og viðskn. Ég hefði viljað fara fram á það, hæstv. forseti, að frv. okkar alþýðubandalagsmanna færi þangað líka, að það yrði tekið frá iðnn. þannig að þau yrðu meðhöndluð í sömu nefndinni. Ég held að það sé heppilegt að hafa það þannig. Næsta mál á dagskrá, herra forseti, er Lánasjóður landbúnaðarins. Ég geri ráð fyrir því að það komi tillaga um að vísa því máli til hv. landbn. Ég vil segja að ég er á móti því. Ég vil að sá sjóður fari til hv. efh.- og viðskn. Hún er vel mönnuð mannkosta-, hæfileika- og drengskaparmönnum eins og hv. þm. Geir H. Haarde hefur rakið svo skilmerkilega í þessum umræðum.

[21:31]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var spurður tveggja spurninga af hv. þm. Svavari Gestssyni. Seinni spurningin sem ég ætla að svara fyrst var hvernig ég sæi fyrir mér þróun viðskiptabankanna á næstunni. Ég kom að þessu máli á þriðjudaginn. Þá sagði ég skoðun mína að við þyrftum að styrkja bankana með því að gera þessar heildir stærri og effektívari ef ég má nota það orð. Og ég sagði þá skoðun mína að best væri ef hægt væri að sameina tvo af þremur viðskiptabönkum í einn. Ég minnist orða þess merka bankastjóra Björgvins Vilmundarsonar, sem hefur hvað mesta reynslu íslenskra bankastjóra, þar sem hann sagði á síðasta ári að hægt væri að ná hundruðum milljóna í sparnað væru sameinaðir tveir ríkisbankar.

Varðandi hina spurninguna þá var spurt hvernig ég sæi fyrir mér bestu leiðina varðandi þann fjárfestingarbanka sem hér er lagt til að verði stofnaður. Ég sagði fyrr í kvöld að ég teldi bestu leiðina vera þá að varpa þessum sjóðum inn í viðskiptabankana eða skapa þar stærri heildir sem næðu meira effektíviteti. Ég vitnaði til orða Kjartans Gunnarssonar í Morgunblaðinu og Degi-Tímanum og ég las upp úr grein eftir Tryggva Pálsson í Viðskiptablaðinu þar sem hann segir

frá verslunarlánasjóði sem er með efnahag upp á 9 milljarða sem er um það bil einn fjórði til einn þriðji af þeim sjóði sem nú á að fara að stofna. Hann segir að þessi verslunarlánasjóður veiti langtímalán og aðeins þurfi þrjá menn til þess að halda utan um þann sjóð.

[21:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir skýr svör við spurningum mínum og biðja hann afsökunar á því að þetta hefur farið fram hjá mér sem hann sagði hér um viðskiptabankana. Þetta er í raun og veru það sem við höfum verið að reyna að segja hér Alþýðubandalagsmenn og verið að vitna í Björgvin Vilmundarson, að það mætti kannski spara — Björgvin sagði nú milljarð og hann sagði með því að loka 18 útibúum, 9 í Reykjavík og 9 úti á landi án (**Gripið fram í:** Hann vill hf.) já, reyndar vill hann það líka, en hann leggur á það áherslu að sameina þessa banka og gera þá að hlutafélögum og þá sé hægt að loka sem sagt þessum útibúum og sameina miðstöðvarnar. Í því liggur þessi sparnaður upp á einn milljarð. Ég spurði ráðherrann nokkrum sinnum í dag hvernig hann hefði efni á að neita sér um að gera tillögur um að spara milljarð. Ég reyndar tel að það hefði verið að mörgu leyti eðlilegast í þessu máli að menn hefðu velt því fyrir sér hvort hægt væri að ná samstöðu Íslandsbanka og Búnaðarbankans eða Búnaðarbankans og sparisjóðanna en sennilega erum við komin fram hjá þeirri stoppistöð. Ég veit það ekki. En eins og margoft hefur verið tekið fram af hæstv. viðskrh. þá er þingið frjálst og nú geta menn tekið á hlutunum eins og þeir telja skynsamlegt.

Varðandi fjárfestingarlánasjóðina, þá skil ég hv. þm. þannig að hann telji að eðlilegast væri að þessir sjóðir færu þá inn í viðskiptabankana. Þeir hafa náttúrlega notið þjónustu viðskiptabankanna. Viðskiptabankarnir hafa annast útborgun lána og innheimtu og það er satt að segja eitt atriði sem ekki hefur verið rætt hér í þessum umræðum af einhverjum ástæðum. Ætlar þessi banki að búa sér til nýtt innheimtukerfi eða hvað? Eða ætlar hann að nota þjónustu þessara banka? Ég held að það sé rétt hjá hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni að það sannist á þessu atriði að hér sé verið að búa til óþarfa millilið sem við höfum ekkert með að gera.

[21:35]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti hv. þm. Svavar Gestsson setja hér fram afar athyglisverða hugmynd, að sameina Búnaðarbanka og Íslandsbanka. Með því móti væru menn með tvo nokkurn veginn jafnstóra og nokkuð sterka viðskiptabanka hér á þessum markaði. Hvor banki um sig, Búnaðarbanki og Íslandsbanki, eru með viðskipti upp á kringum 20% af markaðnum, 20–22%, og Landsbankinn um 40% þannig að mér litist afar vel á þessa hugmynd. Ég veit ekki hvort stjórnarandstaðan er tilbúin að leggja til að ríkisstjórnin beiti sér þannig í málinu að teknar verði upp viðræður um að sameina þessa tvo banka eftir að Búnaðarbankinn hefur verið gerður að hlutafélagi. Ég mundi styðja það.

[21:36]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér hefur undanfarna daga staðið yfir umræða um bankamálin. Ég hef ekki tekið þátt í þeirri umræðu og ég ætla ekki að lengja umræðurnar mjög mikið hér í kvöld, en ég vildi samt í nokkrum orðum lýsa minni afstöðu til þessara mála.

Þó að frv. hæstv. bankamálaráðherra um viðskiptabankana séu ekki undir, þá vil ég samt segja í nokkrum orðum í upphafi máls míns að ég er fylgjandi meginstefnunni sem kemur fram í þeim frumvörpum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hlutafélagavæða ríkisbankana. Ég tel líka að það sé síðan nauðsynlegt á næstunni að koma þeim í hendur sem flestra í gegnum markaðinn, en gera það varfærnislega og reyna að hafa sem best samráð við starfsfólk bankanna. En ég er þeirrar skoðunar að þegar fram í sækir eigi þeir að vera í einkaeigu. Ég vil að það komi fram hérna.

Að því er varðar síðan þau frumvörp sem hér liggja fyrir, þá er ég andstæðrar skoðunar við hæstv. bankamálaráðherra. Ég sé að vísu að hann hefur tekið sér sögulegan bankamálaráðherra til fyrirmyndar. Það var einu sinni annar bankamálaráðherra í allt annarri heimsálfu sem var þeirrar skoðunar að bankarnir eins og flest annað ætti að vera í ríkiseigu og það var Che Guevara. Hann var þeirrar skoðunar. Góður forveri minn í stóli ritstjóra Þjóðviljans fór og heimsótti hann einu sinni og tók við hann merkt viðtal um bankamál á Kúbu. Mér sýnist að að því er varðar þennan fjárfestingarbanka, þá hafi hæstv. bankamálaráðherra lesið Ferðabók Magnúsar Kjartanssonar sem einu sinni sat hér í þessum sal og tileinkað sér það sem Che Guevara sagði honum um hvernig ætti að byggja upp atvinnulífið, þ.e. með því að búa til nýjan ríkisbanka sem sinnti aðallega fjárfestingum.

Ég er algjörlega andstæðrar skoðunar við þá Che Guevara og hæstv. bankamálaráðherra, Finn Ingólfsson. Ég tel að það sé mjög röng afstaða. Hver er það sem hefur komið fram með sterkust rök gegn því hér í kvöld? Það er enginn annar en hv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Geir Hilmar Haarde. Geir Hilmar Haarde hefur flutt sterkustu rökin gegn þessu frv. Hvernig fór hann að því, herra forseti? Með óbeinum hætti eins og honum er lagið, en hann taldi það hér upp að í nefndinni sem á að fjalla um þetta mál sitji fremstu synir og dætur þessa þings þegar efnahagsmál eru annars vegar. Hann jós lofi á hv. þm. Pétur H. Blöndal og tók undir þau orð mín að honum væri gjarnan teflt fram sem sérfræðingi Sjálfstfl. þegar efnahagsmál væru annars vegar. Hann gerði slíkt hið sama við hv. þm. Gunnlaug Sigmundsson og taldi að hann væri meðal færustu sérfræðinga síns flokks. Það liggur fyrir að þessir ágætu tveir félagar okkar, hv. þm. Pétur H. Blöndal og Gunnlaugur Sigmundsson, eru svipaðrar skoðunar og stjórnarandstæðingar í nefndinni, sem hv. þm. jós líka lofi og taldi að væru afskaplega hæfir til þess að fjalla um þessi mál og nefndi þar sérstaklega hv. þm. Ágúst Einarsson. Þeir eru allir sammála um að þau þingskjöl sem hér liggja fyrir séu öll ótæk, þau þjóni ekki þeim hagsmunum sem við vildum þjóna. Og það er hv. þm. Geir H. Haarde sem hefur beinlínis sagt að við eigum að taka mark á þessum sérfræðingum og sjálfur hefur hann sett þá í þessa nefnd sökum sinnar sérfræðiþekkingar. Er það þá þannig að við eigum skyndilega núna að hætta að hlusta á þessa menn? Hvaða rök liggja því til grundvallar? Eigum við ekki líka núna að hlusta á þeirra orð, notfæra okkur þekkingu þeirra og þá reynslu sem þeir hafa heyjað sér í praxís í hagnýtu starfi á þeim markaði þar sem þessi mál eru unnin?

Að sjálfsögðu hljótum við að vega og meta mál þeirra afskaplega vel. Þeir hafa lýst því yfir að þeir eru annarrar skoðunar heldur en kemur fram í þessum þingskjölum. Ég get sagt það alveg eins og er að ræða hv. þm. Péturs H. Blöndals var mjög rökföst og mér fannst hann salla niður þau rök sem hæstv. bankamálaráðherra hefur flutt í þessu máli. Ég

get heldur ekki annað en tekið undir með hv. þm. Pétri H. Blöndal þegar hann sagði að það hefðu verið meinleg örlög þeirra sem stóðu fyrir einkavæðingarráðstefnunni í Perlunni á dögunum að þegar henni lauk, — hvernig gerðist það? Með því að hæstv. forsrh. fór með hugmyndir ríkisstjórnarinnar í fjölmiðla um hvernig ætti að hefja einkavæðinguna og halda henni áfram. Og hvert átti upphafið að vera? Að búa til nýjan ríkisbanka. Það er auðvitað eins og menn segja hrein þverstæða að ætla sér að reka hagfellda einkavæðingu með því að byrja á því að búa til nýjan ríkisbanka. Og hver eru rökin sem hafa verið færð fyrir því? Ég hef ekki séð nokkur rök fyrir því.

Það er auðvitað þannig og ég held að flestir séu þeirrar skoðunar að þeir sjóðir sem á að steypa saman í þennan banka bera lítinn arð í dag. Þeir eru dýrir í rekstri og markmið þeirra eru, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, fokin út í veður og vind. Og það er alveg ljóst að það þarf með einhverjum hætti að taka á þeim. Hæstv. ráðherra og ríkisstjórnin virðast ætla að fara þá leið að búa til nýjan banka úr þessum sjóðum. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það sé miklu betra að taka þessa sjóði og renna þeim saman við viðskiptabankana, alveg án tillits til þess hvort menn ætla að selja þá banka eða ekki. Það mun styrkja þá og auk þess eru þessir bankar nú þegar í starfsemi sem er beinlínis á þeim sviðum sem sjóðirnir vinna á. Ég get því ekki annað en sagt að ég er algjörlega andstæður þessu.

Hvernig stendur þá á því að menn fara þessa leið? Því hefur verið haldið fram í þessum sölum og í fjölmiðlum að þetta sé gert til þess að búa til bankastjórastól fyrir einhverja tiltekna menn sem þessir ágætu herrar vilja koma vel fyrir. Ég held að það hljóti að vera vitleysa. Ég tel ekki að það sé það sem vaki fyrir mönnum. En ég held að það sé hins vegar annað. Hvað er það sem hefur gert það að verkum að pólitísk ítök þessara helmingaskiptastjórna hafa verið jafnsterk síðustu áratugi, jafnvel út alla öldina, og raun ber vitni? Það eru auðvitað hin sterku tök þessara flokka á þessum sjóðum sem eru fyrir í þjóðfélaginu. Í gegnum þá sjóði, beitingu þeirra og misbeitingu hafa þeir haldið völdum sínum og það er auðvitað sú hagsmunagæsla sem vakir fyrir þeim áfram. Þeir ætla sér að búa til nýjan fjárfestingarbanka sem þeir ætla sér algjörlega að stýra eftir sínu höfði, eftir sínum gömlu forskriftum. Það sést bara þegar menn skoða hvernig á að skipa þeim mönnum sem eiga að stjórna þessum bönkum.

Í frv. til laga um Fjárfestingarbanka kemur í ljós að hæstv. iðnrh. á að skipa tvo menn og annar þeirra á að vera samkvæmt ábendingum samtaka iðnaðarins. Sjútvrh. á að skipa tvo menn og annar þeirra á að vera samkvæmt ábendingum atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Hvað er hér á ferðinni? Það er einfaldlega það að þessir flokkar eru að skipa þarna til stjórnunar sína menn og síðan Vinnuveitendasambandið sína tvo menn líka. Þannig er ekkert annað á ferðinni hér heldur en að þessir ágætu menn, þessi ríkisstjórn, þessi helmingaskiptastjórn, er að halda sínum tökum sem hafa fært henni völdin í þessu þjóðfélagi áratugum saman. Það er ekkert annað sem fyrir henni vakir en að halda sínum völdum. Og þar með er ekki verið að hafa að leiðarljósi hagsmuni atvinnulífsins, enda hefur það komið fram í þessum sölum að þeir þingmanna stjórnarinnar sem jafnan er teflt fram af hálfu þessara tveggja flokka þegar atvinnulífið er annars vegar, þegar fjármál eru annars vegar, eru allt annarrar skoðunar en hæstv. ríkisstjórn, vegna þess að þeir menn taka faglega afstöðu. Þeir nota forsendur sinnar eigin reynslu til þess að koma fram með sínar skoðanir. Þeir eru ekki að velta því fyrir sér að halda pólitískum tökum áfram eins og hæstv. iðnrh. og þeir félagar í ríkisstjórninni. Það er þetta sem fyrir þeim vakir. Þetta er pólitísk hagsmunagæsla helmingaskiptaflokkanna og ekkert annað.

Þetta vildi ég segja, herra forseti. Ég er algerlega andstæður þessu frv. til laga um stofnun fjárfestingarbanka. Ég hafði ekki mjög mótaðar skoðanir á hinu frv. sem hér lá fyrir um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. Í grófum dráttum er ég sammála því markmiði sem þarna kemur fram en þegar við lítum á þennan sjóð er ljóst að stjórn hans á að vera með nákvæmlega sama hætti og fjárfestingarbankans. Þá eru það aftur þessir ágætu félagar, forusta Sjálfstfl. og forusta Framsfl., sem ætla að halda sínum tökum á þessum sjóð. Þeir ætla hvor um sig, sjútvrh. og iðnrh., að skipa sinn fulltrúann hvor og síðan ætla þeir að láta vini sína hjá Vinnuveitendasambandinu skipa hina tvo. Þannig hafa þeir tryggan meiri hluta og geta ráðið þessu áfram, geta útdeilt fjármunum til þeirra sem þeir vilja, notað fjármunina til þess að halda þeim völdum sem þeir hafa byggt upp í gegnum beitingu opinbers fjármagns áratugum saman. Það er ekki neitt annað á ferðinni.

Í örfáum setningum tætti hv. þm. Pétur H. Blöndal niður rökin fyrir Nýsköpunarsjóði. Með því að lesa upp þær greinar sem liggja hér fyrir í formi þessa frv. og greinargerðir að baki þeim sýndi hann fram á hvað þessi sjóður gerir. Hann leiðir til þess að á hverju ári munu vera til útdeilingar 200 millj. kr. Það er furðu lítið og miklu minna heldur en hæstv. iðnrh. nefndi í tölum í ýmsum greinum sem hann skrifaði í aðfara síðustu kosninga, en eins og iðnrh. veit er enginn meiri sérfræðingur í kosningaloforðum Framsfl. heldur en sá sem hér stendur. Það var talsvert meira en 200 millj. sem átti á hverju ári að útdeila í þessum tilgangi. Man hæstv. iðnrh. hvað hann sagði í aðdraganda kosninganna? Hann man það ekki. En ég get hresst upp á minni þessa unga manns, sem virðist að vísu vera farinn að reskjast fyrir aldur fram því að hann er búinn að gleyma öllum sínum loforðum. Hann talaði um milljarð, það ætti að setja milljarð í atvinnulífið, það ætti að gera það. Hér eru 200 millj. sem eiga að koma til þess að styrkja nýsköpun. Maðurinn sem skrifaði grein á grein ofan um nauðsyn þess að styrkja íslenskt hugvit, hjálpa litlum fyrirtækjum. Hvað hefur þessi hæstv. iðnrh., sem skrifaði tvær greinar í dagblaðið Tímann á sínum tíma, í apríl árið 1995, þar sem hann talaði um nauðsyn þess að styrkja lítil og meðalstór fyrirtæki. Það er ekki gert með þessu.

Hann talaði líka um það, herra forseti, að nauðsynlegt væri að breyta skattalögunum til þess að auðvelda einmitt litlum fyrirtækjum að efla sjálf sig, innviði sína, með því að veita meira fjármagn og draga til sín meira fjármagn í rannsóknir og þróun, veita skattaívilnanir. Hvar eru þessar skattaívilnanir hans? Þær hafa ekki séð dagsins ljós. Þær munu ekki sjá dagsins ljós.

Hæstv. iðnrh. hefur að mörgu leyti staðið sig afar vel, eins og afrakstur þessa dags hefur sýnt, en það breytir því ekki að hann gaf ákveðin loforð um að búa til umhverfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sköpuðu hálaunuð störf fyrir menntað fólk og það er allt annað heldur en flytja inn láglaunastörf í stóriðju, herra forseti.

Ég verð þess vegna að segja það, herra forseti, um þennan Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að ég hef ekki nokkra trú á því í fyrsta lagi að hann dugi til þess að uppfylla þær væntingar sem hæstv. iðnrh. hefur mörgum sinnum gefið með

loforðum sínum fyrir kosningar og reyndar eftir þær líka. Ég hef heldur ekki nokkra von um það að þessi sjóður nái að uppfylla þær væntingar sem koma fram í greinargerð með frv. Ég veit að hæstv. iðnrh. lítur ekki á mig sem sérfræðing í þessum málum, enda er ég það ekki. En ég vísa til þess að annar þeirra þingmanna sem hv. þm. og formaður þingflokks sjálfstæðismanna hefur nefnt sérstaklega sem sérfræðinga á þessu sviði, úr hans eigin flokki. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sallað niður þetta frv. með því að benda á innri þverstæður í því, með því að benda á að samkvæmt þeim greinum sem er að finna í frv. getur það ekki náð sínum tilgangi. 200 millj. á ári, herra forseti, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal benti á, sem nást við það að festa 4 milljarða ná auðvitað ekki nokkurri átt.

Þetta vildi ég segja, herra forseti. Ég er á móti báðum þessum frumvörpum en að öðru leyti vil ég segja til þess að gleðja hæstv. iðnrh. að því er varðar önnur bankamálafrumvörp hans, þá kann mig að greina á um tæknilega útfærslu þeirra, en ég er sammála meginefni þeirra að öðru leyti.

[21:50]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson segist vera sérfræðingur í kosningaloforðum Framsfl. Það er gott að vita til þess og það eru reyndar fleiri. Hv. þm. er sýnilega ekki sérfræðingur í stefnu Alþfl. vegna þess að ef ég man rétt mun það vera stefnuatriði frá síðasta flokksþingi Alþfl. að sameina fjárfestingarlánasjóðina (**ÖS:** Og líka hinu næstsíðasta.) Og hinu næstsíðasta líka, ég tala nú ekki um. Þetta hefur þá lengi verið á dagskrá fyrir utan það að forveri minn í starfi, þáv. hæstv. iðn.- og viðskrh., Jón Sigurðsson, barðist fyrir nákvæmlega sömu breytingu á þessu fyrirkomulagi og hér hefur verið lagt til.

Staðreyndin er bara sú að í 10–15 ár eins og kom hér fram hjá hv. þm. Svavari Geststsyni áðan hafa menn verið með umræðu í gangi að nauðsynlegt væri að gera breytingar. Hver flokkurinn á fætur öðrum hefur verið í ríkisstjórn þennan tíma, þessi 10–15 ár. Af hverju hafa menn ekki hrint þessum breytingum í framkvæmd? Hver skyldi ástæðan vera? Svo er talað um að menn verði að þora að fara í þetta, gera þetta með þessum hætti, atvinnulífinu komi þetta ekkert við, gera það sem hagkvæmast er að gera og berja þetta hér í gegn. Af hverju hafa menn ekki gert það á þessum 10–15 árum?

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að hann hefði stutt þetta fyrir 10–15 árum. Það er ekki vitlausara en það á þeim tíma. (**SvG:** Síðan eru 10–15 ár.) Akkúrat. En, hv. þm.: Af hverju gerðu menn þetta ekki fyrir 10–15 árum síðan? Það er spurningin sem þarf að svara. Það er einfaldlega þannig að um þetta mál hefur verið mikill pólitískur ágreiningur í 10–15 ár og ég heyri að það er ágreiningur líka um málið enn, hvernig eigi að standa að þessu. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta er viðkvæmt mál og um það eru skiptar skoðanir.

Eins og hér hefur komið fram er mjög mikilvægt að aflétta þeirri óvissu sem verið verið hefur í kringum starfsemi þessara stofnana, hvort sem það eru fjárfestingarlánasjóðirnir eða viðskiptabankarnir. Það sem hefur núna gerst er að betri og víðtækari pólitísk samstaða hefur myndast um þessar aðgerðir nú en í mjög langan tíma. Atvinnulífið hefur hvað eftir annað á undangengnum tíu árum sett sig algerlega gegn þeim breytingum sem þar hafa verið boðaðar, m.a. með sameiningu sjóða. Einstakir flokkar hafa líka gert það.

Ég minnist þess úr umræðunni um Landsvirkjun að hv. þm. Svavar Gestsson kom oft í ræðustól og fordæmdi þau vinnubrögð, ef ég man rétt, sem þar voru viðhöfð, að þingið ætlaði ekki að hlusta á þá aðila sem mestra hagsmuna höfðu að gæta víða um land, sveitarstjórnir. Þær hefðu skrifað hvert bréfið á fætur öðru, hverja ályktunina á fætur annarri til iðnn. og varað við þeim aðgerðum sem þar átti að fara í. Lá mér á hálsi fyrir að leita ekki samráðs við þessa aðila. Það sem ég hef gert nú er að ég hef leitað samráðs við atvinnulífið, iðnaðinn, sjávarútveginn og báða þingflokka ríkisstjórnarinnar og um þetta mál hefur núna skapast sú samstaða innan atvinnulífsins, iðnaðar og sjávarútvegs og í stjórnarflokkunum að menn leggja þessi mál núna fram sem stjórnarfrumvörp og telja að þetta sé sú leið sem hægt sé að fara til að ná þeim breytingum fram sem menn hafa verið að berjast fyrir í 10–15 ár.

Milli mín og hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar er enginn grundvallarágreiningur. Þetta er ekki grundvallarágreiningur. Við höfum báðir það meginmarkmið að leiðarljósi að stefna að því að veita íslensku atvinnulífi betri fjármálaþjónustu og sem ódýrast. Menn greinir hins vegar á um eftir hvaða leiðum á að nálgast þetta. Það hefur komið hér fram að hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson er ekki stuðningsmaður þessa frv. Það kemur mér ekkert á óvart. Ég hef vitað það mjög lengi einfaldlega vegna þess að í þingflokki framsóknarmanna fór fram mjög mikil umræða um þessar leiðir áður en sú ákvörðun var tekin að leggja frv. fram. (**SvG:** Var hann þess vegna settur af?) Hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hefur starfað fyrir viðskrh. að undirbúningi lagafrumvarpanna um viðskiptabankanna (Gripið fram í.) og gerði það, skilaði sínum tillögum ásamt tveimur öðrum nefndarmönnum, hv. þm. Geir H. Haarde og seðlabankastjóra Birgi Ísleifi Gunnarssyni. Sú nefnd var á engan hátt beðin um að fjalla um sjóðina þannig að það hefur ekki verið á verksviði hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar að fjalla um það fyrir mína hönd þannig að það þýðir ekki að tala um að einhver hafi verið settur af í þeim efnum.

Það sem skiptir höfuðmáli í þessu er það að mínu viti að um leiðina sem er valin er víðtækari sátt en oft áður. Markmiðið er það sem allir eru að stefna að: Bætt fjármálaþjónusta með ódýrari hætti. Með þessu frv. eru menn að fækka lánastofnunum. Menn eru með fjórar ríkisreknar lánastofnanir í dag, Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Útflutningslánasjóð, sem er reyndar sáralítið starfandi. Með því að sameina þessa sjóði verða lánastofnanirnar tvær: Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., hlutafélag sem á að einkavæða og verður ekki ríkisbanki nema í mjög skamman tíma. Í öðru lagi hefðu menn farið þá leið sem hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson bendir á að setja sjóðina inn í bankana þá er í bönkunum er 4–5% vaxtamunur. Í sjóðunum er vaxtamunurinn hins vegar í kringum 2%, í öðrum rétt yfir 2% og í hinum rétt undir 2%. Í þeirri áætlun sem núna hefur verið gerð af löggiltum endurskoðanda, Stefáni Svavarssyni, af því að menn efuðust um útreikningana, sem er spá fyrir fjárfestingarbankann og er plagg sem efh.- og viðskn. mun fá í hendur til þess að fara yfir þegar í gegnum þetta mál verður farið, er gert ráð fyrir því í fyrstu að vaxtamunurinn verði 1,8%, lægri heldur en núna í sjóðunum, og geti lækkað niður í 1,5%. Með þessu erum við að draga úr vaxtamun til að geta þjónustað atvinnulífið ódýrar, fækkað lánastofnunum, náð fram hagræðingu og 130 millj. kr. sparnaði, það kom fram í minni framsögu, af því að slá þessum stofnunum saman.

Menn geta síðan leikið sér með tölur og velt fyrir sér hver arðsemin þarf að vera svo hægt sé að sýna fram á að ekki sé hægt að reka viðkomandi stofnun. Það er hægt í öllum verkefnum og öllum fjárhagsáætlunum sem menn setja upp ef menn gera það ríkar arðsemiskröfur að sýnt er fram á að viðkomandi verkefni, viðkomandi fyrirtæki, standist þær ekki. Ég ætla ekki að fullyrða að þessi fjárfestingarbanki stæðist ekki 15% arðsemiskröfu, ég ætla ekkert að fullyrða að svo sé ekki. Ég hef ekki látið kanna það sérstaklega. Samkvæmt þessari áætlun og spá fyrir fjárfestingarbankann sem Stefán Svavarsson hefur gert getur hins vegar arðsemin orðið strax á bilinu 8–9% og hún fer síðan hækkandi. Þær forsendur sem hér eru lagðar eru því alveg skýrar.

Hér er um öflugan banka að ræða, það er alveg hárrétt. Það verður erfitt fyrir viðskiptabankana að keppa við hann. Viðskiptabankarnir eiga hins vegar að mínu viti ekki vera í beinni samkeppni við hann. Að einhverju leyti verður það um langtímalánin og fjárfestingarlánin, en viðskiptabankarnir eru líka farnir af stað með fjárfestingarlán. Það gæti líka farið svo að fjárfestingarbankinn yrði þægilegur samstarfsaðili fyrir viðskiptabankana sem eru litlir í dag og þurfa að stækka, þurfa að auka eigið fé sitt. Þegar sú regla verður komin að enginn einn aðili geti fengið lán, menn megi ekki lána einum aðila meira en 25% af eigin fé, þá þyrftu menn jafnvel að hafa svona sterkan banka eins og Fjárfestingarbankann sem aðila til þess að lána á móti. Ég segi: Þegar búið er að formbreyta þessum sjóðum sem núna eru hver í sínu lagi, koma þeim inn í þennan banka, bjóða til sölu á markaði, þá er ekkert sem bannar það að bankarnir kaupi og þá kemur í ljós, ef það verður gert, hvers virði sjóðirnir eru. Þannig fær þjóðin eðlilegt og sanngjarnt verð fyrir það sem hún á í þessum fyrirtækjum. En með því að slá þeim saman við bankana kemur það ekki í ljós fyrr en það verður farið að selja hlutabréf ríkisins í bönkunum. Ég tel því að allar forsendur séu til þess að þessi banki geti gengið, hann geti skilað íslensku atvinnulífi hagstæðari lánum sem íslenskt atvinnulíf þarf á að halda, gert íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara en það er í dag, samkeppnishæfara við atvinnulífið í löndunum í kringum okkur og skapað okkur þannig betri lífskjör.

Ágreiningurinn stendur hins vegar um hvaða leið skuli velja í upphafi og ég skil það. Ég geri mér grein fyrir því að það eru margar leiðir sem hægt er að fara í þessu. Sumar eru færar, aðrar eru ófærar. Ég tel að þetta sé sú leið sem sé fær.

[22:01]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau viðurkenningarorð sem hann fór um kunnáttu mína að því er varðaði kosningaloforð framsóknarmanna. Hann gat þess jafnframt að það væru fleiri hér inni sem þekktu þau. Ég er viss um að það er rétt hjá hæstv. iðnrh. en ég fullyrði að þá menn er ekki að finna í þingflokki Framsfl. Ég held að það sé leitun á því kosningaloforði flokksins sem þeir eru ekki búnir að svíkja í dag.

Að því er varðaði afstöðu Alþfl. og mína til Fjárfestingarbankans hf. þá er það alveg hárrétt hjá hæstv. iðnrh. að það er samþykkt fyrir því frá síðasta flokksþingi Alþfl. að beita sér fyrir stofnun slíks banka. Það breytir því ekki að ég er á móti því. Ég var á móti því í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þá var annar hæstv. iðnrh. að baksa við að reyna að koma slíku máli fram. Ég minnist þess ekki að hann hafi nokkru sinni komið því það langt að það hafi komist hér inn í sal, a.m.k. komst það ekki í gegnum þingflokk Alþfl. og menn vita hvar sá hæstv. iðnrh. er í dag. (**Gripið fram í:** Farinn til Finnlands.)

[22:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég hef áhyggjur af í þessu sambandi er ekki afstaða hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar til þessa máls. Ég hef þá trú að þegar að því kemur að hann kynni sér málið betur þá muni honum snúast hugur vegna þess að þarna er um skynsamlega leið að ræða sem valin hefur verið. Ég hef hins vegar áhyggjur af því hvað hv. þm. stjórnarandstöðunnar gera orðið lítið af því að rifja upp kosningaloforð Framsfl. frá síðustu kosningum. Og ég leita eftir því að hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar verði nú vakandi í þeim efnum, og nefni dæmi eins og atvinnutækifærin, hagvöxtinn, fjárlagahallann og þar fram eftir götunum (**SvG:** Og lánasjóðinn.) og lánasjóðinn þegar að því kemur, hv. þm. (**SvG:** En ekki strax?) Herra forseti. Það má hvenær sem er fara í þá vinnu. En ég heyri að með þessu vek ég hv. þm. stjórnarandstöðunnar til umhugsunar og bið þá að melta þetta nú með sér og minna okkur á kosningaloforðin því að það er mjög hollt en þau eru flestöll að komast í framkvæmd.

[22:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það getur vel verið að ég lifi í einhverri allt annarri veröld en hæstv. iðnrh. en ég hef ekki orðið var við þetta. Stöku loforð eru að komast í uppfyllingu á miðju kjörtímabili en ég fullyrði að allur obbi þeirra er enn óuppfylltur og svo mun verða vegna þess að flest þeirra er einfaldlega ekki hægt að uppfylla. Þau voru svo yfirdrifin.

Hins vegar kemur hæstv. iðnrh. og eiginlega skorar á mig að hefja hér umræður um kosningaloforð framsóknarmanna. Illt er að eggja óbilgjarnan. Það var einvörðungu af samúð og samhygð með Framsfl. og öðrum félögum mínum í þessum þingsal að ég hef nú látið af þeim ræðuflutningi sem ég iðkaði um tveggja ára skeið sem fólst í því að rifja upp þessi kosningaloforð. En ef hæstv. ráðherrar óska eftir því að ég taki það upp aftur, þá er ég til í það. (**Gripið fram í:** Geymdu það til mánudags.)

[22:04]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra svaraði engu hinni hörðu gagnrýni hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar sem talaði um 15 ára stökk aftur í tímann, mjólkurbúðastigið. Það er dálítið merkilegt hér á ferðinni því að ráðherra sagði að það væri sátt um málið.

Það hefur komið skýrt fram í umræðunni að þetta er vond leið. Þetta er gamaldags leið, þetta er óhagkvæm leið, þetta er ekki leið til sparnaðar eða til einhverrar sóknar í íslensku atvinnulífi. Hún gerir það ekki. Það hafa komið margar röksemdir fram í umræðunni sem styðja það. Hins vegar hefur ráðherra ekki komið með nein sterk rök fyrir þessu máli, en hann talaði um sátt. Og það er ein sátt í þessu máli. Sáttin er fólgin í því að þetta frv. ásamt hinum tryggir óbreytt valdajafnvægi. Það tryggir valdajafnvægi Sjálfstfl., Framsfl., Landssambands ísl. útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva, Samtaka iðnaðarins. Þau fá allt sitt. (Forseti hringir.) Þetta tryggir líka hagsmuni stóru fyrirtækjanna, Eimskips, Sjóvá, Olíufélagsins og VÍS. Þau fá líka sitt. En ég bendi hæstv. ráðherra á að stjórnarþingmennirnir sem

lögðust gegn þessu eru ekki aðilar að valdaklíkum baklands þessara stjórnarflokka.

[22:06]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi heyrt það rétt að hæstv. viðskrh. hafi nefnt hér áðan að vaxtamunur viðskiptabankanna væri 5%. Mig langar að biðja hæstv. viðskrh. að koma hér aftur og segja mér hvort ég hafi skilið rétt að vaxtamunur viðskiptabankanna þegar þeir lána langtímalán sé 5%. Svo langar mig líka að spyrja af því að það hefur verið nefnt að það sé áætlað að vaxtamunur þessa nýja banka verði 1,8%–2%. Er það rétt munað hjá mér að á síðasta ári hafi vaxtamunur að meðaltali hjá Iðnlánasjóði verið 1,6%? Hvernig má þá á því standa að þessi vaxtamunur þurfi að aukast við það að stækka heildina og búa til þennan nýja banka?

[22:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessum spurningum hv. þm. þá held ég að ég muni það rétt og fari rétt með þær tölur að á ársfundi Búnaðarbankans nú fyrir fáeinum dögum síðan þegar reikningar bankans voru kynntir var vaxtamunur Búnaðarbankans 4,65%, ég held ég hafi sagt 4–5%. Á heildarlán, heildarvaxtarmunur bankans er 4,65%.

Varðandi vaxtamuninn í Iðnlánasjóði held ég að þessi tala sé ekki rétt vegna þess að fyrir síðasta ár var var hann 1,83% ef ég man rétt, Fiskveiðasjóður örlítið yfir 2%.

[22:07]

Gunnlaugur M. Sigmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að það er æðimikill munur á því í kostnaði hvort banki er að veita langtímalán, lán til margra ára eða hvort menn eru að veita smálán. Það er bara í rauninni allt annar hlutur og ekki hægt að bera saman við meðalvaxtamismun í banka það sem við erum að tala um hér. En hér er staðfest að vaxtamunur Iðnlánasjóðs er 1,8% eða svipað og á að vera í þessum nýja banka. Því spyr ég: Til hvers erum við að þessu ef það er ekki til þess að ná niður lántökukostnaði þeirra sem eiga að bera uppi þessi vaxtakjör?

[22:08]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í heild sinni fyrir báða sjóðina verður vaxtamunurinn minni. Þegar miðað við fyrsta ár, þessi 1,8%, þá fá menn út arðsemi eigin fjár upp á 8,1%. Síðan er gert ráð fyrir að þessi vaxtamunur geti farið minnkandi vegna þess að hagræðingin kemur ekki öll á fyrsta ári. Hún kemur þegar árin líða, þegar menn ná betri tökum á rekstri viðkomandi banka. Menn telja að þeir komist kannski niður í 1,5% eða jafnvel neðar.

[22:09]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs hér aftur vegna þess að mér finnst satt að segja dálítið sérkennilegt hvernig hæstv. viðskrh. setti þessi mál upp, eins og hann hefði núna loksins leyst 10–15 ára stjórnkerfisþrætu um þessa sjóði. Það er spurning hvort hv. þingmenn hafa áttað sig á því hvaða aðferðir eru notaðar við að leysa þessa þrætu eins og fram kemur í þessu frv. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Ég ætla aðeins að fara yfir það, herra forseti.

Ég vil segja það áður að ég sé ekki betur en þetta frv. sé stjórnkerfislegur vanskapnaður, burt séð algerlega frá efnahagslegu efni málsins sé það stjórnkerfisleg þvæla. Ég hef satt að segja aldrei séð annað eins mál og ég bið hæstv. ráðherra um að nefna mér dæmi um mál sem í einu og sama frv. heyrir undir fjóra ráðherra. Ein lög mundu lúta boðvaldi fjögurra ráðherra ef þetta verður samþykkt svona. Það gengur ekki, herra forseti.

Það er eins og kunnugt er þannig samkvæmt venjum og hefðum og lögum í Stjórnarráði Íslands að lög og framkvæmd laga lúta í hverju tilviki boðvaldi ákveðins ráðherra. Það kann að vera að aðrir ráðherrar komi að einstökum greinum laga, en þá er það jafnan að frumkvæði þess ráðherra sem hefur húsbóndavald yfir viðkomandi lögum og kallar þá hina ráðherrana til eftir atvikum með sérstökum hætti. Í 1. gr. þessa frv. stendur, með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara.“ Það stendur hér „fer með framkvæmd laga þessara.“ Síðan segir í 5. gr. frv., herra forseti, með leyfi forseta: „Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.“ Með öðrum orðum, viðskrh. annast undirbúning að stofnun bankans og fer með framkvæmd laganna en tveir ráðherrar fara þó með það sem lögin snúast um, þ.e. eignarhlut ríkisins, sjútvrh. og iðnrh. í þessu tilviki. En er það þá þannig að þessir tveir ráðherrar fari saman eða hvor í sínu lagi með atkvæði ríkissjóðs á aðalfundi fjárfestingarbankans? Er það þannig? Eða hvernig er með atkvæði ríkissjóðs á aðalfundi fjárfestingarbankans? Ég bið hæstv. forseta og hv. þm. að taka eftir því að það er fimm manna nefnd, það er hvorugur ráðherrann og ekki ráðherrarnir saman, heldur er það fimm manna nefnd sem fer með atkvæði ríkissjóðs á aðalfundi fjárfestingarbankans. Það er í raun og veru þriðji aðilinn í þessu dæmi. Það er í fyrsta lagi viðskrh., það er í öðru lagi sjútvrh. og iðnrh. og það er í þriðja lagi nefnd sem fer með atkvæði ríkissjóðs á aðalfundi fjárfestingarbankans. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Eru einhver dæmi þess að nefnd en ekki ráðherra, stjórnvald, framkvæmdarvald, fari með atkvæði ríkissjóðs? Ég fullyrði, herra forseti, að það er ekkert dæmi til þess, ekkert, vegna þess að þessi uppssetning mála er auðvitað hreinn bastarður miðað við þær venjur og reglur sem tíðkast í Stjórnarráði Íslands.

Í þriðja lagi, herra forseti, er í 6. gr. frv. þetta: „Skulu iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra þegar eftir gildistöku laga þessara hefja undirbúning að sölu hlutafjár.“ Bíðum nú hæg, herra forseti. Viðskrh. annast undirbúning að stofnun bankans og fer með framkvæmd laganna en iðnrh. og sjútvrh. eiga að fara með sölu hlutafjár í bankanum. 49% eru í höndunum á hinum tveimur ráðherrunum, iðnrh. og sjútvh.

Og síðan kemur í 9. gr. frv. fjórði ráðherrann til sögunnar því að þar segir, með leyfi forseta: „Ríkissjóður ber ábyrgð á þeim skuldbindingum Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem ríkisábyrgð er á við stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.“ Með öðrum orðum, þar er það fjmrh.

Ég vil segja við hæstv. iðn.- og viðskrh. að það hefði verið hægt að leysa þessa kerfisþrætu um sjóðina fyrir löngu ef menn hefðu haft hugmyndaflug til þess að setja þennan pott undir fjóra ráðherra og eina nefnd þannig að málið er ekki

leyst með þessu frv. Það er enn þá stjórnkerfisflækja burt séð frá þeirri efnahagslegu hlið málsins sem hér hefur verið rakið. Og ég vil þess vegna segja við hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar: Hvað sem efni málsins að öðru leyti líður, þá er frv. stjórnkerfislegur bastarður eins og það lítur hér út. Það má ekki afgreiða það svona nema menn séu að taka ákvarðanir um að breyta vinnubrögðum, stefnu og áherslum í Stjórnarráði Íslands í grundvallaratriðum. En þá er það ekki gert í sérlögum. Það er gert í frumvörpum til breytinga á stjórnarráðslögunum. En eins og þetta lítur út, herra forseti, þá er frv. frá sjónarmiði stjórnarráðslaganna og þeirra venja sem hér tíðkast í stjórnkerfinu alger þvæla. Það er alger þvæla, herra forseti. Og það er allt of snemmt fyrir hæstv. ráðherra að vera montinn af því að hafa leyst 10–15 ára gamla þrætu því að hann hefur ekki gert það. Hún er hér enn þá lifandi komin í hverri einustu línu þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 1. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 728.

[22:16]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 728, 424. mál þingsins er frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins sem ég mæli hér fyrir. Með vísan til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða ákvað ég fyrir rúmu ári að skipa nefnd til að undirbúa lagafrv. um sjálfstæðan og óháðan lánasjóð sem var ætlað að sinna þörfum landbúnaðarins og um leið að leysa af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins. Var það byggt á þeirri niðurstöðu sem varð í ríkisstjórn að reka áfram öflugan og sjálfstæðan lánasjóð er þjóni landbúnaðinum en sameina hann ekki fjárfestingarlánasjóðum annarra atvinnugreina eins og fyrirhugað er að gera og hefur nú verið rætt hér um hríð í hv. þingi síðdegis í dag og kvöld. Þá hafa forustumenn bænda lagt þunga áherslu á að áfram verði starfræktur sjálfstæður lánasjóður fyrir landbúnaðinn. Sameining Stofnlánadeildar landbúnaðarins við aðra sjóði kom því ekki til greina á þessu stigi vegna sérstöðu landbúnaðarins í íslensku atvinnulífi.

Stofnlánadeild landbúnaðarins starfar samkvæmt I. kafla laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Ýmis ákvæði í þeim lögum eru úr takt við tímann og því um hríð legið fyrir að þörf væri á að endurskoða ýmis ákvæði þeirra til er varðar útlán og vaxtakjör og innheimtu sjóðagjalda. En sem kunnugt er hefur 2% neytenda- og jöfnunargjald verið innheimt af heildsöluverði landbúnaðarvara og andvirði þess runnið til niðurgreiðslu á vöxtum vegna útlána deildarinnar.

Samkvæmt lögum er Stofnlánadeild landbúnaðarins deild í Búnaðarbanka Íslands. Bankaráð Búnaðarbankans fer með stjórn Stofnlánadeildar og þegar málefni deildarinnar eru til meðferðar hjá bankaráði taka þar að auki sæti tveir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Í skýrslu bankaeftirlits Seðlabankans um athugun á nokkrum þáttum í rekstri og efnahag Stofnlánadeildar landbúnaðarins frá því í febrúar/mars 1996 segir m.a., með leyfi forseta:

„Bankaeftirlitið telur að núverandi fyrirkomulag á stöðu og starfsemi Stofnlánadeildar og hin nánu stjórnunarlegu og starfslegu tengsl við Búnaðarbankann skapi vissa hættu á að ekki sé gætt nægjanlegrar aðgreiningar við ákvarðanatöku. Er því tímabært að þess mati að aðskilja þessar stofnanir með þeim hætti að sjálfstæði í ákvarðanatöku og rekstri Stofnlánadeildar sé ótvírætt. Slík breyting verður þó ekki gerð nema með breytingu á lögum."

Hæstv. forseti. Að framan hef ég rakið helstu ástæður þess að ég legg hér fram frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Meginbreyting frá núgildandi lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins lýtur að lögformlegu sjálfstæði sjóðsins þar sem auknar kröfur um ábyrgð eru lagðar á herðar stjórnar og framkvæmdastjóra. Í 4. og 5. gr. frv. er kveðið á um hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra og er leitast við að afmarka hlutverk þeirra svo sem kostur er en að öðru leyti fellur sjóðurinn undir lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Frv. gerir ráð fyrir að sjóðurinn veiti einungis lán til bænda og þjónustufyrirtækja landbúnaðarins. Um leið eru heimildir nokkuð rýmkaðar varðandi útlán, m.a. eru lán ekki lengur bundin við lögbýli. Stjórn lánasjóðsins mun síðan setja almennar reglur um lánveitingar og lánskjör.

Áfram verður miðað við að lán verði einungis veitt með veði á 1. veðrétti en þó er heimilt að gera þar undantekningar á ef um er að ræða lán frá öðrum opinberum sjóðum, t.d. Húsnæðisstofnun. Um þá kröfu að lána einungis með veði á 1. veðrétti hefur talvert verið rætt. Mín rök eru þau að sjóðurinn er með ríkisábyrgð og því verður hann að hafa tryggt veð fyrir útlánum sínum. Þá eru vextir á lánum sjóðsins niðurgreiddir gegnum sjóðagjald og eru þeir einhverjir þeir lægstu sem fyrirfinnast á markaðinum nú. Ef menn vilja hins vegar hverfa frá kröfunni um 1. veðrétt verða vextir að hækka vegna meiri útlánaáhættu.

Ein veigamikil breyting er fólgin í því að horfið verður frá innheimtu 1% neytendagjalds og 1% jöfnunargjalds af heildsöluverði seldra landbúnaðarvara. Þess í stað fái sjóðurinn hlutdeild í nýju búnaðargjaldi sem verður 1,1% af stofni þess gjalds. Í þessu sambandi vil ég upplýsa að ég hef einnig látið semja lagafrv. um breytingu á álagningu og innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði sem ég mun væntanlega leggja fram innan fárra daga, en þessi tvö lagafrv. þurfa að fylgjast að í meðförum þingsins og meðhöndlun landbn. um málin bæði. Með breytingu á álagningu sjóðagjalda er ætlunin að sameina sjóðagjöld og breyta innheimtu þeirra með það að markmiði að gera innheimtuna einfaldari, öruggari og ódýrari. Við það að breyta innheimtu búnaðargjalds mun gjaldskyldur búvöruframleiðandi greiða á gjalddögum virðisaukaskatts í staðgreiðslu til innheimtumanna ríkissjóðs búnaðargjald af gjaldskyldri veltu. Álagning og afstemming fer síðan fram árið eftir á grundvelli skattframtals. Við þessa breytingu verða heildarsjóðagjöld lækkuð úr u.þ.b. 4% í 2,65% verði þessi frv. samþykkt.

Nú ber að geta þess að þar sem þetta frv. er ekki komið fram, vonandi verður mælt fyrir því í næstu viku, þá er kannski erfitt að gera nákvæmlega grein fyrir því hvernig þessi innheimta fellur saman en það skýrist þegar mælt verður fyrir því frv. nánar og eins að sjálfsögðu í meðferð hv. landbn. á þessum málum báðum. Færi svo að sjóðagjaldafrv., sem við höfum kosið að láta nú heita búnaðargjald ef það yrði að lögum, næði ekki að fá afgreiðslu hér á hv. þingi í vor þá er auðvitað mögulegt og æskilegt að samt sem áður verði þetta frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins samþykkt og þá

með þeim hætti að horfið yrði frá innheimtu neytendagjaldsins sem er 1% en haldið áfram innheimtu 1% jöfnunargjalds af heildsöluverði seldra landbúnaðarafurða. Það á því út af fyrir sig ekki að hafa áhrif á afgreiðslu þessa frv. sem hér er mælt fyrir þó æskilegt væri að málin færu samhliða í gegnum þing. Það skal undirstrikað að í sambandi við búnaðargjaldið hið nýja er ekki um að ræða nýjan skatt heldur er verið að einfalda það innheimtufyrirkomulag sem nú tíðkast. Um leið verða heildarsjóðagjöld lækkuð og þar með dregið úr þeim millifærslum sem verið hafa í landbúnaðarkerfinu.

Gert er ráð fyrir að tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins af stofni búnaðargjalds sem síðar verður notað til lánajöfnunar, verði á bilinu 165–170 millj. kr. á ári og er þá miðað við veltu í landbúnaði árið 1995. Þessi tala kann þó að verða eitthvað lægri. Árið 1996 nam samanlögð innheimta neytenda- og jöfnunargjalds rúmum 366 millj. kr. Í frv. um álagningu og innheimtu búnaðargjalds er við það miðað að svokallað stofnlánadeildargjald verði einnig lagt niður, en það var hluti af búnaðarmálasjóðsgjaldinu skv. gildandi lögum sem var 0,1–0,2%. Árið 1996 nam sú fjárhæð rúmum 26 millj. kr. Samanlögð voru gjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins því rúmlega 392 milljónir árið 1996. Þannig verður heildarlækkun sjóðagjalda til Lánasjóðs landbúnaðarins u.þ.b. 225 millj. kr. miðað við það eins og áður sagði að hlutur lánasjóðsins í hinu nýja búnaðargjaldi verði 165–170 milljónir.

Forsenda fyrir framangreindri lækkun gjaldsins er að vextir útlána hækki á móti tekjurýrnun sjóðsins vegna lægri sjóðagjalda. Nefnd sú sem samdi frv. miðaði við það í útreikningum sínum að útlánavextir nýrra útlána yrði hækkaðir úr 2% í 3% auk annarra lítils háttar tilfærslna útlána milli vaxtaflokka. Þessi leið er að sjálfsögðu fær en einnig kæmi til álita að hækka líka vexti á eldri lánum, en í skuldabréfunum eru heimildir til þess að hækka vextina, sem mundi væntanlega þýða minni vaxtahækkun í prósentum talið. Ég vil á hinn bóginn leggja áherslu á að það verður hlutverk nýrrar stjórnar að reikna þetta út og taka síðan ákvörðun um miðað við ákvæði frv., en að sjálfsögðu getur Alþingi tekið af skarið í þessu efni sé það vilji löggjafans að kveða upp úr um málið í stað þess að láta stjórnina hafa val í þessu efni.

Í 11. gr. er ákvæði um að varðveita raungildi eigin fjár í sjóðnum. Það eru því skýr fyrirmæli til stjórnenda lánasjóðsins að sjá um að svo verði, en er um leið takmarkandi þáttur til eigenda sjóðsins eða ríkissjóðs til að krefjast arðs frá sjóðnum. Miðað er við að Lánasjóður landbúnaðarins taki frá og með 1. janúar 1998 við öllum skuldum og skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þrátt fyrir að lögin taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót, 1. janúar 1998 verði frv. samþykkt, er nauðsynlegt talið að stjórn lánasjóðsins verði skipuð svo fljótt sem kostur er til að undirbúa starfsemi sjóðsins.

Af þessu tilefni tel ég rétt að gefa þingheimi nokkrar tölulegar upplýsingar um rekstur og stöðu Stofnlánadeildar landbúnaðarins eins og hún var í árslok 1996. Á árinu 1996 voru veitt 698 lán samtals að fjárhæð 930,2 millj. kr. og námu þá heildarútlán deildarinnar 9.972,7 millj. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam samtals 2.329 millj. kr. í árslok. Eiginfjárhlutfall deildarinnar sem reiknað er út samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði var 22,25% í árslok en má lægst vera 8%. Á árinu var hagnaður af rekstri deildarinnar að fjárhæð 169 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi en rekstrarútgjöld námu 62,4 millj. kr. og er því rekstrarkostnaður innan við 0,6% af niðurstöðu efnahagsreikningsins.

Hæstv. forseti. Ég hef hér rakið helstu atriði frv. en vísa að öðru leyti til greinargerðarinnar og athugasemda með frv. Eins og ég hef áður lýst þarf frv. að afgreiðast samhliða væntanlegu frv. er fjallar um álagningu og innheimtu búnaðargjalds sem verður væntanlega lagt fram á Alþingi einhvern næstu daga. Ég vil árétta hér að frv. um Lánasjóð landbúnaðarins og frv. um búnaðarsjóð eru samtengd og þurfa að hafa samflot í gegnum þingið. Ef frv. um búnaðarsjóð hins vegar næði ekki fram að ganga á þessu þingi þarf að breyta frv. um Lánasjóð landbúnaðarins í samræmi við það eins og ég gerði gerði lítils háttar grein fyrir áður í ræðu minni.

Ég vil geta þess að lokum að málefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafa verið til umfjöllunar á tveimur búnaðarþingum, bæði í fyrra og svo nú á nýafstöðnu búnaðarþingi þar sem lögð var áhersla á að frv. um Lánasjóð landbúnaðarins verði afgreitt sem lög á því Alþingi sem nú situr. Búnaðarþing hefur á hinn bóginn sett fram óskir um að núgildandi lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins verði breytt strax þannig að innheimtuhlutfalli sjóðagjalda verði breytt frá 1. júní næstkomandi í 0,8% gjald í stað 2% gjaldsins nú, án þess að vextir verði hækkaðir á útlánum á móti á þessu ári en væntanlega er þá gert ráð fyrir að hækkunin yrði samt um áramót. Ef þetta gengi eftir hefði það umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu Stofnlánadeildarinnar á þessu ári sem nauðsynlegt væri að skoða nánar. Það má þó minna á að rekstrarafkoma var góð og tekjuafgangur á seinasta ári eins og áður kom hér fram, þ.e. 169 millj. kr. Búnaðarþing hefur einnig bent á nokkur önnur atriði sem ekki hafa verið tekið inn í frv. sem rétt er að landbn. skoði um leið og hún fær frv. til athugunar.

Hæstv. forseti. Ég er tilbúinn til að skoða frekar þau atriði sem ég hef hér rætt í samvinnu við landbn. þingsins og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[22:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum hér um bankana, fjárfestingarbanka og nýsköpunarsjóð hefur mönnum orðið mjög tíðrætt um svokölluð helmingaskipti Sjálfstfl. og Framsfl. og þarf það út af fyrir sig ekki að koma á óvart því að þessi frv. endurspegla frekar en flest annað þessi raunverulegu helmingaskipti og valdahlutföll í samfélaginu. Og líklega er það þetta frv., frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins, sem gengur hvað lengst á þessu sviði því það er alveg ljóst að lengra varð ekki komist í pólitískri málamiðlun og er því ætlunin að Lánasjóður landbúnaðarins heyri áfram undir landbrh. Saga ríkisrekins fjármagnsmarkaðar er vörðuð bautasteinum pólitískrar spillingar. Og það er alveg ljóst að það á áfram að halda á þeirri braut með þeim sjóði sem hér er verið að búa til.

Því hljótum við að spyrja okkur eftirfarandi spurningar þegar við förum yfir frv. eins og það sem hér liggur fyrir: Hvers vegna er landbúnaðinum líkt og áður ætíð ætlað að standa utan við þann fjármagnsmarkað eða fjármagnsaðgang sem aðrar atvinnugreinar geta leitað til? Hvers vegna er landbúnaðinum ætíð haldið utan við aðrar greinar? Landbúnaðurinn er líkt og einhvers konar hreppsómagi. Það má líkja honum við hreppsómaga. Við hljótum að spyrja hæstv. landbrh. hvers vegna þessi sjóður er ekki settur undir fjárfestingarbanka líkt og aðrir sjóðir atvinnuveganna. Það hlýtur að vera grundvallarspurning í þessu máli og það hlýtur að vera

spurning hvenær landbúnaðurinn fær að starfa líkt og aðrar greinar í þessu landi. Hvers vegna þarf hann ætíð að sitja á einhverjum óæðri bás?

Önnur spurning sem við hljótum að velta fyrir okkur er hvers konar sjóður hér er á ferðinni. Jú, hér á ferðinni sjóður sem er fjármagnaður með skattlagningu bænda, fjármagnaður með skattlagningu sem síðan er notuð til að veita fjárfestingarlán á niðurgreiddum vöxtum. Við hljótum því að spyrja hvaða nauðsyn sé á þessu. Hver eru rökin fyrir þessu? Hver eru rökin fyrir því að við skulum vera með niðurgreidda vexti í fjárfestingarlánasjóði í grein þar sem offjárfesting er fyrir? Það hlýtur að vera grundvallarspurning hver þörfin sé á því að vera með sérstakan fjárfestingarlánasjóð með niðurgreiddum vöxtum í grein þar sem fyrir er offjárfesting. Hér er á ferðinni forræðishyggja í anda liðins tíma, forræðishyggja sem virðist koma aftur og aftur í hvert sinn sem Framsfl. er falið það verkefni að koma á nýrri skipan í hverju máli sem honum er falið.

Virðulegi forseti. Ég get greint frá því að við lestur á frv. kannaði ég sérstaklega hjá starfsmönnum þingsins hvort ekki vantaði eitthvað inn í þetta frv., hvort hér væri allt á ferðinni sem hæstv. landbrh. ætlaði að leggja fram. Eftir könnun reyndist svo vera. Það eru ekki frekari skýringar á þessu frv. en sem greinir hér í athugasemdunum við þetta lagafrv., þ.e. á um það bil hálfri síðu þar sem markmið frv. koma fram. Síðunni er meira og minna eytt í að greina frá því hverjir sátu í nefndinni og við hverja nefndin talaði. Það er að finna einar þrjár, fjórar línur um hvert markmið sjóðsins er, annað ekki. Fátæklegra getur það ekki verið. Það kemur ekki einu sinni fram í frv. eða greinargerð með því hvert eigið fé sjóðsins er. Það kemur ekki einu sinni fram hversu stór sjóður hér er á ferðinni. Í raun og veru kemur bókstaflega ekkert fram, ekki nokkur skapaður hlutur enda er þetta frv. þannig úr garði gert að ég á erfitt með að sjá að hv. þm. Sjálfstfl. láti þetta rúlla í gegnum þingið án athugasemda. Þó má finna ýmislegt spaugilegt í þeim fáu línum sem fjalla um hvert markmiðið sé. Það verður ekki hjá því komist að benda á setningu í þessari litlu greinargerð þar sem segir að ætlunin hafi verið að undirbúa lagafrumvarp um sjálfstæðan og óháðan lánasjóð til að sinna þörfum landbúnaðarins og um leið taka yfir Stofnlánadeild landbúnaðarins, sjálfstæðan og óháðan lánasjóð.

3. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra skipar fimm menn í stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins til fjögurra ára í senn." Þ.e. þennan sjálfstæða, óháða lánasjóð landbúnaðarins. „Bændasamtök Íslands skulu tilnefna tvo menn í stjórnina en þrír skulu skipaðir af landbúnaðarráðherra án tilnefningar."

Ekki kemur reyndar fram hvort þeir þurfi að vera úr Þingeyjarsýslunni. (**Landbrh.:** Það væri nú ekki verra.) Að bera það fram hér, virðulegi forseti, að hér sé á ferðinni sjálfstæður, óháður lánasjóður sem heyri undir landbrh., sjóður sem er fjármagnaður með skattlagningu á greininni, þ.e. tilfærslur frá bændum til einhverra vildarvina þeirra sem ráða ferðinni í þessum sjóði. Hér er ekki verið að gera neitt annað, virðulegi forseti, en að viðhalda því gamla kerfi að núverandi yfirstjórn landbúnaðarmála hafi áfram með það að gera hverjir arki í þeirri skrúðgöngu sem bændur hafa þurft að arka núna um langt skeið, göngunni sem hefur leitt til þess að bændur hafa sennilega aldrei staðið frammi fyrir verri vandamálum en einmitt nú. Þessu kerfi á að viðhalda, virðulegi forseti, með þessu frv. og menn virðast ekki sjá neinar aðrar leiðir út úr þessu en að búa til nýjan lánasjóð, Lánasjóð landbúnaðarins, skipaðan fimm mönnum af hæstv. landbrh. Mér virðist sem hér sé enn á ferðinni ein framsóknarlausnin sem er nú kannski ekki vænleg til árangurs í nútímaatvinnurekstri frekar en í fortíðinni.

Herra forseti. Það er nú víða að finna broslegri hluti en að þetta sé sjálfstæður og óháður lánasjóður, því hér segir í greinargerðinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðið var að aðlaga reksturinn breyttum tímum, endurskoða sjóðagjöld og útlánavexti, tryggja lágmarksrekstrarkostnað og viðhalda sterkri eiginfjárstöðu."

Með öðrum orðum: Markmiðið með því „biksi" sem hér er á ferðinni er að aðlaga sjóðina að nýjum tímum og það eru hinir nýju tímar, virðulegi forseti, sem Framsfl. boðar.

Um einstakar greinar frv., virðulegi forseti, er kannski lítið að segja. Grundvallaratriðið er að hér er á ferðinni forræðishyggja. Hér er á ferðinni það að tryggja á að landbúnaðurinn verði áfram fastur í þeim fjötrum sem hann hefur verið um langt skeið, fjötrum helmingaskiptanna þar sem Framsfl. ræður ferðinni. Frv. er aðeins ætlað að tryggja að völdin í þessari grein haldist áfram þar sem þau hafa verið.

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. vakti athygli á því áðan að í 6. gr. frv. þar sem fjallað er um hverjar tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins skuli vera, kemur fram að þær skuli m.a. vera 1,1% af stofni búnaðargjalds. En það er nú svo að enginn veit hvað þetta búnaðargjald er. Það er hvergi til í núgildandi lögum og því er erfitt að fjalla frekar um það hér. Hæstv. landbrh. gerði líka grein fyrir því að frv. um þetta búnaðargjald væri á leiðinni. Þar sem ég sit í hv. landbn. mun ég fá tækifæri til að fjalla um það gjald í nefndinni.

Í 11. gr. frv., virðulegi forseti, ef frv. hægt er að kalla, segir m.a., ja, segir í raun og veru ekki annað en að það skuli fara vel með peninga. Í athugasemdum við frv. segir, með leyfi forseta:

„Eitt af meginmarkmiðunum er að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu Lánasjóðs landbúnaðarins þrátt fyrir brottfall neytendagjalds."

Í raun og veru segir ekkert annað en að í þessum sjóði skuli fara vel með peninga. Og það eru þó talsverð tíðindi, virðulegi forseti, þegar þessi grein samfélagsins er höfð undir.

Reyndar er það svo, virðulegi forseti, að það er kannski óskaplega lítið til viðbótar um þetta að segja. Þetta frv. er hvorki fugl né fiskur. Það er ekki ætlað til annars en að viðhalda óbreyttu valdakerfi í landbúnaðargeiranum og verði það að lögum þá tekst það. Hér er ekki á ferðinni neitt nýtt. Hér er á ferðinni að allt skuli áfram vera óbreytt í þessum geira samfélagsins, að þessi atvinnugrein skuli ekki fá að vaxa og dafna af eigin verðleikum.

Litlu er við þetta að bæta, virðulegi forseti. Þingflokkur jafnaðarmanna mun leggjast eindregið gegn þessu frv.

[22:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Í sjálfu sér ætla ég ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Ég stend að sjálfsögðu að því ásamt þingmönnum stjórnarflokkanna. Það vekur auðvitað spurningar þegar verið er að stofna sérstakan sjóð um lánamál landbúnaðarins á sama tíma og verið er að reyna að einfalda þetta lánakerfi að öðru leyti. Það má segja sem svo að þetta veki spurningar um samræmi og á vissan hátt vekur það líka spurningar um það hvort hér sé endilega verið að gera

landbúnaðinum greiða, hvort ekki hefði verið eðlilegra eða heppilegra að landbúnaðurinn fengi að vinna innan sama sjóðakerfis eins og annað atvinnulíf í landinu. Engu að síður er þetta að mínu mati skref í rétta átt frá því fyrirkomulagi sem hefur ríkt og vissulega er verið að hverfa að nokkru leyti frá því mikla millifærslukerfi sem hefur verið í sambandi við lánamál landbúnaðarins.

Lánamál landbúnaðarins hafa verið dálítið önnur en lánamálin almennt í atvinnulífinu. Menn hafa vísvitandi komið upp talsvert miklu millifærslu- og tilfærslukerfi innan þessarar greinar sem við skulum ekki gleyma að hefur haft tiltekin markmið. Það má segja að þetta hafi verið á vissan hátt eins konar aðstoðarkerfi. Þetta kerfi hefur verið hugsað til þess að greiða fyrir tiltekinni starfsemi og tilteknum breytingum í landbúnaðinum. Nú vitum við að eitt af því sem hefur vakið og valdið áhyggjum innan landbúnaðarins og hjá þeim sem hafa fylgst með þróun landbúnaðarins á síðustu árum, er hversu illa hefur gengið að stuðla að nauðsynlegri nýliðun í greininni. Það hefur reynst mjög erfitt fyrir unga bændur að taka við jörðum og hefja búskap einfaldlega vegna þess að menn þurfa að skuldsetja sig og afkoma landbúnaðarins hefur verið slík að miðað við venjuleg vaxtakjör sem hafa náttúrlega verið óeðlilega há og erfið hér á landi þá hefur verið mjög erfitt fyrir unga bændur að hasla sér völl í landbúnaði eins og afkoma greinarinnar hefur verið. Þess vegna hefur mjög vísvitandi verið haldið uppi þeirri vaxtastefnu sem Stofnlánadeildin hefur stundað, þ.e. að reyna að halda niðri vöxtunum með þessum miklu sjóðagjöldum landbúnaðarins, bókstaflega í þeim tilgangi að færa til fjármuni frá þeim sem ekki skulda innan landbúnaðarins og til þeirra sem hafa skuldað og eru að skulda í landbúnaðinum af þessum ástæðum. Auðvitað orkaði þetta mjög tvímælis. Ég var hins vegar að reyna að vekja athygli á þeirri hugmyndafræði sem hefur verið á bak við þetta og þeirri hugsun sem hefur verið á bak við þetta. En ég vil vekja athygli á því að þegar við lesum 6. gr. frv. þá er gert ráð fyrir því að þetta millifærslukerfi verði dregið nokkuð saman. Það kemur fram í athugasemdum við 6. gr. að samanlögð gjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi verið tæplega 400 millj. kr. árið 1996 eða 392 millj. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heildarlækkunin til Stofnlánadeildarinnar þegar þetta frv. hefur tekið gildi og er orðið að lögum, verði um 225 millj. kr. á ári. Og hér er um að ræða nokkuð verulega breytingu á því fyrirkomulagi sem hefur verið við lýði.

Þetta, virðulegi forseti, var þó ekki það sem rak mig í ræðustól núna. Það voru önnur atriði sem ég held að þurfi nauðsynlega að skoða mun betur í hv. landbn. þegar menn fara að fara yfir þetta frv. Hér á ég við gildistökuákvæði frv. um Lánasjóð landbúnaðarins. Mér sýnist, virðulegi forseti, að eins og gert er ráð fyrir því í þeim ákvæðum í 12. gr. frv. og í sérstöku ákvæði til bráðabirgða, þá muni það ekki geta gengið upp. Ég held, virðulegi forseti, að eins og þetta mál er úr garði gert þá sé í því fólgin algjör þverstæða.

Nú vek ég athygli á því að samkvæmt 12. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögin um Lánasjóð landbúnaðarins öðlist gildi 1. janúar 1998. Engu að síður er gert ráð fyrir því í þessu ákvæði til bráðabirgða að landbrh. skuli skipa stjórn Lánasjóðs landbúnaðarins og hún skuli undirbúa starfsemi sjóðsins. Þetta gengur auðvitað ekki upp, virðulegi forseti. Það er ekki hægt að skipa stjórn í sjóð sem ekki er til. Það er ekki hægt að skipa stjórn í einhverjum sjóði sem ekki er búið að setja lög um, sem ekki hafa tekið gildi. Ástæðan fyrir því að ég taldi ástæðu til að vekja á þessu sérstaka athygli er sú að við gengum í gegnum þessa umræðu í samgöngunefnd Alþingis þegar verið var að formbreyta Pósti og síma. Nákvæmlega þetta var uppi á tengingnum. Það var gert ráð fyrir því að starfsemi þess fyrirtækis hæfist um síðustu áramót eins og menn vita og það var nauðsynlegt og það sáu auðvitað allir að það var nauðsynlegt að hefja undirbúning málsins fyrr. Það þurfti einhvern veginn að vera hægt að gera það á þann hátt að hið nýja fyrirtæki á þeim tíma gæti hafið starfsemi sína snurðulaust. Í upphaflegum búningi þess frumvarpstexta var gert ráð fyrir nokkuð svipuðu ákvæði og hérna. En við nánari skoðun sem m.a. studdist við athuganir hinna fremstu lögfræðinga á þessu sviði komumst við að því að þetta gat ekki gengið upp. Það er auðvitað ekkert hægt að fela einhverri stjórn í sjóði sem ekki er búið að stofna með lögum eða ef lögin hafa ekki öðlast gildi. Þá er ekki hægt að fela slíkri stjórn, sem er engin stjórn samkvæmt lögunum, undirbúning málsins. Þannig að niðurstaðan í lögunum um Póst og síma varð sú, virðulegi forseti, að gert var ráð fyrir því í fyrsta lagi að Póstur og sími hf. tæki til starfa 1. jan. 1997. Síðan segir í 7. gr. laganna, með leyfi virðulegs forseta:

„Samgönguráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnun félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga."

Síðan var gert ráð fyrir því í sérstöku ákvæði til bráðabirgða að samgrh. skipaði eigi síðar en 1. júlí 1996, þ.e. hálfu ári fyrr, undirbúningsnefnd þá sem mælt var fyrir um í þessum lagatexta sem ég var að lesa og að nefndin skyldi taka til starfa þegar í stað. Í umræðunni var að vísu reynt að gera þetta mál og þessa aðferð okkar tortryggilega en það breytti því ekki að þannig gekk þetta fyrir sig og gekk mjög vel. Þessi nefnd fékk nægileg völd til að undirbúa stofnun hins nýja félags án þess að henni væri fært í hendur hið mikla vald sem stjórn hlutafélags hefur. Hún fékk sem sagt völdin til að framkvæma þá nauðsynlegu löggerninga sem voru brýnir til að geta hafið undirbúninginn að stofnun félagsins þannig að tryggt væri að stofnun félagsins gengi sem best fyrir sig. Félagið var síðan skuldbundið af löggerningum þeim sem þessi nefnd hafði skuldbundið félagið af. Ég held, virðulegi forseti, að það væri skynsamlegt að hv. landbn., þegar hún fær þetta mál til meðhöndlunar, reyndi að fara í gegnum þetta mál með svipuðum hætti, kallaði ef til vill fyrir sig fulltrúa þá sem komu að þessu hjá Póst og síma svo ég taki dæmi vegna þess að þar höfum við reynslu og sjálfsagt er að byggja á þeirri reynslu. Til að mynda vek ég í því sambandi athygli á því að Stefán Már Stefánsson, prófessor í lagadeild háskólans, hefur skrifað mikla og góða bók um hlutafélaglöggjöfina og er manna færastur á þessu sviði og var mjög til aðstoðar þegar verið var að undirbúa þessa lagasetningu um Póst og síma.

Á þessu, herra forseti, vildi ég í mikilli vinsemd og að sjálfsögðu vegna stuðnings míns við þetta mál vekja athygli vegna þess að það er mikilvægt fyrir okkur, hvaða afstöðu sem við höfum annars til lagatextans eða frumvarpstextans í sjálfu sér og þess prinsipps sem að baki býr, og auðvitað nauðsynlegt að lagasetningin sjálf sé þannig að hún standist innbyrðis. Þess vegna, virðulegi forseti, var það mitt meginerindi í þennan ræðustól að vekja athygli á þessu og koma þeim boðum formlega til þeirrar þingnefndar, landbn.

Alþingis, sem fær þetta mál væntanlega til meðhöndlunar þannig að þessar athugasemdir mínar sem ég hef reyndar komið á framfæri annars staðar líka lægju alveg fyrir héðan úr þessum ræðustóli og þannig að það lægi þá fyrir í störfum nefndarinnar að þessar athugasemdir hefðu verið gerðar og að á þessu máli hefði verið vakin athygli sérstaklega í ljósi þess að Alþingi hefur sjálft mjög nýlega farið í gegnum þessa vinnu, reyndar á vettvangi annarrar þingnefndar en auðvitað hér í málstofunni líka þegar verið var að ganga frá þessu máli, virðulegi forseti.

[22:52]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hafi lýst stuðningi sínum hér við þetta frv. þá var mál hans eigi að síður áfellisdómur yfir vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að tvennu leyti. Í fyrsta lagi bendir hann á mjög alvarlegan tæknilegan annmarka á frv. Hann bendir á að lögin eigi ekki að taka gildi fyrr en í ársbyrjun 1998 og þar með verður þessi sjóður ekki til fyrr en þá. Eigi að síður á samkvæmt bráðabirgðaákvæði að skipa honum stjórn. Það á að skipa sjóði sem ekki er til stjórn. Þetta gengur auðvitað ekki, herra forseti. Það sem er enn merkilegra er að hv. þm. bendir á að svipuð vinnubrögð hafa áður verið uppi varðandi tiltekið frv. hjá hæstv. ríkisstjórn og nefnd sem hann veitir forstöðu neyddist til að lagfæra það. Maður veltir því fyrir sér hvers konar vinnubrögð eru uppi hjá hæstv. ríkisstjórn þegar henni verða á svona glöp. Þetta var hin fyrri áfellisdómur hv. þm. yfir frv.

Hinn var miklu merkilegri. Hv. þm. gat þess að að vísu væri það svo að þetta frv. væri skref fram á við. En áður hafði hann efnislega tekið undir ummæli og athugasemdir hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar þegar hann sagði að það orkaði auðvitað tvímælis að um landbúnaðinn skyldi ekki skipaður sami lagarammi og sömu leikreglur og gilda um aðra hluta atvinnulífsins. Það er vert að undirstrika þetta, herra forseti, því að þó hv. þm. kunni ef til vill að hafa verið beygður til hlýðni við þetta frv. þá er alveg ljóst af máli hans að hann telur að það gangi of skammt. Hann er ósammála því. Það er merkilegt, herra forseti, vegna þess að þetta er þriðji þingmaður stjórnarliðsins sem kemur upp á þessu kvöldi um jafnmörg frv. og lýsir í rauninni efnislegri andstöðu við þá stefnu sem ríkisstjórnin er að birta hér í kvöld. Því auðvitað er það svo, herra forseti, að það er hárrétt sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að það er óeðlilegt að hafa þennan hátt á og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson er nægilega skynsamur til að skilja það. En er hann nægilega kjarkaður til að viðurkenna það hér í orði?

[22:54]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði áðan hefur greinilega ekki komist nægilega skýrt til skila til hv. 15. þm. Reykv. Ég lýsti yfir afdráttarlausum stuðningi mínum við frv. Ég velti því hins vegar upp sem var mjög eðlilegt í ljósi þess að við vorum að ræða hér önnur mál fyrr í þinginu hvort það væri rétt að skipa þessum málum þannig að þessi sjóður hefði runnið inn í hinn nýja fjárfestingarsjóð. Ég vakti hins vegar athygli á því sem mér fannst vera stóra málið og það var að verið væri að hverfa í veigamiklum atriðum frá því mikla millifærslukerfi sem hefur ríkt í landbúnaðinum. Ég vakti líka athygli á því sem mér fannst nauðsynlegt, að hér áður og fyrr hefur það verið stefna manna að nýta þessa millifærslu til þess að m.a. auðvelda nýliðun í landbúnaði o.s.frv.

Síðan var annar punktur sem hv. þm. nefndi og mér finnst mjög sérkennilegur og er ekki einskorðaður við þennan hv. þm. heldur ýmsa aðra. Hann er að þegar þingið fær það verkefni í hendurnar að fara yfir efnisatriði frv. þá finnst mér það ekki vera að lýsa neinu sérstöku vantrausti eða slæmum vinnubrögðum þó þingið geri breytingar á frv. Mér finnst það mjög sérkennilegt þegar verið er að tala um að þing neyðist til að gera breytingar því auðvitað er það þannig að þingið fer sjálfstætt ofan í frv. og ofan í þingmál og gerir þær breytingar sem nauðsynlegar eru. Ef við hefðum svona mikla ofurtrú á því framkvæmdarvaldi sem er að undirbúa svona frumvarpstexta þá hefðum við auðvitað enga sérstaka þörf á því að láta frv. fara í gegnum þrjár umræður í þinginu og til nefnda. Mér finnst þess vegna, virðulegi forseti, að í máli hv. þm. felist einhvers konar vanmetakennd gagnvart þinginu og einhvers konar oftrú á famkvæmdarvaldinu sem kann, virðulegi forseti, að helgast af því að hv. þm. sat sem ráðherra um nokkurt skeið og hefur kannski ofmetnast af því að hafa setið þar og farið að líta þannig á að þingið væri einhver afgreiðslustofnun. En það er auðvitað ekki þannig, virðulegi forseti. (**SvG:** Það er viðreisnarstjórnin sem hann er að hugsa um.)

[22:57]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var mjög skrýtin ræða hjá hv. þm. Í fyrsta lagi vil ég segja að íslenskan er okkur dýr og hún á að vera okkur kær. Orð eru dýr og við eigum að gæta þess að útvatna ekki málið. Hv. þm. sagðist hafa lýst yfir afdráttarlausum stuðningi við frv. Hann benti hins vegar á að frá sjónarhóli vinnubragða væri það ótækt, hæstv. ráðherra hefði ekki tekið mið af fyrri vinnu við svipaðar tæknilegar útfærslur á síðasta ári og hann benti á að það væru ákvæði sem stæðust ekki innbyrðis. Getur hann þá komið og sagt að hann styðji það afdráttarlaust?

Hann benti líka á að frv. gengi ekki nógu langt þó það væri skref í rétta átt. Er hægt að kalla það afdráttarlausan stuðning? Að sjálfsögðu ekki, herra forseti. Það verður líka að koma skýrt fram að þó hann sé að segja hér að verið sé að hverfa frá gömlu millifærsluleiðinni þá útskýrir hann það ekkert í sinni fyrri ræðu. Hann verður að koma hér aftur og skýra það fyrir okkur því staðreyndin er sú að nákvæmlega sama hugmyndafræði liggur til grundvallar þessu frv. og Stofnlánadeildinni gömlu. Það er ekki hægt að sjá neinn meginmun þar á þó að ýmiss konar gjöld séu öðruvísi og minni. Þessu verður hv. þm. að gera sér grein fyrir.

Ég kem hér aðallega upp til að lýsa því yfir, af því að þingmaðurinn er það skýr, að hann getur ekki gert sjálfum sér það að koma hingað og segja að hann styðji eitthvað afdráttarlaust sem hann er búinn að tæta í sig með sinni eigin og ágætlega vel útfærðu röksemdafærslu. Þá er hann að lýsa vantrú og vantrausti á sjálfan sig en ég deili því ekki með honum.

[22:59]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað vegna hinnar marxísku fortíðar hv. þm. sem þessi sjálfsásökunarhugsun hefur læðst upp í huga hans núna á síðkvöldinu. Það verður auðvitað að hafa þetta allt saman í huga. Menn verða að hafa þetta allt saman í sögulegu samhengi, virðulegi forseti.

Það sem ég gerði hérna áðan var að vekja athygli á því að þrátt fyrir að ekki væri horfið að öllu leyti frá því millifærslukerfi sem hefði verið við lýði í landbúnaðinum og málum landbúnaðarins, þá var engu að síður degið mjög verulega úr þessu millifærslukerfi. Það hefur kannski farið fram hjá hv. þm. í sögulegum þenkingum hans undir ræðu minni áðan að ég vakti á því athygli að á árinu 1996, þ.e. í fyrra, voru samanlögð gjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins tæplega 400 millj. kr. en munu lækka á því ári sem lögin tækju gildi, árið 1998, um 225 millj. og það tel ég, virðulegi forseti, að sé nokkurt skref í þessum efnum. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það hefði verið skynsamlegra að ganga skrefið enn þá lengra, en komst að þeirri niðurstöðu að skynsamlegast væri að fylgja þessu frv. eins og það er úr garði gert og gerði það. Það er mjög algengt að þingnefndir taki síðan mál til meðhöndlunar, stjórnarliðar jafnt sem stjórnarandstæðingar, komist að einhverri niðurstöðu um breytingar og standi síðan að því. Þannig var það í sambandi við Póst og síma og í því fólst enginn áfellisdómur meiri hluta samgn. á vinnubrögð heldur eingöngu það að þingnefndirnar eiga að hafa þetta sjálfstæði til þess að vinna að málum og breyta frumvörpum ef það er eðlilegt og horfir til rétts vegar.

[23:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er spurning hvort vísa ætti þessu máli kannski til samgn. með hliðsjón af þeim ræðuhöldum sem hér hafa farið fram í kvöld, þar sem hv. þm. er eini þingmaður Sjálfstfl. sem hefur talað í málinu sem bendir til þess samkvæmt skýringum Geirs Hilmars Haardes fyrr í kvöld að allir hinir séu með málinu þannig að samkvæmt formúlu hv. þm. Geirs Haardes er það þannig að allir þeir sem ekki tala, þeir sem þegja, eru með.

Varðandi málið að öðru leyti ætla ég ekki að segja neitt annað en það að mér finnst að málið eigi að fara til efh.- og viðskn. og ég flyt tillögu um að það fari til efh.- og viðskn. Þetta er partur af þessu sjóðadrasli sem er til hér í þjóðfélaginu og það er eðlilegt að málið fari til efh.- og viðskn. Hún er vön að vera með svoleiðis mál og ég segi þetta m.a. í tilefni af umræðunum um nýsköpunarlánasjóð sem var vísað til þeirrar nefndar sem auðvitað hefði verið hugsanlegt að vísa til hv. iðnn. en niðurstaðan er nú þessi að menn láta þetta yfir sig ganga og þar af leiðandi verði frv. um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem er löngu komið til iðnn., flutt þaðan til efh.- og viðskn. Þetta mál á auðvitað að fara til efh.- og viðskn. Ég boða það, herra forseti, að ég mun flytja um það tillögu á mánudaginn, ef þörf krefur, að þetta mál fari þangað en ekki til landbn., það hefur ekkert þangað að gera.

Varðandi málið að öðru leyti ætla ég að segja það út af þessum umræðum um bráðabirgðaákvæði að mér sýnist að í rauninni sé einfalt að leysa það. Það sé einfaldast að leysa það með þeim hætti að fella það niður og hæstv. landbrh. gefi yfirlýsingu um að hann ætli að skipa undirbúningsnefnd sem verði nokkurn veginn eins skipuð og ætla má að stjórnin verði skipuð og síðan undirbúi þessi nefnd málið og svo taki lögin gildi 1. janúar 1998 eins og að öðru leyti er gert ráð fyrir. Ég er sammála hv. 1. þm. Vestf. um að það er ekki hægt að hafa þetta nákvæmlega svona, en ég held að það sé einfalt að leysa málið.

Að lokum, herra forseti, af því að ég ætla ekki að hafa langt mál, vil ég greina frá því hvernig ég skil frv. Ég skil það þannig að verið sé að leggja niður eða breyta þrenns konar gjöldum. Í fyrsta lagi stofnlánagjaldi sem er 0,1–0,2% af tilteknum stofni og skilar 26 millj. kr. á ári eða svo. Í öðru lagi neytendagjaldi sem er 1% af tilteknum stofni. Og í þriðja lagi jöfnunargjaldi sem er 1% af tilteknum stofni. Þetta stendur einhvers staðar í frv. að geri samtals um 360 millj. kr., þ.e. þessi tvö 1% gjöld.

Þá sýnist mér að hér sé um það að ræða að fella eigi niður gjöld upp á 386 millj. kr. en í staðinn eigi að taka upp gjald sem er 1,1% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu búvöru eins og það er orðað í frv. Þetta gjald er talið gefa 165–170 millj. kr. þannig að samkvæmt þessu er um að ræða lækkun upp á 216–221 millj. kr. ef ég skil þetta frv. rétt. En hvernig á þá að bæta Stofnlánadeildinni upp þennan mismun? Hún þarf á því að halda, hún er með öfugan höfuðstól, hún er á hausnum. Það á að gera með því að hækka vexti. Og um hve mikið á að hækka vexti? Um 50%, þ.e. það á að hækka raunvexti úr 2% upp í 3%. Það er mikil hækkun og ég held að það væri æskilegt því að ég sé það ekki hér í plagginu að fá frá hæstv. ráðherra smáskýringu á því hvað þetta er mikil upphæð. Ég óttast það satt að segja að þessi framkvæmd sé ekki mikil jafnaðarstefna vegna þess að hún lendir kannski verst á þeim bændum sem búa við verst skilyrði í dag því að við vitum að það sem dregur markalínuna milli feigs og ófeigs í landbúnaði eru skuldirnar. Hér er því bersýnilega verið að leggja auknar byrðar á þá bændur sem skulda mest eins og staðan er í þessu máli og það er verið að flytja byrðarnar af öllum bændum, bæði óskuldugum og skuldugum, yfir á þá skuldugu eina og mér finnst það satt að segja ekki endilega skynsamlegt nema ég hafi sérstök rök fyrir því að þeir skuldugu hljóti að eiga að bera þetta. Einhverjir kunna að vera þeirrar skoðunar að þannig eigi það að vera. En þá bendi ég á það, herra forseti, að í ákvörðunum í efnahagsmálum á undanförnum árum hafa þær oft og tíðum gengið út á það að hlífa hinum verst settu og illa skuldugu þannig að ég sé ekki í fljótu bragði að það þurfi endilega að vera skynsamlegt að velta öllum þessum vanda yfir á þá bændur sem jafnvel búa við verst kjör af öllum bændum. Þess vegna set ég fyrir mitt leyti, án þess að vera neinn sérfræðingur á þessu sviði hafandi bara lesið frv. hér í kvöld í fjarveru góðra manna, fyrirvara við að það sé skynsamlegt að fjármagna þetta með því að skattleggja aukalega þá bændur í landinu sem skuldugastir eru.

[23:06]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held einmitt að hv. þm. Svavar Gestsson hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann segir: Hvað er þessi lánasjóður að gera í landbn.? Ef allt væri með felldu í þessari atvinnugrein, þá færi þetta til efh.- og viðskn. Ég hef ekki heyrt nokkra tillögu um það að Fiskveiðasjóður færi í sjútvn., Iðnlánasjóður í iðnn. og Útflutningslánasjóður í utanrmn. Það hefur ekki hvarflað að nokkrum manni. En hér enduspeglast einmitt þessi sérstaða landbúnaðarins að það virðast ríkja um hann einhverjar allt aðrar reglur en gilda um aðra, allt aðrar reglur sem endurspeglast í því að frv. sem undir öllum eðilegum kringumstæðum ætti að fara til efh.- og viðskn. fer til landbn.

Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í landbn. og hef mikinn hug á því að fjalla um þetta mál, þá dreg ég það í efa að ég muni styðja tillögu hv. þm. en á hitt er að líta að það væri miklu eðlilegra að málið færi til efh.- og viðskn.

[23:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er fjórða og síðasta frv. í flokki frumvarpa ríkisstjórnarinnar um endurskipulagningu á fjármagnsmarkaði, þ.e. frv. um Lánasjóð landbúnaðarins. Enn og aftur kemur ríkisstjórnin með slæmt frv. Það er fyrst og fremst vegna þess að hér er verið að viðhalda millifærslu í einni atvinnugrein og það sem verra er, þessi atvinnugrein er tekin sérstaklega út úr og fær ekki að vera með öðrum atvinnugreinum í þessum málum.

Iðnaðurinn hefur brotist út úr þessu millifærslukerfi, síðan sjávarútvegurinn. Landbúnaðurinn hefur verið mjög inni í þessu kerfi og enn þá er hann með búvörusamninga sem eru í gildi. Hér er hins vegar sá afmarkaði þáttur sem lýtur að fjárfestingarlánasjóðum og þá eru þau grundvallarmistök gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar, sem er umhugað um að reyna að upphefja skiptingu milli atvinnuvega, að skilja landbúnaðinn eftir í einum sjóði. Það er verst fyrir landbúnaðinn sjálfan að svo skuli vera. Það hefði verið miklu farsælla, herra forseti, að landbúnaðurinn hefði fengið að vera með öðrum atvinnugreinum og þess vegna komið fram í frv. um fjárfestingarbanka, þó ég sé á móti fjárfestingarbankanum sem slíkum. Það hefði verið miklu heilbrigðara og betra að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði verið felld inn í Fjárfestingarbankann hf. Þá hefði landbúnaðurinn verið settur á þann sess sem hann á skilið, þ.e. jafnrétthár öðrum atvinnugreinum.

Með þessu frv., þó ég viti að það sé ekki í sjálfu sér vilji hæstv. landbrh., þá er hann að setja landbúnaðinn skör lægra í íslensku þjóðlífi, hann er að setja landbúnaðinn skör lægra í íslenskum fjármálaheimi og við það er ég ekki sáttur. Ég á sæti í hv. landbn. og kem væntanlega til með að fjalla um þetta mál, en mér rennur það oft til rifja að fylgjast með því hvað þetta kerfi í kringum landbúnaðinn einangrar hann og gerir honum verst í útfærslu stjórnvalda og það er sú leið sem farin er hér. Jafnframt er viðhaldið þeirri slæmu stefnu sem hefur verið lengi, að lán í Stofnlánadeild eru með 2% vöxtum, þ.e. niðurgreiddum vöxtum. Hér á að hækka þá upp í 3%. Samt er viðhaldið þessari röngu stefnu að vera með niðurgreidd lán sem einhver annar greiðir. Niðurgreidd lán leiða aldrei til hagsbóta fyrir lántakanda. Þetta leiðir til lengdar alltaf til þess að það er fjárfest rangt og það er ekki unnið á jafnréttisgrundvelli. Allar atvinnugreinar hafa verið að færa sig út úr þessu umhverfi, allar nema landbúnaðurinn.

Vissulega er það rétt sem hæstv. landbrh. gerði skilmerkilega grein fyrir að gjaldið lækkar úr 392 millj. kr. um 225 millj. 167 þús. kr. þannig að millifærslan er minnkuð verulega. Það er vitaskuld til bóta en auðvitað er þetta sáralítill hluti af millifærslukerfi landbúnaðarins sem hér er um að ræða.

Hvað varðar þá nefnd sem málið fer til, þá vakti hv. þm. Svavar Gestsson athygli á því hvort ekki væri rétt að frv. færi til efh.- og viðskn. og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson tók undir það mál. Ég held, herra forseti, að þessi mál hafi almennt farið inn í viðkomandi fagnefnd en ég treysti því að forseti muni leggjast yfir það mál með hæstv. landbrh. hvort ekki sé rétt að farið að málið fari til landbn. Menn verða að skoða forsögu málsins. Ég held að um sérsjóðina hafi gilt almennt að þeir hafi farið í viðkomandi fagnefndir, þ.e. Fiskveiðasjóður í sjútvn. og Iðnlánasjóður í iðnn. o.s.frv. Mig grunar að það hafi verið venjan hér í þinginu þó vitaskuld sé ég ekki að mælast undan því að málið fari til efh.- og viðskn. Ég á þær sæti en mér finnst að mörgu leyti réttara að málið fái umfjöllun í landbn. En ég treysti forseta að leggja mat á það úr því að þessi athugasemd kom fram og ég efast ekki um að um það mundi ríkja sátt við hæstv. landbrh.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson talaði í reynd nokkuð gegn þessu frv. þó svo að hann léti hafa það eftir sér að þetta væri spor í rétta átt. Ég tel reyndar sjálfur ekki að þetta frv. sé spor í rétta átt, því miður, og aðalröksemdin sem ég færi fyrir því máli er sú að með því að taka landbúnaðinn sérstaklega út úr eins og hér er gert er verið að setja hann skör lægra. Það á ég, herra forseti, mjög erfitt með að þola fyrir hönd íslensks landbúnaðar og eru málsvararnir farnir að snúast nokkuð hér í þingsölum þegar ég tek þannig til orða til varnar íslenskum landbúnaði, en sá sem sækir á að setja landbúnaðinn skör lægra að mínu mati er hæstv. landbrh. Ég veit að það er ekki hugur hans í þessu máli. Hins vegar get ég sagt honum að það er einmitt það sem gerist með samþykkt þessa frv. Það hefði verið farsælla og ég vildi gjarnan fá að vita hvort ráðherra fyndist koma til greina að menn reyndu að finna þessu frv. annan farveg, þ.e. að reyna að fella það inn í þá almennu uppstokkun sem hér á sér stað á sjóðum atvinnulífsins þó svo að við séum kannski ekki sammála um hver hin endanlega lending eigi að vera, þ.e. hvort til greina komi í nefndarumræðu að landbúnaðinum sé gert jafnhátt undir höfði og öðrum atvinnugreinum og hann fái sinn réttmæta sess innan dyra en sé ekki hafður út undan eins og gert er með þessu frv.

[23:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. sem hafa að mestu verið málefnalegar ef ég leiði hjá mér stóryrði eins og „pólitíska útlánaspillingu“ og „helmingaskiptingu milli flokka“ og eitthvað slíkt. Ég læt það bara eiga sig, ég er ekkert að karpa um það neitt sérstaklega. Það geta menn haft fyrir sig, þeir sem þannig vilja tala. En að öðru leyti tel ég að umræðan hafi verið málefnaleg og snúist um efnisatriði frv. Mig langar að fara örfáum orðum yfir það sem a.m.k. hefur verið til mín beint eða það sem ég tel ástæðu til að reyna að gefa frekari skýringar við.

A.m.k. þrír hv. þm. hafa velt því fyrir sér hvort það sé eðlilegt að setja landbúnaðinn til hliðar eða láta hann standa utan við þá uppstokkun sem nú á sér stað eða fyrirhugað að fram fari varðandi fjárfestingarlánasjóði annarra atvinnugreina. Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir því í framsöguræðu minni á hverju sú afstaða mín væri byggð að það bæri að fara svo með þennan sérstaka sjóð og vil aðeins árétta það, sem ég veit þó að öllum hv. þm. er ljóst, að það er ekki verið að búa til alveg nýjan sjóð eða nýjan lánafarveg fyrir þessa atvinnugrein. Landbúnaðurinn hefur búið við þessi sérstöku skilyrði eins og reyndar hefur komið fram hjá a.m.k. sumum hv. þm. í gegnum Stofnlánadeild landbúnaðarins, í gegnum sjóðagjöld, í gegnum millifærslukerfi að það hafa verið niðurgreiddir vextir. Við erum hér að stíga ákveðið skref í átt eins og ég held að verið sé að gera á ýmsum fleiri sviðum í sambandi við landbúnaðinn og hef leyft mér að fullyrða að sé að gerast í tíð þessarar ríkisstjórnar, að við séum að færa landbúnaðinn í annan farveg, nær því sem kallað er markaðskerfi, heldur en gilt hefur að undanförnu. Þess vegna er ég alls ekki sammála því sem fram kom hjá hv. 6. þm. Suðurl. að stöðugt sé verið að njörva landbúnaðinn niður og það gerðist a.m.k. í tíð núv. landbrh. þegar Framsfl. væri

ætlað að standa að breytingum og nýsköpun í landbúnaði, þá væri það í öfuga átt, það fullyrði ég að sé ekki rétt. Ég held að þetta séu ekki sanngjörn ummæli og ég minni á breytingar sem gerðar voru í sambandi við endurskoðun á búvörusamningum hvað varðar sauðfjárræktina og fullyrði að í þessu frv. eins og það er hér lagt fram eru umtalsverðar breytingar frá gildandi kerfi þó að enn þá sé gert ráð fyrir því að landbúnaðurinn búi við sérstök lánakjör og að um málið sé fjallað í sérstökum lánasjóði.

Ég minni aftur á það frv. sem væntanlegt er um búnaðargjaldið sem við höfum kosið að kalla svo sem er mikil breyting á því sjóðakerfi sem ríkir í dag, mikið til einföldunar, mikið til lækkunar og er skref í þá átt að draga úr millifærslukerfinu, sem stundum hefur verið kallað svo, einfalda þetta landbúnaðarkerfi og vonandi mæta þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hv. 1. þm. Vestf. og hann lét reyndar koma fram í umræðum í þingi í gær, ef ég man rétt, þar sem hann velti líka fyrir sér hvort ekki væri hægt að draga eitthvað úr þeim kostnaði sem er við ýmsa milliliði í landbúnaðinum. Ég tel mig vera að reyna að gera það, bæði nú og með væntanlegu frv. og með öðrum breytingum sem eru að gerast í landbúnaðinum í tíð núverandi ríkisstjórnar. Ég fullyrði að hér er verið að stíga skref í þá átt að færa landbúnaðinn nær þessu markaðskerfi sem aðrir atvinnuvegir búa við og hv. 11. þm. Reykn. sagði í lokin — ég held að hann hafi orðað það svo — að iðnaðurinn t.d. hefði brotist út úr. En hvort sem við köllum það því nafni eða einhverju öðru, þá er þetta aðlögun sem gerist og hér erum við að stíga stórt skref í þá átt, en mín skoðun er sú að það sé betra að fara hægar í þessu. Þegar hv. 6. þm. Suðurl. talar um offjárfestingu í landbúnaði þar sem ástæðulaust sé að vera að hvetja eða auðvelda útlán eða greiða niður vexti af lánum til fjárfestinga, þá er staðreyndin sú að landbúnaðinum er brýn þörf á nauðsynlegri endurnýjun og viðhaldi eigna og fjárfestinga. Einnig er vissulega áhyggjuefni, og ég deili því með hv. 1. þm. Vesturl. og sjálfsagt fleiri hv. þm., að það þarf að auðvelda nýliðun í landbúnaðinum. Það er vissulega eitt af því sem er vandamál hvað landbúnaðinn varðar og ekki er hægt því að neita eða leyna að það tengist afkomumálum í landbúnaði að nýliðunin er erfið og ég tel að það sé ekki tímabært að taka algerlega af alla vaxtaniðurgreiðslu á lánum til landbúnaðar sem mundi gerast ef við felldum niður sjóðagjöld að fullu og legðum þennan sérstaka lánasjóð niður hvort sem hann heitir nú Stofnlánadeild eða Lánasjóður landbúnaðarins og tækjum upp fulla markaðsvexti með því að færa þetta inn í hinn almenna fjárfestingarsjóð eða fjárfestingarbanka. Það eru mín rök fyrir því að leggja til þá breytingu sem hér liggur nú fyrir og frv. eins og það hefur verið sett fram.

Hv. 6. þm. Suðurl. gerði líka nokkrar athugasemdir við að lítið væri af t.d. tölulegum upplýsingum í athugasemdumum við lagafrv. Ég veit ekki hvort það eru endilega meðmæli með lagafrv. að það sé svo sérstaklega langt eða uppfullt af upplýsingum sem menn hafa góðan og greiðan aðgang að annars staðar. Ég bendi á að nýlega kom út ársskýrsla Stofnlánadeildar landbúnaðar fyrir árið 1996 og ég sé ekki að þetta frv. hefði verið nokkru betra þó ég hefði látið prenta þessa ársskýrslu með frv. eða tölurnar úr henni. Ég skal hins vegar sjá til þess að hv. landbn. fái þessa ársskýrslu til þess að skoða með frv. þannig að tölulegar upplýsingar liggi þar fyrir og ef einhverjar aðrar frekari upplýsingar vantar, þá reynum við auðvitað að verða við því að útvega hv. nefnd þær.

Hv. 6. þm. Suðurl. talaði líka ofurlítið um 11. gr. frv. og sagði að í henni stæði lítið annað en að það ætti að fara vel með fé. Það er auðvitað mikilvægt að menn árétti það og geri grein fyrir því að það er stefnt að því að varðveita raungildi eigin fjár sjóðsins. En það er annað í greininni sem raunverulega er verið að segja og er mikilvægt og það er að niðurgreiðslan eða sjóðagjöldin, þ.e. afkoma sjóðsins sé fyrst og fremst notuð til þess að greiða niður vextina en verði ekki notuð til þess að greiða arð til eigandans, greiða arð í ríkissjóð. Þetta er áréttað í 11. gr. líka og ég vildi aðeins bæta því við annars ljúfar hugleiðingar hv. 6. þm. Suðurl. varðandi það að vel skuli fara með fé almennt talað og ég get verið honum sammála um það.

Aðeins viðbót við það sem hv. 1. þm. Vestf. vék að í sínu máli, þá velti hann vöngum eins og aðrir yfir því hvort þessum lánasjóði eða lánum til landbúnaðarins væri betur komið með öðrum atvinnugreinum. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt og ætla ekki að bæta við það neinu en vil þó minna á það sem ég sagði í lok framsöguræðu minnar áðan að ég væri að sjálfsögðu tilbúinn til þess að skoða frekar ýmis þau atriði sem ég hef velt hér upp, t.d. athugasemdir frá búnaðarþingi og annað sem varðar breytingar vegna búnaðargjaldsins og að hugsanlega verði búnaðargjaldið ekki samþykkt á þingi í vor, þá þarf að gera athugasemdir og breytingar á frv. En ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að ræða breytingar í samvinnu við landbn. þingsins og ég er það mikill, eins og kannski er sagt á ljótu máli „parlamentaristi" eða þingræðissinni að ég vil að sjálfsögðu að þingið fari vel yfir þau frumvörp sem koma frá framkvæmdarvaldinu og ég hef aldrei haft neinar athugasemdir við það að þingnefndir skoði vel þau frumvörp sem koma frá landbrh. eða umhvrh. og vil miklu frekar eiga góða samvinnu við nefndirnar um það sem hugsanlega má betur fara, ef það er niðurstaða nefndarinnar, og þá vonandi í samkomulagi við mig hvaða breytingar geta þar verið til bóta. Aðeins að lokum varðandi athugasemdir hv. þm. um stjórn sjóðsins samkvæmt ákvæði til bráðabirgða, að skipa stjórn Lánasjóðsins strax, þá ætla ég út af fyrir sig ekki að deila við hv. þm. í þessum ræðustól. Þetta mun að sjálfsögðu verða skoðað í nefndinni. Ég get vel hugsað mér að það megi leysa málið með því að skipa sérstaka undirbúningsnefnd en ég vil þó minna á það að þingið er ekki alltaf alveg samkvæmt sjálfu sér og afgreiðir ekki mál ævinlega með sama hætti.

Á seinasta ári samþykktum við ný lög um náttúruvernd. Þar var gert ráð fyrir breytingum á starfsemi Náttúruverndarráðs og stofnun nýrrar ríkisstofnunar sem heitir nú Náttúruvernd ríkisins. Í ákvæði til bráðabirgða þar var gert ráð fyrir því að stjórn Náttúruverndar ríkisins yrði skipuð hið fyrsta og að hún tæki að sér að annast undirbúning starfsemi þeirrar nýju stofnunar. Það var gert, gekk allt eftir. Stjórnin var skipuð síðla síðasta árs en stofnunin tók ekki til starfa samkvæmt lögunum fyrr en um áramót. Þetta nefni ég bara til ábendingar. Það getur vel verið að mönnum finnist að það hátti öðruvísi með hreina ríkisstofnun heldur en lánasjóð af þessu tagi, ég tala nú ekki um ef það er hlutafélag eins og Póstur og sími, þannig að ég hygg að það gæti hafa haft einhver áhrif en að sjálfsögðu læt ég nefndinni eftir að skoða þetta nánar og er tilbúinn til að skoða það með nefndinni.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði hins vegar ofurlítið öðruvísi í sambandi við lánamálin, sjóðagjöldin og hækkun eða lækkun vaxta en aðrir hv. þm. gerðu sem virtust hafa mestar áhyggjur af því að vextir skyldu ekki vera færðir af stofnlánum til land-

búnaðar í markaðsvexti, en sá hv. þm. hafði miklar áhyggjur af því að e.t.v. ætti að hækka vextina um eitt prósentustig úr 2% í 3 % þannig að skoðanir eru greinilega nokkuð skiptar hvað þetta mál varðar. Ég tel hins vegar að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að færa sig út úr sjóðagjöldunum smám saman og færa landbúnaðinn nær því að takast á við markaðsvexti og að með því skrefi sem hér er stigið, sem vissulega er stórt, sé verið að hækka vextina um við skulum segja 50% í raun eða eitt prósentustug úr 2% í 3% sem er auðvitað mikil hækkun, en það sé nauðsynlegt skref, og ég minni á og bendi á að um það er algjör samstaða í Bændasamtökunum. Nýlegt búnaðarþing hefur lýst yfir stuðningi við þetta frv. sem búnaðarþing tók til umfjöllunar og ef ég vitna til ályktunarinnar, með leyfi forseta, þá sagði þar m.a.:

„Búnaðarþing 1997 leggur áherslu á að frv. um lánasjóð landbúnaðarins verði afgreitt á því Alþingi sem nú situr.“ Og búnaðarþing áréttar það svo aftur síðar í ályktuninni, að vísu með nokkrum breytingum sem ég greindi frá áðan og sumar hafa verið teknar inn í frv. nú þegar, aðrar ekki en eðlilegt að hv. landbn. skoði frekar.

Ég tel eðlilegt að þetta frv. fari til landbn. Það er hinn eðlilegi síður að frv. fari til fagnefnda eins og hv. 11. þm. Reykn. minnti á. Ég minni á að búnaðargjaldið, sem kemur hér væntanlega inn á næstu dögum í þingið, mun að sjálfsögðu fara til umfjöllunar í landbn. vegna þess að það var varðar mikið álögur á landbúnaðinn, sjóðagjöldin eða breytingar á sjóðagjöldunum svokölluðu. Því tel ég bæði eðlilegt og nauðsynlegt að frv. fari til landbn. en hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að það sé sent hv. efh.- og viðskn. til umsagnar eins og algengt er með frumvörp milli nefnda í hv. þingi.

Að lokum nokkur orð um það sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykn. Ég vil deila þeirri skoðun með honum og vera honum sammála um að það er mikilvægt að landbúnaðurinn njóti sannmælis og að við séum samstiga í því að gera honum sem hæst undir höfði og hann eigi ekki að vera lægra settur en aðrar atvinnugreinar. Ég tel að ég sé að stíga verulegt skref í þá átt með mínu starfi í landbrn. Ég er kannski svolítið ósammála honum og sumum öðrum hv. þm. í hans flokki eða hans samstarfsmönnum í þingflokki jafnaðarmanna hversu hratt við förum í þeirri aðlögun, hversu hratt við förum í þeim breytingum. Ég er í sjálfu sér ekki mikill byltingarsinni og held að það sé farsælla fyrir landbúnaðinn að fara með málin eins og hér er verið að gera og eins og ég hef hugsað mér og hef verið að reyna að vinna. Þess vegna tel ég að það sé ekki tímabært að færa þennan sjóð og þessa lánastarfsemi landbúnaðarins inn undir fjárfestingarbankann sem hv. þm. hefur efasemdir um í sjálfu sér en spyr hvort ekki sé eðlilegt að þessi sjóður væri þó þar inni. Ég tel að svo sé ekki. Hins vegar má kannski minna á það og nefna að það segir í 4. gr. frv. að m.a. eitt af verkefnum stjórnar lánasjóðsins sé að semja við aðrar stofnanir um einstaka rekstrarþætti í starfsemi sjóðsins, þyki það hagkvæmt. Þar er auðvitað átt við það að hér er verið að slíta hin formlegu tengsl lánasjóðsins eða Stofnlánadeildarinnar við Búnaðarbankann. Nú getur stjórnin auðvitað samið áfram við Búnaðarbankann ef hún vill ekki fara að búa til nýja algjörlega sjálfstæða peningastofnun úti í bæ, ef ég má orða það svo, heldur vilji reyna að eiga samstarf við aðrar stofnanir, aðra aðila í því efni og þá má svo sem þess vegna alveg hugsa sér að það yrði samstarf við hinn nýja fjárfestingarlánabanka. Það yrði þá kannski skref í þá átt sem ég hef verið að tala fyrir að færa lánafyrirgreiðslu og lánamál landbúnaðarins smám saman til samræmis við aðrar atvinnugreinar.

[23:30]

Útbýting þingskjala:

Björgunarlaun Landhelgisgæslunnar, 450. mál, fsp. SvÁ, þskj. 762.

Virðisaukaskattur af vöruflutningum, 451. mál, fsp. GHall, þskj. 763.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 23:31.

91. FUNDUR

mánudaginn 17. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, stjfrv., 408. mál, þskj. 705. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 424. mál, þskj. 728. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 168, nál. 754 og 755. — 2. umr.
7. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 362. mál, þskj. 638. — 1. umr.
8. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707. — 1. umr.
9. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 413. mál, þskj. 714. — 1. umr.
10. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, stjfrv., 414. mál, þskj. 715. — 1. umr.
11. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, stjfrv., 444. mál, þskj. 756. — 1. umr.
12. Breyting á umferðarlögum, þáltill., 336. mál, þskj. 608. — Fyrri umr.
13. Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, þáltill., 387. mál, þskj. 679. — Fyrri umr.
14. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.
15. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 390. mál, þskj. 684. — Fyrri umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Halldór Blöndal samgrh.

Fjarvistarleyfi:
Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 6. þm. Reykv., getur ekki sótt þingfundi á næstunni vegna veikinda leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Katrín Fjeldsted læknir, taki sæti á Alþingi í forföllum hennar.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Geir H. Haarde,
formaður þingflokks Sjálfstfl."

Katrín Fjeldsted hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Fæðingarorlof, 453. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 767.

Skipan opinberra framkvæmda, 436. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 745.

Tilkynning um dagskrá.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þá er hér tilkynning um utandagskrárumræðu að loknum 1. dagskrárlið og atkvæðagreiðslum, um starfsaðferðir fíkniefnalögreglunnar. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. dómsmrh. verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurn.

[15:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég neyðist til að gera mjög alvarlegar athugasemdir við svör frá hæstv. forsrh. við fyrirspurn sem ég hef lagt fram og snýr að kostnaði vegna ráðstefnu svonefndrar einkavæðingarnefndar, en í svari við 3. tölul. þeirrar fyrirspurnar neitar forsrh. eða forsrn. í raun og veru að svara með vísan til þess að upplýsingar liggi ekki fyrir. Spurningin er svohljóðandi:

„Hve mikið greiddu ráðuneyti og opinberar stofnanir í þátttökugjöld, sundurliðað eftir ráðuneytum og stofnunum?"

Svar hæstv. forsrh. er: „Ekki liggur fyrir hversu mikið opinberar stofnanir og ráðuneyti greiddu í þátttökugjöld." Punktur.

Þetta tel ég, herra forseti, algjörlega ófullnægjandi frammistöðu og ég vísa til þess að í 49. gr. þingskapa er eina leiðsögnin sem liggur fyrir um fyrirspurnir en þar segir:

„Óski alþingismaður upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess gerir hann það með fyrirspurn er afhent skal forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og mál sem ráðherra ber ábyrgð á og sé við það miðað að hægt sé að svara henni í stuttu máli."

Allar þessar forsendur fyrirspurnarinnar eru uppfylltar. Hún er skýr, hún er um afmarkað málefni og hún er um málefni sem heyrir undir hæstv. forsrh. Og það er algjörlega óásættanlegt, herra forseti, það er engin frammistaða af hæstv. forsrh. að svara þannig að ekki liggi fyrir upplýsingar sem beðið er um. Það er þess vegna sem fyrirspurnin er lögð fram. Það er verið að óska eftir því að viðkomandi upplýsinga sé aflað og þær séu lagðar hér fram. Það gengur ekki, herra forseti, að ráðherrar í æ ríkari mæli eru að reyna að koma sér undan því að sinna skyldum sínum hvað þetta varðar. Ég mótmæli því.

Ég fer fram á það að hæstv. forsrh. skili nýju svari hér inn til þingsins og ég fer fram á stuðning hæstv. forseta við að þessi réttur okkar þingmanna til að krefjast upplýsinga sé virtur og hann sé varinn. Og ég fullyrði að það er í algerri mótsögn við þróunina í löggjöf á undanförnum árum, upplýsingalög, stjórnsýslulög og aðrar slíkar breytingar sem við höfum verið að gera, að það gerist nú æ algengara að hæstv.

ráðherrar svíkist um að svara eins og þeim er þó rétt og skylt.

[15:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. gerir mikið mál úr svari sem er 3. liður í svari á þskj. 744, en í svarinu segir að það liggi ekki fyrir ákveðnar upplýsingar. Nú er það svo að þegar ráðherrar svara hv. þingmönnum, þá er ávallt gerð tilraun til þess að svara því sem allra best og eins og upplýsingar liggja fyrir um. En því miður er það stundum þannig að ekki er á þeirri stundu sem svarið berst hægt að svara upplýsingum af því að þær liggja ekki fyrir.

Ég skal hins vegar af þessu tilefni bera þau boð til hæstv. forsrh. að þegar þær upplýsingar liggja fyrir, þá verði þeim komið til þingsins. Það kann nefnilega að vera þannig vegna bókhaldsreglna að þessar upplýsingar liggi ekki fyrir fyrr en eftir tiltekinn tíma. Ég veit að hv. þm. sem er fyrrv. ráðherra þekkir það að upplýsingar á borð við þessar þurfa ekki að berast endanlega til ráðuneyta eða stofnana jafnóðum. Til þess að svara þessu nákvæmlega hefði þá þurft að spyrja hverja einustu stofnun og hvert einasta opinbert fyrirtæki um hve mikið þeir hefðu greitt vegna þessarar ráðstefnu. Ég tel að svarið sé út af fyrir sig fullnægjandi því að það segir að þessar upplýsingar liggi ekki fyrir og þess vegna er ekki hægt að svara á þessari stundu. En ég skal koma boðum til forsrh. og væntanlega munu þá upplýsingarnar berast þegar þær liggja fyrir.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ætli það séu ekki svona 50–60 manns eða kannski í mesta lagi 100 sem hefði þurft að skoða til að vita hvað hefði kostað að senda á þessa ráðstefnu, eða hvað? Þetta er svona klukkutíma verk fyrir Stjórnarráðið þannig að þetta er auðvitað aumlegur kattarþvottur hjá hæstv. fjmrh. í þessu máli. Hins vegar er málið grafalvarlegt vegna þess að það kemur fyrir aftur og aftur og aftur og hefur færst stórkostlega í vöxt að ráðherrar sýni þinginu dónaskap af því tagi sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan. Ég gæti í þessu sambandi nefnt svar hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn minni um niðurfellingu afnotagjalda af útvarpi og sjónvarpi hjá öldruðum og öryrkjum sem var alveg ótrúlegt. Þannig að það kemur auðvitað fyrir aftur og aftur og það er bersýnilegt að það þarf að vanda um við ráðherrana í þessu máli. Ég tek undir áskorun hv. þm. til hæstv. forseta í þessu efni. Þetta gengur ekki, hvernig menn hafa komið fram við þingið að undanförnu.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh., starfandi forsrh., fyrir út af fyrir sig að reyna að klóra í bakkann fyrir hönd hæstv. forsrh. sem er fjarstaddur. En ég er honum algerlega ósammála. Svarið er allt hið aumingjalegasta og hvað varðar þennan 3. tölul., þá er það auðvitað algjörlega fráleitt að hæstv. forsrh. eigi að komast upp með að svara ekki spurningu af þessu tagi sem er skýr og afmörkuð og ætti ekki að þurfa að taka nema eftirmiðdagsstund fyrir einn embættismann að draga saman upplýsingar um. Það liggur fyrir að það kostaði 14 þús. kall inn á þessa ráðstefnu og það hefði ekki tekið nema 10 símtöl eða 15–20 símtöl að hringja í ráðuneytin og helstu stofnanir og fá upp gefið hve margir hafi sótt ráðstefnuna frá hverri og einni stofnun eða hverju og einu ráðuneyti. Auðvitað kostar stundum vinnu að draga saman þær upplýsingar sem verið er að biðja um í fyrirspurnum, en þetta er tiltölulega einföld fyrirspurn um í raun og veru lítið mál hvað umfang varðar borið saman við margt annað.

Þingsköpin gefa visst svigrúm í þessum efnum vegna þess að þegar beðið er um skriflegt svar, þá stendur að það skuli að jafnaði svara eigi síðar en 10 virkum dögum eftir að fyrirspurn er lögð fram. En svigrúm er haft þarna ef þannig skyldi standa á að það þyrfti nokkra daga í viðbót að draga saman upplýsingar og iðulega höfum við þingmenn þurft að bíða lengi eftir skriflegum svörum eins og kunnugt er. Það má þá líka gera bráðabirgðagreinargerð eða skil með svari og láta þá koma þar fram að verið sé að afla frekari upplýsinga eða vinna þær. En að ætla að afgreiða málin með þessum hætti er algjörlega ólíðandi og það er stórhættulegt fyrir þingið ef það ætlar að sitja þegjandi og horfa á þróun af þessu tagi eiga sér stað. Ég ítreka því að lokum, herra forseti, þá áskorun mína til hæstv. forseta að hann og forusta þingsins standi með okkur þingmönnum í því að tryggja okkar rétt hvað þetta snertir. Og það er alveg greinilegt að það þarf að veita hæstv. ráðherrum miklu meira aðhald en verið hefur til þess að ekki fari illa hér.

[15:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur heyrt athugasemdir og tilmæli hv. þingmanna og mun taka málið upp við hæstv. forsrh.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 705.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 704.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, LB, MagnA, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FI, GÁ, GMS, HG, JBH, KPál, ÓÖH, RA, RG, SighB, SF, SP, StG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við alþýðubandalagsmenn flytjum hér skylt mál í þinginu, þ.e. frv. til laga um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Því frv. var vísað til hv. iðnn. Eins og fram kom í umræðum um málið hér á dögunum munum við óska eftir því í framhaldi af því að þessu máli verður vísað til efh.- og viðskn. að okkar mál verði flutt úr hv. iðnn. og vistað í efh.- og viðskn. Sömuleiðis vil ég ítreka, herra forseti, það sjónarmið sem fram kom í umræðunum um Lánasjóð landbúnaðarins að ég er þeirrar skoðunar að sá sjóður og sú umræða ætti betur heima í efh.- og viðskn. Ég geri mér hins vegar ljóst að líklega er þingmeirihluti fyrir hinu en ég mun ekki greiða atkvæði með því að það mál fari til landbn.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 728.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til landbn. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, LB, MagnA, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (BH, GE, GÁS, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EgJ, FI, GÁ, JBH, KPál, ÓÖH, RA, RG, SighB, SF, SP, StG) fjarstaddir.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Breytingar í lífeyrismálum.

[15:18]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Um helgina bárust þær fréttir að til væru drög að frv. um lífeyrismál hjá ríkisstjórninni þar sem gert væri m.a. ráð fyrir verulegri skerðingu á möguleikum núverandi lífeyrissjóða.

Þær fréttir sem bárust af málinu gáfu til kynna að hér væri atlaga gerð að lífeyrissjóðakerfinu án samráðs og samstarfs við samtök launafólks. Þetta setti kjaraviðræður í uppnám og fundir voru með hæstv. forsrh. Þetta eru ótæk vinnubrögð að mínu mati, herra forseti.

Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. upplýsi hvernig efnisþættir þessa frv. voru og hvernig þetta frv. er úr garði gert og hvort það hafi átt að takmarka hluta af 10% greiðslu iðgjalda. Ég spyr einnig fjmrh.: Hvað verður með lífeyrissjóði opinberra starfsmanna ef þessar hugmyndir ná fram að ganga, en þar er greitt hærra hlutfall eins og menn vita. Það er ljóst í þessu sambandi að margir renna orðið hýru auga til væntanlegs lífeyrissparnaðar. Það gefst nú tækifæri á morgun að ræða þessi mál í víðara samhengi, ekki síst út frá þeim fréttum um kaup Landsbanka Íslands á hluta í Vátryggingafélagi Íslands.

Ég tel hins vegar brýnt, herra forseti, að hæstv. fjmrh. upplýsi um þetta mál, hvernig það stendur, hverju hafi verið lofað að breyta í þessu frv. af hæstv. forsrh. og hvort hér sé um að ræða þá aðferð að takmarka möguleika núverandi lífeyrissjóða í þeirri uppstokkun sem ríkisstjórnarflokkarnir ætla að standa fyrir.

[15:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Haustið 1995 skipaði ég nefnd sem átti að endurskoða lög um lífeyrissjóði og setja ný lagaákvæði sem ekki hafa verið í gildi fyrr. Sú nefnd skilaði ágætu verki um fjárreiður sjóðanna og skyldutrygginguna á sl. hausti og í framhaldi af því var tveimur nefndarmönnum falið að leita að samkomulagi milli ólíkra sjónarmiða og þeir hafa unnið að því verki síðan. Nefndin hefur hins vegar ekki komið saman frá því í september eða október á sl. ári trúi ég.

Ég vil í tilefni af þessu segja að frv. um þetta efni hefur ekki verið lagt fyrir ríkisstjórnina heldur er það unnin innan ráðuneytisins. Hugmyndin var að kynna þetta frv. aðilum á vinnumarkaði og halda fundi í nefndinni í framhaldi af því. Það hefur komið fram af minni hálfu og forsrh. að hugmyndin er að slíkir fundir með aðilum á vinnumarkaði verði haldnir og því hefur verið lýst yfir að sjálfsforræði sjóðanna sé tryggt og að ætlunin sé að 10% gangi til þeirra. Ágreiningurinn sem uppi var í þessu máli er ósköp einfaldlega sá að það var sjónarmið þeirra sem unnu að frumvarpsdrögunum að eftir að búið væri að tryggja samtryggingarhlutann að ákveðinni upphæð þá væri einstaklingum sem í sjóðunum eru og ber að greiða í þá samkvæmt lögum heimilt að stýra hluta af fjármagninu til svokallaðra séreignasjóða. Ég minni á að séreignasjóðirnir eru gildir lífeyrissjóðir og í vissum tilvikum geta menn uppfyllt lagaskylduna með því að greiða beint í þá. Að allra síðustu minni ég á að það liggja fyrir beiðnir í ráðuneytinu þess efnis að sjóðir fái að velja fyllilega milli þess hvort allt framlagið eigi að fara til séreignasjóða eða til samtryggingasjóða.

Varðandi opinberu sjóðina skal það sagt, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) að ef þetta nær fram að ganga, þá mun það að sjálfsögðu eiga við þar eins og annars staðar að einstaklingar munu þegar ákveðnu marki er náð geta stýrt sínum fjármunum, en það er ekki verið að breyta lögum í því starfi sem þarna á sér stað. Og eins og ég hef hér sagt, þá verður haft samráð við aðila á vinnumarkaði um málið.

[15:22]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þetta er lýsandi dæmi um aðferðir núv. ríkisstjórnar. Það eru samin drög að frv. í fjmrn. þar sem

skert eru réttindi launafólks. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það er gert. Svo þegar kemst upp um strákinn Tuma, þá er talað um að það skuli vera haft samráð. Ég bendi á að hæstv. ráðherra svaraði engu um hvað yrði með opinberu sjóðina þar sem greitt er meira en 10%, það er greitt 15,5% í þá sjóði, hvort þeir fái ekki þá greiðslu inn í sína sjóði heldur fari hluti af henni á opinn peningamarkað.

Ég skil svar ráðherra einnig þannig að það hafi verið ætlunin að skerða 10%, að hluti af 10% átti að geta farið annað, og það hafi verið það sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson dró til baka eftir kröfu verkalýðshreyfingarinnar í viðræðum um helgina. En ég vildi gjarnan fá að vita, herra forseti, hvenær þetta frv. verður lagt fram í ríkisstjórn, hvenær það verður kynnt í stjórnarflokkunum því að stjórnarliðar hafa ekki heyrt um þessar hugmyndir og hvort þetta frv. verður á forgangslista ríkisstjórnarinnar í þingstörfum í vor. Er það ætlun ríkisstjórnarinnar að afgreiða þetta frv. á yfirstandandi þingi?

[15:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það mjög skýrt fram af því tilefni sem hér gefst að það að tala um skerðingu í þessu sambandi eru hrein öfugmæli, hreinustu öfugmæli. Vegna hvers? Vegna þess að þetta mál snýst ekki um að það sé verið að taka nokkurn rétt af nokkrum manni. Það snýst um það hvort þeir sem greiða í lífeyrissjóði eigi að hafa eitthvað um það að segja hvar þeir fjármunir eru vistaðir eftir að tryggt er að samtryggingunni er náð. Þetta snýst um það hvort einstaklingar sem eru að leggja fé til hliðar eigi að hafa eitthvað um það að segja. Hvers vegna er verið að fjalla um þetta með þessum hætti? Það er vegna þess að vissir lífeyrissjóðir eru séreignasjóðir og taldir gildir og það sem verið er að gera er að reyna að leita lausna, málamiðlunar á milli ólíkra sjónarmiða. Það er engin skerðing sem hér á sér stað. Og ég skal endurtaka að með þetta mál verður farið eins og ætlað var, það verður unnið að því í samráði við aðila á vinnumarkaði.

Vona ég, virðulegi forseti, að þetta skýri málið nokkuð og komi í veg fyrir öfugmæli eins og komu úr munni þess sem hér spurði áðan.

[15:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er alveg augljóst af blaðafréttum og viðtölum við hæstv. forsrh. að frv. var upphaflega gert þannig úr garði að það átti að taka hluta af 10% hlutanum. Hann átti að geta runnið út á hinn frjálsa markað. Breytingin sem varð var sú að það er staðnæmst við 10%. Þannig skil ég frásagnir fjölmiðla, þannig skil ég yfirlýsingar forsrh. Það er alveg ljóst að í upprunalega frv. var verið að skerða möguleika núverandi lífeyrissjóðakerfis í þeirri uppstokkun sem átti að eiga sér stað. Og það sem er ámælisvert varðandi þennan þátt er að þetta skuli bera að með þessum hætti í viðkvæmri stöðu í kjaramálum, unnið allt að því í skjóli nætur í fjmrn. án þess að hafa eðlilegt samráð við stéttarfélögin í svona viðkvæmu máli. Ég hélt að þessi ríkisstjórn væri búin að fá nóg af því að lenda upp á kant við stéttarfélögin vegna samráðsleysis en ég sé að það er hennar stefna að vilja viðhafa þessi vinnubrögð.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. tekur ekki sönsum í þessu máli. Það er engin skerðing sem hér á sér stað, engin skerðing. Við verðum að hafa í huga að ýmsir í þessu þjóðfélagi telja að það megi gilda meira valfrelsi í lífeyrissjóðamálum. Við verðum að hafa í huga að það eru kjarasamningar í gildi á milli aðila á vinnumarkaði og þeir ganga út frá því að þeir sem eru tryggðir hjá sjóðunum hafi lítið sem ekkert um það að segja hvert peningarnir þeirra fara, hvernig þeir eru notaðir og hvernig ráðstafað. Um þetta er tekist á í þjóðfélaginu. Það sem okkur gengur til í þessari vinnu er að ná samkomulagi á milli ólíkra sjónarmiða og ástæðan fyrir því að þetta spurðist út var einfaldlega sú að við höfðum þá kynnt þetta ákveðnum fulltrúum sem áttu að vinna niðri í Karphúsi. Þess vegna fóru þessar upplýsingar niður eftir og það er ekkert við það að athuga.

Það sem ég held að hafi hins vegar valdið þessum titringi var að Landsbankinn keypti hluta af VÍS á sama tíma og við vorum að vinna að þessu eðlilega starfi, sem ég tel vera og held að við ættum að vinna áfram að og helst að ljúka í vor allra hluta vegna. Það er það sem hefur valdið þessum titringi hygg ég eins og hv. þm. gat reyndar um í útvarpi ef ég heyrði rétt í gær.

Tillögur ríkisstjórnarinnar um vaxtabætur og barnabætur.

[15:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því orðalagi sem hæstv. fjmrh. notaði hér áðan í fyrirspurn um annað mál, að það spurðist út að verið væri að fara yfir lífeyrismálin í fjmrn., án þess að verkalýðshreyfingunni í landinu og aðilum vinnumarkaðarins hefði verið gefinn kostur á að fara yfir málin. Það er nákvæmlega sami hluturinn sem kemur upp aftur og aftur, það er eins og ríkisstjórnin vilji klúðra kjarasamningum. Hún vilji koma í veg fyrir að það náist kjarasamningar í þeirri stöðu sem uppi er. Hvað hef ég fyrir mér í þeim efnum, herra forseti? Ég hef fyrir mér í þeim efnum t.d. tillögurnar um vaxtabætur sem voru lagðar hér fram af ráðherrum ríkisstjórnarinnar þegar VR-samningurinn hafði verið gerður. Þeim lá svo mikið á að þeir lögðu fram tillögur sem kom í ljós að reyndust vera hrein vitleysa, vitlaust útreiknaðar og að öllu leyti algerlega fráleitar. T.d. kom fram að gert var ráð fyrir því að vaxtabætur væru sérstaklega lækkaðar í Reykjavík samkvæmt tillögunum eins og þær lágu fyrir. Enda kom það á daginn að ríkisstjórnin virðist ætla að draga þær að einhverju leyti til baka og hið sama er í raun og veru að segja um tillögurnar um barnabætur. Það kemur í ljós að þær eru tóm vitleysa líka. En það lá svo mikið á að bekenna um leið og VR-samningurinn hafði verið gerður að það voru lagðar fram óundirbúnar, illa unnar og ómerkilegar tillögur sem stóðust hvergi.

Veruleikinn er þó sá að hæstv. forsrh. hefur séð sig tilneyddan til þess að draga þessa reikningsskekkju til baka en hann ætlar að reyna að selja það verkalýðshreyfingunni að honum þóknast að láta reikna vitleysuna upp á nýtt. Og hann ætlar að reyna að fá verkalýðshreyfinguna í landinu til þess að fallast á lakari kjör af því að hann ætlar að láta reikna vitleysurnar upp aftur.

Veruleikinn er auðvitað þannig, hæstv. forseti, í þessu máli að á því verður að taka sérstaklega. Það er til mikils vansa hvernig ríkisstjórnin heldur á því og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hver verða næstu skref í þessum vitlausu útspilum ríkisstjórnarinnar í kjarasamningunum?

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er ákaflega gaman að hlusta á hv. þingmenn koma hér og tala um vitlaus útspil og sýnir í raun hug þeirra sem þola ekki að núverandi ríkisstjórn hafi sett fram sjónarmið sem koma skattgreiðendum til góða og mest þeim sem ASÍ hefur borið fyrir brjósti. Það er athyglisvert að hlusta á þessi sjónarmið þingmannsins.

Varðandi lífeyrismálin vil ég bara segja það að lífeyrismál eru stærri málaflokkur en svo að hann komi aðilum á vinnumarkaði einum við. Um það hef ég talað fyrr í dag og mun halda áfram á morgun.

Varðandi vaxtabæturnar skal það tekið fram að eftir fund með hæstv. forsrh. hefur komið í ljós að vegna óska frá ASÍ er ríkisstjórnin tilbúin að ræða við ASÍ um hver útfærslan á að vera og það boð stendur.

Þá vil ég láta það koma fram að það að við séum að hygla landsbyggðinni á kostnað Reykjavíkur byggist væntanlega á því að fasteignamatið er öðruvísi í Reykjavík heldur en úti á landi. Þetta mál hafði verið rætt í jaðarskattanefndinni og var sæmilega rætt á milli ríkisvaldsins annars vegar og þeirra sem tóku þátt í starfi þeirrar nefndar. En það er auðvitað sjálfsagt að líta á nýjar aðferðir ef ósk kemur þar um og hún hefur komið fram.

Um barnabæturnar hefur verið miklu meiri friður, enda fóru fram umræður innan nefndarinnar um hvernig hugsanlega væri hægt að dreifa barnabótum með eðlilegri hætti en nú er gert til þess fyrst og fremst að koma fjármunum til þeirra sem mest þurfa á því að halda samkvæmt áliti þeirra sem með þessi mál fara af hálfu Alþýðusambands Íslands.

Það næsta sem gerist í þessum málum er að ríkisstjórnin flytur frv. vegna þess að það er nauðsynlegt að fyrir 1. maí verði komin í gildi lög sem tryggja að skattarnir verði lækkaðir frá og með 1. maí nk. en það væri náttúrlega eftir fyrirliðum Alþb. að reyna að koma í veg fyrir það af því að það gæti horft til vinsælda fyrir ríkisstjórnina.

[15:32]

Svavar Gestsson:

Já, það er þannig, hæstv. forseti, að þetta snýst um vinsældir fyrir ríkisstjórnina. Það var ansi athyglisvert. Ég verð að viðurkenna að henni misheppnaðist í þessu máli vegna þess að hún lagði fram tillögur um skattalækkanir sem reyndust vera tóm vitleysa að því er varðaði vaxtabætur og barnabætur. Í vinsældakeppninni mistókst þetta hjá hæstv. fjmrh. Það er auðvitað alveg ljóst að hann gat ekki gert neitt vitlausara í sambandi við vinsældakeppnina ef það var það sem hann var að hugsa um.

Ég hélt satt best að segja að við værum með ríkisstjórn í landinu sem hefði áhuga á því að taka eðlilega á kjaramálum hins almenna manns, m.a. með samningum og viðræðum við aðila vinnumarkaðarins. Það er ekki gert. Staðan er sú, og ég held ég leyfi mér að hafa það eftir einum af forustumönnum Alþýðusambands Íslands sem ég talaði við fyrir nokkrum mínútum, hann tjáði mér að núverandi vaxtabótakerfi væri betra en sú tillaga sem ríkisstjórnin hefur hér lagt fyrir vegna þess hvernig á þeim málum er haldið. Það er því auðvitað augljóst mál að í vinsældakeppninni hefur hæstv. fjmrh. mistekist í þessu máli.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ef ósk kemur fram um það að halda vaxtabótunum óbreyttum af því að vaxtabótakerfið sé svo gott í núgildandi lögum, þá er sjálfsagt að verða við því.

Varðandi barnabæturnar má ugglaust hugsa sér einhverja aðra útfærslu en ég hef ekki heyrt að nein óánægja hafi komið fram í stórum stíl vegna þess hvernig útfærslan er á barnabótunum. Það er hins vegar umhugsunarvert þegar maður hlustar á ræður hv. alþýðubandalagsmanna í þingsal hvernig þeir taka þessum málum. ASÍ kom á fund ríkisstjórnarinnar og bað ríkisstjórnina um útspil í skattamálum, helst fyrir fram. Ríkisstjórnin hefur nú komið með sitt útspil og þá koma þeir í þingsal, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, og amast við því að við séum að færa völdin út í bæ með þessum hætti. Með öðrum orðum er það Alþb. sem á þingi er að reyna að koma í veg fyrir að ASÍ geti haft áhrif á það hvernig við ætlum að standa að breytingum á skattalögum til þess að koma skattalækkunum til almennings í landinu. Það er athygli vert.

[15:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hvers lags rugl er nú þetta eiginlega? Alþb. vill koma í veg fyrir það að aumingja blessuð ríkisstjórnin geti komið kauphækkunum og skattalagfæringum til fólksins í landinu. Ja, það er nú meiri ódámurinn þetta Alþb. ef veruleikinn er nú þessi. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Hæstv. fjmrh. er auðvitað algerlega í keng með þessi mál. Veruleikinn er sá að í fyrsta lagi býr hann til vaxtabótatillögur sem eru svo vitlausar að hann verður að draga þær til baka. Í öðru lagi býr hann til barnabótatillögur sem eru svo ranglátar að hann verður að draga þær til baka. Í þriðja lagi er hann að pukrast með lífeyrissjóðsfrv. uppi í fjmrn. sem er greinilega verið að vinna á vegum Sjálfstfl. og sennilega í andstöðu við hinn stjórnarflokkinn. Allt verður þetta til þess að spilla fyrir kjarasamningum. Það er það sem við erum að gagnrýna hér, herra forseti.

Dómur Hæstaréttar um jafnrétti til launa.

[15:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Sl. fimmtudag féll merkilegur dómur í Hæstarétti þess efnis að óheimilt sé að greiða mismunandi grunnlaun fyrir sömu vinnu þótt greitt sé eftir samningum óskyldra stéttarfélaga. Þar með hefur Hæstiréttur kveðið upp dóm sem styrkir jafnréttislögin verulega og gerir vinnuveitendum vonandi ómögulegt að leika þann leik að greiða körlum mun hærri laun en konum á grundvelli þess að um mismunandi stéttarfélög sé að ræða, en oftast eru það konurnar sem eru á lægri launum.

Að mínum dómi er hér um sigur að ræða í baráttu kvenna fyrir launajafnrétti sem á eflaust eftir að hafa mikil áhrif. Það er ánægjuefni að dómstólar fara að nýtast í jafnréttisbaráttu hér á landi eins og raunin hefur verið í öðrum löndum, eins og t.d. Bandaríkjunum þar sem dómstólar hafa leikið stór hlutverk í að fylgja lögum eftir og beitt háum sektum gegn þeim sem gerast brotlegir en það er reyndar ekki gert í því tilviki sem hér um ræðir. Dómurinn segir einfaldlega: „Það ber að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu“, eins og reyndar hefur verið kveðið á um í lögum hér á landi frá 1961, en verið freklega brotið.

Nú er það spurning mín til hæstv. fjmrh.: Hvernig hyggst hann bregðast við þessum dómi og hefur verið kannað innan fjmrn. hvaða áhrif hann hefur á ríkiskerfið?

[15:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að jafnréttismálin eru stórmál fyrir íslenska þjóð og að þeim ber okkur öllum að vinna. Ég held hins vegar að sá dómur sem féll í Hæstarétti og vitnað var til sé með þeim hætti að óvíst sé hvort hann geri jafnréttisbaráttunni gagn. Samkvæmt þessum dómi segir að það megi ekki mismuna fólki í launum þótt um sé að ræða ólíka kjarasamninga við tvö félög sem hafa byggt á mismunandi áherslum í samningum. Það er ekkert tillit tekið til þess að réttindi, t.d. lífeyrisréttur, fæðingarorlof og veikindaréttur, séu ólík samkvæmt þessum samningum. Það verður að taka fram að það liggur fyrir í þessu tilviki að þeir einstaklingar sem í hlut eiga, hvort sem það eru karlar eða konur, gátu valið um í hvoru félaginu þeir voru. Mér sýnist, vegna þess að það er spurt um viðbrögð af okkar hálfu, að þetta ýti undir nauðsyn þess að samningar verði gerðir á grundvelli breytts launakerfis þannig að launaákvarðanir eigi í frekari mæli en hingað til stað úti í stofnunum þar sem nauðsynlegt verður að samræma þessi sjónarmið þar og koma í veg fyrir að slík skörun geti átt sér stað.

Ég ítreka það og undirstrika að þessi dómur þýðir það að mínu viti, nema ég hafi misskilið hann, að Alþingi gæti með lögum tekið niður fæðingarorlof, veikindarétt og lífeyrissrétt opinberra starfsmanna og sett öll þessi réttindi jöfn þeim sem gerast á almennum vinnumarkaði. Það hefði engin áhrif fyrir jafnréttið ef það er tryggt að launaútkoman sé sú sama. Það er einungis horft á hluta af heildarkjörunum. Ef ég skil dóminn rétt er hann ekki, því miður, jafnréttisbaráttunni til framdráttar.

[15:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir þessi túlkun hæstv. fjmrh. afar undarleg. Málið snýst um hvort jafnréttislögum er fylgt og hvort vinnuveitendur sinna þeirri skyldu sinni að greiða sömu laun fyrir sömu vinnu óháð því í hvaða stéttarfélagi fólk er. Við vitum ósköp vel að sá leikur hefur verið leikinn stundum að kalla störf sitt hvoru nafninu þó um nákvæmlega sama starfið sé að ræða, en oft er á grundvelli þess að menn eru í öðru stéttarfélagi samið öðruvísi. Ég vil bara benda á það sem kemur fram í Morgunblaðinu sl. laugardag að opinberir starfsmenn eru ekkert sammála þessari túlkun. Það kom hér greinilega fram þegar verið var að ræða lögin um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna að það er hreint ekki sameiginlegur skilningur á því hvað þessi félagslegu réttindi þýða sem vissulega eru í sumum tilvikum meiri meðal opinberra starfsmanna, en málið snýst um það að fólkið sem er að vinna hlið við hlið, sama starfið, fái sömu grunnlaun fyrir það.

[15:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég verð enn á ný að taka undir það sem hv. þm. sagði, eins og ég sagði í upphafi síðustu ræðu minnar. Ég tel að fólk eigi að hafa sömu laun fyrir sömu vinnu og það eigi ekkert að fara í grafgötur með slíkt. En þegar við tölum um laun og launakjör, þá tel ég að við getum ekki einungis byggt á þeirri upphæð sem kemur í launaumslagi. Það verði að taka tillit til mismunandi réttinda og þar beri okkur að virða að kjarasamningar eru ólíkir. Það liggur fyrir að fæðingarorlof og veikindaréttur opinberra starfsmanna er betri en yfirleitt á almenna vinnumarkaðinum og ég tel að það megi virða til fjár og það hafa stéttarfélögin gert í raun með því að leggja mismunandi áherslur. Það er enginn vafi á því að opinberir starfsmenn hafa lagt áherslu á þessi félagslegu réttindi.

Ef Hæstiréttur segir hins vegar að þrátt fyrir þetta skuli launin vera jöfn, þá komumst við í mikil vandræði og mín viðbrögð eru þau: Reynum að koma launaákvörðunum sem mest út á vinnustaðina sjálfa þar sem auðvitað verður að semja með aðild viðkomandi stéttarfélaga.

Frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

[15:42]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þann 5. febrúar sl. bar hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir fram fyrirspurn í þinginu um gang mála varðandi endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Eins og kunnugt er hefur lengi verið beðið eftir að það loforð hæstv. ríkisstjórnar verði efnt að endurskoða lögin. Ekki síst bíður námsmannahreyfingi óþreyjufull, enda búa námsmenn við óhóflega endurgreiðslubyrði og eftirágreiðslu námslána sem hafa verið helstu ásteytingssteinarnar í málinu.

Hv. þm. hafa annað slagið í vetur borið fram fyrirspurnir um endurskoðunina og hafa svör hæstv. ráðherra jafnan verið á þá leið að lagafrv. líti dagsins ljós á næstunni. Svona hefur þetta gengið frá því sl. haust og eftir áramót er sama staðan uppi þótt hæstv. forsrh. hafi við fjárlagaumræðuna um áramótin látið að því liggja að aðeins tæknilegir örðugleikar kæmu í veg fyrir að tillögurnar væru færðar í frumvarpsbúning fyrir áramót, eins og hann orðaði það.

5. febrúar sl. svarar hæstv. menntmrh. því til við fyrirspurn hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur að þann 6. febrúar, þ.e. daginn, eftir, ættu að liggja fyrir tillögur frá námsmönnum og að í kjölfarið yrðu teknar lokaákvarðanir um efni frv. sem yrði lagt fyrir þingið á næstu vikum. Síðan þá eru liðnar nokkrar vikur og því spyr ég, herra forseti: Liggur nú fyrir endanleg gerð frv. í ráðuneytinu eða drög að því? Hvers efnis er það í stuttu máli? Er þar fallist á samtímagreiðslur? Það er í stuttu máli það sem ég er að spyrjast fyrir hér. Hvenær verður frv. lagt fyrir þingið? Og kannski svona í lokin: Hvað hefur tafið orminn langa?

[15:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í þessari fyrirspurn að það komu tillögur til mín frá námsmannahreyfingunum 6. febr. sl. Það hefur verið unnið úr þessum tillögum og frv. liggur nú fyrir, en það vantar kostnaðarmatið og að átta sig á því hvernig er unnt að fella þær hugmyndir sem við erum með innan þess ramma sem forsvaranlegur er með hliðsjón af þeim kostnaði sem af breytingunum hljótast.

[15:44]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir svarið en ég lagði fram nokkrar spurningar og tel að þeim hafi ekki öllum verið svarað. Ég vil gjarnan fá að vita hvort í þessum frumvarpsdrögum væru útfærslur á samtímagreiðslum, ég spurði um það. Og í öðru lagi: Hvenær verður frv. lagt fyrir þingið? Getur hæstv. ráðherra gefið þinginu einhverjar frekari upplýsingar um það heldur en nú liggja fyrir?

[15:45]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi útfærslu á einstökum greinum frv. þá mun ég ekki skýra frá því hér og nú. Það mun koma fram þegar frv. verður lagt fyrir Alþingi. Varðandi dagsetningar þá stefni ég að því að frv. liggi fyrir þannig að Alþingi geti afgreitt það í vor.

Arnarholt.

[15:45]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er ýmsum minnisstætt að geðsviði Sjúkrahúss Reykjavíkur var á sl. ári gert að spara 2 millj. kr. og í því skyni var lokað þar, að því er sagt var tímabundið, deild fyrir langveika geðsjúklinga. Það blasti á þeim tíma við hverjum þeim sem kynnti sér þessar ráðstafanir að sparnaður af þeim yrði enginn því að til að vista hluta af þeim sjúklingum sem þarna voru fyrir á deild sem var rekin með lágmarkskostnaði þurfti margfalt dýrari úrræði eða allt að tíu sinnum dýrari en eru í Arnarholti og þannig var allur sparnaður fyrir bí og vel það. En allt þetta fólk missti þarna heimili sitt og mörgum hefur liðið afskaplega illa síðan. Menn hafa bundið miklar vonir við að deildin yrði opnuð nú eftir áramót en hver dagsetningin eftir aðra sem hefur verið gefin upp hefur brugðist. Síðast kom skrifleg beiðni frá yfirlækni geðsviðs og hjúkrunarforstjóra fyrir fund en afgreiðslu hennar var frestað.

Því vil ég spyrja hæstv. heilbrrh.: Er fyrirhugað að opna umrædda deild í Arnarholti eða er meiningin að „spara" meira á þessum sjúklingum? Ef á að opna deildina, þá hvenær?

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér er fram borin um breytingar sem urðu í Arnarholti á sl. ári þá er því til að svara að það eru stjórnendur Sjúkrahúss Reykjavíkur sem fara alfarið með stjórn þessara mála. Það er ekki ákveðið í heilbrrn. hvort þessi eða aðrar deildir eru opnar. Sjúkrahús Reykjavíkur hefur vissar fjárveitingar og innan þess fjárlagaramma munu þeir stjórna sínu sjúkrahúsi. Ég get ekki svarað því hvort sú ákveðna deild sem hér er um að ræða verður opnuð eður ei. En þarna urðu vissir tilflutningar eins og hv. þm. man. Það voru sjúklingar inni á Arnarholti sem fluttust í annað hús, líka vegna þess að húsið þótti ófullnægjandi og á því þurfti að gera vissar breytingar og lagfæringar. Ég veit ekki hvort þær lagfæringar hafa átt sér stað.

[15:48]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það er að vísu rétt að þetta sjúkrahús heyrir undir Sjúkrahús Reykjavíkur en æðsti yfirmaður heilbrigðismála í landinu er heilbrrh. og hann hlýtur að vilja hafa eitthvað um það að segja til hvaða ráðstafana er gripið þegar slíkar sparnaðarráðstafanir eru framkvæmdar. Ég skora á hæstv. ráðherra að beita sér í þessu máli og láta opna þessa deild, nr. 35, á Arnarholti. Þetta er mjög ódýrt úrræði. Þetta hefur verið mjög vinsælt og gefist vel og mér er kunnugt um að þeir sjúklingar, sem hefur þurft að vista núna á deild á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sem er tíu sinnum dýrara heldur en Arnarholt, eru orðnir fjórir af þeim tólf sem voru á deild 35 á Arnarholti. Við vitum öll hvað það úrræði kostar og það hlýtur að vera þjóðfélagslega mjög brýnt að opna þessa deild aftur. Mér er kunnugt um að hreingerningin og þær lagfæringar sem þarna áttu að fara fram hafa farið fram og þarna er ekki neitt að gera nema opna deildina aftur.

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ef stjórnendum Sjúkrahúss Reykjavíkur sýnist svo að það sé faglega rétt að opna þessa deild aftur þá er ég alveg viss um að þeir munu gera það.

Umhverfismat fyrir Fljótsdalsvirkjun.

[15:50]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Í ályktun sem okkur þingmönnum Austurl. hefur borist varðandi Fljótsdalsvirkjun frá samtökum áhugafólks um verndun hálendis Austurlands kemur fram að fulltrúar Landsvirkjunar hafa lýst því yfir að ekki þurfi að fara fram umhverfismat fyrir Fljótsdalsvirkjun. Ég beini fsp. minni til hæstv. umhvrh.: Er það svo að ekki þurfi að fara fram umhverfismat vegna virkjunar í Fljótsdal?

[15:51]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í lögunum um mat á umhverfisáhrifum er skýrt kveðið á um það að framkvæmdir sem þegar hafa verið heimilaðar áður en þau lög tóku gildi þurfi ekki að fara undir umhverfismat. Nú hef ég hvorki fyrir framan mig lögin um Fljótsdalsvirkjun né heldur lögin um umhverfismatið en ég hygg að ég muni þetta rétt og það sé nokkuð skýrt kveðið á um þetta og það þurfi þá að grípa til annarra ráða ef það eigi að knýja á um það að hugsanleg Fljótsdalsvirkjun fari undir umhverfismat. Vafalaust er það rétt eins og hv. fyrirspyrjandi nefnir að fulltrúar Landsvirkjunar telja sig hafa til þess fullgild lagaákvæði að fara í þessar framkvæmdir án þess að framkvæmdir fari í mat á umhverfisáhrifum. Það er hins vegar aðeins með nýjar framkvæmdir, nýjar virkjanir, sem ákveðnar eru eftir að lögin um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi, svo og hugsanlega ef um er að ræða þær breytingar, einhverra hluta vegna á Fljótsdalsvirkjun að væntanleg framkvæmd þar, hvernig sem það verður nú, brjóti að einhverju leyti í bága við lögin sem samþykkt voru á sínum tíma eða að ástæða verði talin til að taka þau lög upp eða endurskoða sem gæti opnast farvegur fyrir það að taka framkvæmdirnar undir lögin um mat á umhverfisáhrifum.

[15:52]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. svarið. Ég hefði gjarnan viljað heyra það frá hæstv. umhvrh. hvort hann telji ekki eðlilegt að fram fari umhverfismat vegna svo gífurlega mikilla framkvæmda. Það má reikna með því að margir mundu vilja koma fram athugasemdum sínum í ljósi þess að hér er um miklar náttúruperlur að ræða á framkvæmdasvæðinu.

[15:53]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það var spurt um vilja minn til þess eða skoðun á því hvort ég teldi að það væri æskilegt að þessi virkjun færi undir mat á umhverfisáhrifum. Ég get lýst því yfir að ég teldi að það væri æskilegt vegna þess að ég tel að það sé æskilegt með allar stórframkvæmdir af þessu tagi og eins t.d. með þessa virkjun. Þess vegna eru lögin um mat

á umhverfisáhrifum sett til þess að geta tekið framkvæmdir af þessu tagi til svokallaðs umhverfismats og auðvitað ætti það við um þetta. En hér ræður löggjafinn eða hann hefur sett sér leikreglur hvað þetta varðar bæði fyrir þann sem framkvæmdaleyfið hefur og gagnvart eldri lögum. Þegar lögin um mat á umhverfisáhrifum voru sett þá tóku þau það beinlínis fram að heimildir sem áður höfðu verið gefnar út skyldu standa þannig að ég held að þá yrði löggjafinn að taka málið upp, ef hann vildi gera það, og þá hygg ég að lög um Fljótsdalsvirkjun heyri undir iðnrh. en ekki umhvrh. ef ganga ætti svo langt og ef það yrði niðurstaða löggjafans að grípa þannig inn í málið.

Umræður utan dagskrár.

Starfsaðferðir fíkniefnalögreglunnar.

[15:55]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa af og til birst í fjölmiðlum fréttir þess efnis að lögreglan greiðir fyrir ábendingar og gerir samninga við afbrotamenn sem veita þeim upplýsingar. Fréttir þessar hafa í flestum tilvikum verið óstaðfestar. Nú bregður hins vegar svo við að frá og með síðustu áramótum höfum við fengið staðfestar fréttir þess efnis að slík viðskipti hafi átt sér stað, samanber fréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar frá 10. og 11. janúar sl., þar sem greint var frá því að yfirmaður fíkniefnalögreglunnar hefði mælt með því að dæmdur fíkniefnasali fengi leyfi til að nota byssu. Þessi einstaklingur hafði þá áður hlotið dóm hér á landi fyrir fíkniefnamisferli og þar áður verið dæmdur erlendis og þá tekinn með fíkniefni og ólögleg skotvopn. Dómsmrn. synjaði áðurnefndri umsókn um byssuleyfi og byggði synjun á umsögn lögreglunnar í Reykjavík um brotaferil þessa einstaklings sem í hlut á.

Komið hefur fram að yfirmaður fíkniefnalögreglunnar telur að hann hafi með fullnægjandi hætti greint bæði lögreglu og ráðuneytisstjóra frá uppáskrift sinni. Getum hefur verið leitt að því að umrædd meðmæli hafi verið liður í viðskiptum fíkniefnalögreglunnar við brotamanninn sem hafi miðlað upplýsingum til lögreglunnar í staðinn. Lögreglustjórinn hefur lítið látið frá sér fara um það hvort honum hafi verið kunnugt um meint viðskipti en vísað til þess að fíkniefnalögreglunni hafi verið ljós afstaða sín í þeim efnum. Ábyrgð lögreglustjóra hlýtur þó að vera öllum ljós og verða að teljast litlar líkur á því að fíkniefnalögreglan hafi keypt upplýsingar án vitneskju lögreglustjóra eða annarra yfirmanna lögreglunnar.

Yfirmaður fíkniefnalögreglu hefur lýst því yfir að greitt hafi verið fyrir upplýsingar en að engar reglur gildi um það hvernig skuli að því staðið enda engar lagaheimildir fyrir hendi sem heimila lögreglunni slíkt. En það er heldur ekki að finna ákvæði sem banna lögreglunni að greiða fyrir upplýsingar. Yfirmenn fíkniefnalögreglu hafa þó ítrekað gengið eftir því við yfirmenn lögreglu og dómsmála að reglur yrðu settar um þessi viðskipti sem og aðrar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir.

Í grein í tímaritinu Mannlífi sem kom út nú fyrir helgi og tekur yfir 20 síður er fjallað um samskipti fíkniefnalögreglunnar við ákveðinn afbrotamann, þann sama og sótti um umrætt byssuleyfi. Í þessari grein koma fram mjög alvarlegar fullyrðingar og ásakanir þess efnis að hér séu stunduð stórfelld fíkniefniviðskipti í skjóli samninga sem gerðir hafa verið við fíkniefnalögregluna. Það er ekki ástæða til þess hér að tíunda þær fullyrðingar eða frásagnir nafngreindra heimildarmanna eða ónafngreindra sem koma fram í greininni. Hins vegar er full ástæða til þess að Alþingi krefjist þess að fram fari rannsókn á því hvort þessar fullyrðingar eru réttar þar sem um er að ræða starfsheiður manna og ekki síður vegna þess að sagt er þannig frá starfsaðferðum fíkniefnalögreglunnar að útilokað er fyrir Alþingi að láta sem vind um eyru þjóta.

Neysla vímuefna er stöðugt vaxandi vandamál í þjóðfélaginu og hér eru á ferðinni fullyrðingar þess efnis að einhver umsvifamestu fíkniefnaviðskipti fari fram nánast í skjóli fíkniefnalögreglu en ég hef talið að deildin standi sig vel miðað við þann aðbúnað og þær fjárveitingar sem hún fær. Samningar um upplýstrun brotamanna eru þekktir erlendis frá og fullyrt er að þeir hafi hugsanlega leitt til spillingar sem við höfum trúað að lögreglan hér væri laus við. Hugsanlega geta verið rök fyrir því að lögreglunni sé nauðsynlegt að hafa heimildir til að gera samninga en um slíka samninga verða þá að gilda skýrar reglur og öll slík viðskipti verða að vera undir ströngu eftirliti yfirmanna eða þar til skipaðra eftirlitsmanna og mega undir engum kringumstæðum verða til þess að hylma yfir afbrot hvað þá að þau séu stunduð í skjóli slíkra samninga. Við hljótum því að krefjast þess að rannsókn fari fram á þeim staðhæfingum sem komið hafa fram að undanförnu, nú síðast í tímaritinu Mannlífi.

Aðrar fréttir af starfsemi lögreglunnar er óhjákvæmilegt að ræða en það er sala hennar á 24 skammbyssum í eigu lögreglunnar sem fór fram snemma árs 1991. Í lögum kveður skýrt á um að meðferð þessara skotvopna er einungis leyfileg í undantekningartilvikum og mínum huga er ekkert sem réttlætir það að lögreglan losi sig við vopn með þeim hætti sem þarna virðist hafa verið gert.

Ég beini því eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.:

Var ráðuneytinu kunnugt um eða veitti það heimild til þess að lögreglan seldi 24 skammbyssur 4. febrúar 1991?

Telur ráðherra þessa sölu lögreglunnar samrýmast hlutverki löggæslunnar?

Er ráðherra kunnugt um að lögreglan hafi innt af hendi fjárgreiðslur eða veitt annars konar fyrirgreiðslu til brotamanna eða annarra fyrir upplýstranir eða ábendingar um sakhæft athæfi?

Hefur ráðherra eða ráðuneytið veitt heimildir til viðskipta af þessu tagi og ef svo er, á hvaða lagaheimildum byggir það leyfi?

Hver er afstaða hæstv. ráðherra til slíkra viðskipta? Á að leyfa þau? Ef svo er, mun ráðherra þá beita sér fyrir því að um þau verði settar skýrar reglur?

Og síðast en ekki síst: Mun ráðherra beita sér fyrir því að opinber rannsókn fari fram á þeim alvarlegu fullyrðingum sem birst hafa um samninga sem fíkniefnalögreglan á að hafa gert? Ef ekki, hvernig hyggst ráðherrann kanna sannleiksgildi þessara fullyrðinga?

[16:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í tilefni af þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið bornar fram get ég í upphafi staðfest að dómsmrn. veitti leyfi til þess í febrúarmánuði 1991 að tilteknar skammbyssur í eigu lögreglu yrðu seldar. Í samræmi við þær reglur er um sölu á skammbyssum gilda geta einstaklingar fengið keyptar

nýjar eða notaðar skammbyssur að fengnu leyfi dómsmrn. Slík leyfi eru háð tilteknum þröngum skilyrðum. Sala þeirra vopna er spurning hv. þm. lýtur að fór á sínum tíma fram í samræmi við þessar reglur samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Um þessar mundir er til meðferðar í ríkisstjórn frv. til vopnalaga þar sem m.a. er ráð fyrir því gert að strangari reglur gildi í þessum efnum en verið hefur. Þar er að því stefnt að vopn sem þessi verði ekki seld á almennum markaði.

Hvað varðar fjárgreiðslur eða fyrirgreiðslur lögreglu vegna upplýsinga er þetta að segja: Samkvæmt upplýsingum frá lögreglustjóranum í Reykjavík veitti ráðuneytisstjóri dómsmrn. árið 1983 lögregustjóranum í Reykjavík munnlega heimild til að greiða uppljóstrunarmanni fyrir upplýsingar sem leitt hafi til haldlagningar á fíkniefnum. Sú heimild mun hafa verið bundin því skilyrði að hófs yrði gætt við ákvörðun greiðsluupphæðar og að hún færi eftir mati lögreglustjóra hverju sinni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur fengið um framkvæmd slíkra mála hjá lögreglustjóranum í Reykjavík mun þeim hafa verið háttað í samræmi við ofangreinda munnlega heimild en slíkar greiðslur munu vera fátíðar samkvæmt upplýsingum lögreglunnar.

Engin skýr lagaheimild er fyrir slíkum greiðslum fyrir upplýsingar í lögum en ráðuneytið hefur ákveðið að fela ríkislögreglustjóra að gera tillögur um það hvort slíkar greiðslur eigi að leyfa og þá eftir hvaða almennu reglum. Eins og kunnugt er eru slíkar greiðslur í öðrum löndum mikilvægur hluti af rannsókn afbrotamála, ekki síst fíkniefnamála.

Að undanförnu hefur nokkuð fjölmiðlaumræða orðið um það að lögreglufulltrúi hjá ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík hafi skrifað sem meðmælandi á byssuleyfi tiltekins afbrotamanns. Þeirri umsókn um byssuleyfi var synjað í dómsmrn. Jafnframt hefur verið til umfjöllunar reynslulausn sem sami maður fékk í júlímánuði 1991 eftir að hafa afplánað helming af þeirri refsingu er hann var dæmdur til að afplána. Fangelsismálastofnun ríkisins veitti umrædda reynslulausn að fengnum meðmælum fullnustumatsnefndar er starfaði þá samkvæmt reglugerð nr. 568/1988. Umsagnir fullnustumatsnefndar voru ekki rökstuddar sérstaklega á meðan hún starfaði en hún var lögð niður samfara gildistöku reglugerð nr. 29/1993, um fullnustu refsidóma.

Í þessu efni er rétt að taka fram að óheimilt er með öllu og refsivert af hálfu lögreglu að hylma yfir grun um refsiverða háttsemi, semja um að menn geti sloppið við viðurlög eða ákæru eða á nokkurn annan hátt að láta grun um refsiverða háttsemi afskiptalausa. Slíkt væri hvort tveggja í senn brot í opinberu starfi sem og hlutdeild í viðkomandi afbroti. Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefur því alfarið verið hafnað að slíkt hafi gerst eða tíðkast hjá lögreglunni í Reykjavík. Ég hef ekki ástæðu til að vefengja þá fullyrðingu. En það er vissulega óþolandi fyrir lögregluna í Reykjavík að sitja undir slíkum ásökunum. Almenningur á að sjálfsögðu rétt á að öllum efasemdum í þeim efnum verði eytt. Það er mjög mikilvægt til þess að fyllsti trúnaður ríki á hverjum tíma um starfsemi lögreglunnar. Af þeim sökum hefur ráðuneytið nú til mjög alvarlegrar skoðunar hvort ríkissaksóknara verður falið að taka það mál til sérstakrar rannsóknar sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

[16:05]

Magnús Aðalbjörnsson:

Virðulegi forseti. Enginn er hafinn yfir gagnrýni. Löggæslan eins og aðrir hlutar stjórnsýslunnar er engin undantekning. En gagnrýnin verður að vera réttmæt og málefnalega sett fram og með rökstuðningi. Varast ber allan æsifréttastíl.

Heilbrigð gagnrýni og aðhald frá almenningi og stjórnvöldum er nauðsynleg. Öðruvísi skapast ekki gagnkvæmt traust milli borgara og lögreglu. Ég spyr: Eru einhverjar líkur á að þær sakir sem greinarhöfundur Mannlífs ber á fíkniefnalögregluna séu sannar? Hæstv. dómsmrh. verður að taka á málinu. Aðgerðaleysi elur á efasemdum.

Það hefur komið fram í viðtölum við yfirmenn lögreglunnar að notaðar hafi verið svokallaðar óhefðbundnar aðferðir í baráttunni við fíkniefnasalana. Hafi eitthvað farið úrskeiðis verður að lagfæra vinnulagið, lögbinda reglur og skapa lögreglunni það vinnuumhverfi að boðlegt sé. Það er almennt viðurkennt að lögreglan er í fjársvelti og það verður að gera kröfu til stjórnvalda að bæta þar úr. Fjölga verður í fíkniefnalögreglunni og gera henni kleift að koma sér upp þeim tækjum sem duga í baráttunni við undirheimana. Vandinn er um allt land. Útihátíðir á landsbyggðinni á sumrin eru kjörland fyrir fíkniefnasalana. Þeir flykkjast þangað í leit að nýjum fórnarlömbum og til þess að að fylla á hjá fíklunum.

Virðulegi forseti. Það verður að leggja allt í sölurnar til þess að markmið hæstv. dómsmrh. um fíkniefnalaust Ísland fyrir árið 2002 verði að veruleika.

[16:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Fíkniefnavandinn hefur oft borist í tal hér á hinu háa Alþingi á þessu kjörtímabili en oftast vegna upplýsinga um vaxandi fíkniefnaneyslu, ekki síst meðal ungs fólks. Þær upplýsingar um starfsaðferðir fíkniefnalögreglunnar sem fram hafa komið í fjölmiðlum að undanförnu, einkum og sér í lagi í tengslum við einn meintan fíkniefnasala, eru nýtt sjónarhorn í umræðuna þar sem athyglin beinist að fíkniefnasölunni og að starfsaðferðum lögreglunnar í því sambandi.

Þær ásakanir sem koma fram í nýútkomnu blaðaviðtali þess efnis að meintur fíkniefnasali hafi fengið starfsleyfi frá fíkniefnalögreglunni til að verða stærsti fíkniefnasali á Íslandi, koma upp um keppinauta sína og safna auði, eru það alvarlegar að Alþingi hlýtur að spyrja hvort gengið er svo langt að það sé litið fram hjá þessu sem glæpsamlegu athæfi og hvort lögreglan sé komin út fyrir allt það sem lög heimila.

Svör hæstv. ráðherra við fyrirspurn málshefjanda áðan voru nokkuð skýr en ekki að öllu leyti. Ég óska eftir því að umrædd rannsókn sem ráðherra taldi hugsanlega eigi sér stað því að það hlýtur að vera nauðsynlegt að komast til botns í svo mikilvægu máli.

Við kvennalistakonur hvetjum til mikillar festu á þessu sviði. Líf of margra hefur verið lagt í hættu og rúst vegna fíkniefnasölu. Það er engin tilviljun að fíkniefnabraskið er svona umfangsmikið hér á landi því að þetta er með arðbærustu atvinnugreinum í veröldinni auk vopnasölu og klám- og kynlífsiðnaðar, en svo virðist sem á hinu síðastnefnda sviði séu sams konar vandamál hvað varðar eftirlit löggjafans. Frelsi einstaklingsins virðist vera virt svo mikils að vernd hins almenna borgara sé teflt í tvísýnu. Þessu verður að linna og því krefst ég þess að umrædd rannsókn fari fram og Alþingi verði gefin skýrsla um málið.

[16:10]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þær ásaknir sem koma fram á hendur fíkniefnalögreglunni og yfirmönnum hennar í tímaritinu Mannlífi eru mjög alvarlegar, bæði fyrir lögregluna, því þær grafa

undan trúnaðartrausti hennar, og einnig fyrir þá einstaklinga sem hafa mannorð sitt að verja. En það er greinilegt að þessi vinnubrögð hafa verið gagnrýnd innan lögreglunnar og verið á vitorði manna þar því að fyrir um það bil ári kom maður á skrifstofu mína hér í þinginu og sagði mér frá því að þarna væri ekki allt eins og hann teldi að rétt væri með vinnubrögð. Ég átti erfitt með að trúa því sem hann sagði mér en það sem hann sagði mér er nánast það sem kemur fram í þessu blaði.

Ég tel þetta vera svo alvarlegar ásakanir að það verði að rannsaka sannleiksgildi þeirra og ég fagna því að hæstv. dómsmrh. hyggst fara fram á athugun á þessum málum og talaði um að ríkissaksóknari færi í það mál en ég spyr hæstv. dómsmrh.: Hverjir eru hæfir til að gera úttekt á vinnubrögðum fíkniefnalögreglunnar? Getur ríkissaksóknari t.d. farið fram á það við lögregluna að hún geri úttekt á þessu? Er lögreglan sem samstarfsmenn fíkniefnalögreglunnar hæf eða jafnvel vanhæf til þess að gera slíka úttekt?

Ef í ljós kemur að þessar ásakanir reynast réttar, sem ég vona nú að sé ekki, þá vil ég spyrjast fyrir um það hvor yfirmenn verði látnir sæta ábyrgð. Og einnig ef í ljós kemur að þau vinnubrögð hafi verið viðhöfð sem nefnd eru í Mannlífi, þá vil ég einnig spyrja: Var það með vitneskju og vitund æðstu yfirmanna löggæslunnar hér á landi? Það er alveg greinilegt að þessi umfjöllun um málefni fíkniefnalögreglunnar krefst gagngerðrar rannsóknar á sannleiksgildi hennar.

[16:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar fíkniefnadómstóllinn var lagður niður var rannsókn fíkniefnamála ekki fenginn Rannsóknarlögreglu ríkisins af einhverjum ástæðum, heldur heyrði fíkniefnadeildin undir lögreglustjórann í Reykjavík. En þar sem fyrir liggur að starfsemi fíkniefnadeildar verði nú á vordögum færð til Rannsóknarlögreglu ríkisins er e.t.v. ástæða til að koma í veg fyrir að þau mistök og sú misbeiting valds sem fíkniefnadeildin virðist hafa gert sig seka um verði með í farangrinum þegar Rannsóknarlögregla ríkisins tekur við.

Ég gæti ef tími ynnist til rakið hér frásögn af því að fíkniefnadeildin gerði húsleit hjá fólki án húsleitarheimildar sem er skýlaust lögbrot. Ég gæti líka bent á mörg tilvik þar sem fíkniefnadeildin hefur misbeitt valdi sínu og farið offari. Í einu tilviki var talin þörf á því að hafa tal af konu einni er bjó í smáþorpi úti á landi. Í stað þess að senda einn lögreglumann með handtökutilskipun, sem flestum hefði þótt fullnægjandi í þessu tilfelli, taldi yfirmaður fíkniefnalögreglunnar ástæðu til að senda flugvél fulla af einkennisbúnum lögregluþjónum frá Reykjavík ásamt tveim lögreglubílum úr nærliggjandi kaupstað með alla tiltæka lögregluþjóna á vakt til að umkringja húsið.

Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi þess að fíkniefnalögreglan hefur farið offari, hefur brotið á lögvörðum réttindum fólks, hefur að ástæðulausu lítillækkað og niðurlægt fólk. Yfirmaður fíkniefnadeildar lýsti því yfir í sjónvarpsviðtali að hann hefði greitt upplýstrurum fyrir þjónustu með upphæðum sem hann taldi raunar skammarlega lágar og líkur benda einnig til að upplýstrurum hafi verið veittur afsláttur af refsingu og jafnvel að litið hafi verið fram hjá umfangsmikilli ólöglegri starfsemi. Þetta taldi yfirmaður fíkniefnadeildar í sjónvarpsviðtali nýverið vera línudans á gráu svæði.

Niðurstaða þessarar umræðu hér virðist mér því þurfa að verða sú að settar verði nákvæmari reglur um rannsókn sakamála þar sem skýrt komi fram að miklar takmarkanir verði settar við kaup upplýsinga af glæpamönnum, grunuðum jafnt sem sönnuðum gegn fríðindum af einhverju tagi þannig að lögreglan þurfi ekki að stunda línudans á gráum svæðum þó auðvitað þurfi hún að berjast gegn innflutningi og dreifingu fíkniefna með öllum löglegum leiðum.

[16:15]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Lögreglan er einn af hornsteinum okkar samfélags. Hennar hlutverk er að halda uppi allsherjarreglu og gæta að hagsmunum einstaklinga og vernda eignir borgaranna. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt að almenningur hafi traust á lögreglunni. Þegar ásakanir af því tagi sem hér um ræðir koma fram þá er mikilvægt að rannsókn á þeim fari fram. Það er gríðarlega mikilvægt í því skyni að treysta trú almennings á lögreglunni. Þeirri trú verður að viðhalda. En því miður hefur öll þessi umræða snúist upp í það að persónugera einstaklinga í stað þess að fá frekar fram viðhorf yfirmanna viðkomandi einstaklinga. Það tel ég galla á þessari umræðu.

Það kom fram hjá hæstv. dómmrh. að það er í skoðun í dómsmrn. hvort af þessari rannsókn verði. Ég vil segja það sem mína skoðun að ég held að mjög nauðsynlegt sé að hún fari fram.

Að lokum vil ég nefna það, virðulegi forseti, að sú þróun hefur átt sér stað víðast hvar í löndunum hér í kringum okkur að lögregla hefur haft heimild til að greiða fyrir einstaka upplýsingar. Ég held að það væri mjög æskilegt að lögreglan hér fengi slíka heimild en jafnframt verður að gæta þess að einstakir embættismenn eða lögreglumenn hafi ekki heimildir til að veita nokkurs konar sakaruppgjöf. Að því þurfum við að gæta. Því er þessi öflun upplýsinga tvenns konar, annars vegar hvort lögreglan hafi heimild til að greiða fyrir upplýsingar ellegar að hún sé að minnsta kosti ekki að veita mönnum nánast sakaruppgjöf eða að koma í veg fyrir rannsókn ef það er hugsanlega uppi á borðinu að veita upplýsingar í staðinn. Um það verður að setja skýrar reglur, virðulegur forseti.

[16:17]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég geri þá kröfu til hæstv. dómsmrh. að hann beiti sér til að vernda mig og mína fjölskyldu. Ég geri líka þá kröfu til hæstv. dómsmrh. að hann verndi sína undirmenn, sem er lögreglan. Það blasir við að hæstv. dómsmrh., maður þekktur fyrir að vera skeleggur í sínum málflutningi, hefur sagt í þessu máli að hann hafi það til „alvarlegrar skoðunar" að láta fara fram opinbera rannsókn á þessum fullyrðingum. Herra forseti. Það er ekki nóg fyrir mig sem borgara í landinu og ekki heldur nóg fyrir lögregluna á Íslandi. Það er alveg ljóst að ef ekki er kannað sannleiksgildi þeirra staðhæfinga sem komið hafa fram í þessari umræðu þá verður eftir hana trúnaðarbrestur milli fólksins í landinu og fíkniefnalögreglunnar.

Fíkniefni eru mesti vágestur nútímaþjóðfélags og við sem eigum fjölskyldur óttumst fátt meira heldur en að unglingarnir okkar og börnin okkar verði bráð fíkniefnanna. Hvert er skjól okkar í þeirri baráttu? Það er fíkniefnalögreglan. Það hafa komið fram ásakanir sem gera það að verkum að það hlýtur að myndast trúnaðarbrestur á milli borgaranna og fíkniefnalögreglunnar. Það er ekki til nema ein leið til að uppræta þennan trúnaðarbrest og það er að hæstv. dómsmrh. taki af skarið, komi hér á eftir og segi ekki að hann hafi það til alvarlegrar skoðunar að láta fara fram opinbera rannsókn,

heldur lýsi því yfir fyrir þingheimi að hann hafi ákveðið að láta þessa skoðun fara fram. Það er eina aðgerðin sem hæstv. dómsmrh. getur tekið sem er hin rétta í þessu máli. Það er eina leiðin til þess að verja borgarana í landinu og til þess að verja orðstír lögreglunnar.

[16:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Í ljósi þess að hæstv. ráðherra fer yfirleitt varlega í allar fullyrðingar þá treysti ég því að orð hans um að hann hafi það til alvarlegrar skoðunar að láta rannsaka þær fullyrðingar sem fram hafa komið að undanförnu um starfsemi fíkniefnalögreglunnar þýði að fram fari rannsókn.

Ég vil einnig þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hann lýsti því yfir að hann muni beita sér fyrir því að gerðar verði tillögur og settar reglur um hvernig staðið skuli að viðskiptum sem þessum þegar verið er að kaupa upplýsingar. En það verður að setja reglur um allar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir sem lögreglan viðhefur í dag vegna þess að við vitum og höfum vitað lengi að svokallaðar óhefðbundnar rannsóknaraðferðir hafa verið viðhafðar. Reglur um slíkar aðferðir verða að vera mjög skýrar. Það dugar ekki munnleg heimild síðan 1983. Ég efast um að það sé annars staðar í íslenska kerfinu sem munnlegar heimildir hafa geymst eins vel og hjá lögreglustjóraembættinu. Því verður líka að ljúka að yfirmenn fíkniefnalögreglunnar séu alltaf og ævinlega sú deild sem dregin er til svara ef svona ásakanir koma fram vegna þess að lögreglustjórinn ber ábyrgð, lögreglustjórinn einn ber ábyrgð á framkvæmdinni. Enda segir í þessari heimild frá 1983 að það verði að fara með hana hverju sinni eftir mati lögreglustjóra. Það er því lögreglustjórinn sem ber ábyrgð á því að reglurnar hafa ekki verið mótaðar úr því að honum var kunnugt að þessi munnlega heimild var til staðar. Hann hefur veitt þessar heimildir, það var hans að sjá um eða gera tillögur um það til ráðuneytisins að reglurnar yrðu mótaðar.

[16:22]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær undirtektir sem hér hafa komið fram hjá hv. þingmönnum um mikilvægi þess að þetta mál verði hreinsað. Ég lýsti því hér yfir að ég hefði það og ráðuneytið til alvarlegrar skoðunar að fela ríkissaksóknara að rannsaka það frekar. Ég fékk í morgun svör lögreglustjórans í Reykjavík og það er mjög eðlilegt að ég taki mér svo sem eins og einn sólarhring til að taka endanlega ákvörðun um hvernig við verður brugðist en ég hef ekki séð aðrar leiðir en að gera þetta með þessum hætti. Ég mun að sjálfsögðu gera ríkisstjórninni grein fyrir málinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Vegna þeirrar spurningar sem hér kom fram um það hvort ríkissaksóknari væri rétti aðilinn til að standa að slíkri rannsókn þá lúta þær ásakanir sem bornar hafa verið fram að athöfnun sem varða við hegningarlög og það er enginn annar aðili lögum samkvæmt sem getur farið með rannsókn slíkra mála en ríkissaksóknari. Hann starfar algjörlega sjálfstætt, óháð framkvæmdarvaldinu og þess vegna eru að mínu mati engar aðrar lagalegar forsendur fyrir rannsókn sem telst vera fullnægjandi en þessi. Hvers konar nefndarskipanir sem menn gætu hugsað sér gætu aðeins leitt til könnunar en slíkar nefndir gætu ekki lögum samkvæmt haft neitt rannsóknarvald. Því tel ég að það sé ekki um annan farveg að ræða en þennan. En það er mjög mikilvægt eins og hér hefur komið fram að lögreglan njóti trausts. Ég er ekki að óska eftir þessari rannsókn vegna þess að ég hafi ástæðu til að ætla að lögreglumenn hafi misfarið með vald sitt. En það er nauðsynlegt að hreinsa málið og upplýsa það. Það verður að mínu mati ekki gert með öðrum hætti en þessum.

Flugskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 168, nál. 754 og 755.

[16:26]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta samgn. um frv. til laga um Flugskóla Íslands hf.

Samgn. fjallaði um málið og fékk á sinn fund allnokkra aðila og kallaði að sjálfsögðu eftir umsögnum. Þess ber að geta að þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu þá. Samgn. bárust þá allmargar umsagnir og athugasemdir frá ýmsum aðilum. Frv. var síðan endurflutt á síðasta hausti með nokkrum breytingum frá fyrri gerð, m.a. með hliðsjón af framkomnum athugasemdum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna að það sem áður var aðeins í athugasemdum frv., að nemendur skuli eiga þess kost að semja sjálfir við aðra flutskóla um afnot flugvéla eða leggja til eigin flugvélar, er nú sett inn í lagatextann sjálfan. Í öðru lagi eru felld út ákvæði sem kváðu á um að samgrh. skipi meiri hluta stjórnar. Í þriðja lagi er fellt niður ákvæði um að ríkissjóður skuli eiga að minnsta kosti 51% hlutafjár með því að eignarhlutur einstakra hluthafa er takmarkaður við 25% þannig að dreifing hlutafjárins á að vera tryggð.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands. Ástæða þess að slíkt rekstrarform er valið er sú að með því er aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að honum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Engum einum aðila öðrum en ríkinu er þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár samkvæmt frumvarpinu.

Virðulegur forseti. Ég vil einnig vekja athygli á því í þessu sambandi að loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur nú eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð og Flugmálastjórn fer með framkvæmd og umsögn prófa og útgáfu atvinnuskírteina. Þess vegna er talið rétt að höggva á þau nánu rekstrarlegu tengsl sem hafa verið milli Flugmálastjórnar og skólans með stofnun sérstaks hlutafélags um Flugskóla Íslands hf.

Markmiðið með starfsemi Flugskóla Íslands hf. er að veita nemendum bestu menntun sem völ er á hverju sinni og stefnt er að því að nemendur útskrifist með skírteini sem viðurkennd verði af Samtökum loftferðaeftirlita í Evrópu, Joint Aviation Authorities (JAA).

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að stofnfund hlutafélagsins skuli halda samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra í samráði við þá sem hann kveður til samstarfs. Meiri hluti nefndarinnar telur rétt að tryggja að allir eigi jafna möguleika á að sækja stofnfund og að fundurinn verði auglýstur opinberlega. Með því er átt við að fundurinn verði auglýstur í blöðum eða á annan sannanlegan hátt. Meiri hlutinn leggur þess vegna til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Fyrri málsliður 1. mgr. 7. gr. orðist svo: Samgönguráðherra skal auglýsa opinberlega fund um stofnun hlutafélags um rekstur Flugskóla Íslands.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Einar K. Guðfinnsson, form. og frsm., Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Kristján Pálsson.

[16:29]

Frsm. minni hluta samgn. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta samgn. um frv. um Flugskóla Íslands hf.

Eins og fram hefur komið hjá frsm. meiri hluta hefur nefndin fjallað um málið bæði nú í vetur og í fyrra og fengið á sinn fund allmarga umsagnaraðila.

Í frumvarpinu er lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur Flugskóla Íslands. Ástæða þess er sögð sú að með því sé aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans, gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að honum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang. Engum einum aðila öðrum en ríkinu sé þó heimilt að eiga meira en 25% hlutafjár samkvæmt frumvarpinu.

Auðvelt virðist að gefa hagsmunaaðilum kost á að hafa áhrif á stjórn skólans án þess að breyta skólanum í hlutafélag, t.d. mætti skipa þá í skólaráð eða skólanefnd ásamt fulltrúum ráðuneyta, kennara og nemenda. Almennt virðist það heldur hæpin stefna í skólamálum að hagsmunaðilar og fyrirtæki geti keypt sér áhrif í skólum með hlutafjárframlögum.

Þá er rétt að benda á að frumvarpið er mjög umdeilt og mikilvægur umsagnaraðili, Félag íslenskra einkaflugmanna, mælir eindregið gegn samþykkt þess.

Að þessu athuguðu telur minni hluti nefndarinnar rétt að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar.

Undir þetta rita þann 12. mars 1997 hv. þm. Ragnar Arnalds, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Ég vil einnig að það komi fram hér að okkur fulltrúum jafnaðarmanna í samgn. hefur fundist að ef rekstur skóla eins og Flugskóla Íslands á að vera á höndum hagsmunaaðila, þá sé það spurning hvort hann ætti ekki eingöngu að vera á þeirra höndum, hvort ríkið þurfi þá endilega að vera að koma þar að, og jafnvel er það spurning hvort skóli sem flugskólinn ætti að vera á vegum menntmrn. Það hafa sem sagt ýmsar spurningar vaknað við umfjöllun þessa máls og því full ástæða til þess að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar.

[16:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég kem hingað til þess að andmæla frv. og vara við því að það verði samþykkt. Ég held að menn ættu að staldra aðeins við og reyna að átta sig á því út í hvaða fen þeir eru að fara áður en þeir vaða fram með svona hugmyndir.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég batt vonir við að þetta frv. kæmi aldrei, a.m.k. ekki í óbreyttri eða lítt breyttri mynd frá hv. nefnd, auk þess sem það hefði auðvitað átt að fara til menntmn. til skoðunar sem hluti af skipulagi menntamála í landinu ef út í það væri farið. Ég held að það sé að vísu hægt að viðurkenna, herra forseti, að saga flugnámsins eða flugskólans hefur verið hálfgerð hrakfallasaga. Það hefur ekki gengið nógu vel eða tekist nógu hönduglega að koma því fyrir en það eru engin rök eða engin réttlæting fyrir því að fara að brydda upp á þeim ósköpum sem hér eru á dagskrá, að stofna hlutafélag um rekstur eins tiltekins faggreinarskóla í landinu. Út á hvaða braut eru menn þá að halda og hvar endar það og hvaðan koma mönnum rök fyrir því að þetta sé farsæl niðurstaða, t.d. hvað varðar samskipti atvinnugreinar og ríkis á sviði menntunar og starfsfræðslu á einu sviði, að fara út í það fyrirkomulag að stofna hlutafélag, selja helstu viðtakendum þeirra sem þarna stunda nám hlut í félaginu með þeim rökum að þeir þurfi að geta haft nógu mikil áhrif á framgang mála?

Ég held að hér sé að mörgu að hyggja, herra forseti, sem ekki hafi verið gert nægilega vel. Mér finnast þessi nefndarálit heldur ræfilsleg og það á við þau bæði, ekki síður minni hlutans, það skal tekið fram. Ef minni hlutinn er á móti þessu máli þá hefði hann vel mátt hafa fyrir því að rökstyðja það aðeins betur.

Herra forseti. Þessi röksemdafærsla, þ.e. ástæða þess að slíkt rekstrarform er valið eins og segir í nefndaráliti meiri hlutans, er sú að með því er aðilum sem hagsmuna eiga að gæta varðandi rekstur skólans gefinn kostur á að gerast eignaraðilar að honum og hafa þannig áhrif á stefnu hans og viðgang.

Bíðum nú við. Hverjir eiga hagsmuna að gæta hér? Eru það ekki m.a. nemendur? Er það ekki m.a. þjóðfélagið allt og er þetta ekki hluti af menntastefnunni í landinu? (**Gripið fram í:** Bornir og óbornir.) Bornir og óbornir um ókomin ár. En hér er auðvitað átt við tiltekna aðila sem eru greinilega í miklu uppáhaldi hjá þeim sem þarna stýra penna eða ráða hugsun, þ.e. hagsmunaaðilar í skilningnum: flugrekendurnir, eða kannski í eintölu með ákveðnum greini sem tekur við obbanum af þeim mönnum sem þarna ljúka námi. En hver á að borga reikninginn? Ríkið. Ríkið á að borga reikninginn. Það er tekið skýrt fram og reyndar mjög sérkennilegt satt best að segja því að það jaðrar við að það sé lagt til hér í 5. gr. frv. að taka fjárveitingavaldið af Alþingi og framselja það í hendur ráðherra sem gerir samning um rekstur skólans og síðan skuli Alþingi veskú borga það sem í þeim samningi stendur ár eftir ár. Það er ekki mikið minnst á nemendur hér eða aðra slíka, að þeir skuli geta haft áhrif á framgang mála. Er það nú virkilega svo að eina aðferðin í nútímanum til þess að atvinnugrein, fagaðilar, geti haft áhrif á mótun náms, námskröfur og uppbyggingu, sé að þeir gerist hluthafar í hlutafélagi um viðkomandi rekstur? Verður þá sjávarútvegurinn að gerast hluthafi í Háskólanum á Akureyri ef hann vill hafa áhrif á það hvernig námið er í sjávarútvegsfræðunum o.s.frv.? Hvers konar della er þetta? (**Samgrh.:** Maður spyr nú sjálfan sig.) Hvers konar della er þetta, herra forseti?

Auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu að setja skýr ákvæði um skólastjórn, fagráð eða aðra slíka hluti sem menn vilja hafa þarna til að tryggja að atvinnugreinin, flugrekendur, geti haft áhrif, að sjálfsögðu, að svo miklu leyti sem menn telja að þeir eigi að hafa áhrif því að við skulum ekki gleyma því að þeir eru ekki endilega hlutlausir aðilar í stöðunni. Þeir eiga mikilla hagsmuna að gæta og það er líka vandasamt að draga þá mörk um það að hve miklu leyti þeirra áhrif eiga að vera þarna á ferðinni. Þetta má ekki þróast í þá veru að þeir geti sent ríkinu reikninginn fyrir að þjálfa kannski sína tilvonadi starfsmenn í mjög ríkum mæli umfram það sem eðlilegt má teljast og kallast má grunnám. Hafa menn hugað að því? Við skulum segja að það sé einn einasti aðili í landinu, flugrekandi með stórum staf og ákveðnum greini, sem taki við 70–80% af öllum þeim sem þarna útskrifast og ljúka námi. Á hann þá ekki talsverðra hagsmuna að gæta? Gæti það ekki verið freistandi fyrir hann, ef hann getur

í gegnum eignaraðild að skólanum sem ríkið borgar hins vegar, stýrt námskránni þannig að flugmennirnir komi út úr náminu meira og minna þjálfaðir á tilteknar flugvélagerðir og guð má vita hvað, sérstaklega undir það búnir að starfa við tiltekna þætti í flugrekstri? Ég held að þetta sé afar lítið hugsað, herra forseti.

Síðan á að tryggja þarna einhverja eignaraðild, að vísu með því að enginn megi eiga meira en 25% hlutafjár. Er þá átt við hvern einstakan flugrekanda, hvert einstakt flugrekstrarleyfi eða yrði það samstæða? Mættu mismunandi fyrirtæki í samstæðu eiga hver sín 25%? Þetta er praktísk spurning. Við þekkjum eignatengsl stórra aðila á þessu sviði í flugrekstrinum.

Hvaðan koma mönnum þau rök að betra sé að gera þetta svona heldur en t.d. með því að vista þennan skóla hjá einhverjum traustum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu eða standa einhvern veginn öðruvísi að því? Ef menn vilja hafa þetta nær háskólastiginu getur hann verið við Tækniskólann. Til eru ótal möguleikar á að búa þessu fagnámi stöðu þannig að það sé sambærilega sett og annað og því sé fullur sómi sýndur án þess að fara að lögfesta þessi afbrigðilegheit hér. Með leyfi forseta. Ég hlýt að nota það orð. Það eru afbrigðilegheit að vera að lögfesta þennan hlutafélagabastarð um þennan skóla. Það eru nú meiri ósköpin verð ég að segja.

Ég vil aðeins staldra, herra forseti, við ákvæði í 4. gr. Þar kemur að þessu sem er aðalrökstuðningurinn samkvæmt nefndarálitinu fyrir því að einkavæða þennan skóla. Það er að vísu annar rökstuðningur en kemur fram í greinargerð með frv. á bls. 3, þ.e. upphaflega textanum sem fylgdi frv. í fyrra því að þar segir ósköp einfaldlega, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið er þeirrar skoðunar að kostir hlutafélagsformsins séu verulegir umfram ríkisrekstur á þessu sviði."

Rökstuðningur fyrir málinu eins og það kom upphaflega hér inn, herra forseti, var að það var skoðun ráðuneytisins. Ráðuneytið hefur skoðun. Það telur að einkarekstur sé betri en almennir skólar (**Samgrh.:** Skoðun ráðuneytisins er skoðun ráðherrans.) og þar með er það ákveðið. Það þarf ekki frekari vitna við. Það þarf ekki frekari rökstuðnings við. Ráðuneytið er þeirrar skoðunar. Ráðuneytið telur, ráðuneytið ímyndar sér, ráðuneytið heldur, ráðuneytið vill, þetta er sem sé sá rökstuðningur sem Alþingi á að láta sér nægja í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Ráðuneytið yrkir.) Því sem ráðuneytinu dettur í hug að yrkja í þessum efnum skulu vera hér lög. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að þetta er stórbrotið. En mér finnst lakara í sjálfu sér að meiri hlutinn í hv. samgn. skyldi ekki ramba á að hafa sama rökstuðning fyrir málinu og hæstv. ráðherrann. Auðvitað átti bara meiri hluti samgn. að vitna í skoðun ráðuneytisins og láta það nægja. Það væri í samræmi við framlagningu málsins.

Herra forseti. Í 4. gr. kemur að því að búa um það sem er notað hér sem rökstuðningur, þ.e. að flugrekendurnir geti með eignaraðild sinni haft áhrif á stefnu skólans og viðgang eins og stendur í nefndarálitinu. Það á að gerast þannig að þriggja manna stjórn er kosin á aðalfundi skólans. Nú heldur hlutafélagið aðalfund, hlutafélagið Skólinn hf., og kýs þriggja manna stjórn og það er stjórn hlutafélagsins sem á að hafa þarna áhrif. Þetta hlýtur að vera hlutafélag sem lýtur hlutafélagalögum. Annaðhvort er þetta einkahlutafélag eða almenningshlutafélag. Það eru ekki til önnur form hlutafélaga í landinu og mér sýnist nú miðað við að eignaraðilarnir verði kannski ekki mjög margir, það er ekki sérákvæði um það í lögunum, að þetta muni þá verða einkahlutafélag og fer vel á því auðvitað. Ráðherrann og Flugleiðir koma til með að eiga þetta saman og einhverjir einn til tveir litlir aðilar kannski í viðbót svona til þess að passa upp á fjölbreytnina. Það er stjórn þessa hlutafélags sem á síðan að verða einhvers konar skólastjórn. Þetta er afar sérkennilegt, herra forseti, verð ég að segja. Með öðrum orðum: Þetta er ekki skólastjórn. Þetta lýtur ekki lögum eins og um skóla væri að ræða. Nemendur koma þarna ekkert til sögu. Það er ekkert nemendaráð. Þetta kemur hvergi við menntamálalöggjöf í landinu. Það er hlutafélagalöggjöfin sem á að gilda um þennan skóla. Er það ekki? Og það verður þá væntanlega að fara eftir hlutafélagalögum um gerð ársreikninga og endurskoðun og annað því um líkt fyrir þennan skóla. Þetta er rekstur sem á að lúta lögum um samkeppnisfyrirtæki í atvinnulífinu þó að þessi skóli sé einn í landinu og hafi auðvitað einokun ef út í það er farið. Þetta er mjög sérkennilegt svo ekki sé meira sagt, herra forseti.

Er nú alveg tryggt að þessir snillingar sem ná kosningu á aðalfundinum verði mjög vel að sér um kennslumál, gerð námskrár, tilhögun kennslu, námskeið, stundaskrá og námsefni? Allt þetta er talið upp og stjórn hlutafélagsins á að gerast sérfróð í þessu.

Síðan kemur 5. gr., herra forseti. Hún er alveg stórbrotin:

„Samgönguráðherra skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags [þ.e. hlutafélags] þar sem nánar skal kveðið á um það skólahald sem félagið á að sinna og hvernig greiðslum af hálfu ríkisins skuli háttað. Á fjárlögum hverju sinni skal síðan veita fé til að fullnægja skuldbindingum ríkisins samkvæmt samningnum."

Með öðrum orðum: Samningaumboðið er framselt til ráðherrans. Hann gerir samning. Í honum getur staðið hvað sem er þess vegna og Alþingi skal veskú við fjárlagaafgreiðsluna hverju sinni borga, setja inn fullnægjandi fjárveitingar til að efna samninginn. Þetta er afar opið svo ekki sé meira sagt. Er þá ekki fyrst rétt að bera fram umboðið og kanna vilja Alþingis til að slíkt samningsumboð sé afhent og hefur nefndin farið yfir það, rætt það við fjárln., efh.- og viðskn. hvort hér sé eðlilega að málum staðið? Ég hefði fyrst talið að það ætti að veita ráðherra umboð í ákvæði til bráðabirgða til að leita eftir gerð slíks samnings við félagið og svo ætti að láta á það reyna hvort þingið vildi efna hann með fjárveitingum, en því væri ekki stillt upp við vegg þegar þar að kemur á grundvelli samnings sem gerður væri með þessum hætti og eigi þá engan annan kost en að borga því að þetta verður að sjálfsögðu löggjörningur. Þetta verður löggjörningur sem þingið verður bundið af, ef svona verður gengið frá málinu, skaðabótaskylt ella. Það er alveg ljóst. En þetta er alveg ótrúleg röð á hlutunum sem hér er sett upp og ég spyr, herra forseti: Hvaða snillingar sömdu þetta? Hvaða snillingar gengu svona frá þessu? Þetta er mjög óvenjulegur umbúnaður svo ekki sé meira sagt.

Ég hef komið að því hér fyrr á öldinni, eins og stundum er sagt, að gera býsna stóra samninga fyrir hönd ríkisins við aðila. Þá reyndu menn auðvitað að fara í þetta í réttri röð og bera fyrst upp í þinginu heimild til þess að leita eftir samningunum og hafa hana í lögum. Þegar hún var komin í lög, þá var farið í samningagerðina. Þegar samningarnir lágu fyrir, þá var vilji Alþingis til að hefja framkvæmd samninganna kannaður og svo voru sett lög um þann umbúnað á eftir vegna þess að menn vildu ekki koma að Alþingi þannig að það stæði upp við vegg, búið að framselja frá sér samningsvald

til þess að skuldbinda ríkið með löggjörningum án þess að nokkurt þak eða nokkur takmörk væru á upphæðinni. Hvað segja þessir miklu snillingar í fjárln. sem spretta hér upp stundum þegar það á við og mótmæla því að fjárveitingavaldið sé framselt? Hvar eru þeir núna? Var enginn þeirra í samgn. eða á maður að trúa því að samgn. hafi ekkert velt þessum hluta málsins fyrir sér? Þetta er afar sérkennilegur og óvenjulegur frágangur á máli, herra forseti.

Að vísu skal það tekið fram að í 3. mgr. 5. gr. er sleginn sá varnagli að félagið, hlutafélagið, einkahlutfélagið þeirra kumpánanna samgrh. og kó, á ekki að vera gróðafyrirtæki, ekki í hefðbundnum skilningi þess orðs, þ.e. það er ekki reiknað með því að eigendurnir taki arð eins og er þó mjög í tísku núna. Og reynslan sýnir að menn geta hvenær sem er hrokkið í gang með eitthvert ferli, skírt sjálfa sig eigendur að einhverjum svona fyrirbærum og farið að heimta arð. Dæmi: Landsvirkjun. En það er nú samt sagt hér í 3. mgr. 5. gr., með leyfi forseta:

„Tilgangur félagsins er ekki að afla hluthöfum fjárhagslegs ávinnings, heldur skal rekstrarafgangi varið til frekari uppbyggingar skólastarfsins og skulu samþykktir félagsins innihalda ákvæði þess efnis."

Gott og vel, þetta er þá orðin einhvers konar NGO-stofnun eins og stundum er sagt á erlendri tungu, einhvers konar hálfgert líknafélag eða sjálfseignarstofnun í reynd í þeim skilningi að hún á að vaxa af sjálfri sér en það á ekki að draga arð út úr starfseminni. Það er gott og vel. En þar með er þó a.m.k. ljóst að stofnunin getur látið það eftir sér sem henni sýnist. Hún getur lagt fjármuni í uppbyggingu sína samkvæmt þessu eins og hún kýs og, og hvað? Sent ríkissjóði reikninginn. Hún getur ákveðið að búa sig svo vel af tækjum sem fara gerir, hafi hún til þess svigrúm innan samningsins. Hún getur látið ýmislegt eftir sér, sýnist mér, og reikningurinn fer til ríkissjóðs ef þannig bæri nú undir að einhvern tímann á góðri stund þá næðu þeir svo vel saman, hæstv. samgrh., hver sem það nú yrði eða verður sem færi með samningsumboðið, og hinir. Þetta finnst mér satt best að segja mjög skrýtið, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Ég vek athygli á því að stjórn skólans, stjórn hlutafélagsins, á að semja námskrána og ákveða tilhögun námskrár, stundaskrár, námskeiða og annað því um líkt. Hún er líka viðsemjandinn, auðvitað. Það hlýtur að vera þannig því að samgrh. skal beita sér fyrir gerð samnings milli ríkisins og hins nýja félags. Hverjir stjórna því? Stjórn hlutafélagsins sem jafnframt er skólastjórn og semur námskröfurnar og verður tilnefnd af helstu hagsmunaaðilum í fluginu. Þannig er það. Þetta, herra forseti, er afar sérkennilegt, svo ekki sé meira sagt.

Flugleiðir benda í umsögn sinni við frv. eins og það kom í fyrra réttilega á að íslenska ríkið stendur yfirleitt straum af kostnaði við grunnmenntun langflestra starfsstétta í landinu og þannig á það að vera. Hvers vegna á þá að vera að undanskilja bóklegt nám atvinnuflugmanna? Af hverju er farin þessi afbrigðilega leið við að koma því fyrir í menntakerfi landsins? Hver eru rökin önnur en einhver svona, að ráðuneytið hafi þá skoðun eða að þetta sé aðferð til þess að láta flugrekendur hafa áhrif á uppbyggingu námsins? Það er bara ekki nokkurt minnsta vandamál að gera það á mikið einfaldari og eðlilegri hátt en hér er lagt til og forðast að lenda út í þeim ógöngum að fara að reka skóla af þessu tagi, sem er eini fagskólinn á heilu sviði í landinu, sem hlutafélag.

Herra forseti. Er ekki reynslan líka dálítið blendin af þessu fíneríi þegar menn draga hagsmunaaðilana inn að borðinu með sér og afhenda þeim hluti af þessu tagi? Hvernig er reynslan af Bifreiðaskoðun Íslands hf., blessaðri? Það var nú fína útkoman á því dæmi fyrstu árin eða hitt þó heldur. Skoðunargjöldin hækkuðu um mörg hundruð prósent og þjónustan stórversnaði. Það vantaði nú ekki að hagsmunaaðilarnir gætu aldeilis farið að hafa áhrif þar.

Nei, ég er ekki viss um, herra forseti, að þetta sé mjög skynsamlegt og reyndar alveg sannfærður um hið gagnstæða. Þetta er ákaflega vanhugsað. Ég vil fá einhver meiri rök en koma fram í þessum pappírum hér, greinargerð með frv., sem er nú að mestu leyti hrá frá því í fyrra og hafði ekki fram að færa merkilegri rökstuðning en þetta, að ráðuneytið væri þeirrar skoðunar að kostir hlutafélaga væru ótvíræðir. Síðan eru gerðar minni háttar lagfæringar á frv. og í raun og veru ekki fjallað um neitt annað í nál. á þskj. 754. Ég vara mjög við því, herra forseti, að fara út á þessa braut. Ég held að þetta sé algjörlega vanhugsað. Skynsamlegast væri að menn sameinuðust um það hér að láta málið liggja, bara hætta því þar sem það er statt núna og minnast ekkert á það meir. Reyna svo að koma með einhverja vitlega, vel rökstudda og útfærða tilhögun á þessu í frumvarpsformi t.d. næsta haust.

Ég spyr að lokum, herra forseti: Hefur hæstv. menntmrh. verið hafður eitthvað til ráðuneytis um þetta mál? Var það ekki þannig að hæstv. menntmrh. var að troða hér í gegn framhaldsskólalögum þar sem átti að byggja upp alveg sérstakt nýtt kerfi, þ.e. að einstakir skólar gætu sérhæft sig sem kjarnaskólar á viðkomandi sviðum? Var ekki verið að byggja heilan nýjan stóran framhaldsskóla sem ætlar að sérhæfa sig á tilteknum sviðum iðnnáms eða verknáms og verða kjarnaskóli? Af hverju er ekki einhver skóli látinn sérhæfa sig og verða kjarnaskóli fyrir flugnámið, bóklegt nám atvinnuflugmanna og jafnvel fleiri greinar, tengdar og skyldar greinar sem gætu nýst til að efla á einum stað nám fyrir þessi svið? Það er náttúrlega stutt yfir í mörg önnur fög sem tengjast fluginu eða eru skyld því. Við getum tekið þar flugumferðarstjórn og flugumsjón og jafnvel rafeindavirkjun á þessu sviði og ýmislegt fleira. Ég held að það væri alveg prýðilegt að stefna að því að það myndaðist einhver kjarnaskóli á þessu sviði, annað hvort einn af framhaldsskólunum hér eða að Tækniskólinn tæki þetta að sér. Ég varpa því nú frekar fram svona sem hugmyndum heldur en hitt að mér sé það eitthvað fast í hendi hvernig að þessu verði staðið. Eða þá, ef menn telja að þetta eigi að vera sérskóli, að þetta sé þá bara ríkisskóli. Það væri hugsanlega hægt að vista hann einhvers staðar í sambýli við annan, en hann gæti verið sjálfstæður sem slíkur, séreining, ef menn vilja frekar hafa það þannig. Það er ekkert vandamál. En þessi hlutafélagamanía sem hér er gengin aftur inn í þetta mál finnst mér ótrúleg. Og ég trúi því ekki satt best að segja að þingmenn hafi almennt áttað sig á því eða gert það upp við sig að fara að styðja þessi ósköp.

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt mál, ef menn vilja knýja á um afgreiðslu málsins hér, að styðja þá tillögu um að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar þannig að það verði betur skoðað, en skynsamlegast væri nú að láta þetta bara alls ekki koma neitt til atkvæða, bara hætta þessu hér og nú.

[16:53]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til þess að orðlengja mjög þessa umræðu. Þetta mál hefur komið hér

allnokkrum sinnum til umfjöllunar. Eins og ég gat um í máli mínu áðan var þetta mál lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu þá en fékk þó að sjálfsögðu nokkra umræðu í þinginu. Sömuleiðis höfðu menn tækifæri til þess að fjalla almennt um málið við 1. umr. og hafa væntanlega gert það með einhverjum hætti.

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði mig eftir því hver væri hinn almenni rökstuðningur fyrir því að færa námið út úr flugskóla Flugmálastjórnar og inn í þetta nýja rekstrarform sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil í þessu sambandi í fyrsta lagi vekja athygli á þeim almenna rökstuðningi sem fram kemur í greinargerðinni eða athugasemdunum við lagafrv. sem ég vék lítillega að í máli mínu áðan. Það er í fyrsta lagi það að það eru fullgild rök í sjálfu sér að færa þessa starfsemi úr umsjón Flugmálastjórnar þar sem loftferðaeftirlit Flugmálastjórnar hefur eftirlit með flugskólum samkvæmt reglugerð. Þess vegna væri mjög óeðlilegt í sjálfu sér að viðhalda núverandi fyrirkomulagi við rekstur flugskólans þar sem eftirlitsaðilinn sjálfur sæi um rekstur skólans. Það er því augljóst að við svo búið má ekki standa. Við verðum þess vegna að gera þá breytingu sem nauðsynleg er til þess að skilja þarna á milli. Í rauninni er það þannig að löggjafinn hefur verið að stíga á öðrum sviðum flugrekstrarins skref í þessa átt. Ég nefni í því sambandi til að mynda lögin um flugslys sem við vorum að samþykkja á síðasta þingi sem fólu nákvæmlega þetta í sér, að gera skil þarna á milli. Og ég held að við hv. þm. hljótum að vera sammála um það að getur ekki gengið til frambúðar að eftirlitsaðilinn sjálfur annist rekstur skólans. Þess vegna er eðlilegt að höggva á þessi tengsl eins og segir líka í athugasemdum.

Jafnframt sagði hv. þm. að athugasemdir með frv. stönguðust á við nál. meiri hlutans. Það er alveg fráleitt. Það sem kemur fram í nál. meiri hlutans má segja að séu fremur viðbótarrök í þessu sambandi. Við vekjum athygli á því að flugnámið er í miklum vanda eins og það er nú. Það er alveg ljóst að ef menn ekki taka einhvern veginn á þessu máli þá stöndum við frammi fyrir þeirri hættu að flugnám hreinlega leggist niður eða flytjist úr landi. Þá má velta fyrir sér hvernig við getum nálgast þetta mál. Það er hægt að fara þá gömlu leið sem hv. þm. lagði hérna til áðan, þ.e. að hafa gömlu góðu aðferðina og stofna ríkisskóla eins og hv. þm. impraði á í máli sínu áðan. Það er auðvitað leið. Það er auðvitað aðferð. Það ber að viðurkenna það. En þá nýtum við hins vegar ekki þá kosti sem í því felast að tengja þetta nám þeim aðilum sem mestra hagsmuna hafa að gæta, hafa mikla þekkingu á þessu sviði og hafa áhuga á því að þetta nám sé starfrækt hér innan lands. Þá á ég m.a. við flugrekstraraðila eða aðra, t.d. þá sem eru að reka aðra flugskóla sem kynnu að hafa og hljóta að hafa mikla hagsmuni af því og áhuga á því að þetta nám sé starfrækt hér á landi þannig að sú nauðsynlega samfella skapist sem við þurfum að sjá í þessu námi. Þess vegna eru fullgild rök fyrir því að reyna einmitt þetta form, hlutafélagaformið, og laða að starfseminni og uppbyggingu skólans alla þá sem kynnu að hafa áhuga á því að hafa áhrif á þessa starfsemi og kynnu að vilja nýta fjármuni sína til þess að byggja upp þessa starfsemi hér í landinu og þess vegna er hlutafélagaformið langeðlilegast og nærtækast í þessu sambandi.

Virðulegi forseti. Ég er alveg ósammála því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði áðan þegar hann leit svona þröngt á málið, leit þannig á að það væri ekki hægt að beita öðrum aðferðum en þeim að stofna bara til ríkisskólarekstrs og það væri eini valkosturinn sem við ættum í þessu sambandi. Þarna held ég að hv. þm. hafi verið á algjörum villigötum vegna þess að sú aðferð sem hér er verið að leggja til tryggir að við getum haldið áfram flugskólanáminu á Íslandi. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að mjög mikilvægt sé að við reynum að tryggja að þetta nám fari hér fram þannig að okkar unga fólk sem vill leggja fyrir sig nám á þessu sviði geti sótt það innan lands. Við vitum og það gefur auga leið, að nám á þessu sviði innan lands hefur allt annað og miklu meira gildi en ef menn sækja það eingöngu til útlanda. Hér eru aðstæður allt aðrar, aðstæður sem menn þurfa síðan að búa við, og þess vegna væri mikill löstur á þessu öllu saman ef flugskólanámið legðist af og færi eingöngu til útlanda. Þetta er því aðferð til að tryggja að flugskólanámið verði hérna og að við getum laðað að bæði krafta manna og fjármagn til þess að byggja undir þetta nám þannig að það verði hér áfram til frambúðar.

Hv. þm. spurði síðan í lokin hvort hæstv. menntmrh. hefði verið hafður með í ráðum. Ég hlýt að vekja athygli á því að meðal nefndarmanna í nefndinni sem samdi frv. í upphafi var fulltrúi menntmrn. þannig að það gefur auga leið að menntmrn. var haft með í ráðum auk þess sem þetta er stjfrv. og hæstv. menntmrh. stendur vitaskuld að því og þarf ekkert að hafa fleiri orð um það.

Virðulegi forseti. Ég tel að hérna hafi verið komist niður á leið sem sé í sjálfu sér skynsamleg til þess að tryggja að flugrekstrarnám fari fram hér á landi. Hér er búin til aðferð við það að laða að fleiri aðila sem geta byggt undir þennan rekstur og tryggt að hann eigi sér stað og þess vegna held ég, virðulegi forseti að hér sé verið að leggja til skynsamlega aðferð, þ.e. að stofna sérstakt hlutafélag um rekstur þessa flugskóla og tryggja að þetta nám geti farið fram innan lands.

[16:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég er nú ekki miklu nær. Þetta voru meira og minna sömu gömlu klisjurnar og tuggurnar, tiltölulega lítt rökstuddir frasar um að hlutafélagaformið eigi hér best við og sé vænlegast og skynsamlegast og það sé úrelt og hallærislegt að tala um að stofna gamaldags ríkisskóla. Hvað er hv. þm. að tala um? Hvað eru gamaldags ríkisskólar? Eru það svo til allir skólar? Eru þeir svona hallærislegir af því að það eru gamaldags ríkisskólar? Er hv. þm. að tala fyrir þeirri stefnubreytingu að allir skólar í landinu eigi hér eftir að vera hlutafélög og einkareknir eða hvað? Hvað er hér á ferðinni? Ég er ekki að leggja neitt annað til hér þó ég andmæli þessu hlutafélagaformi heldur en þetta verði bara jafnsett annarri starfsemi í menntakerfinu, að þetta verði eins og hver annar venjulegur skóli. Ef hv. þm. vill hafa um það einhver háðugleg orð og tala um gamaldags ríkisskóla, þá má hv. þm. gera það fyrir mér. Er þá Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Framhaldsskóli Vestfjarða, eru þetta allt saman gamaldags hallærislegir ríkisskólar eða sérskólar? Stýrimannaskólinn, Sjómannaskólinn og aðrir slíkir, eru það gamaldags ríkisskólar? Ég þarf aðeins meiri rökstuðning en þetta til þess að falla flatur fyrir svona frasanotkun. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti. Þetta hreyfir mig ekki mikið.

Varðandi það að þarft sé og rétt að gera aðskilnaðinn frá Flugmálastjórn, þá get ég vel tekið undir það. Það var að mörgu leyti vandræðalaust þegar farið var með bóknámið í Flugmálastjórn eins gert var. Menn hefðu þá átt að hyggja að

því þegar þeir stofnuðu þann skóla. Því var áður fyrir komið annars staðar eins og hv. þm. hlýtur að þekkja.

En það eru til aðferðir í því sem eru bæði miklu einfaldari og eðlilegri, sem er annaðhvort sú að hafa sjálfstæða stjórn fyrir skólanum eða aðskilja þá starfsemi innan Flugmálastjórnar sem lýtur að náminu og eftirliti með því. Það er líka hægt. Það er hægt að hafa þar hreinan aðskilnað eins og er t.d. á milli loftferðaeftirlitsins annars vegar og annarrar starfsemi Flugmálastjórnar hins vegar. Þetta er allt saman þekkt.

Tengsl við aðra aðila. Eru einhver vandamál því samfara að eiga góð tengsl við atvinnulífið eða greinar þó að námið fari fram í venjulegum skóla? Er hv. þm. að segja að eina leiðin til þess að hafa gott samstarf við atvinnugreinar um nám, um námskrá, um aðra slíka hluti, sé að búa til hlutafélag með atvinnugreinum eða einstökum fyrirtækjum því að hér er tæplega hægt að tala um atvinnugrein sem stendur undir nafni í þeim skilningi að hægt sé að tala um hana í fleirtölu. Þetta eru fyrst og fremst örfá fyrirtæki og aðallega eitt, svo að maður tali nú um hlutina eins og þeir eru, sem ræður það fólk sem kemur út úr skólanum ef það þá fær vinnu. Auðvitað er ekki nokkur vandi að setja þessum skóla skólastjórn eða einhvers konar fagráð með þátttöku nemenda og fagaðila á þessu sviði sem er miklu heilbrigðari lausn en sú að láta þetta gerast í gegnum hagsmunatengsl í formi hlutafélags sem ég tel vera ankannalegt. Þetta eiga að vera samskipti ótengdra aðila hvað hagsmuni snertir í beinum skilningi þess orðs og lúta faglegum samskiptalögmálum í þeim skilningi að menn leggi metnað sinn í að námið sé gott, fjölbreytt og almennt og búi menn vel að breyttu breytanda almennt, óháð hagsmunum einstakra fyrirtækja, undir starf á þessu sviði en ekki þannig að einhver tiltekinn rekstraraðili geti farið að hafa áhrif á það beint hvernig fólkið er þjálfað í grunnáminu og hvað það lærir. Mér finnst þetta vera fullkomlega óheilbrigt. Ef við hefðum þetta svona t.d. í sjávarútveginum og einhver stórfyrirtæki sem gerðust stórir eignaraðilar í Sjávarútvegsskólanum gætu haft áhrif á það að þeir menn sem kæmu þangað út úr námu væru sérhæfðir til að starfa við þeirra tegund af sjávarútvegi, þeir væru betur þjálfaðir sem togaramenn heldur en trillukarlar eða eitthvað því um líkt, kynnu á eina tegund véla frekar heldur en aðra. Út á hvaða braut eru menn að fara ef þeir ætla að fara með almennt fagnám af þessu tagi inn í þennan farveg með þeim rökstuðningi sérstaklega að hagsmunaaðilarnir geti haft bein áhrif á það hvernig eintökum er ungað út úr skólunum?

Í fjórða lagi í sambandi við það að þetta nám eigi að vera hér í landinu. Að sjálfsögðu á það að vera hér, herra forseti. Það hefur enginn talað um neitt annað, en ég er ekkert viss um að það sé tryggara í sessi hér í landinu með þessum æfingum heldur en t.d. með því að búa vel um það í einhverjum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Ég tel reyndar að úr því að menn eru að hræra í námi sem tengist flugi á annað borð, þá hefðu menn átt að fara yfir það að reyna að ná fleiri greinum inn í landið. Hvað með flugvirkjanámið? Hvað með fleiri slíkar greinar? Af hverju var þá ekki reynt að búa til kjarnaskóla sem tók jafnvel fleiri greinar tengdar flugi upp? Flugrekstur er á Íslandi sennilega hlutfallslega stærri atvinnugrein í þessu en nokkru öðru landi í heiminum. (**Gripið fram í:** Hvað með Færeyjar?) Nei, nei, Færeyjar komast ekki með tærnar þar sem við höfum hælana. Flugrekstur Íslendinga er og hefur lengi verið allt frá dögum Loftleiða og síðan nú Flugleiða og Atlanta og fleiri slíkra félaga ótrúlega umsvifafmikill miðað við höfðatölu, eins og stundum er nú notað. (**Gripið fram í:** Við höfum haft svo góðan samgrh.) Það er í og með vegna þess, en það er líka vegna þess að Íslendingar hafa lengi verið mjög vel að sér um flugrekstur og kunnað vel á þá grein og orðið ótrúlega umsvifamiklir í alþjóðlegum flugrekstri jafnvel eins og kunnugt er. Um þessar mundir eru hundruð ungra Íslendinga við pílagrímaflug niðri í Sádi-Arabíu og þar er íslenskt fyrirtæki í harðri samkeppni á alþjóðlegum markaði, sem er mjög grimmur, og stendur sig með ólíkindum vel. Það er því tæpast annað hægt en taka ofan fyrir þeim sem þar standa að málum.

Ég segi þetta í fimmta lagi, herra forseti. Ef menn eiga að taka þessi rök gild og eru ekki að ræða þetta eins og eitthvert smámál sem engu skiptir, ef við ætlum að taka þessi hlutafélagarök gild getur það dregið dilk á eftir sér. Ef menn ætla að reyna að vera sjálfum sér samkvæmir í pólitík, hv. þm. Einar Kristinn, hæstv. samgrh. Halldór Blöndal, verða þessir menn þá ekki að taka upp þennan fána og ganga með hann út um þjóðfélagið? Við ætlum að breyta öllum skólunum í landinu í hlutafélög (**Gripið fram í:** Hvað segir menntmrh.?) af því að við erum sannfærðir um að hlutafélagaformið sé svo miklu betra. Það sé svo miklu heppilegra að reka skólana sem hlutafélög, helst þannig að hagsmunaaðilar eigi þá en ríkið borgi reikninginn og sé skyldugt til þess á grundvelli samninga sem gerðir hafa verið við hagsmunabandalagið, við hlutafélagið. Þetta er alveg furðuleg stefna, herra forseti. Ég verð að segja það eins og er.

Auðvitað er þetta ekkert annað en ríkisskóli. Þetta er allt saman misskilningur. Hvers konar pilsfaldakapítalismi er það að stofna hlutafélag og segja svo í lögum um það hlutafélag að ríkið skuli borga reikninginn, það er fína einkavæðingin. Það er það sem stendur í 5. gr. þannig að þetta er auðvitað argasti brandari, herra forseti, að hér sé á ferðinni einhver einkavæðing eða eitthvert hlutafélag í eiginlegum skilnilngi þess orðs. Það er kyrfilega gengið frá því í lögunum að ríkið skuli borga hvað sem tautar og raular.

Herra forseti. Hér hafa engin rök komið fram sem hafa að mínu mati haldið gagnvart því að menn séu að fara út á rétta braut. Þetta mál er hinn mesti misskilningur og rugl. Það vantar allan haldbæran rökstuðning fyrir því að gera þetta svona og ég spái því að höfundarnir eigi eftir að naga sig illilega í handarbökin ef þeir fá þessa vitleysu samþykkta hér og verður síðan haldið við efnið og spurt: Hvað svo? Er það þá orðin stefna t.d. þessarar ríkisstjórnar að breyta skólunum á færibandi í hlutafélög í framhaldinu með sömu rökum og hér hafa verið flutt eða hvað? Hvar ætla þeir þá að láta staðar numið? Hvaða skóli verður tekinn næstur og gerður að hlutafélagi? Hvaða sérskóli verður næstur? Verður það Stýrimannaskólinn? Verður það hann? Hvað hefur hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson í huga?

[17:08]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi ræða hv. þm. hafi verið óskaplega tilefnislítil vegna þess að þessi umræða fjallar eingöngu um þennan tiltekna skóla, Flugskóla Íslands. Þau rök sem ég flutti fyrir því að gera hlutafélag um rekstur þessa flugskóla eru auðvitað bara rök um þennan tiltekna skóla, Flugskóla Íslands, og ber alls ekki að reyna að útvíkka það eins og hv. þm. gerði. Ef hv. þm. langar til þess að efna hér í einhvern eldhúsdag um hlutafélagavæðingu eða form-

breytingu fyrirtækja, þá má hann það út af fyrir sig. En þetta frv. fjallar ekkert um það. Þetta frv. fjallar eingöngu um það hvernig skynsamlegast sé að reyna að leysa vanda flugnámsins í landinu. Niðurstaða þeirra sem hafa staðið að þessu og niðurstaða þeirra sem sömdu þetta frv. og niðurstaða meiri hluta hv. samgn. er sú að skynsamlegast sé að gera það eins og hér er lagt til, að gera hlutafélag um Flugskóla Íslands og reyna að laða til þess hlutafélags aukið fjármagn til þess að byggja upp þetta nám þannig að það megi verða áfram innan lands. Um þetta snýst málið. Fyrir því reyndi ég að flytja nokkur rök áðan í ræðu minni en hv. þm. sagði að það dygði honum ekki og það er út af fyrir sig sjónarmið. Hann féllst ekki á þau rök og hann telur að mín rök dugi sér ekki til þess að komast að sömu niðurstöðu og ég. Það er út af fyrir sig bara eins og það er. En að hv. þm. geti síðan að dregið þá ályktun að úr því að við höfum hlutafélög um þennan skóla eigi það endilega við um einhverja aðra skóla líka ef menn vilja vera sjálfum sér samkvæmir held ég að sé alveg fráleit ályktun hjá hv. þm.

Ég held að langskynsamlegast sé í þessu sambandi eins og svo mörgum öðrum að skoða hvert mál út af fyrir sig. Það er niðurstaðan sem menn hafa komist að varðandi þennan skóla. Menn hafa skoðað rekstur hans, komist að því að hann gengur ekki áfram óbreyttur. Það þarf að finna nýtt form til þess að hann geti gengið og niðurstaðan er hlutafélagaformið. Það sem ég sagði áðan um ríkisskólana var einfaldlega þetta: Ég tel, og það er þá skoðun þeirra sem eru að leggja þetta til, að fullreynt sé um það rekstrarform sem hefur gilt og þess vegna leggjum við þetta til.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er mjög athyglisvert. Nú kemur hv. þm. og sver það algerlega af sér að þetta eigi við um aðra skóla. Þá hlýtur niðurstaðan að vera sú að allar hinar almennu röksemdir sem svo fjálglega voru færðar fyrir kostum hlutafélagaformsins í þessu sambandi og þessi skoðun ráðuneytisins sé algerlega sértæk gagnvart þessu námi. Þetta eigi þá ekki við annars staðar. Reyndar held ég að það sé aðallega að hv. þm. varð auðvitað feiminn þegar hann fór að átta sig á því út í hvaða fen menn væru að fara hér, þessa hlutafélagaþvælu í sambandi við skólana. Ég virði það við hv. þm. að hann dregur þó í land hvað þetta snertir og þvær það af sér að þetta eigi við sem almenn röksemdafærsla fyrir því að það eigi yfirleitt að reka skóla í hlutafélögum.

Svo finnst mér hin röksemdin líka mjög kostuleg að það hafi verið óhjákvæmilegt að fara út í þetta hlutafélag til þess að halda náminu í landinu. Menn hafi staðið frammi fyrir þeim kostum að tapa því úr landi nema þeir stofnuðu hlutafélag um rekstur þessa skóla. Er hv. þm. virkilega að reyna að segja að hann sé þeirrar skoðunar að það hefði verið ofvaxið íslenska ríkinu að halda úti þessu námi nema stofna um það hlutafélag og fá einhverjar milljónir frá Flugleiðum til þess að stofna hlutafélög þegar ríkið á svo að borga skólann eftir sem áður, borga allan kostnaðinn? Þetta snýst þess vegna um einhverjar milljónir í upphafspunkti málsins sem hugsanlega verða lagðar inn sem hlutafé gagnvart námi sem ríkið á síðan að kosta hvort sem er eða a.m.k. í öllum aðalatriðum. Mér finnst þetta ekki halda, herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er þó að ég viðurkenni að vísu að mér finnst að breyttu breytanda skárra að hv. þm. er þó ekki að reyna að boða hér allsherjarhlutafélagavæðingu allra skóla í landinu.

[17:12]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði áðan var einfaldlega að menn verða auðvitað að skoða hvert tilvik fyrir sig. Ef menn ætla að breyta öðrum skólarekstri í hlutafélög verða menn auðvitað að skoða það sérstaklega. Það er engin ástæða fyrir hv. þm. að reyna að draga einhverjar víðtækar ályktanir af þessu frv. og segja að í því felist einhver almenn stefnumótun fyrir menntakerfið í landinu eins og hv. þm. var að reyna að segja áðan.

Í þessu frv. felst eingöngu stefnumótun um þennan tiltekna skóla. Út á það gekk öll vinnan og við það miðaðist öll vinnan. Þess vegna getur hv. þm. auðvitað leyft sér, eins og hann gerði hér áðan, að fimbulfamba eitthvað fram og til baka um hlutafélagavæðingu og eitthvað þess háttar og reyna síðan að draga einhverjar ályktanir út frá því en það skiptir engu í þessu máli, það snertir ekki kjarna þessa frv. Frv. fjallar um þennan tiltekna skóla og þá niðurstöðu sem menn hafa komist að, að hlutafélagaformið eigi vel við rekstur þessa tiltekna skóla.

Ég sagði áðan að til greina hefðu komið fleiri kostir. Auðvitað kom það alveg til greina að reka þetta sem einhvers konar ríkisskóla þó að það væri ekki undir Flugmálastjórn eins og ég sagði áðan. En því fylgdu ýmsir aðrir viðbótarkostir að breyta skólanum í hlutafélag og fá bæði styrk, þekkingu og fjármagn frá þeim aðilum sem hafa hagsmuni af því að þetta skólanám haldi hér áfram. Þess vegna m.a. og ekki síst var þetta rekstrarform valið á skólann. Og ég er alveg sannfærður um eftir að hafa farið ofan í þetta mál, kynnt mér það og rætt við ýmsa sérfróða aðila, að þetta mun reynast vel vegna þess einfaldlega að þennan skóla skiptir það miklu að vera í góðum tengslum við þá sem hagsmuni hafa af rekstri hans. Það mun verða þessum skóla til framdráttar alveg eins og það er ýmsum fagskólum til framdráttar þegar þeir eru í góðu samstarfi við faggreinarnar í landinu sem þeir eiga að þjóna og vinna fyrir.

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það fagskólum til framdráttar og heppilegt fyrir þá að vera í góðum færum við sína faggrein og þannig er það yfirleitt. Ágætis tengsl, prýðileg tengsl, mikill stuðningur við skólana. Ég veit að hv. þm. þekkir t.d. að hve stórum hluta ýmiss konar tækjakaup í Stýrimannaskólanum, Iðnskólanum og víðar eru fjármögnuð með stuðningi frá atvinnugreinunum sem fylgjast af vakandi áhuga með uppbyggingu námsins, stuðla að því að nýjustu tæki komi inn í skólana o.s.frv. Gengur það bara ekki ágætlega? Það sem ég er aðallega að reyna að draga hér fram, herra forseti, er: Hver eru rökin fyrir því að það sama geti ekki átt við um bóklegt nám atvinnuflugmanna? Hvers vegna í ósköpunum ekki? Af hverju skyldi annað eiga við hér? Af hverju er hlutafélagaformið svona gráupplagt hér en ekki annars staðar? Hv. þm. verður að gera það upp við sig hvort hann er að tala fyrir almennum röksemdum um kosti hlutafélagaforms í svona sambærilegum tilvikum eða ekki. Hv. þm. hefur náttúrlega flúið inn fyrir garðinn og segir nei, þetta á bara að við um þennan skóla. Það er ágætt, það er þá ekki verið að fara lengra í bili. Ég tel náttúrlega að það sé býsna erfitt fyrir þá menn sem flytja þessar hlutafélagaröksemdir að ætla svo í framhaldinu að reyna að vera sjálfum sér samkvæmir. Það verður vandi hv. þm. ef hann lendir út á

þessa braut á annað borð að rökin elti hann ekki uppi fyrir því að vera með þetta svona. Auðvitað er það þannig að ég tel að þetta nám eigi að meðhöndla eins og annað sambærilegt fagnám, bóklegt eða verklegt í góðum tengslum við sína grein. Það eru engin vandkvæði á því að koma því fyrir innan almenna skólakerfisins og gengur prýðilega í öðrum tilvikum og það á ekki að fara út í þessi afbrigðilegheit hér sem þessi hlutafélagabastarður er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (nám skv. eldri lögum). — Þskj. 638.

[17:17]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að þeim nemendum sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995, um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, sé heimilt að ljúka námi samkvæmt eldri lögum, enda útskrifist þeir eigi síðar en fimm árum eftir að námið hófst.

Í 16. gr. laga nr. 112/1984 er kveðið á um að þeir sem hafi öðlast rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lögin tóku gildi skuli halda þeim réttindum sínum óskertum.

Þetta gildir hins vegar ekki um þá sem höfðu hafið nám í gildistíð eldri laga. Staðan gagnvart þeim er sú að nemendur sem voru í Stýrimannaskólanum fyrir gildistöku laganna nr. 62/1995 útskrifuðust samkvæmt nýju lögunum. Með þeim lögum var réttindum skipstjórnarmanna breytt til samræmis við alþjóðlegar reglur og veitir nám í Stýrimannaskólanum önnur réttindi samkvæmt nýju lögunum en hinum eldri lögum. Eðlilegt er að ný lög hafi ekki íþyngjandi áhrif á þá sem hófu nám í trausti þess að fá réttindi á grundvelli eldri laga. Tilgangur frv. er sá að einn að tryggja rétt þessara nemenda.

Hæstv. forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögræðislög, 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

[17:19]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. til nýrra lögræðislaga sem ég mæli hér fyrir er samið af nefnd sem ég skipaði í marsmánuði 1993. Hlutverk nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi heildarendurskoðun gildandi lögræðislaga frá 1984. Í nefndina voru skipuð Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn., sem var formaður nefndarinnar, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Ritari nefndarinnar var Áslaug Þórarinsdóttir, deildarstjóri í dómsmrn. Einnig veittu lögfræðingarnir Bragi Björnsson og Stefán Eiríksson nefndinni aðstoð um tíma.

Helstu markmið nefndarinnar við gerð þessa frv. voru þau að skapa aukið svigrúm til að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir manna í ríkari mæli en skilyrði eru til samkvæmt gildandi lögræðislögum þannig að ekki verði gengið lengra en nauðsyn þykir bera til við skerðingu þeirra mannréttinda hvers manns að fara með sjálfræði sitt og fjárræði. Þetta kemur fram í þrennu:

1. Gert er ráð fyrir að unnt verði að tímabinda lögræðissviptingu þannig að hún standi ekki lengur en þörf er á hverju sinni.

2. Gert er ráð fyrir, þegar um fjárræðissviptingu er að ræða, að hún geti tekið til tilgreindra eigna. Með þessu er stefnt að því að svipting gangi aldrei lengra en nauðsynlegt er hverju sinni og að viðkomandi haldi fjárræði sínu að öðru leyti.

3. Lagt er til að sá sem á óhægt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar geti fengið sér skipaðan ráðsmann til að annast um þau.

Allt eru þetta nýmæli í lögræðislögum en samkvæmt gildandi lögum er einungis unnt að svipta mann lögræði eða sjálfræði eða hvoru tveggja alfarið og ótímabundið.

Önnur markmið nefndarinnar voru að tryggja betur en nú er réttarstöðu þeirra sem svipta þarf lögræði eða vista í sjúkrahúsi gegn vilja sínum vegna alvarlegs sjúkdóms eða ofneyslu áfengis eða annarra ávana- og fíkniefna.

Á undanförnum árum hefur farið fram talsverð umræða um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Um þetta hafa verið skiptar skoðanir. Skömmu eftir að nefndin tók til starfa árið 1993 óskaði hún eftir umsögnum nokkurra stofnana, félaga og samtaka varðandi þetta álitaefni og óskaði eftir því að rök með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár yrðu reifuð. Í athugasemdum með frv. er gerð ítarleg grein fyrir svörum umsagnaraðila og reifuð mikilvæg rök sem voru borin fram bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs. Nefndin kaus að taka ekki beina afstöðu til þessa álitaefnis og samdi því tvær útgáfur af frv. sem eru efnislega eins að öðru leyti en taldi nefndin eðlilegt að ýmis önnur lög sem heyra undir önnur ráðuneyti en dómsmrn. yrðu tekin til skoðunar ef mælt yrði með hækkun sjálfræðisaldurs.

Það frv. sem ég mæli hér fyrir gerir ráð fyrir að sjálfræðisaldur skuli eftir sem áður miðast við 16 ár. Ég bendi á að flestir umsagnaraðilar sem mæla með hækkun sjálfræðisaldurs eru félög eða stofnanir sem fara með málefni barna og ungmenna sem af ýmsum ástæðum hafa lent á villigötum í lífinu, oftast vegna neyslu ávana- og fíkniefna. Einnig er mest áhersla lögð á þörf fyrir að koma þessum ungmennum til hjálpar. Ég tel að vandi þessara ungmenna verði tæpast leystur með hækkun sjálfræðisaldurs heldur fyrst og fremst með öflugum forvörnum og fræðslu. Málflutningur þeirra sem mæla með hækkun sjálfræðisaldurs byggist fyrst og fremst á því að nauðsynlegt sé að koma þessum ungmennum í meðferð án tillits til vilja þeirra. Ég tel hins vegar að meðferð sem byggist á nauðung í stað samvinnu sé ekki líkleg til að skila árangri. Allur þorri íslenskra ungmenna er vel fær um að axla þá ábyrgð við 16 ára aldur sem fylgir því að verða sjálfráða, þ.e. að ráða persónulegum högum sínum svo sem dvalarstað og atvinnu.

Sérstaða okkar Íslendinga varðandi sjálfræðisaldur byggist á gömlum merg enda eru aðstæður íslenskra ungmenna um margt ólíkar aðstæðum í öðrum löndum. Þátttaka ungmenna í atvinnulífinu er meiri en annars staðar tíðkast og dreifð byggð gerir oft nauðsynlegt að ungmenni fari að heim-

an við 16 ára aldur til að stunda nám við framhaldsskóla. Sú ábyrgð á eigin lífi sem sjálfræði færir ungmennum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt kemur þeim til góða og ég tel að þau rök sem færð hafa verið fram með hækkun sjálfræðisaldurs séu ekki fullnægjandi til að svipta svo stóran hóp ungmenna þeirri ábyrgð sem þeim er fengin samkvæmt gildandi löggjöf.

Í II. kafla frv. er fjallað um sviptingu lögræðis. Kaflinn er að stofni til svipaður II. kafla gildandi lögræðislaga en í frv. er þó að finna mikilsverðar nýjungar auk þess sem málsmeðferðarreglur fyrir dómi eru mun ítarlegri en reglur gildandi laga. Skilyrði lögræðissviptingar samkvæmt 4. gr. eru einfölduð og lagt til að nokkur ákvæði gildandi laga sem þykja úrelt verði felld brott. Þetta er rækilega reifað í athugasemdum með greininni. Þá er lagt til í 5. gr., eins og ég hef áður vikið að, að unnt verði að tímabinda lögræðissviptingu og að unnt verði að svipta mann fjárræði einungis varðandi tilteknar eignir hans. Þessi heimild er bundin við fasteignar, loftför, skráningarskyld skip eða ökutæki, viðskiptabréf og fjármuni á innlánsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum, svo og eignir í verðbréfasjóðum. Lögræðissviptingu sem aðeins tekur til tiltekinna eigna þarf ekki að birta í Lögbirtingablaði en slík opinber birting er iðulega viðkvæm fyrir hinn svipta og aðstandendur hans. Um birtingu og skráningu þess háttar sviptingar segir í 4. mgr. 14. gr. frv.

Í 6. gr. er lagt til það nýmæli að unnt verði að svipta mann lögræði til bráðabirgða ef skilyrði til sviptingar þykja vera fyrir hendi og brýn þörf er á sviptingu þegar í stað. Reynslan hefur sýnt að þörf er á slíku úrræði.

Í 7.–11. gr. er mælt fyrir um aðild að lögræðissviptingarmálum, form og efni kröfu um lögræðissviptingu, varnarþing og málsmeðferð. Þar á meðal um rannsókn máls og loks um úrlausn máls í 12. gr.

Í samræmi við markmið nefndarinnar sem samdi frv. og ég vék að hér áðan segir í 1. mgr. 12. gr. að svipting lögræðis skuli ekki ganga lengra en dómari telur þörf á hverju sinni.

Í 13. gr. er með skýrum hætti mælt fyrir um réttaráhrif úrskurðar um lögræðissviptingu.

Í 14. gr. eru ítarlegar reglur um birtingu úrskurðar, skráningu og fleira sem er í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis eins og reifað er í athugasemdum við 14. gr.

Ákvæði 15. gr. um niðurfellingu lögræðissviptingar felur í sér umtalsverðar breytingar frá gildandi lögum. Þar er m.a. lagt til að allir þeir sem geta átt aðild að lögræðissviptingu geti einnig borið fram kröfu um niðurfellingu sviptingarinnar en samkvæmt gildandi lögum á það einungis við um þann sem sviptingar krafðist og hinn lögræðissvipta sjálfan. Þykir hagsmuna hins lögræðissvipta betur gætt með rýmkaðri heimild til aðildar og einnig verður að telja eðlilegt að nánir aðstandendur hins svipta geti borið fram slíkar kröfur þótt þeir hafi ekki átt aðild að lögræðissviptingarmálinu.

Ákvæði 16. gr. um málskot til Hæstaréttar og 17. gr. um málskostnað eru að mestu leyti í samræmi við gildandi lög en þó eru þau nýmæli í 17. gr. að gert er ráð fyrir að kostnaður við öflun læknisvottorðs og þóknun til skipaðs talsmanns sóknaraðila, sem vikið verður að síðar, skuli greiða úr ríkissjóði.

Í III. kafla frv. er fjallað um nauðungarvistun sjálfráða manns í sjúkrahúsi vegna alvarlegs geðsjúkdóms eða ofneyslu ávana- og fíkniefna. Kaflinn er að stofni til svipaður III. kafla gildandi lögræðislaga en í frv. er jafnframt að finna mikilsverðar breytingar frá gildandi lögum sem hafa það að markmiði að tryggja sem best réttarstöðu þeirra sem sviptir eru frelsi með þessum hætti. Breytingar þessar eiga einnig að tryggja að ákvæði lögræðislaga um nauðungarvistanir séu í samræmi við íslensk stjórnskipunarlög og alþjóðlega mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt eða veitt lagagildi.

Nýmælin sem felast í þessum kafla eru, eins og áður sagði, einkum þau að réttarstaða nauðungarvistaðs manns er gerð skýr og ótvíræð. Er það m.a. gert með því að mæla fyrir um rétt hans í öllum tilvikum til að bera nauðungarvist hans undir dóm og rétt hans til að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar auk þess sem skýr ákvæði eru að finna um að þvinguð meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi sé háð ákvörðunum yfirlæknis nema í neyðartilvikum og að slíka ákvörðun yfirlæknis sé unnt að bera undir dómstóla. Þá má nefna að í frv. eru að finna reglur um skráningar ýmissa upplýsinga í sjúkraskrá og fleira.

Ákvæði 19. gr. um skilyrði nauðungarvistunar í sjúkrahúsi eru að mestu leyti í samræmi við gildandi lögræðislög, þ.e. að maður sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ofnautn áfengis eða ávana- og fíkniefna. Þó gætir hér þeirra nýmæla að slík vistun er heimil ef verulegar líkur eru taldar á að maður sé haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða ástand hans er með þeim hætti að jafna má til alvarlegs geðsjúkdóms. Í fyrrar tilvikinu er á því byggt að oft þegar um bráða geðveiki er að ræða er ekki unnt að koma við nákvæmri greiningu á ástandi sjúklingsins áður en honum verður komið í sjúkrahús og í síðara tilvikinu er átt við alvarlegt sjúklegt ástand manns sem ekki fellur undir hugtakið alvarlegur geðsjúkdómur eins og t.d. lystarstol á lífshættulegu stigi.

Í 4. mgr. 19. er nýmæli þar sem segir að lögreglu sé skylt að verða við beiðni læknis um að flytja mann nauðugan í sjúkrahús og að læknir skuli þá fylgja honum ef nauðsyn þykir bera til. Reynslan hefur sýnt að þörf er á slíku ákvæði til að skapa skýra heimild fyrir lögreglumenn til afskipta og aðstoðar í þessum málum og einnig er um að ræða réttaröryggi fyrir þá sem að koma.

Samkvæmt 5. mgr. 19. gr., sem einnig er nýmæli, skal heilbrrh. ákveða með reglugerð hvaða sjúkrahús hafi heimild til að taka við nauðungarvistuðum mönnum. Ljóst er að gera verður ríkar kröfur um góða faglega umönnun og aðbúnað á þeim sjúkrahúsum og þykir rétt að heilbrrh. meti hvaða sjúkrahús uppfylli þær kröfur.

Ákvæði 20.–24. gr. um það hverjir beiðst geti nauðungarvistunar, um form, efni og fylgigögn með beiðni, um trúnaðarlækni dómsmrn. og um málsmeðferð og ákvörðun ráðuneytisins eru að mestu leyti í samræmi við gildandi lögræðislög en þó ítarlegri.

Á hinn bóginn eru reglur 25. og 26. gr. um kynningu á réttarstöðu nauðungarvistaðs manns og skráningu í sjúkraskrá nýmæli í lögum en svipaðar reglur eru nú í reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð um heilbrigðismál. Þykir tryggara að lögfesta þær.

Mikilvægt nýmæli um ráðgjafa nauðungarvistaðra manna er að finna í 27. gr. frv. þar sem segir m.a. að nauðungarvistaður maður eigi rétt á að njóta ráðgjafar og stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar og meðferðar þar. Í athugasemdum við 27. gr. kemur fram að gert er ráð fyrir að starfi ráðgjafa sinni maður með fagmenntun á sviði félagsráðgjafar eða sálfræði eða á öðrum sambærilegum sviðum.

Mikilvægt nýmæli er einnig í 28. gr. frv. um takmarkanir á þvingaðri meðferð nauðungarvistaðs manns í sjúkrahúsi. Er þar bæði átt við þvingaða lyfjagjöf og aðra þvingaða meðferð og er heilbrrh. veitt heimild til að setja nánari reglur um þess konar meðferð. Um lok nauðungarvistunar segir í 29. gr. sem er að mestu í samræmi við gildandi lögræðislög. Þó er þar það nýmæli að lagt er til þegar krafa hefur verið gerð um að maður, sem vistaður hefur verið nauðugur á sjúkrahúsi, verði sviptur sjálfræði skuli dómari án tafar senda yfirlækni á sjúkrahúsi þar sem hinn vistaði dvelst staðfestingu á að slík krafa sé fram komin og hvenær hún hafi borist dóminum. Þessi tillaga er í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis sem reifað er í athugasemdum við 29. gr.

Í 30. gr. er kveðið á um skilyrðislausan rétt sjálfráða manns til að bera ákvörðun um nauðungarvistun undir dómstóla en þessi réttur er tryggður í 4. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, samanber lög 62/1994 og 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar eins og henni var breytt með stjórnarskipunarlögum, nr. 97/1995. Einnig er í 30. gr. mælt fyrir um rétt manns, sem hefur verið gert að sæta þvingaðri lyfjagjöf eða annarri þvingaðri meðferð, til að bera þá ákvörðun undir dómstóla og um aðstoð ráðgjafa þess sem áður er nefndur við kröfugerð til dómstóls.

Í 31. gr. er síðan ítarlegt ákvæði um meðferð mála skv. 30. gr. fyrir dómi.

Í 32. gr. er loks mælt fyrir um skyldu til að dæma sjálfráða *manni bætur úr ríkissjóði vegna nauðungarvistunar hans* ef lögmælt skilyrði hefur brostið til slíkrar aðgerðar, hún hefur staðið lengur en efni stóðu til eða að henni hefur verið staðið á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Í 1. mgr. er vísað til þeirra skilyrða sem rakin eru í 19. gr. frv. og er þetta í samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar, samanber stjórnarskipunarlög, nr. 97/1995.

Ég vík þá að IV. kafla frv. um ráðsmenn en ákvæði hans eru nýmæli í lögum. Þar er gert ráð fyrir því að fjárráða maður, sem óhægt á með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, geti óskað eftir því að honum verði skipaður aðstoðarmaður sem í frv. þessu er nefndur ráðsmaður. Skjólstæðingur ráðsmanns er ekki sviptur fjárræði sínu. Hægt er að fela ráðsmanni umsjón tiltekinna eigna skjólstæðings síns. Ráðsmaður er undir opinberu eftirliti yfirlögráðanda og ber honum að hafa samráð við skjólstæðing sinn eftir því sem við verður komið. Skjólstæðingur ráðsmannsins glatar við skipun ráðsmanns gerhæfi sínu yfir þeim eignum sem faldar hafa verið ráðsmanni til umsjónar, en getur hvenær sem er óskað eftir niðurfellingu ráðsmennskunnar og að honum verði á ný fengin umráð eigna sinna. Í merkingu ákvæða frv. er hugtakið ráðsmaður nýtt í íslensku lagamáli en orðið sjálft hefur þekkst hér um aldir. Ráðsmaður er í þeim skilningi sá sem ráðinn er til að standa fyrir búi og segja fyrir verkum í forföllum og fjarveru húsbónda síns. Hinn almenni skilningur fellur því að vissu marki vel að notkun hugtaksins í frv.

Svipuð úrræði og mælt er fyrir um í IV. kafla þekkjast í nágrannaríkjum okkar en það kerfi sem hér er lagt er þó mun einfaldara og skýrara en fyrirkomulag svonefndrar ráðsmennsku í grannlöndunum. Er þessu ítarlega lýst í athugasemdum við IV. kafla frv.

Í 33. gr. frv. er getið um skilyrði fyrir skipun ráðsmanns sem ég gat um áður og í 34. gr. um form og efni umsóknar um skipun ráðsmanns.

Í 35. gr. eru tilgeindar þær eignir sem unnt er að fela ráðsmanni til umsjónar en þær eru hinar sömu og takmörkuð fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. frv. tekur til. Þessar eignir eiga það allar sammerkt að auðvelt er að skrásetja hver fer með forræði yfir þeim þannig að grandlausum viðsemjendum megi vera kunnugt um takmörkun á ráðstöfunarheimildum skjólstæðings ráðsmanns.

Í 36., 37. og 39. gr. er kveðið á um stjórnsýsluumdæmi og ítarlegar reglur um málsmeðferð og ákvörðun yfirlögráðanda um skipun ráðsmanns, m.a. um hraða málsmeðferðar og leiðbeiningarskyldu og aðstoð yfirlögráðanda við þann sem óskar eftir að sér verði skipaður ráðsmaður. Gert er ráð fyrir að ráðsmaður verði valinn í samráði við umsækjanda en hann verður að sjálfsögðu að uppfylla þau hæfisskilyrði sem mælt er fyrir í 38. gr. frv. en þau eru hin sömu og gerð eru til skipaðra lögráðamanna.

Um tilkynningu um skipan ráðsmanna og skráningar þeirra segir í 40. gr., en þær reglur eru áþekkar þeim reglum sem gilda um sama efni þegar maður hefur verið sviptur fjárræði.

Í 41. gr. er kveðið á um réttaráhrif skipunar ráðsmanns eins og ég gat um hér áðan, þ.e. að skjólstæðingur ráðsmanns glatar við skipunina rétti til að fara með, ráðstafa og takast á herðar skuldbindingar vegna þeirra eigna sem ráðsmanninum hafa verið faldar til umsjónar með þeim undantekningum sem í greininni er mælt fyrir um.

Um heimildir ráðsmanns segir í 42. gr. að ráðsmaður fari með sömu heimildir fyrir þeim eignum sem honum hefur verið falin umsjón með og skjólstæðingur hans hafði fyrir skipunina, nema annað leiði af lögum og að lögmæt ráðstöfun ráðsmanns á þessum eignum bindi skjólstæðing hans. Við tilteknar ráðstafanir ráðsmanns þarf þó samþykki yfirlögráðanda.

Um starfsskyldur ráðsmanns og skaðabótaskyldu hans vegna tjóns af ráðsmannsstörfum gilda sams konar reglur og um lögráða menn.

Þóknun ráðsmanni til handa greiðist af skjólstæðingi hans og skal yfirlögráðandi ákveða fjárhæð þóknunarinnar með tilliti til eðlis og umfangs starfans. Um þetta segir í 44. gr. Gert er ráð fyrir að dómsmrn. móti almennar viðmiðunarreglur um þóknun sem yfirlögráðendur styðjast við.

Um skýrslugjöf ráðsmanns til yfirlögráðanda er mælt fyrir í 45. gr. Skýrslugjöf er mikilvægur þáttur í eftirliti yfirlögráðanda með störfum ráðsmanna og auk reglubundinnar skýrslugjafar getur yfirlögráðandi hvenær sem er krafist þess að ráðsmaður geri honum grein fyrir ráðstöfunum sínum.

Í ljósi þess að ráðsmennska er hugsuð sem úrræði fyrir menn, sem vegna veikinda eða fötlunar eiga óhægt með að sjá um fjámál sín, má búast við að ástand þeirra geti breyst ýmist til hins betra eða til hins verra. Er því lagt til í 46. gr. að skjólstæðingur ráðsmanns geti hvenær sem er óskað eftir að breyting verði gerð á því hvaða eignir eru faldar ráðsmanni til umsjónar. Um meðferð slíkra mála fer eftir sömu reglum og gilda um skipun ráðsmanns eftir því sem við getur átt.

Í 47. gr. er mælt fyrir um lausn ráðsmanns frá störfum. Meginreglan er sú að ráðsmaður og skjólstæðingur hans geta hvor um sig óskað eftir að ráðsmanni verði veitt lausn frá störfum og einnig skal yfirlögráðandi að eigin frumkvæði leysa ráðsmann frá störfum ef skilyrði skipunarinnar er ekki lengur fyrir hendi, hann hefur vanrækt starfa sinn eða gerst brotlegur í starfi eða uppfyllir ekki lengur almenn hæfisskilyrði.

Þótt meginreglan sé sú að skjólstæðingur ráðsmanns geti hvenær sem er óskað eftir að honum verði veitt lausn frá störfum og skjólstæðingur fengið umráð eigna sinna á ný, getur yfirlögráðandi þó frestað meðferð máls skv. ákvæðum 48. gr. ef ástæða er til að ætla að skjólstæðingurinn sé ófær um að ráða fé sínu vegna þeirra ástæðna sem um getur í 4. gr. og krafa hefur verið borin fram fyrir dómi um fjárræðissviptingu hans.

Um tilkynningu um lausn ráðsmanns frá störfum o.fl. segir síðan í 49. gr. Fyrir skipun ráðsmanns, breytingu á störfum hans eða lausn að ósk skjólstæðings hans greiðir skjólstæðingurinn 5 þús. kr. í ríkissjóð.

Í V. kafla frv. um lögráða menn gætir verulegra nýmæla. Þar er að finna mun ítarlegri reglur en í gildandi lögræðislögum um lögborna lögráðamenn, þ.e. foreldra barna og ungmenna sem ólögráða eru fyrir ásku sakir, og einnig um skipaða lögráðamenn. Í 51. gr. er kveðið á um lögráðamenn þeirra sem ólögráða eru fyrir ásku sakir. Um þann þátt lögráðamanna sem lýtur að persónulegum högum barna og ungmenna, þ.e. forsjá, fer samkvæmt barnalögum og lögum um vernd barna og ungmenna. Um fjárhald barna og ungmenna er hins vegar fjallað í 2.–8. mgr. Þar eru m.a. skýrar reglur um atbeina beggja foreldra til ráðstafana er varða fjárhald barns þeirra, um umboð annars foreldris til hins til að fara með fjárhaldið og um skipun fjárhaldsmanns fyrir barn ef þar greind skilyrði eru fyrir hendi. Yfirlögráðandi skal þá gefa barni kost á að tjá sig um skipunina en þó með þeim takmörkunum sem í ákvæðinu greinir.

Í 52. gr. er kveðið á um lögráðamenn þeirra sem sviptir hafa verið lögræði. Ákvæðið er að mestu leyti í samræmi við gildandi lög. Það nýmæli er þó að finna að lögráð manns, sem sviptur hefur verið lögræði, skuli hverfa til yfirlögráðanda þar til lögráðamaður hefur verið skipaður. Ákvæði 53. gr. um sérstaka lögráðamenn og 54. gr. um hæfi lögráðamanna eru samhljóða gildandi lögum.

Í 55.–57. gr. er fjallað um málsmeðferð og ákvörðun um skipun lögráðamanns og tilkynningu um skipun og skráningu lögráðamanna.

Í 58. gr. er mælt fyrir um heimildir lögráðamanns þess sem sviptur hefur verið lögræði til þess að taka lögmætar ákvarðanir fyrir hans hönd. Heimildir lögráðamanns þess sem sviptur hefur verið fjárræði eru að mestu óbreyttar frá gildandi lögum en heimildir lögráðamanna þeirra sem sviptir hafa verið sjálfræði eru þrengdar og afmarkaðar. Er þetta ítarlega reifað í athugasemdum við 58. gr.

Samkvæmt gildandi lögræðislögum eru heimildir lögráðamanns þess sem sviptur er sjálfræði sínu ótakmarkaðar en skv. ákvæðum 58. gr. eru þær bundnar við nauðsynlegar ákvarðanir sem hinn sjálfræðissvipti er ófær um að taka sjálfur. Skýrt er tekið fram í ákvæðinu að sjálfræðissviptur maður verði ekki sviptur frelsi sínu með vistun á stofnun nema lífi hans eða heilsu sé hætta búin að mati læknis og að slíkri vistun verði einungis komið við á stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra eða heimili eða stofnun sem rekin eru samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna.

Í 1. mgr. 59. gr. er tryggður réttur sjálfræðissvipts manns til að bera ákvörðun lögráðamanns undir dómstóla. Þetta ákvæði er hliðstætt 30. gr. þar sem mælt er fyrir um rétt sjálfráða manns sem vistaður hefur verið nauðugur í sjúkrahúsi skv. ákvæðum III. kafla til að bera þá ákvörðun undir dómstóla. Þótt staðið sé að ákvörðunum þessum með ólíkum hætti, eiga þau sjónarmið um vernd mannréttinda og réttaröryggi sem búa að baki ákvæði 30. gr. einnig að mestu leyti við um slíkar ákvarðanir lögráðamanna. Þykir því eðlilegt að gera ráð fyrir að sjálfræðissviptur maður geti með sama hætti borið ákvörðun lögráðamanns síns um vistun á stofnun undir dómstóla.

Um starfsskyldur lögráðamanns segir í 60. gr., þar á meðal um samráð hans við hinn ólögráða, um framkvæmd lögráðamennskunnar og að lögráðamaður skuli haga störfum sínum í þágu hins ólögráða eins og best hentar hag hans hverju sinni. Ákvæðið tekur bæði til skipaðra og lögborinna lögráðamanna.

Ákvæði 61. gr. um skaðabótaskyldu lögráðamanna er óbreytt frá gildandi lögum.

Í 62. gr. er fjallað um þóknun og útlagðan kostnað skipaðs lögráðamanns og þar gætir verulegra nýmæla. Samkvæmt ákvæðinu skal lögráðamaður ávallt eiga rétt á endurgreiðslu á nauðsynlegum útlögðum kostnaði vegna starfans. Útlagðan kostnað skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða en yfirlögráðandi getur þó ákveðið að hann skuli greiddur úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Yfirlögráðandi getur einnig ákveðið að lögráðamaður skuli fá sanngjarna þóknun fyrir störf sín. Með sanngjarnri þóknun er átt við að hún skuli ákveðin í samræmi við eðli og umfang starfans. Meginreglan er sú að þóknun lögráðamanns skuli greidd af eignum hins ólögráða en yfirlögráðandi getur þó ákveðið að hún skuli greidd úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Í ákvæðinu er lagt til að dómsmrh. setji nánari reglur um þóknun yfirlögráðanda. Samkvæmt upplýsingum sem borist hafa frá yfirlögráðendum er í sumum tilvikum ógerningur að fá menn til að taka að sér lögráðamennsku fyrir lögráðasvipta menn. Á þetta einkum við um lögráðamennsku fyrir alvarlega geðsjúka menn og áfengis- og fíkniefnaneytendur. Það verður að teljast með öllu óverjandi að manni sem sviptur hefur verið lögræði sínu verði ekki skipaður lögráðamaður. Til þess að tryggja að svo megi verða er lagt til að yfirlögráðanda verði heimilt að ákveða þóknun til lögráðamanns úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða hrökkva ekki til eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Þetta á þó einungis að koma til í undantekningartilvikum eins og ítarlega er reifað í athugasemdum við 62. gr. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að í flestum tilvikum verði nánir ættingjar eða venslamenn hins svipta skipaðir lögráðamenn án þess að fá sérstaka þóknun fyrir störf sín.

Í 63. gr. er mælt fyrir um skýrslugjöf lögráðamanna til yfirlögráðanda sem er nauðsynleg til þess að yfirlögráðendur geti sinnt eftirlitsskyldu sinni með störfum lögráðamanna. Nýmæli er í ákvæðinu um skýrslugjöf lögráðamanna þeirra sem ólögráða eru fyrir ásku sakir. Nokkuð hefur borið á gagnrýni vegna skorts á eftirliti yfirlögráðanda með fjárhaldi lögborinna lögráðamanna þeirra sem eru ólögráða fyrir ásku sakir. Ákvæði í 1. mgr. er ætlað að tryggja eftirlit yfirlögráðanda með störfum þeirra þegar eignir barns eða ungmennis eru sem nokkru nemur. Er hér miðað við að verðmæti eignanna séu 500 þús. kr. eða þar yfir. Auk fyrirmæla um skýrslugjöf lögborinna lögráðamanna eru ítarlegar reglur um skýrslugjöf skipaðra lögráðamanna til yfirlögráðanda í 63. gr. frv.

Í VI. kafla frv. eru reglur um meðferð á fjármunum ófjárráða manna og eiga þær við hvort sem um er að ræða fjárræðisskort vegna ásku hins ófjárráða eða vegna fjár-

ræðissviptingar hans. Reglurnar gilda einkum um meðferð lögráðamanna á fjármunum ófjárráða manna en eiga einnig við um meðferð yfirlögráðanda eftir því sem við á. Þessi kafli hefur að mestu leyti að geyma lítið breytt ákvæði gildandi lögræðislaga en framsetningu hefur verið breytt í því skyni að gera reglurnar aðgengilegri og skýrari og einnig eru sumar þeirra ítarlegri en samsvarandi ákvæði gildandi laga.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa mörg orð um ákvæði þessa kafla en vil þó benda á það nýmæli í 73. gr. sem mælir fyrir um tilkynningarskyldu allra þeirra til yfirlögráðanda sem inna af hendi fjárgreiðslur til lögráðamanns ófjárráða manns, sem eru eign hins ófjárráða, um greiðslu á fjármunum sem nemur 500 þús. kr. eða þar yfir. Er þetta liður í því að tryggja, eftir því sem kostur er, varðveislu fjárins og ávöxtun og eftirlit yfirlögráðanda með því.

Í VII. kafla frv. er kveðið á um löggerninga ólögráða manna. Ákvæði kaflans eru í öllum aðalatriðum sambærileg við ákvæði gildandi lögræðislaga. Reglurnar varða inntak sjálfræðis og fjárræðis að því er varðar heimild ólögráða manns til að gera löggerninga og mæla fyrir um riftun samninga og um skilaskyldu og bætur.

Ég tel því heldur ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þennan kafla, en bendi þó á ákvæði 79. gr. sem er nýmæli um takmörkun á fullnustu í eignum sem takmörkuð fjárræðissvipting skv. 2. mgr. 5. gr. tekur til.

Í VIII. kafla frv. er fjallað um yfirlögráðendur og hlutverk þeirra. Sýslumenn eru yfirlögráðendur hver í sínu umdæmi sem er óbreytt regla gildandi lögræðislaga. Helstu hlutverk yfirlögráðenda er að skipa lögráðamenn og ráðsmenn og hafa eftirlit með störfum þeirra og með fjárhaldi lögráðamanna þeirra sem ófjárráða eru fyrir æsku sakir. Í kaflanum er heimild til málskots á stjórnvaldsákvörðun yfirlögráðenda til dómsmrh. innan 30 daga frá birtingu hennar. Þessi frestur er styttri en hinn almenni kærufrestur samkvæmt stjórnsýslulögum. Ástæða þess er sú að rétt þykir að úrlausn mála er snerta mikils verða persónu eða fjárhagsmálefni manna gangi sem hraðast fyrir sig.

Í IX. kafla frv. er mælt fyrir um verðbreytingar á grunnfjárhæðum sem um er getið í ýmsum greinum um gildistöku, brottfallin lög og lagaskil.

Gert er ráð fyrir að lögin, ef frv. þetta nær fram að ganga, öðlist gildi 1. janúar 1998. Nauðsynlegt er að nokkur tími gefist til að móta þær reglur sem víða er í frv. lagt til að verði settar.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir meginákvæðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:46]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Frv. það sem hér er til umræðu felur í sér mörg merk nýmæli sem ástæða er til að fagna og hæstv. dómsmrh. hefur gert grein fyrir. Hinu er ekki að leyna að það veldur miklum vonbrigðum að sjálfræðisaldurinn í þessu frv. skuli vera óbreyttur. Eftir því hefur verið beðið nokkuð lengi hvaða afstöðu ríkisstjórnin tæki til þessa máls vegna þess að eins og þingheimur veit, þá hefur umræða um hækkun á sjálfræðisaldrinum oft verið hér til umræðu. Frumvörp hafa verið flutt bæði á síðasta þingi og þessu þingi af mér og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur í þá veru að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár eins og gerist í langflestum löndum í kringum okkar.

Um þau frumvörp hefur aldrei verið hægt að fá neina efnislega niðurstöðu eða afgreiðslu í allshn. sem hefur fjallað um þau mál, af því að til þess hefur ávallt verið vísað að hæstv. dómsmrh. væri með málið til umfjöllunar og nefnd á hans vegum væri að skoða málið. Ég hefði haldið, herra forseti, að þegar þetta atriði væri til umfjöllunar, þá hefði hæstv. ráðherra tekið sér lengri tíma til að fjalla um og fara yfir kosti og galla þess að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. En ráðherra lét það ógert, fór stuttlega yfir kosti þess að hafa aldurinn óbreyttan en skautaði algjörlega yfir það að lýsa kostum þess að breyta honum. Það er alveg ljóst á frv. að nefndin sem samdi þetta frv. hefur átt í mestum bögglingi með að gera upp hug sinn í þessu máli, enda kemur fram að nefndin hafi skilað tveimur útgáfum af frv. til lögræðislaga til hæstv. dómsmrh. þar sem annað frv. innihélt hækkun á sjálfræðisaldrinum en hitt var um hann óbreyttan. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, herra forseti, að fara ítarlega yfir kosti og galla þess að hækka sjálfræðisaldurinn hér í þessari umræðu. Og ég held að það sé ekki rétt sem hæstv. ráðherra hélt fram, og mun koma inn á það í máli mínu, að það væru fyrst og fremst félög og stofnanir sem færu með málefni barna sem lent hafa á villigötum sem hafi mælt með hækkun á sjálfræðisaldrinum.

Það var nú svo að við fengum það þó í gegn í hv. allshn. að farið var yfir umsagnir með frv. og það orðuðu allir nefndarmenn að það væri mjög einstætt að hver umsögnin á fætur annarri sem þarna kom fram væri jákvæð, ekki bara frá félögum og stofnunum sem fjalla um vandamál barna heldur frá mörgum öðrum aðilum eins og t.d. Sambandi ísl. sveitarfélaga og fleirum aðilum.

Það vekur furðu mína að Framsfl. skuli standa að ákvæðinu eins og hér er lagt upp með. Svo virðist að í hverju málinu á fætur öðru sé Framsfl. genginn í björg hjá íhaldinu og ég spyr sjálfa mig hvort hér sé um að ræða stjfrv. Af hverju geri ég það? Það er vegna þess að fyrr á þessu þingi var hæstv. félmrh. spurður um afstöðu hans til þess að hækka sjálfræðisaldurinn. Hæstv. félmrh. sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Spurt var um sjálfræðisaldur og mér er kunnugt um að dómsmrn. hefur þetta mál til meðferðar og fyrirspurn var send til félmrn. um hver afstaða ráðuneytisins væri til hækkunar sjálfræðisaldurs. Við unnum nokkuð í þessu og ég kannaði málið og velti því töluvert fyrir mér og svar okkar var það að við töldum að nauðsynlegt væri að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Það var svar okkar."

Það er alveg ótvírætt að núna fyrir örfáum vikum síðan lýsti hæstv. félmrn. því yfir á Alþingi að hann væri því hlynntur að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Og ég trúi því varla að hæstv. félmrh. skipti svo skarpt um skoðun að hann sé búinn að breyta afstöðu sinni af því að Sjálfstfl. er þeirrar skoðunar, eða a.m.k. hæstv. dómsmrh., að hann skuli vera óbreyttur. Því spyr ég eina framsóknarmanninn hér í salnum, hv. þm. Jón Kristjánsson: Er það virkilega svo að Framsfl. sé sammála því að hafa sjálfræðisaldurinn óbreyttan? Ég skal ekki, herra forseti, kalla eftir hæstv. félmrh. þó að það væri freistandi af því að ég veit að hæstv. ráðherra á afmæli í dag. Ég skal því hlífa honum við því að kalla hann hér inn í salinn þó að full ástæða væri til en vænti þess að ég fái þó einhverja vísbendingu um það frá hv. þm. Jóni Kristjánssyni hvort Framsfl. er sammála því að hafa sjálfræðisaldurinn óbreyttan.

Nefndin sem fjallaði um þetta mál gerir ítarlega grein

fyrir rökum með og á móti að hækka sjálfræðisaldurinn í greinargerð með þessu frv. og það er virðingarvert af henni. Varðandi rökin með, er farið inn á mörg þau atriði sem við sem tölum fyrir hækkun á sjálfræðisaldrinum höfum tíundað í umræðum hér á Alþingi. Ég vil vara við þeim rökum sem hæstv. dómsmrh. hélt fram í umræðunni og sem notuð eru gegn hækkun sjálfræðisaldursins í 18 ár, að það séu fyrst og fremst úrræði til að beita gegn börnum sem búa við vandamál og verið sé að svipta fjölmarga þeim rétti sem þetta á að fela í sér, sjálfræðisaldurinn 16 ár, vegna vandamála örfárra. Sú leið að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár er ákvæði fyrst og fremst hugsað til að tryggja öryggi og vernd allra barna til 18 ára aldurs og vil ég fara nánar inn á það í mínu máli.

Helstu rökin fyrir þeirri breytingu að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár eru þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, miði að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum. Það er alkunna að þjóðfélagsaðstæður hafa gjörbreyst frá því að 16 ára reglan var innleidd í lög. Ungmenni eru núna háðari foreldrum sínum efnahagslega en áður var raunin með auknum kröfum um menntun svo dæmi sé tekið. Einnig hefur atvinnuleysi aukist sem þýðir það líka að börnin eru háðari foreldrum sínum, en nú búa 80–90% ungmenna á aldrinum 16–18 ára í foreldrahúsum. Lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur en áður tíðkaðist. Ég hef nefnt atvinnuleysið og fleiri dæmi mætti nefna.

Ég vil halda því fram og það höfum við gert, flutningsmenn þess frv. sem nú liggur fyrir hv. allshn., að framlenging forsjárskyldu foreldra til 18 ára miði gagngert að því að auka réttaröryggi barnsins, en inntak forsjárskyldu er uppeldisskyldan svo sem best hentar hag barnsins og þörfum þess hverju sinni. Hækkun sjálfræðisaldurs er því framlenging á ábyrgð og skyldum, ekki bara foreldra og forráðamanna, heldur samfélagsins í heild gagnvart börnunum. Ég tel að þetta inntak forsjárskyldunnar, sem er uppeldisskyldan, gangi gegn ákvæðum laga um vernd barna og ungmenna, en markmið þeirra laga er að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar börnum þegar við á.

Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh. að það fólk sem fjallar um málefni barna er á einu máli um að rétt sé að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár, ekki bara vegna þeirra barna sem búa við vandamál eða hafa lent á glapstigum heldur sé þetta ákvæði sem tryggi og auki rétt barna og ungmenna til 18 ára aldurs.

Á Íslandi eru foreldrar forsjárskyldir við barn til 16 ára aldurs þess. Forsjáraðilar eru þó framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs og geta einstakar forsjárskyldur haldist lengur ef þörf krefur. Þar er hægt að nefna að framlag til menntunar eða starfsþjálfunar, getur haldist til 20 ára aldurs. Hérna er því eitt atriði sem eru rök í málinu. Það er samræmingarsjónarmið, að það er verið að samræma réttindi og skyldur barna og foreldra þeirra. Það þarf að vera samræmi í löggjöf að því er varðar forsjár- og framfærsluskylduna, að þeim ljúki á sama tíma.

Ég hef nefnt að fagfólk er á einu máli um að hækka beri sjálfræðisaldurinn. Svo er líka um Samband ísl. sveitarfélaga sem hefur lýst því afdráttarlaust yfir, mig minnir að það hafi veri fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga. Það var tillaga starfshóps á vegum borgarstjórnar um úrbætur í málefnum miðbæjarsins í Reykjavík. Það var líka tillaga samráðsnefndar um málefni barna og ungmenna til félmrh. 1992 og það var líka tillaga nefndar hæstv. dómsmrh. um úrbætur í fíkniefnamálum.

Ég ætla lauslega að fara yfir umsagnirnar sem hafa komið. Ég er ekki með þær allar við höndina, herra forseti, en ég hygg að það sé fyrst og fremst Lögmannafélag Íslands sem lýsir ákveðnum efasemdum þó að ég sjái nú ekki að það mæli neitt gegn hækkun á sjálfræðisaldrinum. Umboðsmaður barna sendi mjög vandaða umsögn frá sér þar sem tíunduð eru rök sem mér finnst öll lúta í þá átt að mæla með hækkun á sjálfræðisaldrinum. En umboðsmaður barna bendir rétt eins og nefndin á ýmis ákvæði í öðrum lögum sem þurfi að huga að, en telur að áður en endanleg ákvörðun verði tekin um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár, skuli gera könnun á viðhorfum barna á aldrinum 15–18 ára til þeirra breytinga. Síðan er það stjórn Sambands sveitarfélaga sem mælir með samþykkt frv. og fulltrúaráðið felur stjórn sambandsins að beita sér fyrir því að sjálfræðisaldur verði hækkaður úr 16 í 18 ár þegar á yfirstandandi þingi, mig minnir að þetta hafi verið á sl. ári. Síðan er það barnaverndarráð sem er fylgjandi slíkri breytingu, þ.e. það telur að þau rök sem mæli með henni vegi þyngra en þau rök sem kunna að mæla gegn henni. Það er auðvitað kjarni þessa máls að ef vegin eru rök með og á móti, þá vega þau miklu þyngra rökin með, og það er raunverulega niðurstaða flestra sem um málið hafa fjallað.

Það er alveg ljóst á frv. að nefndin sem samdi það hefur ekki verið sammála um þetta atriði. Það er a.m.k. einhver ástæða fyrir því að hún skilar hæstv. ráðherra tveimur útgáfum af frv. Barnaverndarráð kemur akkúrat með þau sjónarmið sem ég hér nefndi að með hækkun sjálfræðisaldurs er í raun og veru verið að framlengja ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna, ekki bara barna sem eru í vandamálum heldur allra barna. Og það er bent á þá staðreynd að börn séu mun lengur í foreldrahúsum en áður og unga fólkið er flest í námi og tækifærum til tekjuöflunar í fríum hefur fækkað. Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga mælir með hækkuninni, lögreglustjórinn í Reykjavík gerir ekki athugasemdir við frv. og þá er ég að tala um frv. um hækkun á sjálfræðisaldrinum sem ég og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir fluttum. Heimili og skóli eru varla félagasamtök sem eru bara að fást við vandamál. Þetta eru samtök sem láta sig varða heill og hamingju allra barna. Í umsögn þeirra um frv. um hækkun sjálfræðisaldurs frá í fyrra segir, með leyfi forseta:

„Samtökin styðja þessa breytingu og taka undir þau rök sem birtast í greinargerð flutningsmanna“ og þau voru hér tíundað. Hér segir orðrétt: „Breytingin undirstrikar ábyrgð foreldra á framfærslu unglings og tryggir honum dvöl í foreldrahúsum a.m.k. til 18 ára aldurs sem er hagsmunamál á tímum atvinnuleysis. Þeir unglingar sem búa við svo óblíðar aðstæður í heimahúsum að þeir vilji eða verði að fara að heiman munu að sjálfsögðu eiga rétt á aðstoð yfirvalda til að losna úr slíkum hremmingum.“

Síðan er mjög vönduð umsögn frá Barnaverndarstofu en þar segir, með leyfi forseta: „Í ákvæði 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem Íslendingar fullgiltu 2. nóvember árið 1992 skilgreinir að börn séu þeir einstaklingar sem eru innan 18 ára aldurs. Miðað við þá löggjöf sem er í gildi hér á landi njóta íslensk ungmenni eldri en 16 ára ekki þeirra réttinda sem falla innan sjálfræðishugtaksins og barnasamningurinn tilgreinir. Hér er einkum átt

við rétt þessa aldurshóps til forsjár foreldra, en forsjárskyldum þeirra lýkur raunverulega þegar einstaklingurinn hefur náð sjálfræðisaldri. Með vísan til þess er ljóst að íslensk lög, þar á meðal núgildandi lögræðislög, tryggja íslenskum ungmennum ekki öll þau réttindi sem tilgreind eru í barnasamningnum.“

Barnaverndarstofa vekur athygli á lokaathugasemdum eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Íslands á barnasamningnum frá fundi hennar með fulltrúum íslenskra stjórnvalda í janúar árið 1996. Hún segir efnislega að skorta kunni á að samningurinn endurspeglist að fullu í landslögum og að gera þurfi ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem talið er að í samningnum njóti fullrar verndar. Og síðan segir í umsögn Barnaverndarstofu: „Hér á nefndin ugglaust við hinn lága sjálfræðisaldur á Íslandi, en í bráðabirgðaathugasemdum nefndarinnar er sérstaklega hvatt til að hann verði tekinn til endurskoðunar.“ Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. sérstaklega um þetta atriði. Er það svo að eftirlitsnefndin hafi gert athugasemd við sjálfræðisaldurinn hér á landi og hefur hún óskað þess eða beint því til okkar að breyta sjálfræðisaldrinum? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það fram við þessa umræðu.

Það eru mörg önnur rök sem Barnaverndarstofan tíundar sem ég hef ekki tíma til að fara yfir. Það er þó e.t.v. ástæða í lokin að fara yfir breytingar á ákvæðum laga ef hækkun sjálfræðisaldurs verður lögfest. Nefnd dómsmrh. sem samdi þetta frv. segir hér, herra forseti, að hún telji ekki nauðsynlegt, ef svo fer að sjálfræðisaldur verði hækkaður, að gera breytingar á öðrum lögum. Þetta geti staðið sjálfstætt án þess að breyta öðrum lögum. En nefndin telur eðlilegt ef svo verður að tekin verði til athugunar nokkur atriði í löggjöfinni sem þessu tengjast.

Þá nefnir nefndin nokkur atriði og maður veltir fyrir sér hvort það séu þau atriði sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. dómsmrh. óttast að verði næsta krafa þegar búið er að hækka lögræðisaldurinn og það sé kannski ein ástæða þess að hæstv. dómsmrh. sér sér ekki fært að mæla með þessari breytingu þó að allir fagaðilar, Samband ísl. sveitarfélaga og fleiri aðilar sem ég hef hér nefnt, mæli eindregið með hækkun á sjálfræðisaldrinum, ekki út af vandamálum örfárra heldur út af heildinni. Er það ástæðan, ég spyr hæstv. ráðherra, það sem tíundað er á bls. 31, t.d. að 6. gr. laga um tekju- og eignarskatt verði breytt á þann veg að börn verði sjálfstæðir skattaðilar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er, að foreldrum þurfi að greiða barnabætur til 18 ára aldurs í stað 16 ára, og að skoða þurfi ýmsar bætur samkvæmt almannatryggingalögunum. En ég ítreka að þetta á varla að verða fyrirstaða vegna þess að eins og segir hjá nefndinni, þá getur þetta ákvæði staðið sjálfstætt.

Herra forseti. Tíma mínum er að ljúka. Ég vil segja að þó að frv. feli ekki í sér breytingar á sjálfræðisaldrinum, þá er ástæða til þess að fagna að það er komið fram vegna þess að þá getur hv. allshn. ekki borið því við að við þurfum enn einu sinni að bíða eftir því að hæstv. dómsmrh. heiðri þingið með því að leggja fram frv. og taka afstöðu til þessa máls, þá er það úr sögunni, herra forseti. Og nú hlýtur hv. allshn. að þurfa að taka afstöðu til þessa máls sem greinilega eru skiptar skoðanir um og þingið að fá að taka afstöðu til málsins. Við munum auðvitað gera kröfu til þess, flutningsmenn þessa frv., að allshn. taki málið til efnislegrar umfjöllunar og afgreiði það inn í þingið. Að öðrum kosti hljótum við að flytja brtt. við það frv. sem hér er til umfjöllunar þannig að Alþingi fái að taka afstöðu til málsins.

Herra forseti. Ég vona að hv. þm. Jón Kristjánsson geti þá upplýst okkur um málið hér. Ég hef þá trú að það sé meiri hluti fyrir þessari breytingu á hv. Alþingi, a.m.k. ef hv. framsóknarmenn eru samkvæmir sjálfum sér og ekki enn eina ferðina í þessu máli ásamt öðrum gengnir í björg hjá íhaldinu.

[18:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er vissulega um stjfrv. að ræða og tekur á mörgum þörfum málum varðandi þessi mikilvægu atriði sem frv. innifelur. Við höfum rætt það í þingflokki Framsfl. að sjálfsögðu. Við gerum fyrirvara við 1. lið 1. gr., við viljum ræða það mál, fara yfir rök og gagnrök í nefnd. Það lá fyrir þegar leyfð var framlagning á þessu frv. Við vildum ekki koma í veg fyrir að þetta þarfa mál færi til umfjöllunar í allshn. en áskiljum okkur rétt til að skoða 1. lið 1. gr. nánar og fara yfir öll þau atriði sem koma fram en þegar liggja fyrir eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni mikil gögn í nefndinni varðandi þetta mál.

Ég svara fyrirspurn hennar þannig að við erum með fyrirvara um þetta atriði og áskiljum okkur rétt til að skoða það sérstaklega í meðförum allshn.

[18:08]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. segir að hér sé um stjfrv. að ræða en hann tekur fram að framsóknarmenn hafi fyrirvara um það atriði sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni í máli mínu áðan, hækkun á sjálfræðisaldrinum. Ég vil fagna því að hv. framsóknarmenn eru ekki búnir að binda sig fyrir fram í þessu máli og við höfum þá tök á því að ræða það efnislega án þess að framsóknarmenn séu fyrir fram búnir að binda sig á niðurstöðu hæstv. dómsmrh. Það vekur þær vonir sem ég lét í ljós hér áðan, herra forseti, að margt bendir til þess að þetta ákvæði um að hækka sjálfræðisaldurinn hafi meiri hluta í þinginu og auðvitað verður að láta á það reyna, annaðhvort í þessu stjfrv. ef það verður afgreitt fyrir vorþing ef tími gefst til þess, þetta er mjög ítarlegt frv. og stór lagabálkur sem þarf að fara yfir, eða þá að við hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir munum knýja á um að frv. okkar verði tekið til atkvæðagreiðslu hér í þinginu.

[18:09]

Útbýting þingskjals:

Gerð björgunarsamninga, 460. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 774.

[18:10]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að það er ánægjulegt að frv. nýrra lögræðislaga skuli komið fram því að eins og fram kom í framsögu hæstv. dómsmrh. og margir vita, þá hafa ýmsir vankantar verið á þeim reglum sem hafa gilt um lögræði og lögræðissviptingar. Og eftir því sem mér sýnist þá eru í þessu frv. lagðar til ýmsar breytingar á reglunum um lögræði sem löngu voru orðnar tímabærar.

Mér virðast flestar breytingarnar vera til bóta. Ég vil þá kannski byrja að telja til að það virðist vera gert ráð fyrir meiri sveigjanleika varðandi lögræðissviptingar heldur en verið hefur sem virkilega var orðið tímabært að gera og er það vel. Þar er tekið upp kerfi sem er kallað ráðsmannakerfi í þessum lögum hér. Fyrirmyndin að því er sótt að hluta

til Norðurlandanna þar sem svipuð kerfi hafa verið við lýði og eru nefnd í athugasemdum með frv. aðstoðarmannakerfi ýmiss konar.

Gert er ráð fyrir því í frv. að fjárráða maður, ég ítreka, fjárráða maður, hann verður að vera fjárráða, sem óhægt á með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar, geti óskað eftir því að honum verði skipaður aðstoðarmaður sem í frv. þessu er nefndur ráðsmaður. Ráðsmanninum er hægt að fela umsjón tiltekinna eigna skjólstæðingsins. Ráðsmaðurinn er undir opinberu eftirliti yfirlögráðanda og ber honum að hafa samráð við skjólstæðing sinn eftir því sem við verður komið. Skjólstæðingur ráðsmannsins glatar við skipun ráðsmanns gerhæfi sínu yfir þeim eignum sem faldar hafa verið ráðsmanni til umsjónar en getur hvenær sem er óskað eftir niðurfellingu ráðsmennskunnar og honum verði á ný fengin umráð þessara eigna sinna.

Þegar skoðaðar eru reglur sem gilda um þessi mál á Norðurlöndunum kemur í ljós samkvæmt athugasemdum með IV. kafla frv. að þar hafa svolítið öðruvísi kerfi verið við lýði. Helsti munurinn á kerfunum, þ.e. kerfinu sem hér er lagt til og kerfunum sem þar gilda, er að ráðsmennskan nær yfirleitt ekki til tiltekinna eigna heldur er hún almenn, auk þess sem skjólstæðingur tapar ekki gerhæfi sínu við skipun aðstoðarmanns, sem hefur eða getur a.m.k. valdið ákveðnum ruglingi um ákveðin atriði, ákveðna löggerninga. Mér sýnist það skref sem tekið er í þessu frv. vera strax til bóta. Spurning er hins vegar hvort æskilegt hefði verið að fara lengra og meira í þá veru sem farið hefur verið á Norðurlöndum. En það má líka segja að sú leið sem hér er farin er vissulega einfaldari. Hún er mjög skýr og tvímælalaust er hún til bóta.

Ég verð að segja eins og er að þó að ég sé sátt við flest það sem kemur fram í þessu frv. þá tek ég undir með þeim hv. þm. sem talaði hér áðan að ég varð fyrir vonbrigðum með að sjá að ekki skuli vera valin sú leið að hækka sjálfræðisaldur í frv. Ég hef talað áður fyrir því máli í umræðum í þinginu og hv. ræðumaður sem var hér á undan fór yfir það mjög ítarlega hver eru rök gegn hækkun sjálfræðisaldurs og rök með hækkun sjálfsræðisaldurs. Ég vil líka að það komi fram að ég tel þetta frv. mjög vel unnið að því leyti að greinargerðin er alveg einstaklega vel unnin. Það ber að fagna því sem vel er gert. Þetta er mjög viðamikið frv. og það er mjög gott að fá ítarlega úttekt á málinu hér inn í þingið, enda um að ræða mál sem er ekki einfalt, langt í frá, sem eru málin sem snúa að lögræði.

Ég er ein þeirra sem hafa mælt með hækkun sjálfræðisaldurs. Ég geri það m.a. vegna þeirra fjölmörgu raka sem fram koma í frv. Ég vil líka taka undir með þeim hv. þm. sem talaði áðan, Jóhönnu Sigurðardóttur, að ég er ekki sammála hæstv. dómsmrh. í því að það sem fram kemur af meðmælum með hækkun sjálfræðisaldurs í umsögnum sé einkum frá þeim sem hafa haft með afvegaleidd ungmenni að gera. Mér sýnist það vera miklu stærri hópur sem mælir beint með hækkun sjálfræðisaldurs. A.m.k. er sagt í frv. á bls. 29, með leyfi forseta:

„Meiri hluti umsagnaraðila mælti með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og enginn mælti gegn þeirri hækkun."

Hér eru tíndir til allflestir þeir aðilar sem maður getur látið sér detta í hug að hafi eitthvað um þetta mál að segja. Mér þykir líka athyglisvert það sem fram kemur í athugasemdunum með frv. að nefndin sem undirbjó þetta frv. lagði í raun og veru drög eða hugmyndir sínar fram til umsagnar við ýmsa aðila bæði árið 1993 og aftur árið 1996 og það er tekið sérstaklega fram að þeim sem semur greinargerðina þykir athyglisvert að þegar bornar eru saman umsagnir þær sem óskað var eftir árið 1993 og þær sem óskað var eftir árið 1996 að mun fleiri stofnanir og samtök taka nú afstöðu með hækkun sjálfræðisaldurs. Mér þótti þetta mjög athyglisverður punktur. Ég held að þetta komi ekki til vegna þess að það sé einhver tískubóla í samfélaginu núna að hækka sjálfræðisaldur heldur einmitt vegna þess að vaxandi skilningur er á því að þjóðfélagið er að mörgu leyti breytt frá því sem var þegar þessar reglur eru settar. Það var allt tínt til hér áðan af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og óþarfi af mér að telja það allt upp aftur. En þessi rök koma öll fram í frv. og eru mjög þung á metunum að mínu mati, þ.e. breyttar þjóðfélagsaðstæður á síðustu áratugum, þorri íslenskra ungmenna býr í foreldrahúsum fram undir tvítugt og nýtur stuðnings foreldra og að hækkun sjálfræðisaldurs hafi fyrst og fremst táknrænt gildi og ég held að þannig sé það í allflestum tilvikum, langflestum tilvikum. Enda felst í því að ungmenni sem verður sjálfráða getur ráðið sjálft dvalarstað sínum og gert vinnusamninga. Það fylgja í raun og veru mjög lítil áþreifanleg réttindi því að verða sjálfráða. Ég held að flest ungmenni upplifi það ekki sem eitthvað stórt skref í sínu lífi. Ég alla vega minnist þess ekki að hafa upplifað það sem slíkt og ég efast um að ungmenni nú til dags geri það heldur. Með breyttum tímum, minnkandi atvinnumöguleikum ungmenna og lengri skólagöngu hafi aðstæður breyst, atvinnu, húsnæði og tekjur skorti o.s.frv.

Það eru líka að mínu mati gild rök að við séum upp á kant við það sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar og ég held að sérstaða íslensks samfélags sé ekki sú lengur að það eigi að vera ráðandi röksemd að við búum hér við einhverjar sérstakar aðstæður. Atvinnuleysið hefur haldið innreið sína hér eins og í nágrannalöndum okkar, því miður, þó það hafi gerst langt á eftir þeim löndum. Bent er á skilgreiningu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem allir einstaklingar undir 18 ára eru skilgreindir sem börn. Síðan eru tínd til rökin sem hvað þyngst hafa vegið, þ.e. varðandi afbrot og vímuefnaneyslu ungmenna á aldrinum 16–18 ára, að hækkun sjálfræðisaldurs geri það að verkum að auðveldara verði að ná til og grípa í taumana hjá einstaklingum á þessum aldri ef sjálfræðisaldur verði hækkaður. Ég held að þetta séu mjög veigamikil rök og geti skipt verulegu máli í velferð þessara einstaklinga.

Rökin gegn eru mörg góð og gild líka og hafa verið rakin hér. Þau rök sem hæstv. dómsmrh. nefndi eða mér fannst hann leggja hvað mesta áherslu á eru þau að með því að hækka sjálfræðisaldur sé verið að svipta stóran hóp ungmenna rétti til að takast á við sjálfsábyrgð og það muni mæta verulegri andstöðu hjá unglingum þar sem ungt fólk vilji taka ákvarðanir í eigin málum. Það sé verið að reyna að ná til hóps unglinga sem séu á villigötum vegna neyslu vímuefna eða vegna afbrota, en þetta sé lítill hópur og ekki vænlegt að skerða réttindi allra á þessu aldursskeiði vegna fárra einstaklinga.

Mér finnst í raun og veru mótrökin segja: Það getur skipt verulegu máli fyrir velferð þessa fámenna hóp sem er á villigötum að þurfa ekki að fara í gegnum sjálfræðissviptingu sem er mjög erfið aðgerð og viðkomandi einstaklingur getur borið þess ævarandi merki og því skipti verulegu máli fyrir velferð þess hóps að sjálfræðisaldur verði hækkaður á meðan ég held að fyrir hinn hópinn þá skipti þetta ekki eins miklu máli þegar upp er staðið.

Það eru ein rök sem mér fannst mjög athyglisvert að sjá í frv., þ.e. rök gegn hækkun sjálfræðisaldurs. Ég vil að hæstv. dómrmrh. hlusti sérstaklega á mál mitt núna vegna þess að kannski vill hann bregðast við því sem ég ætla að segja. Í greinargerðinni segir á bls. 30, með leyfi forseta:

„Loks er talið til", sem rök gegn hækkun sjálfræðisaldurs, „að skjólstæðingahópur barnaverndarnefnda muni stækka í *hlutfalli við auknar skyldur barnaverndaryfirvalda* og því þurfi að mæta með fjölgun starfsmanna og úrræða fyrir aldurshópinn 16–18 ára. Fram kemur í umsögn félagsmálaráðuneytisins að búast megi við auknum útgjöldum ríkisins til barnaverndarmála, einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila."

Ég verð nú að segja eins og er að mér þótti þetta mjög athyglisverður punktur að sjá. Þarna kannski þykir mér líklegast að meginröksemdin sé fundin hjá hæstv. ríkisstjórn fyrir því að velja það frv. sem mælir með því að sjálfræðisaldurinn verði óbreyttur. Eins og komið hefur fram áður þá lagði nefndin fram tvær tillögur og tók ekki afstöðu til þessa atriðis. Mér þykir það mjög alvarlegt mál að þessi röksemd skuli vera höfð í frammi og að hún skuli vera höfð í frammi af hæstv. félmrh. eins og þarna virðist vera því að það felst margt í þessu. Í þessu felst í fyrsta lagi það sem kemur fram í þessari setningu hérna að félmrn., ráðuneyti barnaverndarmála, viðurkennir að þarna sé nú bara veruleg þörf og þetta muni hafa í för með sér verulegan kostnað fyrir ríkissjóð, vegna þess að það segir „... að búast megi við auknum útgjöldum ríkisins til barnaverndarmála". Ekki fjölgar barnaverndarmálum skyndilega vegna þess að sjálfræðisaldurinn er hækkaður. Það er miklu frekar að vandamálið sé viðurkennt og tekið sé á því. Síðan segir í framhaldi að þessu: „... einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila", sem þýðir að fleiri börn eða ungmenni á aldrinum 16–18 ára komi til með að hafa þörf fyrir meðferð. Mér þykja þessi rök sem þarna eru sett fram gegn hækkun sjálfræðisaldurs vera enn og aftur hvað sterkust rökin með hækkun. En um leið eru stjórnvöld að sjálfsögðu að viðurkenna að þarna sé töluverður vandi á ferðinni sem þurfi að taka á og hann kosti eitthvað. Þess vegna hefði ég viljað sjá og geri nú ráð fyrir að hv. allshn. sem fær frv. til umsagnar, muni óska eftir því að skoða þennan þátt sérstaklega betur. Hvers vegna gerir félmrn. ráð fyrir því að búast megi við auknum útgjöldum til barnaverndarmála, einkum vegna fjölgunar meðferðarheimila? Væntanlega vegna þess að vandamálið er til staðar. Ég held að það væri ekki úr vegi fyrir hv. allshn. að fá umsagnir um kostnaðarmat. Hérna liggur fyrir, eins og venja stendur til, umsögn fjmrn. um frv. eins og það liggur fyrir núna og því væri ekki úr vegi að hv. allshn. fengi umsögn, kostnaðarmat fjárlagaskrifstofu fjmrn. á því hvað þetta mundi kosta ríkissjóð ef frv. væri sett í hinn farveginn. Ég hefði a.m.k. mikinn áhuga á að sjá hvernig það kæmi út.

Kannski er meginkjarni þess sem ég hefði viljað segja núna við fyrstu umræðu, sá að mér þykir hæstv. dómsmrh. ekki hafa gert nægilega grein fyrir því hvers vegna hæstv. ríkisstjórnin velur þessa leið. Mér þykja þau rök sem talin voru upp af hæstv. dómsmrh. ekki nægilega sterk til þess að horfið sé gegn því sem svo til allir umsagnaraðilar leggja til. Og þarna erum við að tala um aðila sem eru, ég vil segja alfa og omega þess sem hefur með málefni barna og ungmenna að gera á Íslandi í dag. Þessir aðilar leggja allir til ýmist að sjálfræðisaldur verði hækkaður eða mæla að minnsta kosti ekki gegn því.

Að öðru leyti, eins og ég sagði í upphafi, sýnist mér flest til bóta í frv. og mun að sjálfsögðu kynna mér betur, þegar þar að kemur, hvernig hv. allshn. fer í málið og hvað kemur í ljós við skoðun málsins þar.

[18:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Það gerist ekki mjög oft að ræðumenn, þó þeir séu allir saman í stjórnarandstöðu, séu svo til algjörlega sammála í máli sem þessu. Ég tel að ég geti tekið undir hvert einasta orð sem hv. tveir síðustu ræðumenn, Bryndís Hlöðversdóttir og Jóhanna Sigurðardóttir, hafa sagt. Ég ætla þó samt sem áður að leyfa mér að endurtaka sumt af því og bæta nokkrum atriðum við.

Hér eru að mínu mati mjög athyglisverðir hlutir að gerast. Ég vil byrja á að koma með samlíkingu frá því á síðasta þingi. Þá gerðust þau tíðindi að lagt var fram frv. og öll umræðan fór þá í það sem ekki var í því frv. Það var frv. um samningsveð sem reyndar var endurflutt nú í vetur með hinu umdeilda ákvæði inni í. Nú ber svo við aftur að fram kemur frv. sem beðið hefur verið eftir mjög lengi. Þessi nefnd um endurskoðun lögræðislaga er búin að starfa síðan 1993 og nú birtist frv. loks án þess að tekið sé á því atriði sem allir hafa verið að bíða eftir. Nú er ég að tala um þetta frv. til lögræðislaga þar sem lagt er til óbreytt ástand, þ.e. að sjálfræðisaldurinn verði ekki hækkaður úr 16 í 18 ár. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að ég tel að hér sé um mjög vandaða greinargerð að ræða og að mörgu leyti mjög vandað frv. Ekki síst er mjög athyglisvert að nefndin sem samdi það hefur verið í miklum vafa um þetta umdeilda atriði en hæstv. dómsmrh. ákveður að leggja fram þetta afbrigði af frv.

Hæstv. forseti. Ég verð að segja að það urðu mér veruleg vonbrigði að sjá þetta afbrigði frv., ekki síst vegna þess að eins og hér hefur komið fram, hefur legið frammi í þinginu, bæði á þessu þingi og á síðasta þingi, frv. frá mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Þau frv. hafa verið send út til umsagnar og það er mjög athyglisvert eins og reyndar kemur fram í grg. með frv. að það hefur orðið veruleg viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu frá því að nefndin hóf störf árið 1993 þar til nú. Nefndin sem samdi þetta frv. sendi út umsagnir tvisvar sinnum og það var veruleg breyting eins og kemur fram í grg. á viðhorfum til þess ákvæðis að hækka sjálfræðisaldur og ég minnist þess ekki nokkurn tímann að hafa séð stjórnarandstöðufrv. inni í nefnd, í þessu tilfelli allshn., þar sem svo til allir umsagnaraðilar tóku undir þær breytingar að það beri að hækka, í þessu tilviki, sjálfræðisaldur úr 16 í 18 ár. Undantekningar voru umboðsmaður barna sem tekur ekki beina afstöðu og Lögmannafélagið. Allir aðrir umsagnaraðilar tóku undir þetta. Ég er með umsagnirnar hér en ég ætla tímans vegna ekki að lesa þær upp vegna þess að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir *fór dálítið* ofan í umsagnirnar. Ég ætla að láta nægja að telja upp þessa aðila. Þetta eru: Samtökin Barnaheill, Félag framhaldsskólanema, Sýslumannafélag Íslands, Félagsmálastofnun Akureyrar, Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, Félagsmálastofnun Kópavogs, Félagsmálastofnun Reykjavíkur, Barnaverndarstofa, Heimili og skóli, Samband íslenskra sveitarfélaga, Lögreglustjórinn í Reykjavík, Barnaverndarráð og Meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga. Allir þessir aðilar mæla með hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár.

Með frv. okkar Jóhönnu Sigurðardóttur eru tíunduð rök með hækkun sjálfræðisaldurs ítarlega á einum þremur blað-

síðum. Ég ætla ekki að tíunda þau hér í þessari ræðu en aðeins að vitna í niðurlagið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Helstu rökin fyrir þessari lagabreytingu [þ.e. hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár] eru því þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, miði að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggi betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum."

Ég vil einmitt leggja áherslu á að þó að þetta síðastnefnda sé mikilvægt, þ.e. að auðvelda meðferð á litlum hópi, þá legg ég ekki síður áherslu á hitt að þetta tryggi betur réttarstöðu barna á aldrinum 16–18 ára almennt og ábyrgð foreldra á þessum hópi. Það eru því mjög sterk rök sem mæla með þessu. Ég las þetta frv. nú ekki síst til þess að leita eftir mótrökum. Og ég verð að segja, hæstv. forseti, að mér finnast þau mótrök sem eru talin fram í grg. alls ekki nægilega sterk. T.d. þetta orðalag að ekki sé hægt að hækka sjálfræðisaldur því þá sé verið að svipta stóran hóp ungmenna rétti til að takast á við sjálfsábyrgð og það muni mæta verulegri andstöðu hjá unglingum þar sem ungt fólk vilji taka ákvarðanir í eigin málum. Ég vil bara spyrja: Hvaða réttindi eru þetta sem viðkomandi einstaklingar eru að tapa? Það er engan veginn ljóst í mínum huga. Og ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, Bryndísi Hlöðversdóttur: Meðal þess sem beinlínis er talið upp sem rök gegn hækkun er að þetta muni kalla á aukið starf hjá barnaverndarnefndum vegna meðferðarheimila fyrir 16.–18. ára fólk. Það er mjög athyglisvert, ekki síst vegna þess að það hefur komið fram hjá talsmönnum barnaverndaryfirvalda í landinu, m.a. á málþingum um kynferðisofbeldi núna í síðustu viku, að það þurfi að lögvernda rétt barna til meðferðar. Það sé hreinlega ekki nægilega vel haldið á þeim málum, það sé algerlega á ábyrgð sveitarfélaga núna hvort börn fá meðferð t.d. eftir kynferðisofbeldi. Þannig telur talsmaður Barnaverndarstofu að það þurfi að breyta barnaverndarlögum og tryggja börnum þennan rétt. Ef ætlunin er að að tryggja þennan rétt þá þyrfti líka að tryggja rétt 16–18 ára ungmenna ef sjálfræðisaldur yrði hækkaður.

Ég tel að það vegi þungt að það er hugsanlega kostnaðarauki af þessu, en ekki síður það sem nefnt er á bls. 31 í grg., þ.e. að ekki sé talið nauðsynlegt að gera ákveðnar lagabreytingar en það sé talið eðlilegt og því er ekki ólíklegt að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. dómsmrh. telji að það verði næsta skref ef sjálfræðisaldurinn verður hækkaður. Þar vil ég ekki síst nefna það sem nefnt er undir 1. lið að þetta geti orðið til þess að lögunum um tekju- og eignarskatt verði breytt á þann veg að börn verði sjálfstæðir skattaðilar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er. Mér virðist að þarna séu grundvallarrökin, það eru ekki síst hagsmunir Sjálfstfl. og skjólstæðinga hans, þ.e. sjálfstæðra atvinnurekenda sem eru í aðstöðu til að nýta sér ónotaðan persónuafslátt barna sinna og geta hlaðið tekjum sínum yfir á börn sín. Þetta er mjög stórt atriði að mínu mati. Það væri því mjög fróðlegt að fá eins og kom reyndar fram hjá síðasta ræðumanni, álit fjárlagaskrifstofunnar á hinu afbrigðinu af frv. Ég tel að ríkið muni græða töluvert vegna þessa ákvæðis ef þessu yrði breytt þannig að þetta yrði ekki allt saman kostnaðarauki þó það verði kannski kostnaðarauki fyrir suma skjólstæðinga Sjálfstfl.

Það atriði að foreldrum verði greiddar barnabætur til 18 ára aldurs tel ég náttúrlega alveg augljósan kostnaðarauki fyrir ríkissjóð en mér sýnist nú, á meðan barnabæturnar eru í því horfi sem þær eru í núna, að þá skipti þær kannski ekki meginmáli. Þær eru hvort sem er ekki það háar fyrir allan almenning.

Það er ljóst að rökin sem talin eru gegn þessu eru í raun og veru engin, þ.e. að verið sé að svipta einstaklinga einhverjum réttindum sem engin eru. Það er nefnt t.d. sem mótrök að það sé óeðlilegt að misvægi sé á milli þess að skólaskyldu ljúki við 16 ára aldur en að börn verði sjálfráða 18 ára. Þetta er ekki talið vera vandamál í öðrum löndum. Af hverju ætti það að vera meira vandamál hér? Þetta er ekki vandamál í Englandi, í Bandaríkjunum, á Norðurlöndum. Það er alls staðar skólaskylda bara til 15–16 ára aldurs þó fólk verði sjálfráða 18 ára. Ég held því að það sé ýmislegt í þessari röksemdafærslu ráðherrans sem ekki stenst.

Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. enn og aftur hvort hann geti rökstutt það betur, hvers vegna hann leggur fram þetta afbrigði af frv. og hvort athugun hafi verið gerð af fjárlagaskrifstofu fjmrn. um það hver kostnaðurinn hefði orðið af hinu afbrigði frv.

Ég vil taka undir og staðfesta það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að við munum flytja brtt. við þetta frv. um að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður í 18 ár í samræmi við það frv. okkar sem liggur nú fyrir í allshn. Ég vonast svo sannarlega til þess, í framhaldi af yfirlýsingu fulltrúa Framsfl. í umræðunni áðan um að þeir hafi gert fyrirvara um þetta ákvæði, að þetta deilumál verði tekið til alvarlegrar efnislegrar umræðu í allshn. Ég vona að það verði ekki bara Framsfl. sem sé tilbúinn að skoða það með opnum huga heldur einnig Sjálfstfl.

Að öðru leyti vil ég fagna því að frv. er komið fram. Greinargerðin er mjög vönduð og mér sýnist flestar lagabreytingarnar sem þar koma fram vera til bóta. Ég ætla þó ekki að tjá mig um þær að sinni þar sem ég vil fara yfir þær í nefndinni áður og mun því gera það við 2. umr. Ég vil aðeins ítreka að ekki eru komin nægilega góð rök fram fyrir því hvers vegna frv. er lagt fram með þessum hætti þrátt fyrir að allir fagaðilar mæli með hinu og að yfirgnæfandi sterkari rök mæli með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Ég spyr enn og aftur: Er hægt að sannfæra okkur betur en gert er með grg., hæstv. dómsmrh.?

[18:41]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við erum að ræða um sjálfræðisaldur og það eru deildar meiningar um það hvort hann eigi að vera miðaður við 16 ára aldur eða 18 ára. Ég hef áður lagt til að sú leið verði farin að heimilt verði að fresta sjálfræði til allt að 18 ára aldurs að ósk foreldra eða barnaverndaryfirvalda á tiltölulega einfaldan hátt í stað þess að gera 8.000–9.000 Íslendinga að börnum.

[18:41]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru börn börn til 18 ára aldurs. Hvers vegna skyldu íslensk börn ekki vera börn til 18 ára aldurs eins og öll önnur börn í heiminum?

[18:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. bar fram tvær fsp. Önnur laut að afstöðu eftirlitsnefndar með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég vek athygli á því að á bls. 31 í frv.

segir frá þessari afstöðu nefndarinnar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundum fulltrúa íslenskra stjórnvalda og nefndarinnar urðu nokkrar umræður um hugtakið „barn" samkvæmt íslenskum rétti þar sem m.a. kom fram að samkvæmt gildandi lögræðislögum yrðu einstaklingar sjálfráða 16 ára gamlir. Nefndin kom þeim tilmælum til íslensku fulltrúanna að við endurskoðun lögræðislaga yrði sjálfræðisaldur hækkaður í 18 ár. Ekki er hins vegar vikið að þessu í skýrslu nefndarinnar sem hún sendi síðar frá sér."

Það sem liggur fyrir í þessu efni er að munnlega var þessum tilmælum beint á fundi þar sem um þessi mál var fjallað en í sjálfri skýrslu nefndarinnar þar sem endanlegt álit hennar kemur fram er ekki að þessu vikið.

Þá spurði hv. þm. að því hvort hugsanlegar breytingar á skattalögum og ýmsum öðrum lögum kynnu að hafa valdið því að ríkisstjórnin kaus að velja þessa útgáfu frv. Svo er alls ekki. Það er ekki af kostnaðarástæðum sem það er gert. Ég hygg að það sé rétt sem hér kom fram hjá hv. 19. þm. Reykv. að ólíklegt er að ríkið mundi tapa eitthvað á því þó að sjálfræðisaldur yrði hækkaður þannig að það eru ekki fjárhagsaðstæður ríkissjóðs sem valda því.

Nefndin lagði fram, eins og hér hefur komið fram, tvær tillögur og gerði ekki upp á milli þess af sinni hálfu hvort sjálfræðisaldur yrði óbreyttur eða yrði hækkaður í 18 ár. Ríkisstjórnin kaus hins vegar að leggja fyrir þingið frv. þar sem gert var ráð fyrir óbreyttum sjálfræðisaldri. Það hefur ekki af minni hálfu né af hálfu ríkisstjórnarinnar falist í þeirri ákvörðun að öll rök sem færð hafa verið fram með hærri sjálfræðisaldri væru ógild eða að engu hafandi. Hér liggur aðeins það mat að nægjanlega sterk rök, að okkar mati, hafa ekki verið færð fyrir hækkun sjálfræðisaldurs.

Varðandi fyrirspurnir um það hvort einstakir þingmenn stjórnarflokkanna séu með bundnar hendur um stuðning við þetta frv. er það að segja að við höfum ekki litið svo á að hér væri um flokkspólitískt álitaefni að ræða. Þingmenn stjórnarflokkanna, bæði Sjálfstfl. og Framsfl., eru þess vegna ekki með bundnar hendur að því er varðar afstöðu til þessa máls. Mér er kunnugt um að í báðum flokkum eru þingmenn sem hafa mismunandi skoðanir á þessu álitaefni þó þingflokkarnir hafi samþykkt að standa að framlagningu frv. Ég tel einfaldlega eðlilegast að þingið sjálft afgreiði þetta álitaefni í atkvæðagreiðslu, auðvitað að undangenginni umfjöllun í hv. allshn. og sé ekkert því til fyrirstöðu. Það eru engar hömlur á afstöðu stjórnarþingmanna í þessu efni.

Það hefur verið að því spurt hvers vegna ekki hafi verið tekin afstaða með því að hækka sjálfræðisaldurinn. Vissulega er rétt að mjög margar umsagnir mæla með því að sjálfræðisaldurinn sé hækkaður eins og hér hefur komið fram. Það er svolítið breytt afstaða frá því sem var í öndverðu. Það voru fleiri umsagnaraðilar á móti þegar þetta starf fór af stað. Án þess að ég ætli að gera lítið úr þeim rökum sem sett hafa verið fram vil ég aðeins vekja athygli á því að mér sýnist að höfuðrökin í þessu séu þrenns konar. Í fyrsta lagi er verið að höfða til þess að með hækkun sjálfræðisaldurs megi fá úrræði til að taka á vanda nokkurs hóps unglinga sem lent hefur á glapstigum eða í erfiðleikum. Í annan stað er verið að vísa til almennra þjóðfélagsbreytinga, að börn séu lengur heima hjá sér en áður var. Í þriðja lagi að hækkunin sé í betra samræmi við löggjöf sem er annars staðar.

Ef við förum aðeins yfir þessi atriði er það svo að mínu mati að meðferðarúrræði, hvort heldur það eru börn, unglingar eða fullorðið fólk sem í hlut á, duga mjög skammt ef meðferðin fer fram vegna þvingunarúrræða. Ég held að það sé mat flestra þeirra sem eru með fólk í meðferð að það sé mjög mikilvæg forsenda fyrir árangri að viðkomandi aðili hafi sjálfur og af frjálsum vilja tekið ákvörðun um meðferðina og að þvinguð meðferð sé ekki líkleg til að skila árangri. Af þeim sökum hef ég ekki talið að þau rök sem þarna hafa verið færð fram væru nægjanlega gild. Ef við horfum svo á almennu rökin, að þjóðfélagsaðstæður séu breyttar, þá er það, að ég hygg, alveg rétt að ugglaust er það svo að unglingar eru lengur heima hjá sér en áður var. En þá vaknar sú spurning hvort einhver knýjandi nauðsyn sé á því þrátt fyrir það að hækka sjálfræðisaldurinn. Breytir sú staðreynd einhverju um það? Ég held að í flestum tilvikum, eins og kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv., gerast svona hlutir ekki akkúrat á einni dagsetningu. Unglingar eru að þróast í það að verða fullorðið fólk og sjálfstæði þeirra og sjálfræði verður raunverulega til á lengri tíma þó að löggjafinn verði auðvitað að miða það við tiltekna dagsetningu. Þess vegna held ég að þó það sé rétt að þessi þjóðfélagsbreyting hafi orðið sé ekki sjálfgefið að það sé knýjandi ástæða til að fylgja því eftir með hækkun sjálfræðisaldurs.

Það er líka rétt að það eru fleiri nágrannaríki okkar sem hafa 18 ára sjálfræðisaldur. Þá vaknar upp sú spurning hvort það séu meiri vandamál varðandi unglinga hér á landi en í þeim löndum. Eru einhverjar slíkar upplýsingar fyrir hendi sem sýna að af þeim ástæðum sé ástæða til að færa sjálfræðisaldurinn til samræmis við það sem er í útlöndum? Ég held að slíkar upplýsingar séu ekki fyrir hendi og vandamál unglinga og forráðamanna þeirra séu ekki meiri hér en þar. Ég hef ekki af þessum sökum talið þessi rök nægjanlega gild til að ég gæti sjálfur staðið að því að flytja frv. með þessum breytingum. En ég skil mætavel þau sjónarmið sem þarna eru sett fram. Ég held að enginn geti gert mismunandi mat á þessu að stóru pólitísku ágreiningsefni. Það er útilokað að gera það og þess vegna eðlilegt að þingmenn hver og einn geri þetta upp við sig og meiri hluti þingsins við afgreiðslu þessa frv. kveði á um það hvor kosturinn þingið vill að verði í endanlegri gerð þegar frv. verður að lögum.

Þetta eru þau helstu sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri í tilefni af þessari umræðu sem hér hefur orðið sem ég þakka að öðru leyti fyrir. Hún hefur verið málefnaleg og stuðningur við meginatriði frv. sem fela í sér mjög miklar breytingar að því er varðar löggjöf um lögræði og margs konar nýmæli sem ég held að séu til mikilla bóta í þessari löggjöf. Ég heyrði ekki annað en að hv. þm. tækju undir og ég þakka fyrir það.

[18:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þessi síðari ræða hæstv. dómsmrh. miklu betri og málefnalegri varðandi þann þátt sem við höfum helst rætt um, sem er hækkun sjálfræðisaldursins. Hér fór hæstv. dómsmrh. nokkuð inn á þau atriði sem við höfum verið að tíunda varðandi kostina á hækkun sjálfræðisaldursins og það tel ég vel og vera til bóta fyrir þessa umræðu. Ég held að það sé líka mjög mikilvægt að það liggi fyrir, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh., að það eru ekki kostnaðarástæður sem liggja til grundvallar því að ekki er lögð til hækkun á sjálfræðisaldrinum heldur sé það fyrst og fremst mat dómsmrh. sjálfs sem ber ábyrgð á þessu frv. með framlagningu sinni. Því ber vissulega að fagna. Eins og hæstv. ráðherra lýsti er hér ekki um flokkspólitískt

mál að ræða vegna þess að í eðli sínu er það raunverulega þverpólitískt og sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðherra að um þetta eru skiptar skoðanir, kannski helst innan stjórnarflokkanna. Ég hef ekki fundið annað að því er varðar stjórnarandstöðuna en að þeir sem hafa tjáð sig um þetta efni séu talsmenn þess að hækka sjálfræðisaldurinn.

Nefndin mun fjalla um málið og ég tel mjög mikilvægt að þessar yfirlýsingar ráðherrans liggi fyrir. Það væri kannski ástæða til að spyrja hér í lokin að ef meiri hluti allshn. kemst að þeirri niðurstöðu að hækka beri sjálfræðisaldurinn, mun þá hæstv. dómsmrh. fylgja þeirri leiðsögn og styðja hækkun á sjálfræðisaldrinum? Ég held að sú yfirlýsing sem fram kom hjá ráðherranum um að stjórnarliðar séu ekki bundnir flokkspólitískt, eins og oft er, af þeirri afstöðu sem lýtur að hækkun sjálfræðisaldursins sé mjög góð að minnsta kosti fyrir stjórnarliða í allshn.

[18:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. vil ég aðeins segja að ég mun taka afstöðu til álits allshn. þegar það liggur fyrir hvort sem það verður meirihluta- eða minnihluta álit eða sameiginlegt álit nefndarinnar sem enginn veit fyrr en nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

[18:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Alltaf batnar málflutningur ráðherrans því oftar sem hann talar um þetta málefni að því er varðar hækkun á sjálfræðisaldrinum. Mér finnst hann kannski vera miklu nær því heldur en hann var í sinni fyrstu framsögu. Mér heyrist af orðum hans að hann sé ekki búinn að njörva sig niður alveg óháð öllum rökum um að ekki beri að hækka sjálfræðisaldurinn og að hann muni taka afstöðu til þess þegar meirihlutaálit liggur fyrir. Það er fagnaðarefni, herra forseti.

[18:55]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna umræðu hæstv. dómsmrh. um að þvinguð meðferð sé ekki gagnleg get ég svo sannarlega tekið undir það sem sálfræðingur að það sé oft ekki gagnlegasta meðferðin, en það er oft það sem þarf þegar alkóhólistar eða fíkniefnaneytendur eru annars vegar. Málið snýst ekki um þvingun eða ekki þvingun. Það snýst um þvingun með eða án sjálfræðissviptingar. Það getur verið mjög þungbær kross fyrir einstaklinginn að bera allt lífið að hafa verið sviptur sjálfræði. Enda er framkvæmdin í raun ekki í samræmi við gildandi lög vegna þess að meðferðaraðilar hafa tilhneigingu til að taka tillit til þess að það getur verið þungbært að bera þennan kross.

En ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður fagna því að dómsmrh. virðist vera opinn fyrir því að þetta mál fái málefnalega umfjöllun og er ekki búinn að fastbinda sig í þá ákvörðun sem kemur fram í hinu framlagða frv. Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort ástæðan fyrir því að þessi frumvarpsgerð er lögð fram séu yfirlýsingar hæstv. forsrh. um hans afstöðu til þessa máls og formanns Heimdallar. Þau hafa bæði tvö lýst því yfir að þau vilji ekki hækka sjálfræðisaldurinn. Ég velti fyrir mér hvort það sé hin raunverulega ástæða fyrir frv. tveimur að nefndin hefur fengið svolítið tvíbent skilaboð frá ráðherrum Sjálfstfl.

[18:57]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 19. þm. Reykv. vil ég aðeins ítreka það sem hefur komið fram af minni hálfu áður í þessari umræðu. Ástæðan fyrir því að ég lagði til að þessi útgáfa frv. yrði lögð fyrir þingið er sú að ég hef litið svo á, og það er mitt mat, að þau rök sem fram hafa komið fyrir hækkun sjálfræðisaldurs séu ekki nægjanlega gild. Það er auðvitað þeirra sem vilja gera breytingar að færa fram rök fyrir tillögum sínum. Þetta er mitt mat og á því byggist sú niðurstaða ríkisstjórnarinnar að leggja frv. fram í þessum búningi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 714.

[18:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á þskj. 714 liggur fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er lagt til að níu nafngreindum einstaklingum verði veittur ríkisborgararéttur með lögum. Umsækjendurnir, sem teknir hafa verið í lagafrv., fullnægja skilyrðum samkvæmt reglum Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar sem settar voru af allshn. Alþingis 21. febr. 1995. Þetta er síðara frv. sem flutt er venju samkvæmt á þessu þingi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (rekstrarleyfi). — Þskj. 715.

[18:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Frv. þetta er flutt út af beiðni stjórnar Happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Þar er lagt til að leyfi Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til að reka happdrætti á þann hátt sem verið hefur frá 1954 verði framlengt um tíu ár eða til ársloka 2007. Leyfi til rekstursins var síðast framlengt með lögum nr. 24/1987 og þá til ársloka 1997. Nýtt happdrættisár hefst 1. maí 1997 og þarf því að liggja fyrir heimild til áframhaldandi happdrættisreksturs fyrir þann tíma. Því er lagt til í 2. gr. að lögin öðlist gildi 30. apríl 1997.

Það er ósk mín, herra forseti, að frv. fái af þessum sökum skjóta meðferð í þinginu og ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 756. [19:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Samkvæmt gildandi lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins frá 1986 skal 15% af hráefnisverði skipa haldið eftir við veðsetningu eða gjaldeyrisskil og sú fjárhæð lögð inn á sérstakan bankareikning. Því fé er síðan ráðstafað í þrjá staði. 7% renna inn á stofnfjársjóðsreikning viðkomandi skips hjá Fiskveiðasjóði Íslands, 6% renna inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna til greiðslu tryggingariðgjalda vegna skipsins, en 2% greiðast inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa. Því fé er síðan miðlað milli Lífeyrissjóðs sjómanna annars vegar, sem fær 92% af þessum 2%, og hagsmunasamtaka sjómanna og útvegsmanna hins vegar sem fá afganginn. Framangreint fyrirkomulag gildir varðandi þilfarsskip 10 brúttólestir eða stærri. Fyrir opna báta og minni en 10 brúttólestir gilda þær reglur að 10% er haldið eftir af hráefnisverði. Er allt það fé lagt inn á greiðslumiðlunarreikning hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa. Því fé er síðan skipt milli Lífeyrissjóðs sjómanna, iðgjaldagreiðslna vegna slysa og örorkutrygginga skipverja og bátatrygginga og Landssambands smábátaeigenda.

Samkvæmt frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., sem viðskrh. mælti fyrir í síðustu viku, er gert ráð fyrir að starfsemi Fisklánasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs verði sameinuð 1. jan. 1998. Frá sama tíma er gert ráð fyrir að lög um Stofnfjársjóð fiskiskipa verði afnumin. Af þessum sökum er nauðsynlegt að gerðar verði tvær efnisbreytingar á framangreindum ákvæðum laganna um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun.

Í fyrsta lagi verður að teljast óeðlilegt að innheimta vegna lána til fiskiskipa sé tryggð með sérstökum lögum eftir að Fjárfestingarbanki atvinnulífsins tekur til starfa. Bankinn tekur við öllum skuldbindingum Fiskveiðasjóðs og í því felst m.a. að hann mun innheimta útistandandi lán Fiskveiðasjóðs. Verður að teljast eðlilegt að um innheimtu þeirra lána sem og nýrra lána hins nýja fjárfestingarbanka til fiskiskipa gildi sömu reglur og um innheimtu annarra lána fjárfestingarbankans. Fyrir því er í 1. og 3. gr. þessa frv., sem hér er til umræðu, lagt til að eftirleiðis verði einungis skylt að halda eftir 8% af aflaverðmæti við veðsetningu og gjaldeyrisskil í stað 15% áður.

Í öðru lagi verður að fela öðrum aðila það framkvæmdahlutverk við greiðslumiðlun sem Stofnfjársjóður fiskiskipa gegnir nú. Er með frv. þessu lagt til að Lífeyrissjóður sjómanna taki við þessu hlutverki enda er stærstum hluta þeirra fjármuna er um greiðslumiðlunarkerfið fara miðlað til þess sjóðs. Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því sem meginreglu að aðilar að greiðslumiðlunarkerfinu komi sér saman um skiptingu kostnaðar er leiðir af umsýslu Lífeyrissjóðs sjómanna í greiðslumiðlunina.

Þá er loks með frv. þessu lagt til að ef ágreiningur rís um skiptingu fjár annars vegar á milli Sjómannasamands Íslands, Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða og hins vegar milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands geti aðilar óskað eftir því að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr þeim ágreiningi.

Með frv. þessu er ekki stefnt að heildarendurskoðun laganna um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins heldur eru breytingatillögurnar nær eingöngu takmarkaðar við þær breytingar sem óhjákvæmilega leiðir af endurskipulagningu sjóðakerfisins. Þar með er ekki sagt að ekki sé ástæða til að huga að slíkri heildarendurskoðun. Ég tel hins vegar mikilvægt að menn gefi sér gott ráðrúm til að huga að þeim málum í samráði við þau samtök sem aðild eiga greiðslumiðlunarkerfinu. Ég hef jafnframt ákveðið í því sambandi að slík endurskoðun muni hefjast fljótlega. En ég ítreka að þau álitaefni sem þar koma upp geta m.a. lotið að skipulagi þeirra félagasamtaka sem þar eiga hlut að máli og þess vegna er nauðsynlegt að taka til þess nokkurn tíma. Sú ákvörðun ein að breyta nú á þessu þingi rekstri Fiskveiðasjóðs getur ekki ráðið tímasetningum í því efni. En í þessa heildarendurskoðun verður hins vegar ráðist.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–15. mál.

Fundi slitið kl. 19:06.

---

92. FUNDUR

þriðjudaginn 18. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 168, nál. 754 og 755. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 362. mál, þskj. 638. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 413. mál, þskj. 714. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, stjfrv., 414. mál, þskj. 715. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, stjfrv., 444. mál, þskj. 756. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 199. mál, þskj. 225. — Fyrri umr.
8. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 200. mál, þskj. 226. — Fyrri umr.
9. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 230. mál, þskj. 319. — Fyrri umr.
10. Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, þáltill., 385. mál, þskj. 677. — Fyrri umr.
11. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746. — 1. umr.
12. Uppgjör á vangoldnum söluskatti, stjfrv., 438. mál, þskj. 747. — 1. umr.
13. Bókhald, stjfrv., 446. mál, þskj. 758. — 1. umr.
14. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 209. mál, þskj. 248. — Fyrri umr.
15. Stimpilgjald, frv., 386. mál, þskj. 678. — 1. umr.

16. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 304. mál, þskj. 563. — 1. umr.

17. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 305. mál, þskj. 564. — 1. umr.

18. Breyting á umferðarlögum, þáltill., 336. mál, þskj. 608. — Fyrri umr.

19. Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, þáltill., 387. mál, þskj. 679. — Fyrri umr.

20. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.

21. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 390. mál, þskj. 684. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:35]

Útbýting þingskjala:

Danskar landbúnaðarafurðir, 456. mál, fsp. SighB o.fl., þskj. 770.

Ferðakostnaður sjúklinga, 455. mál, fsp. ArnbS, þskj. 769.

GATT-samningurinn, 457. mál, fsp. ÁE o.fl., þskj. 771.

Hlutafjáreign ríkisbanka, 459. mál, fsp. EKG, þskj. 773.

Reglugerð um ferðakostnað sjúklinga, 454. mál, fsp. ArnbS, þskj. 768.

Tekjuskattur og bótagreiðslur, 458. mál, fsp. ÁMM, þskj. 772.

Tekjuskattur og eignarskattur, 452. mál, frv. PHB og VE, þskj. 766.

Tilkynning um dagskrá.

[13:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 3.30 síðdegis fer fram umræða utan dagskrár samkvæmt 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða. Efni þeirrar umræðu eru áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á lífeyriskerfinu og kaup Landsbankans á 50% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf. Málshefjandi er Ágúst Einarsson. Starfandi forsrh., Friðrik Sophusson, verður til andsvara.

Flugskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 168, nál. 754 og 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Till. í nál. 755 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 23:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RG, SighB, SJóh, SvG.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KÁ, KPál, LB, MagnA, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MagnA, RG, SighB, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SighB, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KÁ, KPál, LB, MagnA, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 754 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, TIO, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KH, MagnA, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MagnA, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GÁ, GGuðbj, GMS, HÁs, IP, JBH, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MagnA, RG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KH, MagnA, MS, ÓE, PP, RG, SAÞ, SF, StB, TIO, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (BH, HG, KHG, SighB, SJóh) greiddu ekki atkv.
25 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EOK, FI, FrS, GÁ, GMS, HÁs, IP, JBH, KÁ, KPál, LB, MF, ÓÖH, PHB, RA, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 362. mál (nám skv. eldri lögum). — Þskj. 638.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lögræðislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 707.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 413. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 714.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 414. mál (rekstrarleyfi). — Þskj. 715.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 1. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 756.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, fyrri umr.

Þáltill. RG og BH, 199. mál. — Þskj. 225.

[13:43]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Flm. ásamt mér er Bryndís Hlöðversdóttir. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981."

Virðulegi forseti. Þessi tillaga var á sínum tíma flutt samhliða þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu og lögð áhersla á vilja verkalýðshreyfingarinnar til þess að fá þessa tillögu samþykkta og þau áhrif sem hún hefur sem þáttur í mikilvægri fjölskyldustefnu. Ég vil líka benda á það, virðulegi forseti, að samþykktin er prentuð sem fskj. með tillögunni og auk þess er prentuð tillaga nr. 165 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Tillagan er útfærsla á samþykktinni sem gerð var.

Á liðnum árum hefur oft verið rætt um gildi þess fyrir Ísland að fullgilda þessa samþykkt. Það hefur verið ályktað um málið, fyrirspurn hefur verið lögð fram á hv. Alþingi og samstarfsmenn félmrn. um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hafa tekið spurninguna til efnislegrar umfjöllunar. Samþykktin sem slík tekur til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart eigin börnum og framfæri þeirra þegar slíkar skyldur skerða möguleika þeirra til undirbúnings, þátttöku eða frama í atvinnulífinu.

Ákvæði samþykktarinnar taka einnig til vinnandi karla og kvenna sem hafa skyldum að gegna gagnvart öðrum nánum vandamönnum sem greinilega þarfnast umönnunar þeirra eða forsjár. Samþykktin tekur til allra greina atvinnulífsins og allra flokka starfsmanna. Það sjónarmið sem liggur til grundvallar er að koma á í raun jöfnum möguleikum og jafnrétti til handa vinnandi körlum og konum. Skal sérhvert aðildarríki setja það markmið í stjórnarstefnu að auðvelda fólki með fjölskylduábyrgð sem er í atvinnu eða óskar að vera það, að framfylgja þeim rétti sínum án þess að verða fyrir mismunun að svo miklu leyti sem það er mögulegt án árekstra milli atvinnu fólks og fjölskylduábyrgðar.

Eins og ég nefndi áður hefur þessi tillaga verið flutt áður í tengslum við þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu. Einnig var hún borin inn á þingið á sl. vetri og um hana bárust þá allnokkrar umsagnir sem ég ætla á þessum tímapunkti í inngangi mínum, virðulegi forseti, að renna lauslega yfir.

Þar vil ég fyrst nefna umsögn Alþýðusambands Íslands sem leggur mikla áherslu á að þessi tillaga verði samþykkt. Það vekur athygli á aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði þar sem fjölskyldum og fjölskyldulífi er á margan hátt gert erfitt fyrir, nauðugur sá kostur að vinna afar langan vinnudag til að endar nái saman og álag á barnafjölskyldur er æðimikið og á ýmsan hátt erfitt fyrir verkafólk að samræma hlutverk sitt sem virkir þátttakendur á vinnumarkaði og að vera ábyrgir foreldrar.

Bent er á, og ég vek sérstaka athygli þingmanna á því, að í kjarasamningum hefur ekki tekist að fá tekið tillit til

aðstæðna fjölskyldnanna að þessu leyti. Í samþykktinni sem slíkri er leitast við að tryggja að tekið sé tillit til þarfa þeirra sem hafa fjölskylduábyrgð, bæði að því er varðar kjör og vinnuskilyrði sem og félagslegt öryggi. Eitt mikilvægasta ákvæði samþykktarinnar fyrir launafólk og reyndar það sem umdeilanlegast er er að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar starfs. Ákvæði þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að nánast algjör skortur er á reglum að íslenskum vinnurétti um nauðsyn gildrar ástæðu til uppsagnar verkafólks og atvinnurekendum ekki einu sinni skylt að rökstyðja slíkar ákvarðanir. Þetta er eitthvað það mikilvægasta fyrir þingmenn að staldra við að atvinnurekendum er ekki einu sinni skylt að rökstyðja hvers vegna þeir segja starfsmanni upp.

Ég vek líka athygli á því, virðulegi forseti, að það atriði sem Alþýðusambandið bendir þarna á víkur jafnframt að þeirri tillögu sem verður rædd hér næst á dagskrá þessa fundar, sem er einmitt ILO-samþykkt um uppsögn starfa sem Bryndís Hlöðversdóttir er flm. að og ég flyt með henni.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tekur undir að þessi tillaga verði fullgilt. Það bendir á svo dæmi sé tekið að þetta ákvæði um að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera gild ástæða uppsagnar starfs þýði að ekki er hægt að segja starfsmanni upp vinnu vegna umönnunar veikra barna eða náinna ættingja. Það er líka bent á að fulltrúar ASÍ og BSRB í landsnefnd um ár fjölskyldunnar beittu sér fyrir framgangi málsins án þess að hafa erindi sem erfiði.

Ég vil líka leyfa mér að draga fram að Bandalag háskólamanna mælir eindregið með fullgildingu þessarar alþjóðasamþykktar. Miðstjórn Samiðnar mælir eindregið með að ályktunin verði samþykkt. Skrifstofa jafnréttismála bendir á að fullgilding alþjóðasamþykktarinnar mundi verða lóð á vogarskálar jafnréttis kvenna og karla. Heimili og skóli styðja tillöguna og vænta þess að alþingismenn gangi fram í því að koma okkur Íslendingum í flokk þeirra þjóða sem fullgilt hafa þessa alþjóðasamþykkt. Framkvæmdastjórn Kvenréttindafélags Íslands telur rétt að mæla með þáltill. þessari á grundvelli þess að nauðsynlegt sé að auka atvinnuöryggi launþega, ekki síst kvenna. Vinnumálasambandið þekkir þess engin dæmi að það hafi gerst hjá aðildarfyrirtækjum sínum að starfsmönnum hafi verið sagt upp störfum vegna fjölskylduábyrgðar en Vinnumálasambandið er tilbúið til viðræðna við ASÍ um gerð kjarasamninga um efni þessarar tilskipunar verði eftir því óskað. Það er athugasemd sem er mjög jákvæð í stöðunni og miðað við sögu málsins.

Kvenfélagasamband Íslands, jafnótrúlegt og það er, leggur ekki til að tillagan sé samþykkt. Það telur að upp geti komið misræmi og misjöfnun milli þeirra sem koma út á vinnumarkaðinn og hafa enga fjölskylduábyrgð og betra væri að fela ríkisstjórn að stefna að því að hægt væri að fullgilda samþykktina með sóma þegar breytingar sem þörf er á í þjóðfélaginu tækju mið af að samþykktin væri komin í samninga og lög. Ég tel að þarna sé mikill misskilningur á ferð vegna þess að tillaga sem þessi um að fullgilda samþykkt er auðvitað á þann veg að skapa aðstæðurnar sem þarna er vísað til.

Virðulegi forseti. Þess er getið að samþykktinni megi framfylgja með lögum eða reglugerðum, kjarasamningum, starfsreglum, gerðardómum, dómsúrskurðum eða þessum aðferðum sameiginlega eða hverjum öðrum hætti í samræmi við landsvenjur og jafnframt að framkvæma megi hann í áföngum ef nauðsyn beri til með tilliti til aðstæðna í landinu.

Ég vil lýsa ánægju minni með að félmrh. hefur séð sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu vegna þess að í tillögu hans um opinbera fjölskyldustefnu, sem hann lagði fram á Alþingi í haust og er til meðferðar í félmn. er ákvæði í III. kafla þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981."

Þarna hefur ráðherrann tekið þá mikilvægu ákvörðun að hann leggi áherslu á að fjölskylduábyrgð sem slík sé ekki gild ástæða uppsagnar. Það er í raun og veru afstaða sem skiptir afskaplega miklu máli, vegna þess að ástæða er til að ætla að um það sé ekki samstaða innan ríkisstjórnarinnar.

Á síðasta vetri bar Bryndís Hlöðversdóttir fram fyrirspurn til félmrh. í umræðunni um stéttarfélög og vinnudeilur og þá svaraði ráðherrann á þessa lund:

„Mismunandi sjónarmið hafa komið fram meðal aðila vinnumarkaðarins og ágreiningurinn er fyrst og fremst varðandi fullgildingu og framkvæmd á 8. gr. samþykktarinnar," — og það er mjög mikilægt að halda þessu til streitu. Það er í raun og veru búið að skapa öll skilyrði sem þarf til að fullgilda þessa samþykkt en það er 8. gr. sem er umdeild og hún er umdeild eingöngu af hálfu atvinnurekenda, — „en samkvæmt henni skal aðildarríki tryggja að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða til uppsagnar. Miðað við aðstæður hér á landi telst fullgild trygging að mati Alþjóðavinnumálastofnunarinnar annaðhvort ákvæði í kjarasamningum eða setning laga. Ráða má af afstöðu samtaka atvinnurekenda að stjórnvöld verða að setja lög til að hrinda í framkvæmd ákvæðum 8. gr. samþykktarinnar og í því sambandi getur tvennt komið til álita. Ein leið er að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, með það að markmiði að taka upp í þau lög ákvæði 8. gr. samþykktar nr. 156, um fjölskylduábyrgð, að hún geti ekki verið ástæða til uppsagnar starfs. Einnig er athugandi að sett verði lög sem almennt fjalli um uppsagnir starfsmanna." Tekur þetta í raun og veru undir það sem verður fjallað um í þessum tveimur tillögum sem við mælum fyrir, við Bryndís Hlöðversdóttir. Ráðherrann segir, með leyfi forseta:

„Ég tók ekkert af um þetta mál í vor enda þekkti ég ekki málið nægilega vel þegar ég gaf þetta svar. Mér finnst rétt að gefa aðilum vinnumarkaðarins tækifæri til þess að semja um þetta ef þeir geta því sannarlega vil ég losna við að setja lög ef hægt er að koma á samningum. En ef það ekki gengur, er ég tilbúinn að leggja vinnu í það að breyta lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests. Ég vil sem sagt ekki fara að setja dagsetningar á þetta en að þessu mun ég vinna."

Þarna er í raun og veru búið að varpa upp boltanum með atriði sem ég vil endilega ganga eftir við ráðherrann. Hann hefur fram að þessu rekið þannig réttinda- og verkalýðspólitík að ekki hefur verið ástæða til að vera með miklar væntingar um að hann söðli um og setji lög sem auka réttindi launafólks. Hann hefur frekar birst þjóð sinni sem hagsmunagæslumaður atvinnurekenda ef tekið er mið af lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem svo harkalega voru gagnrýnd hér í fyrra og miðað við þau frumvörp í sambandi við Atvinnuleysistryggingasjóð sem hér komu fram á þessum vetri og sem reyndar var breytt mjög í umfjöllun félmn. eftir harða gagnrýni aðila og þegar farið var í raun og veru að

takast á um þau mál sem hluta af kjarasamningi. Ég hlýt því að spyrja hæstv. félmrh. Pál Pétursson: Hvað ætlar hann að gera? Fram hefur komið að þetta mál hefur verið flutt oftar en einu sinni inn á þing. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að þríhliða nefndin í félmrn. sem á að reyna að ná samstöðu um hvaða breytingar eru gerðar, m.a. hvaða ILO-samþykktir eru staðfestar, hefur ekki náð samkomulagi um þetta. Og Ísland hefur fullgilt miklu, miklu færri samþykktir heldur en Norðurlöndin. Það er í raun orðið fullreynt að með samkomulagi verður hægt að ná saman um þessa tillögugrein. Það hefur komið fram, og ráðherra er væntanlega kunnugt um það miðað við svar hans í fyrra, að það er í raun og veru bara þessi 8. gr. sem stendur í vegi fyrir því að hægt sé að fullgilda samþykktina en hún er afar mikilvæg.

Þess er skemmst að minnast að við nokkrir þingmenn tókum þátt í söfnun fyrir hjartveik börn og þar gat þjóðin öll hlustað á frásagnir fólks af vanda sínum og erfiðleikum þegar barn fær langvarandi sjúkdóm. Mörg okkar voru líka á ráðstefnu hjá samtökum foreldrafélaga langveikra barna fyrir skömmu og þar var varpað glæru á vegg sem sýndi hver aðstaða þessara foreldra var á Norðurlöndunum, í þeim löndum sem við miðum okkur saman við. Jú, leyfi til að vera heima hjá veiku barni voru þessir 7 eða 9 dagar sem eru hjá okkur. Þeir eru svo fáir að ég hef ekki einu sinni lagt það á minnið. En í öðrum löndum, nágrannalöndum okkar, var jafnvel heimild til að vera yfir langveiku barni ekki bara í mánuði heldur jafnvel ár. Í sumum löndum eru reglur um að fólk geti verið árum saman heima á ákveðnu hlutfalli launa til að vera yfir langveiku barni. Þessi réttur er því mjög skertur hér og á kannski rætur í að það er ekki ríkið sem greiðir laun foreldra þegar um er að ræða að foreldri er heima yfir veiku barni, en það ber allt að sama brunni.

Ég vil leggja áherslu á það, virðulegi forseti, að það er ríkið sem setur umdeildu lögin um vinnumarkaðinn og þegar þarf að taka á málum þar sem ekki er hægt að koma sér saman milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, þá hefur ríkisstjórnin komið hingað inn með frumvörp þar sem hún stillir sér að mínu mati atvinnurekendamegin. Nú er tækifæri til taka undir tillögu okkar, að staðfesta og fullgilda þessa samþykkt og að gera þar með þær breytingar, setja í lög nr. 19/1979, það ákvæði sem þarf til þess að skapa þennan mikilvæga rétt fyrir þá foreldra sem eru á vinnumarkaði.

[13:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það er fyrst til máls að taka, eins og hv. frummælandi gat reyndar um, að þetta mál er óbeint til meðferðar í þinginu nú þegar í þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu sem er til meðferðar í hv. félmn. Ég vænti þess líka með tilliti til þess hve jákvætt var tekið undir þessa tillögu þegar fyrri umræða fór fram um hana að hún verði afgreidd úr nefndinni innan skamms þannig að örugglega nái hún afgreiðslu fyrir þinglok í vor. Ég hef ekki sérstakar áhyggjur af því. Þar er, eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gat réttilega um, drepið á þessa samþykkt ILO. Þar að auki er þetta mál til meðferðar í ríkisstjórninni nú sem stendur og ég hef í hyggju að flytja það á Alþingi í formi þáltill.

Ég tel reyndar heppilegast að aðilar vinnumarkaðarins semji í kjarasamningum um atriði eins og þau sem samþykktin fjallar um. Kjarasamningar eru í gangi og þess vegna tel ég skynsamlegt að doka við og sjá hvernig kjarasamningarnir þróast og hvað í þeim felst þegar upp er staðið áður en ég legg málið fyrir þingflokka ríkisstjórnarinnar og Alþingi.

Ég hef mikla trú á því að aðilar vinnumarkaðarins geti samið um þetta mál úr því að þeim tókst að semja um vinnutímatilskipun Evrópusambandsins sem er að mínu mati miklu erfiðara mál og flóknara en þessi ILO-samþykkt. En það tókst þeim að gera og það mál er nálægt því að vera í höfn.

Varðandi það sem hv. þm. orðaði áðan um að ég væri atvinnurekendamegin í þeim málum sem snertu vinnumarkaðinn, þá vil ég mótmæla því harðlega. Ég vitna til þess að mér tókst að ná ágætu samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og formenn landssambanda þess um afgreiðslu frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og um atvinnuleysistryggingar. Ég er prýðilega ánægður með það samkomulag og veit ekki betur en formenn landssambandanna séu það líka. Þetta sýnist mér vera sönnun þess að við séum ekkert eins og hundar og kettir. Ég á ágætt samstarf við núverandi forseta ASÍ og reyndar átti ég gott samstarf við fyrrv. forseta ASÍ líka meðan hann gegndi því embætti. Þó að einhverjir árekstrar kunni að verða út af einstökum málum þarf það ekki að verða til þess að það þurfi að vera einhver rótgróin afstaða til frambúðar.

Í mínum huga er það ekki spurning hvort þessi samþykkt verður fullgilt. Spurningin er bara hvenær og ég hef fullan áhuga á því að fá það gert fyrir vorið. Ég ætla ekkert að endurtaka það sem ég hef sagt áður og vitnað var til í framsöguræðu hv. þm. Ég hef ekki breytt um skoðun. Það kann að vera að ég þurfi að fá í vor afbrigði fyrir málinu, en ég vil ekki leggja það fram fyrr en ég sé hvað í yfirstandandi kjarasamningum kemur til með að felast og ég vona að kjarasamningar takist á vinnumarkaðnum innan skamms.

[14:04]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað vera sérlega notaleg í dag við hæstv. félmrh. þó ekki væri nema vegna hins merka afmælis sem hann átti í gær, en ég get það ekki í þessu máli og verð að særa hann með því að hann hefur birst okkur þannig að í þeim málum sem hann hefur borið hingað inn og lúta að vinnumarkaðnum, þá hefur hann komið með frumvörp sem skerða réttindi fólks á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að það hafi tekist að klóra í bakkann og breyta þeim frumvörpum í meðferð félmn. og þrátt fyrir að hann nú í skugga yfirvofandi verkfalls gekk til samninga á síðustu stundu og breytti frv. um atvinnuleysistryggingar, þá breytir það því ekki hvernig frumvörp hann hefur borið hingað í þingsalinn.

Ég vek athygli á því að fjölskyldustefnan er til meðferðar í félmn. og að ákvæði sem ég vísaði í hefur ekkert gildi þar og þess vegna er ég mjög ánægð að heyra að hann er málið til meðferðar í ríkisstjórn. Ég treysti því að meiri hlutinn í félmn. muni leggja áherslu á að í nefndavikunni verði opinber fjölskyldustefna aðalmálið og fyrsta málið sem við vinnum að.

Varðandi það að hann ætlar að flytja þáltill. um þetta mál sem hefur hefur verið lagt fyrir tvisvar sinnum í formi þingmannatillögu, þá spyr ég: Getur hann ekki bara stutt þessa? Hvernig þáltill. er það sem hann flytur sem er öðruvísi en þessi einfalda tillaga um að fullgilda samþykktina? Varðandi það að semja í kjarasamningum, þá er alveg ljóst

að þeir sem til þekkja vita að það hefur ekki náðst og að verkalýðshreyfingin á fullt í fangi með að ná félagslegum réttindum í gegn sem brýn eru hverju sinni og það væri löngu búið að setja þetta í samninga ef það næðist.

Samkomulagið um vinnutíma var tilskipun sem var búin að taka gildi hjá okkur. Tilskipun sem kom frá Evrópusambandinu og var alveg ljóst að varð annaðhvort að setja í lög eða semja um. Ef við værum búin að fullgilda þessa samþykkt, þá er ég ekki í nokkrum vafa um það að verkalýðshreyfing og atvinnurekendur koma sér saman um hvernig með skuli fara. En fyrst þurfum við að taka þau skref, ráðherra, forseti góður.

[14:06]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekkert að biðja um nein sérstök notalegheit frá hv. þm. þó ég hafi orðið sextugur í gær. Ég er prýðilega ern enn þá og þoli sitt af hvoru tagi.

En ég tel eðlilegra að þáltill. um þetta efni sé stjtill. og lít svo á að þetta verkefni sé þess eðlis að það sé eðlilegt að ríkisstjórn standi að því sem slíku.

[14:07]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði vísast farið með stöku ef mér væri það gefið, en þetta litla sem ég reyni í þingveislunum er þess eðlis að ég mundi aldrei fara með það í ræðustól Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð að heyra það að málið sé komið á það stig að þess sé að vænta að ráðherra leggi fram stjtill. um að fullgilda þessa samþykkt. Ég tel að með því að flytja þetta mál í tvígang og hafa reynt við það þar áður sé ríkisstjórn búin að vinna þannig með það og ýta þannig á að það sé að bera árangur. Ég vek athygli þingmanna á því að þannig er það oft sem hlutverk okkar þingmanna skilar sér í framkvæmdum, að við hreyfum við málunum, ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar, færum fyrir því rök og vinnum bæði í þingsal og í nefndarstarfi með rök og ástæður fyrir því að málið eigi að hafa framgang. En það er oft pólitískt veikt fyrir viðkomandi ríkisstjórn að þingmenn nái því í gegn og þess vegna endar það þannig að sama málið kemur inn aftur sem stjtill. og er þá samþykkt af öllum aðilum. Þá vitum við það í hjarta okkar að við höfum náð árangri í máli sem skiptir máli fyrir heildina og að við eigum í þessari tillögu þó stjórnartillaga sé. Ég er því afskaplega ánægð að heyra þetta.

Aðeins varðandi það sem ráðherrann kom inn á áðan að vel hefði tekist að semja um tilskipun Evrópusambandsins um vinnutíma. Í sumar tekur gildi tilskipun sem verður mjög mikilvæg í þessu efni sem er tilskipun um foreldraorlof sem kveður á um að foreldri eigi rétt á nokkrum mánuðum til viðbótar hefðbundnu fæðingarorlofi í landinu. 1. júlí í sumar tekur sú tilskipun Evrópusambandsins gildi hjá okkur og þá mun reyna á ráðherrann að bera það í þingsal ef það fer ekki í hefðbundna samninga á milli aðila vinnumarkaðarins. Það er nöturlegt, virðulegi forseti, fyrir það fólk sem hefur barist fyrir því að staðið sé að alþjóðasamningum, eins og við höfum viljað, að það góða í sumum félagslegum málum skuli þurfa að koma að utan, bæði gegnum EES og ILO-samþykktir, að við höfum ekki möguleika og burði til að setja þessi lög sjálf fyrir fólkið í landinu af eigin hvötum, að við skulum þurfa að hundskast til þess þegar tillögur hafa borist hingað inn á borð í gegnum þessa samninga.

[14:10]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sjáið þið hvernig ég tók hann, sagði karlinn í sögunni og þetta datt mér í hug undir síðustu ræðu hv. þm. Ég vísa því algerlega á bug að ég taki alltaf málstað vinnuveitenda. Það er fjarri því. Eins og ég sagði áðan á ég ágætt samstarf við ASÍ eins og ég á við Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið.

Varðandi foreldraorlofið hef ég líka undirbúning í gangi að fá það fullgilt. Ég tel sjálfsagt mál og mjög eðlilegt að við fullgildum þá samþykkt, þ.e. að foreldrar, ef þeir þurfa á að halda að hverfa af vinnumarkaði um stund, glati ekki réttindum sínum.

[14:11]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. leggur mikið upp úr því að telja okkur trú um að hann sé góður vinur verkalýðsforustunnar. Það má svo sem vel vera, en mér segir svo hugur að vinsældir hæstv. félmrh. séu meiri í öðrum herbúðum og þá á ég við herbúðir atvinnurekenda en (**Félmrh.:** Ég á vini í báðum herbúðunum.) í herbúðum verkalýðsins, og sennilega í öllum stöðum. En atvinnurekendur hafa a.m.k. ekki streymt í hundraða tali niður á Austurvöll til að mótmæla gjörðum hæstv. félmrh. eins og verkalýðshreyfingin hefur gert og það segir sína sögu.

Hv. frsm. Rannveig Guðmundsdóttir hefur gert ágæta grein fyrir innihaldi þeirrar tillögu sem hér liggur fyrir og einnig fyrir forsögu þess hvernig hún er til komin, fyrir því hvernig að samningu hennar var staðið og eins að aðkomu samtaka launafólks að henni í landsnefnd um ár fjölskyldunnar. Það er í sjálfu sér litlu við það að bæta efnislega en ég vil einungis vekja á því athygli að þetta mál tengist óneitanlega máli sem er á dagskrá hér eftir, sem ég er 1. flm. að og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir meðflm., um starfsöryggi, um uppsagnir af hálfu atvinnurekenda. Þar er líka um að ræða alþjóðasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við erum fyrst og fremst að ræða í báðum þessum málum um starfsöryggi launafólks á Íslandi sem því miður er mjög bágborið eins og staðreyndin er í dag.

Samþykktin sem hér er verið að ræða um lýtur að því að tryggja starfsfólki með fjölskylduábyrgð aukið starfsöryggi. Ef við tökum samanburð við Norðurlöndin og jafnvel við allflest Evrópulönd, þá er ljóst að við Íslendingar erum mjög aftarlega á merinni hvað varðar starfsöryggi launafólks. Það verður að segja eins og er að hugtakið sé varla þekkt hér á landi fyrr en á síðustu árum þegar við Íslendingar stöndum frammi fyrir atvinnuleysi eins og aðrar nágrannaþjóðir okkar. Fram að þeim tíma skipti þetta mál sem sneri að starfsörygginu litlu máli fyrir Íslendinga, mun minna máli heldur en nágrannaþjóðirnar þar sem íslenskt launafólk gat alltaf fengið vinnu ef því var sagt upp þannig að framboðið af vinnu var það mikið að það var ekki höfuðmál verkalýðshreyfingarinnar að berjast fyrir bættu starfsöryggi.

Núna eru breyttir tímar og núna skiptir það launafólk mun meira máli en áður að búa við ákveðnar reglur um starfsöryggi. Það er það sem verið er að leggja til í þeim báðum málum sem hér eru á dagskránni. Því miður er það þannig að starfsfólk fólk sem ber ábyrgð á fjölskyldu verður oft fyrst fyrir barðinu á uppsögnum og í flestum tilvikum eru það konur sem bera þessa ábyrgð. Þrátt fyrir það að Vinnumálasambandið kannist ekki við nokkur tilvik þess efnis, eins og hv. frsm. rakti í ræðu sinni og mér þótti nú dálítið

skondið, að launafólki innan sambandsins hafi verið sagt upp af fjölskylduástæðum, þá held ég að þetta sé staðreynd sem allflestir viðurkenna að það fólk sem hefur mikla ábyrgð á fjölskyldunni og býr við meiri fjarveru þess vegna er það fólk sem fyrst er látið fara.

Þegar við tölum um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þá erum við að tala um fólk sem þarf að vera mikið frá vegna veikinda barna sinna, að ekki sé minnst á þá sem eiga börn sem þjást af alvarlegum og ólæknandi sjúkdómum. Þessir hópar búa við verulega skerta samkeppnisstöðu á vinnumarkaði og hefur þó þessi hópur öðrum fremur mikla þörf fyrir að halda vinnu sinni þar sem það er líka dýrt að eiga langveik börn.

Margir eiga aldraða foreldra inni á heimilum sem þurfa aðhlynningar við og í sumum tilvikum getur verið um sjúka maka að ræða sem krefjast aðhlynningar sinna nákomnu á ákveðnum skeiðum. Ég vil ítreka það til að það valdi engum misskilningi að í þeim tilvikum sem hér er verið að ræða um í þessari samþykkt, þá erum við að tala um það að starfsmaðurinn geti alla jafna sinnt starfi sínu, þ.e. hann sé á vinnumarkaðnum, sé vinnufær almennt þannig að sá sem ekki getur komið til starfa aftur — það er ljóst að einhver getur ekki komið til starfa aftur vegna þeirra ástæðna sem hér hafa verið raktar og hefur alfarið helgað sig aðhlynningu sjúks maka, foreldris eða barns — telst ekki lengur vera á vinnumarkaði og á því ekki rétt á að halda starfi sínu út á það. Það er að sjálfsögðu ekki ætlast til þess að atvinnurekendur sitji alfarið uppi með ábyrgðina í svona tilvikum heldur er einungis verið að tala um tímabundna fjarveru, að í slíkum tilvikum eigi fólk ekki að gjalda fyrir með atvinnu sinni þegar um er að ræða tímabundna fjarveru vegna veikinda.

Ég vil líka ítreka það sem kom fram hjá hv. frsm. að ákveðin saga býr að baki þessari samþykkt og því að hún er hér lögð fram. Samtök launafólks bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði hafa allt frá því upp úr 1980 unnið ötullega að því að reyna að fá þessar samþykktir um starfsöryggið fullgiltar. Það hefur ekki reynst vilji fyrir því af hálfu atvinnurekenda og fulltrúi félmrn. í þríhliða nefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á Íslandi sem er skipuð þremur fulltrúum, einum frá atvinnurekendum, einum frá samtökum launafólks og einum frá félmrn., hefur neitað að vera oddamaður í málinu. Ég hef gagnrýnt það mjög harðlega áður í þinginu og vil gera það aftur því að ekki er gert ráð fyrir því í þeim reglum sem Alþjóðavinnumálastofnunin byggir á að fulltrúi félmrn. eða stjórnvöld hafi einhverja hlutleysisstefnu í þessum málum því að hin pólitíska ábyrgð hvílir að sjálfsögðu á ríkisstjórninni hverju sinni.

Það var líka rakið af hv. frsm. að Íslendingar hafa fullgilt fáar samþykktir miðað við aðrar Norðurlandaþjóðir. Við höfum fullgilt 18 samþykktir á meðan aðrar Norðurlandaþjóðir eru með að meðaltali 70. Þar af eru einhver þeirra með yfir 100 samþykktir sem hafa verið fullgiltar. Það er vissulega ekki þannig að fjöldi samþykktanna skipti öllu máli en hann segir ákveðna sögu. Hann segir sögu um það hversu alvarlega við Íslendingar tökum þeim skuldbindingum sem við höfum tekist á herðar í alþjóðasamstarfi. Við höfum tekið þátt í starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Við eigum að taka þátt í því starfi af einurð og það þýðir að við eigum að skoða mun betur en hefur verið gert hingað til, hvort ekki sé ástæða til að fullgilda eitthvað af þeim fjölmörgu samþykktum sem hafa verið gerðar á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Og ég verð að segja eins og er að hæstv. félmrh. yrði maður að meiri ef hann bretti nú upp ermarnar og tæki góðan skurk í að skoða hvort ekki væri ástæða til að gera þetta hér á landi. Ég er alveg viss um það að hann mundi komast að þeirri niðurstöðu að svo væri.

Aðeins um það sem hæstv. félmrh. sagði um fjölskyldustefnuna sem er ágætt mál í sjálfu sér. Hún hefur nú þurft að víkja í hv. félmn. fyrir öðrum málum sem eru að mínu mati kannski ekki eins góð mál og fjölskyldustefnan en hefur legið meira á, eins og málinu um Tryggingasjóð einyrkja og atvinnuleysistryggingar. En mér skilst að málið verði afgreitt í nefndinni alveg á næstunni.

Hæstv. félmrn. ætlar að doka við eftir kjarasamningum. Ég vil bara benda honum á að fjöldi kjarasamninga hafa verið gerðir frá því upp úr 1980 þegar samtök launafólks fóru fyrst að berjast fyrir þessum samþykktum. Samþykki atvinnurekenda hefur ekki fengist fyrir því að fullgilda þær og ég hef enga trú á því að það takist núna, en það er gott að vera bjartsýnn.

[14:20]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í nokkrum orðum taka undir tillöguna sem hér er til umræðu. Hún hefur verið lögð fram áður og var m.a. tekin til nokkurrar skoðunar á sl. ári í hv. félmn. Hún var send út til umsagnar og fengust býsna góð og yfirleitt jákvæð svör eins og fram kom hjá hv. frummælanda nema hvað samtök vinnuveitenda voru með athugasemdir við þessa tillögu.

Það vekur upp þá spurningu hvers vegna íslenskir vinnuveitendur eru svona tregir til þess að samþykkja félagslegar úrbætur á íslenskum vinnumarkaði. Við höfum orðið rækilega vör við það að menn hafa gengið fram af mikilli hörku við að koma tilskipunum Evrópusambandsins í framkvæmd og hefur verið mikill straumur af þeim í gegnum þingið. En það sem lýtur að félagsmálum, vinnumarkaðsmálum og jafnréttismálum kynjanna lætur heldur á sér standa og þarf að vinda bráðan bug að því að fá slíkar tillögur inn. Það er ýmislegt sem Evrópusambandið hefur samþykkt í þeim efnum sem fengur væri að að fá inn í íslensk lög og rifjar það þá upp þá umræðu sem hér fór fram fyrir nokkrum árum um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að þar var því oft haldið til haga að Evrópusambandið hefur gert margar góðar samþykktir og er einfaldlega komið langt á undan okkur í ýmsu því sem víkur að félagslegum réttindum.

Sama gildir um samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þær eru býsna margar sem ekki hafa verið leiddar í lög hér eða ekki samþykktar og á það skýringar í þeirri tregðu sem virðist vera hér ríkjandi til að breyta vinnumarkaðnum. Þá er ég að tala um bæði vinnutíma og því sem snýr að foreldrum, sveigjanlegum vinnutíma, breyttum launakerfum og hinu og þessu sem þarf að gerast hér og menn þurfa að skoða.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. hér áðan að hann hefði trú á því að aðilar vinumarkaðarins gætu samið um mál af þessu tagi. En skemmst er frá því að segja að ákaflega lítið hefur gerst á undanförnum árum í öllu því sem snýr að félagsmálum. Ég man nú ekki bara hvenær það gerðist síðast að samið var um einhver stórvirki sem snúa að félagsmálum. Þó kemur þessi vinnutímatilskipun ESB inn í dæmið og auðvitað var ánægjulegt að samningar skyldu nást um hana. En það á algerlega eftir að koma í ljós hvernig og hvort hún virkar á íslenskum vinnumarkaði. Mín skoðun er því sú, hæstv. forseti, að vegna þessarar tregðu eigi löggjafinn að

ganga á undan með góðu fordæmi og samþykkja breytingar sem lúta að vinnumarkaðnum þegar þær eru í samræmi við alþjóðasáttmála sem við erum aðilar að eða samþykktir alþjóðastofnana sem við erum aðilar að vegna þess að þetta horfir yfirleitt mjög til bóta. Umræðan um t.d. stöðu kvenna á vinnumarkaði, stöðu mæðra og stöðu foreldra í veikindum barna og fleira og fleira er einfaldlega lengra komin meðal margra Evrópuþjóða og jafnvel í Bandaríkjunum líka þar sem samningar eru nú miklu algengari milli starfsmanna einstakra fyrirtækja. Ég held að við getum ekki beðið endalaust eftir því að þessir blessaðir menn sem stjórna samtökum vinnuveitenda fari að ganga vonandi inn í 20. öldina — maður er nú ekki að ætlast til þess að þeir gangi í 21. öldina — en alla vega að þeir fari að átta sig á þeim miklu þjóðfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað á Íslandi og að þeirri heimspeki sem er ráðandi meðal framsækinna vinnuveitenda sem er á þá leið að því ánægðara sem starfsfólkið er og því betur sem að því er búið, bæði í launum og félagslega, því betur gangi fyrirtækinu. Þetta er sú heimspeki sem víðast hvar er að ryðja sér til rúms. Manni þætti gaman að sjá slíkar hugleiðingar hjá íslenskum vinnuveitendum um ábyrgð gagnvart starfsfólki og um það sem hægt er að gera til þess að auðvelda fólki lífið í okkar stressaða heimi frekar en vera með þessa eilífu tregðu sem mér finnst vera orðin nánast einkenni á afstöðu íslenskra vinnuveitenda og má þar vísa til umræðu um vinnulöggjöfina og margt, margt fleira sem hefur komið til umræðu hér á undanförnum árum.

Erindi mitt í ræðustólinn, hæstv. forseti, var fyrst og fremst að taka undir efni þessarar tillögu. Hún fékk mjög jákvæðar umsagnir á liðnu þingi og ég held að löggjafanum ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að samþykkja þessa tillögu.

[14:26]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég er afskaplega ánægð með þessa umræðu. Ég hafði reiknað með að flytja mun fleiri rök fyrir því að fullgilda samþykktina og koma hér aftur og nýta tíma minn, benda m.a. á þátt sveitarfélaganna í því að uppfylla hin ýmsu skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að samþykktin teljist fullgild, svo sem dagvistaruppbyggingu og fleiri atriði sem tengjast því að tryggja þennan þátt, og sem gera það að verkum að það er nánast alls staðar sem við erum búin að taka þannig á málum að okkur er ekkert að vanbúnaði að staðfesta tillöguna nema þetta ákvæði um að fjölskylduábyrgð skuli ekki vera ástæða uppsagnar.

En ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa langa ræðu eða tína til fleiri rök. Ég ætla að þora að treysta því að ráðherra láti athafnir fylgja orðum sínum hér. Ég vil samt spyrja félmrh. hvort hann komi með tillöguna á þessu vori vegna þess að hann vísaði til þess að hann væri með þetta mál til meðferðar í ríkisstjórn. Hann talaði líka um að hann vildi gefa mönnum tækifæri til að semja í kjarasamningum. Það liggur nokkuð fyrir hvaða atriði verið er að taka fyrir á milli aðila. Þá er ég að vísa til félagslegra atriða. Þetta er þá eitthvað nýtt sem þyrfti að koma inn. Sumir eru búnir að semja þannig að væntanlega verður nú gengið frá þessu. Ef ekki fer allt í verkföll og upplausn á næstu klukkustundum eða sólarhringum þá er hugsanlegt að hér verði samið innan tíðar og þá er ekkert því að vanbúnaði, ef þetta hefur ekki komið inn í kjarasamninga, að ráðherrann fylgi orðum sínum eftir og komi með tillöguna hérna inn. Og ég hlýt að bíða spennt eftir því hvort félmn. fær tækifæri til að vinna með þetta góða mál áður en þingi lýkur í vor.

Eins og ég vísaði til, forseti, í ræðu minni þá liggja umsagnir þegar fyrir og við getum flýtt fyrir með því að senda þessa tillögu út til fleiri aðila ef á þarf að halda þannig að allt verði tilbúið þegar tillaga ráðherrans berst til nefndarinnar eða inn á borð þingmanna. Þá þarf ekki að tefja hana í málæði eða með rexi. Við höfum haldið ótal fundi í félmn. um önnur mál, allt upp í 3–4 í viku meðan við vorum að fjalla um hin umdeildu frv. um atvinnuleysistryggingar. Nú eru fjölskyldumálin á dagskrá og ég mundi fagna því mjög ef hægt væri að búast við því að á þessu vori kæmi tillaga frá ráðherranum um að fullgilda þessa samþykkt. Það yrði honum til sóma að um leið og hér væri samþykkt opinber fjölskyldustefna, hefði hann gengið þannig frá málum að hægt væri að fullgilda þessa samþykkt. Því er fyrirspurn til hans í lokin: Mun hann koma með þessa tillögu inn á þessu vori?

[14:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. ræðumanns vil ég segja að ég stefni að því að þetta mál komi fyrir þing nú í vor. Ég hef hins vegar ekki farið ofan í þá sérkjarasamninga sem gerðir hafa verið og veit ekki nógu vel hvað í þeim stendur. Það þarf að athuga það áður en ég gef yfirlýsingar um dagsetningar. En minn hugur stendur til þess að málið verði afgreitt í vor.

[14:30]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þetta svar og ég hvet ráðherrann til að kalla nú á sinn fund vini sína í verkalýðshreyfingunni og heyra hjá þeim hvort þeir hafa komið með eitthvað af þessu tagi inn í kjarasamningana og ef ekki, að undirbúa tillöguna. Ég þakka fyrir annars ágæta umræðu. (**Félmrh.:** Á ég ekki líka að tala við vini mína hjá Vinnuveitendasambandinu?)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 200. mál. — Þskj. 226.

[14:31]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um fullgildingu á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda. Meðflm. með mér er hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 158, um uppsögn af hálfu atvinnurekanda sem gerð var á 68. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 22. júní 1982."

Tillaga þessi var fyrst lögð fram á 120. þingi og svo aftur á því á liðnu haustþingi en ekki var mælt fyrir henni þá.

Á þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar árið 1982 var gerð samþykkt, nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda. Samþykktin byggðist á tillögu Alþjóðavinnumálaþingsins frá árinu 1963 um sama efni og kom hún,

ásamt tillögu nr. 166, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, í stað tillögunnar frá 1963. Samþykkt nr. 158 tryggir launafólki lágmarksstarfsöryggi og hefur efni samþykktarinnar víða verið viðurkennt sem lágmarksréttur launafólks við uppsagnir. Á síðasta ári höfðu alls 24 ríki fullgilt samþykktina. Þar á meðal eru tvö Norðurlandanna, Svíþjóð og Finnland, en í Noregi og Danmörku er eigi að síður byggt á reglum ámóta þeim sem samþykktin byggist á.

Það má taka fram í þessu sambandi, af því það hefur stundum verið notað af hálfu atvinnurekenda sem rök gegn því að fullgilda þessa samþykkt, að ekki hafi fleiri ríki fullgilt hana, að ástæðan fyrir því er mjög víða sú að reglurnar eru löngu, löngu rótgrónar, þessar grundvallarreglur, ýmist í löggjöf eða kjarasamningum þeirra landa sem eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni. Svo er um flest ríki Evrópu t.d. og það hefur m.a. komið fram í umræðum innan Evrópusambandsins, þar sem reglur um starfsöryggi hafa verið ræddar, að það sem þau ríki hafa komið sér saman um hvað varðar starfsöryggið þá skuli samþykkt nr. 158 a.m.k. vera lágmarksþrepið sem byggt er á. Spurningin er hins vegar hversu ítarlegur rétturinn eigi að vera.

Samþykkt nr. 158 tekur til allra greina atvinnulífsins og alls launafólks, en aðildarríkið getur þó undanskilið tiltekna flokka launafólks öllum eða nokkrum ákvæðum samþykktarinnar. Þeir flokkar eru taldir upp í 2. gr. samþykktarinnar en þar eru nefndir til sögunnar þeir sem hafa verið ráðnir tímabundið í vinnu eða til tiltekins verkefnis, sem sagt verkefnaráðningar, og þeir sem ráðnir eru til reynslu eða þjálfunar um tíma sem ákveðinn er fyrir fram og er hæfilega langur. Það þykir eðlilegt að samþykktin nái ekki til slíkra ráðninga. Einnig má undanskilja þá sem ráðnir eru tilfallandi um skamman tíma, sem sagt afleysingafólk. Þá er að auki heimilt, í samráði við hlutaðeigandi samtök launafólks og atvinnurekenda, að undanskilja tiltekna flokka launafólks ef ráðningarkjör þess og starfsskilyrði lúta sérstakri skipan sem í heild tryggir ekki lakari vernd en þá sem veitt er með þessari samþykkt eða ef í ljós kemur að framkvæmdin er verulegum vandkvæðum bundin með tilliti til sérstakra starfsskilyrða hlutaðeigandi launafólks eða stærðar eða eðlis fyrirtækisins sem hefur það í vinnu. Slíkir hópar skulu skráðir og gera skal grein fyrir ástæðum undanþágnanna í skýrslum til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Víkjum þá að efni samþykktarinnar. Meginefni samþykktarinnar má skipta í þrjá þætti. Sá fyrsti felst í því að atvinnurekanda er gert skylt að rökstyðja uppsögn starfsmanns ef eftir því er óskað. Annar þátturinn felur í sér að starfsmanni skal ekki sagt upp nema til þess sé gild ástæða, sem tengist hæfni eða hegðun starfsmanns, eða hún byggist á rekstrarlegum ástæðum fyrirtækisins, stofnunarinnar eða þjónustunnar. Í 5. gr. samþykktarinnar er nánar skilgreint hvað skuli ekki teljast gild ástæða uppsagnar, sem má sem sagt ekki byggja uppsögn á, en þar eru talin upp atriði eins og aðild að stéttarfélagi eða þátttaka í starfsemi þess, það að gegna stöðu trúnaðarmanns launafólks, það að hafa borið fram kæru eða tekið þátt í málssókn gegn atvinnurekanda, sem því miður er mjög oft ástæða uppsagnar og einnig þátttaka í samtökum launafólks þó að trúnaðarmenn séu sérstaklega verndaðir, kynþáttur, hörundslitur, kynferði, hjúskaparstétt, fjölskylduábyrgð, þungun, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, þjóðerni og félagslegur uppruni og fjarvist frá vinnu í fæðingarorlofi.

Það er því ljóst að það eru nokkuð mörg atriði sem ekki má byggja uppsögn á. Við þekkjum þess því miður ljót dæmi úr sögunni hér á landi sem mörg hver hefur ekki einu sinni verið farið leynt með. Ég minnist þess sérstaklega núna, ætli það séu ekki tvö, þrjú ár síðan, að konu var sagt upp. Hún var kokkur á bát og henni var sagt upp vegna þess að hún var of feit. Launamaður getur í slíku tilviki ekkert gert. Hún missir vinnuna vegna þessarar ástæðu og í sjálfu sér getur atvinnurekandinn sagt manneskju upp af þeirri ástæðu að hún sé ljót eða leiðinleg. Það er ekkert því til fyrirstöðu í íslenskri löggjöf. Hann þarf bara að gæta uppsagnarfrestsins. En rétturinn til vinnu hefur ekki verið viðurkenndur sem réttindi starfsmanns. Eins og ég rakti vegna fyrra málsins sem var hér til umræðu þá hefur þetta pínulítið breyst og launafólki er orðið mun kærara en áður og mikilvægara að rétturinn til vinnu sé viðurkenndur og í raun og veru til staðar þannig að launamaður sem sinnir starfi sínu af alúð, gerir það vel og í samræmi við allar þær skyldur sem starfið leggur á herðar honum, eigi rétt á því að halda vinnunni. Atvinnurekanda sé síðan skylt að taka á öðrum vandamálum innan vinnustaðarins og reyna að leysa þau. En íslenskir atvinnurekendur hafa sloppið nokkuð vel hvað varðar ýmsa þættina á vinnustað, eins og t.d. einelti eða kynferðislega áreitni svo að dæmi sé tekið. En það er kannski önnur saga.

Samþykktin segir líka að fjarvist frá starfi um stundarsakir vegna veikinda eða slysa skuli ekki talin gild ástæða uppsagnar en skilgreina skal með lögum, reglugerðum eða í kjarasamningum hvað teljist fjarvist um stundarsakir.

Þriðja atriðið sem samþykktin byggir síðan á er að hún kveður á um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn. Honum skal gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar, hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Einnig er heimilt að kveða á um að hann eigi rétt á endurráðningu.

Eins og framkvæmdin hefur verið hér á landi er vissulega talað um að menn fái bætur vegna ólögmætrar uppsagnar. Tökum sem dæmi trúnaðarmenn sem njóta starfsöryggis umfram marga aðra. Þeir þurfa að hafa brotið af sér í starfi til þess að hægt sé að reka þá. En þegar það gerist að trúnaðarmaður er rekinn án gildrar ástæðu og hann fer með málið fyrir dóm og fær bætur, þá gerist það því miður að hann fær í raun og veru ekkert dæmt meira heldur en bæturnar sem hann á rétt á samkvæmt ákvæðunum um uppsagnarfrest. Hann fær dæmdan uppsagnarfrestinn sinn og búið. Hann fær ekkert meiri bætur heldur en hver annar sem hefði verið rekinn.

Ljóst er að þessir þrír þættir samþykktarinnar mundu gerbreyta stöðu íslensks launafólks til hins betra ef þeir væru teknir upp í íslensk lög. Ekki síst gæti fullgilding samþykktarinnar haft áhrif á þá þróun sem verið hefur hér undanfarin ár og felst í því að starfsfólki er í æ meiri mæli sagt upp störfum í því skyni einu að gera við það verktakasamninga. Þetta mundi ótvírætt geta verið vörn launafólks gegn því að því sé stillt upp við vegg og það sé látið gera gerviverktakasamninga því það missi vinnuna ella.

Eins og staðan er nú hér á landi njóta aðeins trúnaðarmenn, foreldrar í fæðingarorlofi og þungaðar konur einhvers starfsöryggis í reynd, en einnig er kveðið á um tilteknar reglur í tengslum við hópuppsagnir og þegar starfsfólki er sagt upp vegna aðilaskipta að fyrirtækjum. Tvö síðasttöldu dæmin eru til komin vegna EES-reglna og voru tekin upp í íslenska löggjöf í tengslum við EES-samninginn. Og ég get fyllilega tekið undir það sem meðflm. minn sagði í framsögu

sinni áðan að þær umbætur sem hefðu orðið á þessu sviði hefðu allar komið erlendis frá, það má segja a.m.k. allan síðasta áratug eða rúmlega það, þá hafa því miður íslensk stjórnvöld ekki sinnt því að gera úrbætur fyrir launafólk á þessu sviði.

Á undanförnum árum hefur þetta mál mjög oft verið rætt á vettvangi þríhliða nefndar félmrn. eins og hér hefur komið fram og um það hvort fullgilda skuli þessa samþykkt. Margoft hefur verið gerð krafa um það af hálfu fulltrúa samtaka launafólks og fulltrúi atvinnurekenda hefur hafnað fullgildingu og fulltrúi félmrn. hefur ekki viljað taka afgerandi afstöðu af þessum sökum og þetta er í raun og veru sama sagan og er uppi með samþykktina sem var rætt um hér áðan um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Þessar samþykktir hafa mikið hangið saman í málflutningi samtaka launafólks.

Það er mjög mikilvægt líka að stjórnvöld geri sér grein fyrir því að stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gerir ekki ráð fyrir því að stjórnvöld leiki hlutlausan aðila í þríhliða nefndinni, enda er þríhliða starfið þannig uppbyggt að nauðsynlegt er að hið pólitíska vald taki afstöðu til mála eftir að málið hefur verið rætt í nefndinni af aðilum vinnumarkaðar. Þessi hlutleysisstefna stjórnvalda í þríhliða nefndinni hefur bitnað á því starfi sem nefndinni er ætlað að sinna og um það ber vitni fjöldi fullgildinga á samþykktum stofnunarinnar, en Íslendingar hafa bara fullgilt 18 samþykktir eins og hér hefur komið fram áður. Það hefur margoft komið fram í Norðurlandasamstarfi verkalýðshreyfinga hversu slæm staða íslensks launafólks sé varðandi starfsöryggi og fyrirspurnir hafa verið gerðar um það hvers vegna ekki séu fullgiltar fleiri samþykktir hér á landi. Svör Íslendinga eru aðeins þau að ekki hafi verið pólitískur vilji til að koma málinu í gegn hjá þríhliða nefndinni, hvað þá heldur á Alþingi. Þar sem lausn er ekki í sjónmáli í þríhliða nefndinni er ekki að vænta tillagna þaðan um fullgildingu og því er tillaga þessi til þingsályktunar lögð fram.

Hvað varðar reglurnar um starfsöryggi hér á landi vil ég kannski aðeins drepa á það í lokin að hvað alvarlegast er starfsöryggisleysið hjá fiskvinnslufólki. Það eru lögin nr. 19/1979 sem hafa í raun og veru heimilað það að þetta fólk býr svo til ekki við neitt starfsöryggi og ekki hefur dómaframkvæmd bætt úr skák vegna þess að eftir dómaframkvæmd er þessi grein, 3. gr. laganna frá 1979, túlkuð vægast sagt mjög rúmt og hún heimilar allt of mikið frelsi að mínu mati í þessum efnum. Þess vegna fagna ég því ef hæstv. félmrh. hyggst taka þessi lög til endurskoðunar. Það er löngu orðið tímabært og ekki síst hvað varðar þessa grein. Og þó að það sé viðurkennt að einhver sérstaða þurfi að vera þegar um er að ræða hráefnisskort hjá fiskvinnslufyrirtækjum, þá er allt of langt gengið eins og reglurnar eru núna og það held ég að allir hljóti að sjá og viðurkenna sem kafa örítið ofan í þau mál.

Það hefur verið brugðist við þessu að hluta til með því að gera kauptryggingarsamninga og í núverandi samningum Verkamannasambands Íslands er gert ráð fyrir því að starfsfólk eigi rétt á því að gera kauptryggingarsamning eftir níu mánaða starf. Ég get upplýst hæstv. félmrh. um það að ekki er von til þess að miklar breytingar verði í þessum efnum í núverandi kjarasamningum eftir nýjustu fréttum úr Karphúsinu. Ég kannaði það nú í morgun hvort einhvers væri að vænta í þessum efnum og verkalýðshreyfingin eða fulltrúar fiskvinnsludeildar Verkamannasambandsins meta málin svo að það lengsta sem þeir komast að sinni sé að fá ákvæðið um kauptryggingarsamning fært niður í fjóra mánuði þannig að fólk eigi rétt á kauptryggingarsamningi eftir fjóra mánuði í staðinn fyrir níu og það hjálpar ekki nema litlum hópi.

Ég hefði gjarnan viljað vitna hér í samþykkt frá síðasta þingi Alþýðusambands Íslands um réttindamál launafólks nr. 3.2. þar sem rakið er nokkuð ítarlega í ályktuninni hversu mikilvægt sé að bæta starfsöryggi. Hér segir í lokin, með leyfi forseta:

„Nauðsynlegt er að bætt starfsöryggi verði tryggt með samningum aðila á vinnumarkaði og löggjöf eftir því sem við á. Þá er nauðsynlegt að Ísland staðfesti nú þegar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda."

Það er farið nokkuð ítarlegar ofan í starfsöryggismálin í þessari samþykkt og ég vil hvetja hæstv. félmrh. til að kynna sér hana því það þekkja allir sem hafa komið nálægt réttindamálum launafólks að starfsöryggið er verulegur þrándur í götu þess að launafólk búi við þokkaleg réttindi á vinnumarkaði. Það er bara grundvallaratriði vegna þess að það hefur áhrif á öll önnur réttindi. Ekki er hægt að hvetja fólk til að fara og sækja rétt sinn fyrir dómstólum eða annars staðar eða gera kröfur þegar því er fullkunnugt um að það getur misst vinnu sína án þess að gefa þurfi upp fyrir því ástæðu, fyrir vikið.

Að lokum legg ég til að máli þessu verði vísað til hv. félmn.

[14:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að staldra við þá athugasemd, sem hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, flm. þessarar tillögu nefndi og kemur fram í greinargerð á bls. 2, að Íslendingar hafa fullgilt 18 samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar en fjöldi fullgildinga annars staðar á Norðurlöndum er frá 60 og til 100 í hverju landi. Hún benti á að í Norðurlandasamstarfi verkalýðshreyfinga hefur margoft komið til tals hversu slæm staða íslensks launafólks sé varðandi starfsöryggi og fyrirspurnir hafi verið gerðar um hvers vegna ekki séu fullgiltar fleiri samþykktir. Svör Íslendinganna verða að vera þau að ekki sé pólitískur vilji að koma málum í gegn og fram hjá þríhliða nefndinni. Við höfum lagt allt of mikið í hendur þríhliða nefndarinnar, ætlast til að menn kæmu sér saman og ef einn hefur sett „veto" á málið og stöðvað það þá hafa allar þessar samþykktir stöðvast í höndum atvinnurekenda ef svo ber undir. Þessar mikilvægu samþykktir um réttindi launafólks hafa ekki komið hingað á þing, þingmenn þekkja þær ekki. Þess vegna erum við að reyna að vekja áhuga Alþingis á þessum málum og vekja alþingismenn til vitundar um þessi mál og hversu mikilvægt það er að gera breytingar og hvernig er hægt að styðja við baráttu verkafólks og réttindabaráttu launþega með því að staðfesta hinar ýmsu samþykktir sem hafa orðið til og verða til í gegnum þá alþjóðasamninga sem við undirgöngumst þegar við viljum svo við hafa.

Það var mikilvæg ábending flm. að réttindi séu betur tryggð í mörgum Evrópulöndum en hér og ég vék að því örlítið í minni ræðu áðan. Norðurlöndin eru öðrum Evrópulöndum fyrirmynd á mörgum sviðum réttindamála, svo sem jafnréttismálanna. Þá er horft frá Evrópu og þangað en við, þessi fimmti hluti Norðurlandanna, erum aftast á merinni í réttindamálum launþega. Það er algerlega til skammar hvernig við höfum setið áhugalaus hjá og látum bara hlutina gerast. Ef þeir nást ekki fram í gegnum kjarasamninga eru

þeir bara látnir eiga sig. Eins og hér kom fram þarf ekki að gefa upp ástæðu fyrir uppsögn. Það er nóg að hún sé feit eða ljót eða hann sé leiðinlegar eða atvinnurekendur segi: Af því bara. Ég hef sagt frá því, held ég tvisvar, úr þessum ræðustól þegar ég hitti starfsmannastjóra hjá stóru fyrirtæki á ferðalagi og við tókum tal saman og hann hafði orð á því hvað sér fyndist það óviðfelldið ef hann lenti í því að eiga að kalla fyrir sig starfsmann til þess að segja honum upp, að hann væri í stöðu til að segja ef starfsmaðurinn í öngum sínum spyr: Hvers vegna? Hvers vegna? Það er nóg fyrir mig að segja: Af því bara! Af því bara! Og hvernig stendur á því að þið, löggjafinn, látið þetta viðgangast? Hverju átti ég að svara? Af því bara. Þannig er það.

Við skulum athuga það að þetta brann e.t.v. ekki nægilega á okkur þegar var svo mikil atvinna að allir höfðu vinnu og þeir sem kærðu sig um, jafnvel tvöfalda. En þegar atvinnuleysið hélt innreið sína fann fólk gjörla breytta stöðu. Þá kemur líka upp alveg nýr þáttur í okkar þjóðlífi. Það er þáttur þjónkunar og undirgefni, að láta vaða yfir sig á vinnustað, láta gera kröfur á hvað sem er vegna þess að það vofir yfir: Ef þú ert ekki góð eða ef þú ert með derring, vinur, þá eru hérna dálítið margir sem mundu vilja starfið þitt. Þetta breytti mjög miklu í umhverfi íslensks launamanns.

Þetta mál sem hér er til umræðu er annað réttindamál af svipuðum toga og það sem ég var að mæla fyrir. Þessi tvö mál sýna okkur ótvírætt hve langt í land við eigum með að tryggja launafólki starfsöryggi sem er eitthvað í takt við það sem er í nágrannalöndum okkar og það sem þau telja sjálfsagt og réttmætt. Það er til skammar fyrir okkur á löggjafarþingi Íslendinga að við skulum ekki hafa gengið lengra og betur fram í því að tryggja réttindi launþega á ýmsu sviði.

Ég kom inn á það áðan og ætla aftur að víkja að því að mikilvæg réttindamál hafa verið lögfest hér vegna þess að við höfum gerst aðilar að alþjóðasamningum. Ég man vel þá tíð, virðulegi forseti, þegar fulltrúar míns flokks voru að flytja tillögu um að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, hvernig sá flokkur var ataður auri og sakaður allt að því um landráð fyrir það að reyna með málflutningi sínum og tillöguflutningi að koma því vel til skila í þessum þingsal hvað mundi ávinnast fyrir okkur og hvað við gætum átt á hættu ef við stæðum algerlega utan við með okkar einhæfa atvinnulíf og einhæfu frumvinnslugreinar. Ég man alla þessa umræðu. Ég man hin hörðu orð. En hvað er það sem hefur verið að gerast?

Við erum hér að fjalla um alþjóðasamþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. En við höfum líka verið að vísa til réttinda sem hafa komið í gegnum alþjóðsamninga. Ég ætla að nefna nokkur réttindamál af því að þau eiga heima í þessari umræðu og ég get ekki annað. Það eru réttindamál sem hafa verið lögfest út af aðild okkar að ESS. Það eru lögin um hópuppsagnir. Það var ekki til stafkrókur um réttindi fólks við hópuppsagnir þar til við fengum slíka tilskipun, unnum úr henni hér og settu lög um að það yrði að fara að ákveðnum ráðum þegar ætti að fækka fólki og hafa samráð við trúnaðarmenn, leita leiða til að forðast hópuppsagnir o.s.frv.

Ég ætla að nefna líka, virðulegi forseti, réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum þar sem líka er verið að reyna að tryggja svo sem unnt er rétt launafólks hjá fyrirtæki þó svo aðilaskipti verði og nýr eigandi. Það var ekkert sem tryggði rétt þessa fólks. Ég minnist fyrirtækis, reyndar í mínu kjördæmi, þar sem var búið að skipta um eigendur að fyrirtækinu í þrígang og fólk stóð hverju sinni réttindalaust og launalaust á götunni, eða réttara sagt á heimilunum sínum launalaust, og það var ekkert sem tryggði rétt þess. Því var jafnvel boðin ný vinna hjá nýjum aðilum en var ekki farið að fá laun þegar mál breyttust.

Ég ætla að nefna annað af því að það er eitt af málunum sem við erum með í félmn. núna. Það er þetta brýna mál að taka á vinnutíma barna, brýna mál að skoða það hvernig uppvaxtarskilyrði við viljum gefa börnunum okkar og skoða það hvernig skóli og vinna á að fara saman og ganga ekki nærri þeim. Ég hef þegar nefnt hér, forseti góður, foreldraorlofið sem mun koma hingað annaðhvort í formi lagasetningar eða samvinnu aðila á vinnumarkaði ef svo tekst til. Þess vegna segi ég: Það er nöturlegt til þess að hugsa, og endurtek það sem ég sagði áður, að við skulum ekki bera gæfu til þess að skoða þessi mál sjálf, flytja þau hingað inn annaðhvort með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins eða sem lagasetningu, að við skulum meira að segja þurfa að búa við það að taka við þessum tilskipunum utan lands frá og horfast í augu við hversu skammt við erum komin hér í þessu góða landi.

[14:55]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að sem betur fer sé nú flest af því sem tekið er fram í þessari þáltill. þegar komið til framkvæmda. Ég held að þessar reglur séu að mestu leyti orðnar rótgrónar hjá okkur. A.m.k. hef ég ekki orðið var við það í mínu starfi að þar væri verulegur misbrestur á. Ég hygg að atvinnurekendur rökstyðji yfirleitt uppsögn starfsmanns ef eftir því er leitað. Ég tel líka að það sé ekki algengt að starfsmanni sé sagt upp störfum nema til þess séu gildar ástæður.

Í þriðja lagi eru að vísu ekki til neinar skrifaðar reglur um tiltekið málsmeðferðarkerfi sem starfsmaður á rétt á við uppsögn, en ég hygg að honum sé yfirleitt gefinn kostur á að verja sig gegn aðfinnslum sem á hann eru bornar. Hann skal eiga rétt á að vísa uppsögninni til hlutlauss aðila og hann á rétt á bótum vegna ólögmætrar uppsagnar. Þetta tel ég að heyri fortíðinni til að mestu eða jafnvel að öllu leyti.

Í mínu starfi hef ég einu sinni haft grun um það, það var ekki nein vissa, að starfsmanni hafi verið sagt upp vegna þess að vinnuveitanda hans eða yfirmanni líkaði ekki útlitið en ég hef ekki neinar sannanir fyrir því að svo hafi verið. Ég held að yfirleitt sé samstarf yfirmanna og/eða vinnuveitenda og launþega á vinnustöðum sæmilega gott og það heyri til undantekninga ef það er jafnvont og hv. tveir síðustu ræðumenn hafa viljað vera láta.

Ég er alveg tilbúinn og tel ekki mikið mál að fullgilda þessa samþykkt í sjálfu sér. Ég er alveg tilbúinn að vinna að því. En á hinn bóginn hefði ég áhuga á því, ekki hér í þessari umræðu heldur ef hv. flutningsmenn vildu sýna mér dæmi úr daglega lífinu þar sem þessi ákvæði hefðu verið brotin nú á allra síðustu árum. Ef mikið er um það þá tel ég að nauðsynlegt kunni að vera að fullgilda þessa samþykkt.

En það er annað sem er drepið lauslega á í greinargerðinni sem ég hef afar mikinn áhuga á því að vinna að af því að mér finnst það vera í hinu megnasta ólagi. Ég hef snúið mér til vina minna hjá verkalýðshreyfingunni og óskað eftir samstarfi um að reyna að stemma stigu við þeirri fáránlegu þróun sem hefur orðið í þjóðfélaginu varðandi verktakasamninga og ég hef miklar áhyggjur af. Að mínu mati er það sem mest er að í skipulagi vinnumála á Íslandi hvað menn eru farnir að

fara fáránlega með verktakasamninga, þ.e. menn eru að reka fyrirtækin með alls konar gerviverktökum eða undirverktökum sem standa svo uppi réttlausir og vita í mörgum tilfellum lítið um hvað þeir eru að gangast inn á eða hvaða ábyrgð þeir eru að taka á sig. Ég hef líka trú á því að mikið af þessari vinnu sé svart og tel afar brýnt að leggja vinnu í það að reyna að lagfæra þetta og hef óskað eftir, að vísu munnlega en ekki skriflega, samstarfi og tillögum um úrbætur á þessu sviði. Ég held að við ættum að reyna að hjálpast að við að lagafæra þetta sem aflaga hefur farið.

Hér var sagt fyrr og því haldið statt og stöðugt fram að ég stæði alltaf með atvinnurekendum ef í odda skærist. Hér er aftur minn ágæti starfsmaður, Gylfi Kristinsson deildarstjóri, sakaður um hlutleysi. Þetta finnst mér skjóta nokkuð skökku við ef minn starfsmaður og fulltrúi er hlutlaus í nefndinni en síðan er verið að saka okkur um að standa með vinnuveitendum. Það finnst mér ekki vera sanngjarnt eða það er mikil þversögn í þessu. Auðvitað er þessi ágæti formaður nefndarinnar að reyna að leiða menn saman og ekki að gera eitthvert bandalag við annan aðilann um að berja á hinum. Hans verkefni er það að leiða menn að sameiginlegri niðurstöðu og ég vísa því algerlega á bug þeim ásökunum sem hér eru settar fram um að eitthvert vítavert hlutleysi sé hjá þessum starfsmanni sem ég vil láta koma fram að mér finnst vera afar hæfur.

[15:02]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér höfðu áður komið fram á fundinum getgátur þess efnis að hæstv. félmrh. stæði með atvinnurekendum en samkvæmt því sem hann sagði síðast þá kemur í ljós að svo er ekki. Hann er bara svona saklaus og hrekklaus og góður maður. Hann trúir á það góða í tilverunni. Hann sagði að atvinnurekendur á Íslandi rökstyddu ævinlega uppsögn og fólki væri ekki sagt upp nema gild ástæða væri til. Ég verð að segja það hér að eitt af því sem olli mér hvað mestum áhyggjum í nýsamþykktu frv. um atvinnuleysisbætur var að þar eru áfram inni, þó það tækist ekki að lengja tímann, sérstakir 40 dagar sem fólk bíður með að fá bætur sem er sagt upp vinnu, að því er segir að eigin sök. Ég þekki alveg ótrúlega mörg dæmi um það úr mínu umhverfi að fólki er sagt upp alveg fyrirvaralaust og án þess að nokkur ástæða sé tilgreind. Það er sem sagt rekið. Og þetta fólk verður að fara inn á þessa 40 biðdaga vegna þess að það telst sjálft eiga sök á því að hafa fyrirgert vinnu sinni. Þetta er alvarlegt mál og kemur allt of oft fyrir. Ég þekki þess mörg dæmi sjálf. Svo vil ég tilgreina réttindi þeirra sem eru lausráðnir, meira að segja hjá ríkinu, fá alltaf þriggja mánaða samning í senn. Þessum samningum er stundum sagt upp, allt í einu eru þeir ekki endurnýjaðir meir og það er ekki skylt að gefa upp neina ástæðu hvers vegna. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það sé oftlega um geðþóttaákvarðanir að ræða.

[15:04]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt er ég búinn að lifa í 60 ár og ég hef enga ástæðu til annars en að trúa á hið góða. Ég hef ekki rekið mig á annað og ætla að halda því áfram. Ég tel eðlilegt að atvinnurekandi rökstyðji uppsögn ef eftir er leitað. Ég tel reyndar að ekki sé hægt að skylda atvinnurekanda að hafa hvern sem er í vinnu svo lengi sem starfsmanni kannski kann að þóknast. Það kann að vera, þó ég trúi á hið góða, til það fólk sem eðlilegt er og skiljanlegt að vinnuveitandi geti ekki haft í þjónustu sinni. En ég vil miklu heldur og er tilbúinn að taka á móti dæmum um brot, gallaða framkvæmd að þessu leyti, ef fyrir hendi er. Ég ætlast ekki til að þau séu lesin úr þessum ræðustól en er tilbúinn að leggja vinnu í að athuga það ef svo væri, en ég vil ekki taka góðar og gildar einhverjar getsakir.

[15:06]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því miður voru þetta ekki getsakir mínar, hæstv. félmrh. Ég þekki fjölda dæma, því miður, um að fólki hefur verið sagt upp vinnu algjörlega að ástæðulausu og stundum á röngum forsendum. Ég vil tiltaka hér eitt dæmi um ungan mann sem var sagt upp vinnu vegna þess að það var rýrnun á lager á vinnustað hans. Það voru sem sagt grunsemdir um að hann ætti einhvern þátt í þeirri rýrnun og honum var ekki gefinn neinn kostur á að svara fyrir sig. Það kom svo í ljós viku eftir að hann hafði látið af störfum hvernig á þessari rýrnun stóð, það var annar starfsmaður sem átti sök á því. Hann var aldrei beðinn afsökunar eða boðið starfið aftur og samt var þetta hjá ríkinu.

Ég þekki fjöldamörg slík dæmi sem ég get ekki talið upp hér í örstuttu andsvari. En ég vil þó taka undir með hæstv. félmrh. að þessir verktakasamningar sem grassera í þjóðfélaginu núna eru mikið og vaxandi vandamál. Það er t.d. mikill herskari af ungu fólki sem vinnur við að keyra skyndimat heim til þeirra sem vilja neyta slíkrar fæðu. Það er yfirleitt allt á verktakasamningum því það fær nokkuð hærri laun tímabundið heldur en ef það væri á föstum launum en það kemur í ljós að þegar fólk hefur núna, t.d. undanfarið, fótbrotnað í hálku við að hlaupa með slíkan skyndibita þá hefur það engar tryggingar. Og ég þekki dæmi um það líka. Þarna vorum við sammála um þessa verktakasamninga og ég tel mjög brýnt að það komi eitthvert frumkvæði frá félmrn. að taka á þeim málum.

[15:09]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður hefur það nú fylgt mönnum í gegnum söguna og hefur allt of oft komið fyrir að bakari hefur verið hengdur fyrir smið. Ég vil spyrja eftir því hvort starfsmaðurinn, þessi sem rekinn var saklaus fyrir það að annar hafði stolið, hafi leitað eftir rétti sínum við fyrirtækið eftir að það komst upp. (**Gripið fram í:** Hvaða rétti?) Hann var rekinn saklaus. (**Gripið fram í:** Það má reka hann saklausan.) Það er óeðlilegt ef yfirmaður hefur rekið saklausan mann og upp kemst að maðurinn hefur verið saklaus að ráða hann ekki aftur. Ég hef trú á því að stéttarfélag viðkomandi starfsmanns hafi þá ekki staðið í stykkinu ef atvinnurekandinn hefur komist upp með þetta. Því það er auðvitað óeðlileg framkoma að reka mann fyrir annars sök. Og þegar ljóst er að rangt hefur verið farið að þá er auðvitað mjög óeðlilegt að viðkomandi atvinnurekandi sjái ekki að sér.

[15:10]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég verð að segja að oft hef ég orðið undrandi undir ræðum hæstv. félmrh. En nú verð ég að segja eins og er að undir þessari ræðu þá varð ég fyrst kjaftstopp en þegar á leið áttaði ég mig nú á því og hef fengið málið aftur. Ég vona að ég komi öllu því til skila sem þarf að gera athugasemdir við á þeim tíma sem ég hef aflögu.

Hæstv. félmrh. segir að það hljóti að vera til einhverjar reglur sem taki á því þegar launafólk er beitt óréttu, t.d.

þegar því er sagt upp þegar það er haft fyrir rangri sök. Hlustaði hæstv. félmrh. ekki á ræðuna? Þekkir hann ekki lagaumgjörðina í kringum þessi mál, eða hvað er að? Ég undrast það að hæstv. félmrh. skuli koma hér og halda því fram gjörsamlega bláeygur að það sé þannig á Íslandi að atvinnurekendur almennt rökstyðji uppsögn. Hann heldur því fram gjörsamlega bláeygur að launafólki á Íslandi sé ekki sagt upp nema fyrir liggi gild ástæða. Hann er alveg hissa á dæminu sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir nefnir hér og segir að þá hljóti bara starfsmaðurinn að þurfa leita réttar síns. Hvaða réttar þegar engar reglur eru til, hæstv. félmrh.? Það eru engar reglur til sem þessi launamaður getur byggt rétt sinn á. Það er alveg sama hvort um það er að ræða að þessi ágæti atvinnurekandi byggi þessa ástæðu á röngum forsendum, hvort það eru upplognar sakir eða hvað það er, það eina sem þessi launamaður á rétt á er ákveðinn uppsagnarfrestur og ekkert annað. Það er þetta sem við erum að reyna að laga, hæstv. félmrh. Og úr því hæstv. ráðherra hefur ekki skilið það þá held ég að ég verði að endurtaka það, enn og aftur hér: Það eru engar reglur á þessu sviði.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti vill minna hv. þm. á að ræðumönnum ber að snúa máli sínu til forseta en ekki ávarpa ráðherra eða þingmenn út í sal.)

Athugasemdin er tekin til greina, herra forseti.

Hæstv. félmrh. *hélt því fram áðan, herra forseti,* að það væri þannig að hægt væri að vísa máli til tiltekins hlutlauss aðila þegar launafólk væri órétti beitt. Í fyrsta lagi er ekkert um það að ræða að það séu til einhverjar reglur sem launafólk getur byggt mál sitt á. Í öðru lagi er þetta málsmeðferðarkerfi ekki til. Til þess að hægt sé að vísa málum til Félagsdóms, ef það er sá aðili sem hæstv. félmrh. er að vísa til, þá þurfa að vera til einhverjar reglur sem launafólk getur byggt rétt sinn á. Þær eru ekki til staðar. Ég er undrandi yfir því að hæstv. félmrh. hafi ekki enn áttað sig á því eftir alla þessa umræðu og eftir að hafa þó verið félmrh. í allan þennan tíma og sem á að heita æðsti maður vinnumarkaðsmála á Íslandi.

Hæstv. félmrh. sagðist ekki hafa kynnst því í sínu starfi að launafólk væri órétti beitt að þessu leyti. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann sé þá að tala um starf sitt sem bóndi eða starf sitt sem þingmaður. Eða hefur hæstv. félmrh. kannski starfað að réttindamálum launafólks sérstaklega? Hefur hann verið í starfi hjá verkalýðshreyfingunni eða hefur hann verið í starfi hjá samtökum atvinnurekenda? Á hvaða starfi byggir hæstv. félmrh. þessa sérþekkingu sína?

Það er grundvallaratriði í þessu máli að reglurnar vantar til þess að byggja rétt sinn á. Það eru fjölmörg dæmi þess, eins og hæstv. félmrh. reyndar viðurkenndi áðan — það var þó eitt sem hann viðurkenndi, að gerviverktakan væri afskaplega slæmur hlutur og það þyrfti að koma í veg fyrir hana. Hafi hæstv. félmrh. hlustað á framsöguræðu mína áðan, þá tók ég það sem sérstakt dæmi um það að ef til væru reglur um starfsöryggi launafólks á Íslandi sem eitthvert hald væri í, og bara yfirleitt einhverjar reglur, þá mundi gerviverktakan ekki hafa átt sér stað. Það er ósköp einfalt. Vegna þess að það liggur ljóst fyrir í þessum gerviverktakadæmum að fólki er sagt upp launasamningum. Út af hverju er því sagt upp launasamningnum, herra forseti? Jú, því er sagt upp launasamningnum vegna þess að það á að skerða þann rétt sem launasamningurinn byggir á, ráðningarsamningurinn.

Það er tvenns konar form til þegar verið er að ráða mann í starf. Annað er að byggja á ráðningarsamningi, því fylgja ýmsar skyldur fyrir atvinnurekandann sem honum er skylt að standa við og aðrar skyldur líka á móti vissulega fyrir launamanninn. Ef um verktöku er að ræða þá býr launamaðurinn við mun vægari réttindi. Og ef þessi samþykkt væri í gildi, herra forseti, og það væri þannig, eins og hæstv. félmrh. einhverra hluta heldur, ég veit ekki hvers vegna, það er kannski þannig í Húnavatnssýslunni, ég hef ekki kynnst því, að fólki á Íslandi sé ekki sagt upp nema gild ástæða sé fyrir því þá væri fólki ekki sagt upp í hundraða og þúsunda tali síðustu ár til þess eins að láta það fara yfir á verktakasamninga. Það er þó dæmi sem hæstv. félmrh. viðurkennir. Vill þá hæstv. félmrh. meina að það sé gild ástæða? Eða hvað? Er þetta ekki þversögn við það sem hæstv. félmrh. sagði áðan, herra forseti, að það væri yfirleitt þannig að launafólki væri sagt upp á grundvelli gildrar ástæðu? Gerviverktakasamningarnir snúast beinlínis um að taka af fólki réttindi og láta það standa uppi sjálft réttindalaust án uppsagnarfrests, án ýmissa réttinda eins og orlofs. Í mínum huga eru það ekki gildar ástæður en það má vel vera að hæstv. ráðherra félagsmála á Íslandi telji þetta gildar ástæður.

Hæstv. félmrh. vændi okkur sem hér höfum talað um að við séum með, ég man ekki lengur hvernig hann orðaði það, ég náði ekki að punkta það niður, það var svo margt að punkta niður eftir hæstv. félmrh., að við værum að nefna hér einhver dæmi út í loftið. Einhvern veginn þannig orðaði hæstv. *ráðherra* það. Það *vill nú* þannig til að áður en ég kom inn á hið háa Alþingi starfaði ég um nokkurn tíma hjá stærstu samtökum launafólks í landinu þannig að þau dæmi eru fjölmörg — reyndar hef ég ekki gert mikið af því að nefna hér einstök dæmi vegna þess að ég tel að hæstv. félmrh. sé í einhverjum tengslum við lífið á Íslandi, að hann átti sig á því að einhverju leyti hvernig ástandið er á vinnumarkaðnum en ég verð að segja eins og er að ég er farin að efast um það eftir þessa ræðu hans hér áðan. Þess vegna sá ég ekki ástæðu til þess að fara að tína upp dæmin en ég get fullvissað hæstv. félmrh. um að dæmin eru fjölmörg. Það eru fjölmörg dæmi á síðustu árum sem hægt er að benda á og ég er viss um að vinir hans hjá Alþýðusambandinu eða hjá samtökum launafólks almennt geta bent honum á fjölda dæma. Ef hæstv. félmrh. er að halda því fram hér að við sem hér tölum, þeir þingmenn sem sýna því áhuga að reyna að bæta stafsöryggi launafólks á Íslandi, séum með einhverjar getsakir út í loftið þá þykir mér hæstv. félmrh. vera farinn að vega svolítið að vinum sínum í verkalýðshreyfingunni vegna þess að við höfum vitnað hér til samþykkta og til áratuga gamalla baráttumála verkalýðshreyfingarinnar. Byggir verkalýðshreyfingin sínar kröfur á eintómum getsökum? Hvernig í ósköpunum stendur á því að atvinnurekendur, hinn vinahópur hæstv. félmrh., hafa ekki viljað samþykkja þessar reglur? Þeir hafa ekki viljað gangast við þessum samþykktum inni í þríhliða nefndinni. Það skyldi þó ekki vera vegna þess að það mundi hafa í för með sér einhver útlát? Eða að það mundi á einhvern hátt skerða stjórnunarrétt atvinnurekenda frá því sem nú er?

Herra forseti. Það er enginn að segja það hér að við sem höfum talað fyrir þessum samþykktum um bætt starfsöryggi launafólks séum að mæla með því að stjórnendur fyrirtækja eigi hreinlega ekki að geta losað sig við starfsmenn ef þeir ekki standa sig. Það var margítrekað í ræðu minni varðandi samþykktina um fjölskylduábyrgð og hafi ég ekki komið inn á það í framsöguræðu með þessari tillögu þá get ég gert það nú, að það er enginn að tala um að starfsöryggi þýði að starfsmaður sem brýtur af sér í starfi eða sinnir ekki sínu starfi geti hangið á sínu starfi eins og hundur á roði.

Það eru vissulega dæmi þess frá Evrópulöndum, og þá dettur mér helst í hug Holland, að starfsöryggisreglur hafa gengið út í öfgar, a.m.k. að mínu mati, en það eru auðvitað matsatriði hvenær þær gera það. En ég get fullvissað hæstv. félmrh. um að það er langur vegur frá því að reglurnar á Íslandi verði eitthvað í þá veru að það sé farið að halla svo á atvinnurekendur að einhver hætta stafi af fyrir vinnumarkaðinn. Það er því miður þannig. Þess vegna þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur af því að með því að fullgilda þessa samþykkt um lágmarksreglur fyrir launafólk séum við að búa til einhverja óeðlilega kyrrstöðu á vinnumarkaði. Það er langt því frá.

Hæstv. félmrh. undrast að í einu orðinu skuli stjórnarandstöðuþingmenn fárast yfir að hann eða starfsmenn félmrn. séu of hliðhollir atvinnurekendum en í hinu orðinu megi þeir ekki vera hlutlausir. Þá er hann að vísa til þess að ég hef gagnrýnt mjög þá hlutleysisstefnu sem félmrn. hefur rekið um árabil varðandi fullgildingarmál samþykkta Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það var rakið hér áðan hvers eðlis þetta samstarf er sem verið er að vísa til. Það er beinlínis gerð um það krafa, herra forseti, í stjórnarskrá og þeim reglum sem Alþjóðavinnumálastofnunin byggir á að stjórnvöld sem eru aðilar að Alþjóðavinnumálastofnuninni hafi einhverja stefnu í þessum málum, að það sé einhver pólitík í gangi varðandi fullgildingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er beinlínis ekki gert ráð fyrir því að stjórnvöld geti skýlt sér á bak við það að vera hlutlausir aðilar þegar kemur að því að fullgilda samþykktir. Það er mjög ódýr lausn og það hlýtur hver heilvita maður að sjá. Aðilar vinnumarkaðar eru tveir ólíkir aðilar sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta — og þetta veit ég að hæstv. félmrh. veit. Hann hefur eflaust komist rækilega í kynni við það á sínum ferli sem félmrh. Þarna er um ólíka hagsmuni að ræða og þríhliða samstarfið byggir beinlínis á því að þessir ólíku hagsmunaaðilar, annars vegar atvinnurekenda og hins vegar launafólks, ræði mál sín í þessari nefnd og ræði við stjórnvöld, en síðan er það stjórnvalda að taka afstöðu og taka af skarið í málum þegar ágreiningur er milli þessara tveggja andstæðu póla. Ég er ansi hrædd um að þó það sé mikilvægt fyrir hæstv. félmrh. að kynna sér málefni beggja aðila þá sé jafnmikilvægt fyrir hann að taka einhvern tímann afstöðu í málum þegar til kastanna kemur. Öðruvísi verður víst lítið um framfarir.

Það má kannki spyrja hæstv. félmrh. að því hvort hann sé ánægður sjálfur með þær samþykktir sem hafa verið fullgiltar. Hefur hæstv. félmrh. kynnt sér þær samþykktir sem hafa verið gerðar á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á síðustu árum? Hvað finnst honum um þær? Telur hann sérstaka ástæðu til að skoða einhverja þeirra, og fullgildingu á einhverri þeirra? Ég heyrði hæstv. félmrh. a.m.k. ekki segja að hann væri tilbúinn að skoða fullgildingu á þessari samþykkt. En ég heyrði hann hins vegar segja að hann væri tilbúinn að skoða málið ef réttar reyndust þær fullyrðingar sem hér hefðu verið hafðar í frammi um að launafólk væri órétti beitt varðandi uppsagnir í einhverjum tilvikum. En ef veröldin skyldi nú líta öðruvísi út en hæstv. félmrh. heldur eða hefur a.m.k. haldið hingað til skal ég ekki láta standa á mér með að koma með dæmi og ég er viss um að samtök launafólks eru tilbúin til að koma með mun fleiri dæmi, koma með dæmi sem eru að gerast þessa dagana til þess að fullvissa hæstv. félmrh. Ég verð að segja það eins og er að ég hefði haldið að það væri að minnsta kosti skylda hæstv. félmrh. að kynna sér þær reglur sem fyrir hendi eru. Ég undrast að það skuli gerast að hæstv. félmrh. skuli verða uppvís að því úr þessum ræðustóli að hann þekki ekki þær grundvallarreglur sem gilda um uppsagnir launafólks á Íslandi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er gjörsamlega steinhlessa yfir því.

En ég tek áskorun hæstv. félmrh. alvarlega um það og hann skal fá dæmin. Þau skal ekki skorta á næstunni. Ég vona að hann láti nú verða af því að gefa sér tíma til að skoða þessi mál vegna þess að hér er um að ræða grundvallaratriði sem samtök launafólks og allir sem hafa komið nálægt réttindamálum launafólks á Íslandi vita að skipta öllu máli fyrir launafólk þegar upp er staðið.

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér fannst nú skelfing að hlusta á þessa síðustu ræðu. Það er eins og reynsluheimur hv. þm. sé tölulvert frábrugðinn mínum. Enda hefur það komið fram hér í umræðunni að ég er frekar bjartsýnn. Það er eins og hv. þm. hafi einhverja sannfæringu fyrir því að atvinnurekendur séu upp til hópa einhverjir skúrkar og þeir hljóti að vera siðlausir menn sem verði að handjárna í bak og fyrir með lögum og reglugerðum. Það getur vel verið að í þeirra hópi finnist skúrkar og það þurfi að taka á þeim. Ég held hins vegar að það sé ekki almenn regla að atvinnurekendur séu eitthvað sérstaklega mikið verri en aðrir menn. En það getur vel verið að nauðsynlegt sé að fullgilda þessa samþykkt og eins og ég sagði við upphaf þessarar umræðu finnst mér það koma vel til greina ef um brögð er að ræða að menn fari ekki siðsamlega að.

Reynsla mín úr starfi félmrh. og reyndar sem þingmanns og bónda er sú að það sé ekki algengt að hér sé um ósæmilega hegðun að ræða. Þar af leiðandi verð ég ekkert uppnæmur þótt ég hlusti á svona ræður og vil biðja hv. þm. að taka gleði sína eftir því sem hægt er og líta pínulítið bjartari augum á tilveruna.

[15:27]

Flm. (Bryndís Hlöðversdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur áhyggjur af að ég sé ekki nógu bjartsýn manneskja. Ég er bjartsýn að eðlisfari en ég er líka raunsæ, herra forseti. Það er kannski fyrst og fremst raunsæi sem við erum að tala um í þessum málum. Ég er sannfærð um það líka að reynsluheimur minn og hæstv. félmrh. er mjög ólíkur. Það efast ég ekki um. En að ég hafi fullyrt eða gefið í skyn að allir atvinnurekendur væru skúrkar er bara ekki rétt, herra forseti, það er alls ekki rétt. Ég sagði það aldrei. Við teljum ástæðu til að setja umferðarreglur ekki satt, herra forseti? Það er ekki þar með sagt að við teljum að allir menn séu þannig að eðlisfari að þeir muni brjóta reglurnar ef ekki væru til lög um þær. Þetta snýst einfaldlega um að búa til ákveðið regluverk, ákveðinn ramma, einmitt vegna þess að það eru til einhverjir skúrkar. Það er ekki þar með sagt að allir séu skúrkar. En það er bara þannig að launafólk verður í stórum stíl fyrir því að vera beitt órétti og það er það sem við erum fyrst og fremst að tryggja að gerist ekki, herra forseti. En að snúa þessu upp í það að málstaður minn beri það með sér að ég telji alla atvinnurekendur skúrka, það er fjarstæða. Ég er einungis að reyna að vekja athygli á þeim órétti og á því regluleysi sem ríkir þegar kemur að málefnum launafólks hvað varðar starfsöryggi. Það er algjörlega óviðunandi og á því verður að taka.

[15:29]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið snarpar orðræður um réttindamál. Ég tek undir það með hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur að það skortir mjög á að það sé réttur til að leita réttar síns. Virðulegi forseti. Ég ætla að hinkra andartak á meðan ráðherrann er upptekinn vegna þess að það sem ég hef að segja, það verður ekki mjög löng ræða, á erindi við hann.

Ég benti áðan á lög sem hafa verið sett og ég dró það fram hvers vegna þessi lög hefðu verið sett — að þau hefðu verið sett vegna aðildar okkar að EES og ég ætla að nefna atriði úr hópuppsögnum og réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum til áréttingar þeim málflutningi sem við Bryndís Hlöðversdóttir höfum haft hér, með leyfi forseta, tekið úr 2. gr. laga um hópuppsagnir:

„Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.“

Hvað segir þetta okkur? Það er verið að setja reglur hér út af EES-ákvæðum sem við höfum tekið upp sem tryggja rétt launþegans við hópuppsagnir og tryggja samráð við trúnaðarmann til að leita réttar launþegans.

Virðulegi forseti. Ef ég vík aftur að réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum þá segir þar í 5. gr.:

„Aðilaskipti, sbr. 1. gr., skulu þeir sem hlut eiga að máli tilkynna trúnaðarmanni starfsmanna eða starfsmönnum sjálfum sé trúnaðarmaður ekki fyrir hendi með góðum fyrirvara og áður en aðilaskipti koma til framkvæmda. Jafnframt skal upplýsa hlutaðeigandi um ástæður aðilaskipta, um lagalegar, efnahagslegar og félagslegar afleiðingar þeirra fyrir starfsmenn og um fyrirhugaðar ráðstafanir vegna starfsmanna.“

Og, virðulegi forseti, önnur grein sem hangir á þessari:

„Aðilaskipti, sbr. 1. gr., geta ein sér ekki verið ástæða fyrir uppsögn starfsmanna af hálfu atvinnurekanda, hvorki fyrir né eftir aðilaskipti. Samráð skal hafa með góðum fyrirvara og áður en fyrirhugaðar ráðstafanir koma til framkvæmda.“

Hér hef ég vísað til tvennra laga sem sett hafa verið með réttindi starfsmanna í fyrirrúmi sem sýna ótvírætt að það er verið að setja reglur til að aðstoða starfsmanninn til að leita réttar síns, m.a. með ákvæðum um trúnaðarmann.

Virðulegi forseti. Það sem hér hefur komið fram í umræðunni er þó það að ráðherra hefur lýst því yfir að hann muni gera breytingar, hann muni koma með sína tillögu um fólk með fjölskylduábyrgð, hann mun íhuga það að koma með tillögu varðandi uppsagnir launafólks ef hann sannfærist um það að í nýlegum uppsögnum hafi ekki verið færð gild rök fyrir uppsögnum. Hann kallaði eftir því að við nefndum dæmi. Ég vil geta þess að á þessum vetri hef ég setið fyrir framan tvær konur sem hafa fengið uppsögn, verið á þessum viðkvæma aldri, þ.e. yfir fimmtugt, hafa talið sig vera vel látna starfsmenn, hafa starfað til margra ára hjá sama fyrirtæki og uppsögnin hefur komið eins og þruma úr heiðskíru lofti og ekki verið gerð tilraun til að færa rök fyrir henni. Þess vegna er svo mikilvægt að hafa rétt til að leita réttar síns.

Virðulegi forseti. Þó mér liggi meira á hjarta þá ætla ég að staldra við hér. Hins vegar langar mig að draga það fram að ráðherrann hefur verið mjög svo mjúkur í þessari umræðu. Hann hefur lofað því að koma með mál inn í þingið sem hann hefur ekki verið tilbúinn til áður. Og af því ég nefndi það í upphafi máls míns að hann hefði átt merkisafmæli þá má e.t.v. draga þá ályktun, sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson er hér að gera, að eitthvað eigi það við að styðjast að ráðherrann hefur átt þetta merkisafmæli. Ég gat þess líka áðan að ég hefði e.t.v. flutt honum vísu ef ég væri til þess bær, en nú hef ég fengið aðstoð og ætla þess vegna í lok ræðu minnar, með leyfi forseta, að fara með vísu í orðastað Páls Péturssonar og í tilefni af þessu ágæta afmæli og orðum hans hér í dag:

Sextíu ár í atinu hef ég þraukað
einkum og sér í lagi hérna í ranninum.
Þó að ég hafi ýmislegt amlað og baukað
enn þá trúi ég á það góða í manninum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á lífeyriskerfinu og kaup Landsbankans á 50% hlut í Vátryggingafélagi Íslands hf.

[15:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Mikil tíðindi gerðust í fjármálaheiminum fyrir síðustu helgi þegar Landsbanki Íslands keypti 50% hlut Brunabótafélagsins í Vátryggingafélagi Íslands. Stærsta fjármálastofnun landsins kaupir ráðandi hlut í stærsta tryggingafélaginu. Landsbankinn með aðeins 6 milljarða í eigið fé kaupir fyrir 3,4 milljarða en bankinn er jú með ríkisábyrgð. Vitaskuld er gott að innlendir bankar hasli sér loksins völl á tryggingasviðinu eins og tíðkast erlendis.

Atvinnulífið hefur einkennst af helmingaskiptum og fákeppni. Oftar en ekki hafa stórfyrirtæki tengd Sjálfstfl. tekist á við fyrirtæki sem byggja á arfleifð SÍS. Ýmislegt bendir til þess að við sjáum nú enn einn slag risaeðlanna. Alla vega er fákeppni að aukast og fjármálalegt vald að færast á sífellt færri hendur. Markaðshlutdeild VÍS er um 40% og tryggingasjóðir þess um 10 milljarðar svo eftir nokkru er að slægjast. Landsbankinn var þó það máttvana fyrir nokkru að hann þurfti sérstaka aðstoð skattborgaranna. Landsbankinn hefur lengi unnið að því að ná fótfestu á tryggingamarkaðnum. Formaður bankaráðsins hefur oft talað um hvílík framtíð sé falin í væntanlegum lífeyrissparnaði. Því hefur verið haldið fram að frv. ríkisstjórnarinnar í lífeyrismálum sé tengt þessum kaupum. Þessu hefur hins vegar verið mótmælt. Formaður bankaráðs Landsbankans er jú framkvæmdastjóri Sjálfstfl.

Frumvarp fjmrh. í lífeyrismálum skerðir möguleika núverandi lífeyrissjóða við að taka við lögbundnum iðgjöldum. Þetta setti kjarasamninga í uppnám og hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þurfti að reka fjmrh. til baka með hugmyndir sínar. Víst er nauðsyn á endurskipulagningu í lífeyrismálum en þessi vinnubrögð eru óverjandi.

Brunabótafélag Íslands er eignarhaldsfélag eftir sérstökum lögum. Venjulega er talið að sveitarfélögin á landsbyggðinni og einstaklingar eigi það. En ástæða er til að

spyrja hvernig meintir eigendur komist að þessari 3,4 milljarða eign sinni, ekki nema þeir ætli að kaupa 35% í Landsbankanum og ráða þannig bæði VÍS og Landsbanka. Eru ný-sambandsmenn að tryggja sér enn betri stöðu gagnvart Landsbankanum með þessu skrefi? Nú er e.t.v. komin skýring á því að ekki er í lagatexta með bankafrv. ákvæði um að dreifa eignaraðild að hinum nýju 35% í bönkunum. Er búið að eyrnamerkja þau til vinveittra fyrirtækja stjórnarflokkanna?

Það er athyglisvert að skoða nýja Fjárfestingarbankann í þessu ljósi. Þar er stofnaður enn einn ríkisbankinn, skipt eftir helmingareglu stjórnarflokkanna. Það er búinn til Nýsköpunarsjóður eftir sömu formúlu og nú er einn ríkisbankinn látinn þenja sig yfir tryggingasviðið.

Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. er að stíga stærri skref til ríkisrekstrar í fjármálaheiminum en nokkur ríkisstjórn hefur gert hér um áratuga skeið. Víst er að hér er kúvent í einkavæðingunni eða eins og Einar Sveinsson, forstjóri Sjóvár-Almennra sagði: Tekin var U-beygja. Hann furðar sig á þessu og er ekki einn um það. Valur Valsson, bankastjóri Íslandsbanka, spyr af hverju ríkisbanki geti keypt fyrirtæki úti í bæ en fyrirtæki úti í bæ geti ekki keypt bankann. Það stendur jú ekki til að einkavæða Landsbankann næstu fjögur árin. Ráðherra verður að svara þeirri hörðu gagnrýni bankastjóra Búnaðarbankans sem halda því fram að þetta hafi verið ólöglegt. Það þarf að skýra afstöðu bankaeftirlitsins. Meginþátturinn í umræðu okkar jafnaðarmanna hefur verið að tryggja samkeppnisvæðingu. Það hefur ekki tekist með þessu skrefi.

Herra forseti. Ég spyr hæstv. forsrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða áform eru uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar í lífeyrismálum og er líklegt að þær fyrirætlanir auki möguleika tryggingafélaga og séreignarlífeyrissjóða til að sækjast eftir hluta lífeyrisiðgjalda sem nú eru greidd í lífeyrissjóði með skylduaðild?

2. Forsrh. hefur lýst því yfir að hann hafi fylgst með málinu úr fjarlægð síðustu daga fyrir kaupin. Var leitað eftir afstöðu ráðherranna í ríkisstjórninni til þessara kaupa Landsbankans og hver var sú afstaða?

3. Ríkisrekstur á fjármálamarkaði eykst verulega við þessi kaup Landsbankans. Hvernig samrýmist það stefnu ríkisstjórnarinnar?

4. Forsvarsmenn Landsbanka Íslands tengja þessi kaup einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Nú liggur hins vegar fyrir samkvæmt stjfrv. að ríkið muni ekki selja hlutabréf sín í Landsbankanum næstu fjögur árin þótt boðið verði út takmarkað nýtt hlutafé. Þýða þessi kaup helgarinnar að ríkisstjórnin muni endurmeta og hraða einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna?

5. Hvernig breytist eiginfjárhlutfall Landsbankans við kaupin og hverju svarar ráðherra gagnrýni, m.a. bankastjóra Búnaðarbankans? (Forseti hringir.)

6. Mun ráðherra beita sér fyrir lagasetningu þannig að eigendur Brunabótafélags Íslands eigi kost á því að fá andvirði sölu í hlutabréfum í VÍS til sín ef þeir kjósa svo?

7. Eftir kaupin eru stærsti banki þjóðarinnar og stærsta tryggingafélagið tengd sterkum eignaböndum. Telur ráðherra þetta eðlilegt miðað við þá fákeppni sem þegar ríkir á fjármálamarkaði og með tilliti til samþjöppunar fjárhagslegs valds hérlendis?

(Forseti (ÓE)**:** Forseti vill strax í upphafi biðja hv. ræðumenn að gæta tímamarka, það er það margir sem hafa óskað eftir að taka til máls.)

[15:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Frv. um skyldutryggingu lífeyriréttinda og starfsemi lífeyrissjóða verður kynnt hagsmunaaðilum á næstunni. Í frv. er fjallað um fjárreiður lífeyrissjóða, skilgreiningu á skyldutryggingu og hvað sé séreignarlífeyrissparnaður. Meginhugmyndin er að til samtryggingasjóða greiðist 10% iðgjald sem getur breyst með breyttri ávöxtun sjóðanna en sjóðfélagar ráði því hvort greiðsla umfram lágmarksiðgjöld til samtryggingar gangi til samtryggingar eða séreignar. Brýnt er að afgreiða frv. því að fjöldi beiðna um staðfestingu á samþykktum lífeyrissjóða liggur fyrir á mismunandi forsendum. Setning laga um þetta efni er því mikið hagsmunamál allra aðila á vinnumarkaði eins og komið hefur fram. Tryggingafélög, verðbréfafyrirtæki og bankar munu án efa gegna hlutverki í framtíðinni til að varðveita og ávaxta langtímasparnað, séreignarlífeyri, og stunda lífeyristryggingar sem í dag eru í stórum stíl á vegum erlendra tryggingafélaga. Að mínu mati er fátt jafnmikilvægt og að auka langtímasparnað þjóðarinnar.

Yfirlýsing Landsbankans um kaup og kauprétt á hlutabréfum Brunabótafélags Íslands í VÍS og LÍFÍS hefur ekki verið rædd í ríkisstjórn en mér er kunnugt um að einstakir ráðherrar vissu af áformum bankans skömmu áður en yfirlýsingin var undirrituð. Ekki var sérstaklega leitað eftir afstöðu ráðherra en ég sagði formanni bankaráðsins að ég gerði ekki athugasemd við þessi áform ef þetta væru aðgerðir til að styrkja bankann og þær byggðust á eðlilegum viðskiptagrundvelli enda brytu þær hvorki í bága við lög né alþjóðasamþykktir sem Ísland er skuldbundið að fylgja.

Eins og fram hefur komið hefur Landsbankinn um árabil verið að kanna hvernig hann geti breikkað grundvöll starfsemi sinnar til að tryggja aðgang sinn að langtímasparnaði og átt í því skyni viðræður við ýmsa aðila. Stefna ríkisstjórnarinnar um hlutafjár- og einkavæðingu á fjármagnsmarkaði kemur fram í fyrirliggjandi frumvörpum um ríkisbankana. Frumvörpin verða væntanlega afgreidd í vor. Auðvitað er ekki loku fyrir það skotið að áætlanir ríkisstjórnarinnar geti breyst, bæði vegna umfjöllunar í þingnefndum þar sem málið verður kannað í ljósi upplýsinga frá ýmsum aðilum og einnig vegna þeirrar öru þróunar sem á sér stað á fjármagnsmarkaðnum og miðar að því að styrkja þær einingar sem þar starfa í sívaxandi alþjóðlegri samkeppni.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér hjá stjórnskipuðum endurskoðanda Landsbankans liggur fyrir áætlun sem byggir á því að eiginfjárhlutfall bankans fari ekki undir 9% á árunum 1997–1999 þegar áformuð kaup munu eiga sér stað í áföngum og er þá ekki gert ráð fyrir að bankinn auki eigið fé sitt með sölu hlutafjár en það mundi að sjálfsögðu hækka hlutfallið verulega. Gert er ráð fyrir að bankinn taki víkjandi lán án ríkisábyrgðar á almennum markaði á árinu 1998 sem hækkar eiginfjárhlutfallið án þess þó að fullnýta heimildir sínar til slíkrar lántöku.

Þessi mál hafa verið kynnt bankaeftirliti Seðlabanka Íslands mjög ítarlega. Jafnframt hefur vátryggingaeftirlitinu og Samkeppnisstofnun verið gerð grein fyrir málinu. Engar athugasemdir hafa komið fram vegna þessa.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands starfar samkvæmt lögum. Samkvæmt þeim lögum fer fulltrúaráðið, sem er 50 manna ráð tilnefnt af kaupstöðum og héraðsstjórnum,

með aðalfundarrétt félagsins. Fulltrúaráðið mun fjalla um yfirlýsinguna á fundi sínum 4. apríl nk. Fulltrúaráðið tekur ákvarðanir um ráðstöfun söluandvirðis og stjórnarformaður Brunabótafélagsins hefur sagt að skapa þurfi skilyrði til þess að arður af starfsemi félagsins skili sér til sveitarfélaganna.

Þegar litið er yfir íslenska fjármálamarkaðinn blasir við að á honum starfa fjölmörg tiltölulega lítil fyrirtæki. Fyrir nokkrum árum sameinuðust fjórir bankar í einn. Tryggingafélög hafa sameinast og lífeyrissjóðir sömuleiðis. Á sama tíma hefur fjármagnsmarkaðurinn opnast og hindrunum verið rutt úr vegi fyrir alþjóðlegum viðskiptum. Mér sýnist augljóst að í framtíðinni verði aukin og harðnandi samkeppni á þessum markaði. Fyrirtæki munu sameinast og erlendir aðilar koma inn á markaðinn í stærri stíl. Slík breyting á ekki að leiða til fákeppni heldur til opinnar alþjóðlegrar samkeppni sem mun skila sér í bættum lífskjörum og meiri langtímasparnaði. Nýlegt dæmi um viðbrögð markaðarins er þegar Félag ísl. bifreiðaeigenda samdi við alþjóðlegt vátryggingafyrirtæki um bílatryggingar.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum geta þess að bankaráð Landsbankans hefur að sjálfsögðu fjallað um yfirlýsinguna og samþykkti hana einróma. Í ráðinu sitja fimm þingkjörnir fulltrúar, einn sjálfstæðismaður, einn framsóknarmaður, einn alþýðubandalagsmaður og tveir fulltrúar Alþfl., flokks jafnaðarmanna. Stjórnarandstaðan hefur þannig meiri hluta í bankaráðinu en mikil eindrægni virðist ríkja um þetta mál þar.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Varðandi áform hæstv. ríkisstjórnar í lífeyristryggingamálum, þau sem frést hefur af, þá verð ég að segja að þau eru að mínu mati bæði ótrúlega ósvífin og ótrúlega vitlaus. Það er ótrúlega ósvífið að hæstv. ríkisstjórn skuli vera að kokka um þessi mál á bak við tjöldin, á bak við aðila vinnumarkaðarins og það jafnvel á tímum þegar kjarasamningagerð stendur yfir. En það er líka ótrúlega vitlaust ef hæstv. ríkisstjórn ætlar með þessu að hefja hér breytingar í lífeyrismálum sem byrja að grafa undan því uppsöfnunarkerfi samtryggingarsjóða sem við Íslendingar erum þó á góðir leið með að byggja upp með fullnægjandi hætti. Þetta uppsöfnunarkerfi samtryggingarsjóða skín eins og ljós í myrkri þegar vestrænar þjóðir horfa til þeirra viðfangsefna sem fram undan eru hvað varðar það að tryggja öldruðum, sístækkandi hópi aldraðra, lífeyri á komandi áratugum. Þá er það íslenska uppsöfnunarkerfið í samtryggingarsjóðum sem menn horfa til sem langálitlegasta fordæmisins sem nokkurs staðar er að finna. Það er því í senn bæði ótrúlega ósvífið og ótrúlega vitlaust ef hæstv. ríkisstjórn ætlar nú að sólunda þessu kerfi. Varðandi hins vegar kaup Landsbanka Íslands á 50% eignarhlut í Vátryggingafélagi Íslands þá er þar á ferð gífurlega stórt mál í íslenskum peningaheimi, það er nánast risavaxið mál. En þá vill svo vel til — fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott — að hér fyrir Alþingi eru mál um breytingar á ríkisbönkunum, þar með talið Landsbankanum, í hlutafélag. Það er alveg ljóst, herra forseti að þessi atburður setur það mál í allt annað samhengi, kostar miklu ítarlegri vinnu á vettvangi efh.- og viðskn. og þingsins að þessu máli. Ég lít svo á að þetta sé enn frekari röksemd fyrir því að ótímabær og hröðuð afgreiðsla þessara mála hér á vorþinginu komi ekki til greina. Það er óhjákvæmilegt að fara yfir forsendur þessa mál á nýjan leik frá grunni. Reyndar hefur efh.- og viðskn. þegar hafið störf hvað það varðar.

[15:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er býsna merkilegt mál á ferðinni og svo virðist sem fregnir af kaupum Landsbankans á 50% hlutafjár í VÍS hafi komið mjög á óvart og valdið miklum óróa á fjármálamarkaðnum. Það hlýtur öllum að vera ljóst hvað Landsbankinn er að gera. Hann er að búa sig undir framtíðina, bregðast við breytingum og aukinni samkeppni, m.a. milli banka og tryggingafélaga, sem sum hver stunda umtalsverða lánastarfsemi, t.d. vegna bílakaupa og bílasölu. Samkvæmt mínum heimildum hafa lengi verið áform uppi um það innan Landsbankans að fara út í tryggingastarfsemi og hefur þar sérstaklega verið horft til líftrygginga. Það er svo annað mál, herra forseti, hvort útspil Landsbankans er eðlilegt í ljósi þess sem fram undan er og hvaða áhrif það muni hafa. Einnig hvernig það tengist áformun hæstv. fjmrh. um breytingar á lífeyriskerfiu þar sem meiningin er að bjóða upp á frjálst val að einhverjum hluta þannig að fólk geti ávaxtað lífeyri sinn að eigin vali t.d. hjá hinni nýju tryggingadeild Landsbankans.

Það er afar athyglisvert hvernig Sjálfstfl. kemur að báðum endum þessa máls en eins og hér hefur komið fram er formennskan í bankaráðinu í höndum sjálfstæðismanns og hæstv. fjmrh. tilheyrir þeim sama flokki sem kunnugt er. Hvert er samhengið þarna á milli, hæstv. forseti? Hvaða og hverra hagsmuna er verið að gæta? Er þetta eðlileg þróun en eins og fram hefur komið varð samstaða um þessa aðgerð innan Landsbankans, eða erum við einfaldlega að horfa upp á sívaxandi baráttu um fjármagnið og sparifé landsmanna um leið og miklar breytingar eru fyrirhugaðar á ríkisbönkunum? Landsbankinn í dag er orðinn allt annar en hann var fyrir nokkrum dögum. Við þessum spurningum þurfum við að fá svör, hæstv. forseti, og það er fyrirhugað að ganga eftir þeim svörum í hv. efh.- og viðskn. En þetta mál er allt hið athyglisverðasta en býsna erfitt er að átta sig á hvaða þýðingu það hefur.

[15:52]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Fyrir skömmu síðan birti opinber nefnd sem fjallaði um samkeppnisskilyrði íslensks atvinnulífs niðurstöður sínar og komst að þeirri niðurstöðu, sem ekki kom *nú á óvart, að þetta örsmáa hagkerfi einkenndist mjög af* einokun og fákeppni hvort heldur væri ríkisrekinni einokun eða ráðandi stöðu fyrirtækja á mörkuðum og nefndi til sögunnar landbúnaðarkerfið, orkugeirann, fjármagnsmarkaðinn, tryggingarnar, flutningastarfsemina o.s.frv.

Hæstv. ríkisstjórn hefur í stefnuyfirlýsingum sínum vakið upp væntingar um að hún stefni að breytingum á þessu með því að draga úr ríkisrekstri, tryggja dreifðari eignaraðild og skapa almennari og betri samkeppnisskilyrði. Þau mál sem nú eru á borðum þingmanna vekja upp spurningar um hvort nokkurt samræmi er milli orða og efnda. Það vekur athygli að hæstv. ríkisstjórn leggur hér fram frv. um stofnun nýs fjárfestingarríkisbanka og viðheldur reyndar hólfaskiptingunni að því er varðar landbúnaðinn með því að viðhalda Stofnlánadeildinni sem sérstökum sjóði, bindur sérstaklega þannig um hnútana að hagsmunaaðilarnir verði ráðandi í þessum banka. Það liggur fyrir að þeir sem eru sérfróðir í röðum stjórnarliða um þessi mál lýsa sig andvíga þessari

stefnu ríkisstjórnarinnar og hafa raunverulega skapað annan meiri hluta í efh.- og viðskn. sem er andvíg þessum áformum.

Að því er varðar myndun hlutafélaga um ríkisbankana tvo þá tek ég undir það sem sagt hefur verið að seinustu gjörningar hljóta náttúrlega að breyta því máli mjög verulega, þegar stærsti ríkisbankinn og stærsta tryggingarfélagið ganga í eina sæng, vegna þess m.a. að formaður bankaráðs Landsbankans, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., hefur lýst því yfir að þessi gjörningur sé gerður í trausti þess að fyrir liggi sú stefna ríkisstjórnarinnar að einkavæða bankann. Nú er það algjör misskilningur að það liggi fyrir. Þvert á móti liggur fyrir að næstu fjögur ár á ekki að hrófla við þessum meiri hluta. (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Spurningarnar eru raunverulega hinar sígildu sem beina má til hæstv. starfandi forsrh. og rifja upp í leiðinni hin frægu orð Margrétar Thatcher: Er það svo að ríkisstjórnin sé algjörlega á U-beygjunni?

[15:55]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að þær ráðstafanir sem gerðar voru á föstudaginn eru til hagsbóta fyrir Landsbankann til lengri tíma litið og því ástæðulaust að tortryggja forsvarsmenn bankans hvað þetta varðar. Hins vegar, vegna þeirra afskipta sem Alþingi ber að hafa af ríkisbönkunum ef eiginfjárstaða þeirra er ekki sú sem kröfur eru gerðar um, er nauðsynlegt að við fáum allar upplýsingar um þau viðskipti sem felast í kaupsamningnum vegna þess að talsmenn bankans hafa talað misvísandi í fjölmiðlum um hvað þessi viðskipti hafa í för með sér, þannig að okkur sé fullkomlega ljóst hver staða bankans verður eftir að viðskiptin hafa átt sér stað.

Við verðum hins vegar líka að gera okkur grein fyrir því að ef þessi viðskipti standast og bankinn stenst eiginfjárkröfur eftir að viðskiptin hafa átt sér stað þá verða gríðarlegar breytingar á fjármálamörkuðunum. Aðrir bankar munu leika sama leikinn og gera svipaða samninga úti á markaðnum við aðra aðila og þannig mun eiginfjárstaða þeirra batna um hundruð milljóna og efnahagsreikningur þeirra getað þanist út sem því nemur. Þetta leiðir líka í ljós hvað það er annkannaleg staða hér á fjármálamarkaðnum að hluti er í eigu ríkisins og hluti í eigu sjóða, einkaaðila og fyrirtækja. Það skapar þá stöðu eins og kom fram hjá einum bankastjóra hlutafélagabankans að ríkisbankarnir geta keypt hlut í öðrum en enginn getur keypt hlut í þeim. Þess vegna er nauðsynlegt í framhaldi af þessu að hraða einkavæðingunni og ekki stíga einhver skref bara til hálfs, það hefur aldrei verið til farsældar.

Hvað varðar lífeyrissjóðina og lífeyrismarkaðinn (Forseti hringir.) þá er algjörlega ljóst að fjármálamarkaðurinn verður ekki að fullu samkeppnisvæddur eins og hv. þm. Ágúst Einarsson kallaði það, fyrr en þeir sem greiða iðgjöld í sjóðina hafa frjálst val um það í hvaða sjóði þeir greiða.

[15:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða fer fram við mjög sérkennilegar og athyglisverðar aðstæður undir alsjáandi auga framkvæmdastjóra Sjálfstfl. hér á pöllunum sem fylgist með því hvernig vinnumenn hans hér í salnum standa sig í þessum umræðum. Það er eðlilegt vegna þess að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. er höfundur þessa máls.

Í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa þegar farið fram er hins vegar ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. tveggja spurninga varðandi lífeyrissjóðina. Í fyrsta lagi: Hvernig mun fjmrh. bregðast við kröfum verkalýðsheyfingarinnar sem eru settar fram í dag um yfirlýsingu varðandi löggjöf um lífeyrissjóðina? Hvað mun fjmrh. ganga langt í þeim efnum? En í orðum sínum áðan þá fannst mér að hann væri í rauninni að segja að ríkisstjórnin ætlaði þrátt fyrir kröfur verkalýðshreyfingarinnar að halda sínu striki, með öðrum orðum að hafa kröfur verkalýðshreyfingarinnar að engu. Þetta spyr ég um í fyrsta lagi.

Í öðru lagi, herra forseti. Fyrir örfáum mánuðum eða vikum ræddum við hér um lífeyrismál opinberra starfsmanna og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig hugsar hann sér að sú niðurstaða rími við hugmyndir ríkisstjórnarinnar um allsherjarbreytingar á lífeyrissjóðalöggjöfinni sem greinilegt er að ríkisstjórnin ætlar að knýja fram á vordögum?

Ég hef margra spurninga að spyrja hæstv. ráðherra, varðandi hitt málið, þ.e. Brunabótafélagsmálið og Landsbankamálið. Ég hef ekki tíma til að fara yfir þær en ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga:

Telur hann hugsanlegt að Búnaðarbankinn muni í framhaldi af þessari niðurstöðu efna til samvinnu við önnur tryggingafélög um lífeyrissjóði eða lífeyristryggingar af einhverju tagi og þar með sé staðan í raun og veru orðin sú að samkeppnin á Íslandi sé ekki á milli einkaaðila heldur tveggja tiltölulega mjög sterkra ríkisfyrirtækja? (Forseti hringir.)

Og að lokum, herra forseti, telur hæstv. fjmrh. líklegt að Brunabótafélagið, forríkt félag eftir skamma stund, muni nota auðæfi sín til að kaupa hlutabréf í Landsbankanum?

[16:00]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þessi stórtíðindi í íslenskum viðskiptaheimi eru í senn bæði brosleg en um leið grafalvarleg. Brosleg náttúrlega vegna þess að við erum mitt í umræðu hér á hinu háa Alþingi um einkavæðingu á fjármagnsmarkaði og því er ekki að undra þótt fjölmargir stjórnarliðar og málsvarar einkavæðingar séu eilítið ruglaðir í ríminu þessa dagana þegar fréttir berast á þessari helgi um stórfellda ríkisvæðingu stofnana á fjármagnsmarkaði, ríkisvæðingu sem þýðir það eitt að Landsbanki Íslands, stærsta einstaka eign ríkissjóðs úti á markaði, kaupir helminginn af stærsta tryggingafyrirtækinu. Er að undra þótt menn ruglist eilítið í ríminu?

Málið er hins vegar grafalvarlegt þegar til þess er litið að við viðskipti af þessum toga, þar sem milljarðar skipta um hendur þótt ekki sé einsýnt um það hvaðan þeir peningar eigi að koma, hver eigi að láta þá af hendi eða taka við þeim yfirleitt, þá verða engu að síður stórfelldar breytingar á eignarhlutdeild á tryggingamarkaði annars vegar og í bankaheiminum hins vegar. Og það segir okkur og sýnir sem við stjórnarandstæðingar margir hverjir höfum bent á ítrekað í umræðum um bankamál hér á Alþingi og munum gera áfram að það eru auðvitað örfáir einstaklingar þegar allt kemur til alls sem ráða ferðinni í þessum efnum. Spurningin sem vaknar er hins vegar þessi: Eru þessi tíðindi helgarinnar til þess fallin að flýta fyrir einkavæðingarferlinu eða er þetta fráhvarf frá því ferli og í raun stefnubreyting af hálfu ríkisstjórnarinnar? Þetta verður auðvitað að fást skýrt. Spurningin er líka þessi sem hæstv. starfandi forsrh. verður að svara: Er von á meiru af þessu tagi? Er ráðherrum ríkisstjórnarinnar kunnugt um að þeir búnaðarbankamenn til að mynda séu í viðræðum við fyrirtæki úti í bæ og ætli sér kannski um næstu

helgi að bæta enn við og auka enn frekar við ríkisvæðinguna miklu mitt í allri einkavæðingunni?

[16:02]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á einni síðdegisstund á föstudaginn var spurðust út þau miklu tíðindi að annar ríkisbankanna, Landsbanki Íslands, hefði gert sér lítið fyrir og keypt helming í stærsta tryggingafélagi landsins. Frá því var jafnframt greint að þessi hlutabréfaviðskipti væru hin stærstu frá því að land var numið, hvorki meira né minna. Þá rifjaðist upp hið fornkveðna: Ærið mun hann stórvirkur en eigi veit ég hvort hann er svo góðvirkur.

Þessi sérstæði síðdegisgjörningur vekur vissulega upp margar spurningar sé hann skoðaður í samhengi við það sem áður hefur gerst á þessum sviðum. Það eru ekki liðin nema fimm ár eða tæplega það síðan Landsbankinn fékk hálfan fimmta milljarð í víkjandi lán til þess að standast alþjóðleg mörk um eiginfjárstöðu. Í fyrra þurfti hann sérstakrar skuldbreytingar við vegna þessarar sömu fyrirgreiðslu upp á 1.000 millj. kr. Núna reiðir þessi ríkisbanki hins vegar fram hálfan fjórða milljarð kr. til þess að kaupa sér hlut í atvinnurekstri sem einstaklingar, samtök þeirra og félög hafa annast hingað til, m.a. í krafti þeirrar fyrirgreiðslu sem ríkið veitti honum. Hver er seljandinn? Það er Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands. Skyndilega blasir það við hverjum manni að þetta félag mun hafa handbæra 3,4 milljarða kr. þó svo að fullkomin óvissa virðist ríkja um hver eigi það fé.

Í lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi, sbr. 16. gr. Ákveða skal slitaverðmæti (eignarhlut) hvers og eins sameiganda á þeim degi er lög þessi taka gildi."

Í framhaldi af þessu er óhjákvæmilegt að leita eftir því hver sé eignarhluti eða slitaverðmæti hvers og eins sameiganda nú samkvæmt þeim lögum sem um þessi mál gilda. Með kaupum á Brunabótafélaginu hefur Landsbankinn skuldbundið sig til þess að reiða fram 3,4 milljarða kr. Það virðist augljóst að samkvæmt þeim reikningsskilavenjum sem viðgengist hafa ber að bókfæra kaupverðið í einu lagi en ekki í þremur áföngum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að Ríkisendurskoðun sem er endurskoðandi Landsbankans segi álit sitt á þessum samningi og hver áhrif hans verða á efnahag bankans. Einnig verður fróðlegt að fylgjast með rökstuðningi bankaeftirlitsins sem eftirlitsaðila með bankastarfseminni í landinu. Þeirri fyrirætlan að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög (Forseti hringir.) og opna sölu á hlutafé ber að fagna. Þegar það blasir hins vegar við að annar bankanna er kominn á kaf í nýjan rekstur er alveg óhjákvæmilegt að hraða sölu á hlut ríkisins í bönkunum og helst stíga skrefið til fulls sem allra fyrst.

[16:05]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Mér þótti þetta nokkuð kúnstugt upphlaup út af lífeyristryggingunum. Menn ruku allt í einu upp með getsakir og upphrópanir um að ríkisstjórnin ætlaði að eyðileggja samhjálpartilgang lífeyrissjóðanna. Ég vil bara taka það fram að það stendur ekki til og það verður ekki gert.

Ríkisstjórnin hefur aldrei áformað eða rætt, hvað þá ákveðið, að rústa lífeyrissjóðina. Það liggur fyrir að þeir koma til með að halda sínum 10%.

Í öðru lagi, sveitarfélögin ráða Brunabót. Þar af leiðandi liggur það í hlutarins eðli að söluandvirðið hlýtur með einum eða öðrum hætti að renna til sveitarfélaganna.

[16:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér eru gefnar misvísandi og mótsagnakenndar yfirlýsingar annars vegar af hálfu hæstv. fjmrh. og hins vegar hæstv. félmrh. Annar lýsir því yfir, hæstv. fjmrh., að til standi að setja lífeyrissjóðunum í landinu, samtryggingarsjóðunum þröngar skorður. Hann lýsti því hér áðan í upphafi síns máls. 10% iðgjald ætti að fara inn í samtryggingarsjóði. Síðan ætti það að vera komið undir hverjum einstaklingi hvað gert yrði við það sem kæmi þar ofan á. Þessu lýsti hæstv. fjmrh. yfir áðan, að lífeyrissjóðunum yrðu settar skorður með þessum hætti. Og ég tek undir þá spurningu sem hv. þm. Svavar Gestsson beindi til fjmrh. hér áðan: Hvað með þá lífeyrissjóði sem þegar hafa samið um og reyndar verið fest í lög að greitt verði 15,5% iðgjald? Hvað verður með þetta, hvað verður með þær greiðslur?

Við vitum að lífeyrissparnaður er uppistaðan í heildarsparnaði landsmanna. Hér er um mjög mikið fjármagn að ræða sem fjármálafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki í landinu hafa lengi ásælst. Þessir aðilar hafa viljað fá ríkisstjórnina í lið með sér til þess að ná í þetta fjármagn og samkvæmt þeim fréttum sem borist hafa úr fjmrn. þá hafa þessir aðilar haft árangur af sínu erfiði. Það hefur reyndar ekki kostað mikið erfiði fyrir fjármálafyrirtækin í landinu að fá ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á sveif með sér. En hitt er svo annað mál og ég vil vekja athygli á því að ef einstaklingsbundnir lífeyrisreikningar eru á kostnað samtryggingar, þá eru þeir á kostnað örorkubóta, þeir eru á kostnað barnabóta og þeir eru á kostnað makabóta. Og sú spurning sem hæstv. fjmrh. verður að svara hér er: Stendur virkilega til eins og hann reyndar gaf til kynna í upphafi síns máls að setja lífeyrissjóðunum einhverjar skorður? Þetta er spurningin. (Forseti hringir.) En krafan stendur eftir af hálfu allrar verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Engar breytingar á lífeyriskerfinu án samninga við hana.

[16:08]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ganga núv. hæstv. ríkisstjórnar á vegi hlutafélaga og einkavæðingar er að verða hin mesta píslarganga. Því koma þessi kaup ekki mjög á óvart því að hingað til hafa einkavæðingartilraunir ríkisstjórnarinnar á fjármagnsmarkaði birst okkur í stofnun nýs ríkisbanka og áframhaldandi yfirráðum ríkisins á viðskiptabönkum. Því vakna við kaupin ýmsar spurningar.

Í fyrsta lagi hvort kaupin veiti VÍS óbeina ríkisábyrgð á skuldbindingum sínum. Ef halla færi undan rekstri fyrirtækisins er hætt við að það hefði veruleg áhrif á rekstur Landsbankans og líklegt að ríkissjóður yrði þá að hlaupa undir bagga með einum eða öðrum hætti. Þessi vitneskja lánardrottna gæti leitt til þess að fyrirtækið fengi notið betri kjara á lánamarkaði en önnur tryggingafyrirtæki. Hættan er því sú að með kaupunum sé ríkið að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja á tryggingamarkaði.

Í öðru lagi hafa réttlætingar forsvarsmanna Landsbankans fyrir kaupunum komið mér spánskt fyrir sjónir þegar helsta réttlæting fyrir kaupunum er sú að með þeim sé stofnunin að styrkja stöðu sína vegna fyrirsjáanlegrar erlendrar samkeppni á þessum markaði. Í ljósi nauðsynjar á erlendri samkeppni á þessum markaði tel ég undarlegt að ríkið taki með þessum

kaupum þátt í að byggja múra í því skyni að koma í veg fyrir eða hamla gegn nauðsynlegri samkeppni á þessu sviði.

Í þriðja lagi eru það svo BIS-reglurnar en ég og fleiri eigum erfitt með að skilja hvernig stofnun sem nýverið sótti um stuðning til eiganda síns getur nú án stuðnings skuldsett sig sem nemur rúmlega þeirri fjárhæð sem síðast var lögð til hennar í formi víkjandi lána án þess að skerða sína eiginfjárstöðu. Ég segi ekki annað en mikill er máttur forsvarsmanna bankans.

Að lokum, virðulegi forseti, það sem gerir þetta mál enn sérkennilegra eru svo örlög hins ágæta stjórnmálamanns hæstv. fjmrh., sem á sínum tíma var frægur fyrir baráttu sína undir slagorðinu „báknið burt", en hlýtur nú þau örlög í faðmi helmingaskiptastjórnarinnar að verða lykilmaður í því að ríkisvæða tryggingamarkaðinn.

[16:10]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það er ljóst af svörum hæstv. fjmrh. fyrir hönd forsrh. að vinnubrögðum varðandi lífeyrismál er mjög ábótavant. Að menn skuli ætla sér að setja hér upp nýtt kerfi í sambandi við lífeyrismál án þess að ræða það á réttum vettvangi, það er ósvinna. Hins vegar bendi ég á varðandi málið í heild að ríkisvaldið hér á landi er stærsti aðilinn á fjármagnsmarkaði, stærstur í Vestur-Evrópu, var stærstur og verður enn stærri. Það er verið að auka ríkisreksturinn á fjármagnsmarkaði en ráðherra sagði ekkert um hvort það yrðu stefnubreytingar í frumvörpunum sem lægju frammi. Hann boðaði engar breytingar í kjölfar þessara atburða helgarinnar. Hann sagði að auðvitað gæti þetta tekið breytingum í meðförum þingsins þar sem ekki á að draga úr því ferli sem kveðið er á um í frv. um að selja 35% hlut í Landsbanka og Búnaðarbanka án tryggingar á dreifðri eignaraðild.

Ég vil vekja athygli á þeirri hugmynd okkar jafnaðarmanna sem við vörpuðum fram hvort ekki ætti að reyna að fá erlenda eignaraðila í annan ríkisviðskiptabankann, dreifa síðan hlutabréfum ríkisins milli fjárráða Íslendinga. Þá fengi fólkið bæði dreifða eignaraðild og fólkið fengi sjálft eign sína en hún væri ekki reyrð í fjötra helmingaskiptakerfis stjórnarflokkanna. Ég held að þessa hugmynd ætti að ræða ítarlega. Ég vil hins vegar benda á, herra forseti, gagnrýnin ummæli bæði Árna Mathiesens og Einars Kristins Guðfinnssonar og ég tek undir tillögu hans að Ríkisendurskoðun verði falið að skoða útreikningana á eiginfjárhlutfallinu. Hér eru mjög skrýtnir útreikningar og rökstuðningur á ferðinni þó að vægt sé að orðið kveðið og það mál verður vafalítið tekið upp í hv. efh.- og viðskn. Það eru deilur um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands og það er eins gott að menn undirbúi sig þá undir þá umræðu sem hlýtur að fara í gang varðandi þann þátt. Hver á Brunabótafélagið? Hver á að stýra því og ef á að greiða út þennan eignarhluta, þá til hvaða aðila? (Forseti hringir.) En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að lokum, hann sagðist hafa vitað af þessu máli. Vissu ráðherrar Framsfl. af þessu máli áður en kaupin voru gerð?

[16:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst um lífeyrismálin. Undirbúningur þess frv. sem hér hefur verið nokkuð til umræðu hefur nú tekið um eitt og hálft ár. Í dag er það svo að menn geta lagt inn í séreignarlífeyrissjóði og það telst gildur lífeyrissparnaður samkvæmt lögum. Ég staðhæfi það hér að með þeirri lagabreytingu, með þeim lögum sem við ætlum að setja í vor ef það tekst, þá erum við að styrkja lífeyriskerfi landsmanna. Ég vil að það komi hér fram.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson og Svavar Gestsson spurðu hvað yrði um opinbera starfsmenn. Um þá gilda sérstök lög. Það hefur ekki verið gengið frá neinu í því efni að breyta þeim, en það gæti orðið samkomulag um það í framtíðinni ef opinberir starfsmenn vilja skipta sínum lífeyrissparnaði öðruvísi en þeir gera í dag.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson minntist á samkeppnisstöðuskýrsluna og það er ánægjulegt fyrir mig því að ég þekki hana ágætlega. Ég tel að það sé ekki rangt að styrkja fyrirtæki sem síðan eigi að einkavæða, ég tel það ekki rangt. Ég mundi telja rangt af hálfu ríkisins að veikja slík fyrirtæki áður en þau væru einkavædd. Og ég vil segja það hér að persónulega tel ég að þeir atburðir sem hér hafa gerst ættu að ýta undir einkavæðinguna og flýta henni fremur en hitt.

Hv. þm. Svavar Gestsson minntist á það að framkvæmdastjóri Sjálfstfl. væri að fylgjast með umræðum og með vinnumönnum sínum. Má ég benda honum á að hér er mættur Ingi R. Helgason á pallana, stjúpi hv. þm. í a.m.k. ýmsum málum Alþb. og gamla Sósíalistaflokknum, þannig að það hallar ekki á með okkur vinunum í þessum efnum.

Að lokum ætla ég að segja að það sem skiptir auðvitað máli í þessum umræðum öllum er að langtímasparnaður hér á landi aukist í framtíðinni. Það er það sem skiptir sköpum fyrir íslenska þjóð.

Virðisaukaskattur, 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 746.

[16:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum. Þetta mál er 437. mál þingsins og er að finna á þskj. 746.

Eins og fram kemur í greinargerð með þessu máli er verið að leggja til breytingar sem miða fyrst og fremst að því að kveða með skýrari hætti en nú er gert í lögum um afmörkun skattskyldu í einstökum tilvikum. Telja verður að lögin verði heildstæðari við þessar breytingar en þau eru nú og jafnframt verði framkvæmd þeirra styrkt og réttaröryggi borgaranna betur tryggt en áður.

Í fyrsta lagi er í þessum lögum lagt til að skattskylda verði afmörkuð skýrar en nú og byggir það m.a. á breytingum sem gerðar hafa verið á stjórnarskipunarlögum hér fyrir fáeinum árum. Til þess að gera virðisaukaskattslögin heildstæðari er í frumvarpinu lagt til að skattskyldan verði afmörkuð í lögunum með því að gera heimildarákvæði varðandi skattskyldu, undanþágur og endurgreiðslur skýrari.

Í öðru lagi er lagt til að undanþáguákvæði laganna er snýr að bankastarfsemi verði gert skýrara með það að markmiði að styrkja gildandi framkvæmd. Hér er ekki um að ræða efnislega breytingu heldur er þessi breyting gerð til þess að styrkja núverandi stefnu sem kemur fram í lögum.

Í þriðja lagi er lagt til að vörur sem skattskyldur aðili flytur til landsins, séu undanþegnar virðisaukaskatti ef heildarverðmæti þeirra nemur ekki meira en 1.500 kr. Þessi undanþága nær þó hvorki til áfengis né tóbaks. Hér er um að ræða ívilnandi breytingu.

Í fjórða lagi er verið að styrkja málsmeðferðarákvæði.

Í fimmta lagi er um að ræða breytingar sem koma fram í 4. gr. frv. og ég mun fjalla sérstaklega um síðar í máli mínu.

Ég mun nú rétt víkja, virðulegi forseti, að einstökum greinum frv.

Í 1. gr. er annars vegar lagt til að 10. tölul. 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaganna verði gerður skýrari og afdráttarlausari. Þar verði kveðið á um að góðgerðarstarfsemi sé undanþegin skattskyldu í stað þess að fjmrh. hafi ákvörðunarvald um slíkt. Sala fjármálastofnana á ýmissi annarri þjónustu en þeirri sem háð er starfsleyfi þeirra er hins vegar sem fyrr segir í þessari greinargerð skattskyld að því leyti sem hún er í samkeppni við aðra aðila. Þannig er t.d. ýmis innheimtustarfsemi skattskyld önnur en innheimta á eigin kröfum, þar með talin útgáfa og dreifing á reikningum fyrir aðra aðila. Þá er í 2. tölul. gerð tillaga um að kveðið sé skýrar á um skattskyldu í lögunum.

Sé litið til 2. gr. þá er þar lagt til að afnumin verði heimild fjmrh. til að ákveða hvenær um sé að ræða skattskyldu vegna eigin þjónustu og hún ákveðin skýrt í lögunum sjálfum.

Í 2. gr. er verið að lögfesta gildandi rétt, sem er í 2. mgr. 3. gr. laganna, gera hann skýrari heldur en hann er nú þegar hann er að mestu leyti í reglugerðum.

Fjármálaráðherra hefur gefið út þrjár reglugerðir um þetta efni, þ.e. reglugerð nr. 562/1989, nr. 576/1989 og nr. 248/1990. Í meginatriðum gerir tillagan hér ráð fyrir óbreyttri framkvæmd en leitast er við að orða megininntak þessara reglugerða og setja það í lögin. Ekki er gert ráð fyrir að neinar breytingar verði á skattskyldu vegna eigin starfsemi frá því sem gilt hefur samkvæmt fyrrgreindum reglugerðum.

Með þessum ákvæðum er mælt fyrir um almenna skyldu til að standa skil á virðisaukaskatti af eigin þjónustu og framleiðslu í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða almenna skrifstofuvinnu og hliðstæða starfsemi sem ekki verður talin vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki á viðkomandi sviði.

Í öðru lagi, og það er ekki efnisleg breyting, má geta þess að í 2. og 3. málslið er að finna reglur um skyldu þeirra sem byggja eða reisa hús eða önnur mannvirki fyrir eigin reikning til að reikna virðisaukaskatt af byggingarstarfseminni.

Sé litið til 3. gr. frv. þá er þar um að ræða smávægilega orðalagsbreytingu en með þessari breytingu er tryggt að aðilar sem fjárfesta í þjónustugreinum eigi jafnan rétt og aðilar sem fjárfesta í framleiðslugreinum til að fá skráningu þrátt fyrir að tekjur verði ekki af starfseminni strax í upphafi.

Í 4. gr. er um að ræða nokkra efnisbreytingu. Í fyrsta lagi er lagt til að fjarskiptaþjónusta teljist ekki veitt erlendis ef kaupandi hennar er annaðhvort með búsetu eða fasta starfsstöð hér á landi. Þetta skýrist af vaxandi notkun GSM-síma erlendis.

Í öðru lagi, og þar er um smávægilega efnisbreytingu að ræða einnig, er lagt til að fellt verði brott heimildarákvæði fjármálaráðherra til að ákveða undanþágur vegna þjónustu sem veitt er hér á landi til aðila sem hafa heimilisfesti erlendis. Í staðinn verði lögákveðið að sala á þjónustu til erlendra aðila sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi sé undanþegin skattskyldri veltu í þeim tilvikum sem þjónustan er að öllu leyti nýtt erlendis. Þess í stað geta erlendir rekstraraðilar sem kaupa viðkomandi þjónustu hér á landi fengið virðisaukaskatt af henni endurgreiddan samkvæmt reglugerð nr. 288/1995, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

Kem ég þá að 5. gr., virðulegi forseti. Lagt er til í þeirri grein að lögfest verði heimild fyrir skattstjóra til að fresta endurgreiðslu virðisaukaskatts í þeim tilvikum sem skattstjóri telur að um skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga sé að ræða. Með þessu er verið að tryggja að skattstjóri geti stöðvað útgreiðslur úr ríkissjóði á meðan mál eru í rannsókn hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Í 6. gr. er lagt til að lögbundið verði að aðilar, sem fá of háa endurgreiðslu virðisaukaskatts á grundvelli 1., 3. og 4. mgr. 42. gr. og 3. mgr. 43. gr. laganna skuli sæta álagi.

Í 7. gr. er lagt til að styttur verði sá frestur sem skattskyldur aðili fær til að að ráða bót á tekjuskráningarkerfi sínu og bókhaldi þegar skattrannsóknarstjóri ríkisins beinir fyrirmælum til hans um úrbætur. Hér er verið að stytta frestinn úr 45 dögum í 15 daga.

Í 8. gr. er lagt til að kveðið verði skýrt á um það í lögunum að greiða skuli virðisaukaskatt af þjónustu sem keypt er erlendis frá og nýtt hér á landi. Í gildandi lögum er það lagt í vald ráðherra að kveða á um greiðsluskylduna í reglugerð. þ.e. reglugerð nr. 194/1990, þannig að hér er verið að færa yfir í lög það sem áður hefur verið í reglugerð. Til viðbótar, og það er efnisbreyting, þykir rétt að kveða á um það að ef erlendir aðilar veita skattskylda þjónustu hér á landi beri kaupanda að greiða virðisaukaskatt af henni, enda hafi hinn erlendi aðili hvorki starfsstöð né umboðsmann hérlendis. Þá er jafnframt tekið fram í 2. mgr. 8. gr. að ef kaupandi þjónustunnar er skráður aðili og getur talið virðisaukaskatt af þjónustunni til innskatts fellur greiðsluskyldan niður. Ákvæði 2. mgr. er sama efnis og 2. mgr. 4. gr. umræddrar reglugerðar sem ég hef áður vitnað til.

Í 9. gr. er í fyrsta lagi lagt til að lögákveðið verði að ritað mál sem berst til landsins án endurgjalds sé undanþegið greiðslu virðisaukaskatts, enda sé innflutningurinn ekki í viðskiptaskyni. Tillaga þessi er í samræmi við gildandi framkvæmd samkvæmt reglugerð nr. 71/1993. Í öðru lagi er lagt til að vörur, sem fluttar eru til landsins af virðisaukaskattsskyldum aðilum verði undanþegnar virðisaukaskatti við innflutning, sé tollverð þeirra 1.500 kr. eða lægra. Telja verður að síðarnefnd breyting hefði ein og sér óveruleg áhrif á tekjur ríkissjóðs, þar sem innflytjanda væri ella heimilt að draga greiddan virðisaukaskatt af vörunum frá sem innskatt í uppgjöri. Hins vegar skal bent á að samkvæmt reglugerð nr. 327/1990, um tollafgreiðslu hraðsendinga, er í dag innheimt sérstakt gjald af slíkum sendingum ef verðmæti þeirra er undir 20 SDR, þ.e. sérstakra dráttarréttinda, sem eru um 2.000 íslenskar krónur. Þetta er nokkurt tekjutap fyrir ríkissjóð eða 9 millj. sé miðað við sl. ár og því má telja að ríkissjóður verði í framtíðinni af þeim tekjum sem hann hefur haft af gjaldi af verðlitlum hraðsendingum.

Það þarf ekki að skýra 10. gr. en í 11. gr. er lagt til að felld verði brott heimild fjármálaráðherra skv. 3. mgr. 42. gr. laganna til að endurgreiða ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra virðisaukaskatt sem þau hafa greitt við kaup á skattskyldri vöru eða þjónustu. Í stað heimildarákvæðisins er lagt til að sú þjónusta og vara, sem er endurgreiðsluhæf skv. 12. gr. reglugerðar nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, verði tæmandi upptalning í ákvæðinu. Tillagan er auðvitað í samræmi við aðrar breytingar, en hér er fyrst og fremst um það að ræða að færa yfir úr reglugerð í lög það sem menn telja samkvæmt nýjum siðum, venjum og lögum hér á landi að eigi fremur heima í lögum en í reglugerð.

Ég lýk hér máli mínu og þakka fjölmörgum hv. þm. áheyrnina og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, 1. umr.

Stjfrv., 438. mál. — Þskj. 747.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér með að mæla fyrir frv. um uppgjör á vangoldnum söluskatti, stjfrv., 438. mál þingsins og er að finna á þskj. 747. Ég vil gera nokkra grein fyrir þessu frv. en vísa að öðru leyti til greinargóðra athugasemda og fylgiskjala með frv.

Tilgangur þessa frv. er að gera þeim sem enn skulda skatta frá árunum fyrir 1990 kleift að gera þá upp með greiðslum og skuldabréfum. Eftirstöðvar skatta frá þessum tíma eru ekki miklar og má reikna með að þær séu þegar að mestu tapaðar. Í skýrslu minni um afskriftir af skattskuldum sem lögð var fyrir 120. löggjafarþing var boðað að til athugunar yrði að þeim gjaldendum sem enn eru í vanskilum af þessum toga yrði gefinn kostur á að gera þær upp með sérstökum samningum. Í því efni þyrfti að athuga sérstaklega dráttarvexti af skuldum þessara aðila með tilliti til þess að hluti af þeim sem um er að ræða voru dráttarvextir að raungildi miklu hærri en síðar varð og nú er. Þegar allt er lagt saman, söluskattur, launaskattur og opinber gjöld frá tekjuárinu 1989 og fyrr, þá verða það samtals 1.492 millj. kr. Þar af er upphaflegur höfuðstóll 478 millj. kr., dráttarvextir 995 millj. kr. eða helmingi hærri upphæð og innheimtukostnaður er 19 millj kr. Í greinargerðinni, athugasemdunum er því lýst hvernig þetta skiptist á milli gjaldflokka og einstaklinga og lögaðila og vísa ég til þess. En um 75% skuldakrafnanna eru í bú sem tekin hafa verið til skiptameðferðar. Fjárnám hefur verið gert til tryggingar á um 20% krafnanna til viðbótar án þess að enn hafi komið til skipta.

Í frv. er gert ráð fyrir að skuldurum þessara krafna verði gefinn kostur á skuldbreytingu þeirra. Verði skuldbreytingin miðuð við höfuðstól skuldanna með vöxtum sem miðist við 2% til viðbótar við hækkun vísitölu neysluverðs. Skuld sem staðið hefur óhreyfð frá miðju ári 1989 til miðs árs 1996 yrði samkvæmt þessu 60% hærri en upphaflegur höfuðstóll í stað þess að hafa vaxið um 271% með dráttarvaxtareikningi. Gert er ráð fyrir að innborganir sem komið hafa á tímabilinu verði meðhöndlaðar með sama hætti, þ.e. á þær verði reiknaðir sömu vextir og þær komi þannig til frádráttar frá uppreiknuðum höfuðstól. Ekki er útilokað að í einstaka tilviki verði uppreiknaðar innborganir hærri en uppreiknuð skuld og telst skuldin þá að fullu greidd en mismunur verður ekki til greiðsu og ég legg áherslu á þetta fyrir hv. þm.

Í frv. er gert að skilyrði að skuldin sé ekki tilkomin vegna endurákvörðunar skattyfirvalda eða vegna skattsvika þannig að það er undanþegið að sjálfsögðu.

Til að fara fljótt yfir sögu þá er gert ráð fyrir því að í þeim tilvikum sem útsvar og aðstöðugjald eru hluti vangoldinna opinberra gjalda er gert að skilyrði fyrir skuldbreytingu að viðkomandi sveitarfélag hafi fallist á samsvarandi skuldbreytingu á útsvarinu og aðstöðugjaldinu. Með skuldbreytingu eins og frv. gerir ráð fyrir verður hins vegar unnt að hreinsa verulega til í innheimtukerfinu með því að fella út skuldir vegna skatta sem ekki eru lengur lagðir á og mjög gamlar skattaskuldir. Enn fremur verður komist hjá fjölda tilgangslítilla innheimtuaðgerða og gjaldþrotaskipta sem litlu skila í ríkissjóð en hafa í för með sér kostnað og fyrirhöfn fyrir innheimtuaðila og skuldara. Í þessu efni vísa ég til umræðna sem orðið hafa á þingi um þessi mál, en hv. þingmenn hafa einmitt sýnt þessu máli sérstakan áhuga á undanförnum árum og kallað eftir lagafrv. sem hér er nú til 1. umr.

Í 1. gr. frv. er um að ræða almennt ákvæði. Í 2. gr. er bent á að ef ekkert fjárnám hefur verið gert þá er ekki gerð krafa um veð eða ábyrgð, en ef fjárnám hefur verið gert verður sama veð notað.

Í 3. gr. er fjallað um endurreikning á vöxtum, í 4. gr. um skilmála, greiðslur, tíma o.fl. og í 5. gr. er kveðið á um það hvernig að uppgjöri skattaskulda með skuldabréfi verði háttað.

Virðulegi forseti. Greinargerðin og fylgiskjölin með þessu frv. eru skýr. Ég hygg að hv. alþm. hafi kynnt sér málið mjög vel og um það sé mikil og góð samstaða hér í þinginu. Það er mín tillaga að frv. verði sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (viðurkenndir bókarar). — Þskj. 758.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um bókhald, með síðari breytingum. Þetta mál er eins og hæstv. forseti benti réttilega á 446. mál þingsins og er að finna á þskj. 758.

Þetta frv. er einfalt. Það eru engin ákvæði í íslenskum lögum um starfsemi þeirra sem hafa atvinnu af því að færa bókhald og annast gerð reikningsskila og skattskila fyrir fyrirtæki. Þannig eru engar kröfur gerðar í lögum til menntunar eða hæfni þeirra sem selja slíka þjónustu.

Í frv. sem hér er til umræðu er ekki gert ráð fyrir að búin verði til ný lögvernduð stétt manna heldur að stjórnvöld hlutist til um að haldið verði námskeið og síðan próf þar sem þeir sem þess óska geti sannreynt fagþekkingu sína í bókfærslu, reikningsskilum og skattarétti og fengið síðan opinbera staðfestingu á þeirri þekkingu. Ég undirstrika þetta, þ.e. að hér er ekki verið að lögvernda starfsréttindi heldur verið að festa í lögum ákveðið heiti yfir þá menn sem hafa staðist tilskilin próf. Geri þeir það fá þeir sérstaka viðurkenningu ráðherra á faglegri hæfni sinni og þá er einnig gert ráð fyrir því að ráðuneytið haldi sérstaka skrá um þá einstaklinga sem hlotið hafa slíka viðurkenningu. Ég vil taka það fram að hægt er að sjálfsögðu að semja við fræðslustofnun, t.d. Háskóla Íslands eða Stjórnunarfélag Íslands eftir atvikum, um að standa að námskeiðum sem hér þyrftu að koma til skjalanna. Ráðuneytið bæri síðan ábyrgð á prófum eins og ráðuneytið gerir gagnvart löggiltum endurskoðendum sem þó hafa að sjálfsögðu miklu meiri menntun heldur en hér er verið að ætlast til að menn hafi.

Í dag eru þetta háskólamenntaðir menn, sjálfmenntaðir, verslunarskólamenntaðir o.s.frv. sem standa í störfum á borð við þessi. Margir þeirra vilja vera á skrá þar sem, vegna neytendasjónarmiða t.d., hægt sé fyrir aðila sem heldur skrána að geta bent á að þessir menn hafi hlotið tilskilda menntun, hafi þekkingu til að bera og af því að annars er hætta á því að menn sem gefa sig út fyrir slíka starfsemi séu meðal þeirra án þess að vera færir um að taka sér vinnu fyrir aðra í bókhaldi og reikningsskilum og skyldri þjónustu.

Viðurkenning ráðherra yrði þannig staðfest á því að viðkomandi hefur fullnægt ákveðnum almennum hæfisskilyrðum, þ.e. viðkomandi sé heimilisfastur hér á landi, lögráða og hafi forræði á búi sínu auk þess að hafa staðist próf þau sem hér er kveðið á um.

Ég vil minna á það að lokum, virðulegi forseti, að á sínum tíma þegar gefin var út árið 1993 að minni tilhlutan svokölluð skattsvikaskýrsla — til var nú reyndar önnur skattsvikaskýrsla — kom fram í niðurstöðum hennar að huga þyrfti að ábyrgð þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi við færslu bókhaldsgerð, gerð skattframtala og ársreikninga fyrirtækja og síðan sagði orðrétt, í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Tryggja þarf með einhverjum hætti ákveðna lágmarkskunnáttu þessara manna á reikningsskilum og gildandi lögum og reglugerðum."

Með þessu frv. er komið til móts við þessi sjónarmið auk þess sem ég minni á að á sínum tíma samþykkti Alþingi Íslendinga að fela fjmrh. að flytja frv. um þetta efni.

Ég leyfi mér að lokum, virðulegi forseti, að mælast til þess að frv. verði sent til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:38]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleyfi útlendinga, 296. mál, svar félmrh., þskj. 765.

Hvíldar- og þjónustustaðir fyrir ökumenn flutningabifreiða, 462. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 777.

Innheimta þungaskatts, 463. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 778.

Útflutningur á ferskum fiski, 274. mál, svar sjútvrh., þskj. 764.

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 209. mál. — Þskj. 248.

[16:39]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til ál. um læsivarða hemla á bifreiðum en þessi tillaga fjallar um öryggisbúnað, svokallaðar ABS-bremsur. Í ýmsum málaflokkum er æ meiri áhersla lögð á forvarnir. Í umfjöllun um heilbrigðismál ber það mál oft á góma, ekki síst þegar réttlæta á breyttar áherslur eða niðurskurð. Þá á að bæta úr vanda með aukinni áherslu á forvarnir. Þetta þekkjum við frá umræðum á Alþingi og víða hefur það verið sett í lög að efla skuli forvarnir. Þó sumum virðist þetta virka eins og réttlæting í erfiðri stöðu, þá vitum við sem störfum á Alþingi að því fjármagni sem veitt er til forvarnastarfa er yfirleitt vel varið. Við vitum að í flestum tilfellum erum við of skammt á veg komin í forvarnastarfi eins og t.d. varðandi vímuefni og ofbeldismál. Það þarf jafnframt að styrkja fræðslustarf sem snýr að heilbrigðum uppvaxtarskilyrðum. Alls staðar má betur gera í þessum efnum. Ég dreg upp þessa mynd vegna þess að í flestum tilfellum er forvarnaaðgerð í huga okkar bundin við útlagða fjármuni, fjárfestingar í ákveðnum aðgerðum eða verkefnum eða með því að ríkið afsali sér tekjum sem það hefur haft af einhverjum þáttum og þar með komi til tekjutap fyrir ríkissjóð og kostnaður við gjörð og um að fjallar þessi tillaga.

Það mál sem ég mæli fyrir er nokkuð öðruvísi forvörn. Tillagan snýst um að ríkisvaldið afsali sér fyrir fram tekjum af búnaði bifreiða sem telst til meiri háttar öryggisbúnaðar. Hann ætti að vera sjálfsagður hlutur í landi eins og okkar með þeim akstursskilyrðum sem hér myndast og nægir þar að benda á aðstæður eins og hafa verið hér undanfarna daga í umferðinni. Hins vegar mundi samþykkt þessarar tillögu stuðla að öryggi í umferðinni og afstýra í mörgum tilfellum óhöppum eða slysum.

Virðulegi forseti. Ég vil strax í upphafi máls míns vekja athygli á ályktunum sem bárust þingmönnum varðandi þessi mál á vordögum í fyrra. Annað er ályktun um vörugjald og umferðaröryggi af hálfu Umferðarráðs en þar beinir Umferðarráð þeirri áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að gjaldaálögum á bifreiðar verði jafnað. Þar er fjallað um stærð bifreiða en nefnt að bifreiðir í stærri flokkum sé unnt að fá með ótvíræðum öryggistækjum, svo sem loftpúðum, hemlalæsivörn, þ.e. ABS-bremsum, og barnaöryggisbúnaði. Umferðarráð setur þá skoðun fram að hvetja þurfi kaupendur bifreiða til þess að fjárfesta frekar í slíkum öryggisbúnaði en öðrum aukahlutum eins og álfelgum og hljómflutningstækjum. Umferðarráð telur að huga mætti að því að gera öryggisbúnað, svo sem loftpúða, hemlalæsivörn og barnaöryggisbúnað aðgengilegri með sérstakri lækkun aðflutningsgjalda, en óumdeilanlega eykur notkun slíks búnaðar umferðaröryggi.

Þetta var úr ályktun Umferðarráðs. Félag ísl. bifreiðaeigenda sendi þingmönnum einnig frá sér ályktun á vordögum í fyrra, í maí nánar tiltekið. Þar skora þeir á fjmrh. og Alþingi að beita sér fyrir breytingu á vörugjaldi bifreiðainnflutnings til að auka öryggi í umferðinni, bæta hag stórra fjölskyldna og auka hagkvæmni í rekstri bifreiða. Þar skorar FÍB á sömu aðila að fella alveg niður vörugjald á þeim hlutum nýrra bíla sem stuðla að verulega auknu umferðaröryggi, svo sem höggpúðum eða svonefndum líknarbelgjum og læsivörðum hemlum eða ABS-bremsum, eins og sú tillaga er um sem ég mæli hér fyrir. FÍB telur að niðurfelling á gjaldi vegna öryggisbúnaðar ásamt breytingu eða lækkun vörugjaldsins í vissum gjaldflokkum geti komið til móts við öll þessi markmið. Og við þingmenn þekkjum það að um þetta leyti var orðið við beiðni bifreiðaumboðanna um að breyta gjaldaflokkum bifreiða til þess að, getur maður sagt gefa fólki kost á að velja úr fleiri tegundum bifreiða, en það var ekki tekið á þessum öryggisþáttum og ég tel það mjög miður þar sem þessi tillaga lá fyrir í efh.- og viðskn. þegar verið var að breyta vörugjaldinu.

Tillagan, eins og ég hef áður nefnt, lýtur að því að fella niður gjöld af svokölluðum öryggisbremsum. En þá má kannski spyrja: Hvað gera öryggisbremsurnar? Til hvers eru þær? Af hverju er svo mikilvægt að vera með öryggisbremsur á bifreiðum að það réttlæti það að felld séu niður vörugjöld af þessum öryggisbúnaði til að auka sölu bifreiða með honum?

Öryggishemlarnir virka þannig að ef viðnám á vegi er lítið þá slær hemlaástigið eða pedalinn á móti og sýnir ökumanni að nú eiga að vera viðbrögð. Og bremsurnar virka þannig að þó stigið sé á þær af fullum þunga, þá læsist bremsukerfið aldrei, hjólin snúast örlítið og bíllinn hleður ekki undir dekkin eins og oft er sagt, hann klossar ekki. Hann rennur ekki eins og sleði áfram og það er í því sem þessi mikilvæga vörn felst. Ef hemlað er í hálku heldur bíll oftast beint áfram en með læsivörðum hemlum, eða ABS-bremsunum eins og við segjum í daglegu tali, getur bíllinn beygt, hemlavegalengd styttist og hann stöðvast fyrr.

Þetta er því mjög mikilvægt mál, virðulegi forseti sem hér er mælt fyrir og mjög furðulegt að ekki skuli hafa verið gefinn meiri gaumur að bæði þessu og fleiri málum. Ég tek það fram hér að þegar ég mælti fyrir þessu máli í fyrra, þá kom ég einnig inn á mikilvægi loftpúðanna eða líknarbelgjanna sem svo eru nefndir, en þá hafði hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson flutt tillögu um að vörugjöld yrðu felld niður af þeim öryggisbúnaði. Hann hefur ekki gert það á þessum vetri. Ég vil ekki skipta mér af því máli hans, en geta þess að það eru fleiri öryggisatriði sem ætti að skoða að fella niður vörugjöld af.

Nú vil ég, til þess að forðast allan misskilning, benda á að ég hef rætt þetta mál við ýmsa sem gott vit hafa á því, m.a. forustumenn hjá Landssambandi ísl. akstursfélaga. Þeir sjá um mjög mikilvægan þátt umferðarmála, eiga fulltrúa í Umferðarráði og hafa t.d. beitt sér mjög í öryggismálum bifhjóla og náð miklum árangri. Þeir hafa bent mér á að auðvitað verða menn að kunna að nota þessar bremsur og verða að vita hvað gerist. Þeir hafa líka bent á að ekki eru allar tegundir þessara hemla jafngóðar. Dæmi séu um að hjólin geti „haldið" — takið eftir þessu orðalagi — að það sé hálka ef lausamöl eða leðja séu á malbikinu og tilfellið sé að lélegri tegundir af þessum bremsum geta verið varhugaverðar og skapað oftrú og óaðgæslu og séu í raun ekki nægilega góðar. Fullkomið kerfi mundi alltaf „vita" að fast er undir, þó að svo sé ekki með lélegri tegundir.

Bestu ABS-bremsurnar eru svokallaðar fjórvirkar ABS. Þær skynja og meðhöndla hvert hjól fyrir sig. Í sumum tilfellum hefur verið hægt að slökkva á öryggiskerfinu og margir telja að það sé besti búnaðurinn vegna þess að ef bíll sem yfirleitt er ekið á malbikinu, og því mikilvægt að hafi þennan búnað, er kominn út á malarveg þá gæti verið mjög mikilvægt að hægt sé að taka ABS-bremsurnar af. Ég ætla ekki að leggja mat á þetta en mér finnst þetta mjög mikilvægt af því að ég hef rætt þetta við menn sem hafa svo gott vit á þessu að þeir styðja algjörlega að komið verði til móts við þessi öryggismál en vilja jafnframt að réttar ábendingar komi fram um notkunina á honum.

Fyrir rúmu ári voru umræður um bifreiðagjöld. Ég held að það hafi verið í tengslum við fjárlagagerð þá fyrir jólin. Þá kom ég með fyrirspurn til fjmrh. um stefnumörkun hans varðandi öryggisbúnað, bæði öryggishemla og loftpúða og skattlagningu búnaðar vegna þess að Alþingi tók ákvörðun um það fyrir mörgum árum að skattleggja ekki bifreiðahjálma t.d. Þeir bera ekki skatt eða vörugjald af því að talið er að þetta sé mjög mikilvægur öryggisbúnaður. Þar var auðvitað innleidd ákveðin stefna sem væri eðlilegt að líta til í öðrum málum jafnframt.

En þá kom það í ljós við svör ráðherrans að þrátt fyrir að Bílgreinasambandið hefði hreyft við þessu máli við ráðuneytið, þá hefði engin stefnumörkun átt sér stað um þessa öryggisþætti og engin ákvörðun verið tekin um að fella niður gjöld á þeim. Og eins og ég kom inn á áðan, voru þær breytingar sem gerðar voru á vörugjöldum í fyrravetur á þá lund að eingöngu var tekið mið af stærðarmörkum bifreiða og upphæðum en ekkert farið inn á það hvernig bifreiðarnar væru búnar og hversu öruggar þær væru fyrir fjölskyldurnar í landinu.

Ég held því fram að búast megi við litlum eða jafnvel engum tekjusamdrætti hjá ríkinu ef þessi tillaga verður samþykkt. Innkaupsverð á bifreiðum með umræddum öryggisbúnaði yrði alltaf hærra en á bifreiðum án hans, en það mætti bjóða bifreiðar með enn meiri öryggisbúnaði og þá á sama verði og áður. Það er líka sannfæring mín að útgjöld ríkisins og kostnaður þjóðarbúsins mundi lækka vegna fækkunar slysa. Mestu máli skiptir þó að afstýra slysum og þeim meiðslum, dauðsföllum og öðrum áföllum sem eru afleiðingar alvarlegra umferðarslysa.

Áður en ég vík að því hvernig nágrannalöndin taka á þessum öryggisþáttum vil ég gjarnan greina frá þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá bifreiðaumboðunum um hvert hlutfall nýrra bifreiða með öryggisbúnaði er af nýjum seldum bifreiðum vegna þess að ég held að það opni augu þingmanna fyrir því hversu lágt hlutfall þetta er og hversu rangt það er að það séu í raun og veru einungis dýrustu bifreiðarnar, stærstu og dýrustu bifreiðarnar, þær tegundir sem efnaðasta fólkið er að kaupa, hafi þennan öryggisbúnað en algengar fjölskyldubifreiðar alls ekki. Það var mjög ánægjulegt hve umboðin sendu frá sér skilmerkilegar upplýsingar þegar ég leitaði eftir þeim hjá þeim í fyrravetur. Yfirferð á upplýsingum þeirra sýnir að um það bil 3–5% bifreiða hjá umboðunum eru búnar læsivörn eða ABS-bremsum. Ef við lítum þá á þær tekjur sem ríkið hefur núna af því að skattleggja eða vera með vörugjald á þessum búnaði, þá yrði tekjutapið mjög lítið. Það sem um er að tefla er að ríkið væri að afsala sér tekjum sem hugsanlegar yrðu ef fólk færi í stórum stíl að kaupa bifreiðar með þessum búnaði og borga af honum skatta og vörugjöld í þeim ríka mæli sem krafist er nú. Tekjutap yrði því sáralítið en fækkun slysa og lækkun sjúkrakostnaðar líklega talsverður.

Það má minna á að á áttunda áratugnum þótti sjálfsagt að öryggishjálmar fyrir bifhjól væru í 0% tolli þótt annar búnaður bifhjóla væri með allt yfir 152% aðflutningsgjöldum, 80% tolli og 40% vörugjaldi. Reiknað er með að innan skamms verði sá búnaður sem ég hef rætt hér um, staðalbúnaður. Í Bandaríkjunum eru nýir bílar ófáanlegir nema með öryggispúðum eða líknarbelgjum og 80% þeirra eru afhentir eða afgreiddir með læsivörðum hemlum eða þessum ABS-bremsum. Mér líkar nú best að nota það orð.

Á Norðurlöndum þar sem vel er hugað að þessum málum er þróunin í sömu átt. Í Noregi eru t.d. allar Honda bifreiðar seldar með læsivörðum hemlum en hér á landi eru um 20% dýru bifreiðanna með ABS-bremsum, þ.e. bifreiðar sem kosta yfir 2 millj. en eingöngu 1% bifreiða með loftpúðunum.

Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, að renna yfir upplýsingarnar frá umboðunum. Þar sem ég er að fjalla um margar tegundir bifreiða þá tel ég að ekki sé verið að halda á lofti einni tegund fremur en annarri. Það eru stóru bifreiðarnar sem fyrst og fremst eru með þessi öryggistæki en þær litlu ekki.

Ég fékk þær upplýsingar frá Ræsi að allar Mercedes Benz bifreiðar, 100%, séu með ABS-bremsum meðan litlu Mazda bifreiðarnar hafa í flestum tilfellum ekki slíkan öryggisbún-

að eða um það bil 6–7% þeirra. Upplýsingar frá Brimborg sýndu að dýru bifreiðarnar af tegundunum Volvo og Ford eru yfirleitt með þessum öryggisbúnaði á meðan einungis 10% og jafnvel upp í 23% ódýrari tegundanna hafa þennan búnað og hjá þeim hafa japönsku bifreiðarnar hann alls ekki. Það þarf ekki að taka fram að fjöldi seldra bifreiða er að sjálfsögðu mestur í þeim gerðum sem eru án þessa mikilvæga búnaðar. Skýringin er að kostnaður við öryggisbúnaðinn er of hátt hlutfall af verði bifreiðarinnar. Af 1.345 innfluttum bifreiðum frá Heklu voru aðeins 64 búnar ABS-bremsum, en slík hemlalæsivörn kostar frá 150–250 þús. kr. eftir tegundum og menn sjá strax að ekki er óeðlilegt að fólk staldri við áður en lagt er í þann aukakostnað. Sömu sögu er að segja frá Ingvari Helgasyni. Það er farið að bjóða þennan öryggisbúnað sem staðalbúnað í bifreiðum sem þeir selja. Verðið er hátt og hlutfallslega hæst í ódýrari bifreiðum eða allt að 7–10% af bílverði.

Í ákveðnar tegund bifreiða gátu þessar öryggisbremsur kostað liðlega 80 þús. kr. án álagningar, en með álögðum gjöldum færi kostnaðurinn í nær 176 þús. kr. eða tvöfalt innkaupsverð búnaðarins. Með álagningu yrði búnaðurinn á tvöföldu verði og færi úr 80 þús. kr. í 176 þús. kr. Það er ríkið sem er að skapa í raun og veru verðið á þessum mikilvæga öryggisbúnaði eða hækka það um þessa krónutölu.

Hægt er að fá allar Toyota bifreiðar með ABS-kerfi sem aukabúnað en eingöngu staðalbúnað í þeim dýrustu. Þar kemur líka fram að þessi öryggisbúnaður verður allt of dýr með þeim háu gjöldum sem á hann er lagður. Sömu sögu er að segja um Suzuki. 5% seldra bíla eru með þessa öryggisvörn og útsöluverðið er um það bil 120 þús. kr. á þessum búnaði og aðeins fáanlegur á dýrustu bílunum. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar og full ástæða til þess að við stöldrum við og veltum þessum staðreyndum fyrir okkur.

Virðulegi forseti. Ég hef valið að stikla á stóru í upplýsingum frá bifreiðaumboðunum til að undirstrika í hve litlum mæli sá mikilvægi öryggisbúnaður sem hér er um rætt er talinn eðlilegur eða sjálfsagður við kaup á nýrri bifreið.

Á vetrardögum eins og að undanförnu má hverju mannsbarni vera ljóst hvaða stefnu okkar þjóð ætti að hafa í þessu máli. Hún ætti ekki að skattleggja öryggið eins og nú er gert. Eins og málin standa eru það þeir efnuðu sem geta leyft sér að tryggja sig að því marki sem slíkur öryggisbúnaður býður upp á, eingöngu þeir efnuðu sem kaupa dýru bifreiðarnar.

Ég hef í máli mínu vísað til Norðurlandanna. Danir, Norðmenn og Finnar endurgreiða kostnað vegna þessa öryggisbúnaðar. Ég fékk upplýsingar um það að í Noregi endurgreiðir norska ríkið allt að 14 þús. — þetta eru tölur frá því fyrir rúmu ári síðan — norskar krónur eða um það bil 154 þús. íslenskar krónur, fyrir öryggisbúnað þar sem um er að ræða loftpúða, ABS-bremsukerfi og hátt liggjandi bremsuljós. Í Danmörku er endurgreiðslan allt að 28.500 dönskum krónum eða næstum 340 þús. íslenskar krónur. Um þetta hef ég fengið upplýsingar frá umboðunum eða réttara sagt frá Bílgreinasambandinu sem hefur ítrekað bent á þessa mikilvægu þætti.

Það er líka athyglisvert að norska Stórþingið tók sjálfstæða ákvörðun um að breyta þessari álagningu á bifreiðar vorið 1994. Það var ekki stjfrv. sem kom þangað inn í þeirra þingsal heldur tók þingnefnd sig til, skoðaði hvað í þessu fælist og flutti um það tillögur sem norska Stórþingið hleypti í gegnum þingið. Það var vorið 1994 sem þeir tóku ákvörðun um endurgreiðslur ef fólk veldi sér þennan öryggisbúnað. Og þar kemur í ljós að nágrannalönd okkar eru í raun og veru með stjórnvaldsaðgerðum að leggja áherslu á öryggi. Það er ekki tekið tillit til þessa hér hjá okkur og það er ekki skoðað að slík öryggistæki spara umtalsverðar fjárhæðir ríkisrekstri og þá sérstaklega í heilbrigðiskerfinu.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið. Ég gat um heilbrigðiskerfið. Það er mikið talað um að spara í heilbrigðiskerfinu en það er enginn afsláttur veittur af búnaði sem er til þess fallinn að afstýra umferðaróhöppum og slysum og sparar augljóslega fé. Með þeirri hvatningu sem hér er lögð til má stuðla að því að bifreiðar verði í auknum mæli útbúnar með sérstökum öryggisútbúnaði og því hlýt ég að höfða til alþingismanna með að þeir skoði þetta mál þar sem ekki hefur verið hægt að ýta við stjórnvöldum með málið.

[16:59]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þessa þáltill. sem þeir fjórir hv. þm. hafa flutt varðandi hemla í bifreiðum. Það er vissulega líka annar öryggisbúnaður sem sjálfsagt og eðlilegt er að tryggja að almenningur festi kaup á frekar en gert hefur verið. Þegar fólk er að kaupa sér nýjar bifreiðar horfir það oftar en ekki á verðið að sjálfsögðu og vill kannski frekar kaupa sér sjálfskipta bifreið heldur en bifreið sem er búin miklum og góðum öryggisbúnaði eins og hér hefur verið farið ítarlega í. Það er nú svo að verðið á þeim öryggisbúnaði sem möguleiki á að fá með bifreiðum sem fluttar eru til landsins nemur allt frá 7% upp í 10% af bílverðinu. Ég held að með tilliti til þess sem hefur verið að gerast í umferðarmenningu okkar Íslendinga sé mikil nauðsyn á að gera átak í að búa fjölskyldubifreiðar þeim öryggisbúnaði sem hér hefur verið talað um, vegna þess líka að það mun skila sér, eins og hv. ræðumaður kom inn á áðan. Það mun skila sér til samfélagsins í fækkun slysa og minni kostnaði vegna árekstra. Veðrabrigði eru snögg hér yfir vetrartímann og fljótt að skipta úr ágætis færð hér á höfuðborgarsvæðinu yfir í mikla hálku og því samfara miklar ógöngur í umferðinni. Ég tel því að þetta sé hið besta mál. Ég tek undir það með 1. flm., hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur, að hér er vissulega mál sem þingmenn eiga að gefa góðan gaum að og vinna að framgangi þess.

Ég endurtek og tek undir það sem 1. flm. sagði áðan að þetta mun beint og óbeint skila sér til samfélagsins aftur. Við eigum vissulega að stuðla að því, það er okkar mál svo mjög sem þingmenn almennt hafa horft til öryggisþátta og viljað leggja sitt af mörkum til þess að umferðaröryggi verði svo gott sem mögulegt er.

[17:02]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar undirtektir hjá Guðmundi Hallvarðssyni og tek undir að í raun og veru ætti að skoða í enn ríkari mæli hvaða öryggisbúnaður ætti að vera undanþegin álagningu. Af því að ég vísaði til Norðurlandanna er ljóst að það eru nokkrir aðrir öryggisþættir undanþegnir álagningu. Reynslan hefur sýnt það hér að við þurfum að vera með eitthvert afmarkað mál og reyna að höfða til stjórnvalda með það. Þess vegna var í fyrra verið að fara fram með þessi tvö mál, læsivarða hemla og öryggispúðana. En mér finnst athyglisvert fyrir okkur að á meðan þjóðir í kringum okkur eru uppteknar af því að skapa öryggi í umferðinni og búa þegnum sínum ákveðið öryggi með því að beita skattlagningunni þá erum við mjög lokuð fyrir

þessum vinnubrögðum. Það er mjög sérstakt að nú hef ég flutt þessa tillögu áður og hún var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þegar verið var að fjalla um breytingu á vörugjöldum í fyrra. Ég tók eftir því að það náði mjög vel til þingmanna þegar verið var að leggja áherslu á að það yrði að lækka verð á stóru bifreiðunum vegna þess að stórar fjölskyldur þyrftu stóra bíla, sem er hárrétt, og að það þyrfti líka að skoða það að jafna verðinu þannig að fjölskyldufólk gæti keypt dýrari bílana af því að almennt væru þeir öruggari. Þetta náði mjög vel í gegn til þingmanna og á þessi rök féllst efh.- og viðskn. og breytti í samvinnu við ráðherrann vörugjöldunum og skiptingu gjaldflokkanna en það að búa allar þær bifreiðar sem er að finna og eru til sölu og flæða inn á markaðinn, þær sem eru bæði minni einfaldari og ódýrari sem er alveg ljóst að margir þurfa og munu kaupa. Allt unga fólkið sem er að sökkva í skuldir og sem er kannski bara þriggja manna fjölskylda fer ekki í að kaupa sér stóran dýran bíl til að búa við öryggi. Þetta fólk mundi kunna að meta það ef einfaldar litlar bifreiðar væru búnar ákveðnum öryggisbúnaði sem skapaði fjölskyldum þeirra meira öryggi af því að ríkið væri með þá stefnumörkun að reyna að skapa þegnum sínum öryggi.

Mér finnst það miður að við þessa umfjöllun í fyrra skuli hafa verið sleppt úr svona mikilvægum þáttum. Mér finnst líka miður hvað lítið er staldrað við þessi mál hjá okkur. Ég get alveg tekið undir þau sjónarmið sem voru sett fram bæði í Noregi og Danmörku. Danirnir sögðu að það væri ekki tekinn einstaklingur inn á skurðarborð í andlitsaðgerð öðru vísi en að kostnaður við aðgerðina hlaupi á tugum þúsunda danskra króna, þá erum við að tala um hundruð þúsunda íslenskra kr. Þeir eru að tengja saman slysin sem verða og kostnað heilbrigðisþjónustunnar fyrir utan sársaukann, sorgina og annað þegar illa fer þegar fólk kemur meira eða minna skaddað út úr bifreiðaslysi, ég tala nú ekki um þegar dauðsföll verða. Ég vildi óska þess að við þessa umræðu hefði verið fjöldi þingmanna sem hefði haft áhuga á að ræða umferðaröryggismál og hvernig við getum beitt okkur betur í því efni. Hér hef ég komið með upplýsingar um að einn þáttur, öryggisbremsur, hleypur úr innkaupsverðinu úr 80 þús. kr. upp í 176 þús. fyrir aðgerðir og skattlagningu stjórnvalda. Við getum gert mjög mikið átak í þessum efnum ef vilji er fyrir hendi. Þannig að með þessum góðu undirtektum Guðmundar Hallvarðssonar vona ég að hann hafi orð á þessu við félaga sína sem sitja í efh.- og viðskn. Og þar sem einn fulltrúi nefndarinnar situr hér þá vona ég að þessi varúðarorð mín hafi líka náð til hans.

[17:06]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er kannski oft þegar maður kemur í þennan ræðustól að maður talar kannski ekki alveg tæpitungulaust en ég ætla ekki að gera það núna. Ég viðurkenni það alveg að oftar en ekki verður mér hugsað þegar stoppað er á rauðu ljósi og litið í kringum sig á þá bíla sem í kringum mann eru, einmitt eins og síðasti ræðumaður kom hér réttilega inn á, þá má oftar en ekki sjá ungt fólk með kannski tvö og þrjú börn í bifreiðum sem eru þannig úr garði gerðar að það er umhugsunarefni hvort eigi að leyfa innflutning á þeim. Nú er eitthvert tískufyrirbrigði að flytja inn mikið af mjög litlum bifreiðum sem nánast eru allt að því óhugnanlegar í þessari miklu og hröðu umferð sem er í höfuðborginni. Enda hefur það líka sýnt sig að þegar árekstrar hafa orðið þar sem þessar litlu bifreiðar hafa kannski lent á milli tveggja bíla að það er ekki mikið eftir af þeim. Það er auðvitað kapítuli út af fyrir sig.

Hitt er svo annað, eins og réttilega var komið inn á hér áðan, að læknisaðgerðir á þeim sem lenda í slysum oft á hinum minni bifreiðum kosta auðvitað þjóðfélagið mikla peninga. Það er alveg rétt að það eru eðlileg viðbrögð ríkisvaldsins vegna þeirrar miklu slysatíðni sem er í umferðinni að bregðast þannig við að gera fólki kleift að kaupa öruggari og stærri bifreiðar til að forða alvarlegum slysum. Eins komið var inn á áðan er öruggt mál til lengri tíma litið að það mun spara þjóðfélaginu fjármuni og, sem mestu máli skiptir auðvitað, það mun fækka slysum. Ég er sannfærður um að það mun verða mjög mikil bót og þess vegna, eins og ég sagði áðan, lýsi ég stuðningi mínum við þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stimpilgjald, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 386. mál (kaupskip). — Þskj. 678.

[17:09]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Hér er flutt frv. til laga um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978, með síðari breytingum. Auk mín eru flm. Árni R. Árnason, Guðjón Guðmundsson og Kristján Pálsson.

Í 1. gr. þessa frv. segir svo:

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að fella niður stimpilgjöld af kaupsamningum, veðböndum og afsölum kaupskipa á árinu 1997."

Í grg. segir m.a. svo:

„Í 6. gr. fjárlaga hefur lengi tíðkast að veita fjármálaráðherra heimild til að fella niður stimpilgjöld sem stofnað er til í tengslum við kaup eða leigu á flugvélum. Sambærilegar heimildir hafa ekki verið til staðar varðandi kaupskip.

Hér er lagt til að þessi mismunun verði leiðrétt þannig að við stimpilgjaldslögin bætist sérstakt ákvæði til bráðabirgða með heimild til að fella niður stimpilgjald í tengslum við kaup slíkra skipa á árinu 1997. Flutningsmenn telja eðlilegt að slíkt ákvæði verði síðan tekið inn í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1998.

26 kaupskip eru nú í rekstri íslenskra útgerða, aðeins fjögur undir íslenskum fána og eru tvö þeirra í eigu olíufélaganna. 18 skip eru í eigu íslenskra kaupskipaútgerða en átta skip eru í leigu hjá útgerðunum."

Með leyfi forseta vildi ég mega vitna hér til greinar úr Verinu sem birtist í Morgunblaðinu 23. jan. 1997. Hér segir í fyrirsögn: Refsað fyrir að eiga skip.

„Í nágrannalöndunum eru skráningargjöld af þessu tagi mun lægri og í Noregi greiða útgerðir því sem nemur 6.000 íslenskum krónum í gjald fyrir hvert skip, óháð stærð þess eða andvirði. Einar Hermannsson, hjá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, segir þessi háu gjöld meðal annars hafa ýtt undir þá þróun að kaupskip hætti að sigla undir íslenskum fána. Hann segir að ef gjöldin væru lægri og vænlegra væri að gera út kaupskip hér á landi, myndu útgerðir nota eigin skip í hærra hlutfalli í stað leiguskipa. „Það má segja að mönnum sé beinlínis refsað fyrir að vera með skip undir íslenskum fána. Svokallaður skráningarkostnaður er margþættur en það er

ekki hægt að segja að siglingamálayfirvöld séu að innheimta óeðlilega háar upphæðir. Kostnaðurinn liggur fyrst og fremst í stimpilgjöldunum sem er í raun skattur sem innheimtur er af fjármálaráðuneytinu. Við höfum ítrekað leitað til ráðuneytisins um niðurfellingu á þessum gjöldum í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum. Það hefur hins vegar ekki fengið mikið hljómgrunn," segir Einar."

Eins og ég kom inn á áðan þá hefur framkvæmdastjóri Sambands íslenskra kaupskipaútgerða lýst því yfir að ástæða þess að svo fá skip séu skráð undir íslenskum fána sé fyrst og fremst óeðlilega há skráningargjöld hér á landi sem nemi milljónum króna á meðan kaupskipaútgerðir í Noregi greiði aðeins um 6.000 íslenskra króna í gjald á hvert skip.

Nauðsynlegt er að grípa í taumana og lækka stimpilgjöld hér á landi svo að um ókomin ár megi kaupskip undir íslenskum fána sjást sem víðast. Öflugur íslenskur kaupskipafloti er einn þáttur í sjálfstæði þjóðarinnar og því er rétt að stuðla að því að sem flest kaupskip í eigu íslenskra útgerða sigli undir íslenskum fána. Sem fyrr kemur fram eru 18 kaupskip í eigu íslenskrar kaupskipaútgerðar skráð erlendis. Nái þetta frumvarp fram að ganga má ætla að þau skip verði skráð á Íslandi. Í engu mundi ríkissjóður verða af tekjum við samþykkt þessa frumvarps nema síður yrði, enda nánast engar skráningar á kaupskipum hér á landi hin síðari ár.

Með kaupskipum er hér átt við skip sem notuð eru til flutnings á farmi gegn endurgjaldi en geta jafnframt flutt 12 farþega eða færri í samræmi við alþjóðlegar reglur, sbr. skilgreiningu í 2. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

Herra forseti. Í svari við fyrirspurn til samgrh. fyrir ekki löngu um hver réttarstaða íslenskra sjómanna sem sigla á leiguskipum íslenskra útgerða undir erlendum fána væri kom fram að íslenskir sjómenn á slíkum skipum njóta í engu þeirra réttinda sem íslensk sjómannalög kveða á um. Þess vegna m.a. hafa félög sjómanna og farmanna lýst stuðningi við þetta frv. og telja að með framgangi þess megi vænta, eins og fram hefur komið í orðum framkvæmdastjóra Sambands ísl. kaupskipaútgerða, að skipum undir íslenskum fána muni fjölga. Þá um leið verði öryggi íslenskra sjómanna aukið með það að leiðarljósi að þeir muni þá sigla samkvæmt íslenskum sjómannalögum og siglingarlögum sem er hin mesta nauðsyn að verði. Auk þess, eins og ég kom inn á áðan, er það mjög nauðsynlegt að við eflum íslenska kaupskipaflotann. Hér er ekki um stórt peningamál að ræða af hálfu ríkisins enda er ekki um neinar nýskráningar að ræða eins og ég gat um áðan og þess vegna er ekki um neitt tekjutap hjá ríkinu að ræða. Hins vegar er réttarstaða íslenskra farmanna þá tryggð og hún verður önnur og betri ef þetta frv. nær fram.

Virðulegi forseti. Um leið og ég vísa málinu til 2. umr. tel ég eðlilegt að þessu frv. verði vísað um leið til efh.- og viðskn.

[17:15]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál og er synd að ekki skuli vera fleiri við umræðuna, að ég tali nú ekki um hæstv. ráðherra. Ég vildi gjarnan heyra sjónarmið hæstv. ráðherra gagnvart þessu frv. og hvort hann telur að sú fullyrðing standi að ekki verði um neitt raunverulegt tekjutap ríkisins að ræða.

Alþb. hefur í umræðum hér oft lagt áherslu á nauðsyn þess að kaupskip sem hér eru í rekstri sigli undir íslenskum fána og vakið athygli á réttarstöðu þeirra sjómanna sem eru á kaupskipum undir erlendum fánum. Nægir að minna á það að Guðrún Helgadóttir, þingmaður Alþb., tók þessi mál nokkuð oft upp hér á þingi.

Við fyrstu sýn og miðað við þá ræðu sem hv. þm. flutti áðan og þau skilaboð sem í henni fólust frá samtökum sjómanna og þá útgerðarmanna, um að breyting yrði á varðandi mönnun skipa og öryggismál sjómanna ef frv. yrði samþykkt á Alþingi, þá vil ég við 1. umr. lýsa því yfir að mér finnst þetta vera hið þarfasta mál og vonandi að Alþingi afgreiði það með þessum hætti eða öðrum þeim sem tryggir að kaupskip okkar verði undir íslenskum fána.

[17:17]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög áhugavert mál sem hér er til umræðu. Það sjóslys sem varð hér við land fyrir skömmu vakti okkur enn einu sinni til umhugsunar um þessi mál. Á því skipi voru margir erlendir sjómenn, sem reyndar náðist ekki einu sinni að ræða við, og umræða hófst enn á ný í þjóðfélaginu um það hvers vegna skip, sem menn telja að séu á vegum okkar eigin skipaútgerða, séu í raun og veru undir öðrum fánum.

Hér flytur þingmaðurinn sín rök fyrir því að breytingar á lögum um stimpilgjald, og þar með heimildir til að fella niður stimpilgjöld af kaupsamningum, veðböndum og afsölum, séu veigamikill þáttur í því að afstýra því að menn séu með skipin undir öðrum fána. Þess vegna langar mig að spyrja þingmanninn að því hvort það sé rangt hjá mér að ég hef talið, miðað við málflutning manna um þessi skip og það sem við höfum kynnst þegar tekin eru viðtöl við þá sem á þessum skipum starfa, að þetta er fólk af erlendi bergi brotið og oft gefið til kynna að það starfi á skipum við allt önnur kjör heldur en þekkist hjá okkur. Ég hef af einhverjum orsökum fengið það á tilfinninguna að mesti vandi okkar þarna sé vandi sem reyndar á eftir að ógna okkur í enn ríkari mæli, að mínu mati, en það er „samkeppni" af hálfu þeirra sem ráða sig til starfa eða starfa að framleiðslu á svo lágum launum að fyrir okkur væri það óhugsandi. Við vitum að í sumum heimshlutum eru mánaðarlaunin kannski 100 dollarar og það er oft gefið til kynna að fólk sem ráðið er á þau skip sem eru í rekstri undir erlendum fánum sé á allt öðrum kjörum heldur en það mundi vera ef skip væri gert út héðan, undir okkar fána, með okkar reglum og fólk væri með þau laun sem við teljum eðlileg og sjálfsögð.

Ég missti af hluta af ræðu þingmannsins þannig að nú má vel vera að hann hafi einmitt komið inn á launamálin, og hverjir það eru sem ráða sig á slík skip. En mér finnst mjög mikilvægt að heyra hvað hann hefur að segja um þennan þátt, hvort launamálin séu ekki a.m.k. einhver meðvirkandi þáttur þess hvort skip eru skráð undir íslenskum fána eða erlendum og sú krafa okkar að borguð séu mannsæmandi laun á Íslandi.

[17:21]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu vekur upp spurningar um skattlagningar yfirleitt. Hér er farið fram á undantekningu frá lögum um stimpilgjöld til þess að lokka til landsins skattstofn sem hefur flúið undan of mikilli skattlagningu. Skattstofninn, þ.e. skráning skipa, hefur vikið til útlanda vegna þess að skatturinn er of hár. Hvað þá um innlend fyrirtæki sem þurfa að borga þennan skatt? Hvað þá um innlend fyrirtæki sem þurfa að keppa við erlend fyrirtæki um fé og vinnuafl nú á dögum þar sem hvort tveggja er orðið mjög fljótandi?

Það hefur margoft verið rætt að stimpilgjaldið er mjög óréttlátur skattur og það er ekki stofnað eitt einasta ríkisfyrirtæki þessa dagana, og ég nefni þá hlutafélagavæðingu bankanna sem liggur hér fyrir Alþingi, að það sé ekki undanþegið stimpilgjaldi. Sama á við um þau fyrirtæki sem við höfum fengið hingað erlendis frá vegna stóriðju, þau eru yfirleitt undanþegin stimilgjaldi. Það sem ætti að hugleiða er hvort ekki mætti sleppa stimpilgjaldinu yfirleitt.

Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að ræða um það sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir kom inn á, sem er mjög athyglivert. Það er að á þeim skipum sem sigla hingað til lands sem leiguskip, og borga þar af leiðandi ekki þetta gjald sem við erum að tala um, er fólk sem er með miklu lægri laun heldur en innlendir sjómenn. Þetta er náttúrlega staðreynd sem við verðum að horfast í augu við. Það eru ekki sömu laun alls staðar í heiminum. Þær skyrtur og þau föt sem við göngum í, hv. þm., eru mjög líklega saumuð af fólki sem hefur miklu lægri laun heldur en við erum að tala um, og þannig nýtum við okkur þessi lágu laun nú þegar.

Í kaupskipaflotanum er í mjög auknum mæli farið að nota láglaunafólk til þess að starfa á þeim skipum og þau eru þá skráð undir hentifánum. Þannig að við nýtum þessi lágu laun í gegnum lægri farmgjöld, vegna minni launakostnaðar skipafélaganna. Þetta er vandi sem við eigum við að glíma á mjög mörgum sviðum. Við erum með samkeppni á flestum sviðum við erlend fyrirtæki og þau fara til Austurlanda þar sem eru lág laun, nýta lágu launin til að koma hingað inn. Ég nefni t.d. fataiðnaðinn. Þetta er því ekkert einstakt dæmi sem hér er verið að ræða.

Ég hygg að þó stimpilgjöldunum yrði sleppt í sambandi við þessi skip mundu þau ekkert frekar koma hingað til lands vegna þess að lágu launin sem skipafélögin greiða í dag eru svo mikil búbót fyrir þau, miðað við þau laun sem íslenskir sjómenn vilja fá og eiga að fá, að það munar miklu meira um það heldur en nokkurn tímann um stimpilgjaldið. Ég held því að ekki sé nóg að laga stimpilgjaldið. Við þurfum að laga umhverfi skipafélaganna að öðru leyti og við þurfum að laga umhverfi íslenskra fyrirtækja yfirleitt hvað varðar skattlagningu og alls konar opinberar kvaðir sem eru umtalsverðar. Þá fyrst geta íslensk fyrirtæki farið að keppa við erlend og borga þau góðu laun sem við viljum sjá hjá landsmönnum okkar.

[17:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú erum við þrjú sem hér sitjum komin inn í mjög merkilega umræðu. Hv. þm. Pétur H. Blöndal nefnir að það þurfi að laga umhverfi íslenskra fyrirtækja og íslenskra skipa. Ég tek undir að það hlýtur að fara að verða okkur umhugsunarefni þegar við lítum á reksturinn á þessu litla þjóðfélagi okkar, að alls staðar þar sem okkur ber niður skuli það vera þannig að það sé of hátt eða of mikið skattað. Það finnst launamanninum. Það hefur fyrirtækjunum þótt, að vísu minni ég á það að við höfum lækkað mjög skatta á fyrirtæki á síðasta kjörtímabili. Það finnst þeim sem eru að borga skattagjöld, við höfum nefnt fyrr í umræðu vörugjöld og núna stimpilgjöld. Fólk sem er að kaupa sér íbúðir borgar há stimpilgjöld af lánunum o.s.frv. Við getum endalaust staldrað við það af hverju við þurfum að borga svona mikla skatta til þjóðfélagsins, miðað við aðra og borið okkur saman. Auðvitað vitum við að einn hluti þessarar skýringar er sá að við rekum öflugt þjóðfélag með fáum einstaklingum. Önnur skýring er sú að við höfum um langan tíma lifað um efni fram og erum þess vegna núna í raun og veru að stríðmjólka hvern einasta tekjumöguleika til þess bæði að standa undir því sem er, því sem á að verða og greiðslum af skuldum okkar. Þessa umræðu þekkjum við öll.

Ég brást við og kom hingað upp aftur vegna þess sem hv. þm. Pétur H. Blöndal nefndi, að ekki væru greidd sömu laun alls staðar, við erum sammála um það. Það er hægt að vísa til þess að lág laun í skipaflotanum skapi kannski lægri flutningskostnað og þar með lægra vöruverð hjá okkur og það þurfi að laga umhvefi íslenskra fyrirtækja. Þetta er ekki svona einfalt. Það er ekki svo einfalt, ágætu þingmenn, að það sé hægt að lagfæra umhverfi íslenskra fyrirtækja þannig að það bregðist við þessum mikla vanda sem er t.d. ráðning skipshafnar á þessum ofboðslega lágu launum, eins og við vorum að ýja hér að áðan, frá þeim löndum þar sem eru 100 dollara mánaðarlaun. Við sköpum ekki umhverfi fyrirtækja okkar með því að reyna að lækka launin þar. Hvað er þá hægt að gera? Hvernig á að bregðast við því að efnahagslegar kröfur, kröfur um félagsleg réttindi eru svo miklar hjá okkur í Evrópu og Bandaríkjunum á meðan þessi mál eru í miklum ólestri um leið og við förum inn í löndin sem áður kölluðust austan járntjalds, að ég tali nú ekki um ef við færum okkur lengra austur fyrir og förum yfir í aðrar heimsálfur, Afríku og Asíu? Hvernig eigum við að bregðast við því að vörurnar sem við erum að kaupa eru í sumum tilfellum unnar af börnum, í barnaþrælkun eins og það er oft kallað, unnar af fólki sem er með engin félagsleg réttindi, engan veikindarétt, engan stuðning til nokkurs skapaðs hlutar, fólki sem býr jafnvel í bárujárnskofum eða hrófatildrum og rétt hefur í sig og á? Ætlum við að bregðast þannig við að við getum lækkað útgjöld hjá okkur?

Þessari spurningu er ekki mikið hreyft í sölum Alþingis. En henni er hreyft í kringum okkur og bæði sú sem hér stendur og sá sem situr á forsetastóli hafa átt fundi með fólki sem er að fjalla um þessi mál og þá er ég að vísa til forustumanna jafnaðarflokka Norðurlandanna. Hvernig telur það fólk að bregðast eigi við? Það er fólk sem hefur ákveðið að vera aðilar að alþjóðlegu samstarfi Evrópusambandsins, EES, t.d. Noregur, eins og við. Þau bregðast við með því að reyna að beita sér sem áhrifamenn fyrir því inn í samstarf í Evrópu að inn í alla viðskiptasamninga séu tekin ákvæði um velferðarþætti, um það sem kalla má sósíalklásúlur, um félagsleg réttindi þess fólks sem er að vinna þau verkefni sem viðskiptasamningarnir beinast að. Ég get ekki stillt mig um það úr því að umræðan er komin í þennan farveg og við erum að horfast í augu við að það er of einfalt að trúa því að breyting á lögum um stimpilgjald breyti þeim þáttum sem hér er verið að fjalla um. Þetta er stærra mál og víðtækara og við komum þess vegna inn á launin. En vegna þeirrar umræðu sem hér varð hjá hv. þm. Pétri Blöndal, þá finnst mér mjög mikilvægt að benda á að það er skylda okkar sem lengra erum komin á Vesturlöndum, erum bæði upplýstari, menntaðri og fróðari, höfum farið í gegnum ferli sem skilar okkur mjög öflugum þjóðfélögum, sterkum skólum, viðurkenndum réttindum o.s.frv., að við getum ekki flotið að feigðarósi með það að hinum megin á hnettinum skuli vera fólk sem hefur ekkert af þessu og vinnur kannski langan vinnudag fyrir smánarlaun, ræður sig á skip sem sigla undir einhverjum fánum hingað upp til okkar til að útvega okkur vörur og eru á smánarlaunum.

Þetta er svo stórt mál að um það gæti farið fram mikil og víðtæk umræða hér. Við Íslendingar höfum mjög þröngan

sjóndeildarhring. Við erum mjög sjálfmiðuð í umræðu okkar um samvinnu með öðrum löndum. Við erum mjög sjálfmiðuð gegar við erum að ræða EES og Evrópusambandið en þarna úti er fólk, þverpólitískt, að ræða í hvaða stöðu við erum, Evrópa, hvernig bregðumst við við því að svona mikill mannfjöldi, milljarðar, skuli vera tilbúinn að vinna fyrir næstum því öngvum launum, eins og sagt væri, bara til einhvers takmarkaðs viðurværis og það hittir okkur fyrir.

Það sem hér er verið að leggja til er gott mál en þetta er bara eins og toppurinn á ísjakanum í því sem í raun og veru skiptir máli í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og í því hvernig umhverfi við ætlum að skapa okkar fyrirtækjum og við hvað við erum að keppa.

[17:32]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum komin út í mjög mikla umræðu sem fer langt út fyrir það sem tilefni gafst til. En þetta er í sjálfu sér þörf umræða.

Varðandi það sem ég sagði um að það yrði að búa flotanum og íslenskum fyrirtækjum skilyrði þá vil ég nefna að íslenskir fiskimenn standa hverju landi á sporði í framleiðni og afkastagetu. Íslenski fiskiskipaflotinn getur keppt við lágu launin hvar sem er í heiminum. Ég geri ráð fyrir að íslenskir fiskimenn afli miklu meiri og séu ódýrari á hvert kíló af fiski sem þeir draga úr sjó heldur en fólkið með lágu launin.

En varðandi það sem hv. þm. sagði um velferðarákvæðið í samningum við þessi lönd þá er það ákaflega tvíeggjað sverð og þarf að beita með mikilli varúð. Það er nefnilega þannig að ef maður t.d. segði að þetta fólk ætti ekki að hafa nema einhver lágmarkslaun þá mundi maður auka atvinnuleysi í viðkomandi löndum. Og það er atvinnuleysið sem heldur launum niðri en ekki eitthvað annað. Ef við mundum t.d. banna þessu fólki að vinna á skipum sem sigla til Íslands þá mundum við um leið loka fyrir lífsbjörg þeirra manna sem fara fjarri heimilum sínum, frá Póllandi og víðar að úr heiminum, til þess að afla sér lífsviðurværis með siglingum til Íslands. Þetta er mjög alvarlegur hlutur. Það er oft þannig að þau ákvæði sem menn ætla að beita til velferðar slá gegn þeim sem ætlað er að vernda. Það er því mjög vandmeðfarið. Hins vegar tel ég að barnaþrælkun sé þvílíkur blettur á mannkyninu að það eigi að taka slík ákvæði inn í samninga og við eigum ekki að kaupa föt eða annað sem framleitt er með þrælkun barna.

[17:35]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau orð sem hér féllu um dugmikla íslenska fiskimenn og sjómenn, um afköst þeirra og að þeir séu samkeppnisfærir. Ég tek undir það. Ég tek líka undir það að auðvitað vorum við komin út fyrir frv. um stimpilgjöld í þeirri umræðu sem hér fór fram. En þetta er mjög þörf umræða og væri fróðlegt að taka hana við aðrar aðstæður því að þessar aðstæður munu að óbreyttu hitta okkur fyrir innan tíðar með mjög mikilli hörku. Ég geri mér alveg grein fyrir því að félagsleg ákvæði í samningum geta verið tvíeggjuð. En það er mjög auðvelt að koma með rök af því tagi sem hv. þm. Pétur H. Blöndal kom með að það auki atvinnuleysi ef gerð er tilraun til þess að skapa fólki réttindi eða hækka laun. Þetta hefur líka verið notað hér hjá okkur þegar talað hefur verið um það að hækka launin. Það er mjög hættulegt að byrja þá umræðu að eitthvað sem sé fært til betri vegar verði þá til þess að aðrir líði fyrir það.

Ég held að okkar ábyrgð á umheiminum sé að verða svo mikil að á næstu árum munum við ekki komast fram hjá þessum atriðum sem ég reifaði hér.

[17:36]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið til máls, hv. 5. þm. Suðurl., hv. 5. þm. Reykn., og hv. 16. þm. Reykv., fyrir þeirra þátttöku í umræðunni.

Það er nú kannski svo að þau mál eru fljót að falla í gleymskunnar dá sem oft koma upp í umræðunni hér á vinnumarkaðnum á Íslandi. Það er ekki lagt síðan formaður Félags starfsfólks í veitingahúsum, sem nú heitir Þjónustusamband Íslands, gat um að það væri orðið nokkuð mikið um að erlent fólk, fólk frá Austurlöndum, væri komið til vinnu í veitingahúsum borgarinnar. Það byggi við þröngan kost, bæði tekjulega og eins hvernig að því væri búið. Jafnvel voru dæmi um að þetta fólk hefði einhverja smákitru inn af eldhúsinu þar sem væri dýna á gólfinu og þar gæti þetta fólk lagt sig á milli þess sem það væri að vinna. En vonandi hafa einhverjar breytingar orðið þar á.

Hv. 5. þm. Reykn. lagði þá spurningu fyrir mig hvort þetta fólk væri á öðrum kjörum. Það er tilfellið að þó að Alþjóðaflutningaverkamannasambandið, sem hefur skammstöfunina ITF, hafi unnið ötullega að því að gæta þess að kjör fólks á skipum sem sigla undir hentifánum eða þægindafánum væru samkvæmt þeim samningum sem Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur gert við samtök kaupskipaútgerða þá gengi oft erfiðlega að fylgja því eftir. Við erum með dæmi um það að hér var fólk frá Austurlöndum sem var ráðið upp á þrjá dollara á dag í ótakmarkaðan vinnustundafjölda þess sólarhrings. Þannig að dæmin eru mýmörg.

Það sem líka hefur verið vandamál hjá Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu, að fylgjast með kjörum þessa fólks, er það að enda þótt áhafnarmeðlimur hafi skrifað undir kjarasamning bæði gagnvart útgerð og Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu um að mánaðarlaun væru svo og svo mikil þá, að nýlokinni þeirri aðgerð, hafa jafnvel áhafnarmeðlimir farið upp til skipstjóra þá skipið hefur látið úr höfn og skrifað undir annan samning sem segir: Enda þó að ég hafi undirritað kjarasamning gagnvart ITF, Alþjóðaflutningaverkamannasambandinu, þá er það ekki ósk mín að þau laun séu reiknuð mér heldur þau laun sem ég skrifa nú hér með undir. Og þá er oft um allverulega lægri upphæðir að ræða.

Þegar litið er til áhafnar þess skips sem oft hefur verið á vörum Íslendinga undanfarið, Víkartinds, en á því skipi voru 19 menn, og þegar litið er til sambærilegs skips, nýjasta skipsins í íslenska kaupskipaflotanum, Brúarfoss, þá býður mann í grun að eitthvað sé ekki hreint þar í pokahorninu því að á Brúarfossi er 12 manna áhöfn á móti 19 manna áhöfn á Víkartindi. Hvers vegna skyldi þetta vera? Er það svo að ekki sé þörf fyrir fólk á íslenskum skipum? Eða er svona miklu meiri þörf fyrir skip erlendra aðila, erlendra sjómanna, þýskra sem sigla hingað á hafsvæðið við Ísland þar sem veður eru válynd? Telja þeir sig þurfa á miklu fleira fólki að halda eða getur verið að það sé bara gert af því að það vinnuafl sem þeir hafa bætt við umfram það sem almennt gerist sé svo miklu ódýrara? Hugurinn leitar eðlilega í þann farveg að svo sé. Hitt er annað mál að það sem Alþjóðaflutningaverkamannasambandið hefur verið að gera er tvíþætt. Í fyrsta lagi að tryggja þessu fólki frá þriðja heiminum, fólki frá Austurlöndum fjær sem leitar til Evrópu til starfa á kaupskipum,

tryggja því lágmarkslaun og lágmarksmannréttindi. Í annan stað er það, sem kannski aldrei hefur komið fram eða allt of sjaldan, er þá um leið líka verið að tryggja samkeppnisstöðu skipafélaga sem eru í eigu Evrópubúa og um leið atvinnurétt farmanna þessara landa þannig að ekki halli svo verulega á að það verði hrein uppgjöf útgerða gagnvart samlöndum sínum hér í Evrópu og þeir sem búa í Austurlöndum fjær komi hér nánast og verði í hverju skiprúmi. Atvinnuöryggi farmanna Evrópuþjóðanna er mikilsvert atriði í allri þessari umræðu.

Það er dálítið sérkennilegt að heyra það í umræðunni að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af íslenskum kaupskipastól. Það er ekki langt síðan Íslendingar misstu nánast alla sína verslun og viðskipti vegna þess að þeir áttu ekki neinn kaupskipastól. Við Íslendingar skulum líka minnast þess átaks þegar „óskabarn þjóðarinnar" var stofnað, íslenskt skipafélag fyrir Íslendinga. Við vildum halda sjálfstæði okkar. Samkeppnismyndin hefur verulega skekkst eins og hv. 16. þm. Reykv. kom inn á og vildi leggja allt undir varðandi skattamálin, taldi að skattaumhverfið almennt á Íslandi væri mjög slæmt og þyrfti allt endurskoðunar við. Munurinn er hins vegar á fyrirtækjum hér í landi eða kaupskipaútgerðunum er sá að í kaupskipaútgerðinni, kaupskipabransanum ef svo má segja, eru menn í alþjóðlegri samkeppni í orðsins fyllstu merkingu. Menn eru á skipum sem koma alls staðar að úr heiminum og flytja vörur. Það er ekkert sem bannar erlendum skipafélögum að taka upp reglubundnar siglingar að og frá Íslandi. Það er til aðstaða hér í Reykjavíkurhöfn fyrir skipafélög sem vildu taka slíkar siglingar upp. En þetta frv. er m.a. flutt með þá staðreynd í huga að framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra kaupskipaútgerða segir: Íslenski kaupskipastóllinn býr ekki við sambærilega aðstöðu og t.d. norski kaupskipaflotinn, og vitnar þá oftar en ekki til þessara stimpilgjalda. Og hann hefur lýst því yfir að verði breyting þar á þá muni íslenski kaupskipastóllinn stækka.

Ég get tekið undir það sem hv. 5. þm. Reykn. sagði að auðvitað er það skylda okkar á Norðurlöndunum sem lengra eru komin að líta til meðbræðra okkar í Austurlöndum fjær. Það er kannski hluti af málinu eins og ég kom inn á áðan í upphafi máls míns hvað áhrærir Alþjóðaflutningaverkamannasambandið. Einn þáttur er sá að tryggja þeim öryggi. Bæði öryggi hvað varðar laun, tryggingar og önnur kjör, jafnframt því sem auðvitað er verið að líta til þeirrar áttar að tryggja evrópskum sjómönnum áfram stöðu sína og tryggja að áfram verði til kaupskipafloti.

Þá vaknar þessi spurning: Hvað eru samtök sjómanna yfirleitt að blanda sér í þennan rekstur? Í bland er það svo en meginmálið er auðvitað það að halda atvinnu sinni. Það er kannski kaldhæðnislegt þegar verið er að tala um það hér að við þurfum að byggja álver til að tryggja 150 mönnum atvinnu að ef litið er til kaupskipaflotans þá hefur þróunin verið sú að skipum hefur fækkað en þau hafa stækkað en náttúrlega hefur orðið óheillaþróun hvað áhrærir skip sem skráð eru á Íslandi að farmönnum hefur samt sem áður fækkað um á annað hundrað vegna þessara breytinga. Yfirleitt eru íslensku kaupskipaútgerðirnar með erlend kaupskip á leigu, frá átta til tíu skip, sem eru með erlendum áhöfnum. Það kemur fram í greinargerð sem ég vitnaði til áðan, og er haft eftir framkvæmdastjóra Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, að hér eru ein níu skip sem eru nánast í eigu íslenskra kaupskipaútgerða en undir erlendum fána. Og menn segja svo: Vegna þess að ekki er hægt að skrá skip á Íslandi af þeim sökum sem við höfum talað hér um, vegna stimpilgjalda, þá verði ríkið af svo og svo miklum tekjum. Og ef þessu verði breytt þá verði ríkið af svo og svo miklum tekjum. Ég tel að ríkið tapi engu á þessu, frekar verði þetta með tvennum hætti: Tekjurnar munu aukast og réttarstaða íslenskra farmanna sem enn þá hafa hug og dug til að stunda farmennsku verði tryggð og að því ber okkur auðvitað að vinna.

Ég hjó eftir því líka að hv. 16. þm. Reykv. kom inn á það að við Íslendingar værum farnir að nota okkur lágu launin. Það kann vel að vera. Þegar mest kvað að því að íslensku skipafélögin voru að taka á leigu erlend kaupskip og töldu sér það hagstæðara heldur en að reka eigin skip þá fór nú svo að Íslendingar urðu ekkert varir við það að sú vara sem kom með erlenda leiguskipinu, með erlendu áhöfninni, væri eitthvað ódýrari í hillum verslana á Íslandi heldur en sú vara sem kom með íslensku skipunum. Við urðum ekkert varir við það. Þetta er því vissulega flókið mál og vandmeðfarið. Auðvitað stöndum við frammi fyrir þessum vanda, og erum ekki eina þjóðin á Norðurlöndum eða í Evrópu, sem það gerir, hvað áhrærir ódýrt vinnuafl. En samt sem áður hefur sigið heldur á þá hliðina að það er þó að verða minni munur á milli launa þessara aðila sem eru annars vegar evrópskir sjómenn og þeirra sem eru á skipum þriðja heimsins.

Hins vegar stöndum við líka frammi fyrir og það hefur ekki kannski komið neitt fram, við höfum lengi einbeitt okkur að því að horfa á þau skip sem eru í reglubundnum siglingum að og frá Íslandi. Það hefur hins vegar ekkert verið talað um það og þess ekki getið nú um langan tíma að það má segja að yfir 80% flutninga frá landinu, bæði á mjöli og lýsi, annast erlendir aðilar — erlend skip með erlendum áhöfnum. Þar er geysileg samkeppni sem ég veit að stimpilgjöld spila ekki mikið inn í og hafa ekki mikil áhrif. Hins vegar er það umhugsunarefni hvernig hægt er að ná til þess því að þeir flutningar skapa mikla atvinnu.

Ég tók sérstaklega eftir því að það var verið að tala um það í fjölmiðlum að fyrsti mjölfarmur frá nýrri loðnuverksmiðju í Helguvík var settur um borð í skip og mikið var talað um ágæti verksmiðjunnar en það var ekki vikið einu einasta orði að því hvaða skip það var sem var að flytja þennan loðnufarm. Mér býður svo í grun að það hafi verið erlent skip en fréttamenn þá hagað þannig málum að það var ekki ástæða til þess að nefna það.

Herra forseti. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um þetta. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls varðandi þetta frv. Ég vænti þess að það megi eiga greiðan gang hér á hinu háa Alþingi með tilliti til þess sem ég sagði áðan um atvinnuöryggi og tryggingaöryggi íslenskra farmanna og í þeirri vissu að þeir aðilar sem að íslenskri kaupskipaútgerð standa standi við þau orð sem þeir hafa sagt, að með þeim breytingum sem væntanlega munu verða á stimpilgjaldi, muni íslenski kaupskipaflotinn stækka svo um munar.

[17:50]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan gera litla athugasemd við það sem hv. þm. sagði um skatta fyrirtækja. Ég nefndi í fyrri ræðu minni skatta og annað opinbert umhverfi fyrirtækja og þá á ég við opinbera þjónustu, t.d. hvernig tollurinn er og hvernig hann vinnur, menntakerfið, hvernig það býr til fólk með góða menntun og fjármálakerfið, sem við erum einmitt að ræða þessa dagana á hinu háa Alþingi, hversu

góða þjónustu það veitir íslenskum fyrirtækjum. Allt þetta samanlagt gerir íslenskum fyrirtækjum betur kleift að keppa við erlend fyrirtæki og þar á meðal fyrirtæki sem nýta sér mjög lág laun.

Það eru mörg fyrirtæki sem eru í samkeppni, ekki bara skipaútgerðirnar. Það er kaffibrennsla, það er alls konar iðnaður, það er sælgætisiðnaðurinn — hann er í samkeppni við erlend fyrirtæki sem ekki þurfa að borga stimpilgjald. Það eru því ekki bara skipaútgerðirnar og skipaskráning sem þyrfti að vera laus við þessa skattlagningu heldur fyrirtæki almennt.

Varðandi það að hv. þm. hafi ekki séð lægra vöruverð eftir að tíðkaðist að nota ódýrara vinnuafl til að flytja vörur til landsins þá vil ég benda á það að fatnaður sem við klæðumst, við hv. þm. sem og aðrir landsmenn, væri sennilega margfalt dýrari ef hann væri ekki framleiddur í þessum löndum sem eru með lág laun, og þannig njótum við mjög víða þessara lágu launa beint og óbeint í mjög ríkum mæli. En sem betur fer er atvinnuleysið að minnka í þessum vanþróuðu löndum sem eru með lágu launin og þar með hækka launin í þeim löndum og þessi launamunur mun minnka.

[17:52]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er smámisskilningur milli mín og hv. 16. þm. Reykv. sem beinist einkum að því að ég sagði það að við hefðum ekki orðið varir við að það væru fluttar inn vörur annars vegar með íslensku skipi og hins vegar með skipi undir erlendum fána með erlendri áhöfn sem útgerðarmenn hafa löngum haldið fram að væru ódýrari í rekstri heldur en þau íslensku, þá höfum við ekki séð að það væri neinn munur á innflutningi með þessum tveimur skipum. Það gæti verið kassi með ávöxtum, fluttur með sitt hvoru skipinu, og það er sama verðið á þeim þrátt fyrir það. Þannig að þetta hefur ekki allt skilað sér. En af því hann gat um fatnað og annað, þá illu heilli — og guð hjálpi íslenskri þjóð — held ég að það sé ekki einn einast skraddari lengur í starfi hér á Íslandi sem vinnur við það að sauma föt á okkur Íslendinga og það er náttúrlega einn kapítuli út af fyrir sig og mjög alvarlegt mál og svo er eflaust um fleiri stéttir. Ég get heils hugar tekið undir að það er margt sem dynur á okkur einmitt í málum hvar sem litið er — umhverfið sjálft er kannski skattalega fjandsamlegt mörgum atvinnugreinum. Skattkerfið og tollurinn hefur mjög breyst til hins betra hvað það áhrærir.

Síðast en ekki síst vildi ég aðeins koma inn á menntakerfið og ljúka máli mínu með því að segja frá því að sjútvn. heimsótti Stýrimannaskólann fyrir ekki löngu síðan. Ég hef áhyggjur af því og ég deili þeim áhyggjum með þingmönnum sjútvn., að þegar við komum í þessa menntastofnun sjómannastéttarinnar sem hefur jú verið burðarás íslensks atvinnulífs síðustu árhundruðin, hversu alvarlega og illa er búið að menntun íslenskra sjómanna. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að það sé, eins og einn þingmaður vildi meina að það sýni hug menntmrn. eða stjórnvalda til íslenskrar sjómannastéttar hvernig búið er að æðstu menntastofnun íslenskra sjómanna eins og Stýrimannaskólinn í Reykjavík lítur út nú. Ég trúi ekki öðru en að það muni fá betri meðhöndlun en verið hefur á umliðnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 387. mál. — Þskj. 679.

[17:55]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég flyt hér till. til ál. um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar. Meðflutningsmenn mínir eru Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Vilhjálmur Egilsson, Egill Jónsson, Einar Oddur Kristjánsson, Kristján Pálsson og Árni M. Mathiesen.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að framkvæmdar verði rannsóknir og sjómælingar á hafsvæðinu innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg með tilliti til nýtingar auðlindarinnar til fiskveiða o.fl."

Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Því hefur verið haldið fram að auðlindin innan efnahagslögsögunnar sé fullnýtt, en ekki hefur verið hægt að færa sönnur á það þar sem djúpin umhverfis landið, þar með talið hafsvæðið fyrir Suðurlandi, utan landgrunns, milli Reykjaneshryggs og Færeyjahryggs, eru lítt könnuð. Ef skoðuð eru sjókort af suðurdjúpi má sjá að tugir sjómílna eru á milli dýpistalna og má af því draga þá ályktun að hafsvæðið hafi ekki verið skipulega mælt eða rannsakað. Mikilvægt er nú, þegar ásókn í hefðbundnar fisktegundir er meiri en fiskstofnarnir þola og afkastamikil fiskiskip eru illa nýtt, að íslenska ríkið hafi frumkvæði að rannsóknum á djúpunum með það fyrir augum að finna ný fiskimið og nýtilega fiskstofna þar sem ekki er við því að búast að einstök útgerðarfyrirtæki hafi bolmagn til að leggja í slíkan kostnað.

Við erum enn að upplifa það að útlendingar eru að finna fiskimið innan og við okkar efnahagslögsögu, samanber „Franshól" þar sem Íslendingum fannst fjarstæða að nokkur fiskur væri, en aflaverðmæti af Franshól voru hundruð milljóna króna og líklegt má telja að fleiri sambærileg veiðisvæði muni finnast við frekari rannsóknir. Til slíkra rannsókna þarf gott sérútbúið skip, ef vel á til að takast, og nauðsynlegt er að slíkt skip nýtist einnig við eftirlits- og björgunarstörf.

Við hönnun á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna er æskilegt að tekið verði tillit til framangreinds verkefnis þar sem skip til þess verður að vera sérstaklega útbúið tækjum o.fl. Sem dæmi má nefna að þegar Danir hönnuðu nýju varðskipin sín, svokallaðan „THETIS class", var höfð í huga olíuleit Dana við Austur-Grænland og hafa þau skip m.a. stundað rannsóknir á því svæði auk björgunar- og eftirlitsstarfa."

Herra forseti. Með það í huga einnig að nú er mjög um það rætt að Landhelgisgæslan eignist nýtt varðskip, og er þá bent á það að elsta varðskipið, varðskipið Óðinn, er orðið 40 ára og mjög mikil nauðsyn á að smíða nýtt varðskip, er full ástæða til þess að gera það skip þannig úr garði að við Íslendingar getum haft sem mest og best not af þeirri miklu fjárfestingu sem í einu varðskipi felst. Það er eðlilegt og sjálfsagt að það skip yrði byggt sem fjölnotaskip, m.a. til slíkra verkefna sem hér er gerð þáltill. um, svo og líka ef farið væri að kanna landgrunnið enn betur allt í kringum Ísland með tillti til olíuleitar. Fjölnotaskip sem Gæslan hefði yfir að ráða mundi verða mjög hagkvæmt okkur Íslendingum og ég

tel fulla ástæðu til þess og eðlilegt að þær auðlindir sem hér eru í kringum landið, og ekki hafa verið fullkannaðar, verði nú rannsakaðar og einskis látið ófreistað til þess að fá fram fulla vitneskju um það hvort ekki geti verið um að ræða, eins og kemur fram í grg. með þáltill., fleiri auðlindir heldur en við höfum gert okkur grein fyrir.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til síðari umr. og hæstv. sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umgengni um nytjastofna sjávar, fyrri umr.

Þáltill. PHB, 390. mál. — Þskj. 684.

[18:00]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun á ákvæðum laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996. Tillagan er á þskj. 684 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd eða fá nefnd á vegum sjávarútvegsráðuneytisins, sem þegar hefur verið skipuð, til að endurskoða ákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

Sérstaklega verði skoðað ákvæði 3. gr. með það í huga hvort ekki sé rétt að skipstjóri geti ákveðið við löndun hve mikinn hluta afla skips skuli telja til kvóta þess og að allur annar afli skipsins teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Útgerðin sjái þá um að selja afla rannsóknastofnana og greiða þeim söluverðmætið að frádregnu gjaldi vegna kostnaðar við flutning í land, geymslu, löndun og sölumeðferð aflans."

Herra forseti. Miklar umræður hafa átt sér stað um málefni sjávarútvegsins hér á Alþingi. Er það að vonum. Umræðan hefur snúist um tilhögun veiða, þó aðallega um eignarhald á kvóta. Með tilhögun veiða er hér átt við hvort nota skuli aflamark eða sóknarmark við takmörkun veiða. Hvort tveggja kerfið hefur kosti og galla og hvort tveggja kerfið veldur myndun fjármuna hvort sem þeir verða til sem verð fyrir að mega veiða í klukkutíma eða verð fyrir að mega veiða eitt kíló. Eignarhald á þessum fjármunum er meginástæða mikillar umræðu um kvótakerfið en það er ekki til umræðu hér og nú.

Galli sóknarmarkskerfisins er t.d. mikill og hættulegur sóknarþungi. Galli aflamarkskerfisins er m.a. brottkast afla. Þegar skipstjórnarmenn mega aðeins veiða ákveðið magn af fiski hljóta þeir að hafa tilhneigingu til að koma bara með verðmætasta fiskinn að landi. Henda legnum fiski, skemmdum fiski og smælki. Eins er mjög erfitt að gera ráð fyrir að skip eigi ætíð kvóta fyrir öllum mögulegum og ómögulegum meðafla sem getur komið upp með veiðarfærum.

Miklum sögum fer af brottkasti afla. En eðli málsins samkvæmt er ómögulegt að henda reiður á þeim sögum. Fólk hefur giskað á 50 þús. tonn og jafnvel 100 þús. tonn. Ég hygg þó að brottkast sé miklu minna. Ljóst er þó að um mikil verðmæti er að ræða og því er brýnt að setja reglur sem lágmarka tjón þjóðarinnar af þessum sökum.

Herra forseti. Reglur þurfa að vera þannig að skipstjórnarmenn og sjómenn hafi hvata til að koma með allan afla að landi og að hagsmunir þeirra og heildarinnar fari saman. Núna er sjómönnum skylt að koma með allan afla að landi en þeir verða að kaupa til þess kvóta sem er svo dýr að útgerðin tapar á því. Til þess að leysa þennan vanda kom ég á síðasta þingi eftirfarandi reglum til hv. sjútvn. og flutti hv. þm. Sighvatur Björgvinsson um þær tillögur á síðasta þingi en þær fengu ekki stuðning. Ég var þá á móti tillögum hv. þm., þ.e. mínum eigin tillögum, vegna þess að þær voru ekki ræddar af þeim aðilum sem gerst þekkja til.

Herra forseti. Tillögurnar eru eftirfarandi:

„Lagt er til að tekið verði til sérstakrar skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með það að markmiði að sú regla verði tekin upp að skipstjóri ákvarði hve mikill hluti afla skips teljist til kvóta þess og að allur annar afli teljist eign rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Þetta yrði þá í samræmi við ákvæði 1. mgr. 2. gr. laganna því að ekki er unnt að skylda sjómenn til þess að koma með allan afla að landi nema tekið sé á því hvað um þann afla verður.

Gera má ráð fyrir að útgerðinni verði greitt upp í kostnað við að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans. Með þessu fyrirkomulagi yrðu minni líkur á að afla yrði hent. Flestum finnst slæmt að henda góðum fiski sem slæðist eðlilega með í mismiklu magni. Sá fiskur sem núna er veiddur og hent mun skila sér í land þar sem nú er beinlínis refsivert að koma með hann að landi. Ekki á að koma fólki í þá aðstöðu að verða að brjóta lög.

Gjaldið, sem útgerðin fær fyrir að flytja aflann, landa honum og sjá um sölu hans, gæti hugsanlega verið á bilinu 5–15% og mætti vera ákveðið af ráðuneytinu með hliðsjón af tegund afla, veiðum og framboði slíks afla. Mikilvægt er að gjaldið verði nægilega hátt til þess að hvetja sjómenn til þess að koma með aflann að landi en þó ekki svo hátt að sjómenn fari að gera út á þann afla.

Fernt mun hvetja sjómenn til þess að koma með utankvótaafla að landi. Í fyrsta lagi fara þeir með því að lögum [og það þykir flestum gott], í öðru lagi fá þeir nokkurt verð fyrir aflann [reyndar mjög lítið], í þriðja lagi þykir flestum leitt að henda verðmætum [það er sennilega það atriði sem vegur þyngst] og að síðustu rennur verðmæti aflans til rannsókna fyrir sjávarútveginn [þ.e. kemur sjómönnum óbeint til góða]. Þessi aðferð hefur kosti og galla. Búast má við að miklu meiri afli berist að landi. Bæði mun allur sá afli sem nú er hent berast að landi, sem að sjálfsögðu er mikill kostur því að þessi fiskur er deyddur hvort sem er, en jafnframt munu útgerðir ekki forðast, eins og núna, þau mið sem mest gefa af bönnuðum meðafla, t.d. af þorski. Þannig munu utankvótaveiðar aukast eitthvað. Að sjálfsögðu er það galli en á móti kemur að allur þessi afli kemur þjóðfélaginu í heild til góða. Auk þess verður vitað með meiri vissu hve mikið er veitt en það liggur ekki fyrir í dag [eins og hugleiðingar manna um brottkast segja til um]. Verðmæti utankvótaaflans mun auk þess verða lyftistöng fyrir sjávarrannsóknir og létta byrðum af ríkissjóði.

Einnig er rétt að skoða ákvæði 9. gr. um undirmálsfisk. Ákvæði gildandi laga um að undirmálsfiskur teljist aðeins að hluta með í aflamarki verður óþarft ef framangreind atriði verða tekin til skoðunar og samþykkt."

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og sjútvn.

[18:07]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Hér er till. til þál. sem er allra góðra gjalda verð. Vissulega hefur það verið í umræðunni um langan

tíma og staðreynd ef tekið er mið af því sem sjómenn hafa sjálfir sagt að það er tilhneiging til að henda talsverðu af afla í sjó og kemur þar margt til eins og hv. flm. kom inn á. Hins vegar verð ég að viðurkenna með sjálfum mér að hann verður vandratаður þessi meðalvegur eins og hv. flm. leggur til, þ.e. annars vegar að finna hvata til þess að sjómenn komi með allan afla að landi og síðan aftur að skilgreina að það sé ekki of mikið greitt fyrir hann en heldur ekki of lítið þannig að markmið þessarar þáltill. nái fram að ganga. En eins og ég sagði í upphafi er þessi þáltill. allra góðra gjalda verð. Vissulega er þetta vandamál sem sjútvrn. stendur frammi fyrir. Það hefur oft verið rætt í sjútvn. hvernig með þetta skuli fara en menn hafa ekki fundið hina eiginlegu lausn á þessu vandamáli.

Þetta mál mun koma til hv. sjútvn. þar sem ég á sæti og þar mun það vissulega verða tekið til umfjöllunar. Ég veit að það er góður hugur á bak við það og menn vilja leysa þetta mál á þann hátt sem þáltill. hljóðar upp á. Það er svo spurning hvaða vegur verður farinn í því efni. En vissulega stöndum við frammi fyrir þessu máli. Því miður er of miklu af afla hent í sjóinn og vonandi að okkur takist innan ekki langs tíma að finna flöt á því hvar hinn gullni meðalvegur liggur og að okkur hér á hinu háa Alþingi og sjómönnum muni sameiginlega takast að rata þann veg að einhver lausn fáist í þessu mikla vandamáli.

[18:09]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. þm. við þessari tillögu. Að sjálfsögðu er vandratаður meðalvegurinn. Aðalvandinn í þessu dæmi er einmitt hversu mikið á að greiða fyrir aflann sem útgerðin ekki notar af kvóta sínum. Ég hef stungið upp á 5%–15% en það verður að sjálfsögðu rætt í hv. sjútvn. Ég vonast til þess og býst við að hún muni senda þetta til umsagnar þeirra aðila sem vinna í þessu úti á miðunum. Þeir hafa að sjálfsögðu langmest vit á því hvernig best er að haga svona reglum. Þessar hugmyndir eru settar fram sem hugmyndir til þess að leysa þann vanda og það er alltaf gott að skoða margar hugmyndir. Það er ekki víst að þetta séu endilega þær bestu hugmyndir sem til eru en ég vona að þessi þáltill., ef samþykkt verður, leiði til þess að umræða um þetta mál komist á skrið og eitthvað af þeim afla sem menn eru að segja að sé hent í dag komist á land öllum til góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–10., 16.–18. og 20. mál.

Fundi slitið kl. 18:11.

---

93. FUNDUR

miðvikudaginn 19. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til félagsmálaráðherra:

1. Húsaleigubætur, fsp. SvanJ, 375. mál, þskj. 657.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Tæknifrjóvgun, fsp. HG, 393. mál, þskj. 687.

Til iðnaðarráðherra:

3. Hættumat vegna virkjanaframkvæmda, fsp. MF, 419. mál, þskj. 721.

Til viðskiptaráðherra:

4. Útilokun fyrirtækja frá markaði, fsp. SvG, 420. mál, þskj. 722.

Til dómsmálaráðherra:

5. Endurskoðun laga um tæknifrjóvgun, fsp. HG, 394. mál, þskj. 688.

6. Fíkniefnamál, fsp. MagnA, 429. mál, þskj. 733.

7. Endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar, fsp. SJS, 433. mál, þskj. 739.

8. Gerð björgunarsamninga, fsp. ÁRJ, 460. mál, þskj. 774.

Til utanríkisráðherra:

9. Kjarnavopn á Íslandi, fsp. HG, 427. mál, þskj. 731.

Til menntamálaráðherra:

10. Verkmenntun, fsp. MagnA, 428. mál, þskj. 732.

11. Úthlutunarreglur dreifbýlisstyrkja, fsp. ÍGP, 430. mál, þskj. 734.

Til samgönguráðherra:

12. Slysabætur sjómanna, fsp. KHG, 434. mál, þskj. 740.

Til fjármálaráðherra:

13. Störf jaðarskattanefndar, fsp. SighB, 443. mál, þskj. 753.

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Flugskóli Íslands, 152. mál, þskj. 779.

Skipting bóta, 366. mál, svar fjmrh., þskj. 776.

Þróun launa og lífskjara, 20. mál, skýrsla (frh.) forsrh., þskj. 780.

Athugasemdir um störf þingsins.

Staðan í samningamálum.

[13:34]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem er uppi varðandi almenna kjarasamninga.

Ég flutti í haust frv. til laga um að lágmarkslaun á Íslandi skyldu vera fyrir fulla dagvinnu 80 þús. kr. á mánuði. Rökstuðningurinn fyrir málinu var þessi: Lág laun hafa leitt til fátæktar á Íslandi. Lág laun hafa leitt til of langs vinnutíma á Íslandi. Lág laun hafa leitt til fólksflótta frá Íslandi og það hefur ekki náðst sá árangur hjá aðilum vinnumarkaðarins sem viðunandi er.

Nú blasir við sú staðreynd að Dagsbrúnarfulltrúar felldu undirritaðan kjarasamning í gærkvöldi vegna þess að ekki náðist fram að hækka lágmarkslaun í 70 þús. kr. nú þegar eða á næstu mánuðum eins og fram hefur komið hjá formanni Dagsbrúnar. Hagkerfinu mun blæða hratt út ef víðtæk verkföll skella á. Þess vegna óska ég eftir, herra forseti, að hv. félmn. taki nú þegar frv. um lágmarkslaun til umfjöllunar og afgreiði það. Það felur í sér að laun með orlofi verða 80 þús. kr. Um það getur orðið sátt við íslenskt verkafólk á lægstu launum og ekki annað. Þetta verður að gerast nú á næstu 2–3 dögum og ljúka með afgreiðslu þingsins.

Herra forseti. Í þessari umfjöllun er ég ekki að sakast við ríkisstjórnina. Hún hefur sett fram tillögur til að greiða fyrir samningum þó svo þær kalli á ýmsar breytingar, eins og hæstv. forsrh. hefur viðurkennt, svo sem varðandi vaxtabætur og barnabætur. Ég tel þess vegna að ríkisstjórnin hafi ekki brugðist hlutverki sínu í þessu máli.

Þetta frv., herra forseti, hefur verið til umfjöllunar hjá fjölmörgum aðilum í þjóðfélaginu og fengið jákvæðar undirtektir, já reyndar flestum nema ASÍ sem taldi að eftir væri að framkvæma á því nákvæma útfærslu. En það er ekki hlutverk þessa frv. Reyndar get ég líka tekið fram að ég óskaði ekki umsagnar VSÍ. Ég veit skoðun framkvæmdarstjóra þess. Hann sagði í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum mánuðum að það væri unnt að verja það siðferðilega að lágmarkslaun væru 50 þús. kr. Ég taldi því ekki ástæðu til að eyða dýrmætum tíma hans í umfjöllun um málið. Þess vegna ítreka ég kröfu mína um að félmn. hefji nú þegar vinnu við frv., afgreiði það og létti af því oki sem við blasir fyrir íslenskt þjóðfélag.

[13:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þm. um að hans tillaga verður tekin fyrir félmn. eins og aðrar tillögur sem þar liggja fyrir, en það er að sjálfsögðu á valdi meiri hluta nefndarinnar hversu hraða eða hvernig afgreiðslu málið fær.

Það sem mig langaði hins vegar að víkja að er þetta atriði sem fram kom í hans máli með það að kjarasamningar hafi verið felldir í gærkvöldi af stóru samninganefnd Dagsbrúnar og Framsóknar. En nú er nefnilega einmitt farið að reyna á þau lög sem voru samþykkt sl. vor um stéttarfélög og vinnudeilur og ég fæ ekki betur séð þegar ég les lagatextann en að stóra samninganefndin hafi ekki umboð til þess að fella eða samþykkja neitt. Það segir í lögunum, með leyfi forseta:

„Þegar kjarasamningur hefur verið undirritaður af til þess bærum fulltrúum samningsaðila gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungs þátttöku samkvæmt atkvæða- og félagaskrá innan fjögurra vikna frá undirritun."

Þannig hljóðar lagatextinn og það er ljóst samkvæmt honum að gerður samningur gengur í gildi og þarf að bera hann undir atkvæði félagsmanna. Það er nákvæmlega það sem var verið að fjalla um hér sl. vor og var m.a. bent á að verið væri að gera afgreiðslu kjarasamninga miklu þyngri í vöfum. Það sem getur nú gerst er að þessi kjarasamningur fari til almennrar atkvæðagreiðslu hjá félagsmönnum Dagsbrúnar og Framsóknar og þar gerist það sama, að hann verði felldur. Þetta er mjög sérkennilegt ferli sem hér er hafið miðað við reynslu fyrstu árin. Ég skal viðurkenna það að ég heyrði ekki hádegisfréttir og veit ekki hvort ríkissáttasemjari hefur fellt einhvern dóm í þessu máli en svona hljóðar lagatextinn.

[13:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held satt að segja að þetta síðasta sé pínulítill misskilningur vegna þess að staðan er þannig að samninganefnd Dagsbrúnar hafði öll umboð í þessu máli í sjálfu sér og lögin frá því í vor, þótt vitlaus séu, breyta engu um þetta atriði, enda mun það hafa orðið niðurstaðan sl. nótt í viðræðum aðila vinnumarkaðarins og sáttasemjara að algerlega ástæðulaust væri að velta vöngum yfir þessu vandamáli sérstaklega.

Ég kom hins vegar upp, herra forseti, til þess að taka undir það með hv. þm. Gísla Einarssyni að kjaramálin verði almennt mikið á dagskrá. Alþingi þarf að láta það finnast og koma fram að það tekur eftir því sem er að gerast úti í þjóðfélaginu. Auðvitað er það alveg ljóst að útspil ríkisstjórnarinnar síðustu daga hefur spillt fyrir samningum. Þau hafa vakið tortryggni í verkalýðshreyfingunni í landinu, vakið tortryggni hjá aðilum vinnumarkaðarins og samninganefndunum, bæði stórum og smáum. Þetta á við um tilboðið um vaxtabætur, sem var algerlega fráleitt, reyndist vera vitlaust reiknað meira að segja. Í öðru lagi á þetta við tilboðið um barnabætur, sem reyndist vera allt annað heldur en fullyrt var, og það alvarlegasta og sem veldur mestri óánægju í stöðunni í dag er yfirvofandi hótun ríkisstjórnarinnar um að rífa lífeyrissjóðina af verkalýðshreyfingunni í landinu eftir 27 ára uppbyggingu þeirra sjóða samkvæmt samningunum 1970. Það er þessi árás ríkisstjórnarinnar á verkalýðshreyfinguna sem veldur því að fólk þorir ekki að fallast á þau samningsdrög sem liggja fyrir. Það er veruleikinn.

Auk þess er það þannig, eins og hv. þm. Gísli Einarsson benti á og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, að lögin sem voru sett hér sl. ár eru þegar farin að spilla fyrir vegna þess að samningsferlið er þunglamalegra, flóknara og erfiðara og skapar meiri illindi en ella væri þörf á milli aðila vinnumarkaðarins vegna þess hvernig þar er að hlutunum staðið. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. Gísla Einarssyni, herra forseti, að kjaramálin verði rædd hér rækilega sem aðalmál næstu daga vegna þess að það er bersýnilegt að ríkisstjórnin er alls staðar til bölvunar þar sem hún kemur nálægt þeim málum.

[13:41]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur vil ég bara að það komi fram að í mínum huga leikur ekki hinn minnsti vafi á að samningurinn sem gerður var og undirritaður í gærkvöldi verði felldur. Hann mun ekki verða samþykktur þó svo hann fari í gegnum eitthvert ferli.

Ég óttast meira. Ég óttast líka að Iðjusamningurinn, sem núna er í atkvæðagreiðslu verði felldur. Það er slík undiralda í þjóðfélaginu. Þess vegna, herra forseti, bið ég um það undir þessum þingskapalið að þetta frv. sem ég ræddi um verði tekið nú þegar til hraðrar umfjöllunar. Það liggja fyrir 16–20 umsagnir, allar jákvæðar. Reyndar kom það fram hjá mér að það var síst frá ASÍ vegna þess að ASÍ telur að svona frv. þurfi að vera nákvæmlega útfært. Þetta frv. hljóðaði upp á 80 þús. kr. lágmarkslaun sem er nánar skilgreint 70 þús. kr. grunnlaun plús orlof. Einfaldara gat það ekki verið og einfalt hlaut það að verða þar sem ég lagði málið fram á þingi til umfjöllunar.

[13:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er með ólíkindum að jafnsjálfsögð krafa verkalýðshreyfingarinnar og að hækka lágmarkslaunin strax í 70 þús. kr. sé að hleypa öllu í hnút á almenna vinnumarkaðnum. Þetta eru sanngjarnar og hóflegar kröfur sem ekki munu valda neinni kollsteypu í íslensku efnahagslífi og það verður ekki liðinn þessi þvergirðingsháttur í Vinnuveitendasambandinu, hálaunahópanna í Vinnuveitendasambandinu, sem eru að koma í veg fyrir jafnsjálfsagða kröfu og eru að steypa þjóðinni, vegna þess að það er Vinnuveitendasambandið sem er að steypa þjóðinni út í langvinn verkföll.

Að vísu ollu svör formanns félmn. mér nokkrum vonbrigðum. Það er að vísu rétt að meiri hluti nefndarinnar mun ráða því hvort málið fái eðlilega afgreiðslu í nefndinni. En ég hefði viljað fá yfirlýsingu hv. formanns nefndarinnar um að hún teldi það forgangsverkefni að afgreiða þetta mál úr nefndinni. Þingið verður að fá færi til að fjalla um þetta mál. Þetta er sjálfsögð krafa og það hlýtur að vera eðlilegt að Alþingi höggvi á þennan hnút sem upp er kominn með því að lögfesta nú þegar að lágmarkslaunin hækki í 70 þús. kr. Ég bíð spennt eftir því að heyra hvað hæstv. vinnumálaráðherra hefur um þessa stöðu að segja sem upp er komin á vinnumarkaðnum og er öll vegna háttalags hálaunahópanna í Vinnuveitendasambandinu, ekki verkalýðshreyfingarinnar. Hún hefur verið hógvær í sínum kröfum.

[13:45]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Varðandi það frv. sem hv. þm. Gísli S. Einarsson gat um, þ.e. lögbindingu 80 þús. kr. lágmarkslauna, þá var getið sérstaklega um í því frv. að aðilum vinnumarkaðarins var gefið svigrúm, mig minnir í fimm mánuði, til að komast að þessari niðurstöðu. Það er skoðun okkar almennt að það eigi að gera kjarasamninga á vinnumarkaðnum. Það var rökstutt ítarlega í frv. að þetta væri ráð sem yrði að grípa til ef menn gætu ekki komist eðlilega að þessari niðurstöðu vegna þess að það eru fjölmörg rök sem mæla með því að lágmarkslaun séu lögbundin í landinu. Það getur leitt til aukinnar framleiðni og aukinnar hækkunar launa við núverandi aðstæður. Þetta þekkist því víða og það eru mörg skilyrði nú uppfyllt að einmitt þetta skref gæti orðið til hagsbóta hér í efnahagsumhverfinu. Vitaskuld er áhyggjuefni hvernig málum kjarasamninga er komið núna, en ég vil að það komi skýrt fram að Dagsbrún og Framsókn, ég veit ekki betur, skrifuðu undir með fyrirvara um sína stóru samninganefnd, sem er þeirra samninganefnd, þannig að afgreiðsla þeirra í nótt var fullkomlega eðlileg og lögmæt. Ég veit ekki til þess að hægt sé að hártoga það á nokkurra handa máta þó að nýju lögin séu eins og þau eru. En málið er það brýnt að vitaskuld ber að taka það upp og það er sú krafa sem hér var gerð. Það á að taka þetta frv. upp í ljósi breyttra aðstæðna sem nú ríkja. Þetta mál var brýnt, þetta mál var skynsamlegt en nú er þetta þingmál Gísla S. Einarssonar og annarra þingmanna jafnaðarmanna orðið lífsnauðsyn í okkar þjóðlífi.

[13:47]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til þess að leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. formanni félmn. Sá hópur Dagsbrúnar- og Framsóknarfólks sem kom saman til að fjalla um samningsdrögin gærkvöldi er samninganefnd þessara félaga. Þegar frá samningsdrögunum var gengið var ritað í textann að þessi samningsdrög yrðu lögð fyrir samninganefnd Dagsbrúnar og Framsóknar og á þeim fundi réðist hvort samninganefnd Dagsbrúnar og Framsóknar hefði gengið frá sínum málum. Þetta stóð í textanum að þeim drögum að samkomulagi sem fram var lagt og þessi málsmeðferð var samþykkt af vinnuveitendum. Það er því ljóst að þrátt fyrir ákvæði hinna nýju laga liggur það fyrir að Dagsbrún og Framsókn hafa staðið eðlilega að öllu leyti að samningamálum sínum og það er alveg fráleitt að halda því fram að þau séu skuldbundin til þess að bera þessi samningsdrög undir allsherjaratkvæðagreiðslu í félögunum.

Ég vil síðan aðeins taka undir með hv. þm. Gísla Einarssyni og Ágústi Einarssyni og benda á, virðulegi forseti, að í tveimur vestrænum löndum eru í gildi lög um lágmarkslaun, bæði í Frakklandi og í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Clinton forseti hefur ekki alls fyrir löngu hækkað þann lágmarkstaxta sem hin bandarísku lög gera ráð fyrir. Það er ekkert óeðlilegt að Alþingi Íslendinga hafi skoðun á því hver vera skulu lágmarkslífskjör í landinu. Slíkt frv. hefur verið lagt fram á Alþingi og Alþingi á að sjálfsögðu að fjalla um það með eðlilegum hætti, ekki síst eftir að hæstv. ríkisstjórn er gersamlega búin að klúðra þessum samningamálum með því að leggja fram tilboð í skattamálum sem hæstv. forsrh. hefur sjálfur viðurkennt að sé að hluta til mjög ósannfærandi. Hæstv. forsrh. tók þannig til orða að rök Alþýðusambandsins gegn þeirri meðferð sem vaxtabótakerfið sætir í þessu tilboði séu mjög sannfærandi sem þýðir það að hæstv. félmrh. er í hans augum mjög ósannfærandi.

[13:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er mjög andvígur því að skipa launum með lögum og ég tel að það sé aðila vinnumarkaðarins að semja um kaup og kjör og ríkisvaldið eigi ekki að blanda sér í það með því að setja löggjöf.

Ég ætla ekki að blanda mér í störf félmn. hvort hún tekur þetta frv. fyrir. Ég geri ráð fyrir því að að sjálfsögðu eins og með önnur mál sem þangað berast, þá verði þau tekin þar og rædd.

Varðandi gildi þessa samnings sem gerður var í nótt, þá vitnaði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir rétt í lagatextann um stéttarfélög og vinnudeilur. Ég hef ekki séð þessar undirskriftir en það er náttúrlega ljóst að hafi verið skrifað undir samning gildir samningurinn frá undirskrift og þar til hann hefur hlotið afgreiðslu í almennri atkvæðagreiðslu í viðkomandi félögum. Ég veit hins vegar ekki hvort það mundi breyta neinu. Ég hygg að það hafi komið í ljós á þessum fundi sem haldinn var í nótt eða gærkvöldi að veruleg andstaða sé gegn þessum samningi og þá hlýtur hún væntanlega að koma fram í almennri atkvæðagreiðslu. Almenna atkvæðagreiðslan er til þess að almennir félagsmenn geti tjáð sig um meginákvarðanir.

Varðandi útspil ríkisstjórnarinnar þá hefur það komið fram að útspil ríkisstjórnarinnar var svar við kröfu ASÍ, að ríkisstjórnin er tilbúin til að útfæra hugmyndir um vaxtabætur með öðrum hætti en var í þessu tilboði. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá forsrh. og mér um það. Það hefur engin hótun verið sett fram um lífeyrissjóðina. Það er allt saman stormur í vatnsglasi og tilbúningur því að það verður ekkert hróflað við samtryggingarhugsjón lífeyrissjóðanna og þeir munu halda sínum 10%.

[13:52]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það hefur komið á daginn eins og fyrir var spáð að þau arfavitlausu lög sem samþykkt voru hér í maí sl. um vinnulöggjöfina hafa reynst þrándur í götu þessara kjarasamninga, hafa reynst það í öllum aðdraganda þeirra og núna þurfa menn að eyða dýrmætum tíma í það að rífast um formið en ekki efnið þegar allt logar í vinnudeilum og verkföllum. Ekki meira um það, virðulegi forseti. (**Félmrh.:** Hverjir eru það?) Hæstv. ráðherra gat um það sjálfur og hefur vafalaust fylgst með því í fréttum eins og við hinir hér að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins er með efasemdir um að viðræðunefnd Dagsbrúnar og Framsóknar

hafi eiginlega samninganefnd að baki sér og ætlar sér að blanda sér í innri mál verkalýðshreyfingar eins og hæstv. félmrh. opnaði fyrir með þessum arfavitlausu lögum frá í fyrravor.

Meginmálið hér er það, virðulegi forseti, að þingið láti sig þessi mál varða miklu skeleggar en verið hefur. En ríkisstjórnin hefur komið að málum á vitlausum tíma með vitlausar tillögur og það er auðvitað mikilvægt að þingið taki ráðin af henni og komi að þessum málum beint.

Það er líka hárrétt sem málshefjandi í þessari umræðu um störf þingsins gat um að skurðarpunkturinn í þessu máli öllu eru lágmarkslaunin, 70 þús. kr. sem eru til umfjöllunar í hinu háa Alþingi í félmn. Það er engin spurning um það á þessum tíma, hvað sem mönnum finnst annars um beina eða óbeina aðild löggjafarþingsins að þessum málum, að hv. félmn. verður að fara í þessa vinnu nú þegar. Það er um þetta sem er deilt. Þetta er álitaefnið og umfjöllunarefnið í þinginu og það má engan tíma missa í þeim efnum. Þingið getur ekki setið eftir þegar þjóðin öll er að ræða einmitt þau hin sömu mál.

[13:54]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Mér finnst alveg með ólíkindum hvað stjórnarandstaðan hefur getað með lagni sáð tortryggni um þær tillögur sem ríkisstjórnin lagði fram um skattamál og lækkun á sköttum sem er í rauninni í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins að skattar lækka á launafólki í landinu. Það sem skiptir mestu máli fyrir launþegana er sú 4% skattalækkun sem boðuð er samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, hún skiptir höfuðmáli.

Síðan er deilt um útreikninga sem allir geta í sjálfu sér spáð í með ýmsu móti hvernig gætu komið út fyrir sig. Höfuðáhersla ríkisstjórnarinnar í þessu dæmi voru lækkanir á beinum sköttum.

Síðan hefur verið reynt að þyrla upp miklu moldviðri út af lífeyrissjóðamálum sem löngu er komið fram að er ekki nein aðför að lífeyrissjóðum heldur er verið að gera fólki kleift með aukagreiðslum til lífeyrissjóða að ráða því hvert þær greiðslur fara. Það er ekki verið að vega að lífeyrissjóðakerfinu með neinu móti. Samt hefur stjórnarandstöðunni tekist með lagni að sá því hjá þjóðinni að þetta sé einhver aðför að lífeyrissjóðunum sem er alveg fráleit staðhæfing. Það er í rauninni sorglegt að samningarnir skuli vera komnir í þá úlfakreppu sem þeir eru í núna og í sjálfu sér er ekki hægt að kenna ríkisstjórninni að neinu leyti um það mál. Hún hefur spilað sínum spilum út með miklum glæsibrag. Spurningin er náttúrlega sú hvort þeir aðilar sem eru á vinnumarkaðnum ættu ekki að snúa sér að því að semja um þau kjör sem allir eru í rauninni sammála um að þurfi að gilda í landinu. 70 þús. kr. lágmarkslaun eru sjálfsögð krafa og ég held að það taki flestir undir það og þess vegna er ekki að mínu viti eftir neinu að bíða með það að ganga frá því að slík ákvæði kæmu fyrr inn í samningunum heldur en gert er ráð fyrir nú.

[13:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil bara ítreka það sem ég sagði í upphafi að tillaga hv. þm. verður að sjálfsögðu tekin fyrir í hv. félmn. En það vill svo til að þingið er að fara í páskaleyfi og þar af leiðandi er heldur ólíklegt að það takist að afgreiða tillöguna á allra næstu dögum en hún mun að sjálfsögðu fá eðlilega meðferð eins og aðrar tillögur.

Vegna þess sem hér hefur fram komið um lögin um stéttarfélög og vinnudeilur, þá gleður það mig ef rétt er að um það hafi verið samið af samninganefnd Framsóknar og Dagsbrúnar að undirskriftir væru með fyrirvara um samþykki stóru samninganefndarinnar vegna þess að það segir í lagagreininni sem ég vitnaði til áður að ... (Gripið fram í.) já, af fulltrúum samningsaðila, gildir hann frá undirskriftardegi sé ekki á annan veg samið. Samkvæmt því sem hér hefur komið fram hefur verið samið um þennan fyrirvara og ég fagna því svo sannarlega. Hins vegar er það ekki rétt sem fram kom hjá félmrh. að það mundi ekki breyta neinu hvort um slíkt hefði verið samið því að það gefur auga leið að eins og lögin voru áður þegar samningarnir hreinlega gengu í gildi og verkfalli var aflýst, þá er þetta orðið miklu lengra ferli en það var áður. (**Gripið fram í:** Það er lykilatriði.) Já, það er alveg lykilatriði í þessum málum. Þetta voru m.a. fulltrúar opinberra starfsmanna að benda á að þeir þekktu þetta vonda fordæmi en það var ákveðið að fara þá leið engu að síður.

Húsaleigubætur.

Fsp. SvanJ, 375. mál. — Þskj. 657.

[13:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til félmrh. um húsaleigubætur frá Svanfríði Jónasdóttur. Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hvað líður endurskoðun laga um húsaleigubætur og er endurskoðunin í anda þeirra hugmynda sem ráðherra hefur lýst, þ.e. að húsaleigubætur verði verkefni sveitarfélaga, það verði skylda allra sveitarfélaga að bjóða upp á húsaleigubætur og húsaleigubætur gangi „út yfir allt leiguhúsnæði og líka leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaganna"?

2. Hefur náðst samkomulag við sveitarfélögin um hvaða verkefni ríkið yfirtekur á móti ef húsaleigubætur verða verkefni sveitarfélaganna einna?

Virðulegi forseti. Lögin um húsaleigubætur voru sett árið 1994 og tóku gildi 1. janúar 1995, en í þeim var ákvæði um endurskoðun innan tveggja ára. Nefnd sem skipuð var í ársbyrjun 1995 skilaði af sér í lok nóvember það ár og það er fróðlegt að skoða hvað nefndin segir um reynsluna af húsaleigubótakerfinu, með leyfi forseta:

„Húsaleigubætur hafa sannarlega verið tekjulágum leigjendum til hagsbóta", segir í nefndarálitinu „og haft áhrif til framfara á leigumarkaði. Um 70% bótaþega eru undir skattleysismörkum og 86% íbúða eru þriggja herbergja og minni. Flest bendir til að greiðsla húsaleigubóta sé skilvirk aðferð við að aðstoða tekjulága leigjendur og hafi í mörgum tilvikum kosti fram yfir þá leið sveitarfélaganna að leigja út íbúðir gegn leigugjaldi langt undir kostnaðarverði." — En við þekkjum öll að slíkt hefur verið það almenna í leigustuðningi sveitarfélaganna frá því að húsaleigubætur voru teknar upp. — „Nefndin telur grundvallaratriði að allir landsmenn eigi sama rétt til húsaleigubóta óháð því hvar í sveit þeir búa. Það sama á við um leigjendur hjá sveitarfélagi og ríki. Öll þau sveitarfélög sem ákváðu að greiða húsaleigubætur á árinu 1995 og fengu umsóknir um bætur hafa tekið ákvörðun um að halda áfram greiðslu bóta á árinu 1996."

Þetta er sagt í árslok 1995. Flestir telja að lögin séu bæði skýr og auðveld í framkvæmd og samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdina hefur gengið vel og án vandamála. Í samantekt nefndarinnar um áhrif laganna kemur fram að sveitarfélögin telja að dregið hafi úr eftirspurn eftir félagslegum íbúðum og krafa um þinglýsingu hafi bæði girt fyrir misnotkun á kerfinu og rennt traustari stoðum undir samskipti leigjenda og leigusala.

Ráðherrann hefur sagt á Alþingi í umræðu um húsnæðismál að nú verði lögum samkvæmt að endurskoða lögin um húsaleigubætur og segir, með leyfi forseta:

„Ég hef haft áhuga á því að koma þeim yfir á sveitarfélögin. Ég veit ekki hvort það gengur upp. Í öllu falli getum við ekki haft húsaleigubótakerfið eins og það er, þ.e. mér finnst það ekki geta verið valfrelsi sveitarfélaganna hvort þau taki það upp. Annaðhvort verður það að vera alls staðar eða ekki. Í öðru lagi finnst mér að það ætti að ganga út yfir allt leiguhúsnæði, líka leiguhúsnæði í eigu sveitarfélaganna." Og nú spyr ég ráðherrann hvað hann hyggist gera í þessum málum og hvort hann standi við þessi orð.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég skipaði í maí sl. starfshóp í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga til að gera tillögur um framtíð húsaleigubótakerfisins. Í þessum starfshópi sitja Lára Björnsdóttir, félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, Karl Björnsson, bæjarstjóri á Selfossi, þau eru fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, Arnar Jónsson, stjórnsýslufræðingur í fjmrn., Áslaug Friðriksdóttir, deildarsérfræðingur í félmrn. og Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri í félmrn., sem jafnframt er formaður starfshópsins.

Í ágúst sl. samþykkti ríkisstjórnin að leita eftir því að sveitarfélögin tækju alfarið yfir húsaleigubótakerfið. Eftir viðræður sem ég átti ásamt fjmrh. við formann og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga gerðum við samkomulag um að stefna sameiginlega að því að sveitarfélögin taki alfarið yfir húsaleigubæturnar um áramótin 1997/1998 og frá þeim tíma hefur starfshópurinn um húsaleigubæturnar tekið mið af þessu samkomulagi í störfum sínum.

Það var ákveðið á sama fundi í fyrrasumar að húsaleigubótakerfið yrði óbreytt á þessu ári, þ.e. 1997, á meðan unnið yrði að endurskoðun laganna. Starfshópur þessi er að ljúka víðtækri upplýsinga- og gagnaöflun er lýtur að greiðslu húsaleigubóta, leigumarkaði og leigjendum. Starfshópurinn hefur notið aðstoðar frá Þjóðhagsstofnun og einnig hefur Samband ísl. sveitarfélaga unnið að upplýsingum um leiguibúðir sveitarfélaga. Það þarf að endurskoða þessi lög áður en sveitarfélögin taka við þeim og ætti að gefast tími til þess á haustþingi. Starfshópurinn lýkur senn störfum og það er verið að yfirfara tillögur eftir því sem ég best veit og meta tilkostnað og skoða einnig samhengi hlutanna í félagslega kerfinu. En ég get ekki á þessari stundu fullyrt hver niðurstaða starfshópsins verður eða hvaða tillögur hann kemur til með að leggja fram.

Ég hef hins vegar ekki legið á mínum persónulegu skoðunum um þetta mál. Ég tel að húsaleigubæturnar hafi sannað gildi sitt. Ég tel að þær eigi rétt á sér og ég vil nauðugur sjá þær lagðar niður. Ég tel persónulega að heppilegast væri að þær væru greiddar í öllum sveitarfélögum og líka á leiguíbúðum í eigu sveitarfélaganna. Eins þykir mér eðlilegt að huga að skattlagningu húsaleigubóta.

Hvað 2. lið spurningarinnar varðar, þá er ekki búið að ganga frá því hvaða verkefni ríkið yfirtekur frá sveitarfélögunum á móti húsaleigubótunum sérstaklega. Þar kemur ýmislegt til greina, t.d. eru vinnumálin að færast til ríkisins og það getur komið inn í þennan reikning. Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eru mikil og það er líka hægt að gera þetta upp í sambandi við tekjustofna sveitarfélaga eins og gert var við grunnskóla. Ég tel að það sé rétt stefna að færa verkefni sem henta sveitarfélögunum nær fólkinu ef mögulegt er. Ég minni líka á málefni fatlaðra sem færast til sveitarfélaganna eftir 1. janúar 1999.

Það er hægt að hugsa sér að ríkið taki við einhverjum verkefnum frá sveitarfélögunum eins og við munum gera með vinnumiðlanirnar, en síðan er hægt líka að leggja til tekjustofna með þeim verkefnum sem sveitarfélögin taka við frá ríkinu.

[14:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að húsaleigubæturnar hafa sannað gildi sitt og það er ljóst af framkvæmdinni að það hefur ekki gengið eftir sem sveitarfélögin settu þó fyrir sig varðandi það að taka upp húsaleigubætur, að hér væri um svo flókið og óskilvirkt kerfi að ræða að framkvæmdin mundi ekki ganga eftir. Það er staðfest í skýrslu frá félmrh. 1995, en þar kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Framkvæmdin hefur gengið vel og engin stórvægileg vandamál komið í ljós. Samstarf ríkis og þeirra sveitarfélaga sem hafa tekið þátt í þessu verkefni hefur verið með ágætum."

Þetta eru líka þær bestu kjarabætur sem um hefur verið að ræða í langan tíma fyrir láglaunafólk.

Það er auðvitað óþolandi en því varð að sæta á sínum tíma að mismunandi er hvort sveitarfélögin greiða húsaleigubætur eða ekki. Þannig getur verið t.d. í Kópavoginum, þar sem ekki eru greiddar húsaleigubætur, að þeir sem eru á almenna markaðnum hafi 15 þús. kr. minna til ráðstöfunar en þeir sem eru í Reykjavík. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort við megum vænta þess að þetta frv. verði lagt fram núna þannig að hægt sé að afgreiða það á vorþinginu vegna þess að undirbúningurinn að framkvæmdinni sem á að taka gildi um næstu áramót tekur nokkurn tíma.

[14:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af þessum almennu vangaveltum félmrh. um það að velta til peningum af ríkinu og yfir á sveitarfélögin og öfugt. Það er dálítið skrýtið. Sveitarfélögin voru á móti því að ríkið yfirtæki vinnumiðlunina. Nú á að selja sveitarfélögunum það. Sveitarfélögin eiga að þakka fyrir að það skyldi hafa verið gert.

Síðan ákvað ríkisstjórnin núna um daginn, án þess að tala við sveitarfélögin sem slík, þó það hafi kannski verið talað við formann Sambands ísl. sveitarfélaga, þá er það ekki nóg í þessu dæmi, að lækka útsvör á svetarfélögunum í landinu upp á verulegar upphæðir. Það var ekkert talað um það við sveitarfélögin. Ég stóð hér upp, herra forseti, í framhaldi af orðum hæstv. ráðherra til að hvetja til þess að þessi mál verði sett í eðlilegan og faglegan farveg, en menn hætti að láta dynti augnabliksins ráða því hvað snýr upp og hvað niður í þessum efnum.

[14:10]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að segja megi að svör ráðherrans séu fremur jákvæð, þá tek ég undir það að svörin eru almennar vangaveltur. Ef við skoðum svör ráðherrans, þá skipaði hann nefnd sl. ágúst. Nú er kominn seinni hluti mars og þá óskar ríkisstjórnin eftir því að hans undirlagi að sveitarfélögin taki þetta yfir. Samkomulag er um að kerfið verði óbreytt á þessu ári, árinu 1997, á meðan lögin verða endurskoðuð. Á sama tíma liggur fyrir að nefnd hefur skilað nefndaráliti sem er nokkuð skýrt, sem er mjög jákvætt, þar sem er yfirlit um framkvæmdina. Framkvæmdin hefur tekist vel og ekkert gefur til kynna að það þyrfti að gera breytingar sem slíkar á samstarfinu eða framkvæmdinni að öðru leyti en því að það væri mjög mikilvægt að öll sveitarfélög byðu upp á húsaleigubætur en ekki, eins og raunin varð og niðurstaða varð á sínum tíma, að hafa þetta valkvætt.

Ég hlýt að spyrja: Hvaða gagnaöflun þarf sú nefnd sem ráðherrann skipaði að fara í og hvað er það sem tefur að koma bara með skýrar tillögur hingað? Ég hjó eftir því að ráðherra sagði að vonandi kæmi þetta mál inn á haustþinginu. Ég minni á að við í félmn. höfum farið aftur og aftur í mikla og hraða vinnu á frv. sem hafa verið umdeild og þar af leiðandi erfið í vinnslu vegna þess að það hefur þurft nokkuð langan aðdraganda að því að þau lög sem út úr frv. kæmu tækju gildi. Núna er talað um að það sé nægilegt að þetta mikilvæga mál komi inn á haustþinginu en það liggur fyrir að það á að vera óbreytt kerfi út árið 1997 þannig að ályktа má að nýtt kerfi eigi að taka við í ársbyrjun 1998. Ég hlýt, virðulegi forseti, að benda á það, sem hér var rætt undir liðnum athugasemdir um störf þingsins, áður en þessi dagskrárliður hófst, að við höfum allt að fjórum sinnum í viku setið á ströngum fundum í félmn. til að vinna að málum ráðherrans, hinum umdeildu málum vinnumarkaðarins, til þess að þau geti orðið að lögum á miðju sumri á meðan við köllum eftir og bíðum eftir að komast í vinnu við frv. sem hafa mikið gildi fyrir fólkið í landinu.

[14:12]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Það hefur margsinnis komið fram að ég tel að heppilegast væri að öll sveitarfélög greiddu húsaleigubætur. Þess ber nú að geta samt, til þess að öllu sé til skila haldið, að sum sveitarfélög, þar á meðal Kópavogur og Akureyri, leggja til húsnæði í eigu sveitarfélaganna á mjög lágri leigu þannig að í því kemur töluverð aðstoð við leigjendur. En hún gagnast einungis þeim sem leigja þessar tilteknu bæjaríbúðir þannig að þetta er ekki fullkomin aðstoð af því að það gildir ekki á almenna markaðnum líka. Þetta getur orðið sveitarfélögunum til tjóns sem gera þetta. Þau missa frá sér fólk. Ég þekki dæmi þess að háskólanemar hafa flutt lögheimili sitt frá Akureyri til Reykjavíkur beinlínis af því að þeir eiga rétt á húsaleigubótum hér. Sveitarfélög eru, með því að bjóða ekki upp á húsaleigubætur, á vissan hátt að gera sínum ungmennum sem þurfa að leita annað til náms erfiðara fyrir.

Varðandi frumvarpsgerðina þá hef ég enga von um að geta lagt þetta fyrir hér á vorþingi enda er sá frestur að verða útrunninn sem okkur er settur. Hann rennur út 1. apríl. Nefndarstarfið hefur því miður tekið lengri tíma en áætlað var. Ég veit ekki hverjum er um að kenna en því er ekki lokið og það er eftir að vinna frv. En þetta verður lagt fram í þingbyrjun næsta haust og ég tel að það eigi að takast að afgreiða það með sæmilegum fyrirvara á haustþingi. Ekki þarf langan frest til þess að koma húsaleigubótum á vegna þess að þær hafa verið greiddar út áður. Það er ekki eins og hér sé um eitthvert nýmæli að ræða þó að kostnaðarskiptingin verði önnur en áður hefur verið.

Ég vil gera athugasemdir við fáránlegar fullyrðingar hv. 8. þm. Reykv. Það hefur ekkert verið ákveðið að lækka útsvarið hjá sveitarfélögunum en hins vegar er eðlilegt að sveitarfélögin taki einhvern þátt í þeim kostnaði sem verður vegna lausnar kjarasamninganna, enda leiði samningsniðurstaðan til tekjuhækkunar fyrir sveitarfélögin og sveitarfélögin láti eitthvað af hendi rakna í þetta púkk. (**RG:** Örstutta athugasemd.)

Um fundarstjórn.

Athugasemd um fyrirspurn.

[14:16]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég veit að það er ekki algengt að þingmaður fái að taka til máls öðru sinni, en ég tel að það sé að finna heimild um að gera megi stutta athugasemd. Ég er mjög ósátt við það, af því að ég óskaði eftir því við forseta að ég fengi að gera örstutta athugasemd, að mér var synjað um það og því ætla ég að leyfa mér að svína héðan úr þessum ræðustól og óska eftir því við ráðherrann að hann dreifi þeirri skýrslu sem nefndin skilar til þingsins þrátt fyrir að hann sé ekki tilbúinn með frv., ef sú skýrsla verður komin áður en þingi lýkur.

[14:16]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess sem öllum hv. þm. ætti að vera ljóst að einungis er heimilt að taka tvisvar sinnum til máls í fyrirspurnum, þ.e. fyrirspyrjandi hefur tök á því að tala tvisvar sinnum, fyrst í þrjár mínútur og síðan í tvær mínútur, hæstv. ráðherrar í fimm mínútur og síðan í tvær mínútur. Aðrir þingmenn hafa heimild til þess að gera örstutta athugasemd í eina mínútu. Forseti vonar að þetta sé alveg skýrt.

Tæknifrjóvgun.

Fsp. HG, 393. mál. — Þskj. 687.

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 687 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. um framkvæmd laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

1. Hvaða reglur hefur ráðherra sett um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa, sbr. 10. gr. laga nr. 55/1996?

2. Hvaða nánari reglur setti ráðherra fyrir 1. júní 1996 um framkvæmd tæknifrjóvgunar, sbr. 13. og 15. gr. laganna?

3. Hverjir eiga sæti í vísindasiðanefnd sem fjalla skal um rannsóknir á fósturvísum, hvenær var nefndin skipuð og hvernig hljóðar erindisbréf hennar?

Fyrirspurnin skýrir sig sjálf. Það er nokkuð um liðið síðan sett voru lög um tæknifrjóvgun. Það verður ár frá því 29. maí nk. Þetta mál var mikið rætt í þinginu og með fyrirspurninni er verið að grennslast fyrir um hvernig staðið sé að framkvæmd laganna af hálfu framkvæmdarvaldsins.

Varðandi þann eindaga sem nefndur er í sambandi við 2. tölul. fyrirspurnarinnar, um nánari reglur um framkvæmd tæknifrjóvgunar, þá er gert ráð fyrir því í lögunum og stendur þar skýrum stöfum að þau skuli öðlast gildi 1. júní 1996 og skuli á sama tíma liggja fyrir reglur samkvæmt 13. gr., um framkvæmd tæknifrjóvgunar, sem ráðherra setur. Og því miða ég við það í fyrirspurninni að ganga eftir þessu atriði.

Hér er, virðulegur forseti, um að ræða viðkvæm mál en einnig er mjög mikilvæg hvernig á er haldið. Sjónir manna víða um heim hafa í auknum mæli beinst að rannsóknum af þeim toga sem hér er að vikið í sambandi við erfðaefni manna og í sambandi við meðferð á fóstrum, fósturvísum og annað af þeim toga. Mönnum ætti að vera orðið það ljóst að nauðsynlegt er að ganga hér fram af ýtrustu aðgæslu í sambandi við þessi efni og hafa í heiðri ákveðin siðfræðileg gildi. Því er það gott að sérstök vísindasiðanefnd á að fjalla um ákveðna þætti laganna og brýnt að mínu mati raunar að draga mun skýrari mörk en fyrir hafa legið almennt séð og binda þau í alþjóðasamþykktir helst, í sambandi við meðferð þessara þýðingarmiklu mála.

[14:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr um hvaða reglur ráðherra hafi sett samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun. Rétt er að fara stuttlega yfir framgang málsins til útskýringar.

Lög um tæknifrjóvgun, nr. 55/1996, voru samþykkt á Alþingi hinn 29. maí sl. en frv. var samið af nefnd sem dómsmrh. skipaði samkvæmt ályktun Alþingis árið 1986. Dómsmrh. lagði frv. fyrir Alþingi og undirritaði lögin ásamt forseta Íslands. Í samræmi við það skipaði dómsmrh. nefnd til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Í október sl. skrifaði dómsmrh. forsrh. bréf þar sem hann óskaði eftir því að forsrn. ákveði að framkvæmd laga um tæknifrjóvgun skyldi vera hjá heilbr.- og trmrn. Með bréfi dags. 24. janúar sl. tilkynnti forsrh. heilbr.- og trmrn. þá niðurstöðu sína að heilbr.- og trmrn. bæri að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og er ráðuneytið algjörlega sammála þeirri niðurstöðu.

Fyrirspyrjandi spyr í fyrsta lagi hvaða reglur ráðherra hafi sett um hve lengi má geyma kynfrumur og fósturvísa, sbr. 10. gr. laganna, og í öðru lagi hvaða nánari reglur ráðherra hafi sett fyrir 1. júní 1996 um framkvæmd tæknifrjóvgunar, sbr. 13. og 15. gr. laganna. Þar sem ekki var ákveðið fyrr en 24. janúar 1997 að heilbr.- og trmrn. bæri að sjá um framkvæmd laganna er ljóst að heilbrrh. gat ekki uppfyllt það skilyrði laganna að setja reglur fyrir 1. júní 1996.

Ég bendi á að hér er um að ræða reglur um ýmis atriði sem eru mjög vandmeðfarin og viðkvæm og því afar mikilvægt að þær séu vel undirbúnar. Það er því ljóst að það tekur lengri tíma en þær sex vikur sem heilbrrn. hefur haft til að ganga frá reglunum. Heilbr.- og trmrn. hefur því ekki enn sett reglur, skv. 13. og 15. gr. laganna né reglur um hve lengi geyma má kynfrumur og fósturvísa, sbr. 10. gr. laganna, enda er gert ráð fyrir að það verði gert í einu lagi.

Loks spyr hv. þm. hverjir eigi sæti í vísindasiðanefnd sem fjalla skal um rannsóknir á fósturvísum, hvenær nefndin var skipuð og hvernig erindisbréf hennar hljóði. Eins og fram kemur í d-lið 13. gr. laganna á m.a. að fjalla um vísindarannsóknir á fósturvísum, og það er vísindasiðanefnd sem fjallar um slíkar rannsóknir, í reglum þeim sem ráðherra ber að setja. Því er ljóst að ekki er hægt að skipa nefndina fyrr en gengið hefur verið frá reglum sem að hluta til munu marka verksvið hennar.

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að fram komi að við setningu þeirrar reglugerðar, sem spurt er um og eru í undirbúningi í heilbrrn., er mikilvægt að vel verði vandað til vegna þess hve viðkvæmt og mikilvægt svið er um að ræða. Það er einnig mikilvægt að hraða þessari vinnu og gert er ráð fyrir að hægt verði að setja reglur samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun fyrir miðjan apríl og skipa nefndina í beinu framhaldi af því. En eins og fram kom fyrr í svari mínu hefur heilbrrn. aðeins haft sex vikur til þessarar vinnu.

[14:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar frv. um tæknifrjóvgunina voru hér til umræðu, voru, eins og menn muna, um það miklar deilur og nefndin lagði í störfum sínum og í áliti, og það kom fram hér í umræðu, afar mikla áherslu á að gengið yrði frá öllum reglugerðum hið fyrsta. Nú er liðið hátt í ár frá því að frv. var samþykkt á Alþingi og það verður að teljast mjög einkennilegt að ekki hafi verið gengið frá því fyrr en núna í janúar hver það væri sem ætti að setja þær reglugerðir sem hér um ræðir, sérstaklega í ljósi þess að fallið hefur dómur í máli sem var einmitt til umræðu í nefndinni á meðan þetta mál var til umfjöllunar og þar sem reynir m.a. einmitt á þau ákvæði sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er að spyrja hér um.

[14:25]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Hér kemur fram í svari hæstv. ráðherra ekki ólíkt því og gerðist þegar ég spurði um vinnunefnd og nefndarskipan að því er varðar lögin um erfðabreyttar lífverur og raunar einnig um dýraverndarlög, varðandi tilraunir með dýr, þó að ekki sé um sambærileg mál að ræða út af fyrir sig en þó eðlisskyld, að framkvæmdarvaldið hefur ekki staðið sem skyldi að því að móta reglur og setja af stað nefndir til vinnu á grundvelli fyrirmæla laganna. Það kemur hér fram að þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um að reglur skuli settar um leið og lögin öðlast gildi, þ.e. þann 1. júní 1996 skyldu reglur liggja fyrir um framkvæmd tæknifrjóvgunar, reglur sem ráðherra setur, þá fer þetta ekki betur en svo að dómsmrn., samkvæmt því sem hér kom fram frá hæstv. ráðherra, skrifar ekki fyrr en í október sl. að þar liggi fyrir sú skoðun að framkvæmd þessara laga eigi að heyra undir heilbrrn. Og síðan tekur a.m.k. þrjá mánuði, á fjórða mánuð tekur það forsrn. að fallast á þá tillögu og koma boðum þar að lútandi til heilbrrn. Ég skil það út af fyrir sig að þegar þetta ráðuneyti heilbrigðismála fær málið ekki fyrr til meðferðar en raun ber vitni, fyrir sex vikum eða svo, að þá sé ekki hægt að krefjast þess að reglur liggi fyrir, en þó er alveg ljóst að hér er verið að ganga gegn lagafyrirmælum. Þetta er framkvæmd mála sem er gersamlega óviðunandi.

Ég hlýt að spyrja hvort Alþingi hafi verið gerð grein fyrir þessari stöðu málsins sem hefði verið lágmark að gert væri og þeirri þingnefnd sem fjallaði um lögin og lagði hér til ákveðna málsmeðferð. Mér finnst því að það skorti verulega á að það hafi verið haldið á málinu af Stjórnarráðinu. Ég er ekki með ásakanir í garð hæstv. heilbrrh. Ég tel að það sé eftir atvikum hægt að skilja aðstöðu ráðuneytisins að þessu leyti. En vonandi verður úr þessu bætt hið allra, allra fyrsta.

[14:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það að gefnu því tilefni sem þessar umræður gefa að það þótti eðlilegt í dómsmrn. að þessi málaflokkur yrði færður undir heilbrrn. Það má vissulega segja að það hafi dregist um of af hálfu dómsmrn. að gera formlegar ráðstafanir til þess að óska eftir því við forsrn. að málaflokkurinn yrði færður yfir til heilbrrn. Ég skal fúslega viðurkenna að það hafi dregist lengur en æskilegt hefði verið þannig að það er ekki hægt að sakast við hæstv. heilbrrh. að mínu mati um það að dregist hefur að setja þær reglugerðir sem hér um ræðir.

[14:29]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið þá er mikilvægt að hraða þessu máli og það hefur orðið of mikill dráttur á framkvæmd þess að setja reglugerðir við þau lög sem samþykkt voru hér fyrir meira en ári síðan. En eins og ég sagði í svari mínu áðan þá er keppt að því að afgreiða þessar reglugerðir fyrir miðjan maí og það er unnið kappsamlega að því.

Hættumat vegna virkjanaframkvæmda.

Fsp. MF, 419. mál. — Þskj. 721.

[14:30]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Í tveimur greinum sem birtust í Morgunblaðinu, önnur 12. janúar og hin 20. febrúar og skrifaðar eru af Guðmundi Páli Ólafssyni náttúrufræðingi, er vakin athygli okkar á því eða þeirri spurningu varpað fram reyndar hvort áhættumat hafi verið unnið á Hágöngulóni og reyndar öðrum miðlunarlónum eða uppistöðulónum sem til eru. Í fyrri greininni sem heitir: Grát fóstra mín. Skylda okkar felst ekki í því að virkja fallvötn og byggja, segir, með leyfi forseta:

„Víkjum enn að öðru. Hvernig hljómar áhættumat Landsvirkjunar á Hágöngulóni? Áhættumat fyrir sveitir Suðurlands; fyrir blómlegar byggðir; fyrir ferðalanga á fjöllum — fyrir blessað fólk í sveitum og bæjum Suðurlands — ef stíflan brestur, ef stíflurnar bresta vegna eldsumbrota í næsta nágrenni, flóða frá gosstöðvum eða jarðskjálfta? Skilst það að hættuspilið snýst líka um fólk?"

Í grein eftir sama einstakling, Guðmund Pál Ólafsson náttúrufræðing, sem birtist í Morgunblaðinu 20. febrúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Miðlunarlón eru hættuleg. Í greininni, „Grát fóstra mín", óskaði ég eftir því að hættumat Landsvirkjunar á Hágöngulóni og öðrum miðlunarlónum hennar yrði opinberað. Fátt varð um svör. Kannski eru það álitnir almannahagsmunir að almenningur viti ekki um háskann. Í landi jarðelda og jarðhræringa er hættan fyrir hendi þar sem uppistöðulón og stíflur eru — norðan- og austanlands líka. Nú er það svo að ég er sannfærður um að þessar niðurstöður eru til. Annað væri næsta glæpsamlegt kæruleysi. Landsvirkjun, umhverfisráðuneyti eða stífluglaðir þingmenn verða að svara þjóðinni þessari spurningu og veita henni fullnægjandi svör. Hefur Landsvirkjun kannski láðst að upplýsa umhverfisráðherra og ríkisstjórn, þingmenn og Almannavarnir ríkisins um þá vá sem stíflurnar skapa og hvað gerist ef þær bresta?"

Í framhaldi af þessum greinum þar sem nánast er fullyrt að hættumat sé til, það hafi verið unnið þó það hafi hvergi birst og í ljósi þeirrar hættu sem er að sjálfsögðu til staðar þegar gengið er frá uppistöðulóni á virku umbrotasvæði eins og þar sem Hágöngulónið verður — það er virkt eins og við þekkjum núna bara fyrir stuttu síðan þegar eldgos varð á því svæði — þá beini ég eftirfarandi spurningum til hæstv. ráðherra:

Hefur ráðuneytið, Landsvirkjun eða aðrir aðilar látið meta hugsanlegar afleiðingar þess að stíflumannvirki við uppistöðulón bresta? Ef svo er, hverjar eru niðurstöðurnar? Ef svo er ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að slíkt mat verði framkvæmt? Hefur ráðuneytið upplýsingar um afleiðingar slíkra atburða í öðrum löndum?

Er hættumat framkvæmt sem hluti af undirbúningsrannsóknum vegna virkjanaframkvæmda?

[14:33]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. spyr á þskj. 721 um hættumat vegna virkjanaframkvæmda.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hefur ráðuneytið, Landsvirkjun eða aðrir aðilar látið meta hugsanlegar afleiðingar þess að stíflumannvirki við uppistöðulón bresta?"

Ráðuneytið hefur ekki látið meta hugsanlegar afleiðingar þess ef stíflumannvirki brystu. Landsvirkjun hefur hins vegar látið reikna út flóðbylgjur af völdum hugsanlegs stíflurofs á Þjórsársvæðinu og við Blöndu. Á Þjórsársvæðinu mundi skyndilegt stíflurof í Þórisósstíflu eða í Sigöldustíflu valda mestri hættu. Í fyrra tilvikinu bærist flóðbylgjan um Köldukvísl og í Tungnaá, í Sultartangalón. Þar mundi svokallað flóðvar í stíflunni bresta þegar það færi niður hafið að Búrfelli. Einnig mundi flæða til vesturs niður í Þjórsárdal og í Fossá. Flóðvar í stíflu við Þjórsá ofan Búrfells mundi rofna. Ekki er talin hætta á að flóðið mundi ná gólfhæð í Búrfellsstöð eða í öðrum mannvirkjum þar í grennd. Nákvæmir útreikningar á útbreiðslu flóðsins á láglendinu sunnan Búrfells og vestan hafa ekki verið gerðir þar sem skortir á nákvæm kort.

Ef Sigöldustífla brysti skyndilega félli flóðbylgja um Tungnaá í Hrauneyjalón og flóðvar í Hrauneyjafossstíflu mundi rofna. Þaðan mundi flóðbylgjan berast niður farveg Tungnaár og í Sultartangalón og hafa svipuð áhrif og áður er lýst vegna Þórisósstíflu.

Við hönnun Blöndustíflu var kannað hvað mundi gerast við skyndileg stíflurof og var í framhaldi af því tekin sú ákvörðun að hafa stífluna efnismeiri til að draga úr líkum á brot hennar og lækka flóðtoppa. Vandséð er hvað gæti valdið skyndilegu stíflurofi eins og hér hefur verið lýst.

Einnig hafa Rafmagnsveitur ríkisins látið gera úttekt á öryggi stíflna í Gönguskarðsá við Sauðárkrók og Skeiðfossvirkjunar í Fljótum. Niðurstöður þeirra athugana leiddu í ljós að engin hætta væri á ferðum. Af öðrum stíflum í eigu Rafmagnsveitnanna er ekki talin ógn gagnvart byggð.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur ekki látið framkvæma slíkt hættumat vegna stíflu í Elliðaám en áform eru um að slíkt mat verði framkvæmt á næstunni. Í nútímastíflum er margs konar tækjabúnaður til að fylgjast með vatnsþrýstingi og hreyfingum og fleiru. Aukin þekking og tækjabúnaður í stíflum gerir kleift að bregðast skjótt við ef óeðlilegar aðstæður skapast.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Er hættumat framkvæmt sem hluti af undirbúningsrannsóknum vegna virkjanafram-

kvæmda?“ Við hönnun virkjana og miðlana er ávallt gerð úttekt á helstu áhættuþáttum eins og flóðum, jarðskjálftum og afleiðingum eldsumbrota. Við mat á umhverfisáhrifum er ávallt gert hættumat, bæði á þeirri hættu sem mannvirki kann að valda og því sem mannvirkinu kann að stafa hætta af. Þá hefur vöktun á þeirri vá sem ógnar öryggi mannvirkja tekið miklum framförum. Þannig gera betri grunnkort og tölvutækni mönnum æ betur kleift að reikna út flóðbylgjur og áhrif þeirra. Hættumat hefur verið framkvæmt við Sultartangastíflu. Niðurstaða þess mats bendir til þess að ekki séu líkur á að stíflubrot verði t.d. af völdum Suðurlandsskjálfta. Við hönnun stíflumannvirkja Hágöngumiðlunar var miðað við mesta flóð sem líklegt er að geti orðið á þúsund árum, samfara stærsta þekkta jökulhlaupi Köldukvíslar í hálfan sólarhring.

[14:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tel mjög eðlilegt að eftir þessu sé gengið á Alþingi og þótt fyrr hefði verið. Sannleikurinn er sá að sú vá sem getur stafað af náttúruhamförum og tengist okkar virkjunum er vissulega uggvænleg og gæti orðið stórfelld ef illa tækist til. Mesta hættan að mér virðist tengist hugsanlegum eldsumbrotum í vestanverðum Vatnajökli sem skilað gæti hamfarahlaupi í Tungnaá. Sama gildir vissulega með eldgos sem mundu fara yfir farvegi ánna, en mesta hættan tengist slíku hamfarahlaupi. Og þá held ég að það sé ljóst að allar virkjanir sem tengjast Þjórsár/Tungnaárkerfinu núverandi mundu skolast burt, nema Búrfellsvirkjun, og stórkostleg vá yrði uppi í byggð í Flóa eða meðfram Þjórsá neðan til alveg sérstaklega og e.t.v. við ströndina. Þetta verða menn að horfast í augu við.

Ég minni svo aðeins á að þegar ákvörðun var tekin um Blönduvirkjun, þá höfðu menn auðvitað í huga hættu af náttúruhamförum alveg sérstaklega og ég held að menn skilji nú betur en áður þýðingu þess að vera með þó eina sæmilega öfluga virkjun utan eldvirkra svæða.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra þau svör sem hann gaf hér áðan. Ég teldi hins vegar fulla ástæðu til að þessum niðurstöðum verði dreift þannig að okkur verði þær kunnar, en þetta hættumat sem þarf að vera til staðar ef stíflur bresta hefur reyndar mjög lítið verið í umræðunni.

Ég vildi nú spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telur ekki að ástæða sé til þess að koma upp vörnum sérstaklega þar sem um er að ræða að miðlunarlón verði staðsett á mjög virku umbrotasvæði, þ.e. að þá sé meiri ástæða en ella til þess að koma upp vörnum.

En ég vil ítreka þá ósk mína að þessu áhættumati sem til er verði dreift til okkar þannig að við fáum að sjá þá vinnu sem hefur verið í gangi og hafa hana okkur og öðrum til fróðleiks.

[14:41]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég held að erfitt sé að svara spurningu hv. þm. um hvort hægt sé að koma upp frekari vörnum í þessum efnum. Það er auðvitað gengið út frá því í hönnun þessara mannvirkja að þau þoli það álag sem reiknað er með. Fari svo að þessi mannvirki bresti vegna eldsumbrota eða annarra jarðhræringa eða hverju sem væri, held ég að þar væri hægt að koma, því miður, mjög litlum vörnum við. Það sem mér finnst vera hins vegar mikilvægast í ljósi þess að við höfum yfir tækjabúnaði og mikilli þekkingu að ráða, er að vera með eins mikla vöktun á þessu svæði og nokkur kostur er þannig að hægt verði að grípa til aðgerða sé vá fyrir dyrum. Ég held að það sé það mikilvægasta sem við getum gert á þessu sviði.

Útilokun fyrirtækja frá markaði.

Fsp. SvG, 420. mál. — Þskj. 722.

[14:42]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þau trúarbrögð hafa verið innleidd á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum í seinni tíð að samkeppni sé upphaf og endir lífshamingjunnar, að samkeppni eigi að vera um allt milli himins og jarðar. Það gekk meira að segja svo langt að Reykjavíkurborg neyddist til að selja prýðilegt tryggingafélag sem hún átti, Húsatryggingar Reykjavíkur, þó að samkeppni sé svo skrýtin að stærsti ríkisbankinn geti á sama tíma svo að segja keypt sér heilt tryggingafélag, en það er svo önnur saga.

En mitt í þessum trúarbrögðum samkeppninnar sem eru úrslitaatriði um gæfu mannkynsins eins og kunnugt er, þá eru fyrirtæki að gera samninga um útilokun annarra fyrirtækja frá markaði. Ég hef hér undir höndum bréf frá fyrirtæki sem upplýsir að ákveðið fyrirtæki í Reykjavík hafi gert svokallaða dreifingarsamninga við t.d. Hagkaup og nokkur kaupfélög. Og þessir dreifingarsamningar ganga út á það að dreifa vörum viðkomandi fyrirtækis og að útiloka önnur fyrirtæki frá sama markaði. Þetta fyrirtæki sem sætti útilokuninni skrifaði Samkeppnisstofnun út af þessu máli, en það reyndist vera ótrúlega tregt penna að hræra í þessu máli. Það er þurfti að skrifa fleiri, fleiri ítrekanir í þessum efnum. Síðan neitaði fyrirtækið sem hér er um að ræða í Reykjavík að þessir dreifingarsamningar væru til. Það endaði nú með því að það varð að viðurkenna að samningarnir væru til af því að þeir voru lagðir á borðið fyrir fyrirtækið í ljósritum. Síðan var þetta lagt fyrir Samkeppnisstofnun og Samkeppnisstofnun skrifaði greinargerð um málið og taldi ekki vera hægt að gera neitt sérstaklega mikið í þessu máli vegna þess að það væru engar sérstakar reglur til um lóðréttar samkeppnishömlur þó að þær væru til um láréttar samkeppnishömlur. Með öðrum orðum, eins og allir skilja sem eru vafalaust sérfróðir á þessu sviði, þá er það því alveg úrslitaatriði hvort höftin eru lóðrétt eða lárétt, það segir sig alveg sjálft.

Forráðamaður fyrirtækisins lét ekki hér staðar numið heldur kærði til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Hún svaraði 5. maí 1995 og sagði: Svona samningar eru varhugaverðir og það á að fylgjast með framkvæmd slíkra samninga. Þess vegna hef ég lagt þá fyrirspurn fyrir hæstv. viðskrh. sem er á dagskrá þessa fundar núna sem 4. dagskrármál um útilokun fyrirtækja frá markaði. Ég hirði ekki um að endurlesa fyrirspurnirnar hér, þær eru prentaðar í þingskjalinu, en vænti þess að fá glögg svör frá hæstv. viðskrh.

[14:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 722 hefur hv. þm. Svavar Gestsson lagt fyrir mig fyrirspurn um útilokun fyrirtækja frá markaði.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: „Telur ráðherra að fyrirtæki hafi heimild til þess samkvæmt samkeppnislögum að útiloka

önnur fyrirtæki frá markaði með sérstökum dreifingarsamningum eða hliðstæðum samningum?"

Ef dreifingarsamningar milli fyrirtækja hafa þau áhrif að önnur fyrirtæki eru útilokuð frá markaði þannig að það valdi skaða fyrir samkeppni á viðkomandi markaði, t.d. ef heildsali getur ekki lengur vegna ákvæða í samningi selt vöru sína til þeirra sem stunda smásölu á tilteknum markaði, yrði almennt að líta svo á að slíkur samningur fæli í sér samkeppnishömlur og færi því gegn ákvæðum samkeppnislaga. Af þessu má ráða að lögmæti dreifingarsamninga út frá ákvæðum samkeppnislaga ræðst af þeim áhrifum sem þeir hafa á viðkomandi markaði.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Eru þess dæmi að slíkir samningar hafi verið gerðir og hefur farið fram sérstök rannsókn á þeim?"

Samkvæmt upplýsingum Samkeppnisstofnunar hefur hún ekki fengið erindi um dreifingarsamninga sem hafa haft þau áhrif að fyrirtæki hafi verið útilokuð frá markaði. Hins vegar hefur í einu máli verið fjallað um samninga sem hindruðu heildsala í að selja vöru sína í tilteknum verslunum. Enn fremur tók samkeppnisráð ákvörðun vegna dreifingarsamnings Steinullarverksmiðjunnar hf. og Krókháls hf. sem útilokaði tiltekið smásölufyrirtæki frá því að dreifa vörum Steinullarverksmiðjunnar. Ákvörðunin fólst í því að lögð var söluskylda á Steinullarverkmsiðjuna. Það var niðurstaða samkeppnisráðs.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hafi slíkir samningar verið gerðir, hvaða fyrirtæki hafa gert þá og hver hafa afskipti Samkeppnisstofnunar verið af þeim?"

Eins og fram kom í svari mínu við annarri spurningu hv. þm. er Samkeppnisstofnun ekki kunnugt um dreifingarsamninga sem hafa haft þau áhrif að fyrirtæki hafi með öllu útilokast frá viðkomandi markaði. Hins vegar var í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 6/1995, vegna kvörtunar frá fyrirtækinu Eddafoto, fjallað um dreifingarsamninga Pennans sf. við Hagkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Kaupfélag Húnvetninga og Kaupfélag Árnesinga. Taldi Eddafoto að umræddir samningar sem útilokuðu fyrirtækið frá því að selja vöru sína í umræddu verslun fælu í sér markaðshömlur sem hefðu verulega slæm áhrif á stöðu fyrirtækisins. Samkeppnisráð taldi að jákvæð áhrif samninganna vægju upp þau neikvæðu. Jafnframt var á það bent að Eddafoto hefði ýmsa valkosti aðra en að koma vöru sinni á markað og því leit ráðið svo á að í samningunum fælust óverulegar aðgangshindranir og voru þeir ekki taldir brjóta í bága við samkeppnislög. Ákvörðun samkeppnisráðs var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 9/1995.

Mál Steinullarverksmiðjunnar er mál nr. 36/1995, en á það fyrirtæki var sett almenn söluskylda vegna þess að talið var að það bryti í bága við anda samkeppnislaga.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: „Hyggst Samkeppnisstofnun reyna að koma í veg fyrir að slíkir samningar verði gerðir og telur stofnunin að hún hafi lagaheimildir til að koma í veg fyrir þá?"

Samkeppnisstofnun tekur fram að ef hún verður þess áskynja að í gildi séu samningar sem útiloka fyrirtæki frá viðkomandi markaði og valda með því skaða fyrir samkeppni, mun stofnunin grípa til aðgerða til þess að eyða slíkum samkeppnishömlum. Samkeppnisstofnun telur að samkeppnislög feli í sér fullnægjandi heimildir til slíkra aðgerða.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir þetta svar. Það er nægilegt að mínu mati vegna þess að hann lýsir því yfir og ber fyrir sig Samkeppnisstofnun að stofnunin hafi fullar heimildir til íhlutunar ef um er að ræða útilokunarsamninga af því tagi sem hér er um að ræða. Ég tel að það sé mjög mikilvæg yfirlýsing vegna þess að auðvitað er það þannig að miðað við þá viðskiptahætti sem tíðkast í þjóðfélaginu sem byggjast á því að að tryggja eigi samkeppni á eðlilegum grunni, þar sem menn búi við eins sambærilegar aðstæður og mögulegt er, þá verður auðvitað að koma í veg fyrir tilraun til einokunarviðskipta af því tagi sem ég var hér að lýsa. Annað er útilokað.

Í þessu tilviki er það þannig að ákveðið fyrirtæki hér í bæ gerir samning um að viðkomandi verslanir og verslunarkeðjur megi aðeins taka til sölu eina tegund af póstkortum frá einu og sama fyrirtækinu. Önnur póstkort séu bönnuð. Þær verslanir og verslunarkeðjur sem hér um ræðir eru: Hagkaup, allar verslanir. Kaupfélag Árnesinga, Selfoss, Hveragerði, Stokkseyri, Eyrarbakki, Vestmannaeyjar, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustur, Þorlákshöfn. Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur, Hofsós, Ketilás, Varmahlíð. Kaupfélag Húnvetninga, Blönduós og Skagaströnd. Ég vænti þess að hv. þingmenn geti verið mér sammála um að það er brýnt að Samkeppnisstofnun haldi vöku sinni í þessu máli og komi í veg fyrir einokunarviðbrögð af því tagi sem hér er um að ræða og hindri það að menn reyni slíkt framar.

Fíkniefnamál.

Fsp. MagnA, 429. mál. — Þskj. 733.

[14:52]

Fyrirspyrjandi (Magnús Aðalbjörnsson):

Virðulegi forseti. Framtíð þjóðarinnar býr í unga fólkinu. Því skiptir máli að búið verði vel að ungviði þjóðarinnar með kærleiksríku uppeldi, góðri og hagnýtri menntun og aðhaldi. Sem betur fer er ekki ástæða til að hafa áhyggjur af meginþorra ungs fólks í dag en allt of mörgum er hætta búin að ánetjast hvers kyns eiturlyfjafíkn. Við megum einskis láta ófreistað að stöðva þessa ógn með öllum tiltækum ráðum og það gerum við með því að búa vel að lögreglunni.

Lögreglan býr við fjárskort, er of fáliðuð miðað við þau störf sem henni er ætlað að vinna. Með þessu er góðum rannsóknarlögreglumönnum gert erfitt fyrir í starfi. Við þurfum á kröftum bestu manna að halda til þess að hafa hendur í hári þeirra sem tæla æsku Íslands til fíkniefnaneyslu hvar svo sem þeir eru, götusalarnir, milliliðirnir eða þeir sem fjármagna illvirkin og glæpina.

Það ætti að vera afmarkaðra verkefni og auðveldara að koma í veg fyrir innflutning ólöglegra vímuefna vegna legu landsins. Það er því bagalegt ef fjárskortur og ónóg þjálfun lögreglumanna verður til þess að það sé fýsilegur kostur fyrir útlenda eiturlyfjabaróna að hafa Ísland sem nokkurs konar dreifingarstöð eiturlyfja til Evrópu.

Það virðist vera nokkuð ljóst að sumarhátíðir, t.d. um verslunarmannahelgina úti á landi, eru kjörinn vettvangur fyrir fíkniefnasalana. Til þess að lögreglumenn eigi betra með að hafa yfirsýn yfir meinta fíkniefnasala yrði það til mikilla bóta að lögreglumenn landsbyggðarinnar gætu leitað í tölvutengdan myndbanka til upplýsingaöflunar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. í þremur liðum. Í fyrsta lagi hvort myndir af dæmdum fíkniefnasölum verði inni á þeirri málaskrá sem ráðuneyti dómsmála vinnur að. Ég tel brýnt að svo verði. Í öðru lagi spyr ég um það hvaða venjur gilda hjá lögreglu um upplýsingar til foreldra, skóla og vinnuveitenda varðandi grunsemdir um fíkniefnaneyslu ungs fólks. Í þriðja lagi spyr ég hvort ráðherra telji rétt að skylda lögreglu til að upplýsa foreldra, skóla og vinnuveitendur um grunsemdir varðandi fíkniefnaneyslu og/eða fíkniefnasölu. Ég tel það vel koma til greina.

[14:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Um þessar mundir er verið að vinna að því að koma í gagnið málaskrá lögreglunnar, þar sem er að finna upplýsingar um öll lögreglumál. Um 18 embætti af 28 eru nú tengd við þessa skrá sem er miðlæg og vistuð í tölvumiðstöð dómsmálaráðuneytisins. Í skránni er m.a. að finna upplýsingar um kærumál og allan feril slíkra mála. Þar er hins vegar ekki að finna myndir af grunuðum brotamönnum. Hins vegar er í smíðum svokallað persónulýsingakerfi, en þar er ætlunin að hafa ítarlega upplýsingar um grunaða og dæmda afbrotamenn í miðlægu kerfi. Þær upplýsingar, þar með taldar myndir af dæmdum eða grunuðum brotamönnum, yrðu aðgengilegar öllum lögregluembættum í samræmi við reglur sem dómsmálaráðuneytið og ríkislögreglustjóri mundu móta. Slíkt miðlægt persónulýsingakerfi á tölvutæku formi hefur að sjálfsögðu marga kosti og getur reynst lögreglunni um allt land ómetanlegt við lausn brotamála. Eftir er að móta nánar hvaða reglur eigi að gilda um þær upplýsingar sem þar verði að finna, hverjir hafi aðgang að þeim og fleiri atriði.

Heimild til töku, meðferðar og geymslu ljósmynda hjá lögreglu er nú að finna í reglugerð nr. 152/1979. Þá reglugerð þarf að aðlaga og breyta í samræmi við breyttar aðstæður áður en framangreindu persónulýsingakerfi verður hleypt af stokkunum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Reykjavík byggjast starfsvenjur lögreglu hvað þetta snertir, þ.e. þegar spurt er um upplýsingagjöf til foreldra og skólayfirvalda og vinnuveitenda, á ákvæði 14. gr. laga um vernd barna og ungmenna, þar sem segir að löggæslumanni sé skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart þegar hann hefur til meðferðar mál barns eða ungmennis. Þegar brot eru framin annaðhvort af börnum eða ungmennum eða gegn þeim skal löggæslumaður þegar í stað tilkynna það barnaverndarnefnd og gefa henni kost á að fylgjast með rannsókn máls. Barnaverndarnefnd er skylt að tilkynna foreldrum barns ef mál sem varðar barnið er til meðferðar hjá lögreglu eða dómstólum, enda mæli hagsmunir barnsins ekki gegn því.

Í starfsvenjum lögreglu felst að fái lögreglan vitneskju um afbrot eða aðfinnsluverða hegðan barns, eða hvort tveggja beinist gegn barni, rita lögreglumenn skýrslu um málsatvik. Ef málið fer í rannsókn fer meðferð þess samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi hverju sinni. Í öllum tilvikum fær forvarnafulltrúi afrit af skýrslunni. Hann fer með afrit til viðkomandi barnaverndaryfirvalda, sem bregðast við í samræmi við venjur og reglur. Ef barn eða ungmenni hefur verið uppvíst að neyslu áfengis eða annarra vímuefna, hefur brotið ákvæði um bann við útivist, unnið skemmdarverk, verið staðið að hnupli eða öðru slíku broti, eru foreldrum þess jafnan send boð um að hringja eða koma til viðtals á lögreglustöð á tilteknum tíma. Þar er fyrir fulltrúi barnaverndaryfirvalda, sem ræðir mál barnsins við foreldrið. Í samráði við hann er síðan tekin ákvörðun um framhald málsins, sem fyrst og fremst á að taka mið af því að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Samstarf lögreglu við skólayfirvöld hefur aukist á síðari árum. Yfirleitt er samhliða því haft samstarf við viðkomandi félagsmálayfirvöld, sem einnig hefur aukist verulega á síðari árum. Oftar en ekki er um að ræða samstarf vegna ákveðinna viðfangsefna sem tengjast börnum og ungmennum, en í undantekningartilvikum er um að ræða samstarf í málum tiltekinna einstaklinga. Með upplýsingar vegna þess fer samkvæmt ákvæðum laga, svo sem varðandi þagnarskyldu. Samstarf þetta miðast að því að ná skjótari og betri árangri í einstökum viðfangsefnum og einnig að því að aðstoða og styrkja tiltekna einstaklinga, gerist þess þörf, samkvæmt þeim úrræðum sem lög og reglur kveða á um og heimila.

Lögregla gefur ekki upplýsingar um fíkniefnaneyslu einstaklinga til óviðkomandi aðila, en í þann flokk falla til að mynda vinnuveitendur viðkomandi. Ef ástæða er til að upplýsa þá aðila um mál þarf slík upplýsingagjöf að eiga sér skýra lagastoð.

Það er mitt mat að starfsvenjur lögreglu hvað þetta snertir séu eðlilegar og í samræmi við lög. Á lögreglunni hvílir skylda til að upplýsa barnaverndarnefnd um það þegar mál barns eða ungmennis er til meðferðar hjá lögreglu, barnaverndarnefnd upplýsir síðan viðkomandi foreldra og í tilteknum tilvikum ræðir lögreglan ásamt barnaverndaryfirvöldum beint við foreldra. Upplýsingaskylda lögreglu er að þessu leyti skýr og ótvíræð, og tel ég ekki eðlilegt að ríkari skylda verði lögð á lögreglu eða aðra aðila til að gefa upplýsingar um meint afbrot ungmenna, til að mynda skólum eða vinnuveitendum, meðal annars með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum. Slík upplýsingagjöf er að sjálfsögðu ekki heimil nema á grundvelli skýrra lagaheimilda.

[15:00]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og á þessum nótum og svör hæstv. dómsmrh. Það þarf að styðja starf lögreglu með öllum ráðum til að hún nái meiri árangri gegn fíkniefnaflóði sem berst til landsins og um landið. Það eru brýn mál að koma höndum yfir þá sem eitra fyrir börn og unglinga og sjálfsagt að gera allt sem getur auðveldað lögreglunni að stöðva iðju þeirra. Myndbirting til lögreglu og jafnvel opinber myndbirting ætti að koma til álita. Ég geri ekki mikið með mannréttindi í þessu sambandi, dópsalar eru að eyðileggja mannréttindi, framtíð, líf og lífshamingju ungs fólks og það á ekkert að spara til að stöðva þá iðju.

[15:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda þessa fyrirspurn vegna þess að það er ástæða til að ætla að lögregluyfirvöld úti á landsbyggðinni hafi ekki jafna aðstöðu á við lögregluna hér á höfuðborgarsvæðinu að vinna gegn fíkniefnum. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. hvenær megi vænta niðurstöðu í þeirri vinnu sem boðuð hefur verið, að það verði settar verklagsreglur um óheföbundnar rannsóknaraðferðir í ávana- og fíkniefnum sem lögreglan hefur ítrekað kallað eftir eins og fram kemur í skýrslu dómsmrh. um hvort æskilegt væri að setja reglur um heimild deildarinnar til að greiða fyrir

upplýsingar sem leiða til að upplýst yrðu stærri brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Hæstv. dómsmrh. hefur boðað mjög góðar tillögur um úrbætur í ávana- og fíkniefnamálum. Sumar þeirra hafa séð dagsins ljós á þingi en þó vantar töluvert upp á að þær hafi allar skilað sér sem kalla á atbeina löggjafans. En um þetta vil ég sérstaklega spyrja.

[15:02]

Fyrirspyrjandi (Magnús Aðalbjörnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. skýr svör. Mig langar til að fara nokkrum orðum um það sem ég tel að betur mætti fara í starfsháttum lögreglunnar. Koma þarf á kerfisbundnu upplýsingastreymi milli lögregluembætta, auka þarf samstarf milli embætta til muna. Það yrði til bóta ef rannsóknarlögreglumenn gætu verið hreyfanlegir í starfi og unnið tímabundið í öðrum umdæmum og stofnað til persónulegra kynna og vinnubrögð samræmd. Efla þarf þjálfun lögreglumanna. Þó svo að rannsóknarlögreglumenn hafi verið sendir af höfuðborgarsvæðinu til útlanda til þjálfunar nægir það ekki eitt sér. Þrátt fyrir að aðalathafnasvæði fíkniefnasala sé hér á suðvesturhorninu færist það stöðugt í vöxt að þeir leiti út á land í söluferðir. Rannsóknarlögreglumenn landsbyggðarinnar verða að sitja við sama borð hvað varðar þjálfun. Bæta þarf tæknibúnað lögreglunnar og gera henni kleift að fylgjast með nýjungum í rannsóknartækni. Lögreglan hefur upplýst að við rannsóknir fíkniefnamála séu stundum notaðar svokallaðar óheftbundnar rannsóknaraðferðir. Mjög hefur skort á að ákveðnar verklagsreglur verði samdar sem rannsóknarlögreglan getur stutt sig við og þær bundnar af lögum.

Hæstv. dómsmrh. hefur lýst þeirri skoðun sinni að þyngja beri refsingar vegna fíkniefnabrota og er ég honum sammála í því. Einnig held ég að myndbirting dæmdra fíkniefnasala og innflytjenda mundi vera til bóta.

Ég þakka hv. þm. góðar undirtektir.

[15:04]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þau atriði sem hv. fyrirspyrjandi vék að í síðari ræðu sinni eru flest ýmist komin til framkvæmda eða er verið að vinna að í tengslum við þær skipulagsbreytingar sem ákveðnar hafa verið með lögum og koma til framkvæmda á miðju þessu ári.

Varðandi fyrirspurn hv. 13. þm. Reykv. um reglur um svokallaðar óheftbundnar rannsóknaraðferðir þá upplýsti ég það í umræðum hér sl. mánudag að ríkislögreglustjóra yrði falið það verkefni að gera tillögur þar að lútandi. Ég vænti þess að samhliða fjölmörgum nýmælum sem það embætti þarf að beita sér fyrir að þá komi tillögur ríkislögreglustjóraembættisins um þetta efni innan ekki langs tíma.

Endurskoðun laga um tæknifrjóvgun.

Fsp. HG, 394. mál. — Þskj. 688.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fsp. mín á þskj. 688 er beint til dómsmrh. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Hverjir eiga sæti í nefnd til að fylgjast með framkvæmd laga nr. 55/1996, um tæknifrjóvgun, og vinna að endurskoðun þeirra, sbr. ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum?

2. Hvaða rammi var settur um störf nefndarinnar og hversu langt er endurskoðun laganna komin, m.a. á ákvæðum um nafnleynd kynfrumugjafa?

Þetta er fyrirspurnin og hún sækir efni til ákvæðis til bráðabirgða í nefndum lögum þar sem gert var ráð fyrir að dómsmrh. skipaði við gildistöku laganna 1. júní 1996 þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Þar segir einnig: „Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna.“

Hér eru alveg skýr fyrirmæli hjá löggjafanum um þetta efni og vikið að ákveðnum efnisþætti sem mjög var til umræðu þegar frv. til laga um tæknifrjóvgun var rætt á Alþingi fyrir ári síðan og það atriði sem varðaði nafnleynd kynfrumugjafa var alveg sérstaklega umdeilt í þinginu en það ákvæði sem hér kom inn var sett til að koma til móts við sjónarmið sem hér voru uppi, bæði innan stjórnarliðs og stjórnarandstöðu að þessu leyti.

Um nafnleyndina sem slíka er fjallað í 4. gr. laganna og samkvæmt ákvæðum hennar getur kynfrumugjafi, og þá er oftast um að ræða sæðisgjafa, krafist nafnleyndar og ber þá að tryggja að hún verði virt. Sé það hins vegar ekki gert getur barn sem til verður vegna kynfrumugjafar óskað eftir því við 18 ára aldur að fá aðgang að skrá sem upplýsir um kynfrumugjafann og þar með áttað sig á faðerni sínu eins og mun nú oftast vera um að ræða. Hér er sem sagt spurt um í hvað stefnir í sambandi við þennan þátt endurskoðunar á vegum stjórnskipaðrar nefndar.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um er kveðið á um það í ákvæði til bráðabirgða í lögunum um tæknifrjóvgun að dómsmrh. skipi þriggja manna nefnd sérfróðra aðila á sviði læknisfræði, lögfræði og siðfræði til að fylgjast með framkvæmd laganna og vinna að endurskoðun þeirra. Þessi nefnd var skipuð 22. október 1996. Í henni eiga sæti: Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem er formaður nefndarinnar, Konráð Lúðvíksson kvensjúkdómalæknir, sem er tilnefndur af heilbr.- og trn., og Vilhjálmur Árnason dósent, sem er tilnefndur af Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Þá spyrst hv. þm. fyrir um þann ramma sem störfum nefndarinnar hafi verið settur og hversu langt endurskoðun laganna er komin, m.a. ákvæði um nafnleynd. Því er til að svara að störfum nefndarinnar var ekki markaður annar rammi en sá sem löggjafinn sjálfur gerði með skýru orðalagi bráðabirgðaákvæðisins. Eins og þingmenn muna var bráðabirgðaákvæðinu um nefndarskipunina og störf hennar bætt inn í frv. í meðferð þess á Alþingi. En þar segir svo: „Nefndin skal hafa hliðsjón af laga- og tækniþróun á sviði tæknifrjóvgunar, m.a. með tilliti til nafnleyndar. Nefndin skal ljúka störfum innan tveggja ára frá gildistöku laganna.“ Hér er nefndinni markaður tímarammi varðandi störf sín auk þess sem henni eru veittar sérstakar leiðbeiningar um hvað miða skuli við við endurskoðun laganna. Lögin tóku gildi 1. júní sl., eins og hér hefur komið fram, og nefndinni ber því að ljúka störfum á vormánuðum.

Um störf nefndarinnar er það að segja að þau hófust í byrjun þessa árs fyrir fullri alvöru og er nú verið að vinna að upplýsingum um laga- og tækniþróun á þessi sviði í

nágrannalöndunum. Þá mun nefndin hafa heimsótt glasafrjóvgunardeild kvennadeildar Landspítalans til að kynna sér framkvæmd laganna eins og hún birtist í starfsemi deildarinnar. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um efnisatriði endurskoðunarinnar eða væntanlegar tillögur nefndarinnar.

[15:11]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu og þau svör sem hæstv. ráðherra hefur gefið hér. Það verður fylgst grannt með starfi þessarar nefndar og ég hvet einmitt til þess að ekki verði látið dragast fram yfir frestinn, þennan tveggja ára frest, að nefndin ljúki störfum sínum. Samþykkt laga um tæknifrjóvgun var af minni hálfu háð þessu bráðbirgðaákvæði, einkum hvað tekur til nafnleyndar. Hins vegar voru svo mörg ákvæði lögfest með þessum fyrstu heildarlögum um tæknifrjóvgun að það hefði verið ábyrgðarhluti að hafna því að setja lögin. Við erum t.d. að taka eitt af fáum ríkjum sem hefur í sínum lögum bann við einræktun manna.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við fyrirspurn minni. Fram kemur að nefndin var skipuð 22. okt. 1996, nokkrum mánuðum eftir samþykkt laganna sýnist mér, sem er kannski nokkuð bagalegur dráttur miðað við það að nefndinni er ætlað að ljúka störfum á tveggja ára tíma lögum samkvæmt, en ég vona að þessi seinkun á skipun nefndarinnar verði þó ekki til þess að farið verði fram yfir þau settu mörk varðandi skil á áliti um þetta efni auk þess mikilvæga hlutverks sem nefndinni er falið þ.e. að fylgjast með framkvæmd laganna sem skiptir að sjálfsögðu einnig verulegu máli. Ég geri enga athugasemd við nefndarskipunina. Ég sé að þar er m.a. fyrir því séð að fulltrúi sem gæta skal siðfræðisjónarmiða og skilaði m.a. inn álitsgerðum til þingsins fyrir hönd Siðfræðistofnunar eða sem hluti af þeim sem skiluðu þar inn áliti, Vilhjálmur Árnason dósent, á sæti í nefndinni og það tel ég góðra gjalda vert að hinum nefndarmönnunum að sjálfsögðu ólöstuðum sem kynnt var að ættu sæti í nefndinni.

Ég vænti þess að sú nefnd vinni gott og árangursríkt starf. Þau sjónarmið sem þarna koma til álita eru auðvitað vandasöm og mörg en afar miklu skiptir að menn gæti sín þar og sýni varúð og aðgæslu. Það er rétt sem hér kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að Alþingi var framsýnt að lögfesta bann við einræktun manna þannig að við þurfum ekki að bæta úr því hér og nú sem ella hefði verið og það mál ásamt mörgu öðru sem varðar fikt við stafróf lífsins eins og ég hef kallað það, erfðavísa, er þess eðlis að þar þurfa menn að setja og virða ákveðin mörk og það mun vafalaust bera við á Alþingi fljótlega í ýmsu samhengi, m.a. í sambandi við tillögu sem ég flyt hér um lífsiðfræðiráð.

Endurnýjun skipakosts Landhelgisgæslunnar.

Fsp. SJS, 433. mál. — Þskj. 739.

[15:16]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. dómsmrh. nokkrar spurningar sem varða endurnýjun á skipakosti Landhelgisgæslunnar, hvað líði þeim undirbúningi, hvort þess sé að vænta að samið verði um smíði á nýju varðskipi á þessu ári og hvort kannað verði sérstaklega að innlendar skipasmíðastöðvar geti að einhverju leyti komið að því máli.

Rétt er að taka fram að hér er um endurflutning á orðréttri fjögurra ára gamalli fyrirspurn að ræða. Fyrir fjórum árum lagði ég fram sambærilega fyrirspurn til að ýta við þessu máli og voru svörin þá satt best að segja ekki mjög afdráttarlaus. Seinna var flutt á þingi þáltill. sem að vísu var ekki afgreidd en gekk í sömu átt.

Ákaflega lítið hefur síðan gerst í kjölfarið satt best að segja, herra forseti, og höfum við þó af og til verið minnt óþyrmilega á það að skipakostur Landhelgisgæslunnar er orðinn gamall og eldist um eitt ár á hverju ári. Nefnd mun að vísu hafa verið að störfum í um það bil eitt og hálft ár en afar lítið hefur bólað á starfi hennar fram að þessu.

Eftir hádegi í gær, herra forseti, tilkynnti skrifstofa þingsins mér að hæstv. dómsmrh. vildi svara fyrirspurn minni í dag og gladdist ég að sjálfsögðu. En þá ber svo við að í kvöldfréttum í gær er fyrirspurninni í raun og veru svarað. Í fréttum Ríkisútvarpsins kl. sjö er ítarleg umfjöllun um málið og byggt á skýrslu sem fréttamaður hafði þá greinilega í höndunum þar sem helstu niðurstöður komu fram sem og var vitnað í hæstv. dómsmrh. Í báðum kvöldfréttatímum sjónvarpsstöðvanna voru viðtöl við hæstv. dómsmrh. þar sem hann í raun og veru svaraði fyrirspurninni. Enn fremur var vitnað í forstjóra Landhelgisgæslunnar þar sem í hans máli komu fram svör, alveg sérstaklega við 3. tölul. fyrirspurnarinnar.

Herra forseti. Hér er að sjálfsögðu á ferðinni algert brot á þeim hefðum sem mótast hafa um árabil og áratugi að ef fyrirspurn er fram komin á þingi, þá svari ráðherra fyrirspurninni þar og eftir atvikum verði svo í framhaldinu ítarlegri umfjöllun um málið í fjölmiðlum. Ég sé ekki annað, herra forseti, en hér sé á ferðinni hluti af þeirri lítilsvirðingu og þeim hroka sem hæstv. ráðherrar ítrekað sýna nú Alþingi, ýmist með því að svara ekki fyrirspurnum sem bornar eru fram eða þá með þessari nýbreytni að svara með tæmandi hætti og efnislega fyrirspurnum í fjölmiðlum áður en viðkomandi fyrirspurnir koma á dagskrá þingfunda.

Ég hef ekki, herra forseti, áhuga á því fyrir mitt leyti að leggja hæstv. ráðherrum til vopn í herferð þeirra gegn Alþingi og mér blöskrar satt best að segja hvernig þessum samskiptum er að verða komið. Ég mótmæli þessu alveg sérstaklega. Í 60. gr. þingskapa, herra forseti, segir svo:

„Frumvörp, hvort heldur eru frá ríkisstjórn eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill.“ Síðar segir: „Fyrirspurn má og afturkalla.“

Með vísan til þess sem ég hef áður sagt, herra forseti, um þetta mál að hæstv. ráðherra hefur valið þá leið að svara fyrirspurninni í fjölmiðlum og sýna Alþingi ekki þá virðingu og virða ekki þá hefð að svör við fyrirspurnum þingmanna séu gefin á þingi, þá kalla ég fyrirspurn mína aftur.

Gerð björgunarsamninga.

Fsp. ÁRJ, 460. mál. — Þskj. 774.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það hver sé stefna Landhelgisgæslunnar og dómsmrn. við gerð björgunarsamninga. Ástæða fyrir spurningunni er sú að við sjóprófin vegna strands Víkartinds kom fram að fulltrúar Eimskipafélagsins hafi í umboði hinnar þýsku útgerðar Víkartinds spurst fyrir um það hjá forstjóra Landhelgisgæslunnar hvort Landhelgisgæslan væri tilbúin til þess að gera björgunarsamning, en það mun hafa gerst miðvikudaginn 6. mars milli 12 og 14 síðdegis þegar skipið var statt 6 sjómílur undan suðurströndinni vélarvana í vitlausu veðri. Samningsformið sem fulltrúar Eimskips vitnuðu til í samtalinu við Landhelgisgæsluna er svokallað „Lloyds Open Form for Salvage Agreement" sem vitnað var til um svokallaðan samning á „commercial basis" sem báðir munu hafa skilið sem drátt á skipinu fyrir fast umsamið gjald.

Forstjóri Landhelgisgæslunnar mun hafa svarað þessari málaleitan svo, samkvæmt Morgunblaðinu í frétt laugardaginn 8. mars, að hann teldi enga möguleika á slíkum samningi, „enda væri það andstætt siglingalögum og slíka samninga væri hægt að ógilda."

Ég hef leitað til lögfræðings sem hefur fengist við mál af þessu tagi og fengið álit hans á þessum ummælum um að þetta væri andstætt íslenskum siglingalögum og hann hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé rangt. Íslensku siglingalögin geri beinlínis ráð fyrir gerð björgunarsamninga.

Samkvæmt 167. gr. siglingalaga er hægt að ógilda eða breyta björgunarsamningum ef þeir eru gerðir meðan hættan vofir yfir og þeir ósanngjarnir. Litið hefur verið á að þetta ákvæði sé fyrst og fremst til varnar þeim sem bjargað er.

Það er ljóst að fjárhagslegur mismunur er á því fyrir Landhelgisgæsluna hvort björgunarsamningur fyrir fyrir fram fast gjald er gerður eða björgun úr beinni neyð eins og síðan var reynt. Það er afleitt að það skuli annaðhvort vera komið undir fjárhagslegum útgjöldum eigenda skipa eða tryggingafélaga eða að fjárhagslegur hagur Landhelgisgæslunnar hafi áhrif á hvenær er kallað á aðstoð í björgun. Vegna þess sem komið hefur fram í máli mínu að Landhelgisgæslan synjaði því að skipið yrði dregið fyrir fast gjald, þá geri ég ráð fyrir að það hljóti að vera einhver ákveðin stefna í málum sem þessum hjá Landhelgisgæslunni eða dómsmrn. um slíka samninga og því óska ég eftir upplýsingum um það hjá hæstv. dómsmrh.

[15:23]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í siglingalögum eru efnisákvæði um hvaða atriði það eru sem hafa áhrif við ákvörðun björgunarlauna. Í septembermánuði árið 1987 var gerður samningur á milli Landhelgisgæslunnar annars vegar og samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Landssambands ísl. útvegsmanna hins vegar þar sem fyrir fram er ákveðið hvernig með uppgjör skuli fara þegar varðskip koma íslenskum fiskiskipum til hjálpar. Reynslan af slíkum samningum þykir hafa verið mjög góð en engir sambærilegir samningar eru hins vegar í gildi varðandi íslensk flutningaskip eða erlend skip þó að örsjaldan hafi verið gerðir slíkir samningar. Þetta má skýra með því að samkvæmt ákvæðum siglingalaga má hver aðili að björgunarsamningi sem gerður var meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar krefjast þess að dómur ógildi samninginn eða breyti honum ef telja má að skilmálar hans hafi verið ósanngjarnir. Einnig segir að dómi sé ávallt rétt að ógilda björgunarsamning eða breyta honum þegar talið verður að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn.

Það er rétt að taka fram að Landhelgisgæslunni hefur hingað til tekist að semja um björgunarlaun í þeim tilvikum þar sem skip hennar hafa staðið að björgun skipa og uppgjör í þessum tilvikum hafa verið leyst með samkomulagi eftir á en ekki farið fyrir dóm. Undantekning þar á er björgun hollenska skipsins Hendrik B í árslok 1994 og ársbyrjun 1995, en áhöfn skipsins yfirgaf það í forátttuveðri suður af Vestmannaeyjum. Það er hvorki stefna Landhelgisgæslunnar né dómsmrn. að gera björgunarsamninga fyrir fram um björgun flutningaskipa þó einstök frávik kunni að vera frá þeirri reglu. Samningurinn sem í gildi er um björgun íslenskra fiskiskipa hefur gefist vel og því eru engar breytingar fyrirhugaðar á honum.

Að því er varðar það tilvik sem hv. fyrirspyrjandi nefndi er rétt að lesa úr minnisblaði forstjóra Landhelgisgæslunnar um það atriði sem hann hefur sent dómsmrn.:

„Að því er varðar hugsanlegar kröfur Landhelgisgæslunnar til björgunarlauna ef til björgunar hefði komið á þýska flutningaskipinu Víkartindi sem strandaði við Þjórsárósa að kvöldi hins 5. þessa mánaðar vill Landhelgisgæslan upplýsa sérstaklega að fyrirspurnir komu um það til stofnunarinnar frá leigutaka vátryggjanda skipsins á hvaða grundvelli Landhelgisgæslan mundi reikna sér þóknun ef til þess ræki að mati skipstjóra Víkartinds að hjálpar yrði þörf. Landhelgisgæslan vísaði í svari sínu til fyrrgreinds lagaumhverfis, m.a. þess að samningar á þessu sviði sem gerðir væru fyrir fram væru ógildanlegir þegar aðstæður væru með ákveðnum hætti og einnig að áhöfn varðskipsins ætti hlut að máli. Landhelgisgæslan innti leigutaka vátryggjanda Víkartinds um hvort í þessu tilfelli væri boðin fram þóknun á þeim grundvelli að Landhelgisgæslan veitti hjálp ef eftir yrði leitað fyrir fastákveðna fjárhæð. Svar við þeirri fyrirspurn barst ekki og ekkert slíkt boð kom nokkurn tíma fram. Það skal tekið fram að Landhelgisgæslan gerði ekki slíkt boð heldur vísaði til fyrrgreindra lagaákvæða og fyrri reynslu leigutakans af viðskiptum hans við stofnunina á þessu sviði, nefnilega þess að fram að þessu hefði ávallt samist á milli aðila á samningsgrundvelli á þessu sviði þannig að er upp hefði verið staðið hefðu báðir aðilar verið sáttir við málalok."

Ég hygg að í þessu sambandi sé mikilvægt að hafa það í huga að mjög erfitt er að gera samninga við þær aðstæður eins og voru í þessu tilviki og í mörgum öðrum tilvikum verður ekki séð hver kostnaður verður af björgun. Í þessu tilviki til að mynda var ekki ljóst hvort unnt yrði, ef til björgunar hefði komið, að draga skip til Reykjavíkur án þess að bíða lags. Veðurlag var með þeim hætti að ólíklegt var að unnt yrði að sigla í beinni siglingu fyrir Reykjanesröstina og ekki þótti fært að fara með skipið inn til Vestmannaeyja þannig að í þessu tilviki og mörgum öðrum sambærilegum er mjög mikil óvissa um umfang björgunarstarfsins og þess vegna oft erfitt að gera bindandi samninga fyrir fram vegna þess að menn sjá ekki fyrir hversu umfangsmikið björgunarstarfið er.

[15:28]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Út af þessu máli vildi ég aðeins koma inn á það að þegar dómur hefur fallið í máli vegna björgunarlauna þá hefur hæsta greiðsla vegna björgunar verið 5% af heildarverðmæti skips og farms. Það hefði þýtt að ef svo hefði gengið varðandi Víkartind, þá erum við að tala um 100 millj. af tveimur milljörðum.

Það sem menn þurfa hins vegar að athuga í þessu ef hugur manna stendur til þess að afnema rétt til björgunarlauna Landhelgisgæslunnar, þá sagði hæstv. forsrh. hér ekki fyrir löngu síðan að við lifðum í alþjóðlegu umhverfi hvað áhrærði skip. Það er dæmi um að eitt skip frá Vestmannaeyjum afþakkaði fyrir nokkrum árum björgun frá varðskipi vegna þess að það var ódýrara að fá fiskiskip til að bjarga þegar skipið strandaði. Þetta er því mjög vafasamt og varhugavert að breyta hér alþjóðasiglingareglum í þessa veru.

Í annan stað vildi ég geta þess að ábyrgð skipstjóra er slík að ef hann með stórfelldu gáleysi sínu veldur því að skip strandar, þá er hann persónulega ábyrgur fyrir þeim skaða sem skip veldur vegna mengunar eða annars tjóns þannig að ég vara mjög við því að menn séu að fara einhverjar aðrar leiðir en þær sem í gildi eru nú.

[15:30]

Einar K. Guðfinnsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma hér fram að ég held að sá samningur sem var gerður árið 1987 hafi verið mjög mikilvægur, m.a. fyrir öryggi sjómanna. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið allra hluta vegna að við höfum í gildi slíkar samræmdar reglur um björgunar- og aðstoðarlaun því að auðvitað getur komið upp sú staða að skip er í nauðum og varðskip er hvergi nærri og þá mega menn ekki hugsa þannig að þeir séu að bíða eftir varðskipi eða einhverjum ódýrari kosti við að fá björgun og þess vegna skiptir það öllu máli að þessar samræmdu reglur séu til staðar. Mér er vel kunnugt um að fyrir árið 1987 komu upp slík tilvik sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi áðan, en ég held að eftir að þessi samningur komist á hafi þessi tilvik verið úr sögunni vegna þess að í dag er það þannig að það skiptir ekki máli hvort varðskip eða fiskiskip komi til aðstoðar því björgunarlaunin eru samræmd. Það held ég að skipti mestu máli því að auðvitað er það þannig í langflestum tilvikum þegar skip lenda í vandræðum að það eru fiskiskip eða flutningaskip sem er nærri en tilviljunum háð hvort varðskip sé einhvers staðar á slóðinni og geti komið til aðstoðar sem fyrst og þá auðvitað skiptir tíminn í þessu sambandi gríðarlega miklu máli.

[15:31]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Vissulega eigum við að fara að alþjóðasamningum og lögum. Samkvæmt íslenskum siglingalögum er beinlínis gert ráð fyrir björgunarsamningum. Það var leitað eftir því við Landhelgisgæsluna að gerður yrði ákveðinn samningur til þess að bjarga skipinu áður en það var komið í yfirvofandi hættu og menn eru sammála um það sem þekkja til að ef það hefði verið gert, þá hefði verið hægt að komast hjá ýmsu af því sem við stöndum frammi fyrir nú.

Hefði Landhelgisgæslan ekki gefið þau svör sem hún gaf, þá hefði sjálfsagt verið leitað frekar eftir slíkum samningi. En eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. komu ákaflega neikvæð svör við fyrirspurn til Eimskipafélagsins eða fulltrúa hinnar þýsku útgerðar.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það skiptir verulegum fjárhæðum hvenær gripið er inn í björgun. Þess vegna tel ég að ekki megi skipta máli hvað björgunin kosti eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Það var ekki fyrir séð hvað það mundi kosta að bjarga skipverjum. Eigum við að láta það ráða ferðinni þegar skip eru í nauðum stödd? Mér finnst ekki hægt að hugsa þessi mál þannig. Það er gert ráð fyrir því í lögum að björgunarsamningar séu gerðir og mér finnst við ekki geta látið það tefja framgang mála að ekki sé hægt að reikna það út hver kostnaðurinn sé. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki sé ástæða til að hnykkja á því að farið verði út í björgunaraðgerðir um leið og menn óska eftir því án þess að draga það að finna út hversu mikið það muni kosta.

[15:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það liggur alveg skýrt fyrir að Landhelgisgæslan var tilbúin að bjarga þessu skipi án tillits til þess hvað það mundi kosta. Ítrekuð tilmæli um það komu frá Landhelgisgæslunni að hún væri tilbúin til þess og eins og hv. þm. vita, þá lagði varðskipið sig í verulega hættu við það að koma skipinu til bjargar þegar loksins var eftir því kallað. Það er því aldeilis fráleitt að bera þá ásökun hér fram að Landhelgisgæslan hafi ekki verið tilbúin til þess að bjarga skipinu án þess að vita fyrir fram hver björgunarlaunin yrðu.

Varðandi önnur ummæli hv. þm. um að það hafi legið fyrir að ef gerður hefði verið samningur við skipafélagið fyrir fram, þá hefði skipstjóri skipsins farið fram á björgun. Ég hef ekki þessar upplýsingar undir höndum en þetta bendir til þess að hv. þm. viti til þess að útgerðin hafi haft þau áhrif á skipstjórann að því aðeins mundi hann biðja um björgun að fyrir lægi samningur. Ég hef ekki neinar upplýsingar þar að lútandi og vísa enn á ný til þess að það er skipstjórinn á viðkomandi skipi sem ber lögum samkvæmt ábyrgð á skipinu og tekur ákvörðun um hvenær óskað er eftir björgun. Landhelgisgæslan var tilbúin að gera það án þess að setja neinar fyrir fram kröfur í því efni.

[15:35]

Útbýting þingskjals:

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 464. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 781.

Kjarnavopn á Íslandi.

Fsp. HG, 427. mál. — Þskj. 731.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. utanrrh. um kjarnavopn á Íslandi er svohljóðandi:

1. Hvað er hæft í því sem haft er eftir fyrrverandi starfsmanni sænsku utanríkisþjónustunnar, Leif Leifland, í sænskum fjölmiðlum nýverið (Dagens Nyheter 1. mars 1997) að kjarnavopn hafi verið geymd í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli?

2. Hefur utanríkisráðherra látið kanna heimildir er varða samskipti Íslands og Bandaríkjanna fyrr á árum með tilliti til flutnings eða geymslu kjarnavopna hérlendis, m.a. í ljósi þess sem fram hefur komið að undanförnu um kjarnavopn á Grænlandi?

3. Hafa íslensk stjórnvöld krafið bandarísk stjórnvöld eða hermálayfirvöld NATO svara við því hvort einhvern tíma hafi verið flutt kjarnavopn á vegum bandaríkjahers og/eða NATO til Íslands eða um íslenskt yfirráðasvæði? — Hafi slíkar spurningar verið bornar fram, hver voru þá svörin?

Þetta er fyrirspurnin, virðulegur forseti og eins og fram kemur, er hún í þremur liðum, varðar mismunandi þætti en er þó að kjarna til um hvort hér hafi, svo fremi hæstv. utanrrh. hafi vitneskju um það, verið staðsett kjarnorkuvopn eða flutt hingað um íslenskt yfirráðasvæði.

Allir þekkja það, virðulegur forseti, hvað mál af þessu tagi hafa verið viðkvæm á liðinni tíð. Menn gera út af fyrir sig ekki mikið með yfirlýsingar bandarískra stjórnvalda eftir að í ljós kom að þeir höfðu brotið gróflega á Dönum varðandi staðsetningu kjarnavopna í herstöðinni í Thule, að vísu með vitneskju tiltekinna danskra stjórnmálamanna og einhverra embættismanna, en þetta mál var eitt heitasta mál í umræðunni í Danmörku 1995 og er það enn þá, rannsóknir sem þessu tengjast. Það ber einnig að minna á að fyrir liggur úr athugunum á skjölum í bandarískum skjalasöfnum að til umræðu var að flytja kjarnavopn til Íslands, Nike-eldflaugar búnar kjarnaoddum, sérstaklega á árinu 1957 eða þegar til stóð að flotinn yfirtæki af landhernum hér. Þau efni voru til umræðu af æðstu herstjórn Bandaríkjanna og þeim sem tengdust henni og var jafnvel undirbúið að færa það mál í tal við íslensk stjórnvöld á þessum tíma. Hins vegar hafa ekki komið fram gögn, það fremi ég veit um að eitthvað hafi orðið úr áformum þá eða síðar að þessu leyti og ég er út af fyrir sig ekki að leiða neinum sérstökum getum um það efni umfram það sem ætla má af stöðu Íslands á þessum tíma í gegnum marga áratugi sem hlekkur í kjarnorkuvígbúnaði Bandaríkjanna og NATO hér á Norður-Atlantshafi.

[15:39]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Spurningin um hvort kjarnavopn hafi á einhverjum tíma verið til staðar á Íslandi er ekki ný af nálinni og hefur ítrekað verið svarað, nú síðast í erindi utanrrh. til utanrmn. sl. vetur.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þm. skal tekið fram varðandi 1. lið hennar að þegar hefur komið fram í fjölmiðlum, nánar tiltekið í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins þann 12. mars sl., að ekki hafi verið rétt haft eftir úr bók Leif Leifdal, Frostár, um kjarnavopn á Íslandi. Í fréttinni er haft eftir Leifland, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bókinni er hvergi minnst á að Palme hafi talað við Einar Ágústsson, fyrrv. utanrrh., um málið né að kjarnavopn væru á Íslandi. Þessar staðhæfingar hljóta að vera misskilningur blaðamanna sem fjallað hafa um útkomu bókarinnar Frostár sem kemur í bókabúðir í Svíþjóð í vikunni."

Ekkert er því hæft í því sem fram hefur komið í sænskum fjölmiðlum um að kjarnavopn hafi verið á Íslandi samkvæmt heimildum Leif Leifland sem á víst að teljast heimild þessara sömu fjölmiðla.

Varðandi 2. lið fyrirspurnar hv. þm. um hvort utanrrh. hafi látið kanna heimildir er varða samskipti Íslands og Bandaríkjanna fyrr á árum með tilliti til flutnings eða geymslu kjarnavopna hérlendis, þá var það gert í framhaldi af 1. umr. um staðsetningu kjarnavopna á Grænlandi. Voru niðurstöður þeirrar athugunar kynntar í utanrmn. sl. vetur. Ekki var talin ástæða til að endurtaka þá athugun í kjölfar nýlegrar danskrar skýrslu um staðsetningu kjarnavopna á Grænlandi.

Hvað varðar 3. lið fyrirspurnar hv. þm. skal upplýst að þáttur í þeirri heimildakönnun, sem vísað er til hér á undan og kynnt var í utanrmn., var að leitað var svara hjá bandarískum stjórnvöldum um þetta efni. Í kjölfar athugunarinnar og fyrirspurnar til bandarískra stjórnvalda hef ég enga ástæðu til að ætla að kjarnavopn hafi verið geymd á Íslandi né heldur hafi kjarnavopn verið flutt um íslenskt yfirráðasvæði eða um íslenska lofthelgi á vegum bandarískra stjórnvalda eða á vegum Atlantshafsbandalagsins. Innan Atlantshafsbandalagsins gilda skýrar reglur um að flutningur og staðsetning kjarnavopna eigi sér ekki stað nema með fullu samþykki þeirra ríkja er hlut eiga að máli. Enn fremur er Bandaríkjamönnum óheimilt samkvæmt varnarsamningnum að nýta varnaraðstöðuna á Íslandi með neinum hætti nema með fullu samþykki og vitund íslenskra stjórnvalda. Óskir um staðsetningu eða flutning kjarnavopna um íslenskt yfirráðasvæði hafa samkvæmt gögnum ráðuneytisins aldrei verið bornar fram.

[15:43]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í tilefni af þessum síðustu orðum hæstv. ráðherra vil ég spyrja hann hvort hann hafi kynnt sér bók dr. Vals Ingimundarsonar Í eldlínu kalda stríðsins, en þar segir svo á bls. 371, með leyfi forseta:

„Hinn 21. júní fór bandaríska varnarmálaráðuneytið þess á leit við John Foster Dulles að komið yrði fyrir kjarnorkuvopnum á Íslandi og öðrum löndum í tengslum við loftvarnir og viðvörunarkerfi Bandaríkjahers. Bandaríkjamenn ætluðu að setja hér upp skammdrægar Nike-loftvarnarflaugar með kjarnaoddum. Þessi áform voru í samræmi við þá stefnu Bandaríkjastjórnar að sjá NATO-ríkjunum fyrir kjarnorkuvopnum."

Dr. Valur Ingimundarson segir enn fremur frá því að þessar umræður um að flytja kjarnorkuvopn til Íslands hafi verið hluti af þeirri umræðu að ná fram sparnaði í hernaðarútgjöldum með því að flytja landherinn frá Íslandi en senda flugherinn hingað í staðinn. Þá tengdist þessi umræða einnig óskum vinstri stjórnarinnar sem þá sat um brottför bandarískra hersins. Gekk þetta svo langt að Bandaríkjastjórn tók beina ákvörðun í þessu efni að því er Valur Ingimundarson segir og segir hann frá ákvörðuninni í bók sinni á þessa leið á bls. 375:

„Þeir [þ.e. Bandaríkjamenn] ítrekuðu að ákvörðun hefði verið tekin í málinu. Landherinn yrði kvaddur heim."

Bandaríkjamenn skýrðu hins vegar Íslendingum ekki frá því að til stæði að koma hingað fyrir þessum eldflaugum í stað landhersins eða eins og Valur bendir sérstaklega á í bók sinni" ...

(Forseti (RA)**:** Ég biðst afsökunar á því að ég hef víst gefið hv. þm. tvær mínútur en hann á ekki rétt á nema einni mínútu og hún er liðin.)

Þingmaðurinn má þá kannski þá ljúka ræðu sinni?

(Forseti (RA)**:** Já, að sjálfsögðu.)

Hér hef ég lesið upp nokkrar tilvitnanir í bók Vals Ingimundarsonar um að Bandaríkjastjórn tók ákvörðun um að koma hér fyrir kjarnorkuvopnum og svo seint sem á árinu 1960 gerði Pentagon ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlunum sínum til Bandaríkjastjórnar. Það liggur með öðrum orðum fyrir að Bandaríkjastjórn íhugaði að koma hér fyrir kjarnorkuvopnum og fyrir liggja í þeim efnum alveg óyggjandi heimildir þar sem er þessi bók dr. Vals Ingimundarsonar og

ég spyr hæstv. utanrrh.: Hefur hann kynnt sér bókina?

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál hér upp. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa í huga að hér er aðeins um að ræða eina af fjölmörgum vísbendingum sem komið hafa fram á síðustu árum í þessum efnum, þ.e. vísbendingum í þá átt að hlutleysi ríkja eða opinber stefna hafi verið einskis virt, ýmist í fullkominni andstöðu og á laun gagnvart viðkomandi stjórnvöldum eða þá með yfirhylmingum og lygum fámennrar valdastéttar eins og á við í Danmörku þar sem fáeinir æðstu ráðamenn þjóðarinnar lugu að þjóð sinni áratugum saman um það að ekki væru kjarnorkuvopn á dönsku yfirráðasvæði. Þetta ásamt með ýmsum upplýsingum um til að mynda persónunjósnir á kaldastríðsárunum gera auðvitað fyllilega meira en að rökstyðja að ástæða er til að rannsaka þessi mál. Sá er munurinn hér á Íslandi og t.d. hinum Norðurlöndunum að þar taka menn þessa hluti alvarlega og láta sér ekki nægja einföld svör þeirra hina sömu aðila og logið hafa að þeim um áratuga skeið. Þess vegna ætti auðvitað hér eins og í Noregi, Danmörku og víðar að setja á fót sérstaka rannsóknarnefnd eða þá t.d. að fela utanrmn. með sérstakri samþykkt að fara í ítarlega rannsókn á þessum hlutum.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í þessum umræðum hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að hér hafi verið kjarnorkuvopn. Þvert á móti hefur komið fram að Leifland segir það hafa verið rangt eftir sér haft í sænskum blöðum. Það sem hv. þm. Svavar Gestsson las upp úr bók Vals Ingimundarsonar sýnir að það var alls ekki farið þess á leit við íslensk stjórnvöld að hér yrðu kjarnorkuvopn. Það voru vangaveltur innan bandaríska stjórnkerfisins en málið komst aldrei til íslenskra stjórnvalda og því var aldrei hrundið í framkvæmd.

Í þriðja lagi er það rangt að þessi mál hafi ekki verið könnuð hér eins og annars staðar. Öryggismálanefnd lét á sínum tíma rannsaka þetta, gaf út skýrslu um málið. Málið hefur verið þaulrætt og þaulkannað og allar sögusagnir um að hér hafi verið kjarnorkuvopn eða ætlunin að koma þeim fyrir eru úr lausu lofti gripnar og hafa verið margbornar til baka og ástæða til þess að gera það enn og einu sinni miðað við þessar dylgjur sem koma fram um þau mál sem hér eru til umræðu.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Það var athyglisvert sem hér kom síðast fram frá öðrum ráðherra í sambandi við þessi mál. Ég vil ráðleggja hæstv. ráðherrum að fara rólega í sakirnar og frekar varlega í staðhæfingar um þessi efni í ljósi sögunnar, í ljósi þess sem hefur verið að koma fram um þessi efni í nágrannalöndum okkar. Það er rétt, og ég vissi það þegar ég bar fram fyrirspurnina í dag, að Leif Leifland hafði lýst yfir að rangt væri eftir sér haft, en jafnframt eftir honum haft að hann gæfi ekkert fyrir yfirlýsingar bandarískra stjórnvalda, sá hinn sami, hátt settur maður í sænsku utanríkisþjónustunni og búinn að gegna þar mjög lengi.

Ég tek fullt mark á því sem hæstv. utanrrh. segir hér, dreg það ekkert í efa að hæstv. ráðherra hafi haft viðleitni í frammi til þess bæði að spyrja og kanna. En ég vek einnig athygli á því að það hefur ekki farið fram nein ítarleg rannsókn af hálfu stjórnvalda, svo mér sé kunnugt, í bandarískum skjalasöfnum um þessi efni. Það liggur einnig fyrir að hluti þeirra gagna er lokaður og aðgengi að honum ekki heimilt að því er fullyrt er af sumum af tillitssemi við bandamenn Bandaríkjanna á þessum árum og áratugum. Ég vek athygli á því, sem m.a. kom fram í leiðara Politiken 10. september 1995, að einmitt sú stefna bandarískra stjórnvalda að hvorki játa né neita tilvist kjarnavopna á yfirráðasvæði annarra landa sé til komin af tillitssemi við stjórnvöld í þeim ríkjum sem um er að ræða.

Ég tel hins vegar að það hafi verið mjög þýðingarmikið þegar þessi mál voru tekin föstum tökum á Alþingi Íslendinga af utanrmn. þingsins m.a. 1985 þegar samþykkt var þál. um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum þar sem því var í fyrsta sinn í raun með samstöðu á Alþingi slegið föstu að það væri í andstöðu íslenska stefnu að hér væru staðsett kjarnorkuvopn og jafnframt hvatt til þess að könnuð yrði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, lofti sem á hafinu og fleira sem stendur í þessari ályktun. Eftir þetta lá stefna þingsins mjög skýr fyrir og var auðvitað áður af hálfu stjórnvalda eins og hæstv. utanrrh. hefur sagt og við skulum vona að hún hafi verið virt. Við skulum bara vona það.

[15:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég hef lesið bók Vals Ingimundarsonar, las hana reyndar yfir jólin, þannig að mér er fullkunnugt um það sem þar stendur. Það er líka rétt að taka fram að það hefur verið upplýst að á árabilinu frá 1959 til og með fjárlagaársins 1976 hafi verið til áætlun um að efla loftvarnir og/eða senda hingað kjarnadjúpsprengjur til notkunar gegn kafbátum á stríðstímum. Þessum áætlunum var aldrei hrundið í framkvæmd og Bandaríkjaforseti gaf aldrei umboð til að setja niður slík kjarnavopn.

Sem kunnugt er upplýsti fræðimaður að nafni William Arkin þann 5. desember 1984 íslensk stjórnvöld um að skilyrt heimild Bandaríkjaforseta hafi verið til í gögnum frá 1975 um að flytja hingað til lands 48 kjarnadjúpsprengjur á stríðstímum. Síðan lýsti þessi sami sérfræðingur því yfir að staðsetning vopnanna væri háð heimild íslenskra stjórnvalda. Niðurstaðan er því sú af minni hálfu að ítarleg könnun á gögnum í utanrrn. gefi enga vísbendingu um annað en Bandaríkin hafi virt til fullnustu langvarandi stefnu íslenskra stjórnvalda þess efnis að kjarnavopn væru ekki staðsett á Íslandi.

Verkmenntun.

Fsp. MagnA, 428. mál. — Þskj. 732.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Magnús Aðalbjörnsson):

Virðulegi forseti. Ástæður fyrirspurnar minnar eru þær áhyggjur sem forsvarsmenn iðnaðarins hafa látið í ljós í sambandi við iðn- og tæknimenntun. Eins og kunnugt er hefur verknám átt undir högg að sækja í skólakerfinu, ýmsar hindranir eru í vegi eðlilegra framfara á þessu sviði. Svo á að heita að löggjafinn geri ekki greinarmun á bók- og verknámi en í raun hefur bóknám verið eftirsóttara af nemendum enda þótt þörfin fyrir verk- og tæknikunnáttu sé mjög veruleg í þjóðfélaginu.

Sú spurning vaknar hvernig kennslu- og uppeldisfræði er skilgreind í þessu námi. Er hún jafnt sett saman af þörfum í bóklegri og verklegri kennslu? Undanfarið hefur vakið athygli sú mikla áhersla sem forsvarsmenn iðnaðarins hafa lagt á hvers konar verknám á framhaldsskólastigi sem taki mið af þörfum fyrirtækja í greininni. Því til viðbótar hefur verið stofnað til öflugrar endurmenntunar í mörgum iðngreinum sem gerir iðnaðarmönnum kleift að fylgjast með verktækni hvers tíma og færa hana jafnharðan út í fyrirtækin og treysta með því stöðuna í alþjóðlegri samkeppni. Í opinberri umræðu hafa fulltrúar atvinnulífsins bent á að þessum mönnum sé gert erfitt fyrir um ráðningu í kennslu á sínu sérsviði. Enda þótt þeir kunni mjög vel skil á því fagi sem um er að ræða verði þeir að stunda nám og gangast undir próf á sviðum sem ekki er með nokkru móti hægt að tengja því viðfangsefni að kenna þá bóklegar og verklegar greinar á framhaldsskólastigi. Nefnd hafa verið dæmi þess að skólar hafa ekki eða trauðla getað ráðið hálærða tæknimenn til að kenna sitt fag vegna þess að aðrir hafi meiri rétt til stöðunnar sem minna kunna í faginu, jafnvel ófærir til kennslu en hafa lokið prófi í uppeldisfræðum.

Fulltrúar atvinnulífsins hafa bent á að þessi þáttur hamli eðlilegri ráðningu iðnaðar- og tæknimanna til fagbóklegrar og verklegrar kennslu iðnnema. Það er raunhæft að stokka upp kennslu- og uppeldisfræði, skilgreina hana upp á nýtt og gera iðnaðar- og tæknimönnum kleift að fá faggreinabundin kennsluréttindi. Í þeim efnum er rétt að huga að því hvernig aðrar þjóðir standa að þessum málum. Danir leysa þetta þann veg að veita greinabundin kennsluréttindi eftir 60 kennslustunda kennslufræðinám ásamt lögbundinni leiðsögn eldri kennara í tiltekinn tíma.

Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. menntrmh. í tveimur liðum. Sú fyrri er um hvort ráðherra telji að nám til kennsluréttinda í uppeldis- og kennslufræðum í grunn- og framhaldsskólum vanmeti þarfir verkmenntagreina og ef svo er til hvaða ráða ráðherra hyggist grípa.

Sú seinni er um hvort ráðherra muni beita sér fyrir því að gera tæknimennt að skyldunámsgrein í grunnskólum. Ég tel það fyllilega koma til greina.

[15:56]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Fyrri spurningin er: „Telur ráðherra að þarfir verkmenntagreina í námi til kennararéttinda í uppeldis- og kennslufræðum í framhaldsskólum séu vanmetnar? Ef svo er, til hvaða úrbóta hyggst ráðherra grípa?“ Svarið er á þessa leið: Ég treysti mér ekki til að fullyrða um hvort þarfir verkmenntagreina í kennsluréttindanámi séu vanmetnar, en hitt er víst að ávallt má bæta menntun verkmenntakennara með hliðsjón af sérkennum hverrar starfsgreinar fyrir sig og þeim kröfum sem gerðar eru til náms og kennslu á hverjum tíma. Framhaldsskólar er bjóða upp á starfsnám þurfa að hafa yfir að ráða kennurum sem eru bæði góðir fagmenn og geta um leið miðlað þekkingu sinni áreynslulaust þannig að hún skili sér sem best til nemenda. Hér hafa verkmenntagreinar mikla sérstöðu og því er nauðsynlegt að hlúa að alhliða menntun og færni verkmenntakennara, bæði í upphafi og í endurmenntun.

Nú er unnið að því að undirbúa stofnun uppeldisháskóla. Á síðara stigi þeirrar vinnu er líklegt að fjallað verði um inntak kennaramenntunar og eðlilegt að þarfir verkmenntagreina í námi til kennararéttinda í uppeldis- og kennslufræðum komi til umfjöllunar í því sambandi.

Einnig má benda á að samkvæmt lögum nr. 80/1996 getur menntmrh. gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla fyrir tiltekna iðngreinaflokka og kemur vel til greina að þörfum verkmenntakennara fyrir endurmenntun verði að einhverju leyti sinnt í slíkum skólum.

Síðari spurningin er á þessa leið: „Mun ráðherra beita sér fyrir því að tæknimennt verði gerð að skyldunámsgrein í efstu bekkjum grunnskóla?“

Ég verð að viðurkenna að fyrir mér er ekki alveg ljóst hvað fyrirspyrjandi á við með hugtakinu „tæknimennt“. Hægt er að fella mjög ólík viðfangsefni undir þetta hugtak og því erfitt að tala um tæknimenntir sem eina námsgrein. Í endurskoðun námskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla, sem nú stendur yfir, verður lögð sérstök áhersla á tækni, bæði með því að gefa öllum nemendum kost á að kynnast tækni, ekki síst tölvutækninni, af eigin raun í námi og sem sérstakt viðfangsefni. Sérstakur hópur fæst við tæknimenntun og fræðslumál í þessari endurskoðun.

Þá hafa á undanförnum árum verið gerðar tilraunir með kennslu á tæknisviði og hefur ráðuneytið styrkt slík verkefni. Verkefni sem fela í sér tæknilegar þrautir eru vel til þess fallin að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þær gefa nemendum einnig tækifæri til að uppgötva nýja hluti eða endurskapa hluti og fyrirbæri úr verkefni. Hlúa ber að tilraunum á þessu sviði og huga að því hvort tækni- og nýsköpun skuli gerð að föstum námsþætti í starfi grunnskóla.

[15:59]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Í svari hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn kom fram að hann treysti sér ekki til að meta hvort verkmenntagreinar væru vanmetnar í námi til kennsluréttinda. Það var ein af spurningunum sem hann var spurður um. Það er svo sem ekkert við því að segja þó hann hafi ekki lagt nákvæmt mat á þann þátt. Hins vegar gat hann um ákveðna endurskipulagningu sem er í gangi innan menntmrn. varðandi kennslumenntun. Hann nefndi sérstaklega háskóla í uppeldisfræðum, mál sem hefur verið unnið að. Hins vegar kom skýrt fram hjá fyrirspyrjanda áðan að menn hafa áhyggjur af að verkmenntun sé ekki gert nægilega hátt undir höfði við endurskoðun á kennaramenntun. Það eina sem ég vil leggja til umræðunnar er að hvetja ráðherra til að standa vörð um verkmenntun. Verkmenntunin er oft dýr í þeim þætti sem hér er verið að ræða. En ég treysti því og skildi orð menntmrh. þannig að í þeirri endurskipulagningu sem hann hefur innleitt varðandi þennan þátt yrði tekið sérstakt tillit til verkmenntagreina og því fagna ég.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Magnús Aðalbjörnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Í sambandi við tæknimennt vil ég segja að ég dáist að því framtaki Reykjavíkurborgar að efna til samkeppni milli grunnskólanema borgarinnar um frumlegar og nytsamar uppfinningar og veita verðlaun fyrir þær bestu. Þetta ýtir undir sköpunargleði og heilbrigðan samkeppnisanda. Einnig vakti tæknimenntakennsla Manfreðs Lemke í Grunnskóla Blönduóss og í Stórutjarnaskóla verðskuldaða athygli. Þar samþætti hann eðlisfræði og handmennt, t.d. lét hann nemendur búa til dyrabjöllu í handmenntatímum í stað þess að útskýra leyndarmál dyrabjöllunnar með teikningum. Einnig lét Manfreð nemendur sína glíma við galdra aflfræðinnar með því að búa til einföld tæki.

Hvað varðar uppeldis- og kennslufræði vil ég segja þetta: Sérfræðingar eru ekki á einu máli um það hvað þessir þættir eiga að skipa stóran sess í námi kennaranema. Á fundi sem áhugamenn um menntun og skóla boðuðu til sl. laugardag um efnið Hvert stefnir í skólamálum? var þessum spurningum varpað fram:

Hverju hefur uppeldisfræðin skilað í sambandi við aga eða agaleysi í þjóðfélaginu?

Hverju hefur kennslufræðin skilað í skólunum?

Stöndum við jafnfætis öðrum þjóðum, t.d. í raungreinum?

Þetta eru miskunarlausar spurningar og ranglátar einar og sér þar sem þær þurfa að skoðast í miklu víðara samhengi. En þær eiga rétt á sér á hverjum tíma.

[16:03]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varðandi fyrri liðinn í máli hv. þm. um nýsköpun á grunnskólastigi nemenda þá er það svo að menntmrn. hefur einnig lagt þessum verkefnum lið og tekur þátt í því að styðja við slíka nýsköpunarstarfsemi á grunnskólastigi. Ég tel sjálfur að það sé mjög vænleg leið til að hvetja ungt fólk til að huga að þeim málum sem hér er um að ræða, þ.e. tæknimennt. Ef það hugtak er skilgreint með þeim hætti sem hv. þm. gerði þá er ég fús til að beita mér í því efni að vekja áhuga ungs fólks með nýsköpunarkeppni eða öðrum þeim aðferðum sem best eru til þess fallnar að hvetja til áhuga á þessu sviði. Einnig tel ég að þetta komi til athugunar við gerð námskránna bæði fyrir grunn- og framhaldsskólastigið.

Að því er fyrri liðinn í spurningunni varðar en síðari liðinn í máli hv. þm., um uppeldisfræðina, þá er það rétt að umræður um gildi uppeldisfræðinnar í kennaranámi hafa verið mjög miklar. Sjálfur hef ég leyft mér að segja í umræðum á þessum vetri að ég telji að áherslan á uppeldisfræðina hafi ef til vill verið of mikil í kennaramenntuninni. Síðan hafa einnig komið fram þau sjónarmið að uppeldisfræðikennslan og uppeldisfræðinámið séu ekki skilgreind með nógu skýr markmiði í huga að því er varðar faglegt innihald kennslunnar. Það eru mjög athyglisverðar ábendingar sem koma m.a. úr kennaraháskólanum. Þannig að ég held að þessar umræður sem hafa farið hér fram í vetur og hv. þm. vék að, m.a. á fundi sl. laugardag, séu til gagns um þá stefnu sem við þurfum að móta varðandi kennaranámið og verður vonandi fullmótuð á grundvelli frv. til laga um uppeldisháskóla sem verður kynnt hér á þinginu, vonandi innan skamms tíma.

Úthlutunarreglur dreifbýlisstyrkja.

Fsp. ÍGP, 430. mál. — Þskj. 734.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ástæða fyrirspurnar minnar um dreifbýlisstyrk til hæstv. menntmrh. stafar m.a. af bréfi sem okkur þingmönnum Suðurl. hefur borist frá hreppsnefnd Skaftárhrepps, þar sem tekið er fram að íbúar sem búa fjærst framhaldsskólum eigi margir hverjir í fjárhagslegum erfiðleikum með að senda börn sín til framhaldsnáms. Ástæður þess eru auðvitað margfaldur námskostnaður þeirra sem lengst þurfa að sækja nám. Það þarf að útvega nemendum húsnæði, fæði, ferðir og fleira. Einnig eru ástæðurnar mikill tekjusamdráttur sem átt hefur sér stað á landbúnaðarsvæðum á Íslandi.

Fáar kannanir hafa verið gerðar á samanburði framhaldsnáms íbúa þéttbýlis og dreifbýlis. Þó er til könnun frá 1988 sem Hannes Ólafsson gerði og birtist í Menntamálum árið 1989 en helstu niðurstöður þeirrar könnunar eru að færri íbúar landsbyggðarinnar ljúka stúdentsprófi en þeir sem í þéttbýli búa.

Í framhaldi af þessu er dregin sú ályktun að sama gildi um aðra menntun, t.d. iðnmenntun og ýmiss konar sérnám. Í bréfi því sem ég talaði um áðan segir m.a. að hreppsnefnd Skaftárhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu lýsi þungum áhyggjum sínum yfir þeim mikla aðstöðumun sem ungmenni víða að af landsbyggðinni þurfa að búa við varðandi kostnað við nám að loknum grunnskóla. Nefndin telur þennan aðstöðumun orðinn algjörlega óviðunandi og hann hafi leitt af sér búferlaflutning fólks og þar með röskun á eðlilegri aldursdreifingu íbúa sumra landsvæða.

Lög nr. 23/1989 voru sett til að jafna aðstöðumun ungmenna á landsbyggðinni sem stunda framhaldsskólanám utan heimabyggðar og vill hreppsnefndin meina að þessum lögum sé ekki framfylgt.

Fyrirspurn mín er svohljóðandi:

1. Hve miklum peningum hefur verið varið árlega í dreifbýlisstyrki fyrir framhaldsskólanemendur á síðustu tíu árum?

2. Eftir hvaða úthlutunarreglum er farið?

3. Njóta nemendur, sem búa í mestri fjarlægð frá framhaldsskólum, sérstöðu þegar til úthlutunar kemur?

4. Er á döfinni að breyta úthlutunarreglunum? Ef svo er, þá hvernig?

[16:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurt er: Hve miklum peningum hefur verið varið árlega í dreifbýlisstyrki fyrir framhaldsskólanemendur á síðustu tíu árum?

Fjárveitingar til jöfnunar námskostnaðar nema alls liðlega 900 millj. kr. á árabilinu 1988–1997. Þar er annars vegar um styrk til einstaklinga að ræða vegna námskostnaðar og hins vegar um skólaakstursstyrk til þess að stunda skólaakstur.

Þessar fjárhæðir hafa hækkað jafnt og þétt frá árinu 1990, en mest verður hækkunin milli áranna 1996 og 1997, þ.e. fjárlagaársins í fyrra, þegar fjárhæðin var 111 millj. 500 þús. kr. og hækkar í ár upp í 136 millj. 600 þús. kr. eða um 25 millj. kr. Það er mesta einstaka hækkunin milli ára frá því að þessi tilhögun kom til sögunnar árið 1988.

Spurt er eftir hvaða úthlutunarreglum sé farið.

Í 2. gr. laga frá 1989, um jöfnun námskostnaðar, koma fram grundvallarreglur um hverjir teljist styrkhæfir. Og 2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu."

Í 3. gr. laganna er fjallað um hvaða styrkir skuli veittir, þ.e. reglubundnir styrkir eru fæðisstyrkir, sem ganga til allra styrkhæfra nemenda, húsnæðisstyrkir sem veittir eru nemendum sem ekki eiga kost á heimavist, og ferðastyrkir, en

þeir eru veittir nemendum sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna nefnd til að úthluta til styrkhæfra nemenda. Auk þess að ákveða upphæð styrkja ár hvert verður námstyrkjanefnd að meta hvað telst sambærilegt nám á grundvelli 2. gr. laganna og hliðstæð álitamál sem upp koma.

Í þriðja lagi er spurt: Njóta nemendur, sem búa í mestri fjarlægð frá framhaldsskólum, sérstöðu þegar til úthlutunar kemur?

Samkvæmt 3. gr. laganna skal veita ferðastyrki til þeirra nemenda sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar. Veittur er ferðastyrkur til þess skóla sem næstur er lögheimili styrkþega og telst bjóða sambærilegt nám. Eðli málsins samkvæmt njóta þeir hæstu ferðastyrkja sem lengst þurfa að fara frá lögheimili sínu til að geta lagt stund á viðkomandi nám. Fjarlægð frá heimili hefur hins vegar hvorki áhrif á upphæð fæðisstyrks né húsnæðisstyrks. Hún hefur áhrif á ferðastyrkinn.

Í fjórða lagi er spurt: Er á döfinni að breyta úthlutunarreglunum? Ef svo er, þá hvernig? Það eru ekki uppi nein áform í ráðuneytinu um grundvallarbreytingu á lögunum um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði en þau þurfa náttúrlega eins og önnur löggjöf að vera í sífelldri endurskoðun og til athugunar. Það hafa m.a. komið fram ábendingar um ákveðna skörun milli úthlutunarreglna Lánasjóðs ísl. námsmanna og þess fortakslausa ákvæðis sem nú er í 2. gr. laganna um námskostnað og verða þau mál tekin til sérstakrar athugunar. En í stuttu máli er ekki á döfinni að gjörbreyta þessu kerfi enda held ég í sjálfu sér að menn gagnrýni ekki kerfið sem slíkt heldur telji að fjárveitingar séu of naumt skammtaðar til þess að koma til móts við nemendur. En eins og ég sagði þá hefur hækkunin milli ára aldrei verið meiri en nú frá síðasta ári og þessu, um 25 millj. kr. En á hitt ber líka að líta að við höfum verið að byggja upp framhaldsskólakerfið mjög rösklega um land allt og nú eru starfandi framhaldsskólar í öllum kjördæmum og fleiri en einn í sumum þannig að að því leyti hefur aðstaða einnig breyst. Ég tel að þetta styrkjamál sé réttlætismál sem beri að hafa í huga og lagði þess vegna áherslu á það við afgreiðslu fjárlaga að þessar fjárhæðir hækkuðu sem Alþingi samþykkti og ber að þakka það. En eflaust má betur gera á þessu sviði eins og öðrum því hér er um mikilvægt mál fyrir hinar dreifðu byggðir að ræða eins og fram kom í máli hv. þm.

[16:13]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja í það stórvirki að spyrja hæstv. menntmrh. um þessi mikilvægu mál. Staðfestir það annað með öðru hversu djarfur Framsfl. er í sambandi við þennan málaflokk. En ekki meira um það, virðulegur forseti.

Það skiptir gífurlega miklu máli efnislega hvernig á málum er haldið varðandi dreifbýlisstyrkina. Bæði varðandi upphæð þeirra, að hún sé sanngjörn og viðunandi, og eins að úthlutunarreglur séu skýrar og gagnsæar. Ég var síðast í dag að heyra dæmi um útfærslu á reglum þar sem nemanda á framhaldsskóla, Menntaskólanum við Hamrahlíð, á tónlistarbraut er synjað um dreifbýlisstyrk, reglulegum nemanda í þeim skóla. Ég á eftir að athuga hvað getur valdið slíkri afgreiðslu. Kannski vill hæstv. ráðherra segja eitthvað um það? Ég hélt að svona mismunun væri ekki heimil eftir því á hvaða spori menn væru í reglubundnu framhaldsnámi.

[16:14]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Því miður er það svo að þess finnast dæmi, og allt of mörg, að fjölskyldum í dreifbýli reynist erfitt að kosta skólagöngu unglinganna. Tekjur af meðalstóru búi í sveit eru talsvert miklu lægri en meðaltekjur eru í landinu og námsfólk á framhaldsskólastigi fær yfirleitt ekki uppgripavinnu yfir sumarið annars staðar heldur.

Ég hygg að ekki sé neitt sérstaklega athugavert við úthlutunarreglurnar á dreifbýlisstyrkjunum. Þar er starfað samkvæmt lögum. Heimilt er að styrkja sérstaklega vegna félagslegra aðstæðna, það er í 3. gr. laganna, d-lið ef ég man rétt, sérstakir styrkir sem nefndinni er heimilt að veita efnalitlum nemendum. Þessu ákvæði hefur verið beitt og þeim veittir styrkir. Hins vegar er annað sem er að og það er að styrkupphæðirnar eru allt of lágar. Styrkirnir hafa vissulega farið hækkandi eins og kom fram í svari hæstv. menntmrh. en ég hygg að þeir þyrftu að hækka enn þá meira og heildarfjárhæðin að hækka úr eitthvað 110 millj. kr. í 200 millj. kr., það væri orðin viðunandi jöfnun á aðstæðum fólks í dreifbýli og þéttbýli. Miðað við gagnsemina væri þeim fjármunum vel varið.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson undraðist mjög dirfsku mína að þora að tala um þetta mál. Ætli ástæðan fyrir dirfsku minni sé ekki sú að ég sit með hv. þm. í umhvn. þar sem hann er manna sókndjarfastur og ég er hugsanlega undir áhrifum frá þeim straumum sem liggja frá hv. þm. En eins og fram hefur komið hér eru fjárveitingar of naumt skammtaðar til þessa málaflokks og veruleg röskun hefur orðið á aldursdreifingu íbúa á ákveðnum svæðum og þetta er ein afleiðing þess, þ.e. að fólk treystir sér vart til þess að senda börn sín í framhaldsskóla. Ég vonast til þess að við getum sameinast í því, ég og hv. þm. Hjálmar Jónsson, við sitjum reyndar báðir í fjárln., að reyna að koma því þannig fyrir að við aukum fjármagn til þessa málaflokks þannig að við getum jafnað þann verulega aðstöðumun sem er í þessum efnum.

[16:17]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar umræður. Ég get ekki svarað fyrirspurn hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um úthlutun til einstakra nemenda í þessu kerfi. Ég held að reglurnar séu í sjálfu sér skýrar, eins og fram kom í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar. Hv. þm. átti sjálfur sæti í þessari úthlutunarnefnd þannig að hann þekkir það líklega best hér af þingmönnum eftir hvaða reglum þarna er starfað. En það er rétt að fjárveitingin kann að vera of naum. Hún er nú 136 milljónir en ekki 110 milljónir þannig að bilið upp í 200 milljónir, sem hv. fjárlaganefndarmenn voru að gæla við, er ekki eins stórt og þeir kannski héldu. En það var gott að heyra góðar óskir þeirra um farsæld þessa fjárlagaliðar og við skulum sjá hvernig málinu reiðir af.

Slysabætur sjómanna.

Fsp. KHG, 434. mál. — Þskj. 740.

[16:19]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Fyrir tæpum þremur árum eða nánar tiltekið þann 7. maí 1994 samþykkti Alþingi þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögunum. Ályktunin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar."

Tillagan var flutt á sínum tíma af tveimur hv. þm., þeim Guðmundi Hallvarðssyni og Guðjóni A. Kristjánssyni. Markmið tillögunnar var að auka tryggingavernd sjómanna og hækka bætur til þeirra. Ástæðan er augljós, slys sjómanna eru mun tíðari en í öðrum atvinnugreinum og lætur nærri að þau séu a.m.k. fjórfalt tíðari en gerist í öðrum atvinnugreinum. Kveðið er á um slysabætur og dánarbætur í siglingalögum, 172. gr., og þar kemur fram að dánarbætur eru á verðlagi í dag 1.264.726 kr. og stundum geta auk þess bæst við 491.836 kr. Örorkubætur eru þannig að fyrir hvert stig örorku á bilinu 1–25% greiðist 31.972 kr., fyrir hvert stig á bilinu 26–50% er greitt 63.937 kr. og fyrir hvert stig umfram 50% er greitt 95.909 kr. Því vil ég leyfa mér, virðulegi forseti, í ljósi þeirrar ályktunar sem Alþingi hefur samþykkt að bera fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. samgrh.:

1. Hvenær var skipuð nefnd samkvæmt ályktun Alþingis frá 7. maí 1994 til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns og hverjir eru í nefndinni?

2. Hvert er verkefni nefndarinnar samkvæmt erindisbréfi?

3. Hvað líður störfum nefndarinnar og hvenær er áætlað að hún skili af sér?

4. Liggur fyrir á þessari stundu hvert verði meginefni tillagna nefndarinnar og ef svo er, hvert er það?

[16:21]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hinn 29. nóv. 1994 skipaði ég nefnd í samræmi við þáltill. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum til að endurskoða þau ákvæði siglingalaga sem þar segir og var formaður nefndarinnar Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur.

Erindisbréf nefndarinnar var að sjálfsögðu í samræmi við þáltill. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og Siglingamálastofnunar."

Í minnisblaði frá formanni nefndarinnar er þetta að segja, með leyfi forseta: „Nefndin hefur haldið átta fundi og rætt ítarlega verkefni sitt sem er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar að ræða og hugsanlega gera tillögur um breytingar á reglum sem gilda um skaðabótaskyldu útgerðarmanna gagnvart sjómönnum er verða fyrir slysi um borð í skipi eða í þágu útgerðar. Hins vegar að fjalla um fjárhæðir bóta úr slysatryggingu þeirri sem kveðið er á um í siglingalögum.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um skipan þessara mála í Noregi og Danmörku. Þá hefur nefndin látið gera samanburð á slysabótum ýmissa starfshópa hér á landi og þróun þeirra undanfarin ár. Einnig hefur nefndin skoðað heildargreiðslur til sjómanna sem verða fyrir alvarlegum slysum og til aðstandenda þeirra sem látist hafa af slysförum frá almannatryggingum, lífeyrissjóðum, úr slysatryggingu og úr ábyrgðartryggingu.

Við umræður í nefndinni hefur komið fram mikill munur á skoðunum einstakra nefndarmanna og afstöðu þeirra til þess hvernig heppilegast sé að skipa þessum málum til framtíðar með lögum, m.a hefur það sjónarmið komið fram hjá sumum nefndarmönnum að eðlilegra sé að fjalla um þessi mál í kjarasamningum og reyndar hafi það verið gert með samningum með hærri vátryggingarfjárhæðir en lögin kveða á um.

Það er mat formanns nefndarinnar að þörf sé frekari umræðu áður en nefndin tekur afstöðu til viðfangsefnisins og gerir ráðherra grein fyrir niðurstöðum. Slíkrar niðurstöðu er í fyrsta lagi að vænta á fyrri hluta næsta árs", segir hér.

Ég vil bæta því við að síðan þetta minnisblað var skrifað hefur það gerst að í desembermánuði sl. að nefndin átti fund og þar var samkomulag um það, milli sjómanna og útgerðarmanna, að látið yrði á það reyna við næstu kjarasamninga hvort samningar tækjust sem sjómenn teldu fullnægjandi um tilhögun bótanna og um bæturnar. Þannig að nefndin tók ákvörðun um að láta starf sitt liggja niðri um skeið, láta á það reyna hvort um þessi efni semjist í kjarasamningum. Ef það gerist þá eru frekari störf nefndarinnar auðvitað óþörf en ef á hinn bóginn nást ekki samningar, sem sjómenn telja fullnægjandi og útgerðarmenn geta fallist á, hlýtur nefndin að koma saman að nýju og skila áliti til ráðherra, sem eftir atvikum yrði þá samhljóða eða ekki, sem yrði að ráðast á þeim tíma. Eins og sakir standa nú er því fullkomin samstaða milli sjómanna og útgerðarmanna og nefndarformanns um stöðu málsins og það hefur verið tekið upp í þeim kjarasamningum sem nú eru í gangi.

[16:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er dálítið sérstakt hvað þessi nefnd hefur verið lengi við störf án þess að komast að niðurstöðu. Það er fyrst núna 1997 eða þremur árum síðar að komin er sú niðurstaða sem hæstv. ráðherra boðar hér, að það eigi að semja um þetta í kjarasamningum. Ég geri ekki lítið úr því að þetta verði samkomulagsatriði milli sjómanna og útgerðarmanna. Staðreyndin er samt sú að sjómenn hafa þurft að bera það bótalítið eða jafnvel bótalaust þegar þeir lenda í vinnuslysum um borð í skipum sem á engan hátt er hægt að rekja til vanrækslu þeirra eða aðgæsluleysis heldur eru þau störf sem fylgja sjómennsku oft mjög flókin og mjög áhættusöm og í engu hægt að kenna sjómönnum um það hvernig fer í flestum þeim slysum sem um borð í skipum verða. Það er því mjög nauðsynlegt, og það í raun fyrir löngu síðan, að taka á þessum málum, sem ég held að engin önnur stétt í landinu búi við, að vera lítið sem ekkert tryggð þegar kemur að slysum á vinnustað.

[16:27]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Eins og síðasti ræðumaður kom inn á hafa þessi nefndarstörf því miður tekið of langan tíma. Við höf-

um nýlegt dæmi um sjómannsekkju með tvö börn og þá voru dánarbæturnar 1.932 þús. kr. með þessum 10% viðauka við tryggingarfjárhæð frá Íslenskri endurtryggingu sem gert var í kjarasamningum fyrir löngu. Það þýðir einfaldlega að ekkjan fær 1/3 af þessum 1.900 þús. kr. og börnin hvort um sig 1/3. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekanda vegna hættulegs atvinnurekstrar hefur ekki verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat er lagt til grundvallar, hvort sem um er að ræða t.d. skrifstofustarf sem hefur engar sjáanlegar hættur í för með sér fyrir starfsmenn eða starf á skipi með tröllauknum og fjölbreytilegum vélbúnaði þar sem aðgátar er þörf við hvert fótmál. Ég tel að það sé full ástæða til að taka þennan þátt inn í líka. (Forseti hringir.) Þetta hefur verið reynt, hæstv. samgrh. Því miður er oft talað um að það þurfi að ná samningum um þetta mál, ekki að setja löggjafann í það en þegar kemur svo að samningum þá er talað um að það sé eðlilegt að löggjafinn sjái um málið.

[16:28]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, þau svör sem hann kom með. En ég vil þó gera athugasemdir við þau. Í fyrsta lagi svaraði ráðherra því ekki hverjir sætu í nefndinni. Um það var spurt og hann gaf aðeins upp nafn formanns nefndarinnar en ekki annarra nefndarmanna. Ég tel að það sé óþarfa hlédrægni af hæstv. ráðherra að spara við sig svör við fyrirspurnum þingmanna. Það er alveg óhætt og okkur að meinalausu þó að þeim sé svarað til fullnustu. Í öðru lagi vil ég segja um verklagið og ganginn í störfum nefndarinnar að það er ljóst að verulegur ágreiningur er í nefndinni um það hvort vinna eigi það verk sem Alþingi fól nefndinni að gera — að endurskoða þessi lagaákvæði. Það er líka ljóst hverjir það eru sem valda þeim ágreiningi. Það eru útgerðarmenn sem vilja ekki auka tryggingavernd sjómanna frá því sem nú er í lögum. Það reynir því á hæstv. ráðherra í þessu máli. Er hann tilbúinn að standa að því að framfylgja ályktun Alþingis og standa með sjómönnum í þessu máli eða ætlar hann að standa með útgerðarvaldinu? Það er mikill fyrirsláttur að bera því við núna nærri þremur árum eftir að tillagan var samþykkt að fram undan séu kjarasamningar og því sé rétt að bíða þar til þeir séu afstaðnir. Tillagan var borin fram af því að menn höfðu ekki náð fram í kjarasamningum fram að þeim tíma því sem þurfti. Það hefur ekkert breyst. Það er verkefni ráðherrans að sjá til þess að nefndin skili af sér í samræmi við vilja Alþingis. Og ráðherranum ber, herra forseti, að standa að því að ljúka því máli farsællega sem var lagt af stað með hér í þinginu á sínum tíma og bæta tryggingavernd sjómanna frá því sem nú er. Það er hún sem er ófullnægjandi. Það er ásæðan fyrir því að knúið er á um breytingar í þessu efni.

[16:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að nöfn nefndarmanna eru ekki hér með og hlýt að taka á mig ábyrgð á því að það blað hefur einhverra hluta vegna fallið niður. En ég hygg að það sé ekki leyndarmál hverjir eru í nefndinni og óþarfi að vera að brigsla mér um annarlegar sakir af þeim sökum. Ég held að þeir sem eru í nefndinni séu mjög vandaðir menn og séu ekkert að fela í þeim efnum. Ég skal á hinn bóginn senda hv. þm. nöfnin bréflega þannig að hann þurfi ekki undan því að kvarta.

Ég átta mig ekki alveg á anda umræðnanna. Eins og þáltill. var samþykkt á sínum tíma, og ég ætla að lesa það aftur, þá er ekki gefinn neinn vegvísir sérstakur í henni. Álitsgreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði siglingalaga, nr. 34/1985, um bótarétt sjómanna á íslenskum skipum vegna líf- eða líkamstjóns."

Þetta er það sem stendur um það efni. Það er einmitt það sem verið er að gera. Ég held að menn hafa verið að afla upplýsinga og safnað hafi verið grunngögnum. Það er fullkomin sátt um það innan nefndarinnar að láta á það reyna hvort ekki takist samningar um þau atriði sem hér er verið að fjalla um. Ég sé því ekki að það sé ástæða til einhverra stóryrða af þeim sökum. Hitt kemur mér ekki á óvart að hv. þm. Kristján Pálsson skuli ekki sætta sig við það sem fulltrúar sjómanna sætta sig við í þessum efnum af því að hann hefur tekið að sér að tala fyrir hönd þeirra samtaka nú upp á síðkastið. En ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði að það er verið að vinna að þessu máli í fullri sátt sjómanna og útgerðarmanna, og alveg ástæðulaust að vera að gefa eitthvað annað í skyn.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:33.

---

94. FUNDUR

miðvikudaginn 19. mars,
að loknum 93. fundi.

Dagskrá:

1. Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, þáltill., 199. mál, þskj. 225. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, þáltill., 200. mál, þskj. 226. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Uppgjör á vangoldnum söluskatti, stjfrv., 438. mál, þskj. 747. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Bókhald, stjfrv., 446. mál, þskj. 758. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Læsivarðir hemlar í bifreiðum, þáltill., 209. mál, þskj. 248. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Stimpilgjald, frv., 386. mál, þskj. 678. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, þáltill., 387. mál, þskj. 679. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Umgengni um nytjastofna sjávar, þáltill., 390. mál, þskj. 684. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[16:35]

Útbýting þingskjala:

Helgidagafriður, 31. mál, nál. allshn., þskj. 784; brtt. allshn., þskj. 785.

Skipting skattgreiðslna, 365. mál, svar fjmrh., þskj. 782.

Alþjóðasamþykkt um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG og BH, 199. mál. — Þskj. 225.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Uppsögn starfs af hálfu atvinnurekanda, frh. fyrri umr.

Þáltill. BH og RG, 200. mál. — Þskj. 226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]
Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Virðisaukaskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 746.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, frh. 1. umr.

Stjfrv., 438. mál. — Þskj. 747.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bókhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 446. mál (viðurkenndir bókarar). — Þskj. 758.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Læsivarðir hemlar í bifreiðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 209. mál. — Þskj. 248.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stimpilgjald, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 386. mál (kaupskip). — Þskj. 678.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 387. mál. — Þskj. 679.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umgengni um nytjastofna sjávar, frh. fyrri umr.

Þáltill. PHB, 390. mál. — Þskj. 684.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:42.

---

95. FUNDUR

fimmtudaginn 20. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 445. mál, þskj. 757. — 1. umr.
2. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 701. — 1. umr.
3. Einkahlutafélög, stjfrv., 405. mál, þskj. 702. — 1. umr.

4. Orkulög, stjfrv., 412. mál, þskj. 713. — 1. umr.

5. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 779. — 3. umr.

6. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 31, nál. 784, brtt. 785. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðni Ágústsson, 2. þm. Suðurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Akstur lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða, 466. mál, fsp. HjÁ, þskj. 787.

Rannsóknir Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu, 468. mál, fsp. JónK, þskj. 789.

Réttindi og greiðslur í fæðingarorlofi, 465. mál, fsp. KHG, þskj. 786.

Tilkynning um dagskrá.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna um utandagskrárumræðu. Hún fer fram kl. 13.30 í dag, að loknu matarhléi. Efni umræðunnar er réttur alþingismanna til upplýsinga um fyrirtæki og stofnanir í ríkiseigu. Málshefjandi er Ásta R. Jóhannesdóttir og hæstv. forsrh. verður til andsvara.

Álbræðsla á Grundartanga, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 757.

[10:36]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem heimili ríkisstjórninni og iðnaðarráðherra að semja við Columbia Ventures Corporation (Columbia) eða aðra aðila um nýtt álver á Grundartanga í Skilmannahreppi og Hvalfjarðarstrandarhreppi í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Meginefni frumvarpsins er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er veitt heimild til að semja við aðila um stofnun hlutafélags hér á landi til að reisa og reka álver sem verði í upphafi byggt til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári. Kveðið er á um að hlutafélagið verði stofnsett og starfi samkvæmt ákvæðum íslenskra laga, þar með töldum ákvæðum frumvarpsins.

Í öðru lagi er kveðið á um heimildir ríkisstjórnarinnar til að tryggja efndir af hálfu hreppsnefndanna tveggja, Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps, og hafnarsjóðs Grundartangahafnar.

Í þriðja lagi er kveðið á um skattlagningu vegna reksturs álversins en hún verður í meginatriðum í samræmi við íslensk skattalög en með nokkrum sérákvæðum er helgast af sérstöðu fyrirtækisins.

Í fjórða lagi er kveðið á um lögsögu íslenskra dómstóla, en í sérstökum tilvikum um stað gerðardóms. Einnig að íslensk lög verði ráðandi um túlkun og skýringu samninga um nýtt álver.

Áður en ég geri nánari grein fyrir einstökum ákvæðum frv. vil ég fara yfir aðdraganda málsins. Á vegum íslenskra stjórnvalda hafa á síðustu rúmlega tveimur árum farið fram athuganir á aukinni álframleiðslu á Íslandi með því að reisa tiltölulega lítið álver sem nýtir tækni frá þýska álfyrirtækinu Vereinigte Aluminium Werke (VAW) í Töging í Þýskalandi til Íslands. Hagkvæmniathuganir bentu til að slíkt álver gæti orðið arðsamt, jafnframt því sem það gæti hentað vel íslenskum þjóðarbúskap og orkuöflun. Vorið og sumarið 1995 voru þessar hugmyndir kynntar nokkrum erlendum aðilum, m.a. Columbia Aluminium Corporation. Fyrirtækið ákvað að kanna þessa hugmynd nánar og síðari hluta árs 1995 bar það saman hagkvæmni þess að reisa slíkt álver á nokkrum stöðum, einkum þó í Venesúela og á Íslandi. Fulltrúar Columbia komu til Íslands í september og aftur í október 1995 og kynntu sér aðstæður. Farið var yfir ýmsa staði sem talið var að gætu komið til greina, m.a. Grundartanga, enda lágu fyrir óskir heimamanna um að erlendum aðilum yrði kynnt það svæði. Niðurstaða fyrirtækisins varð sú að Grundartangi hentaði best áformum þess og réð góð hafnaraðstaða þar miklu.

Í framhaldi af könnunarviðræðum ákvað Columbia í byrjun september á sl. ári að hefja viðræður um að reisa álverið hér landi. Ákvörðun Columbia byggðist m.a. á eftirfarandi:

1. Í fyrsta lagi lá fyrir svæðisskipulag (aðalskipulag) fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar sem samþykkt hafði verið af umhverfisráðherra 26. apríl 1994. Í skipulaginu er gert ráð fyrir auknum orkufrekum iðnaði á Grundartanga.

2. Góð hafnaraðstaða er á Grundartanga.

3. Það yrði fallist á byggingu álvers á Grundartanga með tilteknum skilyrðum.

4. Vinna við gerð starfsleyfistillagna var hafin.

5. Ríkissjóður hafði keypt hluta af landi jarðarinnar Vestra-Kataness sem fyrirhugað álver mun nýta.

6. Fyrir lá hvernig mætti mæta orkuþörf álversins.

Ég vil nú gera nokkra grein fyrir fyrirtækinu Columbia Ventures Corporation. Fyrirtækið var stofnað sem eignarhaldsfélag árið 1988 af Columbia Aluminium Corporation sem nú er í eigu Kenneths Petersons. Columbia hefur reist fimm úrvinnslufyrirtæki auk tveggja endurvinnslna. Auk þess á Columbia markaðs- og sölufyrirtæki. Samtals er framleiðslugeta þessara fyrirtækja rúmlega 50 þús. tonn af álvörum á ári. Fyrirtækin hafa sérhæft sig í höndlun og sölu áls, lökkun og ýmiss konar úrvinnslu og þess háttar. Fyrirtæki Columbia geta samtals endurunnið um 90 þús. tonn af áli á ári.

Þar sem Columbia er hlutafélag í einkaeign og ekki skráð á hlutabréfamarkaði er bókhald fyrirtækisins ekki opinbert, en upplýst hefur verið að eigið fé, sem að verulegu leyti er yfir veltufjármuni, sé vel á annað hundrað milljónir dollara og eiginfjárhlutfall yfir 90%. Fyrirtækið á því að vera vel í stakk búið til að ráðast í byggingu álvers á Grundartanga. Sala fyrirtækisins er áætluð um 12 milljarðar á ári. Starfsmenn eru 750.

Ég vil nú gera nokkra grein fyrir álveri því sem fyrirhugað er að reist verði á rúmlega 80 hektara svæði af landi úr jörðunum Klafastöðum í Skilmannahreppi og Katanesi í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Það verður, eins og þegar er komið fram, búið rafgreiningartækni frá þýska álfyrirtækinu VAW og er gert ráð fyrir að það muni framleiða um 60 þús. tonn af hrááli á ári í upphafi. Unnt er að auka framleiðslu álversins síðar og er í því mati á umhverfisáhrifum og starfsleyfistillögum miðað við 180 þús. tonna framleiðslu á ári. Columbia hefur gert samning við þýska fyrirtækið varðandi

ráðgjöf í tæknilegum málum sem tryggir að þýska fyrirtækið muni veita álverinu þjónustu bæði við uppsetningu á búnaði, sem keyptur var frá því fyrirtæki, sem og við gangsetningu.

Fjárfestingarkostnaður við að reisa 60 þús. tonna álver er áætlaður rúmlega 11 milljarðar kr. Árlegt útflutningsverðmæti er um 100 millj. Bandaríkjadala sem jafngildir um 7 milljörðum kr. miðað við gengi í febrúar 1997 og álverð miðað við 1.650 dollara á tonn. Gert er ráð fyrir að 110–135 starfsmenn muni starfa við álverið í upphafi en líklegt er að þeim muni fjölga í um 150 innan fárra missira. Þessir starfsmenn munu fá greidd hærri laun en gengur og gerist á vinnumarkaðnum eins og glöggt hefur komið fram í gögnum og könnunum kjararannsóknarnefndar.

Columbia hefur tryggt sér aðföng vegna framleiðslunnar, sem og sölu á hrááli sem framleitt verður í álverinu með samkomulagi við traust fyrirtæki. Þrátt fyrir að álverið muni einungis framleiða um 60 þús. tonn af áli í upphafi sýna útreikningar að það muni geta staðið sig mjög vel í samkeppni við nýleg álver. Þar ræður miklu að stofnkostnaður er um 25% lægri en að meðaltali í álverum sem reist hafa verið á síðustu tíu árum. Jafnframt eru samningar við birgja hagkvæmir. Rekstrargrundvöllur álversins er því tryggður.

Ég mun nú fjalla stuttlega um umhverfismál en vísa að öðru leyti til ítarlegrar umfjöllunar í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Miklar breytingar hafa verið gerðar á löggjöf á sviði umhverfismála á síðustu árum. M.a. hafa verið sett lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál og lög um mat á umhverfisáhrifum. Með þessum breytingum hefur almenningi verður veittur greiðari aðgangur að upplýsingum um umhverfismál. Jafnframt er almenningi gefinn kostur á að kynna sér framkvæmdir og gera athugasemdir áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Undirbúningur álvers á Grundartanga hefur farið fram í samræmi við gildandi löggjöf og hefur almenningur átt þess kost að hafa áhrif á undirbúningsstigi.

Eftir að fulltrúar Columbia höfðu komist að þeirri niðurstöðu að þeir mundu óska eftir að reisa álverið á Grundartanga, ef ákveðið yrði að það yrði byggt á Íslandi, var málið kynnt fyrir fulltrúum sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar á fundi sem Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar boðaði til og haldinn var á Akranesi 5. október 1995. Í framhaldi af þessum fundi var ákveðið að vinna að frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs álvers í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð. Lögformlegum umsagnaraðilum voru send bréf og þeim gefið tækifæri til að gera athugasemdir þegar í upphafi við vinnu að matinu. Jafnframt var haldinn fundur með fulltrúum aðliggjandi sveitarfélaga þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir voru kynntar. Þær voru enn fremur kynntar á borgarafundi áður en tilkynning um fyrirhugað álver var send skipulagsstjóra ríkisins 14. des. 1995 ásamt skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstjóri kvað upp úrskurð 19. feb. 1996 þar sem fallist var á byggingu álvers á Grundartanga með tilteknum skilyrðum. Úrskurður skipulagsstjóra var kærður til umhvrh. sem kvað upp úrskurð 20. júní 1996 þar sem úrskurður skipulagsstjóra ríkisins var staðfestur með nokkrum breytingum.

Í lok árs 1995 var sótt um starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir álver á Grundartanga miðað við 180 þús. tonna framleiðslu á ári. Starfsmenn Hollustuverndar unnu að gerð starfsleyfistillagna í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar. Auglýsing um starfsleyfistillögurnar var birt 6. nóv. 1996 og áttu tillögurnar upphaflega að liggja frammi til kynningar til 23. des. 1996, en frestur til að skila skriflegum athugasemdum var síðan framlengdur til 13. janúar á þessu ári.

Hinn 9. janúar 1997 hélt heilbrigðisnefnd Akranessvæðisins opinn fund í Heiðarborg í Leirár- og Melahreppi um starfsleyfistillögurnar. Alls bárust Hollustuvernd ríkisins 54 athugasemdir (margar þeirra samhljóða) við tillögurnar. Starfsmenn stofnunarinnar unnu úr athugasemdum og stjórn Hollustuverndar samþykkti á fundi 21. feb. 1997 starfsleyfistillögu sem send hefur verið til umhverfisráðherra sem gefur út starfsleyfi fyrir fyrirtæki af þeirri stærð sem hér um ræðir. Jafnframt hefur stofnunin gert þeim sem sendu inn athugasemdir grein fyrir niðurstöðu sinni.

Vil ég nú víkja að samningum þeim sem gerðir hafa verið vegna álvers.

Samkomulag við Columbia og hlutafélag þess, Norðurál hf., um álbræðslu á Grundartanga felur í sér fjóra samninga, þ.e. fjárfestingarsamning, lóðarsamning, hafnarsamning og rafmagnssamning. Samningar þessir munu að stofni til byggja á sömu grundvallaratriðum en í hafnarsamningi eru nokkur ákvæði með öðrum hætti en í hinum samningunum. Samningarnir eru í upphafi miðaðir við 20 ára rekstur, en gert er ráð fyrir framlengingu þeirra og er kveðið á um að aðilar skuli áður en um þrjú ár eru eftir af samningstímanum hafa lokið viðræðum um framlengingu í ekki minna en 10 ár. Ákvæði í lóðarsamningi tryggir þó hlutafélaginu einhliða rétt til að framlengja samninginn.

Ég mun nú lýsa þessum samningum í örstuttu máli en nánari lýsingu á þeim er að finna í fylgiskjölum með frv.

Í fyrsta lagi verður gerður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Columbia og hlutafélags, sem það hefur stofnað hér á landi, Norðuráls hf., hins vegar. Í samningnum er m.a. að finna ákvæði um skattamál félagsins. Ólíkt fyrri samningnum um álframleiðslu og aðra stóriðju hér á landi er nú ekki samið um heildstæða sérmeðferð á sköttum félagsins heldur eru íslensk skattalög lögð til grundvallar og gilda um starfsemi félagsins með tilteknum frávikum sem nauðsynlegt var að gera. Þessi staðreynd er staðfesting á að ákvæði íslenskra skattalaga hafa verið að breytast í átt til samræmis við það sem almennt gerist í nálægum löndum.

Ástæðurnar fyrir því að taka þurfti ákvæði um skatta í samninga vegna þess félags sem hér um ræðir eru tvíþættar. Annars vegar var nauðsynlegt að tryggja hagsmuni íslenska ríkisins vegna sérstaks ákvæðis í íslenskum skattalögum um frádrátt arðs frá skattskyldum tekjum og hins vegar eiga ákvæði um smágjöld og markaða tekjustofna, svo og fasteignagjöld, illa við um stórfyrirtæki sem njóta takmarkaðrar þjónustu. Í athugasemdum við greinar frv. er gerð nánari grein fyrir skattlagningu fyrirtækisins og því að hvaða leyti hún víkur frá almennum ákvæðum skattalaga.

Í samningnum er gengið út frá því að farið verði að íslenskum lögum við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samninga sem gerðir verða innan ramma laganna. Heimild til að vísa ágreiningi til gerðardóms er víðtækari en tíðkast hefur í sambærilegum samningum. Er það í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í viðskiptum og samningagerð við erlenda aðila.

Í öðru lagi verður gerður lóðarsamningur milli ríkissjóðs og Norðuráls hf. Samkvæmt samningnum leigir ríkissjóður hlutafélaginu rúmlega 80 hektara landspildu úr landi jarðanna Klafastaða og Kataness undir bræðsluna.

Í þriðja lagi verði gerður hafnarsamningur milli hafnarsjóðs Grundartangahafnar og Norðuráls hf. Samningurinn kveður m.a. á um rétt hlutafélagsins til að nota höfnina, hafnarlandið og hafnarmannvirki, og um greiðslur fyrir þessi not.

Í fjórða lagi rafmagnssamningur milli Landsvirkjunar og Norðuráls hf. Gert er ráð fyrir að raforkuþörf álversins verði 930 GWh á ári. Í samningnum mun hlutafélagið skuldbinda sig til þess að greiða Landsvirkjun fyrir stærstan hluta þessarar orku óháð því hvort fyrirtækið nýtir orkuna eða ekki. Miðað við að einum ofni verði bætt við hjá Íslenska járnblendifélaginu, svo og til að fullnægja hinni árlegu aukningu í raforkueftirspurn hins almenna markaðar, er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum vegna orkuöflunar og orkuflutnings á vegum Landsvirkjunar: Stækkun Kröfluvirkjunar, aflaukningu í Búrfellsvirkjun, gerð Hágöngumiðlunar, byggingu Sultartangavirkjunar, Sultartangalínu 1 (Sultartangi – Búrfell) og Búrfellslínu 3A (Búrfell – Sandskeið).

Auk þessara framkvæmda mun Hitaveita Reykjavíkur reisa Nesjavallavirkjun og leggja háspennulínu frá Nesjavöllum að Korpu. Samtals er gert ráð fyrir að fjárfesting í orkumannvirkjum nemi um 22 milljörðum króna án vaxta á framkvæmdatíma.

Umsögn forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar varðandi fyrirhugaðan rafmagnssamning er í fylgiskjali með frv. Í henni kemur fram að áætlað er að núvirtur hagnaður af orkusölunni geti verið um 1.300 milljónir króna miðað við grundvallarforsendur en það svarar til um 6,8% innri vaxta að raungildi af nauðsynlegri fjárfestingu. Áætlað er að núvirtur hagnaður af orkusölunni til Norðuráls og járnblendifélagsins miðað við stækkun í einn ofn verði tæplga 1.800 millj. kr. sem svarar til 6,7% innri vaxta.

Herra forseti. Ég vil nú víkja nokkrum orðum að þjóðhagslegum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda. Í athugasemdum með frv. er gerð grein fyrir mati Þjóðhagsstofnunar af áhrifum fyrirhugaðs álvers og virkjana, bæði á framkvæmdatíma og eftir að rekstur hefst. Þjóðhagsstofnun hefur jafnframt metið þjóðhagsleg áhrif byggingar álvers á Grundartanga með 60 þús. tonna framleiðslugetu á ári og aukningu á framleiðslugetu Íslenska járnblendifélagsins um 40 þúsund tonn á ári ásamt tengdum orkuframkvæmdum. Ég mun nú gera nokkra grein fyrir helstu forsendum við mat stofnunarinnar á þessum áhrifum.

Stofnunin ber saman tvö tilvik, þ.e. með og án þessara framkvæmda Helstu niðurstöður eru eftirfarandi: Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir árin 1997–2000 og nái hámarki árið 1998. Alls er gert ráð fyrir að fjárfesting án vaxta á byggingartíma verði um 36 milljarðar kr. 11,6 milljarðar á þessu ári, 18,6 milljarðar á næsta og 5,8 milljarðar árið 1999. Til samanburðar var fjárfesting hér á landi árið 1996 um 91 milljarður kr.

Gert er ráð fyrir að ársverk við framkvæmdirnar verði alls um 1.600. Búist er við að þar verði að mestu um innlent vinnuafl að ræða. Um 530 ársverk falla til á þessu ári og 760 á því næsta. Eftir að rekstur er hafinn er gert ráð fyrir tæplega 180 ársverkum samanlagt í iðjuverunum og orkufyrirtækjunum eða um 0,13% af áætluðum heildarmannafla. Auk þess koma til afleidd störf.

Gert er ráð fyrir að iðjuverin verði bæði rekin á fullum afköstum árið 2000 og útflutningur þeirra nemi þá um 8,5 milljörðum kr. á ári eða 4,5% af heildarútflutningi vöru og þjónustu. Heildarútflutningur stóriðjuafurða áætlast þá vera um 15% af útflutningi í stað 11% nú.

Áhrifin á hagsveifluna á næstu 3–4 árum verða töluvert mikil ef af þessum verkefnum verður. Þannig aukast fjárfestingar í heild um 14% meira en ella á þessu ári og allt að 24% árið 1998. Hagvöxtur 1997 verður tæp 4% í stað rúmlega 2,5% eða 1,2% meira en ella. Áhrif fjárfestinganna fjara út árin 1999 og 2000. Þjóðhagsstofnun telur að varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar vegna þessara framkvæmda verði um 1,1% eða sem svarar um það bil 5,5 milljörðum kr. á ári.

Vegna erlendra vaxta og arðgreiðslna verði áhrifin á þjóðarframleiðsluna minni en á landsframleiðsluna en með traustri hagstjórn á framkvæmdarskeiðinu telur stofnunin að varlega áætluð heildaraukning þjóðarframleiðslunnar geti orðið 0,7%.

Herra forseti. Samningar um nýtt álver á Grundartanga eru afar mikilvægir fyrir íslenskt atvinnulíf og þjóðarbúskap. Ég fullyrði að samningarnir um stækkun Ísals hafa rofið kyrrstöðuna sem ríkti fram á miðjan þennan áratug. Það er mikilvægt að áfram verði haldið og að erlend fjárfesting verði eðlilegur þáttur í efnahagslífinu. Stóriðja sem byggir á nýtingu orkulinda okkar er og á að vera ein af undirstöðum velmegunar í landinu. Ítarleg skoðanakönnun sem gerð var um miðjan sl. mánuð þegar raddir andstöðu við væntanlegar framkvæmdir risu hvað hæst sýnir ótvírætt að mikill meiri hluti þjóðarinnar er þessarar skoðunar.

Verkalýðsforinginn fyrrverandi, Guðmundur J. Guðmundsson, fjallaði um síðustu helgi um atvinnuleysi, virkjanir og náttúruvernd í ágætri grein í Morgunblaðinu. Í niðurlagi greinar sinnar segir Guðmundur, með leyfi forseta:

„Við skulum ekki afskrifa náttúruvernd og við skulum taka mikið tillit til þeirra sjónarmiða en við verðum að nýta orkuna sem býr í fallvötnum landsins. Ef ekki er gengið rösklega til verks verður atvinnuleysi hlutskipti margra Íslendinga, það ömurlega hlutskipti verðum við að forðast."

Ég tek undir þessi orð fyrrv. verkalýðsforingja sem oft hefur skynjað hjartslátt þjóðarsálarinnar betur en aðrir. Ég vil bæta við að reynsla okkar er að hærri laun eru greidd hjá stóriðjufyrirtækjum en gengur og gerist á markaðnum.

Herra forseti. Ég legg til að eftir 1. umr. verði frv. vísað til hv. iðnn. Þar munu öll nauðsynleg gögn sem hv. iðnn. óskar eftir verða lögð fyrir og þau gögn sem ekki fylgja með þessu frv.

[10:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hér á mælendaskrá þannig að ég hafði ekki hugsað mér að fara í mörg atriði en það var þó eitt sem sló mig alveg sérstaklega í ræðu ráðherra fyrir utan það að þetta mál er greinilega ekki hluti af neinni framtíðarsýn í atvinnumálum á Íslandi. Hér er um að ræða einstakt mál sem er tekið út úr öllu öðru með óeðlilegum hætti en látum það vera.

Það sem mér fannst sérkennilegt við upplýsingarnar sem fram komu hjá ráðherranum var það að forstöðumenn fyrirtækisins Columbia Ventures Corporation virtust eingöngu hafa fengið að skoða Grundartanga sem hugsanlegan stað fyrir álverið. Ég bendi á að umræðan um þetta álver snýst fyrst og fremst um það að menn telja staðsetninguna vonda og

óheppilega. Ég bendi á ágreining sem komið hefur upp gagnvart íbúum í Kjósarhreppi og ég bendi á í þessu sambandi að margir aðilar hefðu talið eðlilegra að vísa fyrirtæki af þessu tagi t.d. á Keilisnes. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Af hverju var fyrirtækinu eingöngu vísað á Grundartanga? Af hverju var ekki gerð tilraun til að vísa forstöðumönnum fyrirtækisins á þann möguleika að fyrirtækið yrði staðsett á Keilisnesi?

[10:59]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Því miður held ég að hv. þm. hafi ekki hlustað alveg nógu grannt á ræðu mína vegna þess að þar kom fram að fyrirtækinu voru kynnt fleiri landsvæði sem hugsanlega mætti byggja álver á. Það var hins vegar val fyrirtækisins að velja Grundartangann. Svæðin sem fyrirtækinu voru kynnt í upphafi, eins og öllum öðrum erlendum fjárfestum sem hingað koma og spyrjast fyrir um möguleika á byggingu stóriðjufyrirtækja í landinu, eru fjögur til sex svæði þ.e. Eyjafjörður, Reyðarfjörður, Keilisnes og Grundartangi. Þessi svæði voru líka kynnt fyrir þessu fyrirtæki í upphafi. Það var síðan ákvörðun fyrirtækisins að velja Grundartanga.

[11:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu sinni áðan nefndi hæstv. ráðherra aðeins Grundartanga og sagði einnig „og önnur svæði", og ég skildi ræðuna þannig að í raun og veru hefði forráðamönnum fyrirtækisins eingöngu verið vísað á Grundartanga. Reyndar veit ég að það var svo. Þeim var vísað á Grundartanga þannig að veruleikinn í málinu er sá að stjórnvöld beittu sér sérstaklega fyrir því að fyrirtækið yrði sett niður á þessum umdeilda stað, þ.e. á Grundartanga, en ekki t.d. á Keilisnesi. Og ég spyr ráðherrann í framhaldi af þessu: Hafði hann enga skoðun á málinu? Taldi ráðherrann ekki koma til greina að beina fyrirtækinu á Keilisnes sem hefði e.t.v. þýtt að Landsvirkjun hefði orðið að reikna með aðeins öðru raforkuverði vegna þess að línur yrðu lengri á Keilisnes en á Grundartanga? Ég hef satt að segja látið reikna út hverju það munar í orkuverði og niðurstaðan er sú að það munar sáralitlu. Þess vegna endurtek ég spurninguna til hæstv. ráðherra: Gerði hann ekki tilraun til þess að hafa áhrif á forráðamenn fyrirtækisins um að koma fyrirtækinu fyrir annars staðar?

[11:01]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mótmæli því sem kemur fram hjá hv. þm. að fyrirtækinu hafi ekki verið sýndir eða boðið upp á aðra staði og vitna þar til viðtals við framkvæmdarstjóra fyrirtækisins, James Hensel, sem kom fram í fjölmiðlum stuttu eftir að hann átti fund með hreppsnefndinni í Kjós þar sem beinlínis kom fram að um fleiri staði hefði verið að ræða sem fyrirtækinu hefði staðið til boða að fjárfesta á, en þetta hefði verið ákvörðun fyrirtækisins og íslensk stjórnvöld hefðu engin áhrif haft á það. Það hefði verið ákvörðun fyrirtækisins að velja þennan stað.

Þá hef ég um leið svarað spurningu hv. þm. Ég gerði ekki tilraun til þess að hafa áhrif á það hvar fyrirtækið setti sig niður.

[11:02]

Útbýting þingskjals:

Starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga, 470. mál, skýrsla umhvn., þskj. 796.

[11:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Minni kynslóð var kennt í skóla að Ísland væri á mörkum hins byggilega heims. Einu umtalsverðu náttúruauðlindirnar væru fiskurinn í sjónum og orka fallvatna og jarðhita. Það var ekki fyrr en nokkru síðar sem menn fóru að tala um mannauðinn sem þriðju auðlindina, enda ekki kyn því ekki var þeirri auðlind fyrir að fara á fyrri öldum Íslandsbyggðar, hvorki hvað varðar mannfjölda né verkmenntun og verkmenningu. Það er því ekkert skrýtið þegar til þess er litið þó íslenska þjóðin hafi öldum saman verið í hópi fátækustu þjóða í Evrópu. Það er ekki meira en rétt rúmur mannsaldur síðan svo var enn. Það gengur kraftaverki næst að á rúmum einum mannsaldri hafi Íslendingum tekist að breytast úr einni allra fátækustu þjóð í allri Evrópu í það að komast í hóp auðugustu þjóða. Þetta gerðist þrátt fyrir að Íslendingar væru þjóða seinastir í Vestur-Evrópu til að leggja af hafta- og einangrunarbúskap, viðurkenna kosti markaðsbúskapar og frjálsrar samkeppni. Það væri vissulega ástæða til að velta því fyrir sér hversu mörgum tækifærum við höfum glatað á þessum rúma mannsaldri fyrir að hafa orðið síðastir þjóða í Vestur-Evrópu til þess að taka upp skynsamlega hagstjórnun.

Enginn vafi er á því að þessi miklu umskipti sem orðið hafa í efnalegri afkomu íslensku þjóðarinnar urðu fyrst og fremst vegna þess að okkur tókst að nýta okkur aðra þá auðlind sem ég nefndi hér áðan, en ýmislegt bendir nú til þess að ekki séu mörg frekari tækifæri a.m.k. sem felast í auknu aflamagni. Við eigum enn nokkur tækifæri hvað varðar fullvinnslu sjávarafurða, vöruþróun og ekki síst framþróun tæknigreina sem orðið hafa til hér á landi samfara uppbyggingunni í sjávarútvegi og vissulega er það svo að hagsældin samfara nýtingu fiskimiðanna hefur búið til þriðju auðlinda, mannauðinn.

En það er ekki sjálfgefið að þessi framfarasókn Íslendinga sem staðið hefur ekki nema í einn mannsaldur eða rétt rúmlega það, haldi áfram. Við getum ekki gert ráð fyrir því að okkur takist að halda til jafns við þær þjóðir sem standa sig best og eiga bjartasta framtíð nema með því að við nýtum allar þær auðlindir sem við eigum, ekki bara auðlindir fiskimiðanna heldur líka auðlindir þær sem felast í orku jarðhita og fallvatna og mannauðinn. Það verðum við að gera af skynsamlegu viti en við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að það gerist ekki án fórna.

Okkur hættir til að gleyma því að sú mikla uppbygging sem orðið hefur t.d. í fiskiðnaðinum sem staðið hefur undir framfarasókn þjóðarinnar á síðasta mannsaldri hefur ekki gerst án fórna. Okkur hættir til að gleyma því að það er einmitt til fiskiskipaflotans sem við getum rakið mestu uppsprettu mengunarvaldandi lofttegunda sem Íslendingar bera ábyrgð á að losa út í andrúmsloftið. Sú fórn hefur fylgt þeirri uppbyggingu sem orðið hefur í fiskiðnaði á Íslandi og þeim lífskjarabata sem þjóðin hefur haft af því. Því verður heldur ekki gleymt að stór hluti þeirrar sjónmengunar sem mætir ferðamönnum sem fara um þetta land er einmitt afrakstur af þeim mikla iðnaði og atvinnustarfsemi sem í fiskveiðum og fiskvinnslu á sér stað. Þeir sem hafa farið um strendur landsins vita mætavel að sú umtalsverða sjónmengun sem þar mætir augum manna er ekki af völdum stóriðnaðar, heldur af völdum þeirrar atvinnustarfsemi sem hefur staðið undir lífskjarabyltingu þeirri sem orðið hefur á síðasta mannsaldri. Það er því rangt að tala sem svo að það sé aðeins

uppbygging í iðnaði sem getur valdið slíkum áhrifum. Þau áhrif eru þegar til staðar og jafnvel ferðaþjónustan sem er í vexti hér á Íslandi skilur eftir sig slík ummerki eins og allir þeir sjá sem ferðast hafa um óbyggðir Íslands. Við nýtingu allra auðlinda verður ekki komist hjá einhverjum fórnum. Það þýðir að menn verða að nýta þær af skynsamlegu viti en ekki taka ákvörðun um að hafna slíkri nýtingu á grundvelli þeirra óæskilegu áhrifa sem hún kann að hafa í för með sér á umhverfið. Ef við hefðum tekið þá ákvörðun á sínum tíma þegar uppbygging hófst í fiskvinnslu og fiskiðnaði á Íslandi, þá væri þessi þjóð enn í hópi allra fátækustu þjóða í Evrópu. Það skref til baka er ég sannfærður um að ekkert okkar vildi stíga.

Það er ekki heldur hægt að gera ráð fyrir því að við getum nýtt þessa stórvirku auðlind okkar, orkuna, án erlends áhættufjármagns. Slík fjárfesting hefur ekki átt sér stað á Íslandi í mörg ár og við erum sú þjóð sem hefur einna lægst hlutfall hvað erlenda fjárfestingu varðar í allri Evrópu. Fjárfesting erlendra aðila undanfarinn áratug hefur varla haft undan því að mæta afskriftum á þeim fastafjármunum sem urðu til vegna þeirrar einu umtalsverðu erlendu fjárfestingar sem varð þegar álverið í Straumsvík var byggt.

En við verðum líka að huga að því að orka fallvatna og jarðhita er ekki ótæmandi auðlind eins og við héldum einu sinni að fiskurinn í sjónum væri. Margir virðast telja að orka sú sem býr í fallvötnum og jarðhita á Íslandi sé svo umtalsverð að hún mælist jafnvel á heimsmælikvarða. Þetta er rangt. Sú orkuvinnslugeta sem Ísland býr yfir samanlagt í virkjanlegum vatnsföllum og í virkjanlegum jarðhita er nú ekki meiri en milli 40–60 terawattstundir samanlagt ef miðað er við þær mengunarvarnakröfur sem nú eru gerðar. Samanlögð orkuvinnslugeta okkar Íslendinga er því ekki meiri en um það bil helmingurinn af því sem Norðmenn framleiða nú þegar og öll þessi samanlagða orkuvinnslugeta á Íslandi nægir ekki nema fyrir orkuþörf almennings í einni heimsborg eins og t.d. í Lundúnum þannig að sú tilfinning margra Íslendinga að hér sé um að ræða nær ótæmandi auðlind, hér sé um að ræða auðlind sem sé svo stór að hún mælist á heimsmælikvarða, er ekki rétt. Þetta er takmörkuð auðlind þó hún sé að hluta til endurnýjanleg og hún er ekki stærri en svo að þó svo við gerðum ráð fyrir því að öll orkuvinnslugeta íslenskra fallvatna og jarðhita yrði nýtt, þá yrðum við ekki nema um það bil hálfdrættingar á við það sem Norðmenn eru nú.

Við getum líka velt fyrir okkur hversu hátt verðmæti það gæti talist vera sem er í samanlögðum orkuvinnslumöguleikum okkar í jarðhita og fallvötnum. Ef okkur tækist að selja okkar íslensku orku við stöðvarvegg á 20–30 mill kWh sem er mjög ásættanlegt verð, þá erum við að tala um verðmæti, heildarverðmæti í orkuvinnslukerfinu íslenska fullnýttu, upp á svona 75–100 milljarða kr. á ári. Það segir okkur að verðmæti orkulindanna er álíka mikið, ívið meira, en verðmæti fiskimiðanna er talið vera þannig að það er svo langt frá því að þessi auðlind sé ótæmandi eða færi okkur slík verðmæti að við getum ekki ímyndað okkur hversu mikil þau séu. Þarna erum við má segja að hefja úrvinnslu á hinni auðlindinni sem er álíka stór og auðlind fiskimiðanna sem íslenska þjóðin á einum mannsaldri hefur þegar að mestu fullnýtt. Það skiptir því að sjálfsögðu máli hvernig við nýtum þessa auðlind og að við gerum okkur strax grein fyrir því að hún er takmörkuð, hún er ekki stærri en þetta. Nýtingaráformin verða því að hafa til hliðsjónar þessar staðreyndir og menn verða að sjálfsögðu að ganga út frá því að nýting íslenskra orkulinda skapi sem mest verðmæti fyrir þjóðina sjálfa sem auðvitað þýðir eitt og það sama og að segja að við verðum að gera ráð fyrir því að hún sé að mestu eða öllu leyti nýtt í landinu sjálfu þannig að vinnsluvirði umfram sölu við stöðvarvegg geti átt sér stað í okkar eigin landi.

Eins og hæstv. iðnrh. gat um hefur undirbúningur að þeirri framkvæmd sem hér er verið að ræða um staðið í alllangan tíma. Um margra ára skeið var reynt að fá erlenda fjárfesta til liðs við okkur til þess að nýta orkulindir okkar í págu orkufreks iðnaðar en það bar ekki árangur. Það var fyrst í lok ársins 1993 og byrjun ársins 1994 þegar aðstæður tóku að breytast og þá breyttust aðstæður með þeim hætti að það varð fýsilegt að stækka þá framleiðslu sem fyrir var í landinu eða auka við framleiðslu þar sem ekki þyrfti að byggja allt frá grunni, en aðstæður voru ekki nægilega góðar til þess að hægt væri að byggja heilt nýtt álver á nýjum stað með öllum þeim framkvæmdum sem til þess þyrfti. Á þeim árum vorum við Íslendingar m.a. í viðræðum við Swiss Aluminium um stækkun álversins í Straumsvík vegna þess að okkur var ljóst eins og raunar þeim að það væri hagkvæmt að fara út í slíka stækkun þar sem hins vegar höfðu ekki skapast aðstæður til þess að ráðast í byggingu nýs álvers frá grunni. Þær viðræður við Swiss Aluminium gengu þunglega. Því var það að þegar íslenskum stjórnvöldum var ljóst að sú verksmiðja eða sá kerskáli sem hér er rætt um að byggður verði á Grundartanga væri til sölu fyrir hagkvæmt verð, þá var farið að athuga það að Íslendingar sjálfir beittu sér fyrir kaupum á þeim kerskála og að reisa hann við hliðina á núverandi kerskálum í Straumsvík ef Ísal vildi ekki fara út í þá stækkun sem síðar varð. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að sú ráðagerð sem Swiss Aluminum var tilkynnt, þ.e. að ef þeir ekki féllust á að stækka álverið í Straumsvík þá mundu Íslendingar byggja þennan þriðja kerskála sjálfir í samvinnu við aðra fjárfesta, varð til þess að þeir tóku þá ákvörðun að stækka þá frekar sjálfir um þriðja ofninn uppi í Straumsvík.

Við höfðum líka skoðað á þeim tíma hagkvæmni þess að reisa þennan kerskála við Grundartanga og það hafa komið svipaðar niðurstöður út úr því, þ.e. það var hagkvæmt vegna þess að ýmis þjónustuaðstaða, þar á meðan höfn, var til á staðnum þannig að hagkvæmt var að reisa viðbótarkerskála þar þó að það væri ekki hagkvæmt að ráðast í byggingu nýrrar verksmiðju. Þegar ljóst var að Swiss Aluminium mundi sjálft stækka álverið í Straumsvík um þriðja kerskálann, þá voru það Íslendingar sjálfir eða öllu heldur talsmenn iðnrn., vorið 1995 rétt eftir stjórnarskipti, sem kynntu þennan kost fyrir forstjóra Columbia Ventures. Íslendingar sjálfir áttu því frumkvæði að því að Columbia Ventures hóf athugun á því að reisa hér álver eða réttara sagt, reisa hér nýjan kerskála og komust að þeirri niðurstöðu, sömu og Íslendingar höfðu komist að, að mun hagkvæmara væri að reisa þann kerskála á Grundartanga þar sem öll þjónustuaðstaða væri fyrir hendi heldur en hefja byggingu nýs álvers frá grunni á nýjum stað svo að það út af fyrir sig svarar þeirri spurningu sem hv. þm. Svavar Gestsson spurði áðan.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til þess að fara mjög ítarlega í saumana á þessu frv., enda verður það gert að sjálfsögðu í iðnn. þar sem ég á sæti. Ég vil þó aðeins taka fram í þessu sambandi að hvað varðar umhverfismálin þá hefur að öllu leyti verið farið að nýjum lögum um umhverfismat og um upplýsingaskyldu sem sett voru á árinu 1993. Um það er hins vegar að segja að sú lagasetning var samningsmál,

svona „komprómí" lagasetning sem að mörgu leyti er gölluð og þarfnast endurskoðunar. Og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh., þó hann sé að vísu ekki ráðherra þeirra mála, hvort ekki megi búast við því að þessi lög verði tekin til endurskoðunar því að það er brýnt að sú endurskoðun fari fram. Hins vegar breytir það ekki því að í öllu ferli málsins hvað umhverfismálin varðar hefur verið farið nákvæmlega og í einu og öllu að íslenskum lögum þannig að hæstv. iðnrh. og hæst. umhvrh. verða ekki sakaðir um að hafa ekki farið að lögum í þessum málum. Hins vegar liggur fyrir að mínu viti að þeim lögum þarf að breyta, þau lög þarf að endurskoða. Eins munum við í iðnn. fylgja því mjög eftir að fá upplýsingar um mengunaráhrif frá þessari verksmiðju til að sannfærast um að þar sé allra krafna gætt og að allar kröfur séu uppfylltar sem gerðar eru í íslenskum lögum um þau mál.

Ég vil einnig benda á og fagna því sem fram kemur í frv. frá hæstv. iðnrh. að á síðasta kjörtímabili var skattareglum breytt þannig að fyrirtæki eins og hér um ræðir sem sett er niður á Íslandi fyrir tilstuðlan erlends fjármagns getur nú að mestu eða öllu leyti fallið undir óbreytt íslensk skattalög. Svo var ekki á árunum áður heldur þurfti vegna sérstöðu íslenskra skattalaga sem voru í grundvallaratriðum öðruvísi en skattalög hvað varðar atvinnurekstur í okkar umhverfi, að leggja út í viðamikla samninga og sérstaka lagasetningu um skattamál fyrir öll þau fyrirtæki sem reist voru fyrir erlent fé hér á Íslandi þannig að þau sættu í einu og öllu öðrum lögum en íslenskum skattalögum.

Nú hefur sú breyting orðið á vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á skattamálum í tíð síðustu ríkisstjórnar að fyrirtæki eins og þetta fellur að mestöllu leyti undir íslensk skattalög með þeim tiltölulega lítilvægum breytingum sem hæstv. iðnrh. rakti hér áðan og skapast annars vegar af því að veita fyrirtækinu nokkuð rýmkaðar heimildir hvað varðar skattlagningu vegna markaðra tekjustofna og fasteignagjalda en almennt gerist og gengur vegna sérstöðu þessa fyrirtækis og hins vegar koma á móti þrengingar vegna frádráttar sem heimilaður er íslenskum fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu íslenskra aðila, en það er eðlilegt að takmarka þessar frádráttarreglur hjá fyrirtæki sem ella mundi nýta þær hugsanlega til þess að flytja arð úr landi og til eigenda sinna erlendis. Mér finnst þessar breytingar sem hér eru gerðar mjög eðlilegar og vek enn athygli á því að þetta eru óverulegar breytingar frá íslenskri skattalöggjöf miðað við það sem gera hefur þurft áður við svipaðar aðstæður.

Þá vildi ég spyrja hæstv. iðnrh. í sambandi við ákvæði 9. gr. um framsal á samningnum sem heimilt er að semja um, hvers vegna ekki sé gert ráð fyrir því í þessari grein að til þurfi að koma samþykki eða a.m.k. að íslenska ríkið sem er samningsaðili við Columbia Ventures í þeim efnum, geti einhvern veginn tryggt sér að verði samningurinn framseldur, þá verði það ekki gert í óþökk íslenska ríkisins heldur að íslenska ríkið samþykki þá eða a.m.k. mótmæli ekki slíku framsali.

Að lokum er meginniðurstaða mín þessi: Við munum styðja það frv. sem hér hefur verið lagt fram. Við teljum að hér sé stigið framfara- og heillaspor til þess að styrkja atvinnulíf þessarar þjóðar, fjölga atvinnutækifærum, auka landsframleiðslu. Það munum við styðja. Við munum hins vegar kalla á frekari upplýsingar um mengunarvarnir í þeim umræðum sem eftir eiga að fara í hv. iðnn. og ganga eftir því að fullvissa okkur um að ströngustu mengunarvarna sé gætt. Og ég legg áherslu á það við hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. að taka til endurskoðunar lög um umhverfismál frá 1993 sem ég tel að séu ekki fullnægjandi.

[11:23]

Útbýting þingskjala:

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna stjórnmálaflokkanna, 186. mál, svar fjmrh., þskj. 793.

Opinberar framkvæmdir, 467. mál, fsp. PHB, þskj. 788.

[11:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ákveðinn þáttur í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem kom mér nokkuð á óvart. Það var hin fortakslausa yfirlýsing sem hann var að gefa hér nánast eins og fyrir hönd stjórnvaldsins, þ.e. hæstv. iðnrh. og umhvrh. sem bera þetta mál fram, að í einu og öllu hafi verið farið að íslenskum lögum í sambandi við málsmeðferð að því er snertir umhverfisvernd. Ég átta mig ekki alveg á því hvað veldur þessari mjög svo ákveðnu undirstrikun og yfirlýsingu af hálfu formanns Alþfl. Ég hefði nú talið að hv. þm. og flokksformaður hefði átt að kynna sér svolítið betur málsmeðferðina og hvað liggur t.d. í þeirri athugun sem fram hefur farið á vegum umhvrn. og hvað gerst hefur í sambandi við reglugerðir, ólöglega reglugerðarsetningu sem hefur síðan verið dregin til baka m.a. af hálfu umhvrh., mál sem er engan veginn út af borðinu, áður en hv. þm. færi hér eins og fyrir hönd hæstv. ráðherra að gefa slíkar yfirlýsingar. Ég veit ekki hvort það er einhver slóði frá þeirri tíð sem hv. þm. var í ráðherrastóli í þessu máli en þetta vakti nokkra undrun mína.

[11:24]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gef náttúrlega ekki yfirlýsingu fyrir hönd iðnrh. eða umhvrh., það er fjarri mér, enda minntist ég ekki á það í þessu sambandi. Ég sagði einfaldlega að ég sæi ekki betur og það er mín skoðun að farið hafi verið í einu og öllu að íslenskum lögum í umfjöllun um málið. Ég get gjarnan upplýst hv. þm. um að til eru bréf, t.d. í iðnrn. frá því á þeirri tíð þegar kom til umræðu að reisa álverið á Keilisnesi, þar sem ráðherra er sérstaklega átalinn fyrir það af forsvarsmönnum sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar að hafa ekki valið því álveri stað á Grundartanga og honum tilkynnt meira að segja að þar sem hann hafi nú ekki sýnt meiri áhuga á staðsetningu miklu stærra álvers en nú er verið að tala um þar, þá muni forsvarsmenn sveitarfélaganna taka það mál í sínar hendur og fylgja því fram með því að fara sjálfir á vettvang og leita að aðila sem vildi koma með álver í þeirra sveitarfélag þannig að frá þeim tíma, fyrir mörgum árum, liggur fyrir mjög harðort og afdráttarlaust erindi þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Ég vildi gjarnan upplýsa hv. þm. um þetta.

Það að halda því fram að ég sé að gefa einhverjar yfirlýsingar fyrir hönd ráðherranna er fráleitt, en ég tel sjálfur að farið hafi verið í einu og öllu að íslenskum lögum í þessum efnum. En ég tel hins vegar einnig sjálfur að nauðsynlegt sé að breyta þeim lögum.

[11:27]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var nú ekki að óska eftir því að hv. þm. færi að gera grein fyrir sínum þætti í málinu en það er auðvitað velkomið. Spurningin er þessi: Af hverju er hv. þm. og formaður Alþfl. að gefa slíka yfirlýsingu um þetta

mál? Ég efa satt að segja stórlega að hv. þm. hafi sett sig inn í gögn málsins. Það má hins vegar vel vera að hann hafi gert það, en sé svo þá er ég allt annarrar skoðunar en hv. þm. í þessu efni. Ég tel að málsmeðferð umhvrn. alveg sérstaklega í þessu máli sé einhver sóðalegasta embættisfærsla sem ég hef verið vitni að síðan það ráðuneyti var sett á laggirnar og mætti reyndar víðar leita. Það kemur m.a. fram í því að þetta er reglugerð sem stenst ekki lög og er dregin til baka og það mál er enn þá í óvissu og fyrir liggur af minni hálfu ósk um að sú reglugerðarsetning sem átti að taka við af hinni fyrri verði skoðuð frekar vegna þess að mér sýnist að þar sé höggvið í sama knérunn og gengið gegn lögum. Þetta á að vera sérstakt sýnishorn um einhverja afbragðs lögfylgju í svo stóru mál. Ég undrast það að formaður Alþfl. skuli í svo mjög umdeildu máli, þar sem þegar koma fram óskir frá samtökum almennings um að farið verði ofan í ákveðna þætti, jafnvel að farið verði í málsókn, úr þessum ræðustóli gefa yfirlýsingu af þessum toga.

[11:28]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gagnrýni að sjálfsögðu ekki það að hv. þm. hafi skoðun sem er önnur en mín. Ég gagnrýni það ekki. En ég vil t.d. benda honum á að þegar núverandi skipulag sem gerir ráð fyrir svæði undir stóriðju við Hvalfjörð var undirbúið og aðilum sem hagsmuna áttu að gæta gafst kostur á að koma með athugasemdir, þá kom ekki ein einasta athugasemd um það mál, ekki ein einasta athugasemd. Og ég minni enn á það að fyrir liggur í iðnrn. mjög harðort erindi til að mótmæla því að iðnrh. hafi ekki beitt sér sérstaklega fyrir því að álver af þeirri stærðargráðu sem átti að reisa við Keilisnes yrði byggt á Grundartanga þannig að menn voru einfaldlega í góðri trú um að sátt væri í málinu þangað til nú fyrir nokkrum mánuðum. Menn voru í góðri trú um það. Auðvitað á að athuga og rannsaka og ganga úr skugga um að þær athugasemdir sem gerðar hafa verið hafi verið afgreiddar á eðlilegan hátt.

Ég verð engu að síður að segja að þetta er mín skoðun og ég hef fullt leyfi til að hafa hana eins og hv. þm. hefur fullt leyfi til að hafa gagnstæða skoðun. Ég er þeirrar skoðunar að íslenskum lögum hafi verið fylgt í málinu, en ég er líka þeirrar skoðunar að þessi lög séu gölluð og það þurfi að endurskoða þau. En hvort heldur eru ráðherrar eða aðrir almennir borgarar, þá er ekki hægt að fylgja öðrum lögum en þeim sem í gildi eru þó þau kunni að vera gölluð.

[11:30]

Útbýting þingskjals:

Fíkniefnamál, 429. mál, svar dómsmrh., þskj. 797.

[11:31]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég skaut því til skemmtunar að hæstv. iðnrh. áðan hvort hann mundi ekki vilja taka sér frí í dag og fá hv. 4. þm. Vestf. til að svara fyrir málið því mér þykir hv. 4. þm. Vestf., formaður Alþfl., bara standa sig nokkuð vel í því að svara fyrir þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég verð að segja að ég er dálítið hissa á því að menn skuli fortakslaust lýsa stuðningi við málið eins og það liggur fyrir vegna þess að ég tel að mörgum spurningum sé ósvarað. Ég treysti mér ekki til að lýsa því yfir á þessari stundu hvaða afstöðu ég muni hafa til þessa frv. í einstökum atriðum þegar það kemur til 2. umr.

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi nefna það sem mér finnst hvað alvarlegast við málið að það er ekki kynnt sem neinn hluti af framtíðarsýn í atvinnumálum. Ég hef farið aðeins yfir það hvernig þeir hlutir líta út að því er varðar atvinnuvegi okkar, sjávarútveginn, ferðaþjónustuna og orkuiðnaðinn líka. Það er alveg ljóst að við þurfum að átta okkur á því hvert við viljum halda. Hvernig Ísland viljum við í framtíðinni næstu ár og áratugi?

Herra forseti. Við vitum í fyrsta lagi að framtíðin er óljós. Það er nokkurn veginn alveg á hreinu að við getum verið sammála um um það. Í öðru lagi vitum við hins vegar að allar líkur eru á því að á næstu árum gætum við, ef vel gengur, aukið þorskveiðikvótann upp í kannski 350 þús. tonn ef allt gengur upp. Í þriðja lagi getum við gert ráð fyrir því að á næstu árum bætist talsvert við ferðaþjónustu á Íslandi þó ekki væri nema vegna þess að við kannski flyttum að einhverju leyti inn hagvöxtinn sem verður í grannlöndum okkar og reiknað er með t.d. í áætlunum OECD til næstu ára. Og í fjórða lagi getum við auðvitað velt því fyrir okkur hvaða möguleika við höfum á að virkja hér hugvit. Ég nefni í fimmta lagi að efla Ísland sem matvælaframleiðsluland m.a. við framleiðslu á alls konar vörum eins og landbúnaðarvörum sem mér finnst ekki rétt að afskrifa í þessu samhengi. Horfum svo á alla þessa möguleika með hliðsjón af orkumöguleikunum sem eru gríðarlegir.

Ef við t.d. stillum upp þeim orkukostum sem Landsvirkjun hefur verið að skoða er þar um að ræða um það bil 10–11 þúsund GWh í orkuframleiðslu á ári og til þess að menn átti sig í raun og veru á hvað það er risavaxin tala þá gerir sá samningur sem hér er verið að tala um ráð fyrir 920 GWh á ári. Möguleikarnir sem hafa verið kortlagðir af ýmsum aðilum, m.a. Orkustofnun, eru 10–11 sinnum stærri að því er þetta varðar. Vandinn er hins vegar sá að við vitum ekki nákvæmlega hvað við getum notað af þessum kostum af því að umhverfiskröfur nútímans og framtíðarinnar munu fækka þeim. Það er alveg á hreinu tel ég vera, herra forseti, að við munum ekki geta byggt allar þær virkjanir á Austurlandi sem nú eru á þessum orkuáætlunarblöðum. Þar er ég ekki að tala um eina virkjun frekar en aðra eða síður en aðra, en ég bendi t.d. á Kárahnjúkavirkjun sem yrði 500 MW virkjun, Arnardalsvirkjun sem yrði um 200 MW virkjun, en báðar þessar virkjanir mundu þurfa gríðarlega stór miðlunarlón og mundu sökkva geysistórum landsvæðum m.a. í Fagradal eystri sem verður vafalaust mjög umdeilt þegar þar að kemur. Svo ekki sé minnst á þann veruleika að Fljótsdalsvirkjun er núna orðin umdeilanlegri en hún var þegar frv. var samþykkt á Alþingi. Ég hef sagt í fjölmiðlum síðustu daga að ég er þeirrar skoðunar að ef Hágöngumiðlun hefði komist á dagskrá fyrir fimm árum hefðu menn sennilega ekki farið út í það að nota Hágöngumiðlun eins og við ætlum nú að gera vegna þess að umhverfiskröfurnar hefðu þá verið allt aðrar.

Ég held með öðrum orðum að þessi framtíðarsýn sé þannig að við munum ekki geta virkjað nema hluta af því vatnsafli sem menn ætluðu að virkja. Þess vegna tel ég að sú uppsetning mála sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni og að einhverju leyti hjá hæstv. iðnrh. sé að mörgu leyti liðin tíð. En það þýðir ekki að Íslendingar séu dæmdir til vondra lífskjara vegna þess að ég hef skoðað það að gamni mínu hvað kæmi út úr því ef við virkjuðum, þó ekki væri nema helminginn af því vatnsafli sem menn hafa verið að tala um, þ.e. 5 þús. GWh á ári. Ef við veltum því fyrir okkur að ferðaþjónustan bæti við sig 4% eða svo á ári næstu árin

en ekki 10% eins og oft var á undanförnum árum. Ef við horfum á 150 þús. tonn af þorski í viðbót við það sem við höfum verið að veiða núna. Ef við horfum á allt þetta er alveg augljóst að við erum með landsframleiðslu umfram það sem er í dag upp á sennilega um 30% af þessu öllu og veruleikinn er auðvitað sá að þegar við skoðum Ísland og þessa möguleika í samhengi við lífskjör annarra þjóða þá eigum við mikla og jákvæða möguleika. En styrkur Íslands liggur í því að nota þá alla en ekki bara suma.

Ég bendi á í þessu samhengi sem Ritt Bjerregaard segir í viðtali við Morgunblaðið í dag. Hún er spurð: Í hverju liggur styrkur Íslands? Styrkur Íslands liggur í því að það er hreint, segir hún. Það er styrkur Íslands. Ég held að þessi þáttur málsins sé í raun stórkostlega vanmetinn í umræðunni um orkunýtinguna. Mér finnst, herra forseti, að stjórnvöld hafi vanrækt að teikna upp þessa framtíðarsýn. Mér finnst ekki vera nein stefna önnur en sú að grípa gæsina þegar hún flýgur hjá hvort sem hún er Columbia Ventures Corporation eða eitthvað annað. Og að ákvarðanirnar séu ekki hluti af heildarstefnu. Þetta vil ég segja í fyrsta lagi um mína afstöðu í þessu máli, herra forseti. Ég tel að horfa eigi á þetta mál sem hluta af heildarstefnu að því er varðar lífskjör Íslendinga og umheimsins. Þetta segi ég númer eitt, herra forseti. Ég get út af fyrir sig farið út í þetta aðeins nánar en því miður leyfir tíminn það ekki.

Ég ætla í annan stað að víkja að málinu sjálfu eins og það liggur fyrir og þá fyrst að frv. sem slíku og segja — ef hæstv. ráðherra gæti hlýtt á — að mér finnst frv. sérkennilegt. Ég held að ekki þurfi að afgreiða allt þetta í lögum sem stendur hérna. Ég skil það ekki alveg. Ég segi að því er varðar 1. gr. að í raun séu bara tvö atriði sem þar þurfa að vera en ekki mörg almenn atriði eins og hér eru.

Ég segi einnig varðandi 2. gr. að mér finnst að það eigi eiginlega ekkert að vera inni nema síðasti málsliðurinn. Að því er varðar 3. gr. þá tel ég að hún þurfi efnislega að vera þarna að því er varðar ábyrgð á því að hægt sé að ganga frá þessum samningum við hafnarsjóð Grundartangahafnar og tryggja efndir hreppsnefnda Skilmanna- og Hvalfjarðarstrandahreppa en til viðbótar finnst mér — og það vil ég bera undir hæstv. ráðhrra og biðja hann um að hugleiða — að þarna eigi líka að vitna til raforkusamningsins úr því að vitnað er til hafnarsamningsins. Það væri eðlilegt að raforkusamningurinn yrði nefndur í þessari grein og starfsleyfið líka þannig að Alþingi fengi kost á því að taka afstöðu til allra þessara þátta, því eins og frv. lítur út núna eru öll þessi efnisatriði í raun fyrir utan það sem við mundum greiða atkvæði um þegar þar að kemur og frv. kemur til 2. umr. Þetta bið ég menn um að hugleiða. Ég er þá kannski ekki bara að tala um þetta frv. heldur önnur frv. um stóriðju sem hér kunna að koma og hafa komið að mér finnst að hægt sé að gagnrýna þau út frá þessu, að í raun er hið pólitíska úrlausnarefni ekki lagt fyrir Alþingi eins og mér finnst að eigi að gera, þ.e. raforkan, hafnarsamningurinn, fasteigna- og lóðarsamningurinn og starfsleyfisþátturinn. Eingöngu með því að vitna í það tel ég vera að það hafi verið gefið út á þessum degi og Alþingi taki afstöðu til þess.

Mér finnst að 4. gr. þurfi að vera þarna. En ég spyr ráðherra um tvennt: Í síðustu málsgrein er félagið undanþegið ákvæðum um brunatryggingar og í henni er líka talað um að ákvæði laganna um viðlagatryggingu eigi ekki við um félagið. Þetta er örugglega vegna þess að þetta er líka svona í álverinu í Straumsvík, ég geri ráð fyrir því og það sé upphafið að þessu máli. Ég hefði talið skynsamlegra að reyna að feta sig smátt og smátt út úr því að sérlög þurfi um þessi fyrirtæki eins og menn gera í skattamálunum hér. Og af því að við erum að tala um nýtt fyrirtæki, þá spyr ég ráðherrann. Hvað segir hann um að þessir hlutir yrðu teknir sérstaklega inn þannig að gert væri ráð fyrir að sömu ákvæði giltu um þetta fyrirtæki og um íslensk fyrirtæki, því að það að fyrirtæki fái undanþágu miðað við íslensk fyrirtæki veldur tortryggni og úlfúð sem er óþarfi í mörgum tilvikum.

Ég verð að segja að mér finnst 5. gr. skynsamleg. Þar er skattlagningarþátturinn bara tekinn upp og kemur fram að auðvitað er það þannig að ef menn vilja stofna svona fyrirtæki þá verða menn auðvitað að vera með einhver slík ákvæði inni. Ég sé ekki betur en að þetta sé eðlilegt án þess að ég hafi skoðað og lesið þetta saman við skattalögin.

Í 6. gr. segir svo, með leyfi forseta. „Með samningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum þessum, má ákveða sérstakar reikningsskilareglur fyrir félagið ...“ Ég ætla aðeins að spyrja hæstv. ráðherra: Hver ákveður þær, hvernig verða þær ákveðnar og á hvaða forsendum verða þessar reikningsskilareglur ákveðnar? Ég tek aftur fram að ég hvet til þess að menn séu heldur ekki að mismuna að þessu leytinu til erlendum fyrirtækjum þannig að það veki upp gagnrýni, úlfúð og leiðindi hjá íslenskum atvinnurekendum.

Í 7. gr. finnst mér líka að sé út af fyrir sig spurning hvort greinin eigi að vera svona. Ég hefði talið að hreinlegast væri að vísa til íslensku gerðardómslaganna en ekki að vera með sérákvæði um gerðardóm í þessu dæmi. Íslensku gerðardómslögin, vil ég segja mönnum til upprifjunar, eru afar góð satt að segja og mikil vinna var lögð í þau þannig að ég hefði talið að það væri nægilegt að vitna til þeirra.

Í 8. gr. er talað um að fyrirtæki skuli vera undanþegið tollum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum, og síðan er heimilt að fella niður eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vöru og þjónustu sem keypt er innan lands vegna byggingar bræðslunnar. Ég spyr ráðherrann: Hvað eru þetta miklar upphæðir sem er verið að spara á þessu fyrirtæki? Hvað sleppur það við mikið af peningum út af þessari 8. gr.? Mér þykir verra að sjá svona grein í frv. en úr því að hún er hér, þá spyr ég um hana.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að einu meginatriði samningsdraganna og það er raforkusamningurinn og segja fyrst að landsvirkjunarstjórn hefur tekið um það ákvörðun að farið skuli með raforkuverðið sem trúnaðarmál. Ég tók ekki þátt í þeirri ákvörðun og mér finnst það álitaefni. Ég bendi á að hæstv. iðnrh. eða viðskrh. öllu heldur hefur sagt: Það á að upplýsa um laun forráðamanna Pósts og síma. Bankanna, sagði hann og menn notuðu þau rök til að segja: Þetta á við um Póst og síma. Þá segi ég: Á þetta í raun og veru ekki eins við þetta? Er það ekki brot á anda upplýsingalaganna að þegja um orkuverðið þegar það er auk þess þannig, herra forseti, að hæstv. ráðherra hefur gefið upp töluna sem er þannig að allir sem kunna þríliðu geta reiknað raforkuverðið út frá henni. Það er að segja, hæstv. ráðherra hefur aftur og aftur gefið það upp og ég held að það standi hérna í þingskjalinu, ég man það þó ekki, en ráðherrann sagði alla vega í ræðunni áðan hvað þetta kostar. Og þeir sem kunna eitthvað pínulítið á þessa hluti geta reiknað raforkuverðið út frá þeirri tölu. En ég tel hæpið að loka þessa hluti inni eins og á að gera og ég spyr: Stangast ekki á við upplýsingalög að neita að gefa upp raforkuverðið? Ég vil líka segja, hæstv. forseti, að aðalgagnrýni okkar alþýðubandalagsmanna á Grundar-

tangasamninginn á sínum tíma var sú að verðið væri of lágt. Enda hefur það komið í ljós og mig minnir að það hafi verið gagnrýni allra þeirra sem komu að því máli þeim megin frá, m.a. framsóknarmanna, enda er verðið ekki nema 7,9 norskir aurar á kwst. í járnblendiverksmiðjunni og nú eru menn að tala um að hækka þá tölu verulega. (**Iðnrh.:** Búið að hækka hana.) Og reyndar er búið að hækka hana.

Gagnrýni okkar á álsamninginn í Straumsvík var sem sagt sú að verðið væri allt of lágt enda kom á daginn að það var allt of lágt. Ég segi hins vegar varðandi viðbótarsamninginn í Straumsvík sem við fjölluðum um í fyrra að mér fannst þar um að ræða gott raforkuverð eins og ég lét þá koma fram. Ég vil láta það koma fram hér sem ég get rökstutt allítarlega, en tíminn leyfir það ekki, að ég tel að orkuverðið í þessum samningi sé á mörkunum. Ég tel að það sé á mörkunum og að hv. iðnn. sem fær þetta mál til meðferðar verði að svara mörgum spurningum áður en hún blessar raforkusamninginn, því ég tel að hann sé á mörkunum. Ég segi ekki að hann sé langt undir kostnaðarverði eða neitt því um líkt, en tel að hann sé á mörkunum miðað við þær kröfur sem Landsvirkjun verður að gera til arðsemi. Og ég fullyrði, herra forseti, að í verðlagningunni er ekki gert ráð fyrir óbeinum umhverfiskostnaði. Í verðlagningunni er aðeins gert ráð fyrir beinum umhverfiskostnaði og það tel ég að muni koma í ljós í framtíðinni að menn muni meta þannig að það sé ekki skynsamlegt heldur eigi að taka inn í ákvarðanir um raforkuverð til stóriðju, ekki aðeins beinan heldur líka svokallaðan óbeinan umhverfiskostnað, það sem stundum er kallað náttúrugildi raforkunnar.

Ég tel líka, að því er þessa hluti varðar að það sé álitamál hvort vaxtareikningsforsendur Landsvirkjunar í raforkusamningnum séu réttar. Ég tel líka að það sé álitamál hvort það sé nægilega hörð krafa um arðsemi að gera ráð fyrir því að fjármagnið skili 6,8% arðsemi á tímabilinu eins og hér er gert ráð fyrir og ég fullyrði að mörgum þætti það lítið miðað við þá arðsemi sem yfirleitt er gerð krafa um. Ég bendi á að Landsvirkjun er að borga um 6% nafnvexti af þeim lánum sem hún tekur en það eru að vísu aðeins nafnvextir. Ég tel því að þarna séu menn alveg á ystu nöf.

Ég vil síðan segja að í þessu máli eru mörg önnur atriði. Þar eru byggðamálin og áhrif á þenslu. Það hefur komið fram að ríkisstjórnin gerði enga tilraun til að vísa fyrirtækinu annað en á Grundartanga. Ég tel að það sé einnig nauðsynlegt að fara yfir það og nefna það að fyrirtækið sem við erum að semja við er lítið og veikt. Það getur út af fyrir sig verið kostur að fyrirtæki sé lítið og það getur út af fyrir sig verið kostur að stofna hérna álver sem er í eigu annarra aðila en í Straumsvík til þess að hafa einhvern samanburð þegar fram í sækir. En ég segi: Ég held að það sé alveg á mörkunum að þetta fyrirtæki ráði við það verkefni sem menn eru að tala hér um. Sumir tala um fjárhættuspil í sambandi við þetta fyrirtæki. Ég hef út af fyrir sig ekki haft frumkvæði að því að taka mér þau orð í munn en ég skil vel að menn skuli láta það koma fram.

Ég tel líka nauðsynlegt vegna afstöðu okkar í þessu máli að rifja upp, herra forseti, að við munum horfa mjög rækilega á alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum. Við horfum á staðsetningu fyrirtækisins, sem hefur verið gagnrýnt mjög af íbúum Kjósarhrepps. Umhverfismálin munu því vega mjög þungt þegar við tökum afstöðu í þessu máli.

Að öllu þessu samanlögðu tel ég að málin líti þannig út, herra forseti: Í fyrsta lagi eru enn þá spurningar í raforkusamningnum sem þarf að fá svarað, en þar er teflt á tæpt vað að mínu mati. Í öðru lagi er staðsetning fyrirtækisins í Hvalfirði umdeilanleg frá umhverfisástæðum og byggðaástæðum. Í þriðja lagi finnst mér að skoða eigi rækilega alþjóðlegar skuldbindingar í umhverfismálum. Í fjórða lagi virðist fyrirtækið vera veikt og tiltrúin á því á alþjóðlegum fjármálamörkuðum er lítil. Og í fimmta lagi sem er stærst: Þetta mál er ekki lagt fram sem hluti af framtíðarsýn Íslendinga í atvinnu- og efnahagsmálum. Það tel ég stóran galla á þessu frv.

[11:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þann hluta ræðu hv. þm. sem sneri að raforkuverðinu vil ég gera örlitlar athugasemdir. Í fyrsta lagi er það ósk stjórnar fyrirtækisins að með raforkusamninginn verði farið sem trúnaðarmál og það er vegna samkeppnisástæðna sem það kemur til af hálfu stjórnar. Líkt og í samningnum um stækkun Ísals tel ég eðlilegt að iðnn. fjalli um það mál sérstaklega, sem ég býst fastlega við að verði gert. Varðandi þá fullyrðingu að verðið sé á mörkunum þá er ég ekki sammála því, herra forseti, og marka það af því að við höfum staðið í hörðum viðræðum og deilum um frv. til laga um breytingu á Landsvirkjun. Þar er sú krafa sett fram, og eignaraðilar fyrirtækisins náðu samkomulagi um hana, að arðsemi fyrirtækisins eigi að vera 5,5%. Það er það meginmarkmið sem menn stefndu að.

Það kom fram í ræðu minni áðan, og hefur áður komið fram í gögnum frá Landsvirkjun að samningarnir tveir um stækkun járnblendifélagsins við Columbia-fyrirtækið þýði að beinn arður Landsvirkjunar af þessum tveimur samningum er 6,8%. Með öðrum orðum: Arðurinn er 1,3% yfir því marki sem eignaraðilar fyrirtækisins settu sér og ef ég man rétt, það er nú ekki langt um liðið frá þeirri umræðu, töldu menn að þeir væru að gera býsna miklar kröfur um arðsemi til fyrirtækisins ef mönnum ætti að takast að lækka orkuverðið. Og út frá því göngum við hér nú, að þessir tveir samningar skapa fyrirtækinu meiri arð en við höfum þó ætlað að gera að meðaltali til fyrirtækisins í heild sinni.

[11:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta viðbragð ekki málefnalegt vegna þess að í því tilviki sem hæstv. ráðherra var að vitna til var verið að tala um allt aðra hluti. Þar var verið að tala um arð eigenda, sumir segja svokallaðra eigenda Landsvirkjunar, af fyrirtækinu út á hlut sem við mörg töldum stórkostlega mikið ofreiknaðan. Við vorum líka þeirrar skoðunar að frekar ætti að nota peningana til þess að lækka fyrst og fremst verð á raforku. Og við höfum sýnt fram á það að ef þessir peningar væru notaðir til að lækka verð á raforku til almennings þá mætti lækka verð á raforku til almennings um 20% frá því sem nú er þannig að ráðherrann er ekki að nefna sambærilega hluti að mínu mati.

Það sem ég var hins vegar að tala um, herra forseti, og mér finnst satt að segja slæmt að ráðherrann skuli nefna þetta í sömu andránni, var að arðurinn af því kapítali sem lagt er í þetta fyrirtæki sem menn eru hér að tala um af hálfu Landsvirkjunar, er upp á 6,8% og miðað við þann arð sem fjármagn er að skila annars staðar, eins og hæstv. ráðherra veit, þá er þetta lítið. Það segir þó ekki allt og eru ekki aðalrökin fyrir því að ég tel að verðið sé á mörkunum. Það eru ekki einu rökin, heldur eru þau fleiri. Því ég tel að í þessu samhengi

liggi málið þannig að menn þurfi að ætla nokkuð ríflega fyrir kostnaði við næstu virkjanir sem við höfum ekki tíma til að ræða hér í andsvari og óbeinum umhverfiskostnaði sem við höfum heldur ekki tíma til að ræða í þessum andsvarstíma sem er yfirleitt allt of stuttur.

[11:54]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Til þess að öllu sé nú til skila haldið frá fyrri umræðum um Landsvirkjun þá voru það fjórir meginþættir sem menn voru þar að deila um. Í fyrsta lagi orkuverðslækkunarstefnan sem eigandi fyrirtækisins tók ákvörðun um, sem er á bilinu 2–3% á ári eftir aldamót. Síðan er það arðkrafan sem eigendur gera til fyrirtækisins, sú arðkrafa sem eigendur gera í rekstrinum sem er 5,5%. Við erum að bera saman 5,5% þar, í arðkröfunni sem við gerðum, og svo þeim 6,8% sem þessir tveir samningar munu skila fyrirtækinu. Síðan komum við að þriðja þætti málsins sem eru arðgreiðslurnar út úr fyrirtækinu og það er alveg hárrétt hjá hv. þm., herra forseti, að þar erum við að tala um að greiða af uppreiknuðum eiginfjárframlögum á bilinu 5–6% og gert er ráð fyrir því þegar menn setja arðkröfu fyrirtækisins á 5,5%, og það er það sem við þurfum að bera saman ef við ætlum að bera saman raunhæfa hluti, þ.e. annars vegar sú arðkrafa sem eigendur fyrirtækisins gera, sem er 5,5%, og svo arður sem kemur af þessum tveimur samningum inn til fyrirtækisins. Og þá geta þessir samningar, samkvæmt þessu, staðið undir þeirri arðgreiðslukröfu sem eigendur gera á sama tíma vegna þess að það er reiknað inn í heildardæmið. Hitt er svo annað mál að þetta er ekki há arðkrafa sem menn gera. Það get ég tekið undir með hv. þm. og ef þetta fyrirtæki væri á almennum markaði í eigu einkaaðila þá væru líka miklu hærri arðsemiskröfur gerðar. En þá værum við líka að tala um að gera miklu hærri kröfur til orkuverðs í landinu sem er pólitísk samstaða um að gera ekki vegna þess að aukin arðkrafa á þessu sviði hlýtur auðvitað að kalla á hækkun orkuverðs. Það er ekki hægt, herra forseti, að tengja þetta nákvæmlega saman, arðgreiðslurnar út úr fyrirtækinu, því það mundi auðvitað líka gerast á hinum almenna markaði að eigendur vildu fá arð út úr fyrirtækinu af sínum eignum inni í því.

[11:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að halda því til haga þá minni ég á grein sem birtist í DV fyrir nokkrum vikum eftir hv. þm. Kristin H. Gunnarsson. Þar kemur það fram að ef eigendur Landsvirkjunar fengju arð eins og um var talað af raunverulegri innborgun sinni í fyrirtækið, þá, eftir það væri hægt að lækka verðið á raforku til almennings um 22%. Þannig að það var þetta sem deilan í raun og veru snerist um, að grunnurinn, eigendahlutinn, höfuðstóllinn væri of hátt reiknaður eins og menn settu dæmið upp.

Í annan stað varðandi arðinn þá heyri ég að við erum alveg sammála um að þetta er ekki hátt hlutfall. Hæstv. ráðherra segir: „Ja, þá þyrfti að hækka orkuverðið.“ Ég segi: Það þarf ekki að hækka orkuverðið til almennings. Það þyrfti að hækka orkuverðið til stóriðju. Og gallinn við umræðuna sem hér fer fram á milli okkar, mín og ráðherrans, er sá að það vantar aðgreiningu í reikningum Landsvirkjunar frá upphafi á því hvað er almenningsorkan annars vegar og hvað er stóriðjan hins vegar. Veruleikinn er sá að ég held að hér fyrr á árum þá hafi Landsvirkjun aftur og aftur verið að rugla þessum hlutum saman, í raun og veru að fela það hvað sumir stóriðjusamningarnir voru vondir, sérstaklega stóriðjusamningurinn sem gerður var við Alusuisse á sínum tíma þar sem verðið á kwst. var 3 mill.

En að lokum þetta, herra forseti. Vandinn í verðlagningunni snýst um það að við erum ekki fyrir þetta fyrirtæki að taka neinar, það sem ég vil kalla alvöru nýjar virkjanir nema eina, þ.e. Sultartangavirkjun. Að öðru leyti erum við að mala gull úr þeim virkjunum sem við eigum. Við erum að tala um stækkun Kröfluvirkjunar, aflaukningu í Búrfellsvirkjun. Við erum að tala um Hágöngumiðlun sem byggist á virkjunum sem fyrir eru. Við erum síðan að tala um byggingu Sultartangavirkjunar. Og það er alveg ljóst að í næstu kostum þarna á eftir verðum við að fara í virkjanir sem kosta meira. Það er vandinn.

[11:59]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Samningur sá sem hér er til umfjöllunar hefur bæði kosti og galla í för með sér. Hæstv. iðnrh. hefur lýst þjóðhagslegum áhrifum á okkar efnahagslíf sem virðast samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar í heildina tekið vera jákvæð. Það er talað um verulega auknar fjárfestingar með járnblendinu upp á 36 milljarða kr. Hagvöxtur aukist um 1% og varanleg heildaraukning landsframleiðslunnar verði um sem svarar rúmum 4 milljörðum kr. Allt er þetta jákvætt. En ég sakna eins í áliti Þjóðhagsstofnunar og spyr um það hjá hæstv. ráðherra hvaða áhrif þessi samningur muni hafa á kaupmátt sem ekki virðist vera lagt mat á í þessari úttekt Þjóðhagsstofnunar. Þetta hefur vissulega allt verulega þýðingu fyrir okkar efnahags- og atvinnulíf. Engu að síður hlýtur þessi samningur að kalla fram margar spurningar og full ástæða er til að hafa verulegar áhyggjur af mengunarþætti málsins sem hlýtur, virðulegi forseti, þó málið fari til hv. iðnn. að koma einnig frekar til kasta umhvn. en það hefur gert.

Ég tek eftir því að skýrslu um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga hefur verið dreift á borð þingmanna nú í morgun og þar sem ég hef haft tækifæri til að lesa yfir ítarlegt álit minni hlutans sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson skipar og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, þá koma fram mjög alvarlegar athugasemdir bæði við vinnubrögð og málsmeðferð og áhrif þessara framkvæmda á umhverfisþáttinn. Ég tel að minni hlutinn hafi unnið þetta mál mjög vel og að þetta álit muni gagnast mjög vel í umfjöllun Alþingis og starfi nefnda og vil fagna því að minni hlutinn hefur lagt svo mikla vinnu í málið sem mun auðvelda alla umfjöllun og ákvarðanatöku.

Ég held að það sé alveg ljóst, virðulegi forseti, að sú uppbygging á álverum sem verið hefur og áformuð eru hlýtur að kalla á endurmat á ýmsum þáttum er lúta að umhverfismati og mengunarmálum tengdum stóriðju og áhrifum þess á náttúruna og aðra atvinnuvegi þjóðarinnar og leggja þarf ekki síður þjóðhagslegt mat á áhrifin með tilliti til mengunar og náttúruspjalla en efnahagslegan ávinning stóriðjuframkvæmdanna. Það er löngu orðið tímabært að marka stefnu inn í framtíðina fyrir stóriðju þar sem umhverfisþátturinn og ítarlegt mat á umhverfisáhrifum verður lagt þar til grundvallar og skipi veglegri sess í allri umfjöllun og ákvarðanatöku varðandi stóriðjumál.

Ég er sannfærð um það, virðulegi forseti, að það er krafa þjóðarinnar og nauðsynlegt út frá hagsmunum þjóðarinnar í bráð og lengd að við setjum ýtrustu kröfur varðandi umhverfisvernd og mengunarvarnir sem á skortir — það

hefur komið fram í umræðum og umfjöllun um þetta mál, bæði innan þings og utan — og að við uppfyllum ýtrustu skyldur samkvæmt alþjóðasamningum í umhverfismálum og mengunarvörnum. Þetta er stór þáttur, virðulegi forseti, í lífskjörum þjóðarinnar inn í framtíðina og það er stór þáttur að við höldum með festu og framsýni á umhverfismálunum. Þetta hefur ekki bara þýðingu fyrir lífskjör þjóðarinnar heldur einnig ímynd þjóðarinnar út á við sem hefur verulega þýðingu fyrir okkar framleiðslu og útflutningsmöguleika. Þar mega ekki, varðandi umhverfismálin, stundarhagsmunir ráða ferðinni fram yfir þau miklu verðmæti sem fólgin eru í vernd umhverfis og hreinu landi sem eru þau miklu verðmæti sem komandi kynslóðir verða að treysta á að við varðveitum. Umhverfismálin verða að skipa stærri sess og verða meiri þungamiðja í allri ákvarðanatöku í atvinnuuppbyggingunni en verið hefur og því hlýtur að vera brýnt að ráðast í endurmat á umhverfisáhrifum og mengunarhættu, ekki bara með tilliti til þessa álvers heldur og ekki síður með tilliti til þess mikla áhuga sem útlendingar sýna með því að ráðast í stóriðjuframkvæmdir hér á landi. Efnahagslegur stundarábati á ekki bara að vera að vegvísir inn í framtíðina heldur verður umhverfisþátturinn að vega þar miklu þyngra en hann hefur gert til þessa og það er kannski fyrst og fremst það sem gagnrýnendur þessa máls halda á lofti og ég tel, virðulegi forseti, að þeir hafi mjög mikið til síns máls.

Það er vissulega ástæða til að gefa fullan gaum og taka til alvarlegrar skoðunar þau hörðu mótmæli og viðbrögð gegn staðsetningu álversins á Grundartanga sem komið hafa fram, einkum frá heimamönnum. Þar er ekki bara um að ræða nauðsynleg umhverfissjónarmið sem snúa að vernd náttúrunnar heldur er einnig í húfi uppbygging annarra atvinnugreina á svæðinu eins og ferðaþjónustu. Staðsetning mengandi stóriðju í miðju landbúnaðarhéraði hlýtur að hafa áhrif á þá matvælaframleiðslu og lífrænu ræktun sem við viljum halda á lofti og þar fer fram. Þetta eru mín áhyggjuefni varðandi þennan samning sem hljóta að vega mjög þungt í allri afgreiðslu málsins hér á hv. Alþingi.

Það sem vekur athygli í þessum samningi er að enn einu sinni á leynd að hvíla yfir rafmagnsverðinu eins og hér hefur verið drepið á í þessari umræðu og sem fara á með sem viðskiptaleyndarmál og Alþingi á enga vitneskju að fá um. Þessu vil ég mótmæla eins og ég og reyndar fleiri gerðum varðandi þá sömu leynd sem hvíldi yfir raforkuverðinu vegna stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík. Þar var þó skýrt tekið fram að leyndin þá yfir orkuverðinu hefði ekki fordæmisgildi. En það virðist þó vera svo að áfram eigi að hvíla leynd yfir orkusamningum og kannski er það ætlunin að Alþingi verði að búa við þá óþolandi aðstöðu um ókomin ár. Það gefur auga leið, herra forseti, að erfitt er að átta sig á samningi þessum án þess að geta vegið og metið við umræðuna áhrifin af rafmagnsverðinu sem eru grundvallaratriði, raunar lykilatriði, ekki bara út frá hagsmunum Landsvirkjunar heldur líka vegna áhrifanna á rafmagnsverð til almenningsveitna og út frá þeirri arðsemi sem þjóðin sem heild getur haft af þessum samningi. Svona leynd, virðulegi forseti, leiðir ekki til neins annars en vekja upp tortryggni og gefa því byr undir báða vængi að hér sé verið að selja raforkuna á einhverju útsöluverði, og það ásamt lágum launum, e.t.v. slökum mengunarkröfum og sérstöku skattalegu hagræði, séu meginástæður þess að útlendingar séu í biðröðum að reyna að fjárfesta í stóriðjuframkvæmdum hér á landi.

Ég vænti þess að þó nefndin sem fjalla á um málið fái skýrt fram allar upplýsingar um raforkuþáttinn, rafmagnsverð og áhrif þess, þá er lágmark, virðulegi forseti, við þessa umræðu að hæstv. iðnrh. gefi a.m.k. svör við nokkrum spurningum sem þennan þátt varða og ég mun koma að núna í mínu máli.

Í fyrsta lagi hlýtur ráðherrann að geta svarað því hvort orkuverðið vegna þessa samnings sé svipað eða hagstæðara en við fengum vegna stækkunar álbræðslunnar í Straumsvík þannig að við höfum einhverja nálgun á málinu. Í annan stað: Hvaða áhrif hefur þessi samningur á rafmagnsverð til almenningsveitna? Breytir þessi samningur einhverju varðandi áformin sem uppi eru um 3% lækkun á verði til almenningsveitna á árunum 2001–2010? Hvaða áhrif hefur þessi samningur á gjaldskrárverð Landsvirkjunar, en það kemur fram í áliti Þjóðhagsstofnunar að til lengri tíma megi reikna með að erlendar vaxtatekjur og arðgreiðslur verði að jafnaði um tveir milljarðar kr. árlega? Hefur, og þá hvaða, ákvörðun verið tekin um ráðstöfun þessara fjármuna af hálfu Landsvirkjunar? Er ekki eðlilegt, og ég spyr hæstv. viðskrh. um það, að ábatinn af þessum samningi gangi til þess að lækka verð til almenningsveitna umfram það sem þegar hefur verið ákveðið? Er það kannski svo að áhrifin af þessum samningi voru komin inn í þau áform sem uppi eru hjá Landsvirkjun varðandi arðsemis- og gjaldskrármarkmið og við fjölluðum um á hv. Alþingi fyrir nokkrum vikum síðan? Og hvaða áhrif hefur þessi samningur á eigið fé og arðsemi Landsvirkjunar? Hæstv. ráðherra hefur komið nokkuð inn á þetta varðandi arðsemina og heldur því fram að við séum að tala um 1,3% meira en arðsemismarkmiðin varðandi Landsvirkjun gerðu ráð fyrir. Kannski erum við að tala um hagnað eða aukningu á eigin fé inn í Landsvirkjun um 3–4 milljarða kr. og er ekki eðlilegt, ég spyr hæstv. ráðherra að því, að nýta það fjármagn til þess að flýta því að lækka verð til almenningsveitna?

Ég spyr líka um það og ráðherra kemst varla hjá að svara því þó hann vilji ekki gefa neitt upp um orkuverðið: Undir hverju stendur orkuverðið? Við erum að tala um fjárfestingu upp á 30 milljarða, 36 milljarða með járnblendinu. Stendur orkuverðið, ef við miðum við meðalsöluverð raforku undir framleiðslukostnaðinum og hver er þá arðsemi framkvæmdanna? Það hefur að nokkru leyti komið fram, m.a. orkuverðið eftir að framkvæmdakostnaður hefur verið greiddur. Hver er kostnaðurinn vegna orkuöflunaraðgerða annars vegar og annarra framkvæmda eins og byggingar álversins hins vegar? Ég fékk ekki séð í greinargerð með frv. að það væri neitt skilgreint. (**Iðnrh.:** Það var í framsögunni.) Var það í framsögunni? Þá hefur það farið fram hjá mér, herra forseti. Þarf Landsvirkjun að taka lán á framkvæmdartímanum? Hver er kostnaðurinn við þær lántökur og munu þær lántökur hafa áhrif á erlendar skuldir þjóðarinnar?

Ég spyr líka, eins og við ræddum á hv. þingi varðandi stækkun álbræðslunnar í Straumsvík: Munu þessar framkvæmdir — við erum að tala um 36 milljarða — hafa áhrif á áform varðandi aðrar fjárfestingar, vegaframkvæmdir o.s.frv.? Þarf að fresta öðrum opinberum framkvæmdum vegna þessara fjárfestinga á næstu þremur árum? Við erum að tala um að beina fjárfestingunni núna að verulegu leyti hér á suðvesturhorni landsins. Hvaða áhrif hefur það á fjárfestingar á næstu árum á landsbyggðinni?

Það er líka ástæða til að spyrja um eins og gert var varðandi stækkun álversins hvort og þá hvaða áhrif þessi samningur hefur á afgangsorkuna. Hér kemur orðrétt fram í fylgiskjali á bls. 29 að Landsvirkjun hafi rétt til að skerða afl og orku sem er í té látin á ótryggðum grundvelli með

sambærilegum hætti og samkvæmt núgildandi samningum við Íslenska járnblendifélagið og Ísal. Hvaða áhrif hefur þetta á þá sem sérstaklega hafa nýtt sér ódýrara orkuverð gegnum afgangsorkuna? Og þá erum við að tala um t.d. garðyrkjubændur. Ég spyr hvort mat hafi verið lagt á það, hvort þetta þýði að verulega geti dregið úr eða jafnvel komið verði í veg fyrir að garðyrkjubændur geti nýtt sér ódýrari orku.

Varðandi skattalegu meðferðina sem nokkuð hefur verið hér til umræðu, þá velti ég því fyrir mér, herra forseti, hvaða áhrif þær skattalegu ívilnanir hafa sem hér eru boðaðar. Þær sýnast vera nokkuð aðrar en áður hefur verið samið um og ég mun leggja áherslu á að skattaleg áhrif þessa máls verði að fullu metin í nefndinni, þ.e. hvaða frávik hér eigi sér stað, bæði miðað við fyrri álsamninga og miðað við skattalegt umhverfi íslenskra atvinnufyrirtækja. En ég tel enga ástæðu til þess að gagnrýna það á þessari stundu að þar hafi verið haldið illa á málum. Mér sýnist af því sem ég hef haft tækifæri til að skoða að skattalega meðferðin sé ásættanleg en engu að síður þurfum við að skoða þann þátt málsins nánar.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í mínu máli er mörgum spurningum ósvarað um þennan samning. Þó hefur í heildina, að því gefnu að orkuverðið sé hagstætt og ekki á útsölu, þessi samningur jákvæð áhrif á okkar efnahagsumhverfi. Þar vil ég þó aftur og enn undirstrika þær áhyggjur sem ég hef af umhverfisþættinum og læt í ljós miklar efasemdir um að nauðsynlegrar varfærni hafi verið gætt.

Ég vil í lokin, herra forseti, koma inn á einn þátt sem óbeint snertir þetta mál. Þegar við fjölluðum um stækkun álversins á sínum tíma, þá lagði ég mikla áherslu og reyndar meiri hluti nefndarinnar líka, á að þörf væri á því að iðnrn. athugaði sérstaklega hvernig auka mætti úrvinnsluiðnað í tengslum við álverið og þá þjónustu sem þar er í boði. En hjá Ísal höfðu komið fram upplýsingar um úrvinnsluna, m.a. að Ísal gæti afhent hér ál af þeim styrkleika sem þyrfti til ýmiss konar úrvinnslu í alls konar málm- og álvinnslu. Það kom fram hjá Ísal að efnagreining væri ódýr hjá þeim en mundi kosta mikið væri það gert annars staðar og minnist ég þess að nefnt var að athugandi væri að setja á stofn einhvers konar tímabundinn sjóð sem fengi ákveðið hlutfall af skattgreiðslum frá Ísal, jafnvel með framlagi þaðan á móti, til að styrkja úrvinnsluiðnað sem notfærði sér það sem Ísal býður upp á eins og efnagreiningu og afhendingu á fljótandi áli. Meiri hluti iðnn. lagði áherslu á að þessi kostur yrði skoðaður og hæstv. iðnrh. tók undir það að þarna væru möguleikar sem iðnrn. bæri að skoða af fullri alvöru. Nú vil ég enn ítreka þetta af því að ég hef mikinn áhuga á að það verði kannað gaumgæfilega hvernig við getum nýtt okkur þetta. Ég spyr hvort þessi skoðun hafi farið fram — ég skildi ráðherra þegar um þetta var rætt á sínum tíma að þetta væri komið í gang — og hvenær megi þá vænta niðurstöðu að því er þennan þátt varðar. Um þetta mun ég ítrekað halda áfram að spyrja þar til fyrir liggur endanleg niðurstaða.

Ég tel ekki ástæðu nú við 1. umr. að hafa fleiri orð um frv. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og afgreiðslu og mun þar fjalla um þær athugasemdir sem ég hef hér gert. En ég ítreka þær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra.

[12:16]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 461. mál, frv. GÁS, þskj. 775.

[12:16]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Umhverfisþáttur þess máls sem hér er rætt er veigamikill og vil ég fyrst og fremst taka hann til umfjöllunar í því máli sem ég flyt. Einnig er þess að geta að á þessum fundi hefur verið dreift skýrslu frá umhvn. um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga. Ég vona að það sem í henni kemur fram ásamt því sem sagt er á þessum fundi verði til einhvers gagns við umfjöllun frv. í nefndum og við afgreiðslu þess í þinginu.

Ástæða þess að umhvn. tók þetta mál til umfjöllunar er sú að nefndin hefur látið sig varða ýmis þau mál sem miklu skipta á hennar kjörsviði enda þótt þau hafi ekki komið til nefndarinnar hina hefðbundnu leið, þ.e. frá þinginu, heldur tekur nefndin málið upp að eigin frumkvæði. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem umhvn. gerir slíkt. Umhvn. tók að eigin frumkvæði starfsleyfistillögur til skoðunar og athugunar þegar um það var að ræða að meta hvort setja skyldi álver á Keilisnes í aðdraganda þess að ákveðið var að stækka álverið í Straumsvík.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er tugir blaðsíðna þegar fylgiskjöl eru meðtalin. Álit nefndarmanna kemur fram á einum 20 blaðsíðum þar sem $^1/_3$ þess á að giska er frá meiri hluta nefndarinnar en $^2/_3$ frá minni hluta. Áður en ég fjalla um skýrsluna eða efni hennar vil ég láta koma fram að fjölmargir gestir komu til nefndarinnar og eru þeir hér taldir. Gögn hafa sömuleiðis verið lögð fram og skoðuð, en þau eru eins og kemur fram á lista með skýrslunni 22.

Umhvn. eyddi gríðarlega miklum tíma í þetta mál frá annars annasömu starfi sínu í þinginu, hélt tíu fundi og suma langa um málið og fór að auki í vettvangsrannsókn og vettvangsskoðun á Grundartanga og heimsótti sveitarstjórnir og hélt fundi með heimamönnum. Auk þess hafa þeir alþingismenn sem í nefndinni sitja farið á eigin spýtur á margvíslega fundi, bæði hjá stofnunum, félagasamtökum og almenningi en til margra slíkra hefur verið boðað í aðdraganda málsins.

Áður en ég fjalla beinlínis um skýrsluna vil ég aðeins fara nokkrum almennum orðum um umhverfismál. Þó að álversmálið sé stórt þá hljótum við ekki aðeins skoða það heldur huga að framtíðarstefnu við þetta tækifæri. Ég tel að sú framtíðarstefna sé eitthvert það mikilvægasta sem við þurfum að hyggja að. Margvíslegar ábendingar komu fram núna þegar dró nær fyrirhuguðu álveri eða ákvörðunum um fyrirhugað álver og ég tel að þær ábendingar og sú gagnrýni sem oftast hefur verið málefnaleg hafi orðið til góðs, hjálpað okkur til þess að rýna með glöggum augum og af mikilli gagnrýni á þær ákvarðanir sem hér eru teknar. Ég tel líka að sú málefnalega gagnrýni sem hefur komið fram hafi fært okkur að mörgu leyti fram á við í allri umræðu um virkjunarmál, stóriðjumál og umhverfismál. Mér hefur liðið þannig að mér hefur fundist að nýjar skoðanir og ný viðhorf væru uppi á yfirborðinu í okkar umræðu en Íslendingar hafa um margt verið nokkuð á eftir öðrum í umræðu og viðhorfum til umhverfismála. Þessi gagnrýni hefur þannig fleygt okkur að ég tel á tiltölulega skömmum tíma langt fram á við. Því er þó ekki að neita að margt af gagnrýni sem fram hefur komið er ómálefnaleg bæði vegna þess að mönnum hefur hitnað í hamsi og sagt e.t.v. meira en þeir gátu staðið við og enn

fremur að þekking manna á þessu flókna og viðamikla máli hefur ekki verið næg. Það skal engan undra því að hér er um að ræða mjög flókið og umfangsmikið viðfangsefni og erfitt að átta sig á staðreyndum. Það er eins og allir þekkja þegar fer að skyggja eða dimma þá er auðveldara að segja draugasögur en í björtu.

Þá vildi ég einnig fara nokkrum orðum um það að virkjunarkostir sem tilheyra þessu álveri hafa verið skoðaðir af umhvn. Umhvn. fór ferð inn á hálendið og skoðaði virkjunarkosti sl. sumar og kom m.a. að Hágöngusvæðinu við Köldukvíslarbotna og fegurðin þar er slík, sem því miður of fáir þekkja, að erfitt er að sætta sig við að þurfa að taka þetta svæði undir miðlunarlón þó svo að einmitt þar birtist sú markalína sem við verðum stöðugt að draga milli náttúru- og umhverfissjónarmiða og skynjunar okkar á fegurð og síðan þeim atvinnukostum og atvinnuuppbyggingu sem við viljum hafa.

Í þeim breyttu viðhorfum sem ég tel að hafi orðið á tiltölulega skömmum tíma vegna þessa máls hefur komið fram nýtt gildismat. Við þurfum að huga að þessu gildismati í framtíðinni. Við þurfum að huga að nýju gildismati og nýjum viðhorfum til ómengaðrar náttúru og til þess hvar við drögum markalínu milli náttúruverndarsjónarmiða og atvinnusjónarmiða. Við þurfum að skoða gildi fegurðar en gildi fegurðarinnar og tilfinningar manna til náttúrunnar fá því miður ekki neitt rúm í núverandi löggjöf enda erfitt um alla mælikvarða hvað það snertir.

Þá verðum við einnig að horfa til þess þegar að framtíð er hugað að við berum ábyrgð gagnvart þeim sem á eftir okkur koma og við berum sömuleiðis ábyrgð gagnvart öðrum jarðarbúum og þurfum að taka það inn í okkar stefnumótun. Ég tel að Íslendingar eigi að endurskoða stefnu sína í umhverfismálum og vera tilbúnir til þess að endurmeta þá markalínu sem dregin er milli umhverfissjónarmiða og atvinnuuppbyggingar.

Það er illt að vera svo fátækur að alltaf þurfi að fórna hagsmunum íslenskrar náttúru. Mat á slíku hlýtur að verða endurmetið. Við skulum ekki gleyma því þó okkur finnist að mikið fé vanti til velferðarmála og margvíslegrar uppbyggingar, þá eru Íslendingar rík þjóð. Þegar við horfum til þjóða sem búa við skort og nauð á öllum sviðum, þá getur maður ekki annað en haft samúð með þeim þegar þær þurfa að ganga langt í umhverfismálum og á hlut náttúrunnar. En við verðum að hafa kjark til þess að horfa í eigin barm og líta á velmegun okkar og kunna að meta og hemja löngun okkar til þess að auka tekjur og hagvöxt á kostnað náttúrunnar. Þetta tel ég afar mikilvægt núna þegar við fáum tækifærið sem fyrirhugað álver og aðdragandi þess gefur okkur.

Ég vík þá að skýrslunni og tala um niðurstöður meiri hlutans. Í niðurstöðunum koma fram þær skoðanir að umræðan um álverið fyrirhugaða hafi orðið til góðs og henni er fagnað. Það er sömuleiðis bent á að löggjafinn fái hér mjög kærkomið tækifæri til að endurskoða löggjöfina. Það er sömuleiðis bent á að við þurfum að kunna að meta hreina og endurnýjanlega orku okkar hér á landi.

Meiri hlutinn fagnar því tækifæri sem aðdragandi álversins og umfjöllun um starfsleyfið gefur til að endurmeta og skoða ýmis lög sem þessu tengjast. Þar er um að ræða fyrst og fremst skipulags- og byggingarlög, endurskoðun á náttúruverndarlögum og núna er í undirbúningi endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Öll þessi lög hljóta að verða skoðuð með hliðsjón af þeirri reynslu sem draga má af ferlinu sem leiðir til ákvörðunar um álverið. Sömuleiðis er farið ýmsum orðum um hreina og endurnýjanlega orku Íslendinga. Við þurfum að nýta hana um leið og það er viðurkennt að hún veldur mengun bæði staðbundinni og hnattrænni. Það er hvatt til þess að menn hafi hliðsjón af ferðaþjónustu, landbúnaði og öðrum atvinnugreinum og sumarbústaðabyggð og skilyrðum til útivistar. Settar eru fram í skýrslu meiri hlutans afdráttarlausar skoðanir um að umhverfissjónarmið séu ríkjandi í framtíðarstefnunni sem þurfi að móta.

Fjallað er um mengunarmörk í starfsleyfistillögunni og vikið að þeim mengunarmörkum sem alþjóðlegar samþykktir setja Íslendingum og þar kemur fram að þau mengunarmörk sem álverinu á Grundartanga eru sett eru fyllilega innan þeirra marka sem alþjóðlegar samþykktir segja til um. Niðurstaðan er því sú að viðmiðanir Íslendinga séu viðunandi.

Það er bent á eins og hér kemur fram ef ég má lesa, með leyfi forseta: „Umhvn. fjallaði sérstaklega um það hvort gera ætti kröfur um uppsetningu vothreinsibúnað við fyrirhugað álver á Grundartanga. Mat Hollustuverndar er að ekki þurfi vothreinsibúnað. Miðað við fyrirliggjandi áætlanir um loftmengun getur meiri hluti nefndarinnar fallist á þá niðurstöðu en telur að endurskoða þurfi starfsleyfið hvað mengunarkröfur og hreinsibúnað varðar ef í ljós kemur að áætlanir um loftmengun standast ekki."

Þá er farið margvíslegum orðum um rannsóknir varðandi fyrirhugað álver og lögð mikil áhersla á að hvergi sé vikist undan ýtrustu vinnu og athygli á þeim sviðum. Í skýrslunni er farið orðum um þá reynslu sem Íslendingar geta dregið af mengun frá stóriðjunni, þ.e. frá álverinu í Straumsvík og frá járnblendiverksmiðjunni. Það er ef til vill sú reynsla sem er ólygnust og við getum tekið mark á.

Í stuttu máli kemur fram í skýrslunni að engar rannsóknir sýni að mengun frá þessum tveimur verum, álverinu í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunni, hafi haft varanlega skaðleg áhrif á gróður og náttúru umhverfis álverið og járnblendiverksmiðjuna. Þetta eru afar mikilvægar staðreyndir sem við verðum að hafa í huga og færa okkur heim sanninn um hvers má vænta af álverinu á Grundartanga en þar eru mengunarkröfur enn strangari en núna eru hjá álverinu í Straumsvík þannig að staðbundin mengun og áhrif frá því ætti ekki að verða lífríki til skaða.

Umhvn. bendir á að óvenju tíðar sleppingar hafi verið frá járnblendiverksmiðjunni og fer orðum um það að slíkt verði að laga og að Hollustuvernd þurfi að vakta þann þáttinn. Hins vegar kemur fram að hreinsivirki járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga hafi verið í gangi um 98–99% og sá reykur sem sést hefur frá járnblendiverksmiðjunni mengar ekki meira en ryk almennt. Sú mengun sem svo sannarlega kemur þó frá járnblendverksmiðjunni er brennisteinsdíoxíð og það er lofttegund og mengun sem ekki sést. En hún er hins vegar allveruleg en þó vel innan þess starfsleyfis sem verksmiðjan vinnur eftir.

Farið er orðum um vatnsöflun og leggur meiri hlutinn áherslu á að gengið verði tryggilega frá þeim málum og höfð hliðsjón af vatnsöflun Akraness úr Akrafjalli.

Nefndin telur að það megi draga mikinn lærdóm af skipulagsferlinu og telur að í framtíðinni þurfi að auka ábyrgð almennings í skipulagsvinnunni og þátttöku sveitarfélaga. Þetta mun nefndin hafa til hliðsjónar þegar til samþykktar skipulags- og byggingarlaga kemur en þau eru til umfjöllunar á þessu þingi.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að lesa lokaorð skýrslunnar en þau hljóða svo:

„Niðurstaða meiri hluta umhvn. er sú að þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfistillögum um álver á Grundartanga séu nægjanlegar. Meiri hlutinn bendir þó jafnframt á að orðalag starfsleyfistillögu mætti í mörgum tilfellum vera afdráttarlausara þannig að eftirlit og aðhald stjórnvalda yrði auðveldara. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að eftirlit með stóriðju og rannsóknir á áhrifum stóriðju á lífríki landsins verði efld til muna.

Skiptar skoðanir komu fram í nefndinni um hversu ákjósanleg staðsetning álversins á Grundartanga væri en enginn taldi hana beinlínis hættulega.

Loks bendir meiri hlutinn á slæma þróun koldíoxíðsmengunar í heiminum en gróðurhúsaáhrif vegna slíkrar mengunar eru sívaxandi vandamál. Þó að rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar feli ekki í sig lagalega skuldbindingu fyrir einstök ríki hvetur meiri hluti nefndarinnar ríkisstjórnina til að taka koldíoxíðslosun á Íslandi föstum tökum. Í því sambandi minnir meiri hlutinn á framkvæmdaráætlun ríkisstjórnarinnar vegna rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og ráðstefnu ríkjanna sem eru aðilar að samningnum í Kyoto í desember 1997."

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim alþingismönnum sem unnið hafa í nefndinni mjög ötult starf og af mikilli alvöru að því að meta þennan þátt fyrirhugaðs álvers. Við höfum lagt okkur fram um að komast að málefnalegri niðurstöðu sem við getum varið og felur ekki í sér öfgar til einnar eða neinnar áttar og á í þessu máli að geta markað þá línu sem dregin er á milli umhverfissjónarmiða og atvinnuuppbyggingar. Ég vil enn fremur nota tækifærið til að þakka þeim fjölmörgu sem komu til nefndarinnar og tóku á móti okkur og útveguðu okkur gögn í þessari viðamiklu umfjöllun umhvn.

[12:36]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að gefnu tilefni, vegna þess að hv. þm. hefur óskað eftir nærveru hæstv. umhvrh., að hans er að vænta hér á hverri mínútu. Ef hv. þm., sem er næstur á mælendaskrá, getur hagað ræðu sinni þannig að ræða í upphafi hennar mál sem kannski lúta ekki beint að viðkomandi ráðherra.

[12:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Herra forseti. Hér er af nógu að taka þannig að vel er hægt að víkja hér að öðrum efnum en varða beinlínis þátt umhvrh. í málinu. Hins vegar undrast ég það nokkuð að hæstv. umhvrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu, svo mjög sem umhverfismálin tengjast henni og hafa verið drjúgur þáttur í athugun mála í aðdraganda framlagningar þessa frv. og með sjálfstæðum hætti til skoðunar af umhvn. þingsins.

Hér hefur af hálfu talsmanns Alþb., fulltrúa í iðnn. og formanns þingflokksins, Svavars Gestssonar, verið gerð grein fyrir almennum viðhorfum að því er snertir það frv. sem hér er rætt og afstöðu Alþb. til þess á þessu stigi máls. Ég vísa til þess sem þar hefur komið fram þó að af minni hálfu gæti þar verið ýmsu við að bæta. En tíminn leyfir ekki að fara yfir sviðið allt. Ég minni þó á það í upphafi að sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir í stóriðjumálum, ef stefnu skyldi kalla, er mikið áhyggjuefni, hlýtur að vera það, ekki aðeins fyrir okkur í minni hluta á Alþingi heldur mikinn hluta þjóðarinnar þar sem haldið er fram í rauninni án nokkurra viðhlítandi siglingarljósa í þessum málum. Stóriðjuveri eftir stóriðjuveri valinn staður hér á Faxaflóasvæðinu, aðalþéttbýlissvæði landsins, þar sem mest álag er fyrir á umhverfi, m.a. loftgæði, og ekkert hugsað fyrir þeim óhjákvæmilegu og alvarlegu áhrifum sem slíkt mun hafa á byggðaþróun í landinu. Ég minni líka á að hér eru erlendir fjárfestar látnir ráða ferðinni, eins og hæstv. iðnrh. staðfesti í morgun þó hann hafi vafalaust með sínum aðstoðarmönnum vísað á þá staðsetningu í Hvalfirði sem varða þessa álbræðslu.

Þá er það ekki síður áhyggjumál, virðulegur forseti, að verið er að fórna, og ég segi fórna, verðmætustu og hagkvæmustu virkjanakostum landsmanna inn í það stóriðjupúkk sem nú er verið að reyna að ganga frá af hálfu hæstv. iðnrh., þ.e. bæði álbræðslu á Grundartanga og einnig vegna stækkunar járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Það blasir við að þar er verið að raða saman tiltölulega litlum virkjunarkostum eða frekari uppbyggingu virkjana sem fyrir eru og eru þess vegna mjög hagkvæmar inn í orkukerfi landsmanna og hentuðu vel til þess að bregðast við aukinni þörf vegna almenns markaðar í landinu.

Þar fyrir utan eru síðan virkjanir sem af umhverfisástæðum eru afar gagnrýni verðar og þar er Hágöngumiðlunarlónið fremst í flokki. Voru stjórnvöld sannarlega rækilega aðvöruð við að stíga það alvarlega skref sem þar liggur fyrir.

Varðandi það frv. sem við ræðum þá er efni þess svo sem ekki mjög mikið eða ástæða til að gera það að sérstöku umtalsefni hér. Ég bendi þó á að þær heimildir sem verið er að gefa samkvæmt 1. gr. frv. eru ákaflega teygjanlegar og mikill lopi. Það er vísað í skuldbindingar af hálfu ríkisins sem kunna að þykja nauðsynlegar og viðeigandi fyrir félagið og starfsemi þess, þar með talin framkvæmd á ákvæðum laga þessara. Hvers konar skilgreiningar eru þetta og hvað á orðalag af þessu tagi að rúma? Það sama gildir raunar um verkefnið og það vekur athygli að í þeirri grein er kveðið á um að: „Álverið skal í upphafi hannað til framleiðslu á um það bil 60.000 tonnum af áli á ári ..." Þó er starfsleyfi, sem hugmynd er að gefa út, ætlað fyrir 180.000 tonn. Á þá ekkert að hanna þennan fyrsta áfanga með tilliti til þeirrar heildarstærðar sem um er að ræða? Hvers konar vinnubrögð eru hér á ferðinni?

Varðandi ábyrgð ríkisstjórnarinnar þá þurfa sveitarfélögin í Hvalfirði norðanverðum ekki að hafa miklar áhyggjur af fjárhagsmálum þessa máls annað en að taka við gullinu sem út úr kvörninni rennur, sem er náttúrlega eitt af þeim gagnrýniefnum sem eðlilegt er að setja fram á þetta, að einstök sveitarfélög skuli njóta einhliða hagnaðar af svona stóriðjurekstri. Í þessu tilfelli eru það fámenn sveitarfélög sem það gera og svo á með þessum heimildum skv. 3. gr. að firra þau allri ábyrgð varðandi það sem gera þarf vegna þessarar stóriðjuuppbyggingar. Það er satt að segja með fádæmum að standa þannig að verki, virðulegur forseti.

En ég ætla sérstaklega að víkja að umhverfisþættinum. En hvar er nú hæstv. umhvrh.? Hefur hæstv. ráðherra ekki reiknað með því að vera við þessa umræðu og er þó langt síðan ég vakti athygli á því að ég óskaði eftir viðveru hans hér? Hér hefur verið rætt og kynnt alveg sérstaklega af formanni umhvn., álit meiri hluta nefndarinnar varðandi umhverfisþætti þessa máls eins og þeir blasa við. Ég hlýt að fara nokkrum orðum um álit sem liggur fyrir frá mér og hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur sem fylgir skýrslu umhvn. sem minnihlutaálit

okkar og ætlaði að stikla á því hér í takmörkuðum tíma í þessari umræðu.

[12:43]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna ummæla hv. þm. að eins og forseti gat um var þess að vænta að hæstv. ráðherra yrði hér um hálfeittleytið. Forseta hafa borist boð um að ráðherrann verði seinn fyrir. Ef það hentar hv. þm. ekki illa þá vill forseti grípa til þeirra ráða að fresta fundi til kl. hálftvö. (**HG:** Ég þigg það, virðulegur forseti.)

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:43]

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Steinbítsveiðar, 471. mál, fsp. KHG, þskj. 798.

Umræður utan dagskrár.

Réttur alþingismanna til upplýsinga um fyrirtæki og stofnanir í ríkiseigu.

[13:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Tilefni þessarar umræðu er svar samgrh. við fyrirspurn minni um starfskjör yfirmanna Pósts og síma fyrir og eftir formbreytingu í hlutafélag. Fyrirspurnin var gerð til að fá fram hvort verulegar breytingar hefðu orðið á launum við breytinguna. Ráðherra veitti upplýsingar er sneru að ríkisfyrirtækinu áður en það varð að hlutafélagi en kvaðst ekki hafa upplýsingar um Póst og síma hf. og taldi sér ekki fært að krefjast þeirra. Starfskjör væru trúnaðarmál milli stjórnar og starfsmanna.

Þessi umræða snýst um grundvallarmál sem er upplýsingaskylda ráðherra um opinber málefni til alþingismanna. Samkvæmt 54. gr. stjórnarskrárinnar er alþingimönnum heimilt með leyfi Alþingis að óska eftir upplýsingum frá ráðherra um opinber málefni. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar er ítrekað í lögum um þingsköp Alþingis, í 49. gr. laga nr. 55/1991. Fyrirspurn mín var borin fram með venjubundnum hætti og er alveg ljóst að hún styðst bæði við stjórnarskrá og þingsköp og ráðherra ber að svara eftir því sem hann hefur tök á.

Fyrirspurnir um launamál eru ekki óalgengar á Alþingi, samanber fyrirspurnir um kjör bankastjóra, en reglulega er upplýst um heildarkjör þeirra. Þannig var fyrirspurnin um starfskjör yfirmanna Pósts og síma. Veittar voru upplýsingar um launakjör fyrir breytinguna í hlutafélag en ekki eftir. Formbreytingin breytir ekki upplýsingaskyldunni að mati virtra lögfræðinga. Hluthafi í fyrirtæki hefur ákveðin réttindi samkvæmt hlutafjárlögum til að óska eftir upplýsingum. Hluthafinn er einn í þessu tilviki, þ.e. ríkissjóður og samgrh. fer með þann hlut. Hann hefur rétt til að afla upplýsinganna gagnstætt því sem segir í skriflegu svari hans við spurningu minni. Samkvæmt hlutafjárlögum er kveðið á um rétt hluthafa til að kalla saman aukahluthafafund ef upplýsingar eru ekki tiltækar á hluthafafundi samkvæmt 85. og 86. gr. Hluthafinn eini getur haldið fund hvenær sem hann óskar þess og krafið stjórn um upplýsingar er varða rekstur fyrirtækisins. Í lögum um ársreikninga er einnig kveðið á um þennan rétt til upplýsinga af því tagi sem fyrirspurn mín tekur til bæði í 36. gr. og 48. gr. en þar segir að laun stjórnenda skuli birt. Sömuleiðis kveða þau á um skýlausan rétt hluthafa til að óska eftir upplýsingum um þetta og önnur málefni sem varða félagið. Sambærileg ákvæði eru í lögum um viðskiptabanka. Framkvæmdin hefur verið sú að sérstakur liður er í ársreikningi þar sem tilgreind eru heildarlaun framkvæmdastjóra og stjórnar.

Í umræðum hér á Alþingi um stofnun hlutafélags um Landsbanka og Búnaðarbanka 13. mars sl. sagði viðskrh., aðspurður, að hann væri þeirrar skoðunar að Alþingi ætti að hafa aðgang að upplýsingum um kjör yfirmanna ríkisbankanna sem hlutafélaga, ekki síst á meðan ríkið ætti 100% hlut í þeim. Í máli sínu vitnaði hann í sömu lög og lagagreinar og ég hef gert hér á undan í máli mínu. Þar greinir hæstv. viðskrh. og hæstv. samgrh. á. Þessi umræða er ekki um launakjörin nema að litlu leyti heldur fyrst og fremst um samband löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og hvernig beri að líta á upplýsingaskyldu gagnvart ríkisfyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélag.

Í svari samgrh. segir að ráðuneytið hafi ekki skipunarvald í málefnum Pósts og síma hf. og öll stjórnsýsluleg tengsl hafi rofnað. Það er rétt en önnur tengsl hafa myndast milli ráðuneytis, þ.e. ráðherra og hlutafélagsins þar sem hann fer nú með allan hlut ríkisins í félaginu. Þá ber honum að fara eftir lögum um hlutafélög og öðrum lögum þeim tengdum þar á meðal lögum um ársreikninga. Það er ekki beinlínis rangt í svari samgrh. að hann geti ekki upplýst um það sem óskað var eftir í fyrirspurn minni um Póst og síma hf. Algengt er erlendis að birta launakjör æðstu manna í fyrirtækjum og stofnunum.

Það er mikilvægt að hæstv. forsrh. upplýsi um afstöðu sína í þessu máli og svari eftirfarandi spurningum:

1. Samgrh. telur sér ekki fært að gefa þær upplýsingar sem óskað var eftir í fyrirspurn minni. Hæstv. viðskrh. telur sig hafa ótvíræða upplýsingaskyldu um sambærileg mál. Hver er afstaða hæstv. forsrh. til þessa?

2. Veittar eru upplýsingar um ríkisfyrirtæki ef óskað er eftir því á Alþingi. Breytist upplýsingaskyldan við breytingu ríkisfyrirtækis í hlutafélag og ef svo er þá hvernig?

3. Telur ráðherra að endurskoða þurfi lög og reglur um upplýsingar til Alþingis um ríkisfyrirtæki?

4. Telur hann að breyta þurfi ákvæði þingskapa og stjórnarskrár í ljósi svars samgrh.?

Hyggst hæstv. forsrh. beita sér fyrir því að umbeðnar upplýsingar um Póst og síma hf. verði veittar í ljósi þess sem ég hef nefnt hér að framan og ekki síst í ljósi ummæla hæstv. viðskrh. um upplýsingaskylduna hér á Alþingi?

[13:39]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. málsnefjandi spyrst í fyrsta lagi fyrir um afstöðu mína til þess er kunna að virðast mismunandi niðurstöður tveggja ráðherra um sambærileg mál. Svar mitt er einfalt: Ég vil að farið sé að þeim leikreglum sem hið háa Alþingi hefur sjálft sett. Ég vil að farið sé að lögum. Í því felst ekki aðeins að öðrum sé haldið að lögum heldur einnig það sem stundum vill kannski gleymast hér á hinu háa Alþingi að lögin gilda einnig um þá stofnun sjálfa sem lögin hefur sett.

Ég hef yfirfarið svör beggja ráðherranna og tel þau ekki vera jafnmisvísandi og virðist mega ætla við fyrstu sýn. Hæstv. viðskrh. hefur í umræðum um stofnun hlutafélaga

um ríkisviðskiptabankana byggt niðurstöður sínar á stjórnarskrárákvæðum um fyrirspurnarétt þingmanna og síðan gert grein fyrir þeim ákvæðum sem gilda um upplýsingaskyldu hlutafélaga í ársreikningi samkvæmt lögum um ársreikninga, nr. 154/1994. Og um upplýsingaskyldu bankanna sérstaklega samkvæmt reglugerð nr. 544/1994, um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Ég ætla ekki að endurtaka þá greinargerð hér heldur aðeins bæta örlitlu við eftir því sem tíminn leyfir.

Ársreikningar hlutafélaga eru skilaskyldir til félagaskrár sem veitir að þeim almennan aðgang samkvæmt 3. mgr. 69. gr. ársreikningalaga og er það reyndar mun víðtækari aðgangur en áður var. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hæstv. viðskrh. að vitaskuld hefur hið háa Alþingi, jafnvel í gegnum ráðherra ef það svo kýs, sama aðgang og aðrir að þeim upplýsingum sem í ársreikningum eru birtar og það hefur reyndar sjálft ákveðið með lögum hverjar skuli vera. Ég er hins vegar ekki jafnsannfærður um að þar séu birtar allar þær upplýsingar sem hv. málshefjandi knúði á um að gerð yrði grein fyrir í fyrirspurn sinni eða öllu heldur í því formi sem fyrirspyrjandinn óskaði eftir. Í IV. kafla ársreikningalaganna er kveðið á um það að í ársreikningi félags skuli veita upplýsingar sem tilgreindar eru í einstökum greinum þess kafla laganna. Þar segir í 48. gr., með leyfi forseta:

„Upplýsa skal um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsári. Þá skulu laun og launatengd gjöld sundurliðuð ef það er ekki gert í rekstrarreikningi.

Veita skal upplýsingar um heildarlaun, þóknanir og ágóðahluta til stjórnenda félags vegna starfa í þágu þess.

Greina skal frá samningum, sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra eða starfsmenn um eftirlaun, og tilgreina heildarfjárhæðir."

Þetta ákvæði geymir tæmandi talningu á þeim atriðum og skyldum sem lagðar eru á stjórnendur og endurskoðanda hlutafélags, samkvæmt lögunum, að veita skýringar á og upplýsingar um laun og önnur kjör starfsmanna svo fullnægt sér góðri reikningsskilavenju og upplýsingaskyldu. Samkvæmt því nær skylda félagsstjórnar til að veita opinberar upplýsingar um greiðslur til einstakra starfsmanna eða sérstaks hóps starfsmanna eingöngu til þeirra heildarlauna og meðaltalsfjölda starfsmanna sem laun hafa tekið og annarra þeirra atriða sem framangreint ákvæði mælir fyrir um að fram skuli koma í ársreikningi.

Aðkoma hæstv. samgrh. að þessu máli er síðan sú að hann stofnar í umboði ríkisstjórnarinnar, og með heimild í lögum frá Alþingi, nr. 103/1996, hlutafélagið Póst og síma hf., hinn 27. desember sl.

Í 3. mgr. 3. gr. þeirra laga hefur Alþingi kveðið svo á um að um félagið skuli gilda ákvæði laga um hlutafélög með nokkrum undantekningum sem hér skipta ekki máli. Af þessu ákvæði verður ekki dregin önnur ályktun en sú að vilji löggjafans standi til að ákvæði núgildandi laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og fyrrnefnd lög um ársreikninga skuli gilda fullum fetum um hið nýja félag. Í þessu felst m.a. að ákvæði hlutafélagalaganna um stjórnskipulag hlutafélaganna, inntak og valdmörk mismunandi stjórnarstofnana þeirra, svo sem um hluthafafundi, fulltrúanefnd, félagsstjórn og framkvæmdastjóra, taka að öllu leyti til hlutafélagsins Pósts og síma hf. Samgrh. fer með handhöfn hlutafjár ríkisins í hlutafélaginu Pósti og síma hf. og fer samkvæmt því með þau áhrif sem að lögum tengjast hlutafjáreign ríkissjóðs. Um þau og beitingu þeirra gilda þá almennar reglur hlutafélagalaganna. Samkvæmt þeim fara hluthafar í hlutafélagi með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins á hluthafafundum, sbr. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 2/1995. Af þessu lagaákvæði hafa verið dregnar þær ályktanir að hluthafafundur sé að jafnaði eini vettvangurinn þar sem hluthafar geta beitt þeim áhrifum sem tengd eru hlutafjáreign þeirra að lögum, þar á meðal að krefjast upplýsinga af stjórn félagsins.

Rösklega hálfum öðrum mánuði eftir stofnfund félagsins er ráðherrann síðan krafinn svara um heildarlaun og starfskjör æðstu yfirmanna fyrirtækisins. Á þeim tíma hefur enginn ársreikningur verið gerður og deila má um það hvort ráðherrann hafi í krafti 100% hlutafjáreignar ríkisins önnur tæki en leiðir af almennum reglum hlutafélagalaga til að útvega þessar upplýsingar. Væri um fleiri hluthafa að ræða þá er a.m.k. ljóst að ráðherra hefði fyrir hönd ríkisins engan frekari rétt til íhlutunar í málefnum félagsins en almennt gildir um hluthafa í hlutafélögum og leiða má af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Reyndar má með hliðsjón af 48. gr. ársreikningslaga segja að félagsstjórn verði ekki krafin ítarlegri skýringa en þar greinir. En setjum nú svo, þótt umdeilanlegt sé, að ráðherra hafi, sem eini hluthafinn í Pósti og síma hf., ríkari rétt til aðgangs að upplýsingum en annars væri þannig að hann gæti útvegað þær upplýsingar sem hv. málshefjandi krefði hann um og hyggjum að hvers konar upplýsingar um var beðið og höfum þá jafnframt í huga þann tiltölulega skamma tíma sem liðinn er frá því að félagið var stofnað.

Spurst var fyrir um heildarlaunakjör og starfskjör æðstu yfirmanna Pósts og síma hf., þ.e. forstjóra, framkvæmdastjóra og forstöðumanna sviða og stöðvarstjóra, deildarstjóra o.s.frv. Svar óskaðist sundurliðað eftir föstum grunnlaunum, öðrum greiðslum, þóknunum og fríðindum, svo sem ferðakostnaði, risnu og bifreiðahlunnindum. Fyrirspurnin varðar því ekki aðeins hlutafélagið Póst og síma hf. heldur einnig tiltekna einkahagsmuni þeirra manna sem hlut eiga að máli. Svo skammt er liðið frá starfsemi fyrirtækisins að ljóst er að samandregið form slíkra upplýsinga í einhverja heildartölu mundi auðveldlega vera hægt að persónugreina í grófum dráttum.

Nú vil ég taka fram að ég tel stjórnarskrárvarinn fyrirspurnarétt alþingismanna til ráðherra gagnmerkan þátt í stjórnkerfi okkar og reyndar sérstaklega mikilvægan í stjórnmálalífi sem að öllu jöfnu býr við meirihlutastjórnir. Réttur Alþingis til þess að spyrja um opinber málefni er skýr og ótvíræður og almennt rýmri en aðgangur annarra að upplýsingum hjá stjórnvöldum. Á hinn bóginn hlýtur að verða að draga þar einhver mörk á hvaða málefni teljast opinber í þessum skilningi. Án þess að ég ætli mér það verk hér og nú hlýtur þó fyrsta kastið (Forseti hringir.) að mega ályktа sem svo að á ráðherra hvíli ekki sú skylda að svara spurningum um einkamálefni manna nema hann geti aftengt þær við þær persónur sem í hlut eiga eins og upplýsingar um laun í ársreikningum hlutafélaga mundu vera dæmi um.

Herra forseti. Því miður get ég ekki lokið við að svara þessu fyllilega eins og ég hafði ætlað mér vegna hins skamma tíma. Ég kannski reyni að bæta úr því í seinni ræðu.

[13:45]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál á dagskrá sem ég tel ekki vera vanþörf

á og tek fyllilega undir þau rök sem hún hefur fært fyrir máli sínu um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart þinginu.

Við erum hér að ræða um samskipti þings og hæstv. samgrh. um það í hvaða máli hæstv. ráðherra beri að veita þinginu upplýsingar um málefni Pósts og síma hf. Það er einn stór þáttur í því máli sem ég tel mikilvægt að draga fram í þessari umræðu en það eru starfsmannamál fyrirtækisins. Þegar skipulagsbreytingarnar á Pósti og síma voru ræddar í þinginu var því margoft lýst yfir af hálfu þeirra sem unnu að þeim að allt gengi vel varðandi starfsmannamálin. En það virðist nú þegar fram í sækir að svo virðist sem ekki sé allt með felldu í þeim efnum.

Ég vil í því sambandi vísa til bréfs sem nýverið barst til samgn. þingsins og til formanna þingflokka frá stéttarfélagi verkfræðinga. Jónas G. Jónasson framkvæmdastjóri ritar undir þetta bréf. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Stéttarfélag verkfræðinga hefur aðra sögu að segja af sínum félagsmönnum sem voru í starfi hjá Póst- og símamálastofnuninni og eru nú flestir í starfi hjá Pósti og síma hf. og samskiptum félagsins við sjálfa forsvarsmenn Pósts og síma hf. heldur en haldið hefur verið fram í umræðunni um þetta efni. Öll þau samskipti hafa einkennst af stífni og skorti á samstarfsvilja af hálfu undirbúningsnefndar að stofnun hlutafélagsins og síðan fyrirsvarsmanna fyrirtækisins. Félagsgjöld berast ekki lengur frá Pósti og síma hf." Og þeir ítreka að þar sem málið sé Alþingi skylt þá vilji þeir draga þetta fram. Þeim er ekki gert að semja á þeim grunni sem þeir eiga félagslegan rétt á heldur eru hverjum og einum afhent drög að ráðningarsamningi sem þeir eru beðnir um að fara með sem algjört trúnaðarmál, undirrita og skila svo til starfsmannaskrifstofu. Það eru mjög víðtæk samkeppnisákvæði sem nánast koma í veg fyrir að starfsmenn geti hætt hjá Pósti og síma og farið til annarra starfa. (Forseti hringir.) Það er mjög margt sem talið er upp í þessu bréfi, sem ég hef því miður ekki tíma til að rekja, sem segir okkur að hinu háa Alþingi sé full ástæða til að fylgjast mjög náið með því hvernig þessi mál þróast hjá Pósti og síma hf.

Ég vildi draga þetta sérstaklega fram vegna þess að ég held að þetta hljóti að skipta verulegu máli í því hvernig upplýsingaskylda hæstv. ráðherra gagnvart þinginu þróast í þessum málum.

[13:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds er yfirskrift þessarar umræðu og ekki að ástæðulausu. Að undanförnu hafa fjölmörg tilefni komið upp þar sem þingmenn hafa kvartað undan því að spurningum þeirra sé ekki svarað og á það jafnt við orðaskipti í ræðum um þingmál og um skriflegar fyrirspurnir. Sjálf hef ég kvartað vegna fyrirspurnar sem ég lagði fram um fátækt á Íslandi og nýlega fékk ég svar frá kirkjumrh. um stöðu jafnréttismála innan þjóðkirkjunnar þar sem svarið við fyrstu spurningunni er svo ófullnægjandi að ég neyðist til að leggja fyrirspurnina fram aftur.

Þó að Alþingi hafi eftirlitshlutverki að gegna gagnvart framkvæmdarvaldinu þá er stærsta hlutverk þess að vera löggjafinn en á því sviði er staða þess gagnvart framkvæmdarvaldinu einnig mjög veik. Í fyrsta lagi vegna þess að öll stjórnarfrv. eru flutt af fulltrúum framkvæmdarvaldsins því að þeir eru jafnframt þingmenn og vegna þess að þingmannafrv. og tillögur fá yfirleitt lítinn tíma, litla umfjöllun og sjaldnast afgreiðslu. Ég vil minna á þá afstöðu okkar kvennalistakvenna að ráðherrar eigi ekki jafnframt að vera þingmenn eins og reyndin er t.d. í Noregi. Það er trú mín að staða þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu styrktist verulega við það en lágmarkskrafa hlýtur þó að vera að við munum að innan þingsins eru ráðherrar fyrst og fremst með stöðu þingmanna. Sú sætaskipan sem hér tíðkast er því í raun fáránleg. Það væri mun eðlilegra að ráðherrar dreifðu sér um salinn og væru hér sem hverjir aðrir þingmenn. Að mínu mati eru samskipti þings og framkvæmdarvalds mjög óeðlileg að mörgu leyti. Stjórnskipulega er staða þingsins önnur en hún er í framkvæmd og þessu verður að breyta. (Forseti hringir.)

Því miður voru svör hæstv. forsrh. ekki mjög skýr, en ekki var hægt að draga af þeim aðra ályktun en þá að heimilt sé að svara ekki fyrirspurnum af því tagi sem framsögumaður tók til umræðu og það vekur spurningar í ljósi upplýsingalaga.

[13:50]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna ummæla sem hér féllu áðan tel ég nauðsynlegt að fram komi þau sjónarmið sem stjórn Pósts og síma lagði til grundvallar þegar gengið var frá ráðningu háskólamenntaðra manna og yfirmanna hjá Pósti og síma.

Á sl. hausti voru gerðir einstaklingsbundnir ráðningarsamningar við nokkurn hóp starfsmanna, yfirmanna og sérfræðinga Pósts og síma, sem byggja á því að framvegis verði greidd föst mánaðarlaun í stað dagvinnu og yfirvinnu áður. Í skýrslu undirbúningsnefndar Pósts og síma kemur fram að við samningsgerðina var byggt á þeim launum sem menn höfðu haft, tekið var tillit til almennra launabreytinga auk þess sem horft var til starfsins sjálfs. Engar sérstakar breytingar voru gerðar á greiðslum fyrir akstur í þágu fyrirtækisins að öðru leyti en því að forstjórar og fimm framkvæmdastjórar hafa til ráðstöfunar fólksbifreið sem fyrirtækið á og rekur og greiða þeir skatta og skyldur af einkanotkun sinni eins og lög og reglur kveða á um. Það felst einnig í þessum einstaklingsbundnu samningum að ekki er um frekari greiðslur að ræða þótt einstakir menn séu kvaddir til stjórnarfunda eða til að sitja í nefndum er varða málefni fyrirtækisins eða sinna sérstökum verkefnum sem tengjast starfi þeirra hjá Pósti og síma hf. Engar breytingar voru gerðar á reglum um ferðakostnað og dagpeninga og ekki er greidd risna.

Þegar umræddir ráðningarsamningar voru gerðir var á það lögð áhersla bæði af hálfu fyrirtækisins og eins af hálfu margra þeirra einstaklinga sem samið var við að umræddir samningar yrðu trúnaðarmál. Liggja þar ýmis sjónarmið til grundvallar. Póstur og sími hf. getur því ekki veitt upplýsingar um laun einstakra starfsmanna sinna án þess að brjóta undirritaða samninga um gagnkvæman trúnað. Fjölmargir starfsmenn Pósts og síma sem falla undir þennan umrædda hóp eru eftirsóttir á almennum vinnumarkaði og búast má við að sú eftirspurn aukist á næstu árum eftir því sem samkeppni eykst á því sviði sem fyrirtækið starfar á. Það er því ekki heppilegt að keppinautar geti gengið að upplýsingum vísum um laun einstakra starfsmanna eða tiltekinn hóp starfsmanna. Þetta eru þau sjónarmið sem stjórn Pósts og síma hefur sett fram um þessi efni.

[13:53]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Mér heyrist á öllu að hæstv. samgrh. sé hér á vitlausum fundi. Það er ekki verið að spyrja um þau mál sem hann var að reyna að rekja áðan. Um það var spurt

í skriflegri fyrirspurn sem hann svaraði ekki. Betur væri að hann gerði yfirbót og endurbætti þau svör sem engin voru. Hér erum við hins vegar að ræða stórpólitískt mál sem lýtur að samskiptum þings og framkvæmdarvalds.

Ég verð að segja eins og er að það olli mér vonbrigðum að hæstv. forsrh., sem er vanur því að höggva á hnúta þegar ástæða er til, skuli láta nægja að lesa upp úr lagatexta en reyna ekki á nokkurn hátt að taka á því pólitíska álitaefni sem hér er uppi. Með öðrum orðum: Er það fyrirliggjandi að um leið og hið háa Alþingi samþykkir að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, þá lokist á allar dyr, þá sé þingi ekki lengur heimilt að spyrja um einstaka þætti í rekstri viðkomandi fyrirtækis? Þetta er okkar viðfangsefni í dag. Ef lagatextar í hlutafélagalögum eða öðrum lögum eru óskýrir í þessum efnum þá þurfum við að taka hér pólitíska umræðu um það hvort ástæða sé til að breyta því. Mitt sjónarmið er alveg skýrt í þessum efnum. Það fullkomlega af og frá að með því einu að breyta ytra formi ríkisfyrirtækja verði skorið á öll tengsl þings við viðkomandi fyrirtæki. Það er fullkomlega fráleitt. Við hljótum að komast að pólitískri niðurstöðu um þau mál. Ég fer þess á leit við hæstv. forsrh. að hann svari því fyrir fullt og fast út frá pólitískum forsendum hvert hans sjónarmið er í þeim efnum. Við erum með hér á borðum okkar þingmanna frv. til laga um hlutafélagavæðingu bankanna og við verðum að fá skýr svör um þetta álitaefni áður en frá þeim verður gengið.

[13:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Í mínum huga snýst þetta mál ekki um launakjör einstakra starfsmanna hjá Pósti og síma. Reyndar get ég tekið undir það með hæstv. forsrh. að þegar fyrirspurn eins og þessi er lögð fram þá verður í svari að reyna að greina á milli einkamálefna og þess sem lýtur að upplýsingaskyldu gagnvart þinginu.

Í mínum huga snýst þetta um grundvallaratriði. Þetta snýst um samskipti þings og framkvæmdarvalds, hvernig þeim skuli háttað, og hver eftirlitsskylda þings eigi að vera gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það finnst mér vera grundvallaratriði í þessari umræðu og hins vegar hvort formbreytingin ein og sér hafi það í för með sér að framkvæmdarvaldið þurfi ekki lengur að veita þinginu upplýsingar. Þetta eru grundvallaratriði þessa máls. Það er nákvæmlega þetta sem verður að taka á. Þess vegna olli það mér verulegum vonbrigðum, virðulegur forseti, þegar hæstv. forsrh. flutti sína tölu, sem reyndar var mjög erfitt að átta sig á og erfitt að skilja, en ég skildi hana þannig að hann hafi nánast verið að líkja hv. þingmönnum við hluthafa á aðalfundi. Að þeir hefðu sambærilegan rétt til upplýsinga og hluthafar á aðalfundi. Ég gat ekki betur skilið hann en svo. En ég vænti þess að hann svari því hér á eftir hvort þessi skilningur minn er réttur. Ef svo er þá er þetta mun pólitískara mál heldur en ég kannski nokkru sinni gerði mér grein fyrir því það getur ekki verið að þar sem kveðið er skýrt á um upplýsingarétt þingmanna í stjórnarskránni og hins vegar sú grundvallarhugsun sem stjórnarskráin byggir á um eftirlitsskyldu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu að sú eftirlitsskylda sé orðin þess eðlis eftir formbreytingu einstakra fyrirtækja ríkisins í hlutafélög að réttur þingmanna sé orðinn sambærilegur og hluthafa. Það getur aldrei staðist, virðulegur forseti.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hlýtur að teljast eðlilegt viðhorf að eigandi fyrirtækis eigi rétt á öllum venjulegum upplýsingum úr því og þar á meðal um launakjör æðstu yfirmanna stofnana, ráðuneyta, fyrirtækja og annarra rekstraraðila sem eru á vegum ríkisins. Ég get ekki fallist á að það eigi að afmarka svarskyldu ráðherra gagnvart Alþingi við hlutafélagalög í þessu tilviki sem hér er tilefni umræðunnar. Þvert á móti eigi ráðherrarnir að hafa hugfast að það er þjóðin eða eigandinn sem á rétt á upplýsingunum og það hefur ekkert breyst við það þó svo að formið verði annað en áður var.

Hins vegar er athyglisvert að ráðherrarnir nota formbreytinguna til að gera breytingu á upplýsingaskyldunni. Til að gera breytingu á þann veg að setja kjörin meira í þoku en áður var. Það er rétt að ráðherrar Sjálfstfl. svari því hvers vegna þeir tengja saman einkavæðingu ríkisrekstrarins og leynd yfir nauðsynlegum grundvallarupplýsingum um störf þeirra sem fara með fjármuni ríkisins. Það er nauðsynlegt að þeir svari því.

Ég er þeirrar skoðunar að almennt eigi að gilda að launakjör æðstu embættismanna ríkisins séu gagnsæ, þau eigi að vera opinber, bæði laun og önnur starfskjör. Vegna þess að þær upplýsingar veita aðhald. Þær veita þessum æðstu embættismönnum þjóðarinnar nauðsynlegt aðhald fyrir græðgi í launamálum sem við þekkjum á almenna vinnumarkaðnum. Að því marki sem laun æðstu embættismanna ríkisins endurspeglast af launakjörum í sambærilegum störfum á almennum vinnumarkaði þá veitir þessi sama upplýsingaskylda líka aðhald út í þjóðfélagið. Og það eigum við að nota til grundvallar til þess að stuðla að því að hóf sé á flestum hlutum.

[14:00]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég var ekki ánægður með svör hæstv. forsrh. þó svo að rökstuðningur hans hafi verið miklu skýrari heldur en kom fram hjá hæstv. samgrh., í skriflegu svari hans. Það er alveg ljóst að það er ágreiningur milli samgrh. og viðskrh. um þetta mál og hæstv. forsrh. skar ekki úr um hvor afstaðan væri réttari. Það hefur komið hér alveg skýrt fram að hluthafi getur fengið hjá stjórn félags þær upplýsingar sem hér er beðið um. Það þarf að fara fyrir hluthafafund sem samgrh. sem hinn eini hluthafi hefur vitaskuld engin vandkvæði með.

Það kom fram í umræðunni að viðskrh. mun veita slíkar upplýsingar við samsvarandi fyrirspurn ef hún kemur fram eftir að búið er að breyta viðskiptabönkunum í hlutafélag. Það er meginmálið í þessu. Það ríkir óvissa um hvernig ráðherrarnir eiga að taka á fyrirspurnum um þessi efni. Úr því að hægt var að veita þessar upplýsingar fyrir formbreytinguna, þá er ekkert í hlutafjárlögum sem bindur eða hindrar þá sömu upplýsingagjöf til alþingismanna eftir formbreytingu. Hæstv. forsrh. mun vafalítið koma inn á það í svari á eftir því að ein spurningin var hvort hann teldi að það þyrfti að setja skýrari reglur um þennan þátt. Eins og hæstv. forsrh. svaraði þessu áðan þá ríkir sama óvissa fyrir okkur alþingismenn að vita hvers við getum krafist með eðlilegum hætti af ráðherrum framkvæmdarvaldsins. Það er staða sem er ekki viðunandi í þessu máli.

[14:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af þessari umræðu hvetja hæstv. forsrh. til þess að láta fara fram sérstaka óháða lögfræðilega úttekt á þessu máli. Ég tel að þó að það sé út af fyrir sig ágætt að komið hafi svör frá ráðuneytinum, þá hafi menn vafalaust vandað sig, þá held ég að málið sé það mikilvægt að það eigi að efna til sérstakrar rannsóknar á því. Það mætti hugsa sér að það yrði gert á vegum þingnefnda. Það má auðvitað líka hugsa sér að það gerist á annan hátt en það er greinilegt að það er engin sátt um þau svör sem komið hafa, hvorki frá hæstv. forsrh. né frá þeim hæstv. tveimur fagráðherrum öðrum sem um þessi mál hafa fjallað. Það er líka greinilegt að svartilraunir hæstv. samgrh. skvetta yfirleitt olíu á eldinn ef einhverjir aðrir hafa þó reynt að slökkva hann eða lægja. Þess vegna hvet ég til þess að slík óháð athugun verði látin fara fram. Ég held að það væri til bóta í málinu.

Ég bæti því svo við að hér í morgun vorum við að ræða um frv. um álver á Grundartanga. Þar er gert ráð fyrir því að raforkuverð sé trúnaðarmál, það sé lokað og það sé leyndarmál. Þó er það þannig að allir þeir sem kunna þríliðu, sem er þjóðkunn reikningsaðferð, geta nokkurn veginn reiknað þetta verð út, en menn leggja ekki af stað í þann leiðangur. Ég held að það sé samt sem áður nauðsynlegt að halda því til haga við hæstv. forsrh., ef hann fengi einhvern tíma frið fyrir ritstjóra Alþýðublaðsins hér í salnum, hvort hann teldi ekki að það væri ástæða til þess að athuga það líka hvort það stenst anda eða efni upplýsingalaga að opinbert fyrirtæki neiti að veita upplýsingar um verð á rafoku eins og Landsvirkjun hefur gert í einum samningi og ætlar að gera í öðrum.

[14:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem tóku þátt í þessari umræðu og hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann veitti sem voru ekki nema svör við broti af þeim spurningum sem ég varpaði hér fram.

Engu að síður kom það fram hjá hæstv. forsrh. að hann efast ekki um rétt þingmanna um upplýsingar um opinber málefni en hann hafði ákveðnar efasemdir um það hvað væru opinber málefni. Að sjálfsögðu eru það opinber málefni að fá upplýsingar um Póst og síma hf. því það er hlutafélag sem er að 100% hlut í eigu ríkisins þannig að það er án efa opinbert málefni.

Hæstv. forsrh. talaði einnig um að það væri skammur tími fyrir hæstv. samgrh. að afla þessara upplýsinga. Ekki veit ég betur en það sé búið að gera alla samninga við yfirmenn hjá Pósti og síma. A.m.k. hafa þær upplýsingar komið frá hæstv. ráðherra. En það sem er aðalmálið í þessari umræðu er að það verður að koma skýrt fram hvaða stefnu ríkisstjórnin ætlar að hafa í framtíðinni um upplýsingar af því tagi sem óskað var eftir hér um hlutafélög í eigu ríkisins. Það kom ekki fram hjá hæstv. forsrh. hvaða stefnu hann hygðist hafa. Mun hann svara upplýsingum sem kallað verður eftir hér á Alþingi um hlutafélög í framtíðinni? Við erum að fjalla um ýmis mál þar sem verið er að breyta ríkisfyrirtækjum í eigu allra landsmanna í hlutafélög og það verður að verða ljóst öllum, og það er skýlaus réttur okkar, hvor rétturinn er sterkari, réttur hluthafans eða réttur þingmannsins til að kalla hér eftir upplýsingum. Það verður að koma ljóst fram og það er rétt að hæstv. forsrh. hefur ekki upplýst okkur um það hvor hafi haft á réttu að standa hér, hæstv. viðskrh. í umræðunni um bankamálin eða samgrh. í svari mínu við skriflegri fyrirspurn um Póst og síma. Þeir eru greinilega á öndverðum meiði um málið en samkvæmt lögum ber að gefa þær upplýsingar sem óskað var eftir hjá hæstv. samgrh.

[14:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði hér að það er til bóta að láta gera lögfræðilega greinargerð um þessa hluti vegna þess að það er að færast í vöxt að eignarform ríkisins sé með öðrum hætti en áður hefur verið og því sé það til stórra bóta og æskilegt og ég skal stofna til þess að gerð verði greinargerð sem menn geti á byggt og treyst um hvernig málum er þá komið þegar rekstrarform og eignarhaldsform ríkisins á fyrirtækjum hefur breyst.

Ég vakti athygli á því í svari mínu að það kunna að vera örlítið mismunandi úrlausnir í máli þessu eftir því hvort ríkið á eitt allt hlutaféð eða ríkið á hlutaféð með öðrum. Það gefur auga leið. Ríkið gæti átt 1% hlutafjár. Skyldi sá hlutafjáreigandi, ríkið og þingmennirnir í gegnum það, eiga miklu meiri rétt heldur en hinir hluthafarnir, 99%? Það er enginn vafi á því að ef það er kominn blandaður réttur, þá eiga hluthafarnir allir sama rétt, það er jafnræðisreglan sem gildir. Og við erum að breyta þessum fyrirtækjum, eignarforminu, í hlutafélög til þess að gera þeim kleift að starfa á samsvarandi grundvelli og einkafyrirtækin. Það er hugsunin, það er mergurinn málsins í öllu þessu dæmi.

Á hinn bóginn telji þingið, löggjafinn að framkvæmdarvaldið fari að með einhverjum hætti sem ekki sé heppilegt, þá er kjörið tækifæri til að breyta reglum sem gilda um þessi félög og hafa þá sérreglur um hlutafélög sem ríkið á algjörlega eða verulegan hluta í, meiri hluta eða verulegan hluta, ef menn kjósa það. En þá eru menn heldur ekki að ákvarða að þessi fyrirtæki skuli vera jafnsett öðrum fyrirtækjum á einkamarkaði. Menn verða að vita nokkurn veginn hvað þeir eru að gera í þessum efnum. Þannig að ég tel ekki, svo að ég svari spurningunni sem ég átti ósvarað, nauðsynlegt að breyta stjórnarskrá eða þingskapalögum. En vilji menn hafa aðrar reglur þá breyta þeir lögunum um þessi fyrirtæki og eins og bent hefur verið á eru lög um bankana hér til umræðu o.s.frv.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 757.

[14:08]

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni var ástæðan sú að hæstv. umhvrh. var ekki viðstaddur umræðuna og ég undrast það að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa tryggt það að geta verið viðstaddur alla þessa umræðu, svo mjög sem umhverfismálin snerta það stóriðjuver sem hér er rætt um og frv. liggur fyrir um. En það er líklega rétt, virðulegur forseti, að ég lesi hér upp smátexta, sem mætti kannski vera texti dagsins, en hann má lesa í skýrslu sem umhvrn. gaf út 1995 undir fyrirsögninni Ástand og þróun umhverfismála. Þar stendur, með leyfi forseta, og ég bið hv. þingheim að taka eftir þessum orðum, þessum texta dagsins:

„Lögð er áhersla á að Ísland verði um næstu aldamót fyrirmynd annarra vestrænna ríkja í umhverfismálum eða með öðrum orðum að Ísland verði þá án nokkurs vafa hreinasta land hins vestræna heims og ímynd hreinleika og sjálfbærrar þróunar tengist allri atvinnustarfsemi í landinu."

Þetta er eitt meginþema í riti sem umhvrn. gefur út 1995. En það er dálítið leitt að líta á þessar yfirlýsingar í ljósi þess sem hér er lagt fyrir og þess máls sem við ræðum hér og fleiri mála þeim skyldum sem því miður vekja ekki vonir um að ráðuneyti umhverfismála sé að vinna að því að uppfylla þær eðlilegu kröfur sem til þess eru gerðar og að standa við yfirlýsingar sem frá því hafa komið.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að niðurstaða meiri hluta umhvn. sem liggur fyrir hér í skýrslu veldur mér og vafalaust mörgum fleirum miklum vonbrigðum. Það var að frumkvæði fulltrúa úr meiri hluta umhvn. að nefndin tók málið til sérstakrar athugunar og það var þakkarvert að gera það. En niðurstaðan er jafnraunaleg sem lesa má í áliti meiri hlutans: „Það er ekkert við þetta mál að athuga." Það er ekkert við málið að athuga. Það er skrifað upp á þetta í hólf og gólf og síðan eru svona fáeinar slaufur um að hér þyrfti að verða myndarleg stefnumótun í umhverfismálum og menn eru að rétta fram boð um það að taka þátt í að fara nú loksins að móta stefnu í þessum málum.

Það er eitt sem vekur athygli í nefndaráliti meiri hlutans, virðulegur forseti, og ég leyfi mér að vitna til, með þínu leyfi:

„Skiptar skoðanir [stendur þar] komu fram í nefndinni hversu ákjósanleg staðsetning álversins á Grundartanga væri en enginn taldi hana beinlínis hættulega." En þá væntanlega óbeinlínis.

Þessi texti og þessar áhyggjur eru komnar úr meiri hluta umhvn., hefði vafalaust getað fengið góðan stuðning frá þeim sem skila hér minnihlutaáliti ef eftir hefði verið leitað. Þetta vekur athygli. En ég ætla ekki að eyða meiri tíma í það, virðulegur forseti.

Ég sagði í andsvari í morgun að málafylgja stjórnvalda í sambandi við undirbúning þessarar álbræðslu væri einhver hin sóðalegasta embættisfærsla sem ég hef orðið vitni að og það ekki einangrað við umhvrn. Er vissulega af allmörgu að taka í Stjórnarráðinu og gerðum þess á undanförnum árum sem ég tel mig hafa sæmilegt yfirlit yfir. Og ég ætla hér að nota mínar mínútur að þessu sinni öðru fremur til þess að vísa á við hvað er átt þgar svo stór orð eru mælt úr þessum ræðustól.

Ég tel, virðulegi forseti, og við sem myndum minni hluta í umhvn. varðandi það álit sem liggur fyrir þinginu og dreift var í dag, að það verði að teljast vafasamt að við mat á umhverfisáhrifum hafi verið farið að lögum. Og það er fyrst og fremst þáttur Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar sem við er átt þegar þessi orð eru mælt því að öll sú málafylgja og allt það upplegg er með þeim hætti að það er siðlaust frá upphafi til enda og hlýtur að þurfa athugunar við hvort þessi málafylgja stenst lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég spyr hv. þingheim: Hvernig telja menn það geta viðgengist og verið réttlætanlegt að skrifstofa, sem lýtur stjórn iðnrn. og Landsvirkjunar gangi að fullu og öllu inn í hlutverk framkvæmdaraðilans Columbia Ventures Corporation, áður Aluminium Corporation, gangi inn í hlutverk þessa framkvæmdaraðila samkvæmt lögum, gerist þar athugasemdaaðili og kæruaðili, umsagnaraðili um kærur annarra o.s.frv. en lögin heimila varðandi framkvæmdaraðila, tekur að sér að borga uppleggið alveg í heild sinni? Eina skilyrðið eru 24 millj. kr. samkvæmt upplýsingum sem umhvn. fær sem þessi markaðsskrifstofa reiðir af höndum varðandi undirbúning málsins, þar á meðal greiðslu fyrir mat á umhverfisáhrifum upp á um 8 millj. kr. og eina skilyrðið, eini möguleikinn á endurgreiðslu eru þessar 8 millj. af 24, skilyrt ef álbræðslan rís á Grundartanga. Halda menn að það sé forsvaranlegt með tilliti til m.a. 2. og 9. gr. laga nr. 63/1993 að svona sé haldið á málum fyrir utan það að aðili sem á að vera ráðgjafaraðili stjórnvalda og Landsvirkjunar varðandi samninga um orkusölu, gerist sérstakur handlangari þess sem á að kaupa orkuna og sé háður honum hagsmunalega eins og hér blasir við og einnig fjárhagslega? Ég bið hæstv. ráðherra um að reyna að réttlæta þennan subbuskap sem hér liggur fyrir og ég er viss um að það eru margir sem bíða eftir svari við því af hálfu jafnt hæstv. umhvrh. og iðnrh.

Þá kemur að hlut umhvrh. í sambandi við matið á umhverfisáhrifum sem verður til með þeim hætti sem ég nefndi hér. Matið er unnið eða lagt upp í hendurnar á embætti Skipulags ríkisins, skipulagsstjóra, sem kveður upp sinn úrskurð í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og þess sem fyrir liggur í skýrsluformi í nafni framkvæmdaraðilans og heimilar framkvæmdina með mörgum skilyrðum. Þessi úrskurður er kærður af líklega sjö aðilum og sú kæra er í höndum hæstv. umhvrh. Slíkar kærur ganga til hans samkvæmt lögunum. Og hvað gerir umhvrh.? Hann fellst á allar kröfur framkvæmdaraðilanna, Landsvirkjunar og markaðsskrifstofunnar fyrir hönd hins erlenda fyrirtækis og heggur í spað niðurstöðu, úrskurð skipulagsstjóra ríkisins sem að mínu mati er byggður á vandaðri vinnu af hálfu þess embættis þar sem embættið reyndi að verja sig gagnvart þessu gerræði af hálfu ráðherrans með því að vísa til þess. — Ég leyfi mér að vitna hér til umsagnar sem kom inn í kæruferlið gagnvart umhvrn. af hálfu skipulagsstjóra þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er mat embættis skipulagsstjóra ríkisins að ekkert nýtt hafi komið fram er breyti fyrri úrskurði embættisins. Mikilvægt er að litið sé á úrskurð skipulagsstjóra sem eina heild. Verði skilyrðum breytt og/eða þau alfarið felld úr gildi breytast forsendur úrskurðar sem kallað gætu á endurskoðun á málinu í heild."

Ekkert er hlustað á þetta. Hæstv. umhvrh. gerist handlangari framkvæmdaraðilanna í þessu máli og félaga síns, iðnrh., til þess að þrýsta fram þessari framkvæmd sem þannig er staðið að varðandi þennan grundvallarþátt, matið á umhverfisáhrifum. En þar er ekki allt með talið.

Hæstv. umhvrh. gerir sig beran að því á þeim tíma sem málið er til meðferðar stjórnskipulega að gefa út og verja reglugerð sem markar meðferð þessa máls, starfsleyfisins, gefur út reglugerð sem reynist vera lögleysa og ráðherrann neyðist til að draga reglugerðina til baka eftir að umsagnarfresti lýkur, 22. janúar, en umsagnarfresti lauk 13. janúar. En þá tekst ekki betur til en svo að hin nýja reglugerð að því er mér virðist er heldur ekki í samræmi við lögin. Ég ritaði þann 13. mars sl. stjórn Hollustuverndar ríkisins svo sem lagaheimildir standa til bréf þar sem ég óska eftir því að athugasemdir sem ég set þar fram um málsmeðferð verði teknar til úrskurðar hjá stjórn Hollustuverndar ríkisins á grundvelli 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þetta er stóralvarlegt mál, virðulegur forseti. Þessi embættisfærsla, þessi subbuskapur er með þeim hætti að ég hef satt að segja aldrei séð annað eins og ég skil

ekki hvernig hæstv. umhvrh. gengur fram í þessu máli því að ég hafði ekki ætlað annað en ráðherrann væri vandvirkur, vildi vanda sig en lætur slík afglöp henda sig aftur og aftur og auðvitað er öll málsmeðferðin í uppnámi í ljósi þess sem hér liggur fyrir. Hæstv. ráðherra getur að sjálfsögðu ekki sóma síns vegna og vegna stöðu málsins gert annað en að taka alla þessa málsmeðferð upp í heild og væri sæmstur að því að beita sér sjálfum fyrir því að heildarathugun fari fram á þeirri embættisfærslu sem þarna hefur átt sér stað og þeir sem teldust ábyrgir fyrir henni fyrir utan ráðherrann sjálfan væru dregnir til ábyrgðar í sambandi við málið.

Þetta, virðulegur forseti, taldi ég óhjákvæmilegt að kæmi fram í sambandi við þessa umræðu vegna þess að þetta varðar stöðu okkar hér á Alþingi, allra þingmanna en einnig almennings í landinu til þess að koma með eðlilegum og lögboðnum hætti að þessu máli á undirbúningsstigi áður en afgreiðsla fer fram og ákvarðanir eru teknar. Ég harma það, virðulegur forseti, að svona skuli vera gengið til verka og það ber því miður ekki vott um góðan málsstað þegar Stjórnarráðið og hæstv. ráðherrar haga sér með þeim hætti sem hér um ræðir, loka augunum fyrir lagabókstafnum, ætla sér að setja leikreglur í krafti reglugerða sem stangast á við lög, fyrir svo utan það siðleysi sem ég hef rakið varðandi Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og þann ljóta leik sem þar hefur verið leikinn.

Virðulegur forseti. Minni hluti umhvn. hefur gert margar mjög alvarlegar athugasemdir í áliti sínu við fram komnar tillögur að starfsleyfi fyrir álbræðslu á Grundartanga. Ég mun víkja að þeim þætti í nokkrum atriðum síðar við þessa umræðu því að ekki er tími til þess að gera það að umtalsefni frekar í þessari ræðu. En ég vil undirstrika að þar er margt mjög alvarlegt á ferðinni. Það er alveg sérstaklega alvarlegt í ljósi þess sem gefið er í skyn af stjórnvöldum að hér sé gætt ýtrustu aðgæslu í sambandi við mengunarvarnir og meiri hluti umhvn. tekur undir þessar yfirlýsingar af hálfu ráðherranna sem því miður lítil innistæða er fyrir. Þetta er mjög alvarlegt, þegar verið er að flytja þau boð út í samfélagið að hér sé staðið eðlilega að hlutum að því er snertir umhverfishagsmunina og þá um leið framtíð okkar hér á Íslandi um þau efni sem kannski mestu máli skipta og mölur og ryð ættu ekki að fá grandað, þ.e. heilbrigt umhverfi í landinu, verndun þeirra gæða sem verða dýrmætustu gæði fyrir Íslendinga í framtíðinni ef þeir bera gæfu til þess að standa um þau vörð. Og skiptir þá litlu þær krónur og aurar og gullkálfar sem reynt er að reiða fram og er beitt til þess að ryðja úr vegi hindrunum sem settar eru hér upp í góðri trú, jafnt af Alþingi Íslendinga sem annars staðar, leikreglur sem ættu að leiða til annars heldur en þess sem hér stefnir í, því miður. Að þeim þáttum, virðulegur forseti, mun ég koma síðar í umræðunni.

[14:25]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hjá hv. síðasta ræðumanni féllu þung og stór orð. Ég ætla ekki að leggja mat á þau. Það verða ugglaust vegin og metin á réttum stað og réttum tíma. En ég ætla aðeins að hafa nokkur orð um þetta frv. sem hér liggur fyrir og þau verða eftirfarandi, herra forseti.

Í dag ræðum við frv. um álver sem vonandi kemst sem fyrst í rekstur á Grundartanga. Ég er sáttur við hvernig unnið hefur verið að málum og ég vil óska þeim til hamingju með árangurinn sem að málinu hafa unnið. Ég eygi von um að atvinnuleysi minnki á Vesturlandi og á landinu öllu og að önnur fyrirtæki, sérstaklega á Veturlandi þar sem atvinnuleysi hefur verið ríkjandi allt að 8% á þéttbýlasta svæðinu á undanförnum árum og niður í þetta 4,5% og upp í 5% núna þegar best hefur látið, að þau fyrirtæki eflist þannig að það vandamál minnki.

Það hefur verið baráttumál Alþfl. og margra jafnaðarmanna að atvinnugrundvöllur landsmanna verði styrktur með auknum iðnrekstri bæði stórra og smárra fyrirtækja. Um 20 ára skeið hefur verið leitað eftir því á erlendum vettvangi að fá stóra aðila til samstarfs, en því miður hefur erfiðið verið meira en árangur í því efni. Orð mín í tilefni dagsins verða þessi: Mér finnst birta í atvinnulífi þjóðarinnar með stækkun járnblendifélagsins og byggingu álvers C.V.C. á Grundartanga. Herra forseti. Þetta er nú minn texti dagsins af því að það var verið að ræða um það áðan.

Ég tel, herra forseti, að það þurfi að ríkja raunsæi í þessum málum og í umfjölluninni um álmál. Það er skiljanlegt að fólk sem býr í námunda við iðjuver sem þetta velti fyrir sér áhrifum þess á umhverfið, hættu á mengun o.s.frv. Það er reyndar líka í samræmi við tíðarandann að þeir sem vinna að ferðaþjónustu og bera ábyrgð á henni spyrji spurninga um áhrif slíkra iðjuvera og annarra stórframkvæmda á erlenda ferðamenn og áhuga þeirra á að heimsækja Ísland. Allt þetta er þáttur í almennri umræðu sem á að fara fram í lýðræðisþjóðfélagi. Almenningur hefur núna betri aðgang að upplýsingum um margvísleg málefni en áður, sem betur fer, og þátttaka hins almenna borgara í umræðum og þar með ákvarðanatöku er mikilvæg og á eftir að verða enn þýðingarmeiri.

Eins og staðan hefur verið í atvinnumálum okkar Íslendinga verður að leita ráða til að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið ef einhver stöðugleiki á að nást eða viðhaldast. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á hvernig fyrir okkur er komið varðandi fiskveiðar, helstu undirstöðu afkomu Íslendinga. Við höfum á 13 ára tímabili, stjórnunartíma fiskveiða eftir núverandi kvótakerfi, getað bætt við, aukið aflann um 30 þús. tonn af þorski. 30 þús. tonn af þorski höfum við getað bætt við. Hvernig er svo staðan með aðra stofna? Grálúðustofninn er þannig að menn eru að ná kannski 400–600 kg á sex tíma togi með margfaldri stærð af trolli á við það sem var fyrir 6–8 árum síðan þegar mest var veitt. Ástandið er þannig að skipstjórar á togurunum óttast ástandið á karfanum á Reykjaneshrygg, að sá afli sem menn hafa gert ráð fyrir eða þeir möguleikar sem menn hafa gert ráð fyrir að ná þar í afla sé nánast horfinn. Ýsuaflinn hefur ekki náðst. Ufsaaflinn hefur ekki náðst. Þess vegna segi ég, það er nauðsyn að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið á Íslandi. Það var nefnilega ekki bara síldin sem hvarf. Það eru þessir stofnar sem ég nefndi sem eru að hverfa.

Herra forseti. Hvað eftir annað á þessari öld hafa Íslendingar upplifað aflabrest á þorskveiðum með öllum þeim afleiðingum sem slíkur aflabrestur hefur. Og jafnvel þó að aflinn hafi verið viðunandi hafði þjóðin getað kynnst því að verðlag á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum gat líka hrunið. Það var ein helsta ástæða, ef menn muna það, kreppunnar sem gekk í garð á árinu 1967 og stóð fram á árið 1969. Reynsla þjóðarinnar var sú og er sú að það er ekki hægt að byggja afkomu okkar eingöngu á fiskveiðum. Þess vegna hefur verið horft til einnar helstu auðlindar landsmanna, orku fallvatnanna. Ég minni á að Einar Benediktsson skáld gerði það reyndar snemma á þessari öld.

Hugsunin að baki samningunum um álverið í Straumsvík var sú á sínum tíma að skjóta fleiri stoðum undir lífsafkomu fólksins í landinu. Þeir samningar lögðu grundvöll að og voru forsenda fyrir fyrstu stórvirkjun á Íslandi, Búrfellsvirkjun og ef menn lesa umræður á Alþingi frá þessum árum, þá kemur í ljós að þá voru einnig uppi, herra forseti, þau sjónarmið að það ætti ekki að byggja slíkt álver, það væri engin ástæða til að byggja stórvirkjun við Búrfell. Ég minni á þetta og segi að það er mjög mikilvægt að menn hugsi þetta til baka. Hvernig værum við stödd ef ekki hefði verið byggð stóriðja við Búrfell? Hvernig værum við stödd ef ekki hefði verið byggð hin mikla stóriðja, Ísal, á Reykjanesi?

Í umræðum um álverið í Straumsvík var því líka haldið fram að erlend stóriðnaðarfyrirtæki væru í biðröð til þess að koma til Íslands til þess að byggja hér stóriðjuver vegna þess að raforkan væri svo ódýr. En hver var svo veruleikinn? Reyndist ekki veruleikinn einhver annar? Í kjölfarið á samningum við Svisslendinga var leitað eftir samningum um byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hvað kom á í ljós? Það sem kom í ljós var að það var enginn, nákvæmlega enginn í biðröðinni, enginn. Niðurstaða varð reyndar sú að fyrirtækið var byggt en íslenska ríkið var meirihlutaeignaraðili og hefur átt stóran hlut í því fyrirtæki síðan, allt fram á það að gerður var samningur fyrir nokkrum dögum um álið.

Við Íslendingar höfum líka kynnst því að sjávarafli er mismunandi og svikull og miklar sveiflur eru reyndar í eftirspurn eftir áli og járnblendi og sömuleiðis eru miklar sveiflur í fiskafurðum. Það er kannski hægt að minna á það að af þeim sökum að miklar sveiflur eru í verðlagi, þá lenti járnblendiverksmiðjan á Grundartanga í miklum erfiðleikum en menn muna það og vita að það tókst með miklum glæsibrag að ráða fram úr þeim vandamálum og stjórnun fyrirtækisins, sem Jón Sigurðsson hefur haft forustu um, hefur jafnan verið til sérstakrar fyrirmyndar í þeim málum.

Það steðjuðu einnig að margvíslegir erfiðleikar varðandi rekstur álversins í Straumsvík eins og annarra álvera í heiminum nú fyrir nokkrum árum eins og menn væntanlega muna vel. Þessi reynsla sýnir okkur og sýndi okkur að það var út af fyrir sig ekki hægt að byggja á því að það væri kannski meiri stöðugleiki í stóriðju en fiskveiðum. En eftir sem áður er mikilvægt að afkoma þjóðarinnar byggist á fleiru en einvörðungu sjávarútvegi. Það kom einnig í ljós að það var síður en svo eins og ég sagði áðan auðvelt að fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta í stóriðju á Íslandi. Það sem nú blasir við og ég fagna sérstaklega er að auk þeirrar stækkunar sem varð á Ísal, þá verður væntanlega byggt álver á Grundartanga og það verður af stækkun járnblendifélagsins. Þetta skiptir miklu máli og það eru mörg störf í húfi. Það má minna á það að afleidd störf eru um það bil tvö og hálft starf á móti hverju starfi sem verður til í þessum fyrirtækjum sem ég var að nefna og það er ekki svo lítið. Þetta er nú veruleikinn þrátt fyrir það að samningamenn Íslands hafi verið á þönum um heimsbyggðina í áratugi til að leita að nýjum samstarfsaðilum. Svona hefur málið verið ef menn vilja ræða það út frá bara þeim einföldu staðreyndum sem blasa við.

Ég held að í þessum umræðum öllum verðum við að láta raunsæið ráða. Við erum með þriggja áratuga reynslu af rekstri álversins í Straumsvík og við vitum að það hafa ekki orðið meiri háttar vandkvæði af völdum mengunar. Ég tel, og það kemur einnig fram í áliti meiri hluta umhvn., að fyrirtækið muni uppfylla þær kröfur sem íslensk stjórnvöld setja og ég tel að séu tryggar.

Mér finnst merkilegt að velta því fyrir sér að það er eiginlega alveg ótrúlegt hversu mikla áherslu forustumenn þessa fyrirtækis sem við erum að ræða um hafa lagt á að kynna sér sjónarmið andmælenda álversins á Grundartanga. Ef ég man rétt, þá óskaði aðstoðarforstjóri þessa fyrirtækis sjálfur eftir fundi með hreppsnefnd Kjósarhrepps. Hann sat, og ég varð vitni að því, á almennum fundi í Leirársveit um málið. Að mínu mati hefur enginn sýnt fram á það enn þá með nokkrum skynsamlegum rökum að það sé sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifum álversins á umhverfi þess. Þau rök sem hafa verið sett fram á þeim vettvangi duga ekki á mig. Það má kannski segja að ég sé rökheldur ef menn vilja það.

Ég vil aðeins koma inn á það að forráðamenn ferðaþjónustu verða líka að horfa á þessi mál af raunsæi. Í fyrsta lagi hefur fjöldi erlendra ferðamanna sem kemur til Íslands margfaldast á þeim þremur áratugum sem álverið hefur verið í Straumsvík og ég hef ekki orðið var við það að sú sjónmengun sem er af álverinu hafi haft áhrif á ferðir þeirra. Ég verð bara að segja nákvæmlega það sama varðandi Kísiliðjuna við Mývatn. Meint sjónmengun af hennar völdum hefur ekki haft, ég hef alla vega engar sannanir fyrir því að að hafi haft áhrif á ferðir erlendra ferðamanna til Mývatns. Auðvitað geta og hafa vaknað ýmsar spurningar varðandi rekstur þess fyrirtækis og rekstur stóriðju, sem betur fer. Ég get ekki séð að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hafi haft áhrif í að draga úr heimsóknum erlendra ferðamanna til Íslands og ég get ekki séð heldur þess vegna, að það sé ástæða til að ætla að álver á Grundartanga hafi einhver önnur og verri áhrif, ég get ekki séð það. Ástæðan er sú að bæði álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga eru byggð í því sem hægt er að kalla þéttbýli. Þar er t.d. Sementsverksmiðjan á Akranesi sem hefur heldur orðið til þess að draga til Akraness ferðamenn en ekki.

Ég man ekki til þess að það hafi nokkur haft orð á því að það þyrfti að fjarlægja hvalstöðina í Hvalfirði vegna þess að hún fældi ferðamenn frá. En við skulum heldur ekki gleyma því að það er mikill fjöldi ferðamanna sem er á ákveðnum áningarstöðum á hálendinu og hann getur og hefur því miður eyðilagt staði. Ég minni á að það hefur ekki alltaf verið skemmtilegt að koma í Landmannalaugar af þeirri einföldu ástæðu að svæðið þolir vart þann mikla fjölda fólks sem þangað kemur. Þar hefur líka verið hægt að tala um sjónmengun, og við þurfum að taka okkur á í þeim málum, jafnvel meiri og verri sjónmengun heldur en þá sem við blasir í Straumsvík eða Grundartanga. Menn hafa lengi haft áhyggjur af því að ekki mætti ganga lengra í Herðubreiðarlindum, svo ég minni bara á nokkur atriði.

Herra forseti. Ég er með meira efni sem ég þyrfti að koma til skila en ég verð að láta það bíða betri tíma því ég má til með að koma örlítið inn á það sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, Hjörleifur Guttormsson, varðandi staðarval. Ég hlýt að ræða það út frá þeirri stöðu sem ég er í, bæði sem sitjandi í umhvn. og aðili að málinu í upphafi þegar bent var á þetta svæði sérstaklega sem hentugt undir stóriðju. Það vill nefnilega þannig til að undirritaður sat í bæjarstjórn á Akranesi þegar í samráði við sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar var tekin ákvörðun um að láta gera skipulag af svæðinu og það var í fyrsta skipti sem ég kynntist því um líku og hafði mikið gagn af og þá var það vegna þess að við vorum búin að gera samantekt, sameiginlega, þessi sveitarfélög á svæðinu, sem við sendum út, við sendum það hreinlega út á erlendan markað til að bjóða fram svæðið sunnan Skarðsheiðar. Það

gerðum við þá. En framhaldið var þetta. Ég vil varðandi svæðisskipulagið, með leyfi hæstv. forseta, fá að segja þetta og lesa það upp að um iðnaðarsvæði á Grundartanga segir svo í skipulaginu:

„Iðnaðarsvæðið á Grundartanga býður að mörgu leyti upp á ákjósanleg skilyrði fyrir frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Flutningsgeta núverandi raforkukerfis til svæðisins er t.d. 300 megawött en járnblendiverksmiðjan nýtir aðeins um 70 megawött. Þá getur núverandi Grundartangaveita flutt mun meira vatnsmagn en nú er nýtt. Hafnaraðstaða er fyrir hendi á Grundartanga sem þjónað getur frekari iðnaðarstarfsemi en þar er nú og stækkun hafnarinnar er mjög auðveld."

Þetta er nánast það sem við höfðum til grundvallar okkar mati á því að við vorum að bjóða fram svæðið, við buðum fram svæðið vegna þess að við sáum hvert stefndi í atvinnumálum árin 1988 og 1989 á svæðinu sunnan Skarðsheiðar.

Enn fremur, herra forseti, þegar tekin er afstaða til stóriðju og orkufreks iðnaðar verður að sjálfsögðu að gæta þess að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og að framkvæmdir séu felldar vel að land og umhverfi. Einnig þarf að líta til þess hvaða félagsleg áhrif starfsemin leiðir af sér.

Sennilegt er að frekar ætti að sækjast eftir minni en fleiri fyrirtækjum, er sagt, minni en fleiri fyrirtækjum. Það hefur bara ekki tekist að finna eitt einasta minna fyrirtæki heldur en þessi sem um er að ræða hér í dag til að koma á þetta svæði. Það hefur bara alls ekki tekist þó að boðið hafi verið gull og grænir skógar. Þess vegna harma ég það sem hér stendur í áliti minni hluta umhvn., með leyfi forseta, varðandi umdeilt og óæskilegt staðarval, þar sem segir að það sé skoðun minni hluta umhvn. að mjög hafi verið hrapað að staðarvali fyrir álbræðslu á Grundartanga og sagt að í því efni beri stjórnvöld mikla ábyrgð o.s.frv. Ég rakti það að sveitarstjórnir sunnan Skarðsheiðar eru fyrstar til að benda á landið undir stóriðju. Það eru til bréf í iðnrn. þar sem íbúar þessa svæðis eða sveitarstjórnir þessa svæðis krefjast þess að álverksmiðjan sem fyrirhugað var á Keilisnesi verði reist á Grundartanga. Það eru til bréf þar að lútandi svo að það getur ekki verið rétt að álykta að það hafi verið hrapað að staðarvalinu eins og hér stendur. Þar var nefnilega gert ráð fyrir stóriðju árið 1988 og það var gert á þann veg að sveitarfélögin sendu kynningarbækling um allt svæðið. Síðan var búið til skipulag af svæðinu og gengið til samstarfs við Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar um að kynna þetta svæði. Það er ekki hrapað að staðarvali. Það getur hugsanlega verið að það finnist betri staður en varla ódýrari til að koma þessari verksmiðju af stað miðað við þær aðstæður sem núna eru.

[14:45]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 478. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 805.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 477. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 804.

Framleiðsla og sala á búvörum, 479. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 806.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 475. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 802.

[14:46]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málflutningur þingmanna og forustu Alþfl. í þessari umræðu er einkar athyglisverður. Það vekur ekki síður athygli hverjir ekki eru hér viðstaddir umræðuna úr þeim þingflokki eins og fyrrv. hæstv. umhvrh. Annaðhvort er hann sammála þessum hv. þm. Alþfl. og formanni hans eða hann kýs að halda sig fjarri og er nú margt gleymt af því sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson reyndi að lyfta hér og tókst ágætlega í ýmsum tilvikum í sinni ráðherratíð.

Það er líka einkennilegt hvernig þessir hv. þm., Sighvatur Björgvinsson og Gísli S. Einarsson, rökstyðja sitt mál hér. Þeir vísa til þess að álbræðslur og járnblendiverksmiðjur séu ekkert verri en frystihús og útgerð og ég man ekki hvað hv. þm. tók hér annað til samanburðar og spyrja: Hvernig hefðu nú málin verið hér á Íslandi ef við hefðum aldrei reist frystihús? Það er svona málflutningur sem er alveg með ólíkindum. En það eru hins vegar alvarlegri mál sem eru í bakgrunni þess sem við ræðum hér. Það eru m.a. alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga varðandi samninginn um loftslagsbreytingar. Sú fabrikka sem hér á að fara að reisa uppi á Grundartanga mun losa samkvæmt mati hæstv. umhvrh. 373.000 tonn á ári af gróðurhúsalofttegundum og auka 13% við það sem losað var árið 1990 sem er viðmiðunarár varðandi alþjóðlega samninga. Við stöndum frammi fyrir því að gerður verði lagalega skuldbindandi samningur um samdrátt þessarar losunar væntanlega fyrir lok þessa árs. Ég spyr talsmenn Alþfl. og þann sem hér talaði síðastur: Hafa þeir engar áhyggjur af þessu máli? Eru þeir eins og ríkisstjórnin að stinga bara hausnum í sandinn eins og fyrir liggur í hennar framkvæmdaáætlun?

[14:48]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson þarf ekki að leggja mér orð í munn um það hvað ég hafi talað hér um frystihús og annað. Ég nefndi ekki eitt einasta frystihús. (**HG:** Það var formaður þinn.) Hann svarar fyrir sig sjálfur, ég svara ekki fyrir hann, hann er maður til þess. En umræðan sem hér er í gangi virðist fara fyrir ofan og neðan garð hjá hv. þm. vegna þess að ég sagði að það væri í samræmi við tíðarandann að þeir sem vinna að ferðaþjónustu og bera ábyrgð á henni spyrji spurninga um áhrif slíkra iðjuvera og annarra. Hvað heldur hv. þm. að ég sé að gera? Ég er að vitna um það hvernig ég tel að rétt sé að umfjölluninni staðið. Ég tel að það sé rétt að það sé almenn umfjöllun um umhverfismál. Við erum ekkert á ólíkri skoðun varðandi það. En ég segi bara það að ég ætla ekki að verða vitni að því að fólk hér á Íslandi, 30 til 40 ára gamlir Íslendingar séu atvinnulausir. Þess vegna stend ég að slíkri uppbyggingu sem hér er í gangi. Og ég treysti því fyllilega að þær varnir sem við höfum uppi dugi. Ég hef ekkert síður áhyggjur af umhverfi á Íslandi heldur en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Ég vil bæta því við að í kafla sem ég ekki komst yfir í ræðu minni sem fjallar um aðvaranir sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar varðandi vatnstökumálin og annað þar tek ég fyllilega undir, ég kom því bara ekki að í minni ræðu og lýsti því hér yfir að ég mundi ræða þau mál þegar tækifæri gæfist til.

[14:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekkert svar, ekki orð um spurninguna um gróðurhúsalofttegundir. Viðhorfið til alþjóðasamningsins, skuldbindandi. Ekki orð, engin skoðun. 30–40 ára gamlir Íslendingar eiga ekki að ganga atvinnulausir. Já, það er alveg rétt það er dapurlegt hlutskipti að vera atvinnulaus í þessu landi. (Gripið fram í.) En er sú atvinnustefna að koma hér

upp fyrirtækjum sem kosta 100 millj. kr. eða þar um bil á starfsmann leiðin til lausnar í sambandi við atvinnusköpun í landinu? Það þurfa margir að segja mér það áður en ég trúi að það sé leiðin til að vinna bug á atvinnuleysi hér á Íslandi.

Ég undrast það, ég undrast þá skammsýni sem fram kemur í máli talsmanna Alþfl. í sambandi við þessi efni. Það er verið að koma hér upp fyrir tugi milljarða kr., eru það ekki á milli 30 og 40, virðulegur forseti, þessari álbræðslu, 60.000 tonna álbræðslu uppi á Grundartanga á sama tíma og ekki er hugsað fyrir því að veita fé til rannsókna- og þróunar í landinu til að sækja í þá möguleika sem kannski geta leyst atvinnuleysisvandann en það á að vera viðfangsefni okkar. Þetta er afar dapurlegt og að þetta skuli koma fram undir merkjum flokks sem kennir sig við alþýðu landsins og ætti að vera framsýnn en ekki að rembast hér við að styðja ákvarðanir sem eru jafntvísýnar og við höfum rætt hér varðandi umhverfi landsins. Ég endurtek spurningar mínar: Hvert er viðhorf þingmannsins varðandi samninginn um loftslagsbreytingar inn í það samhengi sem hér um ræðir, losun á 373.000 tonnum af góðurhúsalofttegundum árlega sem einhvern veginn verður að bregðast við? Á það að gerast með því að skera niður í ferðaþjónustu? Á það að vera með því að parkera bílunum? Á það að vera með því að binda fiskiskipaflotann við bryggjur?

[14:53]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri fróðlegt að fá að vita hvað hv. þm. Hjörleifur Guttormsson leggur til í atvinnumálum Íslendinga. Það væri mjög ánægjulegt að heyra það hvernig hann ætlar að leysa þau mál sem við okkur blasa í þeim efnum. Ég hefði gjarnan viljað heyra nefnd eins og eitt eða tvö mál sem gætu leyst þann aðsteðjandi vanda sem við búum við í atvinnumálum.

Varðandi koldíoxíðmengunina þá hef ég ekkert síður sýnt það hér með minni vinnu á þingi að ég hef áhyggjur af þeim málum og kom hér með athugun sem sýndi að það er hægt með ákveðnum tæknibúnaði að minnka mengun frá ökutækjum. Ég vil þakka hv. þm. fyrir það á þeim tíma að hafa tekið undir við mig í þeim málum. (**HG:** Hvað um álbræðsluna?) Varðandi álbræðsluna þá tel ég að þar séu svo miklir hagsmunir í húfi að við verðum að leita leiða á annan hátt (**HG:** Hvernig?) til að minnka mengun. Ég hef ekki svarið við því hvernig. En ég benti á þá leið að það væri hægt að minnka mengun frá ökutækjum. Það er ugglaust hægt að minnka koldíoxíðmengun á einhvern hátt frá þessum fyrirtækjum. Ég get ekki svarað því. En við eigum að gera okkur grein fyrir því að 120.000 ferðamenn á Íslandi menga líka og það mjög alvarlega, til jafns við eitt álver á Grundartanga. (**HG:** Ekki leysir það málið.) Auðvitað leysir það ekki málið en bent verður á að það sé þangað sem við eigum að snúa okkur með að auka atvinnuna, með því að auka ferðamennskuna þá verða menn að gæta því að það fylgir allri starfsemi einhver mengun, spurningin er bara hvers konar mengun er það. Það fylgir meira að segja manninum, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni ákveðin mengun, eins og mér og öðrum, það er nú svo, við getum ekkert að því gert. En við gerum kannski allt sem við getum til að koma í veg fyrir hana.

[14:55]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Með þessu frv. fer hæstv. iðnrh. fram á heimild Alþingis til að semja um byggingu og rekstur álvers á Grundartanga. En að því hefur verið unnið kappsamlega að undanförnu. Hér er þá komið enn eitt dæmið og staðfesting þess að stóriðjustefna stjórnvalda er síður en svo á undanhaldi. Áhersla á mengandi stóriðju er áhersluatriði númer eitt, tvö og þrjú. Til þess að auka mengandi stóriðju hér á landi eru stjórnvöld tilbúin til að verja miklum fjármunum og fyrirhöfn og þau eru reiðubúin til að slá af kröfum um mengunarvarnir og það er það alvarlegasta í málinu.

Það sem hér um ræðir. þ.e. álver á Grundartanga, er aðeins einn af þeim kostum sem verið hafa í undirbúningi og athugun síðustu ár og sem hafa fengið byr undir báða vængi nú á síðustu mánuðum. Eftir áralangt þóf og margvíslegar misheppnaðar tilraunir til þess að reka endahnút á samninga við erlend fyrirtæki, jafnvel með formlegum undirskriftum undir eitt og annað sem fæstir skildu nú hvaða þýðingu höfðu, er nú eins og brostið hafi stífla. Stækkun álbræðslu í Straumsvík er staðreynd, stækkun járnblendiverksmiðju á Grundartanga blasir við. Nýtt álver á Grundartanga virðist sömuleiðis vera nálægt ákvörðunarstigi. Fréttir herma að enn sé unnið að samningum um álver á Keilisnesi og undirbúningur að magnesíumverksmiðju á Reykjanesi er á fullri ferð. Öll þessi stóriðja og stóriðjuáform kalla svo á miklar virkjanir, mannvirki og spjöll á hálendinu og með þessu öllu saman er unnið af alefli að aukinni losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Og þar með er unnið gegn þeirri stefnu sem flestar þjóðir heims vilja vinna að, þ.e. að draga svo sem frekast er unnt úr losun slíkra lofttegunda og vinna með því gegn þeim loftslagsbreytingum sem margir vísindamenn og stjórnmálamenn telja eina alvarlegustu ógnun við framtíð mannkyns. Það er mikið áhyggjuefni hversu kæruleysislega íslensk stjórnvöld taka á því máli þrátt fyrir undirskriftir á erlendri grundu um hið gagnstæða. Hér þarf algjörlega að snúa við blaðinu. Það þarf viðhorfsbreytingu og skilning á nauðsyn þess að breyta um stefnu í umhverfis- og atvinnumálum, framtíðarhagsmunir eru í veði.

Kvennalistinn hefur alla tíð verið andsnúin mengandi stóriðju og lagt áherslu á atvinnustefnu sem byggist á hreinu og ómenguðu umhverfi svo og á virkjun hugvits og þekkingar. Möguleikar á þessum sviðum eru miklir þótt mér heyrðist að hv. síðasti ræðumaður þekkti ekki neitt til slíkra möguleika. Þeir eru í raun einstakir í heiminum þegar horft er til íslenskrar náttúru og umhverfis ef við berum gæfu til að ganga ekki nær þeirri auðlind í fyrirhyggjuleysi og sókn eftir stundargróða.

Það má því ljóst vera að þingflokkur Kvennalistans styður ekki þetta frv. um heimild til handa iðnrh. að semja um byggingu og rekstur álvers á Grundartanga. Og sú afstaða hefur raunar komið fram á ýmsum stigum þessa máls.

Í janúar 1996 gerðum við miklar athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum þegar sú skýrsla var til umfjöllunar hjá Skipulagi ríkisins og við gerðum einnig í janúar á þessu ári miklar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar ríkisins að starfsleyfi. Og enn má minna á umræðu utan dagskrár hér á Alþingi 28. janúar sl. sem sú sem hér stendur átti frumkvæði að þar sem afstaða okkar og gagnrýnisatriði komu skýrt fram.

Við gagnrýndum vinnubrögð við umhverfismatið og ýmsar fullyrðingar í þeirri skýrslu sem byggjast ekki á nægilegum rannsóknum og sumar reyndar á alls engum rannsóknum. Við bentum sérstaklega á hættuna af loftslagsbreytingum og við bentum á neikvæð áhrif á ímynd landsins og á þann atvinnurekstur sem byggist á hreinu og ómenguðu umhverfi. Við mótmæltum því að í tillögu Hollustuverndar að starfsleyfi

væri miðað við allt að 180 þús. tonna álframleiðslu þegar allt væri óljóst um annað en fyrsta áfanga verksmiðjunnar sem miðast við 60 þúsund tonna framleiðslu. Við bentum á nauðsyn þess að setja skilyrði í starfsleyfi um útlit og ytra umhverfi verksmiðjunnar en vitaskuld skiptir mestu ef af framvæmdum og rekstri yrði, að þá væri miðað við bestu þekktar mengunarvarnir og m.a. töldum við og teljum enn að það beri að setja skilyrði um vothreinsun sem er besta ráðið til þess að draga úr mengun af völdum brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs.

Í athugasemdum okkar kom fram hörð gagnrýni á stefnu stjórnvalda og hvernig staðið hefði verið að undirbúningi sem allur hefur miðað að því að gera sem minnst úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og reksturs á náttúru og umhverfi og við minntum að sjálfsögðu á varúðarregluna sem felst í því að þegar vafi leikur á um áhrif framkvæmda og athafna á náttúru og umhverfi þá ber að túlka þann vafa náttúrunni í hag. Sú hugsun virðist því miður víðs fjarri þeim sem ferðinni ráða.

Í athugasemdum okkar við starfsleyfið bentum við sérstaklega á það sem okkur virtist ljóst af gögnum að engin tilraun hefði verið gerð til þess að meta áhrif stóriðjureksturs á aðra atvinnustarfsemi í nærliggjandi héruðum, svo sem lífræna ræktun, matvælavinnslu og ferðaþjónustu. En það er einmitt sú brotalöm sem í því birtist sem hvað mest hefur sætt gagnrýni á undanförnum vikum og orðið tilefni til margvíslegra andófsaðgerða og m.a. stofnun sérstakra samtaka gegn álveri í Hvafirði eða til stofnunar Samtaka um óspillt land í Hvalfirði eins og þau munu heita.

Sú harða andstaða sem myndast hefur gegn álveri á þessum stað markar nokkur tímamót í þessu efni og er að mínu mati blessunarlega til marks um aukinn skilning á nauðsyn umhverfisverndar og nauðsyn þess að breyta um áherslur í atvinnumálum með tilliti til umhverfissjónarmiða. Viðhorf og sjónarmið eru að breytast í þessum efnum. Fólk er að átta sig á afleiðingum þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið og ég trúi því að þróunin verði áfram á þann veg, hún verði aðeins á einn veg þrátt fyrir mikla eftirfylgni stjórnvalda. Hæstv. iðnrh. vitnaði í sinni ræðu m.a. til skoðanakannana, til stuðnings við sína stefnu en þær skoðanakannanir benda til þess að meiri hluti þjóðarinnar vilji álver og út frá því telur hann sig væntanlega vera að framkvæma vilja þjóðarinnar.

Ég er ekki undrandi á þessum niðurstöðum skoðanakannana miðað við þær áherslur sem hafa verið. Íslensk þjóð hefur verið að kynnast því á undanförnum árum að atvinnuöryggi, sem menn voru farnir að líta á sem sjálfsagðan hlut, er ekki sjálfsagður hlutur. Atvinnuöryggið er brothætt og atvinnuleysisvofan er ekki bara fortíðardraugur heldur þarf að vinna stöðugt að því að halda henni frá en stjórnvöld hafa hins vegar ekki verið ýkja hugmyndarík í þeim efnum og hafa stöðugt hamrað á því sem lykilatriði hvílíkir möguleikar fælust í virkjun þeirrar orku sem í fallvötnum býr og nýtingu hennar sem fyrst og fremst tengist stóriðju. Því hefur verið haldið að almenningi að þar væri bjargræðið og hæstv. iðnrh. telur við hvert tækifæri upp störfin sem skapast við uppbyggingu stóriðju og þannig hefur mönnum nánast verið stillt upp við vegg og stillt frammi fyrir tveimur kostum: Annars vegar hvort þeir styðji það að atvinna verði aukin með uppbyggingu stóriðju eða hins vegar hvort menn vilja að atvinna verði ekki aukin með uppbyggingu stóriðju og fleiri kostir hafa nánast ekki verið í boði.

Það var sama hugsun og viðhorf sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni sem spurði hvernig menn héldu að við værum sett ef ekki hefði komið til álver í Straumsvík. Hann reiknar auðheyrilega ekki með því að við hefðum getað snúið okkur að nokkrum öðrum kostum, bara alls ekki, og það kom fram áfram í máli hans áðan, í þeim orðaskiptum sem áttu sér stað að hann þekkti engin önnur ráð. Þannig er þetta ekki. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að allt annað kæmi á daginn ef fólki væri boðið að velja um uppbyggingu fleiri atvinnukosta. Þá yrði mengandi stóriðja ekki efst á blaði. Auðvitað vilja allir aukna atvinnu, enginn neitar því þegar hann er spurður á þann hátt hvort hann vilji stóriðju þegar það er sett upp þannig eins og það séu engir aðrir kostir. Þess vegna koma þessar niðurstöður.

Hitt er svo annað mál að margir sætta sig við stóriðju sem einn þátt í íslensku atvinnulífi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og það er mála sannast að andstaðan gegn fyrirhuguðu álveri í Hvalfirði byggist á mismunandi forsendum sem má skipta í þrjá meginþætti. Í fyrsta lagi eru þeir sem eru andvígir slíkri starfsemi yfirleitt hér á landi. Í öðru lagi þeir sem einkum andmæla staðsetningu álvers í Hvalfirði og telja það minna skaðlegt og betur komið á öðrum stað. Í þriðja hópnum eru svo þeir sem gagnrýna fyrst og fremst málsmeðferð, hvernig staðið var að undirbúningi og tillögugerð og telja kröfum um mengunarvarnir vera áfátt. Umfjöllun umhvn. laut einkum að síðasttöldu atriðunum. Sú umfjöllun var býsna yfirgripsmikil og gagnleg og ætti að geta nýst m.a. við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum auk þess sem hún skýrir þann þátt þessa máls sem hér er til umræðu fyrir þeim sem um málið þurfa að fjalla.

Ég átti þess því miður ekki kost að taka eins mikinn þátt í þeirri vinnu og ég hefði viljað þar sem ég var utan þings meðan hún fór fram eða svona mestan part, en maður kemur ávallt í manns stað og Birna Sigurjónsdóttir, varaþingkona mín, tók að sjálfsögðu fullan þátt í störfum nefndarinnar og kom öllum gögnum til skila í mínar hendur. Afrakstur allrar þessarar vinnu og umfjöllunar hafa hv. þm. nú fengið í hendur í formi skýrslu á þskj. 796 sem hlýtur að verða nefndarmönnum í hv. iðnn. mikilvæg stoð í þeirri vinnu sem þeirra bíður nú og má segja að hér hafi verið unnin mikil forvinna vegna þess að ég reikna með því að hv. iðnn. hefði beðið um umsögn umhvn. þegar að henni kom að vinna að þessu.

En eins og við mátti búast skildust leiðir nefndarmanna þegar að lokaniðurstöðum kom þrátt fyrir að við séum að ýmsu leyti að mínu mati sammála um gagnrýnisatriði, a.m.k. um mörg þeirra. Þetta er fyrst og fremst spurning um áherslur og hvað menn eru tilbúnir að sætta sig við í þessum efnum. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þessi álit og niðurstöður og mismunandi áherslur. Þær eru handbærar í þessari skýrslu umhvn. Eins og ég hef áður sagt má ljóst vera að þingflokkur Kvennalistans styður ekki þetta frv. Við erum andvígar mengandi stóriðju og höfum verið það alla tíð vegna þess að henni fylgja umhverfisspjöll. Henni fylgir mengun lofts og umhverfis, henni fylgir sjónmengun og landspjöll og við erum andvígar henni vegna þess að hún vinnur gegn öðrum atvinnukostum, öðrum leiðum í þróun atvinnulífs hér á landi. Mengandi stóriðja hefur ómótmælanlega neikvæð áhrif, alveg burt séð frá öllum mengunarvörnum, á þá ímynd hreins og ómengaðs umhverfis sem önnur atvinnustarfsemi byggist á, svo sem ferðaþjónusta, lífræn ræktun og matvælavinnsla. Það er engin spurning að í þeim efnum höfum við sérstöðu. Við höfum enga sérstöðu í heiminum í framleiðslu áls, en

við höfum sérstöðu sem við eigum að byggja á og getum byggt á í atvinnulífinu og þar af nefni ég þessa kosti.

Margir telja að þessar atvinnugreinar, ferðaþjónusta, lífræn ræktun og matvælavinnsla, og mengandi stóriðja geti farið saman og ég er ekki að halda því fram að öll ferðaþjónusta, lífræn ræktun og matvælavinnsla leggist af, falli bara niður en stóriðjan hefur sín áhrif. Hún hefur neikvæð áhrif á þróun þessara atvinnugreina. Hún er hinn sterki og yfirgangssami aðili í þeirra sambúð þar sem aftur á móti ferðaþjónusta, lífræn ræktun og matvælavinnsla hefur engin áhrif á álframleiðsluna. Þetta er okkar viðhorf í þessu efni og andstaða okkar við þessa atvinnustefnu sem byggir svo sterklega á uppbyggingu stóriðju, mengandi stóriðju, markast einnig af því að hún getur ekki talist byggðavæn, það væri nú synd að segja það, heldur steypir landinu nánast upp á rönd. Hún hefur í för með sér staðbundna og tímabundna þenslu á vinnumarkaði vegna framkvæmda og gríðarlegan kostnað að baki hverju starfi, meiri kostnað en í nokkurri annarri atvinnugrein og við leggjum þunga áherslu á aðild okkar að alþjóðlegum samningum um varnir gegn mengun.

Á bls. 7 í þeirri skýrslu sem hér hefur verið dreift, í áliti minni hluta nefndarinnar, sem ég undirritaði ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, eru dregnar saman í stuttu máli niðurstöður okkar. Þær eru síðan ítarlega rökstuddar og ýmislegt fleira reyndar tíundað í framhaldinu. Þar kemur fram sú skoðun okkar að afar illa hafi verið staðið að undirbúningi vegna álbræðslu, það vanti grunnrannsóknir á lífríki og fleiri umhverfisþáttum í Hvalfirði, málsmeðferð hafi verið slæm á flestum stigum undirbúnings. Það er drepið á hlut Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og þátt umhvrn. sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti talsvert áðan. Það kemur fram að tillögurnar taki ekki mið af eðlilegum kröfum í umhverfisvernd. Við gagnrýnum það að starfsleyfi er miðað við þrjá ráðgerða byggingaráfanga og gildistími er mun lengri en hann ætti að vera, mörkin fyrir losun flúoríðs séu of rúm, engin hreinsun ráðgerð á brennisteinstvíoxíði. Það er minnst á aukna losun gróðurhúsalofttegunda sem er gífurlega mikil og aðstöðu Hollustuverndar til eftirlits sem er stórlega ábótavant og fleira er hér tínt til sem ég hef ekki tíma til að rekja nánar. Mörgum finnst kannski rökstuðningur vera of ítarlegur en hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem við verðum að gefa okkur ráðrúm til að skoða vel og vandlega og ég hvet hv. þm. til að gera það svikalaust.

[15:16]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm. sem hér talaði á undan mér út í einstaka atriði í minnihlutaáliti í þeirri skýrslu sem lögð hefur verið fram. Á bls. 11, í 10. lið, segir um ágreining í stjórn Hollustuverndar um starfsleyfistillögur, með leyfi forseta:

„Stjórn Hollustuverndar ríkisins sendi 7. mars 1997 frá sér til iðnrh. tillögur að starfsleyfi eftir að hafa farið yfir fram komnar athugasemdir."

Þetta kemur mér satt að segja á óvart að Hollustuvernd hafi sent frá sér starfsleyfi eða tillögur að starfsleyfi til iðnrn. og ég vildi spyrja hv. þm. hvaðan þessar upplýsingar séu fengnar og hversu traust sú heimild sé og hvort efast megi um trúverðugleika minnihlutaálitsins í ljósi þess ef þetta er ekki rétt. Ég hef ekki haft tækifæri til þess að kanna aðra þætti.

Eins vil ég líka spyrja hv. þm. um 5. lið í athugasemdum með minnihlutaálitinu, um skipulagsmál iðnaðarsvæðisins. Eina orðið sem kemur fram á gagnrýni er að óheppilegt hafi verið að ekki skuli hafa verið samþykkt svæðisskipulag fyrir Hvalfjörðinn allan. Ber svo að skilja þá að þingmaðurinn sé samþykkur og sammála skipulagsferlinu sem ég hélt þó að teldi til umhvrn. og annar hv. þm. hefur í dag haft býsna stór og mikil orð um að stundaði hér subbuskap og ég eiginlega treysti mér varla til þess að hafa öll þau stóryrði eftir sem hann gerði. Ég spyr hv. þm.: Ber að álykta sem svo að að skipulagsmálin og skipulagsferlið sé þar með í lagi eða er hér um misvægi að ræða í minnihlutaálitinu sem sýnir að ekki hafi verið nógu hyggilega eða vel að því staðið?

[15:19]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var vel gert af hv. 11. þm. Reykv. að benda okkur á þessa ritvillu sem hér er, en hann veit jafn vel og við hvaða tíma við höfðum til að skila þessu áliti og þetta er afleiðing næturvinnunnar. Þarna á að sjálfsögðu að standa umhvrh. og verður það leiðrétt í skjalinu þegar það verður prentað.

Það væri ágætt ef hv. þm. gæti bent okkur á fleira en þetta sem hann sér auðvitað að er prentvilla.

Hvað varðar skipulagsmálin sem vísað var til hér, þá mætti sjálfsagt margt fleira koma fram í þessu áliti. Ég held að allt það ferli hafi kannski markast af því að margir hafi ekki gætt að sér að koma á framfæri athugasemdum og mér finnst engin ástæða til þess að gera lítið úr því. Þegar unnið var að skipulagningu iðnaðarsvæðis á Grundartanga, þá reiknuðu t.d. flestir því að þarna væri á ferðinni svæði undir smærri iðnað. Því var breytt á seinni stigum og það hefur verið gagnrýnt harðlega og þeir hafa gagnrýnt það helst sem hafa verið andbýlingar þessa svæðis, ef svo má segja, þ.e. Kjósverjar og Kjalnesingar, þar sem þeir höfðu ekki sömu möguleika til þess að koma að því máli. Það höfum við gagnrýnt að þeir skyldu ekki hafa getað átt hlutdeild í svæðisskipulaginu því þetta kemur þeim svo sannarlega við. En við teljum að Hvalfjarðarsvæðið hefði átt að skipuleggja sem heild en ekki að sleppa þeirra hlut í þessu svæði.

[15:21]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk engin svör við því misvægi sem kemur fram í minnihlutaálitinu um skipulagsþáttinn sem virðist vera samþykktur og lítt eða ekki gagnrýndur og því mikla vægi sem síðan er varið í aðra hluti, svo sem þá að sýna fram á mengun álversins. Ég skora á hv. þm. að koma hér og nefna einhverja þá rannsókn eða einhverjar þær staðreyndir sem ég og þingheimur getur tekið mark á um að þau stóriðjuver sem hér hafa verið starfandi hafi haft skaðvænleg áhrif á lífríkið umhverfis sig. Hér hefur verið starfandi álver við Straumsvík frá 1969 og járnblendiverksmiðja á Grundartanga frá 1979. Það skal viðurkennt að auðvitað hefði mátt rannsaka betur umhverfi stóriðju. Það hefur aðeins ein rannsókn mér vitanlega komið fram sem hefur sýnt fram á skaðvænleg áhrif frá Straumsvík en það er óbirt rannsókn frá 1985 þegar álverið var með minni hreinsibúnað. Annað hefur ekki komið fram. Hvorki hafa menn séð það né getað staðfest það. Við höfum hins vegar rannsóknir sem sýna að kerbrotin valda ekki mengun, að ekki er súrnandi jarðvegur eða grunnvatn umhverfis verksmiðjurnar og gildi þungmálma í

Hvalfirði mælist það sama og allt umhverfis Ísland annars vegar og reykurinn sem kemur frá járnblendiverksmiðjunni Grundartanga er ryk sem ekki mengar meira en venjulegt ryk þó að menn hafi haldið annað.

Með þessu er ég ekki að segja að ekki sé mengun frá stóriðju. Ég tek undir með þingmanninum og ég ítreka þau orð sem ég sagði hér um þá umhverfisstefnu sem þarf að móta og ég er ekki að mæla stóriðju bót með neinum sérstökum hætti. En við skulum heldur ekki í einhverjum trúarlegum hita, eins og virtist koma fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrr í dag, meiða sjálf okkur eða ganga nær okkur heldur en við þurfum í að hefta hér framrás atvinnulífsins. En ég skora á hv. þm. sem hér talaði á undan að leggja fram staðreyndir máli sínu til sönnunar um að stóriðjuverin hafi mengað. Það er ólygnasta niðurstaðan.

[15:24]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. kom einmitt inn á eitt stærsta gagnrýnisatriðið í öllu þessu ferli. Það eru ekki nægar rannsóknir að byggja á og þess vegna eigum við að hafa varúðarregluna í huga, að þar sem vafi leikur á um áhrif framkvæmda og reksturs á náttúru, þá á náttúran að njóta vafans. Það hafa allt of litlar rannsóknir farið fram á lífríki í tengslum við stóriðjuna. (**ÓÖH:** Rannsóknin frá 1968 ... tvisvar á ári.) Tvisvar á ári? Það hafa verið mjög litlar rannsóknir sem hægt er að byggja á og við allt það ferli sem hefur farið fram við undirbúning verksmiðju á Grundartanga þá skortir gjörsamlega á að það séu lagðar einhverjar rannsóknir til grundvallar. Það veit hv. þm. alveg jafn vel og ég. Það var eitt af stærstu gagnrýnisatriðum og athugasemdum þingflokks Kvennalistans við mat á umhverfisáhrifum, þá skýrslu sem Skipulag ríkisins var með til umfjöllunar í janúar á síðasta ári. Og það verður ekki of ítrekað að við eigum að standa miklu betur að rannsóknum og leggja miklu meiri áherslu á allt eftirlit og rannsóknir í þessu sambandi. Það veit hv. þm. og hefur tekið undir í umhvn. að Hollustuvernd ríkisins, sem á að sjá um þessa þætti, er ekki undir það búin, hún hefur ekki aðstæður til þess að gegna því mikilvæga hlutverki sem hún á að gegna í þessu sambandi. Það er mergurinn málsins.

[15:26]

Útbýting þingskjala:

Skotvopn í opinberri eigu, 353. mál, svar dómsmrh., þskj. 783.

Veiðileyfi smábáta, 473. mál, fsp. GE, þskj. 800.

[15:26]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Nýtt álver á Grundartanga mun skapa mikla atvinnu, auka verulega útflutningstekjur og þjóðarframleiðslu og ekki síst snúa við þeirri þróun sem verið hefur á svæðinu sunnan Skarðsheiðar á undanförnum árum en þar hefur störfum fækkað verulega og íbúum að sama skapi. Þess vegna fagna ég þessu frv. og að loks skuli frekari uppbygging á Grundartanga verða að veruleika. Árum saman hefur verið vonast til þess að af þessu yrði og margir aðilar hafa sýnt áhuga á að setja þar upp starfsemi sem því miður hefur ekki orðið. Það hefur reyndar lengi virst vera svo að það væri ekki spurning hvort heldur hvenær yrði af frekari uppbyggingu á Grundartanga og það er eðlilegt að áhugi þeirra sem horfa til iðnaðaruppbyggingar á Íslandi beinist að Grundartanga. Þar er allt til staðar, landrými, góð hafnaraðstaða, raforkuvirki og stutt í gott vinnuafl.

Þá er mér kunnugt um það að þeir erlendu aðilar sem kynnt hafa sér aðstæður á Grundartanga hafa tekið eftir þeim góða vinnuanda sem ríkir í járnblendiverksmiðjunni þar sem samskipti stjórnenda og starfsmanna eru til fyrirmyndar, enda hefur aldrei komið til vinnustöðvunar þar í þau 20 ár sem sú verksmiðja hefur starfað. Einnig hefur fyrirtækið starfað í góðri sátt við umhverfi sitt og hefur mikinn velvilja meðal íbúa í nærliggjandi sveitum og kaupstöðum. Reyndar hafa sveitarstjórnir á þessu svæði lagt mikla áherslu á frekari uppbyggingu á Grundartanga og gert í því að kynna kosti svæðisins. T.d. rituðu þeir páv. iðnrh. bréf í maí 1990 þar sem iðnaðarsvæðið á Grundartanga var boðið til nota fyrir álver sem Atlantsálshópurinn svonefndi hugðist þá reisa hér á landi.

Það má minna á að forráðamenn þessara sveitarfélaga, sveitanna sunnan Skarðsheiðar, sendu frá sér fréttatilkynningu í lok janúar þar sem þeir leggja áherslu á jákvætt viðhorf sveitarfélaganna til staðsetningar álvers á Grundartanga að því gefnu að sjálfsögðu að ekki sé dregið á nokkurn hátt úr kröfum um varnir gegn mengun og að þess verði gætt að framkvæmdir við iðjuver verði felldar að landi og umhverfi.

Það hefur einnig komið fram mikill og ótvíræður vilji hins almenna borgara á svæðinu varðandi byggingu álvers á Grundartanga. Þannig rituðu tæplega 3.000 manns undir áskorun þar að lútandi á lista sem lágu frammi í fjóra daga og skoðanakönnun hefur sýnt yfirgnæfandi vilja íbúa á svæðinu til að álverið rísi. Og hvaða ástæður skyldu nú vera fyrir þeirri miklu áherslu sem fólkið í nágrenni Grundartanga leggur á meiri stóriðju á svæðinu? Ástæðurnar eru fleiri en ein og fleiri en tvær. Það má t.d. nefna að fólki virðist líka vel að starfa í þeim tveimur stóriðjufyrirtækjum sem fyrir eru á svæðinu, þ.e. Sementsverksmiðjunni og járnblendiverksmiðjunni sem sést best á því að meðalstarfsaldur manna er þar mjög hár og helst hætta menn þar ekki störfum nema vegna aldurs eða veikinda.

Þá vegur það sjálfsagt þungt að það vantar nýja atvinnustarfsemi á svæðið. Störfum hefur fækkað jafnt og þétt um langt árabil. Fyrir því eru ýmsar ástæður, m.a. sameining fiskvinnslufyrirtækja og fækkun togara á Akranesi, mjólkursamlagið í Borgarnesi hætti rekstri og hvalstöðin í Hvalfirði hefur ekki verið starfrækt í sjö ár. Þá hefur hefðbundin landbúnaðarframleiðsla dregist mjög saman í sveitunum sunnan Skarðsheiðar og þannig munu t.d. tíu bæir á svæðinu frá Borgarfjarðarbrú að Akranesvegamótum vera án framleiðslu og svo er einnig um 12 bæi af 24 í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Einnig sjá menn fram á að 40–50 störf munu tapast á veitingastöðum í Hvalfirði og á Akraborginni þegar Hvalfjarðargöngin verða tekin í notkun væntanlega á næsta ári. Afleiðingin af öllu þessu er sú að íbúunum í Borgarnesi, hreppunum sunnan heiðar og á Akranesi hefur fækkað um 5–6% á síðustu tíu árum. Það er því mjög mikið hagsmunamál fyrir íbúa suðurhluta Vesturlandskjördæmis að frekari uppbygging verði á Grundartanga. Verði af byggingu þessa álvers og einnig af stækkun járnblendiverksmiðjunnar munu skapast þar hátt í 200 föst störf auk mikils fjölda starfa við þjónustu við þessi fyrirtæki og starfsmenn þeirra. Það er því eðlilegur sá mikli áhugi sem íbúar sunnan Skarðsheiðar sýna þessu máli.

Að sjálfsögðu leggja allir áherslu á að tryggt verði að fyrirtækin uppfylli þær ströngu kröfur sem settar eru um

mengunarvarnir. Til þess höfum við Hollustuvernd ríkisins og hljótum að treysta þeirri ágætu stofnun og þeim sem þar starfa vel til þeirra verka.

Ég held að ótti manna við mengun sé ástæðulaus. Álverið í Straumsvík er í næsta nágrenni við mikið þéttbýli og er ekki að sjá að því fylgi mikil vandamál. Stjórnendur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga hafa lagt mikla áherslu á að starfa í sátt við umhverfi sitt eins og glöggt má sjá á gróðurfari og dýralífi í nágrenninu, enda er það svo að engar mótmælaöldur risu vegna stækkunar þessara tveggja stóriðjufyrirtækja.

Andstæðingar byggingar álvers á Grundartanga hafa nokkuð gagnrýnt það að gengið hafi verið fram hjá almenningi við undirbúning málsins. Ég er því ósammála og tel þennan undirbúning hafa verið í fullu samræmi við gildandi löggjöf og að almenningur hafi átt alla möguleika á að hafa áhrif á málið á undirbúningsstigi. Þessu til sönnunar vil ég rifja upp örfá atriði varðandi undirbúning málsins.

Það var í lok árs 1988 sem forsvarsmenn sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, þ.e. hreppanna fjögurra og Akraneskaupstaðar, fóru þess á leit við Skipulag ríkisins að gert yrði svæðisskipulag sem næði til allra þessara sveitarfélaga. Í framhaldi af því var skipuð samvinnunefnd sveitarstjórnanna og Skipulagsstjórnar ríkisins til að hafa umsjón með verkefninu og réði nefndin Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt til að annast skipulagsvinnuna. Það var síðan í september 1993 sem tillaga að svæðisskipulagi fyrir svæðið var auglýst og lá tillagan frammi almenningi til sýnis í sveitarfélögunum fimm í rúman mánuð. Þegar frestur til að gera athugasemdir rann út 19. nóv. 1993 höfðu borist 19 athugasemdir. Í skipulaginu var síðan tekið tillit til margra af þessum athugasemdum en öðrum hafnað. Það er athyglisvert að í því riti sem samvinnunefndin gaf út um skipulagið er gerð grein fyrir helstu atriðum sem athugasemdir voru gerðar við og þar kemur fram að engin athugasemd hafi borist við iðnaðarsvæði á Grundartanga. Það er einnig athyglisvert að lesa II. kafla greinargerðarinnar með svæðisskipulaginu en þar segir í fyrri hluta kaflans sem fjallar um stóriðju og orkufrekan iðnað, með leyfi forseta:

„Iðnaðarsvæðið á Grundartanga býður að mörgu leyti upp á ákjósanleg skilyrði fyrir frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Flutningsgeta núverandi raforkukerfis til svæðisins er t.d. 300 megawött en járnblendiverksmiðjan nýtir aðeins um 70 megawött. Þá getur núverandi Grundartangaveita flutt mun meira vatnsmagn en nú er nýtt. Hafnaraðstaða er fyrir hendi á Grundartanga sem þjónað getur frekari iðnaðarstarfsemi en þar er nú og stækkun hafnarinnar er mjög auðveld. Samgönguæðar á landi að og frá svæðinu eru greiðfærar þannig að fólk af öllu svæðinu getur auðveldlega notfært sér atvinnutilboð á Grundartanga. Nýr vegur frá Brennimel að Grundartanga mundi gera aðgengið að iðnaðarsvæðinu enn betra. Veggöng undir Hvalfjörð mundu og tengja þetta svæði enn betur höfuðborgarsvæðinu og trúlega gera það að fýsilegasta kostinum fyrir stóriðju og orkufrekan iðnað sem völ er á hérlendis.

Þegar tekin er afstaða til stóriðju og orkufreks iðnaðar verður að sjálfsögðu að gæta þess að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og að framkvæmdir séu felldar vel að náttúrulegu umhverfi. Sennilegt er að frekar ætti að sækjast eftir minni en fleiri fyrirtækjum inn á svæðið þar sem starfsmannafjöldi væri á bilinu 10–50 manns. Hættan á félagslegri röskun er þá minni ef fyrirtækið hætti starfsemi og fjölbreytni í starfsemi hugsanlega meiri."

Í IV. kafla reglugerðarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Gerð er tillaga um að iðnaðarsvæðið á Grundartanga verði stærra en nú er og hafa mörk þess á uppdrætti verið færð til austurs inn í Hvalfjarðarstrandarhrepps. Þetta er gert vegna þess að svæðið hentar vel sem iðnaðarsvæði og þar hefur nú þegar verið varið miklum fjármunum, t.d. í hafnaraðstöðu sem nýst gætu öflugu athafnasvæði mjög vel. Því er gott að tryggja nú þegar möguleika á meira landsvæði fyrir líka starfsemi. Ganga þarf út frá því að mat á umhverfisáhrifum fari fram í tengslum við ákvörðun um ný iðnfyrirtæki."

Við þetta koma sem sagt engar athugasemdir. Það er ljóst að á grundvelli þessa skipulags fellur álverið á Grundartanga vel að þeirri stefnumörkun um þróun sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar sem þarna var mótuð. Það er að vísu sagt að sennilega ætti frekar að sækjast eftir minni en fleiri fyrirtækjum en sagt afdráttarlaust að svæðið verði trúlega fýsilegasti kosturinn fyrir stóriðju og orkufrekan iðnað sem völ er á hérlendis. Það er því alveg ljóst að sú uppbygging sem fram undan er á Grundartanga er í anda þess svæðisskipulags sem íbúarnir höfðu alla möguleika á að gera athugasemdir við en gerðu ekki. Það var því fráleitt gengið fram hjá almenningi við undirbúning þessa máls.

Það hafa komið fram hjá ýmsum, þar á meðal hv. þm. Svavari Gestssyni, efasemdir um staðsetningu álversins og það væri e.t.v. betur staðsett á Keilisnesi. Ég er því ósammála og tek undir það sem segir í því svæðisskipuagi sem ég hef hér vitnað til að Grundartangasvæðið sé trúlega fýsilegasti kosturinn fyrir stóriðju og orkufrekan iðnað sem völ er á hér á landi.

Herra forseti. Ég hef hér farið nokkrum orðum um tvo þætti þessa máls, áhrif álversins á svæðið sunnan Skarðsheiðar varðandi atvinnu og uppbyggingu annars vegar og svo hvernig staðið var að undirbúningi svæðisskipulags og að þar var skýrt gert ráð fyrir frekari stóriðju á Grundartanga. Ég ætla ekki að ræða hér aðra þætti þessa máls. Það kemur til umfjöllunar í iðnn. þar sem ég á sæti og þar verður að sjálfsögðu farið ofan í alla þætti málsins. Eitt af því sem þarf m.a. að skoða er hafnarsamningurinn en drög að honum er fylgiskjal með þessu frv. Það er ákveðinn ágreiningur uppi meðal eigenda Grundartangahafnar sem ég tel að verði að fá niðurstöðu í sem fyrst.

Ég vil að lokum lýsa stuðningi við þetta frv. og vona að framkvæmdir við nýtt álver á Grundartanga hefjist sem fyrst. Ég tel að fyrirhuguð uppbygging á Grundartanga geti skipt sköpum fyrir atvinnulíf og íbúaþróun í sveitarfélögunum sunnan Skarðsheiðar. Ég ítreka það að lokum að ég treysti Hollustuvernd ríkisins til að tryggja að fylgt verði strängustu kröfum um mengunarvarnir.

[15:37]

Útbýting þingskjals:

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 472. mál, fsp. PHB, þskj. 799.

[15:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Allri atvinnustarfsemi fylgir mengun og það hafa hv. þm. sem hér hafa talað á undan mér komið inn á, sérstaklega hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sem lýsti því mjög vel og eins hv. þm. Gísli S. Einarsson. Mengun-

in er í formi efnamengunar, hávaða- og ljósmengunar og sjónmengunar.

Mikið hefur verið rætt um það að ferðamannaiðnaður skaðist vegna þessarar starfsemi, en á það hefur verið bent að ferðamannaiðnaður veldur líka mengun. Hann veldur mengun Við sjáum það t.d. á fjölsóttum stöðum eins og við Mývatn þar sem varla er farandi á sumrin vegna sjómengunar af ferðamönnum og vegna fjölda ferðamanna. Eins Þórsmörk um helgar á sumrin. Það er bara eins og maður sé staddur í miðri borg. Ferðamannaiðnaðurinn er auk þess láglaunaiðnaður. Það er hvergi í heiminum borgað mikið fyrir það að búa um rúm og ég er ekki viss um að Íslendingar ættu að fara inn á þá braut að gera mikið út á ferðamannaiðnað.

Það yrði skemmtilegt verkefni að bera saman mengun af ýmsum þeim atvinnugreinum sem við höfum og meta þá mengunina sem hlutfall af þeim launum sem við fáum í staðinn eða þann arð sem þjóðin fær af þessum atvinnuvegum og þá er ég að nefna sjávarútveg, sem mengar heilmikið með olíum og öðru slíku, landbúnað, sem mengar með áburði og öðru slíku, stóriðju, sem mengar með útblæstri og efnamengun, og svo ferðamenn, sem valda líka mengun, bæði öll þau farartæki sem flytja á til landsins og um landið og svo náttúrlega sú mengun sem leiðir náttúrlega af mannskepnunni sjálfri eins og hér hefur verið bent á. Þetta væri mjög athyglivert og ágætt að fá fram.

Ef við lítum á alþjóðlega mengun, þá er það ljóst að ál er léttara heldur en t.d. járn. Notkun áls í bílum minnkar eldsneytisþörf bifreiðanna og minnkar þar af leiðandi mengun. Þannig að það má rökstyðja að það að nota ál í staðinn fyrir stál minnki mengun um allan heim ef við lítum á þetta sem heimsborgarar, og það eigum við að gera því að mengun virðir ekki landamæri. Það er sem sagt skynsamlegt að nota ál í bíla í staðinn fyrir járn þannig að ef við ættum að velja, þá ættum við heldur að framleiða ál heldur en járn. Síðan er það spurningin hvar álið er framleitt og þá kemur að því að það er miklu skynsamlegra að nota hreina orku á Íslandi sem ekki veldur mengun, þ.e. orkan sjálf, heldur en að nota brennsluorku, þ.e. kol og olíu í öðrum löndum til þess að framleiða þetta sama ál. Það er því ákaflega skynsamlegt ef við lítum á þetta sem heimborgarar að framleiða ál einmitt á Íslandi með þeirri hreinu orku sem við höfum og í samanburði við önnur lönd og eins vegna þess að ál er skynsamlegra í t.d. bifreiðar heldur en stál. Þetta var um mengunina.

Herra forseti. Þegar maður lítur yfir þetta frv., þá er það aðallega fólgið í undanþágum frá íslenskum lögum hvað varðar ýmis ákvæði sem íþyngja íslenskum hlutafélögum. Vil ég byrja á að nefna að það er tekin ábyrgð á efndum Skilmanna- og Hvalfjarðarhrepps, á því að þeir efni samninginn. Það er veitt undanþága frá hlutafélagalögum, sum hver eðlileg um búsetu og annað slíkt. Það eru undanþegnar brunatryggingar og viðlagatryggingar og þetta er til frambúðar.

Svo er undanþága frá skattamálum, ekki aðeins að tekjuskatturinn er negldur í 33%, heldur getur fyrirtækið óskað eftir breytingu ef skattar lækka á Íslandi en þeir munu ekki hækka og þetta er til mjög langs tíma, 20 ára. Ég er hræddur um að margt íslenskt fyrirtækið mundi vilja sjá slíka tryggingu til frambúðar.

Það eru sérstakar reglur um arðinn. Hann er öðruvísi en hjá íslenskum fyrirtækjum og að einhverju leyti skattfrjáls, fjárfestingarsjóður er líka settur þarna upp og svo er það sem kannski skiptir mestu máli: Fyrirtækið er eignarskattsfrjálst á meðan allir íslenskir einkaaðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, borga eignarskatt, en að sjálfsögðu ekki opinberir aðilar. Það tíðkast ekki að láta þá borga skatta eins og önnur fyrirtæki.

Fyrirtækið er undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi, iðnaðarmálagjaldi, markaðsgjaldi, það er sérákvæði um fasteignaskatt og sérstakur fasteignaskattur er líka felldur niður og settur inn á eitt form. Stimpilgjaldið er 0,15% og jafnvel 0% í staðinn fyrir að innlend fyrirtæki þurfa að borga allt upp í 1,5%, tífalt meira, í stimpilgjald. Það eru sérstök ákvæði um byggingarleyfisgjald, gatnagerðargjald, skipulagsgjald og svo eru felldir niður tollar og vörugjöld. Hversu mörg innlend fyrirtæki, sem standa í endalausu basli og slagsmálum við skattheimtumenn og opinberan eftirlitsiðnað, mundu ekki vilja sjá slíkar reglur? Fjöldamörg. Og svo eru menn hissa á því að innlend fyrirtæki geti ekki greitt hærri laun og skilað meiri hagnaði.

Það eru einmitt undanþágurnar sem þessi erlendi aðili fær sem sýna okkur hvernig búið er að íslenskum fyrirtækjum og hvernig búið er að íslensku atvinnulífi. Það eru þessar kvaðir sem valda því að íslensk fyrirtæki geta ekki borgað hærri laun en þau gera.

Herra forseti. Ég má til með að tala hérna um fjárfestinguna. Það er dálítið skrýtið að vera á löggjafarsamkundu og vera endalaust að tala um „bisniss" svo ég noti nú það ljóta orð. Við erum hér endalaust að tala um bisniss. Það er Landsvirkjum. Við erum að setja reglur um hana og við erum að tala um raforkuverð. Við erum að setja reglur um álverð og talandi um álverð í heiminum o.s.frv. Virkjanir erum við að ákveða. Við erum að setja reglur um banka og selja þá, einkavæða þá eða búa til nýja banka. Við erum endalaust að tala um bisniss. En ég hélt að ég væri hingað kominn til að setja lög. En það er ekki. Og það er alltaf verið að setja sérreglur fyrir þessi opinberu fyrirtæki eða meira og minna hálfopinberu fyrirtæki, sérreglur, undanþágur frá skatti o.s.frv. og við erum nýbúin að setja sérreglur fyrir opinbera starfsmenn varðandi lífeyrisréttindi. Svona erum við alltaf hreint að huga að þessum opinberu fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra og gæta hagsmuna þeirra. Svo er náttúrlega atvinnulífið fyrir utan sem malar niðri í lest einhvers staðar og við erum í yfirbyggingunni og það malar þarna niðri í lest og við vitum ekkert hvað er að gerast þar.

En svo ég snúi mér aftur að fjárfestingunni, aftur að bissnissnum. Hver er fjárfestingin? Heildarfjárfestingin er 32 milljarðar kr. Það er stór upphæð og af því eru 60% á hendi Íslendinga í gegnum Landsvirkjun með ríkisábyrgð. 40% af þessari fjárfestingu á að fást með láni og innlendum og erlendum hluthöfum og svo Columbia Ventures Corporation sem á endanum mun eiga um 8–10% af heildarfjárfestingunni. Þetta er að mínu mati töluvert hættulegt dæmi vegna þess hve bakhjarlinn er veikur.

Af öllum fjárfestingum er ákveðin áhætta. Það þekkja þeir sem hafa komið nálægt raunverulegum bissniss þar sem menn þurfa að taka ábyrgð og standa keikir á bak við sínar ákvarðanir. Þá er ég ekki að tala um opinberar fjárfestingar sem mega fara í hundana eins og Krafla og fleira. Það fylgir því alltaf áhætta og menn þurfa að átta sig á því að það er áhætta í öllum viðskiptum.

Fyrir nokkrum árum var járnblendiverksmiðjan á Grundartanga í verulegum vandræðum. Þar var 700 millj. kr. halli eitt árið ef ég man rétt. Fyrirtæki sem voru eitt sinn gulltryggð fóru á hausinn. Ég nefni þar SÍS, sem á tímabili naut

jafnvel betri kjara á erlendum mörkuðum heldur en íslenska ríkið. Þannig að það sem virðist vera tryggt í dag getur verið ótryggt á morgun og í öllum viðskiptum er ákveðin áhætta og það er kallað „ruin probability" eða gjaldþrotalíkur. Þegar menn fara út í viðskipti eru ákveðnar líkur á að þau viðskipti verði gjaldþrota. Það er svo einfalt. Og á því þurfum við að átta okkur í sambandi við þessa fjárfestingu sem við hv. þm. ætlum að taka ákvörðun um að fara út í. Af því að við stundum hér bissniss.

Trygging liggur ekki fyrir fyrir raforkukaupum. Hún liggur ekki fyrir. Það er ekki tryggt að við getum selt þessa raforku. Ég vil benda á að þær virkjanir sem við erum að fara út í eru jafnmiklar og þreföld Blanda sem malaði í lausagangi, og malar reyndar enn í lausagangi, öllum til armæðu og vandræða og hefur kostað Landsvirkjun óhemju fé í formi vaxta. Hér erum við að taka áhættu um að fara út í miklar framkvæmdir sem hugsanlega geta þá malað í lausagangi og við þurfum þá ef til vill að selja raforku á útsölu ef svo illa skyldi vilja til.

Á það er bent að þessi verksmiðja sé í flokki allra þeirra 25% verksmiðja í heiminum sem framleiða ódýrast. Það ætti að gera okkur dálítið rólegri varðandi þá áhættu sem ég nefndi áðan. Þannig að það þarf ýmislegt að gerast áður en þessi verksmiðja fer á hausinn. Það er þá jákvætt og gjaldþrotalíkurnar væntanlega þeim mun minni. En ég vil benda á það að þegar við förum út í fjárfestingu þá er áhætta og hún er til staðar. Hún fer ekki neitt, það þurfum við að hafa í huga.

Vegna þess hvað fyrirtækið hefur lítinn bakhjarl og hvað þessi fjárfesting okkar er stór hluti af þessu, þá hef ég haft mjög miklar efasemdir um þessa fjárfestingu, sérstaklega eftir að svo virtist sem stækkun járnblendiverksmiðjunnar væri fyrir bí. En eftir að ákveðið hefur verið að stækka hana hefur afstaða mín til þessa máls breyst. Það er nefnilega þannig að þegar við höfum tvö verkefni til að borga raforkuna þá minnkar áhættan aftur. Þá er áhættunni dreift og þá eru minni líkur á því að þau fari bæði á hausinn og eiginlega engar eða mjög litlar. Sérstaklega með það í huga að bakhjarlinn við járnblendiverksmiðjuna er mjög styrkur í dag. Það getur náttúrlega farið fyrir honum eins og SÍS á sínum tíma en hann er styrkur í dag. Ég held að áhættan minnki mikið við það að þarna eru tveir aðilar sem kaupa orku. Vegna þess hafa efasemdir mínar um þessa framkvæmd minnkað þannig að ég styð þetta núna með hliðsjón af því að við erum jú að auka atvinnu.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að við stundum og stuðlum að atvinnusköpun. Við getum ekki horft upp á það af ótta við mengun og annað slíkt að við gerum ekki neitt, hvorki í sjávarútvegi, landbúnaði né í stóriðju eða í iðnaði. Við verðum að velja og hafna og mér sýnist að þessi tvö fyrirtæki eða þetta álver, sé ekki slæmur kostur. Þetta er hátekjuiðnaður. Hann veldur jú mengun en hún er ekki óviðráðanleg.

Það liggur reyndar hér fyrir Alþingi till. til þál. um að athuga nýtingarmöguleika á þessari mengun. Það er jafnvel til möguleiki, efnafræðingar hafa bent á það, að nýta megi mengunina frá álverinu til að búa til eldsneyti sem mengar miklu minna en bensín. Þetta er hlutur sem þarf að kanna, sérstaklega þegar notaður er sá hiti sem þarna er til staðar. Það má vel vera að á endanum, með því að nota hugvit og þekkingu, þá megi snúa dæminu við þannig að þessi svokallaða mengun sem menn óttast svo mikið geti snúist í það að minnka mengun, þ.e. varðandi útblástur.

Við þurfum að huga að því ekki bara að fá stóriðju til landsins heldur að huga líka að þeim fyrirtækjum sem eru í landinu. Við þurfum að fara í gegnum þær undanþágur sem við erum að veita þessu erlenda fyrirtæki og spyrja okkur hvort við getum ekki haft fyrir íslensk fyrirtæki nákvæmlega sömu reglur á sviði skattamála, eftirlitsmála o.s.frv. þannig að við léttum þessum hlekkjum af innlendu atvinnulífi. Það finnst mér vera næsta skref, að fara í gegnum þessi skattalög og eftirlitslög og athuga hvort ekki megi létta einhverju af innlendum fyrirtækjum til samræmis við það sem menn telja sig nauðbeygða til að veita erlendum fyrirtækjum hér á landi til að fá þau til landsins.

En það sem við þurfum fyrst og fremst að gera til að bæta stöðu atvinnulífs á Íslandi er að bæta menntakerfið sem sér atvinnulífinu á Íslandi fyrir vel menntuðu fólki og við þurfum að laga fjármagnsmarkaðinn sem að mestu leyti er í eigu ríkisins, 95% í eigu opinberra aðila eða hálfopinberra aðila og bent hefur verið á að sé mjög mikið helsi á íslensku atvinnulífi. Þetta eru þau atriði sem ég held að við þurfum að snúa okkur að eftir að við erum búin að setja upp þessa stóriðju sem hér er stefnt að.

[15:52]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var eins og oft áður ýmislegt athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal. Ég ætla að nefna þrennt. Það er tvennt í spurnarformi til hv. þm. Það er nú fyrst með þetta þjóðráð sem hefur komið fram hér í till. til þál., það er svona ábending af minni hálfu, varðandi nýtingu á gróðurhúsalofttegundum. Það er auðvitað ágætt ef menn finna upp eilífðarvélina og geta bundið í staðinn fyrir að losa. En ég vil aðeins benda á að þó menn færu í stórfellda framleiðslu á metanóli sem eldsneyti þá er hætt við að það þurfi að brenna því og ef það er gert hér innan lands þá lendir það á okkar reikningi til baka. Þetta er nú svona ábending en við ræðum þessa tillögu þegar hún liggur fyrir.

Það er tvennt sem ég vildi spyrja hv. þm. um. Í fyrsta lagi þetta mat hans í sambandi við minni áhættu þegar tvö fyrirtæki koma saman að því er varðar raforkukaup. Nú eru menn að púsla hér saman orkuframleiðslu fyrir þessar fyrirhuguðu verksmiðjur á Grundartanga úr tiltölulega litlum vatnsaflskostum með því að bæta við allt nema þá Sultartangavirkjun. Ég fæ út af fyrir sig ekki séð að það minnki áhættuna teljandi þó þarna séu tvö fyrirtæki hlið við hlið. Ég vildi fá aðeins nánari rökstuðning fyrir þeirri skoðun því að raforkan verður jú að vera til afhendingar og menn ætla að fara út í þessari virkjanir. Hitt er síðan það sem snertir losun á koltvíoxíði og það sem þingmaðurinn nefndi um að það væri í alþjóðlegu samhengi kjörið að færa t.d. áliðnað til Íslands vegna þess að við byggðum á endurnýjanlegri orku, frá vatnsafli þá aðallega. Þessi framsetning hefur ýmsar hliðar. Ég vil aðeins vekja athygli á því að hugmyndin (Forseti hringir.) um skipti á kvótum eða leyfum varðandi gróðurhúsalofttegundir hefur ekki fengið mikinn stuðning að því ég veit, t.d. engan frá Evrópusambandinu, að slíkt verði virt okkur til frádráttar í sambandi við losun Íslands á þessum lofttegundum.

[15:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi tel ég mig ekki hafa fundið upp eilífðarvélina þó við búum til metanól með hjálp vetnis úr

koldíoxíði eða kolmónoxíði sem er líka hægt að framleiða og minnka orkukostnaðinn enn frekar, heldur kæmi metanólið í staðinn fyrir bensín sem við brennum í dag. Við gætum notað þetta metanól á bíla okkar og þar með minnkað mengunina, þ.e. minnkað það að flytja inn orkugjafa sem menga í staðinn fyrir að nota þá mengun sem til er, breyta henni, breyta um form á henni. Svo er líka hugsanlegt að við gætum flutt út metanól þó að það sé kannski lengra fram í tímanum.

Önnur spurning var með minni áhættu. Það er ljóst þegar menn fara út í svona virkjun þá er hæpið að hvort tveggja klikki, bæði álverið og járnblendið. Ef álverið klikkar þá sitjum við jú uppi með sama magn af raforku til sölu og höfum ekki notendur en við erum þá með hitt sem við getum selt áfram. Þannig að ef við lítum á heildina þá töpum við ekki nema helmingnum af orkuframleiðslunni sem við erum að fara út í í staðinn fyrir að ef það er eitt sér þá mundum við tapa 100%.

Auk þess sem Elkem er í álframleiðslu og er þarna við hliðina og gæti hugsanlega haft áhuga á að grípa inn í og virkað sem eins konar bakhjarl, þó að það sé kannski langsóttara.

Varðandi skipti á kvótum þá er mengun alheimsfyrirbæri og ég hugsa að menn muni fyrr en síðar fara að hugsa eins og heimsborgarar, að það sé ekki rangt að fara út í það að skipta á kvótum. Það er eiginlega mjög skynsamlegt. Þar hafa Íslendingar heilmikið að bjóða því forfeður okkar hafa gengið svo nærri náttúrunni að við gætum stundað hér uppgræðslu í stórum stíl ef við fengjum til þess styrki frá öðrum þjóðum til að losa þau undan þessum kvótum.

[15:57]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins þetta dæmi um losun á koltvíoxíði í sambandi við þessa ráðgerðu álverksmiðju þá er um að ræða mikið magn, um 370 þús. tonn á ári. Skógræktarátakið og uppgræðslan, ég nefni það hér vegna ábendingar hv. þm., uppgræðslan sem verið er að verja til 450 millj. kr. á nokkurra ára bili til átaks í landgræðslu og skógrækt gefur aðeins $^{1}/_{17}$ hluta af því sem þarna losnar. Þetta segi ég til þess að menn fái eitthvað til samanburðar.

Í öðru lagi að minnka áhættuna frá orkuframleiðslunni. Ef raforkufyrirtækin eru þarna, eru komin og eru til staðar, þá eru menn með umframframleiðslugetu í gangi eða til staðar og búnir að fjárfesta í þessu. Þannig að mér finnst ekki augljóst að það minnki áhættuna. Það getur gert það að einhverju leyti, ég viðurkenni það. Varðandi metanól, þá er það alveg rétt hjá hv. þm. að ef við framleiðum það í einhverjum mæli til nýtingar hér innan lands í staðinn fyrir innflutt eldsneyti þá gagnast það til tekna fyrir okkur og er að því leyti athyglisvert mál. Þetta var til athugunar 1979 þegar ég sat í iðnrn. og var að skoða hlutina eftir gífurlega hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu, en reyndist þá því miður ekki þannig að það væri farið að byggja lengra eða koma með hugmyndir um einhverja stórframleiðslu. En við fórum yfir dæmið og það liggur fyrir úttekt á því frá þeim tíma og vafalaust hefur verið farið yfir það síðan.

[15:59]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 16. þm. Reykv. ræddi, eins og margir aðrir, dálítið um mengun. Hann vék að ýmsum hliðum mengunar eins og menn hafa margir gert á undan honum í anda orðtaksins fræga „svo skal böl bæta að benda á annað verra". Hann t.d. nefndi þá orðsendingu sem barst frá Orkustofnun í hita leiksins þar sem bent var á að mengun af völdum 110 þús. ferðamanna, ef ég man töluna rétt, væri álíka og mengun af 60 þús. tonna álveri. Ég held ég muni nokkurn veginn hvernig þetta var. Það kom reyndar í ljós við athugun að ekki hafði verið haft fyrir því að taka með í reikninginn mengun af flutningum til eða frá álverinu en þeir höfðu sannarlega munað eftir því þegar um ferðamennina var að ræða þannig að það sýnir hugarfarið á bak við. Hann minntist á mengun í sjávarútvegi, mengun í landbúnaði, mengun í ferðaþjónustu og svo sannarlega er mengun og landspjöll af ýmsu því sem maðurinn fæst við. Hv. þm. Gísli S. Einarsson játaði á sig mengun og sagði: Það menga allir. Það er alveg hárétt. Mengun eru landspjöll, það eru umhverfisspjöll af ýmsu sem maðurinn gerir. En það er ekki afsökun, það er ekki fjarvistarsönnun í þessu máli. Við eigum að bæta okkur í öllum þessum atriðum og ég vil spyrja hv. þm. hvað hann vilji gera í þeim efnum. Hvað eigum við að gera t.d. í sambandi við ferðamennskuna? Hefur ekki hv. þm. frétt af því að það eru ný viðhorf í ferðamennsku? Menn vilja leggja meiri áherslu á græna ferðamennsku og fleira í þeim dúr.

[16:01]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég benti einmitt á að það væri mjög mikilvægt að fara að gera sér grein fyrir því hvað mengar mest og hvað skilar okkur mestum hagnaði í launum eða einhverjum slíkum skilningi. Fyrsta skrefið í því að reyna að taka á mengun gæti verið að finna hvar hún myndast, hvar getum við skorið niður án þess að skaða þjóðfélagið. Það getur vel verið að eitthvað allt annað en stóriðja kæmi út úr því dæmi þegar grannt væri reiknað.

En menn vita í sjálfu sér mjög lítið um það eins og kom fram hjá hv. þm. um skilaboðin frá Orkustofnun. Menn vita í sjálfu sér mjög lítið um mengun af ferðaþjónustu, eitthvað meira um mengun af völdum sjávarútvegs og kannski vita menn langmest um mengun af völdum stóriðju þó að ekki séu öll kurl komin til grafar. Mér finnst sjálfsagt að athuga þetta og athuga hvað það kostar að minnka mengunina t.d. af bílafumferð, t.d. með því að rækta upp skóga og annað slíkt. Þetta er verkefni sem við gætum farið út í og þurfum að gera það og ég geri ráð fyrir að þjóðir heims muni gera það í framtíðinni.

Það er verið að tala um að setja mengunarskatta á útblástur og annað slíkt og það er kannski langbesti hvatinn til að minnka mengunina því það mundi stýra allri framkvæmd mannkynsins inn í form sem veldur minnstri mengun ef fundið er út hvað ákveðin virkni veldur af mengun og hún sé skattlögð samkvæmt því.

[16:03]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þurfum að skoða þetta í öllum atvinnugreinum. Ég er sammála hv. þm. í því og ekki bara út frá fjárhagslegum sjónarmiðum, eins og mér fannst vega þungt í hans svari, heldur þurfum við að líta á það fyrst og fremst frá umhverfissjónarmiði því að á því byggist framtíð mannkyns hreinlega að við höfum vit á því að varðveita hreinleika umhverfisins. En það er nokkuð nýtt í sögunni að fram komi áhyggjur hjá hv. þm. af þeim spjöllum sem t.d. ferðaþjónustan veldur. Sú sem hér stendur hefur vakið athygli á því. Allt frá árinu 1984 hef ég flutt tillögur hér og reynt að vinna að því að hið opinbera leggi sitt af mörkum til að vernda náttúru landsins fyrir þeim spjöllum sem óhjákvæmilega geta orðið af ferðamennsku. Það er hægt að lágmarka slíkan skaða með

því að vinna að ýmsum fyrirbyggjandi aðgerðum en því miður hefur Alþingi ekki verið tilbúið til að leggja nægilega mikið af mörkum í því efni.

Ég nefni sem dæmi að í fjárlögum fyrir árið í ár fékkst framlag samþykkt sem svarar til svo sem eins og andvirðis eins eða tveggja háfjallajeppa. Meiri er nú stórhugurinn ekki. Ég fagna því sannarlega ef aukið liðsinni er að fá, t.d. frá hv. 16. þm. Reykv. sem mér heyrðist sannarlega hafa áhyggjur af þessu efni.

[16:05]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér hefur farið fram mjög góð umræða um væntanlegt leyfi fyrir álver á Grundartanga og skýrslu sem umhvn. hefur sent frá sér varðandi staðsetningu álverksmiðju á Grundartanga.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði hér stór orð um stóriðjufyrirtæki yfir höfuð og fannst mér helst á honum að þau væru óalandi og óferjandi hvar sem væri. Ég get ekki verið sammála hv. þm. hvað það varðar og ég held að það hafi margoft komið fram reyndar að eins og fyrirtækið Ísal, sem starfrækt er fyrir sunnan Hafnarfjörð, hefur í gegnum tíðina getað starfað í mikilli sátt við umhverfi sitt og íbúa og með vaxandi rannsóknum komist að lausnum sem hafa dregið úr mengun í þessu álveri niður í það sem best getur talist í heiminum. Það kemur fram eftir rannsóknir flúornefndar að mengun í gróðri í kringum verksmiðjuna er ekki meiri en áður en verksmiðjan tók til starfa. Það finnst mér mjög athyglisvert og sjálfsagt að benda nægilega oft á það til þess að sýna að þetta er ekki eins stórhættulegur atvinnuvegur og menn vilja vera láta ef menn gæta fyllsta aðhalds og mengunarvarna þannig að þær virki á allt sem í kringum það er. Það á náttúrlega einnig við um koltvíoxíð en það hefur einnig komið fram að koltvíoxíð hefur ekki skaðað umhverfi Ísals svo vitað sé.

Það verður samt ekki sagt um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga að hún hafi verið rekin í sátt við íbúana þar, því er nú verr og miður fyrir þá verksmiðju. En það sýnir að hægt er að gera þetta annars vegar í mikilli sátt við íbúana og hins vegar í ósátt og reyna ekki, eins og mér hefur fundist, að viðurkenna þær staðreyndir að ýmislegt hefur farið úrskeiðis í mengunarvörnum í rekstri járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Það hefur komið fram í skýrslum og frá verksmiðjunni sjálfri að mengunarvarnabúnaður verksmiðjunnar hefur verið bilaður svo og svo langan tíma. Miðað við tölur þaðan virðist það hafa verið í 30 mínútur á hverjum sólarhring að meðaltali sem mengunarvarnabúnaðurinn hafi verið í ólagi. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja að einungis hafi farið „púff" í hvert sinn, eins og það var orðað, af reyk út í loftið sem hafi þá varað í nokkrar sekúndur. Ef ég gef mér forsendu hvað þetta púff gæti staðið lengi, t.d. í 20 sekúndur, þá þýddi það 90 slík púff út í loftið á einum sólarhring. Það segir okkur að reykurinn getur verið að liðast yfir verksmiðjunni nánast allan sólarhringinn og í innlögn gæti reykurinn síðan lagst inn fjörðinn og inn í þrönga dali og yfir bóndabýlin í Hvalfirðinum og valdið mönnum á þessum svæðum miklum óþægindum. Þetta eru staðreyndir sem menn hafa orðið að viðurkenna og er ástæða þeirrar miklu mótmælaöldu sem hefur risið hjá Kjósverjum út í þessa verksmiðju.

Það hefur að sjálfsögðu einnig orðið til þess að menn mótmæla álverinu sem til stendur að reisa á sama stað. Þeir lofa því hjá járnblendinu að slík mistök sem þarna hafa átt sér stað gerist ekki aftur og hafa loksins lagt mikið fjármagn í að leysa þetta vandamál þannig að slíkt gerist ekki aftur. Hollustuvernd hefur viðurkennt að þeir hafi ekki fylgst nægilega vel með verksmiðjunni til þess að geta í rauninni sagt hvort þetta hafi verið innan marka eða ekki, en segja að þetta hafi verið langt innan marka en þó hafi það ekki beinlínis verið rannsakað. Við vitum því að þarna hefur skapast ákveðinn trúnaðarbrestur milli fólksins sem býr í nálægð við verksmiðjuna og svo opinbers eftirlits sem er að mínu viti alger forsenda fyrir því að sé í lagi svo við getum rekið slíkar verksmiðjur í sátt og samlyndi við alla.

Þetta er eitt af því sem við getum ráðið við, að halda mengunarvörnum í lagi en til þess þarf eftirlitið að vera í lagi. Til þess þarf líka ásetningur þeirra sem reka slíkar verksmiðjur að vera sá að þetta verði ávallt í lagi. Ég hef ekki beinlínis áhyggjur af því að þetta ætti að gerast, enda höfum við dæmi um að það er hægt að reka slíkar verksmiðjur án þess að þær skaði umhverfi sitt, samanber Ísal.

Það sem ég viðurkenni aftur á móti að skaði umhverfið í þessu tilfelli er staðsetning slíkra stórra mannvirkja í landbúnaðarhéraði. Ég er einn af þeim sem hafa í rauninni haft efasemdir um staðsetningu þessarar verksmiðju í Hvalfirðinum og vil jafnvel taka undir orð annarra, eins og hæstv. ráðherra og fleiri, sem hafa ekki talið að slík framleiðsla, slík verksmiðja, ætti heima í landbúnaðarhéraði. Þessi staðsetning er þó orðin staðreynd. Járnblendiverksmiðjan er þarna og henni verður ekki hnikað úr því sem komið er þannig að við getum ekki gert neitt í því annað en læra af reynslunni og ímynda okkur að við getum komið í veg fyrir að slíkar verksmiðjur rísi víðar á viðkvæmum svæðum. Við sjáum alveg fyrir okkur að staðsetning á þessari verksmiðju þegar búið er að stækka járnblendiverksmiðjuna tvöfalt eða þrefalt og koma nýju álveri fyrir, þá verður þetta gríðarlegur risi í umhverfinu sem við viðurkennum alveg að muni pirra augu þeirra sem unna fagurri og óspilltri náttúru. Því miður hafa sveitarstjórnarmenn sunnan Skarðsheiðar og ríkisstjórnin ásamt öllum þeim sem reynt hafa að laða fyrirtæki til landsins lagt áherslu á að þetta væri ákjósanlegur staður fyrir stóriðju, hafa meira að segja skipulagt svæðið þannig að þarna yrði sett upp stóriðja og boðið stóriðjufyrirtækjum beinlínis að fara þangað með sín fyrirtæki. Engar athugasemdir hafa í raun borist við þetta fyrr en nú og þá að mínu viti of seint til þess að koma í veg fyrir að við reisum þarna álver eða stækkum járnblendiverksmiðjuna. Ég segi því miður en skaðinn er löngu skeður hvað varðar þetta svæði.

Varðandi Columbia-álverksmiðjuna sem á að reisa á þessum stað, þá hafa umhverfisnefndarmenn verið fullvissaðir um það, a.m.k. ég og ég held aðrir í meiri hlutanum, að allur búnaður til varnar mengun vegna þeirrar verksmiðju verði sá besti sem völ er á. Ég hef enga ástæðu til að efast um það. Hann mun ekki verða lakari en sá sem er í Straumsvík nú, jafnvel betri og miðað við þá reynslu sem við höfum af Ísal, eins og ég hef sagt áður, þá skapar starfsemin ekki hættu á umhverfisslysum hvað varðar mengun eða losun hættulegra efna út í loftið þannig að þessu leyti tel ég að hægt sé að gæta þess að íbúarnir þurfi ekki að óttast þann þátt málsins.

Þegar við komum svo að öðrum atriðum sem hafa komið upp í þessari umræðu og eru að sjálfsögðu mjög mikilsverð, þá eru það skuldbindingar okkar á alþjóðavettvangi um losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að við reynum að átta okkur

á því að þar höfum við tekist á hendur stórt verkefni sem við hlaupumst alls ekki undan og hljótum að grípa til allra þeirra ráðstafana sem hægt er að grípa til svo að við getum uppfyllt þau skilyrði. Við vitum að það eru ýmsar leiðir sem hægt er að fara til þess. Skógrækt hefur komið hér fram og menn minnast þess að ríkisstjórnin hleypti af stað átaki í skógrækt núna við síðustu fjárlög. Árangur þess á eftir að koma í ljós en auðvitað eiga menn eftir að fara í mun meiri skógræktaráform heldur en þar koma fram til þess að geta uppfyllt þau skilyrði sem við munum undirgangast á næsta ári.

Frekari mengunarvarnabúnaður á útblástur bifreiða hlýtur að vera mjög ofarlega á listanum og svo hljóta þar líka að vera auknar kröfur um mengunarvarnir í stóriðju, jafnvel umfram það sem við erum að tala um að sé það besta sem þekkist hér í dag og þá meina ég vonhreinsibúnað á þá stóriðju sem við erum þegar með og eigum eftir að leyfa að reisa á þessu landi. Þó svo að Hollustuvernd ríkisins telji ekki nauðsynlegt að setja vothreinsibúnað á þessa verksmiðju vegna þess að hún mengi ekki það mikið, þá taldi Hollustuvernd þó eins og kemur fram víða að ef stóriðja af þessari gerð hefði verið sett upp í Eyjafirði, þá hefði verið nauðsynlegt að setja upp vothreinsibúnað. Ég sé reyndar ekki hvers vegna það er ekki jafnnauðsynlegt í Hvalfirðinum og get fyrir mitt leyti lýst því hér yfir að mér finnst ekki koma til greina að leyfa stækkun á þessari verksmiðju umfram þessi 60 þúsund tonn öðruvísi en að þar verði gert ráð fyrir vothreinsibúnaði. Það mun svo aftur á móti koma í ljós hvort af slíkum framkvæmdum verður en ég held að ef það eigi að fara að leyfa, og það verði staðreynd samkvæmt þeim leyfum sem eru til og menn nýta sér þau, að byggð verði þarna 180 þúsund tonna álver ásamt tvöföldun eða þreföldun á járnblendi, þá er alveg ljóst að sá mengunarvarnabúnaður sem núna er og gæti dugað fyrir þetta litla stærð mun ekki duga þegar farið er út í svona mikla framleiðslu þannig að það hlýtur að verða krafa að vothreinsibúnaður verði settur upp við þessa verksmiðju ef hún á að stækka umfram það sem talað er um í dag.

Umhverfismál og áhrif mengunar á allt líf á jörðinni eru að verða okkur sífellt ljósari og við sem viljum lifa heilbrigðu lífi og ég veit að það vilja allir Íslendingar og njóta náttúrunnar ómengaðrar, viljum gera þær kröfur að atvinnulífið og sá rekstur sem við viðurkennum hér sé með þeim hætti að við getum talið að sómi sé að. Það er því mjög mikilvægt að við náum tökum á þeim mengunarþætti sem snýr að öllum atvinnurekstri landsmanna. Það er því miður ekki hægt að segja að við séum að ná miklum árangri í að auka mengunarvarnir í öðrum atvinnurekstri eins og við fiskiskipaflotann okkar og ekki fyrirsjáanlegt að við getum það á næstunni. Menn hafa ýmsar hugmyndir um vetni og ýmislegt annað sem ég held að flestum sé ljóst að verður ekki á næstu áratugum. Slík framleiðsla mun þar að auki kalla á miklar virkjunarframkvæmdir til viðbótar við þær sem þegar hafa orðið og er ljóst að þær geta ekki nokkurn tíma orðið nógu miklar og stórar að þær mundu fullnægja því að framleiða vetni eða þá orku sem gæti komið í stað þeirrar olíu sem notuð er á fiskiskipaflotann í dag þannig að að því leytinu til er sá draumur sem menn hafa látið sig dreyma um þessa möguleika ekki innan seilingar.

Það er því mikilvægast af öllu að mínu viti að við eflum rannsóknir okkar á þessum sviðum, þ.e. eflum rannsóknir okkar til forvarna og eflum rannsóknir okkar á nýjum leiðum sem geta nýst okkur í þessari baráttu. Til þess þarf að efla allt starf Hollustuverndar ríkisins. Hollustuvernd hefur því miður verið hornreka í fjárveitingum og menn uppgötva það ekki fyrr en seint og um síðir þegar ljóst er, eins og kemur fram varðandi járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, að þó svo að þeir hafi haft allan rétt á því að innheimta þann kostnað sem fellur á stofnunina vegna rannsókna á járnblendiverksmiðjunni, þá hafa þeir ekki einu sinni mannskap til þess að geta sinnt almennum grunnrannsóknum eða venjulegu eftirliti. Þeir hafa ekki neinn til þess þannig að það er ekki nema von að eftirlitið sé þá með þeim hætti sem við höfum því miður orðið að viðurkenna og það er ekkert síður fjárveitingavaldinu sjálfu að kenna, þ.e. Alþingi Íslendinga, að þeir peningar hafa ekki fengist svo að hægt sé að sinna grunnrannsóknum hjá Hollustuvernd ríkisins.

Þeir segja það algert lágmark til að geta sinnt því eftirliti sem nauðsynlegt er nú þegar, að þá þurfi að fjölga starfsmönnum í þeirri deild sem sér um eftirlit um a.m.k. 20 manns þannig að við höfum greinilega sofið á verðinum þegar við horfum á eftirlitsþátt Hollustuverndar ríkisins með þeirri stóriðju og með þeim atvinnurekstri sem við yfirleitt starfrækjum í þessu landi. Á þessu sviði verður því Alþingi Íslendinga, fjárveitingavaldið sjálft, að taka sér tak þannig að efling nauðsynlegs atvinnulífs okkar geti gengið eðlilega fyrir sig og fram í sátt við landið, í sátt við fólkið og í sátt við framtíðina. Eina tryggingin fyrir því að við getum haldið áfram því mikla starfi sem fram undan er til að geta eflt enn atvinnulífið er að sýna í verki hér á hinu háa Alþingi að við ætlum okkur að sinna þessu eftirlitshlutverki.

Það er öllum ljóst að við erum í dag ekki aðeins að tala um álver á Grundartanga. Við erum að tala um magnesíumverksmiðju á Suðurnesjum. Við erum að tala hugsanlega um álver á Keilisnesi og það getur ekki farið hjá því að í þeirri umræðu allri saman komi þessi sömu mál aftur og aftur upp og því verðum við að vera undir það búin að geta tekið á öllum þessum þáttum sem ég hef þegar minnst á, herra forseti.

[16:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst ýmislegt athyglisvert koma fram í máli hv. 10. þm. Reykn. að því er varðar viðurkenningu á þeim vanda sem við blasir í sambandi við þennan stóriðjurekstur sem meiri hlutinn er hér að búa sig í að taka ákvarðanir um að settur verði niður. En mér finnst skorta á að hv. þm. dragi af þessu þær ályktanir sem þarf að gera, þ.e. það þýðir ekkert að vera að vísa vandanum út í einhverja bláa framtíð í stað þess að taka á honum nú. Hann blasir við núna. Það er núna sem átti að taka ákvarðanir um að beita tiltækri tækni til að leysa mengunarvandann eins og að setja upp vothreinsibúnað sem þingmaðurinn nefndi réttilega að þyrfti að koma þarna. Eftir hverju er að bíða?

Nú teflir Elkem auðvitað inn á það að það er enginn vothreinsibúnaður hjá þessari álbræðslu. Þeir hugsa sér að koma með marga ofna upp á Grundartanga og eru að fá tilboð um rjómann úr vatnsaflinu í því skyni. Hvernig ætla menn menn stöðva sig af í þessum efnum? Ég hefði talið að hv. þm. og þingmenn Sjálfstfl. hefðu átt að leggja sig fram við afgreiðslu þessa máls um að stöðva þennan ófarnað sem Framsfl. ber höfuðábyrgð á, í Stjórnarráðinu, að er hér að ganga fram til ákvarðana. Mér finnst að það gæti þó skilnings hjá þessum hv. þm. en það vantar að stíga skrefið.

Síðan er stóra málið sem hv. þm. virðist átta sig á betur en ýmsir sem talað hafa úr stjórnarliði við þessa umræðu. Það

er spurningin um gróðurhúsalofttegundirnar. Það er sú stóra spurning. En hvernig ætlar hv. þm. að réttlæta það, og þetta auðvitað gildir um að aðra sem hér ætla að styðja þetta mál, að hér verði teknar ákvarðanir um þessa gífurlegu losun sem kallar á að það verður að draga saman annars staðar. Þetta gengur ekki upp.

[16:28]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spyr hvernig ég ætli að réttlæta það að þessi mikla uppbygging fari fram þarna og væntanlega með starfsemi sinni auki mjög svo á þann útblástur sem nú þegar er fyrir. Ég var að reyna að lýsa því aðeins að mínar áhyggjur eru náttúrlega miklar yfir því hvað áformin eru mikil. Við erum ekki bara að tala um áform uppi í Hvalfirði. Við erum að tala um áform annars staðar og þess vegna tel ég að ef það verður raunin að við náum ekki þessum markmiðum sem um er talað í alþjóðasamþykktum, þá verðum við að krefjast þess að þessar verksmiðjur setji upp vothreinsibúnað. Það er ekki komið í ljós enn þá að mínu viti hvort við náum þessum markmiðum eða ekki. Eigi að síður er ljóst að við munum fara yfir mörkin með sama áframhaldi. Þess vegna tel ég það einn möguleikann að við áskiljum okkur rétt til þess að vothreinsibúnaður yrði settur upp á þær verksmiðjur sem þegar eru.

Ég skal ekki segja hvernig við gerum það. Ég hef ekki kannað það. En eigi að síður, við setjum lög í þessu landi og við hljótum að hafa allan rétt til þess ef það er eina leiðin sem við getum farið til þess að uppfylla kröfur á alþjóðavettvangi. Aðrar leiðir höfum við rætt og hv. þm. þekkir þær allar jafn vel og ég og hugsanlega miklu betur enda mikill sérfræðingur í öllum þessum málum. En við eigum báðir sæti í hv. umhvn. og þar höfum við rætt þetta lítillega hvað varðar alþjóðasamþykktir og í tengslum við þessar umræður sem hafa farið fram um álverið á Grundartanga, hefur þetta mikið verið til umræðu. Ég sé þetta sem einu leiðina ef við sjáum okkur fara fram úr þessum mörkum, þ.e. að skilyrða vothreinsibúnað á það sem fyrir er.

[16:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vandinn varðandi alþjóðasamþykktir er aðallega tvíþættur. Það sem snýr að loftborinni mengun landa á milli og það sem snýr að brennisteinssamböndunum sérstaklega. Þar höfum við staðfest alþjóðasamning en ekki gerst virkir þátttakendur í honum og það er mjög undarlegt hvernig stjórnvöld haga sér að því leyti, að gerast ekki þátttakendur í þessu. Það snýr að vothreinsibúnaðinum og spurningunni um að draga úr losun á brennisteinstvíoxíði í andrúmsloftið og það er sannarlega mikil þörf á því að spyrna þarna við fótum. En það gerum við ekki með því að veita starfsleyfi fyrir alla áfanga þessarar verksmiðju eins og menn sjá hana í endanlegri stærð, 180 þús. tonn, þrír áfangar. Af hverju ósköpunum eru menn að veita starfsleyfi fyrir alla þrjá áfangana og gera það miklu erfiðara að stöðva sig af að loknum fyrsta áfanga verksmiðjunnar, ef það hugarfar ríkir og það sjónarmið að það beri að gera það af okkar hálfu?

Hitt er síðan varðandi losun á koltvíoxíðið eða gróðurhúsalofttegundunum. Þar eru menn í rauninni varnarlausir, þ.e. varðandi svona rekstur. Þar eru tæpast fyrir hendi aðferðir til þess að draga úr honum í einhverjum teljandi mæli frá áliðnaði. Þar kemur einfaldlega upp spurningin: Ætlum við að nota okkar heimildir samkvæmt alþjóðasamningi, væntanlega lagalega skuldbindandi samningi, sem við höfum í lok ársins miðað við stöðuna árið 1990 til þess að veita nákvæmlega þessum iðnaði svigrúmið? Það er spurningin. Við hlaupum ekkert undan henni. Ég veit ekki nákvæmlega hvað út úr samningunum mun koma, en Íslendingar styðja í samningaferlinu lagalegar skuldbindingar og Evrópusambandið t.d. hafnar algerlega þeirri leið sem íslenska ríkisstjórnin hefur verið að ímynda sér að gæti komið til greina í sambandi við verslun með leyfi á gróðurhúsalofttegundum, enda er það mjög óskynsamleg leið að mínu mati. Ég er því alveg sammála þeim sjónarmiðum að svokölluð „tradable permits" á enskunni, er ekki skynsamleg leið út úr þeim vanda.

[16:33]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson veit þá er starfsleyfið miðað við 180 þúsund tonn en samt sem áður er gert ráð fyrir því að ef um stækkun verður að ræða umfram 60 þúsund tonn þarf að fara fram nýtt umhverfismat. Ég geri ráð fyrir því samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef eftir kannanir í umhvn. að þá gætum við skilyrt t.d. þá stækkun með vothreinsibúnaði þannig að að þessu leyti skiptir kannski ekki máli hvort þetta starfsleyfi er gefið strax út upp á 180 þúsund tonn eða 60 þúsund tonn hvað varðar þennan þátt í hreinsun á verksmiðjunni.

Mér finnst það dálítið spennandi spurning hvort einhver annar atvinnurekstur en stóriðja ætti að fá þetta svigrúm hér heima varðandi alþjóðasamþykktir. Maður veltir því þá fyrir sér hvaða atvinnurekstur það ætti að vera. Við erum búin að fullnýta fiskstofnana þannig að það mun ekki verða þar. Ef eitthvað er þá mun skipum fækka og þau munu stækka. Á öðrum sviðum eins og t.d. í landbúnaði er ekki um auðugan garð að gresja, því miður. Í ferðamennsku verður vaxandi iðnaður en ég álít að þessari svokölluðu mengun sem kemur frá lifandi verum verði hægt að stjórna mun betur en annarri og þó um hv. þingmenn sé að ræða sem lýstu hér yfir mikilli mengun sjálfra sín. Ég held að ef við færum að skoða það grannt hvernig ættum við að nota það svigrúm sem við höfum, þá gæti þetta náttúrlega verið einn kosturinn, þetta er alla vega sá kostur sem við sjáum í stöðunni. (**HG:** Þeir eru þegar fram úr.) Það er eftir því hvernig við bregðumst við mengunarvandamálum frá þessu, hvað við verðum strangir í kröfunum og er ég alveg sammála því að við mættum vera strangari ef eitthvað er.

[16:36]

Ólafur Örn Haraldsson:

Herra forseti. Sú umræða sem hefur farið hér fram í dag hefur væntanlega orðið til góðs og hjálpað þeim sem munu fjalla um frv. þegar það kemur til nefndar. Eins og fram hefur komið þá liggur fyrir vönduð og umfangsmikil skýrsla frá umhvn. og með hana í farteskinu ætti iðnn. að geta tekið afstöðu til þess þáttar.

Meginatriði mengunarmálanna eru þau að við Íslendingar setjum okkur þau markmið sem við erum sammála um að séu nægjanleg og sem við treystum. Og í öðru lagi að þau stóriðjufyrirtæki sem við heimilum hér á landi séu þá innan þessara marka. Eftir vandlega skoðun hjá umhvn. er niðurstaðan sú að þetta sé allt innan þeirra marka sem við getum búið við.

Kröfurnar til mengunarvarna væntanlegs álvers á Grundartanga eru strangari en þær kröfur sem eru gerðar til nýja hlutans í álverinu í Straumsvík og þær eru strangari en þær kröfur sem væntanlega átti að gera á Keilisnesi. Hér er því

um að ræða ströngustu mengunarvarnakröfur sem við höfum sett fyrirtæki af þessu tagi. Vísindamenn okkar, og við þá höfum við í umhvn. rætt, fullyrða að vothreinsibúnaðar sé ekki þörf og að mengunarkröfur til álversins á Grundartanga séu nægjanlegar. Við hljótum að spyrja okkur: Treystum við þessum vísindamönnum eða treystum við þeim ekki? Við í umhvn., alla vega meiri hlutinn, höfum talið að við yrðum að treysta vísindamönnum okkar, bæði heilindum þeirra og þekkingu þeirra til þess að gefa okkur þessar upplýsingar. Við getum ekki gengið gegn þeim og kallað þá annaðhvort ósannindamenn eða hrakið niðurstöður þeirra ef við höfum ekki önnur betri rök. Sú hlálega staðreynd blasir við að um leið og Íslendingar hafa þessa hreinu og góðu orku sem býr í fallvötnum og jarðvarma, þá stöndum við frammi fyrir því að geta ekki nýtt þessa hreinu orku ef við um leið ætlum að útiloka stóriðju sem mengar á borð við álverið á Grundartanga. Ég er ekki að segja að það sé afsökun en það er samt sem áður einföld staðreynd að ál sem framleitt er á Íslandi með þeirri orku sem hér er unnin, þ.e. með fallvötnum að mestu leyti, mengar að mér er sagt tíu sinnum minna en ál sem framleitt er með jarðefnum, þ.e. kolum og olíu. Það gerir í sjálfu sér okkar hlut ekki betri því að auðvitað erum það við sem völdum menguninni. En þegar horft er til málsins í hnattrænum skilningi ber þó að líta til þessara staðreyndar.

Ég hef sagt það fyrr hér í dag að reynsla okkar sjálfra hlýtur að vera ólygnust og við hljótum að líta til þeirra stóriðjuvera sem hér eru starfandi, þ.e. álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að rannsóknir hefðu mátt vera mun meiri. En það hafa þó verið gerðar rannsóknir á flúor frá 1968 í nágrenni álverksmiðjunnar í Straumsvík og niðurstaðan er einföld: Það var veruleg flúormengun frá álverinu enda lét það frá sér um 20–25 kíló á hvert tonn sem framleitt var, enda voru þar engar mengunarvarnir hvað flúor varðar. Núna eftir að mengunarvarnir eru komnar þar í gott lag er flúormagnið 1,2 kg á hvert tonn. Ég endurtek þessar tölur. Allt að 25 kg var það áður en núna er það 1,2. Gert er ráð fyrir því að flúormagnið á Grundartanga verði 0,6, en það álver mun væntanlega eins og önnur ná betri árangri en lágmarksviðmiðunarmörkin segja til um og verðum við að vænta þess að það setji sér þau markmið að verða í 0,4.

Það er hins vegar alveg deginum ljósara og það má ekki lesa mín orð svo, né held ég nokkurs annars sem hér hefur talað í dag, að menn segi: „Það er engin mengun frá stóriðju." Stóriðja mengar. Hún mengar staðbundið og við sem höfum skrifað upp á meirihlutaálitið segjum að sú staðbundna mengun sé fyllilega innan marka. En hún mengar líka í hnattrænum skilningi, hún mengar líka á jarðarmælikvarða og þar höfum við Íslendingar verk að vinna, þ.a. að uppfylla þær skuldbindingar sem við setjum okkur og munum endanlega staðfesta í framtíðinni um losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin hefur lagt fram áætlun um slíkar varnir þó að þær hafi ekki orðið að umræðuefni hér. Þessi umræða má ekki fara þannig fram að menn láti eins og það sé ekki unnið gegn þessu, enda kemur það fram í meirihlutaálitinu að meiri hlutinn hvetur ríkisstjórnina til þess að taka koltvíoxíðmálið föstum tökum.

Fáir hafa komið að þættinum sem snýr að íbúunum sjálfum í Hvalfirði, enda eru mörg af þeim málum og margt af því sem ónáðar menn hvað álverið fyrirhugaða á Grundartanga varðar, hlutir sem ekki koma fyrir í starfsleyfi eða eru lögbundnir til umfjöllunar. Þetta eru mál sem varða ímynd, mál sem varða ásýnd landsins og annað sem varðar tilfinningar fólks. Þetta eru einfaldlega staðreyndir. Þetta eru jafnvel einmitt þeir hlutir sem fólk verður allra sárast út af og setur sig sem allra mest á móti. Samt sem áður er ekki rúm fyrir þetta í löggjöfinni enda eru allir mælikvarðar sem snúa að fegurð, tilfinningum, ásýnd og ímynd, mjög erfiðir viðfangs. Það sem einn telur vera ljótt, þar segir annar að sé búsældarlegt. Hér hefur ekki verið fjallað um það, enda mun tími gefast til þess seinna, hvernig álverið kemur við sumarbústaðaeigendur, hvernig það kann hugsanlega að þrengja að kostum landeigenda og hvaða ímynd og ásýnd blasir við ferðaþjónustu. Þetta eru allt efni sem við hljótum að þurfa að ræða þó svo við finnum ekki mælikvarðann fyrir það í þeim starfsleyfum sem hér eru. Þetta eru einfaldar staðreyndir.

Sú umræða sem hefur verið vakin af íbúunum, ég vil endurtaka það sem ég sagði um það, ég tel að þó hún hafi oft verið byggð á miklum tilfinningum og mönnum hafi verið heitt í hamsi þá hefur sú umræða orðið til góðs. Hún hefur fleygt okkur fram á við, hún hefur veitt stjórnvöldum aðhald og hún hefur vakið okkur til þess að vanda lagasetningu til þess að vanda lagasetningu sem er fram undan og hún er að mörgu leyti, tel ég, grunnurinn að því að verja hagsmuni íbúanna eftir því sem nauðsynlegt er. Þetta er allt af hinu góða og við eigum að fagna þessu. Við eigum hins vegar ekki að játa á okkur einhverjar þær vammir eða skammir eða þá mengun sem við samkvæmt bestu þekkingu okkar vísindamanna og sem við eftir samviskusamlega skoðun í umhvn. höfum komist að að sé innan þeirra marka sem við getum búið við. Við erum ekki sammála, minni hluti og meiri hluti nefndarinnar, hvar eigi að draga þessi mörk. En við erum hins vegar öll sammála því í umhvn. að móta þurfi framtíðarstefnu í umhverfismálum og stóriðjumálum og virkjunarmálum, stefnu sem tekur mið af því að nú eru hraðfara breytingar í viðhorfum almennings á þessu sviði. Þessi umræða öll sem hér hefur orðið og á eftir að verða er einn af þeim steinum sem mun gera þá byggingu traustari.

[16:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var ekta framsóknarræða með nákvæmlega sömu einkennunum og hjá ráðherranum nema að því leyti daprari að hér talar þingmaður sem er formaður í umhvn. þingsins og hefur látið svo í veðri vaka og hefur reynt að koma því á framfæri við almenning í landinu að hann bæri þetta eitthvað sérstaklega fyrir brjósti. Síðan kemur viðkomandi hv. þm. og talar tungum hæstv. iðnrh. í sambandi við þetta: Nýtum upp hina hreinu orku okkar sem fyrst í sambandi við áliðnað og annað þess háttar, það er allt í lagi því þessi iðnaður mengar ekkert til skaða, reynslan er ólygnust, segir hv. þm. Þetta er boðskapurinn. Þetta er alvaran þegar búið er að taka hismið utan af. Þetta er hörmulegt, virðulegur forseti. Það er hörmulegt á þetta að hlýða. Svo er verið að læða því að hér að við séum að leysa eitthvert heimsvandamál með því að flytja þessa gömlu álbræðslu frá Töging í Bæjaralandi hingað upp á landið af því að það mengi tíu sinnum meira að framleiða með kolum. Ég veit ekki betur en þessi Töging-álbræðsla hafi gengið fyrir vatnsafli sem var þarna við hliðina, byrjaði sína starfsemi 1920. (**ÓÖH:** Það var ekki orð sagt um þessa verksmiðju heldur almennt.) Hvað um Elkem? Ætli Elkem, sem er að flytja upp á Grundartanga, sé að flýja undan kolaorku í Noregi? Það er mér ekki kunnugt um. Ég veit ekki betur en þeirra fabrikkur

hafi gengið fyrir vatnsafli. Þetta er slík rökleysa sem hér er fram borin, virðulegur forseti, að undir því er auðvitað ekki hægt að sitja þegjandi. Síðan er reynt að strjúka í leiðinni sumarbústaðaeigendur og þá sem hafa tilfinningar í málinu; jú allt þetta skilur Framsfl. en hann ætlar bara áfram með sína stóriðjustefnu. Það hefðu margir sem töluðu úr þessum stól fyrr á tíð snúið sér við þar sem þeir liggja ef þeir mættu á hlýða.

[16:49]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson bar fram gamalkunnar yfirlýsingar í gamla pólitíska andanum. Ég lagði fram hér ákveðnar staðreyndir og fullyrðingar um mengun umhverfis álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjuna og sagði að engar staðreyndir hefðu komið fram sem sýndu fram á að þar hefði orðið mengun sem ylli spjöllum á lífríkinu. Þessu svaraði þingmaðurinn ekki enda hefur hann engar rannsóknir og engar staðreyndir sem hann getur bent á sem mark er á takandi sem sýna fram á þetta. Hann sagði að ég hefði sagt „reynslan er ólygnust", hér væri um framsóknarmennsku að ræða. Af hverju svarar þingmaðurinn þessu ekki? Af hverju leggur hann ekki á borðið og fram í þinginu staðreyndir sem hægt er að taka mark á? Hvers vegna getur hann ekki, eins og við, tekið mark á þeim upplýsingum sem vísindamenn okkar leggja fram? Trúir hann ekki vísindamönnunum? Telur hann þá ekki heiðarlega eða starfi sínu vaxna?

Ég skora á þingmanninn að gera þetta og upplýsa hvert viðhorf hans til þessa er því ef hann trúir þessum vísindamönnum, eins og ég geri, hlýtur hann að hafa komist að þeiri niðurstöðu að sú mengun sem kemur frá fyrirhuguðu álveri á Grundartanga er innan þeirra marka sem við getum sætt okkur við. Hins vegar eru ýmis mál sem við þurfum að horfa til framtíðarinnar og kemur mjög fram í þeirri gagnrýni sem sett er fram í skýrslu meiri hlutans sem var lögð hér fram. Þar kemur fram mjög mikil gagnrýni í okkar eigin garð, okkar sem ráðum þessum málum þegar til framtíðar er horft. Þar er hvatt til framtíðarstefnu sem taki mið af þeim varnaðarorðum sem ég get ekki endurtekið hér vegna skorts á tíma til ráðstöfunar er.

[16:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Stefnu til framtíðar. Eftir hverju er hv. þm. að bíða? Hann segir að þetta sé allt í besta lagi. Þarf hann þá að breyta því? Af hverju tekur hv. þm. ekki höndum saman með þeim sem vilja standa vörð um íslenskt umhverfi og beita þar m.a. þeirri varúð sem er nú orðið meginleiðarljós í alþjóðaumræðu um þessi mál?

Hv. þm. spyr um rannsóknir. Hvort ég trúi ekki vísindamönnum okkar. Hvað var hv. þm. að gera þessar vikur í umhvn.? Ég varð vitni að því að þar var dregið fram, sem menn máttu vita sem til þekktu fyrir, að það eru einmitt rannsóknir sem hafa verið vanræktar á öllu þessu tímabili. Í fyrsta lagi grunnrannsóknir á lífríki og öðrum umhverfisþáttum til þess að hafa tryggan samanburð til að meta áhrif rekstrar á lífríkið. Og í öðru lagi úttektir á því hvað gerst hefur. Þetta veit hv. þm. að sjálfsögðu. Á þessu bera þeir ábyrgð sem hafa ráðið þessum málum að undanförnu og þeir sem hafa staðið fyrir því að knýja hér fram ákvarðanir um stóriðju án þess að tryggja í leiðinni að fylgt sé eftir bæði upplýsingasöfnun í formi rannsókna sem og eftirliti og þar höfum við stöðu Hollustuverndar ríkisins sem lýsandi dæmi. Hvað á að gera? Ætla menn að bæta úr því? Ekki hef ég orðið var við neinar efndir í þeim efnum. Hvað var gert við síðustu fjárlagagerð? Ekki nokkur skapaður hlutur.

[16:53]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað hv. þm. Hjörleif Guttormsson um að koma með staðreyndir. Engar. Það eina sem þingmaðurinn sagði um þær efnislegu staðreyndir sem ég hef nefnt var að engar rannsóknir hefðu verið gerðar. Það er rétt að það hefur skort grundvallarrannsóknir, en það hafa líka verið gerðar rannsóknir og glöggt er líka auga þeirra sem búa nærri þessum iðjuverum. Fólk sem býr í nágrenni Straumsvíkur og fólk sem býr umhverfis járnblendiverksmiðjuna. Ekkert af þessu vitnar um að þessi iðjuver valdi varanlegum skaða á lífríkinu umhverfis. Það var umhverfis Straumsvík á meðan mengunin var jafnmikil og ég nefndi áðan en síðan er þess ekki vottur, a.m.k. ekki þannig að það komi fram.

Ég ætla að láta það koma fram vegna þess að hér er talað um rannsóknir að í samvinnu við álverið í Straumsvík hefur verið gerð rannsókn frá 1968 og þetta veit þingmaðurinn vel. Frá 1968 hefur verið rannsakað flúormagn umhverfis Straumsvík og það hefur komið í ljós að þau gildi sem fást núna eru þau sömu og voru áður en álverksmiðjan var byggð, svo góðar eru þær mengunarvarnir. Og að vera að vísa þessu á bug með engum rökum, eins og hér var reynt að gera, sú umræða er ómálefnaleg og ég hefði talið að þingmanninum, sem vill láta taka mark á sér sem nákvæmnismanni í þessum efum, hefði verið sæmara að svara þessu og sýna fram á með rökum að ég færi með rangt mál. Hann svaraði heldur ekki spurningum mínum hvort hann tryði íslenskum vísindamönnum sem hafa fullyrt í eyru okkar í umhvn. að þetta sé innan þeirra marka sem við getum sætt okkur við. (**HG:** Hvaða vísindamenn?) Virðulegi forseti. Hér lýk ég máli mínu en við fáum tækifæri til að ræða þessi mál öll betur um leið og ég ítreka að ég þakka öllum þeim sem unnu að skýrslunni með okkur í umhvn. og studdu allan þann vandaða tilbúnað sem að baki þeirri skýrslu býr.

[16:56]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig dálítið merkilegt að lesa þessa skýrslu um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga, þ.e. niðurstöðu meiri hluta umhvn. Því ef álit meiri hluta umhvn. er skoðað felst í því gífurleg gagnrýni á framgang mála. Má segja að í hverjum einasta kafla, því álitið er kaflaskipt, komi fram hjá meiri hluta umhvn. að ekki hafi verið staðið nægjanlega vel að málum. — Ég bið hæstv. forseta að draga frá mínum tíma þann tíma sem hv. þm. þurfa til að spjalla saman. — Ef við tökum t.d. fyrst kafla þar sem fjallað er um virkjun orku og staðsetningu stóriðju þá segir þar, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess og athugunar sem umhverfisnefnd gerði á skipulagi og virkjunarmöguleikum á miðhálendinu síðastliðið haust telur meiri hluti nefndarinnar ljóst að marka þarf heildarstefnu í virkjunar-, stóriðju- og umhverfismálum bæði til lengri og skemmri tíma litið ..."

Með þessum orðum er meiri hluti umhvn. að segja að þetta hafi ekki verið gert. Það hafi ekki verið unninn sú grundvallarvinna sem þarf að fara fram áður en staðsetning stóriðju er ákveðin. Seinna í sama kafla er einnig talað um heildarstefnumótun og mat á umhverfisáhrifum. Þar er gagnrýnt að ekki hafi verið staðið nægjanlega vel að verki.

Um rannsóknir á lífríki í tengslum við stóriðju segir í skýrslunni: „Því miður hafa ekki verið gerðar nægilegar ítarlegar rannsóknir á lífríki í nágrenni stóriðju hér á landi."

Síðan hvað varðar járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga þá telur meiri hlutinn „... nauðsynlegt að líta á mengun frá stóriðju á svæðinu í samhengi." Ekkert af þessu hefur verið gert. Það má reyndar fara í gegnum, eins og ég segi, alla kaflana, þar sem meiri hluti umhvn. telur að ekki hafi verið staðið nægjanlega vel að verki. Engu að síður er niðurstaða meiri hluta umhvn. sú að þær kröfur sem gerðar eru í starfsleyfistillögum fyrir álverið á Grundartanga séu nægjanlegar. Mér finnst útilokað eftir að lesa þetta álit meiri hluta umhvn. að sjá með hvaða hætti nefndin komst þó að þessari niðurstöðu.

[16:59]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. sem hér veitti andsvar hefur lesið skýrsluna enda þótt hún hafi ekki verið tilbúin fyrr en nú í morgunsárið. Þetta er rétt, skýrsla umhvn. er gagnrýnin og hún á að vera gagnrýnin vegna þeirra miklu breytinga sem nú eru að verða og hafa orðið m.a. og þeim hefur hraðað vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um fyrirhugað álver á Grundartanga.

Það er eðlilegt að það sé hlutverk umhvn. að vera gagnrýnin og reyna að marka stefnu eftir því sem hún frekast getur verið. Ég dreg ekkert úr þeirri gagnrýni sem kemur þarna fram og þeim ábendingum þar sem horft er til framtíðarinnar. En við verðum um leið að viðurkenna þau lög og þær venjur og reglur sem við vinnum eftir og sem fyrirhugað álver á Grundartanga og undirbúningur þess er unninn eftir. Það liggur fyrir ákveðið ferli sem á að fara í gegnum hvað skipulags- og mengunarvarnamál varðar og á því sviði hefur ekki komið fram gagnrýni um málsmeðferð í meirihlutaálitinu. Hins vegar er það rétt sem þingmaðurinn segir að meiri hluti nefndarinnar er að hvetja til stefnumótunar þar sem þessir þættir eru teknir til greina sem þingmaðurinn svo ágætlega benti á. Ég ætla ekki að telja þá aftur en þeir eru í skýrslunni.

[17:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt að það er hlutverk umhvn. Alþingis að líta á undirbúning með gagnrýnum augum en það er hins vegar lítið hægt að gefa fyrir þá gagnrýni ef niðurstaðan er sú að það skuli samt verið haldið áfram. Þó að allir þættir undirbúningsvinnunnar hafi verið vanræktir eða illa unnir nema hvort tveggja sé, þá skuli niðurstaðan samt vera sú: Þetta er allt í lagi, haldið áfram. Eðlilegra hefði verið að niðurstaða meiri hluta nefndarinnar, miðað við það orðalag sem er á þessari skýrslu og niðurstöðu nefndarmanna, að meiri hluti nefndarinnar hefði beint því til ríkisstjórnarinnar að staldra við og vinna heimavinnuna og koma síðan með þetta til okkar aftur. Við höfum undirgengist ákveðnar skuldbindingar í alþjóðlegum samningum og með þessu áframhaldi er útilokað, hvað sem líður Suðurlandsskógum og öðrum tillögum sem eru á borðinu hjá ríkisstjórninni, að standa við þær erlendu skuldbindingar.

[17:02]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fæ hvatningar úr öllum áttum að mæla hér til þeirra þingmanna sem hafa veitt andsvar og þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan um gagnrýni meiri hluta umhvn. og þá stefnumörkun sem reynt er að leggja þar fram. En við hljótum þó að spyrja: Hefur verið unnið eftir reglunum, hefur verið unnið eftir lögunum? Ef þingmaðurinn sem veitti andsvar áðan getur sýnt mér fram á að ekki hafi verið farið að lögum eða venjum þá hefði verið eðlilegt að þau sjónarmið hefðu komið fram í umhvn. þannig að hægt hefði verið að taka afstöðu til þess. En meiri hluti nefndarinnar hefur ekki komist að þeirri niðurstöðu og því er meirihlutaálitið með þeim hætti sem hér segir, gagnrýnið, mótar framtíðarstefnu um leið og við föllumst á þann gjörning sem gerður hefur verið með þeim starfsleyfisdrögum sem lögð hafa verið fram og byggð eru á traustum niðurstöðum og upplýsingum sem nefndin hefur aflað sér.

[17:04]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir mjög málefnalega umræðu við 1. umr. málsins og vonast auðvitað til að það muni halda áfram þegar það kemur til umfjöllunar iðnn. þingsins og síðan aftur við 2. umr. Auðvitað er eðlilegt að mönnum sýnist sitt hvað í þessum efnum en ég tel hins vegar að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi verið mjög málefnaleg og varpi líka ágætu ljósi á málið.

Það eru nokkrar spurningar sem einstakir hv. þm. hafa beint til mín við umræðuna. Ég ætla að reyna að svara þeim eftir því sem ég get en tek það fram að þegar málið verður til umfjöllunar í iðnn. verða öll þau gögn sem þingmenn óska eftir að fá þar til umfjöllunar lögð fyrir nefndina og ráðuneytið mun eftir því sem kostur er og óskað verður eftir veita þá aðstoð sem frekast er unnt.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði fyrst varðandi 9. gr. frv. sem snýr að framsalinu, hvað þar væri átt við. Þar er átt við að framsal réttinda og skuldbindingar aðila samkvæmt samningnum eru háð samþykki aðilanna og þá er gert ráð fyrir því, eins og hér er orðað einhvers staðar í grg., að ekki skuli synjað um slíkt samþykki með ósanngjörnum hætti. Þrátt fyrir þetta er fyrirtækinu Norðuráli hf. heimilt að framselja réttindi og skyldur, sem samningurinn er, til fjármálastofnana sem tryggingu fyrir fjármögnun. Út frá því er gengið. En ríkissjóður skal samþykkja framsalið til sérhvers aðila sem um ræðir og þá um leið verði gengið eftir tryggingum í þeim efnum. Ég held að þetta hafi verið eina spurning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hins vegar nokkurra spurninga og lét við upphaf málsins í ljós óánægju sína með að ekki kæmi fram, hvorki í frv. né í framsöguræðu minni, nógu skýr stefna til atvinnumálanna í heild sinni. Það er alveg rétt að ég gerði ekki grein fyrir þeirri sýn sem ég hef um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Íslandi við þessa umræðu og taldi hana kannski ekki alveg rétta vettvang. Hins vegar er ég alveg tilbúinn til þess að fara hér fáum orðum um það núna af því ég var spurður.

Eitt af því er, og það veit ég að hv. þm. Svavar Gestsson veit, að nú hefur Ísland verið að fá hærri lánshæfiseinkunn að mati erlendra lánastofnana heldur en nokkru sinni fyrr. Í fyrra hækkaði þetta upp í A+ og við eigum von á því að fá, jafnvel á þessu ári líka, enn frekari hækkun á lánshæfismati. En það hefur komið skýrt fram frá þessum alþjóðlegu stofnunum sem hafa verið að veita okkur þetta lánshæfismat að það væri einkum tvennt sem stæði í vegi fyrir því að lánshæfismat Íslands hækkaði frekar. Annars vegar það að Íslendingar búa við mjög einhæft atvinnulíf og svo hitt að á nokkrum sviðum, eins og í fjármálaumhverfinu og orkumálum, er skortur á samkeppni. Breyting á þessu tvennu

mundi leiða til þess að lánshæfismat Íslands gæti hækkað enn frekar. En þá er kannski rétt að gera sér líka grein fyrir því hvað það þýðir að Ísland fái betra lánshæfismat. Það þýðir að í kjörum Íslands út á við fáum við betri vaxtakjör á okkar lánum. Það á síðan að skila sér til landsins í bættum kjörum bæði fyrir fólk og fyrirtæki.

Þetta minnist ég nú á hér vegna þess að ég vil hafa þetta sem inngang að því sem ég ætla síðan að segja. Út frá þessu hef ég í raun og veru unnið þegar maður er að velta fyrir sér hvernig stefnu í atvinnumálum við eigum að móta til framtíðar. Ég hef síðan, í góðri samvinnu við Samtök iðnaðarins, farið í heimsókn í öll kjördæmi í landinu á þessum vetri þar sem ég hef átt fundi með fyrirtækjum og fulltrúum samtakanna til þess að kynna þá atvinnustefnu á þessu sviði sem ég hef tök á og stýri, hver væri sú framtíðarsýn sem við hefðum á sviði iðnaðar og orkumála og almennt til atvinnumálanna og þar hafa Samtök iðnaðarins einnig verið að kynna sína framtíðarsýn.

Þegar við horfum á hlutfall vöru og þjónustugreina í útflutningi árið 1995, eins og þessi mynd sýnir, þá kemur í ljós að sjávarafurðir eru með í kringum 51% af öllu. Það er gríðarlega hátt hlutfall og ég tek það fram að hér er bæði um þjónustu og vöru að ræða. Hér er ekki bara um vöruútflutninginn að ræða heldur líka þjónustuna. Margir flaska á því og segja að þetta sé miklu hærra hlutfall, 75–80%. Það er þannig í vörunum en þarna kemur þjónustan inn í. Síðan kemur næststærsti þátturinn í þessu, það er ferðaþjónustan sem hefur verið að vaxa gríðarlega á undanförnum árum og er með í kringum 11%. Síðan er það ál og kísiljárn sem er í kringum 10%. Aðrar iðnaðarvörur eru í kringum 5%, samgöngurnar í kringum 5% og ýmis þjónusta er í kringum 8%. Það er svo merkilegt að varnarliðið skapar okkur tekjur í þessu sambandi upp á um 5% sem þjónusta. Þegar menn velta því fyrir sér, og við göngum út frá því að þannig sé, að til þess að bæta lánshæfismat Íslands þurfum við að fara út í ákveðnar aðgerðir á þessu sviði sem er m.a. að auka fjölbreytni atvinnulífsins.

Þá hef ég sett þá vinnu í gang í ráðuneytinu og þá stefnumótun af stað sem byggir á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að menn hafi ákveðna framtíðarsýn í þessum atvinnumálum og velti því fyrir mér hvernig þetta muni nú geta litið út árið 2005 — það er skammt undan og menn þurfa auðvitað að horfa til miklu lengri tíma, en hvernig getum við haft áhrif á þessa þætti þannig að árið 2005 hafi menn ákveðna framtíðarsýn fram til þess tíma? Þá þyrfti álversframleiðsla í landinu að vera í kringum 400.000 tonn á ári. Erum við nú mikið langt frá þessu? Nei, við erum ekkert óskaplega langt frá þessu. Við erum að tala um að framleiða 160.000 tonn af áli í álverinu í Straumsvík. Heimild til þessa fyrirtækis, sem við erum núna að flytja hér lagafrv. um, er í umhverfismati upp á framleiðslu upp á 180.000 tonn.

Stækkun járnblendisins og magnesíumverksmiðja, ef hún kæmi hugsanlega til. Stækkun járnblendisins hefur gengið eftir. Vonandi gengur þetta líka eftir með byggingu Columbia-fyrirtækisins á Grundartanga. Síðan geng ég út frá því að við getum tvöfaldað gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum á þessum sama tíma. 8% árlegum vexti almennrar iðnaðarvöru, og þar á ég við það sem ég flokka undir almenna iðnaðarvöru, einmitt vörur á því sviði þar sem við höfum verið að ná alveg gríðarlega góðum árangri á undanförnum tveimur árum, í lyfjaframleiðslu, í hugbúnaðargerð og þar fram eftir götunum. Fyrir utan það að við eigum býsna mikil tækifæri í útflutningi á ýmiss konar þekkingu frá landinu. Við setjum því ekki markið hátt þegar við setjum það þarna þar sem t.d. ferðaþjónustan hefur verið að aukast um 10% á ári. Síðan gerum við ráð fyrir því að það verði 8% árlegur vöxtur í annarri þjónustu, 2% árleg verðmætaaukning í sjávarafurðum og 2% árlegur vöxtur annarrar iðnaðarvöru.

Til þess að ná þessu fram verðum við að beina athyglinni og þeirri vinnu sem við erum með í gangi að því að ná þessum markmiðum. Gengi þetta nú allt saman eftir, sem ég tel að geti gerst, þá er það svo að framtíðarsýnin árið 2005 lítur svolítið öðruvísi út. Þá verða sjávarafurðirnar, ekki af því að við höfum dregið úr þeim heldur vegna þess að við höfum bætt aðra þætti svo miklu meira en sjávarafurðirnar, komnar niður í 36%. Þetta segir manni hvers konar rosalegt átak þarf til til þess að koma upp annarri atvinnustarfsemi í landinu þannig að við í raun og veru getum byggt á fleiru og meiri fjölbreytileika en bara í sjávarafurðunum. Þá verðum við komin með álframleiðsluna upp í 19%. (**Gripið fram í:** Og stóriðjuafurðirnar allar.)

Nei, ekki allar stóriðjuafurðirnar vegna þess að til viðbótar við þetta væri síðan kísiljárnið 5% þannig að það verður komið í 23% úr u.þ.b. 10%–11% sem það er í dag. Ferðaþjónustan hefur vaxið líka, kannski ekkert óskaplega mikið, 13%, en hefur vaxið. En þarna fáum við þá niðurstöðu að lánshæfismat Íslands hækkar með þessari auknu fjölbreytni sem skilar sér til þjóðarinnar, bæði fólks og fyrirtækja, í hagstæðari kjörum.

Nú gefst mér því miður ekki tími til að fara nákvæmlega í einstaka þætti þessarar atvinnustefnu en þessi atvinnustefna er til. Hún hefur verið kynnt fyrir fyrirtækjunum í landinu á þessum vetri og því verður haldið áfram. Þetta ætla ég að láta nægja að sinni, vegna þess að ég sé því miður að tíminn hleypur frá mér, sem svar við þessari fyrstu spurningu hv. þm. Svavars Gestssonar.

Hv. þm. spurði um 3. gr. Það er mitt mat að óþarfi sé að afla heimilda til frekari ábyrgða af hálfu ríkisstjórnarinnar. Ég bið hins vegar um að þetta mál verði sérstaklega skoðað í hv. iðnn. og það var það sem hv. þm. var raunverulega að fiska eftir í þessari umræðu.

Varðandi 6. gr. í frv. sem snýr að reikningsskilareglunum. Samkvæmt þeirri grein verður félaginu heimilt að semja um sérstakar reikningsskilareglur sem grundvallast algjörlega á íslenskum lögum að því leyti til að allar skýringar og allt verði nákvæmlega eins og er íslenskum reikningsskilavenjum í dag. En félaginu verður heimilt að skrá allar færslur líka í bandarískum dollurum og er það í samræmi við þær alþjóðlegu reikningsskilareglur sem eru til staðar. En samkvæmt greininni verður líka hægt að semja um undanþágur frá notkun á verðbreytingastuðli við ákvörðun söluhagnaðar, fyrningagrunns og verðbreytingafærslna. En þetta leiðir ekki til þess að fyrirtækið geti á nokkurn hátt komist undan að greiða skatta hér á landi.

7. gr. er um gerðardómsákvæðin. Ég vil taka fram að almenna reglan er sú að farið verður að íslenskum lögum við uppbyggingu, túlkun og framkvæmd samningsins. Ef annar hvor aðilinn vill af einhverjum ástæðum ekki leita til íslensks dómstóls með ágreiningsmál þá verður heimilt að vísa málinu til gerðardóms sem mun starfa á grundvelli gerðardómsreglna sem eru gerðardómsreglur gerðardómsstofnunar verslunarráðsins í Stokkhólmi. Af hverju eru þær valdar? Jú, vegna þess að þær reglur eru að stofni til ápekkar þeim íslensku en miklu nákvæmari og þess vegna er þetta

valið. Síðan er gert ráð fyrir oddamanni í gerðardóminn og þá göngum við út frá því að hann sé skipaður af Héraðsdómi Reykjavíkur. — Tungumálið? Málið verði rekið á Íslandi, í Reykjavík, en tungumálið verði enska.

Hv. þm. spurði hvaða upphæðir það væru sem um er að ræða að fyrirtækinu verði veitt í afslátt í 8. gr. Þar er ekki um neinar upphæðir að ræða heldur fyrst og fremst að allar þessar fjárfestingarvörur eru undanþegnar tollum eins og nú er. En út af ýmsu því sem í tollalögum er, og þessu erlenda fyrirtæki var kunnugt um, þá var það ósk fyrirtækisins að það kæmi alveg skýrt fram, eins og reglan er á EES-svæðinu að fjárfestingarvörurnar væru undanþegnar og það er bara ítrekað hér í þessari grein. (Forseti hringir.)

Herra forseti. Því miður á ég ósvarað nokkrum spurningum enn þá. Ef ég man rétt á ég eftir að fá að tala einu sinni enn í málinu. Ég ætla að ljúka máli mínu nú og óska eftir að fá að taka aftur til máls til að geta svarað þeim spurningum sem til mín var beint.

[17:20]

Útbýting þingskjala:

Sóttvarnalög, 191. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 811; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 812.

[17:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórn Íslands er að sönnu sögð fjölskipað stjórnvald en á sumum sviðum ber hún þó sameiginlega ábyrgð og hefur kannski skipt henni með sér. Það er eðlilega gengið að hæstv. umhvrh. varðandi þá hagsmuni sem snúa að ráðuneyti hans og því sem hann fer með. En það er ekki sanngjarnt að krefja ekki aðra ráðherra, sem eru ábyrgir yfir sínu málasviði og hafa tekið þátt í stefnumótun af hálfu ríkisstjórnar, svara við því hvernig þeir ætla að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem Ísland sem heild hefur undirgengist. Og nú er Ísland aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamningnum um loftslagsbreytingar eins og hann er kallaður. Þessi samningur kveður svo á að við eigum ekki að losa meira af gróðurhúsalofttegundum árið 2000 en gerðist 1990. Við erum þegar komin fram úr þessum mörkum eða stefnum fram úr þessum mörkum án þess að tekið sér tillit til þeirra stóriðjufyrirtækja sem hér um ræðir. Að teknu tilliti til þeirra þá stefnir í að Ísland bæti við, þeirra vegna, 19% af grunni 1990 plús kannski 5% af öðrum ástæðum þannig að hér stefnir í algert óefni. Fram undan er að ganga frá lagalega skuldbindandi samningi fyrir lok þessa árs og þar sem sama viðmiðunarár verður væntanlega gildandi 1990. Hvernig ætlar iðnrh. fyrir sitt leyti að axla þær skuldbindingar fyrir sitt málasvið sem felast í þessum samningi, þá hörðu kosti sem menn standa frammi fyrir í þeim efnum?

[17:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá samningur sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vitnaði til hefur ekki skuldbundið okkur lagalega. Það er hins vegar rétt sem fram kom hjá hv. þm. að nú er umræða í gangi um að taka upp slíkar lagalega skuldbindandi ákvarðanir og nefnir hv. þm. lok þessa árs. Ég er ekki farinn að sjá að um slíkt myndist samkomulag. Ég held að mjög mikið sé órætt í þeim efnum. Ég viðurkenni það hins vegar alveg fúslega, og tek undir með þeim sem hér hafa talað, að menn þurfa að ganga varlega um í þessum efnum. Við hljótum samt að ætla að nýta þessa mikilvægu auðlind okkar sem orkan er og þeir sem ekki eru tilbúnir til að nýta þau tækifæri í atvinnumálum, í verðmætasköpun í landinu til að bæta lífskjörin og að nýta þessa náttúrlegu auðlind sem við eigum, verða auðvitað að svara þeirri spurningu: Á hverju ætlum við að lifa hér í landinu ef við ætlum ekki að nýta okkur þessi tækifæri? Fyrir utan það að allir hljóta að sjá að ef hvergi verður hægt vegna þess að menn skuldbinda sig lagalega í mengunarmálum — hvernig ætla menn að horfa á það? Halda menn að hætt verði að framleiða ál í heiminum? Halda menn að hætt verði að nota ál í framleiðsluvörur og marga aðra málma sem svipað væri ástatt um? Nei, auðvitað ekki. Margt af því sem menn eru að tala um í þessum lagalegu skuldbindandi ákvæðum sem yfirvofandi eru gengur alls ekki upp í mínum huga.

[17:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér sýnist að hæstv. iðnrh. þurfi á kennslustund að halda og kannski er hann að fá einhvern hluta af því núna hjá embættismanni og það er vel. Kannski gæti hæstv. umhvrh. lagt eitthvað til því sannleikurinn er sá að það sem hæstv. ráðherra segir ber vott um að hann skilur hvorki upp né niður í því vandamáli sem menn eru að búa sig undir að takast á við og segir: Hvernig í ósköpunum ætla menn ...? Ætla menn að hætta að nota ál o.s.frv.? Hvernig heldur hæstv. iðnrh. að verði tekið á þeim vanda sem felst í loftslagsbreytingunum með skuldbindandi hætti ef allir ætla að afgreiða málið eins og íslenska ríkisstjórnin hefur gert í framkvæmdaáætlun sinni? Að segja bara: Nýting orkulindanna til stóriðju kemur þessu máli ekki við. Það er raunar það sem hæstv. ráðherra var að segja og vonin um að það tækjust engar skuldbindingar, þetta væri svo langt undan. En svo vill til að hæstv. umhvrh. er þó að baksa við það, með góðu liði, að taka þátt í að ná svona samningi saman í desember nk. með lagalegum skuldbindingum. Og þó að þær komi ekki til þá erum við þjóðréttarlega skuldbundin til að fara ekki fram úr þó hitt sé meira ákvarðandi.

Menn verða einfaldlega að átta sig á því að ætli menn ekki að taka áhættuna sem er samstaða um í heiminum að sé óhófleg, og það eru nú 40 ríki, aðallega eyríki, lönd sem lágt liggja sem eiga það beinlínis á hættu að hverfa á næstu hálfri öld eða svo undir yfirborð sjávar ef fram heldur sem horfir. Hvers konar skilaboð eru það sem hér er verið að gefa af hæstv. ráðherra? Þetta horfir ekki vel. Svo er hæstv. ráðherra að kynna einhverja stefnu um einhverja aðra hluti en neitar (Forseti hringir.) að horfast í augu við mest knýjandi vandamál á alþjóðavettvangi í þessum efnum sem hann sannarlega ber verulega ábyrgð á hvernig Ísland tekur á.

[17:27]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru fáir hv. þm. sem ég hef hlustað á með jafnmikilli athygli ræða um umhverfismál og sá hv. þm. sem hér áðan stóð, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Og sé það svo — eftir allt það sem ég hef hlustað á þann hv. þm. — að ég hafi komið upp í ræðustólinn áðan og ekkert vitað um hvað ég var að tala og ekki botnað neitt í neinu og ekkert skilið þá segir það ekki góða sögu um þann hv. kennara sem ég hef haft fyrir mér í þessum efnum.

[17:28]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hefur farið fram í dag og einnig þau svör sem komu frá hæstv. iðnrh. Ég vil fyrst segja það og vekja athygli á því að ég er ekki sáttur við frv., tæknilegan útbúnað þessa frv. Mér finnst

að sumu leyti að of mikið sé í því, að almenn atriði séu í því sem eigi ekki heima í frv. og ég held að hv. formaður iðnn. hafi ekki verið hér í dag þegar ég talaði um þetta en ég tel að ég geti leitt rök að því, sem ég hef ekki tíma til af því ræðutími er takmarkaður, að margt er í frv. sem er óþarfi og ég hvet til þess í fullri vinsemd að það mál verði skoðað aðeins betur.

Í öðru lagi er eitt mál sem ég nefndi ekki í fyrri ræðu minni í dag. Mér finnst dálítið umhugsunarefni að á sama tíma og menn eru að blása út þessa verksmiðju sem stórkostleg tíðindi í íslenskum atvinnumálum er verið að loka álíka stórri verksmiðju í Reykjavík. Það er verksmiðja, þar sem starfandi eru um 100 manns, framleiðir um 50 þúsund tonn á ári, að vísu af áburði. En þessari verksmiðju á að fara að loka. Þetta er að mörgu leyti eitt allra besta og mikilvægasta fyrirtæki landsmanna. En henni á að loka vegna þess að hún stenst ekki samkeppni í verðlagi á áburði að því er sagt er. En staðreyndin er nú samt sem áður sú og ég spái því þegar upp verður staðið og þessari verksmiðju verður lokað, að þá verði verð á áburði síst lægra en það er í dag.

Þegar menn eru að tala um þá verksmiðju sem við erum að ræða um hér sem mikil tíðindi, og mega svo sem gera mín vegna, þá finnst mér að það eigi kannski að muna það í leiðinni að verið er að loka annarri verksmiðju, bara núna alveg á næstunni. Og þingmenn Reykjavíkur, held ég, eða formenn þingflokka, hafa verið boðaðir á fund í næstu viku með starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar til að fara yfir þau mál sérstaklega með hæstv. landbrh., að ég hygg.

Varðandi málið að öðru leyti þá ætla ég líka að segja það í þriðja lagi, og áður en ég kem að þeirri framtíðarsýn sem ég kvaddi mér nú aðallega hljóðs út af, að mér finnst auðvitað sjálfsagt að þakka fyrir það að hv. umhvn. hefur fjallað um málið en það breytir því ekki að mér finnst eðlilegt að hún fái frv. formlega til meðferðar og lesi það líka með hliðsjón af þeirri umræðu sem hefur farið fram og ég mun óska eftir því í hv. iðnn. sem fær málið til meðferðar.

Um stefnuna í atvinnumálum vil ég segja að ég er ekki sáttur við að nálgast málið eins og hæstv. iðnrh. gerir. Ég vil ekki nálgast málið fyrst og fremst út frá lánshæfiseinkunn þjóðarbúsins þó ég viðurkenni að það sé mikilvægt. Ég vil hins vegar horfa á aðra þætti eins og t.d. umhverfismál. Ég vil horfa á umhverfismál og ég bendi á að umhverfismálin skipta sáralitlu í þessu lánshæfismati. Þetta lánshæfismat er svo ótrúlega gamaldags og frumstætt að status umhverfismála, stjórn umhverfismála skiptir þar ótrúlega litlu. Þannig að ég nefni það númer eitt. Þegar ég horfi til framtíðar þá spyr ég: Hvernig verður umhverfið? Í öðru lagi, hvernig verður atvinnuástandið? Mér finnst það vera úrslitaatriði að hér sé full atvinna og þessi skætingur iðnrh. endalaust um það að þeir sem gagnrýna þessa hluti vilji náttúrlega lækka kaupið a.m.k. um helming og auk þess vilji þeir ekki hafa neina atvinnu vera ómerkilegur vegna þess að hann er ekki málefnalegt innlegg í umræðuna sem við erum að reyna að hafa á einhverju vitrænu plani. Ég segi: Ég vil hafa atvinnu og það að hafa fulla atvinnu er útgangspunktur í þeirri stefnumótun, sem ég er að tala fyrir, ásamt umhverfismálunum. Ég vil horfa á þessa hluti út frá okkur og met mikils lánshæfiseinkunnir en ég vil ekki byrja á að spyrja um þær af því þær eru gefnar burt séð frá atvinnu eða atvinnuleysi og burt séð frá ástandi umhverfismála. Þessar lánshæfiseinkunnir byggjast eingöngu á forsendum markaðarins á alþjóðavísu og taka ekkert tillit til þess sem við í okkar landi erum að skoða sérstaklega. Þetta segi ég fyrst. Þess vegna skoða ég fyrst þessa hluti.

Ég ætla aðeins að fara yfir þetta „scenario" sem hæstv. iðnrh. dró upp eða þessa framtíðarsýn. Þessi framtíðarsýn gengur ekki, ekki vegna þess að ég sé á móti hennì í sjálfu sér, látum það nú vera. Það breytir engu í þessu dæmi heldur vegna þess að hæstv. umhvrh. og ríkisstjórnin hefur skrifað undir skuldbindingar sem eru í raun og veru í fullkominni mótsögn við það sem hér stendur. Þannig að í rauninni er algerlega fráleitt að taka á þessum málum með þeim hætti sem hæstv. iðnrh. gerir. Hann segir: Árið 2005 vil ég vera með stækkaða járnblendiverksmiðju og ég vil vera með 180 þús. tonn á Grundartanga og ég vil vera með magnesíumverksmiðju. 2005 — það eru ekki nema sjö ár í það eða svo. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir 200 milljarða fjárfestingu á þessum tíma. Öll fjárfesting Íslands á síðasta ári var 91 milljarður. Þannig að menn sjá að hér er um að ræða hrikalegar stærðir og ég held að þær séu út úr öllum fókus miðað við það sem skynsamlegt er fyrir Íslendinga.

Þess vegna horfi ég á hlutina þannig og segi: Við verðum að hafa lífskjör sem eru í grófum dráttum svipuð og gerist í kringum okkur annars fer fólkið. Það er nú veruleikinn. Í því skyni horfi ég í fyrsta lagi á hluti eins og t.d. sjávarútveginn. Um framtíðarspá hæstv. ráðherra segi ég: Sjávarútvegurinn mun skila meiru á næstu árum en hæstv. iðnrh. gat um. Sjávarútvegurinn mun skila mun stærri tölum, sérstaklega vegna þess þó það sé ekki annað en það að menn búast við að veiðar á þorski verði um 150 þúsund tonnum meiri en þær eru í dag þegar komið er í gott eða þokkalegt ástand. Það er auðvitað hlutur sem gjörbreytir stöðunni. Þá þýðir ekki bara að tala um vinnsluvirði þorsksins upp úr sjó eins og það er í dag heldur þurfa menn líka að skoða þá þróunarmöguleika sem sjávarútvegurinn hefur út úr þessu dæmi. Í öðru lagi er það síðan síldin og fleiri þættir í sjávarútvegi. Þannig að ég segi — út af þessu sem hæstv. ráðherra sagði áðan og allir iðnaðarráðherrar í sögunni hafa alltaf verið að segja að allt of mikið sé af sjávarútvegi hérna og það verði að gera eitthvað til að taka á því máli — að veruleikinn hefur alltaf orðið sá að sjávarútvegurinn hefur alltaf skilað meiru en menn hafa spáð og ég segi að hann mun líka skila meiru þarna og verða áfram stærra hlutfall en rakið var í dæmi hæstv. iðnrh.

Í öðru lagi held ég hins vegar að ferðamennskan muni verða minni en í þessu dæmi er rakið og þá ályktun dreg ég bara út frá því að í raun og veru varð samdráttur í greininni eða greinin stóð í stað að því er varðar skilaverð hennar til þjóðarbúsins á árinu 1996. Og ferðamennskan stendur ótrúlega illa fjárhagslega í dag. Ég held að þar standi menn frammi fyrir mjög verulegum offjárfestingarvanda. Eftir að hafa rætt við ýmsa menn í morgun þá skaut ég á það í fyrstu ræðu minni að þar gætum við verið að tala um kannski 3%–5% á ári en ekki 10% á ári eins og við höfum gert.

Ég held síðan að það sem hæstv. ráðherra kallaði annan iðnað, og er þar t.d. að tala um lyfjaiðnað og hugbúnaðariðnað og fleiri slíka þætti, geti orðið gildari þáttur í útflutningi okkar en okkur órar fyrir í dag. Við erum að flytja út hugvit í stórum stíl. Það eru lygilegar sögur sem maður heyrir af verksamningum sem íslensk tölvufyrirtæki eru að gera við tölvufyrirtæki úti um allan heim um alls konar vinnslu á hugbúnaði af margvíslegu tagi. Það eru ótrúlegar upphæðir sem menn eru þar að semja um. Þar held ég að séu möguleikar sem við getum ekki séð fyrir í dag.

Þá kem ég að orkunni. Ég vil nota hana og ég vísa alveg á bug talinu um að við alþýðubandalagsmenn séum á móti því. Málið liggur ekkert þannig. Við viljum hins vegar fara varlega að því er varðar umhverfisþáttinn og við viljum líka halda þannig á málum að við eyðum ekki að óþörfu, endilega strax í dag, virkjunarkostum sem eru mjög góðir og gætu skilað enn þá meiru í framtíðinni. Í efnahagsvísindum nútímans er mikið rætt um það sem kallað er á ensku „irreversible" fjárfesting, þ.e. óendurtakanleg fjárfesting. Þegar menn hafa sett peninga á einn stað einu sinni sé fjárfestingin föst þar. Það eru óskaplega þykkir doðrantar sem fjalla um það að stundum sé betra að geyma þessa hluti um tíma. Ég held að menn eigi að velta því meira fyrir sér alveg á næstunni (Forseti hringir.) hvort það geti verið skynsamlegt fyrir okkur, herra forseti, ég er að ljúka máli mínu, að hinkra stundum en grípa ekki endilega hvaða gæs sem kann að fljúga yfir Ísland þá og þá jafnvel þó hún vilji setja hér niður álver.

[17:38]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Þessi síðasta ræða mín við 1. umr. er nú til komin vegna þess að ég náði ekki að svara öllum þeim fyrirspurnum sem til mín var beint fyrr við umræðuna og átti algjörlega eftir að svara fyrirspurnum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hv. þm. spurði í fyrsta lagi hvert orkuverðið væri og hvort það væri svipað og hjá Ísal. Ég hef reyndar áður sagt að orkusamningurinn sem slíkur, orkuverðið, er trúnaðarmál milli stjórnar Landsvirkjunar og kaupenda sem eru í þessu tilfelli bandarískra fyrirtækið Columbia Ventures Corporation. Hins vegar er óhætt að fullyrða að orkuverðið í þessum samningi er hærra en það verð sem Ísal er að greiða. Það kemur m.a. fram í því að arðsemin af þessum samanlagða orkusamningi Landsvirkjunar við járnblendið og eins við álverið skilar okkur arði upp á 6,85% en við settum arðkröfu Landsvirkjunar, eins og mönnum er enn í fersku minni, 5,5%.

Áhrif á raforkuverð til almennings. Í lögunum um Landsvirkjun er gert ráð fyrir að iðnrh. eigi að skrifa upp á samning sem Landsvirkjun gerir um stóriðju og þar þarf að hafa eitt að leiðarljósi og það er að ekki séu gerðir samningar sem leiði til þess að orkuverð til almennings muni hækka. Það er klárt að gengið er alveg úr skugga um það að þessi samningur mun ekki leiða til þess að orkuverð til almennings muni hækka heldur hið gagnstæða að með samningnum gefst kannski enn frekar tækifæri, a.m.k. örugglega tækifæri til þess að framfylgja þeirri orkuverðslækkunarstefnu sem eigendur Landsvirkjunar hafa mótað og hefur áður verið tekið hér fram — óbreytt orkuverð að raungildi fram til aldamóta, lækkar um 2%–3% á ári til ársins 2010. Þannig að þetta gefur enn frekara svigrúm til að ná þessu markmiði, ekki síst í ljósi þess að arðurinn af þeim samningum er meiri en sú arðkrafa sem við gerum í sameignarsamkomulaginu. Og þá svara ég um leið þriðju spurningu hv. þm. — áhrifin á gjaldskrá Landsvirkjunar eru sem sagt engin, þ.e. að þetta mun ekki leiða til þess að gjaldskrá Landsvirkjunar hækki heldur geti skapað svigrúm til frekari lækkunar.

Hv. þm. spurði í fjórða lagi um skiptingu á framkvæmdakostnaði, þ.e. fjárfestingarkostnaði. Eins og kom fram í upphafi ræðu minnar er fjárfestingarkostnaðurinn í kringum 36 milljarðar kr. Álverið er með í kringum 11 milljarða, rétt rúmlega, og járnblendifélagið með rétt tæplega 3 milljarða og Landsvirkjun þar af leiðandi með 22 milljarða.

Hv. þm. spurði um lán á framkvæmdatímanum sem Landsvirkjun þyrfti að taka. Gert er ráð fyrir því að lántaka Landsvirkjunar verði 18 milljarðar kr. af þeim 22 sem fara í framkvæmdirnar, með öðrum orðum 4 milljarðar kr. koma af eigin fé Landsvirkjunar sem er í kringum 28% og þar af leiðandi 72% lántaka, kringum 30% eigið fé í þessu og það telst vera, held ég, mjög vel viðunandi.

Niðurskurður á opinberum framkvæmdum — kemur hann til? Niðurskurður á opinberum framkvæmdum kemur ekki til umfram það sem búið var að ákveða og þegar menn tóku þá ákvörðun við lok afgreiðslu fjárlaga að lækka þann fjárlagalið sem hægt er að flokka undir opinberar framkvæmdir þá var það m.a. til komið vegna þess að menn áætluðu að ráðist yrði í þessar framkvæmdir og menn þyrftu þess vegna að skera niður. Þannig að það verður ekki um frekari niðurskurð að ræða.

Afgangsorkan? Ef ég skildi hv. þm. rétt þá er hv. þm. að miða við að garðyrkubændur rækju bú sín á afgangsorku. Það er ekki rétt. Þeir eru með forgangsorku. Þetta mun ekki hafa nein áhrif fyrir garðyrkjubændur. Það er hins vegar alveg ljóst að allir þessir samningar sem verið er að gera munu takmarka orkuna enn frekar í kerfinu.

Í áttunda lagi spurði hv. þm. hvað liði úrvinnslu á áli sem lofað var við umræðuna um stækkun Ísals. Ég skipaði fljótlega, eftir að sú umræða fór fram, nefnd til þess að kanna möguleika á nýtingu á áli hér á landi. Formaður þeirrar nefndar er hv. þm. Hjálmar Árnason. Sú nefnd er að störfum og hefur m.a. fengið í heimsókn erlenda aðila frá Þýskalandi til þess að kanna með hvaða hætti væri hægt að standa að þessu. (Forseti hringir.) Sú vinna er í fullum gangi og að því er unnið eftir því sem nokkur kostur er. Hver niðurstaðan af því starfi verður veit ég ekki nákvæmlega en verið er að kanna tækifæri.

[17:44]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka ráðherra svörin sem voru skýr í öllum aðalatriðum. Hæstv. ráðherra svaraði þó ekki hvaða áhrif þessi samningur hefði varðandi kaupmáttinn og kaupmáttarþróunina og ekki veit ég hvort ráðherrann hefur það handbært. Ég álít mikilvægt að hér liggi fyrir að ekki verði um niðurskurð á fjárfestingum að ræða þrátt fyrir að ráðist verði í þá framkvæmd sem við höfum verið að ræða hér. En vitaskuld er það áhyggjuefni þegar fjárfestingarnar fara allar eða að miklu leyti hingað á suðvesturhornið.

Varðandi orkuverðið og hvort þetta gefi svigrúm til lækkunar á verði til almenningsveitna, þá gaf ráðherrann ekki afdráttarlaus svör við því en taldi þetta styrkja það markmið sem Landsvirkjun hefði sett sér um lækkun á orkuverði sem er 2–3% eftir árið 2001 eða 2002. En ráðherrann nefndi að þetta mundi væntanlega skapa svigrúm. Og þá vil ég ítreka og spyrja um það sem við ræddum mjög mikið þegar við vorum að ræða frv. um Landsvirkjun. Skapi þetta svigrúm, ef þetta mun auka arðsemina um það sem ráðherrann nefndi og auka eigið fé Landsvirkjunar, mun þá þetta svigrúm örugglega — og ég held að það sé mikilvægt ef ráðherra staðfestir það — leiða til lækkunar á orkuverði til almenningsveitna, þ.e. að því verði frekar varið til þess að lækka gjaldskrá til almenningsveitna heldur en að það fari í aukna arðgjöf. Ég held að það sé mikilvægt að það komi fram til þess að eyða öllum efa í því máli.

[17:46]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað mjög erfitt að svara því nákvæmlega hvaða áhrif þessi samningur getur haft á kaupmátt, ég tala nú ekki um ef menn eru að horfa til lengri tíma í þeim efnum. Það sem þó má áætla í þessu er það að á framkvæmdatímanum, á meðan aðalframkvæmdirnar standa yfir og menn horfa á hagvöxtinn í því samhengi, þá gæti kaupmáttaraukning kannski orðið á bilinu 1–2% án þess að ég ætli að fullyrða að það geti gengið eftir, en það má áætla að það gæti þó orðið á því bili, 1–2% á framkvæmdatímanum. Þá verðum við að hafa það í huga að á framkvæmdatímanum eru náttúrlega mun meiri umsvif í kringum þetta heldur en annars eru.

Varðandi orkuverðið þá var það alveg afdráttarlaust svar af minni hálfu að þessi samningur mun ekki hafa áhrif til hækkunar á orkuverði, það liggur alveg ljóst fyrir. Hversu mikið svigrúm hann síðan skapar til þess að við getum lækkað orkuverð enn frekar umfram það sem gert er ráð fyrir í því samkomulagi sem eigendur Landsvirkjunar hafa náð, treysti ég mér ekki til að svara vegna þess að á hverju einasta ári munu eignaraðilarnir taka ákvörðun um útgreiðslu arðs og í raun og veru leggja þá um leið grunninn að verðákvörðunum og verðstefnu fyrirtækisins fyrir eitt ár í senn. Nú er svo að milli eignaraðilanna er samkomulag um að arðgreiðslan verði víkjandi fyrir orkuverðslækkuninni. Það getur auðvitað komið upp það ástand í næstu framtíð að Landsvirkjun geti hvorki greitt út arð né lækkað orkuverð ef eitthvað kemur upp í rekstrinum. Þrátt fyrir að fimm ára áætlanirnar í Sovétríkjunum hafi staðist vel á sínum tíma þá treysti ég mér ekki til þess að lofa því að þetta gangi allt saman eftir. En þetta er stefna fyrirtækisins og það skiptir höfuðmáli.

[17:49]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að virða það þó hæstv. ráðherra geti ekki alveg lofað því hér og nú að það skapist eitthvert svigrúm til þess að lækka gjaldskrána umfram það sem þegar er áætlað. En það sem ég var að leita eftir er að ráðherra staðfesti það ótvírætt að sé þetta svigrúm fyrir hendi, þá verði lækkun á gjaldskránni látin hafa forgang. Ég skil það svo, ef ráðherra mótmælir því ekki, það mátti lesa það í orð hans áðan, að þá standi það af hans hálfu að sé svigrúm fyrir hendi að þá verði lækkun á gjaldskránni, umfram það sem áætlað er, látin hafa forgang.

[17:50]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er akkúrat þannig að eignaraðilar fyrirtækisins, ríkið, Reykjavíkurborg og Akureyrarbær, hafa orðið sammála um og hafa lýst því yfir með skriflegri yfirlýsingu sem hérna var mikið rædd þegar 2. og 3. umr. fóru fram (**JóhS:** Og menn lögðu misjafna túlkun í.) um frv. um Landsvirkjun. Já, það er rétt, herra forseti, hjá hv. þm. að menn lögðu misjafna túlkun í. (Gripið fram í.) Það var nefnilega grundvallaratriðið að menn þurftu að lesa hana til þess að skilja hana. Og þeir sem ekki vildu skilja hana þeir gerðu sér það að leik að lesa hana ekki eða þá sem alvarlegast var af öllu saman, að draga í efa undirskrift borgarstjórans í Reykjavík. Það var það alvarlega. En eignaraðilarnir eru sammála um að verðlækkunin sé ríkjandi í þessari stefnu fyrirtækisins, arðgreiðslurnar, útgreiðslurnar af arði, verði víkjandi. Og það gildir þá sama um ábatann af þessum samningi að ábatanum hlýtur að verða dreift með þessum hætti.

[17:52]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi vekja athygli hæstv. forseta á því að í sambandi við þetta mál koma umhverfismál mikið til umræðu. Það var lagt ofurkapp á það af hálfu meiri hluta umhvn. að tilbúin yrði skýrsla af hálfu nefndarinnar sem var nú fyrst deilt út á þriðjudaginn var til sýnis af hálfu meiri hlutans, einmitt í tengslum við umræðu um þetta frv. Ég hafði gengið út frá því sem gefnu að hæstv. umhvrh. tæki þátt í þessari umræðu til að skýra viðhorf sín til þess þáttar málsins sem margir þingmenn, ef ekki allir sem hér hafa talað, hafa vakið athygli á að væri mjög stór þáttur og hlyti að koma til sérstakrar skoðunar. Svoleiðis að ég ætla ekki að trúa því að hæstv. umhvrh. ætli ekki að tjá sig hér um málið, bæði það sem hér hefur komið fram — ég veit t.d. að hann sat undir ræðu sem ég flutti hér þar sem ég vék nokkrum orðum að embættisfærslu sem hæstv. ráðherra ber ábyrgð á og hafði reiknað með að við því yrði brugðist — nú og ýmsum spurningum sem upp var velt í því samhengi. Ég vænti þess að áður en umræðunni lyki þá kæmi hæstv. umhvrh. hér í ræðustól og lýsti sínum viðhorfum, m.a. til þeirrar skýrslu og sjónarmiða sem þar koma fram, sem liggur hér fyrir á fundinum.

[17:54]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Út af því sem fram kom hjá hv. þm. vil ég aðeins segja að ég hef auðvitað hlýtt á þessar umræður. Ég hef ekki verið í salnum allan tímann en ég hef hlýtt á umræðurnar og það sem hér hefur komið fram. Það var sérstaklega beðið um viðveru mína hér við ákveðna ræðu fyrr í dag og ég hlýddi á hana. Ég tel að þar hafi ekki verið beint til mín fyrirspurnum. Það var hins vegar talað með nokkrum gífuryrðum um störf mín í sambandi við ákveðna afgreiðslu mála. Við höfum áður rætt þá afgreiðslu og þá þætti hér í hv. þingi þannig að ég taldi að ég hefði engu við það að bæta sem þar hefur áður komið fram varðandi þann þátt málsins.

Og vegna skýrslunnar sem nú liggur hér fyrir þinginu frá hv. umhvn. sem hv. 4. þm. Austurl. ræddi um áðan þá held ég, hvað varðar meirihlutaálitið a.m.k., að lesa megi það út úr þeirri skýrslu og þeirri niðurstöðu að embættisfærsla umhvrn. og umhvrh. sé ekki með þeim hætti sem hv. þm. lýsti í þeirri ræðu sinni fyrr í dag sem hann bað um að ég hlýddi á. Ég sá ekki ástæðu til þess og taldi að það hvíldi ekki nein slík kvöð eða skylda á mér að taka þátt í umræðunni þar sem ekki hefur verið beint til mín fyrirspurnum heldur fyrst og fremst talað um embættisfærslu á þann hátt sem mér fannst nú varla sæmandi, eins og „sóðalega embættisfærslu“, en ég hafði áður gert grein fyrir þeim þáttum mála. Þess vegna var það nú að ég sá ekki sérstaka ástæðu til þess að taka þátt í umræðunni.

[17:55]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst nokkuð leitt til þess að vita hvernig hæstv. umhvrh. bregst við þessu máli. Ástæðan er einfaldlega sú að það eru umhverfismálin sem eru umdeild í sambandi við verksmiðjuna á Grundartanga. Menn geta sagt ýmislegt um rammasamninginn eins og ég sagði hér í dag, en í grófum dráttum þá held ég að það megi fara yfir hann með hlið-

stæðum hætti og ég gerði og iðnn. gerir. Í öðru lagi eru það skattamálin, þau eru eins og þau eru. En staðsetningin er umdeilt mál. Og mér finnst ekki nóg fyrir hæstv. umhvrh., með fullri virðingu fyrir meiri hluta umhvn., að meiri hluti hennar sýkni ráðherrann í málinu. Ég mundi í sporum ráðherrans gera meiri kröfur vegna þess að hann verður auðvitað að styðjast við fagleg álit í þessum efnum og hérna er auðvitað bersýnilega um að ræða pólitíska niðurstöðu að talsvert miklu leyti, því miður, hjá meiri hluta umhvn.

Ég tók t.d. eftir því að þingmenn Vesturlands, einir tveir hér í dag, töluðu mjög vel um þetta mál. Ég heyrði engan þingmann Kjósarsýslu tala sérstaklega um þetta mál, heyrði þó aðeins lauslega orð hv. þm. Kristjáns Pálssonar. Ég held að menn þurfi að gera sér grein fyrir því að hér er um grafalvarlegt mál að ræða. Annars vegar þessi framtíðarsýn hæstv. iðnrh. sem gerir ráð fyrir því að álverksmiðjan á Grundartanga verði þrefölduð að stærð til ársins 2005 og hins vegar það sem hæstv. umhvrh. er að gera í umhverfismálum. Það er bara allt annað mál. Það eru gjörsamlega tvær stefnur sem þessir flokksbræður ætla sér að fara að framkvæma. Og það er leiðinlegt að hæstv. umhvrh. skuli ekki nota þingsköpin til að tjá sig um málið. Ég verða að segja það, eins og ákveðinn maður mundi hafa sagt af þessu tilefni.

[17:57]

Útbýting þingskjals:

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 482. mál, frv. EOK o.fl., þskj. 813.

[17:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er svolítið bágt til þess að vita að hæstv. umhvrh. skuli ekki nýta sér rétt sinn til þátttöku hér í umræðunni. Ég verð satt að segja að harma það vegna þess að þó að menn greini á þá vilja þeir væntanlega nota þennan vettvang, Alþingi Íslendinga, til þess að túlka sín viðhorf og standa fyrir máli sínu. Hér er það sjálfur hæstv. umhvrh. sem á í hlut og maður hefði vænst þess að hæstv. ráðherra tæki þetta mál það alvarlega gagnvart þinginu að hann vildi ræða það í fullri alvöru við þingheim.

Eins og hér hefur komið fram er hér um mjög stórt mál að ræða í sambandi við umhverfisstefnu í landinu og það varðar mjög miklu að tekið sé á þeim málum efnislega, varðandi embættisfærslu og hvernig á málum er haldið gagnvart almenningi og hvernig ákvarðanir eru undirbúnar og síðan teknar þannig að enginn vafi leiki á því að þar sé farið samkvæmt réttum og eðlilegum leikreglum sem og að menn standi fyrir máli sínu að því er varðar þær heimildir sem menn ætla að veita í sambandi við losun mengandi efna frá þeirri verksmiðju sem hér á í hlut.

Og af því hæstv. umhvrh. taldi að engum þeim spurningum hefði verið beint til sín hér í umræðunni sem hann teldi sig þurfa að svara þá er auðvelt, virðulegur forseti, að bæta úr því með ýmsum hætti því af nógu er sannarlega að taka í þeim efnum.

Ég ætla því að leyfa mér að nota rétt minn til þess að koma fram með nokkrar ábendingar um málið og jafnframt fyrirspurnir til hæstv. ráðherra sem ég vænti þá að hann bregðist við. Ég ætla fyrst að taka það sem lýtur að málafylgjunni, þ.e. málsmeðferðinni. Það sem ég gagnrýndi sérstaklega í morgun í ræðu minni og sneri að hæstv. ráðherra var sá þáttur sem sneri að Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar í samhengi mats á umhverfisáhrifum og síðan sá úrskurður sem hæstv. ráðherra felldi eftir að skipulagsstjóri hafði kveðið upp sinn úrskurð. Ég held að engum sem kynnir sér þau mál geti blandast hugur um að þar var gengið mjög ákveðið gegn þeim úrskurði sem skipulagsstjóri felldi og komið til móts við kærur framkvæmdaraðilans þar sem umrædd markaðsskrifstofa gegndi lykilhlutverki og að mér sýnist á mjög hæpnum forsendum lagalega séð.

Síðan var það sá þáttur sem sneri að reglugerðarsetningu hæstv. ráðherra í tengslum við málsmeðferð og túlkun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988. Þar setti hæstv. ráðherra reglugerðir sem síðan var breytt vegna framkominnar gagnrýni. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að það sé að lokum gert þó það hefði betur ekki farið jafnlangt og raun bar vitni, þ.e. að fyrst væri þetta gagnrýnt hér á þinginu og síðan þyrfti fleira að koma til þannig að reynt væri að leiðrétta.

Nú sýnist mér að þetta mál sé ekki komið á hreinan grundvöll og það var m.a. það sem ég vakti athygli á í morgun vegna þess að það snertir framhald málsins og er mjög ákvarðandi og mikilvægt í sambandi við þann þátt. Mér virðist sem sagt að sú reglugerðarsetning sem hæstv. umhvrh. stóð að 22. janúar sl., þegar sett var reglugerð nr. 26 á þessu ári, hafi ekki hitt naglann á höfuðið gagnvart málsmeðferðinni og að þar sé ekki farið að ákvæðum 26. gr. laga, m.a. af því og kannski sérstaklega að því leyti að stjórn Hollustuverndar ríkisins er tekin út sem úrskurðaraðili varðandi athugasemdir eftir að tillögur er fram komnar um starfsleyfi til ráðherra frá Hollustuvernd. Þetta er auðvitað lykilatriði í sambandi við framhald málsins. Ég er ekki að biðja hæstv. ráðherra um að svara þessu hér. Ég hef beðið stjórn Hollustuverndar um að úrskurða um það álitaefni. En nú er það svo að samkvæmt reglugerð nr. 26 frá 22. janúar er gert ráð fyrir því að menn hafi málskotsrétt til úrskurðarnefndar eins og lögin kveða á um og það var breytingin sem að réttu var gerð í þeirri reglugerð. Hæstv. umhvrh. hefur tjáð sig opinberlega nú ekki fyrir löngu síðan þess efnis að hann muni ekki gefa út starfsleyfi til álbræðslu á Grundartanga á meðan hugsanlegar kærur væru þar til meðferðar á þeim vettvangi enda væri þar um að ræða atriði sem skiptu máli. Ég held ég fari nokkurn veginn efnislega rétt með það sem ég hef eftir hæstv. ráðherra um þetta efni. En þá þurfa þeir að vita sem eru að fara yfir þessi efni, í fyrsta lagi hvað varðar það álitaefni að Hollustuvernd ríkisins beri lögum samkvæmt að vera úrskurðaraðili áður en hægt er að vísa málum til úrskurðarnefndar, að niðurstaða í því máli hefur að sjálfsögu áhrif á málsmeðferðina.

Annað sem ég vil nú sérstaklega beina til hæstv. ráðherra, af því það kemur ekki skýrt fram og ég hef hvergi séð það auglýst eða fram komið, snýr að því hve lengi, eftir að tillögur hafa borist eða verið fram settar um starfsleyfið, hafa menn svigrúm til þess að vísa áhyggjuefnum sínum til úrskurðarnefndar sér á parti. Og hef ég þó lesið þannig í málið að stjórn Hollustuverndar þurfi þar að vera fyrsti aðili til þess að kveða upp úr og síðan komi til málskotsréttar til úrskurðarnefndarinnar. Þetta er það atriði sem ég hef beðið sérstaklega um úrskurð á, en auk þess hef ég borið fram tvær athugasemdir til viðbótar við stjórn Hollustuverndar ríkisins sem varða þá málsmeðferð að endurauglýsa ekki starfsleyfi með rétti til athugasemda eftir að búið er að breyta reglugerðinni sem var í hinni upphaflegu auglýsingu, breyta efnisþáttum hennar.

Þriðji þátturinn snertir síðan það sjónarmið sem snýr að lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit yfirleitt,

þ.e. að ætla hæstv. ráðherra að gefa út starfsleyfi til atvinnurekstrar en ekki að halda sig við það að Hollustuvernd ríkisins geri það, vinni það verk eins og ég teldi í rauninni vera ofureðlilegt, að þannig væri á málum haldið og hæstv. ráðherra leystur undan því verkefni að gefa formlega út slíka reglugerð. Þetta kemur framhaldi málsins verulega við.

Síðan vildi ég aðeins nota örstutt svigrúm hér í umræðunni til að spyrja hæstv. umhvrh. um það áhyggjuefni sem ég hef margsinnis viðrað hér í dag, bæði við þingmenn og hæstv. iðnrh., sem snýr að rammasamningnum um loftslagsbreytingar. Hvað vill hæstv. umhvrh. segja um þá stöðu að hann, hæstv. ráðherra, stendur frammi fyrir því, virðulegur forseti, að gefa út starfsleyfi fyrir 180 þúsund tonna álbræðslu sem kemur til með að losa um 370 þúsund tonn árlega af gróðurhúsalofttegundum? Hæstv. ráðherra er með réttu að vinna að því að stuðla að því að Ísland taki þátt í lagalega skuldbindandi samningi í lok þessa árs samkvæmt nótuðu ferli sem setur hertar kvaðir á okkur umfram þann samning sem við erum þegar aðilar að og vissulega ber að standa við samkvæmt þjóðarétti. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra hefur vafalaust heyrt eins og ég af vörum umhverfisframkvæmdastjóra Evrópusambandsins sem hér var í heimsókn hvernig viðhorfið er þar til hugmyndanna um framseljanleg leyfi og að Evrópusambandið styður ekki þá stefnu sem mér sýnist þó að ríkisstjórnin hafi horft til í sambandi við sína framkvæmdaáætlun að einhverju leyti. Ég vænti að fá svör frá hæstv. ráðherra við þessum fyrirspurnum hér í umræðunni.

[18:09]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil nú segja það bara svona til að það liggi alveg ljóst fyrir strax í upphafi að ég er alls ekki og síður en svo að skorast undan því að taka þátt í umræðum hér um umhverfismál, hvorki hér og nú eða yfirleitt þegar þau eru til umræðu í hv. þingi og þegar spurningum sem þau varða er beint til mín beinlínis. Mér fannst, og ætla ekki að eyða annars lengri tíma í það, ég sagði það áðan í stuttu svari til hv. þm. í umræðum um stjórn fundarins, að ég teldi að ekki hefði verið beint til mín neinum þeim spurningum sem ekki hafi verið ræddar hér áður. Hins vegar var farið þannig orðum um störf mín að ég vissi ekki hvort ég ætti endilega að vera að taka þátt í umræðum um það sérstaklega. En ég ætla ekki að skorast undan að svara því sem beinlínis er til mín beint ef ég hef svör við því á reiðum höndum.

Fyrst aðeins út af orðum hv. 8. þm. Reykv. um staðsetninguna sem hafi verið gagnrýnd og a.m.k. ýmsir telja gagnrýnisverða, þá vil ég segja að sem umhvrh. þá hef ég ekki tekið ákvörðun um staðsetninguna á þessu álveri hér eða þar. Ég hef hins vegar fengið á mitt borð að úrskurða um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. hvort þessi verksmiðja gæti starfað á þessum ákveðna stað en ekki verið spurður um hvort hún sé betur komin á Grundartanga eða á Langanesi. Það hafa bara ekki komið neinar slíkar spurningar upp til umhvrh. Þannig hefur málið ekki legið fyrir af hálfu umhvrn. og engar spurningar af því tagi tel ég að hafi verið á mínu borði að svara heldur aðeins spurningin hvort ásættanlegt sé eftir og samkvæmt mati á umhverfisáhrifum að þessi starfsemi fari fram á þessum stað. Þann úrskurð þekkja menn og þarf ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vil nú kannski úr af þessum seinustu orðum mínum segja að ég minnist þess að hv. 4. þm. Austurl. sagði einhvern tímann við mig þegar ég tók svona til orða hér í þessum ræðustól að það gæti vel verið að það þyrfti ræða það miklu meira og auðvitað er ég ekki að taka orð af neinum um það að tala um úrskurðinn eða tala um staðsetninguna heldur á þetta fyrst og fremst að skiljast þannig að ég ætla ekki að eyða frekari orðum að því hér í þessum ræðustól að þessu sinni.

Varðandi síðan ummæli hv. 4. þm. Austurl. um það að umhvrh. hafi gengið mjög gegn ákvæðum í úrskurði skipulagsstjóra um matið á umhverfisáhrifum þá höfum við reyndar rætt það áður. Ég er honum algjörlega ósammála um það. Ég taldi að í úrskurði skipulagsstjóra ættu ekki heima, þegar við erum að ræða um mat á umhverfisáhrifum, ýmis ákvæði sem fjalla um starfsleyfið og koma fram í starfsleyfinu enda segir í 3. lið í úrskurði skipulagsstjórans, beinlínis í yfirskriftinni: „Í starfsleyfi verði:" Það er yfirskriftin á níu töluliðum sem ég taldi að ættu að vera í starfsleyfinu en ekki í úrskurðinum um mat á umhverfisáhrifum. Um þetta getur okkur hv. þm. auðvitað greint á og út af fyrir sig ekkert við því að segja. En það var það sem ég breytti í þessum úrskurði í fyrsta lagi. Í öðru lagi taldi ég að ekki ætti að hnýta saman í þessum úrskurði alla hugsanlega framkvæmdaþætti sem gætu tengst þessari verksmiðju sem slíkri heldur værum við í þessum úrskurði fyrst og fremst að fjalla um starfsemi verksmiðjunnar, álbræðslunnar. Síðan yrði framkvæmt sjálfstætt umhverfismat á virkjunum, á línulögnum, á vegaframkvæmdum eða námum eftir því sem lög kveða á um. Svoleiðis að ég telji upp, kannski samkvæmt minni, þau atriði sem þarna voru sett út af því að ég taldi þau ekki eiga heima í úrskurðinum. En að öðru leyti efnislega get ég ekki fallist á að ég hafi gengið algjörlega gegn eða mjög ákveðið, eins og ég held ég hafi skrifað rétt eftir hv. þm., gegn úrskurði skipulagsstjóra. Það voru þessi tvö atriði sem ég taldi að ættu ekki heima í þessum þætti.

Um reglugerðarmálin höfum við rætt áður hér í hv. þingi og hef ég á þessu stigi í sjálfu sér engu við það að bæta sem þar kom fram. Ég hef viðurkennt að reglugerð sem sett var í sumar eða haust hafi ekki verið eins og lög kveða á um. Nú er sannleikurinn sá að lögin eru ekki nægilega skýr varðandi málsmeðferð af þessu tagi. Það er eitt af því sem ég tel að verði að taka nánar á og skýra betur og löggjafinn setji skýrari reglur um það hvernig eigi að fara með mál þegar þau eru til meðferðar á þessu stigi eins og við erum að tala um þ.e. þegar verið er að ganga frá hvort heldur er mati á umhverfisáhrifum eða tillögum um starfsleyfi og hvaða ferli á að vera fyrir hendi. Það þyrfti að vera ljósara í lögunum. Fyrri reglugerð var því breytt og reynt að gera það eins skýrt og tök eru á í nýrri reglugerð. Þar er gert ráð fyrir því ferli, svo ég vitni til þeirrar reglugerðar, með leyfi forseta, þar sem segir í 3. gr. reglugerðarinnar:

„Skal stjórn Hollustuverndar ríkisins gera grein fyrir skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögur og hvernig tekið er á þeim hverri fyrir sig. Skal sérstaklega taka þær athugasemdir sem ekki er tekið tillit til og færa rök fyrir því."

Ég er að vitna í ranga grein reglugerðarinnar, ég ætlaði að vitna til þess þar sem heimilt er að vísa málinu til úrskurðarnefndarinnar. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sætti aðilar máls sig ekki við það álit og takist ekki málamiðlun er heimilt að vísa málinu til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Skal nefndin kveða upp úrskurð svo fljótt sem auðið er og eigi

síðar en þremur vikum eftir að málið barst til hennar. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993."

Þarna er kveðið á um hvernig hægt er að fara með úrskurði sem fyrir liggja frá stjórn Hollustuverndar ríkisins og nú hefur Hollustuverndin sent frá sér sínar starfsleyfistillögur til ráðherra. Ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, vitna aðeins til bréfa eða efnis þeirra bréfa sem send voru þeim sem kærðu tillögurnar að starfsleyfinu upphaflega til stofnunarinnar og hafa síðan fengið tillöguna til baka eins og hún lítur út og var send ráðherra, þá hljóðar bréfið svo, með leyfi forseta:

„Hver sá sem gerði athugasemdir við starfsleyfistillögur á meðan þær lágu frammi, tilkynningar, og er ósáttur við afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins á athugasemdum sínum á rétt á því að kæra til sérstakrar úrskurðarnefndar, samanber 2. gr. reglugerðar nr. 26/1997 um breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit."

Ég tel því að þetta ferli sé skýrt eins og reglugerðin og lög kveða á um. Ég held að hv. þm. hafi spurt hvað sá kærufrestur væri langur. Í reglugerðinni sjálfri er vitnað til stjórnsýslulaganna. Ég hygg að ég fari rétt með — nú er auðvelt að fletta því upp — að það séu þrír mánuðir samkvæmt stjórnsýslulögum. En ég segi þetta með þeim fyrirvara að þessu fletta menn bara upp í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Hv. þm. sagði líka að hann hefði heyrt yfirlýsingar frá ráðherra um hvernig hann ætlaði að standa að starfsleyfisútgáfunni. Ég veit reyndar ekki nákvæmlega hvaðan hv. þm. hefur það því ég átti viðtal við fjölmiðla fyrir nokkru um það mál og sagði þá aðeins að starfsleyfistillagan frá stjórn Hollustuverndar væri til meðferðar og meðhöndlunar í umhvrn. og við mundum taka okkur tíma til að skoða hana ítarlega. Sú vinna er nú í gangi og ég hef ekki frekari yfirlýsingar að gefa um það á þessu stigi.

Að lokum spurði hv. þm. um rammasamninginn og loftslagsbreytingarnar sem við höfum rætt mikið að undanförnu. Sú umræða hefur auðvitað verið í gangi í ráðuneytinu og hjá starfsmönnum þess. Við höfum tekið þátt í fundaröð sem fer fram á þessu ári um hugsanlegar lagalegar bindingar sem gætu fylgt þessum samningi. Það ferli allt saman er þannig af okkar hálfu að við reynum að leggja áherslu á þau sjónarmið sem við höfum sett fram og höldum því áfram. Við höfum lagt áherslu á það að við teljum að leita eigi samninga milli svokallaðra Annex I ríkja sem eru OECD-ríkin og ríki Austur-Evrópu.

Af því að hv. þm. vitnar aðeins til heimsóknar frú Ritt Bjerregaard hér á dögunum og ummæla sem höfð eru eftir henni eftir fund sem hún hélt hér og eftir viðtöl við fjölmiðla að henni litist ekki á þau viðhorf sem íslensk stjórnvöld hefðu haft uppi þá verð ég að láta það koma fram að það eru nákvæmlega þau sömu viðhorf og Evrópusambandið er að vinna samkvæmt með ríkjum sambandsins. Þar er gert ráð fyrir að ríki geti — eigum við að segja skipt á milli sín þessum viðfangsefnum, að draga úr loftmenguninni, þannig að sum ríki draga úr en önnur bæta við. Það er nákvæmlega það sama og við höfum verið að tala um. Að öðru leyti höfum við bætt við í þá umræðu sjónarmiðum sem við viljum halda til haga og viljum gera áfram þ.e. að við erum að nota orku sem er endurnýjanleg og vistvæn, vistvænni en sú sem verið er að nota við stóriðjuframkvæmdir og stóriðjustarfsemi í nágrannalöndunum þar sem notaðir eru orkugjafar sem í viðbót við stóriðjuverin sjálf menga vegna bruna af því að kol eða olía er notuð. Þessu viljum við halda til haga og munum gera áfram. Og svo hitt að við höfum líka haldið því til haga að staða okkar Íslendinga hafi verið slík árið 1990, og hugsanlega fleiri þjóða, að tekið sé tillit til þess ástands sem var þá og þeirra erfiðleika sem við eigum þess vegna við að etja að ná markmiðum um að draga umtalsvert úr loftmengun með því að skipta um orkugjafa eins og aðrar þjóðir hafa möguleika til að gera sem hafa verið að nota mengandi orkugjafa á sama tíma og við vorum þá þegar farin að nota okkar endurnýjanlegu og umhverfisvænu orkugjafa. Sumir hafa líkt þessari kröfu við það — og það geta þá verið mín lokaorð í sambandi við þessa glímu — að krafa sé gerð til alkóhólistans sem hætti að drekka og hætti að neyta áfengisins árið 1990 eða fyrir þann tíma sem viðmiðunin var sett að hann skuli samt halda áfram að draga úr sinni áfengisneyslu. Ég segi þetta nú bæði í gamni og alvöru út af þessari samlíkingu og þeim erfiðleikum sem við erum í eða getum staðið frammi fyrir við það að uppfylla þessi viðmiðunarmörk sem sett eru en lýsi jafnframt yfir vilja okkar að við höfum tekið fullan þátt í þessum samningaviðræðum. Við munum halda því áfram. Við erum sammála því að taka beri upp lagalegar skuldbindingar í þessu efni. Við höfum ekkert dregið undan í því, við höfum verið sammála því viðhorfi. Við teljum hins vegar nauðsynlegt og munum halda áfram að berjast fyrir þessum sjónarmiðum og viðhorfum sem við höfum sett fram og ég segi aftur að mér finnst það ekki vera mjög langt frá því sem Evrópubandalagsríkin eru að gera innbyrðis sín á milli en við Íslendingar höfum talið og talað fyrir því að fleiri þjóðir ættu að vinna saman hvað þetta varðar því loftmengun þekkir ekki landamæri heldur þurfum við að taka tillit til heildarinnar og nýta þá þessa orkugjafa sem við teljum að séu hreinir og endurnýjanlegir.

Út af meirihlutaáliti umhvn. vil ég allra síðast undirstrika að ég tel að út úr því megi lesa eftir ítarlega athugun á málum að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að — ég er reyndar ekki með álitið hér í ræðupúltinu fyrir framan mig — en menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að staðið hafi verið eðlilega að málum og það sé ekki hægt að finna að stjórnsýslunni eins og hv. 4. þm. Austurl. gerði þó í sinni fyrstu ræðu í dag.

[18:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er margt sem þyrfti að komast að á þessum tveimur mínútum. En fyrst af öllu þegar hæstv. umhvrh. segir að hann hafi ekki farið jafnilla með skipulagsstjóra og ég hefði gefið til kynna þá verð ég að hryggja hæstv. ráðherra með því að ég fæ ekki betur séð en að hann hafi afnumið í úrskurðarorðum sínum alla 3. gr. þó að vísað sé til í úrskurðinum, með leyfi forseta. Þetta er úr niðurstöðu ráðuneytisins en ekki úrskurðarorðum: „Við gerð starfsleyfistillagna ber því Hollustuvernd ríkisins að hafa til hliðsjónar þau atriði sem fram koma í 3. tölulið úrskurðar skipulagsstjóra" o.s.frv. Og einnig að það er auðvitað geysilega stórt mál að höggva í sundur þá heild sem hér hangir saman, verksmiðju og aðrar matsskyldar framkvæmdir. Það sem skipulagsstjóri vildi fá klárt og sagði í sínum úrskurðarorðum — það verður ekki farið í framkvæmdir við verksmiðjuna fyrr en búið er að fara yfir allar matsskyldar framkvæmdir. En þetta var afnumið. Þetta var slegið af og það er þessi gjörningur sem hér er verið að gagnrýna með þeim hætti sem ég hef leyft mér að gera.

Og síðan hvað varðar málsmeðferðina — þrír mánuðir samkvæmt stjórnsýslulögum. Það er gott að ráðherrann upplýsir það en jafnframt hlýt ég að undirstrika að auðvitað getur það ekki gengið upp, það er mitt mat, að afgreiða starfsleyfi út úr ráðuneyti áður en þessu ferli er lokið. Annars væri verið að ganga algerlega yfir það. Vegna reglugerðarinnar fæ ég ekki séð að hún rími saman, að reglugerð nr. 26 frá þessu ári rími saman við ákvæði 26. gr. Hæstv. ráðherra er að reyna að túlka þær athugasemdir (Forseti hringir.) sem komu fram við auglýsingu Hollustuverndar ríkisins. Hann er að reyna að túlka það sem kærur. Það eru engar kærur í tengslum við þá málsmeðferð sem verið (Forseti hringir.) hefur heldur bara réttur til athugasemda á auglýsingatíma. Síðan gefur Hollustuvernd út leyfið og þá hafa menn kæruréttinn samkvæmt gildandi lögum til stjórnar Hollustuverndar ríkisins en ekki úrskurðarnefndar, það er næsti vettvangur.

[18:28]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú kannski aðeins til að undirstrika að það er vissulega rétt hjá hv. þm. að úrskurðurinn felur í sér að töluliður 3 í úrskurði skipulagsstjóra er felldur niður. Hann er felldur út af því og með þeim rökum að ég tel að í öllum þeim 9 liðum sem eru undir tölulið 3 og segir í yfirskrift, með leyfi forseta: „Í starfsleyfi verði" — ég ætla ekki að lesa upp þá níu tölulið — að þessi atriði sem á að fjalla um í starfsleyfi komi þar fram en eiga ekki heima í úrskurði um mat á umhverfisáhrifum og því segir í niðurstöðu ráðuneytisins sem ráðherra hefur síðan undirritað, með leyfi forseta: „Því er töluliður 3 í úrskurði skipulagsstjóra felldur brott." Það er út af fyrir sig rétt og ég taldi mig skýra það áðan og af hverju. Okkur greinir bara á um það að við tökum á þeim atriðum sem varða verksmiðjuna sem slíka og þann þáttinn sem hér er lagður fyrir til umhverfismats og töldum ekki rétt að taka með í þetta mat á umhverfisáhrifum eða að hinir þættirnir skyldu koma til mats samhliða enda koma þeir sjálfstætt til mats á umhverfisáhrifum hver fyrir sig þegar kemur að þeim framkvæmdum sem slíkum.

Það er alveg skýr og klár skoðun mín í sambandi við kæruferlið að þegar stjórn Hollustuverndar hefur sent ráðherra úrskurð sinn, niðurstöðu sína á þeim kærum og athugasemdum (Forseti hringir.) sem höfðu borist áður og sendir ráðherra síðan tillögu að starfsleyfi og gerir þeim jafnframt sem gerðu athugasemdir til stjórnar Hollustuverndar grein fyrir sínum athugasemdum þá hefjist þetta kæruferli til úrskurðarnefndarinnar.

[18:30]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvað segja lögin, með þínu leyfi, þ.e. 26. gr.:

„Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv." tilteknum tölulið sem ég sleppi, „er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar samkvæmt lögum þessum, ..."

Hæstv. ráðherra er hér með sinni reglugerð frá 22. janúar að reyna að innleiða alveg nýja málsmeðferð frá því sem verið hefur. Það bara gengur ekki upp. Menn höfðu réttinn til athugasemda eftir auglýsingu um starfsleyfi. Það hefur ekkert breyst í því. Síðan kemur niðurstaða Hollustuverndar og stjórnar Hollustuverndar samkvæmt reglugerðinni sem ekki var út af fyrir sig nauðsynlegt að breyta og þá hafa menn eftir sem áður lögvarinn rétt til að kæra til stjórnar Hollustuverndar. Og ef því er ekki unað þá hafa menn réttinn til að kæra til úrskurðarnefndar. Þannig liggur þetta. Ég hélt að þetta væri mönnum ljóst. En það virðist vera mjög erfitt fyrir menn uppi í umhvrn., því miður, að lesa í lög að mínu mati.

Síðan aðeins um loftslagssamninginn. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það sem hann skýrði í því efni, en staða okkar er ekkert hliðstæð stöðu landa innan Evrópusambandsins. Innan Evrópusambandsins er þannig haldið á málum að ákvörðuð er skipting á þeim heildarkvóta sem Evrópusambandið ætlar að standa við, þá heildarniðurstöðu í samdrætti, því nú er talað um samdrátt á næstu árum, til ársins 2010 og því er jafnað niður á löndin. En síðan eru engin skipti þeirra á milli. Þau eiga að búa við þessar niðurstöður sem þarna er um að ræða og undir „tradable permits" eða verslun með leyfi er ekki tekið samkvæmt þeim svörum sem ég fékk frá Ritt Bjerregaard og margir hlýddu á í Norræna húsinu.

[18:33]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að þrefa frekar við hv. þm. héðan úr ræðustól um lögin og reglugerðina. Það er mál sem ég tel mig hafa farið ræki lega í gegnum með lögfræðilegum ráðgjöfum þegar við breyttum reglugerð fyrr á þessum vetri og málsmeðferðin eigi að vera nokkuð skýr eins og þar er kveðið á um og ég hef þegar greint frá og lesið með tilvitnun í reglugerðina hér úr ræðustól áðan og eins vitnað til þeirra bréfa sem hafa verið send einstaklingum sem hafa kært eða gert athugaemdir þannig að þeim er þá líka ljós sú hugsun eða skoðun sem Hollustuverndin og ráðuneytið hefur á málsmeðferðinni og það sé samkvæmt lögum og þeirri reglugerð sem ég hef sett.

Hins vegar eigum við sjálfsagt enn eftir að taka miklar umræður og vafalaust ítarlegar um rammasamninginn um loftslagsbreytingarnar og það ferli sem eftir er. Það á, ef ég man rétt, eftir að halda fimm eða sex samningafundi embættismanna á árinu fram að lokafundinum sem er í Japan í desember á þessu ári og við munum halda áfram að vinna að okkur sjónarmiðum í því sambandi. Það sem ég nefndi hér áðan þegar ég var að vitna til þess sem Evrópusambandið er að setja upp, þá er þó alveg ljóst að þar gerir Evrópusambandið, eins og frú Ritt Bjerregaard gerði grein fyrir hér á dögunum í heimsókn sinni hingað til lands, ráð fyrir því að hægt sé að líta á ríkjahóp. Það er verið að líta þar á ríkjahóp sem er auðvitað Evrópusambandsríkin og við höfum talið í okkar málflutningi að það bæri og ætti að líta á það sem sameiginleg verkefni fleiri ríkja, að uppfylla þau skilyrði eða þær kvaðir sem kunna að verða settar varðandi rammasamninginn.

[18:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. umhvrh. komst þannig að orði að fyrir hann var ekkert lagt varðandi þessa álverksmiðju annað en það að hún yrði á Grundartanga. Og hann lagði á það áherslu að hvorki hefði verið minnst á þann möguleika að hún yrði á Langanesi né einhvers staðar annars staðar sem ég man nú ekki hvar var, hvort var Keilisnes.

Alla vega finnst mér ástæða til að draga þetta fram því að það staðfestir það sem ég var að segja fyrr á þessum degi að bersýnilegt er að verksmiðjan var sett niður á Grundartanga og það var pólitísk ákvörðun ráðherrans að gera það, væntanlega iðnrh. úr því að umhvrh. var ekki spurður. Þó voru þeir í sama stjórnmálaflokknum síðast þegar ég vissi.

[18:36]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara undirstrika það sem kom fram í ræðu minni áðan og hv. 8. þm. Reykv. ítrekar hér, að aðkoma umhvrn. og umhvrh. að málinu er sú að gefa álit á eða réttara sagt kveða upp úrskurð um kærur um mat á umhverfisáhrifum þessarar verksmiðju á þessum ákveðna stað. Í slíku ferli eru valkostir ekki settir fram þannig að umhvrh. eigi að segja í sínum úrskurði: Er þessi verksmiðja betur komin hér en þar? Er hún betur komin einhvers staðar annars staðar? Ef það hefði verið ákvörðun um staðsetningu á Keilisnesi eða Langanesi, svo við höldum okkur við þau tvö nes sem hér voru áður nefnd í umræðunni, þá hefði matið á umhverfisáhrifunum farið fram á viðkomandi stað á þessari atvinnustarfsemi. Hefði það verið kært, þá hefði það komið í hlut umhvrh. að úrskurða um þá kæru.

[18:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja að mér finnst það virðingarvert að hæstv. umhvrh. talar hér sem slíkur, en það vill nú svo til að hann er líka pólitíkus. Er hann ekki varaformaður Framsfl.? Og það er auðvitað bersýnilega pólitísk ákvörðun hæstv. framsóknarráðherrans Finns Ingólfssonar að setja verksmiðjuna niður á Grundartanga og hæstv. umhvrh. getur ekki fríað sig af því máli sem varaformaður Framsfl. Þó að hann geti kannski lokað sig inni í einhverjum reglugerðum úr stjórnarráðslögunum sem umhvrh. í málinu þá er bersýnilegt að Framsfl. ber á því ábyrgð að negla verksmiðjuna á Grundartanga og hvergi annars staðar.

[18:38]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki reynt að fría mig neinni ábyrgð á þessu máli. Ég hef verið að reyna að skýra út hvað felst í úskurði um mat á umhverfisáhrifum og aðkomu umhvrn. og umhvrh. að því leytinu til. Ég á auðvitað sæti í þessari ríkisstjórn og tek þátt í afgreiðslu og ákvarðanatöku þar og síðan í mínum þingflokki og að lokum á hv. þingi á þeim málum sem þetta varðar, þessu máli sem hér er sérstaklega til umræðu. Ég þekki auðvitað ekki nákvæmlega það ferli sem er aðdragandi að ákvörðun um staðsetningu. Við vitum að það eru nokkrir staðir þar sem hefur verið talið að ásættanlegt væri að hafa stóriðju og síðan hefur verið leitað eftir því að fá hingað erlenda fjárfesta og þeim trúlega verið bent á það hvar slík staðsetning kæmi til greina. Þegar síðan kemur að ákvörðun um það að skoða nákvæmlega hvort viðkomandi starfsemi geti farið fram á þessum stað sem hér er til umræðu — getur álver verið starfrækt á Grundartanga? — þá fer það í mat á umhverfisáhrium og eftir það þekkja menn ferlið. Þessu hef ég verið að reyna að lýsa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (EES-reglur). — Þskj. 701.

og

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 702.

[18:40]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tvemur frv. í einu lagi, annars vegar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, á þskj. 701 og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, á þskj. 702. Með frv. þessum er stefnt að því að gera nokkrar smábreytingar á hlutafélagalöggjöfinni. Er það gert vegna athugasemda Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli samanburðar á ákvæðum íslenskra laga um hlutafélög og einkahlutafélög og 1. og 2. félagaréttartilskipuninni, en tilskipanirnar eru hluti af EES-samningum.

Sem dæmi um fyrirhugaðar breytingar má nefna að gerð er sú krafa í EES-rétti, ef samþykktum hlutafélaga eða einkahlutafélaga er breytt, að ekki nægi að senda hlutafélagaskrá einungist texta þeirrar greinar eða greina sem breytt er heldur þarf að senda samþykktir í heilu lagi til skráningar með innfelldum breytingum. Ákvæðið hér að lútandi er í 9. gr. hlutafélagafrv. og 5. gr. einkahlutafélagafrv.

Þá þarf að gera breytingar á skilgreiningum á móðurfélagi og dótturfélagi og er það gert í 2. gr. frv. Í þeirri breytingu felst að móðurfélag telst geta haft yfirráð í öðru hlutafélagi eða einkahlutafélagi þótt það hafi ekki jafnframt verulega hlutdeild í afrakstri dótturhlutafélagsins.

Þá eru í 8. gr. hlutafélagafrv. og 4. gr. einkahlutafélagafrv. gerðar undantekningar frá banni við því að hlutafélög veiti lán til að fjármagna kaup á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess eða leggi fram fé eða setji tryggingar í tengslum við slík kaup. Slíkt bann mun samkvæmt frv. ekki eiga við um t.d. kaup starfsmanna félags eða tengds félags á hlutum í félaginu eða móðurfélagi þess nema í sérstökum tilvikum ef fjárhagur viðkomandi félags þykir leyfa slíkt.

Ég vil bæta við að væntanlega þarf að gera frekari breytingar á hlutafélagalöggjöfinni á haustþingi þegar samanburði á löggjöfinni og fleiri tilskipunum á grundvelli EES-samningsins er lokið.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frumvörpunum verði vísað til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orkulög, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (eignarhlutur Rariks í félögum). — Þskj. 713.

[18:43]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að afla lagaheimildar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins til að stofna eða kaupa hlut í félögum með það meðal annars að markmiði að ná með sem skilvirkustum hætti að nýta þá þekkingu og búnað sem Rafmagnsveiturnar búa yfir til eflingar útflutningi á sérþekkingu í þágu fyrirtækisins sjálfs og til eflingar atvinnulífi í landinu. Hafa Rafmagnsveiturnar, bæði einar sér og í samstarfi við aðra, staðið að markaðssetningu á íslenskri sérþekkingu tengdri orkumálum en ástæða er til að opna fyrir þann möguleika einnig að Rafmagnsveiturnar geti stofnað félög eða tekið þátt í félögum um tiltekin verkefni, bæði vegna samstarfs við aðra aðila og ekki síður til takmörkunar á áhættu þar sem það á við. Þá er það einnig mikilvægt að Rafmagnsveiturnar geti staðið að og tekið þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum með sama hætti.

Með frv. er lagt til að með nýrri málsgrein í 61. gr. orkulaga verði Rafmagnsveitum ríkisins heimilt að hagnýta þá sérþekkingu og þann búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til útflutnings sem ekki eingöngu nýtist fyrirtækinu sjálfu heldur einnig þeim öðrum aðilum sem eru og hafa verið í samstarfi við Rafmagnsveiturnar.

Fyrirtækinu verður heimilað að selja tækniþekkingu og aðra sérþekkingu til aðila hér á landi og erlendis með því að stofna og eiga hlut í félögum.

Gert er ráð fyrir að verkefni, sem fyrirtækið ræðst í á grundvelli lagaheimildarinnar, stuðli að hagkvæmari rekstri fyrirtækisins og skili því arði.

Þar sem Rafmagnsveiturnar eru ríkisfyrirtæki og lúta umsjón ráðherra samkvæmt orkulögum er talið rétt að leita þurfi hverju sinni heimildar hans til að stofna félög eða kaupa hlut í félögum. Jafnframt þykir rétt til að stuðla að samræmi að leitað sé álits fjármálaráðherra hverju sinni.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til iðnn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

[18:46]

Útbýting þingskjals:

Vátryggingastarfsemi, 485. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 816.

[18:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum samþykktum við breytingar á landsvirkjunarlögum þar sem 1. gr. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun er heimilt að hagnýta þá þekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir á sviði orkumála til verkefna erlendis með því að taka að sér verkefni fyrir fyrirtæki eða stofna og eiga hlut í erlendum fyrirtækjum sem annast rannsóknir, ráðgjöf eða aðra þjónustu á sviði orkumála eða aðra starfsemi tengda orkumálum."

Varla verður sagt að þetta sé gullaldartexti en hér er síðan flutt tillaga um breytingu á orkulögum sem ég tel vera hliðstæða en er þó ekki eins, þar sem mér sýnist að um sé að ræða nokkuð rýmri heimildir handa Rafmagnsveitum ríkisins heldur en Landsvirkjun hefur samkvæmt nýsamþykktum lagabreytingum. Nú getur vel verið að það eigi að vera þannig. Ég hef enga skoðun á því máli. En það er dálítið sérkennilegt að í ýmsum málum sem koma frá hæstv. ríkisstjórn, ýmist hér eða úti í bæ, þá er um það að ræða sem einn af forvígismönnum atvinnurekenda hefur kallað U-beygju í einkavæðingu en ég kýs að kalla eiginlega O-beygju því mér sýnist ríkisstjórnin vera á hringtorgi í þessum einkavæðingarmálum og ekki almennilega alveg vita hvar hún á að fara út af ef hún vill koma sér á beina braut einhvern tíma í málinu.

En að öllu gamni slepptu þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða rök eru fyrir því að þetta er mismunandi, án þess að ég sé að leggja neina skoðun í málið? Ég hefði viljað heyra rökin.

[18:48]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom alveg skýrt fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar að þarna er talsverður munur á og það er af yfirlögðu ráði. Þegar umræðan fór fram um frv. um Landsvirkjun vildu menn einvörðungu einskorða þá starfsemi sem Landsvirkjun getur tekið þátt í með þessari heimild sem þarna fékkst, við starfsemi erlendis. Um það sem hins vegar er verið að gera með breytingu á orkulögum og um leið með því að auka heimildir Rafmagnsveitna ríkisins til þess að taka þátt í ýmiss konar starfsemi, bæði erlendis og innan lands í þessu tilfelli, skal ég nefna dæmi.

Í fyrsta lagi: Rafmagnsveitur ríkisins reka rafmagnsverkstæði. Með þessu skapast sá möguleiki að breyta því rafmagnsverkstæði í hlutafélag, aðgreina þannig þann rekstur sem er nú innan fyrirtækisins frá hinni hefðbundnu starfsemi sem rekin er í fyrirtækinu og gera rafmagnsverkstæðið að sjálfstæðu félagi sem einkaaðilar gætu þá að einhverju leyti tekið þátt í.

Annað dæmi sem má nefna er það að í samstarfi við sveitarstjórnina í Stykkishólmi er núna verið að leita að heitu vatni á Snæfellsnesi til þess m.a. að kanna hvort hægt verði koma þar upp hitaveitu. Í kringum slíkt á að stofna félag og þarna væri möguleiki fyrir Rarik að taka þátt í stofnun slíks félags. Þar eru verulegir hagsmunir fyrir fyrirtækið einfaldlega vegna þess að með þátttöku í slíku félagi væri hægt að komast hjá því að leggja mjög dýrar línur sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að leggja um nesið og verulegur sparnaður af því.

Í þriðja lagi má nefna að víða um land hefur vaknað áhugi hjá fyrirtækjum heima í héruðum á einstökum svæðum fyrir því að Rafmagnsveiturnar tækju þátt í starfsemi sem þeir reka að stofni til, eins og ég nefndi um rafmagnsverkstæðið, en færu þá í samstarf við einkaaðila á einstökum svæðum.

[18:50]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessi svör. Mér finnst þetta fínt sem hann sagði og skynsamlegt að mörgu leyti að beita Rarik eins og hér er lagt til og hæstv. ráðherra skýrði. Það kallar auðvitað á ýmiss konar frekari spurningar og umræður í iðnn. og við förum í það. Ég vil einnig óska hæstv. ráðherra til hamingju með að hafa leitt Sjálfstfl. út á þessa braut í félagslegum rekstri í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 779.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Helgidagafriður, 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 31, nál. 784, brtt. 785.

[18:51]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 784 um helgidagafrið. Nefndarálitið frá hv. allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson, Benedikt Bogason og Þórhall Ólafsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Elínu Vígdísi Hallvarðsdóttur, fullrúa lögreglustjórans í Reykjavík, Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Jónas Hvannberg frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Björn Inga Hrafnsson frá Sambíóunum og Guðmund Sigurðsson frá Samkeppnisstofnun. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá lögreglustjóranum í Reykjavík, Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Félagi starfsfólks í veitingahúsum og Valbirni Steingrímssyni. Einnig studdist nefndin við umsagnir sem henni bárust um málið á 120. löggjafarþingi.

Frumvarpið felur í sér allnokkra rýmkun á heimildum til ýmiss konar starfsemi á helgidögum og hefur verið rætt ítarlega um það í nefndinni hversu rúmar slíkar heimildir eigi að vera og á hvaða dögum þær eigi að gilda. Komu þar helst fram þau sjónarmið að leitast við að tryggja friðhelgi heimila og helgihald jólanna eins og frekast væri unnt, en hafa víðtækari heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska, en það er sá tími sem algengt er að fjölskyldur nýti til ferðalaga og afþreyingar.

Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 785.

1. Með breytingartillögu við 2. gr. er lagt til að jóladagur til kl. 6.00 að morgni næsta dags falli undir 3. tölul. 2. gr. ásamt aðfangadegi í stað 2. tölul. áður. Jafnframt er lagt til að mun þrengri undanþágur frá helgidagafriði verði heimilaðar á þessum helgidögum þjóðkirkjunnar en á helgidögum skv. 2. tölul.

2. Nokkrar breytingar eru lagðar til við 5. gr. frumvarpsins. Miða þær m.a. að því að þrengja undanþágur á aðfangadegi jóla og jóladegi. Vegna þessa er lagt til að þær undanþágur sem fram koma í 1. mgr. nái aðeins til helgidaga skv. 2. tölul. og jafnframt að ný málsgrein bætist við greinina þar sem taldar eru undanþágur frá helgidagafriði á aðfangadag og jóladag. Þær undanþágur heimila lágmarksgrunnþjónustu og er þar sérstaklega tekið mið af þörfum ferðamanna. Með þessari breytingartillögu er verið að tryggja helgihald jólanna, en þær víðtæku undanþágur sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 5. gr. þykja ekki samræmanlegar því markmiði.

Í 1. tölul. 5. gr. er lagt til að felld verði niður heimild til að hafa verslanir með neyðarbúnað opnar, en ekki þykir ljóst við hvaða verslanir er átt.

Loks er lagt til að undanþága 3. tölul. 5. gr. verði ekki bundin við listviðburði sem hafa sígilt listrænt gildi, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Mat á gildi listviðburða er væntanlega mjög erfitt í framkvæmd og hætta á að misræmi skapist milli byggðarlaga, auk þess sem ekki þykir ástæða til að gera tegundum listsköpunar mishátt undir höfði. Einnig þykir nefndinni rétt að undanþágan nái einnig til kvikmyndasýninga þar sem frumvarpið gerir ráð fyrir að leiksýningar verði heimilaðar og ekki þykja rök fyrir því að gera upp á milli þessara listgreina.

Sólveig Pétursdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita auk þeirrar sem hér stendur Hjálmar Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson, Ögmundur Jónasson, Kristján Pálsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:56.

---

96. FUNDUR

föstudaginn 21. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 445. mál, þskj. 757. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 701. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Einkahlutafélög, stjfrv., 405. mál, þskj. 702. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Orkulög, stjfrv., 412. mál, þskj. 713. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flugskóli Íslands, stjfrv., 152. mál, þskj. 779. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 31, nál. 784, brtt. 785. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Fæðingarorlof, stjfrv., 453. mál, þskj. 767. — 1. umr.
8. Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum, skýrsla, 102. mál, þskj. 695.
9. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, þáltill., 210. mál, þskj. 249. — Frh. fyrri umr.
10. Sóttvarnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 213, nál. 811, brtt. 812. — 2. umr.
11. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745. — 1. umr.
12. Umboðsmenn sjúklinga, þáltill., 213. mál, þskj. 260. — Fyrri umr.
13. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.
14. Breyting á umferðarlögum, þáltill., 336. mál, þskj. 608. — Fyrri umr.
15. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 356. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.
16. Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, þáltill., 377. mál, þskj. 662. — Fyrri umr.
17. Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, þáltill., 385. mál, þskj. 677. — Fyrri umr.
18. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 389. mál, þskj. 681. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjálmar Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, 469. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 795.

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 398. mál, svar dómsmrh., þskj. 790.

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 399. mál, svar dómsmrh., þskj. 791.

Framkvæmd laga um fangelsi og fangavist, 400. mál, svar dómsmrh., þskj. 792.

Rafræn eignaskráning verðbréfa, 474. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 801.

Tryggingasjóður einyrkja, 237. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 807; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 808.

Fæðingarorlof, 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 767.

[10:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli frv. til laga um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof. Í nóvember 1995 skipaði ég nefnd sem falið var að endurskoða frv. til laga um fæðingarorlof og fæðingarstyrk sem samið var árið 1990. Markmið þessa lagafrv. var að samræma rétt allra kvenna á vinnumarkaði til greiðslna í fæðingarorlofi. Í nefndinni áttu m.a. sæti fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði auk fulltrúa frá Jafnréttisráði og heilbr.- og trmrn.

Við meðferð frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkis sl. vor var opinberum starfsmönnum lofað að fæðingarorlofsrétti þeirra yrði ekki breytt nema með samningi við þá. Forsendur fyrir óbreyttu starfi nefndarinnar voru þar með brostnar. Nefndin taldi tveggja kosta völ varðandi framhald starfsins, annars vegar að gera nokkrar lagfæringar á gildandi frv. og hins vegar að nefndin héldi áfram að endurskoða frv. frá 1990 og miða þá við að frv. tæki aðeins til hins almenna vinnumarkaðar. Þar sem skiptar skoðanir voru í nefndinni um hvert framhald skyldi verða ákvað ég að leggja nefndina niður.

Jafnframt ákvað ég að láta semja frv. til laga um breytingu lagaákvæða um fæðingarorlof þar sem gerðar yrðu tillögur um nokkrar breytingar á gildandi fyrirkomulagi.

Frv. það sem ég mæli nú fyrir felur fyrst og fremst í sér aukin réttindi fyrir foreldra vegna ýmissa sérstakra aðstæðna, svo sem vegna fjölburafæðinga, vegna fyrirburða og vegna veikinda barns og móður. Ég mun á eftir gera grein fyrir helstu breytingum sem frv. gerir ráð fyrir.

Ef ég vík fyrst að fjölburafæðingum þá hefur þeim fjölgað nokkuð á síðustu árum og er það helst rakið til starfsemi glasafrjóvgunardeildar. Það hefur lengi verið ósk foreldra sem eignast fjölbura að fæðingarorlof lengist meira en gildandi ákvæði gera ráð fyrir en samkvæmt þeim lengist fæðingarorlof um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt. Hér er um mjög litla lengingu að ræða og verður að teljast sanngjarnt að komið verði frekar til móts við foreldra fjölbura. Því er lagt til að lenging fæðingarorlofs vegna fjölburafæðinga verði þrír mánuðir fyrir hvert barn í stað eins mánaðar. Þetta þýðir að kona sem fæðir tvíbura á rétt á níu mánaða fæðingarorlofi og kona sem fæðir þríbura á rétt á eins árs fæðingarorlofi. Foreldrar sem ættleiða eða taka í fóstur fleiri en eitt barn njóta sömu lengingar.

Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu lengist fæðingarorlof um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjóra mánuði. Hér eru fyrst og fremst hafðir í huga fyrirburar en ákvæðið á einnig við um önnur börn sem þurfa að dvelja á sjúkrahúsi vegna veikinda lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu. Sá dagafjöldi sem bætist við fæðingarorlof samkvæmt þessu ákvæði telst frá fæðingu, þ.e. fyrstu sjö dagarnir dragast ekki frá. Hér er um að ræða sjálfstæðan rétt sem skerðir ekki rétt til lengingar vegna alvarlegs sjúkleika barns síðar á fæðingarorlofstíma.

Þá er lagt til að heimild til lengingar fæðingarorlofs vegna alvarlegs sjúkleika barns sé lengd úr einum mánuði í allt að þrjá mánuði. Í frv. er nýmæli um heimild til lengingar fæðingarorlofs um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda móður eftir fæðingu. Tilgangur ákvæðisins er að bæta móður og barni upp þann tíma sem þau geta ekki verið í samvistum á fæðingarorlofstíma vegna alvarlegra veikinda móður. Fæðingarorlof vegna töku barns yngra en fimm ára í varanlegt fóstur verður sex mánuðir í stað fimm samkvæmt gildandi lögum en fæðingarorlof vegna ættleiðingar var lengt í sex mánuði með lögum nr. 129/1995, um réttarstöðu kjörbarna og foreldra þeirra.

Þá er gerð tillaga um breytingu á skilgreiningu andvana fæðingar og fósturláts í samræmi við skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar en sú skilgreining er notuð á Ríkisspítölum. Þar er miðað við að eftir fullar 22 vikur meðgöngu sé um að ræða andvana fæðingu, en fyrir þann tíma fósturlát. Samkvæmt ákvæðum laga almannatrygginga um fæðingarorlof er andvana fæðing skilgreind eftir 28 vikna meðgöngu en þegar þau mörk voru sett var talið að börn gætu almennt ekki lifað utan móðurkviðar ef þau fæddust fyrr. Þetta misræmi í skilgreiningu hefur valdið vandræðum þegar foreldrar, sem sagt hefur verið á sjúkrastofnun að barn hafi verið andvana fætt, hafa sótt um greiðslur í fæðingarorlofi og þá verið sagt að aðeins hafi verið um fósturlát að ræða. Þetta hefur skapað foreldrum óþarfa sárindi og óþægindi sem hægt væri að koma í veg fyrir með því að samræma skilgreiningu.

Í bráðabirgðaákvæði með frv. er gert ráð fyrir að foreldrar sem voru í fæðingarorlofi hinn 1. janúar sl. njóti þess aukna réttar sem felst í frv. eftir því sem við á. Þannig mundi tvíburamóðir sem var í fæðingarorlofi hinn 1. janúar fá tvo mánuði til viðbótar eða samtals níu mánuði. Móðir fyrirburabarns mundi fá allt að fjögurra mánaða fæðingarorlof til viðbótar eða samtals tíu mánuði o.s.frv.

Frv. gerir ráð fyrir verulegum réttarbótum vegna sjúkra barna, fyrirbura og fjölbura og vegna veikinda móður. Hér er ekki um að ræða mjög stóran hóp en engu að síður mikilvæga réttarbót fyrir þá sem ákvæðin eiga við. Í hjálögðu kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu kemur fram að gert er ráð fyrir að árlegur kostnaðarauki vegna frv. verði samtals á bilinu 40–45 millj. kr.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um að ræða brýnt hagsmunamál fyrir allstóran hóp barna og foreldra og vænti þess að frv. hljóti jákvæðar undirtektir og fái skjóta afgreiðslu á þingi. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. heilbr- og trn. til 2. umr.

[10:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvert einasta atriði sem hæstv. ráðherra hefur talið upp í ræðu sinni horfir til bóta. Ég segi það sem formaður heilbr.- og trn. að ég mun beita mér fyrir því að þetta frv. hljóti skjóta afgreiðslu og verði afgreitt í tíma áður en við ljúkum þingi.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um er það sem ekki er í frv. Við vitum, eins og hæstv. ráðherra sagði í framsögu sinni, að hún hafði uppi nefnd sem ekki náði farsælli niðurstöðu og hún sleit nefndinni og ég geri engar athugasemdir við það. En í dag er í gildi framkvæmdaráætlun ríkisstjórnar í jafnréttismálum sem er senn að renna sitt skeið á enda. Þar segir, m.a.:

„Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggi jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs."

Það er líka alveg ljóst að ráðherrar í núv. ríkisstjórn, þar á meðal þessi hæstv. ráðherra hafa talað um að nauðsynlegt sé að jafna rétt feðra til að taka fæðingarorlof. Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að það frv. sem hér er undir tekur einvörðungu á ýmsum sérstökum aðstæðum en ég vil nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað líður áætlunum ríkisstjórnarinnar varðandi það að hrinda í framkvæmd þessari áætlun um það að gera feðrum mögulegt að taka líka fæðingarorlof til jafns við mæður?

[10:43]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þau orð sem hann hafði hér áðan. Hann ætlar að greiða götu þessa frv. sem liggur fyrir í gegnum þingið þannig að það fólk sem þarf þær réttarbætur sem eru boðaðar fái þær hið allra fyrsta. En hvað varðar þá spurningu sem hann lagði fram um orlofsrétt feðra, þá er það mál í vinnslu. Það tekur lengri tíma en við áætluðum og þess vegna viljum við ekki bíða með þessar nauðsynlegu réttarbætur þar til að það mál verði fullunnið.

[10:44]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um að ekki hefði verið rétt að bíða með þær bætur sem hún leggur hér góðu heilli fram eftir því að niðurstaða náist í hinu málinu. En ég skil þá svar hæstv. ráðherra þannig — og bið hana þá um að leiðrétta ef það er rangt — að hún muni áður en kjörtímabilið er úti leggja fram frv. sem tryggir feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

[10:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég vil segja um spurningu hv. þm. er einungis þetta: Það mál er í vinnslu.

[10:45]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ekki oft sem ástæða er til að fagna eða gleðjast úr þessum ræðustól yfir verkum hæstv. ráðherra en það er vissulega nú í þessu tilviki í því máli sem hér er lagt fram um breytingar lagaákvæða um fæðingarorlof. Það er vissulega rétt sem hæstv. ráðherra segir að þessi ákvæði fela í sér mjög veigamikla réttarbót fyrir ákveðinn hóp kvenna og barna þeirra frá þeim lögum sem nú eru í gildi.

Eins og hæstv. ráðherra kom inn á er fyrst og fremst um að ræða réttarbót vegna fleirburafæðinga, fyrirburafæðinga, alvarlegra veikinda barna eða móður og vegna töku barna í varanlegt fóstur. Það er ástæða til að fara nokkrum orðum um þetta mál og ég vil fagna því sérstaklega að hæstv. ráðherra hafi orðið við eindreginni ósk kvenna sem hafa barist fyrir rétti fyrirburaforeldra um það að þetta ákvæði yrði afturvirkt og gildi fyrir konur og börn þeirra sem eru í fæðingarorlofi frá síðustu áramótum. Þessar konur hafa vissulega fært mjög veigamikil rök fyrir slíkri réttarbót og einnig því að hún yrði afturvirk. Það sem helst má gagnrýna í þessu er að þó að hér sé verið að auka rétt þeirra um allt að fjóra mánuði, þá er það of stutt þannig að við hljótum að stefna að því að þessar konur sem eru fyrirburamæður og börn þeirra fái lengra fæðingarorlof en stefnt er að hér. Þessar konur hafa fært veigamikil rök fyrir því að fyrirburabörn þurfa að fá tækifæri til að dafna í einangruðu umhverfi í framhaldi af þeirri meðferð sem börnin fá á vökudeildinni og þær vísa til álits sérfræðinga um að ekki sé ráðlegt að þau börn séu í gæslu með öðrum börnum fyrstu 1–2 árin þar sem um verulega smithættu er að ræða en afleiðingar þess gætu orðið síendurtekin innlögn á barnadeild. Ég held því að full rök séu fyrir að stefna að því, þó það verði kannski ekki gert í þessum áfanga, að fyrirburaforeldrar eigi rétt á 1 $^{1}/_{2}$–2 ára fæðingarorlofi en það er sá tími sem áætlað er af sérfræðingum að börn þurfi til að ná eðlilegum þroska. En allt um það. Þetta er mjög mikið framfaraspor og ég vil biðja ráðherrann að staðfesta hér hvort sá skilningur minn sé ekki réttur að fæðingarorlof samkvæmt þessu frv. geti orðið allt að 13 mánuðir. Við erum að tala um sex mánaða hefðbundið fæðingarorlof plús fjóra mánuði sem lengst getur orðið vegna fyrirburafæðingar og síðan einnig þrír mánuðir til viðbótar ef um alvarlegan sjúkleika barns er að ræða eftir að heim er komið. Mér finnst mikilvægt að þessi skilningur sé staðfestur ef réttur er.

Ég fagna því að hv. formaður heilbrn. hefur úr ræðustól sagt að hann muni gera allt sem hann getur til að flýta því að frv. verði að lögum og ég veit og er sannfærð um það að allir þingmenn taka undir það og munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að frv. geti orðið sem fyrst að lögum.

Það er auðvitað freistandi að fara inn í aðra fæðingarorlofsumræðu, bæði hér og í þeirri nefnd sem fær þetta til umræðu. En ég held að ekkert megi þó gera sem verði til þess að tefja málið. Kannski verður ítarleg umræða almennt um fæðingarorlof að bíða betri tíma vegna þess að ég held að allir hljóti að verða sammála um að þetta mál eigi að hafa ákveðinn forgang.

Ég vil þó, virðulegi forseti, segja nokkur orð almennt um fæðingarorlof vegna þess að það mál er í ákveðinni biðstöðu eftir að ráðherra leysti upp nefndina um fæðingarorlof. Við hér á hv. Alþingi hljótum að gera kröfu til þess að málinu verði ýtt áþreifanlega úr vör á nýjan leik þannig að við gætum t.d. á haustdögum fjallað almennt um breytingar á fæðingarorlofi. Það hefur oftsinnis verið gert í þingsölum án mikils árangurs. Hv. formaður heilbr.- og trn. vitnaði vissulega í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og þar er talað um að lögfesta eigi á gildistíma framkvæmdaáætlunar, sem rennur út á þessu ári, reglur sem tryggi jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs. Ég vil einnig minna á, sem mjög hefur verið haldið á lofti, ekki síst af hv. framsóknarmönnum, mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar sem við ræddum fyrir nokkrum vikum en lítið hefur heyrst um það eftir að málið fór í hv. félmn. Ég vona að mótun þessara fjölskyldustefna dagi ekki uppi í

nefndinni eins og gerðist á síðasta ári. En í þeirri áætlun er talað um að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs.

Það er vissulega brýnt að sú réttarbót verði gerð og ég hygg að allir flokkar standi að því, þó minna sé úr efndum, að tryggja rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs. Við höfum fyrir okkur tölur að á þriggja ára tímabili hafi einungis um 40 feður nýtt sér rétt sinn til fæðingarorlofs af um 13 þúsund fæðingum. Fyrir því eru auðvitað ákveðnar ástæður. En það er ekki bara það sem er brýnt og kallar á endurskoðun á löggjöf um fæðingarorlof. Ég hygg að almennur vilji sé til þess að við stígum skrefið lengra að því er varðar lengingu fæðingarorlofs eins og gert hefur verið í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ég hygg að 12 mánaða almennt fæðingarorlof og þá framlengdur réttur af *því til þeirra hópa sem við erum sérstaklega að tala um í* dag sé eðlilegt markmið sem við hljótum að stefna á að verði að lögum á næstu mánuðum og missirum. Ég hygg að flestir viðurkenni að mjög mikilvægt er fyrir þroska og uppeldi barna að fá að vera hjá eða búa við umönnun og aðhlynningu foreldra og helst beggja foreldra eins og kostur er fyrstu mánuði og ár æviskeiðsins. En við búum foreldrum þau skilyrði sem eru ekki viðunandi að eftir fyrstu sex mánuðina þurfi mæður að leita með börn sín í barnagæslu til þess að geta farið út á vinnumarkaðinn á nýjan leik. Ég er alveg viss um að það skilar sér betur út í samfélagið en við gerum okkur kannski grein fyrir ef við sköpum foreldrum þeirra þennan rétt og búum þannig að málum að börnin geti búið við eðlileg þroskaskilyrði fyrstu mánuði og ár sem eru mikilvæg í allri mótun barnanna. Við erum því að tala um það sem brýnt er, herra forseti, sem ég veit að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir, þ.e. rétti feðra og við erum að tala um lengingu á fæðingarorlofi. En við erum líka að tala um að hér þurfi að samræma fæðingarorlof. Það er óþolandi misrétti sem mæður búa við, þ.e. annars vegar þær sem eru á almennum vinnumarkaði og hins vegar þær sem starfa hjá hinu opinbera. Við hljótum að stefna að því að tekið sé mið af þeim launum sem mæður hafa þegar þær voru á vinnumarkaðnum þegar þær fara í fæðingarorlof, eins og gert er á opinbera vinnumarkaðnum. Þegar ég tala um að samræma fæðingarorlof virðulegi forseti, þá er ég ekki að tala um að *samræma það niður á við. Ég er að tala um að samræma* það því sem best gerist upp á við. Og þó að konur sem eru í starfi hjá hinu hopinbera hafi meiri og betri rétt en konur á almennum vinnumarkaði, þá virðist það svo að barnsfeður þessara kvenna eigi minni rétt en þeir feður sem giftir eru mæðrum sem eru á almenna vinnumarkaðnum vegna þess að barnsfeður opinberra starfsmanna eiga ekki rétt til greiðslna í fæðingarorlofi þannig að víða má sjá ósamræmi í framkvæmd á fæðingarorlofi.

Þetta eru þau fjögur stóru atriði sem þarf að leiðrétta í fæðingarorlofslöggjöfinni og ég fullyrði, virðulegi forseti, að þetta mál, fæðingarorlofið, er eitt mikilvægasta og brýnasta atriðið sem nauðsynlegt er að fara út í ef við meinum eitthvað með því að marka hér opinbera fjölskyldustefnu. Ég vil því leggja í lokin, herra forseti, tvær spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

1. Er skilningur minn réttur að um sé að ræða hámark 13 mánuði að því er varðar fæðingarorlofið?

2. Telur hún að með þessari réttarbót, sem vissulega er mikil, sé að fullu komið til móts við eðlilegar og réttmætar kröfur fleirburaforeldra, fyrirburaforeldra og foreldra sem búa við það að börn þeirra eru mjög alvarlega veik eða eigum við að setja okkur háleitara markmið en hér er verið að lögfesta?

Ég hef fært rök fyrir því og er þá að endurflytja rök þeirra sem gerst þekkja til og helst hafa barist fyrir rétti fyrirburaforeldra og sem vitna í sérfræðinga, m.a. mat tryggingalæknis, að það taki þessi börn 1 $^1/_2$–2 ár að ná eðlilegum þroska og hve mikilvægt sé að mæðurnar geti verið með börnin þennan tíma vegna þess að þau geti ekki verið í „eðlilegu" umhverfi þar sem önnur börn eru í gæslu. Mér finnst þessi rök mjög sterk og mjög mikilvæg. Ég segi því við hæstv. ráðherra: Getur ráðherra verið sammála mér að við séum ekki komin á neina endastöð þó við séum að samþykkja þessa miklu réttarbót ef við setjum okkur það markmið að stefna að því að réttur þessara foreldra verði tryggður í 1 $^1/_2$–2 ár?

Síðan almennt varðandi fæðingarorlof. Hvað hyggst hæstv. ráðherra gera í framhaldi af því að sú nefnd hefur verið leyst frá störfum sem fjalla átti almennt um fæðingarorlof? Við hljótum að fara að rúlla þessum vagni áfram af stað þó hann hafi stöðvast um tíma og ég spyr: Mun ráðherra eða hefur ráðherra kannski sett af stað aðra nefnd? Ef svo er, hvert er þá verksvið þeirrar nefndar? Ef ekki, er þá áformað af hæstv. ráðherra að setja af stað núna nefnd sem hafi t.d. tíma fram til hausts til að skila tillögum? Hverjir munu koma að því máli, hæstv. ráðherra?

Ég teldi það mjög farsælt til að ná samstöðu almennt um breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni að stjórnarandstaðan hefði aðkomu að þessu máli í nefndarstarfi hjá hæstv. ráðherra. Ég spyr því um verksvið nefndar, ef hún er komin af stað eða hvort hæstv. ráðherra ætlar að setja hana af stað og hverjir munu koma að því máli. Mun verkalýðshreyfingin til að mynda koma að því máli? Mun stjórnarandstaðan koma að því máli?

Eitt enn í lokin, herra forseti, sem ég hef áhyggjur af. Ég hef nefnt rétt feðra. Ég hef nefnt nauðsyn þess að lengja fæðingarorlofið og ég hef nefnt nauðsyn þess að samræma réttinn á almenna vinnumarkaðnum og hjá hinu opinbera. En ég hef áhyggjur af því hvernig fæðingarorlof er fjármagnað. Við höfum stundum rætt það hér á þingi. Maður trúir því varla að á þessum tíma setji atvinnurekendur það fyrir sig þegar þeir ráða konur til starfa að þær séu á barnseignaraldri og *hætta gæti verið á því að þær færu að eiga börn.* Karlar eru aldrei um þetta spurðir, eins og þeim komi það ekki við þegar börn eru að fæðast í þennan heim. En fjármögnunin verður að vera með þeim hætti að þessi spurning þurfi ekki að koma upp, að atvinnurekendur velti fyrir sér hvort það geti verið að á næstu mánuðum fari viðkomandi kona að taka fæðingarorlof. Þess vegna verður fjármögnunin að vera almenn og öðruvísi en hún er nú. Það hafa verið settar fram ýmsar hugmyndir í því sambandi, t.d. ákveðið gjald sem atvinnurekandi greiðir fyrir hvort sem karl eða kona er í starfi hjá honum. Það gæti verið ein leið og ég er vissulega ekki að negla mig við hana en það gæti verið ein leið sem komi til skoðunar til þess að koma í veg fyrir það óréttlæti, það misrétti að verið sé að velta því fyrir sér hvort konur fara í barnsburðarleyfi þegar þær eru ráðnar. Við verðum að finna leið til að komast fram hjá því þannig að fjármögnunin er auðvitað einn þáttur í því sem við hljótum að taka til endurskoðunar alveg burt séð frá öðrum þáttum sem við þurfum að skoða í fæðingarorlofslöggjöfinni.

Virðulegi forseti. Þó að ég hafi freistast til að fara inn á aðra þætti í fæðingarorlofsmálunum, einkum til þess að reyna

að fá fram umræðu hjá hæstv. ráðherra með hvaða hætti hann ætlar að setja þetta mál áfram í farveg, þá hljótum við að einskorða málið a.m.k. í nefndinni mest efnislega við það að flýta þeim réttarbótum sem hér hafa verið lagðar fram. Ég trúi og treysti formanni heilbr.- og trn. og nefndarmönnum þar til að afgreiða málið fljótt og vel strax þegar við komum saman að loknu páskaleyfi. Ég segi það, herra forseti, um leið og ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra.

[11:02]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að láta í ljós ánægju yfir því að hér er á ferðinni töluverð réttarbót fyrir reyndar mjög lítinn hóp mæðra. Því ber vissulega að fagna sem vel er gert. Þetta eru eins og fram hefur komið í umræðunni fyrst og fremst bætur til mæðra sem taka börn í fóstur og þeirra sem eiga fjölbura og einnig er fæðingarorlof lengt vegna veikinda móður. Þetta er vissulega mikilvæg réttarbót og tímabær og ég fagna henni innilega.

Kostnaðurinn við þessar breytingar er eitthvað í kringum 40–45 millj. kr. og af því má sjá að hér er um dýra aðgerð að ræða fyrir ríkissjóð þó að hópurinn sé, mér vitanlega, mjög lítill.

En ég verð, hæstv. forseti, eins og fyrri ræðumaður — ég get ekki orða bundist — að koma að þessum fæðingarorlofsmálum almennt og láta í ljós mikil vonbrigði með það að þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar alveg frá byrjun kjörtímabilsins um að það eigi að gera eitthvað mikið í þessum málum, þá er þetta það eina sem hefur komið fram frá ríkisstjórninni og það er til háborinnar skammar að mínu mati. Síðasta ríkisstjórn var með nefnd í gangi frá árinu 1990 eins og hér kom fram áðan en núna hafa allar tilraunir til þess að semja lagafrv. brugðist og búið er að leggja þessar nefndir niður. Af hverju skyldi það hafa verið? Jú, það er alveg ljóst hvers vegna. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að markmiðið með nefndarstarfinu hafi verið að jafna rétt allra til fæðingarorlofs án þess — hún nefndi það reyndar ekki, en svo virðist vera — að mikill tilkostnaður bættist við. Það þýðir þá auðvitað að verið er að jafna niður á við fyrir mjög stóra hópa og það er ekkert skrýtið að launamenn sem eru búnir að leggja mikið á sig í gegnum kjarasamninga og annað við að fá þó þennan rétt sem er, séu ekki tilbúnir að leggja þau réttindi niður sem þeir hafa þegar öðlast.

Hins vegar er mjög viðkvæm staða í þessum málum núna þar sem fæðingarorlofsréttur t.d. opinberra starfsmanna er hvorki tryggður með lögum né heldur með kjarasamningum heldur er þetta ákvæði í reglugerð sem ráðherra getur breytt eftir sínum hentugleikum. Þess vegna tel ég að núna sé mjög brýnt að taka á þessum málum og sjá spilin sem ríkisstjórnin hefur á hendi en því miður er ekki hægt að segja að þetta frv. sýni nokkuð í þeim efnum.

Vinna okkar kvennalistakvenna í þessum málaflokki. Við höfum mörgum sinnum á undanförnum 10 eða 12 árum lagt fram frv. til laga um fæðingarorlof. Og á síðasta ári lögðum við fram ítarlega tillögu til þingsályktunar sem sýnir hvaða stefnu við kvennalistakonur höfum í þessu máli. Ég ætla að lesa hér, hæstv. forseti, helstu markmið tillögu okkar sem eru fyrir utan þær réttarbætur sem hér koma fram, þ.e. auknar réttarbætur fyrir fósturforeldra, foreldra sem ættleiða börn og foreldra sem eru veikir og eiga fleirbura. En þar að auki leggjum við megináherslu á að feðrum verði tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs í þrjá mánuði og að foreldrar geti skipt með sér fæðingarorlofi með hlutagreiðslum að eigin vali, þ.e. með sveigjanlegum möguleika á að taka þetta fæðingarorlof, að fæðingarorlof foreldra verði lengt í 12 mánuði og að fyrir utan þessa þrjá mánuði geti feður tekið sérstakt fæðingarorlof í tvær vikur strax að lokinni fæðingu barns.

Til að þessi markmið náist gerum við okkur auk þess grein fyrir því að ekki er hægt að bjóða feðrum upp á það að fara í fæðingarorlof og fá 60 þús. kr. á mánuði eins og fullar greiðslur eru núna fyrir þá sem ekki eru opinberir starfsmenn þannig að það er augljóst mál að það verður að tengja laun í fæðingarorlofi við laun á almennum vinnumarkaði og í því skyni höfum við kvennalistakonur lagt fram sérstakt form á greiðslum sem við köllum fæðingarorlofssjóð. Og nú erum við um það bil að ljúka við frv. til laga sem stefnir að því að ná öllum þeim markmiðum sem hér eru sett fram og vonumst til að geta lagt það fram núna á þessu þingi þó að það sé svolítil spurning hvort það náist fyrir 4. apríl. Ástæðan fyrir því að við höfum ekki lagt þessa þáltill. okkar fram núna í vetur er sú að við töldum að það væri að koma frv. frá ráðherranum, en því miður hefur verið meira talað en framkvæmt í þessu máli. Og núna loksins þegar eitthvað birtist, þá er það jú, kærkomin réttarbót fyrir örfáa en ekki er tekið á öllum meginmálunum.

Ég vil næst koma nánar að því og spyrja hæstv. ráðherra út í það hvers vegna nefndin sprakk sem hún nefndi hér áðan og hvort mín tilgáta er rétt að það sé vegna þess að þessar breytingar máttu ekki kosta neitt og þar af leiðandi hefðu þær þýtt verulega lækkun niður á við fyrir stóra hópa launafólks. Þetta er verulega umhugsunarvert vegna þess að ég taldi að nú væri lag, í yfirstandandi kjarasamningum, að taka á þessum málum. En því miður verð ég að segja — það er kannski um leið ákveðin gagnrýni á verkalýðshreyfinguna, ég veit það ekki, ég hef ekki verið þarna í Karphúsinu — hef ég ekki orðið vör við að gerðar hafi verið kröfur um réttarbætur á þessum sviðum. Skattapakki ríkisstjórnarinnar hefur nú þegar verið birtur en þar er ekki orð um fæðingarorlofið. Og það er mjög athyglisvert að heyra ummæli sem hafa komið fram í viðtölum við ákveðna verkalýðsforingja, t.d. formann Rafiðnaðarsambandsins þar sem hann hneykslast á nýföllnum dómi í Hæstarétti um jafnrétti, um jöfn laun kynjanna fyrir sambærileg störf. Þar segir hann m.a. að honum finnist að viðkomandi kona ætti að fá lægri laun vegna þess að hún fær greidd laun í fæðingarorlofi. Þetta er akkúrat ástæðan fyrir því að við kvennalistakonur leggjum mikla áherslu á að vinnuveitendur veigri sér ekki við að ráða konur vegna þess að þær geta tekið laun í fæðingarorlofi. Þess vegna verður þessi réttur frá sjónarmiði jafnréttis að vera þannig að allir launþegar greiði í ákveðinn sjóð og að báðir foreldrar taki fæðingarorlof og atvinnurekendur fái greitt úr fæðingarorlofssjóði á meðan viðkomandi launþegi fer í fæðingarorlof. Það skiptir þá alls ekki máli fyrir viðkomandi vinnuveitanda hvort hann er með konur eða karla í vinnu því allir greiða í sjóðinn. Það er mjög mikilvægt réttindamál að þetta verði greiðslur sem allir inna af hendi, launþegar, karlar og konur og allir atvinnurekendur og að greiðslur verði sem næst launum viðkomandi launamanns. Þetta eru þær hugmyndir sem við erum að vinna okkar frv. eftir.

Varðandi yfirlýsingar verkalýðsforingjans þá var eins og hann segði í hálfkæringi að það væri kannski rétt að rafiðnaðarmenn færu fram á fæðingarorlofsrétt og það var eins og það væri í raun og veru grín. En ég vona svo sannarlega

að það hafi ekki verið grín og að þessi mál verði tekin til alvarlegrar umræðu í yfirstandandi kjarasamningum og ekki síst þá réttur feðra til fæðingarorlofs og að reynt verði að miða greiðslur við einhver raunhæf laun hvers og eins því að öðrum kosti er mjög ólíklegt að feður velji að taka fæðingarorlof, ef það er val.

Eins og þessum málum er háttað í Svíþjóð, þá er fæðingarorlof komið upp í 12 mánuði, en síðustu mánuðirnir — ég man ekki hvort það eru tveir eða þrír — fást alls ekki nema feðurnir taki þá. Ég tel því mjög mikilvægt að síðustu mánuðirnir, sem hvatning til að feður taki fæðingarorlof, eða ákveðinn fjöldi mánaða verði bundinn við það að feður taki það, en um leið verði reynt að koma því við að greiðslur í fæðingarorlofi verði nálægt greiðslum fyrir dagvinnu a.m.k.

Aðeins um eitt atriði í frv. Það er í 7. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Að jafnaði skal móðir eiga lögheimili hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuðina fyrir fæðinguna. Nánar skal kveðið á um lögheimilisskilyrði í reglugerð."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hér sé um rýmkun að ræða, þ.e. það stendur: „Að jafnaði", því þetta hefur valdið verulegum vandræðum, ekki síst fyrir námsmenn sem t.d. eru á Norðurlöndum og hafa ekki rétt til fæðingarorlofs þar. Og ef námsmenn koma heim eftir að hafa flutt lögheimili sitt, þá hafa þeir heldur ekki rétt til töku fæðingarorlofs hér. Ég vil því gjarnan spyrja ráðherra hvort þarna er átt við rýmkun og hvort tekið verði tillit til þessa við setningu reglugerðar, þ.e. að t.d. íslenskir námsmenn geti fengið fæðingarorlof hér ef þeir hafa unnið til þess, miðað við reglur Tryggingastofnunar.

Þá vil ég spyrja ráðherrann hvort henni sé kunnugt um að ríkisstjórnin hafi spilað út einhverjum spilum í yfirstandandi kjarasamningum varðandi fæðingarorlofið eða hvort ekki hafi verið sóst eftir því eða hvort ekki hafi verið vilji til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil aðeins í lokin ítreka það, herra forseti, að við erum langt á eftir nágrannalöndum okkar á Norðurlöndunum varðandi fæðingarorlofsrétt. Það er auðvitað ekki eina sviðið í velferðarkerfinu þar sem við erum á eftir en þetta er svo sláandi munur að ég get ekki ímyndað mér að það sé ætlun okkar, þessa tekjuháa samfélags, að hafa ástandið svona til frambúðar. Það er vísindalega þekkt staðreynd að það skiptir öllu máli upp á þroska barna síðar meir að vel sé búið að þeim á fyrsta æviárinu. Og af því við lifum í þjóðfélagi þar sem reglan er að báðir foreldrar vinna utan heimilis, þá er það alger nauðsyn að foreldrar fái gott næði til þess að vera með börnum sínum á fyrsta æviárinu. Það er til vansa og til mikillar skammar og blettur á okkar velferðarþjóðfélagi að mínu mati hvernig þessum málum er komið. Þess vegna vil ég spyrja aftur hvort ekki standi til einhverjar réttarbætur. Er það virkilega rétt að það eigi bara að jafna niður á við þannig að þær breytingar sem stóðu fyrir dyrum í viðkomandi nefnd hafi ekki mátt kosta neitt? Og ég spyr hvort ríkisstjórnin hafi reitt fram einhver spil í þessu sambandi í yfirstandandi kjarasamningum eða hvort leitað hafi verið eftir því.

[11:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna þessu frv. frá hæstv. heilbrrh. sem hér liggur fyrir og lýsi því strax yfir að ég mun leggja mitt af mörkum til þess að það nái sem fyrst fram að ganga og fái skjóta afgreiðslu í heilbr.- og trn. og tek undir með hv. formanni heilbr.- og trn. fyrr í umræðunni hvað það varðar.

Eitt af störfum mínum áður en ég kom á þing var að kynna réttinn til fæðingarorlofs samkvæmt almannatryggingunum. Ég þekki því vel hvar pottur er brotinn í þeim efnum og tel að verulega mikil réttarbót sé að þessu frv. svo langt sem það nær og ég fagna því, því það var ekki svo sjaldan sem maður stóð frammi fyrir því að sitja með mæðrum sem voru í þeirri aðstöðu sem við þekkjum að vera með fyrirburabörn eða fjölbura og veikindi og eiga ekki meiri rétt en var og er í lögunum nú.

Þar sem ég sé að vilji hæstv. ráðherra er eindreginn til að bæta úr þessu, þá langar mig til að spyrja ráðherrann að hvort hann hyggist koma með frekari réttarbætur og langar mig til að nefna sérstaklega tvennt. Það fyrra er hvort hæstv. ráðherra hyggst breyta ferðareglum Tryggingastofnunar. Þær eru þannig nú að foreldri á aðeins rétt á að fá eina ferð greidda í viku til að heimsækja barn sitt á sjúkrahús. Ég man í fljótu bragði eftir a.m.k. tveimur dæmum um mæður með fyrirbura eða mæður með fjölbura sem bjuggu annars vegar í Keflavík og í hinu dæminu var það einhvers staðar álíka langt frá höfuðborginni því að auðvitað eru ekki allir foreldrar í Reykjavík. Tvíburamóðir sem þurfti að keyra frá Keflavík á hverjum degi til þess að gefa börnunum sínum brjóst uppi á vökudeild og fékk aðeins greidda eina ferð í viku. Þetta er mál sem verður að taka á og ég vonast til að hæstv. ráðherra muni taka á því því þetta er reglugerðaratriði og hægt að leiðrétta með reglugerð. Ég tel mikla þörf á því sérstaklega vegna foreldra sem búa utan Reykjavíkursvæðisins og geta ekki sinnt börnum sínum sem þurfa að vera á vökudeildinni í langan tíma og hafa jafnvel ekki tök á því að flytja búferlum hingað eins og er með marga. Ég held að þetta sé eitt atriði sem virkilega þarf að laga.

Annað sem mig langar til að nefna, og sé að er ekki er tekið á í þessu frv. þó svo að tekið sé á mörgum hlutum, er réttur mæðra sem eru veikar eftir fæðingu. Það er ekki rétturinn til þess að lengja fæðingarorlofið vegna veikinda, er það svo? Ef svo er þá fagna ég því. Eins og lögin eru í dag þá er það svo að móðir sem hefur e.t.v. gengið í gegnum mjög erfiða fæðingu og hefur þess vegna jafnvel verið lengi frá vinnu, hefur ekki átt rétt á lengingu fæðingarorlofs og hefur þurft að taka sjúkradagpeninga. Ég vil gera að umtalsefni smánarlegar sjúkradagpeningagreiðslur úr almannatryggingunum. Þeir sem þurfa að framfæra sig á sjúkradagpeningum fá greiddar 582 kr. á dag sem eru rúmar 17.500 kr. á mánuði og ýmsir af þeim sem þurfa á þessari aðstoð að halda sem eru frá vinnu vegna veikinda eiga jafnvel ekki rétt á sjúkradagpeningagreiðslum eða lítinn rétt frá verkalýðsfélögum. Þetta eru náttúrlega smánargreiðslur og í raun eru fæðingarorlofsgreiðslurnar frá Tryggingastofnun staðfesting á því að sjúkradagpeningagreiðslurnar eru smánargreiðslur því að fæðingarorlofsgreiðslurnar miðast við tvöfalda sjúkradagpeninga. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Stendur til að leiðrétta þessar smánargreiðslur sem sjúkradagpeningarnir eru? Það er ekki hægt að búast við því að manneskja sem er sjúk geti framfært sig á 582 kr. á dag eða 17.500 kr. á mánuði, hvað þá að hún framfleyti barni sínu á 158 kr. á dag eins og ætlast er til samkvæmt sjúkradagpeningareglunum. Ég tel því mikilvægt að það komi hér fram hvort áform eru uppi um að leiðrétta þetta og einnig að hæstv. ráðherra staðfesti það að mæður sem eru veikar — ég rakst ekki á það

hér. Jú, það er hér í frv. Ég fagna því að alvarleg veikindi móður eftir fæðingu gefa rétt til framlengingar og ég fagna því.

Af því að ég sé að vilji ráðherrans er mjög mikill til að leiðrétta þá vankanta sem eru á frv. þá kalla ég a.m.k. eftir því hvort áform séu uppi um leiðréttingu á ferðareglunum, þ.e. þetta með eina ferð í viku sem fæst greidd.

Ég get tekið undir hjá þeim sem hafa rætt frv. á undan mér að auðvitað ber okkur að gera ýmsa aðra réttarbót á fæðingarorlofsreglunum og ættum þar að taka Norðurlöndin okkur til fyrirmyndar. Nauðsynlegt er að við fáum inn í lögin sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. Ég ætla ekki að fara að rekja reglurnar á Norðurlöndunum en ég tel að þar sé fyrirmynd sem við ættum að líta til.

Ég vil líka fagna því að hér skuli vera leiðréttur rétturinn til fæðingarorlofs vegna andvana fæðingar og fósturláts, en nú gilda þær reglur að ef kona missir fóstur þá á hún rétt á fæðingarorlofsgreiðslum í tvo mánuði eftir 20 vikna meðgöngu og eftir andvana fæðingu eftir 28 vikna meðgöngu. Þarna er breyting til samræmis við þær reglur sem gilda hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og ég fagna því vissulega. Ég tel að þar sé um mikla réttarbót að ræða.

Ég fagna þessu frv. og ætla ekkert að orðlengja það frekar og vil gjarnan flýta afgreiðslur þess. Ég fagna því einnig að það skuli vera bráðabirgðaákvæði í frv. um að það skuli gilda um foreldra sem voru á fæðingarorlofi 1. janúar sl. Ég mun vissulega styðja alla þá réttarbót sem í þessu frv. hæstv. heilbrrh. er en óska eftir svari um hvort til standi að breyta ferðareglunum fyrir þessa foreldra.

[11:27]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka síðasta ræðumanni, sem mjög vel þekkir til framkvæmda á fæðingarorolofi, fyrir að vekja athygli á þessari framkvæmd varðandi ferðareglurnar. Ég hafði satt að segja ekki áttað mig á því að framkvæmdin sé virkilega þannig að mæður sem búa úti á landi eða utan Reykjavíkur fái aðeins greidda eina ferð á viku þegar barnið þeirra býr við veikindi og er á vökudeild. Þetta er aldeilis með ólíkindum. Auðvitað sjá allir að mæður þurfa oft á dag að sinna sínu barni og það hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. ráðherra, ef hún getur gert þetta með reglugerð eins og fram kom hjá hv. þm., vindi sér í þessari breytingar. Ég er alveg sannfærð um það og þekki það vel til að hún þarf varla að leita með slíkt smáræði til þess að fá blessun ríkisstjórnarinnar. Það er fyrst og fremst einföld ákvörðun hæstv. ráðherra að breyta þessari reglugerð. Við erum ekki að tala um stóran hóp. Það eru væntanlega aðallega fyrirburamæður sem mundu geta nýtt sér þennan rétt ef opnað yrði á hann. Við erum kannski að tala um 10–15, ef ég skil málið rétt, mæður á ári, kannski eitthvað fleiri. Ég geri ekki mikið með það þó þær væru 20 eða 30. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún muni ekki breyta þessu eða hvort hún telji að það sé betra að hún fái stuðning þingsins þannig að þetta kæmi annaðhvort inn í lagatextann eða í nefndarálit frá heilbr.- og trn., að hún beini því til ráðherra að þessu verði breytt. Ég tel þetta mjög útlátalaust fyrir hæstv. ráðherra. Það mundi örugglega greiða fyrir og hjálpa framgangi þessa máls ef yfirlýsing frá ráðherra kæmi við þessa umræðu um að hún mundi umsvifalaust breyta þessu ákvæði reglugerðarinnar.

[11:29]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill benda á að í andsvörum er ekki gert ráð fyrir því að beint sé fyrirspurnum til þriðja aðila eins og í þessu tilviki.

[11:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna andsvars hv. 13. þ. Reykv. vil ég geta þess að þetta er ekki einungis mikilvæg leiðrétting ef af verður fyrir fyrirburamæður eða fjölburamæður sem búa utan höfuðborgarsvæðisins heldur er þetta sjálfsögð leiðrétting fyrir foreldra yfirleitt sem eiga börn á sjúkrahúsum og þurfa að heimsækja þau reglulega. Það er áreiðanlega ekki álit manna að eðlilegt sé að foreldrar heimsæki veik börn sín á sjúkrahúsi aðeins aðeins einu sinni í viku. Yfirleitt reyna foreldrar að heimsækja börn sín á hverjum degi ef þau liggja á sjúkrahúsi. Og ég veit að það er vinna í gangi í Tryggingastofnun og jafnvel held ég, einnig í heilbrrn. — hæstv. ráðherra mundi þá leiðrétta það ef ég fer með rangt mál — þar sem á að taka á réttindum sjúkra barna og aðstandenda þeirra. Þar er þessi þáttur veigamikið atriði, þ.e. hvort greiddur er ferðakostnaður vegna heimsókna til barns oftar en einu sinni í viku. Það er augljóst mál þannig að ég vonast til að heyra það hér hjá hæstv. ráðherra að hann lýsi því yfir að hún muni bæta úr þessum ákvæðum í ferðareglum Tryggingastofnunar ríkisins.

[11:31]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum þeim sem hér komu úr forsetastól vil ég vekja athygli forseta á að ég stóð upp sérstaklega til þess að þakka ræðumanni fyrir hans mikilvægu ábendingu, að með einfaldri reglugerðarbreytingu væri hægt að koma á mikilvægri leiðréttingu í þessu máli. Með því að leggja þunga þar með á að þetta yrði gert og taka undir með hv. þm. um að ráðherra beiti sér í þessu máli tel ég mig, virðulegi forseti, ekkert hafa verið að fara út fyrir þingsköp eða það sem heimilt er að gera í andsvörum.

[11:31]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Í tilefni af þessari athugasemd hv. 13. þm. Reykv. vill forseti einungis ítreka það sem hann sagði áðan að andsvör eru til þess ætluð að vera orðaskipti milli þess ræðumanns sem var að ljúka máli sínu og þess sem vill gera athugasemdir við mál hans eða styðja mál hans sem að sjálfsögðu er fullheimilt. Hins vegar er ekki við hæfi að beina fyrirspurnum til þriðja aðila þegar andsvör fara fram. Andsvör eiga að vera orðaskipti ræðumanns og þess sem andsvör veitir.

[11:32]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég fagna því frv. sem við erum að ræða alveg sérstaklega og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa komið því fram. Þrátt fyrir að ekki sé búið að taka á sjálfstæðum rétti feðra, þá er engin ástæða til þess að bíða eftir þeirri niðurstöðu og mjög gott að fá þetta fram núna og taka þetta í skrefum.

Hér er að sjálfsögðu um mikla réttarbót að ræða fyrir þó nokkurn hóp foreldra og barna. Í þessu frv. er tekið á sex atriðum má segja. Það er m.a. verið að lengja fæðingarorlofið ef um alvarlega sjúkdóma barns er að ræða, einnig ef móðirin er alvarlega veik. Það er verið að auka rétt þeirra sem taka

börn sem eru yngri en fimm ára í fóstur og það er einnig tekið hér á skilgreiningu varðandi andvana fædd börn.

Þau atriði sem mér finnst kannski merkilegust hér eru þau sem snúa að fjölburum og fyrirburum. Í frv. kemur fram að fyrir hvern fjölbura á maður ekki að fá einn mánuð aukalega eins og er í dag heldur þrjá mánuði, einnig ef um fleiri en eitt fósturbarn er að ræða. Við getum tekið dæmi af tvíburum. Í staðinn fyrir sjö mánuði eins og er í dag, þá verður fæðingarorlof níu mánuðir eftir að frv. verður að lögum. Ef um þríbura er að ræða þá er það átta mánuðir í dag en mundi verða eitt ár verði frv. samþykkt. Að vísu liggjum við langt á eftir öðrum Norðurlöndum varðandi fæðingarorlofið. Í Svíþjóð t.d. mundi móðir þríbura fá þriggja ára fæðingarorlof. Hér er það einungis ár þó að við séum samt að bæta réttarstöðuna talsvert.

Varðandi veik börn, þá er samkvæmt frv. verið að leggja til að ef börn þurfa liggja umfram sjö daga á spítalanum muni fæðingarorlofið lengjast hlutfallslega miðað við innlögnina í allt að fjóra mánuði, sem þýðir að t.d. foreldrar fyrirbura sem þurfa að vera talsverðan tíma inni á sjúkrahúsi geta fengið upp undir eitt ár í fæðingarorlof. Þetta er afar mikil réttarbót vegna þess að hér hefur fjölburafæðingum verið að fjölga mjög mikið. Það hefur komið fram í skýrslum að á árabilinu 1985–1990, sem sagt á fimm árum, voru tvíburafæðingar hér á Íslandi 242. Hins vegar fjölgaði þeim stórlega eftir 1990 og á fimm ára tímabili frá 1990–1995 voru þær orðnar 361. Það er kannski enn þá meira sláandi að skoða þríburafæðingar. Á fimm ára tímabili frá 1985–1990 voru þær sex samtals, en á fimm árum þar á eftir, þ.e. 1990–1995, urðu þær 16 þannig að þeim fjölgaði úr 6 í 16. Þetta hefur að sjálfsögðu gerst að mestu leyti vegna starfsemi glasafrjóvgunardeildarinnar en árangur þar hefur verið afar góður, mun betri en gengur og gerist erlendis. Sá árangur náðist strax við opnun deildarinnar. Það þurfti ekki mikinn aðlögunartíma þar og reynslutíma. Þjónustan þar er afar góð og árangur eftir því.

Vegna þessarar fjölgunar í fjölburafæðingum hefur álagið verið miklu meira núna hin seinni ár á vökudeild Ríkisspítalanna heldur en áður af því að fjölburar verða oft fyrirburar því að konurnar ganga ekki fulla meðgöngu með fjölburana. Álagið á vökudeildinni hefur aukist stórlega. Við erum með eina bestu vökudeild í heimi, hún hefur náð bestum árangri í heimi. Þar er ungbarnadauði afar lágur og allur árangur mjög góður sem undirstrikar kannski það sem oft hefur verið rætt í þinginu, hvort sameina eigi Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana. Það hefur verið mín skoðun að það væri æskilegt að gera það til þess að spara fjármagn í heilbrigðisþjónustunni en það hefur ekki verið pólitísk samstaða um slíkt. Vökudeildin hefur enga samkeppni. Þetta er eina deildin í landinu. **(Gripið fram í:** Einkavæðum hana.) Og þó að hún hafi ekki samkeppni, þá er hún ein sú besta í heimi. Þannig að mér finnst að þau rök að hér verði að vera tveir stórir spítalar á höfuðborgarsvæðinu sem þjóni landinu vegna þess að þá tryggjum við samkeppni og góða þjónustu falli um sjálf sig þegar maður skoðar vökudeildina og árangurinn sem þar er náð.

Fyrir stuttu síðan kom grein í Morgunblaðinu varðandi einn fyrirbura. Það er léttasti fyrirburinn sem hefur komist af hér á Íslandi, Saga Einarsdóttir sem fæddist á síðasta ári. Reynsla vökudeildar varðandi hana sýnir hvað starfið þar er mikilvægt. Stúlkan vó 524 grömm, hún var rúmar tvær merkur og þetta er allra léttasta barn sem hefur komist af hér á Íslandi. Það er að sjálfsögðu einungis vegna þess hvað við höfum bæði fullkomin tæki þar og góða lækna. Þó að aðstaðan sé að vísu mjög þröng, þá höfum við náð þessum árangri. Í þessu viðtali í Morgunblaðinu er rætt við foreldra stúlkunnar og þar kemur mjög sterkt fram að þeim finnst að það verði að marka betri stefnu gagnvart fyrirburum og fæðingarorlofi þeirra sem eignast fyrirbura. Þau segja, með leyfi forseta:

„Okkur finnst eðlilegt að sú stefna verði mörkuð og foreldrar fyrirbura fái t.d. árs fæðingarorlof enda hvetja læknar fyrirburaforeldra til að vera sem lengst heima með börnunum."

Í þessu frv. er einmitt verið að leggja til að slíkir fyrirburar geti verið heima í upp undir eitt ár eftir því hvað þeir eru lengi á sjúkrahúsinu.

Það er líka ánægjulegt að sjá að í frv. er ákvæði til bráðabirgða þannig að það er afturvirkt. Þau réttarkjör sem í frv. eru eru afturvirk þannig að þeir sem voru í fæðingarorlofi um áramótin síðustu eiga rétt á að fá þessa réttarbót ef frv. fer í gegn. Mér barst einmitt bréf frá þremur konum sem eiga fyrirbura og eru núna í fæðingarorlofi. Þar biðja þær hæstv. heilbrrh. að gera þetta afturvirkt og þær segja, með leyfi forseta:

„Meðfylgjandi er bréf sem sent var til ráðherra frá þremur fyrirburamæðrum og værum við þakklátar ef þú hefðir tíma til að lesa það og mundir gefa okkur stuðning þinn við umfjöllun þessa mikilvæga máls."

Það er einmitt búið að gera það í þessu bráðabirgðaákvæði sem er afar jákvætt. Ég býst við að þetta frv. fari hér í gegn þar sem mér heyrist að allir hafi tekið mjög vel undir það. Ég vil þakka sérstaklega hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir að hafa sagt að hann muni beita sér sem formaður heilbr.- og trn. til að koma þessu máli hratt og vel í gegn og það er vonandi að það eigi við um fleiri stór hagsmunamál sem liggja inni í heilbrrn. þingsins nú um þessar mundir, eins og réttindi sjúklinga og frv. um áfengis- og vímuvarnaráð.

Varðandi fæðingarorlofið almennt, þá er það alveg rétt sem hér hefur líka komið fram að þetta er einungis skref í áttina, ágætt skref að vísu en það þarf miklu meira til. En nú eru kjarasamningar og eitthvað hefur gengið illa að semja, en maður hefur svo sannarlega heyrt afar lítið fara fyrir því að þeir sem eru að semja um kaup og kjör séu að ræða um fæðingarorlof. Það hefur eiginlega ekkert heyrst um það. Það hefur heldur ekki heyrst mikið um launajafnrétti kynjanna. Að vísu hefur þetta verið svona hingað til, en þetta er afar svekkjandi fyrir konur sem vita að þessi mál eru ekki í nógu góðum farvegi, hvorki fæðingarorlofið, þar þarf að gera miklu betur, né launajafnrétti kynjanna. Það er 11% kynbundinn launamunur á vinnumarkaðnum. Allar rannsóknir hafa sýnt það en samt virðast aðilar vinnumarkaðarins ekki hafa tekið þetta neitt sérstaklega upp.

Ég vil að lokum þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að hafa komið með þetta mál inn í þingið þrátt fyrir það að vinnan sé ekki búin að öllu leyti.

[11:43]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykn. fyrir framsögu hennar um fæðingarorlofsmálin og það að hún telji að þetta sé aðeins skref í áttina sem ég held að við séum alveg sammála um. En ég vil gjarnan fá álit hv. þm., varaformanns heilbr.- og trn. og 4. þm. Reykn., á því atriði sem ég nefndi áðan sem eru ferðareglur fyrir foreldra sjúkra barna eða fyrirbura. Telur hv. þm. það eðlilegt að greidd sé ein ferð í

viku? Nú veit ég að máli sambærilegu því sem ég lýsti áðan í ræðu minni, um að fá greiðslur daglega fyrir að heimsækja barn einmitt úr kjördæmi hv. þm., þ.e. frá Keflavík, hefur verið áfrýjað til tryggingaráðs en ekkert svar fengist. Bæði dæmin sem ég nefndi áðan voru einmitt þaðan. Það voru um það bil 100 km á dag sem foreldrarnir þurftu að fara og meira, því að t.d. tvíburamóðir sem er með annað barnið á vökudeild og þarf að sinna því og gefa því mjólk reglulega þarf að fara oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á dag til Reykjavíkur til þess. Því vil ég gjarnan fá það fram hér hver afstaða hv. þm. er til þess að nauðsynlegt sé að breyta þessum reglum og hvort við eigum að taka það upp í heilbr.- og trn. í nefndaráliti að það verði gert samfara því að við samþykkjum þetta frv. heilbrrh.

[11:45]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. síðasti ræðumaður þekkir þessar reglur afar vel enda voru fyrri störf hennar í Tryggingastofnun ríkisins upplýsingagjöf þar. Ég þekki ekki þessar reglur en mér finnst sjálfsagt að við skoðum þær í heilbr.- og trn. Mér finnst þetta afar athyglisvert sem hefur komið fram hér og það er mín skoðun að foreldrar þurfi að geta sinnt sínum börnum alveg frá fyrsta degi þannig að mér finnst mjög eðlilegt að við skoðum þetta náið í heilbr.- og trn. og ég mun gera mitt til þess að svo geti orðið.

[11:46]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessari afstöðu hv. þm. og skil hana sem svo að hún muni styðja þá tillögu sem ég nefndi, þ.e. að það komi fram í nefndaráliti að þessum reglum verði breytt þannig að foreldrar geti sinnt börnum sínum daglega með því að fá greiddar ferðir milli heimilis og vökudeildar eða sjúkrahúss ef barn þarf að dvelja þar langdvölum. Ég skil svar hv. þm. svo. Ef það er rangur skilningur þá óska ég eftir leiðréttingu frá hv. þm.

[11:46]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara ítreka svar mitt frá fyrra svari. Ég er tilbúin til að skoða þetta og mér finnst mjög athyglisvert það sem fram hefur komið. Ég hins vegar geri mér ekki grein fyrir því hvað í þessu felst nákvæmlega þannig að við þurfum að afla okkur upplýsinga í heilbr.- og trn. Eftir mín störf í þinginu hef ég komist að því að það sem virðist mjög einfalt í fyrstu reynist oft flóknara þegar maður fer að skoða það nánar. En það er mín skoðun að það sé mjög mikilvægt að foreldrar geti sinnt börnum sínum frá fyrsta degi hvort sem börnin eru á sjúkrahúsi eða heima hjá sér.

[11:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Framsfl. er samfélag miðaldra karla þar sem konur eiga erfitt uppdráttar. Heimild mín fyrir þessu er engin önnur en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir vegna þess að orð í þessa veru lét hún falla í aðdraganda á flokksþingi Framsfl. og hv. þm. á hrós skilið fyrir það að hún hefur aftur og aftur reynt að berja niður þetta miðaldra karlasamfélag sem hún er stöðugt að etja kappi við í Framsfl. með afskaplega litlum árangri.

Hún kom hérna áðan og sagði að það væri því miður svo að nú stæðu yfir kjarasamningar og enginn væri að tala um jöfn laun og enginn væri að tala um aukin réttindi til fæðingarorlofs í kjarasamningunum. Herra forseti. Einn af þeim miðaldra körlum — hann reyndar er kominn yfir það — sem hv. þm. dáir hvað mest í Framsfl. er Páll Pétursson hæstv. félmrh. Hann er yfir skrifstofu jafnréttismála og þar var nýlega gefið út rit þar sem segir, með leyfi forseta:

„Á Íslandi er fæðingarorlof styst og verst greitt af Norðurlöndunum og réttur feðra lakastur. Þetta mál er í miklum ólestri og er einn af hærri þröskuldum í vegi jafnrar stöðu kynjanna."

Ég spyr í framhaldi af orðum hv. þm.: Er hún ekki sammála þessu? Og ef hún er það, er hún þá ekki reiðubúin til þess að lýsa því yfir að hún muni beita sér fyrir því að draga hæstv. heilbrrh. til að lýsa því yfir í þessari umræðu að hún muni leggja fram frv. um aukinn rétt feðra til fæðingarorlofs áður en Framsfl. verður hrakinn út úr ríkisstjórn við lok þessa kjörtímabils?

[11:49]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er a.m.k. rétt að konur eru mun færri í þingflokki framsóknarmanna en karlar. Það eru einungis þrjár konur þar en 12 karlar. (Gripið fram í.) Við hins vegar höfum þingflokksformann sem er kona og við höfum eina kvenráðherrann þannig að við gerum ýmislegt vel samt. Okkar konum er treyst í mikilvæg störf. (Gripið fram í.)

Varðandi það sem hv. þm. sagði um hæstv. félmrh., sem er einnig jafnréttisráðherra, þá er hægt að segja það hæstv. félmrh. og jafnréttisráðherra til hróss að hann hefur beitt sér talsvert einmitt í því að skoða launamun kynjanna. Hann hefur falið mér að leiða nefnd um starfsmat til þess að vera með tilraunaverkefni um starfsmat, í einu fyrirtæki á einkamarkaðnum, tveimur fyrirtækjum eða stofnunum hjá ríkinu og einni til tveimur stofnunum hjá Reykjavíkurborg. Það er afar flókið verkefni en það hefur gengið tiltölulega vel að vinna það og hæstv. ráðherra, Páll Pétursson, hefur ráðið verkefnisstjóra í það verkefni í fullt starf í félmrn. Reykjavíkurborg hefur lagt til hálfan starfsmann og skrifstofa jafnréttismála hefur lagt til hálfan starfsmann þannig að það má segja að hæstv. félmrh. hafi svo sannarlega reynt að gera sitt til þess að ýta á eftir launajafnrétti kynjanna.

Varðandi spurningu hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar þá get ég ekki bætt neinu sérstöku við það svar sem hæstv. heilbrrh. af hér áðan.

[11:51]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef þrátt fyrir allt talsverða trú á hv. þm. Siv Friðleifsdóttur og ég held að henni og fleiri konum af hennar kalíber innan Framsfl. muni þegar tímar líða fram takast að brjóta niður múra þessa karlrembuhugsunarháttar sem mér finnst einkenna forustu Framsfl. og reyndar margra annarra flokka líka. En hv. þm. verður eigi að síður að vera reiðubúinn til þess að berjast fyrir því sem hann trúir á og því sem honum finnst vera rétt. Það sem hefur einkennt málflutning hennar síðan hún kom hér inn á þing er öðrum þræði áhersla á kvenfrelsi, kvenréttindi, bættan hag kvenna. Ég kem hérna upp og les úr texta sem er gefinn út af skrifstofu jafnréttismála og þegar ég spyr hana hvort hún sé sammála því að það sem þar segir um nauðsyn þess að auka hlut feðra í fæðingarorlofi sé mikilvægt fyrir kvennabaráttuna, þá svarar hún því ekki.

Hv. þm. ætti að taka sér til fyrirmyndar þau viðhorf sem varaþingmaður hennar, Drífa Sigfúsdóttir, sem er forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ, hefur beitt sér fyrir, þar sem er í gangi mjög lofsvert tilraunaverkefni einmitt á þessu sviði. Og hv. þm. ætti að draga þennan hæstv. félmrh. sem hún

dásamaði svo áðan fyrir gríðarlegan áhuga á kvenfrelsisbaráttunni, sem er talsvert annað heldur en við höfum séð í þessum sölum, með sér til vinkonu sinnar í Reykjanesbæ og kenna honum hvernig á að gera þetta. Það er nefnilega ekki nóg að gera eins og þessir herrar gera. Þeir taka áhugasamar konur og gera þær að formönnum einhverra nefnda, svæfa þær þar. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir er þegar farin að dorma í formannsstóli þessarar nefndar. Við þurfum að gera meira heldur en bara að sitja og stýra nefndum. Það þarf að gera eitthvað. Nú er ég að miðla hv. þm. af reynslu minni úr þessum sölum.

[11:53]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá síðasta ræðumanni að ég hef reynt að láta til mín taka ákveðin mál í þinginu og þar á meðal jafnréttismál og heilbrigðismál og það er líka afar skiljanlegt þar sem þetta eru málaflokkar sem ég hef sérstakan áhuga á.

Varðandi hlut feðra í fæðingarorlofi þá er það auðvitað stefnan að þeir fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Það er mjög æskilegt og eðlilegt og sjálfsögð krafa þannig að að sjálfsögðu munum við skoða það. Og það er einmitt verið að vinna að þeim málum í nefnd. En ég get ekkert bætt meira við það svar sem hæstv. heilbrrh. gaf hérna áðan, þ.e. að það mál væri í vinnslu. Ég hins vegar lýsi mig mjög ánægða með það að þetta frv. sem við erum að fjalla um hérna er komið fram þó að þetta sérstaka atriði sé ekki þar inni, þ.e. sjálfstæður réttur feðra. Og það eru fleiri atriði sem vantar þarna inn, eins og að lengja almennt fæðingarorlofið. Það er ansi stutt að vera með sex mánaða fæðingarorlof. Foreldrar vilja lengri rétt.

Varðandi orð síðasta hv. ræðumanns um að ég væri farin að dorma í formannsstóli í starfsmatsnefndinni, þá er það alls ekki þannig. (Gripið fram í.) Við höldum fjölmarga fundi. Málið er hins vegar afar flókið og viðkvæmt. Í nefndinni sitja bæði aðilar frá vinnuveitendahliðinni og aðilar frá stéttarfélögunum. Starfsmat er gífurlega flókið fyrirbæri og erfitt í vinnslu þannig að ég er afskaplega ánægð með hvaða árangri við höfum þó náð hingað til, en þetta tilraunaverkefni mun ekki klárast fyrr en hugsanlega eftir $1-1\,^1/_2$ ár. Þetta tekur lengri tíma en maður hafði kannski gert sér grein fyrir í upphafi.

[11:55]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 1997-2000, 483. mál, stjtill. (samgrh.), þskj. 814.

Meðferð sjávarafurða, 476. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 803.

Umferðarlög, 487. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 818.

Öryggisþjónusta, 486. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 817.

[11:56]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir það frv. sem hér er komið og þær úrlausnir sem það mun færa, ef að lögum verður, sem ég efast reyndar ekkert um og á von á því að það hljóti skjóta og góða afgreiðslu í heilbr.- og trn. Þarna eru vissulega réttarbætur til handa ákveðnum hópi sem hefur leitað til okkar og leitað til hæstv. ráðherra á undanförnum vikum eftir leiðréttingu á lögum um fæðingarorlof. Ég verð hins vegar að segja það og lýsa því eins og aðrir hér hafa gert að það var mjög sárt að hæstv. ráðherra skyldi þurfa að leysa upp þá nefnd sem var sett til þess að endurskoða lögin um fæðingarorlofið vegna þess að þar er mjög margt inni sem er mjög brýnt að taka á. Þó kannski einmitt þeir þættir sem hér eru séu þeir sem mest lá á þá eru aðrir þættir eins og sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs nokkuð sem búið er að ræða hér ansi lengi og á hverju einasta ári koma upp kröfur um úrlausnir í því máli sem ekki hefur verið sinnt.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að mjög æskilegt og reyndar sjálfsögð krafa væri að feðrum yrði tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs. Hv. þm. nefndi jafnframt að mörg önnur góð mál væru í heilbr.- og trn. og þyrftu að fá skjóta og góða afgreiðsu eins og réttindi sjúklinga. En það má benda hv. þm. á að til meðferðar í nefndinni er einnig till. til þál. um fæðingarorlof feðra, till. sem er 12. mál þingsins. Hún var lögð fram á fyrsta degi þingsins þar sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon flytja till. til þál. um að Alþingi álykti að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns.

Hæstv. ráðherra hefur líka hjá sér fyrirspurn sem Birna Sigurjónsdóttir varaþingmaður sem var hér fyrir stuttu síðan, lagði fram 20. febr. þar sem var verið var að spyrjast fyrir um stöðu íslenskra kvenna og rétt þeirra til fæðingarorlofs, íslenskra kvenna sem eru í námi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Fresturinn til að svara slíkri fyrirspurn er tíu dagar, en henni er ósvarað enn þannig að það er mjög margt sem við þurfum að taka upp við endurskoðun á lögum um fæðingarorlof og það er ekki hægt að svara ár eftir ár að málin séu í athugun, málin séu í skoðun. Það hlýtur að koma að því að þessari athugun og skoðun heilbrrn. fari að ljúka, en hún hefur staðið yfir í nokkuð langan tíma og var þar til umræðu löngu áður en núv. hæstv. heilbrrh. kom þar til starfa, og við förum að sjá árangur af allri þeirri skoðun sem þar hefur verið á rétti foreldra til fæðingarorlofs. Hér er samt sem áður um verulega réttarbót að ræða og í heilbr.- og trn., þar sem við höfum rætt þetta, vildum við bíða eftir því að sjá viðbrögð hæstv. ráðherra við þeirri beiðni sem fram hafði komið hjá foreldrum fyrirburа. Við vildum sjá hvað hæstv. ráðherra ætlaði að gera og í heilbr.- og trn. var almennur áhugi á því að leiðrétta kjör þessa hóps sérstaklega og einnig vegna fjölburafæðinga og alvarlegra veikinda barna.

En það vakna samt sem áður nokkrar spurningar við það að fara yfir þetta frv. sem við munum auðvitað taka fyrir á nefndarfundum. Ég býst við að þar verði kallaðir til aðilar sem hafa sérþekkingu á þessum málum. Um það er að ræða, eins og segir í 7. gr. frv., með leyfi forseta:

„Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingarstyrks um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris."

Í 8. gr. er svipað orðalag og segir, með leyfi forseta:

„Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu skal framlengja greiðslu fæðingardagpeninga um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu, allt að fjórum mánuðum. Framlengja skal og greiðslu fæðingardagpeninga um allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Hvort foreldri sem

er getur að ósk móður dvalið hjá barni þennan tíma." — Þ.e. þar sem barnið dvelst á sjúkrahúsi eða í heimahúsi.

Ég vildi beina spurningu til hæstv. ráðherra: Hvaða reglur gilda í þeim tilvikum þar sem um alvarlegan sjúkdóm barns er að ræða sem leiðir til dauða barnsins? Hver er réttur foreldris til orlofsins eða til þessara greiðslna til þess að dvelja heima og jafna sig eftir svo alvarlegan atburð?

Það er ekkert í þessu frv. og ég hef ekkert séð í þeim reglum sem ég hef verið að reyna að kynna mér að nokkuð sé getið um þetta sérstaklega. Þess vegna beini ég því til hæstv. ráðherra hvort í gildandi lögum eða reglugerðum sé eitthvert ákvæði sem tekur á þessum tilvikum sérstaklega. Ef svo er, hvernig er þeim málum þá varið? Ef ekki, er ráðherra þá sammála því að það þurfi að gera þær breytingar á þessu frv. sem fela í sér rétt foreldra ef barn andast vegna alvarlegra veikinda, þannig að ekki skerðist réttur foreldra til orlofstöku eða til greiðslna? Mér finnst þetta skipta gífurlega miklu máli þar sem foreldri þarf ekki síður á orlofi að halda ef svo illa fer.

Það hefur verið rætt að fyrirburafæðingum og fjölburafæðingum hafi fjölgað verulega að undanförnu og má kannski fyrst og fremst rekja það til glasafrjóvgunardeildar og þess árangurs sem glasafrjóvgunardeildin hefur náð. Ég vil beina þeim spurningum líka til hæstv. ráðherra sem vissulega tengist þessu máli beint og óbeint, hvort fyrirhugað er að breyta og lagfæra aðstöðuna á vökudeildinni þar sem eru svo mikil þrengsli að ef öll þau börn sem þar dvelja þurfa á því að halda að vera hjá foreldrum sínum og foreldrarnir kannski ekki síður að vera hjá barni sínu, að segja má að það sé nánast útilokað vegna þeirra aðstæðna sem þar er boðið upp á fyrir utan það að starfsaðstæður þess fólks sem þar vinnur dags daglega eru fyrir neðan allt velsæmi. Og ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún hyggst beita sér fyrir því, í ljósi þess að fyrirburum hefur fjölgað og fjölburafæðingum einnig þar sem börn þurfa að dvelja um lengri eða skemmri tíma á vökudeildinni, að aðstæður þarna verði lagaðar þannig að starfsaðstæður starfsfólksins verði í lagi en ekki síður að mögulegt verði fyrir foreldra að dvelja hjá barni sínu eins lengi og óskað er.

Þetta snertir beint annað frv. sem heilbr.- og trn. er að fjalla um þessa dagana en það er réttur sjúklinga, það er réttur þeirra barna sem dvelja á vökudeildinni og eru að sjálfsögðu ófær um að setja fram sínar kröfur þannig að aðrir verða að gera það fyrir þau og réttur þeirra til þess að hafa hjá sér foreldra eða aðstandendur er að sjálfsögðu sá sami og réttur eldri barna til þess. En aðstæðurnar eru þannig að það verður að taka á þessum málum helst ekki seinna en nú þegar og hæstv. ráðherra mundi kannski svara okkur því á eftir hvort hún er tilbúin til þess.

Svo að ég taki nú aðeins upp þá umræðu sem hér hefur verið um fjölskyldustefnu sem þessu máli tengist líka þá er það sem kannski mestu máli skiptir þegar rætt er um kjör fjölskyldna og aðbúnað fjölskyldna í landinu, og það er ekkert eins mikilsvert og það að foreldrar geti og þeim sé gert kleift að sinna börnum sínum og vera með þeim þegar þau þurfa á að halda. Í bréfi sem hæstv. ráðherra er skrifað 8. mars og er undirritað af þremur mæðrum, segir m.a., með leyfi forseta:

„Samkvæmt áliti sérfræðinga er ekki ráðlegt að þessi börn [þ.e. fyrirburar] séu í gæslu með öðrum börnum fyrstu 1–2 árin þar sem um verulega smithættu er að ræða."

Ef það frv. sem hér er til umræðu verður samþykkt, er alveg ljóst að það sinnir aðeins hluta af þeim tíma sem þessi börn þurfa á umönnun foreldra að halda sérstaklega vegna sinna veikinda, eins og kemur fram í þessu bréfi. En hafi hæstv. ráðherra misst af því þá las ég upp setningu úr bréfi sem þrjár mæður skrifa hæstv. ráðherra 8. mars þar sem segir, með leyfi forseta, svo að hæstv. ráðherra sé ljóst um hvað ég er að tala:

„Samkvæmt áliti sérfræðinga er ekki ráðlegt að þessi börn séu í gæslu með öðrum börnum fyrstu 1–2 árin þar sem um verulea smithættu er að ræða. Afleiðingarnar geta orðið síendurtekin innlögn á barnadeild og þá vitum við öll um þann kostnað og þá hættu sem því fylgir."

Þarna er talað um tíma allt að tveimur árum.

Nú er það svo að útivinnandi foreldrar eiga ekki rétt á nema vikuleyfi vegna veikinda barna og þó að það frv. sem hér er til umræðu og vissulega er réttarbót, verði samþykkt, þá stendur samt sem áður eftir að þarna getur orðið um að ræða allt að heilt ár sem þarf að sinna barninu og barnið er ekki fært um að vera í gæslu annars staðar eða innan um önnur börn. Þess vegna vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort ... (**Heilbrrh.:** Ég heyri, hv. þm.) Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hún muni í ljósi þeirrar stefnu sem Framsfl. hefur kynnt í málefnum fjölskyldunnar beita sér fyrir því að orlof foreldra vegna veikinda barna verði aukið. Hæstv. ráðherra er einstaklega málgefin þennan morgun, virðulegi forseti. (**Heilbrrh.:** Margir vilja koma að máli við ráðherra.) Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra hlýði á þær spurningar sem ég hef fram að færa vegna þess að þær skipta verulegu máli og okkur hefur verið sýnt fram á það að alls staðar á hinum Norðurlöndunum er réttur foreldra vegna veikinda barna mun meiri en hér. Og það hefur gerst aftur og aftur að þeir sem þetta mál snertir, þ.e. aðilar vinumarkaðar og ríkisvaldið, vísa á milli sín ábyrgðinni. Ríkisvaldið lýsir því yfir að þetta sé samningamál aðila vinnumarkaðarins, að þetta sé ekki málefni ríkisstjórnar og síðan segja aðilar vinnumarkaðarins: „Þetta er málefni ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarinnar fyrst og fremst að leysa eða Alþingis." Þess vegna beini ég þessari spurningu til hæstv. ráðherra: Mun hún beita sér fyrir því að orlof foreldra eða réttur foreldra vegna veikinda barna verði aukinn verulega frá því sem nú er? Það skiptir miklu máli fyrir þá foreldra sem hér eiga hlut að máli, sem tengjast þessu frv. sem við erum að ræða, sem og annarra foreldra sem eiga veik börn.

Að lokum tek ég undir það að við munum flýta afgreiðslu þessa máls og það er fyrst og fremst vegna þess að hér er um mikið réttlætismál að ræða og það hefur ekki staðið á stjórnarandstöðunni í heilbr.- og trn. þegar um slík mál er að ræða, að flýta fyrir afgreiðslu þeirra. Og þó að við höfum rætt það hvort það standist lög þegar lög eru sett að þá séu þau afturvirk, þá finnst mér það í þessu tilviki vera fullkomlega réttlætanlegt og jafnvel þó að það hefði verið talað um þarna heldur lengri tíma heldur en frá síðustu áramótum. Ég fagna því að ráðherrann skyldi bregðast svo skjótt við og leggja þetta frv. fram. Samt sem áður er fjölmörgum spurningum ósvarað er varða rétt foreldra vegna veikra barna eða barna sem þurfa að dvelja langdvölum á sjúkrahúsi eða í heimahúsi vegna veikinda og ég vil leggja að hæstv. ráðherra að svara þeim spurningum sem hér hafa komið. En ég vil jafnframt ítreka það að, eins og fram kom hjá hv. varaformanni heilbr.- og trn. að við erum með mjög mörg mál inni í heilbr.- og trn. sem þýða verulegar úrbætur m.a. fyrir foreldra. Við erum

með foreldra, aldraða og örykja og ýmsa þá sem minna mega sín í þessu þjóðfélagi, eins og t.d. hvað varðar umönnunarlaun, rétt til umönnunarlauna vegna umönnunar í heimahúsi. Við erum einnig með frv. þar sem verið er að leggja til að ríkið taki þátt í kostnaði vegna sálfræðiþjónustu og félagsráðgjafar fyrir börn að 18 ára aldri þannig í heilbr.- og trn. eru mörg mjög góð mál frá hæstv. ríkisstjórn, en það eru jafnvel fleiri góð mál frá stjórnarandstöðunni.

[12:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þegar ég las þetta frv. til laga sem hæstv. félmrh. leggur fram, þá minntist ég þess að það er ekki langt síðan ég var að lesa (**Gripið fram í:** Heilbrrh.) — hæstv. heilbrrh., það er talsverður munur, anatómískur, á þessum tveimur hæstv. ráðherrum. — Ég ætla að segja það, herra forseti, að þegar ég las þetta frv. til laga um breytingar á lögum sem gilda um fæðingarorlof, þá minntist ég þess að það er ekki langt síðan ég las bók sem biskup, Gísli Oddsson, skrifaði árið 1638 og hét „De mirabilibus Islandiæ". Þar greinir hann frá því að enn sé á dögum kona, virðuleg prestsmaddama í Flóanum, sem hafi fætt tvenna þríbura og þrenna tvíbura og eigi samtals 23 börn á lífi. Mér kemur til hugar, herra forseti, að ef þessi kona væri enn á dögum, þá yrði hún giska glöð yfir því frv. sem hér liggur fyrir.

Ég verð að segja það, herra forseti, að þrátt fyrir þær ýmsu ábendingar sem hér hafa komið fram um það sem betur mætti vera í þessu frv., þá er það að öllu leyti til bóta og ég tel að bæði stjórnarþingmenn og stjórnarandstaða hljóti að leggjast á eitt um að fá þetta frv. fram sem fyrst. Ég segi það auðvitað að stjórnarandstaðan mun koma með ákveðin sérsjónarmið varðandi tiltekin atriði sem í frv. eru en frv. er það mikilvæg réttarbót, þrátt fyrir að það varði einungis tiltölulega smáa hópa, að ekki er verjandi annað en að koma frv. fram.

Ég verð að segja það líka, herra forseti, að ég fagna því sérstaklega að hérna er verið að taka á málefnum fjölbura. Ég er þeirrar skoðunar reyndar að það þurfi að gera það enn ákveðnar en hérna er gert. Hér er það svo að fæðingarorlofið er lengt um þrjá mánuði fyrir sérhvert barn umfram eitt eins og lögin kveða á um núna. Ég er þeirrar skoðunar að það sé það mikil breyting á högum þeirra sem eiga t.d. þrjú börn fremur heldur en tvö að nauðsynlegt sé að huga sérstaklega að foreldrum sem eignast þrjú börn eða fleiri. Við höfum séð það, herra forseti, að sú breytta tækni sem við búum núna yfir innan Landspítalans gerir það að verkum, á síðustu árum a.m.k., að þríburafæðingum hefur fjölgað.

Nú hefur tæknin breyst aftur þannig að ég tel að líkur séu á að þeim muni fækka á næstunni. Hérna er því ekki um að ræða verulega miklar breytingar í fjárhagslegu tilliti. Því vil ég beina því til hæstv. heilbrrh. að hún velti því fyrir sér hvort ekki væri í lagi að hennar ágætu vinnumenn í heilbrn.- og trn. könnuðu hvort mögulegt væri að gera hlut þríburaforeldra og þeirra sem eiga fleiri börn eitthvað sértakan að þessu leyti. Í dag er það þannig að líf þeirra sem lenda í þeirri hamingju að eignast þríbura fer allt úr skorðum. Ég var á fundi með foreldrum í Þríburafélaginu. Þetta var ungt fólk og örþreytt en afskaplega hamingjusamt. Það færði mér heim sanninn um það, eftir að hafa rakið sínar sögur, að munurinn á því að eignast tvö börn og þrjú börn er svo gríðarlegur að ég held að það þurfi að sinna því með einhverjum sérstökum hætti. Það var eins og ein konan sagði sem hafði eignast tvö börn og eignaðist síðan þríbura og fór með þá í sund. Þar var gömul kona sem sagði við hana: „Er leikskólinn kominn í heimsókn?" Það kannski lýsir e.t.v. best þeim gríðarlegu breytingum sem verða á högum foreldra af þessu tagi og ég mundi mælast til þess við stjórnarmeirihlutann að hann kannaði hvort það væri hægt með einhverjum hætti að koma til móts við þetta fólk þegar nefndin fjallar um málið. Ég vísa sérstaklega til þess að við erum hér að véla um breytingar sem munu kosta 40 millj., en það liggur fyrir að sú nýja tækni sem tengist uppsetningu fósturvísa í verðandi mæður er orðin það háþróuð að það er hægt, og er stefnt að því beinlínis samkvæmt þeim reglum sem nú eru í gildi hjá glasafrjóvgunardeildinni, að reyna að koma í veg fyrir að það verði þrjú börn vegna þess að álagið á fjölskylduna og viðkomandi móður er svo mikið. Samt sem áður verður það alltaf þannig að það munu fæðast stöku þríburar og við þurfum að huga vel að því.

Einstök sveitarfélög hafa staðið sig mjög myndarlega í þessu. Þau hafa lagt til aðstoðarfólk í heilt ár eftir þríburafæðingu en þar er að því er mér er kunnugt um einungis eitt sveitarfélag að ræða. Það eru sem sagt afar mismunandi hagir manna eftir því hvar þeir búa þegar þeir lenda í þeirri hamingju að eignast þríbura.

Hérna er líka, herra forseti, verið að koma í gegn nýmæli sem er þarft, þ.e. að fæðingarorlof vegna barns yngra en fimm ára sem tekið er í varanlegt fóstur er aukið um einn mánuð, úr fimm mánuðum í sex. Þarna er um að ræða breytingu sem við hefðum kannski átt að gera þegar fór hér í gegn frv. til laga um breytingu á réttarstöðu kjörbarna og ættleiddra barna sem ég og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir fluttum. En ég minnist þess þá, herra forseti, að þegar við samþykktum það frv. þurfti að bródera ýmis önnur lög til þess að jafna réttarstöðu ættleiddra kjörbarna gagnvart þeim börnum sem fæddust og komu í heiminn með þeim sama hætti og Nói notaði til þess að geta Sem, Kam og Jafet. Það þurfti t.d., herra forseti, að breyta 14. gr. laga um almannatryggingar sem kveður á um rétt til barnalífeyris. Þá var það þannig að kjörbarn eða ættleitt barn þurfti að vera á framfæri kjörforeldra í a.m.k. tvö ár fyrir fráfall foreldrisins til þess að réttur til örorkubóta og barnalífeyris skapaðist. Það var hins vegar að sjálfsögðu engin slík krafa gerð varðandi börn kynforeldra.

Þegar ég les 14. gr. almannatryggingalaganna, þá sýnist mér að ekki sé algjörlega ljóst að fósturbörn hafi sama rétt. Og ég hygg, herra forseti, og þætti vænt um að hæstv. heilbrrh. léti í ljós skoðun sína á því hér á eftir, að þetta sé eitt af þeim efnum sem heilbr.- og trn. þurfi að taka til skoðunar.

Ég fagna því líka alveg sérstaklega að hér hefur hæstv. heilbrrh. lagt fram frv. sem bætir mjög stöðu þeirra foreldra sem eignast fyrirbura. Ég hef enga reynslu af fyrirburum. Ég hef einungis lesið mér til um þetta og heyrt það sem menn hafa sagt hér í þessum sölum og ég held að hér sé um afskaplega mikilvægt atriði að ræða. Og sérstaklega ber að lofa hæstv. ráðherra fyrir það að í frv. er ákvæði til bráðabirgða sem gerir þetta afturvirkt. Það skiptir miklu máli og er auðvitað hluti af því sem gerir það að verkum að það ríður á að nefndin komi málinu frá sér í tæka tíð.

Það kann vel að vera eins og hefur komið fram hjá ýmsum mönnum að þessi réttur, þótt hann sé aukinn, sé ekki nægur, það þurfi að lengja þetta. Það getur vel verið. En hérna er alla vega stigið stórt skref fram á við og við munum í ljósi reynslunnar kanna það í framtíðinni hvort rétt sé að breyta þessu með einhverjum hætti. Það sem ég er að segja, herra forseti, er það að við sem erum í stjórnarandstöðu megum ekki falla

í þá gryfju, vegna þess að við erum í stjórnarandstöðu, að leggjast í eitthvert tuð og nöldur um mál vegna þess að það er ekki nógu gott, þegar það er alveg klárt að hvert einasta atriði þessa frv. er mjög mikilvægt heillaspor og varðar miklu fyrir þá foreldra sem fylla þessa hópa þótt fámennir séu og það verða menn bara að skilja. Ég er þeirrar skoðunar að það sé æskilegt, herra forseti, að lengja fæðingarorlofið almennt eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir sagði hérna áðan. Ég held að það séu afar margir þeirrar skoðunar, nema ef vera skyldu einhverjir miðaldra karlar sem eru löngu komnir úr barneign, ég veit það ekki. En það á ekki að gera það að verkum að við hikum við það að koma þessari mikilvægu réttarbót í gegn, herra forseti. Þess vegna segi ég það að ég styð þetta mál heils hugar og mun auðvitað beita mér sem tímabundinn liðsforingi í heilbr.- og trn. til þess að það verklagna fólk sem þar situr fari skjótt höndum um þetta og komi málinu frá sér.

Ég verð hins vegar, herra forseti, að nota þetta tækifæri aðeins til þess að brýna fyrir Framsfl., og sérstaklega þessum ágætu starfssystrum okkar sem hérna eru staddar í salnum, nauðsyn þess að standa sig betur og beita sér betur í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Það var Framsfl. sem háði kosningabaráttu þar sem hann undirstrikaði nauðsyn þess að það yrði gert eitthvað annað heldur en bara að setja upp nefndir. Við sjáum unga og vaska þingkonu eins og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur sem er búið að gera að formanni nefndar og það verður enginn var við hana síðan. Hennar framlag á sviði jafnréttisbaráttu fer fram á einhverjum lokuðum fundum í einhverjum nefndum sem enginn maður veit neitt um. Auðvitað ber að þakka það, a.m.k. gerir stjórnarandstaðan það, að það er búið að lyfta þessum tveimur ágætu konum til mikilla valda í Framsfl. En betur má ef duga skal.

Kvennalistinn færði inn í umræðu um jafnréttismál á Íslandi hugtak sem karlar allra stjórnmálaflokka hlógu að, það var reynsluheimurinn. Ég var auðvitað partur af þessum körlum sem gaf ekki mikið fyrir þetta hugtak. En minn heimur breyttist þegar ég varð faðir og reynsluheimurinn breyttist að sama skapi. Og ég er þeirrar skoðunar eins og ég hef látið koma fram fyrr í dag að fæðingarorlof feðra er afskaplega mikilvægur áfangi á leiðinni að jafnri stöðu kynjanna. Ég held að þegar feður eiga kost á því að sjá um uppeldi barna sinna og vera í mjög nánum tengslum við þau alveg frá því að þau fæðast, þá öðlist þeir allt aðra sýn og veruleika. Og ég held að sú sýn breyti viðhorfi þeirra varanlega. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að gera eins og t.d. í Noregi þar sem feður hafa sjálfstæðan rétt en þar sem heildarréttur foreldranna kemur ekki til fullra framkvæmda nema feðurnir notfæri sér hann. Með öðrum orðum, þar var það að sjálfsögðu fyrir tilstilli norskra sósíaldemókrata sem feðurnir eru beinlínis knúnir til þess að taka sér fæðingarorlof og ég held að í framtíðinni sé þetta það sem er mikilvægast í jafnréttisbaráttu á Íslandi. Ég held að það sé ekkert sem getur dugað jafn vel til þess að brjóta niður þá hefðbundnu sýn sem okkur körlunum er innrætt frá blautu barnsbeini gagnvart þessum hefðbundnu verkaskiptum kynjanna. Þetta er lykillinn að því og þess vegna segi ég, herra forseti, ef Framsfl., ef einhver flokkur ætlar sér eitthvert raunverulegt framlag í baráttunni til að bæta og auka jafnrétti kynjanna, þá er það fæðingarorlof feðra.

Það er því miður svo, herra forseti, að allt bendir til þess að minn aldur sé orðinn þannig að ég sé kominn úr barneign eins og þessir miðaldra karlar sem ég hef gert hérna að umræðuefni. En ég fullyrði það að fyrir unga feður og fyrir unga karlmenn framtíðarinnar er þetta það sem skiptir mestu máli til þess að breyta afstöðu þeirra til jafnréttis kynjanna, breyta afstöðu þeirra til hefðbundinna starfshlutverka og það er það sem öllu máli skiptir. Þess vegna ítreka ég spurningu mína til hæstv. heilbrrh.: Treystir hún sér ekki til að lýsa því yfir að hún muni stíga skref á þessari braut áður en kjörtímabilið er úti? Það er mér sannarlega — ja, kannski ekki sorgarefni af því að ég er fæddur glaður, en áhyggjuefni að hæstv. ráðherra sem hefur aftur og aftur beitt sér í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna skuli ekki treysta sér til þess að lýsa þessu yfir. Og ég velti því fyrir mér, hvort það geti verið að sá bústni karl sem hérna stendur skilji þegar upp er staðið eðli þessarar baráttu betur heldur en móðirin sem situr þarna í stóli hæstv. heilbrrh.?

[12:27]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér kom fram áðan að í okkar flokki væru miðaldra karlar og þeir hefðu nú ekki mikinn áhuga á þessu máli. En það er nú öðru nær. Þeir hafa talsverðan áhuga á þessu. Ég get nefnt sem dæmi að það situr einn hv. þm. í forsetastóli sem hefur mikinn áhuga á þessu og er reyndar sjálfur úr gífurlega stórum systkinahópi. Mig minnir að hv. þm. Guðni Ágústsson eigi 15 systkini þannig að hann hefur fullan skilning á þessu, sá hv. þm., og situr í heilbr.- og trn. og mun að sjálfsögðu hjálpa okkur við að koma þessu ágæta máli hér í gegn.

Varðandi það að ég hafi ekki beitt mér í jafnréttismálum, þá er það alrangt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni. Þar hef ég beitt mér af fullum krafti og m.a. í starfsmatinu, var m.a. með grein í Morgunblaðinu í gær varðandi það atriði. Ég vil líka benda hv. þm. á að Framsfl. er fyrsti flokkurinn á Íslandi sem hefur samþykkt sérstaka jafnréttisáætlun og þar átti sú er hér stendur talsverðan hlut að máli.

Það var einnig athyglisvert að hlusta á hv. seinasta ræðumann þar sem hv. þm. Össur Skarphéðinsson var ráðherra í síðustu ríkisstjórn og maður spyr þá: Hvað gerði ráðherrann þá? Það var nú ekki mikið. Það var afar athyglisvert að heyra hér að hv. þm. Össur Skarphéðinsson væri kominn úr barneign vegna aldurs. Það get ég ekki skilið. Ef svo er, þá er eitthvað meira að en aldurinn.

[12:29]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú er það að vísu svo að ég tek undir það sem hv. þm. sagði um hv. þm. Guðna Ágústsson. Hann er eins og ég kominn af fátæku tómthúsfólki á Eyrarbakka þar sem fjölskyldurnar voru barnmargar og skilur þess vegna e.t.v. betur heldur en margar konur í Framsfl. eðli jafnréttisbaráttunnar. Það er nefnilega að koma í ljós hér á þessum morgni að karlarnir hér í salnum skilja eðli baráttunnar betur heldur en konurnar í Framsfl. En það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Siv Friðleifsdóttur að koma hingað upp og monta sig af því að hafa náð í gegn einhverri áætlun um jafnrétti kynjanna innan Framsfl. Við félagar hennar hér í salnum höfum ekki séð mikil merki þess af framgangi kvenna innan Framsfl. og skiptir kannski ekki miklu máli.

Hv. þm. spurði: Hvað gerði Össur Skarphéðinsson þegar hann var umhvrh. í síðustu ríkisstjórn? Það er rétt að rifja það aðeins upp. Hv. þm. getur farið yfir það sem fyrrv. umhvrh. gerði varðandi ráðningar embættismanna og hann getur borið saman hlutföll kynjanna meðal t.d. þeirra yfirmanna sem þáv. umhvrh. skipaði yfir stofnanir ráðuneytisins

og hann getur borið það saman við yfirmenn stofnana sem framsóknarmenn hafa skipað á þessu kjörtímabili. Ég held ég yrði giska glaður yfir niðurstöðu þess samanburðar.

En að öðru leyti, herra forseti, hvað gerði fyrrv. umhvrh. í tíð síðustu ríkisstjórnar? Hann studdi t.d. núv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur í baráttu sinni fyrir því að koma í gegn áætlun, áætlun sem m.a. fól það í sér að á framkvæmdartíma áætlunarinnar yrði hrint í framkvæmd fæðingarorlofi feðra. Það var hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sem kom því í gegn, það var Alþfl. sem kom því í gegn, en það er Framsfl. sem er að gera þetta merka frumkvæði að engu á þessu kjörtímabili eins og svo mörg önnur kosningaloforð Framsfl. sem eru að falla í glatkistuna og verða að engu vegna þess að það er leitun að því loforði sem Framsfl. hefur efnt og ætlar að efna.

[12:31]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta sem kom hér fram. er að sjálfsögðu ekki rétt. Framsfl. er að standa við kosningaloforð sín. Við erum að ná niður halla á ríkissjóð, skapa hér fjölmörg störf. Það er verið að lækka skatta og svona er hægt að halda lengi áfram.

Varðandi hlut kvenna í Framsfl. þá er það heldur ekki rétt sem kom fram hér áðan. Konur hafa átt ákveðnu fylgi að fagna í Framsfl. Við erum með kvenráðherra, þann eina. Við erum með konu sem formann þingflokksins. Og ég get nefnt sem dæmi að hæstv. heilbrrh. er með hæsta hlutfall kvenna í nefndum á vegum ráðuneytis síns og þar er hlutfallið komið upp í tæp 50%. Þetta er afar jákvætt enda sjáum við það þegar konur komast til valda þá fylgja þeim miklu fleiri konur. Og af því að hv. þm. Össur Skarphéðinsson var að mæra sig af því að hafa staðið með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér í ýmsum málum, þá vil ég bara minna á það að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flúði Alþfl., svona leið þeirri konu þar.

[12:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel nú að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir verði að koma hér upp og bera af sér sakir. Hún verði að tilkynna þingheimi það að hún hafi ekki flúið Alþfl. út af mér.

Herra forseti. Þegar kemur að því að skilgreina hvernig við getum þokað jafnréttisbaráttunni áfram þá hef ég lýst þeirri skoðun minni, út frá minni eigin reynslu og út frá því hvernig mínar eigin skoðanir hafa breyst, að sennilega geti ekkert valdið róttækari grundvallarbreytingu á viðhorfum karla eins og einmitt það að setja í framkvæmd áætlun um aukið fæðingarorlof karla, sjálfstæðan rétt karla. Ég er þeirrar skoðunar að þetta breyti viðhorfi ungra karla til hinnar hefðbundnu kynjaskiptingar. Hæstv. ráðherrar ríkisstjórna og hver sem er getur haldið endalaus málþing, endalausar ráðstefnur um það hvernig eigi að gera þetta og að það eigi að setja konur hér og þar til þess að auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum. En grundvallarbreytingin verður ekki fyrr en það er hægt að komast einhvern veginn inn í forritið á körlunum og ég held að besta leiðin til þess sé að gefa þeim færi á að tengjast börnum sínum eins náið og hægt er frá fæðingu þeirra. Ég held að það glæði skilning þeirra á því að hin hefðbundna hlutverkaskipting sem þeir hafa alist upp við sé röng og ég held að ekkert annað en þessi praxís geti breytt því. Hvernig gerum við það? Það er ekki nóg að vísa til þess að hv. þm. Guðni Ágústsson sé jafnréttissinni eða einhverjir karlar í Framsfl. Hv. þm. nefndi sérstaklega að það yrði breyting á þegar konur kæmust til valda og þá spyr ég: Hvar er breytingin í þessum efnum núna þegar kona ræður þessum málaflokki?

[12:35]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þessi umræða er fyrst og fremst um breytingar á fæðingarorlofi gagnvart fjölburum og veikindum og það er mjög brýnt og mjög nauðsynlegt að það nái fram. Ég gleðst yfir þeim stuðningi sem hv. formaður heilbr.- og trn. hefur lýst hér yfir, þ.e. að hann muni veita þessu máli framgang í nefndinni og koma þar fljótt fram með niðurstöðu. Umræðurnar hér hafa spunnist nokkuð mikið um jafnrétti karla og kvenna. Og þó að það sé kannski ekki alveg skylt þessu máli þá er það að sjálfsögðu skylt fæðingarorlofinu sem slíku og ég hef margoft bent á það.

Jafnrétti karla og kvenna byggir fyrst og fremst á réttlæti. Okkur þykir slæmt að misrétti skuli vera milli fólks. Við karlar hugsum til systra vorra, mæðra og dætra og við viljum ekki að þær lendi í þeirri stöðu að þeim sé synjað bara vegna kynferðis.

Hins vegar hef ég svo sem oft bent á að þetta er ekki spurningin um jafnrétti milli karla og kvenna og kannski að sú pólarísering eða það að benda á það atriði, kannski villir það um fyrir mönnum í því að við erum í rauninni að tala um misrétti milli fólks. Sú umræða hefur komið upp undanfarna daga í fjölmiðlum að það sé lagalega í lagi að mismuna á milli tveggja karla og það sé í lagi að mismuna á milli tveggja kvenna en það megi ekki mismuna á milli karls og konu. Þetta er náttúrlega dálítið undarleg niðurstaða en þetta orðin niðurstaðan.

Það eru fleiri þættir í sambandi við jafnrétti heldur en bara réttlæti. Við erum að berjast við fordóma og það eru fordómar, eins og ég hef margoft nefnt, karla gagnvart konum, kvenna gagnvart konum og gagnvart sjálfum sér. Og þessir fordómar eru svo harðir að þó að karlmenn eigi rétt til fæðingarorlofs í dag þá taka þeir það ekki, þeir nýta ekki þennan rétt sinn heldur er það nánast undantekningarlaust að konur taka fæðingarorlofið.

Áhrif fæðingarorlofs á jafnrétti karla og kvenna og þá er ég að tala um launajafnrétti, eru eftirfarandi: Nú skulum við, hv. þm., setja okkur í þau spor að við séum að ráða fólk í vinnu, 27 ára gamalt fólk nýkomið úr háskóla. Þau sitja þarna fyrir framan okkur, kona og maður á þessum aldri, og við förum að hugleiða að ef við ráðum konuna þá eru svona 70–80% líkur á því að hún muni fara í fæðingarorlof, sex mánaða fæðingarorlof, á næstu fimm árum og það kostar fyrirtækið, sérstaklega lítil fyrirtæki, lífandis býsn að missa manneskju úr starfi í sex mánuði, þurfa að endurmennta nýjan starfsmann o.s.frv. Þannig að við munum ráða karlmanninn frekar, bara út af efnahagslegum ástæðum. Við ráðum karlinn frekar vegna þess að hann mun verða ódýrari til lengdar út af fæðingarorlofinu. Við vitum að hann fer ekki í fæðingarorlof. Þetta hefur óneitanlega og örugglega áhrif á mismun launa hjá konum og körlum.

Hvernig lögum við þetta? Nú, að sjálfsögðu með því að láta karlmenn taka hluta af fæðingarorlofinu líka. Það er bara hrein og klár rökrétt afleiðing að við þurfum, ég vil kannski ekki segja að þvinga karlmenn, en gera það svo aðlaðandi fyrir hjónin eða parið að karlmaðurinn taki sinn skerf af fæðingarorlofinu. Þegar sú staða er komin upp að atvinnurekandinn á von á því að það séu jafnmiklar líkur

á að hvort um sig fari í fæðingarorlof þá mun sá þáttur í launamisrétti kynjanna hverfa.

Þriðja atriðið sem kannski er mikilvægt í sambandi við það að karlar fari í fæðingarorlof er að þeir kynnast börnunum sínum og það er mjög verðmætt. Það er verðmætt fyrir börnin og það er sérstaklega verðmætt fyrir föðurinn því karlmenn kynnast börnunum sínum mjög lítið og ekki þá fyrr en á seinni stigum þegar börnin eru orðin eldri og það held ég að sé mjög neikvætt. Það yrði miklu betra í öllum skilningi að karlmenn kynntust börnum sínum fyrr og ættu þátt í því að móta þau á fyrsta ári lífs þeirra.

Herra forseti. Nefnd er að störfum um þessi mál og þess vegna vonast ég til að skriður komist á þau fljótlega. En ég vildi benda á eftirfarandi. Í fyrsta lagi: Hvernig getum við breytt þjóðfélaginu þannig að báðir foreldrar geti séð um börnin? Það er svona hugljómun sem ég ætla að útlista hér. Það væri t.d. fólgið í því að atvinnulífinu yrði skipt þannig að dagvinnutíminn væri miklu sveigjanlegri en hann er nú.

Ég get alveg séð fyrir mér að annað foreldrið vinni frá segjum kl. sjö að morgni til tólf á hádegi og þá sé vinnudeginum lokið og hitt foreldrið taki þá við og vinni frá tólf til sjö og þannig sé búið að skipta vinnudeginum upp og þau séu heima hjá börnunum afganginn af vinnudeginum. Á þessum tíma gætu þau hugsanlega afkastað nánast jafnmiklu og þau gera nú allan vinnudaginn. Þetta yrði þjóðhagslega mjög hagkvæmt vegna þess að þá þyrftu menn ekki barnaheimili í sama mæli og nú og barnaheimilin yrðu þá meira til þess að kenna börnunum heldur en til að geyma þau. Það mundi mjög margt vinnast með þessu, betri nýting á vélum, tækjum, skrifstofuhúsnæði og öðru slíku þannig að ég vildi að menn horfðu á það hvort þessi möguleiki sé til staðar.

Svo er spurningin, herra forseti: Af hverju viljum við jafnrétti? Er þetta bara ekki ágætt svona, að hafa bara misrétti á öllum stigum eins og er í dag að það er mismunað milli karla, mismunað á milli kvenna og mismunað á milli karla og kvenna. Er þetta ekki allt í lagi? Nei, það er ekki allt í lagi vegna þess að þjóðfélagið tapar á mismununinni. Þegar ráðinn er óhæfari einstaklingur en annar sem er hæfari til að stýra fyrirtæki eða gegna einhverri stöðu, þá tapar fyrirtækið örugglega á því. Fyrirtækið og þar með þjóðfélagið tapar á misréttinu og þess vegna er mjög brýnt og það má segja að það sé þáttur í lífskjörum þjóðarinnar, að laga jafnréttið milli fólks almennt, ekki bara milli kynja. Og þáttur í því er að breyta fæðingarorlofinu þannig að karlmenn taki það til jafns við konur. Það er þáttur í að bæta lífskjör þjóðarinnar.

[12:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Péturs Blöndals þá langar mig að geta þess að sú hugljómun sem hann deildi með okkur þingmönnum sem eru viðstaddir þessa umræðu um fæðingarorlof hefur verið fleirum hugleikin og minnist ég þess einmitt úr Tryggingastofnun að til mín hafi komið foreldrar með viðlíka hugmyndir. Minnist ég sérstaklega móður sem var verktaki og þurfti því að sinna starfi sínu. Önnur var sjálfstætt starfandi með fyrirtæki og þurfti að sinna starfi sínu eðlis þess vegna að hluta til í fæðingarorlofi. Hún átti ekki rétt á fæðingarorlofsgreiðslum samkvæmt íslenskum lögum í dag með því að sinna að hluta til starfi. Þess vegna vildi ég gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann hafi í hyggju að breyta lögum þannig að mönnum verði unnt að sinna börnum sínum eins og hann lýsti hér í sinni hugljómun.

[12:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kom inn á vandamál sem er tengt verktöku. Það er því miður að verða síaukið vandamál og mun aukast mikið með aukinni tölvuvæðingu þar sem fólk getur farið að vinna heima fjarri vinnustaðnum. Að sjálfsögðu þurfum við að taka á þessu vandamáli. Við þurfum að leysa það vandamál að það er fjöldi fólks sem velur að vera verktakar og dettur þar af leiðandi út úr tryggingakerfinu að meiru og minna leyti. Við þurfum að laga það. En við þurfum jafnframt að spyrja okkur af hverju fólk velur að detta út úr tryggingakerfinu. Getur verið að tryggingakerfið sé orðið of sterkt, of dýrt og of þunglamalegt fyrir einstaklinginn þannig að menn velji frekar að vera verktakar og fá allan peninginn í vasann sjálfir í staðinn fyrir að vera tryggðir? Vantar kannski skilning fólks á eðli og gildi tryggginganna? Hafa tryggingarnar ekki sama gildi fyrir fólk og það borgar fyrir þær? Þetta þurfum við að hugleiða.

Varðandi hugljómunina, þá koma allar hugmyndir einhvers staðar frá. Ég er ekkert að segja að þetta sé endilega mín hugmynd en samt sem áður er það mín hugljómun og með fjöldamörgum öðrum, að það mætti koma svona fyrirkomulagi á. Og það er ekkert sem bannar það að verktakar gætu verið þátttakendur í því og verktakar eiga að sjálfsögðu að vera tryggðir eins og aðrir þó þeir oft á tíðum sinni ekki þeirri tryggingaskyldu.

[12:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess að það eru ekki aðeins verktakar sem geta lent í þessu sem ég nefndi áðan. En vegna vangaveltna hv. 16. þm. Reykv. um það hvort fólk velji það að vera ekki í tryggingakerfinu með því að vera verktakar eða hvernig því væri háttað, þá held ég því miður að fólki sé ýtt út í að vera verktakar. Sumir hverjir hafa ekkert val. Það held ég að hv. þm. hljóti að þekkja úr atvinnulífinu.

[12:45]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa umræðu sem hefur nú tognað töluvert úr. Menn eru farnir að tala um sinn reynsluheim og kannski megum við þakka fyrir að ekki eru fleiri karlmenn í þingsalnum ef þeir ætluðu allir að tjá sig því þá tæki þetta nokkurn tíma. Áður en ég fer yfir þær fyrirspurnir sem fyrir mig hafa verið lagðar vil ég segja að við erum að stíga hér mikið framfaraspor. Það hafa allir verið sammála því og það er það sem skiptir máli. Við getum alltaf gert betur. Við getum alltaf gengið lengra en á meðan við stígum engin skref þá erum við ekki á réttri leið.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði áðan hvort það sé rétt að fæðingarorlof geti orðið allt að 13 mánuðir. Það er rétt og fæðingarorlof getur orðið lengra en 13 mánuðir vegna þess að ef um fjölburafæðingu er að ræða þá getur þessi tími verið lengri. Almenni rétturinn er sex mánuðir, fyrir fyrirbura eru fjórir mánuðir og vegna veikinda móður eða barns geta verið þrír til fjórir mánuðir. Ef um tvíbura eða þríbura er að ræða þá getur þessi réttur verið enn lengri.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði líka hvernig liði endurskoðun á hinum almenna fæðingarorlofsrétti. Því er til að svara að að því máli verða stéttarfélögin að koma aftur eins og þau hafa áður gert. Það er mjög nauðsynlegt og auk þess aðilar vinnumarkaðarins. Hvort stjórnmálamenn koma að því, þá koma þeir ekki að því í upphafi heldur þegar málið

er komið lengra, en það hefur verið stefna mín að stjórnarandstaðan sé í sem flestum nefndum. Og stjórnarandstaðan er í öllum helstu nefndum sem eru á vegum heilbr.- og trmrn.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttur spurði um lögheimili, þ.e. hvort hér væri um rýmkun að ræða varðandi lögheimilisrétt. Það má segja að svo sé. Þetta gefur okkur möguleika til að taka tillit til sérstakra aðstæðna varðandi lögheimili.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spurði nokkurra spurninga, m.a. um hvað yrði um fæðingarorlof ef um andlát barns væri að ræða. Þá er því til að svara að fæðingarorlof skerðist ekki við andlát barns.

Hv. þm. spurði einnig um vökudeildina og varð tíðrætt um þrengslin sem þar eru. Ég held að við getum lítið úr bætt fyrr en nýr barnaspítali rís. Það verður vonandi innan tíðar. Hv. þm. gerði einnig að umtalsefni að ekki hefðu borist svör við fyrirspurn sem hefur legið nokkrar vikur í heilbr.- og trmrn. varðandi fæðingarorlofsrétt á öðrum Norðurlöndum. Það svar er tilbúið og þess vegna gæti hv. þm. fengið það í dag. Það tók nokkurn tíma að fá svör frá öllum Norðurlöndunum um það sem um var spurt.

Hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir spurði einnig nokkurra spurninga. Hún spurði að því hvar veikar mæður væru staddar varðandi þetta frv. Eins og fram kemur í frv. lengist orlof veikra mæðra. Hún spurði einnig um ferðakostnað og gerði að umtalsefni að aðeins er greidd ein ferð í viku. Í Tryggingastofnun er verið að endurskoða málefni langveikra barna og þar á meðal þetta atriði. En það er yfirleitt þannig að þegar börn eru á vökudeild þá er móðir hjá barninu nánast allan daginn. Sú er nú venjan. (**PHB:** Eða faðir.)

Hér hefur ýmsilegt verið rætt um jafnréttismál sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni núna. Mér finnst aðalatriðið að þetta frv. komist til hv. heilbr.- og trn. og verði þar afgreitt. Við getum rætt um jafnréttismálin almennt. Það er málefni sem er ótæmandi. Hv. þm. Össur Skarphéðinsson beindi ekki til mín neinum sérstökum beinum spurningum. Hann vildi að ég lýsti hér úr ræðustól yfir að feður fengju stórbættan rétt til fæðingarorlofs. Ég á von á því að það gerist. Það tekur nokkurn tíma. Hv. þm. var nú ráðherra á sinni tíð og var þá kannski ekki kominn með þann mikla reynsluheim sem hann býr yfir núna og þess vegna var kannski ekki nógu mikill kraftur í honum þá (**ÖS:** En ég var ekki heilbrrh.) til að breyta því sem breyta þurfti og breyta þarf. En það er unnið ötullega að því. Ég tel að hér séum við að stíga skref í rétta átt og ég vona að menn tefji þetta mál ekki með því að blanda allt of mörgum málum inn í það. Eins og ég sagði áðan er endalaust hægt að gera betur en einhvers staðar þurfum við að byrja og einhvers staðar þurfum við að enda. Menn eru sammála um að þetta er gott frv. og ég bið hv. þm. að hraða afgreiðslu þessa máls eins og hægt er.

[12:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð ráðherra að það er nauðsynlegt að vera ekki að blanda allt of mörgum málum saman við þetta og ég veit að hv. þm. gera það ekki. Það hefur komið fram í máli þeirra þótt þeim liggi auðvitað mikið á hjarta varðandi aðrar réttarbætur í fæðingarorlofsmálum. En þetta er auðvitað brýnasta málið og um það eru allir sammála.

En varðandi endurskoðunina þá svaraði hæstv. ráðherra mér ekki. Er þessi endurskoðun farin af stað á nýjan leik? Ef svo er ekki, hvenær verður það? Mun endurskoðunin ná til lengingar á fæðingarorlofi, réttar feðra, breyttrar fjármögnunar og samræmingar á fæðingarorlofi? Mér finnst að hæstv. ráðherra ætti að geta svarað því skýrar en hún hefur gert.

Ráðherrann svaraði heldur ekki því sem ég spurði um, hvort hún væri ekki sammála mér um að við ættum að stefna að því markmiði að hafa fæðingarorlof fyrir þessa hópa sem við höfum verið að tala hér um, fyrirburaforeldra og fleirburaforeldra, að setja okkur það markmið að það verði að lágmarki eitt og hálft til tvö ár eins og fagfólk hefur sagt að væri nauðsynlegt, ekki síst vegna fyrirburafæðingar. Það vildi ég að kæmi sértaklega fram hjá ráðherra. Ég hefði gjarnan viljað sjá líka í þessu frv., þó ég muni ekkert gera kröfu um það af því að ég vil ekki tefja málið, meiri sveigjanleika, að það væri hægt að lengja fæðingarorlofið vegna þessara hópa enn frekar undir sérstökum kringumstæðum. Slík tillaga má auðvitað ekki vera til að tefja málið. En ég hefði gjarnan viljað sá hana í frv.

[12:54]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi sveigjanleikann sem hv. þm. gerði að umtalsefni þá er verulegur sveigjanleiki í því frv. sem hér liggur fyrir. Hvað varðar endurskoðun á fæðingarorlofi almennt þá hefur ekki verið sett ný nefnd af stað vegna þess að við erum að undirbúa þetta mál betur. En númer eitt er þessi samræming sem er nauðsynleg, vegna þess að það er mjög mikið misræmi varðandi fæðingarorlof, t.d. getur sá sem er í BSRB fengið allar sínar vaktir greiddar á meðan sá sem er í ASÍ fær engar vaktir greiddar. Það er því mjög mikið atriði að samræma þetta. Við erum að vinna að þessu máli. Ég endurtek að ég vona að menn blandi þessu ekki öllu saman því það mun tefja fyrir þessu máli.

[12:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar ég var að tala um að ég hefði viljað sjá meiri sveigjanleika en er í frv. þá er ég að tala um að það geti í ákveðnum tilvikum verið um lengra fæðingarorlof að ræða heldur en hér er kveðið á um, þegar um mikil veikindi er að ræða. Það er oft á tíðum svo að fjórir mánuðir er alls ekki nægjanlegt þó það bætist þarna við allt upp í 13 mánuði t.d. þegar við erum að tala um fyrirbura- eða fleirburafæðingar.

Mig undrar svolítið, herra forseti, sem fram kom hjá hæstv. ráðherra. Nefndin sem er almennt að endurskoða fæðingarorlof var leyst upp snemma í vetur og að það taki alla þessa mörgu mánuði — við erum að sigla inn í vorið — að ráðherra sé enn að velta fyrir sér hvernig á að skipa nefndina o.s.frv. Þetta tekur allt of langan tíma hjá hæstv. ráðherra. Nefndin þarf svigrúm til að vinna og við hljótum að vænta þess að ráðherra leggi fram frv. næsta haust. Ég spyr: Af hverju í ósköpunum hefur þessi nefnd ekki verið skipuð á nýjan leik? Það er einhver fyrirstaða í þessu. Hver er hún, hæstv. ráðherra? Mér finnst nauðsynlegt að það komi fram.

[12:56]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. veit eru þetta líka samningsbundin atriði. Þetta eru málefni sem koma inn í samninga. Samningaviðræður eru í fullum gangi. Auðvitað er það þess vegna sem menn eru ekki að vinna í þessu í margar áttir.

En varðandi það að hv. þm. sagðist vilja sjá meiri sveigjanleika í þessu frv. sem hér liggur fyrir þá kom það fram í máli mínu áðan að þetta geta orðið 13 mánuðir og það getur líka orðið lengri tími sem einstaklingar fá í fæðingarorlof (Gripið fram í.) og þetta eru verulegar réttarbætur. (**JóhS:** Ekki veikinda ...) Við getum alltaf lengt þetta og það erum við að gera núna. Við erum að lengja þetta verulega, við erum að lengja þetta jafnvel um marga mánuði ef um fjölburafæðingu er að ræða. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. geti sætt sig við þetta skref sem hér er stigið og við þurfum ekki mikið lengri tíma í þingsal til að ræða þetta ágæta mál sem er til framdráttar fyrir foreldra og börn.

[12:58]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta er að hluta til samningsatriði hvað varðar fæðingarorlof. Hæstv. ráðherra orðaði það þannig að það væri ekki rétt að vera að vinna að þessu máli í allar áttir núna. Það hefði hins vegar verið mjög æskilegt að þegar þessar samningaviðræður hófust þá hefði sú nefnd sem var skipuð öllum þessum fulltrúum, fulltrúum frá launþegasamtökum m.a., lokið störfum þannig að tillögurnar hefðu legið fyrir þegar samningaviðræður hófust.

Það sem ég ætla hins vegar að spyrja um er — í fyrsta lagi svaraði ráðherra ekki öllum mínum spurningum og það snertir þetta mál beint — hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að réttur foreldra vegna veikinda barna verði aukinn. Það snertir þetta mál beint. Síðan vildi ég gjarnan fá upplýsingar hjá hæstv. ráðherra af því að hún segir að fæðingarorlof skerðist ekki við andlát barns. Er þá átt við þetta sex mánaða fæðingarorlof eða þessa lengingu sem hér er boðuð í frv.? Munu foreldrar eiga rétt á sama tíma, sömu lengingu, við andlát barns? Mér finnst þetta skipta máli. Við erum ekkert að tefja þetta mál vegna þess að það hefur ekki verið boðaður fundur í heilbr.- og trn. fyrr en eftir rúman hálfan mánuð þannig að við höfum allan daginn í dag til að ræða þetta mál án þess að tefja það nokkurn skapaðan hlut. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherrann fyrst og fremst um þetta tvennt.

[12:59]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi rétt foreldra til orlofs í veikindum barna þá svaraði ég því áðan í svari til hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur að í Tryggingastofnun er verið að vinna að endurskoðun á málefnum langveikra barna og þetta kemur þar inn í. Auðvitað er þetta líka samningsatriði. Varðandi nefndina sem var leyst upp og það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði að umtalsefni, að það hefði verið æskilegt að ná niðurstöðu í nefndinni, þá tek ég undir það. Nefndin var auðvitað sett á laggirnar til að ná niðurstöðu. En nefndin náði ekki niðurstöðu. Þrátt fyrir langa og mikla vinnu náðist ekki samkomulag þannig að þetta rann inn í samningana.

Varðandi önnur atriði sem hv. þm. hefur spurt hér um, þ.e. ef barn deyr eftir fæðingu, þá skerðist ekki réttur foreldra. Réttur foreldra er sá sami sem hér hefur verið lagður til í þessu frv.

[13:01]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra. Hvar er þessar reglur að finna? Hvar finn ég þessar reglur eða finn þessu stað í frv. nákvæmlega? Það hefur nú oft farið þannig að við túlkun á frv. eða lögum, er vitnað í greinargerðir eða frv. eins og þau eru upphaflega lögð fram og jafnvel í ræður ráðherra. En hvar nákvæmlega finn ég þessar reglur?

Annað sem ég vildi fá fram hjá hæstv. ráðherra vegna þess að það er ævinlega talað um úrbætur á vökudeildinni í tengslum við það að barnaspítali rísi og það er nú orðið nokkuð langt síðan menn stefndu að því að reisa hann. Er möguleiki á því að laga aðstöðuna á vökudeildinni með endurskipulagningu á starfsemi sjúkrahússins? Hefur það verið rætt við yfirmenn sjúkrahússins eða Ríkisspítalanna og er möguleiki á einhverju auknu svigrúmi vökudeildarinnar innan sjúkrahússins í dag?

[13:02]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja er svigrúmið ekki mjög mikið innan vökudeildarinnar eins og uppbyggingin er í dag (**MF:** Innan sjúkrahússins.) og þess vegna er svo mikilvægt að barnaspítali rísi á Landspítalalóðinni því það vantar alla aðstöðu fyrir foreldra langveikra barna. Þangað til býst ég við að við búum við þessi þrengsli sem þarna eru en þó er smávegis svigrúm innan kvennadeildarinnar sem er verið að athuga þessa dagana hvort megi aðeins bæta úr. Ég tel að ég hafi svarað því áðan varðandi rétt foreldra. Hv. þm. á sæti í heilbr.- og trn. getur því fengið greiðari og ákveðnari svör. Ef hv. þm. gerir sér ekki að góðu það sem hér er sagt, er hægt að fara í gegnum þetta í nefndarstarfinu sem vonandi hefst hið allra fyrsta. (**MF:** Hvar eru reglurnar?)

[13:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er verið að endurskoða reglur og vinna að réttarbótum fyrir foreldra langveikra barna í Tryggingastofnun. En hæstv. heilbrrh. nefndi ekki hvort og hvernig hún hygðist breyta þeim óréttlátu reglum sem gilda um greiðslu ferðakostnaðar til foreldra barna sem eru á sjúkrahúsi. Hæstv. heilbrrh. segir að móðir sé yfirleitt hjá barni á vökudeild. Margar mæður eiga mörg börn og þurfa að sinna þeim bæði heima og á spítala. Dæmið sem ég nefndi í máli mínu áðan var einmitt þannig að það var fjölburamóðir sem þurfti að sinna öðru barninu á vökudeildinni og hinu heima. Ég þekki nokkur dæmi um að foreldrar þurfa að keyra frá Keflavík til Reykjavíkur daglega og jafnvel oft á dag, frá Hveragerði til Reykjavíkur jafnvel oft á dag. Það eru mýmörg svona dæmi og nú liggur fyrir hjá Tryggingastofnun áfrýjun vegna úrskurðar um greiðslu þar sem var sótt um greiðslu daglega. Þessi úrskurður hefur ekki borist. Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að foreldrar sem eru í þeirri stöðu að þurfa að fara á hverjum degi til þess að sinna barni sem er á sjúkrahúsi og þurfa að fara langan veg, fái greitt daglega fyrir slíkar ferðir? Það þarf að koma fram í þessari umræðu því þetta eru óréttlátar reglur sem eru alls ekki viðunandi. Og ég held að hæstv. ráðherra geti verið mér sammála í þeim efnum. Í þessari umræðu þarf því að koma fram hvað hæstv. ráðherra hyggst gera í málefnum fólks sem býr við þessar aðstæður.

[13:05]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margt þarf að bæta varðandi aðbúnað langveikra barna og foreldra þeirra. Þetta er eitt af því en það

verður ekki afgreitt með þessu frv. sem hér liggur fyrir.

[13:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. ráðherra. Það þarf að bæta margt. Og það hefur komið fram í máli mínu að ég fagna öllum þeim úrbótum sem koma fram í frv. en ég tel að það þurfi að taka á ferðareglunum. Þær er hægt að bæta með reglugerð. Ég tel að það verði að bæta úr því því það er svo mikið óréttlætismál sem þar er á ferðinni og úr því að verið er að vinna að réttarbótum fyrir foreldra sjúkra barna þá tel ég að þetta þurfi að koma fram hjá hæstv. ráðherra: Hyggst hann ráða bót á þessum óréttlátu reglum sem bitna á foreldrum sem eru í fæðingarorlofi, foreldrum fyrirbura, foreldrum fjölbura? Þetta eru verulega óréttlátar reglur, eins og ég sagði áðan.

[13:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að ýmislegt þarf að bæta þá er verið að vinna að því innan Tryggingastofnunar með formanni Umhyggju sem vinnur með Tryggingastofnun að ýmsum réttarbótum fyrir langveik börn. Hvað verður sett í forgang mun koma í ljós innan tíðar. Þessi nefnd á eftir að funda aðeins nokkrum sinnum og ég á von á tillögum sem þeir leggja fram innan fárra daga eða nokkurra vikna. (**ÁRJ**: Verða breytingar á reglunum?) Það verða breytingar. En hvort nákvæmlega þetta verði sett í forgang er ég ekki tilbúin til að segja í dag.

[13:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þess að ekki er réttur hér til frekari andsvara. Ég spyr hæstv. ráðherra og vil fá svör við því hvar þær reglur eru sem gilda fyrir foreldra sem missa barn sitt vegna veikinda og ég geri það ekkert að ástæðulausu. Ég þekki dæmi þess að foreldrar sem misstu börn sín, tvíbura sem fæddust töluvert langt fyrir tímann, misstu bæði börnin og móðirin naut ekki síns réttar á fæðingarorlofi, ekki einu sinni þessara sex mánaða sem um getur í gildandi lögum. Ef þessar reglur eru til, hvar eru þær? Og þessi ákvæði, ef þau eru ekki til og ef þau eru ekki skýr, telur ráðherrann þá ekki fulla ástæðu til þess að heilbr.- og trn. beiti sér fyrir því að inn í þetta frv. komi ákvæði þess efnis að réttur foreldra í þessu tilviki sé ótvíræður?

[13:09]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fyrirspurnar sem kom frá hv. þm. þá erum við með svör frá Tryggingastofnun um að þessi réttur eigi að vera ótvíræður, að foreldrar eigi rétt á fæðingarorlofi í sex mánuði vegna fæðingar barns þannig að ef þarna er um eitthvert óöryggi að ræða þá er alveg sjálfsagt að taka það sérstaklega upp. En samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum frá Tryggingastofnun þá er þetta ótvíræður réttur og enginn ætti að velkjast í vafa um það að þetta er nákvæmlega svona. Ef það er ekki þá er rétt að taka það upp.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:10]

Afbrigði við þingsköp.

[13:45]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Í 2. mgr. 36. gr. þingskapa segir að lagafrv. sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu verði því aðeins tekin á dagskrá að meiri hluti þingmanna samþykki það. Hliðstætt ákvæði er í 6. mgr. 44. gr. að því er varðar þál. Frestur samkvæmt þessum ákvæðum þingskapa rennur út 1. apríl nk. Þannig stendur á að frestinum lýkur meðan á páskahléi þingsins stendur og því leggur forseti til að veitt verði afbrigði frá þingsköpum og frestur þessi lengdur til föstudagsins 4. apríl.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]

Afbrigði við þingsköp samþ. með 37 shlj. atkv.

[13:46]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram að þessi ákvæði þingskapa hafa verið framkvæmd þannig, síðan þau voru sett 1985, að miðað er við að málin komi til bókunar fullfrágengin til skjalavarðar fyrir lok vinnudags föstudaginn 4. apríl. Takist ekki að prenta eða fjölfalda skjöl fyrir lok þingfundar þann dag verður haldinn útbýtingarfundur mánudaginn 7. apríl.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 757.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 404. mál (EES-reglur). — Þskj. 701.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 702.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Orkulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (eignarhlutur Rariks í félögum). — Þskj. 713.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Flugskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 152. mál. — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]
Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GÁ, GMS, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MagnA, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, HG, JóhS, KÁ, LB*, MF, SighB, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, JBH, KHG, KH, PP, RA, RG, SJóh, StG, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 828).

Helgidagafriður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 31, nál. 784, brtt. 785.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 785,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, BH, EKG, FrS, GHH, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, GMS, HjÁ, HjálmJ, JBH, KHG, KH, MagnA, PP, RA, RG, SJóh, StG, SJS, SvG, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég átti þess ekki kost að taka þátt í umræðum við 2. umr. um þetta mál og vil þess vegna láta það koma hér fram að það undrar mig nokkuð að ekki komi fram í breytingartillögum frá allshn. það ákvæði, sem sérstaklega hefur verið rætt í nefndinni eins og fram kemur í nál., að hafa víðtækari heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska heldur en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum. Ég tel eðlilegt að við 3. umr. þessa máls komi fram breytingartillögur sem rýmki þarna til í samræmi við það sem nefnt er í nál. og vil láta það koma fram að ég mun beita mér fyrir því.

2. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 785,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
6.–9. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frh. 1. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Skipan opinberra framkvæmda, 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (útboð). — Þskj. 745.

[13:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, með síðari breytingum.

Eins og hæstv. forseti sagði er þetta 436. mál þingsins og er að finna á þskj. 745.

Á undanförnum árum hafa sífellt verið gerðar strangari kröfur til opinberra aðila um hvernig staðið skuli að innkaupum vöru, þjónustu og framkvæmda. Er það í samræmi við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Einnig hefur samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gert strangari kröfur um hvernig að þessum málum skuli staðið.

Þrátt fyrir þetta má segja að fyrirkomulag innkaupa ríkisins hafi verið gott miðað við önnur lönd. Hér á landi fer snemma að tíðkast notkun útboða við innkaup og formfastar reglur í gildi um tilhögun þeirra. Má að nokkru leyti þakka það því að auk þess að leita fyrirmynda í Evrópu var á sínum tíma einnig fylgst með því sem Bandaríkjamenn voru að fást við á þessu sviði.

Þau lög, sem nú eru í gildi og varða innkaup ríkisins, eru annars vegar lög nr. 63/1970, og hins vegar lög nr. 52/1987. Breytingar voru gerðar á þessum lögum með lögum nr. 55/1993 vegna Evrópska efnahagssvæðisins.

Í maí 1993 samþykkti þáverandi ríkisstjórn útboðsstefnu ríkisins og var hún þáttur í því umbótastarfi sem stjórnvöld hafa verið að vinna að til að koma á nýskipan í rekstri ríkisins. Nú er nokkur reynsla komin af þessu starfi og því sem fólst í stefnunni. Útboð hafa aukist verulega og gætir ánægju með það hjá seljendum vöru, þjónustu og framkvæmda.

Á svipuðum tíma og útboðsstefnan var samþykkt gaf stjórn opinberra innkaupa út reglur um innkaup ríkisins. Þeim var ætlað að skýra samskipti og skapa traust milli

kaupenda og seljenda. Jafnframt gaf stjórnin út handbók um innkaup innan Evrópska efnahagssvæðisins. Nýlega voru reglur um innkaup ríkisins og ýmis atriði útboðsstefnunnar fest í sessi með því að sameina ákvæði þeirra reglugerð um opinber innkaup í reglugerð um innkaup ríkisins, nr. 302/1996.

Með þessu frumvarpi sem hér er til umræðu er ætlunin að styrkja í sessi útboð í opinberum innkaupum með því að treysta réttarstöðu þeirra sem taka þátt í útboðum á vegum opinberra aðila. Á síðasta ári skipaði fjmrh. kærunefnd útboðsmála og er verkefni hennar að úrskurða í ágreiningsmálum sem fram koma í opinberum innkaupum á milli kaupenda og seljenda. Samkvæmt gildandi lögum er fjmrh. hins vegar úrskurðaraðili og er nefndin því í raun ráðgefandi. Það fyrirkomulag hefur reynst óhentugt, seljendur verða að geta treyst því að úrskurðir séu hafnir yfir vafa um hlutleysi. Til að mæta þessu og sams konar viðhorfum hjá Eftirlitsstofnun EFTA er í frumvarpinu lagt til að kærunefndin verði sjálfstæður úrskurðaraðili, óháður fjmrh. Nefndin hafi heimild til að grípa inn í útboðsferilinn til að tryggja að farið sé eftir öllum leikreglum. Þetta er álitin vera mikilvæg réttarbót fyrir þá sem í hlut eiga. Auk ákvæða um kærunefndina eru gerðar lítils háttar breytingar á gildandi lagaákvæðum er leiða af breytingum á tilskipunum Evrópusambandsins um opinber innkaup.

Ráðgert er að á komandi mánuðum fari fram heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup. Einnig er til skoðunar að Ísland gerist aðili að þeim kafla GATT-samningsins sem fjallar um opinber innkaup en slíkt mun kalla á frekari lagasetningu síðar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að þetta mál verði samþykkt til 2. umr. og sent til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 213, nál. 811, brtt. 812.

[14:02]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til sóttvarnalaga. Undir þetta álit skrifa allir þeir nefndarmenn sem viðstaddir voru afgreiðslu málsins án fyrirvara, þ.e. formaður sem hér stendur, hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Pétur H. Blöndal sem þarna var staddur sem varamaður.

Þetta mál, herra forseti, er merkilegt að því leyti til að það hefur legið fyrir þinginu sex sinnum á átta árum. Það hefur aldrei tekist að afgreiða málið fyrr en nú á þessu þingi. Fyrir því liggja væntanlega ærnar ástæður en ljóst er að þetta mál sem í fyrstu virtist tiltölulega einfalt reyndist vera giska flókið. Frv. hefur tekið miklum breytingum í meðförum okkar. Framvinda tímans frá því það kom fyrst fram hefur leitt til ýmissa breytinga á umhverfi sóttvarna bæði á Íslandi og erlendis sem hafa gert það mjög nauðsynlegt að breyta verulega ýmsum atriðum frv. Nefndin var sammála um að gera róttækar breytingar á þeim ákvæðum sem fjalla um réttindi þeirra sem sæta þvingunarúrræðum eða frelsissviptingu af einhverju tagi telji stjórnvöld nauðsynlegt að gera það til að hindra útbreiðslu sótta.

Það má segja, herra forseti, að Íslandssagan sé öðrum þræði saga sótta. Því miður gætti ekki sóttvarna fyrr en á síðustu öld. Annálarnir og Íslendingasögurnar gefa hins vegar aftur og aftur lýsandi dæmi af því þegar sóttir brutust út á Íslandi. Fræg er lýsingin á því þegar Einar Herjólfsson tók land í Hvalfirði, kominn frá Evrópu og hafði í farteskinu kistu. Þegar hann tók blátt klæði upp úr kistunni skaust þar út vera í mannsmynd, draugur sögðu annálarnir, og var þar komin sótt sem átti eftir að ganga í alla fjórðunga og leggja þriðjung landsmanna að velli.

Í tengslum við sóttarfarssögu Íslendinga eru fjölmargar sögur af þessu tagi og situr nú sagnfræðingur í Þjóðarbókhlöðu sem tengist þessu fyrst og fremst. Á Íslandi má segja að saga sóttvarna sé meira en aldargömul. Það var fyrst árið 1875 sem lög gengu í gildi í sambandi við mótvarnir gegn bólusótt og sótt sem kölluð var hin austurlenska kólerusótt, og áttu líka að stemma stigu við því að aðrar sóttir sem næmar töldust flyttust til landsins. Á tæpri öld þróuðust þessi fyrstu lög í nokkuð merka löggjöf um varnir gegn því að næmir sjúkdómar bærust hingað til lands og síðan í þau sóttvarnalög sem samþykkt voru árið 1954 og eru enn í gildi. Árið 1896 gengu líka í gildi merk lög, fyrstu lögin um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Það eru þau lög sem síðan þróuðust í gildandi farsóttalög sem voru samþykkt 1958. Þessi tvenn lög sem ég hef hér nefnt, sóttvarnalögin frá 1954 og farsóttalögin verða með samþykkt þessa frv. felld úr gildi.

Um síðustu aldamót var erfitt ástand í sóttvarnamálum sér í lagi að því er tengdist holdsveikum og berklaveikum. Ástandið var bágborið og má segja að það hafi kallað á harðar aðgerðir. Árið 1898 voru samþykkt tvenn lög sem snertu holdsveika. Það voru annars vegar lög um aðgreiningu þeirra frá öðrum mönnum og flutning á spítala og hins vegar voru það afar merk lög um stofnun holdsveikraspítala á Íslandi. Þessi lög hafa verið felld úr gildi. En fyrstu lögin um varnir gegn berklaveiki gengu í gildi árið 1904 og gildandi lög eru að ég hygg frá árinu 1939.

Það er engum blöðum um það að fletta, herra forseti, að saga sóttvarna á Íslandi síðustu hundrað árin er saga glæstra sigra. Ég held að engu landi í álfunni hafi með jafnskjótum hætti tekist að útrýma ýmsum mjög bráðum sóttum sem hér gengu. Ég nefni þá sérstaklega berkla og holdsveikina á sínum tíma. Það er ljóst að ef frv. sem er til umfjöllunar verður að lögum munu þessi lög sem ég hef hér verið að telja upp um berklavarnir, um sóttvarnir og um farsóttir falla úr gildi og jafnframt munu verða numin brott lög um ráðstafanir til varnar fýlasótt og lög sem gilda í dag um varnir gegn kynsjúkdómum.

Eins og ég sagði, herra forseti, var frv. fyrst lagt fram á 112. löggjafarþingi. Nefndin sem samdi frv. lauk störfum, að ég held, árið 1989. Frv. hefur verið lagt fram alls sex sinnum og hefur sætt nokkrum breytingum frá upphaflegri mynd og þær langróttækustu eru þær sem ég á eftir að lýsa. Það gjörbreytir, eins og ég sagði, réttindum þeirra sem sæta með einhverjum hætti þvingunum af hálfu stjórnvalda, ef það er talið nauðsynlegt, til að stemma stigu við útbreiðslu sótta.

Á 121. löggjafarþingi hefur heilbr.- og trn. fjallað mjög rækilega um þetta mál. Hún hefur fengið á sinn fund skrifstofustjóra frá heilbrn., Guðríði Þorsteinsdóttur. Jafnframt

hafa komið nokkrum sinnum til fundar við nefndina Haraldur Briem yfirlæknir, Helgi Guðbergsson læknir, Ólafur Walter skrifstofustjóri og Ragnheiður Harðardóttir lögfræðingur, bæði frá dómsmrn. Jafnframt bárust nefndinni athugasemdir frá tölvunefnd og kvaddi þess vegna á sinn fund Þorgeir Örlygsson formann hennar og Sigrúnu Jóhannesdóttur ritara nefndarinnar. Nefndinni bárust líka margar umsagnir frá héraðslæknunum í Reykjavík, Landspítalanum, Samtökunum 78, landlækni, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félagi íslenskra heimilislækna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Læknafélagi Íslands, Haraldi Briem yfirlækni og tölvunefnd.

Við leggjum til, herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt með breytingum sem eru lagðar til á þskj. 812. Þessar breytingar eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gerð brtt. við 2. gr. Þar er lagt til að auk þess að skilgreina þar hvað átt er við með smitsjúkdómum í lögunum verði almennt gildissvið laganna afmarkað í 2. gr. en ekki í 1. mgr. 3. gr. eins og gert er ráð fyrir í frv. Hér er um að ræða afskaplega léttvæga og smáa breytingu sem telst ekki vera efnisbreyting. Það sama verður hins vegar ekki sagt um aðra breytingu sem við leggjum einnig til að verði gerð við 2. gr. Þar er lagt til að skilgreining á smitsjúkdómum verði rýmkuð. Þessi brtt. er að mínum dómi afar mikilvæg og hún ristir talsvert djúpt sökum þeirra tíðinda sem hafa verið að gerast í umhverfi sóttvarna í nágrannalöndum okkar. Þarna leggjum við til, herra forseti, að skilgreiningin á smitsjúkdómum nái ekki einungis til sjúkdóma eða smitunar sem örverur, eiturefni eða sníkjudýr valda heldur einnig til þess sem við höfum kosið að kalla smitefni. Það er nauðsynlegt að skýra það betur hvað átt er við með þessu. Hugtakið smitefni er lagt til með hliðsjón af nýjum upplýsingum sem hafa komið fram varðandi sóttir í nálægum löndum og þeirri staðreynd að ný tegund smitsjúkdóma er talin geta orðið að farsótt meðal manna í löndunum í kringum okkur á næstunni. Hérna er um er að ræða afbrigði af svokölluðum Creutzfeldt Jakob sjúkdómi sem heitir á okkar tungu mannariða. Það er talið að orsök sjúkdómsins sé smitefni sem menn hafa ekki uppgötvað áður og fellur ekki heldur undir hina hefðbundnu skilgreiningu líffræðinnar á því hvað er lífvera. Þess vegna er ljóst að hin upphaflega skilgreining sem lögð var fram með frv. nær ekki yfir þetta smitefni. Í dag er talið, þó þekking manna sé enn nokkuð óljós á eðli þessa sjúkdóms, að hann sé orsakaður af smitefni sem nefnt er príon. Þetta smitefni er ekki lífvera í þeim skilningi sem hingað til hefur verið lagður í hugtakið. Lífverur eiga það allar sameiginlegt að þær hafa í sér kjarnasýrur, DNA, og þær fjölga sér með skiptingu erfðaefnis. Príon eru hins vegar prótínsameindir sem innihalda að því er virðist engar kjarnasýrur. Þær eru óskaplega þolnar gegn hita og líka sótthreinsiefnum. Það er enn ekki er vitað með hvaða hætti þetta smitefni getur valdið sjúkdómnum. Það er ekki vitað hvernig það smitar en mjög sterkum getum hefur verið leitt að því að smitið geti borist í menn í gegnum riðumengað nautakjöt.

Um þetta hafa staðið harðvítugar deilur í nágrannalöndum okkar. Ég hygg að þegar þáverandi landbúnaðarráðherra bresku stjórnarinnar, Stephen Dorrell, lýsti því yfir í framhjáhlaupi í umræðum í breska þinginu að það kynnu að vera tengsl á milli Creutzfeldt Jakobs sjúkdóms og kúariðu, þá hafi hann ekki gert sér grein fyrir hvaða slóða þessi ummæli hans mundu draga. Nú hafa hins vegar farið fram mjög miklar rannsóknir á þessu máli og þær tengjast Íslandi að því leyti til að hér er um að ræða hæggengan sjúkdóm sem er mjög tengdur rannsóknum á öðrum sjúkdómi sem hefur greinst í íslenskum sauðkindum og Íslendingar eru þjóða fremstir í að kanna. Meðgöngutími mannariðunnar er mjög langur og menn óttast að mjög mörg ár geti liðið áður en afleiðingar þessa faraldurs verða ljósar. Því hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin og Evrópusambandið farið þess á leit við þjóðir heims að þær fylgist mjög náið með þessum sjúkdómi og setji upp sérstakt eftirlitskerfi til þess að fylgjast með mögulegri útbreiðslu hans.

Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á fundi heilbr.- og trn. var einmitt þetta mál rætt sérstaklega á fundi norrænna sóttvarnalækna fyrir nokkru og þá kynnti norski sóttvarnalæknirinn tillögur Norðmanna að slíku eftirlitskerfi. Þessar hugmyndir voru settar fram í sérstakri skýrslu til norska heilbrigðisráðuneytisins. Það sem var merkilegt við niðurstöðu hins norræna fundar var að norski sóttvarnalæknirinn upplýsti það að norsku sóttvarnalögin skilgreindu smitsjúkdóma á nákvæmlega sama takmarkandi hátt og var gert í hinni upphaflegu gerð frv. hér á landi. Þannig að það var í besta falli talið orka tvímælis hvort sjúkdómurinn mannariða félli undir norsku sóttvarnalögin og þar með líka undir þau lög sem yrðu til með samþykkt frv. Með hliðsjón af þessu taldi heilbr.- og trn. rétt að sjúkdómar sem smitefni valda verði einnig taldir til smitsjúkdóma í lögunum. Þar með er alveg ljóst samkvæmt þessari skilgreiningu og samkvæmt ýmsum öðrum breytingum, sem við leggjum til og ég kynni hér á eftir, að það getur ekki, að þessu frv. samþykktu, orkað tvímælis að Creutzfeldt Jakob sjúkdómurinn og ýmis afbrigði hans sem menn eru á þessum síðustu tímum að greina falli undir þessi lög. Það er mjög mikilvægt að þessi skilgreining liggi ljós fyrir.

Við 3. gr. eru, eins og ég sagði, lagðar til nokkrar breytingar. Hin fyrsta og sú sem minnstu máli skiptir felur í sér að 1. mgr. falli brott. Það er vegna þess að gert er ráð fyrir því að í 2. gr. verði svið laganna skilgreint en ekki bæði í 2. og 3. gr. eins og áður. Í öðru lagi eru lagðar til talsverðar breytingar á 2. mgr. Það er lagt til að í 3. mgr. verði nýju ákvæði bætt við greinina þar sem skilgreint verði hvað átt er við með skráningarskyldu og tilkynningarskyldu, en ráðherra skal, að fengnum tillögum sóttvarnaráðs, ákveða með reglugerð hvaða smitsjúkdómar samkvæmt þessum lögum eru skráningarskyldir og hverjir eru einungis tilkynningarskyldir. Samkvæmt ákvæðinu er skilgreint að með skráningarskyldu er átt við skylduna til að senda sóttvarnalækni ópersónugreindar upplýsingar en með tilkynningarskyldu er átt við skyldu til að senda honum upplýsingar um sjúkdómstilvik sem eru persónugreindar. Það var niðurstaða nefndarinnar að nauðsynlegt væri að leggja mikla áherslu á að það væru afar skýrar reglur í lögunum um svo viðkvæmar upplýsingar eins og þessar. Í fjórða lagi er svo lagt til að bætt verði við ákvæði 4. mgr. sem kveður á um að jafnan skuli gætt fyllsta trúnaðar um allar einkaupplýsingar sem koma fram í smitsjúkdómaskrá sem sóttvarnalæknir er ábyrgur fyrir að sé haldin. Til þess að taka af öll tvímæli, herra forseti, teljum við rétt að leggja til að það gildi sömu reglur um upplýsingar sem koma fram í smitsjúkdómaskránni og þær upplýsingar sem koma fram almennt í sjúkraskrám. Nú gildir sú meginregla samkvæmt 8. gr. upplýsingalaganna sem voru samþykkt á síðasta ári, að sjúkraskrár, skýrslur sálfræðinga eða félagsráðgjafa eru undanþegnar þeirri reglu

að aðgangur skuli veittur að þeim að 80 árum liðnum frá því að slíkar upplýsingar um einkamálefni einstaklinga urðu til. Þetta ákvæði, herra forseti, kom inn eftir umfjöllun allshn. á síðasta þingi um frv. til upplýsingalaga sem og ákvæði þess efnis að úrskurðarnefnd um upplýsingamál, samkvæmt V. kafla upplýsingalaganna, sé þó heimilt að veita aðgang að slíkum skýrslum og sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Á fundum heilbr.- og trn. var þetta rætt, herra forseti. Það var bent á þá staðreynd af gestum sem komu til fundar, þ.e. Þorgeiri Örlygssyni prófessor, að löggjöfin hér á landi, lög um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf stjórnvalda, væru að öllu leyti hliðstæðar svipuðum lagabálkum í Skandinavíu. Hins vegar væru hér á landi tvær nefndir sem gætu tekið ákvarðanir um aðgang að þessum upplýsingum. Annars vegar tölvunefnd og hins vegar úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem starfar samkvæmt upplýsingalögunum nr. 50 frá 24. maí 1996. Hér telur nefndin að þurfi að skoða skipulag þessara mála frekar. Samkvæmt ábendingum frá þessum ágæta prófessor, sem veitir annarri þessara nefnda forstöðu, er þetta óeðlilegt. Ég held að andinn í nefndinni hafi verið sá að það væri nauðsynlegt að fara miklu betur í þetta mál. Það er skrýtið að á grundvelli ákvæða í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, hefur það verið hlutverk tölvunefndar að veita undanþágur varðandi allar upplýsingar sem varða heilsufar fólks. En það er sem sagt einnig á færi annarrar nefndar að veita heimild til eða synja um slíka upplýsingagjöf eins og ég hef rakið hérna.

Í fimmta lagi er lögð til sú breyting á 3. gr. að heimild ráðherra í 5. mgr. til að setja nánari reglur um fyrirkomulag á skráningum og tilkynningum skuli felld brott úr greininni. Það þýðir ekki að ráðherra sé synjað heimildarinnar heldur er hún færð til og sett í 18. gr. og þangað er líka safnað saman öðrum fyrirmælum um skyldur, nú eða eftir atvikum heimild ráðherra til þess að setja ítarlegri og nánari reglur um einstök atriði sem tengjast framkvæmd þessara laga. Þarna er með öðrum orðum farin sú leið sem dómsmrn. hefur vísað á undanförnum árum til fagráðuneytanna að reyna að hafa eitt ákvæði í lögum sem tekur til allra reglugerðarheimilda viðkomandi fagráðherra í staðinn fyrir að dreifa þeim vítt og breitt um lögin. Við erum sammála því að það beri að feta þessa slóð. Það er líka nauðsynlegt að vekja athygli á því, herra forseti, að með lagatextanum er prentað fylgiskjal um flokkun smitsjúkdóma eftir meginleiðum til smitunar. Skv. 3. gr. skal ráðherrann, eins og ég hef þegar rakið, ákveða með reglugerð, eftir að hafa fengið tillögur sóttvarnaráðs, hvaða smitsjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þetta fylgiskjal átti að prenta sem fylgiskjal með frv. í heild til leiðbeiningar um sjúkdóma sem á að flokka í reglugerðinni en vegna þessarar tillögu sem ég reifaði áðan um rýmkun á skilgreiningarhugtakinu smitsjúkdómur vill heilbr.- og trn. vekja sérstaka eftirtekt framkvæmdarvaldsins á því að við setningu reglugerðar verði sjúkdómurinn Creutzfeldt Jakob og öll sjúkdómsafbrigði hans flokkuð þar á meðal.

Smávægilegar breytingar eru lagðar til á 7. gr. Þar er lagt til að í stað þess að nota orðalagið sóttnæmisútbreiðsla, sem mjög erfitt er að fá líffræðilegan og sjúkdómafræðilegan botn í, þá verði talað um útbreiðslu smits. Þetta er raunar í samræmi við annan texta frv.

Í 15. gr. frv. er að finna þau ákvæði sem líkast til urðu rót mestra umræðna í nefndinni. Þar er talað um þann rétt sem einstaklingur hefur ef hann er haldinn smitsjúkdómi og fellst ekki á að fylgja reglum um umgengni við aðra þannig að nauðsynlegt er talið að svipta hann með einhverjum hætti frelsi tímabundið meðan gengið er úr skugga um með hvaða hætti er hægt að stemma stigu við smiti af hans hálfu. Í frv. var lagt til að teldi sóttvarnalæknir nauðsynlegt að einangrun slíks einstaklings varaði lengur en tvo sólarhringa og væri í andstöðu við hinn smitaða, þá skyldi sóttvarnalæknirinn bera frelsisskerðinguna undir héraðsdóm í umdæminu sem hinn smitaði dvaldist í þegar einangrunar væri krafist. Við veltum því sérstaklega fyrir okkur af hverju var verið að gefa framkvæmdarvaldinu þennan tveggja daga frest. Í fljótu bragði kann þetta að virðast lítið mál og það er alveg ljóst að það er mjög sjaldgæft að ákvæðis af þessu tagi sé neytt af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það þarf hins vegar að vera jafnljóst að undir engum kringumstæðum sé einstaklingur sviptur frelsi eða réttur hans að nokkru skertur nema það sé algjörlega nauðsynlegt. Þarna þarf löggjafinn, teljum við, að reisa sem fastastar skorður við ásælni framkvæmdarvaldsins inn á réttindasvið einstaklingsins. Við inntum bæði fulltrúa ráðuneytisins eftir þessu og fengum læknisfræðilega ráðgjafa til að skýra út fyrir okkur nauðsynina á því að hafa þennan tveggja daga frest. Niðurstaða okkar var sú að það væri engin læknisfræðilegur eða faraldursfræðilegur flótur til stuðnings því að hafa hann. Þess vegna leggjum við til að hann sé numinn úr gildi og í staðinn verði ákvæðið þannig að komi sú staða upp að sóttvarnalæknir telji nauðsynlegt að einstaklingur verði settur í einangrun skv. 1. mgr. 15. gr. eða samkvæmt ákvæðum 14 gr. og ef framkvæmdin er í andstöðu við þann sem smitaður er þá skal sóttvarnalæknir svo fljótt sem verða má bera ákvörðunina skriflega undir héraðsdóminn í umdæminu sem hinn smitaði dvelst í. Hérna er því ótvírætt, herra forseti, verið að auka rétt þess sem framkvæmdarvaldið hyggst svipta frelsi frá ákvæðum frv. Ég vek eftirtekt á því að orðalagið „svo fljótt sem verða má“ er í samræmi við ákvæði 4. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um rétt einstaklinga sem eru sviptir frelsi af öðrum ástæðum en vegna gruns um refsiverða háttsemi. Hér er samsvörun á milli og ég tel að með þessu hafi nefndin komist að mjög farsælli niðurstöðu.

Ég held reyndar að það sé jafnan hlutverk Alþingis að reyna að reisa skorður við því þegar framkvæmdarvaldið telur nauðsynlegt að rýra frelsi einstaklingsins jafnvel þó það sé gert með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Framkvæmdarvaldið getur því einungis fengið frá Alþingi heimild til slíks ef það rökstyður mjög ítarlega nauðsynina á því. Það gerðist ekki í þessu tilviki. Rökstuðningur framkvæmdarvaldsins var ekki með þeim hætti að það væri hægt að fallast á hann. Þess vegna er þetta samhljóða niðurstaða allrar nefndarinnar. Hér er um að ræða mjög ótvíræðar reglur og það eru engin tiltekin tímamörk sett heldur er einungis sagt að það verði að bregðast við „eins fljótt og mögulegt er“.

Jafnframt er það merka nýmæli í brtt. okkar að lögð er til sú breyting á þessari grein að dómarinn skuli skipa þeim sem sætir einangrun talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur ef hinn smitaði og sá sem sætir einangruninni óskar þess. Jafnframt á að gefa þeim sem sætir einangruninni kost á að bera fram ósk um hver verði skipaður talsmaður. Með þessu vill heilbr.- og trn. tryggja miklu frekar en er gert í frv. réttarstöðu þess einstaklings sem hefur verið settur í einangrun gegn vilja sínum. Þessi breyting er líka í samræmi við ákvæði 31. gr.

frv. til lögræðislaga sem var nýlega lagt fram hér á hinu háa Alþingi. Þar kemur t.d. fram að dómari skuli taka kröfu sjálfráða manns, sem sætir ákvörðun um nauðungarvistun eða þvingaða meðferð í sjúkrahúsi, fyrir án tafar eftir að ákvörðunin hefur verið borin undir dómstóla. Jafnframt að dómari skuli skipa þeim sem ber fram kröfu slíks efnis talsmann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um verjendur og gefi honum líka kost á því að tjá vilja sinn í því hver verði skipaður. Þarna held ég, herra forseti, að algjörlega sé ljóst að nefndin er að efla rétt þess sem sætir nauðung og það skiptir mjög miklu máli.

Það er vert að geta þess líka, herra forseti, að dóms- og kirkjumrn. var með mjög alvarlega athugasemd varðandi það ákvæði 15. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Dómari getur einnig aflað gagna af sjálfsdáðum."

Auðvitað hlýtur það að vera tekið til mjög alvarlegrar athugunar af fagnefnd þings þegar ráðuneyti eins og dómsmrn. kemur með mjög sterka gagnrýni á svona ákvæði. Við fórum hins vegar afar vel í gegnum þetta mál, fengum fulltrúa dómsmrn. á okkar fund og öfluðum gagna með sjálfstæðum hætti. Niðurstaða okkar var sú að vísa á bug athugasemdum dómsmrn. Við teljum að í málum sem þessum sé nauðsynlegt að dómarinn geti aflað gagna af sjálfsdáðum. Það er líklegt að sá sem settur er í einangrun vegna gruns um smit og vill það ekki sjálfur geti á stundum verið illa á sig kominn. Oft eru það einstaklingar sem hafa verið í langvarandi neyslu fíkniefna eða áfengis og það er ekki víst að þeir séu nægilega vel búnir til þess að afla gagna eða láta sína aðstandendur og sína verjendur afla gagna í máli sem er tekið fyrir án tafar. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að dómarinn geti haft frumkvæðisrétt í málinu og hann geti sjálfur aflað gagna. Við teljum það líklegt til þess að efla og styrkja hag þess sem sætir nauðunginni. Það hefur verið rauði þráðurinn í störfum nefndarinnar varðandi þetta ákvæði, að tryggja og efla hag þess sem sætir nauðung af hálfu hins opinbera í þessum efnum.

Herra forseti. Þetta eru í stórum atriðum þær breytingar sem við höfum lagt til. Ég segi að lokum um 18. gr. að þar er um að ræða eins konar söfnunarheimild fyrir ráðherrann varðandi reglugerðir. Það er að vísu ekki verið að veita honum opna heimild til þess að setja reglugerðir um hvað sem er og það er talið upp í greininni hvaða atriði það eru sem hann annaðhvort á eða hefur heimild til að skýra nánar með reglugerð. Nefndin leggur til, eins og ég hef sagt, herra forseti, að þetta frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef gert mjög ítarlega grein fyrir.

[14:32]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er um afar gott mál að ræða sem heilbr.- og trn. leggur fram með ýmsum breytingum og stendur nefndin einhuga að þessum brtt. Frv. til sóttvarnalaga er afar flókið og tók talsverðan tíma í nefndinni að átta sig á því. En það tókst að komast að niðurstöðu sem er betri en það frv. sem lagt var fram í upphafi.

Það er eitt atriði sem ég vil fara sérstaklega yfir og það er varðandi brtt. við 3. gr., d-lið. Þar kemur fram að það eigi að fara með smitsjúkdómaskrá eins og aðrar sjúkraskrár en þetta er mjög mikilvægt. Hins vegar skal taka skýrt fram hér að meðferðin á sjúkraskrám er nokkuð sem ég tel eðlilegt að heilbr.- og trn. skoði sérstaklega þegar við förum yfir frv. um réttindi sjúklinga sem verður í vinnslu í nefndavikunni eftir páska. Vegna þess að mér sýnist, eins og kom fram í máli hv. þm. Össurar Skarphéðinssonar, formanns heilbrn., að þar sé ýmislegt sem e.t.v. mætti huga betur að.

Þegar upplýsingalögin voru samþykkt hér á síðasta ári var sett inn ákveðið ákvæði í þau sem hljóðar upp á að úrskurðarnefnd um upplýsingamál sé heimilt að veita aðgang að sjúkraskrám til rannsókna eftir að þær hafa verið afhentar skjalasafni. Nefndin bindur slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni. Þetta er afar athyglisvert. Það má sem sagt hleypa þeim sem eru í vísindarannsóknum í sjúkraskrár eftir að þær eru komnar á skjalasafn. Þá getur úrskurðarnefndin skoðað hvort ekki sé eðlilegt að það sé farið í sjúkraskrárnar. Þetta er að mínu mati svolítið ankannalegt þar sem tölvunefnd hefur haft umsjón með því hver fer í sjúkraskrárnar. Samkvæmt upplýsingum frá tölvunefnd eru þau mál sem við koma heilbrigði og sjúkdómum þau mál sem eru langerfiðust í tölvunefndinni. Mér þykir eðlilegt að það sé einn aðili sem hafi um það að segja hverjum skuli hleypt í sjúkraskrár en ekki tveir aðilar.

Sjúkraskrár fara yfirleitt á Þjóðskjalasafnið, eins og segir í sérstakri reglugerð: „Skilaskyld skjöl skal afhenda Þjóðskjalasafni að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð 30 ára aldri." Þannig að sjúkraskrár fara þangað þá væntanlega einhvern tímann áður en skrárnar verða 30 ára gamlar. Þetta er nokkuð sem ég tel mjög brýnt að við skoðun vegna þess að í framtíðinni mun verða gífurlega mikil ásókn í upplýsingar úr sjúkraskrám. Það er vegna þess að tæknin núna, t.d. í erfðafræði og í rannsóknum á mörgum sviðum, er að verða svo mikil að hægt er að koma með nýjungar á fjölmörgum sviðum í heilbrigðisþjónustinni ef maður hefur aðgang að sjúkraskrám og getur unnið upplýsingar upp úr þeim.

Það er alveg ljóst að íslenskt samfélag er einstofna þjóð. Við höfum haft gífurlegan áhuga á ættfræði þannig að hægt er að skoða ættartölur hér mörg hundruð ár aftur í tímann, mjög vel tvö hundruð ár aftur í tímann. Þetta er einstakt í heiminum þannig að það er ljóst að vísindamenn munu skoða Ísland sérstaklega þegar þeir eru að huga að því hvaða upplýsingar þeir geta fengið varðandi heilbrigðismál. Því þykir mér afar mikilvægt að réttur sjúklingsins sé tryggður. Ég tel að vísindamenn muni ekki huga sérstaklega að því að tryggja rétt hvers sjúklings. Þeir munu frekar huga að því hvað þeir geta hugsanlega framleitt hér af ýmsum lyfjum, hvaða upplýsingar þeir geta skráð til að selja. Þetta verður „bransi" í framtíðinni og við erum að sjá vísi að því á Íslandi. Ég tel að það sé hlutverk okkar þingmanna að gæta hagsmuna almennings, þ.e. að gæta hagsmuna þeirra sem sjúkir, eru varðandi það að mjög stífar reglur séu um hverjum sé hleypt í sjúkraskrár og með hvaða skilyrðum það sé gert, að nafnleynd sé tryggð o.s.frv. Mér sýnist að það þurfi að skoða þetta talsvert betur, sérstaklega eftir að við fórum aðeins yfir upplýsingalögin og þær breytingar sem voru gerðar á þeim og ég vona svo sannarlega að heilbr.- og trn. leggist yfir þetta mál núna þegar við förum yfir réttindi sjúklinga.

[14:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja orð í belg í þessari umræðu um frv. til sóttvarnalaga. Eins og komið hefur fram hér bæði hjá hv. formanni heilbr.- og trn. og varaformanni, sem hafa talað á undan mér, þá hefur verið farið mjög ítarlega í þetta frv., bæði í vetur og í fyrra, og hv. formaður nefndarinnar hefur farið mjög ítarlega í þær breytingar sem nefndin leggur til. Ég vil að það komi fram að það var einhugur í nefndinni um allar þessar breytingar og þó nokkur umræða

einmitt um upplýsingamálin sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir gerði hér að umtalsefni. Það er vissulega ástæða til að skoða þau mál nánar í nefndinni, eins og hún gat um, því það er rétt að upplýsingar eru verðmæti og sérstaklega upplýsingar í heilbrigðisþjónustunni og þær munu verða verðmætari á næstu árum og áratugum, sérstaklega með tilliti til sérstöðu Íslands. Ég efast ekki um að heilbr.- og trn. mun skoða það mál þegar við ræðum nánar um frv. um réttindi sjúklinga.

Ég vildi koma hér upp vegna þess að mér gafst ekki kostur á að vera viðstödd þegar þetta mál var afgreitt úr nefndinni þar sem tveir fundir voru í þinginu á sama tíma og mér gafst ekki kostur á að sitja fund heilbr.- og trn. þar sem ég var bundin á öðrum fundi. En ég vil geta þess að ég er fyllilega fylgjandi því nál. sem mælt hefur verið fyrir og styð þetta mál heils hugar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif langrar biðar eftir læknisaðgerðum.

Skýrsla heilbrrh., 102. mál. — Þskj. 695.

[14:41]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Bið eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er þungbær öllum sem að málinu koma. Hún er að sjálfsögðu örðugust þeim einstaklingum sem bíða og þarf í raun ekki að fjölyrða um það hér, allir gera sér grein fyrir því. Biðin er einnig erfið aðstandendum sem oft axla þungar byrðar. Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir að bið einstaklinga eftir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu er líka erfið mörgu starfsfólki heilbrigðisþjónustunnar sem þarf að láta sjúklinga sína bíða. Þá er hún stundum kostnaðarsöm fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélag. Því er að sjálfsögðu forgangsverkefni að fylgjast vel með biðlistum og bregðast við lengingu biðtíma með þeim hætti sem talinn er árangursríkastur hverju sinni.

Þeim sem ekki þekkja til mála kann að virðast að einfalt sé að stytta biðlistana eða losna við þá. Það verði gert með auknu fjármagni til viðkomandi sjúkdómaflokks. Því miður er málið engan veginn svo einfalt. Biðlistar hafa verið viðvarandi vandi á undanförnum árum hér á landi eins og annars staðar. Leitað hefur verið ýmissa leiða til að stemma stigu við lengingu þeirra. Ýmis átaksverkefni hafa verið reynd, oft með góðum árangri tímabundið, en þegar átakinu lýkur fer oft í sama horfið aftur. Þetta þrennt, þ.e. óþægindi og þjáningar einstaklinga, takmarkaður varanlegur árangur af þeim aðgerðum sem reyndar hafa verið og óljóst samband fjárveitinga og biðtímalengdar hefur leitt til þess að mikil áhersla hefur verið lögð á markvissa og faglega vinnu að biðlistamálum í heilbrigðisþjónustunni hér á landi að undanförnu til að greina vandann og skoða hugmyndir um varanlegar lausnir.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þessari vinnu.

Í maí 1996 skipaði ég nefnd sem falið var að fjalla um biðlista eftir heilbrigðisþjónustu hér á landi. Var nefndinni falið að kynna sér fyrirkomulag biðlista í nágrannalöndum, kanna hvort þær tilraunir sem nú er verið að gera víða gagnist Íslendingum og gera tillögur til ráðherra um úrbætur í biðlistamálum hér á landi. Skýrsla sú sem hér er fylgt úr hlaði er afrakstur þeirrar vinnu.

Í október sl. lögðu 11 þingmenn fram beiðni um skýrslu frá heilbr.- og trmrh. um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum. Beðið var um upplýsingar um biðlista eftir aðgerðum á sjúkrahúsum og utan þeirra og áhrif biðlistanna á útgjöld hins opinbera, félagslegt öryggi og fjárhag sjúklinga og fjölskyldna þeirra sem á biðlistum eru sem og áhrif langrar biðar eftir aðgerð á framvindu sjúkdóma og sjúkdómseinkenna. Voru lagðar fram níu yfirgripsmiklar spurningar um þetta efni. Skýrslan var lögð fram í lok febrúar. Ekki reyndist unnt að svara öllum spurningum jafnítarlega og æskilegt hefði verið því skráningar á biðlista eins og þeim er nú háttað gefa ekki kost á slíkri úrvinnslu. Hins vegar er í undirbúningi ítarlegri skráning sem gerir slíkar upplýsingar aðgengilegri. Ég tel mjög mikilvægt að Alþingi taki þetta mál til málefnalegrar umfjöllunar og að hv. alþm. þekki margvíslega þætti þessa flókna máls.

Virðulegi forseti. Ég mun í eftirfarandi umfjöllun gera grein fyrir með hvaða hætti biðlistamálin eru til skoðunar og nokkrum staðreyndum sem vert er að hafa í huga þegar fjallað er um biðlista. Þá mun ég skýra frá þróun biðlista hér á landi og stöðu mála í ýmsum flokkum sjúkdóma. Síðan verður greint frá þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að minnka bið eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu og að lokum geri ég grein fyrir framhaldi þeirrar vinnu sem innt hefur verið af hendi.

Biðlistanefndin sem áður er getið hefur starfað frá því í maí á síðasta ári. Er lokatillagna nefndarinnar að vænta innan skamms. Landlæknisembættið hefur undanfarin ár haldið saman upplýsingum um biðlista á sérhæfðum sjúkradeildum. Landlæknir hefur gefið út skýrslur um málið nokkuð reglulega. Þessar skrár gefa upplýsingar um þróun biðlista og ná til hluta af starfsemi heilbrigðisþjónustunnar. Unnið hefur verið að samræmingu á skráningunni og eru það nauðsynlegar endurbætur. Biðlistar hafa að sjálfsögðu einnig verið til umfjöllunar í svokallaðri forgangsröðunarnefnd heilbrrh. sem unnið hefur ágætt og nauðsynlegt starf við að undirbúa skýrslu og tillögur um áherslur í heilbrigðisþjónustu á komandi árum. Nefnd sem falið var að endurskoða heilbrigðisáætlun Íslendinga, og skipuð er m.a. fyrrverandi heilbrigðisráðherrum, mun setja mælanleg markmið fyrir þennan árangur sem við ætlum að ná.

Í hinu mikilvæga frv. til laga um réttindi sjúklinga sem nú er til umfjöllunar í heilbr.- og trn. Alþingis og kemur vonandi til 2. umr. hér í þinginu innan skamms, eru tvö ákvæði er lúta að biðlistum. V. kafli 18. gr. heitir bið eftir meðferð og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal heilbrigðisstarfsmaður, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Ef unnt er að fá meðferð sem sjúklingur þarfnast fyrr hjá annarri heilbrigðisstofnun eða öðrum heilbrigðisstarfsmanni er skylt að gera honum grein fyrir því."

Þessu ákvæði er m.a. ætlað að tryggja að ekki myndist biðlistar á einu sjúkrahúsi ef unnt er að framkvæma sömu aðgerð á öðru innan skemmri tíma. Þetta mundi því hafa einhverju styttingu biðlista í för með sér. Í 19. gr. um forgangsröðun segir:

„Ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar skal fyrst og fremst byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum."

Þessi grein skiptir máli fyrir þróun biðlista því lagaákvæði um faglega röðun í forgang hefur ekki verið til í löggjöf áður og mundi frv. tryggja réttarstöðu sjúklinga og hafa áhrif á hvernig raðað er á biðlista, yrði það að lögum.

Það er alveg ljóst að mikil áhersla er lögð á að vinna að þessu máli á þessu missiri. Ég mun gera grein fyrir nokkrum staðreyndum um biðlista. Minnt skal á að á biðlista eru einungis skráðir þeir sem talið er að geti beðið að undangengnu faglegu mati læknis. Bráðasjúklingar fara að sjálfsögðu ekki á biðlista. Þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að ný starfsemi eða ný tækni hefur oft og einatt í för með sér myndun biðlista. Það kann að hljóma þverstæðukennt en staðreyndin er sú að í þróuðum heilbrigðiskerfum þar sem stöðugt er leitast við að taka inn nýjungar og stuðla að framförum eru alls staðar biðlistar. Hjá þjóðum þar sem stöðnun ríkir eru ekki langir biðlistar. Hvergi hefur reynst mögulegt að eyða biðlistum enda er talið að það sé jafnvel ekki æskilegt. Þessu til skýringar má nefna íslenskt dæmi um bið eftir hryggspengingu. Biðin er löng, hún er of löng, en þó er það svo að við gerum mun fleiri slíkar aðgerðir hlutfallslega en nágrannaþjóðir okkar.

Því miður eru flestir biðlistar hér á landi eins og víðast annars staðar ekki nægilega áreiðanlegar heimildir um aðgengi íbúa landsins að heilbrigðisþjónustu og kemur þar margt til. Skráð hefur verið til skamms tíma á biðlista með mjög mismunandi hætti og hafa þeir verið í umsjón margra einstaklinga. Eðli margs konar þjónustu, t.d. barnalækninga, lyflækninga og geðlækninga er þannig að biðlistar myndast síður en í öðrum greinum. Biðlistar eru misjafnlega endurnýjaðir og geta því gefið villandi mynd þótt skráning hafi batnað verulega undanfarin ár. Þá hefur verið tíðkað hér í sumum sérgreinum að setja fólk á biðlista sem t.d. þarfnast eftirlits að einhverjum tíma liðnum en er ekki beinlínis að bíða eftir ákveðinni aðgerð eða þjónustu í venjulegum skilningi. Sumir biðlistar eru uppfærðir reglulega og þar forgangsraðað, t.d. biðlistar eftir hjartaþræðingum, og eru lýsandi fyrir þörfina eins og hún raunverulega er. Forgangsröðun á biðlista eftir þörf er réttlætismál en mat og samanburður á þörf er að sjálfsögðu erfitt í framkvæmd. Aðalatriðið er að fólki sé ekki mismunað eftir t.d. stétt, þjóðfélagsstöðu eða tengslum en athuganir hafa ekki bent til að um slíka mismunun sé að ræða.

Stuttir biðlistar eftir ýmsum aðgerðum eða jafnvel engir segja ekki alltaf alla söguna. Hugsanlega eru skilmerki fyrir aðgerð orðin mjög víðfeðm, þ.e. til aðgerða er gripið í tilvikum þar sem aðrir staðir, önnur sjúkrahús eða aðrir læknar mundu nota aðra tækni. Sums staðar hefur því verið reynt að skilgreina eðlilega eða ásættanlega lengd biðar fyrir tiltekna sjúklinga.

Að þessu sögðu um skráningu biðlista hér á landi vil ég ítreka að ekki er verið að gera lítið úr vandanum heldur benda á mikilvægi þess að skráning sé samræmd, nákvæm, í stöðugri endurskoðun, forgangsröðuð og gefi raunsanna mynd á hverjum tíma á þeim vanda sem við er að glíma. Takist okkur að skipuleggja biðlistana eins og stefnt er að geta þeir reynst ómetanlegt hjálpartæki við skipulag heilbrigðisþjónustu. Þeir varpa þá ljósi á þörfina og geta leitt til betri nýtingar og úrræða. Þá geta þeir haft í för með sér hagræðingu með markvissari úthlutun fjármagns og nýst sem stjórntæki við ýmsar ákvarðanir.

Í framlagðri skýrslu minni er gerð grein fyrir þróun biðlista hér á landi. Á Íslandi eru gerðar a.m.k. jafnmargar aðgerðir við flestum vandamálum á 100 þúsund íbúa og annars staðar, jafnvel nokkuð fleiri. Dæmi eru þess að ákveðnar aðgerðir séu hér allt að þrisvar til fjórum sinnum algengari en í nágrannalöndunum. En þar er þó hugsanlega, í einhverjum tilvikum, verið að taka upp aðgerðir sem ekki hafa verið gerðar hérlendis áður.

Ekki gefst kostur á að fjalla um nema hluta skýrslunnar og tímans vegna einskorða ég mál mitt við þá sjúkdómsflokka sem kvað mestum erfiðleikum er háð að sinna án langrar biðar. Jafnframt geri ég grein fyrir þeim aðferðum sem verið er að beita eða fyrirhugað er að beita til þess að stytta biðlistana á hverju sviði. Aðferðirnar eru margvíslegar og endurspegla að ekki er um einfaldan vanda að ræða.

Of löng bið hefur verið eftir bæklunaraðgerðum hér nú um nokkurra ára skeið. Um 1.400 manns voru á biðlistum árið 1996. Biðlistinn skiptist eftir eðli aðgerða í þungar aðgerðir, miðlungs þungar og léttar. Þeir sem bíða eftir þungum aðgerðum eru á milli 400–500 manns.

Eins og áður hefur verið minnst á eru hryggspengingar algengari hér en víðast annars staðar. Fjöldi brjósklosaðgerða hér er einnig meiri en á Norðurlöndum. Unnið er að nýjum viðmiðunarreglum um þessar aðgerðir á vegum landlæknisembættisins. Margt þarf að koma til svo að stytta megi biðlistana eftir bæklunaraðgerðum, endurskipuleggja þarf forgangsröðun innan sjúkrahúsanna sjálfra. Nýta þarf betur möguleika sjúkrahúsanna úti á landi og gera þar smærri aðgerðir. Gera þarf sérstakt átak til að minnka kúf sem myndast hefur og er þegar byrjað að vinna að því.

Opnun nýrrar hjartarannsóknarstofu sem áformað er að taki til starfa í vor á Landspítalanum mun bæta aðstæður fyrir hjartaaðgerðir og kransæðavíkkanir til muna. Sérfræðingar á þessu sviði telja að þá komist þeir biðlistar í enn betra horf og ekki líklegt að þeir reynist erfiðir viðureignar eftir þá breytingu. Síðustu fimm ár hefur aðgerðafjöldi vegna kransæðaþrengsla verið svipaður ár frá ári en til viðbótar aðgerðum fyrir þennan sjúklingahóp hafa komið kransæðavíkkanir þannig að í heild er mun meira gert.

Sérfræðingar í þvagfæraskurðlækningum telja ástandið í þeim sjúkdómaflokki viðunandi og hefur tekist sl. þrjú ár að halda biðlista innan þeirra marka sem ásættanlegt má teljast.

Biðlistar eftir háls- nef- og eyrnaaðgerðum á sjúkrahúsum í Reykjavík hafa ekki styst. Í undirbúningi er að fjölga aðgerðadögum um einn í viku til að stytta biðtíma.

Biðlistar fyrir almennar skurðlækningar hafa lengst á síðustu árum, einkum á Landspítala, en enginn slíkur listi er á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Ný og fljótvirkari tækni í ýmsum aðgerðum hefur í því tilviki aukið væntingar fólks og aðgerðum hefur fjölgað.

Á biðlista eftir lýtalækningaaðgerðum eru rúmlega 600 manns. Opnun lýtalækningadeildar er í undirbúningi á Landspítalanum og er ekki talin þörf annarra aðgerða að svo stöddu. Opnun deildarinnar mun líka hafa þau áhrif að almennar handlækningar munu fá meira svigrúm því deildin fær aukið rými þar sem lýtalækningadeildin hefur hingað til verið til húsa.

Styrkja þarf ýmis úrræði fyrir geðsjúka, ekki síst fyrir börn og unglinga með geðræna kvilla. Sérstakar fjárveitingar til barna- og unglingageðdeildarinnar hafa létt róðurinn með auknum tækifærum til fjölgunar sérfræðinga á sl. ári, en enn er við vanda að glíma.

Á biðlista eftir hjúkrunarrými fyrir aldraða eru um 145 manns í Reykjavík. Þar af fá nú 60 manns þjónustu á

öldrunarlækningadeildum bráðasjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu en raunverulega bíða heima í kringum 85 manns. Notað er vistunarmat aldraðra til þess að meta þörf fyrri innlögn en það er í raun forgangsröðun sem tekur mið af læknisfræðilegum og öðrum faglegum viðmiðunum. Mjög misjafnt er eftir byggðarlögum hver þörfin og biðin er eftir hjúkrunarrými. Sums staðar tekst ekki að fylla þau rými sem til eru. Í Reykjavík verður opnað nýtt hjúkrunarheimili nú í vor sem þjóna mun 70 einstaklingum þegar það er komið að fullu í not. Verið er að undirbúa breytingu Víðinessheimilisins í hjúkrunarheimili. Verður þetta allt góð viðbót þegar það er komið í not. Ég vil líka benda á að um þessar mundir er að hefjast bygging við vistheimilið Ás í Hveragerði en þar á að byggja hjúkrunarheimili fyrir 30 aldraða.

Sjúkrahúsin úti á landsbyggðinni hafa yfirleitt enga biðlista og er unnið að því að nýta þessar stofnanir betur.

Ég hef fjallað um biðlista hér á landi sem erfiðastir hafa reynst viðfangs og greint hv. alþm. frá nokkrum af þeim aðgerðum sem verið er að grípa til styttingar þeirra. Við höfum skoðað það sem nágrannaþjóðir okkar eiga við að glíma í þessum efnum og skoðað biðlistana á öllum Norðurlöndunum og má segja að þrátt fyrir að þeir hafi gripið til ýmissa úrræða, eru þeir ekki í minni vanda en við.

Virðulegi forseti. Eitt af aðalsmerkjum góðrar heilbrigðisþjónustu er að tryggja sjúklingum sem sambærilegasta þjónustu og að þeim sé ekki mismunað. Því er lögð þung áhersla á það að aðgengi heilbrigðisstofnana sé sem best og jöfnast og þeir sem þurfa á þjónustunni að halda fái hana með eins skjótum og skilvirkum hætti og unnt er. Íslensk heilbrigðisþjónusta er að flestra mati góð. Þó er ljóst að við getum gert mun betur á nokkrum sviðum og það þarf að taka á. Stytting biðtíma fyrir ýmiss konar þjónustu er forgangsverkefni. Undanfarin ár hafa afköst í íslenska heilbrigðiskerfinu stöðugt aukist og árangur okkar er góður ef litið er til annarra þjóða. Biðin eftir nokkrum aðgerðum og þjónustu er hins vegar lengri en við viljum við una. Bæklunaraðgerðir eru þar erfiðastar við að eiga eins og fram hefur komið og er unnið að því að stytta þá biðlista. Verið er að fjölga aðgerðum á Akureyri, Akranesi og St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Áformað er að nota hluta af 100 millj. kr. hagræðingarsjóði sjúkrahúsanna í Reykjavík til að fjölga aðgerðum.

Mjög mikið hefur unnist í biðlistamálum að undanförnu. Starfsfólk heilbrigðisþjónustunnar á miklar þakkir skildar fyrir hve vel það hefur axlað þá ábyrgð sem á herðar þess hefur verið lögð. Mikið starf hefur verið unnið og framleiðni er líka mikil. Árangurinn sést víða.

En svo ég taki saman það helsta sem verið er að gera um þessar mundir varðandi biðlistana þá er áætlað að nýta þær 100 millj. kr. sem eru í hagræðingarsjóði fyrir sjúkrahúsin hér á Reykjavíkursvæðinu til að stytta biðlista, sérstaklega hvað varðar bæklunaraðgerðir. Í öðru lagi eru nýttar 30 millj. kr. til lýtalækningadeildar til að opna lýtalækningadeildina og um leið getum við nýtt betur almennu handlæknisdeildina sem lýtalækningadeildin hefur hingað til verið hýst í og stytt þar með biðlista í almennar skurðaðgerðir. Með opnun hjartarannsóknastofunnar í vor ættum við að ná algjörlega utan um þá biðlista sem eru í hjartaaðgerðir, en við höfum þegar náð verulegum árangri þar því fyrir einu og hálfi ári síðan biðu 270 sjúklingar eftir hjartaaðgerð en sem betur fer eru þeir í dag á milli 30–40. Þeim hefur fækkað verulega en sérstakt átak var gert varðandi þá biðlista.

Eins og fram hefur komið er fjölgun hjúkrunarrýma væntanleg og það strax í vor hér á Reykjavíkursvæðinu. Með bættu samstarfi sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu næst betri nýting fjármuna, mannafla og tæknibúnaðar. Unnið er að betri skráningu biðlista og við reynum að stýra biðlistunum þar sem minni biðlistar eru. Það er stefnt að auknum réttindum sjúklinga með því að koma í gegnum þingið því réttindafrumvarpi sem liggur fyrir heilbr.- og trn.

Virðulegi forseti. Með samstilltu átaki og þeim aðgerðum sem lýst hefur verið hér að framan mun okkur væntanlega takast að hafa áhrif á að stytta biðtíma. Hafa ber í huga að allur árangur í þessu efni getur létt einstaklingum lífið til mikilla muna. Því er til mikils að vinna. Ég þakka hv. alþm., er óskuðu eftir skýrslu um biðlista í heilbrigðisþjónustu, fyrir áhuga á þessu máli.

[15:03]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessa skýrslu sem við í þingflokki jafnaðarmanna höfum beðið um þó að um hana verði sagt eins og um svo margt annað sem frá ráðherrum kemur að mikið vantar á að henni sé svarað eins og um var beðið, en af níu spurningum svarar hæstv. ráðherra aðeins tveim til þremur. Það segir okkur eins og reyndar er viðurkennt í skýrslunni og fram kom í máli ráðherra áðan að skráning og upplýsingar um ýmsa nauðsynlega þætti biðlistanna er mjög ófullkomin og nauðsynlegt úr að bæta og ráðherra hefur greinilega áform um. Það er auðvitað ótækt að ekki sé neitt vitað um áhrif langra biðlista á útgjöld ríkis og sveitarfélaga, svo sem kostnað við aukna heimaþjónustu, aukinn lyfjakostnað á vistunarpláss eða kostnað við dýrari og umfangsmeiri aðgerðir vegna langrar biðar. Eða hvaða áhrif löng bið hefur á afkomu heimilanna, atvinnuöryggi, vinnutap og aðra þá þætti sem mikil áhrif hafa, ekki bara á sjúklingana heldur og fjölskyldur þeirra og framfærslumöguleika. Allar þessar upplýsingar er nauðsynlegt að hafa til þess að hægt sé að leggja mat á það hvort og þá hvaða sparnaður fylgir löngum biðlistum, frestun á aðgerðum, og þá hvort ekki sé skynsamlegra að gera átak og setja t.d. þak á lengd biðar eftir aðgerðum og ekki bara út frá sparnaðarsjónarmiðum heldur og öryggi og velferð sjúklinganna. Engu að síður koma fram í þessari skýrslu ýmsar upplýsingar sem eru athyglisverðar og vil ég fara yfir nokkur af þeim atriðum.

Í fyrsta lagi eru biðlistarnir mjög langir, án endurhæfingar tæplega 3.400 manns, sem er aukning um 30% frá árinu 1993. Og maður veltir fyrir sér, af því að fram kemur í skýrslunni að kostnaður við að afgreiða alla þá sem eru á biðlista Landspítalans er áætlaður 270 millj. kr., hvað kostar t.d. lyfjameðferð og hver er kostnaður vegna lyfja sem sjúklingar þurfa að taka meðan þeir bíða á biðlistunum? Aðgerðirnar verða dýrari og umfangsmeiri, sjúklingarnir eru á bótagreiðslum, vinnutap er mikið o.s.frv. Erum við ekki komin hátt upp í þennan kostnað — þessar 270 millj. kr. sem kostar að afgreiða alla sem eru á biðlistum? Þetta er einmitt gatið í skýrslunni, að þessum spurningum er ekki svarað.

Það kemur fram í þessari skýrslu, sem mér finnst mjög athyglisvert og veldur auðvitað áhyggjum, að frá 1990, á sama tíma og 90 rúmum á skurðdeildum hefur verið lokað endanlega í Reykjavík og á Reykjanesi, þá er veruleg aukning að því er varðar fjölda sjúklinga sem hjúkrunarfólk annast. Það kemur fram að á sama tíma annast hjúkrunarfólk

fleiri sjúklinga en verið hefur eða um 17,2% aukning á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðinga. Þetta sannar það sem margoft hefur verið haldið fram hér að álag á hjúkrunarfólk er orðið allt of mikið. Og það er ómanneskjulegt þetta álag sem er verið að leggja á hjúkrunarfólk sem staðfest er í þessari skýrslu.

Fram kemur í þessari skýrslu að aðalvandamálið sé á bæklunardeildum og fyrirhugað sé að veita sérstaka fjárveitingu til átaks þar. Hvað mun það þýða fyrir styttingu á þessum biðlistum og hvenær verður ráðist í þetta átak? Um það er ekki rætt í þessari skýrslu. Það eru tæplega 1.400 manns á biðlistum eftir bæklunaraðgerðum og þeim einum og sér hefur fjölgað um 25% á sl. þrem eða fjórum árum. Og af því hæstv. ráðherra sagði að bráðasjúklingar væru ekki á þessum listum þá sé ég ekki betur en að fram komi í þessari skýrslu að á bæklunardeildinni sé um helmingur sjúklinga bráðasjúklingar. Er þá um helmingur af þessum 1.400 manns bráðasjúklingar?

Það sem ég var líka hissa á, virðulegi forseti, og ég tek það með í þessu samhengi, var það sem hæstv. ráðherra sagði í útvarpi eftir að þessi skýrsla kom fram, þar sem ég hafði haldið því fram að þetta ástand væri óviðunandi og dýrt fyrir þjóðfélagið, en hún vísaði því alveg á bug að biðlistar væru vandamál. Biðlistaskýrslan sýndi ekki slæmt ástand hér á landi heldur þvert á móti, að sögn hæstv. ráðherra. Telur hæstv. ráðherra það virkilega ekki vera vandamál þegar 3.400 manns eru á biðlista og fram kemur að um helmingur þeirra sem eru á bæklunardeildum eru bráðasjúklingar? Og án þess að það komi fram í skýrslunni þá er ég sannfærð um að mikill fjöldi þeirra sem eru á biðlista eftir bæklunaraðgerðum er óvinnufær. Það sem er alvarlegt og kemur fram í þessari skýrslu er að margir þeirra sem eru á biðlistum, t.d. eftir bæklunaraðgerðum, eru að staðaldri á ávanabindandi lyfjum eins og morfíni. Fram komu í útvarpi, eftir að þessi skýrsla kom fram, upplýsingar um að dæmi væru um að sjúklingar sem væru á biðlistum og hefðu ánetjast ávanabindandi lyfjum hefðu þurft að fara í meðferð eftir slíka lyfjatöku. En hæstv. ráðherra telur þetta ekki vera neitt vandamál og þetta sé ekki óviðunandi ástand heldur þvert á móti. Hversu langt þarf að ganga til þess að ástandið sé óviðunandi að mati hæstv. ráðherra? Hæstv. ráðherra getur ekki leyft sér að tala svona kæruleysislega um þessa biðlista eins og mér fannst koma fram í máli hennar í Ríkisútvarpinu þegar þessi skýrsla kom fram. Það er staðreynd sem ekki verður á móti mælt að bið hér eftir nauðsynlegum aðgerðum er tvisvar til þrisvar sinnum lengri heldur en þekkist í löndunum sem við berum okkur saman við.

Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að ráðherrann sýni okkur þá virðingu að vera hérna í salnum á meðan við erum að ræða biðlista sem ráðherrann telur að vísu að séu ekki vandamál. En hún getur þó a.m.k. sýnt þeim þá virðingu, sem telja þetta vera stórt vandamál, að hún hlýði á mál okkar sem hér erum inni. Og bið ég forseta að stöðva klukkuna þannig að ekki sé gengið á tíma minn. (Gripið fram í.) Það er ekki til of mikils mælst að hæstv. ráðherra hlusti á mál okkar ef vera mætti að það hefði einhver, vonandi, áhrif á ráðherrann þannig að hann a.m.k. viðurkenni að við séum hér að fjalla um vandamál.

Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa sett sér ákveðnar reglur um hámarksbið eftir aðgerðum. Við erum að tala þar um þrjá til sex mánuði, allt eftir tegund aðgerða og sjúkdóms. Og hvað er sagt í þessari skýrslu þegar biðlistarnir eru skoðaðir? Það er verið að tala um að biðlistarnir séu það langir hér að sé miðað við þriggja til fjögurra eða sex mánaða bið eins og er í löndunum sem við berum okkur saman við þá samsvarar það 600 manna biðlista, t.d. á bæklunardeildinni, en við erum með 1.367 manns á biðlista. Og það er vandamál í mínum huga að við skulum bjóða sjúklingum upp á það. Það eru ekki bara þjáningarnar sem þessu fylgja, óvissan og óöryggið — ekki bara fyrir sjúklinginn og fjölskyldu hans, heldur vinnutapið, bótagreiðslurnar og allt annað sem þessu fylgir og þetta hefur vissulega áhrif á afkomu sjúklinganna. Hér eru ekki til skilgreind öryggismörk, það er að vísu rétt og kemur fram í skýrslunni, en önnur lönd hafa sett sér þau. Ég held við teflum mjög, og ég held að það sé varlega orðað, á tæpasta vað að því er varðar öryggi sjúklinganna. Við erum að tala um að helmingurinn af sjúklingunum sem eru á biðlistum á bæklunardeild sé bráðasjúklingar.

Ég vil spyrja: Telur hæstv. ráðherra ekki tímabært að setja reglur um hámarksbið eftir aðgerðum eins og við jafnaðarmenn höfum lagt til í stefnumörkun okkar sem liggur hér fyrir þinginu, stefnumörkun í heilbrigðismálum? Ég les úr þessari skýrslu að læknar séu okkar sammála um að það skuli gert vegna þess að það kemur fram í skýrslunni að til að setja heilbrigðiskerfinu markmið um að ákveðnir sjúklingahópar skuli aldrei bíða lengur en þrjá mánuði, aðrir sex eða jafnvel enn þá lengur og að biðlistar verði þannig af fleiri en einni tegund eða þyngd, þurfi m.a. að koma upp ítarlegu upplýsingakerfi um hvaða áhrif biðtími sjúklinga hefur hvað varðar lyfjatökur, vinnufærni, fjárhagsástand og fleira. Og þetta vantar. Takist ekki að ná settu markmiði um biðtíma þarf að skoða þann möguleika að sjúklingar geti valið að fá aðgerðina gerða annars staðar. Þetta lýsir því að læknar hafa áhyggjur af þessu og telja ástandið alvarlegt og að það þurfi að skoða þann möguleika að sjúklingar geti fengið aðgerðina gerða annars staðar. Og ef það er ekki hægt hér á landi, herra forseti, þá spyr ég hæstv. ráðherra — erum við þá að opna frekar fyrir möguleika á að sjúklingar geti farið erlendis til aðgerða?

Það kemur fram að yfirlæknar í greininni, þá erum við enn þá að tala um bæklunaraðgerðirnar, telja að stefna eigi að þriggja til fjögurra mánaða hámarksbiðtíma. Þeir geta það ekki einir og sér, þeir geta það ekki nema með liðsinni hæstv. heilbrrh. Og hvað þarf til? Jú, það þarf fjármagn. Við höfum aðstöðuna á spítalanum. Við höfum skurðstofurnar, nýtingin á þeim er þannig að það væri hægt að nýta þær miklu betur en gert er. Við erum fyrst og fremst að tala um fjármagn en ég er ekki viss um að við séum að tala um nokkurn sparnað með því að láta sjúklingana vera svona lengi á biðlistum.

Við erum að tala um hjartaaðgerðir. Þar eru nokkrir tugir fullorðinna á biðlista og börn einnig. Það er talað um að að flýta aðgerðum á nokkrum sem þar bíða. Við erum að tala um að algengur biðtími vegna háls-, nef- og eyrnasjúkdóma sé eitt ár og þar er talað um að óæskilegt sé að biðin sé lengri en fjórir mánuðir. Og ásættanlegt sé að biðlisti augndeildar sé um 150–200 manns en fjöldi sjúklinga á biðlista á augndeild Landspítalans er nú 314.

Og af því að ráðherra talar um að hér sé ekki um neitt vandamál að ræða, engir bráðasjúklingar bíði þá eru þó á biðlista geðdeildar um 200 manns og á biðlista barnageðdeildar eru 93 börn og unglingar. — Það væri vel til fundið ef hv. varaformaður heilbr.- og trn. væri nú ekki að ónáða ráðherrann meðan þessi umræða fer fram. — Yfirlæknir geðdeildar Landspítalans telur að öll mál sem þangað koma

séu svo bráð að leysa verði úr þeim þegar í stað. En við erum samt að tala um 200 manns á biðlista og 93 börn og á fíkni- og fjölkvilladeildum eru 74 á biðlista. Það er mat yfirlæknisins á þeirri deild að öll mál sem þangað koma séu svo brýn að leysa verði úr þeim þegar í stað.

Ekki er hægt að sýna fram á eða gera grein fyrir, réttara sagt, hve stór hópur fólks yrði af launum og missi bóta vegna biðar á biðlistum þegar það verður óvinnufært en það kemur þó fram að um er að ræða að hópur fólks verður af launum og missi bóta vegna biðar eftir læknisaðgerðum.

Það er því ljóst að þessi skýrsla kallar á að farið verði í að efla skráningu á þessum biðlistum þannig að hún gefi okkur meiri möguleika og að ráðist verði í frekari aðgerðir og að settar verði reglur til þess að stytta biðlistana. Hæstv. ráðherra nefndi hér að styrkja þyrfti úrræði vegna barnageðdeildarinnar, og hefði ég áhuga á að vita frekar um það. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra og ég spyr: Hvað er ráðherrann með í huga? Það er varla út í loftið að ráðherrann nefnir að styrkja þurfi úrræðin en það er ekki nóg að segja það. Hvernig ætlar ráðherra að styrkja úrræðin og eru einhver áform uppi um það á næstunni að styrkja úrræðin vegna barnageðdeildarinnar, sem ég tel mjög mikilvægt að verði gert?

Mjög athyglisverðar upplýsingar varðandi uppbyggingu á öldurnarþjónustunni koma fram sem ástæða væri til að fara yfir. Þar kemur fram að af 189 með mjög brýna þörf og bíða eftir plássi á öldrunardeildum eru um 70 á bráðasjúkrahúsum. Hvað er verið að gera í málum varðandi uppbyggingu öldrunarþjónustu? Við vitum að þetta getur orðið vandamál í framtíðinni að öldruðum er að fjölga verulega og á því máli þarf að taka.

En ég þakka ráðherra fyrir skýrsluna þó vissulega valdi það mér vonbrigðum að hæstv. ráðherra telji að ekki sé slæmt ástand að því er varðar biðlistana. Að það sé ekkert vandamál og engu líkara en að á þessu máli þurfi ekki að taka. Vonandi verður skýrslan þó til þess að eitthvað verði gert í þeim málum og ráðherrann tilgreindi ýmis atriði á nokkrum deildum sem væri fyrirhugað að bæta úr. En ég ítreka aftur spurningu mína: Er ráðherrann sammála því að við setjum okkur það markmið, og setjum reglur um biðlistana, þannig að biðin verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir og að við setjum okkur þar sambærilegar reglur og hin Norðurlöndin hafa gert?

[15:19]

Útbýting þingskjala:

Framtíðaráætlanir um útgjöld heilbrigðis- og tryggingakerfisins, 489. mál, fsp. ÁMM, þskj. 820.

Framtíðaráætlanir um útgjöld til menntamála, 488. mál, fsp. ÁMM, þskj. 819.

Könnun á orsökum búferlaflutninga, 484. mál, fsp. SighB, þskj. 815.

Skjaldarmerki Íslands, 495. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 832.

Tekjuskattur og bótagreiðslur, 458. mál, svar fjmrh., þskj. 794.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 493. mál, stjfrv. (sjútvrh.), þskj. 830.

Þjóðfáni Íslendinga, 494. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 831.

[15:21]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hér er til umræðu stórt mál og vil ég byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þá skýrslu sem lögð hefur verið fyrir þingið og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að hafa átt frumkvæði að þessu máli. Ég held að allir geri sér fulla grein fyrir því að langir biðlistar á sjúkrahúsunum hafa valdið fólki miklum erfiðleikum og tjóni. Löngu er tímabært að menn átti sig á því að þeir biðlistar sem hafa verið að skapast og eru vandamál síðustu ára hafa ekki skapast vegna þess að einstakir ráðherrar eins og hæstv. heilbrrh. hafi ekki viljað leysa þá heldur vegna þess að menn hafa með aðgerðum sínum verið að reyna að spara peninga í heilbrigðiskerfinu með því að draga úr aðgerðum, fækka legudögum og fækka rúmum. Það hefur þó komið fram í skýrslum sem hafa verið gerðar um áhrif lokana til skamms tíma að þær hafa ekki sparað neina peninga heldur hafi þær einungis fært peninga til í kerfinu og sparnaður sem af því hlýst er enginn. Því miður hafa menn ekki komist út úr því fari að vera sífellt að reyna að loka deildum sjúkrahúsa eða heilsugæslustofnana þannig að þar er vandamál sem þarf að skoða betur.

Þegar litið er á þennan lista sem er birtur með skýrslunni um sjúklinga sem bíða þá kennir þar margra grasa. Samkvæmt skýrslunni eru 1.331 sem bíða eftir ýmsum aðgerðum á Landspítalanum og er ljóst að sá hópur mun ekki komast að á næstunni miðað við það fjármagn sem þar er til ráðstöfunar. Mér er aftur á móti sagt af læknum Landspítalans að þar væri hægt að tæma þennan biðlista á innan við einu og hálfu ári ef farið yrði út í það því allar aðstæður eru fyrir hendi á staðnum. Það er sem sagt nóg af skurðstofum, tækni og þekking er til staðar og jafnvel starfskraftur sem hægt væri að nýta. Reyndar þyrfti að bæta við einhverjum starfsmönnum en eigi að síður yrði það ekki vandamál að vinna á þessum listum á skömmum tíma ef út í það yrði farið. Eitt mál gæti kannski komið í veg fyrir að menn næðu tökum á þessu en það er svokölluð vinnutímatilskipun ESB og er alveg nýtt vandamál sem er að koma upp innan sjúkrahúsanna og á eftir að ræða hér í þingsölum og við næstu fjárlagagerð. En ef fara á út í að skera niður vinnutíma lækna og hjúkrunarfólks miðað við þær vinnutímareglur sem eru gefnar út af Evrópusambandinu og við viljum fara eftir út í hörgul, þá mun það kosta sjúkrahús eins og Landspítalann jafnvel hundruð milljóna að leysa það mál með nýjum starfsmönnum sem ættu að koma inn. Það hefur þó enn ekki verið rætt til hlítar hvernig hægt yrði að bregðast við því en eigi að síður er þetta eitt af þeim vandamálum sem menn hljóta að standa frammi fyrir þegar á að reyna að ná utan um þá biðlista sem eru fyrirliggjandi og hvernig eigi að koma í veg fyrir að þeir lengist enn frekar þegar á að fara að vinna samkvæmt nýrri tilskipun Evrópusambandsins um vinnutíma. Þetta er eitt af þeim vandamálum sem við hljótum að standa frammi fyrir jafnvel bara á allra næstu vikum því vinnutilskipunin á að taka gildi, ef ég fer rétt með, 1. júní næstkomandi.

Þetta er eitt mál, síðan er annað mál hvernig biðlistar eru yfirleitt. Hvernig skilgreinum við biðlista því biðlisti er kannski ekki endilega sama og biðlisti ef ég mætti orða það þannig. Hvað felst í því að vera á biðlista? Hve lengi hefur t.d. viðkomandi sjúklingur beðið á biðlistanum? Hvað hefur hann t.d. verið lengi óvinnufær? Hvað eru margir á biðlistanum sem geta unnið þrátt fyrir að bíða? Hversu margir af þeim sjúklingum sem eru á listanum eru sjálfbjarga, geta

haldið heimili og eru rólfærir? Hvernig er líðan þessa fólks sem er á biðlistum? Er fólk sárþjáð og hefur það miklar kvalir sem reynist þeim mjög erfitt í daglegu lífi? Allt eru þetta spurningar sem að sumu leyti var spurt um í skýrslu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur en var ekki hægt að svara einfaldlega vegna þess að skráning sjúklinga á biðlistana er ekki þannig að hægt sé að vinna úr þeim slík svör eins og ætlast var til af fyrirspyrjanda.

Ég veit að mikill áhugi er á því hjá Landspítalanum að vinna þessa lista betur þannig að það geti nýst í praktískum tilgangi á spítölunum því þetta getur í rauninni verið spurning um skipulag fyrir spítalann og listar af þessu tagi, þar sem slíkar upplýsingar eins og ég var að ræða um áðan kæmu fram, hafa ekki verið gerðir svo vitað sé og væri nýlunda í sjúkrahúsmálum og málefnum sjúklinga ef byrjað væri á slíku með því vinnulagi sem sjúkrahúsmenn telja heppilegt og yrði til árangurs við venjubundin störf á sjúkrahúsum.

Það eru ýmsar leiðir til að vinna upp slíka lista. Mér hefur t.d. verið bent á það að fjórða árs nemar sem vinna á sjúkrahúsunum í námi sínu ættu að geta unnið þessa lista upp. Síðan eru átaksverkefni í þessum málum á vegum háskólans sem gætu einnig nýst við það að vinna upp slíka lista og ýmsar leiðir eru eflaust til sem þyrftu ekki endilega að kosta nýja peninga heldur peninga sem eru nú þegar til í kerfinu. Að dómi þeirra sem ég hef talað við um þetta og þá sérstaklega á Landspítalanum þá mundi þetta nýtast mjög í hinu praktíska umhverfi og jafnvel læknavísindunum ef af þessu gæti orðið. Sú umræða sem hefur hafist í þessu máli er mjög gagnleg og þakkarvert að einstakir þingmenn skuli taka þetta upp á hinu háa Alþingi.

Þegar litið er á þá skýrslu sem kemur upp í hendur okkar þingmanna þá veltir maður fyrir sér ýmsum tölum sem eru í í skýrslunni. Á bls. 16 þar sem skipting er milli kjördæma á þeim einstaklingum sem eru á listanum sést ef maður ber saman Reykjavík og Reykjanes að 146 Reykvíkingar bíða eftir að komast á almenna skurðdeild en aðeins 7 Reyknesingar. Það eru sem sagt 8,8% af hverjum 1.000 Reykvíkingum sem bíða en aðeins 1% á Reykjanesi og maður veltir því fyrir sér hvort Reyknesingar séu svona miklu heilsuhraustari en Reykvíkingar eða hvort þessi upplistun er ekki nákvæmlega vísindaleg, hvort eitthvað vanti inn á þessa lista sem ætti í rauninni að vera þar. Við sjáum líka að á bæklunarskurðdeildinni eru 205 Reykvíkingar sem bíða en ekki nema 21 Reyknesingur. En eins og við vitum eru 104 þúsund sem búa í Reykjavík en 70 þúsund í Reykjanesi þannig að út af fyrir sig ætti þessi mismunur ekki að vera svona mikill nema sú skýring sé að við á Reykjanesi séum heilsuhraustari en Reykvíkingar. Ég ætla ekki að hafa fyrir því að telja upp allar þessar tölur en það geta menn séð í töflu 8 á bls. 16 að þar er eitthvert misræmi á milli sem ugglaust er hægt að skýra.

Ég velti því einnig fyrir mér hvort í skýrsluna hafi verið settir allir þeir biðlistar sem eru í rauninni til í kerfinu eins og varðandi þá sem þjást af svefnleysi og öðrum sjúkdómum sem eru ekki endilega bráðatilfelli heldur biðlistar sem snúa að öðrum þáttum heilbrigðiskerfisins.

[15:31]

Útbýting þingskjala:

Sala notaðra ökutækja, 148. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 821; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 822.

[15:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það sem vekur einna mesta athygli í þessari umræðu og þeirri skýrslu sem við erum hér að ræða er hversu lítið er til af raunverulegum upplýsingum um stöðu þeirra fjölmörgu sjúklinga sem eru á biðlistum hér á landi og að ekki skuli hafa verið lögð vinna í það hér eins og hefur verið gert í nágrannalöndunum að afla þessara upplýsinga, halda þeim saman og birta. Mér finnst samt sem áður koma fram í þessari skýrslu að þó byggt sé á upplýsingum frá landlækni sé um ákveðið misræmi að ræða í þeirri skýrslu sem hæstv. heilbrrh. hefur dreift og svo aftur skýrslu frá landlæknisembættinu um biðlista á Íslandi 1991–1997, þar sem fram koma upplýsingar frá því í janúar á þessu ári.

Þá finnst mér einnig að í þessari skýrslu sé aftur og aftur ýjað að því að sjúklingar séu á biðlista, ekki endilega vegna þess að þörf þeirra fyrir læknisþjónustu sé fyrir hendi. Það er ekki sagt beinum orðum nema þá á einum stað að ef hreinsað sé til á biðlistunum þá detti út á milli 10–15% þeirra sem á biðlistum eru vegna þess að þeir séu í raun og veru ekki í þörf fyrir aðgerðir, a.m.k. ekki í bráðri þörf.

Annað sem stingur mig er orðalag sem notað er í skýrslunni t.d. á bls. 2 þar sem er verið að tala um biðlista á einstökum deildum eða í einstökum sérgreinum. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Hvað varðar almennar skurðlækningar hefur þar myndast biðlisti á síðustu árum einkum á Landspítala og eingöngu, að því er virðist, vegna þess að komin er ný og fljótvirkari tækni er eykur væntingar fólks og fjölgar aðgerðum."

Það séu væntingar fólks til þessara aðgerða sem ráði ferðinni, en ekki vegna þess að viðkomandi einstaklingur hafi um langan tíma þjáðst af einhverjum sjúkdómi þar sem aðgerðar er þörf.

Það er á fleiri stöðum í þessari ágætu skýrslu verið að ýja að því að þessi umræða um biðlistana sé öll frekar yfirborðskennd og notuð til þess að draga fram ákveðnar aðgerðir í heilbrigðismálum. Mér finnst jafnvel að verið sé að gera því skóna að skýrslubeiðni eins og þessi plús umræðan sem hér fer fram og umræður sem aldrei hafa farið fram um biðlista séu fyrst og fremst til þess að knýja fram hærri fjárframlög til sjúkrahúsa eða einstakra deilda sjúkrastofnana og að jafnvel ýjað að því að læknar eða hjúkrunarfólk beiti þeirri aðferð að setja á biðlista sjúklinga sem ekki séu í brýnni þörf fyrir aðgerð til þess að knýja fram auknar fjárveitingar.

Mér finnst þetta gera þessa skýrslu neikvæðari en hún þarf að vera vegna þess að af hálfu þeirra sem báðu um skýrsluna var einungis verið að fara fram á að lögð yrði vinna í að kanna með skipulegum hætti hversu margir eru á biðlistum og hvaða afleiðingar biðtíminn hefur, ekki bara á sjúklinginn heldur á fjölskyldu hans, fjárhag og á afkomu, má í raun segja, þjóðarinnar í heild. Þess vegna finnst mér ekki vera málefnalega að verki staðið þegar verið er að ýja með þessum hætti að því að umræða um biðlista sé að stærstum hluta tilkomin til þess að ýta undir fjárveitingar til einstakra deilda og að sjúklingum sé raðað inn á biðlista til þess að ná fram breytingum á fjárframlögum til deilda. Þegar ýjað er að því að forgangsröðun fjárframlaga inn í heilbrigðiskerfið sé hugsanlega tilkomin m.a. vegna þess að menn séu misjafnlega duglegir, ýmist þrýstihópar, læknar eða þingmenn, að fjalla um langa biðlista á einstökum deildum, auðvitað er ljóst að það er töluvert misjafnt hvar biðlistarnir eru, en

þær upplýsingar sem við höfum séu fyrst og fremst notaðar til þess að ýta á hærri fjárveitingar til sjúkrahúsanna eða einstakra deilda.

Misræmið milli þessarar skýrslu og þess sem kemur fram í skýrslu landlæknis frá því í janúar 1997 þar sem landlæknisembættið telur sig vera að gefa nokkuð glöggar upplýsingar um ástandið eins og það er í dag finnst mér vera töluvert og lítið gert úr þeim upplýsingum sem þó eru til hjá landlækni. En það kemur fram m.a. í skýrslu landlæknis að þrátt fyrir að það hafi orðið verulegar framfarir og meðallegutími á sjúkrahúsum hafi styst frá því sem áður var, þá sé það engu að síður staðreynd að það komi veikari og eldri sjúklingar inn til meðferðar nú en áður. Það kennir hann fyrst og fremst því að biðlistanir eru mjög langir.

Jafnframt eins segir á bls. 2 í skýrslu landlæknis, með leyfi forseta:

„Embættið lagði strax áherslu á að biðlistar yrðu tölvufærðir og reglulega yfirfarnir. Smám saman færðust biðlistar í betra horf og eftir 1991 fóru að berast tölvufærðir biðlistar frá sérgreinasjúkrahúsunum og nú má fullyrða að yfirleitt eru allir biðlistar á sérgreinasjúkrahúsunum tölvufærðir og reglulega farið yfir þá."

Hins vegar finnst mér í skýrslunni vera sagt að þetta sé vinna sem sé í raun og veru eftir og það megi reikna með því að 10–15% þeirra sem eru á biðlistum í dag detti út við þessar reglulegu yfirferðir vegna þess að þeir séu ekki í raunverulegri þörf fyrir aðgerð eins og stendur. Þarna finnst mér gæta ákveðins misræmis í þeim upplýsingum sem fram koma hjá landlækni og svo aftur í þessari skýrslu. Það er ekki bara á stóru sjúkrahúsunum hér í Reykjavík sem biðlistarnir eru yfirfarnir reglulega og skráðir. Hér segir líka á bls. 4 í skýrslu landlæknis, í kafla sem heitir: „Nánar um biðlista":

„Til viðbótar við skráða biðlista 1996 hafa nú komið til nýir biðlistar sem áður voru ekki teknir með eða fyrirfundust ekki, þ.e. biðlistir frá hálfs-, nef- og eyrnadeild FSA, biðlistar frá kvensjúkdómadeild Landspítalans og nýtilkomnir biðlistar eftir augnaðgerðum. Biðlistar á almennum skurðdeildum urðu aðallega til eftir að kögunaraðgerðir hófust 1992–1993. Einnig hefur verið bætt við biðlistum frá Sjúkrahúsinu á Akranesi sem eru nýtilkomnir. En eitthvað ber á að sjúklingar úr Reykjavík leiti til sjúkrahúsa utan Reykjavíkur.

Í þessari skýrslu er tafla um líðan fólks á biðlistum eftir kransæðaaðgerðum og ýmsum öðrum aðgerðum. Þar kemur mjög greinilega fram, þrátt fyrir það að ráðuneytið telji sig ekki geta haft yfirsýn yfir þau áhrif sem biðlistar hafa á líðan sjúklinga, að biðlistarnir hafa veruleg áhrif á líðan sjúklinga og lyfjataka sjúklinga eykst verulega og getur endað á þann veg sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór hér yfir áðan, að það þurfi að koma til sérstakrar meðferðar vegna mikillar lyfjanotkunar.

[15:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka fyrir þessa skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. Í henni er að finna margvíslegar upplýsingar. En ég get tekið undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram varðandi mat á því hvað þessir biðlistar þýða. Ég held að það væri afar þýðingarmikið að átta sig á því hvað það kostar þegar hundruð sjúklinga eða hundruð manna sem bíða eftir aðgerðum af ýmsu tagi eða hreinlega að komast í meðferð, þegar það fólk verður að vera á lyfjum, missir vinnu og allt það sem þessu fylgir. Hvað kostar þetta samfélagið og hver er sparnaðurinn? Það er auðvitað sparnaður sem ég tel að sé meginorsökin fyrir þeim mörgu biðlistum sem hér er að finna.

Nú má um það deila hvað er langur biðlisti, hvað er hugsanlega eðlilegur biðlisti, ef tala má um slíkt. Það er afar erfitt að leggja mat á það en ég held að það sé ekki hægt að horfa fram hjá því að á nokkrum sviðum eru biðlistar eins og þeir standa nú, allt of langir og þar eru þessar háu tölur þeirra sem bíða eftir bæklunaraðgerðum himinhrópandi, 1.300 manns samkvæmt síðustu tölum.

Nú er nauðsynlegt að greina þessar tölur niður og líka að reyna að átta sig á því hvers vegna það ástand ríkir hér á landi að 1.300 manns bíða eftir bæklunaraðgerðum. Þá er ég ekki síst að horfa á þá hlið sem snýr að fólkinu sjálfu og ég spyr: Hvað er það sem býr að baki? Hvers vegna eru svona margir í þessari neyð og þá minnist ég þess að þegar við nokkrir þingmenn fórum í heimsókn á Landspítalann í haust að verið var að spyrja einn sérfræðinganna í bæklunarlækningum um það hvaða hópur þarna væri á ferð og það vakti athygli mína að hann sagði að þarna væri býsna stór hópur karlmanna á aldrinum 30–40 ára, verkamenn. Það er þetta að vinnuslit og ýmsar afleiðingar hins langa vinnutíma hér á landi eru að koma fram þannig að það er ekki aðeins að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins muni hafa hugsanleg áhrif innan spítalanna sem er auðvitað hárrétt ábending hjá hv. þm. Kristjáni Pálssyni heldur finnst mér að þessi hlið, þetta mikla vinnuálag og þar af leiðandi þeir miklu álagssjúkdómar sem er að finna hér á landi hafi einnig ekki svo lítil áhrif á heilbrigðiskerfið og birtist það m.a. í þessum langa, langa lista. Ég ætla að slá þessu hér fram.

Þessir biðlistar sem við eigum við að stríða hér á landi eru mjög mismunandi alvarlegir. Það er einn þeirra sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni. Ég hef mjög stuttan tíma. Það mætti tala um þetta margt og ég vil ekki síst vekja athygli á þeim fjölda kvenna sem bíður eftir lýtaaðgerðum, m.a. brjóstaminnkun. Þar hefur verið mjög langur biðlisti og allt upp í þriggja ára bið. Þetta er algerlega óviðunandi og stafar m.a. af því að lýtalækningadeildin á Landspítalanum hefur verið lokuð um alllangt skeið. En sá biðlisti sem ég vil vekja sérstaka athygli á er ekki sá lengsti en kannski sá allra alvarlegasti, þ.e. biðlistinn á geðdeildunum, fjöldi þeirra sem bíða eftir meðferð á geðdeildunum og alveg sérstaklega börn og unglingar. Það er okkar samfélagi til mikils vansa hvernig staðið er að þessum málum og þetta á eftir að verða okkar samfélagi alvarlegt og dýrt ef ekki er tekið nógu snemma á vandamálum barna sem eiga við geðræna kvilla að stríða og málin eru bara látin versna og versna. Ég get sagt það hér að ég hef á vegi mínum alltaf öðru hverju hitt konur sem eru að vinna í þessu kerfi, bæði á barnageðdeildinni og ýmsum þeim heimilum sem eru sérstaklega að fást við börn sem eiga í vandræðum og þær eru svo áhyggjufullar yfir þessu ástandi og hvers konar einstaklingar komi út úr þessu og standandi frammi fyrir því að geta ekki veitt meðferð nema þeim allra bráðveikustu. Þetta eru svo hræðilega erfið tilfelli. Það er svo erfitt fyrir fjölskyldur og aðstandendur að hafa bæði geðveik börn og unglinga á heimilunum og einnig fullorðna að þetta er alveg sérdeilis alvarlegt mál og er ég þá ekki að gera lítið úr hinum biðlistunum. Við vitum það öll að þeir sem eiga við geðviki að stríða leiðast oft út í ýmislegt annað vegna sinnar miklu vanlíðunar, mikla misnotkun á lyfjum og fíkniefnum, sumir leiðast út á glæpabrautir og fyrir utan allt það sem í kringum þá skapast. Samfélag sem lætur veik börn bíða eftir slíkri þjónustu, hvers konar samfélag er það?

Hvers konar forgangsröðun er þar á ferð? Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á þessu, hæstv. forseti.

Það vaknar spurning: Hvar er flöskuhálsinn í okkar kerfi? Hvers vegna eru þessir biðlistar til staðar? Er það skortur á sérhæfðu fólki eða skurðstofurými? Ég held að svo sé ekki. Er það skortur á legurými? Við vitum að deildum hefur hreinlega verið lokað og þær teknar úr notkun. Eru það þessar lokanir á sumrin og reyndar yfir jól líka sem valda því að biðlistar lengjast? Er það skortur á starfsfólki eða hvað er það? Auðvitað vitum við að þetta er fyrst og fremst spurning um forgangsröðun og það að veita peninga í það að leysa þessi vandamál.

Ég vil vekja athygli á því, hæstv. forseti, að ég fékk ekki betur heyrt á ræðu hæstv. heilbrrh. en það væri býsna víða verið að fjalla um þessi mál og m.a. hefur töluvert verið um þetta rætt í þeirri nefnd sem ég sit í á vegum heilbrrn. sem fjallar um forgangsröðun í heilbrrn., en skiljanlega koma þessi mál þar mjög inn í því að biðlistar og það hvernig eigi að forgangsraða í kringum þá er mikið mál. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hver er afstaða hennar til þess að settar verði reglur hér varðandi biðlista, að þeir skuli að öllu jöfnu ekki vera eða fólk þurfi ekki að bíða að öllu jöfnu lengur en 3–6 mánuði, nokkuð eftir því hvað málin eru alvarleg? Vandinn er auðvitað sá að ef við setjum slíkar reglur, þá er ekki svo auðvelt að fara eitthvað annað. Í Noregi t.d., þar sem slíkar reglur hafa verið settar, á fólk þess kost að fara þá í aðgerð utan síns heilsugæslusvæðis eða utan þess svæðis sem það á eðlilega að sækja til. Menn geta farið til Bergen, Þrándheims eða Óslóar. Þeir eiga rétt á því og fá þá aðgerð greidda. En hér er hreinlega ekki um það að ræða. Listar eru að vísu mismunandi langir á þessum þremur stóru, þeir eru reyndar fleiri ef maður telur St. Jósefsspítala í Hafnarfirði með, þá er þetta Sjúkrahús Reykjavíkur, Landspítalinn, St. Jósefsspítali og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem afkastar langsamlega mestu í þessum efnum. En ég held að alls staðar séu biðlistar og þar af leiðandi ekki beinlínis lausn að senda fólk hér á milli landshluta, en öllum hlýtur að vera ljóst að það yrði gífurlega dýrt að fara að senda fólk til útlanda og þess vegna eru þetta mál sem þarf að taka á. Það þarf að gera átak í því að stytta biðlistana og þar bendi ég sérstaklega á bæklunaraðgerðirnar og svo það sem ég gerði að sérstöku umtalsefni, stöðu geðveikra hér á landi.

[15:53]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa skýrslu sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt hér fram að beiðni hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og annarra þingmanna jafnaðarmanna.

Það er vissulega alvarlegt ástand í málefnum biðlistanna hér á landi. Það segja a.m.k. þær upplýsingar sem gefnar eru í þessari skýrslu. Það er einnig greinilegt að sá samdráttur eða niðurskurður sem hefur verið á sjúkrahúsunum hefur haft þarna veruleg áhrif. Það kemur fram í skýrslunni að á biðlistum séu á fjórða þúsund manns og þeim hafi fjölgað um 800 frá árinu 1993 eða um 30%. Ég tel þetta vera mjög alvarlegar upplýsingar. Það að bíða eftir aðgerð og lenda á biðlista hefur veruleg útgjöld í för með sér, ekki aðeins útgjöld hjá ríki heldur einnig hjá sveitarfélögum og síðast en ekki síst á heimilum þeirra sem lenda í því að þurfa að bíða eftir aðgerðum. Þetta hefur áhrif á velferð allrar fjölskyldu þeirra sem lenda í þessu. Það ríkir óöryggi og óvissa um framtíðina og auðvitað um afkomu heimilanna.

Ég vil minna á að það eru ekki allir sem eiga rétt á því að fá greiðslur frá vinnuveitanda allan þann tíma sem þeir bíða og þær greiðslur sem velferðarkerfið býður upp á til þeirra sem bíða eftir aðgerðum og eiga ekki rétt á launum eru smánarlega lágar. Sjúkradagpeningar á mánuði eru rúmar 17 þús. kr. og það getur hver sagt sér það sjálfur að menn framfleyta ekki fjölskyldu á þeim upphæðum þó svo menn fái 158 kr. á dag fyrir hvert barn sem er í fjölskyldunni þannig að þeir sem lenda í því að þurfa að framfleyta sér á sjúkradagpeningum neyðast yfirleitt til þess að snúa sér til sveitarfélaganna, snúa sér til félagsmálastofnana til þess að fá viðbótarframfærslu þar.

Ég vil einnig minnast á annað sem reyndar þeir sem töluðu á undan mér hafa komið inn á og það er hinn mikli kostnaður sem lendir á fjölskyldunum og þar vil ég nefna lyfjakostnaðinn. Þeir sem bíða á biðlistum eru margir hverjir kvaldir og illa haldnir og þurfa á verkjalyfjum, svefnlyfjum og öðrum lyfjum að halda á meðan þeir bíða. Eins og lyfjareglur eru í almannatryggingunum í dag, þá eru þau lyf sem þetta fólk þarf að taka á meðan það bíður, lyf sem heimilin eða einstaklingurinn bera yfirleitt kostnað af að fullu, verkjalyf, svefnlyf og önnur slík lyf. Þetta eru lyf sem menn bera kostnað af að fullu. Ég þekki persónulega dæmi þess að menn hafa þurft að borga á mánuði 50–100 þús. kr. í lyfjakostnað meðan þeir biðu á biðlista og það sér hver maður að maður á sjúkradagpeningum, 17.500 kr. á mánuði, borgar ekki mikið þann lyfjareikning.

Vegna þeirra upplýsinga sem komu fram í máli hæstv. ráðherra hér á undan þegar hann mælti fyrir skýrslunni, þá kom þar fram að það ætti að ráða bót á málefnum lýtalækningadeildar Landspítalans. Ég bar fram fyrirspurn sl. vor til hæstv. heilbrrh. vegna hins alvarlega ástands sem ríkti í málefnum brunasjúklinga á Landspítalnum og brunasjúklinga almennt á landinu því að eina aðstaðan til að sinna þeim er á Landspítalanum. Í svari hæstv. ráðherra, sem var að mig minnir í maí sl., sagði hæstv. ráðherra að hann mundi verða búinn að ráða bót á þessu fyrir áramót. Nú eru liðnir næstum þrír mánuðir frá áramótunum og því óska ég eftir því að fá upplýsingar um það hvað ráðherra hyggst gera í málefnum brunasjúklinga og lýtalækningadeildar Landspítalans. Ég fagna því að það sé tekið á þessum málum því það hefur ríkt verulegt ófremdarástand í málefnum brunasjúklinga og lýtalækningadeildar Landspítalans þannig að það er orðið tímabært og liðnir þrír mánuðir frá því að hæstv. ráðherra ætlaði að standa við að koma þeim málum í lag.

Ég vil einnig koma að málefnum geðdeildanna. Hér kemur fram að á biðlista geðdeildar Landspítalans eru um 200 manns og á biðlista barnageðdeildar eru hátt í 100 börn. Þess má geta hér að komið hefur fram í máli yfirmanna barna- og unglingageðdeildarinnar að ekki öll börnin fara þarna á biðlistana þó að þau ættu e.t.v. að fara því reynt er að vísa á önnur úrræði og því miður eru þau úrræði mjög dýr. Ef barn sem þarf á aðstoð að halda vegna geðvandamála þarf að leita sér aðstoðar annars staðar, t.d. sálfræðiþjónustu, þá þurfa foreldrar að greiða það að fullu og það geta verið nokkur þúsund krónur í hvert einasta skipti sem þarf að fara með barnið í slíka þjónustu.

Ég vil einnig minna á það að hópur barna sem átti athvarf hjá barna- og unglingageðdeild, þ.e. átti rétt á þjónustu hjá barna- og unglingageðdeildinni, hefur ekki fengið þjónustu þar nú í heilt ár og það eru einhverf börn. Á annan tug barna hafa greinst einhverf frá því fyrir ári og þessi börn hafa ekki fengið neina þjónustu eftir að þau voru greind heldur hefur

þeim verið vísað á Greiningarstöð ríkisins sem heyrir undir félmrn. Því miður hefur ekki verið boðið upp á sömu þjónustu og þau höfðu hjá barna- og unglingageðdeildinni. Nú talaði hæstv. félmrh. um að það ætti að koma einu stöðugildi upp til að sinna þessum börnum en samkvæmt mati sérfræðinga þarf a.m.k. fjóra, heilt fagteymi, til þess að sinna þessum börnum eins og gert var á barna- og unglingageðdeildinni meðan þeim var sinnt þar. Ég tel þetta mjög alvarlegt ástand sem ríkir og snýr að börnum með geðræn vandamál.

Það hefur einnig komið í ljós að okkar þjónusta er hlutfallslega mun minni heldur en á Norðurlöndunum, þ.e. hlutfallslega mun færri börn koma hér til lækninga, sem segir manni að það séu börn úti í samfélaginu sem ekki fá þjónustu.

Ég vil í lokin, þar sem ég sé að tími minn er senn á þrotum, minnast á öldrunarþjónustuna. Eins og kemur fram í skýrslu hæstv. heilbrrh., þarf enn að bæta við rúmum í öldrunarþjónustunni. Ég furða mig á því að leyfð skuli vera bygging á öldrunarheimilum í Hveragerði meðan enn vantar 15% rýma hér í Reykjavík. Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í skýrslunni eru 189 sem bíða í mjög brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar bíða hátt í 400 manns eftir hjúkrunarrýmum hér og það er auðvitað óviðunandi. Yfirleitt er það svo að það fólk sem bíður eftir hjúkrunarrýmum kemst varla inn á þessar stofnanir nema þá sem bráðasjúklingar. Það er auðvitað afleitt fyrir utan það að það er mjög kostnaðarsamt að sinna þessum sjúklingum heima og þó svo að margir æski þess að vera heima þá er ekki hægt að sinna þeim þannig að viðunandi sé. Ég efast því um að sá sparnaður sem menn telja af því að draga saman í kostnaði við heilbrigðisþjónustuna skili sér nokkurs staðar því að ég er sannfærð um að útgjöldin vegna biðlistanna eru mun meiri heldur en sá sparnaður sem menn telja sig hafa af því að loka deildum og fækka rúmum eins og raunin er nú hér.

[16:03]

Útbýting þingskjals:

Staðfest samvist, 496. mál, frv. ÓÖH o.fl., þskj. 835.

[16:04]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að svara hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Hún spurði sérstaklega um meðferð brunasjúklinga. Ég vil geta þess að í sumar var opnuð á gjörgæsludeildinni sérstaklega útbúin stofa fyrir brunasjúklinga sem gjörbreytti alveg aðstöðunni fyrir þá sem koma mikið brenndir inn á Ríkisspítala. Varðandi lýtalækningadeildina, þá var í undirbúningi að stækka þá deild þar sem lýtalækningadeildin er til húsa núna en síðan var á seinni stigum tekin sú ákvörðun að opna aðra deild. Þess vegna tafðist þetta nokkuð, en það er búið að auglýsa eftir starfsfólki þannig að ég býst við að það séu a.m.k. tvær vikur þangað til lýtalækningadeildin verður opnuð.

Varðandi barna- og unglingageðdeildina, þá er það hárrétt sem hv. þm. sagði að þar er mikið vandamál. En það verður að minna á að sérfræðingum hefur verið fjölgað. Á sl. ári var fjölgað sérfræðingum um fjóra á barna- og unglingageðdeildinni til að létta undir, en það er rétt að einhverfir hafa lent þarna einhvers staðar á milli stafs og hurðar og það er ekki afsakanlegt. Það er hárrétt hjá hv. þm. Það er vegna þess að þetta er svona á mörkum þess sem félmrn. og heilbrrn. þjónusta og við erum að vinna að því að samhæfa þetta betur, það er alveg nauðsynlegt.

Varðandi öldrunarþjónustuna vil ég minna á að það er verið að bæta úr brýnni þörf fyrir öldrunarþjónustu með því að opna í Skógarbæ nú í vor. Þar verða allt að 70 hjúkrunarrými. Þessi opnun sem verður í Hveragerði og er sérstaklega ætluð geðfötluðum öldruðum léttir líka á Reykjavíkursvæðinu og einnig opnun öldrunarsjúkrahúss á Landakoti sem verður á næstunni. Þá erum við að létta mjög á þessum biðlistum. Sem betur fer voru tölurnar ekki alveg réttar sem hv. þm. var með því að við erum að tala um 145 sjúklinga sem bíða eftir hjúkrunarrými og okkur sýnist að það sé í sjónmáli að við getum uppfyllt þær þarfir sem þar eru.

[16:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessar upplýsingar sem hún gaf hér við fyrirspurnum mínum. Það er gott og blessað að bæta við starfsfólki á barna- og unglingageðdeildinni, enda var þar mjög brýn þörf. Engu að síður bíða enn mjög mörg börn eftir þjónustu og einhverfu börnin hafa ekki fengið þjónustu enn þá. Þau hafa ekki fengið þjónustu frá greiningu sl. ár og það tel ég mjög alvarlegt mál þannig að það verður að leysa það mál.

Vegna brunasjúklinganna og lýtalækningadeildarinnar þá er það auðvitað fagnaðarefni að tekið skuli hafa verið á þeim málum, enda verður þjóð sem ætlar að fara að byggja upp álver og stóriðju þar sem mun meiri hætta skapast á brunaslysum að hafa almennileg úrræði ef slíkt kemur upp á. Það er því ekki seinna vænna að koma þeim málum í gott horf.

Vegna ummæla hæstv. ráðherra um öldrunarþjónustuna og uppbyggingu öldrunarheimilis í Hveragerði, sem auðvitað er gott og blessað svo langt sem það nær, þá er ég ekki sátt við að túlka það að hjúkrunarheimili í Hveragerði létti á Reykjavíkursvæðinu vegna þess að ég hef verið ósátt við það þegar sjúklingar eða aldraðir eru fluttir hreppaflutningum vegna þess að þeir þurfa á þjónustu að halda eins og hefur tíðkast hér. Menn hafa verið, þegar þeir eru orðnir aldraðir og sjúkir, fluttir hér hreppaflutningum frá sínum heimaslóðum og þurft að eyða ævikvöldinu langt frá sínum nánustu. Það tel ég alls ekki að eigi að líðast. En ég fagna því engu að síður að hæstv. heilbrrh. er með áform uppi til úrbóta í þessum málum.

[16:08]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er þörf umræða og málið hefur reyndar oft borið á góma í umræðum hér á Alþingi. Okkur jafnaðarmönnum fannst mjög mikilvægt að fá skýrslu um þessi mál og ég get vísað til framsöguræðu Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir hönd þingflokksins varðandi þessa skýrslu.

Það er undrunarefni hversu oft það þarf til að þingmenn komi annaðhvort með fyrirspurnir eða biðji um skýrslu um mál sem varpa skýru ljósi á ýmislegt í viðkomandi ráðuneytum. Og maður veltir fyrir sér hvernig það má vera að ekki sé oft og tíðum búið að vinna þessar upplýsingar í ráðuneytunum til þess einfaldlega að geta tekið þar réttar ákvarðanir og verið með þá forgangsröðun sem þarf.

Í tilefni orða hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um að sjúklingar mundu e.t.v. fara erlendis að leita sér hjálpar, þá ætla ég að byrja mál mitt á því að bera fram fyrirspurn til ráðherra. Getur það verið að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu opni á möguleika fyrir íslenska sjúklinga að leita sér lækninga erlendis á kostnað Tryggingastofnunar

ríkisins? Þetta er fyrsta spurning mín, virðulegi forseti, til ráðherrans.

Í skýrslunni kemur fram hver meðhöndlun skurðsjúklinga utan spítala og á dagdeildum hefur verið og að hún hefur aukist mjög mikið á þessu tímabili. Eins og hér hefur komið fram er vísað til þess að 90 rúmum á skurðdeildum hefur verið lokað og að hjúkrun hefur þrátt fyrir það stóraukist.

Hvað þýðir þetta í raun? Hvað þýðir þessi fjöldi? Hvað þýðir þetta í kostnaði? Hvað erum við að gera, hvaða ákvarðanir tökum við og hvað þýða þær í kostnaði eða sparnaði fyrir sjúkrahúsin og fyrir samfélagið? Það hefur ekki legið fyrir fram að þessu mér vitanlega og ég hef lagt fram, og vil láta koma fram í þessari umræðu, ítarlega fyrirspurn til heilbrrh. um ferliverk unnin á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, á Ríkisspítölum og á öðrum sjúkrahúsum en Ríkisspítölum þar sem fram komi sundurliðað fyrir árin 1993–1996 hve mörg ferliverk hafa verið unnin, hvernig þau skiptast á sérfræðigreinar og hvert sé hámark þeirrar upphæðar sem sjúklingur þarf að greiða, svo sem fyrir skurðaðgerð á bæklunardeildum og aðrar aðgerðir tilgreindar jafnframt og hvað læknar greiða fyrir aðstöðu og þjónustu sem spítalinn veitir og hvort greiðslur hafa verið samræmdar. Ég tel ástæðu til að benda á þetta vegna þess að við höfum ekki hugmynd um hvað þær ákvarðanir þýða, sem hafa verið teknar um að færa aðgerðir út úr hefðbundnu formi sjúkrahúsanna yfir ýmist á læknastofur eða í þessum tilfellum yfir í ferliverk sem unnin eru án þess að til innlagnar komi og þar sem sjúklingar greiða svo og svo mikið fyrir aðgerð, og hvað er verið að spara.

Það kemur fram í skýrslu frá landlækni sem heitir biðlistar á Íslandi frá 1991–1997 að vandi hjúkrunarsjúklinga er verulegur og að fjölga þurfi hjúkrunarrúmum á Reykjavíkursvæðinu. Bent er á að 80 rúm séu teppt á bráðadeildum vegna sjúklinga sem eru hjúkrunarsjúklingar og þrátt fyrir að heimaþjónustan sé orðin allgóð, þá fáist vart betri nýting en er í dag og það sé áætlað að það þurfi að fjölga hjúkrunarrýmum um 15% árlega. Ég verð að segja eins og er, virðulegi forseti, að það er mjög undarlegt að lesa þetta beint ofan í þær athugasemdir sem koma hér í skýrslunni um að það hafi verið fækkað um 90 rúm á skurðdeild vegna breyttra aðgerðaforma. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta komi fram virðulegi forseti.

Annað sem mig langar að nefna. Það var haldin ráðstefna í gær á Hótel Sögu. Þar kom fram að í Bandaríkjunum fá bæklunarsjúklingar svokallaða kjörmeðferð, þ.e. menn hafa reynt að koma sér niður á það að finna aðferð í aðgerðum og hjúkrun sem er á einhvern besta hátt, þ.e. frá aðgerðar-, hjúkrunar- og hagkvæmnissjónarmiðum. Þar er meðaltalslega, virðulegi forseti, 12,8 dagar. Hér er búið að koma sjúkrahúsvist vegna bæklunarlækningar niður í átta daga. Reyndar má gera ráð fyrir því að endurhæfingar- og þjálfunarþáttur í þeirri legu geti verið allt að fimm dagar af þessum átta. Þrátt fyrir það eru þessir átta dagar yfirleitt inni á sjúkrahúsi. Ef endurhæfingu væri vel sinnt, annars staðar t.d., þá er vel hugsanlegt að flytja megi sjúkling í hæfingu eftir fyrstu legudagana. Biðlistar eru ekki bara spurning um það hvort hægt sé að komast að á skurðstofum. Þetta er jafnframt spurning um sjúkrarúmin og um nýtingu spítalanna. Því spyr ég ráðherrann og það verður spurning nr. 2: Hvað líður framkvæmd þeirrar stefnumörkunar um endurhæfingardeild ríkisins að Kópvogshæli sem einmitt var hugsað um sem hæfingu fyrir slíka sjúklinga, sem og reyndar hæfingardeild eða legudeildir fyrir krabbameinssjúklinga þannig að þeim væri sinnt með reisn?

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt þegar liðið er á umræðu að átta sig á hvað á að leggja áherslu á í þessari umræðu. Mig langar þó að nefna það varðandi biðlistana að frv. um réttindi sjúklinga hefur komið fyrir þingið á ný og okkur finnst að engin bót hafi verið gerð í því frv. á biðlistunum. Það hefur verið tekin umræða áður um þann þátt og ég vísa til ábendinga siðfræðiráðs Læknafélags Íslands sem koma fram í umsögnum til heilbr.- og trn. um fyrra frv. en þar er einmitt vísað til þess að ekki er bætt úr réttindum sjúklinga m.a. með áherslu á biðlistana og siðfræðina í því að láta fólk bíða svo lengi eftir aðgerðum.

Ég vil líka nefna það varðandi átakið að sagt var að gert hafi verið átak í haust með skipulagsbreytingu. Þetta er ekki rétt. Þetta kemur fram í skýrslunni á bls. tíu. Aðgerðum var fjölgað úr fjórum í sex á viku. Þetta voru fyrirmæli frá formanni stjórnarnefndar Ríkisspítala, fjármagni var lofað og þetta kom m.a. fram í fjölmiðlum á sínum tíma. Það hefur ekkert fjármagn komið. Hver aðgerð kostar 600 þús. kr. Það kemur líka fram í skýrslunni. Gerðar hafa verið 40 fleiri aðgerðir frá 15. október og þar til nú og samt kemur ekkert viðbótarfé. Þessu verður ekki mætt með skipulagsbreytingum. Menn ýta á undan sér vanda og þarna var lofað fjármagni sem hefur ekki komið fram. Og það verður að spyrja þeirrar spurningar: Hverju skila átaksverkefni af þessu tagi ef gert er átak sem ryður fjármagni til innan spítalans og kallar á vanda á öðrum stöðum ef ekki er brugðist við? Svo er keyrt niður á öðrum tímum ársins þannig að átakið sem gert var er ekki til neins annars en að dregið er úr á öðrum tíma þannig að þegar upp er staðið, þá hefur ekkert áunnist. Það er farsælla, virðulegi forseti, að gera langtímaáætlanir í þessum efnum.

Annað mál sem mér finnst brýnt að koma inn á og hefur reyndar verið nefnt, er vandinn á barna- og unglingageðdeild og það er síðasta athugasemdin sem ég ætla að gera í ræðu minni í þessari umræðu. Það er mjög mikill vandi á barna- og unglingageðdeild og þrátt fyrir góð orð um fjármagn, gengur illa að leysa vanda barna- og unglingageðdeildar. Hér er bent á það hver biðlistinn er og ég ætla að vísa í svar sem ég fékk frá heilbrrn. við spurningu um umfang geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglinga og vandann. Það kemur fram að á árinu 1995 voru 68 börn og unglingar lögð inn á barna- og unglingageðdeild Landspítalans en 348 fengu meðferð á göngudeild. Það er bent á að vaxandi áhersla er lögð á meðferð án innlagnar, við vitum af hverju það er, og á styttingu legutímans, að meðallegutími er nú 45 dagar, að á árinu 1995 voru tæplega 60% af innlögnum bráðainnlagnir og að helmingur sjúklinga kom frá Reykjavík.

Ég vil líka upplýsa það að samkvæmt upplýsingum frá yfirlækni barna- og unglingageðdeildar Landspítalans er sá hópur stór sem ekki fær aðstoð en þyrfti á henni að halda. Þetta kemur fram í svari ráðherrans. Sá hópur sem ekki fær aðstoð er stór og það er reyndar bent á það að í desember veitti ráðherra 3 millj. af ráðstöfunarfé ráðherra til að reyna að bregðast við en þetta hjálpar á engan veg.

Ráðherrann veitti 12 millj. kr. fyrir ári síðan og í umræðu um fíkniefnamál var bent á að þetta væri átak til að búa til meðferðardeild og stað þangað sem foreldrar gætu snúið sér. Það hefur seinna komið í ljós í umræðum um fíkniefnavandann og af hálfu ráðherrans sjálfs að í raun og veru var þetta fjármagn notað til að styrkja deildina í heild sinni vegna þess að vandinn er svo mikill. Þetta er eitthvað það brýnasta sem við verðum að taka á. Við höfum háleit markmið og góð og

ég styð ráðherrann og hef gert það fyrr í ræðum mínum í öllum hennar tilraunum til þess að bæta úr fíkniefnavandanum. Það er búið að gera samkomulag um fíkniefnalaust Ísland, fíkniefnalausa skóla. Það þýðir ekki að gera þessar áætlanir, virðulegi forseti, og taka svona á málum. Öðruvísi er hægt að bregðast við á þeim stöðum sem brýnast er, svo sem á barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

[16:19]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. sem talaði síðast og sagði að sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu hafi ekki fengið neitt aukafjármagn til þess að bregðast við þeim vanda sem við er að glíma, þá vil ég minna á að í haust fengu sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu 300 millj. kr. til að bregðast við þeim vanda sem þau stóðu frammi fyrir. Og af því að við vorum að tala um biðlistana og hvernig við getum létt á þeim, þá kom það fram í máli mínu áðan að við höfum 100 millj. kr. í sérstökum hagræðingarsjóði fyrir sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu sem verða sérstaklega nýttar til þess að létta á þessum biðlistum þannig að það er fjármagn bak við þær tillögur sem hér eru fram bornar.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. vegna aðildar okkar að EES, þá taldi hún að það gæti verið að sjúklingar eigi kost á því að fara til þessara landa og fá meðferð og Tryggingastofnun borgi, en það er nú þannig að þær aðgerðir sem við ekki gerum, borgar að sjálfsögðu Tryggingastofnun og það veit hv. þm. jafnvel og ég. En sjúklingar sem bíða eftir aðgerð eru yfirleitt bundnir þeim lækni sem þeir hafa fyrst farið til. Oft á tíðum er hægt að leiðbeina sjúklingum þannig að þeir geti farið til Akureyrar, á Akranes, St. Jósefsspítala o.s.frv., en þeir vilja heldur bíða eftir sínum lækni þannig að það verður að koma líka fram.

Hvað varðar þá kjörmeðferð sem Bandaríkjamenn eru með í bæklunaraðgerðum, þá skulum við muna að Bandaríkjamenn eru með góðar aðgerðir fyrir fáa, þá sem borga, og þá aðferð viljum við ekki nýta okkur.

Varðandi Grensásdeildina og Kópavogshælið eða endurhæfingarstöðina í Kópavogi, þá var gert sérstakt samkomulag um endurhæfingu á sl. sumri þar sem lögð var áhersla á að endurhæfingin færi fram fyrst og fremst á Grensásdeildinni en líknarmeðferðinni sem hv. þm. spurði um, er verið að finna rekstrarform. Það eru nýjar hugmyndir.

[16:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurning mín er svo sannarlega ekki ósk um það að við tökum upp það fyrirkomulag bandarískt að gera vel við fáa. En ég bendi á að þar, í því fyrirkomulagi sem bent var á á ráðstefnunni, er þetta kerfi, þ.e. að reyna að ná hagkvæmni, góðri hjúkrun og aðgerðum, samt talið kalla á 12,8 daga og ég var bara að benda á nauðsyn þess að fara ofan í þessi mál og skoða hvernig hæfingarþættinum verður fyrir komið.

Má skilja ráðherrann þannig að með því að hæfing verði á Grensási og að verið sé að finna líknarhjúkrun nýtt form, þá sé fallið frá áformum um að gera Kópavogshælið að hæfingardeild fyrir Landspítalann?

Í öðru lagi: Í skýrslunni stendur á bls. 10 að gert hafi verið átaksverkefni m.a. í hryggspengingum og það segir: „Þetta átak er dæmi um skipulagsbreytingu og breytta forgangsröðun innan spítalans en ekki hefur verið veitt sérstök fjárveiting til þessa verkefnis.“ Ég hef fengið þær upplýsingar að þetta var ákvörðun ofan frá. Það átti að koma fjármagn. Það er beðið eftir fjármagni og það hefur ekki komið.

Spurning númer tvö: Kemur fjármagn núna út af þessu átaki sem gert var?

Í þriðja lagi hef ég lagt mikla áherslu á barna- og unglingageðdeildina og það kemur fram varðandi geðlækna að hér á landi starfa sérmenntaðir barna- og unglingageðlæknar nær eingöngu á stofnunum og þá fyrst og fremst á barna- og unglingageðdeild Landspítalans. Á síðasta ári var þjónusta á þessu sviði bætt og aukin með fastráðningu barnageðlæknis til Akureyrar. Aðeins tveir barnageðlæknar starfa að hluta á einkastofum, annar aðeins nokkra tíma á viku.

Virðulegi forseti. Þetta segir okkur að barna- og unglingageðdeildin er eitt það mikilvægasta fyrirbyggjandi atriði sem við höfum og að óhuggulega langir biðlistar barna og unglinga sem bíða eftir að komast að á barna- og unglingageðdeild eru óviðunandi þáttur í okkar velferðarþjóðfélagi.

[16:25]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi endurhæfinguna, þá var lögð áhersla á að fullnýta Grensásdeildina áður en við gengjum lengra. En það er alveg ljóst að í framtíðinni þurfum við á Kópavogshæli að halda fyrir endurhæfingu. En Grensásdeildin gekk fyrir.

Hvað varðar fjármagnið, minni ég enn og aftur á að það eru sérstakar 100 millj. kr. í hagræðingarsjóði og það er sjúkrahúsanna sjálfra að forgangsraða sínum aðgerðum með því fjármagni.

Um barna- og unglingageðdeildina get ég vel tekið undir hvert einasta orð sem hv. þm. sagði. Þar er um stórt vandamál að ræða, en ástandið þar hefur verið bætt verulega. Sérfræðingum þar hefur á sl. ári verið fjölgað um fjóra og það breytir auðvitað ástandinu. Það má ekki gleyma því sem vel er gert en mér finnst þó stundum að í umræðunni vilji það gleymast að það er alltaf hægt að gera betur.

En varðandi það sem hv. þm. sagði áðan að um það hafi verið talað að barna- og unglingageðdeildin tæki upp nýja meðferð varðandi vímuefni, þá er það ekki rétt heldur er hún sá staður sem hægt er að hringja í. Þeir munu gefa þær upplýsingar til að einstaklingar geti síðan leitað annað. En þetta er sem sé eins og upplýsingamiðstöð vegna þess að þarna eru sérfræðingar mjög hæfir.

[16:27]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki lítið úr því sem þegar hefur verið gert. Ég styð ráðherrann í því að taka á málum og þegar henni tekst að gera vel. En ég læt ráðherrann ekki selja mér sömu hlutina tvisvar en það hættir ráðherranum til að gera varðandi barna- og unglingageðdeildina.

Hér var í umræðu um fíkniefnamál lofað fjármagni til geðdeildarinnar til þess að taka á brýnum vanda. Ég var undrandi á því að upplýsingamiðstöð fyrir foreldra ætti að fara inn á barna- og unglingageðdeild vegna þess að mér var kunnugt um vandann þar sem fyrir var til að sinna öðru eins og hér hefur komið fram, bæði með einhverfa og þá sem eru með geðræn vandamál. En þetta var valið og 12 millj. kr. veittar til þess.

Síðan hefur verið bent á það þegar talað er um vanda barna- og unglingageðdeildar varðandi aðra þætti að, eins og kom fram í fyrirspurn minni, veittar voru 12 millj. kr.

og að þangað geti aðstandendur fíkniefnaneytenda hringt, en í raun og veru hefur ráðning starfsfólksins komið almennri starfsemi barna- og unglingageðdeildarinnar til góða. Það er gott mál en það er ekki hægt að nefna þetta hvort í sínu tilfellinu eins og aðgerð til að takast á við og koma til hjálpar í ólíkum þáttum. Þetta gagnrýni ég. Mér finnst gott að hafa sett peninga í deildina en það er ekki hægt að vingsa svona á milli atriða í því sem maður er að gjöra gott.

[16:28]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það voru orð í tíma töluð hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur þegar hún sagði við hæstv. heilbrrh. að það væri ekki hægt að vingsa á milli hluta. Það er nefnilega nákvæmlega það sem hæstv. heilbrrh. hefur gert. Ég minnist þess þegar hún var hérna vösk og ung baráttukona á síðasta kjörtímabili. Hún hélt 363 ræður og allar þeirra innifólu í sér harða gagnrýni á þáv. ríkisstjórn. Fyrir hvað? M.a. meðferðina á öldruðum, m.a. meðferðina á biðlistunum og nú er hæstv. ráðherra komin í stól þess sem hefur völdin og hvað gerist þá? Hún lyppast ekki bara niður heldur eru verk hennar miklu, miklu verri heldur en þau sem hún var að gagnrýna á síðasta kjörtímabili. Þetta kemur strax í ljós, herra forseti, þegar maður lítur yfir þessa skýrslu frá sjálfum ráðherranum um til að mynda bæklunarlækningar. Það kemur í ljós í þessari skýrslu, það er niðurstaða hennar og hennar sérfræðinga, að helst er pottur brotinn einmitt í bæklunarlækningum. Og hver er áfellisdómurinn sem skýrsla hæstv. ráðherra fellir yfir henni sjálfri? Hann er þessi, herra forseti.

Þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var í heilbrrn. árið 1992, þá voru á biðlistum bæklunarlækningadeildar um 900 manns. Síðan hefur ekkert gerst í þessu máli nema það að kominn er nýr heilbrrh. og hún er búin að vera í embætti í tæp tvö ár. Og hvernig er staðan núna? Samkvæmt skýrslunni sem hún hefur lagt fyrir okkur, þá hefur ástandið versnað frá því um mitt síðasta kjörtímabil í það að núna eru 1.367 manns á biðlistum þessarar sömu deildar? Hver er segir þetta? Það er hæstv. heilbrrh. sjálfur, sá sami heilbrrh. sem óbreyttur þingmaður stjórnarandstöðu kom hingað nokkrum sinnum og gagnrýndi hv. þm. Sighvat Björgvinsson sem þá var heilbrrh. fyrir að 900 manns væru á þessum biðlistum. Þeir eru núna, herra forseti, 50% fleiri, þeir eru 1.367, næstum því upp á einstakling 50% fleiri. Og þessi aukning hefur fyrst og fremst orðið eftir að hv. þm. gerðist heilbrrh. Þetta er mikill áfellisdómur yfir þróuninni sem hefur orðið í þessum málaflokki frá því að þessi þingmaður tók að sér embætti heilbrrh. Og það verður að ganga eftir því hvað Framsfl. ætli að gera til að snúa þessari þróun við. Hvað ætlar hann að gera til þess að uppfylla þær væntingar sem hann gaf þegar hann tók við stjórnartaumum? Hvað ætlar hann að gera til þess að uppfylla þau loforð sem þessi hæstv. heilbrrh. gaf kjósendum í landinu um að nú verði tekin upp allt önnur og betri vinnubrögð í heilbrigðismálum? Auðvitað hefur það gerst að það hafi verið tekin upp allt önnur vinnubrögð en, herra forseti, það liggur fyrir í skýrslu frá hæstv. heilbrrh. að þetta eru miklu verri vinnubrögð. Hún hefur aukið biðlistana um næstum því 50%. Þetta, herra forseti, er verulega slæmt að vita.

Ég segi það líka, herra forseti, að þegar ég les yfir þessa skýrslu, þá finnst mér eins og fullmikill kontóristabragur sé á því sem fram kemur og því miður las hæstv. ráðherra heimastílinn sinn kannski um of nákvæmlega vegna þess að það kom náttúrlega ekkert frá hennar eigin brjósti. Hún var að fara með stílinn sem kontóristarnir bjuggu til í ráðuneytinu í morgun og hún var að velta því fyrir sér að samt sem áður væri það þannig að miðað við önnur lönd, miðað við Norðurlöndin, væru gerðar hérna í flestum tilvikum a.m.k. jafnmargar aðgerðir á hverja 100 þúsund íbúa og í þessum löndum. En gæti það verið, herra forseti, að aðstæðurnar hér væru allt öðruvísi? Hvaða aðgerðir eru það sem eru obbinn af þessum bæklunarskurðlækningum? Eru það ekki margs konar aðgerðir sem tengjast einmitt sliti? Gæti verið að hið íslenska þjóðfélag sem byggist á miklu, miklu meira vinnuframlagi en tíðkast hjá félögum okkar og frændum á Norðurlöndum, væri einfaldlega að endurspegla þennan mismun milli landanna í biðlistunum, þ.e. að það þyrfti miðað við höfðatölu einfaldlega fleiri aðgerðir. Það er auðvitað það sem er að gerast hérna og hæstv. ráðherra á ekki að bjóða þingheimi það að koma hingað og tala um að miðað við einhver önnur lönd kunni þetta að vera í bærilegu lagi, sér í lagi þegar það liggur fyrir svart á hvítu undirskrifað af henni sjálfri að ástandið hefur stórversnað í hennar eigin tíð.

Herra forseti. Annað sem ég á óskaplega erfitt með að sætta mig við að sjá frá ráðherra sem ber ábyrgð á jafnvandasömum málaflokki, er hvernig menn afgreiða málefni geðsjúkra í þessari skýrslu, þegar menn eru að telja hérna upp hvernig staðan er í hinum ýmsu málaflokkum þá kemur allt í einu eins og skrattinn úr sauðarleggnum, með leyfi forseta: „Þá má enn auka úrræði fyrir geðsjúka.“ Þetta er framlag hæstv. heilbrrh. til umræðunnar um málefni geðsjúkra. En hvernig er hin raunverulega staða þar? Á biðlista geðdeildar Landspítalans eru 200 manns og á biðlista barnageðdeildarinnar eru 93 börn og unglingar og yfirlæknir geðdeildarinnar segir að öll þessi mál séu akút-mál, þau þoli ekki bið. Svo kemur hæstv. ráðherra og segir: „Þá má enn auka úrræði fyrir geðsjúka.“ Herra forseti. Svona er ekki hægt að leggja fyrir fullorðið fólk og alls ekki fyrir löggjafarsamkunduna og sjálfsvirðing hæstv. ráðherra á að meina henni að leggja fram svona. Svona geta kontóristar skrifað en svona getur ekki ráðherra lagt fyrir löggjafarsamkunduna.

Það er ýmislegt, herra forseti, sem ég vildi gjarnan fá svör við frá hæstv. ráðherra. Eitt af því sem kom fram í máli hennar var að það mætti nýta betur möguleika sjúkrahúsa úti á landi. Þetta kemur fram aftur og aftur frá hæstv. heilbrrh. og m.a. ýmsum liðsforingjum hennar í liði stjórnarinnar og það er sjálfsagt að kanna þessa möguleika. Fyrir liggur frv. þingmanna úr stjórnarflokkunum um að það eigi að kanna hvort ekki sé hægt að ganga á biðlistana með því að flytja þá út á land og það er nauðsynlegt fyrst hæstv. ráðherra tekur undir þennan málflutning að hún skýri hvað í þessu felst. Er það þá svo, fyrst ráðherrann segir að þetta sé ein leið, að hún sé að halda því fram að ástæðan fyrir biðlistunum sé sú að það skorti aðbúnað, aðstöðu, tæki og mannafla hér á hátæknisjúkrahúsunum? Ég get ekki annað en gagnályktað út frá þessari staðhæfingu hennar að þetta sé raunin.

Hvernig er staðan ef við lítum t.d. á Landspítalann og handlækningadeild Landspítalans? Þar er búið að bæta við skurðstofu. Þar eru á hverju ári gerðar 4.500 aðgerðir. Hvað eru margir á biðlistum? Það er í rauninni hið gleðilega þegar maður ber þessar tölur saman að á hverju ári eru gerðar þarna 4.500 aðgerðir en á biðlistunum eru ekki nema 1.367. Ég segi: Ekki nema, vegna þess að það er gleðiefni í sjálfu sér að þessar tölur gefa til kynna að það sé vel vinnanlegt á tiltölulega skjótum tíma að afgreiða biðlistana, uppræta biðlistana, á þessum deildum og það eru erfiðustu biðlistarnir. Þetta

er ekki nema þriðjungurinn af ársframleiðslunni. Það þýðir raunverulega að með því að setja inn aukið fjármagn, ætti í fljótu bragði að vera hægt að vinna þá alla upp, eða hvað? Ætti það að vera hægt? Miðað við það að hæstv. ráðherra er að tala um að það eigi að flytja aðgerðir út á land, þá hljóta menn að draga þá ályktun að hún sé að velta því fyrir sér vegna þess að hér á hátæknisjúkrahúsunum séu ekki aðstæður fyrir hendi. En staðreyndin er sú að þó að það séu gerðar 4.500 aðgerðir þá er hægt að gera 6.000 aðgerðir. Það væri í rauninni aðstöðunnar vegna hægt að vinna upp alla biðlistana á einu ári ef það fengist fjármagn til þess. Verkefni hæstv. heilbrrh. er þess vegna að útvega þetta fjármagn, ekki að koma hingað og láta að því liggja að biðlistanir séu vegna þess að það skorti aðstöðu. Það er einfaldlega svo að þegar við erum að tala um alvarlegustu biðlistana, þ.e. þá biðlista sem hún sjálf í þessari skýrslu kallar hina alvarlegustu, þá er tæknilega hægt að vinna þá upp á skömmum tíma og hæstv. ráðherra á ekki að láta liggja að öðru í sínu máli eins og hún gerði áðan.

Það er spurt um samkvæmni. Stjórnmálamenn eiga að vera samkvæmir sjálfum sér og við verðum að gera allt það sem við getum til þess að vera það. Stundum auðvitað gerist það að menn einfaldlega sjást ekki fyrir og skilja ekki afleiðingar verka sinna og stundum geta menn einfaldlega ekki verið sjálfum sér samkvæmir. En það er nöturlegt að horfa upp á hæstv. heilbrrh. halda hverja ræðuna á fætur annarri, undirskrifa hvern samninginn og samstarfsáætlunina á fætur annarri um nauðsyn þess að brjóta á bak aftur fíkniefnavandann. Og hvað les maður svo í þessari skýrslu, herra forseti? Hvað les maður svo? Maður les að vegna þess að það er ekki skilningur á vandanum, vegna þess að það er ekki hægt að útvega nægilega mikið fjármagn til þess að vinna bug á þessum biðlistum, þá er fjöldi fólks að ánetjast morfíni og öðrum ávanabindandi lyfjum, þá eru mörg dæmi um það að fólk, vegna veru sinnar á biðlistunum, þarf að fara í meðferð til þess að reyna að slíta helsi þessara lyfja. Það er gert á sama tíma og við erum að skrifa undir samninga um að það sé nauðsynlegt að losna við fíkniefnin.

Herra forseti. Þetta er mál sem tengist okkur öllum hérna. Við þurfum, herra forseti, að skilja hvað það er sem við gerum og ég segi: Það er nauðsynlegt allra hluta vegna að fá fjármagn til þess að vinna bug á þessum biðlistum. Ég tel að þessar upplýsingar sem fram hafa komið um að fólk verði háð ávanabindandi lyfjum vegna veru sinnar á biðlistum geri það að verkum að óhjákvæmilegt sé að skoða þetta mál miklu betur og ríkisstjórnin verður í ljósi þessa að útvega meira fjármagn í málið.

[16:39]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða var afskaplega vel flutt en það er ýmislegt við innihaldið að athuga. Ég ætla aðeins að minna á viðskilnaðinn. Hvað biðu margir eftir hjartaaðgerð fyrir tveimur árum þegar þessi ríkisstjórn settist við völd? Það voru 270 manns sem biðu eftir hjartaaðgerð. Við höfum minnkað þessa biðlista. Það eru 40 nú sem bíða eftir þessum aðgerðum. Og við erum að bæta um betur vegna þess að við erum að opna nýja hjartarannsóknarstofu á Landspítalanum innan nokkurra vikna sem hreinsar burt þessa biðlista. Er þetta einskis virði, hv. þm.?

Hv. þm. talar um að það hafi fjölgað á biðlistum í beinaaðgerðir. Við skulum aðeins fara yfir það mál. Ef við lítum á það hverjir eru að bíða eftir stærstu beinaaðgerðum, þá eru þeir að bíða eftir beinaaðgerðum sem ekki voru gerðar fyrir þremur árum síðan á Íslandi. Þetta eru nýjar tegundir aðgerða og mér finnst leitt að vita til þess að hv. formaður heilbr.- og trn. viti það ekki. Við erum að gera þrisvar til fjórum sinnum fleiri slíkar aðgerðir heldur en nokkur nágrannaþjóð okkar þannig að við erum að vinna mjög gott starf og við erum að ná árangri.

Hv. þm. sagði að skýrslan væri með kontóristabrag. Veit hv. þm. ekki hvað liggur bak við þessa skýrslu? Það var talað við hvern einasta lækni sem er með sjúklinga á biðlista. Hv. þm. vill líka vita hvernig við ætlum að nýta sjúkrahúsin úti á landi betur og það er eðlilegt að hann vilji vita það. Hann þarf ekki annað en líta í fjárlögin til að sjá hvar við ætlum að stytta biðlistann í beinaaðgerðir. Við ætlum að gera það með því að fjölga aðgerðum á Akureyri og erum þegar byrjuð á því, á Akranesi og erum þegar byrjuð á því og á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði. Þessar stofnanir geta tekið við léttari beinaaðgerðum og létt þar með á sjúkrahúsunum í Reykjavík, en það eru áætlaðar 100 millj. kr. til sjúkrahúsanna á Reykjavíkursvæðinu til að stytta biðlistana. Finnst hv. formanni heilbr.- og trn. þetta einskis virði? Kann hann ekki að meta þetta? Finnst honum ekki vera neins virði að hafa náð t.d. utan um biðlistana í hjartaaðgerðum hér á landi?

[16:42]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst merkilegt að sjá æsing hæstv. heilbrrh. yfir því einu að ég hef lesið hér upp tölur sem hún hefur lagt fyrir þingið. Á bls. 7 í skýrslu frá henni um úttekt á áhrifum langrar biðar eftir læknisaðgerðum undir kaflaheitinu Bæklunarlækningar, kemur fram að samkvæmt biðlistayfirliti landlæknis voru um 900 manns á biðlista á árinu 1992 og 1993. Þeim fjölgaði síðar í um 1.300 og það kemur fram að eftir þessum nýju aðgerðum, bakspengingunum sem hæstv. heilbrrh. var að tala um hérna áðan og eru sjálfsagt mjög góðar, bíða samt sem áður ekki nema 180 manns þannig að það er alveg ljóst að þarna er um að ræða verulega aukningu undir forustu hennar í heilbrigðismálunum. Það liggur alveg ljóst fyrir, herra forseti.

Í þessari skýrslu ráðherra segir, með leyfi forseta, á bls. 10:

„Í raun er biðlisti eftir bæklunaraðgerðum sá biðlisti sem mestrar skoðunar þarfnast."

Og það eru nákvæmlega tölurnar sem honum tengjast sem ég var að lesa upp vegna þess að það kemur fram í skýrslu hennar sjálfrar að það er það sem menn þurfa að huga helst að.

Ég var áðan að lýsa eftir afstöðu hæstv. heilbrrh. til þess hvort það væri ekki nauðsynlegt í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma um að mjög margir sem eru á biðlistunum eru það illa kvaldir af verkjum að þeir þurfa að neyta ávanabindandi lyfja og verða háðir þeim, og hvort ekki sé ástæða til þess að draga enn meira fjármagn sem allra fyrst í þennan málaflokk. Hér segir á bls. 9, með leyfi forseta:

„Á árinu 1995 var gerð viðhorfskönnun 55 sjúklinga ... Af 52 sjúklingum sem tóku afstöðu til verkja sögðu 12 verkinn vera óþolandi, 31 verkinn mikinn ..."

Herra forseti. Þetta finnst mér vera nægilegt til þess að menn ráðist á biðlistana með endurnýjuðu afli. Það er verið að brjóta mannréttindi á þessu fólki.

[16:44]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að æsa sig. Aðalatriðið er að vinna bug á þessum biðlistum sem við erum sammála um að eru of langir í bæklunaraðgerðir. Eins og kom fram í ræðu minni áðan er unnið gagngert að því og verulegu fjármagni hefur verið varið til þess. En það verður að koma hér fram að við höfum aldrei gert fleiri aðgerðir en við erum að gera núna. Við höfum aldrei í sögunni verið að gera fleiri bæklunaraðgerðir en núna. Við höfum einfaldlega meiri möguleika heldur en við höfum haft áður og það er þess vegna sem það eru lengri biðlistar. En við getum verið sammála um að það er afar slæmt að sjúklingar þurfi að taka sterk verkjalyf. Því miður er það ekki alltaf þannig að aðgerðin takist það vel að sjúklingur þurfi engin verkjalyf að taka þannig að menn mega náttúrlega ekki ofgera heldur. En það eru nokkrar aðgerðir sem eru svo sérhæfðar að það eru aðeins tveir læknar hér á Íslandi sem gera þær. Það segir sig sjálft að þeir munu ekki á skömmum tíma geta leyst allan þann vanda sem þeirra bíður.

[16:45]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. formaður heilbr.- og trn. lítur með söknuði til síðasta kjörtímabils þegar hann var í þeirri stöðu að hafa kontórista til að skrifa fyrir sig en það hefði sjálfsagt ekki veitt af núna að hafa það vegna þess að það stenst ekki allt í hans ræðu. Ég vildi aðeins rifja upp það sem mér finnst grundvallaratriði af því að hann er að tala um hvað gert hafi verið.

Það sem gert hefur verið er að hæstv. heilbrrh. hefur unnið að því að bæta skipulag, verkaskiptingu og yfirstjórn innan heilbrigðisþjónustunnar þannig að fjármagnið nýtist sem best í þágu sjúklinga til þess að hægt sé að taka upp hátækni, til þess að hægt sé að greiða ný lyf sem koma inn, til þess að hægt sé að ráðast á biðlista. En það bregður svo við að hæstv. heilbrrh. hefur eiginlega aldrei hreyft sig í neinum aðgerðum án þess að liggja undir stórárásum hér á hv. Alþingi eins og það sé sérstök illmennska af hennar hálfu að biðlistar eru í heilbrigðiskerfinu. Svona málflutningur skilar náttúrlega hvorki þinginu né heilbrigðisþjónustunni neitt áfram. Ég hef oft furðað mig á þeim óyfirvegaða æsingi sem fylgir umræðunni hér á þingi þegar heilbrigðismál ber á góma.

[16:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi gagnrýni, hvort sem hún er æsingalaus eða full af æsingi af hálfu stjórnarandstöðu og stundum líka hv. þingmanna stjórnarliðsins, hefur m.a. leitt til þess að hæstv. heilbrrh. hefur í rauninni horfið frá ákvörðunum sínum um að skera niður 160 millj. kr. á sjúkrahúsum dreifbýlisins á þessu ári. Ég tek þetta sem dæmi um að það er rangt sem hv. þm. sagði að það skipti engu þó að menn væru hér með gagnrýni á hæstv. heilbrrh.

Hv. þm. segir að hæstv. heilbrrh. megi ekkert gera án þess að þingið hlaupi upp til handa og fóta. Ef það er svo að hv. þm. er að biðja hæstv. heilbrrh. vægðar og reyna að biðja þingheim um að skjóta sér hjá því að gagnrýna hana, ef hann er að segja að það sé svo ástatt í heilbrrn. og hæstv. ráðherra þoli ekki meiri gagnrýni, þá er sjálfsagt að stjórnarandstaðan taki það til yfirvegunar í fyllstu vinsemd.

[16:48]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að segja hv. formanni heilbr.- og trn. hvernig hann á að haga málflutningi sínum hér á Alþingi. Hæstv. heilbrrh. er alveg fullkomlega fær um að svara fyrir sig. Ég vil bara leiðrétta að það er ekki fyrir málflutning stjórnarandstöðunnar að niðurskurði eða hagræðingu á sjúkrahúsum á landsbyggðinni var dreift á þrjú ár. Það var einfaldlega gert í vinnu stjórnarliða að þessum málum, í vinnu á vegum heilbrrh. Stjórnarandstaðan kom þar ákaflega lítið nærri. Það hefur ekki verið horfið frá þessum áformum. Þetta er einn þátturinn í því að skoða skipulag heilbrigðisþjónustunnar úti um landsbyggðina í því skyni að fjármagn sem lagt er til hennar nýtist sem best og hægt sé að veita sjúklingum sem besta þjónustu í þröngri stöðu. Það er ekki við því að búast að forgangsröðinni í heild verði breytt stórlega á næstu árum, að stökkbreytingar verði í því að heilbrigðiskerfið fái til sín enn stærri hlut af þjóðarkökunni. Ég hef ekki trú á því. Við þurfum að reyna að nýta þá fjármuni sem við leggjum í þetta kerfi sem allra best og ég er mjög fylgjandi því að við reynum allt sem hægt er til þess að stytta biðlista í þjóðfélaginu, t.d. í bæklunaraðgerðum þar sem skórinn kreppir mjög að. Mér dettur ekki í hug að bera á móti því og ég tel að þar þurfum við að gera átak og skoða þau mál alveg sérstaklega.

[16:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég held að þær umræður sem hér hafa farið fram hafi á margan hátt verið góðar og gagnlegar og vonandi koma þær að einhverjum notum þegar við vinnum þetta mál áfram vegna þess að það er ljóst að það er margt sem þarf að gera varðandi biðlistana.

Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað fyrirspurnum mínum sem hér komu fram og vænti ég þess að hún geri það áður en við ljúkum þessari umræðu. Þær snerust fyrst og fremst um það hvort ráðherrann væri tilbúinn að beita sér fyrir að settar yrðu reglur um hámarksbið eftir aðgerðum og eins um það hvernig hún hygðist vinna að því að styrkja úrræði vegna barnageðdeildarinnar.

Það er alveg ljóst að áhyggjur af geðdeildunum, ekki síst barnageðdeildinni, standa mjög upp úr í málflutningi þeirra sem hér hafa talað, þannig að það er mjög brýnt að við fáum skýrar upplýsingar hjá ráðherra til hvaða aðgerða hann ætli að grípa og ekki bara vegna geðdeildarinnar heldur almennt vegna biðlistanna og ekki síst á bæklunardeildinni.

Ég held að það sé alveg ljóst að ástæðan fyrir því að við erum með þessa löngu biðlista er ekki síst sá sparnaður og niðurskurður sem þessi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Og af því að hv. 2. þm. Austurl. var að býsnast yfir því að hér lægi hæstv. heilbrrh. undir sífelldri skothríð af hálfu stjórnarnandstöðunnar og árásum eins og hann kallaði það og ég held að hann hafi notað orðin óyfirvegaðan æsing, þá held ég að hv. þm. ætti að muna það hvernig var á síðasta kjörtímabili þegar heilbrigðismálin komu til umfjöllunar. Ég minnist þess að bæði hann og hæstv. heilbrrh. höfðu mjög stór orð um aðgerðir sem þá voru uppi í heilbrigðismálunum en hæstv. heilbrrh. virðist hafa gleymt því og einnig hv. þm. Jón Kristjánsson.

Ég rakst á í fórum mínum hér um daginn eina slíka ræðu frá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur þar sem hún réðist með óbótaskömmum á þáv. heilbr.- og trmrh. einmitt fyrir þau mál sem við erum að ræða hér í dag, hvernig að þeim væri

staðið og hvernig niðurskurðurinn á sjúkrahúsunum hefði bitnað á sjúklingum. Það er auðvitað freistandi að vitna í þá ræðu, herra forseti. Hún kemur einmitt inn á ýmsa þá þætti sem eru afleiðingar af löngum biðlistum. Hæstv. ráðherra, þáv. þingmaður, sagði þá, með leyfi forseta, að hagræðingin á sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu væri komin á algert hættustig. Það voru ekki spöruð stóru orðin, algert hættustig. Var það óyfirvegaður æsingur, herra forseti, þegar hún talaði um að þetta væri komið á algert hættustig? Og hv. þáv. þm., Ingibjörg Pálmadóttir, talaði einmitt um álag á sjúklingana sem ég gerði að umtalsefni í máli mínu hér áðan, að álagið hefði aukist á hjúkrunarfræðinga sem hv. þm. ætti að hafa skilning á, menntuð sjálf sem hjúkrunarfræðingur. Þá tók hún miklu dýpra í árinni heldur en ég gerði hér áðan, en hún sagði, með leyfi forseta:

„Landlæknir segir að það séu 45% starfsmanna á þessum sjúkrahúsum sem kvarta undan óbærilegri streitu og hægt sé að leiða að því rök að það hafi orðið slys vegna þess.“ — Það hafi orðið slys vegna þess að álagið væri svo mikið. Þetta eru stór orð. Ég viðhafði ekki slík orð hér áðan.

Hv. þm. talaði mikið um biðlistana, taldi þá hafa aukist verulega og sérstaklega í aðgerðir eins og beinaaðgerðir. Síðan vék hv. þáv. þm., Ingibjörg Pálmadóttir, núv. ráðherra, að því hvernig farið væri með Ríkisspítalana. Það voru stór orð sem þá féllu um hvaða afleiðingar niðurskurðurinn á spítölunum hefði sem þá voru 200–300 millj. Hvað eru þær mörg hundruð, milljónirnar sem hæstv. heilbrrh. hefur nú staðið fyrir?

Þá sagði hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, núv. hæstv. heilbrrh.: „Tökum bara Ríkisspítalana eina og sér. Þeir eiga að spara 250–300 millj. kr. og auk þess eiga þeir, bara Ríkisspítalarnir einir, að ná inn 50 millj. kr. í nýjar sértekjur, sem ég er búin að lýsa hér að er útilokað að ná.“ — Hver hefur aukningin á sértekjunum orðið í tíð hennar sem ráðherra? Hæstv. ráðherra sagði að þar fyrir utan eigi þeir að spara 250–300 millj. kr. og hún talar um að það séu 337 legudagar bara á Ríkisspítölunum og þeir hafi sparað og dregið saman á öllum deildum eins og hægt er. Það er ekki nema eitt eftir, sem er að loka deildum, sagði hv. þm. þá. Og hv. þm. spyr: „Hvar í heila heiminum getur það gerst nema á Íslandi þar sem eru byggðar glæsilegar sjúkrastofnanir, þar sem er eitt langbest menntaða fólk í heilbrigðisstéttum í heiminum?“ Og áfram sagði þáv. þm., núv. heilbrrh.: „Við erum afskaplega vel tækjum búin en við getum ekki rekið þessar stofnanir. Og við rekum ekki þessar stofnanir, mörg stór og myndarleg sjúkrahús, nema á hálfum snúningi.“

Hvað erum við að gera núna? Erum við ekki að reka þessa spítala marga hverja þannig að við gætum nýtt þá miklu betur, til að mynda til þess að létta á spítölunum? Hæstv. ráðherra er auðvitað sjálf að kalla yfir sig svona umræðu, kannski stór orð sem hún hefur viðhaft sjálf undir svipuðum kringumstæðum. Og þegar ég hvessti mig nokkuð hér áðan, þá var það ekki vegna þess að ég væri að kenna hæstv. ráðherra um allan vandann á biðlistunum, síður en svo og langt í frá. Ég veit að þetta eru stór og mikil verkefni sem ráðherrann hefur með höndum og eitt stærsta ráðuneytið, en ég hvessti mig fyrst og fremst vegna þess að mér fannst ráðherrann ekki hafa skilning á að þarna væri við vandamál að etja. Ég hefði hagað orðum mínum allt öðruvísi ef ráðherrann hefði viðurkennt að hér væri við vandamál að etja, sem eru þessir löngu biðlistar. En ráðherrann kaus þegar þessi skýrsla kom fram að haga orðum sínum þannig að vísa því á bug að þessir biðlistar væru vandamál.

Ég held líka að þessi umræða sýni að við þurfum að móta heildstæða stefnu almennt í heilbrigðismálum sem taki til allra þátta sem snúa að heilbrigðisþjónustunni og líka biðlista, setja okkur þar markmið vegna þess að þar er ýmislegt sem kallar á slíka nýja stefnumörkun í heilbrigðismálum. Við þingmenn jafnaðarmanna höfum lagt fram þá framtíðarsýn sem við viljum sjá varðandi stefnumótun í heilbrigðismálum sem ég hef ekki tíma til að ræða hér. En þrjú atriði vil ég þó nefna sem ég tel mjög brýnt að setja reglur um. Það er varðandi það sem ég hef nefnt hér áður að mótaðar verði reglur og settar um hámarksbiðtíma eftir læknisaðgerðum. Síðan að mótuð verði samræmd stefna um kaup á nýjum lækningatækjum og lyfjum sem taki mið af þeirri þróun sem hefur orðið í hátækni og nýjum lyfjum. Ég tel alveg nauðsynlegt að þar þurfi að vera skipulag á hlutunum og þar séu mótaðar samræmdar reglur hvernig við viljum halda þar á málum. Eins tel ég að það þurfi, og það snertir óbeint biðlistana líka, að setja samræmda opinbera gæðastaðla í heilbrigðisþjónustunni sem ég tel að muni bæði bæta þjónustuna og gera hana skilvirkari.

Ég held, herra forseti, að við sem stundum státum okkur af góðu og traustu heilbrigðiskerfi getum varla tekið okkur þau orð í munn nema við gerum eitthvað í þessu vandamáli sem hefur skapast vegna biðlistanna. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hún haldi því fram og ætli aftur að fullyrða úr ræðustól, sem hún gerði áðan, að enginn af þeim 3.400 sjúklingum sem eru á biðlistunum séu í bráðavanda, séu bráðasjúklingar vegna þess að öðru er haldið fram í þeirri skýrslu sem ráðherrann ber fyrir þingið þar sem talað er um að bráðasjúklingar á bæklunardeildum séu um helmingur.

Mér finnst líka hafa staðið upp úr þessari umræðu, og sem betur fer fannst mér hæstv. ráðherra hafa góð orð um að bæta þar úr, hve ófullkomnar upplýsingar biðlistarnir veita og að skráning þeirra gefi alls ekki nægjanlegar upplýsingar til þess að við getum metið hvort yfirleitt sé nokkur sparnaður fólginn í því að láta fólk bíða á biðlistum, loka deildum o.s.frv. Við höfum farið yfir alla þá mörgu þætti sem að þessu snúa.

Hv. 10. þm. Reykn., Kristján Pálsson, sem talaði hér áðan og þekkir nokkuð til mála sem varamaður í stjórn Ríkisspítalanna, sagði að þetta mál hefði oft verið rætt innan Ríkisspítala, skortur á skipulegri skráningu á biðlistunum, þannig að það gæti gefið til að mynda ráðherra og þingi nauðsynlegar upplýsingar sem gætu auðveldað ákvarðanatöku í þessu máli. Ég býst við að það kosti nokkuð, a.m.k. aukna vinnu, að koma þessum upplýsingum í nauðsynlegt og eðlilegt horf og ég hvet ráðherra til að setja þá vinnu strax í gang vegna þess að ég held að það hljóti líka að auðvelda hæstv. ráðherra sjálfum öll vinnubrögð og alla ákvarðanatöku um það sem sífellt er uppi á þinginu. Það eru hinir löngu biðlistar á heilbrigðisstofnunum sem er árlegur viðburður að við fjöllum hér á þinginu og urðu ekki til í tíð hæstv. ráðherra. Það er alveg ljóst.

Það hefur ýmislegt athyglisvert komið fram í þessari umræðu, t.d. það sem kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem mér fannst mjög athyglisvert, að það séu helst verkamenn 30–34 ára sem þurfa að gangast undir bæklunaraðgerðirnar og tengdar aðgerðir, það sé langstærsti hópurinn. Mér finnst það athyglisverðar upplýsingar að mikið vinnuslit sem fylgir verkamannavinnu leiði til þessara sjúkdóma og það er svo sannarlega ekki, eins og við heyrum

þessa dagana, verið að meta það neitt til launa þó að þetta fylgi þessari vinnu.

Það er líka til skammar, eins og fram kom hjá hv. 18. þm. Reykv., að þeim sem eru á biðlista og verða af launum sé gert að búa við það að hafa 17 þús. kr. sér til framfærslu á mánuði gegnum sjúkradagpeninga. Ég spyr ráðherra: Getur verið að þeir sem eru á biðlistum, eins og hv. þm. upplýsti, þurfi að borga allt upp í 100 þús. kr. í lyfjakostnað á mánuði? Mér finnst að það þurfi sérstaklega að taka upp þetta með lyfjakostnaðinn ef ofan á allt sem þessir sjúklingar þurfa að búa við sem bíða eftir aðgerðum verði þeir fyrir svona miklum útgjöldum. Ég vissi að útgjöldin væru mikil en ekki þær tölur sem hér voru nefndar, að við værum að tala um kannski 100 þús. kr. að því er varðar lyfjakaup.

Ég spyr ráðherrann um það og spyr hvort hún ætli ekki að kanna það nánar sem fram kemur í þessari skýrslu þannig að hægt sé að taka á því og a.m.k. taka þá sjúklinga út af listum og þeir fái aðgerð sem þurfa að búa við það að vera langtímum saman á ávanabindandi lyfjum. Það er dýrt og kemur út í öðrum útgjöldum hjá hæstv. ráðherra ef þessir sömu sjúklingar þurfa svo að fara í meðferð á eftir, sem vissulega eru dæmi um.

Ég sé að tíma mínum er lokið og ég ítreka spurningar mínar til hæstv. ráðherra.

[17:06]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem var að mestum hluta til málefnaleg, en mig langar til að gera það að umtalsefni í upphafi að mér fannst hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir snúa æðimikið út úr fyrir mér þegar hv. þm. sagði að ég hefði gert lítið úr vandamálum sem fylgja biðlistunum. Ég geri alls ekki lítið úr vandamálinu, það er til staðar og ef hv. þm. hefur hlustað á upphaf ræðu minnar, þá kom ég einmitt sérstaklega inn á að það er bæði vandamál sjúklingsins og fjölskyldunnar og allra aðstandenda þegar sjúklingur bíður eftir alvarlegri aðgerð þannig að það má mikið á sig leggja til að létta á þessum biðlistum. Ég vil að hv. þm. taki það aftur að ég hafi gert lítið úr því. En þar fyrir utan verður að minnast á það sem gert er. Við erum að leggja 5 milljörðum meira til heilbrigðis- og tryggingamála 1997 og 1996 miðað við árin þar á undan eða árið 1995. Við erum því að leggja miklu meira fjármagn til heilbrigðis- og tryggingamála og þó svo við getum ekki gert allt sem við viljum, þá erum við samt að gera miklu fleiri aðgerðir í dag heldur en við höfum gert áður. T.d. opnuðum við gjörgæsludeild á Ríkisspítölum á sl. sumri sem gjörbreytir allri aðstöðu fyrir stærri aðgerðir.

Þessi gjörgæsludeild sem opnuð var í sumar er svo vel búin að slíkar gjörgæsludeildir sjást ekki víða á Norðurlöndum. Það verður að minna á að við höfum aldrei gert fleiri aðgerðir en við erum einmitt að gera núna og við erum að fjölga aðgerðum bæði úti á landi og á Reykjavíkursvæðinu. Við erum að auka þjónustu við aldraða með því að opna Landakot sem öldrunarsjúkrahús, með því að opna Skógarbæ, hjúkrunarheimilið fyrir 70 sjúklinga, með því að opna í Ási í Hveragerði fyrir geðfatlaða aldraða. Við erum að efla barna- og unglingageðdeildina. Við höfum lagt verulega meira fjármagn til barna- og unglingageðdeildarinnar heldur en hefur verið gert undanfarin ár.

Hv. þm. spyr hvort rétt sé að fara sömu leið og Norðurlandaþjóðir hafa gert varðandi hámarksbið eftir aðgerð. Við þurfum að skoða það mjög vandlega. Málið er að þessi hámarksbiðtími hefur ekki leyst neitt vandamál á hinum Norðurlöndunum þannig að ef við gerum það eitt erum við ekki að leysa neitt vandamál.

Hv. þm. spurði að í síðari ræðu sinni hvort það geti verið að einhverjir sjúklingar séu að borga 100 þús. kr. í lyfjakostnað vegna þess að þeir séu að bíða eftir aðgerð. Þessar upplýsingar komu frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur og ég mun kanna hvort þetta geti verið vegna þess að ef sjúklingur hefur háan lyfjakostnað þá fær hann afslátt, eins og hv. þm. kannast við, eða fær svokallað lyfjakort. Ef það er rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að sjúklingar séu að borga 100 þús. kr. á mánuði þá verður það skoðað sérstaklega, en það eru þá nýjar upplýsingar.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á að skýrslan sem hér er lögð fram sé öðruvísi en hún á að venjast. Það er vegna þess að nefnd hefur starfað frá því í maí að því að fara nákvæmlega ofan í þessa biðlista. Hvað er á bak við biðlistana? Hvernig nákvæmlega sjúklingarnir hafa það, hvað læknarnir hafa um það að segja, o.s.frv. Það hefur aldrei verið farið svona nákvæmlega ofan í biðlista og núna og það mun auðvitað gagnast okkur til framtíðar.

Ég hafði tækifæri til að svara öðrum í andsvörum þannig að mér finnst ekki ástæða til að lengja þessa umræðu meira en orðið er, en ég endurtek þakkir mínar til þeirra sem tóku þátt í henni. Þetta er vandamál sem er unnið að að leysa. Það verður aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll en það er unnið að öllum þáttum biðlistamálsins og það mun að sjálfsögðu færa okkur árangur.

[17:11]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. mótmælti því að hún hefði nokkurn tíma talað um að þetta væri ekki vandamál. Nú var ég alls ekki að leggja hæstv. ráðherra þessi orð í munn. Það sem ég var að gera var að lesa það sem ráðherrann sagði í útvarpi eftir að þessi skýrsla kom fram. Ég fékk útskrift af því af því að ég varð svo undrandi. Ég ætla að lesa það orðrétt, herra forseti, þannig að það fari ekki á milli mála. Ég talaði um að ástandið væri óviðunandi og það er haft eftir mér. Síðan kemur:

„Ingibjörg Pálmadóttir vísaði þessu alveg á bug og segir að á flestum sviðum séu biðlistar ekki vandamál." Síðan kemur: „Ingibjörg segir því biðlistaskýrsluna ekki sýna slæmt ástand heldur þvert á móti að yfirvöld séu á réttri leið."

Þetta er haft nákvæmlega eftir ráðherranum og ráðherrann getur varla mótmælt sínum eigin orðum.

Varðandi það að setja reglur um hámarksbið eftir aðgerð, þá vitnar ráðherrann til þess að erlendis þar sem þetta hafi verið gert hafi það ekki leyst nein vandamál og ekki reynst vel. Hvaðan hefur hæstv. ráðherra þetta? Þetta kemur alls ekki fram í þeirri skýrslu sem við höfum verið að ræða hér og ég bið ráðherrann um að rökstyðja sitt mál frekar áður en hún setur slíkar fullyrðingar fram. Ég hef heyrt það haft eftir t.d. landlækni að hann telur að reynslan sýni að þetta hafi virkað vel á Norðurlöndum, vandamálin þar séu hverfandi og að setja reglur um hámarksbið hafi verið verulega til bóta. Ég óska því eftir því við þessa umræðu að heilbr.- og trn. — hér er nú einn fulltrúi úr heilbr.- og trn. — taki þessi ummæli hæstv. ráðherra til sérstakrar skoðunar og leggi mat á hvort rétt sé að þær reglur sem settar voru á hinum Norðurlöndunum hafi ekki verið til bóta. Mér finnst að hæstv. ráðherra skuldi okkur skýringu á þessari fullyrðing sinni.

[17:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir las upp úr útvarpsfrétt orð sem eftir mér eru höfð en því miður er ég ekki með það sem hv. þm. sagði í öðru útvarpsviðtali kvöldið áður og þetta eru svör við því þar sem hv. þm. sagði að við værum undir öryggismörkum og hafði mjög sterk orð um það. Ég var einungis að benda á að sem betur fer hefðum við náð utan um erfiðustu biðlistana sem við vorum með í hjartaskurðaðgerðirnar og taldi upp líka þær nýjungar sem við höfum verið að gera á undanförnum tveimur árum og þær eru ýmsar.

Varðandi seinna málið að þetta hafi ekki leyst vandann á Norðurlöndum, hvaðan ég eiginlega hafi það. Ég fylgist auðvitað með því sem er að gerast á öðrum Norðurlöndum og hef samband við aðra ráðherra. T.d. segir heilbrigðisráðherra Noregs að þetta hafi ekki leyst nokkurt vandamál hjá þeim og þeir eru núna að endurskoða sín mál vegna þess að þetta er verulegt vandamál í Noregi þrátt fyrir að þetta svokallaða „garanti" hafi verið um nokkuð langan tíma í gildi.

[17:15]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend vissulega við þau orð sem ég sagði í útvarpi um þetta mál þó að hæstv. ráðherra geri það ekki. Ég stend við það sem hef sagt að ég tel að ástandið sé þannig að það sé undir öryggismörkum. Við sjáum að biðlistar hér eru tvisvar til þrisvar sinnum lengri heldur en eðlilegt er talið á hinum Norðurlöndunum. Og ég vísa líka til þess að yfirlæknar t.d. á bæklunarlækningadeildum telja að stefna eigi að því að hafa hér 3–4 mánaða hámarksbið.

Ég vitna líka til þess, herra forseti, að ef það er svo að þetta hafi ekki reynst vel á hinum Norðurlöndunum, hvers vegna í ósköpunum kemur það ekki fram í skýrslu hæstv. ráðherra? Þar er þó verið að fjalla um biðlista á Norðurlöndum. Af hverju er það þá ekki tekið fram í þeirri skýrslu sem við höfum til umræðu hér af því að hæstv. ráðherra veit að hér hefur verið rætt um að setja slíkar reglur? Ég tel, og stend við það, að meðan biðlistarnir eru þannig að fólk þarf meira að segja að vera á miklum lyfjum og ávanabindandi lyfjum, það líður miklar þjáningar eins og hér hefur komið fram, það eru bráðasjúklingar á þessum biðlistum, þá sé öryggi fólks teflt í tvísýnu. Ég stend við það sem ég sagði í útvarpinu í því efni þó að ráðherrann kjósi að standa ekki við þau orð sem hún viðhafði um þessi efni í útvarpinu.

En þessar skýringar nægja mér ekki, herra forseti, sem rökstuðningur fyrir því máli ráðherrans að þær aðgerðir sem gripið var til á hinum Norðurlöndunum hafi ekki reynst vel.

[17:17]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við bætum okkur ekki mikið upp með því að vera að snúa út úr hvert fyrir öðru hér á hinu háa Alþingi. Ég var aðeins að skýra út hverju ég var að svara og ég var að benda á það að við höfum stytt verulega biðlista í mjög alvarlegar aðgerðir. Það er alveg sjálfsagt að það komi fram.

En markmið okkar er það sama. Það er að stytta biðlista. Það er að hafa ekki sárþjáð fólk á verkjalyfjum heima. En það kom fram í máli mínu áðan líka að það eru ýmsar aðgerðir sem aðeins mjög fáir sérfræðingar gera hér á landi. Þannig að þó svo að við settum í þetta alla þá fjármuni sem hægt er að leggja til, þá mundum við samt ekki ná utan um vandamálið því að við þurfum þá fleiri sérfræðinga heldur en við höfum í dag.

[17:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna orða hæstv. ráðherra um áform hennar til að bæta öldrunarþjónustu, þjónustu við geðfatlaða og barna- og unglingageðdeild eins og hún taldi upp áðan í máli sínu. Það er hægt að skera svo mjög niður að ef menn bakka aðeins í niðurskurðinum, þá eru þeir náttúrlega að bæta aðeins. En það þýðir náttúrlega ekki að vera að berja sér á brjóst fyrir það, vera búinn að skera það mikið niður að ef maður bakkar aðeins, þá er maður að bæta, þó að það sé kannski aðeins úrbót.

Vegna lyfjakostnaðar þeirra sem eru á biðlistum, þá hef ég fengið upphringingar frá fólki sem hefur haft verulegan kostnað af lyfjum meðan þeir bíða eftir aðgerðum og hafa ekki vitað um endurgreiðslureglurnar. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er nógu vel staðið að því að kynna þann rétt sem fólk hefur til endurgreiðslu vegna lyfjakostnaðar? Og ég spyr hæstv. ráðherra: Er endurgreitt vegna lyfja sem menn borga að fullu? Ég minni á að endurgreiðslureglurnar sem gilda í dag eru tekjutengdar þannig að það er búið að snúa þessum reglum sem voru flóknar fyrir, það er búið að gera þær svo flóknar að menn þurfa að vera við hestaheilsu til þess að geta nýtt sér þær eins og ég hef oft sagt um þessar vitlausu endurgreiðslureglur sem hafa gilt um lyfjakostnað almannatrygginga. Þannig að ég stend við það að ég hef upplýsingar um að fólk hefur haft milli 50 til 100 þús. kr. kostnað af lyfjum meðan þeir voru á biðlistum og það tel ég algjörlega óviðunandi.

[17:20]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera að endurgreiðsluréttur inn sé ekki nógu vel skýrður fyrir almenningi. Hv. þm. er fyrrv. upplýsingafulltrúi hjá Tryggingastofnun og þekkir það náttúrlega allra manna best. Það er alveg hárrétt að það er tekjutengd endurgreiðsla við viss lyf en það er auðvitað algjörlega óásættanlegt ef einhver sjúklingur er að borga einhverjar 100 þús. kr. á mánuði og ég mun fá að skoða það alveg sérstaklega.

Ég held ég hafi svarað öðrum þeim spurningum sem hv. þm. lagði fyrir mig. Við erum að bæta öldrunarþjónustu með því að fjölga hjúkrunarrýmum. Það hefur oft komið fram. Hv. þm. sagði að það væri hægt að skera svo mikið niður að allt annað væri til bóta. Við höfum ekki skorið niður á barna- og unglingageðdeildinni á þessum tveimur árum sem ég hef setið á stóli heilbr.- og trmrh.

[17:21]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minni á að þjónustu við einhverf börn á barna- og unglingageðdeildinni hefur verið hætt. Hvað er það annað en niðurskurður á þjónustu? Ég tek ekki gildar svona yfirlýsingar.

Vegna endurgreiðslureglnanna um lyfin, þá er búið að breyta þeim reglum nokkrum sinnum og eftir því sem ég best veit er ekki endurgreitt vegna lyfja sem menn borga að fullu. Það eru verkjalyf og það eru svefnlyf. Þau eru í þeim flokkum sem menn borga að fullu. Þannig að ég hvet hæstv.

ráðherra til þess að skoða þessar endurgreiðslureglur því að ég tek alveg undir með hæstv. ráðherra að það er óviðunandi ef menn standa frammi fyrir slíkum lyfjakostnaði meðan þeir bíða. Það er alveg rétt, það er óviðunandi. Og ég fer fram á það við hæstv. ráðherra að hún skoði þessar reglur því að ef reglurnar fela í sér að menn eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þá sækja menn hann auðvitað ekki, hvort sem útgjöldin eru 50 þús. kr. á mánuði eða 100 þús. eða hvað það er.

Ég er ekki að tala um tekjutengingu. Ég er að tala um lyf sem menn borga að fullu. Það eru fjórir flokkar lyfja og það eru mismunandi reglur sem gilda um hvern flokk. Ég hef ekki tíma til þess að fara yfir þessar reglur um greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði, en eftir því sem ég best veit um endurgreiðslureglur hæstv. ráðherra, þá er ekki endurgreitt vegna ákveðinna flokka. Þannig að ég óska eftir því hér við hæstv. ráðherra að hún skoði þessar reglur og ráði bót á þeim ef fólk fer mjög illa út úr þeim reglum sem nú gilda því að ég hef það mjög á tilfinningunni, miðað við það sem ég heyri frá þeim að búa við það að bíða á lyfjum eftir læknisþjónustu, að þarna sé eitthvað sem þarf að kippa í liðinn.

[17:24]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þessa skýrslu umfram það sem þegar hefur verið sagt, annað en vekja athygli á því hvað í henni stendur. En í henni stendur, með leyfi forseta, um bæklunarlækningar:

„Samkvæmt biðlistayfirliti landlæknis voru 1.160 manns á biðlistanum árið 1991 en fækkaði niður undir 900 á árunum 1992 og 1993 en fjölgaði síðan í um 1.300 á árunum 1995 og 1996."

Þetta þýddi það að á síðasta kjörtímabili tókst að fækka um 25% á biðlistum vegna bæklunarlækninga en þeim hefur nú fjölgað aftur um 30%. Þetta segir hæstv. ráðherra sjálf í sínu yfirliti.

Síðan hafa líka komið ábendingar frá hæstv. ráðherra, t.d. um fjölgun hryggspengingaraðgerða og það er rétt, en það er hins vegar ekki rétt að þær aðgerðir hafi verið teknar upp í hennar tíð í heilbrrn. vegna þess að sá læknir sem ráðinn var til starfa til að gera þær aðgerðir var ráðinn til starfa í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og hóf starfsemi sína þá.

Þá er það ekki heldur rétt að um fjölgun á hjartaaðgerðum hafi verið að ræða, þ.e. opnum brjóstholsaðgerðum. Þvert á móti hefur þeim fækkað. Það er hins vegar alveg rétt að kransæðavíkkunum hefur fjölgað en það eru einnig aðgerðir sem hófust í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þannig að ástæðan fyrir því að nokkuð hefur bætt úr aðgerðum og fjölgað aðgerðum á tilteknum sviðum er ekki vegna þess að þarna sé um nýja starfsemi að ræða sem hafi hafist á þessu kjörtímabili, heldur starfsemi sem hófst á síðasta kjörtímabili, nýja starfsemi sem hófst þá og hefur verið í vexti síðan.

Ég hef hingað til ekki tekið mikinn þátt í þeim umræðum sem hér hafa oft verið um heilbrigðismál og er það af ásettu ráði. Það er vegna þess að ég þarf ekki að hafa mörg orð þar um. Erfiðasti andstæðingur hæstv. ráðherra er skugginn af henni sjálfri. Erfiðasta viðfangsefnið sem hún á við að etja er að mæta sínum eigin orðum frá fyrra kjörtímabili og þarf ekki að hafa mörg orð þar um. Hvenær sem hæstv. ráðherra óskar væri hægt að vitna í hana sjálfa, frá því hún var hér óbreyttur þingmaður, um það sem hún er nú að gera og öllu meiri andstæður verða varla fundnar.

Það sem mér finnst vera hins vegar ástæða til að nefna hér er sá máti sem þessi skýrsla er sett fram á, þar sem enn virðist það henda hæstv. ráðherra að fara í hlutverk Ragnars Reykáss. Sett er fram fullyrðing í einni setningu og hún síðan tekin til baka í þeirri næstu. Það er þetta sama Ragnars Reykáss-hlutverk og hæstv. ráðherra leikur ef borin eru saman ummæli hennar frá því hún var almennur þingmaður og svo ummæli hennar og aðgerðir nú. Og það er mjög einkennilegt og athyglisvert jafnframt að þessi Ragnars Reykáss-háttur heldur áfram í þessari skýrslu og jafnvel í setningum sem eru í beinu framhaldi hver af annarri. En, virðulegi forseti, ég vil aðeins vitna til þess hvernig þetta birtist í skýrslunni. Hér er mjög athyglisverð setning á bls. 3 sem út af fyrir sig væri hægt að hafa langt mál um, en hún er svona, með leyfi forseta:

„Meginástæða þess að biðlistar myndast í heilbrigðisþjónustunni er í stórum dráttum sú að eftirspurn eftir þjónustu er meiri en framboð á henni." Síðan mundi Ragnar Reykás bæta við: Elsku karlinn minn. Þar kemur fullyrðing fram sett. Síðan á næstu blaðsíðu, bls. 4, eins og Ragnar Reykás mundi segja: „En oftast eru það læknar sem hafa mest áhrif á það hverjir fara á biðlista og hversu lengi þeir eru þar", þ.e. þarna eru settar fram tvær algjörlega gagnstæðar fullyrðingar. Annars vegar fullyrðingin um það að meginástæða þess að biðlistar myndist í heilbrigðisþjónustu sé sú að eftirspurn eftir þjónustu sé meiri en framboð á henni, sem er nú ekki mjög gáfuleg athugasemd en engu að síður sennilega rétt. Síðan er það dregið í land á næstu síðu vegna þess að þar er fullyrt að það sé nú ekki svo, heldur séu það læknarnir sem hafi mest áhrif á það hverjir fari á biðlista og hversu lengi þeir eru þar. Þá er ekki lengur um lögmál framboðs og eftirspurnar að ræða heldur er þetta allt saman sett á læknana og sagt: Það er ekki lögmál framboðs og eftirspurnar sem ræður því heldur eru það læknarnir sem ráða ferðinni. Þetta er dæmigerður málflutningur í ætt við þá ágætu fjölskyldu og hennar fjallabíl sem kenndur er við Ragnar Reykás.

Síðan segir í næstu málsgrein, með leyfi forseta: „Það virðist vera alþjóðleg niðurstaða, að þar sem sjúklingur ber ekki kostnað af aðgerðinni sjálfur, þ.e. þar sem ríkið greiðir, þar eru biðlistar almennt lengri. Þar sem læknum er greitt fyrir hverja aðgerð sérstaklega, þar eru biðlistar að jafnaði styttri" elsku karlinn minn. Og svo heldur hæstv. ráðherra áfram og segir: „Slíku afkastahvetjandi kerfi fylgja þó ýmsir ókostir; það er allajafna dýrara og um það standa sífelldar deilur hvort gerðar séu ónauðsynlegar aðgerðir. Það er því í beinu framhaldi af þessum atriðum sem á það er bent að lengd biðlista sé í öfugu hlutfalli við það hversu mikið fé er veitt til aðgerða." Með öðrum orðum, í fyrri tveimur setningunum er sett fram fullyrðing um alþjóðlega niðurstöðu, þ.e. að þar sem sjúklingurinn ber ekki kostnað af aðgerðinni sjálfri séu biðlistar lengri og öfugt þegar um það er að ræða að læknum sé greitt fyrir hverja aðgerð sérstaklega. Þessi fullyrðing er þar fram sett og svo er hún dregin til baka í næstu tveimur setningum. Svona gerir Ragnar Reykás. Þetta er hans aðferð. Þetta er aðferðin sem er kennd við Ragnar Reykás og hans fjallabíl. Og það er mjög einkennilegt og bæði skemmtilegt og broslegt í senn að þetta er þessi Ragnar Reykás-aðferð sem hæstv. heilbrrh. notar. Síðan bætir hæstv. heilbrrh. við í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Í stórum dráttum má líta á biðlista sem tæki til að gera áætlanir og skipuleggja vinnu og vinnuálag. Hér á landi hafa þeir stundum fengið þá stöðu í umræðunni að verða tæki

til þess að fá aukið fé veitt inn á ákveðnar deildir eða til ákveðinna aðgerða. Það er því áróðurslega jákvætt að geta sýnt fram á langa biðlista og að þeir lengist, þegar talið er að meira fé þurfi til starfseminnar", elsku karlinn minn.

Þetta er auðvitað alveg ljóst. Svo heldur Ragnar Reykás áfram og segir: „Það er hins vegar mikil einföldun eins og reynt er að draga fram hér að framan. Langir biðlistar gera líka auknar kröfur til mönnunar í stjórnun og það er reynslan að þar sem umhirðu biðlistanna er sinnt stöðugt er ástandið betra og skipulagning auðveldari."

Öllu betur verður þetta nú ekki gert en að setja tvær gagnstæðar skoðanir og fullyrðingar fram í sömu málsgreininni. Það er ekki einu sinni að það séu greinaskil á milli. Þetta er sett fram í einni og sömu málsgreininni, tvær gagnstæðar fullyrðingar, og hæstv. heilbrrh. gerir þær báðar að sínum eins og Ragnar Reykás gerir að jafnaði. Það er því ekkert einkennilegt við það þó að hæstv. heilbrrh. sé í mótsögn við sjálfa sig frá síðasta kjörtímabili. Hún er líka, hæstv. ráðherra, í mótsögn við sjálfa sig, setningu fyrir setningu í þeirri skýrslu sem hún leggur fram nú þannig að það er mjög erfitt að ræða við hæstv. heilbrrh. um þær fullyrðingar sem hún setur fram í þessari skýrslu vegna þess að hæstv. ráðherra getur alltaf bent á það að sú fullyrðing sem á að ræða sé dregin til baka í næstu setningu á eftir. En engu að síður hef ég gaman af að heyra hæstv. ráðherra rökstyðja það hvernig það getur verið í senn að það sé lögmál framboðs og eftirspurnar sem ráði lengd biðlista og að það séu læknarnir sem hafi mest áhrif á það hverjir séu á biðlista og hversu lengi þeir séu þar.

Ég hefði líka haft gaman af að heyra hæstv. ráðherra færa rök fyrir því að biðlistar séu notaðir sem tæki til þess að fá aukið fé í ákveðnar deildir og að því sé áróðurslega jákvætt að geta sýnt fram á langa biðlista og þeir lengist þegar talið er að meira fé þurfi til starfseminnar. Virðulegi forseti, er þá hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að þeir löngu biðlistar sem kynntir hafa verið á einstökum sviðum séu áróðursaðferð til þess að tryggja það að viðkomandi starfsemi fái meira fé eða er hæstv. ráðherra algjörlega öndverðrar skoðunar, sem hæstv. ráðherra setur fram í næstu setningu á eftir?

[17:34]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fyrrv. heilbrrh. fyrir hans ræðu. Hann talaði mikið um Ragnar Reykás og hans ágætu fjölskyldu. Ég var að hugsa hvort okkar væri líkara Ragnari Reykás, elsku karlinn minn, ég eða hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. því hann sneri mjög vel út úr þegar hann var að lesa upp úr þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir en það er eins og gerist. Menn hafa gaman af að grínast.

Það sem nákvæmlega stendur í þessari skýrslu og hann er að vitna til á bls. 3 um stöðu biðlistamála á Norðurlöndum er að þar er verið að skýra betra og meira framboð kallar á meiri eftirspurn, eðlilega. Eftir því sem við höfum betri og sérhæfðari sérfræðinga sem gera hlutina betur, þess meiri væntingar eru að sjálfsögðu hjá sjúklingum og við erum svo lánsamir Íslendingar að við erum með mjög góða sérfræðinga. Einn þeirra minntist hv. þm. á áðan og það er alveg hárrétt hjá honum og rétt munað að hann réð hann til starfa og hann framkvæmir margar bæklunaraðgerðir. En þeim hefur fjölgað gífurlega á þessum tíma.

Ég vil líka minna á, af því að hv. þm. gerði mjög lítið úr því sem hefur verið gert á þessu kjörtímabili og sagði m.a. að hjartaaðgerðum hefði fækkað, þá var gert alveg sérstakt átak sumarið 1995 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Það voru biðlistar í alvarlegar hjartaaðgerðir og ríkisstjórnin lagði 40 millj. kr. til þess að stytta biðlistana. Síðan er, eins og fram hefur komið, verið að taka í notkun nýja rannsóknarstofu sem eykur möguleikana varðandi kransæðavíkkanir.

[17:36]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara í neinn samanburð við hæstv. heilbrrh. um hvort okkar sé líkara Ragnari Reykás á velli. Ég læt aðra dæma um það. En nú féll mér allur ketill í eld því að nú kom hæstv. ráðherra fram með þriðju kenninguna, sem þó hvergi er sett fram í þessari skýrslu og það er meira en Ragnar Reykás hefur nokkurn tíma getað gert, en það er í sambandi við stöðu biðlistamála á Norðurlöndum þar sem segir svo í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Meginástæða þess að biðlistar myndast í heilbrigðisþjónustunni er í stórum dráttum sú að eftirspurn eftir þjónustu er meiri en framboðið á henni," en til viðbótar þessu setti hæstv. ráðherra fram þá staðhæfingu að því meira sem framboðið væri, þeim mun meiri væri eftirspurnin. Sú staðhæfing skýtur gersamlega skökku við það sem segir í tilvitnaðri setningu. Hæstv. ráðherra er kominn hvorki meira né minna en þriðju fullyrðinguna og fer nú að verða erfitt að líkja hæstv. ráðherra við Ragnar Reykás og fjölskyldu hans með sinn fjallabíl því að Ragnar Reykás hefur aldrei komist lengra en svo að setja fram tvær gagnstæðar fullyrðingar á sama tíma. En hæstv. ráðherra hefur afrekað að setja þær fram þrjár.

[17:38]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvort okkar sem er nú líkara Ragnari Reykás, þá langar mig að spyrja hv. þm. hvort hann sé ekki sammála mér um að eftir því sem við höfum betri sérfræðinga og fleiri, þess meiri möguleika höfum við og þess fleiri aðgerðir gerum við og það vekur meiri vonir hjá sjúklingum um árangur og þar af leiðandi eru fleiri sem njóta.

[17:38]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt að þegar koma sérfræðingar sem bjóða upp á aðgerðir sem ekki hafa verið gerðar hér áður má búast við að slíkum aðgerðum fjölgi frá því að vera engar og yfir í það að vera einhverjar. En ég er ekki sammála þessari viðbótarfullyrðingu sem kemur hér fram að því fleiri sérfræðingar sem koma hingað til landsins því meiri aukning verði á aðgerðum. Þá er ég hræddur um að menn lentu í vandræðum fyrr eða síðar ef svo fer að það sé skoðun hæstv. ráðherra, sem hún virðist vera að ítreka hér, að það eigi að hafa stjórn á eftirspurninni eftir aðgerðum og lækningum með því að hafa stjórn á framboði manna sem eru reiðubúnir til þess að aðstoða sjúklinga. (**Heilbrrh.:** Það er auðvelt að snúa út úr.) Ég er ekki að snúa út úr, virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra sagði það og ítrekaði það sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að auknu framboði hlyti í öllum tilvikum að fylgja aukin eftirspurn. Það er út af fyrir sig nokkuð merkilegur hlutur svo að maður tali nú ekki um það, sem kemur fram í skýrslunni og ég hafði ekki tíma til að fara í áðan, að aðferðin til þess að fækka á biðlistunum væri eins

og segir í skýrslunni: „að fara yfir þá“ því þá fækkaði alltaf um 10–15%. Væri þá ekki tilvalið fyrir hæstv. ráðherra til þess að ná þessu í gott lag að fara oftar yfir þá heldur en hann hefur gert ef það er algilt lögmál að það fækki á biðlistum um 10–15% í hvert skipti sem ráðherra les þá yfir?

Virðulegi forseti. Það eru svo margar spurningar sem vakna við þennan lestur og ekki síst við þann mýgrút ólíkra sjónarmiða sem settar eru fram í nafni hæstv. heilbrrh. að ég verð að segja eins og er að ég hef ekki hugmynd um fyrir hvað ráðherrann stendur, hvað hæstv. ráðherra meinar, hvað hún vill, hver er afstaða hennar, en það er út af fyrir sig, virðulegi forseti, ekkert nýtt því að það hefur mér ekki verið ljóst sl. tvö ár.

Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 210. mál. — Þskj. 249.

[17:41]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum rætt biðlista í heilbrigðisþjónustunni í þrjá klukkutíma. Við höfum rætt allar hliðar orsaka og afleiðingar og ætlan ráðherra til að bregðast við. Tillagan er um að kanna ítarlega biðlista sjúklinga í heilbrigðisþjónustu, samsetningu þeirra, búsetu sjúklinga, aldur og biðtíma, hve bráð meðferð er og hve mikil vinnugeta er skert. Markmiðið er að afla upplýsinga, móta tillögur um að stytta biðlistana, meta það að hve miklu leyti er mögulegt og hagkvæmt að nýta heilbrigðisaðstöðu sem fyrir er utan höfuðborgarsvæðis til að stytta biðlistana og reyna að meta þann kostnað sem þjóðin ber vegna biðlistanna.

Með tilliti til umræðunnar, viðbragða ráðherra og svara hennar ætla ég bara að segja þetta, virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða þessa tillögu efnislega, það er óþarfi, því hafi nokkurn tíma nokkurt þingmál lagst sjálfkrafa af, þá er það þetta. Máli mínu er lokið.

[17:42]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er að sumu leyti rétt sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að efni þessarar tillögu er búið að ræða mjög mikið í dag með því að skýrsla sem heilbrrh. hefur lagt fram hefur verið til umræðu í allan dag.

Tilgangur okkar félaganna með því að leggja fram þáltill. var eingöngu að hvetja til þess að biðlistamálin yrðu skoðuð og reynt að meta það, eins og stendur í tillögunni, hvernig hægt væri að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna betur. Við erum eingöngu að tala um að við höfum heilbrigðiskerfi í landinu sem er mjög gott en hjá okkur hafa vaknað spurningar um hvort það er nægilega vel nýtt alls staðar. Ég undraðist mjög þegar ég fór að lesa í þingtíðindum þær umræður sem urðu um þessa tillögu þegar hún kom á dagskrá vegna þess að tilgangur okkar var eingöngu sá að reyna að meta hvort ekki væri hægt að nýta þetta kerfi sem við höfum mun betur. Ég sé á skýrslu ráðherra að það er einmitt það sem hún hefur í hyggju, m.a. með því að nýta þá afkastagetu sem er til úti á landsbyggðinni. Á bls. 11 segir m.a., með leyfi forseta:

„Endurskoða skal dreifingu aðgerða í ljósi þess að bæst hefur við ný læknisstaða á Akureyri og veitt hefur verið sérstakt fé til sjúkrahússins á Akranesi í bæklunaraðgerðir.“

Sjúkrahúsið á Akranesi er ekki talið upp með sjúkrahúsum með biðlista þannig að þess má vænta að það sé rúm til þess að létta á þeim sjúklingum sem bíða eftir bæklunaraðgerðum. Tilgangur okkur var ekki annarlegri en svo en að létta á því fólki sem bíður eftir þjónustu í heilbrigðiskerfinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmenn sjúklinga, fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 213. mál. — Þskj. 260.

[17:46]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um umboðsmenn sjúklinga. 1. flm. er Ásta B. Þorsteinsdóttir, en ásamt okkur flytja þetta mál hv. þm. Össur Skarphéðinsson, Sighvatur Björgvinsson og Guðmundur Árni Stefánsson. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðningu umboðsmanna sjúklinga að öllum stærri sjúkrahúsum og í hverju heilsugæsluumdæmi sem gæti hagsmuna og réttinda sjúklinga.“

Virðulegi forseti. Það er hægt að segja að á síðustu árum hafi stjórnvöld orðið meðvitaðri um að leita leiða til þess að auðvelda borgurum þessa lands að fá fjallað um mál er snerta samskipti þeirra við stjórnsýslu- eða þjónustustofnanir. Stofnun embættis umboðsmanns Alþingis er gleggsta dæmið um að stjórnvöld hafi viðurkennt þessa þörf. Stofnun embættis umboðsmanns barna er annað mikilvægt skref í þessa veru og væntanlega munu börn eiga öflugan talsmann þar. Það er nokkuð misjafnt hvernig stefnan í réttindagæslu borgara hefur verið í okkar næstu nágrannalöndum. Í Danmörku er starfandi umboðsmaður danska þjóðþingsins eins og kunnugt er. Með breytingum á lögum um það embætti hefur valdsvið umboðsmannsins verið víkkað þannig að nú er það á hans færi að taka við umkvörtunum í samskiptum borganna við önnur stjórnsýslustig en ríkisvaldið, m.a. þjónustustofnanir sveitarstjórnar og þótti slík breyting nauðsynleg í kjölfar breytinga á skipan sveitarstjórnarmála og tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Sama erum við að skoða hér hjá okkur eftir að við erum byrjuð að flytja verkefni til sveitarfélaganna.

Svíar hafa tekið aðra stefnu og skipað sérstakan umboðsmann fyrir ýmsa viðkvæma minnihlutahópa. Þar í landi er þannig starfandi sérstakur umboðsmaður barna, sérstakur umboðsmaður innflytjenda og nú fyrir skömmu tók til starfa umboðsmaður fatlaðra. Það má nefna í tengslum við það að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hefur verið stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra.

Sjúkrastofnanir erlendis hafa í vaxandi mæli skipað sérstaka talsmenn eða umboðsmenn til stuðnings sjúklingum sem telja sig hafa fengið ófullnægjandi þjónustu eða telja sig hafa orðið fyrir vanrækslu starfsfólks. Umboðsmenn sjúklinga starfa nú í yfir helmingi allra heilbrigðisstofnana í Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum er verið að gera tilraunir með svipað fyrirkomulag.

Það er ástæða til að halda því til haga, virðulegi forseti, að þingmenn Kvennalistans hafa á þremur þingum, því 112. og fram til 117., flutt frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, um trúnaðarmenn sjúklinga við sjúkrahús. Það er ekki óskyld hugmynd sem þar hefur verið á ferð. Það hefur hins vegar ekki fengið afgreiðslu þingsins og þó

að þetta mál sem hér er mælt fyrir sé skylt, þá er hlutverk umboðsmanns sjúklinga, eins og hér er lagt til, hugsað með nokkuð öðrum hætti en trúnaðarmannatillaga sem áður var flutt af Kvennalista en mikilvægt er að halda því til haga þar sem það mál var einnig gott.

Virðulegi forseti. Við höfum á þessu þingi fjallað um frv. heilbrrh. um réttindi sjúklinga. Þar er réttindakafli, en því miður verður að segjast eins og er, og komið var inn á það í umræðunni, að sá réttindakafli er of veikur. Í þeirri nefnd sem fjallaði um og vann frv. um réttindi sjúklinga var getið um helstu athugasemdir sjúklingahópa, hópa vandamanna og stuðningshópa sjúklinga varðandi réttindamál sjúklinga. Þar koma fram í nokkrum punktum sem ég óska að fá að lesa upp, virðulegi forseti, rök fyrir því að það þurfi að skipa sérstaka talsmenn sjúklinga. Ég nefni hér nokkra:

Ákveðin firring væri hjá starfsliði í heilbrigðisþjónustu og tilhneiging væri til að koma fram við sjúklinga sem tilfelli fremur en einstaklinga. Heilsufarslegum þörfum sjúklinga væri í flestum tilfellum vel sinnt en verulega skorti á að mannlegum og andlegum þörfum væri sýndur skilningur. Ekki væri nægilega tryggt að upplýsingar sem sjúklingar fengju væru skiljanlegar. Skortur væri á að heilbrigðisstéttir þekktu réttindi sjúklinga og gerðu sér grein fyrir skyldum sínum í því sambandi. Skortur væri á að sjúklingar þekktu rétt sinn og ættu aðgang að heilbrigðisstarfsmönnum vegna upplýsinga um þennan rétt. Skortur væri á að sjúklingar þekktu nægilega rétt sinn til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Oft skorti á að hlustað væri á kvartanir sjúklinga eða vandamanna þeirra og við þeim brugðist. Síðasta áhersluatriðið sem ég kýs að lesa hér upp, virðulegi forseti: Þörf væri á einhverjum í kerfinu sem héldi utan um mál sjúklinga, t.d. einhvers konar umboðsmanni.

Virðulegi forseti. Á tímum hagræðingar og niðurskurðar í heilbrigðisþjónustunni er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að gæta hagsmuna sjúklinga í hvívetna. Það er nauðsynlegt að tryggja sjúklingum upplýsingar um réttindi, auðvelda þeim að leita réttar síns og auðvelda þeim að koma kvörtunum á framfæri telji þeir á sér brotið. Kvartanir vegna þjónustu sjúkrahúsa eða annarra heilbrigðisstofnana má oft rekja til lélegra boðskipta og skorts á upplýsingum. Þá er þeim sem minna mega sín, svo sem börnum, öldruðum og fötluðum, sérstök hætta búin. Þar getur umboðsmaðurinn gegnt mikilvægu hlutverki sem réttindagæslumaður sjúklinga.

Nefna má jafnframt að þegar alvarlegir brestir hafa komið í þjónustu sjúkrahúsa getur það verið fólki mjög erfitt mál að hreinlega höfða mál gagnvart heilbrigðisþjónustunni til þess að ná fram rétti sínum eða kanna skaðabætur. En ef hér væri eitthvert slíkt embætti þá væri a.m.k. eðlilegt að snúa sér í fyrstu umferð til umboðsmanns sjúklinga.

Virðulegi forseti. Það er rétt í þessari umræðu að vekja athygli á stöðu fjölmargra aldraða sem ljúka ævinni á öldrunardeildum sjúkrahúsanna vegna skorts á hjúkrunarheimilum eða heimaþjónustu sem þó gæfi þeim möguleika á ævikvöldi sem meiri reisn væri yfir. Það er óhætt að fullyrða að sá aðbúnaður sem mörgum öldruðum býðst stenst engan veginn ákvæði ýmissa mannréttindasáttmála sem Ísland hefur fullgilt. Nægir þar að nefna alþjóðlegan samning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi sem fullgiltur var af Íslands hálfu árið 1966. Í samningi þessum er m.a. kveðið á um að enginn skuli sæta ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Allir eigi rétt til einkalífs og þess að fá að vera í næði. Það er alveg ljóst að vegna manneklu og fjárskorts þarf oft að beita þvingandi aðferðum gagnvart öldruðum sem dvelja á öldrunardeildum í því skyni að tryggja öryggi þeirra. Og ekki er hægt að segja að aðbúnaður á öldrunardeildum tryggi öldruðum næði.

Virðulegi forseti. Það er líka ástæða til að nefna í þessu sambandi stöðu krabbameinssjúkra. Það hefur sem betur fer farst í vöxt að krabbameinssjúkum sé gert kleift að dvelja á heimili sínu svo lengi sem unnt er með líknarþjónustu Krabbameinsfélagsins. Því er það svo að alvarlega sjúkir krabbameinssjúklingar koma oft inn á sjúkrahúsin í lok veikinda sinna í raun og veru eingöngu til að deyja. Það er umsögn þeirra sem á deildum þeirra sjúkrahúsa starfa að aðbúnaður sé engan veginn þannig að hægt sé að vera með þá reisn sem krafa ætti að vera um gagnvart því fólki sem kemur til að eyða sínum síðustu dögum á sjúkrastofnun, þar sem kannski ekki er hægt að sinna fólkinu og skapa því aðstæður sem við hljótum öll að telja mjög mikilvægt.

Þá má nefna að hlutverk umboðsmanns væri að vekja athygli á öllu slíku, benda á leiðir sem auka gæði þjónustu við þessa hópa, tryggja að þeir geti endað ævi sína með virðingu og reisn og að réttur þeirra til frelsis og öryggis sé tryggður.

Virðulegi forseti. Fjöldi umkvartana sjúklinga til landlæknisembættisins sýnir að vandinn í samskiptum sjúklinga og starfsfólks er sannarlega fyrir hendi. Kvartanir voru 252 árið 1993, 275 árið 1994 og voru orðnar 196 þann 15. september sl. Tilefni kvartananna var m.a. meint röng meðferð, ófullnægjandi meðferð, samskiptaörðugleikar, ófullnægjandi upplýsingar og trúnaðarbrot. Þó þessar tölur séu sláandi er ástæða til að ætla að fjölmörg önnur tilvik sem telja má að geti orkað tvímælis í meðferð eða framkomu rati ekki rétta leið þar sem margir sjúklingar vita ekki af rétti sínum til að kvarta eða þeim leiðum sem færar eru.

Það má með nokkrum rétti segja að landlæknir sé umboðsmaður sjúklinga á landsvísu. Það hefur hins vegar verið gagnrýnt af samtökum sjúklinga, hagsmunasamtökum þeirra sem telja sig hafa orðið fórnarlömb mistaka og kallast Lífsvog, að það sé óeðlilegt að landlæknisembættið, sem á að hafa eftirlit með gæðum heilbrigðisþjónustunnar í landinu og bera ábyrgð á gæðum hennar, sé jafnframt í hlutverki hagsmunagæsluaðila sem tekur við umkvörtunum sjúklinga, metur þær og dæmir. Þetta samræmist ekki góðum stjórnsýsluháttum og getur skapað óvissu um réttarstöðu sjúklinga.

Í umræðunni á sl. vetri um þetta mál að bent var á að sams konar staða er uppi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent var á að kærumálum hefði fjölgað ört gagnvart Tryggingastofnun og að tryggingaráð eigi lögum samkvæmt að vera úrskurðaraðili um ágreiningsmál við Tryggingastofnun ríkisins en málum er einnig þannig háttað þar innan veggja að tryggingaráð er ekki bara úrskurðaraðili heldur fjallar tryggingaráð að verulegu leyti um samskiptamál sjúklinga við stofnunina og er í rauninni umkvörtunaraðili í mörgum mjög mikilvægum málum sem sjúklingar beina til Tryggingastofnunar. Tryggingaráð hefur þannig tekið sér tvíþætt hlutverk: Í fyrsta lagi að ákveða með hvaða hætti Tryggingastofnun á að svara viðskiptavinum stofnunarinnar og í öðru lagi ef sjúklingar og þeir sem leita þangað sætta sig ekki við afgreiðslu mála er tryggingaráð jafnframt úrskurðaraðili í málinu.

Margir sjúklingar telja, virðulegi forseti, að ef þeir vilja ræða umkvörtunarefni sín sé mjög oft lokað á þá umræðu innan stofnana og fyrir marga er það mjög stórt skref að kvarta formlega við landlæknisembættið. Þess vegna teljum við mikilvægt að á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum

starfi umboðsmenn sjúklinga sem hafi það hlutverk að gæta þess að fullt tillit sé tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa sjúklinga og að fylgst sé með því að sjúklingum sé ekki mismunað, að jafnræðis sé gætt. Þeir taki við umkvörtunum, meti þær og aðstoði sjúklinga við að koma þeim á framfæri, stuðli að því að umhverfi sjúkrahúsanna sé sjúklingum og aðstandendum þeirra vinsamlegt og hafi milligöngu um að leysa samskiptamál og deilumál. Umboðsmenn sjúklinga gegni því mikilvæga hlutverki að efla þjónustugæði heilbrigðisstofnana.

Virðulegi forseti. Það er almennt mat þeirra fræðimanna sem hafa fengist við að kanna áhrif þess að umboðsmenn sjúklinga starfi við heilbrigðisstofnanir að tilvist þeirra dragi úr öllum þeim vandamálum sem upp koma í samskiptum sjúklinga og starfsfólks, að þeir eigi að geta haft milligöngu um mál er varða samskipti sjúklinga við alla starfshópa sjúkrastofnana. Þeir geta einnig, að höfðu samráði við sjúklinga eða forráðamenn þeirra vísað málum til annarra aðila, svo sem siðanefndar sjúkrahúsa, læknaráða, yfirmanna lækninga- eða hjúkrunarsviða eða annarra þeirra sem hafa með málefni sjúklinga að gera, þar á meðal landlæknis og umboðsmanns Alþingis.

Virðulegi forseti. Í þáltill. okkar fjöllum við ekki sérstaklega um menntun umboðsmanna en það gefur auga leið að viðkomandi þarf að hafa annaðhvort menntun eða þekkingu á heilbrigðismálum eða vera löglærður. Það gefur auga leið að öðrum störfum innan veggja stofnana getur viðkomandi ekki sinnt jafnframt því að vera réttindagæslumaður sjúklinga. Við umræðuna sl. vetur var lögð áhersla á að umboðsmaður sjúklinga væri algerlega sjálfstæður og óháður þeirri stofnun sem hann vinnur hjá. Auðvitað er þetta sterkt sjónarmið en skiptar skoðanir um það. Það er hins vegar mikilvægt að skoða hvort það sé betri leið. Við flutningsmenn ákváðum að flytja þessa tillögu óbreytta, að meiri möguleiki sé á stuðningi við slíkar ráðningar en við sérstaka sjálfstæða stofnun eða embætti. En við teljum mikilvægt að heilbr.- og trn. skoði þennan möguleika.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Breyting á umferðarlögum, fyrri umr.

Þáltill. GMS o.fl., 336. mál. — Þskj. 608.

[18:02]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um breytingu á umferðarlögum. Meðflutningsmenn mínir að tillögunni eru hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Hjálmar Árnason og Árni Johnsen. Þáltill. er þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum þess efnis að heimila skuli hægri beygju á móti rauðu ljósi á gatnamótum.

Í áraraðir hefur það fyrirkomulag gilt í Bandaríkjunum og Kanada að ökumönnum er heimilt að beygja til hægri á gatnamótum þótt ekið sé á móti rauðu ljósi, nema sérstaklega sé tekið fram að slíkt sé óheimilt. Stöðvunarskylda hvílir engu að síður á ökumanni sem hyggst beygja til hægri á rauðu ljósi eins og á gatnamótum þar sem stöðvunarskylda er en ekki umferðarljós. Sú regla hefur gefist vel þar vestra og margir Íslendingar sem flytjast heim eftir búsetu vestan hafs sakna þessa hagræðis.

Mikil aukning á fjölda bifreiða kallar á stórfelldar og dýrar framkvæmdir við samgöngumannvirki til að umferð gangi öruggt og hindrunarlítið fyrir sig. Leyfi löggjöfin hægri beygju á móti rauðu ljósi mun slíkt verða til að auðvelda mjög umferð um gatnamót og spara sveitarfélögum stórfé sem þau ella þurfa að leggja í ný samgöngumannvirki og vegi til að ná sama árangri. Á stöðum, þar sem ekki er talið æskilegt að leyfa hægri beygju á rauðu ljósi, væri slíks getið á viðkomandi gatnamótum og ber þá ökumanni að bíða uns komið er grænt ljós. Í Bandaríkjunum og Kanada er bann gegn því að beygt sé til hægri á móti rauðu ljósi gefið til kynna með skilti þar sem á er áletrun um að slíkur akstur sé bannaður. Ella gilda sömu reglur þegar beygt er til hægri og gilda þar sem stöðvunarskylda er á gatnamótum. Engin ástæða er til að ætla að regla sem þessi skili ekki árangri í umferðinni hér á landi eins og hún gerir í Bandaríkjunum og Kanada.

Herra forseti. Ég er þingmaður fyrir kjördæmi þar sem ég held ég megi segja að ekkert umferðarljós sé. Að vísu er umferðarljós við gangbrautir a.m.k. í Bolungarvík. Ég hef ekki orðið var við að í kjördæminu sé það til vansa að vera ekki með umferðarljós. Þó að nokkur önnur viðhorf gildi í þéttbýli þá hygg ég að það sé ekki vandi fyrir íslenska ökumenn að temja sér þær reglur sem hér er lagt til að heimiladar séu til að liðka fyrir umferð og spara í umferðarmannvirkjum, þ.e. að menn megi beygja til hægri þó ekið sé á móti rauðu ljósi ef umferðin leyfir slíkt að öðru leyti. Annars mundu menn þá stöðva bifreið sína eins og um stöðvunarskyldu væri að ræða og aka ekki áfram nema aðstæður leyfðu. Ég geri mér grein fyrir því að fyrir marga er þetta nokkur nýjung og margir líta vafalaust svo á að þetta muni auka slysahættu í umferðinni. Ég hef ekki trú á því að svo verði og ef 250 milljón manna þjóð auk Kanadamanna getur lært þetta, þá hef ég ekki nokkra trú á öðru en að Íslendingar ættu að geta lært þetta einnig.

Ég vil líka vekja athygli á því, herra forseti, að útvarpsstöð hafði í síðasta mánuði skoðanakönnun meðal hlustenda sinna um þetta mál og þar voru allir að einum undanskildum sem spurðir voru sammála því að þetta fyrirkomulag væri til bóta. Ég vona því, herra forseti, að Alþingi sjái þetta mál með sömu augum og við flutningsmenn og mál þetta fái jákvæða umfjöllun í þingnefnd.

[18:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það má reikna með því að af minni hálfu séu ekki mjög jákvæðar undirtektir við tillögu sem felur í sér að beygja til hægri á rauðu ljósi eins og efni þessarar tillögu er og ég vil hafa fyrirvara í sambandi við afstöðu til málsins. Ég tel hins vegar að það sé engin goðgá að leggja fram slíka tillögu til athugunar á Alþingi. En ég tel að í máli sem þessu, eins og í öðrum breytingum í sambandi við umferðarmálefni, þá þurfi að gæta sín mjög vel að því er varðar öryggisþáttinn og að ekki séu stigin nein skref í rauninni sem auka á slysahættu. Hún er ærin fyrir. Mér er ekki kunnugt um sérstaka úttekt á þessu máli af hálfu þeirra sem líta á öryggissjónarmið en kannski verður tillagan til þess að á því verði tekið og það verði athugað.

Mér eru alveg ljós rökin hjá hv. flm. Ég býst við að flestir sem aka bifreiðum átti sig á því að það gæti greitt fyrir

umferð að heimila slíka breytingu á umferðarljósum en ég tel að ekki megi taka neina áhættu í þessu sambandi.

Aksturslјós eða umferðarljós á gatnamótum eru orðin mjög algeng í Reykjavík og nánast að verða regla. Það er alveg ótrúlegt hvað mikið er sett upp af umferðarljósum — að manni finnst — og hefur þeim fjölgað mjög mikið. Ég geri ráð fyrir að öryggissjónarmið liggi þar til grundvallar, ég á von á því. Það er fróðlegt að heyra hv. þm. nefna að í hans víðlenda kjördæmi muni ekki vera neitt umferðarljós þannig að menn þurfi að gera sér ferð til höfuðstaðarins til að skoða slík nývirki. Ég hugsa að þetta sé með sama hætti í mínu kjördæmi, Austurlandskjördæmi. Ég man ekki eftir að þar séu slík virki eins og umferðarljós á gatnamótum. Þó kann að vera að mér hafi yfirsést en ég minnist þess ekki hér og nú.

Mér finnst þessi mikla fjölgun umferðarljósa í Reykjavík bera vott um að menn treysti borgurunum afskaplega illa í umferðinni að virða reglurnar um hættu til hægri og taka tillit til umferðar frá hægri. Mér hefur fundist þessi uppsetning á umferðarljósum ganga mjög langt. Það er hins vegar önnur saga en tengist óneitanlega því máli sem hér er rætt hvað mikið er gert af þessu. Þetta er auðvitað mjög til trafala. Þegar umferðin er lítil seinkar þetta mjög umferð og menn eru þá að bíða oft á tómu, ef svo má segja, á gatnamótum eftir ljósaskiptum. Það segir sig nokkuð sjálft.

Ég vil sem sagt ekki vera í þeim kór að hrópa niður hugmynd af þessum toga og að ekki megi athuga hana en ég hef fullan fyrirvara um málið að því er varðar öryggisþáttinn og tel að gæta þurfi vel að honum og vera ráðandi um niðurstöðu í þessu efni.

[18:11]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir frekar vinsamlega afstöðu til þessa máls. Þingmaðurinn vék nokkuð að öryggisþætti málsins og ég átti svo sem von á því að það væri helst það atriði sem menn hefðu við málið að athuga, þ.e. að menn óttuðust að með þessu móti væri verið að fórna öryggisþættinum nokkuð. Ég vil þó ítreka að þar sem þessi tilhögun er leyfð þegar komið er að gatnamótum þar sem beygja má til hægri á móti rauðu ljósi, þá er stöðvunarskylda. Það er ekki biðskylda, það er hrein stöðvunarskylda þannig að menn verða að líta bæði til hægri og vinstri áður en ekið er af stað.

Af því að verið er að fjalla um slysahættu þá vil ég ekki láta hjá líða að nefna aðeins að mér þykir Umferðarráð að mörgu leyti vera frekar íhaldssamt í því hvernig það tekur á málum. Mér hefur lengi fundist að það eina sem í rauninni standi upp úr hjá því fólki sem þar starfar sé það að hafa áhyggjur af of hröðum akstri. Það hefur verið svo í mörg ár að Umferðarráð hefur frekar reynt að einbeita sér að því að ná ökuhraðanum niður heldur en að reyna að stuðla að almennt bættari umferðarmenningu meðal landsmanna, sem mér finnst að það ætti frekar að gera, og stuðla að því að landsmenn aki eftir aðstæðum, aki af varfærni þar sem það á við en geti hins vegar líka ráðið við það að meðhöndla ökutæki þó ekið sé á yfir 60 km hraða. Mér finnst verulega skorta á að þetta hafi verið kennt á Íslandi. Yfirleitt er ég ekki hræddur maður en ég minnist þess eftir búsetu í Bandaríkjunum að ég var einfaldlega hræddur í umferðinni í Reykjavík fyrstu vikurnar eftir heimkomu því mér fannst umferðin glannafengin og óskipulögð. Á gatnamótum fóru menn fram úr hvort heldur var hægra eða vinstra megin við mann þó maður væri á sinni akrein. Mér þykir skorta á að Umferðarráð geri meira í því að kenna fólki að aka.

Það vakti líka nokkra furðu mína í vetur þegar talað var hér í þinginu fyrir því að leyfa aukinn hraða í umferðinni á vegum sem það bæru, þá snerust starfsmenn Umferðarráðs mjög öndverðir gegn slíkum hugmyndum, ekki í nafni Umferðarráðs reyndar heldur sem einstaklingar með skrifum í blöð. Mér þykir mjög sérkennilegt þegar opinberir starfsmenn sem eru að fjalla um tiltekinn málaflokk, sem er til meðferðar á Alþingi, skuli með þessum hætti blanda sér í málið og hafa áhrif á ákvarðanatöku Alþingis.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, vék að því sem ég vil leyfa mér að kalla vandamál í Reykjavík þ.e. offjölgun umferðarljósa. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Það gætir offjölgunar umferðarljósa á götum Reykjavíkur. Ég hygg að það sem ráði þessu sé einhvers konar skortur á skilningi á því að þörf sé fyrir akstursleiðir þar sem eigi að vera ótruflað umferðarflæði. Ég kann eiginlega ekki lengur að telja hvað eru orðin mörg umferðarljós á leiðinni úr Breiðholti og niður í miðbæ Reykjavíkur. Fyrir nokkrum árum var þetta tiltölulega greið akstursleið. Þarna fara um 30 þúsund manns um á hverjum morgni. Nú er búið að drita þarna niður svo mörgum ökuljósum að menn komast varla 300 metra í einu áður en kemur að næsta ljósi á verstu köflunum.

Ég ítreka þakkir til hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir að taka undir að skoða þurfi þessi mál. Þessi þáltill. er fyrst og fremst flutt til að vekja athygli á málinu, vekja athygli á að þessi háttur er hafður á í öðrum heimsálfum og gefist þar vel. Ég í sjálfu sér vænti ekki meira á þessu stigi málsins heldur en að vekja athygli á málinu og það fái þá umfjöllun hjá þar til bærum aðilum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hámarkstími til að svara erindum, fyrri umr.

Þáltill. GMS, 356. mál. — Þskj. 630.

[18:16]

Flm. (Gunnlaugur M. Sigmundsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. þess efnis að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að setja starfsreglur um hámarkslengd þess tíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar ríkisstofnanir megi taka sér til að svara erindum er þeim berast auk þess að hvetja til átaks í að auka þjónustuvitund starfsmanna ríkisstofnana við almenning og fyrirtæki er þangað leita.

Það er nokkuð alkunna að meðal almennings og fyrirtækja er býsna mikið kvartað undan því að þjónustuvitund í opinberum stofnunum sé ekki eins og hún gæti best verið og það er líka vitað að það gengur oft erfiðlega að fá svör opinberra aðila við einföldum erindum. Þáltill. sú sem hér er flutt miðar að því að hafist sé handa að bæta þjónustu hins opinbera við einstaklinga og fyrirtæki sem þangað leita með úrlausn mála. Ég tel ekki vafa á því að langt sé í land að nauðsynleg hugarfarsbreyting eigi sér stað hjá hinu opinbera í þessa veru. E.t.v. má rekja það allt til þess tíma sem við lutum dönskum yfirráðum. Þá var það nú svo að í Danmörku var og er talað um embættismenn, í stað þess að í mörgum málum, bæði á enskri tungu og eins þýskri, er þessi tegund

starfsmanna hins opinbera frekar kennd við þjónustu, þ.e. civil servants á ensku og ég hygg að á þýskunni sé þetta í svipaða veru. Hvort sem það eru Dienst-menn eða hvað það nú heitir á þýsku þá er ljóst að í báðum þessum löndum, Bretlandi og Þýskalandi, hafa opinberir starfsmenn frá alda öðli verið kenndir við það að þeim bæri að þjónusta almenning, þjónusta þá skattgreiðendur sem borga launin þeirra.

Sem lið í að bæta þjónustu við almenning, þá felur þessi þáltill. í sér að settar séu reglur um þann hámarkstíma sem Stjórnarráð Íslands og aðrar opinberar stofnanir mega taka sér til að svara þeim erindum sem þangað berast. Því miður tel ég að mikill misbrestur sé á að þessir hlutir séu í lagi hjá Stjórnarráði Íslands og ég tel að á því verði að ráða bót hið fyrsta. Mér er kunnugt um fjölmörg dæmi þess að dregist hafi úr hömlu í Stjórnarráðinu að svara erindum er þangað berast og ég vil úr þessum ræðustól nefna fjögur slík tilvik þó að mér sé kunnugt um mun fleiri mál.

Ég vil fyrst nefna að á árinu 1994 skrifaði lítið sveitarfélag ráðuneyti og óskaði heimildar til að fá keypt það land sem sveitarfélagið stendur á en núna er í eigu ríkisins. Í janúar 1997 hafði ekki enn, þá voru komin þrjú ár, borist svar við þessu erindi þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar að lútandi bæði skriflegar og munnlegar og þetta snertir því ekki bara þá ríkisstjórn sem nú situr, heldur nær þetta yfir til ríkisstjórnar þeirrar sem sat á síðasta kjörtímabili.

Borið er við önnum við viðkomandi ráðuneyti þegar eftir er spurt hvað dvelji orminn langa. Ég vil þó láta þess getið að frá því að þessi þáltill. er lögð fram hefur málið nú verið afgreitt með jákvæðum hætti þannig að gengið hefur verið til samninga við viðkomandi sveitarfélag um að það fái að kaupa það land sem bærinn stendur á.

Annað dæmi sem ég vildi nefna er að á árinu 1991 skrifaði lítið fyrirtæki sem þá var með starfsemi erlendis til ráðuneytis og óskaði eftir því að kannað yrði hvort Ísland gæti gert svipaðan milliríkjasamning við tiltekið land og flest lönd í Vestur-Evrópu höfðu þegar gert og slíkur samningur hefði sparað þessu litla fyrirtæki milljónir króna. Svar við þessari ósk hefur ekki borist enn. Fyrirtækið er mér kunnugt um hætti að ganga eftir málinu á árinu 1993 þegar þau svör fengust að málið væri týnt og spurt hvort hægt væri að senda gögnin að nýju.

Þriðja málið sem ég vildi nefna þessu tengt er um fyrirtæki sem óskaði eftir úrskurði um hvort sömu reglur skyldu gilda um tollafgreiðslu tiltekinnar vöru sem fyrirtækið og tilteknar ríkisstofnanir notuðu til að veita sömu þjónustu. Það tók viðkomandi ráðuneyti meira en fjóra mánuði að svara erindinu neitandi. Tekið skal þó fram að í svari ráðuneytisins var beðist afsökunar á þeim drætti sem orðið hefði á svari.

Fjórða og síðasta málið sem ég nefni hér máli mínu til stuðnings er það að í upphafi árs 1996 ritaði lögmaður fyrir hönd umbjóðanda síns tilteknu ráðuneyti í framhaldi af úrskurði umboðsmanns Alþingis um mál er varðaði þennan umbjóðanda lögfræðingsins. En úrskurður umboðsmanns Alþingis hafði áður fallið skjólstæðingi lögmannsins í hag. Nú ári síðar hefur ekki enn borist svar frá viðkomandi ráðuneyti. Ég tel með öllu óviðunandi að þannig sé staðið að málum.

Á árunum 1971–1981 þegar ég var starfsmaður í Stjórnarráði Íslands, nánar tiltekið í fjmrn., þá var það haft í flimtingum þar að í öðrum ráðuneytum, sumum öðrum ráðuneytum en fjmrn., giltu þær reglur að erindum er þangað bærust skyldi ekki svarað of fljótt. Fljót afgreiðsla var talin grafa undan tiltrú almennings á að afgreiðsla máls byggðist á vandaðri málsmeðferð. Erindi sem bárust voru því lögð til hliðar í nokkurn tíma áður en þau komu til skoðunar. Að vísu er mikið vatn runnið til sjávar síðan þetta var og tímarnir mikið breyttir. Engu að síður, svona var talið að þetta væri á árunum milli 1970 og 1980.

Á þessum tíma var hins vegar sú starfsregla í gildi í fjmrn. að ráðuneytisstjóri gerði starfsmönnum að svara öllum erindum er ráðuneytinu bærust innan sjö virkra daga og það fylgdi með að væri ekki unnt að kveða upp efnislegan úrskurð innan þeirra tímamarka, þá skyldi fyrirspyrjanda svarað og sagt hvenær vænta mætti endanlegs svars. Það er ekki vitað til þess að vandivirkni í málsmeðferð hafi liðið fyrir þessa vinnureglu, þvert á móti hygg ég að það hafi skapað tiltrú meðal almennings að vita að brugðist yrði skjótt við þeirri málaleitan sem uppi væri höfð. Slíkar reglur eru einnig einfaldar og það ætti engum að vera ofviða að skilja þær eða vinna eftir þeim.

Með tilkomu nýrrar tækni, tölvutækni, og stórfjölgun opinberra starfsmanna frá þessum tíma sem hér hefur verið vitnað til, má vænta þess að unnt eigi að vera að svara flestum erindum innan fimm virkra daga auk þess sem unnt ætti að vera að gefa þeim erindum númer sem af einhverjum ástæðum er ekki hægt að svara innan tiltekins frests og birta síðan á heimasíðum Stjórnarráðsins á veraldarvefnum hvað líði afgreiðslu umræddra mála. Slík tilhögun mundi að mínu mati veita þeim starfsmönnum hins opinbera sem í hlut eiga mikið aðhald og stórbæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Aðalatriðið er þó að ríkisstjórnin setji skýrar reglur um hvers skattgreiðendur megi vænta í viðskiptum sínum við Stjórnarráð Íslands og aðrar opinberar stofnanir. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sem í störfum sínum sem borgarstjóri sýndi það að hann rak Reykjavíkurborg af miklum dugnaði og skilvirkni, taki tillit til þessara ábendinga og setji Stjórnarráðinu og öðrum ráðuneytum skýrar reglur um þann hámarkstíma sem opinberir starfsmenn, fyrst og fremst í Stjórnarráðinu en helst í öllum öðrum opinberum stofnunum, hafa til þess að svara þeim sem þangað leita. Hvort sú regla ætti að vera eins og ég lýsti hér áðan að menn hefðu sjö virka daga til að svara eða einhver önnur, þá er aðalatriðið að settar séu skýrar reglur um að fólk þurfi ekki að bíða vikum, mánuðum og jafnvel árum saman eins og hér hefur verið rakið eftir því að fá einföld svör við einföldum erindum frá Stjórnarráðinu.

Ég held að það megi segja að stjórnsýsla alls staðar í hinum vestræna heimi sé í stöðugri mótun og endurskoðun og ég sé ekki nokkra ástæðu til annars en að slík endurskoðun og slík nýsköpun í opinberri stjórnsýslu eigi að geta átt sér stað á Íslandi eins og í nálægum löndum.

[18:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft athyglisverðu máli. Ég hafði að vísu talið að það hefðu verið settar einhverjar viðmiðunarreglur inn í löggjöf um þetta fyrir ekki löngu síðan tengt upplýsingaskyldu stjórnvalda en það er vafalaust misminni. Það hlýtur hv. flm. að hafa kynnt sér þegar hann undirbjó þetta þingmál að það væru ekki skýrar reglur. En á því er mikill misbrestur og hefur verið fram að þessu að erindum frá almenningi sé svarað innan tiltekins hæfilegs tíma.

þess nauðsynlegra heimilda á Alþingi. Ráðinu verði ætlað að fylgjast með þróun í líftækni innan lands og erlendis, veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings. Um leið verði endurskoðað núverandi kerfi ráðgefandi nefnda hjá hinu opinbera á þessu sviði og stefnt að einföldun þess og samræmingu.

Einnig verði hið fyrsta komið á fót samstarfsnefnd ráðuneyta sem fari með mál er snerta líftækni og rannsóknir á því sviði, hvort sem um er að ræða menn, dýr, plöntur eða örverur. Nefndin verði m.a. tengiliður lífsiðfræðiráðs við einstök ráðuneyti."

Þetta er texti tillögunnar sem ég hef hér lesið.

Þessi tillaga á sér aðdraganda sem önnur mál og vil ég geta um þær umræður, raunar miklar umræður sem fóru fram á 119. og 120. þingi um erfðabreyttar lífverur og tæknifrjóvganir. Bæði þessi frv. voru síðan lögfest vorið 1996.

Snar þáttur í þessari umræðu og umfjöllun viðkomandi þingnefnda voru siðferðilegar hliðar líftækni og tæknifrjóvgunar. Þó skorti á að þessi mál væru rædd og sett í það samhengi sem þeim ber. Það nefndakerfi sem komið var á fót samkvæmt þessum lögum kemur ekki í staðinn fyrir siðaráð sem fjallað gæti heildstætt um álitaefni og dregið markalínur. Því er með tillögunni gert ráð fyrir því að sett verði á laggirnar lífsiðfræðiráð sem hafi það meginverkefni að fjalla um siðfræðileg álitaefni sem tengjast erfðabreytingum á lífverum og einræktun. Til að valda slíku verkefni og vera fært um að veita stjórnvöldum ráðgjöf og miðla fræðslu til almennings er óhjákvæmilegt að lífsiðfræðiráði sé gert kleift að fylgjast náið með þróun á líftæknisviði innan lands og erlendis. Unnt ætti að vera að einfalda um leið það nefndakerfi sem fyrir er á grundvelli laga um erfðabreyttar lífverur, tæknifrjóvgun og dýravernd.

Ég spurðist í þinginu nýlega fyrir um framkvæmd þessara laga og þær nefndarskipanir sem þar er um að ræða. Ég vil geta þess að á grundvelli laganna um erfðabreyttar lífverur er verið að ganga frá og líklega nýbúið að ganga frá skipun níu manna ráðgjafarnefndar til að fjalla um þau efni og taka þar einnig með siðfræðileg álitaefni. Á grundvelli laganna um tæknifrjóvganir eru tvær nefndir settar á laggirnar, vísindasiðanefnd — að vísu er hún ekki tekin til starfa af ástæðum sem komu fram í svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn en verður væntanlega bráðlega úr því leyst — sem á að fjalla um rannsóknir á fósturvísum manna og samkvæmt sömu lögum hefur verið skipuð endurskoðunarnefnd og framkvæmdareftirlitsnefnd þriggja manna, þar á meðal er einn siðfræðingur. Og enn er eftir að geta laganna um dýravernd, en á grundvelli þeirra hefur verið sett á laggirnar tilraunadýranefnd þriggja manna sem vinnur samkvæmt þeim lögum.

Þegar allar þessar stjórnskipuðu nefndir, væntanlegu, sumar hafa ekki þegar verið skipaðar, er komnar á laggirnar eru þær í rauninni að fjalla um sama málefni í eðli sínu og ég er ekki í vafa um að það er brýnt að skapa tengsl á milli þeirra og jafnvel hægt að hugsa sér að lífsiðfræðiráð gæti komið í staðinn fyrir þær innan ekki langs tíma til þess að sameina umfjöllun þessara mála innan Stjórnarráðsins. Þá gæti einmitt sú skipan sem tillagan gerir ráð fyrir, þ.e. að það verði til samstarfsnefnd ráðuneytanna, fallið inn í þetta kerfi því að það er svo með þessi efni, eins og kemur fram í þeim lögum sem sett hafa verið og tengjast erfðabreytingum og viðfangsefnum af þeim toga og tilraunum, að málasviðið varðar mörg ráðuneyti í Stjórnarráði okkar. Því er hætta á því að ef ekki er tryggt að þarna séu tengsl á milli að um verði að ræða bæði tvíverknað og að ýmis efni falli niður í umfjöllun og að það skorti þá heildarsýn sem þarf.

Ef litið er til þróunar þessara mála, þá er það nefnt í greinargerð með tillögunni að rúmir þrír áratugir eru síðan tókst að ráða gátuna um uppbyggingu erfðaefnisins og fyrir 24 árum síðan voru fyrst fluttir erfðavísar milli örvera þannig að hér er vissulega um nýja tækni og ný vísindi eða afrakstur vísinda að ræða. Nokkru síðar hófst tilraunaframleiðsla og markaðssetning á afurðum erfðabreyttra lífvera og nú keppast einkum fjölþjóðafyrirtæki um að tryggja sér einkaleyfi á lífverum til erfðabreytinga og framleiðslu á afurðum erfðabreyttra lífvera.

Fyrir um tveimur áratugum tókst að einrækta fyrstu lífverurnar á tilraunastofum og síðan hefur einræktun (klónun) þróast stig af stigi. Fyrsta einræktun mannlegra fósturvísa var framkvæmd við læknamiðstöð Georgs Washington háskólans í Bandaríkjunum í október 1993 og var það forsíðurétt í bandarískum blöðum þegar það gerðist á þessum tíma. Þann 23. febrúar sl. barst sem eldur í sinu um heimsbyggðina fréttin um skosku sauðkindina Dollý, en hún varð til við einræktun hjá Roslin Institute í Edinborg. Það nýja við þennan atburð er að ekki var einræktað úr frumum fósturvísa heldur notaðar líkamsfrumur úr fullvaxta kindum til að búa til einræktaðan einstakling. Tíu dögum síðar bættist svo við fréttin um að apar hafi verið einræktaðir úr fósturfrumum vestan hafs. Fáir draga nú í efa að innan skamms verði hægt tæknilega séð að einrækta menn. Siðferðilegar spurningar, sem fylgt hafa tilraunum í sameindalíftækni undanfarna áratugi, hafa að vonum magnast við þessi tíðindi. Joseph Rotblat, sem vann til friðarverðlauna Nóbels 1995 fyrir baráttu Pugwash-samtaka sinna gegn kjarnavopnum, segir nú og það eru viðbrögð við fréttinni af Dollý, að mannkyninu stafi meiri hætta af einræktun en gereyðingarvopnum.

Ég tel, virðulegur forseti, að hér sé á ferðinni þróun sem kalli á það að öll ríki þar sem rannsóknir eru stundaðar á þessu sviði þurfi að bregðast við og hin hörðu viðbrögð við fregninni um einræktuðu sauðkindina Dollý eru skýr vísbending um að margir telji að vísindamenn séu nú komnir lengra en góðu hófi gegnir með inngrip í náttúruleg lífsferli. Menn skynja þá miklu óvissu sem fram undan er ef ekki tekst að koma böndum á tæknigetu mannsins þegar í hlut á sjálft stafróf lífsins í formi erfðaefnis og náttúrulegrar tímgunar. Mikilsvert er því að samstaða takist sem víðast um skipuleg viðbrögð, bæði innan þjóðríkja og á alþjóðavettvangi, með það að markmiði að móta sameiginlegar reglur og viðmiðanir. Afar brýnt er að litið sé heildstætt á þetta stóra viðfangsefni og siðfræðileg gildi fái aukinn sess við mat á því hvert skuli stefna. Þeirri tillögu, sem hér er flutt um stofnun lífsiðfræðiráðs, er ætlað að vera lóð á þá vogarskál.

Það er fordæma að leita til margra Evrópulanda sem sett hafa á fót slík ráð. Frakkland reið þar á vaðið. Norðurlöndin hafa komið slíku kerfi á. Danska löggjöfin um „videnskabsetisk komitésystem og behandling af biomedicinske forskningsprojekter" (komitéloven), var endurskoðuð 1992 og tillaga um breytingar á ný lögð fram 1996. Og þess ber að geta að Evrópuráðið hefur frá árinu 1978 látið sig varða löggjöf og reglur á sviði erfðatækni og rannsókna á fóstrum og fósturvísum. Við getum því stuðst við reynslu erlendis frá þegar fjallað er um þessi málefni og hversu við skuli bregðast og ég vænti þess að það mál sem ég hef hér mælt fyrir fái góðar viðtökur á hv. Alþingi og legg til að

málinu verði að umræðu lokinni vísað til umhvn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 13. og 16. mál.

Fundi slitið kl. 18:57.

97. FUNDUR

miðvikudaginn 2. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sóttvarnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 213, nál. 811, brtt. 812. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, þáltill., 210. mál, þskj. 249. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Umboðsmenn sjúklinga, þáltill., 213. mál, þskj. 260. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Breyting á umferðarlögum, þáltill., 336. mál, þskj. 608. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Hámarkstími til að svara erindum, þáltill., 356. mál, þskj. 630. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, þáltill., 385. mál, þskj. 677. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Lífsiðfræðiráð, þáltill., 389. mál, þskj. 681. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817. — 1. umr.
10. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 818. — 1. umr.
11. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803. — 1. umr.
12. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830. — 1. umr.
13. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 31 (með áorðn. breyt. á þskj. 785). — 3. umr.
14. Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, þáltill., 403. mál, þskj. 700. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Lúðvík Bergvinsson, 6. þm. Suðurl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá félaginu Börnin og við.

Framhald á fundum Alþingis.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti býður hv. þingmenn velkomna til starfa að loknu páskahléi.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Björgunarlaun Landhelgisgæslunnar, 450. mál, svar dómsmrh., þskj. 841.

Einkahlutafélög, 505. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 848.

Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, 503. mál, þáltill. VE o.fl., þskj. 846.

Helgidagafriður, 31. mál, þskj. 829; brtt. EKG, þskj. 853.

Hlutafélög, 504. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 847.

Réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga, 439. mál, svar dómsmrh., þskj. 845.

Samvinnufélög, 506. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 849.

Skatteftirlit og skattrannsóknir, 272. mál, svar fjmrh., þskj. 834.

Skipan nefndar um málefni kirkjunnar, 501. mál, svar dómsmrh., þskj. 844.

Tryggingasjóður einyrkja, 237. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 833.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, 480. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 809.

Þjóðminjalög, 502. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 842.

Skipan opinberra framkvæmda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 436. mál (útboð). — Þskj. 745.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sóttvarnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 213, nál. 811, brtt. 812.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 812,1 (ný 2. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 812,2–9 samþ. með 41 shlj. atkv.
3.–20. gr., svo breyttar, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Biðlistar í heilbrigðisþjónustu, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 210. mál. — Þskj. 249.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GÁ, GMS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (GÁS*) greiddi ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EOK, FI, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HjÁ, LB, MF, ÓÖH, SighB, SF, SJS, StB, VE, ÖJ) fjarstaddur.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Umboðsmenn sjúklinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 213. mál. — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Breyting á umferðarlögum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS o.fl., 336. mál. — Þskj. 608.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Hámarkstími til að svara erindum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GMS, 356. mál. — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 385. mál. — Þskj. 677.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Lífsiðfræðiráð, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 389. mál. — Þskj. 681.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Öryggisþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 817.

[15:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um öryggisþjónustu. Um nokkra hríð hafa verið starfandi fyrirtæki sem veita viðskiptavinum sínum slíka þjónustu af ýmsu tagi. Hafa bæði einstaklingar og lögaðilar nýtt sér þá þjónustu í sífellt vaxandi mæli. Í lögum er ekki að finna reglur um öryggisþjónustu og eru engar takmarkanir gerðar á því hver getur haft hana með höndum. Öryggisþjónusta hefur nokkra sérstöðu, borið saman við aðra atvinnustarfsemi. Má helst nefna að þjónustan er um margt áþekk því hlutverki sem lögregla hefur lögum samkvæmt. Einnig varðar starfsemin oft mikla hagsmuni sem hæglega geta farið forgörðum ef þeirra er ekki gætt, eða sá sem hefur það verkefni með höndum sinnir því ekki af samviskusemi. Þá eru þess dæmi erlendis að menn með brotaferil hafa haslað sér völl á þessu sviði.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að gerðar verði tilteknar kröfur til þeirra sem veita öryggisþjónustu þannig að þeir sem leita eftir henni geti treyst því að hún sé áreiðanleg svo sem frekast er kostur. Hefur reynslan einnig verið sú í flestum nágrannalöndum okkar og hafa verið sett lög þar um þessa starfsemi, eins og til að mynda á Norðurlöndum. Almennt verður ekki annað séð en að vel megi una við starfsemi þeirra sem nú bjóða öryggisþjónustu hér á landi. Hefur starfsemi þessi mikilvægu þjóðfélagslegu hlutverki að gegna til að stemma stigu við afbrotum og til að vernda eignir manna gegn vá af öðru tilefni.

Við samningu frv. hefur þess verið gætt að leggja engar óþarfar álögur eða íþyngjandi kvaðir á starfsemi þeirra sem annast öryggisþjónustu. Aftur á móti búa sjónarmið um neytendavernd að baki frv. og er það til þess fallið að efla þá tiltrú sem starfsemi þessi þarf að njóta.

Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir helstu efnisatriðum frv. Samkvæmt 1. gr. þarf leyfi ráðherra til að annast öryggisþjónustu og er sérstaklega afmarkað til hvaða starfsemi frv. tekur. Þarf þjónustan að vera veitt í atvinnuskyni og því tekur frv. ekki til þeirra sem annast eigin öryggisgæslu. Einnig tekur frv. ekki til þess að nágrannar taki sig saman og gæti eigna hver annars.

Í 2. gr. eru lögð til nánar tilgreind skilyrði fyrir leyfi samkvæmt lögunum. Miða þau að því að koma í veg fyrir að þeir sem augljóslega eru ekki til þess fallnir sinni öryggisþjónustu.

Í 3. gr. er lagt til að leyfi verði veitt til fimm ára í senn og að í leyfisbréfi verði tiltekin sú þjónusta sem leyfið tekur til.

Skv. 4. gr. skal starfsmaður leyfishafa, sem sinnir öryggisþjónustu, vera a.m.k. 18 ára að aldri og til þess fallinn að rækja starfann. Þetta tekur einvörðungu til þeirra starfsmanna sem hafa með höndum framkvæmd þjónustunnar.

Í 5. gr. er mælt fyrir um heimild til að afturkalla leyfi við ákveðnar aðstæður og um eftirlit með þessari starfsemi.

Loks er í 6. gr. lagt til að sett verði reglugerð um nánari framkvæmd laganna og í 7. gr. ákvæði um að brot gegn þeim varði sektum.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir efnisatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 1. umr.

Stjfrv., 487. mál. — Þskj. 818.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á umferðarlögum. Þessar breytingar eru sundurleitar en þær miða að því að ná fram tilgangi laganna um umferðaröryggi og að tryggja hag þeirra sem verða fyrir tjóni í umferðinni.

Í fyrsta lagi er lagt til að niðurstaða mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði að lögum metin sem fullnægjandi sönnun um ölvunarástand hans á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt. Mælingu af þessu tagi er nú unnt að framkvæma af ekki minni nákvæmni en við blóðrannsókn. Sýna rannsóknir að fullt samræmi er milli vínandamagns í blóði manns og vínandamagns í því lofti sem hann andar frá sér við mismunandi ölvunarástand. Þessi aðferð er einföld í framkvæmd og gengur fjótar fyrir sig en rannsókn á blóðsýni. Með þessu verður einnig létt af ökumanni þeirri kvöð að vera færður af lögreglu til læknis. Sparast með þessu verulegur tími hjá lögreglu auk þess sem starfsfólk heilsugæslu og á rannsóknarstofum getur þá sinnt öðrum verkefnum.

Í öðru lagi er lagt til að vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja og slysatryggingar ökumanns verði hækkaðar. Vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga hafa árlega tekið breytingum í samræmi við verðlagsbreytingar. Umfram það verða þær hins vegar ekki hækkaðar án lagabreytinga. Með skaðabótalögum, nr. 50/1993, og breytingu á margföldunarstuðli þeirra hafa hámarksbætur hækkað verulega. Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga séu það háar að þær hrökkvi almennt fyrir bótum sem leiðir af tjóni og að tillit sé tekið til vaxta og kostnaðar sem við kann að bætast. Þessar breytingar einar sér eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar.

Þá er lagt til að heimilað verði að setja almenna reglu um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja. Þannig verður unnt að setja almennar reglur fyrir landið allt í stað þess að settar séu reglur í hverju umdæmi fyrir sig.

Loks eru lagðar til viðeigandi breytingar á umferðarlögum vegna skiptingar Bifreiðaskoðunar Íslands hf. í tvö fyrirtæki, annars vegar Bifreiðaskoðun hf., sem starfar að skoðun bifreiða, og hins vegar Skráningarstofuna hf., sem annast skráningu ökutækja og ýmis tæknileg málefni sem varða ökutæki og búnað þeirra. Þessi skipting kom til framkvæmda 4. febrúar sl.

Herra forseti. Ég hef þá gert grein fyrir meginefni frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[15:23]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill nefna að næstu tvö mál á dagskránni eru á vettvangi hæstv. sjútvrh. Forseta er ljóst að sjávarútvegsnefndarmenn eru fjarverandi í dag og mun því ekki ljúka umræðunni, en hefja hana um bæði þessi mál. Forseti vonar að um það geti orðið samstaða.

Meðferð sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 803.

[15:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um samþykkt á drögum að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar og viðbætur á viðauka I við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Um er að ræða verulegar breytingar á viðaukanum er lýtur að heilbrigði dýra og dýraafurða. Ísland yfirtekur aðeins þær gerðir er varða lifandi fisk, hrogn og svil nokkurra fisktegunda svo og fiskafurðir, þar á meðal fiskmjöl.

Því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, er ætlað að færa löggjöf á þessu sviði til samræmis við þær gerðir Evrópusambandsins sem yfirteknar verða með áðurnefndri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið árið 1992 gengust EFTA-ríkin, þar með talið Ísland, undir þá skyldu að taka upp í löggjöf sína tilskipanir Evrópusambandsins varðandi hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu fiskafurða, ásamt tilskipunum um framleiðslu á lifandi skelfiski og um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu eldisfisks og eldisafurða. Ákvæði þessara tilskipana eru meginefni laga nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra, ásamt reglugerðum um meðferð og vinnslu sjávarafurða og vinnslu og sölu skelfisks. Þetta eru þær reglur sem íslenskir framleiðendur vinna eftir og eru sambærilegar við reglur ESB. Ísland fékk hins vegar algera undanþágu frá því að heimila innflutning á lifandi dýrum og afurðum þeirra. EES-samningurinn gerði hins vegar ráð fyrir að allar undanþágur yrðu teknar til endurskoðunar á árinu 1995.

Hins vegar voru þær tilskipanir sem gilda um viðskipti milli Evrópusambandsríkja og heilbrigðiseftirlit á landamærum þeirra ekki yfirteknar. Ástæðan fyrir því var sú að í samningaviðræðum um Evrópska efnahagssvæðið gátu önnur EFTA-ríki en Ísland ekki sætt sig við að heilbrigðiseftirlit á landamærum innan EES yrði fellt niður.

Hefðu EFTA-ríkin innleitt reglur Evrópusambandsins varðandi landamæraeftirlit þá hefði jafnframt verið unnt að flytja lifandi dýr og landbúnaðarafurðir milli einstakra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins án sérstaks eftirlits. Önnur EFTA-ríki en Ísland voru á þeim tíma ekki reiðubúin fyrir svo veigamiklar breytingar. Þetta skipti Ísland hins vegar engu máli þar sem við fengum algjöra undanþágu varðandi landbúnað eins og kunnugt er.

Flestum útflytjendum íslenskra sjávarafurða er enn í fersku minni svokallað Frakklandsmál sem upp kom í febrúar 1994. Atvik voru þau í stuttu máli að frönsk stjórnvöld hertu mjög fyrirmæli til heilbrigðis- og tollyfirvalda um eftirlit með innflutningi á ísfiski og sjávarafurðum. Birtu

stjórnvöld lista yfir þau lönd sem hefðu heimild til framleiðslu sjávarafurða og dreifingar þeirra í Frakklandi. EFTA-ríkin voru ekki á þessum lista og því var innflutningur frá Íslandi til Frakklands óheimill frá þessum degi. Meðal þeirra aðgerða sem frönsk stjórnvöld gripu til var að taka fyrir dreifingu á fiski og fiskafurðum í 48 klst. eftir að sýni hefði verið tekið úr viðkomandi sendingu meðan verið væri að rannsaka það. Þetta gerði t.d. Íslendingum ókleift að selja ísfisk því fiskurinn skemmdist á þessum tíma. Tafir á afhendingu fiskafurða höfðu í för með sér mikil óþægindi og juku kostnað fyrirtækjanna til muna.

Þetta mál sýndi okkur greinilega, að enda þótt EFTA-ríkin hefðu yfirtekið allar meginreglur Evrópusambandsins um framleiðslu og dreifingu sjávarafurða, þá töldust þau enn til þriðju ríkja, þ.e. ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, hvað varðar eftirlit með heilbrigði vöru á landamærum Evrópusambandsins.

Enda þótt aðstæður séu ekki þær sömu í dag og þegar þessir atburðir gerðust varð stjórnvöldum það ljóst að staða Íslands sem þriðja ríkis gagnvart ESB varðandi landamæraeftirlit með sjávarafurðum væri óviðunandi til frambúðar.

Samningaviðræðum milli sérfræðinga EFTA-ríkjanna og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um að heilbrigðisreglur fyrir þessar sjávarafurðir yrðu hluti EES-samningsins, stóðu yfir með hléum frá febrúar 1994 og lauk með samkomulagi í nóvember 1996.

Meginástæður fyrir viðræðunum voru tvær: Önnur ástæðan var sú að á árunum 1993–1994 vann Evrópusambandið að samræmingu reglna um landamæraeftirlit gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins. Þá lá fyrir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mundi gefa út ákvörðun þess efnis m.a. að sýni yrðu tekin úr 20% sendinga sjávarafurða sem fluttar yrðu inn til sambandsins og 50% skelfiskssendinga. Ljóst var að afurðir frá EFTA-ríkjunum þyrftu að sæta þessari skoðun á landamærum með tilheyrandi kostnaði, töfum og takmörkunum á innflutningshöfnum og flugvöllum.

Hin ástæðan var sú að í I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var ákveði um að endurskoðun á undanþágum EFTA-ríkja skyldi fara fram árið 1995.

Viðræðurnar snerust þannig annars vegar um samningsbundna endurskoðun á I. viðauka við EES-samninginn og hins vegar um afnám landamæraeftirlits á EES-svæðinu.

Áðurnefnt samkomulag gerir ráð fyrir því að landamæraeftirlit milli EFTA-ríkjanna, þ.e. Íslands og Noregs og aðildarríkja Evrópusambandsins verði lagt niður. Þess í stað þurfa Ísland og Noregur að taka að sér heilbrigðiseftirlit með vörum frá ríkjum utan efnahagssvæðisins, Ísland aðeins með sjávarafurðum en Noregur með sjávarafurðum, landbúnaðarafurðum og lifandi dýrum.

Í 3. gr. frv. eru lagðar til veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi við innflutning sjávarafurða. Bætt er við lögin tveimur nýjum köflum. Annar kaflinn er um innflutning sjávarafurða og hinn kaflinn um landamærastöðvar.

Í 19. gr. er fjallað um innflutning frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Meginreglan er sú að heilbrigðiseftirlitið er að meginstefnu í höndum útflutningsríkisins og ber það ábyrgð á því. Þeir aðilar í útflutningsríkinu, sem vilja markaðssetja fiskafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu, þurfa að uppfylla þær heilbrigðiskröfur sem þar gilda. Þetta hefur í för með sér að sjávarafurðir, sem fluttar eru milli ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, þurfa ekki að sæta heilbrigðisskoðun og landamæri eru í því tilliti afnumin. Fiskistofu er þó heimil skyndiskoðun og að taka sýni til rannsókna. Þessari heimild eru þó takmörk sett og verður að beita henni án mismununar.

Innflutningur á sjávarafurðum frá þriðju ríkjum verður eftirleiðis með þeim hætti að þeir aðilar einir sem uppfylla heilbrigðiskröfur EES mega flytja inn fisk og fiskafurðir til Íslands. Gefnar verða út skrár yfir þær vinnslustöðvar, verksmiðjuskip og frystiskip sem uppfylla umræddar heilbrigðiskröfur og öðrum er óheimill innflutningur inn á EES-svæðið, þar með talið til Íslands.

Allan lifandi fisk og fiskafurðir, þar með talið fiskmjöl frá aðilum utan EES, skal skoða á landamærastöð. Hins vegar er fiskiskipum heimilt að landa ísuðum afla sínum í öðrum höfnum.

Gert ráð fyrir að á Íslandi verði tekið upp eftirlit með sjávarafurðum, þar með töldu fiskmjöli og nokkrum lifandi fisktegundum sem koma frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í því skyni er nauðsynlegt að koma á fót sérstökum landamærastöðvum þar sem skoðun afurða getur farið fram með fullnægjandi hætti, í höfnum og á Keflavíkurflugvelli.

Fiskistofa mun annast daglegan rekstur þessara landamærastöðva. Starfsmenn Fiskistofu munu að öllu jöfnu annast eftirlitið og munu þeir þannig skoða fisk sem landað er úr skipum þriðju ríkja, t.d. heilfrystum fiski úr rússneskum skipum. Hinsvegar mun embætti yfirdýralæknis hafa umsjón með innflutningi á fiskmjöli til fóðurs og lifandi fiskum með tilliti til sjúkdómavarna. Þá er gert ráð fyrir því að Fiskistofa, yfirdýralæknir og Hollustuvernd skipti með sér eftirliti eftir því sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Landamærastöðvarnar skiptast í varanlegar stöðvar og stöðvar sem hafa heimild til að skoða frystan fisk fram til 31. desember 1998. Í frv. er ráð fyrir því gert að sjávarútvegsráðherra ákveði með reglugerð fjölda landamærastöðva og staðsetningu þeirra. Meðan á samningaviðræðum stóð lagði ég ríka áherslu á að Ísland fengi sem flestar hafnir viðurkenndar til innflutnings á frystum afurðum sem ætlaðar eru til frekari vinnslu. Þannig yrði sem minnst röskun á því fyrirkomulagi sem nú er við þennan innflutning. Samkomulag náðist um 12 aukastöðvar sem hafa tímabundið leyfi fyrir innflutningi á frystum fiski. Þessi niðurstaða er okkur mjög hagkvæm því óneitanlega fylgir því kostnaður og tímatap að sigla með afurðir inn á eina höfn til eftirlits og landa þeim síðan í annarri.

Nú er fyrirhugað að með reglugerð verði settar upp sjö landamærastöðvar og valdar hafa verið tólf hafnir sem fá tímabundið leyfi. Er gert ráð fyrir að þær verði á eftirtöldum stöðum:

Landamærastöðvar verði í Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði, Vestmannaeyjum og á Keflavíkurflugvelli. En hafnir sem hafa sérstakt leyfi fyrir innflutningi frystra sjávarafurða til ársloka 1998 verði í Keflavík, Grundarfirði, Patreksfirði, Þingeyri, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, Seyðisfirði, Höfn, Þorlákshöfn og Dalvík.

Við ákvörðun í ráðuneytinu á framantöldum landamærastöðvum var tekið tillit til þess hvar innflutningur frá þriðju ríkjum var mestur undanfarin ár. Þá var ákveðið að a.m.k. ein landamærastöð væri í hverjum landsfjórðungi og sem næst útibúi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Að lokum var tekið tillit til þess hvar Fiskistofa hafi ákveðið að staðsetja eftirlitsmann með fasta búsetu. Augljóst hagræði næst fram með því að nýta eftirlitsmenn Fiskistofu bæði við heilbrigðiseftirlit og annað eftirlit sem stofunni er falið með

lögum. Ég vil leggja á það áherslu að hér er ekki um að ræða endanlegt val á landamærastöðvum því fyrir árslok 1998 verður ákveðið hvaða hafnir sem tímabundið leyfi hafa fái varanlegt leyfi.

Í samningaviðræðunum var það mikið baráttumál að fá áheyrnaraðild að fastanefnd ESB um dýraheilbrigði en sú nefnd er framkvæmdastjórn ESB til aðstoðar við mótun og framkvæmd löggjafar á þessu sviði. Þessi nefnd er sá vettvangur þar sem fjallað verður um þau vandamál sem upp kunna að koma varðandi löggjöf ESB/EES á sviði meðferðar og eftirlits með sjávarafurðum og mótaðar þær breytingar sem gera þarf á þeim reglum. Það er því mjög mikilvægt fyrir Ísland að geta tekið þátt í umfjöllun um þær reglur sem uppfylla þarf hér á landi frá byrjun. Samkomulag náðist um þetta á lokaspretti viðræðnanna og hefur Ísland þegar sótt nokkra fundi nefndarinnar. Einnig hafa Ísland og Noregur fengið aðild að undirnefndum sem gera tillögur að reglum um heilbrigði dýra og afurða þeirra, Ísland þó einungis varðandi fisk, fiskafurðir og fiskmjöl.

Í lok IV. kafla er að finna svokallað öryggisákvæði sem samningsaðilar geta gripið til í sérstökum tilfellum. Komi upp innan aðildarríkja ESB eða EFTA/EES-ríkja, annarra en Íslands, tilteknir dýrasjúkdómar eða annað sem stofna kann heilbrigði dýra eða almennings í alvarlega hættu, getur sjávarútvegsráðuneytið gripið til öryggisráðstafana gagnvart ríki því sem sjúkdómur kemur upp í. Framkvæmdastjórn ESB og hin EES-ríkin geta gripið til sams konar aðgerða gagnvart Íslandi að sömu skilyrðum uppfylltum. Öryggisráðstafanirnar taka gildi um leið og aðrir samningsaðilar hafa verið upplýstir um beitingu þeirra. Ráðstafanirnar geta ýmist falist í algjöru innflutningsbanni eða setningu sérstakra skilyrða um innflutning frá því ríki sem sjúkdómur kemur upp í. Viðræður milli aðila skulu þó hefjast án tafar og ef lausn finnst ekki er heimilt að vísa málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Í V. kafla um landamærastöðvar er gert ráð fyrir gjaldtöku fyrir skoðun á fiski og fiskafurðum sem koma frá þriðju ríkjum. Um er að ræða samræmt gjald á öllu EES-svæðinu til að samkeppnisstöðu sé ekki raskað á svæðinu.

Kostnaður hefur verið áætlaður vegna eftirlits með innfluttum sjávarafurðum frá þriðju ríkjum. Stofnkostnaður vegna landamærastöðva er talinn nema 16,3 milljónum króna. Þá hefur einnig verið áætlaður rekstrarkostnaður fyrir síðari hluta ársins 1997 sem talin er nema 3,6 milljónum kr. en tekjur á móti eru taldar geta numið 1,5 milljónum kr. Áætlun um rekstrarkostnað fyrir allt árið 1998 nemur 7,3 milljónum kr. Tekjur eru taldar muni nema 3 milljónum kr.

Hér er lagt til að lögin öðlist gildi 1. júlí 1997. Sú dagsetning er við það miðuð að sameiginlega EES-nefndin samþykki ákvörðun um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn á fundi sínum í lok apríl nk. Ómögulegt er að segja til um hvenær framkvæmdastjórn ESB lýkur endanlegri umfjöllun sinni um samkomulagið. Lengstur tími fer í að þýða það á tungumál allra aðildarríkjanna.

Herra forseti. Ég vil leggja á það áherslu að frumvarp þetta er flutt í tengslum við þingsályktunartillögu um samþykkt draga að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar og viðbætur á viðauka I við EES-samninginn sem lögð hefur verið fram hér á Alþingi.

Verði þáltill. samþykkt ásamt þessu frv. verður samkeppnisstaða íslensk sjávarútvegs jöfnuð við samkeppnisstöðu sjávarútvegsfyrirtækja ríkja Evrópusambandsins hvað varðar kostnað vegna heilbrigðiseftirlits á landamærum. Auk þess veitir þessi samningur okkur færi á að fylgjast mun betur með mótun og setningu reglna á þessu sviði innan ESB og jafnframt opnast sá möguleiki að hafa áhrif á mótun þessara reglna. Á hinn bóginn fellur nokkur kostnaður á okkur og auknar skyldur en það er léttvægt þegar heildarhagsmunir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á okkar langmikilvægasta markaði eru hafðir í huga.

Herra forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar hjá hv. sjútvn.

[15:38]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. sem ráðherra hefur nýlega lokið við að mæla fyrir er hér til umræðu við fremur sérkennilegar aðstæður því eins og fram kom hjá hæstv. forseta þá er öll sjútvn. Alþingis nú í dag stödd í Færeyjum í skoðunarferð og kemur ekki fyrr en í kvöld. Því er mjög óvenjulegt að taka mál þetta til umræðu að nefndinni fjarstaddri en sjútvn. er, má segja, trúnaðarmenn Alþingis í þessu máli. Nefndarmenn eiga að taka við málinu úr höndum ráðherra. Þingið vísar málinu til sjútvn. að lokinni 1. umr. og eftir það hefur sjútvn. Alþingis meðferð málsins í sínum höndum. Það er því nauðsynlegt að nefndarmenn séu viðstaddir 1. umr. máls. Það segir sig sjálft að þeir sem eiga að taka við málinu af hálfu þingsins verða auðvitað að vera viðstaddir umræðuna, geta hlýtt á hana og tekið þátt í henni eins og aðstæður og efni leyfa.

Við þessar aðstæður er því að mínu mati óeðlilegt að hefja umræðu um mál á sviði sjútvn. Það eru fleiri sömu skoðunar. Þingflokksformaður Alþb. hefur mótmælt því að þessi tvö þingmál verði tekin til umræðu í dag. Því miður hefur forseti ekki orðið við þeirri áskorun þingflokksins og hefur því heimilað að umræðan hefjist. En mér skilst að samkomulag hafi orðið um að umræðunni ljúki ekki heldur haldi áfram á morgun.

Ég sé nú ekki hvers vegna er verið að strekkjast við að mæla fyrir málum í dag þegar ljóst er að umræðu getur ekki lokið fyrr en á morgun þegar sjútvn. er komin heim til starfa og getur tekið þátt í umfjöllun um málið í þingsölum. Það hlýtur að leiða af málsmeðferðinni að þeir þingmenn sem hugsa sér að tala í málinu spari við sig ræðuhöld þar til að sjútvn. er mætt. Ég sé að minnsta kosti ekki, virðulegi forseti, mikinn tilgang í því að úttala mig um þetta þingmál yfir hæstv. sjútvrh. einum, þó hann sé alls góðs maklegur í þessu efni og er ég ekkert að gera lítið úr honum eða hans skoðunum í þessu efni. Það er einfaldlega þannig að hann er að skila málinu af sér en ég vil helst tala við þá sem eru að taka við málinu og hafa áhrif á skoðanir þeirra og viðbrögð þeirra við því hvernig þeir hugsa sér að halda á málinu í þingsölum.

Virðulegi forseti. Ég mun því í þessum tveimur málum spara ræðuhöld af minni hálfu sem mest og huga að því að segja hug minn í málunum fremur við umræðuna þegar þeir alþingismenn eru mættir til þingfunda sem sæti eiga í hv. sjútvn.

[15:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill, vegna orða hv. þm. taka fram að hann tók aðeins of mikið upp í sig þegar hann sagði að sjútvn. í heild væri fjarverandi. Það er einn nefndarmaður í sjútvn. staddur í húsinu þótt hann sé ekki hér í salnum. Forseti skilur þessa

gagnrýni og færi betur að nefndarmenn yfirleitt væru viðstaddir 1. umr. þingmála. Því miður vill oft verða misbrestur á því.

Eins og forseti tók fram þá mun hann ekki ljúka umræðunni um þetta mál. En til að gefa aðeins frekari skýringar þá var verið að raða hér á dagskrána málum, sérstaklega málum þriggja ráðherra, í þessari viku og það var ekki hægt að koma því öðruvísi við en með þessum hætti, að dóms- og sjútvrh. gæti haft þennan dag til að mæla fyrir sínum málum. En forseti ítrekar að umræðu verður haldið áfram um þessi mál í fyrramálið.

Umræðu frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 830.

[15:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Í maí 1994 skipaði ég nefnd til að endurskoða ákvæði laga nr. 81 frá 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir að þau atriði sem starf nefndarinnar skuli einkum beinast að séu heimildir til togveiða innan fiskveiðilögsögunnar og önnur skipting veiðisvæða milli veiðarfæra, framkvæmd skyndilokana og annarra svæðisbundinna friðunaraðgerða og viðurlög við fiskveiðilagabrotum. Í nefndina voru skipaðir þrír fulltrúar sjómanna tilnefndir af Vélstjórafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands og þrír fulltrúar útvegsmanna tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Formaður nefndarinnar var Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Nefndin skilaði tillögum sínum í lok október 1996 og er lagafrumvarp þetta í samræmi við tillögur nefndarinnar að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir nokkuð mótaðri lagaákvæðum varðandi dragnótaveiðar auk þess sem kveðið er með skýrari hætti á um framkvæmd leyfisbindingar veiða. Þessar breytingar eru til komnar vegna afstöðu sem fram kom hjá hagsmunaaðilum við kynningu tillagna nefndarinnar um skipulag dragnótaveiða. Þá þykir nauðsynlegt að kveða skýrar í lögum á um þær meginviðmiðanir sem leggja beri til grundvallar, þegar veiðar eru leyfisbundnar í ljósi nýlegra dóma Hæstaréttar.

Lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, voru samþykkt á Alþingi í maí 1976. Lög þessi leystu af hólmi lög frá 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og síðari lög um breytingar á þeim lögum. Samþykkt laga nr. 81/1976 var á sínum tíma einn veigamesti þátturinn í þeirri endurskoðun laga og reglna um fiskveiðistjórn sem fylgdi í kjölfar útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur. Í lögum nr. 81/1976 voru ýmis nýmæli og merkust þeirra má e.t.v. telja ákvæði um heimildir Hafrannsóknastofnunarinnar til skyndilokana veiðisvæða og víðtækar heimildir fyrir ráðherra til setningar reglna um friðunarsvæði og notkun og útbúnað veiðarfæra. Með lögunum voru enn fremur gerðar nokkrar breytingar á togveiðiheimildum fiskiskipa en veigamesta breytingin á þeim fólst í því að horfið var frá því að miða togveiðiheimildir fiskiskipa við brúttórúmlestatölu þeirra en í stað þess var tekið upp að miða við mestu lengd fiskiskipanna.

Frá því að lög nr. 81/1976 tóku gildi hafa verið gerðar á þeim nokkrar breytingar. Má þar fyrst nefna breytingar þær sem tengjast aflamarkskerfinu. Aðrar breytingar hafa ekki verið stórfelldar, en þær veigamestu lúta að rýmkun heimilda til dragnótaveiða og ákvæðum um skyndilokanir.

Eins og áður er getið var við gildistöku laga nr. 81/1976 horfið frá því að miða togveiðiheimildir skipa við brúttórúmlestir og ákveðið að miða þess í stað við mestu lengd þeirra. Ástæða þessarar breytingar var sú að brúttórúmlestaviðmiðunin þótti ekki heppileg þar sem tiltölulega litlar breytingar á skipi, sem engin áhrif höfðu á afkastagetu þess, gátu haft mjög mikil áhrif á skráða brúttórúmlestastærð skipanna. Í gildistíma laganna frá 1973 hafði skipum verið skipt upp í þrjá stærðarflokka miðað við viðmiðunarstærðirnar 105 og 350 brúttórúmlestir. Með lögum nr. 81/1976 voru fiskiskipin einnig flokkuð í þrjá stærðarflokka en miðað var við 39 metra og 26 metra mestu lengd. Auk þess segir í lögum nr. 81/1976, að þegar rætt sé um skip 39 metra og styttri þá séu undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 brennsluhestöfl eða stærri og höfðu því slík skip sömu togveiðiheimildir og skip stærri en 350 brúttórúmlestir. Í ákvæði til bráðabirgða við lögin var hins vegar ákveðið, að ekkert skip skyldi missa í neinu togveiðiréttindi, þrátt fyrir ofangreinda breytingu. Þannig hefur skip haldið togveiðiheimildum sínum þótt það sé lengra en 26 metrar sé það undir 105 brúttórúmlestum. Sama gildir um skip stærra en 39 metrar sé það undir 350 brúttórúmlestum. Þetta bráðabirgðaákvæði var ekki tímabundið og hefur verið túlkað svo, að skipin haldi réttindum sínum fari stærð þeirra í brúttórúmlestum ekki yfir tilgreind mörk. Þar sem auðvelt er, eins og áður sagði, að hafa áhrif á brúttórúmlestastærð skips hefur þessi skipan með árunum leitt til þess að togveiðiheimildir sambærilegra skipa eru mjög misjafnar. Jafnhliða þessu hefur sú þróun orðið að byggð hafa verið mjög afkastamikil skip sem mælast aðeins styttri en 26 metrar. Þessi skip eru miklum mun breiðari en eldri jafnlöng skip voru og eru auk þess búin mun stærri vélum. Mælast þau yfir 105 brúttórúmlestir og er afkastageta þeirra miklu meiri en þeirra skipa, sem höfð voru til hliðsjónar þegar togveiðiheimildir minnstu togveiðiskipanna voru ákveðnar með lögum nr. 81/1976. Loks má nefna að sérákvæðið um skuttogara með vél stærri en 1.000 hestöfl hefur valdið nokkrum túlkunarvanda því ekki er í lögunum skilgreining á því hvað teljist skuttogari og hafa breytingar í gerð og búnaði skipa á undanförnum árum aukið skilgreiningarvandann. Þessar reglur laga nr. 81/1976, sem hér hafa verið raktar, hafa því valdið miklu misræmi í togveiðiréttindum fiskiskipa, auk þess sem allt eftirlit með því hvaða togveiðiréttindi einstök skip hafa er mjög erfitt. Þykir því rík ástæða til að koma á annarri og betri skipan mála.

Lagt er til að fallið verði frá brúttórúmlestaviðmiðun hins ótímabundna bráðabirgðaákvæðis núgildandi laga varðandi togveiðiheimildir fiskiskipa. Miðað verði við mestu lengd fiskiskipa sem meginreglu en jafnframt verði litið til toggetu þeirra við ákvörðun togveiðiheimilda. Í því skyni verði tekinn upp til viðmiðunar svonefndur aflvísir en hann er samsettur af þeim kröftum sem mestu ráða um toggetu fiskiskipa. Þá er lagt til að skipum verði heimilt að stunda dragnótaveiðar á þeim svæðum þar sem togveiðar eru þeim heimilar án sérstaks veiðileyfis. Aðeins verði heimilt að veita bátum undir

tiltekinni stærð heimildir til dragnótaveiða innan togveiðilína. Aðlögunartími fyrir báta sem missa togveiðiheimildir við þessa breytingu verði til 1. janúar 2003.

Ekki er lagt til að miklar breytingar verði gerðar á skipan togveiðihólfanna sjálfra en hins vegar er framsetningu þeirra í frumvarpstextanum breytt til hægðarauka. Þó er lagt til að felld verði niður fimm togveiðisvæði.

Tvö þeirra við suðurströndina þar sem veiðar með vörpu hafa nú í nokkur ár verið bannaðar út að þremur sjómílum að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eitt þeirra nær inn á Breiðafjörð þar sem samkvæmt gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar er iðulega bæði smáýsa og smáþorskur og hefur komið til skyndilokana af þeim sökum.

Loks er um að ræða tvö svæði fyrir Vestfjörðum þar sem skipum styttri en 20 metrar hefur verið heimilað að stunda togveiðar að hausti upp að fjórum sjómílum. Þessi svæði voru á sínum tíma opnuð vegna rækjubáta en þeir hafa lítið nýtt þau og þykir ekki ástæða til að halda þessum sérstöku heimildum áfram.

Þá er lagt til að breytingar verði gerðar á tveim togsvæðunum við Norðausturland og að sett verði nýtt togsvæði þar sem skipum í tveimur minni flokkunum verði heimilt að stunda veiðar allt upp að fjórum sjómílum út af norðanverðum Vestfjörðum frá 1. nóvember til 31. janúar. Ástæða þessarar tillögu er að á þessu svæði má á haustin finna bæði kola og ýsu og eru svæðin lítið nýtt af öðrum fiskiskipum þennan tíma.

Um þessar tillögur og forsendur fyrir þeim vísast að öðru leyti til frumvarpsins og athugasemda með því þar sem rækilegri grein er gerð fyrir þeim breytingum sem hér er verið að mæla fyrir um.

Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um að renna traustari lagastoðum undir núverandi skipulag grásleppuveiða en veiðar þessar hafa um langt árabil verið leyfisbundnar. Í frumvarpinu felast hins vegar ekki tillögur til breytinga á efni núgildandi reglna enda ríkir almenn sátt um þær.

Ákvæði 6. og 7. gr. laga nr. 81/1976, um heimild ráðherra til setningar reglugerða um svæðalokanir til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar, eru ítarleg. Engu að síður hafa þau ekki þótt nægilega ljós. Jafnframt eru þau þannig orðuð að deila má um gildissvið þeirra, t.d. varðandi veiðar á öðrum tegundum nytjastofna en fiski. Þykir ástæða til að einfalda þessar reglur og jafnframt gera þær skýrari og ótvíræðari. Sama á við varðandi ákvæði um heimildir til handa ráðherra til setningar reglugerða sem lúta að friðun og nýtingu fiskstofna.

Á sínum tíma þóttu ákvæði 8. gr. laga nr. 81/1976, um heimildir til handa Hafrannsóknastofnuninni til þess að skyndiloka veiðisvæðum með tilkynningum í útvarpi eða strandstöð, merk nýjung. Á þeim 20 árum, sem liðin eru frá því að lögin öðluðust gildi hefur fengist mikil reynsla af framkvæmd skyndilokana og þykir ástæða til að taka mið af henni og breyta ákvæðunum í samræmi við hana. Auk þess hafa á þessu sviði orðið breytingar, t.d. í fjarskiptatækni sem eðlilegt er að taka tillit til.

Lagt er til að heimildum Hafrannsóknastofnunar til skyndilokana verði breytt nokkuð þannig að þær gildi í allt að fjórtán sólarhringa í stað sjö sólarhringa. Auk þess verði heimilt að framlengja þær um viku við sérstakar aðstæður. Þá verði heimilað að grípa til skyndilokana á grundvelli tillagna frá skipstjórum fiskiskipa að ákveðnum ströngum skilyrðum fullnægðum.

Loks er lagt til að veruleg breyting verði gerð á viðurlagaákvæðum enda má segja að viðurlagakafli laga nr. 81/1976 sé ekki í samræmi við þá lagaþróun sem almennt hefur orðið. Verður að telja að ýmis ákvæði hans séu úrelt enda má rekja þau óbreytt til eldri laga sem miðuðust við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Er rétt í þessu sambandi að benda á að með lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, voru samþykktar verulegar breytingar á viðurlagakafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Er samræmi milli viðurlagaákvæða laga nr. 38/1990 og laga nr. 57/1996. Þessi tvenn lög, ásamt lögum nr. 81/1976, eru veigamestu lögin á sviði fiskveiða og nýtingar fiskstofna hér við land. Þykir því nauðsynlegt að viðurlagaákvæði laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands séu í samræmi við viðurlagakafla áðurnefndra laga. Lagt er m.a. til að fallið verði frá skilyrðislausri upptöku afla og veiðarfæra vegna landhelgisbrota og refsirammi vegna sekta verði einfaldaður.

Herra forseti. Lögð skal sérstök áhersla á að í frumvarpi þessu er á ýmsan hátt reynt að koma til móts við sjónarmið útgerðarmanna og sjómanna, bæði varðandi framkvæmd ákvæða sem lúta að lokunum svæða og fleiri þátta. Þá er jafnframt leitað aukins samstarfs við þá varðandi skynsamlega nýtingu fiskstofna og má í því sambandi benda á ákvæði 11. gr. frv. en í því er heimilað að grípa til skyndilokana vegna upplýsinga frá sjómönnum vegna skaðlegra veiða.

Ég tel því mikilvægt að Alþingi takist að afgreiða frv. á þessu þingi. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu, herra forseti, vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[15:55]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Megintilgangur þessa þingmáls er samkvæmt 1. gr. þess að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Þetta er samhljóða ákvæði og er í núgildandi lögum sem þetta frv. á að leysa af hólmi, en þau lög eru orðin liðlega 20 ára gömul. Þróun byggðar í landinu á þeim tíma hefur verið með þeim hætti, a.m.k. getum við sagt síðustu tíu ár, að það er varla hægt að tala um trausta byggð. Það hefur verið stöðugt undanhald víðast hvar á landsbyggðinni. Einungis á örfáum stöðum getum við sagt að byggð hafi staðið af sér undanhaldið en hvergi verið í neinni sókn nema á höfuðborgarsvæðinu, þar hefur verið traust byggð.

Ég vildi því leita eftir því við hæstv. ráðherra að hann útskýrði fyrir okkur hvernig þessi lög eiga að breyta þeirri þróun sem verið hefur eða hvort sú þróun sem er eigi bara að vera áfram að mati hans og að það sé traust atvinna og traust byggð í landinu að áfram verði fólksfækkun á landsbyggðinni, m.a. á öllum stöðum á Vestfjörðum sem er það kjördæmi sem hvað mest byggir afkomu sína á sjávarútvegi.

Ég vil nefna það, virðulegi forseti, að ég hefði talið að ef menn vildu nálgast þetta markmið, þ.e. að lögin tryggðu byggð og atvinnu í landinu einkum í sjávarútvegsbyggðunum, þá yrði að vera í frv. ákvæði sem veitti þeim byggðum tiltekinn rétt umfram aðra til sóknar og nýtingar á auðlindum nálægt þeim byggðum. Það er nú ekki tími til að hafa lengri orð um það, virðulegi forseti, enda mun ég gera það í ræðu minni um þetta mál á morgun. En það væri fróðlegt að heyra frá hæstv. ráðherra hverja skoðun hann hefur í þessu efni.

[15:57]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það liggi nokkuð í augum uppi að mikilvægasta atriðið fyrir þróun byggðar á Íslandi er að okkur takist að stjórna fiskveiðum hér við land af nokkurri skynsemi. Ef okkur mistekst í þeim efnum er ekki aðeins voðinn vís fyrir efnahag þjóðarinnar heldur mun það fyrst koma niður á þeim byggðum þar sem sjávarútvegur er nú stundaður. Þannig að forsenda þess að unnt sé að byggja upp traust atvinnufyrirtæki á landsbyggðinni og styrkja þar með landsbyggðina er að stjórna nýtingu auðlindanna af skynsemi og ganga vel um auðlindina. Og í öðru lagi að tryggja að hagkvæmnikröfur ráði við mótun fiskveiðistefnunnar og efnahagsstefnunnar þannig að fjárhagslega sterk og öflug fyrirtæki geti byggst upp á landsbyggðinni eins og í þéttbýlinu. Að útflutningsgreinarnar geti treyst á öflug fyrirtæki ekki síður en innflutnings- og þjónustuhliðin. Ég tel að á allra síðustu árum hafi verið jákvæð þróun í þessa átt. Við eigum nú fleiri traust fyrirtæki með betri eiginfjárstöðu í sjávarútvegi en áður var og það mun efla og styrkja landsbyggðina þegar fram í sækir.

[15:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alveg sammála ráðherranum að mikilvægt er og jafnvel mikilvægast fyrir byggð í landinu, a.m.k. fyrir þá byggð sem byggir sína afkomu á sjávarútvegi, að fiskveiðum sé stjórnað af skynsemi. Um það eru engar deilur milli okkar í þessu efni. Við erum sammála um það. En það kann að vera að við séum ekki endilega sammála um hvaða stjórn er af skynsemi. Ég er ekki alveg viss um að það sé stjórn fiskveiða af skynsemi að öllum skipum á Íslandi sé hleypt upp að 12 mílum fyrir utan Vestfirði, jafnvel skipum yfir þúsund tonn. Ég er ekki sannfærður um að það sé stjórn fiskveiða af skynsemi að stórum skipum sé hleypt upp í 4 mílur t.d. út af Vestfjörðum á ákveðnu svæði og á ákveðnum tíma ársins. Ég hefði talið það veiðar af skynsemi að þeir sem búa á staðnum nytjuðu miðin og þau skip sem þar eru gerð út en ekki önnur skip.

Það má sjá á stöðu byggðar vítt um landið að hún er ákaflega misjöfn. Sumir staðir hafa staðið ákaflega vel af sér þá takmörkun á veiðum, sem tekin var upp á sínum tíma og var óhjákvæmileg, staðir eins og Akureyri og Höfn í Hornafirði. Aðrir hafa ekki náð að standast þessa þróun sem orðið hefur og nefna má öll þorpin á Vestfjörðum sem hafa tapað öllum togurum sínum og byggja afkomu sína á tiltölulega litlum skipum með litlar veiðiheimildir.

Mér hefur ekki fundist það vera stjórn fiskveiða af skynsemi að láta þá þróun ganga yfir eins og gerst hefur með tilheyrandi afleiðingum á efnahag fólksins sem þar býr og áhrifum á verðmæti eigna og annað slíkt.

[16:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frv. mælir m.a. fyrir um togveiðisvæði en eins og fram kom fyrr í umræðunni voru ekki róttækar breytingar gerðar í þeim efnum. Þó er heldur verið að takmarka veiðisvæði togaranna og fella niður ákveðin hólf, sem svo hafa verið nefnd, sem þeir hafa á tilteknum tímum getað veitt innan við 12 mílur m.a. úti fyrir Vestfjörðum þannig að í því efni hygg ég að við séum sammála.

Varðandi afkomu einstakra fyrirtækja er það að minni hyggju grundvallaratriði að stjórnvöld eiga ekki að stýra rekstri einstakra fyrirtækja. Aðalatriðið er að almennar reglur gildi um fiskveiðistjórnun og að aðstaða þeirra sem í atvinnugreininni starfa sé jöfn en síðan verður hver og einn að vera sinnar gæfu smiður í rekstri og starfrækslu atvinnufyrirtækjanna.

Umræðu frestað.

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 403. mál. — Þskj. 700.

[16:03]

Flm. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. á þskj. 700 um mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum. Meðflytjendur auk mín eru hv. þingkonur Kristín Ástgeirsdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. Þetta er 403. mál þessa þings og tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að móta áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum í samræmi við yfirlýsingu sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. desember 1993. Nefndin verði skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Jafnréttisráðs, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Kvennaathvarfsins í Reykjavík og Stígamóta, svo og fulltrúa forsætisráðuneytis sem verði formaður. Nefndin móti áætlun til fimm ára og hafi eftirlit með framkvæmd hennar. Skýrsla um störf nefndarinnar verði lögð fyrir Alþingi eftir því sem verkinu miðar."

Herra forseti. Þetta mál snýst um mannréttindi. Það eru mannréttindi að finna til öryggis á eigin heimili. Það eru mannréttindi að njóta verndar foreldra og ástvina í uppvextinum. Það eru mannréttindi að ganga frjáls og óttalaus utan sem innan heimilis án þess að eiga yfir höfði sér að verða fyrir barsmíðum eða nauðgun. Það eru mannréttindi að ráða yfir eigin líkama.

Brot á þessum mannréttindum eru framin daglega í okkar litla samfélagi, jafnvel oft á dag. Það er staðreynd sem er erfitt að horfast í augu við en óhugsandi að sætta sig við. Þess vegna hljótum við að gera það sem við getum til að vinna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist.

Fyrir réttum mánuði ræddum við skýrslu dómsmrh. um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis en þá skýrslu er að finna á þskj. 612. Skýrslan byggir á könnun og starfi nefndar sem skipuð var í framhaldi af samþykkt tillögu á Alþingi árið 1994 en flytjendur þeirrar tillögu voru hv. þingmenn Svavar Gestsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þetta er mjög athyglisverð skýrsla og mikilvægt innlegg í þessa umræðu því það er mála sannast að heimilisofbeldi var fyrir hálfum öðrum áratug eitt best varðveitta leyndarmál samfélagsins. Mannréttindabrot af þessu tagi voru einfaldlega ekki til umræðu. Kvennabaráttan hefur breytt þessu og þar um ræður m.a. starfsemi Kvennaathvarfsins og Stígamóta en þar hafa verið unnin þrekvirki sem hafa gerbreytt viðhorfum til þessara mála. Einnig er vert að minna á nýafstaðna röð málþinga sem þessir aðilar stóðu fyrir ásamt ýmsum fleirum, m.a. Kvennalistanum og Sambandi framsóknarkvenna, um hinar ýmsu birtingarmyndir ofbeldis gagnvart konum og á

þeim málþingum kom fram mikill fróðleikur sem gagnast mun í áframhaldandi baráttu.

Kvennalistinn hefur átt drjúgan þátt í baráttunni gegn ofbeldi gagnvart konum. Fyrsta þingmálið sem Kvennalistinn fékk samþykkt á Alþingi var um könnun og meðferð nauðgunarmála og tillögur til úrbóta í þeim efnum. Árangur þess starfs er m.a. neyðarmóttaka vegna kynferðislegs ofbeldis sem opnuð var á Sjúkrahúsi Reykjavíkur 8. mars 1993 og hefur tvímælalaust sannað gildi sitt. Þar var stigið stórt framfaraspor og það starf á eftir að skila sér enn betur, m.a. í fræðslu og miðlun upplýsinga sem ég veit að aðstandendur neyðarmóttökunnar hafa fullan hug á að efla og fara með víðar um þjóðfélagið. Þá hafa verið gerðar breytingar á lögum og fleira til að taka á þeim málum.

Það er margt fleira sem gera þarf og út á það gengur sú tillaga sem hér er borin fram. Við teljum umræðuna það vel á veg komna í þjóðfélaginu og ýmsar hugmyndir fyrir hendi til úrbóta þannig að nú sé bara að hefjast handa og hrinda þeim í framkvæmd. Þess vegna leggjum við til að stefnt sé saman til nokkurs konar aðgerðaráðs fulltrúum hinna frjálsu félagasamtaka sem hafa unnið hvað mest að þessum málum, svo og fulltrúum framkvæmdarvaldsins sem málið varða. Menn kunna að spyrja og hafa reyndar þegar spurt hvers vegna tillagan sé einskorðuð við afnám ofbeldis gagnvart konum en ekki bara ofbeldis yfirleitt og síðast í morgun fékk ég upphringingu frá fjölmiðli sem spurði um þetta.

Ekki skal gera lítið úr því. Vissulega þarf að vinna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og gegn hverjum sem er. En ofbeldi gagnvart konum hefur nokkra sérstöðu. Eins og menn hljóta að átta sig á, m.a. við lestur fylgiskjalsins, sem er yfirlýsing um afnám ofbeldis gagnvart konum sem samþykkt var á 85. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. desember 1993. Íslendingar greiddu þessari yfirlýsingu atkvæði sitt og tóku með því undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Vissulega má benda á atriði í yfirlýsingunni sem ekki ætti að þurfa að taka sérstaklega á hér á landi en önnur þarfnast svo sannarlega rækilegrar umfjöllunar og úrbóta við.

Við mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum þarf m.a. að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Að fræðsla um ofbeldi og áhrif þess verði aukin verulega í skólum og meðal almennings, hvort sem um er að ræða kynferðislegt ofbeldi eða ofbeldi af öðrum toga.

2. Að heimilisofbeldi verði skilgreint og meðhöndlað eins og annað ofbeldi.

3. Að fræðsla fyrir lögreglumenn, lögfræðinga og dómara um kynferðisofbeldi og ofbeldi á heimilum verði stóraukin.

4. Að markvisst verði unnið að því að fjölga konum í þeim starfsstéttum sem vinna við meðferð ofbeldismála, bæði hjá lögreglu, ákæruvaldi og dómstólum.

5. Að kæruskylda hvíli á lögreglu og ákæruvaldi vegna ofbeldisbrota, en ábyrgðin hvíli ekki á þolanda brotsins.

6. Að brotaþola sé skipaður málsvari allt frá upphafi rannsóknar til málsloka.

7. Að lögreglu verði gert kleift að beita nálgunarbanni jafnhliða áminningu ef einhver raskar friði annarrar manneskju eða vekur henni ótta með ógnunum eða ofsóknum.

8. Að tryggt verði fjármagn til reksturs miðstöðva fyrir konur og börn sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi.

9. Að komið verði á meðferðarúrræðum fyrir karla sem beita konur ofbeldi.

Af þessari upptalningu má sjá hvers vegna við teljum nauðsynlegt að fulltrúar svo margra ráðuneyta komi að málinu. Það þarf að taka á því með mjög víðtækum hætti ef verulegur árangur á að nást. Hæstv. dómsmrh. hefur sýnt þessum málum áhuga og skilning og hann lýsti því m.a. yfir í umræðunni 5. mars sl. að hann hefði lagt drög að myndun starfshópa til að huga að löggæsluþættinum og að öðrum sem mundi huga að meðferð þessara mála í dómskerfinu. Hann lýsti þar einnig yfir vilja sínum til að stuðla að samstarfi milli ráðuneyta og tók undir þær hugmyndir sem fram komu í umræðunni um slíkt. Við, flytjendur þessa þingmáls, bindum því miklar vonir við að um þetta geti náðst góð samstaða á Alþingi.

Í ofbeldi gegn konum birtist kvennakúgun í sinni grófustu mynd og það er krafa kvenna að gripið verði til aðgerða til að afmá þann smánarblett af íslensku samfélagi og svo sannarlega hafa stjórnvöld í raun tekið undir það með því að skrifa undir þá yfirlýsingu sem fylgir með þessu sem fskj.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu en að lokinni þessari umræðu legg ég til að henni verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 13. mál.

Fundi slitið kl. 16:12.

---

98. FUNDUR

fimmtudaginn 3. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 818. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, þáltill., 403. mál, þskj. 700. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803. — Frh. 1. umr.

5. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830. — Frh. 1. umr.

6. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802. — 1. umr.

7. Rafræn eignaskráning verðbréfa, stjfrv., 474. mál, þskj. 801. — 1. umr.

8. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 816. — 1. umr.

9. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 148. mál, þskj. 163, nál. 821, brtt. 822. — 2. umr.

10. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 304. mál, þskj. 563. — 1. umr.

11. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 305. mál, þskj. 564. — 1. umr.

12. Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, þáltill., 383. mál, þskj. 672. — Fyrri umr.

13. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723. — Fyrri umr.
14. Erlendar skuldir þjóðarinnar, þáltill., 431. mál, þskj. 735. — Fyrri umr.
15. Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, þáltill., 447. mál, þskj. 759. — Fyrri umr.
16. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 469. mál, þskj. 795. — Fyrri umr.
17. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, frv., 482. mál, þskj. 813. — 1. umr.
18. Einkahlutafélög, frv., 491. mál, þskj. 826. — 1. umr.
19. Hlutafélög, frv., 492. mál, þskj. 827. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

[10:34]

Útbýting þingskjala:
Eftirgjöf afnotagjalda Ríkisútvarpsins til aldraðra og öryrkja, 406. mál, svar menntmrh., þskj. 852.
Lægstu laun á vinnustöðum, 508. mál, frv. GE o.fl., þskj. 854.
Lækkun á tekjuskattsstofni, 510. mál, fsp. JóhS, þskj. 857.
Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, 490. mál, þáltill. EgJ, þskj. 825.

Tilkynning um dagsksrá.

[10:35]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):
Um fundarhald í dag vill forseti upplýsa að gert ráð fyrir að fundarhlé verði milli kl. 12.15 og 13.30 í dag. Kl. 13.30 hefst utandagskrárumræða um útgáfu starfsleyfis og upphaf framkvæmda við álbræðslu á Grundartanga. Málshefjandi er hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og hæstv. umhvrh. verður til andsvara. Það er gert ráð fyrir að sú umræða standi í eina og hálfa klukkustund, til kl. 3. Að öðru leyti fer um fundarhaldið samkvæmt dagskrá og haldið áfram þar til dagskrá er tæmd.

Öryggisþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 817.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Umferðarlög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 487. mál. — Þskj. 818.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KH o.fl., 403. mál. — Þskj. 700.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv.
Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 803.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 830.

[10:41]

Kristinn H. Gunnarsson:
Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu ráðherra í gær fyrir þessu frv. þá er ekki um að ræða neinar grundvallarbreytingar á skipan þeirra mála sem frv. kveður á um. Engu að síður eru nokkrar breytingar í því sem mér þykir ástæða til að fara nokkrum orðum um og setja fram hugleiðingar mínar um það efni sem frv. tekur á.

Ég vildi fyrst spyrja, hæstv. forseti, hvort ráðherra verði ekki viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (ÓE): Ráðherra var í salnum rétt áðan. Við gerum ráðstafanir til að hann komi.)

Hann kemur þá þegar hann er til þess búinn þannig að ég mun halda áfram máli mínu.

Ég vil fyrst segja um þetta mál að það er athyglisvert að nokkru leyti í ljósi þeirra laga sem menn hafa sett um stjórn fiskveiða að öðru leyti. Þarna er verið með lögum að skipa veiðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, setja leikreglur um þær veiðar sem byggjast að öllu leyti á öðrum forsendum en aflamarkskerfinu. Þar er verið að setja leikreglur sem byggjast á því að takmarka sóknargetu einstakra skipa og skipaflokka. Með öðrum orðum felast fyrst og fremst sóknartakmarkanir í þessu frv., annars vegar gagnvart fiskiskipunum og hins vegar með takmörkunum á þau veiðisvæði sem þau mega beita sér á á hverjum tíma.

Þetta þykir mér ástæða til að draga fram, virðulegi forseti, til þess að undirstrika að stjórn fiskveiða hér við land getur aldrei byggst einvörðungu á svonefndu aflamarkskerfi þrátt fyrir ýmsa kosti sem það kerfi hefur en auðvitað má líka minna á að það kerfi hefur líka verulega galla. Samhliða því kerfi sem menn hafa stuðst við við stjórnun fiskveiða verður að verða heildstæð löggjöf sem grípur á sóknargetu flotans og möguleikum hans á að beita sér á einstökum veiðisvæðum

með einstök veiðarfæri gagnvart einstökum fisktegundum. Það verður því að skoða þessa löggjöf í heild sinni, annars vegar löggjöfina um stjórn fiskveiða og hins vegar þessa löggjöf um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þá sjáum við að samanlagt er um að ræða samfellda stjórnun bæði á sókn og með aflamarkskerfi.

Í þessu frv., sem lagt er til að verði heildstæð löggjöf um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem leysi af hólmi gildandi lög um það efni, er þetta undirstrikað af hálfu flm., hæstv. sjútvrh., sem er eins og kunnugt er mjög ötull talsmaður aflamarkskerfisins. Með þessu frv. er því undirstrikað af hans hálfu að það eitt getur ekki verið stjórntæki við stjórn fiskveiða hér við land. Hitt þarf að koma með líka.

Þær takmarkanir sem eru í frv., og ráðherra er veitt heimild til að beita, eru mjög víðtækar. Í fyrsta lagi takmarka þær möguleika skipa á að beita veiðarfærum, einkum stórra skipa. Það þýðir að menn telja að aflamarkskerfið eitt og sér dugi ekki til þess að hamla sókn skipanna og vernda fiskstofnana eins og nauðsyn krefur. Það þurfi auk þess að setja í lög heimildir fyrir ráðherra til að beita mjög víðtækum takmörkunum á möguleikum skipa til þess að beita veiðarfærum sínum. Einkum á þetta við um togveiðarfæri sem greinilegt er að vísindamenn telja að séu skaðleg í íslenskri fiskveiðilandhelgi sé þeim beitt óhóflega að þeirra mati og því er talin ástæða til að setja nokkuð stífar reglur um hvernig þeim er beitt, á hvaða svæðum, á hvaða miðum og jafnvel á hvaða tímum ársins.

Síðan er líka að finna ákvæði sem veita ráðherra heimild til þess að takmarka sókn á tiltekin veiðisvæði. Það er ekki bara með hagsmuni fiskstofna í huga sem þessar takmarkanir eru settar fram heldur kemur fram í frv. að það er líka verið að verja aðra hagsmuni en fiskstofnana, hagsmuni fisksins, ef við megum taka svo til orða. Það er líka verið að verja hagsmuni þeirra sem gera út á tilteknum svæðum og veita þeim rétt umfram aðra til þess að stunda veiðar á þeim svæðum. Ég vil benda á ákvæði 6. gr. frv. um dragnót þar sem tekið er mjög skýrt fram í fyrri málsgrein þeirrar greinar að ráðherra geti, varðandi dragnótaveiðar, ákveðið að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Með öðrum orðum er sett inn í frv. það sem við getum kallað byggðasjónarmið. Það er verið að verja atvinnuhagsmuni þeirra sem hafa nytjað þessi fiskimið frá örófi alda, ef svo má segja. Þessa sér stað í 1. gr. frv. þar sem tekið er fram að tilgangur þess sé að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Með öðrum orðum að þessu leytinu til, sem ég hef rakið, er að finna í frv. ákvæði sem tengja veiðarnar við byggðarlögin.

Það er þýðingarmikið að halda því til haga því það skiptir máli að mönnum sé ljóst að það er ekki einvörðungu verið að skipuleggja veiðarnar út frá hagsmunum útgerðarmanna einna og án tillits til þess hvaða skipum þeir beita fyrir sig til þess að sækja sinn afla. Það er talið skipta máli að tiltekinn bátafloti frá tilteknum stöðum hafi rétt til veiða á þeim miðum sem hann hefur stundað um árabil. Þetta þykir mér þýðingarmikið að draga fram því öll umræða að undanförnu hefur má segja um of verið bundin við að tala fyrir sjónarmiði hámarksarðsemi veiðanna án tillits til hagsmuna annarra sem að veiðunum koma og án þess að líta á að hvaða leyti hámarksarðsemi eins takmarkar eða skaðar hagsmuni annars. Þannig hafa menn mjög haldið því á lofti að það ætti að stjórna veiðum þannig að þeir sem eiga stór skip eða geta komist yfir þau eigi að fá að veiða hvar sem er og hvenær sem er af því það séu hagkvæmustu veiðarnar. Og helst jafnvel að það væru frystiskip líka sem ekki bara veiddu fiskinn heldur ynnu hann um borð.

Þetta sjónarmið sem kemur fram í 6. gr. frv. og ákvæði í 1. gr. brýtur upp þetta sjónarmið sem um of, að mínu mati, hefur verið haldið á lofti. Ef hagsmunum eins aðila er gert of hátt undir höfði þá er það gert á kostnað annars. Það sem hefur kannski einna helst vakið óróa um núverandi aflamarkskerfi er að það hefur mismunað um of hagsmunum fólks sem stundar sjávarútveg. Það hefur þannig mismunað og gengið um of á hagsmuni byggðanna í landinu einkum og sér í lagi þorpanna, smábyggðarlaganna sem hafa ekki haft efnahagslegt bolmagn til að keppa við stóru úrgerðirnar sem eiga stóru togarana og hafa orðið undir í samkeppninni um aflaheimildir. Af þeim sökum hefur verið mikil ólga um stjórnun fiskveiða á þeim stöðum og byggðarlögum landsins sem þannig háttar til, m.a. kannski aðallega á vestanverðu landinu.

Ég vildi, herra forseti, draga þetta sjónarmið fram og benda á þetta ákvæði í frv. af því það gengur gegn hinni hefðbundnu umræðu um stjórn fiskveiða sem við höfum mátt heyra á undanförnum árum og einkum kannski undanfarið ár. Það er greinilegt að hagsmunir þeirra sem búa í litlu byggðarlögunum og hafa stundað veiðar með dragnót áttu í upphaflegu drögum frv. að vera fyrir borð bornir en því hefur verið breytt í endanlegri gerð frv. Það hafa orðið átök um þessa hagsmuni og þar hafa þeir haft betur að nokkru leyti sem hafa stundað dragnótaveiðar á minni bátum. Það er að vísu kannski ekki að öllu leyti fullnægjandi niðurstaða fyrir þá. Þannig er t.d. einkennilegt fyrir þá sem hafa stundað dragnótaveiðar eða snurðvoðaveiðar við Grímsey um langt árabil á litlum bátum og með litla snurvoð að þurfa að sæta því, ef þetta frv. verður að lögum, að heimildin er tekin af þeim og færð í hendur ráðherra og það er á hans valdi hvort hann heimilar þeim að halda áfram að stunda sínar hefðbundnu veiðar og þá hvernig. Það er betri niðurstaða en var í upphaflegu útgáfu frv. þar sem þeim var var einfaldlega hent út en það er lakari staða en þeir hafa núna að þessu leyti til þó ég hafi svo sem ekki ástæðu til að ætla annað en að ráðherra hafi fallist á það og muni framkvæma þetta frv. þannig, verði það að lögum, að þeir fái að veiða áfram eins og verið hefur. Það er hins vegar ástæða til að inna ráðherra eftir því hvort það sé ekki réttur skilningur og væri fróðlegt ef ráðherrann upplýsti það.

Ég vil, herra forseti, benda á að miðstjórn Alþb. gerði samþykkt á fundi sínum í september á síðastliðnu ári um þetta sjónarmið sem ég hef helst gert að umtalsefni, þ.e. veiðar á heimaslóð, sem er þannig, með leyfi forseta: „Miðstjórn telur að styrkja eigi stöðu bátaútgerðar á grunnslóð og tryggja aukinn rétt þeirra sem stunda veiðar á heimamiðum. Það er raunhæfasta leiðin til að efla sjávarplássin og stuðla að aukinni atvinnu í landinu.“ Þetta sjónarmið nýtur stuðnings í okkar stjórnmálaflokki og er vonandi að í fleiri stjórnmálaflokkum séu stuðningsmenn um þetta viðhorf. Það má benda á að erlendis er viðtekin skoðun stjórnmálaflokka að það eigi að stjórna fiskveiðum með þeim hætti að réttur þeirra sem búa í sjávarplássum um landið sé tryggður þannig að þeir hafi svipaðan rétt og verið hefur, að ekki sé gengið á atvinnulega stöðu þeirra. Þar vil ég nefna ákvæði laga í Bandaríkjunum um stjórn fiskveiða þar sem sérstök ákvæði eru um grunn-

slóðaveiðar og enn fremur ákvæði laga á Nýja-Sjálandi um sama efni sem tryggir sjávarplássum tiltekinn rétt til veiða á svonefndum grunnmiðum. Það er mismunandi í löggjöf þessara landa, og reyndar fleiri sem ég nefni ekki, hversu hátt hlutfall af heildarveiðinni er á grunnslóðarmiðum en það getur verið allt frá 7% og upp í liðlega 20%. Með öðrum orðum að þegar ákveðinn er heildarafli í fiskitegundum er honum skipt á milli grunnslóðarmiða og ytri miða sem þýðir að sá bátafloti sem hefur rétt til að sækja grunnslóðarmiðin gengur að því vísu að það er ákveðið hlutfall af heildarkvótanum sem er þar til veiða en öðrum bannað að sækja þau mið. Skiptingin á þessu er yfirleitt miðuð við stærðir skipa þannig að stórum skipum og fullvinnsluskipum er ekki hleypt upp á grunnslóðina. Ég tel það ætti að skoða í þeirri nefnd sem fær þetta mál til athugunar hvort ekki væri rétt að taka inn í þessa löggjöf ákvæði sem fela í sér annars vegar að stórum skipum, og þá einkum vinnsluskipum, verði ýtt út fyrir ákveðna línu sem afmarkar grunnslóðina. Þar hef ég helst í huga að eðlilegast sé að miða við 20 mílur. Enn fremur hvort ekki ætti að styrkja þau ákvæði frv. sem kveða á um rétt minni báta til veiða innan þessa svæðis, þ.e. á grunnslóðinni.

Herra forseti. Ég hef gert að umtalsefni afmarkaðan þátt í frv. og tel að ekki sé tími til eða mér sé fært að fara yfir það í heild sinni. Til þess þyrfti meiri tíma og er kannski ekki ástæða til að gera það við 1. umr. málsins. Í frv. er ekki að finna mjög byltingarkenndar breytingar frá því sem verið hefur. Helstu breytingarnar lúta að dragnótaveiðum. Ég tel að þingnefndin ætti að gefa sér góðan tíma til að skoða þetta mál, m.a. í samhengi við stjórn fiskveiða og framkvæmd þeirra í öðrum löndum eins og ég hef bent á og hvort ekki væri rétt að styrkja atvinnulega og byggðarlega stöðu ýmissa sjávarplássa með þeim hætti sem ég hef rakið. Ég bendi á að það er einmitt tekið fram í 1. gr. frv. að tilgangur þess sé að styrkja byggð í landinu. Við vitum að hún hefur verið að veikjast um allt land að undanskildu höfuðborgarsvæðinu. Hugsanlega mætti segja um Eyjafjarðarsvæðið að það hafi haldið sínum hlut en að öðru leyti hefur byggð verið að veikjast á undanförnum áratug. Svipaðar leikreglur um veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu munu ekki breyta þeirri stöðu á næstu árum og því er þörf á því að skoða þetta frv. með því hugarfari hvernig hægt sé að breyta þessum leikreglum þannig að markmiði frv. verði náð, að styrkja byggð í landinu. Það tel ég að þingnefndin ætti að gefa sér nokkuð góðan tíma til að athuga. Það getur auðvitað tekið sinn tíma og er ekki ástæða til að hrapa að niðurstöðu í þeim efnum. Ég legg því áherslu á að menn skoði málið vandlega út frá markmiðum þess og láti vera að afgreiða málið í flýti fyrir þingfrestun í vor, eins og hæstv. ráðherra fór fram á. Það mun ekki ná þeim markmiðum sem ég hef bent á og eru að finna í 1. gr. frv. ef það verður samþykkt óbreytt.

[11:01]

Útbýting þingskjala:

Álagningarstofn skatta hjá nokkrum stéttum o.fl., 509. mál, fsp. JóhS, þskj. 856.

Fjöldi fæðinga og kostnaður við þær, 512. mál, fsp. SvanJ, þskj. 859.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 414. mál, nál. allshn., þskj. 862.

Læknis- og lyfjakostnaður, 513. mál, fsp. JóhS, þskj. 860.

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, 511. mál, fsp. GHall, þskj. 858.

[11:02]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að ræða þetta mál sem hér er lagt fram og kynnt því verið er að fjalla um fjöregg þjóðarinnar. Ég verð reyndar að játa að ég hef ekki kynnt mér málið nægilega vel til að geta farið ítarlega í það. En ég vil byrja á því að taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, varðandi hagsmunagæslu sem má tileinka þessu frv. Ég tel að þetta frv. þurfi mjög góða athugun og yfirferð. Ég hvet til þess að hv. sjútvn., sem ég vænti að fái þetta mál til umfjöllunar, leggi sig fram við athugun þess.

Það er kannski ástæða til, herra forseti, að rifja upp að fiskveiðistjórnunin á Íslandi sl. 13 ár hefur farið fram eftir núverandi kerfi. Það má velta því fyrir sér að á 13 árum hefur tekist að auka þorskafla um 30.000 tonn. Það er árangurinn af fiskveiðistjórnarkerfinu í 13 ár. Það hefur náðst að auka þorskaflann við Ísland um 30.000 tonn. En hvað hefur gerst á sama tíma, hæstv. forseti? Grálúðustofninn er eyddur svo upp til agna að menn fást ekki lengur til að gera út á grálúðu. Hvað annað hefur gerst? Það er kannski ástæða til að nefna það við hæstv. sjútvrh. að ufsakvótinn, sem úthlutað er á hverju ári, næst ekki. Af hverju er það? Það er ástæða til að nefna að ýsukvótinn, sem úthlutað er á hverju ári, næst ekki. Af hverju skyldi það vera? Það væri fróðlegt að fá svör við þessum spurningum frá hæstv. sjútvrh., sem ég sé að er önnum kafinn í umræðum í hliðarsal. Það er ástæða til að biðja hann að hlýða á mál mitt um þetta efni. Ég vil spyrja hann hver sé ástæðan fyrir því að skipstjórar telja að karfastofninn á Reykjaneshrygg sé í stórhættu. Þetta hefur gerst á þeim tíma sem við höfum náð þeim árangri að geta aukið þorskafla á 13 árum um 30.000 tonn. Þetta eru atriði sem ég vildi gjarnan fá svör við ásamt öðrum spurningum sem ég hef lagt hér fram.

Það er ástæða til að velta fyrir sér mörgum greinum en ég ætla eingöngu að halda mig við 6. og 7. gr. þessa frv. 6. gr. fjallar um veiðar í dragnót við Ísland. Í Faxaflóa hafa verið stundaðar veiðar með dragnót og fróðlegt væri að fá að vita hvað hæstv. sjútvrh. ætlar sér í sambandi við þær veiðar. Stendur til að rannsókn fari fram á veiðiþoli stofnsins eða á að halda áfram eins og verið hefur? Menn ímynda sér að mörg lög af kola séu að drepast vegna skorts á súrefni í botninum á Faxaflóa. Sjómenn á Akranesi og víða við flóann hafa gagnrýnt að rannsóknir skuli ekki fara fram. Ég spyr hæstv. sjútvrh. hvort hann ætli að láta fara fram rannsókn. Ef til vill ætlar hæstv. sjútvrh. sér ekki að svara spurningum sem beint er til hans um þessi efni. Það er þá eins og verið hefur þegar þessi mál eru til umræðu, að spurningum er ekki svarað. Það er slæmt að þurfa að segja það hér en það hafa ekki komið svör við spurningum eins og ég var að bera fram.

Það eru ekki nema 10–15 ár síðan mjög var til umræðu og athugunar þáltill. um að stöðva dragnótaveiðar og láta fara fram rannsókn á veiðiþoli kolastofnsins. Það hefur ekki verið gert. Í frv. er sagt að farið sé að ráðum Hafrannsóknastofnunar í þessum málum. Ég dreg það í efa. Mér finnst ástæða til að spyrja þessara spurninga og ég hvet til þess að þeim verði svarað. Ef ekki, þá verða farnar aðrar leiðir.

Mér finnst ástæða til að ræða 7. gr. þar sem fjallað er um hrognkelsaveiðar. Hrognkelsaveiðar eru stundaðar nánast takmarkalaust við Ísland. Sennilega er hent milljónaverð-

mætum í sjóinn á hverju ári. Það er ástæða til að velta því fyrir sér um leið og bannað er að henda sjávarafla frá borði að við hrognkelsaveiðar eru hrognin úr grásleppunni hirt og afganginum hent í sjóinn. Það er ekki gerð hin minnsta tilraun til að athuga möguleika á nýtingu á fiskinum. Áður fyrr var grásleppa veidd vegna fisksins og þá var hrognunum hent. Nú er verðmæti hrognanna í hverri grásleppu um það bil 450 til 500 kr. kílóið. Það er selt upp úr bát á 550–650 kr. Það ber að skoða þetta. En á sama tíma er ef til vill verið að fleygja í sjóinn verðmætum upp á hundruð milljóna án þess að nokkur maður skipti sér af því vegna þess að það er ekkert athugað á hvern hátt hægt er að nýta þessa afurð. Þar tel ég að við verðum að grípa inn í og ég bið hæstv. sjútvrh. að skoða hvort ekki sé ástæða til að gera úttekt á þessu máli.

Ég vil nefna það að undirritaður stóð að tilraun fyrir 20 árum um að láta sjóða fiskinn af hrognkelsum niður en því var hafnað af tilraunaeldhúsi háskólans að slíkt væri möguleiki. Samt sem áður var þessi varningur uppi í hillu hjá undirrituðum í tvö ár. Að þeim tíma liðnum var opnuð dós og ekkert var að þessum matvælum. Ég tel að enn sé ástæða til að skoða þessi mál aftur. Ég hef miklar áhyggjur af því að gengið sé of langt í hrognkelsaveiðum við Ísland. Það hefur sýnt sig að sífellt hefur dregið úr magninu þrátt fyrir nánast gegndarlausa sókn. Ég held að menn verði að skoða þetta. Ég bið hæstv. ráðherra að athuga hvernig þessi mál standa. Ég hygg að hrognkelsum sé hent í sjóinn sem nemur 4.500–5.000 tonnum við Ísland á ári hverju. Af því er sennilega nýtanlegur fiskur upp á 50%–60%. Þarna er um að ræða eitthvað sem ég tel að sé ólöglegt. Það er bannað að henda afla dregnum úr sjó aftur í sjóinn.

Ég vil fara fram á að hv. sjútvn. taki til greina í umfjöllun um frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands allar þær þáltill. og lagafrv. sem fyrir liggja vegna þess að þessi frv. og þáltill. lúta öll að stjórnun fiskveiða sem er okkar meginmál og ég tel að ástæða sé til að skoða ýmsa hluti sem þar eru settir fram.

Ég vil einnig hvetja hv. sjútvn. til að skoða refsiákvæðin vel sem eru í 15.–20. gr. frv. Þar er um margslungið ferli að ræða og ég tel að ástæða sé til að skoða það mjög vel.

Heimildir ráðherra aukast verulega með þessu frv. og ég ætla ekkert að hafa á móti því. En í heild sinni tel ég ekki að um sé að ræða miklar breytingar aðrar en þær að verið er að auka heimildir ráðherra til ýmissa ráðstafana um fiskveiðar. Ég hvet til þess að það verði skoðað þegar heimildir liggja fyrir hjá ráðherra hvort ekki sé eðlilegt að skipta upp veiðisvæðunum í landhelginni með tilliti til afkastagetu bátaflotans og tek þar með undir orð hv. síðasta ræðumanns, Kristins H. Gunnarssonar.

Ég ætlaði ekki að fjalla lengi um þetta mál. En við þessum atriðum sem ég benti á og spurði um vildi ég gjarnan fá svör. Sérstaklega hvernig á því stendur að á þeim 13 árum sem núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur verið við lýði hefur aðeins náðst sá árangur að bæta við eða auka aflann um 30.000 tonn í þorski. Á sama tíma er grálúðustofninn kominn niður í nánast núll. Það eru engin afköst. Þó veiðiheimildum sé úthlutað, þá nást þær ekki. Sama má segja um ufsann og ýsuna. Skipstjórar á togurum segja að karfastofninn á Reykjaneshrygg sé mjög illa farinn. Mér finnst ástæða til að velta þessu fyrir sér um leið og við veltum fyrir okkur áhrifunum af því fiskveiðistjórnarkerfi sem við lýði er. Ég er ekki að segja að hægt sé að skipta úr því kerfi umsvifalaust en ég tel að ástæða sé til að skoða árangurinn betur en mér virðist hafa verið gert.

[11:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ég vil byrja á að láta í ljós vonbrigði yfir því að þetta mál skuli hafa verið tekið á dagskrá í gær þegar sjútvn. þingsins var fjarverandi vegna heimsóknar til Færeyja þar sem við vorum að kynna okkur sjávarútvegsmál.

Vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um byggðastefnu og fiskveiðistjórnun þá var það einmitt það fyrsta sem vakti athygli mína í þessari Færeyjaferð hvað allt annar hugsanagangur ríkir í Færeyjum þar sem öll fiskveiðistjórnun gengur út á að þar séu byggðapólitísk sjónarmið höfð í fyrirrúmi. Reyndar var margt af því sem við sáum í Færeyjum ekki til fyrirmyndar hvað margt annað snertir en að þessu leyti held ég að við getum eitthvað af þeim lært og þeir sömuleiðis af okkur. Það þarf að vera meira samræmi á milli þeirra arðsemissjónarmiða sem hér ríkja eingöngu og þeirra byggðasjónarmiða sem þar ríkja eingöngu. Ég tel að þessar þjóðir geti heilmikið lært hvor af annarri til þess að reyna að samræma þetta tvennt.

Ég ætla mér ekki, þar sem ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér ræðu ráðherrans frá því í gær, að fara efnislega ofan í þetta frv. að sinni en mun hafa tækifæri til þess að kynna mér og ræða það í sjútvn. En mér virðist og vil ítreka það að mjög nauðsynlegt er að við hugum nánar að sjávarútvegsstefnu okkar ekki síst með tilliti til smábátanna sem nú eru óðum að hverfa má segja vegna þeirra reglna sem er búið að koma fyrir í fiskveiðistjórnarlögum okkar.

Ég tel að við getum lært af ýmsu í löggjöf Færeyja sem að sumu leyti er eiginlega næstum því samhljóma stefnuskrá Kvennalistans, m.a. það að skipta fiskimiðunum í grunnslóð og djúpslóð. Ég vona að þetta frv., þó ekki sé kannski mikið tekið á byggðasjónarmiðunum þar, geti orðið til þess að þessi umræða verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar.

[11:16]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það hjá hv. síðasta ræðumanni, Guðnýju Guðbjörnsdóttur, að það er undarlegt að þetta mál skuli hafa verið sett á dagskrá í gær á meðan öll sjútvn. var á ferð í Færeyjum. Og það er eins með mig og hv. þm. að ég hef ekki haft nægan tíma til að kynna mér þá umræðu sem þegar hefur farið fram. En þar sem ég sit í sjútvn. mun ég fá tækifæri til þess síðar.

Almennt virðist mér að ekki felist neinar byltingarkenndar breytingar í þessu frv. að undanskildu því að miklu meira og mun víðtækara vald er fært til ráðherra en verið hefur. Þó er reynt að skilgreina það líka. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt og í sjálfu sér nauðsynlegt þegar þessi málaflokkur er annars vegar að stjórnvöld geti brugðist við með skömmum fyrirvara.

Það er eitt sem ég hnýt um sérstaklega og mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. því að ég fæ tilefni til að skoða þetta mál miklum mun betur í sjútvn. og ég get sannfært hv. 5. þm. Vesturl. um að nefndin mun vinna vel og fara vel yfir þetta frv. En mig langar að beina fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um 12. gr. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi

veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Skipstjóri skal verða við tilmælum veiðieftirlitsmannsins, enda verði tilraunin gerð með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins sem minnst og valdi útgerðinni sem minnstu óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins."

Mig langar að beina því til hæstv. sjútvrh. hvort þarna sé á ferðinni einhver ný hugsun varðandi stjórn skipa og hversu langt þetta nær því vitaskuld eru það merkileg nýmæli að tiltekinn starfsmaður stjórnvalda geti kveðið svo á um að skipstjóri skuli leggja eða draga veiðarfæri á ákveðnum svæðum. Og mig langar að biðja hæstv. sjútvrh. að skýra frekar en gert er í þessari grein og athugasemdum við þessa grein hvað þarna er átt við.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hef ég ekki haft nægan tíma til þess að fara ítarlega yfir þetta og mun því ekki lengja þessa umræðu en óska eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann geri frekari grein fyrir þessu ákvæði.

[11:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna gagnrýni tveggja hv. síðustu ræðumanna á að mál þetta skyldi hafa verið tekið fyrir í gær þá vill forseti skýra þeim frá því að tekið var tillit til fjarveru sjávarútvegsnefndarmanna flestra í gær með því að fresta umræðunni og vonar að það komist endanlega til skila. Hins vegar fagnar forseti áhuga sjávarútvegnefndarmanna á að vera viðstaddir umræðuna og vonar að sá áhugi nái til hv. þm. sem sitja í öðrum nefndum þingsins, þ.e. að þeir séu viðstaddir 1. umr. mála hvort sem þar er um að ræða stjfrv. eða frv. þingmanna.

[11:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þá umræðu sem fram hefur farið um frv. Hér hafa verið bornar fram nokkrar spurningar og ýmis sjónarmið komið fram varðandi efni frv. og reyndar um fiskveiðistjórnun almennt. Það er alveg rétt sem hv. 5. þm. Vestf. vakti athygli á að fiskveiðistjórnun byggir ekki alfarið á aflahlutdeildarkerfinu heldur stöndum við að friðun fiskimiða og verndun fiskstofna með miklu víðtækari hætti.

Það hefur verið meginregla að togveiðar eru almennt stundaðar utan 12 sjómílna með ákveðnum undanþágum sem mælt hefur verið fyrir um í lögum og þetta frv. kveður á um slíka skiptingu og ákveðin veiðihólf þar sem togveiðar eru heimilaðar innan 12 mílna og enn fremur hvernig staðið er að stjórnun á staðbundnum stofnum. Allt er þetta nauðsynlegt til þess að fá skynsamlega heildstæða fiskveiðistjórnun. Ég hjó hins vegar eftir því að hv. 19. þm. Reykv. hafði séð mikið ljós í Færeyjum og taldi að fiskveiðistefna þeirra væri mjög í samræmi við stefnu Kennalistans og ég er alveg sammála hv. þm. um það. Ég held að fiskveiðistefna Færeyinga sé mjög áþekk því sem Kvennalistinn hefur verið að boða. Að vísu hafa Færeyingar ekki lagt skatta á fiskveiðar eins og Kvennalistinn hefur lagt til en að öðru leyti er þarna um mjög áþekka stefnu að ræða. Það er líka mjög fróðlegt að bera saman lífsafkomu og efnahagsafkomu Íslendinga og Færeyinga, möguleika þessara tveggja þjóða til þess að halda uppi heilbrigðu efnahagslífi, sómasamlegum lífskjörum og standa undir velferðarþjóðfélagi. Og væri, held ég, hollt að Kvennalistinn skoðaði einmitt þennan samanburð betur við frekari málflutning sinn um fiskveiðimál.

Hv. 5. þm. Vesturl. vék að því að djúpkarfinn og grálúðan væru ekki í því horfi sem æskilegt væri og ýmsir hefðu verulegar áhyggjur af þessum stofnum. Ég get tekið undir það. Hann hélt því hins vegar fram að þetta væri niðurstaða eftir 13 ára stjórnun með aflahlutdeildarkerfi. Þess er nú fyrst að geta að aflahlutdeildarkerfið hefur ekki verið við lýði sem hreint aflahlutdeildarkerfi nema síðan 1990. Rúmlega helmingur, sennilega, af öllum þorskafla var veiddur fram til 1990 í sóknarmarkskerfi. En það skiptir nú ekki höfuðmáli í þessu sambandi.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir varðandi grálúðustofninn og djúpkarfann er sá að þetta eru sameiginlegir stofnar með Grænlendingum og Færeyingum og stofnar sem að hluta til veiðast síðan utan efnahagslögsögunnar. Við höfum árum saman reynt að fá bæði Grænlendinga og Færeyinga til samstarfs um stjórnun á veiðum úr þessum stofnum án þess að það hafi tekist. Veiði þessara þjóða hefur haldið áfram að aukast á meðan við höfum verið að takmarka okkar veiði og menn geta séð stöðuna af því að við höfum skorið veiðar í grálúðu niður um helming en samt er okkar kvóti jafnmikill og sérfræðingar ráðleggja að veitt sé úr heildarstofninum á öllu hafsvæðinu innan grænlenskrar, færeyskrar, íslenskrar lögsögu og í úthafinu.

Ég óttast að ef menn ná ekki samkomulagi um stjórn á veiðum úr grálúðustofninum þá hrynji stofninn innan ekki margra ára og verði ekki grundvöllur veiða til margra ára. Þess vegna höfum lagt svo ríka áherslu á það að fá þessar þjóðir til samstarfs. Núna stendur einmitt yfir fundur þessara þjóða þar sem verið er að gera tilraun til þess að koma á slíku samstarfi. Ég vil ekki varpa allri ábyrgðinni á þessar þjóðir. Evrópusambandið er að kaupa aflaheimildir í stórum stíl af Grænlendingum og það gera Norðmenn einnig. Þessar þjóðir eru alveg jafnábyrgar og Grænlendingar fyrir þeirri ofveiði sem þarna á sér stað. Þeir sem kaupa veiðikvóta langt umfram veiðiráðgjöf eru alveg jafnábyrgir fyrir ofveiðinni og því hruni sem blasir við í þessu efni. En það er mjög mikilvægt að komið verði á virkri stjórnun á báða þessa stofna og ég tek undir það með hv. þm. og því verður haldið áfram af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar að knýja á um samninga á þessu sviði.

Að því er refsiákvæðin varðar sem hv. þm. minntist á, þá eru þau til samræmis við þau refsiákvæði sem nú eru þegar komin í fiskveiðistjórnarlögin og lögin um umgengni um nytjastofna sjávar. Þessi lög voru einfaldlega orðin úrelt að þessu leyti en refsiákvæðin eru hér til samræmingar.

Tveir hv. þm. hafa minnst á að í þessum lögum væri verið að auka við heimildir ráðherra. Það hygg ég að sé á misskilningi byggt. Hér er ekki verið að auka heimildir ráðherra frá gildandi löggjöf. Hins vegar er með lögum verið að treysta lagalegan grundvöll fyrir reglugerðum. Réttarþróunin hefur verið mjög ör á undanförnum árum og það sem áður þótti gott og gilt, jafnvel að skipa málum með ákvörðunum í veiðileyfum, vilja menn færa inn í reglugerðir í dag og þá þarf að laga lagagrundvöll þessara ákvarðana. Þannig að hér er fyrst og fremst verið að færa löggjöfina til samræmis við þá réttarþróun sem átt hefur sér stað í stjórnsýslurétti. Að þessu leyti er það alveg rétt sem hv. 6 þm. Suðurl. sagði að í frv. eru ekki fólgnar neinar byltingarkenndar breytingar. Það eru lítils háttar breytingar á veiðisvæðunum. Það eru skýrari réttarheimildir vegna reglugerðarsetningar en áður var. Það er verið að breyta stærðarviðmiðunum og taka inn varðandi stærðarflokka skipanna viðmiðanir við sóknargetu þeirra eða

toggetu þeirra en falla frá því að miða alfarið við lengd skipanna. Og það er verið að samræma refsiákvæðin við það sem Alþingi hefur þegar samþykkt í tvennum öðrum lögum sem mynda heildarramma um fiskveiðistjórnunina. Þannig að það er alveg rétt sem hv. 6. þm. Suðurl. segir að hér er ekki um byltingarkenndar breytingar að ræða en mjög nauðsynlegar breytingar, m.a. út frá þróun stjórnsýsluréttarins.

Að því er varðar spurningu hv. 6. þm. Suðurl. um 12. gr. þá er hún nýmæli. Hún felur ekki í sér að verið sé að taka vald af skipstjóra, endanlega hefur hann alltaf valdið. En það hefur verið, og ég hygg að flestir séu um það sammála að stundum koma upp örðugleikar þegar eftirlitsmaður fer með fiskiskipi um fiskislóð. Ef eftirlitsmaðurinn er ekki með þá eru veiðarfærin ekki bleytt á tilteknum svæðum þar sem ástæða er til þess að eftirlit fari fram. Hér er fyrst og fremst verið að reyna að knýja á um að eftirlit geti farið fram á slíkum svæðum. Í langsamlega flestum tilvikum gengur samstarf af þessu tagi mjög eðlilega fyrir sig á milli eftirlitsmanna og skipstjóra en það hafa komið upp þau tilvik að eftirlit hefur ekki getað farið fram á þessum svæðum og það er verið að reyna að setja nokkra pressu á skipstjóra að þessu leyti en endanlega hlýtur valdið alltaf að vera í þeirra höndum. Hér er vissulega um vanda að ræða sem ég hygg að bæði sjómenn og útvegsmenn vilji standa að að verði leystur því það er í þeirra þágu að eftirlitið sé virkt. Í þessu frv. eru nýmæli að því leyti að verið er að leggja til að tekið verði meira tillit til sjónarmiða sjómanna. Frv. gerir núna ráð fyrir að hægt sé að taka ákvörðun um lokun veiðisvæða á grundvelli upplýsinga sem koma beint frá sjómönnum, það þurfi ekki að bíða eftir því að Hafrannsóknastofnun sendi vísindamenn á tiltekið svæði eftir að upplýsingar hafa komið fram um smáfisk til að mynda, heldur sé unnt að taka slíkar ákvarðanir á grundvelli upplýsinga frá sjómönnunum sjálfum.

Ég held ég hafi þá vikið að flestum atriðanna sem fram hafa komið í umræðunni. (**GE:** 7. gr.) Ég þakka að öðru leyti fyrir umræðuna. Hv. 5. þm. Vesturl. vék hér að grásleppuveiðunum. Það er rétt að fram til þessa hefur ekki verið talið að ástæða væri til að setja grásleppuveiðarnar í kvóta. Ástand grásleppustofnsins hefur ekki verið talið á þann veg að tilefni væri til þess. En þetta er auðvitað eitt af þeim verkefnum sem menn verða stöðugt að fylgjast vel með. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í okkar veiðiskap og menn mega ekki ganga of nærri þessum stofni þannig að hann hrynji. En fram að þessu hefur ekki verið talin hætta á því.

[11:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að heyra orð hæstv. sjútvrh. um stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum áðan og að sú sem hér stendur hafi séð ljósið í Færeyjum. Það skal tekið skýrt fram að mjög margt í Færeyjum var ekki gott og við sáum að það eru mörg víti að varast. En það eru viss atriði sem við getum af þeim lært og ég vil leggja áherslu á það, það eru aðeins viss atriði. T.d. kom skýrt fram hjá fulltrúum í sjávarútvegi þar að það þýðir ekkert að bjóða fólki 300–400 kr. í laun í fiskvinnslunni. Þeir borga 800 kr. í laun til fiskvinnslukvenna. Það væri mjög mikið framfaraspor ef við mundum bjóða fólki þau kjör sem að mörgu leyti eru boðin þar. Hér gengur allt út á það að nokkrir útgerðarmenn græði sem mest á kostnað almennings. Það er mjög gott mál að það séu peningar í sjávarútveginum til að byggja upp verksmiðjurnar sem virkilega skortir á þar. En það eru mjög mörg önnur atriði sem við kvennalistakonur viljum gera sem þeir gera ekki, m.a. að leggja mun meiri áherslu á verndun fiskstofnanna sem mér finnst þeir ekki gera nægilega mikið. En það sem mér fannst ekki síst athyglisvert er að ástæðurnar fyrir því að þeir vilja ekki taka upp kvótakerfið eru ekki síst siðferðilegar og pólitískar. Þeir vilja ekki sjá sægreifana sitja suður á Spáni á meðan leiguliðarnir eru að veiða fiskinn. Þeir vilja frekar koma á hagkvæmni með því að hafa framseljanlega sóknardaga. Umræðan bæði meðal pólitíkusanna og hafrannsóknarmanna er á allt öðru plani þar heldur en hér og að mínu mati getum við að mörgu leyti lært af þeim, ekki síst siðferðilega.

[11:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem eftir stendur er að hv. 19. þm. Reykv. sagði að mínu mati alveg réttilega að fiskveiðistefna Færeyinga líktist mjög fiskveiðistefnu Kvennalistans. Ég tek alveg heils hugar undir það. Ég held að þarna fari mjög saman sjónarmið Færeyinga og Kvennalistans. Én ég hlýt auðvitað að benda á efnahagslegan árangur af efnahagsstarfseminni í Færeyjum og hér á Íslandi og efnahagslega stöðu Færeyja og Íslands. Og hvaða möguleika Færeyingar hafa á að byggja upp velferðarþjónustu og heilbrigðisþjónustu af þeirri efnahagsstarfsemi sem þar fer fram. Það væri ekki síst ástæða fyrir Kvennalistann einmitt að taka þetta til skoðunar. Það er líka ástæða til að rifja upp að það eru aðeins fáir dagar síðan að forstöðumaður hafrannsóknarstofnunar Færeyinga gaf út mjög alvarlega viðvörun um hvert stefndi með stöðu fiskstofnanna út frá því nýja fiskveiðistjórnarkerfi sem þeir hafa tekið upp. Ekki nóg með það heldur gaf aðalbankastjóri þeirra út sams konar viðvörun um það hvert stefndi í efnahagsmálum ef þeir breyttu ekki sinni fiskveiðistjórnun. Allt þetta held ég að sé ástæða fyrir Kvennalistann að skoða. En ég held að upp úr standi, og því verður ekki breytt nema Kvennalistinn breyti um stefnu í sjávarútvegsmálum, að Kvennalistinn fylgir sömu stefnu og Færeyingar gera í þessum efnum og afleiðingarnar hljóta líka að verða þær sömu hér og þar sem þessari stefnu er fylgt í framkvæmd.

[11:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki svo að Kvennalistinn telji að stefna Færeyinga sé að öllu leyti rétt. Það er alls ekki mín skoðun. Heldur eru þar ákveðin sjónarmið sem ég tel að við getum lært mjög mikið af, t.d. að hin almenna fiskvinnslukona fái laun fyrir sitt starf, atvinnuöryggi hennar sé að einhverju leyti tryggt sem annarra, í stað þess að lífsbjörginni sé kippt undan fólki með ákvörðun eins sægreifa.

Varðandi yfirlýsingar hagstjórnarmanna í Færeyjum þá var mjög athyglisvert að ræða við stjórnvöld þar. Það var greinilega alls ekki samdóma álit manna að þetta væri rétt mat. Ég vil að það komi fram. Því miður gefst ekki tími til að ræða það hér en ég ætla mér ekki að réttlæta á einn eða neinn hátt þá sjávarútvegsstefnu sem nú er rekin í Færeyjum.

[11:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða er orðin mjög sérstök. Hv. 19. þm. Reykv. hóf hana með því að líkja sjávarútvegsstefnu Færeyinga við sjávarútvegsstefnu Kvennalistans og segja að þar færi flest saman. Síðan lýkur hv. þm. þessari umræðu

með því að frábiðja sér að hún ætli nokkurn tímann að réttlæta þá sjávarútvegsstefnu sem þar er rekin. Ég, herra forseti, get ekki annað en vakið athygli á þessum miklu sinnaskiptum sem mér finnst hafa verið furðugóð á skömmum tíma.

[11:39]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gerði 12. gr. frv. að umtalsefni í minni stuttu ræðu áðan og benti á að hætt er við því að ef þetta frv. verður að lögum óbreytt geti orðið árekstrar á milli veiðieftirlitsmanns og skipstjóra. Ég óskaði eftir því að hæstv. sjútvrh. útskýrði frekar hvaða hugsun lægi að baki þessu ákvæði. Það kom fram hjá honum að vitaskuld væri það endanleg ákvörðun skipstjóra hvernig hann brygðist við tilmælum veiðieftirlitsmanns. En á hinn bóginn er það líka skýrt hér í þessu umrædda ákvæði að verði hann ekki við þessum tilmælum, eins og þetta liggur hér fyrir, þá hljóti þau refsiákvæði sem er að finna í frv. að koma til kastanna. Það hlýtur að vera brot á þessum lögum ef skipstjóri verður ekki við tilmælum viðkomandi veiðieftirlitsmanns. Ég vara við því að setja ákvæði sem þetta í lög, þar sem verið er að fela öðrum en skipstjóra ákvörðunarvald um hvar skuli veitt. Ég er hræddur um að þeir árekstrar sem af þessu kunna að hljótast, verði þetta að lögum, gætu orðið miklir og erfitt að sjá hvernig þeir verða leystir. Ég mun þess vegna gera það að tillögu minni í framhaldinu að þessu ákvæði verði breytt og út verði felld orðin: „Skipstjóri skal verða við tilmælum veiðieftirlitsmannsins", vegna þess að í þeim orðum felst að ef skipstjóri verður ekki við þeim varðar það refsingu. Ég held að við getum ekki gert lögin þannig úr garði.

[11:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á því að það er mikill áhugi bæði sjómanna og útvegsmanna að hafa virkt eftirlit með fiskveiðunum. Það er mikið hagsmunamál, bæði fyrir sjómenn og útvegsmenn, að það sé gert. Almannahagsmunir eru líka þar á bak við. Það hefur verið samstaða um það milli fulltrúa sjómanna og útvegsmanna sem komu að samningu þessa frv. að eðlilegt væri að taka á þeim vandamálum sem stundum hafa komið upp í þessum tilvikum og það hefur verið mikill áhugi á því af hálfu skipstjórnarmanna og útvegsmanna að taka þátt bæði í rannsóknum og í að auðvelda eftirlitið. Ég held að í því tilviki sem hér er verið að taka á vanda, þá ætti Alþingi frekar að stuðla að því að við getum leyst hann til þess að hafa virkt eftirlit, en að draga úr því. Auðvitað er þetta vandasamt og ég get tekið undir það með hv. þm. að þetta er ekki einfalt mál. Sem betur fer eru það undantekningartilvik að skipstjórnarmenn taki ekki þátt í athugunum á tilteknum svæðum þegar eftirlitsmenn óska eftir því. En það geta verið mjög brýnir hagsmunir að það sé gert.

[11:42]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi athugasemd mín er nú ekki gagnrýni á að veiðieftirlit sé virkt eða nokkuð í þeim dúr, heldur hitt að sú aðferðafræði sem þarna birtist er mjög á skjön við þá hefð og venjur og þær reglur sem gilt hafa um stjórn skipstjóra á sínu skipi. Ég vildi vekja á þessu athygli. En á hinn bóginn mun sjútvn. fara mjög ítarlega yfir þetta mál og skoða þetta frekar. En eins og þetta er úr garði gert núna, virðulegi forseti, þá geri ég ráð fyrir að einhverjar brtt. um þetta muni koma fram.

[11:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir athugasemdir hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar við 12. gr. frv. Hún er óeðlileg að mínu mati, þ.e. að gera skipstjóra skylt að verða við tilmælum veiðieftirlitsmanns. Það er ekki óeðlilegt að veiðieftirlitsmaður geti borið fram tilmæli við skipstjóra um að hann setji út veiðarfæri á tilteknum stað eða tiltekinni slóð, en það er óeðlilegt að gera skipstjóra skylt að verða við tilmælum. Þetta þýðir með öðrum orðum að stjórnun skipsins er tekin úr höndum skipstjórans og færð í hendur veiðieftirlitsmanns. Það er mjög óeðlilegt að stíga það skref að mínu viti. Ég leggst gegn því að þetta verði í frv. í endanlegum búningi.

Þá finnst mér líka að þarna sé verið að blanda saman tveimur hlutum sem eru ekki endilega skyldir, þ.e. annars vegar hlutverki veiðieftirlitsmanns sem á að fylgjast með að skip hagi sér eins og lög og reglur kveða á um og hins vegar rannsóknum á einstökum fiskislóðum sem er hlutverk Hafrannsóknastofnunar. Sú stofnun sem fer með rannsóknir á miðunum á auðvitað að sjá um þær. Hún getur svo sem fengið til sín, ef um semst, fiskiskip til að gera fyrir sig tilraunir, en það er óeðlilegt að rannsóknaþáttur sé færður í hendur veiðieftirlitsmanns sem hefur allt annað hlutverk en að rannsaka fiskimið. Ég tek því undir að það er að mínu viti óeðlilega frá þessum texta gengið í 12. gr. frv.

Ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. sjútvrh. um hvernig hann hygðist framkvæma ákvæði frv. um dragnótaveiðar á grunnslóðinni, hvort það yrði þá ekki svipað og verið hefur, þannig að t.d. litlir bátar við Grímsey sem hafa stundað sínar dragnótaveiðar megi búast við að svo verði áfram sem verið hefur en breytingin sem menn eru að sækjast eftir með þessu frv. sé sú að stórum togbátum er ýtt út fyrir þessi dragnótasvæði. Það hefur satt að segja verið mörgum þyrnir í augum eins og t.d. á Vestfjörðum að sjá yfir 300 tonna skip draga snurvoð langt inn á firði þar sem ekki má ýta bátum úr vör nema þeir hafi aflamark sitt lagi. Og þegar þeir hafa verið búnir með sínar veiðiheimildir, hvort sem þær eru samkvæmt aflamarki eða sóknardögum, og sitja í höfn á 5–6 tonna bátum sjá þeir yfir 300 tonna skip dragandi snurvoð á eftir sér langt inn á fjörð og jafnvel kemur það skip úr allt öðrum landsfjórðungi. Þetta hefur valdið mikilli ólgu. Ég tel ekki ráðlegt að stjórna fiskveiðum þannig að mönnum sé beinlínis storkað á þennan hátt enda skil ég niðurstöðuna í þessu máli og tillöguna í frv. þannig að þetta verði ekki leyft áfram.

Það þarf að hafa í huga við stjórnun veiða, hvort sem það er gagnvart skipunum sjálfum eða að menn hugleiði að lágmarka skaða þeirra á miðum og veiðislóðum, stjórni þessum fiskveiðum þannig að sem mestur ábati verði fyrir þjóðarbúið í heild, að þetta snýst fyrst og síðast um efnahagsmál, hver hin efnahagslega staða fiskvinnslunnar og útgerðarinnar er undir þeim lögum sem um sjávarútveginn eru sett. Ég sé ekki beint samhengi milli þess kerfis sem menn velja sér, hvort sem það heitir aflahlutdeildarkerfi eða sóknardagakerfi, og efnahagslegrar afkomu. Ég man ekki betur en að á árunum 1988 og 1989 hafi verið svo komið hjá útgerðinni í landinu að hún var nánast að fara á hausinn hringinn í kringum landið. Það þurfti að grípa til sérstakra björgunaraðgerða til að halda á floti lykilfyrirtækjum í mörgum byggðarlögum. Menn höfðu þó væntanlega stjórnað veiðum af mikilli skyn-

semi fram að því. Það þarf því ekki að fara saman og ég tel ekki rétt að draga þá ályktun að ákvörðun Færeyinga um að styðjast við sóknardagakerfi leiði af sér hrun fiskstofna eða efnahagsleg áföll í sjávarútvegi hjá þeim. Það er fyrst og fremst magnið sem menn veiða upp úr sjónum og síðan afurðaverðið á erlendum mörkuðum sem ráða gæfu í þessari atvinnugrein.

Ég minni líka á að síðan þessi alvarlega staða var uppi í sjávarútveginum á Íslandi hefur sem betur fer ræst úr en það hefur fyrst og fremst verið vegna þess að verð á afurðunum hækkaði erlendis. Annað gerðist sem var ákvörðun stjórnvalda, að draga mjög úr þorskveiðum á árunum eftir 1991. Áhrifin af þeim samdrætti urðu mjög alvarleg á sumum stöðum vegna þess að fyrirtækin voru ekki það efnahagslega sterk að þau gætu staðið af sér þennan mikla samdrátt í tekjum. Lykilfyrirtæki hafa farið á hausinn í hverju byggðarlaginu á fætur öðru frá þessum tíma sem við höfum stuðst við aflahlutdeildarkerfið. Ég get nefnt Patreksfjörð, Bíldudal, Bolungarvík, Suðureyri og Grenivík. Og ekki er beisin staða atvinnufyrirtækisins á Þingeyri og ýmis fyrirtæki á Ísafirði og víðar eru mjög skuldsett og hafa átt í erfiðleikum á undanförnum árum og safnað skuldum einmitt á þeim tíma þegar menn skáru niður aflaheimildirnar. Ég tel það því ekki rétta ályktun að draga línuna þannig að þeir sem velji sóknardagakerfi kalli fram efnahagsleg áföll í sínum sjávarútvegi. Það teldi ég ályktun sem styddist ekki við rök. Þvert á móti benda staðreyndir til þess að sambærileg staða hefur komið upp hér á landi undir núverandi stjórnkerfi. En ég ætla ekki að kenna því einu um þau áföll, heldur er það eins og ég gat um, fyrst og fremst magnið sem menn mega veiða og verðið sem menn fá fyrir afurðirnar sem ræður því hvernig afkoman er. Það er fullmikil einföldun að halda því fram að kerfið ráði úrslitum í þessu efni. Það sem hefur reynst mörgum þyngst í skauti og kannski fyrst og fremst verið erfiðast á Vestfjörðum, er þessi gríðarlegi samdráttur á veiðiheimildum án þess að fyrirtækin fengju nokkurn stuðning til að standa af sér þennan efnahagslega samdrátt upp á nærri 50%. Mér er sem ég sæi fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem það er í verslun, heildverslun eða opinberar stofnanir standa það af sér að þurfa að veita sömu þjónustu fyrir helminginn af því fé sem þau hafa haft og þurft til að reka sína stofnun eða sitt fyrirtæki. Ætli það yrði ekki slæmt ástandið ef mönnum yrðu búin þau skilyrði eins gert var á þeim stöðum sem byggðu mikið á þorskveiðum? Þetta er reyndar ekki einvörðungu bundið við Vestfirði því nefna má staði eins og Grenivík og Snæfellsnes, og á Suðurlandi má nefna Þorlákshöfn og Stokkseyri sem að hafa farið mjög illa út úr þessum samdrætti. Þetta er fyrst og síðast efnahagsmál. Þessi löggjöf sem við erum að fjalla um er auðvitað bara partur af öllu því spilverki. Löggjöfin um stjórn fiskveiða er annar partur og þannig má halda áfram að telja.

Virðulegi forseti. Mér fannst hæstv. ráðherra fara offari í ályktunum sínum um stöðu útgerðar og fiskvinnslu í Færeyjum og draga þá ályktun að hún væri tilkomin af því að menn styddust við eitthvað annað fiskveiðistjórnarkerfi en hann telur að þeir ættu að gera.

[11:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. vék hér að heimildum til dragnótaveiða. Ég vil aðeins árétta það sem fram kemur í frv. að gert er ráð fyrir því að það þurfi ekki sérstakt leyfi til dragnótaveiða á þeim svæðum sem almennt eru opin fyrir togveiðarfæri. Hins vegar þurfi slíkt leyfi innan þeirra svæða og þau verða þá bundin við skip sem eru undir tilteknum mörkum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802.

[11:55]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 802, um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er flutt til að afla ríkisstjórninni lagaheimildar til að unnt verði að ganga frá samningum um stækkun Íslenska járnblendifélagsins hf. við Elkem í Noregi og Sumitomo Corporation í Japan. Samningar þessir fela í sér tvö atriði sem afla þarf samþykkis Alþingis fyrir. Í fyrsta lagi lækkar eignarhlutur íslenska ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf. vegna fyrirhugaðrar hlutafjárhækkunar í tengslum við stækkun verksmiðjunnar um einn viðbótarofn, úr 55% eignarhlut í 38,5%.

Þetta á sér stað þar sem hlutafjárhækkunin er af öllu leyti fjármögnuð af Elkem. Þetta kallar á breytingu á 2. gr. laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem kveðið er á um að ekki minna en 51% af hlutafé félagsins skuli að jafnaði vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Í öðru lagi þarf heimild til að ráðstafa þeim 38,5% eignarhlut sem ríkið heldur þá eftir. Er ætlunin að félagið verði gert að almenningshlutafélagi að undangengnu hlutafjárútboði með skráningu á hlutabréfamarkaði hér á landi. Hefur verið samið um breytingar á samþykktum félagsins sem tryggja að skilyrði slíkrar skráningar séu uppfyllt. Hlutafé íslenska ríkisins verði síðan selt á markaði í áföngum að undanskildum 12% sem hinir erlendu samstarfsaðilar eiga kauprétt á til 1. júlí 1999.

Meginmarkmið samningsins er að styrkja samkeppnisstöðu járnblendifélagsins, auka erlenda fjárfestingu í atvinnulífinu og leggja þar að auki grundvöll að frekari stækkun félagsins. Staða Elkem og Sumitomo helst að öðru leyti óbreytt og halda sölusamningar járnblendifélagsins við þessi fyrirtæki gildi sínu. Jafnhliða er þó samið um breytingu á umboðssölusamningi við Sumitomo þar sem tekið er tillit til þess mikla mismunar sem er á verðlagi á kísiljárni í Japan annars vegar og í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum hins vegar.

Nafnverð hlutafjárhækkunarinnar er 423,9 milljónir króna eða 40,8 millj. norskra króna, en fjárhæð sú sem Elkem greiðir fyrir þann hlut er 932,5 milljónir króna. Byggist fjárhæð þessi á samkomulagi hluthafa um að meta heildarverðmæti alls hlutafjár í verksmiðjunni á 2.548 milljónir króna áður en greiddur er út arður fyrir árið 1996.

Matsverð fjárfestingarbankans Salomon Brothers á verðgildi heildarhlutafjár í Íslenska járnblendifélaginu hf. var á bilinu 2.300–2.600 millj. ísl. kr. Tvö íslensk verðbréfafyrirtæki, Kaupþing og Íslandsbanki, mátu hlutafé á 2.600–3.000 millj. kr.

Í tengslum við umræðu um verðmæti hlutafjár Íslenska járnblendifélagsins hf. var Kaupþing einnig fengið til að meta verðmæti hlutafjár í Íslenska járnblendifélaginu hf. ef ekki yrði af frekari stækkun og verksmiðjan yrði áfram rekin með tvo ofna. Í niðurstöðum fyrirtækisins kemur fram að verðmætið sé um 2.000–2.200 millj. ísl. kr. Af þessu sést hversu miklir hagsmunir voru við það bundnir að samkomulag næðist um stækkun verksmiðjunnar.

Samhliða samkomulagi um stækkun náðist einnig samkomulag um nokkur mikilvæg rekstraratriði, m.a. að rannsóknar- og þróunarstarf verði fest í sessi og eflt í fyrirtækinu á Grundartanga, að óháður mælikvarði sem byggist á viðskiptum milli óskyldra aðila eigi við um öll viðskipti félagsins, að hver hluthafi hafi rétt til að skipa óháðan löggiltan endurskoðanda til að yfirfara slík viðskipti og að fyrirtækið verði rekið sem sjálfstæð rekstrareining.

Meginatriði samningsins er að sjálfsögðu að settur verður upp þriðji bræðsluofninn í verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. á Grundartanga sem mun auka afkastagetu verksmiðjunnar um rúmlega 50%. Framkvæmdir við þriðja bræðsluofninn verða fjármagnaðar að nálægt þriðjungi með auknu hlutafé sem Elkem leggur til að öllu leyti eins og fyrr segir. Framkvæmdakostnaður verður að öðru leyti fjármagnaður með lánsfé.

En samningnum er ekki síður ætlað að leggja grundvöll að frekari stækkun verksmiðjunnar með fjórða bræðsluofninum og síðar hugsanlega þeim fimmta. Í því sambandi er samið um að ef ákvörðun er tekin um byggingu á fjórða bræðsluofninum fyrir 1. júlí 1999 eigi Elkem kauprétt á 9% hlut í félaginu af ríkinu. Umsamið kaupverð þess hlutar verður 318 millj. ísl. kr. sem samsvarar genginu 2,5. Miðað við það gengi verður markaðsverð heildarhlutafjár í félaginu eftir stækkun um 3,5 milljarðar ísl. kr. Sumitomo hefur að sama skapi kauprétt á 3% við sömu aðstæður og sömu skilmálum.

Til að árétta þennan vilja hluthafanna hafa þeir undirritað sameiginlegt minnisblað þar sem þeir ásamt Landsvirkjun lýsa yfir sameiginlegum hagsmunum af frekari stækkun verksmiðjunnar. Minnisblað þetta tekur til þess möguleika að verksmiðja járnblendifélagsins verði stækkuð umfram þá stækkun sem nú hefur verið tekin ákvörðun um. Í minnisblaðinu er gert ráð fyrir möguleika á fjórða ofni og hugsanlega fimmta ofni í framtíðinni.

Frv. þetta snertir einungis þann þátt laganna sem snýr að eign íslenska ríkisins á meiri hluta í járnblendifélaginu. Jafnframt er leitað heimildar til sölu á eignarhlut ríkisins á almennum markaði. Aðrar breytingar sem verða á samstarfinu kalla ekki á lagabreytingar en sérstaklega skal tekið fram að eldri samningar og gildandi lög um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði gera ráð fyrir að verksmiðjan stækki án þess að lagabreytingar þurfi til. Hefur þetta m.a. þau áhrif að ekki er nauðsynlegt að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 63 21. maí 1993, um mat á umhverfisáhrifum. Félagið þarf hins vegar að afla starfsleyfis fyrir þriðja ofninn og í því hefur verið kveðið á um skilmála þar að lútandi.

Eðlilegt þykir þó að félagið láti á eigin vegum framkvæma mat á umhverfisáhrifum og kynna það hlutaðeigandi staðbundnum stjórnvöldum og nágrönnum verksmiðjunnar. Slíkt mat á umhverfisáhrifum sem fram fer á vegum félagsins er einnig mikilvægur grundvöllur að útgáfu starfsleyfis fyrir félagið. Ráðuneytið hefur þegar rætt við forsvarsmenn félagsins um mikilvægi þess að vel verði að umhverfismálum staðið og vandað verði til útgáfu starfsleyfis. Jafnframt má búast við að í starfsleyfinu sem útgefið verður vegna stækkunarinnar sé hert á eftirliti með framkvæmd skilmála.

Þjóðhagsstofnun hefur metið þjóðhagsleg áhrif 40 þúsund tonna aukningar á framleiðslugetu Íslenska járnblendifélagsins hf. á ári. Áætlað er að fjárfesting vegna stækkunarinnar nemi um sex milljörðum kr. Aukning fjárfestinga í heild frá því sem annars hefði orðið er um 2%. Ársverk vegna framkvæmdanna á árunum 1999–2000 verða u.þ.b. 300 en 30 frambúðarstörf skapast. Hagvöxtur ársins 1999 verði 3% í stað 2,5% og varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslu u.þ.b. 0,2%.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til iðnn.

[12:04]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil aðeins í meginatriðum taka undir það frv. sem hér er til umræðu, um breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Lögin lúta að afnámi skilyrðis varðandi meirihlutaeign íslenska ríkisins í félaginu og að heimild til sölu á eignarhlut ríkisins í hlutafélaginu. Það er ástæða til að nefna það, í umfjöllun um málið, að líklegt er að á samdráttartímanum 1992 og 1993 hafi meirihlutaeign íslenska ríkisins skipt höfuðmáli hvað varðar áframhaldandi rekstur Íslenska járnblendifélagsins. Aðstæður voru þá mjög snúnar og það var kannski í raun það sem réði því að verksmiðjureksturinn stöðvaðist ekki. Ég hallast almennt að því, herra forseti, að það sé skynsamlegt að ríkisvaldið dragi sig úr rekstri þar sem því verður við komið. Möguleikar íslenska ríkisins í þessu tilviki voru bundnir við það að um stækkun verksmiðjunnar yrði að ræða þannig að rekstur og orkusala væri tryggð í framtíðinni. Ég tel að við krappar aðstæður hafi tekist að ná viðunandi samningum og ég vil fagna því að þessum áfanga er náð.

En ég vil auðvitað minna á það, um leið og ég segi þessi orð, að starfsmenn Íslenska járnblendifélagsins lögðu mikið á sig á samdráttartímum. Eiga þeir ásamt stjórnendum þakkir skildar fyrir dugnað, fórnfýsi og samstöðu í markaðsþrengingunum á árunum 1992 og 1993.

Ég tel ekki ástæðu til þess að óttast aukna eignaraðild Elkem í fyrirtækinu. Með stækkun verksmiðjunnar um einn ofn og í framhaldinu jafnvel um fleiri er, eftir því sem ég best get séð, rekstrargrunnur fyrirtækisins varanlega tryggður í framtíðinni. Og þetta skiptir höfuðmáli. Atvinnuöryggi starfsmanna er meira eftir þessa breytingu en áður. Hins vegar skil ég að sjálfsögðu áhyggjur starfsmannanna. Þeir vita auðvitað hvað þeir hafa búið við en ekki hvað framtíðin ber í skauti sér nákvæmlega frekar en aðrir. En það sem ég tel að skipti máli við þessa samningsgerð og við þessa lagabreytingu er að núna er a.m.k. tryggt að íslenskur forstjóri verður við stjórn. Rannsóknir og þróunarstarf munu eflast. Það verður um fjölgun starfa að ræða í fyrirtækinu. Afkoma sveitarfélaganna í nánasta nágrenni mun styrkjast verulega. Rekstrargrunnurinn er tryggður eins og vera má. Þess vegna styð ég þetta frv. og fagna þeim áfanga sem hefur náðst undir forustu hæstv. iðnrh.

[12:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nú að verða næsta hefðbundið má segja í umræðum um stóriðjumál að fyrst talar hæstv. iðnrh. og mælir að sjálfsögðu fyrir sínum málum og síðan talar talsmaður Alþfl. eða þingflokks jafnaðarmanna fyrir

sama máli og bætir um betur. Ég skaut því að iðnrh. um daginn að hann ætti nú kannski bara að bregða sér frá upp í ráðuneyti og sinna sínum pappírum sem örugglega bíða eftir honum óþolinmóðir eftir lausn, án þess að ég sé að segja að hann eigi þar fleiri pappíra en aðrir ráðherrar, af því talsmenn Alþfl. standa vaktina svo vel fyrir hann.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég treysti mér ekki til þess að bera lof á málið eins og hv. síðasti ræðumaður gerði þó að ég hlýði að sjálfsögðu vandlega á hann og veit að hann ber hag síns umdæmis og umhverfis mjög fyrir brjósti. Það er kannski að nokkru leyti vandi þeirra manna sem stundum fjalla um mál af þessu tagi að þeir eru dálítið bundnir af þeim hagsmunum sem eru í kringum þá í kjördæmum þeirra.

Ég ætla hins vegar, herra forseti, á þeim stutta tíma sem ég hef fram að hádegishléi að víkja að nokkrum almennum atriðum en segja í fyrsta lagi að mér finnst að það vanti framtíðarsýn í þessu máli. Það er ekki lagt fram sem hluti af framtíðarsýn í atvinnumálum af neinu tagi. Það sama á við um frv. um álver á Grundartanga sem við ræddum hér fyrir nokkru. Það er ekki reynt að draga upp þá framtíðarsýn í atvinnuþróun sem er æskileg að mati stjórnvalda. Ég tel að hún sé í raun og veru þríþætt.

Það er í fyrsta lagi auðvitað sú framtíðarsýn sem byggist á því að virkja hugvit landsmanna sem er að skila vaxandi auði og arði í þjóðarbúið á hverju einasta ári. Stór hugbúnaðar- og tölvufyrirtæki eru núna að ráða til sín tugi ungra íslenskra sérfræðinga sem eru að skapa verðmæti sem hvorki eru fiskur, túrismi né ál, en skipta þjóðarbúið samt gríðarlega miklu máli. Þetta er í raun og veru það mikilvægasta þegar upp er staðið og er að nokkru leyti árangur af þeirri menntastefnu sem hefur verið fylgt á Íslandi, árangur af því að Lánasjóður íslenskra námsmanna var í lagi og skilaði þessu fólki árangri og jákvæðum niðurstöðum í háskólanámi sem er núna bersýnilega verið að eyðileggja á öðrum vettvangi.

Í annan stað felst þessi framtíðarsýn að mínu mati í sjávarútveginum, hún liggur þar. Það er bersýnilegt að sjávarútvegurinn getur á næstu árum skilað, bæði vegna aukinna þorskveiða, líka vegna síldveiða og af öðrum ástæðum, stórauknum verðmætum, margföldum á við það sem menn eru að tala um í stóriðjumálunum.

Í þriðja lagi eru það svo auðvitað orkumálin sem eiga að skila okkur arði. Þar er spurningin kannski fyrst og fremst um það hversu hratt við eigum að fara vegna þess að það eru verðmæti sem ekki hlaupa frá okkur heldur eru á sínum stað.

Að lokum eru það svo auðæfin sem felast í landinu sjálfu, hreinleika þess og náttúru Íslands, sem m.a. birtast okkur í stórvaxandi tekjum af ferðamannaþjónustu sem hafa verið um 10% að raungildi núna um langt árabil, en menn eru að tala um að verði kannski eitthvað minni á næstu árum. En þarna er samt sem áður um auðæfi að ræða.

Þetta er framtíðarsýnin. Og mér finnst að hún eigi að vera í forgrunni. Björt, íslensk framtíðarsýn eigi að vera í forgrunni í uppbyggingu atvinnumála frekar heldur en stóriðjan sem slík.

Varðandi hins vegar það frv. sem hér liggur fyrir þá er verið að taka á takmörkuðum þætti atvinnuþróunarinnar og raunar ekki mjög stórum, vegna þess að hér er verið að tala um að heimila stækkun á þessu fyrirtæki sem þýðir frambúðarstörf fyrir u.þ.b. 30 manns. Það er nú í raun og veru öll stærðin á þessu dæmi. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til þess að fara yfir það jafnrækilega og ella vegna þess að þrátt fyrir allt er ekki hægt að segja að um stórtíðindi sé að ræða að öðru leyti en lýtur að breyttri eignaraðild. Að öðru leyti eru hér ekki stórtíðindi uppi að mínu mati. Þau 30 störf sem hér er um að ræða eru vissulega þýðingarmikil. Hins vegar ber að nefna það í leiðinni að á sama tíma og verið er að tala um að þetta séu mikil jákvæð pólitísk tíðindi þá er verið að loka verksmiðju hérna skammt frá þar sem eru og hafa verið í vinnu á milli 70 og 100 manns. Það er alvarlegt umhugsunarefni og líka það að þau mál eru í raun og veru aldrei rædd á Alþingi sem ég held að sé vegna þess að sú verksmiðja er í Reykjavík. Ég hugsa að hún hefði verið rædd oftar ef hún hefði verið utan kjördæmismarka Reykjavíkur. Að nokkru leyti hefur Áburðarverksmiðjan goldið þess að vera í Reykjavík. Þá er ég ekki að tala um viðhorf Reykvíkinga til hennar heldur það að þegar um er að ræða atvinnuþróunartækifæri á landsbyggðinni þá taka menn gjarnan miklu frekar við sér en þegar um Reykjavík er að ræða.

Ég vil þá, herra forseti, víkja að frv. sem slíku og segja að kosturinn við það er sá að það er skýrt. Það er bara lagt hér fyrir það sem á að taka afstöðu til. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra og biðja hann að hugleiða það, og einnig formann nefndarinnar sem er hér viðstaddur, hvort ekki þurfi að breyta fleiri atriðum í lögunum um járnblendiverksmiðjuna. Þau eru úrelt. Það eru nokkur ákvæði, t.d. um skattamál, í lögunum eins og þau eru, t.d. í 7. gr. varðandi skattfrjáls framlög í varasjóði og fleira sem byggist í raun og veru á skattalögunum eins og þau voru 1972, en eru allt annar veruleiki í dag. Þannig að ég vil benda hv. iðnn. og hæstv. ráðherra á það hvort ekki þurfi að laga í leiðinni mörg fleiri atriði í lögunum um járnblendiverksmiðjuna, sem eru barn síns tíma og voru sett auðvitað miðað við þær aðstæður að ríkisstjórnin eða ríkið hefði alla forustu og ætti meiri hluta í fyrirtækinu. Þess vegna hefði ég viljað sjá að nefndin fjallaði um það hvort ekki ætti að bæta við fleiri atriðum, þó að ég kunni út af fyrir sig vel að meta það að hin pólitísku álitamál eru lögð fyrir í frv. eins og það liggur fyrir. Ég tel að það sé jákvætt að Alþingi geti tekið afstöðu til málsins pólitískt. En það er allt annað mál t.d. í frv. um álverið á Grundartanga. Þar finnst mér að vanti pólitískt skýran prófíl á frv. sem slíkt, það sé of almennt. En þetta er í raun og veru konkret eins og það liggur hér fyrir og þó að ég hafi ýmsar skoðanir á málinu þá tel ég að frá sjónarmiði Alþingis sé það jákvætt.

Varðandi síðan frv. að öðru leyti og efni þess þá ætla ég fyrst að víkja að spurningunni um eignarhaldið. Og ég ætla að slá því föstu hér og bera það undir hæstv. ráðherra ef hann vill fara um það einhverjum orðum í máli sínu, að ég tel að það hafi verið jákvætt að Íslendingar hafa ráðið þessu fyrirtæki, tvímælalaust jákvætt. Ég tel að það hafi fyrst og fremst verið jákvætt vegna þess að þar með var stefna og starfsemi fyrirtækisins löguð að almennri íslenskri atvinnustefnu.

Ég minni á að í upphafi var gert ráð fyrir því að Íslendingar borguðu erlenda eignaraðilanum, líklega í upphafi Union Carbide, 3% af veltu fyrirtækisins í tækniþjónustukostnað. Þetta er auðvitað alveg dæmigert þriðja heims ákvæði. Þegar tæknivæddar stórþjóðir voru að setja niður verksmiðjur í nýlenduríkjum var þeim ekki treyst fyrir að sjá um tæknilega forustu og tæknilega vinnu í tengslum við viðkomandi fyrirtæki og þess vegna voru slík ákvæði sett þarna inn. Þetta var í upphaflegu frv. og upphaflegu lögunum um þetta mál. Þetta breyttist. Og það breyttist fyrst og fremst vegna þess að Íslendingar áttu þarna meiri hluta en líka vegna þess að þar var og hefur verið í langan tíma mjög öflugur forstjóri sem hefur haft metnað til að halda þannig á málum að sómi

væri að fyrir Ísland að því er þetta varðar og ég tel ástæðu til að þakka honum það alveg sérstaklega. Jafnframt hefur það verið tryggt að þessir peningar hafa verið notaðir að hluta til í rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Íslandi í fyrirtækinu. Það hefur orðið til þess að fyrirtækið stendur tæknilega miklu betur en það hefði annars gert af því að þeir peningar hafa verið notaðir í fyrirtækinu á þeim forsendum sem íslensk forusta þess og forstjóri hafa ákveðið. Ef þetta hefði ekki verið gert hefðu peningarnir verið notaðir, ávaxtaðir og ákvarðaðir í Kristiansand, í miðstöðvum fyrirtækisins. Þetta tel ég að skipti gríðarlega miklu máli. Þess vegna finnst mér rangt að gera lítið úr því að íslenska eignaraðildin hafi í raun og veru hjálpað til við að laga þetta fyrirtæki og gera það að betra fyrirtæki fyrir Ísland og fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

Ég held að þetta sér gríðarlega stórt atriði. Þess vegna vildi ég gjarnan, herra forseti, að áhersla yrði lögð á að menn muni, um leið og hlut ríkisins er breytt í fyrirtækinu, að það var og hefur verið jákvætt að Íslendingar réðu þessu og það gæti út af fyrir sig verið það áfram ef menn vildu setja sig í þær stellingar.

Nú háttar þannig til, herra forseti, að meiningin var að hætta kl. 12.15 og ég hefði þurft að fara til annarra verka þannig að það er spurning hvort ég mætti halda áfram ræðu minni þegar umræðan hefst á ný.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ef hv. þm. óskar að gera hlé á ræðu sinni þá verður það gert en forseti vill spyrja vegna sérstakrar óskar þess sem næstur er á mælendaskrá hvort athugasemdir séu við að sá hv. þm. fái að flytja stutta ræðu.)

Það eru að sjálfsögðu athugasemdir við það, herra forseti, bæði er leitt að missa af ræðunni og eins þætti mér leitt ef hv. þm. flytti stutta ræðu en þar sem þingmaðurinn mun hafa óskað eftir þessu verð ég væntanlega að beygja mig undir það, eða hvað — og fæ ég að koma þá inn á eftir?

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Hv. þm. gerir hlé á ræðu sinni.)

[12:18]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þetta frv. til breytinga á lögum um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði er ekki flókið né viðamikið í sjálfu sér enda fjallar það aðeins um einn afmarkaðan þátt í starfsemi Íslenska járnblendifélagsins, þ.e. eignaraðildina. Fyrir mér er það satt að segja ekkert höfuðatriði hvernig þeirri aðild er háttað, hvort íslenska ríkið eða Íslendingar eiga þar meiri hluta eða ekki heldur hitt hvernig hagsmunum okkar er best borgið og hvaða reglur gilda um slíka starfsemi. Reglur sem tryggja eðlilegan fjárhagslegan hagnað, tryggja að vinnuskilyrði séu sem allra best og skaðsemi á náttúru og umhverfi verði sem allra minnst. En þrátt fyrir einfaldleika frv. hljótum við að líta til þess sem að baki býr því hér er ekki verið að breyta eignaraðild bara breytinganna vegna heldur er tilgangurinn að tryggja stækkun og aukna framleiðslugetu verksmiðjunnar.

Hér er því verið að bæta enn einum steininum í þá stóriðjubraut sem stjórnvöld hafa markað og leggja allt kapp á að hafa sem lengsta og breiðasta. Og nú þurfa hæstv. ráðherrar, að eigin mati, ekki að standa í miklu stappi við talsmenn umhverfisverndar heldur er vísað nokkuð glaðhlakkalega til þess í 8. lið grg. með frv., á bls. 13, að ekki þurfi að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum heldur megi styðjast við eldri samninga og lög. Þetta finnst mér harla lélegt og til vitnis um lítinn metnað hæstv. ráðherra en raunar ekkert undrunarefni með tilliti til þess hvernig mál hafa gengið fyrir sig að undanförnu. Auðvitað er hægt að setja skilyrði fyrir stækkun ef menn vilja, með tilliti til umhverfissjónarmiða, hvað sem fyrri samningum og lagasetningu líður. Annað eins hefur nú gerst að teknir væru upp samningar og lögum breytt og þarf ekki annað en að vísa til þess að ekki hefur vafist fyrir mönnum að setja sértækar skattareglur ef þeim býður svo við að horfa, þ.e. í samningum við erlenda fjárfesta, reglur sem ganga að nokkru leyti á svig við gildandi skattalög í landinu. Hvers vegna ætti þá ekki allt eins að endurskoða gamla samninga og lög með tilliti til breyttra viðhorfa í umhverfismálum? Þetta er að mínu viti bara spurning um vilja og metnað. Það er nú raunar staðfest í 8. lið að starfsleyfi þurfi að gefa út fyrir ofn III og gefið fyrirheit um að skilmálar verði settir. En á hverju ætla menn að byggja ef ekkert er matið?

Með stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði er auðvitað enn einn ganginn verið að auka mengandi stóriðju í landinu og stuðla að auknu raski á náttúrufari og landslagi á hálendinu. Það er ekkert annað en metnaðarleysi að afgreiða málin á þann hátt sem hér á að gera. Það er skjalfest á þskj. 513, í svari hæstv. umhvrh. við fsp. Hjörleifs Guttormssonar, að allt að 50 þúsund tonna framleiðsluaukning járnblendiverksmiðjunnar hafi í för með sér losun koltvíoxíðs sem nemur um 167 þúsund tonnum á ári. Og bætist þá enn í syndaregistur okkar Íslendinga á því sviði. En æðsti maður umhverfisverndar á Íslandi virðist ekki hafa þungar áhyggjur af því heldur er ábyrgðinni vísað til annarra ríkja sem geti einfaldlega gert betur. Ekki er það nú stórmannleg afstaða. En þannig vilja íslensk stjórnvöld standa við skuldbindingar sínar sem þeim sannarlega ber að axla samkvæmt alþjóðlegum rammasamningi um loftslagsbreytingar. Þau hafa lýst þeirri túlkun sinni að rammasamningurinn sé fyrst og fremst sameiginleg skuldbinding vestrænna iðnríkja um að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði ekki meiri árið 2000 en hún var árið 1990 og að ríkin beri sameiginlega ábyrgð á að þessu marki verði náð. Þá hlýtur spurningin að vera sú, úr því íslensk stjórnvöld túlka skyldur sínar og annarra ríkja á þennan hátt, hvort þau hafi þá tryggt á einhvern máta að dregið verði samsvarandi úr losun koltvíoxíðs í einhverju öðru landi. Hæstv. iðnrh. getur e.t.v. svarað því úr því að hæstv. umhvrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu. Og hvað um þá auknu losun gróðurhúsalofttegunda sem verða mun með tilkomu nýs álvers, ef af því verður? Þar er um miklu meiri aukningu að ræða eða allt að 373 þúsund tonn á ári ef álframleiðslan verður 180 þúsund tonn á ári. Hvar er tryggingin fyrir því að dregið verði einhvers staðar úr losun gróðurhúsalofttegunda á móti? Fyrir nú utan þá staðreynd að heildarlosun hefur verið að aukast allt frá viðmiðunarárinu 1990 og þar erum við Íslendingar því miður framarlega í flokki. Þetta er í raun risavaxið verkefni sem þjóðir heims standa frammi fyrir og verða að taka alvarlega því hér er um að ræða umhverfisógn sem svo sannarlega varðar framtíð mannkyns alls. — Það má raunar geta þess að ástæðan fyrir því að hæstv. forseti varð við því að leyfa mér að koma hér inn með ræðu mína, þrátt fyrir að áætlað hefði verið að gera fundarhlé kl. 12.15, er sú að ég þarf að mæta á fund hjá hæstv. umhvrh. þar sem hann mun einmitt kynna hvernig Íslendingar ætla að standa að málum á væntanlegum fundi um þessi mál í New York í júní næstkomandi.

Hér má auðvitað enginn skorast undan og þess vegna er beinlínis hörmulegt að íslensk stjórnvöld skuli leggja slíkt ofurkapp á uppbyggingu atvinnu sem einmitt vinnur þvert

á það markmið sem sett var með rammasamningnum um loftslagsbreytingar. Nú er ekki um það að ræða að hægt sé að takmarka þá losun koltvíoxíðs sem verða mun við stækkun járnblendiverksmiðjunnar en það breytir ekki því að menn eiga auðvitað að nota þetta tækifæri og taka virkilega á umhverfismálum hjá þessu fyrirtæki. Við vitum að á ýmsu hefur gengið í þeim efnum og þarf ekki að fara langt aftur í tímann til upprifjunar. Staðfest var á síðasta ári að mengunarvarnir þar hafa verið í ólestri og Hollustuvernd ríkisins hefur engan veginn getað fylgst með þeim né litið eftir og rannsóknir eru allar í skötulíki. Þess vegna á að taka þau mál upp og gera kröfur um bestu þekktar varnir gegn mengun og umhverfisraski. Ég vil skora á hæstv. iðnrh. sem er sérlegur áhugamaður um uppbyggingu stóriðju á Grundartanga að ganga vasklega fram í þessu máli.

[12:26]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur að það væri metnaðarleysi sem stjórnvöld hefðu fyrir hönd fyrirtækisins um að ekki skyldi fara fram mat á umhverfisáhrifum áður en starfsleyfi yrði gefið út. Þar var ég fyrst og fremst að vitna til þeirrar heimildar sem fyrirtækið hefur og starfar á grundvelli laga sem sett voru áður en núverandi lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildi. Ég sagði jafnframt í ræðu minni, og það liggur fyrir, að fyrirtækið þarf eftir sem áður á starfsleyfi að halda. Og þar er hægt að gera þær kröfur sem gera þarf. En við í iðnrn. höfum rætt við stjórnendur fyrirtækisins um að fyrirtækið sjálft láti fara fram mat á umhverfisáhrifum með nákvæmlega sama hætti og mat á umhverfisáhrifum á að fara fram og á þeirri skýrslu og þeirri niðurstöðu sem þar fæst verður síðan hægt að byggja þær kröfur sem gerðar verða í starfsleyfi. Þarna er því ekki um neitt metnaðarleysi að ræða af okkar hálfu fyrir hönd þessa fyrirtækis. Fyrirtækið hefur gengið fram af miklum vilja til þess á undanförnum tveimur árum og lengur jafnvel að koma í veg fyrir þá sjónmengun sem verið hefur af því ryki sem er í útblæstrinum sem ekki er hættulegt. Það er fyrst og fremst ryk sem sker í augun en er á engan hátt hættulegt.

[12:28]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. iðnrh. kemur fram með alveg nýjar upplýsingar í andsvari sínu. Þetta kom ekki fram í ræðu hans áðan. Þetta er ekki að finna í grg. með frv. en hamingjan láti gott á vita ef svo er. Í fyrsta lagi vil ég fagna því að hæstv. iðnrh. hafi gert þessa kröfu til fyrirtækisins en ég skildi það ekki alveg af hans máli hvort fyrirtækið ætlaði að verða við kröfunni eða hvort þetta lægi enn þá á milli hluta. En sé það svo að þarna fari fram umhverfismat þá ber að fagna því og ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir þessar upplýsingar. Þetta er allténd innlegg í málið.

[12:29]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá kafli ræðu minnar áðan hefur farið fram hjá hv. þm. vegna þess að þetta kom skýrt fram og vil ég þá aftur vitna til þess sem ég sagði fyrr við umræðuna. Félagið verður hins vegar að afla starfsleyfis fyrir ofn III og í því verður kveðið á um skilmála þar að lútandi. Eðlilegt þykir þó að félagið láti á eigin vegum framkvæma slíkt mat, þ.e. mat á umhverfisáhrifum og kynna það hlutaðeigandi staðbundnum stjórnvöldum og nágrönnum verksmiðjunnar. Slíkt mat á umhverfisáhrifum sem fram fer á vegum félagsins er einnig mikilvægur grundvöllur að útgáfu starfsleyfis fyrir félagið. Ráðuneytið hefur þegar rætt við forsvarsmenn félagsins um mikilvægi þess að vel verði að umhverfismálum staðið og vandað verði til útgáfu starfsleyfis. Jafnframt má búast við að í starfsleyfinu sem útgefið verður vegna stækkunarinnar sé hert á eftirliti með framkvæmd skilmála.

[12:30]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fram kom í ræðu hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur að mengunarmál og mengunarvarnir í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga væru í ólestri. Ég vil mótmæla slíkri fullyrðingu vegna þess að í því fyrirtæki hefur einmitt verið lögð mjög mikil áhersla á að ná sem bestum og mestum árangri í því að verksmiðjan væri sem best hvað þetta varðar, þ.e. að frá henni væri sem allra minnst mengun. Fram kom hjá hæstv. iðnrh. að það sem kallað er mengun frá verksmiðjunni er fyrst og fremst sjónmengun. Það eru vatnsgufur sem á stundum ganga upp frá verksmiðjunni auk þess sem útblástur er að sjálfsögðu frá henni en það er alls ekki talið skaðlegt.

Ég vil gera athugasemd við ræðu hv. þm. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu að stjórnendur verksmiðjunnar hafa haft mikinn metnað einmitt hvað það varðar að bæta úr búnaði. Það hafa verið stundaðar rannsóknir af hálfu starfsmanna verksmiðjunnar. Samstarf hefur verið við háskólastofnanir um þau efni. Meðal annars kostaði járnblendiverksmiðjan á tímabili prófessorsstöðu við Háskóla Íslands til að eiga samstarf við starfsmenn og vísindamenn verksmiðjunnar sem hafa lagt metnað sinn í að hún verði sem best búin hvað mengunarvarnir snertir. Á síðasta ári og á þessu ári eru settar mörg hundruð milljónir í endurbætur á búnaði verksmiðjunnar og á reykhreinsivirkjum. Þannig leggur verksmiðjan á allan hátt áherslu á að hún sé sem best búin.

[12:32]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður veit að sjálfsögðu betur en ég um allar þær milljónir sem varið hefur verið til að bæta mengunarvarnir hjá járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði þar sem hann mun vera stjórnarmaður í fyrirtækinu. Það sem ég var að vísa til er tilvitnun í fréttir sem ekki voru svo fáar af starfsemi verksmiðjunnar á sl. ári. Ég man ekki betur en að þar kæmi svo sannarlega fram viðurkenning á því að forsvarsmenn verksmiðjunnar hefðu átt í hinu mesta basli með að bæta mengunarvarnabúnað sem var orðinn úreltur og gamall. Það tók langan tíma að fá niðurstöðu frá Hollustuvernd í því máli vegna þess að Hollustuvernd var engan veginn í stakk búin til að vinna að þeim rannsóknum sem þurfti að gera og því eftirliti sem hún á að hafa með höndum. Það eru þessi atriði sem ég er að vísa. Hvað sem líður vilja forsvarsmanna fyrirtækisins til að standa að mengunarvörnum þá er ég fyrst og fremst með orðum mínum um metnaðarleysi að vísa til metnaðarleysis stjórnvalda sem ekkert getur fengið mig ofan af að halda fram hér vegna þess að þau hafa ekki sýnt þann metnað að gera kröfur um bestu þekktar varnir gagnvart mengun í þeim verksmiðjum sem Íslendingar hafa í landi sínu.

[12:34]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann vel að vera að Hollustuvernd sé ekki í stakk búin til að sinna eftirliti. Ég þekki það ekki. Það kann einnig vel að vera að á þeim bæ hafi ekki verið staðið

að eftirliti gagnvart járnblendiverksmiðjunni eins og ætti að gera. Staðreyndin er hins vegar sú að á vegum Íslenska járnblendifélagsins vegna starfseminnar á Grundartanga, hefur verið leitast við að standa eins vel að málum eins og nokkur kostur hefur verið eins og þeir þekkja sem hafa komið á Grundartanga og hafa kynnt sér starfsemina þar.

Mér er það fullkunnugt að starfsmenn járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga taka mjög nærri sér þá gagnrýni og þær fullyrðingar og í sumum tilvikum stóryrði í garð starfseminnar. Sem betur fer hefur það ekki heyrst hjá hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur hér en engu að síður hafa mörg stór orð verið höfð uppi um mengandi starfsemi. Engu að síður vil ég segja það, hæstv. forseti, að auðvitað eigum við að gera miklar kröfur um mengunarvarnir í okkar landi. Við eigum hins vegar að gera það þannig að ekki sé farið neinu offari og að sanngirni sé sýnd. En við eigum að gera ríkar og miklar kröfur um mengunarvarnir og velja þá iðju og þá framleiðslu inn í landið sem skapar ekki hættu fyrir náttúru landsins. Ég tel að stjórnvöld, í tilviki hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh., hafi lagt metnað sinn í að standa bærilega að. Enda tel ég að það sé skylda þeirra og vilji eins og komið hefur fram.

[12:36]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér koma dálítið á óvart orð hv. 2. þm. Vesturl. að hann þekkti ekki aðstæður Hollustuverndar ríkisins til að hafa eftirlit með höndum. Hann er varaformaður fjárlaganefndar og við síðustu fjárlagagerð og raunar þar áður voru aðstæður Hollustuverndar ríkisins mikið til umræðu og að hún hefði fengið á undanförnum árum slík ókjör verkefna, m.a. vegna tengingar okkar við Evrópska efnahagssvæðið, að hún gæti á engan hátt annað öllum þeim verkefnum með þeim mannafla sem hún hefði og fjármagni til reksturs síns. Talið er samkvæmt faglegri úttekt að Hollustuvernd þurfi að lágmarki á að halda 20 manns, ef ég man töluna nákvæmlega, til að hún geti gegnt lágmarksverkefnum eða verkefnum þeim sem henni hafa verið falin svo að sæmilega sé að málum staðið.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:38]

Umræður utan dagskrár.

Útgáfa starfsleyfis og upphaf framkvæmda við álbræðslu á Grundartanga.

[13:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Nú hefst umræða utan dagskrár um útgáfu starfsleyfis og upphaf framkvæmda við álbræðslu á Grundartanga. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson. Umhvrh. Guðmundur Bjarnason verður til andsvara.

Það er samkomulag milli þingflokka að umræðan standi eigi lengur en í eina og hálfa klukkustund. Málshefjandi og ráðherra hafi allt að 10 mínútur í fyrra sinn og fimm mínútur við lok umræðunnar. Talsmenn þingflokka hafi sjö mínútur en aðrir þingmenn og ráðherrar fimm mínútur. Enginn má tala oftar en tvisvar.

[13:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa þessa umræðu hér utan dagskrár í því formi sem henni er markað. Tilefnið er ærið og þótt tekinn væri lengri tími í það mundi það ekki tæmast ef ítarlega væri farið ofan í saumana á því máli sem hér er tekið upp.

Framsfl. og ráðherrar hans ætla ekki að gera það endasleppt í stóriðjumálum. Umhvrn. hefur að því er virðist verið gert að afgreiðslustofnun fyrir erlenda fjárfesta. Þetta mikilvæga ráðuneyti undir stjórn hæstv. ráðherra Guðmundar Bjarnasonar er komið í svipuð spor og Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar sem þjónar mörgum herrum samtímis.

Það hefur komið berlega í ljós á síðustu dögum hvað liggur að baki auglýsingu markaðsskrifstofunnar og Útflutningsráðs þess efnis að starfsleyfi fyrir stór iðnfyrirtæki séu hérlendis venjulega veitt eins og það heitir með lágmarksformvafstri og skriffinnsku, with a minimum of environmental red tape, svo notuð sé enska. Dag eftir dag bætast við ný afrek framsóknarráðherranna sem sýna mat þeirra á því hvað séu réttar leikreglur að þeirra mati og hver sé virðing þeirra fyrir lýðræðislegum rétti almennings, að ekki sé talað um virðingu fyrir hv. Alþingi.

Viku af marsmánuði skilaði stjórn Hollustuverndar ríkisins tillögum sínum að starfsleyfi fyrir álbræðslu á Grundartanga ásamt meðhöndlun vegna athugasemda sem stjórninni bárust frá 54 aðilum. Þann 12. mars sl. átti Ríkisútvarpið viðtal við hæstv. umhvrh. þar sem eftir honum er haft að tafir gætu orðið á endanlegri útgáfu starfsleyfis fyrir nýtt álver á Grundartanga ef einhver atriði þess verða kærð til sérstakrar úrskurðarnefndar. Orðrétt sagði hæstv. ráðherra í Ríkisútvarpinu þann dag:

„Við erum núna í ráðuneytinu að líta yfir það mál allt saman og það tekur tíma svoleiðis að ég sé ekki að það sé líklegt að starfsleyfi verði gefið út alveg á næstu dögum. Það mun taka lengri tíma af okkar hálfu og ekki bundið því hvort eða hvenær frv. verður lagt hér fram. Það er þá frekar spurning um það að það ætti að tengjast eitthvað því þegar Alþingi samþykkir þessi lög en þó er ekkert sem kveður á um það ...“

Svipuð orð viðhafði ráðherrann síðar, bæði hér á Alþingi og á opnum fundum, um vandaða og ítarlega yfirferð af hálfu ráðuneytisins áður en starfsleyfi yrði gefið út. Ég sat einn slíkan fund með ráðherranum í Sólarkaffi í Félagsgarði í Kjós þann 23. mars sl. Ég held að enginn sem þar var og hlýddi á ráðherrann hafi látið hvarfla að sér að hann mundi beita valdi sínu þremur dögum síðar og gefa formlega út starfsleyfi til álbræðslunnar.

Mér hefur satt að segja, virðulegur forseti, sjaldan brugðið jafnheiftarlega við frétt eins og þá sem Ríkisútvarpið flutti að morgni skírdags þess efnis að umhvrh. hafi veitt álbræðslunni starfsleyfi síðla kvöldið áður. Mér fannst ég ekki lengur staddur í réttarríki þar sem treysta mætti leikreglum og að réttindi borgaranna væru virt. Landsmenn hafa ólík viðhorf til stóriðju eins og þeirrar sem hér um ræðir. Við það er ekkert að athuga. Um þessi mál er tekist á af talsverðum hita oft á tíðum, bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Einmitt við slíkar aðstæður skiptir það afar miklu máli að leikreglur séu virtar og þar sé ekki farið í manngreinarálit og fjárhagslegir hagsmunir valti ekki yfir fólk með gagnrýnin viðhorf. Þar þurfa þeir sem valdið hafa að gæta sín sérstaklega, láta ekki

annarlega hagsmuni rugla sig í ríminu. En það gerðist því miður dymbilvikunni.

Hæstv. umhvrh. hafði vítin til að varast. Þann 3. júlí í fyrra breytti hann mengunarvarnareglugerð með þetta mál í uppsiglingu. Honum var bent á það hér á Alþingi í desember sl. að sú reglugerðarbreyting stæðist ekki lög. Ráðherrann lét það sem vind um eyru þjóta þar til eftir að málið hafði verið kært af þeim sem hér talar til stjórnar Hollustuverndar ríkisins sem staðfesti mitt álit. Ráðherrann breytti þá enn reglugerðinni þann 22. janúar 1997 eftir að frestur til athugasemda um starfsleyfistillögur vegna álbræðslunnar rann út og viðurkenndi þá loks afglöp sín. Þetta hefði átt að nægja. Hér var ráðherrann staddur á bjargbrún.

Ég sendi stjórn Hollustuverndar ríkisins erindi þann 13. mars sl. þar sem ég rökstuddi þá skoðun mína að hin breytta reglugerð ráðherrans frá því í janúar væri heldur ekki í samræmi við lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Svar hefur mér enn ekki borist. En frá forstjóra Hollustuverndar fékk ég þær upplýsingar nú í vikunni að stjórn Hollustuverndar hefði tekið málið fyrir og sent það til virts lögfræðings með ósk um álit áður en úrskurður yrði felldur. Á þessu vakti ég athygli hæstv. umhvrh. í þinginu við 1. umr. um frv. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga þann 20. mars sl. en varnaðarorð mín einnig þá hafa greinilega fallið í grýtta jörð í garði hæstv. ráðherra.

Alvarlegast af öllu er hins vegar sú hlið í málatilbúnaði hæstv. umhvrh. sem snýr að úrskurðarnefndinni. Hún starfar á grundvelli 26. gr., áður 30. gr. laga, nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi umhvrn. Um slíkar nefndir segir Páll Hreinsson lögfræðingur í skýringarriti sínu sem ber heitið Stjórnsýslulögin og gefið var út árið 1994:

„Þegar sérstakri kærunefnd hefur verið komið á fót (d. ankenævn), og úrskurðarvald í kærumálum verið fært frá ráðuneyti og lagt til slíkrar nefndar, rofnar jafnframt kæruheimild til ráðherra. Þannig verða t.d. úrskurðir yfirskattanefndar" — og síðan eru taldar upp margar nefndir og nefnt síðan sérstaklega: „og úrskurðarnefndar samkvæmt 30. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ekki kærðir til hlutaðeigandi ráðherra.

Með lögum hafa nokkrar sjálfstæðar stjórnsýslunefndir verið settar á laggirnar sem fara ekki með ósvipuð verkefni og dómstólar, (d. domstolslignende nævn), þ.e. að skera úr ágreiningi á milli einstaklinga eða á milli stjórnvalda og einstaklinga. Undir þennan flokk falla flestar kærunefndir sem áður var minnst á."

Hvernig getur hæstv. ráðherra leyft sér að virða ekki valdmörkin milli ráðuneytisins og þessarar lögskipuðu úrskurðarnefndar? Hvernig getur hann sett þennan úrskurðarvettvang fyrir kærur frá almenningi í þá aðstöðu sem gert er með úrskurði starfsleyfis rétt í þann mund sem viðkomandi kærunefnd er að hefja störf vegna þessa tiltekna máls en getur vænst fleiri mála allt til 7. júní nk. og hefði þá þrjár vikur til viðbótar til að ljúka afgreiðslu síðkominna athugasemda? Hvers konar meðferð er það, virðulegur forseti, á lögum og rétti manna sem hér er ástunduð af hæstv. umhvrh.? Heggur sá er hlífa skyldi.

Ég vek athygli þingheims á gjörningi sem hengdur er aftan við starfsleyfi ráðherrans til álbræðslunnar, einnig dagsettur 26. mars og ber yfirskriftina: Sameiginleg yfirlýsing fundar umhvrn. og Norðuráls hf. og varðar útgáfu starfsleyfisins. Þar er tölul. 2: „Ef fyrrgreindri ákvörðun [þ.e. stjórnar Hollustuverndar ríkisins] er vísað til úrskurðarnefndar gæti ráðuneytið þurft að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar í samræmi við íslensk lög og stjórnsýsluhætti."

Hafa menn séð það skrautlegra? Þetta er fyrirvarinn sem á að bjarga embættisfærslu ráðherrans og á milli orðanna situr valdhrokinn brúnaþungur „gæti ráðuneytið þurft að ..." Og hvað svo? Hvernig á óháð úrskurðarnefnd að sinna sínu verki við slíkar aðstæður? Hvernig á umhvrh., hver sem hann verður þegar þar að kemur, að taka tillit til úrskurðar kærunefndarinnar? Hver er staða okkar sameiginlega sjóðs, ríkissjóðs, gagnvart hugsanlegum skaðabótakröfum Columbia Ventures Corporation ef starfsleyfinu verður breytt að lokinni kærumeðferð eftir mitt sumar 1997? Hvers konar hagsmunagæsla er það sem hér er á ferðinni? Örugglega ekki gæsla íslenskra hagsmuna, hvað þá þeirra sem eru að reyna að verja hagsmuni umhverfisins hér við Faxaflóa og jafnvel alþjóðlega því að þetta mál hefur alþjóðlegar víddir og skírskotar langt inn í framtíðina, virðulegur forseti, og þá er ég að vísa til losunar á gróðurhúsalofttegundum sem mikið er til umræðu og ég hef ekki tíma til að rekja hér.

En við skulum hafa það í huga, virðulegur forseti, að við verðum að virða hér leikreglurnar. Það mun nefnilega reynast satt að ef við slítum í sundur lögin, þá munum við og slíta sundur friðinn í landinu.

Ég hef borið fram 11 tölusettar fyrirspurnir til hæstv. umhvrh. hér í lokin.

1. Hvaða ástæður réðu því að ráðherra, þrátt fyrir yfirlýsingar sínar 12. mars 1997 og síðar, gaf að kvöldi 26. mars 1997 út starfsleyfi til álbræðslu á Grundartanga, aðeins tveimur vikum eftir að stjórn Hollustuverndar ríkisins sendi frá sér tillögu með niðurstöðum meðhöndlun athugasemda vegna starfsleyfisins?

2. Hvers vegna virðir ráðherra ekki valdmörk milli ráðuneytisins og lögskipaðrar úrskurðarnefndar sem tryggja á lýðræðislegan rétt almennings? (Forseti hringir.)

Virðulegur forseti. Ég vísa til þeirra spurninga sem hér liggja fyrir og dreift hefur verið til þingmanna og skal ekki ganga á rétt annarra með því að lesa þær hér frekar. Hæstv. ráðherra fékk þessar fyrirspurnir í morgun og við munum væntanlega heyra svör hans.

[13:44]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Málshefjandi hefur gert grein fyrir spurningum sem hann sendi mér nú rétt fyrir hádegið og hafa yfirskriftina: Útgáfa starfsleyfis og upphaf framkvæmda við álbræðslu. Sumar spurningarnar fjalla um útgáfu byggingarleyfa og ýmislegt sem framkvæmdir varðar sem eru á þessu stigi máls alls ekki á vegum umhvrn. Það gefur ekki út byggingarleyfi eða önnur framkvæmdaleyfi varðandi framkvæmdir á vinnustað en það gæti auðvitað komið til þess ef slík leyfi eru á einhverju stigi kærð til ráðuneytis. Útgáfa starfsleyfis er mál sem sá sem hér stendur ber ábyrgð á. Tímans vegna er því miður ekki mögulegt að fara ítarlega yfir starfsleyfið þó að ástæða hefði verið til þess en mig langar aðeins að benda á nokkrar áherslubreytingar sem gerðar hafa verið á starfsleyfinu frá upphaflega auglýstri tillögu.

Hollustuvernd ríkisins tók athugasemdir og kærur til meðferðar. Við afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar til ráðherra og starfsleyfis fyrir álver Norðuráls er að finna ýmsar breytingar sem stofnunin gerði á upphaflega auglýstum tillögum svo

sem eins og að óheimilt er að hefja framkvæmdir við stækkun álvers ef vöktun á rekstrartíma fyrsta áfanga álversins sýnir að forsendur og áætlanir hvað varðar mengun standast ekki. Gert er ráð fyrir að samráð sé haft við heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis sem hefur gert miklar athugasemdir við framganginn og það upplýst um stöðu mála.

Í þriðja lagi er talað um að þynningarsvæði vegna flúoríðmengunar er skilgreint óháð öðru þynningarsvæði.

Í fjórða lagi eru sett inn nokkur ákvæði sem draga úr loftmengun. Gert er ráð fyrir að hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera miðist við það að minna en 1,5% af kergasi sleppi úr kerskála. Gerð er krafa um að löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skuli vera lokað þannig að súrálsryk sem berst til umhverfis verði í lágmarki.

Varðandi úrgang er sett inn ákvæði um skráningu alls úrgangs og að nýta beri endurvinnanlega hluti hans.

Að lokum er sett inn ákvæði um að mæla skuli flúoríð í beinum grasbíta í nágrenni álversins og að framkvæmdar skuli mælingar til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir sem gerðar hafa verið á svæðinu áður en rekstur álvers hefst.

Til viðbótar við þetta hefur síðan ráðuneytið í sinni meðhöndlun á málinu bætt við nokkrum viðbótarkröfum til þess að mæta ábendingum og kröfum andmælenda, eins og að haldnir skuli ítarlegir kynningarfundir annað hvert ár um umhverfismál álversins þar sem á fundunum skal kynna aðilum varnir gegn mengun ytra umhverfis, árangur í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga og umhverfisvöktunar. Í starfsleyfinu er gert ráð fyrir að verði starfslok, þ.e. Norðurál hætti framkvæmdum og starfsemi á gildistíma starfsleyfisins, skuli það ganga vel og skilmerkilega frá öllu umhverfi og gerðar eru auknar kröfur um umhverfisvöktun eins og t.d. að settar verði upp mælistöðvar, m.a. sunnan Hvalfjarðar sem ekki var áður. Gerðar eru kröfur um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar verksmiðjunnar úr 60 þúsund tonna ársframleiðslunni. Þannig er nú gerð krafa að ef fram koma við umhverfisvöktun fyrsta áfanga verksmiðjunnar skaðleg áhrif sem ekki voru ljós áður, er ekki heimilt að hefja framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar fyrr en að loknu frekara mati á umhverfisáhrifum.

Minna má á að umhvn. Alþingis eða meiri hluti hennar hefur í ítarlegri skýrslu sett fram þá skoðun að viðmiðanir í starfsleyfinu séu fullnægjandi og einnig segir í lokaorðum nefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða meiri hluta umhvn. er sú að kröfur þær sem gerðar eru í starfsleyfistillögunum fyrir álver á Grundartanga séu nægjanlegar."

Að teknu tilliti til þessara þátta, sem ég hef m.a. reynt að rekja í stuttu máli nokkur ný áhersluatriði og þess sem að öðru leyti eru í starfsleyfinu, taldi ég eðlilegt að málsaðilar allir fengju fyrr en síðar að sjá skilyrði stjórnvalda í starfsleyfinu. Það lá orðið fyrir vinna sérfræðinga í Hollustuverndinni, niðurstaða eða úrskurður stjórnar Hollustuverndar sem send var í tillögu til ráðherra og síðan vinna embættismanna og sérfræðinga á vegum ráðuneytisins. Það væri því ekki ástæða til þess að draga útgáfu starfsleyfisins eða bíða þann tíma sem kærufrestur til úrskurðar nefndarinnar varir. Starfsleyfið er síðan afhent gegn yfirlýsingum sem undirritaðar eru m.a. af fulltrúa Norðuráls og fulltrúum ráðuneytisins um kærufresti og fyrirvara af hálfu ráðuneytisins. Hv. málshefjandi hefur þegar lesið það upp þannig að kannski er ástæðulaust að eyða tíma í að fara yfir það, en þar er m.a. skýrt kveðið á um að ef þessari fyrrgreindu ákvörðun verði vísað til úrskurðarnefndarinnar, þá gæti ráðuneytið þurft að taka tillit til þeirrar niðurstöðu í samræmi við íslensk lög og stjórnarhætti. Og það hlýtur að teljast eðlilegt og mikilvægt að slíkt sé haft inni miðað við það ferli sem í gangi er og ég hef ekki reynt að gera lítið úr.

Ég tel að með þessum þáttum sem ég hef rakið hafi ég nánast svarað tveimur fyrstu liðum í spurningum hv. málshefjanda. En hann talar að vísu, til þess að rétt sé nú rétt og því sé haldið til haga, um að aðeins séu tvær vikur liðnar frá því að stjórn Hollustuverndar ríkisins sendi frá sér tillögurnar, þá eru þær nánast þrjár. Bréf Hollustuverndarinnar til ráðuneytisins er dagsett 6. mars, móttaka þess staðfest 7. mars, starfsleyfið gefið út 26. mars og þó að hér sé sagt að kvöldi, þá skiptir það ekki máli. Það er síðdegis gert, rétt fyrir kvöldmat eftir vinnu í ráðuneytinu undanfarna daga og þar eru vinnudagar stundum langir. Það veit hv. málshefjandi líka. Það er ábyggilega oft svo hjá honum. Hann las síðan upp úr útvarpsviðtali sem við mig er haft 12. mars sl., þar sem nákvæmlega er sagt, með leyfi forseta:

„Við erum núna í ráðuneytinu að líta yfir það mál allt saman og það tekur tíma svoleiðis að ég sé ekki að það sé líklegt að starfsleyfi verði gefið út alveg á næstu dögum."

Þetta er 12. mars. Starfsleyfið er gefið út 26. mars. Þar er nær hálfur mánuður á milli.

Síðan spyr hv. þm. í þriðja tölulið fyrirspurnar sinnar: „Telur ráðherra að hann sé stjórnvald æðra úrskurðarnefndinni?" Í 4. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum."

Síðan má segja að samkvæmt stjórnarskrá sé það ráðherra sem fer með æðsta vald í málefnum af þessu tagi. Starfsleyfi sem útgefið er af ráðherra verður ekki borið undir úrskurðarnefnd, en að sjálfsögðu er það borið undir dómstóla ef málsaðilar telja ástæðu til.

Þá spyr hv. þm. í fjórðu spurningu: „Telur ráðherra auk þess rétt að gefa út starfsleyfi á meðan stjórn Hollustuverndar ríkisins er að fjalla um kæru er varðar lagalega stöðu reglugerðarinnar?" Í mínum huga og af hálfu ráðuneytisins er lagaleg staða reglugerðarinnar algjörlega ljós þannig að það eru engin vafamál uppi þar um málsmeðferð af okkar hálfu. Að öðru leyti er þessi kæra ekki á borði ráðuneytisins. Hún hefur ekki verið send þangað og hún getur auðvitað ekki tafið störf ráðuneytisins eða stoppað það að menn haldi áfram að vinna þar sitt verk.

Í fimmta lagi er spurt hvort eðlilegt sé að gefa út byggingarleyfi til álbræðslunnar og að framkvæmdir við hana hefjist áður en frv. til laga hefur verið afgreitt og áður en umfjöllun um starfsleyfi er lokið. Ég lít þannig á að hér sé um að ræða aðskilin mál. Starfsleyfið er það sem undir okkur heyrir og ég hef hér verið að gera grein fyrir, en við gefum ekki út byggingarleyfi og Alþingi fjallar um frv. þannig að hér er um aðskilin mál að ræða sem geta ekki heldur tafið formlega afgreiðslu eða störf í ráðuneytinu.

Varðandi það hvort ráðherra hafi ráðgast við stjórn Hollustuverndar áður en hann tók ákvörðun, er svarið: Nei.

„Hvaða áhrif mun það hafa á starfsleyfi álbræðslunnar ef úrskurðarnefndin kemst að þeirri niðurstöðu að starfsleyfinu frá 26. mars 1997 skuli breytt?" Um það er að segja eins og áður hefur komið fram að úrskurðarnefndin breytir ekki starfsleyfi sem gefið er út af ráðherra, en niðurstöður hennar

geta orðið á þann veg að ráðuneytið þurfi að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar, svo sem áskilið er í fyrirvaranum við starfsleyfisútgáfuna og ég hef þegar gert grein fyrir.

Síðan spyr hv. málshefjandi hvort ráðuneytið hafi lagt mat á hvaða afleiðingar það geti haft í för með sér ef starfsleyfi er breytt á síðustu stigum, þar á meðal á hugsanlega skaðabótakröfu. En ráðuneytið telur að með þeim fyrirvara sem undirritaður er af fulltrúa Norðuráls sé ríkið varið gegn hugsanlegum skaðabótakröfum.

Í níunda lagi spyr hv. þm. hvort allra tilskilinna leyfa og heimilda hafi verið aflað með lögformlegum hætti, þ.e. byggingarleyfis, leyfis til umferðar um eignarlönd o.s.frv. Þessu hef ég reyndar líka svarað áður. Um þetta er að segja að ráðuneytið gefur ekki út byggingarleyfi eða önnur leyfi um framkvæmdir eða umferð um land á byggingarstað. Það hlýtur að vera mál sveitarstjórna og þeirra sem fara með vald heima á svæði, heima á byggingarstað, en getur auðvitað eins og ég sagði í upphafi, komið síðar til ráðuneytis ef talið er að ekki hafi verið rétt að staðið eða málið sé kæranlegt.

Að lokum eru tvær spurningar um mál sem við höfum oft áður rætt hér, þ.e. áhrif á gróðurhúsalofttegundirnar og viðbótarlosun vegna starfsemi stóriðju. Það höfum við oft rætt áður og hv. málshefjanda og hv. þingmönnum öðrum er ljóst hvaða ferli er þar í gangi af hálfu ráðuneytisins og íslenskra stjórnvalda. Við erum í samningum á alþjóðlegum vettvangi um þetta mál og við munum halda áfram að gæta þar okkar sjónarmiða sem við höfum margsinnis skýrt frá hér og hafa komið fram m.a. í svari mínu til hv. málshefjanda hér við skriflegri fyrirspurn sem kom fyrir nokkrum dögum eða nokkrum vikum inn í þingið og ég verð, hæstv. forseti, að vísa til þess þar sem tíma mínum er lokið en ég fæ örlítinn tíma aftur síðar í umræðunni.

[13:55]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég styð byggingu og rekstur álverksmiðju á Grundartanga. Ég tel að okkur Íslendingum sé það mikilvægt að laða til okkar erlenda fjárfesta í stórum og smáum stíl til að treysta atvinnulífið og samkeppni. Um þetta eru flestir stjórnmálaflokkar sammála þótt gengið hafi á ýmsu þegar veruleikinn drepur á dyr í þessum efnum, þegar útlendingar sýna því áhuga að leggja fjármuni í uppbyggingu fyrirtækja hér á landi.

Þá gerist allt of oft annað tveggja. Það er annaðhvort í ökkla eða eyra. Annaðhvort rennur á íslensk stjórnvöld eitthvert gullgrafaraæði, stjórnkerfið fer á hvolf og þegar útlendingar með fjármuni til fjárfestinga fara fram á litla fingur, þá bjóða íslensk stjórnvöld gjarnan alla höndina. Of algengt er að menn beygi sig algerlega í duftið þegar útlendingar eiga í hlut og íslenskir athafnamenn hafa gjarnan og með réttu gagnrýnt að stjórnkerfið væri ekki alltaf jafnliðlegt við þá og útlenda kollega þeirra.

Svo eru það hingar öfgarnar, þ.e. þegar íslenskir stjórnmálamenn sjá drauga í hverju horni þegar útlendingar eiga í hlut. Allt er tínt til svo unnt sé að gera málin tortryggileg og röflið og niðurrifið er allsráðandi. Af hverju ekki bil beggja? Við erum á markaði eins og heimurinn allur. Þar er barist um peninga og við eigum að bjóða það sem við eigum samkvæmt þeim reglum sem við mótum okkur, hvorki meira né minna.

Aðdragandi byggingar álvers í Hvalfirði hefur um sumt verið líkur þeim öfgum sem ég lýsti áðan. Framkvæmdaaðilar eru ekki búnir að ákveða að reisa og reka þetta álver. Þeir eru enn þá að safna peningum til þess. En stjórnkerfið er komið langt fram úr sjálfu sér og stöðu málsins. Stjórnvöld hafa lofað starfsleyfi og útgefið raunar miðað við tilteknar forsendur, hafa með fyrirvara leyft upphaf byggingarframkvæmda þótt byggingarnefndarteikningar séu ekki til nema að litlum hluta og hafa hafið framkvæmdir við virkjanir upp á gífurlegar upphæðir og allt án þess ákvörðun þess sem á og mun reka álverið liggi fyrir. Og þá eru umhverfismálin heldur ekki að fullu til lykta leidd.

Svo eru menn af hinum vængnum eins og málshefjandi, hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, sem virðast einfaldlega á móti því að útlendingar séu hér í atvinnurekstri. Vilja þó ekki gangast við því og reyna því að leggja steina í framþróun þeirra mála í nafni umhverfisverndar. Þar er bókstaflega allt ómögulegt í augum málshefjanda, hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Það er þó fjarri lagi í þessu máli.

Umhverfisvernd og strangar mengunarvarnakröfur eru sjálfsagðar. Hættan er hins vegar sú ef hrópað er: „Úlfur, úlfur", að menn hætti að hlusta og taka mark á viðkomandi. Ég þekki þetta vel af eigin reynslu sem fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði og vil í örstuttu máli rekja sögu sem snerist um álverið í Straumsvík og er nýleg, frá 1990. Þá var það einn meintur sérfræðingur og raunar starfsmaður Hollustuverndar þeirra tíma sem hélt því fram að ný byggð á Hvaleyrarholti væri mjög óæskileg og raunar fráleit í ljósi þess að brennisteinstvíildi og raunar flúor líka færi langt yfir viðmiðunarmörk. Þá varð að afsanna glæpinn og það var sveitarstjórnin sjálf sem greip til þessa ráðs með nákvæmum mælingum um eins árs skeið sem hún kostaði sjálf, að sýna fram á að þær fullyðingar voru fjarri öllu lagi og það kom auðvitað á daginn.

Þetta dæmi nefni ég hér til þess að vara menn við, einlæga umhverfisverndarsinna, að hlaupa fram og hrópa: „Úlfur, úlfur", í hvert skipti sem þessi mál ber á góma, sjá drauga í hverju horni. Það skaðar málstaðinn þegar til lengri tíma er litið. Það fullyrði ég.

Hvað varðar efnislega stöðu þessa máls sem hér er fyrst og síðast til umræðu, þ.e. það starfsleyfi sem hæstv. umhvrh. hefur nú nýverið gefið út, þá er ég efnislega sammála því að þar hafi verið rétt að verki staðið, þ.e. innihald starfsleyfisins er fullnægjandi í stærstum dráttum að mínu viti. Á hinn bóginn dreg ég í efa hvort formlega hafi verið rétt að málum staðið og hvort tímasetningin hafi verið mjög skynsamleg undir þeim formerkjum sem ég lýsti áðan. Hvað er það í raun og sanni sem knýr á um það að menn gangi fram með þessum hætti núna án þess að margnefnd lögskipuð úrskurðarnefnd fái að vinna sín verk í friði?

Hitt er svo það sem lýtur að byggingarleyfi og upphafi framkvæmda. Það gengur ekki að hæstv. umhvrh. komi hér og segi þetta mál sveitarfélagsins alfarið, því að því er einu sinni þannig farið í byggingarlögum að yfirstjórn byggingarmála er á hendi hæstv. ráðherra. Vissulega kemur það kannski ekki beint inn á hans borð nema kært verði. En hann hlýtur að vaka yfir því og fylgjast með því hvernig gengið er þar um dyr og ganga. Það er nefnilega svo eins og ég gat um að byggingarnefndarteikningar liggja ekki fyrir, að vísu eru komnar teikningar af tveimur húsum, af kerskálanum sjálfum og spennistöð, en allar aðrar byggingar eru óteiknaðar. Þetta líkist því einna helst að byggingarnefndarteikningar væru samþykktar af húsi sem ætti að reisa þegar eingöngu væri búið að teikna bílskúrinn. Þetta gengur auðvitað ekki og er á svig við gildandi byggingarlög og veldur mér áhyggjum.

Það er nefnilega þannig með þetta mál og þau tilvik sem ég nefndi hér tvö að flumbrugangurinn og áhuginn á því að láta loksins eitthvað gerast í þessum stóriðjumálum er svo mikill að menn tapa áttum og það er ekki gott í jafnstóru máli og þessu því að þetta er ekki í fyrsta skipti og verður vonandi ekki í síðasta skipti sem við þurfum að eiga hér á jafnréttisgrundvelli samskipti við erlenda aðila sem vilja fjárfesta hér í smáum eða stórum iðnaði. Menn verða að haga samskiptum í formi og efni með vitrænum, íhuguðum og grandvörum hætti. Því miður hefur saga þessa máls verið slík að ekki er hægt að fullyrða að svo hafi verið. Við eigum því að læra af þessum mistökum, gæta vel að þessum grundvallarþáttum sem eiga að vera til staðar, þ.e. umhverfismálum. Kröfur í þeim efnum eru vaxandi. Við höfum kannski verið seinir á ferðinni í þeim efnum. Við eigum hins vegar að horfa fram á við en ekki lappa upp á mál og lagfæra þegar við erum búnir að fá boltann í fangið. Við eigum með öðrum orðum að reyna eins og kostur er að bæta úr þeim vanköntum sem hafa orðið í aðdraganda máls en ekki láta hins vegar þau mál svipta okkur þeirri sýn að við viljum uppbyggingu á Íslandi í stóriðju og smáiðnaði. Þess vegna er álverið á Grundartanga að mínu áliti álver sem á að rísa og vonandi mun þetta upphaf ekki leiða til þess að það sinni ekki því hlutverki sem því ber.

[14:03]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það eru þrír þættir þessa máls sem aðallega hafa verið til umræðu. Það er í fyrsta lagi starfsleyfið, annars vegar með tilliti til staðbundinnar mengunar og hins vegar nú með tilliti til útgáfu leyfisins. Í öðru lagi er það staðsetning álversins og í þriðja lagi eru það þær alþjóðlegu skuldbindingar í umhverfismálum sem við höfum undirgengist.

Ef ég fjalla fyrst um það hvernig álverinu var valinn staður, þá er það mín skoðun að á gerð svæðisskipulags, á breytingum á skipulagi á svæðinu sjálfu þar sem álverið á að rísa og á umhverfismatinu, séu hnökrar. Hversu alvarlegir þeir eru er ekki mitt að dæma um eða okkar hér á hv. Alþingi. Við höfum falið öðrum það verkefni og það verður að koma í ljós hvernig úr þeim málum rekst. En það breytir ekki því að hnökrar eru á framkvæmd þessara atriða.

Það getur leitt til þess að ímynd þessa svæðis sem landbúnaðarsvæðis og svæðis til útivistar og ferðamennsku getur breyst. Þetta eru þættir sem ekki hefur verið tekið tillit til í þessari vinnu. Ég hef lagt áherslu á að við endurskoðun laga sem um þessi mál fjalla höfum við hliðsjón af þessum atriðum og leitumst við að breyta lögunum á þann hátt að þessi vandamál muni ekki koma upp aftur.

Hvað varðar þær alþjóðlegu skuldbindingar á umhverfissviðinu sem við höfum undirgengist þá er fyrst og fremst um að ræða rammasamning um loftslagsbreytingar. Eins og fram hefur komið þá eiga sér nú stað viðamiklar alþjóðlegar samningaviðræður um það hvernig þessi rammasamningur verður útfærður hvað varðar einstakar þjóðir og þjóðahópa og væntanlega mun á þessu ári verða gengið frá samningi í Kyoto í Japan um þetta efni. Og þá munum við fyrst sjá hverjar eru hinar raunverulegu skuldbindingar sem við þurfum að undirgangast. Það breytir ekki því að okkur ber að fara varlega í þessum efnum og hafa í huga hvað framtíðin gæti borið í skauti sér, en við þurfum líka að hafa í huga að það er ekki stöðnun á þessu sviði, allt er breytingum undirorpið og verið er að vinna að ýmsum málum sem geta bæði létt okkur og öðrum þjóðum að gera breytingar á þessu sviði í framtíðinni, m.a. hvað varðar brennsluefni til þess að framleiða orku og eins hvernig uppgræðsla á landi getur komið inn í þessa mynd. Það má kannski segja að það séu hlutir sem við ættum hvort sem er að sinna hér á landi í miklu ríkara mæli en við höfum gert til þessa og það væri þá einungis gott ef alþjóðlegir samningar munu þrýsta á okkur til þess enn frekar.

Um starfsleyfið efnislega er það að segja að um það hefur verið fjallað af umhvn. Alþingis og vil ég vísa til þeirrar skýrslu sem liggur hér frammi. Í stórum dráttum er niðurstaða nefndarinnar sú að ekki sé ástæða til að óttast það að þessi starfsemi hafi beinlínis hættu í för með sér og að því leyti sé starfsleyfið í samræmi við aðstæður á þessum stað. Raunar er niðurstaðan sú að starfsleyfið er mun strangara en það starfsleyfi sem nú er í gildi í Straumsvík og það starfsleyfi sem lagt hafði verið til að gefið væri út fyrir Keilisnes. Reyndar veit ég ekki til þess að það séu starfsleyfi í gildi sem eru strangari en þetta.

Hvað varðar útgáfuna þá má auðvitað segja að það sé skrýtið að starfsleyfið sé gefið út að kvöldi dags daginn fyrir skírdag. En hvenær hæstv. ráðherra velur að uppfylla sínar embættisskyldur getur ekki verið stórt mál í þessu samhengi og hvort hann kýs að vinna á daginn eða nóttunni gildir einu fyrir mig. Hins vegar er ljóst af umræðunni um málið og því sem fram hefur komið á undanförnum vikum að full ástæða er til þess að endurskoða lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en samkvæmt þeim lögum er þetta starfsleyfi gefið út. Ég veit ekki betur en sú vinna sé þegar hafin og það mun þá væntanlega verða hlutverk umhvn. Alþingis að fjalla um það frv. þegar og ef það kemur fram. Þeim mun fyrr sem það kemur, þeim mun betra því þá getum við tekið til óspilltra málanna.

[14:09]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh. ganga nú samhentir fram í því að koma Columbia-álverinu fyrir á Grundartanga enda þótt umhvrh. hafi í máli sínu áðan viljað skilja algerlega á milli verkefna þeirra. En svo mikið liggur við að eðlileg atvikaröð virðist ekki skipta þá nokkru máli og allt þetta ferli er í rauninni orðinn einn allsherjarskrípaleikur.

Hæstv. iðnrh. lætur vinna umhverfismat sem framkvæmdaraðila ber að gera lögum samkvæmt og þetta umhverfismat er að mörgu leyti mjög gagnrýnivert þótt ráðherra láti alla gagnrýni sem vind um eyru þjóta. Þá skrifar iðnrh. undir samninga við Columbia og óskar því næst eftir lagalegri heimild fyrir þeim samningum. En áður en Alþingi hefur afgreitt það frv. gefur hæstv. umhvrh. út starfsleyfi til verksmiðjunnar og þá er ekki beðið boðanna með að hefja framkvæmdir án þess að búið sé að hanna byggingar. Það næsta sem fréttist er að nú séu menn í óða önn að hanna og útboð sé á næsta leiti þó þegar sé byrjað á verkinu. Er nema von að öllum almenningi blöskri þessi vinnubrögð og menn viti í raun ekki hvaðan á þá stendur veðrið?

Hlutur hæstv. umhvrh. í þessu máli er til lítillar fyrirmyndar. Allt þetta ferli hefur sætt mikilli og rækilega rökstuddri gagnrýni og þá ekki síst tillaga Hollustuverndar að starfsleyfi sem hann hefur nú haft til meðferðar í nokkrar vikur. Öll sú gagnrýni og rökstuðningur hafa lítil áhrif haft á ráðherrann og hann lét það verða sitt síðasta verk fyrir skírdag að gefa út starfsleyfi fyrir álverksmiðju Norðuráls hf. á Grundartanga öllum á óvart. Það var að vísu með nokkrum fyrirvörum um hugsanlega endurskoðun með tilliti til nið-

urstaðna úrskurðarnefndar sem á næstu vikum mun fjalla um kærur vegna starfsleyfisins. Sjálfur lýsir hann því svo að hann hafi að ýmsu leyti hert skilyrðin í þessu starfsleyfi en þau skilyrði felast einkum í hertu eftirliti sem Hollustuvernd er bersýnilega ekki í stakk búin til að hafa með höndum. Þá stærir hæstv. ráðherra sig af því að hafa sett skilyrði um aukin fundahöld þar sem Norðurál hf. á að skýra hver árangur sé af mengunarvörnum. Úrræði við hugsanlegum brotum í sambandi við mengunarvarnir eru eingöngu fólgin í fundahöldum og meiri fundahöldum.

Þetta eru nú þau hertu skilyrði sem hæstv. umhvrh. telur sig hafa sett og eftir stendur að enn þrjóskast hæstv. umhvrh. við að setja fram kröfur um vothreinsun sem fjölmargir sérfræðingar telja nauðsynlega til að tryggja bestu varnir gegn mengun. Ég skil satt að segja ekki vinnubrögðin í þessu máli. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvar í heiminum annars staðar en hér svona lagað gæti gerst. Það gæti ekki gerst að minni hyggju í öðrum ríkjum en þeim sem ekki eru langt komin á þróunarbraut.

Eitt af síðustu verkum Alþingis fyrir páskaleyfi var einmitt að ræða frv. til laga um heimild til samninga um byggingu og rekstur álbræðslu á Grundartanga og það var að sjálfsögðu aðeins 1. umr. um málið. Það er nú komið til hv. iðnn. sem þarf sinn tíma til umfjöllunar. Síðan eru 2. og 3. umr. eftir þannig að með tilliti til allra annarra mála sem þingið hefur með höndum verður það ekki afgreitt fyrr en í næsta mánuði. Af einhverjum ástæðum þykir ríkisstjórninni það einhvers vert að hafa heimild Alþingis til málsins og það eru harla einkennileg vinnubrögð að rjúka síðan af stað með starfsleyfi og upphaf byggingarframkvæmda áður en heimildin hefur verið afgreidd og minnir nú helst á það títtnefnda atferli að skjóta fyrst og spyrja svo. Auk þess er fjármögnun verksins ekki enn frágengin og ekki var til þess vitað að farið hafi fram útboð af neinu tagi vegna framkvæmda, hvað þá að búið væri að hanna byggingar eða skipuleggja verkþætti. Þrátt fyrir þetta mæta framkvæmdaaðilar þegar á laugardag milli hátíðisdaga, föstudagsins langa og páskadags, og hefja jarðrask á álverslóðinni á Grundartanga eins og til þess að helga sér svæðið. Reyndar fylgdi sögunni að einhver hefði áður mætt á staðinn með skóflu og sótt sér mold í krukku en allt með mikilli leynd og sýnir það kannski best hvernig allt þetta mál er vaxið og hvert mark menn taka á eðlilegum vinnubrögðum og leikreglum í þessu efni.

Allt þetta ferli og öll þessi atburðarás sýnir einfaldlega að álver skal rísa á Grundartanga hvað sem hver segir. Hæstv. iðnrh. og hæstv. umhvrh. eru gjörsamlega skotheldir gegn öllum rökum og gagnrýni í málinu. Eftir stendur að þeirra framtíðarsýn í umhverfis- og atvinnumálum er ófögur og metnaðarlaus sem spillir fyrir möguleikum til uppbyggingar annarra og umhverfisvænni atvinnukosta og betra mannlífs í þessu landi.

[14:14]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þann 14. janúar 1997 lýsti stjórn Búnaðarsambands Kjalarness fullri andstöðu sinni við byggingu álvers á Grundartanga og tók þannig undir sjónarmið hreppsnefndar Kjósarhrepps. Ekki vinnst tími til þess hér að hrekja rök búnaðarsambandsins fyrir þessari afstöðu, en þau eru m.a. þau að slík bygging valdi umhverfisspjöllum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir landbúnaðinn í héruðunum sem liggja að Hvalfirði. Í ályktun búnaðarsambandsins segir m.a., með leyfi forseta:

„Vaxtarbroddar nútímalandbúnaðar, svo sem lífrænn landbúnaður, ferðaþjónusta, fjörunytjar, stangveiði og almenn útivist, samrýmast alls ekki nábýli við stóriðju sem mun breyta ásýnd landsins og spilla hreinleika þeirra auðlinda er bændur nytja. Með bréfi til Skipulagsnefndar ríkisins minna landeigendur á Neðra-Hálsi á að efnahagslegri afkomu þeirra sé ógnað verði af umræddri byggingu."

Í samþykkt er stjórn Vors, sem er félag bænda í lífrænni ræktun og gerð var á fundi þeirra 22. janúar 1997, segir m.a., með leyfi forseta:

„... ef slík fyrirætlan gangi eftir hljóti það að teljast aðför að íslenskri náttúru og öllum þeim hagsmunaaðilum öðrum sem landið nytja á þessum slóðum, hvort sem er til matvælaframleiðslu eða markaðsvæðingar í ferðaþjónustu. Þess vegna beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að áðurnefnd staðsetning á álveri verði nú þegar tekin til endurskoðunar og að mannvirðing og umhverfisvernd séu höfð að leiðarljósi þegar ákvarðanir um frekari stóriðju hér á landi verði teknar."

Guðmundur Sigvaldason jarðfræðingur færir fyrir því ítarleg rök í grein í Morgunblaðinu í síðasta mánuði að engin niðurstaða önnur en alger höfnun starfsleyfis sé vísindalega og siðferðilega viðunandi. Hann bendir m.a. á að þótt staðbundin áhrif koltvísýrings valdi út af fyrir sig ekki áhyggjum hafi þjóðir heimsins tekið höndum saman um að takmarka losun hans út í andrúmsloftið. Enn fremur vekur Guðmundur athygli á því að nábýli við járnblendiverksmiðjuna valdi því að blöndun brennisteinstvíoxíðs frá álverinu og kísiljárnryks frá járnblendiverksmiðjunni muni að öllum líkindum flýta mjög fyrir myndun brennisteinssýru úr útblæstri beggja verksmiðjanna ef áætlað magn losunar er 21–28 kg af brennisteinstvíoxíði fyrir hvert tonn af áli. Þetta magn jafngildir 16–20 tonnum af brennisteinssýru á dag. Nábýli þessara verksmiðja virðist því síður en svo ákjósanlegt. — Má ég biðja um þögn í þingsalnum meðan ég tala.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti biður um að þingmenn hafi hljóð í þingsal og hlýði á umræðuna.)

Þrátt fyrir áðurnefnd rök eins af okkar virtustu vísindamönnum, þrátt fyrir ógnun við þá starfsemi sem fyrir er í firðinum og þrátt fyrir að fyrir liggi óafgreidd kæra Kjósarhrepps til úrskurðarnefndar virðist ætlun umhvrn. vera sú að keyra þetta mál fram þótt leidd hafi verið að því rök að umhverfismatið sé algerlega ófullnægjandi grundvöllur starfsleyfis fyrir álver á Grundartanga. Þetta verða því að teljast afar óvönduð vinnubrögð og vafasamt að gefa út starfsleyfi að svo komnu máli og raunar vafasamt að slíkar leyfisveitingar standist eðlilegar slíkar stjórnsýslukröfur þar sem lýðræðislegu úrskurðarferli er ekki lokið. Almenningur hlýtur að eiga heimtingu á að vita hvað veldur þessu óðagoti. Hver eru rökin fyrir því að setja margumrætt álver niður einmitt á þeim stað þar sem það er að fjölmargra dómi til hinnar mestu óþurftar? Eru ekki til staðar á Íslandi sem betri sátt næst um að hýsa skuli þessa verksmiðju?

Ég vil enn minna á að við höfum lagt umtalsvert fé til að skapa ímynd Íslands sem hins óspillta lands með hreint loft, ósnortnar víðáttur, ómengaðar laxveiðiár og hingað til lands kemur árlega fjöldi erlendra ferðamanna til að njóta þessa með okkur og sá fjöldi fer vaxandi. Með því að setja niður mengandi stóriðju mitt í blómlegu landbúnaðarhéraði þar sem umtalsverð uppbygging í ferðaþjónustunni hefur átt sér stað erum við að gera aðför að þessari ímynd.

[14:20]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Hér stendur enn einu sinni upp hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og gerir atrennu að umhvrh. Hann gerir það ekki núna með umhverfisrökum heldur gerir hann það með því að gagnrýna embættisfærslu og formsatriði í embættisfærslunni. Það gerir hann þegar hann hefur farið sneypuför hér um daginn með minnihlutaálit sitt úr umhvn. þar sem honum tókst ekki þrátt fyrir margar blaðsíður að sýna fram á nein staðbundin áhrif álversins sem mundu hafa skaðvænleg áhrif umhverfis álverið. Það kristallaðist í því að þá gat hann ekki fremur en hann getur núna og ég skora á hann enn einu sinni að sýna fram á það með rökum, heimildum eða með öðrum hætti sem hægt er að taka mark á fyrir viti borna menn að það hafi orðið einhver skaðvænleg áhrif umhverfis álverið í Straumsvík eða járnblendið á Grundartanga. Það getur hann ekki enda er gagnrýni hans að þessu leyti marklaus.

Hæstv. umhvrh. hefur svarað þeim spurningum sem hér hafa komið fram. En við hljótum að spyrja: Hver er sá maður sem þannig getur komið hér hvítþveginn og gagnrýnt okkur sem erum að vanda til þessara verka? Hann hlýtur að sjálfsögðu að hafa góðan feril. Og þó svo ég vilji ekki sparka hér í liggjandi mann get ég ekki stillt mig um að rifja upp tíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í iðnrn. en 1981 stóð hann í þessum sama ræðustól og flutti þá frv. sem síðan varð að lögum um Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun, alls 3.000 gwst. Hvernig átti að afla þessarar orku? Jú, með því að kaffæra þurrlendi og gróður inn af Húnavatnssýslum. En ekki aðeins það, heldur náttúruperlu sjálfs Austurlands, Eyjabakkana sjálfa þar sem allur votlendisgróður hefði farið undir vatn ef ráðagerðir ráðherrans hefðu þá náð fram að ganga.

Og hvað átti að gera við alla þessa orku? Það er ólygnast að vitna til orða sjálfs ráðherrans. Ég vitna í þáltill. sem fylgdi lögunum þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Meðal iðnaðarkosta sem til álita koma til þess að nýta þessa orku eru" og ég bið þingmenn um að taka eftir „kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, þriðji ofn járnblendiverksmiðju á Grundartanga, trjákvoðuverksmiðja, natríumklóratverksmiðja, steinullarverksmiðja, saltverksmiðja og stálverksmiðja mundu samanlagt nota 65 gwst. af raforku." Og ég bið þingmenn að taka eftir síðustu setningunni: „Á tímabilinu fram til 1987 væri einnig tæknilega unnt að auka álvinnslu í Straumsvík t.d. um 40 þús. tonn."

Á þessum tíma jós álverið í Straumsvík 14 kg á hvert tonn út í loftið en nú ætlar þingmaðurinn að umhverfast í heilagleika sínum þegar hann er að tala um 0,4 eða 0,6. Getum við tekið mark á svona málflutningi? Getum við tekið mark á manni sem yfirleitt vill kalla sig málefnalegan og vísindalegan og stendur hér og eys úr sér stóryrðum, subbuskapur, sóðaleg embættisfærsla og þar fram eftir götunum.

Álit mitt á málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hefur beðið verulegan hnekki í þeim málflutningi og þeim stóryrðum sem hann hafði hér uppi um daginn og að koma núna og gera formsatriði við afgreiðslu málsins að einhverju stórmáli. Mér finnst að þessi málflutningur lýsi skinhelgi þegar maður horfir til ferils hans sjálfs og tel hann algjörlega marklausan.

[14:24]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir gagnrýni á málsmeðferð umhvrh. Umræðan snýst um kæru til sérstakrar lögskipaðrar úrskurðarnefndar sem er sjálfstæður lögformlegur aðili. Það er harðlega gagnrýnt að umhvrh. skuli taka ákvarðanir áður en úrskurður þessarar lögskipuðu nefndar liggur fyrir. Slík vinnubrögð, virðulegi forseti, eru hrokafull og þau fótumtroða lýðræðið.

Í lýðræðisríki er mjög mikilvægt að eiga alltaf möguleika á að leita réttar síns telji einstaklingur eða hópur á sér brotið eða að ekki sé farið að lögum og reglum í máli eða málsmeðferð. Þennan rétt höfum við sem þjóð sett í öndvegi. Það eru stjórnarskrárbundin mannréttindi að mega leita réttar síns, bera mál sitt undir dómstóla. Í okkar réttarfari er möguleiki á áfrýjun til æðra dómstóls. Okkur finnst það sjálfsagður og eðlilegur réttur. Við höfum sett lög um og sett á laggir embætti umboðsmanns Alþingis þar sem einstaklingar geta borið undir umboðsmann ef þeir telja á sér brotið í stjórnsýslunni. Umboðsmaður hefur eftirlitsskyldu með Alþingi. Við tryggjum tjáningar- og andmælarétt íbúanna, t.d. hvað varðar skipulags- og byggingarmál þannig að íbúar bæjarfélaga eigi þess ávallt kost að leita réttar síns ef breytingar eru gerðar á umhverfinu sem brjóta í bága við hagsmuni eða réttarstöðu þeirra.

Við tryggjum áfrýjun til æðra stjórnvalds og heimildin til áfrýjunar ákvörðunar, hvort heldur er stjórnvaldsákvörðunar eða dómsniðurstöðu, er stjórnarskrárbundin mannréttindi. Í vestrænum lýðræðisríkjum líta menn á þennan rétt sem grundvöll mannréttinda. Markmið með áfrýjunarstigi er auðvitað fyrst og fremst það að tryggja réttaröryggi borgaranna. Dómsniðurstaða eða ákvörðun stjórnvalds getur verið röng. Hún getur verið röng vegna þess að ekki eru nægilegar upplýsingar fyrir hendi. Niðurstaðan byggir ekki á réttum gögnum eða niðurstaða byggir á rangri túlkun laga. Þetta getur auðvitað hent alla. Þess vegna er svo nauðsynlegt, vilji menn tryggja borgurunum réttarríki, að hægt sé að bera ákvörðunina undir annan aðila, æðri dóm eða stjórnsýslustig.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á þennan rétt til að draga það fram að í lýðræðinu felst virðing fyrir rétti þegnanna og að tekið sé tillit til minni hluta. Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, er 26. gr. ætlað að tryggja þennan mikilvæga rétt íbúanna.

Hér er alvarlegt mál á ferð. Það er ekki beðið eftir niðurstöðu áfrýjunarnefndar þrátt fyrir að kært hafi verið til nefndarinnar. Í 26. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, virðulegi forseti, er sagt að séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar, þ.e. stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sé heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar er starfar samkvæmt lögum þessum. Þetta er grafalvarlegt og engin leið að ráðherra tali þannig að hann muni bara taka tillit til þess eftir á ef úrskurðarnefndin komi með athugasemdir.

Virðulegi forseti. Það er ekki beðið eftir niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar en vaðið af stað með starfsleyfi og byggingarleyfi. Ráðherrann segir að hann gæti þurft að taka tillit til niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar en segir jafnframt að úrskurðarnefndin breyti ekki starfsleyfinu. Þetta er kjarni máls. Úrskurðarnefndin breytir ekki starfsleyfinu sjálfkrafa eftir á en hann gæti þurft að taka tillit til niðurstöðunnar eftir á verði hún á annan veg en hann kýs.

Þessi vinnubrögð eru ráðherra til mikils vansa. Þingflokkur jafnaðarmanna hefur stutt ríkisstjórnina í hennar

álversáformum og styður þessar framkvæmdir. Það hefur komið fram í umræðum í þessum þingsal, en við styðjum ekki þessi vinnubrögð, þau eru vond. Ég ræði ekki innihald starfsleyfisins né byggingarleyfið því það er mín bjargfasta skoðun að ráðherra eigi ekki að veita þessi leyfi fyrr en áfrýjunarnefnd hefur afgreitt málið frá sér. Annað er brot á lýðræðisreglum og það er alvarlegt.

Formaður umhvn. atyrti málshefjanda fyrir þessa umræðu, en varðandi þetta mál, m.a. tímasetningu leyfanna, á ég samleið með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni.

[14:30]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Í áliti meiri hluta umhvn. um álver á Grundartanga eru gerðar ýmsar athugasemdir við starfsleyfi fyrir þetta fyrirtæki þrátt fyrir að nefndin hafi ekki lagst gegn því að starfsleyfi yrði gefið út eða því heimiluð staðsetning á þeim stað sem það verður samkvæmt úrskurði sem þegar liggur fyrir.

Efasemdir, sem ýmsir okkar hafa haft um það hvernig á þessum málum hefur verið haldið, hafa orðið að víkja fyrir því hversu langur aðdragandi hefur verið að málinu, bæði skipulagslegur og atvinnulegur, af hálfu stjórnvalda og hálfu sveitarstjórna sunnan Skarðsheiðar sem hafa af atvinnuástæðum talið mjög brýnt að koma upp fleiri atvinnukostum á þessu svæði. Það er ástæðan fyrir því að við höfum látið víkja og treystum því að stjórnvöld leysi úr vandamálum sem við vitum að eiga eftir að koma upp og eru samfara staðsetningu álvers í landbúnaðarhéraði.

Við þekkjum það af reynslunni af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga að hægt er að reka slíkar verksmiðjur þannig að þær eru í ósátt við umhverfi sitt og fólkið og það er eitt af þeim málum sem við höfum bent á að þurfi að taka rækilega á þannig að eftir verði tekið. Það er að sjálfsögðu alls ólíðandi að opinber stofnun eins og Hollustuvernd skuli ekki fylgjast með verksmiðju eins og járnblendiverksmiðjunni og skuli ekki krefjast þess að mengunarvarnir séu með fyllsta og fullkomnasta hætti sem krafist er í starfsleyfinu. Það vitum við af dæmum sem okkur hafa verið sýnd af fólkinu í Kjós og víðar í Hvalfirðinum að reykur hefur liðast um Hvalfjörðinn dögum og mánuðum saman án þess að nokkrar athugasemdir hafi komið fram við það af hálfu Hollustuverndar og þrátt fyrir að Hollustuvernd hafi samkvæmt starfsleyfi alla burði til þess að gera hverja þá rannsókn og hverjar þær athugasemdir sem henni sýnist og láta bæta úr eftir þeim reglum sem Hollustuvernd setur sér. Að þessu leyti hefur þetta sérstaka upphlaup, sem hefur orðið vegna álversins, orðið miklu kröftugra og menn hafa haft miklu meira til síns máls en annars hefði verið. Þess vegna verð ég að beina því til hæstv. umhvrh. að hann láti þegar koma fram með hvaða hætti á að taka á þeim vandamálum sem hafa skapast hjá Hollustuvernd ríkisins og hvernig að umhverfisvöktun skuli staðið í samráði við íbúa svæðisins.

Við vitum að ýmis önnur mál koma til með að valda erfiðleikum við rekstur álvers á þessu svæði en það eru vatnsöflunarmálin sem sannarlega munu verða vandamál ef stækka á álverksmiðjuna úr 60 þús. tonnum upp í 180 þús. tonn. Ég hef lagt mig fram um að afla upplýsinga um hvernig menn ætla sér að leysa það vandamál þegar þar að kemur. Eftir þeim upplýsingum sem ég fæ er meiningin að verksmiðjan verði loftkæld eða með sjókælingu því að ljóst er að vatnið sem er til staðar á þessu svæði er ekki nægjanlegt til að fullnægja rekstrarþörfum umfram 60 þús. tonn. Það er staðreynd og ég hlýt að sjálfsögðu að gagnrýna að það skyldi ekki koma upp fyrr í umræðunni að slík vandamál gætu skapast.

Ég held samt sem áður að menn hafi þegar gert sér grein fyrir þessu og það er unnið að því að finna nýjar leiðir til kælingar. Þegar við lítum á útgáfu starfsleyfisins sem slíks er ljóst að stjórnvöld og sveitarstjórnir á svæðinu hafa sagt a og þar með þurfa þeir að segja b. Við getum ekki dregið með einhverjum óeðlilegum hætti að gefa út þau leyfi sem nauðsynleg eru þannig að byggingarframkvæmdir geti farið af stað. Ég hlýt, eins og aðrir, að treysta því að ráðuneytið fari að lögum og reglum varðandi útgáfu slíkra leyfa, að gætt sé fyllsta lýðræðis þannig að menn geti sætt sig við það. Þar til annað kemur í ljós mun ég treysta því að ráðuneytið hafi haft rétt fyrir sér í þessu máli.

[14:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu snýst ekki um orkuverð fyrir álverið á Grundartanga. Það snýst ekki um rammasamninginn fyrir álverið á Grundartanga. Það snýst ekki um mengunarmálin sem slík, útblástur gróðurhúsalofttegunda af ýmsu tagi, heldur snýst þetta mál fyrst og fremst um vinnubrögð ráðherrans, um lýðræðið í landinu og lýðræðið heitir ekki því ómerkilega nafni „formsatriði" þó hv. formaður umhvn. virðist líta svo á í sérkennilegri ræðu sinni áðan sem var átakanleg vantraustsræða á málshefjanda.

Nei, herra forseti. Þetta mál snýst um frelsi einstaklingsins, frelsi fólksins í landinu andspænis valdinu, peningavaldinu, ríkisvaldinu á hverjum tíma og nú. Eða af hverju lá svona mikið á? Af hverju lá svona mikið á að það þurfti að ræsa út menn í umhvrn. kvöldið fyrir skírdag til að gefa út starfsleyfið? Af hverju lá svona mikið á? Af hverju lá svona mikið á að það þurfti að byrja framkvæmdir laugardaginn fyrir páska og tryggja myndatökur af því í fjölmiðlum landsins. Af hverju lá svona mikið á? Af hverju lá svona mikið á þó ekki hefði verið gefið út byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum með fullnægjandi hætti? Af hverju lá svona mikið á? Af hverju lá svona mikið á þar sem ekki voru einu sinni til peningar í verkið? Af hverju lá svona mikið á? Hvaða læti voru þetta? Af hverju lá svona mikið á að ekki var einu sinni hægt að bíða eftir því að úrskurðarnefndin kæmist að sinni niðurstöðu sem er þó sjálfstætt stjórnvald samkvæmt lögum landsins? Ég fullyrði að hæstv. umhvrh. hefur í þessu máli ekki nægilega góða lögfræðinga til að ráðleggja sér vegna þess að hæstv. umhvrh. má ekki stíga yfir þau valdmörk sem eru á milli ráðherrans annars vegar og úrskurðarnefndarinnar hins vegar. Ég vona, hæstv. forseti, að haldi hæstv. umhvrh. sínu striki í þessu máli, þá verði tryggt að réttur fólksins í landinu nái fram að ganga, ef ekki með öðrum hætti þá eftir dómstólaleiðinni. Vegna þess að það er ofboðslegur hlutur ef þessi gerningur umhvrh. fær að standa því hann þýðir að allar úrskurðarnefndir af því tagi sem heita stjórnsýslunefndir í stjórnsýsluréttinum eru gerðar ómerkar gagnvart ráðherrum. Það er hrikalegur hlutur og ég skora á lögfræðinga umhvrn. að lesa sína lögfræði betur.

Af hverju mátti ekki bíða eftir Alþingi? Er Alþingi formsatriði? Eru þingsköpin formsatriði? Eru umræður um frumvörp formsatriði? Eru nefndarstörf formsatriði sem engu máli skipta? Af hverju mátti ekki bíða eftir niðurstöðum Alþingis, niðurstöðum úrskurðarnefndar, niðurstöðum hins lýðræðislega ferlis? Af hverju þurfti að beita fólkið í landinu valdi, ríkisvaldi og peningavaldi? Ríkisvaldinu í gegnum

ráðherra Framsfl., sem bera höfuðábyrgð á þessu máli, og peningavaldinu í gegnum þann veruleika að verið er að gera samning við aðila sem hefur svo veika fjárhagslega stöðu að hann fær hvergi uppáskriftir á þennan samning fyrir álverið í Hvalfirði nema fyrir liggi niðurstöður eins og starfsleyfi sem gefið er út kvöldið fyrir skírdag?

Með öðrum orðum er svarið við spurningunni af hverju lá svona mikið á, það að sá aðili sem menn hafa verið að reyna að gera samning við er ekki trúverðugri en svo að það þurfti skírdagsstimpil úr umhvrn. á Íslandi til þess að hann fengi uppáskriftir á sína lánapappíra. Þess vegna lá svona mikið á. Þess vegna mátti ganga yfir lögformlega, eðlilega kröfu í íslenskum lögum í þessum efnum. Þess vegna mátti ganga yfir úrskurðarnefndina. Þess vegna mátti ganga yfir Kjósverja. Þess vegna mátti ganga yfir Alþingi Íslendiga. Og ég segi, herra forseti: Ég vona að Ísland sé enn svo mikið réttarríki að ósvinna af þessu tagi verði stöðvuð með einhverjum hætti.

[14:41]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Undanfarnir mánuðir, vikur og dagar hafa verið dökkir fyrir þá sárafáu hv. þingmenn og aðra sem frekar velja atvinnuleysi en aukin atvinnutækifæri, sem frekar velja stöðnun en efnahagslegar framfarir og frekar velja versnandi lífskjör en aukinn kaupmátt. Þessir menn hafa því miður ekki séð til sólar undanfarnar vikur nema rétt þá sárafáu daga sem vonin kviknaði hjá þessum sárafáu mönnum, bæði innan þings og utan, um að samningarnir um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga gengju ekki eftir. (**SvG:** En það er sól í Hvalfirði.)

Með þeim samningum sem þarna hafa verið gerðir hefur tekist að rjúfa áratuga kyrrstöðu sem hefur verið í stóriðjumálum á Íslandi, sem m.a. var komið á fyrir tilstuðlan Alþb. í ríkisstjórn á sínum tíma. Aftur er nú hafin nýting orkuauðlindanna til efnahagslegra framfara í landinu því þeir samningar sem eru í burðarliðnum við byggingu álvers á Grundartanga og stækkun járnblendiverksmiðjunnar fela í sér fjárfestingu upp á 36 milljarða kr., 1.600 ársverk, aukinn útflutning upp á 8,5 milljarða, aukna fjárfestingu, sem annars hefði ekki orðið, um 14%, hagvöxt, sem hefði verið 2,5% en verður 4% ef þessir samningar ganga eftir, og varanlega heildaraukningu þjóðarframleiðslunnar um tæpt 1%. Þessar aðgerðir leggja grunninn að bættum efnahag fólksins í landinu sem svo sannarlega er þörf á.

Það er vert að benda á af því að málsmeðferðin við útgáfu starfsleyfisins hefur verið gerð hér að umtalsefni að sú ákvörðun sem liggur fyrir um útgáfu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls hf. er sú sama og vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Ísal haustið 1995 og enginn gerði athugasemdir við á Alþingi. Þ.e. leyfið var gefið út af hæstv. umhvrh. þegar tillögur Hollustuverndar lágu fyrir en áður en kærufresturinn rann út, áður en hann var liðinn. Málsmeðferðin er því öll fullkomlega eðlileg. Tillögur um starfsleyfi lágu fyrir þegar starfsleyfið var gefið út. Ekkert í stjórnsýslulögum, ekkert í mengunarvarnareglugerð mælir fyrir um að hugsanlegur kærufrestur vegna tillagna lægra setts stjórnvalds verði að líða áður en ákvörðun æðra setts stjórnvalds á grundvelli slíkra tillagna er tekin.

Í 10. gr. stjórnsýslulaganna er beinlínis gert ráð fyrir grundvallarreglunni um málshraða og í ákvæðum greinarinnar segir: „Ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er.“ Tillögur stjórnar Hollustuverndar voru settar fram í framhaldi af úrvinnslu athugasemda sem stofnuninni bárust með starfsleyfistillögunum og þær lágu fyrir 11. nóvember 1996 til 13. janúar 1997. Þær höfðu hlotið mjög ítarlega umfjöllun í stjórn Hollustuverndar áður en stjórnin afgreiddi málið. Með hliðsjón af grunnreglum stjórnsýslulaga var umhvrh. bæði rétt og skylt að gefa leyfið út svo fljótt sem unnt var.

Í 11. gr. stjórnsýslulaganna kemur fram sú regla sem nefnd hefur verið jafnræðisreglan og menn hafa gert mikið úr í umræðu hér bæði fyrr og nú. Þar segir að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Í reglunni felst að mál sem eru sambærileg í lagalegu tilliti skuli njóta sams konar úrlausna. Hér er því fylgt fordæmi við útgáfu starfsleyfis Ísals á grundvelli meginreglunnar um jafnræði. Það var ekki hægt að meðhöndla starfsleyfi Norðuráls á Grundartanga með öðrum hætti, og enginn gerði athugasemdir við á sínum tíma, en starfsleyfi Ísals var meðhöndlað á þeim tíma. Ákvörðun umhvrh. er því að mínu viti fullkomlega eðlileg og byggir á þessum tveimur megingrundvallarreglum stjórnsýslulaganna, þ.e. um málshraðann og jafnræðið. Þetta er það sem hv. þingmenn hafa mest gert úr í flestum málum, þ.e. jafnræðisreglan og málsmeðferðin. Svo eru auðvitað til þeir einstaka hv. þingmenn sem finnst að alla hluti þurfi að gera eins flókna og nokkur kostur er því þeir lifa enn á þeim gömlu hugmyndum sem Sovétríkin byggðu á, að koma engu í gegn, hafa hlutina eins flókna og láta þá taka eins langan tíma og nokkur kostur er.

[14:46]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Umræðan hér hefur fyrst og fremst snúist um útgáfu starfsleyfisins og hvaða skýringar séu á því að svo brátt var í brók í umhvrn. þegar sú útgáfa átti sér stað. Menn geta auðvitað getið sér til um ýmsar orsakir en mig langar til þess að varpa fram einni fyrirspurn. Var þess óskað af forráðamönnum Norðuráls að starfsleyfið yrði gefið út eins skjótt og raun ber vitni? Það er vitað að þeir eru nú í viðræðum við erlenda fjárfesta um hugsanlegt framlag eða lánveitingar til þess að reisa þessa verksmiðju. Þurftu þeir á því að halda í viðskiptum sínum við væntanlega erlenda fjárfesta að geta sýnt starfsleyfið til þess að geta haldið áfram viðræðum við þá í von um árangur? Er það sú einfalda skýring sem er á þessari hröðu afgreiðslu að hún eigi sér stað vegna þess að sú hafi verið ósk forráðamanna Norðuráls vegna þess að þeir hafi þurft á slíkum pappírum að halda til þess að geta sannfært þá erlenda fjárfesta sem þeir hafa leitað til um að þeir gætu gengið að byggingu álversins og á hvaða forsendum? Þetta er auðvitað mergurinn málsins en það hefur ekki verið kallað eftir því í þessum umræðum hvort sú skýring er rétt.

[14:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa talað fyrir þátttöku í þessari umræðu. Sumar ræður hafa mér fundist vera skynsamlegar og jákvæðar, þar sem menn hafa leitast við að fjalla um það sem er álitaefni í sambandi við þennan gjörning fyrst og fremst, þ.e. málsmeðferðin sem ég gerði að umtalsefni í upphafi sem er ástæða þessarar umræðu, réttarstaða fólksins í landinu, réttarstaða til þess að gera athugasemdir lögum samkvæmt og fá úrskurð sem geti haft áhrif á málsniðurstöðu. Og ég þakka fyrir stuðning við það

sjónarmið sem hér hefur komið fram frá talsmönnum tveggja þingflokka fyrir utan Alþb., frá Kvennalista og Alþfl., og alveg sérstaklega ummæli hv. þm. formanns þingflokks jafnaðarmanna, Rannveigar Guðmundsdóttur, um það efni því að hún skildi hvað um var að ræða.

Við erum ekki að fjalla um innihald þessa starfsleyfis efnislega eins og einhverjir virtust halda, eins og t.d. formaður umhvn. Ég taldi það mjög verðmætt að hv. formaður umhvn. afhjúpaði sig hér fyrir framan alþjóð eins og hann gerði, ég tel það mikilsvert. En það er ekki mjög efnilegt fyrir Framsfl. ef þeir falla ráðherrarnir sem nú sitja, ef slíkir eiga að taka við. Það er ekki falleg framtíðarsýn, því miður, virðulegur forseti.

Það eru vissulega efnisþættir sem varða málsmeðferð sem hér hefur verið drepið á og ég kom ekki á framfæri í lok máls míns áðan og ætla að leyfa mér að hnykkja á, en var komið inn á af talsmönnum eins og hv. þm. Árna M. Mathiesen sem ræddi spurninguna um hin alþjóðlegu viðhorf sem tengjast þessu máli. Það eru nú ekki neinar smáspurningar sem þar eru uppi. Ég leyfði mér að spyrja hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, í máli mínu hér í dag og ég endurtek hér: Telur umhvrh. réttlætanlegt að gefa nú út starfsleyfi sem hefur að mati ráðuneytisins í för með sér árlega viðbótarlosun á 373 þúsundum tonnum af gróðurhúsalofttegundum í ljósi þess að fyrir lok ársins 1997 er með þátttöku Íslands stefnt að lúkningu lagalega skuldbindandi alþjóðasamninga um verulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda? Og ekki síður spurningin um það hverjir í samfélaginu eigi að taka á sig niðurskurð á losun gróðurhúsalofttegunda vegna þeirrar viðbótar sem ráðherrann nú hefur heimilað með útgáfu starfsleyfis til álbræðslu á Grundartanga. Ég bið um svör við þessum spurningum. Þetta eru brennandi spurningar sem við getum staðið frammi fyrir í byrjun næsta árs.

Ég hlýt einnig að spyrja, virðulegur forseti, vegna þess að hæstv. ráðherra vék sér undan að svara því skýrt hvers vegna hann virðir ekki valdmörk milli ráðuneytisins og lögformlegrar úrskurðarnefndar. Hvernig leyfir hann sér það, hvernig rökstyður hann það að gera það ekki? Er það svo, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra ætli að leyfa sér það að virða niðurstöður slíkrar úrskurðarnefndar að vettugi, telji að hann geti komist upp með það að virða hugsanlega úrskurði að vettugi eins og hann greindi hér frá? Ég tel alveg augljóst að það verður að breyta starfsleyfi ef úrskurðir falla þannig hjá þessari nefnd, hvað svo sem hæstv. ráðherra segir því hann er ekki æðsta stjórnvald gagnvart úrskurðarnefndinni. Hún er sjálfstæð. Það er kjarni þessa máls. Og hvernig stendur þá ríkissjóður og íslenska ríkið gagnvart skaðabótakröfum? Hæstv. ráðherra vísar í gjörning sem hann hefur undirritað með Norðuráli og á að skjóta skildi fyrir ríkið. Hver sér út úr því sem þar stendur skrifað sameiginlegri yfirlýsingu að Norðurál, Columbia Corporation, hafi afsalað sér rétti til skaðabóta? Ekkert slíkt stendur þarna.

Það er satt að segja ömurlegt, virðulegur forseti, að verða vitni að því að ábyrgðaraðilar þessa máls leiða hjá sér að svara grundvallarspurningum sem hér eru fram bornar um leikreglur í landinu. Og það er ástæða til þess að hafa miklar áhyggjur af því að Framsfl. skuli nú svo komið sem raun ber vitni í sambandi við þessi mál og í sambandi við umhverfismál einnig efnislega. Það hefðu sumir sem töluðu öðruvísi á Alþingi fyrrum ekki viljað lifa þann dag að hlusta á þær raddir sem hér hafa hljómað í dag frá talsmönnum þessa flokks, því miður.

[14:54]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Umræður þessar hafa náttúrlega fjallað bæði um efnisatriði, a.m.k. að einhverju leyti, og svo auðvitað líka eins og kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. í máli hans, um embættisfærslu og formsatriði. Ég hef ekkert við það að athuga að slík umræða sé tekin hér á Alþingi, finnst hún í sjálfu sér eðlileg og gat um það strax við fjölmiðla, því að það er vitnað líka til þess sem menn segja hér við fjölmiðla, þegar ég heyrði af þeirri umræðu að það væri samkvæmt þingsköpum ekkert við því að segja og sjálfsagt að taka þátt í henni.

Hins vegar finnst mér að það hafi kannski ekki allt verið jafnuppbyggilegt og sumt sem hér hefur verið sagt, m.a. um vinnubrögð og viðhorf ráðherrans, ekki alveg sanngjarnt, en ráðherrar þurfa líka oft að búa við það og sætta sig við að standa og falla eftir atvikum með því sem þeir ákveða og gera, eins og reyndar á við okkur öll sem skipum Alþingi og höfum gefið kost á okkur til þessara verka. Við verðum að falla og standa með þeim.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni þá langar mig að segja við hann sem fyrrverandi sveitarstjórnarmann og bæjarstjóra að ég býst við því að honum fyndist einkennilegt ef ráðherra væri á hverjum tíma með nefið niðri í því sem byggingarnefndir hans, nefnd eða nefndir hans, síðan bæjarstjórn og að lokum bæjarstjóri eru að gera þegar þau fjalla um byggingarmálefni og útgáfu byggingarleyfa í sveitarfélögunum. Það er auðvitað verkefni þeirra og alveg ótvírætt. Ég er ekkert að skjóta mér undan eins og hv. þm. sagði varðandi byggingarleyfi eða hvernig staðið er að því máli. Ef einhver telur að þar sé ekki rétt að málum staðið og ekki rétt farið samkvæmt byggingarlögum eða skipulagslögum, þá er auðvitað heimilt að kæra það til ráðherra og þá ber honum að taka á málinu í því tilviki og á þeirri stundu. En hann er auðvitað ekki á hverjum tíma með yfirlit yfir það hverjir hafa gefið byggingarleyfi, til hvaða framkvæmda og hvernig að því hefur verið staðið. Það vita auðvitað sveitarstjórnarmenn og það vita auðvitað allir hv. þingmenn.

Ég má ekki eyða tíma í að ræða um það hvort menn vinna á daginn eða nóttinni. Við höfum unnið langan vinnudag í umhvrn. að undanförnu. Verki sem lýkur síðdegis á miðvikudegi, hvort sem það er nú dagur fyrir skírdag eða einhver annar miðvikudagur eða í lok viku — á verkum teygist náttúrlega oft og lítið um það að segja. Við höfum unnið í þessu verkefni að undanförnu af miklum krafti og fullri samviskusemi, með sérfræðingum og lögmönnum af því að það hefur vitnað til þeirra hér líka, og teljum að við höfum staðið eðlilega að allri málsmeðferð.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fjallaði örlítið um efnisatriðin um vothreinsibúnaðinn og ég ætla ekki heldur að eyða tíma í það núna. Það kemur sjálfsagt síðar að því að hægt er að ræða þau mál frekar, en það er niðurstaða sérfræðinga að ekki þurfi að krefjast slíks búnaðar og að okkar aðstæður séu slíkar að þurrhreinsibúnaðurinn þjóni fyllilega því hlutverki sem við viljum setja.

Varðandi ummæli hv. 8. þm. Reykn. um áhrif á landbúnað, þá er það niðurstaða mats á umhverfisáhrifum að þessi starfsemi eigi ekki að hafa áhrif á landbúnað á svæðinu utan þess þynningarsvæðis sem vitað er um og öllum er ljóst. Ég hef hins vegar reynt að leggja áherslu á að styrkja allt eftirlitið, þó að sumir vilji kannski í umræðunni gera lítið

úr því, styrkja umhverfisvöktunina og fylgjast með málunum, gefa upplýsingar um hvernig að því er staðið, m.a. með fundahöldum og það sé engu leynt í því efni heldur hafi menn fullan aðgang að því. En varðandi áhrif á landbúnað verð ég að minna hv. þm. og aðra þá sem á mál hlýða eða lesa síðar í þingtíðindum að okkur veitir sannarlega ekki af því heldur í landbúnaðinum að styrkja almennt atvinnulíf í landinu, bæði til þess að gefa neytendum og landslýð tækifæri til þess að kaupa okkar ágætu landbúnaðarvörur með því að það sé næg atvinna og kaupmáttur. En atvinnutækifærin vantar líka til sveita svo því sé til skila haldið.

Tíminn hleypur nú hratt frá mér, hæstv. forseti. Ég vona að ég eigi stuðning hv. þm. Kristjáns Pálssonar og annarra ágætra þingmanna um að styrkja stöðu og hlutverk Hollustuverndar ríkisins. Það veitir sannarlega ekki af því en að því er unnið. Það er m.a. að finna ákvæði um það í fjárlögum þessa árs og sú vinna heldur áfram og það er rétt að það þarf að gera. Það þarf að styrkja stöðu þeirrar stofnunar til þess að hún geti staðið sig.

Ég hafna því sem kom fram í ummælum hv. 8. þm. Reykn. að gengið sé yfir alla. Það er ekki rétt. Ég hef lýst því yfir að ég mun taka tillit til þess á eðlilegan hátt sem fram kann að koma frá úrskurðarnefndinni og starfsleyfið gefið út með þeim fyrirvara og þá spurning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að vissulega hefur Columbia fyrirtækið óskað eftir því að starfsleyfisútgáfu sé hraðað, það sé ekki legið eða beðið eftir því (Forseti hringir.) langan tíma og þeir viti um sína stöðu og auðvitað er það eðlileg krafa en ég veit ekkert um það hvort sú ósk og krafa er sett fram til þess að styrkja umsókn gagnvart fjárfestum. Það hefur ekki komið fram (Forseti hringir.) en auðvitað hafa þeir sent beiðnir um að málinu verði hraðað af hálfu umhverfisyfirvalda.

Allra seinast, virðulegur forseti, verð ég vegna fyrirspurna og ítrekaðra spurninga hv. 4. þm. Austurl. um loftslagsbreytingarnar að vísa til fyrirspurnar sem ég hef svarað honum hér skriflega á þessu þingi og ítrekaðrar umræðu um málið úr þessum stóli. Við eigum ábyggilega eftir að taka hana áfram líka hér varðandi þetta mál og önnur sem hér eiga eftir að verða til umfjöllunar.

[15:01]

Útbýting þingskjala:

Jafnréttismál innan Háskóla Íslands, 358. mál, svar menntmrh., þskj. 843.

Sóttvarnalög, 191. mál, þskj. 855.

Takmörkun á hrossabeit, 507. mál, þáltill. HG, þskj. 851.

Upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu, 514. mál, þáltill. ÁRJ, þskj. 861.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802.

[15:02]

Svavar Gestsson (frh.):

Herra forseti. Ég hafði fyrr í umræðum í dag farið aðeins yfir framtíðarsýn í íslenskum atvinnumálum sem mér fannst skorta í málflutningi ríkisstjórnarinnar í sambandi við stóriðju í Hvalfirði. Ég fór yfir eignarhaldið á járnblendiverksmiðjunni og rakti aðeins kosti þess, sem ég tel að séu ótvíræðir út af fyrir sig og ég vil ekki að gleymist, og það hæstv. ráðherra um að fara um það nokkrum orðum og var þar kominn máli mínu og átti eftir að fjalla um nokkur önnur atriði.

Áður en lengra er haldið vil ég leyfa mér að segja í tilefni af þeirri umræðu sem var áðan sem tengist þó þessu máli, að þegar hæstv. iðnrh. er farinn að bregða mér eða öðrum talsmönnum Alþb. um að við viljum atvinnuleysi, en það hefur hann gert fjórum sinnum í þessum ræðustól, þá sýnir það bara að hann er í vörn og hefur slæma samvisku. Sérstaklega þó þegar hann botnar ræðu sína eins og hann gerði áðan, eins og hv. forveri hans gerði ævinlega, eins og hv. fyrrv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson, þegar mjög þrengdi að í umræðum okkar í milli stökk hann ævinlega til Sovétríkjanna sálugu og það gerir eftirmaður hans líka. Það má út af fyrir sig segja að það sé ekki leiðum að líkjast og ég er ekkert að gagnrýna ráðherrann fyrir það, en ég segi: Þetta er til marks um að hann er í vörn. Mér finnst hins vegar að þetta sé ekki málflutningur sem þjónar þeim markmiðum sem málflutningur hér á að gera, þ.e. að komast að rökréttri niðurstöðu.

Varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga sem hér er til umræðu ætla ég að koma í þriðja lagi að samningsaðferðinni og vinnubrögðunum og segja: Ég gagnrýni þau mál. Mér finnst að hlutur Íslands sé of lágt metinn. Mér finnst að við gefum of mikið með dæminu. Mér fannst óþarfi að gefa yfirlýsinguna um fjórða og fimmta ofninn fyrir fram eins og í raun og veru var gert, m.a. í stjórn Landsvirkjunar þar sem ég greiddi atkvæði á móti því, og mér fannst líka að það hefði mátt hafa starfsfólkið betur með í ráðum um þróun mála en gert var.

Ég vil hins vegar endurtaka það sem ég sagði í morgun að ég tel að stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga geti ekki flokkast undir það sem kalla má stórmál vegna þess að hér er um að ræða tiltölulega litla viðbót við fyrirtæki sem við þekkjum. Hér verður um að ræða um það bil 30 manna starfslið þegar fram í sækir. Það eru öll ósköpin sem eru að bætast við í varanlegum störfum. Það er út af fyrir sig gott það litla sem það er, en það sem er erfitt í málinu og flókið er að þetta skuli endilega þurfa að bera upp á sama tíma og menn eru hér að ræða um álverið á Grundartanga og það spillir fyrir, liggur mér við að segja, þessu máli sem er stækkun járnblendiverksmiðjunnar.

Ég ætla, herra forseti, aðeins að víkja að því atriði í þessu máli sem við vorum að nokkru leyti að ræða hér utan dagskrár áðan, en það eru umhverfismálin. Ég gagnrýni að þau eru ekki nefnd í frv. Mér finnst það ekki gott. Mér finnst að það ætti að vera skýrsla um umhverfismálin í þessu skjali eins og er í frv. um álver á Grundartanga, hvort sem menn eru sammála því eða ekki. Mér finnst að hér hefði þurft að fara aðeins betur yfir þau mál en er gert í örfáum línum á bls. 13. Ég ætla að vekja athygli á þessu í sambandi við umhverfismálin í heildarsamhengi, ég ætla ekkert að tala um þetta fyrirtæki eingöngu.

Á árunum 1995–2000 eykst útstreymi ígildis koltvíoxíðs um 292 þús. tonn á ári. Það er fyrst og fremst vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Þetta er í fyrsta lagi, um 290 þús. tonn á ári.

Í öðru lagi er álver á Grundartanga og þar eru menn að tala um að bæta við 370 þús. tonnum af koltvíoxíðsígildi á ári.

Í þriðja lagi erum við að tala um stækkun járnblendiverksmiðjunnar og þar er um að ræða 160–170 þús. tonn

á ári. — Ég sé að hæstv. umhvrh. er hér, en ég ætla svo sem ekki að gera tilraun til að kyrrsetja hann í sjálfu sér. Ég veit að hæstv. iðnrh. kann þessi fræði að einhverju leyti. — Samtals er hér um að ræða 700–800 þús. tonna aukningu á ári á koltvíoxíðsígildum frá 1995 til þess að þessum framkvæmdum er lokið. Ég man eftir því að á mínum yngri árum í stjórnmálum voru t.d. landbúnaðarráðherrar að mæla dyggð sína og afrek í því að þeir höfðu látið rækta svo og svo mikið og byggja svo og svo mikið af fjárhúsum og svo og svo marga súrheysturna. Einn landbúnaðarleiðtogi Sjálfstfl. gagnrýndi okkur í ákveðinni ríkisstjórn mjög harðlega fyrir að sauðfé í tilteknum kjördæmum hefði verið fækkað svo mikið. Sumir hæla sér fyrir að þeir hafi látið byggja svo og svo mikið af heilsugæslustöðvum, skólum eða leggja svo og svo mikið af vegum. En ég spyr, herra forseti: Finnst mönnum líklegt að Framsfl. muni hæla sér sérstaklega fyrir það í kosningabæklingum sínum 1999 að hann hafi tryggt að 700–800 þús. tonn af koldíoxíðsígildum bætist við á ári af gróðurhúsalofttegundum? Finnst mönnum það líklegt? En þetta er þó veruleikinn og það þýðir ekkert fyrir hæstv. iðnrh. að ætla sér að líta fram hjá því að um er að ræða stórkostlega aukningu á þessum eituráhrifum. Ef maður telur öll þau verksmiðjuáform sem nú er verið að tala um mundi það þýða að aukningin frá 1995 í þessum lofttegundum — yrði hver? Hún yrði 144%. Menn sjá auðvitað hvað hér er um hrikalega hluti að ræða, það er verið að auka koldíoxíðsútblástur eða ígildi þess í ýmsum lofttegundum um 144% hér á landi á tiltölulega mjög stuttum tíma. Það getur vel verið að einhverjir hristi hausinn og telji þetta minni háttar mál eða menn telji stærðirnar svo miklar að það sé óskiljanlegt. En þetta er samt veruleikinn. Spurningin er þá sú: Er þetta ekki óhjákvæmilegt til þess að borga fyrir framfarirnar? Er þetta ekki óhjákvæmilegt til að borga fyrir lífskjörin? Mitt svar við því er nei. Vegna þess að ef við tökum t.d. það mál sem við erum að ræða hér, þá skilar það annars vegar 170 þús. tonnum af koldíoxíðsígildum út í andrúmsloftið á ári. En hins vegar skilar það — hvað miklum hagvexti til frambúðar? 0,2%. Í mörgum siðuðum löndum í kringum okkur eru menn óðum farnir að reikna út hagvöxt m.a. með hliðsjón af umhverfiskostnaði, umhverfisútgjöldum. Ég er alveg sannfærður um að ef þetta mál yrði skoðað með þeim hætti sem ég er hér að rekja kæmust menn að þeirri niðurstöðu að það væri álitamál hvort þetta borgaði sig. En því miður, herra forseti, að tala um þá hluti er að tala fyrir daufum eyrum hér inni en úti í þjóðfélaginu er vaxandi skilningur á umhverfissjónarmiðum.

Ég heyrði það á hv. 9. þm. Reykn., vini mínum sem situr að baki mér núna í forsetastól, hæstv. forseti, að það væri nauðsynlegt að taka inn þessi atvinnufyrirtæki til þess að tryggja hér lífskjör og framfarir. Út af fyrir sig liggur það nákvæmlega þannig í mínum huga að við eigum að nýta orkuna og ég tek það fram og hef staðið að því sjálfur með skipulegum hætti að það verði gerðar áætlanir og teknar ákvarðanir um nýtingu orkunnar. Það er ekki spurningin. Spurningin snýst ekki um það heldur snýst spurningin um í hverju heildarsamhengi hlutirnir eru séðir. Ég tel t.d. að það að setja málflutning okkar alþýðubandalagsmanna upp með þeim hætti að við séum t.d. á móti þátttöku útlendinga í rekstri atvinnufyrirtækja á Íslandi sé rangt. Við höfum aftur og aftur lýst því yfir, m.a. með aðild okkar að alls konar frumvörpum sem hafa verið afgreidd á Alþingi, að það sé ekki þannig. En af einhverjum undarlegum ástæðum telja menn þörf á því að sverta okkur einmitt um þessar mundir með orðaleppum og því að leggja okkur í munn afstöðu af því tagi sem ég er hér að lýsa, afstöðu sem er ekki rétt. Hún er röng.

Þetta var um umhverfismálin, herra forseti, og þá kem ég næst að raforkusamningnum og ætla að segja: Ég tel mikla framför fólgna í því að hækka gamla raforkusamninginn. Ég tel að það sé verulegur ávinningur því að það er allt of lágt verð í þeim samningi. Það sem gerist í raforkusamningnum, eins og hann liggur hér fyrir, er að verið er að hækka rafmagnsverðið mjög verulega til ofnanna tveggja og síðan er gert ráð fyrir því að rafmagnsverðið breytist lítið eitt eftir að þriðji ofninn er kominn inn í myndina. Ég tel því að miðað við það sem við höfum í höndunum sé þessi samningur góður.

Hitt verð ég hins vegar að segja, og biðja hæstv. ráðherra að fara um það nokkrum orðum: Talsmenn fyrirtækisins, m.a. í Noregi, hafa sagt: Þetta er góður samningur af því að við borgum helmingi lægra verð fyrir orkuna hér en í Noregi. (**Gripið fram í:** Ekki helminginn.) Það hef ég séð reyndar í fjölmiðlum. Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á því og svo líka hinu að meiri hluti stjórnar Landsvirkjunar hefur tekið um það ákvörðun að loka inni upplýsingar um orkuverðið. Mér hefur verið tjáð að upplýsingar um orkuverðið hafi komið fram í fjölmiðlum í Noregi. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því í hvaða samhengi hann sér þá hluti að verið sé að tala um þetta mál tiltölulega opinskátt í Noregi meðan gerð er tilraun til að hafa þau lokuð hér. Mér sýnist reyndar á fjölmiðlum og heyrist á fjölmiðlamönnum að þeir hafi þessar upplýsingar að talsverðu leyti þannig að það orki mjög tvímælis að hægt sé að halda því fram að orkuverðið sé trúnaðarmál með þeim hætti sem gert var ráð fyrir. En um þetta hefði ég viljað biðja hæstv. ráðherra að fara nokkrum orðum.

Ég vil þá að lokum, herra forseti, áður en ég kem að niðurstöðu minni, segja: Byggðasjónarmiðin skipta máli í þessu dæmi. Það er verið að fara út í stórframkvæmdir á suðvesturhorninu og við Hvalfjörð. Úti á landi horfa menn á þann veruleika og það er eðlilegt. Í umræðunum um Landsvirkjun hér rétt fyrir jólin var talað um að arður ríkisins af eignarhlutanum í Landsvirkjun upp á 80 millj. kr. ætti að fara í atvinnuuppbyggingu á köldu svæðunum, eða eitthvað því um líkt held ég að það hafi verið kallað. Ég tel þetta svo sem upp í nös á ketti miðað við tug milljarða fjárfestingu sem verið er að tala um hér, 30–40 milljarða. En byggðamálin eru vissulega þáttur í þessu máli og ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðherra nefndi þau í ræðu sinni áðan.

Að lokum svo þetta, herra forseti, varðandi málið. Ég tel að kostir þessa máls séu eftirfarandi:

1. Hér er um að ræða starfsemi sem við Íslendingar þekkjum og kunnum á.

2. Hér er ekki um að ræða verulegan stóran áfanga heldur tiltölulega viðráðanlegan.

3. Hér er verðlagsviðmiðun allt önnur en byggt er á t.d. í samningunum í Straumsvík eða ætlunin er að gera varðandi álverið á Grundartanga. Það er ekki byggt á alþjóðlegum hráefnisvísitölum heldur byggt á heildsöluverði í Noregi eins og það þróast á hverjum tíma.

4. Ég tel að orkusamningurinn sé að því leytinu til góður að hann hækkar verðið á núverandi hluta fyrirtækisins mjög verulega en vandinn við orkusamninginn er að nokkru leyti

sá að hann er tengdur við viðbótina upp á fjórða og fimmta ofninn og við vitum ekkert hvað út úr því dæmi getur komið.

5. Ég tel það kost í þessu máli að Íslendingar eru hér að semja við fyrirtæki sem þeir þekkja.

Þá kem ég að göllunum og þeir eru í fyrsta lagi að mjög slæmt orð fer af Elkem að því er varðar t.d. starfslið. Ég tel að Elkem hafi sýnt mikla harðdrægni við stjórnvöld á Íslandi í þessu máli og ég hef áhyggjur af því að vita af þetta stóru fyrirtæki í höndunum á Elkem. Elkem hefur þá kosti að vera stórt og þekkt fyrirtæki en hefur þann galla að vera að sama skapi harðdrægt fyrirtæki. Ég tel það einnig galla í þessu sambandi, herra forseti, að ætlunin er að fara út í þessa stækkun á sama tíma og álverið á Grundartanga verður byggt. Ég tel það galla við dæmið eins og það lítur út. Ég tel það að lokum galla við þetta dæmi að það er hluti af skelfilegri umhverfismynd sem verið er að draga upp hér á landi sem gæti orðið hættuleg fyrir framtíðarlífskjör á Íslandi ef illa fer og loks tel ég það galla við málið, herra forseti, að ég tel að það sé ekki sett fram sem hluti af framtíðarsýn heldur eitt og sér og án tengsla við það sem það í raun og veru tengist.

[15:17]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það frv. sem hér er lagt fram annað en benda á að þeir atburðir sem gerst hafa varðandi stækkun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði og þær umræður sem staðið hafa á milli eignaraðila sýna auðvitað og sanna hve afspyrnuslæmur samningur var á sínum tíma gerður þegar til þessarar verksmiðju var stofnað. Vegna þess að reynslan hefur leitt í ljós að sá samningur sem gerður var um meirihlutaeign Íslendinga í fyrirtækinu var um óvirka meirihlutaeign, ef marka má orð hæstv. iðnrh. sjálfs, sem gerði það að verkum að þegar erfitt árferði var fyrir verksmiðjuna urðu Íslendingar að reiða af höndum verulega fjármuni til þess að tryggja starfrækslu hennar undir þeim hatti að þeir væru jú meirihlutaeigendur verksmiðjunnar og hefðu því mesta ábyrgðina, en þegar síðan átti að nota þá meirihlutaeign í samningum um stækkun verksmiðjunnar kom í ljós að meirihlutaeignin var óvirk. Með öðrum orðum urðu samningarnir sem gerðir voru á sínum tíma einfaldlega til þess að leggja Íslendingum á herðar skuldbindingar umfram aðra án þess að réttindi fengjust á móti.

Í öðru lagi hefur líka komið í ljós að þeir samningar sem gerðir voru við Elkem um 3% þróunargjald voru ekki hagfelldir okkur Íslendingum, enda var það svo um margra ára skeið áður en tókst að afnema það þróunargjald að verksmiðjan flutti tækniþekkingu og nýmæli í stjórnum og vinnubrögðum út til annarra verksmiðja Elkem en þáði ekki þróunaraðstoð af einu eða neinu tagi, hvorki varðandi skipulagningu vinnu né í tækniþróun frá Elkem þrátt fyrir greiðslu sérstaks gjalds til þess erlenda sameignaraðila. Niðurstaðan af þeim samningaviðræðum sem farið hafa fram er að mínu viti sú að þær sýndu fram á að þeir samningar sem gerðir voru þegar til stofnunar verksmiðjunnar var gengið voru ekki hagfelldir frá sjónarmiði okkar Íslendinga, því miður.

Þess vegna er nokkur ástæða til að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. ráðherra um framhaldið. Í fyrsta lagi er það mín spurning: Er búið að tryggja að Elkem, sem verður meirihlutaeigandi að járnblendiverksmiðjunni gangi þeir samningar fram sem nú er leitað staðfestingu á, muni ekki krefja verksmiðjuna í framtíðinni um þróunargjald eða ígildi þess?

Nú er það vitað um margar aðrar verksmiðjur í eigu Elkem að þar er lagt á sérstakt stjórnunargjald til aðalstöðva Elkem sem er þróunargjald með öðru nafni, þ.e. hluti af arði verksmiðjanna sem Elkem rekur og á er færður til aðalstöðvanna með þeim hætti að verksmiðjurnar eru látnar borga að vísu ekki þróunargjald heldur sérstakt stjórnunar- og umsýslugjald til aðalstöðvanna. Það er sú aðferð sem Elkem hefur til þess að ná til sín í eigin umsvif verulegan hluta af arði þeirra verksmiðja sem reknar eru á vegum þessa fyrirtækis. Því ítreka ég spurningu mína: Er búið að tryggja að slík gjaldtaka verði ekki af hálfu Elkem þegar járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði er komin í þeirra hendur?

Í öðru lagi er líka eðlilegt að spurt sé: Er búið að tryggja að það þróunarstarf sem unnið hefur verið á vegum járnblendiverksmiðjunnar og hefur skilað gríðarlegum árangri sem hefur m.a. verið nýttur í þágu annarra sambærilegra verksmiðja á vegum Elkem verði áfram unnið á Íslandi? Hvernig hefur það verið tryggt?

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál þó full ástæða væri til, m.a. vegna þess að ég á sæti í þeirri nefnd sem fær frv. til athugunar, en eins og sjá má eru það fremur önnur atriði sem valda þessum umþenkingum mínum heldur en endilega það sem kemur fram í hinum fáu frumvarpsgreinum frv., enda eru þær út af fyrir sig held ég ekki ágreiningsefni í þinginu, menn eru almennt sammála um það sem þar kemur fram, en ég tel að af þessum samskiptum við Elkem megum við Íslendingar ýmislegt læra. Ég tel vissulega ástæðu til þess og er ég ekki andstæðingur þess að leitað verði eftir erlendu áhættufjármagni í atvinnustarfsemi á Íslandi heldur því mjög fylgjandi, en engu að síður, miðað við reynsluna sem við höfum haft af samstarfinu við Elkem, þá hef ég nokkrar áhyggjur af því að það samstarf kunni að reynast okkur áfram mjög erfitt.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur nú farið yfir þetta frv. og hef ég ekki miklu við það að bæta sem hann sagði efnislega um einstaka þætti málsins. Ég vil nota þetta tækifæri og koma á framfæri nokkrum hugleiðingum sem tengjast stóriðjumálum og atvinnuuppbyggingu almennt. Þetta tækifæri er ekki verra en hvað annað sem nú býðst í röðum til þess.

Satt best að segja, herra forseti, er ég nokkuð undrandi á því að ekki skuli hafa orðið meiri umræður um það á Alþingi á þessum vetri hvert verið er að stefna almennt í þessum efnum. Það er að mínu mati mjög brýnt að menn taki sér fyrir hendur að fara í almenna umræðu um hvert á að stefna varðandi atvinnuuppbyggingu af þessu tagi, þó ekki væri nema a.m.k. að menn veltu því eitthvað fyrir sér hve mikið við ætlum að byggja ef þær aðstæður skyldu nú koma að menn væru bara á færibandi tilbúnir til þess að rúlla hér inn með fabrikku. Á þá bara að virkja og virkja og virkja og virkja og byggja og byggja og byggja og byggja fleiri og fleiri og fleiri og fleiri álver — eða hvað? Hafa menn eitthvað lagt það niður fyrir sér í þessum efnum t.d. hversu skynsamlegt væri að fara hratt í þessa hluti? Hvað skynsamlegt sé í öllu falli að gera mikið samtímis o.s.frv.? Svarið er nei. (**Gripið fram í:** Jú.) Svarið er nei. Það eru rekin hér batterí sem eru á fullu út um allan heim og kaupandi fokdýrar auglýsingar þar sem láglaunaskattafríðindaparadísin Ísland er kynnt. Það er dælt milljónum á ári hverju í þennan erindrekstur, þennan áróður, og ég veit ekki til þess að menn hafi sett sér nein takmörk

fyrir því hverjir eru teknir inn á teppið og við hverja er rætt, enda eru áformin og plönin, ef þau eru öll lögð saman, býsna mörg. Það er ástæða til að fara yfir það, herra forseti. Það er verið að stækka í Straumsvík. Hér er frv. um að stækka járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Fyrir tveim vikum eða svo var verið að ræða um álver á Grundartanga. Það sofa áform um risaálver á Keilisnesi og fleiri fabrikkur er í farvatninu eða á undirbúnings- og rannsóknarstigi, m.a. á Suðurnesjum.

Það sem ég gagnrýni fyrst og fremst í þessu, herra forseti, er að mér finnst vera anað áfram í blindni á grundvelli gamaldags, úreltrar hugmyndafræði gömlu stóriðjustefnunnar sem menn hafa því miður ekki tekið til endurskoðunar í ljósi nútímaaðstæðna. (Gripið fram í.) Menn hafa ekki gert það. Það er nærtækt þegar í hlut á hæstv. fyrrv. iðnrh., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að honum sé málið skylt, þar er skylt skeggið hökunni.

Það er mjög sorglegt, herra forseti, að það skuli vera svo að þessi gamla stóriðjustefna skuli ríða hér húsum. Menn hafi ekki lagt niður fyrir sér í ljósi aðstæðna, eins og þær blasa við nú og inn í framtíðina, hvernig við ættum að haga þessum málum á Íslandi. Stóriðjan, þessi hefðbundna, orkufreka stóriðja er atvinnugrein gærdagsins í mörgum skilningi. Þetta er atvinnugrein sem menn eru víða að reyna að koma af höndum sér af því að hún mengar, hún tekur mikla orku, hún verður þeim ríkjum þar sem hún er fyrirferðarmikil erfið þegar kemur að því að mæta vaxandi og hertum umhverfiskröfum. Þetta liggur allt fyrir. Menn reikna ekki með því að þessar greinar verði þær greinar sem á næstu öld komi til með að borga hæstu launin og skaffa bestu lífskjörin, þvert á móti. Það er almennt reiknað með því að þarna sé á ferðinni iðnaður sem muni þróast í átt til að verða láglaunaiðnaður á sama tíma og hátæknigreinar, hugbúnaðariðnaðurinn og þekkingariðnaðurinn og ýmsar skyldar greinar, ýmiss konar fínni tækniiðnaður, er það sem menn veðja á og fjárfesta í þar sem menn eru að reyna að sjá eitthvað inn í framtíðina. Þá gerist það uppi á Íslandi að allt í einu er sett á fulla ferð og anað áfram, keyrt áfram á grundvelli þessarar gamaldags, úreltu stóriðjustefnu sem hér var innleidd sem mikið trúboð á 7. og 8. áratug þessarar aldar.

Um það er engin deila, herra forseti, þó að hlutirnir séu stundum settir upp með þeim hætti að við eigum að reyna að gera okkur mat úr þeirri orku sem er ónýtt í landinu. Það er heldur held ég ekki neinn ágreiningur um það í sjálfu sér að stærri iðnaðarkostir, stóriðja geti í bland, verið farsælir og heppilegir kostir með. Ég a.m.k. útiloka það síður en svo og hef aldrei gert. Ég held hins vegar að við þurfum að leggja þetta mjög vel niður fyrir okkur þegar í hlut eiga mjög stórar fjárfestingar og við erum að binda virkjunarkostina, þá hagkvæmustu reyndar sem teknir eru fyrst, til mjög langs tíma. Staðreyndin er sú að þó að af uppbygging af þessu tagi eins og t.d. stækkuninni á Grundartanga eða álverinu þar, ef það kemur, hljótist talsvert mikil umsvif á byggingartímanum eru nettóáhrifin á þjóðarbúskapinn að því loknu merkilega lítil næstu 30–40 árin, á afskriftatíma þessara miklu fjárfestinga. Þá gerir þetta ekki miklu betur en að vinna fyrir sér. Samningarnir eru yfirleitt ekki merkilegri en það. Jú, það skapast þarna störf en þau eru ákaflega dýr miðað við þá fjárfestingu sem á bak við hvert starf liggur. Það liggur fyrir að það er nánast ekki til dýrari aðferð við að skaffa ný störf heldur en setja þau í orkufreka stóriðju. Starfstækifærin sem slík, hvert starf, er óvíða ef nokkurs staðar dýrara en akkúrat þarna. Það liggur í hlutarins eðli því að þetta er ekki ýkja mannaflafrek starfsemi miðað við þær tölur sem þarna eru á ferðinni. Dýrt verður nú kosningaloforð Framsfl. upp á 12 þúsund störfin ef hvert þeirra á að kosta eins og hér á í hlut. (**Gripið fram í:** Þaða er mikill verðmætabaggi.) Verðmætin eru þó nokkur fyrir þau fyrirtæki sem þarna reka starfsemi, en það er því miður svo að þau fyrirtæki eru erlend og ætla sér að hafa eitthvað fyrir sinn snúð. Það sem í hlut okkar Íslendinga kemur er endurgjaldið fyrir fyrst og fremst tvennt. Það er fyrir vinnulaun þeirra Íslendinga sem starfa við þetta fyrirtæki, einhver örfá störf í virkjunum og endurgjaldið fyrir raforkuna sem seld er. Það dæmi er þannig að í raun og veru eru nettóáhrifin á þjóðarbúskapinn merkilega lítil eftir að byggingartímanum lýkur á meðan verið er að afskrifa viðkomandi virkjanir og tekur 30–40 ár, eða guð má vita hvað. (**Gripið fram í:** Og einhverjir skattar.) Einhverjir skattar eru svo greiddir já, segir hæstv. ráðherra. Við skulum vona að svo verði og að ekki þurfi að gefa þá eftir, en það hefur gengið á ýmsu.

Ég vil í öðru lagi, herra forseti, minnast á að það er óumdeilanlega neikvætt að mínum dómi þegar sú heildarmynd er skoðuð, sá stóriðjupakki allur saman sem er á mismunandi stigum ákvörðunartöku eða er þegar ákveðinn, að allar þessar framkvæmdir með tölu eru á einu og sama landshorninu þar sem fyrir er mesta þéttbýlið. Neikvæð byggðaáhrif af þeim fjárfestingum og framkvæmdum öllum verða því óumdeilanlega mjög mikil eða á því er veruleg hætta. Það er merkilega hljótt um þá hlið málsins og hefði nú einhvern tímann þótt tíðindi að Framsfl. gengi alveg sérstaklega fram fyrir skjöldu í þeim efnum. Það er þannig hvað sem hver segir að verksmiðjurnar eru allar á suðvesturhorninu við Faxaflóann og reyndar flestar aðrar stórframkvæmdir eða stærri framkvæmdir sem í gangi eru eða eru fyrirhugaðar. Það er þannig. Maður hlýtur þá að spyrja sig: Getur það haft önnur áhrif en þau að það verki til enn frekari röskunar í byggðamálum heldur en orðið er? Og er þó útlitið nógu dökkt þar um þessar mundir þar sem fólksflóttinn frá landsbyggðinni til suðvesturhornsins eða úr landi er núna með því mesta sem hann hefur verið. Þau dimmu ár sem við sjáum nú t.d. miðað við árið í fyrra eru nánast jafnslæm og verstu árin á 9. áratugnum.

Ég held líka í þriðja lagi að merkilega lítið hafi verið rætt um þau stóru mál sem lúta að þegar orðnum eða væntanlegum þjóðréttarlegum skuldbindingum okkar á grundvelli bindandi samninga um að draga úr losun svonefndra gróðurhúsalofttegunda. Það er satt best að segja alveg stórmerkilegt að menn skuli vera með til umfjöllunar á borðum ríkisstjórnar svo gott sem sömu dagana, annars vegar það hvernig við eigum að mæta þeim skuldbindingum sem fram undan eru um að draga úr þessari losun og hins vegar stóriðjuframkvæmdir um að auka hana á annað hundrað prósent á fáeinum árum. Það er aukning sem kemur öll til sögunnar eftir þau viðmiðunarár sem verða tekin, þ.e. losunin eins og hún var á árinu 1990. Þetta liggur fyrir. Hvernig ætlar Framsfl. sem fer með þetta og situr öllum megin borðsins að snúa sig út úr þessu? Það gengur ekki að fara í gegnum þessa umræðu aftur og aftur eins og hæstv. umhvrh. gerði og sleppa því að svara. Hver á að draga úr losuninni á móti, eins og spurt var um í utandagskrárumræðunni áðan, þeirri aukningu sem verið er að leggja til að heimila hér upp á 300–400 þúsund tonn eða 700–800 þúsund tonn ef allt er tekið með, Straumsvík, stækkun járnblendiverksmiðjunnar, viðbótarál-

ver á Grundartanga o.s.frv.? Hver á að draga úr henni á móti? Er það íslenski flotinn? Það er ekki mörgum öðrum til að dreifa sem eru það stórir og mælast þannig í þessu samhengi að eitthvað mundi draga um það. Menn verða að horfast í augu við að þetta eru alvörumál, ekki nema Ísland ætli að segja sig úr Sameinuðu þjóðunum og gera sjálfum sér það *til ævarandi skammar* að vera ekki aðili að þeim alþjóðlegu skuldbindingum á sviði umhverfisverndar sem verið er að reyna að koma á og allir hugsandi menn á jörðinni vita að er lífsnauðsynleg eigi mannlíf að geta haldið áfram á þessum hnetti. Og guð má vita hversu langt við erum nú þegar komin fram á bjargbrúnina m.a. hvað varðar t.d. veðurfarsbreytingar sem því miður liggur fyrir nánast óhrekjanlega sannað að eru að verða vegna upphitunar andrúmsloftsins.

Það skyldi nú ekki fara svo að sennilega yrðu fáar ef nokkrar þjóðir í heiminum jafnharkalega fyrir barðinu á þeim breytingum og einmitt við Íslendingar. Það er margt sem bendir til þess að þær loftslagsbreytingar gætu sett af stað ferli í lífríki hafsins í kringum okkur hvað varðar hafstrauma og líffræðileg skilyrði sem yrði þvílík katastrófa að búseta mundi sjálfsagt leggjast hér af, a.m.k. í nútímalegum skilningi þess orðs ef það gerðist sem sum reiknilíkön spá á miðunum umhverfis Ísland í kjölfar hlýnunar upp á kannski ekki nema 1–2 gráður í lofthjúpnum. Það er því ekki þannig að þetta sé vandamál einhverra annarra sem við getum bara yppt öxlum yfir fyrir utan þá siðferðislegu hlið þess máls ef menn ætluðu að skerast úr leik. Þetta kalla ég, herra forseti, að ana áfram í blindni. Að hafa ekki lagt þessa hluti skipulega niður fyrir sér hvað mikið og hve hratt við viljum yfirleitt ráðast í atvinnuuppbyggingu af þessum toga og í hvaða áföngum. Hvaða samhengi hefur það við aðra hluti hjá okkur eins og byggðaþróun og þau umhverfismál og alþjóðlegar skuldbindingar á því sviði. En um þessi mál er ekki rætt og hér liggur ekkert fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í raun og veru af neinu tagi um þessar hliðar málsins.

Herra forseti. Ég tel auðvitað að í þessum samningi sé það kannski lakast að sjá íslenska meiri hlutann í fyrirtækinu afhentan í raun og veru eins og hér á að gera. Í öðru lagi að sjá þessum aðila tryggður réttur til sjálfkrafa stækkunar. Það er dálítið merkilegt hvað menn eru brattir að semja á einu bretti um réttinn til að stækka þessi fyrirtæki langt inn í framtíðina. Það dugar t.d. ekkert minna í starfsleyfinu fína, sem Columbia fékk núna á dögunum, en gefa það strax út upp á 180 þúsund tonn eða þrefalda þá framleiðslu sem á að ráðast í í 1. áfanga. Af hverju gera menn þetta svona? Er áhættan sem tekin er ekki nóg þó að heimilaðir séu eða lögfestir og leyfðir þeir áfangar sem beinlínis á að ráðast í þó ekki sé verið að láta menn hafa þarna framvirka samninga upp á frekari stækkanir? Það tel ég mjög vitlaust m.a. vegna þess að aðstæður kunna að breytast býsna hratt í þessum efnum. Það er alveg eins víst að það verði okkur í óhag að hafa bundið hendur okkar og reyndar miklu fleira sem að mínu mati mælir með því að okkur verði það óhagstætt að hafa bundið hendur okkar að þessu leyti langt fram í tímann.

Það er hárrétt sem hér kom fram að vissulega er kosturinn við þetta mál sá að hækkun á raforkuverðinu næst fram vegna þeirrar framleiðslu sem fyrir er og mér liggur við að segja: skárra væri það nú, því það er óskapleg hörmung þar sem það hefur verið borgað. Ég minni hins vegar á móti á að það sem verið er að gera þessi árin og í tengslum við stóriðjuframkvæmdir sem nú standa yfir eða eru fyrirhugaðar í landinu er að verið er að safna saman í pott hagkvæmustu virkjunarkostunum sem liggja fyrir í kerfinu. Að hluta til er verið að nýta virkjunarkosti sem búið er að undirbúa og jafnvel að nokkru leyti borga af almennum raforkunotendum vegna þess að hluti þeirra framkvæmda og fjárfestinga sem að þeim standa liggja þegar fyrir t.d. á Þjórsársvæðinu. Ég held þess vegna að við verðum að leggja þá hluti mjög vandlega og kirfilega niður fyrir okkur hversu hátt raforkuverð við þurfum í raun og veru að fá, ekki bara til að þessir hagkvæmu virkjunarkostir sleppi og það sé jafnvel einhver afgangur af þeim. Nei, heldur vegna þeirrar framtíðarmyndar sem við okkur blasir, 20–50 ár fram í tímann hvað virkjunarkosti og raforkuverð snertir. Þá er ljóst að röðin kemur miklu fyrr en ella að dýrari og jafnvel stærri kostum sem menn þurfa að ráðast í en annars hefði þurft að verða. Ég held að reikna þurfi það dæmi með verulega langtímahagsmuni í huga. Ég tel raforkuverðið *lágt, mjög lágt og valdi vonbrigðum* þegar það er sett inn í þetta samhengi þó ég mótmæli því ekki og ég vefengi ekki að þessir virkjunarkostir sem slíkir gangi upp miðað við þetta verð út frá þeim spám sem þarna eru lagðar til grundvallar jafnvel þótt flýtingarkostnaðurinn sem slíkur sé reiknaður inn og þetta allt saman uppfært, þá er ég bara ekki endilega sammála þeirri uppsetningu á dæminu. Það er það sem ég er að segja. Ég vil sjá að virkjunarkostirnir, líklegir dýrari áfangar á næstu 20, 30, 40 árum, séu teknir að einhverju leyti með lengra inn í tímann og einhvers konar vegið meðaltal út úr því sé notað til viðmiðunar. (**Gripið fram í:** Það er gert.) Það er ekki gert með þeim hætti, herra forseti, sem hæstv. ráðherra er að gefa í skyn í framíköllum. Þá misskilur hæstv. ráðherra hvað ég er að fara.

Ég gæti í lengra máli, herra forseti, farið yfir þetta út frá einstökum virkjunarkostum og hef nýlega gert það með tölum. Ég tel því að í öllu falli sé það alveg ljóst að þær forsendur sem menn gefa sér eru ekkert sjálfgefnar eða einhlítar. Það má setja þetta dæmi upp á marga mismunandi vegu. Það má líka t.d. horfa á það hvort sá mikli verðmunur sem er og verður til frambúðar því miður væntanlega staðfestur á verði til almennrar raforkunotkunar og þessara stórkaupenda sé eðlilegur og hvort hann eigi að vera svona mikill. Ég hef miklar efasemdir um það. Ég held að þau rök eigi ekki að öllu leyti við sem menn hafa verið að reyna að nota, að almenni markaðurinn sé margir smáir og ótryggir kaupendur o.s.frv. Staðreyndin er auðvitað sú að notkunin þar er að meðaltali mjög stöðug og það má alveg eins líta á almenna markaðinn sem einn kaupanda ef út í það dæmi væri farið með þeim sérkennum sem það hefur. Þó að greiðendurnir séu margir er heildarnotkunin ein tala.

Margt fleira, herra forseti, mætti um þetta segja sem lýtur að samspili þessara ákvarðana, þessara miklu fjárfestinga, raforkuverðsins annars vegar og raforkuverðsins til almennra notenda hins vegar. Það er mín meginniðurstaða í þessum málum að það hafi verið ógæfa að stofna ekki til algerlega sjálfstæðs fyrirtækis eða félags þegar kom að því að virkja fyrir þessa stóru aðila. Landsvirkjun hefði frá byrjun átt að vera skipt eða sjálfstætt fyrirtæki, stofnað þegar Búrfell var virkjað. Frekari stóriðjuframkvæmdir áttu að haldast algerlega aðskildar í sjálfstæðu félagi þannig að ekki væri uppi tortryggni um hver væri að borga fyrir hvern eins og ella er, hefur verið og verður sjálfsagt, því miður, á meðan þetta er í sameinuðu fyrirtæki.

Herra forseti. Mér finnst niðurstaðan hvað þessa samninga snertir í stuttu máli sagt ekki góð. Ég tel að samningamenn hafi verið á hnjánum. Það er að vísu rétt sem hér kom fram

að harðdrægum og harðsnúnum andstæðingum var þar að mæta og eitthvað hrikti í og slitnaði upp úr á köflum í samningagerðinni en niðurstaðan veldur vonbrigðum. Hún hefði átt að geta orðið og hefði þurft að verða allmiklu betri fyrir Ísland til þess að hægt væri að gleðjast yfir því.

[15:44]

Sturla Böðvarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar, frv. til laga um breyting á lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er út af fyrir sig lítið, nett og einfalt frv. ef þannig er litið á málið, þ.e. það fjallar um breytingar á eignaraðild félagsins. En þarna liggur auðvitað miklu meira að baki. Þarna liggur að baki sú grundvallarbreyting að íslenska ríkið eigi ekki lengur meiri hluta í Íslenska járnblendifélaginu.

Ég sé ástæðu til þess, hæstv. forseti, að fagna því að frv. skuli hafa komið fram og sé til afgreiðslu. Vonandi tekur ekki langan tíma að afgreiða það í þinginu. Umræður hafa farið fram um málið. Um það hefur verið rætt og nokkuð góð lýsing gefin á stöðu þess bæði í framsöguræðu hæstv. iðnrh. en einnig voru gefnar skýrslur í utandagskrárumræðu ekki alls fyrir löngu þannig að ekki er ástæða til að hafa mörg orð um málið af minni hálfu. Engu að síður vil ég fara örlítið yfir það.

Ef við lítum á sögu uppbyggingar stóriðju á Íslandi hefur hún ekki alltaf verið dans á rósum. Það var og hefur verið sannfæring margra að við ættum að reyna að nýta raforkuna sem mest til iðnaðaruppbyggingar. Við ættum að byggja upp orkufyrirtæki og virkja en til þess að það mætti verða hefðum við að sjálfsögðu þurft að hafa stærri og meiri kaupendur en sem nemur einungis almennri notkun í landinu vegna heimilisnotkunar og þeirrar iðju sem hér er stunduð í tengslum við aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, þ.e. landbúnað og sjávarútveg. Þess vegna hefur verið leitast við á undanförnum árum að ná samningum við stóriðjufyrirtæki um byggingu fyrirtækja. Ég held að það sé staðreynd sem verði að líta til að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa með einum eða öðrum hætti komið að því verki og þeim tilraunum sem við höfum staðið í, þ.e. að ná samningum um stóriðjufyrirtæki. Það hafa að vísu verið skiptar skoðanir. Staðreyndin er hins vegar sú að í rauninni hafa ekki nema tvö fyrirtæki verið reist sem raunveruleg stóriðjufyrirtæki, álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga.

Ef litið er á járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga er saga hennar að ýmsu leyti þyrnum stráð. Lög um hana voru sett 1975. Það liðu ekki nema tvö ár þangað til gera þurfti breytingar á lögunum vegna þess að þá höfðu orðið eigendaskipti og Elkem kom inn. Árið 1984 kom Sumitomo Corporation inn í fyrirtækið sem eignaraðili en í millitíðinni hafði fyrirtækið gengið í gegnum heilmikla erfiðleika. Árið 1982 hafði þurft að auka hlutaféð og standa fyrir aðgerðum til að styrkja félagið sem þá hafði verið rekið um nokkurn tíma.

Um 1990 gekk fyrirtækið í gegnum geysilega mikla erfiðleika. Lægð var í verði á afurðum og 1992 var fyrirtækið komið í mjög mikil vandræði en það stafaði m.a. af því að markaðsaðstæður voru slíkar að stórtap var á rekstrinum. Þá þurfti að endurskipuleggja og auka hlutafé og með mjög harðsnúnum aðgerðum tókst að rétta þessa skútu við. Það voru hins vegar ekki mjög einfaldar aðgerðir. Þær samanstóðu annars vegar af að segja upp starfsfólki, hagræða þarna mjög harkalega, fækka fólki og gera breytingar. Ná fram breytingum á raforkusamningi sem fólu það í sér að greiðslum til Landsvirkjunar var frestað í raun. Breytingar á mörkuðum og aukin eftirspurn leiddi til þess síðar að markaðsverð á framleiðslu verksmiðjunnar hækkaði. Þetta leiddi til þess að rekstur fyrirtækisins gerbreyttist og hefur síðustu ár verið mjög góður. Það hefur verið rekið með prýðilegum árangri. Þegar farið var að ræða um stækkun á járnblendiverksmiðjunni var fyrirtækið í þeirri stöðu að geta talist mjög vel rekið iðnfyrirtæki þannig að auðvitað var allt annað upplit hjá stjórn fyrirtækisins, stjórnendum og forsvarsmönnum eigenda af hálfu Íslendinga að fara í viðræður um bæði stækkun og breytta eignaraðild en hefði verið við þær aðstæður ef fyrirtækið væri rekið með halla. Það er auðvitað grundvallaratriði. Bæði snýr það að því að hleypa inn nýjum aðilum með aukið fé og meiri hluta og svo hins vegar snýr það auðvitað að Landsvirkjun sem þeim aðila sem þurfti að semja um nýjan og breyttan orkusamning.

Vegna þess að verið er að fjalla um að íslenska ríkið eigi ekki lengur meiri hluta fyrirtækisins, þá þarf að átta sig á því hvers konar fyrirtæki þetta er. Ég held að óhætt sé að segja að miðað við stóriðjufyrirtæki sé þetta að mörgu leyti einstakur vinnustaður. Hann hefur verið eftirsóttur, menn eiga þarna langan starfsaldur og menn hafa sóst eftir því að vinna hjá Íslenska járnblendifélaginu og það hefur verið talinn góður vinnuveitandi. Mjög mikil áhersla hefur verið lögð á rannsóknir og þróunarstarf hjá fyrirtækinu. Umtalsverðir fjármunir hafa árlega verið settir í það. Hjá fyrirtækinu starfa mjög vel þjálfaðir starfsmenn, vel menntaðir og prýðisvísindamenn á sínu sviði sem hafa unnið að því að þróa framleiðsluna, vélbúnað og hugbúnað vegna fyrirtækisins. Það er með þeim ágætum að út hefur spurst til annarra aðila sem vinna á þessum vettvangi. Þetta þróunarstarf hefur m.a. leitt til þess að tæknibúnaður hefur verið seldur frá verksmiðjunni til annarra verksmiðja, tæknibúnaður sem hefur verið þróaður af starfsmönnum járnblendifélagsins. Fram hefur komið af hálfu starfsmanna Elkem að litið er til starfsmanna járnblendifélagsins sem frumkvöðla á þessu sviði. Þetta er auðvitað mjög mikils virði og skiptir mjög miklu máli þegar fulltrúar eigenda, íslenska ríkisins, ganga til þess verks að semja um að aðrir komi til með að auka hlutdeild sína í fyrirtækinu. Virði fyrirtækisins hlýtur að hafa aukist með þessu öfluga þróunar- og rannsóknarstarfi.

Einnig má minna á það sem ég nefndi fyrr í dag í umræðunni að lögð hefur verið áhersla á tengsl fyrirtækisins við t.d. Háskóla Íslands og þannig tel ég að vegur fyrirtækisins hafi vaxið. Það má segja og draga saman að stjórnendur fyrirtækisins og framkvæmdastjórn hefur lagt mikinn metnað í að þar væri góð starfsemi rekin, framsækin starfsemi og þannig hefur staða fyrirtækisin verið styrkt.

Staða Íslenska járnblendifélagsins í þessu ljósi skiptir auðvitað miklu máli vegna þess að í gildi er raforkusamningur við fyrirtækið til næstu 20 ára. Að þeim samningum hafa annars vegar forsvarsmenn fyrirtækisins komið og hins vegar fulltrúar Landsvirkjunar sem hafa talið mjög mikilvægt að ná samningum um raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar til frambúðar og þannig væri hægt að tryggja raforkusölu frá Landsvirkjun og uppbyggingu virkjana á vegum Landsvirkjunar og bætt þannig hag þess fyrirtækis.

Þar sem ég er að fara yfir hvernig fyrirtækið, Íslenska járnblendifélagið, hefur styrkt stöðu sína má ég til með að nefna það sem hefur verið aukabúgrein hjá þeim ágætu mönnum sem þar hafa staðið við stjórnvölinn. Það er hlutafélagið Spölur sem stendur fyrir því að grafa göng undir

Hvalfjörðinn. Ég held, hvað sem öðru líður, að hugmyndafræðingar þess verks hafi fyrst og fremst verið í kringum járnblendiverksmiðjuna. Menn hafa litið svo á í stjórn þess fyrirtækis að mikilvægt sé að bæta samgöngurnar inn á höfuðborgarsvæðið. Það styrki stöðu fyrirtækisins og þá um leið bæti það samgöngur vestur um land.

Þannig er staðan. Hins vegar er það niðurstaða stjórnenda járnblendiverksmiðjunnar að styrkja mætti stöðu fyrirtækisins enn betur. Hvernig væri það gert? Jú, það væri gert með stækkun verksmiðjunnar. Í raun væri bráðnauðsynlegt að stækka verksmiðjuna til þess að með nokkru öryggi mætti líta fram á veg og segja: Fyrirtækið getur staðið af sér — að því leyti sem hægt er að fullyrða slíka hluti — samkeppni sem kann að koma upp í lækkandi verði á markaði. Með stækkun væri aðeins hægt að tryggja stöðu fyrirtækisins til frambúðar. Það var í ljósi þess sem umræður og athuganir á því sviði fóru af stað. Menn töldu það nauðsynlegan kost að byggja þriðja ofninn til þess að auka hagkvæmni verksmiðjunnar.

Hæstv. iðnrh. hefur farið mjög ítarlega yfir hvernig allir þeir hlutir gengu fyrir sig. Hvernig viðræður fóru af stað við meðeigendur íslenska ríkisins í járnblendiverksmiðjunni og hver niðurstaðan varð.

Ég sagði áðan, hæstv. forseti, að raforkusamningurinn og sala á raforku til fyrirtækisins skiptir auðvitað mjög miklu máli. Raforkusamningurinn felur það í sér að strax verður breyting á kaupskyldu fyrirtækisins úr rúmlega 60% í það að verið er að kaupa 85% af því afli sem er nýtt og með þriðja ofninum hækkar það upp í 95%. Það skiptir mjög miklu máli um afkomu og arð Landsvirkjunar af þessari raforkusölu að svo mikil kaupskylda skuli vera hjá fyrirtækinu. Það er auðvitað mjög stórt atriði. Ég tel því að frá sjónarhóli Landsvirkjunar sé mjög vel fyrir hlutunum séð.

Sömuleiðis fór hæstv. iðnrh. yfir það að fengnir voru óháðir aðilar til að meta þessa eign sem Íslenska járnblendifélagið er. Það var því gengið mjög faglega til verks og reynt að ná fram upplýsingum um hvers virði þetta ágæta fyrirtæki væri. Það er ekki auðvelt verkefni að meta það á svo sveiflukenndum markaði sem þessi starfsemi er. Engu að síður voru þrjú virt fyrirtæki, eitt erlent og tvö innlend, fengin til að leggja mat á virði fyrirtækisins. Á grundvelli þess mats var síðan gengið til samninga og niðurstaða fengin um aukna eignaraðild Elkem. Niðurstaðan varð sem sagt sú af hálfu hinna íslensku samningsaðila og hæstv. iðnrh. að ná samningum og ná lendingu um að Elkem, þetta norska fyrirtæki sem hefur verið samstarfsaðili okkar í nokkuð langa tíð, yrði meirihlutaaðili.

Það hefur verið nokkuð gagnrýnt og efasemdir hafa komið fram um ágæti þess að íslenska ríkið léti af hendi meiri hluta í fyrirtækinu og léti hann í hendur norska fyrirtækisins Elkem. Afstaða mín er sú að ég tel að við þær aðstæður sem nú hafa skapast með því að fyrirtækið er komið á beina braut, orðið mjög öflugt og sterkt, þá hefðu skapast skilyrði til þess að íslenska ríkið losaði sig úr meirihlutaeigninni. Ég tel fullkomlega eðlilegt að ganga til samninga við Elkem um það atriði.

Menn spyrja auðvitað hvaða hættur geti falist í meirihlutaeign Elkem. Er hætta á að þeir misnoti aðstöðu sína með því að millifæra og stunda óeðlilega viðskiptahætti við hið íslenska fyrirtæki? Þau svör sem hafa fengist hvað þetta varðar eru að um þessa starfsemi munu gilda alþjóðlegar reglur sem hafa verið settar og eru í gildi og hafa nýst mjög vel gagnvart Ísal. Það er auðvitað gengið út frá því að fyrirtækið sé sjálfstæð hagnaðareining þannig að einn eignaraðilinn geti ekki misnotað aðstöðu sína með því að taka afrakstur út úr fyrirtækinu á óeðlilegan hátt og skert þannig stöðu þessarar rekstrareiningar.

Það þarf auðvitað að undirstrika það mjög vandlega og rækilega að vel sé fylgst með. Á meðan fulltrúar ríkisins eru með verður að leggja mjög mikla áherslu á að vel sé fylgst með því sem þarna er að gerast þannig að hagsmunir íslenska ríkisins sem hluthafa verði ekki fyrir borð bornir. Það er afar mikilvægt að halda þannig á málum. En ég trúi og treysti því að þær alþjóðlegu reglur sem gilda um viðskipti, svokallaðar armslengdarreglur, haldi og það þarf að fylgjast að sjálfsögðu mjög vel með því.

Hæstv. forseti. Tími minn er að verða búinn og vil ég því stytta ræðu mína. Ég vil bara endurtaka það að ég tel að við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir, þá sé fullkomlega eðlilegt að við samþykkjum það frv. sem hér er lagt fram um að heimila að ríkið láti af hendi meirihlutaeign sína í Íslenska járnblendifélaginu hf. Það er sannfæring mín að með því að stækka járnblendiverksmiðjuna og gera hana að hagkvæmari rekstrareiningu verði hún tryggð og treyst sem vinnustaður. En auðvitað þarf áfram að halda vel á spöðum og hyggja að hagsmunum bæði orkuseljandans og ekki síður starfsfólksins sem þar vinnur og hefur lagt metnað sinn í að byggja þetta fyrirtæki upp, gera það hagkvæmt og gera það að góðum vinnustað.

Með þeim orðum við ég ljúka máli mínu, virðulegi forseti.

[16:03]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið mjög málefnaleg. Í umræðunni hefur verið beint til mín nokkrum spurningum sem ég ætla að reyna að svara.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir fullyrti fyrr í umræðunni að mengunarvarnir fyrirtækisins væru í megnasta ólestri. Þessu verður að mótmæla mjög harðlega því svo er alls ekki. Í skýrslu sem Hollustuvernd ríkisins gaf út 25. febrúar sl. kemur fram að þegar við berum saman þann tíma sem þessir tveir ofnar verksmiðjunnar hafa verið í gangi og svo þann tíma sem reykur hefur sloppið út eða útblástur hefur átt sér stað, þá er það mjög svipað og verið hefur, því í þessari skýrslu er gerður samanburður á 10 ára tímabili, frá og með árinu 1986 aftur til ársins 1996.

Varðandi ofn I, þá hefur reykhreinsibúnaðurinn verið í gangi 99,28% af þeim tíma sem ofn I hefur verið í gangi á árinu 1996. Í 98,7% af þeim tíma sem ofn II hefur verið í gangi hefur reyklausi búnaðurinn verið í gangi. Það er því alls ekki hægt að halda því fram, síður en svo, að mengunarvarnir fyrirtækis séu í ólestri, fyrir utan það að í þeim reyk sem þarna sleppur út eru ekki hættuleg efni, þau bindast ekki öðrum efnum í andrúmsloftinu. Þarna er fyrst og fremst um ryk að ræða sem veldur engum skaðlegum áhrifum heldur hið gagnstæða vegna þess að víða í Evrópu er þetta ryk notað til að bæta gróðurhúsamold.

Menn gera mikið af því að bera Ísland saman við Noreg í mengunarmálum. Hvað snertir járnblendifélagið erum við langt á undan Norðmönnum, gerum miklu ríkari kröfur því við gerum þá kröfu að sá tími sem hreinsibúnaðurinn er í gangi megi ekki fara undir 98% af þeim tíma sem ofninn er í gangi. Við erum langt yfir þeim mörkum. Í Noregi hins vegar

eru menn ekki með strangari kröfur en 96%. Fyrirtækið hefur núna að undanförnu nýtt mjög þá fjármuni sem það hefur haft í hagnað af rekstri til þess að bæta stöðu fyrirtækisins hvað mengunarmál snertir.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði hvort það væri ekki alveg klárt í þessum nýju samningum milli eignaraðilanna að frá því væri gengið að Elkem gæti ekki tekið þróunargjöld eða markaðsgjöld eða önnur sambærileg gjöld sérstaklega af fyrirtækinu og náð þannig út verulegum fjármunum. Það er alveg klárt frá því gengið og ég kom inn á það í framsöguræðu minni áðan að samhliða samkomulaginu um stækkun náðist líka samkomulag um nokkur mjög mikilvæg rekstraratriði í fyrirtækinu. Í fyrsta lagi, og þá svara ég því sem hv. þm. Svavar Gestsson spurði um hér fyrr við umræðuna, að rannsóknar- og þróunarstarf sem verið hefur í gangi í fyrirtækinu verði eflt samkvæmt þessum samningi. Elkem hefur á undanförnum árum valið að fara þá leið að fara með rannsóknarstarfsemina meira og minna út úr fyrirtækjunum og inn í miðlæga starfsemi. Það hefur orðið breyting á þessari stefnumótun hjá fyrirtækinu og nú hefur þetta aftur verið fært inn í fyrirtækin. Í þeim samningi sem þarna hefur verið gerður er gengið út frá því að þetta verði eflt.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessum samningi að óháður mælikvarði sem byggist á viðskiptum milli óskyldra aðila eigi við um öll viðskipti félagsins. Þar svara ég þá líka þeirri spurningu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar upp, svo og hv. þm. Svavar Gestsson og einnig kom hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon inn á þetta fyrr í umræðunni. Það kemur hins vegar fram í frv. að við þá samninga sem þarna voru gerðir verða Elkem greiddar þrisvar sinnum 5 millj. norskra króna þegar rekstur ofns III hefst. Með þessum 15 millj. norskra króna er tryggt að þriðji ofninn verði nýttur að fullu strax í upphafi þannig að það eru verulegir hagsmunir fyrirtækisins.

Í þriðja lagi kemur líka skýrt fram í þessu samkomulagi að hver hluthafi hefur rétt á því að skipa óháðan löggiltan endurskoðanda til þess að fara yfir viðskiptin í fyrirtækinu fyrir hönd eignaraðilanna. Síðan er gert ráð fyrir því til að valda ekki neinni tortryggni milli eignaraðila að fyrirtækið verði rekið sem sjálfstæð rekstrareining.

Hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kvörtuðu undan því í þessari umræðu að þetta mál væri lítið mál, sem það að vissu leyti er, lagafrv. sem slíkt. Samningurinn, eignabreytingin og sú framtíðarstefna sem fyrirtækinu er mótuð er engu að síður mjög stórt mál. En hv. þm. Svavar Gestsson kvartaði undan því að inn í þetta vantaði alla framtíðarsýn. Það eru svipuð umkvörtunarefni og hv. þm. kom fram með við 1. umr. þegar ég mælti fyrir frv. um byggingu álvers á Grundartanga. Þá fór ég mjög rækilega yfir þá framtíðarsýn á uppbyggingu í atvinnulífinu sem ég hef verið að kynna á þeim fundum sem ég hef átt með samtökum iðnaðarins víða um land. Ég heyrði það á hv. þm. að hann var ekki að öllu leyti sammála þeirri áherslu sem þar var uppi, en tók þó að mörgu leyti undir ef ég hef skilið hv. þm. rétt. Þetta mál fellur nákvæmlega inn í þá framtíðarsýn vegna þess að þar var gert ráð fyrir því að ef við ætluðum að vera búin að byggja upp ákveðna hluti og ná ákveðnum markmiðum árið 2005 eins og ég gerði þá grein fyrir, þá þyrftum við að ná fram stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og þá þyrftum við að byggja álver Columbia á Grundartanga, þannig að þetta fellur inn í þá framtíðarsýn. Fyrir utan það gerði ég líka grein fyrir því að vöxturinn væri ekki bara í stóriðjunni, heldur hið gagnstæða. Vöxturinn væri á mörgum öðrum sviðum eins og hv. þm. minntist hér á áðan, í greinum eins og hugbúnaðariðnaði, lyfjaiðnaði, í nýjum atvinnugreinum sem við erum farin að skilgreina sem atvinnugreinar eins og í tónlistariðnaði og kvikmyndaiðnaði sem menn hafa skilgreint sem listgreinar hingað til en eru auðvitað ekkert annað en hreinar atvinnugreinar og eru hjá mörgum þjóðum margar mikilvægustu atvinnugreinarnar. Í Svíþjóð er skemmtanaiðnaðurinn þriðja stærsta atvinnugreinin og í Bandaríkjunum næststærsta atvinnugreinin þannig að á þetta er lögð áhersla.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ekki væri rétt að skoða önnur atriði eins og skattamál í nefnd. Ég hef ekki neitt við það að athuga og mér finnst eðlilegt að það verði farið mjög gaumgæfilega yfir frv. og gildandi lög og að metið verði af nefndinni hvort ástæða er til þess að gera frekari breytingar, en ég ítreka þó að slíkar breytingar þarf að einhverju leyti að gera í samráði við meðeigendur okkar í fyrirtækinu þannig að það þarf að hafa það í huga ef tillögur verða gerðar um slíkar breytingar.

Með þessu frv. er verið að stíga mikilvægt skref. Mönnum kann auðvitað að finnast það misjafnlega mikilvægt en það er þó þannig að þarna er verið að losa um meirihlutaeign Íslendinga í þessu fyrirtæki. Við áttum 55% í fyrirtækinu en með þeirri breytingu að einvörðungu Elkem auki eignarhlut sinn í fyrirtækinu lækkar okkar eignarhlutur úr 55% niður í 38,5% og getur farið neðar ef ákvarðanir verða teknar um fjórða og fimmta ofn sem eru þó á engan hátt skuldbindingar. Ég vonast til að ég hafi ekki mátt skilja hv. þm. Svavar Gestsson þannig að samningur eða yfirlýsing Landsvirkjunar við fyrirtækið væru einhverjar skuldbindingar um fjórða og fimmta ofninn. Það er fyrst og fremst viljayfirlýsing þar sem það eru sameiginlegir hagsmunir Elkem og að mínu viti líka Landsvirkjunar að um frekari stækkun að verði að ræða. Hagsmunir Landsvirkjunar liggja í frekari orkusölu.

Það er hins vegar alveg skýrt og ég held að það sé engin deila í sjálfu sér um það að eins og samningurinn var áður en honum var breytt núna, þá voru þessi minnihlutaréttindi mjög sterklega tryggð í þeim samningi sem gerður var á sínum tíma. Á þessu eru núna gerðar verulegar breytingar og þær breytingar miða allar í þá átt að hægt verði að setja eignarhlut ríkisins á markað eins og hér er leitað eftir í frv. og hann verði þar skráður þannig að engar hömlur séu settar á í þeim efnum. Ég ætla ekki að fara að tíunda það hér og nú við þessa umræðu sem ég hef margoft talað um áður og er það að þau minnihlutaréttindi sem minnihlutaaðilarnir höfðu í fyrirtækinu voru okkur Íslendingum mjög erfið og meirihlutaeign var okkur í raun og veru einskis virði vegna þess að þegar á reyndi gátum við ekki komið fram þeim hlutum sem við vildum nema með samningum sem tókst reyndar sem betur fer að gera að lokum. Við höfðum ekki rétt sem minnihlutaaðilar.

Hv. þm. Svavar Gestsson fullyrti að verðið á fyrirtækinu væri of lágt. Það má endalaust deila um það. Hið raunverulega verð fyrirtækisins mun ekki koma í ljós að mínu viti fyrr en eignarhlutur ríkisins verður settur á markað því þá kemur í ljós hvað markaðurinn er tilbúinn til að greiða fyrir fyrirtækið. Ég held ég megi þó hins vegar fullyrða að ef við hefðum farið fyrir tveimur eða þremur árum í slíka samninga um kaup Elkem á eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu þá hefði verðið verið mun lægra. Og á erfiðleikatímanum 1992–1993 er ég hræddur um að fáir hefðu verið tilbúnir til

þess að greiða nokkuð fyrir eignarhlut okkar í fyrirtækinu. En með mjög bættum rekstri og miklu átaki sem stjórnendur og stjórn fyrirtækisins réðust í á undangengnum tveimur árum hefur mönnum tekist að snúa þessu við.

Því er ekkert að leyna að meirihlutaeign okkar í fyrirtækinu hefur að mínu viti í tvígang a.m.k. orðið þess valdandi að fyrirtækinu var ekki lokað og við tryggðum að rekstur fyrirtækisins héldist áfram. En það hefur kostað okkur verulega fjármuni því við höfum sett í kringum 4 milljarða kr., uppreiknað án vaxta, í fyrirtækið og erum ekki að fá núna með þessari sölu nema hluta af því til baka. En með þessu hefur okkur tekist að halda rekstri fyrirtækisins gangandi.

Það er alveg rétt að þarna eru ekki sköpuð mörg frambúðarstörf. Það er talið að þau verði um 30 en þau eru í raun og veru miklu fleiri vegna þess að hefði ekkert verið aðhafst í stækkun fyrirtækisins þá hefði störfum þar komið til með að fækka vegna aukinna hagræðingaraðgerða sem menn hefðu þurft að fara út í í rekstri fyrirtækisins. Fyrir utan það að hefði ekki orðið af stækkun þá hefði verðmæti fyrirtækisins orðið enn minna eins og fram kom í þeim skýrslun sem bæði Salomon Brothers, Íslandsbanki og Kaupþing gerðu fyrir okkur til þess að reyna að leggja mat á fyrirtækið.

Varðandi raforkuverðið þá erum við hv. þm. Svavar Gestsson sammála um að þar hafi verið gerður mjög góður samningur. Og sá samningur sem gerður var um hækkun á því raforkuverði sem var greitt fram til 30. janúar sl. er veruleg búbót fyrir Landsvirkjun. Ég hef ekki heyrt þá fullyrðingu frá Elkem í Noregi að þeir séu að greiða helmingi lægra verð fyrir raforkuna hér heldur en þeir gera í Noregi. Það er hins vegar alveg ljóst að markaður í járnblendinu er mjög takmarkaður og Elkem er á heimsmarkaði með í kringum 57% markaðshlutdeild þannig að þeir eru mjög ráðandi á þessu sviði. Og það að byggja upp nýjan ofn hér á Íslandi þýðir ákvörðun um að menn séu að leggja niður eða loka verksmiðjum í Noregi. Það er sjálfsagt viðkvæmt mál fyrir fyrirtækið þar að standa í slíku. En ég þori nú að fullyrða að það er ekki helmingsmunur á því raforkuverði sem þeir greiða hér og því raforkuverði sem þeir greiða í Noregi. Því er hins vegar ekki að leyna að raforkuverð fer hækkandi í Noregi. Raforkuverð mun sennilega líka verða hærra hér þegar fram líða stundir. Ég átti ekki alls fyrir löngu viðtal við forstjóra Norsk Hydro sem var hér í heimsókn og lýsti yfir áhuga á því að kanna möguleika á byggingu álvers á Íslandi. Hann taldi vera tvo staði í Evrópu sem gætu þjónað Evrópu í álframleiðslu — annars vegar væri það Noregur og hins vegar Ísland. Samkeppnisaðstaða Íslands væri betri en Noregs af þeirri ástæðu að raforkuverð á Íslandi væri lægra en í Noregi. Ég tel því að við séum mjög vel samkeppnisfærir á þessum sviðum og ég veit að hv. þm. Svavar Gestsson þekkir það betur heldur en flestir þeir sem hér eiga sæti á hinu háa Alþingi að þeir samningar sem núna hafa verið gerðir um stækkun álversins í Straumsvík, um stækkun járnblendifélagsins og um byggingu álvers á Grundartanga, eru gríðarlega hagstæðir samningar (Forseti hringir.) fyrir Landsvirkjun. Og þessi samningur járnblendifélagsins og samningurinn um byggingu álvers á Grundartanga gera það að verkum að arður Landsvirkjunar, innri arður, verður 6,8% samanlagt af þessum samningum á samningstímabilinu. Þær áætlanir sem eigendur fyrirtækisins Landsvirkjunar hafa gert gerðu þó ekki ráð fyrir nema 5,5% arði, þannig að það er yfir þeim mörkum sem menn hafa sett sér í þessum efnum.

[16:20]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vildi nú bara að lokum kvitta fyrir þessa umræðu af minni hálfu og þakka fyrir þær upplýsingar sem hafa komið fram. Það eru nokkur mikilvæg atriði sem er nauðsynlegt að herða aðeins á upp á framhaldsmeðferð málsins. Það fyrsta er að ég tel mikilvægt að fyrir liggi sá skilningur íslenskra stjórnvalda að Elkem geti ekki og hafi ekki heimildir til að taka neins konar þróunargjöld eða markaðsgjöld af fyrirtækinu eins og var hér í upphaflegu samningunum á sínum tíma. Það er mjög mikilvægt að þetta liggi fyrir og upphæðir í þeim efnum séu algjörlega takmarkaðar við þessar þrisvar sinnum fimm milljónir norskra króna sem kæmu til sögunnar vegna ofns III. Þetta tel ég líka mikilvægt í framhaldi af spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar fyrr í dag.

Í öðru lagi tel ég að það sé mikilvægt sem hæstv. ráðherra sagði, að hann teldi ástæðu til að skoða frv. betur með hliðsjón af lögunum, hvort það væru önnur atriði — þó að það væru ekki nema tæknilegar lagfæringar sem þyrfti að gera á lögunum í leiðinni. Og ég held að það eigi að gera það vegna þess að lögin miðast við að Íslendingar eigi meiri hluta í fyrirtækinu. Ef þetta verður að lögum eins og gerð er tillaga um hér þá eru sum ákvæði frv. og jafnvel orðalag óeðlileg og þess vegna hefði ég talið eðlilegt að skoða það betur í nefnd eins og ráðherrann tekur undir. Sömuleiðis finnst mér mikilvægt að hann lét það koma fram að hann teldi rétt að skoða skattamálin sérstaklega. En auðvitað er það svo að viðræður um þau mál hljóta að byggjast á samkomulagi við fyrirtækin, eignaraðilana, þannig hlýtur það að vera. Þá vil ég undirstrika það sem ég gleymdi nú í raun og veru í framsöguræðu minni í þessari umræðu, af hálfu okkar þingflokks, að ég tel að það sé mjög mikilvægt og bið ráðherrann að koma því á framfæri, vegna þess að hann er best til þess fallinn, að iðnn. fái beinan aðgang að fulltrúum Elkem og Sumitomo á einhverju stigi vinnslu málsins í nefnd. Ég met það mikils að fulltrúar ráðuneytisins og Landsvirkjunar komi á vettvang nefndarinnar eins og gengur en ég held að það sé mjög mikilvægt að fá fulltrúa Elkem á vettvang til þess að ræða málin, m.a. raforkumálin sem ég ætla aðeins að koma að hér á eftir.

Varðandi fjórða og fimmta ofninn — hvort þar er um skuldbindingu að ræða eða ekki — þá tel ég satt að segja að það þjóni nú best hagsmunum landsmanna allra að segja sem fæst um það á þessu stigi málsins. En ég tel að það liggi náttúrlega nokkuð í augum uppi að yfirlýsingin um fjórða og fimmta ofninn greiddi fyrir því að niðurstöður fengust í þessu máli, sem væntanlega þýðir þá það að þeir aðilar sem við vorum að ræða við töldu það einhvers virði af einhverjum ástæðum. Hversu mikil eða lítil skuldbinding fólst í því er svo annað mál sem ég tel í raun og veru ekki við hæfi af okkar hálfu að ræða hér mikið í þessum ræðustól á þessu stigi málsins.

Í fjórða lagi þótti mér það mikilvægt sem kom fram hjá ráðherranum að hann taldi að meirihlutaeignin hefði tryggt það að fyrirtækið lokaði ekki tvisvar sinnum. Það er veruleiki. Annars væri þetta fyrirtæki löngu lokað. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að fyrir liggi og að menn viðurkenni þar með að í raun og veru er meirihlutaeign Íslendinga í þessu fyrirtæki dýrmæt og hefur verið dýrmæt. Hvort hins vegar þarf að vera meirihlutaeign í fyrirtækinu um ókomna framtíð er svo aftur allt annað mál. En ég tel að það sé alveg

óhjákvæmilegt að reynslan hafi sýnt að meirihlutaeignin var gagnleg. Hún var gagnleg á erfiðum tímum í atvinnusögu Íslendinga og ég er þess vegna ekki alveg sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um það að meirihlutaeignin sem slík hafi verið hið slæma í þessum samningi. Ég tel að hið slæma í samningnum hafi verið raforkuverðið. Það var allt of lágt. Og sem betur fer er verið að stórhækka það í þessum samningsdrögum eins og þau liggja hér fyrir núna.

Herra forseti. Ég vil þá að síðustu fara aðeins yfir þetta með raforkuverðið og segja að það er náttúrlega alveg augljóst mál og ég þykist geta sagt það að frá sjónarmiði Landsvirkjunar er hér um að ræða allgóðan raforkusamning — það er engin spurning. Það helgast hins vegar að nokkru leyti af því að Landsvirkjun er að selja inn í þetta dæmi orkukosti sem eru ódýrir. Þeir er hagkvæmir — það er alveg á hreinu. Og það er líka rétt sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan að næstu orkukostir í framtíðinni sem við þurfum að taka kunna að verða dýrari. Þess vegna er það þannig að þegar rætt var um fjórða og fimmta ofninn þá voru menn að tala um allmiklu hærri tölur í raforkuverði en menn gera núna. Þannig að menn gera sér grein fyrir því að raforkuverðið getur hækkað. Og það getur í raun og veru hækkað enn þá meira en liggur fyrir í dag vegna nýrra krafna í umhverfismálum. Það eru því hlutir sem við getum í raun og veru ekki sagt neitt um nákvæmlega á þessu stigi, hvað orkan kann að kosta hér árið 2010 eða eitthvað því um líkt úr þeim orkukostum sem við tökum þá. En ég bendi á að ef við tækjum þann orkukost sem nú er reiknað með í framtíðarmyndinni, þ.e. ákveðna 500 megavatta virkjun hér í landinu, þá er orkuverðið frá henni tiltölulega hagstætt jafnvel miðað við stöðuna í dag. Hins vegar spái ég því að menn muni sameinast um að koma í veg fyrir að sá orkukostur verði notaður af því menn telji að honum fylgi svo mikil umhverfisspjöll. En það er annað mál.

Varðandi umræðuna um málið hins vegar þá er hún dálítið óþægileg fyrir Landsvirkjun vegna þess að forustumenn Elkem hafa talað um orkuverðið hér á landi þannig að mér liggur við að segja að það sé niðurlægjandi fyrir okkur. Forstjóri Elkem í Noregi segir t.d. í ríkissjónvarpinu 13. mars sl. að orkuverð hér á landi sé mun hagstæðara en í Noregi. Síðan segir íslenska sjónvarpið að norska sjónvarpið fullyrði að það sé helmingi lægra. Og svo segir hér, með leyfi forseta: „Fréttamenn norska sjónvarpsins fullyrða að Elkem greiði helmingi lægra verð fyrir raforku hér á landi en í Noregi. Forstjórinn staðfestir að orkuverðið sé afar hagstætt á Íslandi." Og síðan segir hér orðrétt, haft eftir Ole Enger, forstjóra Elkem: „Orka er stór hluti útgjaldanna við framleiðslu okkar og þegar við fáum tilboð sem er mjög samkeppnishæft, og miklu betra en býðst í Noregi, er ekki erfitt að taka ákvörðun." Þannig að það er alveg greinilegt að forustumenn Elkem selja hluthöfum sínum, en Elkem er einkafyrirtæki eins og menn vita, samninginn á Grundartanga á þeim forsendum að orkuverðið sé alveg með afbrigðum lágt hér á landi og þó að það henti Landsvirkjun engu að síður á sama tíma þá þarf svo sem ekki að vera neitt óeðlilegt við það. En veruleikinn er samt sá að þetta er óþægilegt fyrir þá aðila sem eru orkuframleiðendur og orkuseljendur hér, sem eru Landsvirkjun og iðnrn. í þessu tilviki. Veruleikinn í Noregi er hins vegar sá að orkuverðið er að snarhækka og það hefur hækkað núna að undanförnu. Það stafar í fyrsta lagi af því að Norðmenn eru farnir að selja raforku um kapal út úr landinu í stórum stíl. Verðlag á rafmagni í Noregi lýtur að nokkru leyti markaðsákvörðunum á hverjum tíma. Og þegar hugmyndir eru uppi um að loka kjarnorkuverum á Norðurlöndum þá er bæði raunhækkun á raforkuverði í Noregi frá vatnsaflsvirkjunum og líka hækkun sem stafar af væntingum um auknar hækkanir á komandi árum og jafnvel áratug. Þess vegna er það alveg rétt, sem ég hygg að hæstv. iðnrh. og fleiri hafi sagt hér áðan, að það er hægt að segja að raforkuverð hafi ekki aðeins farið hækkandi í Noregi heldur hafi það farið stórhækkandi að undanförnu. Á sama tíma er það þannig að í Noregi eru gamlir samningar, t.d. samningar við Norsk Hydro, með ótrúlega lágu orkuverði. Þar eru menn að tala um orkuverð alveg niður í 5 mill á kwst. Þannig að menn sjá að hér erum við annars vegar kannski að tala um orkuverð sem er þetta lágt og hins vegar orkuverð til stóriðju sem er kannski sex, átta sinnum hærra heldur en þetta. Veruleikinn er því sá að hér er við samanburðarheim að glíma sem verkar þannig að hann gerir samninginn við Elkem og um járnblendiverksmiðjuna tortryggilegan og að mínu mati óþarflega tortryggilegan. Ég tel að ekki sé ástæða til að tortryggja hann eins og þessi ummæli frá Noregi gefa tilefni til að ætla að sé rétt. Og þá verð ég líka að segja, að ég tel að kynning bæði iðnrn. og Landsvirkjunar á þessum samningi sé óþarflega veik vegna þess að þegar dæmin eru sett þannig upp að þessi samningur, t.d. við Columbia Ventures, þýði 1.300 millj. kr. á 20 árum eða 65 millj. kr. á ári eins og menn reikna þetta þá er það einfaldlega bara röng uppsetning. Veruleikinn er sá að í sambandi við járnblendiverksmiðjuna eru menn að reikna út frá öðrum tölum og þurfa að gera sér grein fyrir því, og það þarf þingheimur að skilja, að hér eru upphæðirnar reiknaðar niður með afvöxtunarstuðli þannig að þær tölur sem talað er um eru miklu lægri en rauntölurnar sem upp úr þessum kössum koma þegar þær verða skoðaðar af íslenska ríkinu.

[16:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Aðeins um þróunar- og markaðsgjöld sem ég svaraði áðan, þá er það alveg ljóst að Elkem getur ekki tekið nein slík gjöld á óeðlilegan hátt. Það er hins vegar ekkert að því að járnblendifélagið borgi Elkem fyrir einhverja slíka þjónustu sé hún veitt og að þau viðskipti eigi sér stað eins og á milli óskildra aðila.

Það að fulltrúar Elkem og Sumitomo komi í heimsókn í iðnn. þá fyndist mér það í sjálfu sér vera sjálfsagt ef hægt er að koma því við á þeim tíma sem nefndin er starfandi. Nú er það svo að fulltrúar Elkem eru staddir hér á landi þessa stundina og forstjóri járnblendideildarinnar þar verður hér þangað til á laugardaginn. Ef iðnn. vill halda fund fyrir helgi þá er ég viss um að fulltrúi fyrirtækisins væri tilbúinn til að koma til fundar við nefndina á þeim tíma. Það er aftur talsvert lengri veg að fara fyrir fulltrúa Sumitomo, eða yfir hálfan hnöttinn, til að koma hingað. (**SvG:** Nefndin gæti farið.) Já, það mætti hugsa sér að nefndin færi í heimsókn en þetta er nú eitt að því sem nefndin þarf að fara yfir síðar meir.

Varðandi meirihlutaeignina er það alveg rétt að hún hefur tryggt að fyrirtækið er enn starfandi og ég held að við séum sammála um það. En það hefur líka kostað okkur ákveðna fjármuni eins og ég gerði grein fyrir. Nú held ég að öldin sé önnur í þessum efnum. Það eru aðrar aðstæður uppi. Nú er það ákvörðun Elkem að fjárfesta hér þegar í þessum ofni fyrir tæpan 1 milljarð kr. og hagsmunir þeirra við að halda þessu fyrirtæki gangandi verða eftir það miklu meiri þannig

að meirihlutaeign þeirra mun núna að mínu viti verða að draga þann vagn sem við íslendingar í meirihlutaeign höfum þurft að draga hingað til, að tryggja á erfiðleikatímum að rekstri þessa fyrirtækis verði haldið áfram. Ég trúi því að það muni verða gert af þeirri ástæðu að sá samningur sem er milli Landsvirkjunar og járnblendifélagsins um orkukaup fyrirtækisins af Landsvirkjun er fyrirtækinu hagstæður miðað við það sem fyrirtækið gæti fengið annars staðar, þ.e. Elkem gæti fengið annars staðar, en hann er líka gríðarlega hagstæður Landsvirkjun og um það erum við hv. þm. Svavar Gestsson sammála. Þetta eru í kringum 1.800 millj. kr. á núvirði sem þessir tveir samningar, samningurinn við Columbia og samningurinn við járnblendifélagið gefa Landsvirkjun í núvirtan hagnað. Af því er járnblendisamningurinn um 600 millj. kr. þannig að þarna er um mjög hagstæðan samning að ræða sem gerður hefur verið og það er auðvitað mikill ábati fyrir þjóðarbúið og fyrirtækið í heild sinni.

[16:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það sé alveg skýrt af minni hálfu að ég tel að þessir raforkusamningar séu ekki að öllu leyti sambærilegir. Ég hef nokkuð eindregið tekið það fram að ég tel að raforkusamningurinn við járnblendifélagið sé góður, sérstaklega með hliðsjón af því að hann hækkar gamla samninginn verulega. Hins vegar tel ég að hitt málið sé allt með öðrum hætti og ég treysti mér ekki til þess á þessu stigi málsins að slá því föstu að hann dugi til að hægt sé að dæma hann hagstæðan fyrir land og þjóð. Þar inni í eru enn nokkur óvissuatriði sem ég mun a.m.k. áskilja mér og mínum þingflokki rétt til að verði skoðuð betur í nefnd áður en ég tek afstöðu til þeirra. Hæstv. forseti. Ég bað hér um orðið bara til að það væri skýrt að ég teldi að á þessum samningum væri nokkur munur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:35]

Útbýting þingskjals:

Aukatekjur ríkissjóðs, 515. mál, þáltill. EKG, þskj. 864.

Rafræn eignaskráning verðbréfa, 1. umr.

Stjfrv., 474. mál. — Þskj. 801.

[16:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 801 um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Viðskrn. hefur í nokkur ár kannað möguleika þess að taka upp pappírslaus viðskipti með verðbréf hér á landi líkt og þekkist á öllum þróuðum verðbréfamörkuðum. Rafræn skráning eignarhalds verðbréfa í svokallaðri verðbréfamiðstöð kæmi þá í stað pappírsverðbréfaviðskipta. Mikil samstaða er á verðbréfamarkaði um að brýn þörf sé á stofnun verðbréfamiðsvöðvar.

Rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum mun leiða til öruggari og hagkvæmari verðbréfaviðskipta. Með slíkri stöðlun viðskipta er komið til móts við alþjóðleg tilmæli um uppgjör viðskipta með verðbréf. Í upphafi þessa áratugar var fyrst hugað að því að koma á fót rafrænni skráningu eignarhalds verðbréfa hér á landi. Í áliti nefndar um tölvuskráningu verðbréfa sem þá var komið á laggirnar kom fram að verulegt hagræði fælist í verðbréfamiðstöð. Í skýrslu Enskilda um hlutabréfamarkaðinn frá árinu 1991 kom fram að stofnun verðbréfamiðstöðvar væri mikilvæg til að viðskipti gengju greiðlega fyrir sig en einnig til þess að auðvelda erlendum fjárfestum samskipti við íslenska markaðinn. Málinu varð þó ekki þokað lengra að sinni, m.a. vegna þess að viðskipti á verðbréfamarkaði voru enn lítil á þeim tíma. Næsta skref var að semja frv. um verðbréfamiðstöð og var það kynnt árið 1993. Í stað þess að leggja frv. fyrir Alþingi var ákveðið að ýta úr vör athugun á hagkvæmni þess að koma á fót verðbréfamiðstöð. Niðurstaða þeirrar athugunar leiddi í ljós að mjög hagkvæmt væri að setja á laggirnar verðbréfamiðstöð. Í framhaldi var skipuð undirbúningsnefnd til að afla tilboða í hugbúnað og huga að undirbúningi félags um starfsemina. Við hönnun kerfis fyrir verðbréfamiðstöð hefur einkum verið litið til Norðurlandanna, sér í lagi til Danmerkur og Noregs. Þar hafa í 10–15 ár verið starfandi verðbréfamiðstöðvar sem gegnt hafa mjög víðtæku hlutverki á verðbréfamarkaði.

Í verðbréfamiðstöð fer fram stofnun verðbréfa og skráning réttinda yfir þeim, varsla þeirra á rafrænu formi, uppgjör viðskipta á milli þeirra stofnana sem hafa milligöngu um viðskipti og útgreiðsla arðs af hlutabréfum og afborganir af skuldabréfum fyrir útgefendur verðbréfa. Skráning í verðbréfamiðstöð er eina lögformlega skráningin á eignarhaldi þeirra verðbréfa sem þar eru skráð og kemur þannig í stað verðbréfanna sjálfra.

Þau fyrirtæki sem hafa milligöngu um viðskipti með verðbréf, þ.e. viðskiptabankar og sparisjóðir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, hafa heimild til fjárvörslu. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir og Seðlabanki Íslands tengjast verðbréfamiðstöðinni og tilkynna henni með tölvuskeyti um öll viðskipti. Verðbréfamiðstöðin raðar saman tilkynningum frá þeim sem hefur milligöngu um kaup verðbréfs og þeim sem hefur milligöngu um sölu. Þegar þessar tilkynningar stemma færist eignarhald á verðbréfum frá seljanda til kaupanda. Á sama tíma lætur verðbréfamiðstöðin peningagreiðslur fyrir verðbréf færast á milli bankareikninga viðkomandi stofnana sem hafa milligöngu um viðskipti.

Lagafrv. um rafræna skráningu verðbréfa var samið með hliðsjón af kerfislýsingu og lögum um þetta efni í nágrannalöndunum. Leitað var helst í smiðju þeirra nágrannalanda okkar sem hafa lengsta reynslu af starfsemi verðbréfamiðstöðva, sérstaklega Danmerkur. Lög um rafræna skráningu verðbréfa voru sett í Danmörku árið 1981 og á síðasta ári var öllum ákvæðum er varða verðbréfaviðskipti safnað saman í einn lagabálk þar í landi. Í Noregi voru sett lög um verðbréfamiðstöðvar árið 1985 og í Svíþjóð árið 1989.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir að veittur sé einkaréttur á starfseminni heldur er gerð tillaga um að sett verði almenn lög um rafræna skráningu verðbréfa.

Skilyrði til útgáfu leyfis eru að starfsemin sé rekin af hlutafélagi, hlutafé sé að lágmarki 65 millj. kr. og að fyrir liggi fullnægjandi rekstraráætlun svo og öryggis- og skipulagslýsing. Enn fremur þarf verðbréfamiðstöð að hlíta ákvæðum um ábyrgðarsjóð. Viðskrh. veitir verðbréfamiðstöðvum starfsleyfi.

Einungis reikningsstofnanir geta stundað eignaskráningu í verðbréfamiðstöðvum. Reikningsstofnanirnar eru: Seðlabanki Íslands, viðskiptabankar og sparisjóðir, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hafa heimildir til fjárvörslu og lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir. Reiknings-

stofnanirnar verða að gera aðildarsamning við verðbréfamiðstöð þar sem nánar er kveðið á um réttindi og skyldur vegna aðildar að eignarskráningu í verðbréfamiðstöð. Gert er ráð fyrir að bankaeftirlit Seðlabankans hafi eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva og geti svipt aðila rétti til eignaskráningar í verðbréfamiðstöð ef viðkomandi hefur brotið ítrekað gegn ákvæðum laganna eða ef háttsemi viðkomandi er ekki að öðru leyti eðlileg, traust eða heilbrigð. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemina þar sem m.a. sé heimilt að ákveða nánari reglur um grundvöll og framkvæmd eignaskráningar.

Í frv. er gert ráð fyrir að þagnarskylda hvíli á verðbréfamiðstöð um þá starfsemi sem þar fer fram.

Í frv. er kveðið á um skaðabótaskyldu verðbréfamiðstöðva. Verðbréfamiðstöð er skaðabótaskyld fyrir tjóni sem rakið verður til mistaka af hennar hálfu í tengslum við tilkynningar um skráningu, breytingar eða afmáningu réttinda á reikningi í miðstöðinni þrátt fyrir að orsök tjónsins verði rakin til óhappaatvika. Verðbréfamiðstöð er þó hvorki skaðabótaskyld vegna glataðra viðskiptatækifæra hlutaðeigandi aðila né vegna óviðráðanlegra ytri atvika. Sé unnt að rekja tjón til mistaka reikningsstofnunar fer um bótaskyldu hennar að almennum reglum.

Í frv. er gert ráð fyrir að komið verði á fót ábyrgðarsjóði sem nemi aldrei lægri fjárhæð en 650 millj. kr. Samanlagðar skaðabætur fyrir bótaskylt tjón sem rakið er til sömu mistaka geta ekki numið hærri fjárhæð en sem nemur helmingi ábyrgðarsjóðs eða 325 millj. kr. Ekki er sett ákvæði í frumvarpsdrög um fyrirkomulag ábyrgðarsjóðsins en aðilum gefinn kostur á að leysa það mál á sem hagkvæmastan hátt án þess að vikið sé frá þeirri lágmarksfjárhæð sem gerð er krafa um. Þannig getur ábyrgðarsjóðurinn verið í formi ábyrgðaryfirlýsinga eigenda, verðbréfamiðstöðva, eða í öðru formi, t.d. starfsábyrgðatrygginga eða að stofnaður verði sérstakur sjóður.

Viðskrn. hefur unnið að þessu máli með fjmrn., Seðlabanka Íslands, Verðbréfaþingi Íslands, Húsnæðisstofnun, viðskiptabönkum og sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Stefnt er að stofnun hlutafélags í eigu ríkissjóðs, viðskiptabanka, sparisjóða, verðbréfafyrirtækja, annarra lánastofnana, lífeyrissjóða og hlutafélaga á Verðbréfaþingi. Gert er ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og aðrar lánastofnanir eignist fjóra hluti af sjö í félaginu um verðbréfamiðstöð en ríkissjóður, lífeyrissjóðir og hlutafélög einn hlut hver. Fjmrh. mun fara með hlut ríkisins.

Heimild er í 6. gr. fjárlaga að taka þátt í stofnun verðbréfamiðstöðar. Miðað hefur verið við að verðbréfamiðstöð komist í gagnið í árslok 1998.

Eins og fram kom hér á undan er ekki gert ráð fyrir að starfsemi af þessu tagi njóti einkaréttar að lögum. Samt sem áður er ekki búist við samkeppni á þessu sviði innan lands. Ekki er þó loku fyrir það skotið að með örri tækniþróun og vaxandi viðskiptum sjái erlend fyrirtæki sér hag í því að hasla sér völl á þessu sviði hérlendis. Engin ástæða þykir því til að veita einkarétt á þessari starfsemi. Á hinn bóginn er mikilvægt að í almennri rammalöggjöf um þessa starfsemi séu lagðar víðtækar skyldur á þá aðila sem sinna þessari mikilvægu þjónustu.

Engin tilskipun frá Evrópusambandinu liggur að baki þessu frv. en búist er við frekari stöðlum á þessu sviði í framtíðinni.

Herra forseti. Mál þetta hefur átt sér langan aðdraganda. Margar nefndir sérfræðinga á verðbréfamarkaði hafa unnið að málinu. Kynnisferðir hafa verið farnar í erlendar verðbréfamiðstöðvar og hagkvæmnisathuganir og kerfislýsingar unnar. Nú hillir loks undir að þetta framfaraspor á íslenskum verðbréfamarkaði verði stigið. Rafræn skráning eignarhalds á verðbréfum er forsenda fyrir því að íslenskur verðbréfamarkaður sé samkeppnisfær og geti tekið þátt í hinni hröðu uppbyggingu alþjóðlegs markaðar með verðbréf. Einsýnt er að tilkoma verðbréfamiðstöðvar mun spara ríkissjóði og öðrum aðilum á verðbréfamarkaði stórfé. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður verðbréfamiðstöðvar verði um 80 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður 34 millj. kr. Kostnaður í dag við umsýslu með pappírsverðbréf svo sem launakostnaður, prentunarkostnaður, sendingarkostnaður og kostnaður vegna ógildingarmála nemur mörg hundruð millj. kr. á ári.

Herra forseti. Að lokinni þessar umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn.

[16:46]

Útbýting þingskjals:

Erfðafjárskattur, 517. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 866.

[16:46]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég fagna frv. um rafræna eignaskráningu verðbréfa sem hér er til umræðu og hæstv. viðskrh. var að mæla fyrir. Ég tel brýnt að það komi fram eins og það liggur fyrir í þskj. 801. Í greinargerð frv. er getið um að víða hafi verið leitað fanga m.a. í Danmörku og á Norðurlöndunum. Það er athyglisvert við þennan þátt, þessa nýlundu sem er að ryðja sér til rúms, þ.e. rafræna eignaskráningu verðbréfa og hætta að gefa verðbréfin út, að Evrópusambandið er ekki búið að setja heildalöggjöf um þennan þátt. Og það sýnir svolítið að hér erum við svona (**Viðskrh.:** Framsýnir.) framsýnir, eins og hæstv. ráðherra segir, hvað þennan málaflokk varðar og það er vel.

Það kemur fram í greinargerðinni að fjölmargar nefndir hafa unnið að þessu máli. Sá sparnaður sem verður vegna málsins er mjög mikilvægur en áætlað er að kostnaður við þessa umsýslu nemi árlega um 220 milljónum en gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður verði u.þ.b. 35 milljónir miðað við þann útreikning sem fylgir frv. Það er því ljóst að ef vel tekst til þá er hér um umtalsverðan sparnað að ræða fyrir utan þau þægindi sem málið hefur í för með sér.

Í frv. er vikið að tveimur leiðum til að stofna verðbréfamiðstöð. Það er annars vegar að ríkið setji upp slíka verðbréfastofnun. Það yrði tölvuskráning þar sem byrjað yrði á markaðsverðbréfum ríkissjóðs og í fyllingu tímans mundi starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar síðan taka til allra markaðsverðbréfa á fjármagnsmarkaðnum. Hin leiðin og sem hér er valin, er að aðilar á fjármagnsmarkaði standi sameiginlega að verðbréfamiðstöð og hlutafélag yrði stofnað um þetta. Ég lýsi yfir stuðningi við þá aðferð sem hér er lögð til, þ.e. að stofnsett verði hlutafélag sem fer með þennan rekstur og eignarhald.. Hér er fyrst og fremst um verkefni að ræða sem er til hagræðingar fyrir aðila sem vinna á verðbréfamarkaði.

Það eru hins vegar nokkur álitaefni varðandi þetta sem þurfa að skoðast betur í þingnefnd. Það er t.d. það að frv. er sett upp með almennum hætti. Gert er ráð fyrir því að verðbréfamiðstöðvar gætu verið margar en sagt, með réttu, að það sé mjög ólíklegt að settar verði á stofn margar verðbréfamiðstöðvar. Það er sérstaklega tekið fram að ekki sé

gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin sem fyrst verður sett á laggirnar verði einkaleyfisstofnun. Ég varpa því fram hvort það hefði nú kannski ekki verið æskilegra á meðan menn væru að fara með þetta af stað að það eigi fyrst og fremst að vera bara ein verðbréfamiðstöð. Þetta er ekki fyrirtæki á samkeppnismarkaði og á í sjálfu sér ekki að vera það. Þetta er fyrst og fremst ákveðin hagræðing í viðskiptum sem hér á sér stað og verður kappkostað við að gæta aðhalds í kostnaði. Það kæmi vitaskuld til álita að sú verðbréfamiðstöð sem nú er í burðarliðnum fengi tímabundið einkaleyfi á starfsemi sinni, t.d. í tvö, þrjú ár, og það yrði þá bundið í lög að það félli niður eftir ákveðinn tíma, þ.e. sett inn sólarlagsákvæði til að styrkja þá umgjörð í hinu fyrsta fyrirtæki sem fer af stað með þennan þátt. Mér finnst það koma vel til greina vegna þess að það er mjög mikilvægt þegar menn leggja af stað með þetta að þeir séu fullvissir um að þá standi að því allir aðilar á markaðnum og að það sé ætlun þeirra að vinna þetta verkefni sameiginlega en ekki að hér spretti upp kannski þrjár verðbréfamiðstöðvar. Og það mætti nálgast það svona, en alls ekki að hafa einkaleyfi nema það sé tímabundið og falli niður eftir ákveðinn tíma. Þetta væri fyrst og fremst aðferð til að fá reynslu af rekstri fyrstu verðbréfamiðstöðvarinnar.

Annað álitaefni er í frv. Gert er ráð fyrir að hlutafé sé 65 millj. kr. Fyrirmyndin er sótt til þess að það er sama skilyrði og veitt er fyrir veitingu starfsleyfis til verðbréfafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Mér fyndist vel koma til greina að kveðið væri á um að hlutafé væri meira í þessu fyrirtæki. Þetta er dálítið merkilegt mál og það er mjög brýnt að fyrirtæki sé vel búið fé, ekki síst vegna þess stofnkostnaðar sem er á ferðinni. Hér er löggjafinn að setja rammalöggjöf um mjög sérhæfða starfsemi sem mjög áríðandi er að sé innt af hendi á algjörlega öruggan hátt vegna þess að hér eru verðbréf einstaklinga, fyrirtækja og ríkisvalds algjörlega háð því að vel takist til. Þess vegna fyndist mér vel koma til greina að gera frekari kröfur til styrkleika þessa fyrirtækis en gert er ráð fyrir í frv. Ég bendi hins vegar á 30. gr. þar sem fjallað er um ábyrgðarsjóð og er mjög mikilvæg í þessu sambandi. Það er gert ráð fyrir að ábyrgðarsjóðurinn nemi 650 milljónum. Ég ætla ekki í sjálfu sér að tjá mig neitt um þá upphæð. Hún virkar há en það verður að átta sig á því að sú verðmætaskráning sem við erum hér að tala um mun nema tugum ef ekki hundruðum milljarða þannig að það er mjög mikilvægt að allt sem viðkemur ábyrgð og tryggingum varðandi þessa starfsemi sé mjög vel úr garði gert.

Það er atriði í þessu frv. sem er óljóst. Nú veit ég ekki, herra forseti, hvort viðskrh. heyrir til mín, en það vaknar spurning í þessu máli sem ég óska eftir að fá svar við. Viðskrh. er hér. Í frv. kemur fram óljóst atriði. Á bls. 52 segir nefnilega, þ.e. í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Ætlunin er að stofna félag um rafræna verðbréfamiðstöð með 65–100 millj. kr. hlutafé og þar af hyggst ríkissjóður leggja fram X-hluta."

Í mínu eintaki a.m.k. stendur X-hluti á síðustu blaðsíðu frv. Það kemur hins vegar ekki fram í greinargerðinni að ríkissjóður hafi hugsað sér að vera hluthafi í þessu fyrirtæki þannig að ég óska skýringa. Er umsögn ráðuneytisins eitthvað eldra vinnuplagg sem menn hafi ekki gengið frá eða er það hugsunin að ríkið verði hluthafi í þessu félagi? En ég skildi ráðherra svo að ekki væri sérstaklega gert ráð fyrir því. Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra skýri þetta mál því það er nú mjög óvanalegt að fram sé lagt frv. hér, þó það sé ekki nema í umsögn, þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram X-hluta. (**Viðskrh.:** 1/7.) Ja, það er ekki læsilegt hjá mér öðruvísi en X. En það má vera að ráðherra geti skýrt þetta mál betur.

Það er sömuleiðis gert ráð fyrir að reglugerðarheimildir verði mjög rúmar. Það er kveðið á um það í 12. gr. frv. Það er álitamál hvort menn ættu ekki að leggja í þá vinnu að setja nánari lagaramma um þá þætti sem þar og annars staðar eru taldir upp þannig að ekki verði eins margt háð reglugerðarákvæðum og gert er ráð fyrir í frv. Það er náttúrlega ljóst að þar sem hér er um að ræða fyrstu löggjöf um þetta mál má búast við að einstök framkvæmdaatriði séu þannig að ekki sé hægt með góðu móti að setja um þau nákvæm lagafyrirmæli, en það mætti nú skoða frv. betur út frá því hvort ekki mætti kveða skýrar að orði um ýmislegt þannig að ekki þyrfti svona margar heimildir til ráðherra varðandi reglugerðir.

Í 4. gr. er ráð fyrir a.m.k. þremur stjórnarmönnum. Mér finnst vera álitamál hvort ekki ætti að gera ráð fyrir fleirum og jafnvel að fastsetja þá því að fjölmargir aðilar munu koma að þessu máli og það er spurning hvort löggjafinn mundi ekki einfaldlega segja að stjórnarmenn í verðbréfamiðstöð skuli vera fimm. Það er hefðbundið í hlutafélagarekstri. Það er vitaskuld hægt að láta þetta vera ákvörðunaratriði félagsins sjálfs. En það er ekkert sjálfgefið vegna sérstöðu fyrirtækisins, verðbréfamiðstöðvarinnar og ef hún verður að starfa eftir þeim lögum sem hér eru lögð til þá gæti vel komið til greina að kveða fastar að orði hvað varðar fjölda stjórnarsæta. Þá er ég líka að hugsa um hin ýmsu praktísku vandamál sem upp geta komið í tengslum við þann þátt. Og þá gæti nú jafnvel verið gott allra hluta vegna að löggjafinn væri búinn að kveða upp úr um fjölda stjórnarmanna og menn semdu sig þá út frá því frekar en að bæta alltaf endalaust við stjórn fyrirtækisins eins og oft vill verða þegar taka þarf tillit til margra hluthafa eins og verður væntanlega í þessu félagi.

Ég set aðeins spurningarmerki við 10. og 11. gr. þar sem gert er ráð fyrir rétti þeirra sem hafa milligöngu um eignaskráningu í verðbréfamiðstöð. Þar eru nokkrir aðilar taldir upp og færð rök fyrir því í greinargerð hvernig þeir komi að þeirri eignaskráningu. Þetta held ég að sé eitt af þeim atriðum sem nefndin verði að skoða betur, þ.e. hvernig þessir aðilar sem eru náttúrlega þungamiðjan í þessum rekstri, koma þarna að, eins og gert er ráð fyrir í frv. eða hvort einhver önnur útfærsla sé hentugri. Ég vil ekki í sjálfu sér tjá mig um það sérstaklega núna við 1. umr. en ég held að þarna sé kafli í lögunum sem rétt er að fara betur yfir.

Ég vil lýsa áhyggjum mínum yfir þeirri kostnaðaráætlun sem gerð er í frv. Það er sagt að ef nýtt tölvukerfi yrði hannað fyrir íslenskan markað þá muni það kosta 29 milljónir. Hins vegar ef keypt yrði tilbúið kerfi erlendis frá sem yrði starfrækt hér á landi þá mundi það kosta 400 milljónir. Ég held að menn séu að tala þarna um hluti sem þeir hafa satt best að segja enga hugmynd um. Og ég get nú sagt að það er ein góð regla um allar áætlanir um tölvukostnað: Það er hægt að taka þessar 30 milljónir, margfalda þær með tveimur og sennilega margfalda þær aftur með tveimur. Það er a.m.k. sú regla sem ég nota þegar ég heyri um kostnað varðandi hönnun á tölvukerfi. (**Gripið fram í:** Margfalda með tveimur?) Já, tvisvar sinnum með tveimur og þá er maður kannski kominn nálægt því sem þetta hugsanlega endar í. En annað sem kemur líka inn í þetta er að ég nota sömu reglu um tíma sem tekur að hanna ný tölvukerfi nema þá margfalda ég oftar með tveimur til að fá út þann endanlega mánaðafjölda

sem tekur að hanna kerfið. Ég held satt best að segja að hérna séu menn að leggja upp með hluti sem eiga eftir að verða miklu dýrari. Ég held samt sem áður að þetta sé rétt aðferðafræði, þ.e. að hanna tölvukerfi hér fyrir íslenskan markað. Tölvumenn okkar kunna það og eru alveg færir um að klæðskerasauma það fyrir íslenskan markað. Þetta kostar hins vegar alltaf meira en áætlað er og líka meira en þessi áætlun gerir ráð fyrir þrátt fyrir þá útboðslýsingu sem hér fylgir.

Mér finnst það virðingarvert, herra forseti, að hér fylgir útboðslýsing af þætti í hugbúnaðarkerfinu þar sem kemur fram lýsing á því hvernig kerfið muni vinna. Mér finnst það virðingarvert að í greinargerð með frv. skuli vera sett eins nákvæm lýsing og fram kemur í útboðslýsingu og gefur glögga mynd af því sem er hugsað. Ég veit að þeir tölvuaðilar sem hafa komið að því útboði eru vel færir um að klára þetta mál þannig að vel sé. Hins vegar má búast við að þetta reynist eitthvað dýrara en menn ætla hér og hugsanlega verði rekstrarkostnaðurinn eitthvað meiri. Það verður að koma í ljós hvort svo verður. Leið C, þ.e. að nota erlend tölvukerfi í verðbréfamiðstöð erlendis, tel ég ekki vera skynsamlega.

Ég held að hér sé lagt upp, herra forseti, með mjög gott mál. Það er vel unnið en þarf vitaskuld góða umfjöllun í nefnd. Ég vil spyrja, af því að hæstv. ráðherra þarf nú að svara nokkrum spurningum varðandi málið, hvort það sé ætlun hans að freista þess að málið verði afgreitt núna fyrir vorið eða hvort málið sé lagt fram meira til kynningar og fái þá umfjöllun í sumar ef menn kjósa svo. Það er dálítið langt liðið á þingið til þess að málið nái í gegn þó að vel sé undirbúið. Þetta er það mikilvægt mál og það miklir fjármunir sem verða bundnir og í húfi enda hefur málið tekið mjög langan tíma í undirbúningi. Ef til vill er heppilegra að stuðla að því að það fái vandaða umræðu og umfjöllun núna á vorþinginu og verði afgreitt þannig að það geti tekið gildi og þá líti betur út með þá hönnun sem er fyrirhuguð í málinu, að það verði haldið áfram í þeim farvegi en málið þá ef til vill ekki lögfest fyrr en á hausti komanda. Ég veit ekki hver er hugur ráðherra hæstv. í þeim efnum en ég teldi að það kæmi fyllilega til greina vegna umfangs málsins.

[17:02]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég fagna þessu frv. Það er mjög brýnt að það komi fram. Þetta frv. mun spara geysimikla fjármuni. Sú kostnaðaráætlun sem hér kemur fram snýr eingöngu að ríkissjóði og hann er sem betur fer ekki stærsti aðilinn á verðbréfamarkaðnum þannig að það eru fleiri aðilar þar sem munu spara umtalsverða fjármuni. Þetta leysir líka mikinn vanda. Þeir sem hafa lent í þeirri stöðu að þurfa að framselja svo sem eins og fimm til tíu kg af pappírum, allt niður í tíkalla, þekkja þennan vanda. Það er mikill kostnaður hjá verðbréfafyrirtækjunum þannig að það er mikið fagnaðarefni að þetta frv. er komið fram. Það er forsenda fyrir því að verðbréfamarkaðurinn geti orðið virkilega lipur. Auk þess er frv. mjög vel unnið á allan máta.

Herra forseti. Ég er ánægður með að gert skuli vera ráð fyrir fleiri en einni verðbréfamiðstöð. Það eykur aðhald að þeirri miðstöð sem er í gangi. Ef hún verður á einhvern hátt óforskömmuð, of dýr, veitir lélega þjónustu eða veður yfir viðskiptamenn sína á einhvern máta þá hafa þeir alltaf möguleika á því að stofna nýja. Þó að það sé mjög ólíklegt að það verði gert þá er sá möguleiki til staðar og það eykur aðhald að þeirri sem í gangi er.

Ég ræði ekki frekar um kosti frv., enda er það óþarfi, ég ætla heldur að geta um ókostina. Herra forseti. Gallinn við frv. er sú þröngsýni að skrá þurfi rafbréf í sama verðbréfaflokki í einni verðbréfamiðstöð. Það kemur sérstaklega fram á síðu 19 í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir að verðbréfamiðstöðin skrái önnur verðbréf en markaðsverðbréf, þ.e. einungis mörg einsleit verðbréf sem gefin eru út í ákveðnum flokkum."

Hér er í gangi einhver gömul hugsun. Ég er sannfærður um að menn muni breyta henni. Að sjálfsögðu hverfa hugtök eins og „flokkar verðbréfa" algjörlega þegar hægt er að gefa út verðbréf í hvaða krónutölu sem er. Ég get alveg séð fyrir mér ef einhver ætlar að kaupa spariskírteini og hann kaupir spariskírteini fyrir 1.365.822 kr. að nafnvirði. Svo getur hann selt af þessu 523.622 kr. og átt þá restina eftir. Þannig gerir þessi skráning mögulega hluti sem voru gjörsamlega ómögulegir áður. Sú hugsun sem kemur fram í frv. er því enn þá dálítið gamaldags.

Herra forseti. Ákvæði til bráðabirgða II er mjög vafasamt. Ég leyfi mér að varpa fram þeirri spurningu hvort það sé ekki í andstöðu við stjórnarskrána. Þarna er meiningin að innkalla öll viðkomandi verðbréf sem búið er að gefa út, sem fólk er búið að kaupa. Það er ekki aðeins það. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Í stað innkallaðra verðbréfa skal útgefandinn eignarskrá eignarréttindi yfir þeim og ógilda jafnframt hið áþreifanlega verðbréf."

Nú hafa menn keypt sér svona verðbréf og telja sig eiga einhverja ákveðna eign sem er pappír, undirritaður og jafnvel stimplaður, og sem á allan máta hefur verið talin eign hingað til. Nú er fólki allt í einu gert að afhenda þessa eign, hún er innkölluð. Ég efast um að það fái staðist. Þeir sem vilja mega örugglega eiga þessi bréf sín áfram. Það getur engin krafist þess að þeir afhendi þau. Það getur verið af ýmsum ástæðum. Það getur hreinlega verið að menn treysti þessu ekki, einhver maður eða kona sem er kannski svolítið gamaldags í hugsun treysti ekki þessu nýja kerfi og vilji bara eiga sín spariskírteini heima hjá sér. (**Gripið fram í:** Hvaða viðurlög yrðu við þessu?) Það er nefnilega málið. Ég held að þetta fái ekki staðist. Þetta er líka algjör óþarfi. Þessi verðbréfamiðstöð er svo hagkvæm fyrir eigendur bréfa að það er nóg til þess að menn munu skrá sín bréf þar ótilkvaddir, þeir sem það vilja. Mér finnst að menn eigi að ganga enn lengra. Ég mun ræða það í hv. efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti, þegar frv. kemur þangað, að gera þeim sem það vilja heimilt að fá pappíra sína prentaða á blað, útgefna af verðbréfamiðstöðinni, og að rafbréfið yrði eytt á skrá verðbréfamiðstöðvarinnar. Þeir borga að sjálfsögðu þann kostnað sem því fylgir og hann getur verið umtalsverður. En það á ekki að loka fyrir að menn geti átt sinn pappír ef þeir vilja það.

Ég sé líka fyrir mér að það sé hægt að skrá miklu, miklu víðtækari bréf heldur en þarna er talað um. Ég sé ekkert á móti því að skráð sé nánast hvert einasta skuldabréf sem gefið er út, t.d. í sambandi við kaupsamninga fasteigna og alls konar skuldabréf einstaklinga. Það er hægt að láta skrá þau í þessari verðbréfamiðstöð. Menn borga bara þann kostnað sem því er samfara. Ef það er gert og kostnaðurinn yrði væntanlega ekki mjög mikill þá er möguleiki á því að þetta yfirtaki öll skuldabréf sem til eru og öll hlutabréf, líka í einkahlutafélögum.

Mér finnst hugsunin í frv. vera full þröng að þessu leyti en ég er viss um að það byggir á ákveðinni tregðu að sjá fyrir sér möguleikana sem þessi nýja tækni gefur.

Herra forseti. Ég vil ljúka máli mínu með því að fagna því að þetta frv. er komið fram og fagna því hvað það er vel unnið. Ég vil eindregið leggja til að það verði samþykkt eins hratt og mögulegt er. Sá kostnaður sem núverandi kerfi veldur er óhemju mikill. Ég giska á að hann sé einhvers staðar á bilinu 5–10 millj. kr. á dag. Það er því mjög brýnt að fá þetta frv. fram, að það taki gildi, því fyrr því betra. Ég mun vinna að því í hv. efh.- og viðskn. að menn vinni hratt og vel í þessu máli og komi því fram því það er mjög til framdráttar atvinnulífinu.

[17:09]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. sem þátt hafa tekið í þessari umræðu fyrir góð viðbrögð við því máli sem hér er til umræðu. Vitaskuld finnst mér það vera alveg sjálfsagt að málið verði tekið rækilega fyrir og skoðað í nefnd. En ég tek undir það með hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég teldi afskaplega mikilvægt að hraða afgreiðslu málsins hér í þinginu ef þess er nokkur kostur. Ég tel að málið eins og það liggur fyrir núna hafi fengið í undirbúningi öllum afskaplega vandaða málsmeðferð. Þetta er mál sem í fleiri ár hefur staðið til að koma með hingað inn í þingið en það hefur þó ekki séð dagsins ljós fyrr en nú. Ég fullyrði að þeir sem hafa unnið að undirbúningi málsins fyrir hönd mína og viðskrn. hafa staðið afskaplega vel að verki. En ég er ekki að draga úr því að það er mikilvægt að þingnefndin skoði málið alveg ofan í kjölinn. En ég tel samt að málið sé betur undirbúið heldur en mörg mál sem hér hafa áður komið inn.

Hv. þm. Ágúst Einarsson spurði hvort ekki væri rétt að gefa þessari verðbréfamiðstöð kannski tveggja ára aðlögunartíma og hafa þá tvö ár til að sanna sig og hafa þann tíma til að komast almennilega á fót og hafa þar af leiðandi einkaleyfi í tvö ár. Þær upplýsingar sem ég hef segja mér að það muni taka allt að því tvö ár að koma slíkri verðbréfamiðstöð almennilega á fót, þannig að ef menn væru að hugsa um einkaleyfi þá þyrfti einkaleyfið að vera eitthvað lengra heldur en það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hafa einkaleyfi á þessari starfsemi. Einkaleyfi eigi ekki að koma á þetta nema menn sjái fram á að samkeppni geti ekki þrifist á þessum markaði. Ég held að það geti vel gerst að samkeppni verði þarna til en vil ekki fullyrða að svo verði. Það gætu komið hér erlendar verðbréfamiðstöðvar sem gætu lent í samkeppni við þessa. Það sem er líka styrkleiki, og ég tel að tryggi ekki einkaleyfi en allt að því, er það að þeir eignaraðilar sem koma til með að standa að þessu og hafa lýst sig tilbúna til að standa að þessu í upphafi eru þeir sem mestra hagsmuna hafa að gæta. Þannig að ég hef trú á því að það verði ekki aðrir aðilar sem muni reyna.

Varðandi stofnkostnaðinn þá er gert ráð fyrir að hann verði 80 millj. kr. Hlutafé verði 65 millj. Það held ég að sé býsna hátt hlutfall af eigin fé í verðbréfamiðstöðinni að vera með 65 millj. af 80 millj. kr. af stofnkostnaði. En það er gert ráð fyrir að ríkið muni eignast $^1/_7$ hluta. Og af því að hv. þm. Ágúst Einarsson hafði ekki áður séð það hér í þingskjali að ríkissjóður hygðist leggja fram X-hluta þá er þetta ekki x heldur $^1/_7$ hluti sem þarna er um að ræða. Það hefur tekist þannig til í prentuninni að það lítur út eins og x. Þannig að þarna er ekki um sérstakt afbrigði að ræða eins og fram kemur. Það er gert ráð fyrir því í frv. að þarna sé um $^1/_7$ hluta að ræða.

Hv. þm. Ágúst Einarsson kom inn á ábyrgðir á mistökum sem rekja má til verðbréfamiðstöðvarinnar og ábyrgðasjóðurinn væri upp á 650 millj. kr. og hann spyr hvort það sé nægjanlega há upphæð, hvort hún sé ekki allt of lág í samanburði við markaðsverðmæti bréfanna. Ég svara þessu neitandi. Þessi trygging er tiltölulega mjög há í alþjóðlegum samanburði. Þeir sem unnu málið voru með dönsku verðbréfamiðstöðina sér til fyrirmyndar þar sem ábyrgðarsjóðurinn er upp á 12 millarða ísl. kr. Miðað við veltu og markaðsverðmæti bréfanna er sá ábyrgðarsjóður sem gert er ráð fyrir í frv. sem hér er lagt fram fjórum sinnum stærri heldur en sá danski. Þannig að ég held að við séum að gera býsna vel í þessum efnum. Mér finnst þetta undirstrika það hversu mikil vinna hefur verið lögð í allan undirbúning þessa máls. Menn hafa leitað fyrirmynda út fyrir landsteinana, borið sig saman um hvernig við gætum komið þessu upp hjá okkur. Ég er stoltur af því og get fullyrt að undirbúningsvinnan í þessu máli hefur verið mjög mikil fyrir viðskrn. og ég tel að málið sé mjög vel undirbúið til að taka það hér til umfjöllunar. Ég legg áherslu á það út frá þeim hagsmunum sem ég tel að séu í húfi fyrir þá sem starfandi eru á þessum markaði að málið verði afgreitt hér á vorþingi ef þess er nokkur kostur og svo framarlega sem nefndin sjái ekki þá agnúa á sem menn hafa enn ekki komið auga á sem gerðu það að verkum að ekki yrði hægt að afgreiða málið þannig að verðbréfamiðstöðin geti tekið til starfa í árslok 1998, sem ég held að sé afskaplega mikið hagsmunamál.

[17:15]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna í fyrsta lagi því að hæstv. ráðherra gat upplýst um þetta x sem á að vera $^1/_7$ og er hægt að lesa það út með góðum vilja. Hins vegar vil ég líka lýsa yfir ánægju með útskýringar hans á ábyrgðarsjóðnum og þar sem hann vitnaði til Dana. Ég held að það sé mjög gott mál. Þegar ég ræddi hins vegar um að veita einkaleyfi þá tel ég samkeppni vitaskuld vera af hinu góða, en mér finnst fyllilega koma til álita að þetta fyrirtæki fái einkaleyfi, hvort það eru tvö ár, þrjú ár eða fjögur ár, meðan það er að fara af stað. Þetta er mjög sérstakt mál. Ég á ekki von á því að menn muni í sjálfu sér misnota þá aðstöðu sem verðbréfamiðstöðin muni hafa en það kemur þá í ljós. Þetta er hlutur sem menn verða að skoða í nefndinni.

Aðalástæðan fyrir því að ég stend hér upp er varðandi ósk ráðherra um að afgreiða málið í vor. Þetta er ekki svona einfalt, herra forseti. Þótt málið sé vel undirbúið, og ég dró einmitt fram kosti málsins og fagnaði því, þá er stutt til þingloka. Lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Það liggja fyrir fjölmörg þingmál sem ríkisstjórnin, og þar með talinn hæstv. ráðherra, hefur lagt áherslu á. Sum þeirra verða beinlínis að afgreiðast. Ég segi þetta í góðri trú og með góðvilja gagnvart málinu. Hvort menn eiga að reyna að finna því annan farveg því það er ekki hægt að segja að öll mál eigi að afgreiðast hér með hraði. Þetta er ekki spurning um vilja nefndarinnar. Hv. efh.- viðskn., sem ég á sæti í alveg eins og hv. þm. Pétur Blöndal, vinnur dag og nótt við að greiða úr og fara yfir mál, m.a. hæstv. ríkisstjórnar, og það er okkar hlutverk en að bæta ofan á svona merkilegu máli og ætlast til að það sé afgreitt í vor hef ég nokkrar efasemdir um. En ég get fullvissað hæstv. ráðherra um að hv. efh.- og viðskn. mun reyna að vinna að góðum málum

eins og hún getur en það eru samt takmörk fyrir öllu, miðað við þær áætlanir sem ríkisstjórnin hefur lagt upp með að hún vilji afgreiða fyrir vorið.

[17:17]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef fullan skilning á því vinnuálagi sem er á hv. efh.- og viðskn. því ég þekki það manna best sjálfur að mörg þau mál sem þar liggja fyrir og ég hef mælt fyrir á þessu þingi, bankamálin, sjóðamálin og þar fram eftir götunum, eru stór mál og þetta er eitt stórmálið enn sem bætist í þann sarp. Engu að síður fyndist mér mikilvægt að geta afgreitt það á þessu þingi og ég heyrði það á hv. þm. að hann mun horfa á þetta mál með mjög jákvæðu hugarfari. Þar fyrir utan veit ég að í þessari nefnd er mikið vinnuálag, hún heldur marga fundi fyrir utan reglulega fundartíma, en í nefndinni eru líka margir afburðamenn. Ég g hef þess vegna trú á því að hægt verði að ljúka þessu máli á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 816.

[17:19]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, með síðari breytingum.

Ég mun fyrst fara nokkrum orðum almennt um frv.

Árið 1994 voru samþykkt ný lög um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994. Meginmarkmið þeirra laga var að lögfesta ákvæði sem Íslendingar höfðu skuldbundið sig með EES-samningnum til þess að taka í íslenska löggjöf. Lögin hafa nú verið í gildi vel á þriðja ár. Reynsla er komin á marga þætti laganna, auk þess sem Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur metið hvort ákvæði EES-samningsins á sviði skaðatrygginga hafi verið lögfest með réttum og fullnægjandi hætti.

Stofnunin sendi íslenskum stjórnvöldum athugasemdir í ágúst sl. eftir að sérfræðingar hennar höfðu farið yfir samanburðartöflur frá Vátryggingaeftirlitinu sem sýna hvar hvert einstakt ákvæði tilskipana um vátryggingar í EES-samningnum er að finna í íslenskum réttarheimildum. Eru í bréfi ESA tilgreind þau atriði er stofnunin telur að enn hafi ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Var strax brugðist við athugasemdum ESA og skipaði ég starfshóp til þess að ljúka aðlögun íslenskrar löggjafar á vátryggingasviði að EES-samningnum. Er frv. þetta árangur af starfi starfshópsins. Auk þess að semja frv. til þess að ljúka aðlögun íslensks réttar að ákvæðum tilskipana ESB um skaðatryggingar hefur starfshópurinn lagt til nokkrar breytingar á lögunum. Eru þessar helstar:

Í fyrsta lagi eru tekin upp ákvæði frv. sem flutt var á síðasta þingi um hæfisskilyrði en hlaut ekki afgreiðslu.

Í öðru lagi hefur sá kafli laganna sem fjallar um miðlun vátrygginga verið endurskoðaður samhliða endurskoðun á reglugerð um miðlun vátrygginga sem sérstök nefnd hefur unnið að.

Í þriðja lagi eru lagðar til fáeinar breytingar í frv. til þess að gera orðalag laganna skýrara.

Athugasemdir ESA kölluðu ekki allar á lagabreytingar. Unnt reyndist að bregðast við nokkrum þeirra með útgáfu reglugerða sem þegar er heimild fyrir í lögum. Varð það gert með útgáfu tveggja reglugerða er gefnar voru út síðla síðasta árs. Annars vegar um ársreikninga og samstæðureikninga líftryggingafélaga og hins vegar um ársreikninga og samstæðureikninga vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Þá er verið að leggja lokahönd á reglugerð um eignir sem telja má til gjaldþols vátryggingafélaga og útreikning lágmarksgjaldþols.

Mun ég nú, herra forseti, gera grein fyrir meginþáttum frv. en þeir eru:

starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES,
eftirlitshættir,
hæfisskilyrði,
vátryggingamiðlun,
aðrar breytingar.

Hér á eftir verður fjallað um hvern hinna fjögurra fyrsttöldu þátta fyrir sig í þeim mæli sem slíkar athugasemdir eiga ekki við einstakar greinar frv.

Vík ég þá fyrst að starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES-svæðisins.

Lög um vátryggingastarfsemi hafa að geyma ákvæði um eftirlit með útibúum frá félögum með aðalstöðvar utan EES. Lögfesta þarf tvær frávikheimildir, annars vegar um eitt gjaldþolseftirlit fyrir öll útibú sama félags á EES og hins vegar um samninga sem gerðir kunna að verða við ríki utan EES um gagnkvæma viðurkenningu eftirlits með vátryggingastarfsemi. Fjallað er um frávikheimildirnar í 16.–19. gr. frv.

Samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi verða vátryggingafélög með aðalstöðvar utan EES að setja upp útibú á Íslandi undir íslensku eftirliti hyggist þau stunda vátryggingastarfsemi hér. Þau njóta ekki frelsis til þjónustu án starfsstöðvar með sama hætti og félög með aðalstöðvar í öðru EES-ríki, en það frelsi byggist á samræmdum eftirlitsháttum og gagnkvæmu trausti til eftirlitsstjórnvalda. Í lögunum eru einnig ákvæði um skilyrði sem þessi útibú verða að uppfylla.

Lagt er til að í samræmi við ákvæði EES-samningsins verði frávíkjanleg sú meginregla að stofna þurfi útibú sem uppfylli tiltekin skilyrði og að heimilt verði að kveða á um aðrar reglur í reglugerð til samræmis við samninga sem gerðir kunna að vera við ríki utan EES. Slíkir samningar hafa á engan hátt verið undirbúnir en reglugerðarheimildin einfaldar að taka upp samstarf við t.d. Sviss með svipuðum hætti og samstarfið er innan EES varðandi starfsleyfi vátryggingafélaga og eftirlit með þeim. Slíkur samningur, ef gerður yrði, fengi þá meðferð sem gert er ráð fyrir um milliríkjasamninga en með breytingunni sem hér er lögð til þyrfti ekki að breyta lögum um vátryggingastarfsemi til þess að uppfylla hann.

Fjallað er um gjaldþol íslenskra vátryggingafélaga í 29.–33. gr. laga um vátryggingastarfsemi. Ekki eru ákvæði um gjaldþol félaga frá öðrum aðildarríkjum enda er eftirlit með því alfarið á hendi heimaríkis. Gjaldþolsreglur þar eiga að vera hliðstæðar þeim sem gilda um íslensk félög. Starfsemi vátryggingafélaga með aðalstöðvar utan EES hér á landi er viðfangsefni 71.–76. gr. laganna. Þar hafa íslensk stjórnvöld viðameira hlutverki að gegna en þegar félög frá aðildarríkjum EES eiga í hlut vegna þess að eftirlitshættir eru ekki samræmdir við þriðju ríki og eru m.a. gerðar sérstakar fjárhagskröfur um útibú þaðan.

Næst mun ég fjalla um þau ákvæði frv. sem snúa að eftirlitsháttum og þau atriði tengjast hinni svokölluðu BCCI-tilskipun.

Eftir að EES-samningurinn gekk í gildi hefur Evrópusambandið samþykkt tilskipun nr. 95/26/ESB, um breytingar á fjórum tilskipunum um vátryggingar og nokkrum öðrum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu. Miða breytingarnar að því að treysta eftirlit með þessari starfsemi. Þær eru gerðar í tilefni vandræða sem orðið hafa í samstæðum fjármálafyrirtækja, einkum var gjaldþrot BCCI-bankans hvati að þessum breytingum. Tilskipun þessi hefur í umræðu manna á meðal verið nefnd BCCI-tilskipunin.

Með tilskipuninni verða sams konar breytingar á eftirliti með öllum þeim sviðum sem EES-samningurinn flokkar undir fjármálaþjónustu, þ.e. vátryggingum, bankastarfsemi og verðbréfaþjónustu. Lögum um bankastarfsemi og verðbréfaviðskipti var breytt á síðasta þingi. Frv. gerir ráð fyrir að tilskipunin verði öll tekin efnislega inn í lögin um vátryggingastarfsemi eftir því sem við á. Helstu breytingar sem lagðar eru til eru:

1. Skilgreind eru náin tengsl vátryggingafélags við aðra. Það eru veikari tengsl en í t.d. félagasamstæðu og verður skylt að tilkynna þau án þess að því fylgi aðrar kvaðir.

2. Skipulag félagasamstæðu skal vera gagnsætt, meðal annars skulu raunverulegar aðalstöðvar hvers félags vera í sama landi og skráð skrifstofa þess.

3. Heimilað er að láta tilteknum aðila í té trúnaðarupplýsingar sé þess þörf vegna eftirlitsins.

4. Lögð er sú skylda á endurskoðendur að þeir láti vátryggingaeftirlitið vita að eigin frumkvæði um tiltekin atriði sem miður kunna að fara í starfsemi vátryggingafélags eða nátengdra fyrirtækja.

Opinbert eftirlit með vátryggingastarfsemi í þessu samhengi hefur það markmið að koma í veg fyrir gjaldþrot vátryggingafélaga sem skaðað gætu vátryggingataka eða þá sem rétt eiga á bótum. BCCI-málið beindi sjónum manna einkum að sviksamlegu athæfi stjórnenda og eigenda og er með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, verið að auka heimildir stjórnvalda til eftirlits með þeim.

Tilkynningarskylda er þegar í lögum um vátryggingastarfsemi um samstæður og virkan eignarhlut. Viðbótin varðar einungis önnur náin tengsl. Ekki er gert ráð fyrir að þessi ákvæði hafi teljandi áhrif á starf íslenskra stjórnvalda eða íslenskra vátryggingafélaga. Þau auka þó möguleika á eftirliti. Hið sama má segja um heimild einstakra stjórnvalda til þess að láta af hendi trúnaðarupplýsingar. Lagt er til að núverandi heimildir verði rýmkaðar en breytingin er léttvæg miðað við íslenskt umhverfi.

Ástæða er til að vekja athygli á fróðlegri samantekt í athugasemdum með frv. á tengslum vátryggingafélaga hér á landi. Samantektin var gerð áður en samið var um kaup Landsbanka Íslands á eignarhlut eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins í Vátryggingafélagi Íslands.

Þá vík ég næst, herra forseti, að þeim ákvæðum frv. sem fjalla um hæfisskilyrði.

Lagðar eru til breytingar á hæfisskilyrðum þeim sem eru í lögunum þannig að þau verði hliðstæð hæfisskilyrðum í lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 13/1996, og í lögum um verðbréfasjóði, nr. 10/1993, eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1996. Þessar tillögur eru, með einni breytingu, eins og frv. sem lagt var fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995. Breyting frá fyrra frv. felst í því að vanhæfi vegna dóms miðast við fimm ár en ekki þrjú. Þar var farið eftir breytingum á hliðstæðum ákvæðum í lögum um verðbréfaviðskipti sem gerðar voru í meðförum Alþingis.

Núgildandi ákvæði um fjárforræði þykja of ströng. Er því lagt til að reglum um fjárforræði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, aðalumboðsmanna og vátryggingamiðlara sé breytt með hliðsjón af hlutafélagalöggjöf þeirri sem afgreidd var frá Alþingi í árslok 1994. Jafnframt eru gerðar nokkrar breytingar á öðrum hæfisskilyrðum og búsetuskilyrðum til samræmis við hlutafélagalöggjöfina en búsetuskilyrðin snerta m.a. EES-samninginn. Refsidómaákvæði hlutafélagalöggjafarinnar er tekið upp í tengslum við hæfisskilyrði en tilvísun í löggjöf um vátryggingastarfsemi alls staðar bætt við.

Að lokum fer ég nokkrum orðum um þær breytingar á ákvæðum laganna um vátryggingamiðlun sem frv. gerir ráð fyrir.

Í 2., 4., 15. og 20.–25. gr. frv. er fjallað um atriði sem snerta miðlun vátrygginga og endurskoðuð hafa verið að fenginni reynslu. Við samningu ákvæðanna var m.a. tekið mið af af tilskipun ESB nr. 77/92, um umboðsmenn og vátryggingamiðlara, og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB frá 18. desember 1991, um vátryggingamiðlara. Nýmæli er að hugtakið vátryggingamiðlari er skilgreint í 2. gr. frv. og er hugtakið þrengra en í núverandi gerð laganna. Gert er ráð fyrir að ákvæði um vátryggingamiðlara skv. 2. tölul. 1. mgr. 80. gr. gildandi laga falli brott.

Herra forseti. Að lokinni þessari umræðu óska ég þess að frv. verði vísað til efh.- og viðskn. og það verði afgreitt á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra ökutækja, 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (leyfisbréf, eftirlit o.fl.). — Þskj. 163, nál. 821, brtt. 822.

[17:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 821 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um sölu notaðra ökutækja. Lögin voru samþykkt 1994 en í ljós kom að endurskoða þurfti nokkra þætti í þeim, þó ekki mikilvæga. Það var haft samráð um samningu frv. við þá aðila sem málið varðar.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Bílgreinasambandinu, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Sambandi íslenskra viðskiptabanka. Auk þess unnu með nefndinni og voru til ráðuneytis fulltrúar úr viðskrn.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Í þeim felst að tekin verði af tvímæli um að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstaka skrá sem leggja skal fram við sölu notaðra ökutækja þar sem fram kemur hverjir hafi verið eigendur að bifreiðinni og tjónaferill hennar. Þetta var atriði sem fjölmargir umsagnaraðilar lögðu mikið upp úr. Það tengist reyndar heildarendurskoðun á þeim ákvæðum sem varða ferilskrá ökutækja en að því máli verða síðan

að koma fleiri ráðuneyti en einungis viðskrn. Vilji nefndar hvað þann þátt varðar kemur hér ótvírætt fram. Nefndin er þess fullviss að málið verði áfram unnið af hálfu viðskrn. og öðrum ráðuneytum sem málið varðar.

Í öðru lagi er lagt er til að fellt verði brott úr frv. ákvæði um sérstakt 5.000 kr. eftirlitsgjald til að standa straum af kostnaði við eftirlit lögreglustjóra með bifreiðasölum. Það kom fram í nefndinni að kostnaðurinn við að leggja þetta gjald á og innheimta það mundi verða býsna mikill. Það var niðurstaða í nefndinni að falla frá þessu sérstaka eftirlitsgjaldi og það ákvæði er fellt niður í einni af brtt. nefndarinnar.

Í þriðja lagi er gerð orðalagsbreyting á 3. mgr. 7. gr. frv. Lagt er til að hún orðist svo: „Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir tilmæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna, og skal þá lögreglustjóri tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.“ Hér er gerð betrumbót á orðalagi og m.a. stuðst við ábendingar sem bárust frá lögreglustjóraembættinu hvað þennan þátt varðar. Það er ótvírætt að það er viðskrh. sem gefur út starfsleyfi og hann hefur rétt til að svipta starfsleyfi ef ekki er staðið við þau skilyrði sem lögin kveða á um.

Í síðasta lagi, herra forseti, er gert ráð fyrir að bætt sé við nýrri grein sem orðast svo: „Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.“

Það er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að þetta ákvæði komi skýrt fram í lögunum.

Nefndin vill taka fram að hún lítur svo á að ef lögfræðingar eða viðskiptafræðingar sækja um starfsleyfi samkvæmt lögunum sé eðlilegt að veita þeim undanþágu frá námskeiðsskyldu 3. gr. laganna ef ætla má að þeir hafi fullnægjandi þekkingu til að annast bifreiðasölu. En í 3. gr. laganna er gert ráð fyrir að fyrir utan að menn hafi ábyrgðartryggingar þá verði þeir að hafa sótt námskeið og standast prófkröfur varðandi starfsleyfi. Með þessu orðalagi er kveðið á um að almennt megi ætla að tilteknar starfsstéttir sem hafa lögfræði- eða viðskiptafræðimenntun hafi fullnægjandi þekkingu til að annast bifreiðasölu og má þá veita þeim undanþágu frá námskeiðsskyldu. Nefndin telur að með þessu ákvæði sé komið til móts við almenna venju varðandi bifreiðasölu án þess að á nokkurn hátt sé gengið á rétt eða möguleika neytenda varðandi örugg viðskipti.

Nefndin var sammála um afgreiðslu málsins og ritar öll undir nál.

Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

[17:37]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil við 2. umr. málsins þakka hv. efh.- og viðskn. þá vinnu sem hún hefur lagt í málið. Ég er sammála þeim brtt. sem nefndin leggur til en vil vekja athygli á einu, sem ég býst fastlega við að nefndin hafi líka kannað gaumgæfilega við meðferð málsins. Það er gjaldið sem var áætlað að leggja á til þess að standa undir kostnaði við eftirlitsskylduna, 5.000 kr. gjaldið, sem nefndin ákveður að taka út. Ég lít þannig á að Alþingi sé tilbúið, verði kostnaður við innheimtuna, að taka slíkan kostnað inn á fjárlagalið. Eða að láta sýslumannsembættin bera þann kostnað sem af eftirlitsskyldunni er.

[17:38]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Það er laukrétt hjá hæstv. ráðherra að nefndin fór vandlega yfir hvort fella ætti niður þetta gjald. Ég nefndi eina af ástæðunum, þ.e. að kostnaður við innheimtu mundi verða umtalsverður. Það er ekki gert ráð fyrir að þetta skili miklum fjármunum. En það sem vó líka mjög þungt í umræðu nefndarinnar var að hér er um nokkra sérstöðu að ræða. Það að leggja á leyfisgjald til lögreglustjóra til að standa undir kostnaði af eftirliti lögreglustjóraembættisins með bifreiðasölum er dálítið öðruvísi en almenn álagning. Hér er um að ræða gjald sem rennur til lögregluembættisins sem hefur skyldur almennt gagnvart borgurunum án þess að lagt sé á gjald sem svarar kostnaði í hvert sinn. Það má segja að það hafi vegið þyngra heldur en hin fjárhagslega staða málsins. Þetta vó hvort tveggja þungt. Það er að mati nefndarinnar ekki ástæða til að innleiða gjaldskyldu varðandi kostnað og eftirlit lögreglustjóraembætta með bifreiðasölum á þann hátt sem hér var lagt fram. Það er bæði vegna kostnaðar við að innheimta það en ekki hvað síst vegna ákveðinnar sérstöðu sem málið varðar í tengslum við lögreglustjóraembættið og þá skyldu ríkisvaldsins að sjá till þess að lögum sé framfylgt án þess að hægt sé í hvert skipti að taka gjald fyrir þann kostnað sem leggst á af aðilum hverju sinni. Hér er ekki um að ræða háar fjárhæðir. Það hefur engin yfirlýsing af hálfu nefndarinnar verið gefin varðandi afgreiðslu fjárlaga næsta ár. Það er ekki í hlutverki þessarar nefndar. Hún lagði mikla vinnu í þetta mál eins og hæstv. ráðherra hefur sagt. Við teljum þessa útfærslu varðandi 5.000 kr. einfaldlega vera góða lagaafgreiðslu á þessu máli því hér er nokkur sérstaða á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarhald á auðlindum í jörðu, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 304. mál. — Þskj. 563.

og

Virkjunarréttur vatnsfalla, 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 305. mál. — Þskj. 564.

[17:41]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Eignarhald á auðlindum í jörðu hefur verið deilumál alla þessa öld. Allt frá því um síðustu aldamót hafa slík mál margoft komið til kasta Alþingis án þess þó að Alþingi hafi nokkurn tíma sett heildarlöggjöf um þessi mál. Þvert á móti hefur Alþingi valið þá leið að setja sérlög um sérstök verðmæti svo sem námalög sem upphaflega voru sett 1907, svo og jarðhitalög sem nú eru orkulög og þannig fjallað um afmarkaða þætti málsins en þó hvergi nærri alla.

Deilurnar alla þessa öld hafa snúist um það hverjir skulu teljast eiga þessi verðmæti, auðlindir í jörðu og á, hvort það eigi að vera einstakir landeigendur fortakslaust eða þjóðin í heild. Frv. var fyrst lagt fram um þessi mál árið 1905 og var þá ekki útrætt og síðan aftur árið 1907. Í báðum tilvikum var miðað við þá meginreglu að íslenska þjóðin ætti í því

tilviki námuréttindi, en eins og ég sagði áðan hefur aldrei verið sett heildarlöggjöf um eignarhald á auðlindum í jörðu heldur rætt um málin afmarkað hvert fyrir sig. Þetta var sem sé meginefni frv. árið 1905 sem endurflutt var 1907, að meginreglan ætti að vera sú að það væri íslenska þjóðin sem ætti námuréttindi.

Meiri hluti þingmanna hafnaði því í lagasetningu og hélt fram rétti landeigenda. Þessi réttindi landeigenda hafa verið nokkuð takmörkuð síðan, bæði með námalögunum sem sett voru 1973 og í III. kafla orkulaga 1967, en meginreglan er enn sú að réttindi landeigenda eru þar ríkjandi þó að þeim hafi verið nokkur takmörk sett.

Sömu deilur og áttu sér stað um námuréttindin hafa átt sér stað um eignarhald á fossum eða með öðrum orðum um virkjanaréttindi. Fossanefndin sem skilaði áliti árið 1907 skiptist þannig í meiri og minni hluta. Meiri hluti nefndarinnar var fylgjandi þjóðareign á fossum, þ.e. á virkjunarréttindum en minni hlutinn hélt fram rétti landeigenda. Þegar til kasta þingsins kom og vatnalög voru síðan sett, sem ekki var fyrr en árið 1923, þá var það stefna minni hlutans sem varð ofan á, þ.e. réttur landeigenda.

Enn hafa sömu átök átt sér stað um jarðhitaréttindi. Að því verki hafa ýmsir mætir menn komið, m.a. Bjarni heitinn Benediktsson fyrrv. forsrh., en hann var einn af þeim sem voru þeirrar skoðunar að jarðhiti djúpt í jörð, þ.e. í tillögu hans var gert ráð fyrir jarðhita sem bora þyrfti meira en 10 metra eftir, öðru nafni djúphiti, ætti að vera eign þjóðarinnar. Á þessa skoðun hins merka stjórnmálamanns féllst Alþingi hins vegar ekki og samþykkti ekki tillögu hans í þá veru.

Enn var gerð tilraun árið 1957 þegar lagt var fram stjfrv. á Alþingi um jarðhitamál, en í því frv. var djúphiti skilgreindur sem hiti neðan 100 metra dýpis og samkvæmt frv. átti hiti neðan 100 metra dýpis að teljast fortakslaust eign þjóðarinnar. Það frv. varð ekki útrætt.

Enn komu málin fyrir Alþingi þegar frv. að núgildandi orkulögum var lagt fram árið 1966, en við afgreiðslu þess frv. var m.a. felld brtt. um að djúphiti skyldi teljast eign þjóðarinnar. Síðan hafa oft verið lögð fram þingmannafrumvörp og stjórnarfrumvörp um sambærileg efni og má þar t.d. minna þáltill. Braga Sigurjónssonar og annarra þingmanna Alþfl. um þjóðareign á djúphita, afréttarlöndum og almenningum, en tillaga um það efni var fyrst flutt af Braga Sigurjónssyni, ef ég man rétt, árið 1971. Þessar tillögur hafa aldrei verið samþykktar né heldur tillögur þingmanna Alþb. sem þeir hafa flutt ítrekað og ganga í mjög svipaðar áttir.

Hluti af þessari deilu um eignarhald á auðlindum í jörðu eru einnig hvar mörk eignarréttar, einkaeignarréttar og almenningseignarréttar skuli dregin. Þau mörk eru mjög óljós eins og komið hefur fram a.m.k. þrívegis í dómum Hæstaréttar. Fyrst var það dómsmál sem var fyrir Hæstarétti árið 1955 um eignarrétt á Landmannaafrétti. Aðliggjandi hreppar kröfðust þá eignarréttar á Landmannaafrétti og lögðu fram afsal er varðaði slíkan rétt máli sínu máli til stuðnings. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú að aðliggjandi hreppar töldust ekki fara með eignarrétt á afréttinum. Hins vegar ættu íbúar þeirra sameiginleg veiðiréttindi þar en ekki önnur réttindi. Ekki var með þeim dómi skorið úr um hver ætti þá þau landréttindi sem aðliggjandi hreppar og íbúar töldust ekki eiga. Ef slík niðurstaða hefði orðið fyrir hæstarétti í Noregi hefði sú almenna regla gilt að það sem enginn á það á kóngurinn, með öðrum orðum, það sem engin telst eiga eigi þá ríkið. Slík regla gildir ekki hér á Íslandi, því miður, þannig að dómur Hæstaréttar í málinu um eignarrétt á Landmannaafrétti árið 1955 lét þar við sitja að aðliggjandi hreppar ættu ekki þennan eignarrétt, en kvað ekki upp úr um það hver skyldi þá með eignarréttarmálin fara.

Seinni dómur Hæstaréttar fjallaði um eignarrétt að Nýjabæjarafrétti. Héraðsdómur hafði þegar kveðið á um að eignarréttur að Nýjabæjarafrétti skyldi falla til Skagfirðinga, enda lögðu þeir fram yfirlýsingar í afsölum um að þessi eignarréttur hefði verið keyptur. Niðurstaða Hæstaréttar varð hins vegar sú að yfirlýsingar í afsölum nægðu ekki væru þær ekki studdar öðrum gögnum sem ekki var og var því hvorugum aðila dæmdur eignarrétturinn, hvorki ríkinu né Skagfirðingum og er því með öllu óljóst hver fer með eignarréttindi að Nýjabæjarafrétti.

Þriðji og síðasti dómur Hæstaréttar um þessi mál varðar eignarréttarkröfu ríkisins að Landmannaafrétti, en í kjölfar úrskurðar Hæstaréttar, sem ég gat hér áðan frá 1955 um eignarrétt að Landmannaafrétti, þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi hreppar færu ekki með þann eignarrétt hóf ríkið mál þar sem það krafðist þess að eignarrétturinn yrði dæmdur ríkinu. Hæstiréttur kvað upp úr um það í dómi um eignarrétt á Landmannaafrétti árið 1981 og niðurstaða hans varð enn sú að enginn gæti talist fara með þessi eignarréttindi en jafnframt kallaði dómurinn eftir lagasetningu Alþingis um þau efni og benti á að sá eini sem gæti skorið úr um þessi mál væri Alþingi sjálft með lagasetningu. Sú lagasetning hefur aldrei náð fram að ganga. Nefnd var hins vegar skipuð árið 1984 í framhaldi af þessum niðurstöðum Hæstaréttar til þess að semja frv. sem tæki af öll tvímæli í þeim efnum. Nefndin skilaði slíku frv. árið 1993, en það frv. var aldrei flutt, enda náðist ekki samkomulag milli þáverandi stjórnarflokka um að flytja frv. eins og það kom frá nefndinni.

Aðstæður hafa auðvitað mikið breyst frá því að þessar deilur vöknuðu í upphafi þessarar aldar. Einna mesta breytingin á aðstæðum hefur orðið nú og er í þann veginn að verða. Með aðildinni að hinu Evrópska efnahagssvæði hafa fjárfestingar útlendra aðila á hinu Evrópska efnahagssvæði verið heimilaðar til jafns við fjárfestingar íslenskra aðila og fyrirtækja í öllum orkuvinnslufyrirtækjum í landinu. Þetta gekk í gildi um næstsíðustu áramót þannig að í tæplega eitt og hálft ár hafa þau ákvæði verið í gildi að allir á EES-svæðinu eiga jafnan rétt og Íslendingar til þess að festa kaup á orkuvinnslufyrirtækjum. En ekki nóg með það, heldur var hinn 20. desember sl. samþykkt tilskipun á vegum Evrópusambandsins þess efnis að fyrir árið 1999 skyldi komið á sambærilegt jafnrétti hvað varðar orkuvinnsluna sjálfa, með öðrum orðum væri ekki lengur hægt að mismuna innlendum og erlendum aðilum varðandi réttindin til að virkja sé tekin ákvörðun um virkjun, t.d. á Íslandi. Þessar breytingar þýða að að öllu óbreyttu er veruleg hætta á því að útlendingar eignist beint eða óbeint þær auðlindir Íslands sem enn eru að mestu ónýttar, þ.e. orku fallvatna og jarðhita. Þessar nýju aðstæður gera það nauðsynlegt að taka af öll tvímæli í lagasetningu um hver telst eiga þessi réttindi, þ.e. bæði virkjunarrétt vatnsfalla og á auðlindum í jörðu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, sem við tók árið 1991, var m.a. fjallað sérstaklega um þessi mál. Í þeirri stefnu og starfsáætlun segir svo í kaflanum um iðnaðar- og orkumál á bls. 34, með leyfi forseta:

„Lagt verður fram frv. um eignarhald á orkulindum, afréttum og almenningum á 115. löggjafarþingi. Þar verð-

ur skilgreint hvaða réttur til náttúruauðlinda landsins skuli fylgja bújörðum og öðrum landareignum og hvað skuli teljast almannaeign. Í framhaldi af starfi nefndar sem hefur það hlutverk að skýra og skilgreina mörk eignarlands og almenninga verður einnig sett löggjöf um það efni."

Þrátt fyrir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi með þessum hætti skuldbundið sig til þess að leggja slík frumvörp fram í valdatíð sinni þá varð aldrei af því. Ástæðan var sú að aldrei náðist samkomulag við Sjálfstfl. um að leggja slíkt mál fyrir á Alþingi þrátt fyrir þær skuldbindingar sem fólust í stefnu og starfsáætlun þessarar ríkisstjórnar. Fyrst strandaði á því að aldrei var fallist á niðurstöðu nefndarinnar, sem skipuð var 1984 og skilaði áliti 1993, af fulltrúum Sjálfstfl. í þáv. ríkisstjórn og byggðu þeir andstöðu sína á þeim grunni að ákvæði í frumvarpsdrögum eins og nefndin lagði þau fram væru brot á eignarréttarákvæðum stjórnarskrár. Unnið var að því að mæta þeirri gagnrýni í iðnrn. fyrir tilverknað ráðherra Alþfl. tveggja sem þar sátu hvor fram af öðrum og voru samin ný frumvörp um eignarhald á auðlindum í jörðu og um virkjanaréttindi fallvatna og valinkunnir lögfræðingar fengnir til þess að svara þeirri gagnrýni að eins og frumvörpin voru í upprunalegri mynd stríddu þau gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um eignarréttindi. Þetta var gert með því að inn í hin upphaflegu frumvörp voru teknir nýir kaflar um sérstök eignarnáms- og bótaákvæði en þrátt fyrir það tókst ekki að leysa þann ágreining sem uppi var á milli stjórnarflokkanna þannig að frumvörpin fengust aldrei flutt sem stjórnarfrumvörp.

Ágreiningurinn um hvort ákvæði eins og þau sem í frumvörpunum tveimur felast sem ég mæli fyrir gangi í berhögg við stjórnarskrá eða ekki verður ekki leystur nema fyrir tilstuðlan Alþingis og þá væntanlega dómstólameðferð í framhaldi af því ef menn telja enn vafa á leika. Því er nauðsynlegt að Alþingi skeri hér úr með lagasetningu þannig að a.m.k. vanti ekki atbeina Alþingis til þess að leysa úr þessum deilumálum.

Frumvörp þau sem hér eru flutt eru að mestu leyti eins og frá þeim var gengið í iðnrn. í minni tíð þó svo að nokkrar smávægilegar breytingar hafi verið gerðar á þeim texta áður en hann var endanlega lagður fram. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að látið sé reyna á afstöðu Alþingis jafnvel þó að skiptar skoðanir verði áfram meðal lögfræðinga um hvort frv. eins og það er nú úr garði gert sé í samræmi við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Við teljum löngu tímabært að í lögum sé skorið úr um hvar mörkin séu milli einkaeignarréttar og almenningseignar á landgæðum, svo sem á auðlindum í jörðu og virkjunarrétti jarðvarma og fallvatna. Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar að flestir landsmenn telji að slíkur eignarréttur eigi að vera í höndum þjóðarheildarinnar nema annað hafi ótvírætt verið ákveðið og að slík eignarréttarmörk séu skýrt ákveðin í lögum áður en gera megi ráð fyrir því að viðskipti með land og landgæði milli lögaðila stóraukist frá því sem verið hefur.

Við viljum að eignarhald á auðlindum eins og námum, jarðhita og orku fallvatna verði í höndum íslensku þjóðarinnar og við sjáum ekki betri leið til að tryggja það en með samþykki frumvarpa þeirra sem hér eru flutt. Hins vegar þykir okkur eðlilegt að þar sem slík réttindi eru nú ótvírætt í höndum landeigenda verði svo áfram og þurfi að nýta slíkar auðlindir í eigu einstaklinga í þágu heildarinnar komi eðlilegar bætur fyrir sem miðist þá við sannanlegt tjón sem landeigandi kann að verða fyrir og er gert ráð fyrir því í frumvörpunum báðum að svo sé.

Virkjunarréttarfrv. er með sama hætti, að segja má, það sem ríkti í afstöðu bæði Alþfl. og Alþb. og það sem gert var ráð fyrir í tillögum nefndarinnar sem skipuð var 1984. Meginatriði þess eru enn fremur sett fram í frv. um virkjunarrétt fallvatna á þskj. 564. Meginefni frv. er að ákveða með skýrum hætti að ríkið hafi umráð á hagnýtingarrétti yfir orku allra vatnsfalla utan afmarkaðra landa sem háð eru einkaeignarrétti, þ.e. orku vatnsfalla á afréttum og almenningum sem ekki eru í einkaeign, burt séð frá beitar- og veiðiréttindum annarra aðila á sömu afréttum. Núgildandi takmörkunum á virkjunarrétti vatnsfalla er hins vegar haldið og í 11. gr. frv. er lagt til að lögfest verði ákvæði um bætur til landeiganda sem land á að vatnsfalli sem heimilað hefur verið að virkja. Skulu bæturnar miðast við sannanlegt tjón landeigandans, þar á meðal missi réttar hans til að virkja vatnsfallið til allt að 200 kwst. raforkuframleiðslu ef um slíkt er að ræða, en ekki um bætur umfram það.

Tíminn leyfir því miður ekki nákvæma yfirferð yfir þessa umfangsmiklu frumvörp, en ég vil þó vitna í nokkur atriði í greinargerð frumvarpanna sem sýna betur hver eru meginstefnumál í þeim hvoru fyrir sig. Ef við tökum fyrst virkjunarréttarfrv. þá vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að frv. kveður ótvírætt á um að réttur til umráða og hagnýtingar á orku íslenskra fallvatna utan eignarlanda sem háð eru einkaeignarrétti séu í höndum ríkisins. Í frv. er því sem sé slegið föstu að ríkið hafi þann rétt á almenningum og afréttum þótt aðrir aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi, svo sem beitarrétt eða rétt til silungsveiða.

Þá skal tekið fram að ekki er heldur ætlunin með frumvarpi þessu að fella úr gildi heimildir sem Alþingi hefur þegar veitt til virkjunar fallvatna en ekki hafa verið nýttar þegar lögin taka gildi. Er það áréttað í lok 1. mgr.

Í 2. mgr. 2. gr. er lagt til ákvæði sem skilyrðir framsal virkjunarleyfis samþykki ráðherra og er það eðlilegt í ljósi þess að ráðuneyti og stofnanir þess hafa yfirsýn yfir orkumarkaðinn.

Þá er því einnig slegið föstu í 3. gr. frv. að landeigendur hafi áfram heimild til þess að nýta allt að 200 kw. afl í þeim vatnsföllum sem um land þeirra renna án þess að þurfa til þess sérstakt leyfi frá ráðherra. Ákvæði þetta samsvarar ákvæðum í núgildandi vatnalögum og 10. gr. orkulaga frá 1967. Þá er gert ráð fyrir því einnig í 3. gr. að landeigendur geti ekki aðskilið þennan rétt frá landareign sinni, t.d. selt hann sérstaklega.

Þá er það nýmæli í þessu frv. um virkjunarrétt vatnsvalla að við útgáfu leyfis til virkjunar vatnsfalla og tengdra framkvæmda þarf að leita umsagnar umhverfisráðherra þannig að um það sé fjallað af sérfræðingum umhverfisráðuneytisins og Náttúruverndar ríkisins, sbr. lög um náttúruvernd. Einnig er lagt til í frv. að leita skuli umsagnar Orkustofnunar, en sérfræðingar hennar búa yfir margvíslegri þekkingu á sviði orkumála.

Þá er sérstök ástæða til þess að benda á ákvæði 7. gr. sem er nýmæli, en þar er gert ráð fyrir því að greitt sé leyfisgjald fyrir virkjunarleyfi og að það miðist við aflgetu fyrirhugaðs orkuvers. Lagt er til í 7. gr. frv. að ákvörðun um slíkt gjald sé tekin formlega með lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Um það er m.a. þetta að segja: Nú þegar þær breytingar hafa verið gerðar eða eru á leiðinni öllu heldur, að virkjunarréttur íslenskra fallvatna verði frjáls og ekki bara heimilaður íslenskum fyrirtækjum heldur jafnvel erlendum fyrirtækjum

líka, þá er það að sjálfsögðu í hæsta máta óeðlilegt að þau virkjunarréttindi séu veitt án þess að gjald komi fyrir til eigandans sem er íslenska þjóðin. Þau íslensku orkufyrirtæki sem hingað til hafa fengið heimildir Alþingis til að virkja og byggja stórvirkjanir á Íslandi, hafa ekki þurft að greiða fyrir það sérstakt gjald enda hafa þessi fyrirtæki verið í eigu íslensks almennings og því má segja að að sé íslenskur almenningur sem er að framselja sjálfum sér réttindin til virkjana án þess að greiðsla komi fyrir. Verði breytingar þar á þannig að um verði að ræða heimildir til virkjana sem annaðhvort eru unnar af erlendum eða innlendum félögum þá er að sjálfsögðu ekki lengur eðlilegt, virðulegi forseti, að þessi virkjunarréttindi séu veitt án þess að greiðsla komi fyrir og er gert ráð fyrir því í 7. gr. frv. að slíkar greiðslur séu inntar af hendi til eigenda virkjunarréttarins sem er þjóðin sjálf. Það er að sjálfsögðu í fullu samræmi við þær tillögur okkar jafnaðarmanna sem raunar eru studdar af mun fleirum en úr okkar röðum, að sambærilegt gjald sé tekið fyrir þau réttindi sem úthlutað er til einstakinga og félaga til að stunda fiskveiðar á Íslandsmiðum og nýta þannig sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar.

Síðan eru sérstök ákvæði í þessu frv. eins og í hinu þar sem sú meginregla er sett um mat á því tjóni sem landeigendur verða fyrir ef ráðherra veitir öðrum leyfi til virkjunar vatnsfalls sem þeir eiga land að, að þeir eigi þá rétt á bótum fyrir það tjón sem þeir verða fyrir en hins vegar ekki vegna tapaðs hagnaðar þeirra af því að byggja sjálfir vatnsaflsvirkjun ef þeir hefðu til þess getu eða kröfu til hlutdeildar í framtíðarhagnaði þess sem virkjun reisir, heldur verði bótagreiðslurnar fyrst og fremst reistar á því tjóni sem þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmdanna og hugsanlega af því tjóni sem þeir verða fyrir vegna þess að þeir gætu þá ekki nýtt vatnsfallið til að virkja fyrir sjálfa sig, þ.e. virkjun allt að 200 kw. afli.

Um frv. um eignarhald á jörðu má einnig fara mörgum orðum en ég verð að takmarka mig við þann ræðutíma sem er til ráðstöfunar hér. Um það er að segja það helst að varðandi rétt til jarðefna eru í fyrsta lagi talin upp hvaða jarðefni falli undir eignarrétt landeigenda, en það eru öll þau efni sem hagnýtt eru að einhverju marki í dag þannig að ekki er gert ráð fyrir því í þessu frv. að nein jarðefnaréttindi séu tekin af landeigendum sem þeir nýta sjálfir í dag.

Í öðru lagi er tekið fram um önnur efni en þau sem í dag eru nýtt af jarðeigendum, þá falli þau undir eignarrétt ríkisins. Þar er um að ræða efni sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt ýmist vegna þess að þau hafa ekki fundist í nýtanlegu magni eða ekki sé til þess vitað að slík efni finnist hér. Ástæða er til að kveða á um eignarrétt ríkisins á þeim efnum m.a. vegna þess að þau verða ekki nýtt nema ríkið kosti mjög dýrar rannsóknir á auðlindum og er óeðlilegt að ríkisvaldið greiði slíkan kostnað en aðrir geri síðan tilkall til eignarréttarins og þeirra tekna sem af nýtingu hans kunna að hljótast. Þau ákvæði um jarðefni sem í frv. er að finna skerða því ekki innihald eignarréttar landeigenda í dag miðað við þá notkun sem tíðkast hefur frá landnámi.

Um eignar- og hagnýtingarrétt jarðhita er það að segja að í þessu frv. er ákveðin skilgreining gerð á háhitasvæðum annars vegar og lághitasvæðum hins vegar. Nýtanlegt varmaafl háhitasvæðanna er talið vera um 90% alls varmaafls jarðhitasvæða landsins og líklegt er að þessi jarðhiti verði á næstunni fyrst og fremst nýttur til stóriðju, raforkuvinnslu og hitaveitu í þéttbýli. Slík nýting verður ekki á færi einstakinga, heldur í höndum ríkis, sveitarfélaga eða stórra fyrirtækja og eðlilegt að miða eignarréttinn og nýtingu hans við þær staðreyndir.

Á undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlun um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldurinn í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissan um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að kveða skýrar á en verið hefur um eignarrétt á slíkum jarðhita. Með tilliti til þessa er í lagafrv. greint á milli eignar- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Í frv. er lagt til að jarðhiti á lághitasvæðum og jarðhiti á yfirborði háhitasvæða innan marka lands sem háð er einkaeignarrétti sé eign landeigandans sjálfs en allur annar háhiti í jörðu, hvar sem er á landinu sem og lághiti á afréttum og almenningum verði eign ríkisins. Þó er gert ráð fyrir því í frv. að þeir sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans eða varið verulegum fjármunum til undirbúnings slíkra framkvæmda hafi þann rétti óskertan áfram.

Þá eru í frv. einnig sett skýr ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu til borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum og um hvernig bætur skuli metnar fyrir slíkt. Meginreglan er sú, eins í frumvörpunum báðum, að landeiganda skal bætt allt það tjón sem hann verður sannarlega fyrir af völdum framkvæmdanna en ekki annað tjón sem hann getur ekki fært sönnur á að hann hafi orðið fyrir vegna þess að aðrir en hann hafi nýtt þessi jarðhitaréttindi.

Varðandi yfirráða- og hagnýtingarrétt yfir grunnvatni er það að segja að meginreglan í frv. er sú að rétturinn fylgir landareignunum sem háðar eru einkaeignarrétti en að ríkið eigi réttinn á öðrum landsvæðum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild handa ráðherra til að kveða á um skilyrði sem uppfylla þarf við nýtingu grunnvatns til útflutnings, en það er mjög eðlilegt að slík ákvæði séu sett vegna þess að þar er um vaxandi útflutningsstarfsemi að ræða. Bótareglur frv. eru síðan þær, eins og ég sagði hér áðan um einstök atriði, að gert er ráð fyrir því í frv. að lögfestar séu skýrar reglur um bætur til landeigenda hvort sem um er að ræða bætur vegna eignarnáms eða bætur vegna þess að öðrum en viðkomandi landeiganda hefur verið veitt nýtingarleyfi á auðlind sem liggur í landi viðkomandi. Meginefni bótareglnanna er að bætur skulu einvörðungu miðast við sannanlegt tjón sem landeigandi verður fyrir en ekki missi á hlutdeild í framtíðarhagnaði af nýtingu viðkomandi auðlindar.

Virðulegi forseti. Á Alþingi fyrir rösku ári skýrði hæstv. ráðherra frá því eftir að ég hafði spurt hann að á vegum ríkisstjórnarinnar væri unnið að því að semja frumvörp um þessi efni sem ég hef hér gert að umræðuefni og hann vonaðist til að frumvörp um slík efni yrðu lögð fram þá um vorið, þ.e. fyrir um það bil einu ári síðan. Þau frumvörp hafa enn ekki séð dagsins ljós, herra forseti og ekkert frést af því hvernig miði samkomulagi stjórnarflokkanna eða samningum þeirra á milli um flutning slíkra frumvarpa.

Þau frumvörp sem ég hef lagt hér fram voru unnin í iðnrn. eins og ég sagði frá áðan á minni ábyrgð og ekki náðist samkomulag um flutning þeirra eins og frá þeim var gengið, en þau hafa verið endurflutt hér nú með lítils háttar breytingum m.a. vegna þess hversu knýjandi úrlausnarefni hér er um að ræða.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frumvörpunum báðum vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[18:10]

Útbýting þingskjals:
Lax- og silungsveiði, 239. mál, brtt. GÁ, þskj. 873.

[18:11]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 4. þm. Vestf. þá höfum við alþýðubandalagsmenn flutt hér á þinginu alloft frumvörp annars vegar um jarðhitaréttindi og hins vegar um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923. Þessi mál hafa yfirleitt náð því að komast til umræðu og síðan verið vísað til nefndar. Þar hafa komið fram allmargar umsagnir um málin. Þau hafa stundum verið ræki lega rædd í hv. iðnn. og það hefur út af fyrir sig verið mikill skilningur á því að nauðsynlegt væri að setja einhver lagaákvæði um þessi mál. Það hefur hins vegar staðið þannig á að ákveðnir aðilar hér í þinginu hafa haft allsterka stöðu og mikla möguleika til þess að verja og koma í veg fyrir þá lagasetningu sem frumvörp þessi gera ráð fyrir, aðallega á grundvelli hagsmuna sem ég kalla landeigendahagsmuni. Þar hefur verið fremstur í flokki hæstv. núv. félmrh. sem ég þori að nefna af því að hann er fjarstaddur og vegna þess að nefndarálit hans í þessu máli er birt með öðru frv. Alþb. á þskj. 15 frá því í haust þar sem það kemur mjög greinilega fram með hvaða rökum hann leggst með málinu. Það verður auðvitað að viðurkenna, hvað sem mönnum finnst um það og hvort sem er rétt eða rangt, að þessir hagsmunir stöðvuðu lagasetningu í þessum málum. Þeir náðu ágætlega saman um þetta auðvitað í ríkisstjórnum Sjálfstfl. og Framsfl. þegar þær hafa setið í gegnum áratugina sem hafa verið nokkrar í lýðveldissögunni eins og kunnugt er og það hefur líka tekist að mynda oft býsna ósýnileg bandalög á milli ýmissa þingmanna Framsfl. og Sjálfstfl. þó að aðeins annar þessara flokka hafi verið í viðkomandi ríkisstjórn.

Þar af leiðandi hefur þetta mál staðið fast og það er mjög alvarlegur hlutur sérstaklega vegna þess sem nú blasir við og hv. 4. þm. Vestf. rakti mjög skilmerkilega í sinni ræðu áðan þegar hann komst þannig að orði að eins og horfur eru nú með þróun mála á Evrópska efnahagssvæðinu er veruleg hætta á því, ef við setjum ekki einhver lög af þessum toga, að útlendingar eignist orku fallvatna hér á landi. Þetta held ég, herra forseti, að sé nauðsynlegt að hafa í huga sem hinn pólitíska bakgrunn þessa máls og ég hefði talið að þessi mál ættu skilið að fá ítarlega umræðu.

Ég vil síðan segja að ég hef orðið var við það að í núv. ríkisstjórn munu menn vera að vinna í þessum málum. Við erum búnir að spyrja um það nokkrum sinnum. Þá var hér umræða um þetta 29. október sl. þar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson mælti fyrir frv. um orku fallvatna. Hæstv. iðnrh. var viðstaddur og skýrði þá frá því að nefnd hefði verið að störfum. Formaður hennar hefði verið Stefán Guðmundsson. Í nefndinni voru einnig hv. þm. Sturla Böðvarsson og sömuleiðis Tryggvi Gunnarsson lögfræðingur og Páll Gunnar Pálsson lögfræðingur. Og hæstv. ráðherra iðnaðarmála sagði þá í þinginu að hann gerði ráð fyrir því að málið kæmist fyrir þingið fljótlega, en þessi umræða fór fram eins og ég sagði áðan 29. október.

Eins og hv. 4. þm. Vestf. nefndi áðan, eru þessi mál ekki komin fram enn þá en ég held að ég ljóstri ekki upp neinu leyndarmáli þó ég láti það koma fram að ég hef spurnir af því að frumvörp eða frumvarpsdrög liggi fyrir og að á einhverjum vettvangi stjórnarflokkanna geri menn núna að mér hefur skilist, en hér væntanlega enginn í salnum sem getur svarað fyrir það, ráð fyrir því að frumvörp um þessi efni verði sýnd á vorþinginu a.m.k. að því er ég best hef fregnað. Og ég vil láta það koma fram að ég mun kanna það í hv. iðnn. að fá þau frumvörp til meðferðar þannig að við getum farið yfir málin og áttað okkur á því á hverju strandar.

Fyrir utan þessa hagsmuni sem ég kalla þrönga landeigendahagsmuni sem hafa verið ótrúlega valdamiklir á Íslandi um áratuga skeið þó að það hafi heldur fjarað undan þeim í seinni tíð, þá hafa tiltölulega þröng einkaeignarviðhorf ráðið því að menn hafa ekki verið tilbúnir til þess að taka þessi mál í gegn og gera þau að lögum, afar þröng einkaeignarréttarleg viðhorf og mér liggur við að segja ofstækisleg túlkun á einkaeignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar í þessu efni, túlkun sem í raun og veru stríðir gegn t.d. greinargerðum Ólafs Lárussonar prófessors, Ólafs Jóhannessonar prófessors og Bjarna Benediktssonar prófessors sem allir hafa fjallað um þessi mál og síðast gegn sjónarmiðum t.d. Gauks Jörundssonar, fyrrv. prófessors og umboðsmanns Alþingis. En ég hygg að hann komist einna skýrast að orði í stuttu máli í þessu efni eins og oft ella því að þar er glöggur maður á ferð, því að hann segir svo í áliti sem hann skrifaði um eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsir réttindi til virkjunar vatna í ríkiseign., 14. janúar 1980, með leyfi forseta:

„Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m.a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign."

Það sem Gaukur Jörundsson nefnir þarna í seinni málsgreininni er kannski kjarni þess lögfræðilega vandamáls sem hér er um að ræða, þ.e. að skilgreina eins vel og hægt er annars vegar einkaeignarrétt á landi og hins vegar almenningseignarrétt. Út af fyrir sig er alveg hægt að halda því fram að hluti af deilunni hafi byggst á raunverulegum ástæðum, sem sagt þeim að menn hafa átt erfitt með að skilgreina þessi mörk því að það er flókið.

Ég vil síðan segja um þau frumvörp sem hér liggja fyrir að ég vil í fyrsta lagi þakka þingmönnum jafnaðarmanna fyrir að flytja frumvörpin. Mér finnst þetta vera góð frumvörp. Þau eru að mörgu leyti ólík þeim frumvörpum sem Alþb. hefur flutt, en í sjálfu sér efnislega má segja að þau séu í grófum dráttum eins. Það er ekki hægt að tala um að þarna sé um að ræða mjög verulegan grundvallarmun á málum að mínu mati og ég tel að það sé nánast að segja hrein handavinna að stilla þau saman þannig að út úr því kæmi eitt og sama þingskjalið.

Ég bendi á að í frv. Alþfl. og þingflokks jafnaðarmanna á þskj. 563 er t.d. tekið svo til orða í 3. gr., síðustu mgr., með leyfi forseta:

„Önnur jarðefni sem kunna að finnast á yfirborði lands eða í jörðu, þar á meðal málmar, málmblendingar, kol, önnur en surtarbrandur, jarðolía og jarðgas, eru eign ríkisins nema það viðurkenni að réttur yfir þeim fylgi landareign, sbr. 30. gr."

Hér er um að ræða alveg afdráttarlausa afstöðu og reyndar rétt að taka fram að frv. sem hér er á dagskrá tekur á jarðefnunum sérstaklega en okkar frv. fjallar eingöngu um

jarðhitaréttindin og að því leytinu er frv. sem hér er til umræðu heldur víðtækara.

Í annan stað vil ég vekja athygli á 10. gr. frv. þeirra alþýðuflokksmanna sem hér var mælt fyrir áðan en þar segir svo í fyrri mgr., með leyfi hæstv. forseta:

„Orka háhitasvæða hvar sem er á landinu tilheyrir ríkinu, ...“

Í 1. gr. frv. okkar alþýðubandalagsmanna um jarðhitaréttindi segir svo, með leyfi forseta:

„Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.“

Í frv. því sem hér er á dagskrá er þetta öðruvísi skilgreint því þar segir í 2. gr. m.a.:

„Jarðhitasvæði merkir í lögum þessum uppstreymissvæði frá rennsliskerfi heits grunnvatns í jörðu.

Háhitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem jarðhiti með að minnsta kosti 200 gráðu hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.

Lághitasvæði merkir í lögum þessum jarðhitasvæði þar sem einungis jarðhiti með minna en 200 gráða hita á Celsíus finnst á innan við 1.000 metra dýpi.“

Og með fullri virðingu fyrir því frv. sem við alþýðubandalagsmenn höfum flutt hér alloft, þá finnst mér þessi skilgreining í því frv. sem hér er á dagskrá betri en í okkar frv. Hún er skýrari vegna þess að það er í raun og veru ekki viðhlítandi eftir því sem sérfróðir menn hafa tjáð mér að miða eingöngu við dýptina heldur eðlilegra að miða við hitastigið líka.

Það verður ekki sagt, herra forseti, að Alþfl. og Alþb. hafi alltaf átt samleið í gegnum tíðina. Satt að segja hefur verið býsna langt á milli þeirra oft og tíðum í mörgum málum. Flestir mundu byrja á því að nefna utanríkismál og ég get svo sem gert það, en svo einnig í ýmsum öðrum málum eins og t.d. í ýmsum þáttum efnahagsmála, t.d. varðandi það að nota markaðinn við efnahagsstjórnina og fleira og fleira þess háttar þar sem menn hafa haft og hafa sjálfsagt enn að einhverju leyti margvíslegar áherslur og greinir á um eitt og annað. Áherslur manna og tal alla vega, t.d. í atvinnumálum og umhverfismálum er ólíkt.

En mér finnst athyglisvert og umhugsunarvert að þessi mál sem hér eru til umræðu hafa legið þannig í gegnum tíðina að Alþfl. annars vegar og hins vegar Alþb. og þar áður Sósíalistaflokkurinn hafa alltaf náð saman í þessum málum, alltaf í gegnum tíðina. Það segir kannski dálitla sögu um þessa flokka og hvað þau viðhorf sem þeir standa fyrir hafa að sumu leyti átt erfitt uppdráttar, að þessi mál sem telja má sjálfsögð fyrirkomulagsatriði í þjóðfélaginu — hér er ekki um að ræða einhverja róttæka byltingu á þjóðfélagsgerðinni. Hér er um að ræða svo að segja sjálfsögð fyrirkomulagsatriði — og er dálítið umhugsunarvert að þau skulu ekki hafa þokast lengra en það að verða á þessu þingi 1997, fjögur þingskjöl. Vonandi eru þó hlutirnir að þróast lengra núna vegna þeirrar þróunar sem er að verða í þessum efnum á Evrópska efnahagssvæðinu m.a. og kallar á það að við setjum lög í þessum efnum.

Mér finnst að í grófum dráttum sé hægt að tala um að samstaða sé meðal þjóðarinnar um mjög veigamikla þætti í þessum málum. Í fyrsta lagi tel ég að ágæt samstaða sé meðal þjóðarinnar um að auðlindir hafsins séu almenningseign eða þjóðareign. Ég held að ekki sé mikill ágreiningur um það. Það er kannski dálítill ágreiningur um það hvernig menn koma að málinu. Menn hafa þar pínulítið mismunandi sjónarmið. En ég held engum detti í hug að halda þannig á málum að opna fyrir það að menn slái einkaeignarrétti á tiltekinn hluta þorskstofnsins eða fiskimiðanna svo ég nefni dæmi þó að það væri auðvitað fræðilega hægt. En ég hef ekki heyrt tillögur um það hér í þinginu, ekki einu sinni frá áköfustu talsmönnum markaðsþjóðfélagsins eins og t.d. hv. 16. þm. Reykv. sem leggur oft margt gott til málanna eins og við þekkjum.

Í öðru lagi tel ég að það sé í grófum dráttum mjög víðtæk samstaða um það með þjóðinni að eðlilegt sé að það land sem einstaklingar eiga ekki sé í almannaeigu eða að almenningur eigi rétt á nýtingu þess lands. Um þetta held ég að sé ekki mikill ágreiningur.

Í þriðja lagi held ég að það sé, og það er í verki, samstaða um félagslega eign á auðlindum fallvatna. Engum dettur í hug, t.d. í sambandi við virkjunarmál sem við erum að ræða, við erum að ræða um Sultartangavirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Blönduvirkjun o.s.frv., að reyna að koma aflinu sem í vatninu felst inn í einkaeignarréttarkerfið í þjóðfélaginu ef svo mætti segja. Ég held að ástæðurnar fyrir því séu tvær: Í fyrsta lagi að það er eða hefur aðeins verið ríkið sem getur eða hefur getað nýtt sér þessar auðlindir og að hér er um að ræða verðmæti sem eru til af því að við nýtum þau saman. Þau væru ekki verðmæti ef við ætluðum að nýta þau hvert fyrir sig vegna þess að það virkjar ekki hver íbúð fyrir sig í blokkinni eða raðhúsinu eða hvar það nú er.

Í fjórða lagi held ég að samstaða um að nýting auðlinda í jörðu sé verkefni af þessu tagi af sömu ástæðum og auðlindir fallvatnanna. Þá er ég bæði að tala um jarðhitann og ég er líka að tala um námurnar utan einkaeignarréttarmarkanna sem ég hef margoft gert að umtalsefni. Um þetta held ég að sé samstaða og ég verð að segja þess vegna að mér finnst það ekki bara spurning um pólitískt stríð heldur líka hálfgert sleifarlag að við skulum ekki fyrir löngu vera búin að fá lagasetningu um þessi grundvallaratriði svo mikilvæg sem þau eru.

[18:26]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Það verður ekki annað sagt en hér sé um mjög athyglisvert og áhugavert mál að ræða þar sem tekist er á við grundvallaratriði. Í mínum huga eru þau þrjú í okkar þjóðfélagi og efnahagskerfi sem skipta höfuðmáli.

Þá er fyrst að telja eignarréttinn eða einkaeignarréttinn og samningsréttinn eða þá löggjöf sem gerir það að verkum að samningsaðilar eru knúnir til að uppfylla þá samninga sem þeir gera og í þriðja lagi viðskiptafrelsið. Þessi frv. sem hér um ræðir og reyndar fleiri frv. sem lögð hafa verið fram um svipað efni á Alþingi í vetur fjalla einmitt um eignarréttinn.

Verðmæti eigna geta breyst eftir tíðarandanum á hverjum tíma og hvernig landið er nýtt. Við þekkjum jarðir frá gamalli tíð sem voru afskaplega verðmætar þegar við bjuggum við sauðfjárbúskap og héldum sauðfé til beitar og var það beitarþol jarðarinnar sem mestu máli skipti. Í dag eru ýmsar slíkar jarðir einskis eða lítils metnar en jarðir sem áður töldust ekki sérstakar kostajarðir til sauðfjárbeitar eru hins vegar mjög vel til þess fallnar að reka þar mjólkurbúskap, auðvelt að rækta land undir tún og afla þess heyfengs sem þarf til að kýr mjólki vel í fjósum að vetri. Því sé ég ekki að sérstakar ástæður séu til þess að breyta eignarréttarákvæðum í dag vegna þess að einhverjar aðrar aðstæður skapast sem

breyta verðmætamati á jörðum aðrar en þær sem ég var að tiltaka áðan og eiga við um landbúnaðinn.

Menn mega heldur ekki rugla saman eignarrétti á jarðefnum, jarðhita og virkjun fallvatna saman við eignarrétt á afréttum og almenningum eða þjóðlendum, eins og nú tíðkast að tala um, og væntanlega verður frv. lagt fram um þau mál á þinginu í vetur. Það er annað mál sem þarf að fá alveg sérstaka og sjálfstæða afgreiðslu þar sem skera þarf úr um eignarrétt á tilteknum landsvæðum.

Ég tel reyndar að ef menn eru að horfa til þess að hið opinbera eða ríkið sérstaklega þurfi á þessum gæðum að halda, sem hér um ræðir, þá hafi það heimild til að taka slík gæði eða slík lönd eignarnámi eins og löggjöf er nú háttað. Þess vegna skil ég í sumum atriðum ekki alveg hvers vegna verið er að leggja til breytingar á eignarhaldinu. Hvers vegna á t.d. að fara að skipta jarðeignum í dag upp í tvo flokka út frá því hvort þau hafa verið nýtt eða ekki? Nema það sé gert til að styggja ekki þá sem nú þegar eru að nýta eitthvað en koma hins vegar í veg fyrir að einkaeignarrétturinn eigi við um aðra hluti sem menn eru ekki farnir að nýta í dag og menn þora þá frekar að breyta því sem ekki telst skipta máli í dag heldur því sem skiptir einhverju máli eins og staðan er.

Svipað á sennilega við þegar menn gera greinarmun á háhitasvæðum og lághitasvæðum. Af hverju eiga einstaklingarnir eða einkaeignarréttarhafarnir að nýta lághitann en ekki háhitann? Mér finnst rök um það hversu erfitt þetta er, hversu mikla tækni þarf eða hversu mikið fjármagn þarf ekki vera efnisatriði í svona mikilli grundvallarumræðu eins og hér fer fram.

Það má kannski nefna að kostnaður fyrir hið opinbera, ef það þarf á þessum gæðum að halda, sé svo mikill. Eða kostnaður fyrir einstaklingana sem njóta jarðvarmans sem hitaveituvatns eða orkunnar sem framleidd er með jarðgufu eða vatnsafli vatnsaflsvirkjana sé svo mikill vegna þess að einkaeignarréttur eigi þarna við. En þessu er bara ekki þannig háttað. Það er staðreynd að kostnaður við að afla réttindanna til að nýta þau í almannaþágu er afar lágt hlutfall af heildarkostnaði við virkjunina og þar með af verði þeirrar orku eða þess vatns sem um er að ræða.

Ég velti því líka fyrir mér hvort höfundar frv. — eða kannski er réttara að segja flm. frv. þar sem fram hefur komið að frv. var samið í ráðherratíð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í iðnrn. — hafi velt fyrir sér afleiðingum þess ef frv. yrðu að lögum, hverju það mundi breyta varðandi þá hluti sem við erum að gera í dag. Ef við hugsum okkur að þessi frv. hefðu verið lög einhvern tímann á síðasta áratug, þá væri næsta ólíklegt að Reykjavíkurborg væri að virkja orku á Nesjavöllum til að selja síðan Landsvirkjun og Landsvirkjun aftur að selja Norðuráli sem hugsanlega verður byggt á Grundartanga, einfaldlega vegna þess að Reykjavíkurborg hefði verið svipt einkaeignarrétti sínum á þeim gæðum þess lands sem borgin hefði keypt á Nesjavöllum.

Það sama ætti við um Hitaveitu Suðurnesja. Hitaveita Suðurnesja hefði ekki haft rétt til þess að virkja á því landi sem hún keypti á Svartsengi fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og íbúa þar. Ef við hugsum þetta upp á framtíðina þá ætti Hitaveita Suðurnesja erfitt með að virkja annars staðar en á því landi sem hún er þegar farin að virkja og þá raunverulega á undanþáguákvæði samkvæmt þessum lögum.

Það sama á við um Hafnarfjörð. Hafnarfjörður á land í Krýsuvík, að vísu umdeilt hversu mikið land, en Hafnarfjörður á jafnframt jarðhitaréttindi bæði á því landi sem er klárlega í eigu bæjarins og eins á því landi sem er umdeilt, þ.e. hvort bærinn á landið eða ekki. En með frv. um eignarhald á auðlindum í jörðu yrði bærinn sviptur jarðhitaréttindum sínum og hann gæti ekki nýtt þau nema með sérstöku leyfi og aðrir aðilar hefðu þá jafnframt möguleika á að fá það leyfi. Ég velti því fyrir mér hvort hv. flm. hafi gert sér grein fyrir þessu.

Hins vegar verð ég líka að segja að það er athyglisvert innlegg í hina pólitísku umræðu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum, sérstaklega um sameiningu vinstri manna, að fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni í ræðu hans áðan, að hann telur að þessi tvö frv. hv. þm. þingflokks jafnaðarmanna — mér sýnist að fleiri séu á frv. en bara þingmenn Alþfl. — séu í eðli sínu alveg eins og frv. hv. þm. Alþb. Það gæti hugsanlega verið grundvöllur að sameiningu þessara flokka þó manni sýnist af síðustu skoðanakönnunum að Alþb. þurfi kannski ekkert á þessum liðsauka að halda. Hann er orðinn næststærsti flokkurinn og hinir fara væntanlega minnkandi í sama hlutfalli og þá verður bara Alþb. eitt eftir.

Hins vegar þótt mér leiðinlegt að heyra hnýtt í hæstv. félmrh. og samkvæmt því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði hefur haldið hér uppi sérstökum vörnum fyrir þrönga landeigendahagsmuni. Ég get alls ekki fallist á að það að halda uppi vörnum fyrir stjórnarskrána og það sem þá var 67. gr. stjórnarskrárinnar, eignarréttarákvæðið, séu manninum álitshnekkir og um sé að ræða þrönga landeigendahagsmuni. Ég held að það að halda uppi vörnum fyrir stjórnarskrána geti í engum skilningi talist þröngir hagsmunir. Þetta er grundvallarlöggjöf okkar lýðræðisríkis og við höfum reyndar allir hv. þm. undirritað eiðstaf að því að verja þá stjórnarskrá.

[18:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt sem hv. þm. sagði síðast. Hins vegar höfum við náttúrlega heimild til þess sem hluti af stjórnarskrárgjafanum að flytja tillögur um að breyta stjórnarskránni þannig að það verður nú ekki frá okkur tekið svo lengi sem við erum hér.

Mér fannst ræða hv. þm. ágæt og bera vott um það að við viljum nálgast málin á þann hátt að við reynum að skilja hvern annan. Mér fannst satt að segja örla á því, sem mér finnst hafa komið dálítið fram í umræðu um þessi mál, að málin eins og þau eru eða í frv. okkar alþýðubandalagsmanna snúast ekki um að breyta í grundvallaratriðum. Þau snúast um að viðurkenna það sem hefur verið viðtekin venja, siður og réttur í landi okkar að því er varðar t.d. almenningana, að því er varðar þjóðlendur, að því er varðar námur, að því er varðar jarðhita og að því er varðar orku fallvatna. Það eina sem menn hafa verið að reyna að gera er að setja lög um þennan veruleika á grundvelli stjórnarskrárinnar. Mér finnst að mönnum hafi í raun og veru tekist að koma í veg fyrir eðlilega — mér liggur við að segja tæknilega lagasetningu um þessi mál með þeim rökum að verið sé að ráðast að einkaeignarrétti þeirra sem þegar eiga eitthvað á þessu sviði. Þannig eru hlutirnir ekki.

Að því er varðar Nesjavallaðæmið sem hv. þm. nefndi — án þess að það sé mitt hlutverk að svara fyrir það — þá vísa ég honum á að lesa saman 7., 10., 11. og 30. gr. í frv. jafnaðarmanna. Þar er algerlega tekið á slíku máli.

Varðandi það að ég hafi verið að gagnrýna hæstv. félmrh. þá var ég ekkert að segja honum það til hnjóðs. Ég tel að

hann hafi verið sterkastur allra manna í að halda fram þessum hagsmunum sem ég tel þrönga landeigendahagsmuni. Sem betur fer sýnist mér að þau viðhorf séu heldur á undanhaldi.

[18:39]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir jákvæð orð í minn garð og varðandi minn málflutning. En ég get hins vegar ekki fallist á það með honum að verið sé að lögfesta það sem hafi verið raunverulega í gildi því að staðreyndin er sú að bæði Reykjavíkurborg og Hitaveita Suðurnesja hafa virkjað á sínu eignarlandi og hafa ekki þurft að fá þau réttindi af öðrum þegar þau hafa keypt landið með þessum réttindum. Það sama á við um ýmiss konar jarðefni og vinnslu þeirra eins og um er að ræða í frv. þeirra jafnaðarmanna, en þar er gert ráð fyrir að því verði skipt upp í tvenns konar jarðefni.

Eins það sem ég nefndi með jarðhitasvæðin sem Hafnarfjarðarbær á í landi Krýsuvíkur, þá hefur Hafnarfjarðarbær meira að segja að hluta til afsalað sér þeim réttindum til annarra, til Reykjavíkurborgar vegna samninga um þjónustu Hitaveitu Reykjavíkur í Hafnarfirði.

Ég þakka hv. þm. fyrir að benda mér á 7., 10. og 11. gr. í frv. jafnaðarmanna, en þær greinar eru þess eðlis að þær eru að takmarka nýtingarrétt eigandans á landinu og þær eru að veita þeim sem þegar hafa hafið framkvæmdir undanþágu frá meginreglu frv. Það getur ekki talist, að mínu mati, nægjanlega gott til þess að það sé það sama og fullur eignarréttur á eignarlandi þar sem beinn eignarréttur gildir.

Ég hafði ekki hugsað mér að svipta hv. þm. rétti sínum til að leggja fram breytingar á stjórnarskránni en þessi fjögur frv. sem hér hafa verið nefnd og reyndar það fimmta, sem hópur hv. þingmanna Alþb. flutti fyrr í vetur undir forustu Ragnars Arnalds, eru venjuleg lagafrv. en ekki frv. til breytinga á stjórnarskránni.

[18:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Úrslitaatriðið í þessu máli er það að fyrir liggur að tiltekin þróun er að eiga sér stað varðandi þessi mál á Evrópska efnahagssvæðinu sem við erum hluti af. Af þeim ástæðum er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um eignarhald almennings, ríkisins eða hvað það nú er á þeim hluta auðlindanna, í þessu tilviki í jörðu og fallvatna, sem ríkið eða þjóðin á eða hefur nýtt til þess að þau lendi ekki í því að þær auðlindir gangi kaupum og sölum án þess að ríkið geti haft neitt með það að gera. Það eru væntanlega rökin fyrir því að jafnvel hv. þm. Sjálfstfl. og Framsfl. eru núna að velta fyrir sér að flytja á næstunni frv. í formi stjfrv. um þjóðlendur og fleira í þeim dúr að því er ég hef best fengið skilið og mér hefur heyrst á hv. þm. að væri tilfellið. Það má því segja í mesta lagi um þessi frv. sem hér liggja fyrir og frv. alþýðubandalagsmanna sem hafa verið flutt um áratuga skeið, liggur mér við að segja, að þau séu kannski pínulítið á undan sinni samtíð því að í rauninni er ekki meiri róttækni í þeim en svo, þessum frv. öllum, þessum sameiningarfrv. Alþfl. og Alþb. sem hér hafa margoft verið rædd, að mér skilst að stjórnarflokkarnir séu að koma með svipuð þingmál standandi frammi fyrir þeirri nauðsyn sem fylgir því að við erum aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Þetta held ég að sé kannski aðalatriðið og þess vegna liggur málið eins og það er að óhjákvæmilegt er að setja um þetta einhverjar reglur.

Um frv. alþýðuflokksmanna sem hér liggur fyrir út af Nesjavallamálinu þá ætla ég bara að vitna til þessa sem hér stendur:

„Orka háhitasvæða hvar sem er á landinu tilheyrir ríkinu ...“ Á öðrum stað stendur: „Landareign hverri sem háð er einkaeignarrétti fylgja ráð yfir lághitasvæðum innan marka hennar og réttur til að hagnýta þau. Það sama á við um hveri og náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands þótt landareign sé á háhitasvæði.“

Hér er í rauninni algerlega girt fyrir að verið sé að taka fram fyrir hendurnar á sveitarfélögunum að þau nýti þær auðlindir sem þau eiga.

[18:44]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi seinasta atriðið sem hv. þm. nefndi, þá er alveg ljóst í þessu frv. — ég hef víst tekið vitlaust frv. hérna með mér upp — að það sama á við um sveitarfélögin. Yfir 200° hiti er nýttur á Nesjavöllum til virkjunar orku til að framleiða raforku. Sá réttur mundi hafa fallið til ríkisins og Reykjavíkurborg einungis getað virkjað þetta á undanþáguákvæði af því að hún er þegar byrjuð að virkja þar.

Ég varaði við því í ræðu minni áðan að rugla þessu máli saman við það mál sem fjallar um þjóðlendurnar. Það fjallar ekki um þennan rétt sem hér er um að ræða. Það fjallar um að skilgreina og skýra eignarréttinn á afréttum og almenningum og síðan þeim löndum þar sem eignarrétturinn er talinn vera beinn og reyndar gera skýran greinarmun á beinum og óbeinum eignarheimildum á afréttum og almenningum.

[18:46]

Útbýting þingskjala:

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 523. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 875.

Búfjárhald, 522. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 874.

Læknalög, 519. mál, frv. KF, þskj. 870.

Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum, 518. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 867.

[18:46]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls um þessi tvö frv. Það má vel vera, virðulegi forseti, að ekki séu mörg þingmál sem flutt hafa verið á þessu þingi sem túlka sambærilegar eða sams konar skoðanir okkar jafnaðarmanna og þeirra alþýðubandalagsmanna, ekki mörg í málum talið. En hvaða viðfangsefni íslenskra stjórnmála, herra forseti, eru stærri en þau sem lúta að nýtingu auðlinda þessarar þjóðar? Annars vegar auðlinda fiskimiðanna og hins vegar auðlinda orkulindanna. Þó svo að þau mál sem við höfum flutt séu ekki mörg, þá er mjög athyglisvert að sjónarmið þessara tveggja aðila, jafnaðarmanna og Alþb., eru mjög svipuð hvað varðar þessi tvö þýðingarmestu viðfangsefni íslenskra stjórnmála, þ.e. þeirra viðfangsefna sem lúta að þjóðareign á auðlindum landsins hvort sem þær eru fólgnar í orku fallvatna og jarðhita eða í fiskinum sem syndir í sjónum. Við erum sammála um það grundvallaratriðið að þessar auðlindir eigi að vera í eign þjóðarinnar allrar og að þjóðin eigi að njóta afraksturs af þeim eignum sínum. Þau eru ekki öllu stærri málin, viðfangsefnin sem við er að fást í íslenskum stjórnmálum núna en einmitt þessi tvö, þ.e. hvernig eiga menn að meðhöndla þær auðlindir, sem fiskurinn í sjónum er og orkan í fallvötnum og jarðhita er, þannig að

tryggð sé þjóðareign að þessum auðlindum og þjóðin njóti afraksturs þeirra beint á einhvern hátt. Ég veit ekki betur en að Kvennalistinn sé sammála þeim viðhorfum okkar. Og ég veit ekki betur, herra forseti, en að skoðanakannanir sem hafa verið gerðar um þessi mál — þær hafa reyndar ekki verið gerðar um öll þessi efni en þær sem hafa verið gerðar t.d. hvað varðar auðlindina fiskimiðin, sýna fram á að þrír af hverjum fjórum landsmönnum séu sammála viðhorfum okkar. Og jafnvel innan raða þingflokka Framsfl. og Sjálfstfl. má finna einstaklinga sem eru sömu skoðunar. Það er því alveg ljóst að mikill stuðningur er við þessi almennu sjónarmið í þeim stærstu verkefnum sem við þurfum að fást við um þessar mundir.

Vitaskuld ber mörg önnur þingmál inn á borð Alþingis. Sum hver eru mikilvæg en ekkert er þó mikilvægara en þetta tvennt, hvernig haldið er á málum þeirra auðlinda sem þjóðin hefur til umráða. Það er undarlegt þegar menn hugsa til þess að tiltölulega lítill hópur manna, sem hafa einkahagsmuni landeigenda og sægreifa fyrst og fremst í huga, skuli áfram geta staðið gegn breytingum af þessum toga sem þrír af hverjum fjórum Íslendingum eru fylgjandi. Ég tel að gera eigi þessi mál, málefni auðlinda þjóðarinnar og hvernig þær eru nýttar, að aðalmálum í næstu kosningum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þjóðin er meira sammála okkur hv. þm. Svavari Gestssyni og öðrum sem höfum sambærilega sýn til þessara grundvallarsjónarmiða en t.d. sjónarmiðum þeim sem kynnt voru í nefndaráliti Páls Péturssonar, sem hv. þm. Svavar Gestsson rakti áðan. Þó þingmálin séu ekki mörg sem þessir aðilar allir, þingmenn jafnaðarmanna, þingmenn Kvennalistans og þingmenn Alþb. eru sammála um á Alþingi, þá eru þau ansi stór.

Ég hvet menn líka til að lesa þessi frv. vandlega vegna þess að þetta er ekki aðeins afrakstur starfs sem unnið var í iðnrn. í tíð okkar jafnaðarmanna þar, heldur má segja að þetta sé afrakstur starfs og athugana sem hafa verið gerðar á þessum málaflokkum ríkisstjórn fram af ríkisstjórn um margra ára eða áratuga skeið. Þau frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði að umtalsefni og flutt hafa verið af hv. þm. Alþb. eru reist á vinnu sem fór fram í iðnrn. í ráðherratíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Vissulega voru þau höfð til hliðsjónar og til grundvallar þeirri vinnu sem síðan hefur haldið áfram í því ráðuneyti og annars staðar þannig að þau frv. sem við leggjum fram og mælum fyrir og voru unnin í iðnaðarráðherratíð Jóns Sigurðssonar og minni eru reist á þeirri vinnu sem áður hefur farið fram. Ekki svo að skilja að þar sé verið að reyna að finna upp hjólið heldur er verið að byggja á vinnu sem áður hefur farið fram og margir af merkustu stjórnmálamönnum okkar hafa komið að og lýst sig fylgjandi eins og komið hefur fram í umræðum að t.d. fyrrv. lagaprófessorar og ráðherrar, Bjarni heitinn Benediktsson og Ólafur Jóhannesson lýstu sem skoðunum sínum þó að skoðanir þessar mikilhæfu stjórnmálamanna nægðu ekki til þess að fá brautargengi fyrir málunum í þeirra eigin þingflokkum.

Það sem hér er um að ræða er í fyrsta lagi það að svarað er því kalli sem Hæstiréttur beindi til Alþingis á árinu 1981 að skera úr um hver ætti það land og þau landgæði sem ekki teljast eign einstaklinga, samtaka eða sveitarfélaga. Alþingi hefur ekki gefið svar við þeirri kröfu Hæstaréttar. Það svar er gefið hér. En það svar nægir ekki til, virðulegi forseti, vegna þess að þó að ótvírætt sé ákveðið í lagasetningu að land og landgæði sem ekki séu eign einstaklinga, félaga eða samtaka skuli teljast ríkiseign, þá nægir það ekki til vegna þess að mjög verðmæt jarðefni og náttúruauðlindir er að finna í jarðeignum sem teljast vera eignir einstaklinga, en þeir geta þó ekki nýtt. Við getum t.d. nefnt jarðhita, djúphita sem getur verið að finna í jörð sem einstaklingur á. Ef slíkur einstaklingur gerði samninga við aðra aðila um að nýta slíkan djúphita, þá mundu rísa upp alls konar flækjur vegna þess að sá djúphiti sem fyndist í landi viðkomandi einstaklings eða félags ætti e.t.v. rætur sínar að rekja til jarðhita sem upptök sín ætti í landi annarra einstaklinga eða einstaklings eða í landi í eigu ríkisins. Nýting slíks jarðhita innan landamerkja lands einstaklinga gæti leitt til ýmiss konar málaferla eða ágreinings vegna þess að jarðhiti er nú einu sinni auðlind sem ekki er endurnýjanleg. Jarðhiti sem fundinn er í einu tilteknu landsvæði getur átt upptök sín og verið nýtanlegur á landsvæðum í eigu margra annarra, þar á meðal í eigu ríkisins. Það er því mjög eðlilegt að menn reyni að svara með löggjöf hvernig skuli fara með slík mál. En það verður enn meira knýjandi þegar menn líta til þess að samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru á hinu Evrópska efnahagssvæði nú þegar eða með tilskipuninni sem mun taka gildi fyrir árslok árið 1999, er öllum aðilum á því svæði heimilt að fjárfesta í orkuvinnslu á Íslandi þannig að jarðeigandi, einkaaðili eða félag sem á tiltekna jörð þar sem t.d. væri unnt að vinna djúphita í jörðu getur þá selt hvaða erlendum aðila á hinu Evrópska efnahagssvæði sem er eign sína, þar á meðal vinnsluréttindi orkunnar, djúphitans í jörðunni sem a.m.k. í huga flestra Íslendinga er ekki eign viðkomandi landeiganda heldur sameign þjóðarinnar, enda verður slík „eign" ekki nýtt af landeigandanum sjálfum fyrir sjálfan sig heldur er grundvöllur að nýtingu þeirrar eignar gríðarlegar fjárfestingar sem aðrir aðilar verða að koma að, í sumum tilvikum e.t.v. ríki eða sveitarfélag, í sumum tilvikum fjársterkir aðilar aðrir innan lands og erlendis. Það hefur verið afstaða allflestra þingmanna, líka í þingflokkum Framsfl. og Sjálfstfl. að ekki sé eðlilegt að erlendir aðilar eða einstaklingar geti keypt sér réttindin til að nýta þessar íslensku orkulindir í viðskiptum við íslenska einstaklinga. Sú afstaða hefur ráðið ferðinni á Alþingi hvað varðar nýtingu íslenskra fiskimiða. Menn hafa verið sammála um að reyna að halda þannig á málum að útlendingar geti ekki keypt þann nýtingarrétt. Þannig geta t.d. íslenskir aðilar sem njóta veiðiheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu ekki selt þann nýtingarrétt útlendingum. Það hefur verið samstaða á Alþingi að reyna að tryggja með lagasetningu að slíkt geti ekki gerst.

Nú eru þær aðstæður komnar upp að innan mjög fárra ára mun horfa þannig við hvað varðar nýtingu hinnar auðlindarinnar að ef ekki verður gripið til úrræða af Alþingi Íslendinga, þá mun fyrir lok þessarar aldar hugsanlega rísa upp mál á Íslandi þar sem einstaklingar, landeigendur, telja sig geta selt, ekki bara almenn afnot af landi sínu til útlendinga, eins og þeir geta gert í dag með ákveðnum hömlum þó heldur einnig rétt til nýtingar orkulinda sem í huga þjóðarinnar eru sameign hennar allrar. Menn hljóta að verða að bregðast við því sem þegar er að koma upp og við því er brugðist í þessu frv.

Hv. þm. Svavar Gestsson svaraði þeim athugasemdum sem hv. þm. Árni Mathiesen gerði áðan. Ég vil aðeins ítreka það sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði með því að vitna í 30. gr. frv. til laga um eignarhald á auðlindum í jörðu en þar er sagt, með leyfi forseta:

„Telji landeigandi eða annar eignarréttindi sín skerðast vegna ákvæða 3., 4., 8. eða 19. gr. um eignarrétt eða yfir-

ráðarétt ríkisins yfir auðlindum í jörðu skal hann tilkynna það ráðherra fyrir 1. janúar 1998. Í tilkynningu skal greint af nákvæmni frá þeim réttindum sem hlutaðeigandi telur skert og rökstutt á hvaða grunni hann byggir þau.

Nú berst ráðherra tilkynning skv. 1. mgr. og getur hann þá ákveðið að ríkið falli frá eignarrétti sínum að viðkomandi auðlindum og viðurkenni þar með réttindi landeiganda yfir þeim þannig að þær fylgi landareign upp frá því. Eins má fara að ef haldið hefur verið fram eignarrétti yfir auðlindum utan marka landareigna sem eru háðar einkaeignarrétti. Yfirlýsingu ráðherra um slíka viðurkenningu á eignarrétti skal þinglýst og greiðast ekki gjöld í ríkissjóð af því."

Síðan lýkur 30. gr. á því, virðulegi forseti, að þar er sagt: „Verði málið ekki ráðið til lykta skv. 2. mgr. skal ráðherra beina því til matsnefndar eignarnámsbóta sem metur eftir atvikum hvort og hversu háar bætur hlutaðeiganda beri vegna skerðingar á eignarrétti sínum. Skal farið með málið annars eftir almennum reglum um framkvæmd eignarnáms að öðru leyti en því að um ákvörðun bóta gilda ákvæði 28. gr."

Þannig að ef gengið væri á rétt þeirra sveitarfélaga sem hv. þm. nefndi áðan með þeim hætti að taka ætti af þeim réttindi sem þeir eiga í dag og telja sig hafa getað nýtt og hafa nýtt, þá eiga þau ekki aðeins þann möguleika sem 1. og 2. mgr. þessarar greinar gefa þeim tilefni til að krefjast heldur jafnframt að höfða mál samkvæmt almennum lögum um eignarnám þannig að ef með órétti væri verið að hafa af þeim nýtingarrétt, þá yrðu eignarnámsbætur dæmdar háar. Það eru engar smáfjárhæðir, virðulegi forseti, því að þetta eru allt önnur ákvæði sem þarna er verið að vitna til en þau almennu ákvæði um bótarétt sem í frv. eru fólgin og kveða á um hvernig skuli farið með bótarétt vegna eignarnáms samkvæmt ákvæðum frumvarpanna um þau atriði sem ekki er ágreiningur um við landeigendur, hvort ríkið geti gert tilkall til eða ekki. Þannig að viðbárur hv. þm. Árna Mathiesens sem talaði áðan um að með þessu móti væri hægt að svipta Reykjavíkurborg eða sveitarfélögum réttindi sem þau hafa í dag til orkuframkvæmda á sínum eigin landsvæðum, þær athugasemdir eru á misskilningi byggðar.

[19:03]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Eins og við var að búast hafa komið fram svör við hluta af því sem ég var að segja og gagnrýni á mína gagnrýni. Það hefur einkum snúið að því að hér sé verið að verja einkahagsmuni sægreifa og landeigenda. En eins og ég sagði í upphafi minnar fyrri ræðu, þá lít ég á eignarréttinn, sérstaklega einkaeignarréttinn, sem grundvöll þess þjóðfélags og þess efnahagskerfis sem við búum við og að hann eigi að vernda. Jafnvel þótt hlutir séu í dag ekki verðmætir, þá geta þeir orðið það seinna, og breytingar geta orðið þannig að verðmætir hlutir verði lítils virði og eins geta þeir sem eru lítils virði orðið verðmætir aftur. En ég tel að einkaeignarrétturinn sé best til þess fallinn að nýta eignirnar þannig að þær nýtist öllu efnahagskerfinu.

Það er nefnt að menn nýti ekki sjálfir eða geti ekki nýtt sjálfir það sem hugmyndin er að svipta þá í þessum frumvörpum. Það eru auðvitað fleiri hlutir sem menn hugsanlega gætu ekki nýtt sjálfir. Tökum sem dæmi að það væru til einhverjar landareignir þar sem væri mikill skógur, stór tré sem hægt væri að höggva, og ég á einhvern hátt eignaðist þetta land og þennan skóg, en ég hefði hins vegar enga fjármuni til þess að fara og höggva skóginn eða til þess að nýta skóginn á einhvern annan hátt og framleiða úr honum timbur eða byggja úr honum hús sjálfur eða hvað sem væri. Væri þá á sömu forsendum réttlætanlegt að svipta mig þessum skógi sem ég ætti eða nýtingarrétti á þessum skógi bara af því að ég á einhverjum tilteknum tímapunkti gæti ekki nýtt mér hann? Mér finnst það vera fráleitt. Og þetta er ekki tilbúningur, þetta eru nákvæmlega sams konar verðmæti sem þarna fylgdu landi og nefnd hafa verið í báðum þessum frumvörpum sem hér er um að ræða.

Síðan var nefnt að það geta verið vandamál með uppruna jarðhitans og það væru áhrif á milli jarðhitasvæða eða það væri væntanlega fleiri en einn eigandi að sama jarðhitasvæðinu. Þetta er ekkert nýtt vandamál. Þetta hefur verið leyst ágætlega með gömlu vatnalögunum frá 1923 sem fjalla um yfirborðsvatn. Frumvarpshöfundar reyna reyndar að leysa þetta líka hvað varðar lághitasvæðin í 16. gr. frv. Ég held að sú lausn geti út af fyrir sig geti út af fyrir sig verið alveg jafngild fyrir háhitasvæði sem væru í einkaeign eins og fyrir lághitasvæði sem væru í einkaeign.

Því var líka haldið fram af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að ég hefði sagt að með frv. væri verið að taka einhver réttindi af þeim sveitarfélögum sem væru að nýta orku á landsvæðum sínum. Ég sagði það ekki, en ég sagði að ef þetta frv. hefði verið orðið að lögum þegar eða áður en sú nýting hófst, þá hefðu sveitarfélögin ekki getað nýtt þau á grundvelli síns einkaeignarréttar sem þau höfðu öðlast með því að kaupa eignina eins og rétt í þeim tilfellum sem ég nefndi. Þau hefðu þá þurft að nýta þessa eign á einhvers konar forgangsréttarákvæðum eða undanþáguákvæðum en ekki sem eignaraðili.

Það var líka nefnt hér áðan að þessi frumvörp hefðu komið til vegna þess að menn hefðu áhyggjur af því að vegna Evrópska efnahagssvæðisins væri hætta á því að erlendir aðilar mundu eignast þessi réttindi eða eignast hér land sem þessi réttindi fylgdu. Ég held að það sé bærilega séð fyrir því að koma í veg fyrir slíkt ef við viljum með þeim eignarnámsákvæðum sem eru í lögum. Eins mætti styrkja það með forkaupsréttarákvæðum ríkisins að slíkum verðmætum og þá væri ekki verið að svipta einn eða neinn eign sinni. En ég undrast það reyndar svolítið að formaður þess stjórnmálaflokks sem mest hefur aðhyllst aðild að Evrópusambandinu skuli hafa sérstakar áhyggjur af þessum hlutum í tengslum við mál eins og þetta, að Evrópska efnahagssvæðið sé að valda einhverjum usla hvað varðar eignarhald á jörðum eða landi og þeim réttindum sem þeim fylgja. Ég reyndar veit ekki nákvæmlega hvernig þessu væri öllu saman háttað ef við værum innan Evrópusambandsins en það getur vel verið að hann hafi svör við því og hafi kannað það og það sé einhver svipuð löggjöf í löndum Evrópusambandsins en ef svo er, þá segi ég bara: Það er ekkert skárra fyrir það.

[19:09]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fátt um ræðu hv. þm. að segja annað en að það er alveg augljóst á hverju hann byggir afstöðu sína. Hann byggir afstöðu sína á þeirri tilfinningu að hann er fylgjandi einkaeignarrétti og ekkert við því að segja. En hins vegar sést honum yfir að í mörg ár hafa menn verið að velta vöngum yfir því hvernig hægt sé að taka á þeim vandamálum sem m.a. Hæstiréttur hefur lýst þannig að að fullu séu virt eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, en samt sem áður sé svarað þeirri spurningu sem Hæstiréttur beindi til Alþingis árið 1981, og samt sem áður sé komið í veg

fyrir að íslenskar orkulindir geti hugsanlega lent í höndum annarra en Íslendinga sjálfra. Menn hafa lagst yfir að finna tæknilega lausn á þessum spurningum og þær er að finna í frv. Og hv. þm. verður, ef hann gagnrýnir frv., að gagnrýna það út frá þeim tillögum sem þar eru gerðar og koma þá með einhverjar aðrar útfærslur. Það hefur Sjálfstfl. hins vegar aldrei gert, virðulegi forseti. Hann hefur látið sér nægja að segja bara nei við því sem lagt hefur verið til án þess að koma með aðra útfærslu. Það sem má gagnrýna í þessu frv. er sú tilraun sem þar er gerð til þess að finna leið til að ákveða sérstaka bótameðferð og eignarnámsmeðferð varðandi þessi atriði. Það má gagnrýna og það hefur verið gagnrýnt af lögfræðingum. En um hitt eru allir sammála að ef ætti að fara eftir almennum eignarnámsbótalögum um eignarnámsbætur fyrir það að ríkið nýti þessi réttindi sem í huga almennings eru sameiginleg réttindi þjóðarinnar, þá yrði um harla litla nýtingu að ræða því þá yrðu eignarnámsbæturnar ákvarðaðar út frá þeim hagsmunum sem þar væri verið að leggja út í frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar og eignarnámsbætur yrðu þá svo fjallháar að það væri útilokað að samfélagið gæti ráðist í nýtingu slíkra auðlinda.

[19:11]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég tel að einkaeignarrétturinn sé það sem sé farsælast fyrir okkur í þessum efnum og það sé varhugavert að bregða út frá honum í eins mikilvægum málum og hér er um að ræða. Um leið og við erum farnir að bregða út frá honum í einu atriði eða tveimur eða þremur, þá sé alltaf hættan á því að við höldum áfram og þá vitum við alls ekki hvar við endum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um dóma Hæstaréttar og þegar Hæstiréttur vísaði því til Alþingis að það vantaði lagasetningu um það hvernig ætti að úrskurða um eignarhald á tilteknum landsvæðum, þá er ég í tvígang í þessari umræðu búinn að vara við því að rugla þeirri umræðu, hinni svokölluðu þjóðlendnaumræðu, saman við þá umræðu sem hér fer fram. Ég held að það sé alls ekki um sömu atriðin að ræða.

Varðandi síðan þriðja atriðið sem hv. þm. nefndi, eignarnámsbæturnar, þá lýsti ég því fyrr í dag í umræðunni að hvað varðar nýtingu á jarðhita og jarðvarma þá hafa þær greiðslur sem hafa farið til landeigenda sem voru áður eigendur að þeim svæðum sem keypt voru til þess að nýta sérstaklega í þessum tilgangi, verið afar, afar lágt hlutfall af heildarkostnaði við það að nýta orkuna, mjög lágt hlutfall og ekki til þess fallið að hafa stórkostlegar áhyggjur af því út frá verði á þjónustunni til almennings. Ég held að út frá því sjónarmiði þurfi ekki að hafa stórkostlegar áhyggjur af því ef ríkið telur sig þurfa að taka einhver svona verðmæti eignarnámi, að eignarnámsbæturnar verði einhverjar himinháar upphæðir sem ekki sé hægt að reiða af hendi ef nauðsyn krefur.

[19:13]

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta náttúrlega deilt endalaust um það hvað sé mikið og hvað sé lítið. En ef hv. þm. kynnti sér þær bætur sem greiddar voru samfara Blönduvirkjun þá held ég að hann verði mér sammála um að þar er um allverulegar fjárhæðir að ræða. Og ég held að hann væri mér líka sammála um að ef eignarnám væri viðhaft og bætur yrði að meta samkvæmt hugsanlegum möguleikum jarðeiganda til þess að ráðast sjálfur eða fyrir hans tilverknað í virkjunarframkvæmd af svipuðum toga og samfélagið er að ráðast í, þá verði það háar bætur.

Það breytir ekki því að Sjálfstfl. hefur tvívegis samþykkt að ganga til þess verks sem hér er gengið til. Hann gerði það í stjórnartíð fyrri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í samvinnu við Alþfl. og hann gerði það líka í núverandi ríkisstjórnarsamstarfi þannig að Sjálfstfl. hefur skuldbundið sig til þess að ganga til þessa verks væntanlega vegna þess að þingmenn hans hafa verið sammála því, eða meiri hluti þeirra, að þetta verk þyrfti að vinna. Sjálfstfl. getur því ekki til eilífðarnóns vikið sér undan því að standa við þær skuldbindingar sem hann hefur sjálfur á sig tekið.

[19:15]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ef þær bætur sem greiddar voru vegna Blönduvirkjunar væru skoðaðar sem hlutfall af heildarkostnaði við virkjunina, þá yrðu þær mjög lág tala, mjög lág prósentutala.

Varðandi skuldbindingar Sjálfstfl. þá tel ég einfaldlega að við eigum að beita einkaeignarréttinum á þessu sviði sem öðrum, það sé farsælast. Við þurfum hins vegar að hafa um þetta skýra löggjöf. Það eru ágreiningsmál sem þarf að leysa úr og það þarf að hafa um það skýr ákvæði hvenær og hvernig hægt er að taka þessi réttindi eignarnámi. Ég efast ekkert um að það verður gengið í það verk því að sannarlega er löggjöfin um þessi efni orðin gömul og þarfnast endurskoðunar. Við skulum bara sjá hverju fram vindur. Vonandi fer það allt á besta veg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 12.–19. mál.

Fundi slitið kl. 19:17.

---

99. FUNDUR

föstudaginn 4. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Rafræn eignaskráning verðbréfa, stjfrv., 474. mál, þskj. 801. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 816. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 148. mál, þskj. 163, nál. 821, brtt. 822. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Eignarhald á auðlindum í jörðu, frv., 304. mál, þskj. 563. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Virkjunarréttur vatnsfalla, frv., 305. mál, þskj. 564. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Búnaðargjald, stjfrv., 478. mál, þskj. 805. — 1. umr.

10. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 479. mál, þskj. 806. — 1. umr.
11. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 477. mál, þskj. 804. — 1. umr.
12. Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 480. mál, þskj. 809. — Fyrri umr.
13. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 239. mál, þskj. 675, brtt. 873. — 3. umr.
14. Sóttvarnalög, stjfrv., 191. mál, þskj. 855. — 3. umr.
15. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 829, brtt. 853. — 3. umr.
16. Endurskoðendur, stjfrv., 214. mál, þskj. 261, nál. 823, brtt. 824. — 2. umr.
17. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, stjfrv., 414. mál, þskj. 715, nál. 862. — 2. umr.
18. Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, þáltill., 383. mál, þskj. 672. — Fyrri umr.
19. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723. — Fyrri umr.
20. Erlendar skuldir þjóðarinnar, þáltill., 431. mál, þskj. 735. — Fyrri umr.
21. Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, þáltill., 447. mál, þskj. 759. — Fyrri umr.
22. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 469. mál, þskj. 795. — Fyrri umr.
23. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 482. mál, þskj. 813. — 1. umr.
24. Einkahlutafélög, frv., 491. mál, þskj. 826. — 1. umr.
25. Hlutafélög, frv., 492. mál, þskj. 827. — 1. umr.
26. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 230. mál, þskj. 319. — Fyrri umr.
27. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.
28. Seðlabanki Íslands, frv., 369. mál, þskj. 647. — 1. umr.
29. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 402. mál, þskj. 698. — Fyrri umr.
30. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 422. mál, þskj. 726. — 1. umr.
31. Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, þáltill., 448. mál, þskj. 760. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv.,
Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Siv Friðleifsdóttir, 4. þm. Reykn.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að kl. 1.30 síðdegis, að loknu matarhléi, fer fram umræða utan dagskrár um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir og forsrh., Davíð Oddsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

Um störf þingsins að öðru leyti í dag vill forseti geta þess að að aflokinni áðurgreindri utandagskrárumræðu, eða um kl. 14.00, er ráðgert að atkvæðagreiðsla fari fram um a.m.k. fyrstu níu dagskrármálin.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Sérfræðimenntaðir læknar, 351. mál, svar heilbrrh., þskj. 868.

Skipan nefnda og stöðuveitingar á vegum ráðuneyta, 337. mál, svar forsrh., þskj. 850.

Búnaðargjald, 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 805.

[10:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 805, sem er 478. mál þingsis, er frv. til laga um búnaðargjald sem ég mæli nú fyrir.

Eins og áður hefur komið fram í tengslum við umfjöllun um frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins hefur verið unnið að heildarendurskoðun á innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði með það að markmiði að gera innheimtuna einfalda, örugga og ódýra.

Á síðasta ári skipaði ég nefnd til að endurskoða innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði. Hún hefur nú skilað af sér og hefur samið frv. það sem ég mæli hér fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir að sameina álagningu og innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði í eitt gjald sem við höfum nefnt búnaðargjald þar sem gjaldstofn verði einungis einn í stað tveggja. Gjaldið, 2,65%, verður lagt á veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum ef frv. verður að lögum. Er miðað við að gjaldstofninn verði nánast hinn sami og gjaldstofn fyrir markaðsgjald til Útflutningsráðs.

Það skal tekið fram í upphafi að hér er ekki um að ræða nýjan skatt heldur er verið að einfalda það innheimtufyrirkomulag sem nú tíðkast og um leið verða heildarsjóðagjöld lækkuð og þar með dregið úr þeim millifærslum sem verið hafa í landbúnaðarkerfinu.

Hæstv. forseti. Áður en ég fer nánar út í að lýsa efni frv. tel ég rétt og nauðsynlegt að gera hv. þingmönnum í stuttu máli grein fyrir þeim gjöldum og innheimtufyrirkomulagi sem búnaðargjaldi er ætlað að leysa af hólmi.

Í fyrsta lagi skal nefna búnaðarmálasjóðsgjaldið. Það er lagt á samkvæmt lögum nr. 41/1990. Upphæð þess er á bilinu 0,85–2,025% af verði til framleiðenda og fer það eftir afurðategundum. Það gjald er í raun samheiti fyrir innheimtu fimm mismunandi gjalda. Það er gjald til Bændasamtaka Íslands, til búnaðarsambanda, til búgreinafélaga, til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og til Bjargráðasjóðs. Bjargráðasjóðsgjald er innheimt með búnaðarmálasjóðsgjaldinu en sú innheimta byggir einnig á lögum um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, og er því ljóst að ef frv. um búnaðargjald nær fram að ganga þarf að breyta b-lið 5. gr. um Bjargráðasjóð. Hefur það mál verið rætt við félmrn. sem mun fylgja því máli eftir verði þetta frv. að lögum.

Í öðru lagi skal nefna neytenda- og jöfnunargjald. Það er lagt á samkvæmt lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Það nemur 2% af heildsöluverði landbúnaðarafurða. Gjaldið er hluti af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og er forsenda lágra vaxta af útlánum deildarinnar. Breytingu á þessum lagaákvæðum er að finna í frv. um

Lánasjóð landbúnaðarins sem áður hefur verið mælt fyrir og er nú til meðferðar hjá hv. landbn.

Í þriðja lagi er framleiðsluráðsgjald sem lagt er á samkvæmt lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það nemur 0,25% af heildsöluverðmæti og er því ætlað að standa undir rekstri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Lagt er til að það verði fellt niður með frv. þessu, sbr. 7. gr. frv.

Framleiðendur, afurðastöðvar og sölusamtök sjá um innheimtu nefndra gjalda og standa skil af þeim til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem síðar greiðir það viðkomandi aðilum. Varðandi upphæð gjaldanna og fyrirkomulag vísast nánar til greinargerðar með frv.

Ég hef nú lýst í stuttu máli því fyrirkomulagi sem í gildi er samkvæmt núgildandi lögum. Óhætt er að segja að innheimtuferli fyrrnefndra gjalda er flókið, gjaldstofnar mismunandi og margir aðilar sem standa að innheimtu gjaldanna. Eftirlit með álagningu og innheimtu gjaldanna er erfitt og hætta er á að gjaldstofnar skili sér ekki að fullu. Þá eru innheimtuúrræði við innheimtu gjaldanna veik.

Samkvæmt því frv. sem ég legg nú fram er gert ráð fyrir mikilli einföldun og um leið auknu öryggi frá núverandi fyrirkomulagi. Ber þar sérstaklega að nefna að samkvæmt frv. verður einn gjaldstofn í stað tveggja og innheimta sjóðagjalda færist alfarið yfir á framleiðendastigið undir heitinu búnaðargjald. Lagt er til að búnaðargjald verði lagt á með almennum þinggjöldum eins og markaðsgjald og iðnaðargjöld.

Við það að færa innheimtu búnaðargjalds inn í skattkerfið mun gjaldskyldur búvöruframleiðandi greiða búnaðargjaldið af gjaldskyldri veltu á gjalddögum virðisaukaskatts í staðgreiðslu til innheimtumanna ríkissjóðs. Þannig má segja að ætíð sé um samtímagreiðslu að ræða. Álagning og afstemming fer síðan fram árið eftir á grundvelli skattframtals.

Eins og ég hef áður lýst eru sjóðagjöld samkvæmt núverandi lögum lögð bæði á framleiðenda- og heildsölustig. Því er nokkuð erfitt um vik að segja nákvæmlega til um hver þau eru ef þau væru einungis innheimt á framleiðendastiginu eins og frv. gerir ráð fyrir. Þó má ætla að við þessa breytingu lækki heildarsjóðagjöld úr um það bil 4% í 2,65% verði frv. samþykkt.

Miðað við veltu ársins 1995 er áætlað að heildarupphæð búnaðargjaldsins verði 370–380 millj. kr. en ef miðað er við veltu ársins 1996 er trúlega um eitthvað hærri tölu að ræða. Ekki er óeðlilegt að áætla að heildarinnheimta sjóðagjalda fyrir árið 1996 muni lækka úr um 610 millj. í 380–390 millj. sem þýðir 220–230 millj. kr. lækkun. Ætlunin er að þessi lækkun komi fyrst og fremst niður á Lánasjóði landbúnaðarins þar sem miðað er við að fallið verði frá 2% innheimtu neytenda- og jöfnunargjalds af heildsöluverði seldra búvara. Þess í stað fái sjóðurinn hlutdeild í hinu nýja búnaðargjaldi sem verði 1,1% af stofni búnaðargjalds eins og fram kemur í frv. um þann sjóð.

Eins og ég hef áður sagt færist innheimta sjóðagjalda frá vinnslu- og afurðastöðvum yfir á framleiðendur. Neytenda- og jöfnunargjald ásamt framleiðsluráðsgjaldinu er í raun hluti af vinnslu- og sláturkostnaði. Sá kostnaðarliður fellur því út úr milliliðakostnaðinum og færist yfir á framleiðendur. Við lækkun neytenda- og jöfnunargjalds skerðast tekjur Lánasjóðs landbúnaðarins sem mun óhjákvæmilega leiða til hækkunar útlánavaxta á lánum. Til að koma í veg fyrir tekjuskerðingu bænda vegna aukins vaxtakostnaðar þarf að eiga sér stað millifærsla í verðlagningunni af slátur- og vinnslukostnaðinum og yfir á tekjulið verðlagsgrundvallarins. Gangi þetta eftir hefur breytingin sem slík engin áhrif á nettótekjur bænda. Þessi tilfærsla á ekki heldur að hafa í för með sér breytingu á útsöluverði landbúnaðarafurða.

Hæstv. forseti. Landbúnaðaryfirvöld hafa oft verið sökuð um forsjárhyggju og flókið millifærslufargan eins og stundum er sagt þar sem tekjur eru fluttar frá einum aðila til annars sem leitt hefur m.a. til þess að skekkja samkeppnismyndina og stuðla þannig að rangri ákvarðanatöku. Auk þess hefur kerfið verið sakað um að vera dýrt og ekki nægjanlega skilvirkt.

Í því frv. sem hér um ræðir er tekið verulega á þessum málum. Dregið verður stórlega úr innheimtu sjóðagjalda en um leið er leitast við að gera innheimtuna einfaldari, öruggari og ódýrari. Innheimta sjóðagjalda verður nú færð inn í hið opinbera skattkerfi þar sem innheimtuúrræðin verða þau sömu og gilda um opinber gjöld. Gjaldstofninn liggur þegar fyrir hjá greiðendum og kostnaður þeirra verður því óverulegur. Sjóðagjöldin verða um leið sýnilegri og snerta eingöngu hagsmunaaðila. Þá er ljóst að bændur munu fylgjast grannt með hvernig þeim fjármunum sem gjöldin skila verður varið.

Eins og kom fram þegar ég mælti fyrir frv. um Lánasjóð landbúnaðarins eru þessi tvö frumvörp nátengd og þurfa helst að hafa samflot í gegnum þingið. Ef t.d. frv. um búnaðargjald nær ekki fram að ganga á þessu þingi þarf að breyta frv. um Lánasjóð landbúnaðarins með tilliti til þess. Vitað er að bændasamtökin hafa lagt áherslu á að þessi breyting nái fram að ganga. Á næstu dögum fer fram ítarleg kynning á málinu innan stéttarinnar, bæði innan sérbúgreinasambandanna og eins á aðalfundum búnaðarsambandanna sem haldnir verða nú á næstu vikum. Sú umræða sem fer þá fram innan bændastéttarinnar á næstu dögum mun síðan væntanlega og vonandi nýtast hv. landbn. í umfjöllun sinni um málið hér í þinginu og þá varðandi lokaafgreiðslu frv. ef hægt yrði að afgreiða það á þessu vorþingi eins og ég geri mér vonir um.

Hæstv. forseti. Að öðru leyti vísa ég til greinargerðar og athugasemda við einstakar greinar í frv. Það frv. sem ég hef hér mælt fyrir tel ég að marki tímamót til einföldunar á landbúnaðarkerfinu sem oft er nefnt svo. Ég er á hinn bóginn reiðubúinn til þess að skoða einstök atriði þess í samvinnu við landbn. þingsins.

Að þessu sögðu leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[10:43]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji að búnaðargjaldið sé skattur eða þjónustugjald og þá hvort það megi sem sagt leggja það sem slíkt á ef þetta er skattur.

Í öðru lagi: Telur ráðherrann eðlilegt að leggja kvaðir á landbúnað sem er fjárhagslega mjög illa settur til þess að beina fjármagni m.a. til Lánasjóðs landbúnaðarins, 1,1% að stofni, þar sem bændur geta fengið þetta aftur í formi niðurgreiddra vaxta? Telur hann eðlilegt að leggja kvaðir á illa settan landbúnað til þess að hvetja hann til þess að fara út í fjárfestingar sem geta ekki borgað annað en niðurgreidda vexti?

[10:44]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi fyrri spurningu hv. þm. er ljóst að þessi framkvæmd mun flokkast sem skattur. Þetta innheimtuform á þessum sjóðagjöldum eða búnaðargjaldi eins og við köllum það, mun flokkast sem skattur. Það breytir ekki heildarmyndinni, þegar skoðað er þjóðhagslegt uppgjör á skattheimtu og gjöldum í okkar búskap þá eru þessi búnaðargjöld öll þar inni og meðtalin í þjóðhagsskýrslum. Við þá breytingu sem gerð er á innheimtunni og þeim breytingum sem verða á tekjustofni til Lánasjóðs landbúnaðarins lækka þau eins og hér hefur komið fram. Hér er því ekki um aukna skattheimtu að ræða í raun heldur lækkun.

Varðandi það atriði að halda áfram innheimtu sérstakra gjalda til Lánasjóðs landbúnaðarins, þá höfum við áður rætt það hér í þinginu þegar það frv. var til umfjöllunar. Ég skýrði þá það sjónarmið mitt að ég teldi að það væri í það minnsta enn forsenda og ástæða til þess að halda sérstöku lánakerfi fyrir landbúnaðinn, setja það ekki inn í hið almenna lánakerfi til atvinnuveganna sem þá var einnig verið að ræða og liggur fyrir í frv. í þinginu, um breytinguna á Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði og öðrum sjóðum sem nú eiga að mynda nýjan sjóð eða nýjan banka. Það er að stofnlánum til landbúnaðarins yrði haldið þar utan við og það yrði að vera lengri aðdragandi eða þróun á breytingunni frá því að landbúnaðurinn hefði verulega niðurgreidda vexti í það að verða að sætta sig við almenna markaðsvexti.

Varðandi það að landbúnaðurinn hafi a.m.k. fjárfest nóg, kannski offjárfest, þá er það auðvitað staðreynd að við þurfum á endurnýjun að halda í landbúnaðinum. Þar þurfa auðvitað að eiga sér stað eðlilegar breytingar. Því vísa ég tímans vegna til þeirra raka sem ég setti fram í framsögu við frv. um Lánasjóð landbúnaðarins.

[10:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir svar við fyrri spurningunni sem var mjög gott. Hins vegar fékk ég ekki alveg nógu gott svar við seinni spurningunni sem var hvort eðlilegt sé að leggja kvaðir á einhverja ákveðna atvinnugrein til þess að hvetja hana til að fara út í fjárfestingar sem ekki geta borgað markaðsvexti. þ.e. hvetja hana til að fara út í fjárfestingar sem eru rangar.

Ég get vel skilið að það þurfi að fara út í fjárfestingar í nýsköpun í landbúnaði og annað slíkt. En mér finnst að það eigi að gera kröfu til þeirra fjárfestinga að þær geti borgað markaðsvexti. Annars eru þær ekki skynsamlegar, ekki fyrir bændur. Og ef það á að fara að leggja álögur á bændur til þess að fara út í fjárfestingar sem ekki eru skynsamlegar, þá er það slæmt fyrir atvinnugreinina í heild. Og ég spyr: Ætla menn að halda þessu áfram og finnst mönnum eðlilegt að leggja kvaðir á bændur til þess að lána út með lágum vöxtum þannig að bændur geti ekki náð í þessa peninga aftur nema með því að fara út í fjárfestingar sem skila ekki eðlilegum arði?

[10:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil mjög vel hugsunina að baki þessari fyrirspurn hv. þm. og ég held að ég hafi líka sagt frá því viðhorfi mínu og get þá endurtekið það hér að ég álít að þetta sé skref á þeirri braut sem landbúnaðurinn þarf að þróast eftir. Spurningin er hvað við stígum þau skref hratt og hvað við höfum þau stór. Ég ímynda mér að á einhverju árabili haldi það áfram að þróast í þá átt. Það gerist með ýmsum öðrum breytingum í landbúnaðinum. Landbúnaðurinn þarf nú að takast á við innflutning í auknum mæli, samkeppni í öðru formi heldur en verið hefur. Hann þarf að takast á við þetta svokallaða markaðskerfi öðruvísi en hann hefur gert á undanförnum árum eða áratugum þannig að miklar breytingar eru fram undan hvað þetta varðar og vafalaust munu þær einnig hafa áhrif á útlánastefnu og þessa millifærslu sem vissulega á sér stað með sjóðagjöldum sem tekin eru til þess að greiða niður vexti.

Ég minni aftur á að við erum ekki að leggja nýjar kvaðir á landbúnaðinn heldur að draga úr þeim. Við erum að draga umtalsvert úr þeim og lækkum sjóðagjöldin til Stofnlánadeildarinnar úr rúmlega 2% í 1,1% og hækkum vextina tvímælalaust um leið þannig að hér er verið að stíga skref í þá átt sem hv. þm. er að velta fyrir sér. En mín skoðun er sú, ég endurtek það sem ég hef áður sagt um þetta mál, að það yrði of mikið högg og of mikil breyting fyrir landbúnaðinn ef við felldum þessa niðurgreiðslu á vöxtum eða hvað við viljum kalla þetta, niður í einu skrefi, þ.e. að hækka vextina úr 2% eins og þeir eru almennt nú í kannski, ég veit ekki hvað, 5%, 6%, 7% eða þaðan af meira. En með þessu frv. og með frv. um Lánasjóð landbúnaðarins er verið að stíga skref í þessa átt.

[10:50]

Lúðvík Bergvinsson:

Viðulegi forseti. Það sem mér þótti vera hvað helst áhugavert í ræðu hæstv. landbrh. er að hann virtist viðurkenna að núverandi landbúnaðarkerfi væri gersamlega úr sér gengið, þ.e. að það væri dýrt, það væri þannig úr garði gert að þar væru teknar rangar ákvarðanir sökum þess að það tæki nánast ekki mið af lögmálum markaðarins og það fannst mér vera sú áhugaverðasta yfirlýsing sem hér kom fram. Það kom einnig fram hjá honum að frv. sem við ræðum hér er tilraun í þá veru að reyna að ganga skref a.m.k. áfram út úr því kerfi. Það var vissulega ánægjulegt að heyra að þessi umræða hefur loksins borist inn á borð þeirra sem með landbúnaðinn hafa vélað til margra ára.

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi taka fram að ég er almennt andvígur skattheimtu af þessu tagi, andvígur skattheimtu sem felur í sér millifærslur og annað sem hefur tíðkast í þessari grein í mörg ár og í marga áratugi. En hinu verður ekki neitað að við lestur þessa frv. og yfirferð þess er að finna ýmis viðhorf sem ég fagna mjög að eru komin inn í þessa grein og virðist a.m.k. vera ætlað það hlutverk að reyna að draga þessa grein inn í framtíðina og því verður ekki neitað að hér er gerð tilraun til þess að fara frá sértækum ákvörðunum yfir í almennar hvað skattheimtu varðar og það er vel. En að öðru leyti vil ég ítreka að ég er andvígur skattheimtu af þessu tagi.

Ég vil sérstaklega benda á 6. gr. frv. þar sem fram kemur hvernig skipta skuli tekjum af búnaðargjaldi, þar sem millifærslan er svona gerð nokkuð opinber í lögunum. En hinu er ekki að neita að það veldur mér talsverðum vonbrigðum að ekki skuli líka ákveðið í lögum, úr því að það á að fara þessa leið sem ég vil nú ekki leggja nafn mitt við, hvernig hluti Búnaðarsjóðs skiptist á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasamtaka í stað þess að það skuli ákveðið í reglugerð sem landbrh. setur að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands. Ég tel að ákvæði af þessu

tagi eigi miklu frekar heima í lögum en í reglugerð og vænti þess að landbn. muni fara mjög ítarlega yfir þetta og vonandi tekst okkur að gera einhverjar breytingar á þessu frv. áður en það verður að lögum.

Að öðru leyti vil ég, virðulegi forseti, aðeins ítreka að ég er almennt andvígur skattheimtu af þessu tagi. Hún er greininni ekki til framdráttar og það er alveg ljóst að áfram á að líta á þessa grein sem einhvers konar ómaga í íslensku samfélagi sem ætíð þarf að lúta sérreglum. En jafnframt er rétt að taka fram og nefna það sem vel er gert að ég held að þetta frv. sé a.m.k. framfararspor frá því kerfi sem nú er þó að það sé langt frá því að vera gott.

[10:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna ræðu hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar. Ég vil þakka honum út af fyrir sig fyrir það sem hann sagði þó jákvætt í garð frv. Hann telur að hér sé um að ræða breytingar, og það er vissulega svo, í þá átt að draga úr flóknu kerfi sem enginn ágreiningur er um að þarf að lagfæra. Ég tel að ég hafi oft áður lýst því yfir hér að það þurfi að gera breytingar á ýmsum þáttum í landbúnaðinum. Ég tel að ég hafi nánast allan þann tíma sem ég hef setið á stóli landbrh. unnið að því og sýnt að ég tel að ástæða sé til þess og búvörusamningurinn um sauðfjárræktina sýnir það líka að þar eru stigin skref til mjög ákveðinnar kerfisbreytingar, sérstaklega hvað varðar verðlagningar og framleiðslumálin, verðlagningar þó kannski sérstaklega. Það eru stærstu breytingarnar.

Og það að ég hafi viðurkennt eða sagt í framsögu minni að teknar hafi verið rangar ákvarðanir þá sagði ég orðrétt, til þess að það sé alveg á hreinu, að landbúnaðaryfirvöld hefðu oft verið sökuð um forsjárhyggju, flókið millifærslukerfi og fargan sem hefði verið sagt að leiddi til þess að skekkja samkeppnismynd og stuðlað þannig að rangri ákvarðanatöku. Þetta vil ég nú bara hafa á hreinu. Ég er ekkert að segja að það kunni ekki að hafa í einhverjum tilfellum leitt til þess. Það getur auðvitað hafa gert það og að þess vegna séu þessar fullyrðingar hafðar uppi, en það held ég að eigi ekki við um landbúnaðinn einan. Ætli það sé ekki hægt að segja það um flesta aðra þætti í okkar daglega lífi og mannlegu samskiptum að ýmsar ákvarðanir sem við erum að taka hafi ekki alltaf verið réttar, þær hafi stundum veri rangar og við höfum séð það eftir á.

Ég vil svo aðeins ítreka það, hæstv. forseti, sem ég sagði í lok framsöguræðu minnar að ég er auðvitað tilbúinn að skoða með hv. landbn. hugsanlegar breytingar á frv. og minna á það líka að málið er nú að fara í ítarlega kynningu innan Bændasamtakanna því hér er um mjög róttækar breytingar að ræða og Bændasamtökin og einstakir bændur þurfa að gera sér vel grein fyrir hvað er á ferðinni og hvernig staðið verður að málinu. Ítarleg kynning er því nauðsynleg af þeirra hálfu á þessu máli. Sú kynning eða umræða kann að leiða til þess að Bændasamtökin vilji koma með einhverjar hugmyndir um breytingar m.a. á því sem hv. þm. nefndi í sambandi við 6. gr., en ástæða þess að við völdum þann kostinn hér að setja þetta fram svona er að málið er ekki enn þá svo ítarlega kynnt fyrir bændastéttinni að auðvitað geta komið til hugmyndir um breytingar á skiptingu þessa gjalds sem þá væri auðveldara að gera ef það væri í reglugerð, a.m.k. að sinni af því að hér er um grundvallarbreytingu að ræða sem gæti þá síðar að fenginni reynslu orðið bundin í lögum. En ef nefnd og Bændasamtök yrðu sammála um að þetta yrði öðruvísi þá er ég að sjálfsögðu tilbúinn að hlusta á það.

[10:58]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki gera ráðherra upp skoðun ef hún reynist ekki rétt, en hæstv. ráðherra fór hér yfir það sem hann sagði, réttilega. Hins vegar nefndi hann í framhjáhlaupi að hann liti svo á að þetta væri þó a.m.k. skref fram á við úr þessu kerfi sem hann tilgreindi þannig að ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að hæstv. ráðherra væri þó þeirrar skoðunar að taka þyrfti á ýmsu í þessu kerfi og það er vel. En hvað sem öðru líður þá held ég að í þessari umræðu hafi kristallast verulegur ágreiningur á milli annars vegar þingflokks jafnaðarmanna og hins vegar þeirra sem fara með stjórn landbúnaðarmála núna.

Ég taldi mig ekki vera að gera hæstv. ráðherra upp skoðun. En hitt var að ég skildi hann þannig að hann liti svo á að þetta væri skref út úr þeirri vitleysu sem þar hefur verið í gangi og ég gat ekki skilið hann öðruvísi en svo að úr því að hann vildi taka skref út úr þessari vitleysu þá væri hann sammála mér í því að það væri að ýmsu að hyggja í þessum málum.

[10:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara taka hér ítarlega umræðu um ágreining sem kann að vera milli okkar hv. þm. eða okkar flokka um landbúnaðarmálin. Sú umræða hefur oft átt sér stað bæði hér og í þjóðfélaginu víðar. En ég vil undirstrika að ég tel að hér sé á ferðinni frv. sem felur í sér róttækar kerfisbreytingar og það auðvitað þýðir að ég er þeirrar skoðunar að ýmsu þurfi að breyta í landbúnaðarkerfinu. Það hef ég margsinnis sagt og ég tel að mín ráðherratíð hafi líka sýnt að ég hef fullan vilja á því að gera þær breytingar.

[11:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra sagði að þetta væri breyting í rétta átt og ég er sammála því. Þetta er jákvæð breyting. Þetta er mikil einföldun á kerfi sem var nánast gjörsamlega óskiljanlegt og að því leyti er þetta gott skref í rétta átt.

Hæstv. ráðherra nefndi enn fremur að nefndinni væri falið að skoða þetta mál og ég ætla að varpa fram spurningu fyrir hæstv. ráðherra: Getur hann hugsað sér að nefndin skoðaði þetta í þá veru að hugsa svo sem eins og 10–15 ár fram í tímann og fella þetta gjald niður í áföngum eða lækka það verulega í áföngum þannig að landbúnaðurinn sem ber þetta gjald — það er landbúnaðurinn sem borgar þetta — verði fríaður og frelsaður undan þessum álögum sem gjaldið felur í sér? Gæti ráðherra hugsað sér að hv. landbn. skoði málið í þá veru að fella niður eða lækka gjaldið verulega í áföngum, segjum á 10–15 árum þannig að landbúnaðurinn geti risið upp undan þessu helsi og starfað eins og heilbrigð atvinnugrein?

[11:01]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir umsögn um málið í heild, að þar sé á ferðinni jákvæð breyting sem sé mikilvæg og skipti máli. Varðandi þá hugmynd sem hv. þm. hreyfði hér, að búa á þessu stigi til ferli sem felldi niður gjaldið eða legði gjaldtöku algerlega af til ýmissa félagslegra þátta sem

varðaði landbúnaðinn, leggja til að það skref yrði stigið nú, þá er ég auðvitað alltaf tilbúinn til þess að hlusta á allar skynsamlegar tillögur og hugmyndir og skoða þær. Ég tel hins vegar að í frv. eins og það lítur út sé dálítið róttæk breyting á ferðinni og það kerfi og hvernig það gæti þróast þurfi nú kannski einhvern aðdraganda og nokkurn tíma til að sanna sig. Ég sé fyrir mér, eins og ég nefndi áðan, að áframhaldandi breytingar verði á lánakerfinu þannig að það sé þróun sem sé farin af stað, skref sem við erum búin að stíga í þá átt og sú þróun haldi áfram. Ég er því ekki tilbúinn á þessu stigi til að lýsa yfir stuðningi við þessa hugmynd hv. þm. en segi aftur að sjálfsagt er að skoða allar hliðar og sjónarmið sem fram koma og velta þeim fyrir sér þó að ég hyggi að hér sé kannski nokkuð langt gengið að leyfa ekki þessari breytingu sem hér er lögð til að sanna sig fyrst áður en fleiri skref eru stigin.

[11:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hugsa að þessar álögur, 2,65% á heildartekjur búanna, séu sennilega um 6% eða 10% af tekjum bænda. Þetta eru umtalsverðar álögur sem eru lagðar á bændur og af því að þær leggjast líka á kostnað bænda. Ég vildi því gjarnan að hv. landbn. skoði hvort ekki megi lækka þessar álögur á bændur í skrefum, segjum að helminga þær á tíu árum, svo maður hugsi nú dálítið til framtíðar, þannig að bændur geti farið að ráðstafa sínum peningum sjálfir. Þarna er verið að taka hluta af tekjum bænda til þess að ráðstafa fyrir þá í alls konar verkefni. Ef bændur vilja þessi verkefni þá geta þeir bara ráðstafað því sjálfir af frjálsum og fúsum vilja, þeir sem það vilja.

Mér finnst rangt að leggja svona álögur og svona helsi á heila atvinnugrein og halda henni þannig niðri. Ég vildi því gjarnan að hv. landbn. skoði hvort ekki megi lækka þetta gjald, þessar álögur á landbúnaðinn — þó er jákvætt að sameina þær a.m.k. — að tekin verði áframhaldandi skref og litið fimm, tíu ár eða jafnvel fimmtán ár fram í tímann, þetta verði lækkað stig af stigi þannig að landbúnaðurinn geti ráðstafað sínum tekjum sjálfur.

[11:05]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það og undirstrika, af því að mér fannst aðeins koma fram í máli hv. þm. að við værum hér að auka skatta eða hér væri ný skattheimta eða nýjar skattálögur á bændastéttina eða á landbúnaðinn og þessa atvinnugrein, að við erum að lækka skattana umtalsvert þannig að það sé alveg skýrt að með þessu skrefi er nú þegar verið að lækka þessar álögur umtalsvert þó að þær séu auðvitað enn þá nokkrar. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að auðvitað er nauðsynlegt að skoða vel hvernig hægt er að draga úr gjöldum og álögum og það er verið að gera. Hér er verið að gera umtalsvert, bæði með kerfisbreytingu og með því að lækka skattana á atvinnugreinina þannig að ég tel að hér sé stigið stórt skref og við eigum að láta tímann vinna með okkur í því hversu hratt við getum haldið áfram á sömu braut í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806.

[11:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995, þ.e. svonefndum búvörulögum. Frv. þetta er flutt á þskj. 806 og er 479. mál.

Frv. er tilkomið m.a. vegna óska Bændasamtaka Íslands um að lækka verðskerðingargjöld sem lögð eru á kindakjöt og ráðstafað er til markaðsaðgerða innan lands og utan. Tillögurnar eru fram komnar vegna þess að minni birgðir eru til af kindakjöti nú en verið hefur í mörg ár og því betra markaðsjafnvægi.

Verðskerðingargjöld af kindakjöti til markaðsaðgerða eru tekin af sauðfjárbændum og af sláturleyfishöfum. Þau hafa verið tekin með tvennum hætti. Annars vegar hafa verið tekin gjöld sem ráðstafað er árlega til markaðsaðgerða innan lands, svo sem til markaðssetningar á dilkakjöti og innmat og hins vegar gjöld sem tekin eru samkvæmt samningi um framleiðslu sauðfjárafurða frá 1. október 1995. Þau gjöld skal taka í tvö ár til að ná jafnvægi í birgðastöðu kindakjöts áður en hætt verður opinberri verðskráningu á kindakjöti til bænda haustið 1998. Taka þessara gjalda var ákveðin með samþykkt á bráðabirgðaákvæðum við búvörulög með lögum nr. 124 frá 6. desember 1995.

Ég mun fyrst víkja að breytingu verðskerðingargjalda sem ráðstafað er árlega til markaðsaðgerða innan lands. Þar er um að ræða breytingu á 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, búvörulögunum svokölluðu. Þessum greinum var breytt á þann veg með lögum um breytingu á búvörulögum frá 6. desember 1995 að gjaldtakan var bundin við 5% gjald af grundvallarverði kindakjöts til bænda og 3% gjald af sláturog heildsölukostnaði kindakjöts. Áður gat landbrh. heimilað töku verðskerðingargjalda af bændum sem mátti nema allt að 5% af afurðaverði til framleiðenda, kæmi um það tillaga frá Bændasamtökunum. Einnig mátti landbrh. leggja á allt að 3% verðskerðingargjald á úrvinnslu- og heildsölukostnað afurðastöðva, kæmi um það tillaga frá landssamtökum sláturleyfishafa.

Með þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frv. mun verðskerðingargjaldið lækka úr 5% í 3% sem innheimt verður af verði til framleiðenda kindakjöts. Sú breyting tekur til allrar framleiðslu frá og með gildistöku frv. Þar sem framleiðslan fellur nánast eingöngu til að hausti munu tekjur af verðskerðingargjaldi til markaðsaðgerða lögðum á framleiðendur næsta haust nema um 43 millj. kr. í stað 72 millj. og lækka á ársgrundvelli um 29 millj.

Með breytingu sem lögð er til í 2. gr. frv. mun verðskerðingargjaldið sem innheimt er hjá afurðastöðvum af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts lækka úr 3% í 1,8%. Tekjur af gjaldinu munu lækka úr 29 millj. í um það bil 17 millj. kr. á ári eða um 12 millj. Samanlagt lækka því verðskerðingargjöld lögð á bændur og sláturleyfishafa vegna þeirra breytinga á verðskerðingargjöldum sem felast í 1. og 2. gr. frv. um 41 millj. kr. á ári.

Með breytingu sem lögð er til í 3. gr. frv. verða bráðabirgðaákvæði búvörulaganna, sem komu til framkvæmda

með lögunum nr. 124 frá 6. desember 1995 um viðbótarverðskerðingargjöld sem taka skal árin 1996 og 1997, felld niður. Við þá breytingu lækkar verðskerðingargjaldið sem innheimt er af verði til framleiðenda kindakjöts úr 3% í 0% eða um 43 millj. á ári og verðskerðingargjald sem innheimt er hjá afurðastöðvunum af úrvinnslu- og heildsölukostnaði kindakjöts úr 2% í 0% eða um 19 millj. kr. Hér er því um að ræða lækkun á viðbótarverðskerðingargjöldum um 62 millj. á yfirstandandi ári. Því til viðbótar kemur áðurnefnd lækkun verðskerðingargjalda um 41 millj. Samtals munu því verðskerðingargjöldin á kindakjöti lækka um 103 millj. kr. á þessu ári verði frv. þetta að lögum.

Ríkisstjórn Íslands og Bændasamtökin gerðu sín á milli samning um framleiðslu sauðfjárafurða þann 1. október 1995. Í þeim samningi voru m.a. ákvæði um að koma skyldi birgðum kindakjöts í ásættanlegt magn innan tiltekins tíma. Birgðir kindakjöts í byrjun sláturtíðar haustið 1995 voru 2.225 tonn af dilkakjöti og 442 tonn af kjöti af fullorðnu fé. Æskilegar birgðir eru í samningnum taldar vera um 500 tonn eða tæplega fimmti hluti þeirra birgða er þá voru til staðar. Gert var ráð fyrir að tvö ár tæki að ná þeirri birgðastöðu sem að var stefnt. Miðað var við að birgðajafnvægi skyldi komið á áður en opinber verðlagning á sauðfjárafurðum til bænda yrði aflögð haustið 1998. Því var í áðurnefndu bráðabirgðaákvæði ákveðið að innheimta árin 1996 og 1997 sérstakt 3% verðskerðingargjald af bændum og 2% verðskerðingargjald af sláturleyfishöfum til markaðsaðgerða er kæmu til viðbótar verðskerðingargjöldum skv. 20. og 21. gr. laganna. Jafnframt var ákveðið að ráðstafað skyldi í sama skyni fé sem ætlað var til uppkaupa á greiðslumarki skv. 5. gr. samningsins um framleiðslu sauðfjárafurða sem ekki nýttist til uppkaupa á samningstímanum.

Afsetning birgða gekk hraðar en áætlað hafði verið. Í byrjun sláturtíðar haustið 1996 voru birgðir dilkakjöts 755 tonn og birgðir af kjöti af fullorðnu fé um 165 tonn. Því til viðbótar var framleiðsla á liðnu hausti nokkru minni en gert var ráð fyrir þegar ákvörðun um útflutningsskyldu skv. 29. gr. laga nr. 99/1993 var tekin fyrir framleiðslu haustið 1996. Áætlunin stóðst ekki vegna þess að fallþungi dilka hafði reynst minni en spáð hafði verið. Þetta samanlagt leiddi til þess að birgðir kindakjöts voru um síðustu áramót komnar í það horf að jafnvægi var talið fullkomlega náð. Birgðir kindakjöts höfðu minnkað um 1.886 tonn á árinu. Töldu sumir mikla bjartsýni að ætla að það næðist þegar samningurinn var gerður.

Með þessari breytingu sem hér eru lögð til munu verðskerðingargjöld af kindakjöti sem lögð eru á framleiðendur og sláturleyfishafa til markaðsaðgerða lækka á þessu ári um $^2/_3$ hluta frá því sem var á liðnu ári.

Hæstv. forseti. Rétt er að vekja athygli á að við niðurfellingu bráðabirgðaákvæðis í lið 3 í búvörulögunum fellur brott ákvæði sem segir að einnig skuli verja fé sem ekki nýtist til uppkaupa á greiðslumarki sauðfjár samkvæmt ákvæðum búvörusamningsins til markaðsaðgerða til að tryggja jafnvægi í birgðum kindakjöts svo sem áður er rakið. Þetta ákvæði þjónar ekki tilgangi lengur þar sem markaðsjafnvæginu er náð að því er talið er.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[11:13]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um lækkun á svokölluðum verðskerðingargjöldum markast af því eins og hæstv. ráðherra rakti hér áðan að birgðastaða hefur reynst betri en áætlað var upphaflega. Í sjálfu sér er ekki nema gott um það að segja að hægt sé að lækka þá gjaldtöku sem hér um ræðir. Hún mun lækka úr um það bil 100 millj. niður í um 60 millj., eða lækka um 40 millj. En það breytir ekki því, herra forseti, að það kerfi sem við erum hér að eiga við, þetta millifærslukerfi innan landbúnaðarins, er ekki hagkvæmt og er slæmt út af fyrir sig og þjónar ekki hagsmunum bænda þótt hér sé lögð til minnkun á millifærslum vegna þess að hér hafi gengið meira á birgðir heldur en áætlað var.

Það er líka vert umhugsunar varðandi þetta frv. sem segir hér í upphafi að það felur í sér breytingar sem gerðar eru að beiðni Bændasamtaka Íslands. Þær eru samhljóða ályktunum búnaðarþings árið 1997. Mér finnst það vera til umhugsunar fyrir okkur á hinu háa Alþingi að fulltrúi framkvæmdarvaldsins skuli leggja fram frv. sem er ekki byggt á vinnu innan ráðuneytisins heldur beinlínis frá hagsmunasamtökum og að áður en það frv. kemur til umræðu á hinu háa Alþingi skuli það vera stimplað á búnaðarþingi. Nú viðurkenni ég fullan rétt búnaðarþings og Bændasamtakanna að hafa skoðanir á þessum málum og öðrum og finnst starfsemi þeirra vera hin merkasta en auðvitað er það spurning um vinnubrögð hvort lagafrumvörp eigi ekki að koma fyrst til umræðu á hinu háa Alþingi, fara síðan til umsagnar, t.d. bæði Bændasamtaka og ég tala nú ekki Búnaðarþings. Það hefði einnig verið eðlileg málsmeðferð varðandi þessi þrjú frumvörp sem hæstv. ráðherra er að mæla fyrir í dag að þau hefðu komið fyrr fram.

Ég á sæti í landbn. og vitaskuld hefði ég kosið að þessi frumvörp hefðu komið fram fyrr þannig að tími hefði gefist til að vinna þau faglega og vandvirknislega eins og venja er í landbn. en ekki vera að taka í þá vinnu einmitt þann tíma síðustu þingvikurnar þegar annir eru mjög miklar í einstökum nefndum og hjá þingmönnum. Þetta eru dæmi um slæm vinnubrögð og ég mundi skora á hæstv. landbrh. að breyta þessu verklagi. Mér finnst eðlilegt að reynt sé að stilla frv. af þannig að bændasamtökin og Búnaðarþing fái að koma að sem umsagnaraðilar. En að röðin sé þannig að hér sé verið að bera fram frv. sem er fullunnið af hálfu tiltekinna hagsmunasamtaka er ekki góð aðferðafræði.

Þetta frv. tekur að vísu mið af því að landbúnaðurinn býr við mjög sérstakt millifærslukerfi og verndað umhverfi hér á landi, einmitt það umhverfi sem aðrar starfsgreinar hafa verið að færa sig út úr. En landbúnaðurinn viðhefur enn ákveðið millifærslukerfi sem við vorum að ræða hér áðan í sambandi við búnaðargjald. Það kemur fram í verðskerðingargjaldi til að efla markaðssetningu á kjöti. Sambland bæði hagsmunasamtaka og ríkisvalds í þessum efnum innan landbúnaðarins er ekki góð stefna út af fyrir sig.

Þetta endurspeglast einnig í frv. sem er líka til meðferðar hér á hinu háa Alþingi, þ.e. sérstöku frv. um Lánasjóð íslensks landbúnaðar. Þar er enn og aftur verið að taka landbúnaðinn út og gera um hann sérstakt kerfi. Ég held að þetta sé slæm stefna, herra forseti, fyrir landbúnaðinn. Hæstv. landbrh. hefur því miður ekki staðið að neinum kerfisbreytingum í íslenskum landbúnaði. Hann hefur staðið fyrir ákveðnum endurbótum innan núverandi kerfis en hann hefur ekki staðið fyrir kerfisbreytingu, því miður. Og af því að hér er beint verið að tala um sauðfjárbændur, þá er vitað að

afkoma þeirra er síður en svo góð. Það markast af því kerfi sem er bundið miðstýringu, millifærslum og litlu frjálsræði í verðlagningu og viðskiptum, og hefur gert bændur þessa lands fátæka, ekki hvað síst sauðfjárbændur.

Það er athyglisvert, herra forseti, að í nefnd sem var skipuð að frumkvæði landbrh. var gerð vönduð skoðanakönnun meðal bændastéttarinnar. Þar kom fram að 23% bænda telja að búskap verði hætt á jörð þeirra þegar þeir láta af búskap. Fjórðungur bænda telur sem sagt að þegar þeir hætta, komnir við aldur, þá muni byggð leggjast af á búi þeirra. Þessir bændur eru fyrst og fremst fullorðnir og stunda sauðfjárbúskap. Þetta er vert umhugsunar. Meðalaldur bænda núna er um 50 ár. Vitaskuld er það vert umhugsunar hvert stefnir hér í landbúnaði og hvaða skilyrði þessi starfsstétt hefur miðað við þá landbúnaðarstefnu sem er framfylgt af núverandi ríkisstjórn. Það hafa vitaskuld átt sér stað mjög miklar breytingar í landbúnaði. Það eru 5% landsmanna sem nú vinna í landbúnaði en fyrir 60 árum var þetta hlutfall 32%. Við sjáum að það hafa átt sér stað geysilegar breytingar í íslenskum landbúnaði á síðustu áratugum. Við höfum hins vegar ekki borið gæfu til þess að breyta, hvorki stjórnkerfi né framleiðslukerfi í landbúnaði til að laga okkur að þeim neyslu- og viðskiptabreytingum og búsháttarbreytingum sem hafa átt sér stað undanfarna áratugi. Nei, þvert á móti er viðhaldið gömlu kerfi Framsfl. og Sjálfstfl., kerfi sem því miður kemur fram í slökum kjörum bændastéttarinnar.

Það er full ástæða til þess, herra forseti, að vekja athygli á þessum þætti málsins þó að efni frv. sé tiltölulega lítið og varði einungis þann þátt að lækka verðskerðingarhlutföll vegna þess að birgðir hafi orðið minni, sem ég fagna. Ég fagna því að birgðavandinn reyndist ekki jafnmikill og menn óttuðust á sínum tíma. Það ber vitaskuld að lýsa yfir ánægju með það og þá er náttúrlega eðlilegt framhald af því að þær greiðslur sem voru áætlaðar í markaðssetningu séu lækkaðar. Það er rökrétt framhald af því en breytir samt sem áður ekki þeirri meginniðurstöðu minni að við erum enn þá á bólakafi í kerfi sem er orðið til trafala í því að íslenskur landbúnaður nái að rétta úr kútnum efnahagslega eins og hann á í reynd skilið.

[11:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er kannski ekki á ferðinni frv. sem markar mikil tímamót í landbúnaðarmálum og að því leyti ekki tilefni til mikilla orðaskipta. Á hinn bóginn gæfi það vissulega kost á því að ræða lítillega stöðu landbúnaðarins og þá einkum sauðfjárræktarinnar af því að þetta mál varðar þá grein. Ég leyfi mér að segja að einhvern tíma hefðu þær aðstæður sem uppi eru í þeirri atvinnugrein kallað á meiri umræður en hér virðast ætla að verða að gefnu tilefni á hinu háa Alþingi. Ýmsir sérstakir og sjálfskipaðir gæslumenn og velunnarar þeirrar greinar eru víðs fjarri og ætla ég að hlífa þeim við að nefna nokkur nöfn. En satt best að segja, herra forseti, hefðu ýmsar þær upplýsingar sem hafa verið að koma fram á undanförnum mánuðum um að ýmsu leyti hrikalegar aðstæður í þessari atvinnugrein og meðal þess fólks sem við hana vinnur einhvern tíma kallað á umræður að mínu mati, svo sem upplýsingar um þá fátækt sem orðin er meðal fjölskyldna sem stunda sauðfjárrækt, og upplýsingar eins og hér voru nefndar af hv. síðasta ræðumanni um horfur hvað snertir nýliðun í greininni.

Mér finnst af þessu tilefni, herra forseti, að það eigi að skoða málin og beini ég því til hæstv. landbrh. hvort ekki sé ástæða til að láta gera mjög rækilega úttekt á stöðu og horfum landbúnaðarins, búsetu í sveitunum og þá kannski sauðfjárræktarinnar alveg sérstaklega og hvort hæstv. landbrh. væri ekki einu sinni tilbúinn til þess að hafa um það frumkvæði að hrinda af stað slíkri vinnu. Hún gæti öðrum þræði orðið til þess að draga saman ýmsar upplýsingar sem fyrir liggja og afla nýrra um stöðu landbúnaðarins og sauðfjárræktarinnar sérstaklega. Slík vinna gæti orðið grundvöllur að endurskoðun landbúnaðarstefnunnar og til undirbúnings því sem við tekur þegar núverandi búvörusamningur rennur út. Það er að mínu mati mjög nauðsynlegt að þá falli menn ekki á tíma og verði á handahlaupum við að búa til nýjan eða móta greininni ný starfsskilyrði þegar sá samningur er að renna út, heldur verði nú strax á miðjum gildistíma hans hafinn undirbúningur að því sem á að taka við.

Ég leyfi mér í allri vinsemd að stinga upp á því við hæstv. landbrh. að hann hafi forgöngu um að taka það til skoðunar hvernig væri eðlilegast að vinna að því máli. Ég hefði gjarnan viljað sjá að einhver þverpólitískur vettvangur kæmi að því þar sem það er mjög stórt mál hvernig þessari grein reiðir af, bæði í félagslegu og byggðalegu tilliti, en líka hvað varðar almenn lífskjör í landinu. Þrátt fyrir allt, þó að það sé ekki orðinn stór hluti mannaflans sem starfar beint í greininni, þá er hún enn eftir sem áður býsna stór í landsframleiðslunni. Hún er undirstaða heilmikilla innlendra umsvifa hvað varðar úrvinnslu, matvælaiðnað og þjónustu og hefur líka áhrif á lífskjör almennings beint í formi verðs á þeirri vöru sem þarna er framleidd til neyslu.

Það eru að sjálfsögðu líka hlutir t.d. í hinni hlið samningsins sem snúa að mjólkurframleiðslunni sem hafa vakið umtal á undanförnum dögum. Ég hefði þó talið verulegan áfanga í þessum efnum ef sauðfjárræktin og staða hennar og samhengi þeirra hluta við byggð í sveitum og annað sem ég hef hér nefnt yrði tekið sérstaklega til skoðunar í formi þess að unnin yrði skýrsla eða gerð samantekt t.d. á vegum stjórnskipaðrar nefndar sem færi í þetta mál með fulltrúum allra flokka að sjálfsögðu og með samráði við hagsmunaaðila, greinina sjálfa og aðra sem hlut eiga að máli.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta almennt nema ég má aðeins til með að segja að mér finnst málflutningur vina minna í Alþfl. eða jafnaðarmannaflokki heimsins pínulítið þreytulegur þegar þeir koma hér upp og reyna að kreista upp úr sér einhver ónot bara af því að það eru mál á vettvangi landbúnaðarins sem eiga í hlut. Það hefði náttúrlega verið einfaldast fyrir Alþfl. að koma upp og segja: Fínt, það er verið að lækka þessi gjöld og við styðjum það og fara svo aftur í sæti sitt. En það var ekki hægt, heldur þurfti að hreyta þessum venjulegu þreytulegu ónotum beint eða óbeint í greinina og það sem hún hefur staðið fyrir. Auðvitað er þetta alltaf sett fram undir merkjum umhyggju fyrir bændunum alveg sérstaklega. Alþfl. hefur allan tímann byggt málflutning sinn á því að hann væri sérstakur vinur bændanna og það væri af sérstakri umhyggju og ást á þeim sem Alþfl. væri t.d. yfirleitt á móti styrkjum til landbúnaðar og það ætti að draga úr þeim. En ég verð að segja að mér finnst þetta orðið svolítið þreytulegt. Ég segi það í fullkominni hreinskilni og á mannamáli. Það fer ekki að taka því öllu lengur fyrir Alþfl. að vera að hamast á því sem eftir er af landbúnaðinum, það fer ekki að taka því. Er ekki að verða tímabært fyrir Alþfl. að sleppa þessu? Ég held að þetta sé bara einhver leiður ávani sem flokkurinn situr fastur í, að alltaf þegar landbúnaðarmál ber á góma þá er sjálfsagt að rjúka í pontu og ónotast

eitthvað. (Gripið fram í.) Já, það væri nú gaman að heyra tillögur Alþfl. í þá veru en ég held að Alþfl. ætti að fara að velta því fyrir sér hvort ekki sé nóg komið og hvort þetta sé ekki að verða einhver kækur sem þarf að venja sig af og snúa sér að öðru og uppbyggilegra máli en því. Það vitað það allir sem vilja vita og hafa af einhverju raunsæi fylgst með þróun þessara mála að það er búið að ráðast í alveg gífurlega umfangsmiklar og í raun og veru sársaukafullar uppstokkunaraðgerðir á þessu sviði á síðustu tíu árum. Það hefur engin ein atvinnugrein í landinu gengið í gegnum neitt viðlíka þrengingar með eins gífurlegum niðurskurði. Og það hefur engin ein grein í landinu lagt jafnmikið af mörkum á undanförnum árum í formi niðurskurðar á ríkisútgjöldum, engin. Það er búið að taka risaskref í því máli. Það viðurkenna allir þeir aðilar sem bera kannski ekkert sérstaklega velferð landbúnaðarins fyrir brjósti hér í kerfinu, þ.e. eftirlitsaðilar. Þeir hafa sagt það í skýrslum. Eini marktæki stórfelldi árangurinn á undanförnm árum í því að draga úr ríkisútgjöldum er í landbúnaðinum. Það er búvörusamningurinn sem gerður var 1991 sem skilaði langmestri uppstokkun að þessu leyti þar sem bæði var dregið verulega úr ríkisútgjöldum vegna þessarar framleiðslu og framleiðslan var, ég verð að leyfa mér að segja þó að mér sé málið skylt, tiltölulega harkalega tekin niður að því sem markaðsaðstæðurnar buðu. Því hefur auðvitað fylgt mikill sársauki. Afleiðingarnar birtast okkur m.a. í mjög miklu tekjufalli í greininni. Ég held að það mál sé þess eðlis að nú eigi að fara rækilega yfir það hvernig staðan er og hvernig framtíðin blasir við okkur. Og í stað þess að flytja um það þáltill., sem kannski er hægur leikur af minni hálfu, að Alþingi ályktaði að skipa ráðherra að setja í gang vinnu af þessu tagi, þá leyfi ég mér að gera það að munnlegri tillögu að ráðherra taki það til skoðunar að hrint verði af stað slíku ferli, alveg sérstaklega með vísan til mjög alvarlegra upplýsinga sem hafa verið að birtast okkur beinlínis í tölum á undanförnum missirum um þessa stöðu. Þykjast menn þó af þekkingu sinni á greininni svo sem vita það fyrir að þarna er við erfiða hluti að fást.

Auðvitað höfum við Alþfl. með í þessu, jafnaðarmannaflokk heimsins, og reynum að hafa á þá góð áhrif og snúa þeim til þess vegar að málflutningur þeirra verði uppbyggilegri á þessu sviði.

Um efni frv. að lokum, herra forseti, vil ég segja að ég tel það jákvætt að verið sé að lækka þessi gjöld, þ.e. þessi millifærslugjöld sem nýi búvörusamningurinn hefur í sér. Þegar hann var til umræðu á sínum tíma, þá var það m.a. og ekki síst þetta sem ég gagnrýndi og varaði við. Það var það furðulega sambland af millifærslum og í raun miðstýringu og frjálshyggju sem samningurinn er í raun í eðli sínu. Því annars vegar er verið að falla frá framleiðslustýringu og falla frá opinberri verðlagningu vörunnar en hins vegar eru þarna millifærsluákvæði og kollektív verðábyrgð á útflutningi sem er að mínu mati argasta forneskja og hættuleg fyrir greinina.

Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra, um leið og ég fagna lækkun gjaldanna eins og hún er upp lögð í 1. og 2. gr. frv., hvort hæstv. ráðherra hafi eitthvað velt því fyrir sér að taka til endurskoðunar útflutningsskylduákvæðin sem eru í núgildandi samningi. Ég nefni m.a. sem rök það sem gerðist á sl. hausti að menn tóku ákvörðun um of háa útflutningsskylduábyrgð vegna þess að framleiðslan reyndist síðan minni en spáð hafði verið. Það segir mér það sem ég hef áður reynt að rökstyðja að slík fyrir fram ákvörðun um kollektíva útflutningsskyldu eða ábyrgð framleiðenda er vitlaus, það ætti í öllu falli að gera þetta einhvern veginn öðruvísi. Þar fyrir utan er mjög sérkennilegt ef þessi ábyrgð á að standa þegar í reynd er horfið frá framleiðslustýringu. Það þýðir að sumir geta verið að framleiða miklu meira en þeir hafa gert, en aðrir sem framleiða óbreytt, hafa óbreytt umsvif í búskap sínum eða draga jafnvel úr þeim niður undir 80% miðað við beingreiðsluréttinn, geta þurft að taka þátt í þessari kollektívu útflutningsskyldu eftir sem áður. Þetta er að mínu mati mjög vitlaus og varhugaverð útfærsla á málinu. Að vísu viðurkenni ég að þróunin hingað til virðist ekki benda til þess að það sé framleiðslusprenging í vændum eins og ýmsir óttuðst, en hættan er þarna. Hún blasir við. Og það væri að sjálfsögðu ekki góð útkoma ef handahófskennt og stjórnlaust kapphlaup hæfist að þessu leyti þó að þróunin bendi kannski ekki til þess enn þá. Ég hef þó ekki séð neinar tölur um ásetning á þessum vetri og kannski er að einhverju leyti minni framleiðsla fólgin í því að ásetningurinn hafi orðið eitthvað meiri. Ég játa það að ég hef ekki séð þær tölur.

En það er út af fyrir sig athyglisvert og fagnaðarefni að birgðastaðan hefur lagast sem þessu nemur og hér kemur fram í fylgiskjölum. Það er gott í sjálfu sér. En eftir stendur að mér finnast öll rök og ný rök sem hafa bæst við mæla með því að þessi millifærsluákvæði verði jafnframt tekin til skoðunar í kjölfar þess að gjöldin sem hér eru sérstaklega til umfjöllunar eru lækkuð. Það gæti orðið viðfangsefni vinnu af því tagi sem ég var fyrr í minni ræðu að hvetja til að hæstv. ráðherra setti á fót. Ég leyfi mér sem sagt að spyrja um þetta atriði alveg sérstaklega, þ.e. hvort útflutningsskylduákvæði sérstaklega samkvæmt 29. gr. laganna nr. 99/1993, þegar nýi samningurinn var lögtekinn, hafi verið eða kunni að koma til skoðunar af hálfu hæstv. landbrn.

[11:34]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðan ég tók sæti á þingi hef ég oft hlýtt á hv. þm. Steingrím J. Sigfússon flytja hér mjög skynsamlegar ræður. En því miður held ég að honum hafi eitthvað orðið hált á svellinu í þessari ræðu því að hv. þm. leyfir sér að kalla gagnrýni Alþfl., eða jafnaðarmannaflokks heimsins eins og hann nefndi það, þreytuleg ónot út í landbúnaðinn eða kæk. En um leið hvatti hann hæstv. landbrh. til þess að láta fara fram úttekt á stöðu bænda í íslensku samfélagi. Með öðrum orðum, gagnrýni okkar á kerfi sem fyrir lifandi löngu er gengið sér til húðar og hefur leitt til þeirrar stöðu bænda sem er í dag. Þetta er mér gersamlega fyrirmunað að skilja. Ég held að í þessu hljóti að felast miklar þversagnir, annars vegar að krefjast þess að hæstv. ráðherra láti fara fram úttekt á stöðu bænda, sem hljóti að vera slæm, sem er eðlileg afleiðing af gersamlega vonlausu kerfi, en jafnframt að gagnrýni á þetta vonlausa kerfi sé ónotaleg og þreytt. Auðvitað er þetta kerfi orðið þreytt fyrir lifandi löngu. Og það er sama gagnrýni sem á við um þetta kerfi nú og fyrir 20–30 árum þegar Gylfi Þ. Gíslason hóf hana og vissulega er hún löng og ströng. En ég gat ekki betur heyrt á ræðu hæstv. ráðherra hér áðan en að þessi gagnrýni hafi náð í gegn í landbrn. Það er talsvert afrek. Hún verður því ekki talin þreytt eða orðin einhver kækur þegar hún er búin að ná í gegnum þann þykka skráp sem þar er að finna.

[11:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. ræðumanni fyrir að gefa ræðuhöldum mínum hér á Alþingi almennt þá einkunn að þær séu yfirleitt skynsamlegar. Ég er sammála því. Ég tel

að svo sé í öllum aðalatriðum. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Ég hef sérstakt vottorð um það frá talsmanni Alþfl. að ræðuhöld mín hér séu frekar skynsamleg og það er meira en sagt verður um hv. þm. Árna Mathiesen. Það hefur engum manni dottið í hug að gefa honum slíka einkunn.

Það sem ég átti sérstaklega við, herra forseti, þegar ég talaði um þreytuleg ónot og kæk af hálfu Alþfl., var alveg sérstaklega það að fást ekki til að viðurkenna það sem gert hefur verið, að ræða um þessa hluti eins og ekkert hafi gerst, eins og hér sé enn í gildi forstokkað og frosið kerfi sem engum breytingum hafi tekið. Það er allt í lagi að gagnrýna og auðvitað eigum við að halda áfram að vinna að skoðun á þessum málum. En við eigum að gera það af sanngirni og raunsæi gagnvart því sem þegar hefur verið gert. Við eigum að viðurkenna þær breytingar sem hafa orðið og við eigum að viðurkenna þær fórnir sem hafa verið færðar í þágu þeirra breytinga. Þá finnst mér reisn að málflutningi manna ef þeir gera það. Það er það sem ég vísa hér sérstaklega til þegar mér finnast þessi ræðuhöld Alþfl. þreytt af því að þau taka ekki mið af þessum nýja veruleika í landbúnaðinum og því sem þarna hefur verið gert.

Varðandi kerfið sem Alþfl. telur sig hafa einkarétt á að gagnrýna, þá er ágætt, herra forseti, að rifja það þá upp fyrir Alþfl., jafnaðarmannaflokknum, af því að það verður að hafa hv. þm. Ágúst Einarsson með og þá verður maður að segja jafnaðarmenn — hvenær byrjuðu þessi ósköp? Hvenær voru stærstu ákvarðanirnar teknar sem leiddu íslenskan landbúnað í þá stöðu sem hann var kominn í um 1980? Þær voru teknar á ríkisstjórnarárum Alþfl. Menn geta auðvitað endalaust þvegið hendur sínar og sagt: Gylfi Þ. Gíslason gagnrýndi þetta. En sat hann ekki í ríkisstjórn í ein 12 ár? Og hvað gerði ríkisstjórnin sem þá átti í hlut? Hún tók upp útflutningsuppbótakerfið. Það var hún sem ýtti undir þá framleiðslusprengingu í íslenskum landbúnaði sem leiddi hann inn í þá hroðalegu stöðu sem hann var kominn í undir lok 8. áratugarins þannig að ábyrgð Alþfl. að þessu leyti er líka mikil. Það ætti Alþfl. að muna þegar hann er að gera sig heilagan hér í ræðustól, þvo hendur sínar af öllu sem miður hefur farið og eigna sér einkarétt á því að gagnrýna þetta og hafa vit á þessum málum.

[11:39]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en að bent hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni á það að við vorum að ræða hér áðan hið nýja búnaðargjald. Við bentum á að það væri þó framfaraspor. En það sem við sögðum þar jafnframt var að við værum andvíg því millifærslukerfi sem hér hefur ríkt um áratuga skeið og hefur leitt til þeirrar stöðu sem nú er uppi hjá bændum. Það er sú gagnrýni sem við höfum sett fram. Við gagnrýnum þetta kerfi þó að einhverjar umbætur innan þess geti verið til góðs.

Hins vegar erum við andvígir þessu millifærslufyrirkomulagi sem hefur gert það að verkum að þessi búgrein hefur á engan hátt náð að standa sig í samkeppni um langt skeið. Það er það sem við höfum verið að gagnrýna.

Ég vil halda því til haga að við höfum einnig bent á það sem jákvætt hefur verið gert en á hinn bóginn erum við andvígir því fyrirkomulagi sem nú er uppi. Og ég vil nota það tækifæri sem hér er til þess að taka undir þá tillögu sem hv. þm. setti fram hér áðan um að hæstv. landbrh. hefði frumkvæði að því að láta fara fram úttekt á stöðu bænda. Ég held að það sé rétt og ég held að það sé skynsamlegt og ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess að það kerfi sem við höfum verið að gagnrýna, og hv. þm. telur þá gagnrýni verða orðna mjög þreytta og nánast vera orðna kæk, það er nákvæmlega það kerfi sem leiðir til þess að það er nauðsynlegt að slík úttekt fari fram.

[11:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki viss um að það sé í sjálfu sér mikill ágreiningur um það að við vildum sjá það sem eftir stendur, ef svo má að orði komast, af þessum millifærslum hverfa. Það var nákvæmlega það sem ég t.d. sagði í ræðu minni, að ég varaði við því þegar núgildandi búvörusamningur var lögtekinn að í honum var og er sérkennileg blanda af frjálshyggju eða tilraun til þess að láta landbúnaðinn fara inn í óheft samkeppnisumhverfi, en líka afturhvarf til aukinnar millifærslu og sameiginlegrar verðábyrgðar, t.d. á útflutningi. Það var nákvæmlega það sem ég gagnrýndi þannig að þar er kannski ekki djúpstæður ágreiningur á ferð.

Um rætur þess hver staða landbúnaðarins er í dag er ekki einfalt að segja: Það er einhverju vondu kerfi að kenna. Þar kemur mjög margt til sem við verðum að hafa í huga ef við ætlum að ræða þessi mál af sanngirni og raunsæi. Þetta er líka félagslegt mál, byggðalegt mál. Landbúnaðurinn verður ekki slitinn úr samhengi við það starfsumhverfi sem landbúnaður annars staðar býr við. Landbúnaður hefur verið mestalla þessa öld stórlega ríkisstyrkt atvinnugrein í öllum vestrænum löndum sem við getum borið okkur saman við. Og staðreyndin er þrátt fyrir allt að þær breytingar sem Íslendingar hafa verið að gera á undanförnum árum hafa leitt til þess að við þokumst núna býsna hratt niður listann hvað varðar opinberan stuðning við þessa framleiðslu. Við erum þar á leiðinni niður listann. Við erum komin úr 1.–2. sæti niður í einhvers staðar á bilinu 4.–10. eftir því hvernig það er reiknað. Það er umtalsverður árangur þegar haft er í huga að við erum að tala um landbúnað á einhverjum norðlægustu slóðum sem þekkist þar sem hann er rekinn sem atvinnugrein.

Ég vek svo að allra síðustu, herra forseti, athygli á því að þegar ég talaði um tóninn í ræðuhöldum alþýðuflokksmanna og gagnrýni þeirra, þá sagði ég ekki að hann væri falskur. Ég sagði að hann væri þreyttur.

[11:43]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alltaf gaman þegar innri maður þingmanna kemur fram eins og gerðist í ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Þar kom alveg skýrt fram að hann er að verja kerfi sem er gersamlega staðnað. Fram kom íhaldshyggja hans og framsóknarmennska þegar kemur að landbúnaðarmálum. Við höfum heyrt þessa tóna áður frá hv. þm. Ég bendi hins vegar á að stuðningur við landbúnað hér á landi er á annan tug milljarða á ári. Hann er einn sá hæsti í heiminum. Matarverð hér á landi er 35% hærra heldur en er í Evrópusambandsríkjunum. Staða bænda er mjög döpur. Fátækt meðal bænda er mikil og þá sérstaklega sauðfjárbænda, en þá kemur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og ver þetta kerfi. (**SJS:** Nei.) Hann ver kerfi sem hefur ekki skilað bændum góðum lífskjörum heldur fátækt og ver kerfi sem hefur skilað neytendum dýrum matvælum. Hann gengur fram fyrir skjöldu og hann gengur lengra heldur en hæstv. landbrh. í varðgæslu fyrir þetta ónýta kerfi. Það erum við að gagnrýna. Ég hef bent á það í ræðu minni. Hér er verið að gera smávægilegar endurbætur á núverandi kerfi. Samt sem

áður er heildarniðurstaðan sú að stuðningur við bændur og landbúnaðarframleiðslu er einn sá mesti í heiminum. Matarverð er eitt það hæsta og bændur einna fátækastir. Ég veit ekki til þess að staða sauðfjárbænda í Norðurl. e. sé þannig að það eigi að standa vörð um þetta kerfi eins og það er í dag.

[11:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt málflutningur af þessu tagi sem ég á við þegar ég tala um úreltan, þreytulegan kæk Alþfl. að fjalla um þessa hluti með þessum hætti. Ég geri stóran greinarmun á orðaskiptum mínum við hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem voru þó málefnaleg, og þessu síðasta innleggi frá jafnaðarmannaflokki heimsins. Það var ómerkilegt að koma hér upp og segja að ég hafi alveg sérstaklega gengið fram fyrir skjöldu í að verja þetta vonda kerfi óbreytt með öllum þess afleiðingum. Ég vilji sem sagt kerfi sem er vont fyrir bændur, vont fyrir neytendur og vont fyrir alla og ég standi hér sem sérstakur varðgæslumaður þess.

Hvert var megininntak í gagnrýni minni á málflutning jafnaðarmanna? Það var að þeir viðurkenndu ekki þær breytingar sem búið er að gera, þeir ræði málin eins og ekkert hafi gerst, eins og menn standi hér og reyni að verja þetta kerfi. Ætli það sé nokkur maður sem er enn þá í stjórnmálum á Íslandi sem sé ósanngjarnara að segja einmitt þetta um heldur en ræðumann? Ætli aðrir hafi staðið fyrir stórtækari breytingum á þessu kerfi? Ég bar pólitíska ábyrgð á því að bera hér fram búvörusamninginn 1991. Þannig dæmir sagan orð sem hv. þm. Ágúst Einarsson lætur hér falla dauð og ómerk og rúmlega það. Og þetta er málflutningur sem skilar okkur ekki neinu, að vera að bera hver annan svona sökum. Hv. þm. Ágúst Einarsson verður að haga máli sínu öðruvísi ef hann ætlar að vera marktækur í umræðum um þessi mál.

Það er að sjálfsögðu ýmislegt enn sem við vildum sjá fara í betur í landbúnaði í dag. Við vildum sjá kjör þess fólks sem við þetta starfar, bæði bænda og ýmissa fleiri, betri og við vildum að þetta gæti skilað sem lægstu vöruverði til neytenda. Við viljum væntanlega líka að þjóðin sé sem mest sjálfri sér næg um þessar vörur, eða erum við ekki sammála um það? Og við viljum gjarnan sjá sveitir landsins í byggð, er það ekki? Auðvitað er þetta þannig. Auðvitað vill enginn viðhafa hér alvont kerfi sem er vont fyrir alla. Hverjum dettur í hug að það finnist einhver stjórnmálamaður á byggðu bóli sem gangi fram með þannig málflutning?

[11:47]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gagnrýni okkar jafnaðarmanna á landbúnaðarkerfið er í fyrsta lagi áratuga gömul og í öðru lagi hefur hún alltaf verið málefnaleg. Við höfum gagnrýnt þetta kerfi. Ég tók sérstaklega fram áðan að það hafa verið gerðar umbætur í núverandi kerfi en það er kerfið sem er ónýtt. Það sem ég er að gagnrýna hv. þm. fyrir er að hafa enn og aftur talað um það sem leið að gera umbætur í núverandi kerfi. Það er sú leið sem við jafnaðarmenn höfum hafnað. Það er að berja höfðinu við stein að viðurkenna ekki þær staðreyndir sem ég rakti hér um mikinn stuðning við landbúnað, hátt matarverð hér á landi og fátækt bænda. Það er eitthvað að því kerfi sem þessir tveir flokkar hafa búið um, Sjálfstfl. og Framsfl. Það er óþarfi af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að slást í lið með þessum flokkum í að viðhalda steinrunnu kerfi. Ég vil miklu frekar taka þátt í því með hv. þm. að stokka upp þetta kerfi vegna þess að ég hef áhyggjur af því sem ég rakti í minni ræðu að 25% bænda gera ráð fyrir að býli þeirra leggist í eyði. Ég hef áhyggjur af þeirri búseturöskun sem þessi helstefna ríkisstjórnarinnar er að valda bændastéttinni. Ég hef áhyggjur af afkomu sauðfjárbænda og ég segi, og það er meginatriðið í þessu máli: Við verðum að breyta gersamlega því framleiðslustýringar- og styrkjakerfi sem við búum við í íslenskum landbúnaði. Það hefur ekki leitt til neins annars en ófarnaðar og þetta er málefnaleg umræða, herra forseti, eins og málflutningur okkar jafnaðarmanna í þessum efnum hefur alltaf verið.

[11:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú skárri ræða en fyrri ræðan en samt ekki góð. Fyrri ræðan var alveg hörmuleg. Hún var ómálefnaleg og ómerkileg þar sem verið var að reyna að snúa út úr orðum manna með alveg fráleitum hætti.

Staðreyndin er sú að það er ekki efnislega rétt að tala um óbreytt kerfi, það sé verið að gera einhverjar umbætur innan óbreytts kerfis. Það er ekki efnislega rétt. Staðreyndin er sú að sá umbúnaður sem núna er um opinberan stuðning til landbúnaðarframleiðslunnar er allt annar en hann var og opinber stuðningur er orðinn miklu minni og er á allt öðrum grundvelli í dag. Það er nefnilega mergurinn málsins. Óbreytta gamla kerfið sem viðreisnin kom á með þátttöku Alþfl. var auðvitað allt of lengi við lýði. Það er rétt hjá hv. þm. Það er kannski það eina sem er rétt í þeirra sjálfsgagnrýni því að þessi læti í alþýðuflokksmönnum eru náttúrlega sjálfsgagnrýni að verulegu leyti vegna þess að þeir sátu í 12 ár í þeirri ríkisstjórn sem mesta ábyrgð ber á því inn í hvaða umhverfi landbúnaðurinn þróaðist á 7. eða 8. áratugnum. Það er bara staðreynd.

En þessu er búið að gerbreyta. Því kerfi að menn fengu styrk til að auka framleiðsluna til útflutnings, eins og var á viðreisnartímanum, og það sem við tók, að samið var við menn um framleiðslu á fullu verði án tillits til þess hvað markaðurinn tók við, er búið að henda. Í staðinn fyrir niðurgreiðslur á smásölustigi á vörunni eru komnar beingreiðslur á framleiðslustigi til þess að varan leggi af stað á lægra verði frá byrjun og það er búið að ráðast í mjög harkalega og sársaukafulla markaðstengingu þessa stuðnings þannig að þarna er um gerbreytta hluti að ræða. Það er alveg út úr kú að koma hér og tala um að menn skiptist upp í þessari umræðu í annars vegar varðgæslumenn óbreytts kerfis og hins vegar hina sem hafa gagnrýnt það eins og til sé eitthvað sem heitir Kerfi með stórum staf sem engum breytingum hafi tekið. Það er rangt.

[11:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um frv. og um málefni landbúnaðarins en vík mér út af fyrir sig undan þessum sérstöku sameiningarumræðum sem hafa farið hér fram milli Alþb. og jafnaðarmannaflokksins hvort sem hann er nú íslenskur eða alþjóðlegur. Það hefur út af fyrir sig verið gaman að hlýða á það og sýnir hvað fram undan er í þeirri hjónasæng sem mönnum er sagt frá að sé e.t.v. að verða til.

Aðeins örfá orð um það sem hefur komið fram hér og kannski verið beint til mín eða mér finnst ástæða til þess að gera að umræðuefni. Ég vil fyrst segja út af ummælum hv. þm. Ágústs Einarssonar að það er út af fyrir sig rétt að þau frumvörp sem hér eru lögð fram núna á sviði landbúnaðarmála eru seint fram komin. Það er mál sem sjálfsagt

er að taka til skoðunar og ég hef a.m.k. getað verið búinn að sýna sum þessi frv. í þinginu áður. Hins vegar hefur verið viðhaldið þeirri venju að búnaðarþing fjalli um ýmis þessi mál sem er auðvitað eðlilegt, að búnaðarþing fjalli um stefnumótun í landbúnaði því að þetta er æðsta þing þessarar atvinnugreinar og fer þá yfir málin. Sum þessi frumvörp hafa ekki orðið til beinlínis þar þó að þetta frv. sem við erum að tala um megi rekja til ályktana þingsins. Ég vil aðeins leiðrétta það, ef skilja mátti orð hv. þm. svo, að þetta frv. hafi fyrst verið sent búnaðarþinginu og fengið sinn stimpil þar. Þetta frv. varð til eftir þingið samkvæmt beiðni um að tekið verði á þessum málum. Þá er þetta spurning um hvort frumkvæðið hefði átt að koma frá ráðuneytinu eða landbrh. sem má auðvitað segja því að þarna hefur orðið gjörbreyting á varðandi byggðavandann og þann þátt sem verið er að fjalla um sérstaklega í þessu frv.

Út af því sem almennt hefur verið sagt hér um stöðu landbúnaðarins þá er það rétt að hægt hefði verið í sambandi við þessi frumvörp, sem fjalla á einn eða annan hátt um landbúnaðarmál, að fara mörgum orðum um stöðu landbúnaðarins í heildina og ræða ástandið þar og hvað er hægt að gera til úrbóta. Ég vil leyfa mér að fullyrða að ýmislegt sem við erum að gera nú í landbrn. og kemur fram í sumum þessum frumvörpum eru umtalsverðar endurbætur og úrbætur á ríkjandi kerfi sem er ástæða til að framkvæma hverju sinni, að reyna að laga það sem betur má fara. Það er e.t.v. rétt að segja að í þessu felist ekki róttækar kerfisbreytingar en það hafa farið fram mjög róttækar kerfisbreytingar í landbúnaðinum á undanförnum árum eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon rakti hér og þarf svo sem ekki að ítreka. Það er hægt að taka undir að þar hafa farið fram mjög miklar og róttækar breytingar og þó að menn hafi með þeim breytingum talið að verið væri að stíga skref sem ættu að færa landbúnaðinn til nýrri tíma og taka mið af breyttum aðstæðum, þá hafa þó sumir þessir samningar og þær aðgerðir haft alvarleg áhrif. Þ.e. að hluti af þeim vanda sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir, hrikalegar aðstæður, fátækt og að ekki sé nýliðun í greininni stafar sumpart af því að þegar búvörusamningurinn 1991 var gerður og stórlega dregið úr ríkisstuðningi við þessa atvinnugrein þá fylgdi ekki sumt annað eftir eins og menn álitu að mundi fylgja samningnum. Það urðu í fyrsta lagi miklu meiri neyslubreytingar en forsendur samningsins gerðu ráð fyrir sem hafa áhrif á umtalsvert tekjutap í bændastétt og síðan urðu ekki heldur þær breytingar sem menn áttu von á varðandi búsetuna. Það var gert ráð fyrir því að framleiðendum fækkaði og það drægi meira úr framleiðslunni á þann hátt og færðist til, þ.e. að búin stækkuðu, heldur en raun varð á. Það stafaði sumpart af öðrum ástæðum í þjóðfélaginu. Það stafaði af því að atvinnuástand og efnahagsástand í þjóðfélaginu var öðruvísi á seinustu árum heldur en menn höfðu búist við þegar samningurinn var gerður og hafði líka umtalsverð áhrif á þróun í landbúnaði.

Þess vegna undrast ég svolítið, þó að ég sé ekki að gera lítið úr því að auðvitað er alvarlegt ef það viðhorf sem kemur fram í ítarlegri skoðanakönnun, sem hér hefur verið minnt á og fram fór af hálfu nefndar sem starfaði á vegum landbrn., að fjöldi bænda, kannski upp undir fjórðungur, telur að ekki verði áfram búskapur á viðkomandi jörðum þegar fullorðnir bændur hætta störfum. Ég er dálítið undrandi á því hvað hv. þm. Ágúst Einarsson hefur miklar áhyggjur af því máli.

Ég get út af fyrir sig sagt að það er ekki fagnaðarefni að jarðirnar leggist í eyði eða búskapur hætti af þessari ástæðu. En ég er þeirrar skoðunar, og ég segi aftur, að ég tel að það hafi verið hluti af undirtóni varðandi búvörusamninginn þegar hann var gerður. Menn gerðu ráð fyrir því að bændum fækkaði, það yrðu færri jarðir í ábúð en þær kannski stækkuðu og styrktust sem eftir yrðu. Þetta er ferli sem þarna er í gangi og þarf út af fyrir sig ekkert að undrast þó að það haldi áfram. Það hefur verið að gerast og það heldur áfram.

Ég vil svo aðeins út af því sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni segja frá því að nú er í gangi í ráðuneytinu ítarleg vinna í sambandi við búvörusamninginn en hans tími er senn á enda runninn. Frá því á síðari hluta seinasta árs eru í gangi störf svokallaðrar sjömannanefndar. Að vísu er það ekki fullskipuð nefnd, það höfum við rakið hér áður og rætt og ég eyði ekki tíma í að tala frekar um það. Þar er í gangi stefnumótunarvinna, þar er í gangi ítarleg skoðun á aðstæðum íslensks landbúnaðar í samanburði við aðstæður í öðrum löndum og rétt að minna á það sem hv. þm. benti á að það eru gríðarlegir ríkisstyrkir til landbúnaðar í löndunum í kringum okkur. Menn tala alltaf um að íslenskur landbúnaður sé allt öðruvísi og rekinn á allt öðrum forsendum og með allt öðrum stuðningi hins opinbera en gert er annars staðar. Þetta er rangt og það er í skoðun hjá okkur þannig að þær upplýsingar eiga að liggja fyrir. Eftir umræðuna í vetur sem varð í þjóðfélaginu um stöðu landbúnaðar og fátækt hjá miklum fjölda bænda hef ég líka sett á laggirnar sérstaka nefnd til þess að fara yfir þau mál. Nefndin er skipuð fulltrúum þriggja ráðuneyta og bændasamtakanna, enda er henni fyrst og fremst ætlað á þessu stigi að safna saman upplýsingum, m.a. að gera grein fyrir þróun í afkomu bænda á undanförnum árum í samanburði við þróun í öðrum atvinnugreinum þannig að fyrir liggi samanburður á því hvernig opinber stuðningur hefur breyst við landbúnaðinn. Nú ætti nefndin að fara yfir hvernig hugsanlega er hægt að skoða annan félagslegan stuðning við greinina. Þar er t.d talað um, svo að eitthvað sé nefnt, skólagöngu ungmenna úr dreifbýli sem er mikill kostnaður fyrir t.d. bændur og sveitafólkið og ýmsir slíkir þættir sem eru til athugunar í þessari nefnd. Hins vegar hefur einnig verið rætt um að setja á laggirnar langtíma stefnumótun og það er kannski sú tillaga sem hv. þm. var að beina til mín. Ég vil þá segja honum og öðrum hv. þm. í leiðinni að slík vinna er í undirbúningi og þá mundi ég hugsa mér að það væri gert á breiðari grunni en einstakar nefndir sem starfa á vegum stjórnvalda eins og sú nefnd sem ég nefndi áðan, en ráðuneytin sem eiga aðild að þeirri nefnd auk landbrn. eru félmrn. og forsrn. Það mætti hugsa sér stefnumótunarnefnd til lengri tíma þar sem kæmu að fulltrúar allra stjórnmálaflokka og hinna ýmsu viðhorfa sem uppi kunna að vera innan atvinnugreinarinnar og utan og málið yrði allt skoðað í víðara samhengi en gert hefur verið.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon beindi til mín spurningu um hugsanlega endurskoðun á þeirri aðferð sem nú er viðhöfð vegna útflutningsskyldunnar. Það er rétt hjá honum að segja má að í þeim samningi sem við gerðum síðast sé sérkennileg blanda en við erum þó að reyna með þessu að forðast að aftur verði til óleysanlegur birgðavandi innan lands. Ég held að það sé, eins og fram kom hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni, svo ég grípi aðeins ofan í hans ræðu aftur, sérstakt fagnaðarefni að tekist hefur að leysa þennan birgðavanda sem blasti við fyrir ári síðan. Það skapar landbúnaðinum, allt aðrar markaðsaðstæður. Það skapar okkur allt aðrar aðstæður við að markaðssetja lambakjötið undir allt

öðrum formerkjum heldur en þegar verið er að reyna að losna við birgðavanda og efna til árlegrar útsölu á þessum matvælum. Það dugar ekki. Þess vegna höfum við allt aðra stöðu en við megum ekki missa málið aftur í þann farveg. Þess vegna þurfum við að huga ítarlega að því hvernig þessari útflutningsskyldu er háttað. Hlutfallið sem ákveðið var á seinasta hausti hefur e.t.v. verið nokkuð of hátt, m.a. vegna þess sem ég rakti í framsöguræðu minni áðan, að framleiðslan varð nokkru minni á sl. hausti en ráð hafði verið fyrir gert. Það er því a.m.k. sjálfsagt og eðlilegt að þeirri útflutningsprósentu verði eitthvað breytt við endurskoðun. Hitt er óleyst, sem hv. þm. nefndi, að allir taka þátt í útflutningsskyldunni, bæði þeir sem framleiða mikið og þeir sem framleiða lítið utan þó þá bændur sem gera um það sérstakan samning að losa sig við útflutningsskylduna því að það er líka hægt. Ég vil minna hv. þm. og þingheim á þann þátt í búvörusamningnum að hægt er að gera slíkan samning einnig, en aðalmálið er þó að missa ekki aftur hlutina í þann farveg að við sitjum uppi með óleystan birgðavanda. Það vona ég að komi ekki til. Ef við finnum hins vegar aðrar aðferðir til þess að takast á við þetta útflutningsmál er sjálfsagt að skoða það.

Ég hef því miður ekki upplýsingar handa hv. þm. um ásetningsbreytinguna, hvort hún var, ég hef það ekki hér hjá mér. Þær má senda hv. landbn. þegar hún fer að vinna úr þessu máli og öðrum skyldum til þess að það liggi fyrir.

Allra seinast varðandi þann samanburð sem hv. þm. Ágúst Einarsson gerði í andsvari um verð á landbúnaðarafurðum sem sé miklu hærra hér heldur en gerist í ESB-löndunum. Þar um að ræða meðaltal og ég minni hv. þm. á að ef tekin eru lönd í kringum okkur þá er ekki 35% hærra verð á vörum hér heldur en er í kringum okkur. Það er að vísu misjafnt en stundum er það ekki eins og hér er nefnt og ástæða til að minna á það líka að verð á landbúnaðarafurðum hefur á undanförnum árum ekki hækkað hér á landi neitt í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Þær hafa verið að lækka mjög og hafa bændur tekið þátt í því að halda stöðugleika í verðlagi og halda niðri vöruverði meira en ýmsir aðrir aðilar og lagt sitt af mörkum. Það er auðvitað hluti af því hvernig staðan er í íslenskum landbúnaði um þessar mundir, því tekjufalli sem orðið hefur í landbúnaði. Vöruverð á íslenskum landbúnaðarafurðum hefur stórlækkað á undanförnum árum ef tekið er mið af almennri verðlagsþróun.

[12:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og þær upplýsingar sem hann veitti um þá vinnu sem er í gangi á vegum landbrn. um þessi mál, nefndir að störfum og annað. Ég tek jafnframt undir það og endurtek að ég held að mjög tímabært væri og þarft að setja á fót stefnumótunarnefnd sem gæti jafnframt verið eins konar samræmingaraðili í þessu starfi og rekið það áfram þar sem verið er að vinna á mismunandi vígstöðvum að því að draga saman upplýsingar og gera úttekt á stöðu bænda, kjörum þeirra. Síðan er sjömannanefnd að störfum varðandi þá þætti sem þar hafa sérstaklega fallið undir, þ.e. framleiðslan eða verðlagningin á vörunum þannig að ég vona að að því geti orðið eins og hæstv. ráðherra kom inn á í svari sínu við hugmyndum og tillögum mínum.

Að öðru leyti vil ég segja, herra forseti, að þetta hefur verið ágæt umræða og reyndar sá ég þann löst aðallega á henni að hv. formaður landbn. hefði ekki verið viðstaddur umræðuna í þingsalnum en ég sé að vísu að hv. þm. Guðni Ágústsson er nú kominn í forsetastól og er það betra en ekki, en þó hefði ég enn frekar kosið að hv. formaður landbn. sem slíkur væri á meðal okkar í umræðunni og tæki þátt í því sem hér hefur verið á dagskrá, en hér hefur — aldrei þessu vant liggur mér við að segja því það gerist allt of sjaldan — orðið býsna merkileg almenn umræða um landbúnaðarmál. Það er ekki svo oft sem þannig tekst til. Ég þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir svör og undirtektir hans og bind vonir við að þessi mál komist þar með á hreyfingu.

[12:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að ítreka að sjömannanefndin svokallaða er líka stefnumótunarnefnd. Hún hefur í raun fjallað um fleira en það sem beinlínis er bundið verðlagningunni eða þeim samningum sem gerðir hafa verið. Ég minni á þegar við tókum á sauðfjársamningnum í fyrra var sjömannanefndin ekki að störfum þannig að hún átti ekki aðild að þeim samningi. Samkvæmt hennar erindisbréfi fjallar hún um ýmsa þætti sem landbúnaðarmálum tengjast almennt. Þrátt fyrir það tel ég að ástæða væri til, og hef reifað það bæði á samkomum bænda og einstakra búgreinafélaga, að setja af stað nefndarstarf sem væri nokkurs konar langtímastefnumótun undir öðrum formerkjum en þeim sem þó eru hjá sjömannanefndinni. Mér finnst því sjálfsagt að við skoðum ítarlega hvernig að slíku verði staðið og mun ég gera það.

Ég vil rétt aðeins að lokum minna á það sem féll niður hjá mér áðan þegar hv. þm. Ágúst Einarsson var að velta fyrir sér hverjir væru höfundar að kerfinu. Ég ætla ekki að taka þátt í karpi um það út af fyrir sig, mér finnst það ekki skipta öllu máli. Kannski eru stærstu þátttakendurnir í því bændastéttin sjálf. Um endurskoðun á búvörusamningnum sem er á döfinni og það að komast að niðurstöðu um hvernig eigi að semja um mjólkurframleiðsluna og þann þáttinn hafa komið mjög ákveðnar og eindregnar ályktanir frá Landssambandi kúabænda, að byggja nýjan samning á nánast óbreyttu kerfi og þeir leggja mikla áherslu á að litlar breytingar verði varðandi þann samning. Það er ekki að frumkvæði núv. landbrh. í sjálfu sér að leggja neitt slíkt til. Ég er tilbúinn að hlusta á það sem viðsemjendur mínir vilja segja og hvað þeir vilja leggja til í þessu efni. En óskirnar um litlar og helst engar breytingar eru þær sem liggja fyrir þegar lagt er af stað í þær samningaviðræður.

[12:10]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur þessi umræða farið nokkuð víða og breitt og náð held ég 20–30 ár aftur í tímann. Það er út af fyrir sig er þarflegt að rifja upp fortíðina í þessum efnum eins og öðrum.

Mér finnst hins vegar að skort hafi á, vegna þess að menn voru að ræða búvörusamningana, að tilgreina það sem sérstaklega varð þeim að falli því að búvörusamningurinn frá 1991 lifði í rauninni ekki nema í tvö ár, í mesta lagi þrjú ár. Þá voru bændur komnir í þrot og núna geri ég ráð fyrir að hægt sé að færa sönnur á það hvað mönnum sást margt yfir við endurskoðun á þeim samningi á sl. ári.

Hér hefur verið talað um endurskoðun, langtímaáætlanir og annað eftir þessu. Það er út af fyrir sig góð viðleitni. Ég held hins vegar að bændur þoli ekki þá bið og vegna þess að hér barst sérstaklega í tal hvaða vandi væri fram undan í þeim efnum, reyndar voru látin falla um það nokkuð stór

orð, þá finnst mér rétt að það komi fram að Byggðastofnun tók þá ákvörðun á sl. hausti að framkvæma áætlun um afkomu sauðfjárræktarinnar í landinu. Samkvæmt starfsáætlun stofnunarinnar á niðurstaða þeirrar athugunar að liggja fyrir í næsta mánuði. Í rauninni var og er megintilgangur stofnunarinnar að upplýsa hvaða áhrif og afleiðingar þessir samningar og þau kjör sem sauðfjárræktin býr við hafa á byggðina í landinu. Það er hægt með svipuðum hætti og hv. þm. Ágúst Einarsson gerði áðan að fella um það vissa dóma og harða, en hitt er alveg nauðsynlegt að það sé tilreitt nokkuð faglega sem ég vona að starfsmönnum Byggðastofnunar takist með þeirri aðstoð sem þeir hafa leitað eftir í þeim efnum.

Meginatriðin eru þessi í sambandi við búvörusamningana að það sem búvörusamningurinn frá 1991 féll sérstaklega á var útflutningsbannið. Það var bannað samkvæmt þeim samningi að flytja út dilkakjöt sem var innan greiðslumarks og af þeirri ástæðu söfnuðust upp birgðir í landinu. Það er skýringin.

Annað mikilvægt atriði, sem hlýtur að verða að liggja fyrir í þessari umræðu, er að Alþingi breytti búvörusamningnum frá því í fyrra einmitt með það í huga að hægt væri að framkvæma útflutning á dilkakjöti án þess að það gengi í gegnum nein kerfi. Það er ekki nein verðmiðlun í þeim útflutningi nema að því er tekur til skrokkaútflutningsins og svo sannarlega væri það þrautalaust af minni hálfu að afnema það ákvæði.

Í rauninni er þetta frv. einfalt í sniðum og sumt af því gengur úr sér af sjálfu sér þannig að ég held að það muni ekki miklu breyta hvort þetta frv. verður að lögum núna eða ekki. En eigi að síður ætla ég ekki að verða þess valdur að málið geti ekki gengið greiðlega fram og mun ég að sjálfsögðu veita því fulltingi mitt því auðvitað eru þær breytingar til bóta sem lagt er til að lögfestar verði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 1. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 804.

[12:17]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum sem flutt er, eins og fram kom hjá forseta á þskj. 804 og er 477. mál. Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi til kynningar á liðnu vori og byggist á tillögum nefndar sem landbrh. skipaði á árinu 1994 til þess að endurskoða lög nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Í nefndinni sátu Andrés Jóhannesson kjötmatsformaður, Jón Viðar Jónmundsson ráðunautur, Guðjón Þorkelsson matvælafræðingur og Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir, sem var formaður nefndarinnar.

Gildandi lög um þetta efni frá 1966 hafa að mestu staðið óbreytt síðan þau voru sett og staðist býsna vel breytta tíma. Löggjöf nágrannalandanna um þessi efni eru einnig frá svipuðum tíma og nú hafa þau hvert á fætur öðru á síðustu 3–4 árum sett ný lög um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum. Með þeirri endurskoðun sem hér liggur fyrir er fyrst og fremst verið að laga lögin að breyttum tímum og breyttum viðhorfum í þessum efnum með hliðsjón af reglum á helstu markaðssvæðum fyrir kjöt- og sláturfurðir. Nýju lögin í Danmörku og Svíþjóð, svo og reglur ESB voru höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv.

Viðhorf varðandi eftirlit með matvælum hafa talsvert breyst á undanförnum árum. Nú er lögð sífellt meiri áhersla á að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna og skoðun á tilbúinni vöru hefur fengið minna vægi.

Ekki er sama áhersla lögð á stórstígar breytingar á afurðunum heldur hreinleg vinnubrögð og að komið sé í veg fyrir að örverur, sem valdið geta matarsýkingum, geti borist með hráefninu. Miklar breytingar hafa orðið á slátrun og meðferð kjöts og sláturafurða hér á landi. Nú er farið að slátra allt árið um kring, en slátrun var áður að mestu leyti aðeins á haustin. Fyrir 10–20 árum var nánast allt kjöt fryst strax eftir slátrunina en núna er svínakjöt og nautakjöt selt kælt. Allt hrossakjöt sem fer í útflutning til Japans, svo dæmi sé tekið, er kælt en ekki fryst. Augljóslega þarf að gera miklar kröfur um hreinlæti við slátrun og alla meðferð á kjöti í slíkum viðskiptum ef það á að hafa nægjanlegt geymsluþol og hollusta að haldast.

Þessi breyting á slátrun og verslunarmáta kallar á miklu nánara og virkara heilbrigðiseftirlit með öllu ferlinu, frá bónda til borðs. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að frá síðustu árum hafa matarvenjur breyst, t.d. hefur matreiðsla flust í meiri eða minni mæli frá heimilum í stóreldhús eða vinnslur sem búa til hálftilbúna rétti til sölu í verslunum og stórmörkuðum. Einnig er mikilvægt að samfella sé í eftirlitinu með afurðunum. Hugtakið „frá bónda til borðs" er sprottið af þessari hugsun.

Í samræmi við þetta er gildissvið laganna víkkað þannig að einnig sé unnt að hafa eftirlit með eldi og heilbrigði sláturdýra heima á býlunum sjálfum. Í eldri lögum voru ákvæði um skoðun á lifandi búfé í sláturhúsrétt, en nú er gert ráð fyrir að landbrh. setji reglur um skoðun, rannsóknir og sýnatökur í hjörðum sláturfjár á framleiðslustöðunum hjá bændunum. Í raun hefur þetta þegar hafist með sýnatöku vegna salmonellu í alifuglabúum og hefur gefið góða raun.

Sem dæmi má nefna að jákvæðum sýnum sem tekin eru af kjúklingabúum á eldistímanum hefur fækkað úr 14,86 árið 1993 í 3,6 árið 1996. Einnig er gert ráð fyrir að unnt sé að gera kröfur um að einungis hrein sláturdýr komi til slátrunar. Þetta er mikilvægt vegna þess að ekki er unnt að slátra óhreinum sláturdýrum svo vel fari og mikil hætta er á að örverur og margvíslegir sýklar berist í afurðirnar, stytti geymsluþol þeirra og geti valdið matareitrun og matarsýkingu. Nauðsynlegt er að eftirlit sé með því heima á býlunum hvort sláturdýrin eru hrein því of seint er að gera það þegar þau eru komin í sláturhúsið.

Önnur viðhorfsbreyting, sem frv. tekur einnig mið af, er aukin krafa um innra eftirlit fyrirtækjanna sjálfra. Sífellt meiri áhersla er lögð á gæðastjórnun í matvælaframleiðslu og þar með bætt eftirlit framleiðendanna sjálfra með framleiðslunni. Í frv. er gert ráð fyrir að landbrh. setji reglur um innra eftirlit í sláturhúsunum og kjötvinnslum þeirra og er það í samræmi við IX. kafla í 23. gr. í lögum nr. 93/1995, um matvæli. Brýnt er að lögfest verði krafa um innra eftirlit í sláturhúsunum. Þetta er þegar orðinn og verður sífellt mikilvægari þáttur í heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum og kjötvinnslum og er nú mjög mikilvæg krafa eftirlitsaðila á helstu markaðssvæðum fyrir kjöt og kjötafurðir og því mikilvægt að unnt sé að nota opinberar reglur um slíkt eftirlit.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að í hverju sláturhúsi starfi slátraramenntaður starfsmaður. Mjög nauðsynlegt er að auka verkkunnáttu við slátrun og meðferð sláturafurða í sláturhúsum. Þótt hér hafi lengi verið þörf fyrir slíka starfsmenntun varð fyrst grundvöllur fyrir hana þegar slátrun á nautgripum, hrossum og svínum fór að dreifast nokkuð jafnt yfir allt árið. Reynslan erlendis sýnir að í kjölfar fækkunar og stækkunar á sláturhúsum rísa oft lítil sláturhús. Það nýjasta í þeirri þróun er bygging færanlegra sláturhúsa sem geta farið milli bæja og héraða. Nauðsynlegt er að tryggja að í slíkum sláturhúsum sé fyrir hendi starfs- og fagþekking vegna þessarar vinnu með því að gera kröfu um að við hvert sláturhús starfi a.m.k. einn slátrari og sé það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

Þá verður að telja tímabært að gera breytingar á skipulagi gæðamatsins, á kjöti, einkum að því er varðar yfirstjórn þess, til þess einkanlega að gera það einfaldara, ódýrara og sveigjanlegra. Lagt er til að stöður yfirkjötsmatsmanna í hverjum fjórðungi verði lagðar niður og er ekki talið að það hafi áhrif á skilvirkni matsins.

Nefndin sem vann að undirbúningi þessa frv. sendi spurningalista til helstu hagsmunaaðila varðandi það hvort áfram ætti að gæðameta kjöt og viðhalda skyldi núverandi fyrirkomulagi í sambandi við gæðamatið. Mjög skýrt kom fram í svörunum að hagsmunaaðilar vilja áfram gæðamat á kjöti og telja núverandi fyrirkomulag á gæðamati og flokkun gott. Hins vegar þótti ástæða til að koma á nokkurri einföldun og draga úr kostnaði við matið.

Hæstv. forseti. Ég ætla gera stuttlega grein fyrir þeim greinum frv. sem hafa að geyma nýmæli. Í 2. gr. er gildissvið laganna skilgreint. Það er nýmæli sem ég hef áður gert grein fyrir að færa eftirlitið framar í framleiðslukeðjuna og hafa eftirlit með eldi og heilbrigði sláturdýra.

Þá er gert ráð fyrir að eftirlit með heimaslátrun og með villibráð sem fer til vinnslu og manneldis. Frv. tekur til eftirlits með útflutningi og innflutningi á sláturafurðum og unnum kjötvörum og er það í sambandi við 6. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

Í síðustu málsgrein 5. gr. er lögfest að eigendur lögbýla megi slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Þetta er nýmæli. Engin ákvæði hafa verið í lögum um heimaslátrun en hún hefur viðgengist frá aldaöðli. Ekki er talin ástæða til að leggja þennan sið af og einnig yrði mjög erfitt að framfylgja slíku banni eins og reynsla undanfarinna ára hefur berlega leitt í ljós. Tekið skal skýrt fram að ekki er ætlast til þess að þetta ákvæði veiti heimild til þess að nýta þær afurðir í greiðasölu ef á býlinu er rekin bændagisting eða viðlíka starfsemi. Gert er ráð fyrir að landbrh. geti sett reglur um sýnatöku úr sláturdýrum sem slátrað er heima og úr afurðum þeirra. Þetta er nauðsynlegt til þess að unnt sé að fylgjast með útbreiðslu dýrasjúkdóma.

8. gr. er um skyldu ráðherra til að setja reglur um flutning á kjöti og sláturafurðum á markað. Almennt er talið að á þessu sviði sé víða pottur brotinn og brýn þörf á að setja nánari reglur.

Í 9. gr. er veitt undanþága frá hinni almennu skyldu að dýrum skuli skuli slátrað í sláturhúsi ef selja á afurðirnar á markaði. Nauðsynlegt er vegna dýraverndunarsjónarmiða að hafa slíka heimild í lögum og er það í samræmi við reglur nágrannalandanna.

Í 11. gr. er að finna ákvæði varðandi greiðslu fyrir heilbrigðiseftirlit með sláturafurðum og eru þau ákvæði í samræmi við breytingar sem þegar hafa verið gerðar á gildandi lögum.

Skv. 12. gr. er gert ráð fyrir að dýralæknar skuli annast heilbrigðisskoðun á sláturdýrum og sláturafurðum. Ekki er lengur talin þörf á heimild til að ráðherra skipi lækni til að heilbrigðisskoða kjöt eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Í greininni er einnig ákvæði um að kjötskoðunarlæknar eigi að hafa eftirlit með hreinlæti í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum og allri meðferð afurðanna. Í gildandi lögum er bæði kjötmatsmönnum og dýralæknum falið eftirlit með hreinlæti í sláturhúsum. Eðlilegast er talið að einn aðili beri ábyrgð á slíku eftirliti.

Í 14. gr. er að finna ákvæði um heilbrigði afurðanna og meðhöndlun þeirra. Þar er, eins og reyndar í gildandi lögum, bann við framleiðslu, sölu og afhendingu á óhreinum, menguðum og skemmdum afurðum og afurðum sem eru annarlega lyktandi eða útlítandi.

Þá er þar að finna ákvæði um að landbrh. geti fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla kröfur eða gerðar eru í lögunum eða reglur sem settar eru samkvæmt þeim.

Í 19. gr. er heimild um óheftan aðgang fyrir eftirlitsaðila að húsnæði og fyrirtækjum sem geymir sláturdýr og afurðir þeirra til að tryggja nauðsynlegt eftirlit með ákvæðum þessara laga.

Í 20. gr. er ákvæði sem ætlað er að tryggja að ekki séu fluttar úr landi afurðir sem uppfylla ekki kröfur innflutningslandsins.

Hæstv. forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til greinargerðarinnar og athugasemda með frv. og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[12:26]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að í þessu frv. sé um ágætismál að ræða, heildarlöggjöf um slátrun og þá umgerð sem þar á að ríkja og fagna því sérstaklega að gert er ráð fyrir að slátrunarnám, sem verður hafið í Matvælaskólanum í Kópavogi, komi inn sem þáttur í þessari vinnslukeðju. Það er af hinu góða. Hins vegar vildi ég spyrja hæstv. ráðherra. Hér eru sett ákvæði um heimaslátrun, sem ég held að séu góð og rétt að gera, en mig langaði til að vita, herra forseti, hvort ráðherra getur upplýst um umfang heimaslátrunar. Er vitað hvað hún er mikil? Vegna þess að stundum er sagt að heimaslátrun sé ekki til eigin nota heldur þekkjast sögusagnir um að afurðirnar séu seldar og jafnvel í miklum mæli. Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra hvort hann geti upplýst hvort fyrir liggi tölur um heimaslátrun og hvað hún er mikil. Ef það er ekki nægjanlega ljóst, telur hann ástæðu til að skoða það sérstaklega og þá út frá því einnig hvort um er að ræða misnotkun á þessum heimildum sem eru náttúrlega mjög mikilvægar vegna þess að hér er settur upp ákveðinn gæðaferil í slátrun og þá þarf að gæta þess að það sé gert á öllum stigum. Fyrst og fremst vildi ég vita hvort ráðherra gæti upplýst um tölur í því sambandi.

[12:27]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að segja við hv. þm. að ég hef ekki tölur um það. Ég hef heyrt ýmsar tölur en ég held að ég þori vart að setja þær hér fram. Ég hygg að þær séu að miklum hluta til byggðar á ágiskunum, e.t.v. sem

hlutfall af heildarslátrun að fenginni reynslu. Við höfum líka heyrt talað um að heimaslátrun sé miklu víðtækari og þá er hún auðvitað brot á reglum sem um hana hafa gilt ef mikil brögð eru af heimaslátrun og að kjöt af heimaslátruðu fari á markað utan heimilis en um það eru skýr ákvæði að slíkt sé aðeins til heimanota.

Þetta er áhyggjuefni og mál sem stjórnvöld, landbúaðaryfirvöld og bændastéttin sem slík hefur haft áhyggjur af, en ég vona að einmitt með frekara eftirliti með slíkri starfsemi þar sem tekið sé á henni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., megi frekar ná utan um þetta.

Mig langar líka til að nefna að í tengslum við það að leyfa slíka heimaslátrun með eftirliti sé kannski opnað fyrir þann farveg að bændur geti í auknum mæli framleitt úr sínum afurðum og á einhverju stigi síðar, sem ekki er gert ráð fyrir hér, fengið heimild til þess að markaðssetja þær með öðrum hætti en er í dag. Þetta hef ég látið skoða og í gangi er slík vinna. Ég veit að þetta tíðkast í löndum í kringum okkur. Ég þekki það t.d. sunnan úr Evrópu að slíkt er víða gert og ég held að við ættum að skoða það í fullri alvöru því að það gæti verið hluti af því að auka fjölbreytni í landbúnaðinum og störfum til sveita.

[12:29]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Ég vil sérstaklega taka undir það sem hann sagði, að þróunin gæti orðið sú að heimaslátrun gæti orðið kannski meiri atvinnuvegur í sveitum og þá undir reglum og eftirliti. Ég hugsa að það sé alveg rétt að kanna þau mál sérstaklega. En af því að ráðherra gat ekki upplýst um heimaslátrun og hefur heyrt þessar sömu sögur og aðrir hafa heyrt — við í landbn. höfum reynt að spyrjast fyrir um þetta en ekki fengið mjög skýr svör — vildi ég spyrja hæstv. ráðherra einmitt út frá svörum hans hér hvort hann muni beita sér fyrir og láta framkvæma sérstaka athugun á heimaslátrun, umfangi hennar og hvort einhver brögð séu að því að farið sé fram hjá lögum varðandi ráðstöfun á heimaslátruðu, án þess að ég sé nokkuð að gefa í skyn að farið sé fram hjá reglum, til að menn hafi betri yfirsýn yfir þessi mál.

[12:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að gefa hv. landbn. allar upplýsingar um það sem vitað er í landbrn. um þessi mál og reyna að afla frekari eða ítarlegri upplýsinga um það. Ég held að nauðsynlegt sé að reyna að upplýsa þetta mál og vita a.m.k. eins mikið um það og hægt er. Það er oft því miður erfitt að koma í veg fyrir eða glíma við lögbrotin og menn hafa ekki treyst sér í stórfelldar lögregluaðgerðir í þessu sambandi eða í þessu skyni þó að stundum hafi verið um það talað og bæði núv. landbrh. og sjálfsagt fyrri landbúnaðarráðherrar og stjórnvöld verið gagnrýnd fyrir að taka ekki á þessu máli af meiri hörku en gert hefur verið. En allar þær upplýsingar sem fyrirliggjandi eru eða spár eða hugmyndir manna í þessu efni er sjálfsagt að taka saman og leggja fyrir nefndina.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, fyrri umr.

Stjtill., 480. mál. — Þskj. 809.

[12:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir er leitað heimildar Alþings um að heimila ríkisstjórninni að samþykkja fyrir Íslands hönd breytingar og viðbætur við I. viðauka við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið.

Samræmdar heilbrigðisreglur í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, þar með taldar fiskafurðir, voru teknar upp innan EB þann 1. janúar 1997. Þær fela í sér að í viðskiptum milli aðildarríkja EB með umrædd dýr og afurðir þeirra er meginreglan sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eru samræmd og fela í sér ítarlegri skoðun, aukið eftirlit og hærri gjaldtöku en tíðkaðist áður í aðildarríkjum EB.

Þar sem 60–70% íslenskra fiskafurða hafa á síðustu árum verið flutt út til EB var ljóst að ef ekkert yrði að gert mundu samræmdar heilbrigðisreglur þar gagnvart þriðju ríkjum hafa miklar breytingar í för með sér fyrir íslenskan sjávarútveg. Eftirlit með íslenskum fiskafurðum hefði aukist úr litlu sem engu upp í 20–50%. Það hefði leitt til tímafrekara eftirlits á landamærum, auk þess sem einungis hefði verið heimilt að flytja fisk og fiskafurðir út til tiltekinna hafna eða flugvalla innan EB. Enn fremur hefðu umræddar breytingar haft aukinn kostnað í för með sér.

Samningaviðræðum milli EES-ríkjanna um að ofangreindar reglur nái til alls Evrópska efnahagssvæðisins lauk með samkomulagi í nóvember sl. Samkomulagið felur í sér að heilbrigðisskoðanir á íslenskum og norskum fiskafurðum verða felldar niður á landamærum bandalagsins en við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins munu gilda samræmdar reglur. Samkomulagið felur enn fremur í sér að reglurnar nái einungis til Íslands varðandi fiskafurðir, en til Noregs einnig varðandi önnur dýr og þar með taldar landbúnaðarafurðir.

Í samningaviðræðunum náðist bráðabirgðasamkomulag um að EB skyldi ekki beita hinum nýju hertu reglum um heilbrigðisskoðanir á landamærum sínum gagnvart Íslandi og Noregi í ljósi þess markmiðs að þær ættu að ná til alls Evrópska efnahagssvæðisins. Drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella áðurnefnt samkomulag inn í EES-samninginn er í fskj. I við þáltill. þessa. Fyrirhugað er að sameiginlega EES-nefndin samþykki þau á fundi sínum í lok þessa eða næsta mánaðar.

Umrætt samkomulag kallar á lagabreytingar hér á landi. Hæstv. sjútvrh. mælti í fyrradag fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og inniheldur frv. nauðsynlegar lagabreytingar vegna þessa máls og þar með hefur efnisleg umræða farið fram á Alþingi.

Ég vil að lokum leggja til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

[12:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þingsköpum Alþingis fara eins og kunnugt er fram þrjár umræður um lagafrumvörp og þau eru send til nefndar á milli 1. og 2. umr. og á það bæði við um stór mál og smá. Staðreyndin er sú að það er tiltölulega fljótlegt að fjalla um sum þessara mála en önnur taka lengri tíma og síðan fá þingsályktunartillögur sérstaka meðferð og um það er kveðið á í þingsköpum og þar er líka um að ræða stór mál og smá.

Þegar kemur hins vegar að málum af þessu tagi, verður maður dálítið hugsi yfir stöðu Alþingis, dálítið hugsi að ekki sé meira sagt vegna þess að hér er flutt till. til þál. um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem er þskj. upp á 80–90 blaðsíður, þéttskrifaðar síður, og það er nokkurn veginn alveg vitað mál að þingið hefur ekki ráðrúm til þess að fara yfir þessa hluti nægilega vel í einstökum atriðum.

Í öðru lagi er ljóst að þingið á fá önnur úrræði en að samþykkja plaggið. Eða lítur hæstv. utanrrh. þannig á að Alþingi geti breytt einhverju í innihaldi þeirra texta sem hér eru? Eða stöndum við hér við þessa flæðilínu frá Brussel sem er farin að skila þeim niðurstöðum í störfum þinganna í Evrópu að hlutur þeirra er að verða minni og minni og frumkvæði að umræðu, lagasetningu og ákvarðanatöku er annars staðar? Það er áhyggjuefni. Mér finnst satt að segja, hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á þessum bandalögum, að menn eigi að velta því fyrir sér hvort þær aðferðir, sem viðhafðar eru í þessum samskiptum okkar við þessi bandalög, eru myndugar í þeim skilningi að það sé ævinlega eins og sjálfstætt og fullvalda ríki sé að taka á málum eða hvort þess gætir kannski stundum að frumkvæðið verði til hjá öðrum og þessi aðili, í þessu tilviki Ísland og Alþingi Íslendinga, verði að taka við því sem að höndum ber og það er niðurlægjandi aðstaða.

Nú á þessi aðstaða að sumu leyti líka við Noreg og Liechtenstein eins og kunnugt er og mér finnst í sjálfu sér að það væri umhugsunarvert hvort þetta ferli megi ekki skoða á einhvern heildstæðan hátt því að ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um að þjóðirnar á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi muni ekki þola það til margra ára eða áratuga að sitja frumkvæðislaus við þessa flæðilínu, að það muni enginn láta bjóða sér það til mjög langs tíma. Þess vegna er ég nokkuð sannfærður um að það verður gerð krafa um að þjóðirnar fái myndugri aðild og frumkvæðisrétt á undirbúningsstigi en þurfi ekki að taka við þessum pappírum eins og hverri annarri máltíð sem er borin fyrir menn sem sitja við borð og bíða eftir að þeim séu færðar veitingarnar.

Ég vil láta þessar áhyggjur koma fram í þessari umræðu af því að mér finnst þetta vera stórmál. Mér finnst það stórmál hvernig Alþingi virðir sjálft sig bæði í þessu máli sem hér liggur fyrir og öðrum. Hluti af þessu máli kemur hér inn í formi frumvarpa eins og þegar hefur gerst og sjálfsagt kemur einhver hluti enn frekar hér inn í formi frumvarpa til frekari útfærslu á málum. En þegar þetta þykka og mikla þingskjal, sem ég fullyrði að fáir hafi haft tök á að kynna sér í þaula, kemur hér til meðferðar þá finnst mér það kalla á að þessum áhyggjum sé lýst og það hef ég gert af minni hálfu.

[12:41]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það er margt til í því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði áðan. Það fer fram mótun á ýmsum reglum og ákvæðum á vettvangi Evrópusambandsins sem hefur áhrif á íslenskt þjóðfélag. Það væri rangt að neita því. Það liggur alveg ljóst fyrir. Og við erum að yfirtaka ýmsar tilskipanir sem þar eru mótaðar. Við höfum leitast við það að undanförnu að reyna að komast meira inn í þá atburðarás á undirbúningsstigi. Það liggur alveg ljóst fyrir að við getum haft veruleg áhrif á undirbúningsstigi en það er hins vegar miklu erfiðara að hafa veruleg áhrif þegar mál eru komin á lokastig.

Núna hefur Ísland aðgang að rúmlega 300 nefndum á vegum Evrópusambandsins. Við höfum að sjálfsögðu ekki möguleika á að sinna öllum þeim nefndum en við höfum tækifæri til að sinna þeim málum sem við teljum þýðingarmest. Samstarf innan Norðurlandaráðs og á vettvangi Norðurlandasamstarfsins fer vaxandi og að mínu mati er mikilvægt að öll þjóðþingin sinni þeim málum meira þannig að þingin geti þannig m.a. komið meira að málum á undirbúningsstigi í samvinnu við þingnefndir í löndunum.

Ég tek undir það með hv. þm. að þetta eru atriði sem þarf að fara yfir og væri eðlilegt að væru rædd ekki síst af forustu Alþingis. Ráðuneytin fylgjast með málum í aðalstöðvum Evrópusambandsins m.a. þau sem hafa fulltrúa sem starfa þar á vegum ráðuneytanna við sendiráðið. Hvort Alþingi vill ganga svo langt að fylgjast beint með einhverju af því starfi með því að fulltrúi þaðan, embættismaður þingsins, sé þar staðsettur skal ég ekkert fullyrða um en það er nauðsynlegt að mínu mati að fara yfir þetta.

Að því er varðar þessa þáltill. þá er hér eins og ég gat um ekki eingöngu verið að flytja þáltill. um þetta heldur jafnframt lagafrv. sem fjallar um sama málið. Það þýðir að í reynd verður fjallað um þetta mál bæði í utanrmn. og síðan í sjútvn. og þingleg meðferð þess máls verður að sjálfsögðu hjá öðrum lagafrv. Það er rétt að hér er um mikið skjal að ræða og þykktin hefði í sjálfu sér getað verið miklu meiri ef fleiri tilskipanir hefðu verið birtar með þingskjalinu. Hér er ákveðið úrval tilskipana birt með. En þessar tilskipanir eru mjög tæknilegs eðlis og er vart hægt að reikna með því að þingmenn geti sökkt sér ofan í þær. Þeir verða því að treysta á umsagnaraðila í því sambandi því að auðvitað hafa ýmis hagsmunasamtök komið að þessu máli á undirbúningsstigi því að hér er um gífurlegt hagsmunamál að ræða fyrir íslenskan sjávarútveg. Ef þessi samningur væri ekki staðfestur þá hefði það mjög neikvæð áhrif á útflutning sjávarafurða frá Íslandi.

Ég vil hins vegar taka fram að hér er verið að leita eftir samþykki fyrir því að fella þetta inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það hefur ekkert verið undirritað enn sem komið er með fyrirvara af okkar hálfu og það hlýtur að teljast jákvætt í sjálfu sér að málið skuli vera lagt fram með þeim hætti og það verður ekki sem sagt framkvæmt fyrr en þingið hefur um það fjallað.

En ég tek undir það með hv. þm. að við stöndum frammi fyrir því að annaðhvort erum við með í þessu eða ekki. Það er staðreynd málsins. Og ég ætla ekki að draga neina fjöður yfir það. En ég tel að það sem hv. þm. sagði sé tímabært og við eigum að halda áfram að ræða hvernig þingið getur betur komið að undirbúningi mála þannig að það standi ekki

frammi fyrir orðnum hlutum og geri sér betur grein fyrir því á undirbúningsstigi.

[12:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í fyrsta lagi þakka ég hæstv. utanrrh. fyrir almennar undirtektir undir mál mitt hér. Það kemur mér ekki á óvart vegna þess að þetta eru þau sjónarmið sem bæði Framsfl. og Alþb. höfðu þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var hér til umræðu, þ.e. að vandinn væri kannski ekki síst fólginn í því að frumkvæðið yrði flutt annað og möguleikarnir til að hafa áhrif á lagasetningu yrði ekki lengur bundnir eingöngu við þennan sal heldur kæmu þeir annars staðar að. Ég held líka að það kæmi til greina að reyna að skoða það sem hann nefndi í máli sínu, þ.e. að starfslið á vegum Alþingis yrði sett í að fylgjast með málum á undirbúningsstigi. Ég óttast hins vegar dálítið að það sé flókið mál vegna þess að hér er um að ræða stóran frumskóg. Hæstv. ráðherra nefndi að um væri að ræða um það bil 300 sérfræðinganefndir sem þyrfti þá að fylgjast með og það er hætt við því að eftirfylgja eða skoðun mála af hálfu Alþingis á undirbúningsstigi yrði býsna yfirborðskennd nema menn legðu í það þeim mun meiri fjármuni og ég óttast að það yrði kannski erfitt að finna þá til. Það sem ég vildi sagt hafa er að ég teldi verr af stað farið en heima setið ef þátttaka Alþingis í undirbúningi mála yrði kannski meira gervimennska en veruleiki. Samt finnst mér þetta vera ágæt ábending og ég tel að það sé rétt hjá hæstv. utanrrh. að forsn. Alþingis eigi að íhuga hvort þessi mál verði skoðuð og tengd einhvern veginn við starfsemi alþjóðasviðs þingsins. Ég tel að það sé skynsamleg ábending.

Varðandi svo það að Íslendingar hafi aðgang að þessum nefndum eins og hæstv. ráðherra rakti þá þekkir hann það í sjálfu sér miklu betur en ég að þannig er það. En ég hef þó orðið var við hjá allmörgum, m.a. íslenskum sérfræðingum sem hafa reynt að fylgjast með starfi þessara nefnda að þeim finnst hlutur vor rýr í því að fylgjast með starfi nefndanna. Það liggur auðvitað þannig að aðildarríkin að Evrópusambandinu hafa náttúrlega allan forgang, m.a. í málafylgju, tillögugerð og málflutningi, í þessum nefndum. Þegar fulltrúar þeirra allra hafa lokið máli sínu kemur að Noregi, Íslandi og Liechtenstein, nokkurn veginn í þessari röð. Reynsla þeirra er ekki sú að auðvelt sé fyrir þá að komast í gegn með þær ábendingar sem þeir eru með. Þetta er ég ekki að segja til að draga úr því að menn vinni þetta verk heldur er ég að undirstrika það að vandasamt er að vera fámenn þjóð með 250 þús. íbúa andspænis þessu risabatteríi sem Evrópusambandið er, skriffinnska er þar meiri en nokkurn tímann hefur þekkst í víðri veröld frá því að sögur hófust að því fróðir menn hafa sagt í þessum ræðustól, m.a. fyrrv. hæstv. utanrrh.

Ég stóð aðallega upp til að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágætar undirtektir við mál mitt almennt. Ég tel þetta áhyggjuefni. Ég man að ég orðaði það þannig í umræðunni um Evrópska efnahagssvæðið að að þessu leytinu til væri skárra að vera í Evrópusambandinu en aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að þar sætu menn frumkvæðislausir við flæðilínuna og biðu. Í hinu tilvikinu hefðu menn að nafninu til frumkvæði að minnsta kosti. Með þessu er ég ekki að leggja til að menn gangi í Evrópusambandið heldur er ég að reyna með þessu að varpa ljósi á að staða okkar í hinu Evrópska efnahagssvæði er að mörgu leyti afar erfið að ekki sé meira sagt.

[12:51]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að auðvitað eru áhrif okkar í Evrópusambandinu önnur sem aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu en sem fullgildir aðilar að því. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir. Hins vegar tel ég að allvel hafi tekist að undanförnu að tryggja áhrif okkar í þessum málum, þ.e. sú staðreynd að við eigum aðgang að öllum þessum nefndum. Það eru í raun og veru ekki nema þrjár, fjórar eða fimm nefndir sem við höfum sóst eftir aðild að en höfum ekki fengið aðild að. Þar af eru ein eða tvær nefndir sem liggja utan samningssviðs Evrópska efnahagssvæðisins og er kannski ekki eðlilegt að við fáum aðild að slíkum nefndum. Það hefur því verið komið mjög til móts við okkur í þessu sambandi. Við reynum að nýta annað alþjóðlegt samstarf í þessu sambandi því við erum fámenn. Við reynum að nýta EFTA-samstarfið. EFTA tekur þátt í þessu nefndarstarfi og miðlar því síðan áfram til EFTA-ríkjanna. Við reynum líka að nýta okkur Norðurlandasamstarfið. En ég tel að það sé mjög mikilvægt á þessu stigi að forsn. þingsins og utanrmn. kynni sér hvernig þetta hefur gengið fyrir sig, hver reynslan er af því og í framhaldi af því mætti af þessu reyna að læra hvernig þingið geti aukið áhrif sín í þessu sambandi. Utanrrn. mun að sjálfsögðu greiða fyrir því á allan hátt að auðvelda þinginu að fara yfir þau mál núna á nýjan leik í ljósi reynslunnar. Ég tel að það eigi að vinna að því núna á næstu mánuðum.

[12:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessar undirtektir og vil segja frá því að í framhaldi af þeim mun ég beita mér fyrir því, að svo miklu leyti sem það stendur í mínu valdi, að koma þessum umræðum á framfæri við forsn. þannig að hún geti farið yfir þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

[12:54]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Mér finnst þetta vera athyglisverð umræða. Ég þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að koma með sín sjónarmið í umræðuna og undirtektir hæstv. ráðherra í þeim efnum.

Erindi mitt hér að taka þátt í þessari umræðu er einmitt að velta aðeins upp þessari nýju stöðu gagnvart Evrópusambandinu sem við þurfum að ræða. Við vitum vitaskuld að samningurinn og aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu gefur okkur mjög marga efnahagslega kosti. Við erum hins vegar að horfast í augu við að samruninn innan Evrópu, einmitt innan Evrópusambandsins er alltaf að verða meiri og meiri og flest ríki í Evrópu ætla sér aðild að Evrópusambandinu. Nú síðast var það yfirlýsing Jeltsíns Rússlandsforseta þegar hann setti fram óskir um aðild að Evrópusambandinu, nokkuð sem menn höfðu ekki látið sér detta í hug fyrir tveimur eða þremur árum. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að endurmeta þessa stöðu, sérstaklega í ljósi þess að ríkjaráðstefnan sem nú er í gangi innan Evrópusambandsins mun marka ákveðna umgjörð fyrir þetta samstarf. Ég er ekki að leggja til að við eigum að gerast aðilar að Evrópusambandinu, slík umræða yrði að fara fram undir öðrum kringumstæðum, en þetta mál þarf hins vegar að ræðast meira en gert er hér á landi. Ég vildi sérstaklega vekja athygli á einni hugmynd Grósku, þ.e. samtaka yngra fólks á vinstri kanti stjórnmálanna með aðild jafnaðarmanna

og ungliðahreyfinga Alþfl., Alþb. Kvennalista, Þjóðvaka og annarra óflokksbundinna. Þessi samtök hafa varpað fram hugmynd um Evrópusambandið sem mér finnst alveg vera verð umhugsunar. Þau hafa sagt sem svo: Við skulum láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort við eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Ef niðurstaða í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu yrði sú að við ættum að sækja um aðild og samningar hæfust og samningar tækjust þá mundu þeir samningar vitaskuld verða bornir undir þjóðaratkvæði eins og gert er í öllum ríkjum. Hér er sem sagt um að ræða hugmynd um tvær þjóðaratkvæðagreiðslur til að auðvelda þetta ferli og umræðu í okkar þjóðfélagi. Ég held að þetta sé vert umhugsunar því að vitaskuld, ef þessi hugmynd yrði tekin alvarlega, mundi fara fram umræða um hvort við ættum að sækja um aðild og hvaða samningsmarkmiðum við ættum að fylgja eftir, eða þá um hitt sjónarmiðið að við höfum þegar náð þeim ávinningi í samstarfi okkar við Evrópuríkin með EES-samningnum, Norðurlandasamstarfi og á sviðum ýmissa alþjóðasamtaka að ástæðulaust sé að óska eftir nánari tengslum.

Mín skoðun er sú að innan nokkurra ára verðum við eins og langflest ríki í Evrópu og líklega öll ríki í Evrópu orðin aðili að Evrópusambandinu. Það yrði vitaskuld ekki það Evrópusamband sem er í dag en þjóðir Evrópu hafa valið sér þennan vettvang til samstarfs og ég tel að þróunin muni ekki fara fram hjá okkur hvað þann þátt varðar. En erindi mitt fyrst og fremst var að vekja athygli á þessari hugmynd Grósku sem ég trúi að gæti auðveldað nokkuð umræðuna um Evrópumálin hér því hún hefur oft verið viðkvæm og menn hafa kannski ekki komist nógu skýrt að henni. Stærsti stjórnmálaflokkurinn hefur reyndar lýst því beinlínis yfir að málið sé ekki á dagskrá og allt að því bannað umræðu um það. En mér finnst uppleggið í þessari umræðu vera þó þannig að menn vilji ræða þessi mál í víðara samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 675, brtt. 873.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sóttvarnalög, 3. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 855.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðendur, 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 261, nál. 823, brtt. 824.

[12:59]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. hv. efh.- og viðskn. við frv. til laga um endurskoðendur. Þingmálið er stjfrv. og er heildarlöggjöf um endurskoðendur.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Braga Gunnarsson og Ragnheiði Snorradóttur frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Félagi löggiltra endurskoðenda og Reykjavíkurborg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Ég ætla að drepa á þær helstu:

Lögð er til umorðun á 1. gr. um skilgreiningu á endurskoðanda svo orðalagið verði liprara.

Lagðar eru til nokkrar tæknilegar breytingar á 2. gr. til frekari skýringar og einföldunar. Eitt meginatriðið í frv. er m.a. að endurskoðendur verða að afla sér starfsábyrgðartryggingar og sett eru strangari ákvæði um eignarhald og endurskoðun á fyrirtækjum þannig að eignarhluti annarra en endurskoðenda verði að lúta tilteknu hámarki.

Lagt er til að í 4. gr. verði settar skýrari reglur um endurmenntun. Það eru gerðar kröfur um að endurskoðendur þurfi að halda menntun sinni við með endurmenntun og sett upp það ferli sem vel þykir hæfa í því efni.

Einnig er lögð til sú breyting að fallið verði frá því sem var í frv. að þeir sem hafa verið löggiltir endurskoðendur en hafa endurskoðun ekki að aðalstarfi, verði skyldaðir til að leggja inn réttindi sín. Fallið er frá því. Þeir geta gert það ef þeir hins vegar kjósa svo en það er talið óeðlilegt að setja það sem skilyrði.

Sömuleiðis er kveðið á um að endurskoðanda sé óheimilt að gefa til kynna að hann sé endurskoðandi hjá fyrirtæki eða stofnun ef hann starfar hjá fyrirtæki en er ekki endurskoðandi þess. Það er óeðlilegt að hann gefi það til kynna í opinberri umfjöllun.

Varðandi tryggingu þá er talað um að í stað orðanna „einfalds gáleysis" komi „gáleysi". Þetta er til samræmis við ákvæði í öðrum lögum. En undir orðið gáleysi fellur bæði einfalt og stórfellt gáleysi. Hér er gætt samræmis við aðra löggjöf.

Sömuleiðis er í bráðabirgðaákvæði í brtt. nefndarinnar kveðið á um að ákvæði greinar um endurnýjun löggildingar og viðhald menntunar gildi einnig um þá endurskoðendur sem öðlast hafa löggildingu fyrir gildistöku laga þessara.

Frv. sjálft og brtt. sem nefndin gerir taka mið af löggjöf og umræðu sem hefur átt sér stað erlendis um endurskoðun og þann lagaramma sem menn telja skynsamlegt að viðhafa um þessa stétt.

Nefndin stendur öll að þessu áliti.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (rekstrarleyfi). — Þskj. 715, nál. 862.

[13:03]

Frsm. allshn. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra og Sigurð Ágúst Sigurðsson, framkvæmdastjóra happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frumvarpið felur í sér að leyfi til reksturs happdrættisins er framlengt um 10 ár, eða til ársloka 2007, en núgildandi leyfi gildir til ársloka 1997.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Árni R. Árnason, Ögmundur Jónasson og Guðný Guðbjörnsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson og Kristján Pálsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:05]

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Bæjanöfn, 535. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 889.

Fæðingarorlofsréttur íslenskra kvenna við nám á Norðurlöndum, 367. mál, svar heilbrrh., þskj. 869.

Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, 534. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 888.

Sveitarstjórnarlög, 538. mál, stjfrv. (félmrh.), þskj. 892.

Örnefnastofnun Íslands, 536. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 890.

Umræður utan dagskrár.

Ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga.

[13:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið að undanförnu hefur verkalýðshreyfingin vissulega náð fram áfangasigrum, þrátt fyrir ný samþykkt lög um stéttarfélög og vinnudeilur, þar sem dregið var úr möguleikum verkalýðsfélaga til samstöðu við gerð samninga.

Verkalýðshreyfingin hefur sett sér þau markmið að ná sambærilegum kjörum fyrir sitt fólk og launafólk býr við í nágrannalöndum okkar. Flestir þeir samningar sem gerðir hafa verið eru til allt að þriggja ára og því er ljóst að það verður á brattann að sækja á komandi árum ef verkalýðshreyfingin á að ná fram markmiðum sínum.

Það skiptir því miklu máli hver efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar verður á komandi missirum, og hvaða áhrif þær skatta- og lagabreytingar sem ríkisstjórnin hefur boðað hafa á þróun helstu þjóðhagsstærða og afkomu ríkissjóðs.

Það verður að koma fram hvort þær ákvarðanir sem teknar verða í framhaldinu miði að því að bæta og jafna kjör launafólks.

Þá skiptir einnig miklu máli að fá fram með hvaða hætti ríkisstjórnin ætlar að tryggja að lífeyrisþegar og atvinnulausir fái sambærilegar kjarabætur og gert er ráð fyrir í nýgerðum kjarasamningum, þar með talin sú tekjutrygging sem á að tryggja launafólki 70 þús. króna lágmarkslaun.

Skýr svör verða að liggja fyrir í þessum efnum því reynsla margra síðustu ára kennir okkur að forsendur kjarasamninga bresta oftar en ekki við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, þar sem stöðugt hefur verið vegið að kjörum þeirra sem lægstar hafa tekjurnar.

Það er líka nauðsynlegt að fá fram skýr svör ríkisstjórnarinnar varðandi aðgerðir gegn allt of háum jaðarsköttum.

Alþýðubandalagið er þeirrar skoðunar að nota eigi tekjuskattskerfið til lífskjarajöfnunar. Þær skattbreytingar sem ríkisstjórnin hefur kynnt leiða ekki til jöfnunar lífskjara.

Það liggur fyrir að þeir sem koma best út úr aðgerðum ríkisstjórnarinnar í skattamálum er barnlaust hátekjufólk. Hjá því fólki nema skattalækkanir jafnvel tugum þúsunda á meðan skattar meðaltekjufólks með börn lækka um örfáar þúsundir króna. Þá munu boðaðar breytingar á barnabótakerfinu ekki koma þessu fólki til góða.

Það er því full ástæða til þess að fá fram skýr og afdráttarlaus svör ráðherra, ekki hvað síst í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur tileinkað sér þau vinnubrögð að sækja að verkalýðshreyfingunni úr mörgum áttum samtímis, í atlögum sínum að skipulagi verkalýðshreyfingarinnar og réttindum launafólks.

Því komu fáum á óvart áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um lífeyrissjóði á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins sátu við samningaborð.

Þessi áform tengjast því að ríkisstjórnin stefnir að einkavæðingu ríkisbankanna. Það þjónar þeim hagsmunum að færa stóran hluta lífeyrissparnaðar vinnandi fólks til bankakerfisins.

Jafnframt er látið í veðri vaka að núverandi lífeyriskerfi sé vont þó það sé mat flestra sérfræðinga að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé með því besta sem þekkist í heiminum. Það er reynt að villa um fyrir fólki með gylliboðum, án þess að því sé gerð grein fyrir hvaða réttindi það fær með einkalífeyrissparnaði í samanburði við samtryggingakerfið, verði það veikt eða slasist snemma á starfsævinni eða njóti langrar ævi, það langrar að bankainnstæðan er þrotin. Hvað gerist þá?

Kjarasamningar eru stór þáttur í efnahagsmálum hverrar þjóðar. Stór hluti verkalýðshreyfingarinnar hefur nú gert samninga sem gilda fram yfir kjörtímabil núverandi ríkisstjórnar. Það er því eðlilegt að fólk velti fyrir sér þætti ríkisstjórnarinnar í nýgerðum samningum.

Það er ljóst að lækkun persónufrádráttar á samningstímanum gefur ríkissjóði ein og sér umtalsverðar tekjur á móti lækkun tekjuskattasprósentunnar. Þó hafa ráðherrar látið í veðri vaka að mæta verði mögulegum útgjaldaauka vegna kjarasamninga með niðurskurði.

Þetta veldur áhyggjum, ekki hvað síst vegna þess að ríkisstjórnin hefur hingað til skorið niður á þeim sviðum sem koma verst við þá sem búa við lökustu kjörin um leið og þjónustugjöld hvers konar hafa hækkað verulega í stjórnartíð hæstv. forsætisráðherra, eða um rúma 2 milljarða króna. Hér er í raun um hreina skattahækkun að ræða sem kemur illa

niður á launafólki. Það hefur verið vegið að launafólki og lífeyrisþegum á öllum sviðum.

Ég vil því, virðulegur forseti, beina eftirfarandi spurningum til hæstv. forsætisráðherra:

1. Hvert er mat forsætisráðherra á áhrifum kjarasamninga og aðgerða í skattamálum á helstu þjóðhagsstærðir og á afkomu ríkissjóðs?

2. Mun ríkisstjórnin mæta mögulegum útgjaldaauka í tengslum við kjarasamninga með niðurskurði og/eða með hækkun þjónustugjalda?

3. Telur forsætisráðherra nýgerða kjarasamninga gefa tilefni til almennra verðlagsbreytinga umfram það sem gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga?

4. Er væntanlegt frumvarp um lífeyrissjóði í samræmi við þá yfirlýsingu sem forsætisráðherra gaf í tengslum við gerð kjarasamninga og í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna?

5. Áformar ríkisstjórnin að leggja fram fleiri frumvörp til laga á þessu kjörtímabili sem varða starfsemi stéttarfélaga og starfskjör félagsmanna þeirra?

6. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja lífeyrisþegum og atvinnulausum sambærilegar kjarabætur og gert er ráð fyrir í nýgerðum kjarasamningum, þar með talin tekjutrygging þeirra sem hafa laun undir 70 þús. á mánuði? Hvernig og hvenær munu þær hækkanir koma til framkvæmda á samningstímanum?

7. Hvenær má ætla að jaðarskattanefnd ljúki störfum og skili frá sér tillögum?

[13:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Um fyrstu spurninguna um áhrif kjarasamninga og aðgerðir í skattamálum og helstu þjóðhagsstærðir er þetta að segja:

Það er ljóst að nýgerðir kjarasamningar og aðgerðir í skattamálum sem ríkisstjórnin hefur kynnt munu leiða til verulegrar kaupmáttaraukningar almennings á næstu árum. Á næstu þremur árum mun kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukast um 12% eða um allt að 4% á ári. Í þessu felst enn fremur að kaupmáttur heimilanna mun aukast um rúmlega 20% á árunum 1995–1999. Slíka kaupmáttaraukningu höfum við ekki áður upplifað. Þetta er miklu meiri kaupmáttaraukning en gengur og gerist í okkar helstu nágrannalöndum.

Um aðrar þjóðhagsstærðir er það að segja að samkvæmt nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar mun hagvöxtur á næstu þremur árum verða að jafnaði um 3,5% á ári. Verðbólgan verður á bilinu 2,5–3%. Atvinnuleysi heldur áfram að minnka og ætti að vera 3–3,5% í lok samningstímabilsins. Helstu hættumerkin eru hins vegar viðskiptahalli sem mun fara vaxandi, annars vegar vegna mikilla stóriðjuframkvæmda sem ekki er áhyggjuefni en hins vegar mun aukinn kaupmáttur og þar með mikil neysla valda auknum viðskiptahalla sem er meira áhyggjuefni og er nauðsynlegt að hafa góðar gætur í þeim efnum.

Þá er spurt hver séu heildaráhrif þeirra samninga sem gerðir hafa verið og aðgerðir í skattamálum á afkomu ríkissjóð.

Enn er ólokið samningsgerð við fjölmörg stéttarfélög opinberra starfsmanna og því ekki unnt að meta áhrif kjarasamninga á ríkissjóð til fulls á þessari stundu. Hins vegar er ljóst að skattalækkun mun leiða til lakari afkomu en verið hefur. Heildaráhrif skattalækkunar eru metin á rúmlega 5 milljarða kr. tekjutap. Á móti vega nokkur atriði eins og afnám skattafsláttar vegna hlutafjárkaupa og sú ákvörðun Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga að halda afsláttarliðum í tekjuskattskerfinu óbreyttum á þessu ári. Þá er einnig gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnstekjuskatti gangi að einhverju leyti til að mæta þessum skattalækkunum. Þótt ekki liggi fyrir nákvæmt mat á afkomuhorfur ríkissjóðs á næstu árum er ljóst að hún verður lakari en efni stóðu til þrátt fyrir aukin umsvif í efnahagslífinu sem einnig munu koma þar á móti.

Þá var spurt hvort ríkisstjórnin muni mæta mögulegum útgjaldaauka í tengslum við kjarasamninga með niðurskurði og/eða að auka álögur á almenning, t.d. með hækkun þjónustugjalda.

Kjarasamningarnir sem slíkir gefa ekki tilefni til slíkra aðgerða. Hins vegar mun ríkisstjórnin eftir sem áður huga vandlega að þróun efnahagsmála með það að leiðarljósi að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu. Það hlýtur að vera keppikefli allra að viðhalda hér stöðugleika og tryggja að sá kaupmáttur sem kjarasamningarnir og aðgerðir ríkisstjórnarinnar leiða til skili sér til almennings. Eins og ég nefndi áðan er ástæða til að hafa góðar gætur á vaxandi viðskiptahalla því hann felur í sér hættu á aukinni erlendri skuldasöfnun sem grefur undan stöðugleika í efnahagslífinu. Í því efni er mikilvægast að huga að leiðum til að auka þjóðhagslegan sparnað í landinu.

Þá er spurt hvort forsrh. telji nýgerða kjarasamninga gefa tilefni til almennra verðlagsbreytinga umfram það sem gert var ráð fyrir við samþykkt fjárlaga.

Samkvæmt þeim forsendum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gefið sér um verðlagsþróun í kjölfar kjarasamninga og fulltrúar landssambanda Alþýðusambandsins hafa kynnt ríkisstjórninni er gert ráð fyrir að verðbólga geti verið um 2,5% á ári á samningstímanum. Þetta er um 0,5% meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þessar forsendur eru ef til vill í lægri kantinum. Þannig hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að verðbólgan verði að jafnaði á tímabilinu um 2,5–3%. Samkvæmt þessu er ekki ástæða til að ætla að verðbólga muni fara úr böndum vegna kjarasamninga eða aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Þá er spurt hvort væntanlegt frv. um lífeyrissjóði sé í samræmi við þá yfirlýsingu sem forsrh. gaf í tengslum við kjarasamninga og í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna.

Ég tel svo vera. Við höfum gert ákveðnar breytingar á fyrri frumvarpsdrögum til að koma til móts við hugmyndir verkalýðshreyfingarinnar og höfum kynnt þær breytingar á fundi í dag og ég vænti þess að um þetta mál geti orðið mjög góð sátt.

Þá er spurt um hvort ríkisstjórnin áformi að leggja fram fleiri frv. til laga á þessu kjörtímabili sem varða starfsemi stéttarfélaga og starfskjör félagsmanna þeirra.

Svarið er að á þessari stundu eru engin áform uppi um slíkt.

Spurt er hvernig ríkisstjórnin ætli að tryggja lífeyrisþegum og atvinnulausum sambærilegar kjarabætur og gert er ráð fyrir í nýgerðum kjarasamningum. Þar með talin tekjutrygging þeirra sem hafa laun undir 70 þús. kr. á mánuði. Hvenær og hvernig þær hækkanir muni koma til framkvæmda á samningstímanum.

Eins og ég hef áður lýst yfir munu lífeyrisþegar fá sömu launahækkanir og almennt hefur verið samið um í kjarasamningum. Enn fremur munu hækkanir væntanlega koma

til framkvæmda á svipuðum tíma og hjá öðrum, þ.e. verða afturvirkar frá og með hinum almenna gildistíma samninga.

Nú er unnið að undirbúningi þessa máls og ég geri ráð fyrir því að hægt sé að kynna mjög fljótlega þá niðurstöðu sem þar er uppi. Ég minni einnig á að lífeyrisþegar fengu strax um síðustu áramót 2% hækkun á bótum sem var í reynd upp í væntanlegar launahækkanir.

Þá er rétt að minna á að 70 þús. kr. tryggingin kostaði að mati Alþýðusambandsins 0,6% launahækkun.

Þá er spurt hvenær megi ætla að jaðarskattanefnd ljúki störfum og skili frá sér tillögum. Jaðarskattanefnd hefur fjallað um ýmsar leiðir til að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts á bótakerfið. Á síðustu vikum og mánuðum fyrir gerð kjarasamninga beindist umræðan í nefndinni einkum að ákveðnum hugmyndum um lækkun á almenna tekjuskattshlutfallinu, sameiningu beggja barnabótakerfanna og afnámi tekjutengingar í vaxtabótakerfinu. Þær hugmyndir um lækkun tekjuskatts og breytingar á barnabótum sem ríkisstjórnin hefur nýlega kynnt er í öllum meginatriðum í anda þeirra hugmynda sem einkum hafa verið ræddar í nefninni á undanförnum vikum og mánuðum. Þótt ekki beri að skoða þetta sem tillögur nefndarinnar er óhætt að segja að þær endurspegli hugmyndir margra nefndarmanna. Ég geri fastlega ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fljótlega og leggi um leið fram skilagrein um athuganir sínar og umræður og sú skilagrein verði gerð opinber og kynnt í þinginu.

[13:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ánægjuefni hve hratt gengur að semja milli stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði og vinnuveitenda og þar með að komast hjá verkföllum. Það er þó enn allsendis óljóst hvort þeir samningar sem gerðir hafa verið verða samþykktir og greinilegt að víða er mikil óánægja. Það er því erfitt að meta hver hin endanlegu áhrif kjarasamninganna verða á útgjöld ríkissjóðs og efnahagslífið almennt enda á eftir að semja við stóran hluta opinbera geirans eins og fram kom í máli hæstv. forsrh.

Hæstv. forseti. Það fer litlum sögum af samningum opinberra starfsmanna við ríkið enn einn ganginn og væri fróðlegt að fá upplýst á hverju stendur á þeim bæ ef frá er talin deilan um nýtt launakerfi sem BSRB leggst gegn af hörku. Hver er launastefna ríkisins og hvað líður þeim áformum að draga úr launamun kynjanna? Ætlar ríkisstjórnin að marka ákveðna stefnu í þeim efnum eða á að láta mosavöxnum forstjórum eftir að taka upp launakerfi innan sinna stofnana? Hvers er að vænta af slíku kerfi?

Reynsla Dana og Svía af valddreifðum kjarasamningum og auknu svigrúmi stofnana er sú að launamunur hafi aukist almennt og að bilið milli kynjanna hafi vaxið. Því er auðvitað hægt að svara með markvissri stefnu ríkisins í launamálum sem á að ganga á undan með góðu fordæmi og fylgja sinni eigin jafnréttisstefnu eftir. Það er auðvitað fyrst og fremst spurning um pólitíska vilja hvort tekst að útrýma því óþolandi launamisrétti kynjanna sem hér viðgengst og telst til margfaldra brota á alþjóðlegum sáttmálum og mannréttindum.

Hæstv. forseti. Það hefur verið stefnan í þeim kjaraviðræðum sem yfir standa að hækka lægstu laun og það kemur konum vissulega til góða. En það þarf að ganga skrefi lengra, horfa til nýrrar aldar og semja um langtímaaðgerðir sem byggjast á því að útrýma með öllu ástæðulausu, forneskjulegu og óréttlátu launamisrétti kynjanna.

[13:48]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Herra forseti. Þau óleystu mál sem við blasa nú eru annars vegar hækkun greiðslna til atvinnulausra, öryrkja og ellilífeyrisþega og hins vegar lífeyrissjóðafrv. Við vitum að tekjur ríkisins af tekjuskatti einstaklinga hækkuðu um 4,5 milljarða milli áranna 1995 og 1996. Ríkisstjórnin endaði fjáralagagerð sína með því að frysta persónuafslátt og fjárhæðir bótagreiðslna en sú aðgerð skilar hátt í milljarð í ríkissjóð að óbreyttu. Við höfum talið að ríkisstjórnin muni nýta þessa peninga til að liðka fyrir kjarasamningum auk þess sem ljóst er að kjarasamningarnir skila viðbótartekjum í ríkissjóð. Ég spyr forsrh. hvað áætlað sé að viðbótartekjur ríkisins verði miklar.

Það er mikilvægt að ríkisstjórnin á nú inneign til að nota til að bæta hag þeirra sem minnst hafa — aldraða og öryrkja á tryggingabótum. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðrétt: „Áréttuð er sú yfirlýsing forsrh. að bætur í tryggingakerfinu munu hækka um þá meðalhækkun launa sem verður í almennum kjarasamningum að mati ríkisstjórnarinnar." Þrátt fyrir þetta loðna orðalag hafa nýgerðir kjarasamningar — samkomulag um 70 þús. kr. lágmarkslaun og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar gert það að verkum að þeir sem lifa af bótum Tryggingastofnunar ríkisins eru nú með miklar væntingar og reikna með sömu kjörum sér til handa. Það gera sér ekki allir ljóst að ríkisstjórnin er búin að klippa á tengingu bóta við lágmarkslaun í landinu.

Fréttir af væntanlegu lífeyrissjóðafrv. hafa valdið usla í verkalýðshreyfingunni enda er um enn eina gerræðisaðgerðina að ræða gagnvart launþegum. Forsrh. boðar breytingu í dag en lífeyrissjóðirnir vilja eiga möguleika á að ávaxta viðbótarprósentuna eins og frjálsir sjóðir. Ég varpa fram þeirri spurningu hvort þetta kalli á breytingu á Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin opnar á það í frv. að atvinnurekendur geti ráðið lífeyrissjóðsaðild starfsmanna við ráðningu. Er það kannski næsta skref að setja lög sem gefa atvinnurekanda rétt til að ráða í hvaða stéttarfélag starfsmaður fer?

[13:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það kallar á skýringu hæstv. forsrh. hvers vegna ríkisstjórnin vill ekki gera breytingar á skattkerfinu í samræmi við hugmyndir ASÍ sem gagnast betur láglauna- og millitekjufólki með því að draga úr áformum um skattalækkanir hjá hátekjuhópunum en auka að sama skapi skattalækkun þeirra verr settu. En þetta er eftir öðru hjá ríkisstjórninni. Fjármagnstekjuskatturinn er sniðinn að því að fjármagnseigendur greiði sem minnst en hann verður fyrst og fremst borinn uppi af almennum sparifjáreigendum og nú að skattalækkanir skili sér best til hálaunahópanna í þjóðfélaginu — bankastjóranna og forstjóranna.

Það er líka ljóst að ríkið fær umtalsverðar tekjur eftir kjarasamningana og skattbreytingarnar frá því sem verið hefur. Við búum við þannig skattkerfi að ríkið greiðir niður launin fyrir atvinnureksturinn til að fólkið eigi fyrir framfærslunni og ríkið verður vissulega að gera það áfram, m.a. með háum skattfrelsismörkum meðan launin eru undir hungurmörkum. En nú fer fátæka fólkið sem var áður með tekjur undir skattleysismörkum að greiða tekjuskatt vegna launa-

hækkananna sem á samningstímanum á að koma þeim í 70 þús. kr. sem eru nú og verða ekkert annað en hungurtaxtar árið 2000 og sem a.m.k. enn, meðan launin eru svo lág, réttlæta hækkun á skattleysismörkum. En af hógværri kjarabót láglaunahópanna ætlar skattkrumla ríkisvaldsins nú að klípa einhverja þúsundkalla til að geta gert betur við hálaunahópana, skjólstæðinga ríkisstjórnarinnar, í skattalækkunum í stað þess m.a. að hækka skattleysismörkin um 7 þús. kr. eins og var hugmynd ASÍ. Svona vinnubrögð í skattbreytingum ásamt því að hlunnfara aldraða, öryrkja og atvinnulausa með því að láta bætur þeirra ekki fylgja 70 þús. kr. lágmarkslaunum getur haft áhrif á úrslit allsherjaratkvæðagreiðslna nú um miðjan mánuðinn. Ríkisstjórnin getur enn séð að sér og því skora ég á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því að bótaþegar verði ekki hlunnfarnir og fái það sama og láglaunahóparnir og að skattútfærsla ASÍ verði ofan á, sem mun kosta ríkissjóð svipað eða litlu meira en nú er áformað.

[13:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Undanfarin ár hefur það verið hlutskipti ríkisstjórna að sýna aðhald í ríkisrekstri og skera niður ríkisútgjöld vegna erfiðs efnahagsástands. Nú hefur brugðið til betri vegar í þessu efni og á síðasta ári urðu tekjur ríkissjóð mun meiri en áætlað var vegna aukinna umsvifa og aukins hagvaxtar frá því sem áður var. Fram undan er góðæri hjá ríkissjóði vegna mikils hagvaxtar og mun hann skila ríkissjóði auknum tekjum að óbreyttum álagningarstofni sem nemur milljörðum króna á hverju ári. Spurningin sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir við þessar aðstæður er: Hvernig ætlar hún að verja þessum peningum til íbúa landsins?

Að mínu mati eru ýmsir liðir í heilbrigðiskerfinu sem þarfnast meiri peninga en unnt hefur verið að veita á undanförnum árum og nauðsynlegt er að bæta þar úr. Þá er líka nauðsynlegt að auka framlög til almannatryggingakerfisins til að hækka þar ýmsar bætur sem hafa setið eftir að undanförnu. Það er líka nauðsynlegt að auka tekjujafnandi hlutverk ríkissjóðs með því að styrkja þær bætur sem eru ætlaðar í því skyni svo sem barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur.

Það er ljóst að nóg verkefni eru fyrir þær tekjur sem ríkissjóði hefur áskotnast á undanförnum árum. Ef menn vilja er hægt að verja þeim tekjum til tekjujafnandi aðgerða í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hefur valið þá leið að taka út þessar tekjur hlutfallslega og dreifa þeim út í þjóðfélagið á þann hátt að þeir sem hafa háar tekjur fá meira til baka af þessu góðæri en hinir sem hafa lágar tekjur. Hún hefur líka farið þá leið að sækja sér aukna peninga með því að lækka persónuafslátt og sækja því auknar tekjur ríkissjóðs (Forseti hringir.) hlutfallslega í þyngra mæli til lágtekjuhópanna. Það er greinilega himinn og haf milli þeirra sjónarmiða sem ég og fleiri stjórnarandstæðingar hafa talað fyrir í þessu efni og framkvæmda ríkissjóðs.

[13:55]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Þeir kjarasamningar sem gerðir voru fyrir tveimur árum hafa reynst vera þeir farsælustu í sögu lýðveldisins. Og eins og allt stefnir í dag þá virðist svo að aftur sé að takast mikil kjarasátt í þjóðfélaginu. Sátt sem gæti, ef vel til tekst, leitt til þess að áframhald verði á þessu mikla gæfuferli sem við erum að fara í gegnum, þ.e. „Ísland farsældar frón" sé að verða nokkuð stöðugt, og geti orðið slíkt tímabil síðustu árin á þessari öld svipað og fyrsti áratugurinn, mjög mikið farsældartímabil. (**Gripið fram í:** Hver er hin hrímhvíta móðir?) En ástæða er til að minnast þess að mjög oft höfum við haft tækifæri til þess, Íslendingar, að ganga vel í efnahagsmálum en þá hefur það yfirleitt verið þannig að ríkisfjármálin og mistök í þeim hafa leitt til þess að heildarstefnan í efnahagsmálum hefur öll farið út og suður, hin góðu áform aðila vinnumarkaðarins, forustu launþega og annarra, hafa farið út og suður og kaupmátturinn hefur farið niður en ekki upp.

Það eru fjölmörg dæmi þess, og ég held að ástæða sé til þess núna að rifja það upp vegna þess að það er staðreynd að sterk bein þarf til að þola góða daga. Nú reynir mjög á það á næstu missirum að ríkisfjármálin verði í miklu lagi, það verði passað upp á að þau fari nú ekki út og suður eins og svo oft áður. Menn fari ekki að leika þann gamla leik að gera allt fyrir alla, alls staðar og alltaf. Það er upphafið að ógæfunni, var löngum, og mun verða það áfram ef við förum þá leið. Því skulum við fara varlega í ríkisfjármálunum því þannig getur Alþingi stuðlað að því að kjarabótin nái hámarki og við þurfum þess.

[13:58]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka umræðuna um kjarasamninga sem hér fer fram. Ég fagna því að samningar eru að takast hver á fætur öðrum milli samningsaðila og að verkföllum er forðað í bili. Vandinn verður sá að halda áfram áunnum réttindum, halda stöðugleika og koma í veg fyrir að þeir sem hærra eru launaðir troði áfram á baki þeirra sem lakast eru settir.

Ég tel að brýnt sé að upplýst verði um áhrif kjarasamninga á fjárlög íslenska ríkisins hið fyrsta. Einnig hver áhrif áform um stóriðjuframkvæmdir hafa á fjárlögin.

Herra forseti. Ég hef mikið velt því fyrir mér hvernig unnt er að veita aðhald þannig að launabil haldist en aukist ekki. Því hef ég ásamt hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur og Ágústi Einarssyni lagt fram frv. um að öllum fyrirtækjum á Íslandi sé skylt að auglýsa í samráði við stéttarfélög lægsta greitt tímakaup innan fyrirtækja og lægstu mánaðarlaun sem fyrirtækið greiðir. Einnig að birtar verði upplýsingar um bætur til örorku- og bótaþega á þeim stofnunum sem með þau mál fara. Ég tel brýnt að fram komi að margir bótaþegar hafa innan við 12 þús. kr. á mánuði úr að spila eftir að stofnanirnar hafa tekið þá fjármuni sem með þeim fylgja í tryggingabætur. Þetta er ekkert síður sá hlutur sem við eigum að tala um en þeir kjarasamningar sem hafa náðst og þá er ég auðvitað að horfa til þess að viðmiðunartölurnar til þeirra sem eru bótaþegar verði eðlilegar.

[14:00]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkru fór hér fram umræða utan dagskrár um kjaramálin í kjölfar samninga sem gerðir voru og kallaðir hafa verið VR-samningar. Hver er munurinn á þeim og þeim samningum sem síðar voru gerðir? Munurinn er sá að síðar var samið um viðtæk tryggingarákvæði. Það er þess vegna sem það er hugsanlegt að Ísland verði farsældar frón í launamálum, að tryggingarákvæði var sett inn. Tryggingarákvæði voru sett inn vegna þess að verkalýðshreyfingin í landinu treysti ekki stjórnvöldum til þess að ljúka málinu öðruvísi en að tryggingarákvæðin væru skýr. Og það er nauðsynlegt að hafa í huga að átökin í kjaramálum frá VR-samningunum og fram að samningum Alþýðusambandsfélaganna snerust um þetta úrslitaatriði. Og hvað stendur í þessu úrslitaatriði? Þar stendur að kaupmáttur

launa á Íslandi þurfi að þróast upp á við í samanburði við það sem gerist í grannlöndum okkar og eins og stendur í fréttabréfi Alþýðusambandsins: „Ef kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst minna en í viðmiðunarlöndunum er tilefni til að segja upp samningnum.“ Hér er um að ræða úrslitaatriði og úrslitaviðmiðun sem í raun og veru byggist á sömu nálgun mála og Alþb. gerði þegar óskað var eftir skýrslu frá forsrh. á síðasta þingi um samanburð á lífskjörum á Íslandi og í grannlöndum okkar. Þetta er úrslitaatriði málsins. Það var þess vegna sem lendingin tókst þó þetta farsællega eins og nú liggur fyrir.

Síðan vil ég spyrja hæstv. forsrh. þriggja spurninga:

1. Hver verður viðmiðun á breytingu atvinnuleysisbóta?

2. Hvernig verður tekið á skerðingarmálum vissra bóta almannatrygginga sem snúa að öldruðum og öryrkjum?

3. Hvernig breytast útgjöld ríkissjóðs ár fyrir ár, en ekki samtals, á samningstímabilinu?

[14:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Vegna þessa að hér bar á góma stefnu ríkisstjórnarinnar og samninganefndar ríkisins í kjarasamningunum er rétt að fram komi og sé áréttað enn á ný að það er eitt af mikilvægustu atriðum í þeirri stefnu að draga úr og vinna gegn launamisrétti kynjanna. Um þetta var ítarlega rætt hér á hinu háa Alþingi ekki alls fyrir löngu í umræðum af svipuðum toga og þeim sem hér fara fram.

Þá vil ég í öðru lagi segja frá því að tekjuskattslækkunin og hækkun útgjalda ríkisins vegna kjarasamninga og skyldra atriða mun valda því á næstu árum að líta verður sérstaklega til útgjalda ríkisins og stilla þeim verulega í hóf eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson benti réttilega á.

Í þriðja lagi vil ég ítreka það sem auðvitað skiptir langmestu máli í því sem fram hefur komið í dag, en það eru orð forsrh. um að ráðstöfunartekjur fólks á Íslandi, þ.e. tekjur eftir skatta, hafi um langan tíma ekki vaxið eins og nú og að þær muni á næstu árum vaxa helmingi meira heldur en í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Þetta er vegna þess að hér hefur ríkt stöðugleiki, skilningur stjórnvalda og aðila á vinnumarkaði og vaxandi skilningur á því að við þurfum að styrkja samkeppnisstöðu þjóðarinnar gagnvart þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Það er þessi stjórnarstefna núverandi ríkisstjórnar sem er að skila sér í þessum verkum, þessum gjörðum og þessum vaxandi kaupmætti íslensks launafólks.

[14:04]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það er alveg sérstök ástæða til að fagna þeim áföngum og þeirri kjarasátt sem er nú að nást á vinnumarkaði og tímalengd þeirra samninga sem í farvatninu eru. Við höfum einstakt tækifæri núna þegar þessum samningum lýkur til þess að stjórna efnahagsmálum okkar á þann veg að stöðugleiki ríki og hagvöxtur fari vaxandi en það er undirstaða þess að reka megi ríkissjóð eðlilega. Ég ber þá von í brjósti að við náum árangri í því efni. Ég vildi taka það fram við þessar aðstæður að að sjálfsögðu mun fjárln. kalla eftir þeim upplýsingum sem tiltækilegar eru frá fjmrn. um áhrif þessara samninga á afkomu ríkissjóðs á þessu ári og horfurnar á næstu árum. Hún hefur þegar gert það í rauninni og mun fara yfir þau mál innan tíðar. Það er útlit fyrir það, ef við getum stýrt málum farsællega, að hagvöxtur og kaupmáttur fari vaxandi næstu árin og það er auðvitað algjör grundvöllur fyrir afkomu ríkissjóðs og grundvöllur fyrir því að við getum rekið velferðarkerfi okkar með traustum og skikkanlegum hætti.

[14:06]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann gaf hér og reyndar öðrum þeim sem tóku þátt í þessari umræðu. Það kom fram hjá hæstv. forsrh. að áhrif kjarasamninga og aðgerðir í skattamálum á helstu þjóðhagsstærðir væru m.a. þær að því væri spáð að að meðaltali yrði hér um 3,5% hagvöxtur og 2,5% verðbólga en vissulega mundi viðskiptahalli aukast. Ég tel að þau tryggingarákvæði sem sett voru inn í samningana í lok þeirra hafi skipt verulega miklu máli, ekki síst í ljósi þess að sú spá um þjóðhagshorfur er byggð á mjög veikum grunni. 3,5% hagvöxtur sem byggir að stórum hluta á framkvæmdum og fjárfestingum þar sem algjörlega er byggt á lánsfé, eins og framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, í tengslum við álver og fleiri stórframkvæmdir hér á landi þar sem um lántökur er að ræða til þess að standa fyrir framkvæmdum — hagvöxtur sem byggir á svo veikum grunni er ekki mikils virði í raun.

Þá vil ég fagna því að fram kom hjá hæstv. ráðherra að hvorki þyrfti að skera niður í útgjöldum ríkisins né hækka þjónustugjöld vegna kjarasamninganna. Hins vegar felst að sjálfsögðu í þessari spurningu að ef bætur almannatryggingakerfisins og atvinnuleysisbætur hækka, sem þær hljóta að gera í takt við kjarasamningana — hvort það mun hafa einhver áhrif. Ég vil síðan ítreka spurningu þá sem ég bar upp um það hvernig ríkisstjórnin ætlar að tryggja lífeyrisþegum og atvinnulausum sambærilegar kjarabætur og hvenær þær hækkanir koma í framkvæmd, vegna þess að í yfirlýsingu hæstv. ráðherra sem er frá 24. mars segir (Forseti hringir.) að þessum aðilum verði tryggð meðalhækkun en þó muni ríkisstjórnin meta hver sú hækkun eigi að vera. Yfirlýsingin endar á orðunum „að mati ríkisstjórnarinnar“.

[14:09]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna þess síðasta sem nefnt var þá ítreka ég að gert er ráð fyrir því að þær bætur sem þar er um að ræða og hækkanir taki gildi á svipuðum tíma og hinir almennu samningar. Það gildi frá svipuðum tíma og skarist því ekki.

Ég get nú ekki svarað öllum þeim viðbótarspurningum sem hér hafa komið fram á þessum stutta tíma, þeim tveimur mínútum, sem hér eru til umráða nú. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Rannveig Guðmundsdóttir spurðu hvers vegna ekki var fylgt tillögum Alþýðusambandsins í skattamálum. Það hefur verið skýrt áður að Alþýðusambandið vildi fjölga skattþrepum og auka þar með eftiráskatta. Afleiðingin af því væri sú að skattalækkanir gætu ekki komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi um mitt næsta ár. Þessa leið vildi ríkisstjórnin ekki fara og fór því aðra leið sem er hagstæðari að okkar mati fyrir skattkerfið og fyrir launþega.

Varðandi það sem nefnt var um tryggingarákvæði þá get ég sagt fyrir mitt leyti að ég er afar sáttur við þetta tryggingarákvæði og tel að þeir þættir sem það er byggt á séu í hollu fari. Ég vek athygli á því að ráðstöfunartekjur hér á landi hafa aukist meir en í ríkjum OECD, bæði í fyrra og hittiðfyrra, og við gerum ráð fyrir því að kaupmáttur okkar muni aukast um 3,5–5% meðan hann mun ekki aukast nema um 2,5–3% í viðmiðunarríkjunum. Sem segir með öðrum orðum að við erum mjög að draga á okkar helstu viðmiðunarríki í kaupmáttaraukningu. Það hlýtur að vera fagnaðarefni.

Atvinnuleysi var hér talið mesta vandamál sem ríkisvaldið hafði við að glíma. Það var 5% í hittiðfyrra, 4,3% í fyrra og er nú talið verða 3–3,5%. Þannig að þarna erum við líka á réttu róli varðandi samningsgerðina og þær kjarabætur sem menn eru að ná og verðbólgan fer ekki úr böndum, verður 2,5–3%. Þetta eru mikilvægustu atriði þessarar samningsgerðar og efnahagsstefnu í framhaldi af því. Hagvöxtur verður hér væntanlega 3,4–3,5% á sama tíma og hann er aðeins 2,6% í OECD-ríkjunum. Við erum þannig að draga mjög mikið á frá samanburðartölunum 1993 því kaupmáttaraukning verður rúmlega 20% hjá okkur en kannski rétt rúmlega 10% hjá viðmiðunarríkjunum þannig að við erum að draga á í kjarajöfnuði við önnur lönd.

Meðferð sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 803.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Rafræn eignaskráning verðbréfa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 474. mál. — Þskj. 801.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 816.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Sala notaðra ökutækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 148. mál (leyfisbréf, eftirlit o.fl.). — Þskj. 163, nál. 821, brtt. 822.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 822,1 (ný 4. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
5.–6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 822,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 822,3 (ný grein, verður 8. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Eignarhald á auðlindum í jörðu, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 304. mál. — Þskj. 563.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Virkjunarréttur vatnsfalla, frh. 1. umr.

Frv. SighB o.fl., 305. mál. — Þskj. 564.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Búnaðargjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 805.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 1. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 804.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, frh. fyrri umr.

Stjtill., 480. mál. — Þskj. 809.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (Veiðimálastofnun). — Þskj. 675, brtt. 873.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Brtt. 873 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS.
2 þm. (JBH, ÖS) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, LB, ÓÖH, PP, RA, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, LB, ÓÖH, PP, RA, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

Sóttvarnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 191. mál (heildarlög). — Þskj. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JBH, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÖS.
25 þm. (ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, GuðjG, GHall, GÁS, GMS, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, LB, ÓÖH, PP, RA, SF, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 905).

Endurskoðendur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 261, nál. 823, brtt. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:29]
Brtt. 824,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 824,2–8 samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–13. gr., svo breyttar, samþ. með 37 shlj. atkv.
14.–24. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 824,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 414. mál (rekstrarleyfi). — Þskj. 715, nál. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 383. mál. — Þskj. 672.

[14:34]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu um stofnun úrskurðarnefnda í málefnum neytenda sem 383. mál á þskj. 672. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Magnús Stefánsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristján Pálsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Í þáltill. er lagt til að ríkisstjórninni verði falið að koma á fót úrskurðarnefndum til að fjalla um annars vegar ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja og hins

vegar neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Herra forseti. Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld ekki sinnt málefnum neytenda í neinu samræmi við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. Þannig hafa íslensk stjórnvöld, ein stjórnvalda á Norðurlöndum, ekki átt frumkvæði að því að auðvelda neytendum að fá niðurstöðu í ágreiningsmálum sínum og seljenda eða veitenda vöru og þjónustu.

Íslensk stjórnvöld hafa ekki átt frumkvæði að setningu neytendalöggjafar umfram það sem þau hafa orðið að gera í tengslum við EES-samninginn. Í skýrslu frá viðskiptaráðuneytinu til EFTA árið 1991 er það sérstaklega tekið fram að engin umræða hafi farið fram nýlega um stofnun smámáladómstóls hér á landi sem lengi hefur þó verið baráttumál Neytendasamtakanna. Jafnframt kemur fram að í næstu framtíð séu ekki áformaðar neinar breytingar þar að lútandi.

Afskipti stjórnvalda annars staðar á Norðurlöndum af ágreiningsmálum neytenda og veitenda þjónustu eru víðtæk. Í Svíþjóð og Finnlandi eru starfandi sérstakir umboðsmenn neytenda og úrskurðarnefndir í ýmsum málaflokkum sem kostaðar eru af ríkinu. Í Noregi og Danmörku eru einnig sérstakir umboðsmenn neytenda auk þess sem úrskurðarnefndir eru starfandi í fjölmörgum málaflokkum. Ljóst er að stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum láta sig neytendamál meira máli skipta en íslensk og veita umtalsvert meiri fjármuni miðað við höfðatölu til að tryggja þegnum sínum skjóta og ódýra úrlausn mála sinna.

Neytendasamtökin okkar hafa gripið til þess ráðs að gera samstarfssamninga við tiltekin þjónustusvið um starfrækslu sérstakra kvörtunar- eða úrskurðarnefnda sem gætu á einfaldan og ódýran hátt úrskurðað í ágreiningsmálum milli neytenda og veitenda í viðkomandi málaflokkum. Frá upphafi hefur þess verið gætt að stjórnvöld skipuðu formann hverrar nefndar og hafa þau þannig með þátttöku sinni í raun viðurkennt þörfina fyrir starfsemi nefndanna þótt frumkvæðið hafi ekki verið þeirra. Starfandi kvörtunar- og úrskurðarnefndir eru nú sex talsins.

Þær eru eftirfarandi:

nefnd um ágreiningsmál neytenda og seljenda og þjónustuaðila í byggingariðnaði,

nefnd um ágreiningsmál neytenda og ferðaskrifstofa um skipulagningu og framkvæmd ferða erlendis,

nefnd um ágreiningsmál vegna fatahreinsunar,

nefnd um ágreiningsmál neytenda og félaga í Kaupmannasamtökunum og Samtökum samvinnuverslana vegna kaupa á vöru og þjónustu,

nefnd um ágreiningsmál neytenda og vátryggingafélaga um sök og sakarskiptingu í slíkum málum,

nefnd um viðskipti neytenda við fjármálafyrirtæki.

Nefndirnar gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja neytendum ódýra og skjóta úrlausn og um leið minnkar þörfin á að leitað sé til dómstóla með tilheyrandi biðtíma og kostnaði. Þótt úrskurðir nefndanna séu ekki bindandi hefur reynslan hérlendis og erlendis sýnt að aðilar hlíta úrskurðum í 70–80% tilfella.

Tvær síðasttöldu nefndirnar voru stofnaðar með virkum atbeina stjórnvalda. Þannig höfðu stjórnvöld bein áhrif á orðalag endanlegs texta samþykktra starfsreglna nefndanna og voru þær auglýstar í B-deild Stjórnartíðinda. Raunverulegir stofnendur þessara mikilvægu úrskurðarnefnda, sem annars vegar fjalla eins og áður sagði um ágreining neytenda og vátryggingafélaga og hins vegar neytenda við fjármálafyrirtæki, voru því viðkomandi fagráðherrar á þeim tíma þó að frumkvæðið kæmi frá neytendum og samtökum seljenda.

Eðlilegt er, herra forseti, að spurt sé hvers vegna samtök neytenda haldi ekki áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið og gangist fyrir stofnun fleiri úrskurðarnefnda og fái stjórnvöld til samstarfs á síðari stigum. Í sjálfu sér er ekki loku fyrir slíkt skotið jafnvel þó að stjórnvöld taki það frumkvæði í málinu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki er hins vegar eðlilegt að stjórnvöld eigi þar atbeina frá byrjun. Hins vegar má varðandi félög sérfræðinga benda á að þau eru mjög mörg og mismunandi. Ólíklegt er að úrskurðarnefnd, sem máli skiptir varðandi þjónustu þessara mörgu ólíku sérfræðigreina, verði sett á stofn nema stjórnvöld eigi þar beint frumkvæði.

Miðað við þá þróun sem orðið hefur í nágrannalöndum okkar og þá reynslu sem fengist hefur af starfsemi úrskurðarnefnda verður að telja rétt að stjórnvöld beiti sér fyrir stofnun slíkra nefnda. Reglulega berast fjölmargar kvartanir varðandi starfsemi opinberra fyrirtækja til Neytendasamtakanna og hefur því miður komið fram að yfirleitt sé erfiðara að fá fram réttmætar leiðréttingar hjá opinberum þjónustufyrirtækjum en hjá einkafyrirtækjum. Það er því ljóst að brýn þörf er á stofnun úrskurðarnefndar um viðskipti neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Úrskurðarnefndir sem fjalla um ágreiningsmál milli neytenda og seljenda eða veitenda hafa ýmsa ótvíræða kosti. Í fyrsta lagi auðvelda þær neytendum aðgang að fljótvirkri og ódýrri meðferð ágreiningsmála sinna við seljendur. Í öðru lagi fá neytendur tækifæri til að ítreka og skýra kröfur sínar gagnvart seljendum og veitendum þjónustu og vöru af ýmsu tagi ef auðvelt er að nálgast þá. Í þriðja lagi sparar þessi leið umtalsverð útgjöld í dómskerfinu þar sem mörg mál, sem annars kæmu til kasta dómstóla, hljóta meðferð hjá úrskurðarnefndunum og er þar með lokið. Þessi málsmeðferð yrði jafnan mun ódýrari en meðferð fyrir dómstóli. Það er því hægt að fullyrða, herra forseti, að starfsemi úrskurðarnefnda hafi í för með sér þjóðfélagslegan sparnað og aukið réttlæti.

Það er álit flutningsmanna að úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við opinber þjónustufyrirtæki ætti að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum þar sem ráðherra veldi formann nefndarinnar og annan til vara, báða úr hópi starfandi dómara, en Neytendasamtökin veldu einn fulltrúa og annan til vara. Einn fulltrúi yrði valinn frá hverju þjónustusviði hins opinbera fyrir sig og tæki hann sæti í nefndinni þegar fjallað væri um mál sem vörðuðu hans svið eða málaflokk þannig að nefndarmenn, sem tækju þátt í úrskurði máls, væru jafnan þrír.

Úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga ætti einnig að vera fastanefnd skipuð þremur mönnum sömuleiðis nema þriðji fulltrúinn væri valinn frá hverju félagi sérfræðinga fyrir sig og settist hann í nefndina þegar mál sem varðaði hans fagfélag væri til meðferðar hjá nefndinni. Kostnaði af störfum þessara nefnda væri hægt að mæta þannig að neytandi greiddi ákveðið málskotsgjald þegar hann kæmi kvörtun á framfæri við viðkomandi nefnd. Hámark slíks gjalds gæti verið um 5.000 kr. en það er í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Þetta gjald fengi neytandinn endurgreitt ef hann ynni mál sitt að hluta eða öllu leyti.

Hvað varðar frekari kostnað við úrskurðarnefnd um kvartanir yfir þjónustu hins opinbera er eðlilegt að hið opinbera greiði hann að öllu leyti. Hins vegar verður að telja eðlilegt hvað varðar úrskurðarnefnd um viðskipti neytenda við sjálfstætt starfandi sérfræðinga að félög þeirra taki að einhverju leyti þátt í kostnaði. Ástæða þess að ekki er talið rétt að Neytendasamtökin greiði kostnað af störfum slíkrar nefndar er sú að þau eru frjáls áhugamannasamtök neytenda sem hafa lítið annað aflafé en félagsgjöld. Ekki getur talist eðlilegt að félagsgjöld frjálsra félagasamtaka renni til greiðslu kostnaðar við opinbera nefnd sem allir landsmenn eiga aðgang að. Einnig ber að hafa í huga að kostnaður sambærilegra nefnda erlendis er yfirleitt borinn af opinberum aðilum.

Árið 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður þingsályktunartillögu um þjónustu héraðsdómstóla við neytendur. Sú tillaga hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Í ráðherratíð Vilmundar Gylfasonar sem dómsmálaráðherra var unnið að undirbúningi frumvarps um þetta málefni en það var ekki lagt fram og ekkert gerðist frekar í málinu. Nokkrum sinnum hafa síðan verið fluttar fyrirspurnir um framgang slíks máls á Alþingi þar sem viðbrögð ráðherra hafa verið vinsamleg en ekkert hefur þó gerst.

Á síðasta þingi var lögð fram tillaga samhljóða þeirri sem ég mæli nú fyrir en hún varð ekki útrædd. Í þeirri umsögn sem Neytendasamtökin sendu frá sér kemur fram það mat samtakanna að starfsemi þeirra úrskurðarnefnda sem þegar eru starfandi hafi gefið góða raun, létt álagi af dómstólum og gefið neytendum betra aðgengi og á ódýrari hátt til að koma kvörtunum sínum á framfæri.

Stofnun sérstaks smámáladómstóls eða auðveldari meðferð minni háttar mála fyrir héraðsdómi hefur lengi verið sérstakt áhugamál samtaka neytenda. En í ljósi reynslunnar telja samtökin samkvæmt tilvitnaðri umsögn heppilegra og kostnaðarminna að koma á fót úrskurðarnefndum á öllum mikilvægum sviðum viðskiptalífsins.

Herra forseti. Það er tímabært að íslensk stjórnvöld láti sig málefni neytenda meira varða en orðið er og sýni því starfi sem unnið er á vettvangi Neytendasamtakanna meiri stuðning. Það geta þau gert með því að taka undir frumkvæði samtakanna að lausnum eins og þeirri sem þessi ályktun fjallar um. Það má líka, herra forseti, líta á það sem lið í nútímavæðingu viðskiptalífsins á Íslandi.

Að lokinni þessari umræðu legg ég síðan til að ályktuninni verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

[14:47]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að ítreka hversu mikilvægt þetta frv. er og taka undir þau orð sem hv. 1. flm. hafði um það. Það hefur lengi verið til vansa hvernig neytendamálum er komið hér á landi og í þessum málaflokki höfum við dregist aftur úr og stjórnvöld hafa, eins og hér hefur verið rakið, ekki tekið frumkvæðið sem vissulega hefur þó verið þörf á og oft hefur virkilega verið brotið á fólki. Neytendasamtökin hafa auðvitað reynt það sem þau hafa getað og á sumum sviðum hefur tekist vel til. En hér á landi er t.d. ekki neinn sérstakur stjórnskipaður umboðsmaður neytenda eins og þó er á öllum hinum Norðurlöndunum þannig að fólk veit oft ekki hvert það á að leita með vandamál sín. Að mörgu leyti hefur þetta komist í þokkalegt horf fyrir frumkvæði Neytendasamtakanna, t.d. með skipun þessara kvörtunar- og úrskurðarnefnda sem hér voru upp taldar. En betur má ef duga skal og ég held að það væri mjög til úrbóta ef Alþingi samþykkti það sem hér er lagt til með að fela ríkisstjórninni að koma á fót þessum tveimur úrskurðarnefndum sem fjalli annars vegar um ágreiningsmál neytenda og opinberra þjónustufyrirtækja og hins vegar um ágreiningsmál neytenda og sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á brennsluorku olíu, fyrri umr.

Þáltill. GE, 421. mál. — Þskj. 723.

[14:50]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. á þskj. 723 sem er um rannsóknir á brennsluorku olíu. Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að láta gera rannsókn á orsökum þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegnum svokallaðan orkuplús-brennsluhvata."

Mælingar hafa verið gerðar á mismunandi brennsluvélum, bæði hér á landi og erlendis og sýnt hefur verið fram á með nokkrum rökum að bruni olíunnar er betri þegar brennsluhvati er notaður. Sumar mælingar hafa sýnt fram á allt að 3–7% olíusparnað.

Vísindamenn telja að mælingar sem gerðar hafa verið á brennsluvélum skýri ekki fullkomlega hvað er að gerast og því þurfi að framkvæma rannsóknir til þess að geta skýrt breytingarnar með eðlis- og efnafræðilegum rökum.

Brennsluhvatinn er í notkun í nokkrum fiskiskipum og telja margir að um góðan árangur hafi verið að ræða, m.a. minni sótmengun, hreinni vélar og betri bruna. Nokkrir vöru- og fólksflutningabílar hér á landi nota búnaðinn með góðum árangri. Yfirvöld í nokkrum borgum víða um heim hafa látið setja brennsluhvatann í samgöngutæki borganna sem knúin eru dísilvélum til að minnka mengun.

Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er u.þ.b. 4 milljarðar kr. á ári og ef 5% sparnaður næst er um verulega fjármuni að ræða og þótt prósentan væri lægri er til mikils að vinna.

Það hefur verið keppikefli okkar Íslendinga samkvæmt margyfirlýstri stefnu að draga úr ónauðsynlegri mengun. Eðlilegur þáttur í þeirri viðleitni hlýtur að vera að veita fé til rannsóknar af því tagi sem hér um ræðir.

Líklegt er að meðalskuttogari noti um 1,5 milljónir lítra af eldsneyti á ári. Samsvarandi olíukostnaður er um 16–23 millj. kr. á ári, og sparnaður um 4–5% gæfi því 700–1.100 þús. kr. lækkun á olíureikningi fyrir skuttogara og einhvern tímann hefði nú þótt, herra forseti, vera við hæfi að ýta fleyi úr vör fyrir slíka upphæð.

Minnkun koltvíildis í útblæstri er talin verða töluverð við notkun brennsluhvata. Mikil nauðsyn er að fram fari rannsókn af því tagi sem hér um ræðir ef unnt er með notkun slíks búnaðar að ná fram virkni gegn gróðurhúsáhrifum á skjótan hátt eins og líkur benda til.

Ég vil vitna hér til fylgiskjala sem eru með þessu frv., fskj. I, sem er frá tveimur prófessorum við verkfræðideild

Háskólans, Valdimari K. Jónssyni og Braga Árnasyni. Þeir segja:

„Við undirritaðir prófessorar við Háskóla Íslands lýsum yfir samstarfsvilja um rannsóknir á því að greina orsakir þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegnum orkuplúsbrennsluhvata."

Þeir segja að uppsetning tækja sé tiltölulega auðveld og flest nauðsynleg mælitæki séu til staðar við Háskóla Íslands. En nauðsynlegt sé að kaupa rekstrarvörur fyrir u.þ.b. 300 þús. kr. og að helsti kostnaðurinn sé launakostnaður rannsóknarmanna sem er áætlaður í 7–9 mánuði 1,3–1,5 millj. kr. Þeir koma inn á að gerðar hafi verið ýmsar mælingar á brennsluvélum en ekki hafi verið unnt að greina ástæðurnar fyrir þessum efnahvörfum sem verða.

Einnig er ástæða til að vitna til fskj. IV þar sem segir í skýrslu frá Fiskifélagi Íslands að samanburðarmæling hafi verið gerð á hjálparvél í Snorra Sturlusyni og þar hafi náðst verulegur sparnaður. Við t.d. 64% álag á vél hafi náðst 5,2% sparnaður og það er ekki svo lítið sem um er að ræða en ekki var aðstaða þar til að mæla sparnaðinn við 100% álag.

Það er rétt að benda á að í fskj. V, þar sem notaður er þessi brennsluhvati, er um að ræða skýrslu frá Eimskip um orkunotkun í Sundahöfn á dráttarbíl og gámalyftara annars vegar. Og það má vitna til þess að um hefur verið að ræða, t.d. í Scania R 143 dráttarbíl, verulega minnkun köfnunarefnissambanda upp á 33,3%, á öðrum efnum minnkun upp á allt að 40% og heildareldsneytiseyðsla minnkaði um 8%. Sama má segja um Boss gámalyftara þar sem var um verulegan sparnað að ræða og eldsneytiseyðsla minnkaði um 7%. Og bara við að eldsneytisneyslan minnkar þá minnkar koltvíildismengunin einnig.

Þessi brennsluhvati hefur einnig verið notaður við svartolíubrennslu t.d. hjá Ísaga, sem segir frá í fskj. VI. Þar hefur sparnaðurinn orðið á þann veg að sóttala sem var yfir þrír minnkaði niður í rúmlega tvo miðað við Bosch-skala. Þessi minnkun á sóti leiddi til þess að tímabilið á milli hreinsana lengdist úr einum mánuði í þrjá sem hefur mikinn sparnað í för með sér. Nýtni ketilsins hafði aukist hjá þeim um allt að 8%.

Fullyrða má að hagræn áhrif geta orðið mikil ef niðurstöður verða þær sem vísbendingar gefa tilefni til.

Umhverfisáhrif eru slík af minnkun eldsneytisnotkunar að ályktа ber að rannsókn sem hér um ræðir verði að fara fram hið fyrsta.

Fylgigögnin með þessari greinargerð vitna um það sem sett er fram sem rök fyrir því að þingsályktunartillaga þessi fái skjóta afgreiðslu.

Herra forseti. Ég vil vísa þessu máli til hv. umhvn. og ég vona að um leið verði hugað að fjárveitingu til umhvrn. vegna þessa verkefnis við næstu fjárlagagerð. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál en ég bendi eindregið á að hér er um mikinn sparnað að ræða og það hefði einhvern tímann þótt vera ástæða til að ýta fleyi úr höfn fyrir 200 millj. kr. þótt leggja þyrfti til þess röska milljón.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:57]

Útbýting þingskjals:

Hlutafélög, 525. mál, frv. ÁE o.fl., þskj. 877.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, fyrri umr.

Þáltill. PHB, 431. mál. — Þskj. 735.

[14:57]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. á þskj. 735 um erlendar skuldir þjóðarinnar. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera áætlun um hvernig náð verði niður erlendum skuldum þjóðarinnar fyrir árið 2015."

Herra forseti. Samanlagðar hreinar erlendar skuldir allra þjóða heims eru núll. Þær þjóðir sem eiga inni hjá öðrum þjóðum — hafa sem sagt lánað þeim — njóta vaxtanna en hinar sem skulda lenda í því að verja einhverjum hluta þjóðartekna sinna til greiðslu vaxta og það kemur niður á lífskjörum þeirra.

Skuldir þjóða eru af ýmsum toga. Sumar eru með ábyrgð opinberra aðila en aðrar eru teknar á ábyrgð fyrirtækja eða einstaklinga. Ekki er í reynd eðlismunur á þessum skuldum gagnvart þjóðarbúinu í heild nema hvað þær skuldir sem fyrirtæki og einstaklingar skulda geta fallið niður ef þeir verða gjaldþrota eða eins ef þeir flytja af landi brott.

Lánum er ýmist varið til fjárfestinga eða neyslu. Vextir af erlendum lánum sem varið hefur verið til neyslu koma niður á lífskjörum þjóðarinnar þar til lánin eru að fullu greidd. Slík neyslulán, hvort sem þau eru notuð til einka- eða samneyslu, bæta lífskjörin um stundarsakir þegar lánin eru tekin en rýra þau þaðan í frá.

Þær erlendu skuldir, sem hafa verið teknar til að standa undir fjárfestingum, má greina í tvennt. Ef fjárfestingin gefur af sér arð sem er hærri en vextirnir sem greiða þarf af skuldinni bæta fjárfestingin og skuldin hag þjóðarinnar og slíkar fjárfestingar eru æskilegar. Ef arðurinn stendur ekki undir vöxtunum er fjárfestingin til skaða fyrir hag þjóðarinnar.

Á undanförnum áratugum höfum við Íslendingar farið út í fjölmargar fjárfestingar sem ekki skila arði, hvað þá að þær geti staðið undir vöxtum af erlendum lánum sem hafa verið tekin til að koma þeim í gang. Enn fremur höfum við tekið erlend lán til þess að standa bæði undir einkaneyslu og samneyslu. Þessi óráðsía gerir það að verkum ásamt öðru að lífskjör eru hér miklu lakari en ella. Sérstaklega var þetta áberandi á verðbólguáratugnum 1970–80 þegar milljarðatugir voru fluttir frá sparifjáreigendum til skuldara sem notuðu féð í vonlausar fjárfestingar sem sýndu eigandanum verðbólgugróða en skiluðu þjóðarheildinni stórtapi. Einnig hefur verið ráðist í opinberar stórframkvæmdir sem ekki hafa staðið undir vöxtum af erlendum lánum. Má þar að nefna Kröfluvirkjun og Blönduvirkjun.

Herra forseti. Sömu grundvallaratriði gilda um fjármál heimila og þjóða. Það getur verið skynsamlegt að stofna til skulda til þess að ráðast í skynsamlegar og arðbærar fjárfestingar. Hins vegar er mikilvægt að nota ekki lántökur til daglegrar neyslu nema kannski hjá námsmönnum sem eru í reynd að fjárfesta í menntun. Það kemur niður á lífskjörum að fara út í fjárfestingar sem skila litlum eða engum arði. Mikilvægt er að raunvextir og skattalög séu þannig að heimilum sé umbunað fyrir að gæta aðhalds og ráðdeildar í hvívetna og þess sé jafnframt gætt í opinberum rekstri.

Herra forseti. Vergar erlendar skuldir þjóðarinnar eru um 225 milljarðar kr. eða 860 þús. kr. á hvern Íslending, börn

og gamalmenni meðtalin. Tillagan gerir ráð fyrir að þessar skuldir lækki um 13 milljarða kr. á ári að jafnaði. Þegar tekið hefur verið tillit til 2% erlendrar verðbólgu sem rýrir skuldirnar um 4,5 milljarða kr. fyrstu árin þyrfti að greiða niður erlendar skuldir um 8–9 milljarða kr. á ári. Því er hægt að ná með jákvæðum viðskiptajöfnuði

Vextir, sem þjóðin greiðir af erlendum lánum, eru um 17 milljarðar kr. á ári og þeir munu lækka þegar skuldin lækkar og falla niður í lok þessa tíma. Þess vegna væri hugsanlega hægt að fara hægar í sakirnar til að byrja með.

Nokkur úrræði má nota til þess að grynnka á erlendum skuldum án þess að skerða innlenda fjárfestingu um of. Hafa nokkur þeirra þegar verið tekin í gagnið:

Það má nefna:

1. Tekinn hefur verið upp frjáls fjármagnsflutningur til útlanda og til Íslands og uppbygging innlends verðbréfamarkaðar sýnir hvaða fjárfesting stendur undir þeim vöxtum sem greiða þarf. Þetta frjálsræði í fjármagnsflutningum sýnir betur en áður var hvaða fjárfestingar standa undir vöxtum.

2. Einkavæðing og minni ríkisforsjá og ríkisábyrgð leiðir til betri fjárfestinga því að hinn erlendi lánveitandi verður að treysta því og tryggja sér að fjárfestingin skili honum þeim vöxtum sem hann vill fá ef ekki er um að ræða ríkisábyrgð þar sem hann getur snúið sér til ríkisvaldsins ef illa fer. Það er einmitt það sem gerst hefur á undangengnum áratugum. Það hefur verið svo mikil ríkisábyrgð að hinir erlendu lánveitendur hafa ekki þurft að hafa neinar áhyggjur af því hvernig þær fjárfestingar fóru eða hvort þær sem lánað var til skiluðu arði.

3. Stór hluti af erlendum skuldum þjóðarinnar eru skuldir ríkissjóðs eða 137 milljarðar kr. af 225 milljörðum kr. Þessum skuldum má ná niður með tekjuafgangi sem þyrfti að vera 7 milljarðar kr. á ári ef ekkert annað kæmi til.

4. Með skattalögum má með skattfrelsi auka innlendan sparnað og mynda mótvægi við erlendar skuldir. Enn fremur má treysta meira á innlendan sparnað við opinberar framkvæmdir.

Stöðva má og jafnvel snúa við skuldasöfnun heimilanna með því að leggja niður vaxtabótakerfið sem virkar eins og hvatning til einstaklinga til skuldasöfnunar og eyðileggur verðskyn þeirra gagnvart vöxtum. Styrk til húsbyggjenda má hafa í öðru formi, ekki með niðurgreiðslu vaxta eða vaxtabótum. Vaxtabæturnar virka þannig að það skiptir ekki máli fyrir fólk með vissar tekjur eða á vissu eignabili hvaða vexti það greiðir. Ríkið greiðir þá vexti í raun og veru í gegnum vaxtabæturnar.

5. Með fræðsluherferð má gera fólki grein fyrir gildi sparnaðar og mikilvægi þess að einstaklingar og heimili láta vextina vinna með sér en ekki á móti. Með þessu má örugglega ná mjög góðum árangri því fólk virðist vera almennt mjög illa upplýst um gildi sparnaðar.

6. Þvingaður sparnaður einstaklinga með lífeyrissjóðunum mun hjálpa til við að ná þessu marki, en sjóðsöfnun innan þeirra mun ljúka eftir árið 2015. Þannig að eignir lífeyrissjóðanna munu vaxa fram að þessum tímapunkti og það má nota þann vöxt til að ná niður erlendum skuldum.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt þegar lækka á erlendar skuldir að þess sé gætt að minnka ekki arðbæra innlenda fjárfestingu. Þess í stað verður að minnka samneyslu og einkaneyslu og að sjálfsögðu þá fjárfestingu sem ekki er arðbær.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir að gerð verði langtímaáætlun um afkomu ríkissjóðs og jafnframt verði gerðar áætlanir og stefnumörkun um það hvernig því marki verði náð að þjóðin eignist erlenda inneign umfram skuldir upp úr árinu 2015.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til seinni umræðu og hv. efh.- og viðskn.

[15:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir efni þessarar tillögu. Ég tel að það hefði fyrir löngu átt að gera áætlun af þessu tagi og hef satt að segja fyrr á mínum ferli gert atlögu að slíku verki. Ég tel mig hafa sýnt nokkuð rækilega fram á það í bókarkorni sem ég skrifaði og gaf út fyrir tveimur árum að það er hægt að ná því marki að afnema þessar skuldir. Þetta er spurning um stefnufestu og spurning um forgangsröð. Ég tel að þetta sé svo mikilvægt forgangsatriði að það eigi að vera framar en mjög mörg önnur forgangsatriði. Ég held að menn ættu hugsanlega í þessu sambandi að sameinast um að tiltekinn hluti hagvaxtar fari í verkið á einhvern máta eða eitthvað þess háttar. Það mætti miða við einhverja stærð án þess að ég segi í einstökum atriðum hvað það ætti að vera en alla vega finnst mér að það sé mikilvægt að þetta sé gert og sagt hér á Alþingi að þetta sé mikilvægt forgangsatriði.

Ég þakka hv. þm. fyrir að flytja þessa tillögu en gagnrýni hann mjög harðlega fyrir að hafa ekki boðið mér að gerast meðflutningsmaður.

[15:07]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég þakka jákvæðar undirtektir hjá hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég vissi nú ekki af þessum eindregna áhuga hans á þessu máli og hefði gjarnan viljað hafa hann með á þáltill. En ég er honum hjartanlega sammála og það er þess vegna sem ég flyt þessa tillögu að það er miklu betra fyrir þjóðina að láta vextina vinna með sér heldur en gegn sér. Við erum núna að borga þvílíkar upphæðir í vexti af þessum erlendu skuldum að það er nánast allur tekjuskattur á einstaklinga í landinu. Það er því mjög brýnt að við mörkum okkur stefnu um hvernig við ætlum að ná þessum skuldum niður. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. þm.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 447. mál. — Þskj. 759.

[15:09]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. sem frammi hefur legið á þskj. 759 um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýti ál við framleiðslu sína.

Ásamt mér eru flm. að málinu þeir hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Pétur H. Blöndal.

Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að beita sér fyrir átaksverkefni til að efla og auka iðnað er nýtir ál sem hráefni eða aðvinnsluefni.“

Herra forseti. Þegar við lítum til baka yfir farinn veg síðustu ár og áratugi og horfum til þess sem er að gerast hér

á landi í væntanlegri stóriðju þá fer ekki hjá því að það rifjast upp að fyrir nærfellt 30 árum þegar álverið við Straumsvík hóf starfsemi sína var það almennt rætt og oft vikið að því af stjórnmálamönnum á þeim tíma að með tilkomu þess mundi hér rísa iðnaður sem ynni endanlega framleiðsluvöru úr áli. Þetta voru bjartar vonir en því miður hefur lítið orðið úr þeim enn þá. Satt best að segja er það svo að iðnaður þar sem ál er nýtt sem hráefni eða til vinnslu á öðru efni er enn þá mjög takmarkaður hér á landi þótt við framleiðum nú ál í umtalsverðum mæli.

Flutningsmenn eru hins vegar þeirrar skoðunar, herra forseti, að ef takast mundi að koma á fót slíkum iðnaði hér á landi yrði það umtalsverð og vænleg bót fyrir þjóðarbúskapinn. Það yrði verulega verðmætaskapandi og byði íslenskum ungmennum, íslensku vinnuafli, fjölbreyttari tækifæri en nú bjóðast til atvinnu og starfa sem yrðu væntanlega vel launuð vegna þess að þau mundu byggja á mikilli þekkingu starfsmanna og þekkingu innan viðkomandi fyrirtækja.

Af og til á þessu tímabili hefur verið að því vikið með alls konar athugunum hvað gera þurfi til þess að þessi starfsemi geti hafist hér á landi. Þá hefur komið fram m.a. að sums staðar þar sem unnið er úr hráefninu áli er starfsemin svo stór í sniðum að erfitt yrði að koma henni við á Íslandi. Slík starfsemi, þ.e. völsun, mundi sennilega þurfa að vera miklu nær markaðslöndunum og ekki víst að við hefðum fjármagn, mannafla eða tækniburði til að nýta þá möguleika.

Hitt hefur ekki komið virkilega vel fram enn þá en er væntanlega að birtast, herra forseti, að við aðra starfsemi þar sem ál er nýtt, er það aðallega notað með blöndun við aðra málma. Hugsanlega getur slík starfsemi betur en hin sem ég nefndi fyrr starfað í smærri einingum og hún er þekkt erlendis, m.a. í Evrópu og í Bandaríkjunum, í fyrirtækjum sem við köllum meðalstór og jafnvel lítil. Að vísu er það svo að þessi fyrirtæki eru öll stærri en mælikvarðarnir íslensku yfir lítil eða meðalstór fyrirtæki.

Hins vegar er það fleira sem virðist þurfa að koma til. Nú er það svo að sá málmur sem mest er notaður sem blöndunarefni með áli til að framleiða endanlegar framleiðsluvörur, jafnvel vörur sem eru notaðar á neytendamarkaði og eru hluti af vélum eða öðrum búnaði sem seldur er á þeim mörkuðum, er magnesíum. Hugsanlega er ný verksmiðja að rísa á Íslandi á næstu árum, jafnvel innan áratugar eða svo. Þar á ég við magnesíumverksmiðju sem er til athugunar á Suðurnesjum og hefur verið þar til skoðunar síðustu missiri. Menn vænta þess að á næstu vikum liggi fyrir niðurstaða úr þeim athugunum. Satt best að segja hefur það víða komið fram hjá þeim mönnum sem annast þær athuganir af hálfu íslensku aðilanna, Hitaveitu Suðurnesja og nokkrum öðrum íslenskum fyrirtækjum og stofnunum að eftir því sem fram hefur undið þeim athugunum hafa líkur smám saman vaxið á því að úr verði.

Herra forseti. Við flm. teljum að með þessum möguleika verði skotið fleiri stoðum en áður undir það að við Íslendingar getum komið á fót iðnaði sem framleiðir ekki einungis hráefni með bræðslu þessara málma, heldur starfsemi þar sem framleiddar væru fullunnar vörur.

Þá kemur það fram sem ég fyrr mælti, herra forseti, að íslenskum ungmennum, íslensku vinnuafli, bjóðast enn verðmætari störf og fjölbreyttari en áður í iðnaði. Við teljum mikils um vert að auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi á Íslandi og að Íslendingar geti gerst þátttakendur í iðnaði sem hér hefur hingað til verið nánast óþekktur. Vel að merkja, það er auðvelt að geta þess í töluðu máli að fleiri en einn einstaklingur hefur nefnt við mig að það sé ekki ólíklegt að ef tilkoma magnesíumverksmiðju og aukning álframleiðslu á Íslandi verði til þess að hér rísi einhver framleiðsla með blöndun þessara málma, þá sé hugsanlega verið að tala um stærðargráðu sem megi bera saman við málmiðnað Svía, sem við vitum að er umtalsverður og einhver stærsta og verðmætasta atvinnugrein þeirra.

Við höfum oft velt því fyrir okkur og ég hygg að fyrri athuganir á möguleikum þess að hér rísi iðnaður þar sem unnið er úr áli hafi vísað til þess að hér skortir nokkuð á tækniþekkingu.

En hitt veit ég, herra forseti, að fram hefur komið við athuganir á hugsanlegri magnesíumverksmiðju að erlendum aðilum sem hafa í því verkefni kynnst tæknikunnáttu starfsmanna íslenskra fyrirtækja, þ.e. hér á landi, eru ekki undrandi á því að hér sé lítil tæknikunnátta heldur hversu mikil hún reynist vera. Þeir hafa bent á að íslensk fyrirtæki sem vinna orku úr jarðvarma hafi á undanförnum árum komið fram með nýjungar sem eigi sér enga hliðstæðu í veröldinni. Þar á ég við starfsmenn og tæknimenn Hitaveitu Suðurnesja. Líklega mætti segja, herra forseti, að raforkuframleiðsla í stórum mæli á Nesjavöllum væri óhugsandi nema vegna þeirra nýjunga sem Hitaveita Suðurnesja, starfsmenn og tæknimenn hennar, hafa komið fram með á undanförnum árum, ekki starfsmenn Hitaveitu Reykjavíkur eða Nesjavalla — starfsmenn Hitaveitu Suðurnesja við Svartsengi. Það er kannski umhugsunarvert í þessu samhengi að á sama tímabili eru þeir sem vilja sjá umtalsverða raforkuframleiðslu á Nesjavöllum að spyrna við fótum gagnvart aukinni raforkuframleiðslu við Svartsengi. En látum það kyrrt liggja í samhengi við þetta mál.

Í þessu efni virðum við fyrir okkur tæknikunnáttu hér á landi, hráefnisframleiðslu og þann möguleika sem skýtur helst stoðum undir það sem hér er rætt, þ.e. vinnslu úr bráðnum málmi sem er fluttur bráðinn, fljótandi úr stóriðjuverunum til þeirra sem vilja framleiða úr málminum. Það mun vera verulegur kostur fyrir þann sem vill vinna endanlega vöru úr slíkum málmi. Það bendir til þess að á næsta áratug eða svo verði líklegra en nokkru sinni fyrr að hér geti slíkur iðnaður risið.

Ég hef áður nefnt það sem hefur komið fram um tæknikunnáttu okkar fólks. Við vitum að fjármagnsmarkaður hefur vaxið mjög að burðum, hefur orðið fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr og er þess vegna líklegur til að geta tekið þátt í því, ásamt fjármagnsfyrirtækjum í grannlöndum okkar, að rísa undir fjármögnun slíkra fyrirtækja. Við viljum sjá, herra forseti, með þessu eða öðru starfi sem víkur að slíkum viðfangsefnum að íslensku námsfólki bjóðist kostur á að kynnast því hvað þarf til, hvaða þekkingu þarf til, hvaða efni þarf til, hvaða aðstöðu þarf til, hvaða flutningatækni þarf til og á hvaða markaði slíkar vörur eru notaðar. Því öllum er alveg ljóst sem þetta hugleiða að meðan þeir sem alast hér upp vita ekki til hvers slíkar vörur eru notaðar dettur þeim varla í hug að fara að framleiða þær.

Með þeim ákvæðum sem taka gildi á næstu missirum í Bandaríkjunum verða gerðar vaxandi kröfur til þess að í bílaumferð komi léttari ökutæki sem eyði minni orku og verði síður mengandi. Kjarni þeirrar kröfu er að minnka mengun. Sjáanlegt er að það verður gert með því að framleiða fleiri hluti úr léttum málmum, þ.e. úr áli og magnesíum, sem notaðir eru til að smíða bíla. Athuganir á magnesíumverksmiðju

hafa leitt í ljós að markaður fyrir þann málm mun á næstu missirum gjörbreytast úr því að vera fákeppnimarkaður í það að vera lifandi samkeppnismarkaður. Þess verður greinilega vart að bifreiðaframleiðendur beggja vegna Atlantshafsins og í Japan leita mjög víða fyrir sér til að komast í viðskipti um þennan málm á næstunni. Þeir sem vinna að þessum athugunum, þ.e. magnesíumverksmiðju á Íslandi, hafa mjög kynnt sér þessa möguleika og þeir virðast sannarlega vera fyrir hendi.

En fleira mun sennilega þurfa að koma til, herra forseti, og ég vil leyfa mér að nota tækifærið og nefna, vegna þess að ég hef þegar nefnt fleiri atriði en þau sem nefnd eru í grg. okkar með tillögunni, að fram hefur komið að aðflutningsgjöld af magnesíummálmi eru önnur og hærri en af áli. Þar er eflaust komið nýtt verkefni fyrir starfsmenn okkar í utanríkisþjónustunni að fá þessum kjörum breytt vegna þess sem fram undan er. Ekki aðeins fyrir okkur sem hugsanlega væntanlega framleiðendur heldur líka löndin sem vilja leggja á þessi aðflutningsgjöld sem í framtíðinni eru miklu meiri kaupendur að þeim málmi en hingað til.

Ég hygg, herra forseti, og væntanlega munu fleiri taka undir það, að verðugt verkefni verði fyrir Íslendinga að koma því til leiðar að mengun fari minnkandi. Það er kjarni þess að við viljum gjarnan sjá hér rísa framleiðslu áls og magnesíums og starfsemi sem framleiðir úr þeim endanlegar neyslu- eða notendavörur.

Það hefur ekki verið haft mjög á lofti í umræðum um mengun af stóriðjuveri á Grundartanga að líklegast verður — af því sem komið hefur fram um þær stærðargráður — miklu minni mengun þar sem hinar endanlegu vörur verða notaðar en aukning mengunar hér við framleiðsluna. Þar eru menn ekki að tala um neitt í líkingu við það sem við höfum áhyggjur af í Hvalfirði eða annars staðar sem slík framleiðsla yrði í framtíðinni. Þar yrði hlutur Íslands mjög góður ef okkur tekst að hafa vald á menguninni hér heima. — En vel að merkja, nýjar vörur og ný ökutæki verða líka notuð á Íslandi.

Það sem ég tel mest um vert, herra forseti, og ég hygg að aðrir flm. taki undir með mér, er að fjölga atvinnutækifærum sem okkar æskufólki bjóðast og gefa þeim færi á að nýta kunnáttu sína og skjóta fleiri stoðum en verið hefur undir efnahagslíf Íslendinga — þjóðarbúskapinn eins og við köllum það. Setja eggin okkar í fleiri körfur, minnka þá miklu áhættu, sem við höfum gjarnan lagt á sjávarútveginn einan og sér til að rísa sem nánast ein sterk undirstaða undir atvinnulíf okkar, og gera þær fleiri og sterkari.

Við höfum stundum rætt það, en ekki af mjög mikilli alvöru, að aðrar þjóðir telji sig hætt komnar þegar u.þ.b. fimmtungur af efnahagslífi þeirra hvílir á einni atvinnugrein — á útflutningi afurða frá einungis einum atvinnuvegi. Það er miklu hærra hér. Að því leyti til höfum við tekið meiri efnahagslega áhættu og við viljum gjarnan stefna að minni áhættu af þessu tagi. Þess vegna segjum við — setjum eggin okkar í fleiri körfur, byggjum fleiri sterkar, öflugar og þróttmiklar stoðir undir atvinnulíf landsmanna og bjóðum þeim sem hér alast upp fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri.

[15:23]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 529. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 881.

Háskólar, 533. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 887.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 531. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 885.

Meðferð einkamála, 547. mál, frv. EKG, þskj. 901.

Tryggingagjald, 541. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 895.

Tekjuskattur og eignarskattur, 528. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 880.

Vörugjöld, 527. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 879.

[15:24]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu tillaga til þál. um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýtir ál við framleiðslu sína. Um er að ræða afskaplega mikilvægt mál og í rauninni þarft að þingið ræði það því þetta snertir marga þætti í efnahagslífi okkar og líklega snýst það fyrst og fremst um að auka fjölbreytni og stöðugleika í efnahagsmálum Íslendinga. Það snýst um að nýta auðlindir okkar. Það snýst um fullvinnslu og þá um leið að setja fleiri egg í efnahagskörfu okkar til að auka á efnahagslegan stöðugleika og framfarir.

Það má, herra forseti, með sanni segja að Íslendingar hafi lengst af verið veikir hvað varðar fullvinnslu almennt, einkum þó í sjávarútvegi okkar. Þar höfum við verið meira og minna útflutningsþjóð og lítið sinnt fullvinnslu. Til allrar hamingju hafa orðið miklar framfarir á því sviði á síðustu missirum og jafnkaldhæðnislega og það hljómar má segja að gæfa okkar hafi verið um sumt sá mikli samdráttur sem verið hefur í fiskveiðum Íslendinga því nú þegar við komum úr þeim öldudal komum við reynslunni ríkari og höfum lært og stigið mjög mikilvæg skref í átt til fullvinnslu sjávarafla og aukinnar verðmætasköpunar þar sem við nýtum náttúrulegar auðlindir og síðan mannauðinn.

Hér er verið að ræða um fullvinnslu og útflutning á áli sem hráefni. Um þriggja áratuga skeið höfum við verið útflutningsþjóð á áli sem hráefni þó vissulega megi jafnframt líta á álið sem afurð úr verksmiðju. En það er hins vegar, má segja, grátlegt að horfa á þetta merkilega hráefni sem útflutningsvöru án þess að verulegar tilraunir séu gerðar til þess að nýta þá möguleika sem þetta efni felur í sér. Í þessu samhengi má upplýsa að á vegum iðnrh. hefur í vetur starfað nefnd sem undirritaður stýrir þar sem er m.a. verið að skoða þær leiðir sem hér er verið að nefna og ég fagna því að þessi þáltill. er komin fram. Hún hlýtur að styrkja störf nefndarinnar þó að hún sé reyndar komin að lokastigum og eigum við von á að skýrsla hennar verði birt innan fárra vikna. En það er jafnframt afskaplega mikilvægt að þingið lýsi vilja sínum í málum sem þessum því þetta snýst auðvitað um stórmál — fullvinnslu og stöðugleika í efnahagsmálum.

Ég hefði aðeins, í þessu samhengi, viljað víkja örfáum orðum að störfum þessarar nefndar. Sérstaklega vil ég nefna að eins og við má búast er málið alls ekki einfalt einkum þegar kemur að þeim þætti sem nefnist völsun, þ.e. að taka hina svonefndu barra, útflutningsafurð álvera, og skera þá niður í þá þykkt sem þarf í hinn aðskiljanlegasta iðnað. Það er slík fjárfesting að koma upp völsunarverksmiðju að það virðist nokkuð ljóst að Íslendingar munu seint verða til þess enda eru meira að segja frændur okkar Norðmenn, sem um langt árabil hafa verið iðnir við framleiðslu á áli, á undanhaldi með völsunarverksmiðjur enda mun ein slík risastór vera komin upp í Þýskalandi og nær hún að undirbjóða völsunarverksmiðjur í Noregi. Hins vegar hafa Íslendingar verið að stíga nokkur skref í þessa átt. Ég nefni þar sérstaklega fyrirtæki á

borð við Hellu í Hafnarfirði, en það byggir á steypustarfsemi þar sem verið er að steypa úr áli og hefur þetta litla fyrirtæki náð ótrúlegum árangri og er farið að flytja út afurðir sínar. Þar virðast sem sagt liggja gífurleg sóknarfæri.

Ég vil upplýsa að á vegum þeirrar nefndar sem starfar á vegum iðnrn. fengum við fulltrúa, m.a. frá þýsku Volkswagenverksmiðjunum og öðrum bílaframleiðendum til þess að hlera hjá þeim hvaða kröfur slíkir framleiðendur gerðu til birgja sinna með það í huga hvort Íslendingar gætu m.a. vegna fjarlægðar framleitt hluti í bílaverksmiðjur. Þar kom m.a. fram, sem er afskaplega mikilvægt, að fjarlægðin skiptir ekki máli. Þá kom jafnframt fram að fram undan eru þau verkefni hjá bílaverksmiðjum heimsins að gera bíla léttari, m.a. af mengunarástæðum, til þess að þeir mengi minna og þar mun ál og magnesíum gegna lykilhlutverki. Þar eru okkar sóknarfæri en í ljós kemur, herra forseti, við athugun að Íslendingar eru mjög vanafastir og hefðbundnir á ýmsum sviðum. Í skipaiðnaði og byggingariðnaði virðumst við hafa fest okkur í hefðbundnum byggingarefnum svo sem viðarefnum og plastefnum, þar sem álið virðist að mörgu leyti geta komið í stað þessara hefðbundnu efna. Hið sama gildir um matvælaiðnað, fiskvinnslu og þannig má áfram telja.

Innan Háskóla Íslands og Iðntæknistofnunar er unnið mjög ötullega að þróunarstarfi á þessu sviði og þar eru þróunarmöguleikar sem eiga eftir að nýtast okkur verulega. Vandinn er augljós, kynningin á möguleikum álsins er lítil, hugvitið er þó til staðar en víða er pottur brotinn í menntunarstigi okkar hvað varðar vinnslu og meðferð á þessum málmi. Þar þarf á að taka og einnig að nýsköpun sé sinnt.

Tími minn er senn á þrotum og verð ég því að hlaupa yfir nokkur atriði. Mig langar rétt í lokin að greina frá efnisþáttum sem verða í væntanlegri skýrslu á vegum iðnrn. þar sem lagt verður til að efnt verði til verulegrar kynningar á möguleikum álsins innan þess atvinnulífs sem nú þegar er til staðar. Það verði litið til menntunarþáttar, hann er forsenda þess að við náum að bæta okkur á þessu sviði, það verði leitað að nýtingu innan lands, það verði komið upp svonefndum álgarði þar sem reynt er að safna saman þeirri þekkingu og þróunarstarfi sem á sér stað og mun eiga sér stað og þar fram eftir götunum. Lykilatriðið verður þó að ef til þeirrar magnesíumverksmiðju kemur sem framsögumaður nefndi hér, þá hef ég trú á að slíkar breytingar verði í atvinnulífi okkar að ég trúi því að þá hefjist nýtt skeið í atvinnusögu Íslendinga. Það byggir einfaldlega annars vegar á því sem ég nefndi áðan um kröfur bílaiðnaðarins og hins vegar þeirri staðreynd að við úrvinnslu úr magnesíum borgar sig ekki að flytja magnesíum og bræða það upp aftur heldur þarf úrvinnslan helst að fara fram í skotfæri frá magnesíumverksmiðjunni sjálfri þannig að hægt sé að láta magnesíum renna fljótandi. Þannig munu nýtingarmöguleikar okkar verða gífurlegir í kjölfarið ef af verður. Það mun efla menntunarstig okkar, rannsóknarstig og mikið framfaraskeið hefjast hjá íslenskri þjóð.

[15:33]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég þakka ágætar undirtektir hv. þm. Hjálmars Árnasonar við þessa tillögu og ekki síst hversu sammála hann er okkur flm. Raunar verður að segja að einhverjir okkar höfðu hugmynd um það nefndarstarf sem hann stýrir. Við væntum þess að það muni draga fram nokkur þau atriði sem við höfum vakið máls á, t.d. í grg. með tillögunni, og við teljum það skipta miklu máli að aðgengilegar upplýsingar séu til fyrir þau ungmenni sem hyggja á framtíðarstörf í iðnaði. Raunar er það svo að slík þekking verður að vera við hæfi ekki einasta þeirra sem eru upp að vaxa heldur hinna sem leita sér endurmenntunar eða þurfa að gera sig hæfa til nýrra starfa einhvern tíma á lífsleiðinni.

Það er rétt sem fram kom, herra forseti, að völsunarstarfsemi er mjög stór í sniðum og við nefnum í grg. að ekki er líklegt að við gerumst þátttakendur í henni. Steypustarfsemin er líklegri og þá einkum með tilliti til blöndunar magnesíums í ál. Tæknikunnátta Íslendinga hefur, eins og ég hef nefnt áður, vakið nokkra athygli og nokkru meiri en við sjálf höfum átt von á. Hins vegar verður að geta þess að flutninganet okkar Íslendinga við umheiminn er alvarlegt umhugsunarefni í þessu samhengi. Þótt fjarlægðin sem slík skipti ekki máli getur flutningatíðnin skipt miklu. Aðild okkar að hinu Evrópska efnahagssvæði mun vera kostur í þessu efni eins og við höfum stundum minnst á. Þess vegna er mögulegt að framleiðendur bifreiða og annars varnings sem á uppruna sinn í öðrum heimshlutum sjái hér hlið opnast til nýrra markaða eða hlið sem gefi þeim tækifæri til bættrar samkeppnishæfni eins og við köllum það. Öll þessi atriði verða væntanlega athuguð, herra forseti.

Ég þakka ágætar undirtektir og legg að lokum til að málinu verði vísað til síðari umr. og til athugunar hjá hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 469. mál. — Þskj. 795.

[15:35]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um eflingu sparnaðar og aukna hlutdeild almennings í atvinnurekstri á þskj. 795. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Pétur H. Blöndal og Einar Oddur Kristjánsson.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi virðulegs forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa lagasetningu er hafi það að markmiði að efla sparnað í þjóðfélaginu, auðvelda almenningi að eignast hlut í atvinnurekstri og tryggja þannig dreifða eignaraðild í atvinnulífinu. Í því skyni verði starfsfólki fyrirtækja sem skráð eru á hlutabréfamarkaði eða hafa verið einkavædd boðið að stofna sérstaka sparnaðarreikninga með hæstu ávöxtun, sem bundnir verði til þriggja til sjö ára, hjá viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Reikningarnir verði á nafni starfsmanna og verði föst fjárhæð af launum þeirra lögð inn á þá. Að loknum umsömdum binditíma eigi starfsmaðurinn rétt á að nýta sér það fé sem safnast hefur til þess að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu sem hann vinnur hjá á því gengi sem var á hlutabréfum þess þegar sparnaðartímabilið hófst. Kjósi hann hins vegar að verja fénu til annarra nota verði honum það frjálst."

Virðulegi forseti. Eins og öllum er ljóst hafa einstaklingar haslað sér æ meiri völl í atvinnulífinu með auknum kaupum á hlutabréfum hér á landi eins og annars staðar á undanförnum árum. Þetta er í raun og veru alþjóðleg þróun sem hér hefur sem betur fer líka átt sér stað. Það er enginn vafi á því að miklu stærri hluti af sparnaði fólks er núna í hlutabréfum en

áður var. Þessi þróun er afar æskileg. Með þátttöku í atvinnulífinu aukast áhrif almennings og stuðlar hún jafnframt að þeirri valddreifingu sem flestir telja æskilega. Enginn vafi er heldur á því að vaxandi eignarhlutdeild almennings í fyrirtækjum veitir stjórnendum aðhald og krafan um upplýsingar eykst að sama skapi.

Kveikjan að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er í raun og veru í Bretlandi. Þar í landi hafa menn farið svipaðar leiðir varðandi stórfyrirtæki. Eins og menn vita hefur einkavæðing stóraukist á ríkisfyrirtækjum þar á undanförnum 15–20 árum og í langflestum tilvikum hefur það gengið mjög vel. Fyrirtækin hafa eflst og dafnað. Þau hafa náð að hasla sér völl á nýjum sviðum og náð því að lækka í senn tilkostnað hjá sér og framleiðslukostnað en jafnframt að greiða arð til eigenda sinna sem er almenningur þar í landi. Þrátt fyrir að þetta hafi mætt nokkrum mótbyr í upphafi þá er það nú þannig núna að almennt er þessi þróun litin fremur jákvæðum augum. Menn telja mikilvægt og gott í sjálfu sér að almenningur sé eignaraðili í stórum fyrirtækjum. Það hefur auðvitað komið á daginn að hið gamla rekstrarform ríkisfyrirtækjanna gekk ekki vel og áhrif almennings í þessum fyrirtækjum voru lítil sem engin.

Gott dæmi um þetta eru t.d. flugvellirnir í Bretlandi sem margir hverjir eru í eigu hlutafélaga, t.d. Heathrow-flugvöllur, og ýmsir aðrir stórir flugvellir í Bretlandi hafa verið einkavæddir. Þeir voru áður að hluta til í eigu ríkis og að hluta til í eigu sveitarfélaga en eru núna í eigu einstaklinga og hlutafélaga og samtaka þeirra. Þar hefur verið sett upp sparnaðarform sem er mjög svipað þessu sem gerir ráð fyrir að starfsmennirnir geti ákveðið að leggja fyrir einhverja upphæð í hverjum mánuði sem fari síðan til ávöxtunar á bestu hugsanlegum kjörum í viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis og að loknum tilteknum tíma, sem starfsmenn semja um, t.d. að loknum þremur, fimm eða sjö árum, þá geti þeir tekið ákvörðun um það annars vegar að nýta peningana til einhverra þeirra hluta sem þeir vilja ellegar að kaupa hlutabréf á því gengi sem var í fyrirtækinu þegar sparnaðartímabilið hófst. Eru dæmi um, virðulegur forseti, að allt að 98% af starfsmönnum þessara fyrirtækja eru um leið eigendur að þessum fyrirtækjum og hafa náð bæði áhrifum og völdum í fyrirtækjunum að sama skapi. Ekki bara það heldur hefur líka tekist að bæta kjör þessa fólks með því að skipulag fyrirtækjanna hefur að sjálfsögðu batnað eftir að þau komust í eigu einstaklinga jafnframt því sem fólkið hefur notið þess í auknum arðgreiðslum. Þetta, virðulegi forseti, hefði ég t.d. talið að margir hefðu áhuga á, ekki síst í hópi stjórnarandstöðunnar, sem hafa verið að tala um mikilvægi þess að reyna að bæta kjörin í landinu. Þess vegna verð ég að segja það, virðulegur forseti, að ég er fremur undrandi á því að undir umræðum af þessu tagi, sem tekur á pólitískum álitamálum eins og t.d. einkavæddum fyrirtækjum og tekur á spurningum um hvernig hægt sé að bæta kjör almennings þá kjósi þingmenn stjórnarandstöðunnar að vera að langmestu leyti fjarverandi þessa umræðu. Þetta vekur spurningar um hvort mikil alvara sé á bak við kröfuna frá hv. stjórnarandstöðu um annars vegar að dreifa eignaraðildinni í atvinnulífinu í landinu og hins vegar að reyna að leita leiða til að bæta kjörin hjá almenningi í landinu. Þetta vil ég leggja fram til umhugsunar fyrir menn til að velta fyrir sér í framtíðinni þegar umræða um þessi mál hefst á nýjum vettvangi á Alþingi eða einhvers staðar annars staðar.

Það er auðvitað ekkert álitamál að íslenskt atvinnulíf er allt of skuldugt. Vandi heilla atvinnugreina er sá að fyrirtækin hafa borið mikla skuldabagga og orðið að verja allt of miklum hluta af sínum tekjum til að standa undir miklum fjármagnskostnaði. Hins vegar blasir líka við að til þess að við getum staðið undir væntingum um bætt lífskjör í landinu þá verða þessi fyrirtæki að fjárfesta og verja til þess verulegu fé. Það mun ekki takast með því að leita eftir nýju og auknu lánsfé. Ef fyrirtækin eiga að axla þessa ábyrgð og ef þeim á takast að bæta lífskjörin jafnframt því að skila eðlilegum hagnaði, sem er auðvitað forsenda fyrir því að þau geti bætt lífskjörin í landinu, þá verður það að gerast með því að inn í þau komi nýtt eigið fé. Þess vegna er mjög mikilvægt að við löðum fram sparnaðarform innan fyrirtækjanna sem geri fýsilegt fyrir almenning að taka þátt í því að fjárfesta í atvinnulífinu sjálfu.

Við höfum líka fylgst með því hér á landi eins og annars staðar að fyrirtækjaeiningarnar eru að stækka. Þetta hefur verið að gerast mjög áberandi t.d. í sjávarútveginum. Þetta er líka að gerast á fjölmiðlamarkaðnum og á fjármálamarkaðnum, eins og menn munu ræða á eftir í öðru þingmáli sem verður hér til umfjöllunar. Þetta er að gerast á nærri því öllum sviðum. Þetta er ekki bara íslensk þróun heldur alþjóðleg þróun. Við sjáum það við lestur erlendra blaða og tímarita að fyrirtæki eru sífellt að sameinast. Þau eru að stækka og eflast til að reyna að ná niður tilkostnaði vegna þess að sífellt og alls staðar er krafan uppi um að fá þjónustuna á sem lægstu verði þó þannig að fyrirtækin geti borgað hátt kaup og tryggt þannig góð lífskjör í landinu. Þessi þróun er óhjákvæmileg. Þá vaknar sú spurning hvort ekki sé hætta á óeðlilegri valdasamþjöppun. Er ekki hætta á að fáir einstaklingar sem ráða þessum fyrirtækjum geti ráðið allt of miklu í okkar þjóðfélagi? Svarið hefur verið það hvernig við getum tryggt að fólkið sjálft, almenningur í landinu, komi að því og hafi áhuga og hagsmuni af því að skipta sér af rekstri slíkra fyrirtækja. Það kemur m.a. fram í því að víða úti um heim eru menn að reyna að laða almenning til að fjárfesta í fyrirtækjum til að tryggja m.a. hina eðlilegu valddreifingu sem er svo nauðsynleg í atvinnulífinu eins og annars staðar í okkar þjóðfélagi.

Það hefur verið mikið rætt um samþjöppun í sjávarútvegi. Ég held, virðulegi forseti, að ef við reyndum að beita þeirri aðferð í hinum stóru og öflugu sjávarútvegsfyrirtækjum og gera almenningi kleift að gerast hluthafar þar á þægilegan hátt þá mundum við sjá verulega breytingu. Ég held að gott væri fyrir sjávarútveginn og hollt fyrir atvinnulífið að æ fleiri einstaklingar kæmu að því að fjárfesta í fyrirtækjunum, að taka þátt í þeim, og skapa þar með þá nauðsynlegu breidd sem þarf að vera í þeim. Auðvitað er ekkert óeðlilegt að hugsa sér að við gætum séð það í sjávarútveginum, eins og t.d. í þessum einkavæddu fyrirtækjum í Bretlandi, að allt að 90–100% af starfsmönnum þess ættu hlut í fyrirtækjunum.

Það er auðvitað sérstaklega áhugavert að velta þessu fyrir sér nú þegar við hyggjumst einkavæða bankana, sem fyrir löngu var orðið tímabært, þá fyndist mér mjög skynsamlegt að beita þessari aðferð hér, bjóða t.d. starfsmönnum ríkisbankanna að eignast hlut í þeim á þeim kjörum sem hér er verið að leggja til í þessu þingmáli og ég hef þegar gert rækilega grein fyrir.

Við vitum líka að um þessar mundir stöndum við frammi fyrir nýjum vanda í okkar þjóðfélagi. Við höfum verið í því farinu að hér hefur verið áralangur samdráttur, sennilega einhver sá lengsti frá stríðslokum, sem hefur m.a. leitt til

þess að fjárfesting í atvinnulífinu hefur dregist mjög hratt saman. Um tíma var það svo að fjárfestingin nam jafnvel lægri upphæð en afskriftirnar í atvinnulífinu sem eru auðvitað mjög alvarleg tíðindi. Auðvitað er ekki sama hvernig við notum peningana til fjárfestinga en engu að síður er ljóst að fjárfestingin var orðin hættulega lítil í þjóðfélaginu. Nú hefur hins vegar skapast ástand sem margir telja að geti leitt til þess að hér verði þensla. Þess vegna er mjög mikilvægt að bætt lífskjör og aukinn kaupmáttur almennings og fyrirtækja leiði líka til þess að þjóðhagslegur sparnaður aukist. Þjóðhagslegur sparnaður hefur dregist saman og við sjáum í fskj. þessarar þáltill. að hinn þjóðhagslegi sparnaður hér á landi núna er verulega minni en í Evrópu sem að hluta til stafar af verri afkomu ríkissjóðs en líka vegna þess að almennt er sparnaðurinn bara minni í okkar þjóðfélagi, menn verja stærri hluta til neyslu og annarra hluta.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, virðulegi forseti, hversu mikil aukning hefur orðið í því að almenningur fjárfesti í atvinnulífinu. Frá árinu 1990 fjárfestu um 16.000 einstaklingar í hlutabréfum, síðan dró mjög úr þessum kaupum næsta ár á eftir en síðan má segja að það hafi verið hægur en stígandi gangur í þessum efnum. Á síðasta ári er talið að um 20.000 manns hafi keypt hlutabréf í hinum ýmsu fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði skattyfirvalda um frádráttarbærni vegna hlutabréfakaupa.

Það er athyglisvert að velta fyrir sér hvað þetta þýðir í rauninni. Talið er að um 150.000 Íslendingar séu framtalsskyldir. Þegar búið er að draga frá allar bætur og alla frádráttarliði, sjómannaafslátt, barnabætur, vaxtabætur o.s.frv. þá er það í raun þannig að einungis um þriðjungurinn eða um 50.000 manns borga í raun og veru tekjuskatt. Það þýðir að u.þ.b. 40% þeirra sem greiddu tekjuskatt á síðasta ári höfðu keypt hlutabréf í skráðum félögum.

Það hefur margt verið ritað og rætt um mikilvægi þess að einstaklingar keyptu hlutabréf í atvinnulífinu. Ég vil nefna eitt í því sambandi sem ég vék aðeins að í upphafi máls míns, þ.e. ef vel gengur í atvinnulífinu þá mun það góðæri í raun skila sér til eigenda fyrirtækjanna þar á meðal þess almennings sem er að fjárfesta í fyrirtækinu. Við getum ekki sagt og það getur enginn leyft sér að segja að það sé einhver útvalinn hópur sem eigi hlutabréf í dag þegar við blasir að 40% þeirra sem greiða tekjuskatt voru í raun og veru að fjárfesta í atvinnulífinu á síðasta ári. Þess vegna er hægt að segja með mjög gildum rökum að ef vel gengur í atvinnulífinu og það er í færum til þess að borga arð þá skilar sá arður sér til almennings í landinu. Og alveg sérstaklega ef okkur tekst að leggja fram plan sem hefur það í för með sér að almenningur fjárfesti í vaxandi mæli í atvinnulífinu. Við höfum séð slagorð á undanförnum vikum og mánuðum sem er einhvern veginn svona — góðærið til fólksins. Þess vegna held ég að bæta mætti við þetta ágæta slagorð og segja — góðærið til fólksins með arðgreiðslum. Það væri þess vegna mjög fróðlegt að heyra t.d. viðbrögð fulltrúa verkalýðsfélaganna við hugmyndum af þessu tagi og ég legg áherslu á að úti í heimi, t.d. í Bretlandi, hefur þessu verið mjög vel tekið t.d. í starfsmannafélögum hinna stóru fyrirtækja sem sjá auðvitað í hendi sér að með þessum hætti er hægt að tryggja að góðærið fari til fólksins í formi arðgreiðslna og fólkið njóti þess þegar vel gengur í atvinnulífinu strax og án nokkurra tafa.

Virðulegi forseti. Það er með þessum orðum sem ég vildi fylgja þessari tillögu til þál. úr hlaði. Að lokinni umræðu geri ég að tillögu minni að málið fari til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:50]

Útbýting þingskjals:

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, 481. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 810.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, 1. umr.

Frv. EOK o.fl., 482. mál. — Þskj. 813.

[15:50]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Það er á þskj. 813. Flm. auk mín eru hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, Pétur H. Blöndal og Einar K. Guðfinnsson.

Frv. þetta er í tveimur greinum. Það er örstutt og hljóðar 1. gr. svo, með leyfi forseta:

„Slíta skal Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands. Um meðferð eigna og skulda félagsins við slitin fer samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 68/1994."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 68/1994, um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands."

Lögin nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru að mörgu leyti mjög sérstök og athyglisvert að athuga þær umræður sem urðu um þau á Alþingi og framsögu þáv. hæstv. heilbr.- trmrh. Guðmundar Árna Stefánssonar fyrir því máli. Það var flutt sem svokallað EES-mál og þótti rétt og skylt vegna þeirra breytinga sem þá voru að breyta Brunabótafélaginu.

Ég held að rétt sé, í upphafi máls míns, að ég fari aðeins yfir sögu þessa í örfáum orðum. Brunabótafélag Íslands var stofnað með lögum 1. janúar 1917 og gegndi lengi vel ákaflega þýðingarmiklu hlutverki fyrir sveitarfélögin í landinu sem þess óskuðu en það voru flest sveitarfélög utan Reykjavíkur. Nokkrir sveitahreppar voru ekki með og síðustu árin ekki Hafnarfjörður og nokkur önnur bæjarfélög. En það var alltaf rekið sem gagnkvæmt tryggingafélag en 1989 fer það í samstarf við Samvinnutryggingar og myndar Vátryggingafélag Íslands og vátryggingastofn þess annað en brunabætur fara þá inn með sérstöku leyfi trmrh. En það varð svo úr eftir töluverðar vangaveltur að félaginu var breytt í þetta eignarhaldsfélag og er því rétt hér og nú, herra forseti, að rifja það upp. Ég vil meina að það hafi ekki verið neitt leyndarmál að árin áður en þetta frv. var flutt þá var þetta mál mjög til pólitískrar umræðu — hvað ætti að gera við þetta félag. Hæstv. fjmrh. þáv. og núv. fer ekkert leynt með skoðun sína þá að rétt hafi verið að reyna að gá hvort þetta félag tilheyrði ekki ríkinu og yrði ríkiseign. Niðurstaða lögfræðinga var sú að svo væri alls ekki og ríkið ætti ekkert í þessu félagi.

Síðan er það ekkert leyndarmál heldur, herra forseti, að menn lögðu sig mjög fram um að finna fyrir því lögfræðileg rök að þetta félag væri eign sveitarfélaganna. En niðurstaðan var sú að svo væri alls ekki. Sveitarfélögin ættu þetta félag alls ekki. Það væri alveg ljóst að félagið væri í eigu þeirra

aðila sem tryggðu hjá því, eins og eðli gagnkvæmra tryggingafélaga væri. Það var því hin skýlausa niðurstaða þeirra sem um málið fjölluðu að félagið væri í eigu tryggingartakanna. Enda kemur það mjög skýrt í ljós þegar lögin eru skoðuð að þá fer það ekki milli mála hvað þau segja og kom líka skýrt fram í umræðunni um þetta frv. þegar það var flutt. Það kom mjög skýrt fram hjá flm., þáv. hæstv. ráðherra, og öðrum líka sem fjölluðu um málið, sérstaklega hjá núv. iðn.- og viðskrh., Finni Ingólfssyni. En þessi lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands eru þannig að í 3. gr. laganna er getið um til hvers það sé — það sé til þess að vera í tryggingarstarfsemi en í 5. gr. er nákvæmlega sagt til um það hver eigi félagið. Þar segir í fyrstu upptalningu að þetta sé sameign þeirra sem brunatryggðu fasteignir. Í öðru lagi þeir sem áttu tryggingarnar sem gengu til Vátryggingafélagsins 1989 og í þriðja lagi verður sameignarfélagið, sem samanstendur af fulltrúum frá sveitarfélögunum, sameignaraðilar um leið og þessir kunna að falla frá. Þessi einkennilega uppsetning er svona. Það er viðurkennt, það er skýrt hver á félagið — það eru tryggingartakarnir. Þeir skulu samt ekkert með það hafa heldur gerist fulltrúaráð sveitarfélaganna sjálfkrafa erfingjar allra hlutanna. Þeir erfa það sjálfkrafa. Ef einhver deyr þá erfir klúbburinn hann, ef eitthvert félag verður gjaldþrota þá erfir klúbburinn það líka. Það er alveg skýrt. Þannig að stefnt er að því einhvern tímann í framtíðinni að þetta fulltrúaráð sveitarfélaganna muni erfa og eignast það í fyllingu tímans.

Í lögunum er líka gert ráð fyrir að til slita félagsins geti komið. Það er í 16. gr. en þar er nákvæmlega sagt til um hvernig beri þá að haga sér. Það ber þá að skipta þeim hluta, sem sameignarsjóðurinn er búinn að erfa, upp milli sveitarfélaganna í hlutfalli við það hvernig þeir tryggðu við slit félagsins á síðasta árinu, þ.e. 15. október 1992 til 14. október 1993. Það er sem sagt alveg skýrt hverjir eiga og hvernig með skuli fara komi til slita. Það fer ekkert á milli mála í neinum texta laganna. Enda er það ljóst að þegar þáv. hæstv. heilbrrh., Guðmundur Árni Stefánsson mælti, fyrir frv. á Alþingi, og kom það skýrt fram í umræðunum sem þar voru, að honum er það fullkomlega ljóst hver á þetta félag. Og sá sem ræddi mest um þetta þá var núv. hæstv. iðnrh. Finnur Ingólfsson. Honum er mjög vel ljóst hverjir eiga þetta félag í reynd.

Hér er sem sagt um dálítið sérstætt mál að ræða. Það eru allir sem viðurkenna það, bæði í textanum svo og í umræðunni á Alþingi, hver eigi þetta félag en menn kjósa að fara þá leið að láta eigendurna ekki hafa neitt um þetta að segja heldur kjósa þessa leið að smám saman í fyllingu tímans komi þetta sameignarfélag til með að erfa þetta.

Í skýrslu einkavæðingarnefndar er mjög fjallað um allt þetta mál, Brunabótafélagið, og Árni Tómasson og Tryggvi Gunnarsson skrifuðu um það stutta skýrslu og við létum hana fylgja með sem fskj. Ég vil sérstaklega vekja athygli manna, herra forseti, á 4. lið því það er aðalatriði málsins. En þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af því hversu óvirkt og óvisst hugsanlegt tilkall félagsmanna BÍ er til eigna BÍ verður að telja líkur á að löggjafinn geti án þess að það fari í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar mælt fyrir um ráðstöfun á eignum BÍ í þágu þeirra markmiða, sem lög um BÍ hafa verið byggð á, enda séu uppfyllt ýmis almenn skilyrði slíkrar lagasetningar."

Svo mörg voru þau orð.

Þessir frómu menn segja það beint út að þarna sé vitandi vits farið á svig við 67. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. greinina um eignarréttinn, vitandi vits með tilliti til þess að þetta sé laustengt milli eigendanna og félagsins og að félaginu sé ætlað í framtíðinni að starfa í þágu þeirra markmiða sem það var stofnað til og það vann svo vel að í marga, marga áratugi. Það réttlætir það að þeirra dómi.

Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þetta ágæta félag, og er ekkert nema gott um það að segja, ákvað nú fyrir skömmu að hætta starfsemi sinni á þeim vettvangi sem það hefur verið allt frá upphafi, þ.e. frá 1917 og ákvað að selja hlut sinn í Vátryggingafélagi Íslands, selja það á einu bretti Landsbanka Íslands og hætta þar með þessari starfsemi sem þeir hafa stundað allt frá upphafi.

Þeim er að sjálfsögðu frjálst að gera þetta. Það efast enginn um að stjórn þessa félags hafi verið heimilt að gera þetta og eftir því sem ég best veit, herra forseti, þá er fulltrúaráð Brunabótafélagsins á fundi nú í dag. Annaðhvort hefur hann hafist eða mun hefjast nú dag. Mér er sagt það a.m.k. og er þess að vænta að sjálfsögðu að fulltrúaráðið muni staðfesta áður gerðan kaupgerning. Það er því alveg ljóst að þetta sem helgaði það að fara á svig við eignarréttinn er ekki lengur til staðar. Þeir eru hættir störfum, eru núna bara eignarhaldsfélag og því eru, herra forseti, engin einustu rök til annars en að félaginu sé slitið og það afhent sannarlega réttum eigendum eins og lögin skilgreina svo skilmerkilega, eins og öll umræðan, þá frv. um lögin var flutt í Alþingi, gerir svo skilmerkilega.

Það verður að segja það, herra forseti, að rökin í umræðunum fyrir þessu frv. á sínum tíma fyrir eignarhaldsfélaginu voru að hluta til þau að mönnum virðist þá ekki hafa verið ljóst hvaða verðmæti voru í þessu félagi. Og menn notuðu það mjög mikið í umræðunni að það kæmi svo lítið í hvers hlut að það tæki því ekki að fara að skipta þessu. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið ef mönnum hefur ekki verið ljóst hvaða upphæðir þarna voru, en það er ljóst á álitsgerðinni sem ég las upp áðan að það hefur verið mjög vanmetið því að í álitsgerðinni, sem er frá 1995, eru menn að gera ráð fyrir því að þarna séu þetta um 500 millj. þannig að núna á örskömmum tíma hefur þetta mat mjög breyst því að það liggur fyrir og er vitað að söluverð Brunabótafélagsins til Landsbankans var 3,4 milljarðar, þ.e. 3.400 millj. Í ljósi þessa má því kannski segja að Alþingi hafi verið nokkur vorkunn á sínum tíma því þegar lögin voru sett var mönnum alls ekki ljóst um hversu mikla peninga þeir voru að fjalla.

Samkvæmt upplýsingum Vátryggingaeftirlitsins tryggðu 66 þúsund nafnnúmer hjá Brunabótafélagi Íslands og samkvæmt laganna hljóðan eiga menn hlut í þessu félagi í hlutfalli við iðgjöld þeirra eins og segir hér í lögunum. Nú hefur mönnum gengið ákaflega illa að finna út meðaltalið af hlutunum og er sorglegt til þess að vita hversu illa þessi reikningur hefur gengið. Þetta eru 3.400 millj. og að deila 66 þús. upp í það ætti fæstum að vera ofviða en þó hefur það gengið alveg sérstaklega illa. Talan 6 kr. hefur verið nefnd í fjölmiðlum. Talan 30–40 kr. hefur líka verið nefnd í fjölmiðlum. Neðst komst hv. þm. Sighvatur Björgvinsson í Dagblaðinu nú fyrir nokkrum dögum en fékk þá útkomuna 4–5 kr. Þetta er svona með verri útkomum í reikningi sem ég minnist að menn hafi lent í, að deila þessu saman. En einhverjir munu klára að gera þetta og niðurstaðan er nú rúmar 51 þús. kr. miðað við heildarupphæðina. Sé það rétt að þarna séu skuldir upp á nokkruð hundruð millj. í lífeyrissjóði og mér þykir eðlilegt að nettótalan sem um er að ræða sé nú

eitthvað nær svona 3.000 millj., og deilt er með 66 þús. í það þá kemur eitthvað í kringum 45 þús. út úr því dæmi hjá flestum þannig að hér er um umtalsverða fjármuni að ræða, herra forseti. Að vísu liggur fyrir að meðaltalið er bara meðaltal. Eignarhlutanum skal úthlutað samkvæmt iðgjöldum og sannarlega geta þau verið mjög smá upp í það að vera mjög stór þannig að það getur verið frá nokkrum einseyringum upp í nokkrar milljónir. En meðaltalið er þá ekki minna en 45 þús. kr. og venjulegu fólki, þ.e. því fólki landsbyggðarinnar sem tryggði húsin sín, sem tryggði bílana sína og innbúið sitt, munar um það meðaltal, 45 þús., 30 þús., 50 þús., 100 þús., 200 þús. Þetta eru allt peningar og á tölvuöld er mjög auðvelt að koma þessu til skila. Öll þessi nafnnúmer liggja fyrir nákvæmlega hjá Vátryggingaeftirlitinu.

Það er einnig vitað að frá því að lögin voru sett og til dagsins í dag hafa um 12% af þessu gengið til sameignarfélagsins eða 8.000 kennitölur sem sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins, svo að ég fari með þetta rétt, á. En 52% eru í eigu einstaklinga eða 34 þúsund kennitölur og 36% eru þá í eigu sveitarfélaga, alls konar félagasamtaka o.s.frv., þ.e. 24 þúsund kennitölur. Sveitarfélögin eru sem sagt búin að eignast 12% í gegnum þetta sérstaka arfafyrirkomulag eins og lögin segja fyrir um. Það er líka vitað, herra forseti, að sveitarfélögin voru að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands um 12% af heildartryggingunum þannig að saman koma sveitarfélögin til með að eiga svona 22–24% af Brunabótafélagi Íslands. Það hefur komið fram í umræðum margra að hér væri ekki gott mál á ferðinni vegna þess að verið er að taka eignir af sveitarfélögunum. Þetta er alls ekki rétt því að með því að slíta félaginu er einmitt verið að „realísera" þessar eignir og sveitarfélögin munar svo sannarlega um það.

Það hefur einnig komið fram, herra forseti, að mönnum þykir óþarfi að gera þetta þar sem Brunabótafélagið hafi áfram verkefni. Menn segja og hafa sagt í nafni þess að sannarlega gætu þeir keypt sér tryggingar. En ég segi aftur á móti: Sérhver hinna raunverulegu eigenda getur náttúrlega líka keypt sér tryggingar. Það þarf enga hjálp til þess.

Í öðru lagi segir í lögunum að tilgangurinn sé að lána peninga og einhverjir vilja meina að gott sé fyrir sveitarfélögin að þeim séu lánaðir peningar. En ég segi, herra forseti, að Lánasjóður sveitarfélaga er í gangi. Hann lánar heilmikla peninga með mjög góðum vöxtum. Það er líka vitað að sveitarfélögin hafa á undanförnum árum mjög farið út á hinn almenna lánamarkað og fengið þar mikið lán á mjög góðum kjörum. Staðan er þannig nú að það er offramboð á lánum. Sveitarfélögin vantar engin lán. Þau geta fengið öll þau lán sem þau vilja, enda eru þau með ríkisábyrgð. Ríkið ber ábyrgð á þessu öllu saman. Allir eru tilbúnir að lána þeim. Þetta er ekkert vandamál.

Í þriðja lagi er getið um það í lögunum að stuðla eigi að að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og taka þátt í að veita styrki til slíkrar starfsemi. Þetta er nú allt gott og blessað en ég verð að segja það, herra forseti, að ég treysti því að menntakerfið í heild muni sjá um þetta eins og annað, að það þurfi ekki endilega að vera sérstakt félag til þess að sjá um styrki til þess að læra tryggingafræði.

Eins og gengur vildu margir, eins og ég nefndi í upphafi, eiga þetta félag. Sveitarfélögin vildu eiga það, ríkið vildi eiga það og ég get alveg skilið hæstv. fjmrh., ríkiskassanum veitir aldrei af því að fá til sín peninga o.s.frv. Hitt er alveg skýrt og liggur fyrir í öllum lögfræðilegum álitum, hverjir eigendurnir eru og það ber á hverjum tíma að virða eignarréttinn því að ef við virðum ekki eignarréttinn í hverju sem við gerum, þá er hætt við því að við villumst annars staðar og eiginlega alveg víst að menn verða kolvilltir þegar í stað. Það er mjög mjög brýnt að eignarrétturinn sé virtur því að allt okkar hagkerfi byggist einmitt á því að við virðum eignarréttinn.

Þegar þetta ágæta félag hefur hætt störfum er því eðlilegt að það hætti, verði slitið í sundur og hinum réttu eigendum skilað sínum hlut sem getur verið mismunandi mikill, svona einhverjir tugir þúsunda til hins venjulega borgara sem byggir þetta land. þ.e. eigendum húsa í dreifbýlinu annarra en í Reykjavík og Hafnarfirði. Það eru eigendur húsa í Garðabænum, í Kópavogi, á Reykjanesi, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Suðurlandi og Austurlandi og þetta fólk munar um það. Það er engin ástæða til annars en að afhenda þeim sína peninga, engin ástæða til annars og tæknilega engin vandkvæði, alls engin vandkvæði á því.

Mér hefur, herra forseti, þótt viðbrögð sumra nokkuð kynleg við þessu frv. okkar. Menn hafa talið það algjöran óþarfa að gera þetta. Verst fannst mér frammistaðan vera hjá formanni jafnaðarmannafélags Íslands — eða heitir það ekki það? Jafnaðarmannaflokkur Íslands líklega — því hann vildi meina að þetta væri svo lítið í hlut hvers og eins, 4–5 kr., að það jafnaðist á við fuglafóður. Fuglafóður! Fuglafóðurskenningin. Þegar almenningur á að fá sinn hlut, þá er það eins og að gefa fuglunum. Nei, herra forseti. Það er alls ekki þannig. Það er nefnilega mjög mikilsvert að láta fólk fá sína peninga og það er ekki verið að gefa fuglunum þó að allt gott sé um fuglafóðrun að segja. (**GÁS:** Viltu ekki að gera það sama við kvótann, hv. þm.?) Það er allt hið besta við það að afhenda réttum aðilum það sem þeir eiga sannanlega samkvæmt lögum þegar fyrir liggur vitnisburður frá réttum aðilum það. Allt er til á skrá, það er til á nafnnúmerum o.s.frv. og líti aðrir á þetta sem fyrirmynd, þá er að taka það til fyrirmyndar ef menn treysta sér til. Hitt liggur fyrir að félagið, hið merka félag sem starfaði vel og lengi að þessum hlutum, hefur hætt störfum. Allt gott er um það að segja. Sveitarfélögin fá sinn hlut sem er í kringum $^1/_4$ af þessari eign eða tæplega það, um 700 millj. Einstaklingarnir og fyrirtækin í landinu fá sinn hlut sem eru þá rúmar 2.000 millj. Marga mun muna um það. Það er hið besta mál. Sumir líta þannig á og ég hef heyrt menn segja að það sé sama og að henda peningunum út um gluggann að láta fólkið hafa sína eigin peninga. Þetta er skelfilegt lífsviðhorf því að allar upplýsingar benda einmitt til hins gagnstæða. Það eru einstaklingarnir í samfélaginu sem alltaf eru hinir ábyrgustu. Féð er alltaf best komið í höndum þeirra sem eiga það. Hinu opinbera, ríkinu og sveitarfélögunum, hefur í gegnum tíðina gengið verr að halda á sínu. Einstaklingarnir hafa alltaf verið hinir ábyrgu þannig að með því að afhenda einstaklingunum peningana sína er ekki verið að henda þeim út um gluggann, heldur einmitt hið gagnstæða, það er verið að tryggja að þeir séu í góðum höndum.

Þetta er nú það sem ég vildi í upphafi sagt hafa, herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. að lokinni þessari umræðu.

[16:16]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er aðeins lítið atriði sem ég vildi koma inn á en vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir ágæta ræðu um mjög merkilegt mál. En það sem ég vildi benda hv. þm. á er að það er ekki ríkisábyrgð á skuldbindingum sveitarfélaga.

Þetta er mjög algengur misskilningur, en það er ekki ríkisábyrgð á skuldbindingum sveitarfélaga. Það hefur komið fram að margir telja svo vera en það hefur líka komið fram að sveitarfélög geta farið á hausinn sem kallað er. Það sem gerist þá er að ekki má bjóða upp eignir þeirra, en peningarnir verða aldrei greiddir fyrr en sveitarfélagið, einhvern tíma eftir einhverjar aldir, getur farið að borga niður skuldir sínar ef illa fer.

[16:16]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi ábending er alveg hárrétt. Ég veit að í forminu er þetta svona. En í framkvæmdinni er það hins vegar þannig að allir líta svo á að sveitarfélögin hafi í reynd ríkisábyrgð. Og ég fullyrði að hið mikla lánstraust og góðu kjör á almennum markaði sem sveitarfélögin almennt og alls staðar njóta skýrist af þessu. Þau hljóta að njóta svona góðra kjara einmitt í ljósi þess að menn líta þannig á að þau hafi ríkisábyrgð.

[16:17]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur einmitt komið í ljós á verðbréfamarkaðinum að hlutabréf eða skuldabréf frá sveitarfélögum eru mjög mismunandi metin einmitt vegna þess að menn eru farnir að átta sig á þessum útbreidda misskilningi um ríkisábyrgð á skuldbindingum sveitarfélaga. Þess vegna horfa þeir sem kaupa skuldabréf af sveitarfélögum í auknum mæli til þess hvernig þau eru rekin, hvort þau skili hagnaði eða afkomu og eins til þess hvort skatttekjurnar séu tryggar til langframa. Sveitarfélög þar sem íbúum fækkar eiga því erfiðara með að selja skuldabréf en hin þannig að menn eru farnir að átta sig á því að það er ekki ríkisábyrgð á sveitarfélögunum.

[16:18]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Fyrst þetta: Það er einkar athyglisvert að flutningsmenn að þessu frv. sem hér er til umræðu skuli hefja kynningu málsins á því að fara í andsvör hvor við annan og sýnir það nú kannski samstöðuna í þeirra herbúðum þegar kemur að kjarna máls.

Frv. sem hér er til umræðu er þess eðlis að auðvitað ber að taka það alvarlega. Það hefur að sönnu tilvísanir til margra annarra þátta og lýtur að eignarrétti sem er sannarlega grunnþáttur okkar stjórnskipunar og samfélagslegra viðhorfa þar sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hafa ráð einstaklinga í hendi sér.

Á hinn bóginn get ég ekki leynt því að mér finnst ákveðinn stráksskapur og fljótræði búa hér að baki. Ég vil vekja á því sérstaka athygli að það er einmitt í dag, að ég veit best, sem fulltrúaráð það sem er æðsta stjórn eignarhaldsfélagsins kemur saman til þess að taka ákvarðanir og fjalla um nýjasta nýtt í þessum efnum, þ.e. kauptilboð Landsbanka Íslands á þessum eignarhlut eignarhaldsfélagsins í VÍS. Maður skyldi því ætla að ráðamenn hefðu a.m.k. beðið eftir því að heyra viðhorf fulltrúa eigenda félagsins til þeirra nýju atburða áður en menn réðust fram með frv. af þessum toga því að niðurstöður um þetta liggja ekki fyrir þannig að það er heldur fljótt að gefa sér að hlutirnir hafi orðið á þann veg sem fjölmiðlar hafa greint frá og hér hefur verið um rætt í þessum ræðustóli um þessi viðskipti á banka- og tryggingamarkaði. Auðvitað læðist því að manni sá grunur að hér sé svona ákveðinn stráksskapur á ferðinni og ákveðin stríðni.

En um leið er augljóslega um það að ræða að flutningsmenn eru í ákveðnu vinsældarkapphlaupi og eru að skapa væntingar meðal almennings um að einstaklingar, viðskiptamenn Brunabótafélags Íslands til lengri og skemmri tíma eigi hugsanlega úti í bæ einhverja tugi þúsunda króna á hverja fjölskyldu eins og hv. þm. orðaði það. Betur ef satt væri og ég held að nauðsynlegt sé í þessu samhengi að menn fari eilítið yfir það hvernig eignarhaldið skiptist með hliðsjón af ákvæðum laganna.

Þannig er að þegar lífeyrisskuldbindingar þessa eignarhaldsfélags eru frádregnar þá er álit manna að eign félagsins sé einhvers staðar í kringum 3 milljarðar kr. Þar af er talið að sameignarsjóðurinn eigi um 12%, einstaklingar og tryggjendur til 1989 og þeir sem höfðu samninga hjá sveitarfélögunum um það bil 53% og síðan fyrirtæki og sveitarfélög önnur 35%. Ef þetta er skoðað með hliðsjón af þessum tölum, er hægt að gefa sér það að einstaklingar ættu 53%, þ.e. á bilinu 3–3.500 kr. hver tryggjandi. Sveitarfélögin fengju 20% og fyrirtæki önnur, þar á meðal Aðalverktakar og Áburðarverksmiðjan sem stórir tryggjendur, um það bil 27% þannig að einhvers staðar er þarna misskilningur á ferðinni ef menn eru annars vegar að tala um tugi þúsunda til einstaklinga sem hafa verið tryggjendur og aftur í einum, tveimur eða þremur þúsundköllum. En látum það liggja á milli hluta í bili, virðulegi forseti.

Það er hins vegar alveg nauðsynlegt af því að hv. 1. flm. gat þess með réttu vissulega að um það voru áhöld og nokkrar umræður á árunum 1992, 1993 og 1994 hvernig ætti að höndla þetta tiltekna tryggingafélag, Brunabótafélag Íslands. Það þurfti að gera sökum ákvæða í EES-samningi og það sama gildi þá raunar um Brunatryggingar hér í Reykjavík. Og það er ekkert launungarmál sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom raunar inn á að fjmrh. sótti mjög fast að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi sem yrði þá alfarið í eigu ríkissjóðs. En ég segi það bara hreint út að það er sem ég sjái hv. þm. koma hér í ræðustól og leggja til að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson sendi þessa 3 milljarða í hlutafélagi í eigu ríkissjóðs, sem ætti að fara að selja, heim í hérað til tryggingartakanna. Og ég bíð þess þá að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson geri slíkt hið sama þegar kemur að því að seldir eru hlutir og fyrirtæki allra landsmanna sem menn eru sannarlega í beinum viðskiptum við og þá á ég við Póst- og símamálastofnun. Hlýtur maður ekki að ganga að því sem vísu að það sama gildi til að mynda um þá stofnun þegar að því kemur, því að um það er ekki að deila lengur, að þaðan verði seldir stórir hlutar fyrirtækisins ef það ekki allt? Og ég spyr hv. þm. beint um það: Gefur ekki auga leið að viðskiptamenn þeirrar stofnunar, sem að langstærstum hluta til eru einstaklingar í þessu samfélagi, eigi sambærilegan rétt þegar kemur að því að þetta stórfyrirtæki sem er upp á tugi milljarða kr. verður selt áhugaaðilum á næstu mánuðum eða missirum? Ég hlýt að óska eftir hreinum og klárum svörum við því og einnig hinu hvort og hvers vegna á því standi þá að hv. þm. og hans fylgismenn í þessum efnum hafa ekki tekið undir viðhorf og hugmyndir í þá veru að ákveðin verðmæti hérlendis sem sannanlega óumdeilt eru eign þjóðarinnar, þeirra einstaklinga sem byggja þetta land og þá á ég við fiskinn í sjónum, verði send hlutabréf eða eignaviðurkenning upp á sinn skerf í þeim efnum. Nei, þá kveður við allt annan tón þó að ekki sé um það deilt og löggjöfin sé um það algerlega skýr að fiskimiðin og þau verðmæti sem þar er að finna séu eign þjóðarinnar. Nei, þá gilda allt í einu allt

önnur lögmál. Þá eiga sérstakir umboðsmann að fara með þau réttindi og nýta að vild samkvæmt tilteknum reglum og þá kemur það fólkinu ekkert lengur við. Hér rekur sig hvað á annars horn þegar þessi mál eru skoðuð.

Ég segi líka af því að þetta mál er þannig sértækt að uppi voru álitamál um það hver ætti þetta félag í raun. Niðurstaðan varð sú að setja það í frv. sem síðan var samþykkt, ef ég man rétt, mótatkvæðalaust í þinginu. Bæði þáv. stjórnarmeirihluti og stjórnarandstæðingar samþykktu það einum rómi. Ég man ekki eftir neinni hjáróma rödd í þeim umræðum öllum né við þá afgreiðslu. En menn vildu gera hlutina eins og þeir komu fyrir. Með öðrum orðum voru það tryggingartakar og þó undir forræði sveitarfélaganna sem höfðu eignarhald á þessu félagi og síðan var það fulltrúaráð skipað af sveitarfélögunum sem hafði stjórn þess með höndum. Það var ákaflega eðlilegt framhald af hinni löngu sögu Brunabótafélags Íslands. Sagan er nefnilega sú, eins og hér hefur verið drepið á, að sveitarfélögin hafa alla tíð verið miðpunktur og afl þeirra hluta sem gera þurfti á þeim bæ hjá Brunabótafélagi Íslands. Þau skipuðu þetta fulltrúaráð, höfðu stjórn félagsins með höndum og það sem meira var, þau voru varðandi skyldutryggingguna, brunatrygginguna, milliliður félagsins annars vegar og tryggingartakanna hins vegar. Það var um skyldutryggingu að ræða og sveitarfélögin voru þar milliliðurinn og sá sem var óhjákvæmilegt annað en fara í gegnum. Sveitarfélögin höfðu alla tíð þetta forræði á sinni hendi þannig að það er ekkert nýtt sem menn fundu upp hér í þessum lagatexta árið 1994. Það er langur vegur frá því. Brunabótafélag Íslands og sveitarfélögin hafa verið eitt í hugum manna þegar kemur að brunavörnum og brunamálum og ég drep líka á það í þessu samhengi sem er nauðsynlegt að halda til haga, að Brunabótafélag Íslands eins og sem betur fer kannski mörg önnur vátryggingafélög, Brunabótafélag Íslands þó einkum og sér í lagi taldi það hlutverk sitt að tryggja og styðja brunavarnir í þeim sveitarfélögum sem þarna áttu hlut að máli, og það voru lengi vel nánast öll sveitarfélög allt í kringum landið. En þegar ákveðið frelsi var gefið í þessum efnum árið 1982 eða 1983 ef ég man rétt, þá hættu nokkur þar viðskiptum í kjölfar útboða, þar á meðal minn heimabær, Hafnarfjörður. En þarna voru slík bönd á milli að engum datt annað í hug en að þar væri nánast um sama hlutinn að ræða. Það þýðir því ekkert að koma og segja að sveitarfélögin komi að þessu máli bara eins og einhver maður úti í bæ vegna þess að þau voru í viðskiptum á einhverjum tilteknum tímapunkti, 1988, 1992. Sagan segir okkur allt annað. Þau eru rótföst í þessu félagi og eðlilega því að þau höfðu forsjá þess með höndum áfram þrátt fyrir þá formbreytingu sem menn urðu að láta yfir sig ganga eða framkvæma í kjölfar EES þannig að þarna einfalda menn auðvitað ekkert málin með því að slíta allt úr samhengi. Sagan segir þetta allt saman.

Þetta er ein meginorsök þess að það kom aldrei til álita eins og fjmrh. vildi á þeim tíma, að ríkið tæki þetta yfir, gerði þetta bara upptækt og tæki yfir og skellti andvirðinu í ríkissjóð. Það kom ekki til álita. Menn urðu sammála um að fara þessa leið, þáv. ríkisstjórn og þáv. Alþingi, ef ég man rétt segi ég á nýjan leik, virðulegi forseti, mótatkvæðalaust þannig að hér verða menn að gæta að þessum kringumstæðum.

Þetta vildi ég segja um þennan þátt alveg sérstaklega og orsakir þess að engin tilviljun réði því að menn fóru þessa leið á sínum tíma. Ég vil nefna líka í þessu samhengi að systurfyrirtæki Brunabótafélagsins, sem voru Brunatryggingar hér í Reykjavík, var einnig til ákvörðunar og umræðu á hinu háa Alþingi þetta sama vor 1994 því það gilti það sama um það fyrirtæki og Brunabótafélag Íslands varðandi skyldutrygginguna, að það þurfti að skera á ákveðin bönd vegna EES-ákvæða.

Hefur nokkrum manni dottið í hug fram að þessum tíma að Brunatryggingar í Reykjavík mundu skila þeim fjármunum, því eigin fé sem þær höfðu yfir að ráða til allra tryggingartaka í Reykjavík? (**PHB:** Jú, jú.) Ég hef ekki heyrt það. Það getur vel verið að hv. þm. Pétri Blöndal hafi dottið það í hug, honum dettur svo margt í hug. En ég hef ekki heyrt það fyrr. Annars veit ég ekki um hagi þess félags núna, hvar eignarhaldið á því liggur eða hvar það fé sem þar var til staðar er varðveitt og ávaxtað. En ég hef ekki heyrt þessa hugmynd. Ég vænti þess þá að hv. þm. þm., ef einhverja peninga er að finna þar enn þá, komi með sambærilega tillögu um það og hér um ræðir. En það auðvitað dettur engum í hug.

Þessu má sumpart, þó ekki að öllu leyti, líkja við það að þeir sem hafa verið í viðskiptum við tiltekna aðila um langt árabil og breytingar verða á eignarhaldi og formi, telji sig eiga tilkall til eignarréttarins. Hér er að vísu um gagnkvæmt tryggingafélag að ræða. Það eru fleiri tryggingafélög sem eru þó einkarekin. Er ekki ósköp eðlilegt og sjálfsagt að menn yfirfæri þetta yfir á fleiri svið? Eða er það kannski bara þegar kemur að hinni samfélagslegu eign, ríkissjóði og sveitarfélögunum sem menn vilja ástunda þessa vinsældarpólitík að senda tékka heim til fólks? Skipta viðskipti við einkaaðila engu máli í þessu samhengi þar sem um gagnkvæmar tryggingar er að ræða? Er það bara þannig að þá leyfast mönnum allir skapaðir hlutir? Ég átta mig á því að þarna er skurðpunktur á milli og geri greinarmun á. En síðferðilega skulu menn nálgast þetta mál á ekki ósvipaðan hátti. Það held ég að sé grunnþáttur þessarar umræðu. Og enn á ný bendi ég á að Póstur og sími, fyrirtækið hér handan við götuna, hefur eigið fé upp á milljarða króna og aftur milljarða. Eiga símnotendur á Íslandi von á því að þeir hv. þm. sem hér um ræðir komi með tillögu í kjölfar tillögu fjmrh. um sölu á því fyrirtæki um að símnotendur fái tékka sendan heim fyrir viðskiptum síðustu 50–100 árin? Ég spyr. Og þá vænti ég þess að það sama gildi um kvótann og þá einkanlega að þeir hv. þm. Vestf., Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson, geri gangskör að því og hafi um það frumkvæði og forustu að skila peningunum til þjóðarinnar, til einstaklinganna sem landið byggja, í formi uppreiknaðs verðmætis fisksins í sjónum.

Ég hins vegar neita því ekki, virðulegi forseti, og ætla að segja það eins og það er að það kom mér mjög á óvart og ég undraðist það dálítið að yfirstjórn eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands skyldi fara fram eins og sem hún gerði nú ekki fyrir margt löngu, fyrir nokkrum vikum þegar hún seldi Landsbankanum þennan hlut. Ég gerði það raunar að umtalsefni í utandagskrárumræðu um þau mál undir öðrum formerkjum og hefði talið eðlilegra að menn hefðu nálgast þennan gjörning öðruvísi, haft þá ákveðna framtíðarsýn fyrir þetta fyrirtæki á sama tíma. Ég sakna þess dálítið að forsvarsmenn þessa félags skyldu ekki á sama tíma gera glögga grein fyrir því hvernig þeir hygðust síðan ávaxta þá fjármuni sem þeir fengu til félagsins í kjölfar þessarar sölu. Það gengur ekki í viðskiptum af þessum toga að einstaklingar eða forsvarsmenn félags sem er með eigin fé upp á 3,4 eða 3,6 milljarða kr., svari bara út úr um það og það vomi og vaki yfir að hugsanlega geti hringekjan endað þannig að þessir fjármunir verði síðan notaðir aftur til þess að kaupa hlut inn

um gluggann í Landsbanka Íslands og verði síðan orðnir bankaeigendur en þá aftur á tryggingamarkaði þótt óbeint sé þannig að vegir þessara viðskipta eru órannsakanlegir.

Ég er svo sem enginn sérstakur aðdáandi viðskipta af þeim toga sem þar birtast okkur, þar sem örfáir einstakingar véluðu um þessi mál á lokuðum fundi um milljarða kr. og milljarða aftur. Það gerðist þannig að Landsbanki Íslands, sem skilaði hagnaði upp á 250 millj. kr. á síðasta ári eftir skatta, gat með einu pennastriki keypt félag upp á 3,4 milljarða þótt það ætti að borga á þremur árum. Þetta eru að sönnu viðskipti sem ég fæ engan botn í, en heyrði jafnframt um leið á sérfræðingum að Landsbanki Íslands hefði stórstyrkt sig með þessum spámannlegu viðskiptum. Þeir höfðu 200 millj. í höndunum til þess að greiða upp í 3,4 milljarða, en Landsbankinn stórstyrkti sig í kjölfarið. Þetta eru viðskipti sem ég kann ekki. En það getur vel verið að hv. 16. þm. Reykv. kunni þau betur en ég og vafalaust gerir hann okkur grein fyrir því á eftir.

Meginatriðið, virðulegi forseti, er að ég vil fara með gát í þessum efnum, nóg er nú samt. Ég vil í fyrsta lagi heyra viðhorf sveitarfélaganna, fulltrúa þeirra í fulltrúaráði þessa eignarhaldsfélags um þessi viðskipti sem eru fyrirliggjandi. Það þarf að taka afstöðu einnig til þess hvað skuli gera við þá fjármuni sem til félagsins renna. En ég leggst eindregið gegn því og ég jafna þessu frv. við að verið sé að gera eignaupptöku á eignum sveitarfélaganna í landinu. Þetta er hrein og klár ódulbúin árás á sveitarfélögin. Það er ekkert öðruvísi. Menn geta klætt þetta í hvaða búning sem þeir vilja. Þessir hv. þingmenn hafa kosið að gera það þannig að þarna eigi að senda tryggingartökum tugþúsundum saman tékka í pósti með þökk fyrir viðskiptin í gegnum árin og áratugina, en það er auðvitað ekki þannig. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að verið er að ráðast beint og óbeint að sveitarfélögunum, sem hafa farið með forsjá þessara mála, komi til þess að frv. verði afgreitt sem ég á þó ekki nokkra von á.

Mitt mat er það og mín skoðun er sú að sveitarfélögin og fulltrúar þeirra í Brunabótafélagi Íslands eigi að hugsa sinn gang mjög alvarlega í þessum efnum og ræða til hlítar, ekki með neinum asa eða látum, hvernig þeir sjái fyrir sér framtíð þessa eignarhaldsfélags og hlutverk þess. Ég sé t.d. fyrir mér að þetta eignarhaldsfélag og Brunabótafélagið gangi fram fyrir skjöldu miklum mun rösklegar en verið hefur í því að styrkja og styðja brunavarnir á landinu öllu í gegnum sveitarfélögin með forvarnastarfi, með bættum tækjabúnaði og ýmsu öðru til þess að koma í veg fyrir þá skelfilegu vá sem eldsvoðar eru. Það væri auðvitað þarft verk fyrir þetta eignarhaldsfélag ef það á annað borð er í vandræðum með sjálft sig og finnur sér ekki verðug verkefni. Það væri miklu verðugra verkefni að minni hyggju heldur en nokkru sinni það að renna aftur inn í það kompaní sem þeir voru rétt áðan að selja. Það finnst mér hráskinnaleikur sem er mér ekki að skapi. Verkefnin eru víðfeðm og mörg. Umfram allt gefum sveitarfélögunum og fulltrúm þeirra grið og tækifæri og tíma til þess að ráða sínum ráðum og komast að skynsamlegri niðurstöðu. Þetta frv. hjálpar ekkert í þeim efnum.

[16:39]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í lögunum nr. 68/1994 er skýrt kveðið á um það hverjir eigi Brunabótafélag Íslands. Það er gert í 5. gr. Flm. frv. á sínum tíma var þáv. ráðherra Guðmundur Árni Stefánsson. Hann mælti fyrir frv. Það var síðan samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Í frv. stendur nákvæmlega hver eigi það. Það var ekki ég sem bjó þetta frv. til. Þetta eru ekki strákapör úr mér. Þetta eru ekki strákapör nokkurs manns. Þetta eru niðurstöður þeirra lögfræðinga sem unnu fyrir hann sem ráðherra. Það fer ekkert á milli mála hver á. Það stendur í þeim lögum sem hann knúði í gegn og hann var flutningsmaður að. Hefðu lögin verið þannig að það stæði þar að sveitarfélögin ættu þetta, þá færi það ekkert á milli mála. Hefðu lögin verið þannig að þar stæði að ríkið ætti þetta og verið samþykkt með öllum atkvæðum hér í þinginu, þá færi það ekkert á milli mála. En það var bara ekki þannig. Það var samþykkt hér í þinginu eins og það stendur í 5. gr. og hafi enginn átt von á því að til slita gæti komið, til hvers er þá 6. gr. þar sem segir um hvernig reikna skuli? Til hvers er þá 16. gr. þar sem er nákvæmlega til tekið hvernig skipta skuli félaginu? Auðvitað gerðu menn ráð fyrir því að félaginu gæti verið slitið. Þess vegna eru þessar greinar.

En ég reikna ekki með því, herra forseti, að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafi gert ráð fyrir því að sveitarfélögin færu nokkurn tíma út í það að selja félagið. Það held að hafi komið honum mjög á óvart, enda segir svo hér í þingtíðindum, haft eftir honum þegar hann er að mæla fyrir frv.:

„Sveitarfélögin eru eitthvað sem varanlegt er en við guðs börn erum auðvitað dauðleg."

Þetta var viðhorf þáv. ráðherra, það var þetta viðhorf og þess vegna kemur honum þessi skipan mála nú á óvart.

[16:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði það sjálfur hér rétt áðan að þetta kom mér mjög á óvart og þessi viðskipti eru mér ekki neitt sérstaklega að skapi. Og ég endurtek að sveitarfélögin eru eitthvað sem varanlegt er þó að við hin dauðlegu hverfum af vettvangi, sum fyrr en önnur síðar.

En virðulegi forseti. Ég skildi ekki alveg þetta andsvar hv. þm. því að auðvitað sagði ég það og stend við það að það er nákvæmlega fyrir skrifað í þessum gildandi lögum hver á þetta félag. Um það erum við ekkert að deila. Ég rakti það raunar eins og hv. þm. hvernig sú eign skiptist nákvæmlega upp á prósentu. Um það er ekki deilt. Ég hins vegar vek athygli á því að í 6. gr. stendur:

„Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi, sbr. 16. gr."

Og síðan segir í 9. gr.:

„Fulltrúaráð eignarhaldsfélagsins er skipað fulltrúum sveitarfélaganna í landinu eftir nánari ákvæðum þessara laga. Fulltrúaráðið hefur æðsta vald í málefnum félagsins."

Þetta getur því ekki skýrara verið. Stjórn félagsins eru sveitarfélögin í þessu landi og ég hef ekki heyrt annað, það eru þá algerlega nýjar fréttir fyrir mér en ég hlýt auðvitað að beygja mig undir þá ákvörðun verði hún tekin, hugsanlega í dag — þeir eru að funda um þetta núna — ef þeir taka ákvörðun um að slíta félaginu. Ég stend við þetta frv. og þessi lög sem ég fylgdi hér úr hlaði og kom hér í gegn. En það ætlar ekki hv. þm. að gera. Hann ætlar að gera breytingar á þeim. Hann ætlar að taka valdið úr höndum sveitarfélaganna sem hafa það fyrir fullt og fast samkvæmt 9. gr. þessara laga og brjóta upp félagið þvert á það sem lögin segja fyrir um. Það er lykilatriðið í þessu máli. (**EOK:** ... 16. gr.) Vitaskuld þarf að vera ákvæði þess efnis í þessum lögum eins og öllum. Komi til slita þarf auðvitað að gera það eftir ákveðnum

tilteknum reglum. En það er líka nákvæmlega sagt fyrir um það hver eigi að taka ákvörðun um það. Og það er ekki hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem er kallaður til þeirra verka. Það eru þeir sem hafa forsjána með hendi samkvæmt gildandi lögum, samkvæmt því frv. sem hér er til staðar.

[16:43]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg skýrt hvað stendur í þessu lagafrv., að félaginu skuli slitið eins og segir í lögum þess, sbr. 16. gr. Það fer ekkert á milli mála í þessu.

Í öðru lagi er rétt að taka það fram að það var rangt hjá hv. þm. að ég hefði farið með blekkingar í upphafi míns máls. Ég benti á það að ef menn deildu 66 þús. í 3 þús. millj. þá kæmu út rúmlega 45 þús. kr. Það var að vísu bara meðaltal. Það segir enga sögu. Upphæðirnar gætu skipst eðli málsins samkvæmt frá nokkrum aurum, einseyringi upp í nokkrar milljónir. Það var alveg skýrt hjá mér hvað ég var að segja. Það þurfti enginn að villast í því þannig að ég fór með engar blekkingar þar, heldur tiltók þetta nákvæmlega og reiknaði þetta réttara en þeir sem hafa látið hafa það eftir sér að ef deilt er 66.000 í 3.000 millj. komi út 4–5 kr. Það var þetta sem ég gerði. Ég fór nákvæmlega rétt yfir það. Ég á ekki að segja til um að slíta einhverju félagi. En ég hef rétt á því eins og sérhver þingmaður þessa löggjafarþings að flytja hér frumvörp. Á því hef ég fullan rét. (**Gripið fram í:** Það er rétt.)

Það kom líka fram í starfsreglum þessa þings að menn skyldu koma með frv. fyrir 1. apríl. Ég hefði þess vegna, ef ég hefði ætlað að þjónka einhverjum, beðið til 7., 8. eða 9. apríl. En svo var ekki. Mér bar að koma með málið, hv. þm. Þess vegna gerði ég það.

[16:45]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því núna að þessu frv. hefur verið dreift 1. apríl. Það kannski skýrir margt. (**EOK:** Fyrir 1. apríl.) Var það fyrir 1. apríl? Já. Þá bið ég hv. þm. afsökunar á þessum mismælum.

Mér finnst eins og hv. þm. hafi dregið nokkuð í land og það er að sönnu ágætt hjá honum því eins og lögin segja fyrir um fer það eftir ákveðnum, tilteknum reglum komi til slita á félaginu og það er fulltrúaráðið, sem skipað er af sveitarstjórnum í landinu, sem eitt getur tekið ákvarðanir um slíkt og það þarf raunar $^3/_4$ hluta fulltrúaráðsmanna til þess að slík ákvörðun gangi fram. Það er því nákvæmlega fyrirskrifað hvernig það ákvörðunarferli er.

Ég skil ekki nákvæmlega hvað það er í raun, þrátt fyrir allítarlega framsöguræðu hv. þm., sem knýr þingmanninn til þess að brjóta upp þessi ákvæði. Treystir hann ekki sveitarfélögunum í landinu til þess að hafa forræði þessara mála á sinni hendi? Nú veit ég að hann hefur sýslað með sveitarstjórnarmál og þekkir býsna vel til þeirra. Hefur hann einhverja vantrú á sveitarstjórnarmönnum til þess að höndla með þessa eign fólksins í landinu? Telur hann bráðnauðsynlegt og æskilegt að Alþingi grípi þar inn í og taki völdin af sveitarfélögunum í landinu? Ég tel ekki nokkra ástæðu til þess.

Ég ber fullt traust til sveitarstjórnarmanna og sveitarfélaganna að fara með mál eins og best verður á kosið í þessum efnum, og vek athygli á því, af því að í þessum sal eru miklir peningamenn, að það þykir ekki vera býsna góð ávöxtun til að mynda hjá sveitarstjórnarmönnum í þessu fulltrúaráði að hafa komið 500 millj. kr. eign, eins og hún var metin 1992, upp í 3,4 milljarða 1997. Það þykir bara býsna gott hjá mörgum held ég. Ég ber því fullt traust til sveitarstjórnarmanna þvert á það sem flutningsmenn hér fara fram með.

[16:47]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður að hv. þm. notaði orðið stráksskapur um okkur hina sem fluttum þetta frv. vegna þess að frv. er flutt í fullri alvöru og ég vonast til þess að menn séu ekki að nota slíkt orðalag um samþingmenn sína.

Í öðru lagi langar mig til að geta þess að gagnkvæm tryggingafélög starfa þannig, eins og hv. þm. kannski veit, að lagt er á ákveðið iðgjald, en eftir árið þegar tjónareynsla er komin í ljós á að endurgreiða það sem er ofgreitt af iðgjaldi eða leggja á viðbótargjald. Þannig starfa gagnkvæm tryggingafélög og þau tryggingafélög sem þarna voru sameinuð eru þau einu sem störfuðu sem slík. Önnur félög sem nú starfa á markaðnum eru ekki gagnkvæm tryggingafélög. Þau bera tjónið af því að iðgjaldið er of lágt og þau hagnast af því ef iðgjald er of hátt. Það er því reginmunur á þessu. Það leiðir til þessarar eignar sem hinir tryggðu eiga hjá félaginu.

Herra forseti. Sveitarfélögin eiga marga vini á hinu háa Alþingi og það sýnist oft sem sveitarfélögin eigi voða bágt. Þau geti ekki borgað fjármagnstekjuskatt, þau geti ekki borgað stimpilgjöld, þau geti ekki þetta og þau geti ekki hitt. En almenningur getur allt og nú þegar í ljós kemur að sveitarfélögin hafa sölsað undir sig einhver auðæfi, þá er sagt að þau séu varanleg og þess vegna beri þeim eignirnar. Og af hverju ekki bara eignir allra landsmanna fyrst þau eru svona varanleg og allir landsmenn dauðlegir?

Varðandi það sem hv. þm. sagði að VÍS muni kaupa LÍ eftir smátíma og hann sé á móti því, þá kannski vill hann styðja okkur í því að leysa eignarhaldsfélagið upp?

[16:49]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fékk nú satt að segja engan botn í þetta andsvar og skildi ekki tilgang þess að hv. þm. kom hér upp. Hann þurfti ekkert að flytja neinn samandreginn fyrirlestur fyrir mig um fyrirkomulag tryggingamála, ég kann það. En af því að hann vakti máls á þeim þætti sérstaklega hvernig ætti að skipta reytunum þegar um breytingar væri að ræða á rekstri tiltekinna fyrirtækja, ríkisfyrirtækja, einkafyrirtækja, opinberra fyrirtækja og samvinnufyrirtækja, hvernig væri best að gera það, þá er kannski best að hann svari mér, af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gerði það ekki í andsvari áðan, hann gerir það kannski í lokaræðu, hvort við eigum ekki að láta það sama gilda, þótt ekki sé beinlínis um gagnkvæmt þjónustufyrirtæki að ræða, um Póst og síma þegar hv. þm. ýtir á græna takkann og ætlar að selja hlutina þaðan? Er ekki alveg sjálfgefið að menn vindi sér í það að senda mönnum hlutabréf upp á nokkra fiska í sjónum? Er ekki hægt að fara að vinda sér í þessi mál, hv. þm.? Eða gildir þetta bara um tiltekin félög sem sérstaklega fara fyrir brjóstið á tilteknum hópum í þinginu?

Það er ekkert launungarmál, eins og getið var um í upphafi máls, að þetta frv. stóð dálítið í þeim sjálfstæðismönnum. Það var ekki eingöngu fjmrh. sem vildi sölsa þetta undir sig og gera þetta að ríkiseign. Það voru margir aðrir sem fannst sveitarfélögin ekkert hafa við þetta að gera þótt allir þekktu

vel söguna á þeim nánu tengslum sem voru milli sveitarfélaganna og félagsins. Kannski eru menn núna að hefna þess sem ekki tókst árið 1994. Ég veit það ekki. Mér dettur það svona í hug. En þá var hins vegar hæstv. núv. og þáv. fjmrh. illa fjarri góðu gamni en hann er kannski viðhlægjandi í málinu.

[16:51]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nefnilega málið sem hv. þm. sagði: Tiltekin félög hafa sérstöðu, þ.e. félög sem starfa sem gagnkvæm tryggingafélög. Þau hafa þá sérstöðu að eiga samkvæmt orðanna hljóðan, samkvæmt þeim reglum sem gilda, sérstaklega í útlöndum — það eru reynar mjög fátæklegar reglur sem gilda um þetta hér á landi — að endurgreiða of hátt iðgjald og þau eiga að leggja á viðbótariðgjald ef iðgjald ekki dugar. Þetta er eðli og eiginleiki gagnkvæmra tryggingafélaga. Það er allt öðruvísi hjá öllum öðrum tryggingafélögum, svo maður tali ekki um Póst og síma. Það er bara eitthvað allt annað. Það er ekki til neitt sem heitir gagnkvæmt símgjald, að það eigi að endurgreiða símgjaldið ef reksturinn er ódýr. Það er ekki til. Póstur og sími kemur því þessu máli ekkert við. Það sem um er að ræða er að fólk sem hafði borgað of hátt iðgjald í fjölda ára átti innstæðu hjá Brunabótafélaginu þegar það var lagt niður og eignarhaldsfélagið stofnað. Það átti lögvarða innstæðu, eign, vegna þess að það hafði borgað of hátt iðgjald í áratugi. Það eru, held ég, mjög fáir sem geta réttlætt það að þessi eign sé ekki til staðar.

[16:53]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú kveður nýrra við því að hv. þm. ræðir um það hér að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sé gagnkvæmt tryggingafélag. Það er ekki en um það snýst málið. Það er verið að taka á því fyrirtæki sem nú er til staðar eða er þingmaðurinn að snúa klukkunni aftur til 1994? Það er bara allt annar hlutur. Fyrirliggjandi eru lög í þessu landi sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson samþykkti, sem fleiri hugsanlegir flutningsmenn þó ég geti ekki munað *það í augnablikinu hverjir þeir voru. Hv. þm. Einar* Oddur Kristjánsson var ekki á þingi þá og ekki hv. 16. þm. Reykv. (**EOK:** ... það frv. Þú fluttir það sjálfur.) Ég er bara að benda á að meðal flutningsmanna voru menn sem samþykktu þetta fyrirkomulag mála og raunar þingheimur allur. Það á því hreinlega ekkert við hér þetta tal um gagnkvæmt tryggingafélag. Hliðstæðurnar sem ég er að nefna hér eru alveg skýrar og eiga við, þ.e. um er að ræða Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands undir stjórn sveitarfélaga í landinu og ég frábið mér alla stóradóma frá hv. þm. Pétri H. Blöndal um sveitarfélögin í landinu og þann tón sem er að finna í hans tali um þau. Hann talar um þau eins og einhverja niðursetninga sem ráða ekki við sín verkefni og það þurfi að taka þeim tak o.s.frv. Ég veit ekki hvort hann talar þar fyrir munn annarra flutningsmanna. Það væri fróðlegt að heyra viðhorf hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar og 1. flm. til þeirra mála, hvort þeir deili sjónarmiðum hv. þm. Péturs H. Blöndals í afstöðu sinni til sveitarfélaga. Hann vill ekkert með þau hafa. Ég tel þau þvert á móti mikilvægt stjórntæki í okkar landi og ber fullt traust til þeirra, enda lýðræðislega kjörin og ekkert síður en til þess stjórnkerfis sem er að finna í þessu húsi né heldur til þess framkvæmdarvalds sem við þekkjum best og raunar verst líka, ríkisstjórnar og Stjórnarráðs.

[16:55]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. 1994 voru sameinuð Samvinnutryggingar, Líftryggingafélagið Andvaka og Brunabótafélag Íslands, allt tryggingafélög sem störfuðu sem gagnkvæm tryggingafélög. Um gagnkvæm tryggingafélög gilda mjög ströng og nákvæm ákvæði laga víðast hvar í nágrannalöndunum í Evrópu. Þau eru mjög almennt og mikið notað félagsform í tryggingum. Þau starfa þannig að lagt er á ákveðið iðgjald, yfirleitt í hærra kantinum, og síðan þegar í ljós kemur hver tjónareynslan hefur verið, stundum eftir fimm eða sjö ár eða eitthvað slíkt, þá er endurgreitt það af iðgjaldinu sem var of hátt eða krafist er viðbótariðgjald. Hinir tryggðu gangast undir það að borga viðbótariðgjald ef tjónareynslan verður meiri en iðgjaldið var reiknað út frá.

Þetta eru gagnkvæm tryggingafélög og það eru mjög strangar reglur um það í flestum löndum hversu stóran hluta af hagnaðinum megi færa til félagsins sem rekur tryggingarnar og hversu stóran hluta eigi að færa til hinna tryggðu *sem eru þá eigendur þess fjár. Hér á landi hefur löggjöf um* gagnkvæm tryggingafélög verið of fátækleg.

Upp úr þessum þremur tryggingafélögum var stofnað Tryggingafélagið VÍS og þær eignir sem voru í Brunabótafélagi Íslands voru fluttar yfir í eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands árið 1994. Þar var svo myndaður sameignarsjóður sem er eigið fé félagsins. Þarna var fjöldi af eigendum, um 66 þúsund eins og hér hefur komið fram, sem átti þessi of háu iðgjöld og voru þar af leiðandi eigendur að þessu eignarhaldsfélagi við stofnun. Það kemur fram í lögunum að þeir eru eigendur.

Hönnunin á sameignarsjóðnum í eignarhaldsfélagi Brunabótafélagsins er aftur á móti mjög skrýtin. Þar er gert ráð fyrir að ef einhver af þeim einstaklingum sem hafði greitt of hátt iðgjald og átti þar af leiðandi kröfu á félagið, átti eign inni hjá félaginu, félli frá, þá mundi eign hans hverfa til sameignarfélagsins. Það var gert hreinlega ráð fyrir því að við dauða mannsins mundi eign hans deyja líka og að sameignarsjóðurinn, sem er eign sveitarfélaganna sem áttu aðild að Brunabótafélagi Íslands, erfði manninn. Þetta er náttúrlega dálítið undarlegt í ljósi eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar.

Það er ljóst að sveitarfélögin hafa engan áhuga á því að slíta þessu félagi fyrr en eftir svona 40–50 ár vegna þess að þau erfa sífellt fleiri og fleiri einstaklinga sem eiga þessa eign. Ef fyrirtæki er lagt niður eða verður gjaldþrota, þá gerist það sama. Eignin fer ekki inn í þrotabúið. Nei, hún á *að renna til sameignarsjóðsins sem sveitarfélögin ráðstafa.* Sveitarfélögin hafa samkvæmt þessum lögum ákvörðunarvald yfir því hvort félaginu verður slitið eða ekki. Það eru ekki þessir 66 þús. tryggðu sem hafa ákvörðunarvald um það. Nei, það eru sveitarfélögin. Þessir 66 þús. tryggðu sem áttu inni of há iðgjöld sem átti að endurgreiða, eru sviptir yfirráðum yfir eign sinni.

Herra forseti. Það gæti orðið verðugt verkefni fyrir dómstóla landsins er erfingi látins tryggingataka eða þrotabú gjaldþrota fyrirtækis sem átti innstæðu 1994 færi í mál og krefðist þess að fá eign sína viðurkennda hjá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagsins. Ég get ekki séð og ég set stórt spurningarmerki við að hægt sé að láta þessa eign hverfa, láta sveitarfélögin erfa manninn eða taka yfir eign þrotabúsins. Ég sé það ekki. Þetta gæti orðið mjög verðugt verkefni og ég bíð þess spenntur að slíkt mál komi upp.

Herra forseti. Hér kom fram að þetta séu í fyrsta lagi litlar upphæðir og kom líka fram að einstaklingar séu dauðlegir og sveitarfélögin séu varanleg og þau vanti aura og það eigi að vera rökstuðningurinn fyrir því að þau fái þessar eignir. Þetta er náttúrlega alveg út í hött. Það er ekki hægt að taka eign af mönnum bara af því að einhvern annan vantar hana, það er ekki hægt. Fólk munar um þessa peninga, fólk og fyrirtæki um allt land, þetta er yfirleitt allt saman úti á landi, þessa 3 milljarða sem við erum að tala um.

Herra forseti. Nú áttu íbúar Reykjavíkur líka inneign, þeir eru líka þarna inni því að þeir voru búnir að tryggja hjá þessum félögum bíla, innbú og annað slíkt þó að þeir væru ekki skyldutryggðir með húsnæði sitt. En Reykjavíkurborg á engan þátt í stjórnun þessa fyrirtækis þannig að hugsanlegt er að þar sé líka um að ræða að það sveitarfélag sem er langstærst sé með á sínum snærum einstaklinga sem eigi innstæður hjá þessu félagi, en sveitarfélagið hefur engin áhrif á það hvernig henni er ráðstafað.

Að lokum, herra forseti, velti ég fyrir mér hvað hefur gerst með eignir hinna tryggðu hjá Andvöku og Samvinnutryggingum. Þar hefur nefnilega verið að gerast nákvæmlega það sama. Þar hefur fólk borgað of há iðgjöld í fjölda ára og átt innstæðu í þeim tryggingafélögum þegar þessi breyting átti sér stað að VÍS var stofnað. Það fólk á eflaust með nákvæmlega sömu rökum innstæðu og eign hjá eignarhaldsfélagi þeirra félaga án þess að ég viti nákvæmlega um það. Það getur verið verðugt verkefni að kanna hvort sú eign eigi ekki líka að snúa til fólksins sem á hana.

Varðandi Húsatryggingar Reykjavíkur sem hér hafa verið nefndar, þá er það þannig að Húseigendafélagið samkvæmt gömlum lögum átti að fylgjast með þeim stofni sem þar myndaðist. Það var því viðurkennt fyrir löngu síðan að húseigendur, þ.e. hinir tryggðu, hefðu eitthvað með félagið að gera. Það má vel vera, ég hef ekki kannað það reyndar, að íbúar Reykjavíkur, þ.e. húseigendur í Reykjavík sem voru skyldaðir til að tryggja hjá Húsatryggingum Reykjavíkur, yfirleitt með of hátt iðgjald því að þarna myndaðist mikill sjóður, eigi líka innstæðu hjá því félagi. Þó held ég að það hafi ekki verið tekið fram að það félag væri gagnkvæmt tryggingafélag. Ef það hefur verið tekið fram að það sé gagnkvæmt tryggingafélag, þá eiga þeir að sjálfsögðu þá innstæðu, en ég hygg að svo hafi ekki verið. Það er líka verðugt verkefni að skoða hvort einstaklingar eiga þar innstæður.

Mér finnst allt þetta mál snúast um hvernig einstaklingurinn stendur gagnvart sveitarfélaginu. Hér virðist mér sem verið sé að ganga á rétt og eignarrétt einstaklinga og flytja hann yfir til sveitarfélaganna og mér finnst ekki hæfa að slíkt sé gert.

[17:04]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands. Það fer ekkert á milli mála að tilefni þessa frv. eru þau miklu tíðindi sem gerðust þegar Landsbanki Íslands festi kaup í áföngum á eignarhlut Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands í Vátryggingafélagi Íslands. Þetta voru auðvitað gríðarlega mikil tíðindi sem voru rædd í stuttu máli utan dagskrár á dögunum á Alþingi og hafa kallað á gríðarlega mikil viðbrögð í þjóðfélaginu almennt.

Fyrsta spurningin sem hlýtur að vakna er þessi: Hvað svo? Hvað gerist núna? Hvað verður um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem skyndilega stendur uppi með 3,4 milljarða kr. í fyllingu tímans þegar búið er að „realísera" þessa eign að fullu? Það er mjög eðlilegt að þingmenn spyrji að því í ljósi þess að sérstök lög voru sett um þetta félag á árinu 1994: Hvað svo? Þess vegna er ekkert óeðlilegt að fram komi á Alþingi frv. um það, eins og hér er gert ráð fyrir, að slíta þessu félagi þannig að eigendur félagsins sjálfs geti ráðstafað eignum sínum með þeim hætti sem hefur viðgengist og á að viðgangast í frjálsu þjóðfélagi eins okkar.

Það er mjög sérkennilegt, virðulegi forseti, að þurfa að vera að ræða það yfir höfuð hvort það sé rétt eða rangt að eigendur tiltekinna eigna í þjóðfélaginu fái ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum. Þetta er auðvitað með ólíkindum. Það er alveg furðulegt að fram þurfi að fara sérstakar umræður í lok 20. aldar á Íslandi þar sem eignarrétturinn er tryggður í stjórnarskránni hvort það eigi að vera þannig að eigendurnir ráðstafi sínum eignarhluta í öðru eins fyrirtæki og þessu. Þetta er auðvitað sjálfgefið mál. Það er augljóst mál að samkvæmt þeirri stjórnskipun sem við Íslendingar búum við er það í höndum þess fólks sem á þessar eignir, samtökum þeirra, fyrirtækjanna eða sveitarfélaganna, að ráða þessum ráðum. Við eigum ekki að þurfa að dvelja hér daglangt við að deila um hvort þetta skuli vera svona. Það er einfaldlega viðurkenndur hlutur í okkar þjóðfélagi og í stjórnskipun vestrænna ríkja að það sé eignarrétturinn sem gildir og það séu þess vegna handhafar eignarinnar sem eigi að ráða þessum málum.

Það er mjög sérkennilegt, virðulegi forseti, að þeir menn sem tala hvað mest á hátíðarstundum um sérhagsmunina og fulltrúa sérhagsmunanna skuli svo koma fram í fjölmiðlum og líkja þjóðinni við smáfugla sem séu þiggja mola úr lófa stjórnmálamanna eins og formaður Alþfl. gerði í Dagblaðinu á dögunum.

Hér hefur nokkuð verið rætt um hver eigi þetta félag, Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Þetta þurfum við ekkert að ræða, virðulegi forseti. Það er einfaldlega kveðið á um þetta í lögunum eins og þau eru í dag. Það þarf ekki annað en lesa yfir lagatextann eins og hann birtist okkur til þess að sjá að því er nákvæmlega lýst í lagatextanum hver sé eigandi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Það er gert mjög nákvæmlega í 6. gr. og engin þörf að deila um það.

Það fór fram dálítið umræða um hin gagnkvæmu tryggingafélög og það er út af fyrir sig alveg rétt að Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er ekki gagnkvæmt tryggingafélag í dag eins og það var fyrir gildistöku laganna frá 11. maí 1994. En það var fram til þess tíma gagnkvæmt tryggingafélag og eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur rakið gilda tilteknar reglur um það og eigendur að hinu gagnkvæma tryggingafélagi eru þeir sem hafa tryggt það. Þess vegna var það að skipa varð þessum málum með lögum vegna þess að þegar verið var að breyta félaginu úr gagnkvæmu tryggingafélagi yfir í eignarhaldsfélag varð að setja skýrt fram í lagatexta nákvæmlega hvernig skyldi fara með eignarréttindi og eignarhlut þess fólks sem hafði tryggt hjá þessu gagnkvæma tryggingarfélagi fram að því. Síðan var hins vegar sett inn þetta sérkennilega ákvæði sem, eins og hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði, gerði það að verkum að eignarhluturinn átti nánast að deyja með fólkinu. En það er að vísu eitt sem hv. þm. gleymdi. Þ.e. að þessi eignarhlutur átti að rísa upp frá dauðum og líkamnast einhvern veginn í þessu sameignarfélagi og þar átti hann að verða til áfram að eilífu. Amen. (Gripið fram í.) Þetta var eins konar upprisu-

kenning sem þarna leit dagsins ljós með mjög sérkennilegum hætti, að þetta sameignarfyrirbrigði, þessi sameignarsjóður átti að geyma og varðveita að eilífu þennan endurholdgaða eignarhlut þess fólks sem hafði brottkallast af þessari jörðu. Þannig var nú það.

Við þurfum, virðulegi forseti, ekkert að deila um hvað á að verða um eignarhlutinn. Það er einfaldlega sagt hérna. Síðan er svo, eins og hv. 3. þm. Vestf., Einar Oddur Kristjánsson, sagði áðan, nákvæmlega stafað í þessum lögum um eignarhaldsfélagið hvað eigi síðan að gera ef félaginu er slitið. Því er nákvæmlega lýst í þessum lögum þannig að það er engin óvissa í því. Þess vegna er það algerlega rangt sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson sagði að í þessu frv. væri einhver sérstök árás á sveitarfélögin. Það er ekkert slíkt. Það er einfaldlega verið að segja í frv. að sveitarfélögin, eins og allir aðrir sem eiga löggiltan rétt á eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, skuli fá sinn hlut til ávöxtur og varðveislu eins og þeir kjósa. Í þessu felst það sjálfsagða að sveitarfélagið, eins og allir aðrir eigendur, skuli ráða yfir sínum eignarhlut. Mér finnst, virðulegi forseti, að það felist vantraust í málflutningi þeirra manna á sveitarfélögin sem halda því fram að eigendunum, þar með talið sveitarfélögunum, sé ekki treystandi fyrir því að ráðstafa sínum eignarhlut eins og þeir telja skynsamlegast. Hins vegar er óeðlilegt að sveitarfélögin taki fram fyrir hendurnar á öðrum eigendum og komi í veg fyrir að þeir fái að ráðstafa sínum eignarhlut eins og þeir kjósa.

Það sem er megintilefni þess að þetta frv. er flutt er að í raun og veru er búið að taka grundvöllinn undan starfsemi Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands. Það er auðvitað alveg ljóst af lestri laganna um þetta félag að starfssvið félagsins er náttúrlega fyrst og fremst það að taka þátt í vátryggingastarfseminni með því að vera eignaraðili að vátryggingafélagi. Það hefur ekki farið á milli mála að það hefur verið megintilgangur félagsins og það er hin eina eign félagsins. Það er eignarhlutinn í VÍS. Síðan eru að vísu tíunduð einhver önnur verkefni sem félagið megi sinna og þar á meðal er gert ráð fyrir því — og það er athyglisvert að hv. þm. Össur Skarphéðinsson er kominn hér sem er áhugamaður um námsstyrki — að þessu félagi er m.a. ætlað að stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði og taka þátt í eða veita styrki til slíkrar starfsemi. Þetta er mjög merkilegt og virðist þá blasa við, virðulegi forseti, að þegar félagið er hætt að starfa sem tryggingafélag eða hætt að vera eignaraðili að vátryggingafélagi sé annar megintilgangur félagsins, með 3.400 millj. kr. höfuðstól, sá að styrkja efnilega námsmenn sem vilja leita sér menntunar á sviði vátrygginga. (**ÖS:** Er það ekki göfugt?) Ég segi það, virðulegi forseti, að þessi sjóður yrði þá langsamlega öflugasti námsstyrkjasjóður á sviði vátrygginga í víðri veröld. Ekki bara samkvæmt gömlu góðu höfðatölureglunni heldur yrði þetta langsamlega öflugasti sjóður í víðri veröld sem styrkti menn til þess að leita sér þekkingar á sviði vátrygginga. Ég veit að hv. þm. Pétur Blöndal, sem er sérfróður á þessu sviði, gæti sagt okkur frá því hversu margir tryggingafræðingar eru hér starfandi. (**PHB:** Átta.) Þeir eru átta og við getum því rétt ímyndað okkur hversu mikil gósentíð rynni upp fyrir það fólk sem vildi leita sér sérþekkingar á sviði vátrygginga, að geta fengið styrk frá félagi sem á 3.400 millj. til ráðstöfunar alveg sérstaklega til þess að styrkja fólk sem vill leita sér menntunar á sviði vátrygginga. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt þegar maður hugsar til þess, virðulegi forseti.

Hér voru menn að velta því fyrir sér hvort þetta frv. væri ekki einhver sérstök fyrirmynd að því hvernig ætti að fara með eignarhlut ríkisins í Pósti og síma eða öðrum ríkisfyrirtækjum. Þetta er alveg fráleitt vegna þess að eins og ég hef þegar rakið, þá hefur Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands sérstaka sögu. Það var gagnkvæmt tryggingafélag og auðvitað er það þannig að þarna á allt annað við. Það liggur auðvitað fyrir í dag hver er eigandi að Pósti og síma hf. Það er ríkið. Ríkið getur þá bara ráðstafað því með þeim hætti sem það kýs. Að vísu er það svo víða úti um heiminn þar sem menn hafa tekið til við einkavæðingu, og ég veit að vísu að hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson er ekki mesti áhugamaður um einkavæðingu hér í þinginu, ekki sá allra mesti a.m.k., en víða úti um heim þar sem þetta hefur verið gert, þá hefur það verið gert þannig að t.d. í símafélögum hefur notendum talsímans verið afhentur eignarhluti með því einfaldlega að senda þeim hlutabréf í pósti. Það er út af fyrir sig sjónarmið sem menn gætu rætt varðandi Póst og síma en eins og menn vita er það ekki komið upp á borðið að selja hlutina í Pósti og síma þó að fyrir því séu vissulega ákveðin rök. (**Gripið fram í:** Ágúst Einarsson og Guðmundur Árni vilja það.)

Menn hafa verið að ræða um eignarhlutann í Brunabótafélaginu og það er alveg rétt sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði í ræðu sinni hér áðan. Sú umræða var uppi á árinu 1994 hvort ríkið ætti Brunabótafélag Íslands. Það var farið í gegnum þetta mjög vendilega og það gerðu m.a. svo virtir menn sem Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður og Árni Tómasson endurskoðandi. Niðurstaða þeirra, sem birtist m.a. í skjali sem er í riti framkvæmdanefndar um einkavæðingu, er sú að Brunabótafélag Íslands sé ekki eign ríkisins þannig að ríkið geti ekki í krafti eignarréttar gert kröfu til eigna félagsins við slit á því.

Í öðru lagi er það niðurstaða þeirra að hvorki sveitarfélögin í heild né þau sveitarfélög sem hafa gert samninga við Brunabótafélagið um brunatryggingar fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi geti talist eigendur Brunabótafélagsins. Og niðurstaðan í lagasetningunni var þess vegna sú að það væri ekki hægt að afhenda þetta sveitarfélögunum þó að það væru svona skýr hagsmunatengsl þarna á milli eins og hv. þm. Guðmundur Árni var að rekja hérna áðan. Það var engu að síður þannig að það var niðurstaða löggjafans að það væri alls ekki hægt að færa sveitarfélögunum þetta, heldur yrði að gera það með þeim hætti sem lögin um eignarhaldsfélagið frá 11. maí 1994 kveða alveg skýrt á um. Þess vegna, virðulegi forseti, er það þannig að menn þurfa ekki að vera að deila um þetta mál, þetta er alveg ljóst.

Svo er það hins vegar alveg sérstakur kapítuli, þessi sérkennilegu kaup Landsbanka Íslands á hlut Brunabótafélagsins í VÍS. Það er auðvitað mjög sérkennilegt. Nú vitum við að kaupverðið, 3,5 milljarðar tæpir, er meira en helmingurinn af eigin fé Landsbankans. Miðað við þær bókhaldsreglur sem gilda í landinu og Ríkisendurskoðun hefur verið ólöt að sýna okkur fram á að við þurfum að nota þegar verið er að fjalla sérstaklega um ríkissjóð, þá er það alveg ljóst mál að ef hér væri um að ræða hefðbundin kaup eins og við gerum þegar við erum að kaupa okkur hús eða bíl, þá ætti að bókfæra þetta með þeim hætti að eiginfjárstaða Landsbankans og þetta svokallaða BIS-hlutfall, sem nú er farið að kalla KAT-hlutfall, væri alveg í vindinum og Landsbanki Íslands þyrfti að koma hingað enn eina ferðina sem þeir eru að vísu orðnir

nokkuð vanir og biðja um víkjandi lán til að geta reddað fjárhagnum. Þá var fundin upp þessi sérkennilega aðferð að það er ekki um að ræða kaup heldur kauprétt. Menn kaupa þetta félag í bútum, ekki með afborgunarskilmálum vegna þess að það hefði þýtt að það hefði orðið að bókfæra þetta að fullu, heldur kaupa þetta svona í bútum, einn bút í ár, einn bút á fyrri hluta næsta árs, annan bút á seinni hluta næsta árs, einn bút árið 1999 og ég held annan bút seinni hluta ársins 1999. Og þegar þetta var allt búið, þá var málið í höfn og þá var Brunabótafélagið búið að eignast 3,4 milljarða og Landsbankinn búinn að eignast part í VÍS. Þetta hafa gárungar, virðulegi forseti, kallað — ekki VISA-raðgreiðslur heldur VÍS-raðgreiðslur, að kaupa svona eignarhluta, svona eignarréttarsamning, viljayfirlýsingu um það að selja. Þetta er alveg nýtt fyrirbrigði sem gæti auðvitað nýst fjölskyldum í þrengingum og gæti kannski verið umræða, virðulegi forseti, og innlegg um skuldastöðu heimilanna sem gæti verið gaman að velta upp þegar hæstv. félmrh. fer að fjalla þau mál hér í þinginu sem hann vonandi væntanlega gerir í ljósi þeirra skýrslna sem hafa legið fyrir um þau mál.

Síðan er það enn einn hlutur af því máli sem forstjóri Sjóvár vakti athygli á í ræðu á morgunverðarfundi Verslunarráðsins þar sem ég held að ég muni rétt að forstjórinn fullyrti að ef hér væri um að ræða hefðbundna sölu, ef Brunabótafélag Íslands hefði ekki verið eignarhaldsfélag með þeim sérstaka hætti sem lögin gera ráð fyrir, heldur bara venjulegt hlutafélag, þá hefði söluhagnaðurinn leitt til þess að það hefði átt að greiða til ríkisins heilan milljarð króna, 1.000 millj. kr., og munar nú um minna. 1.000 millj. kr. sagði forstjóri Sjóvár að hefði verið það sem hlutafélag hefði orðið að greiða til ríkisins ef þetta hefði farið fram á þeim vettvangi.

Þetta setur þetta mál auðvitað enn í nýtt ljós. Það er auðvitað svo sérkennilegt í ljósi okkar viðskiptaheims að vita til þess að svona viðskipti geti farið fram, svona söluhagnaður geti orðið til án þess að hann sé að nokkru leyti skattlagður eins og hlyti að verða gert í öllum öðrum venjulegum viðskiptum í hinu frjálsa viðskiptalífi. Þetta auðvitað setur þetta mál í enn annað ljós.

Virðulegi forseti. Allt þetta leiðir okkur til þess auðvitað að það er eðlilegt að við förum að í þessu máli eins og gert er í siðuðum þjóðfélögum, að eigendur fái eignarhluta sinn til ráðstöfunar. Og við þingmenn eigum auðvitað að treysta fólkinu í landinu til þess að ráðstafa þessu fé eins og það telur skynsamlegast. Og spurningin um það hvort menn eigi 6 kr. eða 30 kr. í hlutafélaginu eða hvort þeir eigi 60 þúsund, er auðvitað akademísk spurning og snertir ekki kjarna málsins. Því að hvort sem menn eiga 6 kr., 60 þúsund eða 60 millj., þá er það þannig að auðvitað er það þessa fólks, þessara eigenda, þessara fyrirtækja og þessara sveitarfélaga sjálfra að ráðstafa eignarhlutanum, en ekki fulltrúaráðs jafn vel skipað og það er alveg örugglega, ekki okkar alþingismanna þó að menn reyni auðvitað að vinna af bestu samvisku. Þetta á auðvitað að vera á valdi fólksins í landinu og þeirra eigenda sem sannarlega eru eigendur að Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands og lögin kveða alveg skýrt á um.

[17:22]

Útbýting þingskjala:

Björgunar- og hreinsunarstarf vegna strands Víkartinds, 548. mál, beiðni MF o.fl. um skýrslu, þskj. 902.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 532. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 886.

Losun mengandi lofttegunda, 516. mál, þáltill. ÓÖH og KPál, þskj. 865.

Tekjuskattur og eignarskattur, 526. mál, frv. JóhS o.fl., þskj. 878.

[17:23]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands. Ég verð að viðurkenna það, hæstv. forseti, að ég hefði helst viljað vera laus við að tala um þetta frv. frá þeim ágætu hv. þingmönnum sem eru flutningsmenn þess, svo mikils sem ég met þá alla. En lengi skal manninn reyna og ég ætla ekki að reyna að komast að neinni niðurstöðu um það eða geta mér neitt til um það hvers vegna þetta frv. er flutt, en ég efast ekki um að að baki býr stríð meining um úrbætur fyrir okkar litla samfélag. Hvað um það, frv. snýst um það að slíta þessu félagi.

Áður en ég ræði um það efnislega vil ég rifja aðeins upp staðreyndir sem varða þetta félag. Í fyrsta lagi það að Brunabótafélag Íslands gegndi á sinni tíð sem tryggingafélag mjög mikilvægu hlutverki. Það var stofnað fyrir margt löngu og var barn síns tíma, hafði verkefni og viðfangsefni sem sneru að því að tryggja fyrir landsmenn, auk þess sem það gegndi því hlutverki að vera eins konar bakhjarl fyrir sveitarfélögin með einum eða öðrum hætti, m.a. með því að Brunabótafélagið veitti lán og ýmiss konar stuðning. Einkum og sér í lagi var það tengt eldvörnum, bæði hvað varðar slökkviliðsbúnað og einnig og ekki síður sem er auðvitað mikilvægur þáttur í eldvörnum að tryggja það að vatnsveitur væru í sveitarfélögunum. Þekki ég það af eigin raun hversu mikils virði stuðningur Brunabótafélagsins varðandi þá hluti var.

Síðan leið tíminn og hlutirnir breyttust. Ég tók þátt í því á síðasta kjörtímabili í tengslum við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði að breyta lögunum um Brunabótafélagið. Breytingin kom til vegna þess að það samræmdist ekki samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að haga brunatryggingum eins og gert var. Í kjölfarið á því var síðan selt og einkavætt m.a. fyrirtækið Húsatryggingar Reykjavíkur o.s.frv. en Brunabótafélagið varð að eignarhaldsfélagi eins og hér hefur verið rækilega skýrt sem er eigandi að Vátryggingafélagi Íslands.

Þegar Vátryggingafélag Íslands varð til, þá urðu heilmiklar deilur. Menn voru ekki á eitt sáttir um það að slengja saman Samvinnutryggingum og Brunabótafélaginu með þessum hætti og ég var einn þeirra sem hafði uppi vissar efasemdir um þá aðgerð á þeim tíma. Það varð ofan á engu að síður. Í framhaldi var síðan lögum breytt eins og ég nefndi áðan þannig að eignarhaldsfélagið varð til. Ég minnist þess ekki að það hafi verið mjög miklar deilur um setningu þeirra laga á sínum tíma. Ég hafði flutt áður fyrirspurn um það hver ætti Brunabótafélag Íslands. Hæstv. þáv. trmrh. svaraði þeirri fyrirspurn minni og svarið var heldur loðið en aðalatriðið var það þó að ríkið ætti ekki Brunabótafélagið. En eins og kemur fram og er m.a. fskj. með því frv. sem hér er til umræðu, þá var lögð fram greinargerð frá Árna Tómassyni og Tryggva Gunnarssyni um eignarhald á Brunabótafélaginu. Þó að niðurstaða þeirra sé nú í nokkrum véfréttastíl þá skil ég hana sama skilningi í dag og ég gerði þá, að ef einhver hefði með Brunabótafélag Íslands að gera, þá ættu það að vera sveitarfélögin, sveitarfélögin sem höfðu tryggt hjá félaginu, og annað sem var aðalatriði: Sveitarfélögin sem höfðu borið ábyrgð á því gegnum fulltrúaráðið að Brunabótafélagið væri

vel rekið, það ávaxtaði sitt pund í þágu sinna viðskiptamanna og „eigenda".

Ég lá ekkert á þeirri afstöðu minni á þeim tíma þegar verið var að ræða þetta að ég taldi að það væri langeðlilegast við þær aðstæður sem þarna höfðu skapast árið 1994 að gengið yrði hreint til verks og fundin yrði leið til þess að færa eignarhald formlega og með ótvíræðum hætti til þessara sveitarfélaga. Það var ekkert einfalt mál vegna þess að þarna höfðu ýmsir aðilar, bæði lögaðilar og einstaklingar, átt í viðskiptum. En þetta varð niðurstaðan og um hana varð sátt hjá þáv. meiri hluta í þinginu. Það kom mér þess vegna mjög mikið á óvart þegar þetta frv. var flutt. En hvað um það. Frv. liggur hér fyrir og með því er lagt til að slíta félaginu.

Forsendurnar fyrir þessum slitum, forsendur fyrir 1. gr., eru að félagið stundi ekki lengur tryggingastarfsemi. Nú er það ekki þannig að Brunabótafélag Íslands hafi hætt tryggingastarfsemi. Það mun ekki gera það fyrr en Landsbankinn hefur greitt hina síðustu krónu fyrir eignarhlutinn eins og það er allt í pottinn búið. Þetta er þannig út af fyrir sig ekki praktískt mál að mínu mati að slíta á félaginu, fyrr en á árinu 1999 þegar Landsbankinn hefur að fullu og öllu keypt hlut Eignarhaldsfélags Brunabótafélagsins í Vátryggingafélaginu og þar með hafi Brunabótafélagið hætt starfsemi í gegnum vátryggingafélagið. Ég tel að frv. sé að þessu leyti ekki tímabært og forsendurnar fyrir 1. gr. séu ekki til staðar.

Síðan tengist þessu mjög skemmtilegur hlutur að mínu mati en engu að síður mjög merkilegur. Það hefur komið upp úr dúrnum að þeir hinir sömu menn, Árni Tómasson og Tryggvi Gunnarsson, sem hafa skrifað lærðan texta um eignarhaldið, eru helstu höfundar og hugmyndafræðingar á bak við kaup Landsbankans á eignarhlut Brunabótafélagsins í Vátryggingafélagi Íslands þannig að þetta er náttúrlega alveg yndisleg uppsetning á þessu og traust skal það vera, að mennirnir sem skrifuðu um þetta eru helstu ráðgjafarnir og skyldi maður ætla að þessi gjörð sé pottþétt.

Ég held engu að síður að þetta frv. og umræðan í þinginu um frv. sé mjög gagnleg vegna þess að þetta mál þarf að skoða. Það er mikil undiralda á fjármagnsmarkaði, tryggingamarkaði og í bankakerfinu og það er ekkert eðlilegra en hv. þingmenn flytji hér frumvörp sem leiða til þess að menn ræði allar hliðar þessarar fjármálastarfsemi sem eignarhaldsfélagið er þátttakandi í en það er mín niðurstaða að ekki eigi að samþykkja þetta frv. Ég tel að eignarhaldsfélagið eigi að ganga þannig til verks, eins og lagt er til af stjórn Brunabótafélagsins núna, að selja Landsbankanum. Ég tel í fyrsta lagi mjög mikilvægt fyrir Landsbankann til þess að styrkja hann í þeim viðskiptum sem hann stendur í og til þess að gera hann að meiri og betri söluvöru þegar hann verður gerður að hlutafélagi og síðan seldur hlutur í þeim banka. Ég tel að þessi aðgerð muni hækka verulega gengið á hlutabréfum í Landsbankanum og þess vegna sé þetta mjög mikilvæg aðgerð.

Að öðru leyti tel ég að það að eignarhaldsfélagið lifi og fari að lögum, m.a. með því að stunda einhvers konar tryggingastarfsemi, það er hægt að gera það með ýmsum hætti, en að eignarhaldsfélagið verði öflugur og sterkur aðili sem geti orðið sveitarfélögunum styrkur og það tel ég að félagið eigi að hafa alla möguleika á. E.t.v. þarf að gera einhverjar breytingar og ég vonast svo sannarlega til þess að hv. flutningsmenn þessa frv. gætu orðið stuðningsmenn þess að gera e.t.v. breytingar á lögum sem hér er verið að fjalla um þannig að það sé ótvírætt í fyrsta lagi að sveitarfélögin fari með þessa eign og að sveitarfélögin geti haft af henni eðlilegan og mikinn arð.

Að öðru leyti vil ég, hæstv. forseti, endurtaka það að ég er ekki stuðningsmaður þessa frv.

[17:35]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að þegar þetta frv. um breytingar á lögum nr. 68/1994 var rætt í þinginu þá kom það mjög skýrt fram, og má lesa um það í þingtíðindum, að hann vildi koma hlutunum þannig fyrir að sveitarfélögunum væri afhent þetta og það færi ekkert á milli mála að þau ættu þetta. Það má lesa um það. En eins og hann sagði frá sjálfur rétt áðan, herra forseti, var það ekki einfalt mál. Það er líka rétt hjá honum. Það var svo flókið mál vegna þess að öll lögfræðilegu álitin sem þeir voru með voru eindregin um það, því miður. Sveitarfélögin áttu bara ekki þetta félag og þess vegna var ekki hægt að flytja frv. í þá veru eins og óskir hv. þm. Sturlu Böðvarssonar gengu til. Svo sorglegt var það nú eða hitt þó heldur, hvernig sem menn líta á það.

Það er líka vitað mál að hæstv. fjmrh. vildi endilega hafa þetta þannig að ríkissjóður eignaðist þetta en það var jafnsorglegt hjá honum. Öll lögfræðiálitin gengu í þá veru að ríkið ætti þetta alls ekki. Þessir ágætu herrar sátu bara uppi með þetta og þess vegna var það sem frv. var flutt og lögin eru svona úr garði gerð að það er nákvæmlega tilgreint hverjir eiga þetta. Ég get vottað honum og öllum sem vildu hafa þetta öðruvísi mína innilegu samúð, en menn urðu að fara að lögum og þess vegna var þetta gert svona.

[17:36]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka samúðaróskirnar. En þetta varð nú niðurstaðan og um það er ekkert að segja. Ég féllst á þá niðurstöðu sem fólst í frv. sem þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh. flutti og mælti með ágætum fyrir á sinni tíð. Ég held samt sem áður að það mikilvægasta í þessu máli eins og það liggur fyrir núna sé að reyna með öllum tiltækum ráðum að standa þannig að verki að bæði Landsbankinn, sem er ríkiseign og við berum heilmikla ábyrgð á, og Eignarshaldsfélag Brunabótafélagsins og þeir sem fara þar með mál, verði sterkari eftir en áður. Ég tel að með því að Landsbankinn kaupi þennan hlut Eignarhaldsfélagsins í VÍS muni það, eins og ég sagði áðan, styrkja Landsbankann og ég tel að með því að eignarhaldsfélagið hafi áfram með þessa eign að gera muni það styrkja það félag en þó aðallega mun það styrkja sveitarfélögin eins og stjórn Brunabótafélagsins hefur lagt línur þessa dagana.

Þeir hafa, veit ég, lagt þær línur að standa þannig að málum að félagið muni beint og óbeint reyna, ekki styrkja sveitarfélögin í þeim skilningi að veita þeim beina styrki, heldur gera það með lánum og með öðrum aðgerðum, jafnvel með því að ganga enn lengra en gert hefur verið, með því að efla brunavarnir í landinu sem skiptir auðvitað mjög miklu máli. Brunavarnir eru heilmikill kostnaður sem sveitarfélögin hafa með að gera og það er mjög mikils virði að mínu mati að vel takist þar til.

[17:39]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Þetta er vissulega athyglisvert mál sem hér er til umræðu í dag og mjög merkilegir atburðir, vil ég segja, sem hafa leitt til þess að þetta frv. var lagt fram. Það hefur

leitt til þess að ég hef skoðað þau lög sem voru samþykkt fyrir nokkrum árum öllu betur en ég hafði gert áður og í aðeins öðru ljósi. Það hefur hvarflað að mér hvort okkur á hv. Alþingi hafi skotist yfir í því að samþykkja þetta mál og hvort það standist raunverulega eins og lögin eru í dag eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem væntanlega hefur þá verið 67. gr. stjórnarskrárinnar en er í dag 72. gr. Þá á ég við það að í lögunum er skilgreint mjög nákvæmlega hverjir eignaraðilarnir séu og hvernig eigi að reikna út eignarhlut hvers og eins en síðan eru erfingjar þessara eignaraðila sviptir erfðarétti sínum á þessum eignarhlut. Það er þetta atriði sem ég velti fyrir mér hvort standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég vil fara þess mjög sterklega á leit við þá hv. nefnd sem um þetta mál fjallar að hún skoði þetta gaumgæfilega þannig að ef okkur hefur skotist yfir í þessu tilfelli, sem ég mundi reyndar telja mjög alvarlegt, þá höfum við tækifæri við meðferð þessa frv. til þess að leiðrétta það.

Út af fyrir sig þarf sú leiðrétting ekki endilega að felast í því að Brunabótafélagi Íslands sé slitið. Þetta félag á langa og merka sögu og ekki endilega víst að það sé rétta leiðin til að greiða úr þessu máli. Það gæti jafnvel verið skynsamlegra að þeir sem eru í dag skilgreindir eignaraðilar félagsins fái virkan eignarrétt, yfirráðarétt yfir sínum hlut eignarinnar og að sá eignarhlutur lúti sömu lögum og reglum og gilda um erfðir annarra eigna í okkar þjóðfélagi.

Ég vona, herra forseti, að hv. nefnd skoði þetta gaumgæfilega því að það er mjög mikilvægt að enginn vafi leiki á því að Alþingi gæti stjórnarskrárinnar til hins ýtrasta við lagasetningar.

[17:42]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Vinir sveitarfélaga og vinir ríkissjóðs gátu ekki sölsað þessar eignir hinna tryggðu, þ.e. einstaklinga og fyrirtæki, undir skjólstæðinga sína, sveitarfélögin og ríkissjóð. Reyndu þeir þó eins og þeir gátu eins og hér hefur komið fram. Það sem þessir vinir ríkissjóðs og sveitarfélaganna gerðu þá þegar það brást að sölsa eignina undir sig, var að búa til vél sem er þannig að sveitarfélögin erfa fyrirtækin og einstaklingana í tímans rás. Það var lausnin sem þeir fundu í þessu máli eins og ég benti á.

Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni set ég stórt spurningarmerki við það, og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði sömuleiðis, hvort þessi lagasetning 1994 stóðst eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Ég bíð eftir því að einhver láti á það reyna, einhver erfingi sem hefur tapað erfð sinni til sveitarfélaganna með þessum hætti, hvort það hafi verið í samræmi við stjórnarskrána að láta sveitarfélögin erfa eignina með þessum hætti.

[17:44]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu er angi af langri þróun og er breyting á fyrirtæki sem sveitarfélög landsins höfðu stofnað og rekið áratugum saman til þess að gæta hagsmuna íbúa sinna gagnvart tryggingum. Þau höfðu um áratuga skeið gert gagnkvæma samninga og samið fyrir íbúa hvers sveitarfélags um brunatryggingar. Á þeim tíma þótti það vera mjög góð aðferð og hafði gagnast sveitarfélögunum mjög vel og lækkað jafnvel tryggingariðgjöld, styrkt stöðu sveitarfélaga og styrkt brunavarnir sveitarfélaga og gert mögulegt með ýmsum aðferðum að bæta hag sveitarfélaganna með Brunabótafélaginu eins og það var starfrækt á sínum tíma.

Við stöndum frammi fyrir því í dag að með sameiningu Brunabótafélagsins og VÍS varð Brunabótafélagið gagnkvæmt tryggingafélag sem fór út á hinn almenna tryggingamarkað en svo hafði ekki verið áður. Menn höfðu að sjálfsögðu átt að velta því fyrir sér þá hvort réttara hefði verið að gera Brunabótafélagið og eign þess í VÍS að hlutafélagi, að breyta Brunabótafélaginu sem slíku innan Vátryggingafélags Íslands og þannig tryggja eignarhluta íbúanna og sveitarfélaganna eins og hann hafði skapast í gegnum árin. Slíkt fyrirkomulag var viðhaft við sambærilegan samruna í Danmörku og hefur ekki verið ágreiningur um hann. Síðan þegar við höfum aftur á móti breytt þessum ákvæðum hér, þá hefur annar háttur verið viðhafður sem menn verða að skoða í ljósi reynslunnar og í ljósi þeirra viðskiptagjörninga sem hafa átt sér stað þegar Brunabótafélagið sem slíkt er selt í rauninni til ákveðins aðila, í þessu tilfelli Landsbanka Íslands. Hvað ætlar fulltrúaráð Brunabótafélagsins að gera við alla þessa peninga sem safnast saman í sjóði sem geta í rauninni ekki haft neinn sérstakan tilgang? Tilgangur slíkrar starfsemi getur aldrei verið sá að tryggja einungis menntun einhverra sem vilja mennta sig t.d. í tryggingafræðum. Það getur ekki verið eini tilgangur slíks félags. Hvernig Brunabótafélagið eða eignarhaldsfélagið ætlar sér að úthluta arði af þessu félagi til sveitarfélaganna er heldur ekki ljóst þannig að ég held að menn hljóti að reyna að átta sig á því hvernig þetta fyrirtæki, þetta eignarhaldsfélag, verði leyst upp og hvernig það verður gert á sem farsælastan hátt.

Ég hef látið mér detta í hug að skynsamlegast væri að breyta þessu eignarhaldsfélagi í hlutafélag. Þá er nokkuð ljóst að þeir gjörningar sem fyrirtækið hefur gert gætu staðið óhaggaðir og í tímans rás mundi félagið sem slíkt, sem er í rauninni orðið félag um peninga, haslað sér völl á fjármagnsmarkaði ef menn kærðu sig um og hluthafar sem væru þá sveitarfélög og einkaaðilar, íbúar sveitarfélaganna sem hafa tryggt hjá þessu félagi undanfarin ár, gætu selt eignarrétt sinn ef þeir kærðu sig um.

Ég hef slegið þessu fram sem hugmynd um það hvernig ætti að leysa þessi mál sem valdið hafa deilum og menn eru, held ég, nokkuð sammála um að þróunin á þessu máli er mjög sérstök. Ég vil taka undir það að nauðsynlegt er fyrir þá nefnd sem kemur til með að ræða þetta mál að kanna alla þá fleti sem hafa komið upp í umræðunni og þá sérstaklega hvort það stenst stjórnarskrána hvernig farið hefur verið að málum og hvort í rauninni sé verið að rýra eða taka sannanlega eign einstaklinga og afhenda hana einhverjum öðrum, í þessu tilfelli sveitarfélögunum. Ég get tekið undir það að sveitarfélögin hafa ávaxtað sitt pund gríðarlega vel í þessu félagi. Sveitarfélög hafa séð um að hagur íbúanna hefur svo sannarlega verið tryggður með þeim rekstri og því fyrirkomulagi sem hingað til hefur þekkst í þessum rekstri þannig að sveitarfélögin þurfa ekki að skammast sín fyrir það. En ég reikna með því að sveitarstjórnarmenn vilji samt hafa þetta mál þannig klárt gagnvart sínum umbjóðendum að þeir séu sannanlega ekki að skerða stjórnarskrárvarinn rétt sem íbúarnir huganlega gætu haft í þessu máli. Ég vil því taka undir þau sjónarmið sem hafa komið fram um þetta atriði og áskil mér rétt til þess að móta mér afstöðu í þessu máli þegar nefnd hefur tekið það til athugunar og lagt það fyrir þingið við 2. umr.

[17:51]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara taka það fram vegna ummæla síðasta ræðumanns, hv. þm. Kristjáns Pálssonar, að ég get í sjálfu sér fallist á að það sé miklu skárra að gera þetta að hlutafélagi og afhenda, því hann er þá að taka undir það prinsipp sem við erum að tala hér fyrir, þ.e. að réttum eigendum verði afhent eignin. Hins vegar þarf það þá að koma til athugunar hvað við eigum að gera við slíkt félag. Það hlýtur að vera umhugsunarefni. En ég vil taka undir það að í prinsippinu tel ég hann vera að tala fyrir sömu hlutum og við sem skipta máli.

[17:52]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):

Í lok þessara umræðna, herra forseti, þá finnst mér rétt að taka það saman sem hér hefur komið fram. Ég lagði að vísu ríka áherslu á það í upphafi míns máls að það var ákvörðun stjórnar þessa eignarhaldsfélags sem var upphafið að þessu. Þeir ákváðu það sem enginn hafði búist við hér á Alþingi þegar lögin voru sett. Þeir ákváðu að hætta starfsemi. Þeir seldu eignarhlut sinn, þ.e. þann stabba tryggingа sem þeir höfðu búið til sjálfir allt frá upphafi félagsins 1917. Þeir voru upphafsmenn þessa máls. Og eins og lögin um eignarhaldsfélagið taka skýrt fram, það getur hver maður lesið og við höfum margsinnis farið yfir það við þessar umræður, þá eru, herra forseti, verkefni félagsins engin lengur. Það veit hver maður að það er alveg óþarfi að vera með svona félag til að styrkja nokkra námsmenn í að læra tryggingafræði. Það veit líka hver maður að vandamál sveitarfélaganna er alls ekki að það vanti lánasýslu fyrir sveitarfélög. Það er til lánasýsla fyrir sveitarfélög. Sveitarfélögin njóta góðra kjara á markaðnum eins og við höfum farið yfir, þau eiga fullan aðgang að lánsfé. Vandamál sveitarfélaganna er ekki skortur á lánsfé. Það er ofgnótt lánsfjár.

Vandamál sveitarfélaganna er að „realísera" sínar eignir. Þess þurfa þau. Nú geta þau gert það. Því tel ég rétt, herra forseti, að mótmæla því, þegar það kemur fram í umræðu hér, að það komi fram óvild í garð sveitarfélaganna í þessu frv., að það sé óvild í garð sveitarfélaganna að fara þess á leit að félaginu sé slitið og réttum tilteknum eigendum afhent eignin eins og lögin kveða á um. Það fær ekki staðist. Með sama móti mætti segja að þeir sem ekki vildu afhenda hana fólkinu sem tryggði þessar eignir, væru óvinir fólksins. Nei, ég ætla ekki að halda því fram að einn eða neinn sem hefur talað gegn þessu sé einhver óvinur fólksins. Þetta fær ekki staðist. Menn mega ekki tala svona og geta ekki sagt svona.

Sveitarfélögin eiga sinn rétt samkvæmt lögum alveg eins og ríkisvaldið, alveg eins og önnur félagasamtök, alveg eins og einstaklingarnir. Það er ekkert að vera á móti sveitarfélögunum að fara þá leið að félagi sé slitið og farið að réttum lögum þannig að eigendurnir sem skilgreindir eru fái sína eign.

Ég hef ekki tekið viðskiptin við Landsbankann inn í þetta mál af ásettu ráði. Mér finnst engin ástæða til þess. Ég vil ekkert vera að draga það inn í þetta. Það er sjálfstæð ákvörðun sem einhverjir menn taka. Ég hef í sjálfu sér ekkert efast um að það sé báðum hagkvæmt þegar menn eiga viðskipti sín á milli. Ég er ekkert að skipta mér af því, herra forseti. Án efa hafa þetta verið hin bestu viðskipti og ég ætla ekkert að skipta mér af þeim, ekki á nokkurn hátt og ekki hafa þau neitt til umræðu að ásettu ráði. En félagið er hætt störfum. Það hefur ekkert starfssvið og því er spurningin: Af hverju ekki að slíta því? Til hvers á það að vera til?

Um eignarhaldið og um eignarréttinn samkvæmt stjórnarskránni hef ég vitnað hér í ummæli sérfræðinganna. Þeir tala alveg opinskátt um að það sé með tilliti til þess að félaginu, þessu eignarhaldsfélagi, sé ætlað að starfa áfram í þágu þeirra markmiða sem Brunabótafélagið vann að, sem þeir réttlæti það að fara fram hjá 67. gr. Það sé bara þess vegna. Og það liggur í augum uppi að í dag eru þeir hættir sjálfir, það var enginn að knýja þá til þess.

Ég vil taka fram að lokum, hafi það vafist fyrir mönnum og hafi það verið óljóst fyrir þinginu þegar þessi lög voru samþykkt, að í fyrsta lagi vorum við ekki að drýgja neinn stórglæp af því að við ætluðum að halda áfram þessari starfsemi. Við höfðum þess vegna rökin fyrir því að fara heldur á svig við 67. gr. Alþingi leit líka þannig á að þetta væru tiltölulega litlir fjármunir þá. Það var mat manna þá. Þess vegna var afsakanlegt að gera þetta og ég hef ekki verið að ásaka þá þingmenn sem stóðu að þessari lagasetningu, alls ekki. En ég ætla að taka það fram í lokin að hafi það verið óljóst þá og þess vegna afsakanlegt að gera það, þá er það ekki óljóst lengur. Það liggur fyrir að það ágæta félag Brunabótafélag Íslands er ekki lengur að vinna í þágu þeirra markmiða sem það vann að í upphafi. Það er líka alveg kýrskýrt að hér er um miklar fjárhæðir að ræða. Það liggur nákvæmlega fyrir hverjir eiga þessa peninga og tæknilega eru engin vandkvæði á að koma þeim til síns rétta heima. Þess vegna er engin afsökun í dag fyrir öðru, úr því að þetta ágæta félag tók þessa ákvörðun að hætta starfsemi, en að gera þetta frv. að lögum, leysa upp þetta ágæta félag í tilefni þess að starfssviði þess er lokið, verkefni þess er lokið. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:58]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 544. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 898.

Íþróttalög, 543. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 897.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 542. mál, stjfrv. (menntmrh.), þskj. 896.

Póstþjónusta, 545. mál, stjfrv. (samgrh.), þskj. 899.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 369. mál (starfskjör bankastjóra). — Þskj. 647.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

[18:00]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Út af dagskrá fundarins eru tekin 15., 24., 25., 26., 27., 29., 30. og 31. dagskrármál.

Eftirtalin mál hafa verið bókuð hjá skjalaverði en ekki hefur enn tekist að ljúka prentun þeirra og verður þeim útbýtt á fundi sem verður á mánudaginn kl. 1 miðdegis. Þá er jafnframt gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu.

Þessi mál eru: Þskj. 871, Innlend metangasframleiðsla, þáltill., flm. Kristján Pálsson og Ólafur Örn Haraldsson, þskj. 872, Bætt réttarstaða barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þáltill., flm. Rannveig Guðmundsdóttir o.fl., þskj. 876, Suðurlandsskógar, stjfrv., þskj. 882, Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., þskj. 891, Stjórn fiskveiða, frv., flm. Kristinn H. Gunnarsson, þskj. 893, Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, þáltill., flm. Hjálmar Jónsson o.fl., þskj. 894, Lækkun fasteignaskatta, frv., flm. Kristinn H. Gunnarsson og Svavar Gestsson, þskj. 900, Skógræktaráætlun, þáltill., flm. Stefán Guðmundsson o.fl., þskj. 907, Vörugjald af ökutækjum, frv., flm. Vilhjálmur Egilsson o.fl., þskj. 908, Bifreiðagjald, frv., flm. Vilhjálmur Egilsson o.fl., þskj. 909, Mengun í jarðvegi við Keflavíkurflugvöll, þáltill., flm. Sigríður Jóhannesdóttir, þskj. 910, Tekjuskattur og eignarskattur, frv., flm. Pétur H. Blöndal og Katrín Fjeldsted, þskj. 911, Íslensk handrit, þáltill., flm. Valgerður Sverrisdóttir og Jón Kristjánsson, þskj. 912, Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, stjtill., þskj. 913, Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., þskj. 914, Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., þskj. 915, Þjóðlendur, stjfrv., þskj. 916, Loftpúðar í bifreiðum, þáltill., flm. Ólafur Örn Haraldsson o.fl., þskj. 917, Bókaútgáfa, þáltill., flm. Ólafur Örn Haraldsson o.fl., þskj. 918, Bætt þjónusta hins opinbera, þáltill., flm. Ólafur Örn Haraldsson, þskj. 919, Skipulag heilbrigðisþjónustu, þáltill., flm. Katrín Fjeldsted o.fl. og þskj. 920, Erlend fjárfesting, þáltill., flm. Kristján Pálsson o.fl.

Út af dagskrá voru tekin 15., 24.–27. og 29.–31. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

100. FUNDUR

mánudaginn 7. apríl,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Björgunar- og hreinsunarstarf vegna strands Víkartinds, beiðni um skýrslu, 548. mál, þskj. 902. *Hvort leyfð skuli.*

2. Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, þáltill., 383. mál, þskj. 672. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

3. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Erlendar skuldir þjóðarinnar, þáltill., 431. mál, þskj. 735. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, þáltill., 447. mál, þskj. 759. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

6. Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, þáltill., 469. mál, þskj. 795. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

7. Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frv., 482. mál, þskj. 813. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

8. Seðlabanki Íslands, frv., 369. mál, þskj. 647. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Endurskoðendur, stjfrv., 214. mál, þskj. 261 (með áorðn. breyt. á þskj. 824). — 3. umr.

10. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 148. mál, þskj. 903. — 3. umr.

11. Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, stjfrv., 414. mál, þskj. 715. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[13:01]

Útbýting þingskjala sem tilkynnt var um á 99. fundi, föstudaginn 4. apríl, að bókuð hefðu verið hjá skjalaverði:

Aðgangur að íslenskum handritum, 553. mál, þáltill. VS og JónK, þskj. 911.

Bifreiðagjald, 550. mál, frv. VE o.fl. þskj. 908.

Bókaútgáfa, 559. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 917.

Bætt réttarstaða barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 521. mál, þáltill. RG o.fl., þskj. 872.

Bætt þjónusta hins opinbera, 560. mál, þáltill. ÓÖH, þskj. 918.

Efling atvinnu- og þjónustusvæða á landsbyggðinni, 539. mál, þáltill. HjálmJ o.fl., þskj 893.

Erlend fjárfesting, 562. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 920.

Innlend metangasframleiðsla, 520. mál, þáltill. KPál og ÓÖH, þskj. 871.

Loftpúðar í bifreiðum, 558. mál, þáltill. ÓÖH o.fl., þskj. 916.

Lækkun fasteignaskatta, 540. mál, frv. KHG og SvG, þskj. 894.

Mengun í jarðvegi við Keflavíkurflugvöll, 551. mál, þáltill. SJóh, þskj. 909.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, 554. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 912.

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, 556. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 914.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, 555. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 913.

Skipulag heilbrigðisþjónustu, 561. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 919.

Skógræktaráætlun, 546. mál, þáltill. StG o.fl., þskj. 900.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 530. mál, stjfrv. (fjmrh.), þskj. 882.

Stjórn fiskveiða, 537. mál, frv. KHG, þskj. 891.

Suðurlandsskógar, 524. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 876.

Tekjuskattur og eignarskattur, 552. mál, frv. PHB og KF, þskj. 910.

Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, frv. VE o.fl., þskj. 907.

Þjóðlendur, 557. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 915.

[13:05]

Útbýting þingskjala:

Aðgengi hreyfihamlaðra á fæðingardeild Landspítalans, 571. mál, fsp. KH, þskj. 930.

Aðgerðir gegn skattsvikum, 566. mál, fsp. JóhS, þskj. 925.

Afli línubáta, 449. mál, svar sjútvrh., þskj. 863.

Áfengislög, 563. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 922.

Gjaldtaka lögmanna og fjármálastofnana, 567. mál, fsp. JóhS, þskj. 926.
Hækkun á skuldum heimilanna, 570. mál, fsp. SJóh, þskj. 929.
Kjötmjölsverksmiðja, 569. mál, fsp. SJóh, þskj. 928.
Sala notaðra ökutækja, 148. mál, þskj. 903.
Samningar um lækkun meðlagsskulda, 441. mál, svar félmrh., þskj. 884.
Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna, 565. mál, fsp. ArnbS, þskj. 924.
Skattundandráttur, 568. mál, fsp. JóhS, þskj. 927.
Skemmtanahald, 564. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 923.

Björgunar- og hreinsunarstarf vegna strands Víkartinds.

Beiðni MF o.fl. um skýrslu, 548. mál. — Þskj. 902.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:06]
Beiðni leyfð til forsrh. með 44 shlj. atkv.

Úrskurðarnefnd í málefnum neytenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 383. mál. — Þskj. 672.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:06]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Rannsókn á brennsluorku olíu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE, 421. mál. — Þskj. 723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:07]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. PHB, 431. mál. — Þskj. 735.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:07]
Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 447. mál. — Þskj. 759.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:08]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Aukin hlutdeild almennings í atvinnurekstri, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 469. mál. — Þskj. 795.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:08]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Slit á Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands, frh. 1. umr.

Frv. EOK o.fl., 482. mál. — Þskj. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Frv. GÁS o.fl., 369. mál (starfskjör bankastjóra). — Þskj. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Endurskoðendur, 3. umr.

Stjfrv., 214. mál (heildarlög). — Þskj. 906.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GMS, HÁs, JóhS, RA, SF, StB, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 931).

Sala notaðra ökutækja, 3. umr.

Stjfrv., 148. mál (leyfisbréf, eftirlit o.fl.). — Þskj. 903.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GMS, HÁs, JóhS, RA, SF, StB, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 932).

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 414. mál (rekstrarleyfi). — Þskj. 715.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EKG, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHH, GMS, HÁs, JóhS, RA, SF, StB, SvanJ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Fundi slitið kl. 13:13.

101. FUNDUR

mánudaginn 14. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Rannsókn kjörbréfs.
2. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
3. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 531. mál, þskj. 885. — 1. umr.
4. Þjóðminjalög, stjfrv., 502. mál, þskj. 842. — 1. umr.
5. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 532. mál, þskj. 886. — 1. umr.
6. Háskólar, stjfrv., 533. mál, þskj. 887. — 1. umr.
7. Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, stjfrv., 534. mál, þskj. 888. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., Þóra Sverrisdóttir bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. flokksins í Norðurl. v.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Fyrir liggur bréf frá 1. varaþm., Sigfúsi L. Jónssyni, um að hann geti ekki tekið sæti á Alþingi í fjarveru Vilhjálms Egilssonar.

Kjörbréf Þóru Sverrisdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt.

Athugasemdir um störf þingsins.

Beiðni um skýrslu.

[15:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Á dagskrá fundar í dag er frv. hæstv. menntmrh. um rammalöggjöf um háskóla. Ég sé ástæðu til þess, herra forseti, að spyrjast fyrir um skýrslu um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi sem allur þingflokkur jafnaðarmanna bað um 14. nóvember sl. Þessari skýrslubeiðni hefði samkvæmt þingsköpum átt að svara innan 10 vikna, þ.e. í janúar eða febrúar ef menn væru velviljaðir gagnvart jólafríi, en það eru alla vega komnir tveir mánuðir fram yfir þann tíma. Það mikilvægt að okkar mati, herra forseti, að þessi skýrsla hefði legið fyrir því að hún er nauðsynlegt innlegg í þá umræðu sem hér á eftir að fara fram.

Mér finnst, herra forseti, það vera býsna skrýtin vinnubrögð þegar við sjáum hér hvert stjfrv. á fætur öðru til 1. umr. alla vikuna í og ekki er hirt um að svara fyrirspurnum eða skýrslubeiðnum okkar stjórnarandstæðinga sem hefði verið nauðsynlegt innlegg inn í þá umræðu sem hér fer fram. Í skýrslubeiðninni var óskað eftir svörum við einum 23 spurningum. Þetta er umfangsmikil skýrsla, ég er ekkert að draga úr því, en það hefði verið mjög æskilegt að búið hefði verið að svara henni eða alla vega búið að upplýsa hvar vinna við hana stæði. Í skýrslubeiðninni var óskað eftir upplýsingum um þróun háskólastigsins, samanburð við útlönd, kostnaðarrannsóknir og margt fleira sem ekki er hægt að fara í, allt málefni sem hefðu komið að mjög miklu gagni hér í umræðunni.

Ég óska þess vegna eftir því, herra forseti, að forseti upplýsi hvernig þessi skýrsla standi því að augljóst er að liðinn er sá frestur sem þingsköp gera ráð fyrir að sé veittur til að svara skýrslu hér á hinu háa Alþingi.

[15:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Eins og hæstv. forseti veit, þá ritaði menntmrn. forseta erindi út af þessari fyrirspurn og beiðni um skýrslu og bað um lengri frest. Það er alveg augljóst að til þess að svara þeim spurningum sem þarna eru bornar fram þarf mikla vinnu. Það hefur verið unnið eins og kostur hefur verið við að afla þeirra upplýsinga sem um er beðið og eftir því sem ég best veit er vinnan á lokastigi og mun skýrslan vafalaust liggja fyrir innan tiltölulega skamms tíma. Það er verið að afla þessara upplýsinga en málið er mjög viðamikið. Sums staðar hefur komið í ljós að það eru alls ekki til tölfræðilegar upplýsingar sem um er beðið þannig að menn hafa verið að reyna að leita allra leiða til þess að svara þessu yfirgripsmikla máli. Tíminn hefur ekki leyft enn þá að menn lykju starfinu en að því er unnið.

[15:07]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svarið. Um bréfaskriftir menntmrn. til hæstv. forseta er mér ekki kunnugt þannig að það liggi alveg ljóst fyrir að þeim skilaboðum hefur ekki verið komið áleiðis til mín sem er fyrsti beiðandi þessarar skýrslu. Ég veit að málið er umfangsmikið en það sem ég er hins vegar að vekja athygli á er að það eru tveir mánuðir komnir fram yfir venjulegan tíma. Hér er verið að ræða mjög merkilegt mál í tengslum við þessa skýrslu.

Hæstv. ráðherra gat ekki um hvenær skýrslan kæmi fram. Ég vænti þess vitaskuld ekki að skýrslan verði komið fram fyrir 1. umr. en ég vænti þess að ef af 2. umr. verður um þetta þingmál í vor, þá muni hún liggja fyrir. Ég vildi spyrja hæstv. menntmrh. hvort af því megi verða. Ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta var umfangsmikil beiðni sem lögð var fram en aðalatriðið er það sem ég reyndi að draga fram að stjórnarþingmennirnir leggja hér fram hvert málið á fætur öðru til 1. umr. og við í stjórnarandstöðunni fáum ekki tækifæri til að fá þær upplýsingar sem við höfum beðið eftir sem eru nauðsynlegar fyrir þá umræðu sem hér fer fram.

[15:09]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Nú líður að þeim tíma að menn hljóta að fara að skoða hvernig þinghaldi lýkur einhvern tíma í næsta mánuði. Eins og kunnugt er var gert ráð fyrir að þinginu lyki 16. maí. Núna liggja fyrir m.a. óafgreidd stjórnarfrumvörp, ein 80 talsins, og sum þeirra hafa verið að koma hér inn síðustu daga. Samkvæmt þeirri starfsáætlun sem við vinnum eftir er gert ráð fyrir því að hér verði 1. umr. um mál þessa viku og þá næstu í meginatriðum þannig að það er bersýnilegt að þinghaldið er að komast í mjög mikinn hnút.

En það sem ég vildi spyrja um í framhaldi af þessu, hæstv. forseti, er að í upphafi þings á fyrsta þingdegi lagði þingflokkur Alþb. og óháðra fram beiðni um skýrslu frá dómsmrh. um gjaldtöku við innheimtu vanskilaskulda. Flutningsmenn eru allir þingmenn Alþb. og óháðra. Þessi skýrsla er ekki komin fram enn. Það er bersýnilegt að þingsköp hafa verið brotin í þessu sambandi og okkur hefur engin grein verið gerð fyrir því af hverju málið tekur svona langan tíma.

Nú erum við að sjálfsögðu tilbúin til þess að skoða slík mál og hlusta á öll rök sem unnt kann að vera að færa fram ef vinna dregst á langinn vegna þess að það taki langan tíma að afla upplýsinga. En það er auðvitað algerlega fráleit framkoma við þingið að láta mál af þessu tagi liggja hér svo að segja í allan vetur án þess að gera svo mikið sem tilraun til að gera grein fyrir því af hverju málið er látið liggja. Og ég fer fram á það við hæstv. forseta að hann reki á eftir hæstv. dómsmrh. í þessu máli.

[15:11]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Ágústs Einarssonar sem hann viðhafði um þau vinnubrögð sem við verðum því miður vitni að, þ.e. það fást ekki svör við spurningum stjórnarandstöðunnar um mál sem mikilvægt er að fá upplýsingar um, ekki síst vegna þeirra mála sem ríkisstjórnin er að koma með inn í þingið. Og ég vil, herra forseti, vekja athygli á því að það hefur ekki verið starfsamt hjá hv. menntmn. í vetur en nú skyndilega fyrir nefndaviku hrúgast inn mál, mörg stór og viðamikil, frá hæstv. menntmrh. þannig að ekki hefur tekist að mæla fyrir málunum enn. Mér reiknast svo til að það séu um það bil þrjár þingvikur eftir og menn hljóta að spyrja: Er ekki hægt að hafa annað skipulag á þessum málum? Er ekki hægt að vinna málin þannig að þau komi inn í þingið fyrr ef hæstv. ráðherrar eða ríkisstjórn hefur hugsað sér að fá þau afgreidd? Menn hljóta að setja spurningarmerki við það að á örfáum dögum eigi að afgreiða stór mál hér í þinginu, hér eigi þingmenn að sitja við að afgreiða stór mál en á sama tíma er ekki hægt að nýta þann tíma og þann mannafla sem menntmrn. hefur til þess að svara spurningum sem mikilvægt er að fá svör við til þess þó að flýta afgreiðslu a.m.k. sumra þessara mála.

[15:12]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hér er vitaskuld hreyft grafalvarlegum málum sem lúta að samskiptum þings og framkvæmdarvalds og rétt að rifja það upp í þessu samhengi að á umliðnum vikum og mánuðum hefur kannski miklu fremur en nokkru sinni fyrr verið gagnrýnt að þegar loks einhver svör koma, þá eru þau þannig að lítið sem ekkert gagn er í. Það er því að verða býsna grátbroslegt, virðulegi forseti, hvernig hæstv. ríkisstjórn hagar störfum sínum í samskiptum við þingið og verður auðvitað að taka á því.

Ég vil bæta við í þennan sarp sem þegar hefur verið tínt til og rifja upp að upp úr miðjum febrúar eða svo lagði ég fram skriflega fyrirspurn til hæstv. heilbrrh. sem henni bar að svara innan 10 virkra þingdaga. Ég hef ekki fengið það svar enn þá. Fyrirspurnin laut að máli sem hefur verið til umræðu í þessum sölum margoft og lýtur að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Ég spurði einfaldlega um það hversu margir einstaklingar störfuðu við heilbrigðisþjónustu úti um land. Ég hef ekki fengið svar við því þannig að þetta er allt að verða hið pínlegasta mál fyrir hæstv. ríkisstjórn og auðvitað kominn til þess tími fyrir margt löngu að hún fari að taka sér tak og sinna þeim störfum sem henni ber og svara því sem til hennar beint af hálfu hins háa Alþingis.

Hér er auðvitað ekki við hæstv. forseta að sakast. (**Gripið fram í:** Heldur hvern?) Við hæstv. ráðherra, hv. þm., það fer ekki fram hjá nokkrum manni og tími til þess kominn að þeir fari að sinna sínum störfum hér og lögbundnum skyldum við hið háa Alþingi.

[15:14]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessa umræðu en geri það sökum þess að hér komu fram míköll um hvort þetta væru málefni forseta. Við höfum lagt áherslu á það á þessum vetri, þingflokksformenn og forseti þingsins, að reyna að halda starfsáætlun. Það er búin til ný starfsáætlun sem er óþekkt fyrirbæri frá fyrri þingum og síðan á að reyna að standa við þessa starfsáætlun. Það þýðir að þinginu á að ljúka 16. maí, ágæti þingheimur. Á þessum degi er verið að byrja með fyrstu umræðu mál. Alla þessa viku munum við samkvæmt nýju stundaplani ræða mál sem ráðherrarnir koma með út úr sínum fílabeinsturni þar sem þeir sitja í sínum ráðuneytum og smíða mál til að henda inn fyrir lokadag þingsins til að knýja á um að þau verði afgreidd fyrir vorið. Það er staðan sem við erum í nú. Það var, virðulegi forseti, ekki ástæða þess að hér hófst umræða um störf þingsins en það er ástæða þess að ég kem hér og legg orð í belg vegna þess að það er auðvitað fáheyrt að það skuli vera beðið mánuðum saman eftir upplýsingum en síðan skuli öllum þessum málum hrúgað inn á dagskrá þingsins á viðkvæmum lokatíma.

[15:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun ræða við ráðherra um skýrslur sem eru ókomnar. Þær eru allnokkrar. Forseti vekur athygli á því að að sjálfsögðu verður reynt að koma þeim málum sem lögð eru fram innan framlengingarfrestsins, fyrir 4. apríl, í 1. umr. eftir því sem tími vinnst til. Forseti væntir góðs samstarfs við þingflokksformenn um dagskrár þingfunda til þingloka.

Rannsókn kjörbréfs.

[15:17]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hafa eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og get ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 2. varaþm. Alþb. og óháðra í Austurl., Guðmundur Beck bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni og forföllum 1. varaþm. listans í Austurl.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Austurl., á Alþingi sem 1. varaþm. Alþb. og óháðra í Austurl.

Virðingarfyllst, Þuríður Backman."

Kjörbréfanefnd kom saman áður en þingfundur hófst til að rannsaka kjörbréf Guðmundar Becks.

[15:17]

Frsm. kjörbréfanefndar (Valgerður Sverrisdóttir):

Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf 2. varaþm. Alþb. og óháðra í Austurl., Guðmundar Becks bónda, sem landskjörstjórn gaf út á sérstökum fundi sínum 11. apríl sl. 1. varamaður listans í kjördæminu, Þuríður Backman, getur ekki tekið sæti á Alþingi að þessu sinni.

Nefndin hefur kynnt sér kjörbréfið og ekki fundið neitt athugavert og leggur til að það verði samþykkt.

[15:18]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf Guðmundar Becks verði samþykkt og skoðast kjörbréfið samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Guðmundar Becks samþ. án atkvgr.

[15:18]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þóra Sverrisdóttir og Guðmundur Beck hafa ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber þeim því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Þóra Sverrisdóttir, 5. þm. Norðurl. v., og Guðmundur Beck, 4. þm. Austurl., undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[15:19]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Þóra Sverrisdóttir og Guðmundur Beck hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og eru þau boðin velkomin til starfa.

[15:20]

Útbýting þingskjala:

Akstur lögreglu-, sjúkraflutninga- og slökkviliðsbifreiða, 466. mál, svar dómsmrh., þskj. 935.

Erfðabreyttar lífverur, 397. mál, svar umhvrh., þskj. 921.

Ferliverk á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, 348. mál, svar heilbrrh., þskj. 937.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 408. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 940; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 941.

Komugjöld sjúklinga, 350. mál, svar heilbrrh., þskj. 883.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 407. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 942; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 943.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 938; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 939.

Unnin ársverk vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu, 497. mál, svar dómsmrh., þskj. 936.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Úrskurður samkeppnisráðs um Flugfélag Íslands hf.

[15:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegur forseti. Í síðustu viku kvað samkeppnisráð upp úrskurð sinn vegna fyrirhugaðs samruna Flugleiða og Flugfélags Norðurlands hf. Í úrskurðinum voru sett skilyrði fyrir samruna félaganna. Markmiðin með skilyrðunum eru þau að reyna að tryggja stjórnunarlegt sjálfstæði Flugfélags Íslands og sjá til þess að yfirburðaaðstaða Flugleiðasamsteypunnar verði ekki nýtt til þess að raska samkeppni. Það segir sig sjálft að nauðsynlegt er að setja félagi sem hefur 90% markaðshlutdeild ströng skilyrði ef tryggja á heilbrigða samkeppni á markaði. Grunntónninn í úrskurði ráðsins er sá að tryggja að jafnræði ríki meðal keppinauta enda hefur sagan kennt okkur að heilbrigð samkeppni er forsenda eðlilegrar verðmyndunar og góðrar þjónustu og því sé hag neytenda best borgið með heilbrigðri samkeppni. Það vakti því óhjákvæmilega verulega athygli að tveir af hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar skyldu með yfirlýsingu þar um draga í efa réttmæti úrskurðarins. Reyndar komu yfirlýsingar hæstv. samgrh. ekki á óvart því hann hefur tekið að sér mjög sérstakt hlutverk í samkeppnisumræðunni hér á landi. Hins vegar vöktu yfirlýsingar hæstv. forsrh. mun meiri athygli þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði það á tilfinningunni að samkeppnisráð hefði gengið nokkuð fast fram í þessu máli án þess að það þjónaði hagsmunum neytenda. Það er alvarlegt mál þegar hæstv. forsrh. kemur fram fyrir alþjóð og lýsir yfir að úrskurður lögmæts stjórnvalds sé ekki í samræmi við markmið laga sem því er ætlað að starfa eftir. Þetta verður sýnu alvarlegra í því ljósi að forsrh. kemur ekki fram sem fagráðherra í þessu máli heldur sem oddviti ríkisstjórnarinnar. Að mínu viti eru yfirlýsingar hans til þess eins fallnar að rýra trú manna og traust á lögmætu stjórnvaldi, sem eitt út af fyrir sig er mjög alvarlegt mál.

Það vakna því óhjákvæmilega spurningar í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. ráðherra um það hvort og þá hvernig ríkisstjórnin hyggst bregðast við umræddum úrskurði. Því vil ég beina eftirtöldum spurningum til hæstv. starfandi forsrh.:

1. Telur ríkisstjórnin að samkeppnisráð sé ekki hæft til að fara með það vald sem því er falið í samkeppnislögum?

2. Telur ríkisstjórnin úrskurðinn í andstöðu við lög?

3. Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að breyta samkeppnislögum vegna þessa úrskurðar?

[15:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að samkeppnisráð hafi talið sig fara að lögum þegar það kvað upp sinn úrskurð. Það kann hins vegar að vera spurning hvort lagaákvæðin sem samkeppnisráð starfar eftir séu of þröng þegar þessi mál og önnur eru skoðuð. Um það get ég ekki sagt á þessari stundu.

Ég hef heyrt og séð álit annars vegar samgrh. og hins vegar forsrh. Ég get að sjálfsögðu ekki hér og nú farið að skýra út ummæli annarra ráðherra. Það verða þeir að gera þegar þeir eru beðnir um það eða þeir kjósa að gera það. Hv. fyrirspyrjandi verður að sætta sig við að bíða eftir forsrh. og

spyrja hann beint hvað hann hafi nákvæmlega átt við í sínum svörum.

Mér er að sjálfsögðu kunnugt um að hægt er fyrir fram að fá álit samkeppnisráðs þegar fyrirtæki er að gera hjá sér breytingar. Ég veit ekki hvort það var gert í þessu tilviki. Það er einnig hægt að áfrýja úrskurði ráðsins eins og menn þekkja. Ríkisstjórnin er í sjálfu sér ekki aðili að þessu máli. Það eru fyrirtækin sem starfa í landinu þannig að ríkisstjórnin grípur ekki til neinna beinna aðgerða í tilefni af þessum úrskurði. Þó hygg ég að þessi úrskurður og aðrir slíkir hljóti að gera það að verkum að menn muni líta á lögin og kanna mjög rækilega hvort þau séu of þröng og komi í veg fyrir eðlilegar framfarir í landinu.

[15:26]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. starfandi forsrh. fyrir svörin. Hæstv. ráðherra sagði að lögin væru sennilega of þröng. Ég vænti þess að hann hafi átt við að þau væru of rúm, þannig að það þyrfti að þrengja þau. Alla vega skildi ég svarið þannig. Hitt er það að þessi úrskurður er ekki sá fyrsti sem kveðinn er upp þar sem ströng skilyrði eru sett. Við getum rifjað upp úrskurð sem féll t.d. í málefnum Olíufélagsins. Þar þótti ekki ástæða til að koma fram af slíku offorsi eins og í þessu máli. Maður hlýtur að spyrja sig hvort hæstv. ráðherrar gangi erinda sumra fyrirtækja en ekki annarra því viðbrögð vegna þessa úrskurðar eru mjög merkileg. Einkanlega í ljósi þess að vitaskuld er samkeppnisráð fyrst og síðast að gæta hagsmuna neytenda. Þess vegna hlýtur að vekja furðu þegar meintir talsmenn frelsisins og neytenda koma fram eins og raun ber vitni.

Það kom líka fram hjá hæstv. ráðherra að þessi úrskurður virðist vera ríkisstjórninni að minnsta kosti tilefni til að endurskoða lögin. Það eitt út af fyrir sig segir mikið um þessa ríkisstjórn.

[15:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði áðan var að ekkert frekar þetta mál en önnur slík hljóti að leiða til þess að menn líti á lögin. Það er ekkert óeðlilegt við það eftir að samkeppnisráð hefur starfað hér um nokkurra ára skeið en það tók við af verðlagseftirliti. Samkeppnisráð og hugmyndin á bak við það og starfsemi ráðsins hefur sýnt okkur og sannað hve mikilvægt það er að horfa til þessara mála með samkeppni og hagsmuni neytenda í huga. Það viljum við gera. En það breytir ekki því að eðlilegt er eftir að ráðið hefur starfað um nokkurra ára skeið að litið sé til laganna og kannað hvort þau séu of rúm eða of þröng eftir atvikum. Að sjálfsögðu eru það hagsmunir neytenda sem menn hljóta að horfa á. Í þessu sambandi er einmitt deilt um hvort niðurstaðan sé til hagsbóta fyrir neytendur því svo kann að fara að flugvélar t.d. verði minni en ella ef þessi úrskurður stendur, svo dæmi sé tekið. Menn verða þá að hafa álit á því hvort það sé til hagsbóta fyrir neytendur eða ekki þótt ekkert felist í þessum orðum hvort þessi úrskurður sé rangur eða réttur. (**Gripið fram í:** Eru minni vélar ekki óóruggari?)

[15:29]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Samkeppnisráð hefur ekki lagst gegn þessum samruna, setur aðeins skilyrði þannig að það hljóta að vera tíðindi ef það gerist sem hæstv. ráðherra segir að úrskurðurinn muni hugsanlega leiða til þess að minni flugvélar muni fljúga á leiðum innan lands. Hins vegar eru lögin orðin fjögurra ára gömul og það er mitt mat að Samkeppnisstofnun hafi gengið erinda og þjónað hagsmunum neytenda eins og frekast er kostur. Það hlýtur að vekja umhugsun hjá flestum sem að þessum málum koma og um þau hugsa þegar úrskurðað er gegn fyrirtæki líkt og Flugleiðum, setur því skilyrði, skuli hæstv. ráðherrar rjúka upp til handa og fóta og jafnvel velta því fyrir sér í alvöru að breyta samkeppnislögunum. Þetta er mikið umhugsunarefni.

Virðulegur forseti. Kannski birtist þarna hin nakta hagsmunagæsla hæstv. ráðherra Sjálfstfl.

[15:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og þingheimur hefur heyrt þá er verið að reyna að koma því til skila að ummæli tveggja ráðherra í ríkisstjórninni séu til þess fallin að draga taum einstakra fyrirtækja í landinu. Það hef ég ekki sagt og ekki heldur séð. Það eina sem hér hefur verið sagt er að það hljóti að vera eðlilegt eftir þennan úrskurð og aðra úrskurði á undanförnum fjórum árum að ríkisstjórnin líti á lögin — því ég efast ekki um að samkeppnisráð hafi farið að lögunum — og kanni hvort lögin þjóni neytendum best eins og þau eru. (Gripið fram í.) Það er það eina sem hér hefur verið sagt og ég bið hv. þm. að hafa í huga að annað hefur ekki verið sagt í þessu máli. Það hlýtur að vera eðlilegt að þessi lög séu til skoðunar eins og önnur mannanna verk. (**Gripið fram í:** Breyta lögunum fyrir Flugleiðir.) Hins vegar er niðurstaðan úr rannsókn á því auðvitað ekki fyrir fram ákveðin og svo kann að fara þegar málið hefur verið kannað að ekki þurfi að breyta lögunum. Annað hefur ekki verið sagt í þessu máli og ef menn vilja síðan kynna sér hvað þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið í málinu þýði verða menn að spyrja þá sem þær yfirlýsingar hafa gefið.

Ástandið í Miðausturlöndum.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. og vil spyrja hann um ástand mála í Miðausturlöndum og framgöngu Ísraelsstjórnar á hernumdu svæðunum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að ástand þar er nú mjög alvarlegt og viðkvæmt og við liggur að slitni upp úr friðarviðræðum eða samningaferlinu sem kennt er við samningsniðurstöðuna frá Ósló. Það er einkum framkvæmd Ísraelsstjórnar á svonefndri Har Homa-áætlun um íbúðabyggingar í útjaðri Jerúsalem sem er að stofna öllu friðarferlinu í hættu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hver afstaða ríkisstjórnar Íslands til þessarar framgöngu Ísraelsstjórnar sé. Hefur brotum Ísraelsstjórnar á Óslóarsamkomulaginu verið mótmælt. og þá hvar eða hvenær og hvernig? Hvað hefur hæstv. ríkisstjórn eða hæstv. utanrrh. aðhafst í þessu máli?

[15:32]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Svarið er já. Framferði Ísraelsmanna hefur verið mótmælt. Send voru sérstök mótmæli til ríkisstjórnar Ísraels fyrir alllöngu síðan um þetta mál. Ég er sammála hv. þm. um að framferði Ísraelsstjórnar hefur stefnt friðarferlinu í hættu og vonandi kemst það í samt lag aftur. Við höfum notað hvert tækifæri til að koma því á framfæri og munum halda áfram að gera það, m.a. á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sameiginlega með öðrum utanríkisráðherrum Norðurlandanna.

[15:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svarið og hvet hæstv. ráðherra til að halda áfam að leggja friðarferlinu lið og blanda sér í hóp ráðherra þeirra þjóða sem fordæma framgöngu Ísraelsstjórnar. Ég held að ekkert annað dugi ef það á að vera einhver von um að bjarga friðarferlinu, því sem eftir er af trausti manna í millum að þessu leyti. Einnig þarf að sjálfsögðu að beita pólitískum þrýstingi gagnvart þeim ríkjum sem beint eða óbeint skjóta skildi fyrir Ísraelsmenn og þá auðvitað fyrst og fremst Bandaríkjastjórn sem hefur á hneykslanlegan hátt m.a. beitt neitunarvaldi hjá Sameinuðu þjóðunum.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð.

[15:34]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í umfjöllun síðustu vikna um dánarbætur skipverja hjá Landhelgisgæslunni er lést við björgun nú nýverið hefur nokkuð verið rætt um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, en skipverji þessi var í óvígðri sambúð með eftirlifandi barnsmóður sinni. Þetta mál hefur vakið fólk til umhugsunar um almenna réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, ekki aðeins um réttarstöðu eftirlifandi maka við andlát heldur ekki síður önnur atriði eins og skattamál, réttarstöðu við skilnað o.s.frv. Þar sem engin almenn lög eru til um óvígða sambúð er reglan yfirleitt sú að þau gagnkvæmu réttindi og skyldur sem fólk hlýtur við giftingu gilda ekki um fólk sem velur sér þann kost að búa saman án vígslu. Þannig má segja að fólk velji sér form sambúðar m.a. út frá því hvaða rétt og hvaða skyldur það undirgengst hverju sinni. Hitt er jafnljóst að fjöldi fólks vill frekar búa í óvígðri sambúð en vígðri. Ástæður þessa geta verið af trúarlegum eða siðferðilegum toga en einnig getur fólk einfaldlega talið eðlilegt að stíga varlega til jarðar þegar það hefur búskap og búa saman í nokkur ár áður en gengið er í hjónaband. Margir virðast jafnvel standa í þeirri trú að sambúð í tvö eða þrjú ár, eins og oft heyrist, veiti sama rétt og hjúskapur. Réttarstaðan er þannig óljós og þá vakna spurningar um það hvort ekki væri eðlilegt að setja rammalöggjöf um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð þó ekki væri nema til að skýra stöðuna. Ég spyr því hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi íhugað að setja slíka rammalöggjöf, hvort það hafi komið til umræðu í dómsmrn. og hvort hann telji ástæðu til að skoða það mál á næstunni.

[15:36]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur ekki verið til sérstakrar skoðunar í dómsmrn. að setja löggjöf um óvígða sambúð. Hitt er annað mál að það er álitaefni hvort á slíkri löggjöf sé þörf. Vissulega er mjög mikilvægt að fólk viti almennt hver réttindi þess eru og skyldur. En það er líka alveg ljóst að fólk tekur ákvarðanir í þessum efnum út frá ríkjandi aðstæðum og hlýtur að gera sér grein fyrir því almennt hvaða réttaráhrif hjúskapur hefur, hvort sem til hans er stofnað í kirkju eða með borgaralegum hætti og hvaða réttindi og skyldur fylgja óvígðri sambúð. Ég geri ráð fyrir því að fólk velji sambúðarform með tilliti til þeirra réttindi og þeirra skyldna sem uppi eru í hvoru tilviki fyrir sig. En vel má vera að ástæða sé til að gera þessi mál skýrari og gleggri með almennri löggjöf en spurningar um það hafa ekki verið til umfjöllunar enn sem komið er á vettvangi ráðuneytisins.

[15:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin. Ég get alveg tekið undir það með honum að fólk velur sér náttúrlega sambúðarform út frá ákveðnum forsendum en það er hins vegar mjög mikilvægt að þessar forsendur séu alveg skýrar. Ég er kannski fyrst og fremst að leggja til að þessar forsendur séu skýrar. Þannig er í dag að lagaákvæði um óvígða sambúð eru hér og þar. Það eru sérákvæði varðandi skattalega meðferð eigna og annað. Þetta snertir m.a. lífeyrismál og hér og þar eru ákvæði sem snerta óvígða sambúð og það gerir m.a. að verkum að réttarstaðan er mjög óljós, fólki er ekki fyllilega ljóst hvaða skyldur og hvaða réttur fylgir því að vera í óvígðri sambúð annars vegar á meðan réttarstaða hjóna er mjög skýr. Það er fyrst og fremst þetta sem ég tel mjög mikilvægt og vekur mann til umhugsunar hvort ekki sé rétt að setja um þetta eina rammalöggjöf sem síðar vitnar þá í önnur sérlög um efnið.

Norræn sýning um Kalmarsambandið.

[15:39]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Mig langar til að beina fyrirspurn til hæstv. menntmrh. vegna sýningar sem sett hefur verið upp í þjóðminjasafninu í Kaupmannahöfn og við eigum aðild að, íslenska ríkið, þ.e. Þjóðminjasafnið, og kostuð er af norrænu ráðherranefndinni. Sýningin er um Margréti I. og Kalmarsambandið sem, eins og menn þekkja hér, við vorum einu sinni hluti af og Margrét var okkar drottning. Þessi sýning mun standa fram yfir aldamót og er áætlað að hún verði sett upp í ýmsum höfuðborgum í Evrópu. Það kom mér á óvart að ekki er gert ráð fyrir að þessi sýning verði sett upp í Reykjavík þó svo að Reykjavík muni verða ein af menningarborgum Evrópu árið 2000. Á þessari sýningu eru ýmsir munir frá Þjóðminjasafni Íslands og ég tel að þetta hefði orðið mjög merkilegt menningarlegt innlegg árið 2000 þegar Reykjavík verður ein af menningarborgum Evrópu. Mig langar til að spyrja hæstv. menntmrh. hvort ákvörðun hafi verið tekin um að sýningin yrði ekki í Reykjavík og ef svo er þá hvers vegna? Ég hefði talið mjög mikilvægt að hún kæmi hingað og vildi gjarnan fá skýringar á þessu þar sem við eigum hlutdeild í kostnaði við þessa sýningu og hún fer til höfuðborga annarra ríkja sem voru hluti af Kalmarsambandinu á sínum tíma.

[15:41]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki nægilega kunnugur þessu máli til að geta svarað spurningunni. Ég mun kynna mér það hvað um þessa sýningu verður og hvort unnt sé að fá hana hingað til Íslands.

[15:41]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þetta svar. Ég vonast til þess að menntmrh. leggi því lið að sýningin komi hingað því þetta er mjög merkileg og vel uppsett sýning sem á fullt erindi hingað til Reykjavíkur.

Tónlistarhús.

[15:42]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Um margra ára skeið hefur verið rætt um að það þyrfti að byggja tónlistarhús hér á landi. Umræður um það hafa staðið mjög lengi eins og kunnugt er og margir hafa komið að því máli bæði innan þings og utan. Ég man að fyrir síðustu alþingiskosningar þá lýstu fulltrúar allra flokka nema Þjóðvaka, að ég hygg, því yfir að nauðsynlegt væri að loka hinum „menningarlega hringvegi" eins og einhverjir orðuðu það með því að til yrði tónlistarhús. Ástæðan fyrir því að menn hafa ekki farið út í byggingu tónlistarhúss er auðvitað fyrst og fremst sú að menn hafa talið að það væri dýrt, kostaði talsvert mikla fjármuni. Fyrir nokkrum vikum eða mánuðum, hygg ég, skipaði núv. hæstv. menntmrh. nefnd til þess að fjalla um þetta mál, m.a. með aðild fulltrúa borgarstjórnar Reykjavíkur. Og ég er hingað kominn til þess að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti og er þá hugsanlegt að svo gæti farið að um það mál mætti fjalla í síðasta lagi í tengslum við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1998?

[15:43]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi impraði á. Að minni tillögu samþykkti ríkisstjórnin að í fyrsta sinn skyldi ríkisvaldið koma að því að kanna hvort ástæða væri til þess að reisa hér tónlistarhús. Það hefur verið starfandi nefnd að þessu máli undanfarna mánuði og er hún komin á lokastig í sínum störfum þannig að ég held að á næstu vikum muni niðurstaða hennar liggja fyrir, ítarleg skýrsla um málið og röksemdir fyrir því að skynsamlegt sé að ráðast í þessa framkvæmd.

[15:43]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég er fyllilega sáttur við þessi svör hæstv. menntmrh. miðað við stöðu málsins og þakka honum fyrir.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 1. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 885.

[15:44]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég geri grein fyrir frv. á þskj. 855 til laga um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Ég vek athygli þingmanna á því að þingskjalið hefur verið prentað upp vegna þess að það var stafavíxl í tölu í 5. gr., þannig að ég bendi þingmönnum á það. (**SvG:** Er það eina breytingin?) Það er eina breytingin.

Þetta frv. snýst um endurskoðun á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna en í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem mynduð var 23. apríl 1995 kom fram að hún mundi beita sér fyrir endurskoðun á lögum og reglum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég setti síðan nefnd 14. ágúst 1995 til þess að fjalla um málið og varð niðurstaðan sú að nefndin lauk ekki störfum heldur var hún leyst frá störfum 6. janúar 1997. En það frv. sem hér liggur fyrir er m.a. byggt á því starfi sem fram fór í nefndinni, samkomulagi sem náðist milli stjórnarflokkanna auk þess sem tekið hefur verið tillit til tillagna og athugasemda samstarfsnefndar námsmannahreyfingarinnar.

Meginbreytingar frumvarpsins eru eftirfarandi:

1. Endurgreiðsluhlutfall hefur verið lækkað frá því sem var í fyrri lögum, þ.e. í 4,75% en það getur samkvæmt núgildandi lögum orðið allt að 7%.

2. Teknir eru upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum.

3. Skipan stjórnar sjóðsins er breytt með þeim hætti að stjórnarmönnum er fjölgað úr sex í átta.

Iðnnemasamband Íslands fær aðalmann í stað áheyrnarfulltrúa áður og menntamálaráðherra einn fulltrúa til viðbótar.

4. Lagt er til að sett sé sérstök heimild í lög fyrir stjórn sjóðsins til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla.

5. Tekin hafa verið inn í lögin ákvæði vegna aðildar Íslands að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Þá hefur í 2. gr. frv. verið sett inn ákvæði sem fjalla um endanlegt úrskurðarvald stjórnar sjóðsins þegar kemur að því að skera úr vafamálum sem varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Samkvæmt frv. er sem sagt tekið af skarið með að úrskurðir stjórnarinnar í þessu sambandi séu endanlegir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Er þetta í samræmi við reglur sem verið hafa í gildi undanfarna mánuði.

Í öðru lagi er í 2. gr. frv. því ákvæði bætt við í lögin að stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins. Er þetta gert til þess að tryggja stjórnsýslulega stöðu slíkra nefnda en starfandi eru þrjár undirnefndir stjórnar sjóðsins, vafamálanefnd, endurgreiðslunefnd og framfærslunefnd og er hver nefnd skipuð einum fulltrúa stjórnvalda og einum fulltrúa námsmanna. Nefndirnar leysa úr málum einstakra námsmanna en fundargerðir þeirra eru staðfestar af stjórn. Þarna er verið að lögfesta skipan sem hefur að mati þeirra sem starfa að málefnum sjóðsins reynst mjög vel og mælt er með því að þetta verði fest þannig í lög.

Umræður um málefni sjóðsins hafa verið miklar, m.a. á Alþingi, undanfarin missiri, en með þessu frv. er tekið af skarið um skipan mála hjá sjóðnum. Um málið er fullt samkomulag á milli stjórnarflokkanna svo sem kunnugt er.

Ég þarf ekki hér að rökstyðja það sérstaklega hvers vegna fjölgað er í stjórn sjóðsins úr sex í átta en þó vil ég láta þess getið að þegar núgildandi lög voru sett var litið á Iðnnemasambandið sem aðila að Bandalagi íslenskra sérskólanema og með þeim rökum var þá ekki fallist á hugmyndir um að fjölga í stjórninni. Ég met það hins vegar þannig að á þeim tíma sem liðinn er síðan lögin voru sett 1992 hafi berlega komið í ljós að skynsamlegt sé vegna m.a. breytinga hjá námsmannahreyfingunum að Iðnnemasambandið fái fulltrúa í stjórn sjóðsins og geri þess vegna tillögu um það og einnig að menntmrh. skipi þrjá fulltrúa í stað tveggja eins og nú til þess að halda því jafnvægi í stjórn sjóðsins sem menn telja eðlilegt og hefur verið sátt um.

Þá er einnig rétt að vekja athygli á því að lagt er til að skipunartími framkvæmdastjóra sjóðsins verði lengdur úr fjórum árum í fimm og er það til samræmis við það sem gildir almennt um forstöðumenn opinberra stofnana.

Að því er varðar greiðslur lána, þá hafa menn eins og kunnugt er lengi deilt um það hvort taka beri upp svokallaðar samtímagreiðslur hjá sjóðnum eða ekki. Ég hef jafnan

í þeim umræðum lýst þeirri skoðun minni að ég átta mig ekki nákvæmlega á því um hvað menn eru að tala þegar samtímagreiðslur ber á góma því að í því efni hafa skilgreiningar verið næsta ólíkar. Menn hafa sagt að ekki væri átt við það sem var fyrir 1992 heldur eitthvað annað og síðan hafa ýmis blæbrigði á því máli verið kynnt eins og kunnugt er. Hér er lagt til að meginreglan um útgreiðslu lána úr sjóðnum verði hin sama og er núna. Hins vegar er sett ákvæði inn í lögin um að námsmaður fái greiddan vaxtastyrk sem er ætlaður honum til að bæta fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námslána á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðist við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Þarna er gert ráð fyrir því að menn geti átt viðskipti við bankakerfið, fengið þar mánaðarlegar greiðslur eða greiðslur eins og þeir sjálfir kjósa en vaxtakostnaðurinn sé síðan borinn af sjóðnum þannig að námsmenn þurfi ekki að bera kostnað af þessum viðskiptum við bankana.

Einnig er tekið fram að gert er ráð fyrir því að allir þeir sem sækja um lán og fá námslán njóti vaxtastyrksins án tillits til þess hvort þeir hafi raunverulega þurft að greiða fjármagnskostnað eða ekki. Með öðrum orðum: Þeir sem fara að útgreiðslureglum sjóðsins, þ.e. þeir sem sjóðurinn greiðir út tvisvar sinnum á ári, fá eins og aðrir þennan vaxtastyrk án tillits til þess hvort þeir skipta við banka eða ekki.

Síðan er lagt til í frv. að endurgreiðslubyrði lánanna sé breytt og hún lækkuð í 4,75% en sé ekki 5% eða 7% eins og í núgildandi lögum. Ég hef jafnan sagt að þetta væri það ákvæði í núgildandi lögum sem ég teldi brýnast að breyta. Ég hef talið að endurgreiðslubyrðin eins og hún er núna sé of há og með því að taka af skarið eins og gert er í frv. sé mjög komið til móts við óskir viðskiptavina sjóðsins um að létta endurgreiðslubyrðina. Þegar menn líta á kostnaðarmat fjmrn. á þessu frv. sjá þeir að þessi þáttur frv. er dýrastur ef ég má orða það svo því að lækkun endurgreiðsluhlutfalls nýrra lána er talið muni kosta 140 millj. kr. og breyting á endurgreiðslu eldri lána 45 millj. kr. Það er samtals 185 millj. kr. en heildarkostnaður af frv. er talinn vera á bilinu 202–226 millj. að mati fjmrn.

Þetta sýnir að þarna er um verulega hagsmuni að ræða fyrir viðskiptavini sjóðsins og ég vil taka fram, til að það liggi alveg skýrt fyrir, að þetta á við alla viðskiptavini sjóðsins frá því að lögin frá 1992 tóku gildi og að sjálfsögðu við þá sem taka lán hjá sjóðnum eftir að þetta frv. er orðið að lögum, en einnig þá sem átt hafa viðskipti við sjóðinn frá 1992.

Það kemur fram í kostnaðarmatinu að ekki er lagt út í að meta hvaða áhrif þessar breytingar hafa á eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum og það eru ýmsir aðrir óvissuþættir sem menn sjá þegar málið er skoðað í heild og ekki unnt að leggja á það endanlegt kostnaðarmat. Hins vegar var slegið á það af fjmrn. að samtals muni framkvæmd frv. kosta 202–226 millj.

Það hefur komið fram í umræðum um málið að menn telja að óeðlilegt sé að leggja til að námsmenn hafi viðskipti við banka vegna þessara lána. Ég tel að slík rök séu næsta haldlítil og í sjálfu sér sé það aukin þjónusta við viðskiptavini sjóðsins að taka upp þá skipan sem hér er mælt fyrir um. Fram hafa farið viðræður á milli sjóðsins, lánastofnana og bankastofnana um hvernig unnt væri að koma frekar til móts við námsmenn sem viðskiptavini banka og ljóst er að þær viðræður gefa fyrirheit um að lánastofnanir muni veita viðskiptavinum lánasjóðsins aukna þjónustu og ekki krefjast þess af þeim að þeir sýni fram á frekari ábyrgðir gagnvart bönkunum en þeir sýna fram á gagnvart lánasjóðnum sjálfum.

Eins og menn vita hefur þetta verið mikið ágreiningsefni og deilumál um langan tíma eða allt frá því að lögin voru samþykkt 1992 og bæði hér á hinu háa Alþing og einnig utan þings. Menn hafa talið að löggjöfin eins og hún er núna sé ranglát í langtum meira mæli en ég samþykki og tel að mörg orð sem þar hafa fallið eigi ekki við rök að styðjast. Ég tel að það þjóni litlum tilgangi hér og nú að fara út í umræður um þá sögu alla. Skýrslur hafa verið skrifaðar og munu liggja fyrir og úttektir um þróun sjóðsins frá 1992 og leyfi ég mér að vísa til þeirra í stað þess að fara að rifja upp það mál. Ég hef löngum sagt að í umræðu um lánasjóðinn væri nær að líta til framtíðar en vera að deila um fortíðina í þessu mikla máli og reyna að komast að niðurstöðu sem leiði til sátta um málið. Ég tel að þessi tillaga, sem ég geri í frumvarpsformi og ríkisstjórnin stendur að og stjórnarflokkarnir, sé í þeim anda að um það náist bærileg sátt, bæði á hinu háa Alþingi og einnig utan þess.

Ég vil láta þess getið að í síðustu viku komu fulltrúar frá námsmannahreyfingunum á minn fund og lögðu fyrir mig úrlausarefni sem snerta framkvæmd laganna, útfærslu á úthlutunarreglum og reglugerð sjóðsins. Hef ég komið þeim ábendingum til stjórnar sjóðsins og vænti þess að um það mál takist samkomulag á milli manna enda hafi þeir í huga þann fjárhagsramma sem sjóðnum er markaður. Það tókst á síðasta ári samkomulag um úthlutunarreglurnar í stjórn sjóðsins og ég tel að það sé markmið í sjálfu sér að stefna að slíku samkomulagi aftur núna á grundvelli hinna nýju laga sem ég vona að við berum gæfu til að samþykkja fyrir þinglok í vor. Og með þeim orðum legg ég til að málið fari til 2. umr. og hv. menntmn.

[15:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér liggur loksins fyrir frv. stjórnarinnar um breyting á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þessa frv. hefur verið beðið býsna lengi eða allt frá því að núv. ríkisstjórn tók við. Skyldi engan undra að frv. var flett með býsna mikilli eftirvæntingu því að eins og hæstv. ráðherra vitnaði í hér áðan, þá hafa stór orð verið látin falla um ranglæti gildandi laga og líklega hafa framsóknarmenn farið fremst í flokki gagnrýnenda. A.m.k. var það samróma álit þeirra sem á hlýddu að engir hefðu komist með tærnar þar sem þeir höfðu hælana fyrir síðustu kosningar hvað varðaði loforð og núna getum við sagt yfirboð varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna. Það var þess vegna, herra forseti, býsna áhugavert að lesa það frv. sem hér liggur fyrir.

Það var bæði áhugavert fyrir það sem er í frv. og þó ekki síður vegna þess sem það fjallar ekki um. Þetta frv. fjallar t.d. ekki um samtímagreiðslur. Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, þá verður sama fyrirkomulag og er núna. Það kemur til vaxtastyrkur en hann beinist ekki sérstaklega að þeim sem þurfa að leita á náðir bankanna vegna þess að hann eiga allir að fá. Það skiptir sem sagt ekki máli hver er efnahagur eða hverjar eru aðstæður, allir fá vaxtastyrkinn. Það staðfesti hæstv. ráðherra líka í máli sínu hér áðan. Þannig liggur það nú fyrir, herra forseti, að það er ekki um samtímagreiðslur að ræða. Það er sama fyrirkomulag og áður og það verður greiddur svokallaður vaxtastyrkur sem allir fá.

Það er líka ljóst, herra forseti, að þetta frv. fjallar ekki um afnám ábyrgðarmanna. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því að jafnrétti til náms verði tryggt á Íslandi ef marka má niðurstöðu Ríkisendurskoðunar eftir að hún hafði skoðað fjárhagsstöðu sjóðsins og litið yfir gildandi lög.

Í 6. gr. laganna um Lánasjóð ísl. námsmanna er kveðið á um að þeir námsmenn sem fá lán úr sjóðnum skuli leggja fram yfirlýsingu a.m.k. eins manns sem taki á sig sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. Og ef námsmaður ekki getur fengið slíkan ábyrgðarmann, þá getur svo farið að hann geti ekki hafið nám eða þurfi að hverfa frá námi. Slíkum einstaklingi, einstaklingi án ábyrgðarmanns, getur sjóðurinn ekki veitt tækifæri til náms án tillits til efnahags, eins og segir þó í lögunum.

Eins og ég gat um, herra forseti, þá tekur Ríkisendurskoðun þetta atriði sérstaklega fyrir í skýrslunni sem stofnunin gaf út um fjárhagsstöðu sjóðsins í nóvember 1995. Þar er einmitt á það bent að eðli námslána sé annað en eðli annarra lána vegna þess að námslán séu í rauninni það form á námsaðstoð sem stjórnvöld ákvarði á hverjum tíma og námsaðstoð getur ekki verið háð því skilyrði að sá sem aðstoðarinnar nýtur komi með ábyrgðarmann fyrir aðstoðinni. A.m.k. er það niðurstaða Ríkisendurskoðunar og ég held að flestir rétt þenkjandi menn hljóti að taka undir að það getur ekki samrýmst jafnrétti til náms.

Nú var það svo, herra forseti, að fyrstu fréttir af niðurstöðu Framsfl. og Sjálfstfl. um breytingar á lögunum um sjóðinn bentu raunar til þess að stjórnarflokkarnir hefðu líka áttað sig á þessum augljósu sannindum. En stórsigur Framsfl. í þessu máli fólst síðan einungis í því þegar betur var skoðað að einhverjir ráðherrar voru í viðræðum við banka um að bankarnir bæðu ekki um ábyrgðarmann á yfirdráttarheimildinni, en lánasjóðurinn átti samkvæmt lögunum áfram að krefja um ábyrgðarmenn. Ef ekki verður á önnur breyting en sú sem stjórnarflokkarnir leggja til í þessu frv., þá munu námsmenn því áfram þurfa að leita til foreldra og vina og biðja þá um að ábyrgjast lánin sín. Undir velvild þeirra aðila eða fjárhagsstöðu eftir atvikum verður það síðan komið hvort menn fá námslán í lánasjóðnum sem á að tryggja jafnrétti til náms án tillits til efnahags.

Lánasjóður ísl. námsmanna er mikilvægt tæki til námsaðstoðar. Það er mikilvægt tæki til þess að tryggja jafnrétti til náms. Þess vegna er brýnt að það verði tekið á þessu máli. En lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna segja ekki alla söguna um það hver lánapólitíkin er í landinu. Lögin segja reyndar tiltölulega lítið um það hvaða lánapólitík er við lýði vegna þess að lögin eru þannig upp byggð að í þeim eru mjög miklar heimildir þar sem stjórn sjóðsins eða ráðherra er falið að taka afdrifaríkar og veigamiklar ákvarðanir um það með hvaða hætti farið er með. Í raun er það ráðherra og stjórn sjóðsins sem móta lánapólitíkina á hverjum tíma. Og þannig hefur Sjálfstfl. í menntmrn. og meiri hluti hans í stjórn lánasjóðsins í rauninni getað mótað þá lánapólitík sem rekin hefur verið. Þeir hafa haft nánast sjálfdæmi um ýmis mikilvæg atriði eins og t.d. til hvaða sérnáms skuli lánað, hvaða skilyrðum námsmenn og ábyrgðarmenn skuli fullnægja, hvað beri að telja námslok, hvað sé hæfilegur námstími og það að stjórninni sé heimilt að fela bankastofnunum útborgun lána, innheimtu og aðra daglega afgreiðslu svo að fátt eitt sé talið. Ég hygg að einhverja rámi nú í það að einhver af þessum atriðum hafi þótt gagnrýni verð, en það er þó greinilegt að nú þykir Framsfl. að framkvæmd Sjálfstfl. á þessum ákvæðum á mótun lánapólitíkurinnar í landinu hafi verið með ágætum því að það er frekar bætt í ef eitthvað er með þessu nýja frv.

Þannig er lagt til í þessu frv. að úrskurðir stjórnar sjóðsins verði endanlegir, þeir verði ekki kærðir til æðra stjórnvalds verði frv. að lögum. Stjórn sjóðsins á að semja reglurnar, stjórnin á síðan að rannsaka kvartanir sem upp kunna að koma og stjórnin dæmir síðan. Hún dæmir um réttmæti og sá dómur er endanlegur og verður ekki áfrýjað til æðra stjórnvalds. Er ekki eitthvað bogið við það, herra forseti, að sami aðili skuli semja reglur, skuli rannsaka mál samkvæmt þeim og fella síðan endanlegan úrskurð? Skyldi ekki þurfa að skoða þetta ákvæði ögn betur?

Það er fleira sem stjórnin fær sjálfdæmi um og hlýtur að stinga í augu þegar frv. er lesið. Þannig stendur í 6. gr. frv. að ef einstaklingur sem hefur fengið lán úr lánasjóðnum starfar síðan erlendis skuli stjórnin, og ég ætla nú að vitna beint, herra forseti, því að orðalagið er svo ótrúlegt, en það er svo vitnað sé beint: „skal stjórnin áætla honum ríflegan útsvarsstofn."

Ríflegan útsvarsstofn. Menn hljóta að velta því fyrir sér ef stjórnin fær heimild til þess í lögum að áætla mönnum sem starfa erlendis ríflegan útsvarsstofn án þess að nokkuð sé skilgreint nánar að hér sé eða geti verið um brot á jafnræðisreglu að ræða. Hvernig er það tryggt að þeir aðilar sem kjósa að hasla sér völl erlendis eða verða að gera það af einhverjum ástæðum fái notið jafnræðis ef stjórnin hefur það í hendi sér hvernig hún áætlar þeim útsvarsstofn og hefur þau ein fyrirmæli að gera það ríflega? Ég held, herra forseti, að hér sé farið offari og þetta verði svo sannarlega að skoða betur.

Þegar farið er yfir lögin og síðan þetta frv. þá sýnist manni að það sé á um það bil 20 stöðum þar sem stjórnin hefur heimildir til þess að taka ákvarðanir um ýmislegt sem, eins og menn heyra af því sem þegar hefur verið nefnt hér, skipta verulegu máli varðandi það hvernig mönnum reiðir af í námi. Við getum nefnt bæði hvað varðar lengd náms og hver eru talin lok náms, hvað varðar ábyrgðarmenn, hvað varðar þær kröfur sem gerðar eru bæði til ábyrgðarmanna og einstaklinga og margt fleira.

Það er hins vegar, herra forseti, margt sem þarf að skoða einnig nákvæmlega. Það er þannig að samkvæmt þessu frv. munu endurgreiðslur áfram hefjast tveimur árum eftir að námi lýkur og eins og ég gat um, þá er það stjórn sjóðsins sem skilgreinir hvenær námslok eru. Það þarf líka að skoða mjög nákvæmlega hvort það að breyta endurgreiðsluhlutfalli úr 5% og niður í 4,75% sé nægjanlegt þegar menn skoða möguleika fólks sem tekur námslán til íbúðaröflunar. Menn hafa skoðað þessi mál og komist að þeirri niðurstöðu að þeir sem taka lán og þurfa að sæta þeim endurgreiðslureglum sem eru í núgildandi lögum þurfi að hafa allt að 30% hærra kaup en aðrir eigi þeir að geta staðið þeim jafnfætis þegar kemur að umsóknum um húsnæðislán. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að þessi þáttur sérstaklega verði skoðaður, hvort þessi breyting sem ekki getur kallast stórvægileg hafi þau áhrif að staða þessa fólks til þess að eignast þak yfir höfuðið sé orðin viðunandi. Ég held að nauðsynlegt sé, herra forseti, að það sé skoðað alveg sérstaklega.

Eins og ég gat um áðan, þá eru ekki teknar upp svokallaðar samtímagreiðslur, hér er um óbreytt ástand að ræða. En það væri fróðlegt að vita hvort ráðherra hefur hugsað sér að endurskoða grunnframfærsluna, hvort námsmenn geta átt

von á einhverjum breytingum hvað það varðar. Það var eitt af því sem kom í ljós þegar könnun Félagsvísindastofnunar, samnorræna könnunin um fátækt á Íslandi, var birt að námsmenn voru jafnoft undir fátækramörkum og atvinnulausir þannig að greinilegt er að þar þarf að athuga hvað er að gerast. Ég held að það þurfi líka að skoða hvort þær breytingar einar og sér sem hér er verið að gera á lögunum verði til þess að sametning námsmannahópsins breytist aftur, en það varð niðurstaða þeirra námsmanna sem skoðuðu það mál að breytingarnar sem gerðar voru 1992 og ákvarðanir stjórnarinnar, sú lánapólitík sem hún mótaði í framhaldinu, hafi helst til bitnað á þeim sem helst þurftu á lánum að halda, þ.e. að barnafólk og einstæðir foreldrar hafi orðið verst úti og einnig hitt að lánþegum hafi fækkað og þá fækkun megi rekja eftir kjördæmum, þ.e. eftir búsetu í landinu. Það er alveg ljóst að ef ekki er hægt að breyta þessum hlutum, þá erum við ekki með lánasjóð sem við getum flokkað sem jöfnunarsjóð, lánasjóð sem tryggir jafnrétti til náms.

Þá er hér líka atriði sem ég held að sé mjög mikilvægt að tekið verði á en það er atriði sem lýtur að heyrnarlausum. Nú er það svo að í 2. gr. laganna segir að lánasjóðnum sé heimilt að veita öðrum námsmönnum námslán eins og þar stendur, með leyfi forseta: „öðrum námsmönnum námslán en þeim sem falla undir skilgreiningu 2. mgr. 1. gr. enda stundi þeir sérnám." Nú er það spurning hvort hægt er að flokka það nám sem heyrnarlausir eru að reyna að stunda í framhaldsskólum landsins sem sérnám en það er alla vega alveg ljóst að þeir fáu sem treysta sér til þess þurfa að stunda framhaldsnám í mjög mörg ár, mun fleiri ár heldur en aðrir þeir sem geta notið þeirrar kennslu sem fer fram án aðstoðar því að það er svo í málefnum heyrnarlausra að þessir einstaklingar þurfa að sæta því að njóta kennslu í kannski 1–2 námsgreinum á vetri eftir því hvar þeir geta fengið táknmálstúlka. Þess vegna er eins og ég segi að þeir örfáu sem í þetta ráðast eru komnir hátt á þrítugsaldur þegar þeir ljúka framhaldsskólaprófi eða eru enn að baksa í framhaldsskóla komnir hátt á þrítugsaldur. Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort hægt er með einhverjum ráðum að nýta lánasjóðinn til þess að mæta þessum einstaklingum. Eins og lögin eru í dag, þá hefur stjórn sjóðsins metið það svo að því er virðist að til þess væri ekki svigrúm, en ég held að þarna sé atriði sem verði að taka á.

Ég gat um það hér áðan að þeir vaxtastyrkir sem menn hyggjast koma á núna verða greiddir öllum án tillits til efnahags, án tillits til aðstæðna. Það væri forvitnilegt að heyra hvort ráðherra og ríkisstjórnin hefur hugsað það mál þannig að hér séum við að stíga fyrsta skrefið í átt til formlegra námsstyrkja, þ.e. hvort við séum ef til vill að stíga fyrsta skrefið í átt að gerbreyttu kerfi. Kerfi sem yrði ekki lánakerfi heldur styrkjakerfi. Ég held að það væri upplýsandi og eðlilegt að það væri rætt í menntmn. hvort við erum ef til vill að stíga fyrstu skrefin í þá veru að breyta eðli sjóðsins. Það væri forvitnilegt ef hæstv. ráðherra vildi leggja orð í belg á eftir og upplýsa okkur um það.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan sýnist mér þetta frv. vera rýrara í ýmsu tilliti en sumir höfðu vænst og að hv. menntmn. bíði heilmikil vinna vegna þess að ég hygg að ýmsir fulltrúar í menntmn. muni reyna að koma fram ákveðnum breytingum og menn muni reyna til þrautar að ná fram ákveðnum réttlætismálum sem verði þá hluti af lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna í framtíðinni. Ég held að ljóst sé að sum atriðin sem ég var að spyrja um ættu að vera hluti af lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það sé jafnframt alveg ljóst að við verðum að skoða hið væntanlega hlutverk stjórnarinnar varðandi endanlegan úrskurðaraðila og sömuleiðis möguleika stjórnarinnar til að áætla mönnum ríflegan útsvarsstofn út frá því að við búum í réttarríki þar sem menn eiga að njóta jafnræðis og menn eiga líka að fá notið þess að það sé ekki sama stjórnvaldið sem semur reglurnar, sem þeir eiga að lifa eftir í þessu tilfelli, og dæmir um hvort réttlátlega er unnið og rannsakar mál.

[16:17]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi sérstaklega bregðast við orðum hv. síðasta ræðumanns um endurgreiðslu. Þar fannst mér ekki alls kostar farið rétt með. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að endurgreiðslurnar verði 7% að sjö árum liðnum frá námslokum. Þannig að það er auðvitað mjög veruleg tilslökun fólgin í því varðandi endurgreiðslurnar að fara niður í 4,75%. Auk þess sjáum við þetta líka þegar við lítum á kostnaðarmatið samkvæmt frv. Aðalatriði þessa máls er að verið er að setja inn í námslánakerfið á þriðja hundrað millj. kr. Ég tel að verulega sé slakað á varðandi endurgreiðslubyrðina. Það er eitt af mikilvægustu ákvæðunum í hinu nýja frv.

Mér þótti líka slæmt að heyra þá rangfærslu sem oft hefur heyrst um lánasjóðinn að þessi lög sem nú eru í gildi hafi fyrst og fremst bitnað á barnafólki og einstæðum foreldrum. Ég get ekki tekið undir það. Ég minni fólk á að í vetur birtist t.d. viðtal við einstæða móður sem sá sér hag í því að fara í nám á ný. Hún hafði lokið háskólanámi en sá sér hag í því að fara í nám á ný vegna þess að hún hefði hærri ráðstöfunartekjur sem námsmaður en ef hún væri á vinnumarkaðnum. Við getum því séð á þessu að námslánakerfið er nú kannski ekki eins slæmt og margir hafa viljað vera láta. Nemendum í lánshæfu námi hefur fjölgað frá því að lögin um lánasjóðinn voru sett árið 1992.

[16:20]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hv. 3. þm. Reykn. talar um endurgreiðslurnar á þann hátt hversu mikill léttir þetta sé, þá væri fróðlegt að hún reiddi fram þær upplýsingar sem hún hefur um það hvort búið er að reikna það sem ég var að kalla eftir áðan, og hvort hún getur gefið okkur betri upplýsingar um sína vitneskju um það mál.

Síðan hitt hvort lögin, ég gat mér nú allt eins til um að það væru þær reglur sem stjórn sjóðsins setur, hefðu bitnað á barnafólki og einstæðum foreldrum. Ég var að vitna í kannanir sem gerðar hafa verið og gerð er grein fyrir í ágætri skýrslu sem námsmenn létu gera. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þær tölur trúverðugri til að byggja á vegna þess að þar er byggt á tölum þeirra sem voru í námi og hvernig þróunin hefur síðan verið, heldur en því hvort ein einstæð móðir er svo illa haldin á íslenskum vinnumarkaði — og segir það nú dálitla sögu um íslenskan vinnumarkað og þau laun sem þar eru greidd — að betra skjól sé fyrir hana innan námslánakerfisins en að vera á vinnumarkaði þegar hún er að hugsa um sína framfærslu. Mér finnst þetta ekki sambærilegt, ég verð að segja það alveg eins og er. Þó að borguð séu hraksmánarleg laun á ýmsum vinnustöðum á Íslandi þá er það ekki afsökun fyrir lánakerfi sem setur notendum sínum þess háttar reglur að augljóst er af tölum að þeir sem við höfðum kannski helst talið að þyrftu á kerfinu að halda virðast helst hafa hrakist frá námi.

[16:22]

Sigríður A. Þórðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki þá reikninga handbæra sem þingmaðurinn kallar eftir. En það hlýtur náttúrlega að vera augljóst að 7% endurgreiðslubyrði er töluvert þyngri en 4,75%. Svo mikið er víst.

[16:22]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1982 voru sett lög um námslán sem mikil sátt ríkti um milli námsmanna og með þjóðinni allri. Enda bar þáv. hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason, gæfu til að hafa mikið samráð við hina ólíkustu aðila við samningu laganna og komu þar m.a. allir stjórnmálaflokkar að verki. Ég held að það sé í raun borðliggjandi staðreynd að þannig hljóti að verða að standa að samningu slíkra lagabálka sem snerta hag og framtíð þjóðarinnar allrar um langa framtíð. En því miður er það þannig að þær ríkisstjórnir sem hér hafa setið að völdum frá 1991 hafa aldrei viðurkennt þessa staðreynd enda er það bjargföst trú þeirra ráðherra, sem farið hafa með menntamál þau ár sem síðan eru liðin, að þeir viti hvað þjóðinni er fyrir bestu. Svoleiðis fólk er á erlendu máli kallað „besservisserar". Þess vegna eru frv. samin helst á rúmstokki ráðherrans með mikilli leynd og síðan keyrð fram á hinu háa Alþingi í kippum, eins og núna, þar sem skyndilega kemur fram mikill fjöldi stórmála sem á að keyra í gegnum Alþingi að manni skilst á þeim stutta tíma sem eftir er af þingi til vors, sem er ekki nema þrettán almennir þingfundadagar samkvæmt fyrirliggjandi starfsáætlun Alþingis. Það er öllum augljóst að ekki er reiknað með að þessi mál fái vandlega þinglega meðferð eða að mikið tillit verði tekið til umsagna sem fengnar verða frá aðilum sem málin snerta. Það verður reynt að keyra allt helst óbreytt í gegn. Svo þruma stjórnarliðar af sér baráttu stjórnarandstæðinga með því að láta helst ekki sjá sig í þingsal á meðan umræðan fer fram. Þessi fundur er einmitt gott dæmi um það. Við atkvæðagreiðslur eru þeir svo mættir líkt og forklárаðir englar og greiða sín atkvæði nákvæmlega eins og til er ætlast með sárafáum undantekningum. Enda fara af því sögur að hæstv. ráðherrar viti líka hvað þingmönnum þeirra er fyrir bestu.

Árið 1992 átti Lánasjóður ísl. námsmanna í fjárþröng sem þurfti að bregðast við á einhvern hátt. Lögðu stúdentar m.a. fram ágætar tillögur um hvernig ætti að bregðast við og má m.a. minnast á tillögur frá Vöku. Allar þessar tillögur tóku á ábyrgan hátt á þeim vanda sem við var að etja. En að sjálfsögðu var ekki tekið mark á tillögum stúdenta. Ekki heldur þeirra sem komu úr röðum sjálfstæðismanna sjálfra og sett voru þau dæmalausu lög árið 1992 þar sem hugsjónin um jafnrétti til náms var mjög fyrir borð borin enda tillögurnar samdar í þröngum hópi án samráðs við námsmenn hvað þá að þar kæmu inn fulltrúar frá stjórnarandstöðuflokkum. Þessi nefnd hafði ekki setið lengi að störfum þegar í ljós kom að ekki átti að taka neitt tillit til tillagna námsmanna og ekki var heldur komið til móts við beiðni stjórnarandstöðu um að fá að fylgjast með málinu á vinnslustigi og af mikilli óbilgirni var það keyrt fram í þinginu sem frægt er orðið og gert að lögum. Síðan hafa afleiðingarnar verið að koma í ljós. Ungt, fátækt námsfólk, hefur hrakist frá námi, ungt barnafólk hefur hrakist frá námi, dreifbýlisfólk hefur síður treyst sér í nám og þar á ofan hefur endurgreiðslubyrðin verið að sliga þá sem ekki hafa getað gengið að topplaunuðum störfum að námi loknu. Fyrir utan það að afnám samtímagreiðslna hefur gert það að verkum að fólk hefur verið að borga bankavexti af framfærslu sinni og allt hefur þetta dæmi verið næsta vonlaust fyrir þá sem þurfa á fyrirgreiðslu sjóðsins að halda til að geta stundað nám svo ekki sé talað um þá sem lent hafa í þeim hremmingum að standast ekki kröfur um námsframvindu. Þeir máttu bíta gras.

Námsmenn höfðu auðvitað af þessu þungar áhyggjur og stjórnarandstaðan tók mjög undir með þeim, ekki síst flokkur sem var á árunum 1991–1995 í stjórnarandstöðu, mjög ábyrgri að því er talið var og tók þessi mál mjög upp á sína arma. Þingmenn þessa ágæta flokks fluttu um þessi mál hjartnæmar ræður á hinu háa Alþingi og ég tel að ég sé ekki að ljóstra upp viðkvæmu leyndarmáli þó ég upplýsi að ég er hér að tala um Framsfl.

Finnur Ingólfsson, núv. hæstv. iðnaðar- og viðskrh., sagði m.a. er hann gerði grein fyrir atkvæði sínu um LÍN í maí 1992, með leyfi forseta:

„Virðulegur forseti. Hér eru alvarlegir hlutir að gerast og í raun og veru eru hér sorglegir hlutir að gerast. Hver hefði trúað því að árið 1992 gæti þetta gerst? Það er verið að færa aðstoð við námsmenn áratugi aftur í tímann. Jafnrétti til náms er aflagt. Það er hætt að taka tillit til aðstæðna meðan á námi stendur. Menntun er aftur að verða forréttindi hinna ríku. Lánasjóður ísl. námsmanna er í raun og veru lagður niður. Námsmönnum er vísað á bankakerfið, á okurvextina, kerfi sem á að fara að einkavæða eða gefa kolkrabbanum. Það er kolkrabbinn í þessu þjóðfélagi sem á að fara að ákveða hverjir það eru sem eiga að mennta sig. Hér er í raun og veru verið að kveða upp dauðadóm yfir mörgu ungmenninu í þessu landi hvað menntun snertir. „Gjör rétt, þol ei órétt", sagði Sjálfstfl. fyrir nokkrum árum. En það var áður en hugsjónirnar brunnu upp á báli peningahyggjunnar. ... Á meðan þessir tveir flokkar, Alþfl. og Sjálfstfl., ráða ríkjum á Alþingi verður Íslands óhamingju allt að vopni í þessu húsi. Ég segi því nei, nei og aftur nei."

Þetta var Finnur Ingólfsson. (**Gripið fram í:** Það eru breyttir tímar.) Guðmundur Bjarnason, hæstv. umhvrh. og landbrh., gerði grein fyrir atkvæði sínu við sama tækifæri og sagði, með leyfi forseta:

„Hæstv. ríkisstjórn er nú að takast á sínum skamma valdaferli, ef frv. þetta verður nú gert að lögum, að hrinda í framkvæmd enn einni aðförinni að velferðarkerfi því sem tekist hefur að byggja upp á undanförnum áratugum. Í þetta sinn er ráðist að námsmönnum og því dýrmæta markmiði að gera öllum kleift að stunda nám óháð efnahag og búsetu er nú fórnað. ... Ég er algerlega andvígur þessu frv. og segi því nei."

Páll Pétursson, núv. hæstv. félmrh., sagði þann 5. maí síðdegis, m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þessi lög eru sett í algerri óþökk Framsfl. og í fullkominni andstöðu við hann. Ég leyfi mér að lýsa því yfir að Framsfl. mun ekki, þegar hann fær þingstyrk og afl til þess að stjórna menntamálum þjóðarinnar, búa áfram við þessi lög óbreytt. Við munum breyta þessum lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Framsfl. vill ekki níðast á námsmönnum og Framsfl. þekkir gildi menntunar fyrir þjóðfélagið."

Og enn tók hæstv. núv. félmrh. til máls um þetta mál þann 13. maí og var mikið niðri fyrir að vonum og sagði m.a. eftirfarandi: „Þó að frv. verði að lögum hættum við ekki fyrr, stjórnarandstæðingar, en þessum lögum verður breytt. ... við munum ekki búa við þessi lög. ... Við munum reyna að breyta þeim, við munum berjast fyrir breytingum á þeim

strax í haust og við unum ekki við svona lagasetningu. ... Það eru vond lög sem hér er verið að setja og þeim verður að breyta svo fljótt sem mögulegt er og ég vænti þess að námsmenn og þó sérstaklega þeir sem þessi lagabreyting hrekur frá námi, en líka þeir sem þurfa að ganga á milli bankastjóranna, muni hvern hug þessi ríkisstjórn ber til þeirra og sjái til þess að Sjálfstfl. og Alþfl. fái ekki tækifæri til að stjórna þessu landi áfram." (**Gripið fram í:** Hvar eru þessir menn í dag?)

Og þann 15. maí gerir hæstv. núv. félmrh. svohljóðandi grein fyrir atkvæði sínu: „Hér er verið að setja vond og óréttlát lög sem verða öllum til óþæginda og því miður allt of mörgum til tjóns. ... Við framsóknarmenn munum ekki una þessum lögum til frambúðar. Við munum taka málið upp á næsta þingi í von um að stjórnarliðið hafi þá séð að sér. Ég bið námsmenn, aðstandendur þeirra og alla sem vilja jafnrétti til náms án tillits til efnahags að ganga í lið með okkur og reyna að knýja ríkisstjórnarflokkana til undanhalds eða refsa þeim á kjördegi að öðrum kosti. Ég segi nei við þessu frv."

Og eðlilega ítrekaði flokksþing Framsfl. þessa hörðu afstöðu á flokksþingi í aðdraganda alþingiskosninga í nóv. 1994 — annaðhvort væri nú. Og þar var samþykkt að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi við endurskoðun laganna: „Mánaðargreiðslur námslána verði aftur teknar upp í stað eftirágreiðslna. Endurgreiðsluhlutfallið verði lækkað og tekjutengt. Tekið sé tillit til aðstæðna námsmanna meðan á námi stendur. Lánið beri ekki vexti enda um framfærslulán að ræða. Reglur um lánshæft nám erlendis verði endurskoðaðar." Maður klökknar, þetta eru háleit markmið.

Og að sjálfsögðu voru þessi fögru fyrirheit ítrekuð í þeim frægu loforðalistum sem flokkurinn gaf út fyrir kosningar 1995 þar sem öllum átti nú að vera orðið ljóst að Framsfl. bæri þessi mál mjög fyrir brjósti. Vafalaust fékk hann eitthvað af því mikla fylgi sem hann uppskar í kosningunum 1995, en virðist nú vera á afar hröðu undanhaldi, út á einmitt fyrirheit um vasklega framgöngu í þessum efnum. Þá kom það mjög á óvart, þegar út var gefinn stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. í apríl 1995, hve mjög virtist af flokknum dregið í þessu máli og er þess aðeins getið í einni setningu í því ágæta plaggi sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög og reglur um Lánasjóð ísl. námsmanna verði endurskoðuð." Punktur. En punktur þessi er að verða æ áhrifaríkara og athyglisverðara tákn eftir því sem lengra hefur liðið á þetta stjórnartímabil eins og alþjóð veit og sér hans stað víða eins og dæmin sanna. En þarna má segja að þegar hafi séð í hornið á því plaggi sem nú er að sjá dagsins ljós og heitir einmitt frv. til laga um breyting á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Og verður að segja að ekki sést þar glitta mikið í hugsjónamál framsóknarmanna frá því í kosningunum enda var kannski ekki við því að búast. Þeir eru greinilega minni máttar í þessari ríkisstjórn og hafa ákveðið að sætta sig við það hlutskipti hvað sem það kostar og þá verður niðurstaðan auðvitað í þessum dúr.

Það var auðvitað leikið lítið leikrit í ungmennafélagsstíl þar sem sett var upp samráðsnefnd með fulltrúum námsmanna um gerð nýrra tillagna um LÍN þar sem fulltrúar framsóknarmanna byrjuðu að slá um sig og fluttu m.a. eftirfarandi tillögur, með leyfi hæstv. forseta: „Höfundar þessarar greinargerðar geta sæst á að í endanlegu frv. til laga um LÍN yrði gert ráð fyrir að föst árleg endurgreiðsla námslána verði óbreytt en breytilega greiðslan miðist við að endurgreiðslubyrðin fari ekki niður fyrir 4,5% af heildarlaunum." — Þarna er nú greinilega aðeins af þeim dregið samt. — „Með þessari niðurstöðu væru námsmenn að teygja sig langt til sátta miðað við yfirlýst markmið sín. Þessi lækkun mundi auðvitað ekki leysa allan fjárhagsvanda ungs fólks." — Og svo kemur áfram þegar lengra er komið í þessu minnisblaði: „Mikill tími hefur farið í það að meta kostnað við að taka upp mánaðarlegar útborganir, meta þarf aukin útlán, kostnað vegna flýtingar á útborgunum og sparnaðar af afnámi vaxtabóta. Höfundar þessarar greinargerðar völdu þá leið að fela starfsmanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands að leggja mat á þá reikninga. Niðurstaða þessara athugana er sú að kostnaður vegna upptöku samtímagreiðslna sé á bilinu 16,4–23 millj. kr. á hverju ári miðað við að útlán aukist ekki. Meginniðurstaðan er sú að kostnaður er óverulegur miðað við aðrar stærðir hjá LÍN og það sem eftir stendur er pólitísk ákvörðun — á að skipta aftur yfir í mánaðarlegar útborganir eða ekki?"

En annað minnisblað lögðu framsóknarmenn fram í júní og er þá greinilega töluvert af þeim dregið enda ekki í góðum félagsskap þar sem hinn stjórnarflokkurinn er. En þar eru þeir þó enn að tala um mánaðarlegar útborganir á fyrsta missiri en tala um endurskoðuð endurgreiðsluhlutföll en tiltaka ekki stærðir. En svo leið að því að hæstv. menntmrh. fór auðvitað að leiðast þófið í þessum samráðsleik enda hafði aldrei staðið til að gera aðrar breytingar á þessu frv. en þær sem honum þóknuðust. Þessi svokallaða samráðsnefnd var allt í einu ekki lengur kölluð saman eftir fund í ágústmánuði og í byrjun þessa árs fengu aðstandendur hennar bréf um að hún hefði verið leyst upp. Þar með var hæstv. ráðherrann kominn með málið í þröngan hóp sinna manna enda hafði það sjálfsagt alltaf verið meiningin og þau vinnubrögð sem láta hæstv. ráðherra tvímælalaust best. Það var auðvitað ekki lengur haft neitt samráð við framsóknarmenn og hinn sérkennilegi dráttur á því að frv. yrði svo lagt fram var sagður vegna þess að ráðherranum hefði ekki líkað ýmist hitt eða þetta. Meðal annars sem honum átti að hafa mislíkað var að stúdentar gáfu út skýrslu um áhrif og afleiðingar breyttra laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það liggur við að manni finnist að þeim sem er svo viðkvæmur í skapi kæmi betur að vera ráðherra í ráðuneyti þar sem ekki þyrfti að kljást við ungt fólk með skoðanir. En svo er guði fyrir að þakka að í hópi íslenskra námsmanna er fólk sem berst fyrir hagsmunum sínum. Hvar værum við stödd ef svo væri ekki? Þá færi ég nú fyrst að hafa áhyggjur af framtíð þjóðarinnar.

En loksins rann upp sá dagur nú í byrjun apríl að þetta frv. sem svo lengi hafði verið beðið eftir og ýmsir bundið nokkrar vonir við var lagt fram á Alþingi. Og hvílík vonbrigði hljóta það hafa verið öllum þeim sem ekki höfðu enn glatað allri trú sinni á áhrifamátt framsóknarmanna, sem voru nú komnir í kjöraðstöðu, sátu í ríkisstjórn sem var að endurskoða lög sem þeir sögðu m.a. um á Alþingi 1992, og ég ætla enn að vitna hér til orða hæstv. núv. félmrh. sem sagði m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef setið 21 þing, þetta er það 21. og ég fullyrði að þetta frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna er langversta frv. sem ég hef séð á Alþingi. ... Mér finnst aumlegur þáttur sumra þingmanna Alþfl. ... Þeir eru að ropa í blöðum og á gatnamótum um að þeir séu í óðaönn að laga frv., þeir séu á móti hinu og þessu, en svo lyppast þeir niður í þingsalnum og þingflokksherbergjunum og sletta svo puttunum sínum

á þá takka sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að þeir styðji á þegar til atkvæðagreiðslu kemur."

Svo mörg voru þau orð. Og vonandi þvælast puttarnir ekki fyrir hæstv. félmrh. þegar hann fer að greiða atkvæði um fyrirliggjandi frv. því afskaplega vantar nú mikið upp á að þær lagfæringar sem Framsfl. hafði látið í veðri vaka að hann berðist fyrir hafi náðst þar fram. Það koma líka úr talsvert óvæntri átt yfirlýsingar sumra þeirra framsóknarmanna sem hafa gefið í skyn að þeir legðu allt sitt að veði til að réttlátar breytingar yrðu gerðar á lánasjóðnum um ágæti frv., því mér finnst, satt að segja, að það sé í ákaflega fáum atriðum til bóta og það þurfi einhvers konar sérsmíðuð gleraugu fyrir þá sem vilja sitja áfram í ríkisstjórn hvað sem það kostar til að geta séð eitthvað af gömlu baráttumálum Framsfl. í þessu frv.

Ég tek hins vegar undir með fulltrúum stúdenta þegar þeir segja að frv. sé fullkomin hryggðarmynd og mikil vonbrigði að sjá það eftir að hafa lagt á sig fimm ára þrotlausa vinnu í að berjast fyrir endurbótum og töldu þeir sig hafa til þess stuðning a.m.k. annars stjórnarflokksins.

Í 1. gr. þessa frv. sem liggur hér fyrir til umræðu kemur nú reyndar fram það jákvæðasta við frv. en þar er kveðið á um skipan í stjórn sjóðsins. Lagt er til að stjórnarmönnum verði fjölgað um tvo og þar af fái Iðnnemasamband Íslands annan en það hefur hingað til aðeins haft áheyrnarfulltrúa. Ég tel það tvímælalaust vera til bóta að iðnnemar eigi aðalmann inni í stjórninni. Hins vegar sé ég ekki brýna þörf á að láta menntmrh. hafa þriðja manninn í stjórninni en látum svo vera. Í b-liðnum er aðeins verið að aðlaga ráðningartíma framkvæmdastjóra að lögum um opinbera starfsmenn sem hér voru samþykkt á síðastliðnu vori.

En í 2. gr. frv. er lögð til breyting á 5. gr. laganna, 5. tölul. 1. mgr., er varðar hlutverk stjórnar. Segir þar að hlutverk stjórnar sé „að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum. Úskurðir stjórnarinnar í þessu sambandi eru endanlegir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds." Mér líst nú svo á að hér sé á ferðinni alvarlegt mál og hér sé ekki gert ráð fyrir neinni óháðri kærunefnd og þetta sé eins og það stendur hér í andstöðu við þá þróun stjórnsýsluréttar á Íslandi að jafnan sé til óháð kærunefnd sem hægt sé að vísa máli til. Væntanlega verður farið mjög ítarlega yfir þetta atriði í nefnd og verð ég að segja að mér nægir ekki sá rökstuðningur sem hér fylgir í athugasemdum með frv.

Varðandi b-lið 2. gr. frv. er það að segja að þar er verið að setja í lög það sem hingað til hefur verð praktíserað, þ.e. að skipaðar séu undirnefndir stjórnar til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins og er það í sjálfu sér gott mál.

En þá kemur að 3. gr. frv. sem orðast svo: „Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur." Hér er kveðið á um vald stjórnar til að veita stúdentum einhvern styrk til að greiða niður vexti af framfærslu, þ.e. að stjórnin greiði bönkunum vaxtamun allt að 60 milljónum á ári. Athygli vekur að hvergi kemur fram hve mikill hluti vaxtakostnaðar verði bættur, aðeins það að styrkurinn er ætlaður til að bæta eitthvað af þessum vaxtamun. Þetta á víst að heita ígildi samtímagreiðslna námslána og vekur það furðu að ýmsir hörðustu talsmenn samtímagreiðslna úr Framsfl. virðast ætla að sætta sig við þennan kost. Gamalt íslenskt máltæki segir: Litlu verður Vöggur feginn, — og það hvarflar óneitanlega að mér í þessu sambandi. Og þó kannski enn frekar þegar kemur að 5. gr. frv. sem fjallar einmitt um hitt aðalbaráttumálið, þ.e. lækkaðar endurgreiðslur og hvernig það verður nú „realíserað". Þar er lagt til að fastagreiðslan sem nú er 52.968 kr. verði óbreytt og miðist áfram við vísitölu neysluverðs og auk þess verði viðbótargreiðslan 4,75%, þ.e. að öll breytingin verði sú að í stað 5% viðbótargreiðslu verði viðbótargreiðslan eftirleiðis 4,75% en það er lækkun upp á 0,25%. Látið er í veðri vaka að verið sé að lækka úr 7% en staðreyndin er sú að enginn var farinn að borga 7% endurgreiðslu. Það hefði samkvæmt lögunum átt að koma til framkvæmda fimm árum eftir að endurgreiðslur hófust en allir vissu að því yrði breytt því að annars hefði enginn námsmaður á Íslandi getað fengið húsbréfalán um ókomna framtíð og þrátt fyrir allt þarf meira að segja menntafólk að geta búið einhvers staðar.

Vísir menn hafa reiknað út að þetta lækki ekki endurgreiðsluna hjá þeim sem lægstar hafa tekjurnar, þ.e. undir 1.100 þús. kr. í árslaun og detta mér þá í hug kollegar mínir kennarar sem mega að sæta því að hafa undir 80 þús. kr. í byrjunarlaun fyrir fullt starf eftir þriggja ára háskólanám og mega raunar þakka fyrir ef þeir fá fullt starf, a.m.k. hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi niðurstaða hvetur ekki fólk sem þarf að kosta sig til náms á námslánum til að fara í slíkt nám. Ég þekki fólk sem er að sligast undan endurgreiðslubyrði námslána sem hafði bundið miklar vonir við þau fyrirheit sem gefin höfðu verið um lækkun á endurgreiðslubyrði með framlagningu þessa frv. Það fólk hlýtur að verða fyrir miklum vonbrigðum þegar það sér niðurstöðuna sem hér liggur fyrir.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði þess efnis að stjórn sjóðsins sé heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla og eru þar sérstaklega tilgreind veikindi eða takmarkað námsframboð skóla. Ég hefði frekar kosið að hafa hér opnara orðalag því það geta verið fleiri fullgildar ástæður fyrir því að námsmaður stenst ekki kröfur um námsframvindu en hér eru tilgreindar og mér finnst að það þurfi að vera heimild til að meta hvert tilvik.

Ég hef á þessu stigi ekki sérstakar athugasemdir við aðrar greinar frv.

Sjálfstfl. hlýtur að teljast bera höfuðábyrgð á frv. eins og það liggur hér fyrir og skýtur það nokkuð skökku við þegar maður lítur til þeirra yfirlýsinga sem frá þeim hafa komið að undanförnu um að menntamálin þurfi að hafa forgang við skiptingu fjármuna ríkisins. Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni á Alþingi að menntun væri helsta forsenda framfara og velmegunar þjóðarinnar. Hæstv. menntmrh. sagði á menntaþingi í Háskólabíói í vetur að tími væri kominn til að menn sýndu í verki sem þeir forgangsröðuðu í orði þegar þeir segjast vilja hlut menntunar sem mestan og bestan. Og ein stærsta fjöldasamkoma sem nokkur íslenskur stjórnmálaflokkur hefur haldið, landsfundur Sjálfstfl., samþykkti í haust að að forgangsraða ætti í þágu menntunar við skiptingu ríkisútgjalda. Efndirnar hafa síðan verið að koma í ljós, ein ráðstöfunin annarri sérkennilegri þegar litið er til hins háleita markmiðs sem menn hafa gefið sér.

Fyrst var skorið niður fé til framhaldsskólanna og var þar sérstaklega vegið að fámennum dreifbýlisskólum. Svo var

lagður fallskattur á alla þá sem ekki stóðust námskröfur í framhaldsskólum og var það ekkert smáræði sem ríkið ætlaði að hafa upp úr því eða 32 millj. og þýddi að þetta var þeim mun vænlegri fjáröflunarleið sem fleiri stóðust ekki próf. Nú mun ráðherra, að því er lausafregnir herma, vera á hröðu undanhaldi með þessa fjáröflun og segja mér vísir menn að nú standi þau mál þannig að menn treysti sér ekki til að praktísera þessa innheimtu nema í fjölbrautaskólunum. Þar með er farið að gera upp á milli nemenda eftir því í hvaða gerð framhaldsskóla þeir stunda nám. Reglum um innheimtu á efnisgjaldi var breytt í tengslum við samþykkt frv. við ráðstafanir í ríkisfjármálum og var sá hluti sem nemendur þurfa að greiða þyngdur þar verulega. Skyldu nú ekki þeim sem fylgja Sjálfstfl. að málum og hafa haldið að hann meinti eitthvað með þeim yfirlýsingum sem hann hefur gefið um forgangsröðun í menntamálum fara að þykja nóg um þegar þeir ofan á það sem á undan hefur gengið sjá það frv. sem hér liggur fyrir um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna.

[16:49]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir að rifja upp snjallar ræður mínar frá síðasta kjörtímabili. Ég lagði áherslu á að lögunum um LÍN yrði breytt og það gengur eftir. Ég lagði áherslu á að endurgreiðsluhlutfallinu yrði breytt og það er gert. Í stað 7% af tekjum, greiða námsmenn hér eftir 4,75%. Námsmenn sem áður höfðu greitt 7% af tekjum sínum, þ.e. ef þeir hefðu haft t.d. 2 millj. í árstekjur, hefðu orðið að greiða 140 þús. en greiða eftir breytinguna 95 þús. (**SvG:** Það hefur enginn borgað 7% ...) Þeir koma til með að gera það ef ykkur tækist nú að stoppa þetta frv. Ef ykkur tækist að stoppa þetta frv. þá hefðu þeir orðið að greiða 7%. (**SvG:** Þetta er blekking.) (Gripið fram í.) Þetta er ekki blekking. Hv. þm. er með útúrsnúninga.

Í þriðja lagi lögðum við áherslu á samtímagreiðslur. Þær eru í höfn að samþykktu þessu frv. Námsmenn fá greiðslur jafnharðan og fá þær meira að segja í bankaútibúi sínu og það er miklu betra fyrir þá heldur en að þurfa að sækja þær til LÍN. Vextir og lántökukostnaður er veittur námsmönnum sem styrkur og þetta fyrirkomulag gerir betur en jafngilda samtímagreiðslum eins og þær voru í fortíðinni. Þetta er miklu hagkvæmara fyrirkomulag fyrir námsmenn. (Gripið fram í.) Þar að auki gagnrýndum við ósveigjanleika í reglunum varðandi námsframvindu. Nú er búið að kippa því í lag. Ég er fullkomlega sáttur við þetta frv. Ég er meira að segja stoltur af því og ég er þakklátur hæstv. menntmrh. fyrir samstarfið að gerð þess. Og ég tel að kosningaloforð okkar framsóknarmanna og það sem við höfum sagt um þetta mál gangi fyllilega eftir.

[16:52]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. er mér afskaplega þakklátur fyrir að ég skyldi rifja upp ræðurnar sem hann hélt 1992 um LÍN og ég get svo sem vel skilið það. Þetta voru snjallar ræður og hann tók töluvert upp í sig. En ég verð nú að segja að ekki datt mér í hug að það væri svona lítið á bak við það sem hann sagði. Ég hélt það væri eitthvað meint með t.d. lækkuðum endurgreiðslum, að það væri ekki 0,25% og snerti ekki einu sinni þá sem verst standa. Og að hæstv. félmrh. skuli standa hér upp og lýsa sérstakri ánægju sinni með það atriði eru mér veruleg vonbrigði.

Ég vil minna enn á að hér er alltaf verið að tala um einhverja 7% greiðslu, þ.e. að þetta hafi verið lækkað úr 7% endurgreiðslu. Það var enginn farinn að borga 7% og margbúið var að lýsa því yfir að sú fjárhæð stæðist ekki, að ekki yrði innheimt 7% vegna þess að þá gátu þeir sem það þurftu að borga ekki fengið mat í húsbréfakerfinuu. „Samtímagreiðslur eru í höfn", segir hæstv. félmrh. Ég vil bara endurtaka það sem ég sagði áðan: „Litlu verður Vöggur feginn." Hann hlýtur að líta á þetta með sérstöku gleraugunum sem ég var að tala um áðan og eru sérsmíðuð fyrir þá sem vilja sitja áfram í ríkisstjórn hvað sem það kostar.

[16:53]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðja hv. þm. að lesa lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna. Nú er hún kennari og ég veit að hún getur dregið 4,75% frá 7. Þar er nokkur munur á og ég veit að ef hv. þm. reiknar þetta á blaði, þá sér hún að dálitlu munar. Ég tel að þetta sé ekkert smáræði.

Jafnframt er ég ánægðari með þetta form á samtímagreiðslum en það sem var á samtímagreiðslunum áður en lögunum var breytt 1992. (**BH:** Af hverju?) Af því að þetta er hentugra fyrir námsmanninn og hann verður ekki fyrir neinum aukakostnaði af þessu, gjörsamlega engum aukakostnaði. Ég tel að við þurfum að hafa hag námsmanna og hag þjóðarbúsins að leiðarljósi. Ég tel að hag námsmanna sé fyllilega borgið með þessu. (**BH:** Og bankarnir?) Ja, ég vona að bankarnir fari ekki á hausinn út af þessu. (**BH:** Það er alveg víst.)

[16:55]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. var að skora á mig í reikningskeppni og ég er alveg sannfærð um að við hæstv. félmrh. erum bæði jafnfær um að draga 4,75 frá 7, en það eru bara ekki þær tölur sem við er að glíma hér. Það var enginn farinn að borga 7% og það var alltaf vitað að enginn kæmi til með að borga það því það gat ekki gengið inni í kerfinu, sú stærð fékk ekki staðist.

Við getum farið í endalausar reikningskúnstir og það er hægt að setja upp flókin dæmi um hversu mikið ríkissjóður þurfi að láta út vegna þess að hann hættir við að rukka 7% eins og einhvern tíma var sett í frv. af vanhugsuðu máli. En ég verð að segja að það kemur mér á óvart og eru mér mikil vonbrigði að hæstv. félmrh. skuli vera svona ánægður með frv. Og þegar hann talar um að kostnaðurinn verði greiddur — ég vildi bara óska að ég gæti séð út úr þessu frv. hvernig kostnaðurinn verður örugglega greiddur (**Félmrh.:** Lestu frv.) því þarna stendur hvergi hvaða vexti er verið að tala um.

[16:57]

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 572. mál, frv. StB o.fl., þskj. 945.

[16:57]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Allt kjörtímabilið hefur verið beðið eftir þessu frv. í framhaldi af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en ekki síður kosningabaráttu framsóknarmanna og öllum stóru orðunum og fínu ræðunum sem voru fluttar af framsóknarmönnum á síðasta kjörtímabili og hér hefur verið vitnað ágætlega til af hv. síðasta ræðumanni, Sigríði

Jóhannesdóttur. En loksins loksins birtist frv. eftir æðilanga meðgöngu og óhætt er að segja að fæðst hafi lítil mús.

Þau skref sem hér eru stigin eru flest að mínu mati spor í rétta átt, það skal viðurkennt, en þau eru allt of stutt og sum hver orka tvímælis þar sem ljóst er að þarna er fundin pólitísk málamiðlun sem birtist á mjög broslegan máta, ekki síst í greininni sem framsóknarmenn líta væntanlega á sem grein um samtímagreiðslur.

Þó að við Íslendingar búum að mörgu leyti við góð lög um Lánasjóð ísl. námsmanna miðað við það sem þekkist í nágrannalöndunum ... (Gripið fram í.) Ja, almennt. Ég er ekki að tala um að þetta kerfi sé fullkomið. Þó held ég að ef við miðum við t.d. England, Bandaríkin eða mörg önnur lönd, þá sé íslenska lánasjóðskerfið tiltölulega gott. Það er ekki hægt að segja annað. Það hefur það markmið að reyna að gera öllum kleift að stunda nám í háskólum og það eru ekki öll lönd sem hafa það markmið. Það er auðvitað alls ekki rétt að þetta frv. og þau lög sem nú eru í gildi nái því markmiði, því miður. En að mínu mati, þrátt fyrir að hér hafi verið nokkur pólitísk samstaða um að reyna að hafa sæmilega gott námslánakerfi, þá er staðan orðin mjög alvarleg að mínu mati þegar forsvarsmenn lánasjóðsins lýsa því yfir að ungir Íslendingar sem nú stunda nám geti ekki samtímis greitt lánin sín til baka og tekið húsnæðislán og greitt af þeim. Það var ljóst fyrir síðustu kosningar að þetta er staðan sem nú er komin upp. Það var ljóst og allir voru sammála um að það verði að bregðast við þeirri stöðu. Ég tel að þetta sé meginvandinn sem við verðum að takast á við nú. Hinn er sá sem kemur fram m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að þess er krafist af námsmönnum að þeir hafi bakhjarl sem tryggi greiðslu ef þeir eru ekki borgunarmenn fyrir lánunum. Það er bara staðreynd að sumir námsmenn hafa ekki þennan bakhjarl og þar af leiðandi þurfa þeir að fara í banka og taka dýrari lán. Þetta er að mínu mati ekki nógu gott ástand eins og Ríkisendurskoðun bendir réttilega á.

Það er mitt mat að þó að í frv. séu stigin nokkur skref í rétta átt, þá takist frv. ekki að leysa þessi tvö vandamál og það er alls ekki neitt tekið á þessu síðarnefnda.

Ef við lítum á helstu nýmæli frv. sem hér hafa verið til umræðu, þá vil ég fyrst nefna stóra málið sem hæstv. menntmrh. hefur sjálfur lýst yfir að vera mjög sammála, nefnilega því að lækka endurgreiðslubyrði á námslánum. Í greinargerð segir að endurgreiðsluhlutfall verði lækkað frá því sem var í fyrri lögum, þ.e. í 4,75% en það var allt að 7%. Þetta er að mínu mati í rétta átt en allt of lítið því að fyrstu fimm árin hefur endurgreiðsluhlutfallið verið 5% og nú á að lækka það niður í 4,75%. Þetta er 0,25% lækkun og þar fyrir utan er fastagreiðslan sem allir greiða óbreytt eða réttara sagt hækkuð í takt við vísitölu, úr 48 þús. í 52.500 þannig að þessi lækkun er mjög lítil fyrstu fimm árin, en það er einmitt þá sem ætla má að stúdentar vilji reyna að koma undir sig fótunum húsnæðislega og taka sitt fyrsta húsnæðislán. Auðvitað eru takmarkaðir fjármunir lagðir í þetta frv., reyndar 202–226 millj. samkvæmt mati fjmrn. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði komið til greina að dreifa þessu öðruvísi — hlutfallið samkvæmt núgildandi lögum er 5% fyrstu fimm árin og síðan 7% — hvort ekki hefði verið hægt að lækka hlutfallið meira fyrstu árin því að það er akkúrat þá sem stúdentar eru í mestum vanda vegna húsnæðislána og annars og tekjur þeirra eru kannski ekki komnar á það stig sem þær síðar verða.

Ég sá dæmi ekki alls fyrir löngu þar sem einhver reiknaði út að hjón í námi sem tækju húsnæðislán og væru með námslán þyrftu að lágmarki 500 þús. kr. í tekjur og mér sýnist að breytingin sem hér er gerð muni mesta lagi lækka þessa tekjuþörf um 10–20 þús. kr. Það er of lítið skref. Það er ekki nóg að gera þetta svona og þess vegna vil ég beina því til menntmrh., og ég mun taka það upp í nefndinni, hvort ekki er hægt að breyta þessu hlutfalli þannig að meiri lækkun verði fyrst, auðvitað helst meiri lækkun alfarið.

Ég skil frv. þannig að frá þessari 4,75% viðbótargreiðslu dragist fastagreiðslan sem er um það bil 52.500 kr. Það þýðir þá jafnframt að þeir sem t.d. eru atvinnulausir fá enga lækkun því það er bara þessi seinni greiðsla sem miðast við útsvarstekjur fyrra árs. Þeir sem eru atvinnulausir eða hafa mjög lágar tekjur þurfa því áfram að greiða 52 þús. kr. fastagreiðsluna á ári og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta er ekki réttur skilningur, þ.e. það kemur engin lækkun á þá sem verst standa.

Annar liðurinn sem er talinn upp þarna í nýmælum í frv. er eins og segir í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Teknir eru upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum."

Þetta er væntanlega pólitíska málamiðlunin sem náðist vegna óska námsmanna um samtímagreiðslur sem er mjög eðlileg ósk þar sem hér er um framfærslulán að ræða. Hver er lendingin? Hún er sú að tekinn verður upp beinn styrkur til námsmanna fyrir fjármagnskostnaði sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkunum. Það á með öðrum orðum að greiða bönkunum 36–60 millj. kr. fyrir að lána út með þessum hætti. Það má vel vera að ríkisstjórnin sé sérstakur stuðningsaðili bankanna og ég tala nú ekki um ef einhverjir ákveðnir aðilar eru að eignast bankana í landinu eins og hér hefur verið rætt um fyrr í umræðunni. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort lánasjóðurinn treysti sér ekki til að gera þetta fyrir minni þening en 36–60 millj. og ef hann treystir sér til þess, hvers vegna það er ekki gert. Er það vegna þess að þetta er áhugamál menntmrh., sem ég er í sjálfu sér ekki á móti, þ.e. að hann vilji auka styrki til námsmanna, að þarna hafi fundist einhver pólitísk lausn eða að það eigi reyna að bræða þetta tvennt saman, að hugmyndin sé að þarna sé fyrsta skrefið í að veita námsmönnum styrki en ekki lán? Ég segi þetta vegna þess að það kemur skýrt fram að hugmyndin sé sú að allir nemar fái þennan styrk sem mér skilst að geti verið miðað við útreikninga 10–50 þús. Ég átta mig ekki alveg á hvort þarna er miðað við 6.500 lánþega eða 2.000 lánþega samkvæmt greinargerðinni, þ.e. á hversu marga einstaklinga þessi upphæð á að deilast. En én ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé hin pólitíska málamiðlun sem í þessu felst að hann sé í raun að koma sinni hugmynd um styrki til námsmanna þarna að og hvort hann hyggst ganga lengra á þeirri braut og þá hvernig, hvort við megum búast við nýju frv. um það eða hvort hugmyndin verði sú að allir fái einhvern tiltekinn styrk. En reyndin mun vera að þeir sem ekki hafa háar sumartekjur eða eiga fjársterka foreldra að bakhjarli munu þurfa að taka lán í bönkum en aðrir geta notað þetta sem styrk eða jafnvel til fjárfestingar. Þetta er því greinilega ekki samtímagreiðsla en þetta er ákveðin leið til þess að leysa það mál sem að mínu mati er mjög athyglisverð. Samt er sérstaklega kyndugt að ríkið skuli ákveða að eyða 60 millj. til bankanna til að greiða fyrir þessa þjónustu sem ég fullyrði að lánasjóðurinn ætti að geta gert fyrir mun minni þening. Ég skil ekki alveg hvers vegna það er ekki

gert og þess vegna lagði ég þessar spurningar fyrir hæstv. menntmrh.

Þriðja nýmælið í frv. sem kemur fram á bls. 3 tengist stjórn sjóðsins. Þá breytingu tel ég til bóta eins og flestir ræðumenn sem hér hafa talað, þ.e. að fulltrúi Iðnnemasambands Íslands verði aðalmaður í stjórn í stað þess að vera áheyrnarfulltrúi eins og áður. Ég læt liggja á milli hluta hvort hæstv. menntmrh. á að fá þarna viðbótarmann í stjórn. Ég tel það ekki óeðlilegt.

Í fjórða lið um nýmæli frv. er aftur komið inn á jákvætt atriði að mínu mati, en það er að stjórn sjóðsins verði heimilt að veita viðbótarlán vegna veikinda námsmanns eða ef skólinn býður ekki upp á fullt nám. Þetta er svar við ábendingum stúdenta um að það sé mjög hörð krafa að það verði að vera 100% námsframvinda til þess að fá 100% lán. En þetta er að mínu mati veik grein vegna þess að þarna er aðeins um heimild að ræða og það kemur engan veginn fram í frv. hvernig með þessa heimild verður farið eða hvort hún verður notuð. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna ber sjóðnum ekki að taka tillit til þessara aðstæðna og veita viðbótarlán ef rökstuddar ástæður af þeim toga sem tilteknar eru koma fram? Hversu mikið fjármagn verður til staðar til þess að beita þessu heimildarákvæði? Fer það eftir geðþóttaákvörðun stjórnar? Hvað er það sem ræður því hvort þessi heimildargrein verður notuð, hversu oft, eða fá það allir sem sækja um þetta ef rökstuðningur er viðunandi? Ég vil nefna þetta sérstaklega t.d. í ljósi barnsburðar kvenna. Ég hef mikla reynslu af því að kenna í háskólanum og ég veit mörg dæmi þess að konur lenda í vandamálum vegna barnsburðar eða barnsfæðinga og því er mjög mikilvægt að vita hvort til stendur að nota þetta heimildarákvæði, eða hvers vegna þetta er ekki skylda.

Í beinu framhaldi af þessu vil ég vekja athygli, hæstv. forseti, á 2. gr. frv. Þar er talað um hlutverk stjórnar sjóðsins og það er, með leyfi forseta:

„... að skera úr vafamálum er varða einstaka lánþega og öðrum málum með bókuðum samþykktum." Þetta var inni í núgildandi lögum. Síðan kemur viðbót: „Úrskurðir stjórnarinnar í þessu sambandi eru endanlegir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds."

Þá velti ég fyrir mér í framhaldi af því sem ég sagði áðan: Getur stjórnin ákveðið: „Nú ætlum við ekki að nota þessa heimild", og þá er ekkert við því að segja og enginn getur sagt eitt né neitt. Þar fyrir utan efast ég stórlega um að svona ákvæði standist hreinlega stjórnsýslulögin. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að það verði athugað í hv. menntmn. þar sem ég sit. En með því að skoða þessa heimildargrein í samhengi við 2. gr. er veruleg ástæða til að hafa áhyggjur af því að staðið verði við það að veita viðbótarlán vegna veikinda eða vegna þess að námsframboð er takmarkað.

Þá vil ég vekja athygli á því, hæstv. forseti, að samkvæmt 4. gr. verða lánin áfram verðtryggð. Það er mjög mikilvægt að þjóðin og við öll munum eftir því að námslánin eru verðtryggð og greidd til baka. En sú breyting er gerð núna í þessu frv. að í stað þess að miða við lánskjaravísitölu í gildandi lögum, þá er miðað við vísitölu neysluverðs. Þetta tel ég að vísu fyrst og fremst vera tæknilega breytingu því að þetta á sér samsvörun í öðrum lagabreytingum sem hér hafa verið gerðar að undanförnu, en ég tel rétt að námsmenn sem og aðrir sem lesa þetta frv. eigi rétt á því að fá útskýrt, t.d. frá fjmrn. í greinargerð með frv., hvað þetta þýðir. Þess vegna vil ég spyrja — ég mun afla mér upplýsinga um það í nefnd ef ekki fæst svar hér — hvaða áhrif þetta hefur. Er þarna um einhverjar umtalsverðar upphæðir að ræða eða ekki?

Ég sakna þess að hæstv. menntmrh. hefur yfirgefið salinn. Ég vona að hann hafi náð þeim spurningum sem ég hef borið fram og að hann sé einhvers staðar í hliðarsölum. Ég tel að frv. sé spor í rétta átt að flestu leyti en það er allt of skammt gengið, ég tala nú ekki um í ljósi stóryrðanna sem fram komu í kosningabaráttunni, ekki síst frá þingmönnum Framsfl. og í ljósi þeirra ræðna sem voru fluttar á síðasta kjörtímabili. En ég mun, hæstv. forseti, fá tækifæri til þess að fylgja frv. eftir í menntmn. og afla þá þeirra upplýsinga sem ekki koma fram hér frá hæstv. menntmrh.

[17:17]

Ólafur Örn Haraldsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þeirra orða sem féllu hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur vildi ég láta þær einföldu staðreyndir koma fram að endurgreiðslubyrði hefur verið lækkuð verulega. Það er tómur útúrsnúningur að tala um að lögin hafi aldrei náð til þeirra 7% sem í þeim stóðu. Að sjálfsögðu hefðu lögin gert það þegar að slíkum endurgreiðslum hefði komið þó að ekki hafi verið komið að því, þannig að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað verulega. Þetta var annað af þeim meginatriðum sem ég barðist fyrir.

Hitt meginatriðið að námsmenn fengju samtímagreiðslur, þ.e. greiðslur jafnharðan og námi þeirra vindur fram, er einnig tryggt á þann hátt að nú geta námsmenn fengið þessi lán greidd frá bönkunum og fjármagnskostnaður og lántökukostnaður er allur greiddur. Ég geri engan greinarmun á því og það er hreinn útúrsnúningur í nútímaviðskiptalífi og athafnalífi að gera einhvern greinarmun á því hvort lán kemur frá bönkum eða opinberum sjóði. Aðalatriðið er þetta: Námsmennirnir fá samtímagreiðslur. Fjármagnskostnaðurinn er greiddur af ríkinu þannig að námsmaðurinn ber hann ekki. Þetta eru samtímagreiðslur. Með þessu og ýmsu öðru sem kemur fram í frv. hefur Framsfl. og sá sem hér stendur fyllilega staðið við sín loforð hvað þetta varðar.

Ég ætla ekki að gera önnur atriði að umræðuefni því að þingmaðurinn sem talaði á undan mér benti vissulega á margt hið jákvæða sem kemur fram í frv.

[17:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér verður nú á að segja: Var það virkilega svona lítið sem þið framsóknarmenn meintuð? Var það virkilega svona lítið? Lækkun úr 5% fyrstu fimm árin niður í 4,75% og engin lækkun fyrir þá sem eru með lágar tekjur eða atvinnulausir, þ.e. þeir þurfa áfram að greiða sína föstu greiðslu. Var þetta það sem þið meintuð? Ég verð nú að segja að ég held að einhverjir hafi þá misskilið hvað þið voruð að segja.

Ég ætla ekki að endurtaka skilning okkar á samtímagreiðslum. Það er rétt, stúdentar munu fá möguleika á því að fá greitt mánaðarlega gegn því að greiða í raun og veru úr eigin vasa því að öðrum kosti gætu þeir fengið peninginn sjálfir.

[17:20]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breyting á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Eins og fram hefur komið í máli hv. þingmanna þá hefur orðið loksins verið nefnt nokkrum sinnum. Það er e.t.v. ekki að ástæðulausu því síðasta áratug eða svo hefur Lánasjóður ísl. námsmanna

verið eitt af heitari pólitískum málum í samfélagi okkar. Það hefur verið til umræðu meðal hinna pólitísku flokka, inni á heimilum landsins og ekki síst meðal námsmannahreyfingarinnar. Það er því ekki nema von að orðið loksins heyrist því að á síðustu kjörtímabilum og í upphafi þessa kjörtímabils féllu ýmsar yfirlýsingar um málið. Má segja að byggst hafi upp pólitískar væntingar til lánasjóðsfrv. og því ber auðvitað að fagna að nú skuli það komið fram þannig að fram megi fara málefnaleg umræða um það.

En um hvað hefur sú pólitíska umræða fyrst og fremst snúist? Það eru einkum þeir þættir sem hafa verið nefndir í umræðunni í dag. Það eru fyrst og fremst svonefndar mánaðargreiðslur eða samtímagreiðslur, það er lækkun endurgreiðsluhlutfalls, það er aukið svigrúm, það er um stjórn sjóðsins og það er um ábyrgðir. Að mínu mati leikur ekki nokkur minnsti vafi á því að öll þessi atriði eru með einum eða öðrum hætti inni í þessu frv. og því hlýt ég að fagna að það sé fram komið og efni þess þó auðvitað megi endalaust deila um hversu langt skuli ganga. En í það heila tekið er ekki annað hægt en fagna efni þess.

Ég vil leyfa mér að víkja örfáum orðum að einstökum þáttum og nefna þá fyrst mánaðargreiðslur eða það sem kallað hefur verið samtímagreiðslur. Í liðinni viku féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem námsmaður hafði höfðað vegna innheimtuaðgerða Lánasjóðs ísl. námsmanna og féll dómurinn námsmanninum í hag þar sem sjóðurinn er talinn hafa hafið innheimtuaðgerðir heldur snemma. Þetta leiðir einmitt hugann að því sem ég hygg að flestir sem hafa átt viðskipti við lánasjóðinn þekki. Þar eru afskaplega erfið þjónustuskilyrði ef svo má kalla með fullri virðingu fyrir því starfsfólki sem þar er að sinna mjög erfiðu starfi þar sem fjölmargir þurfa að eiga leið um, þ.e. námsmenn hvort heldur þeir eru í námi hér heima eða erlendis. Ég hygg að námsmenn, fjölskyldur þeirra, vinir og aðstandendur geti rakið margar sögur um píslargöngu um langar raðir þar sem fólk þarf að taka sér jafnvel leyfi frá störfum til að sinna þjónustu við það sem kalla má miðstýrða stofnun.

Ósköp sambærilegt má segja um Húsnæðisstofnun ríkisins sem sér um ákveðna þætti húsbréfa og síðan sjá bankar um aðra hluta. Ég hygg að fáar kvartanir hafi heyrst um þjónustuhlutverk bankanna varðandi húsbréf, en við þekkjum fjölmargar sögur úr umhverfi okkar, úr fjölmiðlum og jafnvel úr umræðum á hinu háa Alþingi um ýmsar aðfinnslur um þjónustu hjá Húsnæðisstofnun. Það er með öðrum orðum sú stofnanaþjónusta sem á að þjóna landinu öllu andspænis síðan þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað í bankakerfinu á Íslandi. Það er liðin sú tíð að landsmenn sem þurfa á lánum að halda þurfi að sitja á bekkjum hjá bankastjóra í von um að fá lán. Það hefur breyst af ýmsum ástæðum, m.a. þeirri ástæðu að samkeppni á milli banka hefur verið að aukast verulega og snýst ekki síst um það að veita viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu. Í þessu skyni og í þeim breytingum hafa bankar m.a. verið að byggja upp þjónustunet, net þjónustufulltrúa sem starfa í öllum útibúum banka og sparisjóða. Ég hygg að flestir landsmenn, ef ekki allir, sem eru á annað borð með viðskipti í banka, það gildir líklega um þá sem komnir eru til fullorðinsára, séu í sambandi við slíka þjónustufulltrúa sem sinna fjármálum einstaklinga og leggja sig fram um að veita einstaklingunum góða þjónustu. Það er einmitt þess vegna sem er eðlilegt að líta til þess þjónustunets sem bankarnir hafa verið að byggja upp og almennt ríkir ánægja með í samfélaginu.

Það er líka vert, herra forseti, að hafa það í huga að í dag eru bankar að veita námsmönnum verulega þjónustu. Bankar eru m.a. að keppa um námsmenn sem framtíðarviðskiptavini. Árlega auglýsa bankar og sparisjóðir styrki til handa námsfólki í framhaldsskólum og á háskólastigi. Bankar færa þessum viðskiptavinum sínum ýmsar gjafir, ef svo má kalla, filofaxdagbækur og guð má vita hvað. Þeir keppa með öðrum orðum um viðskiptavini en leggja sig jafnframt fram um að veita góða þjónustu. Af þessari ástæðu finnst mér eðlilegt að draga þá ályktun að þeir notfæri sér þá þjónustu sem byggð hefur verið upp um land allt en ekki einungis bundna við eina stofnun í höfuðborginni og færa samtímagreiðslur eða mánaðargreiðslur inn í bankana vegna þess að þangað þurfa námsmenn og aðstandendur þeirra að eiga viðskipti hvort heldur þeir eru með námslán eða ekki. Það er það sem málið snýst um varðandi mánaðargreiðslur eða endurgreiðslur. Það er aðgengi námsfólks að fjármagni til þess að fjármagna námsitt. Ef gengið er úr skugga um og ef tryggt er að námsmenn geti fengið mánaðarlegar greiðslur til að sjá sjálfum sér og fjölskyldu sinni farborða sér að kostnaðarlausu, þá er ekki hægt að líta öðruvísi á en að um mánaðargreiðslur eða samtímagreiðslur sé að ræða. Ég legg áherslu á það, sem einnig kom fram í framsöguræðu hæstv. menntmrh., að um er að ræða styrki til þess að greiða allan lántökukostnað námsmanna. Þeir eiga því ekki að bera kostnað af. Þetta tel ég skipta afskaplega miklu máli og þess vegna eðlilegt að fara þá leið sem hér er um að ræða.

Auðvitað er ákveðin óvissa þegar stigin eru ný skref en ég hygg að sú óvissa þurfi ekki að vera svo mikil hvað varðar þá leið að færa þjónustuna og greiðsluna inn í bankakerfið námsfólki að kostnaðarlausu þegar litið er til þeirrar reynslu sem komin er af þjónustufulltrúum banka og þeirri ágætu þjónustu sem þar er veitt. Ég er sannfærður um að það er rétt ákvörðun og rétt skref sem stigið er með þessu, enda er það námsmönnum að kostnaðarlausu og þjónustan aukin. Niðurstaða mín er því sú hvað varðar mánaðargreiðslur og samtímagreiðslur að hvernig sem á er litið, eru þær námsmönnum að kostnaðarlausu. Þeir fá betri þjónustu mánaðarlega sér að kostnaðarlausu og ég vek athygli á að með þessu frv. er jafnvel gengið lengra en námsmenn hafa áður vonast til, þ.e. að geta notið þessarar þjónustu strax á fyrsta missiri. Þetta var um samtímagreiðslur.

Þá vil ég nefna í annan stað endurgreiðsluhlutfall. Ég lýsi furðu minni á þeirri túlkun sem fram hefur komið í máli eins hv. þm. um að hér sé einungis um 0,25% lækkun að ræða. Það er ekki mjög málefnalegt að halda því fram að 7% hlutfallið sem er inni í lögum sé ekki fyrir hendi. Það er rétt líka að vekja athygli á því að það ákvæði sem hér um ræðir, að taka upp 4,75% endurgreiðsluhlutfall, er afturvirkt þannig að þeir sem tekið hafa námslán frá 1992 munu falla undir það. Það er líka rétt, herra forseti, að minna á að nú styttist mjög í að 7% hlutfallið nái til þeirra sem fyrstir tóku námslán eftir breytingarnar sem voru gerðar árið 1992. Þess vegna er það óeðlilegt og ekki málefnalegt að láta sem þessi lagabókstafur sé ekki til staðar. Verði lögunum ekki breytt munu 7% standa og þau munu ríða yfir það námsfólk sem tekið hefur lán frá árinu 1992 og þess vegna er rökrétt og eðlilegt að benda líka á að lækkunin er allt frá 7% niður í 4,75%.

Ég vil leyfa mér að taka dæmi. Við getum tekið dæmi af námsfólki, hjónum sem hefðu hvort um sig að námi loknu um það bil 150 þús. kr. á mánuði, sem mun vera nokkuð

algengt þó að vissulega séu til dæmi um fólk með lægri laun en 150 þús. kr. á mánuði og líka, til allrar hamingju, dæmi um fólk sem hefur meiri laun. En hjá hjónum, námsfólki sem hefur um það bil 300 þús kr. í mánaðarlaun samtals, þá erum við að ræða um lækkun ársgreiðslna um rúmlega 80 þús. kr. Ég hygg að það muni um það hjá venjulegum launþegum sem hafa þó ekki meiri laun en ég nefndi hér áðan. Rúmlega 80 þús. kr. er lækkunin á hverju ári miðað við að taka upp 4,75%.

Ég nefni enn fremur svigrúmið, herra forseti. Eins og hér hefur komið fram hefur það verið baráttumál námsmannahreyfingarinnar m.a. að tekið verði tillit til veikinda námsmanna hvað varðar lánasjóðinn sem og ef skóli fellir niður námskeið. Á þessu er tekið í frv. og jafnframt trúi ég því að auk þessa félagslega svigrúms sem er til staðar í frv., þá muni hin harða samkeppni bankanna um framtíðarviðskiptavini enn frekar auka á það svigrúm sem er tryggt eigi að síður í lögunum. Þannig að svigrúmið er hér til staðar og er aukið.

Þá nefni ég, herra forseti, ábyrgðarmenn. Það hefur verið mikið deilumál af hálfu námsmannahreyfingarinnar að þurfa jafnvel á tveimur ábyrgðarmönnum að halda til þess að fá lán í banka. Hæstv. viðskrh. hefur átt í samningaviðræðum við fulltrúa bankanna um að afnema þennan þátt gagnvart bönkunum, enda sé lánasjóðurinn sú trygging sem bönkunum dugar. A.m.k. er unnið að verulegri einföldun á ábyrgðarmannakerfinu sem ég hygg að sé námsfólki verulega í hag og er jafnvel ekki séð fyrir endann á því. Ég bind miklar vonir við þær samningaviðræður og þau viðbrögð sem fulltrúar bankanna hafa sýnt hæstv. viðskrh. í viðræðum um þetta mál.

Þá nefni ég til viðbótar, herra forseti, ákvæði um stjórn sjóðsins. Ég tel það vera afskaplega mikilvægt að samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því að fulltrúi Iðnnemasambands Íslands komi inn í stjórnina. Þetta hefur verið baráttumál og þetta er rökrétt í alla staði. Í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um auknar áherslur á starfsmenntun við uppbyggingu menntakerfis okkar og við uppbyggingu efnahagslífsins er rökrétt að Iðnnemasambandið eigi fulltrúa í stjórn lánasjóðsins.

Það er í þessu sambandi líka vert að benda á að mér finnst á stundum að í umræðunni gæti þess að um stjórn lánasjóðsins sé jafnvel talað sem eitthvert skrímsli. En samkvæmt frv. er gert ráð fyrir átta einstaklingum í stjórninni og þar af eru fjórir fulltrúar námsmannahreyfingarinnar. Ég fagna því sérstaklega að rödd Iðnnemasambandsins, rödd starfsmennta, skuli nú eiga fast sæti inni í stjórninni.

Niðurstaða mín, herra forseti, er sú að öll helstu markmið sem sett voru séu inni í þessu frv. Það sem skiptir mestu máli er að hagur námsmanna vænkast allverulega. Þjónusta við námsmenn mun aukast allverulega frá því sem verið hefur og endurgreiðsluhlutfall lækkar. Áhrif námsmanna og raddir námsmanna í stjórn sjóðsins eiga að heyrast sterkari og þar fram eftir götunum. Þjónustan hefur aukist.

Ég nefni sem dæmi, herra forseti, ímyndaðan námsmann utan af landi sem þarf ekki lengur að virkja fjölskyldu sína til þess að sinna málum sínum gagnvart lánasjóðnum heldur getur snúið sér beint til þjónustufulltrúa síns í viðkomandi banka eða bankaútibúi hvar sem er á landinu. Það er hlutverk bankans eða þjónustufulltrúa bankans að reka erindi námsmannsins, enda á sérstakur samningur að vera í gildi á milli ríkisvaldsins og bankanna um þá þjónustu.

Ég get tekið undir það sem hér hefur verið nefnt að nokkur atriði má skerpa og trúi ég að verði gert í umræðu í hv. menntmn. Ég vil þar sérstaklega nefna til viðbótar ákvæði um hámarkstíma. Þar vil ég sérstaklega hafa í huga samsetningu námsins og líta til námsmanns sem hefur iðnnám eða einhvers konar starfsnám, heldur síðan áfram til stúdentsprófs og þaðan í háskólanám eða tækniskólanám. Það þarf að vera afskaplega opið að sá námsmaður geti aflað sér menntunar með slíkri samsetningu. Í þessu samhengi hef ég oft vitnað til samsetningar menntunar Rannveigar Rist sem er glæsilegur fulltrúi yngri kynslóðarinnar við stjórnunarstörf hér á landi. Ég trúi því að staða Rannveigar Rist væri öðruvísi ef ekki væri sú samsetning menntunar hennar sem er og fyrir því þarf að vera sveigjanleiki. Þess vegna þarf hugsanlega að lengja heildarlánstíma eða lengja ákvæði um grunnnám. Á því trúi ég að verði tekið í menntmn. og rætt þar.

Þá get ég tekið undir þau sjónarmið að hugsanlega þarf að telja betur upp eins og hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir vék að um hinn félagslega þátt. En ég tel að hugsunin sé askaplega skýr hvað varðar svigrúm á þessu sviði.

Hvað varðar úrskurðarnefnd þá hefur það verið gagnrýnt að ákvörðun sjóðstjórnar sé endanleg og verði ekki skotið til æðra stjórnsýslustigs. Þá vil ég hins vegar benda á að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að stjórn sé heimilt að skipa ýmsar undirnefndir og sé ég ekkert sem útilokar að sjóðstjórn geti skipað úrskurðarnefnd til þess að taka á vafamálum. Þá má einnig benda á umboðsmann Alþingis sem allir eiga aðgang að.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég vil líta svo á að með þeirri breytingu sem hér á sér stað, þeirri grundvallarbreytingu að færa þjónustustigið inn í bankakerfið, þurfi að ræða og skoða sérlega hlutverk Lánasjóðs ísl. námsmanna í framhaldi af því. Ég tel að hlutverk lánasjóðsins eigi fyrst og fremst eftir þá breytingu að vera eftirlitsaðili með þeirri þjónustu sem bankarnir veita og taka við málum sem snúa beinlínis að námsmönnum og tryggja að þjónustustigið haldist. Og ég ítreka áhrif námsmanna í stjórn.

Á síðustu árum hefur verið mikil umræða um hin ýmsu skólastig. Ekki er langt síðan hið háa Alþingi samþykkti breytingar á lögum um grunnskóla og nú hafa sveitarfélögin tekið við grunnskólastiginu. Í því eru afskaplega mikilvægar breytingar. Hér í dag og á næstu dögum munu verða rædd frumvörp um breytingar á lögum um háskóla, þ.e. háskólastigið er þar sérstaklega til umræðu, og vonandi lýkur núna a.m.k. um hríð umræðu á Alþingi um Lánasjóð ísl. námsmanna, verði þetta frv. að lögum.

Næstu skref tel ég vera, herra forseti, afskaplega mikilvæg hvað varðar menntamálin, að skoða annars vegar það sem hér hefur verið ýjað að í umræðunni, þ.e. að skoða frekari útfærslu á námsstyrkjum sem viðbótarhlutverki við hið hefðbundna hlutverk lánasjóðsins í samstarfi ríkisvalds og fyrirtækja í samfélaginu þar sem fyrirtæki geti lagt fé til þess að veita námsstyrki. Og hins vegar, herra forseti, tel ég afskaplega eðlilegt að í næstu lotu verði litið sérstaklega til framhaldsskólans, ekki síst að halda áfram útfærslu á starfsmenntabrautum, uppbyggingu þeirra og skilyrði fyrir þeim. En ég vonast til þess að frv. þetta megi sem fyrst komast til hv. menntmn. og fá þar málefnalega umræðu.

[17:41]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. vitnaði í upphafi máls síns til nýuppkveðins dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Hann fór síðan í kjölfarið á því að tala um stofnanaþjónustuna. Ég skildi það

af máli hans að hann væri a.m.k. að gefa í skyn að umræddur dómur væri áfellisdómur yfir stofnanaþjónustunni. Hann talaði um stofnanaþjónustuna annars vegar og nefndi þar dæmi um Húsnæðisstofnun og lánasjóðinn versus greiðslumatsþjónustu bankanna og notaði þetta sem rök með því að æskilegt væri að hafa lánamálin inni í bankakerfinu.

Ég leyfi mér að efast um að bankarnir hafi sinnt því hlutverki sem skyldi sem hv. þm. nefndi varðandi annars vegar greiðslumatsþjónustuna og einnig get ég nefnt reynslu námsmanna af því að hafa átt við bankakerfið eins og það hefur verið undanfarin ár.

Tilefni andsvarsins er kannski ekki þetta heldur miklu frekar það að ég vil vekja athygli á því að dómurinn sem hv. þm. vitnaði til — um hvað ber hann vitni? Hann ber ekki vitni um þjónustu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hann snerist einmitt um úrskurð stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, um túlkun þeirrar stjórnar á landslögum. Og þessi dómur er einmitt sönnun þess óréttar sem námsmenn hafa búið við með því að hafa ekki getað skotið máli sínu til úrskurðar æðra stjórnvalds eins og venjan hefur verið. Í stað þess að leiðrétta þetta fádæma óréttlæti gagnvart námsmönnum velur þessi hæstv. ríkisstjórn að festa óréttlætið í sessi og hælir sér síðan af því að námsmenn eigi rétt á að skjóta máli sínu til umboðsmanns Alþingis og til dómstóla eins og aðrir þegnar þjóðarinnar. Þó það nú væri. En ég vil bara minna á það hér að það eru talin ein af grundvallarmannréttindum í lýðræðisþjóðfélagi að fá líka að skjóta málum innan stjórnsýslunnar til æðra stjórnvalds og það er það sem þessi dómur ber vitni um fyrst og fremst. Hann hefur ekki neitt að segja um stofnanaþjónustuna, langt í frá.

[17:44]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ekki skal ég andmæla því og fara í umræðu um sjálfan dóminn, enda var það í sjálfu sér ekki kjarninn í þeim hluta ræðu minnar heldur var það tekið sem dæmi. En ég nefndi þó fyrst og fremst önnur dæmi til þess að reyna að sýna fram á það að ein stofnun staðsett í Reykjavík mun ekki geta veitt sömu lipru þjónustu og þjónustunet bankastofnana er um allt land. Það var kannski meginatriðið í því sem ég var að reyna að halda fram.

[17:44]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einmitt það sem ég er að reyna að benda á hér. Um hvað snerist þessi dómur? Hvaða ályktun má draga af þessum dómi? Það má draga þá ályktun af honum að tryggja þurfi betur grundvallarréttindi námsmanna gagnvart kerfinu. Það er þvert á móti verið að festa óréttlætið í sessi í þeim lögum sem hér eru lögð til og þessi dómur kemur ekki bankaþjónustunni við, nákvæmlega ekki neitt. Það er það sem ég er að reyna að benda á í þessu andsvari og undrast að hv. þm. og ríkisstjórnin almennt skuli ekki sjá það einmitt nú þegar þessi dómur er kveðinn upp hversu mikil þörf er á því að bæta námsmönnum það óréttlæti sem þeir hafa búið við. Í stað þess velja þeir þá leið að festa óréttlætið í sessi.

[17:45]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hefur nokkuð verið rætt um endurgreiðsluhlutfallið og við höfum talað um að það væri ekki merkilegt að lækka það um 0,25%, en þá hafa menn dregið upp 7% sem eru í lögunum eins og það væri sá veruleiki sem menn væru að búa við núna. Svo er ekki. Það hefur enginn borgað meira en 5% enn þá og miðað við það sem nú stendur til, þá mun enginn gera það. En af því að hv. þm. vill endilega tala um 7% sem veruleika og reikna út frá 7%, þá væri fróðlegt að vita — vegna þess að í 7. gr. laganna er talað um vexti, að þeir séu breytilegir, teknir hafa verið 1% vextir en þeir mega vera allt að 3% — hvort hann óskar þá eftir því að við högum umræðunni miðað við 3% af því að þessi 3% eru í lögunum, hvort það er þá sá veruleiki sem hann telur rétt að reikna út frá og hvort það er þá jafnframt sá veruleiki sem við munum sjá á næstunni fyrst 3% eru ekki tekin út úr lögunum með því frv. sem hér liggur fyrir.

[17:47]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að halda áfram karpi um hvort 7% séu inni, hvort þau séu hluti af veruleikanum eða ekki. Það er hárrétt að enginn hefur enn þá greitt nema 5%. En það er alveg ljóst að veruleikinn, lagaumhverfið er þannig að ef lögum verður ekki breytt, mun hópur námsmanna, eins og hér hefur verið reynt að draga fram, áður en langt um líður renna inn í það skeið að þurfa að borga 7% í endurgreiðsluhlutfall. Það er ákveðinn veruleiki og mönnum óar við þeim veruleika. Menn eru sammála að það sé óeðlilega hátt endurgreiðsluhlutfall. Það er þess vegna sem er verið að breyta prósentunum niður í 4,75. Stökkið er ekki hátt úr 5% niður í 4,75% en það munar um það. En það er verulegt frá 7% niður í 4,75%. Um það á ekki að þurfa að deila. Þess vegna eru menn að breyta þessu.

[17:48]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, það er gott að hv. þm. er búinn að koma auga á að stökkið er ekki verulegt frá 5% og niður í 4,75%. En af því að hann vitnaði í að lagaumhverfið gerði ráð fyrir 7%, þá vil ég ítreka spurningu mína af því að lagaumhverfið gerir nefnilega líka ráð fyrir 3% vöxtum. Eigum við þá að horfa á það sem veruleika fyrst menn eru svo fastir við þær tölur sem þarna eru inni? Má búast við að það verði hluti af þeim veruleika sem námsmenn og þjóðin öll horfir þá framan í á næstunni fyrst ekki er hróflað við því í frv.?

[17:49]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það frv. sem hér liggur fyrir verði nú seint talið til stórsigurs framsóknarmanna. Hv. þm. Hjálmar Árnason, sem flutti tölu sína áðan, hafði orð á því að þetta sérstaka ákvæði sem kveður á um úrskurði stjórnarinnar í þessu sambandi séu endanlegir og verða ekki kærðir til æðra stjórnvalds, að það verði á einhvern hátt réttlætt með því að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins. Ég vildi aðeins fá skýringu hv. þm. á því hvort það sé hans skilningur að þetta fyrirkomulag komi í staðinn fyrir þennan sjálfsagða málskotsrétt, hvort það sé skilningur hv. þm.

Enn fremur hlýtur það að teljast mjög undarlegt, virðulegi forseti, í ljósi þess að kæra til æðra stjórnvalds er miklum mun ódýrari fyrir alla aðila en þurfa að standa í því að sækja sín mál fyrir dómstólum og námsmenn eru kannski fæstir svo efnaðir að þeir geti verið með lögmenn á sínum snærum þegar þeir sættast ekki alveg á úrskurði stjórnarinnar. Mig langaði því að heyra frá hv. þm. hvort það sé hans skilningur

að undirnefndir bjargi þessu klúðri eins og þetta ákvæði er úr garði gert í frv.

[17:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég svara hv. 5. þm. Suðurl. þá lít ég alls ekki svo á að úrskurðarnefnd á borð við þá sem ég nefndi áðan komi í stað æðri málskotsréttar. Ég reyndi hins vegar að draga það fram og vekja athygli á því að stjórn gæti komið sér saman um þá leið sem vinnulag að hafa undirnefnd skipaða með tilteknum hætti til þess að vísa vafamálum til. Það tel ég ekkert óeðlilegt en ég ítreka að ég álít ekki að það komi í stað eins eða neins málskotsréttar.

Ég vil vara við því sem þingmaðurinn sagði um stórsigur framsóknarmanna. Hér á ekkert að vera að tala um sigurvegara eða þann sem tapar. Ég tel að þetta sé mikið framfaraspor fyrir námsmenn og það er það sem er kjarni þessa máls.

[17:51]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Í síðustu kosningum var dreift hvítu kringlóttu barmmerki. Það voru mjög margir sem báru þetta merki. Þetta merki var með heldur frumstæðu letri sem heitir curierletur og á þessu merki stóð: Kjósum menntamál. Mjög margir báru þetta merki úr öllum stjórnmálaflokkum, Kjósum menntamál. Það var skoðun mjög margra að kosningarnar 1995 snerust að nokkru leyti um menntamál. Þáv. stjórnarflokkar, t.d. Alþfl. gengu fram með tilteknar áherslur í menntamálum í sinni kosningastefnuskrá og það gerði Framsfl. alveg sérstaklega því að hann lofaði þar meiru en nokkur annar flokkur.

Ég minnist þess enn að fundur var haldinn í Háskólabíói rétt fyrir kosningarnar 1995 þar sem við sátum hlið við hlið, ég og hæstv. iðnrh., efstu menn G-listans og B-listans í Reykjavík. Samhljómurinn í okkar málflutningi var með þeim hætti að ég sagði m.a. í innskoti á þeim fundi: Kjósið einhvern okkar, einhvern fulltrúa þessara flokka. Ég gerði það vegna þess að ég treysti því að menn meintu það sem þeir væru að segja. Ég var viss um að hin gríðarlegu stóru orð framsóknarmanna hér í þingsalnum á síðasta kjörtímabili, gríðarlegar árásir þeirra á Sjálfstfl. og Alþfl. — ég hélt að einhver innstæða væri fyrir þessum yfirlýsingum. Ég hélt að menn meintu það sem þeir sögðu og vildu í raun og veru kosta öllu til af því að þeir sögðu ekki aðeins: Hér hafa verið gerðar breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna heldur sögðu þeir t.d.: Lög um jafnrétti til náms á Íslandi eru hrunin. Það er búið að eyðileggja þetta kerfi. Menn eins og hæstv. núv. félmnrh. höfðu stærri orð en allir aðrir og sögðu um Alþfl.: Og svo koma þeir í salinn og sletta puttunum á takkana eins og ríkisstjórnin skipar.

Hæstv. félmrh. sagði líka á síðasta kjörtímabili: Ég hef setið á Alþingi 21 þing, þau eru að verða 21. Þetta er versta mál sem komið hefur fram á mínum ferli, 21 ár. Þetta var sami maður sem sagði að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri stjórnarskrárbrot. Með öðrum orðum, þessi niðurstaða í lánamálum námsmanna var verri en stjórnarskrárbrot. Ég segi alveg eins og er, herra forseti. (**Félmrh.:** Samningurinn var ekki kominn til afgreiðslu þegar LÍN-samningurinn var gerður.) Hann var þá á dagskrá og hæstv. félmrh. hafði haft þessi orð uppi um samninginn þegar þetta gerðist. Með öðrum orðum, var ekki kjósendum og öðrum vorkunn þó að þeir tækju mark á þessum mönnum og jafnvel kysu þá í stórum stíl? Ég segi jú, mönnum var vorkunn þó þeir tækju mark á þessum orðum og kysu framsóknarmenn út á þau í stórum stíl.

Það er sagt að stjórnmál séu minna og minna trúverðug, það séu færri og færri sem vilji gefa sig í stjórnmál af því að leikurinn sé ómerkilegur og óheiðarlegur. Það er sagt að stjórnmálamenn segi eitt í dag og annað á morgun. Ég er sannfærður um, herra forseti, að yfirlýsingar Framsfl., sérstaklega hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. fyrir kosningarnar 1995 eru til þess fallnar að veikja ekki aðeins Framsfl. látum það nú vera, heldur trúverðugleika íslenskra stjórnmála og allra sem taka þátt í þeim vegna þess að það er svo augljóst mál að menn hafa í öllum greinum, því miður, gengið á bak orða sinna og allir þeir sem héldu að þeir meintu eitthvað með þessu sem þeir sögðu 1995 hafa orðið fyrir vonbrigðum.

Það er sagt að stjórnmálamenn verði að segja eitt í dag og annað á morgun vegna þess að þeir búi við þannig aðstæður að þeir verði að beygja sig undir veruleikann. Auðvitað getur það komið fyrir að stjórnmálamenn neyðist til að gera samninga um mál á ýmsan hátt og flytja rök fyrir því. En það er ekki það sem er upp í þessu máli vegna þess að augljóst er að sú frumvarpsdrusla sem hér liggur fyrir er ekki efnd að 1% á öllum þeim fyrirheitum sem framsóknarmenn komu upp með árið 1995, ekki 1%. Auk þess, hæstv. forseti, kynna framsóknarmenn þetta mál ekki sem málamiðlun heldur sem fagnaðarboðskap Framsfl. eins og hæstv. félmrh. og aðaltalsmaður málsins í dag gerði fyrir nokkrum mínútum þannig að það að hæstv. menntmrh. hælist um yfir málinu bliknar í raun og veru miðað við það evangelium sem hæstv. félmrh. syngur úr þessum virðulega ræðustól um svik Framsfl. út og suður í þessu máli.

Aðalmálið var auðvitað það, eins og fram kom í fyrri umræðum í dag, að samtímagreiðslurnar voru lagðar niður. Það var aðalmálið, það var alveg tvímælalaust. Ég flutti um það frv. strax á þinginu 1993–1994 að þær yrðu teknar upp aftur. Núverandi þingflokksformaður Framsfl. lýsti alveg sérstökum stuðningi við það frv. Framsóknarmenn ítrekuðu það aftur og aftur í ýmsum yfirlýsingum að það væri það ljótasta í frv. hæstv. menntmrh., Ólafs G. Einarssonar, að afnema samtímagreiðslur. Ég ætla ekki að hafa uppi þá orðaleppa sem hæstv. félmrh. notaði um það mál því það er búið að flytja næg sýnishorn af hans málflutningi hér. En hann fullyrti í lofræðu sinni, lofræðu Framsfl. um LÍN-frv., þá fullyrti hæstv. menntmrh. — nei, hæstv. félmrh. segi ég, það er von að mér skjöplist, — sem ekki er starfandi heldur talandi menntmrh., má segja í þessu máli, hann fullyrti: Hér eru komnar samtímagreiðslur. Hann sagði það áðan.

Hæstv. menntmrh. hefur hins vegar verið trúr sinni þvermóðsku, með leyfi forseta, alveg frá upphafi í þessu máli og sagt: Það kemur ekki til greina að taka upp samtímagreiðslur. Um það hefur málið snúist allan tímann að hæstv. menntmrh. hefur neitað því. Svo er samið og þá segja framsóknarmenn: Þetta eru víst samtímagreiðslur og hæstv. félmrh. segir: Þetta eru samtímagreiðslur.

Þá birtist sérstakt fréttabréf hæstv. menntmrh. á heimasíðunni 6. apríl sl., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Engin breyting verður á því fyrirkomulagi að lán úr LÍN eru veitt eftir á."

Hæstv. menntmrh. lætur sér ekki nægja að hafa þá undir, framsóknarmennina, með þeim hætti sem alþjóð nú sér þó að þeir sjái það ekki sjálfir, heldur kýs hann ekki að strá heldur hella salti í opnar undir Framsfl. í þessu máli og þeir reyna að bera sig vel með því að telja sér trú um að málið sé allt annað

en það er. En hæstv. menntmrh. situr sallarólegur, les erlend blöð í sæti sínu á Alþingi og sendir svo út fréttatilkynningar á heimasíðunni og segir: Hvað sem framsóknarmenn tísta, þá breytir þetta engu. Og hún er alveg ótrúleg niðurlægingin sem Framsfl. kýs sér í þessu máli.

Það er auðvitað til í dæminu, hæstv. forseti, að reyna að horfa öðruvísi á þetta og velta því fyrir sér hvort Framsfl. sé kannski vorkunn. Var Framsfl. plataður inn á þetta? Ja, það skyldi þó aldrei vera að málið hafi verið þannig. Það eru fyrri dæmi þess í sögunni að leiðtogar Framsfl. hafi játað því að hafa verið plataðir. Það eru fleiri dæmi um það. Spurningin er hvort málið er þannig og þá eiga þeir náttúrlega réttlætingu gjörða sinna og geta sjálfsagt breytt þessu enn, en ég held að málið liggi ekki þannig. Ég held að þeir séu komnir alveg á enda og eymd þeirra í stjórnarsamstarfinu sé svo mikil að þeir geti ekki meira en þetta. Þetta er tveggja flokka stjórn og við sitjum gjarnan hér og ræðum þau frumvörp sem frá þeim koma og ræðum þau á margan hátt. En ég held að málið sé alveg augljóslega þannig eftir þessu frv. að dæma að Framsókn ræður engu í stjórnarsamstarfinu. Hún ræður ekki þessu máli, ekki nokkrum hlut. Íhaldið er, eins og það heitir á góðu máli nú til dags, með leyfi forseta, að taka Framsókn í nefið og kuskar svo af öxlinni á sér það sem dettur út úr þeirri slónni þegar íhaldið er búið að ganga frá sínum málum.

Ég hefði ekki trúað því, herra forseti, að því hefði verið spáð um Blöndudal forðum að þessi hetjusaga yrði seinna skrifuð um þann mann sem nú er félmrh. Að minnsta kosti segi ég það, herra forseti, af fullri einlægni að ég hefði frekar viljað sjá aðra menn en hann í þessu sæti því að þrátt fyrir allt er dapurlegt að horfa upp á góða drengi ganga í verkin fyrir íhaldið með þeim hætti sem mér finnst að hann telji sig þurfa að gera núna.

Eitt af því sem hv. þm. Hjálmar Árnason — sem er nýliði í greininni og er að byrja að feta sig á þessari slóð og satt að segja vona ég að hann læri suma klækina seint sem mér sýnist að hafðir séu fyrir honum af leiðtogum Framsfl. en látum það vera — hefur uppi í þessu máli er það að hann kallar þetta gjarnan ekki samtímagreiðslur, ég heyri að hann er alveg hættur því. Hann kallar þetta núna alltaf mánaðargreiðslur, finnst snjallara að hafa þannig vaðið fyrir neðan sig. En hins vegar túlkar hann það eins og hæstv. félmrh. að þetta séu í raun og veru samtímagreiðslur. Má ég þá spyrja hæstv. ráðherra og hv. þm. um eftirfarandi ferli:

Námsmaður sendir umsókn um lán skömmu áður en hann lætur innrita sig. Um það leyti sem hann lætur innrita sig, hvert sendir hann þá umsókn? Er hún send í útibúið í Keflavík, eins og hefði mátt ætla af ummælum hv. þm. Hjálmars Árnasonar? Er hún kannski send í útibúið á Blönduósi eða Vesturbæjarútibúið í Búnaðarbankanum? Nei. Hún er send til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Er það þá þannig í öðru lagi að námsmaðurinn fái síðan í framhaldi af þessu lán frá lánasjóðnum eins og í gegnum bankann? Nei. Námsmaðurinn fær samkvæmt frv. lánsloforð frá LÍN, eins og þetta er núna, nákvæmlega eins og þetta er núna, breytir þessu engu. Og í framhaldi af því er það þá þannig að námsmaðurinn fái lánum sínum þannig fyrir komið að þau séu tryggð til frambúðar? Nei. Því næsta skref er að hann fær yfirdráttarlán frá banka út á námsloforðin, eins og það er núna, og þegar fyrsta missiri hans lýkur borgar námsmaðurinn vexti af yfirdráttarláninu í Búnaðarbanka eða Landsbanka. Hvað borgar hann þar í vexti? Hann borgar 9,9% eða allt upp í 10,1% í vexti, eins og staðan er núna. Það eru vextirnir sem þetta unga fólk er látið borga í dag.

Hvernig er það síðan? Síðan er það í fimmta lagi þannig að hann fær námslán ef hann stenst allar kröfur í janúar/febrúar og borgar yfirdráttinn frá því á haustönninni og í sjötta lagi liggur fyrir að hann getur fengið yfirdrátt áfram í bankanum á 10% vöxtum út annað missirið ef hann hefur fengið lánsloforð til heils árs. Segjum að hann ljúki þá námi og hefji aftur nám um haustið. Hvað gerist þá? Þá þarf hann aftur að sækja um lánsloforð og það fer aftur í bankann og það þarf aftur að borga af því yfirdráttarlán. Þess vegna er beinlínis blekking þegar talsmenn Framsfl. eru að setja þetta þannig upp að verið sé að létta skriffinnsku af námsmönnum. Ég skil það vel vegna þess að lánasjóðurinn er óvinsæll og það er auðvelt fyrir þá að setja hlutina svona upp og í leiðinni eru þeir að reyna að koma örlitlu höggi, eins og í hefndarskyni, á hæstv. menntmrh. En veruleikinn er sá að öll pappírsvinnan sem þeir þekkja, sem hafa með fjármál námsmanna að gera, liggur áfram á fólkinu nákvæmlega eins og hún gerir í dag. Á því verður enginn munur samkvæmt þessu frv. eins og það lítur út nú og vonandi á eftir að breyta því. En þetta er svona. Ég skora á þingmenn Framsfl. að viðurkenna að veruleikinn er þessi því það er miklu heiðarlegra en að setja hlutina þannig upp að málin séu allt öðruvísi en þau eru.

Þess vegna er það þannig, eins og fyrri ræðumenn hafa hér sagt hver á fætur öðrum, að þetta eru ekki samtímagreiðslur. Ekki nema hæstv. félmrh. hafi meint að það væru samtímagreiðslur sem var komið á 1992. Ef hann telur að það hafi verið samtímagreiðslur, þá kann það að vera sjónarmið út af fyrir sig, en þá hefur hann gleymt að segja kjósendum frá því 1995. Það gerði hann aldrei, enda þarf ekki frekari vitnanna en greinar hæstv. menntmrh. á internetinu þar sem hann sýnir fram á að þetta breyti í raun og veru engu, ekki nokkrum sköpuðum hlut.

Ég ætla þessu næst, herra forseti, að fara yfir nokkur atriði í frv. sjálfu og víkja fyrst að 1. gr. og spyrja hæstv. menntmrh. nokkurra spurninga og þykir mér ágætt að hann skuli vera hér þó ég meti mikils viðveru hæstv. félmrh. þá þykir mér hitt líka ágætt að hafa hæstv. menntmrh. sem hefur bréf upp á það að vera menntmrh. hér í salnum.

Ég skil ekki rökin fyrir því sem fram kemur í 1. gr. frv. að menntmrn. skuli endilega þurfa þrjá menn í stjórnina. Ég skil ekki rökin fyrir því. Það er í raun orðin mjög sérkennileg stjórn þegar menntmrn. er með þrjá menn auk þess sem er frá fjmrn. þannig að það eru fjórir menn frá ríkisstjórninni í stjórninni eins og hún er á hverjum tíma. Ég hefði talið óeðlilegt að hafa það þannig, en ég spyr hæstv. ráðherrann: Hver eru rökin fyrir því? Rökin sem hann mun nefna eru þau að jafnvægi þurfi að vera í stjórninni, að úr því að kominn sé þarna inn maður frá iðnnemum, þá verði að koma inn einn í viðbót frá menntmrn. Ég tel að þetta séu í raun ekki gild rök vegna þess að raunveruleg valdastaða stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna birtist ekki á fundum stjórnarinnar eingöngu heldur í lögunum og reglugerðinni eins og hún er á hverjum tíma.

Í öðru lagi vil ég taka undir það sem fram hefur komið hjá mörgum þingmönnum varðandi 2. gr. m.a. hjá hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og segi: Ég held að þessi grein, eins og hún er hér, sé í andstöðu við þróun stjórnsýsluréttarins eins og hún hefur verið. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi ekki svarað því máli og ég spyr hann: Hver eru rökin fyrir því að hafa þetta svona að hans mati?

Í þriðja lagi er það 2. mgr. 2. gr. Þar kemur fram að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins. Þetta lítur sakleysislega út. En staðreyndin er sú að stjórn lánasjóðsins hefur praktíserað heimildir, hygg ég, í reglugerð um þetta efni þannig að undirnefndir af þessum toga hafi í raun endanlegt vald og þar með felist valdframsal í orðalagi greinarinnar, ef hún verður látin fara svo í gegn eins og hún lítur út nú. Ég vil biðja hæstv. menntmrh. að fara um það atriði nokkrum orðum.

Þá vil ég næst víkja að 3. gr. sem er í raun og veru aðalgreinin í frv. Í grg. frá fjmrn. segir að gert sé ráð fyrir að kostnaðurinn verði 36–60 millj. kr. Finnst mönnum það ekki dálítið ónákvæm lagagrein sem kostar 36–60 millj. kr.? Hvernig hugsa menn sér að setja þessa reglur? Á stjórn lánasjóðsins að ákveða þetta í einstökum atriðum? Ég tel að þetta sé óhæfa ef Alþingi gengur ekki nákvæmar frá þessari grein en þarna er gert, alger óhæfa.

Ég spyr líka: Ef þessi kostnaður er talinn vera 36 millj. kr., hver er þá höfuðstóllinn sem verið er að tala um? Ég spyr ráðherrann að því. Hvaða lánamagn er verið að tala um? Bersýnilega sýnist mér þá að verið sé að tala um 360 millj. kr. ef borga á niður allan vaxtakostnaðinn. Þá kemur að aðalatriðinu sem ég spyr ráðherrann líka um: Á að borga niður allan vaxtakostnaðinn eða aðeins hluta hans og þá hvaða hluta? Af hverju er þetta svona opið? Þetta er algert lykilatriði hvort borga á niður af þessum lánum 36 millj. kr. eða 60 millj. Um þetta snýst allt málið og það er alveg óhjákvæmilegt að þegar málið kemur úr menntmn. til 2. umr. þá verði komin skýr niðurstaða í þetta mál. Hvað þýðir þetta?

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig skilur hann þetta? Af því að hann er nú aðili að þessu máli sem framsóknarmaður og telur þetta vera alveg sérstaklega gott mál í alla staði. Hvernig skilur hann þetta? Hver er skilningur Framsfl. á þessu máli? Á að borga alla vextina eða 90% af þeim eða 80% og af hverju eru þetta 36–60 millj.? Af hverju er ekki hægt að skrifa nákvæmlega niður hvað þetta þýðir? Hvernig stendur það? Og svo í leiðinni: Hvað er að frétta af viðræðunum við bankana? Það er best að spyrja hæstv. félmrh. um það af því að ég sé formann Sambands ungra framsóknarmanna hér uppi á pöllunum og hann var að hæla sér af því í sjónvarpinu um daginn að það ætti bara að fara að tala við bankana. Ja, hvílík undur og stórmerki ef Framsókn ætlar að fara að tala við bankana og ná í viðskrh. og tala við bankana. Ég hef aldrei heyrt annað eins. Miklir kjarkmenn, framsóknarmenn. Hvað er að frétta af því? Er búið að tala við bankana? Hvernig stendur það? Um hvað ætluðu þeir að tala um við bankana? Þeir ætluðu að tala um það að ábyrgðarmenn verði e.t.v. felldir niður. Af hverju? Vegna þess að ábyrgð lánasjóðsins sé nóg. Ja, það þykir nú einhver frétt að nóg sé að hafa ríkisábyrgð þannig að þessi útúrsnúningur þeirra framsóknarmanna í sambandi við þetta mál er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. í framhaldi af þessu: Hvað er að frétta af almenna ábyrgðarmannamálinu? Telur hæstv. menntmrh. — ríkisstjórnarfundur stendur yfir þarna — að til greina komi að slaka á ábyrgðarmannakerfinu? Ég vil spyrja hæstv. félmrh. sem er annar aðaltalsmaður ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki í dag:

Telur hann líka að það komi til greina að slaka á ábyrgðarmannakerfinu? Ég held að ábyrgðarmannakerfið sé í mjög hættulegri stöðu. Ég þekki fjöldann allan af fólki sem stendur afar illa í þeim efnum, búið að skrifa upp á verulegar fjárhæðir sem er ekki nokkur glóra í miðað við efnahag viðkomandi.

Herra forseti. Ég ætla næst að víkja að 5. gr. frv. og spyrja hæstv. félmrh. um hana. Hún fjallar um það að fastagreiðslan skuli vera óbreytt. Fastagreiðslan verður óbreytt. Hvað þýðir það? Það þýðir að allir þeir lántakar sem eru með að mér sýnist um 92 þús. kr. á mánuði eða minna, standa í raun og veru óbreyttir eftir. Eru þetta mistök eða telur Framsfl. fullnægjandi að þeir lántakar sem eru með lægstu tekjurnar fái í rauninni enga endurbót í þessu frv. vegna þess að fastagreiðslan er föst? Hún er föst. Það er athyglisvert að þetta fólk er því miður stór hluti lántaka hjá lánasjóðnum, t.d. verulegur hluti kvenna í ríkisstörfum og kennarastéttin að stórum hluta. Stendur til að hafa þessa tölu óbreytta? Er það virkilega meiningin að koma svona sérstaklega fram við láglaunastéttirnar hjá ríkinu sem eru einkum konur?

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra um 7. gr. frv. Ég spyr hvort hann telji ekki að í henni felist valdframsal. Ég vil biðja hann að útskýra hana. Af hverju er ég að spyrja þennan hæstv. ráðherra um valdframsal? Það er aðallega vegna þess að hann var manna harðastur í að tala um valdframsal hér á síðasta kjörtímabili. Þannig að ég gef mér að hann hafi ekki gleymt því öllu og sé þess vegna tilbúinn til að rökræða það mál aðeins nánar.

Herra forseti, ég er kominn að lokum ræðu minnar. Ég segi það eins og er að ég tel ekki að það frv. sem hér liggur fyrir marki nein kaflaskil í íslenskum menntamálum, því miður. Áfram er það þannig að námsmenn munu hrökklast frá námi vegna þess hvernig á þessum hlutum er haldið, vegna þess að samtímagreiðslur eru ekki teknar upp, vegna þess að ábyrgðarmannakerfið er ofurþungt og vegna þess að endurborganirnar eru allt of erfiðar. Enn stöndum við frammi fyrir því að fjalla um frv. eins og á síðasta kjörtímabili þar sem námsmenn fengu hvergi nærri að koma lokagerð málsins, nákvæmlega eins og á síðasta kjörtímabili. Maður hlýtur auðvitað að velta fyrir sér hvort þetta sé sá veruleiki sem námsmenn og menntakerfið á Íslandi þurfi að búa við til frambúðar. Út af fyrir sig er það sjálfsagt þannig að mjög margir munu draga þá ályktun að Framsfl. sé ekki framar treystandi í menntamálum. Það er alveg rétt að honum er ekki treystandi í menntamálum. Það er kannski ekki aðalatriðið í málinu heldur hitt, að við skulum hafa búið við kerfi sem var sátt um eins og hæstv. ráðherra Finnur Ingólfsson orðaði það á síðasta kjörtímabili. Það var full sátt um lánakerfið frá 1982. Það var þjóðarsátt um það kerfi en það var skemmt. Aftur tekur ný stjórn við á grundvelli fyrirheita sem hafa verið gefin og það er ekkert lagað af því sem lofað hafði verið og það er ekki samið við námsmenn en þó eru þetta kjör þeirra. Það er ekki talað við neinn í raun og veru en þó er verið að tala hér um kjör — hversu margra? Sennilega um 25 þús. Íslendinga sem eru að borga af lánum hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Ég segi eins og er, herra forseti, að ég tel að Alþingi sé að setja sjálft sig í alvarlega stöðu með þessu. Það er verið að veikja það og menntakerfið til frambúðar. Í þeim efnum er ábyrgð Framsfl. mikil og hlutur þeirra framsóknarmanna ljótur.

[18:19]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður fór mikinn og flutti með ágætum tilþrifum ræðu sem mér fannst því miður ekki afskaplega málefnaleg heldur um of einkennast af gífuryrð-

um, hrópum og köllum, en flutningurinn var skemmtilegur. Þá finnst mér athyglisvert að einkum í fyrri hluta ræðunnar vék hv. þm. mjög oft að lagasetningu sem átti sér stað 1992, þegar gildandi lög voru sett, en lítur fram hjá því að við erum einmitt að breyta lögum núna vegna þess að það er ósætti um þau lög sem þá voru sett. Og að blanda þessu tvennu saman finnst mér ekki afskaplega málefnalegt. Hann sakar síðan framsóknarmenn um að flytja lofræðu um það. Það má kalla það lofræðu eða hvað sem er. Hins vegar hafa framsóknarmenn reynt að fjalla málefnalega um það hverju þeir hafa haldið fram og hvað felst í þessu og hvernig þeir túlka þetta. Ég geri svo sem lítið með þá túlkun sem hv. síðasti ræðumaður hefur á því. Það er hans túlkun og hans gífuryrði en ég minni á þær raddir sem m.a. hafa komið frá fulltrúum námsmannahreyfingarinnar, eins og stjórn Iðnnemasambandsins og fleirum. Þar er litið á þetta mál öðrum augum en hv. síðasti ræðumaður. Það er einnig athyglisvert að í því mikla írafári sem gert er úr 4,75% endurgreiðsluhlutfallinu er hægt að benda á að fyrir þinginu liggur frv. frá hv. þm. Alþb., þar sem gert er ráð fyrir 4,5% og það munar sannarlega ekki nema 0,25% — úlfur, úlfur!

Þá vil ég að lokum, herra forseti, talandi um trúverðugleika, minna á að í ráðherratíð hv. síðasta ræðumanns reyndi hæstv. þáv. ráðherra að koma á breytingum á Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann vakti þar með miklar væntingar og vonir en tryggði þær ekki með fjárframlögum. Og hvað er það sem menn hafa gagnrýnt fyrir ótrúverðugleika?

[18:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er nú blaður þetta síðastnefnda, vegna þess að veruleikinn er sá að sjóðurinn stóð mjög vel samkvæmt niðurstöðu Ríkisendurskoðunar á sínum tíma og eiginfjárstaða sjóðsins batnaði ekki við þær breytingar sem voru gerðar 1992, heldur versnaði hún. Ég skora því á hv. þm. að kynna sér þessa hluti betur áður en hann lepur upp hráan áróðurstextann frá síðasta kjörtímabili, þetta var ekki svona. Þeir framsóknarmenn, eins og t.d. hæstv. iðnrh., fóru mikinn í málflutningi á síðasta kjörtímabili til að afsanna þessar fullyrðingar um lánasjóðinn sem ég skora á hv. þm. að kynna sér.

Varðandi það hvort hv. þm. lætur sér þessa hluti í léttu rúmi liggja eða ekki þá segi ég alveg eins og er, herra forseti, því miður er mér eiginlega sama um það. Mér hefði þótt vænt um ef hv. þm. hefði haft til að bera samvisku til að finna pínulítið til við að bera fram þessi ósköp hér á Alþingi, en úr því að hann gerir það ekki þá verður að hafa það. Ég er örugglega ekki maður til að breyta viðhorfum hans. En ég hvet hann til þess, sem ungan mann hér á Alþingi, að velta því fyrir sér hvort það geti ekki verið að einn og einn maður hafi í síðustu kosningum kannski stutt Framsfl. í trausti þess að þeir gerðu a.m.k. betur en stendur í þessu frv.

[18:23]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það sem ég nefndi hér áðan um að þáv. hæstv. menntmrh. hefði skilið lánasjóðinn eftir í óvissu en með fögur fyrirheit, þá hafa m.a. námsmenn gagnrýnt hv. þm. fyrir það. Það hefur komið fram m.a. í skýrslu sem námsmenn hafa tekið saman þar sem hv. þm. er gagnrýndur sem þáv. hæstv. menntmrh. Þannig að þar hef ég kynnt mér þetta mál. En ég tel ekki að öðru leyti þörf á að ræða það. Ég stend við það sem ég sagði áðan í ræðu minni að ég tel að með þessu frv. sé komið til móts við flestar, nánast allar, óskir námsmanna og að framsóknarmenn standi þar með við það sem þeir sögðu fyrir kosningar. Þess vegna styðjum við frv. og erum afskaplega sáttir við það, hvað sem líður ræðum hv. þm.

[18:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki lítið sem menn eru búnir að afreka. Ég segi alveg eins og er að mér sýnist að hv. þm. sé bara í góðum málum eins og það heitir í Spaugstofunni. En ég hvet hann til að lesa tillögur framsóknarmanna í nefndinni um endurskoðun Lánasjóðs ísl. námsmanna frá því í fyrra. Lagt fram í mars 1996. Þar eru ein 30 atriði sem mér sýnist að hafi bara dottið út af einhverjum ástæðum. Ég hef ekki tíma til að lesa þau öll upp hér en það er bersýnilegt að hv. þm. þarf að gera sér grein fyrir að það getur verið einn og einn maður hér í salnum sem er með á pappír það sem hann er að fullyrða. Fyrir utan það sem hann sagði svo um lánasjóðinn eins og hann var 1991 ætla ég bara að segja alveg eins og er, að ef það er hörð gagnrýni sem fram kemur í skýrslu námsmanna um lánasjóðinn þá kann ég vel að meta þá gagnrýni vegna þess að í raun og veru er þvert á móti talað um að í reynd hafi eiginfjárstaða sjóðsins verið allgóð.

Aðalatriðið er það, herra forseti, eins og hæstv. iðnrh. benti á á síðasta kjörtímabili, að það var þjóðarsátt um lánasjóðinn. Það voru sett lög um lánasjóðinn 1982 og það var mjög góð sátt um þau lög. Það var í tíð Ingvars Gíslasonar, sem er framsóknarmaður og beitti sér mjög í þessum málum og á myndarlega sögu í lánamálunum, sem er annað en sagt verður um núv. hæstv. ráðherra Framsfl. Síðan eyðilögðu þeir þetta mál að nokkru leyti á síðasta kjörtímabili, skemmdu sjóðinn verulega. Það fækkaði t.d. lántakendum hjá sjóðnum um 30% á mjög stuttum tíma. Það er alveg ljóst mál að með þessu frv. eins og það lítur út er ekki, ég endurtek, ekki, verið að koma aftur á þjóðarsátt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það verða áfram, þrátt fyrir þetta plagg, átök um þann sjóð.

[18:26]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessari umræðu þá er ég prýðilega ánægður með þetta frv. Það er góð samstaða um það meðal stjórnarflokkanna. Ég er þakklátur fyrir það. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir minntist á vandamál sem getur skapast varðandi húsnæðiskaup námsmanna að loknu námi. Samkvæmt núverandi greiðslumati vegna afgreiðslu húsbréfa er miðað við 18% tekna. Það hefur verið tekin ákvörðun um að færa afgreiðslu húsbréfa, greiðslumat og veðmat, yfir til bankanna. Sú vinna er komin vel á veg. Í því sambandi hef ég sett á fót nefnd til að athuga greiðslumatið sérstaklega. Ég tel að það komi til greina að hugsa greiðslumatið upp á nýtt. Taka fyrst frá einhverja ákveðna upphæð sem þyrfti til framfærslu viðkomandi fjölskyldu miðað við fjölskyldustærð og síðan gæti það sem út af stæði þegar framfærslunni væri borgið farið til húsnæðiskaupa eða annarrar eyðslu. Þessi vinna er sem sagt komin í gang. En mér er alveg ljóst að ef 7% hefðu verið látin standa þá hefði verið mjög torvelt fyrir námsmenn sem koma úr dýru námi að komast yfir húsnæði að námi loknu.

Hv. þm. Svavar Gestsson, hélt hér gífuryrta ræðu að vanda. Þetta var sama gamla spólan og við erum búin að hlusta á nokkrum sinnum. Hlutur hv. þm. í þessu lánasjóðsmáli er nú þannig að í hans sporum mundi ég hafa þagað við þessa umræðu. Hann hefur það sem af er þessu kjörtímabili

gert bókstaflega allt sem í hans valdi stendur til að reyna að koma í veg fyrir að stjórnarflokkarnir næðu samstöðu um breytingu á Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann hefur ausið hv. menntmrh. svívirðingum í tíma og ótíma. Hann hefur ekki sparað brigslin við framsóknarmenn um að við séum alltaf að svíkja. En hann hefur ekki gert þetta með hagsmuni námsmanna fyrir augum, sem hafa augljósa hagsmuni af því að lögunum verði breytt sem fyrst. Hann hefur gert þetta í þeirri von að geta rekið einhvern fleyg á milli stjórnarflokkanna í þessu máli í þeirri von að Alþb. hefði pólitíska hagsmuni af því að lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði ekki breytt.

Þegar lögin um LÍN voru til umræðu 1992, og það var reyndar áður en samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var til umræðu hér á þinginu, gagnrýndi hv. þm. Svavar Gestsson harðlega þá breytingu sem þáv. ríkisstjórn beitti sér fyrir á Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann var óspar á það í síðustu kosningabaráttu að hann mundi beita sér fyrir breytingu á lögunum um LÍN. Hann efnir nú ekki það loforð á þessu kjörtímabili því það er ekki hann eða flokkur hans sem er að breyta þessum lögum. Það eru stjórnarflokkarnir. Það eina sem hann og hans flokkur hefur gert er að flytja frv. á þskj. 7 á þessu þingi, frv. til laga um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það er reyndar að mér sýnist allur þingflokkur Alþb. og meira að segja þingflokkur óháðra sem skrifar upp á þetta frv. svona lauslega talið. Það væri kannski ástæða til að skoða þetta frv. pínulítið, herra forseti, og bera saman við það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. 1. gr. er svona, með leyfi forseta:

„Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

1. Í stað 1.–3. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Námslán skal greiða út mánaðarlega meðan námsmaður stundar nám.

Námslán skal þó ekki greitt út fyrr en námsmaður hefur lokið einu missiri af námi sínu með tilskildum árangri. Þegar námsmaður hefur lokið einu missiri með tilskildum árangri fær hann lán fyrir það missiri og svo áfram mánaðarlega meðan hann stundar nám."

Sú niðurstaða sem er hér í frv. er námsmanninum ekki jafnhagstæð, hún er betri fyrir námsmanninn heldur en lagt er til í frv. Alþb.

„2. 7. mgr. fellur brott."

Þessi 7. mgr. er uppfyllt að því leyti til að námsmenn fá styrk út á lántökukostnaðinn.

2. gr. frv. hv. þm. Alþb., með leyfi forseta:

„Í stað 3. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein sem orðast svo:

Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni ársins á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 4,5%. Frá viðbótargreiðslunni samkvæmt þessari málsgrein dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr."

Hérna fór Alþb. að vísu aðeins lengra en niðurstaðan verður í því frv. sem hér er til reiðu. En Alþb. var þó tilbúið að leggja til að endurgreiðsluhlutfallið yrði 4,5%. Ég viðurkenni að það er dálítill munur á 4,75% og 4,5% en það er miklu meiri munur á 7% og 4,75%.

Síðan er ákvæði til bráðabirgða, herra forseti, þar sem lagt er til að sérstaklega verði tekið á eftirfarandi þáttum:

„a. reglum um námsframvindukröfur." Það er nú hér í þessu frv.

„b. ákvæðum um endurgreiðslubyrði." Það er hér í þessu frv.

„c. kröfum um ábyrgðarmenn." Það eru góðar líkur á því að ábyrgðarmanna verði ekki krafist varðandi lánin í bönkunum. Ég kem síðar að þessu með ábyrgðarmenn við LÍN.

„d. úthlutunarreglum og framsetningu þeirra." Það er líka tekið á þessu.

Þetta stjfrv. gerir nefnilega miklu betur en að uppfylla þær kröfur sem Alþb. setti fram í upphafi þings í haust.

Mér hefur satt að segja fundist tveir þingmenn Alþb. og einn frá hreyfingu fólksins, þ.e. Þjóðvaka, hreyfingu fólksins, vera dálítið veruleikafirrtir þegar þeir eru að tala um að 7% sé enginn raunveruleiki, það hafi enginn borgað 7%. En nú ætla ég, herra forseti, að lesa úr greinargerð þessa frv. á þskj. 7 frá Alþb. á liðnu hausti. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna var breytt árið 1992 var endurgreiðsluhlutfallið hækkað verulega. Tekjutengda afborgunin hækkaði úr 3,75% í 5% fyrstu fimm árin og er síðan 7% af tekjum þar til lánið er að fullu greitt."

Þá kunnu þeir lögin þegar þeir voru að semja frv. á þskj. 7 og þá voru þeir ekkert í vafa um að 7% væru raunveruleiki.

Herra forseti. Loforð Framsfl. í síðustu kosningabaráttu og þau fyrirheit sem við gáfum við umræðurnar 1992, sem hér hefur verið margvitnað til, hafa verið efnd. Við lofuðum að beita okkur fyrir breytingum á lögunum um LÍN. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa orðið sammála um að breyta lögunum um LÍN. Við vildum lækka endurgreiðsluhlutfallið úr 7% og það hefur verið lækkað niður 4,75%. Það er alveg sama hvað hv. þm. ber höfðinu við steininn, samtímagreiðslur eru teknar upp. Námsmenn geta gengið að samtímagreiðslum og bankarnir lána námsmönnum jafnóðum og þeim vindur fram í náminu. Og meira en það. LÍN veitir námsmönnum styrk sem ber uppi alla vexti og lántökukostnað. Það stendur skýrum stöfum í 3. gr. frv., herra forseti:

„Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma. Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur."

Skilningur minn er sá, og ég vænti þess að það sé líka skilningur allra stjórnarliða, að hér sé um að ræða alla vextina og lántökukostnaðinn, allan þann fjármagnskostnað sem fellur á varðandi þessarar milligöngu bankanna. (**Gripið fram í:** Af hverju stendur ekki: „allan"?) Nú skal ég ekki segja. Ég skrifaði ekki þennan texta en ég tel að þetta sé bara alveg skýrt í textanum, bara alveg skýrt (Gripið fram í.) að hér sé átt við allan þann viðbótarkostnað sem verður af milligöngu bankanna. Ég tel að það sé engin spurning að námsmenn eru betur settir að þessu leyti en áður en lögunum um LÍN var breytt 1992.

Hv. þm. talaði fjálglega um yfirdráttarvextina sem námsmenn eru að borga núna þessa dagana og það var að vissu leyti alveg rétt hjá honum, merkilegt nokk. En hann gat ekki um að eftir breytingu á lögunum þurfa námsmenn ekki að greiða þessa yfirdráttarvexti sjálfir heldur greiðir Lánasjóður ísl. námsmanna þá fyrir þá.

Við lögðum til að harkalegum ákvæðum um námsfram-

vindu yrði breytt og sveigjanleiki aukinn varðandi námsframvindu. Þetta er gert í frv.

Hv. þm. spurði um ábyrgðarmannakerfið. Það er ekki tekið sérstaklega á því í þessu frv. að afnema eða draga úr ábyrgðarmannakerfinu á námslánunum. Ég þekki dæmi þess að ábyrgðarmenn námslána hafa verið krafðir um endurgreiðslu og það er út af fyrir sig ekki gott. En við búum við það þjóðfélag þar sem persónulegar ábyrgðir hafa verið tíðkaðar í allt of ríkum mæli. Það er í gangi vinna á vegum félmrn. og viðskrn. með aðild lánastofnana að reyna að draga úr þessum ábyrgðum. Ég sé það fyrir mér í framtíðinni að hægt verði að milda þessa ábyrgðarmannakröfu og reyna að komast út úr þessu kerfi.

Hv. þm. spurði um hvað meint væri með þessu um fastagreiðsluna, af hverju þessi tala væri þarna. Ég tel ... (Gripið fram í.) Hún er uppreiknuð. (**SvG:** Já, hún er uppreiknuð.) Já. (Forseti hringir.) Herra forseti. Fastagreiðslan er uppreiknuð. Það var ekki verkefni þessa frv. að ákveða að námslánin skyldu hækka. Það var a.m.k. ekki það sem ég vildi sérstaklega heimta í þessu frv. Þar af leiðandi finnst mér ekki óeðlilegt að fastagreiðslan sé uppreiknuð.

Hv. þm. spurði um valdframsal í 7. gr. Ég átta mig ekki vel á hvað hann átti við en þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur."

Þetta finnst mér bara aldeilis prýðileg viðbót við 12. gr. laganna. Og ég sé ekki neitt valdframsal í þessu út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem til mín var beint sérstaklega. Ég hef látið mig þetta mál miklu varða og ég er mjög ánægður með að það skuli vera leyst.

[18:42]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem við erum að upplifa hér og nú er Framsfl. í tíma og rúmi. Það er að renna upp fyrir æ fleirum fyrir hvað Framsfl. stendur sem flokkur, að Framsfl. er eitthvað sem hægt er að segja um: Þá og nú, fyrir og eftir, og í sviga fyrir aftan sjá menn kosningar. Tvö andlit Framsfl. hafa nefnilega birst okkur aftur og aftur. Loforðin og yfirboðin fyrir kosningar og efndirnar litlu, eftir kosningar. Ef einhver man ræður þingmanna Framsfl. í þessum sal í ársbyrjun 1992 þá er það sú sem hér stendur. Og þær voru sko í öðru tónfalli, með öðru innihaldi og sannarlega með meiri vandlætingu en þær ræður sem hér hafa verið fluttar í dag af öllum. Undanskil ég þá engan. Þingmenn Framsfl. hafa vinninginn í því öllu. Nú er styrkur fyrir lántökukostnaði í bönkum betri en samtímagreiðslan sem hrópað var á þá. Og satt best að segja er það svo eins og fram hefur komið að 7% endurgreiðsluhlutfall í lögunum er í raun og veru ekkert eða átti ekki að vera neitt til að hafa áhyggjur af nema því aðeins að Sjálfstfl. (Forseti hringir.) hefði unnið meiri hluta í síðustu kosningum vegna þess að það kom berlega fram hjá öllum flokkum, líka mínum flokki, að Lánasjóði ísl. námsmanna yrði breytt að kosningum loknum að því leyti. Framsfl. afhjúpar sig, virðulegi forseti, það eru engar samtímagreiðslur, ekki afnám ábyrgðarmanna og engin áfrýjun.

[18:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er í hæsta máta hlálegt að hlusta á hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur segja frá upplifunum sínum og fyrir og eftir eitthvað.

Herra forseti. Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var ábyrg. Hún var samsek breytingunni á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna 1992. Nú kemur hún hér alveg heilög með geislabaug og telur vera allt of skammt gengið í að lagfæra lögin sem hún stóð að að setja 1992. Ég veit ekki hvað ég á að taka það oft fram í þessari umræðu að námsmanni er hagkvæmara að sækja sitt námslán í bankaútibúið sitt heldur en að þurfa að þrefa uppi á Laugavegi um það úr því að hann ber ekki neinn aukakostnað af því að fara í bankann.

[18:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér hefur orðið á í messunni. Ég talaði bara um tvö andlit Framsfl. en það er eitthvað að eyrunum líka. Ég er sannarlega ábyrg. Ég var talsmaður míns flokks og ég var sú sem fór í samningana við Sjálfstfl. á sínum tíma. Ég ætla ekki hér í andsvari að rifja þau mál upp. Ýmsu var breytt, ekki öllu því sem ég hefði kosið. Það kom fram í ræðum mínum. Þær eru allar til á bók og ég er með þetta á borðinu hjá mér. Þegar við höldum þessari umræðu áfram skal ég sannarlega fara í það. Ég er með engan geislabaug. Ég hef þurft að fara í erfið mál, bæði í stjórnarsamstarfi og annars staðar þar sem ég hef unnið. Ég hef alltaf staðið við það sem ég hef gert og horft framan í fólk fyrir það.

Ég var ekki að lofa einhverju hér. Ég benti á hvað hefði komið fram í málflutningi flokkanna fyrir kosningar. Ég er að draga það fram sem er staðreynd hér, hvað Framsfl. sagði, hvaða hávaða hann var með í þessum sal, hvert loforðagjálfrið var og hverjar efndirnar eru. Ég er að tala um Framsfl., ég er ekki að tala um Alþfl. enda er hann með engin völd núna og er alls ekki með nein áhrif til þess að breyta því sem Framsfl. lofaði og taldi öllum trú um að hann mundi gera. Virðulegi forseti. Ég er aðeins að draga fram ásýnd Framsfl. Sjálf er ég mjög meðvituð um ásýnd míns flokks.

[18:48]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Það hefur komið í ljós, herra forseti, að hv. þm. samdi frv. sem samþykkt var 1992. (**RG:** Nei. ...) Síðan hefur það líka komið fram að hún var í samninganefndinni og tók ábyrgð á því (Gripið fram í.) tók ábyrgð á því, stóð í samningum við Sjálfstfl. (**RG:** Eftir að frv. kom fram og breytti því verulega.) og er ábyrg fyrir lögunum 1992. Síðan sagði hún að það hefði verið áhersluatriði hjá hennar flokki í síðustu kosningabaráttu að breyta lögunum um LÍN sem flokkurinn var búin að standa að á kjörtímabilinu. Svo er hún að tala um einhvern tvískinnung.

Ég skal segja það hér, herra forseti, að ég stend við það sem ég geri á þessu kjörtímabili og ég ætla ekki að hlaupa frá því við næstu kosningar.

[18:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir ágæta ræðu. Mér fannst nokkuð af honum dregið frá því fyrr í dag. Hann hefur áttað sig á því hvað þetta er óskaplega vitlaust sem hann er að gera. En það sem ég vildi vekja sérstaklega athygli á, herra forseti, eru þessi prýðilegu orð hans um að —

hvað? Styrkurinn eigi að standa undir öllum þeim kostnaði sem hlýst af viðskiptum við bankana. Þannig orðaði hæstv. ráðherra það. Og það er ástæða til þess að þakka fyrir þessa yfirlýsingu vegna þess að hún stendur ekki í frv. Þá tel ég að það sé alveg sjálfsagt mál að ef ráðherrann hefur ekki að því frumkvæði sjálfur að flytja brtt. um það mál, þá geri aðrir það vegna þess að það er auðvitað mál málanna í þessu samhengi að þessir peningar fara til þess að borga þennan kostnað alveg niður.

Þetta segi ég, herra forseti, vegna þess að í greinargerð fjárlagaskrifstofu fjmrn. er greinilega ekki ljóst við hvað er átt. Þar er sagt að þetta kosti 36–60 millj. kr. eftir því hvort það eru eftirágreiðslur eða fyrirframgreiðslur. Það verður auðvitað að vera skýrt við hvað er átt, en aðalatriðið er að það standi beinlínis í lögunum, þannig á náttúrlega að ganga frá lagasetningu líka, að styrkurinn fari til þess að borga allan þann kostnað sem hlýst af viðskiptum námsmanna við bankana með þeim hætti sem hæstv. ráðherra lýsti hér áðan. Ég þakka honum fyrir þá yfirlýsingu og vona að hann gefi sem flestar slíkar í umræðunum á eftir.

[18:51]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta stendur í frv., ég las þessa grein og við þurfum ekki að orðlengja meira um það.

Varðandi þennan mismun á kostnaðarumsögn fjmrn. þá skil ég það svo að þar sé verið að tala um eftirspurnaraukningu sem þeir ekki treysti sér til þess að leggja nákvæmt mat á vegna þess að það má gera ráð fyrir einhverri eftirspurnaraukningu þegar endurgreiðsluprósentan lækkar miðað við mýkri námsframvindukröfur og samtímagreiðslur. Þetta eru miklu aðgengilegri námslán eftir nýju frv.

[18:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Í þingskjalinu á bls. 6 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig er kostnaður talinn verða um 36 millj. kr. ef eingöngu verða veittir styrkir vegna þess hluta lánanna sem eru greidd eftir á og miðað við að bankalán séu tekin í lok hvers mánaðar, en um 60 millj. kr. ef öll lán eru lögð til grundvallar og miðað við að bankalán séu tekin í upphafi hvers mánaðar."

Það er misskilningur að ástæðan sé sú að þarna sé verið að reikna með eftirspurnaraukningu. Annars vegar er verið að reikna út frá því að lánin verði tekin fyrir fram og hins vegar að þau verði veitt eftir á og það sér ráðherrann um leið og hann skoðar málið aðeins betur.

Ég ætla þá aðeins að spyrja hann að öðru sem hann getur kannski svarað mér. Hver er stofninn sem þessi tala er reiknuð af, þessar 36 eða 60 millj. kr.? Er verið að reikna það af 360 eða 600 millj. kr. eða hvað? Ég sé það ekki í tölunum og ég tel að það sé fyrir neðan allar hellur að menntmrn. skuli ekki gera nákvæmlega grein fyrir þessu atriði í frumvarpstextanum og fylgiskjölum vegna þess að þetta er aðalatriðið í frv. eins og hæstv. félmrh. hefur bent á þó svo ég sé ekki sammála hans uppsetningu.

Að lokum þetta, herra forseti. Það er líka misskilningur hjá hæstv. félmrh. að málin liggi eins og hann telur að því er varðar greiðslurnar frá bönkunum vegna þess að krakkarnir eða umboðsmenn þeirra verða fyrst að fara í gegnum lánasjóðskerfið nákvæmlega eins og það er í dag þannig að skriffinnskudraslið sem við þekkjum sem höfum annast þessi samskipti í gegnum tíðina heldur áfram. Ég yrði, með leyfi forseta, manna glaðastur ef ég losnaði við eitthvað af því.

[18:54]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mundi líka verða mjög glaður og ég reikna með því að þegar við förum að búa við þau lög sem verið er að setja, þá verðum við yfirleitt öll sæmilega ánægð.

Varðandi útreikninga fjmrn. ber ég út af fyrir sig ekki ábyrgð á þeim. Ég skrifaði reyndar ekki þessa kostnaðarumsögn eins og menn hljóta að skilja og er ekki tilbúinn að fara í vangaveltur um hvað þeir hafa verið að meina með þessum frávikum. Þarna er um einhverja áætlun eða einhvern slumpreikning að ræða. Ég býst við að það sé erfitt að áætla þessa tölu nákvæmlega og það sé orsökin fyrir þessu fráviki.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 5. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[18:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að bera af mér þær sakir að ég hafi smíðað það frv. sem var undanfari þeirra laga sem hér er verið að fjalla um.

Vissulega ætti ég ekki að þurfa að bera af mér sakir við að hafa smíðað slíkt frv. þótt svo hefði verið þar sem hæstv. félmrh. hefur lýst því margsinnis yfir að lögin séu afar góð.

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég kom ekki nálægt þessari frumvarpssmíð né þekkti ég innihald frv. Þessu frv. var ekki vel tekið af Alþfl. og ég var mjög ósátt við það. Ég var í menntmn. og ég var stjórnarliði og ég fór í samvinnu við félaga mína í menntmn. að skoða hvaða samstöðu væri hægt að ná um breytingar. Þær breytingar voru reyndar verulegar og ég get vísað ráðherranum á þingtíðindi frá 29. apríl 1992. Hins vegar náðust ekki fram nokkur veigamikil atriði sem voru mér mjög mikil vonbrigði og getur hann þess vegna rætt um við það sessunaut sinn sem var með mér í þessari nefnd.

Hitt er annað mál og verður ævinlega svo að þau lög sem voru sett og þau lög sem ég stóð að standa þar á mína ábyrgð eins og annarra. Mér líkar það ekki, virðulegi forseti, þegar snúið er út úr orðum mínum, sérstaklega ekki þegar ég hef talað svo skýrt sem ég hef gert hér í dag.

[18:57]

Útbýting þingskjala:

Aukin erlend fjárfesting í landinu, 562. mál, þáltill. KPál o.fl., þskj. 920.

Endurskoðendur, 214. mál, þskj. 906.

Hækkun á skuldum heimilanna, 570. mál, fsp. SJóh, þskj. 929.

Réttarstaða flóttamanna, 576. mál, fsp. RG, þskj. 949.

Réttarstaða flóttamanna, 577. mál, fsp. RG, þskj. 950.

Skattaleg meðferð lífeyris og bætur almannatrygginga, 573. mál, fsp. HG, þskj. 946.

Skipulag heilbrigðisþjónustu, 561. mál, þáltill. KF o.fl., þskj. 919.

Vandi lesblindra, 575. mál, fsp. SvG, þskj. 948.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:59.

102. FUNDUR

þriðjudaginn 15. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Búfjárhald, stjfrv., 522. mál, þskj. 874. — 1. umr.
2. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 523. mál, þskj. 875. — 1. umr.
3. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876. — 1. umr.
4. Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, þáltill., 377. mál, þskj. 662. — Fyrri umr.
5. Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, þáltill., 490. mál, þskj. 825. — Fyrri umr.
6. Takmörkun á hrossabeit, þáltill., 507. mál, þskj. 851. — Fyrri umr.
7. Skógræktaráætlun, þáltill., 546. mál, þskj. 900. — Fyrri umr.
8. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 531. mál, þskj. 885. — Frh. 1. umr.
9. Þjóðminjalög, stjfrv., 502. mál, þskj. 842. — 1. umr.
10. Háskólar, stjfrv., 533. mál, þskj. 887. — 1. umr.
11. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 532. mál, þskj. 886. — 1. umr.
12. Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, stjfrv., 534. mál, þskj. 888. — 1. umr.
13. Bæjanöfn, stjfrv., 535. mál, þskj. 889. — 1. umr.
14. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 536. mál, þskj. 890. — 1. umr.
15. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 542. mál, þskj. 896. — 1. umr.
16. Íþróttalög, stjfrv., 543. mál, þskj. 897. — 1. umr.
17. Útvarpslög, frv., 345. mál, þskj. 617. — 1. umr.
18. Afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þáltill., 423. mál, þskj. 727. — Fyrri umr.
19. Endurskoðun kennsluhátta, þáltill., 432. mál, þskj. 736. — Fyrri umr.
20. Aðgangur að íslenskum handritum, þáltill., 553. mál, þskj. 911. — Fyrri umr.
21. Bókaútgáfa, þáltill., 559. mál, þskj. 917. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Finnur Ingólfsson viðskrh.,
Geir H. Haarde, 4. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.,
Sólveig Pétursdóttir, 5. þm. Reykv.

[13:32]

Útbýting þingskjala:

Almenningsbókasöfn, 238. mál, nál. menntmn., þskj. 952; brtt. menntmn., þskj. 953.

Bókasafnssjóður höfunda, 330. mál, nál. menntmn., þskj. 954.

Starfsemi hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana, 578. mál, fsp. StB og ÁMM, þskj. 951.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 259. mál, nál. menntmn., þskj. 955.

Búfjárhald, 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 874.

[13:33]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum. Mál þetta er flutt á þskj. 874 og er 522. mál þingsins.

Tilgangur laganna um búfjárhald er að tryggja svo sem kostur er góða meðferð búfjár og að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Það frv. sem hér er flutt varðar ákvæði III. kafla laganna um vörslu búfjár og ákvæði V. kafla sem fjallar um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

Tilgangur forðagæslunnar er að tryggja að ætíð sé til nægilegt fóður fyrir þann fénað sem settur er á vetur og að unnt sé að grípa til ráðstafana ef út af ber. Ýmsir kunna að álíta að slík eftirlitskerfi séu úrelt og eigi ekki heima í nútímalandbúnaði en þrátt fyrir að gífurlegar breytingar hafi orðið á nútímabúskaparháttum eftir miðja þessa öld og fóðuröflun orðið tryggari sýnir reynslan að forðagæsla gegnir enn mikilvægu hlutverki þó í breyttri mynd sé að nokkru leyti.

Starfi forðagæslunnar er þannig hagað að skráð er allt búfé sem sett er á vetur, birgðir gróffóðurs mældar og metnar að magni og gæðum og skráð er uppskera korns og garðávaxta. Athugaður er húsakostur og aðbúnaður fénaðar, þar með talið aðbúnaður og ástand útigangshrossa. Ef fram kemur að fóður skorti snemma vetrar er gripið til viðeigandi ráðstafana og þess eru mörg dæmi að upplýsingar úr skýrslum um heyfeng hafi verið notaðar til að jafna fóðurbirgðir milli héraða vegna harðinda og grasbrests og þannig komið í veg fyrir alvarlegri áföll. Þá er búfjáreftirlitsmönnum ætlað það hlutverk að fylgjast með ástandi beitilanda í byggð á starfssvæði sínu. Slíkt eftirlit er undirstaða beitarstjórnunar og hóflegrar nýtingar lands.

Með þeirri framkvæmd sem að framan er lýst skapast grundvöllur til þess að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða og koma í veg fyrir vanfóðrun og illa meðferð búfjár. Sambærilegt eftirlit er ekki í framkvæmd samkvæmt lögum um dýravernd, nr. 15/1994. Því er veigamikill eðlismunur á þessum lögum. Markmið laganna um búfjárhald er að koma í veg fyrir að vandamál skapist vegna fóðurskorts og vanhirðu, en samkvæmt lögum um dýravernd eru að jafnaði ekki tök á að grípa inn í fyrr en talið er að í óefni er komið.

Búfjáreftirlitsmenn, sem starfa á vegum sveitarstjórna, annast þessi störf undir umsjón búnaðarsambandanna. Þessu eftirlitsstarfi er ekki sinnt með öðrum hætti og því er ekki um að ræða tvíverknað eða skörun milli stofnana. Bændasamtök Íslands hafa yfirumsjón með framkvæmdinni og annast úrvinnslu gagna. Lögin setja verulegar takmarkanir um hverjir hafa aðgang að þessum upplýsingum og er ákvörðun um það í höndum landbúnaðarráðuneytisins. Upplýsingar forðagæslunnar eru veigamikill liður í gagnaöflun Hagstofu Íslands að því er varðar landbúnað og upplýsingar um fjölda sauðfjár á einstökum lögbýlum eru grundvöllur framleiðslustjórnunar í sauðfjárframleiðslunni. Hefur notkun þessara gagna aukist á

seinni árum vegna ýmiss konar áætlanagerðar og rannsókna varðandi þróun landbúnaðarins. Til samanburðar má geta þess að í Evrópusambandinu er sérstakt eftirlitskerfi til að afla slíkra gagna og þau notuð með ýmsum hætti við stjórnsýslu, svo sem í sambandi við beingreiðslur til bænda líkt og hér er gert svo og vegna styrkveitinga af ýmsu tagi.

Til þess að eftirlitskerfi eins og það sem að framan er lýst geti þjónað tilgangi sínum þurfa eftirlitsmenn að eiga aðgang að öllum býlum og ákvæði laga þurfa að vera skýr um málsmeðferð sé þeim synjað um aðgang eða þeir hindraðir á annan hátt við störf sín. Nokkuð hefur borið á því á undanförnum árum að bændur hafa synjað eftirlitsmönnum um upplýsingar og aðgang að býlum sínum. Verði framhald á slíku skerðir það áreiðanleika og gildi þeirra upplýsinga sem hér um ræðir og getur hindrað eðlilega framkvæmd ýmissa ákvæða, svo sem að því er varðar beingreiðslur í sauðfjárframleiðslu.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum um búfjárhald, miðast í fyrsta lagi að því að tryggja hindrunarlausa framkvæmd ákvæðanna um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár. Í öðru lagi að styrkja hlutverk búfjáreftirlitsmanna sem eftirlitsmanna með nýtingu lands og í þriðja lagi að renna traustari stoðum undir þau ákvæði laganna er varða heilbrigði búfjár.

Einn megintilgangur laganna um búfjárhald er að tryggja að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbrigt búfé. Vaxandi kröfur neytenda um skilgreindar og rekjanlegar upplýsingar um uppruna búfjárafurða, og ekki síður alvarleg sjúkdómstilfelli í búfénaði í Evrópu nýverið, gera það að verkum að taka þarf reglur um merkingar gripa til gaumgæfilegrar skoðunar og aðlaga þær nútímakröfum og breyttum aðstæðum. Í löndum Evrópusambandsins er nú þegar skylda að merkja alla gripi samkvæmt viðurkenndu merkjakerfi sem samræmt er fyrir aðildarlöndin öll. Umræða um búfjármerkingar hér á landi hefur verið í samræmi við þróun þessara mála víða erlendis. Í lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu og reglugerð við þau, er kveðið svo á að við slíka framleiðslu skuli allt búfé vera einstaklingsmerkt með öruggum hætti. Skal það skráð í búfjárskýrsluhaldi Bændasamtaka Íslands eða annarri sambærilegri skrá sem vottunarstofa viðurkennir. Skrá skal öll sjúkdómstilvik, lyfjanotkun og bólusetningar fyrir einstaka gripi á býlunum. Hliðstæð ákvæði um einstaklingsmerkingu sláturgripa eru í reglugerð nr. 89/1996, um sértækt gæðastýrða íslenska landbúnaðarframleiðslu, sem sett er á grundvelli ákvæða í 67. gr. búvörulaganna nr. 99 frá 8. september 1993.

Hæstv. forseti. Með hliðsjón af framansögðu er talin ástæða til að styrkja nokkur ákvæði laganna til að tryggja framkvæmd þeirra og er þetta frv. flutt í því skyni. Mun ég nú gera nánari grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til í frv.

Á búnaðarþingi 1996 var samþykkt ályktun þess efnis að komið skyldi á einstaklingsmerkingum á öllum nautgripum hér á landi og ályktun sama efnis var samþykkt á aðalfundi Landssambands kúabænda í ágúst 1996. Á vegum Bændasamtaka Íslands hefur verið gerð áætlun um framkvæmd slíkrar aðgerðar. Þá er áhugi fyrir því innan Félags hrossabænda að taka upp merkingar hrossa með svipuðum hætti til þess m.a. að kaupendur hrossa geti betur treyst því að ætterni þeirra sé rétt tilgreint á upprunavottorðum en slíkt er að sjálfsögðu mjög mikilvægt fyrir reiðhrossamarkaðinn. Til þess að tryggja lagagrundvöll fyrir slíkri framkvæmd er lagt til að bætt verði við 5. gr. laganna nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um heimild til að koma á skyldumerkingu búfjár eftir viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.

Eftirlit með fóðuröflun og meðferð búfjár er annar megintilgangur laganna um búfjárhald. Til þess að gera þennan tilgang skýrari og ótvíræðari er í 1. mgr. 10. gr. bætt inn ákvæðum til þess að treysta framkvæmd þeirra.

Eitt af hlutverkum búfjáreftirlitsmanna er að fylgjast með beitilandi í byggð á starfssvæði sínu. Til þess að gera þessa framkvæmd markvissari en verið hefur er bætt inn ákvæði um að búfjáreftirlitsmaður skuli gera sveitarstjórn og landgræðslustjóra aðvart telji hann um illa meðferð lands að ræða.

Með vaxandi hrossaeign þéttbýlisbúa færist það í vöxt að bændur taki hross í hagagöngu. Vill þá brenna við að ekki séu fyrir hendi upplýsingar um eigendur og ábyrgðarmenn hrossanna. Því þykir rétt að skylda landeigendur til að hafa jafnan tiltækar upplýsingar um eigendur og fjölda gripa í hagagöngu á landi þeirra.

Nokkuð er jafnan um að ábúendur lögbýla og aðrir umráðamenn búfjár meini búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum. Slíkt dregur úr gildi upplýsinganna og veldur, sem fyrr segir, erfiðleikum við ýmsa framkvæmd, t.d. að því er varðar framleiðslustjórnun í sauðfjárframleiðslu. Rétt er að hafa í huga að oftar en ekki tengist tregða búfjáreigenda við að leyfa búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum sínum og beitilöndum því að ekki er allt með felldu hvað varðar meðferð lands, fóðurbirgðir og velferð dýranna. Með tilliti til framansagðs er talið nauðsynlegt að treysta ákvæði laganna svo grípa megi til aðgerða í slíkum tilvikum. Því er við niðurlag 10. gr. bætt ákvæði sem heimilar landbrh. með aðstoð lögregluyfirvalda að grípa til nauðsynlegra ráðstafana takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta.

Umtalsverður kostnaður getur fylgt því fyrir viðkomandi sveitarstjórn ef grípa þarf til aðgerða vegna fóðurskorts og vanhirðu búfjár. Í sumum tilfellum getur verið um að ræða umtalsverðar fjárhæðir sem sveitarstjórn er ábyrg fyrir. Því er lagt til að sett verði í lögin skýr ákvæði sem tryggi sveitarstjórn rétt til að krefjast veðs í fénaði viðkomandi bónda vegna greiðslu kostnaðar sem af slíkum aðgerðum hlýst.

Til þess að tryggja tafarlausar aðgerðir ef upp koma alvarleg brot vegna fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi gagnvart dýrum er lagt til að við 11. gr. verði bætt ákvæði sem heimilar lögreglustjóra að svipta búfjáreiganda fyrirvaralaust og til bráðabirgða leyfi til búfjárhalds í samræmi við dýraverndarlög. Skal þá búfénu ráðstafað eins og búfjáreftirlitsmaður, trúnaðarmaður búnaðarsambands og héraðsdýralæknir telja best að tryggja velferð þess.

Hæstv. forseti. Ég hef í ræðu minni rakið helstu atriði frv. en vísa að öðru leyti til greinargerðar og athugasemda með frv. Drög að frv. voru lögð fyrir nýafstaðið búnaðarþing sem mælti með samþykkt þess. Ég er tilbúinn til þess að skoða frekar þau atriði sem ég hef rætt í samvinnu við landbn. þingsins og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

[13:42]

Guðmundur Beck:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við þessar fram komnu breytingar á lögum nr. 46/1991

sem hæstv. landbrh. var að gera grein fyrir. Það er fyrst til að taka 1. gr. sem er breyting við 5. gr. núverandi laga um að landbrh. skuli heimilt að ákveða merkingar á búfé. Ég tel að þessi grein sé algerlega óþörf. Það er kveðið mjög skýrt á um merkingu á búfé í frv. til laga og núverandi lögum um afréttarmálefni og fjallskil. Ég tel því algerlega óþarft að endurtaka þær setningar í þessum lögum og fara að búa til aðra reglugerð þar að lútandi. Nógur er nú reglugerðafrumskógurinn í okkar samfélagi samt.

Um 2. gr., sem er breyting við 10. gr., er þar talað um, eins og reyndar í núgildandi lögum, að síðari yfirferð eftirlits skuli lokið fyrir lok aprílmánaðar. Ég hefði talið eðlilegt að þessari yfirferð lyki öllu fyrr eða um það bil 15. apríl miðað við aðstæður nú. Það hafa orðið töluverðar breytingar á burðartíma og meðferð búfjár á undangengnum árum sem mér finnst réttlæta að þessi tími sé færður örlítið fram og mönnum gefist þannig tækifæri til að grípa til aðgerða áður en í óefni er komið, ef til þess kemur. Það er mjög alvarlegt mál, t.d. með sauðfé, ef það er farið að tapa miklum holdum á síðustu 6 vikum meðgöngu.

Næsta atriði í þessari grein sem ég vil gera athugasemd við er þar sem talað er um að búfjáreftirlitsmaður skuli afla upplýsinga um kartöflur, rófur, gulrætur og annað grænmeti. Ég sé nú ekki hvað það kemur búfjáreftirliti við. Mér finnst það alls ekki eiga heima inni í þessum lögum og alls ekki koma búfjáreftirliti við.

Hér er talað um beitiland og eftirlit með beitilandi sem búfjáreftirlitsmaður skuli hafa eftirlit með og að hann skuli fylgjast með beitilandi í byggð. Þetta er dálítið teygjanlegt hugtak. Hvað er beitiland í byggð? Er átt við öll heimalönd jarða? Ég vil fá nánari útlistingu á þessu. Það verður að minnsta kosti að gera grein fyrir því í greinargerð hvað menn eiga við þarna. Það er mjög umfangsmikið starf ef búfjáreftirlitsmaður á að líta eftir öllum heimalöndum jarða. Þau eru oft mjög víðlend þar sem ekki er um afréttarlönd að ræða.

Þessa nýju viðbót um að telji búfjáreftirlitsmaður meðferð lands ábótavant skuli hann tilkynna sveitarstjórn og landgræðslustjóra tel ég mjög eðlilegt ákvæði og ég fagna því að það komi inn. Það var ekkert í fyrri lögum sem gerði ráð fyrir að málinu væri fylgt eftir. Lýsi ég ánægju minni með það.

Næst er hér til að taka að í frv. segir, með leyfi forseta:

„Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra."

Mér finnst þetta í hæsta máta óeðlilegt. Ég spyr hvort hér sé ekki verið að láta landbrh. ganga í störf lögreglustjóra og hvort ekki sé eðlilegra að lögreglustjóri vinni úr slíkum málum en að hlaupið sé til og klagað beint í landbrh. til að framfylgja þessari lagagrein. Mér sýnist nú reyndar að því miður hafi sveitarfélög og bændur ekki sérlega góða reynslu af embættisfærslu núv. hæstv. landbrh.

Hér er ný grein, með leyfi forseta:

„Landeigandi er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu fyrir hendi um fjölda og eigendur gripa sem eru í hagagöngu á landi hans."

Þetta tel ég til bóta og tel eðlilegt og að þessi grein komi þarna inn til að auðveldara sé að fylgjast með beit og þrifum búfjár í girðingum og beitilöndum.

Hér stendur: „Ábúandi viðkomandi lögbýlis, búfjáreftirlitsmaður og trúnaðarmaður búnaðarsambands skulu undirrita skýrslu ..."

Þetta er mjög sjálfsögð krafa og mjög gott að þetta skuli komast þarna inn og ég lýsi ánægju með það. Þar næst kemur aftur það sem ég nefndi áðan um uppskeru korns og það að senda bændasamtökum skýrslu. Ég tel að þessi upptalning sé óþörf því þetta komi ekki þessu frv. við eða því sem það fjallar um, þ.e. eftirliti með búfjárhaldi og því eigi skilyrðislaust að fella þetta niður. Hér í enda greinarinnar er sagt:

„Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár."

Ég tel að þetta orki mjög tvímælis og spyr hvort menn treysti sveitarfélögunum til að sjá um þessa framkvæmd eða ekki. Ég spyr hæstv. landbrh.: Hver var árangurinn af síðustu talningu eða þjófaleit eins og ég kallaði það nú reyndar, þar sem farið var inn í hús hjá öryrkjum og ellilífeyrisþegum til að telja fáeinar kindur sem þeir höfðu sér til lífsviðurværis? Ég held að það væri nær að snúa sér að því að bæta kjör bænda en að reyna að ýta fleirum niður fyrir fátæktarmörk.

Síðan kemur 3. gr. sem er breyting á 11. gr. núv. laga: „Sveitarstjórn er heimilt að krefjast veðs í þeim fénaði til tryggingar greiðslu alls kostnaðar af þessum ráðstöfunum."

Ég tel þetta ákvæði slæmt og enga þörf á að bæta því hér inn í. Í núgildandi 11. gr. stendur:

„Búfjáreigandi, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum."

Ég tel þetta fullnægjandi ákvæði. Það að taka bústofn af búfjáreiganda er alltaf neyðarúrræði. Ég tel að þetta ákvæði um veðkröfu gæti freistað sveitarstjórna til að ganga of langt í að hrekja menn frá búum sínum. Nógu ljótur er nú hlutur ríkisvaldsins í þeim efnum. Ég tel að þau tilvik geti komið upp að heppilegra sé að sveitarstjórn aðstoði einstaka bændur, sem í dag eru í mörgum tilfellum öryrkjar eða ellilífeyrisþegar, við að afla sér heyforða, heldur en að hrekja þá frá starfi sínu og á framfæri félagsmálastofnana sem reyndar eru í fæstum tilfellum til í sveitum landsins.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að benda á þá staðreynd að samkvæmt tölum frá Hagþjónustu landbúnaðarins voru árið 1992 meðalfjölskyldutekjur á sauðfjárbúum 1.286 þús. kr. en þremur árum seinna, á árinu 1995, var þessi tala komin niður í 680 þús. kr. Tekjur sauðfjárbænda hafa því á aðeins þrem árum lækkað um helming. Ég hlýt að lýsa eftir stefnu hæstv. landbrh. í þessum málum og hvernig hann ætlar að rétta kjör bænda. Tæplega fá þeir allir vinnu í álverinu í Hvalfirði.

[13:51]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Það var fróðlegt að hlýða á 4. þm. Austurl. þegar hann fór yfir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, með síðari breytingum. Það sem vakti sérstaka athygli mína er 2. gr. frv. sem verður 2. mgr. 10. gr. laganna. Hún sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú meinar ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi utan lögbýlis búfjáreftirlitsmanni aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum."

Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo að viðkomandi ábúandi eða búfjáreigandi komi í veg fyrir að búfjáreftirlitsmaður geti sinnt þeirri skyldu sinni að upplýsa um búfjáreign í viðkomandi gripahúsum. Síðan segir svo, með leyfi forseta:

„Skal þá búfjáreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það án tafar."

Ég fæ ekki betur séð, virðulegi forseti, en að með þessum aðgerðum sínum hafi ábúandi lögbýlis eða búfjáreigandi komið í veg fyrir að búfjáreftirlitsmaður geti sinnt lögbundnum störfum. Þegar í slíkt óefni er komið þá hefði ég haldið að það væri miklum mun eðlilegra að lögreglustjóri kæmi að þessu máli þar sem viðkomandi ábúandi er að koma í veg fyrir að búfjáreftirlitsmaður geti sinnt sínu starfi. En svo er ekki, virðulegi forseti, því framhaldið er:

„Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta skal hún innan viku senda skriflega tilkynningu um það til landbúnaðarráðherra sem þá er skylt að láta fara fram sérstaka skoðun á viðkomandi stað."

Ja, nú spyr ég: Fer hann sjálfur á vettvang eða sendir hann starfsmenn sína úr ráðuneytinu eða hvernig á þessi skoðun að fara fram, virðulegi forseti? Ég vil taka undir gagnrýni hv. 4. þm. Austurl. en hann benti á að þetta væri augljóslega hlutverk lögreglustjóra og miklum mun eðlilegra að leitað yrði aðstoðar lögreglustjóra en landbrh. þó góður maður sé.

Síðan segir hér í greininni: „Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús eða um land jarðar án leyfis ábúanda nema að fengnum dómsúrskurði."

Ég verð nú að fagna þessu, virðulegi forseti. Ég fagna því að það sé þó að minnsta kosti virt að menn þurfi að leita eftir úrskurði dómstóla ef menn ætla að æða inn í gripahús eða um land. En að lokum, virðulegi forseti, verður allur kostnaður lagður á ábúanda eða búfjáreiganda.

Ég vil aðeins beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvort ekki væri rétt að lögreglustjóri héldi sínu valdi í þessum efnum og við mundum reyna að koma þessu ákvæði í einhvern góðan skikk. Ég er sannfærður um það, þar sem ég á sæti í landbn., að við munum fara vel yfir þetta og reyna að hjálpa til við að þetta verði þannig úr garði gert að reisn sé að.

[13:55]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir það frv. sem hann hefur hér mælt fyrir. Um er að ræða breytingu á lögum um búfjárhald. Þetta litla netta frv. lætur út af fyrir sig ekki mikið yfir sér en sú löggjöf sem hér er verið að fjalla um breytingar á hefur engu að síður heilmikla þýðingu. Vegna þessarar umræðu vildi ég koma með örstutt innlegg, en fyrst vildi ég nefna, hæstv. forseti, að fram kemur í athugasemdum við lagafrv. að það hafi verið samið í landbrn. Ég vildi spyrja hæstv. landbrh. hvort samráð hafi verið haft við sveitarstjórnir eða forsvarsmenn hagsmunaaðila, ef svo má segja, sem er nú afar vinsælt í þinginu að kalla til þegar verið er að breyta lögum, þ.e. þá væntanlega Bændasamtökin, hvort að fulltrúar Bændasamtakanna og sveitarstjórna hefðu einhvern veginn komið að þessu verki.

Sem betur fer þarf í langflestum tilvikum ekki að hafa miklar áhyggjur af búfjárhaldi því að bændur landsins sinna því að sjálfsögðu með miklum ágætum, bæði sinna þeir sínu búfé og eins ganga þeir vel um landið og gæta þess að ofgera því ekki og eru ef til vill bestu útverðir þegar kemur að gróðurvernd og uppgræðslu. Ég tel því að það séu undantekningartilvik ef það þarf að beita þeim ákvæðum sem hér er verið að fjalla um. Til allrar hamingju er það nú þannig. En ástæðan fyrir því að ég vildi nefna hér þetta atriði er að til eru undantekningartilvik. Það er einmitt nefnt í athugasemdum við 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nokkur dæmi eru þess að ábúendur lögbýla og aðrir umráðamenn búfjár meini búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum og/eða beitilöndum." Síðar segir: „Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að oftar en ekki tengist tregða búfjáreigenda við að leyfa búfjáreftirlitsmönnum aðgang að gripahúsum sínum og beitilöndum því að ekki er allt með felldu hvað varðar meðferð lands, fóðurbirgðir og velferð dýra. Með vísan til þess er talið nauðsynlegt að treysta ákvæði laganna svo grípa megi til aðgerða í slíkum tilvikum. Því er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við núgildandi ákvæði laganna, sem verður 2. mgr. 10. gr., þar sem ráðherra er heimilað að grípa til nauðsynlegra ráðstafana með aðstoð lögregluyfirvalda takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta."

Hér er sett upp tiltekið kerfi samkvæmt þessum ákvæðum til þess að auðvelda sveitarstjórnum aðgerðir. Ég tel að það sé allt gott og blessað og í rauninni nauðsynlegt, því að, ekki síst í miklu nábýli, er nú ekki mjög greitt um gang fyrir sveitarstjórnir að hafa afskipti af nágrönnum sínum í þessum efnum og þess vegna oft og tíðum nauðsynlegt að önnur yfirvöld komi þar að. En vegna þess að upp hafa sprottið miklar deilur um ágang búfjár vegna þess að talið hefur verið að beit hafi verið of mikil og þá kannski aðallega vegna þess að girðingar hafa ekki verið í lagi og vandinn hefur verið að menn hafa beitt á lönd nágranna sinna, vildi ég spyrja hæstv. landbrh., hvort menn telji að með þeim ákvæðum sem hér er bætt við megi tryggja trausta framkvæmd þessara mála fyrir sveitarstjórnirnar hvað þetta varðar ef ekki eru nægjanlega traustar girðingar á löndum. Það eru mörg dæmi þess að bændur hafi ekki treyst sér til þess að girða nægjanlega vel þannig að þar sem lausaganga er ekki bönnuð er mikill ágangur á lönd án þess að við verði ráðið.

Ég tel að nauðsynlegt sé að fara yfir þetta í hv. landbn. sem fær frv. til umfjöllunar og reyna að átta sig á því hvort frv. tryggi nægilega vel trausta framkvæmd hvað þetta atriði varðar. Það er mjög erfitt að halda búfé burt af löndum nema girt sé, en vandamálið er síðan að mjög víða eru girðingar í ólagi.

Annað sem ég tel að hv. landbn. verði að skoða mjög vandlega í sambandi við meðferð á frv. er lausaganga búfjár. Sveitarfélög geta bannað með sérstökum aðgerðum lausagöngu búfjár en í sumum tilvikum er nauðsynlegt að banna lausagöngu í hluta af sveitarfélögum og það veldur vandræðum. Það þekkjum við. Ég tel að hv. landbn. þurfi að taka það til sérstakrar skoðunar hvort ástæða sé til að skýra ákvæði þessara laga enn frekar til að hægt sé að taka á þeim málum og tryggja að sveitarstjórnir geti með öruggum og traustum hætti heft lausagöngu á tilteknum svæðum.

[14:02]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði áðan að þetta frv. lætur út af fyrir sig ekki mikið yfir sér, en það snertir ótrúlega margt í hinu almenna lífi í dreifðasta dreifbýli landsins. Það sem ég ætla fyrst að nefna er það sem hann kom að í lokum síns máls, þ.e. möguleikar á því að verjast gífurlega þungri beitaránauð frá grannbýlum sem er feiknarlega alvarlegt vandamál mjög víða í landinu. Ég geri ráð fyrir því að mjög margir þingmenn hafi orðið fyrir því að bændur hafi haft samband við þá af þessum ástæðum þar sem eru mjög ljót dæmi um fleiri hundruð hrossa flota, bersýnilega landlaus þar sem hann á að vera, en níðst þeim mun meira á jörðum nágrannanna. Menn geta í raun enga björg sér veitt nema reisa girðingar sem kosta stórfé og viðkomandi sveitarstjórnir hafa engin úrræði nema þau að

friða eða banna lausagöngu búfjár í sveitarfélaginu öllu. Það getur verið býsna flókið mál vegna þess að stundum er sveitarfélagið samsett úr láglendi, beitilöndum og heiðarlöndum, sem kannski er ástæðulaust að banna lausagöngu stórgripa á. Þess vegna held ég að mjög mikilvægt sé að hv. landbn. taki á þessu máli og mér þykir það verra að forustumenn landbn. láti ekki sjá sig hér í salnum þegar verið er að ræða þessi mál, hv. þm. Guðni Ágústsson og hv. þm. Egill Jónsson. Vonandi verður gerð ráðstöfun til að senda þeim í pósti, ef ekki vill betur, þessa umræðu sem hér fer fram vegna þess að þeir þurfa að vita um þær ábendingar sem koma fram því að þær eru mjög þýðingarmiklar að því er þetta atriði varðar. Það eru sem sagt möguleikar til að takmarka lausagöngu búfjár í hluta sveitarfélaga, m.a. til að verja einstaka jarðir fyrir ofbeit.

Í öðru lagi ætla ég að vekja sérstaka athygli á því ákvæði sem er í 1. gr. frv. varðandi einstaklingsmerkingar búfjár. Það er gríðarlega mikið mál, satt best að segja. Í grg. á bls. 5 er komist þannig að orði, með leyfi forseta, að þetta sé gert „svo koma megi í veg fyrir misferli varðandi vottorðagjöf." Þetta er vægt til orða tekið. Ég tel satt að segja að verslun með hross hér á landi, m.a. til útlanda, sé í stórkostlegri hættu vegna þess að menn segja rangt til um uppruna þessara gripa. Það er mjög mikilvægt að koma á reglu í þessum efnum. En það þýðir ekkert að reyna að koma á reglu í þessum efnum öðruvísi en um það sé sátt við bændur. Ég hvet til þess að þetta ákvæði verði skýrt aðeins nánar í frv. sjálfu þannig að í lagatextanum komi það mjög ákveðið fram hvað átt er við, það sé ekki bara tilvísun til einhverrar greinargerðar heldur sé vitnað til þessa í lagatextanum. Mér finnst það til bóta að í grg. er vísað til þeirra reglna sem gilda um þessi mál á Evrópska efnahagssvæðinu því það er þangað sem við erum í grófum dráttum langmest að selja þessa gripi og til Ameríku, en mest til Evrópu. Þess vegna finnst mér eðlilegt að hér sé ósköp einfaldlega fylgt sömu reglum og þar. Það er hagsmunamál bænda að það sé gert og þess vegna læt ég það koma sérstaklega fram og hvet til þess að það verði tekið inn í lögin.

Ég vil sérstaklega þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir athugasemd sem hann gerði við upphaf grg. frv. en þar stendur svo, með leyfi forseta: „Frumvarp þetta var samið í landbrn." Svo vill til að á dagskrá þessa fundar eru fleiri, fleiri mál, stjórnarfrumvörp, sem eru samin í ráðuneytunum. Það eru mál eins og t.d. frv. til háskólalaga, samið í ráðuneytinu. Það er bersýnilegt að frv. t.d. um réttindi og skyldur kennara er að verulegu leyti samið í ráðuneytinu þrátt fyrir að einhvern tíma hafi verið talað við kennara á undirbúningsstigi málsins, þannig að það fer mjög í vöxt í þessari ríkisstjórn að litið er á ráðuneytin eins og kansellíin forðum þar sem textarnir eru skrifaðir og þeir eigi að standa og ekkert samráð haft við aðila úti í bæ, ekki nokkurt. Ég fagna því að hv. 2. þm. Vesturl. vekur athygli stjórnarliðsins á þessu máli.

[14:07]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í raun tekið undir margt af því sem hv. þm. Svavar Gestsson sagði um þetta frv. Ég verð hins vegar að láta þess getið — af því að hann saknaði nokkurra þingmanna héðan úr salnum — að eins og allir þingmenn vita er hægt að fylgjast með þessari umræðu t.d. inni á skrifstofum þingmanna. Það gerum við mjög gjarnan. Þar getum við nýtt tímann mjög vel á meðan við hlustum á umræðuna en ég vil einnig láta þess getið að akkúrat nú gengur í salinn Guðni Ágústsson sem saknað var áðan en ég vissi að hann hafði skyldum að gegna á vegum þingsins rétt áðan en nú er hann kominn. Ég þarf í raun ekki að bera af honum sakir því hann fær þessi skilaboð sem fram komu áðan.

[14:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið einn kjósandi á Suðurlandi sem sagði þessi fleygu orð: Ber er hver að baki nema sér bróður eigi. Það kom vel í ljós að því er varðar hv. þm. Guðna Ágústsson að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason stökk upp og tók upp vörn fyrir félaga sinn alveg um leið og ég nefndi nafn hans hér í salnum og er það næsta fátítt að slíkur drengskapur ríki með mönnum í þessum sal eins og gerðist í stólnum áðan og í þeim faðmlögum sem nú standa yfir fram við dyr.

Ég vil hins vegar segja að það er ekkert svar í þessu máli að landbúnaðarnefndarmenn eða nefndarmenn viðkomandi mála séu að horfa á sjónvarpið á skrifstofunum. Þeir eiga að vera við þegar verið er að ræða málin og ég er þess fullviss að hv. þm. Guðni Ágústsson hefur haft lögmæt forföll og öðrum skyldum að gegna sem hann hefur ekki getað vikist frá. Ég dreg það ekkert í efa. En ég tel þá slæmt að umræðunni skuli vera hagað þannig að hún fari fram þegar hv. þm. er í burtu. Þegar umræður fara fram um mál og þegar landbúnaðarmál, eins og þetta er núna, fá ákveðinn tíma, þá eigi að halda þannig á málum að landbúnaðarnefndarmenn geti allir verið hér.

[14:10]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þessar ágætu umræður og ýmsar ábendingar sem hafa komið fram um þetta frv. Ég vil lýsa því yfir aftur, sem ég gat um í lok framsöguræðu minnar, að auðvitað er sjálfsagt og eðlilegt að landbn. taki þau mál sem hafa komið upp í umræðunni til sérstakrar skoðunar og ég er tilbúinn til samvinnu við landbn. um að skoða þau mál og gera á breytingar er mega verða til bóta. Það er eðli málsins og hlutverk þingsins og nefndarinnar.

Ef ég kem fyrst að því sem hv. 8. þm. Reykv. nefndi síðast í ræðu sinni af því að ég er að tala um meðferð frumvarpa og tilurð þeirra og það segir hér að þetta frv. sé samið í ráðuneytinu, þá er ábending hans út af fyrir sig alveg eðlileg að stundum er nauðsynlegt og ástæða til að fleiri komi að samningu frumvarpa en bara embættismenn að frumkvæði ráðherra væntanlega. En í þessu tilviki er verið að taka á tveimur þáttum sem hafa komið upp varðandi vanda í framkvæmd málsins og það eru mál sem koma inn í ráðuneytið. Þangað koma athugasemdirnar og ábendingarnar um erfiðleika í framkvæmdinni og þess vegna eðlilegt að ráðuneytin bregðist við. Þegar um er að ræða meiri háttar endurskoðun eða breytingar á lögum, ég tala nú ekki um heildarendurskoðun, er eðlilegt að fleiri aðilar komi að því máli en bara embættismenn. Í tilvikum eins og þeim sem hér eru til meðferðar hlýtur mjög oft að vera eðlilegt að staðið sé að málinu eins og hér er gert og það á sér eðlilegar skýringar. Ég get að öðru leyti verið efnislega sammála athugasemdum eða ábendingum sem fram komu hjá hv. 8. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Vesturl.

Mig langar aðeins að fara lauslega yfir þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. þm. Hv. 4. þm. Austurl. hóf umræðuna og gerði nokkrar athugasemdir, m.a. við 1. gr. frv. og

mér fannst hann ekki vera alveg sammála athugasemdum og ábendingum hv. 8. þm. Reykv. sem lagði mikla áherslu á mikilvægi þessarar greinar og nauðsyn þess að taka á merkingarmálum og skráningarkerfi varðandi búfjárhald. Ég er hv. 8. þm. Reykv. algerlega sammála en skildi ekki fyllilega athugasemd hv. 4. þm. Austurl. um að greinin væri algerlega óþörf.

Hins vegar benti hann réttilega á að annað frv. kemur til umræðu strax á eftir þessu þar sem fjallað er um afréttarmálefni. Um mismuninn á þessum tveimur frv. er því til að svara að frv. um búfjárhaldið gerir fyrst og fremst ráð fyrir merkingunni vegna einstaklingsmerkingar og mikilvægis þess að vitað sé um uppruna búfjárins. Ekki síst á þetta við í sambandi við hrossaræktina og mikilvægi þess markaðar, eins og hv. 8. þm. Reykv. benti mjög réttilega á. Hitt frv. fjallar hins vegar um merkingar búfjár vegna eignarhaldsins og kemur skýrt fram í því frv. sem við ræðum á eftir, en málin eru að því leytinu skyld að verið er að tala um nýjar aðferðir við merkingar búfjár, þ.e. hinar svokölluðu örmerkingar. Það getur vel verið að það sé rétt ábending hjá hv. 8. þm. Reykv. að kveða ætti skýrar á um það í 1. gr. hvað átt er við, þ.e. að verið sé að innleiða eða heimila notkun á nýjum merkingaraðferðum og þá er fyrst og fremst verið að tala um örmerkingarnar svokölluðu sem ég skýri kannski betur út við framsögu um hitt frv. þannig að ég læt þetta duga núna.

Ýmsar ágætar athugasemdir sem komu fram hjá hv. 4. þm. Austurl. vænti ég að nefndin taki til skoðunar. Sumar þeirra athugasemda eru við lögin eins og þau eru, ekki við frv., þ.e. ekki við þær breytingar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er t.d. engin breyting í frv. varðandi núgildandi lög um hvenær eftirliti skuli lokið. Séu menn á því að breyta því, að apríllok eða aðrar tímasetningar séu ekki réttar, þá er það mál sem mér finnst sjálfsagt að skoða, en það er ekki verið að taka á því í þessu frv. Í því er fyrst og fremst verið að taka á eftirlitsþættinum og hvernig hægt er að auðvelda eftirlitið og auðvelda það að fylgja því eftir. Það eru þau atriði í frv. sem eru nýmæli. Þetta á eins við athugasemdir hv. þm. um grænmeti, gulrófur, kartöflur og fleira sem hér er upp talið. Ekkert af þessu er nýtt. Það sem er nýtt í málinu er að bætt er við uppskeru korns.

Ef hv. þm. og hv. landbn. telur að ekki sé lengur ástæða til þess að búfjáreftirlitsmennirnir fylgist með þessum þætti í landbúnaðinum og eftirliti með þessu, sem er nú fyrst og fremst gert vegna sýsluhalds og upplýsingagjafar, þá er það annað mál en er ekki meginefni þess frv. sem hér er talað um.

Varðandi athugasemd hv. þm. um beitiland í byggð vísa ég til þess að ekki er breyting hér heldur vænti ég að einhver hefð hafi skapast í þessu sambandi og landbn. mun þá afla sér nánari upplýsinga um það sem mér er ekki unnt að gefa á þessu stigi. Síðan kemur að athugasemdum hans og fleiri þingmanna bæði hv. 6. þm. Suðurl. og hv. 2. þm. Vesturl. um meðferðina sjálfa á eftirlitinu og það er þar sem verið er að taka á. Það er það sem verið er að gera athugasemdir við vegna þess að reynslan hefur sýnt að ef búfjáreftirlitsmanninum, sem er starfsmaður sveitarstjórnar og starfar í umboði hennar, hefur ekki tekist, og sveitarstjórninni síðan í framhaldi af því, að framfylgja lögunum, þá er hér hert á þeim ákvæðum. Ef menn telja að þetta sé ekki rétt boðleið vegna þess að lögreglustjóri og löggæsluyfirvöld eigi að koma að málinu með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir, þá harma ég ekki þó að sá kaleikur sé tekinn frá landbrh. Ég hef hins vegar gaman af því að koma í hús hjá bændum og ætla ekkert að láta af því þó ég sé ekki beinlínis skikkaður til þess hvorki með þessum lögum né öðrum þannig að ég mun auðvitað fylgja því áhugamáli mínu áfram. En það er sem sagt gert ráð fyrir ákveðnu ferli. Það er búfjáreftirlitsmaðurinn sem auðvitað reynir í fyrsta lagi að sinna sínum störfum.

Í 2. mgr. 2. gr. frv., breytingu við 10. gr. laganna, sem hv. þm. hafa verið að vitna til og hv. 6. þm. Suðurl. las upp úr, segir hvernig þessi ágæti búfjáreftirlitsmaður skal haga sér takist honum ekki að fylgja máli sínu fram, þ.e. hann tilkynnir það auðvitað sínum vinnuveitanda sem er sveitarstjórnin. Hann starfar í umboði sveitarstjórnarinnar.

Nú hefur reynslan sýnt okkur að sveitarstjórnum hefur ekki tekist, miðað við núgildandi lagaákvæði, að fylgja sínu máli eðlilega fram. Þess vegna er þessi frumvarpssmíð til orðin að tilhlutan og beiðni búfjáreftirlitsmanna og sveitarstjórna þar sem þessi vandamál hafa komið upp. Ég get þá svarað hv. 2. þm. Vesturl. til um það að málið er m.a. til komið vegna óska frá sveitarstjórnum, þó að sennilega hafi ekki verið eða ég veit ekki hvort sérstakt samráð hafi verið haft við t.d. Samband ísl. sveitarfélaga um frv. Málið kemur því að hluta til og má a.m.k. segja óbeint frá ákveðnum sveitarstjórnum sem hafa lent í erfiðleikum með þetta eftirlit. Þá kemur einnig fram ósk þeirra um það að þurfi sveitarfélögin eða sveitarstjórnirnar að beita sér í málinu þá er farið fram á að sveitarfélögin geti líka tryggt greiðslur á þeim kostnaði sem þau verða fyrir. Kemur þá ákvæðið um veðið, sem hv. 4. þm. Austurl. gerði athugasemdir við og sjálfsagt að nefndin skoði hvort menn vilja eða sjái leiðir til að tryggja það á annan hátt. Ég vona að þetta sé nokkuð skýrt um málatilbúnaðinn, tilurðina og tilganginn, og jafnframt það að landbrh. skuli láta fara fram sérstaka skoðun hvort sem hann gerir hana sjálfur eða aðrir. Ég held að það sé skýrt að það verður að vera eins og segir í næsta málslið, sem hv. 6. þm. Suðurl. las reyndar ekki. Þar segir: „Skylt er lögreglu að fara með búfjáreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits sem þannig er ákveðið.“ Þar kemur þá inn hlutur löggæslu, lögreglustjóra eða lögreglu að málinu. (**Gripið fram í:** Eftir að talað hefur verið við landbrh.) Eftir að talað hefur verið við landbrh. og ef menn vilja sleppa þeim millilið þá hef ég ekki athugasemdir við það ef menn finna málinu aðra og betri boðleið og réttari en hér er lagt til.

Hv. 2. þm. Vesturl. spurðist fyrir um aðra þætti málsins eins og t.d. lausagöngu og girðingarákvæði. Því er til að svara að hér er að vísu hert eða nokkuð áréttað það hlutverk búfjáreftirlitsmannanna að fylgjast með hagagöngu og gera viðvart ef búfjáreftirlitsmaður telur að hlutir séu ekki í lagi. Vafalaust þarf að herða enn frekar eða fara nánar yfir ákvæði um það sem hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 8. þm. Reykv. töluðu um, þ.e. þá beitaránauð sem kann að skapast í nábýli annaðhvort hjá nágrannabónda eða í nágrannasveitarfélagi vegna þess að þessum málum sé ekki nægilega vel fyrir komið eða nægilega fylgst með. Ég hygg að það sé mál sem þurfi að skoða betur og nánar en gert er í þessu frv. Við höfum rætt það, m.a. við undirbúning frv. í landbrn., að nauðsynlegt væri að taka lög um búfjárhald til heildarendurskoðunar. En ef landbn. telur mögulegt eða treystir sér til að taka á þessum ákvæðum sem spurt hefur verið um og bent hefur verið á, sérstaklega varðandi lausagönguna og aðra þætti sem hana varðar eins og girðingarmálefni, þá er sjálfsagt að reyna að skoða það ef tími vinnst til. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að þetta frv. fái framgang eins og það er og þá með þeim

breytingum sem hv. landbn. telur nauðsynlegar og telur sér fært að gera á frv.

Aðeins að lokum vegna þess að hv. 4. þm. Austurl. talaði um afkomu sauðfjárbænda og nauðsyn þess að taka á þeim málum og af því að hann sagði að nær væri að taka á og fjalla um þau mál en þetta hér, þá held ég að það megi nú ekkert koma í veg fyrir að lög um búfjárhald og önnur lög, sem varða landbúnaðinn, séu skoðuð og lagfærð eftir því sem þörf er á þó hin umræðan sé auðvitað þörf og nauðsynleg og bæði er og hefur verið í gangi og verður sjálfsagt áfram. Mig langar aðeins að nefna það að í þinginu eru ýmis önnur mál sem m.a. varða afkomu bænda þó þau skipti kannski ekki sköpum. Ég hef nýlega mælt fyrir lögum um breytingu á búvörulögunum svokölluðu, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem varða verðmiðlunargjöld. Við erum nýlega búin að fjalla um breytingar á sjóðagjöldum í landbúnaði, hvor tveggja ættu að hafa nokkur áhrif á afkomu. Ég minni síðan á að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur verið gerður nýr samningur við Bændasamtök Íslands um sauðfjárframleiðsluna þannig að ekki er von á því, alla vega ekki á næstu vikum eða mánuðum, að breytingar verði gerðar á þeim samningi. Við erum hins vegar í dag í viðræðum við Bændasamtökin um breytingar á búvörusamningnum í heild og þar koma auðvitað inn ýmis önnur ákvæði eins og t.d. um Framleiðnisjóð svo ég nefni eitthvað, auk þess að semja á ný um mjólkurframleiðsluna. Við erum líka með í gangi umræður og endurskoðun á lögum um jarðræktarlög og búfjárræktarlög. Þannig að það er ýmislegt í gangi sem væntanlega og vonandi varðar landbúnaðinn í í heild og styrkir hann sem atvinnugrein og afkomu þeirra sem hann stunda. En það eru ekki byltingarkenndar breytingar í þessu heldur er fyrst og fremst verið að reyna að ná fram þeim ákvæðum sem geti þó leitt til betri stöðu atvinnugreinarinnar.

[14:23]

Guðmundur Beck *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að landbrh. heldur sig við það að hann þurfi að hafa ákvæði um merkingar á búfé í tvennum lögum og þar af leiðandi sjálfsagt í tveimur reglugerðum. Ég tel það nú mjög ofmælt. Ég held að það sé alveg nóg að hafa þetta í einum lögum. Það stendur í frv. sem væntanlega verður rætt á eftir, að skylt er hverjum búfjáreiganda að hafa glöggt mark á búfé sínu og markið er skilgreint hér á undan. Búfjármörk eru: örmerki, frostmerki, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk. Ég sé ekki annað en að þetta hljóti að vera nógu glöggt. Það ætti varla að þurfa marga lagabálka til þess að skilgreina slíkt.

Varðandi athugasemdir mínar við 2. gr. þá sé ég í sjálfu sér ekki að það breyti miklu hvort þarna er nýmæli eða endurtekning á núgildandi lögum. Það er verið að umorða heila grein og orða hana upp á nýtt og er hún þá auðvitað ekki öll undir endurskoðun? Það er mitt mat á því.

Um veðið sem ég gerði athugasemdir við, þá getum við nú rétt ímyndað okkur að lítið veð sé í illa fóðruðum og horuðum gripum og ég sé ekki að það komi sér neitt sérstaklega vel fyrir sveitarstjórn að taka veð í slíku.

Ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni að mikil þörf er á að taka hrossabeit og ágang hrossa til umfjöllunar og ég skora á hv. landbn. að taka það mál til skoðunar og senda frá sér breytingar á lögum varðandi það, þannig að hægt sé að taka á slíku.

Hæstv. landbrh. vék að samningunum um búfjárframleiðsluna. (Forseti hringir.) Mér skilst að landbn. hafi ekki haft mikið að gera á þessu þingi þannig að ég held að það sé kominn tími til að huga að þeim. Það er ekki nóg að tala um að ýmislegt sé í gangi heldur er tími til kominn að menn fari að efna kosningaloforðin.

[14:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég árétta það að ég hef að sjálfsögðu engar athugasemdir við að landbn. taki alla 10. gr. laganna til skoðunar eins og hún er lögð upp. Hún er lögð upp á ný með nokkrum breytingum. Ég var aðeins að gera grein fyrir því, hæstv. forseti, sem kom fram í ummælum hv. 4. þm. Austurl. en hann gerði nokkrar athugasemdir við eitt og annað í greininni sem ég fagnaði út af fyrir sig, sagðist bara fagna þeim umræðum sem hér hafa orðið og þeim athugasemdum sem hafa komið, — að sumt af því sem hann gerði athugasemdir við væru ekki breytingarákvæði. Það sem ég var að skýra var það að ég dró fram annars vegar það sem hann gerði athugasemdir við, þ.e. nýmælin í greininni og hins vegar það sem er óbreytt í greininni. Ég hafði engar athugasemdir aðrar fram að færa við það sem hann vildi að tekið yrði til skoðunar og bæti engu við um það.

Varðandi þessi lög og lögin um afréttarmálefni og fleira, sem koma til umræðu á eftir, þá undirstrika ég að það er talin ástæða til að kveðið sé á um einstaklingsmerkingar á búfé í lögum um búfjárhald. Hin lögin fjalla um ... (**Gripið fram í:** Hver er skoðun hæstv. landrh.?) Hann er eindregið þeirrar skoðunar að þetta beri að vera svona. Þess vegna leggur hann þessi tvö frv. fram og þarf varla að spyrja um það því annars hefði þetta ekki verið í því formi sem það er. Ég minni svo að lokum á það, sem kom fram í framsöguræðu minni, að frv. þetta hefur verið sýnt í drögum á nýafstöðnu búnaðarþingi og búnaðarþing mælt með samþykkt þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (örmerki). — Þskj. 875.

[14:28]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir því frv. sem aðeins hefur komið til umræðu í fyrra dagskrármálinu en hér er mælt fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, og er á þskj. 875, 523. mál þingsins. Með frv. þessu eru lagðar til mikilvægar breytingar á gildandi afréttarlögum og eru breytingar þessar tvíþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að örmerki verði lögfest sem búfjármark og verði það rétthæsta búfjármarki, samanber nánari upptalningu í 2. gr. frv. Í annan stað er lagt til að kveðið verði skýrar á um notkun svonefndra plötumerkja en gert er í 2. mgr. 63. gr. gildandi laga og mun ég víkja nánar að því hér á eftir.

Alkunna er að búfjármörk gegna mikilvægu hlutverki hér á landi og hafa þau verið aðalsönnunargagnið um eignarrétt manna að búfé og þá fyrst og fremst sauðfé. Eyrnamörk og raunar önnur búfjármörk eru þannig merkilegt réttaratriði og reglur íslenskra laga munu hafa verið sérstæðar að

ýmsu leyti. Notkun eyrnamarka er í raun nátengd hefðbundinni nýtingu beitilanda þar sem sauðfé og að nokkru leyti hross frá mörgum eigendum ganga saman að sumarlagi í víðáttumiklum heimalöndum og afréttum. Þessir þættir í íslenskum búskap hafa lítið breyst í aldanna rás og ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar þar á.

Á seinni árum hefur frostmerking á hrossum og nautgripum rutt sér til rúms. Nú síðast svonefnd örmerking. Frostmerki var á árinu 1985 lögfest sem búfjármark og var með þeirri breytingu verið að bregðast við nýjungum á þessu sviði líkt og nú er með frv. þessu lagt til að örmerki verði lögfest sem búfjármark til viðbótar þeim sem fyrir eru, þ.e. frostmerki, eins og áður er fram komið, brennimörk, plötumerki og eyrnamörk.

Notkun örmerkja til að auðkenna búfé, einkum hross er þegar hafin hér á landi, þó svo að slík merking byggi ekki á skráðum lagareglum og hafi þannig ekki þýðingu að lögum við sönnun manna á eignarrétti að búfé. Rétt þykir að bregðast við því sérstaklega í ljósi þess að notkun örmerkja er mjög örugg aðferð til að auðkenna búfé. Í samræmi við það er lagt til að örmerki verði rétthæsta búfjármarkið. Örmerki er eins og nafnið bendir til örsmár málmhlutur, litlu stærri en títuprjónshaus og er merkinu komið fyrir undir húð gripsins, gjarnan undir makka á hestum. Merkið er síðan lesið með sérstökum skynjara. Búast má við að örmerking verði útbreidd aðferð við merkingu hrossa.

Markanefnd starfar samkvæmt 69. gr. afréttarlaga og hefur það hlutverk m.a. að fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og fjallskilasamþykkta, um mörk og markaskrár og vera þeim til ráðuneytis er um þau mál fjalla. Á vegum nefndarinnar og í samstarfi við félag hrossabænda og yfirdýralækni er þegar hafinn undirbúningur að nauðsynlegum breytingum á reglugerð nr. 579/1989, um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingu búfjár í því skyni að útfæra nánar reglur um gerð og notkun örmerkja og einnig skráningu þeirra. Þá þarf að kveða á um nauðsynleg samræmingaratriði er varða framkvæmd örmerkingar. Að öðrum kosti er ekki að vænta nauðsynlegs skipulags við framkvæmdina.

Eins og ég vék að í upphafi er einnig í frv. þessu kveðið skýrara á um notkun svonefndra plötumerkja heldur en gert er í núgildandi lögum. Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. afréttarlaga er skylt að hafa hreppsmerki á öllu fé. Sú lagaskylda er uppfyllt með tvennu móti. Það er með plötumerki í eyra sauðfjár og/eða brennimarki á hyrndu fé. Notkun plötumerkja er útbreidd hér á landi og er þá átt við lituð merki, mismunandi eftir varnarsvæðum. Full rök eru til að skylda bændur til að nota plötumerki á allt ásett fé. Slíkt er mjög til þess fallið að styrkja riðuvarnir og aðrar sjúkdómavarnir. Jafnframt yrði áfram til staðar sá möguleiki að brennimerkja númer og tölu á horn.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta en legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurlandsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876.

[14:32]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um Suðurlandsskóga sem flutt er á þskj. 876 og er 524. mál. Með frv. þessu er lagt til að næsta stórátak í skógrækt hér á landi verði á Suðurlandi.

Mikill áhugi er meðal hagsmunaaðila á Suðurlandi um þetta átak og hefur Skógrækt ríkisins, auk Félags skógarbænda á Suðurlandi, unnið að því skipulega síðan í ágúst 1995. Skilyrði til skógræktar á Suðurlandi eru víða góð. Uppsveitir Árnessýslu og efri hluti Landssveitar, Rangárvalla, Holta og Skaftártungu ásamt Síðu, teljast vera meðal vænlegustu svæða á Íslandi til nytjaskógræktar. Nýjustu mælingar sýna að vöxtur trjáa í lágsveitum á Suðurlandi er góður þar sem ungplöntur ná að vaxa upp í skjóli fyrir vindum. Víða á svæðinu finnast umfangsmiklar leifar birkiskóga sem þekja um 20 þús. hektara lands og eru um það bil 17% af flatarmáli birkiskóga landsins.

Löng hefð og mikil reynsla er af skógrækt á Suðurlandi. Skógrækt ríkisins hefur ræktað skóg þar í rúmlega 60 ár, fyrst í Múlakoti í Fljótshlíð og seinna í Þjórsárdal, Haukadal, á Tumastöðum, Laugarvatni og í Mosfelli í Grímsnesi. Enn fremur hafa skógræktarfélög, garðyrkjubændur og einstaklingar ræktað skógarreiti víða á svæðinu á síðustu áratugum. Mikil reynsla hefur því fengist af ræktun ýmissa tegunda og kvæma.

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá hefur unnið mikið starf við skógræktarrannsóknir á síðustu þremur áratugum og fjölmargar þeirra eru nú í gangi á stöðum eins og t.d. í Haukadal, á Mosfelli, Snæfoksstöðum, Gunnarsholti, Sandlækjarmýri og Markarfljótsaurum. Niðurstöður vaxtarmælinga á Suðurlandi sýna að búast má við að hver hektari lands skili fjórum til fimm tengingsmetrum viðar árlega sé miðað við 80–100 ára vaxtarlotu. Þetta er sambærilegt við þær kröfur sem gerðar eru til nytjaskógræktar í norðanverðri Skandinavíu. Meðal tegunda sem reynst hafa vel á Suðurlandi eru stafafura, alaskaösp, lerki, birki, selja og alaskavíðir.

Verkefni um nytjaskógrækt á bújörðum undir umsjón Skógræktar ríkisins hóf göngu sína 1970 á Fljótsdalshéraði en síðar hafa jarðir í Skagafirði, Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslu, Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendinu bæst við. Til samans eru þetta í dag um það bil 147 jarðir og af þeim eru 77 jarðir hluti af Héraðsskógum sem er skógræktarátak til 40 ára á ofanverðu Fljótsdalshéraði og tók gildi með lögum nr. 32 frá 1991.

Segja má að með Héraðsskógum hafi verið riðið á vaðið með þróun umfangsmikillar nytjaskógræktar á Íslandi. Komin er sex ára reynsla á það verkefni og hefur það gefist vel. Nú er kominn tími á næstu skref í skógrækt á Íslandi og að þróa skógræktaráætlun sem geti náð til landsins alls og hafi að geyma þau markmið og leiðir sem henta hverjum landshluta fyrir sig. Það er því mín skoðun að á eftir Suðurlandsskógum, sem hér er mælt fyrir og gerð tillaga um að sé sérverkefni, komi ekki Vesturlandsskógar eða Norðurlandsskógar svo dæmi séu nefnd heldur að við taki ein heildstæð framkvæmdaáætlun fyrir landið allt.

Nytjaskógrækt á bújörðum hófst á Suðurlandi 1989 í Hrosshaga og á Spóastöðum í Biskupstungum. Núna er

skógrækt stunduð á 30 lögbýlum og vel á annað hundrað landeigendur eru á biðlista um að bætast í hópinn. Land það sem nýtt er til skógræktar er fyrst og fremst úthagi. Af þeim trjátegundum sem notaðar eru má nefna íslenskt birki, lerki, sitkagreni, alaskaösp, ösp og stafafuru.

Árið 1994 var hleypt af stokkunum átaksverkefni í skjólbeltarækt á Skeiðum. Á síðustu tveimur árum hefur verið plantað um 30 km að einföldum skjólbeltum. Þrjátíu og eitt lögbýli hefur tekið þátt í verkefninu, samsvarandi verkefni er í gangi í Eyjafirði. Í tvö ár hafa Skógrækt ríkisins, Landgræðsla ríkisins og Garðyrkjuskóli ríkisins gengist fyrir námskeiðum í skógrækt. Bændur á Suðurlandi hafa sótt þessi námskeið mjög vel og eru ágætlega í stakk búnir til að takast á við skógrækt á jörðum sínum. Auk þess hefur Félag skógarbænda á Suðurlandi í samvinnu við skógarþjónustu Skógræktar ríkisins á Suðurlandi haldið fræðsludaga í skógrækt sem hafa einnig verið vel sóttir.

Frv. hefur að geyma ýmsar nýjungar fram yfir Héraðsskógaáætlunina. Af þeim vil ég nefna nokkrar sérstaklega. Í fyrsta lagi má nefna að Héraðsskógar eru eingöngu ræktun nytjaskóga sem svo hafa verið kallaðir og það á einu samfelldu svæði, en á Suðurlandi verður skógræktin dreifð. Til viðbótar við svokallaða nytjaskóga er gert ráð fyrir skjólbeltarækt og landbótaskógrækt en þar er fyrst og fremst lögð áhersla á verndar- og landbótamátt skógarins, fegurð hans og útivistargildi. Alls er stefnt að því að rækta um 20 þús. hektara skógar með þessu markmiði.

Í öðru lagi er ekki bundið í lög hver hlutfallsleg þátttaka ríkisins er í kostnaði. Greiðsla Suðurlandsskóga til stofnkostnaðar verður ákveðin í reglugerð settri af landbrh. að fengnum tillögum stjórnar Suðurlandsskóga. Það er talið betra að binda ekki kostnaðarhlutdeildina í lögum en eðlilegra að meta, t.d. á tíu ára fresti eða til tíu ára í senn, hver hún skuli vera. Ég tel líklegt að í upphafi verði tekið mið af þeirri kostnaðarhlutdeild sem er hjá Héraðsskógum en þar er greitt 97% af samþykktum kostnaði.

Í þriðja lagi er vert að geta þess að önnur leið er farin við endurgreiðslu ríkisframlagsins en hjá Héraðsskógum þar sem gert er ráð fyrir endurgreiðslu sem nemur 30% af hreinum hagnaði við skógarhögg. Í Suðurlandsskógum er einnig gert ráð fyrir endurgreiðslum til ríkissjóðs við skógarhögg en til ríkissjóðs skal greiða 15% af söluverðmæti hvers rúmmetra timburs á rót sem með öðrum orðum er greitt miðað við skráð söluverðmæti timburtrjáa á rót áður en skógarhögg og flutningar fara fram. Þessi aðferð er þekkt erlendis og talin bæði einfaldari og tryggari leið við innheimtu.

Til viðbótar þeim nýmælum sem hér hefur verið greint frá er vert að nefna nokkur atriði er varða undirbúning og skipulag Suðurlandsskóga. Skógrækt hefur afgerandi áhrif á vistkerfið og kemur þar margt til, t.d. skuggi, skjól, breytt snjóalög, þornun jarðvegs, blaðfall, breyttar efnahringrásir og landnám nýrra lífverutegunda. Margar lífverutegundir hverfa af svæðum en aðrar nema land. Ásýnd lands mun einnig breytast. Landslagsþættir eins og klettar, klappir, mannvistarleifar og fleira gætu hætt að sjást.

Ljóst er að skógræktarmenn bera mikla ábyrgð og því mikil nauðsyn að þeir séu meðvitaðir um ofangreind atriði og taki tillit til þeirra við skipulagningu og framkvæmd skógræktar. Mikil reynsla hefur fengist af Héraðsskógaverkefninu, m.a. í áætlanagerð og skipulagsvinnu. Skógræktin hefur nú sett sér sínar eigin vinnureglur þar sem m.a. er forðast einrækt, skógarjaðrar hannaðir með mörgum tegundum til fegrunar og skjóls, skógrækt felld að landslagi, sjaldgæf vistkerfi skilin eftir og svæðum með fornar mannvistarleifar haldið opnum.

Við allan undirbúning Suðurlandsskóga hefur þess verið gætt að taka tillit til sem flestra þátt og sjónarmiða. Í því sambandi vil ég nefna að skógarþjónusta Skógræktar ríkisins á Suðurlandi vinnur nú að gerð landgreiningarkerfis sem tekur á landnotum til skógræktar sem annarra þátta, svo sem ferðamennsku, hefðbundins landbúnaðar, náttúruverndar og fleiri þátta sem land kemur til með að nýtast til í framtíðinni. Stefnt er að frekara samstarfi við sveitarstjórnir, búnaðarsambönd, Skipulag ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins um frekari þróun þessa kerfis.

Í desember sl. ákvað ríkisstjórnin að fylgja eftir þeim hluta framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem landbrn. fer með vegna rammasáttmála Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og gera átak í landgræðslu og skógrækt fram til aldamóta. Veitt var viðbótarfjármunum til þeirra verkefna og m.a. ákveðið að hefja ræktun fjölnytjaskógræktar á Suðurlandi. Suðurlandsskógar verða þannig fjármagnaðir af átaksfénu og verða liður í því að binda koldíoxíð í gróðri og að bindingin verði aukin frá því sem hún var árið 1990.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta en vísa að öðru leyti til greinargerðarinnar og athugasemda við einstakar greinar svo og mikilla talnalegra upplýsinga sem frv. fylgja. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hæstv. landbn.

[14:41]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv. og lýsa ánægju minni með að menn skuli ætla að reyna að byggja upp skóga á Suðurlandi. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs í andsvari er sú að ég átta mig ekki alveg á 2. mgr. 3. gr. frv., þar sem ég fæ ekki séð hverjir það eru sem geta gengið inn í það að gera samninga um Suðurlandsskóga því það kemur hvergi fram hver þessi almennu skilyrði eru, né að öllum standi þetta til boða. Það kom ekki fram hjá í framsöguræðu hæstv. ráðherra hvort einhver almenn skilyrði væru til staðar eða hvort menn hefðu markað einhver almenn skilyrði um þetta. Því væri mjög gott ef hæstv. ráðherra kæmi upp og gerði þingheimi grein fyrir því hvort ætlunin sé að allir geti gengið inn í þetta eða hvort það séu einhver sérstök skilyrði sem eiga eftir að líta dagsins ljós. En að öðru leyti, virðulegi forseti, þá vil ég fagna þessu frv. og vænti þess að það fari hratt í gegnum þingið.

[14:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af spurningu hv. þm. þá er fyrst og fremst gert ráð fyrir að Suðurlandsskógaátakið eða verkefnið verði stundað á bújörðum og verði verkefni bænda. Þó er alls ekki loku fyrir það skotið að fleiri aðilar kunni að koma til. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að félagasamtök eða jafnvel áhugasamir einstaklingar geti tekið þátt í einhverjum hluta þessara verkefna, t.d. því sem við köllum landbótaskógrækt eða landbótaskóga, þar sem hugsunin á bak við þá er nokkuð önnur heldur en á bak við timburskógræktina vegna þess að hér er fyrst og fremst verið að tala um að bæta land með ýmsum hætti til útivistar. Þá getur það auðvitað varðað fleiri heldur en aðeins ábúendur jarða. Þess vegna er málinu haldið opnu með þessum hætti. Sjálfsagt er að

ákvæði af þessu tagi séu skoðuð nánar í hv. landbn. ef svo ber við að menn telji að annaðhvort sé ekki nægilega skýrt kveðið á um þau eða að hæstv. landbrh. sé heimilaður í þessu sambandi einhver opinn reikningur sem menn vilja kveða nánar á um eða hafa skýrari en frv. gerir grein fyrir.

[14:44]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hæstv. ráðherra hvort hugsunin að baki þessu væri sú að allir sem það vildu og uppfylltu ákveðin skilyrði gætu gengið inn í þetta verkefni. Enn fremur hvort einhver sérstök skilyrði séu til staðar og hvort þessi almennu skilyrði verði þá birt opinberlega þannig að allir geti gert sér grein fyrir hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla til að geta fengið þessa samninga við landbrn. Eða hvort hér verði um að ræða einhvers konar samninga sem ráðherra geri með tilliti til þess hvað honum þykir henta hverju sinni. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að skýrt sé hvort allir séu jafnir til að komast að þessu verkefni og hins vegar hvort ekki verði einhver almenn skilyrði a.m.k. auglýst eða sett í reglugerð þannig að mönnum sé ljóst hvort þeir geti gengið inn í þetta verkefni eður ei.

[14:45]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég talaði einmitt um þetta atriði sem hv. þm. benti á að sé með öðrum hætti heldur en Héraðsskógaverkefnið sem er í raun mjög þröngt skilgreint sem timburskógrækt fyrir bændur á ákveðnu svæði. Það er miklu víðari skilgreining sem við erum að fjalla um hér, kemur fram með öðrum hætti og að fleiri geta tekið þátt í því. En ég tel líka jafnljóst, eins og mér finnst liggja undir í spurningu hv. þm., að um þetta verður að setja skýrar og almennar leikreglur þannig að það liggur þá trúlega fyrir í reglugerð sem allir hafa þá að gang að og þá síðan með auglýsingu um það hverjir gætu átt aðild að málinu en fyrst og fremst að settar séu skýrar reglur þannig að öllum sé ljóst hver réttur þeirra kann að verða í reglugerð um framkvæmd málsins.

[14:46]

Guðmundur Beck:

Herra forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar sérstaklega til að benda á. Ég vil byrja á því að segja ég fagna því að sjálfsögðu að menn ætla að fara í skógrækt á Suðurlandi en ég get ekki varist því að benda á hvernig þessi blessaða stjórnsýsla er að verða í landinu og kemur fram í þessu frv., þ.e. hver er það sem á að borga. Núverandi ríkisstjórn ætlar að leggja 40 millj. en síðan á næsta ríkisstjórn að leggja 100 millj. á ári um ófyrirséða framtíð. Þetta er veruleikinn sem blasir við æ oftar í þessari blessaðri stjórnsýslu okkar í dag að menn koma með mikil og góð frumvörp og tillögur en síðan er það næsta ríkisstjórn sem á að borga brúsann.

Nákvæmlega það sama er upp á teningnum í því frv. sem hér verður til umræðu á eftir um landgræðsluáætlun. Jú, 50 millj. eiga að leggjast af núv. ríkisstjórn. Næsta ríkisstjórn á að leggja 200 millj. Þetta er það sem við okkur blasir. Þetta er það sem menn eru að setja fram og lofa upp á kostnað annarra sem og eftirkomendanna.

Annað sem ég get ekki stillt mig um að minnast á þar sem hæstv. landbrh. er um leið umhvrh. er að hér hafa menn verið að reyna að skreyta sig með því að þetta eigi að taka upp koltvíoxíð úr andrúmsloftinu en ég vil minna á að það er mikill fjöldi annarra eitraðra lofttegunda sem menn eiga eftir að sjá við auk þess og hvergi er von til þess að taka á með þessum hætti.

[14:49]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Við getum velt fyrir okkur hvers vegna við eigum að stunda skógrækt í landinu. Auðvitað hefur skógrækt þjóðfélagslega þýðingu. Skógrækt hefur einnig félagslega þýðingu og hún hefur jákvæð, umhverfisleg og vistvæn áhrif. Markmiðið er auðvitað að græða landið fyrir komandi kynslóð, bjóða sem flestum þátttöku í ræktunarstarfinu og að rækta fjölnytja skóg. Forsendurnar þurfa að vera vísindaleg þekking. Þá þekkingu höfum við þegar og ég vík betur að því á eftir. Við þurfum nægilegt landrými til skógræktar, stjórnun framkvæmda og tryggingu fyrir fjármagni. Ég vík að öllum þessum punktum í ræðu minni.

Ég vil byrja á því að fagna því sérstaklega að frv. hafi verið lagt fram. Ég er einn af þeim sem hafa mikla trú á skógrækt hvort heldur er um að ræða nytjaskógrækt eða skógrækt til yndisauka og ánægju. Það hefur þegar komið fram í umræðunni að skógræktin dregur úr koldíoxíðmyndun og með þeim hætti kappkostum við að reyna að standa við hið svokallaða Ríó-samkomulag.

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. um nýtingu innlends trjáviðar. Héraðsskógarnir hafa þegar sannað að hægt er að nýta innlendan trjávið, hvort heldur er til listmunagerðar eða til iðnaðar. Það er afar fróðlegt og athyglisvert að koma til bæja eins og Egilsstaða, koma þar t.d. inn á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands þar sem innviðirnir eru allir úr íslenskum trjáviði. Mannvirki í kringum sundlaugina á Egilsstöðum er einnig úr innlendum trjáviði og innviðir kirkjunnar á Djúpavogi. Ég vil líka vekja athygli á því að þegar hefur verið búin til í límtrésverksmiðjunni á Flúðum límtrésbrú úr innlendum skógarviði.

Tilgangur þessa frv. um Suðurlandsskógaáætlun er nýting fjölnytja skógar og skjólbelta í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, einnig umhirða skóglendis sem fyrir er og um leið til þess að treysta og tryggja byggð á sama tíma og við erum að fjárfesta í nýrri auðlind og þar með að efla atvinnulíf til frambúðar. Fjölnytjaskógrækt felur í sér ræktun timburskóga til iðnaðar og einnig landbótaskóga sem hefur fegrunar- og útivistargildi. Það er í raun löng hefð fyrir skógrækt á Suðurlandi og má segja að þetta frv. sé í beinu framhaldi af nytjaskógrækt sem hófst á Suðurlandi á býlunum Hrosshaga og Spóastöðum í Biskupstungum árið 1989.

Mig langar til þess að nefna örfá dæmi um hefðina fyrir skógrækt á Suðurlandi. Á býlinu Múlakoti í Fljótshlíð ræktaði Guðbjörg Þorleifsdóttir fyrsta skóg á bændabýli á Suðurlandi og er það reyndar einn fyrsti skógur sinnar tegundar á landinu. Það voru einnig verðar mjög merkar tilraunir af Klemensi heitnum Kristjánssyni, tilraunastjóra á Sámsstöðum, í alhliða ræktunarstarfi, kornrækt og einnig í skjólbeltarækt. Minna má á hlíðarnar við Kirkjubæjarklaustur, Skóga, og einnig ofan við býlið Hvamm undir Eyjafjöllum og það má segja að skógræktarmennirnir í Hvammi hafi haft trú á gildi skógarins, þó með öðrum hætti en fjölmargir aðrir vegna þess að þar rækta þeir skóginn m.a. til að taka við skriðuföllum sem m.a. gætu fallið á bæinn.

Starfsemi Skógræktar ríkisins á Suðurlandi er öflug og einnig er öflugt starf skógræktarfélaganna í sýslunum. Skóg-

arbændur á Suðurlandi hafa unnið öflugt og gott starf og eiga stóran þátt í því að þetta frv. er vonandi að verða að veruleika. Ýmis félagasamtök eins og kvenfélög, ungmennafélög og önnur félagasamtök hafa unnið verulega að ræktunarstarfi á Suðurlandi sem og annars staðar á landinu. Mig langar einnig til þess a benda á framtak vísindamanna hjá Skógrækt ríkisins á Mógilsá, heilbrigðiseftirlits Suðurlands á Selfossi, Austur-Landeyinga og Hvolhreppinga þar sem verið er að nýta seyru til skógræktar. Þar með er í raun og veru verið að fullnægja hringrásarhugmyndinni um sjálfbæra þróun. Seyran hefur verið notuð á Markarfljótsaura og reyndar víðar. Seyra er brottfall úr hreinsistöð frárennslis á Hvolsvelli og nýtist mjög vel í skógrækt.

Frv. um Suðurlandsskóga er í raun og veru liður í átaki ríkisstjórnarinnar til landgræðslu og skógræktar fram til aldamóta. Fyrirmyndin er sótt í Héraðsskógaverkefnið en reynsla þess og árangur er staðreynd. Það eru ýmsar nýjungar í þessu frv. svo sem hugtakið landbótaskógrækt. Það eru einnig nýjungar varðandi endurgreiðslu til ríkissjóðs við skógarhögg, þ.e. hér er í raun og veru um lán að ræða en ekki beina styrki, og fjármögnun er að hluta til komin vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar frá 13. des. sl.

Það er vert að þakka framtak skógræktarstjóra ríkisins, Jóns Loftssonar, Búnaðarsambandi Suðurlands og starfsmönnum þessa verkefnis, undir forustu Björns B. Jónssonar skógfræðings, en þeir hafa unnið að undirbúningi þess með miklum ágætum. Ég er sannfærður um að ef ekki hefði komið til þessarar miklu og góðu undirbúningsvinnu værum við ekki að ræða þetta frv. í dag. Það er von mín að í framtíðinni megi sem allra flestir njóta skóga og skógræktar. Eins og fram kom áðan hefur skógræktin mikið uppeldislegt gildi og frv. leiðir til þess að við skilum landinu okkar betra fyrir komandi kynslóð.

Ég endurtek þakklæti mitt fyrir að þetta frv. skuli fram komið og ég vænti þess og vonast til að frv. verði að lögum á þessu þingi.

[14:57]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Örfá orð um þetta mikilvæga mál. Ég fagna því að það skuli nú vera komið hér til þingsins og auðvitað ekki seinna vænna því að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að ná fram í vor. Unnin hefur verið mikil áætlun sem mun hafa mikla þýðingu á Suðurlandi. Þetta er áætlun upp á 40 ár, að 15 þús. hektarar falli undir timburskógarækt og 10 þús. km af skjólbeltum miðað við einfalda plönturöð og 20 þús. hektara lands til landbóta og skógræktar. Hér er því mál sem markar tímamót og er framhald af þeirri góðu reynslu sem fengist hefur af Héraðsskógaátakinu sem mig minnir að hafi verið umdeilt mál að sumu leyti þegar ég var fyrst á þingi. Mönnum þótti þar farið með mikið fjármagn og sumir héldu í lítið, en ég er sannfærður um að það verkefni hefur haft mikla þýðingu, ekki bara fyrir Austurland heldur fyrir þjóðina í heild og mun skila sér margfalt til baka. Hér er því verið að stíga ný skref í svipaða átt að virkja fleiri hendur, fleiri svæði í landinu sem eru vel fallin til skógræktar, vekja áhuga meðal fólks sem er mjög vaxandi.

Það má segja að því miður hafi það verið svo fram eftir þessari öld að bændur hafi verið of neikvæðir hvað skógrækt varðar. Ég tel að það hafi stafað af óheppilegum deilum sem áttu sér stað, ekki síst á milli Halldórs Pálssonar, þess mæta manns, sauðfjárræktarráðunauts, og Hákons Bjarnasonar skógræktarstjóra en þeir deildu oft hart um sauðkindina og tré og voru ekki sammála og bændur skipuðu sér mjög í sveit Halldórs Pálssonar. Þarna voru allt of harðar skoðanir á milli því að auðvitað fer skógrækt saman við búskap í landinu. Það hefur glatt mig að sjá það t.d. á Austurlandi, þar sem bændur hafa unnið mikið átak á sínum jörðum, að þar hafa þeir þegar hafið beit á sauðfé í skógi hjá sér og sýnist mér það dafna vel og sé að trén og skógurinn eiga samleið þegar frá líður.

En ég fagna því sérstaklega að menn hafa líka áttað sig á því að bændurnir í landinu eru lykillinn að því að menn geti farið í svona stórhuga verkefni. Þeir eiga jarðirnar, þeir eiga tækin og þeir eiga ástina til landsins þannig að þegar þeir hafa vaknað til þessara verka eins og nú er að gerast, þá munum við sjá mikinn árangur. Auðvitað eru það bændur sem þurfa í vaxandi mæli að koma að skógræktinni og ekki síður að landgræðslu því að þeir búa yfir mikilli verkþekkingu og eiga mikið af tækjum sem hægt er að beita — og tíma.

Við sjáum að hér eru menn að berjast gegn mengun með þessu átaki. Það er auðvitað skaði í okkar þjóðfélagi að menn stefna má segja atvinnutækifærum hverju gegn öðru. Ég styð auðvitað stóriðju sem þarf að vera bundin miklum skilyrðum um mengunarbúnað o.s.frv. þannig að ég held að menn eigi ekki að fordæma hana. En það er líka mikilvægt að fara út í átök til að binda koldíoxíð eins og hér hefur verið rakið o.s.frv.

Ég hef fundið á Suðurlandi mikinn áhuga meðal bænda til að takast á við þetta stórhuga verkefni. En ég er líka sannfærður um að þegar bændurnir hafa gengið til liðs við bæði landgræðslu og skógrækt, þá finn ég að það er batnandi samband á milli sveitanna og þéttbýlisins og meiri skilningur þannig að þetta hefur margt gott í för með sér. Ég ætla ekki að ræða einstakar greinar þessa frv. heldur mun ég sem einn af landbúnaðarnefndarmönnum fara yfir þetta mál og vona ég að þar verði samstaða um málið og við getum afgreitt það á vorþinginu.

[15:03]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna sérstaklega fram komnu frv. um Suðurlandsskóga og þeim tímamótum sem það verkefni á væntanlega eftir að leiða í ljós er fram líða stundir. Það eru nokkur ár síðan tekið var upp verkefnið bændaskógar á Íslandi. Það verkefni var nánast búið að staðsetja á Suðurlandi, í uppsveitum Árnessýslu þegar páv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, tók pólitíska ákvörðun og flutti það verkefni austur á land. Það verkefni hefur skipt miklu máli fyrir uppgræðslu og skógrækt í landinu og það er því sérstaklega spennandi nú skuli valið verkefnið á því landsvæði sem hefur mesta möguleikana á skógrækt á Íslandi, mesta fjölbreytnina og mesta möguleikana. Og það er skynsamleg niðurstaða sem felst í þerri leið sem verkefnið velur.

Það má segja að víða á Suðurlandi sé komin mikil reynsla á skógrækt á þessari öld. Það má til að mynda nefna Mosfell í Grímsnesi, það má nefna staði víða í Árnessýslu, Haukadalsheiðina og Haukadalinn þar sem Skógrækt ríkisins hefur verið með mikil verkefni sem hafa gengið vel, bæði með skógræktartilraunum með birki og lúpínu í hálendisbrúninni á Haukadalsheiðinni. Og það má nefna í Rangárvallasýslu og víðar þar sem mikill áhugi hefur verið á skógræktinni og gott verklag gengið fram til árangurs.

Það er markmiðið með þessu verkefni, Suðurlandsskógar, að gefa sem flestum færi á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt á Íslandi og það er mjög spennandi. Það eru mjög mismunandi

möguleikar og mismunandi áhugi, mismunandi áhugasvið sem menn vilja leggja rækt við og ljóst að nær 40% af láglendi Suðurlands sem alls er talið vera um 750 þúsund hektarar er vel fallið til skógræktar og það er ekki svo lítið svæði sem hægt er að grípa í til þess að vinna til árangurs, vinna til nýtingar fyrir landið, til atvinnusköpunar og eðlilegrar þróunar og endurheimtar skógræktar og skógar á Íslandi. Fjölbreytnin er sem sagt megineinkenni Suðurlandsskóganna.

Það sem er kannski skemmtilegasta nýjungin í Suðurlandsskógunum er landbótaskógræktin. Þar er viðarvöxtur ekki megintakmarkið heldur aðrar skógarnytjar, svo sem skjól, fuglalíf, útivist og landslag og það er hlutur af umhverfisvænni stefnu nútímans að hugsa um það allt í senn. Það er ekki einvörðungu hugsað um timburskóga til þess að hafa af þeim beinar tekjur heldur til þess að rækta landið, hlúa að því og skila því betur frá okkur en við höfum tekið við því.

Í landbótaskógræktinni er reiknað með 20 þúsund hekturum fyrst og fremst á minna grónu þurrlendi, að einhverju leyti þó á ógrónu landi og þannig gætu landbótaskógar þakið um það bil 5% þeirra landflokka sem um er að ræða í þessum efnum. Landbótaskógrækt, þ.e. sjálfgræðsluskógur, birkiskógur og trjáskermur, sem þýðir gróðursetning gisins skerms trjá, er því feikilega spennandi verkefni í uppsetningu þessa frv. Skjólbeltarækt hefur einnig lengi verið verið stunduð á Suðurlandi, og meira á Suðurlandi en annars staðar á landinu, og í þessu verkefni, Suðurlandsskógum, er hugmyndin að rækta um 10 þúsund km af skjólbeltum miðað við einfalda röð. 10 þúsund km er fjórðungur af hringnum í kringum jörðina og það er þokkaleg leið þegar um einfalda röð trjáa er að ræða. Vonandi verður þetta vísirinn að því að menn fjórfaldi þetta, fari hringinn, en þetta er góð byrjun og fyrst og fremst vil ég fagna því að frv. hafi verið lagt fram Það var mjög tímabært. Það gaf miklar vonir þegar menn voru að setja upp verkefnaáætlun um svokallaða bændaskóga fyrir nokkrum árum og það var mikið áfall þegar það var flutt af Suðurlandi en nú hefur hæstv. landbrh. tekið af skarið í framgangi málsins með þessu frv. og því ber að fagna.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ánægjulegt að sjá hv. þm. Árna Johnsen hér í þingsalnum, ánægjuleg tilbreyting og sætir satt að segja nokkrum tíðindum (Gripið fram í.) en þetta frv. um skógrækt á Suðurlandi hefur megnað það afrek og náð þeim árangri nú þegar að draga hv. þm. Árna Johnsen hingað í þingsalinn og þarf nú ekki lítið til eins og kunnugt er.

En ég verð að gera mjög alvarlegar athugasemdir við þá söguskoðun hv. þm., þá sögufölsun sem hv. þm. reyndi að koma hér inn í þingtíðindin og sagði hér úr þessum stóli áðan að í reynd hefði verið svo gott sem búið að staðsetja Héraðsskógaverkefnið á Suðurlandi en ég hefði síðan tekið pólitíska ákvörðun sem landbrh. að flytja það austur á Hérað. Þetta er fjarri öllum sanni og hv. þm. verður að gera svo vel og kynna sér hlutina betur. Héraðsskógaátakið var með vissum hætti framhald af fyrra skógræktarátaki á Fljótsdalshéraði sem búið var að vinna að um hríð en síðast en ekki síst var það auðvitað frumkvæði og áhugi heimamanna á Héraði sem kom því verkefni á þann rekspöl og olli því að það fékk þann byr sem raun bar vitni. Héraðsskógaverkefnið var frá upphafi algjörlega sjálfstætt verkefni utan fjárlaga Skógræktar ríkisins. Um það voru sett sérlög og það tengdist einnig aðstæðum sem uppi voru á Fljótsdalshéraði á þeim tíma, m.a. vegna riðuniðurskurðar á sauðfé. Bændaskógrækt var samtímis stunduð til hliðar á bændabýlum í nokkrum héruðum landsins algjörlega óháð Héraðsskógahugtakinu og hefur verið svo með stuðningi af fjárlagalið Skógræktar ríkisins. Hér er því verið að blanda saman algjörlega óskyldum hlutum og fara rangt með staðreyndir.

Hitt er rétt að skilyrði til skógræktar eru mjög góð í uppsveitum Suðurlands, einhver þau bestu á landinu, og þar eru stór samfelld svæði sem vænleg eru í þessu skyni. Á það benti ég á sínum tíma og hvatti til þess að menn tækju Héraðsskógaáætlunina sem fordæmi fyrir sambærilegu átaki í fleiri landshlutum. Ég get sagt það hér að mér hefur fundist ganga ansi hægt síðan Héraðsskógaverkefninu var hrint af stað að koma sambærilegum áætlunum í gang á öðrum svæðum, þeim sem best væru fallin til skógræktar eins og í uppsveitum Suðurlands, í Eyjafirði, í Borgarfirði og jafnvel víðar. (Forseti hringir.) Það getur hver sem er reynt að geta sér til um það hvers vegna trippin hafa verið rekin svona slælega að það hefur tekið allan þennan tíma frá því að Héraðsskógarnir fóru af stað að koma þessu í gang á Suðurlandi.

[15:12]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ærið hvimleitt þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár kemur sífellt upp í ræðustól og er með hálfgerðan skæting í garð þingmanna, alltaf á sömu nótunum, að því beri að fagna að þeir sjáist í þingsal. Menn eru yfirleitt ekki að kvarta yfir því þó að hv. þm. sé að gegna öðrum verkefnum á þingtíma og er það ærið oft eins og vera ber og eðlilegt er en það er alltaf sama skítkastið hjá hv. þm. og það ber að harma það þó það sé orðinn hálfgerður kækur hjá þingmanninum að tala á þennan hátt.

Það var kannski óþarfa viðkvæmni hjá ráðherranum fyrrv. að bregðast svona við ábendingu um það þegar hann tók verkefni, áform og hugmyndir sem stóð til að byggja upp í Árnessýslu, í Gnúpverjahreppi, Hrunamannahreppi og Biskupstungum og allir vita sem þekkja að var komið langt á veg þegar ráðherrann sló það af borðinu í valdi síns embættis og flutti austur á land. Síðan kom láðeyða í öll þau verk sem menn hugðust vinna þar og var mjög að frumkvæði bænda í uppsveitum Árnessýslu og skógræktarfélaga og reyndar aðila víðar úr kerfiu en það var pólitísk ákvörðun og það er rétt. Það þýðir ekkert fyrir ráðherrann að bera það af sér að hafa ekki tekið þessa ákvörðun. Það verkefni hefur skilað góðum árangri og er spennandi. En þetta er staðreynd sem ráðherrann er ábyggilega ekki búinn að gleyma en þykir kannski vont að hafa gert á sínum tíma vegna þess að það var kannski ekki skynsamlegasta forgangsröðunin. Um það er ég ekkert að deila. Ég bendi aðeins á ákveðna niðurstöðu og staðreynd í þætti hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem fyrrv. landbrh. og það þekkjum við Sunnlendingar.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. að stilla orðum sínum í hóf.)

[15:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég leiði hjá mér munnsöfnuð hv. þm. en reyni að halda mig við staðreyndirnar eða koma þeim hér að. Það er alveg fjarri öllu lagi að Héraðsskógaverkefnið hafið verið komið einhvers staðar annars staðar af stað í landinu.

Það var algjör nýbreytni þegar það kom til sögunnar. Þar var farið í skógrækt með öðrum hætti en nokkurn tíma áður hafði verið gert á Íslandi, af allt annarri stærðargráðu og grundvöllur verksins var með alveg nýjum hætti. Eina umtalsverða skógræktarverkefnið sem áður hafði verið í undirbúningi á Suðurlandi svo ég muni til var skógræktarátak sem menn huguðust fara í í Laugardal eða í kringum Laugarvatn á sínum tíma en fór að mestu leyti út um þúfur af ýmsum ástæðum sem ekki er ástæða til að vera að rekja hér. Það var algjörlega aðskilið mál. Héraðsskógaverkefnið var frá upphafi, eins og ég hef hér tekið fram, algjörlega sjálfstætt. Það var frá upphafi skipulagt og miðað við skógrækt á Fljótsdalshéraði, og eftir því tekur það nafn. Þetta geta margir borið um sem hér eru inni og þekkja þessa sögu.

E.t.v. gagnast Árna Johnsen svona sagnfræði á Suðurlandi. Þó efast ég stórlega um það að Sunnlendingar leggi eyru við svona fleipri eða slúðri eins og ég leyfi mér að kalla þetta, tilraun til þess að falsa sögu sem liggur algjörlega fyrir, m.a. hér í þingtíðindunum í gegnum sögu Héraðsskógaverkefnisins, sem flutt var inn hér sem þingmál sem aflað var fjárveitinga til, sem sett voru um sérstök lög á grundvelli hverra samningar voru síðan gerðir við bændur o.s.frv. Þetta veit ég að margir hv. þingmenn þekkja.

Ég nota svo tækifærið, herra forseti, af því að ég hef ekki mikinn áhuga á því að eiga frekari orðaskipti við hv. þm. Árna Johnsen, til þess að óska þessu skógræktarverkefni á Suðurlandi alls góðs og ég fagna því að það skuli vera fram komið. Vonandi verður svo víðar að þar sem skilyrði eru álitleg til skógræktar, þá verði farið í stórátak í þessum efnum í samvinnu við bændur og með þeim hætti að bændur annist framkvæmdina eins og nú hefur sýnt sig að gefa mjög góða raun á Fljótsdalshéraði. Ég fullyrði að menn munu, þó síðar verði, meta að verðleikum það myndarlega átak sem Héraðsskógverefnið er, í raun og veru fyrsta alvöruskógræktarverkefnið á Íslandi af þeirri stærðargráðu sem þar er á ferðinni.

[15:17]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni yfir því að þetta mál er komið hér fram. Ég tel að hér sé um mjög merkilegt mál að ræða og ég tel það af fenginni reynslu og af því að hafa haft árangur slíkra verkefna fyrir augunum nú um margra ára skeið. Ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi að leggjast í einhverjar söguskýringar á því að verkefni hafi verið færð austur á Hérað frá Suðurlandi. Ég kannst ekki við að svo hafi verið gert. Það var áhugi á Austurlandi og jarðvegur fyrir þessum málum. Þar var á sínum tíma komið í gagnið svokallaðri Fljótsdalsáætlun sem var í smáum stíl en gaf eigi að síður það góða raun að áhugi vaknaði eystra fyrir því að halda áfram í þessa veru. Við þingmenn Austurlands fluttum m.a. þingsályktunartillögur í þessu sambandi þar sem hvatt var til þess að halda áfram á sömu braut. Sú tillaga var samþykkt á Alþingi og síðan kom að því, á þeim tíma þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. var landbrh., að þetta var fest í löggjöf. Þetta er samfella sem er staðreynd og þarf ekkert að deila um.

Það sem er athyglisverðast núna er að það verkefni sem fór af stað hefur gefið það góða raun og árangurinn verið það góður að áhugi hefur vaknað miklu víðar. Hann hefur vaknað miklu víðar en á Suðurlandi. Ég tel það rétt skref að setja upp núna afmarkaða áætlun og fylgja eftir þeim áhuga sem hefur verið á Suðurlandi fyrir þessum málum auk þess sem þar eru skilyrði til þess að ná árangri. En það er miklu víðar áhugi. M.a. hefur vaknað og verið fyrir hendi víðar áhugi á Austurlandi fyrir þessum málum og þar á meðal á Austfjörðum og einnig á Vestfjörðum. Þaðan hafa komið fram tilmæli um að undirbúa slíkar áætlanir. Ég tel skynsamlegt að taka þessar skógræktaráætlanir í þrepum og fylgja eftir þeim undirbúningi og þeim áhuga sem er á skógræktarverkefnum. Það er ekki sama hvernig að þessum málum er staðið. Þessar áætlanir þurfa að vinnast í mjög góðu samráði og með samþykki bændanna á hverjum stað og þessi verkefni eru í raun sprottin af áhuga þeirra í og með. Það hefur reynst afskaplega farsælt, t.d. fyrir austan en þar var það þannig, að bændur hafa tekið hluta af sínu landi til skógræktar og starfsmenn Héraðsskóganna hafa síðan unnið undirbúnings- og tæknivinnu sem er afar áríðandi að sé vel af hendi leyst því það er ekki sama hvernig skógur er settur í landið. Hann verður að falla að landinu. Sú vinna verður að vera á hendi fagmanna sem vinna þau kort sem nauðsynleg eru til undirbúnings þessum verkefnum og síðan framkvæma bændurnir þetta með sínum tækjum og verkfærum og áhuga sínum á ræktun sem eins og fram hefur komið hér er grundvallaratriðið. Bændur eru ræktunarmenn. Sá tími er löngu liðinn þegar eilíflega var verið að þrasa um að skógrækt og sauðfjárrækt gætu ekki farið saman. Það hefur sýnt sig að þessar atvinnugreinar geta það vel.

Ég vildi aðeins leggja orð í belg í þessari umræðu vegna þess að ég tel að um sé mjög merkilegt mál að ræða. Ég hef áhuga á því að það gangi fram og tel rétt að taka nú til hendinni og ég tel að engum tilgangi þjóni að leggjast nú í einhverjar söguskýringar á því hvort hugsanlegt hefði verið að Héraðsskógaverkefnið færi fyrst á Suðurland. Héraðsskógaverkefnið er einfaldlega staðreynd. Það hefur gefið góða raun og hefur vakið áhuga um land allt á sambærilegum verkefnum. Það er sú staða sem uppi er núna og það er sá áhugi sem við eigum að fylgja eftir.

[15:23]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst full ástæða til að þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni og reyndar hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir það hve vel þeir taka í þetta verkefni. Mér finnst skipta afar miklu máli þegar um er að ræða jafnjákvæð verkefni og hér eru að við sýnum samstöðu og í raun og veru kemur þessi samstaða fram í umræðunni sem hér hefur farið fram.

Mér finnst líka ástæða til að þakka hæstv. núv. landbrh. fyrir þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt á þessu verki. Ég hvet til þess að við höldum vel utan um þetta mál, komum því til framkvæmda og það á þessu þingi. Ég er reyndar einn af fjölmörgum flutningsmönnum þáltill. um skógræktarátak á Íslandi. Ég hygg að þar sé um að ræða þingmenn úr öllum kjördæmum þessa lands. Það er næsta skref á þessari vegferð okkar í skógrækt á Íslandi. Í þeirri þáltill. er talað um að tekið skuli mið af Héraðsskógaáætluninni sem samþykkt hefur verið og núna Suðurlandsáætluninni sem við höfum verið að ræða. En ég endurtek það hve mikilvægt er að við sýnum þessu mikilvæga máli mikla og góða samtöðu og fyrir hana vil ég þakka.

[15:25]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki eingöngu kominn hingað til að móttaka þakkir. Ég vil aðeins undirstrika betur að ég sagði hér áðan, að það væri rétt að fara í þetta verkefni í þrep-

um og á afmarkaðan hátt. En ég tel að auðvitað eigum við að halda áfram þessu starfi víðar og hafa í þessu samfellu vegna þess að þetta er eitt af því sem bætir landið og eitt af því sem bætir loftslagið. Umhverfismálaumræða hefur verið allnokkur undanfarið. Ég ætla ekki að fara að taka hana upp hér í víðum skilningi en þetta slær þó tvímælalaust tvær flugur í einu höggi því þetta bætir umhverfi og veðurfar. Skógrækt bætir loftslagið eins og oft hefur komið fram í umhverfismálaumræðunni.

[15:26]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest það sem hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í ræðu sinni um verkefni Suðurlandsskóga og þróun skógræktar á Íslandi. En ég vil undirstrika það að ég hef alla tíð fagnað framgangi Héraðsskógaverkefnisins og það hefur skilað miklum árangri og sýnt að við erum á réttri leið. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að fyrrv. landbrh. tók á sínum tíma af skarið. Ég sagði ekki að það hefði verið tekið verkefni af Suðurlandi. Það var tekin ákvörðun um að verkefnið færi fram á Austurlandi.

Á svipuðum tíma voru uppi áform um verkefni sem kallað var skógrækt og bændaskógar í Laugardalnum og uppsveitum Árnessýslu. Það teygðist víða um Suðurlandskjördæmi og mikil áform voru um það hjá mörgum góðum skógræktarmönnum. Og á sama tíma var fjallað um annað verkefni austur á Héraði. Ég fylgdist grannt með þessu máli á sínum tíma. Ég fylgdist grannt með þeim væntingum sem voru uppi, m.a. um ræktun trjáa og um gróðrarstöðvar til þess að fylgja þessu verkefni eftir og það er einföld staðreynd að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tók af skarið. Menn verða að þora að taka af skarið. Hann gerði það. Ég var ekki sammála því en það þýðir ekkert að vera að setja einhverja engilmynd upp núna eins og þetta hafi aldrei komið til. (**SJS:** Ertu ekki í andsvari við mig?) Það þýðir ekkert. Og þó að hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason þakki Steingrími J. Sigfússyni sérstaklega fyrir velvilja hans í garð Suðurlandsskóganna, þá hefði hann kannski átt að ... (**ÍGP:** Það er í garð þessarar tillögu, þessa frv.) Ég vil minna á að það hefði verið hugsanlegt að þakka honum fyrr. (**ÍGP:** Ég var ekki á þingi þá.)

[15:28]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu öllu frekar. Ég rakti það áðan að lögin um Héraðsskógana hefðu verið sett í tíð hæstv. landbrh., Steingríms J. Sigfússonar, á sínum tíma og rakti þá forsögu. Ég held að við eigum ekki úr þessum ræðustól að vera að leggjast í einhverjar söguskýringar um fortíðina þegar við erum með mikilvæg framfaramál í höndunum. Við eigum auðvitað að líta til þeirrar reynslu sem við höfum fengið. Við höfum fengið góða reynslu af slíkum verkefnum. Menn eru sammála um það og því fagna ég því að haldið er áfram á sömu braut því ég hef trú á þessu og ég vil trúa því að haldið verði áfram víðar og þá á vandaðan hátt og staðið vel að þessu eins og ég tel að gert hafi verið hingað til.

[15:30]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil bara þakka fyrir þær ágætu umræður sem hafa orðið um þetta frv. sem hér liggur fyrir og hefur verið til 1. umr. og lýsa ánægju minni með að það hefur fengið hér almennt góðar undirtektir og væntanlega að það fái þá skjótan framgang á þinginu. Auðvitað fer þetta mál af stað eins og fjárveitingar gera ráð fyrir nú og er bundið við það átak sem ríkisstjórnin hefur lagt til að sett verði til landgræðslu og skógræktar. Það eru þeir fjármunir sem við höfum úr að spila.

Í frumvarpsgreinargerðinni er gert ráð fyrir mjög framsækinni áætlun til nokkurra áratuga með stórum upphæðum. Það er fyrst og fremst sett fram til þess að það liggi fyrir hvað átak af þessari stærðargráðu kostar, en það er að sjálfsögðu löggjafans hverju sinni að veita til þess fjármuni eftir því sem menn telja mögulegt, eftir því sem talið er bolmagn til og eftir því hvernig menn vilja forgangsraða verkefnum. Meira get ég ekki sagt um það mál en ég vona sannarlega að á komandi tímum sjái menn ástæðu til að leggja aukna áherslu á skógrækt og landgræðslu. Og vil ég í því sambandi ítreka það sem ég nefndi áðan og taka undir þau ummæli hv. 4. þm. Norðurl. e., að vonandi verði framkvæmdum haldið áfram og víðar eins og hann orðaði það. Ég gat þess einmitt í framsöguræðu minni, þar sem ég fór í stuttu máli yfir söguskoðun verkefnisins út af því að þar hafði verið rætt um hvernig skógrækt á Íslandi hefur farið af stað á undanförnum áratugum, að verkefni í nytjaskógrækt á bújörðum sem stundum hefur verið kölluð bændaskógar hófust formlega á árinu 1970 og þá þegar austur á Fljótsdalshéraði. En sú framkvæmd, bændaskógar eða nytjaskógrækt á bújörðum, hefur síðan breiðst út á fleiri landsvæðum, m.a. Suðurlandi, Skagafirði, Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslum og Borgarfirði svo að þau héruð séu nefnd þar sem þetta átak hefur verið frekast í gangi. Það er mín skoðun og kannski mínar væntingar að við munum í framhaldi af þessari áætlun og að fenginni reynslu af Héraði búa til heildstæða framkvæmdaáætlun í skógrækt fyrir landið allt þar sem tekið verði mið af þeim breyttu áherslum sem fram koma í þessu frv. um Suðurlandsskógana. Ég undirstrika það sem fram kom um það efni í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég var að öðru leyti sammála því sem hann setti hér fram um það efni og þakka hv. þm. fyrir undirtektir þeirra við frv. að öðru leyti.

[15:33]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. landbrh. fyrir þetta frv. sem hér liggur fyrir sem mér finnst vera mjög áhugavert. Ég á þess kost að fylgja því eftir, grein fyrir grein, í landbn. og mun að sjálfsögðu gera það þar. En það er eitt atriði sem ég hef saknað bæði úr frv. og þessari umræðu og það er að ég sé hér hvergi minnst á umhverfismat.

Ég tel að svo viðamikil skógrækt sem hér er ráðgerð muni hafa afgerandi umhverfisáhrif þegar til lengri tíma er litið og mér finnst svolítið sérkennilegt að sérstakt umhverfismat skuli ekki hafa verið gert í tengslum við þetta og vildi gjarnan fá skýringu á því.

[15:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gerði nokkra grein fyrir því í framsöguræðu með málinu að ljóst er að verkefni af þessari stærðargráðu um skógrækt á stórum landsvæðum hafa afgerandi áhrif á vistkerfið með ýmsum breytingum og að Skógræktin hefur sínar eigin vinnureglur varðandi mat á þessum þáttum, þ.e. að gæta þess að skógrækt falli að landinu og sé hagað þannig að ásættanlegt sé, varðandi vistkerfi, sérkenni lands, mannvistarleifar og fleira í þeim dúr. Einnig er ráð fyrir því gert í þessu átaki að Skógrækt ríkisins sem verður stjórnunaraðili að verkefninu, muni hafa samráð og

samstarf við sveitarstjórnir, búnaðarsambönd, Skipulag ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins um þróun verkefnisins. Allt þetta tel ég að sé bæði eðlilegt og nauðsynlegt. Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er hins vegar ekki kveðið á um að framkvæmdir af þessu tagi skuli fara í mat en ráðherra getur samkvæmt annarri grein þeirra laga, mig minnir að það sé 6. gr., ákveðið að einstök verkefni af ákveðnum stærðargráðum að mati yfirvalda skuli fara í mat á umhverfisáhrifum. Slíkt hefur átt sér stað. Ég nefni t.d. verkefnið um uppgræðslu á Hólasandi svo eitthvað sé tilgreint. Ég held að þetta verði að skoðast ofurlítið með eðli framkvæmdarinnar í huga. Ef hér um að ræða framkvæmdir á bújörðum sem eru á afmörkuðum svæðum en ná ekki yfir stór landsvæði sem mælast í tugum ferkílómetra eða þaðan af stærri landsvæði, þá er mat á umhverfisáhrifum kannski ástæðulaust miðað við það að málum sé framfylgt eins og ég hef hér ítrekað úr framsöguræðu minni. En sé um að ræða breytingar á stórum landsvæðum sem lögð eru undir í heilu lagi, þá kemur hitt fremur til álita.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 377. mál. — Þskj. 662.

[15:37]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. á þskj. 662 ber ég fram þáltill. um stefnumótun í menntamálum í landbúnaði ásamt þeim hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni og Svanfríði Jónasdóttur. Tilefni þáltill. er að fjalla um afmarkaðan þátt í landbúnaði en vert er að hafa í huga að líklega hefur engin atvinnugrein hér á landi breyst jafnmikið á þessari öld og einmitt landbúnaður. Það sýnir e.t.v. best hve miklar breytingar hafa átt sér stað í landbúnaði ef sú staðreynd er skoðuð að nú eru um það bil 5% af vinnuafli landsmanna bundin að störfum í hefðbundnum landbúnaði. En fyrir tæpum 60 árum voru um 32% eða um $^1/_3$ af vinnuafli landsmanna í landbúnaði. Þetta segir okkur að það hafi átt sér stað mjög verulegar breytingar í landbúnaði á síðustu áratugum, breytingar sem hafa haft í för með sér miklar afleiðingar fyrir þjóðfélagið allt og ekki hvað síst þennan atvinnuveg.

Þáltill. byggist á þeirri skoðun flutningsmanna að mikilvægt sé fyrir atvinnugreinina að huga vel að stefnumótun í menntamálum þannig að skipulagi þar sé sem best háttað til að árangur náist innan greinarinnar. Tillagan sjálf gerir ráð fyrir að landbrh. skipi nefnd til að vinna að stefnumótun í menntamálum landbúnaðarins og sérhæfðir aðilar skipi þessa nefnd, þar á meðal fulltrúar þingflokka, sérhæfðir aðilar úr menntmrn. og landbrn., fulltrúar frá sérskólum landbúnaðarins — þar er átt við skólastjórnendur, kennara og nemendur — fulltrúa hagsmunasamtaka í landbúnaði og frá öðrum samtökum á vinnumarkaði, fulltrúa framhaldsskólastigsins og háskólastigsins og aðilar frá rannsóknastofnunum tengdum landbúnaði. Það er augljóst af þessari upptalningu að hér er leitast við að búa til vandaða umgjörð um mikilvægt málefni.

Í tillögunni segir að þessi nefnd skuli sérstaklega kanna skipulag á sérhæfðri menntun í landbúnaði, þ.e. hvernig því sé best fyrir komið, skoða fyrirkomulag í öðrum löndum, líta til námsefnis í grunn- og framhaldsskólum og rannsaka menntunarstig í landbúnaði, skipulag endurmenntunar og gera tillögur um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og gera ábendingar eða skoða tengsl rannsókna við skólastarf. Það er augljóst af tillögugreininni að hér er búin til verkáætlun með aðkomu fjölmargra aðila sem vel þekkja til málsins.

Skipulag landbúnaðarmenntunar hér á landi hefur einkum falist í menntun í sérskólum sem eru þrír hérlendis, þ.e. bændaskólarnir á Hólum og á Hvanneyri og í Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi. Í tengslum við Bændaskólann á Hvanneyri er rekin búvísindadeild bændaskólans sem er kennslustofnun á háskólastigi, eina kennslustofnun á háskólastigi sérstaklega í landbúnaðarfræðum.

Þessir sérskólar hafa eina sérstöðu sem er vert að vekja strax athygli á í umræðunni og það er að stjórnsýslulega heyra þessir skólar undir landbrn. Almenn regla í okkar þjóðfélagi er að skólakerfið heyri allt stjórnsýslulega, eða langflestir þættir þess, undir menntmrn. Þó er til undirtekning frá þessu. Í sjútvrn. var byggð upp sérstök starfsfræðsla í sjávarútvegi en það er reyndar hlutur sem hefur verið endurmetinn nú nýlega í tengslum við endurskoðun á Atvinnuleysistryggingasjóði. Meginreglan er samt sú að menntmrn. fer með heildarumsjón menntamála hér á landi. Það á ekki við þessa sérskóla og í greinargerð með tillögunni er í sjálfu sér ekki kveðið upp úr um hvort hér sé um að ræða rétt skipulag, heldur er nefndinni falið að skoða mjög vandlega þennan þátt. Hins vegar, herra forseti, er hægt að færa mjög sterk rök fyrir því að eðlilegt væri og landbúnaðinum og menntun og kennslu í landbúnaðinum til hagsbóta ef þessir sérskólar heyrðu eins og aðrir sérskólar undir menntmrn. Þetta hefur vitaskuld ekkert með ráðherra að gera í neinum mæli heldur einungis hvernig menn vilja hafa skipulag menntamála.

Það er líka hægt að hugsa sér aðra útfærslu af sérskólum fyrir landbúnaðinn, þ.e. samstarf sérskóla og almennra skóla. Við höfum mjög gott dæmi um það innan almenna menntakerfisins, þ.e. Hótel- og veitingaskóla Íslands sem er deild í Menntaskólanum í Kópavogi. Nú fyrir skömmu var einmitt verið að taka í notkun mjög myndarlega byggingu við skólann sem á að hýsa Hótel- og veitingaskólann. Þetta fyrirkomulag, að tengja sérmenntun við starfandi framhaldsskóla, tel ég að mörgu leyti vera mjög góða leið og reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Þessir skólar hafa nokkuð sérhæft sig. Garðyrkjuskólinn er vitaskuld á sviði garðyrkju. Bændaskólinn á Hvanneyri er með almenna búfræðimenntun en Bændaskólinn á Hólum hefur einkum einbeitt sér að hrossarækt og fiskeldi og reyndar rannsóknum tengdum þeim efnum.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, þegar rætt er um menntamál í landbúnaði að svara þeirri spurningu hvort nemendur innan landbúnaðarkerfisins, innan sérskóla landbúnaðarins, lendi í blindgötu þegar þeir hafa lokið námi í sínum sérskólum. Það þekkjast dæmi þess að aðlögunin og brautin frá sérskólunum yfir í almennt framhaldsskólakerfi er ekki mjög skýr. Þetta er einn af þeim þáttum sem nefndin verður að skoða mjög vandlega vegna þess að þó svo menn kæmust að þeirri niðurstöðu að heppilegt væri að hafa sérskólana undir fagráðuneytinu, þá þarf vitaskuld að ganga þannig frá útfærslu að ekki komi niður á nemendunum sjálfum. Hins vegar er vert að benda á að endurmenntun er vaxandi þáttur í allri kennslu og menntun hér á landi

og landbúnaðurinn hefur að mörgu leyti byggt upp mjög athyglisvert kerfi endurmenntunar. Þar á ég við starfsemi ráðunauta í leiðbeiningarþjónustu víðs vegar um landið.

Endurmenntun er orðin mjög ráðandi þáttur í menntakerfi okkar. Það er athyglisvert að nú sækja fleiri námskeið Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands heldur en eru í háskólanum sjálfum. Það eru 7.000 manns sem sækja þessi endurmenntunarnámskeið, styttri eða lengri námskeið, á sama tíma og það eru 6.000 nemendur í háskólanum sjálfum. Þetta er athyglisverð þróun sem þarf að hafa í huga við umræðu um þessi mál.

Gert er ráð fyrir að nefndin muni kanna framhaldsnám á háskólastigi hérlendis en það eru mjög margir þættir í menntamálum sem geta aukið tekjur landbúnaðarins verulega. Er þar nóg að nefna hluti sem tengjast bútækni, landnýtingu, líftækni, jarðnýtingu eða orkunýtingu, þannig að aukin menntun í matvælaiðnaði og í tengdum greinum mun vitaskuld leiða til framfara innan landbúnaðarins.

Það er líka mjög mikilvægt hvernig æðri menntun — og þegar rætt er um æðri menntun er fyrst og fremst átt við menntun á háskólastigi — er komið fyrir innan landbúnaðarins. Nú er það svo að það eru víða mjög vel menntaðir einstaklingar starfandi í íslenskum landbúnaði. Það er til að mynda vandamál í íslenskum sjávarútvegi hvað tiltölulega fáir háskólamenntaðir menn starfa innan þeirrar atvinnugreinar. Ég veit ekki til þess að gerð hafi verið könnun á því hvernig þessu er háttað í landbúnaði en þess þekkjast fjölmörg dæmi innan landbúnaðararkerfisins, bæði innan rannsóknastofnana, kennslustofnana og hagsmunasamtaka, um mjög vel menntaða einstaklinga. Það er ekki óalgengt að menn hafi lokið doktorsprófi í fræðum tengdum landbúnaði. Það er ótrúlega mikið um að Íslendingar hafi farið í framhaldsnám og lokið doktorsprófi eða doktorsgráðu í tengslum við landbúnað.

Það er gert ráð fyrir því í ályktuninni og velt fyrir sér hvort skipuleggja eigi háskólanám í landbúnaðarfræðum þannig að nemendur stundi nám í Háskóla Íslands og í búvísindadeildinni að Hvanneyri og búvísindanámið yrði þannig hluti af samræmdri háskólamenntun. Þetta er eitt af þeim álitaefnum sem nefndin verður að skoða en ekki er kveðið upp úr um hvaða útfærsla sé hentugust.

Sömuleiðis er mjög mikilvægt að skoða tengsl rannsókna og skólastarfs. Bent er á að það eru fjölmargir menntaðir starfsmenn starfandi innan landbúnaðarkerfisins. Við þekkjum margverðlaunaða ostagerðarmenn hér á landi. Það er hins vegar athyglisvert, ekki einungis að menn hafi fengið mjög oft verðlaun á erlendum markaði fyrir góða og vandaða framleiðslu, heldur að allir þessir menn eru menntaðir erlendis, langflestir í Danmörku, sem segir okkur mikið um hvernig Danir líta á þennan mikilvæga málaflokk.

Það er sömuleiðis nauðsynlegt fyrir endurmat á menntun í landbúnaði að gera sér grein fyrir því að hindranir í alþjóðlegum viðskiptum eru að minnka. Heimurinn er að smækka í þeim skilningi að samskipti, bæði viðskiptaleg, menntaleg og menningarleg, eru að aukast mjög mikið á næstu árum. Aukin menntun í landbúnaði hefur líka áhrif til að bæta tengsl milli dreifbýlis og þéttbýlis á þann hátt að það eru fjölmörg álitamál og áhugamál þéttbýlisins sem tengjast landbúnaði beint. Þannig er hægt að nefna þætti eins og gróðurvernd, jarðvegseyðingu, stóriðju, hreina náttúru, mengun og umgengni í óbyggðum. Allt eru þetta mál sem snerta upplýsingagjöf, menntun og menntastig, bæði í landbúnaði og þéttbýli, og hefur ekki hvað síst að segja við að skapa góð tengsl á milli fólks í landinu.

Hæstv. landbrh. skipaði nefnd sem gerði tillögur um framtíðarverkefni Bændaskólans á Hvanneyri. Sú nefnd hefur skilað góðu áliti sem kemur til með að gagnast fyrir þá þáltill. sem hér er lagt upp með, en umgjörð hennar og verksvið er mun breiðara heldur en nefnd landbrh. var falið á sínum tíma. En það voru athyglisverð sjónarmið og niðurstöður sem komu fram í vandaðri úttekt á vegum nefndar hæstv. ráðherra og ég er þess fullviss að það starf mun gagnast mjög þeirri nefnd sem þessi tillaga gerir ráð fyrir að verði skipuð.

Herra forseti. Það er mikilvægt að landbúnaðurinn — það á bæði við menntamál og reyndar aðra þætti — átti sig á því og taki þátt í því með opnum huga að láta almennar leikreglur gilda um atvinnugreinina. Aðrar atvinnugreinar hafa smátt og smátt verið að færa sig úr sérstöku umhverfi sínu, sjávarútvegurinn er nýjasta dæmið um þetta, yfir til almennra reglna, hvort sem það tengist atvinnurekstrinum sjálfum eða stjórnsýsluþáttum. Landbúnaðurinn hefur líka verið að breytast á undanförnum árum. Hann hefur opnað sig meira út í almennt umhverfi. Það er vel. Mér finnst að einmitt á sviði menntamála sé nauðsynlegt að fylgja eftir á þann hátt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Hafa ber í huga, herra forseti, að það er með ráðnum huga talað um stefnumótun í landbúnaði. Stefnumótun er ákveðið hugtak innan fræðigreinar sem felur í sér að búin sé til umgjörð til langs tíma. Hér er ekki verið að hugsa um aðgerðir til næstu tveggja, þriggja eða fjögurra ára, heldur fyrst og fremst verið að búa til umgjörð, framtíðarsýn, sem getur komið að gagni og dugað vel fyrir næstu tíu til þrjátíu ár eða jafnvel í lengri tíma. Það er til mjög skipulögð aðferðafræði varðandi stefnumótun sem hér er lagt upp með. Flutningsmenn eru þess fullvissir að með henni og með aðkomu allra þeirra sérfræðinga sem taldir þau eru upp í þáltill. geti hin margvíslegu tækifæri sem eru á sviði landbúnaðar nýst mun betur ef staðið verður vel að skipulagi menntunar eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir.

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi segja að ég er um margt sammála ýmsum efnisatriðum sem fram koma hér í þessari tillögu til þál. um að huga beri vel að menntunarmálum í landbúnaði og að skipuleggja þau þannig að þau gagnist landbúnaðinum sem best sem atvinnugrein og að námið nýtist þeim einstaklingum sem sækja sér þessa menntun til þeirra hluta sem þeir hafa hugsað sér.

Ég vil hins vegar gera hv. flm. og hv. þm. nokkra grein fyrir því í stuttu máli hvað hefur verið að gerast í landbrn. á undanförnum mánuðum og má kannski segja missirum. Ég tel að margt af því sem lagt er upp með hér í grunni þessarar tillögu til þál. hafi verið í gangi af hálfu landbrh. og landbrn. og sé enn í vinnslu eða úrvinnslu á næstunni.

Þegar ég settist í stól landbrh. hafði nýlokið störfum nefnd sem fjallaði um verkaskiptingu skólanna þriggja sem kenna á sviði landbúnaðarins, þ.e. Hólaskóla, Bændaskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum. Það varð mitt verkefni að fylgja eftir þeim tillögum sem þar voru settar fram. Ég tel að við höfum nú þegar gert það á ýmsan hátt hvað varðar skólann á Hólum. Þar hefur skólastarfið verið styrkt með ýmsu móti. Framkvæmdir hafa verið í gangi við skólasetrið til að bæta alla aðstöðu þar. Við höfum

gert sérstakan samning við skólann um verkefni hans, hverju honum beri að sinna og fjárveitingar skilgreindar til þeirra hluta.

Í öðru lagi var líka í framhaldi af þessu og einnig í tengslum við niðurstöður nefndar sem ég skipaði til þess að fjalla um málefni garðyrkjunnar sest yfir málefni Garðyrkjuskólans að Reykjum. Í þessari verkaskiptanefnd svo og í niðurstöðum hinnar nefndarinnar um málefni garðyrkjunnar var að finna ýmsar tillögur sem vörðuðu stöðu og verkefni Garðyrkjuskólans. Ég er nýlega búinn að setja reglugerð um starfsemi þess skóla. Það var gert í upphafi þessa árs. Fyrir nokkrum dögum, kannski tveim eða þrem vikum, var skólanum skipuð skólanefnd í fyrsta skipti til að fylgja eftir þeim ákvæðum og nýmælum sem er að finna í reglugerðinni og að sjálfsögðu öðrum verkefnum sem skólanum ber að sinna.

Í þriðja lagi vil ég líka minna á þá nefnd sem fjallaði nýlega um málefni Bændaskólans á Hvanneyri og hv. framsögumaður þessarar tillögu gerði grein fyrir áðan. Ég er honum sammála um að þar sé að finna marga góða hluti sem megi gagnast skólanum og samstarfi stofnana á sviði landbúnaðarmála og auðvitað ekki síst menntuninni og hlutverkinu sem slíku. Ég er nú að setja af stað frekari úrvinnslu úr þeim tillögum sem þar voru settar fram um hvernig styrkja megi starfsemi Bændaskólans á Hvanneyri.

Þetta vildi ég láta koma fram hv. þm. og hv. landbn., sem trúlega fær tillöguna til meðhöndlunar, til upplýsingar. Ýmislegt af því sem hér er rætt um hefur verið í gangi og við höldum áfram að vinna úr því þó að ég sé síður en svo að gera lítið úr þeirri hugsun sem í raun er á bak við þessa tillögu. Ég byrjaði reyndar að lýsa stuðningi við þann anda sem í henni felst þó að það sé alltaf spurning um hvað á að gera mikið í nefndarstarfi og skipan nýrra og nýrra nefnda, ekki síst ef menn hafa ástæðu til að áætla að þau verkefni sem rætt er um séu að einhverju leyti í gangi og úrvinnslu.

Síðan vil ég aðeins segja, hæstv. forseti, að ég hef nokkuð velt því fyrir mér hvort hafa beri skólana sem mennta fólk til starfa í landbúnaði eða tengdum greinum þannig hvað varðar stjórnskipulagið að þeir heyri undir landbrn. Þegar ég sat í stól heilbrrh. fyrir nokkrum árum voru gerðar breytingar á skólum sem undir það ráðuneyti höfðu heyrt og þeir fluttir til menntmrn. að mínu frumkvæði. Ég taldi það vera eðli þeirra skóla að málum þeirra væri betur skipað þannig. Ég hef velt þessu fyrir mér varðandi landbúnaðarskólana og átt viðræður við ýmsa aðila um þau mál. Niðurstaða mín er að að öðru óbreyttu sé þeim rétt komið fyrir undir landbrn. þar sem þeir eru mjög tengdir atvinnugreininni. Ég hef ekki verið með tillögur um að flytja þá frá þessu ráðuneyti til menntmrn. Ég verð þó að segja að ég tel mjög mikilvægt, og tek undir með hv. framsögumanni, að um landbúnaðinn gildi almennar leikreglur. Ég tel að ég hafi verið að sýna það viðhorf mitt í verki með ýmsum málum sem ég hef bæði flutt hér í þinginu og verið að vinna að í ráðuneytinu þó að við séum ekki alveg sammála um það, ég og framsögumaður, hv. þm. Ágúst Einarsson, hversu stór skref beri að stíga í þeim efnum, eða hversu hratt beri að fara á þeirri braut sem ég held þó að við séum nokkuð sammála um að sé eðlilegt að færa landbúnaðinn inn á.

Það þarf að tryggja að menntunin í landbúnaðarskólunum sé þannig að nemar þar lendi ekki í blindgötum. Ég er algjörlega sammála hv. þm. hvað það varðar. Í framkvæmd tillagna Hvanneyrarnefndarinnar og úrvinnslu sem nú er að hefjast hef ég einmitt undirstrikað og lagt áherslu á að sú menntastofnun, hvort heldur er hin almenna menntun eða menntun á háskólastigi, tengist vel öðru námi í landinu og reynt verði að tryggja sem allra best samstarf við þá menntun, þannig að menntun þeirra sem snúa sér að landbúnaði sérstaklega sé ekki einangruð eða að einhverju leyti úr takt við það sem gerist í háskólamenntun í landinu almennt eða í öðrum menntastofnunum. Um þessi atriði er ég sammála hv. flutningsmönnum eins og ég gat um í upphafi. Ég tel að unnið sé að fjölmörgum þeim þáttum sem hér er bent á og því sé þessi nefndarskipun ef til vill óþörf. Ég vildi alla vega koma þeim sjónarmiðum á framfæri við hv. þing hvað væri að gerast og hvað ég hefði í huga að gera til að fylgja þeim álitum sem þegar hafa verið lögð fyrir ráðherra.

[16:00]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau ummæli að segjast vera sammála ýmsum atriðum sem fram koma í þessari þáltill. Ég er hins vegar ekki sammála honum um ýmislegt annað sem hann sagði.

Hann sagði að ýmislegt væri í gangi og ekki efa ég það nú að hæstv. landbrh. sé að vinna að þessum málum. Hins vegar eru mörg álitamál sem er velt upp í þessari tillögu. Af ásettu ráði tók ég ekki afstöðu til þeirra vegna þess að aðferðafræðin er sú að þarna er leiddur til verka hópur sérhæfðra aðila sem á að útfæra stefnumótun til langs tíma. Ég nefni nokkur atriði eins og það hvort sérskólarnir eigi að heyra undir menntmrn. eða landbrn. Ég nefni það vandamál sem ráðherra tók undir, blindgötuvandamálið, sem við þekkjum í landbúnaði. Ég nefni til að mynda hvernig haga eigi háskólakennslu í landbúnaðarfræðum. Á hún að vera innan búvísindadeildarinnar eingöngu með eflingu hennar eða á hún að vera í tengslum við aðra skóla á háskólastigi, hvort sem er Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri?

Ég varpaði fram spurningu í framsögu minni um sérskólana, hvort þeir ættu að vera sem sérskólar eða í samvinnu við aðra framhaldsskóla, hvort rannsóknir sem núna eru innan Rala ættu heima innan búvísindadeildarinnar eins og menn hafa stundum talað um. Ég er í sjálfu sér ekki viss um það. En það sem ég er að draga fram hér eru nokkuð mörg atriði sem eru mikil álitamál. Það kom ekkert fram í ræðu hæstv. landbrh. hvað hann væri að gera til að svara þessum spurningum. Hann vitnaði hér í skýrslur sem hafa verið unnar, þ.e. skýrsluna um verkaskiptingu hinna þriggja skóla og skýrslu um starfsemi garðyrkjuskólans. Þessar skýrslur þekki ég líka og vitaskuld, og það segi ég af fullri einlægni, eru allar þessar skýrslur mjög góð innlegg inn í það verkefni sem lagt er upp með í þessari þáltill.

Herra forseti. Ég og hæstv. landbrh., og reyndar þeir flokkar sem við erum fulltrúar fyrir á Alþingi og margir aðrir, hafa tekist mjög harkalega á um landbúnaðarmál í mjög mörg ár. Hér er hins vegar fundið svið þar sem menn gætu hugsanlega sameinast um aðkomu sem gæti orðið atvinnugreininni til heilla. Nú veit ég að hæstv. landbrh. og fjölmargir aðrir hv. þm. munu ekki fallast á það að skoðanir mínar á framleiðslustýringu í landbúnaði væru landbúnaðinum mjög til hins góða. Sumir mundu segja að svo væri en aðrir mundu segja að það væri síður en svo. Það er einmitt það sem gert er hér með þessari tillögu, það er lagt upp af hálfu okkar þingmanna jafnaðarmanna, á sérstöku sviði þar sem við kunnum líka til verka sem menn sjá þegar þeir lesa þessa þáltill. Það er rétt út sáttarhönd til að taka saman

við aðra aðila til að vinna að þessu máli sameiginlega. Þess vegna varð ég fyrir miklum vonbrigðum með yfirlýsingu hæstv. landbrh. sem sagði: Ja, ég er nú að gera svo mikið í ráðuneytinu, ætli þessi tillaga sé ekki óþörf. Því það er ekki svo, það er ekki verið að vinna í ráðuneytinu að neinni stefnumótun til 10 eða 30 ára eins og sagt er í tillögunni. Vitaskuld veit ég að landbrh. er að velta ýmsum hlutum fyrir sér sem tengjast menntamálum í landbúnaði — fyrr má nú vera, það er hans starf að gera það. En ekki með því uppleggi sem hér er lagt til.

Það hefur verið gert mikið í menntamálum í landbúnaði, meira að segja hefur hæstv. landbrh. gert ýmislegt til að færa til betri vegar innan núverandi kerfis í landbúnaði. Ég get verið honum ósammála um ýmsa útfærslu í því efni en það breytir því ekki að að mati okkar er nauðsynlegt að taka menntamál í landbúnaði til ítarlegrar skoðunar án fordóma og einfaldlega út frá því sjónarmiði sem ég gerði grein fyrir áðan. Það hafa átt sér stað geysilegar breytingar í landbúnaði, meiri breytingar en í nokkurri annarri atvinnugrein hérlendis. Það kallar á endurmat á svo mikilvægum þáttum sem menntamálin eru. Það er beinlínis rangt ef menn halda að þeir geti haldið áfram gömlu fyrirkomulagi sem er og var vitaskuld barn síns tíma. Í tillögunni er lagt upp með aðferðafræði sem menn ættu að sameinast um. Og ég er nú ekki úrkula vonar um að í landbn. geti menn kannski komist að einhverju samkomulagi um að hrinda þessu verkefni af stað. Því nú hefur það verið svo, herra forseti, að innan landbn. hafa nefndarmenn, þótt þeir komi ekki úr mínum flokki, þeir koma ekki hvað síst úr flokki bæði hæstv. ráðherra og reyndar úr flokki sjálfstæðismanna, þ.e. bæði formaður og varaformaður landbn., sýnt menntamálum í landbúnaði alveg sérstakan áhuga. Þrátt fyrir að mér sýnist undirtektir hæstv. ráðherra ekki vera neitt sérstakar. Mér fannst málið og uppleggið eiga betri óskir skilið og vil ekki útiloka að í landbn. geti e.t.v. skapast meiri samstaða um að koma af stað einhverju skynsamlegu verki sem miðar að því að vinna að stefnumótun í menntamálum í landbúnaði og reyna að setja vinnu í gang til að endurmeta þann þátt landbúnaðarins faglega.

[16:06]

Útbýting þingskjals:

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 472. mál, svar viðskrh., þskj. 944.

[16:06]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins leggja orð í þennan belg. Hér er verið að fjalla um menntamál í landbúnaði og við höfum heyrt svör hæstv. landbrh. Hann tjáir okkur að það sé verið að vinna ýmislegt í ráðuneytinu og þó að hann fagni þeim anda sem er í tillögunni þá gat ég ekki heyrt á honum að hann væri ákafur í að taka til meðferðar öll þau atriði sem þar eru nefnd. Vegna forsögu hæstv. ráðherra sem hann rakti sjálfur hér áðan varðandi það að færa menntamál úr fagráðuneyti og yfir í menntmrn. eins og hann gerði á meðan hann var heilbrrh., vil ég gjarnan nefna hér að nú fer nám í sjávarútvegsfræðum, hvort sem um skipsstjórnarnám er að ræða, fiskvinnslunám, vélstjórn eða nám á háskólastigi, allt fram innan þess skólakerfis sem fellur undir menntmrn. Ég er handviss um að það er þessu námi til styrktar að það er innan skólakerfisins. Það er skipulagt í tengslum við annað nám sem þar fer fram, nýtur ákveðins styrks af því að vera innan veggja skóla þar sem annað nám fer fram og með því að svona háttar til er einnig hægt að tryggja að hvergi lokist leiðir. Þegar framhaldsskólalögin voru sett þá féllu úr gildi lög sem snerust um hið sérhæfða nám í sjávarútvegi. Eftir það lýtur það í rauninni sömu lögmálum og annað nám á framhalds- og háskólastigi.

Ég vil skora á ráðherrann að líta til þess sem verið er að gera í menntamálum þessarar atvinnugreinar áður en hann vísar alfarið frá því verkefni sem mér finnst að hljóti að bíða okkar, sem er að endurskoða nám í landbúnaði með tilliti til uppbyggingar skólakerfisins í landinu almennt. Ég er í hópi þeirra sem telja það landbúnaði alls ekki til framdráttar að hann sé hólfaður af með sérlögum bæði hvað varðar atvinnustarfsemina sjálfa og menntamálin. Ég held að það sé mjög gott fyrir landbúnaðinn rétt eins og fyrir aðrar atvinnugreinar, hvort sem það er sjávarútvegur eða iðnaður, að gagnvirk samskipti eigi sér stað við aðra þá sem eru að mennta sig til ýmissa annarra starfa í samfélaginu, hvort sem það er á framhaldsskóla- eða háskólastigi.

Ég vil endurtaka þessar áskoranir mínar til hæstv. ráðherra og inna hann eftir því hvort kannað verði sérstaklega hvernig menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, að það verði tekið fyrir, ekki hvað síst þá með tilliti til þess að mikilvægur og vaxandi þáttur í menntamálum er rannsóknir og tengsl skóla, atvinnulífs og rannsókna. Ég er viss um að landbúnaðurinn mundi njóta góðs af frekari samskiptum og þátttöku eða íblöndun í hið almenna skólakerfi með þeim kostum sem því kunna að fylgja bæði varðandi menntun, menntunarmöguleika og rannsóknir.

[16:11]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil segja við hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur, sem er einn af flm. tillögunnar, að eins og ég reyndar nefndi áðan í ræðu minni þá höfum við tekið það mál til umræðu. Í fyrsta lagi held ég að það hafi komið nokkuð fram í nefndinni sem fjallaði um verkaskiptingu milli skólanna, þó að hún væri kannski bundin meira við skólana sjálfa en hefði getað verið. Það hefðu auðvitað fleiri aðilar getað komið þar að og fleiri sjónarmið en það viðhorf kom mjög skýrt fram að hafa skólana áfram undir landbrn. Ég tók það mál til sérstakrar umfjöllunar og umræðu þegar ég kom í ráðuneytið og ræddi bæði við aðila innan landbúnaðarins og forsvarsmenn þessara skóla um hvort það sjónarmið ætti einhvern hljómgrunn eða menn teldu að það ætti við rök að styðjast að færa skólana til innan stjórnsýslunnar. Niðurstaðan varð sú að hafa skólana áfram undir landbrn. og gera ekki breytingar á því. Ég sagði það áðan, og get endurtekið að eftir þær umræður og eftir að hafa hlýtt á þetta viðhorf féllst ég á þá skoðun þannig að það er mín afstaða.

Hæstv. forseti. Ef ég má segja það, þó að það sé kannski ekki í andsvari við þennan hv. þm., þá lýsti ég því yfir áðan að ég væri mjög sammála ýmsu því sem væri í anda þessarar tillögu og teldi að verið væri að vinna mjög margt af því sem hér kemur fram einmitt varðandi samstarf við aðra skóla og aðrar skólastofnanir, varðandi blindgötumálið, ef ég má orða það svo bara í einu orði, og fleiri þætti sem hér hafa verið ræddir. Og ég sagði að ég hefði efasemdir um að þörf væri á eða nauðsynlegt að skipa nýja nefnd. Ég lagðist í raun ekki gegn því og mér dettur ekki í hug að taka vald af Alþingi í þessu efni, það er auðvitað þingsins sjálfs að ákveða það.

[16:13]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur ekki á óvart að fulltrúar sérskólanna vilji viðhalda því ástandi sem nú er. Það hefði satt að segja komið mér meira á óvart ef þeir hefðu haft áhuga á að breyta til. Ég held að það sé bara það sem við megum reikna með á hverjum tíma. Og ég hygg að það sé nákvæmlega það sem menn urðu líka varir við þegar verið var að breyta menntunarmálum sjávarútvegsins þannig að þau féllu að framhaldsskólastiginu. En það er líka vegna þess að menn eru fullkomlega meðvitaðir um þetta að stungið er upp á því að yfir málið fari nefnd sem er skipuð nokkuð breiðari hópi, vegna þess að það er jú trú okkar að það séu kannski ekki bara þeir sem málið snýr að hagsmunalega séð sem eigi að ráða því hvernig framtíðarstefnan er, heldur eigi þeir miklu frekar að koma að sem eiga við kerfið að búa, og þá með hinum ef ekki talin ástæða til annars, hafa það sem hluta af menntakerfi og hluta af atvinnustefnu hér í landinu. Hér er í rauninni um mál allrar þjóðarinnar að ræða en ekki bara þeirra sem starfa við sérskólana eða veita þeim forstöðu.

[16:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins til að upplýsa að það viðhorf til sérskólanna sem hv. þm. gerði að umtalsefni var nokkuð annað þegar ég var að fjalla um málefni sérskóla sem féllu undir heilbrrn. á sínum tíma. Þá hygg ég að hafi verið nokkuð góð samstaða um það og var álit manna að sá tilflutningur væri eðlilegur og þeir skólar féllu betur að menntakerfinu. Það viðhorf var ekki í andstöðu við sérskólana þá. Ég er heldur ekki að segja að sú umræða sem átti sér stað í ráðuneytinu fyrir þremur eða fjórum missirum, eða um það bil sem ég kom í ráðuneytið bæði þar áður og skömmu eftir, hafi verið beinlínis andstaða forsvarsmanna þessara skóla við það að færa stjórnsýsluna til heldur það eindregna viðhorf þeirra að henni væri betur komið með þessum hætti vegna tengsla við atvinnugreinina. Það er engin andstaða hjá forsvarsmönnum þessara skóla að við leitum allra leiða til að tengja þá betur menntakerfinu hvað varðar námsbrautir, hvað það varðar að menn lokist ekki í blindgötum heldur eigi aðgang að öðrum skólum hvort heldur er úr öðrum skólum í bændaskólana eða úr bændaskólunum inn á önnur skólastig. Ég undirstrika aftur þann áhuga minn sem ég hef lýst áður að tengja þá betur við háskólastigið í landinu að öðru leyti heldur en ég tel að sé í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[16:16]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að við það var miðað að fram haldið yrði umræðum um 8. dagskrármálið kl. fjögur. Var þá ráð fyrir því gert að lokið yrði 4., 5., 6. og 7. dagskrármáli eins og dagskrá segir til um. Það hefur hins vegar aðeins tafist en forseti vill samt sem áður freista þess að ljúka þeim málum og vonast til að umræður verði litlar um þau mál. Forseti stefnir að því að umræður um Lánasjóð ísl. námsmanna hefjist um hálffimmleytið.

Um fundarstjórn.

Samkomulag um umræðu um LÍN.

[16:17]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég legg áherslu á að staðið sé við þá samninga sem voru gerðir um að málefni lánasjóðsins kæmu til umræðu kl. fjögur. Nú er klukkan farin að ganga fimm og mér finnst mikilvægt að staðið verði við það samkomulag.

[16:17]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Eins og forseti gat um áðan var við það miðað en hins vegar er dagskrá fundarins fyrirliggjandi og eftir henni verður farið þar til forseti ákveður annað.

Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 490. mál. — Þskj. 825.

[16:18]

Flm. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um stöðvun hraðfara jarðvegsrofs. Með leyfi forseta, er tillagan með þeim texta sem ég les nú hér:

„Alþingi ályktar, með vísan til samþykktar frá Alþingi árið 1990 um stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar fyrir árið 2000, að verja fram til ársins 2005 samtals 1,5 milljörðum kr. til Landgræðslu ríkisins til stöðvunar hraðfara jarðvegsrofs á helstu uppblásturssvæðum landsins. Fjárveiting þessi ryri ekki árlegar fjárveitingar til Landgræðslu ríkisins frá því sem nú er.

Skipting þessarar fjárveitingar verði eftirfarandi: 50 millj. kr. árið 1997, 100 millj. kr. árið 1998, 150 millj. kr. árið 1999 og 200 millj. kr. árið 2000.

Árleg fjárveiting næstu fimm ára, 2001–2005, verði 200 millj. kr.

Áætlunin verði endurskoðuð innan fjögurra ára.

Árlegar fjárveitingar til áætlunar þessarar haldi verðgildi sínu."

Til þess að rifja aðeins upp aðdraganda að þessum tillöguflutningi þá fylgja hér fylgiskjöl sem prentuð eru með þingskjalinu og skýra þau að sjálfsögðu málið betur heldur en löng ræða þar um.

Ég vil vísa á fylgiskjal I, sem er þingsályktun um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu, sem samþykkt var á Þingvöllum 28. júlí árið 1974.

Fylgiskjöl II og III eru þingsályktanir um landgræðslu- og landverndaráætlun, önnur fyrir árin 1982–1986 og hin fyrir árin 1987–1991. Þessar tillögur áttu það sameiginlegt að ákveðið var það fjármagn sem til þessa verkefnis skyldi varið. En aftur á móti voru þau verkefni sem sérstaklega skyldi tekist á við í sambandi við græðslu landsins ekki skilgreind sem slík. Því var það að árið 1990, eins og fskj. IV greinir frá, var lögð fram þáltill. á Alþingi af fulltrúum allra stjórnmálaflokka sem síðan var samþykkt og þar var lagt til að þessum tiltekna árangri, að stöðva hraðfara jarðvegsrof á Íslandi, skyldi náð fyrir aldamót. Það kom hins vegar í ljós að það var annmörkum háð að taka slíka ákvörðun þar sem

ekki lágu fyrir upplýsingar um hvað þetta viðfangsefni væri víðfeðmt. Því var það að á árinu 1991 var flutt og samþykkt tillaga á Alþingi sem kveður á um að gerð skuli úttekt á grundvelli nýrrar tækni á því hvernig háttar með gróðurfar í landinu. Er sú þingsályktun birt sem fskj. V með tillögu minni nú.

Niðurstöðurnar af þessari myndkortagerð komu ýmsum á óvart. Þar kom í ljós að tæp 40% af landinu okkar er með gróðurþekju að vísu misjafnlega mikilli en á þessu landi er hins vegar miklu minni jarðvegseyðing heldur en ætla hefði mátt. Þannig var landinu deilt upp í ákveðna rofflokka eins og tafla II sýnir einmitt fram á.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum tóku Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins að sér að hafa með höndum nánari greiningu á þessum aðstæðum og í töflu II kemur einmitt fram hvernig landinu er deilt upp hvað þetta varðar. Þar er skilgreint hvernig ástandið er innan hvers jarðvegsflokks. Þar kemur í ljós eins og ég sagði áðan að um 38.000 km² eru í bærilegu eða góðu ástandi, 23.000 km² þurfa athugunar við og um 17.000 km² eru lönd sem eru í mesta rofflokknum.

Til að greina þetta nánar var landinu skipt eftir hæðarbeltum. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti sem menn hafa leitast við að leggja mat á þessar aðstæður eftir hæðarlínum, a.m.k. er mér ekki kunnugt um að svo hafi verið gert fyrr. Það liggur fyrir að um 48.000 km² eru fyrir ofan 500 m hæðarlínu sem menn gætu þá kallað í þessu tilviki eins konar gróðurmörk. Aftur á móti eru rúmlega 53.000 km² undir þessari hæðarlínu. Þegar landið er síðan greint eftir því hvort um er að ræða land yfir 500 m hæðarmörkum eða undir þá kemur fram býsna ólík mynd af því í hvaða ástandi landið okkar er.

Ég hygg að það sé nokkuð samdóma álit að það sé tæpast gerlegt að rækta þann hluta landsins sem er ofan þessara marka að neinu verulegu marki. Til þess að þetta skýrist betur fyrir hv. alþingismönnum þá fylgja einmitt myndkort með þingskjalinu. Annars vegar eins og landið lítur út í heild sinni og hins vegar eins og það lítur út neðan 500 m hæðamarka. Þegar þetta liggur fyrir þá er býsna ljóst að það er vel gerlegt með ákveðnu tilteknu fjármagni að ná fram þeim árangri að stöðva hraðfara jarðvegsrof með fjárveitingu sem mundi nema eins og ég kynnti hér í upphafi um það bil 1,5 milljörðum kr. Það er sem sagt gerlegt að ná fram þeirri ákvörðun sem Alþingi setti sér árið 1990. En þar sem þessar niðurstöður hafa ekki legið fullkomlega fyrir fyrr en á þessu hausti þá hefur tapast að því leyti tími og þar af leiðandi er hér miðað við að þessu átaki verði ekki lokið fyrr en á fyrstu árum næstu aldar.

Það getur verið álitamál hvað menn treysta sér til að setja mikið fjármagn í þetta. Það sem skiptir hins vegar meginmáli er að verkefnið er skilgreint og Landgræðsla ríkisins tók að sér að stilla upp og gera áætlun um með hvaða hætti þessu verkefni yrði náð á þessum tiltekna tíma. Mönnum hefur ekki auðnast að vinna áður með þessum hætti þar sem ekki hefur legið fyrir fyrr en í þessari áætlun, og eins og Landgræðsla ríkisins hefur sett þetta dæmi upp, hversu stór þessi vandi er.

Mér þykir vert að geta þess sérstaklega að að baki þessarar tillögu liggur býsna mikið starf. Að þessu verkefni hefur verið unnið frá árinu 1991 og frá árinu 1993 hefur sérstök nefnd, fagráð í landgræðslu, haft þetta mál alveg sérstaklega með höndum og lagt hefur verið í þessi verkefni sérstakt fjármagn að tilhlutan hæstv. fyrrv. landbrh. sem hefur reynst notadrjúgt í þessum efnum. Sú tillaga sem hér liggur fyrir er einmitt uppskeran af þessu starfi og er samhljóða þeirri ályktun sem landbrh. var afhent á sl. vetri.

Tími minn er liðinn og ég skal ekki syndga upp á náðina að þessu leyti. Ég sé að á dagskránni eru margar góðar tillögur sem snerta landgræðslu og ræktunarstörf og vonandi verða afgreiddar nokkuð samtímis á Alþingi. En ég geri það að tillögu minni að málinu verði vísað til síðari umr. og landbn.

Umræðu frestað.

Takmörkun á hrossabeit, fyrri umr.

Þáltill. HG, 507. mál. — Þskj. 851.

[16:33]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mæli hér í fjarveru hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fyrir till. til ţál. um takmörkun hrossabeit og fjölda hrossa. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, að móta tillögur um aðgerðir og nauðsynlegar lagabætur til að takmarka fjölda hrossa og hrossabeit í úthaga með tilliti til jarðvegsverndar og hóflegrar nýtingar gróðurlendis. Tillögurnar verði kynntar Alþingi fyrir þinglok vorið 1998."

Eins og vænta má styður flm. þessa tillögu gildum rökum sem m.a. koma fram í ítarlegri greinargerð tillögunnar. Þar kemur það fram að hrossum hefur fjölgað á Íslandi frá 1970 til 1995 um 133%. Þar kemur líka fram að ef svo heldur fram sem horfir, þ.e. ef hrossum fjölgar jafnmikið til ársins 2010 og þeim hefur fjölgað síðustu ár, þá verða þau árið 2010 ekki 70 þúsund heldur 140 þúsund. Það sér það því hver maður að það er fjarstæða að láta þessa hluti þróast eins og þeir hafa gert. Þess vegna er tillagan flutt, herra forseti. Ég bendi á að hér áðan voru til meðferðar frv. um breytingu á lögum um búfjárhald og frv. um afréttarmálefni o.fl. en bæði þessi mál geta orðið til þess að hjálpa til við að veita aðhald í þeirri búgrein sem hrossarækt er. Ég fullyrði reyndar að verulegur hluti af þessum hrossum gerir afar lítið gagn og í þeim eru fólgin lítil verðmæti fyrir eigendur og aðra eins og að þessum málum er staðið og hefur verið staðið í seinni tíð.

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, að lengja þessa umræðu frekar og legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. landbn. og fer jafnframt fram á það að hv. landbn. leiti umsagnar hv. umhvn. um málið. Mér sýnist að miðað við undirtektir, m.a. úti í þjóðlífinu, þá hljóti það að vera einboðið að þessi tillaga verði samþykkt á yfirstandandi þingi vegna þess að ég veit að það eru margir sem þekkja til hversu alvarlegt vandamál er hér á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógræktaráætlun, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 546. mál. — Þskj. 900.

[16:35]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir tillögu á þskj. 900, um skógræktaráætlun. Sá sem hér talar er 1. flm. að þessari tillögu ásamt 15 öðrum þingmönnum. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að hlutast til um að Skógrækt ríkisins geri markvissa skógræktaráætlun fyrir allt landið. Áhersla verði lögð á öflun upplýsinga, skýra markmiðssetningu og stefnumörkun til langs tíma. Áætlunin taki til allra þátta skógræktar og taki mið af þeim áformum sem sett eru með stofnun Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði og Suðurlandsskóga."

Í greinargerð með tillögunni segir svo:

Árið 1999 verður öld liðin frá upphafi skipulegrar skógræktar á Íslandi. Umfang skógræktar var til skamms tíma mjög lítið, hvort sem litið er til fjármagns eða flatarmáls landsins. Fram til 1950 var áhersla lögð á að friða birkiskóga. Til þess þurfti ríkið að eignast þá í flestum tilvikum og var Skógrækt ríkisins sú stofnun sem hafði umsjón með þeim. Frá 1899 til 1950 voru um 24.000 ha, eða 0,2% landsins, friðaðir innan skógræktargirðinga. Um 1950 jókst áherslan á ræktun nýmarka með gróðursetningu og fljótlega varð notkun erlendra trjátegunda ríkjandi. Gróðursetning var nánast eingöngu á vegum Skógræktar ríkisins og skógræktarfélaga til 1970, en það ár voru fyrstu plöntur gróðursettar til nytjaskógræktunar á bújörðum í svokallaðri Fljótsdalsáætlun, alls 8.100 plöntur.

Árið 1987 voru innan við milljón skógarplöntur gróðursettar á Íslandi, þar af um 350.000 af Skógrækt ríkisins, 80.000 í nytjaskógrækt á bújörðum og um 500.000 af skógræktarfélögum. Um 300.000 af plöntunum, sem skógræktarfélögin sáu um gróðursetningu á, voru á vegum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem sýnir að sveitarfélögin voru þá farin að taka verulegan þátt í skógrækt. Þess skal getið að milljón skógarplöntur duga til að rækta skóg á u.þ.b. 350 ha lands sem er álíka og flatarmál túna á 12 meðalstórum bújörðum.

Um 1990 varð veruleg aukning á gróðursetningu með tilkomu „landgræðsluskóga" þar sem áhersla er á að rækta skóg á rýru landi víða um land og nytjaskógræktarátaksins Héraðsskóga á Fljótsdalshéraði. Á sama tíma varð mikil aukning í skógrækt á vegum sveitarfélaga og einstaklinga en samdráttur á gróðursetningu í löndum Skógræktar ríkisins.

Heilsteyptar skógræktaráætlanir voru fyrst gerðar á níunda áratugnum og hefur gerð þeirra þróast ört síðan. Þær eru nú gerðar fyrir alla ríkisstyrkta skóg- og skjólbeltarækt á bújörðum, en auk þess hafa áætlanir verið gerðar fyrir mörg svæða Skógræktar ríkisins og á síðustu árum hafa nokkur sveitarfélög og skógræktarfélög látið skipuleggja sín skógræktarsvæði. Hér er í flestum tilvikum um áætlanir fyrir einstök skógræktarsvæði (t.d. einstaka jarðarparta) að ræða, en skógræktaráætlanir fyrir stærri svæði eru einungis til fyrir innanvert Fljótsdalshérað, umhverfi höfuðborgarsvæðisins og umhverfi Akureyrar.

Með tilkomu aukins fjármagns til skógræktar vegna átaks til aldamóta, sem miðar m.a. að aukinni bindingu koltvísýrings, mun umfang skógræktar aukast verulega í annað skipti á innan við áratug. Við þetta vakna ýmsar spurningar í þjóðfélaginu. Fólk vill t.d. fá að vita hversu mikil aukning í skógrækt er á landsvísu, hvernig hún dreifist um landið, hvort hún stangist á við aðra landnýtingu eða við náttúruverndarsjónarmið, hver séu markmiðin með henni, hvaða tegundir eigi að leggja áherslu á og margt fleira. Þessum spurningum þarf helst að vera hægt að svara með tilvísun í stefnumörkun fyrir skógrækt í landinu í heild og á myndrænu formi, þ.e. með kortum, til þess að fólk fái rétta mynd af fyrirhuguðum framkvæmdum. Slík gögn eru einnig forsenda þess að almenningur geti myndað sér rökstudda skoðun og haft þannig áhrif á stefnuna.

Landsáætlun í skógrækt mundi gera allt skógræktarstarfið markvissara. Hún yrði grundvöllur að gerð svæðisbundinna framkvæmda- og styrktaráætlana, en reynslan af gerð slíkra áætlana fyrir Héraðsskóga og Suðurlandsskóga er sú að mjög mikil upplýsingaöflun og grunnvinna, svo sem kortlagning skógræktarskilyrða, þurfti að fara fram til þess að hægt væri að gera þær áætlanir. Slík grunnvinna felst í gerð landsáætlunar og verður þá tiltæk þegar gera á svæðisáætlanir. Landsáætlunin mundi einnig ná til svæða sem ekki eru talin vænleg til nytjaskógræktar en hafa engu að síður þýðingu fyrir aðra þætti, svo sem verndun birkiskóga, ræktun landgræðsluskóga og margt fleira.

Ýmis grunngögn eru til hjá Skógrækt ríkisins, svo sem gróft kort af skógræktarskilyrðum og upplýsingar um framkvæmdir liðinna ára. Þá er úrvinnsla síðustu heildarkönnunar á birkiskógum Íslands langt komin og gögn frá Landgræðslu ríkisins, Rala og Náttúrufræðistofnun munu einnig nýtast. Margt vantar þó til þess að hægt verði að gera landsáætlun í skógrækt, t.d. eru ríkisskógarnir ekki allir kortlagðir og engin skrá er til yfir alla reiti skógræktarfélaga eða einstaklinga.

Landsáætlun í skógrækt fæli í sér eftirfarandi:

stefnumörkun í skógræktarmálum til langs tíma, t.d. 50 eða 100 ára, þar sem tekið er tillit til allra þátta skógræktar, þar með talið verndun og endurheimt birkiskóga, þátt skógræktar í uppgræðslu lands og jarðvegsvernd, ræktun nýmarka í ýmsum tilgangi og fjölþætta nýtingu skóga;

markmiðssetningu til skemmri tíma, t.d. 5 eða 10 ára, fyrir einstaka þætti skógræktar;

áætlanir um ýmsa þætti skógræktar sem miða að því að ná settum markmiðum; í þeim kæmu fram upplýsingar um áherslusvæði, kostnað og ágóða, verndun, nýtingu, þátttöku aðila, plöntuframleiðslu, áhrif á umhverfið, félagsleg áhrif og margt fleira.

Til að hægt verði að gera slíka landsáætlun þarf að:

vinna að stefnumörkun og markmiðssetningu í skógrækt; vinnan færi fram innan Skógræktar ríkisins í upphafi en drög að stefnumörkun færu til margra aðila til umsagnar og loks til landbúnaðarráðherra til samþykktar;

klára birkiskógakönnunina;

kortleggja ríkisskógana;

kortleggja svæði í umsjá annarra ríkisstofnana og sveitarfélaga þar sem æskilegt væri að friða eða endurheimta skóg;

skrá og kortleggja skóga og skógræktarsvæði í eigu skógræktarfélaga, sveitarfélaga og einstaklinga;

endurskoða mat á skógræktarskilyrðum;

kanna umfang skógræktar og áhuga bænda, sveitarfélaga og fleiri aðila á aukinni skógrækt;

meta áhrif skógræktar á aðra umhverfisþætti, svo sem náttúruvernd, landnýtingu, líffræðilega fjölbreytni, landslagsmótun, veðurfar og margt fleira;

gera tilraun til að verðleggja skóga og meta gildi þeirra fyrir sjálfbæra þróun samfélagsins.

Helstu þættir landsáætlunar í skógrækt verði:

áætlun um verndun og sjálfbæra nýtingu birkiskóga;

áætlun um endurheimt birkiskóga;

flokkun á ríkisskógunum eftir hlutverkum og áætlanir um meðferð þeirra í samræmi við það;

áætlanir um ríkisstyrkta ræktun nýmarka, þar með talið nytjaskógrækt á bújörðum, skjólbeltarækt og sérstök verkefni, svo sem „landgræðsluskóga";

áætlanir um þörf á rannsóknum, fræðslu, gerð ræktunaráætlana, plöntum o.fl.;

tillögur um aðferðir við skógvernd, skógrækt og nýtingu skóga sem taka mið af sjálfbærri þróun, þar með talin náttúruvernd í víðasta samhengi, og þörfum samfélagsins;

spár um skógrækt á vegum skógræktarfélaga, sveitarfélaga og einstaklinga;

kostnaðaráætlanir;

spá um magn afurða skóga á hverjum tíma og mögulega hagnýtingu þeirra.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir að ég tala hér í knöppum tíma. Ég hef lofað að stytta mál mitt og skal því ekki eyða fleiri orðum að þessari tillögu nú. En í tillögunni er vissulega góður samhljómur við það frv. sem hæstv. landbrh. var að tala fyrir fyrr í dag, frv. um Suðurlandsskóga.

Ég óska að lokum eftir því, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til síðari umr. og landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 885.

[16:48]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég geri aðalatriði þess frv. sem hér er til umræðu að umtalsefni. Þau eru einkum af tvennum toga. Annars vegar er auknum fjármunum, á þriðja hundrað millj. kr., veitt í námsaðstoð á ári og það sýnir áherslur ríkisstjórnar gagnvart menntun í landinu. Hins vegar er það sem snýr beint að námsmönnunum sjálfum þar sem komið er til móts við gagnrýni þeirra á gildandi lög.

Í fyrsta lagi eru endurgreiðslurnar færðar niður í 4,75%. Í gildandi lögum eru þær 5% fyrstu fimm árin eftir að þær hefjast en verða síðan 7% að því loknu. Þetta eru staðreyndir málsins. Allt tal um eitthvað annað eru staðlausir stafir. Það þarf lagabreytingu til að breyta þessu þrátt fyrir það að enn þá hafi enginn hafið greiðslu samkvæmt 7% ákvæðinu en það er algjörlega ljóst að það þarf lagabreytingu til að breyta þessu. Breytingin á endurgreiðsluhlutfallinu er metin á um það bil 140 millj. kr. á ári og er langveigamesta breytingin í frv.

Ég vil í þessu sambandi líka vitna til þess að Alþb. lagði fram hér á þingi í vetur frv. til laga um breytingu á þessum sömu lögum þar sem lagt er til 4,5% endurgreiðsluhlutfall og ég get ekki séð annað en að það sé nokkurt samræmi þar á milli og ekki mikið sem ber á milli í frv. menntmrh. og í frv. þeirra alþýðubandalagsmanna.

Í öðru lagi eru teknir upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum. Þetta þýðir að námsmenn eiga kost á mánaðargreiðslum frá upphafi náms í gegnum bankakerfið. Mér finnst sú umræða um samtímagreiðslur eða ekki samtímagreiðslur sem hér hefur farið fram af hálfu ýmissa þingmanna vera hreint formsatriði. Aðalatriðið hlýtur að vera það sem snýr að námsmönnunum sjálfum að þeir eigi kost á mánaðargreiðslum frá upphafi náms og þurfi ekki að bera fjármagnskostnað heldur fái vaxtastyrki fyrir honum.

Í þriðja lagi er í frv. gert ráð fyrir sérstakri heimild fyrir stjórn sjóðsins til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem lengi hefur verið baráttumál námsmanna.

Og í síðasta lagi vil ég nefna skipan stjórnar sjóðsins en þar er gert ráð fyrir að iðnnemar fái fulltrúa í stjórninni en það hefur lengi verið baráttumál þeirra.

Ég tel að í frv. sé komið verulega til móts við gagnrýni námsmanna. Þær umræður sem urðu um þetta mál í gær og verða síðan væntanlega hér á eftir hafa hingað til verið mjög gagnlegar. Það hefur margt komið fram við umræðurnar sem við munum skoða vandlega í hv. menntmn.

[16:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það kom sannarlega á óvart þegar þetta langþráða, ef svo má að orði komast, frv. um breytingar á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna birtist loks á borðum okkar þingmanna að það skyldi vera jafnræfilslegur pappír og raun bar vitni. Bæði að efni, innihaldi og umfangi því að örkin er ekki mjög þykk. Eins og kunnugt er hafa fá mál fengið meiri umfjöllun á undanförnum missirum og fá mál voru reyndar jafnmikið til umræðu á síðasta kjörtímabili og einmitt málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna, staða námsmanna almennt og sú atlaga sem páv. ríkisstjórn gerði að menntun í landinu á fjölmörgum sviðum. Þar á meðal og ekki síst auðvitað með breytingum frá 1992 á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem nú er loksins verið að takast á við.

Það má segja, herra forseti, að pólitísku skilaboðin í frv. séu m.a. þau að Sjálfstfl. viðurkenni atlögu sína að lánakerfinu á fyrra kjörtímabili. Viðurkenni í reynd að það sé óhjákvæmilegt að bakka, þó að vísu í litlu sé, með vissa hluti af þeirri atlögu sem þá var gerð að lánasjóðnum og jafnrétti til náms í okkar landi. Ég held að það sé ástæða til að halda því til haga að með þessu er Sjálfstfl. að viðurkenna að árásin á námsmenn og lánasjóðinn frá 1992 fær ekki staðist. Það er ekki hægt að búa við það ástand og hér er það í nokkru viðurkennt en, því miður, herra forseti, í allt of litlum mæli.

Í öðru lagi er dálítið sérkennilegt, herra forseti, hvernig Framsfl. hefur ákveðið að tala í þessu máli. Satt best að segja vekur það furðu mína og er ég þó ýmsu vanur úr þeim herbúðum. En það sem undrar mig mest, herra forseti, er það hyldýpisdómgreindarleysi Framsfl. að fara öfugu megin upp í málinu, ef svo má að orði komast. Í staðinn fyrir að viðurkenna það sem liggur á borðinu að hér er ekki nema að mjög litlu leyti bakkað með skerðingarnar frá 1992 og segja þá sem svo að lengra hefðu þeir ekki komist, því miður, þá stillir Framsfl. sér þannig upp í málinu eins og fundin sé hin fullkomna lausn. Þeir hafi haft algjöran sigur og þá kemur náttúrlega umsvifalaust sú spurning hvort metnaður framsóknarmanna hafi ekki verið meiri en þetta. Stóð aldrei

meira til af hálfu Framsfl.? Hvað með öll stóryrðin 1992, 1993 og 1994 og í kosningunum 1995? Var aldrei meira á bak við þau en þetta? Gasprið í ungum framsóknarmönnum var þá ekki meira virði en þetta, 0,25% eins og sumir hafa sagt hér. Lítið leggst þá fyrir garpana.

Það hefur verið rifjað ágætlega upp hér, herra forseti, hversu stór orð framsóknarmenn höfðu á fyrra kjörtímabili og í sínum kosningabæklingum um breytingarnar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna 1992, m.a. í ágætri ræðu sem hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir flutti í gær. Þar voru margar kostulegar tilvitnanir í þá garpana hæstv. iðnrh., Finn Ingólfsson, hæstv. landbrh. og umhvrh., Guðmund Bjarnason, og síðast en ekki síst kempuna hæstv. félmrh., Pál Pétursson, sem fór aldeilis á kostum eins og húnvetnskur gæðingur hér í ræðustóli þegar hann útmálaði niðurlægingu Alþfl. og hraksmánarlega frammistöðu þeirra í þessum efnum á síðasta kjörtímabili. Og af því að góð vísa er í sjálfu sér aldrei of oft kveðin, herra forseti, þá held ég að ég leyfi mér að fara hér aftur með tilvitnun í ræður hv. þm., sem að vísu var flutt í gær, en hæstv. félmrh. sagði á Alþingi 1992 um frammistöðu Alþfl. í þessum lánasjóðsmálum sem var þá að sumu leyti í svipaðri stöðu og Framsfl. er núna, þ.e. hann var í vist hjá íhaldinu eins og kunnugt er, var í skítverkunum fyrir íhaldið, með nákvæmlega sama hlutskipti og Framsfl. hefur núna, að moka flórinn. Hæstv. félmrh. sagði um Alþfl. — og nú má herma sömu orð upp á hann sjálfan og hans eigin flokk — með leyfi forseta, þetta er upp úr þingtíðindunum. Ég veit að hæstv. forseti leyfir þetta fúslega, hæstv. forseti Guðni Ágústsson.

„Mér finnst aumlegur þáttur sumra þingmanna Alþfl. ... Þeir eru að ropa í blöðum og á gatnamótum um að þeir séu í óðaönn að laga frv., þeir séu á móti hinu og þessu, en svo lyppast þeir niður í þingsalnum og þingflokksherbergjunum og sletta svo puttunum sínum á þá takka sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að þeir styðji á þegar til atkvæðagreiðslu kemur ...“

Ég held að ég hafi aldrei heyrt þetta orðað svona kostulega — sletta puttunum á takkana. Það var ekki virðingunni fyrir að fara þegar hæstv. félmrh. fjallaði um þetta dapurlega hlutskipti Alþfl.

Annað var í þessum dúr og þeir framsóknarmenn fóru alveg með himinskautum þegar þeir lofuðu þjóðinni hátíðlega að ekki eitt heldur allt skyldu þeir bæta fengju þeir völdin og allir þekkja þann mikla loforðalista og hvernig til hefur tekist síðan.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt til þess að skýra aðeins þessa umræðu að verja nokkrum mínútum í það að fara yfir breytingarnar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna 1992 til þess að hrekja það bull og þann barnalega málflutning framsóknarmanna hér að þeir hafi unnið einhverja stóra sigra í málinu og að verið sé að bakka með atlöguna frá 1992 að lánasjóðnum og námsmönnum í einhverjum veigamiklum mæli. Það sem var gert árið 1992 var nefnilega ekki bara það tvennt eða þrennt sem hér er verið að fjalla um, það voru ekki bara hertar endurgreiðslurnar, og það var ekki bara farið yfir í eftirágreiðslur námslána. Grunnframfærslan var lækkuð. Framfærsla námsmanna var skert. Lífskjör þeirra, því að námslánin eru framfærslulán, voru tekin niður um ein 16–17%. Það var beinlínis gert með því að skerða grunnframfærsluna við útreikning námslána. Endurgreiðslurnar voru hertar eins og hér hefur komið fram úr þeim 3,75% sem þær höfðu verið af heildartekjum í 5% af tekjum fyrstu fimm árin og 7% eftir það og þetta er af bruttótekjum manna.

Lágmarksendurgreiðsla á ári var hækkuð og sú hækkun stendur nú óhögguð. Það er ekki bakkað með það. Svigrúm í námi var takmarkað. Áður þyddi það fulla námsframvindu að ná 75% af námskrá. Það þóttu fullnægjandi námskröfur á hverjum tíma. Nú skerðast námslánin um það sem vantar upp á að 100% námsframvindu sé náð á hverri einustu önn. Það er ekki bakkað með þetta. Atlagan að lánasjóðnum og námsmönnum að þessu leyti frá 1992 stendur óhögguð. Ég hef nefnt eftirágreiðslurnar. Það voru skert lán til skólagjalda þannig að möguleikar námsmanna til að velja sér sjálfir nám og fara í dýrara og sérhæfðara nám voru að þessu leyti skertir og það stendur óhaggað. Námslánin voru skert með því að á þau voru lögð lántökugjöld og 1,2% sem dragast frá reiknaðri lánsupphæð. Þannig voru námslánin skert til viðbótar skerðingunni á framfærslugrunninum. Það voru lagðir vextir á námslán. Barnastuðull vegna barna einstæðra foreldra var lækkaður úr 0,5 í 0,45 af grunnframfærslu. Lán vegna námsbókakaupa voru lækkuð. Ferðastyrkir voru afnumdir. Áður voru námsmönnum af landsbyggðinni veittir ferðastyrkir. Þetta var fellt niður og í staðinn tekin upp ferðalán. Lífeyrissjóðsgreiðslur voru afnumdar. Áður áttu námsmenn þann kost að hefja söfnun lífeyrisréttinda meðan á námi stóð og lánasjóðurinn kom þar með framlag á móti.

Svo voru gerðar breytingar í hinn endann með því að hækka lán til hátekjumanna, enda voru breytingarnar alveg dæmigerðar íhaldsafturhaldsatlögur sem skertu auðvitað jafnrétti til náms vegna þess að þær lyftu heldur undir þá sem hæstar höfðu tekjurnar, besta höfðu möguleikana, þá sem voru í heimahúsum og þá sem höfðu hæstu atvinnutekjurnar en skertu stöðu námsmanna með börn. Allar þessar breytingar á lögunum um lánasjóðinn frá 1992 standa óhaggaðar. Staða námsmanna er sem þessu nemur verri í dag nema ef vera skyldi það eitt að það var að einhverju leyti bakkað með lækkun lána vegna námsbókakaupa.

Hvað vill Framsfl. segja við okkur um þetta? Það var ekki endurgreiðslan og það voru ekki bara eftirágreiðslurnar sem við vorum að ræða og gagnrýna á síðasta kjörtímabili. Það voru allar þessar víðtæku breytingar, þessi breiða atlaga að lánasjóðnum sem þarna var gerð og skilaði m.a. því, sem enginn getur á móti mælt, að barnafólki í námi hefur stórfækkað og sú fækkun er varanleg, barnafólki fækkaði mjög verulega eins og komið hefur fram í úttektum bæði á vegum námsmanna og Ríkisendurskoðunar og fleiri aðila. Einhleypum námsmönnum hefur að vísu lítillega fjölgað aftur eftir mikla fækkun í kjölfar breytinganna 1992 en fækkunin eins og hún kom þá strax fram varðandi barnafólkið hefur haldist. Hvað er það í reynd annað en skert jafnrétti til náms? Það er einfaldlega sönnun þess að þær breytingar náðu tilgangi sínum ef hann var sá, sem hann var auðvitað á bak við tjöldin, að hrekja fólk frá námi í meira mæli þannig að úr útgjöldum ríkisins drægi að þessu leyti og það heppnaðist. Og það eru hér menn á þingi sem höfðu um það stór orð að þeir mundu hverfa frá stuðningi við guð má vita hvaða ríkisstjórnir og gott ef ekki segja af sér ef það gerðist en þeir sitja nú hér enn sumir. Þetta held ég að sé nauðsynlegt, herra forseti, að hafa aðeins í huga áður en menn fara að hreykja sér hátt yfir því að þeir hafi unnið mikla sigra eins og framsóknarmenn eru að gera.

Þá aðeins að þessu með 5% og 7%. Aðalsigur framsóknarmanna felst í því að þeir segja að í lögunum hafi staðið

7% og það hefði komið að því einhvern tímann að menn hefðu farið að borga 7% ef þeir hefðu ekki náð þessum stórkostlega árangri að lækka greiðslurnar úr því sem menn voru að borga, þ.e. 5% niður í 4,75%. En hvernig leit þetta út með 7%? Ég fullyrði að í raun og veru voru engir svo forstokkaðir í þessum lánasjóðsmálum, ég held ekki einu sinni íhaldið, hvað þá meðreiðarsveinar þeirra á vixl, Alþfl. eða Framsfl., að mönnum hafi nokkurn tíma dottið í hug að láta endurgreiðslurnar fara upp í 7%. Ég trúi því ekki. Ég trúi því ekki að í ljósi þeirra gagna sem lágu fyrir t.d. um jaðaráhrifin í skattkerfinu þegar 7% greiðslan hefði verið orðin virk, að mönnum hefði nokkurn tíma dottið í hug að láta það standa, sem hefði þýtt allt að 16–18% kjaraskerðingu hjá þeim hópi sem fyrir því varð. Vegna þess að þarna er í mjög mörgum tilvikum um að ræða fólk sem fyrir er búið að taka á sig jaðaráhrifin af tekjutengingu barnabóta, húsnæðisbóta og jafnvel fleiri þátta í skattkerfinu. Það er alveg ljóst að 7% greiðslurnar hefðu þýtt í öllum tilvikum 12–14% kjaraskerðingu af ráðstöfunartekjum þegar dregnir eru frá venjulegir skattar og þegar jaðaráhrifin eru svo höfð í huga hefði útkoman orðið þessi og svo fráleit er hún, og þetta hefur legið fyrir í skýrslum í 1–2 ár, að mér datt aldrei í hug í raun og veru að það hvarflaði að mönnum að láta þessi 7% ná fram að ganga.

Við fastagreiðslunni, ótekjutengda hlutanum er ekki hróflað þannig að ekki er komið til móts við þann hóp námsmanna að nokkru leyti sem er með tekjur í kringum eða neðan við 90 þús. kr. á mánuði, en þeir eru auðvitað til, t.d. kennarar á byrjunarlaunum. Þeir geta lent í því. Það er ekki komi til móts við þennan hóp. Hækkaða eingreiðslan eða fastagreiðslan frá 1992 heldur sér. Hún er verðtryggð og verður uppfærð í samræmi við verðlagsþróun á komandi árum.

En mesti brandarinn eða það grátbroslegasta af þessu öllu, herra forseti, er þó lendingin hvað varðar svokallaðar samtímagreiðslur eða eftirágreiðslur námslána. Það er ótrúleg niðurstaða satt best að segja. Hún er náttúrlega fyrst og fremst að mínu mati til marks um það sem ég leyfi mér að halda fram að hljóti að vera Íslandsmet í þrjósku. Það er auðvitað þrjóska hæstv. menntmrh. sem er búinn að bíta það í sig að á einhvern hátt skuli komist hjá því að gera það sem að sjálfsögðu er eðlilegast, einfaldast og skilvirkast í þessum efnum þ.e. að leiðrétta þessi mistök og hverfa til samtímagreiðslna á námslánum, en nei. Það skal þráast við frekar en að gera þetta heldur er fundið upp nýtt kerfi, styrkjakerfi, til að niðurgreiða vaxtakostnaðinn yfir í bankakerfið þannig að hægt sé að halda í þessa þrjósku, að vera eftir sem áður með eftirágreiðslur námslána. Það þjónar engum öðrum sýnilegum tilgangi. Þetta er dýrara kerfi, þetta er vitlausara kerfi, þetta er tafsamara kerfi og öfugt við það sem hæstv. félmrh. virðist halda, sem virðist ganga út frá því að sú breyting þýði að námslánin fari yfir í bankana úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Það er ekki. Þau verða áfram veitt þar. Menn þurfa áfram lánsloforð þaðan til þess að fara í bankana og einasti sýnilegi tilgangurinn með þessu er auðvitað sá að hæstv. menntmrh. þurfi ekki að brjóta odd af oflæti sínu og viðurkenna að hann hafi verið beygður í málinu. Og þá er fundið út þetta fína millifærslukerfi, styrkir úr lánasjóðnum yfir í bankana. Og til hvers að vera að hafa þá á mála í þessu efni? Þetta er algerlega fráleit niðurstaða og hún er auðvitað snautlegust fyrir Framsókn að láta taka sig svona upp á eyrunum, ef svo má að orði komast, herra forseti, og telst vonandi ekki vítavert. Þetta er mjög hrakleg lending svo ekki sé meira sagt. Útkoman er svo auðvitað sú að hæstv. menntmrh. getur hælst um í fréttabréfi sínu á internetinu að engin breyting hafi orðið hvað varðar eftirágreiðslu námslána. Það er þvílíkt sáluhjálparatriði fyrir íhaldið og hæstv. menntmrh. að þessu var til fórnandi, að fara út í þetta millifærslukerfi sem þeir hafa þó ekki talist vera sérstakir uppáskriftarmenn að, eða hvað? Það er ekki beinlínis í stefnuskrá Sjálfstfl. að það eigi að fjölga svona millifærslukerfum, er það? Ég veit að hv. þm. Agli á Seljavöllum verður ekki flökurt þó að eitt og eitt millifærslukerfi beri á góma, en það er ekki alveg upp úr kokkabókum frjálshyggjunnar, er það? En til þess að bjarga heiðri og sóma menntmrh. sem ekki má beygja sig í þessu efni og til að niðurlægja Framsfl., halda þeim áfram alveg á hnjánum, þá er þetta gert svona.

Ég held, herra forseti, að þegar þetta er allt saman lagt saman, þ.e. eins og ég hef farið hér yfir, að í raun og veru standa óhaggaðar breytingarnar á lögunum frá 1992 að öllu þessu leyti sem ég fór yfir gagnvart námsmönnum með börn, gagnvart framfærslugrunninum, gagnvart vöxtum á námslán, gagnvart skerðingu á lánum til skólagjalda o.s.frv. Það eina sem gerist er þessi snautlega niðurstaða varðandi styrkina yfir í bankana til þess að áfram sé hægt að hafa eftirágreiðslukerfi námsmanna og í reynd 0,25% lækkun á endurgreiðsluskyldunni eins og hún var miðað við það sem var virkt í lögunum, þá er nú uppskeran ekki mikil. Ég segi að litlu verður Vöggur feginn ef Framsókn ætlar að skreyta sig með ekki merkilegri fjöðrum en þetta almennt séð í hverju málinu á fætur öðru. Þá er auðvitað skiljanlegt að menn geti lofað býsna miklu fyrir kosningar ef efndirnar þurfa ekki að vera merkilegri en þetta til að menn geti verið glaðir og reifir, eins og hæstv. félmrh. er, sem skrifaði þennan nóvembertexta um árið um puttana á Alþfl.

Það er eins og menn átti sig ekki almennt á því stundum í umræðu um námslán hvers eðlis þau lán eru. Þetta eru ekki venjuleg fjárfestingarlán eða neyslulán af venjulegum toga. Þetta er vegna framfærslu fólks sem á ákveðnu æviskeiði er að mennta sig fyrir sjálft sig auðvitað, en líka fyrir þjóðfélagið. Þær eru ekki svo fáar ræðurnar um gildi menntunar og mikilvægi þess að þjóðin mennti sig. En hvar er þá skilningurinn á því þegar kemur að því að meðhöndla þessi mál á annan hátt en venjuleg bankalán? Hann er enginn. Námslánin eiga ekkert heima í bönkunum. Það er bara þannig. Þetta eru félagsleg framfærslulán og lánalöggjöfin, eins og hún var frá 1982, var einhver allra merkilegasta löggjöf af því tagi á Norðurlöndunum og þó víðar væri leitað. Ég fullyrði alveg hiklaust sú besta, ekki vafi á því og það var gæfa fyrir okkur að fá að búa við hana í friði þó þessi ár meðan hún fékk að halda sér en þeim mun dapurlegra auðvitað að sjá hvernig hún hefur verið leikin síðan.

Að síðustu, herra forseti, þá er ástæða til að spyrja um það sem snýr að ábyrgðarmönnunum. Það er eitt málið enn þar sem menn höfðu uppi stór orð og ætluðu að vinna mikla sigra, var það ekki? En hver er niðurstaðan í því? Hvaða stórvinning er Framsfl. að draga að landi í því máli? Það var heldur dapurlegt að heyra í hæstv. félmrh. í gær þegar hann sagði að góðar vonir væru til þess að það tækist að losna við bankaábyrgðarmennina a.m.k. í bankakerfinu. Svo ætti að sjá til með hitt, góðar vonir til þess. Þær hafa reynst svona og svona, þessar góðu vonir Framsfl.

Það er athyglisvert, herra forseti, að þetta var eitt af sverustu og mestu kosningaloforðum Framsfl. Ef minni mitt

svíkur ekki, þá er sem betur fer loksins að koma að þeim ánægjulegu tímamótum að kjörtímabilið er hálfnað þannig að fer þá að síga á seinni helming þessa hörmungarástands með núv. ríkisstjórn. En það hefur sem sagt tekið Framsfl. hálft kjörtímabil og rúmlega það, því lögin eiga ekki að taka gildi fyrr en í ágúst, að efna þetta fyrsta kosningaloforð og efndirnar eru þá svona. Það má því með sanni segja, herra forseti, að uppskeran sé bæði sein og ill, lítil og ræfilsleg hjá þeim framsóknarmönnum.

Auðvitað hlýtur baráttan fyrir endurbættu námslánakerfi, sem sinni þeim þörfum sem slíkt kerfi þarf að sinna, að halda áfram því að þessi niðurstaða getur ekki orðið önnur en áfangi í baráttunni fyrir því að koma þessu aftur þannig fyrir að menn þurfi ekki að hrekjast frá námi sökum efnahags. Það sé í reynd jafnrétti til náms á Íslandi. Það er langur vegur frá því í dag, því miður. Það sýna tölurnar um það hvernig til að mynda barnafólki og námsmönnum af landsbyggðinni hefur fækkað í námi hlutfallslega borið saman við aðra. Það er aðvitað mjög mikið misrétti í aðstöðu fólks til náms eftir búsetu, það liggur fyrir. Þessi ríkisstjórn hefur ekki tekið á því á nokkurn hátt og niðurstaðan hér er auðvitað gífurleg vonbrigði eftir allt sem á undan er gengið, að þá skuli fæðast þessi litla mús þegar fjallið loksins tók jóðsóttina.

[17:15]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið merkilegt að heyra málflutning hv. alþýðubandalagsmanna í þessari umræðu. Í staðinn fyrir að fagna því að náð er góðum áföngum fyrir námsmenn er gripið til þeirrar röksemdafærslu að hér séu einhver munnleg lög í gildi um lánasjóðinn varðandi endurgreiðsluna, einhver munnleg lög séu í gildi um að það verði aldrei tekin 7% af námsmönnum. Það vill nú svo til, eins og komið hefur fram, að alþýðubandalagsmenn hafa flutt tillögur í þessu máli í vetur, þó menn haldi að við séum ekki langminnugir. Þar kemur í ljós að þeir álíta að þessi 7% séu í fullu gildi í þeim lögum sem nú eru og ástæða sé til þess að breyta því. En þetta er bara vegna þess að þeir bjuggust ekki við að stjórnarliðið kæmist að niðurstöðu í þessu máli og vonbrigði þeirra yfir því eru svona mikil að þeir grípa til óskaplega hæpins málflutnings í málinu sem heyra má á ræðum hv. 4. þm. Norðurl. e. og fleiri sem talað hafa í þessari umræðu.

[17:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur auðvitað ekki veitt af að berja á stjórnarflokkunum í þessu máli. Það hafa allir reynt að gera sem hafa haft áhyggjur af þessu ástandi. Námsmannahreyfingin, ýmsir aðilar í þjóðfélaginu hafa ályktað um nauðsyn þess að lagfæra á nýjan leik lánasjóðskerfið og það hefur stjórnarandstaðan á þingi gert svikalaust. Í raun og veru held ég að stjórnarandstaðan hafi bæði á fyrra kjörtímabili og þessu haldið uppi tiltölulega snöfurmannlegri baráttu í lánasjóðsmálinu þó að ýmsir hafi haft hamskipti í þeim efnum eins og kunnugt er, eins og hæstv. félmrh. Þá var ágætur liðsstyrkur af framsóknarmönnum í gagnrýni á stjórnarflokkanna á fyrra kjörtímabili.

Það er að sjálfsögðu alveg ljóst að þessi 7% hafa verið í gildi í lögunum en þau áttu í fyrsta lagi ekki að koma til fyrr en fimm árum eftir að menn voru farnir að borga af námslánum sínum. Í öðru lagi, síðan það var lögfest, hafa verið gerðar breytingar í skattkerfinu hverra samhengi við endurgreiðslur námslána mönnum eru núna ljósar, vegna þess að menn hafa verið að skoða jaðarskattamál og dregnar hafa verið fram svo hrikalegar upplýsingar um hvernig útkoma þessa fólks yrði þegar búið er að auka tekjutengingu barnabóta og fleira sem gert var m.a. á síðasta kjörtímabili, að ég segi það alveg hiklaust að ég hef með sjálfum mér trúað því að þau 7% mundu aldrei verða látin koma til framkvæmda. Hvað hefðu menn verið tilbúnir til að láta lífskjör þessa fólks fara langt niður? Hafa menn skoðað hvernig staða ungs fólks með námslán yrði nýkomið úr námi. Til dæmis fjölskylda með þrjú börn, með húsnæðisskuldbindingar og skattkerfið eins og það er í dag. Hvað yrði eftir af hverjum 100 kr. á tekjubilinu 120–200 þús.? Dæmið er þannig að með 7% endurgreiðslu námslána sem yrðu 16–18% af ráðstöfunartekjunum vegna jaðaráhrifanna þegar þau eru orðin svona, þá yrði nánast ekkert eftir. Það fer næstum því hver einasta króna til baka. Og er einhver hér sem þorir (Forseti hringir.) að koma í ræðustólinn og fullyrða að menn hefðu einhern tímann látið þetta gilda? Ég spyr. (Forseti hringir.) Hafði Framsfl. það í huga að þetta yrði látið vera svona?

[17:18]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna því auðvitað að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur tröllatrú á sanngirni hv. stjórnarliða en hins vegar eru þessi 7% í gildandi lögum. Það er meira en lítill hringsnúningur að fyrir áramót var lögð áhersla á að breyta þessum lögum til hags fyrir námsmenn en þegar á að breyta þeim hringsnúast hv. þingmenn Alþb. eins og skopparakringla og tala um einhver munnleg lög. Er eitthvað fleira í þessum lögum sem er munnlegt? Þetta hafa kannski verið hin bestu lög þegar allt kemur til alls. Við framsóknarmenn álitum það ekki vera og börðumst fyrir því að þeim yrði breytt. En við áttum síst von á því að þegar áfangi næðist í þessum efnum, yrðum það við sem lægjum undir mestum árásum fyrir svik í þessu máli. Mér finnst þetta mál allt saman vera með hinum mestu ólíkindum í okkar garð. (Gripið fram í.)

[17:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Við skiljum vel að framsóknarmönnum finnist þeirra staða vera skrýtin í þessu máli. Það skiljum við mjög vel og ég votta hv. þm. Jóni Kristjánssyni og öðrum hv. þm. Framsfl. mína dýpstu samúð að þurfa að vera í þessum sporum í málinu.

Ég held að Framsfl. hafi valið akkúrat öfuga taktík í þessu máli. Ég held að ef framsóknarmenn hefðu komið hreint fram til dyranna og sagt: Þetta er að vísu mjög lítið, allt of lítið, en það er skárra en ekki neitt. Þá hefðu menn haft skilning á þeim málflutningi. Það sem fer í taugarnar á mér eru furðulegir tilburðir framsóknarmanna til að reyna að snúa þessu upp í einhvern stóran sigur, einhverja merkilega mikla efnislega niðurstöðu, að þeir hafi dregið þann stóra, þeir hafi landað stóra fiskinum í þessu máli. Það er bara ekki svo. Þetta er seiði, þetta er undirmálsfiskur sem hér hefur verið dreginn inn. Það er ekkert annað. Hann gengur ekki. Það er út á þennan málflutning sem ég er sérstaklega að setja. Það var vegna þessa málflutnings sem ég fór lið fyrir lið yfir breytingarnar á lögunum um lánasjóðin 1992 til að sýna fram á það sem því miður er staðreyndin, að það er aðeins í tvennu, og að mjög litlu, sem einhver árangur næst en allt hitt liggur úti. Allar hinar skemmdirnar sem unnar voru á

lánasjóðslögunum 1992 eru óbættar samkvæmt þessari niðurstöðu. Það er þetta sem ég held að menn verði að reyna að átta sig á, herra forseti. Ef Framsfl. vill fá fundarhlé til að hugsa málið þá er ég viss um að forseti verður við því. Hann hefur skilning á þessari stöðu.

[17:22]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Satt best að segja nenni ég ekki að fara að bera saman kosningaloforð framsóknarmanna og efndir þær sem hér eru að finna. Ég ætla ekki einu sinni að eyða í það neinum tíma, það tekur því ekki vegna þess að þetta eru aðeins brot af þeim loforðum sem gefin voru 1995. Ég get tekið undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að sú aðferðafræði, sem þeir hafa beitt í þessari umræðu, að kalla þetta stórsigur og vera að ná einhverjum árangri er þeim sjálfum til háborinnar skammar ef mið er tekið af þeim loforðum sem þeir gáfu í síðustu kosningum. Að öðru leyti ætla ég ekki einu sinni að eyða orði að þessum samanburði, virðulegi forseti, heldur snúa mér að því frv. sem hér er til umræðu, um breyting á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt til bóta í þessu frv. þó að það nái kannski ekki öllu því sem Framsfl. lofaði. En ýmislegt er til bóta og fyrst er þar til að taka að í þessari þó undarlegu útfærslu er kveðið á um að námsmaður eigi möguleika á að fá greiddan vaxtastyrk sem er ætlað að bæta honum fjármagnskostnað og það er til bóta, virðulegi forseti, þó að þetta sé undarleg útfærsla.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, er endurgreiðsluhlutfallið lækkað, þó ekki sé það hátt, úr 5% í 4,75. Það er líka til bóta. Það er til bóta frá því sem nú er. En þar með er upp talið það sem í frv. er að finna og hægt er að tala um að séu einhver framfaraspor í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Virðulegi forseti. Það sem mig langaði fyrst og fremst að tala um er kannski það sem ég sakna mest, fyrir utan það að sakna loforða Framsfl., þá sakna ég þess virkilega úr umræðunni að menn skyldu ekki taka á þeim tæknilega gölluðu lögum sem lög um Lánasjóð ísl. námsmanna eru. Þetta eru því miður gríðarlega gölluð lög tæknilega og eru svo opin að stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna er nánast falið sjálfdæmi um þær úthlutunarreglur og hvernig hún háttar úthlutun lána. Þar hefur Alþingi, að mínu viti, gersamlega brugðist að skilja svo við lögin að stjórn LÍN geti nánast farið með þau eins og óútfyllta ávísun. Það hefur komið á daginn að í grg. með þeim margnefndu lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð ísl. námsmanna, er að finna áætlun upp á það að lán úr lánasjóðnum 1996 yrðu 2,8 milljarðar en eru í dag á milli 1.500–1.600 millj. ef ég fer rétt með. Þar skeikar 1,2 milljörðum sem að stærstum hluta til má rekja til þeirra lánaúthlutunarreglna sem stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur sett. Og í raun og veru hafa hæstv. menntamálaráðherrar, annars vegar í þessari ríkisstjórn og hins vegar þeirri síðustu, getað stjórnað úthlutunarreglum í gegnum þessi víðfeðmu lög, þessi tæknilega ófullkomnu lög sem gera það að verkum að lánasjóðnum er nánast sett sjálfdæmi um hvernig útlánum er hagað. Það finnst mér vera stærsti gallinn á lögunum en í þessu frv. er engin tilraun gerð til að taka á þeim galla. Ég sakna þessa mjög.

Virðulegi forseti. Ég gerði það nú að gamni mínu að sækja hér ræður sem annars vegar ég flutti og síðan hæstv. menntmrh. í umræðum utan dagskrár 3. desember sl. kl. 14.51 en þar segir svo, með leyfi forseta, þar sem ég les upp úr ræðu hæstv. menntmrh.:

„Ég er sammála hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni að það er æskilegt við endurskoðun á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna að taka fleiri atriði sem nú eru í úthlutunarreglunum inn í lagatextann sjálfan. Ég held að það sé rétt ábending sem hann er með að lagatextinn er að ýmsu leyti of heimildarmikill til stjórnar lánasjóðsins og það er óeðlilegt að þingmenn afsali sér valdi með þeim hætti sem gert er í lögunum. Þetta er eitt af því sem við höfum verið að skoða við endurskoðun á lögunum og reglunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og er sjálfsagt að taka til skoðunar."

Það er nákvæmlega þetta, virðulegi forseti, sem ég hefði viljað sjá að tekið væri til endurskoðunar. Að þingmenn sjálfir beri ábyrgð á þessum reglum en gefi ekki nánast út óútfyllta ávísun til handa stjórn úti í bæ til að setja þessar reglur. Hér er ekki verið að gefa ávísun um neitt smotterí því að í fyrsta lagi, virðulegi forseti, er stjórn lánasjóðsins sett sjálfdæmi um það hvernig framfærslugrunnur sé skilgreindur í lögunum, þ.e. sá grunnur sem stendur undir útreikningi á útlánum. Það er í raun og veru forsenda þeirrar fjárhæðar sem viðkomandi námsmaður fær. Það er ekki lítið að þetta skuli nánast fært einhverri stjórn úti í bæ. Það er þetta valdframsal sem að mínu viti hefur leitt til þess að ekki hefur þurft að leggja meira til lánasjóðsins en raun ber vitni. Áætlanir 1992 gera ráð fyrir 2,8 milljörðum. Niðurstaðan í dag er 1.500–1.600 millj. Það má að stórum hluta til rekja til þeirra úthlutunarreglna sem hæstv. menntmrh. hafa getað farið með sjálfir í gegnum stjórn lánasjóðsins. Kannski er það ekki nema von að hæstv. menntmrh. vilji ekkert hrófla við þessu því að þetta er vitaskuld óskaplega þægilegt að hafa þetta svona, að geta nánast fjarstýrt þessu úr ráðuneytinu. Ég skil því ekki framsóknarmenn að þeir skuli ekki reyna að taka á þessu frekar en að berja sér á brjóst yfir þeim litlu sigrum sem þeir þó unnu, það er rétt, sem þeir þó unnu. Það eru tvö framfaraspor í þessu frv. ef hægt er að tala um framfaraspor.

Svo ég víki nú að frv. sjálfu, virðulegi forseti, þá vil ég fyrst staldra ögn við í 2. gr. þar sem er að finna breytingar á 5. gr. laganna. Þar er kveðið á um að úrskurðir stjórnar í þessu sambandi séu endanlegir og verði ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Þegar við skoðum hverjir viðskiptavinir lánasjóðsins eru þá eru það námsmenn. Það eru námsmenn sem fæstir hverjir hafa efni á því að standa í löngum, ströngum málarekstri fyrir dómstólum. Þess vegna er mjög hastarlegt, virðulegi forseti, að þessi lög skuli þannig úr garði gerð að ef námsmenn vilja ekki sætta sig við niðurstöðu stjórnar lánasjóðsins, þá sé þeim aðeins einn vegur fær, þ.e. fyrir dómstólum. Ég heyrði það reyndar í gær að hv. þingmenn sem tóku hér til máls voru að nefna að til væri eitthvað sem héti umboðsmaður Alþingis, að hann væri einhver varnagli ef í hart færi. En í raun og veru eru dómstólar þeirra eina leið til að fá niðurstöðu sem getur breytt ákvörðun stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er hastarlegt að setja fólki sem er að fá framfærslulán og vill fá ákvörðun stjórnar lánasjóðsins breytt, stólinn fyrir dyrnar í þessum efnum. Svo ég tali nú ekki um þær hugmyndir sem heyrðust hér í gær og er að finna í b-lið 2. gr. um að stjórn sjóðsins sé heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins. Eins og það komi að einhverju leyti í staðinn fyrir þá eðlilegu stjórnsýslureglu og venju sem hefur verið að ryðja sér til rúms til margra áratuga um að heimilt sé að kæra ákvörðun lægra setts stjórnvalds til æðra setts stjórnvalds. Og þetta er sérstaklega hastarlegt

þegar um námsmenn er að ræða, sérstaklega hastarlegt. Satt best að segja virðulegi forseti, man ég ekki eftir þessu í loforðalista Framsfl.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vildi ég nefna 3. gr. frv. Ég nefndi áðan að ég teldi það þó framfaraspor að námsmaður geti fengið greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til þess að bæta honum fjármagnskostnað. En ég vil vekja athygli á orðalagi 3. gr. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Námsmaður fær greiddan vaxtastyrk sem ætlaður er til að bæta honum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt hans til námsláns á hverjum tíma."

Af þessum málslið má ráða að ætlunin sé að greiða að fullu þann fjármagnskostnað sem viðkomandi námsmaður hefur af því kerfi sem nú er við lýði. En svo segir í framhaldinu:

„Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma", og svo að lokum, virðulegi forseti, þá virðist mér nú að ekki hafi misfarist í þessu frekar en öðru „samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur."

Enn og aftur virðist eiga að framselja stjórninni vald í þessum efnum. Svo ef maður skoðar útreikninga fjmrn. sem hæstv. félmrh. vildi ekki bera ábyrgð á í umræðunum í gær þá kemur þar fram að reiknað er með að kostnaður vegna þessa sé á bilinu 36–60 millj. og það er verulegur mismunur þar á. Virðulegi forseti. Ég átta mig því ekki alveg á því hvað þessi grein þýðir nákvæmlega. Ekki er skárra að lesa greinargerðina með þessu. Þar er gert ráð fyrir að allir sem sækja um lán og fá námslán njóti vaxtastyrksins án tillits til þess hvort þeir hafi raunverulega þurft að greiða fjármagnskostnað eða ekki. Þessi niðurstaða er nú ekki snilld, virðulegi forseti. Hún verður seint sökuð um það. Ég vænti þess að hæstv. menntmrh. geri nánari grein fyrir þessu vegna þess að þessi grein fer ágætlega af stað og það má jafnvel lesa úr henni að það eigi að greiða þann fjármagnskostnað sem námsmenn verða fyrir. En þegar maður les hana áfram, þá er opnað á sitt lítið af hverju þannig að menn geti svona afgreitt þetta eftir því hvernig vindar blása hverju sinni o.s.frv. En það hlýtur nú að vera, virðulegi forseti, svolítið broslegt að ekki skipti máli við útgreiðslu meints vaxtastyrks sem á að greiða vegna fjármagnskostnaðar hvort nokkur fjármagnskostnaðar hafi orðið eða ekki. Það er örlítið broslegt þó að þessi málaflokkur sé langt frá því að vera broslegur.

Að lokum, virðulegi forseti, vildi ég örlítið koma inn á 5. gr. sem ég hef verulegar áhyggjur af, þ.e. fastagreiðsluna sem er 52.968 kr. og það er án tillits til þess hverjar tekjur námsmenn hafa. Og þó að ég sé ekki með loforðalista Framsfl. fyrir framan mig, þá geri ég ekki ráð fyrir að þetta hafi verið á honum, virðulegi forseti. Ég nefndi það í upphafi að það væri kannski að æra óstöðugan að halda áfram að rekja loforðalista Framsfl. og síðan að bera hann saman við þessa niðurstöðu. Ég hálfpartinn lofaði að gera það ekki.

En að lokum er kannski ágætt, af því að ég er með þetta hérna við hendina, að nefna eitt atriði, af því að menn hafa talað um að það væru þó einhverjar leiðir ef í hart færi og menn væru ekki sáttir við ákvarðanir stjórnar lánasjóðsins, að fá þeim breytt. Hér nýgenginn dómur föstudaginn 11. apríl á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur í mjög einföldu máli því að í lögunum sagði að menn skyldu hefja greiðslur á afborgunum tveimur árum eftir að þeir lykju námi. Það er í sjálfu sér ekki strembin stærðfræði að reikna tvö ár frá því að menn útskrifast og þar til þeir eiga byrja að borga. En það misfórst hjá stjórn lánasjóðsins þannig að viðkomandi var krafinn greiðslu áður en umrædd tvö ár voru liðin. En þrátt fyrir það — ég veit ekki hvort það er Íslandsmet í þvermóðsku eða einhverju öðru — þurfti að fara fyrir dómstóla með það mál. Og það er ágætt að nefna það, virðulegi forseti, að málskostnaður í því máli er dæmdur, að mig minnir, um 100 þús. kr., 100 þús. kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts kostaði námsmann að fá réttlætinu fullnægt. Og það er nú ekki eins og námsmenn taki 100 þús. kr. sisvona bara upp úr vasanum. Það er bara ekki þannig. Og þetta ákvæði um að ekki skuli vera hægt að vísa ákvörðun stjórnar lánasjóðsins til æðra dómsvalds er sérstaklega hastarlegt í því ljósi að viðskiptamenn Lánasjóðs ísl. námsmanna eru námsmenn sem fæstir hverjir hafa efni á því að standa í löngum málaferlum.

[17:38]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. menntmrh. og ríkisstjórninni til hamingju með að hafa loksins getað komið þessu vandamálabarni sínu í frumvarpsbúning því að það leit hreinlega út fyrir það á tímabili að tillögur ríkisstjórnarinnar í lánasjóðsmálinu yrðu það snúnar að það væri alls ekki unnt að koma þeim í lagabúning. En hingað er málið þó a.m.k. komið og ég fagna því í sjálfu sér.

Það væri að bera í bakkafullan lækinn að rifja raunasögu þessa máls upp í þingsölum. Það hefur verið margoft gert af þeim sem hér hafa talað áður af hálfu stjórnarandstöðunnar. En hin fallegu loforð ríkisstjórnarinnar um að rétta hlut námsmanna hafa smám saman þynnst út í orðhengilshætti og útúrsnúningum. Jafnóðum hefur það runnið upp fyrir kjósendum og landsmönnum öllum að ríkisstjórnarflokkarnir hafa átt í miklum erfiðleikum með að standa við loforðin sín stóru.

Það sem einn ráðherra vill kalla samtímagreiðslur vill annar kalla einhverju öðru nafni. Svo virðist sem þetta hugtak hafi staðið hraustlega í a.m.k. sumum ráðherrum Sjálfstfl. og hæstv. forsrh. fór aðspurður um þetta að tala um „einhvers konar samtímagreiðslur með einum eða öðrum hætti", eins og hann tók til orða í viðtali í desember sl. Hæstv. ráðherrar hafa reglulega verið spurðir að því í þingsölum allt frá því á haustdögum hvort breytinganna á LÍN-lögunum væri að vænta á næstunni og þá hvers eðlis þær yrðu. Hæstv. menntmrh. var margspurður um starf endurskoðunarnefndarinnar og hvaða tillögur hefðu verið ræddar þar. Hann gat ekki svarað því mjög skýrlega, enda kannski ekki von þar sem þetta fæddist sem við sjáum hér og er kannski svolítið öðruvísi en það sem var lofað á sínum tíma, einkum og sér í lagi af hálfu Framsfl. eins og margtíundað hefur verið úr þessum ræðustól.

En þó hæstv. menntmrh. hafi staðið í ströngu vegna þessa máls, þá verður þó að votta honum það til virðingar að hann hefur verið sjálfum sér samkvæmur í sínum málflutningi. Hann hefur aldrei farið í grafgötur með það að hann er á móti því að teknar verði upp samtímagreiðslur námslána. Hann féll ekki í sömu freistingu og framsóknarmenn gerðu fyrir síðustu kosningar, að lofa námsmönnum gulli og grænum skógum bara ef framsóknarmenn kæmust til valda. Þeir þingmenn sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðu hafa rakið ítarlega þessi loforð framsóknarmannanna um málefni lánasjóðsins og reyndar heyrðum við hæstv. félmrh. í gær, í fyrri hluta þessarar umræðu, túlka á sinn hátt hvernig hann telur efndirnar hafa orðið. Og það verður að segjast eins og

er að það er svolítið annar tónn í honum og mörgum öðrum þingmönnum Framsfl. en var fyrir kosningar og svona framan af þessari baráttu við Sjálfstfl. um lánasjóðinn. En nóg um framsóknarmennsku og svikin kosningaloforð. Sá flokkur mun þurfa að standa skil á sínum gjörðum fyrir kjósendum innan skamms og þeir munu kveða upp sinn dóm.

Ef við snúum okkur að efni frv. þá eru það í fyrsta lagi samtímagreiðslurnar, en þrátt fyrir loforðin hafa þær ekki verið teknar upp hér. Það er alveg sama hversu oft hæstv. félmrh. segir úr ræðustóli að hér séu teknar upp samtímagreiðslur. Þetta eru ekki samtímagreiðslur.

Það er líka alveg sama hversu oft hæstv. félmrh. — ég harma það nú að hann skuli ekki vera hér. Hann tók hraustlega þátt í umræðunni í gær og þess vegna beini ég kannski máli mínu til hans í mörgum atriðum — segir að með þessari leið sem hér er farin sé verið að þjóna námsmönnum fyrst og fremst og að námsmenn vilji þetta og þeir vilji hafa þetta svona. En ég er ekki viss um að það sé rétt hjá honum. Ég er hins vegar viss um að námsmenn telja hér vera stigið skref í rétta átt frá því skelfilega fyrirkomulagi sem var með lögunum frá 1992. Um það held ég að enginn efist. En það er ekki þar með sagt að loforðin sem Framsfl. hafði á lofti fyrir kosningar hafi verið efnd, þau hafa ekki verið nefnd með þessu frv.

Það má líka benda á grein sem nýkjörinn formaður stúdentaráðs skrifar í Morgunblaðið í dag þar sem hann einmitt dregur þetta fram. Hann dregur það fram að breytingarnar á lögunum um LÍN séu skref í rétta átt en að ýmislegt sé eftir. Hann segir það t.d. alveg skýrt og skorinort að námsmenn hefðu miklu fremur viljað sjá samtímagreiðslur vegna þess að það sem hér er lagt til er ekki það sama og samtímagreiðslur, hvað sem hver segir. Það er staðfest a.m.k. af hans hálfu og ég ímynda mér að fleiri námsmenn séu á svipaðri skoðun.

Það er þetta með bankana og þeirra þátt í málinu. Bönkunum er ætlað að sinna þessum greiðslum en teknir eru upp styrkir, svokallaðir vaxtastyrkir, sem ætlaðir eru til að bæta nemum fjármagnskostnað vegna framfærslu í samræmi við rétt þeirra til námslána á hverjum tíma. Ég vil taka undir þær efasemdir sem hér hafa komið fram um óskýrleika frv. að þessu leyti vegna þess að þar er ekki skýrt hvernig nemum verður bættur þessi fjármagnskostnaður og eins og margrakið var í umræðunum í gær, þarf ekki annað en skoða álit fjmrn. á því hvað þetta muni kosta. Það er mjög óljóst hvernig þetta verður útfært þegar þar að kemur. Það verður að segjast eins og er að þó það sé vissulega ánægjuefni að nú eigi loksins að bæta námsmönnum algerlega óþarfan fjármagnskostnað vegna bankaþjónustunnar, sem ég vil segja algerlega óþarfan, þá hef ég ekki heyrt enn þá færð nægilega sterk rök fyrir því, ekki rök sem sannfæra mig a.m.k. í þessari umræðu eða í frv., hvers vegna mönnum er svona mikið kappsmál að láta bankana sjá um þessa fyrirgreiðslu á þann hátt sem lagt er til í frv. Ég hef ekki enn þá séð skýr rök fyrir því. Hvaða rök eru betri en að sjóðurinn greiði þetta samtímis eða jafnóðum til nemenda?

Sú leið er farin að greiða vaxtastyrk, kostnaðurinn vegna þjónustunnar lendir því á lánasjóðnum sem vissulega er betra en það fyrirkomulag sem fyrir var að mínu mati vegna þess að námsmenn sitja a.m.k. ekki uppi með þennan kostnað. En ég sé ekki samt sem áður alveg rökin fyrir því að nauðsynlegt sé að leggja þennan kostnað á sjóðinn ef hægt hefði verið að fara út í samtímagreiðslurnar. Ég hef ekki enn þá heyrt sannfærandi rök fyrir því. Það má vel vera að þau hafi farið fram hjá mér einhvers staðar í umræðunni en þau hef ég ekki heyrt og get þess vegna ekki séð nein skynsamleg rök fyrir þessu fyrirkomulagi eins og það er lagt til í frv.

Heilmikið hefur verið rætt um endurgreiðslubyrðina og mörg orð verið höfð um hana. Hún er lækkuð lítillega, segi ég, vegna þess að þó að margir hafi bent á að gert hafi verið ráð fyrir 7% þá er 5% endurgreiðslubyrðin það sem námsmenn hafa verið að sligast undan. Það er það sem allt hefur miðast við þegar verið er að ræða vanda námsmanna, um það að námsmenn geti ekki séð fram á að kaupa sér húsnæði og eigi mjög erfitt með að greiða af sínum lánum, þá erum við að tala um 5% endurgreiðslubyrði þannig að ég sé ekkert óeðlilegt við að miða við það. Við erum að tala um það hversu mikið við léttum á endurgreiðslubyrði námsmanna frá því sem hún er í dag, það eru 0,25%, þó að svona formlega séð megi segja að verið sé að lækka hana úr 7%. Mér finnst það bara óraunhæft. Það á að tala um þetta eins og þetta er. Og miðað við hvaða umræða hefur verið í gangi um stöðu fjárhagslega stöðu námsmanna þegar þeir fara að greiða af námslánum þá erum við að tala um 5%.

Það hefur líka verið talað um það að í raun og veru hljóti endurskoðunin á lögunum um LÍN að snúast um það að í fyrsta lagi geri þjóðfélagið það álitlegt fyrir ungt fólk að fara í nám þannig að það geti með reisn, eins og aðrir þjóðfélagsþegnar, síðan keypt sér húsnæði og komið sér þaki yfir höfuðið að loknu námi. Þetta snýst um það að þetta fólk ráði fjárhagslega við endurgreiðslubyrðina. Svo hefur ekki verið með 5%, 0,25% frá því er vissulega skref í rétta átt en ekki nægilega stórt skref, vil ég meina.

Allir eru sammála um að sýna eigi ábyrgð og ábyrga efnahagsstefnu. Ekki síst tala þeir miðaldra ráðamenn sem nú eru við stjórnvölinn víða um ábyrga efnahagsstefnu, að ekki sé hægt að eyða um efni fram og ekki megi skrifa upp á víxla sem komandi kynslóðum sé ætlað að greiða. Við stöndum frammi fyrir því núna að það er komið að þeirri kynslóð sem á að borga brúsann. Spurningin er hins vegar: Hversu hart ætlum við að ganga að þessari kynslóð til að borga fyrir það sem aðrir þurftu kannski ekki að borga, t.d. af sínum námslánum á sínum tíma eins og fyrirkomulagið var hér áður fyrr?

Það hefur líka verið bent á það hér í umræðunni að mjög margt fleira skiptir máli í þessari endurskoðun og sem námsmenn hafa kvartað undan en endurgreiðsluhlutfallið og samtímagreiðslur þó vissulega séu það tvö stærstu og kannski erfiðustu og dýrustu málin. Eitt af því sem harðlega hefur verið gagnrýnt af námsmönnum eru kröfur um uppáskriftir ábyrgðarmanna. Þeir þurfa á hverri einustu önn að ganga á meðal vina, ættingja eða nákominna til þess að leita ábyrgða fyrir lánum. Ég held að allir þekki einhver dæmi þess úr sínu nánasta umhverfi að þetta fyrirkomulag gerir það einfaldlega að verkum að fjöldi fólks verður að hverfa frá námi. Í fyrsta lagi eiga ekki allir góða að til að skrifa upp á milljónir króna og í öðru lagi er ástandið þannig í samfélaginu í dag að fólk er eindregið hvatt til þess að skrifa ekki upp á, ekki bara upp á námslán heldur bara almennt upp á lán vegna þess að við þekkjum mjög mörg dæmi þess úr samtímanum að fólk fer mjög flatt á því að skrifa upp á fyrir sína nánustu. Þrátt fyrir að góður vilji sé fyrir hendi þegar af stað er farið þá er það bara oft þannig að ekki er hægt að standa við skuldbindingarnar og þá bitnar það á ábyrgðarmönnum. Þetta er að gerast á sama tíma og þessi stífa

krafa er enn varðandi lánasjóðinn og gerir það að verkum að margir eiga mjög erfitt með þetta. Ég held þess vegna að þetta mál með ábyrgðirnar sé mjög stórt mál sem verði að taka á mjög bráðlega. Mér finnst eðlilegt að tekið sé á því í þessum lögum, að tekið sé á því þannig að í raun og veru, eins og talað hefur verið um hér í umræðunni, sé ríkisábyrgð fyrir þessum lánum a.m.k. að einhverju leyti. Hvernig það er síðan nánar útfært er annað mál. En með því fyrirkomulagi sem við höfum núna varðandi uppáskriftir þá erum við ekki að tryggja jafnrétti til náms eins og ríkisstjórnin ætlaði að tryggja með breytingunum og endurskoðuninni á lögunum. Við erum ekki að tryggja jafnan rétt til náms án tillits til efnahags með þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Þær ganga einfaldlega ekki nógu langt.

Varðandi þessar uppáskriftir má kannski stinga því að hér að ég heyrði núna nýlega einn þingmann Sjálfstfl., hv. þm. Pétur Blöndal, einmitt hvetja fólk til þess á opinberum vettvangi að skrifa ekki upp á — mér varð þá einmitt hugsað til þessa fólks sem er með námslánin — vegna þess að það væri óðs manns æði að skrifa upp á lán fyrir fólk, þetta gengi hreinlega ekki lengur. Og á sama tíma ætlast flokkur þessa ágæta hv. þm. til þess að ábyrgðirnar liggi fyrir eins og er í lánasjóðnum í dag.

Í þessari umræðu hefur svolítið verið minnst á frv. og tillögur sem Alþb. hefur lagt fram. Í þeirri mynd sem það var síðast lagt fram er m.a. bent á þetta atriði, að það verði að taka þessar reglur um ábyrgðir til endurskoðunar. Varðandi ábyrgðirnar hefur það líka heyrst í þessari umræðu að hæstv. viðskrh. sé í viðræðum við bankana um ábyrgðirnar. Ég sé ekki betur en að hægt sé að gera það beint með lagabreytingum frá þinginu og eðlilegt að sú ákvörðun sé tekin a.m.k. pólitískt hér og í raun veru er ekkert því til fyrirstöðu að það verði gert.

Ég vil aðeins gera stjórnsýslulega stöðu stjórnar lánasjóðsins að umtalsefni. Lagt hefur verið til í frv. að úrskurðir stjórnar sjóðsins verði endanlegir varðandi vafamál um málefni einstakra lánþega og þeir verði ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Allt vald um málefni lánþega lánasjóðsins er þannig á einni hendi og án málskotsréttar. Mér finnst þetta vera í hæsta máta undarlegar hugmyndir einmitt núna á þessum tímum sem réttarstaða fólks gagnvart stjórnsýslu og ríkisvaldi hefur loksins verið þokkalega tryggð með reglum þar um, m.a. með nýlegum stjórnsýslulögum og fleiri reglum sem hafa verið settar á, svona á undanförnum áratug, þar sem m.a. það að geta skotið máli sínu til æðra stjórnvalds er talin vera ein grundvallarreglan eða grundvallarréttur í stjórnsýslunni. Þessa réttar njóta allflestir þegnar þjóðfélagsins en það á að þrengja hann gagnvart lánþegum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Vissulega geta þeir, eins og hér hefur verið bent á, höfðað dómsmál eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins enda væri nú varla heimilt að loka fyrir dómstólaleiðina. En við vitum líka að í því réttarkerfi sem við búum við er mjög dýrt úrræði að höfða dómsmál. Það er tímafrekt og það er dýrt úrræði. Það krefst ákveðinnar sérfræðiþekkingar og það kostar töluverða peninga. Ég velti því fyrir mér hvers vegna lagt er til og hvað í raun og veru búi að baki því að lánþegar lánasjóðsins fái ekki að njóta málskotsréttar til æðra stjórnvalds ef þeim þykir stjórn lánasjóðsins hafa brotið á sér. Hvaða rök eru fyrir slíkri þrengingu frá almennu reglunni um meðferð mála í stjórnsýslunni? Ég hefði miklu frekar viljað sjá að sú venja sem verið hefur, að ekki sé um málskot að ræða, væri afnumin og að málskotið væri tryggt. Það eru ekki færð sterk rök fyrir þessu í frv. sjálfu, það er aðeins vitnað til venjunnar sem verið hefur.

Það má líka benda á, í sambandi við stöðu lánþeganna gagnvart sjóðunum, að réttarheimildirnar sem lánþegar geta byggt rétt sinn á eru mjög óskýrar. Ég hef reynslu af því sjálf að glugga í gegnum þetta og reyna að leita að þeim reglum sem maður á að byggja rétt sinn á. Þetta eru lög í 19 greinum, reglugerðir í 39 greinum og úthlutunarreglur með tæplega 100 efnisatriðum sem hafa verið endurnýjaðar á hverju einasta ári. Eins og við þekkjum líka þá koma vafaatriði oft á tíðum til úrskurðar stjórnar og nú á enn fremur að tryggja að ekki sé hægt að skjóta máli sínu eitthvað áfram. Mér finnst þetta vægast sagt vera forhertar tillögur og sýna ótrúlega gamaldags hugmyndir ríkisstjórnarinnar í hnotskurn. Ég hefði frekar búist við því, eins og ég sagði áðan, að það yrði einmitt lagt til í frv. að venjunni um endanlegt úrskurðarvald stjórnar yrði breytt og ekki síst vegna þess dóms sem hér hefur líka verið vitnað til áður í umræðunum sem er nýuppkveðinn hjá héraðsdómi Reykjavíkur. Hann er mjög gott dæmi um að námsmaður var beittur órétti af stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Stjórnin túlkaði lög í ósamræmi við landslög. Það liggur alveg ljóst fyrir samkvæmt dómnum eins og hann er kveðinn upp frá héraðsdómi. Og eins sá sem talaði á undan mér, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, benti á áðan þá virðist manni sem það atriði sem þar var til úrlausnar hafa verið ósköp einfalt mál, þ.e. hvenær tvö ár eru liðin frá því að námi lýkur. En það vafðist fyrir stjórn lánasjóðsins og er kannski ekkert við því að segja í sjálfu sér. Það er hins vegar mjög athugavert við það að námsmaður sem lendir í slíkum órétti skuli þurfa að fara með mál sitt fyrir dómstóla og leggja út í mikinn kostnað þess vegna. Sá námsmaður sem þarna um ræðir var orðinn útskrifaður lögfræðingur þegar hann fór í mál. Og ég geri ráð fyrir því að það hafi kannski ráðið einhverju um að hann réðst út í þetta framtak að hann hefur sjálfur getað sinnt þeirri sérfræðiþekkingu sem til þarf. Ég tel það vera algjörlega óviðunandi stöðu og háalvarlegt mál að hafa þessa þrengingu.

Herra forseti. Það mætti sjálfsagt tína fleira til um efni frv. en ég held að það væri einungis til að endurtaka það sem hér hefur verið sagt áður, að svo stöddu máli a.m.k. og ætla ég að láta staðar numið fram að 2. umr. en þá munu liggja fyrir umsagnir m.a. frá námsmönnum og öðrum sem kunna að hafa eitthvað um málið að segja. Ég hefði kannski viljað segja eitthvað um samráðið, um vinnubrögðin, um sýndarsamráðið eins og einhver kallaði það, sem var farið af stað með í upphafi en ég held líka að það væri einungis endurtekning. Það hafa margoft verið rakin þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin viðhafði í þessu máli, að kalla saman nefnd og síðan virtist aldrei eiga að vera tilgangurinn að fara eftir tillögum hennar. Henni var ekki einu sinni gefinn kostur á að ljúka störfum sínum fyllilega. Það eru náttúrlega algjörlega óviðunandi vinnubrögð en vissulega í stíl við það sem við þekkjum frá fleiri stórum málum sem hafa verið lögð fyrir þingið í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

[17:59]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir málefnalega ræðu um þetta mál. Þingmaðurinn viðurkennir að þetta frv. er til bóta. Hins vegar var það eitt atriði sem hún kom inn á í ræðu sinni sem ég vildi skýra. Hún taldi rökin skorta fyrir að láta bankana sjá um fyrirgreiðslur til námsmanna. Ég vildi skýra það frá sjónarmiði okkar framsóknarmanna,

að bankakerfið er alls ekki það sama nú og það var áður. Það er aukin samkeppni í bankakerfinu. Bankarnir sjá um greiðsluþjónustu fyrir námsmenn. Það er aðgengilegt fyrir námsmenn að skipta við sinn viðskiptabanka og fá hjá honum þjónustu sem bankarnir sjá vissulega um nú orðið í mjög ríkum mæli. Ég held þess vegna að þarna sé verið að feta sig að fyrirkomulagi sem er alls ekki óhentugt fyrir námsmenn þó ég sé alls ekki með þessu að segja að lánakerfið í gegnum Lánasjóð ísl. námsmanna sé úrelt. En ég held að þessi tvö kerfi geti hæglega spilað saman til hagsbóta fyrir námsmenn.

Varðandi málskotsréttinn er rétt að benda á að það eru aukin áhrif námsmanna í stjórn lánasjóðsins. Hins vegar ætla ég ekkert að taka af um þetta atriði. Mér finnst þetta vera atriði sem hv. menntmn. getur skoðað í sinni vinnu og metið rök og gagnrök í þessu. Ég ætla ekki að orðlengja um það að sinni.

[18:02]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru engin rök í þessu máli eins og framsóknarmenn hafa nefnt áður og hv. þm. Jón Kristjánsson gerði núna að verið sé að gera þetta fyrir námsmenn vegna þess að þetta sé námsmönnum gott. Námsmenn, eins og m.a. er tekið sérstaklega fram í grein sem formaður stúdentaráðs skrifar í Morgunblaðið í dag, hefðu frekar viljað sjá samtímagreiðslurnar. Fyrir því eru ýmis rök sem margoft hafa verð tínd til einmitt af námsmönnum. Reynsla námsmanna af bönkunum hefur ekki verið góð. Þegar þetta var á sínum tíma sent út til bankanna átti það að gerast þannig að þegar bankarnir fengju þessi viðskipti til sín mundu þeir allir keppast við að fá námsmennina til sín og fjármagnskostnaður mundi fara niður úr öllu valdi en það gerðist ekki. Þannig að námsmenn hafa ekki góða reynslu af að hafa þessi viðskipti sín í bönkunum. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að bein viðskipti við sjóðinn hefðu verið æskilegri. Það er alveg út í hött að færa það fram sem rök í málinu að þetta sé námsmönnum í hag. Nema þeir hafi óskað svona eindregið eftir þessu í nefndinni en það hefur þá algjörlega farið fram há mér. Alls staðar þar sem ég hef heyrt námsmenn eða forustumenn og fulltrúa námsmanna tjá sig um þessi mál hafa þeir einmitt sagt að þeir vildu frekar sjá samtímagreiðslurnar. Þó er þetta skref vissulega skárra en það sem var. Mér finnst engin ástæða til að vera að reyna að sýna fram á annað í þeim efnum. Það er lykilatriði að hefði Framsfl. viljað gera það sem námsmenn vilja þá hefði flokkurinn lagt til samtímagreiðslur námslána.

[18:04]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg rétt að ég hygg að námsmenn hafi ekki óskað eftir því að færa þessi viðskipti til bankanna. Þeir eru að hugsa um að verja lánasjóðinn sem ekki er nema gott um að segja og mér finnst skiljanlegt. Hitt er annað mál að ég trúi því að þegar þetta mál er komið í gang eins og áætlað er núna þá muni það reynast vel þegar komin er reynsla á það. Við erum ekki sammála um það, ég og hv. 12. þm. Reykv., og þetta verður reynslan að leiða í ljós. Ég hef sannfæringu fyrir því að þetta geti verið þægilegt kerfi fyrir námsmenn eins og það er áætlað. En ég ætla ekki að halda því fram hér að námsmenn hafi verið að berjast fyrir þessu. En þetta er niðurstaða í málinu og ég tel hana ásættanlega.

[18:05]

Bryndís Hlöðversdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt að framsóknarmenn skuli hafa trú og að þeir skuli hafa sannfæringu fyrir málinu, það er gott fyrir þá. Annars held ég að þeim þætti vont að sitja undir þessum ræðuhöldum hér. Ég vitnaði til þess sem námsmenn vildu og námsmenn hafa óskað eftir vegna þess að hv. þm. Jón Kristjánsson og fleiri hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað og hafa fært rök fyrir því hvers vegna þeir hafi samþykkt þetta fyrirkomulag hafa vísað til þess að það væri gott fyrir námsmenn. Ég er hins vegar þeirrar trúar og ég hef þá sannfæringu að vilji ég gera eitthvað sem er gott fyrir námsmenn þá ræði ég um það við námsmenn og hlusta á það sem þeir segja og þeirra tillögur. Ég tel að þannig sé langlíklegast að ég geti gert það sem er gott fyrir námsmenn.

[18:06]

Þóra Sverrisdóttir:

Herra forseti. Sem námsmaður stend ég upp til að fagna framkomnu frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er ánægjulegt að sjá að endurgreiðslubyrðin mun verða lækkuð í 4,75%, en hún hefur verið allt að 7%, þar sem það gerir námsmönnum hægara um vik að koma undir sig fótunum eftir að námi er lokið. Einnig fagna ég því að námsmenn koma til með að losna við fjármagnskostnað þann sem þeir hafa borið þar sem námslán hafa verið greidd eftir á en samkvæmt frv. mun ríkissjóður veita styrki til nemenda sem á að dekka þann kostnað. Þó hefði ég allra helst viljað sjá að LÍN tæki upp samtímagreiðslur því með þessu fyrirkomulagi aukast ríkisútgjöld. Það er að sjálfsögðu ekki góður kostur og bankarnir halda sínum hlut. Einnig fagna ég því að loksins fær Iðnnemasamband Íslands fulltrúa í stjórn sjóðsins í stað áheyrnarfulltrúa.

Reglur sjóðsins hafa verið stífar varðandi frávik í námi vegna veikinda eða skipulags skóla. Nú á að verða breyting á því en ég tel nauðsynlegt að útfæra þau frávik nánar í lagatextanum. Að mínu áliti hefur því með þessu frv. verið komið nokkuð vel til móts við óskir nemenda varðandi Lánasjóð ísl. námsmanna og er það vel þó alltaf megi gott bæta.

[18:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa ágætu og málefnalegu umræður um frv. til laga um Lánasjóð ísl. námsmanna. Í sjálfu sér hafa allir verið sammála þeim skrefum sem stigin eru með frv. Eins og fram hefur komið og ég gat um í minni framsöguræðu er full samstaða um þetta meðal stjórnarflokkanna og hefur það rækilega verið staðfest í þeim umræðum sem hér hafa farið fram um þetta mál að ekki er ágreiningur milli okkar sem að þessu frv. stöndum um ágæti þess og þá niðurstöðu sem fékkst í viðræðum okkar um breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem við boðuðum í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og framkvæmdar eru með þessu frv.

Það hefur verið samhljómur í gagnrýni þeirra hv. þm. sem vikið hafa að málinu frá öðrum sjónarhóli og vil ég, herra forseti, fara yfir þau atriði. Þó get ég ekki látið hjá líða að segja að mér finnst hálfhjákátlegt að heyra hv. þm. Alþb. gagnrýna þetta mál eins og þeir hafa gert hér í ræðum með hliðsjón af því frv. sem þeir fluttu sjálfir og er á þskj. 7 á þessu þingi og lýsir hugmyndum þeirra um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna. Í því frv. er ekki gengið eins langt

og í þessum tillögum hér og frv. er að ýmsu leyti ófullkomið og óklárað. Þar á að lögfesta stefnumið um frekari vinnu sem sjálfsagt er að vinna að án þess að menn séu að skuldbinda sig til þess í lögum. Ég tel því að stjórnarflokkarnir hafi komist að efnislegri niðurstöðu um málefni Lánasjóðs ísl. námsmanna sem gengur lengra til móts við námsmenn heldur en kemur fram í frv. hv. þm. Alþb. Í því ljósi finnst mér margt af því sem þeir hafa sagt næsta einkennilegt og bera keim af því að þeim er ekki annt um efni málsins heldur hafa þeir viljað koma höggi á Framsfl. sem mér finnst hafa misheppnast gjörsamlega í þeirra málflutningi miðað við málatilbúnaðinn.

Varðandi einstök atriði í frv. sem menn hafa spurt um þegar litið er til 2. gr. frv. hvers vegna þannig skuli staðið að málum sem þar er lagt til um úrskurði og tekið af skarið um það í lögunum að úrskurðir stjórnar skuli vera endanlegir í vafamálum sem upp koma og ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Þessi regla hefur gilt nú undanfarið og var talið nauðsynlegt að hafa hana lögbundna, m.a. með hliðsjón af stjórnsýslulögum og þeim kröfum sem gera á til þess að binda það í lög ef um endanlega úrskurði er að ræða hjá stjórnvaldi á borð við Lánasjóð ísl. námsmanna. Mér finnst einkennilegt að heyra því haldið fram að þarna sé verið að ganga sérstaklega á hlut námsmanna. Þvert á móti hefði ég vænst þess að gagnrýnin yrði á þann veg að menn veltu því fyrir sér hvort ekki væri verið að ganga þannig frá málum með þessari tillögu að námsmenn, fulltrúar lánþeganna sjálfra, gætu haft óeðlilega mikil áhrif á lokaniðurstöðu í slíkum málum. Því eins og fram kemur og menn sjá af lögunum þá er gert ráð fyrir því að jafnmargir námsmenn sitji í stjórn sjóðsins og fulltrúar ráðherra í stjórninni. Síðan veltur það á atkvæði formanns hvernig mál fara ef til ágreinings kemur en ég held að í slíkum vafatilvikum við slíka úrskurði sé sjaldan um þannig ágreining að ræða innan stjórnarinnar. Menn hefðu frekar átt að nálgast þetta mál og spyrja: Er eðlilegt að veita fulltrúum lánþeganna jafnmikið vald og verið er að gera með þessu og með því að setja þessar undirnefndir? Erum við að veita námsmönnum of mikil áhrif um að komast að lokaniðurstöðu um þessi mál eða ekki með þessu fyrirkomulagi? Þetta hefði ég talið að menn gætu gagnrýnt en ekki hitt að menn vildu hafa það á lokavettvangi innan lánasjóðsins sjálfs að komast að niðurstöðu um þau málefni sem þar er ágreiningur um.

Ef menn vilja hins vegar og það verður niðurstaða að menn telji að þetta sé óeðlilegt teldi ég það frekar út frá þeim forsendum að verið væri að veita námsmönnum, umbjóðendum lánþeganna, of mikil áhrif og völd. Ef menn telja það fyndist mér skynsamlegast að koma á laggirnar kærunefnd en ekki hafa það eins og það var að málum væri skotið til menntmrn. Ég hefði talið að menn ættu þá að setja á laggirnar sérstaka kærunefnd og velta því fyrir sér hverjir eigi að eiga fulltrúa í þeirri nefnd. Eiga námsmenn að eiga fulltrúa í henni? Á Hæstiréttur að skipa í hana eða hvaða óháði aðili á að koma að því máli til að taka á slíkum vafamálum og úrskurða um þau? Það er álitamálið en ekki hitt að það fari í sama far og var að menn væru að skjóta málum til menntmrn. og það að úrskurða í slíkum málum. Mér finnst gagnrýnin á þetta af hálfu hv. þm. hafa verið á röngum forsendum, á þeirri forsendu að það væri eitthvað óeðlilegt að verið væri að fela stjórn sjóðsins of mikið vald með þessu. Það er raunverulega kannski spurningin hvort verið er að fela fulltrúum námsmanna of mikið vald í málefnum sem varða námsmenn sjálfa. Því verða menn að velta fyrir sér hvort þeir vilja taka það vald af stjórninni og láta þá einhverja aðra aðila koma að því máli. Þá lít ég þannig á að menn treysti sér ekki til þess vegna þess að námsmenn eigi svo marga menn í stjórninni sem raun ber vitni og á þeim forsendum vilji þeir ekki hafa þetta eins og gerð er tillaga um og þá verði að stíga skrefið til fulls og skipa sérstaka nefnd til að fjalla um þessi mál án þess að fulltrúar námsmanna komi þar að með einum eða öðrum hætti.

Hins vegar vil ég nefna það hér og sjálfsagt að það komi fram að það er alls ekki óalgengt að málefni sem varða ákvarðanir stjórnar lánasjóðsins fari til umboðsmanns Alþingis og eins og menn geta séð, þingmenn hafa hér umræður árlega um skýrslu umboðsmanns Alþingis, þá hefur umboðsmaður tekið á fjölmörgum málum er varða lánasjóðinn. Og það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunum að reglurnar eru mjög margbrotnar, bæði reglugerðin, lögin og úthlutunarreglurnar og mörg álitamál sem koma upp. Umboðsmaður Alþingis hefur tekið á mörgum þessum atriðum og lánasjóðurinn tekið tillit til álitsgerða umboðsmannsins.

Það er ekki, held ég, með neinum lögfræðilegum eða stjórnsýslulegum rökum unnt að halda því fram að það kerfi sem hér er mælt með í frv. sé óeðlilegt. En ef menn vilja breyta því og ef það er vilji manna hér að breyta því, þá tel ég að það eigi að koma á laggirnar sérstakri kærunefnd en ekki að láta málið ganga til ráðuneytisins eins og áður var. Þetta er álitaefnið en ekki hitt, og álitaefnið á þá að nálgast líka — erum við að færa námsmönnum of mikil áhrif eða ekki með því að hafa þetta endanlega úrskurðarvald í höndum stjórnar þar sem þeir eiga jafnmarga fulltrúa og ríkisvaldið?

Síðan er lagt til í frv. eins og menn vita að Iðnnemasambandið fái einn fulltrúa. Hv. þm. Svavar Gestsson gerði athugasemd við það hvers vegna væri þá fjölgað um fulltrúa menntmrh. í leiðinni. Það er m.a. með hliðsjón af þessu, með hliðsjón af því jafnvægi sem er innan stjórnarinnar eins og ég sagði, með hliðsjón af því valdi sem stjórninni er fengið. Ég tel tvímælalaust að þá ætti að þrengja mjög heimildir stjórnarinnar ef svo væri að fulltrúar lánþega skipuðu meiri hluta í stjórn sjóðsins. Það teldi ég að enginn mundi telja að væri skynsamlegt úrræði og mundi veikja mjög stjórnsýslulega stöðu stjórnar sjóðsins. Þess vegna tel ég að það verði að vera þarna jafnvægi, a.m.k. jafnmargir fulltrúar með ákvæðum um oddaatkvæði ef til þess kemur að slíku þurfi að beita og mál klárist ekki með öðrum hætti á vettvangi stjórnarinnar. Þetta vildi ég láta koma fram varðandi þessi tvö atriði, kærur og fjölda í stjórn.

Síðan veltu menn því fyrir sér hvernig á því stæði að fram kæmi í athugasemdum og umsögn fjmrn. varðandi 3. gr. frv., að kostnaðurinn gæti verið allt frá 36 millj. kr. í 60 millj. kr. Talan 36 millj. kr. miðast við að allir námsmenn taki bankalán í lok hvers mánaðar, t.d. 30. september en ekki 1. september. Ef þeir taka hins vegar lán 1. september, í upphafi hvers mánaðar, þá hækka þessar fjármagnsbætur og geta orðið allt að 60 millj. kr., enda verða menn að hafa í huga að þessi upphæð miðast við að þeir sem hingað til hafa fengið vaxtaábót vegna skólagjaldalána og lána vegna ferðalaga fá vaxtastyrkinn einnig. Þetta er heildartalan. Með þessu viðmiði er verið að viðurkenna að sá háttur verði hafður á. Og það er 60 millj. kr. talan, hún miðast við að menn taki lánið út í upphafi hvers mánaðar og einnig að þeir sem hingað til hafa fengið vaxtaábót vegna skólagjaldalána og lána vegna ferðalaga fái vaxtastyrkinn einnig. Þetta er það sem um er að ræða og unnt að skýra með þessum hætti.

Markmiðið er að þannig verði að málum staðið. Síðan hafa menn velt því fyrir sér af því hér stendur líka í 3. gr.: „Styrkurinn greiðist við útborgun námsláns og miðast við meðaltal vaxta- og lántökukostnaðar banka og sparisjóða eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt nánari reglum sem stjórn sjóðsins setur." Menn hafa gert því skóna að þarna séu fyrirvarar settir sem dragi úr gildi fyrstu setningar þessarar málsgreinar þar sem stendur að mönnum skuli bættur fjármagnskostnaðurinn. En með þessu orðalagi á að vera tryggt að námsmenn fái vaxtastyrk fyrir öllu bankaláninu. En hins vegar er það svo að námsmaður ræður því hvar hann tekur lán. Og það er ekki hægt að búast við því — segjum að námsmaður fari til einhverrar lánastofnunar sem láni fjármuni með óeðlilega háum vöxtum og hann komi síðan og segi: ja, ég þurfti því miður að skipta við þennan lánardrottinn sem bauð mér lán á þessum kjörum, — að lánasjóðurinn borgi þann mismun. Þess vegna kemur þetta ákvæði um meðalvextina. Og það er alveg ljóst af reynslunni að allir námsmenn, vil ég fullyrða, skipta við stofnanir sem lána með meðalvöxtum. Þannig að þarna er mótuð almenn meginregla en loku skotið fyrir það að menn komi með óeðlilega háa vaxtareikninga á þeim forsendum að þeir hafi ekki getað annað. Eins og menn vita þá geta komið upp slík tilvik og slíkan óeðlilegan vaxtakostnað verða menn að bera sjálfir, en það er allur þorri námsmanna sem nýtur meðalvaxta. Og eins og fram hefur komið hér í umræðunum þá er það alveg víst að bankastofnanir munu sækjast eftir viðskiptum við námsmenn og þannig verður auðvelt að fylgjast með þessu og haga þessu þannig að sanngjarnt verði.

Síðan hafa umræður orðið um ábyrgðarmannakerfið og menn velt því fyrir sér hvort það sé eðlilegt eða ekki að halda jafnfast í það kerfi og gert er því ekki er lögð til breyting á því í þessu frv. Ég hef ekki í hyggju að leggja til breytingar á ábyrgðarmannakerfinu. Rökin fyrir því að lánasjóðurinn þurfi að hafa ábyrgðarmannakerfi eru fyrst og fremst þau að gert er ráð fyrir að hann hafi þá skyldu að veita öllum námsmönnum sem skila námsárangri lán. Oft á tíðum eru þetta lán til mjög langs tíma og menn eru jafnvel alla ævi að greiða þau til baka. Einnig er um að ræða mjög háar fjárupphæðir sem menn geta fengið að láni. Á þeim tíma sem menn taka lánin er engin leið að meta greiðslugetu lántaka og þannig er lánafyrirgreiðsla lánasjóðsins með allt öðrum hætti heldur en allra annarra lánastofnana í landinu, leyfi ég mér að fullyrða. Því þegar menn taka bankalán er yfirleitt krafist að þeir sýni hvaða tekjur þeir hafa, hverjar eignir þeirra eru og síðan eru lántakendur metnir út frá því eins og við vitum að það er lagt greiðslumat. En slíkar kröfur eru ekki gerðar til lánþega hjá Lánasjóði ísl. námsmanna. Þess vegna er talið að það sé lágmarksöryggi fyrir lánasjóðinn að hafa þetta ábyrgðarmannakerfi. Auðvitað geta menn nefnt eins og hér hefur komið fram að menn viti um einstök dæmi að þetta hafi skapað námsmönnum erfiðleika. Auðvitað er aldrei hægt að komast hjá því. Það er sama hvaða kerfi við búum til, menn geta verið á skjön við kerfið á einhverju stigi málsins. En ég held að almennt séð sé þetta sanngjörn krafa til lánþega hjá sjóði sem lögum samkvæmt er skylt að veita lán. Og það er munurinn á þessum sjóði og öðrum lánastofnunum sem menn eru gjarnan að bera saman við að lánasjóðnum er skylt að veita lán ef menn uppfylla ákveðið „criterium" varðandi það atriði að koma og krefjast lánsins. Hann hefur hins vegar það öryggisnet og það er hans eina öryggisnet að hann biður um sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmanna. Þessar reglur hafa gilt alla tíð. Þær giltu samkvæmt lögunum frá 1982 sem hér hafa hvað eftir annað verið útmáluð sem bestu lög í sögu lýðveldisins að því er námsmenn varðar, og í almennum umræðum hafa menn aldrei litið á þetta sem annað en eðlilegt fyrirkomulag með hliðsjón af þessari lánaskyldu lánasjóðsins.

Þá hefur verið gerð athugasemd við það að fastagreiðslan verði óbreytt. Mér finnst þær athugasemdir næsta röklitlar miðað m.a. við það að engu er hróflað við því frá því sem var í lögunum t.d. frá 1982 og ekki gengið á skjön við það sem viðgengist hefur að þessu leyti. Þarna er um það að ræða að menn sinni þó því að borga þessa lágmarksfjárhæð af því láni sem þeir hafa tekið hjá sjóðnum og finnst mér menn hafa nú kveðið of fast að orði um þann þátt málsins.

Ég held, herra forseti, að ég hafi með þessum hætti farið yfir megin almennu atriðin sem komu fram í máli flestra ræðumanna sem gagnrýndu þetta ágæta frv. Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir vék að því hvort ekki hefði komið til greina að dreifa endurgreiðslubyrðinni. Vissulega veltu menn því fyrir sér en niðurstaðan varð það sem hér er lagt til.

Síðan var vikið að dómi sem gekk í síðustu viku í héraðsdómi Reykjavíkur. Ég er ekki sammála því að málið sé eins glöggt og hér hefur verið látið í veðri vaka og tel nú eðlilegt fyrir lánasjóðinn að velta því fyrir sér að áfrýja þessu máli, því þarna er að mínu mati tekið þannig á lögum og reglum að ég sem lögfræðingur get ekki fallist á að þessi dómur sé sá besti og skynsamlegasti sem ég hef séð, án þess að ég ætli að fara að deila við dómarann. Það munu menn gera ef þessu verður vísað til Hæstaréttar. Hins vegar er nauðsynlegt vegna málsins að breyta reglugerð um sjóðinn og hyggst ég beita mér fyrir því að henni verði breytt þannig að enginn munur sé á reglugerðinni annars vegar og hins vegar úthlutunarreglunum varðandi gjalddagann. Við skulum rifja það upp að þegar Alþingi fjallaði um málið 1992 þá voru í gildi lög sem mæltu fyrir um að endurgreiðslan hæfist þremur árum eftir að námi lyki. Í frv. sem lá fyrir þinginu var gert ráð fyrir að endurgreiðslan hæfist einu ári eftir að námi lyki. Því var breytt og færð fyrir því rök í grg. og áliti menntmn. að endurgreiðslan ætti að hefjast eftir tvö ár. Það er vilji löggjafans að endurgreiðslan hefjist eftir tvö ár og auðvitað á að sjá til þess að þannig verði að málum staðið.

Ég tek undir ýmislegt af því sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði hér um spurninguna um hversu mikið af þeim ákvæðum sem við erum að fjalla um í reglugerð og úthlutunarreglum á að vera í lögum og hversu mikið í þeim reglum. Sjálfur hefði ég talið og tel að í framhaldsumræðum og framhaldsathugunum á málefnum lánasjóðsins beri að stíga þau skref að löggjafinn fjalli um fleiri atriði í málefnum sjóðsins heldur en gert er núna ef menn vilja halda áfram á annað borð á þessari braut.

En ég var spurður að því af fleiri en einum ræðumanni hvort líta bæri á þessa fjármagnskostnaðarstyrki á þann veg að ég væri að leggja til fyrstu skrefin til styrkjakerfis í staðinn fyrir lánakerfi. Ég get í sjálfu sér sagt að ég tel að nauðsynlegt sé að huga að því hvort námsstyrkjakerfi þjóni ekki betur þeim markmiðum námsstyrkjasjóðs sem stefnir að því að hvetja menn til þess að stunda nám og ná árangri í námi, en síðan sé þá félagslegur sjóður sem kemur sem öryggisnet fyrir þá sem lenda í erfiðleikum af öðrum ástæðum. Þessu finnst mér að menn ættu að velta fyrir sér. En ég lít nú ekki þannig á og get því miður ekki sagt að með þessu frv. sé verið að stíga fyrsta skrefið í þá áttina. Það

er hins vegar verið að gera núgildandi kerfi, að mínu mati, miklu bærilegra fyrir námsmenn með þessu styrkjakerfi. En það ber ekki að túlka það svo að í því felist eða að stjórnarflokkarnir hafi með þessu komið sér saman um að við ættum að sigla inn í eitthvert alveg gjörbreytt og nýtt kerfi, En minn flokkur, Sjálfstfl., hefur mælt með því og við margir þingmenn flokksins erum þeirrar skoðunar að það beri að huga að slíkum reglum en það er nú of djúpt í árinni tekið að túlka þetta frv. á þann veg.

Ég er þeirrar skoðunar að margt hafi verið sagt hér um fjarstýringu ráðuneytisins á málefnum sjóðsins og aðra slíka hluti sem eigi ekki við rök að styðjast. Það sem er að gerast og hefur verið að gerast innan lánasjóðsins á undanförnum missirum er það að náðst hefur víðtæk samstaða um úthlutunarreglurnar. Úthlutunarreglurnar eru samdar núna samhljóða af bæði námsmönnum og fulltrúum ríkisins í sjóðnum, staðfestar af menntmrh. Ráðherra gefur út reglugerðina. Og um þetta hefur verið gott samstarf. Það sem gladdi mig mest þegar ég hitti forustumenn námsmannahreyfinganna á mánudaginn í síðustu viku var vilji þeirra til að halda því samstarfi áfram, sem er ítrekað í grein formanns stúdentaráðs í Morgunblaðinu í dag. Og ég tel að það sé komin alveg ný staða í lánasjóðsmálin. Ég hef reyndar sagt í allan vetur, þegar menn hafa tekið þessi mál upp, að mér fyndist æsingurinn varðandi lánasjóðinn meiri hér í þingsalnum heldur en þegar ég ræddi við fullrúa námsmanna. Og það er svo. Námsmenn líta á þetta, eins og fram kemur í grein formanns stúdentaráðs, sem mikilvægt skref af hálfu okkar sem myndum meiri hluta á Alþingi og sitjum í ríkisstjórn, eins og segir, með leyfi hæstv. forseta, í lok greinar formanns stúdentaráðs í Morgunblaðinu í dag:

„Nú er mikilvægt að stúdentar og stjórnvöld nái saman til að vinna megi að þeim fjölda verkefna sem nú bíða og samvinna þarf að takast um. Þau eru ekki aðeins á sviði námslánakerfisins heldur ekki síður á sviði mennta- og háskólamála. Baráttan fyrir því að menntamál séu sett í öndvegi heldur áfram."

Þetta kom einnig fram á fundi fulltrúa námsmannahreyfinganna með mér í síðustu viku, sem ég met mjög mikils. Og ég er sannfærður um að takist okkur að ljúka þessari málsmeðferð hér sæmilega og í góðri samvinnu eftir því sem menn vilja þá verði það skref til þess að auðvelda samskipti stjórnvalda, Alþingis og námsmanna, og verði líka skref til þess að innan Lánasjóðs ísl. námsmanna náist sættir um fleiri mál en þau sem við erum að fjalla um hér. Það er fullur og eindreginn vilji minn að stuðla að því og mun ég leggja mig fram um það eftir því sem fjármunir leyfa.

Þá ætla ég að lokum, herra forseti, að víkja að því að menn hafa sagt: Hvers vegna var farið út í það að ríkissjóður færi að borga þennan kostnað vegna viðskipta við bankana í stað þess að taka upp „samtímagreiðslur"? Ég leyfi mér að setja það orð innan gæsalappa því enginn veit hvað í því felst og það hefur verið staðfest hér í umræðunum að menn tala um það sem ólíka hluti. Við erum hér að tala um viðbótarkostnað sem er upp á 200–226 millj. kr., af því við vitum ekki hvað meira. En ef teknar væru upp samtímagreiðslur eins og þær hafa verið rökstuddar og kynntar af námsmönnum með ýtrustu kröfum þá værum við með tölur á milli 800–900 millj. kr., plús miklu meira af því að ásóknin í sjóðinn hefði aukist svo mikið. Við töldum okkur ekki í stöðu til að koma með slíka tillögu inn í hv. Alþingi. Við höfum engan vilja til þess og teljum að þetta kerfi sem hér er um að ræða sé sanngjarnt og hér sé komið til móts við sanngjarnar óskir námsmanna. Um þetta náðist góð sátt. Allt annað er svo miklu dýrara að það er með öllu óforsvaranlegt að leggja til að slík kerfi verði tekin upp. Þetta er kjarni málsins.

Þess vegna segi ég, og vil láta það verða mín lokaorð, að ég er tilbúinn til að taka upp viðræður við námsmenn um úthlutunarreglur og allar þær reglur sem til sátta mega leiða svo framarlega sem við höfum fjárhagslegt bolmagn til þess og svo framarlega sem ég er sannfærður um að það feli ekki í sér að slegið verði af kröfum um að menn nái árangri í námi og hagi námi sínu í samræmi við það sem eðlilegt verður að teljast eins og mótast hefur á grundvelli þeirra laga sem nú eru í gildi og við erum að bæta með þessu frv. sem hér er til umræðu.

[18:33]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. menntmrh. þau svör sem hann veitti við spurningum mínum sem flest voru skýr. Ég heyrði þó ekki svar við einni spurningu varðandi greinina um heimildina til að veita viðbótarlán vegna veikinda eða vegna þess að skóli byði ekki upp á fullt nám. Ég spurði hvers vegna ekki væri skýrt ákvæði um að það væri skylda að veita slík lán og hvað þetta þýddi, hvort þarna væri ákveðin upphæð, hvort stjórnin gæti ákveðið að veita sumum en ekki öðrum og hvort einhver trygging væri fyrir því að slíkt lán fengist. Mér finnst ákvæðið vera mjög veikt miðað við að stjórnin hefur endanlegan ákvörðunarrétt um öll mál. Ég get ekki séð að stúdentar hafi nokkra tryggingu fyrir því, ef þeir verða veikir eða ef skólar geta ekki skipulagt fullt nám, að þeir fái þá slíkt viðbótarlán. Ég vildi aðeins fá að heyra hvort ráðherra getur upplýst mig um þetta.

Að öðru leyti vil ég nefna að mér fannst röksemdafærslan varðandi samtímagreiðslurnar ekki nægilega trúverðug. Hvers vegna þær eiga að vera dýrari en 226 millj. kr. eða jafnvel 800 millj. kr., vegna aukinnar ásóknar í sjóðinn. Ef hæstv. ráðherra getur skýrt þá röksemdafærslu aðeins betur þá yrði ég þakklát fyrir það.

[18:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel eðlilegt að hv. menntmn. kalli fyrir sig reikningsglögga menn til að skoða þessar tölur því tölur um þetta liggja alveg fyrir. Ef ég hefði hér myndvarpa þá gæti ég brugðið þessu upp og lýst því í hverju þetta felst. En ég hef hann ekki hér og ætla þess vegna ekki að tíunda þær talnaraðir. En hv. menntmn. getur að sjálfsögðu fengið þær upplýsingar.

Varðandi spurninguna um heimildina, þá er þetta heimild en ekki skylda því að viðbótarlán er heimilt í undantekningartilvikum sem stjórnin verður að meta við hvern námsmann þegar hann kemur með sitt erindi til hennar. Þá er þarna tíundað að vegna veikinda eða vegna skipulags skóla eigi menn rétt á að fá jákvæð viðbrögð við óskum um viðbótarlán. Um það snýst þetta, en ekki skyldu því það er óeðlilegt að setja þetta sem skylduákvæði. Þetta heimildarákvæði sem stjórnin tekur afstöðu til í einstökum tilvikum.

[18:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Er það þá rétt skilið hjá mér, hæstv. menntmrh., að sjóðnum beri að fara yfir slíka umsókn og að ef gild rök liggja að baki þá verði slíkt lán veitt? Stundum eru heimildarákvæði alls ekkert notuð. Það er hægt að segja: Það er ekkert fé til eða að það er stefna sjóðsins í ár við ætlum að

ekki nota heimildarákvæðið. Ég skil orð hæstv. menntmrh. þannig að hann eigi við að hver einasta umsókn verði skoðuð og ef rök eru fyrir umsögninni þá verði heimildarákvæðið notað og viðbótarlán veitt.

[18:37]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*: Herra forseti. Þetta er réttur skilningur hjá þingmanninum.

[18:37]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að sú umræða sem hér hefur farið fram hafi að mörgu leyti verið ágæt. Hún hefur skýrt ýmsa þætti málsins þótt nokkrir séu óskýrðir enn.

Það er greinilegt að mjög dregur af þeim framsóknarmönnum eftir því sem líður á umræðuna. Þeir eru farnir úr salnum. Þeim hefur snjóað héðan út hægt og bítandi. Og miðað við kokhreysti hæstv. félmrh. í upphafi umræðunnar þá er það nokkurt umhugsunarefni, þar sem hann hældist um yfir frv. eins og það lítur hér út. Hann fullyrti reyndar að um samtímagreiðslur væri að ræða. Allir aðrir telja að svo sé ekki heldur sé hér í raun og veru um að ræða allt annað fyrirkomulag eins og hér hefur verið rakið. Námsmenn eru áfram í lánasjóðnum númer eitt og verða að fara með lánsloforðin þaðan inn í bankakerfið þannig að það er beinlínis ósatt þegar þeir framsóknarmenn voru að gefa það í skyn í gær að námsmenn væru lausir við skýrslufarganið í lánasjóðnum og gætu farið með öll sín mál og allar sínar þjáningar inn í bankann. Það er ekki þannig. (**Gripið fram í:** Til þjónustufulltrúanna.) Til þjónustufulltrúanna í bönkunum eins og hv. þm., ég held Hjálmar Árnason, hafi beinlínis sagt og hafi verið útvarpað eftir honum í hádegisfréttum útvarpsins. Það er ekki þannig.

Ég ætla þessu næst að víkja að nokkrum efnisatriðum á þeim tíma sem ég hef til umræðu og tala fyrst um samtímagreiðslurnar. Ástæðan fyrir því sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði um hér áðan, að talan er 400–500 millj. kr. hærri er auðvitað bara sú að fjármunirnir eru fluttir til á milli ára. Það er ekki um það að ræða að menn væru að hækka ríkisútgjöld til lengri tíma litið sem þessu nemur heldur væru menn bara að færa fjármuni á milli ára. Þess vegna var það þegar núv. hæstv. forseti Alþingis var með þessi mál að niðurstaðan var sú að í raun og veru varð sparnaður á ríkissjóði sem þessari upphæð nam í eitt skipti af því að greiðslan var flutt til. Það var ekkert annað sem gerðist. Ekki var um það að ræða að verið væri að breyta ríkisútgjöldunum í heild að öðru leyti en því að tekin var um það ákvörðun að láta lánasjóðinn lána að hluta til fyrir yfirdráttarlánunum sem hafa verið tekin í bönkunum á móti lánunum frá Lánasjóð ísl. námsmanna. Hér er því ekki um að ræða nettóaukningu á útgjöldum ríkissjóðs sem þessu nemur.

Þá ætla ég næst að víkja að nokkrum almennum atriðum sem fram hafa komið í umræðunum og fyrst segja að ég er hlynntur þeirri hugmynd og viðraði hana í fyrri ræðu minni að sett verði niður sérstök kærunefnd. Ég vil hafa það þannig og ég er sammála ráðherranum um það. Ég vil ekki að þessi mál séu í ráðuneytinu. Ég þekki hvað það getur verið vont fyrir ráðuneytið að hafa kærumál af þessu tagi og ég tel skynsamlegt að kærunefnd fjalli um þessi mál.

Í öðru lagi varðandi umræðurnar þá kem ég næst að 3. gr. sem er snúningspunkturinn í umræðunni. Ég ætla bara að segja að það kom í ljós í þremur atriðum að hæstv. félmrh. hafði ekki skilið málið þó hann styddi það. Kannski studdi hann það þess vegna. Hæstv. félmrh. sagði að í frv. stæði að það ætti að borga alla vexti eða allan þann viðbótarkostnað sem verður af milligöngu bankanna við námsmenn. Hann sagði þetta orðrétt. Hæstv. menntmrh. sagði síðan hér áðan: „... námsmenn fái vaxtastyrk fyrir öllu bankaláninu", þó þann vaxtastyrk sem væri reiknaður út miðað við meðaltalsyfirdráttarlánakostnað eins og hann er á hverjum tíma, en auðvitað reikna menn ekki með því að Lánasjóður ísl. námsmanna eða ríkissjóður eigi að fara að styrkja okurlánastarfsemi, það dettur engum manni í hug. Ég tel út af fyrir sig að það sé fínt að þessi skilningur ráðherrans er kominn hér fram því hann kemur ekki fram í frv. og hann kemur enn síður fram í greinargerð fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þess vegna vil ég fara fram á það við hv. menntmn. að það verði skoðað hvort orðalagið þarna þurfi ekki að vera skýrara. Ég er líka að hugsa um það, herra forseti, að menntmrn. eigi viðspyrnu þegar það þarf að semja um þennan þátt ríkisútgjaldanna við fjmrn. á komandi árum. Ég held að það skipti miklu máli að það sé alveg skýrt fyrir ráðuneytið að hafa þessa hluti á hreinu. Þeir eru það ekki í textanum eins og hann er nú.

Í þriðja lagi ætla ég að víkja að ábyrgðarmönnum af því að ég hafði ekki tíma til þess að ræða það í minni fyrri ræðu og segja: Það verður eiginlega að taka á því máli. Það er of strangt og of erfitt fyrir sjóðinn eins og það er. Ég nefni þar fimm atriði sem mér finnst að hv. menntmn. geti skoðað.

Í fyrsta lagi finnst mér sjálfsagt að það sé skýrt að ábyrgðin falli niður ef um dauðsföll er að ræða.

Í öðru lagi finnst mér að það þurfi að vera skýrt að ábyrgðin falli niður ef um alvarleg varanleg veikindi er að ræða. Það er ekki þannig í dag heldur er það þannig að afborgunin er flutt aftur fyrir og liggur á ábyrgðarmanninum alla tíð og getur vaknað upp aftur eins og staðan er í dag og starfsmenn lánasjóðsins eru í vandræðum með í mörgum tilvikum.

Í þriðja lagi finnst mér rétt að benda á, og það mætti skoða finnst mér í þessu sambandi, að stundum getur námsmaður ekki lokið við að greiða af láninu með þeirri tekjutengingu og afborgunarkerfi sem hér er gert ráð fyrir og þá er það augljóst mál að mismunurinn að loknum þessum tíma á að falla niður. En ekki að námsmaður sé enn að borga af námsláninu sínu með ellilífeyri sínum eins og það er í dag, eftir 40 ára greiðslur jafnvel. Ég spyr: Er ekki hægt að setja inn í reglurnar ákvæði um að ekki sé verið að rukka fólk umfram venjulegan starfstíma inn á ellilífeyristímann eins og þetta er í dag?

Í fjórða lagi spyr ég: Af hverju velta menn því ekki fyrir sér og ég endurtek, velta því fyrir sér, að ríkisábyrgðin verði að takmörkuðu leyti á þessu láni, þ.e. að ábyrgð ábyrgðarmannsins verði ekki nákvæmlega eins og gengur og gerist hjá öðrum lánasjóðum, heldur verði hún að einhverju leyti takmörkuð með því að ríkið komi á móti með hluta af þeim kostnaði sem fellur á lánið, t.d. verðbótum eða vaxtakostnaði? Ég er ekki að tala um að ríkið veiti ábyrgð fyrir kannski helmingnum af láninu eða einhverju því um líku. Ég er að tala um mjög takmarkaðan hluta og bið um að menn skoði það mjög alvarlega.

Í fimmta lagi tel ég, ég þekki dæmi um það, að námsmenn hafi ekki getað tekið lán af því þeir hafa ekki átt aðstandendur með eignir sem hafa geta skrifað upp á. Það þarf að mynda farveg fyrir þann sérstaka vanda þessara námsmanna þegar þeir geta ekki tekið lán af því að þeir eiga engan að sem er

borgunarmaður fyrir einu eða neinu eða getur ekki uppfyllt þær kröfur sem lánasjóðurinn gerir til ábyrgðarmanna.

Þetta var um ábyrgðarkerfið. Ég endurtek, herra forseti, að ég bið um að það verði skoðað því ég held að það sé vont. Og það er alveg rétt að þetta var svona 1982 en þá var bara allt annar veruleiki uppi hér í þessum efnum. Þá voru lánin öðruvísi og verðbindingarnar ekki eins stífar og þær eru nú.

Í fjórða lagi varðandi það að fastagreiðslan sé óbreytt. Þá fannst mér nú koma greinilega fram hjá hæstv. félmrh. að hann vissi ekki hvað hann var að tala um vegna þess að hann talaði um fastagreiðsluna eins og það væri lánsupphæðin, framfærsluupphæðin. Það er ekki það sem við áttum við og stendur ekki í frv. því hér er fastagreiðslan tiltekin upphæð sem talin er lágmark í afborgun. Nú er gert ráð fyrir því að afborgunin verði 4,75% af tekjum. Það þýðir að þessi fastagreiðsluupphæð eins og hún stendur hér núna er 4,75% af u.þ.b. 92 þús. kr. á mánuði, sýnist mér þetta vera. Þess vegna er ljóst að þessi fastagreiðsluupphæð er meira en 4,75% af lægri tölu en þetta. Ef lántakinn er með lægri tekjur en 92 þús. kr. á mánuði þá er um það að ræða að hann er að borga meira en 4,75%. Hann er kannski að borga 4,9% eða 5,1% eða 5,2% eftir því hvað tekjurnar eru lágar. Mér finnst það satt að segja alveg útlátalaust fyrir meiri hlutann að skoða hvort ekki er beinlínis ósanngjarnt að koma ekki líka til móts við þá sem allra tekjulægstir eru í lántakendahópnum með því að breyta þessu.

Þá er það í fimmta lagi, herra forseti, það sem lýtur að þessum 7%. Það hefur mikið verið deilt um það og sagt að 7% hafi nú staðið í lögbókinni og það er alveg rétt þau standa í lögbókinni. En ég ætla bara að benda á að í þingskjölunum sem birtust bæði frá meiri hluta menntmn. og minni hluta menntmn. 1992 kemur fram að fólk ræður ekki við að borga af þessum lánum eins og þarna hefur verið gert ráð fyrir. Það er því augljóst mál að það varð að breyta þessu kerfi af því fólk réð ekki við að greiða öll þau ósköp af sem þarna hefur verið gert ráð fyrir. Ég segi það líka, herra forseti, að þó svo að þessi tala sé sett niður í 4,75% og þó hún væri sett niður í 4,5% þá er það samt sem áður þannig, miðað við þá útreikninga sem við létum Hagfræðistofnun háskólans gera árið 1995, að t.d. framhaldsskólakennarar munu eftir 42 ára starf úti á vinnumarkaði — segjum að þeir hafi þá tekið að láni 2,5 millj. kr. á verðlagi ársins 1992 — eiga enn þá hærri upphæð óborgaða í uppfærðum höfuðstól, eftir 42 ára starfstíma. Það er því alveg bersýnilegt að við erum í öngstræti með þessar tölur. Og ég hygg að ég muni það rétt að þáv. hæstv. menntmrh., þó að hann teldi út af fyrir sig lögin fullkomin sem hann flutti frv. um á sínum tíma, viðurkenndi að þetta væri knappasti þátturinn í lögunum, þ.e. endurgreiðsluþátturinn.

Í sjötta lagi ætla ég aftur að koma að 3. gr. og biðja hæstv. menntmrh. að segja mér það sem ég spurði hann um í gær en hann svaraði ekki áðan. Hver er stofntalan í 3. gr.? Við hvað er miðað þegar talað er um 36–60 milljónir? Hvaða tala er það í lán til námsmanna sem er grunnurinn að 36–60 milljónum? Þessu ætti ráðherrann auðvitað að geta svarað því þetta eru þær forsendur sem fjárlagaskrifstofa fjmrn. byggir sína útreikninga á og ég óska eftir því að þetta verði dregið fram. Mér þykir satt að segja öllu lakara að hæstv. ráðherra skuli ekki hafa þetta hér við höndina.

Í sjöunda lagi ætlaði ég að fara nokkrum orðum um ræður hæstv. félmrh. Nú er hann runninn af hólmi og farinn úr salnum og ég ætla ekki að segja margt um hann enda er nú sjálfsagt best að ræða ekki mikið um þá frammistöðu frekar hér.

Í áttunda lagi ætlaði ég aðeins að víkja að greininni sem fjallar um veikindi og spyrja hæstv. menntmrh.: Lítur hann svo á — það er 7. gr. frv., 12. gr. laganna — að upptalningin sem þar er gert ráð fyrir sé tæmandi, þ.e. eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr.," það eru tiltekin áföll í 1. mgr. 12. gr. laganna, „svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur."

Er þetta tæmandi upptalning eða þýða orðin „svo sem" í frv. að það megi hugsa sér að í fleiri tilvikum njóti menn undantekningar frá reglunni? Þetta er hlutur sem ég hefði viljað að hæstv. ráðherra svaraði mér um vegna þess að hann skiptir miklu máli. Út af fyrir sig gæti ég látið mér nægja að hv. menntmn. skoðaði þetta atriði sérstaklega því mér finnst það skipta máli þegar verið er að setja svona reglur að þær séu skýrar, annars lenda starfsmenn sjóðsins í vandræðum, stjórn sjóðsins lendir í vandræðum og þess vegna finnst mér að aðeins betur þurfi að taka á því.

Ég vil líka segja það, herra forseti, um 2. gr. að mér finnst hún ekki alveg nógu góð eins og hún er hér, þ.e. 2. mgr. 2. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa undirnefndir úr hópi stjórnarmanna til að fjalla um einstök mál og gera tillögur fyrir stjórn sjóðsins."

Það hefur verið praktíserað þannig í núverandi stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna að settar hafa verið niður undirnefndir og þær hafa fengið að afgreiða mál. Mér finnst það röng vinnubrögð. Og mér finnst að það þurfi þá að taka það skýrt fram að slíkt sé annaðhvort ekki heimilt eða heimilt. Ég tel að orðalagið á þessari seinni málsgrein 2. gr. sé ekki nægilega skýrt.

Varðandi síðan, í síðasta lagi, samtímagreiðslur og mánaðargreiðslur þá er það auðvitað alveg ljóst eins og hæstv. menntmrh. hefur bent hér á og hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir að auðvitað er ekki verið að taka hér upp neinar samtímagreiðslur, það er ekki þannig. Og eins og hv. þm. Þóra Sverrisdóttir sagði áðan: „Ég hefði heldur viljað samtímagreiðslur", sagði hún, og svo bætti hún við: „því svona aukast ríkisútgjöldin." Ég held að það sé dálítið til í þessu vegna þess að þessi aðferð þýðir að verið er að auka ríkisútgjöldin með því að láta ríkissjóð borga vaxtastyrki til bankanna. Það má því segja að þetta sé einkavæðing á námsmönnum í gegnum bankakerfið. Ég tel að þetta sé vitlaust kerfi og er þess vegna sammála hv. varaþm. Þóru Sverrisdóttur sem talaði hér áðan, að þegar upp er staðið þá er þetta dýrara fyrir lánasjóðinn og fyrir ríkissjóð en gamla kerfið hefði verið.

Þegar við fjölluðum um þessi mál á sínum tíma árið 1992 var gert ráð fyrir því að Lánasjóður ísl. námsmanna yrði byggður upp og lagðir yrðu í sjóðinn verulegir fjármunir á hverju einasta ári á komandi árum. Um það var talað í ræðum hæstv. menntmrh. og í áliti meiri hluta menntmn. og í forsendum öllum í málinu að framlögin til sjóðsins þyrftu að hækka mjög verulega. Menn greindi ekki á um það. Staðan var sú að menn sögðu að t.d. á árunum 1997 og 1998 þyrftu framlögin til sjóðsins að vera 2,5–2,8 milljarðar kr. Menntamálaráðherrar og fjármálaráðherrar Sjálfstfl. hafa

skorið þessa tölu niður mjög verulega þannig að framlögin til sjóðsins hafa lækkað og verið mikið lægri en þarna var gert ráð fyrir. Ég held þess vegna að óhjákvæmilegt sé að um leið og hv. menntmn. fer yfir þetta mál þá skoði hún rækilega eiginfjárstöðu sjóðsins. Ég held að hún hafi ekki batnað á þessum tíma, reyndar veit ég að svo er. Hún hefur ekki verið að batna frá 1992 alveg gagnstætt því sem okkur var sagt. Fullyrt var að aðaltilgangur leiðangursins frá 1992 væri að bæta eiginfjárstöðu Lánasjóðs ísl. námsmanna. Staðan er þannig að hægt er að sýna nokkuð skýrt fram á að, og kemur fram m.a. í mörgum álitum Ríkisendurskoðunar, eiginfjárstaða Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur ekki verið að batna. Þegar breytingarnar voru gerðar lýsti Ríkisendurskoðun því yfir að ef sjóðnum hefði verið lokað í lok ársins 1990 gæti hann staðið við allar sínar skuldbindingar án þess að þurfa á frekari ríkisframlögum að halda. Þar að auki gæti sjóðurinn endurgreitt, sagði Ríkisendurskoðun, ríkissjóði á nafnvirði rúma 9 milljarða af eigin fé sem var rúmlega 13 milljarðar kr. um áramótin 1990–1991. Ef þessir 9 milljarðar eru færðir til núvirðis miðað við 6% ávöxtunarkröfu væri útkoman 3 milljarðar kr. sagði í svari Ríkisendurskoðunar við spurningum okkar á árinu 1992. Í raun og veru stóð því sjóðurinn allvel og staða hans hefur því miður versnað. Og þess vegna held ég að tvennt hafi gerst, annars vegar hefur námsmönnum fækkað stórkostlega, lánþegum fækkað stórkostlega, eins og rakið hefur verið vegna laganna, þau voru að því leytinu til ólög, en auk þess hefur staða lánasjóðsins versnað.

[18:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég hef af ráðnum hug ekki farið að tala hér um fjárhag sjóðsins og síst átti ég von á því að hv. þm. Svavar Gestsson færi að ræða um stöðu sjóðsins fyrir árið 1992 þegar við stóðum að því að breyta sjóðnum til þess að bjarga honum frá greiðsluþroti sem við blasti vegna þess hvernig hv. þm. skildi við hann þegar hann hætti sem menntmrh. skömmu áður. Ég taldi að umræðurnar hér ættu að snúast um annað en þetta. Við höfum svo lengi talað um þetta. Þetta liggur skýrt fyrir og margar skýrslur hafa verið samdar um þetta mál sem staðfesta réttmæti þess að ef lögunum hefði ekki verið breytt 1992 þá hefði sjóðurinn farið í greiðsluþrot. Ég tel einnig að hv. menntmn. geti aflað sér allra þeirra upplýsinga og kallað fyrir sig alla þá sérfræðinga sem hún þarf til þess að kynna sér hinar tölulegu staðreyndir í þessu máli og þær tölur sem liggja að baki þessu frv. Ég hef því af ráðnum hug ekki farið út í umræður um einstakar tölur eða lagt mat á þær eða lánsfjárhæðir og annað slíkt. Það finnst mér ekki vera til þess að skýra það mál sem hér er til umræðu. Hér er mjög einfalt og skýrt mál til umræðu um breytingar á lánasjóðnum, og um það hefur náðst góð sátt.

Ég var spurður um það hvernig ætti greina og skýra 7. gr. frv., þ.e. viðbótina við 12. gr. laganna. En í 12. gr. segir í 1. mgr., ef ég má, með leyfi herra forseta, lesa það orðrétt:

„Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild má veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf. Lán þessi eru veitt með sömu kjörum og almenn námslán."

Síðan bætist þessi grein við:

„Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla en greinir í 1. mgr., svo sem ef námsmanni stendur ekki tímabundið til boða fullt nám samkvæmt skipulagi skóla eða veikindi valda því að námsmanni tekst ekki að standast prófkröfur."

Þetta orðalag verður ekki skilið öðruvísi en svo að það sé ekki tæmandi. Það geta verið önnur tilvik, annars hefðum við orðað þetta með öðrum hætti, því orðin „svo sem" gefa til kynna að menn kunni að líta til annarra tilvika en þeirra sem þarna er getið. Það held ég að geti ekki farið milli mála og allir lögfræðingar mundu segja sem svo að þarna væri um matsatriði að ræða. Af ásettu ráði er þetta orðað svona. Einnig er þess að geta að í gildandi úthlutunarreglum í grein 232 eru t.d. ákvæði um veikindi og barnsburð þar sem þetta er útfært. Menn hafa reynslu af því í lánasjóðnum að taka á slíkum málum, en með þessu er veitt ótvíræð lagaheimild til þess.

Að því er varðar skipulag skóla þá er það orðalag sem menn geta velt fyrir sér. Hvað felst í því? Það felst í því að skóli hafi með skipulagi sínu komið í veg fyrir að námsmaður geti uppfyllt þær kröfur um námsárangur sem hann gekk út frá og lánasjóðurinn gerir annars kröfur til. Það eru slík tilvik sem menn eru að taka á með þessu orðalagi og líta til þegar um þetta mál verður fjallað. Þetta er sá sveigjanleiki sem nauðsynlegur er að okkar mati miðað við reynsluna frá 1992 og þau lög sem nú eru í gildi, sem að mörgu leyti eru mjög góð lög og hafa reynst námamönnum almennt mjög vel. Það er rangt að kenna þeim lögum um og segja að lántakendum hafi fækkað en sleppa því að segja að námsmönnum hefur fjölgað. Það er ekki markmið í sjálfu sér þegar við erum að setja lög sem þessi að fjölga endilega lántakendum. Það sem hlýtur að vera markmiðið er að fjölga námsmönnum í námi sem er lánshæft á starfssviði lánasjóðsins og það er það sem hefur gerst. Það kemur hvergi fram í lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og hvergi sett sem markmið að sem flestir námsmenn skuli taka lán úr sjóðnum. Það er ekki markmið sjóðsins. Hann á að koma til móts við þá sem þurfa á fjármunum að halda til þess að stunda nám en hann á ekki að verða sjóður sem menn sækja til eftir lánum ef þeir þurfa ekki á slíku að halda. Það markmið náðist m.a. með lögunum frá 1992 og þess vegna er mjög mikilvægt að standa þannig að málum að við slíku verði ekki hróflað. Námsmönnum hefur fjölgað þótt lántakendum hafi fækkað.

[19:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega hrapallegt til þess að vitað hvaða afleiðingar þessi verk frá árinu 1992 höfðu á íslenskt þjóðfélag. Það væri fróðlegt að reikna út hvaða áhrif hún mun hafa á hagvöxt og lífskjör á Íslandi, sú gríðarlega fækkun námsmanna sem þetta frv. og þessi lög höfðu í för með sér á sínum tíma. Það er um að ræða fleiri fleiri hundruð eða þúsund þegar upp er staðið. Veruleikinn er sá að þó að fleiri námsmenn séu í skóla heldur en var — fyrr mætti nú vera — en þeir eru lengur og þeir ljúka námi síður en áður. Þannig að það er augsýnilegt að þjóðfélagið hefur orðið fyrir verulegu tjóni af þeim pólitísku ákvörðunum sem þarna voru teknar.

Í annan stað er líka ljóst að sjóðurinn hefur ekki fengið það sem lofað var. Það hefur ekki verið staðið við það. Því var lýst yfir að sjóðurinn ætti að fá 2,5 til 3 milljarða kr. á ári næstu áratugi. Það hefur ekki verið staðið við það. Það er þegar búið að hafa af sjóðnum í raun og veru verulega fjármuni, fleiri, fleiri hundruð milljónir kr. á þeim stutta tíma

sem liðinn er frá því að lögunum var breytt. Ég verð því að segja að mér finnst alveg ótrúleg kokhreysti af ráðherranum að halda öðru fram í þessu dæmi vegna þess að þar hefur hann afar vondan málstað, þó að út af fyrir sig sé hægt að halda því fram að hann hafi unnið mikil afrek í því að snúa Framsfl. niður að því er þetta mál varðar, þá er það nú því miður svo.

Ég þakka hæstv. ráðherra síðan fyrir svör hans varðandi 7. gr. frv. sem mér finnst skipta miklu máli að hafa fengið.

[19:04]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil nú andmæla því sem hv. þm. hélt fram að frá árinu 1992 hafi orðið einhver neikvæð þáttaskil í háskóla- og rannsóknastarfsemi hér í landinu og að þess berum við ekki bætur og við sjáum merki um að það hafi orðið einhver stöðnun eða hruntími hafist þegar þessi lög voru sett. Hið gagnstæða hefur gerst. Við vorum síðast í dag á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands þar sem farið var yfir þann gífurlega vöxt sem er í rannsókna- og vísindastarfsemi í landinu, þar sem háskólarnir eru undirstaða þess þáttar rannsóknavísinda sem lýtur að skólakerfinu. Þar er sama hvert menn líta. Það hefur verið gífurlegur vöxtur og aldrei meiri en á undanförnum árum og aldrei meiri líklega heldur en síðan 1992. Þannig að ég veit ekki hvernig hv. þm. ætlar að rökstyðja þetta. Hann greip þessa kenningu sína árið 1992 og hefur haldið dauðahaldi í hana síðan. Nú eru fimm ár liðin og það hefur verið stöðugur vöxtur í háskóla- og rannsóknastarfsemi í landinu, staðfest núna sérstaklega í dag á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands. Samt stendur hv. þm. hér upp og lýsir því yfir að hér hafi ríkt stöðnun og myndast einhver niðursveifla með því að við samþykktum lögin um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er alrangt og hann getur ekki fundið þessu nokkurn stað í þjóðfélaginu. En ég vona að hv. þm. sé ekki svo firrtur að hann átti sig ekki á þessu. Hann hefði átt að koma á fundinn í dag t.d. og hlýða á mál manna þar.

[19:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að ég harma það mjög að hafa ekki komist á fund Rannskóknarráðs en það var af því að ég var að sinna mínum þingskyldum, m.a. gerði ég ráð fyrir að mál menntmrh. yrði hér á dagskrá í dag. En veruleikinn er nú samt sem áður sá að þegar skoðaður er fjöldi lántakenda og þróun þeirra frá árinu 1992, þá er bersýnilegt að þar er um stórfellda fækkun að ræða. Stórfellda fækkun. Þannig að það er enginn vafi á því að þessi lög hafa haft veruleg áhrif á þá sem síst skyldi, þ.e. þá sem treysta á sjóðinn sem jöfnunartæki lífskjara til þess að geta stundað nám. Það er því bersýnilegt að þessi sjóður er í anda stefnu misskiptingar þeirra sem hv. þm., mig minnir Valgerður Sverrisdóttir, lýsti einna best hér á síðasta kjörtímabili þegar hún var hinum megin við víglínuna og fór betur yfir þessi mál heldur en hún hefur gert núna, því hún hefur þagað í þessari umræðu og sakna ég þar vinar í stað. Veruleikinn er sá að þetta voru hrottaleg lög. Það hefur aldrei nokkur hópur orðið fyrir annarri eins aðför að sér og sínum hagsmunum og þessi hópur á sínum tíma. Aldrei. Og þegar sparnaður ríkissjóðs var skoðaður milli áranna 1991 og 1995 — hvar var hann? Að mati Ríkisendurskoðunar var hann hjá tveimur hópum í þjóðfélaginu, hjá bændum og námsmönnum. Þessir hópar voru í raun og veru látnir bera niðurskurðinn hjá ríkissjóði.

[19:08]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og hæstv. forseti veit manna best þá stóðum við frammi fyrir því árið 1991 og 1992 að Lánasjóður ísl. námsmanna var að komast í greiðsluþrot. Það var vegna þess að hv. þm. Svavar Gestsson var að yfirgefa stól menntmrh. Við tókum á málinu, við björguðum sjóðnum og við höfum nú siglt málefnum sjóðsins þannig að um það mál er að nást víðtæk sátt á Alþingi. Þrír stjórnmálaflokkar hafa komið að þessu máli. Á síðasta kjörtímabili Sjálfstfl. og Alþfl. sem tóku á málinu og nú Sjálfstfl. og Framsfl., sem hafa siglt málinu þannig að það er að myndast víðtæk samstaða um þau úrræði sem við erum að grípa til og lánasjóðurinn stendur eftir án þess að hann stefni í greiðsluþrot eða þau vandræði sem hann var í þegar hv. þm. skildi við hann. Þetta tel ég mikinn árangur. Og á sama tíma hafa menntun og vísindi á háskólastigi stórvaxið í landinu. Nemendum hefur fjölgað þótt lánþegum hafi fækkað. Þetta er árangur sem ég tel að ekki beri að vanmeta og er mikils virði og er allt önnur mynd heldur en sú sem hv. þm. er að leitast við að draga hér upp á síðustu mínútum umræðna um þetta mikla mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:09]

Útbýting þingskjals:

Starfshættir og styrkveitingar Áforms, 579. mál, fsp. KH, þskj. 958.

[Fundarhlé. — 19:09]

Þjóðminjalög, 1. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 842.

[20:31]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 842 frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Frumvarp þetta er tvíþætt og lýtur annars vegar að stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands en hins vegar að húsafriðunarákvæðum þjóðminjalaga.

Á vegum þjóðminjaráðs hefur verið gerð úttekt á starfsemi Þjóðminjasafns Íslands, hlutverki þess og þeim vaxandi kröfum sem gerðar eru til safnsins. Í framhaldi af því var á vegum ráðsins gerð tillaga að nýju stjórnskipulagi fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Í tillögunni felst m.a. að starfsemi safnsins verði skipað á svokölluð svið sem aftur geta skipst í deildir eða aðrar starfseiningar.

Þegar skipulagstillögurnar voru bornar undir menntamálaráðuneytið var það niðurstaða ráðuneytisins að til þess að unnt væri að koma á því stjórnskipulagi Þjóðminjasafnsins sem tillögurnar miðast við þyrfti að breyta gildandi þjóðminjalögum. Eftir breytingu á lögunum árið 1994 kveða þau að vísu ekki á um lögbindingu einstakra deilda safnsins en gera ráð fyrir að um deildaskiptingu þess sé mælt í reglugerð. Ekki verður þó talið að lögin í núverandi mynd geri ráð fyrir þess háttar skipulagi sem tillögur þjóðminjaráðs lúta

að, enda fela tillögurnar í sér að sett verði á laggirnar nýtt stjórnunarstig í safninu.

Æskilegt er að þjóðminjaráð, sem lögum samkvæmt er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, hafi rúmar heimildir til að móta starfsskipulag safnsins á þann hátt sem best er talið samrýmast verkefnum þjóðminjavörslunnar og skilvirkum starfsháttum. Eðlilegt er þó að meginatriði skipulagsins á hverjum tíma séu fest í reglugerð. Frumvarpið miðar að þeirri tilhögun.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 verði gert skylt að gera minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins viðvart ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa. Samkvæmt núgildandi lögum er slík tilkynningarskylda miðuð við árið 1900. Tillaga um þessa breytingu er gerð að tilmælum húsafriðunarnefndar.

Herra forseti. Þetta eru aðalatriði þessa frv. og legg ég til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn. og 2. um.

[20:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem lætur ekki mikið yfir sér. Eins og ráðherra gat um þá er þetta frv. sem lýtur annars vegar að stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands og hins vegar að húsafriðunarákvæðum þjóðminjalaga. Sá hluti frv., þær tvær greinar sem lúta að stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands, eru fram bornar til þess að gera það kleift að komið verði á nýju skipulagi varðandi Þjóðminjasafnið sem samkvæmt þessari greinargerð er ekki unnt að gera án þess að breyta gildandi þjóðminjalögum. Það er alveg ljóst að stuðningur þingflokka og einstakra þingmanna við frv., þannig að það geti orðið að lögum, hlýtur að mótast nokkuð af því hvernig það stjórnskipulag er sem fyrirhugað er að koma á.

Það hafa spunnist umræður hér í þinginu í vetur um minjavernd og fornminjarannsóknir, hafa m.a. sprottið af fyrirspurn hv. þm. Svavars Gestssonar. Í þeim umræðum sem urðu í kjölfar þeirrar fyrirspurnar kom mjög glöggt fram að menn eru í rauninni ekki á einu máli um ágæti þess fyrirkomulags sem er í dag, en ég veit líka að menn eru heldur ekki á einu máli um ágæti þess fyrirkomulag sem vilji er fyrir að koma á.

Mér sýnist, herra forseti, að hv. menntmn. bíði allnokkurt starf við athugun þessa frv. og það hefði betur verið fyrr fram komið því eins og ég sagði, þó að það láti lítið yfir sér þá er verið að taka á býsna stóru máli og máli sem er, hefur verið og getur orðið allumdeilt. Þetta vildi ég að kæmi fram hér strax við 1. umr. en að öðru leyti hef ég tækifæri til að fjalla um málið í hv. nefnd.

[20:35]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Mig langar að fagna framkomu þessa frv. Þó að það láti ekki mikið yfir sér þá skiptir mjög miklu máli, sérstaklega varðandi friðun gamalla húsa og verndun þeirra, að færa ártalið frá 1900 til 1918 í 4. gr. Það rennir styrkari stoðum undir að hægt sé að varðveita gömul hús og menningarminjar okkar og þess vegna fagna ég framkomu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólar, 1. umr.

Stjfrv., 533. mál. — Þskj. 887.

[20:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. því sem um er að ræða er frv. til laga um háskóla og er það fyrsta frv. þessa efnis sem rætt er hér á hinu háa Alþingi, þ.e. frv. til heildarlaga um háskóla eða rammalöggjafar eins og við köllum gjarnan slík heildarlög nú á tímum. Verði þetta frv. samþykkt hér á hinu háa Alþingi þá má segja að lokið sé endurskoðun á heildarlögum um öll skólastig landsins.

Á síðasta kjörtímabili samþykktum við lög um leikskóla og einnig lög um grunnskóla sem síðan hafa verið til umræðu hér á þessu þingi vegna flutnings grunnskólans til sveitarfélaga. Á þessu kjörtímabili höfum við samþykkt lög um framhaldsskóla og hér er frv. til laga um háskóla. Hingað til hefur þannig verið staðið að stofnun menntastofnana á háskólastigi að það hafa verið sett lög um einstakar stofnanir. Við eigum lög um Háskóla Íslands, um Háskólann á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og einnig um Tækniskóla Íslands. Þannig hafa menn nálgast þessi mál til þessa — að hafa lög um einstakar stofnanir.

Eins og þingmenn muna gengum við inn á þá braut við afgreiðslu laganna um framhaldsskóla að fella með þeim lögum úr gildi sérlög um einstaka skóla á framhaldsskólastigi eins og Vélskólann, Stýrimannaskólann og Fiskvinnsluskólann og Alþingi samþykkti heildarlög um þetta skólastig sem nær til framhaldsskólanna almennt. Hér fyrr í dag var um það rætt hvort æskilegt hefði verið að láta þau lög einnig ná til landbúnaðarskólanna sem ekki var gert. Rétt er að taka það fram að þetta frv. til laga um háskóla nær í sjálfu sér ekki til landbúnaðarskóla því það fjallar um þá skóla sem eru á starfssviði menntmrn. En eins og kom fram í umræðunum í dag hefur hæstv. landbrh. fullan hug á að tengja þann skóla sem starfar á háskólastigi á landbúnaðarsviðinu, þ.e. Bændaskólann á Hvanneyri, inn í það kerfi sem hér er um að ræða, hvernig sem úr því verður leyst. En ég vildi taka fram að þetta nær til þeirra skóla á háskólastigi sem reknir eru á vegum menntmrn. og með frv. er ekki verið að fara inn á verksvið annarra ráðuneyta.

Ég ætla ekki að rekja hér einstakar greinar þessa frv. Menn hafa lengi beðið eftir því og óskað eftir því að sett yrði slík heildarlöggjöf eða rammalöggjöf um háskólastigið og m.a. er samstarfsnefnd skóla á háskólastigi sem í eiga sæti fulltrúar 13 skóla. Á þeim vettvangi hafa menn fjallað um þetta og óskað var eftir því á síðasta kjörtímabili við páv. hæstv. menntmrh. að hann beitti sér fyrir því að setja slíka löggjöf. Og hinn 11. janúar 1995 skilaði samstarfsnefndin drögum að háskólalöggjöf sem m.a. var höfð til hliðsjónar við þá vinnu sem ég hef síðan látið vinna vegna þessa máls á undanförnum mánuðum. Einnig var lögð til grundvallar við þá vinnu skýrsla Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslu Háskóla Íslands og jafnframt er við ákvæði frv. tekið mið af skýrslu sem var gefin út á síðasta kjörtímabili um Háskóla Íslands — stefnu og framtíðarsýn, sem kom út í desember 1994. Það er því mikil vinna sem býr þarna að baki og þeir sem hafa komið að því á mínum vegum í ráðuneytinu að semja þetta frv. hafa stuðst við margar skýrslur, bæði innlendar og erlendar, um háskólastigið og slíka lagasetningu í öðrum löndum. En æ víðar fara menn inn á þá braut að setja almenna löggjöf

um þetta skólastig og gera þær kröfur til skólastofnana á háskólastigi að þær lagi sig að slíkum almennum kröfum og hagi starfi sínu í samræmi við þær, án þess að gengið sé síðan inn á sjálfstæði skólanna, sem eins og við vitum er hefðbundið, mjög ríkt á háskólastiginu, og hið akademíska frelsi — það hugtak á við háskóla og við því hugtaki er í sjálfu sér ekki raskað með neinum hætti með þessu frv.

Ef ég stikla aðeins á stóru, herra forseti, á efnisatriðum þessa frv. þá geri ég það með þessum hætti:

Í fyrsta lagi er rétt að taka það fram eins og ég sagði að með frv. er stefnt að auknu sjálfstæði háskólastofnana og aukinni ábyrgð stofnananna á eigin málefnum. Háskólastigið er skilgreint í lögum. Háskólar eru menntastofnanir sem geta einnig haft rannsóknarhlutverk. Hvort þeir hafa rannsóknarhlutverk ræðst af eðli hverrar stofnunar og að þessu er vikið í 2. gr. frv. Það má segja að verið sé að koma þessum skólum af gráu svæði. Það eru skólar starfandi hér á landi sem ekki hafa fengið viðurkenningu sem háskólar en nemendurnir koma inn í skólana með stúdentspróf og vænta þess að þær námsgráður sem þeir fái af námi sínu séu viðurkenndar sem háskólagráður. Þess vegna er nauðsynlegt að taka af skarið þannig að nemendum sé ljóst hvaða réttindi nám veitir þeim og að óvissu í því efni sé eytt. Það er gert með frv. Það er verið að færa vald inn í stofnanirnar. Gert er ráð fyrir að einkaaðilar hafi heimild til þess að stofna háskóla. Reglur eru settar um samstarf háskóla og um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Það er mælt fyrir um að menntmrh. gefi út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra og menntmrh. skal setja almennar reglur um gæðaeftirlit og í slíkum reglum er reynt að kveða á um sjálfsmat skóla.

Spyrja má hvers vegna sú leið er farin sem þarna er gert, þ.e. að setja heildarlöggjöf og gera síðan ráð fyrir því að sérstakar reglur verði settar um hvern skóla fyrir sig sé þess talin þörf. — Þessi leið er farin vegna þess að eðli menntastofnana á háskólastigi er mismunandi og þörfin fyrir laga- og reglusetningu þar af leiðandi einnig mismunandi. Með þessari löggjöf yrðu settar skýrar almennar reglur og löggjöfinni til fyllingar síðan sett sérlög eða reglur sem undirstrika séreðli hverrar stofnunar, m.a. með tilliti til rannsóknarhlutverks hennar. Við höfum einnig til umræðu á þessum fundi Alþingis frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands og þar sjá menn hvernig við höfum hannað frv. til laga um nýja háskólastofnun sem tekur mið af þessari rammalöggjöf.

Eins og hér hefur einnig komið fram er um það að ræða að breyta nokkuð stjórnskipulegum þáttum í starfi háskóla. Að þessu leyti er farið að tillögum þróunarnefndar Háskóla Íslands um stefnu og framtíðarsýn skólans frá því í desember 1994 og skýrslu Hagsýslu ríkisins um stjórnsýslulega úttekt á Háskóla Íslands. Skýrslan var gefin út í júlí 1996. Þessi tvö skjöl eru höfð til hliðsjónar að því er stjórnskipulegu breytingarnar varðar. Lagt er til að fækkað verði í háskólaráði og tengsl milli háskólaráðs og deilda verði afnumin. Stefnt er að því að háskólaráð verði skilvirkara sem stjórn viðkomandi stofnunar. Skipan ráðsins tekur annars vegar mið af þeirri hugmynd sem kennd er við „universitas", þ.e. að í ráðinu sitji fulltrúar akademíunnar sjálfrar og hins vegar er tekið mið af því að aðilar utan háskólans, svonefndir fulltrúar þjóðlífsins, sitji einnig í ráðinu og menntmrh. skipi þessa fulltrúa.

Embætti rektora við skólana eru efld bæði inn á við og út á við. Reglum um skipun rektors er breytt. Rektorsstöður á að auglýsa en ráðherra ber að skipa þann í rektorsembætti sem háskólaráð tilnefnir. Menntmrh. er þannig bundinn af meirihlutavilja háskólaráðs þegar kemur að því að tilnefna rektor. Hins vegar geta reglur innan hverrar stofnunar varðandi aðdraganda þess að háskólaráðið kemst að niðurstöðu sinni og gerir tillögu til ráðherrans verið mismunandi.

Þá er mælt fyrir um það að rektor sé einungis skipaður til fimm ára. Í því efni er m.a. höfð hliðsjón af því að almennt kemur rektor úr röðum háskólamanna sjálfra, er viðurkenndur vísindamaður og talið er líklegt að það mundi frekar fæla menn frá því að sækjast eftir rektorsembættum ef starfstími þeirra yrði t.d. allt að 10 árum, því að þá væri ljóst að menn kynnu að tapa svo miklum tíma til þess að sinna fræði- og vísindastörfum að þráður í þeirra fræða- og vísindastarf mundi slitna. Hins vegar er ljóst að fimm ár eru ekki „hættutími" ef ég má orða það svo í þessu tilliti, enda er það algengt og hefur sú regla verið hér á landi í Háskóla Íslands undanfarin ár að rektorar starfa yfirleitt í tvö kjörtímabil, þ.e. í sex ár, tvisvar sinnum þrjú ár. Einnig tel ég að það sé skynsamlegt að hafa þessa skipan þannig að rektor sé einungis skipaður í fimm ár með tilliti til þess mikla valds sem hann hefur því að í raun er verið að flytja til rektors yfirstjórn allra innri málefna viðkomandi stofnunar og þar með ráðningu allra starfsmanna, jafnt prófessora sem annarra starfsmanna skólans. Með tilliti til stjórnsýslulegra krafna er kannski ekki heppilegt að hafa reglu sem mælir fyrir um að þeir menn sem hafa svo mikið vald sem rektor er falið, í lokuðum stofnunum af þessu tagi, ef ég má orða það svo, þar sem kosið er og menn eru valdir til fjölmargra viðkvæmra starfa, fari síðan í endurkosningu í skólunum sjálfum og það kunni að spilla fyrir því að það sé unnt að mæla almennt með því að rektorar komi úr viðkomandi háskólasamfélagi sjálfu. Með þessari skipan tel ég því að sjálfstæði rektorsins sé í raun og veru styrkt og valdsvið hans gert áhrifameira með því að hann sé einvörðungu skipaður í fimm ár.

Það er rétt að taka það fram að ráðherra veitir rektor embætti samkvæmt tillögunum og í því felst einnig að ráðherra getur veitt rektor lausn frá embætti ef hann sinnir ekki þeim skyldum sem honum ber og það fer eftir ákvæðum starfsmannalaga ríkisins. Ef ráðherra leysti hins vegar rektor frá störfum þá yrði náttúrlega nýr rektor valinn með sama hætti og sá sem er leystur frá störfum. Það er alveg ljóst að ráðherrann hefur það vald sem veitingarvaldshafi að leysa viðkomandi mann einnig frá störfum. Raunar er það svo nú að við erum að fjalla um tilvik sem lýtur einmitt að því að við Háskóla Íslands var maður leystur frá störfum en umboðsmaður Alþingis taldi að menntmrh. bæri að koma að því máli en það væri ekki á verksviði háskólans. Þannig að þarna eru skýrar reglur og þær eru ótvírætt skilgreindar í þessum lögum. En það mál sem nú er til umræðu, vegna athugasemda umboðsmanns Alþingis, er enn ein afleiðingin af því að stjórnsýslureglur í starfi Háskóla Íslands eru mjög óljósar og oft erfitt að taka á málum. En allur vafi í þessum efnum er tekinn af með þessu frv.

Þá eru ákvæði um réttindi nemenda. Settar verði skýrar, almennar reglur um málsmeðferð þannig að réttindi nemenda og skyldur innan háskólans verði ljósar.

Þegar litið er til fjárhagshliðar málanna þá er skólunum veitt víðtækt umboð til fjármálaumsýslu. Í lögunum eða frv. eru skilgreindar almennar hlutlægar grundvallarreglur sem fjárveitingar skulu taka mið af. Nánari skilgreining á fjárveitingu koma fram í samningi við hverja háskólastofnun. Innan þess ramma hafa háskólar sjálfstæði um ráðstöfun fjárveitinga. Í samningi á ekki einvörðungu að fjalla um

fjárveitingar til háskólastofnunar heldur einnig hvaða þjónustu skólinn á að veita. Þannig getur ríkisvaldið haft áhrif á námsframboð skólastofnananna. En yfirstjórn skólans á að taka ákvörðun um námsframboðið að lokum samkvæmt 8. gr. en að sjálfsögðu hlýtur umfang skólastarfsins í heild að fara eftir þeim fjárveitingum sem skólinn fær. Mælt er fyrir um það í frv. hvernig staðið skuli að þeirri samningsgerð.

Síðan er mælt fyrir um ársfundi og önnur atriði í þessu frv. sem í sjálfu sér er ekki mikið að vöxtum, 26 greinar. En ég tel að í þessum greinum hafi okkur tekist að ná utan um öll þau álitamál sem þurfa að vera í slíkri almennri löggjöf og eru lykillinn að því að unnt sé að meta starf í skólum og veita skólum starfsréttindi á háskólastigi.

Ég vek athygli á ákvæði til bráðabirgða þar sem segir:

„Háskólar sem nú starfa samkvæmt sérstökum lögum skulu innan tveggja ára frá gildistökudegi að telja laga starfsemi sína að lögum þessum. Á þeim tíma skal lokið við að endurskoða löggjöf um starfsemi þeirra."

Endurskoðun á lögum um Háskóla Íslands er þegar hafin og m.a. með hliðsjón af því að háskólamenn vissu um þau áform sem felast í þessu frv. og höfðu frumkvæði að því að sett yrði niður nefnd með fulltrúum háskólans og menntmrh. til þess að endurskoða lögin um Háskóla Íslands. Frv. til laga um kennara- og uppeldisháskóla liggur fyrir sem byggt er á þessu frv. og við munum væntanlega ræða hér síðar í kvöld.

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki fleira um þetta að segja í upphafi umræðna um málið. Ég vænti þess að málinu verði vísað til 2. umr. og að hv. menntmn. fái málið til umræðu, og geri um það tillögu að sjálfsögðu og að nefndin kalli fyrir sig og fái umsagnir frá þeim aðilum sem að þessu máli koma. En ég vil greina frá því að við undirbúning málsins var haft samráð við samstarfsnefnd um háskólastigið og henni kynntar bæði frumhugmyndin að frv. og lögð fyrir hana drög að frv. og áður en málið kom hér fyrir á þingi eða um svipað leyti, var málið lagt fyrir samstarfsnefndina.

Almennt séð held ég að menn fagni þessu frv., telji að í því felist tímabærar tillögur um breytingar á starfi háskólastofnana. Sagt er að Háskóli Íslands sé fjölmennasti vinnustaður landsins og það er ófremdarástand og verður ófremdarástand í þeirri stofnun ef okkur tekst ekki að laga starfshætti hennar að þeim kröfum sem við gerum almennt til opinberra stofnana með því að setja ný lög. Ég tel að skynsamasta leiðin í því máli sé að setja hin almennu rammalög og síðan að endurskoða lög Háskóla Íslands og annarra háskólastofnana í samræmi við þá stefnumörkun sem felst í þessum lögum. Ég vænti þess að hv. þm. taki þannig á málum að okkur takist sem fyrst að koma þessu frv. í endanlegan lagabúning og samþykkja það sem lög því það er mjög brýnt fyrir háskólastigið að fá nýja löggjöf.

[20:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi skipta verulegu máli fyrir lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni og flestar nágrannaþjóðir okkar leggja mikla áherslu á að auka og bæta menntun landsmanna sinna, ekki síst á háskólastigi. Þetta höfum við Íslendingar einnig gert okkur ljóst og í þeirri umræðu sem hefur farið fram um mikilvægi menntunar hefur mikilvægi háskólamenntunar og rannsókna ekki verið hvað minnstur.

Ástæða er til að fagna því að nú skuli vera komið fram frv. um háskóla, frv. að rammalöggjöf um háskóla sem veitir þeim skólum lagaumgjörð sem veita svokallaða æðri menntun. En eins og fram kemur í 1. gr. frv., taka þessi lög til allra þeirra menntastofnana sem veita æðri menntun.

Það gerist þó strax þegar komið er niður í 2. gr. frv. að maður fer aðeins að velta því fyrir sér hvort ekki þurfi að orða skýrar vegna þess að þar stendur eða kemur strax fram sú skilgreining að háskóli sé menntastofnun sem jafnframt sinnir rannsóknum. Við höfum verið í dálitlum vandræðum með þetta vegna þess að við höfum aðeins verið með eitt orð, orðið háskóli, yfir þær menntastofnanir sem veita svokallaða æðri menntun og höfum notað orðið háskóli jafnt yfir rannsóknarháskóla og kennsluháskóla. Fram hjá þessu er dálítið snúið að komast ef við ætlum að láta frv. gilda um allt háskólastigið. Ég hygg að það verði höfuðverkur hv. menntmn. að leggjast svolítið yfir þetta orðalag til að gera það skýrar en það er núna. Þetta er eitt af því sem strax kemur upp þegar farið er að ræða frv. og það er ekki af því að þessi umræða sé ný, eins og menn þekkja. Þetta er auðvitað atriði sem menn hafa verið að ræða lengi um, að okkur hefur verið ákveðinn vandi á höndum í ýmsu tilliti þegar fjallað er um háskóla hérlendis vegna þess að háskóli og háskóli hefur einfaldlega ekki verið það sama og ef hugsun frv. er skoðuð þá stendur það heldur ekki til vegna þess að þrátt fyrir upphaf 2. gr. kemur fram annars staðar að ekki er gert ráð fyrir að allir háskólar sinni rannsóknum, þ.e. allir þeir háskólar sem þetta frv. tekur til. Hér þarf því greinilega að skilgreina betur en gert er, og eins og ég segi, ég geri ráð fyrir að það verði höfuðverkur hv. nefndar að leggjast yfir það.

Í frv. kemur fram að fjárveitingar til skólanna eigi m.a. að byggjast á fjölda nemenda og að menntmrh. geri tillögur um fjárveitingar til skólanna á grundvelli fjárhags- og starfsáætlunar hvers skóla til nokkurra ára í senn, þ.e. verið er að setja inn langtímahugsun sem er mjög jákvæð. Við ákvörðun fjárveitinganna verður miðað við m.a. fjölda stúdenta í fullu námi. Litið verður til fjárveitinga vegna rannsókna, nýsköpunar og þróunar í þeim háskólum sem hafa rannsóknarhlutverk og tekið er mið af fjölda fastra kennara og sérstakra framlaga til rannsóknarverkefna og þjónustustofnana og svo verða fjárveitingar vegna húsnæðis sem einnig munu taka mið af fjölda fastra kennara, fjölda nemenda og sérstakrar aðstöðu sem námið krefst.

Ekki kemur fram í frv. hvernig þessi ákvæði muni hafa áhrif á fjárveitingar til háskólanna miðað við þá stöðu sem við þekkjum í dag, en ég held að það sé alveg nauðsynlegt, herra forseti, að þinginu verði gerð grein fyrir hvernig fjárveitingar byggðar á þessum viðmiðunum muni koma út fyrir einstaka háskólastofnanir vegna þess að ég óttast að ef menn gera sér ekki grein fyrir því fyrir fram hvaða afleiðingar viðmið af þessu tagi kunni að hafa fyrir einstaka skóla, þá geta menn lent í því að niðurstaðan komi þeim fullkomlega í opna skjöldu.

Það er auðvitað svo að framlög til einstakra skóla hafa verið talin missanngjörn af öðrum skólum, eins og við þekkjum, og ekki er óeðlilegt að menn reyni að finna einhver hlutlæg viðmið sem hægt er að benda á og sem menn geta þá reitt sig á líka og verið með ákveðna festu í sínum áætlunum. Ég held eigi að síður vegna þess hve skólarnir eru gífurlega mismunandi, misstórir og misjafnlega settir, misgamlir o.s.frv., sé nauðsynlegt að þessi viðmið séu skoðuð mjög gaumgæfilega áður en þau eru lögfest á hv. Alþingi.

Það sem líka er athyglisvert í frv. eru inntökuskilyrðin. Í 6. gr. kemur fram að þeir nemendur, sem hefja nám í

háskóla, „skulu hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu ...“ eins og hér stendur, með leyfi forseta. Það er sem sé opnað á það í rauninni að allir háskólar geti metið sína nemendur inn ef þeir eru taldir að mati stjórnar viðkomandi háskóla búa yfir jafngildum þroska og þekkingu og felst í stúdentsprófi.

Það kemur jafnframt fram, herra forseti, í téðri 6. gr. að háskólar geti ákveðið sérstök viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist. Hér er í rauninni verið að opina á það að ekki einungis stúdentsprófið verði látið duga, heldur geti háskólar sett viðbótarskilyrði, það verður þá lögfest með þessu ákvæði, sem fyrir fram er ekki vitað hver verða en verða þá væntanlega tilgreind í lögum um hvern skóla fyrir sig. En hér er sagt að þar á meðal sé sá möguleiki að láta menn „sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf“.

Nú höfum við orðið vör við þá umræðu sem átt hefur sér stað á undanförnum árum um mat háskólamanna á þeim undirbúningi sem framhaldsskólinn veitir. Það hefur verið ákall á samræmd próf í framhaldsskólum og fyrirhugað að taka þau upp. Menn hafa jafnframt rætt um það hvort háskólinn, og nú er ég að tala um Háskóla Íslands, ætti að taka upp inntökupróf inn á sérstakar námsbrautir eða sérstakar deildir en jafnframt hefur staðið nokkur deila um það hvort það fyrirkomulag fjöldatakmarkana sem nú er viðhaft í sumum deildum sé réttlátt og virðist ljóst að meiri hluti a.m.k. nemenda vill afleggja það fyrirkomulag sem er. En hér er sem sé opnað á það að í lögum hvers háskóla um sig geti verið um að ræða sérstök viðbótarinntökuskilyrði. Þetta er atriði sem ég tel að við þurfum að skoða nánar án þess að ég sé að leggja mat á það núna.

Mér finnst hins vegar jákvætt það sem kemur fram í 9. gr. þar sem þess er getið að menntmrh. skuli gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Þar er í rauninni verið að setja upp örlitla samræmingu gagnvart háskólastiginu og ekki óeðlilegt að einhver slík skrá sé til vegna þess að það er gert ráð fyrir því samkvæmt þessu frv. að menntmrh. viðhafi ákveðið gæðaeftirlit gagnvart skólunum og til að slíkt gæðaeftirlit sé framkvæmanlegt þurfa að vera til einhver viðmið sem hægt er að hafa.

Hæstv. menntmrh. ræddi nokkuð um það áðan hvernig rektor verður skipaður. Samkvæmt frv. er fyrirhugað, eins og fram kom í máli hans, að breyta nokkuð stöðu rektors. Það er nokkuð sem þarf að skoða betur. Það er verið að auka eða breyta valdsviði rektors nokkuð frá því sem nú er, bæði vegna þess að rektor mun eftir að þessi lög hafa tekið gildi, og er þá átt við rektora allra háskólanna, hafa ráðningarvald. Hann mun ráða starfsfólk og bera þannig aðra ábyrgð en hann gerir nú. Ábyrgð hans mun líka breytast vegna þess að skipan háskólaráðs verður breytt ef frv. verður að lögum. Eins og kom fram í máli ráðherra verða tengsl háskólaráðs við deildir rofin. Það breytir auðvitað stöðunni nokkuð og þá ekki síður sú fyrirætlun að staðan verði auglýst þannig að hver sem er, sem uppfyllir tiltekin skilyrði, geti sótt um og einnig hitt að í háskólaráði sitji þeir sem kallaðir hafa verið fulltrúar þjóðlífsins. Ég hef ekki gert upp við mig hvort mér finnist eðlilegra að menntmrh. skipi þá fulltrúa eða hvort háskólinn sjálfur kallar þá til verka. Það skiptir kannski ekki ýkjamiklu máli en ég held að þessi hugmynd um fulltrúa þjóðlífsins sé prýðileg.

Einnig kemur fram í frv., og er það í samræmi við þau lög sem gilda um Háskóla Íslands, að ríkisháskólanum verður heimilt að eiga aðild að atvinnurekstri í því skyni að hagnýta og þróa niðurstöður rannsókna sem háskólinn vinnur að hverju sinni. Við þekkjum dæmi um þetta varðandi eign Háskóla Íslands á Reykjavíkurapóteki og menn geta séð það fyrir sér í framtíðinni hvernig þetta ákvæði eða notkun þessa ákvæðis getur þróast. Ég er aðeins með vara á gagnvart þessu ákvæði. Ég geri mér grein fyrir því að í sumum tilfellum er það nauðsynlegt en ég held að afskaplega þröngar reglur þurfi að vera gagnvart því að einstaka háskólastofnun geti átt hlut í fyrirtækjum og að rökstyðja þurfi slíkar ákvarðanir mjög sterkum rökum.

Það kemur fram í frv. að fyrirhugað er að gerðar verði strangari kröfur til menntunar og starfsreynslu kennara og einnig kemur fram að háskólar skuli miðla fræðslu til almennings og veita þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar. Allt er þetta á sínum stað, hygg ég, miðað við þá þróun sem orðið hefur og þær kröfur sem gerðar eru í dag. Sömuleiðis finnst mér ákvæði 23. gr. um opinn ársfund vera jákvæð. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að efla umræðu í þjóðfélaginu um háskólann og hvað þar er að gerast og opnir ársfundir eru til þess fallnir að hreyfa við fólki og koma slíkri umræðu af stað. Þeir eru til þess fallnir að háskólarnir kynni það sem verið er að gera eða veki reglulega á því athygli og það er allt af hinu góða.

Hvað varðar ákvæði til bráðabirgða um tveggja ára frestinn, þá held ég að nauðsynlegt sé að háskólarnir fái svigrúm til að laga sig að þessari löggjöf hvenær svo sem þetta frv. verður að lögum. Ég er ekki alveg viss um að okkur auðnist að ganga frá málinu nú á þeim stutta tíma sem eftir er vorþings. En þessi frestur er auðvitað nauðsynlegur vegna þess að aðrir þeir skólar sem mundu flokkast undir menntastofnanir sem veita æðri menntun og þar með undir þessa rammalöggjöf þurfa tíma til að aðlaga sig ekki bara löggjöf heldur einnig e.t.v. starfsemi. Sömuleiðis er ljóst að kennarar einstakra skóla munu vegna þeirra krafna sem gerðar eru um menntun og starfsreynslu þurfa að huga að sínum málum og hafa til þess ákveðið svigrúm. Það er t.d. ljóst að kennarar einhverra þeirra skóla sem núna verða hluti af hinum nýja uppeldis- og kennaraháskóla, þegar það frv. verður að lögum, munu nú þegar vera farnir til þess að sækja sér fekari menntunar til að geta áfram kennt þær greinar sem þeir hafa kennt hingað til en ekki undir jafnströngum menntunar- og starfsreynsluskilyrðum.

Það kom fram í gær að þingflokkur jafnaðarmanna hafði beðið um skýrslu frá menntmrh. um kennslu, nám og rannsóknir á háskólastigi. Í þeirri skýrslu var óskað eftir að fram kæmi m.a. hver hefði verið þróunin hjá skólum á háskólastigi varðandi fjölda nemenda, kennara og annarra starfsmanna, hver hefði verið kostnaður við kennslu og rannsóknir á háskólastigi, kostnaður á hvern nemanda í skólum á háskólastigi, hver hefði verið hlutfallsleg dreifing nemenda á háskólastigi hérlendis borið saman við önnur ríki OECD, hver hefði verið menntun fastráðinna kennara við skóla á háskólastigi hérlendis og var þá beðið um að það væri flokkað eftir BA- eða BS-prófum, kandídats-, meistara- og doktorsgráðu. Jafnframt var beðið um að fá að vita hversu stór hluti þjóðarinnar hefði lokið háskólaprófi hérlendis og erlendis, hversu stór hluti þjóðarinnar stundaði nám á háskólastigi og hvert fyrirkomulag stjórnsýslu við skóla á háskólastigi væri í samanburði við sambærilega skóla erlendis, hver hefði verið fjöldi starfsmanna við stjórnsýslu og hvernig samvinnu skóla á háskólastigi væri háttað hérlendis miðað við önnur lönd.

Þetta er ekki tæmandi yfir þær spurningar sem fram voru bornar og tekið er fram í greinargerð með skýrslubeiðninni að þessar spurningar eru í rauninni til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í ágætri bók sem gefin hefur verið út, tölfræðihandbók um menntun og menningu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra í gær að ekki hefði unnist tími til að vinna þessa skýrslu til hlítar enn og það væri skýringin á því að hún væri ekki komin til þingsins. Eins og menn heyra eru ýmsar af spurningunum þess eðlis að ekki væri ónýtt að hafa upplýsingarnar við höndina núna, þegar farið verður að skoða frv. til laga um háskóla og vonandi tekst menntmrn., þeim starfsmönnum sem hefur verið falin þessi vinna að ljúka því verki sem beðið var um að unnið yrði á meðan frv. er til vinnslu þannig að þessar upplýsingar geti nýst. Ég er reyndar viss um að á hvaða stigi sem þær svo sem eru mundu þær nýtast vel við þá skoðun sem fram mun fara á frv. til laga um háskóla. En eins og segir í skýrslunni var beðið um hana til þess að auðvelda umræðu um úrbætur varðandi háskólamenntun okkar.

Herra forseti. Þetta er nú það sem efst er í huga þegar þetta frv. um háskóla er skoðað í fyrstu umferð. Eins og ég sagði áðan er ýmislegt í frv. sem er athyglisvert og margt jákvætt og í heildina séð er það mjög jákvætt að fram skuli vera komin frv. um rammalöggjöf um háskóla á Íslandi og vonandi mun það stuðla að enn frekari og betri mennun og rannsóknum á háskólastigi til gæfu fyrir þjóðina alla eins og menn hafa gert sér vonir um.

[21:15]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að ég tel þetta frv. til laga um háskóla sem hér liggur fyrir vera mjög athyglisvert og gott mál. Hins vegar þykir mér mjög miður hvað það er seint fram komið og ákaflega lítil von til þess að það geti fengið þá þinglegu meðferð sem það á skilið á þeim tíma sem eftir er af því þingi sem nú stendur yfir. Það er líka annað sem ég vil vekja athygli á: Þetta frv. er alfarið samið í ráðuneytinu sjálfu. Eins og hæstv. ráðherra tók fram áðan var að vísu haft samráð eða þetta kynnt í samstarfsnefnd um háskólastigið en það er alfarið samið af embættismönnum ráðuneytisins. Eins og ég hef oft tekið fram við afgreiðslu annarra mála, þá finnst mér þetta lag við samningu frv. yfirleitt ekki boða gott. Það er tekið fram að efni þessa frv. sé byggt á skýrslum og nefndaráliti en það er alfarið samið í ráðuneytinu.

Frv. er rammalöggjöf um háskólastigið á Íslandi og í mörgum greinum finnst mér um athyglisverðar tillögur að ræða. Lagt er til að þessi rammalöggjöf nái utan um uppeldis- og kennaraháskóla, háskólana á Akureyri og Reykjavík og aðra háskóla á Íslandi. Alls munu þeir vera, að ég held, 13 talsins og sumir þeirra eru einkareknir en þessi rammalöggjöf á að geta gilt fyrir þá alla. Svo þarf þar fyrir utan að setja sérstaka löggjöf um hvern og einn þeirra og það er nú þegar komið fram eitt frv. um uppeldis- og kennaraháskólann sem fylgir í rauninni þessu frv.

Það er eitt sem maður rekur sérstaklega augun í þegar frv. er lesið yfir að ekki er meiningin að það sé lengur gerð skilyrðislaus krafa um rannsóknir á vegum skólans til þess að heita háskóli og þetta er strax atriði sem ég hef grun um að geti vakið efasemdir svo ekki sé meira sagt. Auðvitað munum við ræða það mjög vel í nefnd hvort þetta getur yfirleitt staðið svo.

Í frv. er lagt til að sjálfstæði skóla verði eflt. Lagt er til að ábyrgð þeirra verði aukin og fjárhagslegt sjálfstæði þeirra verði eflt og samið verði um fjárveitingar til nokkurra ára í senn. Mér finnst í sjálfu sér að þessar tillögur um fjárhagslegt sjálfstæði eða aukið fjárhagslegt sjálfstæði og samninga fram í tímann um fjárveitingar til skóla hljóti að horfa til mikilla framfara frá því sem nú er. Hins vegar verð ég að minnast á það í framhjáhlaupi að það er talið af þeim sem hafa reynt slíkt á Norðurlöndum, að þessar púllíur liggi því miður betur við hnífnum en annað fjárhagslegt fyrirkomulag skóla, þ.e. þegar séð verður að skólarnir komist afskaplega vel af með þessu fjármagni sem til þeirra hefur verið veitt og geti jafnvel unnið einhver skemmtileg og spennandi verkefni að auki, þá þyki liggja afskaplega vel við að skera þetta niður í heild, flatan niðurskurð. En ég vona auðvitað að svo fari ekki hér á landi.

Í frv. er lagt til að menntmrh. skipi tvo menn af tíu í háskólaráð eða þeir eiga að vera að hámarki tíu, það fer nú eftir stærð skólans. Ég verð að segja að ég hef svolitlar efasemdir um þetta atriði að ráðherra eigi endilega að skipa þarna tvo menn. Ef t.d. væri um að ræða kennaraháskólann, þá fyndist mér alveg koma til greina að þeir tveir væru þannig skipaðir að annar væri skipaður af ráðherra og hinn af t.d. kennarasamtökunum. En þetta má ræða nánar í hv. menntmn.

Ég vil einnig að fram komi efasemdir mínar um það atriði að deildarforsetar og deildarráðsmenn séu ekki kjörgengir í háskólaráð. Ég held að það verði ansi mikil blóðtaka í alla vega minni skólunum ef þetta fólk er allt saman undanþegið því að geta verið kjörgengt og efast ég bara um að það geti gengið.

Það eru nokkrar þversagnir í frv. eins og það liggur fyrir. Annars vegar er talað um að auka sjálfstæði skólanna og færa vald inn í stofnanirnar og hins vegar er talað um að auka vald ráðherra. Ég er hrædd um að þarna geti einhvern tímann skapast átakapunktar og bendi ég t.d. á 5. gr. laganna, og eins það sem hæstv. ráðherra var sjálfur að minnast á áðan, að ráðherra hefði leyfi til að leysa rektor frá störfum. Ég held að t.d. sérstaklega í 5. gr. sé verið að búa til framtíðarárekstra og þyrfti að athuga þetta nánar. Maður getur ímyndað sér hvers hlutur er líklegt að verði ofan á, rektors eða ráðherra ef til árekstra kemur.

Mér finnst það líka svolítið sérkennileg ráðstöfun að hér er ráðherra ætlað að skipa einn mann í dómnefnd sem kveður á um hæfi við ráðningu í starf. Mér finnst ekki efnilegt að ráðherra eigi að vera með fingurna í slíkum hlutum, hver sem í hlut á.

Að lokum vil ég ítreka það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst þetta vera athyglisvert frv. en mér finnst það nokkuð seint fram komið og hefði kosið að það gæfist betri tími til að gaumgæfa þetta mál í nefnd.

[21:24]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég þakka þessar málefnalegu umræður um frv. Það er ljóst að þingmenn hafa þegar kynnt sér einstök atriði í frv. og ég vænti þess að tími vinnist til að ljúka málinu, helst á þessu þingi í vor. Málið er lagt fram innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í þingsköpum og þau gera ráð fyrir því að menn geti tekið efnislega afstöðu til þeirra mála sem koma fram á þeim rétta tíma. Ef ekki, þá nær það ekki lengra. Ég held að í háskólasamfélaginu vænti menn þess að frv. nái fram að ganga. Þótt frv. sé samið í ráðuneytinu þá gefur það alls ekki rétta mynd að leggja það

þannig upp að það hafi verið gert í einhverjum felum eða með einhverri leynd. Lokavinnan fór þar fram en málið hefur verið rætt mjög víða og grunnhugmyndirnar ræddar mjög víða og enginn ágreiningur er um þær í sjálfu sér.

Það sem segir um skipan manna í háskólaráð t.d. er beinlínis tekið upp úr skýrslu um framtíð Háskóla Íslands þar sem sátu allir helstu sérfræðingar háskólans í málefnum stjórnsýslu og stöðu háskólans í þjóðfélaginu þannig að það er ekkert í þessu frv. sem á að koma þeim á óvart sem best þekkja til málsins.

Varðandi þá athugasemd að ráðherra skipi einn mann í dómnefnd þá held ég að það sé sá varnagli sem er minnstur í því að einhver annar komi þó að í öllum málum en menn úr háskólasamfélaginu sjálfu og það sé til þess fallið að tryggja góða málsmeðferð þó að einhverjir komi utan að inn í slíkar nefndir. Ef það er einhver vandi sem við stöndum frammi fyrir öðrum brýnni í háskólastarfinu þá er það sú staðreynd að stjórnsýslureglurnar eru allt of óljósar miðað við þann mikla mannfjölda sem starfar í skólunum. Þetta frv. og þær reglur sem við erum að móta í því fullnægja öllum kröfum um stjórnsýslu og rétta stjórnsýsluhætti um þessar miklu stofnanir. Þess vegna hvet ég til þess að frv. verði samþykkt og afgreitt þannig að tekinn verði af vafi um ýmis grundvallarmál sem við erum að fjalla um og snerta hagsmuni fjölda fólks.

[21:26]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Sigríðar Jóhannesdóttur að þetta frv. er allrar athygli vert og var nauðsynlegt að skilgreina betur hlutverk háskólanna en gert hefur verið.

En það er þó ein spurning sem ég vildi varpa til hæstv. ráðherra og hún er: Hversu marga háskóla, sem standa undir nafni, telur hæstv. ráðherra að við getum rekið í okkar samfélagi, með þá fjármuni sem við höfum til ráðstöfunar og eru inni í skólakerfinu?

[21:27]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er erfið spurning því að spurningin er ekki endilega sú hve margar stofnanir við getum rekið heldur er spurningin sú hvaða tök við höfum á því að veita háskólamenntun án þess að við séum endilega að koma á laggirnar stórum stofnunum. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir. Nemendur í mörgum skólastofnunum standa frammi fyrir því núna að þeir eru með stúdentspróf, eru í skólum sem eru skilgreindir sem framhaldsskólar en ætti með réttu að skilgreina námið sem háskólanám. Við erum með frv. á eftir um Kennara- og uppeldisháskóla þar sem við sameinum fjóra skóla í einn. Við erum einnig með hugmyndir um að sameina þrjá listaskóla í einn listaháskóla. Eftir að þetta frv. er orðið að lögum er miklu auðveldara fyrir ráðuneytið að taka á einstökum námsgreinum og skilgreina þær hugsanlega sem háskólanám án þess að settar séu á laggirnar sérstakar stofnanir umhverfis þær. Við vitum að fjarnám og annað slíkt sem er hægt að stunda án þess að menn fari inn í stofnun eða setjist á skólabekk í hefðbundnum skilningi er að aukast og háskólar hér ætla í auknum mæli að fara að bjóða upp á slíkt. Spurningin er sú að fá þá rétt til að skilgreina slíkt nám á faglegum forsendum og frv. veitir rétt til þess. Ég get því ekki svarað hve mörgum stofnunum við stöndum undir en ég get svarað því að áhuginn á því að fá nám sitt metið sem háskólanám er mjög mikill. Þörfin fyrir að svara þeim spurningum er mjög mikil og þetta frv. auðveldar okkur að gera það og taka af skarið með því að skilgreina það nám sem í raun og veru er háskólanám en við höfum ekki getað skilgreint sem slíkt.

[21:29]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vissulega verið spor í rétta átt að sameina undir eina yfirstjórn skóla sem starfa sitt í hvoru lagi í dag, en það sem maður hins vegar veltir fyrir sér þegar sífellt koma fram athugasemdir bæði frá Háskóla Íslands, frá Háskólanum á Akureyri og fleiri skólum um fjársvelti og síðast í fréttum í kvöld kom það fram hjá þeim sem nú eru í framboði í Háskóla Íslands að það sem stæði skólanum helst fyrir þrifum væri skortur á fjármunum, hvort það er eðlilegt í litlu þjóðfélagi t.d. þar sem við höfum verið með kennaraháskóla starfandi að setja þá á laggirnar kennaramenntun, sams konar menntun í öðrum skóla, hvort ekki væri réttara að skilgreina menntun eða hlutverk þess skóla betur heldur en gert hefur verið og nýta þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru betur en hefur verið gert.

[21:30]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem menn hafa sagt hér í kvöld að það frv. sem hérna liggur fyrir er allrar athygli vert. Hér hafa um vélað fjölmargar mannvitsbrekkur, og það er ekkert skrýtið þó að það megi a.m.k. draga þá ályktun að það sé einnar messu virði að íhuga þetta frv.

Ég tek hins vegar hæstv. menntmrh. vara fyrir því að ætla að reyna að þrýsta frv. í gegn á vorþinginu. Það er ekkert sem ýtir svo fast á eftir því. Hæstv. ráðherra sagði í lok ræðu sinnar að hann vonaðist til þess að þingið kæmi þessu máli frá sér áður en það færi til síns heima í vor. Hann sagði jafnframt að þetta mál ætti ekki að koma háskólanum á óvart. Ég fullyrði, herra forseti, að þetta er rangt hjá hæstv. menntmrh. Ég fullyrði hér að háskólinn hefur ekki rætt þær breytingar á stjórnsýslunni sem hér eru lagðar fram og þær koma flestum spánskt fyrir sjónir. Umræðan hefur ekkert farið fram.

Nú er það að vísu svo að hæstv. ráðherra er talsvert brátt á að koma þessu frá. Eðlilega skil ég það að hann vill vinna verk sín hratt en ég tel samt sem áður að hér sé um að ræða það afgerandi skil við fortíðina og það mikla breytingu frá núverandi högum háskólans og það sé út í hött að ætla að leggja þetta fram með stuttum fyrirvara og láta það fara í gegn á þessu vori. Hvar er tíminn sem háskólinn, mörg þúsund manna stofnun, á að fá til að ræða þetta mál?

Ég segi strax, herra forseti, að eitt af því sem verður að íhuga mjög náið á þinginu og heyra mjög vel ofan í háskólana um er sú skerðing á sjálfræði og sjálfstæði háskólans sem kemur hér fram og hið aukna vald menntmrh. Ég get ekki lesið annað út úr þessu en að beint vald ráðherra hverju sinni um val á rektor sé stórum aukið. Ég sé að hæstv. menntmrh. hristir höfuðið. Ég vísa honum hins vegar á 13. gr. Ég fæ ekki betur séð en þar sé gert ráð fyrir að háskólaráð verði skipað allt að tíu fulltrúum og eigi að bera ábyrgð á tilnefningu rektors. En hæstv. menntmrh. á að skipa fimmtung fulltrúa, jafnvel meira en fimmtung fulltrúa, í háskólaráð hverju sinni. Hann fer því óbeint með allt að 20% fullgildra atkvæða.

Síðan vek ég eftirtekt á því að það er verið að færa mun meira ráðningarvald í hendur rektors og ég tel það út af fyrir sig af hinu góða. En ekki með þeirri óbeinu tengingu sem við höfum við menntmrh. í gegnum 13. gr. Ég segi hiklaust,

herra forseti, að 13. gr. frv. er veruleg þrenging á sjálfstæði háskólanna. Þar af leiðandi getur hæstv. menntmrh. ekki ætlast til þess að þetta frv. fari í gegnum þingið á þessu vori. Það er nauðsynlegt að háskólinn, að loknu rektorskjöri, fái tóm til að vega og meta þær tillögur sem hér koma fram. Það er rangt hjá hæstv. menntmrh. að háskólanum sé kunnugt um þetta. Það veit ég vel. Það hefur engin umræða farið fram um þessi mál og meira að segja hefur það dregist inn í rektorskjör sem fer fram á morgun hvers vegna svo lítil umræða hefur átt sér stað um þær hugmyndir sem hér koma fram sem raun ber vitni.

[21:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í Fréttabréfi Háskóla Íslands var viðtal við alla frambjóðendur til rektorskjörs og þar fjalla þeir allir um þetta mál. Það er því rangt hjá hv. þm. að mönnum sé ekki kunnugt um þetta. Það svara allir spurningum sem byggjast á þessu frv. og þessum hugmyndum.

Hugmyndin sem kemur fram í 13. gr. frv. kemur frá þróunarnefnd háskólans þar sem var samhljóða niðurstaða að það skyldi staðið þannig að málum eins og lýst er í 13. gr. Ég bið hv. þm. að kynna sér betur málið. Ég veit ekki við hverja hann talar í Háskóla Íslands ef hann heldur því fram að þeir viti ekkert um hvað í þessu frv. stendur. Málið hefur auk þess verið rætt í háskólaráði og frv. var lagt þar fyrir um svipað leyti og það kom fram á Alþingi. Það er þess vegna alrangt að þetta mál eigi að koma háskólamönnum í opna skjöldu. Auðvitað eru skiptar skoðanir um það. Eins og um öll góð mál geta menn haft ólíkar skoðanir um þetta, en málið var kynnt. Og 13. gr., sem hv. þm. gerði að sérstöku umtalsefni, kemur beint upp úr þeirri nefnd um þróun Háskóla Íslands sem starfaði og skilaði áliti í desember 1994. Við verðum því aðeins að átta okkur á forsögu málsins og vita betur um hvað við tölum. Ef hv. þm. er jafn vel að sér um það sem er að gerast innan Háskóla Íslands og um efni þessa frv., þá er ég ekkert hissa á því að hann telji að málið hafi ekkert verið rætt á vettvangi háskólans.

[21:36]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er jafnan háttur hæstv. menntmrh. þegar hann er í vörn að grípa til hrokans en hroki fer hinum lítilláta hæstv. menntmrh. afskaplega illa. Ég get fullvissað hæstv. ráðherra um það að mér er mætavel kunnugt um það, m.a. af samtölum við rektorsefni, að mönnum þykir að efni þessa frv. sé langt í frá fullrætt innan háskólans. Ég get líka upplýst hæstv. ráðherra um að á þeim fundum sem hafa verið haldnir síðustu vikur, einmitt í tengslum við rektorskjör, hefur aftur og aftur og af vaxandi þunga síðustu daga komið upp á þessum fundum spurningin um hvernig stendur á því að þetta mál hefur ekki verið tekið til umræðu á vettvangi deildanna vegna þess að þetta hefur ekki verið tekið til umræðu á vettvangi deildaráðanna.

Það er alveg hárrétt að þetta mál er borið hingað inn sem afurð þróunarnefndarinnar. En þó að hún hafi verið samþykk í þessu efni þá þýðir það ekki að búið sé að ræða málið að fullu innan háskólans. Ég held einfaldlega að hér sé um að ræða það mikla þrengingu á sjálfræði háskólans að það sé ómögulegt annað en háskólinn sjálfur fái tóm til þess að ræða þetta. Ég segi að það er alls ekki nóg að ræða þetta innan þróunarnefndarinnar sem hefur lokið störfum og það er alls ekki nóg að ræða þetta heldur innan háskólaráðs. Það verður að ræða þetta á hinum breiða vettvangi háskólans alls, ekki bara inni í örfámennum stofnunum. Sér í lagi þarf að velta því fyrir sér hvort rétt sé að færa hæstv. ráðherra, án tillits til hver hann er hverju sinni, það aukna vald sem t.d. 13. gr. gefur honum.

[21:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Í tilefni af orðum ýmissa þingmanna í kvöld um að þetta mál sé svo seint fram komið að tæpt sé á því að við getum lokið því nú í vor, þá vil ég að það komi fram að menntmn. hefur hvað þetta frv. snertir nýtt sér heimild þingskapa til að hefja umfjöllun máls áður en því er vísað til þingnefndar. Menntmn. hefur þegar fjallað um þetta mál á einum fundi og átt um það mjög gagnlegar viðræður og yfirferð með fulltrúum frá menntmrn. Ég tel þetta mjög mikilvægt mál sem hefur verið lengi í undirbúningi og það er alveg ljóst að það hefur verið beðið eftir því. Ég tel ekki að hér sé um pólitískt ágreiningsmál að ræða. Ég sé ekkert í efni þessa frv. sem þurfi að verða pólitískt ágreiningsmál, en hins vegar geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir um ýmsa efnisþætti þess.

Það hefur ýmislegt komið fram í umræðunni í kvöld sem við höfum þegar fjallað um í menntmn. Það verður síðan að sjálfsögðu að koma fram við frekari umfjöllun málsins í nefndinni hvort okkur auðnast að klára málið núna í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 886.

[21:40]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. 886 flyt ég frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands. Ég vil hafa sama formála að þessu frv. og hinu fyrra um háskólann að þetta mál hefur verið mjög lengi á döfinni og mikið um það rætt hvernig unnt væri að standa að því að styrkja menntun uppeldisstétta á háskólastigi. Tillögur hafa legið fyrir um það frá því í mars 1995 í nefndaráliti um eflingu uppeldis- og kennaramenntunar að Íþróttakennaraskóli Íslands, Fósturskóli Íslands og Þroskaþjálfaskóli Íslands verði sameinaðir með Kennaraháskóla Íslands í einum kennaraháskóla. Þetta frv. um Kennara- og uppeldisháskóla er um það að sameina þessar fjórar stofnanir í einni stofnun, Kennara- og uppeldisháskólanum.

Frv. hefur verið unnið á grundvelli þessa nefndarálits. Einnig fól ég í nóvember 1995 embættismönnum menntamálaráðuneytisins ásamt Ólafi H. Jóhannssyni, endurmenntunarstjóra Kennaraháskóla Íslands, að undirbúa drög að frv. Fyrstu hugmyndir ráðuneytisins um frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla voru kynntar forsvarsmönnum áðurgreindra stofnana á fundi í mars 1996. Síðan kom það í ljós að ég taldi ekki unnt að klára þetta mál fyrr en ég hefði gengið frá frv. að lögum um háskóla og það frv. höfum við þegar rætt á þessum fundi. Þetta frv. um Kennara- og uppeldisháskóla tekur mið af frv. um háskóla og er fyrsta frv. sem flutt er á grundvelli þeirra heildarlaga. Þar sjá menn hvernig unnt er að útfæra þau lög um einstaka stofnun. Um starfsemi Kennara- og uppeldisháskóla Íslands munu því gilda lög um háskóla ásamt sérreglum þeim um stofnunina sem kveðið er á um í frv. þessu.

Færa má margvísleg rök fyrir því að sameina áðurnefndar stofnanir í einn háskóla. Rökin eru einkum af tvennum toga, annars vegar menntapólitísk rök og hins vegar hagkvæmnisrök og að mínu mati vega þau fyrrgreindu þyngra. Ég ætla að tilgreina hér nokkur höfuðatriði.

Menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta á margt sameiginlegt sem auðveldara er að efla og samhæfa undir einni yfirstjórn. Gildir það bæði um grunnmenntun þeirra, endurmenntun og framhaldsnám.

Með sameiningunni færist menntun allra þessara stétta ótvírætt á háskólastig og verður því í auknum mæli tengd rannsóknum sem leiða á til betri og markvissari starfsmenntunar en ella.

Gera má ráð fyrir að rannsóknum á sviði uppeldis og skólastarfs vaxi fiskur um hrygg við þessa breytingu og á því er full þörf.

Þær stofnanir, sem ekki eru á háskólastigi, eru allt of smáar til að raunsætt sé að ætla að þær geti öðlast fullgildan sess sem háskólastofnanir af eigin rammleik.

Betri nýting fæst á fjármunum, húsnæði og hvers kyns búnaði.

Í frv. er eftirfarandi lagt til grundvallar:

1. Með lögum þessum verður sameinuð starfsemi fjögurra ríkisstofnana: Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands í eina háskólastofnun sem hefur skýra lagalega stöðu. Af þessum stofnunum hefur Kennaraháskóli Íslands verið eina háskólastofnunin, hinir skólarnir þrír hafa verið á „gráu svæði" milli framhaldsskóla og háskóla þar sem stúdentspróf hefur í reynd verið inntökuskilyrði.

2. Lög þessi ásamt háskólalögunum eiga að mynda ramma um starfsemi stofnunarinnar sem gerir henni kleift að þróast og móta starfsemi sína og starfshætti án þess að til þurfi að koma lagasetningar í hvert sinn. Stofnuninni og stjórn hennar verður fengið sjálfdæmi um flest innan þeirra marka sem lög þessi og háskólalögin munu setja verði frumvörpin að lögum. Þetta felur m.a. í sér að 1. gr. frv. er almennt orðuð, skólinn ákvarðar sjálfur deildaskiptingu og aðrar stjórnunareiningar, rektor ræður alla kennara, þar með talda prófessora, ekki eru í lögunum tilgreind einstök störf og starfsheiti innan stjórnsýslu háskólans, svo sem kennslustjóri, endurmenntunarstjóri og fjármálastjóri, heldur er gert ráð fyrir að ráðið verði í þau störf sem talin er þörf á og falla innan þess fjárhagsramma er stofnunin starfar eftir. Í tengslum við aukið sjálfstæði um innri málefni kemur ákvæði um utanaðkomandi fulltrúa í háskólaráð og er það í samræmi við háskólafrumvarpið.

3. Ekki er í frumvarpinu nákvæmlega skilgreint hvaða nám skuli vera í boði innan Kennara- og uppeldisháskólans (kennaranám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla, þroskaþjálfanám, íþróttafræði o.s.frv.) heldur er gert ráð fyrir að nánari fyrirmæli um námið sem í boði er verði sett í reglugerð. Í því sambandi er þó rétt að benda á að ljóst er að verði frumvarpið að lögum tekur Kennara- og uppeldisháskóli Íslands við lögboðnum skyldum þeirra skóla sem sameinaðir verða. Ekki er í frv. tiltekið hvar háskólinn verður til húsa. Ljóst er þó að höfuðstöðvarnar verða í húsnæði Kennaraháskóla Íslands á Rauðarárholti, en einnig er til ráðstöfunar húsnæði Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni, húsnæði Fósturskóla Íslands við Laugalæk, húsnæði Þroskaþjálfaskóla Íslands við Skipholt og menntasetur Kennaraháskóla Íslands að Varmalandi í Borgarfirði. Þá er einnig rétt að vekja á því athygli að líklegt er að nemendur muni í auknum mæli fyrir tilstilli upplýsingatækninnar geta stundað nám þar sem þeir búa.

4. Ekki er tilgreint í lögunum hvernig deildaskipan skólans skuli vera. Lengd náms verður ákvörðuð í námskrá og mun það taka mið af skilgreindum þörfum með hliðsjón af því námi sem er í boði.

5. Í frv. að lögum um háskóla er skýrt afmarkað hverjir fara með formleg völd og ábyrgð í háskólum.

6. Í frv. að lögum um háskóla er nákvæmlega tilgreint hvernig fjárveitingar til háskóla skulu ákvarðaðar.

Enda þótt Kennara- og uppeldisháskóli Íslands verði miðstöð fyrir menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta er með frv. þessu ekki verið að setja alla slíka menntunarkosti undir einn hatt. Áfram verður í boði menntun leik-, og grunnskólakennara við Háskólann á Akureyri og kennaramenntun fyrir framhaldsskóla við Háskóla Íslands. Þá er gert ráð fyrir að menntun listgreinakennara verði í boði að einhverju eða öllu leyti við fyrirhugaðan listaháskóla. Tíminn verður að leiða í ljós hvort ástæða þykir til að skipa þessum málum með öðrum hætti, en frv. þetta, sem og háskólafrumvarpið, gerir það tiltölulega auðvelt í framkvæmd.

Herra forseti. Þetta eru meginatriði í frv. Ég vil láta þess getið að þeir sem fróðir eru um hagsýslu ríkisins telja að með sameiningu þessara fjögurra stofnana sé verið að ráðast í eitthvert mesta sameiningarverkefni sem unnið hefur verið á vegum ríkisins og hef ég falið sérstakri verkefnisstjórn undir formennsku Hauks Ingibergssonar við Hagsýslu ríkisins að sinna þeim hluta þessa verks. Ég hélt fund með öllum starfsmönnum skólanna fjögurra á miðvikudaginn í síðustu viku þar sem farið var yfir frv. og menn höfðu tækifæri til þess að leggja fram spurningar er snerta starfsmannamál og þau mál sem hljóta að koma til álita þegar að slíku verki er gengið. Sá fundur var mjög gagnlegur og að honum loknum og undanfarna daga hefur verið unnið að því að safna upplýsingum í öllum skólunum um þau atriði sem þarf að taka afstöðu til vegna þessarar sameiningar.

Í ákvæði til bráðabirgða er fjallað um hvernig staðið skuli að sameiningunni og þar er mælt fyrir um undantekningarákvæði varðandi skólastjórnina og háskólaráðið og einnig hvernig staðið skuli að gæslu réttinda starfsmanna við skólana. Eða eins og segir í lokamálsgrein ákvæðis til bráðabirgða:

„Strax við gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra skipa níu manna háskólaráð til tveggja ára eða þar til lög þessi eru að fullu komin til framkvæmda. Meginverkefni þess verður að móta stjórnkerfi skólans og tryggja að lög þessi komist til framkvæmda. Stjórnir þeirra skóla, sem með lögum þessum sameinast, skulu hver um sig tilnefna einn fulltrúa til setu í því ráði og menntamálaráðherra tvo fulltrúa."

Þarna er verið að koma til móts við þau sjónarmið að skólarnir komi að mótun innra starfs skólans á fyrstu starfsárum hans og þá mundi hver skóli, Fósturskólinn, Þroskaþjálfaskólinn, Íþróttakennaraskólinn og Kennaraháskólinn, eiga fulltrúa í þessu fyrsta háskólaráði en síðan yrði kjörið til þess samkvæmt þeim reglum sem þarna er mælt fyrir um.

Ég tel ákaflega mikilvægt að undirstrika að verið er að búa til nýja háskólastofnun með því að sameina fjóra skóla og ber ekki að líta á þessa stofnun sem regnhlífarsamtök yfir hina fjóra skólana, heldur nýja stofnun með starfsemi í

Reykjavík og á Laugarvatni og einnig í Borgarfirði eins og fram hefur komið.

Vaknað hafa spurningar um stöðu skólans á Laugarvatni. Það er alls ekki ætlunin að draga neitt úr starfsemi þar. Íþróttakennaranámið verður áfram á Laugarvatni og einnig held ég að þróunin verði sú að meira af starfsemi Kennara- og uppeldisháskólans muni flytjast til Laugarvatns eftir að þessi ákvörðun hefur verið tekin og menn muni sjá sér mikinn hag í því að hafa aðstöðu á Laugarvatni og skólastarfið þar muni frekar eflast en úr því draga miðað við þau áform sem uppi eru. Það verður mjög spennandi viðfangsefni að þróa þessa nýju háskólastofnun á þessum forsendum með starfsemi bæði í Reykjavík og á Laugarvatni og takast á við þau mikilvægu verkefni sem stofnuninni er falin.

Ég vil vekja máls á því að menn hafa velt því fyrir sér hvað kennaranámið eigi að vera langt. Það var, eins og við vitum, sett í lög að fjögurra ára nám skyldi vera í Kennaraháskólanum en áður en það lagaákvæði kom til framkvæmda var því breytt og gildistökunni frestað og kennaranámið er núna þrjú ár. Í 9. gr. þessa frv. er fjallað um það að fyrir hverja deild skólans eða skilgreinda námsbraut skuli setja námskrá sem kveði á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, þar með talin starfsþjálfun á vettvangi þar sem það á við. Þarna er almennt ákvæði um námið en það er ekkert sagt um hvort það eru þrjú, fjögur, fimm eða sex ár, enda er það ákvörðun skólans sjálfs sem síðan þarf að fá fjárveitingar til starfsemi sinnar og starfsumfangs á grundvelli þess samnings sem gerður verður um skólann. Ég held að við blasi að það verður þannig með þennan skóla að það verður mismunandi eftir námsbrautum hve námið á að vera langt, hvort það á að vera þrjú, fjögur, fimm ár eða jafnvel lengra ef til þess er horfið að efla meistaranám og annað slíkt á þessu sviði. Ég lít þannig á að 9. gr. veiti skólanum sjálfum heimild til þess að ákveða árafjölda eða anna og einingafjölda í námi innan sinna veggja.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri um þetta frv. Ákvæði þess eru skýr og óvíræð. Ég ítreka að sama á við um þetta frv. og hið fyrra sem við ræddum um háskóla að þess er vænst að Alþingi taki sem fyrst ákvarðanir í þessum málum því að mikið er í húfi fyrir þróun háskólastarfsins í landinu.

[21:53]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil í upphafi fagna framkomu þessa frv. Frv. hefur verið nokkuð lengi í burðarliðnum, en er að mínu mati mjög til bóta hvað varðar uppeldismenntun hér á landi.

Í frv. er gert ráð fyrir sameiginlegri miðstöð kennara- og uppeldismenntunar á Íslandi á sviði kennslu, uppeldis og umönnunar og einnig hvað varðar sjálfstætt starfandi rannsóknastofnun. Ég hjó eftir því í að fréttum í kvöld í umræðum um rektorskjör í Háskóla Íslands var verið að tala um aukna áherslu á rannsóknir og það yrði jafnvel meginverkefni háskólanemenda á 21. öldinni að vinna að slíkum rannsóknum. Þess vegna fagna ég sérstaklega tilkomu þessa frv. og því að það verði ein sameiginleg rannsóknastofnun og -stöð hvað varðar uppeldismenntun hér á landi.

Í frv. er gert ráð fyrir að sameina Fósturskóla Íslands, Íþróttakennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Kennaraskóla Íslands var fyrir löngu breytt í háskóla og í frv. er gert ráð fyrir að aðrar uppeldiskennslustofnanir hér á landi verði fluttar á háskólasvið, en eins og fram kemur í frv. hafa þessir skólar verið á gráum svæðum, þ.e. Fósturskólinn, Íþróttakennaraskólinn og Þroskaþjálfaskólinn. Stúdentsprófs er krafist í þessa skóla en þeir hafa ekki verið viðurkenndir sem háskólar fyrr en þetta frv. hefur náð fram að ganga.

Sameiningin hefur í för með sér samnýtingu hvað varðar kennslu og rannsóknir, hvað varðar störf prófessora, dósenta, lektora og stundakennara. Þetta leiðir til þess að sameiginleg nýting verður á fjármálastjórn og almennu skrifstofuhaldi þessara skóla og það verður væntanlega auðveldara að fá sérhæft fagfólk til að starfa í þessum menntastofnunum. Ef ég skil frv. rétt er gert ráð fyrir því að allir nemendur þessa uppeldisháskóla ljúki svokallaðri B.Ed.-prófgráðu en þeirra prófgráðu hafa nemendur Kennaraháskóla Íslands lokið. Það vakna reyndar spurningar hjá mér um hvort ekki sé ástæða til þess að á Laugarvatni verði sérstakur íþróttaháskóli til viðbótar kennaranáminu þar sem útskrifaðir yrðu sennilega íþróttafræðingar fyrir íþróttafólk og fyrir almenning. Á líkamsræktarstöðvum vítt og breitt um landið er full ástæða til að þess sé krafist að fólk hafi full réttindi sem er að kenna eða leiðbeina á slíkum stöðum.

Það má líka velta fyrir sér hvort ekki er ástæða til þess að t.d. innan þessa íþróttaháskóla verði jafnvel nám í æskulýðs- og íþróttafulltrúastörfum.

Í 5. gr. frv. er fjallað sérstaklega um stjórnskipulag þessarar stofnunar og það gladdi mig að heyra hæstv. menntmrh. tala um að í þessu háskólaráði yrðu alla vega til að byrja með fulltrúar úr þessum stofnunum, þ.e. Íþróttakennaraskóla Íslands, Þroskaþjálfaskólanum og Fósturskólanum. (**Gripið fram í:** Þeir eru fimm.) Það skiptir auðvitað miklu máli. Þeir eru þrír. Já, það er rétt, en í frv., ef hv. þm. hefur lesið það sem ég veit að hann hefur gert og kynnt sér rækilega, þá kemur fram að rektor verður væntanlega í Kennaraháskólanum og verður forseti þess ráðs en hæstv. menntmrh. tók það skýrt fram, þó að það standi ekki í frv., að í háskólaráðinu verði fulltrúar frá þeim skólum sem ég taldi áðan.

Ég fagna sérstaklega ummælum hæstv. ráðherra hvað Laugarvatn varðar. Hann talaði um að þetta væri einn stærsti samruni menntastofnana á Íslandi fyrr og síðar og þeir sem þekkja vel til staðhátta á Laugarvatni vita að þar hefur verið byggð upp mjög myndarleg starfsemi í kringum Íþróttakennaraskóla Íslands. Það má minna á mjög stórt og nýlegt íþróttahús. Einnig er þar gamalt íþróttahús sem var byggt við héraðsskólann. Þar eru bústaðir skólastjóra og kennara. Þar er heimavistarhúsnæði, bæði þar sem ÍSÍ hefur haft sumaraðstöðu og einnig hefur Íþróttakennaraskóli Íslands aðstöðu þar sem Húsmæðraskólinn á Laugarvatni var. Einnig eru á Laugarvatni mjög glæsileg íþróttamannvirki, svo sem frjálsíþróttavöllur með Tartan-brautum, knattspyrnuvöllum og fleira mætti nefna. Mér er einnig sagt að íþróttaskólinn hafi til umráða 22 hektara og þó ekki væri nema vegna þessara miklu mannvirkja sem á Laugarvatni eru, þá skiptir mjög miklu máli að þaðan komi fulltrúi í þetta háskólaráð.

Það má líka benda á að það eru margir sem telja að góður árangur íþróttamanna á Íslandi stafi m.a. af því að í gegnum tíðina hafa verið sérmenntaðir íþróttakennarar í grunnskólum landsins og áhugi almennings á íþróttum stafi m.a. vegna þessa. Það er ósk mín og von að frv. nái fram að ganga á þessu þingi og leiði til þess að við eignumst enn öflugri uppeldisstétt hér á landi sem yrði enn betur menntuð.

[22:00]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í ítarlega umræðu um þetta mál. Það á vafalaust eftir að koma til rækilegrar umræðu vegna þess að það er ljóst að þetta er eitt af 80 stjórnarfrv. sem liggja nú fyrir þinginu. Það er bersýnilegt að það verður að vinna hið mesta ef það á að ljúka þeim öllum, að ekki sé nú fastar að orði kveðið, ef þinginu á að ljúka þann 16. maí. Mér segir svo hugur um að eitthvað af þessu sé nú þannig að það fái kannski að hinkra til haustsins með frekari afgreiðslu enda ætti það að geta bætt sum af þeim málum sem hér eru. Það bíður vafalaust menntmn. að fjalla um þetta og gera tillögur um meðferð málsins.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að segja margt um þetta, herra forseti. Ég fagna því að þetta mál er komið til umræðu en ég tel ekki að heimurinn hafi byrjað að verða til 1995 eins og stendur í flestum greinargerðum frá menntmrn. í menntamálum, heldur hafi tilvera hans hafist allmiklu fyrr. Þar vitna ég m.a. til þess að það eru allmörg ár síðan tekin var um það ákvörðun að stefna að skóla af þessu tagi. Það var ekki ákveðið fyrst árið 1995 heldur allmiklu fyrr. Þá var sá skóli reyndar í umræðum manna á meðal kallaður Uppeldisháskóli. Út af fyrir sig ætla ég ekki að gera tillögu um að menn haldi við það nafn enda er það aukaatriði í málinu. Þá töluðu menn um að þetta væru þeir skólar sem hér eru á ferðinni, þ.e. Kennaraháskólinn, Íþróttakennaraskólinn, Þroskaþjálfaskólinn og Fósturskólinn. Það má segja að mikill áfangi hafi náðst, sá að málið er komið hér til meðferðar í þessari virðulegu stofnun. Ég tel að það sé stórt skref og mikið fagnaðarefni út af fyrir sig. Þetta segi ég áður en ég byrja að gagnrýna þau atriði sem ég vil gagnrýna í þessu frv. eða í tengslum við það en þau eru eftirfarandi:

Það er þá fyrst varðandi lengd kennaranámsins. Ég tel út af fyrir sig að það sé ekkert úrslitaatriði að það standi í lögum hversu langt kennranámið á að vera. Ég get í sjálfu sér tekið undir það með hæstv. menntmrh. að það sé eðlilegt að það sé mál sem sé ákveðið á faglegum forsendum og á öðrum vettvangi með hliðsjón af þeim fjármunum sem eru til á hverjum tíma í þeim efnum. Ég vek hins vegar athygli á því að ég hygg að Ísland sé eina landið sem er núna með þriggja ára kennaramenntun. Eina landið í Evrópu á því svæði sem við miðum okkur helst við. Ég tel að sú styrking fagmenntunarinnar sem þarf að eiga sér stað og m.a. var rædd mjög rækilega í framhaldi af TIMSS-skýrslunni hér í vetur verði að gerast með því að kennaranámið verði lengt. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að um leið og svona lög yrðu samþykkt, ef þau verða samþykkt, þá væri tekin ákvörðun um að kennaranámið yrði lengt. Það á ekki að draga það lengur. Það er fyrsta atriðið, herra forseti, sem ég vil nefna í sambandi við þetta frv.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem er stefna okkar alþýðubandalagsmanna og hún er sú að við teljum að það eigi ekki að vera skrásetningargjald í lögum af því tagi sem gerð er tillaga um, bæði í þessu frv. og ég hygg í háskólafrv. líka. Ég tel að að því er varðar þennan skóla þá eigi skrásetningargjaldið ekki að vera eins og hér er gert ráð fyrir heldur eigi að taka öðruvísi á þeim málum eins og við höfum gert grein fyrir á öðrum vettvangi og því sjónarmiði okkar vil ég halda hér til haga.

Þá kem ég næst að 5. gr. frv. Þar er um að ræða hliðstætt ákvæði og er í 13. gr. háskólafrv. Þar er m.a. lagt til að menntmrh. skipi tvo fulltrúa í háskólaráð til tveggja ára í senn. Í greinargerð með háskólafrv. er þetta t.d. rökstutt á þennan hátt, herra forseti:

„Er það fyrirkomulag einnig í samræmi við tillögur þróunarnefndarinnar. Þessir fulltrúar eiga að vera með víðtæka þekkingu á málefnum þjóðlífs og atvinnulífs og traustan skilning á starfsemi háskóla."

Í frv. um Kennara- og uppeldisháskóla Íslands er ákvæði í 5. gr. þar sem segir að í háskólaráði eigi m.a. sæti „tveir fulltrúar skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn."

Ég vil segja fyrir mitt leyti herra forseti, og láta það koma hér fram að ég set spurningarmerki við þetta. Ég er þeirrar skoðunar að skóli eigi að vera sjálfstæður. Ég er þeirrar skoðunar að skóli eigi að lúta sínum faglegu ákvörðunum og hafa sitt eigið stjórnkerfi. Og þar af leiðandi beitti ég mér fyrir því þegar ég var menntmrh. að embættaveitingavaldið að því er varðaði prófessora, dósenta og lektora í háskólanum var flutt til háskólans. Ég tel að það eigi að vera þannig að skólarnir eigi að ráða sér sjálfir. Þess vegna tel ég að ákvæðið í 1. mgr. 3. gr. — „Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, aðjúnkta og stundakennara" — sé í raun og veru rétt ákvörðun. Á sama hátt gagnrýni ég að menntmrh. sé að skipa menn í háskólaráð þessa skóla. Ég sé engin sérstök rök fyrir því jafnvel þó að þessi þróunarnefnd hafi lagt það til. Mér er það efst í huga að stofnun af þessum toga njóti sjálfstæðis og að ráðherrar séu ekki með íhlutun í einstök málefni í rekstri skólans sem þeir yrðu í raun og veru með þessum hætti.

Þá kem ég næst, herra forseti, að 7. gr. Ég spyr hæstv. ráðherra að því hvort hann sé með það í huga að þær reglur sem settar verði um rektorskjör og tilnefningu rektors verði hliðstæðar þeim reglum sem gert er ráð fyrir í frv. til laga um háskóla eða hvort ráðherra hæstv. sé með aðrar hugmyndir í þeim efnum.

Síðan vil ég, herra forseti, aðeins velta því upp að ég sé að aftur og aftur er í greinargerð frv. talað um að Kennara- og uppeldisháskóli Íslands eigi að vera miðstöð fyrir menntun kennara og annarra uppeldis- og umönnunarstétta. Ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvort menn eru þarna kannski að gefa undir fótinn með starfsemi í þessum skóla sem sennilega verður þar aldrei, eða hvað? Eða eru menn ekki hugsanlega að ýta þarna undir misskilning? Gætu í framhaldinu af þessu komið upp kröfur eða óskir um að þarna væru fleiri hópar sem væru í alls konar fagmenntun, m.a. svokallaðri umönnunarmenntun af ýmsu tagi, að þeir væru frekar í þessum skóla heldur en t.d. öðrum skóla á háskólastigi? Mér finnst að í raun og veru sé þarna verið að skilgreina þessa stofnun of óljóst. Ég mundi ekki hafa sett þetta niður í greinargerð vegna þess að þar með er, finnst mér, verið að gefa undir fótinn með að þessi stofnun verði opnuð fyrir allmarga aðra hópa en hér er þó gert ráð fyrir. Nú finnst mér að vel geti komið til greina að einhverjir aðrir hópar komi hér við sögu en þarna finnst mér að verið sé að opna braut fyrir allmarga aðra hópa. Ég gæti nefnt í því sambandi hóp sem er í raun og veru heimilislaus á háskólastigi eins og iðjuþjálfar sem hefur verið rætt mikið um að þurfi að koma upp námi fyrir á háskólastigi, m.a. rætt um að því verði komið upp við Háskóla Íslands og jafnvel við Háskólann á Akureyri. Yrði ekki tilhneiging til að banka upp með fagmenntun af þessu tagi þarna? Og þá mega menn, herra forseti, ekki skilja þetta svo að ég sé á neinn hátt að gera lítið úr því að þarna sé þörf

á menntunarátaki heldur hinu að þarna sé verið að opna fyrir víðari skilgreiningu en rétt er að gera.

Ég tel að í þessu frv. séu margir mjög góðir hlutir og ég tel að í frv. felist út af fyrir sig sigur fyrir t.d. leikskólakennara og þroskaþjálfa miðað við þá baráttu sem þeir hafa háð á undanförnum árum. Það er fagnaðarefni og ástæða til að óska þeim til hamingju með það. Það er umhugsunarefni hvort nafnið er alveg nógu heppilegt. Ég sé að menn eru að reyna að búa til brú yfir stórfljót með þessu nafni og þá lenda menn oft í sérkennilegum hlutum, þ.e. að þetta sé sem sagt skóli sem kennir bæði kennurum og uppeldi, þannig að í raun og veru er nafnið pínulítið órökrétt eins og það lítur hér út. En látum það vera. Aðalatriðið er að málið fái vandaða meðferð. Ég vildi af okkar hálfu leggja þessi orð í belg.

[22:10]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín einni spurningu varðandi 7. gr.: „Menntamálaráðherra skipar rektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs. Skal staðan auglýst laus til umsóknar. Háskólaráð setur reglur um hvernig staðið skuli að tilnefningu rektors."

Greinin er alveg skýr. Það er ekki ætlunin að hafa aðra skipan á varðandi þetta heldur en háskólaráðið sjálft ákveður þar sem háskólaráðið bindur hendur menntmrh. Það gerir bindandi tillögu til ráðherrans um það hver verði rektor en ákveður hins vegar sjálft hvernig það kemst að sinni niðurstöðu og hvaða leiðir það fer innan skólans til þess að finna út hvern það gerir tillögu um til ráðherra.

[22:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör sem ég skil þannig að háskólaráðið setji sér sjálft reglur í þessum efnum. Þannig á það að vera og ég styð ráðherrann í því efni. Ég vil einnig taka fram að ég teldi að það kæmi hins vegar til greina að ganga þessa sömu braut á enda með því að skólinn sjálfur eða háskólasamfélagið á Íslandi með einhverjum hætti réði öllum fulltrúum í dómnefndunum, en ekki væri verið að kalla inn fulltrúa frá pólitískum menntmrh.

[22:12]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil fagna því að hér er komið fram frv. um uppeldisháskólann sem við erum mörg hver búinn að tala um í nokkur ár. Þó að hann eigi nú að heita Kennara- og uppeldisháskóli þá gildir það einu, hér er greinilega sama meginhugsun á ferðinni. Í rauninni verið að tala um að þeir hópar sem sinna kennslu og uppeldi og hafa verið að færa menntun sína á háskólastig muni þarna verða undir einu og sama þaki. Það er íhugunarefni og segir okkur hversu ör þróunin er, að fyrir 25 árum var kennsla allra þeirra stétta sem þarna á að sameina í einum háskóla á framhaldsskólastigi. Ef ég man rétt þá var þroskaþjálfanámið tveggja ára nám á framhaldsskólastigi, fóstrunámið sem svo hét þá var þriggja ára nám, kennaranámið fjögurra ára nám og íþróttakennaranámið sjálfsagt eitthvað svipað. Hér er orðin gjörbreyting. Það er reyndar nokkuð síðan þessir skólar aðrir en Kennaraháskólinn, sem varð formlega háskóli fyrir aldarfjórðungi eða svo, fóru að krefjast stúdentsprófs sem inntökuskilyrði þó að þeir væru ekki formlega flokkaðir sem háskólar. En þetta er býsna ör þróun eigi að síður og nú erum við sem sé að horfa til þess að í næstu framtíð verði hér Kennara- og uppeldisháskóli þar sem allar þessar stéttir verði menntaðar.

Ég vil strax taka undir það sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði athugasemd við hér áðan og það var orðið umönnun. Ég er ekki viss um að það eigi heima í þessu frv. né inni í lögum um uppeldis- og kennaraháskóla. Hann nefndi iðjuþjálfun sem dæmi um stétt sem væri heimilislaus og kannski yrði hægt að pota þarna inn ef orðið „umönnun" yrði áfram þarna inni. En við erum kannski sammála um að sú stétt eigi ekki heima í uppeldis- og kennaraháskóla. Hins vegar gætu athvarfsiðjuþjálfar átt þarna heima en það hópur sem starfar að uppeldismálum og ég held að sé ekki búið að finna betra orð yfir. En hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason nefndi áðan að menntun íþrótta- og æskulýðsfulltrúa gæti farið fram á þessum vettvangi og kannski er það þá hliðstætt.

Það sem mér finnst skipta miklu máli þegar við stofnum þennan nýja háskóla er að þarna verði til öflug rannsóknastofnun, öflug stofnun sem sinni rannsóknum í uppeldi og kennslu. Það fara sannarlega einhverjar rannsóknir fram í dag á vegum Kennaraháskólans og einnig á vegum Háskóla Íslands í uppeldisfræði og í kennslufræðum, en ég bind vonir við það að þegar þessi nýi háskóli verður búinn að ná fótfestu að þá munum við eignast þarna öfluga stofnun sem geti sinnt markvissum bæði grunn- og hagnýtum rannsóknum á þessu sviði. Þess vegna er mjög mikilvægt að þroskaþjálfar og leikskólakennarar komi þarna að eða menntun þeirra og þeir kennarar sem þeim kenna vegna þess að hingað til hafa engar rannsóknir farið fram innan veggja þeirra skóla sem hafa menntað þessar stéttir. Ég bind líka vonir við að skipulag náms þeirra stétta sem sinna uppeldis- og kennslumálum verði markvissara. Það gleður mig þegar ég les þetta frv. yfir að sjá hversu mikið sjálfdæmi skólanum er gefið varðandi innra skipulag og varðandi ákvarðanir um það nám sem þar á að fara fram. Ég tel að þær ákvarðanir séu vel komnar í höndum þeirra aðila sem þar eiga um að véla og tel að með því að skólinn fái þetta sjálfdæmi varðandi menntun þessara mikilvægu stétta þá getum við vænst þess að námið verði skipulagt markvissara en verið hefur, en jafnframt gefist því fólki sem kýs að leggja fyrir sig kennslu og uppeldismál fjölbreyttari möguleikar til sérhæfingar.

Á þessu stigi er ekki, herra forseti, meira um þetta mál að segja. En ég vildi fagna þeirri meginhugsun sem kemur fram í frv. og taka undir með þeim sem hér hafa áður talað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (sjónvarpsstöðvar, tölvuleikir). — Þskj. 888.

[22:19]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Með bréfi, dags. 12. nóv. 1996, lagði umboðsmaður barna það til við menntamálaráðherra að lög nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og útvarpslög, nr. 68/1985, yrðu tekin til endurskoðunar til þess að tryggja börnum betur þá vernd sem 76. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um og einnig til þess að uppfylla ákvæði 17. gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna

um réttindi barnsins, sem og ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnskipunarfyrirmælum um sjónvarpsrekstur. Í bréfi umboðsmanns barna koma fram tillögur um lagabreytingar og er frv. þetta samið á grundvelli þessara tillagna.

Í 1. gr. frv. er lagt til að kveðið verði fastar að orði en gert er í núgildandi lögum varðandi þær viðmiðanir sem Kvikmyndaskoðun ber að hafa hliðsjón af við skoðun og mat á kvikmyndum.

Í 2. gr. er skýrt tekið fram að sjónvarpsstöðvar skuli við skoðun á dagskrárefni nota sömu viðmiðanir og Kvikmyndaskoðun endranær.

Í 3. gr. er kveðið á um að menntamálaráðherra sé ekki einvörðungu heimilt, heldur skylt, að setja reglur um skoðun tölvuleikja þannig að þeir lúti hliðstæðum skoðunarreglum og kvikmyndir. Gert er ráð fyrir að um tilhögun skoðunar tölvuleikja og gjaldtöku verði tekið mið af öðrum ákvæðum laganna.

Eins og fram kemur er gert ráð fyrir því að menntmrh. hagi málum þannig að kostnaður við skoðun greiðist af skoðunargjöldum og þess vegna leiðir þetta frv. ekki til kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.

Ég legg til að frv. verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[22:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þetta frv. Ég ætla bara að gera athugasemdir við og spyrja um tvennt. Það fyrra er að íslenskar sjónvarpsstöðvar hafa þann leiða ávana að sýna ofbeldisbúta úr myndum til að kynna efni þeirra rétt fyrir og rétt eftir fréttatíma og þetta er algerlega óþolandi ástand á öllum barnaheimilum í landinu og með barnaheimili á ég við heimili þar sem börn eru. (**Gripið fram í:** Og viðkvæmt fólk.) Já, og viðkvæmt fólk.

Ég spyr: Hvaða úrræði telur hæstv. menntmrh. að hann hafi samkvæmt þessum frumvarpsákvæðum til að setja ofan í við stöðvarnar fyrir þetta? Þetta er algerlega óþolandi ástand. Ég veit að margir þingmenn þekkja þetta mál og þjóðin öll vegna þess að það er hið versta mál hvernig ofbeldisatriði úr kvikmyndum eru sýnd í auglýsingum á þeim tíma þegar börnin eru helst að horfa á sjónvarpið.

Hitt atriðið sem ég ætla að spyrja hæstv. menntmrh. um — ég vildi gjarnan heyra af hans munni, en get út af fyrir sig kannski giskað á hvert svarið verður — er þetta: Við hvern á fólk að tala þegar það verður vart við runu af ofbeldisatriðum í sjónvarpsmyndum? Við hvern á það að tala? Staðreyndin er sú að ég held að það þyrfti að koma upp einhverri aðstöðu fyrir fólk til að hringja í. Þá á ég við einhvern sérstakan aðila sem tekur við kvörtunum af þessu tagi. Vegna þess að það viðmót sem fólk mætir hjá sjónvarpsstöðvunum þegar það er að kvarta og klaga undan þessum myndum er oft mjög slæmt og neikvætt. Ég tel að á meðan ekki er gert eitthvað sérstakt til að opna fyrir það að fólk geti kvartað þá sé þetta dauður lagabókstafur sem við erum annars að setja hér af góðum hug.

[22:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sjálfu sér vil ég ekki fullyrða að þetta frv., verði það að lögum, veiti menntmrh. stjórnunarafl hvað varðar það atriði sem hv. þm. vék að og spurning er náttúrlega hvort það beri að veita menntmrh. slíkt vald, hvort það er æskilegt að hann fái það vald. Á þá að tilgreina það vald þannig að hann geti ráðið því hvaða auglýsingar koma á síðustu mínútunum fyrir fréttir fyrir klukkan átta en ekki síðustu mínúturnar fyrir fréttir klukkan ellefu t.d. eða annað slíkt? Ég veit ekki hvernig menn ætla að skilgreina valdsvið menntmrh. ef hann á að hlutast til um þetta.

Ég held að aðalatriði í þessu sé að þær umræður sem orðið hafa um þessar auglýsingar og áhrif þeirra skil ég á þann veg að heldur hafi dregið úr þessu en hitt. Þetta þýðir ekkert nema með þunga almenningsálitsins. Og hvort það borgar sig að koma upp einhverjum einum kvörtunarsíma eða ekki ætla ég ekki að fullyrða um heldur. En það þýðir ekkert annað en með þunga almenningsálitsins að reyna að beina þessu úr þeim farvegi sem það er í. Ég mun leggja mitt af mörkum til þess því þótt ég hafi ekki ung börn á mínu heimili og telji mig ekki mjög viðkvæma sál í sjálfu sér þá fer nú oft í taugarnar á mér að sjá þetta. Ég vil heldur fara sjálfur í kvikmyndahús og horfa á þessar myndir í heild og búa mig undir það heldur en að fá þessu dembt yfir mig á þennan hátt.

Ég held að það þurfi að halda þessum umræðum áfram og þá sjá menn að þetta sé ekki rétta leiðin, því ég held að þeir sem fara á þær kvikmyndir sem þarna er verið að auglýsa séu ekki endilega að horfa á sjónvarpið. Það er annað fólk sem horfir á sjónvarpið á þessum tíma heldur en þeir sem hafa mesta ánægju af því að sjá hasarmyndir sem kynntar eru með þessum ofbeldisatriðum á þessum viðkvæma áhorfstíma.

[22:25]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hlutteknigarleysi er eitt versta vandamál okkar þjóðfélags. Þetta hlutteknigarleysi þróast þannig að börn og unglingar alast upp í ofbeldisumhverfi, m.a. kvikmynda og sjónvarps, og læra smátt og smátt að þetta kemur þeim kannski lítið við en samt sem áður hefur þetta gríðarleg áhrif. Í öllum umræðum um ofbeldi og þróun ofbeldis, m.a. heimilisofbeldis, er þetta talið eitt alvarlegasta vandamál nútímaþjóðfélags. Ég tek alveg undir það með hæstv. menntmrh. að í sjálfu sér er ekki ástæða til að ætla að hann sitji við símann og segi: Hingað og ekki lengra. Það getur ekki verið þannig. Hins vegar er greinilegt að umboðsmaður Alþingis og umboðsmaður barna lögðu til við menntmrh. að lög um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum og útvarpslög yrðu tekin til endurskoðunar til þess að tryggja börnum betur þá vernd sem 76. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um og einnig til þess að uppfylla ákvæði 17. gr. í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þetta er tillaga umboðsmanns barna. Mér finnst að í framhaldi af þessari tillögu og um leið og svona ákvæði væru sett í lög, eins og hér er gerð tillaga um, þá eigi að skapa farveg fyrir úrræði af einhverju tagi, fyrir foreldra og aðra aðstandendur barna t.d., til að taka á málum af þessu tagi. En ég er ekki að ætlast til þess að hæstv. menntmrh. stundi það starf.

[22:27]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Nú lengist óðum verkefnalisti hv. menntmn. Mér sýnist hún eiga að fá ein níu stjfrv. til meðferðar á þeim fáu vikum sem eftir lifa af þessu þingi ef farið verður eftir starfsáætlun þingsins. Svo eru reyndar allmörg mál frá þingmönnum sem mér sýnist nú örvænt um að komist til nokkurrar umfjöllunar í nefndinni á þessum stutta tíma.

En hér er á ferðinni frv. sem er svo sem ekki ýkja umfangsmikið og eitt af því sem ég teldi æskilegt og alveg

mögulegt að afgreiða á þessu vori. Ég vil lýsa ánægju minni með að frv. sé hér fram komið og jafnvel þótt fyrr hefði verið. Ég held að þau ákvæði sem hér er að finna séu líkleg til að bæta eitthvað það ástand sem ríkir í þessum efnum og er svo sannarlega áhyggjuefni. Við kvennalistakonur höfum haft miklar áhyggjur af slæmum áhrifum myndmiðla á börn og óharðnaða unglinga og við fengum t.d. samþykkta tillögu, fyrir sjö árum ef ég man rétt, þess efnis að unnin yrði könnun á ofbeldi í myndmiðlum eins og hún hét, ef ég man rétt. En það er náttúrlega fyrst og fremst sá þáttur sem menn telja áhrifamikinn og skaðlegan. Því miður varð víst minna en til stóð úr framkvæmd þeirrar tillögu og er það enn eitt dæmið um það að framkvæmdarvaldið framkvæmir ekki alltaf vilja Alþingis. Hefði þó verið gagnlegt að hafa þær niðurstöður á borðinu sem slík könnun hefði veitt í þeirri umræðu sem hefur verið vaxandi, um slæm áhrif ofbeldis í myndmiðlum því til þess að geta tekið á vandamálinu þarf að þekkja það eins vel og unnt er.

Skaðleg áhrif ofbeldismynda, einkum í sjónvarpi, eru eins og ég segi, mörgum áhyggjuefni og það er einmitt í sjónvarpi sem við erum nánast berskjölduð fyrir þeim áhrifum sem slíkar ofbeldissýningar geta haft. Ég verð að segja alveg eins og er og hér hefur reyndar komið fram áður að manni ofbýður oft hversu hrottaleg atriði eru oft sýnd í þessum aðgangsharða fjölmiðli sem sjónvarpið er og sem heimilin eru svo berskjölduð fyrir. Ég er að minnsta kosti eindregið þeirrar skoðunar að allt þetta ofbeldisefni sem dembt er yfir landslýð, stundum undir einhverju listrænu yfirskyni, eigi sinn þátt í vaxandi hrottaskap í samskiptum unglinga. Ég tel að þetta frv., ef að lögum verður, sé af hinu góða og líklegt til að leiða til úrbóta. En ég vil taka undir með hv. 8. þm. Reykv., um að mér finnst nauðsynlegt að hv. menntmn. taki gaumgæfilega til athugunar hvort ákvæði 2. gr. gefa einhverja viðspyrnu í því efni að hamla gegn því auglýsingaflóði sem hér var til umræðu áðan. Og mér heyrðist hæstv. mennmrh. vera sammála því að það væri ekki hið æskilegasta sjónvarpsefni. Eins og flestir kannast við hefur það stórlega færst í vöxt að kvikmyndir séu auglýstar í sjónvarpi og ekki síst á þeim tímum þegar börn eru almennt vakandi og nálægt sjónvarpi og engin leið í rauninni fyrir foreldra að vita hvað yfir kann að dynja því það tíðkast ekki að vara fólk við efni auglýsinga þótt það gildi um kvikmyndir að varað sé við hrottalegum eða skelfilegum atriðum í þeim kvikmyndum sem á dagskrá eru. Þess vegna hafa margir látið í ljósi þá ósk eða skoðun að sjónvarpsstöðvum verði beinlínis bannað að sýna auglýsingar með ofbeldisfullum atriðum. Ég minni á athugasemdir eða ályktanir frá Barnaheillum og tilmæli frá umboðsmanni barna sem áreiðanlega hafa vonast til þess að breytingar á lögunum gætu tryggt einhverja vernd gegn þessu atriði. Þess vegna vildi ég koma og taka undir þær athugasemdir sem hér koma fram í máli hv. 8. þm. Reykv. og hvetja hv. menntmn. til að taka þetta atriði sérstaklega fyrir og reyna að tryggja að breytingar verði á þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bæjanöfn, 1. umr.

Stjfrv., 535. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 889.

og

Örnefnastofnun Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 536. mál. — Þskj. 890.

[22:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Hér eru tvö frv. sem lúta að varðveislu þjóðararfsins. Við gerum okkur kannski ekki nægilega vel grein fyrir því að örnefni og verndun þeirra, skilgreiningar á landakortum, og annað sem að því lýtur að við getum aflað okkur upplýsinga um staðarnöfn og bæjanöfn er hluti af þjóðararfinum. Ef við gerum ekki ráðstafanir til að gæta þeirrar arfleifðar eins og annarra þátta í menningarsögu okkar og menningararfleifð þá kann mikið að fara til spillis sem aldrei verður aftur tekið.

Hvatinn að því að þessi tvö frv. eru flutt má segja að hafi vaknað hjá umhvrn., sem fer með yfirstjórn Landmælinga Íslands. Þar blasti við að endurskoða þyrfti ákvæði varðandi þá nefnd sem fjallar um bæjanöfn og nefnist örnefnanefnd samkvæmt því frv. sem er á þskj. 889, en þetta frv. hefur nokkur tengsl við frv. til laga um Örnefnastofnun Íslands sem er á þskj. 890.

Með frumvörpunum er stefnt að því að ef þau ná lögfestingu verði búinn fullnægjandi lagarammi um stjórn örnefnamálefna, að því marki sem þau heyra undir menntamálaráðuneytið.

Haft var samráð við umhverfisráðuneyti og fulltrúa Landmælinga Íslands hvað varðar þann þátt frumvarps um bæjanöfn er snýr að úrskurðarvaldi um það hvaða örnefni verða sett á opinber landabréf.

Meginatriði frumvarpsins um bæjanöfn o.fl., miðar að því að komið verði á fullnægjandi aðferð til þess í fyrsta lagi að fara með ákvörðunarvald um býlanöfn og nöfn á nýjum þéttbýliskjörnum og í öðru lagi að skera úr um ágreiningsatriði og álitamál um nafnsetningar á landakort og um ný eða breytt gatnanöfn og þess háttar. Um fyrra atriðið hafa verið ákvæði í lögum nr. 35/1953, um bæjanöfn o.fl., og á grundvelli þeirra hefur menntamálaráðherra farið með ákvörðunarvaldið en sérstök nefnd, örnefnanefnd, verið ráðgefandi í því efni. Um síðara atriðið er það hins vegar að segja að um það hafa engin ákvæði verið í lögum til þessa og hefur það í reynd verið bagalegt. Samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. er örnefnanefnd þó ætlað að vera til ráðgjafar um nafnsetningar á landabréf, en úrskurðar- eða ákvörðunarvald hefur hún ekki á því sviði. Er tímabært að úr þessu verði bætt á viðunandi hátt.

Er hér lagt til að ákvörðunarvaldið um báða þá stjórnsýsluþætti sem nú voru nefndir verði alfarið lagt í hendur nefndarinnar og með þeim hætti að úrskurðir hennar séu endanlegir á stjórnsýslusviði sem táknar að þeim verði ekki skotið undir æðra stjórnvald, þ.e. ráðuneyti, til endurskoðunar. Nefndin sjálf heyrir hins vegar stjórnarfarslega undir menntamálaráðuneyti sem hefur almennt eftirlit með starfi hennar og lögmæti einstakra úrskurða hennar verður jafnframt borið undir dómstóla með venjulegum hætti, ef því er að skipta. Þykir rétt vera og eðlilegt að örnefnanefnd, sem skipuð verður sérfróðum mönnum, fjalli um bæði þau svið

örnefnamálefna sem hér var vikið að fremur en að sérstök nefnd starfi á hvoru sviði um sig.

Tekið skal fram að með ákvæðum frumvarps þessa um starfsemi örnefnanefndar er á engan hátt stefnt að því að draga úr núverandi frumkvæði sveitarstjórna varðandi nafngiftir gatna, torga og þess háttar, heldur er hér einungis fjallað um úrskurðarvald vegna ágreinings á því sviði.

Það fyrirkomulag sem hér var lýst er sambærilegt við það form á úrskurðarvaldi um mannanöfn sem verið hefur hin síðari ár samkvæmt lögum um það efni og bærilega hefur þótt gefast. Á þetta m.a. við um tölu nefndarmanna en einnig um það fyrirkomulag að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir. Minnt skal á að þau fræði er lúta að mannanöfnum og örnefnum heyra undir greinina nafnfræði sem er viðurkennd sérgrein á sviði málvísinda.

Ekki þótti að sinni næg ástæða til þess að gera tillögur til víðtækari breytinga á lögum um bæjanöfn en sem svarar til þess markmiðs er hér var lýst.

Gerð er grein fyrir einstökum greinum frv. og menn geta kynnt sér þær á þskj. 889 en þetta eru meginefnisatriði frv.

Þá vík ég að frv. á þskj. 890 um Örnefnastofnun Íslands. Þar er lagt til að sett verði heildarlög um þá starfsemi á sviði örnefnafræða sem fram hefur farið á vegum Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en um þá stofnun hafa ekki gilt sérstök lagaákvæði. Er hér lagt til að sett verði á stofn sjálfstæð stofnun, Örnefnastofnun Íslands, sem taki við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, en jafnframt verði kveðið skýrt á um hlutverk stofnunarinnar og starfsemi hennar í megindráttum. Er m.a. lagt til að stofnuninni verði skipuð stjórn, en stjórnarnefnd hefur ekki starfað við Örnefnastofnun Þjóðminjasafns þótt hún hafi hins vegar í reynd notið nær fullkomins sjálfstæðis gagnvart Þjóðminjasafni.

Mikilvægt er að tryggt sé, svo sem framast má verða, að Örnefnastofnun Íslands hafi góð tengsl og samráð við sem flesta þá aðila sem starfa á sviðum örnefnafræða, bæði innan lands og utan, svo sem nánar er kveðið á um í 1. gr. frumvarpsins. Skal þá haft hugfast að enda þótt segja megi að kjarni örnefnafræða lúti svonefndri nafnfræði eins og áður var getið, sem er undirgrein málvísinda (í nafnfræði er jafnframt fengist við rannsóknir á mannanöfnum, dýraheitum o.fl.), skarast örnefnafræði við fjölmargar fræðigreinar, svo sem landafræði, almenna sagnfræði, ýmsa þætti almennrar þjóðmenningarsögu, þar á meðal réttarsögu, byggðaþróunarsögu (þar á meðal svokölluð „eyðibýlafræði") og sögu einstakra byggðarlaga, almenna og sérhæfða staðfræði, þjóðfræði (þjóðsagna- og þjóðháttafræði), fornleifafræði (m.a. að því er snýr að fornleifaskráningu), lögfræði (t.d. varðandi landamerkjamál og annars konar mál út af eignarrétti að landi), jarðfræði og gróðurfræði, auk þeirra fræða er lúta sérstaklega að kortagerð. Skiptir miklu máli að til allra þessara fræðaþátta verði horft í starfsemi stofnunarinnar, en einkum varðar miklu að komið sé á traustu samstarfi við Landmælingar Íslands um allt það er örnefnamálefni og staðfræði varðar, við Orðabók Háskólans um hvaðeina er lýtur að nafnfræði sem grein málvísinda og til styrktar rannsóknum á orðaforða tungunnar og við Þjóðminjasafn Íslands um margt er lýtur að fornleifafræði og þjóðfræði.

Meðal annarra Norðurlandaþjóða hefur starfsemi örnefnastofnana yfirleitt mikil tengsl við rannsóknir í nafnfræði (málvísindum), en rétt þykir að við Örnefnastofnun Íslands verði, auk nafnfræðinnar, tekið mið af þörfum ýmissa annarra fræðasviða sem láta sig örnefni varða.

Hér er því eins og ég sagði verið að fjalla um mikilvægan þátt í menningararfi þjóðarinnar og þjóðfræðilegan þátt sem má alls ekki glatast og er mikilvægt að sé skipað með markvissum og greinargóðum hætti eins og lagt er til í þessu lagafrv.

Í greinargerð með frv. er rakin saga Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns sem var stofnuð af menntmrh. 23. júní 1969 og ætla ég ekki að rekja þá sögu hér. En hinni nýju stofnun, Örnefnastofnun Íslands er ætlað að taka að öllu leyti við hlutverki Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns og halda áfram því þjóðmenningarstarfi sem þar hefur verið unnið. En eins og menn vita hefur Þórhallur Vilmundarson prófessor verið örnefnastofnunin fram til þessa, ef ég má orða það svo. Hann hefur unnið gífurlega mikilvægt og merkilegt starf sem nú verður skipað með þessum hætti verði frv. þetta að lögum og þá tekið við því brautryðjandastarfi sem hann hefur unnið frá árinu 1969.

Ég vil vekja athygli á því að það er hugmynd mín og hefur komið fram, kom síðast fram í dag í ræðu sem ég flutti á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands, að setja almenn lög um rannsóknastofnanir á borð við Örnefnastofnun og helst að sameina eitthvað af þeim stofnunum sem sinna rannsóknum, en við Háskóla Íslands eru um 40 stofnanir sem sinna rannsóknum. Ég tel að það þurfi að sameina þessar stofnanir og styrkja þær. Þó að hlutverk þeirra breytist ekki og þær séu skilgreindar á skýran og ákveðinn hátt þá er það markmið mitt að reyna að sameina þessar stofnanir eftir þeim leiðum sem okkur eru færar, ef til vill með rammalöggjöf um rannsóknastofnanir, samanber það að við erum að ræða hér rammalöggjöf um háskóla, en það er seinni tíma mál. En það kemur fram í greinargerð þessa frv. um Örnefnastofnun þar sem segir um 4. gr., með leyfi forseta:

„Á vegum Háskóla Íslands fer nú fram sérstök athugun á forsendum fyrir auknu samstarfi eða samruna stofnana sem starfa á sviði íslenskra fræða. Sú athugun mun m.a. taka til Örnefnastofnunar."

Það er því ljóst að með því að setja þessi lög, skipar Alþingi þessum málum með lögbundnum hætti. En það útilokar að sjálfsögðu ekki að Örnefnastofnun verði hluti af stærri heild ef um samruna stofnana á vegum Háskóla Íslands verður að ræða.

Menn hafa haft á orði hvort það sé verkefni á þeim tímum sem við lifum að stofna og koma á fót fleiri ríkisstofnunum. Ég tel að það sé ekki markmið í sjálfu sér. Hins vegar mega menn ekki láta ótta við nýjar ríkisstofnanir aftra sér frá því að taka ákvarðanir um það sem þeir telja skynsamlegt til þess að skipa mikilvægum málum á þann veg að starfsöryggi sé tryggt og tryggt sé með lögum að mikilvægum verkefnum sé sinnt. Þessi tvö frv. miða að því annars vegar að hafa úrskurðarvaldið skýrt varðandi bæjanöfn og staðarnöfn og nöfn á landakortum og hins vegar að því að Örnefnastofnun Íslands starfi á lögbundnum grundvelli með heimild Alþingis og Alþingi fjalli um starfsemi stofnunarinnar og setji henni þau lög sem hér er mælt fyrir um í frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera tillögu um að þessum tveimur málum verði vísað til hv. menntmn. og 2. umr.

[22:46]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja nokkur orð í tilefni þess að hér er mælt fyrir frv. til laga um Örnefnastofnun Íslands. Ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. þegar hann segir að

varðveisla örnefna sé mikilvægur hluti af varðveislu þjóðmenningararfsins og þess vegna ber okkur skylda til þess að vanda til lagasetningar sem varðar menningararfinn. Ég er fylgjandi frv. og styð það því mjög mikilvægt er að við setjum skýran lagaramma um þau verkefni sem hér er um að ræða.

Eins og fram kemur í grg. með frv. á Örnefnastofnun sér sögu sem út af fyrir sig er merk og vert væri að rifja upp við annað tækifæri. Um aðdraganda þess að Örnefnastofnun varð til má m.a. lesa í því merka riti Kristjáns Eldjárns, Hundrað ár í Þjóðminjasafni, en þar segir fyrrum forseti Íslands og fyrrum þjóðminjavörður frá því að Fornleifafélagið hafi staðið fyrir því að safna örnefnum um langan tíma. Þar höfðu komið að ungmennafélög og átthagafélög sem höfðu lagt hönd á plóg við söfnun örnefna og unnu mjög merkilegt starf sem Fornleifafélagið afhenti síðan Þjóðminjasafninu. Það var hins vegar ekki fyrr en 1952 að skipulega var farið að vinna að söfnun og skráningu örnefna og síðan, eins og kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., er það 1969 sem Örnefnastofnun er sett á laggirnar með sérstöku bréfi þáv. menntmrh.

Örnefnastofnunin hefur starfað í tengslum við Þjóðminjasafnið án þess að bein stjórnunarleg tengsl væru þar á milli. Með þessu frv. er hins vegar tekinn af allur vafi um skipulagið og ég tel að það sé mjög mikilvægt og allt til bóta. Örnefnastofnunin er merkilegt sambland af, eins og frv. gerir ráð fyrir, rannsóknar- og háskólastofnun og safni þannig að ekki er óeðlilegt að tekið sé tillit til þess. Í 4. gr. frv. þá er gert ráð fyrir því sem ég tel að sé mjög mikilvægt og í þeim anda sem ég tel að sé æskilegur sé til að vinna að þessum málum, þ.e. að menn gæti sín á því að nýta það sem fyrir er, nýta þær stofnanir sem eru til staðar og hafa möguleika, aðstöðu og getu til þess að sinna slíkum verkefnum. Og ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt, eins og fram kemur í frv., að hægt sé að setja Örnefnastofnun Íslands, á grundvelli þessara laga, í fóstur hjá annarri stofnun, þ.e. að hinum rekstrarlega þætti mætti sinna frá stærri stofnun án þess að hún þurfi að gleypa viðfangsefni Örnefnastofnunar. Með þessu skipulagi er hins vegar gert ráð fyrir því að þarna komi að bæði fulltrúar frá háskólanum og Þjóðminjasafninu sem myndi stjórn Örnefnastofnunarinnar og með því tel ég að hinum fræðilega og faglega þætti sé vel sinnt.

En vegna þess að fyrr í kvöld var mælt fyrir frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum þá vil ég geta þess að ástæðan fyrir því frv. er m.a. að unnið hefur verið að endurskipulagningu á innra starfi Þjóðminjasafnsins. Þar hefur verið unnið mjög mikil stefnumótunarvinna af hálfu starfsmanna safnsins með tilstyrk sérfræðinga á sviði stefnumótunar og í framhaldi af þeirri vinnu er gert ráð fyrir að breyta mjög skipulagi og uppbyggingu innra starfs í Þjóðminjasafnsins.

Mér finnst, og ég vil láta það koma fram við þessa umræðu, að það sé ekkert óeðlilegt að Örnefnastofnun Íslands gæti áfram tengst Þjóðminjasafninu einhvern veginn. Eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. tengjast verkefni Örnefnastofnunar mjög mörgum þáttum, m.a. þjóðháttarannsóknum. Í Þjóðminjasafninu er nú sérstök þjóðháttadeild, sem tengist örnefnarannsóknum og væri ekkert óeðlilegt að svo yrði um hnúta búið að Þjóðminjasafnið og Örnefnastofnun gætu áfram unnið saman og styrkt þannig þessa starfsemi.

Ég tel ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að hafa fleiri orð um þetta frv. Það er skýrt og gefur möguleika á að skapa öflugri ramma um þessa starfsemi með samstarfi háskólans og Þjóðminjasafnsins á vegum þessarar stofnunar. Ég tel það af hinu góða og lýsi yfir stuðningi við frv.

[22:53]

Guðmundur Beck:

Herra forseti. Örfá orð um þetta frv. til laga um bæjanöfn sem hæstv. menntmrh. kemur með hér inn í þingið. Ég vil í byrjun spyrja hann einlæglega: Eru engin takmörk fyrir því hvað embættismannavaldið lætur ráðherra bera hingað inn í þingið? Ég verð nú bara að segja það. Manni verður nánast orðfall. Hér á að fara að skipa þriggja manna nefnd til þess að ráðskast með örnefni í landinu og menntmrh. lætur að því liggja að þetta eigi að vera til að varðveita örnefni. Ég sé nú ekki annað eftir orðanna hljóðan en að hún eigi að búa til örnefni fyrir sveitarfélög og fyrir einstaklinga sem vilja setja nöfn á jarðir sínar. Ja, sér er nú hver stjórnviskan. Hvernig á slíkt að halda ef nöfnin ná ekki að festa rætur í því samfélagi sem þau eru sett? Ég held að örnefni hljóti að endurspegla málvitund þjóðarinnar á hverjum tíma og stjórnskipuð nefnd fær þar engu um breytt. Ég leyfi mér bara að fullyrða það.

Þetta rifjar upp fyrir mér það sem gerst hefur hér áður á öðrum vettvangi og samræmingarpúkinn hefur leitt yfir okkur og þar vil ég nefna markaheiti. Ég hef nú kallað það málþjófnað þegar stolið var af okkur markaheitum í stórum stíl þegar verið var að samræma þessa svokölluðu landsmarkaskrá og markalestri var umbylt. Og nú á að fara að ráðskast með örnefni og taka af mönnum örnefni. Ég bið hæstv. menntmrh. að hugsa sig vel um áður en hann heldur þessu máli til streitu. Ég vil nefna sem dæmi að ég hef grun um að mörg merkustu örnefni í höfuðborg Íslendinga hafi fólk tekið með sér úr sveitum landsins án þess að þurft hafi stjórnskipaða nefnd til þess að fjalla um þau mál. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri í bili.

[22:57]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að í máli hv. síðasta ræðumanns hafi komið fram ákveðinn misskilningur. Örnefnanefnd á í sjálfu sér ekki að hafa neitt frumkvæði að því að ákvarða örnefni heldur á örnefnanefnd að fara með ákvörðunarvald sé uppi ágreiningur eða álitamál um þessi mál. Um það snýst málið en ekki hitt að örnefnanefnd eigi að fara að endurnefna fjöll eða grípa fram fyrir hendurnar á heimamönnum um örnefni, heldur ef það eru álitamál þá er þessu fyrirkomulagi komið þarna upp til þess að komast að lokaniðurstöðu. Síðan er mælt fyrir um það eins og hér kemur fram ef menn lesa umsögn um 1. gr. frv.:

„Um meginatriði ákvæðisins vísast til hinna almennu athugasemda hér að framan. Sérstök ástæða er til þess að vekja athygli á síðustu málsgrein 2. gr. laganna eins og henni er ætlað að hljóða hljóti frumvarpið lögfestingu. Þar segir að í reglugerð skuli kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar, m.a. um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, en um það efni hafa engin ákvæði gilt til þessa. Hér er gert ráð fyrir að örnefni, sem ágreiningur er um, verði auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara fyrir ákvarðanatöku þannig að unnt sé að koma við ábendingum sem að gagni kunna að koma í því sambandi. Þetta fyrirkomulag á sér m.a. nokkra fyrirmynd í bandarískri stjórnsýslu á sambærilegu sviði og hefur þótt gefast vel þar."

Þetta mál er um það að séu menn ekki sammála þá þarf að komast að niðurstöðu til þess að það verði þá eitthvert örnefni sett inn á landakort og það standi ekki í vegi fyrir

því að menn geti gengið frá kortum og um það fjallar frv., en ekki hitt að verið sé að grípa fram fyrir hendurnar á sveitarstjórnum eða þeim sem að eðlilegu máli eiga að ákveða örnefnin, heldur bara ef til ágreinings kemur. Það er sá vandi sem m.a. kortagerðarmenn hafa staðið frammi fyrir og fleiri, að þetta ferli hefur vantað og við erum að mæla fyrir um það í þessu frv.

[22:59]

Guðmundur Beck *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel það nú ekki koma nógu skýrt fram milli hverra þessi ágreiningur á að spretta og ég sé ekki að þessi stofnun hafi í sjálfu sér nein skilyrði til þess að taka ákvarðanir. Nú veit ég þess dæmi að til eru allt upp í þrjú nöfn á sama fyrirbærinu. Ég sé ekki að slík nefnd eða stofnun einhvers staðar hér suður í höfuðborginni hafi neina burði til þess að ákvarða hvert þeirra nafna er rétthærra en annað svo dæmi sé tekið þannig að ég tel þetta alveg út í hött. Ég tel að heimamenn séu langbest til þess færir að ákveða hvað er örnefni og hvað ekki og við þurfum ekki til þess stjórnskipaða nefnd í höfuðborginni.

[23:00]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Með frv. er alls ekki verið að taka neitt vald frá heimamönnum. Þvert á móti er verið að mæla fyrir um það að ef ágreiningur er þá beri að beina honum í ákveðið ferli til að komast að niðurstöðu. Það er ekki gott ef menn eru að búa til kort að hafa þrjú ólík nöfn um sama staðinn. Það verður helst að reyna að komast að niðurstöðu um hvert örnefnið er, að mati heimamanna og síðan samkvæmt ákvörðun þessarar nefndar, sem á að setja á landakortið. Hvort nefndin verði í höfuðborginni eða einhvers staðar annars staðar á eftir að koma í ljós. Ef það er það sem hv. þm. vex í augum að þessir þrír nefndarmenn sitji í höfuðborginni þá getum við örugglega leyst úr þeim vanda. Aðalatriðið er að við verðum að hafa ferli til að komast að niðurstöðu um þessi mál þar sem þetta stendur því orðið fyrir þrifum. Eins og ég sagði í máli mínu upphaflega þá er þetta tilkomið að ósk umhvrn. vegna vanda sem Landmælingar Íslands hafa lent í við kortagerð í landinu.

[23:01]

Guðmundur Beck *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. hvar þessir kortagerðarmenn hafa leitað upplýsinga? Ég er búandi á jörð og ég hef ekki orðið var við það hingað til að þeir hafi komið til að leita upplýsinga um örnefni.

Ég endurtek að ég tel þetta algjörlega út í hött og algjörlega ástæðulaust. Þeir geta leitað til kunnugra manna ef þeir þurfa að fá upplýsingar um örnefni. Það þarf ekki stjórnskipaða nefnd til þess.

[23:02]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég ætlaði í fyrsta lagi að leyfa mér að leggja orð í belg í sambandi við bæjanöfnin. Þetta verkar nú ekki vel á mig, ég segi það eins og er. Ég held ég verði að taka undir það með hv. 4. þm. Austurl. að það er dálítill forsjárárráttukeimur af málinu eins og það lítur út. Ef þetta er aðallega landmælingamál þá er náttúrlega langeðlilegast að flytja bara frv. um breytingu á landmælingalögunum. Ég veit ekki betur en að landið hafi komist vel af frá því að það byggðist þó uppi væru kannski mismunandi sjónarmið um hvernig einstök örnefni eru. Ég man eftir einum dal fyrir vestan sem heitir a.m.k. fjórum nöfnum og ég veit ekki betur en mannlíf hafi þrifist allvel þar vestra án þess að skorið hafi verið úr því af nefnd í Reykjavík, eins og hv. þm. Guðmundur Beck orðaði það, hvað væri rétt í þeim efnum. Ég hef tekið eftir að dalurinn heitir auk þess eitthvað á kortum, sem er sennilega fimmta heitið, og er yfirleitt talið vitlaust af heimamönnum. Ég sé í sjálfu sér ekki þessa ofboðslegu staðlaþörf sem mér finnst birtast í þessu frv. eins og það lítur út.

Svo er hitt frv. sem er frv. til laga um nýja stofnun. Sjálfstfl. vill stofna nýja stofnun, Örnefnastofnun Íslands. Þetta fyrirbæri hefur verið starfandi samkvæmt bréfi frá Gylfa Þ. Gíslasyni frá 1969 þar sem hann skaut formlegum grunni undir Þórhall Vilmundarson með sérstöku ráðherrabréfi 1969 og hefur það bréf dugað vel, ótrúlega vel, lengur en mörg önnur ráðherrabréf, einkum í seinni tíð.

Þegar stofnunin hefur verið til um nokkurra ára skeið, sem hluti af Þjóðminjasafninu, þá finna menn allt í einu þörf hjá sér til að búa til sérstaka stofnun með sérstakri stjórn. Það er sem betur fer ekki tekið fram að stjórnarflokkarnir eigi að eiga fulltrúa í stjórninni eftir hinni venjulegu helmingaskiptareglu þeirra á milli. En sjálfsagt getur ráðherrann breytt því. (**Menntmrh.**: Þingmaðurinn getur gert tillögu um það.) Ég geri ekki ráð fyrir að hæstv. ráðherra samþykki tillögu þingmannsins, þessa frekar en aðrar.

Satt að segja finnst mér þessi mál, bæði tvö, út í hött. Annað er stofnun sem er óþarfi og hitt er gegndarlaus miðstýringarárátta sem er engu lagi lík. Ég vil hvetja til þess að menn vandi sig vel í þeim efnum áður en farið verður að búa til eina stofnunina í viðbót. Það er alveg nóg af stofnunum í þjóðfélaginu og örnefnafræði er hluti af þjóðháttafræðinni, eins og fram kom í ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Þess vegna væri langeðlilegast að starfsemin sé áfram í beinum skipulagslegum tengslum við Þjóðminjasafnið. Ég hefði talið að til greina kæmi að breyta lítillega þjóðminjalögunum til að tryggja að þessi stofnun og starfsemin væri þar. Hv. 2. þm. Vesturl. tók þannig til orða að honum fyndist sniðug sú hugmynd í grg. frv. að stofnunin verði jafnvel sett í fóstur hjá annarri stofnun. Það finnst mér líka snjöll hugmynd. En miklu betra væri nú að láta þetta eiga sig og hafa hana áfram í fóstri þar sem hún er, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

[23:06]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég flyt hér frv. til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra. Ég vil taka fram í upphafi að ég hefði kosið að í þessu frv. væru einnig ákvæði um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum leikskólakennara. Stefndi ég að því þegar ég vann að þessari frumvarpssmíð að það næði einnig til leikskólakennara. En ég setti það jafnframt sem skilyrði að samkomulag næðist milli sveitarfélaganna og leikskólakennara um ýmis grundvallaratriði eins og náðst hefur varðandi grunnskólakennarana, en því miður hefur ekki tekist að ná því markmiði. Með þessu fororði legg

ég þetta frv. fram en ef tekst að ná samkomulagi og leysa málefni leikskólakennaranna meðan málið er í meðförum þingsins þá mun ég leggja til við hv. menntmn. að þau ákvæði verði tekin inn í þetta frv. því ég tel að þau lög eigi að ná til þessara þriggja kennarastétta, þ.e. leikskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, þannig að það verði ein heildarlöggjöf um þessi starfsheiti og starfsréttindi.

Það hefur staðið til um langt árabil að endurskoða þessi lög því samkvæmt lögum nr. 48/1986 átti að endurskoða lögin innan fjögurra ára frá gildistöku þeirra. Lögin voru fyrst endurskoðuð árið 1990 og var þá lagt fram frumvarp á 113. löggjafarþingi sem hlaut ekki afgreiðslu.

Við gerð frumvarpsins hefur verið tekið mið af því að kennaranám er unnt að stunda við Háskólann á Akureyri og höfð er hliðsjón af ákvæðum laga varðandi flutning grunnskóla til sveitarfélaga. Raunar var það eitt af samkomulagsatriðunum sem lágu til grundvallar flutningnum í góðri sátt við kennara að menntmrh. mundi beita sér fyrir endurskoðun á lögunum og leggja þau fyrir þingið eins og hér er gert.

Undirbúningur að gerð frumvarps þessa fór fram í menntamálaráðuneytinu og síðan var efnt til viðræðna við fulltrúa kennarasamtakanna, þ.e. Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

Komið hefur fram í fréttum vegna þessa máls og látið að því liggja að ég hafi farið á svig við kennarasamtökin við endanlegan frágang málsins en rétt er að það komi fram í þessum umræðum að allt frá því að fulltrúar ráðuneytisins og kennarasamtakanna hófu viðræður um málið þá lá fyrir að ég hafði fullan hug á að gera breytingar á ákvæðum gildandi laga sem ekki féllu að markmiðum og óskum kennara. Það kemur mér því í opna skjöldu að ég skuli nú vera sakaður um að hafa gengið á bak orða minna. Það hef ég ekki gert í þessu máli. Ég hef gert mína tillögu, við erum sammála um sumt í þessu, ráðuneytið og kennarasamtökin, um annað er ágreiningur eins og verða vill en samstarfið hefur verið gott um málið þó leiðir hafi skilið að lokum. Enda var aldrei til þess stofnað af minni hálfu að knýja fram endanlegt samkomulag við kennarafélögin eða kennarasamtökin vegna þess að ég tel að þeirra hagsmunir felist ekki endilega í því að binda hendur sínar gagnvart menntmrn., hvorki um þessi mál né önnur þó að aðilar ræði saman og standi saman um þau mál sem þeir eru sammála um en fjalli líka um það ef ágreiningur er án þess að um sé að ræða svikabrigsl eða að menn gangi á bak orða sinna því það hef ég ekki gert í þessu máli.

Ef ég vík að höfuðatriðum frv. er í fyrsta lagi rétt að geta þess að frv. er þannig uppbyggt, og það er breyting frá núgildandi lögum, að því er skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn fjallar um grunnskóla og sá síðari um framhaldsskóla. Með þessu verða lögin aðgengilegri og auðveldara að átta sig á einstökum ákvæðum þeirra.

Með frumvarpinu er m.a. leitast við að leggja áherslu á þýðingu aukinnar fagmenntunar kennara. Þetta kemur fram í 5. gr. þar sem tekið er fram að kennari, sem hefur sérhæft sig til kennslu í tiltekinni grein, skuli hafa forgang til kennslu í sinni grein í 8.–10. bekk grunnskóla og í 15. gr. er miðað við að framhaldsskólakennari kenni þær greinar sem hann er menntaður til.

Einnig er tekið fram í 11. gr. að í leyfisbréfi framhaldsskólakennara skuli tilgreina kennslugrein eða sérsvið þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Þá kemur fram í 12. gr. frumvarpsins að framhaldsskólakennari, sem hefur aflað sér fagmenntunar sem er verulega umfram það lágmark sem frumvarpið gerir ráð fyrir sem almennri reglu, þurfi aðeins að taka 15 einingar í kennslufræði í stað 30 eininga núna. Lagt er til að sama gildi um kennara í iðngreinum, að uppfylltum vissum skilyrðum, en margir þeirra koma beint úr atvinnulífinu og búa yfir dýrmætri reynslu sem skólakerfinu er nauðsynleg.

Það er um þetta sem ágreiningur er milli mín og kennarasamtakanna. Fulltrúar þeirra telja að varhugavert sé að fækka einingum úr 30 í 15 þegar um þessi atriði er að ræða.

Kveðið er á um að próf frá Kennaraskóla Íslands sé fullnægjandi undirbúningur í kennslufræði fyrir framhaldsskólakennara. Til þessa hefur þetta próf aðeins gefið 15 einingar af 30 sem krafist hefur verið til kennsluréttinda við framhaldsskóla. Allmargir kennarar munu fá réttindi til kennslu við framhaldsskóla samkvæmt þessu ákvæði.

Í 2. og 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og er þetta nýmæli.

Í frumvarpinu eru ákvæði þess efnis að menntamálaráðherra skuli staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta í samræmi við tilskipun 89/48/EBE sem felld var inn í íslenskt lagakerfi með lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Í 7. gr. gildandi laga er kveðið á um menntun kennara við tiltekna sérskóla og í tilteknu sérnámi. Þessi upptalning er felld brott og í staðinn er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð. Þessi breyting er nauðsynleg vegna örrar þróunar á vinnumarkaði og þar af leiðandi breytilegra krafna til skólakerfisins hvað varðar námsframboð.

Ákvæði laganna um matsnefndir, sbr. 4. og 14. gr., eru einfölduð. Ákvæði um starfshætti nefndanna eru felld brott og er lagt til að kveðið verði á um þessi atriði í reglugerð.

Í 15. gr. frumvarpsins er kveðið á um að skólameistara sé heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein án þess að viðkomandi hafi öðlast heimild til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Þessi heimild miðast við að um sé að ræða kennslu sem nemur sex kennslustundum á viku eða minna. Hér er um nýmæli að ræða sem gerir skólameisturum kleift að ráða til starfa sérfræðinga sem ekki hafa kennslu sem aðalstarf en þetta getur skipt miklu máli varðandi tengsl atvinnulífs og framhaldsskóla.

Í 21. gr. frumvarpsins er kveðið á um að lögin taki ekki til kennslu í listgreinum. Þetta er gert til þess að auðvelda skólunum að fá til starfa viðurkennda listamenn en það er vandkvæðum bundið samkvæmt gildandi lögum.

Ákvæði um undanþágunefndir hafa verið endurskoðuð í ljósi stjórnsýslulaga og staða nefndanna sem lægra settra stjórnvalda gerð skýrari. Hlutverk nefndar er eftir sem áður að fjalla um heimild til ráðningar þegar enginn umsækjandi uppfyllir skilyrði laganna um menntun.

Þetta eru höfuðatriði frv., herra forseti. Ég vil aðeins víkja að 12. gr. sem eins og ég sagði hefur helst vakið umræður og hefur verið lagt út sem ágreiningur milli mín og kennarasamtakanna. Eins og menn sjá er þar mælt fyrir um hvaða skilyrði menn verða að uppfylla til þess að geta notað starfsheitið framhaldsskólakennari. Í greinargerðinni segir, með leyfi forseta:

„Leitast er við að kveða skýrar á um þá menntum sem krafist er til kennsluréttinda en gert er í gildandi lögum, auk þess sem lögð er áhersla á aukna fagmenntun kennara og kennslureynslu. Helstu áherslur og breytingar eru þessar:

Kveðið er á um að nám kennara skuli veita undirbúning til kennslu í faggrein eða á sérsviði á framhaldsskólastigi.

Í b-lið er kveðið á um að þeir sem lokið hafa a.m.k. 120 eininga háskólanámi og þar af 60–90 einingum í aðalgrein og 30–60 einingum í aukagrein þurfi að ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 áður.

Í c-lið er kveðið á um að þeir sem lokið hafa námi í tæknifræði eða meistaranámi í iðngrein skuli auk þess ljúka 15 eininga námi í kennslufræði til kennsluréttinda í stað 30 eininga áður. Þessi breyting er gerð til þess að auðvelda samskipti milli atvinnulífs og skóla og tekur til þeirra sem búa yfir mikilli sérþekkingu á tilteknu sviði, hafa auk þessa verulega starfsreynslu og/eða hafa haft nema í samningsbundnu námi. Að teknu tilliti til þessara þátta er talið raunhæfast að þessum kennurum verði gert að taka fyrst og fremst þá þætti kennslufræðinnar sem lúta beint að kennslustarfinu samkvæmt nánari skilgreiningu. Þeir sem ekki uppfylla þessi skilyrði verða að taka 30 einingar í kennslufræði.

Bætt er inn ákvæði um að þeir sem luku námi frá Kennaraskóla Íslands fullnægi skilyrðum um nám í kennslufræði.“ — Um þetta er ekki ágreiningur við kennarasamtökin.

„Þá er kveðið á um að heimilt sé að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig er gert ráð fyrir að með reglugerð verði sett ítarlegri ákvæði um menntunarkröfur í sérhæfðu námi, svo sem vélstjórnarnámi og skipstjórnarnámi.“

Herra forseti. Ég tel að allt það sem hér er sagt og þær breytingar sem hér eru lagðar til séu í samræmi við umræður sem farið hafa fram á þessum vetri og undanfarna mánuði um nauðsyn þess að auka fagþekkingu í einstökum námsgreinum hjá kennurum. Ég hef vakið máls á því að ég teldi að í ýmsu tilliti hefði verið of mikil áhersla lögð á uppeldis- og kennslufræði á undanförnum árum. Nokkrar umræður hafa orðið um það í vetur og margir hafa tekið undir þá skoðun. Það hefur m.a. komið fram í þeim umræðum að fyrir utan þessa áherslu sé ljóst að námið í uppeldis- og kennslufræðum sé ekki nægilega fagbundið eða fagskilgreint og það þurfi einnig að huga að inntaki þess náms þegar um þessi mál er fjallað. En ég tel, herra forseti, að þær breytingar sem hér eru lagðar til, eigi að auðvelda skólunum að fá vel fagmenntaða starfsmenn til að kenna, vel menntað fólk með reynslu út atvinnulífinu til starfa í skólunum, án þess að kröfur um nám í kennslufræði verði til þess að aftra fólki frá því að leitast eftir að koma inn í skólakerfið. Þar tel ég að við séum á réttri braut.

Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[23:18]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra sýnist mér að meginupplagi vera til einföldunar á gildandi lögum. Á móti kemur að ýmsum þeim atriðum sem ítarlega er fjallað um í gildandi lögum er nú vísað inn í reglugerð. Ég veit svo sem ekki hversu háar einkunnir menn gefa slíkri löggjöf. Fyrr í dag hefur verið rætt á hinu háa Alþingi um réttmæti þess að haga lagasetningu þannig. En hér er sem sé heldur tilhneiging í þá áttina að taka út úr lögum tiltekin ákvæði og setja þau frekar í reglugerð.

En mér fannst áhugavert það sem fram kom í máli hæstv. ráðherrans þar sem hann vék að leikskólakennurunum. Í rauninni vildi ég gjarnan sjá það gerast sem hann nefndi hér að málefni leikskólakennara fengju meðferð í þessu frv. þannig að staða þeirra yrði lögvernduð með svipuðum hætti og annarra kennara í þeim lögum sem héðan verða afgreidd. Leikskólakennarar eru auðvitað ein af þeim kennarastéttum sem heyra undir menntmrn. Mjög víða í sveitarfélögunum hafa skólanefndum verið falin þau verkefni sem lúta að leikskólum og þar með umfjöllun um leikskólakennara. Einnig er það svo að einhver sveitarfélög, ég veit ekki hversu mörg, en einhver þeirra hafa mótað sér þá vinnureglu, sem er sambærileg í sjálfu sér við það sem gerist með grunnskólakennara, að ef ekki er unnt að ráða fagmenntaðan kennara þá er ófaglært fólk einungis ráðið tímabundið þannig að staðan opnist reglulega til auglýsingar og umsóknar fyrir fagmenntaða leikskólakennara ef þeirra er kostur. Það er því mjög eðlilegt og tímabært að málefni leikskólakennaranna verði skoðuð með sambærilegum hætti og gert hefur verið varðandi grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

Eins og ég sagði áðan þá sýnist við fyrsta yfirlestur að hér sé í grófum dráttum verið að einfalda gildandi lög. Ég tek eftir því að hæstv. menntmrh. leggur áherslu á að með þessu frv. sé verið að efla fagmennsku á kostnað uppeldisfræðinnar væntanlega. Um það hefur nú nokkrum sinnum verið rætt í þessum sal í vetur, um mikilvægi uppeldisfræði í kennaramenntuninni og kennslufræðinnar á kostnað fagmennskunnar. En ég met það svo að í rauninni verði ekki hróflað við grunnskólanum við þessa nýju lagasetningu. Hvergi er slakað á kröfum varðandi grunnskólann, varðandi þær kröfur sem gerðar eru um uppeldismenntun eða kennslufræðimenntun. En á einum stað í 5. gr. er talað um forgang þeirra sem hafa tiltekna sérmenntun til kennslu á unglingastiginu. Mér finnst í sjálfu sér ekki nema allt gott um það að segja.

Það vakti líka athygli mína þegar farið var yfir 12. gr. þar sem einmitt er í tveim liðum fjallað sérstaklega um þá hópa sem eiga miðað við gildandi lög að fá ákveðinn afslátt varðandi þær kröfur sem gerðar eru um uppeldisfræðimenntun og kennarasamtökin gera athugasemdir við, að þeir gera ekki athugasemdir við að gamla kennaraprófið verði nú metið úr 15 einingum upp í 30 einingar. Þarna gætir örlítils ósamræmis að mínu mati sem eðlilegt er að hv. menntmn. fari betur ofan í. Ég hef ákveðinn skilning á þeirri viðleitni sem er í þessu frv. til að reyna að láta atvinnulíf og skóla mætast með þeim hætti sem þarna er verið að gera tillögur um, þ.e. að slá ögn af uppeldisfræðimenntunarkröfum eða kennslufræðimenntunarkröfum þegar um er að ræða að ná sérmenntuðum starfsmönnum inn í skólana. En þetta þarf auðvitað allt að skoða.

Það eru hér atriði inni sem ég á erfitt með að skilja hvernig koma til með að virka. Það eru atriðin sem snúa að því að heimilt verði að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda. Þetta er eitt af því sem á að skipa í reglugerð og er ekki skýrt nánar í frv. eða greinargerð þess og kom heldur ekki fram í máli hæstv. ráðherra hvernig fyrirhugað er að nýta. Það getur auðvitað í ákveðnum tilfellum verið eðlilegt að kennslureynsla sé metin sem hluti af kennslufræði en ég átta mig ekki á því hvort það á að gerast við inntöku nema í skóla eða hvort það á að gerast í

heföbundnu námi, fjarnámi eða hver hugsunin er í raun og veru. Það væri ágætt ef það er fullmótuð hugsun sem liggur þarna að baki, og ég geri ráð fyrir að svo sé, að fram komi skýring á þessu því eins og ég segi þá truflar þetta mig aðeins við lestur frv.

Síðan er annað hér sem ég rek augun í og er fyrirhugað að skipað verði nú með reglugerð, en það eru þau ákvæði sem voru í 4. gr. gildandi laga þar sem kveðið var á um menntun kennara við tiltekna sérskóla og í tilteknu sérnámi. Mig minnir að þarna sé um að ræða kennara sem hafa stundað eða fengist við það sem einu sinni var kölluð sérkennsla í grunnskólalögum en er nú ekki til lengur. Það er alveg ljóst að þau lög sem í gildi hafa verið um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara og framhaldsskólakennara hafa ekki gert ráð fyrir í rauninni öðrum uppeldis- og faghópum sem hafa verið að koma inn í skólana vegna þeirrar stefnu sem hefur verið tekin varðandi blöndun. Það er hverjum manni ljóst sem vinnur við skóla að ef skólar eiga að geta tekið alla nemendur og sinnt þeim og kennt á þeirra forsendum þá getur þurft að leita til og hafa sem hluta af starfsliði skóla ýmsa sérmenntaða hópa sem ekki hafa fengið lögverndun sem grunnskóla- eða framhaldsskólakennarar. Það er alveg ljóst að þetta hefur valdið ákveðnum vandræðum. Ég velti því fyrir mér hvort sú fyrirætlan að skipa þessum málum nú með reglugerð sé þá sú að þessir faghópar fái full réttindi til að taka þátt í kennslu í grunnskólunum. Ég er hlynnt því að ákvæði gagnvart þessum hópum verði opnuð vegna þess að ég met það svo að það hafi beinlínis tafið þróun skólanna í átt til blöndunar hversu þröng ákvæðin hafa verið gagnvart ýmsum þeim uppeldismenntuðu hópum, og jafnvel er um að ræða fólk sem hefur sótt sér langt framhaldsnám til útlanda. Ákvæðin hafa verið það þröng að þetta fólk hefur í sumum tilfellum ekki þrifist innan skólanna og þurft að hasla sér völl annars staðar. Ég mundi gjarnan vilja fá að vita hver hugsunin er með því að fella þetta út og að þessu verði skipað í reglugerð, hvort hún er þessi sem ég hef hér verið að lýsa þörf fyrir. Að öðru leyti ætla ég ekki að tjá mig meira um þetta að sinni nema tilefni gefist til síðar í umræðunni.

[23:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að halda því til haga í þessari umræðu að það er bersýnilega óánægja í forustusveit kennarasamtakanna með þá niðurstöðu sem liggur fyrir í þessum frv. Ég tel að ekki einasta sé nauðsynlegt að reyna að ná eins góðu samfloti og mögulegt er með leikskólakennurum heldur beri líka að reyna eins og kostur er við meðferð málsins í nefnd að ná eins góðri samstöðu og mögulegt er með öðrum kennurum, þ.e. kennurum í grunnskólum og framhaldsskólum.

Það var, eins og kom fram hjá hæstv. ráðherra, starfandi starfshópur í þessum málum alveg frá því í september 1996 og fram í apríl á þessu ári eða þar til fyrir fáum dögum. Í þessum starfshópi voru fulltrúar frá kennarafélögunum og ráðuneytinu auðvitað. Kennararnir líta svo á að það hafi orðið að samkomulagi í hópnum að breyta ekki kröfum um nám í kennslu- og uppeldisfræði til að öðlast starfsheiti sem framhaldsskólakennari. Drög að lögverndunarfrv., lagafrv., voru lögð fyrir skólamálahópa og stjórnir kennarafélaganna til umfjöllunar og umsagnar einum tvisvar sinnum, þ.e. í september 1996 og í nóvember 1996 með kröfu um 30 eininga nám til kennsluréttinda fyrir alla framhaldsskólakennara.

Eftir að starfshópurinn hafði skilað af sér ákvað hæstv. menntmrh. hins vegar að breyta frumvarpsdrögunum með þeim hætti sem menn sjá hér. Mér er kunnugt um og það hefur reyndar komið fram í blöðum að þetta telja kennarar að séu ólýðræðisleg vinnubrögð. Þeir telja að það hafi orðið trúnaðarbrestur með þessari ákvörðun hæstv. ráðherra á milli kennarafélaganna og menntmrn. Og þeir líta þennan trúnaðarbrest sérstaklega alvarlegum augum, eins og fram hefur komið m.a.í sjónvarpsviðtölum, í ljósi þess mikla og mikilvæga samstarfs sem þarf að eiga sér stað við að hrinda í framkvæmd nýjum lögum um framhaldsskóla og endurskoðun aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskólastigið sem einnig stendur yfir. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi hér fram, herra forseti, vegna þess að það er greinilegt að nauðsynlegt er að vinna þarna sáttastarf áður en mikið lengra er haldið með það mál sem hér liggur fyrir.

[23:31]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft afskaplega mikilvægu og viðkvæmu máli svo sem fram hefur komið. Ég lít svo á að með þessu frv. sé verið að stíga skref í þá átt að einfalda framkvæmdina frá því sem nú er og jafnframt að auka sveigjanleika sem sannarlega er nauðsynlegt að gera og tel ég mig tala af nokkurri reynslu þar.

Uppeldis- og kennslufræði eru umdeild meðal skólafólks, ekki síst hvað átt er við með uppeldis- og kennslufræðum, hversu ríkt þau eiga að gilda við ráðningu kennara og þar fram eftir götunum. Þá má líka nefna hér að meðal kennaranema hefur oft verið gagnrýnt að áherslan á faglega þáttinn er oft of lítil. Þeir telja að uppeldis- og kennslufræðin sé oft of mikil á kostnað hins faglega. Um þetta eru sem sagt skiptar skoðanir í röðum kennara. En ég vildi þó sérstaklega nefna hér mikla kosti sem ég sé við þetta frv., þ.e. að auka þann sveigjanleika sem ég nefndi áður. Þessi sveigjanleiki eða skortur á sveigjanleika öllu frekar vegna stífrar túlkunar á gildi uppeldis- og kennslufræða, og vil ég þó taka fram að ég geri ekki lítið úr þeim fræðum, hefur m.a. leitt til þess að áhrifa atvinnulífsins hefur ekki gætt sem skyldi, einkum í starfsmenntaskólum framhaldsskóla. Nefni ég þar að oft hefur gengið erfiðlega að fá til stundakennslu aðila úr atvinnulífinu til að kenna sérhæfð námskeið þar sem þeir hafa ekki uppeldis- og kennslufræði og hafa engan áhuga á að afla sér slíkra réttinda. Þegar þeim er kynnt að sú krafa sé gerð að þeir hafi slík réttindi þá hafa margir einstaklingar horfið frá því að koma til starfa sem stundakennarar í framhaldsskólum. Á þessu er tekið í frv. og því hlýt ég að fagna. Þá hlýt ég einnig að fagna því að tekið er tillit til þeirra sem hafa verið kallaðir réttindalausir kennarar og hafa margir hverjir starfað um árabil í skólunum, margir hverjir við góðan orðstír, og hafa í rauninni staðist það strangasta próf sem nokkur einstaklingur getur staðist, þ.e. kennsluna sjálfa og fengið góð ummæli. Með þessu frv. er viðurkennd sú starfsreynsla sem þeir einstaklingar afla sér meðan þeir eru réttindalausir.

Þá er einnig vert að fagna því að fagbindingin skuli sérstaklega tekin til skoðunar og áherslan á sérhæfinguna. Vert er að minna á þá umræðu sem varð bæði hér á hinu háa Alþingi sem og í þjóðfélaginu almennt í kjölfar birtingar svonefndrar TIMSS-skýrslu. Ég get sjálfur nefnt dæmi af því úr mínu fyrra starfi þar sem ungur maður, nýkominn frá námi, doktor í eðlisfræði, hafði einhverra hluta vegna áhuga á — hafði fengið þá köllun, að kenna nemendum í

framhaldsskóla. En þar sem hann hafði ekki uppeldis- og kennslufræði var ekki hægt að ráða hann til starfa hjá skólanum og einstaklingur með mun minni sérmenntun gekk fyrir. Í þessu samhengi má einnig benda á að einstaklingur sem lýkur námi í íþróttakennaraskóla, með fullri virðingu fyrir því námi, öðlast þannig kennsluréttindi í framhaldsskóla og getur strangt til tekið gripið inn í hvaða grein sem er. Á þessu er tekið með þessu frv.

Ég vildi beina fyrirspurn til hæstv. menntmrh. varðandi ráðningarskilyrði skólastjóra í grunnskóla og framhaldsskóla. Eins og fram kemur í 7. og 17. gr. frv. þá eru í rauninni ekki gerðar aðrar kröfur til skólastjóra eða skólameistara en að þeir hafi kennsluréttindi. Ég tel það ekki vera nógu langt gengið því að skólastjórnun er sérstakt fag, viðurkennd fræðigrein sem er kennd í háskóla. Hérlendis er þegar byrjað að kenna þetta sem sjálfstæða grein fyrir skólastjórnendur. Ég teldi því æskilegt og eðlilegt að kveðið væri á um einhverjar menntunarkröfur í stjórnun til skólastjóra í grunnskóla og skólameistara í framhaldsskóla því kennsla og stjórnun er sitthvað. Hefði ég viljað heyra viðbrögð hæstv. menntmrh. við því en í heildina fagna ég frv. og býst við að það fái málefnalega og skemmtilega umræðu í hv. menntmn.

[23:36]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem fram hafa komið við þetta frv. í máli þeirra hv. þm. sem hafa talað.

Í tilefni af orðum hv. 8. þm. Reykv. vil ég taka það fram að ég gat þess í upphafi máls míns að leiðir hefðu skilið á milli mín og forustusveita kennara vegna ákvæða í 12. gr. frv. Af minni hálfu er sá ágreiningur um þetta mál og ekki önnur mál þannig að ég get unnið með kennurum og þarf ekki neinar sáttanefndir til þess að eiga samstarf við kennara eftir sem áður og mun beita mér fyrir viðræðum við þá um þau mál sem bíða úrlausnar. Ég á ekki von á því að við komumst að samkomulagi um þetta atriði en ég held einnig að innan raða kennarasamtakanna séu mjög skiptar skoðanir um þetta. Og það endurspeglast hér í þessum umræðum að það er síður en svo að allir þeir sem hafa kennararéttindi telji að með þessum ákvæðum og þeim breytingum sem ég legg til að verði gerðar frá núgildandi lögum sé verið að vega að starfsheiðri eða starfsréttindum kennara. Þvert á móti er verið að auðvelda skólunum að fá góða kennara til starfa, góða fagmenntaða kennara.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur, 6. þm. Norðurl. e., um ákvæði í síðustu mgr. 2. gr.: „Heimilt er að meta kennslureynslu sem hluta af kennslufræði til kennsluréttinda ...“ vil ég aðeins ítreka það sem kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Árnasonar um að þarna er verið að mæla fyrir um það að kennslureynsla skuli metin, kennslureynsla leiðbeinenda skuli metin o.s.frv. Þarna er því verið að varpa því inn í lögin og samkomulag um að taka tillit til kennslureynslu. Jafnframt gildir þetta um framhaldsskólann. Segjum t.d. að fólk hafi verið við nám erlendis og hafi aðstoðað prófessora sína í háskólum þar sem það hefur verið við nám. Slíkt starf verður þá metið. Samhliða því að meta náms- og prófgráður geta menn lagt fram að á sama tíma og þeir stunduðu þetta nám hafi þeir einnig haft tækifæri til að sinna kennslustörfum við viðkomandi stofnun. Það verður tekið tillit til þess og það metið. Það eru slík atriði sem um er að ræða að hafi menn reynslu af kennslu þó að þeir hafi ekki haft réttindin, þá sé litið til þess og tekið tillit til þess við þetta heildarmat. Ef þetta svarar spurningunni þá gerir það það, ef ekki þá vænti ég þess að menn geti fjallað um þetta í hv. nefnd eins og önnur atriði sem hér hafa verið reifuð. Þetta er flókið mál og margþætt.

Ég vil að því er varðar hv. þm. Hjálmar Árnason og fyrirspurnir hans um ákvæði 7. og 17. gr. taka fram að ég tel það vel koma til álita sem hann nefndi að gera kröfu til skólastjórnenda. Úr því að námið er orðið eins og hv. þm. lýsti þá finnst mér eðlilegt að hv. menntmn. kanni þennan þátt sérstaklega og setji það þá inn ef samkomulag verður um það í nefndinni að gera auknar kröfur til skólastjórnenda að þessu leyti. Ég sé ekki neinn annmarka á því frá mínum bæjardyrum en tel eðlilegt að í hv. nefnd verði hugað að þessu.

Ég vil aðeins, herra forseti, undir lok máls míns árétta það sem ég sagði um leikskólakennarana. Ég tel ákaflega mikilvægt að haft verði auga með þeirri þróun sem er í samskiptum þeirra við sveitarfélögin. Það er að komast á laggirnar formlegt samband milli þessara aðila um réttindamál. Hvað viðræður taka langan tíma ætla ég ekki að fullyrða neitt um en ég vil beina því til hv. menntmn. að hafa hagsmuni leikskólakennaranna í huga og að ekki verði farið svo hratt í þetta mál að mönnum gefist ekki tóm til þess að huga að stöðu leikskólakennaranna og hvað viðræðum þeirra við sveitarfélögin líður. Kannski væri fróðlegt fyrir nefndina að kalla fulltrúa frá báðum þeim aðilum til fundar við sig til þess að kynnast sjónarmiðunum. Ef nefndin vill taka undir það með mér að hvetja til þess að þessir aðilar komi sér saman þá yrði það vel þegið því það er nauðsynlegt að þeir vinni sína heimavinnu, ef ég má orða það svo, sameiginlega áður en það er rökrétt að taka það inn í lagafrv. og setja fram ákveðna lausn í þeirra málum hér á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Ég ítreka þakkir mínar fyrir málefnalegar umræður um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Íþróttalög, 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 897.

[23:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Á þskj. 897 flyt ég frv. til íþróttalaga. Íþróttalög eru upphaflega samin og sett árið 1940. Á þeim voru síðan gerðar breytingar árið 1956 en að grunni til eru lögin frá 1940.

Ég vil láta þess getið að ástæða þess að ég flyt þetta frv. núna er m.a. og ekki síst sú að fyrir þinginu liggur tillaga til þál. um úttekt á íþróttastarfsemi og hlutverk íþróttanna sem samfélagsþáttar í þjóðlífi okkar. Ég taldi eðlilegt að ég legði fram þetta frv. Það hefur lengi verið í smíðum, margar nefndir komið að því og menn lengi velt því fyrir sér hvernig best væri að koma fyrir nýjum ákvæðum um íþróttastarfsemi í lagabálki. Ég taldi eðlilegt að hafa það sem markmið að leggja frv. fram þannig að það yrði til skoðunar og kynningar á þeim tíma sem fjallað er um tillöguna til þál. um íþróttastarfsemina og hlut hennar í þjóðfélaginu. Ég mæli eindregið með því að sú tillaga verði samþykkt hér á þessu þingi og teldi eðlilegt nú, þegar frv. þetta er komið fram, að það yrði meðal þess sem nefndin, sem ætlunin er að setja á

laggirnar samkvæmt þeirri þál., skoðaði. Þá væri ekki verið að setja nýja nefnd um frv. til íþróttalaga heldur yrðu ákvæði íþróttalaganna til skoðunar samtímis. Menn gætu þá á einum vettvangi fjallað um þær tillögur sem hér liggja fyrir og það sem nefndinni er ætlað og komið vonandi sem fyrst á næsta vetri fram með hugmyndir sem uppfylltu ákvæði þáltill. og stuðluðu að því að góð sátt næðist um frv. til íþróttalaga hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla þess vegna ekki, herra forseti, að rekja í einstökum atriðum ákvæðin í þessu frv. Ég legg það fyrst og fremst fram til kynningar. En í frv. er tekið á ýmsum málum. Meðal annars er fellt brott ákvæði um íþróttafulltrúa í menntmrn. en gert ráð fyrir að ráðuneytið fari sem fyrr með yfirumsjón íþróttamála af hálfu ríkisins. Þetta er í samræmi við tillögur mínar í öðrum málum. Ég tel að ekki beri að lögbinda einstök störf með lögum innan menntmrn. heldur eigi starfsmenn þar að sinna ákveðnum verkefnum án þess að þau séu lögbundin eins og gert er í núgildandi íþróttalögum.

Hlutverk íþróttanefndar er nokkuð breytt. Verksvið Íþróttasjóðs er rýmkað og gert ráð fyrir að úthlutun fjár úr honum sé í höndum menntmrh. að fengnum tillögum íþróttanefndar. Ákvæði er varða tilhögun og aðstöðu til íþróttakennslu í skólum eru felld brott en skírskotað til skólalöggjafar. Gert er ráð fyrir lögfestingu heimildar fyrir aðild ríkisins að samningum um stofnun og starfsemi íþróttamiðstöðva í samvinnu við sveitarfélög og íþróttasamtök, enda miðist þjónusta stöðvanna við landið allt. Menntmrh. er ætluð forganga um setningu reglna um öryggisráðstafanir í íþróttamannvirkjum. Felld eru brott ýmis sérstök ákvæði er tengjast styrkveitingum, m.a. til íþróttamannvirkja, en gert ráð fyrir heimild til að setja ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingum úr Íþróttasjóði í reglugerð.

Einnig er í 5. gr. laganna lagt til að Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands komi fram fyrir hönd frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu gagnvart stjórnvöldum. Ég tel að þetta ákvæði endurspegli þá staðreynd og þá þróun sem orðið hefur frá því að lögin voru sett 1940, þ.e. ef við lítum á fjárlög, ef við lítum á lottó og getraunir og annað slíkt og íþróttastarfsemina þá eru það þessi tvö sambönd, Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Ísland, sem koma fram gagnvart stjórnvöldum í landinu, koma fram gagnvart Alþingi, sækja um fé á fjárlögum og annað slíkt.

Á hinn bóginn vil ég taka fram að ég lít ekki svo á að í þessu ákvæði felist að Íþróttasamband Íslands verði ekki áfram æðsti fulltrúi íþróttahreyfingarinnar. Það legg ég eindregið til og vil ekki að þessi grein verði skilin á annan veg en þann að Íþróttasamband Íslands verði áfram sá aðili sem komi fram fyrir hönd Íslands út á við á erlendum vettvangi. Það er nauðsynlegt að hafa einn aðila sem er sameiningartákn íþróttahreyfingarinnar í landinu út á við og þar á Íþróttasamband Íslands áfram að gegna því hlutverki, sem það hefur gegnt til þessa, enda eiga öll ungmennafélög aðild aðild að Íþróttasambandi Íslands. Þetta er ekki tekið fram í grg. frv. en lá alltaf fyrir þegar menn ræddu um 2. mgr. 5. gr. að þannig yrði frá málum gengið. Ef hv. menntmn. telur að árétta þurfi þessa skipan mála sérstaklega í lagatextanum þá vil ég vekja máls á því nú að hún velti því fyrir sér hvernig það verði best gert.

Ég vek einnig athygli á ákvæðum í 6. gr. frv. þar sem segir: Landið skiptist í íþróttahéruð. Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum. Þetta er mikilvægt ákvæði. Ég lít þannig á að það sé betur komið í höndum Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands að annast skiptingu og breytingu á íþróttahéruðum en að það sé á verksviði ríkisvaldsins og þannig sé frá málum gengið að þessir tveir aðilar ákveði hvernig landið skiptist í íþróttahéruð frekar en að opinberar ákvarðanir liggi fyrir um það efni. Það er í sama anda og frv. allt, þ.e. að færa sem mest af ákvörðunum frá ríkisvaldinu yfir til hinna frjálsu félagasamtaka þannig að ríkisvaldið sé ekki að skipta sér af meiru en góðu hófi gegnir. Hvað sem líður umræðum, sem áttu sér stað hér áðan um bæjarnöfn, þá er það ekki stefna mín og hefur aldrei verið að ríkið sé að skipta sér af hlutum sem því koma í raun ekki við og eru betur komin í höndum einstaklinga. En stundum kunna deilur að vera þannig að nauðsynlegt sé að slá opinberan varnagla til að skera úr viðkvæmum málum.

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er verið að fjalla um mál sem snertir einnig ráðstöfun mikilla fjármuna. Fyrir utan þá fjármuni sem veitt er til íþróttahreyfingarinnar á fjárlögum þá kemur fram í athugasemdum við 10. gr. frv. að tekjur Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands af „lottó"-getraunum hafa á tíu ára tímabili frá því að sú starfsemi hófst numið samtals 1,9 milljörðum kr. Á sama tímabili námu tekjur íþróttahreyfingarinnar af starfsemi Íslenskra getrauna rúmlega 400 millj. kr. Þarna er verið að tala um fjárhæðir á tíu árum sem eru um 2,4 milljarðar sem runnið hafa til íþróttahreyfingarinnar í gegnum þessa liði sem íþróttahreyfingin hefur tekjur af samkvæmt ákvörðunum Alþingis. Þannig að við erum að líka að fjalla um starfsemi sem nýtur mikilla opinberra tekna, ef ég má orða það svo, því það er ekki hægt að líta á leyfisveitingar um hagnað af þessari leyfðu starfsemi sem ráðstafað er á Alþingi, a.m.k. óbeinar opinberar tekjur, þannig að hér er einnig mikið í húfi fyrir okkur hv. alþingismenn að velta fyrir okkur hvernig staðið er að því að skipta þessum fjármunum og mér finnst eðlilegt að menn velti því fyrir sér einnig í meðferð þessa frv.

Herra forseti. Ég legg til að málið fari til 2. umr. og hv. menntmn. en ítreka að af minni hálfu er þetta frv. lagt fram til kynningar á þessu vorþingi og til meðferðar. Verði þáltill. um íþróttir samþykkt þá fari þetta mál m.a. til athugunar í þeirri nefnd sem ætlunin er að koma á laggirnar í samræmi við þá þáltill.

[23:51]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í raun fagna tilkomu þessa frv. Fulltrúar Íslands hafa mjög gjarnan verið stoltir af þeim lögum sem gilt hafa um íþróttastarf á Íslandi en auðvitað er full ástæða til að endurskoða lög með ákveðnu millibili. Ég fagna því líka sem hæstv. menntmrh. sagði að þetta lagafrv. væri m.a. fram lagt vegna tilkomu þáltill. um endurskoðun á íþróttastarfi í landinu.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil gera athugasemd við. Það er varðandi túlkunina á að ÍSÍ komi eitt fram sem fulltrúi Íslands á erlendum vettvangi. Það er fjöldinn allur af mótum sem Ungmennafélag Íslands tekur þátt í. Mér finnst þess vegna eins og á öðrum stöðum í frv. ástæða til að taka fram að ÍSÍ og UMFÍ komi fram fyrir Íslands hönd á erlendum vettvangi.

[23:53]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem ég sagði að þegar um er að ræða að spurt er hvaða aðili það sé sem kemur fram fyrir hönd íþróttahreyfingar Íslands út á við

á erlendum vettvangi, þá tel ég að það sé Íþróttasamband Íslands. Að sjálfsögðu tekur Ungmennafélag Íslands eins og mörg sérsambönd innan ÍSÍ þátt í alþjóðlegu samstarfi. En spurningin er þessi: Ef spurt er og menn eru að velta fyrir sér hver sé hinn æðsti aðili fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar, ef um einn sameiningaraðili þarf að vera út á við, þá lít ég þannig á að það sé Íþróttasamband Íslands og þannig túlka ég þessa grein. Það var alltaf mín ætlan að menn væru ekki að velkjast í vafa um þetta atriði. Ef svo er þá finnst mér þeim mun meiri ástæða til að hv. nefnd taki af skarið í sínum meðförum á málinu.

[23:54]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna greinir okkur í raun á vegna þess að ég lít þannig á að Ungmennafélag Íslands sé alls ekki sérsamband innan ÍSÍ. Þetta eru tvö sjálfstæð sambönd og það er fjöldinn allur af íþrótta- og ungmennafélögum sem tilheyra þessum samböndum og þess vegna finnst mér full ástæða til þess, eins og ég sagði áðan, að hafa Ungmennafélag Íslands með í þessari upptalningu, þ.e. þegar talað er um að ÍSÍ komi fram fyrir Íslands hönd þá vanti þar að hafa hitt sambandið, sem er Ungmennafélag Íslands.

[23:54]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til íþróttalaga. Ég vil sérstaklega fagna því að þetta frv. skuli vera lagt fram og ekki síður því hvernig hæstv. menntmrh. tengir það við þá þáltill. sem liggur fyrir þinginu og er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum. Ég fagna því alveg sérstaklega.

Ég ætla ekki að lengja umræðuna enda langt liðið á kvöld. Ég vil þó benda á að íþróttahreyfingin er fjölmennustu félagasamtök á landinu. Íþróttahreyfingin og starf hennar snýst ekki einungis um keppni heldur megi halda því fram með fullgildum rökum að fá félagasamtök haldi uppi jafnmiklum forvörnum og íþróttahreyfingin. Hún sinnir ekki einungis keppni heldur forvörnum á ýmsum sviðum og ekki síður félagslegum þáttum. Varðandi þá miklu fjármuni sem hæstv. ráðherra nefndi þá er það rétt að miklir fjármunir fara í gegnum íþróttahreyfinguna en það er líka vert að hafa í huga að flest íþróttafélög standa á brauðfótum hvað fjármagn snertir enda umfang starfsemi þeirra afskaplega mikið. Þá er líka vert að benda á að ríkissjóður hefur verulegar tekjur af starfsemi íþróttafélaga í formi virðisaukaskatts sem kemur vegna ýmissa íþróttakappleikja og ýmissar starfsemi sem íþróttahreyfingin heldur uppi.

Hvað varðar það sem hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason nefndi þá er það rétt að Ungmennafélag Íslands er ekki sérsamband innan Íþróttasambandsins. Þetta eru tvö sjálfstæð sambönd og á milli þeirra ríkir ágætt jafnvægi þannig að ég tel að 5. gr. eins og hún er nái eiginlega utan um það vandamál ef um vandamál er að ræða.

Ég vildi beina einni fyrirspurn til hæstv. ráðherra. Það segir í athugasemdum að íþróttakennsla í skólum falli undir eðlilega skólalöggjöf eins og önnur skólastarfsemi og er það ekki nema eðlileg athugasemd. Hins vegar hefði ég viljað spyrja hæstv. menntmrh. hvaða augum hann líti það að íþróttafélög taki að sér þátt fræðslunnar og kennslunnar í íþróttum innan skólanna eftir þeim reglum sem skólalöggjöf segir til um. Þar má leysa ýmsan vanda því að flest sveitarfélög og íþróttafélög kvarta undan því að aðstöðu vanti t.d. aðgang að íþróttasölum, sem ekki er endalaust hægt að byggja, en með því að íþróttafélög tækju að sér þessa kennslu í grunnskólum m.a. þá mætti leysa þar ýmsan vanda og slá tvær flugur í einu höggi. Fróðlegt væri að heyra hvaða afstöðu hæstv. menntmrh. hefði til þess. Ég ítreka svo ánægju mína með að þetta frv. skuli komið fram og hvernig það er tengt þeirri þáltill. sem fyrir liggur.

[23:58]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi íþróttakennsluna þá vorum við að fjalla um frv. til laga um Kennara- og uppeldisháskóla þar sem við vorum að færa íþróttakennaranámið upp á háskólastig þannig að menn verða náttúrlega að uppfylla þær kröfur til að sinna kennslu í skólum. En að því er skipan málsins varðar þá vil ég ekki segja mikið um það á þessu stigi. Ég tel m.a. að það ráðist af þeirri námskrá sem verið er að vinna að núna sem hluta af endurskoðun á aðalnámskrá fyrir grunnskólann og þetta sé eitt af þeim málum sem menn geta tekið upp í þeirri vinnu og tekið afstöðu til á grundvelli námskrárinnar þannig að þetta er alls ekki útilokað. En það þarf að setja þessu skipulagslegann ramma og það verður best gert í nýrri aðalnámskrá.

[23:59]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér er fram komið frv. til íþróttalaga. Það er tímabært að endurskoða þá löggjöf sem landsmenn hafa búið við þó að rétt sé sem fram hefur komið að Íslendingar hafa um langa hríð búið að mörgu leyti við betri lög um íþróttir og íþróttastarfsemi en aðrir. Frv. er til stórra bóta og eru þar miklar framfarir sem taka mið af breytingum sem orðið hafa síðustu ár og áratugi og endurspeglar frv. enn þá festu og skýrleika sem kemur fram í skipulagi íþróttamála hér á landi. Erlendar þjóðir öfunda okkar af þessum skýru og einföldu lögum og fyrirkomulagi sem birtast í því að hér eru tvö meginsamtök, ÍSÍ og UMFÍ svo ég noti skammstafanirnar, en önnur félög eða þau félög sem kjósa að standa þar fyrir utan skipa hvorki sama sess stjórnskipulega né njóta þess sama af þeim sjóðum sem tiltækir eru til íþróttamála. Þetta er nauðsynlegt og reynsla annarra þjóða sem þurfa að búa við það að tugir eða hundruð félaga af ýmsum stærðum og gerðum með margvíslegar stefnuskrár, vandamál og viðfangsefni — við slíkt þurfa stjórnvöld erlendis að glíma með þeim erfiðleikum sem því fylgja. Eins og ég gat um áðan endurspeglar frv. til laganna sem hér er lagt fram þennan einfaldleika og skýrleika sem ég tel vera meginatriði.

Eins og fram hefur komið í máli hæstv. ráðherra og hv. þingmanna er eðlilegt vegna sögulegra staðreynda og fyrirkomulagsins að hér séu tvö jafnrétthá sambönd, þ.e. Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands. Það er óþarfi að rekja það hér að Íþróttasamband Íslands starfar með miklum myndarbrag og starfsemi þess er hvað öflugust hér á höfuðborgarsvæðinu og reyndar víða í þéttbýli. Fjölþættar íþróttir eru þar á dagskrá. Mun víðtækari starfsemi, þó svo hún sé ekki að öllu leyti jafnöflug alls staðar um landið, en mun víðtækari eða fjölþættari vildi ég segja, er hjá Ungmennafélagi Íslands. Ungmennafélag Íslands er eins og þingheimur veit stofnað 1907. Þar fer fram starf, einkum á landsbyggðinni, ekki aðeins íþróttir heldur félagsstarf, leiklist, landgræðsla, skógrækt og vitna má til landsmótanna þar sem jafnvel er keppt í stafsetningu og starfsíþróttum. Þessi fjölbreytileiki sem birtist hjá Ungmennafélagi Íslands og verkaskipting sem jafnvel má greina eftir þeim landfræðilegu þáttum sem ég gat um áðan, þ.e. höfuðborgarsvæðinu

og landsbyggðinni, er til mikilla bóta og styrkir bæði samstökin. Þessir aðilar eiga að vera jafnréttháir og það kemur hér fram í skipan menntmrh. í íþróttanefnd og eins í því að Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands koma fram fyrir hönd frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu öllu gagnvart stjórnvöldum. Þegar ég las þetta frv., þá las ég það með þeim skilningi að þessi samtök kæmu bæði fram fyrir hönd Íslands á erlendri grund, bæði með þátttöku í mótum og eins stjórnskipulega. Það var minn skilningur þegar ég las það, en ég hef heyrt mál hæstv. menntmrh. og mun taka þátt í því starfi og umfjöllun sem málið fær í menntmn.

Ég vil einnig fagna því sérstaklega að landinu er skipt í íþróttahéruð. Það er í samræmi við hina skýru skipan sem hér þarf að vera. Eins fagna ég 8. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi veitir árlega fé í Íþróttasjóð til eflingar íþróttum í landinu. Íþróttanefnd hefur umsjón með Íþróttasjóði ...“

Þarna er mikilvægt ákvæði og Íþróttasjóður hefur reynst burðarásinn í mörgu af því íþróttastarfi sem efla hefur þurft í landinu.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta efni en fagna því að hér er komið fram frv. um þessi efni. Því miður er allt of sjaldan rætt um íþróttastarfsemi í þessum þingsölum jafnmikilvægt og málið er. En ég ætla ekki að fara orðum um það heldur einungis að benda á að hér er eitthvert mikilsverðasta framlag sem ríkið getur lagt í margvíslegu forvarnastarfi og uppeldisstarfi á þeim viðsjárverðu tímum sem núna blasa við ungmennum sem alast upp í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. MÁ og SvanJ, 345. mál (ráðning starfsfólks við dagskrá). — Þskj. 617.

[00:05]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á útvarpslögum. Þetta frv. er 345. mál á þskj. 617. Meðflm. minn að þessu máli er hv. varaþm. Mörður Árnason og málið snýst um breytingu á síðustu mgr. 21. gr. útvarpslaganna. Síðasta málsgrein þessarar greinar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsmenn Ríkisútvarps, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.“

Í 20. gr. útvarpslaga segir að hlutverk útvarpsráðs sé að taka ákvarðanir um „hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum innan marka fjárhagsáætlunar“, svo vitnað sé beint í lögin, og setji ráðið eins og þurfa þykir reglur „til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 15. gr.“ sem er í raun markmiðsgrein laganna.

Hin síðari ár hefur útvarpsráð samkvæmt þessum ákvæðum því starfað þannig að þar er annars vegar mótuð heildarstefna um dagskrá Ríkisútvarpsins og hins vegar lagt mat á hversu til hafi tekist um þessa dagskrá. Ekki verður séð að sérstök afskipti útvarpsráðs af ráðningu dagskrárstarfsfólks séu í eðlilegum tengslum við hlutverk ráðsins og vinnubrögð skv. 20. gr.

Ákvæði 21. gr. um sérstakar „tillögur“ útvarpsráðs þegar ráðið er starfsfólk dagskrár er í raun arfur frá liðnum tíma þegar hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins voru túlkaðar á annan veg og þrengri en nú tíðkast. Vera má að þegar fjölmiðlun á Íslandi var fyrst og fremst í höndum stjórnmálaflokkanna hafi þótt eðlilegt að útvarpsráð, kjörið pólitískt á Alþingi, legði mat á umsækjendur um dagskrárstöður og greiddi um þá atkvæði. En það var þá. Nú eru aðrir tímar í fjölmiðlun hérlendis þar sem kröfur um fagmennsku, menntun og hæfni við fjölmiðlastörf aukast sífellt en meint stjórnmálaviðhorf þeirra sem á fjölmiðlum starfa skipta minna máli. Eðlilegt er að löggjafinn geri Ríkisútvarpinu kleift að laga sig sem best að nýjum tímum, ekki síst í ljósi stóraukinnar samkeppni á fjölmiðlasviði.

Rétt er að benda á að þrátt fyrir skýr ákvæði 21. gr. um að tillögur útvarpsráðs taki til alls starfsfólks dagskrár hefur venjan verið sú að útvarpsráð gerir eingöngu tillögur um starfsmenn á fréttastofum Ríkisútvarpsins en skiptir sér lítt eða ekki af mönnun annarra dagskrárdeilda. Þetta þýðir meðal annars að starfsmenn við dagskrárgerð á Rás 2 eða í Dagsljóssþáttum sjónvarps þurfa ekki að fara gegnum nálarauga útvarpsráðs eins og fréttamenn. Ráðið hefur af einhverjum ástæðum kosið að fara ekki að lögum í þessum tilvikum þótt á báðum stöðum séu unnin störf sem gera svipaðar faglegar kröfur og gerðar eru til fréttamanna.

Ljóst er að núverandi skipan við ráðningu dagskrárfólks hefur ýmis áhrif á fréttastofur Ríkisútvarpsins og setur bæði umsækjendur og ráðna starfsmenn í sérkennilega aðstöðu. Algengt er að umsækjendur reyni að afla umsókn sinni fylgis með samtölum við útvarpsráðsmenn eða einstaka pólitíska samherja þeirra. Þannig myndast í sumum tilvikum pólitískar blokkir í útvarpsráði um afstöðu til einstakra umsækjenda og er þá undir hælinn lagt hvort fagleg hæfni er metin að verðleikum. Þeir sem hljóta ráðningu eru í slíkum tilvikum í þeirri aðstöðu að þeir hafa að einhverju leyti fengið starf sitt á pólitískum forsendum, jafnvel flokkspólitískum. Þeir þurfa því að sæta tortryggni í nýju starfi og eiga á hættu að reynt sé að beita þá þrýstingi.

Erfitt er að koma auga á rök gegn því að á Ríkisútvarpinu sé viðhöfð sama skipan og á öðrum fjölmiðlum þar sem yfirmenn einstakra deilda eru alla jafna sjálfráðir um að ráða starfsmenn sína en standa sjálfir og falla með heildarframmistöðu sinni. Fréttastjórar ættu að þessu leyti að vera í svipaðri aðstöðu og ritstjórar dagblaðanna eða fréttastjórar aðrir. Án þess að kasta nokkurri rýrð á núverandi og fyrrverandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins er ljóst að afskipti útvarpsráðs draga úr valdi þeirra og ábyrgð, ekki síst, á fréttastofum sínum og torvelda þeim eðlilega stjórnun og samskipti við starfsmenn sína, t.d. þegar fréttastjóri hefur eindregið mælt með einum umsækjanda í stöðu fréttamanns en útvarpsráð hins vegar hafnað honum og mælt með öðrum og útvarpsstjóri kosið að fara að vilja ráðsins, eins og dæmi eru um.

Með þeirri skipan sem þetta frv. gerir ráð fyrir er útvarpsráð losað undan umsagnarskyldum sínum við ráðningar tiltekinna starfsmanna á Ríkisútvarpinu. Eðlilegt væri að í framhaldinu yrðu settar ákveðnar innanhússreglur um framgang ráðningarmála, um samskipti einstakra yfirmanna og útvarpsráðs og um upplýsingar til ráðsins um einstakar ráðningar. Það er einnig álit flutningsmanna að heppilegt geti verið að a.m.k. dagskrárstarfsfólk sé aðeins ráðið til ákveðins

tíma í senn. Þannig hafi yfirmenn dagskrárdeilda möguleika til skipulagsbreytinga ef svo ber undir. Slíkar breytingar eru þó ekki lagðar til í þessu frumvarpi þar sem um flókið mál er að ræða og eðlilegast að umfjöllun um það fylgi þeirri heildarendurskoðun útvarpslaga sem nú hefur staðið yfir um árabil.

Herra forseti. Mál þetta var flutt á 120. þingi, var þá ekki afgreitt úr nefnd en leitað um það umsagna sem flestar reyndust jákvæðar. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í nokkrar þessara umsagna.

Kári Jónasson fréttastjóri Útvarps sagðist í sinni umsögn fylgjandi þessum breytingum og segir meðal annars að núverandi ákvæði geri að verkum „að tilviljun ræður því stundum hverjir veljast til starfa á fréttastofum Ríkisútvarpsins, en ekki þörfin sem er þar hverju sinni fyrir fólk með ákveðna reynslu og þekkingu".

Í umsögn Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins, sem Logi Bergmann Eiðsson formaður undirritar, er tekið „heils hugar" undir tillöguna um að útvarpsráð greiði ekki atkvæði um starfsfólk dagskrár. „Ákvarðanir um einstaka starfsmenn hljóta að vera best komnar í höndum deildarstjóra og sú ábyrgð sem fylgir þeim hlýtur að vera þeirra," segir í umsögninni þar sem einnig er lögð áhersla á að „starfsmenn séu ekki ráðnir á pólitískum forsendum og geti því komið óbundnir til starfa".

Stjórn Félags fréttamanna tekur einnig „heils hugar" undir þær breytingar sem boðaðar eru í frumvarpinu. „Það hefur lengi verið stefna félagsins að útvarpsráð eigi ekki að skipta sér af ráðningum fréttamanna," segir í umsögn stjórnarinnar. Umsögninni fylgja ályktanir Félags fréttamanna um þetta efni frá 24. ágúst, 22. september og 17. nóvember 1995.

Í umsögn Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, sem Baldur Jónasson formaður undirritar, er lýst „fullum stuðningi" við frumvarpið. Félagið telur „að með núverandi lögum geti fagleg sjónarmið verið fyrir borð borin, þegar pólitískt kjörnir fulltrúar í útvarpsráði geri tillögur um ráðningu dagskrárgerðarfólks". Þeirri ráðningu sé „best fyrir komið í höndum deildarstjóra sem lætur fagleg sjónarmið ráða".

Starfsmannafélag sjónvarpsins „fagnar framkomnu frumvarpi" í umsögn sinni sem Einar Rafnsson formaður undirritar. Félagið „getur tekið undir rökstuðning flutningsmanna" í greinargerð og er „reiðubúið að leggja fram frekari rökstuðning, sé þess óskað".

Í umsögn dr. Sigrúnar Stefánsdóttur, lektors í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, er „eindregið" mælt með samþykkt tillögunnar, „því fyrr því betra". Breytingin sé „löngu tímabær og yrði Ríkisútvarpinu til mikils góðs". Oft hafi „önnur sjónarmið en fagleg" ráðið gjörðum útvarpsráðs og séu þeir sem sækja um umrædd störf „settir í undarlega og óþægilega aðstöðu", einkum þar sem nú mennti ungt fólk sig í síauknum mæli til starfa sem fréttamenn og líti á það sem frambúðarstarf. „Fyrir þetta fólk er það alls óviðunandi að þurfa að reyna að troða sér í gegnum pólitískt nálarauga fólks sem oft hefur engan áhuga né forsendur til þess að meta þá sem sækja um starfið á faglegum grundvelli" segir Sigrún, sem styður frumvarpið „sem lektor í hagnýtri fjölmiðlun sem ber ábyrgð á fjölmiðlamenntun ungs fólks og sem fyrrum starfsmaður á fréttastofu Sjónvarps með eigin reynslu af vinnubrögðum útvarpsráðs við ráðningu starfsmanna".

Stjórn Blaðamannfélags Íslands „mælir eindregið með samþykkt þessarar tillögu" í umsögn sinni sem Lúðvík Geirsson formaður ritar undir. Þar er talið „alls óeðlilegt" að útvarpsráð véli um ráðningu einstakra fréttamanna á fréttastofum Ríkisútvarpsins.

Herra forseti. Ég vil að lokum gera eftirfarandi tilvitnun í umsögn Blaðamannafélags Íslands að minni. Þetta er bein tilvitnun, með leyfi forseta:

„Oftsinnis ganga ákvarðanir ráðsins þvert á mat og tillögu fréttastjóra sem eru sérstaklega ráðnir sem ábyrgðarmenn fréttastofanna. Ef sú ábyrgð á að standa undir nafni, þá er nauðsynlegt að fréttastjórar hafi endanlegt ákvörðunarvald um það hverja þeir telja hæfasta til að starfa á fréttastofunum hverju sinni."

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni umræðu um þetta mál verði því vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fyrri umr.

Þáltill. SK og SvG, 423. mál. — Þskj. 727.

[00:17]

Flm. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 727 flyt ég till. til þál. um afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands en fyrri flm. er hv. þm. Svanhildur Kaaber. Tillagan er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa sérstaklega afmælisár Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2000 er hljómsveitin verður 50 ára."

Í tillögunni er í sjálfu sér ekki tekin afstaða til þess hvernig að þessu verði staðið og mætti hugsa sér að ráðuneytið færi fram á það við sveitina að hún undirbúi þessa hluti sérstaklega. Það væri kannski að mörgu leyti eðlilegt, en þá yrði hún jafnframt að sækja eftir einhverjum fjármunum á árinu 1998–1999 til að undirbúa afmælið. Í greinargerð tillögunnar segir svo, með leyfi forseta:

Aldamótaárið, 2000, verður Sinfóníuhljómsveit Íslands 50 ára. Sinfóníuhljómsveitin skipar nú viðurkenndan sess í þjóðlífinu; engum dettur lengur í hug að taka á vanda ríkissjóðs með því t.d. að flytja á Alþingi beinar tillögur um að skera niður fjármagn til hljómsveitarinnar þannig að þar fækki hljóðfæraleikurum eða hljómleikum eins og forðum kom stundum fyrir. Þó hefur hinn hljóðláti niðurskurður því miður unnið á fjárhag hljómsveitarinnar þannig að á síðustu tveimur árum hefur framlag til sveitarinnar lækkað. Íslensk stjórnvöld hafa engu að síður sýnt um árabil að þau telja hljómsveitina betri fulltrúa Íslands en flest annað á erlendum vettvangi. Má nefna mörg dæmi því til sönnunar. Því gefst sannarlega viðeigandi og kjörið tækifæri árið 2000, þegar hljómsveitin verður 50 ára, til þess að efla hana að marki með beinum stjórnvaldsákvörðunum. Vissulega duga þær þó skammt því að mestu skiptir hæfni hljómsveitarinnar, innri samstarfsandi og menningarlegur styrkur hennar.

Í þessari tillögu er ekki átt við það sem hljómsveitin sjálf hlýtur að gera fyrir þjóðina alla á afmælisárinu; eins og venjulega er gengið út frá því sem sjálfsögðum hlut að hljómsveitin skili sínu og vel það. Má segja að í þeirri afstöðu felist ávísun á venjulegt vanþakklæti í garð hljómsveitarinnar; það er þó vissulega ekki ætlunin. Hér er gerð tillaga um að gefa þjóðinni kost á að þakka fyrir sig á afmælisárinu. Þó er ekki um að ræða margrómað hús sem ekki er til og er vissulega frægasta húsleysi á Íslandi fyrr og síðar, og er þá

sannarlega langt til jafnað í þessu húslausa landi. Verður það mál rætt annars staðar, en hljómleikahús verður að rísa og það mun rísa á þeirri stundu þegar menningarlegur metnaður og fjárhagsleg geta hittast til frjórra samfunda. Flutningsmenn spá því að svo verði fyrr en varir og munu ganga eftir því máli sérstaklega á Alþingi.

Aðaltilgangur tillögunnar er að vekja jákvæðar umræður um málefni hljómsveitarinnar á Alþingi og að opna fyrir hugmyndir sem kunna að leynast með þingmönnum til eflingar hljómsveitinni. Hér verður aðeins vikið að sjálfsögðum hlutum eins og þeim að í tilefni afmælisins verði gerð áætlun um eflingu hljómsveitarinnar þannig að hljóðfæraleikarar verði 80 talsins eða svo á aldamótaárinu, en þeir eru núna 72 talsins. Til þess að ná þessu marki þarf því að fjölga þeim um þrjá á ári fram að afmælinu. Þá má nefna að í tilefni afmælisins mætti gera ítarlega úttekt á hljómsveitinni og verkum hennar í samanburði við aðrar hljómsveitir og hyggja flutningsmenn að úttektin mundi sanna að afrek hljómsveitarinnar eru ótrúleg á alþjóðlegan mælikvarða. Ekki væri það síður vel til fundið að bera rekstrarkostnað hljómsveitarinnar saman við það sem annars staðar gerist með hliðstæðar hljómsveitir, en með „hliðstæðum hljómsveitum" er átt við hljómsveitir sem jafnan eru valdar til að vera fremstar á stærstu þjóðhátíðum eða til að taka á móti erlendum þjóðhöfðingjum. Loks mætti hugsa sér að bera saman starfsaðstöðu sinfóníuhljómsveita, en vinnu- og æfingaaðstaða hljómsveitarinnar hér er hrakleg og heilsuspillandi. Mætti hugsa sér að vinnuaðstaðan yrði endurbætt strax að lokinni slíkri endurskoðun.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur unnið merkilegt starf að ekki sé meira sagt. Hún er dóttir Ríkisútvarpsins og hefur þróast við hlið þess á athyglisverðan hátt. Áhrif hennar sjást líka í tónlistarkennslunni á Íslandi hvort sem er í tónlistarskólum eða grunnskólum, að ekki sé minnst á ótal tónleika allan ársins hring og tugþúsundir áheyrenda. Miklu skiptir og að hljómsveitin hefur lagt áherslu á að rækta íslenska tónlist með flutningi nýrra verka og eldri verka úr íslenskri tónlistarsögu. Þá má benda á að hljómsveitin hefur reynt að koma skipulega til móts við mismunandi tónlistarsmekk landsmanna. Síðast en ekki síst verður hér nefnt mikilvægi þess að hljómsveitin hefur ferðast um landið víða og hefur þannig komið sér á framfæri við landsmenn alla. Má einnig minna á hljómleika fyrir skólanemendur, og margt fleira mætti nefna. Má nú heita svo að hljómsveitin sé orðin sameign þjóðarinnar allrar fremur en í upphafi er lagt var af stað.

Tónleikaferðir hljómsveitarinnar til útlanda hafa skipt hana sjálfa miklu máli. Tónleikaferðir eru öllum sinfóníuhljómsveitum mikilvægar, ekki síst hljómsveitum sem segja má að búi við landfræðilega einangrun. Í slíkum ferðum gefst oft tækifæri á að leika í bestu tónleikasölum heims og fá alþjóðlega umfjöllun og umsagnir ásamt því að fá góða kynningu þegar vel gengur. Þá er viðbúið að sjálfstraustið vaxi og staðreynd er, segja kunnugir, að ávallt kemur betri hljómsveit til baka en þegar lagt var af stað. Mætti hugsa sér að í tilefni afmælisins yrði tekin ákvörðun um fasta fjárveitingu til hljómleikaferða sem hljómsveitin færi með reglulegu millibili en fjármögnun þessara ferð hefur oft orðið sveitinni erfið.

Hljómsveitin hefur verið talin góður „sendiherra" Íslands á alþjóðlegum vettvangi og hafa stjórnvöld jafnvel átt frumkvæði að hljómleikaferðum. Hér má nefna hljómleikaferðina til Bandaríkjanna í febrúar/mars 1996 þar sem hljómsveitin hlaut fádæma góða dóma. Þá má nefna til hljómleikaferð til Kaupmannahafnar 1996 og svo til Nuuk á þessu ári.

Sinfóníuhljómsveitin er ekki aðeins tónlist; hún er líka rekstur og fjármunir. Ríkisendurskoðun hefur staðfest hvað eftir annað að mikil hagræðing hefur náðst í öllum rekstri og sparnaður eftir því. Því miður hefur hljómsveitin ekki uppskorið fyrir sparnað og hagræðingu, en vel mætti hugsa sér að í tilefni afmælisins yrðu teknar nýjar heildarákvarðanir um fjárhag hljómsveitarinnar sem auðvelduðu fjárhagslegan rekstur hennar.

Ég legg svo til, herra forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[00:23]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í tilefni af þessari tillögu vil ég aðeins láta þess getið að að sjálfsögðu get ég ekki verið andvígur henni, þ.e. því að Alþingi og ríkisstjórnin láti undirbúa sérstaklega afmælisár Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2000 þegar hljómsveitin verður 50 ára. Það er spurning hvort það þarf að samþykkja sérstaka ályktun hér til þess að menn hefjist handa við að undirbúa þetta afmæli. Ég tel að það verði best gert með því að taka ákvarðanir sem fyrst um byggingu tónlistarhúss sem verði heimili sinfóníuhljómsveitarinnar þannig að henni verði búin sú starfslega umgjörð sem nauðsynleg er til þess að hún fái dafnað hér við hinar bestu aðstæður.

Þá vek ég athygli á því að árið 1999 er 100 ára afmæli Jóns Leifs og menntmrn. hefur þegar hafið viðræður við sinfóníuhljómsveitina um það mál og gæti það líka vel tengst 50 ára afmæli hljómsveitarinnar því að mörg stórvirki eftir Jón Leifs eru óflutt og er sjálfsagt að líta til slíkra stórverkefna þegar hljómsveitin heldur upp á sitt 50 ára afmæli.

Einnig tel ég nauðsynlegt að endurskoða lögin um Sinfóníuhljómsveit Íslands, laga þau að breyttum og nýjum kröfum um opinberan rekstur og einnig stjórnsýslulögum og öðrum þeim ákvæðum sem við þurfum nú að hafa mjög til hliðsjónar við allar okkar ákvarðanir. Einnig tel ég að það beri að semja við hljómsveitina eins og aðrar ríkisstofnanir um fjárveitingar og skapa henni þannig starfsöryggi til lengri tíma og þá líka þróunarramma sem samkomulag verður um. Að þessu öllu mun ég vinna í menntmrn. og vona að við náum þeim árangri að hljómsveitin verði árið 2000 í betra umhverfi og starfi við betri aðstæður en hún gerir núna.

[00:26]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. menntmrh. fyrir ágætar undirtektir við málið. Tilgangur minn með flutningi tillögunnar var kannski ekki síst sá að koma málefnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hér á dagskrá almennt þannig að það væri hægt að ræða þau. Þau hafa reyndar ekki verið rædd mjög lengi. Það hafa ekki verið fluttar tillögur eða þingmál um sinfóníuhljómsveitina mjög lengi. Það er kannski vegna þess að það hefur að einhverju leyti verið óþarfi. En það er kannski líka vegna þess að menn hafa ekki haft nægilegan áhuga á starfsemi hennar. En ég heyri á orðum hæstv. menntmrh. að hann er að hugsa fyrir ýmsum hlutum sem mér þykir vænt um að heyra hann nefna og ég tel að það sé einkar vel til fundið að tengja þessa umræðu við 100 ára afmæli Jóns Leifs. Það er kannski dálítið skemmtilegt að rifja það upp í tilefni af þessari umræðu að platan með Sögusinfóníunni eftir Jón Leifs var í fyrra valin ein af þremur bestu plötum

ársins í öllum heiminum af The Times, hvorki meira né minna. Þannig að sinfóníuhljómsveitin hefur verið að gera gríðarlega stóra og skemmtilega hluti á alþjóðlegan mælikvarða og þess vegna er full ástæða til að þakka henni með viðeigandi hætti á afmælisárinu eða fyrr, þótt ekki sé nokkur vafi að hitt skiptir langmestu máli, þ.e. að búa henni húsnæði þannig að hún geti stundað starfsemi sína á skaplegan hátt. Best væri ef hægt væri að halda upp á árið 2000 með því að það húsnæðið yrði opnað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun kennsluhátta, fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 432. mál. — Þskj. 736.

[00:27]

Flm. (Hjálmar Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um endurskoðun kennsluhátta. Flm. eru auk mín hv. þm. Pétur H. Blöndal og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða kennsluhætti í skólum landsins. Í nefndinni sitji fulltrúar kennarasamtaka, skólastjórnenda, samtaka nemenda, samtaka foreldra, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og menntamálaráðuneytis.

Í rauninni felur þessi tillaga í sér að skipuð verði nefnd með fulltrúum svonefndra hagsmunaaðila, þ.e. þeirra sem koma að kennslu og námi barna og að nefndin endurskoði kennsluhætti og skili tillögum um breytta kennsluhætti sem er megintilgangurinn með þáltill.

Nú má spyrja hvers vegna þáltill. á borð við þessa sé flutt. Segja má að í aldaraðir hafi kennsluhættir lítið breyst. Þeir byggi í rauninni á sömu forsendum og á dögum Forn-Grikkja þegar hinir fróðu stóðu uppi á kössum og messuðu yfir lýðnum. Segja má að skólakerfið og kennsluhættir í skólum byggi að mestu leyti á því sama, nema kennarar standa að vísu ekki uppi á kössum heldur við töflu og flytja sinn boðskap til nemenda. Andspænis þessu má síðan segja að þróun í umhverfinu hafi verið nokkuð önnur. Á ég þar sérstaklega við tækniþróun þar sem komið hafa fram tæki á borð við segulbönd, myndvarpa og síðast en ekki síst tölvuna ásamt því nýjasta á þessu sviði sem er internetið. Það er tækni sem hefur að nokkru leyti rutt sér til rúms í skólunum en ekki síður á heimilunum með afskaplega lifandi námsefni, þ.e. kennsluefni á tölvum, en verulega mikið kennsluefni er á internetinu. Til er kennsluefni á myndböndum og þannig má áfram telja.

Með öðrum orðum er umhverfi nemandans utan skólans afskaplega fjölbreytilegt og líflegt en þegar nemandinn gengur síðan inn í kennslustofuna blasir öllu dauflegra umhverfi við og færist sú deyfð eiginlega yfir á námsáhuga nemandans. Um þetta hafa kennarar rætt um árabil en í grundvallaratriðum má segja að allt skólastarf, einkum á efri stigum grunnskóla og framhaldsskóla byggist á því að nám fari tæpast fram án nærveru kennara sem heldur þar gjarnan fyrirlestra.

Það má segja að sú tækni sem rutt hefur sér til rúms og ég gat um fyrr feli í sér meira jafnrétti til náms en nokkru sinni hefur þekkst og nám geti í rauninni farið fram óbundið tíma og rúmi. Nemendur hafa aðgang að ýmsu lifandi og skemmtilegu kennsluefni heima hjá sér eða þar sem þeir komast í tölvu og þarf kennari í rauninni ekki að vera nálægur til þess að nemandinn geti sökkt sér á vit kennsluefnisins.

Þá snýst þetta einnig um þær ýmsu tilgátur sem eru á lofti um það hvernig nám einstaklings fer fram. Gerist það með hlustun eða gerist það með því að einstaklingurinn er virkjaður sjálfur og leitar sér að efni og er sjálfur að glíma við það? Ég hygg að of mikið af kennslu fari þannig fram að nemandi hlustar og lætur mata sig, skrifar niður, skráir glósur og fylgir þeim í rauninni lítið eftir. Þessi þáltill. felur í sér að þessir þættir verði endurskoðaðir og sú nefnd sem þáltill. felur í sér að verði skipuð komi með tillögur um breytingar þar sem tekið er mið af þessu breytta umhverfi, ekki síst þeirri tækniþróun sem átt hefur sér stað. Það er vert að hafa það í huga líka að lærdómur fer ekki einungis fram í skólum, hann fer ekki síður fram í menntahvetjandi umhverfi nemandans, ekki síst í heimahúsi.

Ég trúi að liðin sé sú tíð, en það eru þó ekki mörg ár síðan, að kennarar áttu það jafnvel til að biðja foreldra um að hafa ekki afskipti af tilteknu námi nemenda sinna. Og nægir þar að rifja upp lestrarnám þegar verið var að innleiða hér svonefndar nýjar lestraraðferðir, kennsluaðferðir í lestri þar sem foreldrar fengu jafnvel tilmæli um að blanda sér ekki inn í kennsluaðferðirnar. Þetta er til allrar hamingju liðin tíð vegna þess að nám barna og unglinga fer tæpast fram öðruvísi en að skilvirkt sé innan skóla og ekki síður inni á heimilunum þar sem nemandinn finnur hvatninguna á báðum stöðum til námsins.

Í ljósi þeirrar tækniþróunar sem átt hefur sér stað hlýtur að vera tekið til skoðunar hugsanlega breytt hlutverk kennarans. Sumir hafa í þessu samhengi nefnt meiri verkstjórn heldur en fyrirlestraform en þarna þarf líka að taka til athugunar hlutverk foreldranna, hlutverk kennarans, gagnvart þeirri nýju tækni sem veruleikinn segir okkur að sé til staðar. Ég vil nefna, herra forseti, nýlegt dæmi af ungu námsfólki í framhaldsskóla sem fékk það verkefni að skrifa ritgerð í erfðafræðiáfanga um klónun. Nemendurnir sneru sér að sjálfsögðu á internetið og gátu sótt sér án nærveru kennara nýjustu upplýsingar um þetta merkilega efni, klónun, og í rauninni upplýsingar sem kennarinn sjálfur hafði ekki aflað sér eða hafði aðgang að. Þetta er einfalt dæmi en segir heilmikið um stöðuna og þá gífurlegu möguleika sem ekki síst internetið býður upp á. Tillagan gerir einmitt ráð fyrir því að kennsluhættir verði skoðaðir í ljósi þessa þannig að nám verði skoðað markvisst og tillögum skilað. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða og þess vegna er mikilsvert að haft sé fullt samráð og samstarf við þá aðila sem að kennslu koma enda gerir þáltill. ráð fyrir því. Ég hygg hins vegar að fyrir löngu sé orðið tímabært að taka þetta til endurskoðunar og veit að margt skólafólk er mér sammála um það. Niðurstaðan af tillögunni, ef samþykkt verður, ætti vonandi að fela í sér leiðir sem gera námið skemmtilegra, markvissara, léttara og dálítið frábrugðið því sem það er í dag gagnvart nemendum landsins.

Ég legg til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[00:36]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Það virkar nú þannig á mig að lesa þessa

tillögu og hlýða á mál flm. að hér sé verið að leggja til um of mikla samræmingu á kennsluháttum í landinu. Mér fannst ræðumaður fjalla þannig um málið að kennsla á Íslandi færi fyrst og fremst fram í fyrirlestraformi og hann virtist lítt upplýstur um þann veruleika sem á sér stað í íslenskum skólum en hann er býsna frábrugðinn þessum fyrirlestraveruleika sem mér fannst ræðumaður birta okkur fyrst og fremst með lýsingum sínum á því skólastarfi sem hann þekkir. (**Gripið fram í:** Það er misskilningur.)

Ég veit ekki hvort hv. flm. hefur hlýtt á Jón Torfa Jónasson afhjúpa þær þjóðsögur sem eru í gangi um nám og kennslu. En þær eru í rauninni þannig að við höldum að tölvur, myndbönd, segulbandsspólur, geisladiskar og öll þessi tæki, sem eiga að gera kennarann óþarfan, séu að gera það. Smám saman muni það vera að gerast. Það hafi verið að gerast. En þegar málið er skoðað nánar kemur í ljós að nemendur sem gátu fengið fyrirlestra á interneti eða gátu fengið kennarann á myndbandi mættu eigi að síður í tíma vegna þess að nám er ekki bara þekkingaröflun, menntun virðist vera miklu fremur í því fólgin að eiga samskipti við annað fólk, að geta átt samræður um það efni sem til umfjöllunar er fremur en að vera viðtakandi. Og þegar frsm. talar hér um jafnrétti til náms þá fyndist mér eðlilegra að tala um jafnrétti til þekkingaröflunar. Það er vissulega rétt að það er meira nú en oft áður en það er samt sem áður svo eða a.m.k. finnst mér, sem hef hlýtt á Jón Torfa fara yfir þessar þjóðsögur, að hvað sem svo öllum kenningum hefur liðið og tækni og nýju umhverfi þá virðist leita í það farið að mannleg samskipti séu fyrst og síðast það sem skiptir máli þegar menntun er annars vegar. Með þessu er ég ekki að gera lítið úr þeim hjálpartækjum sem bjóðast og hafa boðist í kennslu. En ég vara við oftrú á þeim og ég vara við trú á því að tölva eða myndband geti komið í staðinn fyrir þau mannlegu samskipti sem hafa allt frá tímum Sókratesar, af því hér var vitnað í hann áðan, verið uppistaðan í þeirri menntun sem kynslóðirnar hafa öðlast og fengið í arf hver frá annarri.

[00:40]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Einhvers misskilnings gætir hjá hv. þm. Ég hef nokkrum sinnum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hlýða á fyrirlestra Jóns Torfa Jónassonar rektorskandídats. Ég hef lesið mikið um nám, hvernig nám fer fram enda starfað í skóla um 20 ára skeið. Ég tók það skýrt fram að það sem ég sagði ætti líklega meira við framhaldsskóla en grunnskóla og er mér fyllilega meðvitaður um það að í grunnskóla tíðkast meira hópastarf heldur en í framhaldsskóla. Hins vegar var aldrei nefnt og hefur aldrei verið hugsunin að gera kennara óþarfa. Og þess var getið sérstaklega að á bak við þáltill. væri m.a. sú hugsun að í ljósi þess breytta veruleika sem hér var fjallað um þyrfti að endurskoða hlutverk kennarans. Með því er ekki á nokkurn hátt verið að gera lítið úr hinum félagslega þætti sem skiptir miklu máli við nám. Það hafa allar rannsóknir sýnt að hópastarf m.a. hefur mikið að segja um árangursríkt skólastarf, sérstaklega rannsóknir í Bandaríkjunum. — En menn mega að sjálfsögðu ekki hafa oftrú á tækjum og tólum sem koma fram, sagði þingmaðurinn. Við megum heldur ekki hafa vantrú á þeim. Og það sem var kannski kjarninn í því sem ég nefndi áðan var að í grundvallaratriðum er skólastarf enn þá byggt þannig upp að kennari standi í kennslustofunni og nemendur komi til hans. Á þessu þarf að verða breyting, róttæk breyting, það er sannfæring mín — einkum í framhaldsskólanum. (Forseti hringir.) Og ég fullyrði það að um of eru nemendur þiggjendur en ekki nægilega virkir.

[00:42]

Svanfríður Jónasdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég hafi ekkert misskilið í því sem hér var sagt áðan. Hér er talað um endurskoðun á hlutverki kennarans. Auðvitað breytist hlutverk kennarans í takt við þá umgerð sem því hlutverki er sköpuð á hverjum tíma með löggjöf eða öðru, kjarasamningum og því samfélagi sem hver skóli er í vegna þess að við megum aldrei gleyma því að skólinn dregur dám af því samfélagi sem hann er í og endurvarpar samfélagsmyndinni meira og minna inni í kennslustofunni. Hins vegar finnst mér sýn hv. flm. á kennslu eins og hún fer fram í íslenskum skólum tiltölulega þröng. Ég vil endurtaka það. Vegna þess að kennsla í grunnskólum og hlutverk kennarans þar felst ekki bara í fyrirlestrum og hópastarfi. Ég vil meina að í flestum grunnskólum hafi kennarinn fyrir löngu tekið að sér verkstjórnarhlutverkið og að hann líti á sig sem verkstjóra og jafnvel að nemendur líti svo á einnig, ekki síst unglingar. Þannig að ég hef enn á tilfinningunni og hv. flm. hefur ekki tekist að sannfæra mig um annað en að þessi tillaga sé e.t.v. byggð á svolitlum misskilningi.

[00:44]

Flm. (Hjálmar Árnason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er komið fram á næsta dag og ég og hv. þm. munum ekki ná að ræða þetta mál hér í nótt en munum gera það í hv. menntmn. Hér er ekki um nokkurn misskilning að ræða. Bæði höfum við starfað í skóla um árabil og þekkjum bæði skólastarf. Í mínum huga snýst þetta um það að skólastarf eigi að vera skipulagt út frá því hvernig nemandinn lærir, það er eiginlega útgangspunkturinn. Út frá þeirri hugsun finnst mér að skólastarf eigi að vera skipulagt. Hvernig kennarar starfa, hvernig kennsluhættir eru, hvaða búnaður er notaður og þar fram eftir götunum. Það er kjarni málsins, það er útgangspunkturinn. En ég vona að við munum eiga áfram umræður um þetta og málefnalegt starf í hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgangur að íslenskum handritum, fyrri umr.

Þáltill. VS og JónK, 553. mál. — Þskj. 911.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókaútgáfa, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 559. mál. — Þskj. 917.

[00:45]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um bókaútgáfu. Þessi tillaga er má segja flutt óbreytt frá síðasta þingi. Hún fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Í tillgr. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja markvissar aðgerðir til þess að styrkja stöðu bókarinnar og efla bókaútgáfu á Íslandi. Markmiðið með aðgerðunum verði að efla íslenska tungu og glæða menntun og menningu þjóðarinnar jafnframt því að örva ritun bóka og bæta lestrarhæfni og aðstöðu til náms. Enn fremur verði haft að markmiði að auka atvinnustarfsemi tengda prentun, útgáfu og sölu bóka. Skipaður verði starfshópur sem móti tillögur um aðgerðir til eflingar bókinni. Í starfshópnum verði m.a. fulltrúar menntastofnana, námsmanna, kennara, aðila prentiðnaðarins, bókaútgefenda, neytenda og launþega. Hópurinn skili tillögum sínum fyrir árslok 1997."

Með þessari þáltill. vænti ég þess að Alþingi bregðist við og efli bókina og stöðu hennar. Það er tímabært vegna þeirrar samkeppni sem bókin stendur í og það er ævinlega tímabært að styrkja bókina því að hún ber íslenska tungu til okkar og íslensk tunga er sá stofn sem ber uppi íslenska menningu. Án rótfastrar og lifandi tungu eru Íslendingar sviptir þeim sérkennum og þeirri samkennd sem æ fleiri þjóðir gera sér grein fyrir að er nauðsynleg um leið og þær vilja auka samstarf hver við aðra. Við þurfum að geta tekið fullan þátt í samskiptum þjóða og alþjóðlegri starfsemi um leið og við gætum að því sem okkur er mikilvægast, tungunni sjálfri.

Stórar og öflugar þjóðir svo sem Frakkar, Bretar, Norðmenn og fleiri sinna þessum málum mun ötullegar en við Íslendingar og er því kominn tími til að við látum ekki okkar eftir liggja. Við eigum svo sannarlega meira í húfi en þessar stóru þjóðir. Það er bókin sem flytur næringu, þá næringu sem tungunni og menningunni er nauðsynleg.

Ég tel að þáltill. komi fram nú á þeim tíma þegar einmitt hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að „lestur er bestur" eins og kemur fram í fyrirsögn Morgunblaðsins sem með vel og ítarlega hefur gert grein fyrir ýmsum þeim rannsóknum sem hafa farið fram að undanförnu þar sem kemur í ljós að Íslendingar hafa svo sannarlega jákvætt viðhorf gagnvart bókinni og hér ríkir sterk lestrarhefð.

Að þessari rannsókn stóð Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor í Kennaraháskóla Íslands og fleiri. Í fréttum af könnuninni koma fram margvíslegar ábendingar og vil ég, með leyfi forseta, fá að vitna í örfá atriði sem koma fram í frétt og umfjöllun Morgunblaðsins af könnuninni. Þar segir m.a. og er þar vitnað til Hrafnhildar Ragnarsdóttur prófessors við Kennaraháskólann:

„Það sem gerir gæfumuninn hvernig fólki vegnar í lífinu er hversu flinkt það er að búa til langar ræðueiningar," segir hún. Og slíkt hefur fólk frá bókinni. Þá kemur einnig fram í umræddri grein að lestur eykur orðaforðann. Þar kemur fram að Guðmundur B. Kristmundsson, dósent í móðurmáli við Kennaraháskóla Íslands, segir að ekkert auki jafnmikið orðaforðann og lestur. Enn fremur segir að lestur barna sé aukinn með því að hafa bækur alltaf við höndina sem hæfi þroska og áhugamálum hvers og eins, allt frá einföldustu myndabókum upp í fræðirit. Þetta segir okkur að það er ekki einungis gullaldarverkin sem hinum fullorðnu tilheyra sem þarf að hafa við höndina heldur bók sem hentar hverjum aldursflokki.

Með margvíslegum hætti kemur þannig fram hversu mikilvægt er að bókin flytji okkur hina mikilvægu næringu menningar okkar og tungu. Ég tel að jafnvel þótt bóksala hafi tekið nokkuð við sér eftir þá dapurlegu lægð sem að undanförnu hefur ríkt þá megi mun betur gera. Það þarf að skoða feril bókarinnar allt frá því að hún er rituð til þess að hún kemur í hendur lesandans. Á öllum stigum er hægt að gera betur og þannig styðja við það að þjóðin geti notið þess sem kemur fram í rannsókninni, sem sagt bókarinnar sem flytur næringu til tungunnar og menningarinnar.

Virðulegi forseti. Þetta er ekki tækifæri til að setja á langar umræður um ýmis þau áhyggjuefni sem búa mér í brjósti og væntanlega fleiri þingmanna um stöðu íslenskrar tungu en svo sannarlega kippist maður við þegar maður heyrir fastan dagskrárlið á útvarpsstöð hér í Reykjavík sem fluttur er á ensku, eða réttara sagt á bandarískri ensku, tveggja tíma þáttur. Þarna er ekki um innfluttan þátt að ræða sem stundum hefur borið við að séu með föstum og ákveðnum óskalögum, þ.e. innfluttan óskalagatexta eða vinsældarlista, heldur er þarna um þátt að ræða þar sem þulurinn talar til Íslendinga með þeim framburði sem hann hefur tök á og nefnir þar það fólk sem er að hlusta, tekur við símtölum og talar á ensku við hlustendur. Íslendingar taka þátt í því sem þarna er flutt með því að svara margvíslegum spurningum og öðru sem fram kemur. Nú er ég ekki að lasta efni þessa þáttar og ekki að lasta það að menn hafi fjölbreytni í útvarpi en ég hef ekki heyrt nokkurn mann gera athugasemd við þetta. Ég er fyrst og fremst að gagnrýna að þarna er dæmi um andvaraleysi, sem sýnir að við lítum á það aðfinnslulaust að útvarpsstöð flytur mál sitt á erlendri tungu og talar við Íslendinga og þeir svara á erlendri tungu.

Þó að þarna sé um afmarkað dæmi að ræða tel ég að þetta sé einmitt það sem við megum vænta í framtíðinni, að erlend tungumál þyki sjálfsögð og það þyki sjálfsagt að skiptast á skoðunum á erlendu máli eða að hluta til á erlendu máli og eitt dæmi hef ég um það í verslun sem ég kom í fyrir skömmu að þar var afgreiðslumaður sem talaði erlent tungumál og ekkert að því að finna, það var tungumál hans og viðskiptavinirnir svöruðu á sömu tungu og allt var það eðlilegt. Síst er ég á móti því að útlendingar komi hingað og vinni hér. En okkur finnst sjálfsagt að horfa á tölvuleiki, börnin okkar eru í tölvuleikjum og okkur þykir sjálfsagt að hlusta á kvikmyndir og auglýsingar með erlendu tali. Þannig gæti ég lengi talið og bent á hvernig erlend tungumál sækja að móðurmálinu okkar. Það má enginn misskilja orð mín þannig að ég vilji reka hér einhverja einangrunarstefnu. Ég vil einmitt benda á að við eigum að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, læra erlend tungumál og eiga hér samskipti innan lands og utan og nota til þess þau tungumál sem við höfum lært, en íslenskuna, móðurmálið okkar allra, eigum við að varðveita. Varðveisla þess er geymd með margvíslegum hætti en ekki síst með bókinni, vönduðum og góðum bókum. Og þegar ég segi vönduðum og góðum bókum þá vil ég síst gera lítið úr því sem oft hefur verið kallað léttmeti, léttar og einfaldar frásagnir, íslenskt mál sem vel er ritað og berst til fólks stendur ávallt fyrir sínu og á ávallt rétt á sér.

Virðulegi forseti. Ég tel að vegna þeirra dæma sem ég hef hér rakið og vegna þeirra frétta sem koma af lestrarkönnuninni sé fullt tilefni til að þessi þáltill. verði tekin til jákvæðrar og farsællar afgreiðslu hjá menntmn. og verði grunnurinn að því að efla stöðu bókarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 00:57.

103. FUNDUR

miðvikudaginn 16. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til umhverfisráðherra:

1. Reglugerðir um matvæli, fsp. GHelg, 373. mál, þskj. 651.

Til fjármálaráðherra:

2. Störf jaðarskattanefndar, fsp. SighB, 443. mál, þskj. 753.

3. Launakjör karla og kvenna, fsp. SF, 499. mál, þskj. 838.

4. Aðgerðir gegn skattsvikum, fsp. JóhS, 566. mál, þskj. 925.

5. Skattundandráttur, fsp. JóhS, 568. mál, þskj. 927.

Til heilbrigðisráðherra:

6. Reglugerð um ferðakostnað sjúklinga, fsp. ArnbS, 454. mál, þskj. 768.

7. Aðgengi hreyfihamlaðra á fæðingardeild Landspítalans, fsp. KH, 571. mál, þskj. 930.

Til sjávarútvegsráðherra:

8. Steinbítsveiðar, fsp. KHG, 471. mál, þskj. 798.

Til dómsmálaráðherra:

9. Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar, fsp. GHall, 511. mál, þskj. 858.

Til viðskiptaráðherra:

10. Gjaldtaka lögmanna og fjármálastofnana, fsp. JóhS, 567. mál, þskj. 926.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:32]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson, fyrrv. alþingismaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Gunnlaugur M. Sigmundsson, 2. þm. Vestf."

Ólafur Þ. Þórðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

[13:32]

Útbýting þingskjals:

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 408. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 957.

Steinbítsveiðar.

Fsp. KHG, 471. mál. — Þskj. 798.

[13:33]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á síðasta ári tók hæstv. sjútvrh. þá ákvörðun að takmarka veiðar á steinbít og fella þær veiðar undir aflamark samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Fram að því höfðu þær veiðar verið öllum skipum frjálsar sem höfðu leyfi til veiða í atvinnuskyni að undanskildu fyrsta ári kvótakerfisins, árið 1984. Samkvæmt umræddum lögum er forsenda breytingarinnar að nauðsynlegt sé talið að takmarka veiðar úr stofninum.

Við athugun á veiði steinbíts sl. tíu ár kemur í ljós að aflinn hefur verið nokkuð stöðugur, frá 12 þús. til 15 þús. tonna árlega að undanskildum tveimur árum, 1991 og 1992, en þá var aflinn 16 þús. og 18 þús. tonn hvort ár. Tillögur Hafrannsóknastofnunar fyrir næstliðið fiskveiðiár, 1995–1996, hljóðaði upp á að aflinn færi ekki yfir 13 þús. tonn. Og þótt hann yrði liðlega 14 þús. tonn gerði stofnunin óbreyttar tillögur fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Þessar upplýsingar benda ekki til þess að nauðsynlegt hafi veri að grípa til takmörkunar á veiði og er því spurt: Hvers vegna voru veiðar á steinbít felldar undir aflamarkskerfi laga um stjórn fiskveiða?

Þá er rétt að benda á að takmörkunin kemur afar misjafnt niður á skip og báta. Aflamarksbátar höfðu áður frjálsa veiði á steinbít en þær eru nú takmarkaðar við tiltekið magn. Hins vegar verða svonefndir krókabátar ekki fyrir takmörkun af þessari ákvörðun, jafnvel ekki svonefndir þorskaflahámarksbátar sem búa við aflamark í þorski. Samkvæmt upplýsingum mínum var samtals um 992 báta að ræða 1. sept. sl. sem féllu utan þessarar ákvörðunar. Sérstaklega verður mismunurinn augljós í línuveiðum þegar borinn er saman möguleiki aflamarksbáta og þorskaflahámarksbáta. Er því spurt: Hvernig er gætt jafnræðisreglu í ljósi þess að allmargir bátar voru við ákvörðunina undanþegnir takmörkun á veiði á steinbít?

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar er það að segja að í skýrslu Hafrannsóknastofnunar fyrir fiskveiðiárið 1996–1997 sagði m.a. varðandi steinbítsstofninn, með leyfi forseta:

„Ályktа verður að aflinn síðustu þrjú ár hafi verið meiri en sem nemur varanlegum afrakstri stofnsins. Meðalaflinn tímabilið 1988–1992 var rúmar 15 þús. lestir. Hafrannsóknastofnun leggur því til að aflinn á fiskveiðiárinu 1996–1997 fari ekki umfram 13 þús. lestir.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar og með tilliti til þess að vænta mátti aukinnar sóknar í þennan stofn var sú ákvörðun tekin að ákveða leyfðan heildarafla úr þessum stofni og fella veiðar á steinbít undir aflamarkskerfið og var ákveðið að leyfilegur heildarafli yrði 13 þús. lestir í samræmi við tillögur Hafrannsóknastofnunar. Afli krókabáta var áætlaður 2.500 lestir og komu því 10.500 lestir til skipta á milli aflmarksskipanna.

Varðandi síðari lið fyrirspurnarinnar er það að segja að allmargir bátar eru undanþegnir takmörkunum á veiði á steinbít. Í því sambandi skal á það bent að veiðar krókabáta hafa fram til þessa ekki verið takmarkaðar með einstaklingsbundnu aflamarki í einstökum tegundum. Það var fyrst með lagabreytingum sem tóku gildi í upphafi fiskveiðiársins 1996–1997 að útgerðum krókabáta var gefinn kostur á að velja á milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki eða stunda veiðar á sóknardögum með handfærum eingöngu eða með línu og handfærum. Þeim bátum sem leyfi hafa með þorskaflahámarki er heimilt að veiða ótakmarkað aðrar tegur en þorsk, þar með talinn steinbít. Þegar þeir hafa aftur á móti náð þorskaflahámarki sínu eru þeim allar veiðar óheimilar.

Krókabátum sem leyfi hafa með sóknardögum er heimilt innan sóknardaganna að veiða allar tegundir án magntakmarkana. Þessi skipan veiða krókabáta var ákveðin með lögum nr. 105/1996, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og tóku eins og fram hefur komið gildi við upphaf yfirstandandi fiskveiðiárs.

Það má að vísu segja að þorskaflahámarksbátar hafi við þessa breytingu fengið nokkru meiri möguleika til veiða á öðrum tegundum en þorski en aðrir krókabátar því þeir eru undanþegnir dagatakmörkunum. Hins vegar er jafnframt ljóst að fylgst verður með þróun mála að því er varðar veiðar báta í þorskaflahámarkinu. Komi í ljós að veiði einhverra kvótabundinna tegunda, sem ekki lúta hámarki í veiðum þessara báta, fari úr hófi fram þá þarf það að koma til sérstakrar skoðunar.

[13:39]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta mál snýst líka um það að með ákvörðun um að binda þessa fisktegund í aflamark er verið að ákveða að tiltekin fyrirtæki fái stórkostlega aukin verðmæti í sinn hlut og þau eru að bæta eiginfjárstöðu sína verulega. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að spyrja hver þau eru og hversu mikla fjármuni þau fengu upp úr þessari ákvörðun.

Sömuleiðis væri fróðlegt að spyrja, sem ekki er tími til hér en fyrirspurnin vekur athygli á, hvaða áhrif það hafði og á hvaða forsendum var tekin ákvörðun um að binda í aflamark veiðar á tilteknum flatfisktegundum á síðasta ári sem hafði gríðarleg áhrif á eiginfjárstöðu a.m.k. tveggja ef ekki þriggja fyrirtækja á Suðurlandi.

Þetta nefni ég hér, herra forseti, vegna þess að það er á reiki margur óhreinn andinn í kringum þessi mál.

[13:40]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Það er ljóst eftir þessi svör og þær upplýsingar sem komu fram í framsögu fyrir fyrirspurninni að veiðar á steinbít eru ekki með þeim hætti að ástæða hafi verið til þess að grípa til takmarkana með því að fella veiðarnar undir aflamarkskerfi. Stofninn var heldur ekki í því ástandi að ástæða væri til að gera slíkt. Athyglisvert er að ráðherra kýs að gera það nú þó að hann hafi kosið að gera það ekki árið áður jafnvel þó að Hafrannsóknastofnun væri þá líka með meðmæli um hámark heildarveiði, þannig að stundum fer ráðherrann eftir tillögu Hafró og stundum ekki. Ef ástæða væri til að takmarka veiðar frá því sem er til þess að verja stofninn, þá ætti væntanlega úthlutað aflamark að vera lægra en veiðin hafði verið árið á undan. Það er ekki. Ráðherrann útdeilir aflamarki sem er í meginatriðum það sama og veiðin hefur endurspeglað á liðnum árum þannig að það er ekki verið að taka niður veiðina eða aflann sem má taka úr stofninum. Það er bara verið að útdeilda verðmætum, virðulegi forseti.

Það er niðurstaða mín eftir að hafa hlýtt á svör ráðherra að þessi ákvörðun var ekki fiskifræðileg, hún var efnahagsleg og hún var studd kröfum einstakra fyrirtækja um efnahagslegar hagsbætur sér til handa jafnvel þótt ákvörðunin kæmi misjafnlega niður á aðra útgerðarmenn eftir og þó sérstaklega eftir landsvæðum, á stöðum eins og Vestfjörðum þar sem steinbítsveiðar eru mjög miklar á ákveðnum tíma árs. Þessi takmörkun ráðherra hefur komið mjög illa niður á aflamarksbáta á landsvæði eins og Vestfjörðum sem höfðu litla veiði á næstliðnum árum vegna lítillar gengdar steinbíts á árunum næst á undan sem notuð eru til viðmiðunar. Sem dæmi má nefna aflamarksbát sem fékk 196 tonn í steinbít árið 1984 en fékk nú aðeins 74 tonn af því að veiðin hefur færst yfir á stærri skipin. Þegar veiðin hefur verið minni á grunnslóð, þá er þetta því miður niðurstaðan.

Það er því niðurstaða mín, virðulegi forseti, að ráðherra var einfaldlega að gæta hagsmuna tiltekinna útgerðarfyrirtækja.

[13:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það eru alveg skýr ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða um þessi efni sem leggja ráðherra skyldur á herðar þegar fyrir liggur mat Hafrannsóknastofnunar á ástandi tiltekinna stofna. Og eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda mætti fremur gagnrýna ráðherrann fyrir það að hafa ekki ákveðið ári fyrr að þessar veiðar færu í kvóta því að það voru gild rök fyrir því að taka þessa ákvörðun einu ári fyrr. Og þær dylgjur sem hér eru bornar fram af hv. þingmönnum eru fyrir neðan allar hellur. Eða hvaða hagsmuni eru þeir að verja þegar þeir bera það fram hér í þinginu að ráðherra eigi að virða lögin að vettugi og leyfa hér stjórnlausar veiðar á stofnum þegar vísindalegar niðurstöður liggja fyrir um nauðsyn þess að stjórna þurfi veiðum? Hvaða hagsmuni er þá verið að verja? Ég spyr.

Skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

Fsp. GHall, 511. mál. — Þskj. 858.

[13:44]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Miklar umræður um öryggismál sjómanna hafa farið fram að undanförnu. Það hafa verið miklar ádeilur á öryggiseftirlit og umdeilt þegar frávik eru leyfð frá settum öryggisreglum um búnað skipa. Hins vegar þarf ekki mikið til að bifreið sé tafarlaust tekin úr umferð ef öryggisbúnaði er áfátt. Ég tel að það sé löngu tímabært að verulega verði hert á tökum ef búnaður skipa er ekki í lagi og legg því fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um skyndiskoðanir Landhelgisgæslunnar.

1. Hvað hafa starfsmenn Landhelgisgæslunnar farið um borð í mörg skip á miðunum frá ársbyrjun 1994 til þessa dags?

2. Hvaða helstu athugasemdir hafa komið fram við þessar skoðanir

a. um öryggisbúnað,

b. um lögskráningu,

c. um athugun á veiðarfærum?

3. Eru dæmi um að sama skip hafi fengið áminningu eða því verið stefnt í land oftar en einu sinni og ef svo er, hve oft og hve mörg skip?

4. Hvernig hefur verið tekið á ítrekuðum brotum? Hvað mörg slík mál hafa verið afgreidd og hve mörg eru óafgreidd?

Þessi spurning er kannski vegna þess að líka hefur borið á því að þegar skip hafa verið tekin vegna þess að búnaður hefur ekki verið í lagi og málið sent til viðkomandi yfirvalda, þá er eins og í dómskerfinu hafi málið verið látið falla niður eða þá fallið í gleymskunnar dá.

[13:46]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við 1. lið fyrirspurnarinnar er það að segja að á tímabilinu 1. janúar 1994 og til og með 4. apríl 1997 hafa varðskip Landhelgisgæslunnar framkvæmt skyndiskoðanir á 1.722 skipum. Athugasemdir voru gerðar í 74% tilfella en skoðanirnar skiptust þannig að aflaskoðanir voru 1.137, þar af 303 með athugasemdum. Veiðarfæraskoðanir voru 999, þar af 64 með athugasemdum. Búnaðarskoðanir voru 1.425, þar af 830 með athugasemdum og athuganir á réttindum og skráningu voru 1.488 og þar af 792 með athugasemdum.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar, um björgunarbúnað, er það að segja að 210 athugasemdir voru gerðar þar sem björgunaræfingar höfðu ekki verið haldnar. 327 athugasemdir þar sem björgunarhringjum var áfátt. Í tvö skipti vantaði björgunarbát. 85 athugasemdir voru gerðar þar sem ljósabúnaði var áfátt. 193 sinnum var hlustvarsla ekki í lagi, slökkt á talstöðvum, bilaðar talstöðvar eða engin talstöð um borð. 41 sinni voru merkingar í ólagi, skipaskrárnúmer vantaði, umdæmisnúmer röng eða ólæsileg. 19 sinnum hafði búnaðarskoðun ekki farið fram. 24 sinnum hafði nýliðafræðsla ekki verið haldin. 360 sinnum voru gerðar athugasemdir þar sem atvinnuskírteini vantaði eða var áfátt. 168 athugasemdir voru gerðar vegna atvinnuréttinda. 189 athugasemdir þar sem vantaði tiltekna menn, oftast vélaverði, en fimm sinnum var enginn skráður skipstjóri um borð. Ég endurtek, herra forseti: fimm sinnum var enginn skráður skipstjóri um borð. 87 athugasemdir voru með útrunnin haffæriskírteini. 16 sinnum vantaði undanþágupappíra. 119 sinnum var lögskráning í ólagi og í 124 skipti voru skipsskjöl ekki í lagi eða ekki um borð. Í 21 skipti voru möskvar veiðarfæra of smáir. Í 103 skipti var afli undir máli og í 42 skipti vantaði veiðileyfi um borð. Í 10 skipti voru skip með rangar merkingar á veiðarfærum. Átta skipum var vísað í land vegna þessara skoðana þar sem talið var að um svo alvarlega ágalla væri að ræða að óhjákvæmilegt væri að vísa þeim beint í land en engu skipi var vísað oftar en einu sinni. Í öllum tilvikum var kæra send til viðkomandi sýslumanns. Dómsmrn. hefur gengið eftir því við sýslumannsembættin að fá upplýsingar um afdrif þeirra mála en þær liggja ekki fyrir enn sem komið er en munu að sjálfsögðu verða birtar þegar þær hafa borist.

[13:50]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Þær tölur sem komið hafa fram í máli hæstv. dómsmrh. eru mjög sláandi og ljóst að athugasemdir eru gerðar við gríðarlegan fjölda skipa sem skoðuð eru á hafi úti.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því í framhaldi af þessu hvort eitthvert samstarf sé á milli Landhelgisgæslu og Siglingastofnunar um aðgerðir í þessu máli þannig að hægt sé að koma tökum og eftirfylgju með þessu alvarlega ástandi og hvort einhverjar aðgerðir af hálfu Siglingastofnunar hafi farið í gang á sama tíma.

[13:51]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. En á sama tíma og ég þakka fyrir svörin verð ég að segja að þau hryggja mig og það setur að manni hroll. Hvað er eiginlega að gerast í fiskiskipaflotanum? Hvað er eiginlega að gerast í öryggismálunum? Hver er að gera kröfu til hverra? Hvar standa sjómenn sjálfir í þessu máli? Getur það verið að þarna skarist annars vegar samgrn. og dómsmrn., þ.e. samgrn. sér um að skoðun fari fram og síðan er það dómsmrn. að hafa eftirlit með málum?

Þetta er óeðlilegt og hlýtur að vekja upp þá spurningu hvort ekki sé eðlilegt að Siglingamálastofnunin sé undir dómsmrn. sem hefur á að skipa skipum sem geta verið á miðunum til þess að fylgjast með þessu. Þetta er ekkert smámál eins og kom fram hjá dómsmrh. Ef miðað er við þau 1.722 skip sem Landhelgisgæslan hefur skoðað á þessu tímabili, þá eru þetta um tvö skip á dag sem skoðuð eru og af þessum skipum er búnaðarskoðun í 58,3% tilvika ekki í lagi og í 53% tilvika eru réttindi og skráningar ekki í lagi. Og í 19 skipti hafði búnaðarskoðun ekki farið fram. Ég hélt, virðulegi forseti, að Siglingastofnunin hefði þetta nokkuð í hendi sér hvaða skip væru á sjó, það væri mjög auðvelt að afla þeirra upplýsinga og mundi tafarlaust stoppa þessi skip ef búnaðarskoðun hefði ekki farið fram. Getur verið að ríki nánast frumskógarástand í þessum málum í fiskiskipaflotanum? Sem betur fer passa fjölmargir skipstjórnarmenn mjög vel upp á öryggisbúnað og öryggi sinna manna á skipum. En samt sem áður eru hér nokkrir aðilar, og allt of margir, sem þarf að taka hressilegu taki svo að slík óáran sem birtist í máli dómsmrh. fái ekki að viðgangast lengur.

[13:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þær upplýsingar sem hér koma fram færa okkur heim sanninn um að í allt of mörgum tilvikum eru gerðar athugasemdir við búnað skipa eða önnur þau atriði sem eiga að vera í lagi. Vissulega er í sumum tilvikum um minni háttar atriði að ræða en í allt of mörgum tilvikum er um að ræða mjög alvarleg atriði sem fyllsta ástæða er til að gefa gaum.

Mér er ekki kunnugt um hver hafa verið viðbrögð Siglingastofnunar vegna athugana sem Landhelgisgæslan hefur gert. En þessar upplýsingar vekja hins vegar upp þá spurningu hvort ekki sé unnt á einhvern hátt að koma við skjótari viðbrögðum en er í dag og hraðvirkari afgreiðslu þessara mála og hugsanlega sektarvaldi Landhelgisgæslu í einhverjum tilvikum í samræmi til að mynda við heimildir löggæslunnar um umferðarlagabrot. Þetta eru atriði sem ég held að þurfi að huga að í framhaldi af þeim upplýsingum sem hér liggja fyrir.

Störf jaðarskattanefndar.

Fsp. SighB, 443. mál. — Þskj. 753.

[13:56]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Nú um nokkurt skeið hefur verið rætt um háa jaðarskatta, ekki síst vegna tekjutengingar í félagslega kerfinu en sú tekjutenging getur leitt til þess að samanlögð jaðarskattaáhrif skattkerfisins og tekjutengingarinnar geta numið um eða yfir 70% fyrir barnafólk og fyrir aldrað fólk með tiltölulega lágar tekjur getur jaðarskattahlutfallið verið yfir 100%, þ.e. að fyrir hverja viðbótarkrónu sem aldraða fólkið þénar missir það meira en samsvarar þénustunni í gegnum tekjutenginguna. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst vilja sínum til að taka á þessu vandamáli og ríkisstjórnin mun hafa tekið það upp í starfsáætlun sína að á þessu vandamáli

yrði tekið þannig að hæstv. ráðherra fjármála skipaði nefnd sem kölluð hefur verið jaðarskattanefnd til að fjalla um þetta mál og gera tillögur um úrbætur.

Það brá hins vegar svo við að hæstv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að taka hluta af viðfangsefninu inn á Alþingi með flutningi sínum á frumvörpum um skattamál sem hér liggja fyrir og þess vegna er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. um framhaldið og ég leyfi mér að spyrja:

1. Er fyrirhugað að jaðarskattanefnd ljúki störfum og ef svo er, hvenær er þess þá að vænta?

2. Verða hugmyndir og tillögur nefndarinnar kynntar á yfirstandandi þingi?

3. Er þess að vænta að frumvarp verði lagt fram á yfirstandandi þingi um sérstakar aðgerðir til þess að draga úr jaðarskattsáhrifum tekjutengingar í lífeyrismálum aldraða og öryrkja, t.d. að því er varðar tekjutengingu heimilisuppbótar, sérstakrar heimilisuppbótar og annarra slíkra bótagreiðslna?

Það er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á síðustu fyrirspurninni, virðulegi forseti, vegna þess að þetta eru einmitt þeir hópar aldraðs fólks og öryrkja sem hafa mjög lágar tekjur en þó e.t.v. nokkrar þúsundir á mánuði og þurfa að upplifa það að fyrir hverja krónu sem þetta gamla fólk vinnur sér inn missir það jafnverðmætar eða jafnvel verðmætari krónur í gegnum tekjutenginguna við tryggingakerfið.

[13:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar fyrirspurnir. Varðandi fyrri lið fyrirspurnarinnar vil ég segja þetta:

Jaðarskattanefnd hefur fjallað um ýmsar leiðir til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótakerfisins, þ.e. þess bótakerfis sem er í skattkerfinu. Það eru bætur sem dregnar eru frá tekjum eða réttara sagt bætur sem eru í skattkerfinu og njóta yfirleitt skattfríðinda. Á síðustu vikum og mánuðum fyrir gerð kjarasamninga beindist umræðan í nefndinni einkum að ákveðnum hugmyndum um lækkun á almenna tekjuskattshlutfallinu, sameiningu beggja barnabótakerfanna og afnámi tekjutengingar í vaxtabótakerfinu. Þær hugmyndir um lækkun tekjuskatts og breytingar á barnabótum og vaxtabótum sem ríkisstjórnin hefur nýlega kynnt eru í meginatriðum í anda þeirra hugmynda sem einkum hafa verið ræddar í nefndinni á undanförnum vikum og mánuðum og þótt þær beri ekki að skoða sem tillögur nefndarinnar er óhætt að segja að þær endurspegli hugmyndir margra nefndarmanna. Það er rétt að segja frá því að fulltrúar ASÍ lögðu fram aðrar tillögur eða ábendingar og vildu taka upp þriggja þrepa tekjuskattskerfi.

Ég geri fastlega ráð fyrir því að nefndin ljúki störfum fljótlega og leggi um leið fram skilagrein um athuganir sínar og umræður og sú skilagrein verður að sjálfsögðu gerð opinber.

Ég vil taka það fram vegna síðari fyrirspurnarinnar að í embættisbréfi jaðarskattanefndarinnar er einungis verið að ræða um skattkerfið, ekki um bótakerfi almannatryggingakerfisins, en síðari hluti fyrirspurnarinnar fjallar um það og það er vissulega mikilvægt atriði.

Ég hygg að hv. fyrirspyrjandi viti kannski þingmanna best hvernig háttar til um tekjutengingar í lífeyrismálum því að þegar hann var heilbrrh. átti hann drjúgan þátt í að koma þeim á. Ég minni á að tekjuskerðing grunnlífeyris var t.d. tekin upp árið 1992 í ráðherratíð hans. Enn fremur voru tillögur um tekjuskerðingu vegna fjármagnstekna undirbúnar í hans ráðherratíð. Það er hins vegar rétt að minna á hvers vegna tekjutengingar eru notaðar því að þær geta átt rétt á sér, eðlilega. Markmiðið er að beina fjármununum og aðstoð einkum til þeirra einstaklinga sem þurfa sérstaklega og raunverulega á þeim að halda. Menn mega ekki gleyma þessu grundvallaratriði í hita leiksins og í allri umræðunni um að draga úr jaðaráhrifunum, hvort sem er í skattkerfinu eða bótakerfinu.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að það þurfi að draga úr tekjuskerðingaráhrifum í bótakerfinu og það hefur verið til sérstakrar skoðunar á vegum ríkisstjórnarinnar að undanförnu. Tillögur um þetta atriði eru á lokastigi og verða vonandi kynntar og afgreiddar innan skamms. Ég vil taka það fram að það er ekki víst og reyndar ólíklegt að það þurfi á þessu stigi málsins að flytja frv. Hægt er að breyta sumu af þessu með reglugerðum og ef um fjárútlát er að ræða umfram það sem lög heimila á þessu stigi, þá hefur oftsinnis áður verið gripið til þeirra aðgerða að samþykkja að slíkt verði lagt fram með fjáraukalögum.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari þeim fyrirspurnum sem hér hafa verið lagðar fram og mælt fyrir.

[14:02]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Það er ánægjulegt að vita að jaðarskattanefnd mun væntanlega ljúka störfum og skila niðurstöðum áður en þingi lýkur en ég skildi hæstv. ráðherra svo að það yrði, með öðrum orðum að hægt yrði að skoða tillögur jaðarskattanefndar ef hún nær sameiginlegum tillögum áður en lokið er við afgreiðslu Alþingis á þeim skattalagafrv. sem ríkisstjórnin hefur fært fram.

Ég harma það hins vegar að nefndinni hafi ekki verið skapað svigrúm til þess að skoða ekki bara tekjutengingu þeirra bóta sem ákvarðast í skattalögum eða í skattkerfinu sjálfu heldur ekki síður áhrif tekjutengingar á bætur í tryggingakerfinu. Hæstv. ráðherra veit mætavel að ég gerði ítrekaðar tilraunir til þess í fyrri ríkisstjórn að fá slíka athugun gerða en um það varð ekki samkomulag fyrr en á allra síðustu mánuðum þegar sú athugun gat hafist. Það er ekki vansalaust að tekjuskerðingarákvæðin skuli vera slík fyrir lágtekjufólk, aldrað fólk og fatlað sem er með kannski örfáar þúsundir króna í tekjur, innan við 5 þús. kr. í tekjur á mánuði, að hver viðbótareyrir sem það kann að afla sér verði til þess að það missi meira heldur en því svarar úr tryggingakerfinu. Ég hef alltaf haft áhuga á því að gera þær umbætur að skoða þetta kerfi í heild sinni og ég vona að þessi síðustu orð hæstv. ráðherra þýði að ríkisstjórnin hafi sett slíka vinnu í gang og að einhverrar niðurstöðu sé að vænta af henni, vonandi nógu tímanlega til þess að Alþingi geti tekist á við þetta vandamál og leyst það ef lausn þess þarf að koma til kasta Alþingis. En ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðherra um það hvort sú athugun, sem yfir stendur á vegum ríkisstjórnarinnar, eins og hann tók til orða, sé einmitt um það að koma í veg fyrir að jaðarskattsáhrif tekjutengingar í bótakerfi almannatrygginga geti verið jafnskelfileg og þau eru í dag.

[14:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það er kannski ástæða til að skipta þessu viðfangsefni í tvennt. Annars vegar er um að ræða athugun sem hv. þm. minntist á og var hafin að því er ég held

í tíð hans sem heilbrrh., enda minntist hann á það sjálfur í sinni ræðu. Það starf er á vegum nefndar sem heyrir undir heilbr.- og trmrn. og því starfi verður haldið áfram. Starfið er mjög flókið vegna þess, eins og hv. þm. sagði og þingheimur veit, að skerðingarákvæðin í almannatryggingalögunum eru afskaplega misjöfn og mjög flókin og í raun og veru svo flókin að það er erfitt fyrir það fólk sem á að njóta bótanna að þekkja öll þau ákvæði nákvæmlega.

Það er t.d. sitt hvort skerðingarákvæði eftir því hvort tekjurnar koma sem launatekjur, sem tekjur úr lífeyrissjóðum eða sem tekjur af fjármagni eða eignum og allt veldur þetta nokkrum glundroða.

Ég er ekki að tala um að okkur takist á næstu dögum eða vikum að klára þetta starf. Ég er hins vegar sannfærður um það að við getum á næstu vikum lokið því verkefni að takast á við það sem kannski er brýnast að laga og mest hefur verið í umræðu alveg upp á síðkastið. Ég er ekki viss um að það þurfi að koma til kasta Alþingis í löggjafarformi en vonandi tekst okkur að ljúka þessu verki áður en Alþingi fer heim í vor.

Launakjör karla og kvenna.

Fsp. SF, 499. mál. — Þskj. 838.

[14:06]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvaða áhrif hann telur að nýlegur dómur Hæstaréttar um jafnan rétt karla og kvenna til launa hafi á kjör og launaþróun almennt á vinnumarkaðinum hér. Dómur þessi varðar laun útsendingarstjóra hjá ríkissjónvarpinu, karls og konu, sem voru í sama starfi. Í þessum dómi vinnur konan mál, þar sem grunnlaun hennar eru lægri en grunnlaun karls sem er í sama starfinu.

Í dómskjölum kemur fram að ríkið telji að bera verði saman heildarkjör þessara tveggja einstaklinga, þ.e. grunnlaun sem og aðra þætti eins og lífeyris-, orlofs- og veikindarétt. Þannig sé hægt að sanna hvort það sé munur á launum þeirra. Ríkið gerði hins vegar ekkert til þess að upplýsa um heildarkjör þessara starfsmanna og í dómnum segir að samkvæmt almennum sönnunarreglum standi það ríkinu nær að sýna fram á að hlutlægar ástæður hafi ráðið launamuninum en þó ekki kynferði. Það hafi ríkið ekki gert og mismunandi kjarasamningar geti ekki einir sér réttlætt launamismun karla og kvenna. Því vinni konan málið og hún eigi að hafa sömu grunntaxtalaun og karlinn. En eins og allir vita og ríkisvaldið hefur oft haldið á lofti í kjarasamningaviðræðum eru tiltölulega lág taxtalaun ríkisins réttlætt með því að ýmis önnur réttindi, lífeyrisréttindi, orlofs- og veikindaréttur, séu betri hjá ríkinu en á almenna vinnumarkaðinum og því spyr maður sig nú í kjölfar dómsins: Gæti karlmaðurinn, sem samkvæmt hæstaréttardómnum á að vera á sömu grunnlaunum og konan, kært á grundvelli jafnréttislaga þar sem hann væri að sínu mati verr staddur en konan eftir dóminn, þ.e. hann nýtur ekki sömu kjara og hún því að hans lífeyris-, orlofs- og veikindaréttur er trúlega minna virði en hennar? Leiðir ekki þessi dómur því til þess að það þurfi að samræma öll kjör innan vinnustaða þar sem mismunandi kjarasamningar geta ekki réttlætt mismunandi laun kynja? Mitt mat er að þessi dómur sé skilaboð um að það verði að eiga sér stað heildarsamræming á launum innan fyrirtækja eða vinnustaða og færa samninga um kaup og kjör meira út á vinnustaði.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála þessu mati mínu.

Þessi dómur vekur líka upp þá spurningu til hverra ráða hefði verið gripið ef viðkomandi kona hefði ekki verið í nákvæmlega sama starfinu og karlmaðurinn heldur í að hennar mati jafnverðmætu og sambærilegu starfi því að í jafnréttislögum segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun og þau skuli njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Hvar liggur sönnunarbyrðin? Hver á að skera úr um hvort starf sé jafnverðmætt eða sambærilegt? Slíkt er varla hægt hér á landi nema með starfsmati sem við Íslendingar höfum ekki notað í dómsmálum svo ég viti til, enda er ekki til nein miðlæg, viðurkennd stofnun sem hefur reynslu á því að framkvæma starfsmat sem hægt er að byggja á. Það má því segja, þótt það sé mjög harður dómur, að jafnréttislögin okkar eru gagnslítil gagnvart launamálum kynja þar sem við höfum engin tæki til þess að framfylgja þeim. Því spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann telji að þessi niðurstaða dómsins kalli á það að við verðum að koma okkur upp einhverju tæki, svo sem starfsmati til þess að geta borið saman hvaða laun séu jafnverðmæt og sambærileg eins og jafnréttislögin segja til um.

[14:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil segja strax að ég tel spurningarnar eðlilegar og er að mestu leyti sammála hv. fyrirspyrjanda í þeim ályktunum sem hún dregur, einkum og sér í lagi af dómnum sjálfum. Ég ætla ekki að rekja þennan dóm, hann er nokkuð þekktur, en annars vegar var um að ræða konu sem var í Útgarði, Félagi háskólamanna, og hins vegar karlmann í Rafiðnaðarsambandi Íslands, en fyrir liggur að konan gat gengið í Rafiðnaðarsamband Íslands. (Gripið fram í.) Ja, það kemur ekki fram í málskjölunum. (Gripið fram í.) Nei, það held ég ekki. Það er að vísu þannig, það er rétt að því leytinu til, að vegna menntunar sinnar hefði hún ekki getað gengið inn í nákvæmlega sama launaflokk á þeirra vegum en það hefði verið miklu auðveldara fyrir þá sem réðu ríkjum að leiðrétta það þá á vinnustaðnum en það er kannski önnur saga. En það liggur fyrir að hún gat verið í Rafiðnaðarsambandinu, enda held ég að málið snúist kannski ekki fyrst og fremst um þetta atriði sem er minni háttar.

Vandinn er sá í þessum dómi að með honum held ég að verið sé að senda þau skilaboð til ríkisins í þessu tilfelli að ríkið eigi sem vinnuveitandi að sanna það að réttindin séu betri hjá þeim sem lægri hefur launin og að ríkið hafi láti undir höfuð leggjast að gera það að sýna fram á að veikindaréttur, fæðingarorlof og lífeyrisréttur starfsmannsins í Útgarði sé betri en starfsmannsins í Rafiðnaðarsambandinu. Það var ekki gert einfaldlega vegna þess að það var til dómur frá 1982 annars vegar og hins vegar vegna þess að það hefur aldrei farið fram heildarúttekt á því nákvæmlega upp á punkt og prik hvers virði í krónum og aurum slík réttindi eru, enda er það sjálfsagt ekki hægt. Þetta leiðir okkur í ákveðinn vanda og ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. að þetta hlýtur í raun að ýta undir það að gerðir séu samningar á vinnustöðunum sjálfum. Ég er sammála því. Og eitt af því sem hægt er að grípa til þegar verið er að vega og meta hver launin eiga að vera á vinnustöðunum er auðvitað starfsmat og eins og hv. fyrirspyrjandi veit og m.a. birtist í blaðagrein, ef ég man rétt, í síðasta mánuði af

hennar hálfu, þá hefur frá því í mars á árinu 1995 starfað á vegum félmrh. starfshópur með aðild ASÍ, BHM, BSRB, Vinnumálasambandsins, Jafnréttisráðs, Reykjavíkurborgar, fjmrn. og félmrn. og starfshópurinn hefur verið að undirbúa tilraunaverkefni þar sem starfsmati verður beitt á stofnanir ríkis og borgar, einmitt þetta kynhlutlausa starfsmat.

Í nokkrum kjarasamningum frá árinu 1995 er að finna bókun sem varðar þennan starfshóp þar sem aðilar þessir fylgjast með framvindu málsins. Ég tel og það sést auðvitað að með því að taka þátt í þessum starfshópi sem fjmrn. hefur gert og við höfum stutt við bakið á honum, þá viljum við kanna það rækilega hvort starfsmat af þessu tagi geti gagnast við jöfnun á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði. Mér þykir sjálfsagt að bíða eftir því hver niðurstaðan verður, kanna það rækilega hvort hægt sé að nota slíkt starfsmat.

Það er þó mikilvægt, og það hef ég reyndar sagt áður, að áður en starfsmat er notað þá sé öllum þeim sem koma að málinu ljóst hvernig á að nota niðurstöður starfsmatsins. Ég þekki þessi mál nokkuð frá fyrri tíma því að þetta kemur svona í bylgjum yfir okkur og mér er það kannski ljósar þess vegna hve gífurlega mikilvægt það er að menn séu sammála um þau gildi sem eru í starfsmatinu og það er það sem skiptir öllu máli.

Ég vil líka bæta því við, virðulegi forseti, að því miður sýnist mér að það sé þannig með sum launþegafélögin hjá hinu opinbera að þau skilji ekki gildi þess að færa launasetninguna meira út á vinnustaðina og gera launasetninguna persónubundnari en um leið opnari, gagnsærri og fylgjandi sérstökum reglum. Önnur launþegasamtök, t.d. BHM hafa hins vegar haft forustu um það að sækja um styrk á alþjóðavettvangi, nánar tiltekið á vegum Evrópusambandsins, um það að kynna sér og kanna gagnsemi starfsmats, kynhlutlauss starfsmats. Þau hafa haft samband við ýmsa hérlenda aðila, þar á meðal fjmrn. og það er til skoðunar núna hvort fjmrn. tekur þátt með einhverjum hætti í þessu verkefni sem BHM stendur að til þess að leita að því hvort slíkt tæki sem hv. fyrirspyrjandi nefndi sé til gagns til þess að ná fram því sem ég tel að allur þingheimur sé sammála um og margir fleiri að ná fram fullu jafnrétti milli kynjanna á launamarkaði hér á landi.

[14:15]

Fyrirspyrjandi (Siv Friðleifsdóttir):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessi svör. Rétt skal vera rétt og ég vil að það komi mjög skýrt hér fram að í dómnum segir að báðir þessir útsendingarstjórar völdu það stéttarfélag sem samrýmdist best menntun þeirra með hliðsjón af launakjörum og það hafi komið fram að viðkomandi kona hefði ekki náð sömu grunnlaunum og samstarfsmaður hennar með því að gerast félagi í Rafiðnaðarsambandinu þar sem menntun hennar yrði þá ekki metin til launa til jafns við hans menntun þannig að hún valdi bestu leiðina fyrir sig þó að hún hefði þetta val og samt var það ekki nóg. Dómurinn féll þannig.

Ég er afar ánægð með þau svör hæstv. ráðherra að hann sé sammála því mati að þessi dómur muni trúlega leiða til þess að kjarasamningar færist meira út á vinnustaði. Ég held að það verði að segjast eins og er að eins og mál hafa verið á atvinnumarkaðnum í dag og aftur í tíðina, þá hefur afskaplega lítið skeð í launamálum kvenna. Það er alltaf sami launamunur, 11% kynbundinn launamunur og hann breytist ekkert. Ég tel því fyllilega rétt að skoða hvort við förum ekki fram á veginn með því að færa launin nær vinnustaðnum sjálfum, það geti verið konum í hag.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að það hefur ekki farið fram heildarúttekt á því hvers virði kjarahlutar eins og lífeyrisréttur, orlofsréttur og veikindaréttur eru og það er að mínu mati vegna þess að ríkisvaldið hefur ekkert viljað setja verðmiða á það. Það er nú svo einfalt mál. Ríkið vill ekkert að það sé uppi á borðinu nákvæmlega hvers virði þessi réttur sé.

Varðandi starfsmatið þá er það ljóst að sú nefnd sem er að störfum núna hefur umboð til þess að fara í þetta tilraunastarfsmat. Það á ekki að tengja niðurstöður þess starfsmats við launatöflu heldur einungis að raða störfum í röð. Hins vegar geta aðilar síðar, ef þeir vilja, tengt það inn í sína kjarasamninga. Það er annað atriði. Þeir geta notað þetta starfsmat til þess.

Aðgerðir gegn skattsvikum.

Fsp. JóhS, 566. mál. — Þskj. 925.

[14:18]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í svari fjmrh. við fyrirspurn minni fyrir nokkru síðan varðandi árangur af skattrannsóknum og skatteftirliti kom fram að skatteftirlit hefur skilað verulegum árangri á umliðnum árum og má segja að á nokkrum árum hafi skattrannsóknir og skil varðandi þau og árangur margfaldað raunverulega það sem hefur komið inn í ríkissjóð vegna skattrannsókna.

Þó að um sé að ræða verulegar fjárhæðir eða um 1.170 millj. á þriggja ára tímabili, þá segir það sig sjálft að miðað við umfang skattsvika, sem áætlað hefur verið um 11 milljarðar kr., þá er það aðeins lítill hluti þeirra sem næst inn vegna skattrannsókna og skatteftirlits. Í svarinu kom einnig fram að það væru 250 mál óafgreidd hjá skattrannsóknarstjóra og óúrskurðaðar gjaldbreytingar mætti áætla að næmu um 500 millj. kr. Það er því ljóst að eftir miklu er að slægjast og ljóst af því sem fram hefur komið að þessi árangur í skatteftirliti hefur ekki síst náðst vegna þess að það hefur verið aukið og styrkt skatteftirlit og skattrannsóknir.

Því beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvort hann muni beita sér fyrir því við næstu fjárlagagerð að styrkja skatteftirlit og skattrannsóknir með því að fjölga starfsmönnum við skattrannsóknir og sérmenntuðum starfsmönnum til að fást við flókin og vandmeðfarin skattsvikamál. Eins spyr ég hvaða aðgerðir séu til skoðunar sem lúta að breytingum á skipulagi skattkerfisins til að draga úr skattsvikum, sem minnst var á í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á þingskjali 525.

Ég held að það sé alveg óhætt að segja að peningar sem látnir eru í skattrannsóknir og skatteftirlit skila sér og hér er því um að ræða, ef nota má þau orð, mjög arðbæra fjárfestingu.

Eins spyr ég hvort fjmrh. hafi í hyggju aðgerðir til að draga úr kennitöluskiptingu, þ.e. að hægt sé að halda áfram sama atvinnurekstri undir nýju auðkenni, en skila ekki vörsluskattum og öðrum gjöldum til hins opinbera. Ég tel, virðulegi forseti, að það sé farið mjög mildum höndum um þá sem gera slíkt og það er öðruvísi en annars staðar á Norðurlöndum en þróunin þar er sú að auka heimildir til leyfissviptingar vegna brota í atvinnurekstri. En hér er það þannig að þeir sem gera

sig gjaldþrota og sleppa síðan við að greiða vörsluskatta geta á nýjan leik, aftur og aftur kannski, hafið sama reksturinn undir nýrri kennitölu.

Síðan vil ég spyrja hvort fyrirhugaðar séu aðgerðir til að draga úr vanskilum og skattundandrætti í skilum á virðisaukaskatti en það hefur komið fram, t.d. í nýlegum Hagtölum mánaðarins í mars sl., að reynslan sýnir að innheimtur virðisaukaskattur af innflutningi hefur fyllilega haldist í hendur við aukinn innflutning og aukist að raungildi um 14% milli ára miðað við verð innfluttrar vöru. En innheimta af innlendri veltu, og ég spyr hvort ráðherra hafi ekki áhyggjur af því, hefur minnkað um 6,5% og 8,5% að raungildi miðað við verð landsframleiðslu.

[14:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda vil ég segja eftirfarandi:

Eins og fram kemur í skriflegu svari fjmrh. á þskj. 834 við fyrirspurn hv. þm. fer ekki milli mála að mikill árangur hefur náðst af skipulegu eftirliti með skattframkvæmdinni. Í því svari mínu er málið rakið í fjárhæðum og einnig með tilliti til skipulags framkvæmdar. Í ljósi þessa og vaxandi skilnings á nauðsyn öflugs eftirlits er áformað að leita eftir auknum fjármunum á fjárlagaárinu 1998 til þessara starfa. Fyrst og fremst verður leitast við að fjölga starfsmönnum skattrannsóknarstjóra og starfsmönnum við skatteftirlit hjá ríkisskattstjóra og á skattstofunum. Lögð verður áhersla á að skipulega verði unnið að því að draga úr óskráðri atvinnustarfsemi og undandrætti virðisaukaskattsins.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar vil ég segja að eins og fram hefur komið í skriflegu svari mínu um skatteftirlit er unnið að því að einfalda framtalsskil einstaklinga og atvinnurekstrar. Á næsta ári verður tekið upp samræmt form atvinnurekstrarframtals fyrir stærstu sem smæstu rekstraraðila. Þá er unnið að því að forskrá upplýsingar einstaklinga á framtalseyðublöð eftir því sem heimildir leyfa og upplýsingakerfi bjóða upp á. Þetta er hvort tveggja til þess fallið að draga úr villum og undanskotum og upplýsingum til skattyfirvalda.

Þá vil ég geta þess að nefnd á vegum ráðuneytisins hefur verið að skoða skipulag skattstofanna og verkefni þeirra. Liður í því er að draga úr verkefnum sem hægt er að vinna á vélrænan hátt en efla aftur á móti starf skattstofanna, skatteftirlitið.

Varðandi 3. liðinn er það ekki á færi fjmrh. eins að ákveða aðgerðir til þess að draga úr kennitölunotkun, þ.e. hvort hægt sé að halda áfram sama atvinnurekstri undir nýrri kennitölu. Ég fellst fúslega á það viðhorf sem lýsir sér í fyrirspurninni að möguleiki einstaklinga til þess að stofna til nýrra kennitalna í fyrirtækjaskrám og skattskrám sé of auðveldur. Af hálfu fjmrn. í samvinnu við Hagstofu Íslands, dómsmrn. og viðskrn. er nú unnið að því að koma upp samræmdri og bættri skráningu allra fyrirtækja í landinu. Ég hef óskað sérstaklega eftir því að þeir sem að þessu starfa, þ.e. ráðuneytisstjórar þessara ráðuneyta skoði sérstaklega og skili mér tillögu um hvað sé mögulegt að gera til þess að bæta úr núverandi stöðu þessa máls. Takmörkun sýnist að einhverju leyti nauðsynleg en ég er aftur á móti ekki talsmaður þess að möguleikar verði heftir til þess að stofna ný fyrirtæki því í því felst að sjálfsögðu vaxtarbroddur atvinnulífsins.

Varðandi 4. liðinn vil ég eingöngu segja það eins og reyndar kom fram í svari mínu sem ég hef áður vitnað til, að ég tel að viðbótarmannafla sé best ráðstafað til virðisaukaskattseftirlits. Ég vil ítreka það sem oft hefur komið fram áður að með breyttum lögum og breyttri framkvæmd hefur náðst mikill árangur og því verður að sjálfsögðu fylgt eftir.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, segja það að þegar menn vitna til niðurstöðu skattsvikanefnda sem hafa skilað áliti, reyndar tvær frekar en ein, önnur þeirra fyrir rúmum tíu árum, hin fyrir um það bil þremur árum, ef ég man rétt, þá hafa þær báðar eftir tveimur leiðum komist að þeirri niðurstöðu að skattsvik hér séu umtalsverð. En menn verða þá að greina það sem er rétt í málinu og það er að í samanburði við önnur lönd í kringum okkur, þ.e. önnur ríki á Norðurlöndum og hér í norðanverðri Evrópu, er talið að skattsvik hér á landi séu ekki meiri en á þessum slóðum. Og það er jafnframt ljóst að skattsvik eru mun meiri eftir því sem sunnar dregur í álfunni og reyndar eftir því sem dregur nær miðbaugi. Alþjóðlegar niðurstöður sýna þetta og eiga sér rætur í þeirra einfalda sannleik að atvinnurekstur á norðurslóðum er yfirleitt bundinn við húsnæði og þess vegna er miklu betra og auðveldara að fylgjast með honum heldur en þegar sunnar dregur.

Það breytir hins vegar ekki því að skattsvik eru umtalsverð og yfirvöld hljóta að reyna að bæta úr í þessum efnum sem ég held að óhætt sé að segja að hafi verið gengið svo rösklega til verks á undanförnum árum að aldrei hafi verið gert annað eins og ég þakka reyndar það sem kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda að hún mæti það að verðleikum.

[14:27]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég fagna því sem kom fram í svari ráðherra að hugmyndin er að óska eftir auknum framlögum við næstu fjárlagagerð til þess að hægt sé að fjölga starfsmönnum við skattrannsóknir og skatteftirlit. Ég tók líka eftir því að hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af þeirri þróun að það sé hægt hér á landi að gera sig gjaldþrota og sleppa við greiðslu vörsluskatta en stofna aftur og aftur kannski sams konar fyrirtæki undir nýrri kennitölu. Mér fannst minna bera á því að ráðherra hefði einhverjar raunhæfar tillögur til úrbóta í þessu efni. Ég vil minna á í þessu sambandi að Framsfl. var með mjög athyglisverðar tillögur áður en hann fór í ríkisstjórn um þetta efni sem var frv. um tímabundið bann við atvinnurekstri eintstaklinga vegna brota og þar var hægt að svipta menn atvinnuleyfi til þriggja ára hið skemmsta og fimm ára hið lengsta, m.a. vegna meiri háttar brota gegn lögum um opinber gjöld. Ég vænti þess að Framsfl. a.m.k. styðji það að farið sé harðar í það að fólk geti leikið þennan leik aftur og aftur sem margoft hefur komið fram að gerist mjög hér á landi meðan löndin sem við berum okkur saman við hafa tekið á þessu máli.

Það olli mér líka vonbrigðum varðandi 4. tölul. að engar sérstakar aðgerðir eru fyrirhugaðar til að draga úr virðisaukaskattssvikum. Það hafa komið aftur og aftur fram dæmi um innskattssvik. Ég minni á Vatnsberamálið, ég minntist áðan á grein í Hagtölum mánaðarins, og ég spyr hvort hæstv. ráðherra ætli ekki að skoða það sérstaklega þegar fram koma slíkar upplýsingar að innheimta virðisaukaskatts af innflutningi hefur haldist í hendur við aukinn innflutning en innheimta virðisaukaskatts af innlendri veltu hefur minnkað verulega að raungildi. Hver er ástæða þess?

Ég get líka vitnað í að auknar tekjur ríkissjóðs umfram fjárlög, sem voru 5–6 milljarðar ef ég man rétt á síðasta ári,

má verulega rekja til staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga en lítil sem engin breyting á virðisaukaskatti þrátt fyrir aukna veltu í þjóðfélaginu. Það hlýtur eitthvað mikið að vera að varðandi virðisaukaskattsskilin og þess vegna segi ég það í lokin, herra forseti, að það veldur mér verulegum vonbrigðum ef ekki er sérstaklega verið að skoða það í fjmrn. hvernig á að koma í veg fyrir sívaxandi svik á virðisaukaskatti, sérstaklega í innskattinum, sem ég held að þurfi að taka sérstaklega á.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hef reyndar ekki lesið þessa grein í Hagtölum mánaðarins en þykist vita nokkurn veginn um hvað sú grein snýst. Ég hygg að nákvæmlega sömu atriðin og hv. þm. minntist á komi fram í fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1997, nánar tiltekið á bls. 265 og 266, þar sem fjallað er í nokkrum liðum um það hvað veldur því að virðisaukaskatturinn skilar sér síður nú en áður. Ég ætla ekki hér og nú, það hef ég gert áður, að fjalla sérstaklega um það en af því að hv. þm. minntist á innlendu framleiðsluna eða innlendu starfsemina og innflutninginn, þá liggur það í augum uppi að langsamlega stærsti hluti skýringarinnar liggur í því að aðili, sem starfar hérlendis í atvinnustarfsemi og er að fjárfesta, getur dregið fjárfestinguna frá sem innskatt og þar með lækkað virðisaukaskattsskil sín til stórkostlegra muna eða þar til framleiðslan eykst og skilar þá eðli máls samkvæmt meiri virðisaukaskatti. Það geta liðið nokkur ár þangað til þau skil síðan koma fram. Þetta er alþekkt, ekki bara hér á landi heldur einnig annars staðar og hefur verið fjallað um það rækilega af hálfu ráðuneytisins.

Þessi mál eru reyndar til frekari könnunar núna og ég benti á það í svari mínu áðan að við ætlum að auka eftirlitið í virðisaukaskattinum. Ég kemst heldur ekki hjá því að benda á að Alþingi hefur á undanförnum árum sérstaklega hækkað allar refsingar og aukið varðandi það að menn hafi ekki staðið í skilum með svokallaða vörsluskatta, þ.e. aðilar sem hafa heimt inn skatta frá þriðja aðila en ekki staðið skil á slíkum sköttum til ríkissjóðs og það hefur þegar haft sín áhrif eins og ég hélt að alþjóð vissi.

Skattundandráttur.

Fsp. JóhS, 568. mál. — Þskj. 927.

[14:32]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á árinu 1993 skilaði nefnd á vegum fjmrh. af sér tillögum um aðgerðir gegn skattsvikum og á árinu 1985 var einnig samþykkt á Alþingi till. til þál. um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Eftir þessum tillögum hefur verið unnið um nokkurra ára bil og var það m.a. líka í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga vorið 1992.

Það er skemmst frá því að segja að margar af þessum tillögum hafa sem betur fer komist til framkvæmda en nokkrar veigamiklar tillögur, sérstaklega ein sem hér er getið í þeirri fyrirspurn sem ég mæli fyrir, hefur að ég best veit ekki komist til framkvæmda. Því spyr ég, herra forseti:

„Hvað hefur fjármálaráðuneytið gert til að hrinda í framkvæmd eftirfarandi tillögum nefndar fjármálaráðherra frá 1993 í því skyni að draga úr skattundandrætti:

a. að þær matsreglur sem notaðar hafa verið vegna reiknaðs endurgjalds verði endurskoðaðar frá grunni og nýjar settar?“ — Um þetta segir í skýrslu ráðherra: „Það er tillaga nefndarmanna að reiknað endurgjald verði tekið til endurskoðunar.“ Síðan segir: „Nefndin er þeirrar skoðunar að mjög verulega verði að hækka þau viðmiðunarlaun sem gildandi hafa verið. Það er ótækt með öllu að viðmiðunarreglur þær sem notaðar hafa verið séu mun lægri en meðallaun launþega í sömu starfsgrein. Gerir nefndin það að tillögu sinni að reiknuð viðmiðunarlaun verði í heild sinni tekin til endurskoðunar og hækkuð mjög verulega þannig að þau verði eigi lægri en meðallaun í viðkomandi starfsgrein. Nefndin leggur til að fjmrn. setji á fót sérstakan starfshóp til að fá það verkefni að endurskoða reglur sem um þessi mál gilda.“ — Hér er ég að vitna í tillögu starfshóps á vegum fjmrh. og ég spyr: Hvað hefur verið gert til þess að hrinda þessari tillögu í framkvæmd?

Í b-lið er spurt um þá tillögu nefndar fjmrh. að embætti skattrannsóknarstjóra hafi það verkefni að kynna opinberlega refsidóma í skattsvikamálum, en sérstaklega var mælt með því í tillögum nefndarinnar.

Í c-lið er spurt um þá tillögu nefndarinnar að ráðuneytið hafi forgöngu um stefnumótun og setji skattayfirvöldum markmið og ákvarði leiðir til að draga úr svartri atvinnustarfsemi, en það er megintillagan varðandi átak gegn svartri atvinnustarfsemi. Þar er því lýst að dulin efnahagsstarfsemi sé veruleg hér á landi og lagt til að ráðuneytið hafi forgöngu um stefnumótun til að takast á við þetta verkefni, setja skattrannsóknarstjóra og setja öðrum skattyfirvöldum markmið og ákvarða leiðir til að fást við þetta vandamál. „Með þeim hætti er enginn vafi að unnt er að ná góðum árangri,“ segir í þessum kafla um átak gegn svartri atvinnustarfsemi.

[14:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sú nefnd sem hv. fyrirspyrjandi vísar til var skipuð af fjmrh. í nóvember 1992. Nefndin skilaði skýrslu 1993 og gerði tillögur um aðgerðir í 11 liðum til að draga úr skattsvikum. Í október 1994 var skipuð sérstök framkvæmdanefnd sem m.a. hafði það hlutverk að koma tillögum skattsvikanefndar frá árinu 1993 í framkvæmd og í þeirri nefnd eiga sæti m.a. ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri.

Eins og fram kom er búið að hrinda í framkvæmd flestum þeim atriðum sem lögð voru til á árinu 1993, en nokkur eru enn í vinnslu og fyrirspurnin beinist einkum að þeim.

Að því er varðar a-lið fyrirspurnarinnar um reiknað endurgjald er það að segja að framkvæmdanefndin hefur unnið að athugun á þessu máli og má vænta endanlegra tillagna hennar á næstu vikum. Málið er reyndar nokkuð flókið en hugmyndin að baki reiknuðu endurgjaldi er að sjálfstætt starfandi menn greiði tekjuskatta eins og um launamenn væri að ræða og afkoma rekstrar komi fram að teknu tilliti til eðlilegrar launagreiðslu til eigenda. Sjálfstætt starfandi mönnum er því gert í upphafi hvers staðgreiðsluárs að áætla vinnuframlag sitt á því ári og meta það eins og um væri að ræða launþega og tilkynna það til skattstjóra og inna staðgreiðslu af hendi í samræmi við þá áætlun.

Framkvæmdanefnd gegn skattsvikum hefur fjallað um þá gagnrýni sem reiknað endurgjald sjálfstætt starfandi manna hefur sætt í þjóðfélaginu og tengd hefur verið möguleikum til skattundandráttar. Nefndin hefur kannað tilteknar atvinnugreinar sérstaklega. Borin voru saman skattframtöl,

skilagreinar fyrir reiknað endurgjald í staðgreiðslu og greinargerð um reiknað endurgjald sem ber að skila í upphafi staðgreiðsluárs.

Í könnuninni kom einnig fram að 15% álag á reiknað endurgjald sem ríkisskattstjóra ber að bæta við viðmiðunarfjárhæðir sínar við áætlun staðgreiðslu þessara aðila hafi engin áhrif hjá tekjuhærri hópnum. Ástæðan er sú að hækkun viðmiðunarfjárhæðar kemur aðeins niður á lakari rekstrarafkomu fyrirtækis og oft og tíðum er reiknað endurgjald þessara aðila miklu hærra en sem nemur umræddri heimild 15% álagsins. Hjá tekjulægri hópunum virðist rekstrarafkoman ákvarða meira hið endanlega reiknaða endurgjald við álagningu án tillits til reiknaðs endurgjalds í staðgreiðslu.

Nefndin telur ákaflega þýðingarmikið að breytingar á reiknuðu endurgjaldi fari fram hjá skattstjórum innan staðgreiðsluársins þegar tilefni þykja vera til slíks.

Framkvæmdanefndin telur að núgildandi lagaákvæði um reiknað endurgjald og þær takmarkanir sem skattstjórum eru settar í lögum hafi verið mjög til þess fallnar að draga úr skilvirkni tekjuskattslaga hvað varðar reiknað endurgjald. T.d. má skattstjóri ekki breyta reiknuðu endurgjaldi til hækkunar ef tap sem af þeirri hækkun stafar er hærra en reiknaðar fyrningar og reiknuð gjaldfærsla verðbreytingafærslu. Til grundvallar takmörkun skattstjóra til endurákvörðunar af reiknuðu endurgjaldi lá svo á sínum tíma það sjónarmið að baki að rekstrarlegur hagnaður án reiknaðra frádráttarliða stæðu að baki reiknuðu endurgjaldi.

Framkvæmdanefnd telur að reynslan af þessu ákvæði gefi ríkt tilefni til rækilegrar endurskoðunar. Eftirfarandi breytingar eru nú til skoðunar í framkvæmdanefndinni:

1. Að leggja ríkari kvaðir á menn með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til að ákvarða sér reiknað endurgjald við upphaf rekstrar og tilkynna allar breytingar á vinnuframlagi sínu, maka og barna um leið og breytingin á sér stað á staðgreiðsluári.

2. Að afnema takmörkun hámarks reiknaðs endurgjalds við tap sem er umfram almennar fyrningar og gjaldfærslu samkvæmt 53. gr. skattalaga.

3. Að við álagningu tekjuskatta verði ekki fallist á lækkun reiknaðs endurgjalds frá staðgreiðslu. Öll breyting á reiknuðu endurgjaldi fari fram á staðgreiðsluári og hvorki maki né börn geti reiknað sér endurgjald í álagningu nema fyrst hafi verið úrskurðað með staðgreiðslu hennar. Í því sambandi mætti afnema heimild til að halda reiknuðu endurgjaldi barna utan staðgreiðslu.

4. Að endurskoða ákvæði launa- og arðgreiðslu til einstaklinga frá félögum. Eftir setningu laga um fjármagnsskatt skiptir þetta verulegu máli.

Um b-lið fyrirspurnarinnar skal það eitt sagt að nú hefur það verið gert með embætti skattrannsóknastjóra með því að setja honum erindisbréf að eitt af því sem hann á að gera er að tína saman skýrslu um alla refsidóma í skattalagabrotum, bókhaldsbrotum og brotum á lögum um ársreikninga.

Varðandi c-liðinn get ég ekki tímans vegna sagt annað en það að í erindisbréfi skattstjóra sem er verið að gefa út kemur fram sérstaklega og þar er sett það markmið að ákvarða leiðir og draga úr svartri atvinnustarfsemi þannig að eitt af þeim aðalverkefnum sem þeim ber að vinna að er að taka á slíkri starfsemi.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari fyrirspurnunum eins og til stóð.

[14:41]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir skýr og skilmerkileg svör við fyrirspurnum mínum. Ég held að það sé alveg augljóst miðað við svör ráðherra sem hann gefur við fyrsta lið þessarar fyrirspurnar um endurskoðun á reiknuðu endurgjaldi hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum að það er mjög brýn þörf að endurskoða þessar mats- eða viðmiðunarreglur og kannski enn brýnni þörf heldur en fram kemur raunverulega í skýrslu nefndarinnar. Það er greinilegt að töluvert starf hefur verið unnið á vegum ráðherra til þess að skoða þetta mál. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekki einfalt hvernig á að taka á þessu. Það eru alls ekki allar stéttir sem eru undir þá gagnrýni seldar að reiknað endurgjald sé mjög lágt, en framkvæmdanefnd á vegum ráðherra sem vinnur að tillögum og aðgerðum gegn skattsvikum er að skoða þetta mál. En ég spyr hæstv. ráðherra: Telur ráðherrann að til þurfi að koma lagabreytingar til að endurskoða þessar reglur eða breyta þeim eða er hægt að gera það með reglugerð eins og mér skilst að hafi verið gert hingað til? Kallar þetta á lagabreytingar?

Varðandi hina tvo þættina þá veit ég ekki til þess, eins og kemur fram varðandi opinbera birtingu refsidóma, að skattrannsóknarstjóraembættið hafi gert það sem nefndin lagði til, þ.e. að kynna opinberlega birtingu refsidóma og sá liður í svari ráðherra fannst mér nokkuð óljós.

Um þriðja liðinn svaraði ráðherra því til að það kæmi fram í erindisbréfi til skattstjóra að þeir ættu að hafa forgöngu um stefnumótun ef ég skildi málið rétt. Tillögur nefndarinnar frá 1993 gengu út á það að ráðuneytið sjálft ætti að hafa forgöngu um stefnumótun, vafalaust til þess að hún væri samræmd hjá öllum skattembættunum. Þess vegna fannst mér það svar ekki fullnægjandi.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja frá því varðandi c-lið fyrirspurnarinnar sem hv. þm. endaði sitt mál á að gert er ráð fyrir því að skattyfirvöld leggi fram árlega starfs- og rekstraráætlun sem ráðuneytinu ber að taka afstöðu til. Með því verður öll vinna í skattkerfinu markvissari og stefnumótun þá sett fram til nokkurra ára í senn en það verður tryggt að að þessu verður unnið með því að setja þetta í erindisbréf skattstjóranna.

Varðandi opinberun á skýrslu um refsidóma í skattalagabrotum, bókhaldsbrotum og brotum á öðrum lögum, t.d. lögum um ársreikninga, þá verður þessi skýrsla birt opinberlega. Það stendur til að gera það.

Loks varðandi það sem hv. þm. byrjaði á, þá er hægt að breyta sumu af þessu í reglugerð, og reyndar kannski bara með starfsháttum skattstjóranna, en líkast til verður að taka við næsta umgang, sem er venjulega á næsta missiri, upp eitt eða tvö atriði, t.d. það atriði að afnema takmörkun hámarks reiknaðs endurgjalds við tap sem er umfram almennar fyrningar og gjaldfærslu en það er í 53. gr. skattalaganna þannig að það kann að þurfa að taka einhver atriði inn í skattalagabreytingar.

Reglugerð um ferðakostnað sjúklinga.

Fsp. ArnbS, 454. mál. — Þskj. 768.

[14:45]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Á grundvelli laga um almannatryggingar er í gildi reglugerð um greiðslu á ferðakostnaði sjúklinga innan lands. Í þessu sambandi hlýtur maður að velta fyrir sér varðandi framkvæmd reglugerðarinnar annars vegar jafnræði borgaranna um aðgengi að sérfræðilæknisaðstoð og hátæknisjúkrahúsum og hins vegar hvers fólk eigi að gjalda sem fengið hefur þá sjúkdóma sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum reglugerðasmiða.

Í okkar fámenna landi höfum við tekið ákvörðun um að byggja upp sérfræðilæknisþjónustu og hátæknisjúkrahús aðallega á einum stað. Það má færa rök fyrir því að þetta sé eðlileg ráðstöfun sem ræðst af fjöldanum af fólkinu sem á þjónustunni þarf að halda en það breytir ekki því að fólk annars staðar að af landinu þarf að leggja í umtalsverðan kostnað við að nálgast þjónustu á meðan aðrir njóta hagræðis af því að vera í nálægð við hana. Og ekki skulum við gleyma því að það eru sameiginlegir skattpeningar okkar sem borga þessa þjónustu.

Í reglugerðinni eru tíundaðir nokkrir sjúkdómar sem sjúkratryggingar taka þátt í að greiða ferðakostnað við og er upptalningin þessi: Ferðir vegna bráðatilvika, sem farnar eru vegna ákvörðunar læknis og ekki er hægt að sinna í heimabyggð, illkynja sjúkdómar, nýrnabilun, alvarlegir augnsjúkdómar, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla. Enn fremur — og takið nú eftir — vegna annarra sambærilegra sjúkdóma og einnig alvarlegra vandamála á meðgöngu.

Mér hefur verið tjáð af þeim sem hafa staðið í baráttu við kerfið að þessir „aðrir sambærilegir sjúkdómar" hafi ekki fundist í afgreiðslum Tryggingastofnunar. Hvers eiga þeir að gjalda sem hafa verið svo óheppnir að þjást af t.d. meltingarsjúkdómum, astma og lungnasjúkdómum, háls-, nef- eða eyrnasjúkdómum, geðsjúkdómum, húðsjúkdómum eða ofnæmi og svo má lengi telja.

Baráttan við kerfið hefur reynst mörgum mjög erfið og margir hafa reyndar gefist upp á því að leita réttar síns. Dæmigerð barátta er t.d. þessi:

Ellefu ára drengur á Austurlandi var eftir úrskurð barnalæknis sem átti leið um Austurland lagður inn á barnadeild Landspítalans vegna uppkasta og verulegs þyngdartaps á stuttum tíma. Drengurinn var í rannsóknum á barnadeild í hálfan mánuð og reyndist greiningin vera vélindabakflæði og var í byrjun reynd lyfjameðferð. Það gekk ekki upp þannig að hann var sendur aftur suður og lagður inn til rannsókna. Í kjölfar þess var ákveðið að gera skurðaðgerð. Voru þá komnar þrjár ferðir móður og barns vegna þessa sjúkdóms.

Tryggingayfirlæknir hafnaði greiðslu vegna þessara ferða í tvígang, síðast nú í febrúar. Í dag liggur hins vegar fyrir eftir kæru til tryggingaráðs að samþykkt hefur verið greiðsla á tveimur síðari ferðunum en hafnað þeirri fyrstu (Forseti hringir.) þegar sá úrskurður var kærður. Salomon var sem sagt mættur með dóminn. Hvers vegna var t.d. ekki greitt fyrir fyrstu ferðina?

[14:49]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir leggur fram þrjár spurningar á þskj. 768. Fyrsta spurningin er: Hver hefur verið reynslan af framkvæmd reglugerðar nr. 185/1996, um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands?

Reglugerð nr. 185/1996 var sett af tryggingaráði og staðfest af heilbr.- og trmrn. þann 28. mars 1996. Fram að þeim tíma höfðu verið í gildi reglur um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands sem settar voru árið 1991. Þær breytingar sem gerðar voru frá fyrri reglugerð vörðuðu:

1. Aukna þátttöku sjúkratrygginga í ferðum sjúklinga vegna alvarlegra vandamála á meðgöngu.

2. Þátttöku sjúkratrygginga í ferðum vegna bráðatilvika sem farnar eru samkvæmt ákvörðun læknis og ekki er hægt að sinna í heimabyggð.

3. Endurgreiðslu heimferða að loknu sjúkraflugi.

4. Endurgreiðslu kostnaðar við ferðir heim aðra hverja helgi í samræmi við gildandi reglur ef nauðsynleg læknismeðferð vegna tilvika sem reglurnar taka til tekur a.m.k. fjórar vikur eða meira.

Þá er það gert að skilyrði fyrir endurgreiðslu ferðakostnaðar að sjúklingur leggi fram skýrslu frá þeim lækni sem sendi hann og ef ekki er um bráðatilvik að ræða þarf tryggingayfirlæknir að samþykkja ferðina áður en hún er farin.

Ljóst er að sú tilhögun að fólk í langvinnri meðferð hjá sérfræðingi hér á Reykjavíkursvæðinu skuli geta fengið heimferðir endurgreiddar aðra hverja helgi til að geta dvalið hjá fjölskyldum sínum er til mikilla bóta fyrir líðan þess fólks og hjálpar því að gera meðferðina og fjarvist frá ættingjum bærilegri. Nokkuð hefur borið á því að læknar hafi verið óánægðir með þá nýju reglu að sjúklingur leggi fram skýrslu frá þeim lækni sem upphaflega sendi hann í ferðina svo unnt sé fyrir sjúkratryggingar að úrskurða um endurgreiðsluréttinn en auðvitað er eðlilegt að læknar skrifi einungis ferðaskýrslur vegna þeirra tilvika sem þeir sjálfir geta ekki sinnt. Mögulegt ætti að vera þegar um framhaldsmeðferð er að ræða og eftirlit og meðferð er áfram á hendi sama sérfræðings að sá skrifi ferðaskýrslu.

Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða miðað við fyrri reglur og reynslan af þessum reglum sker sig ekki úr þeim fyrri. Það er ljóst að beiðni um endurgreiðslur ferðakostnaðar innan lands eru miklar og alltaf nokkur klögumál fyrir tryggingaráði vegna þess eins og hv. þm. benti hér á og ég kann ekki að dæma nákvæmlega það mál sem hún lagði hér fram.

Vitað er að sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna koma í mörgum tilvikum einnig verulega að gagni við að létta kostnað af fólki sem þarf að leita meðferðar um langan veg.

Í öðru lagi er spurt: Hver er ástæða þess að tilgreindir eru ákveðnir sjúkdómar í reglugerðinni, þar sem ferðakostnaður er endurgreiddur, en öðrum sleppt?

Samkvæmt j-lið 36. gr. almannatryggingalaga skulu sjúkratryggingar greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagnar. Það hefur verið einhuga túlkun tryggingaráðs og ráðuneytis í gegnum tíðina að ætlun löggjafans sé með þessu að koma til móts við þá sem hafa alvarlega og langvinna sjúkdóma við að stríða. Samkvæmt þeirri túlkun eru taldir upp í reglum nokkrir alvarlegir sjúkdómar sem án alls vafa falla undir þessa túlkun.

Þar sem upptalningin er hins vegar ekki og getur ekki verið tæmandi er sérstaklega tekið fram í reglum að hið sama

gildi um aðra sambærilega sjúkdóma eða alvarleg vandamál á meðgöngu. Sjúkdómarnir sem taldir eru upp eru því fyrst og fremst dæmi um sjúkdóma sem teljast annaðhvort illkynja eða á annan hátt alvarlegir fyrir heilsu sjúklings. Það gefur að skilja að listi yfir slíka sjúkdóma getur aldrei verið tæmandi. Það er síðan háð faglegu mati læknadeildar Tryggingastofnunar hvaða sjúkdómar koma til greina sem falla undir þessa skilgreiningu. Samkvæmt skilgreiningunni snýst málið ekki um sjúkdóma sem eru ekki nefndir sem dæmi í reglunum og þess vegna sleppt í upptalningu, heldur um þá grundvallarhugsun sem lýtur alvarlegum tilvikum.

Nú er tíma mínum lokið og ég á eftir að svara 3. fyrirspurn hv. þm. sem hljóðar svo: Mun ráðherra endurskoða reglugerðina með tilliti til reynslunnar af framkvæmd hennar?

Virðulegi forseti. Slíkar reglur hljóta sífellt að vera til endurskoðunar með tilliti til ýmiss konar breytinga sem verða í þjóðfélaginu en við höfum lagt aðaláherslu á það í heilbr.- og trmrn. að auka sérfræðiþjónustu úti á landi. En hv. þm. hefur lagt fram skriflegar fyrirspurnir um sama efni sem verður svarað innan tíðar.

[14:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir að vekja máls á þessari reglugerð og framkvæmd hennar. Ég tek undir að ég tel að það sé nauðsynlegt að slíkar reglur séu í sífelldri endurskoðun og mig langar til að benda á atriði sem ég tel mjög brýnt að verði endurskoðað í þessari reglugerð. Það er greiðsla fyrir ferðir nánasta aðstandanda eða foreldra til heimsóknar barna á sjúkrahús, barna undir 16 ára aldri. Hún takmarkast við það að foreldrum og nánustu aðstandendum er aðeins greitt fyrir eina ferð í viku til barna og þetta á einnig við um ungbörn sem eru á vökudeild eða hvaða börn sem er. Það er allsendis ófullnægjandi að foreldrum sé greitt fyrir eina sjúkravitjun í viku til barns sem er undir 16 ára, og ég hvet hæstv. ráðherra til þess að taka á þessu réttlætismáli, endurskoða þessar reglugerðir. Það eru mörg atriði í henni sem þurfa endurskoðunar við en þetta mál er mjög brýnt að tekið verði á, sérstaklega í kjölfar þeirra réttarbóta sem er með nýju frv. hæstv. ráðherra um greiðslur í fæðingarorlofi til þeirra sem eru með fyrirburа og fjölbura.

[14:56]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að hreyfa mjög þörfu máli sem brennur á mjög mörgum og þess vegna er ástæða til þess að þakka hv. þm. Arnbjörgu Sveinsdóttur fyrir að vekja athygli á því.

Það er alveg ljóst að þetta getur verið íþyngjandi fyrir margt fólk sem þarf að leita sér læknisþjónustu fyrir sig eða aðstandendur sína til Reykjavíkur. Það er einfaldlega þannig að sú þróun hefur orðið á undanförnum árum að þessi þjónusta hefur þjappast æ meira saman á stærri sjúkrahúsunum, sumpart vegna þess að tæknilegar aðstæður hafa krafist þess en einnig af öðrum ástæðum. Og þrátt fyrir að það sé vissulega lofsvert að við fáum nokkrar heimsóknir sérfræðinga út á land, þá er alveg ljóst mál að stopular heimsóknir stöku sérfræðinga munu ekki leysa þann vanda sem við er að glíma hjá fólki sem býr við vanheilsu af einhverju tagi. Þess vegna gefur það auga leið að þessi þáttur getur orðið mjög íþyngjandi fyrir fólk sem oft og tíðum er líka í þeirri stöðu að hafa orðið að fella niður vinnu. Þess vegna er það mjög mikilvægt, virðulegi forseti, að reynt sé að koma til móts við þarfir þess fólks sem þarf að sækja læknisþjónustu um langan veg. Ég tek þess vegna undir með þeim sem hér hafa talað um að það er nauðsynlegt að þessar reglur séu í stöðugri endurskoðun og að sú endurskoðun miðist við það að koma til móts við fólk sem þarf að greiða stórfé í ferðakostnað vegna sjúkdóma sem það er haldið.

[14:58]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og taka undir þær skoðanir sem fram komu hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Við höfum rætt þetta talsvert í heilbr.- og trn. í umfjöllun okkar um frv. um fæðingarorlof þar sem verið er að gera verulega réttarbót í því máli. Þar er m.a. verið er að lengja fæðingarorlof vegna t.d. fyrirburа og veikra barna á sjúkrahúsum sem dvelja þar lengi, um allt upp í fjóra mánuði. En varðandi þessi börn er alveg ljóst að það er afar lítið að fara og heimsækja þau einu sinni í viku. Það er afar lítið. Ég tel eðlilegt að ráðuneytið reikni út hvað það mundi kosta að greiða fyrir t.d. tvær ferðir á viku, þó það væri ekki nema það, sem er reyndar frekar lítið eins og við vitum.

Fjölburafæðingum hefur fjölgað. Þar fæðast mun fleiri tvíburar og þríburar og það eru meiri líkur á því að það þurfi að nota þessa þjónustu vegna þessa. Það er hægt að taka ótal mörg dæmi. Annar tvíburi getur verið veikur á sjúkrahúsi, hinn getur farið heim og það þarf að fara á milli að sjálfsögðu og heimsækja hið sjúka barn. Ég vil taka undir að full ástæða er til þess að skoða nákvæmlega þennan þátt gagnvart mæðrum sem eiga veik börn á sjúkrahúsum.

[14:59]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er þarft að vekja athygli á þessu máli og fá fram umræðu um það auk þess að fá fram svör ráðherra um hvað hann hyggst gera umfram það sem þegar hefur verið gert.

Ég vil aðeins segja um þetta mál að mér finnst að menn nálgist það stundum ekki alveg rétt. Hér hafa ýmsir þingmenn sagt að það væri skylda ríkisins að koma til móts við það fólk sem býr utan þeirra svæða sem sjúkrahúsin eru á eða sérfræðingarnir eru með sínar stofur. Ég horfi á málið má segja alveg þveröfugt. Ríkið hefur kosið að hafa sína þjónustu með tilteknum hætti, bæði með faglegum og fjárhagslegum rökum. Það er því fólkið úti á landi sem er að koma til móts við ríkið, að una því að hafa þjónustuna svona strjála eins og raun ber vitni. Það er því eðlilegt að líta svo á að það sé hlutverk ríkisins að sjá til þess að fólk beri ekki skaða af þeirri sparnaðar- og hagræðingaraðgerð sem ríkið telur sér nauðsynlegt að grípa til.

[15:01]

Fyrirspyrjandi (Arnbjörg Sveinsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og hv. þm. þátttökuna í umræðunni. Ég vil vekja sérstaka athygli á því sem kom fram í svari ráðherra um að hún teldi að það ætti að auka sérfræðiþjónustuna úti á landi og við hljótum að geta tekið heils hugar undir það. Hún nefndi einnig að sú upptalning sem kemur fram í reglugerðinni væri eingöngu dæmi um sjúkdóma og það væri alltaf mat hvaða sjúkdómar ættu að vera þarna inni. Ég veit hins vegar til þess að Tryggingastofnun hefur afgreitt úrskurði sína þannig að það hefur verið litið mjög strangt á nákvæmlega þá sjúkdóma sem þarna eru taldir upp og öðrum hafnað á þeim forsendum að þeir séu ekki nefndir í reglugerðinni. Mér þykir þess vegna gott að heyra

það að ráðherrann telji að þarna verði að leggja annað mat á. Einnig að reglugerðin verði að vera í stöðugri endurskoðun. Ég held að þau atriði sem þarf að hafa sérstaklega í huga þegar reglugerðin er endurskoðuð séu jafnræði borgaranna til aðgengis að sérfræðiþjónustu og hátæknisjúkrahúsum. Gengið verði út frá því að sérfræðiþjónusta sem ekki er fyrir hendi í heimabyggð sé gerð aðgengilegri með aðstoð við greiðslur á ferðakostnaði og einnig að gengið sé út frá því að fólki sé ekki mismunað eftir því hvaða sjúkdómar hrjá það og að reglurnar séu gerðar skýrar. Þá mætti líka gjarnan auka úrskurðarvald tryggingarumboðsmanns á hverjum stað því að svo virðist sem ekki sé mjög skýrt hvernig það vald er.

[15:03]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að fólk utan af landi er að greiða miklu hærri kostnað við heilbrigðisþjónustuna heldur en á þessu svæði. Við erum ekki eingöngu að horfa á ferðakostnaðinn heldur er dvalarkostnaðurinn einkum mjög hár fyrir þetta fólk. Þegar um endurskoðun verður að ræða þurfum við að taka það líka með inn í dæmið og við þurfum líka að ákveða að hverju við ætlum að einbeita okkur.

Eins og ég sagði áðan tel ég mikilvægast að hafa sem ríkasta sérfræðiþjónustu sem næst fólkinu og við eigum að auka hana. Það er nr. eitt því að það kemur landsbyggðinni best. En varðandi þessar reglur þá veit ég að það er ekki alltaf einfalt fyrir tryggingalækna að úrskurða í þessum málum og þeir eru ekki alltaf öfundsverðir vegna þess að reglurnar eru ekki alveg kristaltærar. Ef þær ættu að vera alveg kristaltærar, þá þyrfti öll þjónusta sem ekki er veitt í heimabyggð, öll heilbrigðisþjónusta sem þarf að leita annað, að vera að fullu greidd. Það er aftur á móti hlutur sem kostar mikla peninga og þarf að leggja mikið fjármagn til, mikið umfram það sem er í dag er lagt til ferðakostnaðar en ríkið er að greiða milli 50–60 millj. kr. í ferðakostnað.

Aðgengi hreyfihamlaðra á fæðingardeild Landspítalans.

Fsp. KH, 571. mál. — Þskj. 930.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hér er aftur á ferðinni spurning um jafnræði landsmanna eins og þeirri fyrirspurn sem var á dagskrá áðan. Nýlega birtist grein í Morgunblaðinu sem vakti athygli mína. Greinina skrifar Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir undir fyrirsögninni: Er kvennadeild Landspítalans aðeins fyrir „venjulegar konur?"

Í kynningu á höfundi segir að hún sé hreyfihömluð og starfi í Nýjung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar og í greininni lýsir hún nokkuð í hverju fötlun hennar er fólgin og hvaða erfiðleikum hún mætti af þeim sökum þegar hún kom til mæðraskoðunar á Landspítalanum. En það er nú svo að hreyfihamlaðar konur geta sem betur fer allt eins orðið þungaðar líkt og „venjulegar konur" svo notað sé orðalag Kolbrúnar sem vitanlega er í kaldhæðni gert.

Ýmislegt reyndist Kolbrúnu mótdrægt í mæðraskoðuninni, en það keyrði um þverbak þegar hún þurfti að vera í hjólastól síðustu mánuði meðgöngunnar og komst þá að raun um að fólki í hjólastólum eru nánast allar bjargir bannaðar, útihurðin þung, þröskuldur hár og ekki fræðilegur möguleiki að koma hjólastól inn á salerni, skoðunarbekkur óaðgengilegur og annað eftir því. Hin verðandi móðir fékk sem sagt ekki sömu þjónustu og aðrar konur í mæðraskoðuninni og hún fann til niðurlægingar við allt umstangið sem fötlun hennar hafði í för með sér.

Sama er að segja um aðstöðuna á fæðingardeildinni en í grein Kolbrúnar kemur m.a. fram að á sængurlegudeild er aðeins eitt salerni þar sem koma má inn hjólastól, en þar er engin aðstaða til skolunar og engin sturta með þeim afleiðingum að konur sem bundnar eru við hjólastól komast alls ekki í bað á meðan þær liggja á fæðingardeildinni. Kolbrún spyr: „Getur verið að fæðingardeild Landspítalans sé undanskilin þeim lagaákvæðum að allar opinberar byggingar eigi að vera aðgengilegar fyrir fatlaða?"

Af þessu tilefni hef ég lagt fram fyrirspurn til heilbrrh. um aðgengi og aðstöðu fyrir fatlaða á fæðingardeild Landspítalans. Með tilliti til þess sem fram kom í grein Kolbrúnar og þeirra upplýsinga sem ég hef aflað mér hefði ég átt að spyrja bara beint og umbúðalaust hvenær ætlunin væri að bæta aðgengi og aðstæður fyrir hreyfihamlaða á kvennadeild Landspítalans en ég vona svo sannarlega að þær upplýsingar komi fram í svari hæstv. ráðherra.

[15:08]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 930 er fyrirspurn frá Kristínu Halldórsdóttur um aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða á fæðingardeild Landspítalans. Húsnæði Landspítalans er gamalt og var á sínum tíma ekki hannað nægilega fyrir aðgengi hreyfihamlaðra. Við endurnýjun og viðhald deilda hefur verið tekið mið af aðgengi hreyfihamlaðra. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisspítölum eiga hreyfihamlaðir almennt nokkuð greiðan aðgang að inngöngu spítalans. Varðandi aðalinngang á göngudeild mæðraskoðunar þurfa þeir sem nota hjólastóla að fara inn um hliðargang á kvennadeild Landspítalans. Þessu er þó verið að breyta með tilliti til aðgengis.

Í sumar er ráðgert að endurnýja og lagfæra annan sængurkvennagang kvennadeildar. Einnig hefur forsvarsmönnum kvennadeildar og tæknideildar verið falið að fara yfir allan búnað inni á fæðingardeild Landspítalans með tilliti til aðgengis hreyfihamlaðra. Kvartanir sem hafa borist frá hreyfihömluðum konum hafa verið teknar til alvarlegrar athugunar og munu þær leiða til þess að varanlegar úrbætur verða gerðar.

[15:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar um aðgengi og aðstöðu fyrir hreyfihamlaða á fæðingardeild Landspítalans langar mig til að vekja athygli á öðrum hópi fatlaðra sem ekki hefur fengið úrlausn sinna mála í heilbrigðisþjónustunni og það eru heyrnarlausir. Við höfum vakið athygli á því nokkrum sinnum í vetur að ekki hefur fengist fjárveiting til túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausa og sú upphæð sem kom til greiðslu á túlkaþjónustu er uppurin og sá hópur hefur ekki fengið úrlausn. Reyndar hefur í heilsugæslunni verið ákveðið að borga túlkaþjónustuna þangað til leyst verður úr þessum vanda en á sjúkrahúsunum, vegna þjónustu fyrir fæðandi konur sem eru heyrnarlausar, er ekki um neina úrlausn að ræða. Það er náttúrlega ljóst og reyndar ólíðandi að þær geta ekki nýtt sér heilbrigðisþjónustuna sem skyldi á meðan ekki er veitt þessi túlkaþjónusta. Ég vil þess vegna vekja athygli

á því að ekki er enn búið að leysa þeirra vanda. Þó svo að þær séu ekki hreyfihamlaðar, þá er þarna um ákveðna fötlun að ræða sem þarf sérstaka þjónustu sem verður að vera fyrir hendi.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin og hv. síðasta ræðumanni fyrir innlegg hennar sem minnir okkur á að það er margur vandinn í þessum efnum og margt sem þarf að lagfæra í okkar samfélagi til þess að allir sitji við sama borð því að það er aldeilis langt í frá að svo sé núna.

Samkvæmt mínum upplýsingum mun t.d. ferlinefnd ekki vita til þess að neinar úrbætur séu á döfinni en ég treysti svo sannarlega orðum hæstv. ráðherra sem fullyrti að það væri verið að huga að þessum málum og að varanlegar úrbætur yrðu gerðar.

Niðurstaða mín eftir þessar athuganir og samtöl við fólk sem þekkir til þessara mála er að ástandið er óviðunandi og það verður að bæta úr því. Ég hvet því hæstv. ráðherra til þess að skoða þetta gaumgæfilega og fylgja því fast eftir að tillögur til úrbóta verði framkvæmdar og það í samráði við ferlinefnd. Það er brýnast að koma upp skoli og baðaðstöðu við hæfi en það er ýmislegt fleira sem þarf að athuga og það er ekki viðunandi að það þurfi að vísa fötluðum í hjólastólum á einhverjar sérdyr.

Ég vil aðeins segja að fatlaðar konur verða sem betur fer margar þeirrar gæfu aðnjótandi að geta gengið með og fætt af sér barn og þær eiga rétt á góðri þjónustu eins og allar aðrar konur. Það þarf að huga sérstaklega að þeirra málum og gera ákveðnar ráðstafanir til að tryggja þeim sambærilega umönnun og aðstæður eins og öðrum er búið og ég vona bara að skelegg grein Kolbrúnar og þessi umræða í framhaldi af henni hafi hreyft nógu rækilega við málinu til þess að úr því verði bætt.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í fyrri ræðu minni verður bætt úr aðgengi á sængurkvennagangi strax í sumar samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk frá Ríkisspítölum og ég treysti þeim fullkomlega. Unnið hefur verið mjög ötullega einmitt að því að bæta aðgengi á Landspítalanum í gömlu og oft óhentugu húsnæði og þar hafa menn náð verulega góðum tökum á málum þannig að ég treysti því að svo verði einnig nú.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur um heyrnarskerta og þær úrbætur sem þarf að gera varðandi þeirra mál þá er í frv. um réttindi sjúklinga ákveði um að heyrnardaufir eigi að fá túlkaþjónustu í heilbrigðisþjónustunni og til þess er ætlað visst fjármagn. Ég vona að heilbr.- og trn. afgreiði nú það frv. sem liggur fyrir í nefndinni sem tryggir heyrnardaufum túlkaþjónustu.

Gjaldtaka lögmanna og fjármálastofnana.

Fsp. JóhS, 567. mál. — Þskj. 926.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Fyrir Alþingi liggur till. til þál. um aðgerðir til að bæta stöðu skuldara. Þar eru m.a. lagðar til tvær tillögur sem snerta þessa fyrirspurn.

Í fyrsta lagi að sett verði opinber gjaldskrá fyrir innheimtu lögmanna, þar sem m.a. verði sett þak á innheimtuþóknun þeirra og aðra gjaldtöku af skuldurum og í öðru lagi að settar verði reglur fyrir fjármálastofnanir um hámark gjaldtöku vegna vanskila skuldara.

Í tillögunni eru tekin dæmi um háan lögfræðikostnað og gjaldtöku hjá bönkum en það er einkum lögfræðikostnaðurinn og gjaldtaka banka sem hafa í þessum dæmum sem þar eru tilgreind á tiltölulega stuttum tíma tvöfaldað og stundum þrefaldað höfuðstól skuldarinnar. Nú spyr ég hæstv. viðskrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því að settar verði reglur um gjaldtöku lögmanna og þak á innheimtuþóknun þeirra sem og hvort hann telji rétt að setja fjármálastofnunum reglur um hámarksgjaldtöku vegna vanskila skuldara og hver sé þá skoðun ráðherra á þessari háu gjaldtöku. Mál þetta sem ég vitnaði til hefur tvisvar sinnum verið fyrir þinginu en það virðist lítil hreyfing á því og því spyr ég um hvað framkvæmdarvaldið er að hugsa í þessu efni.

Ég vil vitna til þess að Samkeppnisstofnun hefur hafnað því að lögmenn geti sett leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna, taldi þá ekki til þess bæra en vitnaði til þess að ef setja ætti slíkar reglur, þá telur Samkeppnisstofnun eðlilegt að það sé löggjafarvaldið eða til þess bær stjórnvöld sem það geri.

Í þriðja lagi spyr ég hvort ráðherra sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir aðgerðum sem auðveldi skuldurum að greiða skuldir sínar sem af ófyrirsjáanlegum orsökum lenda í miklum vanskilum við innlánastofnanir. Þá er ég sérstaklega vekja athygli á því að þar sé átt við tilvik þegar við blasir að innlánsstofnunin muni ella tapa kröfum við gjaldþrot einstaklings sem þá yrði gefinn kostur á viðráðanlegri greiðsluaðlögun, t.d. með samningi um frestun á greiðslu skuldar, eftirgjöf á hluta skulda eða vaxta og kostnaðar, annaðhvort strax eða að loknu greiðsluaðlögunartímabilinu þegar skuldari hefur staðið við sinn hluta samnings um greiðsluaðlögun. Þetta er ekki óþekkt fyrirbæri vegna þess að slík leið hefur verið farin þar sem greiðsluaðlögun hefur verið tekin upp eins og í Noregi. Þar hefur greiðsluaðlögun verið tekin upp með lögum og snýr þá að opinberum aðilum en fjármálastofnanir — og það er lykilatriði — hafa án lagaþvingunar þar aðlagað starfsemi sína að þessari löggjöf um greiðsluaðlögun.

Ég vil minna á það í lokin, herra forseti, að hæstv. viðskrh. er, eða var það a.m.k. fyrir kosningar, mikill talsmaður þess að tekin yrði upp greiðsluaðlögun. Nú er hæstv. ráðherra í þeirri stöðu að hann getur fyrir sitt leyti stuðlað að því að fjármálastofnanir taki upp greiðsluaðlögun þegar um er að ræða að ekkert annað blasir við lánastofnunum en að þær tapi kröfum sínum. Með þeirri leið sem hér er lögð til gætu fjármálastofnanir innheimt eitthvað af skuldum sínum og eitthvað af kröfunum í stað þess að þær töpuðust og væri til hagsbóta fyrir skuldarana og fjármálstofnanirnar sjálfar ef slík leið væri farin. Hæstv. ráðherra hefur nú í höndum sér að koma þessu í kring.

[15:18]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 926 er fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um gjaldtöku lögmanna og fjármálastofnana. Fyrst spyr hv. þm. hvort ráðherra sé tilbúinn til að beita sér fyrir því að settar verði reglur um gjaldtöku lögmanna, þannig að sett verði opinber gjaldskrá þar sem m.a.

yrði sett þak á innheimtuþóknun lögmanna og aðra gjaldtöku hjá skuldurum í vanskilum.

Frá því snemma vors 1996 hefur verið unnið að því á vegum viðskrn. að semja frv. til innheimtulaga. Gert er ráð fyrir því að leggja megi það frv. fyrir Alþingi haustið 1997. Með frv. er stefnt að því að festa í sessi góða innheimtuhætti hér á landi. Verður reynt að tryggja að eftir gjalddaga peningakrafna, sem eru ekki innheimtar fyrir dómstólum eða utan réttar á grundvelli réttarfarslaga, sé skuldara send innheimtuviðvörun og gefinn kostur á að greiða skuld sína innan tiltekins frests með lágmarkskostnaði. Fær viðskrh. samkvæmt frv. heimild til að kveða á í reglugerð um hámark innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Er þannig stefnt að því að skapa hjá innheimtuaðilum almennt, þar á meðal lögmönnum, viðskiptabönkum og sparisjóðum, virkt aðhald við innheimtu peningakrafna fyrir aðra eða fyrir eigin starfsemi.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hver sé skoðun mín á hárri gjaldtöku, þóknunum og dráttarvaxtatöku fjármálastofnana vegna vanskila skuldara. Ég vil fyrst nefna dráttarvaxtatöku fjármálastofnana en dráttarvextir eru sem kunnugt er ákveðnir af Seðlabankanum innan þeirra marka sem tiltekin eru í vaxtalögum. Í viðskrn. hefur um nokkurt skeið legið fyrir frv. nefndar sem hafði það hlutverk að endurskoða ákvæði vaxtalaganna. Nefndin lagði til þá meginbreytingu í vaxtamálum að dráttarvextir yrðu gefnir frjálsir þannig að þeir ráðist af samningum manna á milli. Þessi breyting sem vaxtalaganefndin lagði til felur í sér að dráttarvextir geti verið álag á samningsvexti eins og algengt er erlendis en nú er slíkt ekki heimilt hér á landi.

Þá fylgir þessari breytingu einnig að verðtryggð lán geta áfram verið verðtryggð eftir að taka dráttarvaxta hefst en breytist ekki í óverðtryggð lán eins og nú gildir. Vaxtalaga-frv. er enn til skoðunar í viðskrn., fyrst og fremst lögfræðilegrar skoðunar, en ég hyggst leggja það frv. fyrir Alþingi næsta haust.

Hvað varðar aðra gjaldtöku banka vegna vanskila skuldara er rétt að geta þess hvernig hún er upp byggð. Að sjálfsögðu er munur á gjaldskránni eftir fjármálastofnunum, eins og á að vera hjá fjármálastofnunum í samkeppni, en í grófum dráttum má segja að gjaldtakan sé þrenns konar: Í fyrsta lagi bætist 400–450 kr. vanskilagjald við skuldina á 7. degi vanskila. Í öðru lagi bætist tvöfalt vanskilagjald eða 800–900 kr. við skuldina eftir mánaðarvanskil. Og í þriðja lagi bætist við 1.000–1.800 kr. kostnaður vegna milliinnheimtu, gjarnan eftir 2–3 mánaða vanskil. Kostnaður vegna milliinnheimtu leggst þó aðeins á einu sinni en ekki við hvern gjalddaga. Milliinnheimtan er eins konar millistig innheimtu skuldara hjá banka eða sparisjóði, þ.e. milli þess að vanskilatilkynningar eru sendar út og þess að krafa er sett í lögfræðiinnheimtu.

Með fyrirhuguðum innheimtulögum sem ég hef vikið að í svari við fyrri spurningunni væri unnt að taka á einstökum atriðum sem tengjast m.a. þeirri gjaldtöku fjármálastofnana sem ég hef hér rætt um.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvort ég telji rétt að setja fjármálastofnunum reglur um hámarksgjaldtöku vegna vanskila skuldara og/eða að beita sér fyrir aðgerðum sem auðvelda þeim að greiða skuldir sínar sem af ófyrirsjáanlegum orsökum lenda í miklum vanskilum við innlánsstofnanir. Því er til að svara að samkvæmt gildandi lögum er gjaldskrá innlánsstofnana frjáls og óheimilt að hafa samráð á milli stofnana um gerðir hennar. Ég tel eðlilegt að ítreka þau sjónarmið gagnvart fjármálastofnunum að gjaldtaka þeirra sé ávallt rökstudd og endurgjald fyrir veitta almenna þjónustu eða þvingaðar sérhæfðar aðgerðir gagnvart skuldara séu í eðlilegu og rökréttu samhengi við þjónustu eða aðgerðir.

Í framangreindu frv. til innheimtulaga er gert ráð fyrir eins og ég hef greint frá að unnt sé að takmarka innheimtukostnað fjármálastofnana og annarra innheimtuaðila. Hvað varðar sérstakar reglur um viðráðanlega greiðsluaðlögun þegar gjaldþrot blasir við er það að segja að það er hagur fjármálastofnunarinnar fyrst og fremst að semja við viðskiptamenn sína um greiðslu skuldara ef líkur benda til að ella komi til gjaldþrots og ekkert fáist upp í kröfuna. Því tel ég ekki brýna nauðsyn á þessari stundu að setja sérstakar reglur um það gagnvart viðkomandi stofnunum. Hins vegar er ég enn þá þeirrar skoðunar að skynsamlegt væri að setja lög um greiðsluaðlögun sem ekki mundu einvörðungu taka til lánastofnana, bankastofnana og sparisjóða heldur almennt til greiðsluaðlögunar á heildarskuldaupphæðinni sem þá snýr líka að öðrum þáttum skuldanna. Hér höfum við fyrst og fremst verið að tala um afmarkaða þætti skulda einstaklinganna.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég vil fagna þessum svörum ráðherra sem eru um mjög margt athyglisverð. Í fyrsta lagi er á leiðinni hingað inn í þingið, sennilega næsta haust, frv. sem tekur á því að hægt sé að setja hámark eða þak á innheimtukostnað lögmanna. Þessu fagna ég mjög.

Eins og kemur fram er í þessu frv. tekið á því að ráðherra hefur í hendi sér eða getur takmarkað innheimtukostnað fjármálastofnana. Þetta eru mjög veigamikil atriði sem ég fagna mjög. En ég held að það sé ljóst af svari ráðherrans að hann og hæstv. dómsmrh. virðast ekki vera sammála í þessu máli vegna þess að fyrir Alþingi liggur frv. um lögmenn þar sem kveðið er á um að Lögmannafélag Íslands geti gefið út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum. Ég vil spyrja: Eru dómsmrh. og hæstv. viðskrh. ekki sammála um hvaða leið skuli fara í þessu efni? Ég tek það fram að ég styð hæstv. viðskrh. og þá leið sem hann boðar hér.

Ég tel það líka mikil tíðindi að ráðherrann styður það og mælir með því að hér verði sett lög um greiðsluaðlögun. Við munum það að á síðasta þingi hafnaði ríkisstjórnin því og fór þá leið sem litlu skilar, að koma á einhvers konar réttaraðstoð fyrir þá sem lenda á nauðungaruppboðum. Hér er ráðherrann að tala nákvæmlega sama máli og hann gerði fyrir kosningar, að tekin séu upp lög um greiðsluaðlögun. Á þetta verður látið reyna á þingi, hæstv. forseti, hvort ráðherra sé tilbúinn að standa við þessi orð sín. Ég spyr ráðherrann og ítreka það í lokin hvort hann sé ekki tilbúinn til þess af því að hann getur beint því til fjármálastofnana meðan við höfum ekki þessi lög um greiðsluaðlögun að þær taki upp án þess að til komi lagasetningar þá leið sem nefnd er í 3. tölulið fyrirspurnarinnar sem ég tel mjög mikilvæga, bæði fyrir fjármálastofnunina og fyrir skuldarann. Ég ítreka það. Ég spyr ráðherrann aftur hvort hann sé ekki tilbúinn til að beita sér fyrir því, meðan við erum að koma þessu máli hæstv. viðskrh. í gegnum þingið, að sett verði lög um greiðsluaðlögun.

[15:26]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á milli mín og hæstv. dósmrh. er enginn ágreiningur um þá leið sem fara skuli. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lýsti ágætlega í sinni ræðu áðan hver væri munurinn á því annars vegar sem kemur fram í frv. um lögmenn og því hins vegar sem kemur fram í þessu frv. sem núna er í smíðum í viðskrn. sem snýr að innheimtustarfseminni.

Í frv. um lögmenn er gert ráð fyrir leiðbeinandi gjaldskrám. Það hefur ekkert með það að segja að ekki sé hægt að setja gjaldskrá á grundvelli væntanlegra innheimtulaga og kröfur og reglugerð um þóknanir. Þetta er að mínu viti alveg samrýmanlegt.

Í nýlegri skýrslu um skuldir og vanskil einstaklinga sem félmrh. kynnti fyrir skemmstu kom fram að langflestar fjölskyldur á Íslandi ráða við skuldir sínar. Um 90% fjölskyldna eru ekki í neinum vanskilum eða um 1% fjölskyldna með yfir 1 millj. í vanskilum. Engu að síður má ekki gera lítið úr þeim vanda sem fólk hefur lent í út af þessum vítahring.

Hæstv. félmrh. hefur beitt sér fyrir mjög víðtækum aðgerðum til þess að koma til móts við það fólk sem er í greiðsluerfiðleikum. Því miður gefst mér ekki tími til þess nú í þessu stutta svari mínu að fara nákvæmlega yfir allar þær aðgerðir sem hæstv. félmrh. hefur gripið til til þess að koma til móts við það fólk sem er í mestu greiðsluerfiðleikunum. Hins vegar er enginn vafi á því að langstærsta aðgerðin á því sviði er stofnun Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna sem var, og það veit hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir af því að hún þekkir stefnuskrá Framsfl. út og inn, eitt aðalloforð Framsfl. En þau loforð eru öll núna að verða komin í höfn í þessu stjórnarsamstarfi, störfin, greiðsluerfiðleikar heimilanna, allt er þetta að ganga eftir en af því að ég veit að hv. þm. þekkir stefnuskrána vel, þá var einmitt ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna einn af hornsteinunum í þeim aðgerðum sem Framsfl. vildi grípa til til þess að koma til móts við það fólk sem var í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Reglugerðir um matvæli.

Fsp. GHelg, 373. mál. — Þskj. 651.

[15:29]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn sem var flutt af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur á meðan hún sat hér inni sem varaþingmaður. Fyrirspurnin er á þskj. 651 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

1. Tóku reglugerð nr. 588/1993, um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla, og reglugerð nr. 586/1993, um merkingu næringargildis matvæla, gildi að loknum eins árs aðlögunarfresti samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða?

2. Hafa reglugerðirnar haft áhrif á innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins?

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir tók sama mál fyrir í þessari virðulegu stofnun þann 21. nóv. 1994 og spurði þá að því hvenær ætlunin væri að reglugerðirnar tækju gildi og hvernig. Fyrirspurnirnir voru þá á þessa leið:

Gildir reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?

Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?

Einnig bar hún fram fyrirspurn á þessa leið:

Gildir reglugerð nr. 586/1993 um merkingu næringargildis matvæla á Evrópska efnahagssvæðinu einnig um vörur sem framleiddar eru utan svæðisins þar sem aðrar reglur gilda?

Sé svo, hver áhrif hefur það á samkeppnisstöðu og vöruverð?

Í reglugerðinni nr. 588 frá 31. des. 1993 var sérstakt heimildarákvæði um það að veittur var eins árs frestur til að koma á nauðsynlegum breytingum á reglum í þessu sambandi. Heimildarákvæðið var á þessa leið:

Fyrir matvæli sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og sem ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur eins árs frestur til að koma á nauðsynlegum breytingum. Hafi breytingar til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar ekki verið gerðar að þeim tíma liðnum er dreifing vörunnar óheimil.

Það er til þessa ákvæðis til bráðabirgða sem vitnað er í fyrirspurn hv. þm. í 1. tölulið.

Með þeim reglugerðum sem þarna tóku gildi urðu gríðarlega miklar breytingar á stöðu þessara matvæla og kynningu þeirra andspænis neytendum. Þess vegna skiptir svar hæstv. ráðherra við þessari fyrirspurn miklu en auk þess er það þannig að um leið og þessar reglugerðir hafa áhrif á vörur frá Evrópska efnahagssvæðinu, þá hafa þær mikil áhrif, og kannski enn þá meiri, á vörur utan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem ekki er um að ræða sams konar reglur og gjörbreytir í raun samkeppnisstöðu þeirra, m.a. vörur frá Bandaríkjunum, almennar neysluvörur, sem við höfum notað í miklum mæli.

[15:32]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir þeirri fyrirspurn sem liggur fyrir til umræðu og er í tveimur liðum. Svar við fyrri töluliðnum er á þessa leið:

Með þessum reglugerðum voru íslenskar reglur um merkingar matvæla samræmdar tilskipun Evrópusambandsins um þetta efni og gilda um öll matvæli sem dreift er til neytenda hér á landi. Áðurnefndar reglugerðir öðluðust gildi 1. janúar 1995 í samræmi við ákvæði til bráðabirgða. En fljótlega eftir að umhvrn. tók við málaflokknum frá heilbrrn., sem gerðist á miðju ári 1994, en reglugerðirnar voru settar af hálfu heilbrrn. á árinu 1993, komu upp efasemdir hjá Félagi ísl. stórkaupmanna og Verslunarráði Íslands um að tilskipanir Evrópusambandsins, sem reglugerðirnar byggðust á um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla og merkingu næringargildis matvæla, gætu verið skuldbindandi gagnvart vörum framleiddum utan Evrópska efnahagssvæðisins ef tryggt væri að þær færu eingöngu á markað hér á landi.

Á vegum umhvrn. og utanrrn. fór því fram ítarleg könnun á því hvort íslensk stjórnvöld væru skuldbundin til þess að setja sömu reglur um öll matvæli, sama hvort um væri að ræða vörur framleiddar á Evrópska efnahagssvæðinu eða í löndum utan svæðisins. Niðurstaðan varð sú að íslensk stjórnvöld væru skuldbundin til þess að byggja á reglum Evrópusambandsins og skipti ekki máli hvaðan matvörurnar kæmu.

Umhvrn. kannaði þá vegna óska frá innflytjendum matvæla hvort það uppfyllti settar reglur annars vegar að setja upplýsingarnar um vöruna á hillur í verslunum í stað þess að

merkja sjálfar vörurnar eða hins vegar að gefa út bækling sem dreift yrði til neytenda þar sem fram kæmi greinargóð lýsing á umræddum vörutegundum, þ.e. allar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessum íslensku reglum.

Eftir ítarlega skoðun og viðræður við Eftirlitsstofnun EFTA varð niðurstaðan sú að hvorugt fyrirkomulagið stæðist tilskipun EBE nr. 79/112 þar sem krafa væri um það að merkingarnar kæmu fram á umbúðum matvæla eða viðfestum merkimiða. Auk þess væru á því verulegir annmarkar í framkvæmd og nánast útilokað að hafa eftirlit með hillumerkingum eða dreifingu bæklings til neytenda, ekki síst hvað varðaði ákvæði um dagstimplanir eða síðasta söludag vegna geymsluþols matvæla. Við það gerðu Neytendasamtökin einnig sérstaka athugasemd og sögðust ekki undir neinum kringumstæðum geta fallist á að upplýsingar um geymsluþol matvæla kæmu einungis fram á hillum verslana. Þær upplýsingar yrðu að koma fram á umbúðunum sjálfum svo sem reglurnar kveða á um.

Þessar athuganir á vegum ráðuneytisins hafa leitt til þess að dregist hefur að ganga frá málinu en ráðuneytið hefur nú tilkynnt hlutaðeigandi aðilum fyrrgreinda niðurstöðu og reglugerðirnar taka gildi um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla sem og merkingu næringargildis matvæla hér á landi óháð framleiðslu- eða upprunalandi og að lokafrestur til að fullnægja þessum ákvæðum sé til 1. okt. nk. Þetta er sem sagt nýleg endanleg ákvörðun tekin af ráðuneytinu og ráðherra og talið var nauðsynlegt eða eðlilegt að gefa um það bil sex mánaða fyrirvara eða frest á því að fylgja þeim eftir með öflugu eftirliti í verslunum af hálfu ráðuneytis og þeirra stofnana, eða Hollustuverndarinnar eða heilbrigðiseftirlitsins, sem munu annast það verkefni en ráðuneytið mun fylgja því eftir að ákvæðum reglugerðanna verði þá framfylgt.

Seinni liður fyrirspurnarinnar var um hvort reglugerðirnar hefðu haft áhrif á innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og sannleikurinn er sá að auðvitað hafa þær nú þegar gert það, m.a. á þann hátt að innflytjendur matvæla frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins hafa flestir hverjir þegar lagað sig að þessum breytingum sem áttu að vera komnar í gildi. Því er þó ekki að neita að nokkrir innflytjendur matvæla frá Bandaríkjunum, og kannski reyndar frá fleiri löndum, eiga eftir að breyta merkingum samanber það sem hér hefur komið fram á undan.

Varðandi þá spurningu sem reyndar kom fram í fyrirspurnum sem áður hafa verið bornar hér fram um áhrif á vöruverð er auðvitað erfitt, kannski útilokað, að segja til um, a.m.k. á þessu stigi. Hætt er við að þetta geti haft einhver áhrif á vöruverð. Ég hygg að þegar til lengri tíma er litið hafi þetta ekki áhrif á vöruval því að það sé hægt að útvega þessar vörur eftir öðrum leiðum, þ.e. í gegnum Evrópu þar sem þær eru fluttar inn og þá með þeim skilyrðum um merkingar sem þar eru ákvæði um og eru þá hin sömu og hér, en það gæti auðvitað haft einhver áhrif á verðið.

[15:37]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er mikilvægt að reglum sé fylgt í þessu efni og það getur vafalaust verið til hagræðis fyrir neytendur að um sé að ræða samræmdar reglur varðandi merkingar á vörum, t.d. um næringarinnihald vöru og fleira þess háttar. En auðvitað verða menn að gæta þess í leiðinni að hér sé ekki um að ræða vísvitandi tæknilegar viðskiptahindranir sem verið er að búa til andspænis öðrum svæðum. Gallinn við hið mikla frelsisbandalag, Evrópubandalagið, er að nokkru leyti sá að þar er verið að búa til múr utan um frelsið innan þess en aðrir fá hins vegar síður að taka þátt í samkeppninni um verslun og viðskipti á svæði hins evrópska frelsisbandalags. Niðurstaðan er sú að sá hluti heimsins sem kannski þarf helst á því að halda að komast inn á þetta evrópska svæði með sínar vörur frá hinum fátækari löndum heimsins kemst ekki þangað af því að þessi heimur er útilokaður, m.a. með alls konar kröfum sem vafalaust eru vel meintar en að sumu leyti verka eins og það sem kallað er tæknilegar viðskiptahindranir.

Það sem ég er með öðrum orðum að tala fyrir er verslunarfrelsi á heimsvísu en ekki inni í lokuðum klúbbi auðkýfinga á þessum litla hluta hnattarins sem við eigum heima á. Ég tel að það sé hætta á því að hér sé verið að mismuna í þessum efnum og það sé alvarlegt umhugsunarefni.

Ég hef í sjálfu sér ekkert að athuga við vinnubrögð ráðuneytisins í þessu efni miðað við þau lög sem það á að fara eftir. Því er skylt að sinna þessum málum held ég eins og það gerir og ég hef ekkert við þennan sex mánaða frest að athuga. Ég tel að það sé bara eins og eðlilegt er. En ég er ekkert hissa á því að fjölmargir heildsalar í landinu hafi gert athugasemdir við þessa hluti.

[15:39]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í viðbót út af orðum hv. fyrirspyrjanda að ég tel að ráðuneytið hafi lagt sig fram um það og ég hef lagt það til ítrekað að við skoðuðum mjög gaumgæfilega allar leiðir í þessu sambandi og hvaða möguleikar væru til þess að beita öðrum reglum en þeim sem við höfðum þó þegar sett hér og taka mið af reglum á Evrópska efnahagssvæðinu. En niðurstaðan er eins og ég hef áður lýst ítarlega og ætla ekki að orðlengja það. Ég vil þá líka minna á að Neytendasamtökin hafa gert athugasemdir við það að hér skuli ekki gilda samræmdar reglur um merkingar á vörum. Fyrir nokkrum mánuðum kom fram í fjölmiðlum hörð ádeila á stjórnvöld hvað þetta varðaði og það herti á okkur í umhvrn. að taka þetta mál til sem allra skjótastrar niðurstöðu og reyna að fá botn í það. Og eins og ég nefndi áðan hefur eftirlitið verið talið nánast óframkvæmanlegt ef ekki giltu um þetta ákveðnar samræmdar reglur þannig að þetta á auðvitað ekki bara við það að við séum að framfylgja reglum sem við þurfum að taka yfir erlendis frá, hvað sem svo kann að liggja að baki þeim, heldur þurfum við líka að gæta að okkar neytendavernd og að íslenskir neytendur fái réttar upplýsingar og þær bestu og samræmdar svo sem vera ber á umbúðunum. Og allra seinast má nefna að samtök iðnaðarins hafa gert athugasemd við þessa framkvæmd og reyndar spurst fyrir um hana á erlendum vettvangi hjá æðsta valdinu í Brussel þannig að það lá fyrir að ef ekki yrði brugðist við af okkar hálfu þá mættum við búast við kæru um framkvæmd málsins.

[15:42]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil koma þeirri skoðun minni á framfæri að ástæðan fyrir þessum reglum sem Evrópa notar í dag eru ekki einhverjar vel meinandi hugmyndir um viðskiptafrelsi heldur úthugsaðar leikreglur til að framkvæma áfram sömu stefnuna og nýlenduveldin gerðu forðum í viðskiptum við þá sem þau kúguðu. Þess vegna er það mjög bagalegt að mínu

viti fyrir öll heimsviðskipti að Evrópa skuli ekki átta sig á því að ef hún ekki vill virða verslunarfrelsið þá verður hún einfaldlega skilin eftir út undan á næstu öld.

Fundi slitið kl. 15:43.

---

104. FUNDUR

miðvikudaginn 16. apríl,
að loknum 103. fundi.

Dagskrá:

1. Búfjárhald, stjfrv., 522. mál, þskj. 874. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 523. mál, þskj. 875. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, þáltill., 377. mál, þskj. 662. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Takmörkun á hrossabeit, þáltill., 507. mál, þskj. 851. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Skógræktaráætlun, þáltill., 546. mál, þskj. 900. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 531. mál, þskj. 885. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Þjóðminjalög, stjfrv., 502. mál, þskj. 842. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Háskólar, stjfrv., 533. mál, þskj. 887. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, stjfrv., 532. mál, þskj. 886. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, stjfrv., 534. mál, þskj. 888. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Bæjanöfn, stjfrv., 535. mál, þskj. 889. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Örnefnastofnun Íslands, stjfrv., 536. mál, þskj. 890. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, stjfrv., 542. mál, þskj. 896. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Íþróttalög, stjfrv., 543. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
16. Útvarpslög, frv., 345. mál, þskj. 617. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
17. Afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þáltill., 423. mál, þskj. 727. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
18. Endurskoðun kennsluhátta, þáltill., 432. mál, þskj. 736. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
19. Aðgangur að íslenskum handritum, þáltill., 553. mál, þskj. 911. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
20. Bókaútgáfa, þáltill., 559. mál, þskj. 917. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.

[Fundarhlé. — 15:43]

Búfjárhald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 522. mál (forðagæsla, merking o.fl.). — Þskj. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 523. mál (örmerki). — Þskj. 875.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Suðurlandsskógar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 377. mál. — Þskj. 662.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Takmörkun á hrossabeit, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 507. mál. — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Skógræktaráætlun, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 546. mál. — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 885.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Háskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 533. mál. — Þskj. 887.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kennara- og uppeldisháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 886.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skoðun kvikmynda og bann við ofbeldismyndum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 534. mál (sjónvarpsstöðvar, tölvuleikir). — Þskj. 888.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Bæjanöfn, frh. 1. umr.

Stjfrv., 535. mál (örnefnanefnd). — Þskj. 889.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 40:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞSverr, ÖS.
nei: KHG.
2 þm. (BH, GBeck) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GE, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, KF, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, SJóh, SJS, ÞorstP, ÖJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Örnefnastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 536. mál. — Þskj. 890.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, frh. 1. umr.

Stjfrv., 542. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Íþróttalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 543. mál (heildarlög). — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. MÁ og SvanJ, 345. mál (ráðning starfsfólks við dagskrá). — Þskj. 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv.
Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Afmæli Sinfóníuhljómsveitar Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. SK og SvG, 423. mál. — Þskj. 727.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Endurskoðun kennsluhátta, frh. fyrri umr.

Þáltill. HjÁ o.fl., 432. mál. — Þskj. 736.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Aðgangur að íslenskum handritum, frh. fyrri umr.

Þáltill. VS og JónK, 553. mál. — Þskj. 911.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Bókaútgáfa, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH o.fl., 559. mál. — Þskj. 917.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 16:15.

105. FUNDUR

fimmtudaginn 17. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.
2. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, stjtill., 554. mál, þskj. 912. — Fyrri umr.
3. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 555. mál, þskj. 913. — Fyrri umr.
4. Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., 556. mál, þskj. 914. — Fyrri umr.
5. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 411. mál, þskj. 708. — Fyrri umr.
6. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Fyrri umr.
7. Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, þáltill., 503. mál, þskj. 846. — Fyrri umr.
8. Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, þáltill., 490. mál, þskj. 825. — Frh. fyrri umr.
9. Mengun í jarðvegi við Keflavíkurflugvöll, þáltill., 551. mál, þskj. 909. — Fyrri umr.
10. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808. — 2. umr.
11. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356, nál. 952, brtt. 953. — 2. umr.
12. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491, nál. 955. — 2. umr.
13. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601, nál. 954. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.

Tilkynning um formennsku í stjórnarskrárnefnd.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf, dags. 17. apríl 1997:

„Á fundi stjórnarskrárnefndar í gær var Sólveg Pétursdóttir kjörin formaður nefndarinnar og Svavar Gestsson varaformaður.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson, ritari stjórnarskrárnefndar.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Afnám skattframtala, 321. mál, svar fjmrh., þskj. 962.

Kaup á hverasvæði Geysis í Haukadal, 382. mál, svar fjmrh., þskj. 963.

Ráðstefna einkavæðingarnefndar, 371. mál, svar forsrh., þskj. 960.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Utandagskrárumræða fer fram að loknu matarhléi í dag um kl. hálftvö. Utandagskrárumræðan er um setningu reglugerðar um tekjutryggingu almannatrygginga. Málshefjandi er hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hæstv. heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[10:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Alþjóðlegt samstarf verður stöðugt umfangsmeira. Ísland þarf að geta uppfyllt þær skyldur sem því fylgja að vera frjálst og fullvalda ríki. Það kallar á öfluga utanríkisþjónustu og styrka stjórn utanríkismála. Utanríkisþjónustan þarf að vera nægilega öflug til þess að við Íslendingar getum staðið við þær skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur og hún þarf stöðugt að vera vakandi hvað varðar hagsmunagæslu á alþjóðavettvangi, en nokkuð hefur vantað á að utanríkisþjónustan hafi verið efld til samræmis við aukin verkefni á undanförnum árum.

Ég hef því látið hefja athugun á hvernig skuli staðið að eflingu utanríkisþjónustunar þannig að hún geti gegnt hlutverki sínu sem best í breyttum heimi.

Þegar hefur verið tilkynnt um stofnun fastanefndar hjá Evrópuráðinu í Strassborg á þessu sumri. Enn fremur er hafin athugun á því að opna sendiráð í Japan. Á haustmánuðum mun taka til starfa sérstök viðskiptaþjónusta á vegum utanríkisþjónustunnar. Einnig verður sett á fót sérstök skrifstofa menningar- og upplýsingamála innan ráðuneytisins, en samkvæmt lögum ber utanríkisþjónustunni að gæta hagsmuna Íslands að því er snertir utanríkisviðskipti og menningarmál.

Undanfarin ár hefur alþjóðlegt viðskiptaumhverfi tekið gífurlegum breytingum. Frjálsræði hefur aukist og alþjóðleg samkeppni fer sífellt vaxandi. Atvinnulífið stendur frammi fyrir því að íslenskur markaður er orðinn alþjóðlegur og heimurinn allur eitt markaðssvæði.

Til að mæta nýjum þörfum atvinnulífsins hefur verið komið á fót viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins sem tekur formlega til starfa 1. september næstkomandi. Utanríkisþjónustan hefur ætíð verið reiðubúin að vera útflutningsfyrirtækjum innan handar. Nú hefur þeirri þjónustu hins vegar verið komið í fastar skorður og hún aðlöguð þeim breytingum sem eru orðnar á alþjóðlegum viðskiptum. Þetta er í samræmi við þá þróun sem átt hefur sér stað í nágrannalöndum okkar þar sem viðskiptaþjónusta hefur verið efld verulega á undanförnum árum.

Hlutverk viðskiptaþjónustunnar verður meðal annars að útvega upplýsingar, koma á samböndum og miðla þekkingu til fyrirtækja sem stunda alþjóðaviðskipti. Í upphafi verður viðskiptaþjónusta boðin á tíu stöðum í heiminum. Í náinni framtíð er æskilegt að þessi þjónusta nái til fleiri landa.

Enginn aðili hér á landi ræður yfir jafnvíðtæku alþjóðlegu neti og utanríkisþjónustan, sem starfrækir 14 sendiráð og fastanefndir erlendis og hefur aðgang að um 200 kjörræðismönnum um allan heim. Þá er innan utanríkisþjónustunnar víðtæk þekking og áratuga reynsla í alþjóðlegum samskiptum.

Við Íslendingar búum yfir sérþekkingu, reynslu og vel menntuðu vinnuafli og eigum því að geta náð langt, bæði á hefðbundnum sviðum sjávarútvegs og tengdra greina. Einnig eru möguleikar iðnaðar og þjónustu miklir. Hugbúnaðargerð hefur enn fremur verið í miklum vexti. Ástæðulaust er að ætla annað en önnur íslensk fyrirtæki, sem hingað til hafa ekki verið virk á erlendum mörkuðum, geti einnig haslað sér völl á alþjóðavettvangi.

Alþjóðavæðing kallar á nýtt hugarfar hjá starfsmönnum fyrirtækja og stjórnkerfis. Með tilkomu viðskiptaþjónustunnar verður utanríkisþjónustan betur í stakk búin til þess að sinna hlutverki sínu og stuðla að enn öflugri útrás íslenskra fyrirtækja.

Virk þátttaka í samstarfi Norðurlanda er sem fyrr grundvallarþáttur í íslenskum utanríkismálum. Í kjölfar breytinga á starfsskipulagi Norðurlandaráðs eru Evrópumál og grannsvæðasamstarf nú tvö af þremur helstu samstarfssviðum Norðurlanda.

Tæp tvö ár eru frá því að Íslendingar gerðust aðilar að Eystrasaltsráðinu. Meginhlutverk ráðsins er að efla hvers konar samskipti aðildarríkja með því að bæta efnahagsumhverfi og stuðla að auknum viðskiptum, styrkja undirstöður lýðræðis, mannréttindi og öryggi borgaranna. Starf ráðsins á sviði umhverfismála er enn fremur mikilvægt. Þótt ráðið sé tiltölulega nýstofnað hefur starfsemi þess þegar skilað verulegum árangri.

Mér er það sérstakt fagnaðarefni að geta þess að 4. apríl síðastliðinn var undirritaður samningur á milli Íslands og Litáens um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana. Hillir undir frágang sams konar samninga Íslands við Eistland og Lettland á næstu dögum. Samningar þessir eru mikilvægir fyrir Eystrasaltsríkin og táknrænir fyrir aukin tengsl þeirra við vestræn lýðræðisríki.

Íslensk stjórnvöld ákváðu að leggja sitt af mörkum til að treysta undirstöður lýðræðis í Eistlandi. Hefur umboðsmaður Alþingis aðstoðað Eista við að koma á fót embætti umboðsmanns í Eistlandi, en stefnt er að stofnun slíks embættis þar í landi síðar á þessu ári.

Með stofnun Norðurskautsráðsins hefur verið myndaður vettvangur víðtæks samstarfs aðildarríkjanna átta, en einungis öryggis- og varnarmál falla utan starfssviðs ráðsins samkvæmt stofnyfirlýsingunni. Eitt mikilvægasta verkefni ráðsins verður að tryggja jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar auðlinda á norðurslóðum. Unnið er að því að setja ráðinu starfsreglur og leggja grunninn að sjálfbærri nýtingu auðlinda á svæðinu.

Eftir því sem Norðurskautsráðinu vex fiskur um hrygg er full ástæða til að endurmeta enn frekar skipulag grannsvæðasamstarfsins á norðurslóðum. Leita þarf leiða til að fyrirbyggja hvers konar tvíverknað. Í þessu skyni voru nýlega lagðar fram af Íslands hálfu frumhugmyndir um samhæfingu á starfi Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins, en það síðarnefnda hefur einkum verið vettvangur samstarfsverkefna sem miða að efnahagslegum framförum og umhverfisvernd í Norðvestur-Rússlandi og nærlægum svæðum. Hafa þessar hugmyndir hlotið góðar undirtektir og verður þeim fylgt eftir.

Eftir gildistöku EES-samningsins hefur starfsemi Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, einkum falist í samskiptunum við ESB. Í opinberri umræðu gera menn gjarnan minna úr áhrifum EFTA-ríkjanna en efni standa til. EFTA-ríkin hafa

að undanförnu nýtt sér í vaxandi mæli réttinn til þess að fylgjast með störfum nefnda á vegum framkvæmdastjórnarinnar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þannig hafa áhrif þeirra á endanlega mótun evrópskra reglna sífellt verið að aukast.

EFTA-ríkin og EFTA-skrifstofan eiga samvinnu sín á milli til að tryggja að skortur á mannafla hindri ekki virka þátttöku í öllum sérfræðinganefndum. Auk þess eiga EFTA-ríkin þess kost að gera skriflegar athugasemdir við tillögur ráðherraráðsins eftir að framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögur sínar og er þetta gert í vaxandi mæli. Ísland og Noregur njóta þeirrar sérstöðu að geta nýtt samstarfið við hin Norðurlöndin þrjú sem aðild eiga að ESB. Mikilvægt er að efla þá samvinnu þannig að norræn sjónarmið komist enn betur til skila á alþjóðlegum vettvangi.

EES-samningurinn felur ekki aðeins í sér viðskiptalegan ávinning. Hann færir íslenskum þegnum einnig umtalsverð réttindi. Má þar nefna réttinn til þess að starfa, stunda rannsóknir og nám eða þjálfun í öllum aðildarríkjunum á hinu evrópska efnahagssvæði. Til þess að auka þekkingu almennings á þessum réttindum mun utanríkisráðuneytið á næstu mánuðum gefa út kynningarefni um upplýsingaátak Evrópusambandsins.

Aðildarríki ESB eru meðal nánustu samstarfsríkja okkar á sviði utanríkis- og öryggismála. EES-samningurinn hefur gert EFTA-ríkjunum kleift að eiga samráð við ESB um utanríkispólitísk mál. Samstarfið gengur vel og er Ísland nú aðili að fjölda yfirlýsinga ESB.

Ríkjaráðstefna Evrópusambandsins hefur nú staðið á annað ár og miðar hægt. Væntingar til ráðstefnunnar eru orðnar minni en þegar lagt var upp og ekki eru horfur á því að grundvallarbreytingar verði gerðar.

Allar breytingar geta haft sín áhrif á það hvernig framtíðarsamskipti okkar við ESB þróast en það eru einkum tvö atriði sem standa upp úr. Annars vegar er það hvernig háttað verður tengingu Vestur-Evrópusambandsins við ESB og hins vegar hvernig Schengen-samstarfið fellur að Evrópusambandinu.

Það er áhyggjuefni að af og til koma upp raddir meðal Evrópusambandsríkjanna um að réttast sé að innlima VES í ESB og gera það að varnararmi þess. Við höfum lagst hart gegn slíkum hugmyndum, enda gæti það stefnt í hættu þeirri farsælu samstöðu um evrópsk öryggismál sem myndast hefur milli Evrópuríkja innan og utan ESB og bandamanna okkar í Norður-Ameríku.

Vaxandi líkur eru á því að Schengen samstarfið tengist stofnunum ESB nánar. Ein lausn gæti verið að starfslið ESB tæki að sér þjónustuhlutverk við framkvæmd samningsins en einnig er rætt um að reglugerðir Schengen verði hluti af reglugerðarverki ESB. Hver sem niðurstaðan verður hefur í umræðunni ávallt verið tekið fram að fullt tillit verði tekið til samstarfssamnings Noregs og Íslands við Schengen-ríkin.

Ekkert einstakt mál kemur til með að hafa meiri áhrif á innri markað ESB og þar með EES en það hvernig sambandinu tekst að hrinda í framkvæmd upptöku sameiginlegrar myntar. Utanríkisráðuneytið, önnur ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar, fylgjast grannt með framvindunni. Engin heildstæð athugun hefur farið fram og er ríkisstjórnin með í undirbúningi að skipa sérstaka nefnd sem samræmi sjónarmið og safni upplýsingum á einn stað.

Íslensk stjórnvöld hafa lagt áherslu á þátttöku í Evrópuráðinu og hafa málefni þess verið til umfjöllunar í flestum ráðuneytum, auk þess sem Alþingi og fjöldi alþingismanna hafa tekið þátt í starfi þess með ýmsum hætti. Eftir tvö ár fellur það í hlut Íslands að fara með formennsku í ráðinu, en það er vandasamt hlutverk, sem krefst þekkingar og mannafla. Því hefur verið ákveðið að setja á stofn fastanefnd Íslands í Strassborg frá og með sumri komanda.

Í þeim öru breytingum, sem nú eiga sér stað, verður mikilvægi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, ÖSE, stöðugt ljósara. 55 ríki eiga aðild að stofnuninni, það er öll ríki Evrópu og öll fyrrverandi Sovétlýðveldi, auk Bandaríkjanna og Kanada. Í því samstarfi Atlantshafsbandalagsins og Rússlands, sem nú er í mótun, er lögð lykiláhersla á þann ramma sem ÖSE markar samskiptum ríkja og á að efla stofnunina og virða ákvæði Helsinki-samningsins. Ísland hefur, því miður, ekki getað haft starfandi fastanefnd við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu síðan 1993. Í ljósi vaxandi hlutverks stofnunarinnar í öryggismálum Evrópu er nauðsynlegt að taka þá skipan mála til endurskoðunar.

Þrátt fyrir mikilvægi þess ramma sem ÖSE veitir mun Atlantshafsbandalagið áfram verða þungamiðja öryggissamstarfs innan Evrópu. Árið 1997 er mikilvægt í sögu bandalagsins, en á næstunni verða teknar merkar ákvarðanir er varða framtíð þess.

Innri aðlögun bandalagsins felur í sér endurskoðun herstjórnarkerfisins með það að markmiði að gera það einfaldara í sniðum og sveigjanlegra. Þannig verður bandalaginu gert auðveldara um vik að bregðast við staðbundnum verkefnum eins og friðargæslu. Sveigjanlegra herstjórnarkerfi mun einnig greiða fyrir eflingu evrópskrar varnarstoðar innan bandalagsins og gera Evrópuríkjum kleift að grípa til aðgerða í þeim tilfellum sem bandamenn okkar í Norður-Ameríku kjósa að standa til hlés.

Í þeirri aðlögun, sem nú fer fram, þarf stöðugt að leggja áherslu á mikilvægi þess að tengslin yfir Atlantshafið verði áfram á styrkum grunni og að áframhaldandi öflug viðvera Bandaríkjamanna í Evrópu og þátttaka þeirra innan herstjórnarkerfisins verði tryggð. Þau tengsl má ekki á nokkurn hátt veikja.

Á leiðtogafundi bandalagsins í júlí næstkomandi verður ákveðið hvaða ríkjum skuli boðið til aðildarviðræðna í fyrstu stækkun bandalagsins eftir lok kalda stríðsins. Frjálsum og fullvalda ríkjum er í sjálfsvald sett að skilgreina hvernig öryggishagsmunum þeirra er best þjónað, hvort heldur er innan bandalaga eða utan. Þetta grundvallarsjónarmið er skýrt tekið fram í grunnskjölum ÖSE og var ítrekað á leiðtogafundi ÖSE í Lissabon í desember síðastliðnum. Vert er þó að hafa í huga að ákvörðun um stækkun verður að vera samhljóða ákvörðun allra aðildarríkja og mikilvægt að góð sátt verði innan bandalagsins um þau ríki sem fyrst verður boðin aðild.

Væntanleg stækkun NATO hefur þegar haft jákvæð áhrif á öryggisumhverfi Evrópu. Hafa mörg ríki Mið- og Austur-Evrópu gengið frá, eða eru um það bil að ganga frá samningum við nágranna sína sem leysa áður óleyst deilumál, enda nauðsynlegt skilyrði aðildar að NATO. NATO hefur einnig gefið út einhliða yfirlýsingar að undanförnu og meðal annars lýst því yfir að kjarnavopn muni ekki verða á landsvæði nýrra aðildarríkja, enda væri það ekki í samræmi við þá þróun að draga úr kjarnavopnaviðbúnaði bandalagsins. Þess má geta að þegar hefur kjarnavopnum á meginlandi Evrópu fækkað um ríflega 80% og er stefnt að enn frekari fækkun. Enn fremur hefur bandalagið lýst því yfir að ekki verði ástæða til langdvalar erlends herliðs í nýjum aðildarríkjum.

Eins og kunnugt er hefur Ísland lagt til að öllum umsóknarríkjum verði boðin aðild á sama tíma, en framgangur látinn ráðast í aðildarviðræðum. Þetta er ekki hvað síst með hagsmuni Eystrasaltsríkjanna fyrir augum, enda yfirlýst stefna okkar að styðja aðild þeirra í fyrstu umferð.

Að öðrum kosti tel ég skynsamlegt að stækkunin verði mjög takmörkuð og einungis fáum ríkjum boðin aðild í fyrstu. Það ætti að tryggja að stækkunarferlið gæti gengið snurðulaust fyrir sig. Einnig eykur það líkurnar á því að næsta stækkun verði fyrr en síðar. Leggja ber ríka áherslu á að Atlantshafsbandalagið verður eftir sem áður opið nýjum aðildarríkjum og að þessi stækkun verði ekki sú síðasta.

Jafnframt er mikilvægt að efla samstarf við þau ríki sem ekki hljóta aðild í fyrstu umferð, svo og þau ríki sem ekki hafa sóst eftir aðild. Því ber að leggja kapp á stofnun nýs Atlantshafssamstarfsráðs (APC) sem byggja mun á starfi aðildarríkjanna innan Friðarsamstarfsins (PfP) og Norður-Atlantshafssamvinnuráðsins (NACC). Enn fremur er mikilvægt að efla Friðarsamstarfið til muna og tryggja hlutverk og þátttöku samstarfsríkjanna í mótun og starfsemi þess og að í boði sé eins náið samstarf við NATO og kostur er.

Friðarsamstarfið hefur reynst afar árangursríkt og hefur þjappað saman ríkjum Atlantshafsbandalagsins og flestum öðrum ríkjum Evrópu. Þannig hefur verið unnið saman að því að efla öryggi um alla álfuna og má til sanns vegar færa að án reynslunnar af friðarsamstarfinu hefði friðaraðgerðin í Bosníu-Hersegóvínu verið mun erfiðari í framkvæmd.

Í júlílok nú í sumar verður haldin hér á landi alþjóðleg almannavarnaæfing, Samvörður 97, sem íslensk stjórnvöld hafa boðið til. Æfingin er liður í Friðarsamstarfi NATO og er fyrsta almannavarnaæfing sem haldin er undir merkjum þess. Æfð verða viðbrögð stjórnvalda og björgunarsveita við öflugum jarðskjálfta. Æfingin er mikilvægt framlag til friðarsamstarfsins og einstakt tækifæri fyrir íslenskar björgunarsveitir til að vinna með erlendum sveitum og leiða í ljós styrkleika og veikleika íslenska almannavarnakerfisins.

Um 20 erlend ríki hafa tilkynnt þátttöku og er búist við að allt að 500 erlendir hjálpar- og björgunarliðar taki þátt í æfingunni. Hún fer fram á Suðvesturlandi en íslenskar björgunarsveitir víða af landinu taka þátt í henni. Áætlað er að liðsmenn sveitanna gætu orðið 400–500. Æfingin er skipulögð í nánu samstarfi við viðkomandi almannavarnanefndir og er framkvæmd hennar fyrst og fremst í höndum Almannavarna ríkisins.

Öflugt og farsælt samstarf við Rússland mun hafa lykilþýðingu fyrir framtíðarþróun öryggismála í Evrópu. Samningaviðræður standa nú yfir milli bandalagsins og Rússlands um hvernig treysta megi samstarf þeirra í sessi, enda mikilvægt að þróa frekar þá samvinnu sem þegar er komin á. Markmiðið með slíku samkomulagi er að tryggja víðtækt samráð og samstarfsmöguleika, jafnvel þannig að hægt verði að grípa til sameiginlegra aðgerða. Bundnar eru vonir við að undirrita megi slíkt samkomulag nú í vor eða snemma sumars.

Varnarsamstarfið við Bandaríkin er sem fyrr hornsteinn öryggismála Íslands og er eftirlits- og varnarhlutverk varnarliðsins á Íslandi óbreytt. Töluverðar breytingar hafa hins vegar orðið á liðsafla og búnaði varnarstöðvarinnar á síðustu fimm árum þar sem tekið hefur verið mið af breyttum og batnandi aðstæðum í öryggismálum.

Samkomulag íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framkvæmd varnarsamningsins, sem undirritað var í Reykjavík 9. apríl 1996, gengur samkvæmt áætlun. Meginmálið er að hér sé ávallt til staðar sá öryggisviðbúnaður sem við teljum þurfa.

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa hliðsjón af þeim breytingum sem nú eiga sér stað í öryggismálum Evrópu og tryggja að Ísland lendi ekki á jaðri þeirrar þróunar. Meginforsenda bandalagsins hefur ávallt verið jafnt öryggi fyrir öll aðildarríkin og hlýtur það því ávallt að vera kjarninn í afstöðu Íslands. Öryggishagsmunir þjóðanna á norðurvæng Atlantshafsbandalagsins þurfa því áfram að vera tryggðir eftir stækkun þess í austurátt.

Mörg helstu viðfangsefni sem ríki heims þurfa að takast á við á komandi árum, verða því aðeins leyst að margir leggi hönd á plóginn. Þetta á við um vaxandi fátækt, hungur, rányrkju, mengun, fíkniefnavanda, glæpastarfsemi og margs konar aðra vá, sem einstökum ríkjum er í flestum tilvikum ofviða að leysa upp á sitt einsdæmi. Ekki síst af þessum sökum munu Sameinuðu þjóðirnar áfram gegna afar veigamiklu hlutverki.

Til að Sameinuðu þjóðirnar geti uppfyllt vaxandi kröfur sem til þeirra eru gerðar er hins vegar óhjákvæmilegt að ráðist verði í umfangsmiklar umbætur á starfsemi þeirra. Það er því fagnaðarefni að nýr framkvæmdastjóri stofnunarinnar, Kofi Annan, sem tók við embætti um síðustu áramót, hefur sett umbótastarfið á oddinn. Ísland mun styðja það starf eftir því sem nokkur kostur er.

Mannréttindi eru óaðskiljanlegur hluti alþjóðastjórnmála. Nú er að ljúka 53. þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf, og hefur Ísland, sem á áheyrnaraðild að þinginu, gerst meðflytjandi að fjölmörgum ályktunartillögum þar sem ástand mannréttindamála í ýmsum löndum heims, til dæmis í Íran, Írak, Kína, á Kúbu og Austur-Tímor, er gagnrýnt. Enginn þarf að fara í grafgötur um stuðning íslenskra stjórnvalda við baráttu fyrir mannréttindum. Enginn þarf heldur að efast um einlægni okkar og jákvæðan tilgang með þátttöku á þessum vettvangi.

Íslensk stjórnvöld hafa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna stutt tilraunir til að koma á varanlegum friði í Mið-Austurlöndum. Það er mikið áhyggjuefni að ástandið þar hefur farið hríðversnandi, ekki síst vegna ólöglegra og ögrandi aðgerða núverandi stjórnvalda í Ísrael í Austur-Jerúsalem, sem aftur eru vatn á myllu öfgamanna í röðum araba. Ekki verður hægt að tryggja varanlegan frið á svæðinu fyrr en allir aðilar virða bókstaf og anda friðarsamkomulagsins.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eru ýmis helstu hagsmunamál íslensku þjóðarinnar til umfjöllunar. Á síðustu árum hafa því stjórnvöld reynt að styrkja stöðu sína innan samtakanna. Frá og með síðustu áramótum er Ísland aðili að efnahags- og félagsmálaráðinu og á nú einnig fulltrúa í nefnd samtakanna um nýja og endurnýjanlega orkugjafa. Fyrr í þessum mánuði gerðist Ísland enn fremur áheyrnaraðili að sérstakri nefnd Sameinuðu þjóðanna um friðargæslu.

Sérstakt aukaallsherjarþing Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verður haldið í New York í júní næstkomandi í tilefni af því að fimm ár eru liðin frá því að umhverfisráðstefnan var haldin í Ríó. Sérstakur fundur umhverfisnefndar Sameinuðu þjóðanna til undirbúnings aukaallsherjarþinginu stendur nú yfir í New York. Umræður á fundinum bera því vitni að verndun lífríkis sjávar er vaxandi þáttur sjálfbærrar þróunar.

Þótt umræðan á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafi til þessa einkum tekið mið af mengun hafsins, má gera ráð fyrir að knúið verði á um það með vaxandi þunga að veiðar og veiðiaðferðir sæti auknu alþjóðlegu eftirliti. Þetta er umræða sem Ísland þarf að taka virkan þátt í, svo að tryggt verði að mikilvægir hagsmunir íslensku þjóðarinnar verði á engan hátt fyrir borð bornir.

Sjávarútvegsdeild háskóla Sameinuðu þjóðanna tekur til starfa á Íslandi á næsta ári og mun byggja á sérþekkingu þeirri sem fyrir hendi er í Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og rannsóknarstofnunum. Er þess vænst að starfræksla skólans geti orðið mikilsvert framlag Íslands til þróunarmála.

Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað næsta ár málefnum hafsins. Stjórnvöld munu skipa vinnuhóp til að athuga með hvaða hætti Íslendingar, sem framar öðrum þjóðum tengjast hafinu, geta miðlað af mikilli reynslu sinni á þessu sviði.

Utanríkisráðuneytið hefur nú tekið við forsvari málefna Alþjóðabankans af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Í tengslum við þetta hef ég tekið sæti í þróunarmálanefnd bankans og gegni formennsku þar fyrir hönd Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Þróunarmálanefndin markar stefnu bankans í þeim þróunarmálum sem hæst bera hverju sinni. Síðustu árin hefur þróunarsamvinna á alþjóðavettvangi tekið miklum breytingum. Aðstoð við þróunarríkin tekur nú æ frekar mið af frammistöðu viðkomandi ríkja. Ísland hefur haft þetta að leiðarljósi í tvíhliða þróunarsamvinnu með góðum árangri, eins og umsvif okkar í sunnanverðri Afríku bera vott um.

Nauðsynlegt er að styrkja þátttöku okkar í fjölþjóðlegu þróunarstarfi, ekki síst með það í huga að liðsinna fátækustu þjóðunum. Í þróunarmálum verður samt að hafa heildarmyndina í huga. Lítil framþróun mun eiga sér stað, þar sem ófriður ríkir, jafnrétti og mannréttindi eru fótum troðin og félagslegar þarfir fólks hafðar að engu. Íslensk stjórnvöld hafa nú um nokkurra ára skeið greitt í sérstakan Þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir konur. Einnig hefur UNIFEM-félagið á Íslandi verið styrkt til þess að aðstoða við verkefni í Andesfjöllum og á Yukatan-skaga í Mexíkó, sem miða að því að renna efnahagslegum stoðum undir lífsbaráttu kvenna á þessum svæðum.

Á sama hátt hefur þátttaka Íslands í uppbyggingarstarfinu í Bosníu-Hersegóvínu miðast við aðstoð við þær þúsundir sem örkumlast hafa í styrjöldinni. Aðstoðarverkefnið er unnið í samvinnu við stoðtækjafyrirtækið Össur hf., Alþjóðabankann og heilbrigðisyfirvöld í Bosníu-Hersegóvínu. Ákveðin eru nú einnig verkefni á sviði ungbarna- og mæðraverndar.

Á næstunni verður kynnt skýrsla um þróunarmál sem unnin hefur verið á vegum utanríkisráðuneytisins í samráði við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Markmið skýrslunnar er að veita stjórnvöldum betri yfirsýn um stöðu, hlutverk og árangur íslenskrar þróunarsamvinnu í ljósi alþjóðlegrar reynslu og þar með að auðvelda þeim að marka stefnu og haga framkvæmdum í þróunarmálum í framtíðinni. Þess má vænta að umsvif tvíhliða og marghliða þróunaraðstoðar muni fara vaxandi á næstu árum og er þessi skýrsla nauðsynlegur grundvöllur að framtíðarstefnumótun Íslands í þróunarmálum.

Árangur ráðherrastefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) í desember síðastliðnum endurspeglar að stofnunin hefur reynst starfi sínu vaxin sem útvörður hins fjölþjóðlega viðskiptakerfis og hreyfiafl frjálsræðis í heimsviðskiptum. Samningaviðræður um frelsi í grunnfjarskiptaþjónustu fengu byr undir báða vængi og hafa þær nú verið leiddar til lykta og taka skuldbindingar gildi frá og með 1. janúar 1998.

Með grunnfjarskipta- og upplýsingatæknisamningunum hefur WTO lagt hornstein að viðskiptakerfi 21. aldarinnar og treyst grundvöll undir hagsæld aðildarríkja.

Um þessar mundir eru að hefjast á ný eftir nokkurt hlé flóknar viðræður um frekara frjálsræði á sviði fjármálaþjónustu. Vonast er til að þeim megi ljúka á árinu og sem fyrr mun Ísland leggja sitt af mörkum til að það megi takast.

Undanfarin ár hafa veiðar íslenskra skipa utan efnahagslögsögunnar fært þjóðarbúinu verulegar tekjur. Vonandi verður framhald á því, en á það ber að líta að sókn í fiskimiðin á úthafinu hefur stóraukist og er Norðaustur-Atlantshafið þar ekki undanskilið. Brýnt er að koma stjórn á þær veiðar sem ekki lúta neinni stjórn enn.

Ísland fullgilti nýverið úthafsveiðisamninginn. Kjarni hans eru reglur um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistofnana um verndun og stjórnun veiða úr fiskstofnum sem ganga inn og út úr lögsögu ríkja.

Um þessar mundir á sér stað endurskipulagning ýmissa svæðisstofnana í ljósi þessarar þróunar á alþjóðavettvangi. Hafa Íslendingar tekið virkan þátt í því starfi og lagt á það mikla áherslu.

Undanfarin missiri hafa íslensk stjórnvöld, sem kunnugt er, átt viðræður við nágrannaríkin um stjórnun veiða úr einstökum fiskstofnum. Verulegur árangur hefur náðst á því sviði og mörgum samningum er lokið og mun ég ekki fjölyrða um einstaka samninga hér við þessa upphafsumræðu.

Óhætt er að segja að vaxandi skilningur sé meðal fiskveiðiþjóða á Norður Atlantshafi um mikilvægi samstarfs um verndun og nýtingu auðlinda sjávar. Undanfarið hefur staðið yfir undirbúningur ráðuneyta að tvíhliða viðræðum við Rússa um sjávarútvegsmál sem vonast er til að ljúki á næstu mánuðum og muni efla samvinnu þjóðanna í sjávarútvegi og viðskiptum.

Samningaviðræður um þorskveiðar okkar í Barentshafi hafa enn ekki borið árangur og er það miður. Ljóst er að íslensk stjórnvöld hafa sýnt vilja til að leysa þetta mál, en að okkar mati hefur nokkuð skort á hjá viðsemjendum okkar. Mikilvægt er að koma stjórn á veiðar íslenskra skipa á svæðinu og verður haldið áfram að leita leiða til samkomulags.

Í kjölfar loðnuveiða danskra skipa innan íslenskrar lögsögu norður af Kolbeinsey kom á ný upp ágreiningur milli Íslendinga og Dana um afmörkun hafsvæðisins milli Íslands og Grænlands, svo og hafsvæðisins milli Íslands og Færeyja. Stjórnvöld beggja landanna hafa lagt áherslu á að leita varanlegrar lausnar á málinu og farið hafa fram samningaviðræður embættismanna í þessu skyni. Hafa þær verið vinsamlegar og gagnlegar og verður fram haldið á næstu mánuðum.

Það er afdráttarlaus stefna Íslands að nýta beri með sjálfbærum hætti allar lifandi auðlindir hafsins, þar með talið hvali, enda skipa sjávarspendýr stóran sess í lífríki íslenska hafsvæðisins. Afstaða til verndunar og nýtingar hvala hlýtur því að stjórnast af sömu grundvallarreglum og gilda um aðrar auðlindir Íslands. Spurningin er ekki hvort, heldur hvenær Íslendingar hefja hvalveiðar hér við land að nýju. Mikilvægt er í því sambandi að hafa náið samráð og samstarf við öll ríki sem málið varðar.

Ljóst er að miklar breytingar eiga sér stað í utanríkismálum um þessar mundir og búast má við verulegum

kaflaskiptum með haustinu. Þá verður til dæmis væntanlega lokið ríkjaráðstefnu ESB, jafnframt því sem leiðtogafundur NATO mun hafa tekið ákvörðun um fyrsta hóp nýrra aðildarríkja.

Því tel ég rétt að gefa Alþingi yfirlitsskýrslu um utanríkismál almennt og víðtækar en kostur er í yfirlitsræðu sem þessari. Sú skýrsla verður lögð fram á komandi vetri samhliða reglulegri haustumræðu um utanríkismál.

Herra forseti. Það eru alkunn sannindi að fáar þjóðir eiga jafnmikið undir alþjóðasamskiptum og við Íslendingar. Án öflugra utanríkisviðskipta væru lífskjör hér á landi ekki sambærileg við það sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar, eins og raunin er. Að sama skapi erum við háð nánu samstarfi við bandamenn okkar hvað varðar öryggi og varnir landsins. Fáar þjóðir eiga eins mikið undir því að vel sé staðið að verki varðandi mótun og rekstur utanríkisþjónustunnar og að breið samstaða verði áfram um grundvallarþætti utanríkisstefnu Íslands.

[11:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég neyðist til að lýsa ákveðnum efasemdum um að texti í ræðu hæstv. ráðherra þar sem fjallað er um stöðu Schengen-samkomulagsins og væntanleg tengsl þess við stofnanir eða sáttmála Evrópusambandsins sé að öllu leyti í takt við þær aðstæður sem nú blasa við í því máli. Hæstv. ráðherra fjallar um þetta á þann hátt að vaxandi líkur séu á að Schengen-samstarfið tengist stofnunum Evrópusambandsins nánar. Sömuleiðis er talað um að einn mögulegur kostur sé að starfslið ESB taki að sér að annast framkvæmd samningsins en jafnframt sé rætt um að það gæti orðið hluti af reglugerðarverki Evrópusambandsins. Ég hef undir höndum pappíra sem sýna það nokkuð afdráttarlaust að það er nú stefna forustu Evrópusambandsins að Schengen-samningurinn renni inn í Evrópusáttmálann sjálfan. Tillögur forustu Evrópusambandsins um þessar mundir ganga út á það. Afstaða Hollendinga sem á fyrri hluta þessa árs fara með forustu fyrir Evrópusambandinu, eru eindregnar í þessum efnum. Með leyfi, herra forseti, segir í skjali á enskri tungu sem ég hef undir höndum um þetta:

„The presidency proposals are based on the logic underlying Schengen. They are made on the assumption that the acquis of Schengen will be incorporated into the European Union." Og síðan segir: „The presidency considers that such full integration of Schengen into the Union would have several positive effects."

Það er að vísu talað um að gefa þurfi gaum að sérstakri stöðu eða „particular situation", Íslands og Noregs en meira er ekki sagt um þau orð. Aðspurðir hafa talsmenn Evrópusambandsins sagt að það sé vandamál Íslendinga og Norðmanna en ekki Evrópusambandsins hvernig þeim tengslum verður háttað. Svipað orðalag hefur verið haft um Breta sem ekki eru aðilar að Schengen-samningnum eins og kunnugt er. Ég leyfi mér að lýsa þeirri skoðun að staða málsins sé talsvert önnur og miklu alvarlegri í raun fyrir Ísland og Noreg en gefið er í skyn í þessum texta.

[11:07]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má alltaf deila um það hvað er alvarlegt fyrir Ísland og Noreg. Ég býst við því að hv. þm. telji þetta allt vera mjög alvarlegt vegna þess að hann hefur lýst andstöðu sinni við það að við tökum þátt í þessu samstarfi. En það sem hann var að lesa hér upp er úr tillögum Hollendinga sem fara með forustu í Evrópusambandinu. Það er ekki þar með sagt að þær tillögur hafi verið samþykktar af öllum hinum aðildarríkjunum sem er nauðsynlegt. Þess vegna tel ég að sá texti sem hér stendur standist gjörsamlega enda höfum við fylgst mjög náið með þessari þróun og þessari stöðu og það er alveg ljóst að sú tillaga sem hefur komið frá Hollendingum í þessu máli gengur ekki upp. Það er viðurkennt af framkvæmdastjórninni. Það er hins vegar alveg rétt að Hollendingar hafa lagt fram þessa tillögu, en það er ekki þar með sagt að hún sé orðin niðurstaðan. Þetta er því mat okkar á stöðunni í dag. Við höfum enga ástæðu til annars en ætla að fullt tillit verði tekið til þess samnings sem Norðmenn og Íslendingar hafa undirritað við hin Schengen-ríkin. Það er hins vegar ljóst að ef þessi samningur hefði ekki verið undirritaður á sl. ári þá eru miklar líkur á því að margar þjóðir hefðu ekki viljað undirrita hann nú vegna þess að mörgum finnst að sá samningur flækist fyrir í því ferli sem sumir vilja sjá fram á innan Evrópusambandsins, m.a. Hollendingar. Þess vegna hefði verið þægilegra að sá samningur væri ekki til staðar til að greiða fyrir því. En þetta getur orðið umfangsmikið mál og þar er uppi allflókin staða. En ég vil fullvissa þingheim um að við höfum reynt að draga upp rétta mynd af þessari stöðu í þeirri ræðu sem hér hefur verið flutt.

[11:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Athugasemdir mínar lúta að því að ég tel að það hefði verið meira upplýsandi fyrir málið ef hæstv. utanrrh. hefði gert ítarlegar grein fyrir því hvaða tillögur liggja þarna fyrir. Þær eru studdar af fleirum en Hollendingum. Það er vissulega ljóst að það skapar erfiðleika innan Evrópusambandsins að fara að öllu leyti að þessum tillögum Hollendinga, bæði vegna andstöðu einstakra ríkja sem eru innan Evrópusambandsins og aðilar að Schengen, en líka vegna Breta og þeirra Evrópusambandsríkja sem ekki eru það. En ég legg fyrst og fremst áherslu á það, herra forseti, að enn er tími fyrir Ísland til að endurmeta sína stöðu í þessum málum vegna þess að Schengen-samkomulagið er þrátt fyrir allt ekki komið til framkvæmda og farið að hafa áhrif hér. Staðan er líka alvarleg vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir að það mun skapa mikla pólitíska erfiðleika í Noregi ef Schengen-sáttmálinn rennur í ríkari mæli en nú er inn í Evrópusambandið. Þá mun væntanlega ekki vera neinn vafi á því að það varðar þau ákvæði norska stjórnskipunarréttarins sem kalla á stjórnarskrárbreytingar eða valdaframsal eða aukinn meiri hluta á norska þjóðþinginu og menn hafa miklar efasemdir um að þá muni Noregur geta haldið áfram í þessu ferli. Þess þá heldur held ég að ekki sé ástæða fyrir Ísland til að halda áfram á þessari braut sem hefur engin landfræðileg landamæri að öðrum Schengen-ríkjum.

Herra forseti. Ég held reyndar að öll þessi saga, hvernig Norðurlöndunum var olnbogað inn í þetta Schengen-ferli, eigi þótt síðar verði eftir að þykja athyglisverð og það eigi eftir að orka mjög tvímælis hvernig ýmislegt bar að sem þar var gert. Undir því yfirskini að verið væri að verja og vernda norræna vegabréfasamninginn var Norðurlöndunum í raun og veru skáskotið inn í þetta ferli sem við eigum að sjálfsögðu ekkert erindi inn í ef það rennur saman við Evrópuréttinn á meðan við erum þá ekki aðilar að Evrópusambandinu. Það er jafnfráleitt að við séum aðilar að þessu þegar það er orðinn hluti af Evrópuréttinum og að vera aðilar að Evrópusambandinu sjálfu.

[11:12]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað hefðum við getað gert mun betur grein fyrir þessu máli, en hér er um að ræða tiltölulega stutta ræðu, 30 mín. ræðu þar sem utanrrh. ber að gera grein fyrir stöðu helstu utanríkismála. Það er skýringin á því af hverju kaflinn um Schengen-málið er ekki lengri. Það hefði í sjálfu sér þurft mun lengri ræðu til að gera því ítarleg skil. Ég veit að hv. þm. skilur það, en það er væntanlega tilgangurinn m.a. með þeirri umræðu sem hér fer fram í dag að ræða ítarlegar um ýmis mál eins og t.d. þessi og ég er að sjálfsögðu tilbúinn til þess.

Ég vil taka það sérstaklega fram vegna þess sem hv. þm. sagði að við hefðum farið inn í þetta samstarf undir því yfirskini að vernda Norræna vegabréfasambandið. Það er ekkert yfirskin. Það liggur ljóst fyrir að ef Ísland og Noregur taka ekki þátt í þessu samstarfi, mun Norræna vegabréfasambandið líða undir lok hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Það er blekking að halda öðru fram. Það er miklu betra að ganga þá bara hreint til verks og lýsa því yfir, bæði af hv. þm. og öðrum, að þeir vilji rústa Norræna vegabréfasambandið. (**SJS:** Var ekki lagt þannig af stað í upphafi?) Var ekki lagt þannig af stað í upphafi? Það var lagt þannig af stað í upphafi — og það á ekki að vera með þessa eilífu útúrsnúninga í þessu máli — að við héldum saman þar til að því væri komið að Ísland og Noregur fengju viðunandi lausn. Það er komið að því. Halda menn að Svíþjóð, Finnland og Danmörk hafi ætlað að gefa Íslandi og Noregi neitunarvald í þessu máli? Nei. Þeir ætluðu að tryggja að við fengjum viðhlítandi niðurstöðu. Það hafa þeir gert. Þannig að hér er ekki um neitt yfirskin að ræða heldur blákaldar staðreyndir.

[11:14]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er nú varla hægt að segja að jörðin hafi bifast undir þessari ræðu hæstv. utanrrh. og framtíðarsýn, stefnufesta og framtíðarviðhorf eru ekki orðin sem spretta upp í hugann eftir að hafa hlýtt á þessa ræðu. Það má kannski gefa henni þá einkunn að hún hafi verið ágætt yfirlit yfir þau erindi sem ferðast annað slagið yfir skrifborð hæstv. utanrrh.

Stefna ráðherrans til þeirra mála sem hins vegar eru núna hvað efst á baugi utanríkismála — ja, hún liggur óbætt hjá garði. Við stöndum frammi fyrir því að það eru að verða gerbreytingar á landslagi í Evrópu. Evrópusambandið stendur á þröskuldi nýrra tíma og Atlantshafsbandalagið líka. Hver er afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar til þessara mála? Hún kemur ekki fram, herra forseti. Það er alveg sama hvar er borið niður í þessari ágætlega fluttu og enn betur skrifuðu ræðu hæstv. ráðherra, stefna ráðuneytisins kemur ekki fram. Það er sama hvort það eru stór mál eða lítil mál, hæstv. ráðherra hefur tæpast borið fram stefnu í nokkru máli hér í sinni löngu ræðu áðan. Hvaða stefnu hefur t.d. íslenska ríkisstjórnin varðandi Evrópusambandið? Hvaða stefnu hefur ríkisstjórnin varðandi sameiginlegan gjaldmiðil í Evrópu? Hver er stefna íslensku ríkisstjórnarinnar varðandi stækkun NATO? Hvar er stefna hæstv. ráðherra í hafréttarmálum? Hvað vill hann varðandi úthafsveiðar? Og hvaða afstöðu ætlar hann að taka til hvalveiðanna? Og jafnvel mál sem e.t.v. í fljótu bragði virðast ekki skipta miklu eins og Kolbeinseyjarmálið — hvaða stefnu vill íslenska ríkisstjórnin taka í þessum málum? Hvar eru vinnubrögðin sem hún ætlar að fylgja? Hvaða markmið hefur hún sett sér? Það er afskaplega erfitt, herra forseti, að henda reiður á þessu. Jafnaðarmenn munu fyrir sitt leyti hér í dag taka á ýmsum þessum málum.

Ég ætla að fara yfir þessa ræðu og þetta yfirlit hæstv. ráðherra og fjalla um það nokkrum orðum. Ég ætla byrja, herra forseti, að ræða hérna aðeins stefnuna varðandi Evrópusambandið. Nú fer það ekki á milli mála og liggur alveg ljóst fyrir að jafnaðarmenn eru þeirrar skoðunar að það eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu, það eigi að láta á það reyna. Það er auðvitað umdeilt og það er skiljanlegt að það sé umdeilt. En það er tæpast ásættanlegt þegar við blasir að það eru að verða miklar breytingar á hinu pólitíska landslagi í Evrópu að íslenska ríkisstjórnin hafi enga afstöðu til málsins en hér kemur nánast engin afstaða fram, herra forseti, í þessum örlitla kafla sem fjallar um Evrópusambandið.

Reynslan hefur sýnt það að Framsfl. er ekki lagið að móta heildstæða utanríkismálastefnu. Það þarf ekki annað en að líta aftur til síðasta kjörtímabils og bera saman viðhorf þeirra þá til Evrópska efnahagssvæðisins og afstöðu þeirra núna. Við munum það öll hvernig umræðan þróaðist hér af hálfu Framsfl. á síðasta kjörtímabili. Það var mjög erfitt að henda reiður á afstöðu Framsfl. Það var mjög erfitt að skilja afstöðu hæstv. utanrrh. Þegar hann var að vísu kominn í sitt núverandi embætti þá lét hann hafa það eftir sér á fundi með ungum framsóknarmönnum uppi í sveit í Hvalfirði að ef hann hefði verið í ríkisstjórn þá hefði hann haft aðra afstöðu. Afstaða hans núna dæmir hins vegar fyrri verk hans heldur illa.

Á bls. 4 í ræðu hæstv. ráðherra kemur fram, með leyfi forseta, eftirfarandi viðhorf til Evrópska efnahagssambandsins:

„EES-samningurinn felur ekki aðeins í sér viðskiptalegan ávinning. Hann færir íslenskum þegnum einnig umtalsverð réttindi. Má þar nefna réttinn til þess að starfa, stunda rannsóknir og nám eða þjálfun í öllum aðildarríkjunum á hinu Evrópska efnahagssvæði."

Herra forseti. Hér kemur hæstv. utanrrh. og gefur aðildinni einkunnina 10. En þessi sami ráðherra treystir sér ekki til þess að greiða aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu atkvæði sitt. Þetta nefni ég hér, herra forseti, þó að þetta sé e.t.v. aðeins söguleg fótnóta, vegna þess að e.t.v. eru vinnubrögðin og skilningurinn sem birtist í þessum andstæðum í máli og fari hæstv. ráðherra lykillinn að þeim algjöra skorti á stefnumótun sem mér finnst birtast í ræðu hæstv. ráðherra, ef við, herra forseti, veltum því t.d. fyrir okkur hvaða afstöðu íslenska ríkisstjórnin hefur til sameiginlegs gjaldmiðils í Evrópu. Þetta er mál sem mjög ofarlega á baugi í viðskiptalífinu, margar ráðstefnur hafa verið haldnar um það og fyrir liggur að málsmetandi aðilar í viðskiptalífinu, í fjármálalífi Íslendinga, telja að það að standa utan við þetta gæti kostað íslenska efnahagslífið kannski fast að tugum milljarða á einu ári. Auðvitað er þetta umdeilanlegt en spurningin er, herra forseti, hvernig ætla íslensk stjórnvöld að bregðast við þessu? Ætla þau að reyna að meta hvað það kostar að standa utan við þetta eða er það þannig að þetta mál er einfaldlega eins og hæstv. forsrh. sagði á frægum landsfundi; „þessi mál eru ekki á dagskrá". Jafnvel þetta mikilvæga mál virðist ekki vera á dagskrá þessarar ríkisstjórnar. Því þegar maður les það sem á að gera í þessu máli, ja, það kemur að vísu fram að utanrrn. og önnur ráðuneyti hyggjast fylgjast grannt með framvindunni. Það kemur fram að það á að skipa sérstaka nefnd og það er nú u.þ.b. lágmark. Maður skyldi ætla að þessari nefnd væri m.a. falið það verkefni að reyna að meta

hver fórnarkostnaður er sem fylgir því að standa þarna fyrir utan og hvort hægt er að finna einhver ráð til þess, þrátt fyrir allt, að taka þátt í þessari framvindu og reyna að hagnast á henni. En það kemur í ljós, herra forseti, að nefndin á ekki að meta það. Hún á ekki að reyna að leggja mat á hvað það kostar okkur að standa þarna fyrir utan. Hún á að safna upplýsingum á einn stað. Það er aðalhlutverk þessarar nefndar, herra forseti.

Ég sagði það í upphafi máls míns að Atlantshafsbandalagið stendur á þröskuldi nýrra tíma. Hér höfum við oft átt orðastað, fulltrúar jafnaðarmanna og fulltrúar ríkisstjórnarinnar, um afstöðuna til stækkunar NATO. Og ég held að það blandist engum lengur hugur um að innan ríkisstjórnarinnr er ekki full sátt um hvaða leið á að fara. Jafnaðarmenn og Sjálfstfl. hafa átt samleið um það að við viljum eins og kostur er styðja málflutning Eystrasaltsríkjanna, styðja umsókn þeirra um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Við teljum að með því séum við að lyfta og virða sjálfsákvörðunarrétt smáþjóða. Það hefur aldrei tekist að draga út úr hæstv. utanrrh. afdráttarlaust fylgi við þessa stefnu. Við vitum, og það kemur fram í þessari ræðu hæstv. ráðherra, hvernig ríkisstjórnin hefur sópað þessum ágreiningi sínum undir teppið. Hún gerir það með því að það er lagt til að öllum umsóknarríkjunum verði boðin aðild á sama tíma og síðan á að láta framganginn ráðast í aðildarviðræðum. Hvað segir síðan hæstv. ráðherra: „Að öðrum kosti" — segir ráðherrann — „tel ég skynsamlegt að stækkunin verði mjög takmörkuð og einungis fáum ríkjum boðin aðild í fyrstu". Þetta er út af fyrir sig stefna en þá er auðvitað óhjákvæmilegt, miðað við forsögu málsins, að spyrja hæstv. utanrrh. hvaða ríki þetta eiga að vera? Það verður að koma fram sökum forsögu þessa máls og þeirra yfirlýsinga sem hafa gengið af munni hans og hæstv. forsrh. hvaða ríki þetta eru.

Og enn einu sinni spyr ég fyrir hönd jafnaðarmanna: Mun íslenska ríkisstjórnin fara að þeirri stefnu sem hefur aftur og aftur birst, m.a. í ræðum, greinum og viðtölum við formann utanrmn., hv. þm. Geir Hilmar Haarde, sem skoðanabræður hans og -systur á Norðurlöndunum hafa aftur og aftur lyft upp? Ætlar íslenski utanrrh. að leggja það til að Eystrasaltsþjóðunum verði boðin aðild eða á það að ráðast af því — er lykillinn að þessu kannski setningin sem hraut af munni hans áðan — að það sem skipti öllu varðandi framtíðaröryggi Evrópu sé öflugt og farsælt samstarf við Rússland? Það hefur nefnilega komið fram í máli hæstv. ráðherra og í ræðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar að Framsfl. er í rauninni búinn fyrir sitt leyti að fallast á það að Rússland hafi neitunarvald í þessu máli. Ég segi — það er ekki hægt að fallast á það. Jafnaðarmenn geta ekki fallist á það, íslenska þingið getur ekki fallist á það. Við föllumst ekki á þessa finnlandíseringu skoðana, það kemur ekki til mála. Framsfl. getur haldið því fyrir sig en það er ekki hægt að bjóða Íslendingum upp á það. Við eigum samstarf við Eystrasaltsþjóðirnar. Við höfum heitið þeim stuðningi okkar og við höfum sýnt það í verki að við styðjum þá og við verðum að gera það með skeleggari hætti heldur en hér kemur fram. Og ég spyr aftur: Hvaða ríki eru það sem hæstv. utanrrh. telur að eigi að bjóða aðild í fyrstu fari svo að stækkunin verði einungis mjög takmörkuð?

Herra forseti. Eitt er það mál sem hefur aftur og aftur borið á góma í utanríkismálaumræðu síðustu ára og það er afstaðan til hvalveiðanna. Ég segi það líka að nú er mál að menn taki afstöðu í því máli. Hér hafa þingmenn stjórnarflokkanna og reyndar aðrir þingmenn aftur og aftur lýst afstöðu sinni til þess. Hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. hafa líka lýst því og það kemur fram hérna í þessari ræðu að þeir eru á bandi hvalveiða. Þeir vilja skynsamlega nýtingu auðlinda hafsins. En spurningin í þessu tiltekna máli er — hvaða afstöðu hefur íslenska ríkisstjórnin? Og það er auðvitað hjákátlegt að eins og umræðan hefur þróast þá kemur ekki fram afstaða ríkisstjórnarinnar t.d. til þess hvort við eigum að sækja aftur um aðild að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Nú er það, hygg ég, útbreidd skoðun fyrir utan mjög þröngan hóp innan ríkisstjórnarinnar að það hafi verið mikil mistök af okkur á sínum tíma að ganga úr ráðinu. Og það hafi verið enn meiri mistök að láta plata okkur til þess að taka þátt í því að stofna NAMMCO sem hefur ekkert haft í för með sér nema kostnað. Það er út af fyrir sig eitt atriði sem við þurfum að skoða, — hvað hefur aðildin að NAMMCO kostað okkur í beinum fjárútlátum? En það þarf að koma hérna fram hver sé afstaða íslensku ríkisstjórnarinnar til þess að Ísland gangi aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég fullyrði, herra forseti, að um þetta er ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar. Ég fullyrði það að forusta ríkisstjórnarinnar er ekki alveg sömu skoðunar og t.d. sjútvrh. Það er nauðsynlegt að þessi mál fari að kristallast og við þurfum að ná þessu fram.

Það má margt segja um þann kafla þar sem farið er orðum um úthafsveiðar okkar. Þarna er sérstaklega hælst um það að við höfum náð miklum árangri við samninga um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum. Við skulum ekki gleyma því, herra forseti, að á síðasta ári galt stjórnarandstaðan varhug við þeim samningum sem þá voru í gangi. Við töldum að með því væri verið að gefa ákveðið fordæmi til framtíðar um þann hlut sem við eigum að fá úr þessum stofni. Upphaflega var fyrir hönd Íslands fallist á niðurstöðu sem gaf okkur u.þ.b. 17,2% af heildarkvótanum. Talsmenn jafnaðarmanna, talsmenn Alþb., talsmenn Kvennalistans, töldu allir að þarna væri fallist á allt of lítið og miðað við líffræðilega dreifingu og sögulega veiðireynslu ætti a.m.k. að falla í okkar skaut u.þ.b. þriðjungur af veiðunum. Nú með hinum síðasta samningi er þetta hlutfall enn þá lækkað. Það er lækkað niður í u.þ.b. 15%. Það er ekki hægt annað en að mótmæla þessu. En menn þurfa að skoða þetta mál í botn og kanna hvort í þessu felist einhver sóknarfæri á öðrum vígstöðvum. Á hverju byggðust rökin sem lágu því til grundvallar að Norðmenn féllust á og börðust fyrir því að Evrópusambandið fengi drjúgan veiðikvóta? Ekki á því að Evrópusambandið hefði nokkra sögulega veiðireynslu, ekki á líffræðilegri dreifingu síldarinnar, því samkvæmt útreikningum íslenskra vísindamanna hefði það átt að gefa þeim í hæsta lagi 22 þúsund tonn. Rökin byggðust fyrst og fremst á því að það var talið nauðsynlegt að koma stjórn á veiðarnar. Nú tel ég að það sé nauðsynlegt að við látum reyna til þrautar, einmitt á grundvelli þessara sömu röksemda, hvort ekki sé hægt að leiða til lykta deilu okkar um þorskveiðar í Barentshafi. Ég tel, herra forseti, að forseti Íslands í sinni vel heppnuðu heimsókn til Noregs fyrr á þessum vetri hafi opnað þar ákveðna glufu. Í kjölfar þeirrar heimsóknar og yfirlýsinga forseta lýðveldisins og norskra forustumanna hafi ákveðið lag verið til þess að leiða þetta til lykta, nota þær röksemdir sem Norðmenn sjálfir höfðu haft uppi í málflutningi sínum gagnvart norsk-íslenska síldarstofninum, til þess að láta þá fallast á kvóta okkur til handa og ljúka þessari deilu. En það kemur fram í þessari ræðu hæstv. utanrrh. að það er nákvæmlega ekkert að gerast í þessu máli, ekki neitt. Og þó voru tækifærin núna miklu betri heldur en þegar hæstv.

ráðherra tók við embætti og hældist um af því að það yrði léttur vegur fyrir hann og ríkisstjórnina að ná samningum og lét að því liggja að það hefði einungis verið fyrir þrákelkni og óbilgirni fyrrverandi utanrrh. að það tókst ekki.

Það er nauðsynlegt að fá svör við þessu, herra forseti. Það er líka annað mál sem ég hefði gjarnan viljað ræða hérna og það er Kolbeinseyjardeilan og hvernig hæstv. utanrrh. hefur haldið á öðru deilumáli sem varðar einmitt einhliða útfærslu, sem ég kalla svo, Norðmanna á efnahagslögsögu sinni við Svalbarða en afstaða utanrrn. til þess máls var fordæmanleg. Mótmæli voru engin. Íslenski utanrrh. bugtaði sig fyrir norskum starfsbræðrum sínum og bauð Íslendingum upp á yfirgang þeirra. Hér í þessum sölum tók hann undir rök þeirra sem ég get með engu móti fallist á, það voru falsrök. En það sem skiptir miklu máli er að linkan sem birtist þar hlýtur að vera öðrum þjóðum fordæmi í deilum við okkur. Og við eigum í deilum við Dani um skiptingu hafsvæðanna milli Grænlands og Íslands. Við eigum í erfiðri deilu þar, og þar tel ég að allt önnur viðhorf séu að skapast heldur en áður og ég mun e.t.v. ræða það síðar í dag. En ég tel að það hvernig hæstv. utanrrh. tók á einhliða útfærslu Norðmanna í Barentshafi gefi öðrum það til kynna að hægt sé að fara að Íslendingum með hörku vegna þess að fordæmið er fyrir hendi — við gefumst upp.

[11:29]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara öllum rangtúlkunum hv. þm. á þessu máli. Ef hv. þm. ætlar að láta taka sig alvarlega í þessari umræðu verður hann a.m.k. að lesa textann rétt og vera ekki að gera mönnum upp skoðanir út og suður án þess að hafa nokkuð til að byggja á. Þó hann stundi slíkt í Alþýðublaðinu, þá held ég að hann ætti að endurskoða hvernig hann talar á Alþingi um alvarlegan málaflokk eins og utanríkismál.

Ég vil þá koma að einu mjög mikilvægu og alvarlegu máli sem er stækkun Atlantshafsbandalagsins. Og hvað stendur hér? Þó að hv. þm. geti hvergi lesið neina stefnu og neina niðurstöðu þá stendur hér: „... enda yfirlýst stefna okkar að styðja aðild þeirra í fyrstu umferð", — að það sé yfirlýst stefna Íslands að styðja Eystrasaltsríkin í fyrstu umferð. Það stendur ekkert annað hér. Síðan stendur: „Ef það verður ekki" — sem má vel vera — „þá teljum við að það sé skynsamlegast að stækkunin verði mjög takmörkuð og einungis fáum ríkjum boðin aðild í fyrstu." Það liggur náttúrlega fyrir að þau ríki munu fyrst fá aðild sem best eru undir aðildina búin, bæði með lýðræðislegum stjórnarháttum og breytingum í sínu landi. Ég held að það sé óumdeilt að þau ríki sem best eru búin undir breytinguna eru Pólland, Tékkland og Ungverjaland. Og ég held að í sjálfu sér þurfi ekkert að deila um það. En þar með er ekki sagt að það verði einu ríkin sem koma inn í fyrstu umferð.

Að því er varðar Evrópumyntina þá vil ég minna hv. þm. á að málið stendur ekki um það að Íslendingar gerist aðilar að þessu myntbandalagi. Við verðum að gerast aðilar að Evrópusambandinu til þess, en við fylgjumst að sjálfsögðu mjög náið með þróuninni og ég skal gera betur grein fyrir því síðar. En ég bið hv. þm. að lesa textann betur.

[11:32]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur svarað tveimur talsmönnum stjórnarandstöðunnar hér í dag. Afgreiðsla hans á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni var að málflutningur hans væri útúrsnúningar. Málflutningur minn er að sjálfsögðu rangfærslur. Það eina sem kom út úr þessa litla svari hæstv. utanrrh. er þó alltént sú ágæta vitneskja að hann les Alþýðublaðið og ég óska honum til hamingju með það og megi hann halda því áfram.

Það liggur fyrir að við jafnaðarmenn erum ekki ánægðir með afstöðu og það sem ég kalla linku ríkisstjórnarinnar að því er varðar aðildarumsóknir Eystrasaltsríkjanna. Ég tel að sá texti sem ég hef, ég segi nú ekki mér til ama, en ekki til mikils fróðleiks og engrar gleði, lesið nokkrum sinnum, taki alls ekki nógu fast á málstað Eystrasaltsríkjanna. Við höfum aftur og aftur farið í gegnum þessa umræðu og það er alveg ljóst að Framsfl. dregur lappirnar í þessu máli. Ég verð að segja það enn og aftur að mér hugnast miklu betur hreinskiptin afstaða Sjálfstfl. sem hefur komið fram hérna og á vettvangi Norðurlandaráðs. Ég vildi því óska að í þessu máli eins og svo mörgum öðrum tækist Sjálfstfl. að beygja Framsfl.

[11:33]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af þessu með Atlantshafsbandalagið þá sagði hv. þm. að við hefðum viðurkennt neitunarvald Rússa í þessu máli. Hann sagði það úr þessum ræðustóli. Nú finnst hv. þm. þetta kannski léttvægt. Hvenær hefur hann haft það eftir mér? Veit hann hve oft ég hef ítrekað að Rússar hafa að sjálfsögðu ekkert neitunarvald í þessu máli? Enda samræmist það ekki afstöðu neins Atlantshafsbandalagsríkisins. En samt segir hann að við höfum viðurkennt neitunarvald Rússa. Nú má vel vera að hv. þm. telji að það sé hægt að byggja upp öryggi í Evrópu til framtíðar án nokkurrar samvinnu við Rússa. Það má vera að hann sé þeirrar skoðunar. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Og ég veit ekki um neinn stjórnmálamann á Vesturlöndum sem er þeirrar skoðunar. Ef það er afstaða jafnaðarmanna á Íslandi að ekki beri á neinn hátt að taka tillit til Rússa í þessu sambandi þá er það álíka afstaða og hefur verið hjá Alþb. að það eigi alls ekki að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Það er mikilvægt að það sé skýrt ef hv. þm. telur að við eigum að halda þannig á málum að við eigum ekki að taka neitt tillit til Rússa. Rússland er hluti af Evrópu. Og ég trúi því ekki að hv. þm. sé andstæður því að við leitum vinsamlegra samskipta við Rússa. Hann hefur a.m.k. verið þeirrar skoðunar að við eigum að gera það á fiskveiðisviðinu. Við eigum að ná samningum við þá uppi í Barentshafi. En það verður að vera þá einhver heildarsýn í þessum málum en ekki út og suður eftir málaflokkum hverju sinni.

[11:35]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eitt að eiga vinsamleg samskipti við Rússa en annað að láta þá ráða för. Þegar menn ræða stækkun NATO, t.d. á þingum eins og Vestur-Evrópusambandsþinginu, þá koma alltaf upp þessi viðhorf að það megi ekki hreyfa sig um of til þess að styggja ekki Rússa. Ég hef ekki orðið var við þessi viðhorf hér á Íslandi nema hjá einum stjórnmálaflokki, hjá Framsfl., bæði lesið þetta út úr ræðu hæstv. utanrrh. og út úr ræðum sem hv. þm. (**Utanrrh.:** Hvaða ræðum?) Jón Kristjánsson hefur haldið hér í þessum sal.

[11:36]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ræðan sem hv. utanrrh. flutti hér áðan var fyrir margra hluta sakir merkileg. Hún var að vissu leyti upplýsandi um stöðu nokkurra afmarkaðra mála, en þegar á heildina er litið var ræðan merkileg fyrir það hvað hún var metnaðarlaus og sagði lítið um það hver er stefna íslenskra stjórnvalda í utanríkismálum.

Satt að segja var ekki mikið í þessari skýrslu ráðherrans sem við ekki vissum sem fylgjumst með almennum fréttum fjölmiðla. Hver eru helstu áhersluatriði íslensku utanríkisþjónustunnar? Á hvaða sviðum látum við til okkar taka umfram önnur? Hvert stefnum við? Ég er litlu nær eftir að hafa hlustað á hæstv. utanrrh. flytja sína skýrslu.

Ég fagna því hins vegar að hæstv. utanrrh. hefur ákveðið, eins og fram kom á fundi í utanrmn. í gær, að skipa nefnd til að gera úttekt á því hvernig íslensk utanríkisþjónusta geti sem best sinnt hlutverki sínu. Það er tímabært að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna og laga hana að breyttri heimsmynd og breyttum hagsmunum íslensku þjóðarinnar. Enginn er eyland og við þurfum að hafa mikil og góð samskipti við aðrar þjóðir og utanríkisþjónustan gegnir þar lykilhlutverki. Ég fagna því sérstaklega að ráðherrann gerir tillögu um að stjórnarandstaðan komi að þessari vinnu sem mér finnst sýna vilja hæstv. ráðherra til þess að ná sem víðtækastri sátt um stefnu í utanríkismálum.

Íslenska þjóðin er lítil á alþjóðlegum mælikvarða, en hún getur þrátt fyrir það haft veruleg áhrif á gang heimsmála. Ekki þó á öllum sviðum. Við erum t.d. afskaplega lítið með á taflborði hernaðar- og varnarmála og lítið hlustað á okkur á þeim vettvangi. Við getum þó haft áhrif með því að takmarka herbúnað innan íslenskrar lögsögu. En þar virðist þó vera lítill vilji til góðra verka. Við erum enn, ef marka má ræðu hæstv. ráðherra áðan, jafnbundin á klafa NATO og á dögum kalda stríðsins. Það örlar ekki á nýrri hugsun um hvernig við getum lagt lóð á vogarskálar friðar og öryggis, t.d. með því að samþykkja frv. til laga sem flutt hefur verið hér af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og reyndar fleiri hv. þm. um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Ég verð að viðurkenna að mér kom á óvart að hæstv. utanrrh. eyddi nær fjórðungi af ræðutíma sínum áðan í umræðu um mikilvægi þess að viðhalda NATO og styrkja. Þetta mikla plass í ræðu ráðherrans er þó vonandi ekki í réttu hlutfalli við vægi NATO í forgangsröðun ríkisstjórnar í utanríkismálum, ef sú forgangsröðun er á annað borð til.

Ég tel að okkur væri nær að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi um mannréttindamál, umhverfismál, viðskipta- og menntamál. Á þeim sviðum er á okkur hlustað og þar getum við haft veruleg áhrif. Við eigum að nýta það fjármagn og þann mannafla sem við eigum í alþjóðlegu samstarfi til góðra verka á þessu sviði fyrst og fremst, en í ræðu hæstv. ráðherra var ekki að finna neina slíka forgangsröð verkefna.

Í upphafi ræðu sinnar sagði ráðherrann að utanríkisþjónustan þurfi að vera nægilega öflug til þess að við Íslendingar getum staðið við skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur. Leiðin var sú, að hans mati, að efla utanríkisþjónustuna. Ég er að vissu leyti sammála hæstv. ráðherra að það þurfi að bæta möguleika utanrrn. til þess að hafa eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra samninga sem við höfum gerst aðilar að. Hann nefndi hins vegar ekki það sem skiptir meginmáli, að ríkisstjórnin þarf að fylgja þessum samningum eftir. Það er ríkisstjórnarinnar að sjá til þess að við uppfyllum þær skuldbindingar sem við höfum á okkur tekið á alþjóðlegum vettvangi. Þar er pottur brotinn eins og við öll vitum og í því sambandi ætti að nægja að vísa til samningsins um loftslagsvernd. Ég átti von á, þar sem þessum alþjóðlegu samningum er alltaf að fjölga, að hæstv. ráðherra gerði Alþingi grein fyrir forgangsröðun ríkisstjórnarinnar í þeim efnum, færi yfir samninga og hvernig við hygðumst standa við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist. Það er nauðsynlegt að Alþingi fái slíkt yfirlit og hver staða Íslands er hverju sinni. Hvaða aðgerðir þarf til þess að fullnægja samningum, hvað hefur verið gert, hvað er eftir? Úr þessu verður ekki bætt með því einu að efla eftirlit utanrrn., ríkisstjórnin þarf að marka stefnu og framfylgja henni. Þetta er mál sem snertir mörg ráðuneyti og Alþingi sem hefur veitt utanrrn. heimild til þess að fullgilda alþjóðlega samninga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það var reyndar athyglisvert að ráðherrann nefndi enga af þeim skuldbindingum eða samningum sem hann var að vísa til.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um viðskiptaþjónustuna og útflutningsviðskiptin sem hæstv. ráðherra kynnti hér áðan. Alþb. fagnar þessari framkvæmd, enda er hún í fullu samræmi við boðaða stefnu flokksins. Fyrir síðustu kosningar kynntum við tillögur okkar varðandi alþjóðleg viðskipti og við fögnum því að stjórnarflokkarnir hafa tekið þær upp á sína arma.

Ráðherra sagði að samstarf hefði aukist verulega innan Barentshafsráðsins og að Íslendingar hefðu tekið virkan þátt í þessu samstarfi. Það vantaði hins vegar útskýringar á því í hverju þessi virkni væri fólgin. Höfum við t.d. beitt okkur fyrir því á þessum vettvangi að ríki heims standi saman um aðgerðir til að forða umhverfisslysi af völdum norðurflota Rússa á Kólaskaga? Ekki orð um það í skýrslu ráðherrans.

Höfuðstöðvar rússneska norðurflotans eru eins og kunnugt er á Kólaskaga. Þar eru staðsett flest kjarnorkuknúin fley rússneska sjóhersins og kjarnorkuúrgangur úr fjölda sovéskra skipa og kafbáta eru geymd að því er sagt er við hættulegar aðstæður í þessum flotastöðvum. Við vitum að rússneski sjóherinn býr við mikinn fjárskort. Sagt er að viðhaldi kafbáta hersins sé ábótavant og jafnvel dæmi þess að lokað hafi verið fyrir sölu rafmagns til kafbátanna sem hefði getað valdið því að kjarnakljúfarnir ofhitnuðu með skelfilegum afleiðingum. Það er alveg ljóst að ef ríki heims ná ekki að standa saman að aðgerðum á Kólaskaga er veruleg hætta á mun stærra slysi í Barentshafi en varð í Tsjernóbíl, og að það slys muni hafa áhrif hér á Íslandi. Norðmenn hafa eðlilega áhyggjur af þessum umhverfisháska sem ógnað getur lífríki í norðurhöfum og gerðu nýlega þríhliða samkomulag við Bandaríkin og Rússland um samstarf á þessu sviði. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar? Hvað hefur hún gert í þessum málum? Hefur ríkisstjórnin kynnt sér svokallaða Bellona-skýrslu þar sem úttekt var gerð á ástandinu á Kólaskaga og gerð var ítarleg grein fyrir í Morgunblaðinu 8. desember sl.?

Það vakti líka athygli mína að hæstv. ráðherra sagði að með stofnun Norðurskautsráðsins hafi verið myndaður vettvangur aðildarríkjanna átta og að eitt mikilvægasta verkefni ráðsins væri að tryggja jafnvægi milli náttúruverndar og nýtingar auðlinda á norðurslóðum. Þetta norðurslóðasamstarf á sér langan aðdraganda. Það eru nokkuð mörg ár liðin frá því að löndin átta samþykktu sameiginlega áætlun um vernd og sjálfbæra nýtingu norðurslóða. Að þessu verkefni hefur verið unnið um margra ára skeið. Norðurskautsráðið er í

sjálfu sér ekkert nýjabrum – það er í raun aðeins staðfesting á því starfi sem unnið hefur verið um langt skeið.

Það var heldur lítið á skýrslu ráðherrans að græða hvað varðar EFTA og EES-samninginn. Í skýrslunni er hlaupið á hundavaði yfir þennan mikilvæga málaflokk íslenskra utanríkismála. Áhrif okkar á lagasetningu ESB hafa aukist og möguleikar okkar til starfa, rannsókna og náms í löndum ESB hafa aukist. Önnur voru skilaboðin í raun ekki. Ekkert um framkvæmd, ekkert um nýjar skuldbindingar, ekkert um þjóðhagsleg áhrif þessa samnings.

Málið er ekki á dagskrá segir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. er ef til vill sammála. Hvað sem þeirra afstöðu líður verður ekki hjá því horft að með aðildinni að EES erum við nátengd Evrópusambandinu. Ekki aðeins á sviði utanríkismála heldur einnig og ekki síður á sviði innanríkismála. Þrátt fyrir það sá hæstv. utanrrh. ekki ástæðu til að fjalla um þennan mikilvæga málaflokk íslenskra stjórnmála í skýrslu sinni.

Með aðild okkar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið var samþykkt að laga íslenska löggjöf að verulegu leyti að löggjöf Evrópusambandsins. Ekki aðeins að þeirri löggjöf sem Evrópusambandið býr við í dag heldur einnig að nýjum lögum og reglum sem aðildarríki sambandsins munu samþykkja á komandi árum. Það er því full ástæða til að gera þessum þætti utanríkismála myndarleg skil þegar Alþingi er flutt skýrsla um stöðu utanríkismála þar sem við höfum litla möguleika á að fylgjast náið með öllum þeim reglum sem við erum bundin af að framfylgja. Það er aðeins á afmörkuðum sviðum sem við erum óbundin af lagasetningu Evrópusambandsins, svo sem að hluta til í sjávarútvegi, landbúnaði og náttúruverndarmálum.

Þessi staða gerir það að verkum að við verðum að halda vöku okkar og fylgjast vel með málefnum Evrópusambandsins og taka afstöðu til þeirra með hagsmuni íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Það mun aðeins leiða til ófarnaðar að segja að málið sé ekki á dagskrá. Þrátt fyrir mikilvægi málsins er aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu afgreidd með nokkrum almennum orðum í ræðu hæstv. utanrrh.

Það er ekki gerð tilraun til að meta reynsluna eða koma með tillögur um framhaldið. Ég tel að íslensk stjórnvöld hafi algjörlega brugðist í upplýsingahlutverki sínu hvað varðar stöðu okkar innan EES og tengslin við Evrópusambandið. Það hafa átt sér stað verulegar breytingar síðan við gerðumst aðilar að EES-samningnum, breytingar sem gera það að verkum að staða okkar til þess að hafa áhrif á þær samþykktir Evrópusambandsins sem snerta okkur beint er mjög veik og að *mínu* mati afar metnaðarlaus.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra í umræðum hér 4. apríl að þær nefndir sem við gætum átt aðild að væru u.þ.b. 300.

Það segir sig sjálft að það starfslið sem við höfum til þess að sinna utanríkisþjónustunni kemst alls ekki yfir að sinna öllum þeim málum sem snerta hag landsins beint. Og þó að um öflugt samstarf við aðrar þjóðir sé að ræða þá eru áhrif okkar mjög lítil.

Aðild okkar að EES-samningnum hefur áreiðanlega að einhverju leyti orðið til hagsbóta fyrir íslenskt þjóðfélag, t.d. á sviði útflutnings, fyrir launafólk og á sviði neytendamála. En fyrir þessar hagsbætur höfum við greitt hátt gjald og þeirri spurningu er enn ósvarað hvort ávinningurinn er nægjanlegur til að réttlæta aðildina eða réttlæta óbreytt ástand.

Það þarf að kanna með skipulögðum hætti þjóðfélagsleg áhrif samningsins og þá stöðu sem hann hefur sett okkur í gagnvart Evrópusambandinu og skoða þær leiðir sem færar eru til að styrkja stöðu Íslands meðal þjóðanna.

Evrópuráðið — um það sagði hæstv. utanrrh. réttilega að það væri lykilstofnun á sviði mannréttinda, lýðræðis og bættra samskipta þjóða. En við skulum ekki gleyma því að Evrópuráðið er einnig mjög mikilvægt á sviði umhverfismála og það annast samræmingarhlutverk á því sviði innan Evrópu. Ég fagna þeirri áherslu sem hæstv. ráðherra leggur nú á aðild okkar að ráðinu og vona að hún sé ekki eingöngu bundin þeirri skyldu okkar að taka við forustuhlutverkinu á næsta ári.

Ég er sammála hæstv. ráðherra að í þeim öru breytingum sem nú eiga sér stað sé Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu mjög mikilvæg. Varsjárbandalagið er liðið undir lok og spurningar hafa vaknað um tilvist Atlantshafsbandalagsins. Ég hefði talið eðlilegra að ÖSE kæmi í stað bandalaganna tveggja og tæki við hlutverki þeirra en því miður er ekkert útlit fyrir að sú eðlilega þróun nái fram að ganga.

Hernaðarbandalagið NATO er að vissu leyti draugur fortíðar. Það eru margir sem efast um að þetta gamla hernaðarbandalag geti nokkru sinni lagað sig að breyttum tímum og lagt áherslu á afvopnun, friðargæslu, baráttu gegn sölu vopna og gegn miðlun tækniþekkingar á sviði efnavopna og kjarnorkuvopna.

Vissulega hefur því verið lýst yfir að eðli Atlantshafsbandalagsins hafi breyst og að það skilgreini ekki lengur neitt ríki sem óvin. Þess í stað sé það opið fyrir aðild allra þjóða í Evrópu sem uppfylli skilyrði þess. Það hafa verið stofnuð samstarfs- og samráðsferli með ríkjum sem standa utan NATO eins og Norður-Atlantshafsráðið og Samstarf í þágu friðar. Sagt er að það sé gert til að mæta nýjum markmiðum og í þeim tilgangi að efla sambandið á milli aðildarríkja NATO og fyrrum aðildarríkja Varsjárbandalagsins.

Orð eru þó til lítils ef ekki fylgja efndir. Endurskipulagning NATO er markleysa ef það starf er ekki til þess fallið í raun að eyða tortryggni og efla trúnað og öryggi í Evrópu.

Sú ákvörðun að stækka NATO á þann hátt að valin séu nokkur ríki sem veita á inngöngu en halda öðrum fyrir utan skapar tortryggni og spennu og óvíst er að hún skili þeim árangri sem stefnt er að.

Fylgjendur lýðræðis í Rússlandi hafa ítrekað bent á að útþensla NATO í austurátt með þessum hætti valdi ólgu og spennu sem getur orðið vatn á myllu öfgaafla í landinu. Þessi leið NATO, sem íslenska ríkisstjórnin virðist styðja, getur torveldað samstarf Rússlands og NATO á sviði afvopnunarmála og getur stefnt í voða forsendum fyrir niðurskurði á hefðbundnum herafla í Evrópu og samstarfi um eyðingu kjarna- og efnavopna.

Þegar litið er á þennan fórnarkostnað er erfitt að réttlæta þann hraða sem einkennir þessa útþenslustefnu og þau sjónarmið sem þar ráða ferðinni. Kapp er best með forsjá. Góð samvinna milli ríkja í austur- og vesturhluta Evrópu skiptir miklu máli fyrir Ísland. Einn angi þeirrar samvinnu er förgun kjarnorkuúrgangs á Kólaskaga, sem ég nefndi áðan.

Það er mikilvægt að við Íslendingar höfum hugfast í stefnumörkun okkar varðandi þróun alþjóðaöryggismála að ekki má koma bakslag í samvinnu ríkja við að leysa vandamál líkt og það sem er á Kólaskaga.

Ég get ekki skilið við öryggis- og varnarmálin án þess að spyrja hæstv. ráðherra hvað hann hafi átt við með sérkennilegu orðalagi sínu um viðveru Bandaríkjanna í Evrópu.

Hæstv. ráðherra sagði að stöðugt þurfi að leggja áherslu á mikilvægi þess að tengslin yfir Atlantshafið verði áfram á styrkum grunni og að tryggja þurfi áframhaldandi öfluga viðveru Bandaríkjanna í Evrópu og þátttöku þeirra innan herstjórnarkerfisins. Þau tengsl megi ekki á nokkurn hátt veikja.

Ég spyr hvort hæstv. ráðherra sé með þessum orðum að boða varanlega viðveru herliðs á Íslandi? Áhersla hefur verið lögð á að ný aðildarríki NATO þurfi ekki að búa við langdvöl erlends herliðs í sínum löndum. Það er greinilegt að slík viðvera er talin vondur kostur. Hvers vegna ættum við þá að sætta okkur við slíkan kost?

Að lokum vil ég taka undir þau orð sem hæstv. ráðherra lét falla hér um Sameinuðu þjóðirnar og mikilvægi þess starfs. En síðan langar mig að spyrja hæstv. ráðherra þar sem hann segir sérstaklega í niðurlagi ræðu sinnar um hvalveiðimál að mikilvægt væri að hafa náið samráð og samstarf við öll ríki er málið varðar. (Forseti hringir.) Mér þætti vænt um að fá útskýringu á þessum orðum. Er hæstv. ráðherra að boða inngöngu á nýjan leik í Alþjóðahvalveiðiráðið og taka þar með undir þáltill. sem hér er til umfjöllunar?

[11:52]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans yfirgripsmiklu yfirlitsræðu um utanríkismál og hina ýmsu þætti þeirra eins og þeir snúa að okkur hér á Íslandi.

Ég vil í upphafi nefna það sem ráðherra gerði að umtalsefni fyrst í ræðu sinni, þ.e. utanríkisþjónustuna sjálfa, og fagna því að hann hefur skrifað utanrmn. bréf eða sent henni erindi þar sem óskað er eftir atbeina nefndarinnar að nefndarstarfi um skipulagsmál utanríkisþjónustunnar í framtíðinni. Ég tel að sú vinna sem þar með er fyrirhugað að hefja sé alveg gríðarlega mikilvæg fyrir okkur. Ég tel að eðlilegt sé að að því komi bæði stjórn og stjórnarandstaða á Alþingi vegna þess að um málefni sem þessi er auðvitað nauðsynlegt að ríki sem breiðust samstaða. Við þurfum að átta okkur á því að utanríkisþjónustan í dag þarf að takast á við margfalt fleiri og flóknari viðfangsefni heldur en áður var, auk þess sem þau svæði í heiminum sem fylgjast þarf með eru orðin miklu fleiri vegna ýmissa mikilvægra hagsmuna sem Íslendingar eiga núna utan hefðbundinna samskiptasvæða.

Það eitt er víst, herra forseti, að Íslendingar fá ekki lengur neitt frítt í alþjóðlegum samskiptum. Hnattstaða okkar eða samstarf við önnur ríki mun ekki færa okkur neitt ókeypis og við munum þurfa að efla okkar eigin varðstöðu um öll okkar hagsmunamál sjálf. Auðvitað njótum við góðs af margs konar samstarfi, t.d. við Norðurlönd þar sem það á við og þar sem ekki rekast á hagsmunir. En í aðalatriðum getum við ekki treyst á neina aðra en okkur sjálfa til þess að fara með hagsmunamál okkar gagnvart umheiminum. Þess vegna hef ég verið þeirrar skoðunar að í tengslum við endurskipulagningu á utanríkisþjónustunni sé nauðsynlegt að huga að því hvernig best verður komið fyrirsvari Íslendinga við hin ýmsu ríki heims. Ég tel að þar sé víða pottur brotinn eða réttara sagt víða tilefni til þess að gera endurbætur á þó að við þurfum vitaskuld að átta okkur á að stofnun nýrra sendiráða eða fastaskrifstofa á vegum íslenska ríkisins kostar fjármuni. Þó mega menn ekki falla í þá gildru að líta á það mál eingöngu út frá kostnaðarsjónarmiði ríkisins vegna þess að í mörgum tilfellum getur verið um það að ræða að kosta til opinberu fé til þess að ná fram ávinningi annars staðar í hagkerfi okkar, annaðhvort beint, ef hér verða sett upp sendiráð annarra þjóða í endurgjaldsskyni, ellegar ef okkar skrifstofur erlendis og í fjarlægum heimshlutum geta stofnað til viðskiptasambanda sem gagnast þjóðarbúi okkar sem er þá auðvitað ávinningur sem kemur upp á móti hinum beina kostnaði þó að hann reiknist ekki beint til tekna í íslenska ríkiskassann.

Það er að mörgu að huga í þessu efni og alveg ljóst að það eru ýmis svæði heimsins sem full ástæða er til að við Íslendingar gefum meiri gaum en gert hefur verið. Við höfum að vísu þegar stofnað sendiráð í Peking. Það var jákvætt skref og það er margt fleira sem er að gerast í þeirri heimsálfu sem varðar okkur Íslendinga miklu og ástæðulaust að nefna sem allir vita að viðskipti okkar við ríki Asíu hafa stórvaxið á undanförnum árum og eru mjög að eflast, eins og allt viðskiptalíf í þeim heimshluta þar sem tekjur íbúa fara nú hraðvaxandi og velmegun eykst í mjög mörgum löndum í þeim hluta heimsins.

Ég vil nefna sérstaklega það sem fram kom í ræðu ráðherra varðandi viðskiptaþjónustuna og fagna því sem hann hefur beitt sér fyrir í því efni. Sömuleiðis vil ég nefna að viðskiptaferðir eins og hann hefur beitt sér fyrir og hefur í undirbúningi eru sömuleiðis mjög af hinu góða. Mér er kunnugt um að ferð sú sem ráðherra fór til Suður-Kóreu á síðasta ári hefur þegar skilað töluverðum árangri. Við vorum þar nýlega þrír þingmenn á vegum Alþingis og ég átti þess kost að ræða við ræðismann Íslands þar. Hann lýsti mikilli ánægju sinni með þetta framtak og taldi að það hefði þegar skilað miklum árangri og eigi eftir að gera enn meir þegar fram í sækir. Þessa aðferð, að ráðherra fari fyrir sendinefndum til ýmissa ríkja, nota margar þjóðir, ýmist með utanrrh. sinn eða jafnvel forsrh. Það var auðvitað fyllilega tímabært að skipuleggja viðskiptaferð með þessum hætti og ánægjuefni að ráðherra hefur í hyggju að því er ég best veit að fara aðra slíka ferð á þessu ári til ríkja í Suður-Ameríku. Það er skammsýni að horfa í kostnað við ferðir af þessu tagi. En það er hins vegar alveg ljóst að ávinningur af svona starfi getur verið mjög mikill fyrir íslensk fyrirtæki og athafnalíf.

Ég nefndi Suður-Kóreu vegna þess að það er dæmi um ríki þar sem hefur orðið gríðarlegur uppgangur á undanförnum árum og velmegun fer vaxandi og þar sem eru auðvitað margs konar tækifæri fyrir Íslendinga að hasla sér völl í viðskiptum eða á sviði greina eins og ferðamennsku. Mér er tjáð að á þessu ári muni u.þ.b. 150 þúsund Suður-Kóreumenn fara til Nýja-Sjálands í sumarfríunum sínum, 150 þúsund manns þessa löngu leið sem þar er um að ræða. Það er vegna þess að þeir eru að leita að einhverju nýju. Þeir hafa efni á því að fjármagna ferðir sínar og eru að leita að nýjum áfangastöðum. Ég tel að hér sé líka akur að plægja fyrir íslenska ferðaþjónustu eins og reyndar er tilfellið með mörg önnur Asíulönd. Ég nefni Japan, ég nefni Tævan en ferðamönnum þaðan hefur fjölgað mjög mikið á undanförnum árum þó að hins vegar hafi ekki verið gerðar nægilegar ráðstafanir til þess að einfalda þeim að koma hingað til lands. En staðreyndin er sú að ferðafólk frá þessum heimshluta eru einhverjir bestu ferðamenn sem völ er á. Þetta er afskaplega þægilegt fólk. Það er ekki með óspektir og mengar ekki út frá sér en hins vegar borgar það reikningana sína með glöðu geði eins og um hefur verið samið. Það ber öllum saman um að ferðafólk frá þessum heimshluta sé mjög til fyrirmyndar. Mér er kunnugt um það að á Tævan hafa Norðurlöndin öll sérstakar viðskiptaskrifstofur, sumar reyndar undir stjórn

manna sem eru í láni úr utanríkisþjónustu viðkomandi landa og eru þar með í óopinberum tengslum við utanríkisþjónustuna. Þó að þessi ríki hafi að sjálfsögðu ekki frekar en við pólitísk tengsl við Tævan þá eru viðskiptahagsmunir orðnir það miklir við það svæði, það eyland, að öll Norðurlönd og reyndar flest vestræn ríki hafa komið sér þar upp sérstökum viðskiptaskrifstofum til þess að efla viðskiptin.

Allir vita að sjálfsögðu hversu mikil viðskipti eru orðin milli Tævans og meginlandsins. Þau fyrirtæki sem Tævanmenn hafa fjárfest í á meginlandinu skipta tugum þúsunda og ljóst er að þar eru vaxandi viðskiptamöguleikar sem við eigum ekkert að láta hræða okkur frá að taka þátt í, þó svo það sé ekki okkar mál að leysa pólitískan ágreining sem er á milli Kínverja innbyrðis um stöðu Tævans gagnvart meginlandinu. Það verða þeir að sjálfsögðu að leysa sjálfir með friðsamlegum hætti. En við eigum auðvitað að eiga viðskipti við báða aðila óháð þeim pólitísku ágreiningsmálum.

Ég vil nefna í sambandi við skipulagsmál utanríkisþjónustunnar að vissulega hefur komið til tals, og m.a. verið rætt hér á Alþingi að stofna sendráð í Japan. Ég tel að full þörf sé á því og að þessi tvö sendiráð, í Japan og Kína, eigi að skipta á milli sín fyrirsvari fyrir Ísland í Asíu. En það er víðar sem þarf að opna sendiráð þegar menn hafa farið yfir það mál og kynnt sér það eða gert um það eitthvert plan fyrir framtíðina. Við skuldum auðvitað Finnum að opna hjá þeim skrifstofu, sendiráð, sem gæti þá jafnframt tekið að sér að annast ýmis önnur samskipti við nálæg ríki. Ég nefni að í mörg ár hefur verið talað um að stofna sendiráð í Kanada sem að mínum dómi er mjög tímabært. Ég nefni lítið dæmi um vandamál sem við höfum ekki getað leyst í samskiptum okkar við Kanada. Það eru loftferðasamningarnir þar sem gríðarlega miklir hagsmunir hanga á spýtunni fyrir ferðaþjónustu okkar og aðild okkar í þeim geira. Fyrir utan að sjálfsögðu menningarsamskiptin og þau tengsl sem við eigum við Kanadamenn á grundvelli vestur-íslenskra tengsla og margt fleira í þeim efnum sem lýtur kannski meira að fortíðinni. Til framtíðar horfa svo að sjálfsögðu norðurskautsmálefnin sem ráðherrann gerði áðan að umtalsefni og allt það samstarf, allir þeir samstarfsmöguleikar sem þau bera með sér á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, sjálfbærrar þróunar almennt, á sviði umhverfismála o.s.frv. Þannig að allt ber þetta nú að sama brunni. Við getum ekki látið þessi mál afskiptalaus og getum heldur ekki ætlast til að fámenn skrifstofa íslenska ríkisins í Washington geti hugsað um öll þau málefni sem hér er um að tefla án þess að fá til þess liðsauka í viðbót við að sinna málefnum í Suður-Ameríku og Mið-Ameríkuríkjum þar sem verkefni hafa frekar verið að bætast við heldur en hitt.

Þetta vildi ég segja um þessi málefni, herra forseti. Mig langar ekki að blanda mér í deilurnar um stækkun Atlantshafsbandalagsins enn einu sinni. Mér finnst það ekki þjóna neinum tilgangi. Við vitum öll hver afstaða okkar er, væntanlega allra. Auðvitað viljum við öll að Eystrasaltslöndin fái sem fyrst aðild að Atlantshafsbandalaginu vegna þess að það er þeirra ósk og vilji. En við verðum líka að horfast í augu við staðreyndir. Við gerum okkur grein fyrir því að aðild þeirra að bandalaginu þýðir í raun að Bandaríkjamenn taka að sér að tryggja landamæri milli þessara ríkja og Rússlands. Ef þeir eru ekki tilbúnir til þess þá munu hvorki hæstv. utanrrh., hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sá sem hér stendur né neitt okkar geta breytt því eða sannfært bandaríska almenning eða stjórnmálamenn um það þótt við viljum auðvitað að Eystrasaltsríkin fái þarna aðild að og við höfum gert það sem við höfum getað hvarvetna þar sem við höfum haft til þess vettvang að tala máli þeirra, bæði hæstv. ráðherra, hæstv. fyrrv. ráðherra og við öll sem höfum haft tækifæri til þess á alþjóðavettvangi. Ég dreg það ekkert í efa en við skulum ekkert vera að velta hvort öðru upp úr einhverjum annarlegum sjónarmiðum í þessu máli. Það er ekki við hæfi.

Ég ætla heldur ekkert að tala hér um Evrópumálin eða myntbandalagið en mig langar til að minnast á eitt atriði sem hæstv. ráðherra nefndi og hefur verið á döfinni undanfarið. Það er tillaga sú sem Íslendingar hafa gerst meðflutningsmenn að í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna gagnvart Kína. Við höfum kappkostað að eiga góð samskipti við Kína. Við höfum verið þar með fleiri sendinefndir á undanförnum árum á ýmsum stigum í stjórnkerfinu og gert okkur far um að eiga við þá gott samstarf. En við þurfum auðvitað að gera okkur grein fyrir eðli stjórnarfarsins í Kína og vera óhræddir við að gagnrýna það þar sem við höfum aðstöðu til. Þess vegna tel ég að það hafi verið rétt ákvörðun og sýni kjark að íslensk stjórnvöld skuli hafa gerst meðflutningsaðilar að þessari tillögu þó svo að hún hafi ekki náð fram að ganga á þessu stigi. Vinur er sá er til vamms segir. Kínverjar eiga vissulega langt í land með að breyta sínu stjórnarfari í það fjölflokkahorf sem við viljum gjarnan sjá. Framkoma þeirra í Tíbet er auðvitað ekki líðandi og ekki hægt að sitja hjá án þess að gagnrýna hana. Það er athyglisvert að á Tævan hefur þvert á móti tekist að þróa á undanförnum árum lýðræðisstjórnarfar þar sem bæði er kosið til þings, sveitarstjórna og kosinn þjóðhöfðingi þótt hann njóti að sjálfsögðu ekki viðurkenningar Kínverja á meginlandinu. Þetta er allt mjög athyglisvert og ég held að með þessu framtaki hafi verið stigið merkilegt skref þótt það hafi ekki náð fram að ganga og undir forustu Dana og Evrópusambandsþjóðanna hafi þetta verið skref sem ástæða er til að vekja athygli á og láta ekki fram hjá sér fara.

Það er vissulega margt fleira sem ástæða væri til að nefna, virðulegur forseti, en tíminn er naumur. Menn hafa spurt um hvalamál og talað um þau. Hér er á dagskrá seinna á fundinum sérstök tillaga um það efni þannig að ég geri ráð fyrir að áhugamenn um það mál geti fengið að tjá sig frekar um hvalamálin undir þeim dagskrárlið.

[12:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Eftir að ég las ræðu hæstv. utanrrh. fór ég að hugleiða þetta form sem við höfum tekið upp á Alþingi þess efnis að lögð er fram í þinginu skýrsla eða ræða utanrrh., eins og hún heitir. Sú hefð hefur komist á að gefin er skýrsla yfir það helsta sem gerst hefur í þeim stofnunum sem við erum aðilar að og á þeim vettvangi þar sem Íslendingar eru einkum að beita sér. Víðari umræða um ástand heimsmála, breytingar, nýjar hugmyndir og þau áhrif sem einstakar eða stórar og miklar breytingar geta haft á Ísland í framtíðinni, er ekki að finna í þeim skýrslum og þess sakna ég mjög. Við getum að sjálfsögðu öll lesið slíkar skýrslur en við þurfum að taka okkur tíma í að ræða heimsmálin í heild sinni, hvað við getum lagt af mörkum til að gera heiminn betri og ekki síður að átta okkur á hvað hinar einstöku breytingar þýða fyrir okkur.

Ég get tekið undir það að mér finnst engin stórtíðindi koma fram í þessari ræðu. Þetta er einfaldlega skýrsla yfir stöðu mála á þessu augnabliki um leið og við vitum að gríðarlega margt er að gerast í heiminum og mikil og stór vandamál sem við er að glíma. Þar vil ég sérstaklega nefna umhverfis-

málin á heimsvísu offjölgun mannkyns, fátækt, misskiptingu auðsins, styrjaldir og þann mikla flóttamannavanda sem víða blasir við, ekki síst í Afríku og Amnesty International hefur nýlega vakið athygli á, uppblástur, auðlindaþurrð og síðast en ekki síst mannréttindabrot af ýmsu tagi sem eru sem betur fer að fá æ meiri athygli í heimsumræðunni. Mér sýnist að sú þróun sé sem betur fer að styrkjast og eflast að þjóðir heims, þ.e. þær þjóðir sem teljast til lýðræðisríkja, eða lýðræðisþjóða, vilji ekki og geti ekki látið hjá líða að mótmæla mannréttindabrotum þó að mér finnist nú oft að um töluverðan tvískinnung sé að ræða. Þar er einmitt dæmið um Kína kannski einna skýrast. Kínverjum tókst að koma í veg fyrir með frávísunartillögu að tillaga Dana yrði samþykkt í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. En sama dag eða daginn eftir var samþykkt tillaga um mannréttindabrot Íraka, og var ekki vanþörf á. Það er greinilegt að það er ekki sama hver er. Þarna spila auðvitað viðskiptahagsmunir mjög inn í. En þeir eiga ekki að ráða. Mannréttindin eru grundvallarréttur hvers manns og þau eiga aldrei að víkja.

Ef ég horfi aðeins yfir sviðið og reyni að glöggva mig á því hvað er að gerast í heimsmálunum sem snertir okkur þá er það ekki síst hvort einhverra tíðinda má vænta frá ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá nokkrum fyrri ræðumönnum að þróunin innan Evrópusambandsins skiptir okkur gríðarlega miklu máli og mun hafa mikil áhrif á samfélag okkar. Það er skylda okkar að fylgjast mjög vel með þeirri þróun, ræða hana, skýra og skilgreina til þess að við getum tekið afstöðu á einhverjum raunhæfum grunni. Vil ég þá enn ítreka að afstaða mín til aðildar Íslands að Evrópusambandinu hefur ekkert breyst. Ég er enn þeirrar skoðunar að við eigum að standa utan þess. En við eigum að fylgjast ákaflega vel með þessum málum og ég er mjög ósátt við hversu lítil umræða á sér stað um þessa þróun og hvað hún þýðir, hvaða afleiðingar hún muni hafa.

Fram undan eru kosningar í Bretlandi innan örfárra vikna sem geta boðað nokkur tíðindi og verður merkilegt ef loksins tekst að fella breska Íhaldsflokkinn og eflaust boðar það nokkra áherslubreytingu í breskum stjórnmálum og ekki síst í hugmyndafræði og þýðir ákveðið bakslag frjálshyggjunnar.

Í Austur-Evrópu er lítið lát á erfiðleikum og átökum, því miður. Er þar síðast að minnast þeirra átaka sem enn standa í Albaníu og enn er ekki séð hvaða afleiðingar eða breytingar þau átök muni hafa. En þetta eru þjóðir sem bundu miklar vonir við fall kommúnismans, kannski ekki síst Albanir sem höfðu búið við mikla harðstjórn um áratuga skeið og héldu greinilega að heimurinn mundi gjörbreytast. En það vill nú svo til að það eru meira og minna sömu herrarnir sem sitja á valdastólum, m.a. Berisha forseti, sem er fyrrverandi einkalæknir Envers Hoxha, en átti reyndar sinn þátt í þeim breytingum sem urðu í Albaníu. Það er eflaust grunnt á því góða í garð þessara manna sem líka fleyttu rjómann ofan af á tímum Hoxha. Eins er enn óséð hvernig mál muni endanlega þróast í Bosníu og á því svæði þar sem er við gríðarlega erfiðleika að etja, ekki síst allan þann sálræna vanda sem þessar þjóðir eiga við að stríða í kjölfar hinna miklu átaka og allra þeirra hörmunga sem þar hafa dunið yfir.

Ég gæti minnst á ástandið í Afríku og ekki síst þann mikla flóttamannavanda sem þar er við að etja en það lítur út fyrir að enn sé einn einræðisherrann að falla, sem betur fer, en við vitum ekki hvað við tekur.

Þegar horft er til Asíu eru það ekki síst hin miklu mannréttindabrot sem þar blasa við nánast í hverju horni og er sama hvort litið er á Írak, Íran, Kína eða það ríki sem mér hefur verið nokkuð hugstætt að undanförnu sem er Indónesía og kem ég þar inn á málefni Austur-Tímor sem hafa verið nokkuð til umfjöllunar vegna heimsóknar Josès Ramos-Horta, sem hér var um síðustu helgi. Það var margt mjög athyglisvert sem fram kom hjá honum varðandi þróunina í Austur-Asíu, ekki síst í Indónesíu. En hann spáir því að herforingjastjórnin í Indónesíu muni falla á næstu þremur til fimm árum. Hann vísar þá ekki síst til þess að með hinni miklu tækni- og fjölmiðlabyltingu sem átt hefur sér stað á undanförnum áratug með internetinu, CNN sem nær til alls heimsins, faxi og öðrum slíkum tækjum, þá séu múrar að falla, heimurinn að minnka og einræðisherrarnir og stjórnir þeirra geti einfaldlega ekki lengur haldið upplýsingum frá fólki. Þannig að þær viðtökur sem forseti Indónesíu hefur fengið í heimsóknum til Evrópu hafa ekki farið fram hjá íbúum Indónesíu vegna fréttaflutningsins sem ekki hefur verið hægt að koma í veg fyrir. Ég vona svo sannarlega að Ramos-Horta hafi rétt fyrir sér í þessu og að tuttugu og tveggja ára baráttu Austur-Tímora fyrir sjálfsákvörðunarrétti fari að ljúka með sigri þeirra eða alla vega með einhvers konar samkomulagi sem tryggi mannréttindi þeirra. En í þessu samhengi vil ég minna á að hann kom á framfæri hér beiðni um aðstoð, fyrst og fremst mannúðaraðstoð við fanga og fórnarlömb pyntinga sem eru peningalaus og skortir lyf og við getum auðvitað aðstoðað með ýmsum hætti auk þess sem hann benti á að við strendur Austur-Tímor eða Tímor-eyjarinnar eru auðug fiskimið og vonandi tekst samvinna í framtíðinni milli Íslendinga og Tímorbúa við nýtingu þeirra auðlinda. Þar er einmitt dæmi um hvernig við getum komið öðrum þjóðum til aðstoðar. Ég vil nota tækifærið og þakka hæstv. utanrrh. fyrir stuðning hans við þetta mál en það kom skýrt fram í fréttatilkynningu frá utanrrn. í kjölfar heimsóknar Ramos-Horta að þar mun ekki verða neitt lát á.

Þegar horft er á heiminn í heild og þau mannréttindabrot sem við okkur blasa um allan heim get ég ekki látið hjá líða að minnast á mannréttindi kvenna sérstaklega sem því miður eru fótum troðin víðast hvar. Á undanförnu ári höfum við horft á mjög sérstaka þróun í Afganistan þar sem stigin hafa verið hroðaleg skref aftur í miðaldir ef ekki lengra og þar eru konur nánast lokaðar inni og þeim er bannað að láta sjá sig í gluggum því það ku vera þvílík freisting fyrir karlmenn í Afganistan að sjá konu bregða fyrir þó hún sé hulin svörtum blæjum frá toppi til táar og meira að segja með net fyrir augum að þeir telja þörf á því, þessir blessaðir Talebanar sem þarna ráða ríkjum, að banna þeim yfirleitt að hreyfa sig. (**Gripið fram í:** Mikil úrkynjun er orðin á Íslandi!) Það má túlka þetta með ýmsum hætti en það er ekki grín að þessu gerandi því þetta er hrikaleg svipting mannréttinda sem m.a. kemur mjög harðlega niður á börnum því að mikið er af ekkjum í Afganistan sem hafa verið sviptar lífsbrauðinu, þær mega ekki vinna fyrir sér og börnum sínum. Þetta er auðvitað hörmuleg þróun. Við Íslendingar höfum gerst aðilar að samþykktum Sameinuðu þjóðanna varðandi bætt réttindi kvenna. Ég vil í því sambandi minna á þær samþykktir Sameinuðu þjóðanna að ein besta leiðin til að bæta ástand heimsmála sé einmitt sú að auka rétt kvenna vegna þess að það skilar sér í bættri stöðu þeirra og bættri stöðu barna og betra þjóðfélagi. Það hefur margsýnt sig að t.d. fjárhagsleg aðstoð til kvenna skilar sér margfalt á við aðra fjárhagslega aðstoð.

Það er gaman að geta þess að Norðurlandaþjóðirnar vinna að málefnum kvenna í Eystrasaltsríkjunum og þessa mánuðina standa yfir og eru fram undan ráðstefnur um réttindi kvenna í Eystrasaltslöndunum og þar koma Íslendingar að með margvíslegum hætti og munu leggja þar sitt af mörkum. Það leiðir mig að þeirri niðurstöðu, hæstv. forseti, að mín skoðun er sú að jafnframt því að við eigum að vera virk í sem flestum alþjóðastofnunum þá á og getur framlag okkar skilað einna mestu á sviðum mannréttindabaráttu, mannréttindamála og umhverfismála. Það stafar af því að við erum í hópi örfárra ríkja í heiminum sem virðum mannréttindi að mestu leyti og einnig skipta umhverfismál og þróun þeirra okkur gífurlega miklu máli. Lífsafkoma okkar Íslendinga byggist jú á því að hafið í kringum landið sé ómengað og auðvitað er það mál okkar allra jarðarbúa að verja jörðina og skila henni betri til komandi kynslóða en við tókum við henni. Þar er svo sannarlega verk að vinna.

Ég hefði viljað koma inn á nokkur fleiri mál, hæstv. forseti, svo sem afvopnunarmál og kjarnorkuógnunina, sem nú felst ekki síst í kjarnorkuverum sem ekki eru nógu trygg, í þessum aflóga kjarnorkuvopnum sem Rússar hafa lagt á Kólaskaga.

Ég hefði viljað koma inn á jarðsprengjur og baráttuna gegn þeim sem er gríðarlegt hagsmunamál fjölmargra þjóða heims þar sem sprengjum hefur verið komið fyrir þar sem þær eru ekki síst konum og börnum mjög hættulegar. Ég hefði einnig viljað koma inn á stöðu utanríkisþjónustunnar og fleiri mál. En það verður að bíða betri tíma, hæstv. forseti.

[12:22]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það vekur athygli mína að ekki einn einasti samráðherra hæstv. utanrrh. sýnir honum þá kurteisi eða utanríkismálum þá athygli að vera viðstaddur þessa umræðu. Annað sem mér þykir ekki síður mjög athyglisvert er fjarvera meginþorra þingheims. Af þessu má ýmislegt álykta. Ætli sá hugsunarháttur sé ekki enn býsna útbreiddur meðal alþingismanna, og þá kannski líka meðal þjóðarinnar, að utanríkismál séu eitthvað framandi sem skipti litlu máli og varði almannahag kannski litlu. Þó er auðvelt að sýna fram á það með vísan til nýlegrar reynslu að þetta eru öfugmæli. Mikilvægi utanríkismála fer sívaxandi. Utanríkismál, utanríkisviðskipti og alþjóðasamstarf skiptir orðið mun meira máli, ekki bara fyrir öryggi og frið smáþjóða í heiminum heldur beinlínis fyrir afkomu þeirra og lífskjör, en flest það sem þingmenn flykkjast hér í þingsal til þess að rífast um frá degi til dags. Besta dæmið um þetta er að sjálfsögðu EES-samningurinn. Hann var utanríkismál, vissulega, einhver viðamesti millirríkjasamningur sem gerður hefur verið í lýðveldissögunni, en engu að síður var það samningur sem skipti sköpum fyrir lífskjaraþróun Íslendinga í framtíðinni. Það var ekki bara viðskiptasamningur, það var ekki bara að hann tryggði okkur hindrunarlausan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins og stækkaði okkar örsmáa heimamarkað upp í 400 millj. manna, það var ekki bara að hann tryggði hagsmuni sjávarútvegsins og helstu útflutningsgreina okkar, hann fól líka í sér skuldbindingar um að innleiða hér ákveðnar leikreglur og samkeppnisreglur í efnahagslífi og atvinnulífi til samræmis við það sem gerðist meðal grannþjóða okkar.

Það vekur athygli mína að hér hafa talað ýmsir andstæðingar þessa samnings, bæði úr röðum núverandi stjórnarflokka eins og þeirra framsóknarmanna eða þeirra sem létu kyrrt liggja og sátu hjá eins og hæstv. utanrrh. gerði. Jafnvel formaður Alþb. sem beitti sér gegn samningnum talar nú á allt öðrum nótum. Öll þau orð sem látin voru falla í fjögurra ára styrr um málið eru dauð og ómerk og það er orðin almenn samstaða um að þetta hafi verið hið ágætasta mál. Meira að segja er það svo þegar rædd eru Evrópumál að talsmenn hæstv. ríkisstjórnar skáka helst í því skjóli að þessi samningur hafi reynst þjóðinni með slíkum ágætum að nú þurfi ekkert frekar að gera í þeim málum. EES-samningurinn hafi tryggt svo rækilega hagsmuni íslensku þjóðarinnar að við getum þar með látið staðar numið. Þetta er að vísu fremur metnaðarlaust og náttúrulaust sjónarmið og reyndar rangt í grundvallaratriðum því að í framhaldi af EES-samningnum blasti náttúrlega við að halda þessu starfi áfram. Auðvitað hefði það verði skylda íslenskra stjórnvalda að samræma starfskrafta stjórnkerfisins og leita til sérfróðra aðila og til fulltrúa atvinnulífsins og hagsmunaaðila í landinu um að halda þessu starfi áfram, þ.e. að halda heimavinnunni áfram, að gera rækilega, málefnalega og faglega úttekt á því hvar hagsmunir Íslands liggja gagnvart þeirri hröðu þróun sem á sér stað á heimamarkaði okkar og í Evrópu og birta þær upplýsingar, kynna þær þjóðinni og efna til umræðu um þær. Við jafnaðarmenn erum ekki einasta þessarar skoðunar heldur teljum við að á grundvelli slíkrar vinnu hefðum við síðan átt á réttum tíma að leggja fram aðildarumsókn þegar við hefðum lokið þessari heimavinnu og þar með skilgreint samningsmarkmið okkar og tekið afstöðu til mála lið fyrir lið. Því þetta er ekki bara spurning um framtíðarstöðu íslensku þjóðarinnar í samfélagi þjóðanna heldur er þetta að sjálfsögðu spurning um öryggismál í víðtækasta skilningi en þetta verður að lokum ein stærsta spurning samtíma og framtíðar um lífskjör íslensku þjóðarinnar. Jafnvel þótt hagsveiflan sé okkur nú nokkuð hagstæð til skamms tíma þá byggir það að ýmsu leyti á tiltölulega veikum grunni. Það sem við þurfum fyrst og fremst að gera er að tryggja forsendurnar og stöðugleikann og auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Ef við setjum okkur þau markmið þá er aðild að Evrópusambandinu fyrir Íslendinga, eins og alla aðrar lýðræðisþjóðir í okkar heimshluta, stærsta álitamálið sem við þurfum að taka afstöðu til ef við viljum tryggja þennan stöðugleika sem grundvöll lífskjarabata til frambúðar.

Sama máli gegnir um afstöðuna til evrópska peninga- og myntsamrunans. Án aðildar að Evrópusambandinu erum við að sjálfsögðu utan við það. En hitt vita allir að gjaldmiðilssamstarf innan Evrópusambandsins mun hafa grundvallarþýðingu fyrir afkomu íslensks þjóðarbús. Það er eitt af þessum stóru málum innan Evrópusamrunaferlisins sem við verðum að taka afstöðu til. Það er þess vegna leiðinlegt til þess að vita að hæstv. ríkisstjórn hefur enga stefnu í þessum málum nema ef menn vilja láta sér það lynda að kalla það stefnu að segja: Við bíðum og sjáum hvað setur. Stefnan hvað varðar evrópska myntsamrunann er að skipa nefnd til að safna upplýsingum saman á einn stað. Í huga þeirra sem fylgjast með Evrópuumræðunni og þeirri vinnu sem fram fer á vegum stjórnvalda og hagsmunasamtaka um álfuna þvera og endilanga þá er þetta heldur dauflegt endurskin af pólitískri vitund um það sem er að gerast í samtímanum.

En kjarni málsins er kannski sá að örlög íslensku þjóðarinnar, öryggi hennar, lífskjör hennar, möguleikar okkar til þess að halda til jafns við aðrar þjóðir, möguleikar okkar á því að tryggja sambærileg lífskjör og gerist og gengur meðal grannþjóða, munu í framtíðinni fyrst og fremst ráðast af

ákvörðunum sem teknar eru á utanríkispólitísku sviði. Þetta á við um Evrópumálin. Þetta á við um alþjóðlegt viðskiptasamstarf og alþjóðlega viðskiptasamninga. Þetta á líka við að mörgu leyti um hafréttarmálin. Og af því að ég tel að það þjóni engum tilgangi að ræða hér Evrópumál í ítarlegu máli yfir tómum þingsölum og fyrir daufheyrðri ríkisstjórn — það mál munum við jafnaðarmenn fyrst og fremst ræða við þjóðina sjálfa milliliðalaust — þá held ég samt sem áður að það sé ástæða til þess að ræða örlítið um hafréttarmál í þessari umræðu. Að þeim er vikið í ræðu hæstv. utanrrh., stuttlega eins og reyndar um öll önnur mál, á bls. 12 og 13 í framlagðri ræðu hans. Þar er vakin athygli á þeirri staðreynd að úthafsveiðar Íslendinga hafa fært þjóðarbúinu mikla björg í bú á seinustu árum, frá 1993, og eru ásamt með EES-samningnum og stöðugleikanum í íslenskri efnahagsþróun grundvöllurinn að þeim efnahagsbata sem við upplifum nú. En framtíðin í þessum málum er býsna óviss. Og maður spyr: Hver er stefna íslenskra stjórnvalda í þeim málum þegar þau horfa ögn fram á við? Við því fást nú ekki mikil svör í ræðu hæstv. ráðherra enda varla hægt að gera kröfu til þess að í framlögðum texta sé öllum slíkum spurningum svarað. Hins vegar væri mjög æskilegt að hæstv. ráðherra skýrði betur stefnu sína og svaraði nokkrum grundvallarspurningum um það hver viðhorf ríkisstjórnarinnar eru í þeim málum.

Ég staldra við réttindi Íslendinga til veiða á Barentshafi í framhaldi af Smuguveiðum, um starf stjórnvalda til þess að tryggja rétt okkar í framhaldi af samningi Sameinuðu þjóðanna um farstofna og flökkustofna — þ.e. úthafsveiðisamningnum eins og hann er gjarnan kallaður í daglegu tali, um ágreiningsefni við Dani að því er varðar Kolbeinsey og um hvalveiðar. Allt eru þetta mál sem ég veit að eru hæstv. ráðherra hugstæð. Hann hefur langa reynslu af starfi í þeim málum sem sjútvrh. og ekki nokkur ástæða til þess að rengja að á þessu málasviði býr hann yfir þekkingu og reynslu.

Þegar við horfum í kringum okkur þá er merkilegt hversu áhugalitlir og sinnulitlir íslenskir stjórnmálamenn fyrr á tíð voru um það hvað væri að gerast á hafsvæðunum í kringum þá. Ég segi þetta í ljósi þess að það er auðséð þegar við lítum til baka yfir áratugasögu að grannar okkar Norðmenn hafa rekið markvissa útþenslustefnu að því er varðar forræði yfir hafsvæðum og náttúruauðlindum á hafsvæðunum hér í kringum okkur. Þeir hafa gert tilkall til yfirráða með mjög vafasömum hætti, t.d. að því er varðar yfirráð yfir Austur-Grænlandi, þaðan sem þeir voru hraktir með málaferlum — Danir skutu því máli til alþjóðadómstóls sem Norðmenn töpuðu. Þeir komu smám saman eignarhaldi sínu á Jan Mayen sem sögulegar staðreyndir sanna að er alls ekki norskt land. Og þrátt fyrir það að íslenskur forsrh. á þeirri tíð, Jón Þorlákssson, gerði rétt í því að gera almenna fyrirvara af Íslendinga hálfu í því efni þá var ekkert með þá gert og þeim var aldrei fylgt eftir. Næst gripu Norðmenn til þeirra ráða að eigna sér fiskverndarsvæði ríkt af náttúruauðlindum, ekki bara fiskstofnum heldur einnig af olíu og jarðgasi, svæði sem er stærra heldur en sem nemur íslensku efnahagslögsögunni. Og það var gert með einhliða aðgerðum. Það er ekki hluti af norsku efnahagslögsögunni. Það var gert á skjön við skuldbindingar Norðmanna í alþjóðasamningi sem heitir Svalbarðasamningurinn. Og það var gert þrátt fyrir það að grannþjóðir Norðmanna mótmæltu harðlega einhliða útþensluaðgerðum Norðmanna og því hefur verið haldið til streitu þrátt fyrir það að engin þjóð í heiminum nema umdeilanlega Kanada hefur fallist á þessa einhliða útþenslustefnu Norðmanna. Í krafti þessara aðgerða hafa Norðmenn tryggt sér forræði yfir náttúruauðlindum sem varðar beinlínis hagsmuni annarra sjávarútvegsþjóða við Atlantshaf. Og framtíð veiða á Barentshafi markast af því hver stefna okkar er í þessu máli. Íslensk stjórnvöld hljóta þess vegna, ef þau ætla að gæta íslenskra hagsmuna, að hafa skýra afstöðu til norska fiskverndarsvæðisins umhverfis Svalbarða því að tal um samninga um Smuguveiðar, sem er tímabundið fyrirbæri, er algert aukaatriði í því máli. Spurningin hérna er um það að tryggja réttindi Íslendinga á grundvelli Svalbarðasamningsins til frambúðar til veiða á Barentshafi. Og í framhaldi af því er það skylda íslenskra stjórnvalda, í framhaldi af úthafsveiðisamningnum, að gera allt sem unnt er til þess að ná samkomulagi um framkvæmdina sem þýðir að tryggja Íslendingum aðild að svæðisstjórninni sem stýrir fiskveiðum á Barentshafi þar sem Norðmenn og Rússar hafa einfaldlega gert tilkall til þess að tvíhliða samstarfsnefnd þeirra ráði málum, og hefja samningagerð á því sviði í krafti þess samstarfs sem við eigum að stofna til með Grænlendingum um svæðisstjórnun á úthafsveiðum út af Reykjaneshrygg.

Sama máli gegnir með það að Danir eru eitthvað að abbast upp á oss út af Kolbeinseyjarmálinu og reyndar Hvalbaksmálinu líka sem varðar þá íslensku efnahagslögsöguna. Ég kannast ekki við að hæstv. ráðherra hafi tjáð sig um það hvernig við ætlum að taka á því máli vegna þess að í því máli eigum við svo veigamikil rök að ég skil eiginlega ekkert í því hvers vegna Danir eru að þessu tuði. Sannleikurinn er sá að við sýndum ákaflega mikla sanngirni í því þegar við féllumst á að miðlína skyldi gilda gagnvart Grænlandi og ég harma það ekki. Það var eðlilegt á þeim tíma, við eigum að rækta samskipti við granna okkar á Grænlandi af sanngirni og það var líka eðlilegt vegna þess að á þeim tíma var hvorki hafréttarsáttmálinn staðfestur né úthafsveiðisáttmálinn og þess vegna lá það fyrir að til miðlínuúrskurða var oft gripið þegar um var að ræða álitaefni í milliríkjalögsögu af þessu tagi. Nú er það hins vegar svo að þjóðarétturinn í þessu máli hefur skýrst mjög síðan þetta var og það liggur alveg ljóst fyrir að miðlínu er hvergi að finna sem réttarúrræði í hafrétti lengur. Í staðinn er einfaldlega vísað til þess að þjóðir heims eigi að semja í slíkum álitaefnum á grundvelli sanngirnissjónarmiða. Það sem er lagt til grundvallar samningum er mikilvægi fiskveiða og auðlindanýtingar fyrir viðkomandi þjóð, mikilvægi þess efnahagslega og (Forseti hringir.) önnur efnahagsleg sjónarmið, þannig að ef Danir ætla að halda þessu máli til streitu þá er náttúrlega ekkert annað að gera en að segja þeim það að í ljósi breyttrar réttarþróunar sé náttúrlega sá kostur að Íslendingar falli frá þessu sanngirnissamkomulagi á sínum tíma og stígi skrefið til fulls og færi efnahagslögsöguna út eins og þjóðaréttur stendur til.

[12:38]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi þakka hæstv. utanrrh. fyrir ræðu hans. Hún var mjög yfirgripsmikil og að sjálfsögðu er ekki hægt að taka á öllum málum þar í hnotskurn. En væntanlega mun hæstv. ráðherra svara þeim fyrirspurnum sem hafa komið hér fram síðar. Ég er afar ánægð með þá áherslu sem kemur fram í þessari ræðu á viðskiptaþjónustu utanrrn. Ég held að það sé gífurlega mikilvægt fyrir útrás fyrirtækja og það sé mjög jákvætt fyrir lítið land og fámennt eins og okkar að ráðuneytið hefur lagt svona mikla vinnu í þetta mál. Fyrirtæki hér á Íslandi eru mjög smá á alþjóðlega vísu. Þau eru míkróskópísk á heimsmælikvarða eins og við

vitum og því þurfum við mjög mikla útsjónarsemi til þess að koma okkur á framfæri og til þess að keppa í æ minnkandi heimi. Þessum málum er komið í sérstakan farveg með því að opna viðskiptaþjónustu á vegum utanríkisþjónustunnar.

Við búum yfir sérþekkingu á ýmsum sviðum eins og fram kemur í ræðu hæstv. utanrrh. og þar á meðal á sviði sjávarútvegs. Við höfum haslað okkur völl víða um heim á þeim vettvangi en það eru fleiri tækifæri sem blasa við bæði í hörðum viðskiptaheimi, einnig getum við aðstoðað önnur ríki í sjávarútveginum. Þar er nærtækast að nefna nýtt tækifæri fyrir okkur sem utanrmn. hefur einmitt aðeins rætt. Nýlega var í heimsókn hjá okkur Horta, friðarverðlaunahafi Nóbels frá Austur-Tímor. Í heimsókn hans hér kom fram að Austur-Tímor er land sem við gætum aðstoðað varðandi sjávarútveg. Íbúar þar búa í fjalllendi í miðju landi, en þetta er eyja, og hafa ekkert nýtt sjávarafurðir sínar, og í máli Hortas kom fram að þar eru afar gjöful fiskimið og að við gætum aðstoðað þá á þeim vettvangi. Ég veit að Horta ræddi þetta við hv. utanrrh. sem ætlaði að skoða það mál nánar.

Varðandi Norðurlöndin og norræna samvinnu vil ég taka fram í ræðu minni að það hafa orðið talsverðar breytingar á norrænu samstarfi á síðustu missirum. Þær breytingar fólust aðallega í því að fagnefndir Norðurlandaráðs voru lagðar niður og komið var upp þremur stærri nefndum. Þær voru ekki fagnefndir, má segja, heldur var þeim skipt upp eftir landsvæðum og þar á ég við Evrópunefnd Norðurlandaráðs, nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs og Norðurlandanefndina svokölluðu. Norrænt samstarf hefur þannig beinst meira inn á málefni Evrópu og grannsvæða Norðurlanda með þessari nýju skipan. Ég tel að þessi breyting hafi tekist betur en ég bjóst við í upphafi. Að vísu má segja að við séum enn á breytingaskeiðinu í þessari nýju skipan, en þetta lofar góðu. Breytingin fólst einnig í því að við tókum upp pólitíska skiptingu í Norðurlandaráði þar sem löndin eru ekki eins mikilvæg í stefnumótun heldur flokkahópar. En með þessari skiptingu hefur kastljósið beinst meira að Evrópu og að grannsvæðunum. Eins og allir vita er mjög mikilvægt fyrir öryggi á Norðurlöndunum og í Evrópu að vel takist til við að styðja lýðræðisþróun grannsvæða okkar og þá á ég við Eystrasaltsríkin. Þau eru að fara í gegnum miklar breytingar og mikilvægt er að þau fái alla mögulega hjálp okkar til þess að vel takist til. Norðurlöndin hafa sérstaklega beint sér að þessu verkefni með ýmiss konar beinum stuðningi svo sem í gegnum Norræna fjárfestingarbankann og stofnunum tengdum honum. Einnig með mórölskum stuðningi, með því að styðja t.d. ósk Eystrasaltsríkjanna um inngang í Evrópusambandið. Þá vil ég taka það fram að Ísland og Noregur, sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu eins og allir vita, styðja samt þessa ósk Eystrasaltsríkjanna um að ganga inn í Evrópusambandið. Sem dæmi um hvernig Norðurlandaráð hefur komið að þessum málum get ég nefnt hér að Norðurlandaráð stóð nýlega fyrir ráðstefnu í Lettlandi varðandi þessi mál. Þar voru nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs og Evrópunefndin skipuleggjendur sameiginlega. Ráðstefnan var um það hvernig Norðurlöndin gætu aðstoðað Eystrasaltsríkin við að ganga farsællega í gegnum samningaviðræður sínar við Evrópusambandið, þ.e. um það hvernig þjóðþingin sjálf kæmu að þessu ferli og hvaða áhrif þjóðþingin gætu haft á samningaviðræðurnar. Það er til mjög mikil reynsla á þessu sviði á Norðurlöndunum þar sem öll Norðurlöndin hafa gengið, má segja, í gegnum þetta ferli. Noregur gekk í gegnum þetta ferli þó að þeir höfnuðu inngöngu í þjóðaratkvæðagreiðslu og við Íslendingar höfum einnig ákveðna reynslu í þessum samskiptum vegna okkar EES-samninga.

Þessi ráðstefna var haldin í Lettlandi og hana sóttu 15 þingmenn frá hverju Eystrasaltsríkjanna, þ.e. 45 þingmenn frá þeim. Þar kom fram að mjög mikil vinna er í gangi í Eystrasaltsríkjunum sem gengur út á að gera þessi samfélög hæfari til að ganga inn í Evrópusambandið. Þeir telja sig þurfa talsverða aðstoð í samningaviðræðunum. Það kom einnig fram að sú aðstoð gæti m.a. falist í formi aðstoðar við að þýða skjöl og túlka, að slíkt væri mjög brýnt. Þarna kom einnig fram mjög áhugavert verkefni sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir að væri svona öflugt, þ.e. það sem kallað var tvíburaverkefni. Það skilst mér að sé verkefni þar sem persónuleg samskipti milli embættismanna í Eystrasaltsríkjunum og embættismanna á Norðurlöndunum eiga sér stað. Danmörk var sérstaklega nefnd í þessu sambandi. Þessi samskipti eru mjög mikilvæg. Þeir geta haft beint samband við kollega sína á Norðurlöndunum.

Þetta var í fyrsta skipti sem ég hef komið til Eystrasaltsríkjanna og fyrir mér opnaðist má segja nýr heimur. Ég hef trú á að í framtíðinni muni samskipti okkar verða mjög mikil við Eystrasaltsríkin. Við Íslendingar finnum fyrir mikilli velvild í þessum ríkjum. Það kom mjög greinilega fram hjá þingmönnum sem sóttu þessa ráðstefnu að þeir þekkja vel til okkar og okkar hlutar í sambandi við að styðja þeirra sjálfstæðisbaráttu. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er þekktur þarna og einnig er Halldór Ásgrímsson ágætlega þekktur meðal þingmanna þannig að þetta var ákaflega ánægjuleg upplifun.

En það eru önnur atriði í norrænu samstarfi sem að mínu mati eru ákaflega mikilvæg og ég ætla að drepa aðeins á þau. Það er m.a. Barentssamstarfið og hvernig það hefur komið, ásamt nærsvæðanefnd Norðurlandaráðs, að málefnum Kólaskaga. Aðeins hefur verið drepið á það í ræðum annarra þingmanna, en það er mjög mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að tekið verði á veru kjarnorkukafbáta í kringum Kólaskagann. Þar tifar tímasprengja og það verður að taka á því máli. Það er okkur mikið hagsmunamál og Norðmönnum sérstaklega að það verði samstillt átak gert til þess. Eins og allir vita er sjávarútvegur okkur mikilvægur og markaðirnir mjög viðkvæmir. Ég held að enginn hafi gleymt ormafárinu sem reið yfir okkar markaði fyrir nokkrum árum. Þá duttu niður viðskipti allverulega og nokkurn tíma tók að byggja þau upp aftur. Öll slys sem geta orðið þarna uppi í Barentshafinu geta því haft stórkostlegar afleiðingar fyrir okkur. Hvort sem það er réttmætt eða ekki. Þá á ég við að neytendur eru afar viðkvæmir. Ef þeir telja fiskafurðirnar ekki heilnæmar þá kaupa þeir þær ekki.

En fyrst ég er hér að ræða um málefni Norður-Skandinavíu þá ætla ég að halda mig á þessum norðlægu slóðum og lýsa þeirri skoðun minni að við Íslendingar eigum að skoða mjög alvarlega að opna sendiráð í Finnlandi. Ég hef drepið á þetta áður hér. Þessi skoðun mín byggist á því að með náinni samvinnu við þau ríki sem eru í Evrópusambandinu þá getum við komið okkar sjónarmiðum betur á framfæri þar. Finnland er aðili að Evrópusambandinu og þeir hafa ákveðna hagsmuni sem ég tel vera tengda okkur. Finnland er jaðarsvæði í Evrópu eins og Ísland. Þeir hafa mikla reynslu og þekkingu af samskiptum bæði við Rússa og Eystrasaltsríkin og ég tel að gott væri fyrir okkur að læra eitthvað af þeim og geta haft tengsl við þá í gegnum sendiráð, íslenska sendiráðið í Finnlandi þá væntanlega. Þeir eru ekki í samkeppni við okkur

á sjávarútvegssviðinu þannig að ég tel að þeir gætu orðið afar vænlegur bandamaður fyrir okkur í framtíðinni. Ég tel því æskilegt að við skoðum þann möguleika mjög alvarlega að opna sendiráð í Finnlandi. Norræn samvinna er okkur nokkurs konar gluggi inn í Evrópu. Ég veit til þess að hæstv. utanrrh. er að vinna að því að við Íslendingar ásamt öðrum norrænum ríkjum stillum betur saman okkar strengi og komum upplýsingaflæði í betra horf á norrænum vettvangi og komum okkur upp tengiliðum í Evrópusambandinu, þ.e. í Brussel. Ég veit að hæstv. utanrrh. er að vinna mjög vel að þeim málum.

Evrópunefnd Norðurlandaráðs, sem ég á sæti í og þess vegna beinist mál mitt svolítið mikið að þeim þætti, hefur lagt mikla áherslu á að norræn ríki komi sjónarmiðum sínum vel á framfæri innan Evrópusambandsins og þá sérstaklega á ríkjaráðstefnunni. Þar hafa Norðurlöndin lagt áherslu á málaflokk eins og umhverfismál, neytendamál og lýðræði. Nefndin hefur staðið fyrir ráðstefnum um þessi mál á norrænum vettvangi þar sem norrænir þingmenn hafa komið saman ásamt Evrópuþingmönnum. Nefndin hefur einnig staðið fyrir svokallaðri yfirheyrslu eða „høring" norrænna utanríkisráðherra þar sem þeir voru yfirheyrðir um framgöngu sinna ríkja á ríkjaráðstefnunni.

Evrópunefndin mun á næstunni beita sér meira að því að fara yfir Myntbandalagið svokallaða. Sú umræða hefur farið fram á Norðurlöndunum en hún hefur ekki verið í deiglunni hér. En ég býst við að hún muni verða meiri hér á næstunni en verið hefur.

Varðandi Ísland og Evrópubandalagið sérstaklega þá tel ég mjög æskilegt að við Íslendingar fylgjum þeirri stefnu að vera eins nærri Evrópusambandinu og við getum án þess að ganga inn í það. Við erum hluti af innri markaði Evrópusambandsins í gegnum EES-samninginn og eigum því mjög mikið undir stefnu Evrópusambandsins og það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur að Evrópusambandið taki þá stefnu sem hentar okkur. Því verðum við að samþætta okkar starf sem mest að stefnu Evrópusambandsins, en ég undirstrika, án þess að ganga inn í það. Schengen-samstarfið er einn nýjasti flöturinn. Með því að taka þátt í Schengen-samstarfinu erum við innan ytri landamæra Schengen-svæðisins þar sem í verða langflest eða nánast öll Evrópusambandsríkin.

Varðandi aðkomu okkar að Evrópusambandinu vil ég líka koma þeirri skoðun minni á framfæri að ég tel að við Íslendingar ættum að skoða hvort ekki sé rétt að reyna að koma upp einhvers konar ferli þannig að þingmenn og aðrir sem hafa samskipti við þingmenn og önnur leiðandi öfl í Evrópu samræmi málflutning sinn reglulega einhvern veginn. Ég geri mér grein fyrir því að slíkt getur verið erfitt en ég tel að utanrrh. ætti að hugleiða hvort hægt sé að gera þetta. Norðmenn hafa samkvæmt mínum upplýsingum gert þetta og við gætum trúlega lært af þeirra reynslu. Ég tel þetta afar brýnt. Það vita allir að utanríkisþjónusta okkar er mjög fámenn. Við höfum ekki stóran hóp fólks sem við getum sent mjög oft erlendis. Það kostar allt peninga. Það er því mjög brýnt að málflutningurinn sé samræmdur til hins ýtrasta hvað varðar þau samskipti sem við þó höfum.

[12:54]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem síðast kom fram hjá hv. þm. um samræmingu á málflutningi þá hefur utanrrn. lagt sig fram um að auka samvinnu við alþjóðaskrifstofu þingsins. Jafnframt er góð samvinna við Íslandsdeild Norðurlandaráðs og aðrar alþjóðaþingnefndir sem starfa á vegum Atlantshafsbandalagsins, ÖSE, Vestur-Evrópusambandsins o.s.frv. Við höfum lagt okkur fram og boðið fram þjónustu okkar til að aðstoða þingmenn í þessum málum. En að sjálfsögðu er takmarkað hvað utanrrn. getur haft mikið frumkvæði. Við virðum að sjálfsögðu sjálfstæði Alþingis en höfum lýst okkur reiðubúna til að vinna með þingnefndum og þingmönnum að þessum málum eftir því sem þeir óska.

Ég vil aðeins koma inn á verkefni Barentshafsráðsins sem kom fram hjá hv. þm. og jafnframt hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur. Íslendingar hafa lagt sig fram á þessu sviði eftir því sem þeir hafa getað. Þeir hafa komið að verkefnum á sviði nýsköpunar, á sviði fiskvinnslu — við höfum lagt fram tillögur um orkusparnað — auk verslunarviðskipta á svæðinu. Hingað er væntanlegur á næstunni forsætisráðherra Karilíu sem við höfum boðið hingað í heimsókn. En síðast en ekki síst höfum við lagt mikla áherslu á vandamálin á Kólaskaga. Ég vil geta þess að Bandaríkjamenn hafa komið að þeim verkefnum á vettvangi Barentshafsráðsins. En þessi verkefni skipta okkur meginmáli og eru ein helsta ástæðan fyrir því að við viljum taka virkan þátt í þessu samstarfi á vettvangi Barentshafsráðsins.

[12:56]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það er rétt sem fram kom í máli hæstv. utanrrh. að utanrrn. hefur verið mjög liðlegt við að aðstoða þingmenn sem eru á förum utan fyrir hönd okkar lands. Hins vegar tel ég að við eigum að skoða það sem Norðmenn hafa verið að reyna að gera, þ.e. að samræma málflutninginn. Ég veit að það getur verið mjög erfitt pólitískt, þ.e. hvaða málflutningur er réttur á hverjum tíma. En ég tel að við þurfum að setjast aðeins yfir það mál. Ég hef engar beinar tillögur og þess vegna er erfitt að ræða þetta og að finna einhverja niðurstöðu í svona máli. Vegna þess hvað við erum fáliðuð í utanríkismálunum og okkar samskipti eru ekkert gífurlega mikil við erlend ríki, þá tel ég þetta vera mikið hagsmunamál fyrir okkur.

Varðandi Barentshafsráðið og Kólaskagann þá þakka ég hæstv. utanrrh. fyrir að hafa talað svo skýrt um þau málefni. Ég vil undirstrika það sem kom fram í hans máli hér, að þetta er miklu meira hagsmunamál heldur en við höfum gert okkur grein fyrir. Eitt slys þarna í Barentshafinu getur þýtt gífurlegar afleiðingar fyrir okkar efnahag. Það gæti tekið mjög langan tíma að byggja aftur upp okkar sjávarútvegsmarkaði. Það er því mjög ánægjulegt að sjá að Norðurlöndin eru að beita sér núna miklu meira að þessu svæði til að reyna að þrýsta á um að koma málefnum þar í lag.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Umræður utan dagskrár.

Setning reglugerðar um tekjutryggingu almannatrygginga.

[13:31]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa lífeyrisþegar mátt þola verulega skerðingu á tekjum sínum. Ár hvert,

jafnvel oft á ári, eru settar reglugerðir sem leitt hafa af sér minni tekjur aldraðra og öryrkja um leið og kostnaður þeirra t.d. vegna lyfja og læknisþjónustu og annarrar þjónustu hefur verið aukinn. Þessar stéttir hafa ekki samningsrétt og því er oftar en ekki vélað um kjör lífeyrisþega án nokkurs samráðs við þá. Samtök aldraðra og samtök öryrkja hafa ítrekað farið fram á að formlegt samráð verði haft við samtökin þegar kjör þeirra eru rædd eða ákveðin. Slíkt formlegt samráð er til staðar t.d. í Noregi. Þessum óskum lífeyrisþega hefur ekki verið svarað.

Flestar þær skerðingar á kjörum lífeyrisþega sem orðið hafa eru framkvæmdar með setningu reglugerða með stoð í lögum um almannatryggingar eða önnur lög er varða kjör þessara hópa. Þessar reglugerðarbreytingar hafa verið mjög tíðar á undanförnum árum. Nokkrar þeirra byggja á 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar. Samkvæmt þeim greinum hefur ráðherra þrjár heimildir til að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laganna. Þær eru eftirfarandi:

Skv. 3. mgr. 17. gr. laganna hefur ráðherra heimild til þess að setja reglugerð um áætlaðar tekjur þeirra sem bar að greiða í lífeyrissjóði skv. lögum nr. 55/1980 en gerðu það ekki og skulu þær koma til frádráttar tekjutryggingu.

Skv. 2. mgr. 18. gr. laganna skal ráðherra með reglugerð og breyta árlega viðmiðunarfjárhæð 17. gr. í samræmi við almennar hækkanir bóta og annarra tekna.

Skv. 3. mgr. 18. gr. er ráðherra að endingu heimilt að setja reglugerð um að miða megi við aðrar fjárhæðir en í 17. gr. laganna ef um er að ræða greiðslur úr lífeyrissjóði og húsaleigubætur.

Þá hefur ráðherra samkvæmt 66. gr. laganna, almenna heimild til að setja reglugerð um framkvæmd laganna.

Það er án alls vafa að öll ákvæði reglugerða verða að eiga sér stoð í lögum. Reglugerð sem ekki byggir á skýrum lagaheimildum er lögleysa og með öllu óheimilt að framfylgja ákvæðum slíkrar reglugerðar.

Reglugerðir koma ekki til umfjöllunar á Alþingi eða í þeirri fagnefnd sem fjallað hefur um þau lög er reglugerðin byggir á. Því verða þingmenn að treysta á vönduð vinnubrögð við setningu reglugerða og að undir engum kringumstæðum séu settar reglugerðir sem draga má í efa að eigi sér stoð í lögum.

5. september 1995 var sett reglugerð nr. 485 um tekjutryggingu, sem á að eiga sér stoð í áðurnefndum 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar. Í þessari reglugerð er að mestu farið að ákvæðum laganna en í 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er þó skerðingarákvæði sem ég tel að eigi sér ekki stoð í lögum en þar segir:

„Nú nýtur aðeins annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, og skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans og að öðru leyti farið með uppbót hans sem tekjutryggingu einhleypings."

Svo raunverulegt dæmi sé tekið um áhrif þessa ákvæðis þá get ég nefnt einstakling sem er öryrki, bundinn í hjólastól, hefur tekjutryggingu, tekjulaus að öðru leyti, á eiginkonu sem stundar vinnu í frystihúsi og hefur þar af leiðandi ekki háar tekjur. Tekjutrygging eiginmannsins er þó skert sem nemur helmingi tekna eiginkonunnar vegna þessara ákvæða í reglugerðinni. Það sama gildir um þúsundir annarra lífeyrisþega sem eru í svipaðri eða sömu stöðu og þessi.

Ef farið er ítarlega yfir 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar verður ekki með nokkru móti séð að þetta ákvæði reglugerðarinnar eigi sér stoð í lögunum.

Ég hef leitað álits Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns og niðurstaða hans er sú að ekki sé að finna heimild í lögum um almannatryggingar til að skerða bætur með þessum hætti. Jafnvel sé það spurning hvort ekki er um að ræða brot á 65. gr. stjórnarskrár þar sem lífeyrisþegum er gert að sæta sérstakri skerðingu bóta vegna tekna annarra. En í þeirri grein segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Er þar m.a. átt við hjúskaparstöðu einstaklings.

Það er ljóst að mikill fjöldi einstaklinga hefur fengið skertar bætur vegna þessa ákvæðis í 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995. Því er nauðsynlegt að ráðherra skýri afgerandi hvar í lögum um almannatryggingar er að finna heimild til að skerða bótagreiðslur. Ég tel að slíkt lagaákvæði sé ekki fyrir hendi og þýðir það þá að þeir fjölmörgu einstaklingar sem hafa fengið skerðingu hljóta að sækja rétt sinn fyrir dómi.

Því spyr ég hæstv. heilbrrh.:

Hvar í 17. eða 18. gr. eða öðrum greinum laga um almannatryggingar telur ráðherrann að heimild sé fyrir því að telja helming af tekjum maka til tekna lífeyrisþega þegar um tekjutryggingu er að ræða?

Telur ráðherrann að ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 standist 65. gr. stjórnarskrár?

[13:36]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kveður sér hljóðs utan dagskrár vegna reglugerðar nr. 485/1995 sem er óbreytt frá setningu laga nr. 62/1974 í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar. Umrætt ákvæði reglugerðarinnar og almannatryggingalaga er þannig orðrétt óbreytt allt frá árinu 1974.

Fyrsta spurning hv. þm. lýtur að því hvar lagaheimild sé til þess að telja helming af tekjum maka til tekna lífeyrisþega þegar um tekjutryggingu er að ræða. Í 1. og 2. mgr. 17. gr. almannatryggingalaganna er ákvæði um útreikning tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega og skerðingu hennar vegna tekna bótaþega. Í niðurlagi málsgreinarinnar er kveðið á um að sama gildi um hjónalífeyri eftir því sem við á. Ákvæði þetta hefur staðið orðrétt efnislega óbreytt frá gildistöku almannatryggingalaganna 1. jan. 1972 og hefur allt frá þeim tíma verið túlkað þannig að heimilt sé að telja helming tekna maka til tekna lífeyrisþega. Umboðsmaður Alþingis gaf á árinu 1988 út álit varðandi hvort það sé andstætt 19. gr. almannatryggingalaganna, nr. 67/1971, að ákveða í reglugerð að við ákvörðun tekjutryggingar elli- og örorkulífeysisþega skuli tekið tillit til tekna maka sem ekki nýtur lífeyris. Niðurstaða umboðsmanns Alþingis er sú að reglugerðarheimild almannatryggingalaganna nái til umræddra tekjutrygginga og þar með að reglugerð sama efnis og hér er til umræðu ætti sér nægilega lagastoð. Á árinu 1993 var almannatryggingalögum skipt í tvennt vegna EES-samningsins. Þá var ekki um að ræða efnisbreytingu heldur tæknilega breytingu vegna skuldbindinga okkar gagnvart EES. Reglugerðin margumrædda nr. 485/1995 var síðan sett á grundvelli laganna, orðrétt og óbreytt að þessu leyti.

Síðari spurning hv. þm. er hvort ráðherra telji að ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 standist ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar. 65. gr. stjórnarskrárinnar kveður á um þau grundvallarmannréttindi að allir skuli vera jafnir fyrir lögunum og njóti mannréttinda. Ákvæði þetta hefur verið

skýrt þannig að allir þeir sem búa við sambærilegar aðstæður skuli meðhöndlaðir með sama hætti og jafnræði þegnanna er takmarkað við það að aðstæður þeirra séu sambærilegar. Þessa sést mjög víða stað í löggjöf þar sem aðstæður ráða réttindum. Svo er einnig í almannatryggingalöggjöfinni og tel ég því ótvírætt að ákvæðið samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í því sambandi vil ég benda á að umboðsmaður Alþingis hefur vísað frá embættinu kvörtun sem lýtur nákvæmlega að því sem ég rakti stuttlega hér að framan samkvæmt upplýsingum frá þeim einstaklingi sem lagði kvörtunina fram. Vissulega er umboðsmaður Alþingis ekki dómstóll. Að sjálfsögðu er opinn sá möguleiki að höfða dómsmál vegna þessa máls en það kæmi trúlega fleirum á óvart en mér ef óslitin lagaframkvæmd sl. 25 ár á grundvelli ákvæða sem er orðrétt óbreytt allan þann tíma verði dæmd ólögleg.

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að eitthvert tillit sé tekið til heimilistekna þegar bætur eru greiddar út úr almannatryggingakerfinu. Enda er það í fullu samræmi við tilgang laganna og aðrar reglur í þjóðfélaginu sem miða við heimilistekjur.

Ég get hins vegar tekið undir það með umboðsmanni Alþingis að alltaf er umdeilanlegt hvort skerðingarákvæði séu réttlát eða heppileg. Því er þetta eitt af því sem verið er að skoða nú þegar og þau jaðarskattaáhrif sem þetta leiðir af sér. Ég á von á að ríkisstjórnin muni innan tíðar leggja fram breytingar sem bæði eru varðandi hækkun bóta í samræmi við niðurstöður kjarasamninga og einnig sem bætir upp þau jaðarskattaáhrif sem svo víða eiga sér stað.

En ég vil í lokin geta þess af því að frummælandi nefndi áðan að ekki væri nógu mikið samráð haft við Félag eldri borgara og öryrkja þá hef ég haft mikið samráð við þessa hópa allt frá því að ég hóf störf.

[13:42]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Reglugerðin um tekjutryggingu sem hér er til umræðu á sér ekki stoð í lögum, eins og frummælandi kom inn á í ræðu sinni, og ég vil þakka henni fyrir að vekja máls á þessu sem hefur verið mikið óréttlætismál og ég hef bent á nokkrum sinnum í blaðagreinum.

Það er ekkert í lagagreinunum sem snúa að tekjutryggingunni sem heimilar þessa reglugerð og er hún í reynd gagnstæð lagagreininni. Reglugerðin er einnig andstæð og jafnvel brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar, sem minnst var á áðan, þar sem segir að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis o.s.frv. og stöðu að öðru leyti. Sá sem missir vinnuna og fær greiddar atvinnuleysisbætur fær þær greiddar án tillits til tekna maka sé hann í sambúð eða hjónabandi. Hann fær sínar 53.784 kr. óskertar á mánuði. Missi hann heilsuna þá byrja lífeyrisgreiðslur til hans að skerðast þegar laun maka fara yfir tæpar 37 þús. kr. Þá byrja greiðslurnar úr tryggingunum að skerðast hjá lífeyrisþeganum. Ungt fjölskyldufólk sem missir heilsuna fær því oft ekki nema grunnlífeyri greiddan úr tryggingunum, eða um það bil 13 þús. kr. Framfærslunni er kippt af þeim og þeir verða eins og þurfalingar á maka sínum. Þetta er niðurlægjandi og brýtur niður hinn sjúka bæði andlega og oft líkamlega einnig. Öryrkjum er þarna mismunað vegna hjúskaparstöðu og einnig eftir því hvort þeir eiga við atvinnuleysi eða heilsubrest að stríða. Slík mismunun er andstæð anda stjórnarskrárinnar. Reglugerðin er einnig að mínu mati brot á 11. gr. stjórnsýslulaganna sem segir að stjórnvöld skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti og sé beinlínis óheimilt að mismuna aðilum á grundvelli þjóðfélagsstöðu eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Hér er verið að brjóta lög ekki ein heldur fleiri á þeim sem síst skyldi og geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Þessi reglugerð grefur undan hjónabandinu og möguleikum öryrkja til sambúðar. Þetta lögbrot og misrétti verður að leiðrétta.

[13:45]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Á því máli sem hér er til umræðu eru margir alvarlegir fletir og ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka það upp. Í fyrsta lagi vil ég almennt láta í ljós áhyggjur af því hve langt þessi ríkisstjórn gengur í að skerða bætur elli- og örorkuþega. Það að aftengja bætur við laun var síðasta atlagan en að setja reglugerðir sem ekki eiga sér lagastoð er mjög alvarlegt mál sem þingið hlýtur að verða að taka á. Hér hafa komið fram skiptar skoðanir á þessu máli og það hlýtur að vera krafa þingsins að úr því verði skorið nú þegar hvort þessi reglugerð á sér lagastoð.

Dómstólar hafa nýverið varað Alþingi við því að framselja of mikið vald til ráðherra í gegnum reglugerðarheimildir af því það hlýtur að kalla á þá hættu að reglugerðir eigi sér ekki lagastoð. Þetta er ekki fyrsta málið af þessum toga sem kemur hér inn í þingið og þetta hlýtur að kalla á bætt vinnubrögð að þessu leyti.

Í þriðja lagi vil ég vegna þessa sérstaka máls, þar sem tekjur maka eiga að skerða elli- og örorkulífeyri fólks, ítreka þá grundvallarafstöðu okkar kvennalistakvenna að líta beri í auknum mæli á fólk sem einstaklinga, óháð hjúskaparstöðu. Það er því fyrir löngu tímabært að hugsa allt skatta- og tryggingakerfið upp á nýtt þar sem einstalingar eru virtir sem einstaklingar í mun meira mæli en nú er gert. Ef hér er um stjórnarskrárbrot að ræða, að mati dómstóla, þá verður málið að fá tafarlausa úrlausn.

[13:47]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil taka undir þakkir til flm. fyrir að hefja þessa umræðu vegna þess að hér er vakin athygli á mjög alvarlegu máli. Ég vil um leið gagnrýna hæstv. heilbrrh. fyrir að bera fyrir sig álit umboðsmanns Alþingis með þeim hætti sem hún gerði vegna þess að umboðsmaður Alþingis hefur ekki lokið umfjöllun um það mál sem hæstv. ráðherra nefndi áðan. Samkvæmt upplýsingum sem ég fékk núna rétt í þessu hefur umboðsmaður Alþingis tekið ákvörðun um að fjalla frekar um þetta mál þar sem forsendur þess séu ekki eins ljósar og menn höfðu talið. Það hefði þess vegna verið skynsamlegra af heilbr.- og trmrn. að afla sér betri upplýsinga frá umboðsmanni Alþingis áður en rök þaðan voru notuð til þess að reyna að berja á málshefjanda og öðrum í þessu máli.

Það er auk þess rangt, hæstv. forseti, að ákvæði það sem hæstv. ráðherra vitnaði til hafi verið óbreytt frá setningu laganna 1974. Lögin voru sett 1971. Það ákvæði sem er vitnað til var fyrst notað á árinu 1971 þegar ákvörðun um tekjutryggingu var tekin, sem var tvímælalaust ívilnandi ráðstöfun gagnvart tryggingaþegum. Sú ákvörðun sem þá var tekin byggðist ekki aðeins á almannatryggingalögum heldur líka á skattalögum, eins og þau voru þá, og því frádráttarkerfi sem þá var byggt á, m.a. gagnvart hjónum og sambýlisfólki. Þessu ákvæði var breytt 1984. Það var fellt út úr lögum 1984 og það er ótrúlegt að bera það fyrir sig að reglugerð standi tímans tönn þó að lögunum sem voru undir þeirri reglugerð í upphafi hafi verið breytt fyrir 13 árum. Þess vegna tel ég

að svör hæstv. heilbrrh., því miður, dugi ekki í þessu efni, vekja hins vegar athygli okkar á að almannatryggingalögin eru afskaplega gölluð. Það er búið að breyta þeim sennilega á milli 150–200 hundruð sinnum frá því þau voru sett. Það er því bersýnilega nauðsynlegt að endurskoða þau í heild. Niðurstaða mín af málinu er sú að það er óhjákvæmilegt (Forseti hringir.) að höfðað verði prófmál í þessu máli til að tryggja það að öryrkjar og aldraðir fái sinn rétt.

[13:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál upp en jafnframt lýsa yfir vonbrigðum mínum með svör hæstv. heilbrrh. sem vitnar til dagsetninga sem eru löngu fyrir þá tíð sem þessi lög eru sett. Því þau lög sem vitnað er til eru frá árinu 1995 og hún er jafnvel að vitna til úrskurða eða ákvarðana umboðsmanns Alþingis frá 1988 sem einhvers konar fyrirmæla vegna laga sem voru sett 1995 og reglugerðar sem líka var sett árið 1995. Eins og allir vita verða reglugerðir að eiga sér stoð í lögum ef þær eiga að hafa eitthvert lagagildi. Menn hafa deilt um það hvort sú reglugerð sem hér um ræðir hafi lagagildi eður ei og ég vil taka undir með hv. þm. Svavari Gestssyni sem hvatti til þess að á þetta yrði látið reyna. Á hinn bóginn vil ég segja að ef löggjöfin er þannig úr garði gerð að hún kveður skýrt á um það hver réttur þessa fólks er, þá getur framkvæmdarvaldið ekki komið upp og breytt þessum réttindum einhliða. Það er alveg kristaltært.

Ef það reynist svo að þessi reglugerð á sér ekki lagastoð þá hljóta menn að velta því fyrir sér hvort framkvæmdarvaldið geti verið bótaskylt, þ.e. að ef lögin kveða skýrt á um þessi réttindi og framkvæmdarvaldið hefur einhliða breytt þeim, þá hlýtur ríkið að vera bótaskylt gagnvart þeim sem það hefur brotið á, hafi reglugerðin ekki átt sér neina lagastoð. Ég held að prófmál mundi sjálfsagt leiða það í ljós.

En enn og aftur verð ég að lýsa yfir vonbrigðum með svör hæstv. heilbrrh. sem voru að mínu viti fyrir neðan allar hellur.

[13:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að vekja athygli á þessu stóra máli vegna þess að hér er stórmál á ferðinni og Alþingi getur ekki látið við það sitja annað en að fá úrskurð í þessu máli. Öryrki fær bætur vegna örorku sinnar og það er vafasamt að tengja bæturnar sem hann fær við tekjur maka. Það breytir ekki örorku viðkomandi þó maki hans hafi tekjur. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það á að líta á fólk sem einstaklinga óháð hjúskaparstöðu þess.

Ég vil hvetja til þess eftir þessa umræðu að Alþingi láti málið til sín taka og ég tel rétt að málið komi til kasta heilbr.- og trn. og hún láti fara fram lögfræðilega úttekt á því hvort þessi umrædda reglugerð hafi stoð í lögum. Það er ótækt annað en að úr því fáist skorið. Ég tek líka undir að það sem fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, að það væri rétt að láta reyna á þetta sem prófmál. Fyrst af öllu tel ég að heilbr.- og trn. eigi að láta þetta mál til sín taka.

Af því ráðherra nefndi það að bótaþegar ættu nú rétt á hækkun bóta í samræmi við niðurstöðu kjarasamninga, þá vil ég spyrja um afstöðu ráðherrans til þess. Eins og allir vita voru tengsl bóta við launaþróun í landinu rofin fyrir rúmlega ári síðan og nú bíða elli- og örorkulífeyrisþegar eftir því hvernig ríkisstjórnin ætlar að taka á þessu máli. Mun hæstv. ráðherra, og ég spyr um það, beita sér fyrir því að hækkun á bótum almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega og atvinnulausra verði í samræmi við það sem hún hefur verið á umliðnum árum, þ.e. að þær taki hækkun til samræmis við hækkun lægstu launa í landinu? (Forseti hringir.) Ég spyr um það að því gefna tilefni að ráðherra var að minnast á þetta mál.

[13:53]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Mér virðist það dálítið sérstætt ef hv. þingmenn sem hér sitja telja það fljótlegustu leiðina til að fá vilja sinn hvernig lög eigi að vera í landinu, að leitað sé til dómstóla. Hér sitja menn á löggjafarsamkomunni og það er tiltölulega fljótlegt að breyta lögum og hafa þetta skýrt. Annað tekur ef til vill mánuð eða styttri tíma, hitt tekur fleiri ár og kostar þar að auki stórfé. Ég tel þess vegna að það sé miklu rökréttara sem fram kom hjá einum fulltrúa Kvennalistans, hv. 19. þm. Reykv., að Alþingi þarf sjálft að hafa á því skoðun hvernig það vill hafa þetta og orða það í lögum svo skýrt að ekki verði um það deilt.

Varðandi aftur á móti það ákvæði hvort hjúskaparstaða sé á þann veg að ekki megi mismuna einstaklingum eftir því hvort þeir eru í hjúskap eða ekki, þá blasir það við að allt íslenska lagasafnið er morandi af leikreglum sem snerta þetta ákvæði. Það má taka lög um námslán sem dæmi, það má taka skattalögin og ef þetta er allt stjórnarskrárbrot þá sýnist mér að þingið hafi nóg að gera þó það sæti hér út júní.

En með þessu vil ég aðeins undirstrika það að mér sýnist að leið laganna sé rétta leiðin en ekki hitt að velja dómstóla því að Alþingi er þá að koma sér undan því að upplýsa hver sé meirihlutavilji þingsins í þessum efnum. (Forseti hringir.) Það er nú svo að tíminn er útrunninn en ég vil aðeins undirstrika að ég held að þeir tímar séu upprunnir að við eigum að horfa meira á einstaklinginn sem einstakling en ekki horfa eins mikið á hjúskaparstöðuna.

[13:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið þá er ljóst að allir eru sammála um að jafnvel sé um stjórnarskrárbrot að ræða með þessari reglugerð og hún hafi greinilega ekki lagastoð. Við getum að sjálfsögðu látið heilbr.- og trn. skoða hvort um lagastoð sé að ræða en ég er sannfærð um að hún er ekki fyrir hendi og þetta er brot á þeim lögum sem ég nefndi hér á undan í máli mínu. Ég er með tilbúið lagafrv. sem breytir almannatryggingalögunum í þá veru að ekki verði unnt að brjóta á þessum hópi áfram eins og hefur verið gert hingað til. Það skiptir ekki máli hvenær reglugerðin var sett eða lögin, þetta er mannréttindabrot. Þetta er brot á þessum hópi og það þýðir lítið að tala um fjölskylduna sem hornstein samfélagsins því hún fer nú fyrir lítið hjá þeim fjölskyldum þar sem menn verða fyrir því að missa heilsuna. Ég þekki mörg dæmi þess að fjölskyldur hafa brotnað, hjónaböndin þola ekki það álag sem þau þurfa að bera þegar svona stendur á og þessar reglur koma til fullra framkvæmda. Það er staðreynd og mörg hjónabönd hafa brotnað vegna þessa. Við erum að brjóta mannréttindi á þessu fólki og við verðum að leiðrétta þetta. Ég tel að þetta sé bæði brot á 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaga. Ég hvet því menn til að vera með slíku frv. og við leggjum það hér fram og leiðréttum þetta óréttlæti því þessi reglugerð hefur farið illa með nógu margar fjölskyldur og tími er til kominn að því linni.

[13:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með svör hæstv. ráðherra. Ég get ekki tekið undir það með hæstv. ráðherra að hér sé um óbreytt orðrétt ákvæði að ræða frá því 1974 eða 1971 því það er byggt á allt öðrum grunni. Reglugerðin sem féll úr gildi þegar hæstv. ráðherra undirritaði reglugerðina 1995 er síðan 1977, undirrituð af Matthíasi Bjarnasyni, þáv. heilbrrh. Þar er um að ræða almenna heimild til að setja reglugerð. En í reglugerðinni, sem sett er í september 1995, eru lokaorð reglugerðarinnar þau að þar sé einungis um að ræða reglugerð sem sett er með stoð í 17. og 18. gr. laganna, ekkert annað. Engin önnur grein almannatryggingalaga er nefnd, ekki einu sinni grein nr. 66 þar sem fjallað er um almenna reglugerðarheimild um útfærslu laganna. Þannig að heimildina og stoðina undir þessari reglugerð er að finna í 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar. Þar eru aðeins þrjár heimildir. Ég taldi þær allar upp í fyrri ræðu minni og engin ástæða er til að telja þær upp aftur. Það er full ástæða til að láta á þetta reyna. Það þarf reyndar ekki að breyta lögunum, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan, vegna þess að það er reglugerðin sem um ræðir. Það er engin heimild í lögunum um þessa skerðingu. Það er einungis um reglugerð að ræða, reglugerð sem hefur ekki stoð í lögum. Þar af leiðandi er með öllu óeðlilegt að framkvæma þá reglugerð með þeim hætti sem gert er í dag. Og fráleitt að vísa til álits umboðsmanns sem hefur verið tekið upp vegna breyttra forsendna og þá sjálfsagt vegna þess að reglugerðum og lögum hefur verið breytt síðan umboðsmaður fjallaði um málið.

[14:00]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur farið fram. Hún hefur verið ágæt og nauðsynleg. En ég minni á að við erum að tala um lagastoð og reglugerð sem hefur verið óbreytt í 25 ár. Það erum við að ræða um. Og þegar við erum að tala um reglugerðarbreytingu sem gerð var 1995 þá var hún einungis tæknilegs eðlis vegna þeirra skuldbindinga sem við gerðum við Evrópusambandið 1995. Við erum því ekki að tala um neinar breytingar sem hafa orðið á þessu kjörtímabili varðandi framkvæmd þessara laga eða framkvæmd þessara reglugerða. Ég vitnaði áðan í umboðsmann Alþingis sem úrskurðaði í málinu 1982. Það kann vel að vera að við eigum von á nýjum úrskurði frá honum og það er vel.

En það sem mér finnst skipta aðalmáli er að það þarf að endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild sinni. Eins og kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni áðan er hún meingölluð að mörgu leyti, hún er allt of flókin og menn sitja nú yfir því að breyta almannatryggingalöggjöfinni og ég vona að við ljúkum ekki þessu kjörtímabili án þess að klára það verkefni. En aðalatriðið er að á þessu kjörtímabili hefur ekkert breyst. Það hefur ekkert breyst síðan lögin voru sett árið 1971 varðandi þetta mál. En ég tek undir það að mér finnst eðlilegt að þetta mál fái umfjöllun og rækilega skoðun og endurtek þakkir mínar til þeirra sem hér hafa kveðið sér hljóðs.

Ég á einnig von á því að innan tíðar sýni ríkisstjórnin þær breytingar sem verða vegna jaðaráhrifa. Og vegna fyrirspurnar sem kom frá Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan um hækkun bóta (Forseti hringir.) þá verður tekið mið af meðalhækkunum sem verða.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, frh. umr.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vona að það sé enginn vafi á því að það var ég sem átti að fá orðið. En það er spurning hvort við eigum ekki að gera ráðstafanir til þess að hæstv. utanrrh. komi á svæðið. Honum er kannski ekki ljóst að umræða er að hefjast, herra forseti.

(**Forseti** (GÁ): Forseti getur upplýst að hæstv. utanrrh. er á næstu grösum og skal gera ráðstafanir til þess að hann komi hér og hlýði á mál hv. þm.)

Ég veit ekki á hvaða grösum hæstv. utanrrh. stendur en alla vega er hann ekki hér í þingsalnum. Tímans vegna er nú ekki unnt að ...

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun hreinsa út þann tíma sem þingmaðurinn hefur þegar notað og bíða ráðherrans.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir því að tíminn leyfir í sjálfu sér ekki mikið meira en að fara yfir einstök atriði í ræðu hæstv. ráðherra þó margt væri ástæða til að ræða við þessa umræðu. — Þá kemur hæstv. utanrrh. og er að sjálfsögðu vel fagnað.

Ég byrja á því, herra forseti, að koma inn á það sem hæstv. ráðherra hóf mál sitt á að fjalla um. En það varðar þá athugun sem hafin er á því hvernig staðið skuli að því að efla utanríkisþjónustuna og hv. þm. Geir Hilmar Haarde, formaður utanrmn., vék einnig að. Ég tek undir það sem í máli þeirra fólst, að ég fagna því. Það er fullkomlega ástæða til að fara rækilega yfir það hvernig við getum best gætt utanríkishagsmuna okkar almennt. Og ég tel einnig mjög nauðsynlegt að aðrar stofnanir verði fullgildir aðilar að þessu starfi. Það kom að vísu fram í máli formanns utanrmn. að haft hafi verið samband við utanrmn. og óskað eftir fulltingi hennar.

Ég er þeirrar skoðunar að mikil þörf sé orðin á því fyrir allt íslenska stjórnkerfið að fram fari einhvers konar samræmingarstarf varðandi þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi þó ekki væri nema til þess að reyna að gera það sæmilega kleift, miðað við þann mannafla og þá fjármuni sem við höfum úr að spila á fjölmörgum sviðum í stjórnkerfinu, að dekka, ef svo má að orði komast, þátttöku Íslands. Ég held að það væri hægt að leysa betur úr þeim hlutum en gert er í dag og ná meiri árangri fyrir svipaða fjármuni eða ekki endilega miklu meiri fjármuni með því að stórauka samstarf einstakra þátttakenda að þessu leyti. Ég nefni sem dæmi það fjölþætta samstarf sem Alþingi sjálft er í í gegnum þátttöku þingmanna á ýmsum vettvangi í alþjóðlegu samstarfi. Ég fagna sem sagt þessu starfi. Það er fyllilega tímabært og í sjálfu sér eðlilegt að utanrrn. hafi forustu í þeim efnum. En ég held að stjórnmálaflokkarnir og Alþingi og slíkir aðilar ættu að eiga þarna fullgilda aðild að og beini því til hæstv. ráðherra að það verði haft í huga.

Í öðru lagi vil ég koma inn á það sem hæstv. ráðherra fjallaði um og snýr að Evrópusambandinu og stöðu mála þar. Og þá fyrst lítillega hvert stefni í því ágæta batterfi, Evrópusambandinu. Það vakti nokkra athygli mína að þegar hæstv. ráðherra er að fara yfir hlutina í að vísu knöppum texta, á bls. 4 í ræðu hæstv. ráðherra, þá er sú umfjöllun í raun og veru afar hlutlaus. Ég leyfi mér að segja 100% hlutlaus. Það er nefnt að hlutirnir kunni að þróast með tilteknum hætti varðandi það að Evrópuþingið styrkist eitthvað en að öðru

leyti verði samstarf aukið í lögreglumálum, umhverfismálum og félagsmálum. Einhverjar breytingar á hlutfallslegu vægi atkvæða aðildarríkja og betur skilgreint með hvaða hætti megi standa að samstarfi sem ekki tekur til ríkjanna allra. Nú er mér að vísu ljóst að hæstv. ráðherra var nokkur vandi á höndum að reyna að komast yfir allt sem hann vildi fjalla um í ræðu sinni. En þarna hefði ég gjarnan viljað sjá að afstaða Íslands kæmi með einhverjum hætti fram. Nú kunna menn að spyrja hvað Íslandi kemur við hvernig málin þróast innan Evrópusambandsins. En staðreyndin er bara sú, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að það hefur heilmikil áhrif á okkar stöðu hvernig Evrópusambandið, stjórnkerfi þess og ákvarðanatökuferli, þróast. Ég tel eðlilegt að Ísland hefði þá almennu afstöðu, án þess að í því fælist nein sérstök tilraun til að fara að hafa áhrif á innri mál Evrópusambandsins enda ekki við miklu að búast í þeim efnum, að við værum í hópi þeirra ríkja sem væru andsnúin frekari yfirþjóðlegri þróun Evrópusambandsins. Það liggur nokkuð ljóst fyrir að ríkin skiptast nokkuð upp í þeim efnum. Ég vildi sjá Íslendinga í hópi með þjóðum eins og Dönum og nær Svíum en Finnum hvað það varðar að vera á bremsunum gagnvart þessari þróun Evrópusambandsins yfir í yfirþjóðlega stofnun. Sem sagt til þess að gæta stöðu minni ríkja sem þarna eru á ferðinni og á grundvelli almennra sjónarmiða um lýðræði, valddreifingu og réttindi smærri aðila sem taka þátt í samstarfi af þessum toga sem öðrum.

Í þriðja lagi áttum við hæstv. ráðherra nokkur orðaskipti um Schengen-samkomulagið í morgun. Ég vísa aðallega til þess sem þar var sagt og ætla ekki að hafa um það fleiri orð. Ég hef áhyggjur af því að þau mál séu að þróast þannig að það geti orðið mjög óhagstætt okkur Íslendingum. Ég tel að við ættum að velta því fyrir okkur að endurskoða stöðu okkar í ljósi þeirra aðstæðna sem þar eru uppi. Það vill svo til að samkomulagið er ekki komið til framkvæmda hvað okkur varðar. Það orkar að ýmsu leyti tvímælis, að ég tel, fyrir Ísland að vera aðili að því ferli með þeim hætti sem ákveðið hefur verið og í ljósi þess hvert horfir með Schengen-samninginn í Evrópuréttinum. Norðurlöndin hefðu getað valið aðra leið, og ég ætla ekki að eyða miklum tíma í fyrri deilur mínar og hæstv. utanrrh. um það mál, en það er ljóst að Norðurlöndin hefðu getað valið aðra leið. Þegar lagt var af stað voru hlutirnir settir þannig upp að það yrði einn fyrir alla og allir fyrir einn. Eina ríkið sem þá þegar bjó við það að standa frammi fyrir sameiginlegum landamærum við Schengen-svæðið var Danmörk. Hin Norðurlöndin gerðu það ekki. Og í reynd liggja hlutirnir þannig að það var miklu meira hagsmunamál fyrir Finna og Svía að hafa skynsamlegan frágang á landamærareglum við landfræðilega nágranna sína, þ.e. Svía við Norðmenn og Finna við Svía og aðrar þjóðir sem að þeim liggja. Spurningin um það hvort Danir hefðu með einhverjum hætti getað leyst sín mál, verandi áfram aðilar að Norræna vegabréfasambandinu án þess að Norðurlöndin gengju í Schengen, var að sjálfsögðu uppi og hún var opin þegar ferlið fór af stað en síðan gerist það að á leiðinni breytist tónninn í aðildarríkjunum þremur, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku, yfir í það að þau muni verða aðilar og spurningin snúist um að ganga einhvern veginn frá þessu gagnvart Íslandi og Noregi. Ég hef líka áhyggjur af því, hvernig okkur takist, bara af hreinum praktískum ástæðum að standa að framkvæmd Schengen-samningsins t.d. í Keflavík. Það er því miður langt frá því að vera leyst mál. Hvernig gengur til að mynda upp tengiflug Flugleiða vestur og austur um haf, sem allt mætist í einum tímapunkti og hefur innan við klukkustund til þess að láta mörg hundruð farþega skipta um vélar, ef við verðum orðnir aðilar að ytri landamælum Evrópusambandsins að þessu leyti — fyrir nú utan þann kostnað sem ljóst er að leggja verður í?

Ég fagna ummælum hæstv. ráðherra um ÖSE, Stofnunina um öryggi og samvinnu í Evrópu, og ég styð það heils hugar að Íslendingar komi á fót fastanefnd við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Ég held að það sé fullkomlega tímabært og ég vona að þannig beri að skilja það sem hæstv. ráðherra segir um þessi mál að það sé á dagskrá af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að komið verði á fót fastanefnd af Íslands hálfu við stofnunina.

Um fremur mærðarlegan kafla um hernaðarbandalagið NATO ætla ég ekki að fara mörgum orðum en hann er gamalkunnugur í textum hæstv. ráðherra og reyndar margra forvera hans. Ég hygg að fáa texta úr þingsögunni mætti í rauninni kópíera með jafnlitlum breytingum gegnum tíðina og mærðarkaflana um NATO þegar viðeigandi öfl hafa verið að fjalla um það. Um stækkun NATO sem hér hefur verið rædd, að mínu mati nokkuð gálgalega, vil ég fyrst og fremst segja að þar er mikið alvörumál á ferð sem því miður virðist erfitt að fá menn til að fjalla um sem slíkt. Það er gífurlega afdrifaríkt fyrir öryggi í Evrópu í framtíðinni hvernig til tekst í þeim efnum ef menn fara af stað. Það er svo augljóst mál eins og að tvisvar tveir eru fjórir og að sólin kemur upp á morgnana og sest á kvöldin eða hefur a.m.k. gert það hingað til, þ.e. jörðin sem snýst í kringum sólina. Ef fer á hinn verri veg og stækkun NATO leiðir til þess að ný spennulína myndast austar í álfunni þá eru menn engu betur settir en áður og í raun og veru verr. Þá hefði verið betra að hreyfa ekki við núverandi landamærum NATO og reyna að leita að heildarlausnum í öryggismálum Evrópu sem tækju líka mið af Rússlandi og pólitískum aðstæðum þar. Það er alveg sama hvernig menn snúa þessu og það er sama á bak við hvað menn skjóta sér og þó menn segi þúsund sinnum að Rússar eigi ekki að hafa neitunarvald í einhverjum öryggismálum þá er staðan í öryggismálum Evrópu þessi: Varanlegur stöðugleiki, friður og öryggi verður ekki tryggt nema allar þjóðir í austanverðri Evrópu séu þátttakendur í því. Það þýðir ekki að þröngva þar fram lausn á grundvelli hernaðarlegra, stjórnmálalegra eða efnahagslegra yfirburða sumra í andstöðu við aðra. Það er heimskulegt. Þá verður verr af stað farið en heima setið í sambandi við þessi mál.

Um æfinguna Samvörður 97 hefði ég getað hugsað mér að segja ýmislegt. Hæstv. utanrrh. hefur gert það að miklu gæluverkefni sínu og fjallar um það í fallegum orðum. Á yfirborðinu er það sjálfsagt þannig að þetta lítur óskaplega fallega út. Þetta er almannavarnaæfing, eins og sagt er, og þar fram eftir götunum. En ég hef aðeins velt því fyrir mér, herra forseti, og ég er ekki einn um það, hversu eðlileg sú sambúð er sem þarna er verið að setja upp annars vegar milli almannavarna og hins vegar hernaðarumsvifa. Ég hef miklar efasemdir og mikla fyrirvara um það að við séum á réttri braut með því að vera að blanda þessum hlutum svona saman. Það stríðir að mínu mati gegn bæði alþjóðlegum sáttmálum, eins og Genfarsáttmálanum og ýmsum viðaukum hans sem gera ráð fyrir að reynt sé að greina á milli borgaralegra hagsmuna, borgaralegrar stjórnsýslu og borgaralegra réttinda annars vegar og þess sem lýtur að hernaði hins vegar. Það er að mínu mati líka í andstöðu við markmið, tilgang og eðli almannavarnastarfs að blanda því saman við

hernaðarhagsmuni. Hvert er meginmarkmiðið með almannavarnastarfi? Það er að vernda borgarana gegn hernaðarógn. Það er því svolítið nöturlegt, satt best að segja, ef á svo að fara að gifta þessar andstæður í slíkum æfingum.

Í 1. gr. laga um almannavarnir segir, með leyfi forseta:

„Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum."

Það er meginhlutverk almannavarna og fyrst er talið upp að verja borgarana fyrir hernaðarógn. Það er eðlilegt vegna þess að engar hremmingar í heiminum hafa reynst almenningi hvar sem er á byggðu bóli jafnháskalegar í gegnum tíðina og hernaðarbröltið. En þessu vill hæstv. ráðherra koma í hjónaband.

Í öðru lagi er það svo að yfirvöld almannavarnamála bæði hér á landi og annars hafa mjög rík réttindi til að kveðja borgarana til þátttöku í starfinu. Það segir t.d. í 10. gr. okkar laga um almannavarnir, með leyfi forseta:

„Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18–65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar."

Ég, sem borgari í þessu landi, kæri mig óskaplega lítið um að almannavarnir í landinu hafi til þess rétt að kveðja mig til þátttöku í einhverju starfi sem komið er í samkrull við hernaðarhagsmuni og stríði þannig gegn minni lífsskoðun að ég gæti af samviskuástæðum ekki tekið þátt í því. Hver er þá réttur minn í því sambandi? Hugsar hæstv. ráðherra sér að hafa þetta þannig ef til alvörunnar kæmi? Ef við værum nú ekki að tala um æfingu heldur þegar til alvörunnar væri komið þá gætu þessir hlutir verið með þeim hætti sem þessi æfing á að vera.

Herra forseti. Ég gæti sagt margt fleira um þetta. Ég vísa t.d. til ákvæða 9. gr. almannavarnalaga um hlutverk almannavarna sem er fyrst og fremst að skipuleggja og annast björgunar- og hjálparstörf. Það er einu sinni þannig, og þá vísa ég í marga alþjóðlega samninga, að reynt er eins og kostur er úti um allan heim að greina á milli hernaðarumsvifa annars vegar og björgunar- og hjálparstarfs hins vegar. Það er grundvöllur starfa Rauða krossins og það er grundvöllur Genfarsáttmálanna að þegar um björgunar- og hjálparstarf er að ræða sé því haldið skýrt aðgreindu, að hjálpartækin séu aðgreind og sérstaklega merkt hjálparstarfinu en hernaðartól séu merkt á annan hátt. Þetta er grundvöllur verkaskiptingar af þessu leyti. Mér finnst þessi trúlofun almannavarna annars vegar og hernaðarbröltsins hins vegar og hernaðaræfinganna afar ógeðfelld hvernig sem á það er litið, líka í lagalegu tilliti.

Um afvopnunarmálin vil ég segja að ég tek nánast að öllu leyti undir textann í ræðu hæstv. ráðherra hvað það snertir. Ég vil þó nefna sérstaklega að þar er ekki nefndur einn mjög viðamikill samningur eða viðræður sem ég bind miklar vonir við að komist á einhvern rekspöl og ég er þeirrar skoðunar að það sé það eina stóra svið sem algjörlega liggi enn þá hjá garði varðandi alþjóðlega samninga um friðar- og afvopnunarmál og það eru vopnaviðskiptin sjálf. Ég er alveg sannfærður um að langárangursríkasta aðferðin til að sporna við vígbúnaðaruppbyggingu hvar sem er í heiminum og sérstaklega þó í þriðja heiminum væri að ná alþjóðlegum sáttmála um vopnaviðskipti. Um upplýsingaskyldu og um reglur að vopn séu aldrei seld inn á átakasvæði o.s.frv. En þetta hefur strandað á andstöðu helstu vopnaútflytjendanna eins og kunnugt er og hverjir það eru vita víst flestir.

Um þróunarmálin vísa ég til tillögu okkar þingmanna Alþb. um að auka framlög Íslendinga til þróunarsamvinnu og vona að hún fái afgreiðslu á þessu þingi.

Að lokum segi ég í sambandi við sjávarútvegsmál, sem hæstv. ráðherra vék lítillega að undir lok síns máls, að ég get tekið að mestu leyti undir það sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði um stöðu mála í Barentshafinu án þess að ég ætli að taka mér í munn nákvæmlega sömu orð og hann hafði um Norðmenn. En ég vil spyrja hæstv. ráðherra að lokum: Til hvers er verið að vísa þegar talað er um mikilvægi þess að koma stjórn á fiskveiðar okkar í Smugunni í Barentshafi? Er hæstv. ráðherra þeirrar skoðunar að við Íslendingar eigum að setja einhliða kvóta á veiðar okkar og ef svo er hvar er það mál á vegi statt í samskiptum utanrrn. og sjútvrn.?

[14:21]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki komið inn á öll þau atriði sem hv. þm. kom inn á en ég vildi gjarnan nefna æfinguna Samvörður 97. Það er rétt hjá hv. þm. að ég tel hana afar mikilvæga. Ég tel að raunverulega byggist misskilningur hans í málinu á því að hann lítur á Atlantshafsbandalagið sem hernaðarbandalag og ekkert annað. Hann viðurkennir ekki hlutverk bandalagsins á sviði lýðræðis, mannréttinda, friðar og almannavarna. Innan bandalagsins starfa almannavarnaeiningar. Það kemur í ljós þegar við förum að skipuleggja þessa æfingu hér á landi sem ýmsum kemur kannski á óvart að bandalagið starfar jafnframt á þessu sviði.

Hv. þm. sagði að það væri hlutverk almannavarna að vernda borgarana gegn hernaðarógn, (**SJS:** Meðal annars.) meðal annars. Ég býst við að almannavarnir á Íslandi eins og þær starfa ættu erfitt með að verja landið gegn hernaðarógn, sem við vonum að aldrei komi til. Það liggur ljóst fyrir að almannavarnir á Íslandi eru ekki þannig uppbyggðar. Við höfum byggt okkar varnar- og öryggismál upp með öðrum hætti. Hér er um stórmerka æfingu að ræða með þátttöku tuttugu þjóða. Mér koma satt best að segja á óvart ummæli hv. þm. Ég hélt að hann mundi fagna því að Atlantshafsbandalagið tæki þátt í þessu. Hér verða Eystrasaltsþjóðirnar, hér verða Austur-Evrópuríki, hér verða Rússar og margir fleiri. Það er alveg ljóst að ef til slíkra atburða kemur á Íslandi, sem við skulum vona að verði aldrei, þá verðum við að biðja um alþjóðlega hjálp og alþjóðlega aðstoð. Þá verður fyrst og fremst spurt um hverjir eru hæfir til að veita þá aðstoð. Það verður ekki spurt hvort sjúkrabíllinn eða slökkviliðsbíllinn sem kemur hafi verið í eigu tiltekins hers eða ekki, heldur hvaða gagn hann getur gert.

[14:23]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er mjög til efs að ef aðstæður af því tagi bæri að á Íslandi, sem æfingin er grundvölluð á — og reyndar orkar tvímælis að sé mjög raunhæft út frá jarðfræðiþekkingu og sögu, að katastrófur af þessari stærðargráðu yrðu með þeim hætti sem þarna er gert ráð fyrir. Má í því sambandi t.d. vitna til reynslunnar af Suðurlandsskjálftanum sem átti sér ákveðinn aðdraganda og stóð yfir í langan tíma og bar að með allt öðrum hætti, og mun væntanlega gera það eftirleiðis, en gert er ráð fyrir að þessi mikla katastrófa geri

— þá kæmu þeir aðilar fyrst til aðstoðar sem þarna eiga í hlut sumir hverjir. Þó það sé góðra gjalda vert að Rússar fái að vera með í þessu, þá er ég nú ekki viss um að þeir yrðu fyrstir á vettvang. Reyndar er það þannig að Íslendingar hafa oftast þurft að treysta á sjálfa sig öðrum fremur þegar erfiðar aðstæður ber að. Ýmislegt sem lýtur að staðbundinn þekkingu og öðru slíku gerir það að verkum að við getum í sjálfu sér ekki á aðra treyst en okkur sjálfa þegar í harðbakkann slær og það hefur margsannast og sannast endurtekið þegar á bjátar, eins og kunnugt er.

Það er gott að friðsamlegar lítur út í heiminum. En það breytir ekki grundvallaratriðum af því tagi sem ég var að reyna að fara yfir þ.e. um aðskilnað borgaralegrar starfsemi og almannavarna annars vegar og hernaðarumsvifa hins vegar. Það stendur allt óhaggað hvernig sem aðstæður standa í augnablikinu úti í heimi. Það er þannig að nánast alls staðar í heiminum lýtur yfirstjórn almannavarna borgaralegri stjórn. Það er passað upp á að hafa hana algjörlega aðskilda. Mér er vel kunnugt um að NATO hefur, sem hluta af hinni endurgerðu ímynd sinni, verið að færa út kvíarnar að þessu leyti. Ég er t.d. með blaðaúrklippu frá í sumar, þar sem hæstv. ráðherra útskýrði það í raun og veru nokkuð vel hvað þarna er á ferðinni, en hann sagði, með leyfi forseta:

„Með því að taka þátt í Friðarsamstarfinu og halda æfingu hér á landi erum við orðin virkari þátttakendur og sýnum fram á að við getum átt aðild að þessu samstarfi án þess að hafa her," segir utanríkisráðherra. „Það hefur mikla þýðingu fyrir okkur, bæði inn á við og út á við. Það leiðir hugann frá því að samstarfið sé eingöngu hernaðarsamstarf. Við Íslendingar höfum alltaf verið í of miklum mæli uppteknir af því að samstarfið sé eitthvert hernaðarbrölt."

Þetta er svona uppeldislegt atriði, kennslubókaræfing, eins og hæstv. ráðherra metur það, að ala okkur upp í því að þetta sé, þegar til kastanna kemur, alls ekkert hernaðarbrölt og við megum ekki vera of upptekin af því heldur sé þetta friðarstarf og almannavarnastarf og það sé allt misskilningur að þetta snúist um hernað.

[14:25]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér heyrist að ekki veiti af því að koma réttum upplýsingum um þetta mál til hv. þm. þótt ég hafi ekki ætlað mér að taka að mér að ala hann upp á einn eða annan hátt. En ég tel mikilvægt að málin séu dæmd á réttum forsendum. Hér er um að ræða stórmerkt samstarf, samstarf í þágu friðar. Ég hafði satt best að segja lesið það út úr samþykktum Alþb. að þeir eru mjög jákvæðir vegna þessa samstarfs. Ég las það einhvern tímann í ályktunum og á nýlegum fundi þeirra var það endurtekið að þetta samstarf væri mjög til góðs. Þess vegna hélt ég að um það gæti verið a.m.k. bærileg samstaða að við Íslendingar tækjum þátt í því samstarfi og reyndum að koma fram með það sem við gætum látið af mörkum. Þetta er í fyrsta skipti sem æfing sem þessi er undir borgaralegri stjórn, getum við sagt. Hún er undir stjórn Almannavarna ríkisins. En ég vil hins vegar minna á að það er lykilatriði í Atlantshafssamstarfinu að herir landa lúti borgaralegri stjórn, þeir lúti lýðræðislegri stjórn. Það getur enginn orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu nema þannig kerfi sé fyrir hendi. Þannig að ég hélt í sjálfu sér að þetta væri atriði sem hv. þm. mundi fagna. Ég bið hann nú að útskýra fyrir mér af hverju þessi andstaða er svona rík hjá honum. Hvernig átti þá að skilja yfirlýsingar Alþb. um samstarf í þágu friðar? Það er a.m.k. allt annar skilningur sem ég fékk við það að lesa þær yfirlýsingar en hv. þm. hefur komið fram með í sínu máli.

[14:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vék ekki einu orði að samstarfi í þágu friðar, Partnership for Peace, sem slíku nema í einni jákvæðri setningu. Ég sagði að það væri að sjálfsögðu góðra gjalda vert og mjög jákvætt að andrúmsloftið í samskiptum fyrrum fjenda hefði þróast jákvætt hvað það snertir. Það er bara ekki það sem skiptir máli hér að mínu mati og það var ekki það sem ég var að leggja út af. Ég var að leggja út af þessari samtvinnun almannavarna og borgaralegra þátta og hernaðarumsvifa hins vegar. Auðvitað vitum við báðir, ég og hæstv. ráðherra, að þetta er hluti af ákveðnum áróðursleik sem er í gangi og er alltaf í gangi og nánast engin öfl í heiminum hafa öflugri áróðursmaskínu nema ef vera skyldu bandarísku stjórnmálaflokkarnir heldur en einmitt hernaðaryfirvöldin og hernaðarbattaríið og vopnaframleiðendurnir á bak við þá. Það liggur fyrir. Ætli þeir sýni sig ekki eitthvað frá CNN og fleiri stofum? Ætli það verði ekki sendar út huggulegar myndir og gert mikið úr göfugmennsku Bandaríkjamanna og annarra slíkra sem hér verða með í þessu?

Það rifjast upp fyrir manni t.d. þegar fáránleikinn var slíkur t.d. í heræfingum fyrir nokkrum árum að meira að segja aumingja litla Náttúruverndarráð uppi á Íslandi lét misnota sig til þess að taka þátt í þessari ímyndasköpun hjá Bandaríkjaher. Það gerðist með þeim hætti að risastórar bandarískar herþyrlur, Chinook-herþyrlur, sem eru einhver umhverfisfjandsamlegustu fyrirbæri í heiminum, nota mörg þúsund lítra af eldsneyti á klukkutíma, voru notaðar til þess að hífa pínulitla heybagga á milli staða. Svo var mönnum selt þetta sem framlag í þágu umhverfisverndar og þetta var sent út á CNN um allan heim. Hversu langt í slíkum fáránleika, yfirborðsmennsku og skrumi eru menn tilbúnir til að ganga? Ég tel að þessar æfingar hefði þá átt að bera að með allt öðrum hætti. Ef þær áttu að vera eiginlegar íslenskar almannavarnaæfingar vegna hugsanlegs Suðurlandsskjálfta þá átti að skipuleggja þær með öðrum hætti frá grunni en ekki hnýta þær saman við þessa heræfingu, Norðurvíking. Það er mergurinn málsins að í beinu framhaldi af þessum sjónarleik sem þarna verður verða svo heræfingarnar sjálfar.

[14:30]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir orð nokkurra annarra hv. þingmanna við þessa umræður og þakka hæstv. utanrrh. þá skýrslu sem hann hefur hér gert grein fyrir. Hún er að vísu ekki stór í sniðum en hún er yfirgripsmikil og það tvennt kann að valda því að sumir málaflokkar sem okkur einhverjum kann að virðast mikilvægir fá ekki allt það rúm sem einhverjir mundu vilja að þeir fengju.

Við þurfum að vera þess minnug Íslendingar þegar við ræðum þessi mál að við erum því marki brenndir að utanríkismál, samskipti og viðskipti okkar við önnur ríki eru mikilvægari í okkar innanríkismálum, fyrir okkar efnahagslíf og atvinnumöguleika en gerist með flestum öðrum þjóðum, ekki síst mörgum grannþjóðum okkar. Og þó að fáir séu í þingsal ræðum við gjarnan hvernig hagað er samskiptum okkar við önnur ríki og allmargir landsmenn hafa á því skoðanir og gera grein fyrir þeim við mörg tækifæri. Það hlýtur að hafa verið þeim mörgum nokkurt umhugsunarefni að breytingar á utanríkisþjónustu Íslendinga hafa verið frek-

ar litlar undanfarin ár og mér finnst þess vegna athyglisvert og þakkarvert við ráðherra að hann fitjar upp á því í þessari skýrslu að endurmeta utanríkisþjónustu okkar og láta leggja í mótunarvinnu sem gæti dugað henni og okkur vel á næstu árum. Ég vil í því sambandi nefna að miðað við þau miklu samskipti sem við eigum við ríki Norður-Ameríku, Bandaríki og Kanada, virðist mér að staða okkar þar og styrkur í utanríkisþjónustunni sé fremur lítill miðað við Evrópu og mætti gjarnan reyna að bæta þar um betur, t.d. með tilliti til samskipta okkar og þeirra sem við köllum gjarnan Vestur-Íslendinga og þeirra væntinga að með því að við gerðumst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði mættum við verða einhvers konar hlið Norður-Ameríkuríkjanna að mörkuðum Evrópu. Ég hygg að til þess að það komi fram þurfum við að leggja verulega rækt við viðskiptasambönd þar vestra og sambönd við þá einstaklinga sem kunna að hafa tækifæri til að vekja upp viðskipti.

Þetta á ekki einasta við um Norður-Ameríku heldur einnig hugsanlega Suður-Ameríku og Asíu. Í Asíu eigum við þegar allnokkur viðskipti en erum tiltölulega lítt mannaðir af diplómötum. Í Suður-Ameríku höfum við á stundum haft nokkur viðskipti, stundum meiri en um þessar mundir, og ég hygg að fulltrúar okkar þar séu afskaplega fáir. Í þessu samhengi vænti ég þess að utanrrh. geti veitt okkur upplýsingar um hugmyndir sem sendiherra okkar í Washington hefur sett á framfæri hér heima við utanrmn. og örugglega við ráðuneytið um að treysta samskipti okkar og Vestur-Íslendinga með ákveðnum hætti. Ég vil þess vegna spyrja hvort hann geti greint okkur eitthvað frá framgangi þeirra hugmynda Einars Benediktssonar.

Vegna þess sem ráðherra greinir frá um viðskiptaþjónustu sem verið er að efna til á vegum utanríkisþjónustunnar og eru vissulega væntingar um að verði öflugri, verði víðar en þjónustan er núna á vegum Útflutningsráðs, tek ég undir þær væntingar en ég leyfi mér að spyrja vegna þess sem hann segir m.a. um væntingar af útflutningi og möguleikum iðnaðar: „Einnig eru möguleikar iðnaðar og þjónustu miklir." Vegna þess sem kemur fram í nýútkominni skýrslu Þjóðhagsstofnunar um þjóðarbúskapinn á síðasta ári og horfur á þessu leyfi ég mér að spyrja hvort sérstök ástæða sé til að vænta mikils af þessum vörum sem samdráttur varð á í útflutningi á síðasta ári. Ef sérstök ástæða er til þess væri það virkilega jákvætt innlegg í umræður okkar um aukna verðmætasköpun, fjölgun og fjölbreytni í atvinnulífi og atvinnustarfsemi. Hitt er rétt sem ráðherrann víkur að í skýrslu sinni og hefur nefnt bæði í framsöguræðu sinni og víðar, að auk þess að við þurfum að efla sendiráð stöndum við frammi fyrir því að sífellt vex samstarf milli ríkja og alþjóðasamstarf sem kallar á fleiri fastafulltrúa eða fastanefndir við alþjóðastofnanir til að fylgja eftir þeim málum sem tekin eru fyrir á vegum samtaka ríkja sem eru aðilar að tilteknum alþjóðasamningum. Það er augljóst að við þurfum þar að reyna að bæta hlut Íslands og taka þátt í fleiri samtökum af því tagi en við gerum í dag.

Ég leyfi mér að nefna í því samhengi að oftar en einu sinni höfum við Íslendingar orðið þess varir að samtök ríkja ályktа um hættur vegna nýtingar auðlinda á norðurslóðum og þar reynast vera á ferðinni alþjóðleg samtök ríkja og áhugasamtaka sem við erum ekki aðilar að og fylgjumst ekki með nema stundum eftir því hvernig horfir í pyngjunni. Það er að vísu nauðsynleg viðmiðun að hafa fjármagn til. En ég velti því oft fyrir mér hvers vegna við erum ekki aðilar að samtökum samkvæmt samningi sem við köllum gjarnan CITES, alþjóðasamningur um að koma í veg fyrir viðskipti með afurðir af dýrastofnum sem kunna að vera í hættu. En það eru fleiri slík sem geta snert okkur með ákvörðunum sínum en við erum ekki aðilar að.

Þá vil ég leyfa mér að víkja að atriði sem kemur fram um samstarf okkar við grannþjóðir okkar á norðurhveli og ég hef áhuga á að vita aðeins meira um. Þar er fjallað um Norðurskautsráðið, Barentshafsráðið, eftir umfjöllun um Norðurlandasamstarfið. Þar segir að leita þurfi leiða til að fyrirbyggja hvers konar tvíverknað og í því sambandi hafi Ísland lagt fram hugmyndir um samhæfingu. Það er sjálfsagt jákvætt að reyna að koma í veg fyrir tvíverknað en ég velti líka fyrir mér hvort við höfum lagt þar fram hugmyndir til að reyna að tryggja árangur af samstarfinu, til að mynda á sviði mengunarvarna eða um aðgerðir til að forða umhverfisslysum. Mér virðist þetta veigamikið atriði vegna þess að þessar stofnanir fjalla um slík mál í þeim hlutum heimsins sem eru taldir vera í einna mestri hættu á þessu sviði. Hefur það raunar verið fyrr nefnt í umræðunni en þetta eru svæði nálægt okkur og ef eitthvað slíkt skeður er vel hugsanlegt að auðlindir okkar, undirstaða fyrir lífskjörum okkar á Íslandi, komist í verulega alvarlega hættu.

Það er sennilega ekki mikil ástæða til að fjalla náið, varla meira en gert er, um samstarf okkar við Evrópuríkin innan Evrópska efnahagssvæðisins og samskipti okkar við Evrópusambandið en augljóst er að þar þurfum við að fylgjast mjög grannt með framvindu mála og treysta gagnkvæm réttindi okkar og íbúa þeirra, treysta það samstarf sem orðið hefur og nær til velflestra þátta atvinnulífs, menntamöguleika og eru að ryðja sér til rúms á æ fleiri sviðum. Það hefur þróast núna síðustu missiri yfir á utanríkismál og verður að viðurkennast í því sambandi að við hljótum að hafa verulegar væntingar um samstarf og samstöðu við þessar þjóðir og þeirra ríki í baráttu við mengun og stjórnun nýtingar á auðlindum til að mynda hér á norðurhöfum þar sem ríki Evrópusambandsins eru verulega tilþrifamikil.

Öryggismál Evrópu hafa verið talsvert rædd hér. Ég leyfi mér að segja um þau að mér sýnist mjög einfalt að Atlantshafsbandalagið hafi aftur og aftur sýnt fram á að starf þess og starfsgrundvöllur hefur reynst vel. Þess ber að geta að þrátt fyrir að Evrópumenn og nágrannar þeirra ræði öryggismál á ýmsum vettvangi kemur nær alltaf fram í máli þeirra sem taka átt í umræðunni, hvaðan svo sem þeir koma, hvort sem þeir eru úr Evrópu sjálfri eða grannríkjum hennar, að þrátt fyrir að samtökum ríkja hafi fjölgað hefur hlutverk Atlantshafsbandalagsins hvergi verið bætt af þeim sem bæst hafa við. Það eitt hefur verið fært um að gegna því og reynst þess megnugt að bregðast við breyttum þörfum og breyttum aðstæðum. Engin önnur samtök og engin ný samtök hafa reynst þess megnug. Tilraunir Evrópuríkjanna t.d., án samstarfs við ríkin handan Atlantshafsins, til þess að bæta um betur hafa allar mistekist, því miður. Ég tel því einsýnt að það hafi verið happ okkar og annarra Evrópubúa að stofna til Atlantshafsbandalagsins og halda því við.

Eflaust geta menn haft mismunandi álit á því hvort við eigum að blanda saman almannavörnum og öðrum vörnum. En ég vek athygli á því að í grannríkjum okkar þar sem til eru landvarnir er ávallt kallað á einhverjar sveitir þeirra þegar bregðast þarf við hættuástandi sem steðjar að almenningi, þegar grípa þarf til almannavarna. Eini munurinn á okkur og þessum ríkjum er sá að við höfum ekki hervarnir. En hvers vegna ættum við að reyna að halda einhverju aðskildu sem

ekki er til? Ég tel sem sé líkt og hæstv. utanrrh. að æfingin sem hér hefur verið greint frá og síðasti hv. ræðumaður nefndi sé af hinu góða, muni reynast okkur vel rétt eins og grannríkjum okkar og samstarfsríkjum.

Varðandi hugsanlega stækkun Atlantshafsbandalagsins verð ég að viðurkenna að mér þætti betra að sjá sterkar að orði kveðið um stöðu Eystrasaltsríkjanna og vil leyfa mér að inna ráðherrann eftir því hvort hægt er að greina frá nokkru sem gæti komið þeim vel. Ef svo fer sem mér virðist hann álíta líklegast, að þau þrjú verði ekki í hópi þeirra fyrstu sem fái boð um aðildarviðræður, vil ég gjarnan vita hvort verið er að ræða á milli utanrrh. og hans kollega einhver úrræði sem kynnu að verða þessum ríkjum og þeim sem þar búa skjöldur ef til óöryggis kann að leita.

Það er svolítið merkilegt að veita því athygli í þessu samhengi að við það ástand sem nú hefur skapast í þeim heimshluta hafa hvorki Finnar né Svíar lýst í alvöru áhuga á því að gerast aðilar að Atlantshafsbandalaginu en hafa alla sína tíð treyst mjög á tilveru þess og hugsanleg viðbrögð af þess hálfu.

Vegna þess sem sagt er um þróunarmál hef ég ástæðu til að spyrja ráðherra hvort hann getur veitt okkur upplýsingar um niðurstöðu af þróunarstuðningi okkar við íbúa Palestínu þar sem afráðið var fyrir nokkrum missirum að styrkja ákveðnar framkvæmdir. Þær hafa dregist á langinn en kannski ástæða til að við fáum upplýsingar um þau verkefni ef unnt er.

Á sviði frjálsra viðskipta hefur margt gerst á undanförnum missirum. Ég ætla ekki að ræða þau ein og sér en við höfum ástæðu til að inna eftir því hvort Bandaríkjamenn hyggist gera breytingar á aðflutningsgjöldum af einhverjum vörum. Á Suðurnesjum er unnið að því að athuga hvort unnt er að stofna til magnesíumverksmiðju sem yrði veruleg búbót í okkar þjóðarbúskap, mundi færa fjölbreytni í stóriðju og mjög aukna möguleika á því að af íslenskri stóriðju sprytti einhver fullvinnsla, en hún er enn í dag fyrst og fremst framleiðsla á hráefni fyrir iðnað annarra landa. Þá kemur í ljós að verulegur munur er á aðflutningsgjöldum Bandaríkjanna á magnesíum og öðrum stóriðjuvörum, þ.e. áli. Það er líka munur eftir því frá hvaða landi vörurnar koma og reynist vera að þar megi hugsanlega bæta úr og ég inni eftir því hvort ráðherrann vill beita sér fyrir því í viðræðum við Bandaríkjamenn. Ég leyfi mér að segja sem er: Bandaríkjamenn hafa reynst einhver besta grannþjóð okkar og eitthvert besta samstarfsríki okkar í þessum málum eins og fleirum. Mér þykir mjög líklegt að þeir vilji gjarnan bæta möguleika okkar að þessu leyti, sérstaklega ef við gætum svarað í einhverju líku.

Lokakaflinn í skýrslu ráðherrans fjallar um hafréttar- og auðlindamál og þar er vissulega margt álitaefnið. Mér finnst mjög umhugsunarvert að við skulum eiga í deilum á þessum sviðum við marga granna okkar um nýtingu auðlinda sem eru bæði okkur og þeim miklu mikilvægari en skammtímaárekstrar en samt sem áður ekki náð betri tökum á ágreiningsefnunum en svo að þau eru viðvarandi ár eftir ár. Þar er meira að segja um að ræða þær þjóðir sem telja sig bestu granna okkar, t.d. Norðmenn. Mér finnst miklu skipta og vil því hvetja til að unnið verði að lausn þessara mála og engu tækifæri sleppt heldur verði þau öll notuð eftir því sem unnt er.

[14:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki svarað öllu því sem hv. þm. innti mig eftir í stuttu andsvari en ég vildi aðeins koma inn á Eystrasaltsríkin og stöðu þeirra. Það kemur mér satt best að segja mjög á óvart að hv. þingmenn vildu hafa séð miklu ákveðnari texta í sambandi við þátt þeirra í Atlantshafssamstarfinu. Það stendur hér að það sé yfirlýst stefna okkar að styðja aðild þeirra í fyrstu umferð. Ég hygg að það hafi engin þjóð, ekkert Norðurlandanna, tekið jafnafdráttarlausa afstöðu gagnvart Eystrasaltsríkjunum og Ísland. Við verðum að viðurkenna að Eystrasaltsríkin eru ekki jafnlangt komin að því er varðar þróun lýðræðis og efnahagsmál og nokkrar þjóðir í Mið-Evrópu. Hvað sem því líður, þá höfum við gerst eindregnir talsmenn þeirra sem vakið hefur ánægju meðal þeirra. Ég hef ekki heyrt neitt annað.

Það er rétt að ýmislegt bendir til þess að þeir muni ekki verða með í fyrstu umferð þó að ég vilji ekki útiloka það á þessu stigi, við verðum að sjá betur hverju fram vindur. En þá skiptir meginmáli fyrir þá að Atlantshafssamstarfsráðið verði stofnað sem við styðjum, að friðarsamstarfið haldi fram og aðild þeirra að Atlantshafsbandalaginu verði betur undirbúin. Það er aðalatriðið fyrir þá að þeir geti verið þess fullvissir að þetta haldi áfram og fyrstu ríkin verði ekki þau síðustu. Það er ekki stærsta málið fyrir þá að þeir komist inn nákvæmlega árið 1999 eða árið 2000 heldur að verið sé að vinna að því að þeir verði aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Og við munum svo sannarlega vinna að því áfram.

[14:48]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þetta svar. Mitt álit er ekki það að íslensk stjórnvöld hafi gert minna en í þeirra valdi stóð til stuðnings við Eystrasaltsríkin heldur að ég hefði gjarnan viljað sjá að möguleiki þeirra væri í dag metinn meiri en hægt er að leggja mat á. Ég er algjörlega sáttur við gerðir ráðherrans og þau ummæli sem hann hefur látið falla. Við styðjum Eystrasaltsríkin til að komast í betra og öruggara samstarf við Vesturlönd og ekki síst við okkur sem búum á Norðurlöndum.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að við hv. þm. Árni Árnason erum alveg sammála í þessum málum þó að ég geti líka tekið undir með honum að auðvitað vildi maður oft að hlutirnir væru öðruvísi en þeir eru, það er svo annað mál.

Ég vildi kannski aðeins koma inn á samskipti við Vestur-Íslendinga sem hann spurði jafnframt um. Unnið er að því að koma þeim samskiptum í betra horf og við höfum leitað í utanrrn. eftir betri samvinnu við áhugamenn og almannasamtök á þessu sviði. Við gerum okkur vonir um að hér verði stofnuð sterkari samtök sem geti séð um þessi mál.

Við höfum líka átt viðræður við forsvarsmenn Vesturfarasafnsins á Hofsósi sem hafa sýnt þessu máli afar mikinn áhuga og við höfum ekki útilokað að starfsmaður á vegum utanrrn. í hlutastarfi verði staðsettur þar. Við teljum nauðsynlegt að það sé einhver aðili sem beri meiri ábyrgð á þessum samskiptum og við teljum að við getum langbest leyst þau í samvinnu við áhugamenn og þá aðila sem hafa mestan áhuga á þessum samskiptum. Það er unnið að þessu hörðum höndum í ráðuneytinu. Við erum ekki einfærir um

þessi mál og þess vegna leitum við til almannasamtaka um lausn þeirra.

Að lokum í sambandi við Eystrasaltsríkin svo ég komi aðeins betur inn á þau. Það er líka afar mikilvægt það samstarf sem nú er að hefjast með Eystrasaltsríkjunum og Norðurlandaþjóðunum á hernaðarsviðinu, á varnarsviðinu, því að þeir herir sem Norðurlöndin ráða yfir hafa nú stóraukið samvinnu við Eystrasaltsríkin með það að markmiði að búa þá betur undir aðild að Atlantshafsbandalaginu.

[14:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ræða hæstv. utanrrh. er stikluð um aðskilin málefni á sviði utanríkismála og það er að mörgu leyti erfitt að ræða svo yfirgripsmikið mál á stuttum tíma. Það verður til þess að við köllum eftir ítarlegri umfjöllun en vitum að í raun hefur ráðherra takmarkað svigrúm til að gera hverjum þætti sómasamleg skil í svo stuttri ræðu. Hins vegar er eðlilegt að við köllum eftir afdráttarlausri afstöðu stjórnvalda til þeirra málefna sem við tökum fyrir í okkar ræðum.

Félagar mínir í þingflokki jafnaðarmanna, Össur Skarphéðinsson og Jón Baldvin Hannibalsson hafa gert skýrslunni nokkur skil í ræðum sínum í dag en sjálf ætla ég að fjalla um afmarkað málefni, virðulegi forseti. Neðst á bls. 9 og efst á bls. 10 í skýrslunni er kafli um mannréttindamál. Þar er vísað til þess að lokið er þingi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf og þessum litla 9 línu kafla lýkur með þessari setningu, virðulegi forseti:

„Enginn þarf að fara í grafgötur um stuðning íslenskra stjórnvalda við baráttu fyrir mannréttindum. Enginn þarf heldur að efast um einlægni okkar og jákvæðan tilgang með þátttöku á þessum vettvangi."

Ég efast ekki um það en hins vegar ætla ég að nýta minn tíma til að ræða mannréttindamál og fyrst og fremst stöðu flóttamanna og baráttu Amnesty International. Það er núna stór flóttamannaherferð í gangi sem allar deildir Amnesty taka þátt í.

Sjálfri er mér efst í huga núna að þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf skuli hafa vísað tillögu Dana frá. Með slíkri afgreiðslu upplifum við sem það heyrum að alþjóðasamfélagið sé að fallast á mannréttindabrotin í Kína. Í augum heimsins þýðir þetta að þarna sé ástand væntanlega nægilega gott, ekkert til að skipta sér af. Ég er mjög stolt af því að Ísland studdi tillögu Dana og ég harma að henni hafi verið vísað frá. Ég fagna því að ráðherra okkar hafi valið þá leið að styðja þessa mannréttindatillögu.

Ástæður flótta fólks frá heimalandi sínu eru mannréttindabrot og því miður er þróunin þannig að það er orðin ákveðin tregða þjóða að taka við flóttafólki og ég legg áherslu á að ég er að ræða um flóttafólk, ekki innflytjendur. Sú spurning hlýtur því að vakna hvort þjóðir heims ætla að loka landamærum sínum og með því senda frá sér þau skilaboð að þau sættist á mannréttindabrot annarra og að fólk sem býr við slíka ógn skuli bara vera heima hjá sér og sættast við örlög sín. Það er mjög alvarlegt ástand víða. Það hefur verið nefnt hér. Ég nefni Kína, Tyrkland, Nígeríu, Kólumbíu og Alsír og kastljósinu var sannarlega beint að Austur-Tímor þegar friðarverðlaun Nóbels voru veitt þangað.

Ég tel að við Íslendingar eigum fyrst og fremst að vera sterk rödd á alþjóðavettvangi, vinna að því að minnka flóttamannavandamálið með því að stuðla að því að ríki heims séu knúin til að virða mannréttindi og þau skynji að alþjóðasamfélagið fylgist með gjörðum þeirra. Við erum e.t.v. lítil rödd, en hún er og hún á að vera skýr í mannréttindamálum. Það þarf sameiginlegt átak þjóða heims til að fyrirbyggja gífurlegan fjölda flóttamanna í heiminum. Við erum sterk af því að hér er ekki beitt pyndingum og hér er ekki dauðarefsing. Við búum við dómskerfi sem við getum treyst og sem betur fer búum við almennt við opið kerfi og opið þjóðfélag en þannig er það ekki hjá öllum eins og við vitum.

Ég nefndi þessi mál, virðulegi forseti, í ræðu minni í fyrra og mig langar að rifja þar upp nokkur orð. Þar vildi ég leggja áherslu á dauðarefsinguna og hversu mikilvægt er að berjast fyrir afnámi dauðarefsingar og að Íslendingar geti beitt sér á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í viðræðum fulltrúa allra ríkja sem enn beita dauðarefsingu vegna þess að Ísland er eitt fárra ríkja sem hefur ákvæði í stjórnarskrá um algert bann við dauðarefsingu. Íslendingar eiga að vísa til þess ákvæðis í umræðum á alþjóðavettvangi.

Tölur um dauðarefsingar eru hrikalegar. Þetta er mál sem við fjöllum mjög sjaldan um. Við höfum verið að fjalla um Kína út af ráðstefnunni í Genf, en það má nefna að 1980 voru aðeins 20 brot í Kína sem vörðuðu dauðarefsingu. Nú varða 68 brot dauðarefsingu og síðustu ár hafa verið um það bil 3.000 aftökur í Kína á einu ári. Þetta er mjög alvarlegt og það er því mikilvægt að við tökum þátt í störfum mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna og hvar sem við getum og leggjum áherslu á þessi mál.

Það vill svo til, virðulegi forseti, að lögum okkar í þessu ágæta landi er mjög ábótavant hvað varðar flóttafólk. Við verðum að tryggja réttláta meðferð ef flóttamenn ber að garði hjá okkur, að þeir séu ekki sendir heim eða í burtu á röngum forsendum. Það á að vera tryggt að viðkomandi fái að kynna mál sitt og að ekki verði slys í meðferð mála í lýðræðisþjóðfélagi okkar. Það er mjög mikilvægt að fólk sem er í hættu í heimalandi sínu og leitar til okkar fái hæli er það leitar hingað til okkar og að lög okkar tryggi mjög réttláta málsmeðferð. Á borðum þingmanna liggja tvær fyrirspurnir sem ég hefur borið fram, önnur til félmrh. og hin til dómsmrh. Sú fyrri er um flóttamannaráðið sem sett var á laggirnar árið 1995 en hlutverk þess var m.a. að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag málefna er varðar móttöku á flóttamönnum. Þar er spurt hvort flóttamannaráðinu hafi verið falin endurskoðun á lögum nr. 45/1965, sem eru einu lögin sem við höfum um þessi mál, hvenær því starfi ljúki og hvort endurskoðun á lögum sé hluti af mótun heildarstefnu í málefnum flóttamanna.

Fyrirspurnin til dómsmrh. er um formlega endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum og spurt um hvort þar taki endurskoðunin mið af því að tryggja réttarvernd þeirra sem leita hér hælis eins og hugtakið er skilgreint samkvæmt flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 sem Íslendingar hafa fullgilt. Spurt er hvort þeir sem leita hér hælis sem flóttamenn fái ráðgjöf, túlk og réttaraðstoð, hvort bann við brottvísun og endursendingu flóttamanna verði tryggt eins og það er í flóttamannasamningnum og hvort það sé tryggt að synjun á beiðni um hæli verði skrifleg og rökstudd og áfrýjun hennar fresti ákvörðun um synjun landgöngu, brottvísun eða endursendingu.

Að lokum er spurt hversu margir útlendingar komu að landamærum Íslands og báðu um hæli sem flóttamenn á árunum 1990–1996 og hve mörgum var synjað um hæli, þeim vísað brott eða þeir sendir til þess lands sem þeir komu frá og hvort þær ákvarðanir hafi verið teknar skriflega eða

munnlega. Mér finnst það mjög miður, virðulegi forseti, að ég skuli ekki hafa haft tök á að leggja þessar fyrirspurnir fram svo tímanlega að svör við þeim hafi legið hér fyrir þegar við tökum þessa umræðu um utanríkismál vegna þess að sú umræða er eiginlega eini vettvangurinn þar sem við ræðum um málefni annarra en okkar sjálfra og mjög mikilvægt að við tökum fyrir þennan þátt, mannréttindamálin, og þá stöðu flóttafólks eins og ég er að gera nú. Ég spyr ráðherra hvað hann geti sagt mér um þessi málefni og þá fyrst og fremst hvort hann muni beita sér fyrir því að þessi mál fái endurskoðun hið fyrsta og að þau atriði séu tryggð sem ég hef nefnt.

Árið 1993 sendi Amnesty bréf til Alþingis í tilefni af lagabreytingum sem unnið var að þá vegna aðildar okkar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þar var þeim tilmælum beint til nefndarinnar að ný lög yrðu í samræmi við alþjóðlegar viðurkenndar meginreglur um meðferð pólitískra fanga. Þá var gerður samanburður á þeim meginreglum um réttindi flóttamanna sem Amnesty leggur áherslu á og íslenskum lögum um eftirlit með útlendingum. Þar kom fram að lögin um eftirlit með útlendingum tryggja aðeins á takmarkaðan hátt rétt þeirra sem sækja um hæli sem pólitískir flóttamenn hér á landi miðað við reglurnar sem um er getið.

Virðulegi forseti. Ég hef í fórum mínum þessar reglur. Þær eru níu og of ítarlegar til að ég geti farið yfir þær hér. En það sem er merkilegt er að á þessum tíma, árið 1993, var unnið mjög gott yfirlit yfir í hvaða efni lögum er áfátt hjá okkur miðað við grundvallarreglurnar nýju sem lagðar eru fram. Ég hvet til þess að ráðherra kynni sér þennan samanburð og hafi áhrif inn í ríkisstjórn þannig að úr þessu sé bætt.

Nú hefur okkur alþingismönnum borist nýtt bréf frá Amnesty. Það er ekki vanþörf á því þar sem ekki hefur verið bætt úr vankönturum á okkar löggjöf þrátt fyrir bréfið frá 1993 og hið ágæta yfirlit eða samanburð sem ég hef þegar bent á og þrátt fyrir að oft hafi verið tekið á þessum málum hér í ræðustól, reyndar helst í umræðum um utanríkismál eins og fram fer í dag.

Í bréfinu frá Amnesty sem þingmönnum barst í vikunni segir m.a.:

„Árið 1951 gerðu Sameinuðu þjóðirnar samning um réttarstöðu flóttamanna, flóttamannasamninginn, og er hann mikilvægasta réttarvernd til handa flóttamönnum á alþjóðavettvangi. Í samningnum er að finna grundvallarreglu sem bannar endursendingu flóttafólks. Ekkert aðildarríki skal vísa flóttamanni brott eða endursenda hann á nokkurn hátt til landamæra ríkis þar sem lífi hans eða frelsi mundi vera ógnað vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana."

Ísland hefur fullgilt flóttamannasamninginn frá 1951 en ekki lögleitt hann. Þau lög sem eru helsta réttarheimildin eru lögin sem ég hef bent á áður, nr. 45/1965. Og áfram segir í bréfi Amnesty:

„Ákvæði laganna um réttarstöðu þeirra sem beiðast hælis á grundvelli stöðu sinnar sem flóttamaður eru mjög ófullkomin. Það er óumdeilt að til að Íslendingar uppfylli þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem fylgja aðild flóttamannasamningsins og gerist ekki sekir um vanrækslu gagnvart öðrum aðildarríkjum samningsins verður að laga löggjöf hérlendis að ákvæðum samningsins.

Íslandsdeild Amnesty International hefur undanfarin ár ítrekað bent á þá misbresti sem eru í íslenskri löggjöf hvað varðar réttarstöðu flóttamanna. Það er ljóst að Íslendingar geta ekki hlaupist undan merkjum við lausn flóttamannavandamálsins en það verður ekki leyst nema með alþjóðlegri samvinnu. Sé réttur flóttamanns í landsrétti ekki sambærilegur rétti hans samkvæmt þjóðarétti getur það valdið neikvæðu viðhorfi almennings gagnvart flóttamönnum en það stendur réttindum þeirra því miður oft og tíðum helst fyrir þrifum." — Ég tek undir þessi orð í bréfi Amnesty.

Amnesty hvetur jafnframt til að stuðlað verði með virkum hætti að endurskoðun ákvæða íslenskra laga er varða réttarstöðu flóttamanna þar sem flóttamannasamningurinn frá 1951 yrði hafður til hliðsjónar og tillögur Amnesty International sem byggja á alþjóðlegum samningum. Ég hef þegar borið fram spurningu til ráðherra um afstöðu hans til þessa. Það segir líka í bréfi Amensty, virðulegi forseti, og það er ekki þýðingarminnst:

„Í heiminum í dag eru meira en 15 milljónir karla, kvenna og barna flóttamenn. Þar að auki 20 milljónir á flótta í eigin landi." — Hér féllu orð í ræðum áðan að nú væri svo miklu friðsamlegra í heiminum enda var þá verið að ræða um hernaðarbandalög en þarna erum við með það svart á hvítu að 15 milljónir karla, kvenna og barna eru flóttamenn og 20 milljónir að auki á flótta í eigin landi. Samtökin hafa miklar áhyggjur af afskipta- og virðingarleysi ríkisstjórna gagnvart réttindum flóttafólks. Ríkisstjórnir reyna í síauknum mæli að hindra að fólk sem flýr ofsóknir fái tækifæri til að nýta rétt sinn, til að sækja um hæli og þá vernd sem því ber."

Ég hvet til þess, virðulegi forseti, og vona að utanrrh. sé mér sammála að við setjum þannig lög að það sé alveg ljóst að við munum ekki líða að það fólk sem býr við slíkar ofsóknir og sækir hingað í norður til okkar sé rekið frá dyrum öðruvísi en mál þess séu gaumgæfilega skoðuð og það sé ljóst að því sé tryggð réttarstaða og öll sú vernd sem unnt er.

Virðulegi forseti. Að lokum langar mig líka að minna á annað mál sem mannréttindasamtökin Amnesty hafa mjög knúið á um og það er stofnun alþjóðlegs stríðsglæpadómstóls þannig að hægt sé að binda endi á refsileysi þeirra sem brjóta alþjóðalög. Ég veit að ráðherrann hefur viðhaft slíkan málflutning á erlendum vettvangi að hann styður að slíkur dómstóll verði settur. Það er markmið að slíkur dómstóll verði orðinn að veruleika árið 2000 og ég spyr ráðherrann hvort hann viti hvað því máli líður.

[15:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alþjóðadómstóll sem ætti að fjalla um málefni stríðsglæpamanna hefur verið til umræðu í alþjóðasamfélaginu alllengi og það er rétt að við höfum stutt það að þeirri skipan yrði komið á og teljum það reyndar mjög mikilvægt. Eins og með mörg önnur mál tekur það tíma en ég spái því að það muni komast í höfn innan nokkurra ára án þess að ég geti haft í frammi fullyrðingar um það. En við Íslendingar munum halda áfram að styðja þá viðleitni.

Að því er varðar málefni flóttamanna þá tek ég undir það með hv. þm. að við þurfum að fara yfir þau atriði og tryggja í löggjöf að við stöndum við alþjóðlegar skuldbindingar. Það er að sjálfsögðu ekki eingöngu verkefni utanrrn. þó að ég sé ekki að komast neitt undan því. Það er fyrst og fremst málefni þingsins, dómsmrn. og ég tel að það væri mjög mikilvægt að allshn. þingsins færi yfir þetta mál og gengi úr skugga um það hvað þyrfti að gera til þess að við gætum staðið við þær skuldbindingar svo sómi væri að.

Hvað varðar mannréttindamálin get ég tekið undir allt sem hv. þm. sagði. Það er afar mikilvægt að sú grundvallarafstaða liggi fyrir að mannréttindamál séu alþjóðleg og að ekki sé um innanríkismál að ræða heldur alþjóðleg mál sem við höfum rétt á að taka upp hvenær sem okkur sýnist í alþjóðlega samfélaginu. Það er grundvallaratriði að aðrar þjóðir viðurkenni að hér sé um alþjóðamál að ræða.

Mönnum mislíkar oft í því sambandi hvort sem um er að ræða Kína eða önnur lönd, en þá er aðalatriðið að láta ekki undan hótunum heldur halda áfram að ræða þessi mikilvægu mál á grundvelli þess að hér er um alþjóðamál að ræða.

[15:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð með viðbrögð hæstv. utanrrh. við því sem ég er að bera hér fram í umræðunni um utanríkismál og mér þykir til þess koma að hann væntir þess að slíkur alþjóðadómstóll komist í höfn. Ég er sannfærð um það að Ísland á möguleika á því að skapa sér stöðu á erlendri grund sem málsvari mannréttinda. Okkar land er þess eðlis, okkar stjórnarskrá er þess eðlis, okkar réttarfarsríki er þess eðlis og ég trúi því að ef utanríkisráðherra, eða hver sá sem á eftir að skipa það sæti í framtíðinni, velur að leggja mikla áherslu á að verða slík rödd á alþjóðavettvangi, þá muni honum takast það og við munum ná eyrum þjóða. Það er sannfæring mín.

Hvað varðar það mál að tryggja stöðu flóttamanna og að allshn. fari yfir það mál, þá er það svo að árið 1993 barst þetta erindi frá Amnesty til alþjóðanefndar og þá var farið yfir þessar nýju grundvallarreglur. Páv. nefndarritari, Elín Blöndal, fór yfir það hverju var ábótavant í lögum, hvar löggjöf er nægjanleg varðandi viðkomandi meginreglu og þess vegna liggur það fyrir á pappír hverju þyrfti að breyta og ég mun ljósrita þetta og gefa ráðherranum, ekki af því að ég telji að hann beri ábyrgð á málinu eins og kom fram í máli hans, heldur vegna þess að nú þarf að hreyfa við því. Það var sett á laggir flóttamannaráð 1995. Það er eins og það hafi einhvern veginn drepist í dróma. Ég hef borið fram þær fyrirspurnir sem ég hef lýst og ef ráðherrann mundi taka upp í ríkisstjórn að það þurfi að gera skurk í því að breyta lögum til að þau verði í samræmi við þessar alþjóðareglur, þá er ég sannfærð um að það getur gerst með nokkrum hraða þó að það verði kannski ekki með sama hraða og mörg þau mál sem hafa komið hingað inn að undanförnu.

[15:11]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka yfirgripsmikla skýrslu hæstv. utanrrh. Ég vil einnig taka undir þau málefni sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði að umræðuefni.

Við þessa umræðu hef ég ástæðu til að segja nokkur orð að gefnu tilefni. Á hverju ári ræðum við skýrslu hæstv. utanrrh. Hún inniheldur venjulega þá hluti sem hæst ber í þessum málum, svo sem samskipti okkar við frændur okkar Norðmenn, okkar vandamál eða árangur á erlendum vettvangi og hversu okkur hefur orðið ágengt í ýmsum málum. Í umræðunni, herra forseti, er ekki mikið rætt um þá sem vinna að einstökum málum en þeim er í heild þökkuð störf og þar með er sagan öll. Í flestum tilvikum er ekki getið um mikilvægi einstakra aðila sem t.d. vinna nefndastörf erlendis á vegum Alþingis svo eitthvað sé nefnt. Það á kannski heldur ekki við í þessari skýrslu hæstv. ráðherra.

En ástæðan fyrir mínum þætti í þessari umræðu er að varpa ljósi á það sem mér hefur fundist vanta og vil ég þá t.d. að nefna hlut tveggja formanna nefnda sem ég hef átt kost á að starfa með á erlendum vettvangi. Ég efast heldur ekkert um að aðrir þingmenn sem hafa starfað á alþjóðavettvangi hafi náð þar miklum árangri en ég þekki ekki þeirra störf. Þess vegna tek ég sérstaklega tvo aðila til umræðu.

Ég nefni hv. þm. Vilhjálm Egilsson sem af mikilli festu hefur leitt starf EFTA-nefndar og samskiptanefndar fyrir hönd Íslands um EES-málin vegna þess að ég þekki að þar hefur náðst ótrúlegur árangur. Ég hef hvað eftir annað orðið vitni að því að sjónarmið Íslendinga hafa náð í gegn þrátt fyrir þá undarlegu stöðu sem við erum í að við erum í raun hálfgerðir utanveltugemsar í samstarfi Evrópuþjóða vegna skoðana meiri hluta stjórnmálamanna á Íslandi. Herra forseti. Ég vil undirstrika að það er vegna skoðana meiri hluta stjórnmálamanna á Íslandi því að það hefur komið fram í skoðanakönnunum að meiri hluti þjóðarinnar vill láta reyna á aðild eða láta reyna á hver væru áhrif aðildar að Evrópubandalaginu.

Það hafa verið leidd fjölmörg mál vegna áhrifa hv. þm. sem ég nefndi hér áðan til að fá samskiptaaðila á Íslandshlið mála eins og ég vil kalla það. Það hefur líka verið gert á þann veg að allir stjórnmálaflokkar á Íslandi mega vel við una. Þennan þátt vil ég aðeins nefna vegna þess að mér finnst að ekki sé gefinn gaumur að kynningu og mikilvægi erlendra samskipta þingmanna fyrir Íslendinga. Það er viðtekin venja úti í þjóðfélaginu að mörgum finnst engu máli skipta það sem verið er að vinna á erlendum vettvangi og þar er alvarlegur misskilningur á ferðinni.

Herra forseti. Ég hef átt þess kost að fara tvisvar fyrir hönd míns flokks og Íslands á fund Alþjóðaþingmannasambandsins. Ég hygg að ýmsir velti því fyrir sér hvað það geti nú verið, hvað þetta Alþjóðaþingmannasamband er. Á ensku er það skammstafað IPU sem stendur fyrir Inter-Parliamentary Union. Ég hygg að fáir viti að þetta samband er næsta valdastig við Sameinuðu þjóðirnar og að í því eru 136 þjóðlönd og á þingum sitja 1.300–1.400 fulltrúar sem afgreiða þingmál og ályktanir sem lúta að jafnrétti, sjálfstæði þjóða og mannréttindum svo eitthvað sé nefnt og þessi málefni fá venjulega endanlega afgreiðslu á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Ég vil nefna það, herra forseti, sem ég held að fæstum sé ljóst að við Íslendingar eigum nú þingmann í einni áhrifamestu stöðu innan þessara samtaka. Við eigum þar fulltrúa og ég tel ástæðu að kynna hvaða árangri hann hefur náð og það á að gera það betur en ég mun gera í minni stuttu ræðu. Ég er að ræða um hv. þm. Geir H. Haarde sem hefur komið sjónarmiðum Íslands eftirminnilega til viðurkenningar með málefnalegri og skilmerkilegri umræðu á þessum vettvangi. Á síðustu dögum átti ég þess kost að fylgja honum í starfi ásamt með hv. þm. Magnúsi Stefánssyni, á ráðstefnu í Seoul og að ógleymdum ritara nefndarinnar, Elínu Flygenring. Aðeins til þess að varpa ljósi á mikilvægi þess sem þar gerðist, segi ég frá því að arabaþjóðunum hafði nærri tekist að þvinga fram brot á lögum og reglum með því að ná fram aðild Palestínuaraba að Alþjóðaþingmannasambandinu. Ef það hefði tekist, þá fullyrði ég að það hefði orðið alvarlegt fótakefli í samskiptum þjóða og sennilega leitt til hræðilegra stríðsátaka og hræðilegri stríðsátaka en eiga sér stað núna fyrir botni Miðjarðarhafs sem eru auðvitað bara skæruliðastarf.

Ég vil upplýsa það hér að með forustu samtaka Evr-

ópuþjóða tókst að leiða mál til lykta á lýðræðislegan máta þannig að líklega er unnt að vonast til fyrstu skrefa til bættra samskipta Ísraela og Palestínuaraba á næstunni. Þetta er mikilvægara í samskiptum þjóða en menn gera sér almennt ljóst.

Ég get nefnt fleiri dæmi. Ég get nefnt átökin sem eiga sér stað á grískа og tyrkneska hluta Kýpur sem voru þarna til umræðu. Þeirri umræðu lauk með ásættanlegri niðurstöðu, á þessu þingi sem ég var að ræða hér um, undir stjórn varaforseta þingsins, hv. þm. Geirs H. Haardes, sem stjórnaði þar með sóma okkur og Íslandi til heiðurs þannig að frændur og vinir á Vesturlöndum lýstu mjög mikilli ánægju með störf hans. Ég vona að fljótlega komi greinargerð um þetta þing sem ég er að ræða um, á næstu dögum. Vandamálið er þó hvort sú greinargerð fær nokkra umfjöllun þings eða fjölmiðla.

Virðulegur forseti. Ræða snýst ekki endilega um að vera með skjall heldur túlka ég mín orð sem jákvætt viðhorf fyrir góðan árangur fulltrúa Íslands í starfi á erlendum vettvangi sem ég get vitnað um og tel mig geta vitnað um.

Ég get ekki látið hjá líða að ræða um störf þingmanna á erlendum vettvangi því að viðhorf almennings og jafnvel fjölmiðla lýtur að því að erlend samskipti þingsins séu nánast óþörf og um sé að ræða — ja, hvað? Ferðaklúbba þingmanna. Ég sé því ástæðu til að beina því til hæstv. forseta þingsins hvort ekki sé nauðsyn að kynna fyrir fjölmiðlum, fyrir þjóðinni, í hverju samskipti þingsins eru fólgin og jafnvel fyrir þingmönnum sjálfum sem fjölmargir hafa ekki lagt sig eftir því og má kannski taka undirritaðan með í þann flokk því ég hef ekki kynnt mér nægjanlega hvað aðrar sendinefndir eru að gera. En ég efast ekki um þeirra störf og árangur. (**KPál:** Það þarf myndakvöld.) Það má vel vera að það þurfi myndakvöld, hv. þm. Kristján Pálsson. Ég er ekki að biðja um það.

Herra forseti. Í tilraun minni til að koma á framfæri við einn öflugasta fjölmiðil þessa lands því stórmáli sem ég var að nefna um þessi Palestínu- eða arabamálefni, þá kom í ljós þegar ég hafði samband við fréttaritara þessa fjölmiðils, að hann vissi ekki hvað um væri að ræða. Hann hafði ekki hugmynd um að Ísland ætti aðild að einhverjum samtökum sem gætu verið þar áhrifarík, hvað þá heldur að það væri einhver einstakur þingmaður sem hefði þau ítök að hann gæti hlutast til um mál eins og þarna gerðist. Af þeirri ástæðu spyr ég forseta: Hvernig kynnum við okkar erlendu samskipti fyrir fjölmiðlum og fyrir Alþingi? Í öðru lagi: Er ekki ástæða til aðgerða í þessum efnum? Og ég beini því til forsætisnefndar hv. Alþingis að taka þetta mál upp og kanna það hvernig við stöndum að þessu máli og hvernig okkur ber að standa að því.

Að lokum vil ég taka undir ræðu hv. þm. Geirs H. Haardes um ástæður til sóknar Íslendinga á Asíumarkað. Það er rétt að nefna það hér að í Suður-Kóreu hafa t.d. Danir sett á stofn yfir 20 fyrirtæki á ýmsum sviðum og eru í stórsókn á Asíumarkaði. Sama máli gegnir um aðrar Evrópuþjóðir. Þær eru að nýta sér þá möguleika sem eru á þessum mörkuðum. Við verðum að styrkja okkar stöðu sem við getum þar.

Aðeins til þess að tala um fréttaumfjöllun, þá hef ég ekki séð eina einustu frétt eða heyrt í fjölmiðlum á Íslandi um þetta þing eða það sem þar var að gerast. Það er kannski vegna þess að þeir fara t.d. ekki inn á internetið og ná sér í þær fréttir sem hægt er að ná í þar. Ég tók aðeins dæmi um umfjöllun blaða, t.d. í Kóreu, um þetta þing sem skiptir þá miklu máli þó að það virðist ekki skipta miklu máli hér. Þetta finnst kannski einhverjum ekki eiga heima í þessari umræðu en það er ekki rétt. Þetta á akkúrat heima í þessari umræðu um þessi samskipti vegna þess að í skýrslu hæstv. utanrrh. er fjallað um málefni Sameinuðu þjóðanna. Það er rætt um m.a. um málefni sem þar eru efst á baugi, vaxandi fátækt, hungur, rányrkju, mengun, fíkniefnavanda og glæpastarfsemi. Öll þessi málefni eru rædd á þingum Alþjóðaþingmannasambandsins. Þar er skilað ályktunum og niðurstöðum sem þessir 1.400 aðilar standa að, í flestum tilvikum allir, þannig að það er ekkert smámál sem þar er á ferðinni að mínu mati.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja. Mér finnst að það standi upp á þingið að gera betur grein fyrir þessum þætti starfanna. Ég veit ekki hvort það er rétt að fella það inn í þessa umræðu um skýrslu utanrrh. en ég leyfi mér að gera það og tel að það sé rík ástæða til og mörg tilefni sem hægt væri að færa til grundvallar úr þessari skýrslu.

[15:23]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég stend nú einungis upp til þess að taka undir með hv. þm. Auðvitað eiga þessi mál erindi í þessa umræðu en hér fer jafnframt fram umræða um skýrslur einstakra þingnefnda sem starfa að alþjóðamálum. Ég held að það sé mikilvægast að þingmenn taki þátt í þessum umræðum og sýni því áhuga og taki undir mikilvægi þess starfs sem unnið er á alþjóðavettvangi, hvort sem það er á vegum Alþingis, utanrrn. eða annarra. Það vill oft bregða við að menn gera lítið úr slíkum störfum og það gera þingmenn stundum sjálfir því að með því að gera lítið úr t.d. störfum ríkisstjórnar á erlendum vettvangi, þá eru menn í reynd að gera lítið úr eigin störfum á þeim sama vettvangi.

Ég held að öllum megi vera það ljóst í dag að það eru orðin mikil sannindi sem Kennedy forseti sagði fyrir 30 árum, að engin ein þjóð ræður örlögum sínum sjálf. Við erum háð öðrum þjóðum á einn eða annan hátt þó að auðvitað höfum við mest um það að segja sjálf hvernig okkur vegnar, en við getum það ekki nema í samstarfi við aðrar þjóðir. Ef við ætlum að koma okkar málum á framfæri og standa fyrir hagsmunamálum okkar og rétti, þá verðum við að gera það með alþjóðlegu samstarfi.

Það er ekki síður mikilvægt að þetta gerist milli þjóðþinganna og það skiptir lýðræðisþróun í heiminum afar miklu máli að þingmenn allra landa taki þátt í þessu starfi þannig að mér líkar vel að talað sé á þessum nótum því að ég hef bæði sinnt alþjóðlegu starfi sem þingmaður og ráðherra og það er ánægjulegt til þess að vita að það skuli vera, annað slagið a.m.k., talað um það af réttsýni eins og hv. þm. gerði hér.

[15:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja, en ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir undirtektir við mín orð. Ég tel að staðan sé þannig að þinginu beri að kynna fyrir þjóðinni, fyrir fjölmiðlum, hvað það er í raun og veru sem verið er að vinna á alþjóðlegum vettvangi af hálfu þingsins og kannski þarf að fjalla enn meira heldur en gert er um hvaða hlutverki Íslendingar hafa átt að gegna, þessi fámenna þjóð — eins og Svíar segja stundum: Lilla Island — þ.e. hvað þessi fámenna þjóð hefur getað haft mikil áhrif. Það er kannski fyrir það að við eigum talsmenn sem skara fram úr oft og tíðum. Ég vil nefna að þeir aðilar sem ég gerði hér að

umræðuefni hafa gert það svo sannarlega þar sem ég hef séð til. Ég ítreka þakkir fyrir þau svör sem ég fékk hér frá hæstv. utanrrh.

[15:27]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu. Þar er víða komið við en ekki er hægt að segja að margt komi á óvart, enda er hér meira um yfirlit yfir fortíðina að ræða fremur en ráðherrann setji hér fram sína framtíðarsýn á mörgum sviðum eins og fleiri hafa bent á í þessari umræðu.

Ég vil taka undir það sem aðrir hafa bent á hér og láta í ljós undrun mína yfir því hve fáir þingmenn og ráðherrar eru viðstaddir þessa umræðu. Ég held að þetta sýni kannski að við höldum oft að við séum meira alþjóðlega hugsandi en við erum og alveg eins og við teljum að það sé mikið af erlendum fréttum hér í sjónvarpi miðað við nágrannalöndin. En nýjar rannsóknir Sigrúnar Stefánsdóttur og fleiri benda til að við erum heimóttarlegri en t.d. hin Norðurlöndin. Það er mun hærra hlutfalli hér varið til innlendra frétta en erlendra og minna til erlendra en á öðrum Norðurlöndum.

Við lestur þessarar skýrslu vakna fleiri spurningar en þau svör sem þar koma fram. Það er ekki ætlun mín að flytja almenna ræðu um þessa skýrslu. Ég vil í því sambandi vísa meira til ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur hér áðan.

Ég vil hins vegar gera nokkur atriði að umtalsefni og spyrja hæstv. ráðherra um. Ég vil fyrst beina athyglinni að umfjöllun ráðherrans um Evrópusambandið og því sem kemur fram í skýrslunni að framtíðarsamskipti okkar við ESB munu fyrst og fremst ráðast af tengingu VES við ESB annars vegar og hvernig Schengen-samstarfið fellur að Evrópusamstarfinu hins vegar.

Varðandi Schengen þá skil ég stefnu ráðherrans þannig að hann telji mögulegt og æskilegt að við tökum þátt í því samstarfi þrátt fyrir að niðurstaðan verði að ESB verði mun nátengdara Schengen en kannski útlit var fyrir í upphafi. Ég vil spyrja ráðherrann hvort sá skilningur sé ekki réttur.

Þá vil ég spyrja um hitt atriðið sem mér finnst nokkuð óljósara: Hvers vegna eru Íslendingar mjög mótfallnir því að VES verði breytt í varnararm ESB? Er það vegna áhrifanna á valdajafnvægið gagnvart NATO eða er það vegna þess að ekki yrði nægilegt fyrir Ísland að vera í NATO eingöngu vegna sinna varnar- og öryggishagsmuna, að mati hæstv. ráðherra? Ég óska eftir að ráðherrann útskýri afstöðu sína nánar til tengsla VES og ESB og áhrif þess á stöðu Íslands.

Þar sem ekki er sagt neitt nánar um breytingu á stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart ESB, þá geri ég ráð fyrir að stefnan sé óbreytt. Varðandi myntbandalagið er ljóst að það er eiginlega ekki neitt rætt í skýrslunni nema talað er um gagnasöfnun. Ég geri ráð fyrir að ástæðan sé sú að ekki sé ætlunin að breyta stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart ESB. Þess vegna spyr ég ráðherrann hvort hann telji að myntbandalagið muni aldrei verða Íslendingum það mikilvægt að ástæða verði til að breyta hugmyndum okkar um aðild að ESB út af því eða hvort hann telji að EES-samningurinn muni hugsanlega ná yfir einhvers konar aðild að myntbandalaginu. Eins og ég skil málið þá munu eingöngu ESB-ríki fá aðild að myntbandalaginu ef til þess kemur en ég hef ekki séð það útfært hvaða hugmyndir eru á kreiki um það hvernig EES-ríkin tengjast því máli.

Næst vil ég spyrja varðandi Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu ÖSE. Það er gefið til kynna í ræðu hæstv. utanrrh. að æskilegt væri að koma aftur á starfandi fastanefnd hjá ÖSE og því vil ég spyrja nánar hvort slíkt standi til og þá hvenær, hvort meira sé ákveðið en fram kemur í ræðunni.

Næst vil ég koma að einu stærsta öryggismáli Íslands að mati okkar kvennalistakvenna sem er sú ógn sem stafar af kjarnorku og kjarnorkuúrgangi í hafinu í kringum landið. Ég vil í því tilefni, herra forseti, vitna örlítið í stefnuskrá Kvennalistans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það sem öðru fremur ógnar nú jarðarbúum eru hættur sem steðja að umhverfi okkar, svo sem útbreiðsla kjarnavopna, ótrygg kjarnorkuver, geislavirkur úrgangur, gróðurhúsaáhrif, eyðing regnskóga, auðlindaþurrð og mengun. Í því efni á íslenska þjóðin mikilla hagsmuna að gæta því að framtíð byggðar í landinu stendur og fellur með lífríki hafsins. Kjarnorkuslys við strendur Íslands eða í Norðurhöfum hefðu ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir lífsafkomu þjóðarinnar. Því er það hlutverk okkar að vinna að friðlýsingu hafsins, jafnt sem lands og lofts."

Í skýrslu ráðherrans er á nokkuð mörgum stöðum komið inn á atriði sem tengjast þessu máli beint og óbeint. Á bls. 6 er því haldið fram að innan NATO sé sú þróun að draga úr kjarnorkuviðbúnaði bandalagsins. Á bls. 8 er rætt um áheyrnaraðild Íslands að afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem m.a. vinnur að kjarnorkuafvopnun í víðu samhengi. Á bls. 11 er á það bent að árið 1998 hafi Sameinuðu þjóðirnar tileinkað málefnum hafsins og talað er um að við Íslendingar höfum þar miklu að miðla.

Herra forseti. Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sjái ekki vandkvæði á því að þurfa sífellt að lúta stefnu NATO á þessu sviði sem augljóslega fer oft ekki saman við ofannefnd markmið. Margir þingmenn hafa setið á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal sú sem hér talar, og það er alveg ljóst að undanfarin ár hafa komið fram tillögur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m.a. ein á meðan ég var þarna sl. vetur, þar sem rætt er um að lýsa ákveðin hafsvæði kjarnorkulaus. Í mínum huga er það engin spurning að það eru hagsmunir Íslands að styðja slíkar tillögur. En vegna aðildar okkar að NATO var það ekki mögulegt vegna þess að NATO gefur ekki upp hvort skip þeirra eru með kjarnorkuvopn eða ekki.

Fleiri mál af slíkum toga komu upp á meðan ég var hjá Sameinuðu þjóðunum og það sýnir okkur mjög vel hver smæð okkar Íslendinga er í raun og veru gagnvart NATO og hvað við höfum lítið að segja þegar hagsmunir okkar og þeirra fara ekki alveg saman. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji líklegt að það verði einhvern tíma þóknanlegt NATO-ríkjunum eða bandalaginu að lýsa t.d. Norður-Atlantshafið kjarnorkuvopnalaust svæði eins og við kvennalistakonur leggjum áherslu á í okkar stefnuskrá. Er það mat hæstv. utanrrh. að þessum hagsmunum sé fórnandi fyrir aðild okkar að NATO?

Næst vil ég, hæstv. forseti, spyrja hæstv. utanrrh. út í æfinguna Samvörð 97 sem vikið er að í skýrslunni og mér skilst að verði að mestum hluta greidd af NATO, en ætlunin er samkvæmt því sem kemur fram í skýrslunni að framkvæmdin verði fyrst og fremst í höndum Almannavarna ríkisins. Að gefnu tilefni vil ég spyrja, þar sem boðkerfi hernaðarbandalags og boðkerfi Almannavarna ríkisins eða almannavarnakerfa almennt eru mjög mismunandi, hvort engin hætta sé á árekstrum þarna, hvort ætlunin sé að Almannavarnir ríkisins stýri þessari æfingu, hvort reyna eigi á mismuninn á þessum boðkerfum, hvort æfingin gangi að

hluta til út á það eða hvort ætlunin sé að aðeins hluti framkvæmdarinnar verði í höndum Almannavarna og henni verði að hluta til stjórnað af hernaðarbandalaginu.

Ég vil fagna því að Ísland virðist vera að efla þátttöku sína á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, t.d. með aðild að Efnahags- og félagsmálaráðinu, ECOSOC, og að nefnd Sameinuðu þjóðanna um friðargæslu. Af því tilefni vil ég láta í ljós það álit að ég tel að sendinefnd Sameinuðu þjóðanna í New York sé undirmönnuð og vil spyrja hvort ætlunin sé að þessi viðbótarverkefni verði lögð að auki á það starfsfólk sem er fyrir eða hvort ætlunin sé að fjölga fastafulltrúum.

Herra forseti. Af mörgu er að taka þegar utanríkismál eru annars vegar en tímans vegna ætla ég ekki að fara inn á mjög mörg atriði í viðbót. Ég ætla þó að ítreka þau sjónarmið sem fram komu í ræðu hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um mikilvægi þess að leggja áherslu á mannréttindamál og umhverfismál í okkar utanríkisstefnu. Þó að ég fagni þeirri auknu áherslu sem utanrrh. leggur á viðskiptamál, tel ég mjög vafasamt að sú áhersla nái um of til okkar þróunaraðstoðar. Þó að slíkt geti heppnast vel, samanber þátttöku stoðtækjafyrirtækisins Össurar hf. í aðstoðarverkefni vegna styrjaldarinnar í Bosníu, þá tel ég mjög varhugavert að tengja viðskipta- og þróunaraðstoð um of. Ég fagna því að til stendur að Ísland taki þátt í þróunarverkefni á sviði ungbarna- og mæðraverndar eins og nefnt er á bls. 11 í skýrslunni og vil því spyrja ráðherra hvort hann geti gert nánar grein fyrir við hvað er átt þar og hvernig Íslendingar koma að því verkefni. Er það í Bosníu?

Alþjóðabankinn hefur bent á að vænlegasta leiðin í þróunaraðstoð og vænlegasta leiðin til þess að ná árangri sé sú að styðja við konur, menntun þeirra og hæfni til að reka fyrirtæki, m.a. með því að veita þeim lán. Því fagna ég framlagi Íslands í þróunarsjóð Sameinuðu þjóðanna um konur og styrki til UNIFEM á Íslandi. Við Íslendingar verðum að standa vörð um jafnréttis- og mannréttindamál, bæði hér og á alþjóðavettvangi, ekki síst stöðu flóttamanna sem margir hverjir eru konur og börn og stöðu samviskufanga, samanber starf Amnesty International og þær góðu ábendingar sem þau samtök hafa komið fram með um æskilegar lagabreytingar sem ég vona að stjórnvöld taki til greina.

Að lokum vil ég láta í ljós óánægju mína með framlög íslenskra stjórnvalda til þróunarmála, hversu lág þau eru og spyr að lokum hvort til standi að hækka þau framlög það sem eftir lifir kjörtímabilsins. Eigum við varanlega að vera eftirbátar annarra á því sviði þrátt fyrir uppgang í íslensku efnahagslífi?

[15:43]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka það sem hér hefur m.a. komið fram, en það er nú svo að það efni sem hv. þm. hefur réttilega komið hér á framfæri og spurt mig um er það yfirgripsmikið að mér mundi ekki einu sinni nægja sá tími sem ég hef til svara, eða 15 mínútur síðar í þessari umræðu, bara til að svara henni. Það sýnir að nokkru leyti að við erum í vissum vanda með þessa umræðu. Hér hefur komið fram mjög hörð gagnrýni á utanrrh. fyrir að segja ekki miklu meira á 30 mínútum. Það má vel vera að hægt sé að fá utanrrh. sem getur lesið hraðar og ég sé ekki betur en það sé þá eina leiðin til þess að koma meiru á framfæri að gera það þannig því að ég þyrfti að sleppa ákveðnum köflum úr minni ræðu. Þetta er ekki vegna þess að utanrrh. sé ekki tilbúinn til að hafa um þetta miklu fleiri orð og gera þessu máli skil með miklu skýrari hætti. Ég segi fyrir mig að mér finnst mjög miður að þurfa að sitja undir ámælum þingsins ár eftir ár fyrir það að segja ekki meira í þinginu en síðan hafi ég ekki heimild til að tala hér. Ég bið því hv. forsætisnefnd að taka til umfjöllunar hvernig megi leysa úr þessu máli fyrir hönd þingsins þannig að bærileg sátt geti ríkt um það.

Ég er búinn með þann tíma sem ég ætlaði til svara hv. þm. í andsvörum. Ég vil þakka að hún hefur komið mjög inn á kjarnorkuvá í kringum landið, en það er mikill grundvallarmunur á okkar skoðunum vegna þess að ég tel að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu tryggi það að við getum tekið á þessum málum og hjálpi okkur til þess að taka á þessum málum en ekki hið gagnstæða þannig að það að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu þýddi að næsta vonlítið væri fyrir okkur að taka á þessum málum. En ég get kannski komið betur inn á það í síðara andsvari.

[15:45]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til þess að fyrirbyggja misskilning þá var ég ekki að mælast til þess að við gengjum úr Atlantshafsbandalaginu, eingöngu að spyrja hæstv. ráðherra um hvort hann telji okkur, þetta litla ríki, eiga einhverja möguleika á að hafa áhrif á stefnu svona bandalags. Og fyrst bandalagið lýsir því yfir að það vilji fækka sínum kjarnorkuvopnum, hefur þá t.d. einhver umræða af þessu tagi átt sér stað? Það hljóta augljóslega að vera hagsmunir Íslands. Við hljótum að vera sammála um að æskilegt sé að hafsvæðið í kring um Íslands verði kjarnorkuvopnalaust.

[15:46]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við getum haft áhrif og höfum haft mikil áhrif. Við erum eitt af þeim ríkjum sem stofnuðu Atlantshafsbandalagið og við sitjum þar á jafnréttisgrundvelli og við ræðum þessi mál á jafnréttisgrundvelli þar.

Aðalváin á Norður-Atlantshafi nú, og það er alveg rétt hjá hv. þm., er ástandið á Kólaskaga og ástandið í Rússlandi. Aðalváin er ekki hvort einhvern tíma hefur verið flogið með kjarnorkuvopn yfir Ísland, fyrir 20, 30, 40 árum, sem ég tel að hafi ekki verið. Það skiptir í reynd ekki máli hvort það hafi einhvern tíma gerst, þó að það hafi verið alvarlegt, ég tek undir það. Það er þessi kjarnorkuvá í Norðvestur-Rússlandi sem er gífurleg.

Við getum tekið á henni með öðrum NATO-ríkjum. Við getum m.a. tekið á henni í samvinnu við Rússland í þeim samningum sem nú standa fyrir dyrum milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands og í friðsamlegri samvinnu við Rússa getum við tekið á þessum málum. Við munum ekki taka á þessum málum ef við ætlum okkur að vera í einhverjum endalausum átökum við Rússa. Við verðum að ná þeirra samvinnu og þeirra trausti og taka á þessari miklu vá með þeim því að við gerum okkur grein fyrir því hvort sem okkur líkar betur eða verr að þeir munu ekki gera það einir. Og þau samtök sem best geta unnið að lausn þessa máls eru Atlantshafsbandalagið og aðildarþjóðir þess þannig að aðildin að Atlantshafsbandalaginu skiptir sköpum í þessu sambandi og er því ekki hindrun heldur þvert á móti forsenda þess að við fáum lausn á þessu máli sem er ásættanleg fyrir okkur. En þessi vá er svo mikil að það hlýtur að vera forgangsverkefni íslenskra utanríkismála að reyna að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að fá lausn þessa máls.

[15:48]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get samþykkt það að ástandið á Kólaskaga er mjög alvarlegt og líklega stærsta ógnin en það breytir ekki því að amerískir kafbátar eða öll þau skip sem hér sigla í kring með kjarnorkuvopn bjóða ákveðinni hættu heim. Það geta orðið slys á þeim. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að lýsa hafið kjarnorkuvopnalaust, og er ekki hæstv. ráðherra sammála mér í því?

[15:49]

Útbýting þingskjals:

Úrskurður stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 574. mál, fsp. BH, þskj. 947.

[15:49]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í yfirgripsmikilli ræðu lýsti hæstv. utanrrh. afstöðu sinni til margra helstu málaflokka sem snerta utanríkismál okkar og ég tel að full ástæða sé til þess að lýsa yfir ánægju með þá ræðu. Hún er yfirgripsmikil. Formsins vegna kafar hún ekki djúpt í hvern málaflokk og menn verða þá að sætta sig við það á meðan þetta form er haft á umræðunum.

Ég vil nota tækifærið sem ég hef hér til þess að minnast á tvö atriði í sambandi við ræðu hæstv. utanrrh. Annað er fyrst og fremst það að ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju minni með ákveðin praktísk skref sem nú er verið að taka í utanrrn. Þau láta e.t.v. lítið yfir sér þar sem þeim er lýst en hafa mjög mikla þýðingu í raun. Þar er ég að tala um að verið er að koma á fót í utanrrn. sérstakri viðskiptaþjónustu sem ég hygg að muni hafa afar mikla þýðingu í framtíðinni.

Það er svo að Íslendingar hafa ekki náð að samræma sína kynningarstarfsemi fyrir íslenskt atvinnulíf á erlendum vettvangi. Í raun og veru er hún þrenns konar ef við undanskiljum utanrrn. Á sérstakan hátt er unnið að kynningarmálum íslenskra orkuframleiðenda. Það er MIL, Markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar, sem starfar að því. Eðli málsins samkvæmt er þeirri skrifstofu nokkuð þröngur stakkur sniðinn. Hún fjallar um orkumálin, orkufrekan iðnað fyrst og fremst, en hún skoðar ekki orkumálin í víðara samhengi eins og t.d. út frá sjónarhóli ferðaþjónustunnar. Ferðamálaráð annast markaðssetningu íslenskra ferðamála með ófullnægjandi fjármunum og við talsverð vanefni. Síðan er Útflutningsráð sem sinnir almennri verkefnaþjónustu í sambandi við útflutninginn, en sinnir hvorki sérstaklega málefnum ferðaþjónustunnar né heldur orkufreka iðnaðarins. Það væri afar mikilsvert held ég að að reyna að finna leiðir til þess að samræma þessi mál og sameina kraftana og reyna að ná meiri slagkrafti út úr því samstarfi heldur en við höfum í dag.

Ég tel að þau tök sem utanrrn. er að taka á þessum málum séu til bóta og hygg að í ljósi þeirrar ákvörðunar að koma á fót þessari viðskiptaþjónustu sé hægt að leita eftir betri nýtingu á íslenskum starfskröftum á erlendum vettvangi heldur en hingað til hefur verið mögulegt. Ég vil því lýsa sérstakri ánægju minni með þetta atriði.

Það sem ég ætla hins vegar að koma að í mínu stutta máli snertir öryggismál í Evrópu og það hvernig við getum lagt okkar lóð á vogarskálina, einmitt á þennan praktíska hátt sem mér finnst að utanrrh. hafi nú innleitt og ég held að skipti miklu máli. Þegar rætt er um öryggismál í Evrópu finnst mér oft gleymast að grundvöllur öryggismálanna er efnahagsþróun í Mið- og Austur-Evrpópu. Á efnahagsþróuninni byggist öll öryggissamvinnan og það er ekkert eins hættulegt og sú skelfilega þróun sem hefur átt sér stað í efnahag Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands nú á síðustu árum. Það er fátt eins hættulegt öryggi Evrópu og hrun efnahagslífsins í þessum löndum. Á sama tíma og lönd eins og Tékkland, Pólland og Ungverjaland eru á uppleið, sum þeirra eru á mjög hraðri uppleið, þá er fullkomin stöðnun í efnahagslífi Rússlands. Það er hnignun í Hvíta-Rússlandi og það er hnignun í Úkraínu.

Reyndar voru að berast fregnir um það núna nýlega að efnahag Rússlands hnignaði ekki lengur og nú væri gert ráð fyrir því að hagvöxtur hæfist þar jafnvel á þessu ári. Samkvæmt öðrum upplýsingum sem ég hef eru þetta afar ótraustar heimildir og ekkert bendir sérstkalega til þess að botninum sé náð í Rússlandi. Ég nefni það til þess að menn átti sig á stærðum mála í rússnesku hagkerfi að 1995 var tæplega 200% verðbólga í landinu. Hún hefur að vísu lækkað mjög mikið og var á árinu 1996 22%. Hins vegar eru allar hagtölur um Rússland afar ótryggar. Rúblan hefur aftur öðlast sess á alþjóðlegum mörkuðum þannig að hægt er að skipta, það er hægt að nota rúbluna sem gjaldmiðil á alþjóðlegum mörkuðum en hins vegar stendur eftir að grundvöllur skattheimtu í rússneska kerfinu er í molum og skuldir ríkisins safnast upp mjög hratt, bæði að því er varðar opinber laun og einnig að því er varðar vaxtagjöld. Hagvöxturinn var á árinu 1995–1996 neikvæður að því er talið er um 6%, og fjárfesting hefur hrunið í Rússlandi.

Hvað þýðir þetta ef við lítum á áhrif Rússa á nágrannalönd sín? Efnahagsástandið í Rússlandi hefur í raun mjög truflandi áhrif á öll nágrannaríki Rússa. Efnahagsástandið í Rússlandi hefur t.d. afar truflandi áhrif á Kákasusríkin. Ef við tökum dæmi, þá hafa Rússar að sjálfsögðu af sögulegum ástæðum mikin áhuga á því að hafa afskipti af stjórnmálaþróun í þessum löndum. Og hvaða stöðu hafa þeir til þess nú? Hvað hafa þeir að miðla þessum þjóðum? Þeir hafa ekki fjármuni. Þeir hafa ekki matvæli. Hvort tveggja skortir sárlega í þessum ríkjum. Þeir hafa ekkert nema vopn. En þeir hafa notað vopnin líka. Þeir hafa notað vopn í þessum ríkjum miskunnarlaust til þess að kynda undir innanlandsófrið þar. Það hafa þeir gert í Aserbaídsjan, í Nagornó-Karabakh. Það hafa þeir gert í Georgíu með því að vopna aðskilnaðarsinnana í Abkasíu með þeim afleiðingum að þar hefur farið fram nákvæmlega það sama og í Bosníu-Hersegóvínu, þ.e. að þar hafa farið fram kynþáttahreinsanir. Meira en helmingur þjóðarinnar hefur verið rekinn burt úr Abkasíu og lifir nú í flóttabúðum. Efnahagur þessa litla ríkis sem var þó á sínum tíma, áður en stríðið hófst, fjölmennara en Ísland, er í rúst. Verksmiðjurnar eru tómar. Þar er enginn efnahagur til.

Á meðan ástandið í Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandsi fer versnandi, þá er vitað mál að öryggi í Evrópu er í miklu uppnámi og mikilli hættu. Menn anda kannski rólega á meðan þeir vita að rússneski herinn er veikur, en hættan er ekki þar. Hættan er sú að efnahagsástandið verði þannig í þessum löndum að þar skapist fullkomin örvænting sem leiði af sér hættuástand í stjórnmálum.

Hvað er hægt að gera til þess að ýta undir efnahagsþróun í þessum ríkjum? Er leiðin sem við eigum að fara að veita þessum ríkjum efnahagsaðstoð, beina styrki? Í raun og veru var ákveðið fyrir um það bil sjö árum að fara aðra leið til þess að ýta undir efnahagsþróun í þessum ríkjum.

Ég minni á að Ruud Lubbers hafði frumkvæði að því á sínum tíma, þá sem forsætisráðherra Hollands, að leggja til

að reynt yrði að finna flöt á því að ýta undir fjárfestingu á mjög mikilvægum sviðum í Mið- og Austur-Evrópu og það svið sem hann taldi að eðlilegast væri að nýta var einmitt orkusviðið. Þar studdist Ruud Lubbers við reynsluna í Evrópu þar sem í lok seinni heimsstyrjaldarinnar kusu menn einmitt orkugeirann til þess að reyna að hnýta saman hagsmuni Evrópuríkjanna sem voru þá að ljúka blóðugri styrjöld, hnýta saman hagsmuni Evrópuríkjanna á orkusviðinu vegna þess að það voru einmitt orkumálin sem höfðu oft valdið mikilli togstreitu milli Evrópuríkjanna. Það voru þessi mikilvægu orkuframleiðsluhéruð eins og Ruhr og Elsass-Lothringen sem höfðu skapað mikla erfiðleika í samskiptum Evrópuríkjanna lengi. Farið var af stað einmitt í orkugeiranum og þetta varð upphafið að Evrópusamvinnunni. Við getum haft hvaða skoðun sem er á því hvort við eigum að vera í Evrópusambandinu eða ekki. Hinu verður ekki neitað að sú samvinna sem hefur átt sér stað, fyrst í þessum afmörkuðu samstarfssamningum Evrópuríkjanna á sviði kola og stáls og annarra slíkra þátta, síðan í Efnahagsbandalagi Evrópu og loks nú í Evrópusambandinu, hefur skotið varanlegum stoðum undir öryggi Vestur-Evrópu. Eins hefði verið mjög æskilegt ef það hefði verið hægt að ýta undir sams konar samstarf og fjárfestingaráform varðandi Mið- og Austur-Evrópu.

Orkusáttmáli Evrópu var undirritaður á sínum tíma og á grundvelli hans var gerður samningur sem átti að vera lögformlega bindandi fyrir aðildarþjóðirnar. Sá samningur átti að vera rammasamningur utan um fjárfestingu í orkumálum. Staðan í málinu er sú að 49 þjóðir, ef ég man rétt, eru búnar að undirrita hann, þ.e. framkvæmdarvaldið er búið að staðfesta með undirritun þátttöku í þessum samningi sem lagalega bindandi samningi, en hann öðlast ekki gildi fyrr en 30 þjóðir hafa fullgilt hann. Og staðan er sú nú að einungis 20 þjóðir hafa fullgilt þennan samning.

Ég er þeirrar skoðunar að einmitt samvinna á þessu sviði hefði haft afar mikil áhrif fyrir lýðræði í Austur-Evrópuríkjunum því lýðræði byggir ekki á þeim efnahagslega grundvelli sem þar ríkir nú. Ekkert lýðræði þrífst á þeim efnahagslega grundvelli eða í því efnahagslífi í molum sem þar ríkir nú. Við höfum reyndar ekki fullgilt þennan sáttmála þannig að við höfum ekki lagt okkar litla lóð á vogarskálarnar í þessum efnum. Ég vil benda hæstv. utanrrh. á þetta mál. Ég hygg að alls engin efnisleg andstaða sé við málið í sjálfu sér. Ég held hins vegar að það væri æskilegt ef Íslendingar gætu fullgilt þennan samning hið fyrsta og vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir hér ég að ég vil leggja mín lóð á vogarskálarnar til þess að það megi verða sem fyrst. Ég verð líka að segja að ég á svolítið erfitt með að skýra það fyrir kollegum mínum á Evrópuráðsþinginu frá Austur-Evrópuríkjunum hvers vegna Íslendingar hafa ekki þegar fullgilt þennan samning. Ég held því að ástæða væri til þess að bráður bugur yrði undinn að því að Íslendingar fullgiltu þennan samning. Ég held að hann geti komið að miklu gagni. Staðan er raunar þannig núna í sambandi við þessi orkumál að vitað er að miklar orkulindir eru í Austur-Evrópuríkjunum. Það hefur ekki tekist að nýta þær. Fjárfestingin er afar takmörkuð fyrst og fremst vegna þess að fjárfestarnir telja sig ekki njóta öryggis til fjárfestingar í þessum ríkjum. Og á meðan svo er þá munu öryggismál Evrópu ekki fá þann mikilvæga stuðning sem fólginn er í þátttöku sjálfstæðra fyrirtækja og sjálfstæðra fjárfesta í því að koma efnahag þessara fyrrverandi meðlimaríkja Sovétríkjanna í viðunandi horf. Á meðan efnahagur þessara ríkja er ekki í viðunandi horfi, þá munu stjórnmálin ekki heldur þróast þar á viðunandi hátt og lýðræðið mun eiga í vök að verjast á meðan efnahagur þessara þjóða er svo veikur sem raun ber vitni.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég hef hreyft þessu máli bæði á þingi NATO og á RÖSE-þinginu og ég held áfram að gera það á þingi Evrópuráðsins. Ég á marga skoðanabræður í þessum efnum sem telja að lykilinn að öryggi Evrópu sé að finna í efnahagsmálunum og að sé afar mikil hætta sé fólgin í því að horfa aðgerðarlausir upp á hrun efnahagslífsins sem nú á sér stað í þessum stóru ríkjum Austur-Evrópu. Þetta vildi ég benda á hér í fullri vinsemd og hvetja til þess og lýsa yfir áhuga mínum á því að reyna að stuðla að því að þessi samningur verði fullgiltur.

[16:04]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé sjálfsagt að reyna að hlíta því að fullgilda þennan samning sem hv. þm. nefndi. Það er rétt að það dregst stundum úr hömlu að við fullgildum samninga sem við vildum gjarnan afgreiða sem fyrst, en því er til að svara að okkar litla þjónusta hefur ekki alltaf þá burði til þess að afgreiða það með þeim hraða sem við gjarnan vildum.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að samvinna á sviði efnahagsmála aukist og t.d. má nefna að á sviði Eystrasaltsráðsins er einkum verið að huga að aukinni efnahagssamvinnu þeirra ríkja til þess að treysta þar lýðræði og framtíðarmöguleika þeirra. Það sama er að gerast í Evrópu.

Við skulum ímynda okkur að ef við neituðum að stækka Atlantshafsbandalagið, við vildum ekki stækka það. Hvað gerðist þá? Þá yrði dregin lína í Evrópu og þeim þjóðum sem þar hafa verið að berjast fyrir lýðræði í marga áratugi yrði hreinlega hafnað. Halda menn að það kæmi til með að auka öryggi í Evrópu? Nei, þvert á móti. Það skapaði nýjar hættur í Evrópu og það er leið sem að mínu mati kemur ekki til greina.

En á sama tíma verðum við að auka samvinnuna við Rússa. Við þurfum að gera hvort tveggja. Ég hefði nú vænst þess að það mikilvægi sem hefur komið í ljós í sambandi við Atlantshafsbandalagið yrði til þess að náðst gæti bærileg sátt um það starf hér á landi því að starfsemi Atlantshafsbandalagsins og tilvera þess er forsenda þess að vel takist til um uppbyggingu á öryggi í Evrópu. Það væri óðs manns æði að veikja það. Menn leggja ekki niður tryggingafélag þó menn sjái öryggi aukast um stundarsakir jafnvel. Það er mikil skammsýni og það væri vonandi að umræðan hér gæti orðið önnur og menn sjái mikilvægi Atlantshafsbandalagsins.

[16:07]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir orð hans hér um mikilvægi þessa samnings. Ég er honum alveg sammála um að meginástæðan fyrir því að mál af þessu tagi dragast úr hömlu er að við höfum takmarkaða möguleika á að sinna verkefni af þessu tagi. Ég treysti honum fyllilega til þess að ýta undir að þessi samningur verði fullgiltur. Að því er hann sagði um skilning þjóðarinnar á mikilvægi NATO þá hygg ég að þjóðin hafi fullan skilning á mikilvægi Atlantshafsbandalagsins. Það eru að vísu enn þá hér inni á þingi einstaka fulltrúar sem ekki skilja mikilvægi Atlants-

hafsbandalagsins. Það er svolítið annars eðlis.

[16:08]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá yfirlitsræðu sem hann flutti í morgun um utanríkismál. Það hefur komið fram í þessum umræðum að þýðing utanríkismála er mikil. Hún hefur ávallt verið það fyrir þessa þjóð og hún fer vaxandi því að smáþjóðir eru háðar erlendum samskiptum á öllum sviðum hvort heldur er á sviði viðskipta, öryggismála, menningarsamskipta eða á annan hátt.

Ég hef eins og fleiri þingmenn haft tækifæri til að fylgjast með afmörkuðum þætti utanríkismála, starfi þingmannasamtaka NATO-ríkjanna, en það er farvegur þjóðþinga þessara ríkja til að fylgjast með störfum á vettvangi NATO. Það er vafalaust þess vegna sem mitt nafn dróst inn í þessar umræður í upphafi þeirra í morgun, en ég kem að því síðar.

Það sem er efst á baugi hjá NATO um þessar mundir er stækkun bandalagsins eins og hér hefur fram komið. Það má spyrja sem svo: Hvers vegna er þetta verkefni jafnfyrirferðarmikið og raun ber vitni? Ýmsir hafa haldið því fram, jafnvel hér, að hlutverki bandalagsins væri lokið, óvinurinn horfinn og engin þörf á því að fara í slíka aðgerð. Ég held að þessi skoðun byggist á miklum misskilningi og skammsýni. Ég vil aðeins koma inn á þetta atriði nánar.

Stækkunin er tilkomin vegna ásóknar fyrrverandi Varsjárbandalagsríkja eða ríkja Austur-Evrópu sem hafa barist fyrir lýðræði í áratugi. Þau vilja taka þátt í samfélagi Evrópuþjóða og vilja taka þátt í því samstarfi á sem flestum sviðum, bæði á sviði efnahags- og öryggismála. Aðild að NATO er þeim öryggismál og líka tákn um að þau séu að ganga inn í samfélag vestrænna þjóða. Stækkunin er flókið og viðamikið verkefni, en verkefni NATO eru á miklu fleiri sviðum. Þau felast í samstarfi í þágu friðar sem áður hefur verið komið inn á í þessari umræðu. Þau felast í viðamiklum viðræðum við Rússa um samskipti NATO við Rússland við breyttar aðstæður. Þau felast í viðræðum um stöðu Úkraínu sem er stórþjóð þar sem ástand mála er afar viðkvæmt. Þau felast í viðræðum við þjóðirnar við Miðjarðarhafið um öryggismál en þar er einnig afar viðkvæmt svæði. Einnig felast þessi verkefni í að endurskipuleggja bandalagið hið innra í kjölfar hinna miklu breytinga sem fram undan eru en það er risavaxið skipulagsverkefni.

Í þessari umræðu hefur verið um rætt afstöðu Rússa til stækkunar bandalagsins. Það er fljótt frá sagt að Rússar halda því fram á vettvangi þingmannasamtaka NATO, því að þeir eiga þar áheyrnaraðild, málfrelsi og tillögurétt, að það eigi að stofna evrópskt öryggiskerfi í stað stækkunar. Því er til að svara að ástandi mála í Rússlandi og Sovétlýðveldunum fyrrverandi er háttað á þann veg að öryggismálasamtök með þá innan borðs yrðu veik innan frá vegna hins ótrygga ástands sem er í landinu. Styrkur NATO byggist á samheldni og skipulagi og ógnin stafar ekki eingöngu af ótryggu stjórnmálaástandi í Rússlandi og her sem er í upplausn. Hún stafar af þjóðernisminnihlutum, trúarbragðadeilum, borgarastyrjöldum, hryðjuverkastarfsemi og alþjóðlegri eiturlyfjasölu sem allt eru þekkt vandamál innan Evrópu. Þess verður rækilega vart á þessum vettvangi þegar rætt er við þingmenn frá öðrum ríkjum að öryggismál eru mikið alvörumál fyrir þjóðir sem hafa fórnað mönnum í tveim heimsstyrjöldum á þessari öld og upplifað blóðug átök í sínu næsta nágrenni og þolað innrásir og harðræði. Þess vegna er því horft til NATO sem sterkra samtaka og þess vegna er sótt á um að taka þátt í þessu samstarfi.

Í þessum umræðum hefur verið rætt um kjarnorkuflota Rússa á norðurslóðum og umhverfishættuna sem stafar af þeim. Við höfum lagt á það mikla áherslu innan þessara samtaka að sú vinna og sú upplýsingaöflun sem þingmannasamtökin gangast fyrir, m.a. með starfshópi með öryggismál á norðurslóðum, beinist að því að afla upplýsinga um kjarnorkuflota Rússa, hættuna sem af honum stafar umhverfislega og leita leiða til úrbóta, en auðvitað er efnahagsástandið slíkt að aðstoð hins alþjóðlega samfélags verður að koma til ef miklar breytingar eiga að verða þar á.

Hv. 15. þm. Reykv. sagði í morgun að ég hefði sagt hér í umræðum, sennilega um alþjóðaskýrslur, að Rússar ættu að hafa neitunarvald um stækkun NATO. Þetta er alrangt og frjálslega farið með orð mín svo ekki sé meira sagt. Ég hef alltaf verið talsmaður þess að stækkun NATO yrði þannig að hún skapaði ekki ný vandamál í samskiptum við Rússa. Rússar munu ekki samþykkja hana. Og ef ég væri á þeirri skoðun að Rússar ættu að hafa neitunarvald um stækkun NATO, þá mundi ég ekki styðja þá stækkun þar með. Ég hef aldrei haldið þessu fram. Hins vegar höfum við haldið fram málstað Eystrasaltsríkjanna. Við höfum haldið því fram að þau eigi að fá aðild að bandalaginu og við höfum haldið þeim málstað fram á alþjóðlegum vettvangi. Ég kannast ekki við neinn ágreining í íslensku sendinefndinni hjá þingmannasamtökum NATO um þau efni. Ég kannast reyndar ekki við neinn ágreining við Sjálfstfl. um þessi efni. Við höfum haldið því fram að Eystrasaltsríkin eigi að fá aðild og við höfum haldið því fram að ef þessi aðild verði ekki í fyrstu umferð, þá eigi dyrnar að standa opnar um þau efni. Það er ósköp einfalt mál að skýra frá þessu og ég kannast ekki við neinn klofning í stjórnarliðinu um þetta.

Ég held nú satt að segja að staðhæfingar hv. 15. þm. Reykv. um þessi efni nú trekk í trekk séu í ætt við sárindi maka eða sambýlismanns sem hefur verið sagt upp og látinn róa úr sambúð sem honum þótti góð. Hann reynir að koma illu af stað vegna sárinda og afbrýðissemi og í von um að endurvekja fornar ástir við Sjálfstfl. Það hygg ég að sé undirrótin að þessum tilraunum hans til þess að draga mig fram sem einhvern sérstakan talsmann Rússa í þessari umræðu og reyna að koma af stað einhverjum klofningi við Sjálfstfl. í utanríkismálum hvað þetta varðar. Ég vildi leiðrétta þetta því að það er hálfleiðinlegt að slíkar fullyrðingar séu endurteknar hér umræðu eftir umræðu ef utanríkismál ber á góma.

Að lokum vil ég endurtaka að það er nauðsynlegt fyrir þingmenn að fylgjast sem best með utanríkismálum hver á sínu sviði þar sem menn fá tækifæri til þess og þingmenn hafa fengið það sem betur fer og margir hafa lagt á sig mikla vinnu til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi og það ber að þakka. Það starf er mikilvægt. Það verður til þess að rödd Íslands heyrist á þeim vettvangi og það er alveg nauðsynlegt að hún heyrist sem allra víðast. Okkur eru takmörk sett í þessu efni en við eigum að leggja á okkur nokkra vinnu til þess að halda uppi þessum samskiptum.

[16:20]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég taldi það næsta víst að hv. 15. þm. Reykv. færi í andsvar. Hann hefur einhvern tíma farið í pontu af minna tilefni.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Eins og oftast er stiklað á stóru, farið

yfir sviðið og margt eru það gamlir kunningjar sem koma fram. Ég vil þó byrja á því, vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um Efnahagsbandalag Evrópu, EES og þá hluti, að segja að ég er sannfærður um að eitt það mikilvægasta sem Íslendingar þurfa að gera á næstu árum til þess að viðhalda efnahagslegu sjálfstæði sé að breyta sinni viðskiptastefnu og stefna að því að viðskipti við Efnahagsbandalagið og ríki því tengd verði ekki meir en 50% af heildarviðskiptum Íslendinga. Við erum allt of háðir þessari blokk og það sem verra er, óhagstæðustu viðskipti okkar á mjög mörgum sviðum koma frá þessu svæði. Flestir vita að dýrasta svæði heims í innkaupum á vörum er Evrópa, Ameríka kemur þar á eftir en Asía er ódýrust. Þetta þekkja flestir og þarf ekki að hafa mörg orð um. Hitt er svo staðreynd að það þarf mikið skipulag í samgöngum til þess að geta hagnýtt sér það að eiga viðskipti við þau svæði heimsins þar sem varan er ódýrust.

Ég hef ástæðu til að halda því fram líka að ég hef litla trú á Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu. Forveri hennar afrekaði það eitt að koma af stað styrjöldinni í Júgóslavíu með því að leggja til að Júgóslavíu yrði skipt og hugsaði ekkert um afleiðingarnar. Það er mikil háðsferð fyrir Evrópu að hafa í þriðja skipti á þessari öld orðið að biðja um bandarískan her til að hægt væri að koma á friði í Evrópu. Það er ekki sterk heimsálfa sem þarf í þriðja skipti á sömu öldinni að biðja um bandarískan her til að stilla til friðar í eigin herbúðum. Það er varla hægt að hugsa sér ömurlegra hlutverk heillrar heimsálfu en að lenda í slíku. Sumir virðast ekki hafa skilning á því að Bandaríkjamenn hafa ekki áhuga á að senda her til þess að egna Rússa út af deilum á milli ríkja sem þeir drottnuðu yfir og þess lands sem nú er stjórnað á lýðræðislegan hátt, þó lýðræðið sé veikt, þeir virðast ekki skilja það, en það er ekki áhugi í Bandaríkjunum fyrir því að senda bandaríska þegna til þess að falla á erlendri grundu, í Evrópu. Á því er ekki áhugi. Mönnum finnast kirkjugarðarnir í Evrópu vera nægilega stórir þar sem kross er við kross, með bandarískum hermönnum sem féllu um tvítugt í seinni heimsstyrjöldinni og þeirri fyrri.

Ég vil undirstrika að ég er sammála því sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði um þróunina í Rússlandi. Það er grundvallaratriði að efnahagsmál Rússlands þróist til betri vegar ef lýðræðið á að halda þar velli og það er stærsta öryggismál Evrópu að lýðræðið í Rússlandi haldi velli. Því miður hefur ekki verið skilningur hjá mörgum ríkjum Evrópu í þessum efnum. Það er ekki aðeins að þau hafi ekki stutt Rússa heldur beinlínis unnið gegn þeim, unnið gegn því að þeir næðu vopnum sínum í efnahagslegri framþróun. Í þessu sambandi vil ég minna á að þeir voru þvingaðir til að skrifa undir samninga um takmarkaðan útflutning á áli. Þeir áttu möguleika á að selja ál og rétta við sína stöðu að einhverju leyti en þeir voru þvingaðir til að skrifa undir það að þeir takmörkuðu þennan útflutning.

Ég ætla að bæta fleiru við. Það getur enginn sagt um þjóð sem hefur kjarnorkuvopn undir höndum að hennar herstyrkur sé lítill. Þá skilja menn ekki hvað kjarnorkuvopn eru ef þeir halda slíku fram. En ef þjóð sem hefur kjarnorkuvopn er þvinguð niður á það stig að hungursneyð ríki, þá hlýtur hún annað hvort að beita sínum kjarnorkuvopnum eða selja þau fyrir brauð. Það væru hálfvitar sem stjórnuðu þessum löndum ef þeir gerðu ekki annað hvort og við skulum ekki gera ráð fyrir þeim möguleika. Ég styð lýðræðisþróunina í Rússlandi heils hugar og mér finnst að sé horft yfir Evrópu, þá hafi einn þjóðhöfðingi í Evrópu haft skilning á því að það bæri að styðja þessa lýðræðisþróun og það er Kohl, kanslari Þýskalands. Það var athyglisvert að þegar Berlín tilheyrði hinu nýja, þýska ríki, þá lét hann senda burtu matvælabirgðir Berlínar með herbílunum sem þar voru, yfir til Austur-Þýskalands og inn á það svæði sem fyrrum hafði tilheyrt Sovétríkjunum, til þess að færa þeim mat. Þjóðverjar sendu líka tæknimenn til Rússlands til þess að vinna að því að þar yrðu framfarir, m.a. í bílnaiðnaði.

Nú er tekist á um það hvað eigi að gera á þessu svæði. Sem betur fer hefur sú niðurstaða orðið að Rússum hefur verið lánað fé svo að þeir geti greitt sínum embættismönnum laun. Ef það hefði ekki verið gert þarf ekki annað en hugleiða hvernig íslenskir embættismenn hefðu brugðist við hefði verið hætt að borga þeim kaup. Við erum nú í þeirri stöðu að þeir fara þá gjarnan í verkfall þó þeir fái nú kaup af því að þeir vilja fá meira kaup. Hvernig haldið þið að ástandið væri hér ef við hættum nú alveg að borga þeim kaup? (**Gripið fram í:** Ekkert kaup?) Yrði auðvelt að stjórna á eftir? Auðvitað gengi það aldrei upp og auðvitað hefði Rússland logað í innanríkisátökum þar sem herinn hefði tekið völdin ef ekki hefði verið gripið inn í þessa þróun mála. En allt tengist þetta öðrum og stærri hlutum.

Við Íslendingar höfum haldið uppi vissum ófriði á hendur einni þjóð að undanförnu vegna þess að okkur finnst að einn af þegnum hennar hafi brotið af sér gagnvart Íslendingum. Hann fór með tvær ungar stúlkur sem voru dætur hans frá Íslandi til Tyrklands. Við höfum sótt það mál að þessar stúlkur komi aftur hingað heim. Þetta hefur verið kynnt í sjónvarpi, blöðum og alls staðar. Ég hef verið hlynntur því að þetta væri gert. En allir hljóta að hafa fundið það hvílíka andúð þetta hefur skapað á Tyrkjum. Þið hljótið að hafa fundið það ef þið skynjið andrúmsloft í íslenskri þjóðarsál. Hvaða andrúmsloft skyldi þá ríkja innan ríkja araba í dag ef skoðuð er sú staða að Ísraelsmenn sitja yfir hlut vissra hópa úr þeirra sveitum, þ.e. Palestínuaraba og grjótkastið eitt er vopn æskumanna gegn vel vopnuðum her Ísraels. Það þýðir ekkert að segja: Menn eiga ekki að vera skæruliðar, menn eiga ekki að grípa til örþrifaráða. Það þýðir ekkert að halda slíku fram. Jafnvel á Vesturlöndum gerist það að menn brjálast, taka hríðskotabyssur og skjóta á mannfjöldann í kringum sig þegar eitthvað brestur innra með þeim. Og það hefur brostið innra með öreigum á þessu svæði mikið af því sem kalla má heilbrigða skynsemi þannig að í þeirra röðum eru menn sem svífast einskis. Ég ætla ekki að verja þá staðreynd að þeir drepa saklaust fólk. Ég vil aftur á móti halda því fram að það nálgist sturlun, ástæðan fyrir því að þetta er gert.

Við þurfum ekki annað en fara til Írlands til að sjá hverjar afleiðingarnar eru þegar setið er yfir þjóð jafnlengi og Bretar hafa gert þar. Við sjáum að þar eru notaðar mjög svipaðar aðferðir og arabar gera í Ísrael. Ég vil halda því fram að ástandið í Ísrael sé hættulegra en nokkurt annað í þessum heimi gagnvart heimsfriðinum, nokkurt annað í þessum heimi. Og að því leyti er ábyrgð Íslendinga stór að í góðri trú og af góðum vilja á sínum tíma unnum við að því mjög dyggilega að þetta ríki varð til. Ekkert smáríki í heiminum átti stærri þátt í því að Ísraelsríki varð til en Ísland. Þess vegna hlýtur okkar ábyrgð einnig að vera stór. Það er nefnilega staðreynd að þjóð sem hefur ekki fengið fyrirmæli frá sínum guði í meira en þúsund ár er með ansi gömul fyrirmæli um það hvernig hún eigi að hegða sér og það er ákaflega erfitt að halda uppi við hana vitsmunalegum

viðræðum um að komnar séu leikreglur sem stangist á við hin gömlu fyrirmæli. Þess vegna standa málin þannig að það sem Ísraelsmönnum er heilagt og þeir vilja verja, eins og m.a. að Jerúsalem verði höfuðborg þeirra, er og verður óásættanlegt gagnvart þeim leikreglum sem þjóðir heimsins hafa komið sér saman um í dag sem eru á þann veg að herteknu landi beri að skila.

Við höfum skilning á því að Rússar ættu ekki að sitja yfir Tékkóslóvakíu. Við höfum skilning á því að þeir ættu ekki að sitja yfir Litáen og við höfum skilning á því að þeir ættu ekki að sitja yfir Póllandi. Herteknum löndum ætti að skila. Höfum við skilning á því að Ísrael eigi ekki að sitja yfir Palestínuaröbum? Trúum við því að réttur þeirra til landsins vegna þess að þeir áttu þarna heima fyrir um þúsund árum sé svo sterkur að allt annað verði að víkja? Ef við trúum því þá hljótum við að gera tilkall, ekki til Smugunnar heldur til Noregs. Þaðan erum við komnir. Það er ríkið sem við flýðum vegna skattheimtu, ósanngjarnrar skattheimtu. Þangað hljótum við að stefna aftur og heimta löndin á ný sem við urðum að yfirgefa. Hvað annað? Hvað er verið að deila um þorsk á hafsvæði þar sem þoka og myrkur er allt árið eða hér um bil? Ég sé að mönnum finnst þetta broslegt. Þeir átta sig ekki á alvöru málsins. Ef það er réttur þjóðar að geta tekið landið aftur eftir þúsund ár á þeirri forsendu að hún átti þarna einu sinni heima, þá hlýtur okkar réttur að vera sá sami. Og jafnvel sá ágæti hv. þm. Steingrímur Sigfússon, sem stendur fast á rétti okkar Íslendinga og boðaði það í viðskiptum við Norðmenn að þar gilti ekkert nema hnefinn, hann hefur ekki minnst á þetta einu einasta orði. (**SJS:** Verðum við þá ekki að taka Grænlendinga?) Það er nú svo að ég veit ekki til þess að við höfum verið hraktir frá Grænlandi, en þar brestur mig trúlega sögulega þekkingu.

Sannleikurinn er nefnilega sá að ef við tökum hliðstæðuna upp og færum hana yfir á okkar heimshluta, okkar sögu, þá kemur málið fáránlega út. Það er niðurstaðan. Við skynjum það að við eigum engan rétt til Noregs. (**ÖS:** Það er umdeilanlegt.) Umdeilanlegt, heyrist hjá hv. 15. þm. Reykv., Össuri Skarphéðinssyni. Það mál vel vera að hann skýri það betur í ræðustól hér á eftir hvernig það er umdeilanlegt. (**ÖS:** Ég vísa til Jóns Skúlasonar.) Ég vil aftur á móti undirstrika það að þetta mál er ekkert auðvelt að leysa. En við getum ekki setið hjá og horft á það aðgerðarlausir að þessi þróun haldi áfram eins og verið hefur. Á þennan hnút verður að höggva. Vissulega bind ég vonir við það, af því að forseti Bandaríkjanna er á seinna kjörtímabilinu, að hann geti skipt sér af þessu máli af meiri alvöru. En ég vil fullyrða það hér, fyrst tvær heimsstyrjaldir hafa orðið á þessari öld, þá er ekkert sem segir að sú þriðja geti ekki brostið á.

[16:36]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil, eins og fleiri hv. þingmenn, þakka hæstv. utanrrh. fyrir yfirgripsmikla ræðu þar sem helstu hagsmunamál okkar í utanríkismálum og viðskiptum voru tíunduð. Ég þakka einnig hæstv. utanrrh. fyrir þá afstöðu sem hann tók fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að standa með mörgum vestrænum ríkjum undir forustu Dana að fordæmingu á mannréttindabrotum í Kína. Það vakti með mér óhug hve mörg vestræn ríki tóku ekki afstöðu með þessari ályktun í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. Sá óhugur byggist ekki hvað síst á þeirri kúgunartaktík sem Kínverjar notuðu til að beygja lýðræðisþjóðir í krafti stærðar sinnar.

Hvert mun vaxandi yfirgangur Kínverja leiða okkur? Fjöldamorð Kínverja á eigin landsmönnum og Tíbetum ættu að vera vestrænum þjóðum nægt tilefni fyrir utan öll önnur atvik til að taka undir slíka ályktun. Nei, það var öðru nær og verð ég að lýsa undrun minni yfir viðbrögðum sem koma fram í helstu fjölmiðlum okkar Íslendinga á þessu máli þar sem því er slegið upp sem sigri Kínverja. Sigur yfir hverjum? Ég kalla þetta kúgun og mjög alvarlegt að slíkt geti gerst í dag og ekki séð að mínu viti fyrir endann á því hvort þetta sé fyrsta alvarlega skrefið í kúgun Kínverja á hinum vestræna heimi. Er það sigur? Ég segi nei. Það er í mínum huga ofbeldi.

Herra forseti. Ég vil taka undir áhyggjur hæstv. ráðherra vegna tilhneigingar Evrópusambandsins til að innlima VES í Evrópusambandið eins og kemur fram í skýrslu hæstv. ráðherra. Það er að mínu áliti veikt fyrir Evrópu, þ.e. Evrópu framtíðarinnar. Innan Vestur-Evrópusambandsins starfa hlið við hlið þjóðir með málfrelsi og jafnvel sumar með takmarkaðan atkvæðisrétt eins og við Íslendingar. Raddir þessara þjóða munu þagna ef innlimun verður í Evrópusambandið en þær hafa saman getað skapað grundvöll að friðarferli til samstarfs, eins og t.d. í Bosníu og víðar, sem ekki er víst að náðst hefði með öðrum hætti.

Ég spurði hæstv. utanrrh. á síðasta þingi hvort hann hygðist vinna að því að Ísland gerðist fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu. Ég teldi að það mundi styrkja stöðu Íslands í Evrópu og stöðu Vestur-Evrópusambandsins. Hæstv. ráðherra sagði þá í svari sínu að hann væri ekki að vinna að slíku eða hygðist sækja um aðild, enda eru lög Vestur-Evrópusambandsins þannig að okkur er það ekki heimilt. Ég hefði þó talið æskilegt að við reyndum að fá þeim reglum breytt og veit ég að innan Vestur-Evrópusambandsins er stuðningur fyrir því að Íslendingar gerist fullgildir aðilar að þeim samtökum. Ég vil því spyrja hæstv. utanrrh. enn og aftur hvort einhver slík vinna sé í gangi í dag til að undirbúa fulla aðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu.

Herra forseti. Á þingi Sameinuðu þjóðanna í desember sl. í fyrstu nefnd þingsins var borin upp tillaga um álit Alþjóðadómstólsins varðandi lögmæti kjarnorkuvopna. Að áliti NATO-ríkja var litið á þessa tillögu sem árás þjóða eins og Kínverja og fleiri á varnarkerfi NATO. Öll NATO-ríkin greiddu atkvæði gegn tillögunni nema Ísland, Danmörk og Noregur. Ísland stóð þar að því að kljúfa samstöðu NATO-ríkjanna gegn ýmsum einræðisríkjum. Ég spyr hæstv. utanrrh. að því hvað hafi búið þarna að baki.

Fleiri dæmi eru um að við snúum okkur í hlutleysisátt og stöndum ekki með Bandaríkjamönnum eins og við gerðum áður. Ég vil einnig spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort við séum að breyta afstöðu okkar í málefnum sem snúa að NATO og samstöðu okkar með Bandaríkjamönnum. (**Utanrrh.:** Gerðu svo vel að endurtaka, ég missti af spurningunni.) Ég var með tvær spurningar til hæstv. utanrrh. Önnur er hvort einhver vinna sé í gangi til að Íslendingar sæki um fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Ég spurði hæstv. ráðherra að því í fyrra hvort slík vinna yrði sett af stað. Svarið við þeirri spurningu var þá neikvætt og ég spyr, vegna þess að ég deili áhyggjum með hæstv. ráðherra út af þeirri tilhneigingu Evrópusambandsins að innlima Vestur-Evrópusambandið í Evrópusambandið og hvort við gætum hugsanlega styrkt Vestur-Evrópusambandið og okkur með því að sækja þetta mál fastar.

Ég spurði hæstv. ráðherra einnig að því, og verð þá að endurtaka þann hluta ræðu minnar, að á þingi Sameinuðu

þjóðanna í desember sl. í fyrstu nefnd þingsins var borin upp tillaga um álit Alþjóðadómstólsins varðandi lögmæti kjarnorkuvopna. Að áliti NATO-ríkjanna var litið á þessa tillögu sem árás þjóða eins og Kínverja og fleiri á varnarkerfi NATO-ríkjanna. Öll NATO-ríkin greiddu atkvæði gegn þessari tillögu nema Ísland, Danmörk og Noregur. Ísland stóð sem sagt að því að kljúfa samstöðu NATO-ríkjanna gegn ýmsum einræðisríkjum sem þá höfðu uppi andmæli gegn samtökum NATO-ríkja. Ég spyr því hæstv. utanrrh.: Hvað bjó þarna að baki? Hvað bjó að baki því að við greiddum ekki atkvæði með öðrum NATO-ríkjum í þessu máli?

Ég hef einnig heyrt af ýmsum smærri málum sem hafa sýnst hníga í þá átt að við séum að hverfa frá afdráttarlausri og skýrri afstöðu með NATO-ríkjum og Bandaríkjunum og ég spyr hvort það sé einhver stefna í þá áttina af hálfu utanrrn. að sýna ekki þá samstöðu með NATO og Bandaríkjunum sem við höfum sýnt hingað til.

[16:44]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst að því er varðar fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Það liggur ljóst fyrir að við getum því aðeins orðið aðilar að Vestur-Evrópusambandinu samkvæmt reglum þess að við gerumst fullgildir aðilar að Evrópusambandinu. Það er engin önnur leið til og þar af leiðandi er það ekki á dagskrá. Þessu svaraði ég hv. þm. á sl. ári.

Það er engin stefnubreyting af hálfu Íslands að því er varðar samstarfið innan NATO. Við erum jafnframt í samstarfi innan Norðurlandanna og við utanríkisráðherrar Norðurlandanna ræddum þetta mál ítarlega og sátum hjá á ákveðnum forsendum, sem ég veit að hv. þm. er kunnugt um, með ákveðinni greinargerð. Ég tel að við höfum á engan hátt rofið samstöðu NATO-ríkjanna með þessum hætti, en við vildum með þessu leggja áherslu á sérstöðu Norðurlandanna og þá staðreynd að Norðurlöndin eru andvíg kjarnorkuvopnum og berjast fyrir útrýmingu þeirra án þess að Norðurlöndin vilji á nokkurn hátt hverfa frá skuldbindingum sínum gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Það hefur engin stefnubreyting orðið í þessum efnum en við metum mál að sjálfsögðu með sjálfstæðum hætti og fylgjum ekki Bandaríkjunum í einu og öllu í öllum málum. Það getum við ekki sem sjálfstæð þjóð. T.d. erum við ekki sammála Bandaríkjunum í einu og öllu að því er varðar málefni Kúbu þó að við séum sammála Bandaríkjamönnum í mjög mörgum efnum.

[16:46]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessi svör. Ég geri mér alveg grein fyrir því að reglur Evrópusambandsins bjóða ekki upp á það eins og þær eru í dag að við getum sótt um fulla aðild. En eins og ég sagði áðan, og því miður missti hæstv. ráðherra af því sem ég sagði þá, eru mörg ríki innan Vestur-Evrópusambandsins sem hafa lýst því yfir að þau styðji það að Íslendingar og aðrar þjóðir sem eru með aukaaðild gerðust fullgildir aðilar. Það þarf að sjálfsögðu að vinna að því og það þarf að koma trúlega viljayfirlýsing um það frá íslenskum stjórnvöldum að eftir því sé sóst.

Ég hef upplýsingar um það að Norðmenn hafi sóst eftir því sérstaklega að geta gerst aðilar fyrir utan það að Tyrkir hafa marglýst því yfir. En ég kannast ekki við að nein sérstök ósk í því sambandi hafi komið frá íslenskum stjórnvöldum þannig að ég hefði gjarnan viljað að það væri einhver vinna sett af stað hvað þetta varðar.

Varðandi þá afstöðu sem við tókum þegar snúist var gegn NATO í fyrstu nefndinni, þá er ég að sjálfsögðu sammála því áliti hæstv. utanrrh. að almennt séu menn á móti kjarnorkuvopnum. En kjarnorkuvopn eru grundvallarvarnarvopn NATO-ríkjanna sem þeirra styrkur og fælingarmáttur byggist fyrst og fremst á og ef við stöndum ekki saman að því að halda utan um þann fælingarmátt sem felst í styrk NATO er NATO einskis virði. Þess vegna hefði ég talið og fannst á þeim tíma að við hefðum átt að standa með NATO-ríkjunum að þessu leyti, enda eru þar saman komin ríki sem voru að sameinast fyrst og fremst um NATO-styrkinn.

Ég geri mér líka grein fyrir því, hæstv. utanrrh., að að sjálfsögðu stöndum við ekki í einu og öllu með Bandaríkjamönnum en ég átti þess kost að sitja þing Sameinuðu þjóðanna á sl. hausti og fannst mjög athyglisvert hvað Bandaríkjamenn stóðu einir í sinni varnarbaráttu að mér fannst gagnvart þjóðum sem hafa ekki virt lýðræðisréttindi að neinu leyti neins staðar í heiminum.

[16:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er varðar Vestur-Evrópusambandið þá er að sjálfsögðu ekkert til sem heitir að sækja um aðild að því. Það gerist þannig að Vestur-Evrópusambandið býður ríkjum að gerast aðilar. Þannig er gengið frá því. Okkur var á sínum tíma boðin aukaaðild að Vestur-Evrópusambandinu sem við ákváðum að þiggja og tókum þá ákvörðun að gerast aukaaðilar.

Það kemur mér á óvart að það skuli vera skoðun margra ríkja innan Vestur-Evrópusambandsins að Tyrkland, Noregur og Ísland eigi að gerast fullgildir aðilar. Það þýðir jafnframt að við verðum að gerast aðilar að sameiginlegri utanríkisstefnu Evrópusambandsins og sitja fundi þeirra á sviði utanríkismála, a.m.k. að því er varðar varnarmál og þann þátt evrópskra utanríkismála sem þar er rætt um. Það er hlutur sem ég hef ekki heyrt fyrr, að einhverjar ríkisstjórnir hafi sett fram þá skoðun. Það kemur mér á óvart, en má vera að einstakir þingmenn hafi lýst því yfir í umræðum um þessi mál, en mér vitanlega hefur ekkert ríki sem er fullgildur aðili að Vestur-Evrópusambandinu boðið þessum ríkjum fulla aðild að því.

[16:50]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör. Ég sagði að Tyrkland og Noregur hefðu lýst því yfir að þau vildu sækja um fulla aðild að Vestur-Evrópusambandinu. Ég hef heyrt það í ræðum og Norðmenn hafa sérstaklega tekið þetta fram á þingum Vestur-Evrópusambandsins, Tyrkir reyndar einnig. En ég hef ekki heyrt það af hálfu Íslendinga að þeir sæktust eftir þessu. Mér finnst að það mætti koma fram mjög afdráttarlaust að við æsktum þess að komast þarna inn. Ég er alveg sammála því að þetta er ekki neitt mjög einfalt mál. En þessi beina yfirlýsing um áhuga okkar hefði að mínu viti mátt koma skýrar fram.

Það er reyndar hárrétt og hæstv. utanrrh. þekkir þessi mál að sjálfsögðu mjög ítarlega og eflaust betur en ég, en ég hef ekki litið svo á að reglur Vestur-Evrópusambandsins yrðu þannig að við þyrftum að gerast aðilar að Evrópusambandinu, heldur mundum við fá fulla aðild sem NATO-ríki innan Vestur-Evrópusambandsins og sem slíkir verða utan Evrópusambandsins um leið. Ég vona svo sannarlega að baráttta Vestur-Evrópusambandsins fyrir sjálfstæði sínu haldi áfram og ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur þá afdráttar-

lausu skoðun að Vestur-Evrópusambandið eigi að vera utan Evrópusambandsins.

[16:52]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef út af fyrir sig haft aðstöðu til þess að fylgjast með þessari umræðu að talsverðu en þó ekki öllu leyti í dag og margt umhugsunarvert hefur komið fram sem mig langaði kannski til þess að hnykkja á. Fyrst vil ég segja að mér finnst það umhugsunarefni hvort þessi umræða eins og hún er þjónar tilgangi sínum. Ég veit ekki alveg hvaða gagni hún skilar, ég er ekki alveg viss um það. En ég tek eftir því að utanrrn. er fjölmennt hér í hliðarsölum sem betur fer, tekur niður hinar þörfu ábendingar þingmannanna og gerir þeim einhver skil. Þó veit ég satt að segja ekki hvort þessi tegund af umræðu er skynsamleg. Ég vil því nefna til íhugunar hvort það mætti hugsa sér að hafa hana öðruvísi. Hættan er auðvitað sú að ef menn breyttu umræðunni, þá dyttu menn inn í það sem kallað er talsmannakerfi. Það hefur sína kosti og það hefur líka sína galla því að það þýðir að það takmarkar aðgang þingmanna að umræðunni talsvert. Umræðan yrði þá bundin við tiltekna talsmenn sem væru valdir af flokkunum og þeir sem eru ekki efstir á vinsældalista viðkomandi þingflokka yrðu kannski afar sjaldan í ræðustól með því móti sem er skaði því að þeir sem eru heldur neðan til á vinsældalistum þingflokkanna hafa átt margt gott til málanna að leggja. Málið er flókið en ég held þó að það sé umhugsunarvert hvort við ættum að reyna að hafa þessa umræðu einhvern veginn öðruvísi án þess að ég sé með upp gerðan hug um hvernig það ætti nákvæmlega að vera.

Ég vil einnig segja í framhaldi af þessari umræðu að ég tel að mjög margt merkilegt hafi komið fram í henni og ég verð að segja eins og er að eitt það merkilegasta finnst mér hafa verið það þegar hæstv. utanrrh. sagði frá þeirri ákvörðun sinni að skipa nefnd til að gera úttekt á því hvernig íslenska utanríkisþjónustan gæti best sinnt hlutverki sínu miðað við breyttar aðstæður. Það kom fram í máli hv. 4. þm. Reykv., formanns utanrmn., að ætlunin væri að í þessari endurskoðunarnefnd væru fjórir fulltrúar frá utanrmn. og gert væri ráð fyrir því að stjórnarandstaðan ætti aðild að þeirri nefnd. Ég tel það fagnaðarnefni. Staðreyndin er nú sú að það hefur ekki gengið allt of vel að ná samstöðu um utanríkisstefnuna eins og menn þekkja né heldur utanríkisþjónustuna. Við stöndum á tímamótum í þeim efnum eins og heimurinn allur. Það hafa verið að gerast mjög miklar breytingar sem hafa gerbreytt því landslagi sem við kynntumst flest sem erum í þessum sal fyrir fáeinum áratugum. Breytingarnar eru gríðarlega miklar og við höfum ekki lagað okkur að þessum breytingum. Við höfum heldur ekki búið til sveigjanleika í okkar kerfi sem gerir það kleift að laga sig að breytingunum svo að segja jafnóðum og þær verða. Okkur hættir til þess að vera föst í sama farinu lengi og hættir til þess að búa til þannig kerfi að það tekur okkur langan tíma að hefja okkur til flugs eða til að breyta þótt augljóst sé að samtíminn og aðstæðurnar kalli á breytingar sem væru hagstæðar fyrir Ísland.

Nú er mér ljóst að þessi hugmynd um skipan nefndar fjallar ekki um utanríkisstefnuna. Hún er að forminu til í fyrsta lagi mótuð á Alþingi og framkvæmd hennar er síðan í höndum ríkisstjórnar og utanrrh. en utanríkisþjónustan er gríðarlega mikill partur af utanríkisstefnunni í raun og framkvæmd utanríkismála. Þess vegna finnst mér þessi ákvörðun hæstv. utanrrh. sérstaklega ánægjuleg og má segja að hún sé í beinu framhaldi af umræðum sem hafa verið um þessi mál í þinginu mörg undanfarin ár í tengslum við skýrslu utanrrh. Ég man eftir slíkum umræðum bæði af hálfu, af því að ég sé þá hér í salnum, hv. þm. Geirs H. Haardes, hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og fleiri um nauðsyn þess að reynt sé að taka á þessum hlutum með nýjum hætti. Það sem mér finnst kannski sérstök ástæða til að vekja athygli á er að þegar utanrrh. tilkynnti um þessa ákvörðun sína fyrir utanrmn. þá gerði hann það með pólitískum rökum, ekki eingöngu tæknilegu rökum heldur pólitískum rökum, þ.e. að ný heimsmynd hefði mikil áhrif á stöðu Íslands sem annarra ríkja í samfélagi þjóðanna.

Heimurinn er orðinn eitt markaðssvæði. Landamæri eru óljósari og óljósari og það er greinilegt að á næstu árum og áratugum munu alþjóðlegir samningar í skilningnum glóbalsamningar, heildarhnattrænir samningar, í vaxandi mæli taka við sem stýritæki í heiminum. Þá er ég ekki að tala um samninga í umhverfismálum sem skipta gríðarlega miklu máli — auðvitað verða þeir ekki að neinu gagni nema þeir séu hnattrænir, alþjóðlegir — heldur er ég líka að tala um samninga í öryggis- og friðarmálum, samninga sem leysa af þá skipan sem hefur verið í þeim efnum undanfarna áratugi. Ég er líka að tala um samninga sem snerta efnahagsmál t.d. GATT-samninginn og samninginn um Alþjóðaviðskiptastofnunina, svo dæmi séu nefnd.

Allir þessir hlutir eru síðan með þeim hætti að það er náttúrlega greinilegt að sú heimsmynd sem við höfum haft fyrir augunum síðustu áratugi hefur að nokkru leyti orðið til að kljúfa íslenskt samfélag pólitískt með öðrum hætti en ella hefði verið. Það er alveg greinilegt að ágreiningur um utanríkismál hefur verið úrslitaágreiningur í íslenskum stjórnmálum um áratuga skeið og getur svo sem vel verið að hann verði það eitthvað lengur. En það er líka greinilegt að þessi heimur er að breytast og þessar ágreiningsforsendur eru að breytast. Út af fyrir sig tel ég að mig reki rétt minni til þess að ég hafi haft orð á því áður í umræðum um skýrslu utanrrh. ekki aðeins í tíð núv. hæstv. utanrrh. heldur líka forvera hans. Mér finnst satt að segja að þessi niðurstaða, að kalla til víðtækrar samstöðu varðandi forgangsröðun verkefna á vegum utanríkisþjónustunnar, staðsetningu nýrra sendiráða á næstu árum og fleira, sé svar við þessum áskorunum. Að nokkru leyti líka sýnir það vilja til þess að þessi gjá sem hefur verið til í íslenska samfélaginu verði brúuð og reynt verði að ná samstöðu um utanríkisstefnu á komandi árum og áratugum sem er meiri ánægja með í landinu og breiðari samstaða um en hefur verið. Staðreyndin er sú að hvergi nokkurs staðar hefur verið eins mikill ágreiningur um utanríkismál og framkvæmd utanríkisstefnunnar og á Íslandi af t.d. NATO-ríkjunum. Hvergi nokkurs staðar hefur verið jafnopinn og beinn ágreiningur t.d. um aðildina að NATO. Hvergi hefur verið eins mikill ágreiningur t.d. um erlenda herstöð og hér hefur verið. Þetta helgast m.a. af því að við erum fámenn þjóð og nýlega sjálfstæð þannig að það var erfitt fyrir þjóðina að sætta sig við það að taka við erlendum her og að þjóðin yrði aðili að hernaðarbandalagi. Þetta er að breytast. (**Gripið fram í:** Eru það kommúnistar?) Nei, það var mikið víðtækara, hv. þm., eins og hann þekkir, t.d. úr sínu kjördæmi Austurlandi þar sem ég gæti nefnt marga mæta menn í öllum flokkum sem settu spurningarmerki við þessa utanríkisstefnu. Veruleikinn er þessi. Þess vegna held ég að ástæða sé til að kvitta sérstaklega fyrir það. Alla vega hef ég tekið eftir því að menn hafa ákveðið að reyna að komast að þessum hlutum með öðrum hætti, reyna að efna

til nýrrar samstöðu fyrst um aðferðina við að framkvæma utanríkisstefnuna út af fyrir sig sem að lokum mun, að mínu mati, leiða til þess að kannski verður samstaða um utanríkisstefnuna sjálfa líka.

Auðvitað er það svo, herra forseti, að enn þá verður maður var við í þessum umræðum áherslur og uppsetningu mála sem maður hefði ímyndað sér að tilheyrðu liðnum tíma og það er í sjálfu sér ekkert við það að athuga að menn dragi það fram. En verkefni okkar hér er auðvitað nútíminn og framtíðin og ég tel að það reyna að kalla til víðtækrar samstöðu með þeim hætti sem hér er reynt sé jákvætt og ég er hingað kominn til að þakka fyrir það.

[17:02]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni og öðrum þingmönnum fyrir góðar undirtektir við þessa tillögu. Ég tel afar mikilvægt að hún skuli fá jafngóðar undirtektir og um það geti ríkt samstaða. Það eru margar spurningar sem við þurfum að svara á næstu árum um forgangsmál í okkar utanríkisþjónustu. Ég get nefnt sem dæmi: Eigum við að hafa fastanefnd hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vín? Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að hafa fastanefnd þar þó hún sé e.t.v. ekki mjög stór. Það kostar hins vegar fjármagn. Ég tek eftir því að menn leggja mismunandi áherslu á það á Alþingi að við ræktum það mál. Það er dæmi um að það skiptir máli að því sé ekki eingöngu sinnt sem sumir hafa áhuga á heldur aðrir líka.

Sama má segja um sendiráð í öðrum löndum. Sama má segja t.d. með Alþjóðabankann þar sem við höfum nýlega tekið við forsvari. Við höfum t.d. ákveðið að sinna því að taka við forustu Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í þróunarnefndinni þar sem við eigum sæti ásamt 24 öðrum ríkjum í heiminum, sem eru þó fulltrúar 200 ríkja. Þetta kostar ákveðna vinnu. Þetta verðum við að gera ef við viljum gera okkur gildandi innan þessara málaflokka. Það eru ýmsar slíkar spurningar sem við þurfum að svara. Það sama á við um samstarfið við Evrópusambandið, samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins þegar Atlantshafsbandalagið stækkar og það er mjög mikilvægt að áfram ríki breið samstaða um grundvallaratriði utanríkisstefnunnar. Ég er ekki að gera mér neinar vonir um að samstaða sé um alla þætti en það er afar mikilvægt að samstaða ríki áfram um ákveðin grundvallarsjónarmið og það ættum við að geta klofið, ekki síst með tilliti til þess að lýðræði hefur hér sterkar rætur.

[17:04]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins um þetta atriði. Ég hygg að fram hafi komið hjá formanni Alþb. fyrr í þessum umræðum að sterk samstaða er með okkur varðandi þær áherslur um ÖSE sem hæstv. ráðherra nefndi áðan. Ég held að það sé kannski líka nauðsynlegt að nefna það sem hefur út af fyrir sig ekki komið fram í þessum umræðum en hefur komið fram á öðrum vettvangi, að t.d. er mjög breið samstaða um það, hygg ég, að Íslendingar sækist eftir því þegar aðstæður skapast til þess, að Ísland gæti átt aðild að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Ég hygg með öðrum orðum að gríðarlega breið samstaða sé um það á Alþingi að þjóðin verði að gera sig gildandi á alþjóðavettvangi með myndarlegum hætti. Eftir að hluti Norðurlandanna gekk inn í Evrópusambandið er minna um samstillingu norrænu þjóðanna á heimsvettvangi en áður var t.d. hjá Sameinuðu þjóðunum. Það reynir því meira á okkar fólk og okkar utanríkisþjónustu þannig að ég hygg að verulegur vilji sé til þess að leggja eitthvað til í þeim efnum. Ég hef satt að segja ekki orðið var við það t.d. við afgreiðslu fjárlaga, sérstaklega í seinni tíð, að menn væru að agnúast út í utanrrn., sem var þó landlægt hér áður fyrir allmörgum árum eða áratugum. Ég held því að um þessi mál sé býsna víðtæk samstaða, eins og hefur reyndar komið fram í þessum umræðum, og ég mundi treysta mér til þess í framhaldi af þeim að skrifa upp beinagrind að verkefnalista yfir þau verkefni sem mér sýnist að menn séu í raun og veru ótrúlega sammála um í þessari stofnun.

[17:06]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að við þyrftum að geta tekið að okkur margvísleg verkefni. Við nefnum sem dæmi að við hefðum í reynd átt að taka sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna á næsta ári. Við treystum okkur ekki til þess af því að við höfum ekki nægilegan mannafla til að sinna því. Það má segja að það sé gagnrýni vert en það er sannleikur og það þýðir ekkert fyrir okkur að reyna að sinna slíkum verkefnum nema við höfum burði til þess. Það sama á við um öryggisráðið. Það hefur verið nefnt sem dæmi að Grænhöfðaeyjar hafi átt sæti í öryggisráðinu. Það er rétt. En við þurfum líka að spyrja þeirrar spurningar: Sinntu þeir því með þeim hætti sem við hefðum viljað gera? Ég vil ekki gagnrýna það ríki á einn eða annan hátt. En ég segi einfaldlega: Ég er andvígur því að Ísland taki sæti í öryggisráðinu nema við höfum burði til þess og setjum til þess nauðsynlegan mannafla. Þar erum við ekki að tala um einn eða tvo menn. Það þýðir verulega fjölgun í New York og það þýðir líka allmikla fjölgun í utanrrn. vegna þess að þar verður í reynd að vera vakt allan sólarhringinn. Við verðum alltaf að vera tilbúnir til að svara okkar mönnum á staðnum. Það þýðir líka ábyrgð gagnvart öðrum þjóðum. Það þýðir upplýsingaskyldu gagnvart hinum Norðurlöndunum o.s.frv. Ég er ekki að segja með þessu að við ættum alls ekki að gera þetta. Ég er aðeins að nefna þetta sem dæmi um að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að við getum ekki verið alls staðar. Við þurfum að forgangsraða og þar vil ég ekki síst nefna þróunarmál sem við höfum svo sannarlega vanrækt og þar þurfum að gera betur.

[17:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig minnir að ég hafi lagt spurninguna um öryggisráðið fyrir hæstv. núv. forsrh. fyrir einu eða tveimur árum og hann hafi í raun og veru tekið því vel að þetta yrði sett á forgangslistann. Ég tek fram að ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um að það borgar sig ekki að fara í þetta verk nema menn séu vissir um að hægt sé að sinna því almennilega. Þeir sem þekkja til hafa tjáð mér það, minnir mig, að það mundi kosta nokkurn veginn tvöfalt það sem þegar er varið til þátttöku okkar í allsherjarþinginu í Sameinuðu þjóðunum og í sendinefndinni í New York þannig að þarna er sjálfsagt um talsverða peninga að ræða fyrir utan það sem yrði að vera til staðar á Íslandi. En mér finnst samt sem áður að þetta sé svona dálítið merki fyrir sjálfstæða þjóð, að hún segi: Já, á þessum vettvangi er ég tilbúin til að taka þátt með myndarlegum hætti og kosta dálitlu til í þeim efnum, jafnvel þó það þýði einhvern niðurskurð annars staðar.

Síðan ætla ég aðeins að nefna það sem ég gleymdi í fyrra andsvari áðan og í ræðu minni, að mér finnst mikilvægt að

huga að ýmsu er varðar utanríkisþjónustuna og sendiráðin og það sem mætti kalla að einhverju leyti óhefðbundna utanríkisþjónustu, þ.e. það séu sendiherrar sem fást við ákveðna málaflokka. Ég nefni í því sambandi t.d. hafréttarmálin sem hafa verið aðeins til umræðu og ákvarðanir hafa verið teknar um. Ég nefni í því sambandi umhverfismálin. Mér finnst að þau séu þannig að það mætti hugsa sér að teknar væru sérstakar ákvarðanir til að tryggja að við vitum hvað sé að gerast, samþykkjum ekki annað en það sem við ráðum við í umhverfismálum og séum reiðubúin til þess að taka skipulega á hlutunum. Þarna komum við svo að lokum, virðulegi forseti, að aðild Alþingis að öllu þessu sem er allt of veik eins og við ræddum í umræðum þann 4. apríl sl.

[17:11]

Útbýting þingskjala:

Einkahlutafélög, 405. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 966.

Hlutafélög, 404. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 965.

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, 344. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 964.

[17:11]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég vil þakka þessa umræðu um utanríkismál í dag. Ég tel að hún hafi verið mjög gagnleg og margar þarfar ábendingar hafi komið fram í henni sem við munum taka til frekari athugunar í utanrrn. Ég tel að þrátt fyrir allt eigum við okkur öfluga utanríkisþjónustu þó að hún sé lítil. Þar er unnið mjög mikið og ég get fullyrt það að á þeim vinnustað þar sem utanrrn. er er vösk sveit manna sem vinnur nánast oft og tíðum allan sólarhringinn að ýmsum málum og þar eru verkefni leyst mjög vel af hendi.

Það er líka ljóst að við eigum mikið af fólki sem er tilbúið til að takast á við hin ýmsu verkefni á sviði utanríkismála. Það var t.d. auglýst eftir nokkrum aðilum í utanrrn. fyrir stuttu og var gaman að sjá hvað stór hópur af hæfu ungu fólki var tilbúinn til að takast á við þau störf. Það er því enginn skortur á fólki. Við eigum marga einstaklinga sem eru tilbúnir til að takast á við þennan málaflokk og bera uppi hróður Íslands á erlendum vettvangi.

Það er líka ljóst að utanríkismál og innanlandsmál tvinnast svo saman í dag að þar verður ekki skilið á milli, eins og skýrt hefur komið fram í þessari umræðu.

Það hefur verið sagt í umræðunni að í þeirri ræðu, sem var flutt af hálfu utanrrh. — og er að sjálfsögðu unnin af utanríkisþjónustunni og hefur verið safnað til hennar úr öllum áttum — komi fram lítil framtíðarsýn, engin markmið og þetta sé allt saman heldur ómerkilegt. Ekki ætla ég að gerast dómari í þeim efnum þó að ég sé ekki sammála því. Það eru nokkur atriði sem koma fram þar sem menn hefðu viljað sjá sterkari áherslur og í reynd skýrari mynd. Það á kannski ekki síst við á sviði Evrópumálanna. Við í ríkisstjórninni erum ásakaðir fyrir að hafa enga stefnu í þessum málum og Evrópumálin séu ekki á dagskrá sem auðvitað er ekki rétt. Auðvitað eru Evrópumálin á dagskrá og verða á dagskrá. En við hljótum að fylgjast mjög vel með því sem nú er að gerast, því sem kemur út úr ríkjaráðstefnunni, því sem kemur út úr stækkunarferli NATO o.s.frv. því að það mun áreiðanlega hafa áhrif á ákvarðanir okkar í framtíðinni.

Ég vil hins vegar benda á að það er þó sú skýra stefna af hálfu núv. ríkisstjórnar að fylgjast mjög vel með því sem er að gerast innan Evrópusambandins og reyna eftir mætti að hafa áhrif á þá þróun. Við tökum t.d. þátt í enn ríkari mæli í því starfi sem þar fer fram. Við höfum krafist aðildar að nefndum og ráðum og höfum í reynd fengið aðild að yfir um 300 nefndum og það eru e.t.v. fimm nefndir sem við hefðum viljað fá aðild að sem við höfum ekki fengið. Hluti þeirra nefnda starfar ekki á vettvangi Evrópskra efnhagssvæðisins og því kannski eðlilegt að við höfum ekki aðgang að þeim. Ég vil einnig nefna þá staðreynd að við höfum sóst eftir samstarfi við Schengen-ríkin. Við erum sem sagt að leita eftir öllu því samstarfi sem við getum leitað eftir með þá staðreynd í huga að við stöndum utan Evrópusambandsins. Vilja menn þetta eða vilja menn þetta ekki?

Sumir halda því fram að með þessari stefnu séum við í reynd að nálgast Evrópusambandið enn meira og gera það líklegra að við verðum aðilar að því í framtíðinni. Ég er ekki þeirrar skoðunar að við séum beinlínis að hafa áhrif þar á. En við erum a.m.k. ekki að útiloka það. Við tökum þátt í öllu því frjálsa samstarfi sem við getum við Evrópusambandið og reynum að hafa þar áhrif og gerum það á jákvæðan hátt. Með því erum við að gera það léttbærara fyrir komandi kynslóðir, ef mönnum sýnist svo í framtíðinni að rétt sé að stíga ný skref í þessu sambandi, því að það er staðreynd að við erum aðilar að innra markaði sambandsins og tökum þátt í mjög mörgum þáttum af því samstarfi sem þarna á sér stað í dag. Þetta er okkar stefna en aðrir halda því fram að þetta sé röng leið. Menn eigi einfaldlega að sækja um aðild að Evrópusambandinu, eyða í það miklum tíma og mikilli umræðu innan lands og athuga hvað komi út úr því.

Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir hvað út úr því kemur. Það eru engar líkur á því t.d. að við munum breyta sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki gengið undir hana og ég tel það vera óþarfa æfingu að vera að fara út í það eins og málin liggja fyrir í dag. En það hefur ekkert verið útilokað og menn geta tekið það upp hvenær sem er eftir því sem menn meta hverju sinni.

Það er hins vegar ljóst að stækkunarferli Evrópusambandsins gengur hægt. Það eru engar líkur á því að ný aðildarríki muni bætast við fyrr en alllöngu eftir næstu aldamót, kannski 2005, kannski síðar. Það er ekkert þarna að gerast sem menn eru að missa af. Og það er óþarfi að láta í það skína í þessari umræðu að með stefnu núverandi ríkisstjórnar séu menn að missa af tækifærum sem kunni að rýra lífskjör Íslendinga í framtíðinni.

Það kemur líka fram í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í dag að mismunandi áherslur eru að því er varðar stækkunarferli Atlantshafsbandalagsins. En þó þeir heyri ég ekki annað en að allir þingmenn séu því fylgjandi að Atlantshafsbandalagið sé stækkað. Við eigum að taka þátt í að byggja upp nýtt öryggiskerfi í Evrópu, í samvinnu við nýfrjálsar þjóðir, í samvinnu við Rússa og það er mjög mikilvægt að sú samstaða sé fyrir hendi.

Fram hafa komið margvíslegar spurningar og ég hef reynt að svara þeim eftir bestu getu. Hér hefur t.d. verið rætt allmikið um sjávarútvegsmál og hvalveiðimál og spurt um stefnu Íslendinga í þeim efnum. Mér finnst sú stefna skýr. Við reynum að verja okkar réttindi. Við höfum sýnt fram á að við getum náð friðsamlegri niðurstöðu við samstarfsþjóðir okkar og vini á Norður-Atlantshafi. Við höfum leyst erfið ágreiningsmál á undanförnum tveimur árum og það eru ekki mjög mörg ágreiningsmál sem nú bíða úrlausnar. Eitt mál rís hæst og það er deilan um Barentshafið. Við höfum gert ítrekaðar tilraunir til að ná lausn í því máli en hún hefur

ekki fengist. Ég á von á því að ef við næðum þar lausn, þá væri það áreiðanlega lausn sem ekki væru allir ánægðir með, en við vinnum enn þá að því og ég skil það svo á þessari umræðu að um það sé samstaða að haldið verði áfram á þeirri braut.

Við höfum rætt allítarlega í utanrmn. stöðuna að því er varðar Kolbeinsey. Það er rétt sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson sagði að þar er á margan hátt breytt aðstaða og við höfum látið gera lögfræðilega úttekt á stöðu þess máls og leitum eftir samningum við Dani í því máli. En það er mjög líklegt að auðveldara sé að ná lausn í því máli en deilunni að því er varðar línunni milli Íslands og Færeyja.

Því er haldið fram að við eigum að ná góðu samkomulagi við Grænlendinga um Reykjaneshrygg og standa svo fast á rétti okkar og hlusta ekkert á Dani að því er varðar Kolbeinsey. Þetta eru markmið sem rekast hvert á annars horn. Við höfum ekki átt í nægilega góðu samstarfi við Grænlendinga, það er rétt. En við höfum bætt þau samskipti mjög að undanförnu og það höfum við gert í þeirri von að við getum leyst deiluna að því er varðar Kolbeinsey og jafnframt skiptingu sameiginlegra stofna á milli Íslands og Grænlands.

Ég er sannfærður um að við erum búnir að haga okkur alveg skelfilega að því er varðar umgengnina við grálúðustofninn og reyndar karfastofninn líka. Þar hefur átt sér stað veruleg rányrkja. Á sama tíma og við erum nú að draga úr veiðum á þessum svæðum, sem er því miður að einhverju leyti orðið of seint, þá eru Grænlendingar og aðrar þjóðir að auka sínar veiðar. Hér er því um mjög stórt hagsmunamál að ræða því grálúðu- og karfastofnarnir verða ekki byggðir upp á nokkrum árum. Við höfum verið að bíða eftir því að þorskurinn kæmi upp. Þorskurinn er miklu duglegri skepna og fljótari að jafna sig en grálúðan og karfinn. Ég óttast því að þarna hafi orðið óbætanlegt tjón sem við munum seint jafna okkur á án þess að ég sé að ásaka neinn í því sambandi. En því miður eru karfaveiðarnar suðvestur af landinu stundaðar m.a. með þeim hætti að verulegu magni af fiski er hent fyrir borð. Ef einhver minnsta skemmd er á fiskinum, þá fer hann fyrir borð jafnvel þótt það sé aðeins á roðinu, en ef hann er flakaður er flakið í góðu ásigkomulagi. Hvorki okkar umgengni né annarra hefur því verið til fyrirmyndar á þessum slóðum.

Allmikið hefur verið talað um öryggismál og NATO og ég spurður um það af hv. þm. Margréti Frímannsdóttur hvað ég eigi við um varanlega viðveru Bandaríkjamanna í Evrópu og gagnrýndi hv. þm. það orðalag. Ég tel að það sé meginatriði í öryggismálum Evrópu að samskiptin yfir hafið verði varðveitt þannig að Bandaríkjamenn taki með einum eða öðrum hætti þátt í öryggismálum Evrópu. Þetta verði sameiginleg stefna og samvinna Bandaríkjanna, Kanada og Evrópu. Það hefur reynst mjög farsælt undanfarna hálfa öld og ekkert sem bendir til þess að ekki sé þörf fyrir það áfram. Ég teldi það mjög skaðlegt fyrir okkur Íslendinga ef það samband rofnaði.

Ég er þeirrar skoðunar að ef viðvera Bandaríkjanna í Evrópu væri ekki lengur fyrir hendi mundi þessi samvinna og þetta samband rofna. Þess vegna er einhver lágmarksviðvera þeirra í Evrópu nauðsynleg, bæði við Miðjarðarhaf og einnig í Þýskalandi.

Að því er okkur Íslendinga varðar þá er aðalatriðið að hér sé lágmarksvarnarbúnaður og að við tökum þátt í varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Það er þörf á því í dag. Það tryggingakerfi sem við höfum verið aðilar að hefur reynst þess megnugt að styrkja mjög lýðræði í Evrópu. Það hefur líka veitt okkur tækifæri til að stórauka samstarf við Rússa og Austur-Evrópu- og Mið-Evrópuþjóðir og gert okkur kleift að efla friðsamleg samskipti við þessar þjóðir. Við Íslendingar eigum að nota það tækifæri og leggja okkur fram og leggja okkar af mörkum til þess að öryggiskerfi í Evrópu geti orðið gott á komandi áratugum og öldum.

Herra forseti. Ég hef því miður ekki getað svarað öllu því sem hér hefur komið fram, en ég vænti þess að síðar verði tækifæri til að ræða utanríkismál og við erum að sjálfsögðu tilbúnir til að mæta hvenær sem er í utanrmn. og svara mörgum þeim spurningum sem hafa komið fram og leggja fram gögn í því sambandi. En að lokum vil ég þakka hv. þingmönnum málefnalega og gagnlega umræðu í dag.

Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 490. mál. — Þskj. 825.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, fyrri umr.

Stjtill., 554. mál. — Þskj. 912.

[17:27]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997 sem gengið var frá með orðsendingaskiptum í Reykjavík og Þórshöfn 16. og 17. janúar 1997. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með tillögu þessari.

Samkvæmt samningi þessum er færeyskum nótaskipum veitt heimild til veiða á allt að 30 þúsund lestum af loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu janúar til apríl 1997. Takist ekki að veiða þetta magn er færeyskum skipum heimilt að veiða það sem á vantar á tímabilinu júlí til desember 1997. Gert er ráð fyrir því að heimilt sé að landa aflanum til vinnslu á Íslandi en að óheimilt sé að vinna eða frysta um borð afla sem veiddur er á fyrra tímabilinu og að utan Íslands sé einungis heimilt að landa þeim afla til bræðslu.

Samningurinn gerir enn fremur ráð fyrir gagnkvæmri heimild skipa hvors aðila til kolmunnaveiða innan lögsögu hins á árinu 1997. Vonir standa til að slík gagnkvæm heimild muni hvetja til veiða á kolmunna og þegar hafa borist fréttir af skipum sem hyggjast stunda þær veiðar.

Loks er í samningnum staðfest heimild íslenskra skipa til veiða á allt að 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld, annarri en norsk-íslenskri, innan færeyskrar lögsögu á árinu 1997 og hafa átt sér stað tilraunir með veiðar á makríl sem lofa góðu og mér er kunnugt um að mörg skip hafa áhuga á að reyna fyrir sér á því sviði.

Samningur þessi er nær óbreyttur samningi landanna frá 1996 að öðru leyti en því að nú gefst Færeyingum kostur á að nýta allar loðnuveiðiheimildir sínar á vorvertíð.

Samningurinn tók gildi til bráðabirgða 17. janúar 1997 og mun öðlast endanlegt gildi þegar tilkynnt hefur verið um að stjórnskipulegum skilyrðum hvors lands um sig hafi verið fullnægt.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, fyrri umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 913.

[17:30]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um fullgildingu samnings sem gerður var í París 22. september 1992. Samningi þessum er ætlað að koma í stað tveggja alþjóðasamninga, Óslóarsamningsins frá 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, og Parísarsamnings frá 4. júní 1974, um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Ísland er aðili að báðum þessum samningum. Tilmæli og allir aðrir samningar sem samþykktir hafa verið samkvæmt Óslóar- og Parísarsamningnum halda þó gildi sínu að því marki sem þeir samrýmast samningi þessum. Samningurinn um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, sem nefndur hefur verið OSPAR-samningurinn, öðlast gildi þrjátíu dögum eftir að allir samningsaðilar Óslóar- og Parísarsamninganna hafa afhent skjöl um fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild til vörslu frönsku ríkisstjórnarinnar.

Óslóar- og Parísarsamningarnir höfðu það að markmiði að koma í veg fyrir mengun í Norðaustur-Atlantshafinu. OSPAR-samningurinn mun leysa þá af hólmi að þessu leyti en auk þess er honum ætlað að stuðla að því eftir því sem kostur er að mengun sem fyrir er verði útrýmt. Við gerð hans var byggt á þeirri reynslu sem fengist hafði við framkvæmd eldri samninganna tveggja og jafnframt tekið mið af breyttum viðhorfum í umhverfismálum. Samningnum er ætlað að stuðla að samvinnu samningsaðila til að ná framangreindum markmiðum og bæta stjórnun, umhverfisvöktun og mat á ástandi hafsins. Með samningnum er m.a. stefnt að því að koma í veg fyrir varp eituefna í hafið. Samningurinn hefur að geyma ákvæði um beitingu ýmissa grundvallarreglna umhverfisréttar, svo sem varúðarreglunnar, mengunarbótareglunnar og reglunnar um bestu tiltæku tækni og bestu umhverfisvenjur.

OSPAR-samningurinn er rammasamningur sem skiptist í meginhluta, fjóra viðauka og tvo viðbæta.

Meginhlutinn hefur að geyma almenn ákvæði og í viðaukunum eru settar reglur um mengun frá landstöðvum, mengun af völdum varps eða brennslu, mengun frá uppsprettum á hafi og mat á ástandi hafsins. Viðbætarnir eru tæknilegs eðlis. Uppbygging samningsins miðast við að hann sé sveigjanlegur og geti rúmað ný svið sem ekki voru fyrirsjáanleg þegar samningurinn var gerður.

Hér á landi eru í gildi lög nr. 20/1972, um bann við losun hættulegra efna í sjó, og lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar. Síðarnefndu lögunum var breytt með lögum nr. 61 frá 3. júní 1996 m.a. í tilefni af væntanlegri fullgildinug á OSPAR-samningnum. Frekari lagabreytinga er ekki þörf til að unnt verði að standa við skuldbindingar Íslands verði samningurinn fullgiltur af Íslands hálfu.

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem snertir hagsmuni Íslands og ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, fyrri umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 914.

[17:34]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun í löndum, sérstaklega í Afríku, sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka og/eða eyðimerkurmyndunar og hann var gerður í París 17. júní 1994.

Samningur þessi á rætur að rekja til heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Ríó árið 1992. Hann skiptist í meginmál og fjóra viðauka sem fjalla um svæðisbundnar aðgerðir í Afríku, í Asíu, í rómönsku Ameríku og á Karabíasvæðinu og við norðanvert Miðjarðarhaf.

Markmið samningsins er eins og nafnið bendir til að vinna gegn eyðimerkurmyndun og draga úr skaðlegum afleiðingum þurrka í löndum sem eiga við alvarlegan vanda að etja af völdum þurrka, sérstaklega í Afríku.

Í samningnum er eyðimerkurmyndun skilgreind sem hnignun lands á þurrum eða úrkomulitlum svæðum og á úrkomulitlum jaðarsvæðum úrkomusvæða af völdum ýmissa þátta, þar á meðal veðurfarsbreytinga og mannlegra athafna. Samkvæmt skilgreiningu samningsins á þessu falla heimskautasvæði og svæði sem næst þeim liggja, þar með talið Ísland, utan við samninginn.

Herra forseti. Ég legg til að þessum samningi verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. utanmrn. Rétt er að taka það fram að ekki er þörf á breytingum í íslenskri löggjöf vegna skuldbindinga sem felast í samningnum en kostnaður vegna hans gæti orðið allt að 1 millj. kr. á ári. Jafnframt felur samningurinn í sér kvaðir um þróunaraðstoð en hverju ríki er í sjálfsvald sett hversu miklu fjármagni það beinir í þann farveg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, fyrri umr.

Þáltill. SvanJ o.fl., 411. mál. — Þskj. 708.

[17:37]

Flm. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um þátttöku Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Meðflutningsmenn mínir eru hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. Texti tillögunnar er svohljóðandi:

„Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að Ísland verði aftur aðili að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Mótmæli Alþingis við banni við hvalveiðum yrðu hluti þeirra ráðstafana."

Herra forseti. Ísland gerðist aðili að alþjóðasáttmálanum um skipan hvalveiða árið 1948 en sagði aðildinni upp, sem jafngilti úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, árið 1991 á þeim forsendum að ráðið starfaði ekki í samræmi við sáttmálann. Árið 1982 samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið tímabundna veiðistöðvun á hvalveiðum í atvinnuskyni frá ársbyrjun 1986. Það bann skyldi síðan endurskoðast í ljósi þess hvaða mat lægi fyrir á ástandi hvalastofna árið 1990. Vísindaveiðar okkar voru í raun framlag til þess að slíkt mat gæti orðið sem áreiðanlegast og lauk okkar þætti árið 1989. Síðan þá hefur ekki verið veiddur hvalur við Ísland því að þrátt fyrir að vísindanefnd ráðsins samþykkti á grundvelli rannsóknanna að tilteknir hvalastofnar þyldu takmarkaðar veiðar ákvað meiri hluti ráðsins að endurskoða ekki veiðibannið.

Þetta er í raun forsaga þess að Ísland segir sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu.

Herra forseti. Þrátt fyrir að Ísland hafi sagt sig úr ráðinu á þeim forsendum að vera í ráðinu kæmi í veg fyrir sjálfbæra nýtingu hvalastofna og þrátt fyrir tilraun til að skapa möguleika á að hefja að nýju hvalveiðar í samtökum með Norðmönnum, Grænlendingum og Færeyingum, samtökunum NAMMCO, hafa hvalveiðar ekki hafist enn, nú fimm árum síðar. Þrátt fyrir að vísindamenn okkar telji að hvalastofnar við Ísland fari vaxandi, enginn sé í útrýmingarhættu og einhverjir þola í raun sambærilegar veiðar við það sem var fram að gildistöku hvalveiðibannsins, hefur sjútvrh. ekki treyst sér til að heimila hvalveiðar að nýju.

Það kom fram í greinargerð með þingsályktunartillögu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 1994 um hvalveiðar að ef Íslendingar hæfu aftur hvalveiðar tækju eftirlitsreglur óhjákvæmilega mið af þeirri umfjöllun sem ætti sér stað innan hvalveiðiráðsins og þeim ákvörðunum sem þar væru teknar. Bæði í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og framkvæmdaáætlun Ríó-ráðstefnunnar er mælt fyrir um skyldu ríkja til samstarfs í þessum efnum og 65. gr. hafréttarsamningsins fjallar sérstaklega um þessar skyldur hvað varðar sjávarspendýr. Þar segir að ríkið skuli, með leyfi forseta, „starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim."

Herra forseti. Á sínum tíma þegar Ísland sagði sig úr ráðinu var álitið að fleiri ríki mundu fylgja fordæmi okkar. Það gerðist ekki og NAMMCO hefur því ekki orðið sá vettvangur sem vonir voru bundnar við. Noregur sem er eina fullvalda ríkið ásamt okkur í NAMMCO hefur haldið áfram að starfa innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og hefur nú í skjóli þess hafið hrefnuveiðar. Ekki eru líkur á að Noregur yfirgefi Alþjóðahvalveiðiráðið, enda virðast þeir telja að staða sín til veiða væri mun verri utan ráðsins. Þeir hafa m.a. bent á það sem merki um breytingar á afstöðu innan ráðsins að þeir skuli komast upp með að hefja hvalveiðar að nýju. Sé litið til stöðu Norðmanna virðist einsýnt að hagsmunum okkar væri betur borgið með því að vera einnig innan ráðsins. Japanir stunda einnig veiðar í vísindaskyni. Þær veiðar fara fram þrátt fyrir veru þeirra í Alþjóðahvalveiðiráðinu og eru löglegar samkvæmt sáttmálanum rétt eins og vísindaveiðar okkar á sínum tíma. Og það er ekki nóg að veiða, það þarf líka að selja og það er allt óljóst um sölu hvalaafurða.

Í utandagskrárumræðu sl. vor kom fram í máli hæstv. sjútvrh. að það væri því miður staðreynd að eins og sakir stæðu væri ekki kostur á að flytja hvalaafurðir úr landi en það hefur lengi legið fyrir að við gætum ekki selt Japönum hvalaafurðir þó að við hæfum veiðar á meðan við stöndum utan ráðsins. Samþykkt ráðsins frá áttunda áratugnum bannar að lönd innan ráðsins kaupi hvalaafurðir af ríkjum utan þess, ríkjum eins og Íslandi.

Herra forseti. Þrátt fyrir að við stöndum nú utan ráðsins og séum þar með ekki formlega bundin af ákvörðunum þess um veiðibann, þrátt fyrir að vísindamenn okkar telja að líffræðilegar forsendur séu ákjósanlegar varðandi veiðar og sjálfbæra nýtingu hvalastofnanna og þess vegna hægt að hrinda stefnu Íslands í framkvæmd, þrátt fyrir skýrslur á skýrsur ofan með fyrirheitum um hvalveiðar, ef ekki í ár, þá á næsta ári og þrátt fyrir umræður og heitingar á Alþingi, þá veiðum við ekki hval. Það segir mér að þrátt fyrir meinta ástæðu úrsagnar okkar úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, sem var sú að afstaða ráðsins til hvalveiða væri ekki byggð á vísindalegum forsendum heldur pólitískum, þá höfum við fljótlega áttað okkur á því að hin pólitíska afstaða ráðsins réð einnig ákvörðunum og gerðum okkar utan ráðsins. Annað er ekki hægt að álykta af aðgerðarleysi íslenskra stjórnvalda í fimm ár.

Rökin fyrir því að standa utan ráðsins eru því harla léttvæg orðin þegar við verðum við allar okkar ákvarðanir að taka tillit til þeirrar stefnumótunar sem þar fer fram, hversu óvísindaleg sem okkur kann að finnast hún. Við erum bundin af ákvörðunm ráðsins hvort sem við erum utan þess eða innan. Möguleikar okkar til að hafa áhrif á þá stefnumótun sem þar fer fram eru mestir ef við eigum þar sæti, því ráðið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð helsti vettvangur umræðu um hvalveiðar, og þá einnig baráttu fyrir því að hvalveiðar verði hafnar á ný. Þar sitja enn fulltrúar helstu hvalveiðiþjóða og einnig þeirra sem hafna hvalveiðum í atvinnuskyni. Þar fer þessi barátta fram.

Herra forseti. Alþingi samþykkti með naumum meiri hluta árið 1983 að nýta ekki rétt landsins til að gera fyrirvara við samþykkt Alþjóðahalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni, svokallaðan núllkvóta, en slíkur fyrirvari hefði þýtt að Ísland hefði ekki verið bundið af samþykktum ráðsins. Sem lið í þeirri ákvörðun að ganga aftur í ráðið yrði Alþingi að samþykkja að gera slíkan fyrirvara, að mótmæla banni við hvalveiðum, og yrði það liður í þeim ráðstöfunum sem samþykkt þessarar ályktunar felur í sér. Það liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti hvort unnt er að ganga í alþjóðasamtök með fyrirvara. Á það yrði að reyna og þá í leiðinni á vilja þeirra þjóða sem vilja sjá okkur aftur í ráðinu eða hafa skilning á stöðu okkar.

Í svari við fyrirspurn minni frá því í haust um hvort kannað yrði með inngöngu í ráðið við ákvörðun ríkisstjórnarinnar

um að hefja hvalveiðar að nýju svaraði hæstv. sjútvrh. því til að það væri sjálfstætt athugunarefni þegar kæmi að ákvörðunum í þessu hvort við styrktum betur stöðu okkar með því að ganga aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið með mótmælum gagnvart samþykktinni frá sínum tíma. Miðað við skoðanakannanir og samþykktir ýmissa almannasamtaka virðist vera yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því að við hefjum hvalveiðar að nýju. Stefna Íslands er að nýta beri þær endurnýjanlegu auðlindir sem sannanlega þola nýtingu án þess að þeim sé stefnt í voða, að nýting auðlindanna sé sjálfbær. Einnig að til þess liggi ákveðnar menningarlegar forsendur að Íslendingar veiði hval og við viljum varðveita fjölbreytilega menningu. Rök okkar hafa einnig verið þau að undirstrika rétt fullvalda ríkis til að nýta auðlindir sínar á vísindalegum forsendum.

En þó að þessi stefna okkar og röksemdir séu í fullu samræmi við rétt lands til sjálfsákvörðunar, bæði samkvæmt hafréttarsamningnum, Ríó-samkomulaginu og samþykkt Sameinuðu þjóðanna um fjölbreytilega menningu, er núverandi staða okkar til að hefja hvalveiðar afar þröng. Hún er þröng vegna þess að afstaða okkar helstu viðskiptaþjóða er neikvæð gagnvart hvalveiðum og staða okkar gæti orðið mjög erfið ef stjórnvöld þeirra ríkja kysu að beita sér gegn okkur undir slíkum kringumstæðum. Við verðum að fara afar varlega og taka tillit til þess að afstaða umheimsins er fjandsamleg hvalveiðum og við megum ekki einangrast á alþjóðavettvangi. Við höfum takmarkaða fjármuni og getu til að standa ein í stríði og því kynningarstarfi sem fylgdi því stríði til að verja aðra stóra hagsmuni okkar. Og við þurfum á því að halda að ímynd okkar út á við sé sú að við viljum umgangast auðlindir hafsins í samræmi við stefnu þeirra alþjóðasamtaka sem mark er tekið á á hverju sviði, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Samningar okkar um veiðar íslenskra skipa á úthafinu og í lögsögum annarra ríkja byggja m.a. á því.

Herra forseti. Það er ekki ætlun mín undir þessum dagskrárlið að ræða almennt um hvalveiðar okkar Íslendinga. Það sem ég hef dregið hér fram er fyrst og fremst gert til að undirstrika nauðsyn þess að við gerum ráðstafanir til að Ísland gangi aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið, því hvort sem við hefjum hvalveiðar á ný eða ekki verðum við að taka tillit til þess sem gerist á vettvangi ráðsins og allt bendir til þess að ef við ákveðum að hefja hvalveiðar að nýju yrði staða okkar gagnvart öðrum þjóðum og náttúruverndarsamtökum einnig mun betri ef við værum innan ráðsins. Þar getum við kynnt og varið okkar málstað líkt og Norðmenn gera, þar eiga sæti okkar helstu viðskiptaþjóðir og þótt við treystum okkur ekki til að hefja veiðar á næstunni værum við einnig betur sett til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og hafa áhrif á þróun mála. Sú pattstaða sem málið er í núna er óþolandi. Því telja flutningsmenn rétt að gerðar séu ráðstafanir til að Ísland gangi aftur í Alþjóðahvalveiðiráðið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[17:48]

Útbýting þingskjals:

Ferliverk á Ríkisspítölum, 347. mál, svar heilbrrh., þskj. 934.

[17:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við hljótum auðvitað að áskilja okkur allan rétt til að nýta auðlindir okkar á þann hátt sem við teljum réttast og best og að sjálfsögðu með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi. En með hvali gegnir þó sérstöku máli, enda eru þeir ekki auðlind neins einstaks ríkis og nýting þeirra er háð samkomulagi milli þjóða eins og kveðið er á um í hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Íslendingar eru aðilar að og áttu raunar ríkan þátt í að semja. Þar stendur m.a. í 65. gr., eins og minnt er á í greinargerð með þeirri tillögu sem hér er til umræðu, að ríki skuli starfa saman með verndun sjávarspendýra í huga og skuli hvað hvali snertir einkum starfa á vettvangi viðeigandi alþjóðastofnana að verndun og stjórnun þeirra og rannsóknum á þeim.

Slík alþjóðastofnun er Alþjóðahvalveiðiráðið sem Íslendingar voru aðilar að allt til ársins 1991. En þá voru íslenskir ráðamenn orðnir langþreyttir á ítrekuðum áminningum ráðsins vegna hinna svokölluðu vísindaveiða eftir að samþykkt var tímabundið bann við hvalveiðum og vegna þess að þeim fannst ekki tekið tillit til vísindalegra raka í málinu.

Það var óskynsamlegt á sínum tíma að segja sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og reyna að finna leiðir fram hjá þeirri stefnu sem þar er mörkuð. Sennilega er tími til kominn að sækja um aðild að ráðinu að nýju eins og flutningsmenn leggja hér til þó að sú afstaða mín byggist ekki á nákvæmlega sömu rökum og fram koma í greinargerð hv. flutningsmanna. En þetta er sá vettvangur þar sem saman koma velflest ríki heims til viðræðna og ákvarðana um verndun hvalastofna, um rannsóknir á þeim, um veiðiaðferðir og hugsanlegar veiðar úr hvalastofnum.

Það er mikil andstaða við hvalveiðar víða um heim og það er ekki málstað Íslendinga til framdráttar að hunsa þá alþjóðastofnun sem um þessi mál fjallar. Hitt er svo annað mál hvort og hvenær hvalveiðar gætu hafist að nýju að einhverju marki. Saga hvalveiða í heiminum ber manninum ekki fagurt vitni. Það er saga ofveiði og útrýmingar og þar hafa Íslendingar ekki legið á liði sínu. Það er þessi ljóta saga og hrikaleiki veiðanna sem hafa skapað þessa miklu andúð á hvalveiðum og varð til þess að Alþjóðahvalveiðiráðið samþykkti árið 1982 tímabundið hvalveiðibann, þ.e. stöðvun hvalveiða í atvinnu- eða ábataskyni frá árinu 1986–1990. Ætlunin var að byggja framhaldið á niðurstöðum vísindalegra athugana. Samkvæmt niðurstöðum okkar vísindamanna, a.m.k. flestra að því er ég best veit og áreiðanlega margra erlendra einnig, er ástand margra hvalastofna þannig að þeir þyldu veiði, til að mynda hrefna sem flestir telja fullkomlega óhætt að veiða í nokkrum mæli. Spurningin er hins vegar hvort það borgar sig að veiða hrefnuna eða yfirleitt nokkra hvali vegna þeirrar andstöðu sem er svo ríkjandi víða um heim og hvort við værum ekki þar með að fórna meiri hagsmunum fyrir minni ef við hæfum hvalveiðar aftur. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um áhrif þess á erlenda markaði fyrir sjávarafurðir okkar og svo vitanlega á hina sívaxandi atvinnugrein, ferðaþjónustuna. En það fer ekkert á milli mála að þessi sífellda umræða um hvalveiðar er mikið áhyggjuefni þeirra sem annast landkynningar- og sölustörf á erlendri grundu. Þeirra álit er yfirleitt einróma á þá leið að sú umræða spilli fyrir og að hvalveiðar, ef þær yrðu hafnar að nýju, hefðu verulega skaðleg áhrif.

Það eru miklir möguleikar enn vannýttir í íslenskri ferðaþjónustu og ljóst að á næstu árum verður æ meiri áhersla lögð á það sem kallað hefur verið græn ferðamennska, sem er ferðamennska með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þá veltur á miklu að við gætum sannfært umheiminn um að við kunnum að umgangast og vernda náttúruna og nýta gögn hennar og gæði á sjálfbæran hátt. Viðhorfin hafa verið og eru að

breytast með sífellt meiri áherslu á náttúrulegt umhverfi. Hvalaskoðun er t.d. vaxandi þáttur í íslenskri ferðaþjónustu og virðist bjóða upp á mikla möguleika. Að áliti margra erlendra sérfræðinga, af því að við þurfum alltaf að kalla erlenda sérfræðinga til vitnis um það sem við kannski ættum að vita sjálf, þá eru aðstæður til hvalaskoðunar hér geysilega góðar og þeir eru margir sem eru tilbúnir til að borga vel fyrir að fá að sjá þessi mikilfenglegu dýr í sínu náttúrulega umhverfi. Ég er þeirrar skoðunar að þar sé meiri hagnaðarvon en í veiðum á nokkrum hvölum sem við gætum hvort eð er ekki selt kjötið af til annarra þjóða og varla torgað sjálf þótt ekki yrði um miklar veiðar að ræða. Ég vil taka það skýrt fram að mér dettur ekki eitt andartak í hug að ferðaþjónusta legðist af í landinu þótt hvalveiðar yrðu teknar upp aftur í einhverri mynd. Það hvarflar ekki að mér. En þær hefðu áreiðanlega áhrif og mundu vafalaust breyta eitthvað samsetningu ferðamannahópa í einhverjum mæli.

Þá er það þekkt staðreynd að þessi dýr eru fljót að læra og því harla ólíklegt að t.d. hrefnur mundu halda áfram að leika sér í kringum hvalaskoðunarbátana af hjartans lyst eins og þær gera núna öllum til mikillar ánægju ef þær vissu af bátum veiðimanna á svipuðum slóðum. Og sjálfri finnst mér ólíkt hugnanlegra að selja aðgang að því mikla sjónarspili sem á sér stað hér víða við strendur landsins en reyna að selja til átu kjöt af dýrum sem veidd eru með erfiðismunum og oft á kvalafullan hátt svo við gleymum nú ekki sjónarmiðum dýraverndar í þessu máli.

Þessi afstaða mín breytir því ekki að ég er sammála meginefni þessarar tillögu, þ.e. að Íslendingar taki á nýjan leik þátt í störfum og stefnumörkun Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það er hagur okkar Íslendinga að taka virkan þátt í alþjóðlegu starfi í umhverfismálum og að virða alþjóðasamninga í þeim málum og það hefur sífellt meira vægi eins og heimurinn er orðinn.

[17:57]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég hefði vænst þess að hv. þm. Árni R. Árnason, formaður stjórnskipaðrar nefndar um þessi mál, léti til sín heyra í þessum umræðum. Hann hefur látið mikið til sín taka í þessu máli í fjölmiðlum, a.m.k. meðan nefndin var að störfum eða um það leyti sem hún var að ljúka störfum. Mér skilst að nefndin hafi lokið störfum, þ.e. skilað niðurstöðum sínum til hæstv. sjútvrh. og ég tel þegar mál af þessu tagi er tekið til umræðu í hv. Alþingi væri eðlilegt að sú vinna sem sú nefnd hefur lagt í sitt nefndarálit, væntanlega stefnumarkandi, væri hér skýrð og að hæstv. sjútvrh. gæti jafnframt, ef þetta er eitthvert trúnaðarmál milli nefndar og ráðherra, skýrt þá frá niðurstöðum og lagt mat á það hvort nefndin hefði eitthvað nýtt fram að færa.

Það er ekki mikill ágreiningur uppi í íslensku þjóðfélagi um auðlindastefnuna sem slíka. Við áskiljum okkur að sjálfsögðu rétt til að nýta allar auðlindir hafsins. Við lýsum okkur reiðubúin til að gera það að siðaðra manna hætti þannig að ekki verði ofboðið veiðiþoli auðlinda eða dýrastofna og við erum áreiðanlega reiðubúin til að fallast á að stunda veiðar með þeim aðferðum sem gera ströngustu kröfur út frá líffræðilegu eða siðferðilegu sjónarmiði um veiðimátann. Það er ekki mikill ágreiningur um þetta. Ágreiningurinn hefur verið um leiðirnar að þeim markmiðum.

Nú eru liðin sex ár frá því að sú ákvörðun var tekin að við segðum okkur úr Alþjóðahvalveiðiráðinu. Það var gert með þeim rökum að hlutlæg sjónarmið og niðurstöður vísindamanna, þar á meðal í vísindanefndinni, næðu ekki fram að ganga og pólitískum bellibrögðum væri beitt í ráðinu sem slíku, ráðið væri ekki lengur starfandi í anda grundvallarsamþykkta sinna, það væri orðið að verndarsamtökum í staðinn fyrir að vera samtök hvalveiðiþjóða um skynsamlega nýtingu og svokallaða sjálfbæra nýtingu þessara auðlinda. Þessi gagnrýni var út af fyrir sig rétt en í staðinn átti að koma samstarf örfárra hvalveiðiþjóða, stofnun sérstakra samtaka og í krafti þeirra átti að efla samstöðu þeirra þjóða sem vildu hefja veiðar. Síðan hafa verið vaktar upp vonir sem nú í ljósi sex ára biðstöðu hafa reynst vera falskar vonir um það að á hverju ári eða frá ári til árs eða á næsta ári verði þessar veiðar hafnar. Nú er alveg ljóst að þetta var misráðið. Þetta hefur ekki skilað neinum árangri og það sem verra er, þetta hefur orðið til að vekja upp þessar fölsku vonir og jafnvel sár vonbrigði. Málið er farið að bögglast fyrir brjósti stjórnvalda og þess vegna er alveg sérstök ástæða til að spyrja um niðurstöður þeirrar nefndar sem hefur fjallað um þetta mál og hefur væntanlega eitthvað fram að færa um það hvernig menn ætli að losna úr þeim ógöngum.

Það eru tiltölulega fáar þjóðir sem hafa verið í framvarðarsveitinni í erfiðri stöðu við að halda fram málstað nýtingarstefnunnar. Japanir hafa verið þar einna fremstir í flokki, Norðmenn og við eigum að sjálfsögðu heima í samstarfi þeirra. Norðmenn voru frá upphafi í þeirri sérstöðu að þeir áskildu sér með sérstökum fyrirvara meðan þeir voru í ráðinu andstöðu við hvalveiðibannið á sínum tíma og hæstv. sjútvrh. hefur ævinlega lagt á það áherslu að staða þeirra sé að því leyti önnur en okkar. Þá er spurningin sú hvort ekki væri æskilegt að samstaða gæti tekist um að við reyndum að koma okkur aftur í svipaða stöðu og þeir. Það er ljóst að bandalagsþjóðir okkar hafa sjálfar lært af okkur, ekki síst Japanir, að endurskoða þessa misráðnu ákvörðun frá 1991 og ganga aftur í Alþjóðahvalveiðaráðið með kostum þess og göllum af þeirri einföldu ástæðu að ef við ætlum að ná fram markmiðum okkar, þá verður það ekki gert utan ráðsins. Reynslan hefur staðfest það.

Síðan er náttúrlega á það að líta að við hefjum ekki veiðar nema því aðeins að við getum tryggt að þær verði arðbærar. Ef við ætlum að fara að stofna til hvalveiða, þá hljótum við að hafa það að markmiði að hefja megi viðskipti með hvalaafurðir eins og aðrar afurðir og þá í krafti alþjóðlegra gildandi samninga um að ekki sé heimilt að beita viðskiptaþvingunum gegn slíkum viðskiptum ef þær fara löglega fram og eru ekki brot á alþjóðlegum skuldbindingum og alþjóðlegum samþykktum að því er varðar t.d. aðferðirnar o.s.frv.

Ljóst er að Alþjóðahvalveiðiráðið gerði á sínum tíma samþykkt um að leggja bann við viðskiptum með hvalaafurðir við þjóðir utan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Á sínum tíma sem utanrrh. átti ég iðulega viðræður við fulltrúa japanskra stjórnvalda um þessi mál og þau drógu enga dul á að þeim væri gersamlega ókleift að eiga viðskipti við Íslendinga um hvalaafurðir meðan við stæðum utan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það var fullyrt með svo afdráttarlausum hætti af hálfu allra aðila, af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins í Japan, af hálfu samtaka hvalveiðimanna, um leið og þeir gerðu grein fyrir því að þessir aðilar, sem eru sammála okkur um nýtingu auðlinda, áttu að mörgu leyti í vök að verjast innan japanska stjórnkerfisins. Vegna þess að sá þrýstingur og ofurþrýstingur sem bandarísk stjórnvöld beittu Japani, sérstaklega í gegnum hin ráðamiklu ráðuneyti iðnaðar, viðskipta og fjármála í Japan, með hótunum um að Japanir mundu bíða skaða

af á Bandaríkjamarkaði með helstu afurðir sínar, sem er auðvitað iðnaðarvörur og hátæknivörur. Þeir gerðu okkur grein fyrir að þeir væru í þessari erfiðu stöðu og forsendan fyrir öllu saman væri að þær þjóðir sem vilja hefja hvalveiðar treystu samstöðu sína, störfuðu saman innan Alþjóðahvalveiðiráðsins, temdu sér þolinmæði í að vinna þetta mál vegna þess að öllum er ljóst að það vinnst ekki með skammtímaupphlaupum. Það vinnst á löngum tíma með því að vinna málinu stuðning jafnt og þétt og þar munar náttúrlega mest um atbeina Japana.

Mér sýnist að niðurstaða málsins sé einfaldlega sú að það sé ágreiningslaust í raun og veru og þetta sé sú leið sem við eigum að marka. Við eigum að fara að þeim ráðum sem hér er lagt til. Við eigum að sækja aftur um inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið og gera það með fyrirvara um að við áskiljum okkur rétt til þess að hefja veiðar ef það er innan þess ramma sem alþjóðlegar skuldbindingar setja, þ.e. bæði samkvæmt niðurstöðum vísindamanna um að hvalveiðistofnum verði ekki ofboðið. Það eru engir hvalastofnar á lista yfir dýr í útrýmingarhættu við Ísland. Þvert á móti höfum við vísindaleg rök fyrir því að þeir eru sumir hverjir mjög í vexti. Með öðrum orðum, við eigum að gera þetta til að komast í sömu stöðu og Norðmenn. Þar með er ekki sagt að björninn sé unninn. Við höfum að vísu rutt úr vegi þeirri hindrun að okkur sé fyrirmunað að hefja þessi viðskipti, en við erum þá komnir í félagsskap þeirra þjóða sem ætla sér að vinna að ásættanlegri niðurstöðu í málinu og það er eina leiðin sem fær er. Eðlileg niðurstaða er því sú að hvetja þingið til að samþykkja þessa tillögu, enda vænti ég þess að hæstv. sjútvh. taki henni vel um leið og ég endurtek að ég tel eðlilegt við þessar umræður að skýrt verði frá niðurstöðum þeirrar nefndar sem ég nefndi í upphafi málsins og hvað hún hefur til málanna að leggja.

[18:05]

Útbýting þingskjals:

Tryggingasjóður einyrkja, 237. mál, brtt. KÁ, þskj. 967.

[18:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. 1. flm. þessarar þáltill. hefur gert mjög vel grein fyrir rökum fyrir því að hún verði samþykkt. Það kom mjög skýrt fram í ræðu hv. þm. Svanfríðar Jónasdóttur að öll rök hníga að því að ráðstafanir verði gerðar til að við verðum aftur aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu, en það er tekið til þess í tillgr. að mótmæli Alþingis við banni við hvalveiðum yrði hluti þeirra ráðstafana. Ég ætla ekki að fara að endurtaka öll þau rök.

Mig langar til að koma aðeins inn á þátt ferðamálanna en hv. þm. Kristín Halldórsdóttir vék að því í máli sínu að það væri áhyggjuefni þeirra sem starfa að ferðaþjónustu að ef við hæfum hvalveiðar að nýju þá hefði það áhrif á aðsókn ferðamanna hingað. Ég hef í dag haft samband við nokkra ferðamálafulltrúa í Noregi til að spyrjast fyrir um það hvort hvalveiðar Norðmanna hefðu haft áhrif á ferðaþjónustuna, en eins og kemur fram í grg. með þál. og kom reyndar fram í máli manna á undan mér stunda Norðmenn hvalveiðar, hrefnuveiðar. Það kom fram í svörum að þeir telja að svo sé ekki, a.m.k. sé það að mjög litlu leyti sem það hafi haft áhrif á ferðaþjónustuna. Sjálfbær nýting sjávarfangs hvort sem það eru sjávarspendýr eða annað sjávarfang gæti verið hluti af sjálfbærri ferðaþjónustu. Ég get ekki séð að þetta ætti að trufla að einu eða neinu leyti ferðaþjónustuna hér.

Ég tók eftir því þegar þetta mál var lagt fyrst fram í þinginu var leitað álits hjá ýmsum fulltrúum í ferðaþjónustu, m.a. þeirra sem eru að sinna hvalaskoðun. Það kom fram hjá þeim að þeir töldu þessa þáltill. sem hér er til umræðu vera mjög þarfa og voru henni hlynntir. Ég held að það séu óþarfaáhyggjur sem menn hafa af því að þetta geti haft einhverjar afleiðingar á ferðaþjónustuna hér á landi. Ég tel jafnvel að þetta gæti haft frekar jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna heldur en hitt þannig að ég hefði gjarnan viljað að þetta kæmi inn í umræðuna um þá tillögu sem við ræðum, enda ekki þar með sagt að við hefjum hvalveiðar þótt þessi þáltill. verði samþykkt.

[18:09]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 18. þm. Reykv. hefur ekki trú á því að þetta hafi áhrif og vitnaði til samtala við ferðamálafulltrúa í Noregi sem hún sagði að hefðu sagt sér að þetta hefði ekki áhrif nema að mjög litlu leyti eins og það var orðað. Það er mála sannast að menn geta ekki mikið sagt um það og greinir verulega á um það. Ég get alveg eins vitnað í sérfræðing í hvalaskoðunarferðum sem hér var á ferð á síðasta ári. Hann heitir Mark Crawardine og ég er með útskrift af viðtali við hann í Morgunblaðinu þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Hann telur að hvalveiðar muni hafa slæm áhrif á ferðaþjónustuna hér í heild. „Ef Íslendingar hefja hvalveiðar gæti landið orðið vænlegri skotspónn en Noregur og Japan," segir hann, og bætir við að hann mæli ekki með að Íslendingar hefji hvalveiðar aftur vegna hættunnar á harkalegum viðbrögðum.

Hvalaskoðun getur hinsvegar ekki haft nema góðar afleiðingar, að hans mati, og gróðinn af þeim bæti fyrir tapið vegna banns við hvalveiðum."

Svo segir aðeins aftar í þessari frétt, með leyfi forseta:

„Mark segist ekki stilla hvalaskoðun og hvalveiðum hvorri á móti annarri, rökin hnígi bara að því að Íslendingar tapi meira í heild en þeir græði á veiðunum."

Þannig held ég að við getum leitt til vitnis bæði með og móti og við verðum auðvitað bara að taka afstöðu út frá okkar eigin heilbrigðu skynsemi.

[18:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt að skiptar skoðanir eru um þetta mál. Ég vitnaði til Norðmanna vegna þess að þeir hafa reynslu af þessum málum. Fyrst vitnað var hér til blaðaviðtals þá get ég vitnað í bréf sem ég fékk frá einum ferðamálafulltrúa í Noregi sem sagðist hafa verið á ferðamálaráðstefnu í Evrópu þar sem hefðu verið mótmæli vegna bæði selveiða og hvalveiða en það virtist ekki hafa haft nein áhrif á þá sem sæktu og hefðu áhuga á ferðamálum á þessum svæðum.

Auðvitað eru skiptar skoðanir, eins og ég sagði áðan, en þetta er a.m.k. reynsla Norðmanna sem eru með allmikla ferðaþjónustu og stunda hvalveiðar.

[18:12]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins minna menn á að það eru svolítið aðrar aðstæður hér en í Noregi eða Japan. Við erum miklu viðkvæmari fyrir þeim áhrifum sem hvalveiðar gætu haft á efnahags- og atvinnulíf í landinu.

[18:13]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar einnig til að benda á það í þessu tilliti að þó svo við gerðumst aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu, þá er ekki þar með sagt að við mundum hefja hvalveiðar, svo það sé á hreinu. Það yrði síðan að taka afstöðu til þess eftir að þetta hefur allt gengið í gegn ef þáltill. verður samþykkt.

[18:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. vék að störfum nefndar sem starfað hefur að undanförnu undir forustu hv. þm. Árna R. Árnasonar. Þessi nefnd lauk störfum fyrir skömmu og skilaði áliti sínu til sjútvrh. Álitið hefur verið lagt fyrir ríkisstjórn og er þar til umfjöllunar. Það hefur enn fremur verið kynnt utanrmn. og verður kynnt formönnum flokka í stjórnarandstöðu áður en ríkisstjórnin lýkur umfjöllun sinni um málið. En það hefur ekki verið birt opinberlega enn þá, eins og ég þykist vita að hv. þm. skilja að ekki er unnt meðan málið er enn til umfjöllunar innan ríkisstjórnar og á vettvangi utanrmn. og leitað er eftir samráði við stjórnarandstöðuna. Ríkisstjórnin telur að það sé mjög æskilegt að leita eftir sem allra víðtækustu samstöðu í þessu mjög svo viðkvæma og vandasama máli.

Ég hygg að það sé rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að í flestum efnum séu menn á einu máli um grundvallaratriðið. Auðvitað eru, væntanlega bæði innan þings og úti í þjóðfélaginu, einhverjir sem ekki telja rétt að Íslendingar hefji hvalveiðar að nýju en ég hygg að meginþorrinn vilji stefna að því að við tökum upp hvalveiðar á nýjan leik. Röksemdirnar eru fyrst og fremst þær að málið snýst um grundvallarrétt okkar til þess að nýta auðlindir hafsins innan okkar lögsögu og reyndar einnig á alþjóðlegum hafsvæðum. Það lýtur að mikilvægi þess að tryggja jafnvægi í þróun lífríkisins og það liggur í augum uppi að það gæti verið hættulegt fyrir okkur ef við gæfum eftir þann fullveldisrétt íslensku þjóðarinnar að nýta auðlindir hafsins á sjálfbæran hátt eins og við höfum gert og stefnum að því að gera.

Sjónarmið manna geta verið nokkuð mismunandi eins og hér hefur komið fram um það hvernig eigi að vinna málinu framgang og í sjálfu sér er ekkert alveg einhlítt í þeim efnum vegna þess að málið er býsna snúið eins og hér hefur reyndar komið fram. Það er mjög mikilvægt að mínu áliti að sérhvert skref sem við tökum í þessu efni skili okkur fram á við. Það er vissulega rétt að við erum í mjög þröngri stöðu. Það hefur enginn borið á móti því. En við megum ekki taka skref sem þrengja þá stöðu enn meira eða loka okkur af.

Við tókum ákvörðun um að fara úr hvalveiðiráðinu á sínum tíma, m.a. vegna þess að við töldum eins og hér hefur komið fram, að meiri hluti hvalveiðiráðsins bryti gegn stofnsáttmála sjóðsins. Við vorum líka í annarri stöðu en Norðmenn, og það er mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því, með því að við ákváðum á mótmæla ekki hvalveiðibanninu. Norðmenn tóku hins vegar annan pól í hæðina og mótmæltu hvalveiðibanninu og voru þess vegna ekki bundnir af samþykktum hvalveiðiráðsins og gátu haldið áfram að vinna að því innan þess að hefja hvalveiðar.

Þegar við tókum þessas ákvörðun á þessum tíma, þá var því lýst yfir af þáverandi ríkisstjórn að vel kæmi til álita að við gengjum aftur í ráðið ef það væri þáttur í því að styrkja stöðu okkar á nýjan leik í þessu máli og opna möguleika okkar á því að hefja veiðar að nýju. Því miður hefur þróunin innan hvalveiðiráðsins ekki verið í þessa átt enn sem komið er.

Hér segja menn: „Það er ekki annað að gera en ganga inn með mótmælum og þá erum við orðnir jafnsettir Norðmönnum.“ Málið er ekki alveg svona einfalt því að um það eru skiptar skoðanir hvort slík mótmæli hafa eitthvert gildi eða ekki. Því miður hygg ég að staðan sé sú í dag að meiri hluti þjóða innan Alþjóðahvalveiðiráðsins viðurkennir ekki að slík mótmæli hafi lagalegt gildi. Það er þess vegna frumskilyrði, áður en slík ákvörðun er tekin, að við vitum hvort slík mótmæli eru tekin gild af meiri hluta hvalveiðiráðsins eða ekki því ef við förum inn án þess að mótmælin hafi lagalegt gildi, erum við að þrengja stöðu okkar og loka okkur meira af. Við þurfum auðvitað líka að vita hvort áhrifaþjóðir innan hvalveiðiráðsins eru með einum eða öðrum hætti reiðubúnar að standa þannig að málum að við gætum innan vébanda hvalveiðiráðsins hafið hér hvalveiðar í takmörkuðum mæli á nýjan leik. Það væri óskynsamlegt af okkur að stíga þetta skref án þess að vitneskja um þessa hluti liggi fyrir áður. Þess vegna þarf aðdragandi slíkrar ákvörðunar að vera annar en sá sem hér er verið að leggja til.

Með þessu er ég ekki að útiloka að það komi til greina að við göngum í hvalveiðiráðið. Það hefur legið fyrir alveg frá upphafi, frá fyrsta degi að við sögðum okkur úr hvalveiðiráðinu að það gæti komið til álita. En það verður þá að vera þáttur í því að styrkja stöðu okkar aftur og þess vegna þarf frekari viðræður við aðildarþjóðir hvalveiðiráðsins eða þær þjóðir sem mestu ráða þar til að þessi hluti málsins sé skýr. Ég trúi því reyndar og ætla ekki annað en að flutningsmenn þessarar tillögu séu reiðubúnir að taka þátt í samstarfi þar um og ég legg á það áherslu að það skipti mjög miklu máli að þær þjóðir sem við þurfum að eiga samskipti við í þessu efni finni það að Íslendingar standi nokkuð sameinaðir í þessum málum. Mér sýnist ekki að það beri það mikið á milli skoðana um vinnubrögð að það ætti að koma í veg fyrir að við getum stillt saman strengi okkar. Eins og hér hefur komið fram í máli hv. 9. þm. Reykv. eru menn sammála um grundvallaratriðin. Þar er ekki ágreiningur á milli manna og mér sýnist að það þurfi ekki að bera svo mikið í milli varðandi vinnubrögðin að við getum ekki sameinað krafta okkar í þeim efnum. Ég legg áherslu á að við umfjöllun málsins nú og í framtíðinni getum við stillt saman strengi okkar í þessum efnum.

[18:21]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kom í máli mínu áðan held ég að það sé afar óverulegur ágreiningur ef nokkur um þau markmið sem við stefnum að eða þá stefnu sem við viljum fylgja fram í auðlindamálum. Ég held að það sé nokkuð góð samstaða með þjóðinni um það. Það eina sem getur ógnað þeirri samstöðu eða spillt henni er algjört aðgerða- og árangursleysi af hálfu stjórnvalda í málinu, þ.e. ef þeir sem vilja fylgja málinu fram af sem mestu kappi verða æ ofan í æ fyrir vonbrigðum og finnst þeir dregnir á asnaeyrum með hálfgerðum loforðum um að nú verði teknar ákvarðanir og hafnar veiðar á næsta ári, þar næsta ári o.s.frv. Gallinn við ræðu hæstv. ráðherra, sem var snotur að venju, er bara sá að við höfum heyrt hana fimm sinnum áður. Þetta er sama ræðan og hann flutti í fyrra og í hittiðfyrra, að það væru örðugleikar á málinu, að það væri ekki alveg eins einfalt eins og haldið væri fram, að það væri svolítið flókið og það væri svolítið vandmeðfarið. Það er allt saman satt og rétt.

En það er langt síðan ráðinn var til starfa erlendur sérfræðingur til þess að leggja á ráðin með okkur um það hvernig við hönnuðum þennan fyrirvara og í framhaldi af því var um það rætt að sjálfsögðu að fylgja því eftir með viðtölum við aðildarþjóðir til að ganga úr skugga um það að við yrðum tækir inn í Alþjóðahvalveiðiráðið á ný með þessum fyrirvara. Það kallar ekki á að fyrir fram liggi samþykki allra aðildarþjóða hvalveiðiráðsins um að þau viðurkenni þann lagaskilning að fyrirvarinn hafi gildi. Ef við ætlum að bíða eftir því, þá tökum við aldrei neina ákvörðun, þá verður aldrei nein niðurstaða, þá verður aldrei neinn gjörningur. Um það snýst ekki málið. Málið snýst um að tryggja það með samvinnu við vinveittar þjóðir og meiri hluta þjóða hugsanlega, að við getum farið þá leið að fara aftur inn með þessum fyrirvara. Málið er þá raunverulega í sama stað og það var í byrjun ef það hefur ekki verið unnið að því að afla okkur stuðnings við þá leið. Við bíðum, hæstv. ráðherra, eftir pólitískri ákvörðun í málinu.

[18:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sé það svo að ekkert nýtt hafi komið fram í mínu máli hér áðan sem ég er ekki að mótmæla, þá á það einnig við um það sem fram kom í máli hv. 9. þm. Reykv. Vissulega held ég að það sé kannski lýsandi um stöðu þessa máls. Það sem ég er að leggja áherslu á er að við megum ekki stíga skref sem geta leitt til þess að við þrengjum stöðu okkar. Við verðum að viðurkenna að það er umdeilt að þjóðarétti hvort þjóðir geti gengið inn í alþjóðasamtök með fyrirvara um hvort þær eru bundnar af samþykktum þeirra. Það er sá vandi sem við stöndum frammi fyrir. Það væri óvarlegt af okkur að stíga það skref ef það kæmi svo í ljós að fyrirvarinn hefði ekki gildi og við Íslendingar værum áfram bundnir af hvalveiðibanninu og hefðum þrengt stöðu okkar. Þess vegna legg ég á það áherslu að við samþykkjum ekki þessa tillögu eins og hún er hér úr garði gerð á þessu stigi málsins. Ég vona að um það geti tekist samstaða vegna þess að enginn ágreiningur er um það að hugsanlega getur verið skynsamlegt fyrir okkur að ganga inn í halveiðiráðið aftur. Eins og hefur til að mynda verið bent á, þá er það forsenda fyrir því að við getum hafið viðskipti með hvalaafurðir. Við getum ekki flutt þær út til Japans sem er eini markaðurinn nema við séum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu þannig að það getur verið margt sem mælir með því. En þá verður þetta að vera fyrir hendi. Það er ekki gagn að fara inn í einhvern klúbb sem ætlar að halda áfram að brjóta alþjóðahvalveiðisáttmálann og jafnvel að breyta hvalveiðiráðinu í hrein friðunarsamtök.

[18:26]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra andmælir því ekki að ræða hans sem hann flutti hér áðan sé orðið klassísk, þ.e. í tölu þeirra ræðna sem hann flytur árlega af sama tilefninu og er alltaf sama ræðan, en ver sig með því að ábendingar, tillögur og gagnrýni á ræðuna sé líka sú hin sama. Það leiðir af sjálfu sér, ef hæstv. ráðherra er alltaf í sömu sporunum og flytur alltaf sömu ræðuna, þá kallar það á sömu gagnrýnina. En niðurstaðan er þá pattstaða vegna þess að ráðherrann hefur ekki þokað málinu áfram.

Kjarni málsins er sá að, að svo miklu leyti sem ráðherrann segir, við þurfum að vinna málinu fylgi. Við þurfum að tryggja að við komumst inn í ráðið með þessum skilgreinda fyrirvara og þar reynir á lagatæknileg atriði. Þá er spurningin: Hvað hefur verið að gerast á undanförnum árum? Hefur ráðherrann ekki frá neinu að skýra um að það eru tilteknar þjóðir sem vilja veita atbeina sinn til þess? Það þarf ekki atbeina allra og við fáum hann ekki fyrir fram.

Þess vegna ítreka ég enn, herra forseti: Hvað er að frétta af starfi þessarar merku nefndar sem vakti miklar vonir um að nú þegar nefndin hefði komist að skýrum niðurstöðum og lagt fyrir hæstv. ráðherra, þá yrði stefnan og kúrsinn markaður og nú færi að styttast í það að tími orða væri liðinn og athafna upp runninn? Hefur þess nefnd í engu breytt neinu í málinu? Hefur hún ekkert nýtt fram að færa? Er ekkert að finna í niðurstöðum hennar um það hvernig eigi að ganga fram, ef það er svo að ráðherrann hafi ekki fundið ráð til þess að eigin frumkvæði?

[18:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Ég vil aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt, herra forseti, vegna fyrirspurna hv. 9. þm. Reykv. um nefndina að álit hennar liggur fyrir ríkisstjórn. Það hefur ekki verð birt. Það hefur hins vegar verið afhent utanrmn. og formönnum flokka í stjórnarandstöðuninni og ætlunin er að hafa samráðsfund með þeim áður en umfjöllun í ríkisstjórn verður lokið.

Aðalatriðið í þessu máli er að reyna að finna flöt á því að vinna því framgang. Hv. þm. ætti að vita að í tíð fyrri ríkisstjórnar var tekin sú ákvörðun, a.m.k. var henni ekki mótmælt af páv. utanrrh., að láta þetta mál sitja aðeins til hliðar og hvíla meðan við stóðum í mestum deilum við Norðmenn og vorum að vinna að framgangi okkar mála á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og þar fram eftir götunum. Við töldum einfaldlega að við hefðum ekki kost á því að beina kröftum okkar í of margar áttir á sama tíma. Ég held að þetta hafi verið skynsamleg ákvörðun þá og ég man ekki eftir að henni hafi verið mótmælt af páv. utanrrh. Núna er meira lag og þá freista menn þess að takast á við málið á nýjan leik og þess vegna var starfshópnum komið á fót.

Sé það svo að hv. þm. vilji í raun vinna málinu framgang þá ætti hann ekki að vera að leggja slíkt ofurkapp á að fá hér samþykktar tillögur sem gætu þýtt að við lokuðum okkur frekar af eins og mál standa í dag. Það er kjarni þessa máls. Það er til lítils að standa upp og gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að hafa unnið slælega í málinu en vera svo sjálfur að mæla fyrir tillögu sem gæti þrengt stöðu okkar. Það er ekki mikið samræmi í þeim málflutningi. (**JBH:** Á þá að halda óbreytta ræðu á næsta ári?)

[18:30]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er sjaldgæft en notalegt að sjá hæstv. sjútvrh. koma svona lítillátan og auðmjúkan í ræðustól eins og núna. Nú kemur hann og segir að það sé nauðsynlegt að stjórnarandstaðan standi með ríkisstjórninni í málinu, það þurfi sem víðtækasta samvinnu. Herra forseti. Ég varð ekki var við þennan samvinnuvilja, a.m.k. við jafnaðarmenn þegar hann setti af stað umrædda nefnd. Það var ekki mikið leitað til jafnaðarmanna þá um að koma og vinna saman til þess að finna málinu sameiginlega farsæla niðurstöðu. Það verður hæstv. sjútvrh. að eiga við sjálfan sig en það er fullseint í rassinn gripið að koma núna með húfuna í hendinni til okkar og biðja um stuðning í máli sem er búið að klúðra.

Ég kem hér upp, herra forseti, til þess að herða á því sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson hefur óskað hér eftir, að fá að sjá þessa skýrslu birta opinberlega. Ég hef séð þessa

skýrslu og er bundinn trúnaðarheiti. En hæstv. sjútvrh. segir að þingmenn hljóti að skilja að hún verði ekki birt fyrr en umfjöllun er lokið í ríkisstjórn. Mig brestur nú greind til þess að skilja það, herra forseti. Ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að leysa út skýrslu sem hefur legið fyrir frá því í febrúar. Henni var skilað í febrúar. Kynni að vera, herra forseti, að í þeirri skýrslu komi fram einhver afstaða til þessarar þáltill. sem hér liggur fyrir? Ég spyr. Ég held að það sé nauðsynlegt að skýrslan komi fram hið fyrsta og ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvað veldur því að skýrsla sem er búin að vera til umfjöllunar í tvo mánuði í ríkisstjórn er trúnaðarmál? Fjölmiðlar fá ekki aðgang að henni og meira að segja hagsmunaaðilar, þeir sem hafa mestan áhuga á þessu og mesta hagsmuni af því að sjá málið leitt til lykta, fá ekki heldur nokkurn pata af þessu. Ég hef að sjálfsögðu ekki sagt mínum þingflokki frá þessu en við brennum öll í skinninu. Hvað er það sem ekki má sjá?

[18:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því að hafa ekki tekið það fram hér í upphafi, sem ég átti auðvitað að vita, að hv. 15. þm. Reykv. hefði ekki skilning á mikilvægi þess að freista þess að hafa samstöðu í þessu efni.

Varðandi skipan þessa starfshóps þá var hann ekki fjölmennur. En vissulega er það svo að einn af fremstu forustumönnum jafnaðarmanna í landinu sat í þessum hópi og furðar mig að hv. 15. þm. Reykv. skuli flytja ræðu af því tagi sem hér var flutt og með þeim ummælum sem hér voru höfð, að forustumenn jafnaðarmanna hefðu ekki komið að þessari vinnu. En það er annar handleggur.

Ég ítreka einungis þá von að skilningur hv. þm. vaxi. Hann hefur oft sýnt það í umræðum í þinginu að þó að hann hafi komið að málum með takmörkuðum skilningi, þá hefur hann vaxið og hv. þm. er þeirrar gerðar að geta viðurkennt það og tekið nýja og breytta afstöðu. Fyrir því eru mörg fordæmi og á hann mikil hól og hrós skilið fyrir það og ég veit að það á eftir að endurtaka sig í þessu máli eins og svo oft endranær.

[18:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get nú ekki látið minn hlut eftir liggja í þessu skjallbandalagi sem hér hefur myndast. Ég verð að segja að hæstv. sjútvrh. er einn þeirra manna sem er hvað skyggnastur á þróun í stjórnmálum. Nú hefur honum tekist að skyggnast fram í framtíðina mun betur en mér og okkur öðrum forustumönnum jafnaðarmanna vegna þess að hann er búinn að sjá það fyrir að það mun takast, sem við höfum verið að tala um, að jafnaðarmenn sameinist í eina órofa fylkingu og ég vil óska hæstv. sjútvrh. til hamingju með að hafa uppgötvað þetta fyrstur manna á stjórnarheimilinu.

Hins vegar verð ég líka að segjað, herra forseti, að ég skil ekki af hverju þessi skýrsla er ekki leyst. Ég skil ekki af hverju hún er ekki lögð fram og ég ítreka það aftur: Hvenær á þessi skýrsla að koma? Getur verið að í henni sé eitthvað sem hæstv. sjútvrh. vill ekki sjá, t.d. í þeirri umræðu sem hér fer fram? Kann að vera að eitthvað slíkt vaki fyrir honum? Ég verð að segja að ég kann ekki alveg við þessi vinnubrögð. Það er búið að ganga frá málinu, skýrslan liggur fyrir, það er búið að kynna hana í trúnaði, svo miklum trúnaði að þeir sem fá að sjá hana eru beðnir um að kynna hana ekki einu sinni fyrir sínum þingflokki og hafa auðvitað haldið þann trúnað. En mér finnst raunar að þetta sé komið út í öfgar og það sé kominn tími á það að menn sjái hvort eitthvað sé í þessari skýrslu eða hvort henni sé haldið vegna þess að þar er kannski ekki nokkur skapaður hlutur.

[18:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er óþarfi að endurtaka ræðuna um skýrsluna. Ég hef þegar greint frá því nokkrum sinnum hvernig staðið hefur verið að verki í því efni. Skýrslan verður birt þegar umfjöllun um hana er lokið í ríkisstjórn og það verður alveg á næstunni. Ég á ekki von á því að hv. 15. þm. Reykv. né aðrir hrökkvi neitt við þegar þeir lesa skýrsluna eða að hún komi þeim á óvart.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–7. og 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

---

106. FUNDUR

föstudaginn 18. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, stjtill., 554. mál, þskj. 912. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 555. mál, þskj. 913. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., 556. mál, þskj. 914. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, þáltill., 490. mál, þskj. 825. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Vörugjald af olíu, stjfrv., 527. mál, þskj. 879. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv.; 528. mál, þskj. 880. — 1. umr.
7. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 529. mál, þskj. 881. — 1. umr.
8. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 530. mál, þskj. 882. — 1. umr.
9. Hlutafélög, stjfrv., 504. mál, þskj. 847. — 1. umr.
10. Einkahlutafélög, stjfrv., 505. mál, þskj. 848. — 1. umr.
11. Samvinnufélög, stjfrv., 506. mál, þskj. 849. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 452. mál, þskj. 766. — 1. umr.
13. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 461. mál, þskj. 775. — 1. umr.
14. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 515. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 526. mál, þskj. 878. — 1. umr.
16. Lækkun fasteignaskatta, frv., 540. mál, þskj. 894. — 1. umr.

17. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907. — 1. umr.
18. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908. — 1. umr.
19. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 552. mál, þskj. 910. — 1. umr.
20. Erfðafjárskattur, frv., 517. mál, þskj. 866. — 1. umr.
21. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðmundur Bjarnason landbrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.

[10:32]

Útbýting þingskjala:
Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 362. mál, nál. samgn., þskj. 969.
Siglingastofnun Íslands, 580. mál, frv. samgn., þskj. 972.
Sjóvarnir, 115. mál, nál. samgn., þskj. 970; brtt. samgn., þskj. 971.
Skráning skipa, 217. mál, nál. samgn., þskj. 968.

Tilhögun þingfundar.

[10:33]

Forseti (Guðni Ágústsson):
Forseti vill tilkynna að kl. 13.30 í dag er fyrirhuguð atkvæðagreiðsla.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

[10:33]

Svavar Gestsson:
Herra forseti. Í viðtalsþætti við formann þingflokks Framsfl. um miðnættið í nótt fréttu þingmenn af því að til stæði að setja lög um tekjuskatt og eignarskatt á þriðjudaginn kemur. Ég vil þakka fyrir það að almennt skuli þingmenn látnir vita af þessum tíðindum í sjónvarpinu.

Þetta mál mun einnig hafa verið rætt á fundi efh.- og viðskn. í gær en þetta frv. hefur aldrei verið rætt við formenn þingflokkanna eða á vettvangi þeirra og forseta Alþingis og ég gagnrýni það. Það hefur verið unnið að skipulagi fundahalda hér næstu daga, mánudag, þriðjudag og miðvikudag. Það hefur verið gert ráð fyrir því að fara á mánudaginn í mál frá efh.- og viðskn., bankamál og fleira, og það hefur verið gert ráð fyrir því að halda áfram í stjórnarfrumvörpum næstu daga þar á eftir. Það er bersýnilegt að þessari vinnuáætlun verður að breyta ef þetta frv. um tekju- og eignarskatt á að koma þannig til meðferðar að það verði að lögum eins og tilkynnt var í sjónvarpinu á miðnætti í nótt.

Einnig er nauðsynlegt að hafa það í huga, herra forseti, að hér er mjög sérkennilega að málum staðið af stjórnarliðinu. Þessa viku hafa menn verið að hjakka á fyrstu umræðu málum frá ríkisstjórninni um búfjárhald, býlanöfn og Örnefnastofnun en þau mál sem er sagt að brýnt sé að verði lokið næstu daga eru látin bíða þangað til í lok vikunnar eins og það frv. sem hér á að ræða á eftir um tekju- og eignarskatt sem er hluti af þeim kjarasamningum sem verið er að gera.

Ég kem hér upp, herra forseti, til þess að óska eftir því að þessi mál verði rædd á ný. Við í þingflokki Alþb. og óháðra munum ekki setja okkur á móti því að reynt verði að flýta eins og kostur er meðferð tekjuskattsmálsins. Það er hluti af kjarasamningavinnu sem við erum vön að taka þátt í hér í þessari stofnun með þeim hætti sem við teljum eðlilegt á hverjum tíma. En það þýðir að öðrum málum verður þá að ryðja til hliðar. Það er ekki hægt að gera hér allt í einu, það er ekki hægt að setja lög á þriðjudag og miðvikudag með annarri hendinni en ræða 10–12 stjórnarfrumvörp á sama tíma í þessari stofnun og það er auðvitað algjörlega fáránlegt að þetta mál skuli aldrei hafa verið rætt í skipulagningarhópi þingsins sem eru formenn þingflokkanna.

[10:37]

Ágúst Einarsson:
Herra forseti. Varðandi þetta mál vil ég upplýsa að það var fundur í gærmorgun í efh.- og viðskn. þar sem þetta frv. var rætt. Það var upplýst á þeim fundi að það væru tiltekin ákvæði í því sem væri æskilegt að tækju gildi um næstu mánaðamót og málið því komið í nokkurn vanda vegna þess að það er seint fram komið og seint talað fyrir því. Það er mjög ámælisvert að mínu mati hvað málið kemur seint til þinglegrar meðferðar. Það var hins vegar samkomulag í efh.- og viðskn. að menn reyndu að hraða umfjöllun um málið á þann hátt að málið var sent út til umsagnar í morgun með samþykki allra nefndarmanna til helstu umsagnaraðila og þeir boðaðir á fund á mánudagsmorgni. Þá hefst hin formlega umfjöllun um þetta frv. Ég get ekki fullyrt á þessu stigi hvort það næst að lögfesta hluta af þessu frv. fyrir mánaðamót eða ekki. Það verður að koma í ljós í störfum þingnefndarinnar.

Það er fullkomlega eðlilegt sem hv. þm. Svavar Gestsson vakti hér athygli á að formenn þingflokka verða vitaskuld að koma saman og ræða við forseta þingsins um hvernig vinnubrögðum verður háttað, því ef þessi vinnuáætlun efh.- og viðskn. á að ganga eftir þá verður 1. umr. um þetta mál að ljúka í dag og atkvæðagreiðsla að verða um málið þannig að það fari formlega til nefndarinnar og geti fengið umfjöllun. Það er brýnt, herra forseti, að formenn þingflokka ræði þessa stöðu og þá ósk ríkisstjórnarinnar að hraða umfjöllun um málið. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að sú skoðun kom fram í efh.- og viðskn. að menn vildu vitaskuld skoða þetta mál með velvilja. (Forseti hringir.) Þetta er hagsmunamál fjölmargra launþega í landinu. En að lögfesta allt frv. sem nær til þriggja ára, — það er alls ekki vilji stjórnarandstöðu og ég hef ekki nokkra trú á að það sé vilji stjórnarinnar heldur. Þetta er spurning um að taka vissa þætti út úr frv. Það verður að ræðast í nefndinni en ég legg á það ríka áherslu að formenn þingflokkanna komi vitaskuld að því máli, enda eru þeir verkstjórar okkar hér í þinginu.

[10:39]

Forseti (Guðni Ágústsson):
Forseti vill taka fram að mjög mikilvægt er að forseti þingsins og formenn þingflokka ræði það mál sem hér er til umræðu og að það verði gert sem allra fyrst. Forseti telur að það verði ekki leyst núna í þessari umræðu.

[10:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:
Virðulegi forseti. Ég tek undir hvert einasta orð hjá báðum þeim þingmönnum og félögum mínum sem hér hafa talað.

Það kemur fram í orðum Ágústs Einarssonar að það er fullur vilji til þess af hálfu efh.- og viðskn. og stjórnarandstöðunnar að taka höndum saman við stjórnarflokkana í þessu máli. En við erum alltaf að ræða það að hér er starfsáætlun og hér er verið að reyna að taka á vinnulagi þingsins. Það er ekki bara verið að brjóta vinnureglur heldur er til nokkuð sem heitir mannleg samskipti. Ég fékk að heyra um þetta mál seinni partinn í gær, vangaveltur míns núverandi formanns efh.- og viðskn. um hvernig hann gæti komið til móts við stjórnarflokkana í þessu máli. Viðbrögð mín voru þau að þetta yrðum við stjórnarandstöðuflokkarnir að geta rætt á þingflokksfundum þannig að málið verður ekki til lykta leitt fyrr en á mánudag. Það er engin ástæða til annars en að búast við því af okkur að við tökum vel á málum, en að það sé valtað yfir okkur með þeim hætti að hér séu gerðar áætlanir og áformað að fara með mál í gegn á föstudegi og gera að lögum á þriðjudegi, ég tala ekki um að láta þingmenn hlusta á það í sjónvarpsþætti, það er svo mikið brot á eðlilegum mannlegum samskiptum í þessum sal að ég átel það harðlega. Og ég óska eftir því að fyrr en seinna verði gert fundarhlé hér og formenn þingflokka boðaðir á fund forseta til að ræða hvernig fara skuli með þetta mál.

[10:42]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Vegna þessara ummæla getur forseti upplýst að forseti Alþingis, Ólafur G. Einarsson, hefur sent þau skilaboð að formenn þingflokka séu boðaðir til fundar kl. 11.45 ef það mætti verða til þess að stytta þessa umræðu. Þar koma þingmenn sjónarmiðum sínum á framfæri og farið verður yfir þetta mál.

[10:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé út af fyrir sig fullnægjandi að öðru leyti en því að mér finnst það nokkuð seint sem þessi fundur er haldinn. Ég hefði talið að þörf væri á að halda hann nú þegar þannig að ég fer fram á það að honum verði flýtt vegna þess að það hefur áhrif á hraðann í meðferð málsins hér hvernig þeim fundi vindur fram. Ég óska því eftir að hann verði haldinn fyrr. Það vil ég segja í fyrsta lagi.

Í öðru lagi vil ég segja að ég tel nauðsynlegt að það sé skýrt að ekki kemur til greina að afgreiða annað af þessu frv. en það sem óhjákvæmilegt er að afgreiða fyrir mánaðamótin. Það er auðvitað algjörlega út í hött að ætla sér að afgreiða hér á þremur sólarhringum skattalög sem eiga að gilda á árinu 2000 eins og gert er ráð fyrir í frv. ef ég man rétt. Það er því greinilegt að efh.- og viðskn. verður að taka það út úr sem óhjákvæmilegt er að taka út úr í þessu efni til þess að staðið verði við þá kjarasamninga sem ákveðið var að gera. Auðvitað er allt með ósköpum í vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar í sambandi við þessa kjarasamninga og til skammar. Það er til skammar hvernig ríkisstjórnin heldur á þessu máli, ekki síst með hliðsjón af því að aftur og aftur hefur hún verið minnt á þessi mál í þessari stofnun, hvað eftir annað. Hvað eftir annað var spurt hvenær skattafrumvarpið kæmi inn þegar VR-samningur var gerður. Hvenær kom það svo inn? Það kom inn á undanþágu 4. apríl. En þetta mál er í raun og veru búið að liggja síðan 4. apríl, í mjög langan tíma. Það eru handarbakavinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að kunna ekki að raða málum í forgangsröð. Á sama tíma erum við að eyða hér löngum fundum í umræður um býlanöfn og búfjárhald, mál sem bersýnilega skipta ekki stóru máli í þessu samhengi.

Ég óska eftir því, herra forseti, og þakka fyrir undirtektir forseta, að sá fundur sem áformaður er verði haldinn strax.

[10:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hlýt auðvitað að taka undir það hér að röðun mála er afar sérkennileg í ljósi þess að það frv. sem við höfum nú verið að ræða um, breytingarnar á lögum um tekju- og eignarskatt í tengslum við gerð kjarasamninga, á að hafa efnisleg áhrif strax um næstu mánaðamót. Það hefur legið fyrir alveg frá því að niðurstaðan varð í þessari tillögugerð af hálfu ríkisstjórnar og samkomulag tókst um kjarasamninga svona að miklu leyti og þeim furðulegri er sú forgangsröð sem hefur t.d. verið á framlagningu og fyrirtöku mála hér síðustu dagana. Það er búið að taka fyrir fjöldann allan af stjórnarfrumvörpum sem sum á væntanlega að afgreiða, önnur jafnvel ekki, og hér hefur verið eytt tíma í þau síðustu vikuna og rúmlega það, en þetta forgangsmál hæstv. fjmrh. liggur hér eftir og er fyrst að komast að núna á þessum föstudagseftirmiðdegi sem átti ekki einu sinni að vera fundadagur samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Og maður spyr sig auðvitað að því hvort hæstv. fjmrh. sé svona algjör hornreka að hann sé píndur til að vera með sín brýnustu mál aftast á listanum hjá hæstv. ríkisstjórn. Hver stjórnar þessu? Er það forseti þingsins eða er það forsrh. eða hver er með puttana í þessu? Hver er að kvelja hæstv. fjmrh. svona?

Vegna þess sem hér kom fram um gildistöku hluta af þessu frv. þá sýnist mér eftir fljóta athugun á því að það séu fyrst og fremst tvö ákvæði til bráðabirgða, þ.e. ákvæði til bráðabirgða I og hluti af ákvæði til bráðabirgða III sem þurfa helst að öðlast gildi fyrir 1. maí. Ég held að það liggi þannig að eigi þessar breytingar á annað borð að verða, þá sé öllum fyrir bestu að reyna að gera þær strax. Hitt er hálfgert klúður þó að vissulega væri hægt að leiðrétta þetta eftir á.

Ég vil svo nefna einn annan hlut, herra forseti, um þinghaldið hér sem er auðvitað orðið með miklum endemum af ýmsum ástæðum. Þennan föstudag átti samkvæmt starfsáætlun Alþingis ekki að vera þingfundur. (Forseti hringir.) Þennan föstudag eru ekki færri en tvær stórar ráðstefnur í gangi, önnur í Háskólabíói, norræn ráðstefna um konur, atvinnumál og efnahagsmál þar sem fjöldi þingmanna er boðaður, (Forseti hringir.) hin norður á Akureyri þar sem hæstv. landbrh. eða umhvrh. stendur fyrir málum. Það er neðan við allar hellur að setja menn í þessar aðstæður að þeir ættu að vera að lágmarki á þremur stöðum samtímis, hér að gegna þingskyldum sínum, uppi í Háskólabíói og á ráðstefnu norður á Akureyri. Þetta er ekki hægt.

[10:47]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir það ákaflega leitt ef mjög sakleysislegt viðtal að mínu mati við mig í Þingsjá í gærkvöldi hefur valdið þeim titringi sem hér hefur orðið, ekki síst vegna þess að ég fullyrti ekkert í því viðtali um afgreiðslu þessa máls. (**SvG:** Jú, jú, jú.) Það datt mér ekki í hug að gera vegna þess að það er alltaf ákvörðun Alþingis sem ræður en ekki eins þingmanns eða einnar ríkisstjórnar. Ég man það mjög vel að ég sagði að ég ætladi ekki að fullyrða neitt um það hvort þetta mál gæti orðið að lögum fyrir 1. maí. En hins vegar greindi ég frá því að hv. efh.- og viðskn. ætladi að halda aukafund um málið á mánudag og um það var algjör samstaða í nefndinni. Það var einnig samstaða um að málið

fengi að fara til umsagnar þó að það væri ekki formlega komið til nefndarinnar.

Þetta mál kemur seint fram, það er alveg rétt, og það er m.a. vegna þess að það er ekkert óskaplega langt síðan það var ákveðið að leggja til þessar breytingar á skattalögum. Það kom fram á síðasta degi áður en frestur rann út að leggja fram mál. Síðan var hér nefndavika sem gerði það að verkum að það var ekki hægt að mæla fyrir málinu í fyrri viku og það var nokkuð mikill stabbi sem beið þess að komast til 1. umr. þegar þing kom saman á nýjan leik. En ég trúi því að þingið geti tekið á þessu máli og síðan verður það náttúrlega bara að ráðast í nefndinni hversu hratt gengur að vinna málið og hvort við ráðum við að gera það að lögum fyrir 1. maí. En ég held að allir hafi gert sér grein fyrir því að í þessu frv. eru ákvæði sem eiga að taka gildi á þeim degi.

[10:49]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hefur komið fram fullkomlega réttmæt og eðlileg gagnrýni á störf þingsins og ég vil þakka hæstv. forseta fyrir skilning hans og undirtektir við þá gagnrýni og vænti þess að þessi fundur verði þá haldinn, þó að ég taki einnig undir kröfu og tilmæli hv. 8. þm. Reykv. um að hann verði haldinn nú þegar. Ég sé ekki að það sé eftir neinu að bíða. Ég staðfesti að það hefur ekki komið til umræðu á fundum forseta með þingflokksformönnum að þessu máli þyrfti að flýta með þessum hætti og það er raunar furðulegt að það skuli fyrst koma fram á eins konar fyrir fram fundi í efh.- og viðskn. að svo brátt þurfi að afgreiða málið. Það er í raun óhugsandi að menn sem fyrst og fremst ráða um framlagningu mála og hvenær þau skuli tekin á dagskrá hafi ekki áttað sig á þessu fyrr og tekið á því. Ég verð að segja að alvarlegasti þátturinn í þessu máli er sá að það virðist sem það skorti mjög á eðlileg og nauðsynleg samskipti ráðherra og forseta þingsins að þetta skuli þurfa að bera að með þessum hætti.

[10:51]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti vill taka fram að hann hefur komið þeim óskum þingflokksformanna á framfæri við forseta þingsins að þessum fundi verði flýtt en ekki hafa borist upplýsingar um hvort svo verður.

[10:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég get nú stytt mál mitt eftir þessar nýjustu upplýsingar sem komnar eru frá hæstv. forseta um að fundi þingflokksformanna verði flýtt, en ég vil taka undir þau mótmæli sem hér hafa komið fram af hálfu þingmanna stjórnarandstöðu um vinnubrögð þingsins. Ég minnist þess þegar þegar hv. formaður efh.- og viðskn. lýsti því yfir á sínum tíma í beinni útsendingu frá Brussel á enskri tungu að til stæði að lögfesta hér í þinginu ný lög um áfengisdreifingu á Íslandi og þótti mörgum nóg um. Og ég vil taka undir mótmæli gegn vinnubrögðum og yfirlýsingum af hálfu stjórnarþingmanna í fjölmiðlum um tímasetningu varðandi vinnubrögð Alþingis. Að lokum vil ég fagna því að hæstv. forseti ætlar að verða við kröfum um að flýta fyrirhuguðum fundi formanna þingflokkanna.

Vörugjald af olíu, 1. umr.

Stjfrv., 527. mál (lituð olía). — Þskj. 879.

[10:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum um vörugjald af olíu, nr. 34/1995, og lögum nr. 120/1995, um breytingu á þeim lögum. Þetta mál er að finna á þskj. 879 en þetta er 527. mál þingsins.

Með frv. þessu eru lagðar til breytingar á lögum um vörugjald af olíu eins og áður hefur komið fram. Lög þessi áttu fyrst að taka gildi 1. janúar 1996 en gildistökunni var síðan frestað um tvö ár í nóvember 1995. Þessi breyting var ákveðin að tillögu nefndar sem skipuð var samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum til að undirbúa upptöku og framkvæmd gjaldtökunnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að fresta upptöku olíugjalds um sinn meðan kannaðir væru betur möguleikar á að taka upp olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslukerfis eins og lögin gera ráð fyrir.

Meginástæður fyrir frestun gildistöku laganna voru aðallega tvær. Annars vegar komu fram upplýsingar frá Danmörku um nýja tækni sem gerir litun gjaldfrjálsrar olíu að mun hagkvæmari kosti en áður lá fyrir en þar í landi hefur undirbúningur litunarkerfis staðið yfir í nokkur missiri. Hins vegar þótti endurgreiðslukerfi það, sem lögin mæla fyrir um, fela í sér hættu á undanskotum sem gerðu eftirlit og framkvæmd þess erfiða. En nú liggur fyrir að litun olíu með hinni nýju tækni verður tekin upp í Danmörku frá og með 1. júlí nk. og hefur löggjöf þar í landi verið breytt í þá veru.

Við samningu þessa frv. hefur verið stuðst við sambærilega löggjöf í Danmörku, Noregi og Svíþjóð en skammt er síðan þessar þjóðir tóku upp olíugjald með litun. Meginefni þessa frv. lýtur að því að fella brott ákvæði um endurgreiðslu olíugjalds til aðila sem ekki eiga að bera það en lögfesta í stað þeirra reglur varðandi litun olíu sem seld verður sömu aðilum án gjalds. Tekin eru upp ákvæði um álagningu sérstaks olíugjalds á þá aðila sem verða uppvísir að því að nota litaða olíu á gjaldskyld ökutæki. Gert er ráð fyrir að álagning og framkvæmd verði í höndum embættis ríkisskattstjóra. Með frv. þessu er fyrst og fremst verið að breyta þeim ákvæðum laganna er snúa að því að koma á olíugjaldskerfi með litun gjaldfrjálsrar olíu í stað endurgreiðslu. Það er meginefni frv.

Skoðun á forsendum gjaldsins bendir til þess að marktækur munur verði á tekjum til vegagerðar að óbreyttum lögum sem bæta verður með einhverjum hætti. Unnið verður að því fyrir haustið að meta með meiri nákvæmni þennan mismun og að tillögur um nánari útfærslu á tekjustofnum Vegagerðarinnar verði lagðar fram á haustþingi. Þessi mál hafa verið nokkuð til umræðu á milli annars vegar fjmrn. og hins vegar samgrn. og reyndar Vegagerðarinnar og eftirfarandi leiðir verða m.a. skoðaðar til að tryggja að tekjur til vegagerðar verði sambærilegar og í þungaskattskerfinu:

1. Breyting verði á fjárhæð olíugjalds.

2. Óbreytt olíugjald að viðbættu sérstöku föstu árgjaldi á stærri bifreiðar.

3. Óbreytt olíugjald að viðbættu sérstöku kílómetragjaldi á stærri bifreiðar.

4. Vegagerðinni verði bættur hluti mismunarins með aukinni hlutdeild í bensínsköttum á móti auknum tekjum ríkissjóðs af virðisaukaskatti á olíugjald.

Þetta eru þau atriði sem þarf að skoða í sumar. Það er ljóst að þessi breyting má ekki verða til þess að við töpum tekjum sem Vegagerðinni eru ætlaðar. Þær hafa vaxið nokkuð að undaförnu vegna þess að gerð var breyting á þessu kerfi eigi alls fyrir löngu að frumkvæði fjmrn. sem hefur orðið til þess að tekjuinnheimtan hefur stórlega batnað frá því sem áður var, en þá var ljóst að nokkur undanskot voru hjá þeim sem notuðu dísilolíu sem eldsneyti á bifreiðar sínar.

Það er frá því að segja að litunin hefur verið að ryðja sér til rúms í Evrópu og er nú nánast ríkjandi aðferð þar til að skattleggja notkun bifreiða en auk gjalds á dísilolíu leggja ESB-ríkin ýmis önnur gjöld á bíla og flutninga, einkum bílaskatta, þ.e. árgjald sem gjarnan er miðað við þyngd ökutækisins eða afl þess, vegatolla og notkunargjöld sem eru frábrugðin vegatollum að því leyti að þau eru yfirleitt gjald fyrir akstursleyfi í ákveðnu landi eða svæði innan þess í ákveðinn tíma. Olíugjaldið er þó langstærstur hluti allra gjaldanna. Áætlað er að tekjur ESB-ríkjanna á vöruflutningum á vegum séu um 33,8 milljarðar ECU á ári. Þar af eru tekjur af olíugjaldi 26 milljarðar ECU eða 77% af heildartekjunum.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þetta þarf að kanna fyrir haustið. Aðaltilgangurinn að fá þetta frv. til umræðu nú og afgreitt á vorþinginu er að hægt sé að undirbúa litunina því að að því máli þurfa að koma aðilar utan ríkiskerfisins og þá sérstaklega olíufélögin sem þurfa að undirbúa sig með kostnaðarsömum aðgerðum og kaupum á tækjum, auk þess sem menn þurfa að kynna sér hvernig þetta er gert í nálægum löndum, einkum í Danmörku sem litið hefur verið nokkuð til.

Það er ástæða til þess að segja frá því að það veldur auðvitað nokkrum vandræðum varðandi skatt af þessu tagi að slit á vegunum fer ekki eftir hlutfalli af dísilolíunotkun bifreiðarinnar. Eftir því sem bílarnir eru þyngri, þeim mun meira slíta þeir vegunum og ef þyngdin tvöfaldast þá margfaldast slitið jafnvel þótt dísilolíunotkunin sé lítið meiri heldur en þegar bílarnir eru léttari. Á þessu vandamáli þarf auðvitað að taka og skoða mjög vandlega í sumar og það mun fjmrn. gera með samgrn. og skrifstofu vegamálastjóra.

Virðulegi forseti. Þegar litið er á einstakar greinar langar mig til að benda á örfá atriði. Í 1. gr. er lagt til að embætti ríkisskattstjóra annist álagningu og framkvæmd olíugjalds, en jafnframt er gert ráð fyrir að embættið geti falið einstökum skattstjórum ákveðin verkefni. Ástæðan er einkum sú að gjaldskyldir aðilar samkvæmt 3. gr. laganna verða ekki nema 4–5 og þeir allir með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Skapast hefur sérfræðiþekking hjá ríkisskattstjóra þar sem hann hefur haft með höndum álagningu og framkvæmd þungaskatts á landsvísu samkvæmt breytingum sem gerðar voru á þessum málum fyrir tveimur eða þremur árum.

Í 4. gr. er lagt til að núgildandi 4. gr. laganna um undanþágur verði orðuð að nýju með tilliti til litunar.

Kveðið er á um í hvaða tilvikum er heimilt að afhenda gjaldfrjálsa litaða olíu. Meginreglan er sú að heimilt verður að afhenda slíka olíu til annarra nota en á skráningarskyld ökutæki. Í greininni eru taldar upp með tæmandi hætti tegundir notkunar sem teljast undanþegnar olíugjaldi og kveðið á um að litaða olíu megi ekki nota sem eldsneyti í öðrum tilgangi.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að núgildandi 5. gr. laganna um endurgreiðslur falli brott í heild en í stað hennar komi ný grein sem fjallar um leyfi til litunar.

Samkvæmt greininni eiga gjaldskyldir aðilar, sem óska eftir heimild til að bæta litarefnum í gjaldskylda olíu vegna sölu eða afhendingar án gjalds, að sækja um það til ríkisskattstjóra. Gert er ráð fyrir að settar verði svipaðar reglur og Danir hafa sett þar sem heimilt er að lita olíu með sérstökum búnaði við dælingu úr tankbifreiðum eða í birgðastöðvum. Það er þessi nýja tækni sem gerir það að verkum að álitlegt sýnist vera að nota aðferðina hér á landi en hefði það verið gert með gamalli tækni hefði það þýtt að byggja hefði þurft upp nýja tanka við nánast allar bensínstöðvar í landinu en þess þarf ekki ef við förum að eins og gert var í Danmörku.

Í 6. gr. er verið að fella á brott töluliði vegna endurgreiðslunnar en ákvæði þessi eru að sjálfsögðu óþörf þegar liturinn kemur í stað endurgreiðslunnar.

Í 7. gr. eru lagðar til breytingar á 7. gr. laganna varðandi almenn ákvæði um bókhald og útgáfu sölureikninga með tilliti til þeirra breytinga sem verða vegna litunar á olíu sem undanþegin er gjaldskyldu.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir að núgildandi 8. gr. laganna um bókhald þeirra sem rétt eiga á endurgreiðslu verði orðuð að nýju með tilliti til litunar.

Í 9. gr. er sú breyting lögð til að olíugjald skuli aðeins greitt af litaðri olíu fyrir hvert uppgjörstímabil miðað við sölu eða afhendingu og eigin notkun.

Í 10. gr. í 2. tölul. er bætt við nýrri málsgrein, 2. mgr., þar sem kveðið er á um heimild fyrir gjaldskylda aðila skv. 3. gr. laganna til að draga frá við uppgjör á gjaldskyldri olíu olíugjald af töpuðum útistandandi viðskiptaskuldum, enda hafi hin tapaða fjárhæð áður verið talin til gjaldskyldrar sölu á olíu.

Í 12. gr. er um að ræða sambærilegt ákvæði við það fyrirkomulag sem tíðkast í Svíþjóð og Noregi en þar er kveðið á um að leggja skuli sérstakt olíugjald á eigendur skráningarskyldra ökutækja ef í ljós kemur að lituð olía hefur verið notuð á ökutæki þeirra. Með öðrum orðum, það er sérstakt olíugjald. Þar sem eigendur skráningarskyldra ökutækja eru ekki gjaldskyldir skv. 3. gr. laganna er ekki unnt að kveða á um endurákvörðun olíugjalds ef bann við notkun litaðrar olíu á ökutæki hefur verið virt að vettugi. Þess vegna er þörf á sjálfstæðu ákvæði um gjaldskyldu í þessum tilvikum. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðum í lögum um þungaskatt þar sem ríkisskattstjóra er gert skylt að áætla þungaskatt þegar ekki hefur verið mætt með ökutæki í álestur. Þannig að þetta er álíka ákvæði og er í lögunum núna um þungaskatt.

Við álagningu sérstaks olíugjalds er ríkisskattstjóra skylt að boða fyrirhugaða álagningu vegna notkunar á litaðri olíu og skora á eiganda að láta í té skýringar og gögn a.m.k. innan fimmtán daga. Eiganda ökutækis er með þessu gefinn kostur á að andmæla fyrirhugaðri álagningu. Með þessum málsmeðferðarákvæðum er tryggð skilvirkni við álagningu gjaldsins án þess að skerða réttaröryggi gjaldenda. Ríkisskattstjóra ber eftir sem áður að gæta almennra stjórnsýslureglna um rannsóknar- og rökstuðningsskyldu.

Þá er lagt til að skráður eigandi ökutækis verði gjaldskyldur samkvæmt greininni, en ef annar aðili hefur umráðarétt yfir ökutækinu ber hann óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldsins með skráðum eiganda ökutækisins. Þannig er um að ræða sólidariska ábyrgð þessara tveggja aðila.

Í 13. gr. er kveðið á um gjalddaga sérstaks olíugjalds. Í 14. gr. er fjallað um kæruheimild og í 15. gr. er lagt til að bætt verði við 17. gr. laganna nýrri mgr. sem hefur að geyma refsiákvæði í þeim tilvikum þegar skráður eigandi

eða umráðamaður hefur af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi gerst brotlegur.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál. Það hefur verið að koma hér af og til á undanförnum árum. Það reyndar sló nokkuð í bakseglin haustið 1995 þegar ljóst var að menn vildu skoða þessa nýju tækni sem talin er álitleg og er sú tækni sem notuð er við skattlagningu í flestum Evrópuríkjum. Nú liggur fyrir að Danmörk mun taka hana upp á sumri komanda. Þess vegna er nauðsynlegt að setja þessi lög, en ég vil jafnframt að það komi skýrt fram að í sumar þarf að vinna frekar að málinu og þá í samvinnu fjmrn. og samgrn. til að tryggja að sú breyting sem mun eiga sér stað um næstu áramót muni ekki leiða til þess að Vegagerðin muni tapa tekjum, heldur er hugmyndin þvert á móti sú að þessi breytta aðferð muni styrkja innheimtuna og af þeirri ástæðu tryggja það fjármagn sem við þurfum á að halda til að byggja upp vegi hér á landi.

Virðulegi forseti. Ég mæli með því og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:07]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta mál þarf að skoðast aðeins með tilliti til forsögunnar, því að olíugjaldskerfi með litaðri olíu, sem á að taka upp í stað endurgreiðslu, tengist einnig þungaskatti. Ég vil geta þess að hér er um að ræða kerfisbreytingu sem sumir aðilar hafa áhyggjur af, þar á meðal vörubílstjórar sem benda á að sú breyting sem gerð var á þungaskattslögunum í fyrra hafi skilað ríkissjóði meiri tekjum en ætlað var. Tilefni þess að ég kem upp núna við 1. umr. er að vekja athygli á því að þetta mál þarf að skoða mjög vel og vandlega í efh.- og viðskn. og ekki hvað síst sjónarmið starfandi manna í stétt vörubílstjóra sem hafa af þessu áhyggjur. Sömuleiðis tekjuöflun fyrir Vegagerðina sem þarf að liggja fyrir sem fyrst, eins og hæstv. fjmrh. gat um. Það er vitaskuld mjög brýnt mál að útlínur séu ljósar en við vitum og höfum raunverulega stutt þá kerfisbreytingu að taka upp litaða olíu. Það er eins og gengur og gerist í Evrópu og er almennt til bóta, en það þarf að taka sérstakt tillit til þeirra aðila sem eiga að vinna með þessi kerfi með tilliti til þungaskatts og annarrar útfærslu á þessu frv.

Ég vil einnig varpa því fram hvort e.t.v. eigi að taka þá pólitísku ákvörðun að halda verði á dísilolíu alltaf undir bensínverði, t.d. 15–20%. Þessi stefnumörkun þekkist í nágrannalöndunum og ég vil varpa því fram í umræðuna til umhugsunar fyrir frekara starf í þingnefnd og við seinni afgreiðslu málsins.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka það sem kemur fram hjá hv. þm. um meðferð málsins í nefnd og skil það þannig að hann sé áhugamaður um að koma þessu máli áfram, en réttilega bendir hann á að það er ekki alveg einfalt því að auðvitað þarf að skoða vissa þætti málsins. Það sem ég sagði í framsöguræðu minni var að gæta þarf að því — það er ekki víst að okkur takist það í vor, það má geymast til haustsins — þegar endanlega verður ákveðið hve miklir fjármunir eiga að koma til ríkissjóðs af skatti á bifreiðar hvort ástæða sé til viðbótar lituninni og dísilskattinum að leggja á gjöld vegna t.d. þunga bifreiðarinnar. Ég veit að það er það sem vörubílstjórarnir hafa af áhyggjur af því að þeir keyra léttari bíla en flutningabílarnir sem eru miklu meiri að þyngd en slíta hins vegar vegunum miklum mun minna. Slíkt þekkist í Evrópu eins og ég lýsti reyndar vel í minni ræðu þar sem ég benti á að alls konar önnur gjöld en litunargjöld og dísilskattar eru lagðir á í þeim löndum. Okkur ber að skoða þetta vel hvort sem okkur tekst að gera það nú eða við gerum það í sumar, sem ég held að sé betra, og koma með ný frumvörp í haust. Þetta þarf að skoða vel. En það er auðvitað sjálfsagt að nefndin fái upplýsingar þar að lútandi.

Þetta hefur að sjálfsögðu líka með það að gera að Vegagerðin fái sitt fé. Um það hvort halda eigi útseldu verði á olíu undir bensínverði í öllum tilvikum mótast m.a. af því hvort gripið verður til viðbótargjaldtöku umfram dísilskatta á vissar tegundir bifreiða.

[11:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil draga það sérstaklega fram að þegar menn veltu fyrir sér að hverfa frá þungaskatti yfir í olíugjald, þá studdu það flestir aðilar sem komu að málinu og vildu strax fara yfir í hina lituðu olíu. Það var tæknilega ekki hægt og þess vegna gripu þeir til frestunaraðgerða á sínum tíma. Það var samkomulag um það. Þetta kerfi er að mörgu leyti umhverfisvænna fyrirkomulag en var áður. Það er hægt að færa rök fyrir því. En það sem ég sé sérstaklega ástæðu til að draga fram og gerði áðan í mínu andsvari eru áhyggjur sjálfstæðra vörubílstjóra við þessa kerfisbreytingu sem þarf að skoða mjög vandlega. Það er sótt að þeirri stétt manna úr annarri átt. Við vitum að starfsumhverfi þeirra hefur ekki að öllu leyti verið mjög heppilegt hin síðari ár og það er mjög brýnt að sú endurskipulagning sem hér á sér stað taki mið af sjónarmiðum þeirra því það eru þeir sem koma til með að vinna við kerfið. Lagasetning á alltaf að taka mið af hagsmunum og í meginatriðum er þessi kerfisbreyting í rétta átt, en það eru mörg álitamál sem verður að skoða vandlega. Ég skil hæstv. fjmrh. þannig að hann sé reiðubúinn til að standa að upplýsingaöflun varðandi það mál sem hv. efh.- og viðskn. kann að kalla eftir.

[11:12]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er gamall kunningi hér í þingsölum. Sú tilraun til að hverfa frá innheimtu þungaskatts og færa gjaldtökuna yfir í gjalda- og olíunotkun er að sjálfsögðu jákvæð kerfisbreyting. Reynsla af þungaskattskerfinu er ekki góð. Þrátt fyrir ýmsar tilraunir á undanförnum árum til að bæta innheimtu á því er enginn vafi á að enn eru einhver brögð að undanskotum frá því kerfi. Auk þess sem færa má ýmis rök fyrir því að það sé að mörgu leyti ósanngjörn innheimta sem leggst á akstur og þar af leiðandi mun þyngra á þá sem lengstar hafa vegalengdirnar vegna flutninga eða aksturs.

Það er sömuleiðis jákvætt að nú horfir sæmilega með að unnt verði að beita litunartækninni, þ.e. með þeirri aðferð að lita á dreifingarstað eða í gegnum byssu og ekki þurfi að byggja upp tvöfalt dreifingarkerfi fyrir olíuvörur eins og áður var talið nauðsynlegt.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að mjög skynsamlegt sé að auka olíunotkun og fjölga dísilbifreiðum hlutfallslega á kostnað bensínbifreiða eins og kostur er. Það er reyndar nánast ekki vansalaust hvernig þetta hefur verið á Íslandi á umliðnum árum að rekstur til að mynda dísilfólksbifreiða hefur í raun og veru verið svo óhagstæður fyrir venjulegt fólk að það hefur tæpast verið samkeppnisfær valkostur nema fyrir þá sem aka yfir 20 þúsund km á ári eða eitthvað því um

líkt, því það er engin deila um það að dísilhreyflar eru umhverfisvænni en bensínhreyflar jafnvel þó að blýlaust bensín sé komið til sögunnar. Orkunýtingin er betri og brennslan umhverfisvænni. Að því leyti til má einnig binda vissar vonir við að sú kerfisbreyting skili því að notkun dísilbifreiða geti aukist verulega á komandi árum á kostnað bensínbifreiða og það er tvímælalaust jákvætt.

Ég tel reyndar mikilvægt við meðferð þessa máls að haga gjaldtökuhlutföllum þannig milli olíugjalds annars vegar og bensíngjalda hins vegar að þau hlutföll verði hvetjandi í átt til aukinnar olíunotkunar. Það sem hins vegar vekur aðallega athygli við stöðu málsins nú og ég hjó sérstaklega eftir í framsöguræðu hæstv. ráðherra er að enn eru upphæðir nokkuð á sveimi, það er enn nokkuð í lausu lofti hvernig á að haga sjálfum upphæðunum eða álagningu gjaldsins til að tryggja að Vegagerðin verði ekki fyrir tekjutapi. Ég held að það sé bagalegt að þurfa að afgreiða breytinguna án þess að meira liggi fyrir um það mál. Æskilegt væri að þingnefnd gæti fengið einhverjar frekari upplýsingar um gjaldupphæðir, hverjar þær þurfa að vera og hvernig þær dreifast miðað við olíunotkun eða vélarstærð í bifreiðunum.

Ég held líka að nauðsynlegt sé að eyða misskilningi sem að einhverju leyti er á ferðinni í þessu máli, og ég hef orðið var við, að þessi kerfisbreyting muni leiða til raunlækkunar á útgjöldum þeirra sem nú borga þungaskatt. Ég hef orðið var við það að menn binda miklar vonir við hana, ég segi nú ekki svo miklar að það sé vegna þess sem ýmsir aðilar styðja þá kerfisbreytingu sem mundu leggjast gegn henni ella, en ég fullyrði þetta vegna þess að ég hef orðið var við það með viðtölum við ýmsa aðila og á fundum með hagsmunaaðilum, svo sem eins og landflutningaaðilum og öðrum slíkum, að ýmsir eru að gera sér vonir um að útkoman verði sú að á ferðinni verði raunlækkun á þessari gjaldtöku. Það held ég að sé misskilningur. Ég held að það hafi ekki verið í sjálfu sér ætlunin að kerfisbreytingin sem slík hefði áhrif á tekjugrunninn sem Vegagerðin og/eða ríkissjóður að þessu leyti standa á. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. fjmrh. væri að staðfesta það að hann hefði ekki í hyggju að tapa út peningum á þeirri breytingu. Þá er auðvitað nauðsynlegt að menn hafi það á hreinu í fyrsta lagi og í öðru lagi komist sem fyrst niður á tölur í þessum efnum, hverjar upphæðir gjaldanna þurfa að verða til að þetta nái fram að ganga.

Ég tek hins vegar undir það sem hæstv. fjmrh. sagði að vel kann að vera að útkoman úr skoðun á þeim málum verði sú að nauðsynlegt sé að gera einhverja tilfærslu innbyrðis milli olíugjaldanna annars vegar og bensínskatta hins vegar og er auðvitað einnig mjög mikilvægt að það liggi fyrir í góðum tíma áður en breytingarnar taka gildi um næstu áramót.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 880.

[11:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. sem er að finna á þskj. 880 og er 528. mál þingsins.

Í þessu frumvarpi eru lagðar til breytingar á tekjuskatti og barnabótum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem kynnt voru mánudaginn 10. mars síðastliðinn. Með breytingunum er stigið mikilvægt skref í þá átt að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og barnabóta sem hafa sætt vaxandi gagnrýni á undanförnum árum. Hér á eftir er gerð grein fyrir aðdraganda og meginþáttum þessara tillagna, en nánar er fjallað um þær í athugasemdum við einstakar greinar. Í fylgiskjölum eru sýnd dæmi um áhrif breytinganna á einstaklinga eftir fjölskyldustærð og hjúskaparstétt.

Aðdraganda þessara tillagna má rekja til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem kveðið var á um endurskoðun skattkerfisins með það fyrir augum að draga úr jaðaráhrifum þess. Í framhaldi af þessu skipaði ég í ársbyrjun 1996 nefnd með fulltrúum stjórnarflokkanna, sveitarfélaga, fjármálaráðuneytisins og aðilum vinnumarkaðarins. Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis, Ólafur Davíðsson, var skipaður formaður nefndarinnar.

Tilefni endurskoðunar á tekjuskattskerfinu er meðal annars umtalsverð hækkun á skatthlutfallinu frá því staðgreiðslukerfið var tekið upp árið 1988 að langmestu leyti þegar á fyrstu árunum, þ.e. árin 1989 og 1990. Einnig hefur vægi tekjutengdra bóta verið aukið og þar með hafa jaðaráhrif þess aukist. Loks hefur verið tekinn upp sérstakur skattur á tekjur yfir tilteknum mörkum sem enn hefur aukið jaðaráhrif skattkerfisins, þ.e. svokallaður hátekjuskattur.

Allar þessar breytingar hafa breytt ýmsum grundvallarviðmiðunum í tekjuskattskerfinu og í mörgum tilvikum raskað innbyrðis hlutföllum og markmiðum þess. Þá hafa þær raddir sífellt orðið háværari sem telja að háir jaðarskattar og mikil jaðaráhrif í bótakerfunum dragi úr vinnuframlagi fólks og stuðli að skattsvikum.

Í nefndinni hefur verið fjallað um ýmsar leiðir til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjuskatts og bótakerfanna. Einnig hefur verið horft til þróunar og meginácherslna í skattlagningu annarra þjóða. Á síðustu vikum og mánuðum hefur umræðan í nefndinni einkum beinst að ákveðnum hugmyndum um lækkun á almenna tekjuskattshlutfallinu, sameiningu barnabótakerfanna í eitt tekjutengt kerfi ásamt lækkun skerðingarhlutfalla og afnámi tekjutengingar í vaxtabótakerfinu. Ekki var þó almenn samstaða i nefndinni um þessar hugmyndir. Meðal annars voru fulltrúar ASÍ með aðrar hugmyndir eins og ég vík að síðar. Hins vegar voru margir nefndarmanna tiltölulega sáttir við hugmyndirnar. Þær tillögur sem kynntar eru í þessu frv. endurspegla þessar hugmyndir að verulegu leyti.

Ég vil reyndar nefna það sérstaklega vegna þess að það vill oft gleymast í umræðunni að nú þegar hafa verið stigin ákveðin skref í átt til að draga úr þessum svokölluðu jaðaráhrifum í skattkerfinu. Þetta á annars vegar við um þá ákvörðun að undanþiggja lífeyrisiðgjöld launþegaskattlagningu en hún kom til framkvæmda á árunum 1995 og 1996. Þessi ákvörðun jafngildir allt að 1,5% lækkun á sjálfu tekjuskattshlutfallinu. Í fyrra voru einnig gerðar umtalsverðar breytingar á barnabótaaukakerfinu sem fólust í verulegri lækkun á tekjuskerðingarhlutföllum við útreikning bótanna. Jafnframt var þá sett ákveðið hámark á tekjuskerðinguna sem miðaðist við fjölskyldur með þrjú börn eða fleiri. Ekkert slíkt ákvæði var í fyrri lögum heldur fóru jaðaráhrifin vaxandi með hverju barni og gátu orðið mjög mikil hjá barnmörgum fjölskyldum.

Um miðjan febrúar kynntu formenn landssambanda ASÍ

sameiginlega kjarastefnu sambandanna og hugmyndir um aðgerðir stjórnvalda í skattamálum. Skattatillögur ASÍ voru í meginatriðum samhljóða þeim hugmyndum sem fulltrúar sambandsins höfðu reifað í jaðarskattanefndinni. Gerð var tillaga um að tekið yrði upp nýtt og lægra skattþrep, en þau tvö þrep sem fyrir eru héldust óbreytt. Hér var því gerð tillaga um þriggja þrepa skattkerfi. Ekki voru settar fram mótaðar tillögur um breytingar á vaxta- og barnabótum. Á fundi með forustumönnum stjórnarflokkanna lögðu formenn landssambandanna áherslu á að ríkisstjórnin tæki afstöðu til þessara tillagna sem fyrst því að aðgerðir í skattamálum voru taldar geta haft úrslitaáhrif á kjarasamningaviðræðurnar.

Mánudaginn 10. mars gengu formenn þeirra landssambanda sem gengið höfðu frá kjarasamningum fyrr um daginn á fund forustumanna stjórnarflokkanna og óskuðu eftir tillögum ríkisstjórnarinnar í skattamálum þar sem þær mundu ráða úrslitum um hvort kjarasamningarnir yrðu samþykktir eða ekki. Síðar þann sama dag kynnti ríkisstjórnin hugmyndir sínar um aðgerðir í skattamálum fyrir forustumönnum ASÍ. Þær hugmyndir eru í öllum meginatriðum samhljóða tillögunum í þessu frumvarpi að öðru leyti en því að ekki er að svo stöddu gerð tillaga um breytingar á vaxtabótakerfinu. Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að tillögum um breytingar á vaxtabótakerfinu í því skyni að draga úr jaðaráhrifum þess.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar kemur einnig fram að hún muni beita sér fyrir því að útsvar sveitarfélaga lækki um 0,4% frá því sem nú er, eða tekjuskattur lækki samsvarandi sem þá verði fjármagnað í samráði við sveitarfélögin og voru þær hugmyndir kynntar fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sama dag og reyndar hafa viðræður haldið áfram þótt nokkurt hlé hafi orðið á þeim nú um sinn.

Ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin valdi aðra leið en fólst í tillögum ASÍ er m.a. sú að ekki hefði verið unnt að hrinda tillögum ASÍ um fjölþrepa tekjuskatt í framkvæmd fyrr en í fyrsta lagi um mitt næsta ár. Auk þess er fjölþrepa kerfi á margan hátt gallað þar sem það er m.a. talið geta leitt til meiri undanskota frá skatti, eins og skýrt kemur fram í álitsgerðum þeirra nefnda sem hafa fjallað um leiðir til að herða skatteftirlit, m.a. nefnda sem kenndar hafa verið við skattsvik, skattsvikanefnda, sem hafa einmitt bent á að mörg þrep og flókið skattkerfi leiði yfirleitt fremur til undanskota en einföld kerfi sem eru á breiðari grunni og með sama skatthlutfall.

Þá yrði framkvæmd skattstaðgreiðslu í fjölþrepa skattkerfi mun flóknari og dýrari en í dag. Það eru ekki rök fyrir fjölþrepa skatti að vísa til þess að aðrar þjóðir búi við það kerfi heldur þvert á móti, því að þetta eru einmitt þau vandamál sem komið hafa upp hjá öðrum þjóðum vegna fjölþrepaskattsins. Af þessu tilefni langar mig til að segja það að við gerum það stundum og sjálfsagt ekkert síður sá sem hér stendur en aðrir hv. alþingismenn, að benda á að eitthvað sé í útlöndum með einhverjum hætti og þess vegna hljóti að vera hægt að taka það upp hér á landi. En stundum í ákafanum bendum við til atriða sem aðrar þjóðir eru óánægðar með að hafa hjá sér og hafa sagt við okkur að þær öfundi okkur af okkar kerfi eins og það er. Þar á meðal er þetta atriði að þær þjóðir sem búa við fjölþrepa skattkerfi hafa einmitt lýst því yfir að Íslendingar hafi tekið gæfuspor 1987 og 1988 þegar skipt var yfir í núverandi skattkerfi, undanþágum fækkað, persónuafsláttur inn gerður einn, skattundanþágur fáar, skattstofninn þess vegna breiður og skattkerfið tiltölulega einfalt.

Ef ég vík aðeins að meginatriði þessara tillagna, þá er gert er ráð fyrir að tekjuskattur lækki um 4% fram til ársins 1999. Lækkunin er í þremur áföngum:

Frá 1. janúar 1997 lækkar tekjuskattur um 1,1% og kemur sú lækkun til framkvæmda í staðgreiðslu frá og með 1. maí 1997. Skattalækkun fyrir mánuðina janúar til apríl kemur til endurgreiðslu við álagningu árið 1998. Ég vek athygli á þessu vegna umræðna sem urðu utan dagskrár um störf þingsins í upphafi þessa fundar að í raun er sú ákvörðun, sem er brýnt að taka nú, ákvörðun sem gildir frá síðustu áramótum. Það þurfa menn að hafa í huga. Hins vegar er ekki hægt vegna staðgreiðslukerfisins að gera upp liðna mánuði fyrr en á næsta ári í uppgjöri sem þá fer fram í ágústmánuði og ætlunin er að borga þannig til baka það sem oftekið er eðli málsins samkvæmt fyrir fyrstu fjóra mánuðina enda er nauðsynlegt að fara svona að.

Það verður einnig að segja frá því að í flestum tilvikum fá menn greitt eftir á fyrir maímánuð eins og aðra mánuði. Það eru aðallega starfsmenn hins opinbera, sveitarfélög og ríkisins sem fá fyrir fram greitt og það er þeirra vegna sem er brýnast að flýta þessu tiltekna máli en þá ber að geta þess að við þessar stéttir er að mestu leyti ósamið. Málið er því harla kynlegt þegar maður horfir á allar hliðar þess því að í raun og veru er verið að fara fram á að flýta málinu til þess að geta lækkað skatta í tilefni kjarasamninga hjá fólki sem ekki hafa gert kjarasamninga. (**SJS:** Það greiðir kannski fyrir samningum.) Það gæti greitt fyrir kjarasamningum og ég veit að hv. þm. sem situr við hlið formanns BSRB er undir áhrifum frá honum þegar hann kallar þetta fram í. Þetta segi ég ekki til að draga úr áhuga mínum á að afgreiða þetta mál í næstu viku, síður en svo, en ég geri mér auðvitað grein fyrir því að nefndin verður að hafa tækifæri til að ræða það hvernig hún vinnur þessi mál. Ég hef átt viðtöl við starfandi formann nefndarinnar, hv. þm. Ágúst Einarsson, og ég held að enginn misskilningur sé á milli okkar að við verðum í sameiningu að finna lausn á því máli. Þá er ég ekki að fjalla um dagskrá þingsins. Hún er auðvitað samin af forsn. þingsins en ekki af ráðherrunum. Sú tillaga sem gerð var þar var tillaga forsn. en ekki fjmrn.

Þetta var útúrdúr eftir að hafa rætt um fyrstu aðgerð í tillögum ríkisstjórnarinnar. Önnur aðgerðin er sú að gert er ráð fyrir að 1. janúar 1998 lækki tekjuskattshlutfallið um 1,9% til viðbótar. 1. janúar 1999 lækkar tekjuskattshlutfallið um 1% enn til viðbótar og miðað við óbreytt útsvarshlutfall frá því sem nú er verður samanlagt skatthlutfall útsvars og tekjuskatts þá komið í 37,98 en það er í dag 41,98. Hér er þess vegna líklega um stórkostlegustu skattalækkun að ræða sem sést hefur, a.m.k. síðustu áratugina, hér á landi ef nokkurn tíma áður.

Gert er ráð fyrir að skattleysismörk verði óbreytt á þessu ári. Þar sem skatthlutfallið lækkar þegar á þessu ári verður persónu- og sjómannaafsláttur jafnframt lækkaður til þess að skattleysismörk allra framteljenda verði óbreytt. Skattleysismörkin munu síðan hækka um 2,5% 1. janúar 1998, aftur um sama hlutfall 1. janúar 1999 og enn um sama hlutfall 1. janúar árið 2000. Þetta þýðir að skattleysismörkin verða komin upp í tæplega 66 þús. kr. í lok samningstímans en þau eru nú um 61 þús. kr. Þessi hækkun er í samræmi við þær forsendur sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gefið sér um verðlagsþróun í kjölfar kjarasamninganna og fulltrúar landssambandanna kynntu forustumönnum ríkisstjórnarinnar.

Gert er ráð fyrir að aðrar viðmiðanir í tekjuskattskerfinu taki sömu hlutfallslegu hækkunum og skattleysismörk næstu þrjú ár. Þetta tekur meðal annars til barnabóta, vaxtabóta og þeirra bóta sem finna má í skattkerfinu.

Gert er ráð fyrir að sérstakur tekjuskattur hækki úr 5% í 7% frá 1. janúar 1998. Með öðrum orðum verður svokallaður hátekjuskattur hækkaður mjög verulega, úr 5% í 7%, en þegar tekið er tillit til þess að almenna skatthlutfallið hefur þá þegar lækkað um annað eins, þá verður í raun ekki um hlutfallshækkun að ræða fyrir þá sem hafa tekjur yfir þeim mörkum sem miðað er við þegar lagður er á hátekjuskattur. Tekjuviðmiðunin er meira að segja hækkuð lítils háttar, úr 234.000 á mánuði í 260.000 kr. hjá einstaklingi og úr 468.000 í 520.000 krónur hjá hjónum. Vegna þessarar hækkunar lækkar hæsta skattþrep samkvæmt gildandi lögum einungis um 2% eða úr tæplega 47% í tæplega 45% á sama tíma og skatthlutfallið lækkar almennt um 4% þegar litið er til alls tímans.

Tillaga er gerð um að sameina almennu og ótekjutengdu barnabæturnar og tekjutengda barnabótaaukann í eitt tekjutengt barnabótakerfi. Markmiðið með þessu er að skapa svigrúm til þess að geta jafnframt lækkað tekjuskerðingarhlutföll barnabótaaukans. Samkvæmt tillögunum lækkar hámark tekjuskerðingar úr 15% í 11%, eða um 4%, en það gildir um hjón og einstæða foreldra með þrjú börn eða fleiri. Skerðingarmörkin með tveimur börnum lækka úr 11% í 9% og úr 6% í 5% með einu barni.

Heildaráhrif þessara tillagna eru metin til 5,2 milljarða króna lækkunar á tekjum ríkissjóðs þegar skattalækkunin er að fullu komin til framkvæmda. Á móti þessu vega nokkur atriði svo sem sú ákvörðun Alþingis við afgreiðslu síðustu fjárlaga að halda afsláttar- og bótaliðum í tekjuskattskerfinu óbreyttum á þessu ári. Sú tillaga var gerð af mér og talsvert rædd í tengslum við afgreiðslu fjárlaga í desember sl. Einnig skilar niðurfelling hlutafjárafsláttar nokkrum tekjuauka eða kannski minnkandi tekjutapi, þ.e. að þessu ári frátöldu því mér sýnist, og skýt ég því hér inn, að á þessu ári verði frádráttur vegna hlutabréfakaupa sl. árs talsvert meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Áætlun fjárlaga ef ég man rétt er upp á 650 milljónir en sjálfsagt má gera ráð fyrir því að ríkissjóður þurfi að greiða upp undir milljarð vegna hlutabréfakaupa. Og enn til fróðleiks tel ég að þeir aðilar sem stunduðu fyrst og fremst hlutabréfakaupin hafi verið verðbréfafyrirtæki og aðrir slíkir sem síðan þurfa að kaupa í hlutabréfum fyrirtækja. *Þetta eitt skýrir að nokkru leyti hvers vegna hlutabréf* hafa hækkað í verði kannski umfram þær forsendur sem efnahagslífið gefur til kynna. En nú er ég kominn inn á allt aðrar slóðir en þær sem tilheyra þessu frv.

Þá er gert ráð fyrir að tekjur af fjármagnsskatti gangi að einhverju leyti til að mæta þessum skattalækkunum. Loks hefur sem fyrr segir verið rætt við fulltrúa sveitarfélaga um að þau taki þátt í kostnaði vegna þessara aðgerða.

Lækkun tekjuskatts um 4% jafngildir um 2% hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna. Skattalækkunin er hlutfallslega mest hjá fólki með lágar tekjur, en minni eftir því sem tekjurnar eru hærri. Ráðstöfunartekjurnar aukast hins vegar hlutfallslega meira hjá fólki með meðaltekjur, enda greiðir lágtekjufólk tiltölulega litla skatta, bæði í krónum talið og í hlutfalli við tekjur og í mjög mörgum tilvikum, ekki síst þegar börn koma til sögunnar, þá fær þetta fólk útgreitt úr skattkerfinu þannig að ráðstöfunartekjur þessa fólks hækka þegar búið er að leggja á það skatta vegna þess eins og allir vita, að af u.þ.b. 200 þúsund framteljendum fá 40 þúsund manns útborgað úr skattkerfinu meira en þeir borga í skatta. Ráðstöfunartekjur fólks á Íslandi í stórum stíl vaxa því við það að lagðir eru á skattar. Þetta er nokkuð sem ég hygg að almenningur eða mjög margir geri sér ekki grein fyrir yfirleitt í sínum daglega þankagangi. Sem dæmi um það hvaða áhrif þetta hefur má nefna að tekjuskattur hjóna með tvö börn og 225 þús. kr. í mánaðartekjur samanlagt — meðaltekjur eru taldar vera um 250 þús. kr. — lækkar um 5.100 kr. á mánuði og barnabæturnar hækka um 3.200 kr. Samanlagt hækka því ráðstöfunartekjur þessara hjóna um 8.300 kr. á mánuði eða um 4,3%. Áhrifin eru auðvitað mismikil eftir því hverjar tekjurnar eru og hve mörg börn eru á heimilinu og í fylgiskjölum með frv. er að finna nánari upplýsingar um áhrif tillagnanna miðað við ýmsar fjölskyldugerðir.

Það er ástæða til þess að benda á, vegna þess að nokkuð hefur verið rætt um tekjuskatt að undanförnu, að nýlega svaraði ég fyrirspurn á þinginu frá hv. þm. Árna Mathiesen þar sem kemur fram hvernig tekjuskatturinn og útsvarið hafa verið að breytast á tíu ára bilinu frá 1988 til 1997. Þegar maður lítur brúttó á tekjuskattinn og útsvarið samanlagt hefur hlutfallið hækkað úr 35,2% í 42%. Og eins og ég hef sagt áður átti stærsti hlutinn sér stað á árunum 1989 og 1990. En það sem hefur einnig gerst er að orðið hefur mjög mikill tilflutningur á milli aðila innan þessa kerfis af ýmsum skattbreytingarástæðum þannig að nú, þrátt fyrir að sveitarfélögin fái einungis á milli 11 og 12% í sinn hlut en ríkið fái afganginn sem er vel yfir 30%, verður að segja að sveitarsjóðirnir fái nettó í sinn hlut í dag helmingi meira en ríkið vegna þess að ríkið tekur á sig alla afsláttar- og frádráttarliðina sem í kerfinu eru, en íslenska skattkerfið er eitthvað mest tekjujafnandi kerfi sem um getur í víðri veröld í tekjuskattskerfinu. Þetta verða menn að hafa í huga og þess vegna er hættulegt í samanburði að binda sig alltaf við samanburðinn við kerfið eins og það var, menn verða að horfa á það hverjir fá útborgað í kerfinu, hverjir borga ekki skatta og hverjir borga skatta og hvert þeir skattar renna innan kerfisins. Það gleymist t.d. oft, og ég má til með að segja frá því hér, þegar sagt er, eins og ég hef heyrt haft eftir sumum sveitarstjórnarmönnum, að ekki borgi sig að rétta lítilmagnanum hjálparhönd í gegnum sveitarsjóðina af því að fjmrh. taki 42% í sinn hlut. Fjmrn., ríkissjóður fær ekki eina einustu krónu af tekjum fólks sem er undir skattleysismörkunum, enga einustu krónu. Og ekki nóg með það. *Ríkissjóður þarf að taka fjármagn af þeim sem greiða skatta* og borga sveitarfélaginu 11–12% af þeim fjármunum sem þetta sama sveitarfélag var að veita viðkomandi einstaklingi. Þetta segi ég að gefnu tilefni því að ónefndur borgarstjóri í stóru sveitarfélagi hélt því opinberlega fram fyrir skömmu að ríkissjóður hirti þessa fjármuni. En þetta þarf hins vegar auðvitað að reka heim til föðurhúsanna. (**Gripið fram í:** Það þarf þá að vita nafnið á honum.)

Virðulegi forseti. Ég hygg að því verði ekki á móti mælt að með þessum skattalækkunum er verulega dregið úr jaðaráhrifum skatta á bótakerfið enda er hér á ferðinni einhver umfangsmesta skattalækkun sem hér hefur verið framkvæmd. Skattalækkunin og nýgerðir kjarasamningar munu samanlagt leiða til verulegrar kaupmáttaraukningar almennings á næstu árum. Þannig er búist við að á næstu þremur árum muni kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna aukast um 3,5–4% á ári. Þetta þýðir að kaupmáttur heimilanna muni aukast um 21% á fimm árum, þ.e. frá árinu 1995 til ársins 1999. Þetta er

ekki aðeins mun meiri kaupmáttaraukning en hér hefur orðið um áraraðir heldur einnig mun meiri aukning en í okkar helstu nágrannalöndum eða u.þ.b. helmingi meiri aukning en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Virðulegi forseti. Ég geri það að tillögu minni að þetta mál verði sent til efh.- og viðskn. auk þess sem að það verði afgreitt til 2. umr. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt um sérstakar óskir mínar að hv. nefnd líti á það hvernig eðlilegast sé að afgreiða málið þannig að það skili tilætluðum árangri. Og ég vænti þess að ég og starfsmenn ráðuneytisins megi eiga sem allra besta samvinnu við nefndina um það.

[11:43]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til umræðu tengist nýgerðum kjarasamningum og þeim sem í farvatninu eru. Það er samt sem áður meginniðurstaða mín þegar ég skoða frv. að sú skattastefna sem hér er verið að lögfesta er í reynd framhald fyrri skattastefnu því þetta frv. felur ekki í sér kerfisbreytingar þótt svo að nokkur tekjuskattslækkun sé hér á ferðinni.

Það er skoðun mín að hérlendis vanti fjölskylduvæna skattastefnu sem tekur mið af fólki sem er að ala upp börn. Allt skattkerfið þyngir þessum þjóðfélagshópi umfram aðra eða tekur ekki nægjanlegt tillit til stöðu fólks á því æviskeiði þegar það er með fjölskyldu og er að ala upp börn. Við sjáum einnig afleiðingu þessarar skattastefnu í því að það er millitekjufólkið sem er í vandræðum. Það eru millitekjuhóparnir sem kvarta yfir sköttunum. Það eru ekki hálaunahóparnir og það eru ekki láglaunahóparnir. Það er venjulegt launafólk sem kvartar yfir skattkerfinu og skattálögum hér. Þetta frv. hæstv. ríkisstjórnar leysir ekki þennan vanda. Það kemur ekki með fjölskylduvæna skattastefnu sem tekur mið af fólki með börn. Það leysir ekki öll vandkvæði millitekjufólks, gengur að vísu nokkur skref í átt að þessu sem ég er að tala um, en kemur ekki með neitt nýtt kerfi í staðinn. Þetta frv. er hefðbundið að því leytinu til að það er árvisst að lagt sé fram skattafrv. í tengslum við kjarasamninga.

Það er fyrst að segja um þetta mál að þingflokkur jafnaðarmanna mun greiða fyrir úrvinnslu þess í þingsölum. Það er hins vegar mjög ámælisvert, herra forseti, að nú í dag, 18. apríl, skuli vera talað fyrir máli sem lagt er fyrir þingið 4. apríl, þegar það liggur fyrir og lá fyrir löngu fyrir þann tíma að tiltekin ákvæði þurfa að koma til framkvæmda 1. maí. Ástæða þess að við erum nokkuð til samninga um úrvinnslu málsins, ekki einungis sú að 1. maí er hefðbundinn hátíðisdagur hér á Íslandi heldur einmitt sá dagur sem jafnaðarmenn munu vinna stórsigur í Bretlandi. Það eru því margar ástæður fyrir okkur að hafa þennan dag í heiðri. En það er e.t.v. ekki meginmálið í þessu heldur hitt að það eru mjög slæm vinnubrögð, herra forseti, að málið var ekki sett fyrr á dagskrá og afsakanir hæstv. fjmrh. um að hann ráði ekki dagskrá þingsins duga ekki.

Það er vitaskuld svo að hér kemur forgangsröðun ríkisstjórnarinnar skýrt fram einu sinni enn. Þeir lögðu ekkert upp úr því að standa raunverulega við þá samninga sem þeir voru búnir að gera. Þegar þeir uppgötva að nú sé næstum komið að þeim þá ætla þeir að valtra á hefðbundinn hátt yfir eðlilega þinglega meðferð á málinu. Það eru vinnubrögð sem við höfum séð áður. Við stjórnarandstæðingar höfum hins vegar ákveðið eins og hér kom fram, að hjálpa til við umfjöllun málsins og efh.- og viðskn. hefur þegar sent málið út og mun hefja vinnu við málið á mánudaginn þannig að e.t.v. standa vonir til að hægt verði að lögfesta þá þætti sem skipta máli fyrir 1. maí.

Breytingar ríkisstjórnarinnar á sköttunum leiða til tekjuskattslækkunar um 5 milljarða eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. Það er hins vegar áhyggjuefni hve tekjuskattar einstaklinga hafa vaxið á síðustu árum og ekki hvað síst í tíð þessarar ríkisstjórnar og reyndar á starfstíma hæstv. fjmrh. sem er nú að verða allra manna elstur í starfi fjmrh. Ég man ekki hvort hann er búinn að slá fyrri met en það fer örugglega að koma að því. (**Fjmrh.:** Í júlí.) Í júlí, upplýsir hæstv. fjmrh. og verður vafalítið tilefni hjá einhverjum að halda honum veglega afmælisveislu, a.m.k. fyrirtækin í landinu og þeir sem betur mega sín (**Fjmrh.:** Þér verður boðið.) því verður er verkamaðurinn launa sinna. Það sem hins vegar er athyglisvert hér við þróun tekjuskatts er það að tekjuskattur einstaklinga er að verða næstum því jafnhár og virðisaukaskattur. Þetta er áhyggjuefni vegna þess að þó að tekjuskatturinn renni til ríkisins, tæpir 20 milljarðar, þá fara tæpir 30 milljarðar til sveitarfélaganna. Þetta eru mjög háar tölur og eiga vitaskuld að vekja okkur til umhugsunar um hvort við séum á réttri braut með tekjuskattskerfi okkar. Vitaskuld er margt gott í þessu frv. þegar litið er til lengri tíma. Gert er ráð fyrir hækkun skattleysismarka næstu þrjú ár og verið að lögfesta skattastefnu rétt fram yfir aldamót. Vitaskuld er alltaf gott þegar menn geta horft til lengri tíma en það er hægt að setja spurningarmerki við það hvort hér sé um að ræða hina einu réttu línu.

Meginatriðið í þessu er að kerfi með eitt þrep er haldið við, reyndar höfum við núna tvö þrep þar sem við höfum sérstakan hátekjuskatt, en meginútfærsla okkar í kerfinu er eitt þrep. Tillögur Alþýðusambandsins voru um tvö þrep en því var fundið allt til foráttu og nú síðast af hæstv. ráðherra. Þetta er mikið notað erlendis og gengur ágætlega. Ég bendi nú á að sumar þjóðir hafa leyst þetta á miklu skemmtilegri hátt eins og Þjóðverjar sem hafa þrepin þannig að þeir hafa sléttað bil á milli þrepa út með stærðfræðilegri jöfnu, og hafa stighækkandi tekjuskatt. Það er allt frá tveimur og upp í fimm þrep erlendis og það þýðir ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma og segja að allar þjóðir öfundi okkur af skattkerfinu. Það er nú ekki svo.

Það sem er hins vegar ámælisvert varðandi útfærslu þessa máls og það sem Alþýðusambandið hefur gagnrýnt hvað mest er að þessir fjármunir sem hér er varið til skattkerfisbreytinganna skyldu fara upp allan tekjuskalann, að þeir sem eru hæst launaðir fengu mest af þessum umbótum ríkisstjórnarinnar. Ekki var farin sú leið sem allir lögðu mesta áherslu á, að reyna að rétta hlut láglaunafólksins varðandi þennan þátt. Tekjutengingin í skattkerfinu er mjög þungbær sérstaklega fyrir millitekjufólk. Þessu var lýst mjög ágætlega í grein Arnar Friðrikssonar, formanns Samiðnar, í byrjun ársins þar sem hann dró upp skýr dæmi um áhrif tekjutengingarinnar og hvað væri raunverulega lítið eftir í umslögunum þegar upp væri staðið. Og sú hugmyndafræði mótaði reyndar stefnu verkalýðshreyfingarinnar í kjaraviðræðum.

Hæstv. fjmrh. verður að svara einum mikilvægum þætti í sambandi við þessar skattkerfisbreytingar og það er hvað á að gera gagnvart eldri borgurum þessa lands. Við þekkjum forsöguna um að bætur almannatryggginganna voru teknar úr sambandi við launamál fyrir einu og hálfu ári og það var slagur hér á síðastliðnu hausti um það þegar einungis átti

að hækka bætur um 2%. Hæstv. fjmrh. þverneitaði að opna nokkurn frekari möguleika til hækkunar til eldri borgara. Nú í skattyfirlýsingum ríkisstjórnarinnar gáfust þeir upp og sögðu að bætur úr almannatryggingakerfinu muni taka mið af þessum launabreytingum. Hér þarf hins vegar að svara og hæstv. fjmrh. getur ekki gengið frá þeirri umræðu: Hvað munu bætur almannatrygginga hækka mikið? Munu þær hækka um 5% eða 7–8% eins og líka væri hægt að miða við eða verður tekið mið af enn hærri prósentuhækkunum í tengslum við hækkun lægstu launa? Það er mjög brýnt að eldra fólk fái svar við þessu og sé ekki skilið eftir í óvissu. Eldra fólk hefur komið fram á sjónarsviðið undanfarna mánuði og kvartað yfir tekjutengingu í almannatrygginga- og skattkerfinu og það er brýnt að leiðrétta hluti gagnvart þessum hópi eins og að hækka grunnlífeyri og skerða ekki tekjutryggingu vegna lífeyrissjóðsgreiðslna, þó að vitaskuld væri hægt að hugsa sér einhverja skerðingu vegna launatekna. Einnig er brýnt mál að víkka út heimilisuppbót þannig að allir þeir sem hafa aðeins grunnlífeyri og tekjutryggingu njóti þess. Þessi hópur hefur hingað til verið skilinn eftir af hæstv. ríkisstjórn og það er ósvinna að við getum ekki gengið frá skattamálum og almannatryggingamálum gagnvart eldra fólkinu þannig að sómi sé að. Það er skömm að því fyrir okkur stjórnmálamenn og í þessu efni er það ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á því vegna þess að tillögur okkar stjórnarandstæðinga hafa gengið í aðra átt.

Það má heldur ekki gleyma því þegar hæstv. fjmrh. kemur fram eins og jólasveininn með 5 milljarðana sína, hvað hann gerði hér í desember þegar hann frysti allar greiðslur í tekjuskattkerfinu, þ.e. frysti skattleysismörkin, barnabæturnar, vaxtabæturnar og annað og lét þær ekki taka eðlilegri hækkun vísitölu eða einhverri hækkun út frá verðlagsbreytingum. Þá var hann að safna upp í þær gjafir sem hann er að gefa núna með þessu frv. Þetta var vond stefna. Það var lúalegt bragð sem ríkisstjórnin beitti í desember og hæstv. fjmrh. er vafalítið að vonast eftir að menn hafi gleymt vinnubrögðum hans í því efni.

Það er ámælisvert, herra forseti, að ekki er haft samráð við sveitarfélögin. Þau eiga að taka þátt í þessum kostnaði. Það er ekki rætt við þau þegar lagt er upp með frv. eins og hér er. Það hefur sömuleiðis komið fram í umræðu á hinu háa Alþingi, ekki hvað síst fyrir forgöngu þingmanna jafnaðarmanna eins og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, varðandi skattsvik að hægt er að ná mun meiri árangri hvað þann þátt varðar. Það á að leggja mun meiri áherslu á það mál.

Hátekjuskattur er lækkaður í reynd. Hæstv. fjmrh. fór með talnaleikinn sinn eina ferðina enn. Hátekjuskattur var hér 47% en fer niður í 45%. Það er meginniðurstaðan. Það er það sem hátekjumennirnir spyrja að: Hvað greiddi ég áður og hvað greiði ég nú? Þeir greiddu 47%, greiða 45%. Það er hins vegar gert þannig að almenna þrepið er lækkað um 4% og hátekjuþrepið er hækkað um 2%. Það þýðir að fyrir hátekjuhópinn kemur fram skattalækkun upp á 2% meðan almennir launþegar þar undir fá skattalækkun upp á 4%.

Vitaskuld er vert umhugsunar það sem hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni, þ.e. svarið við fyrirspurn hv. þm. Árna Mathiesens, að af 200 þúsund framteljendum greiða 70 þúsund skatt, 40 þúsund fá endurgreitt og 90 þúsund greiða hvorki né fá endurgreitt. Það eru aðallega námsmenn og ellilífeyrisþegar. Við sjáum á þessu að þungi tekjuskattskerfisins er á bökum tiltölulega fárra einstaklinga í þjóðfélaginu. Við erum að mínu mati komin út á ystu mörk í því hvað hægt er að leggja á þennan hóp. Þetta er millitekjuhópurinn í þjóðfélaginu sem ég hef gert að umtalsefni. Þetta er fjölskylduhópurinn sem hef gert að umtalsefni. Það þarf vitaskuld að hugsa þetta öðruvísi. Hvað gera aðrar þjóðir? Þær hafa farið þá leið sem m.a. ASÍ talaði um, þ.e. lægra skattþrep, en breikka þá skattstofninn, fjölga þeim sem greiða skatt. Þetta mundi felast í því að menn væru jafnvel með lægri persónuafslátt á lægstu tekjur en mun lægra tekjuskattsstig. Þetta tengist vitaskuld umræðu um kjaramál, uppstokkun á skattkerfi og almannatryggingakerfi. Við þurfum að ræða þetta í hreinskilni. Við horfum upp á að skattleysismörkin eru notuð hér miskunnarlaust í kjarabaráttunni til að halda niðri lægstu launum. Það þarf að endurmeta þessa stefnu, þ.e. að hækka sífellt skattleysismörkin. Það er spurningin. Eru menn alltaf þar með að þoka niður lífsmöguleikum og raunverulega ráðstöfunartekjum lægsta tekjuhópsins? Þetta kerfi hefur ekki verið vinsamlegt þeim sem lægstar hafa tekjur og þeir hafa ekki haft mikið að bíta og brenna þegar upp er staðið.

Athyglisvert er að taka fyrirtækjaskatta inn í þessa umræðu þótt efnið snúi auðvitað að einstaklingum. Hagur fyrirtækjanna hefur batnað. Það þarf að endurmeta tekjuskatta fyrirtækja í hvert einasta skipti sem lagt er upp með endurskoðaða áætlun og alltaf kemur út lægri tala en áður. Fyrirtækin í landinu greiða sífellt lægri tekjuskatta en menn ætluðu áður og skattumhverfið er með því hagstæðasta í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Auðvitað getur það verið gott út af fyrir sig til að efla fyrirtæki til nýrrar atvinnusköpunar og fjárhagslegs styrkleika, en þegar forsvarsmenn þessarar ríkisstjórnar koma aftur og aftur og krefjast skattalækkana fyrir fyrirtæki og hátekjufólk þá er engin furða þó að venjulegu launafólki sé nóg boðið. Það má nefna það í þessari umræðu, af því arður hefur oft verið nefndur og fjármagnstekjuskattur, að frádráttur arðs frá tekjum eins og viðgengst í íslenska skattkerfinu hjá fyrirtækjum er einsdæmi. Það er sérstök ívilnun af hálfu þessarar ríkisstjórnar sem hún ætlar að viðhalda. Ekki farið í aðgerðir sem gætu eflt skattkerfið að öðru leyti, t.d. með aukinni frádráttarbærni við þróun, rannsóknir og nýsköpun sem mundi efla fyrirtæki og laun í landinu eða þá í að efla aðra þætti eins og listir, menningu eins og við þingmenn jafnaðarmanna höfum reyndar flutt frv. um.

Nei, það eru ekki gerðar neinar kerfisbreytingar í þessu efni. Það væri athyglisvert í þessari umræðu, af því við eigum eftir að ræða lífeyrismál hér í dag, að stundum er talað um að það eigi að setja þak á lífeyrisgreiðslur inn í samtryggingarkerfið. Það hefur komið fram sú skoðun hjá ráðandi sjálfstæðismönnum að það eigi að gera. Með sama hætti mætti segja að það ætti að setja þak á tekjuskattsgreiðslur þeirra sem mestar hafa tekjurnar í landinu. Það er sambærilegt. Við skulum átta okkur á einu sem er að gerast í þjóðfélaginu og mun marka þá umræðu sem fer fram hér í dag að það eru að verða skýr vatnaskil milli fulltrúa fjármagnsins og fulltrúa launafólks í landinu. Það endurspeglast í þessu frv. og öðrum sem þessi ríkisstjórn hefur lagt fyrir.

Ég efast reyndar nú orðið um þá stefnu aðila vinnumarkaðarins og einnig verkalýðshreyfingarinnar að í hvert skipti við kjarasamninga sé gerð, stundum sameiginlega, atlaga að ríkisvaldinu, fjmrh., til að knýja fram skattalækkanir. Vegna þess að þessi aðferðafræði hefur ekki þýtt neitt annað en að vinnuveitendur hafa losnað við að hækka launin eins og þeir ættu og gætu gert. Síðan hefur ríkisstjórnin, einkum þessi

ríkisstjórn, mætt skattalækkunum með því að skera niður í velferðar- og menntakerfinu.

Ég held, herra forseti, að það sé orðið tímabært fyrir okkur í stjórnarandstöðunni ásamt félögum í verkalýðshreyfingunni að endurmeta, hvort skynsamlegt sé að fara fram þannig að láta ríkissjóð, sem er sjóður fólksins í landinu sem greiðir hvort sem er bróðurpartinn inn í þennan sjóð, sífellt greiða launahækkanir sem vinnuveitendur í landinu eiga að greiða. Ég efast orðið mjög um þessa aðferðafræði. En það breytir ekki því, frv. er komið fram, frv. er samkomulagsatriði, frv. byggir á kjarasamningum og samkomulagi við verkalýðshreyfinguna að nokkru leyti a.m.k. Þess vegna ber að skoða það með þeim hætti og stuðla að því að þau atriði sem þurfa að koma til framkvæmda um mánaðamótin stöðvist alla vega ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar og þau munu ekki gera það. Það eru þeir sem fá fyrirframgreidd laun eins og opinberir starfsmenn og reyndar margir aðrir. Ég sé enga ástæðu til annars en að greiða fyrir því að löggjöfin nái fram að ganga gagnvart þeim þannig að staðið sé við samninga sem fjmrh. hefur ekki lagt mikla áherslu á að knýja hér í gegn. En það mun ekki standa á þingflokki jafnaðarmanna við að reyna að leysa það mál.

Ég hef þrjár spurningar til hæstv. fjmrh. sem ég óska eftir að hann svari. Í fyrsta lagi: Hvað verður um ellilífeyrisþegana? Hvað munu bætur í almannatryggingakerfinu verða hækkaðar mikið, 5%, 8% eða hver er niðurstaða ríkisstjórnarinnar varðandi fyrri loforð og baráttu eldri borgara og stjórnarandstöðunnar? Í öðru lagi: Eru nýjar hugmyndir um vaxtabótakerfi? Og í þriðja lagi, sem ég tel vera brýnt að hér komi fram vegna þess að tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa lagt fram frv. á Alþingi um að afnema sjómannaafslátt, og það er ósamið við sjómenn. Ég vil fá að vita hjá hæstv. fjmrh.: Nýtur það frv. stuðnings hans? Mun hann greiða fyrir því að það verði samþykkt á þessu þingi? (Forseti hringir.) Við erum að fjalla hér um skattamál í tengslum við kjarasamninga og það er brýnt að upplýst verði hver sé afstaða fjmrh. gagnvart þessu frv. samflokksmanna hans.

Að lokum, herra forseti, munum við í þingflokki jafnaðarmanna greiða fyrir afgreiðslu málsins á málefnalegan hátt.

[12:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég taka fram að eins og hefur komið mjög skýrt fram af hálfu forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar munu ellilífeyrisþegar fá hækkun í almannatryggingakerfinu sem jafngildir meðalhækkun sem kemur fram í kjarasamningum. Það er verið að skoða hjá Þjóðhagsstofnun hvað þetta sé mikið og það verður auðvitað gefið út um leið og það er tilbúið en þegar hefur komið fram sú yfirlýsing að þetta verði afturvirkt og gildi frá 1. mars.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um vaxtabótakerfið. Því er til að svara að það eru ekki uppi áform að svo stöddu um að breyta vaxtabótakerfinu. Menn geta gefið sér sumarið til þess að undirbúa það einfaldlega vegna þess að slíkt mundi ekki taka gildi fyrr en um næsta áramót.

Í þriðja lagi spurðist hann fyrir um afnám sjómannaafsláttar. Hvað sem segja má um persónulegar skoðanir í því sambandi þá vil ég að það komi fram að ríkisstjórnin hefur ekki rætt það mál eða komið sér saman um að styðja afnám sjómannaafsláttar að þessu sinni. Þingmannafrv. er því ekki stjórnarfrv. og ekki stutt af ríkisstjórninni.

Mig langar loks, virðulegi forseti, að segja það, af því talað er um skattahækkanir, að það liggur fyrir í nýlegu svari að ef litið er á skatttekjur ríkisins sem prósent af landsframleiðslu þá hefur skatttekjuhlutfall ríkisins af vergri landsframleiðslu á undanförnum árum, frá því að ég tók við sem fjmrh., verið ívið lægra en árin á undan. Það er ekki mikill sjónarmunur en það er ívið lægra þannig að það er aldeilis rangt að í fjármálaráðherratíð minni hafi skattar verið hækkaðir. Það mætti fremur halda því fram að þeir hafi verið lækkaðir. Það er hins vegar rétt að það hefur verið fært til og ástæðan fyrir því að tekjuskatturinn hefur þyngst er fyrst og fremst sú að útsvar hefur hækkað á móti niðurfellingu aðstöðugjalda sem auðvitað var verulegur tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Þetta verða menn að muna því að menn verða að sjá heildarmyndina þegar rætt er um skattbreytingar.

[12:06]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. Það kom fram að ekki er búið að hugsa til enda hvað eigi að gera við gamla fólkið. Það er e.t.v. á sama forgangslista og þetta mál sem hér er verið að ræða um. Samt sem áður skulum við hafa í huga hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þeim efnum. Hún ætlaði að hækka bætur úr almannatryggingum um 2%, hún ætlaði ekkert að hreyfa það á þessu ári. Það er þó alla vega búið að knýja fram að hún hækki almannatryggingar a.m.k. um 5%. Skynsamlegra væri að miða við 7–8% sem er eðlilegri viðmiðun í kjölfar þessara samninga. Mér finnst ámælisvert að þetta hafi ekki komið hér fram.

Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir að þó svo að hér sé verið að tala um þetta frv. í tengslum við kjarasamninga þá er ekki nema hluti af vinnumarkaðinum sem á aðild að þessu vegna þess að allir opinberir starfsmenn eiga enn ósamið. Þeir hafa líka sínar skoðanir á skattamálum sem vafalítið koma bæði fram í umræðum hér og einnig í kjarasamningunum.

Opinber umsvif hér á landi eru með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Skatthlutfall hér er líka í heild tiltölulega lágt. Byrðunum er hins vegar misskipt. Þessi litlu opinberu umsvif koma fram m.a., herra forseti, í því að við búum nú orðið við slakt menntakerfi. Við búum við slakt heilbrigðiskerfi. Við búum við óöryggi gagnvart eldra fólki. Ég vil frekar, herra forseti, auka opinber umsvif á skynsamlegan hátt í þessu kerfi, í okkar samfélagi, heldur en að horfa upp á hvern mikilvæga þáttinn á fætur öðrum dragast aftur úr nágrannaþjóðunum. Það er einfaldlega mín lífsskoðun. Þetta frv. gerir í sjálfu sér hvorki eitt né neitt í þeim efnum, dregur frekar úr því. Þetta eru í sjálfu sér engar kerfisbreytingar en þær sýna samt sem áður skýrt að það eru að verða skil hér á milli fólks, í hvaða meginátt það vill ganga varðandi opinber umsvif.

[12:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að taka það fram að hv. þm. fer með rangt mál þegar hann segir að einungis hafi verið ætlunin að hækka bætur almannatryggingakerfisins um 2% sem gerðist um áramótin. Það var skýrt tekið fram þá, m.a. af mér, að við ætluðum að hækka um 2% þá þrátt fyrir það að engar launabreytingar ættu sér stað um áramótin og því var bætt við, mjög skilmerkilega, að þetta yrði endurskoðað í kjölfar kjarasamninganna og þá tæku bæturnar mið af því sem kæmi út úr þeim kjarasamningum. Þetta þarf að koma fram mjög skýrlega.

Í öðru lagi hygg ég að hv. þm. verði að viðurkenna að íslenska heilbrigðiskerfið stenst heilbrigðiskerfum nágrannalandanna snúning, þeirra landa sem við berum okkur saman við. Við Íslendingar eru heppnir núna, þetta er ung þjóð, það verður að taka tillit til þess í samanburðinum. En ég held að allir séu sammála um að íslenska heilbrigðiskerfið er á heimsmælikvarða, fyrst og fremst vegna þess að fólk sem vinnur í heilbrigðiskerfinu kann til verka og það er til fyrirmyndar hvernig að heilbrigðiskerfinu er staðið hér á landi. Og getum við meira að segja borið okkur saman við Norðmenn sem eru þó miklu efnaðri þjóð en við.

Loks vil ég gera að umtalsefni, þær sekúndur sem ég á eftir, athyglisverðar hugleiðingar hv. þm. þar sem hann benti réttilega á, að mínu viti, að það þyrfti að hugleiða hvort eðlilegt sé hve fáir greiða tekjuskatta hér á landi og hvort við eigum að líta á kerfið upp á nýtt. Ég er honum sammála að það eru hlutir sem við ættum að skoða rækilega næstu árin hvort við eigum að taka upp gjörbreytt kerfi og er honum sammála um að það getur verið lýðræðislega hættulegt þegar sífellt færri greiða skattinn og sífellt fleiri njóta ágóðans úr skattkerfinu. Það getur orðið til þess að skapa hugmyndir um að fólkið á miðjum aldri sem er með barnauppeldið, sem er að koma yfir sig húsi, sem er að borga námsskuldirnar o.s.frv., sé eina fólkið sem eigi að borga skatt í landinu. Að því leytinu til er ég sammála hugleiðingunum þó ég sé ekki alveg viss um að niðurstaðan af þeim yrði sú sama og hjá hv. þm.

[12:11]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst varðandi eldri borgara. Ég hef átt skoðanaskipti hér í þingsölum við hæstv. fjmrh. varðandi þetta mál. Hann neitaði, nokkrum vikum áður en kjarasamningum lauk, að tengja þessar bætur við laun. Það er búið að vera slagur næstum því í hverri einustu viku að toga út úr þeim þessa réttmætu leiðréttingu á kjörum eldri borgara í landinu. Það hafðist sigur, ekki bara vegna stjórnarandstöðunnar heldur líka vegna þess að eldra fólk sló sér saman í baráttu fyrir þessu máli, bæði Félag eldri borgara og Aðgerðahópur aldraðra.

Svo kemur hæstv. fjmrh. hér upp og segir: Það er gott heilbrigðiskerfið. Hvernig ætli því fólki sem er núna á biðlistunum, líði við þessi ummæli? Hvernig ætli því fólki líði sem nú liggur á göngum á spítölum landsins? Vitaskuld veit ég það, herra forseti, að fólkið sem vinnur í heilbrigðisþjónustunni er gott. Við eigum gott fólk sem vinnur í heilbrigðisþjónustunni hvort sem það eru læknar, hjúkrunarfræðingar eða aðrir. Það er ekki vandamálið. Vandamálið er kerfið sem þessi ríkisstjórn er sífellt að skera niður og minnka þjónustu við borgara í landinu. Og að koma hér upp og segja að málin séu í góðu lagi finnst mér vera fyrir neðan allar hellur.

Ég fagna því hins vegar að hann tekur undir að það þurfi að stokka upp skattkerfið. Hann hefur í sjálfu sér ekki gert neitt í þeim efnum. Hann hefur flikkað upp á gamalt kerfi sem er einkenni þessarar ríkisstjórnar. Þessu skattkerfi verður ekki breytt, herra forseti, fyrr en þessi ríkisstjórn er farin frá. Mín framtíðarsýn er sú að eftir tvö ár komi aðrir aðilar að og breyti skattkerfinu í átt við það sem ég hef verið að lýsa og öðrum þáttum sem viðvíkja opinberum umsvifum, þjónustu og skipulagi. Það verður ekki, herra forseti, gert með Sjálfstfl.

[12:13]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orðaskipta sem urðu hér fyrr á fundinum um störf þingsins vill forseti taka þetta fram: Röð mála á dagskrá er ákveðin af þingforseta. Dagskrá þingfunda þessarar og næstu viku var kynnt þingflokksformönnum í nefndavikunni. Það kom fram í umræðum í morgun að svo virtist sem skorti á samstarf milli þingforseta og ráðherra um röð mála á dagskrá. Svo er ekki en það þarf vart að taka það fram að hver ráðherra leggur áherslu á sín mál.

Forseti sýndi hæstv. forsrh. þá sjálfsögðu kurteisi að bera undir hann dagskrárdrögin fyrir þessa og næstu viku auk þess sem drögin voru kynnt a.m.k. í þingflokkum stjórnarflokkanna. En að sjálfsögðu ber forseti ábyrgð á dagskránni.

Um sérstaka flýtiafgreiðslu einstakra mála er ekki að ræða nema um það takist sæmilegt samkomulag. Yfirlýsingar einstakra þingmanna gefnar hérlendis eða erlendis skipta þar ekki sköpum.

Það er rétt sem fram kom í morgun að samkvæmt starfsáætlun átti ekki að vera fundur í dag. En á fundi forseta með þingflokksformönnum þann 10. þessa mánaðar kom fram tillaga frá einum þingflokksformanna að halda fund í dag en fella niður í staðinn fund föstudaginn 25. þessa mánaðar. Þessi tillaga fékk undirtektir í þingflokkunum og var samþykkt í forsn. mánudaginn 14. apríl.

Forseti hefur rætt við formenn þingflokka um framgang frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem nú er hér til umræðu. Það er samkomulag um að ljúka 1. umr. hér á eftir og vísa frv. til nefndar. Atkvæðagreiðsla verður væntanlega um klukkan þrjú í dag. Efh.- og viðskn. taki málið til meðferðar og komist nefndin að samkomulagi um afgreiðslu málsins eða hluta þess verður málið tekið á dagskrá og afgreitt eigi síðar en á miðvikudag í næstu viku.

Ný áætlun um dagskrá þingfunda næstu viku verður gerð á mánudag í samráði við formenn þingflokka. Með þessu vonast forseti til að þingstörf geti gengið fram samkvæmt dagskrá.

[12:16]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna til orða forseta áðan og þeirrar umræðu sem varð hér í morgun um aðstæður varðandi afgreiðslu þessa máls. Út af fyrir sig hefur það skýrst hvernig þetta hefur gengið fyrir sig en það breytir því auðvitað ekki að það er ekki eins og best verður á kosið þegar verið er að fjalla um stefnumótun í skattamálum sem að hluta til, eins og áður hefur komið fram, á að hafa áhrif og ganga í gildi í áföngum allt fram að aldamótum, þ.e. varðandi skattlagningu tekna allt fram til ársins 2000 og greiðast þá á fyrsta ári næstu aldar.

Varðandi það sem rætt hefur verið um að tengist gildistöku strax um síðustu áramót og nú 1. maí nk. þá tek ég undir það sem hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það er að sjálfsögðu eðlilegt að sýna því skilning og reyna að greiða fyrir því að það geti orðið eins vandræðalaust og verða má úr þessu. Að vísu er það svo að það hleypur kannski ekki á stórum upphæðum hvort tekið er af í staðgreiðslunni samkvæmt lítið eitt hærri skattprósentu, einum mánuði eða þess vegna tveimur lengur en ella. En eigi að gera þessar breytingar á annað borð þá er að sjálfsögðu heppilegast að þær gangi sem fyrst í gildi og að eftiráleiðréttingin verði sem minnst. Og að því leyti til sýnist mér að með því að afgreiða nauðsynlegar lagfæringar á staðgreiðsluprósentunni

og ákvæði 4. gr. stafliðar a og að hluta til stafliðar c þá megi á tiltölulega einfaldan hátt, með sjálfstæðu, einföldu frv. láta það ganga í gildi strax sem þarf að liggja fyrir sem lög fyrir 1. maí nk. Og ég lýsi fyrir mitt leyti og míns flokks yfir vilja til þess að skoða það mál.

Hér er eins og kunnugt er á ferðinni, herra forseti, frv. sem tengist gerð kjarasamninga og „samkomulagi" sem tókst með ákveðinni íhlutun ríkisstjórnar. Alþýðusamband Íslands hafði fyrir sitt leyti komið fram með áherslur um tilteknar breytingar í skattamálum sem gengu fyrst og fremst út á það að breyta nokkuð álagningu tekjuskatts á einstaklinga með því að taka upp tvö eða í reynd frekar þrjú skattþrep í stað eins eða tveggja nú. Þetta er breyting sem á sér augljós rök, sem sagt þau að gera skattstigann prógressívari ef svo má að orði komast, hafa prósentuna lægri á lægri tekjur en hærri á hærri tekjur. Það er alþekkt og reyndar mjög víða notað í nálægum löndum. Íslenska skattkerfið, eins og það var við upptöku staðgreiðslunnar, var mjög teknókratískt kerfi. Það var mjög kerfislegt. Fyrir því voru fyrst og fremst færð kerfisleg rök. Það væri um að gera að hafa skattkerfið sem allra einfaldast, prósentur sem fæstar, skattþrep sem fæst og þeir sem mest töluðu fyrir því á sínum tíma, 1988, vildu helst, að því er skilið varð, leggja bara einn skatt á allt landið og miðin, sömu prósentu á allt og alla. Af ýmsum ástæðum og væntanlega réttlætisástæðum ekki síst þá hafa menn nú ekki gengið svo langt. En eftir stendur að íslenska skattkerfið er tiltölulega flatt að þessu leyti. Endurgreiðslukerfið hefur hins vegar verið verulega tekjujafnandi og á það er að sjálfsögðu rétt að benda í leiðinni.

Einnig var Alþýðusamband Íslands með hugmyndir um að endurskoða þyrfti fyrirkomulag bæði vaxta og barnabóta og þá væntanlega fyrst og fremst með það í huga að draga úr hinum illræmdu jaðaráhrifum í kerfinu. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið freistandi að vinna frekar á grundvelli þessara hugmynda og hef reyndar sjálfur oft á undanförnum árum reifað þá möguleika að leggja hér á tekjuskatt í formi tveggja þrepa kerfis. Hæstv. ríkisstjórn valdi hins vegar aðra leið og í tilboði hennar eða útspili er um verulega frábrugðnar aðferðir að ræða, fyrst og fremst það auðvitað að ríkisstjórnin leggur til almenna tekjuskattslækkun sem gengur upp allan launastigann og færir þar af leiðandi niður núverandi tekjuskattsfyrirkomulag. Lækkunin er samtals upp á ígildi um 4% í áföngum á tveimur eða þremur árum. Á móti kemur að sérstakur tekjuskattur eða hátekjuskatturinn svokallaði hækkar um 2%. Lækkunin á honum er að vísu aðeins minni en hann lækkar engu að síður þannig að hvernig sem menn snúa því á alla enda og kanta þá lækkar að sjálfsögðu hátekjuskatturinn þó að með sanngirni sé hægt að viðurkenna að hann lækki minna en skattar þeirra sem engan hátekjuskatt borga.

Hæstv. ríkisstjórn var sömuleiðis með hugmyndir um breytingar á vaxtabótum og ákveðnar breytingar á barnabótum sem að hluta til gengu að vísu ekki eftir en í þessu frumvarpi er þó um að ræða breytingu á fyrirkomulagi barnabótanna sem fyrst og fremst gengur út á það að allar barnabætur verða tekjutengdar. Tekjutengingin er að vísu lækkuð lítillega á móti en grundvallarbreytingin, kerfisbreytingin, er sú að hér eftir verða allar barnabætur tekjutengdar. Og hvað þýðir það? Það þýðir, herra forseti, að ekki er lengur gerður skattalegur munur á barnafólki og barnlausum fjölskyldum þegar komið er upp fyrir viss tekjumörk, enginn. Þetta er að sjálfsögðu kerfi sem ívilnar eða verðlaunar, ef svo má að orði komast fjölskyldur sem ekki eru með börn, það er þannig. Svo getum við endalaust deilt um tekjumörkin, hvar þau eigi að liggja o.s.frv. En þarna eru menn að mínu mati komnir í ógöngur. Það hefur aldrei verið ætlunin að mínu mati að ganga svo langt í þessari tekjutengingu að hún afnæmi með öllu allan skattalegan mun sem gerður er á barnafjölskyldum annars vegar og hinum. Ef þetta verður til frambúðar þá hljóta að koma upp á næstu árum spurningarnar um frádrátt á móti, skattafrádrátt vegna framfærslu barna eða einhverjar slíkar aðgerðir til þess að eftir standi einhver greinarmunur sem þarna er gerður á. Það liggur algjörlega í hlutarins eðli og enginn maður getur mælt á móti því að framfærslubyrði barnafjölskyldna er meiri en hjá barnlausu fólki og það er ranglátt skattkerfi sem ekki gerir einhvern greinarmun þar á, burt séð frá tekjum.

Það er væntanlega fyrst og fremst með breytingum á barnabótunum og svo auðvitað með breytingu á almennu skattprósentunni sem hinn illræmdu jaðaráhrif eiga eitthvað að lækka. En ég verð að láta það álit mitt strax í ljós, herra forseti, að því miður er þarna ekki valin árangursríkasta leiðin, að mínu mati, til þess að takast á við það vandamál. Það hefði mátt gera með árangursríkari aðferðum sem jafnvel hefðu getað orðið útgjaldaminni fyrir ríkissjóð en skilað áhrifunum betur til þeirra sem þyngsta byrðina bera af jaðaráhrifunum á lægri tekjubilunum nú. Það er harla nöturlegt að þetta skuli gert, ákveðið svona, áður en svonefnd jaðarskattanefnd lýkur störfum og án tengsla við marga aðra þætti í skattkerfinu og utan skattkerfisins sem þarna þarf að taka á samtímis. Ég nefni vaxtabætur, tekjutengdar endurgreiðslur námslána og ég nefni tekjutengingu bótaliða í almannatryggingakerfinu. Og talandi um það, herra forseti, þá er það líka mjög bagalegt að ekki skuli liggja fyrir hér og nú við þessa umræðu endanleg og skýr niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar upphæðir tryggingabóta og atvinnuleysisbóta í kjölfar þeirra launabreytinga sem nú eru að ganga yfir á vinnumarkaði. Nú eru menn búnir að smíða sér það vandamál með misráðnum breytingum á síðasta þingi að um þetta þarf að taka pólitíska ákvörðun og jafnvel semja eða eiga í hrossakaupum hverju sinni í stað þess fyrirkomulags sem áður var við lýði og var einfalt og skýrt, þ.e. að þessar bætur tóku sjálfkrafa mið af launaþróun í landinu. Kaupmáttur þessara hópa, ellilífeyrisþega og atvinnulausra var sjálfkrafa tengdur við launaþróunina á almennum vinnumarkaði. Og er það er ekki sanngjarnt? Er eitthvað óréttlátt við það? Vilja menn endilega hafa valdið í höndunum í hvert einasta sinn sem launabreytingar eru gerðar og kjarasamningar eru gerðir til þess að ákvarða með pólitískum hætti lífskjör þessara hópa öðruvísi en annarra í landinu? Af hverju? Ef menn eru þeirrar skoðunar að menn séu ekki með réttar upphæðir á ferðinni þá geta menn lagfært það. Ef menn vilja stilla upphæðir atvinnuleysisbóta eða ellilífeyris með einhverjum öðrum hætti miðað við greidd laun þá er það eins skiptis aðgerð að rétta af, hækka þá vonandi, kaupmátt eða bæta kjör þessara hópa. En mér finnst það ógeðfelld hugsun að menn skuli þurfa að hafa þetta þannig að um þetta þurfi að taka einhverjar pólitískar ákvarðanir í hvert einasta skipti. Vilja hæstv. ráðherrar endilega hafa það þannig að í hvert einasta sinn sem almennir kjarasamningar eru gerðir í landinu eða fjárlög afgreidd í tengslum við þá, þá þurfi þeir að taka pólitískar ákvarðanir um lífskjör tugþúsunda manna í staðinn fyrir að byggja þarna á einhverri tengingu eða miðmiðun sem tekur mið af hagþróun í landinu og launabreytingum?

Herra forseti. Um málið vil ég síðan segja þetta almennt:

Í fyrsta lagi er ég í grundvallaratriðum ósáttur við þá aðferð sem hér varð fyrir valinu, sérstaklega nú í ljósi ríkjandi efnahagsaðstæðna í landinu. Það er að mínu mati efnahagslega rangt, vitlaust, að gera núna kjarasamninga í veigamiklum mæli á kostnað ríkissjóðs vegna þess að í fyrsta lagi er meira svigrúm fyrir hendi úti í atvinnulífinu nú til að skila launabótum en hefur verið um langt árabil. Afkoma atvinnulífsins er einfaldlega betri og þess vegna átti að senda reikninginn fyrir kjarabótum þangað, en ekki á ríkissjóð. Vegna þess að ríkissjóður er heldur ekki aflögufær. Vegna þess að það þarf á auknum fjármunum að halda til þess að lagfæra heilbrigðiskerfið og við þurfum að leggja meira í menntamál. Um það eru allir sammála, a.m.k. á sunnudögum þegar þeir halda fallegu ræðurnar um gildi menntunar. Og ef einhver afgangur yrði þá eigum við að nota hann til að borga niður skuldir vegna þess að óheyrilega stór hluti af tekjum ríkisins á hverju ári fer nú í fjármagnskostnað. Allar aðstæður eru því þannig hvað varðar afkomu aðila vinnumarkaðarins eða atvinnulífsins annars vegar og ríkissjóðs hins vegar og reyndar má bæta sveitarfélögunum við, því þau hafa mörg hver verið að safna skuldum með ískyggilegum hraða undanfarin ár, að það er efnahagslega óskynsamlegt að lenda einu sinni enn í þessu fari. Við þær aðstæður að menn eru að vinna sig í gegnum djúpar lægðir í efnahagsmálum þá getur að sjálfsögðu verið eðlilegt að ríkissjóður taki að einhverju leyti þátt í að tryggja tiltekin lágmarkslífskjör í landinu með þátttöku í kjarasamningum þegar þannig ber að, enda sé það gert við þær aðstæður að það sé réttlætanlegt. Og ég sem svona keynes-isti ætla síðastur manna að fara að neita því. En núna eru ekki þær aðstæður. Alls ekki núna.

Þá kemur að einum rökum enn, herra forseti, gegn þessari aðgerð, gegn almennri skattalækkun nú sem inngrip inn í kjarasamninga og sú röksemd er hættan á þenslu. Það er auðvitað þannig að við þær aðstæður sem núna blasa við, þegar mjög miklar stórframkvæmdir eru í gangi eða eru að fara af stað og þegar þó nokkur ástæða er til að hafa áhyggjur af því að það sé að myndast viss spenna — kannski aðallega fjárfestingarspenna en ekki endilega spenna vegna óheyrilegrar kaupmáttaraukningar, þá er skattalækkun mjög óskynsamleg efnahagsleg stjórnunaraðgerð. Það held ég að hver einasti maður sem hefur einhvern tímann blaðað í kennslubók í fyrsta áfanga í hagfræði hljóti að vita. Það er bara gegn öllum lögmálum að bæta þá við út í hagkerfið á nokkrum missirum margra milljarða skattalækkunum. Það er bara eins og menn með fullkomnu óráði hafi rambað á þá niðurstöðu. Það er þannig. Og hver eiga þá að vera stjórntækin til að reyna að halda jafnvægi og utan um það sem eftir er? Ja, ætli Seðlabankinn noti þá ekki þessa einu skrúfu sem hann hefur í gangi núna og það eru vextirnir. Og hvert fara þeir þá á næstu missirum ef þetta fer á þennan veg?

Það er alveg sama hvar borið er niður gagnvart þessum þætti málsins, herra forseti, menn hafa rambað hér á mjög óskynsamlega niðurstöðu. Og mér finnst taka steininn úr þegar þetta er síðan gert í formi almennrar skattalækkunar, líka á hátekjufólk og ekki síst það. Ef menn hefðu þó a.m.k. haft þetta að einhverju leyti prógressíft, ef menn hefðu haft inni í þessu hækkaða skatta á hagnað fyrirtækja þá hefði verið öðru til að dreifa til þess að vega þá að einhverju leyti upp á móti tekjutapi ríkisins, en það er ekki gert. Barnlaust hátekjufólk er sá hópur sem að mínu mati fer best út úr þessum breytingum miðað við það sem til var stofnað og eðlilegt hefði verið að stefna á. Fyrirtækin sleppa eins og venjulega og þau komast upp með það í bullandi gróða að stór hluti af reikningnum vegna kjarabóta í landinu á næstu missirum fer ekki til þeirra heldur til ríkissjóðs. Það er satt best að segja ótrúleg niðurstaða.

Ég held reyndar, herra forseti, að það sé orðin mikil þörf á að einhver viðamikil grundvallarvinna komist í gang, úttekt á mér liggur við að segja undirstöðu skattkerfisins í landinu. Þetta eru búnar að vera meira eða minna hundsbætur sem menn hafa saumað utan á þessa slitnu flík undanfarin ár og það hefur oftar en ekki borið að með þeim hætti að það eru teknar ákvarðanir um afmarkaða hluta þessa máls, skattkerfisins, bótakerfisins og samspil þessara þátta, einhvers staðar úti í bæ og Alþingi og jafnvel ráðuneyti hafa í besta falli einhverja daga til þess að bregðast við því. Og við höfum ekkert komist áleiðis, því miður, undanfarin ár í því að skoða heildarsamhengi þeirra þátta sem þurfa að vinna saman, það er almannatryggingakerfisins — bótaupphæða hér og tekjutenginga þar, það er skattkerfisins — upphæða þar, tekjutenginga þar, og það er lífeyrissjóðakerfið og lífeyrisréttindin í landinu og samspil þessara þátta sem allir eru meira og minna hluti af hinu eina og sama öryggisvelferðarneti í landinu. Þetta samhengi og samspil er meira og minna allt í uppnámi af því að menn hafa verið að krukka í þetta á einum stað eftir öðrum með skyndiákvörðunum hér og skyndiákvörðunum þar, tekjutengingarnar eru allar í kross og útkoman er í raun og veru frumskógur og gangverk sem sárafáir menn á byggðu bóli skilja eiginlega nokkurn skapaðan hlut í. Það þarf meira og minna að liggja yfir þessu missirum saman til þess að átta sig á því hvernig þetta verkar.

Allt það sem lýtur að skattlagningu almennings, þ.e. svo við tökum þetta í stórum dráttum — inngreiðslum í kerfið og greiðslum út úr því, allt það samspil, allt það gangverk þarf að skoðast í samhengi og þá vinnu þarf að fara í. Efh.- og viðskn. Alþingis hefur margreynt að komast eitthvað áleiðis í því máli og það er búið að halda á síðustu tveimur, þremur árum svo ég muni a.m.k. tvisvar sinnum langa fundi og ráðstefnur þar sem menn hafa reynt að átta sig á einstökum þáttum þessa máls. En það sem ég teldi að hæstv. fjmrh. ætti að gera og þó fyrr hefði verið, er að skipa nefnd, bara eina Skattanefnd með stórum staf, sem fengi víðtækt umboð til þess að fara í alla þætti þessa máls. Fara yfir lífeyrisréttindamálin — stöðuna þar, tekjutengingu eða tekjutengda skerðingu á móti lífeyristekjum, fara yfir bótaupphæðir og tekjutengingar í almannatryggingakerfinu og fara yfir skattkerfið eins og það leggur sig. Og ræða hlutföll í skattbyrði milli t.d. atvinnulífsins og einstaklinga í landinu — hlutföll í skattbyrði milli beinna skatta og óbeinna. Við þurfum að fara yfir öll þessi mál. Og það er meira en tími til kominn. Þó að ég væri alls ekki sammála breytingunum 1988 að öllu leyti þá voru þær þó að mörgu leyti þannig að þær núllstilltu ýmsar grundvallarstærðir í skattkerfinu og það lagði af stað nýtt kerfi í veigamiklum atriðum en það er líka að verða tíu ára gamalt. Það er búið að krukka í það aftur og aftur, efnahagsaðstæður hafa breyst, kaupmáttur hefur breyst og margt fleira sem kallar á grundvallarendurmat á þessum hlutum.

Ég beini því til hæstv. fjmrh. að hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans velti því fyrir sér hvort ekki sé með einhverjum hætti hægt að koma slíku grundvallarstarfi af stað. Að sjálfsögðu á það þá að vera með þverpólitískri þátttöku allra flokka og allra helstu aðila sem hér eiga undir, eins og t.d. verkalýðshreyfingunni, atvinnulífinu, samtökum aldraðra og annarra slíkra aðila. Mér er að sjálfsögðu ljóst að þar með

er starfið orðið mjög umfangsmikið og viðamikið og margir sem að því koma en þannig er þetta mál. Það er sjálft gangverk velferðarþjóðfélagsins sem við erum í raun og veru að tala um þar sem er almannatryggingakerfið, lífeyriskerfið, skattkerfið, inngreiðslur og útgreiðslur úr ríkissjóði. Það er allt heila móverkið. Þess vegna hlýtur starfið eðli sínu samkvæmt (Forseti hringir.) að verða viðamikið ef menn ætla að reyna að ná utan um heildarsamhengi þessa máls.

[12:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að þessi ræða hv. þm. var að mörgu leyti mjög góð og athygli verð, satt að segja. Ég ætla að geyma mér að ræða það sem hann talaði um síðast. Ég skil það vel en ég tel nú að það sé eðli ríkisstjórnarsamstarfs á hverjum tíma að fást við mál eins og þessi. Þetta eru kannski stærstu málin sem við erum að fást við einmitt þessa stundina og munum gera væntanlega eitthvað fram á nýja öld.

Ég vil taka það fram að ákvörðun um hækkun bóta almannatrygginga hefur verið ákveðin. Það er verið að reikna út hvað eigi að koma mikið í upphafi og það er ljóst að ákvörðunin mun ná út samningstímabilið. Það hefur verið sagt.

Ég er sammála hv. þm. að skattalækkanir og reyndar launahækkanir líka eru auðvitað ekki hagfræðilega réttar og virka eins og olía á eld í þenslu. Þetta segja kennslubækurnar okkur. Ég tel þess vegna að hann hafi margt til síns máls þegar hann segir að það sé rangt að gera kjarasamninga á kostnað ríkisins á þenslutímum. En þá verðum við að hafa það í huga að verkalýðsforustan sagði að það væri forsenda kjarasamninga, grundvallarforsenda kjarasamninga að samið yrði um skattalækkun á borð við þá sem hér er verið að ræða. Það er hins vegar rétt að sú skattalækkun mun að einhverju marki setja á okkur pressu útgjaldamegin til þess að við getum varist of mikilli þenslu sem auðvitað getur sett stöðugleikann í hættu. Með þessum orðum vil ég að nokkru leyti taka undir orð hv. þm. en jafnframt benda honum á að pressan sem ríkisstjórnin var í var sú að foringjar verkalýðsins sögðu: Það er forsenda kjarasamninga að hreyfa verði við skattamálunum. (**Gripið fram í:** Hverjir sögðu þetta?)

[12:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað í fyrsta lagi ekki ánægður með svar hæstv. ráðherra um að verið sé að reikna út bæturnar. Ég hefði viljað sjá þá útreikninga liggja fyrir. Og reyndar er ég í grundvallaratriðum ósáttur við að það skuli ekki gerast nánast sjálfkrafa að þessar bætur hækki eins og þær augljóslega eiga að gera, fylgjandi kjörum þeirra sem eru á lægstu kauptöxtum eða viðmiðunarkauptöxtum eins og það hefur verið. Á mannamáli þýðir það að sérstakar hækkanir lægstu launa eða lægri launa eiga að koma inn í bæturnar vegna þess að aldraðir og atvinnulausir hafa alltaf fylgt kjörum þessara aðila og eiga að gera það áfram.

Varðandi skattalækkanir og launahækkanir þá vil ég ekki að menn skilji orð mín svo að ég sé svo kategórískur í fræðunum að ég sé líka á móti launahækkunum af því þær gætu haft þensluáhrif. (Gripið fram í.) Jú, það getur haft svipuð áhrif en þar skiptir náttúrlega máli í fyrsta lagi hvert kaupmáttarstigið er hjá fjöldanum sem er að fá þær hækkanir. Og er það ekki þannig að það er tiltölulega óumdeild staðreynd að það var auðvitað löngu tímabært og óumflýjanlegt að koma til móts við réttmætar kröfur launafólks um að fá loks leiðréttingu sinna mála, allt frá dögum þjóðarsáttar þegar fyrst og fremst launafólkið tók á sig byrðarnar hefur þeirra hlutur legið eftir. Og við skulum líka muna eftir skuldaaukningu heimilanna á þessum tíma. Það eru líka efnahagslegar og þjóðhagslegar forsendur sem gera það mjög mikilvægt einmitt að bæta kaupmátt a.m.k. lakar setta hlutans.

Varðandi skattalækkunarkröfu verkalýðshreyfingarinnar þá segi ég bara að þar skiptir náttúrlega mjög miklu máli hvernig þær skattkerfisbreytingar eru. Það skiptir líka máli hverjir það eru sem njóta góðs af. Það hefur ekki sömu þensluáhrif að skila bættum kjörum til þeirra sem minnstan hafa kaupmáttinn og hinna sem þegar hafa mikinn afgang og eru fyrst og fremst þeir sem hella olíunni á eyðslueldinn. Og svo segi ég alveg hiklaust, herra forseti, jafnvel þó að kröfur um það hafi komið frá hinni heilögu verkalýðshreyfingu, þá áskil ég mér rétt til þess að hafa á því skoðun hvort og (Forseti hringir.) þá hvenær skattalækkanir, almennar skattalækkanir, séu skynsamleg aðgerð.

[12:41]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Enn einu sinni stöndum við frammi fyrir skattabreytingum sem lið í lausn kjaradeilu en það virðist nánast náttúrulögmál að samningar takist ekki á tvíhliða grunni á almenna vinnumarkaðinum heldur þurfi þar til að koma yfirlýsingar og aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins til þess að launafólk trúi því að launahækkanir skili sér raunverulega í vasa þess. Þetta er nú ekki góð latína að mínu mati.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að samningar á almennum vinnumarkaði eigi að vera algjörlega á forræði og ábyrgð vinnuseljenda og vinnukaupenda og að ríkisvaldið ætti í rauninni ekki að koma þar við sögu nema sem upplýsingagjafi þannig að menn átti sig á því efnahagslega umhverfi sem þeir eru að semja sig inn í. En sannleikurinn er auðvitað sá að reynslan hefur kennt mönnum að þeir verða að fá tryggingu frá ríkisvaldinu sem í áranna rás hefur hvað eftir annað vegið að þeim kjörum sem menn hafa talið sig vera að semja um. Þess vegna hafa málin þróast á þennan hátt, ríkisvaldið kemur að samningum á almennum vinnumarkaði. Og eins og ég segi er ekki óeðlilegt að samningsaðilar vilji fá upplýsingar og tryggingu fyrir því að forsendur samninga standist, að þeim verði ekki kollvarpað með aðgerðum stjórnvalda. Verra er að mínu mati að málin hafa þróast á þann veg að segja má að ríkisvaldið sé að greiða niður laun fyrir vinnukaupendur og það er ekki góð latína að mínu mati.

Svo er aftur annað mál að þessar sífelldu breytingar á skattalögum valda miklum erfiðleikum. Það er oft erfitt að átta sig á þessum tíðu skattbreytingum og ég öfunda satt að segja ekki þá sem starfa á skattstofum landsins, þá sem þurfa að útfæra lögin og vinna eftir þeim, en þeir mega búa við það að sífellt sé verið að gera stórar og smáar breytingar á skattalögum okkar.

Hvað þetta frv. varðar þá fer það út af fyrir sig ekki á milli mála að það hefur í för með sér skattalækkanir og aukinn kaupmátt fyrir marga þó að þær eigi að koma fram á alllöngum tíma og að nokkru leyti ekki fyrr en á næsta kjörtímabili eða næstu öld. Það er hins vegar dreifing þessara aðgerða á þá sem þeirra eiga að njóta sem hlýtur að vera stærsta gagnrýnisatriðið, en þar stöndum við því miður rétt eina ferðina frammi fyrir því að lægst launaða fólkið situr eftir, fær ekki þann skilning og stuðning sem því ber og sem

menn sí og æ lýsa yfir að þeim beri. Raunin er sú að það eru þeir tekjuhæstu sem hagnast mest. Það segir að vísu hér í grg. að skattalækkunin sé hlutfallslega mest hjá fólki með lágar tekjur, sem er nú fullyrðing sem stenst illa þegar fylgiskjöl eru skoðuð, töflur sem eiga að sýna áhrif þessara breytinga á ráðstöfunartekjur fólks. Þar vantar raunar nokkuð á þær upplýsingar. Það vantar dæmi um útkomuna fyrir þá allra tekjulægstu. Í þessum töflum er ekki farið neðar en í 75 þús. kr. atvinnutekjur á einstakling á sama tíma og menn eru að berjast fyrir 70 þús. kr. lágmarkslaunum og menn eygja möguleika á þeirri upphæð í laun á næstu öld eða um aldamótin. Það væri út af fyrir sig kostur og ávinningur ef hluti þessara lúsarlauna lenti ekki í skattlagningu. En nú er það svo að skattleysismörkin eru talsvert neðar, þau eru aðeins í kringum 60 þús. kr. nú og ná ekki einu sinni upp í rúmlega 65 þús. kr. eða 65.585 kr. fyrr en árið 2000. Og ég er satt að segja undrandi á því að verkalýðshreyfingin skuli ætla að sætta sig við þessa niðurstöðu en frá henni hefur nú ekki heyrst mikið um *nákvæmlega þetta atriði, þ.e. að þeir allra lægst launuðu* sem margsinnis og endalaust fá að heyra þann söng að þeirra hlut verði að rétta, lægstu launin verði að hækka, bæta verði kjör hinna lægst launuðu o.s.frv., að ríkisvaldið taki þá í raun af þeim þá aura sem samningarnir kveða á um. Ég hefði kosið aðra útfærslu en kemur fram í þessu frv. og vissulega gengu hugmyndir verkalýðshreyfingarinnar í aðra átt. Hugmyndir hennar hefði ég talið að leiddu til sanngjarnari og réttlátari niðurstöðu. En í máli hæstv. fjmrh. kom fram hér áðan að sú leið hefði verið illfær og við þekkjum þær röksemdir en það er nú svo að einföldun og skilvirkni kerfisins fer ekki alltaf saman við hugmyndir okkar um sanngirni og réttlæti. Fyrst og fremst er þetta auðvitað spurning um vilja.

Það er annað sem mér hefði fundist enn brýnna heldur en almenn lækkun tekjuskattsprósentunnar og það er verulega hækkun skattleysismarkanna. Þau hafa farið hlutfallslega lækkandi að undanförnu miðað við þær reglur sem giltu fyrir nokkrum árum. Ef þær viðmiðanir hefðu gilt áfram væru skattleysismörkin nú vel yfir 70 þús. kr. og þá hefðu taxtahækkanir komið hinum lægst launuðu verulega að gagni. Að hækka lægstu launin og skattleggja þau svo getur ekki talist kjarabætur fyrir þetta fólk. Og ég hlýt að minna á margendurteknar yfirlýsingar fjölmargra stjórnmálamanna um nauðsyn þess að hækka verulega skattleysismörkin. Það var t.d. eitt aðalmál kosningabaráttunnar fyrir sex árum þar sem menn kepptust við að yfirbjóða hver annan en þau loforð voru ekki efnd og því er nú svo komið að við hækkun lægstu launa lendir hækkunin að meginhluta í skatti. Ég hefði sem sagt viljað sjá verulega hækkun skattleysismarka fremur en almenna lækkun skattprósentunnar og ég beini því til hv. efh.- og viðskn. að fara vel ofan í það hvernig þessar aðgerðir koma út gagnvart fólki sem hefur undir 75 þús. kr. atvinnutekjum á mánuði, vegna þess að töflurnar sem eru birtar hér sem fylgiskjöl gera ekki ráð fyrir lægri tekjum en 75 þús. kr. Menn verða auðvitað að gera sér grein fyrir því að það eru ýmsir á 50–60 þús. kr. mánaðarlaunum sem eygja nú þann möguleika að potast upp í 70 þús. kr. mánaðarlaun á næstu árum og það er nöturlegt fyrir þetta fólk að sjá fram á að það bæti stöðu þess nánast ekki neitt.

Tilfæringarnar með hátekjuskattinn eru sérkapítuli sem ég ætla ekki að fara mikið út í. Kvennalistinn hefur stutt sérstakan skatt á háar tekjur og út af fyrir sig talið að það ætti að miða við allháar tekjur. Ég hefði talið það algjöran óþarfa að útfæra þennan lið þannig að útkoman verður lækkun skattbyrði á þennan hóp, einmitt þann hóp sem helst er aflögufær. Og þá er ég auðvitað enn að hugsa um möguleikana á því að tryggja betur kjör og aðstæður hinna allra lægst launuðu. Við eigum auðvitað að horfast í augu við það að fólk með lægstu launatekjur á ekki möguleika á mannsæmandi lífi, ekki samkvæmt þeim viðmiðunum sem við höfum í þessu velsældarþjóðfélagi. Það eru vinnukaupendum til vansa að bjóða fólki upp á laun sem ekki duga til brýnustu nauðsynja. Krafan um 100 þús. kr. lágmarkslaun er í rauninni afskaplega hógvær. Og það er dapurlegt að ekki skuli vera hægt að ná samstöðu um að setja löggjöf um sómasamleg lágmarkslaun hér á Alþingi úr því að aðilar vinnumarkaðarins hafa reynst vanmegnugir að tryggja það með samningum (**Gripið fram í:** Atvinnurekendur.) — aðilar vinnumarkaðarins. Slík þingmál hafa margsinnis komið fram hér á Alþingi. Kvennalistinn hefur margsinnis flutt um það þingmál og eitt slíkt liggur nú fyrir Alþingi, að vísu um aðeins 70 þús. kr. mánaðarlaun en almennur vilji stendur ekki til samþykktar *slíkra mála hér á Alþingi.*

Með þessu frv. er verið að gera nokkrar breytingar á barnabótum. Mér sýnist þær hafa það að meginmarkmiði að hækka bætur til hinna tekjulægri og lækka hjá hinum tekjuhærri og þær eru felldar niður hjá þeim allra tekjuhæstu. Út af fyrir sig er ég sammála þeirri stefnu, þ.e. út frá þeim forsendum sem miðað er við í þessu kerfi. Það er svo aftur annað mál hvort við vildum skoða einhverja aðra útfærslu á þessum svokölluðum barnabótum vegna þess að í rauninni er þetta allt of tengt skattamálunum að mínu mati nema við viljum hreinlega taka það beint inn í skattalögin og útfæra þetta sem persónuafslátt fyrir börn. Það finnst mér vel athugandi en ég ætla ekki að fara frekar út í það núna.

Ég vil aðeins lýsa því yfir að Kvennalistinn mun greiða fyrir því eftir föngum að þeir þættir þessa frv. sem af tæknilegum ástæðum þurfa að fá framgang fyrir mánaðamótin fái umfjöllun og afgreiðslu í tæka tíð, án þess þó að sjálfsögðu að það komi niður á vandaðri athugun málsins. En ef menn vilja leggjast á eitt og ýta þá öðru til hliðar þá ætti að vera hægt að afgreiða þá þætti á nokkrum dögum.

[Fundarhlé. — 12:56]

[13:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er nokkur nýlunda að ræða frv. frá ríkisstjórninni til hagsbóta fyrir launafólk í landinu því það hefur frekar verið þannig að stjórnarandstaðan hefur þurft að verja láglaunafólk og bótaþega fyrir árásum ríkisstjórnarinnar á kjör þessara hópa. Því er ástæða til að fagna því að hér sé tekið til umræðu frv. frá ríkisstjórninni um skattalækkun. En það er eins og, virðulegur forseti, að hvenær sem ríkisstjórnin hreyfir sig í skattamálum þá sé hún fyrst og fremst að hugsa um hálaunahópana og fjármagnseigendur. Það munum við glögglega þegar við ræddum hér og samþykkt var frv. um fjármagnstekjuskatt að það var allt sniðið að því að fjármagnstekjueigendur slyppu vel frá því að greiða fjármagnstekjuskatt en fyrst og fremst var það hinn almenni sparifjáreigandi sem bar hitann og þungann af skattinum. Og það virðist vera svo, herra forseti, í því frv. sem við ræðum hér að ríkisstjórnin sé við sama heygarðshornið því það eru einkum hálaunahóparnir sem fara vel út úr þeirri skattbreytingu sem hér er til umræðu.

Við hljótum að velta fyrir okkur hvert markmiðið með þessari breytingu er. Hverjum er þetta frv. fyrst og fremst ætlað að gagnast? ASÍ setti sér það markmið og kom því á framfæri við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga að markmið Alþýðusambandsins væri að lækka skatta á meðaltekjur fyrst og fremst og náttúrlega alls ekki að hækka skatta á láglaunahópana, sem mér sýnist þessi ríkisstjórn vera að gera. Við meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli kom ASÍ því á framfæri að það áliti að það ætti að lækka skatta á meðaltekjufólk, mótmælti því að hér væri um að ræða verulega skattalækkun á hátekjufólk og taldi að draga ætti úr henni og nýta það svigrúm sem skapaðist til þess að hækka skattleysismörkin. Mér virðist ríkisstjórnin alls ekki gera það og það sést náttúrlega best á þeim töflum sem fram koma í þessu frv. sem sýnir að áhrifin af þessum breytingum verða þau að ráðstöfunartekjurnar aukast langmest hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar. Ráðstöfunartekjur hjá fólki með 600 þús. kr., t.d. hjón með tvö börn, aukast fast að 20 þús. kr. og ef það eru hjón með eitt barn þá er það yfir 20 þús. kr. Síðan erum við að sjá eftir því sem neðar dregur að um er að ræða 2, 3–4 þús. kr. skattalækkun. Og það er athyglisvert eins og reyndar kom hér fram í umræðunni hvers vegna ríkisstjórnin sýnir ekki hvaða áhrif þessar breytingar hafa á tekjur undir 75 þús. kr. Þá er komið að spurningu minni, hæstv. forseti, sem ég hef til hæstv. ráðherra: Hvað eru það margir sem hafa verið undir skattleysismörkum fram til dagsins í dag, sem hafa verið á þessum strípuðu launatöxtum, og fara nú inn í skattkerfið og fara að greiða skatta þegar þeir fá tekjur sem eru 70 þús. kr.? Hvers vegna telur hæstv. ráðherra enga ástæðu til að sýna hvaða áhrif þessar skattbreytingar hafa á tekjur fólks með 70 þús. kr.? Nú hlýtur hæstv. ráðherra að hafa skoðað þetta. Hvað eru það margir af láglaunahópnum sem fara inn í skattkerfið við þessa breytingu? Hve margir af þeim fara að greiða skatt? Einhverjir eru það, a.m.k. einstaklingar sem ekki eru inni í bótakerfinu. Og hjá öðrum sem eru þó með 70 þús. kr. hlýtur þetta að þýða lækkun á bótagreiðslum ef þetta gengur upp í þær. Þess vegna spyr ég: Hvaða breyting verður fyrir þessa hópa þegar þessar breytingar komast til framkvæmda? Mér finnst það grundvallaratriði að hæstv. ráðherra svari því.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra, en hann hefur fært rök fyrir því af hverju ekki var orðið við tillögum ASÍ um að fara í fjölþrepakerfi. Mér fannst rök hæstv. ráðherra góð og gild. Ráðherrann sagði að rökin væru þau að þá kæmi skattalækkunin ekki til framkvæmda fyrr en um mitt næsta ár og fjölþrepaskattkerfi gæti aukið smugur fyrir skattundandrátt. Þetta finnst mér góðra gjalda vert og gild rök út af fyrir sig. Engu að síður sýndu tillögur um fleiri þrep að skattalækkunin skilaði sér miklu betur til fólks með meðaltekjur og fólks með lágar tekjur heldur en sú leið sem ríkisstjórnin velur. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra um aðra útfærslu sem hann getur ekki fært þessi sömu rök fyrir, þ.e. að þá sé ekki hægt að láta skattalækkanirnar taka gildi fyrr en um mitt næsta ár og að þær muni leiða til aukningar á skattundandrætti. Það eru hugmyndir ASÍ sem ríkisstjórninni var fullkunnugt um sem gengu í þá veru að almenn tekjuskattslækkun yrði úr 42% í 40% í staðinn fyrir 42% í 38%. Það svigrúm sem skapaðist með því að farið yrði með þetta niður í 40% í staðinn fyrir 38% yrði nýtt til þess að hækka skattleysismörkin í 70 þús. kr. Af hverju var sú hugmynd ekki skoðuð? Hvaða áhrif hefði hún haft? Í gögnum frá ASÍ, sem ég vænti að hæstv. ráðherra hafi kynnt sér, hefur komið fram samanburður á þeirri útfærslu — hvernig hún hefði dugað fyrir fólk með lágar tekjur og meðaltekur samanborið við tillögur ríkisstjórnarinnar. Þá kemur í ljós að ef þessi leið er farin, tillögur ASÍ, sem ég held að kosti lítið meira en sú leið sem ríkisstjórnin er að fara, hefði það þýtt að fólk með meðaltekjur, ef við miðum við 250 þús. kr., hefði fengið meiri skattalækkun samkvæmt þeim eða um 2 þús. kr. meiri skattalækkun, en hálaunahóparnir sem eru með hæstar tekjurnar, um 600 þús. kr., hefðu fengið 12 þús. kr. í skattalækkun í staðinn fyrir 16 þús. kr. sem ríkisstjórnin ætlar að færa þessum hópum. Og ég spyr: Hvaða rök voru fyrir því að fallast ekki á þessar hugmyndir eða a.m.k. að taka til skoðunar hugmyndir ASÍ að því er þetta varðar?

Ef við bara skoðum þetta línurit sem hér er sést að við hefðum náð því markmiði sem allir hafa verið að tala um, að draga úr jaðarsköttunum, ná fram skattalækkunum sérstaklega til fólks með meðaltekjur, sem allir eru sammála um að þurfi að gera, og koma í veg fyrir, sem er lykilatriði, að sú litla kjarabót sem launafólk sem er á strípuðum töxtum fær verði ekki tekin til baka í sköttum sem þetta fólk hefur ekki þurft að greiða hingað til. Af hverju er það svo? Það á að hlífa fólki með 70 þús. kr. við skattgreiðslum. Ég hélt að um það væri almenn sátt í þjóðfélaginu að fólk sem er á lægstu launum, á hungurtöxtunum, og þeir eru hungurtaxtar áfram þótt þeir séu 70 þús. kr., ætti ekki að greiða skatta. Launin duga ekki fyrir framfærslunni, langt í frá, og þess vegna væri það réttlætismál sem samstaða væri um hjá öllum stjórnmálaflokkum að þetta fólk ætti ekki að greiða skatta. Auðvitað er það svo að við búum náttúrlega við óþolandi launakerfi þar sem ríkissjóður þarf að taka á sig að greiða niður skatta fyrir atvinnureksturinn og það er óþolandi ástand til frambúðar og því miður erum við að festa það ástand í sessi fram yfir næstu aldamót. Atvinnureksturinn í landinu er ekki fullfær um að greiða hér sómasamleg laun fyrir alla og þess vegna hefur ríkisvaldið tekið að sér að greiða niður launin. Auðvitað vildi þetta fólk mjög gjarnan greiða skatta til samfélagsins, en af 70 þús. kr. — það sjá allir að það gengur ekki að láta fólk greiða skatta af slíkum tekjum. Ríkisstjórnin á auðvitað að viðurkenna þá staðreynd að þegar launin duga ekki fyrir framfærslunni, til hnífs og skeiðar frá degi til dags, þá á hún að hækka skattleysismörkin upp í 70 þús. kr. En hvað gerir ríkisstjórnin? Hún kýs frekar að nota það fjármagn sem á núna að fara til þess að lækka skattana, láta skattalækkanir ganga frekar til hálaunahópanna heldur en að hlífa þeim sem eru á botninum og nú fara að greiða skatta. Þetta er auðvitað eftir öðru hjá ríkisstjórninni. Hún er þarna við sama heygarðshornið og áður. Það var komið í veg fyrir það, sem betur fer, að hún næði fram mjög óréttlátri útfærslu á vaxtabótunum sem bitnað hefði á fólki með lágar tekjur og meðaltekjur en hún virðist ætla að komast upp með það, herra forseti, að verulegur hluti af því fjármagni sem tekið er úr sameiginlegum sjóðum landsmanna á að renna til þess að lækka skatta hálaunahópanna. Og ráðstöfunartekjur þeirra sem eru með 400, 500 og 600 þús. kr. aukast mest við þessa breytingu. En við erum að fara í þá grundvallarbreytingu á skattkerfinu að fólk með lægstu tekjurnar, fólk með lægstu launin, er nú allt í einu komið inn í skattkerfið og á að fara að greiða skatta. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra sérstaklega um þessa útfærslu, hæstv. forseti. Var sú útfærsla að lækka skatthlutfallið úr 42% í 40% en hækka skattleysismörkin í staðinn í 70 þús. kr. strax skoðuð af hálfu ríkisstjórnarinnar? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera varðandi

skattleysismörkin? Hún ætlar að hækka þau úr 60 í 65 þús. kr. — ekki strax. Nei, í lok samningstímans, í 65 þús. kr. árið 2000. Hún ætlar að hækka skattleysismörkin um 2,5% frá næstu áramótum og síðan um 2,5% árlega upp frá því til aldamóta sem er auðvitað ekkert annað en hækkun sem áætluð er á verðlagi þennan tíma.

Þess vegna spyr ég: Hvað með þessa hugmynd? Er ráðherra opinn fyrir því að hv. efh.- og viðskn. skoði þessa leið við meðferð málsins? Og ef leið ráðherrans verður ofan á hvað eru það þá margir á þessum launum sem hafa verið undir skattleysismörkum hingað til sem nú koma inn í skattkerfið? Og ég spyr ráðherrann líka: Hver verða útgjöld ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga árlega, þ.e. á þessu ári? Ég spyr um hvert ár fyrir sig. Ég veit að þetta er 5–5,5 milljarðar allan tímann en ég spyr um hvert ár fyrir sig, árið í ár 1997, 1998 og 1999. Og ég spyr líka um hátekjuskattinn. Hvað gefur hann ríkissjóði nú þessi sérstaki hátekjuskattur og hvað mun hann gefa eftir breytinguna? Fjölgar þeim sem greiða sérstakan hátekjuskatt? Stendur það í stað eða verður þar fækkun á?

Og ég spyr líka um það sem margir hafa áhyggjur af: Munu þessar skattalækkanir sem sérstaklega koma til með gagnast hálaunahópunum verða til þess að ríkisstjórnin mun við næstu fjárlagaafgreiðslu eða við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1999 fara að þrengja að velferðarkerfinu til þess að eiga fyrir þessum skattalækkunum og ég tala nú ekki um þær sem eiga að renna til hálaunahópanna? Getur stjórnarandstaðan og getur verkalýðshreyfingin fengið loforð fyrir því og vilyrði að ekki verði farið út í að auka þjónustugjöld á láglaunahópana til þess að eiga fyrir þessum skattalækkunum eða að þrengja að velferðarkerfinu? Hvers megum við vænta í því efni? Það er grundvallaratriði að þetta liggi fyrir, ekki síst þegar búið er að festa kjarasamningana fram til ársins 2000.

Ég vil líka spyrja, herra forseti, hvort hæstv. ráðherra lítur svo á að hér sé verið að fara fram með skattbreytingar í sátt við verkalýðshreyfinguna. Hæstv. ráðherra greindi frá tillögum ASÍ — ég veit ekki hvort BSRB var með í þeirri útfærslu — sem ríkisstjórnin hefði ekki getað fallist á með þeim rökum sem ráðherra tilgreindi hér. En skoðaði ríkisstjórnin þá hugmynd sem kom fram hjá ASÍ og ég nefndi áðan? Lítur ráðherrann svo á að sú útfærsla sem hér er gerð sé í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna? Mun hæstv. ráðherra, ef verkalýðshreyfingin, t.d. BSRB — það væri gott að heyra hér á eftir afstöðu formanns BSRB til þeirra hugmynda sem ég hef sérstaklega talað fyrir hér — vera tilbúinn að skoða og veita liðsinni sitt til að þessi skattbreyting sem ég tala hér fyrir verði ofan á ef sérstaklega verður gengið eftir því af hálfu aðila vinnumarkaðarins?

Ég tel líka fulla ástæðu til þess að spyrjast fyrir um það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra hér áðan þegar hann var inntur eftir því hvaða breytinga væri að vænta á bótakerfinu nú í kjölfar samninga. Hæstv. ráðherrann svaraði því til að verið væri að vinna að þessu máli í Þjóðhagsstofnun, en ég skildi hann svo að það væri búið að taka ákvörðun. Þar nefndi ráðherrann að miðað væri við meðalhækkun á launum í landinu. Getur ráðherrann staðfest það hér — það mundi eyða ákveðinni óvissu — að þegar sé búið að taka ákvörðun um að bótagreiðslur almannatrygginga, þ.e. öryrkja, ellilífeyrisþega og atvinnulausra, eigi ekki að hækka til samræmis við hækkun á lægstu launum í landinu? Liggur það þegar fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar að bótagreiðslurnar hækki ekki á þessu samningstímabili upp í 70 þús. kr. eins og lægstu taxtarnir eiga að gera? Það mundi eyða ákveðinni óvissu ef það lægi fyrir. Og af því mér fannst á máli hæstv. ráðherra að þegar lægi fyrir ákvörðun í þessu efni þá spyr ég: Hefur sú prinsippafstaða verið tekin að hækka ekki bótagreiðslur almannatrygginga til samræmis við lægstu launin? Ef svo er þá er um ákveðna grundvallarbreytingu á bótakerfi almannatrygginga að ræða vegna þess að á umliðnum árum hafa lægstu bætur, þ.e. grunnlífeyrir og full tekjutrygging í almannatryggingakerfinu ásamt heimilisuppbót, haldist í hendur við lægstu launin í landinu. Við erum því að gera grundvallarbreytingu á bótakerfinu ef ríkisstjórnin ætlar að nota þá lagabreytingu á þann hátt sem hún knúði hér í gegn í andstöðu við stjórnarandstöðuna fyrir rúmu ári síðan, þ.e. að aftengja bætur almannatrygginga við launaþróun.

Herra forseti. Ég hef lagt ákveðnar spurningar fyrir hæstv. ráðherra sem ég tel mikilvægt að fá svör við. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þessum spurningum sem ég vona að hann hafi tekið niður, og að við fáum hér upplýst hvað þessar skattalækkanir eiga að kosta. Það hefur verið farið í gegnum það að greiðslur í tekjuskattkerfinu sem fólk átti með réttu að fá nú fyrir jólin voru frystar. Það gaf ríkisstjórninni svigrúm upp á 800 þús. kr. til einn milljarð í tekjur. Kosta þessar skattbreytingar eitthvað meira á þessu ári en sem þeirri fjárhæð nemur? Ég held að mjög nauðsynlegt sé að fá fram svar við því. Og ekki síst ítreka ég að svarað verði spurningu minni um það hve margir þeirra sem hafa verið undir skattleysismörkum komi inn í skattkerfið við þessa breytingu.

[13:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort mér endist tími til þess að svara öllum fyrirspurnunum, en skal reyna það þó.

Í fyrsta lagi verða áhrif skattalækkananna, þ.e. greiðsluáhrif þeirra, á árunum 1997–1999 þessar: Árið 1997 mun það kosta ríkissjóð í lækkuðum tekjum 950 millj. kr. Á næsta ári 2.950. Á þriðja árinu, 1999, 1.300 millj. kr., samtals 5.200 millj. kr.

Svigrúmið sem er í fjárlögum í ár vegna frystingarinnar sem hv. þm. nefndi er 800 millj. kr. Fjármögnun í samráði við sveitarfélögin, sem við gerum ráð fyrir að komi en höfum ekki í hendi, er 500 milljónir. Afnám hlutafjárafsláttar og fjármagnstekjuskatts sem kemur fyrst og fremst fram á næstu árum en ekki í ár er 1.500 millj. kr., samtals 2.800 millj. kr. á þessu tímabili, en það þýðir að fjárvöntun er samtals 2.400 millj. kr.

Þá spurði þingmaðurinn um hátekjuskattinn. Hann er talinn skila 375 millj. kr. í ár, á næsta ári 400 millj. kr., árið 1999 415 millj. kr. og árið 2000 420 millj. kr.

Vegna bótanna var gefin út yfirlýsing 24. mars, í tengslum við kjarasamningana og hún birt aðilum á vinnumarkaði. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Áréttuð er sú yfirlýsing forsrh. að bætur í tryggingakerfinu munu hækka um þá meðalhækkun launa sem verður í almennum kjarasamningum að mati ríkisstjórnarinnar."

Hv. þm. ræddi um önnur atriði en það verður því miður að bíða síðari tíma eða koma fram síðar í andsvörum. En mér fannst vera athyglivert hve ólíkar skoðanir komu fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og hv. þm. Ágústi Einarssyni, þar er um tvær gjörólíkar skattastefnur að ræða og það kalla ég vel af sér vikið í jafnlitlum flokki og Þjóðvaka.

[13:55]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vek athygli á því að ráðherrann svaraði ekki í þessu stutta andsvari þeim grundvallarspurningum sem ég beindi til hans varðandi það að fara aðra leið, þ.e. þá sem ASÍ hefur sett fram og hvað það þýddi fyrir láglaunahópana þegar þeir fara nú að greiða skatt af því skattleysismörkin verða undir þeim tekjum sem þeir fá á tímabilinu.

Varðandi það að grundvallarmunur sé á skattastefnu minni og hv. þm. Ágústs Einarssonar þá er það rangt hjá hæstv. ráðherra. Ég tala fyrir því að það þurfi sérstaklega að gera vel núna í skattkerfinu fyrir fólk með meðaltekjur og að það sé ekki verið að íþyngja fólki með lágar tekjur. Það er nákvæmlega líka málflutningur Ágústs Einarssonar að það eigi ekki að fara þá leið. Ég heyrði það í ræðu Ágústs Einarssonar að hann talaði líka um að verið væri að gera sérstaklega vel við hálaunahópana. Ég get líka tekið undir það sem fram kom hjá Ágústi Einarssyni og fleirum við umræðuna um frv. að ég mun auðvitað greiða fyrir því að frv. muni ná fram að ganga. Hins vegar hef ég þá skoðun að hægt sé að fara aðra leið sem skilar þessum markhópi sem ég er að tala hér fyrir miklu meiri skattalækkunum en hálaunahópunum sem hæstv. ráðherra ber sérstaklega fyrir brjósti og að þeim sé skilað minna í þessum skattalækkunum. Ég hygg að gjörvöll stjórnarandstaðan tali nú fyrir því að fyrst og fremst eigi að hugsa um fólk með lágar og meðaltekjur en ekki að vera að hugsa sérstaklega um hálaunahópana með 500–600 þúsund eins og þessi ríkisstjórn gerir ávallt í öllum skattalagabreytingum sem hún stendur fyrir.

Hæstv. forseti. Ég mun ganga eftir því að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem hann átti ósvarað nú síðar á þessum fundi.

[13:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. spurðist fyrir um það hvort hér væri á ferðinni stefna sem væri gerð í sátt við verkalýðshreyfinguna. Það skal tekið fram að stefnan var að sjálfsögðu kynnt verkalýðshreyfingunni í tengslum við kjarasamningana og þeir voru staðfestir eftir að sú stefna lá fyrir sem hér er verið að kynna í þessu frv. Þess vegna er ekki hægt að breyta frv. í grundvallaratriðum nú. Þá væri talið að við værum að fara á bak við þá hópa sem þegar hafa samið vegna þess að þeir töldu að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar stæði og yrði að lögum.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hve margir yrðu nýir skattgreiðendur og færu upp í 70 þús. kr. Því get ég ekki svarað nákvæmlega. Ég held að það sé ekki hægt að svara því fyrr en upp er talið úr kössunum og með tímanum. Ég vona að sem flestir bætist í hóp skattgreiðenda því það þýðir að þeir sem lægst hafa launin hafa fengið það mikla hækkun að þeir verða skattgreiðendur. Og það var nákvæmlega það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði líka. Hann lagði áherslu á að sem flestir greiddu skatta en benti á að hugsanlega mætti hafa lægra skatthlutfall fyrir þá sem lægstar hefðu tekjurnar. Ef við ætluðum að einblína eingöngu á skattleysismörkin eins og hugmyndir hv. þm. eru, þ.e. að nota svigrúm til þess, þá erum við að fækka skattgreiðendum og láta þá sem greiða skatta borga hærra hlutfall, þ.e. að þyngja skattbyrðina á þeim sem bera hitann og þungann af skattgreiðslum í kerfinu sem eru ekki nema þriðjungur framteljenda. Á þetta vil ég benda og það kemur þess vegna fram verulegt misræmi í málflutningi hv. þm. og hv. þm. Ásgústs Einarssonar sem leggur áherslu á að tekjujöfnuðurinn og jöfnunin í skattkerfinu sé kannski orðin of mikil á sama tíma og formaður Þjóðvaka heldur því fram hér að það eigi að hækka skattleysismörkin en draga minna úr skatthlutfallinu en gert er ráð fyrir í þessu frv.

[13:59]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ástæða til að vekja sérstaka athygli á orðum hæstv. ráðherra áðan. Hæstv. ráðherra sagði að hann óskaði eftir því að sem flestir í láglaunahópunum með 70 þús. kr. og þar undir yrðu nýir skattgreiðendur hjá honum. (Gripið fram í.) Hefur ráðherrann engan skilning á kjörum þessa fólks? Telur ráðherrann virkilega að fólk með 70 þús. kr. sé aflögufært til að greiða í ríkiskassann? Telur hann það virkilega? Hefur ráðherrann ekki meiri skilning á kjörum þessa fólks en svo að hann óskar þess að sem flestir með 70 þús. kr. og þar undir fari nú að greiða skatta til hans? Með öðrum orðum að af þessum örfáu þúsundum sem samdist um fyrir þessa hópa í harðri kjarabaráttu vill ráðherrann sjá sem mest af því koma aftur í ríkissjóð. Þetta er með ólíkindum. Herra forseti. Mig undrar þetta ekki vegna þess að þetta er í samræmi við málflutninginn hjá hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að vera fyrst og fremst að passa upp á kjör hálaunahópanna og helst bæta þau en vera sífellt með þann markhóp til að ráðast á sem er láglaunafókið og bótaþegarnir.

Herra forseti. Ég vil í lokin segja að hæstv. ráðherra segir að hann telji að hann sé að fara á bak við þá hópa sem búnir eru að semja ef breyta á einhverju í þessu skattafrv. Ég spyr nú bara næsta ræðumann sem ég veit að er formaður BSRB: Er það virkilega svo að ef á að breyta þessu frv. til hagsbóta fyrir fólk með meðaltekjur og láglaunahópana, þá sé verið að koma í bakið á þeim sem búið er að semja við? Þetta eru algjör öfugmæli, herra forseti.

[14:01]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að gera að umræðuefni þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh. að hér séum við í raun að fjalla um hluta af kjarasamningum. Þær tillögur sem hér liggi fyrir séu forsendur kjarasamninga, hafi verið forsendur kjarasamninga og séu forsendur kjarasamninga. Þetta er alrangt. Ég mun skýra nánar hvað ég á við.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að mótmæla málflutningi hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. bæði hér á Alþingi og einnig í fjölmiðlum, sem gengur út á að telja okkur trú um að í tengslum við kjarasamninga megi búast við 20% kaupmáttaraukningu á næstu árum. Hæstv. forsrh. lýsti þessu yfir í fjölmiðlum ekki alls fyrir löngu og var þá að fjalla um kjarasamninga þar sem kveðið er á um að meðaltali rúmlega 4% kauphækkun á ári, þar sem verið var að fjalla um skattkerfisbreytingar sem fela í sér tekjuskattslækkun upp á fjögur prósentustig í áföngum á sama tíma og Þjóðhagsstofnun og Seðlabankinn spá því að búast megi við verðbólgu upp á 2,5%–3% á ári. Er þá eitthvað annað sem skýrir þessa miklu kaupmáttaraukningu? Er eitthvað annað í skattkerfisbreytingunum sem skýrir hina miklu kaupmáttaraukningu? Eru það hugsanlega breytingarnar á barnabótunum sem gera það? Nei. Vegna þess að í tillögunum sem fram hafa verið settar um barnabætur er ekki gert ráð fyrir neinu viðbótarfjármagni. Þar er einvörðungu um tilfærslur að ræða. Er það þá í skattleysismörkunum? Eru það þau sem skýra hina miklu kaupmáttaraukningu? Nei. Það er gert ráð fyrir að þau rýrni. Rýrni á þessu tímabili vegna þess að þótt gert sé ráð

fyrir að þau fylgi verðlagsþróun á komandi árum þá gera þau það ekki á þessu ári.

Reyndar hefur bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. breytt málflutningi sínum ögn upp á síðkastið og skýrt þessa margrómuðu 20% kaupmáttaraukningu með því að bakka örlítið aftar í tímann. Nú á þetta að gilda um tímabilið frá 1995 og fram til aldamóta. Þetta eru miklar, grófar og alvarlegar blekkingar sem ég vil byrja á að vekja rækilega athygli á.

Hver er aðdragandi þessa máls? Hann er sá að á liðnum árum hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á skattkerfinu. Ef við hverfum aftur til ársins 1988 þá var tekjuskattur einstaklinga 35,2% en er nú 42%. Hver skyldi tekjuskattur fyrirtækja hafa verið 1988? Hann var 51%. Hver er hann núna? Hann er 33%. Að auki hefur verið ráðist á millifærslukerfið, bætur til húsnæðiskaupenda og leigjenda. Ráðist hefur verið á barnafólk sérstaklega auk þess sem sett hafa verið á komugjöld á heilsugæslustöðvar, lyfjakostnaður aukinn, gjöld sett á nemendur í skólum og þannig mætti áfram telja. Ég endurtek: Tekjuskattur úr 35,2% upp í 42% á sama tíma og tekjuskattur fyrirtækja fer úr 51% í 33%. Og nú kemur hæstv. fjmrh. hér og segir að hann sé að boða mestu skattalækkun, ég held bara í sögu lýðveldisins. Ég held að það hafi verið svo. (**SJS:** Allt frá dögum Rómverja.) Nú segir hann í ofanálag að þetta sé allt gert samkvæmt ýtrustu kröfum verkalýðshreyfingarinnar, sé í reynd hluti af kjarasamningum. Er það ef til vill líka hluti af kjarasamningum að hlunnfara öryrkja og atvinnulausa? Því var lýst blákalt yfir áðan að til stæði að hlunnfara þessa hópa sem á undanförnum árum hafa fylgt lægstu kauptöxtum en eiga nú að fylgja meðaltalslaunahækkunum í landinu.

Hvernig hefur verkalýðshreyfingin komið að þessu máli? Hún hefur löngum barist fyrir því að hér verði komið á réttlátri skattlagningu. Hún hefur barist fyrir því. Hún vildi taka ríkisstjórnina á orðinu þegar hún kom fram með sín kosningaloforð um lækkun jaðarskatta og hvatti mjög eindregið til þess í upphafi kjörtímabilsins að gengið yrði til þeirrar vinnu. Það gerði verkalýðshreyfingin. Hún fagnaði því þegar skipuð var svokölluð jaðarskattanefnd, sem átti að taka á þessum málum, sem hefði reyndar þurft að vera mun víðari og byggja á breiðri pólitískri samstöðu og fá þar einnig að borði fulltrúa stjórnarandstöðu til að reyna að skapa þjóðarsátt um skattkerfisbreytingar til langs tíma. En ríkisstjórnin hafði lofað að hún mundi taka til hendinni gagnvart jaðarsköttum. Nú segir hæstv. fjmrh. og lýsir því ítrekað yfir, að svo kunni að fara að menn þurfi að skera einhvers staðar niður vegna skattalækkana. Var kjósendum sagt frá þessu fyrir síðustu kosningar? Fengu kjósendur að velta fyrir sér þeim valkostum, niðurskurði annars vegar og skattalækkunum hins vegar? Nei. Það er ekki fyrr en að loknum kosningum að komið er í bakið á fólki á þennan hátt. Núna á að reyna að misnota góðan vilja verkalýðshreyfingarinnar til að láta líta svo út að hún sé hæstánægð með það sem hér er að gerast, skerðingu á bótum til öryrkja og atvinnulausra. Þetta stríðir beint gegn hennar vilja og hennar kröfum. Hún hefur líka sett fram kröfur um allt aðrar breytingar á skattkerfinu en hér er um að ræða.

Þetta minnir mig örlítið á það þegar verkalýðshreyfingin á sínum tíma setti fram kröfur um breytingar á skattlagningu fjármagns. Þá vildi verkalýðshreyfingin að komið yrði á réttlátri skattlagningu fjármagns. Ríkisstjórnin bjó hins vegar svo um hnútana að um leið og fjármagnið var skattlagt var tekjuskattur 40 tekjuhæstu hlutafélaga landsins lækkaður um rúmlega 800 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra á þeim tíma mátti ætla að skattstofn af arði, söluhagnaði, mundi lækka um 740 millj. kr. Allt átti þetta að vera verkalýðshreyfingunni að kenna. Þetta voru ekki hennar kröfur. En ríkisstjórnin misnotar ítrekað vald sitt til að þröngva upp á verkalýðshreyfinguna og stjórnarandstöðuna ranglátum skattkerfisbreytingum af þessu tagi. Nú er þetta einnig að gerast varðandi þessar breytingar.

Verkalýðshreyfingin setti fram kröfur um að sköttum yrði létt af tekjulágu fólki. Menn veltu vöngum yfir því hvaða leiðir væru heppilegastar að þessu leyti. Það er hárrétt sem kom fram nú síðast í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að menn lögðu til, ekki einvörðungu ASÍ heldur BSRB og samtök launafólks almennt hafa knúið á um þetta, að menn skoðuðu fleiri skattþrep. En við búum nú við tvö skattþrep. Þannig að um raunverulegar tekjubætur yrði að ræða hjá lægst launaða fólkinu. En ríkisstjórnin hunsaði þessar kröfur. Hún hunsaði líka og hefur hunsað kröfur um að menn tækju heildstætt á þessu máli. Eða skyldu menn vera búnir að gleyma því að þegar jaðarskattanefnd hóf störf í upphafi árs 1996 var gert ráð fyrir því, og sett á blað reyndar skriflega, að skoða þyrfti samspil skattkerfis og tryggingakerfis. Að skoða þyrfti þetta samspil í heild sinni. Hvað líður þessu starfi? Niðurstaðan er sú að menn ætla að hafa af atvinnulausu fólki og öryrkjum þær kjarabætur sem menn eru að semja um á almennum vinnumarkaði og eiga fljótlega eftir að semja um hjá hinu opinbera einnig. Vegna þess að sú var tíðin þangað til þessi ríkisstjórn komst til valda að bætur til þessara hópa fylgdu lægstu kauptöxtum. Nú segir hæstv. ráðherra að þetta sé liðin tíð, nú skulum við halda okkur við meðaltölin. Ekki nóg með það, við þurfum að breikka skattstofninn, segir hann. Eins og við séum að tala um einhver einföld reikningsdæmi. Breiðari skattstofn er miklu betri en þröngur skattstofn, segir hæstv. ráðherra. Í hverju felst þessi breikkun skattstofns hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar? Er það öryrkinn sem á að verða skattstofn ríkisstjórnarinnar? Er það hinn atvinnulausi sem á að verða skattstofn ríkisstjórnarinnar? Hvað eru menn eiginlega að tala um? Menn eru að stæra sig af því að í lok aldarinnar verði skattleysismörk komin í 66.000 kr. Ef skattprósentan væri hins vegar sú sama og hún var 1988 og persónuafsláttur hefði fylgt verðlagsþróun eins og gert var ráð fyrir, þá væru skattleysismörkin núna, ekki við næstu aldamót heldur núna, tæplega 80.000 kr. En menn eru að hrósa sér af því og slá sig til riddara í dýrðaryfirlýsingum um mestu skattalækkanir aldarinnar eða sögunnar að tala um að skattleysismörk verði um aldamótin komin í 66 þús. kr. þegar þau ættu að vera 80 þús. kr. núna.

Hvað er það sem verkalýðshreyfingin almennt hefur verið að fara fram á? Hún hefur sagt að hún vildi heildstæða skoðun á skattkerfinu og þar með öllum jaðarsköttum, þar með á breytingum á almenna tryggingakerfinu. Menn hafa alla tíð, og það á við um alla verkalýðshreyfinguna, lagt á það ríka áherslu að þeir sem njóta bóta frá almannatryggingakerfinu verði í engu hlunnfarnir. Það er gróft og lúalegt að gefa í skyn að það sé samkvæmt samráði við verkalýðshreyfinguna að þessir hópar séu hlunnfarnir. Það er alrangt. Þótt verkalýðshreyfingin hafi sagt að það væri forsenda fyrir því að menn gætu gengið til samninga að menn vissu að hverju menn gengju í skattumhverfinu, þá er það allt annar handleggur og óskyldur þeim að skrifa upp á þær breytingar

sem ríkisstjórnin hefur sett fram. Það er algjörlega óskylt mál.

Í þriðja lagi hefur verkalýðshreyfingin lagt áherslu á að meira fjármagn renni til barnabóta og að dregið verði úr tekjutengingu í því kerfi, þó þannig að lægst launaða fólkið og millitekjuhóparnir verði í engu hlunnfarnir. Það kostar meiri peninga inn í það kerfi. Það sem menn eru hins vegar að gera tillögur um hér er að tekjutengja allar greiðslurnar án þess að króna renni inn í þetta kerfi til viðbótar með þeim afleiðingum að millitekjuhóparnir eru stórlega skertir. Skerðingin byrjar hjá fólki með heildarfjölskyldutekjur upp á 270 þús. kr., skerðingin er orðin algjör og greiðslurnar uppurnar þegar komið er í 375 þús. kr. og reyndar orðnar afar litlar þegar komið er yfir 320–330 þús. kr.

Ég held að ríkisstjórnin þurfi að temja sér önnur vinnubrögð. Ef hún í raun ætlar að leita eftir samstarfi og víðtækri sátt í þjóðfélaginu þá verður hún að gera það í reynd en ekki að reyna að gera annan og þriðja aðila í sífellu ábyrgan fyrir sinni eigin stefnu. Þótt ítrekað hafi komið fram, eins og ég hef hér skýrt, af hálfu launafólks að menn vildu vita að hverju þeir gengju og legðu áherslu á sín sjónarmið og til þeirra yrði tekið tillit, þá er það allt annar handleggur en sá að skrifa upp á skattastefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar.

[14:19]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið vegna þess að mér er ljóst að það liggur á að þetta mál komist til nefndar og verði tekið þar til umfjöllunar. En ég kemst ekki hjá því, miðað við þau orð sem féllu áðan hjá hæstv. fjmrh., að fara frekar nokkrum orðum um láglaunahópana, sem hann fagnar nú að verði sérstakir skattgreiðendur, því að orð hans koma mér nokkuð á óvart. Ég held að alveg ljóst sé að þótt hæstv. ráðherra mundi stuðla að þeim breytingum sem ég tala fyrir, sem eru ekki mín hugmynd heldur hugmynd ASÍ, þá muni enginn saka hæstv. ráðherra eða ríkisstjórn um að hún væri að ganga á bak orða sinna. Ég held að meginmarkmið verkalýðshreyfingarinnar sé að stuðla að því að skattar lækki á meðaltekjufólki og jaðaráhrifin sem það hefur búið við en ekki að verið sé að lækka skattana á hálaunahópana á sama tíma og verið er að hækka skatta á þeim sem eru með verstu kjörin. Það er akkúrat það sem við stöndum frammi fyrir miðað við þessar tillögur. Við höfum um mjög langan tíma þurft að búa við það óeðlilega ástand að ríkissjóður og ríkisvaldið hefur þurft að koma að lausn kjarasamninga sem er alls ekki æskilegt. Það hefur þurft að leggja fram umtalsverða fjármuni til að greiða fyrir lausn kjarasamninga.

Skattleysismörkin eru vissulega há hér á landi miðað við það sem þekkist í löndunum í kringum okkur, en á því er bara eðlileg skýring, herra forseti. Hún er sú að menn hafa verið sammála um að hafa skattleysismörkin nokkuð há vegna þess að lægstu taxtarnir duga ekki fyrir framfærslu fólks. Það held ég að sé almennt viðurkennt. Við fengum það nýlega fram frá Hagstofunni að framfærslukostnaður heimilanna miðað við könnunarúttekt sem gerð var var hjá fjögurra manna fjölskyldu um 200 þús. kr. Við erum að tala um að hækka lægstu taxtana um næstu aldamót upp í 70 þús. kr. Ég hefði haldið að við ættum að nýta skattkerfið til tekjujöfnunar eins og hægt væri. Ég tel það ekki að nota skattkerfið til tekjujöfnunar ef verulegur hluti þess sem nú fer úr ríkissjóði til skattalækkunar rennur til þess að gera enn betur fyrir hálaunahópana á kostnað þess að lægst launaða fólkið á núna að fara að greiða skatta, fólk með 70 þús. kr. tekjur. Ef þetta lægst launaða fólk væri eins sett og lægst launaða fólkið í Danmörku, sem er kannski með 140 þús. kr. á mánuði, þá mundi þetta fólk ekki kveinka sér undan að greiða sína skatta og skyldur til samfélagsins. En á meðan fólk býr við það að launatekjur þess eru ekki nema 70 þús. kr. þá getur enginn sanngjarn maður boðið því upp á að fara að greiða skatta af þeim tekjum. Boðið því upp á það nú þegar rofar til í efnahagslífinu og við erum í uppsveiflu og fólk hefur beðið lengi eftir því að hagur þess yrði nú réttur við. Það er ekki síst fólk með lágar og meðaltekjur sem hefur borið uppi hitann og þungann af því að vinna okkur út úr niðursveiflunni sem við vorum í og vinna okkur aftur upp þannig að við gætum náð jafnvægi. Þetta fólk hefur borið hitann og þungann af því. Það hefur auðvitað síst átt von á því að þegar það fengi einhverjar verulegar breytingar á sínum kjörum, þ.e. ef launin færu upp í 70 þús. kr., að góður hluti af þeim yrði síðan hirtur aftur í ríkissjóð. Þessu vildi ég koma á framfæri. Af því að gerð hefur verið úttekt á þessu og könnun af hálfu ASÍ, samanburður á þessari tillögu og tillögu hæstv. ríkisstjórnar, þá er alveg ljóst af því línuriti, sem ég er með fyrir framan mig, að fólk með bæði lágar tekjur og meðaltekjur kemur miklu betur út úr þeirri hugmynd sem ASÍ hefur lagt á borðið. Við getum tekið dæmi af fólki með 115 þús. kr. Það fær um 4 þús. kr. lækkun samkvæmt tillögu ríkisstjórnarinnar en ef tillaga ASÍ hefði orðið ofan á þá værum við að tala um helmingi meiri skattalækkun eða um 8 þús. kr. Þannig getum við rakið okkur koll af kolli yfir tekjubilið þar til við komum að 350 þús. kr. þá er útfærsla ASÍ betri fyrir fólk með tekjur undir 350 þús. kr. Þá skilja leiðir vegna þess að þá fer tillaga ríkisstjórnarinnar og hugmyndir hennar, sem við erum að ræða, að skila sér miklu betur en hugmynd ASÍ til hópanna með yfir 350 þús. kr. Það sýnir sig á línuritinu og ég tala ekki um þegar komið er upp fyrir 600 þús. kr. Ég held því að ljóst sé að ég er að tala fyrir því sjónarmiði sem ASÍ setti fram og Ögmundur Jónasson, hv. þm. og formaður BSRB, staðfesti áðan að markmiðið væri að skattinum yrði létt af láglaunafólki og fólki með meðaltekjur. Ég tel mig líka vera að tala fyrir sama sjónarmiði og hver og einn fulltrúi stjórnarandstöðunnar sem hefur komið í ræðustól í dag vegna þessa frv. Ég er að benda á að til sé önnur leið til að ná því markmiði. Ég hvet til þess að sú leið verði skoðuð í hv. efh.- og viðskn.

Mig undrar það satt að segja, virðulegi forseti — og ég skal fara að ljúka máli mínu — að ríkisstjórnin skuli enga tilraun hafa gert í öllu því töfluverki sem fylgir þessu frv. að reyna að meta áhrifin fyrir hópana sem eru undir 75 þús. kr. tekjum. Það kemur mér satt að segja mjög á óvart. Hefur ríkisstjórnin þá engar áhyggjur af því hvaða áhrif þessar skattbreytingar hafa á kjör þessa fólks? Við erum að ræða um það sem er nýtt, að fólk með lægstu tekjurnar er að fara inn í skattkerfið með þessum breytingum. Þá viljum við auðvitað fá að skoða og meta og sjá hver áhrif þess eru fyrir ríkissjóð. Erum við að tala um verulegar fjárhæðir sem um munar fyrir ríkissjóð? Erum við að tala um verulegar fjárhæðir sem um munar fyrir láglaunafólk? Vegna þess að hver og einn þúsundkall í buddu láglaunafólks skiptir máli. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því sem nú eiga von á að laun þeirra hækki að einhverjum tíma liðnum, einhverjum árum liðnum, upp í 70 þús. kr., að þeir standi þá frammi fyrir því að ríkissjóður sé að taka einhverja þús-

undkalla, einhvern hluta af launanum inn í ríkissjóð. Ég hélt satt að segja að þjóðarsátt væri um það að þessi laun væru svo lág, jafnvel þótt þau séu komin upp í 70 þús. kr., að ekki væri réttlætanlegt að taka af þeim skatta. Mér finnst það enn svo vera. Við stöndum þá kannski frammi fyrir því að sú sátt sem þar hefur verið sé rofin. Það er nokkur breyting. Ég verð að segja, herra forseti, að mér brá við það sem hæstv. ráðherra sagði, að á sama tíma og hann er að mæla fyrir frv. sem skilar fólki með 600 þús. kr. 16 þús. kr. í skattalækkun þá óskar hann þess heitt og innilega hér úr ræðustólnum að þeir verði nú sem flestir í hópi láglaunafólks með 70 þús. kr. sem fari að greiða skatta. Mér kemur þetta gjörsamlega á óvart.

Þetta vil ég ítreka og leggja áherslu á. Ég held að ljóst sé að frv., eins og það er, sé ekki gert í samráði við verkalýðshreyfinguna. Ég held að það sé heldur ekki gert í samráði við sveitarfélögin og spyr um það hvort liggi fyrir að sveitarfélögin hafi fallist á að útsvar lækki um 0,4% og hvort það hafi verið gert í samráði við sveitarfélögin að fara þessa leið. Var það t.d. gert í samráði við stærsta sveitarfélagið? Var einungis látið nægja að tala við formann Sambands ísl. sveitarfélaga? Hvernig var staðið að þessu samráði við sveitarfélögin?

Í lokin, herra forseti, þá tel ég óviðunandi að afgreiða þetta mál frá þinginu, sem ég ætla að ítreka að ég fyrir minn hatt ætla að greiða fyrir, án þess að við vitum hvaða áhrif þetta hefur á kjör lægst launuðu hópana.

[14:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi fá að gera frekari grein fyrir vegna ummæla sem hér hafa fallið. Í fyrsta lagi harma ég hvernig hv. síðasti ræðumaður snýr út úr því sem ég sagði fyrr í ræðu minni.

Það sem ég sagði var að ég vonaðist til þess að laun flestra hækkuðu það mikið að skattgreiðendum fjölgi. Þetta hafa verið tilefni tveggja ræðna af hálfu hv. þm. (**ÖJ:** Verður það sýnt við samningaborðið?) til þess að — já, já, það skal sýnt við samningaborðið, það þarf ekkert að kvíða því. Ég hygg að það séu ekki margir opinberir starfsmenn, hv. formaður BSRB, sem eru fyrir neðan þessi mörk. En auðvitað mun um það verða samið og það veit reyndar hv. þm. (**ÖJ:** Mikilvæg yfirlýsing.) Já, já, það má vera mikilvæg yfirlýsing. Það sem ég ætlaði að segja er að ekki er heldur rétt hjá hv. þm., og ég undrast það dálítið, vegna þess að hv. þm. var í ríkisstjórn á árunum 1987 og 1988, að skattfrelsismörkin hafa verið sett sérstaklega til þess að vernda þá lægst launuðu. Hugmyndin var auðvitað sú, eins og kemur fram í gögnum sem eru til, að öllum frádráttarliðum var safnað saman og út úr þeim var fenginn skattafsláttur. Það er skattafsláttur inn sem er greindur í lögunum. En afleiðingin af skattafslættinum er síðan skattleysismörkin sem hér hafa verið til umræðu og er ekkert við það að athuga. Með því að draga úr tekjustofninum og fella 4% framlag í lífeyrissjóði undan skatti þá virkar það auðvitað með sama hætti að frádrátturinn vex hjá öllu launafólki sem borgar í lífeyrissjóði. Á það hefur ekkert verið minnst hérna.

Það sem skiptir máli í þessu sambandi er — og að því leyti til var ræða hv. þm. Ágústs Einarssonar góð því hann benti á að við mættum skoða það í framtíðinni — að íslensku skattleysismörkin eru miklu hærri en í nágrannalöndunum. Tölur um þetta er að finna á þingskjali sem hefur verið dreift hér. Þar kemur fram að þegar skattleysismörkin hér á landi eru 60 þús. þá eru skattleysismörkin í Danmörku 28.000 ísl. kr. og lægsta þrep skatthlutfallsins er 12% en hæsta 34%, þ.e. í Danmörku eru skattleysismörkin tvenns konar, annars vegar vegna skatta til ríkisins og hins vegar til sveitarfélaganna. Í Finnlandi eru skattleysismörkin engin til sveitarfélaganna þó að skatturinn sé 22%, það er skattað alveg frá grunni. Í Noregi eru skattleysismörkin 8.000 ísl. kr. til sveitarfélaganna og skatturinn 28% og í Svíþjóð eru skattleysismörkin 10% til sveitarfélaganna og meðalskatturinn er 30%, að vísu ekki alveg nákvæmlega það hjá öllum. Auðvitað eru skattkerfin ekki nákvæmlega eins hjá okkur og þessum þjóðum. En ég bið hv. þm. að skoða þetta af fullri sanngirni og rifja upp þá umræðu sem varð hér fyrir rúmlega tíu árum þegar verið var að fjalla um þessi mál, því að þá var ákveðið að hafa skattprósentuna eina. Menn voru að reyna að kalla fram ýmis gæði þess t.d. að geta borgað samtímis skatta sem ekki var hægt þá. Það var afspyrnuslæmt þegar tekjurnar eru misjafnar frá ári til árs. En skattleysismörkin, eða öllu heldur skattafslátturinn sem ræður skattleysismörkunum var fundinn með því að fella niður frádráttarliði í gamla kerfinu og safna þeim í skattafslátt. Þetta verður að rifja upp. Og vissulega er það svo að ástæða er til að skoða þetta. Við gætum t.d. hugsað okkur að hafa tvö þrep, annað sem færi til sveitarfélaganna og hitt til ríkisins. Slíkt kerfi er alveg hugsanlegt því þá kæmi líka í ljós hvor aðilinn það er sem tekur meira til sín af tekjunum úr tekjuskattkerfinu, ríkið eða sveitarfélögin. Það væri hægt að hugsa sér það en það mundi auðvitað kosta verulegar breytingar á kerfinu og erfiðleika þegar verið er að setja saman samtímagreiðslur í staðgreiðsluskattkerfinu.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson kom hvergi í sínu máli að því hvort hann styddi þetta frv. eða ekki. Hann vék sér fimlega undan því að taka afstöðu til frv. en réðist að sjálfsögðu á ríkisstjórnina fyrir hitt og þetta. Þar á meðal heyrðist mér hann, ég held að ég hafi ekki misskilið hann, gagnrýna nokkuð þá spá um kaupmáttaraukningu sem ætti sér stað til aldamóta og hefði þegar átt sér stað frá árinu 1995. (**ÖJ:** Gagnrýndi blekkingarleik.) Allt í lagi. Þá ætla ég að fara með tölur frá Þjóðhagsstofnun. Þær eru þessar:

Árið 1995 er talið að ráðstöfunartekjur á mann, kaupmáttur þeirra, hafi hækkað um 3,5%, 1996 4,5%, spá fyrir yfirstandandi ár er 4,5%, spá fyrir 1998 4,1% og 1999 3,1%. Samtals 21%. Nú skulum við skoða afrakstur þeirra ríkisstjórna sem hv. þm. studdi, að ég best veit, og sátu við völd árin 1988–1991. Ef við tökum árin 1988–1990 þá skulum við skoða ráðstöfunartekjur á mann. (**Gripið fram í:** ... ríkisstjórn.) Það er náttúrlega mjög mikilvæg yfirlýsing og í raun og veru fróðleg í alla staði ef hv. þm., sem er óháði hlutinn í þingflokki óháðra og alþýðubandalagsmanna, lýsir því yfir að hann hafi ekki stutt ríkisstjórn á þessum tíma sem í sat þáv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson. Það er út af fyrir sig yfirlýsing sem hér er færð til bókar. En hvernig var kaupmáttarþróunin þá? Hún var þessi: Kaupmátturinn dróst saman árið 1988 um 2,8%, 7,8% 1989 og 4,6% 1990. Á þessum þremur árum dróst kaupmátturinn saman um 16%. Með öðrum orðum, fyrir launin eftir að búið var að greiða skatta minnkaði kaupgetan að meðaltali hér á landi, líka hjá opinberum starfsmönnum, um 16%. Nú er verið að skýra frá því að sömu stofnanir og reiknuðu þetta út á sínum tíma eru að segja okkur að kaupmáttaraukningin verði á árunum 1995–1999 21%. Það er auðvitað ekki spáð með fullri vissu en það eru líkur til að þetta geti staðist. Ég spyr, af

því að hv. þm. var að tala um blekkingarleik, hvort þetta sé blekkingarleikur. Kann hann að bera þetta saman? Ætlar hann að halda því fram að þetta sé ósatt? Auðvitað getur hv. þm. barið höfðinu við steininn og gert það. En ég held að hann ætti aðeins að hugsa sig um áður en hann talar um blekkingarleik þegar verið er að tala núna um einhverja mestu kaupmáttartíma í íslensku þjóðfélagi frá 1995 fram til aldamóta ef fram heldur sem horfir. Ég segi sem betur fer.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurðist fyrir um hvort hefði verið haft samband við sveitarfélögin og haft samráð við þau. Það var gert með þeim hætti að áður en sagt var frá því í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins var haft samband við forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga, ekki formanninn, hann var ekki á landinu, heldur varaformanninn sem kom reyndar í flugi frá Akureyri til að taka þátt í þeim fundi. Auðvitað samþykktu þeir þetta ekki en þeir vissu af því hvernig við mundum stilla málinu upp. Og samtökin, þ.e. Samband ísl. sveitarfélaga, hefur lýst yfir að það sé tilbúið til að ræða við ríkisvaldið um þetta og fleiri fjármálasamskipti. En það skal sagt frá því að þeir telja sig eiga nokkuð inni hjá ríkinu vegna fyrri samskipta. Reyndar tel ég að ríkið eigi heilmikið inni hjá þeim m.a. vegna húsaleigubóta, sem komið var á á sínum tíma og hv. þm. kannast kannski pínulítið við úr sinni eigin sögu, kannski pínulítið.

Það sem skiptir máli hér í dag er að við erum að afgreiða frv., frv. sem ekki allir auðvitað eru ánægðir með, en frv. sem var kynnt á úrslitastund í kjarasamningaviðræðunum, frv. sem beindist að því að koma til móts við meginmarkmiðið í kjarasamningum, að styðja við millitekjuhópinn í þjóðfélaginu, þann hóp sem er að ala upp börnin, skuldar námslánin og skuldar húsnæðislánin, og reyna að draga úr jaðaráhrifum í skattkerfinu gagnvart þessum hópi.

Kjarasamningarnir gengu þannig fram að sumir voru samþykktir, einkum þeir fyrstu, og þeir byggðust á því að ríkisstjórnin stæði við þessi orð sín. Það viljum við gera. Það þrengir að sjálfsögðu svigrúm okkar til að gera frekari breytingar á þessu frv. En ég efast nú um að þetta verði síðustu breytingar sem gerðar verði á íslenskum skattalögum.

Hér hefur í dag komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, sumra þingmanna þar, að þeir telja að ekki eigi að gera út á ríkissjóð á þenslutímum eins og nú. Ég ber virðingu fyrir slíkum sjónarmiðum. En í þeim yfirlýsingum felst að þeir hefðu sagt ef þeir hefðu verið í ríkisstjórn við forustumenn verkalýðsins: Nei, við erum ekki tilbúnir til að hnika skattalögunum til að greiða fyrir kjarasamningum. Í því hlýtur það að felast. Það eru auðvitað athyglisverðar upplýsingar fyrir þá sem starfa í forustu verkalýðsfélaganna þegar t.d. forustumenn Alþb. lýsa þessu svo blákalt yfir eins og gerðist í umræðunum í dag.

[14:41]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta frv. leiðir til skattalækkunar, það er ótvírætt. Hins vegar á að ræða í tengslum við frv. dreifingu skattbyrðinnar hér á landi. Hún hefur þróast á þann hátt að einstaklingar bera sífellt meiri byrðar. Fyrirtækin eru að sleppa mjög vel í þeim réttmætu skattabreytingum sem hafa verið gerðar. Það er komið að því að þanþol einstaklinganna er þrotið í þessum efnum. Varðandi skattleysismörkin hef ég varpað því fram hvort ekki eigi að gera eins og gert er á Norðurlöndunum, þ.e. hafa lægra þrep og lægri skattleysismörk. Það er hægt að færa rök fyrir því að skattleysismörk hér á landi séu fátæktargildra. Ég segi: Það er ekki markmiðið að lækka skatta lágtekjuhópanna, markmiðið er að hækka laun lágtekjuhópanna, hækka kaupmátt lágtekjuhópanna. Um það snýst málið. Þessir kjarasamningar áttu að snúast um að sækja aukinn kaupmátt til millitekjuhópsins, til láglaunahópanna frá vinnuveitendum en ekki frá ríkissjóði. Það átti að vera markmiðið.

Mér þykir miður að eldri borgarar skuli ekki fá skýr svör við óskum um hvernig eigi að breyta almannatryggingakerfinu. Ég vil hins vegar benda á að einn ráðherra, félmrh., hefur sagt að hann óttist mjög svarta atvinnustarfsemi, ekki beinlínis í kjölfar þessa frv. Ég óska eftir að fjmrh. tjái sig um það vegna þess að það skiptir máli. Hann sér það í tengslum við vinnutímatilskipun. Það skiptir máli varðandi tekjur ríkissjóðs.

Fjmrh. nefndi í lokin hvort við hefðum staðið að því að greiða fyrir kjarasamningum ef við værum í ríkisstjórn. Samningar eru á ábyrgð aðila vinnumarkaðarins. Ríkisvaldið á ekki að koma inn í þá nema sem samningsaðili við sína launþega. Þannig á grundvallarafstaðan að vera. Undantekningartilfelli geta verið en í hvert einasta skipti sem kjarasamningar (Forseti hringir.) eru gerðir er alltaf endað með skattafrv. frá ríkisstjórn, (Forseti hringir.) sama hvaða ríkisstjórn er. Það er ekki lengur góð aðferðafræði.

[14:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki fullyrt hér um það hver áhrifin verði af frv. á svarta atvinnustarfsemi. Ég hygg að hún verði ekki. Ég kann ekki svörin við því hvort einhver áhrif verði vegna vinnutímatilskipunar frá Brussel. Ég get hins vegar sagt það, og hefur komið margoft fram t.d. í nefndum sem skoðað hafa þessi mál, að eftir því sem skatthlutföllin eru lægri, eftir því sem skattstofninn er breiðari þeim mun meiri líkur eru á því að undanskot undan sköttum séu minni. Þetta eru samhljóða álit allra þeirra nefnda sem hafa starfað að þessum málum. Það vil ég að komi skýrt fram. Annars vil ég benda á það, virðulegi forseti, að ræða hv. þm. staðfestir nákvæmlega það sem ég hef sagt fyrr í umræðunni, þ.e. hinn mikla áherslumun sem er í málflutningi tveggja þingmanna Þjóðvaka hér í dag. Það stendur auðvitað upp úr þessari umræðu.

[14:45]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi áherslumun þá vil ég taka fram að ég er að varpa hér fram hugmyndum til uppstokkunar á þeirri aðferð og framsetningu sem menn hafa viðhaft mjög lengi, þ.e. að aðalleiðin til kjarabaráttu hljóti að vera sú að hækka skattleysismörk. Þetta hefur verið rauður þráður hjá verkalýðshreyfingu, ýmsum stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum. Ég er að gefnu tilefni að setja spurningarmerki við þessa aðferðafræði. Sú umræða er í gangi innan verkalýðshreyfingarinnar og innan stjórnmálaflokkanna. Ég veit ekki um niðurstöðu hennar en bendi á að þetta frv. skilur t.d. fjölmargt barnafólk eftir í verri stöðu en áður. Þetta frv. og þessi skattstefna er ekki sú fjölskylduvæna skattstefna með áherslu á barnafólk sem ég hefði óskað. Til þess hefði þurft miklu róttækari kerfisbreytingu heldur en hér er gerð. Það verður að bíða seinni tíma en, herra forseti, það verður að mínu mati örugglega að bíða annarrar ríkisstjórnar.

[14:46]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði hér fyrr í dag úr ræðustóli að hæstv. forsrh. og talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa farið með blekkingar með tölur í tengslum við þessa kjarasamninga og ráðstafanir ríkisstjórnarinnar í skattamálum þegar þeir hafa fullyrt að um verði að ræða 20% kaupmáttaraukningu. Þeir hafa reynt að leiðrétta sig örlítið með því að bakka í tíma og segja að ekki sé nú einvörðungu um kjarasamningana núna að ræða heldur um allt tímabilið frá 1995 fram til aldamóta. Ég færði rök fyrir þessu í máli mínu áðan. Það var rétt hjá hæstv. fjmrh. að á árinu 1989 hrundi kaupmáttur kauptaxta um 15% að minnsta kosti. Ég man ekki betur en að gengið væri á því ári lækkað um 30 prósentustig. Það var mikil verðbólga og verkalýðssamtök, atvinnurekendur og ríkisvald tóku höndum saman um að reyna að koma böndum á verðbólguna. Þetta var kallað þjóðarsátt. Þeirri þjóðarsátt var sagt upp á árinu 1991 að mínum dómi. Núna er kaupmáttur kauptaxta nýskriðinn upp fyrir það sem hann var í upphafi þessa tímabils og hafði hann þá hrunið um tugi prósentna. Núna erum við hins vegar að tala um efnahagsástand þar sem hagvöxtur á liðnu ári var 5,5%, nýjustu tölur frá Þjóðhagsstofnun eru 5,7% hagvöxtur á síðasta ári. Hann var þá 2,3% að meðaltali í OECD-ríkjunum, 1,4% í Evrópusambandinu. Við erum með miklu meiri hagvöxt hér. Það er fyrirsjáanlegur umtalsverður hagvöxtur á næsta ári og komandi árum. Það er við þessar aðstæður sem við erum að ræða á hvern hátt góðærinu verði komið til fólksins. (Forseti hringir.) Hér leyfir hæstv. fjmrh. sér að koma í pontu og segja að hann ætli að hlunnfara öryrkja og atvinnulausa, hann ætli að hlunnfara þá. Þeir eiga ekki að njóta sömu kjarabóta og láglaunafólk á Íslandi. Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur.

[14:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ekki veit ég hvaðan hv. þm. fær þessar hugmyndir því það er búið að segja frá því hér í umræðunum að það verður staðið þannig að hækkun almannatryggingabóta að þeir munu fá þær meðaltalshækkanir sem koma — (**ÖJ:** Ekki ....) — út úr kjarasamningum og fá þær frá 1. mars. sl. (**ÖJ:** Það er skerðing frá því sem áður var.)

(**Forseti** (ÓE): Ekki grípa fram í.)

Ég hélt að hv. þm. hefði notað sinn tíma nokkuð og þurfi ekki að ganga á tíma annarra. En málflutningur hv. þm. núna þegar hann var að reyna að verjast vegna þess að hann vildi ekki kannast við stuðning sinn við ríkisstjórnina 1988–1991 og ég skil það vel, honum er vorkunn að vilja ekki styðja hana, er þannig að þegar honum var sagt og færð rök fyrir því og nefndar tölur um að nú væri kaupmátturinn frá 1995 til 1999 að aukast um 20% en hafði minnkað um 16% þá, þá segir hann: „Það sem núna blasir við er að hagvöxturinn hefur aukist og þess vegna þarf að skipta góðærinu". Það eru auglýsingar frá BSRB sem hafa glumið í eyrum okkar. En hefur hv. þm. áttað sig á því hvers vegna hagvöxturinn er svona mikill. Kann það kannski að vera vegna þess að stjórnarstefnan hefur verið rétt? Kann það að vera vegna þess að stöðugleiki hefur verið fyrir hendi? Kann það að vera vegna þess að stjórn sú sem nú situr og sat þar á undan ... (**JBH:** Verkefni fyrri ríkisstjórnar.) verkefni fyrri ríkisstjórnar, hárrétt líka, það er alveg hárrétt hjá hv. fyrrv. utanrrh. Það er verk þessara ríkisstjórna að hafa búið þannig í haginn að hægt sé að nýta þau tækifæri sem eru nýtanleg hér á landi til að bæta lífskjörin fyrir alla landsmenn. Hv. þm. Ögmundur Jónasson verður að bíta í það súra epli að það er því góðæri sem við erum að skipta. Hann ætti nú kannski einu sinni að brjóta odd af oflæti sínu og viðurkenna það þó að ég ætlist ekki til að hann gangi í lið með núv. ríkisstjórn.

[14:51]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Efnahagsstefna Reagan-stjórnarinnar var stundum nefnd brauðmolahagfræði, „reaganomics". Hún byggði á því að það ætti að gefa hinum stóru fyrirtækjum og fjármagnseigendum svigrúm með skattalækkunum þannig að þeir gætu bakað sín stóru brauð og það mætti ætla að brauðmolar hrytu síðan til þeirra sem neðar stæðu. Þetta er sú stefna sem hér hefur verið fylgt í fjármálaráðherratíð hæstv. ráðherra Friðriks Sophussonar. Ef hann ímyndar sér að það sé vegna þess að menn hafi lagt álögur á sjúka og fatlaða, skert tekjur atvinnulausra og öryrkja, að það sé þess vegna sem búast megi við áframhaldandi hagvexti í þjóðlífinu, þá eru það slík tíðindi að vert er að gefa þeim góðan gaum. Það góðæri sem við búum við nú er ekki vegna ríkisstjórnarinnar, það er þrátt fyrir þessa ríkisstjórn. (Forseti hringir.) Góðærið má rekja til þess að við öflum meira núna en nokkurn tímann í sögu þjóðarinnar. Það eru ytri aðstæður sem við getum þakkað þetta, ekki þessari ríkisstjórn. (**Gripið fram í:** En síðustu?)

[14:52]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Örstutt hér í lokin. Það eru tvær spurningar sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðherra sem hann hefur ekki svarað. Það er í fyrsta lagi að ég og fleiri höfum undrast að ekki skuli hafa verið reynt í þeim töflum sem fylgja frv. að meta hvaða áhrif þessar skattbreytingar hafa á kjör fólks sem er með tekjur undir 75.000 kr. Ráðherra hefur ekki haft handbær svör við því. Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir því að ráðuneyti hans láti vinna slíka útreikninga og þeir verði þá lagðir fyrir þingið og efh.- og viðskn. áður en málið fer til lokaafgreiðslu?

Í annan stað finnst mér hafa komið ítrekað fram í máli ráðherrans að hann sé að gera þessar skattalagabreytingar í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna. Ég hef dregið það í efa. Þess vegna spyr ég ráðherrann í lokin: Ef fram kemur ósk frá verkalýðshreyfingunni, ASÍ og BSRB, um breytingar á því frv. sem hér er til umræðu, til að mynda í þá veru sem ég hef verið að lýsa sem eru ekki mínar hugmyndir heldur hugmyndir ASÍ, er hann þá tilbúinn til að hreyfa sig eitthvað í þessu máli eða er þetta mál alveg óumbreytanlegt af hans hálfu? Mér finnst mjög mikilvægt að fá þetta fram af því að ráðherrann hefur ítrekað skýlt sér á bak við það að þetta hafi verið kynnt á úrslitastundu í kjarasamningaviðræðum. Ég skal ekki gera lítið úr því. En ég veit a.m.k. ekki til að þær breytingar, sú útfærsla sem hér hefur verið lögð fram, hafi verið samþykkt af verkalýðshreyfingunni. Þvert á móti tel ég að hún hafi lagt áherslu á að sú mikla skattalækkun sem nú á að renna til hálaunahópanna mundi nýtast betur ef skattalækkunin yrði meiri og rýmri hjá fólki með meðaltekjur og láglaunahópnum.

[14:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst sjálfsagt að reynt sé að nálgast þær upplýsingar sem hv. þm. biður um þó að ég geti að sjálfsögðu ekki gefið þær hér. Það er nú svo að það er

ekki einu sinni búið að semja alls staðar á milli launþega og vinnuveitenda. Það eru stórir hópar sem enn er ósamið við þannig að það er ekki nokkur leið t.d. að vita hvað kemur út úr þeim samningum jafnvel þótt hér hafi verið kallað á milli bekkja um þau atriði. Í öðru lagi verða menn að muna eftir því að allir sem eru með undir 70.000 kr. í laun og t.d. með barn á framfæri fá borgað út úr skattkerfinu miklu meira heldur en þeir borga í skatt o.s.frv.

Varðandi verkalýðshreyfinguna vil ég eingöngu segja að auðvitað eru þetta ekki tillögur hennar. Þetta eru tillögur sem ríkisstjórnin gerir og tilkynnir verkalýðshreyfingunni af því að verkalýðshreyfingin vildi fá að vita áður en hún samþykkti kjarasamninga hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera sem svar við tillögum ASÍ. Nefndin mun að sjálfsögðu kalla til ASÍ, VSÍ, BSRB væntanlega og fleiri slíka aðila og það verður auðvitað hlustað á sjónarmið þeirra. Ég get ekki sagt hér og nú hvort þetta tekur breytingum. Ég minni á að þetta er stjórnartillaga og ríkisstjórnin ber ábyrgð á henni. Það er hins vegar athyglisvert að hér koma menn upp og gagnrýna ríkisstjórnina mjög harkalega fyrir að vera að lækka skatta sem framlag til kjarasamninganna, það megi bara alls ekki gera þegar svona stendur á í þjóðfélaginu. Svo kemur þetta sama fólk hér upp og segir: Við heimtum að verkalýðshreyfingin ráði öllu um það hvernig þessar breytingar verða. Þetta kemur nú ekki heim og saman hjá blessaðri stjórnarandstöðunni.

[14:56]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er ekki í þeim hópi sem hefur verið að gagnrýna það að verið sé að lækka skatta sem framlag til kjarasamninga. Ég hef einmitt sagt að á meðan við búum við svo slæm kjör hjá fólki, þessi sultarkjör, þá verðum við að nýta þetta tekjujöfnunarkerfi sem við höfum í skattinum. Það er ekki gert með eðlilegum hætti að mínu mati. En mér finnst hæstv. ráðherra komast nær sannleikanum núna þegar hann hér í lok þessarar umræðu lýsir því yfir að þessar skattbreytingar hafi verið tilkynntar verkalýðshreyfingunni, ég held að að sé nær sanni, en þessi útfærsla sé ekki gerð í samráði við verkalýðshreyfinguna.

Ég vil segja í lokin að ég fagna því að ráðherrann hefur með lokaorðum sínum alls ekki útilokað að gerðar verði breytingar í efh.- og viðskn. og þá væntanlega til samræmis við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram af hálfu ASÍ og BSRB.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilhögun þingfundar.

[14:57]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Boðuð hafði verið atkvæðagreiðsla kl. 3 og verður reynt að standa við það en forseti vill freista þess að ljúka 1. umr. um fleiri mál áður en atkvæðagreiðslan hefst og ætlar þess vegna að víkja lítillega frá röð dagskrármála.

Hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir að umræða fari fram í einu um 9., 10. og 11. dagskrármál. Það hyggst forseti heimila ef enginn andmælir.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 847.

og

Einkahlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 848.

og

Samvinnufélög, 1. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 849.

[14:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þremur lagafrv. um breytingar á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og samvinnufélög. Fyrir þeim verður mælt í einu lagi með því að þau miða öll að sams konar breytingum og varða flutning hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár til Hagstofu Íslands, en þær hafa hingað til heyrt undir viðskrn.

Opinber skráning upplýsinga um félög og fyrirtæki, almennur aðgangur að þeim og birting þeirra er talin vera ein meginforsenda viðskiptaöryggis í þjóðfélaginu. Á vegum hins opinbera eru því haldnar ýmsar skrár um þessi efni og með lögum lögð sú skylda á félög og fyrirtæki í atvinnurekstri að tilkynna til viðeigandi skrárhaldara um tiltekna þætti starfsemi sinnar. Könnun á tilhögun mála á þessu sviði leiddi í ljós að á fjórða tug opinberra aðila sem heyra undir fjögur ráðuneyti halda ýmsar skrár í þessu skyni. Auk hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár eru firma- og verslunarskrár haldnar af sýslumönnum fyrir hvert umdæmi um sig. Félagaskrá samkvæmt lögum um ársreikninga er tímabundið haldin af ríkisskattstjóra og fyrirtækjaskrá af Hagstofunni. Jafnframt halda skattstjórar í hverju skattumdæmi og ríkisskattstjóri ýmsar skrár oft um sömu aðila þó í ólíkum tilgangi sé.

Flutningur frv. þessara er liður í heildarendurskoðun á fyrirkomulagi opinberrar skráningar á upplýsingum um félög og fyrirtæki. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur sú endurskoðun að markmiði að einfalda eins og kostur er allt opinbert eftirlit með atvinnulífinu og um leið að hagnýta í þess þágu þá öru þróun sem orðið hefur í upplýsinga- og tölvutækni hvers konar. Ein meginforsenda hagræðingar á þessu sviði, jafnt fyrir notendur sem stjórnvöld, er að haldin verði ein grunnskrá fyrir öll félög og fyrirtæki í landinu í stað fjölda skrárhaldara sem áður er getið.

Ákveðið hefur verið að hin sameinaða skrá verði haldin af Hagstofunni og er flutningur hlutafélagaskrár og samvinnufélagaskrár þangað fyrsti áfanginn á þeirri leið. Síðar bætist skráning annarra upplýsinga við svo sem þær sem haldnar eru í verslunar- og firmaskrám.

Skráning hlutafélaga og einkahlutafélaga hefur verið í höndum sérstakrar stofnunar, hlutafélagaskrár. Hefur hún jafnframt annast skráningu samvinnufélaga í umboði viðskrh. Verði frv. þessi að lögum verður sú stofnun lögð niður

og starfsliði hennar boðin sams konar störf við skrárhald Hagstofunnar.

Ég ætla tímans vegna ekki að lýsa nákvæmlega hvers vegna í þessar breytingar er farið og hvað hefur komið fram en vitna í því sambandi til greinargerða sem liggja fyrir og einstakra ákvæða en þau eru mjög svipuð í öllum frv.

Loks gera öll frv. ráð fyrir að viðkomandi ráðherrar geti fært ákvæði laganna nánar út í reglugerð, hver á sínu sviði. Að því er skráningu hlutafélaga varðar eru þær efnisbreytingar einar lagðar til að heimilt er að taka þjónustugjald fyrir útgáfu vottorða og afnot af tölvuskrá en sams konar heimild er nú þegar í lögum um samvinnufélög.

Í athugasemdum með frv. kemur fram að ekki séu fastmótuð áform um þessa gjaldtöku í ljósi þess að tekjum af gjaldi þessu er ætlað að greiða niður rekstrarkostnað skránna að hluta. Þó er ástæða til að beina því til nefndar þeirrar sem frv. fær til meðferðar að kanna nánar hvaða kostnaðarliðum verði mætt með gjaldtöku og annaðhvort afmarka þá sérstaklega í lögunum eða ákveða hversu stórum hluta rekstrarkostnaðar megi mæta með gjaldtöku. Með því móti ætti skýring ákvæðisins ekki að þurfa að standa innheimtu gjaldanna fyrir þrifum. Jafnframt er lagt til að brott falli heimild til sektaálagninga fyrir brot á reglum settum samkvæmt lögunum. Að öðru leyti miða reglugerðarsetningarheimildirnar ekki að breytingum á gildandi ákvæðum. Þar á meðal um að veita skuli almennan aðgang að skránum enda þótt rétt þyki að útfæra tilhögun þessa nánar í reglugerð.

Að svo búnu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. þessum verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[15:02]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hlutverk hagstofa er að taka niður gögn og skrá þau og vinna úr þeim hagtölur. Mér er ekki kunnugt um að hagstofur neins staðar standi í því að skrá fyrirtæki og halda utan um þau lagalegu atriði að athuga hvort búið sé að greiða inn hlutafé og annað slíkt.

Spurning mín til hæstv. ráðherra er: Veit hann til þess að þetta sé nokkurs staðar í heiminum í höndum hagstofa?

[15:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef víða ferðast um heiminn en aldrei áttað mig á því að ég hefði kannski átt að gá að því hvort svona sé farið að annars staðar en hér. Ég get því ekki svarað þeirri fyrirspurn. En mér sýnist að vel gæti farið á því að Íslendingar verði fyrstir manna til að haga þessu þannig. Það getur kallað á hagræðingu því að fámenn þjóð þarf stundum á því að halda að stofnanir hennar sinni fleiri verkefnum en gert er víða erlendis. Ég nefni í því sambandi að forsrn. hér á landi er enn fremur efnahagsráðuneyti og ekki hafa verið uppi hugmyndir um að breyta því jafnvel þótt til séu efnahagsráðuneyti í flestum öðrum löndum. En mér finnst eðlilegt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar kanni þetta og ég treysti hv. þm. sem hér kom með andsvar til að kynna sér það því hann er einn af nefndarmönnum í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. En því miður get ég ekki, hv. þm., svarað þessari spurningu vegna þess að ég hef ekki hugmynd um hvert svarið er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 866.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1996, 1. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 881.

[15:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til fjáraukalaga sem er að finna á þskj. 881 og 529. mál þingsins.

Ég tel ástæðulaust að halda langa framsögu um þetta mál. Það er í mjög hefðbundnum búningi. Allar upplýsingar sem koma fram í frv. hafa í raun komið fram áður í yfirliti sem kallað er skýrsla um ríkisfjármál fyrir árið 1996 og hefur birst á hinu háa Alþingi. Þó ber að geta þess að sú breyting er gerð á framsetningu á talnahluta þessa frv. miðað við fyrri ár að eingöngu er nú sótt um heimild til fjárveitinga umfram fjárlög og fyrri fjáraukalög ársins. Gagnstætt venju fyrri ára er niðurfelling óhafinna fjárveitinga ekki sett fram sérstaklega í frv. Litið er svo á að í lagagreinum frv. þurfi ekki að tilgreina niðurfellingu óhafinna fjárveitinga í árslok þar sem fjárveitingar fjárlaga gilda einungis til eins árs í senn. Eftir sem áður kemur fram í grg. frv. og fskj. hvernig fyrirhugað er að hækka eða lækka fjárveitingar fjárlaga 1997 í fyrri fjáraukalögum þessa árs með hliðsjón af óhöfnum fjárveitingum og umframgjöldum í lok ársins 1996.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um afkomu sl. árs. Það hefur verið gert á öðrum stað en í mjög grófum dráttum má segja að halli á ríkissjóði hafi verið 2 milljarðar þegar ekki var tekið tillit til vaxtagreiðslna vegna sérstakrar innköllunar á nokkrum flokkum spariskírteina. Sú innköllun er talin hafa sparað ríkissjóði um 2 milljarða kr. En að þeim gjöldum meðtöldum er á greiðslugrunni gert ráð fyrir að hallinn hafi verið um 12 milljarðar.

Eins og kemur fram í frv. eru óhafnar fjárveitingar ráðuneyta alls 3.730 millj. kr. í árslok 1996 en greiðslur umfram veittar heimildir eru 2.289 millj. kr. Sótt er um heimild fyrir umframgreiðslunum í frv. til síðari fjáraukalaga ársins 1996, samanber það sem kemur fram í 2. gr.

Í fskj. eru sérstaklega sýnd þau umframgjöld og þær afgangsheimildir og það skýrir sig nokkuð sjálft. Ég hef þó árlega á undanförnum árum skýrt út þá töflu sem nú er að finna á bls. 5. Ég held að ástæða sé til að gera það því sumum gengur illa að skilja hvernig uppsetningin er á breytingum framlaga árið 1997 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda árið 1996.

Fyrsti talnadálkurinn í töflunni sýnir greiðslur hvers ráðuneytis umfram heimildir á árinu 1996 og er niðurstöðutala hans, 2.289 millj. kr. þ.e. sú fjárhæð sem sótt er um í 2. gr. frv. Þar á móti koma í öðrum dálki töflunnar óhafnar fjárveitingar ráðuneyta sem alls eru 3.730 millj. kr. og mismunurinn á þessum dálkum eru 1.441 millj. kr. og lækka gjöld ríkissjóðs sem þeirri fjárhæð nemur frá því sem gert

var ráð fyrir í fjárlögum og fyrri fjáraukalögum ársins 1996 samtals. Eins og undanfarin ár er fyrirhugað að hluti þessara umframgjalda og ónotaðra fjárveitinga falli niður og hafi ekki áhrif á fjárveitingar þessa árs í samræmi við vinnureglur sem gilt hafa um þessar ráðstafanir. Sú fjárhæð nemur alls um 367 millj. nettó. Næstu fjórir dálkar töflunnar á bls. 5, þ.e. þriðji til sjötti talnadálkur, talið frá vinstri að sjálfsögðu, sýna hins vegar þann hluta af umframgjöldum og ónotuðum fjárveitingum hvers ráðuneytis sem áformað er að ráðstafa til ársins 1997 með hækkun eða lækkun á fjárveitingum gildandi fjárlaga. Út úr því koma 1.074 millj. sem þá dragast frá áðurnefndum 1.441 millj. þannig að niður falla 367 millj. kr. Ég geri mér grein fyrir því að sjálfsagt hafa ekki margir hv. þm. skilið þetta nákvæmlega en við setjum auðvitað traust okkar á hv. fjárln. sem um þetta mál mun fjalla ef samþykkt verður tillaga mín um það. En ég geri tillögu um að málið verði sent til 2. umr.

[15:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að setja á langa ræðu um þessi fjáraukalög fyrir árið 1996, svonefnd uppgjörsfjáraukalög. Engu að síður finnst mér rétt að nefna fáein atriði og halda þeim til haga í þessari umræðu og í framhaldsmeðferð málsins.

Fyrir það fyrsta vil ég víkja að því sem ráðherrann nefndi og hefur oftlega áður tíundað þá leikfimi sína að draga rúmlega 10.000 millj. frá áður en hann gefur niðurstöðuna úr reikningsdæminu um afkomu ríkissjóðs. (**Fjmrh.:** Milljarð ....) 10.100 millj. kr. dregur ráðherrann frá og segir að ef þessi útgjöld hefðu ekki orðið þá hefði halli ríkissjóðs orðið svona mikill eins og hann tilgreinir. Hann gerir það auðvitað réttilega. En það sem mér finnst athugavert við þá leikfimi hæstv. ráðherra er að þau útgjöld eru staðreynd. Til þeirra var stofnað og því er ekki hægt að gefa sér að veruleikinn sé eitthvað öðruvísi en hann er. Það á ekki í málflutningi hæstv. fjmrh., virðulegi forseti, að láta í það skína sí og æ að hallinn sé einhver annar en hann varð. Ráðherrann á að vera maður til að standa við þá ákvörðun sína að eyða 10.000 millj. kr. sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Hann hefur að sumu leyti ágætar varnir fyrir þeirri ákvörðun sinni að grípa til þess að innleysa spariskírteini fyrir liðlega 17.000 millj. kr. Hann rakti það áðan að með því teldi hann sig hafa sparað um 2.000 millj. kr. á næstu árum. Það kann allt að vera satt og rétt miðað við gefnar forsendur um vaxtastig á næstu árum, að ríkisútgjöldin hefðu orðið 2 milljörðum kr. meiri ef innlausnin hefði farið fram eins og til stóð. En það er ekki sjálfgefið að þar með eigi menn að grípa það ráð sem ráðherrann tók því menn geta líka fundið út að menn spara útgjöld ef þessum 10.000 millj. kr. hefði verið varið til aðgerða á öðrum sviðum sem vissulega er þörf á og vantar fé til. En ráðherrann tók það vald af Alþingi að ráðstafa peningunum. Ég tel að ráðherra eigi að gera sem minnst af því að láta Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut í þessum efnum. Menn geta reiknað það út hvað ríkissjóður eða þjóðfélagið hefði sparað ef menn hefðu varið þessum 10.000 millj. kr. í vegagerð eða samgöngubætur. Hver hefði sparnaður þjóðfélagsins orðið af þeirri aðgerð á næstu árum borið saman við að gera ekki neitt, eins og hæstv. ráðherra vill helst í samgöngumálum?

Það má vissulega færa rök fyrir því að fullkomin ástæða hefði verið til þess að verja þeim 10.000 millj. kr. í aðra hluti en ráðherrann ákvað. Ég vil andmæla því að það sé einhver endanlegur og heilagur sannleikur að það hafi verið hið eina rétta svar að eyða þessum 17.000 millj. kr. í að innleysa umrædd spariskírteini. Því fer fjarri að ég sé sammála því. Og ég dreg í efa þá fullyrðingu ráðherrans að sá sparnaður um 2 milljarða kr. sé einhlítur, því sparnað á öðrum sviðum sem menn hefðu getað náð fram með því að verja fénu á annan hátt verður auðvitað að reikna út líka og bera síðan saman þá ráðstöfun við þá sem ráðherrann greip til.

Varðandi frv. sjálft má segja að fram eru komin helstu atriðin í því. En það er rétt að nefna þau til að halda þeim til haga. Það fyrsta er að ráðherrann eða ríkissjóður fékk mun meiri tekjur af skattstofnum sínum en gert var ráð fyrir vegna almennrar uppsveiflu í efnahagslífinu, fékk um 7 þús. millj. kr. meira í tekjur en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þrátt fyrir það tekst ráðherranum ekki að skila ríkissjóði hallalausum og hefur hann nú bráðum verið fjmrh. í sex ár og nýtur þess vafasama heiðurs að skuldir ríkissjóðs hafa aldrei vaxið jafnmikið og einmitt í ráðherratíð hans, ráðherratíð núv. fjmrh. Reynslan af Sjálfstfl. í fjmrn. er sú að þar er um að ræða metskuldasöfnun á þessu tímabili, jafnvel skuldasöfnun við hagstæðustu skilyrði eins og á síðasta ári þegar ríkissjóður fékk um 7 þús. millj. kr. í tekjur af tekjustofnum sínum umfram áætlanir fjárlaga. Það er rétt að halda þessu til haga þannig að þeir sem fylgjast með þessari umræðu hafi sanngjarnari og raunsannari mynd af frammistöðu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum en ætla mætti af málflutningi hæstv. ráðherra.

Það má líka nefna að sparnaðaráform gengu ekki eftir sem skyldi eða eins og ríkisstjórnin ætlaðist til. Þannig má nefna að útgjöld urðu um 6 þús. millj kr. umfram það sem áætlað var í fjárlögunum á nokkrum málefnasviðum. Þar er mikilvægast að nefna, virðulegi forseti, að áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt í útgjöldum til heilbrigðismála fóru algerlega í vaskinn. Fram kemur í þessu fjáraukalagafrv. að útgjöld í heilbrigðiskerfinu umfram það sem gert var ráð fyrir með fjárlögunum eru tæplega 1.300 millj. kr., 1.290 millj. kr., þannig að það sem átti að sparast, hagræðingin sem átti að nást, gekk ekki eftir. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skiptið sem áform ríkisstjórna ganga ekki eftir hvað varðar niðurskurð eða sparnað í heilbrigðiskerfinu.

Það er augljóst mál að mínu viti að auka verður fjárframlög til heilbrigðismála. Það er nokkuð ljóst að Alþingi getur ekki náð þeim markmiðum sem það hefur sett sér ár eftir ár í heilbrigðismálum, þau eru óraunhæf. Því verður að auka þau fjárframlög strax í fjárlagafrv. en ekki með fjáraukalögum eftir á. Og það er nauðsynlegt að mönnum sé ljóst, sérstaklega framsóknarmönnum sem fara með þennan málaflokk í ríkisstjórninni, að það er ekki skynsamlegt þegar ríkissjóður fær uppsveiflu eins og nú eftir nokkurra ára magurt tímabil, að efnahagsbatanum upp á nokkra milljarða kr. skuli öllum slakað út í beinum skattalækkunum. Hvaða yfirlýsing er fólgin í því af hálfu stjórnarflokkanna? Það er sú yfirlýsing að menn ætla ekki að setja meiri peninga í heilbrigðismálin en fjárlagafrumvörp undanfarandi ára hafa borið með sér, þ.e. stjórnarflokkarnir ætla að halda áfram þessum slagsmálum fyrir óraunhæfum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu.

Ég tel það óskynsamlegt í hæsta máta þegar menn búa við fjársvelt undirstöðukerfi í þjóðfélaginu, að loksins þegar koma inn peningar í ríkissjóð til þess að geta varið í þann málaflokk, þá skuli þeim öllum dengt út aftur í gegnum skattalækkanir. Og þeim er dreift þannig að því tekjuhærri sem menn eru, þeim mun meira fá þeir til sín til baka. Það

er verið að senda þau skilaboð að áfram eigi að skattleggja sjúklinginn beint í samskiptum hans við heilbrigðiskerfið með svonefndum þjónustugjöldum í því. Þau gjöld taka mjög lítið mið af efnahag sjúklingsins. Tekjunum er þannig dreift út eftir tekjum en gjöldunum er ekki jafnað út eftir stöðu sjúklinganna. Þetta mundi einhver kalla að væri ekki félagsleg aðgerð eða jafnaðarmannastefna.

Herra forseti. Það er svo sem ástæða til að nefna fáein atriði til viðbótar en ég er að hugsa um að láta staðar numið að þessu sinni, enda mun okkur gefast færi á að ræða þetta frv. frekar áður en þing fer heim nú í vor þar sem það verður væntanlega eitt af þeim frumvörpum sem afgreidd verða sem lög áður en þinghaldi lýkur nú í vor.

Umræðu frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 554. mál. — Þskj. 912.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 913.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, frh. fyrri umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 914.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs, frh. fyrri umr.

Þáltill. EgJ, 490. mál. — Þskj. 825.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Vörugjald af olíu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 527. mál (lituð olía). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 847.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 848.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:26]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Samvinnufélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Erfðafjárskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 881.

[15:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að segja nokkur orð vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns, Kristins H. Gunnarssonar, sem gerði hér að umræðuefni fyrst og fremst eitt atriði í frv. sem snertir innköllun spariskírteina sem hefði að öðrum kosti, ef ekkert hefði verið að gert, átt að kallast inn á árinu 2000. Áður en ég kem að því finnst mér þó ástæða til þess að vekja athygli á ummælum hv. þm. um skattalækkun í tengslum við kjarasamninga en hv. þm. sagði skýrt og skorinort að hann væri á móti skattalækkunum þeim sem efnt var til í tengslum við kjarasamninga og undirstrikaði á þann veg afstöðu sem hefur komið fram hjá Alþb. í umræðunum í dag.

Hv. þm. segir síðan þegar hann fjallar um frv. til fjáraukalaga að hann hafi efasemdir um að rétt hafi verið að grípa til þessara aðgerða og hann bætir því við, sem varð til þess að ég ákvað að taka hér til máls, að með því að greiða 10 milljarða í vexti sé ég í raun og veru að taka það fjármagn frá hugsanlegum framkvæmdum sem ríkið gæti efnt til fyrir sömu fjármuni. Þetta var ótrúleg ræða og enn þá ótrúlegri fyrir þá sök að þetta er gamall nemandi minn í stærðfræði sem talar svona. (**Gripið fram í:** Það hefur verið þokkaleg kennsla.) Já, það hefur verið þokkaleg kennsla. Ég held að hv. þm., sem ég veit að er ágætur bókhaldari, þurfi að átta sig á því að við erum annars vegar að tala um greiðslugrunn og hins vegar erum við að tala um reikningsgrunn. Þessi aðgerð hefur enga þýðingu fyrir reikningsgrunn, hefur enga þýðingu í ríkisreikningi vegna þess að í ríkisreikningnum eru færðir til gjalda áfallnir ógreiddir vextir. Áfallnir ógreiddir vextir eru færðir til gjalda í ríkisreikningi. Með öðrum orðum, þessi aðgerð hefur engin áhrif á ríkisreikninginn nema þau að á næstu árum mun vaxtakostnaður ríkisins lækka vegna þess að við endurfjármögnuðum vextina með nýjum lánum á betri kjörum sem munaði tveimur prósentustigum að meðaltali og rétt rúmlega það, líklega tveir milljarðar. (**Gripið fram í:** Ætlarðu að reyna að kenna okkur þetta?) Ja, ég ætla mér nú ekki þá dul að kenna hv. framm íkallanda en hinn þekki ég og veit að er ágætur námsmaður og mér rann auðvitað blóðið til skyldunnar.

Með öðrum orðum, það eina sem gerist er að við köllum inn spariskírteini sem hefðu átt að greiðast árið 2000 ef ekkert hefði verið að gert, borgum vextina með því að endurfjármagna þá með nýjum lánum. Það eru tekin ný lán til þess að borga vextina. Ríkissjóður fær ekkert meira fjármagn fyrir sig, ekkert meira. Nú allt í einu heldur hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson, það er eins gott að hann er ekki fjmrh., (**ÓÞÞ:** Nemandi fjmrh.) já, hann er nemandi en ég er nú að reyna að kenna honum enn þá eins og þingheimur heyrir, að hægt sé að nota þessa fjármuni til þess að bæta samgöngur í landinu. Það er alveg hárrétt hjá honum, það væri hægt að taka 10 milljarða að láni og setja í samgöngur en ég er ansi hræddur um að það mundi ekki bjarga miklu og allra síst því sem hann gagnrýndi síðan, sem var að skuldir ríkisins hefðu aukist í minni fjármálaráðherratíð. Hann beit höfuðið af skömminni með því að nefna það síðast. Ja, ég segi nú bara það.

Ef hv. þm. hefði verið fjmrh. og tekið 10 milljarða að láni til þess að setja í vegasamgöngur og útgjöld ríkisins, þá er ég hræddur um að skuldirnar hefðu vaxið dálítið. Það eina sem við gerðum núna er að við slógum lán til að borga skuldir sem höfðu hlaðist upp í vöxtum og þetta hélt ég nú að hv. þm. kynni kannski nánast best af þeim hv. þm. sem hér sitja inni því ég veit að hann er mjög vel menntaður á þessu sviði. Síðan segir hv. þm. að í tíð fyrrv. kennara hans, þess sem hér stendur, hafi safnast mestu skuldir í sögu íslenska ríkisins. Kannski er eitthvað til í því að á fyrri hlutanum hafi safnast upp skuldir. En nú vill svo til að Seðlabankinn er nýbúinn að gefa út rit, Hagtölur mánaðarins, og í því er texti þar sem segir m.a. um skuldir opinberra aðila:

„Á föstu verði landsframleiðslu hefur skuldin samkvæmt því staðið í stað" — það er verið að tala um skuldir ríkissjóðs — „og verðbólgurýrnun óverðtryggðra innlendra og erlendra skulda vegið upp hækkun vegna hallareksturs. Hið sama á við um hreinar skuldir ríkissjóðs, sem stóðu í stað miðað við fast verð milli 1994 og 1995, en lækkuðu 1996 og eiga að lækka enn 1997." Síðar í þessum texta segir: „Breytingin á skuldastöðunni staðfestir engu að síður hve nærri lætur að rekstur ríkisins hafi verið réttur af eftir gríðarlega skuldasöfnun á síðustu 15 árum." Og af því að ég veit að hv. þm. er eða a.m.k. á að vera talnaglöggur maður, þá hlýtur hann að viðurkenna að nú er það að gerast í fyrsta skipti í 15 ár að þessar skuldir miðað við landsframleiðslu eru að lækka. (**SvG:** Síðan Ragnar Arnalds var fjmrh.) Það er hins vegar alveg hárrétt að skuldirnar jukust mjög mikið, sérstaklega frá árinu 1991 og til ársins 1994. Það liggur fyrir. Og þær jukust líka á árunum 1988–1989, þær nánast tvöfölduðust þar á milli ára. Þetta er auðvitað sannleikur vegna þess að við vitum að skuldirnar hafa verið að hlaðast upp, það hafa verið að falla á vextir vegna lána sem við höfum orðið að taka og staða ríkissjóðs hefur þrengst. Þetta hefur alltaf verið viðurkennt og alltaf legið fyrir, en árangurinn er nú að koma í ljós vegna þess að okkur hefur tekist að rétta þetta af eins og hérna kemur fram í fyrsta skipti í 15 ár. Þá er kallað fram í, alveg frá því að Ragnar Arnalds var fjmrh. Vandinn sem við er að etja er nefnilega sá að við erum alltaf að borga niður lánið hans hv. þm. Ragnars Arnalds. Á hverju einasta ári þarf íslenska þjóðin að greiða niður lán sem tekið var í tíð Ragnars Arnalds og átti að borga stofninn eftir 20–30 ár. Ég man ekki hvenær það var, ég held að það sé 2020 sem á að greiða lánið endanlega, enda hafa menn kallað þetta barnalánið hans Ragnars því að hann vissi það og fleiri sem þá voru í ríkisstjórn, líka hv. framm íkallandi, að þeir mundu ekki borga þetta heldur börnin þeirra og kannski helst barnabörnin. (Gripið fram í.) En við höfum verið að borga af þessu vextina á hverju ári þó að stofninn borgist ekki þá. Og hverjir haldið þið að vextirnir séu? Haldið þið að þeir sé 5% eins og núna í dag? (**Gripið fram í:** 10%.) Þeir eru yfir 10%. Ætli það séu ekki 13% eða 14% vextir af þessum lánum sem að vísu þótti hagstætt þá þegar það var tekið á sínum tíma. Ég þakka hv. framm íkallanda að minna á þetta því að ég hefði sjálfur gleymt því ef hann hefði ekki verið svo elskulegur að minnast á þetta atriði sem vel passaði í mína ræðu þegar ég var að kenna hv. þm.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara inn í orðaskipti nemanda og kennara og stærðfræðileg mál, heldur neyðist ég til þess að gera athugasemdir við það sem hæstv. fjmrh. sagði varðandi afstöðu Alþb. eða a.m.k. afstöðu mína, en hann var að vitna til umræðunnar fyrr í dag um skattamál og skattalækkanir. Það er alveg fjarri öllu lagi að halda því

fram að þegar við ræddum tekjuskatt og eignarskatt fyrr í dag hafi komið fram í máli mínu andstaða við skattalækkanir almennt og algjör andstaða við skattalækkanir yfirleitt í tengslum við kjarasamninga. Það sem ég gagnrýndi voru almennar skattalækkanir, það var útfærslan á því að gera þetta með almennum hætti og alveg sérstaklega skattalækkanir á hátekjufólki og barnlausu hátekjufólki. Þetta veit ég að hæstv. fjmrh. man. Það er ekki sami hluturinn og að vera á móti því per se að skattbreytingar komi að einhverju leyti inn í þá mynd, t.d. að bæta kjör lágtekjufólks. Ég hef í mörg ár talað fyrir því að ráðist yrði á það misrétti og órétti sem jaðarskattaáhrifin eru gagnvart barnafjölskyldum og lágtekjufólki. Mér er að sjálfsögðu ljóst að ekki verður greitt úr því nema að létta þær álögur, það eru þá skattalækkanir eða ígildi þeirra þannig að ég styð það hér eftir sem hingað til að á því misrétti sé tekið. Þar með er það útúrsnúningur og rangtúlkun á minni afstöðu að stilla dæminu þannig upp að ég hafi hafnað því algjörlega að breytingar í skattkerfinu kæmu inn í þessa mynd til þess að bæta stöðu lágtekjufólks eða draga úr jaðaráhrifum gagnvart þeim hópum sem hafa mesta þörf fyrir slíkt.

En hitt er rétt að ég taldi það efnahagslega óskynsamlegt við þær aðstæður sem við búum við að fara í almennar skattalækkanir með þeim hætti sem nú á að gera og sérstaklega gagnvart hátekjufólki og þeim sem betur eru aflögufærir. Ég bið hæstv. fjmrh. að vera ekki að barna hér umræðuna með því að snúa út úr orðum manna. Það er ástæðulaust og henni ekki til framdráttar.

[15:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins í framhaldi af ræðu hæstv. fjmrh. að benda á tilteknar staðeyndir. Fjárlagahalli á rekstri ríkisins á síðasta ári var 12 milljarðar, ekki 2 milljarðar eins og ráðherrann tönnlast sífellt á að hafi verið niðurstaðan. Það er vegna þess að ráðherrann innleysti spariskírteini fyrir 17.000 millj. kr. Þarna fór fram 17.000 millj. kr. ráðstöfun af fjármunum ríkisins. Fyrir það fé sem eru einvörðungu vextir af þessum 17.000 millj., sem eru 10.000 millj., má gera margt í mörgum málaflokkum sem verður þjóðinni allri til mikilla hagsbóta alveg eins og hæstv. ráðherra heldur fram að hann hafi gert með þeirri ráðstöfun sinni að innleysa spariskírteini. Undan þessu getur ráðherrann ekki vikist, ekki með nokkru móti.

Mig langar svo samt að benda ráðherranum á nokkrar tölulegar staðreyndir um stöðu ríkisfjármála eins og þau eru nú og eins og þau voru þegar ráðherrann kom til starfa. Heildarskuldir hins opinbera eru áætlaðar að vera um síðustu áramót 275 milljarðar kr. eða öllu heldur 281 milljarður þegar þær hafa verið reiknaðar upp til verðlags í dag. Þegar ráðherrann kom til starfa voru þær 180 milljarðar. Það er um 100 milljarða sem skuldir hins opinbera hafa aukist í tíð hæstv. fjmrh. Hreinar skuldir ríkissjóðs eins hafa aukist úr 66 milljörðum í 151 milljarð kr. í tíð hæstv. fjmrh. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er það hækkun úr 32,4% í 47,7%.

[15:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að ég hafi ekki töluna handbæra, ég hygg að hann hafi tekið árið 1991 með í þessum tölum sínum. (**KHG:** Miðað við árslok 1990.) Já, miðað við árslok 1990. Það er von að hann vilji ekki taka 1991 með því að það var fyrrv. fjmrh. sem þá bar ábyrgð á fjárlögunum og á því ári gerðist það að það voru opin lánsfjárlög fram á vorið sem gerðu það að verkum að halli á ríkissjóði hefur ekki verið eins í annan tíma og árið 1991 vegna stjórnleysis á því ári hjá báv. ríkisstjórn. Það tekur hann sig til og gerir núna að mínum syndum. Það er alveg ljóst að skuldir hafa hækkað og hækkað mjög mikið á undanförnum árum. En það er jafnframt ljóst að nú er því lokið og nú hefur komið fram að á undanförnum tveimur árum, og það verður framhald á því, erum við ekki eingöngu búin að ná jafnvægi heldur erum við byrjuð að greiða niður skuldir ríkisins og það er það sem skiptir máli.

Enn á ný verð ég að segja það varðandi það sem rak mig upp í ræðustólinn áðan, að það er áreiðanlega besta fjárfestingin sem ríkið gat farið í að taka lán og borga niður vexti sem voru yfir 8%, um það bil 8,6%, og taka lán á um það bil 6% vöxtum og borga niður þessi lán. Gróðinn af því, ef ég má nota það orð, eru tveir milljarðar sem skila sér á næstu árum. Og það getur ekki verið hugmynd hv. þm. að hann hafi viljað láta okkur greiða þessa 10 milljarða árið 2000 ofan á þá sem þá þurfti að greiða og er ógreitt enn. Menn verða að hafa í huga að menn búa ekki til peninga með þessum hætti. Þessi ráðstöfun var auðvitað skynsamleg, enda hefur það komið fram að Ríkisendurskoðun hefur séð ástæðu sérstaklega til þess að hæla því að menn hafi þó haft djörfung og dug til þess að taka þannig á málum og komið þannig í veg fyrir útgjöld á næstu árum.

[15:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna uppgjörs tímabilsins sem er miðað við árslok 1990 og orða hæstv. ráðherra um að hann beri ekki svo mikla ábyrgð á árinu 1991 af því að annar fjmrh. sat þegar þau fjárlög voru samþykkt, þá vil ég benda ráðherranum á að það var skipt um ríkisstjórn 30. apríl 1991. Ný ríkisstjórn tók við þegar átta mánuðir voru eftir af árinu. Þing kom saman þá í maí og síðan aftur að hausti eins og venja er þannig að hin nýja ríkisstjórn og hinn nýi fjmrh. hafði öll þau tök sem hann kærði sig um til að grípa til þeirra aðgerða í ríkisfjármálum sem hann taldi nauðsynlegt. Og hann getur ekki gert annan ábyrgan fyrir störfum sínum. Fjmrh. getur ekki verið ábyrgur lengur en hann situr í embætti. En hæstv. fjmrh. virðist halda að fyrrv. fjmrh. beri ábyrgð á störfum hans að einhverju leyti. Ég vil nú segja að það er fullmikið sagt svo ekki sé dýpra í árinni tekið.

Ég vil segja það, virðulegi forseti, að ég er ekki sammála því að það sé endilega skynsamlegasta ráðstöfun á 17.000 millj. kr. að verja þeim eins og ráðherrann gerði. Ég er ekki endilega sammála því. Ég sagði hins vegar að ég drægi ekki í efa að það væri sparnaður að þeirri aðgerð eins og rakið er, en það getur líka verið sparnaður að því að verja þessum fjármunum með öðrum hætti. Og menn mega ekki tala eins og það sé bara eitt sem sé rétt í þessu máli. Það hefur sín rök að verja meira fé til samgöngumála en gert hefur verið og það hefur líka sín rök að verja fénu til annarra verkefna og menn geta sýnt fram á að með aðgerðum á þessu sviði má spara fé í framtíðinni, bæði fyrir ríkissjóð og þjóðina, þannig að ég get ekki verið sammála ráðherranum um að það sem hann gerði sé það eina rétta í stöðunni.

[15:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur lengi brunnið við í íslensku þjóðfélagi að á kosningaárum hafa efnahagsmál og þó einkum fjármál ríkisins farið úrskeiðis. Það gerðist 1991 og ég

ætla ekki að saka hv. þm. að eiga þátt í því því að ef ég man rétt var hann ekki á þingi þegar það gerðist á vordögum 1991. Allir þeir sem muna þá tíma vissu hvað gerðist. Í desember voru fjárlög afgreidd með tilteknum halla, ekki miklum. Lánsfjárlögin voru ekki afgreidd fyrr en á vorþinginu, nánar tiltekið í mars, og lánsfjárlögin breyttust smám saman í ný fjárlög þar sem ákveðin voru útgjöld í þeim fjárlögum. Þegar ný ríkisstjórn tók við var ljóst að hallinn yrði langt umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Gripið var til margvíslegra aðgerða og það er rétt sem hv. þm. segir að þær aðgerðir skiluðu sér ekki fyrr en á næstu árum þar á eftir. Þetta þarf að koma hér fram.

Þegar hv. þm. ræðir síðan um ráðstöfun á fjármagni, þá eigum við val um það hvort við förum í framkvæmdir eða ekki, en við eigum ekki val um það hvort við greiðum skuldir okkar eða ekki. Þær verðum við að greiða. Spurningin var, áttum við að greiða þær 1996 með nýjum peningum sem við tókum að láni eða áttum við að gera það árið 2000? Svarið var mjög einfalt. Þessi lán báru vexti yfir 8%, 8,6%. Hægt var að fá ný lán á miklu lægri vöxtum. Arðsemi þessarar ráðstöfunar var þess vegna sú mesta sem sést hefur um langt skeið. Greiða niður skuldir, spara þannig ríkissjóði milljarða kr. Þá milljarða sem þannig sparast má kannski síðar nota til góðra framkvæmda, t.d. að byggja upp vegi í sýslum landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 1. umr.

Stjfrv., 530. mál (heildarlög). — Þskj. 882.

[15:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þetta er 530. mál þingsins og er að finna á þskj. 882.

Það frv. sem hér er lagt fram og er nú til umræðu miðar að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Því er fyrst og fremst ætlað að skilgreina inntak skyldutryggingarinnar, samninga um lífeyrissparnað, setja almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða, heimildir þeirra til fjárfestingar og kveða á um eftirlit með lífeyrissjóðum.

Allt fram á þennan áratug hefur framtíð lífeyrissjóðakerfisins verið háð mikilli óvissu. Ekki eru nema 15 ár síðan flest benti til þess að markmið kerfisins og tilætlaður árangur næðist ekki; kerfið mundi sigla í strand og liðast í sundur. Fjárhagsstaða flestra lífeyrissjóða sem starfa án ábyrgðar launagreiðanda hefur hins vegar gjörbreyst á undanförnum árum og telst nú viðunandi. Í stað neikvæðrar raunávöxtunar á fyrstu árum almennu sjóðanna hafa þeir á undanförnum árum náð að ávaxta ráðstöfunarfé sitt langt umfram tryggingafræðilegar forsendur. Sjóðir hafa þar að auki verið sameinaðir og réttindi löguð að eignastöðunni. Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyristryggingakerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta sínum lífeyriskerfum í hátt við það sem Íslendingar búa við. Þetta kemur m.a. fram í ýmsum ritum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum þar sem bent er á þjóðir og nú síðast man ég eftir þjóð á borð við Chile en þar hefur verið mikill uppgangur á síðustu missirum og árum.

Samhliða bættri fjárhagsstöðu lífeyrissjóða er almenningur meðvitaðri en áður um þá hagsmuni sem eru í húfi. Frá sjónarhóli einstaklingsins er um að ræða uppsöfnun verðmæta sem vænta má að samsvari skuldlausu íbúðarhúsnæði við starfslok og upphaf töku ellilífeyris. Frá sjónarhóli heildarinnar ætti þessi sparnaður hins vegar að draga úr skattheimtu og kostnaði við almannatryggingakerfið.

Helstu atriðum frv. er lýst í greinargerð þess og ég mun hér á eftir gera frekari grein fyrir vissum atriðum eins og t.d. skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ég bendi einnig á það að í þessu frv. er fjallað um samninga um lífeyrissparnað sem kemur í stað séreignar í svokölluðum séreignarsjóðum. Um þetta er fjallað í II. kafla frv. en þar er lagt til að launamenn á aldrinum 16–70 ára geti gert sérstakan samning um lífeyrissparnað við bankastofnun, verðbréfafyrirtæki eða líftryggingafélag vegna viðbótariðgjaldanna. Ég tek það sérstaklega fram til þess að fyrirbyggja misskilning að auðvitað er hægt að stofna til slíkra fyrirtækja að ákveðnum skilyrðum uppfylltum en það eru hins vegar ströng skilyrði sem löggjafinn hefur sett við stofnun og rekstur slíkra fyrirtækja. Þessi sparnaður myndar séreign og getur farið inn á bundinn reikning eða til kaupa á sparnaðartryggingu. Þetta þarf að taka fram og ég vil einnig, vegna þess að sá misskilningur virðist vera til, segja frá því að séreign og lífeyrissparnaður samkvæmt þessum samningi gegnir sömu lögmálum og annar lífeyrissparnaður, þ.e. skattheimtunni er frestað en þegar tekið er út af þessum reikningum, þá er sú upphæð sem kemur mánaðarlega, sköttuð eins og hverjar aðrar tekjur.

Í frv. er síðan fjallað um hluti sem menn eru meira og minna sammála um að þurfi og nauðsynlegt sé að lögfesta, eins og réttindi í lífeyrissjóðum, skilyrði lífeyrissjóðasrekstrar og starfsleyfi, rekstur og innra eftirlit, að eignir og skuldbindingar þurfi að standast á og loks um fjárreiður og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, en því miður hefur verið nokkur brotalöm á því þó að nýlega eða fyrir nokkrum árum hafi verið gerð lagabreyting til þess að auka eftirlit með starfsemi þessara mikilvægu sjóða.

Ég vil nú, virðulegi forseti, aðeins ræða um hvaða nauðsyn rekur okkur til þess að samræma og skilgreina skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Lögbundin skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til allra einstaklinga á vinnumarkaði, bæði launamanna og sjálfstætt starfandi. Innihald skyldutryggingarinnar er hins vegar hvergi skilgreint í lögum. Mikilvægur tilgangur fyrirhugaðrar löggjafar er að samræma og skilgreina þá vernd sem skyldutrygging lífeyrisréttinda á að fela í sér. Það er óviðunandi að hafa ákvæði um skyldutryggingu í lögum án lágmarksákvæða um innihald hennar.

Eins og málum er nú háttað felur skyldutryggingin í sér mjög mismunandi vernd allt eftir því hver í hlut á og hver veitir tryggingariðgjaldinu móttöku. Ef fram fer sem horfir mun þetta ósamræmi vaxa og þar með grafa undan markmiðunum með skyldutryggingunni. Hvers vegna þá skyldutryggingu? Eðlilegt er að menn spyrji að því.

Hvað lífeyrisþáttinn varðar hlýtur að mega byggja upp kerfi án lögboðinnar skyldutryggingar og gera þá kröfu að einstaklingar sýni þá fyrirhyggju að leggja til hliðar svo þeir eigi fyrir framfærslu í ellinni. Almennt mega menn vita að þeir þurfa að hætta vinnu og þar með að sjá sér farborða með öðrum hætti. Á móti þessu sjónarmiði kemur að

lögboðna lífeyristryggingin felur almennt ekki aðeins í sér ellilífeyristryggingu heldur einnig örorkutryggingu og andlátstryggingu sem að vissu marki má segja að sé mannlegt að vanrækja. Það er t.d. auðvelt að skilja þann breyskleika að einstaklingur á besta aldri geri ekki sjálfur ráðstafanir vegna hættunnar á varanlegri eða alvarlegri örorku. Það má því rökstyðja það sem varnaraðgerð fyrir velferðarþjóðfélagið að hver og einn sé skyldaður til að sýna lágmarksfyrirhyggju og koma þannig í veg fyrir að skattgreiðendur séu látnir borga brúsann vegna óforsjálni annarra.

Almenn samstaða er um að skyldutrygging lífeyrisréttinda eigi fullan rétt á sér. Viðfangsefnið er þannig ekki hvort heldur hvernig skilgreina á innihald tryggingarinnar. Óhjákvæmilegt er að setja lágmarksákvæði um tryggingaverndina í lög en jafnframt mikilvægt að ganga ekki lengra í því efni en nauðsyn krefur. Í eins ríkum mæli og kostur er ber að varðveita rétt einstaklinganna til að útfæra tryggingaverndina með hliðsjón af markmiðum þeirra og þörfum. Valfrelsi einstaklinganna veitir aðhald, kemur í veg fyrir sóun og kallar á framfarir.

En hvernig er skyldutryggingin til komin? Þá staðreynd að Íslendingar búa við skyldutryggingu lífeyrisréttinda má rekja til kjarasamnings ASÍ og VSÍ árið 1969 um stofnun almennra lífeyrissjóða. Áður höfðu ríki, sveitarfélög og einstakar stofnanir eða félög starfrækt lífeyrissjóði. Í framhaldi af samkomulagi aðila vinnumarkaðarins voru síðan sett lög 1974 um starfskjör launþega og fleira, sem kváðu á um að öllum launþegum væri rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Iðgjöld skyldu vera samkvæmt reglum sjóðanna. Rökin fyrir lagasetningunni voru þau að rétt þætti að samningar aðildarsamtaka vinnumarkaðarins um kaup og kjör væru bindandi fyrir alla vinnuveitendur og alla launþega án tillits til þess hvort þeir væru aðilar að samtökum þeim sem undirrita kjarasamninga eða ekki. Til að tryggja þetta markmið var þannig tekin upp skylduaðild að tilteknum sjóðum í stað þess að skilgreina innihald tryggingarinnar og nauðsynlegt iðgjald. Skýringin er án efa sú að lífeyriskerfið var þá enn í mikilli mótun og þessi leið því talin viðráðanlegri.

Með lögum frá 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, eru lögin frá 1974 leyst af hólmi og öllum á vinnumarkaði gert að taka þátt í tryggingunni. Í þeim er 10% lágmarksiðgjald tilgreint og öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi gert að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Innihald tryggingaverndarinnar er hins vegar ekki skilgreint og sjóðunum þannig áfram ætlað að sjá um útfærsluna. Það að öllum á vinnumarkaði var gert að greiða lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs var m.a. talið rökrétt framhald af lögum um eftirlaun aldraðra sem Alþingi hafði samþykkt í lok ársins 1979. Með þeim lögum var tilteknum aldurshópum tryggð sérstök lífeyrisréttindi vegna þess að þeir höfðu ekki átt kost á lífeyrissjóðsaðild. Tilgangur skyldutryggingarinnar var að gera öllum starfandi mönnum að bera á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum þannig að sérstök framlög úr ríkissjóði og lög um eftirlaun til aldraðra gætu orðið óþörf í framtíðinni.

En hvers vegna er mikilvægt að skilgreina skyldutrygginguna? Sú tryggingavernd sem skyldutryggingin felur í sér í dag er mjög mismunandi eftir sjóðum. Hún er ýmist útfærð sem samtrygging eða bundinn séreignarsparnaður. Samtryggingin er síðan útfærð með ýmsum hætti og getur til viðbótar tryggingafræðilegum þáttum falið í sér félagsleg markmið af ýmsum toga. Þannig hafa t.d. almennu lífeyrissjóðirnir staðið að tilfærslu milli kynslóða og veitt sjóðfélögum sem komnir eru yfir miðjan aldur við stofnun flestra sjóðanna árið 1970 hlutfallslega meiri réttindi en þeim sem yngri voru og eru.

Þær kröfur sem gerðar eru til bundins séreignarsparnaðar þýða að hlutaðeigandi sjóðfélagi getur leyst út sparnaðinn á tíu árum eftir að 60 ára aldri er náð. Þessi sparnaður er þannig á mörkum þess að geta talist lögboðin ellilífeyristrygging auk þess sem engin krafa er gerð um örorku- eða andlátstryggingu. Síðastnefndu tryggingarnar og greiðsla tiltekins ellilífeyris til æviloka kalla á samtryggingu sem óhjákvæmilega samrýmist ekki einstaklingsbundinni inneign.

Lágmarkskröfur um iðgjald og innihaldsskyldu tryggingarinnar eru óhjákvæmileg forsenda aukins valfrelsis í lífeyrismálum. Þetta er mjög mikilvægt. Almennar reglur um rétt aðila til að stofna og eiga aðild að lífeyrissjóðum eru einungis mögulegar ef til staðar eru lágmarksákvæði um innihald tryggingaverndarinnar. Lágmarkskröfur eru með öðrum orðum forsenda þess að aðildarskylda að tilteknum lífeyrissjóðum sé afnumin. Yfir fimmtung ríkisútgjalda mátti á sl. ári rekja til kostnaðar við almannatryggingakerfið. Miðað við fast verð hefur þessi kostnaður hækkað um tæpan þriðjung sl. tíu ár þrátt fyrir margvíslegar aðhaldsaðgerðir. Stærstan hluta kostnaðarins má rekja til öryrkja og aldraðra.

Fram til ársins 2030 er áætlað að hlutfall fólks á lífeyrisaldri hækki úr 16% af fólki á vinnufærum aldri í rúm 30%. Þetta þýðir að fjöldi þeirra sem eru á aldrinum 20–67 ára að baki hverjum einum lífeyrisþega fækkar á næstu 33 árum úr 6–7 einstaklingum í aðeins 3 árið 2030. Ef litið er til annarra ríkja innan OECD, þá er það sammerkt með þeim að þau er nær öll að endurskoða útgjöld sín til heilbrigðis- og velferðarmála. Þó að staðan hér sé að ýmsu leyti viðunandi er óhjákvæmilegt að bregðast við framangreindri þróun. Það verður ekki gert nema með því að þjóðin sníði sér stakk eftir vexti og leiti allra ráða til að hagræða og auka verðmætasköpunina.

Umfang velferðarkerfisins ásamt eðlilegri kröfu um ráðdeild í opinberum rekstri og forgangsröðun þess fjár sem innheimt er með sköttum eru allt þættir sem undirstrika mikilvægi þess að lífeyrissjóðir og frjálsir samningar um lífeyrissparnað leysi almannatryggingakerfið af hólmi í eins ríkum mæli og nokkur kostur er.

En hvernig má skilgreina nauðsynlega tryggingavernd? Mjög ólíkar hugmyndir hafa verið uppi um það hvernig skilgreina beri þá lágmarksvernd sem skyldutrygging lífeyrisréttinda þarf að fela í sér. Almenn samstaða hefur þó náðst um svokallað sjóðsöfnunarkerfi, þ.e. að réttindi skuli ávinnast á grundvelli iðgjalda. Einnig má minnast á að nýsamþykkt lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna voru stór áfangi á þessari braut því þar var haldið inn á braut uppsöfnunarkerfisins. Allir starfandi lífeyrissjóðir leggja mest upp úr greiðslu ellilífeyris og þótt sjóðfélögum séreignarsjóða sé ekki gert að verja ákveðnum hluta iðgjalda til örorku- og andlátstryggingar bjóða flestir sjóðirnir upp á slíkar tryggingar.

Erfitt er að ákvarða nauðsynlegt iðgjald vegna fjölmargra óvissuþátta. Raunávöxtun iðgjaldanna hefur mjög mikið að segja eins og t.d. má sjá á því að hefðbundin lífeyrisréttindi sem tækju mið af 2,5% raunávöxtun mætti tvöfalda ef gert væri ráð fyrir 5,5% raunávöxtun til langs tíma. Þetta er

þýðing ávöxtunar á eignum sem standa á móti skuldbindingum í lífeyrissjóðunum. Ýmsir sem fjalla um þessi mál telja eftirsóknarvert að iðgjald dugi til að tryggja mánaðarlegan ellilífeyri sem samsvari 60–70% af meðalmánaðarlaunum yfir starfsævina. Jafnframt að 20–30% iðgjald fari til örorku- og andlátstryggingar. Miðað við 10% iðgjald af öllum launum, 3,5% raunávöxtun, hefðbundnar tryggingafræðilegar forsendur og dæmigerðan launamun má segja að almennu lífeyrissjóðirnir fari nálægt því að veita framangreinda tryggingavernd.

Þá vík ég að því hvernig lágmarkstryggingin er skilgreind í frv. Frv. gerir ráð fyrir að sjóðfélagar ávinni sér lífeyrisréttindi með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða og í að samþykktum sjóðanna sé kveðið á um ávinnslu réttinda, þ.e. hvernig sambandinu milli iðgjalda og réttinda skuli háttað. Samkvæmt frv. skal lágmarksiðgjald vera a.m.k. 10% af launum og fara til greiðslu lífeyris vegna elli, örorku eða andláts. Í samþykktum lífeyrissjóðs er síðan heimilt að kveða á um það hvernig iðgjald skiptist milli einstakra tegunda lífeyris, en við það skal þó miða að ekki minna en 50% iðgjalds fari til greiðslu ellilífeyris og ekki minna en 20% til greiðslu örorku-, maka- og barnalífeyris.

Skilgreining frv. á tryggingavernd lágmarksiðgjalds er mjög almenn. Séreignarlífeyrissjóðir hafa fram til þessa tekið við iðgjöldum til séreignar. Iðgjaldið hefur farið inn á bundinn reikning og sjóðurinn tekið að sér að varðveita það og ávaxta. Sumir sjóðanna hafa jafnframt gefið sjóðfélögum kost á að verja hluta iðgjaldanna til kaupa á tryggingum, t.d. örorku- og andlátstryggingum. Ég tek það sérstaklega fram að það er líka misskilningur sem hefur komið upp að auðvitað er það svo í sumum séreignarsjóðunum að þeir kaupa sér tryggingar, t.d. hjá vátryggingarfélögum eða þeir tryggja sjálfir með einhverjum hætti þannig að séreignarsjóðirnir eru ekki allir séreignarsjóðir í þrengstum skilningi þess orðs eða í þeim skilningi sem nú er lagður í lífeyrissparnað samkvæmt samningi.

Virðulegi forseti. Eins og öllum er kunnugt var upphaflega gert ráð fyrir því við undirbúning þessa máls að einstaklingar í lífeyrissjóðum ættu þess kost að uppfylla samtryggingarskyldu sína með ákveðinni fjárhæð, 10 þús. kr. á mánuði, enda greiddu þeir það sem á 10% lágmarksiðgjald vantaði í lífeyrissparnað og hann væri séreign viðkomandi einstaklings. Í viðtölum kom fram að fulltrúar ASÍ og VSÍ lögðu á það áherslu að þeir hefðu fullt forræði á lífeyrisiðgjöldum sem byggðust á kjarasamningum burt séð frá fjárhæðum. Forsrh. gaf af því tilefni út yfirlýsingu um að forræði hinna almennu lífeyrissjóða á 10% sameiginlegu framlagi vinnuveitenda og launþega yrði tryggt í þeirri löggjöf sem var í undirbúningi. Ríkisstjórnin íhugaði þó að hafa í frv. heimild fyrir stjórnir lífeyrissjóða til að setja í samþykktir sínar ákvæði sem gæfu sjóðfélögum kost á áðurgreindri skiptingu lífeyrisiðgjalda milli samtryggingar og séreignar. Með því væri forræði hinna almennu lífeyrissjóða að sjálfsögðu tryggt því að ákvörðun um að nota heimildina væri alfarið á þeirra valdi. Á lokastigi undirbúnings frv. ákvað ríkisstjórnin hins vegar að taka þetta heimildarákvæði út en freista þess fremur á síðari stigum málsins að leita leiða til málamiðlunar milli mismunandi sjónarmiða. Þetta tek ég hér sérstaklega fram.

Ég hirði ekki um að fara út í það á þessu stigi málsins hvernig ýmslegt varð til þess að tefja málið. Við þurftum að leggja inn frv. rétt fyrir 1. apríl. Kjarasamningar stóðu sem hæst og á sama augnabliki aflaði Landsbankinn sér kaupréttar á hluta af tryggingafélagi sem varð til þess að sjálfsögðu að ýmsir fóru að geta í málin og komust því miður ekki allir að réttri niðurstöðu.

Eins og margoft hefur komið fram er það grundvallaratriði í frv. að greitt sé lágmarksiðgjald til samtryggingar fyrir alla sem eru á vinnumarkaði. Þeir sem nú greiða eingöngu til séreignarsjóða verða því jafnframt að gerast aðilar að nýjum eða þegar starfandi samtryggingarsjóði. Skylda allra til að taka þátt í samtryggingu að ákveðnu marki er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að tengja saman lífeyrissjóðakerfið og almannatryggingakerfið á réttlátan og skilvirkan hátt. Ekki verður á móti því mælt að það er mikil umbreyting og langt gengið að þeim sem hingað til hafa getað fullnægt lagaskyldu sinni um aðild að séreignarsjóði eingöngu verður nú gert að greiða 10% í samtryggingarsjóð algerlega án tillits til fjárhæðar.

Þessi sjónarmið sem hér hafa verið rædd þarf þingnefndin að skoða í því skyni að finna ásættanlega og viðunandi lausn. Ég tel nauðsynlegt að athugað sé hvernig hægt er að samræma aukna möguleika sjóðfélaga til að velja sér lífeyrissparnaðarform án þess að ganga á forræði almennu lífeyrissjóðanna sem starfa á grundvelli kjarasamninga eða sérlaga. Náist ekki samkomulag um það þarf að kanna hvort lífeyrissparendur utan kjarasamningakerfisins eigi að njóta rýmri sjálfsákvörðunarréttar en hinir eins og þeir hafa reyndar gert hingað til.

Til að forðast allan misskilning mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu standa við yfirlýsingu forsrh. sem hann gaf í nafni ríkisstjórnarinnar um forræði hinna almennu lífeyrissjóða á 10% framlagi launþega og atvinnurekenda til sjóða sem þeir hafa samið um.

Virðulegi forseti. Hvers vegna þarf að setja lög? Í því sambandi er rétt að segja frá því að gera verður skýran greinarmun á skyldutryggingu lífeyrisréttinda og skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði og nú er ég að fjalla um aðildarmálin fyrst og fremst. Almenn samstaða er um skyldutrygginguna og að eðlilegt sé að tiltekið iðgjald sé greitt til lífeyristrygginga. Upphæð iðgjaldsins og hvert það á að renna eru hins vegar mjög umdeild atriði og þar með að hve miklu leyti hver og einn á að geta valið á milli lífeyrissjóða. Þó að skylduaðild og skyldutrygging séu tvö aðskilin mál er mikilvægt að hafa í huga að í fyrstu almennu lögunum um lífeyrissjóði frá árinu 1974 var enginn greinarmunur gerður á þessu tvennu. Þau lög kváðu á um skylduaðild launþega að tilteknum lífeyrissjóðum en sögðu ekkert annað um skyldutrygginguna en að iðgjöld ættu að vera í samræmi við þær reglur sem sjóðirnir settu. Í núgildandi lögum frá 1980 er hins vegar gerður greinarmunur á þessu tvennu, en þó ekki afgerandi. Ein ástæðan er sú að hvergi í lögum er að finna skilgreiningu á þeirri tryggingavernd sem sjóðunum er ætlað að bjóða upp á. Samkvæmt lögum frá 1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er mönnum gert að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Í flestum tilvikum er aðildin hins vegar í raun ákveðin í sérlögum, kjarasamningum stéttarfélaga og atvinnurekenda og í ráðningarsamningum. Í nokkrum tilvikum reynir hins vegar á hið almenna lagaákvæði þegar einstaklingar tilheyra tiltekinni starfsstétt en eru utan stéttarfélaga og starfa sjálfstætt eða hjá atvinnurekendum sem ekki eiga aðild hjá kjarasamningum né gera kröfu um greiðslu í tiltekinn lífeyrissjóð. Þannig eru mörg dæmi um að mönnum sé gert að eiga aðild að sjóðum gegn vilja þeirra og án þess

að hafa nokkra möguleika til áhrifa á stjórn þeirra sjóða sem um er að ræða. Þetta er auðvitað óviðunandi ástand.

Núgildandi aðildarákvæði má rekja til laga frá 1974 um starfskjör launþega. Með þeim var öllum launþegum gert að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Skylduaðildin á þessum tíma náði hins vegar ekki til annarra aðila, svo sem þeirra sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Tilgangur laganna var að tryggja að samningar aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör væru bindandi fyrir alla vinnuveitendur og launþega án tillits til þess hvort þeir væru aðilar að samtökum þeim sem undirrita kjarasamninga eða ekki.

Þær ástæður sem tilgreindar voru árið 1974 fyrir aðildarskyldu að tilteknum lífeyrissjóðum verða í raun úreltar með lögunum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda árið 1980. Þá er skyldutryggingin gerð almenn og látin ná til allra einstaklinga á vinnumarkaði um leið og gerð er krafa um 10% lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða. Þrátt fyrir það er kröfunni um aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar og starfshóps haldið óbreyttri hversu óeðlilegt sem það nú kann að virðast. Sú röksemd hefur verið færð fyrir skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóði að hætta sé á að markmið skyldutryggingarinnar náist ekki og að hagsmunir annarra rétthafa í sjóðunum verði fyrir borð bornir megi menn ganga úr þeim og í að vild. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að ákveðin sátt milli kynslóða var talin nauðsynleg þegar skyldutryggingin var innleidd. Þannig samþykktu almennu sjóðirnir og löggjafarvaldið með sérstökum lögum um eftirlaun til aldraðra ákveðna tilfærslu til þeirra sem höfðu ekki kost á lífeyrissjóðsaðild nema lítinn hluta starfsævinnar. Þeim sem njóta þessarar tilfærslu fækkar nú ört og sá kostnaður sem henni fylgir fyrir ríkið og almennu sjóðina er ekki lengur röksemd gegn auknu valfrelsi milli lífeyrissjóða. Það kallar hins vegar á breytingar hjá sjóðunum hvað varðar ávinnslu réttinda sem sumir þeirra hafa byrjað á og aðrir ráðgera.

Á það hefur verið bent að aðildarskyldan hafi nú komið í veg fyrir þann glundroða sem valfrelsi mundi leiða í ljósi þess að innihald tryggingaverndarinnar er hvergi útlistað í lögum. Starfsgreinasjóðir eru hins vegar engin trygging fyrir lágmarkssamtryggingu, en það er almennur misskilningur að eingöngu svokallaðir frjálsir sjóðir starfi á séreignargrundvelli. Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands og Lífeyrissjóður íslenskra hljómlistarmanna eru t.d. allt séreignarlífeyrissjóðir. Aukin ásókn er einnig í séreignarsparnað á kostnað samtryggingar og liggur t.d. fyrir umsókn í fjmrn. frá Lífeyrissjóði Arkitektafélags Íslands um breytingar í þá átt að sjóðfélagar fái alfarið að velja, alveg frá botni, frá núll, um það hvort þeir séu með samtryggingu eða séreign.

Niðurstaðan var sú í stuttu máli, virðulegi forseti, í þessu frv. að hverfa frá lagaákvæðinu eins og það var sem skyldaði fólk í starfsgrein að vera í lífeyrissjóði ef það var utan kjarasamningsins. Með þessu frv. er brotið blað vegna þess að í því eru þeir einir skyldir að vera í tilteknum lífeyrissjóði sem eru aðilar að þeim stéttarfélögum annars vegar og vinnuveitendafélögum hins vegar sem gera kjarasamninginn. En þeir sem eru á starfssviðinu í starfsgreininni en eru utan kjarasamningsins geta valið um lífeyrissjóðsaðild. Það er nýtt og sýnir að í þessu frv. er tekið skref í þá átt að auka valfrelsi fólks í landinu, enda stendur þannig á að minni hluti Hæstaréttar hefur sagt sitt álit á þessu og það er mál fyrir Evrópudómstól um það hvort löglegt sé að fara að eins og gert er í núgildandi íslenskum lögum.

Virðulegi forseti. Umræður um þetta mikilvæga mál hafa verið mjög miklar að undanförnu og það er eðlilegt. Það er nauðsynlegt að umræða sé um það. Þetta snertir alla landsmenn, hvern og einn sem vill sýna þá fyrirhyggju og ráðdeild að leggja til hliðar fjármuni sem hann getur síðan eytt þegar að ævikvöldinu kemur. Mér finnst verulega miklu máli skipta þegar við ræðum þetta að vekja athygli á því hvernig stöðugleikinn sem hér hefur ríkt allt frá árinu 1990/1991 —í friði á milli ríkisvalds og aðila á vinnumarkaðar — hefur gjörbreytt þeirri mynd sem blasir við, hvernig við eigum miklu auðveldara með það nú en nokkurn tíma áður að horfa langt fram í tímann, sjá fyrir okkur hvernig hlutirnir geta gerst þegar stöðugleiki er fyrir hendi eftir 20, 30 eða 40 ár. Þetta frv. er hluti af þessari framtíðarhugsun. Hvernig ætlum við að komast af í þessu landi á sem bestan hátt eftir 20, 30, 40 ár? Niðurstaðan er sú að við eigum að gera það með því að beita fyrst og fremst þremur mikilvægum atriðum, þremur stefnuatriðum:

Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir að halli sé á ríkissjóði þannig að framtíðarkynslóðirnar sem eru vinnandi og sífellt eru færri vinnandi á bak við hvern fullorðinn í þessu landi, þurfi ekki að bera miklu meiri skattbyrði en við berum í dag. Besta ráðið til þess er að reka ríkissjóð án halla og greiða niður skuldir. Við erum byrjaðir á því.

Í öðru lagi er bráðnauðsynlegt er að tengja saman annars vegar almannatryggingakerfið, bótakerfi almannatrygginga og lífeyrissjóðakerfið. Þetta er bráðnauðsynlegt og til að það geti gerst á réttlátan hátt þurfa allir að taka þátt að einhverju ákveðnu marki í samtryggingunni. Við þurfum síðan að finna hér í starfi hv. Alþingis hvar þau mörk eiga að liggja og hvort sömu reglur eiga að gilda um alla. Það er okkar verkefni hér í dag. En markmiðin eru þau sömu því að ef við gerum þetta ekki, þá getum við ekki varið það velferðarkerfi sem við viljum búa við.

Í þriðja lagi, og það skiptir afar miklu máli, þurfum við að hafa lagareglur sem eru settar þannig fram að þær gefi fólki möguleika á því að leggja meira til hliðar á starfsævinni en gert er í dag. Þetta frv. er grundvöllur þess.

Hér eru lagðar fram skilgreiningar um það hvað sé skyldutrygging og hvað séu lágmarksiðgjöld, en jafnframt gefinn kostur á leiðum til þess að auka sparnaðinn, fresta skattheimtunni þannig að fólk geti lagt til hliðar skattlaust fé, tekið það út síðar á ævinni þegar það þarf á þessum fjármunum að halda og þá að greiða af þeim skatta eins og hver annar þjóðfélagsþegn. Í raun má segja að með þessari skattalegu meðferð sem er grundvallarþáttur í lífeyrissjóðakerfinu hafi stjórnvöld, Alþingi, markað þá mikilvægu stefnu að fjárfesta til framtíðarinnar og jafna bilið á milli kynslóðanna. Þetta er ekki lítið mál sem við erum að fjalla hér um í dag og það er ekki skrýtið að menn hafi stríðar meiningar um það hvernig eigi að bera sig að í þessu máli. En umfram allt, og það er það sem skiptir mestu máli, hlýtur það að gerast í þeirri nefnd sem fær þetta mál að menn leiti að þeim meðalvegi sem sem flestir geti sætt sig við en reyni að komast hjá því að hér standi gráar fyrir járnum tvær fylkingar í voru landi.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:20]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Ég bið nú eiginlega forláts á því að mér var ekki alveg ljóst fyrir hvaða frv. hæstv. fjmrh. var að mæla. Var hann að mæla fyrir frv. eins og það var upphaflega í gerð ríkisstjórnarinnar sem var þess eðlis að það hefði slitið rauða þráðinn í samtryggingunni og boðið upp á tröllladansinn við ávöxtun þessa mikla fjármagns? Eða var hæstv. fjmrh. að mæla fyrir frv. eins og það er eftir að verkalýðshreyfingin hafði beygt ríkisstjórnina og knúið forsrh. til yfirlýsinginar um að samtryggingin skyldi halda? Eða var hæstv. fjmrh. að mæla fyrir drögum að frv. og síðan ætti kylfa að ráða kasti hér í fjórklofnum þingflokki Sjálfstfl. um hvað kæmi út úr? Mér er það ekki alveg ljóst og ég efast um að þeim sem á máls hans hlýddu sé það ljóst.

Ég tek þann kostinn, virðulegi forseti, fyrir hönd okkar jafnaðarmanna að segja: Ég mæli með frv. 2, þ.e. ég mæli með því að það frv. nái fram að ganga sem tryggir að loforð hæstv. forsrh. við ríkisstjórnina í tengslum við kjarasamninga standi. En til þess þarf að gera ákveðnar lágmarksbreytingar á frv., nánast að leiðrétta það sem fór úrskeiðis því að texti frv. ber það stundum með sér að hann hefur ekki verið leiðréttur frá fyrstu gerð eftir að hæstv. forsrh. gaf yfirlýsingu um U-beygju.

Virðulegi forseti. Í stuttri ræðu er ekki hægt að koma að nema fáum aðalatriðum þessa máls. Mig langar til þess að leggja fyrst áherslu á það hvernig ræða skuli vegna þess að það eru fyrst og fremst tvö sjónarmið sem togast á í þessu máli þótt undirdeildirnar séu fleiri. Ég mæli með því við hv. þingmenn að þeir skoði þetta mál fyrst og fremst út frá spurningum um rétt og kjör launþega í landinu. Vegna þess að lífeyrissjóðakerfið er niðurstaða af kjarasamningum. Vegna þess að lífeyrisréttindi almennings í landinu eru hluti af heildarkjörum launþega í landinu. Vegna þess að iðgjöldin til lífeyrissjóðanna eru hluti af launakjörum launþega. Vegna þess að lífeyrissjóðakerfið er veigamesta velferðarkerfi almennings í landinu utan ríkisgeirans og má vel lýsa því með orðum framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins þannig að það sé hið einkavædda velferðarkerfi almennings. Og ætti þess vegna út af fyrir sig ekki endilega að verðskulda ónáð eða ergelsi í þingflokki Sjálfstfl.

En það er jafnframt ljóst að aðrir hópar í þjóðfélaginu eru ekki að ræða þetta mál út frá þessum sjónarmiðum, þessum forsendum eða frá þessum bæjardyrum. Hvers vegna ekki? Það er vegna þess að eignir lífeyrissjóðanna nálgast núna 300 milljarða kr. Það er vegna þess að ráðstöfunarfé þeirra nálgast 50 milljarða kr. Það er vegna þess að iðgjöldin til þeirra á ári hverju eru að nálgast 20 milljarða kr. Það er vegna þess að hrein eign þeirra er um það bil helmingur af landsframleiðslu. Fái þetta kerfi að starfa áfram við stöðugleika og raunávöxtun er fyrirsjáanlegt á næstu áratugum að það mun verða 150% af landsframleiðslu. Því er það alveg laukrétt sem hv. formaður bankaráðs Landsbankans og framkvæmdastjóri Sjálfstfl. sagði: Í framtíðinni sjáum við að lífeyrissparnaður landsmanna er aðalauðsuppspretta þessarar þjóðar. Þess vegna vildi Landsbankinn kaupa VÍS, þ.e. stærsta tryggingafélagið, hvort sem það er nú gert með þeirri aðferð að það var VÍS sem keypti Landsbankann eða öfugt. Ég læt það liggja á milli hluta.

En það er rétt hjá þeim. Það er nefnilega verið að ræða þetta mál venjulega bak við luktar dyr og í stjórnarherbergjum helstu fjármálafyrirtækja þjóðarinnar núna út frá einfaldri spurningu. Hverjum er þetta í hag? Hvernig getum við nálgast þessa miklu fjármuni og tryggt að við getum fengið okkar skerf af ávöxtun þessa fjár? Og þetta er gert í þeirri umræðu að aðalatriði málsins þótt málflutningurinn sé síðan oftast nær klæddur í hinn þekkilegasta auglýsingabúning um réttindi einstaklingsins, um valfrelsið, um mannréttindin og um að halda í heiðri eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Virðulegi forseti. Í nýlegri skýrslu Alþjóðabankans um lífeyriskerfi heimsins er mælt með svokölluðu þriggja stoða kerfi. Í fyrsta lagi: Lífeyrissjóðir sem byggja á essunum þremur, til einföldunar, þ.e. þetta verði söfnunarsjóðir, þeir byggi á skylduaðild allra, allir fyrir einn og einn fyrir alla, og að þeir byggi á söfnunarsjóði, skylduaðild og á sjóðasöfnun. Í annan stað er lýst stoð tvö sem er opinbert samtryggingarkerfi sem við köllum almannatryggingar. Hvernig er það fjármagnað? Af skyldusköttum vegna þess að skattar eru skyldur. Í þriðja lagi er frjáls einstaklingsbundinn sparnaður.

Þessi skýrsla er merk vegna þess að hún gerir úttekt á ólíkum lífeyriskerfum og kemst að þeirri niðurstöðu að skipan lífeyrissparnaðar í formi þriggja stoða kerfis sé skynsamlegust og hafi reynst best. Hún lýsir dapurlegum dæmum frá þjóðum sem hafa allt öðruvísi kerfi. Ég nefni bara eitt dæmi, þýska velferðarríkið með gegnumstreymiskerfið sitt sem nú er komið í iðgjaldaþörf upp á kannski 25–26% sem er að sprengja jöfnuðinn í þýskum ríkisfjármálum út yfir allan þjófabálk og kollvarpa stöðugleika í Þýskalandi og jafnvel koma í veg fyrir að þessi hraðlest Evrópusamrunans geti staðið við Maastricht-skilmálana um heilbrigð ríkisfjármál. (**ÓÞÞ:** Það væri nú til bóta.) Af einhverjum ástæðum segir einn hv. þm. að það væri til bóta að kollvarpa stöðugleika á meginlandi Evrópu. Ég tek ekki undir það þó að ég sé bresksinnaður, að ég óski Þjóðverjum svo ills.

Virðulegi forseti. Þetta mál snýst að sumu leyti um hvort við viljum svona kerfi sem rök standa til, reynslurök og alþjóðlegur samanburður, og þá þurfum við að athuga eitt: Ef við ætlum að byggja lífeyrisréttindi á skylduaðild, þá verður það að vera skylda allra. Þá verður það að vera á prinsippinu: Einn fyrir alla, allir fyrir einn. Þá verður að byggja á því að allir sitji við sama borð vegna þess að það væri brot á mannréttindum og það væri brot á stjórnarskránni ef menn væru skyldaðir til aðildar í slíkum sjóðum, en skuldbindingarnar og réttindin væru mismunandi. Sumir hefðu meiri rétt en aðrir og minni skuldbindingar. Kjarni málsins er sá að í frv. eitt sem fjmrh. var að tala fyrir eða ekki tala fyrir, sem ríkisstjórnin ætlaði að leggja hérna fram en var knúin frá, þá ætluðu þeir að opna leið til þess að veikja stoð eitt mjög verulega. Til hvers hefði það leitt? Jú, það hefði leitt til þess og afleiðingarnar hefðu orðið þær að samtryggingar- og samhjálparþættir fyrstu stoðarinnar yrðu fljótlega að engu og þá yrði önnur stoðin að taka á sig allar þær byrðar, en það er einmitt lífeyriskerfi af taginu opinbert gegnumstreymiskerfi sem er að komast í þrot alls staðar í Evrópu. Hlutfallslega færri skattgreiðendur bera stöðugt meiri skattbyrðar til þess að greiða lífeyri sífellt fleiri lífeyrisþega.

Þetta er einn kjarni málsins. Hann er nefnilega sá að ef sömu reglur eiga að gilda fyrir alla, sömu reglur í skattmeðhöndlun iðgjalda og svo útgreiðslna úr lífeyrissjóðum, þá verða skuldbindingarnar að vera hinar sömu. Og nú er það svo að lífeyrissjóðirnir sem slíkir eru ekki bara að tryggja meðlimum sínum ellilífeyri. Þeir eru líka að tryggja þeim, í krafti þessara iðgjalda, áfallalífeyri sem heitir makalífeyrir, örorkulífeyrir eða lífeyrir við dauðsfall fyrirvinnu,

fjölskyldulífeyrir getum við sagt. Oft og tíðum er stór hluti tengdur þessum þáttum.

Sumir hópar eru meiri áhættuhópar en aðrir. Það er t.d. nefnt með konur vegna þess að það er staðreynd að þær lifa lengur en við hinar dauðlegar mannskepnur; að þær eru áhættumeiri hópur í tryggingafræðilegum skilningi. Sama máli gegnir um sjómenn, svo ég nefni eina stétt manna, þar sem dánartíði, slysatíðni og örorkubótaþörf er meiri en annarra. Þá er spurningin þessi: Ætlum við að fallast á lífeyriskerfi þar sem réttindi og skyldur standast ekki á? Þar sem sumir, sem reyndar eru alltaf hinir betur settu í þjóðfélaginu, eiga að fá viðurkenningu á lífeyrissjóðum sem eru eingöngu lífeyrissjóðir til að tryggja ellilífeyri en taka á sig engar skuldbindingar að því er varðar fjölskyldulífeyrinn, áfallalífeyrinn eða neitt annað þess háttar og tryggja reyndar ekki meðlimum sínum ellilífeyri til æviloka. Hverjar væru afleiðingarnar af því ef við gerðum þetta? Við værum að sjálfsögðu að brjóta mannréttindi. Við værum í annan stað að níðast á eðlilegum reglum um valfrelsi og við værum sennilega að brjóta stjórnarskrána. En aðalatriðið er þetta: Við værum að auka mismunun í þjóðfélaginu, við værum að auka ranglæti í þjóðfélaginu, væri værum að segja við suma sem lakar eru settir: Þið neyðist náttúrlega til þess að leita á stoð tvö, þ.e. ríkið.

Afleiðingin yrði sú að ríkið yrði í vaxandi mæli að taka á sig þennan samtryggingarþátt sem þýddi að hann yrði fjármagnaður með sköttum. Skattar í landinu mundu hækka, um leið og hinir hóparnir sem veldu sig frá samtryggingunni gætu auðvitað tryggt sér meiri ávöxtun til skamms tíma í gegnum sitt einfalda sérsjóðakerfi. En þegar í þrot kæmi hvort fyrir einstaklingana eða þessa hópa, þá mundu þeir náttúrlega leita á náðir ríkisins líka. Er þetta réttlæti? Nei. Er hægt að bjóða upp á þetta í nafni frelsisins? Nei. Hér talar jafnaðarmaður sem er eindregið þeirrar skoðunar, að atvinnulífið sjálft, atvinnustarfsemin og framleiðslan eigi að fara fram samkvæmt lögmálum samkeppni á markaði. En þegar kemur að velferðinni þá segi ég um leið: Þegar kemur að tekjuskiptingunni og þegar kemur að réttindunum, þá segi ég: Þar eiga að gilda almenn siðalögmál siðaðra manna um samtryggingu og samhjálp. Og spurningin í þessu máli er sú: Á að rífa núverandi kerfi niður eða á að byggja það upp áfram?

Stjórnarmeirihlutinn sem normalt leggur fram stjfrv. er margklofinn í þessu máli. Í Sjálfstfl. eru þeir fjórklofnir, þ.e. þeir fáu sem fylgja hinu eiginlega stjfrv., síðan eru hreinir séreignarsjóðamenn, síðan eru nokkrir sem vegna tengsla sinna við verkalýðshreyfinguna vilja standa við loforð forsrh., eru sammála forustumönnum launþega. Og ég man ekki hver fjórði hópurinn er. Það furðulega í málinu er síðan það að risinn er upp nýr flokkur á Alþingi sem heitir Ný-Framsóknarflokkur. Það er sá hópur sem heill og óskiptur berst fyrir því úr stjórnarsölum fjármálafyrirtækjanna, í gegnum sinn þingflokk, fremstir í flokki að afneita allri samábyrgð, vísa því bara út á fertugt djúp, heimta að hin hreinu og tæru prinsipp kapítalismans eigi að gilda og fjandinn hirði þá sem á eftir koma. Þetta er best orðað í ummælum hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar sem segir einfaldlega: „Ég sé það ekki sem kröfu á ríkisvaldið að kjósi einhver að taka út lífeyrissparnað sinn á 10 eða 15 árum frá því sem hann nær sjötíu ára aldri en lifir svo til níræðs eða lengur heldur verði viðkomandi einstaklingur að axla ábyrgð gerða sinna."

Já, já. Menn eiga bara að axla ábyrgð gerða sinna. Við vitum það hins vegar að eftir að hafa notið ákveðinna forréttinda í hinu frjálsa, hreina ávöxtunarkerfi, þá er það auðvitað svo að ríkið mundi ekki fara að eins og hv. þm. er að segja, þ.e. meiri hluti alþingismanna mundi ekki horfa upp á það að þessir einstaklingar yrðu bjargarlausir vegna þess að þá mundu þeir auðvitað koma fram með hjálpandi hönd ríkisins og bjóða hin almennu réttindi sem mennirnir voru að velja sig frá, sem þeir voru að hafna og sem þessi hv. þm. Ný-Framsfl. er að mæla með, og er kaþólskari en páfinn, þ.e. heldur en nýfrjálshyggjumennirnir, þeir sem eftir eru í Sjálfstfl. sem er líklega að verða Framsfl. (**Gripið fram í:** Þetta fyrirgefa þeir þér að handan.)

Virðulegi forseti. Það er mjög mikið talað um valfrelsi í þessu máli. Ég vil taka það fram að gefnu tilefni að í ritstjórnargrein í Morgunblaðinu er mér borið á brýn að hafa farið rangt með veigamikla staðreynd í þessu máli. Ég tek fram að ég vil ævinlega hafa það sem sannara reynist. Ég viðurkenni að ég fékk upplýsingar, þegar verið var að gera samanburð á sérsjóðum og samábyrgðarsjóðunum, sem reyndust rangar og dró þar af leiðandi ályktanir sem reyndust rangar. Forsendurnar voru rangar en breyta í engu kjarna málsins, í engu. Þetta sneri bara þannig að mér var sagt af manni sem átti að vita að sá praxís hefði verið þegar greitt er út úr séreignarsjóðum, þá væri skipting á milli höfuðstóls og síðan vaxta- og verðbótaþáttarins. Eins og mönnum er kunnugt um var ekki fjármagnstekjuskattur. Vextir voru skattfrjálsir og þar að auki skerðing gagnvart almannatryggingum að hálfu og af þessu dró ég ákveðnar ályktanir. Þetta er ekki rétt og þetta leiðrétti ég hér með. En það breytir alls ekki kjarna málsins í samanburðinum á sameignarsjóðum og séreignarsjóðum. Ég hef sagt um hvað sameignarsjóðirnir snúast. En hvað er að segja um séreignarsjóðina?

Sumir eru bara hreinlega einkabundinn sparnaður, bankabók með ávöxtun tekin út á tilteknu árabili. Þeir eru yfirleitt þannig að þeir vísa frá sér, þeir velja sig frá öllum samtryggingarþættinum varðandi fjölskyldubætur, makabætur o.s.frv. Þeir njóta hins vegar þess að iðgjöldin eru skattfrjáls og það er litið á útborgun úr þeim sem lífeyrisgreiðslur þrátt fyrir þá staðreynd að þeir eru ólíkir að þessu leyti. Þeir tryggja ekki meðlimum sínum ellilífeyri til æviloka og þeir tryggja ekki meðlimum sínum áfallabætur. Þá segja menn: Já, en menn geta bara keypt þær. Já, já, menn geta bara keypt þær og væri gjarnan mjög æskilegt að þeir sem hér eru að tala upplýstu hvað það kostar til viðbótar að kaupa þær tryggingar. Og þegar það er ekki gert, þá er auðvitað verið að vísa því yfir á skuldbindingar og samvisku ríkisins og almannavaldsins. Þetta er því auðvitað gerólíkt kerfi, annars vegar samtryggingarkerfi af þessu tagi og hins vegar séreignarlífeyrissjóðir sem velja sig frá samábyrgðinni.

Þá kemur upp sú spurning: Ef þeim yrði gert að taka við hluta af iðgjöldunum? Þá kemur hin hlið málsins sem er sú: Almennu lífeyrissjóðirnir mundu auðvitað bregðast við með því að velja sig frá skuldbindingum sínum, þ.e. þeir mundu ekki óska eftir því að taka við áhættuhópum í þjóðfélaginu þar sem sjúkdómstíðni er tíð, slysa- og örorkubótahætta. Og um leið og búið er að setja eitthvert slíkt þak í eitt skipti, eins og t.d. formaður efh.- og viðskn. er að leggja til að setja ákveðið þak á skuldbindingarnar, hversu oft haldið þið að pólitískur meiri hluti eða minni hluti á hinu Alþingi mundi valsa með það þak upp eða niður? Hvernig má treysta því að það verði gert?

Ég held að í grundvallaratriðum sé það rétt að ef menn á

annað borð víkja frá grundvallarreglunni, — skyldutrygging, einn fyrir alla, allir við sama borð — og fara að brjóta þetta niður eru menn smám saman að stíga fyrsta skrefið í þá átt að brjóta niður þetta kerfi. Vegna þess að þeir skilja þá eftir hópa sem verða verr settir jafnvel þótt aðrir geti tryggt sér meiri ávöxtun til skamms tíma. Síðan verður heildarniðurstaðan ávísun á hærri skatta í framtíðinni. Vegna þess að ríkið mun að sjálfsögðu taka á sig almannatryggingaþáttinn sem menn eru að víkja sér frá. Og þá stenst þetta kerfi ekki. Það stenst ekki fjárhagslega, að grundvallarforsendum til, það stenst ekki út frá réttlætissjónarmiðum um að allir sitji við sama borð og þá er farið af stað í ferðalag sem menn sjá ekki fyrir hvar endar. Þetta snýst ekki um hagsmuni launþega. Þetta snýst ekki fyrst og fremst um réttindi sem menn hafa treyst sér til að byggja upp. Nei, það snýst um viljann og kröfuna um að fá að ávaxta þetta mikla fé. Hitt er orðið að aukaatriðið sem er aðalatriði málsins. Með öðrum orðum, í þessum málflutningi eru menn að snúa málinu á haus. (**Gripið fram í:** Og snúa sjálfa sig úr hálslið.) Menn eru að segja og fara með villandi frasa í nafni frjálslyndis en menn eru fyrst og fremst að gæta annarra hagsmuna þegar hulunni er svipt af. Þeir eru fyrst og fremst að hugsa um: Hvernig getum við grætt í nafni okkar fyrirtækja hvort sem það eru bankar, sparisjóðir, fjármögnunarfyrirtæki eða hvað þau eru, tryggingafyrirtæki, hvernig getum við grætt á þessu?

Nú gætu menn haldið, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) af máli mínu að ég teldi að núveradi lífeyrissjóðakerfi sé fullkomið. Það er það ekki. Það eru á því gallar. Það er rétt sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að setja þarf almenna rammalöggjöf en ég hef ekki tíma til að fjalla um það frekar. Ég geri það kannski í seinni ræðu eða síðar í umræðunum. Þetta frv. fer að sjálfsögðu fyrir efh.- og viðskn. Þetta er gríðarlega stórt mál og hápólitískt mál en það er mikið í húfi að skammtímagróðasjónarmið nýfrjálshyggjumanna og ný-framsóknarmanna (Forseti hringir.) verði ekki til þess að eyðileggja þetta kerfi sem hefur kostað miklar fórnir að byggja upp.

[16:41]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talaði um trölladans kapítalsins. Mig langar til að spyrja hann: Hvaða kapítal er þetta? Eigið fé lðnlánasjóðs og þeirra sjóða sem á að sameina er um 8–10 milljarðar, eigið fé Landsbankans 6 milljarðar, eigið fé Búnaðarbankans 4 milljarðar og Íslandsbanka 5 milljarðar. Þetta eru samtals svona 20 milljarðar. (**Gripið fram í:** En eigið fé Péturs Blöndals?) Eigið fé Lífeyrissjóðs verslunarmanna er 25 milljarðar. Látum okkur nú sjá, hv. þm. Trölladans. Hver eru tröllin í þessum dansi? Það skyldu þó ekki vera lífeyrissjóðirnir? Það skyldi þó ekki vera verkalýðshreyfingin sem ræður þeim? Það skyldi þó ekki vera að það séu allt önnur tröll en hann er að tala um. Ég hef nefnilega grun um það að hv. smokkfiskur og hv. kolkrabbi séu smáseiði í dag. (Gripið fram í.) Það sagði ég ekki, hv. þm.

Hv. þm. sagði að ríkisstjórnin hefði tekið U-beygju og það þótti honum mjög alvarlegt mál vegna þess að hún tók U-beygju að tilhlutan aðila úti í bæ, ASÍ og Vinnuveitendasambandsins. Það eru aðilar sem eru búnir að taka sér löggjafarvald og þingmaðurinn ætlar að sætta sig við það.

[16:43]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þykir lítið til tröllanna koma og líkir þeim fremur við dverga. Ég nefndi hins vegar tölurnar um pottinn sem þeir eru að slægjast eftir og ég var ekki fyrst og fremst að tala um einstaka sjóði. Ég nefndi tölur um 300 milljarða hreina eign lífeyrissjóðanna í heild sinni og um mikinn væntanlegan vöxt í framtíðinni. Ég spyr hv. þm. Pétur Blöndal: Hvað heldur hann að flokksbróðir hans og framkvæmdastjóri flokksins hans hafi átt við þegar hann sagði: Þarna finnum við auðsuppsprettu þjóðarinnar í framtíðinni, og færði rök fyrir því að það væri lágmarkskrafa að fjármagnsfyrirtækin fengju að komast að til að ávaxta þetta fé. Fyrir hönd hverra var hann að tala? Hvar voru tröllin hans? Var það ríkisrekni Landsbankinn eða tryggingafélagið mikla sem kennt var við Framsfl.? Hver eru þessi fyrirtæki sem vilja komast inn? Þau kunna sum að vera smá en þau langar að verða stór tröll.

[16:44]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að svara fyrir formann bankaráðs Landsbankans. En mér sýnist þetta frekar dvergar sem eru að reyna að slægjast eftir að komast inn á teiginn hjá tröllunum þegar litið er á stærðarhlutföll lífeyrissjóðanna sem eru með 260 milljarða og bankanna sem eru með eigið fé upp á 20 milljarða. Þetta eru náttúrlega bara dvergar og tröll, eins og þingheimur sér.

En hv. þm. svaraði ekki seinni spurningunni um áhrif ASÍ og Vinnuveitendasambandsins á löggjafarsamkomu Íslands, sem er hið háa Alþingi. Þeir lögðu nefnilega til og fengu í gegn breytingu á frv. sem ríkisstjórnin, sem nýtur stuðnings Alþingis, ætlaði ekki að leggja fram. (**Gripið fram í:** En áhrif hv. kolkrabba?)

[16:45]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Pétri Blöndal varð eitt mjög alvarlega illa á. Hann sagði: En ríkisstjórnin sem nýtur stuðnings Alþingis. Hvaða Alþingis? Hvað nýtur ríkisstjórnin mikils stuðnings í þingflokki Sjálfstfl. í þessu máli? (**Gripið fram í:** Það er mikið.) Mikið, jæja. Ég er hins vegar að segja að ef eitthvað kynni að skorta á þann stuðning og ef aðsókn sérhagsmunanna að hæstv. fjmrh. yrði of römm, þá er ég búinn að segja nóg til þess að segja, að við jafnaðarmenn munum gjarnan liðsinna fjmrh. og frjálslyndari arminum í Sjálfstfl. við að koma þessu máli fram að því tilskildu að staðið verði við loforð forsrh. Og af því að við erum að tala um sérhagsmuni og almannahagsmuni, fámennisvald og almannavald, þá vil ég segja eitt: Það voru allra handa sérhagsmunir sem lögðu sig fram og beittu ríkisstjórnina og stjórnarflokkana þrýstingi við að fá þetta frv. í þá átt að hagsmunum sérhagsmunahópanna yrði hlíft. Það þurfti hins vegar almannavald og almannasamtök og verkalýðshreyfingu, sem er ekki beinlínis sérhagsmunahópur vegna þess að það eru á annað hundrað þúsund manns innan hennar raða, til þess að koma ríkisstjórninni aftur á réttan kúrs. Og ég harma það ekki vegna þess að ég er fulltrúi almannahagsmuna í þessu máli og styð það að almannahagsmunir nái fram að ganga.

[16:46]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við annars ágæta ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar vildi ég gera stutta athugasemd. Hann

vakti athygli á því að hér hefði verið talað allt að því fyrir fulltrúa þann úr neðra og mér þótti það fullfast að orði kveðið. Þó að menn deili nú á um skoðanir, þá held ég að þeir þurfi ekki að ganga svo langt en stundum eru menn náttúrlega orðnir heitir og vilja fylgja fast eftir höggum.

Hæstv. fjmrh. hefur ekkert slakað á þeirri kenningu sinni að skylduaðild verði áfram í íslenska kerfinu og hann flutti magnaða ræðu í dag þar sem hann var að útlista hve stór hluti af tekjuskatti þjóðarinnar færi til samjöfnunar eða til jöfnunar lífskjara hjá Íslendingum þannig að ég held að ekki þurfi að bera það á framsóknarmenn að þeir séu alveg horfnir frá því að jafna eigi lífskjör. Ég held líka að það verði ekki þannig að þeir hviki frá því að styðja þetta frv. Ég á ekki von á því.

[16:48]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var þekkileg ræða hv. 2. þm. Vestf. Ég vek athygli þingheims á því að nú er sú breyting á að maðurinn sem ég vitnaði í áðan, þ.e. aðalþingmaður framsóknarmanna á Vestfjörðum, hefur orðið að hverfa af þingi vegna mikilla anna við mikilvægari fjármálastörf og í staðinn er kominn klassískur framsóknarmaður, Ólafur Þ. Þórðarson, og mun leggja okkur lið í þessu máli gegn Ný-Framsókn.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég get byrjað á því að segja að ég tek að miklu leyti undir málflutning hv. síðasta ræðumanns, Jóns Baldvins Hannibalssonar, hvað varðar mikilvægi og gildi samtryggingarsjóða í lífeyriskerfinu og leyfi mér að segja að mér nægir að fylla frekar inn í þær röksemdir sem hann flutti annars ágætlega fyrir því máli.

Ég segi þó fyrst af öllu að auðvitað er löngu tímabært að til verði heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóða og það er eiginlega ekki hægt annað en að viðurkenna að það er tæpast vansalaust að þeir skyldu ekki fyrir mörgum, mörgum árum komast á traustari lagalegan grundvöll en þeir í raun hafa gert þar sem leitast væri m.a. við að samræma tryggingarákvæðin og verndina sem þeir búa við.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að fara nokkrum orðum um samtryggingarsjóðina og sjóðsmyndunina sem slíka. Í raun og veru þarf þetta frv. engan annan rökstuðning en þann sem felst í gildi þess fyrir eina þjóð að eiga sér öflugt samtryggingarkerfi lífeyrissparnaðar sem byggir á sjóðsmyndun en ekki gegnumstreymi. Þær aðstæður blasa núna við öllum sem eitthvað kynna sér þessi mál að það er himinn og haf milli þeirra þjóða sem eiga sér slíkt kerfi og hinna sem ekki hafa verið svo lánsamar að byggja það upp. Þá skiptir meira að segja hverfandi máli hversu ríkar þær þjóðir eru eða hvernig þær eru á vegi staddar með sín ríkisfjármál í augnablikinu, plús/mínus nokkur prósent í halla eða aðra slíka þætti, svo mikilvægar eru þessar breytur inn í framtíðina sem lúta að því hvernig mætt verður breyttri aldurssamsetningu og stórvaxandi þörf ef tryggja á vaxandi fjölda aldraðra lífeyri á komandi áratugum.

Ég verð að gera strax athugasemd í þessu sambandi við það sem rætt var áðan og hv. þm. Pétur Blöndal talaði um, þ.e. *eignir lífeyrissjóðanna*. Mér finnst það sérkennileg uppstilling að taka samanlagða eign lífeyrissjóðanna og tala um það sem fjármálaveldi í þjóðfélaginu sambærilegt við eigið fé fyrirtækja. Hvers konar rugl er þetta? Hvar hafa þeir menn lært sína stærðfræði sem stilla málunum svona upp? Lífeyrissjóðirnir eru ... (**Gripið fram í:** Í Þýskalandi.) Það er eðlilegt enda eiga Þjóðverjar ekki svona kerfi. Því miður sá Bismarck gamli ekki fyrir að þetta mundi reynast nauðsynlegt í fyllingu tímans að byggja hlutina á sparnaði og uppsöfnun en ekki gegnumstreymi. Í því liggur hans stóri feill. Það er hinn mikli veikleiki þýska tryggingakerfisins, að það er byggt á þeim sem eru á vinnumarkaði. En það er í grundvallaratriðum rangt að stilla málinu þannig upp að segja: Eign lífeyrissjóðanna — því sjóðirnir eiga þetta fé ekki, þeir halda bara utan um það. Stjórnir sjóðanna eiga ekki þetta fé. Það er fólkið sem á þetta fé. Og það sem meira er og skiptir öllu máli, það eru skuldbindingar gangandi á tveimur fótum úti í þjóðfélaginu á móti öllum þessum eignum þannig að þær eru ekki nettó eigið fé. Þvílíkur feillinn sem hv. þm. Pétur Blöndal og aðrir slíkir gera þegar þeir fjalla um þessa hluti svona. Þessa vegna er svokölluð „eign" lífeyrissjóðanna algerlega ósambærileg við eigið fé fyrirtækja og stærð efnahagsreiknings af því tagi.

Um gildi sjóðsöfnunarinnar hefur margt verið ágætlega sagt en ég leyfi mér að hverfa til rökstuðnings í stjfrv. sjálfu svona til gamans af því að það leikur orðið vafi á því á köflum hversu eindreginn stuðningur jafnvel sjálfra guðfeðranna er, þ.e. flytjendanna eða þeirra flokka sem að því standa.

Hverfum að bls. 18 í grg. með frv. sjálfu. Hvað er sagt þar? Með leyfi forseta: „Nú er svo komið að óhætt er að fullyrða að með samkomulagi aðila vinnumarkaðarins árið 1969 hafi tekist að byggja upp lífeyristryggingakerfi á Íslandi sem jafnast á við það besta í heiminum. Til að undirstrika þetta má geta þess að ýmsar þjóðir eru nú í óða önn að breyta sínum lífeyriskerfum í hátt við það sem Íslendingar búa við."

Þarf frekari vitna við þegar svo sterkt og afdráttarlaust er tekið til orða í grg. með stjfrv. sjálfu að þetta jafni það besta í heiminum og aðrar þjóðir séu á fullri ferð að taka þetta kerfi upp? Síðan er vitnað í hvert hrein eign lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris en ekki nettóeign stefni, sé nú nálægt 50% af vergri landsframleiðslu en fari í að áætlað er um 150% þegar kerfið verður komið í fullkomið jafnvægi milli inngreiðslna og útgreiðslna um 2040.

Ég vitna þá í annað, herra forseti, vegna þess að ég held að ég noti ræðutíma minn fyrst og fremst í að rökstyðja gildi þess að verja þetta kerfi og gera ekkert sem skemmir það. Ég vísa þá í annan rökstuðning sem að mínu mati er býsna gildur og það er skýrsla eins helsta sérfræðings okkar á þessu sviði, aðalhagfræðings Seðlabankans, Más Guðmundssonar, sem hann tók saman um lífeyrissjóðakerfið á árinu 1995. Hvert er niðurlag þeirrar skýrslu eða meginniðurstaða aðalhagfræðings Seðlabankans um þetta efni? Hún er svo: Mikilvægt er að framtíðarumbætur á lífeyrissjóðunum raski ekki höfuðkostum þeirra sem draga má saman með essunum þremur, þ.e. skylduaðild, sjóðsöfnun og samtrygging. Þetta eru að mínu mati alveg fullnægjandi rök í eins fáum orðum og þau geta nokkurn veginn verið fyrir því að akkúrat verja kosti þessa kerfis sem við eigum og gera ekkert það sem stofnar því í hættu.

Ég vísa, herra forseti, líka til þess að við Íslendingar þurfum auðvitað eins og aðrar þjóðir að velta því fyrir okkur í núinu hvernig við fjármögnum okkar velferðarkerfi í dag og hver verður staða okkar til að gera það eftir 10 ár, 20 ár og 30 ár. Það er ábyrg stjórnmálastefna að taka ekki lífskjör liðandi stundar að láni á kostnað framtíðarinnar. Ég vísa til tillögu, sem ég ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni, hef flutt um gerð svonefndra kynslóðareikninga og liggur hér fyrir

og fær vonandi maklega afgreiðslu. Þar er einmmitt einn af útgangspunktunum að til að skattbyrði á komandi árum og áratugum fari ekki upp úr öllu hófi þegar aldurspíramídinn snýst við eða þá að menn verða að skera velferðarkerfið gersamlega niður við trog þannig að lífskjör aldraðra, sjúkra og öryrkja verði ekki nema brot af því sem þau eru í dag, þá er mikilvægast af öllu að byggja upp öflugt kerfi lífeyrissparnaðar.

Síðan nokkur orð um séreignarsjóðina sem menn tala stundum um í sömu andrá og lífeyrissjóði en ættu auðvitað alls ekki að gera því að þar er um óskylt fyrirbæri að ræða í eðli sínu. Það er í grundvallaratriðum misskilningur í reynd að tala um séreignarsjóðina sem lífeyrissjóði því ég lít svo á að í raun ættu eingöngu þeir sjóðir sem byggja á samtryggingu, skylduaðild og að tryggja réttindi ævilangt að hafa leyfi til þess að skreyta sig með því nafni. En líka er ástæða til að velta því fyrir sér um hvaða stærð er þar verið að tala í dag borið saman við almenna lífeyrissjóðakerfið. Það er í grófum dráttum þannig að í séreignarsjóðunum eru kannski 4–5% af eignum lífeyrissjóða á móti 96%. Inn í séreignarsjóðina greiða 2.979 manns á móti 132.302 í sameignarsjóðunum miðað við gögn sem Seðlabanki Íslands lét frá sér fyrir árið 1995. Menn eru því að tala um svoleiðis gerólík hlutföll, svo agnarlítið brot í raun og veru af þessum heildarlífeyrissparnaði okkar að það að stilla þessu upp sem nokkurn veginn tveimur jafngildum, ég tala nú ekki um eðlislega einsleitum hlutum, er náttúrlega alveg fráleitt, fjarri öllu lagi. Það er miklu nær að tala um séreignarsjóðina sem tiltekið sparnaðarform og það er í eðli sínu tiltölulega mjög lítill munur á t.d. bundnum bankareikningi þegar menn leggja fé sitt inn til ávöxtunar hjá stofnun og til að fá aðeins betri ávöxtun binda þeir kannski innstæðuna um eitthvert árabil. Í raun og veru er munurinn þegar kemur að útgreiðslum fyrst og fremst sá að menn geta fengið sparnaðinn í einni upphæð ef þetta er venjulegur bundinn bankareikningur en hann dreifist kannski yfir 10 ár eða 15 ár ef þetta er svokallaður séreignarsjóður. Nú eru þeir að sjálfsögðu ekki allir eins að þessu leyti, það er ljóst og reglurnar mismunandi. En þeir sem byggja fyrst og fremst á þessum einfalda sparnaði eru í eðli sínu nánast eins og bankabók eða bundinn innlánsreikningur.

Um valfrelsi í þessu sambandi, þá komum við oft að frelsi hverra, til hvers og á kostnað hverra. Er hægt að segja að það sé valfrelsi einhverra sem meta stöðu sinni betur borgið með því að segja sig frá samábyrgðinni í samtryggingarsjóðum, að gera það í raun ókeypis á kostnað hins almenna öryggisnets velferðarþjóðfélagsins sem aðrir verða þá að standa straum af? Er hægt að segja það? Er það frelsi samkvæmt þeirri merkingu þess orðs sem við viljum gangast við? Ég segi hiklaust nei. Það er ekki frelsi. Það eru forréttindi ef menn geta haft það þannig að kaupa sér mun betri stöðu og eiga á bak við sig tryggingu sem aðrir borga, a.m.k. með þeim. En þannig mundi það verka í reynd. Augljóst er að á þetta mál verður að líta í samhengi meginstoða velferðarkerfisins sem koma til skjalanna þegar á bjátar. Það eru auðvitað lífeyrissjóðirnir í fyrsta lagi, það er almannatryggingakerfið og það er skattkerfið, það eru fjárlögin hverju sinni sem leggja til samneyslunnar og í raun og veru hafa menn kannski gleymt út úr umræðunni, a.m.k. hjá Alþjóðabankanum þegar hann er að tala um stoðirnar sínar þrjár, sveitarfélögunum og framfærsluskyldu þeirra sem getur komið til skjalanna þarna líka og gerir auðvitað í mörgum tilvikum. Það má því til sanns vegar færa að stoðirnar séu frekar fjórar heldur en þrjár. Þetta allt saman þarf að hafa í huga ef menn ætla að fá einhvern botn af viti í þessa umræðu.

Þá, herra forseti, að lokum nokkur orð um einstök efnisatriði frv. Ég vil þar í fyrsta lagi staldra við 2. gr. Ég ræði þetta fyrst og fremst út frá því að ég tel að þó að margt sé jákvætt í þessu frv. og tvímælalaust verulega til bóta að á komist heildarlöggjöf af þessum toga um málefni lífeyrissjóðanna, þá eru eftir sem áður að sjálfsögðu hlutir á ferð þarna sem ýmsir vildu sjá öðruvísi. Það efa ég ekki um og það gengur reyndar til beggja átta eins og kunnugt er. Ég tel að athuga þurfi sérstaklega ákvæði 2. gr. frv. og þau atriði sem þar er fjallað um, um aðild að lífeyrissjóðum. Þau eru ákaflega vandasöm en um leið mikilvæg og þar held ég að fyrst og fremst einu orði sé ofaukið, þ.e. orðinu „ráðningarsamningum“ í seinni mgr. 2. gr. Það getur opnað fyrir hluti sem ég óttast að muni valda vandræðum gagnvart því að hafa tiltölulega skýrar línur hvað snertir aðild að lífeyrissjóðunum. Það má ekki fara út í einhverja geðþóttaákvörðun atvinnurekenda og það má ekki veikja grundvöllinn undir skylduaðild að samtryggingarkerfi. Það má ekki gera.

Í öðru lagi um 5. gr. frv. Þar eru sömuleiðis á ferð ákvæði sem afar mikilvægt er að takist vel að orða skýrt, í raun og veru sjálfur grundvöllur kerfisins þar sem um er að ræða skyldutrygginguna, hver hún skuli vera og hvernig hana skuli tryggja. Orðalagið þar þyrfti að vera skýrara, t.d. hvað það snertir að algjörlega sé ljóst að ekki sé hróflað við skylduinngreiðslunum til að tryggja til fulls réttindi viðkomandi sjóða. Og þó að þarna sé valin talan 10% og hún sé sú sem almenna kerfið starfar á í dag, þá geta þeir tímar komið að það væri farsælt að gera þar á einhverjar breytingar. Það þarf einnig að vera ljóst að orðalagið í 2. mgr. 5. gr. verji algjörlega rétt þeirra sjóða sem eru þegar með hærri inngreiðslur til að tryggja skylduna, til að mynda Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Það er að vísu svo og ég legg þann skilning í orðalag 2. mgr. og orðin „að minnsta kosti“ að þau vísi til þess að lágmarksiðgjaldið skuli dekka þetta og þá allt að þessum 15,5% sem LSR starfar á í dag. En það þarf líka að vera ótvírætt. Annað gengur auðvitað ekki og það gæti aldrei orðið niðurstaða Alþingis — eða hvað — að fara að afgreiða á einu og sama þinginu tvö lagafrumvörpin sem gengju hvort í sína áttina að þessu leyti, því hér er nýbúið að samþykkja lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins þar sem þessi réttindi eru miðuð við ákveðna prósentu, 15,5%. Þar af leiðandi hlýtur það að vera meiningin að það haldi, herra forseti. Og ég leyfi mér að spyra hæstv. fjmrh. hvort það sé ekki ótvírætt að þetta frv. sé í fullkomnu samræmi við fráganginn á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins á þessu hinu sama þingi, verji rétt þess sjóðs þó að orðalag 5. gr. sé eins og það er. (Gripið fram í.) Nei, nei. Það hróflar ekki við því sem þar var gengið frá og yfirlýsing forsrh. gengur einnig til þeirrar áttar.

Í 8. gr. frv., herra forseti, er á ferðinni ákvæði sem ég held að hljóti við nánari skoðun að flokkast nánast undir misskilning. Ég held að það hljóti að vera svo að það að binda rétt til að taka við samningum um viðbótarsparnað við viðskiptabanka og sparisjóði, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki, en meina t.d. lífeyrissjóðunum sjálfum að bjóða félagsmönnum sínum upp á viðbótarsparnað, hlýtur að vera misskilningur. Það getur ekki verið eðlilegt, ekki nokkur haldbær rök fyrir því að þeir menn sem það kjósa og það vilja komi sínum viðbótar persónubundna sparnaði, sem er hið besta mál að menn leggi fyrir, fyrir einnig hjá

sínum lífeyrissjóði í sérdeild. (**Gripið fram í:** Það hlýtur að hafa fallið niður í prentun.) Hlýtur bara að hafa fallið niður í prentun, ég tek undir frammíköll stjórnarþingmanna um að þetta sé sennilega prentvilla og þá að sjálfsögðu leiðréttum við það snarlega og vefst ekki fyrir okkur. (**Gripið fram í:** Lífeyrissjóðirnir stofna ...) Nei, herra forseti. Það er auðvitað langeðlilegast að þetta sé þannig að það geti verið á einni og sömu hendinni. Það er einfaldast fyrir sjóðfélagana. Þá eru þeir með sín mál á einum og sama staðnum. Það er alveg örugglega ódýrast að slíkar viðbótardeildir eða sérdeildir yrðu þá starfræktar við þá hina sömu lífeyrissjóði sem hafa menn í skyldutryggingu. Annað er tvíverknaður, annað er meiri færslur o.s.frv. Þannig að þessu þarf að breyta. Auk þess, herra forseti, þarf að athuga hvort það standist hreinlega til að mynda jafnræðisreglur og eðlilegar samkeppnisreglur að lífeyrissjóðunum sé að þessu leyti meinað að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði af þessu tagi. Á hverju ætla menn að byggja það að banna það? (**Gripið fram í:** Rekstrarkostnaður er svo lágur hjá þeim.) Það er kannski það að það er svo áberandi miklu hagkvæmara að menn sjá að hinir ættu litla möguleika í samkeppninni. Þetta sé þar af leiðandi einhvers konar viðskiptaleg hindrun eða tæknileg hindrun til að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðirnir geti í krafti hagkvæmni sinnar boðið upp á þetta fyrirkomulag. Þarna gæti til að mynda þurft að athuga reglur hins evrópska viðskiptaréttar um það hvort svona mismunun stenst og það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. fjmrh. hafi látið sína húskarla líta aðeins á það. Ég hef um það vissar efasemdir.

Nokkur fleiri atriði, herra forseti, gæti ég og hefði gjarnan viljað koma inn á en tími minn er senn á þrótum. Ég tel að þeir kaflar sem síðan lúta að réttindum, III. kafli um réttindi í lífeyrissjóði, IV. kafli um almenn skilyrði til lífeyrissjóðsrekstrar, starfsleyfi lífeyrissjóðanna o.s.frv. séu meira og minna eðlileg og þörf ákvæði sem akkúrat er nauðsynlegt að lögfesta þannig að samræmi komist á varðandi starfsemi sjóðanna. Sömuleiðis eru menn almennt sammála um að það þurfi að tryggja tiltekna fjárfestingarstefnu og ákveðnar reglur um áhættudreifingu og annað slíkt, það sé skynsamlegt. Því miður er það svo að þó að almennt hafi vel tekist til um rekstur lífeyrissjóða hér á landi, þá höfum við einstök sorgleg dæmi um að það hefur ekki gerst þar sem litlir sjóðir hafa tekið allt of mikla áhættu af viðskiptum við einstaka aðila og því þarf að breyta.

Í heildina tekið, herra forseti, er enginn vafi í mínum huga að það er framför fólgin í því að frv. af þessu tagi nái fram að ganga þó að vissulega mætti gera á því ákveðnar lagfæringar til að gera það enn þá betra.

[17:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því þegar síðasti hv. þm., 4. þm. Norðurl. e., ræddi hér um 8. gr. og talaði um að þar hlyti að hafa fallið niður ákvæði hvað áhrærði rekstur lífeyrissjóðanna og gat þess þá sérstaklega að hagur og rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna margra hverra eða flestra væri með ágætum. Þegar grannt er skoðað kemur í ljós að rekstur 70 lífeyrissjóða kostaði 690 millj. en rekstur sex verðbréfafyrirtækja kostaði 919 millj. Það kemur því rétt fram að lífeyrissjóðirnar geta örugglega tekið að sér slíkan rekstur sem þm. kom hér inn á, en þetta var aðeins innskot til þess að hnykkja á þessu máli.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get í aðalatriðum tekið undir andsvarið með hv. þm., þetta var eiginlega samsvar ef svo má að orði komast við minni ræðu. Því má svo bæta við til viðbótar því sem hv. þm. upplýsti réttilega um hagkvæmni þess að reka stóra og öfluga samtryggða lífeyrissjóði borið saman við kannski allt niður í pínulítil fyrirtæki sem þarna eru að spreyta sig, að lífeyrissjóðirnir hafa á undanförnum árum verið að taka mjög myndarlega til í sínum rekstri. Lífeyrissjóðir hafa sameinast í stórum stíl og stækkað og rekstur þeirra hefur batnað og það hafa almennt orðið faglegri vinnubrögð í rekstri þeirra að ég hygg. Ég gæti tekið dæmi t.d. af verulegri hagræðingu og endurskipulagningu lífeyrismála í mínu kjördæmi eða reyndar á Norðurlandi öllu þar sem er t.d. Lífeyrissjóður Norðurlands, þar sem velflestir stærstu lífeyrissjóðir á öllu Norðurlandi runnu saman og myndaður var einn tiltölulega öflugur sjóður sem auðvitað hefur mikla yfirburði í rekstrarlegu tilliti frá því sem áður var.

Frv. sem hér er á ferðinni vísar veginn til frekari hagræðingar í lífeyrissjóðakerfinu í þessa átt m.a. með ákvæðum um lágmarksfjölda aðildarmanna þannig að ég er í engum vafa um að verði þessi lagagrundvöllur undir starfsemi lífeyrissjóðanna á komandi árum festur í sessi, þá munum við sjá enn frekari þróun og hagræðingu í rekstri.

(**Forseti** (ÓE)**:** Það er rétt hjá hv. þm. að þetta var alveg á mörkum þess að vera andsvar.)

[17:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að ég verði að taka upp þráðinn því ég er ekki sammála mínum ágæta flokksbróður um það sem hann sagði eða gaf í skyn. Ég held að það sem við þurfum að hafa í huga í þessu máli þegar við erum að leitast við að ná niðurstöðu í málinu sé þetta: Við erum að virða kjarasamninga á milli tveggja aðila og í þessum kjarasamningi er gert ráð fyrir að aðilarnir sem eru misstórir og mismargir hafi helmingaskipti í völdum í sjóðunum. Það eru ekki kosnir menn á aðalfundi sjóðfélaga o.s.frv. þannig að reglurnar um þessa sjóði eru mjög sérstakar. Það væri óeðlilegt af því að séreignin er ekki félagslegs eðlis að slíkur hópur ætti rétt á því að ávaxta fé sem er miklu nær því að vera bankastarfsemi, vátryggingastarfsemi eða verðbréfastarfsemi, og það er þess vegna af því að við virðum kjarasamninginn og förum ekkert í það í þessum lögum að skylda menn til þess að halda aðalfundi, kjósa stjórnir o.s.frv. heldur virðum kjarasamninginn að við verðum þá líka að takmarka umsvifin, því að þau eru nú þegar þannig að eignin sem er á móti skuldbindingunum er 300 milljarðar. Við erum þegar búin að metta innanlandsmarkaðinn vegna þess að ríkið er búið að draga niður lánsfjárþörfina. Húsnæðiskostur landsmanna er nánast fullveðsettur hvað þetta snertir og nú á síðasta ári keyptu lífeyrissjóðirnir fyrir 5 milljarða á erlendum vettvangi. Þeir munu í framtíðinni rækja sitt hlutverk að leggja inn í atvinnulífið stórkostlega meira en í dag og ég held að það þurfi að taka tillit til þess að uppbygging þessara félagslegu fyrirbæra svarar ekki til þess að þeir geti tekið að sér almenna bankastarfsemi og orðið miklu miklu stærri en sem nemur félagslegu hlutverki þeirra.

[17:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Nú fannst mér, herra forseti, fara mjög í verra. Menn verða auðvitað að gera hér mjög skýran greinarmun á annars vegar samtryggingarkerfi og sjóðatryggingakerfi sem er hluti af lífeyrissparnaðaruppbyggingunni í þjóðfélaginu, nýtur skattfríðinda o.s.frv. og hins vegar frjáls sparnaðar einstaklinga. Það er enginn að tala gegn honum hér og það er alveg hið besta mál að honum sé líka fundið form til viðbótar eða ofan á hin skyldubundnu, samtryggðu lífeyrisákvæði. En hvers vegna, herra forseti, ættu menn þá ekki líka að hafa val og frelsi í þessa átt? Það er enginn að tala um að þvinga menn. Það er eingöngu verið að spyrja: Af hverju mega ekki félagsmenn í almennum lífeyrissjóði, ef þeir sjálfir svo kjósa, hafa frelsið til þess að segja: Svo vil ég til viðbótar fá að mynda hjá ykkur, minn ágæti lífeyrissjóður, minn prívat viðbótarsparnað. Af hverju ekki? Af hverju eru menn þá allt í einu orðnir á móti frelsinu? Jú, það var helst að heyra á hæstv. fjmrh. hér, sérkennilegum kafla ræðu hans um stjórnunarfyrirkomulag lífeyrissjóðanna, að þar væri pottur brotinn. Þeir væru í raun og veru, vegna einhverra helmingaskipta verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda og af því að ekki væri kosið með tilteknum hætti til stjórna, ekki nógu lýðræðislegir eða eitthvað því um líkt til þess að fara með þetta vald. En bíðum nú við: Ætli hinir séu það endilega? Höfum við einhverja tryggingu fyrir því að hjá þeim sem hér eiga samkvæmt 8. gr. að hafa einkarétt á þessu sé allt gull sem glóir? Og ég verð að segja alveg eins og er að mér fundust þetta býsna alvarleg ummæli hjá hæstv. fjmrh. ef ber að skilja hann sem svo að andstaðan við það að lífeyrissjóðirnir megi falla undir ákvæði 8. gr. sé fyrst og fremst byggð á því að þeim sé ekki treystandi til þess vegna þess hvernig til stjórnunar þeirra er stofnað. Því er ég í grundvallaratriðum algjörlega ósammála og ef menn teldu þar einhverju ábótavant, þá er að sjálfsögðu einnig hægt að hugsa sér að setja um það reglur.

[17:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég held, virðulegi forseti, að menn þurfi að skoða sérstöðu lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðirnir eru á kjarasamningssviðinu og hafa náttúrlega algera sérstöðu gagnvart því fólki sem þeir eru byggðir fyrir. Það liggur í augum uppi að slíkir lífeyrissjóðir hefðu hægan aðgang að því fólki til að bæta við sparnaði.

Þá kemur til skjalanna annað atriði sem mönnum má ekki yfirsjást. Það er að miklu strangari reglur um bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi gilda heldur en um starfsemi lífeyrissjóðanna vegna þess að ábyrgðin á lífeyrissjóðunum er slík að réttindin eru bara tekin niður ef eitthvað skortir á að eignirnar standi ekki undir skuldbindingum.

Í bankastarfsemi og starfsemi verðbréfafyrirtækja er allt öðruvísi fyrirkomulag. Þar eru ábyrgðarsjóðir á bak við inneignir og þess vegna er ábyrgðin miklu ríkari og meiri. Þetta þarf að skoða og þess vegna er gert ráð fyrir því í frv. að setja starfseminni bás, ekki bara þeirri starfsemi sem er á vegum almenna vinnumarkaðarins heldur líka hjá þeim sem eru utan við þetta svið þannig að munur verði gerður á því sem við köllum samtryggingarsjóð — sem nú heitir lífeyrissjóður í þessu frv., það er það sama — og síðan séreignarsparnaði, lífeyrissparnaði samkvæmt samningum við þá aðila sem geta rekið fyrirtæki og tekið við slíku. Þetta er meginástæðan fyrir utan það að ég held að ekki sé hyggilegt hjá þessari þjóð að setja eggin öll í sömu körfuna og blanda of mikið saman annars vegar félagslegum þáttum sem eru í samtryggingunni og hins vegar hreinum persónulegum eignum sem eru í séreigninni.

[17:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ætli þetta sé nú ekki mergurinn málsins, þ.e. að þetta sé haft svona í frv. af því að aðrir vilja komast í þetta fé. Og það sem meira er, aðrir eiga að hafa einkarétt á þessu fé. Lífeyrissjóðirnir eiga sem sagt alls ekki að fá að vera með inni í þessari mynd. (**Fjmrh.**: Þeir geta stofnað sín fyrirtæki.) Það er bara ekki sami hluturinn, hæstv. fjmrh. Þá er verið að þvinga menn út í einhvern skollaleik af því tagi. Ég held að það sé miklu eðlilegra og hreinlegra að hafa löggjöfina þannig að lífeyrissjóðirnir geti gert þetta sjálfir og ég fullyrði: Það eru engin lagatæknileg eða efnisleg vandkvæði á því.

Þetta er að sjálfsögðu þannig að þessi hluti starfsemi lífeyrissjóðanna yrði algerlega aðskilinn. Þetta er séreign hvers og eins einstaklings sem velur að vera með þennan viðbótarsparnað sinn hjá lífeyrissjóðunum og að sjálfsögðu yrði ekki gengið inn á þessa eign, enda væri hún aðskilin ef þyrfti að taka niður lífeyrisréttindin í almenna samtryggða kerfinu. Það yrði algerlega hólfað í sundur. Og það er enginn vandi að setja síðan inn í lögin ákvæði um að um þennan hluta starfsemi lífeyrissjóðanna skuli gilda lög um viðskiptabanka og sparisjóði eða aðrar fjármálastofnanir eftir því sem við getur átt alveg eins og það stóð alltaf í lögunum um innlánsdeildir kaupfélaganna að um þær skyldi gilda eftir því sem við gætu átt lög um viðskiptabanka og sparisjóði eða hvað það nú hét á sínum tíma. Þetta er fyrirsláttur. Það er hreinn og klár fyrirsláttur að það sé nokkur vandi að koma þessu fyrir.

Það má setja mjög stífar reglur um þennan aðskilnað. Það má ganga mjög tryggilega frá því að þetta sé svo. Við getum tekið til samanburðar t.d. reglurnar um fjármálalegan, bókhaldslegan og algjöran aðskilinn rekstrarþátt hjá fyrirtækum sem annars vegar eru með einkokun og hins vegar eru í samkeppni. Ekki hefur vafist fyrir mönnum að skilja þar á milli. Þá er bara áskilinn algjör fjármálalegur aðskilnaður og það gilda sitt hvorar reglurnar, sitt hvor lögin. Samkeppnislögin gilda um þá þætti starfsemi Pósts og síma sem er í samkeppni en önnur lög um restina, ekkert vandamál. Hér er því á ferðinni hreinn fyrirsláttur og það er þá miklu betra að menn komi til dyranna eins og þeir eru klæddir og segi sem er ef það er niðurstaðan að tekin hafi verið um það pólitísk ákvörðun að láta aðra aðila hafa einkarétt á þessu fé.

[17:20]

Útbýting þingskjala:

Dýralæknar og heilbrigðisþjónusta dýra, 583. mál, stjfrv. (landbrh.), þskj. 977.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál, nál. umhvn., þskj. 975; brtt. umhvn., þskj. 976.

[17:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það kom fram hjá forseta áðan að hann teldi að andsvar sem borið var fram væri tæplegast andsvar í skilningi þingskapa. Ég vildi því gjarnan fá nánari útlistun hjá forseta á því hvaða merkingu hann setur í það ákvæði þingskapalaganna. Ég er með þingsköpin og þó að það sé kannski ekki nýjasta prentun, þá hygg ég að sú grein laganna

sem fjallar um andsvör hafi ekki breyst og ég vil leyfa mér að lesa stuttan kafla úr þeirri grein, með leyfi forseta:

(**Forseti** (ÓE)**:** Það leyfist.)

„Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Skal þá sá er vill svara bera fram ósk um það við forseta. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki öðru andsvari. Hvert andsvar má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumanni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Heimilt er forseta að stytta ræðutíma hvers ræðumanns í þessum umræðum. Enginn má veita andsvar oftar en tvisvar sinnum hverju sinni."

Í þessu er enginn áskilnaður um hvað í andsvarinu á að vera. Það er engin skylda að andsvar eigi að vera andmæli við ræðunni. Það má þess vegna vera meðmæli við einstöku efnisatriði úr ræðu ræðumanns sem verður mönnum tilefni til andsvars. Það má líka vera hugleiðing sem kemur upp í huga manna og þeir vilja koma á framfæri í tilefni af einhverju í ræðu ræðumanns þannig að ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hæstv. forseti segir að hugleiðing hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar til frekari útlistunar á því sem kom fram í máli ræðumanns rúmist tæplega innan ramma laganna um andsvar. En þetta er allt í mestu vinsemd sagt af minni hálfu og ég vænti þess að forseti hugleiði málið ef hann hefur ekki svör á reiðum höndum.

[17:24]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti þekkir mætavel þessa grein þingskapa en það sem forseti átti við var það að venjan er sú í andsvörum að gera beinar athugasemdir við ræður þingmanna. Ef forseti hefur tekið rétt eftir andsvarinu, var ekki verið að finna sérstaklega að ræðunni. En menn geta haft sínar skoðanir á því hvort það eigi að nota andsvörin til þess að koma með eitthvert annað innlegg í málið eða að leggja áherslu á að viðkomandi sé sammála ræðumanni. Það er sjálfsagt allt til í því.

[17:24]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hér við 1. umr. um þetta stóra mál leyfa mér að segja örfá orð. Ég get vissulega tekið undir það með hv. 9. þm. Reykv. að í kringum lífeyrissjóðina og þá framtíð sem þeir eiga í vændum ríkir auðvitað ákveðinn tröllladans. Þar eru miklir peningar og verða og í lífeyrissjóðakerfinu liggja miklir hagsmunir bæði einstaklinga og atvinnulífs þannig að það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt.

Ég vil strax taka það fram að ég tel mig ekki í hópi nýframsóknarmanna, enn síður frjálshyggjuframsóknarmanna en hef þó oft leyft mér sem þingmaður og oftar en nokkur á síðustu árum að flytja þingmál um lífeyrissjóðina og vekja athygli á því hvers miklu þeir skipta einstaklinga og þjóðfélagið. Og ég mun fara nánar yfir það á eftir að ég hygg að þegar ég flutti mitt fyrsta þingmál um þetta efni fyrir einum 8–9 árum þá hafi staðan verið sú að lífeyrissjóðunum flestum var búinn bráður bani. Þeir mundu ekki eiga fyrir skuldbindingum sínum og þegar fólkið kæmi að þessum dyrum eftir 20–30 ár, þá fengi það ekki neitt af því eða lítið af því sem það hefði greitt inn. Ég vil því taka undir það með hv. þingmönnum að á þessu sviði á síðustu 8–9 árum hefur orðið mikil breyting til batnaðar og blasir nú allt önnur staða við. En þetta kerfi eins og öll önnur þarf á gagnrýni að halda.

Ég vil segja það um mínar skoðanir, og vil fara nánar yfir það á eftir, að ég vil byggja upp öryggiskerfi í þjóðfélaginu sem sé byggt á mannúð og ég er ekki þeirrar skoðunar að samfélagið eigi að vísa neinum á guð og gaddinn. Við verðum að hafa öryggisnet í samfélaginu en við verðum jafnframt að tryggja að landsmenn flestir sitji við sama borð hvað ákveðið mark varðar. Það er bara eins og á hverju heimili þannig að ég er að því leyti samtryggingarmaður og í mínum málflutningi hef ég aldrei gleymt því að samtrygging þarf að vera til staðar.

Ég er þeirrar skoðunar við upphaf 1. umr. um þetta stóra mál, að gallar séu í þessu frv. En þó tel ég mikilvæga niðurstöðu nást sem snýr að því, ef frv. verður að lögum, þá væru loksins ákveðin grundvallaratriði komin í eðlilegt horf sem varða rekstur, innra eftirlit og fjárfestingarstefnu og eftirlit með lífeyrissjóðunum komin í rammalöggjöf og í það horf sem ég tel að það þurfi að vera. Núna í þeim stríðsátökum sem hafa brotist út, þá heyrist manni svona í fjölmiðlaumræðunni og þjóðfélaginu að flestir telji allt í einu allt frv. til bölvunar og að það sé stórlega gallað á öllum sviðum. Ég tel svo ekki vera. Ég tel að frv., eins og ég hef rakið hér á mjög mörgum sviðum, sé mikilvæg endastöð þar sem Alþingi kemur að þessu máli og setur þessu mikla peningaveldi sem lífeyrissjóðirnir vissulega eru, rammalöggjöf og almenningur á eftir muni búa við meira öryggi en áður hvað þessa peningalegu eign sína varðar.

Ég vara við því að menn leysa ekki þetta stóra mál með styrjöld. Þetta er kerfi sem varðar alla þjóðina. Ég óttast þau átök sem hafa orðið um málið og að þau munu gera þinginu torveldara að ljúka því þannig að mér finnst ýmsir hafa farið offari hvað það varðar.

Auðvitað eru í mínum huga ókostir í þessu frv. sem þingið og nefndin mun fara yfir. Ég tel þá helsta vera að enn skortir valfrelsi einstaklingsins og viðurkenningu á að lífeyrissjóður er samfélag um einstaklinga og stofnaður fyrir þá en ekki einhverja stjórn eða stjórnarmenn. Enn skulu einstaklingar sæta því að vera skyldugir til að greiða í tiltekinn sjóð og geta ekki sagt upp aðild sinni þótt þeir viti að rekstri sé ábótavant, jafnvel þó ljóst sé að réttur sæti skerðingu og afkoma sjóðsins sé léleg miðað við sambærileg kerfi önnur. Þó skal ég viðurkenna að frv., ef það verður að lögum, tekur á því mikilvæga að í gegnum starfsleyfið verður hægt að stöðva rekstur sjóða sem stefna í gjaldþrot eða viðhafa lélegan rekstur þannig að þar kemur mikilvægt öryggisnet hvað þetta varðar en ég sakna þess að þar sé ekki eitthvert valfrelsi.

Ef ég skoða greinar frv., þá ég tel mikilvægt að fara mjög vel yfir 5. gr. Um hana ríkja um þessar mundir háværastar deilur á milli þeirra sem hafa greitt í séreignarsjóðina. Einhver hluti manna hefur alfarið verið í séreignarsjóðum af ýmsum ástæðum, t.d. þeim að mönnum í atvinnurekstri hafa verið búin þau skilyrði að stjórna lífeyrissjóðum launafólksins en fá sjálfir að vera í allt öðrum sjóðum alveg eins og forseti ASÍ hefur t.d. ekki greitt í sjóði Alþýðusambandsins heldur verið í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. (**JBH:** Ertu að tala um fyrrverandi forseta?) Ég er að tala um fyrrverandi forseta, hv. þm. Þetta var góð ábending. Ég velti fyrir mér hvernig menn ná samstöðu um þetta mál. Hvað þurfum við í samtryggingu og hvar eigum við að setja þakið?

Ég get tekið undir með hv. 9. þm. Reykv. að ég teldi ekki rétt að binda þakið við einhverja krónutölu eins og menn eru að tala um, að kannski 10, 12, 15 þúsund færu inn í samtryggingarsjóði af þá 100, 120, 150 þúsundum en því sem umfram væri réði einstaklingur. Þess vegna velti ég fyrir

mér hvort eðlilegt væri að hafa þessa prósentu örlítið lægri, að einstaklingurinn mætti kannski ráða því sem væri fyrir ofan 7%, 8%, og hefði frelsi með það hvort hann færi með það inn í eigin sjóði o.s.frv. Ég tel að þingið verði að fara mjög vel yfir þetta mál og ég hygg að það velti á þessari grein hvort hér verður samkomulag. Því vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel mjög eðlilegt að allir Íslendingar komi einhvers staðar að samtryggingunni. Þess vegna er það ekkert óeðlileg krafa að svo verði. En hvað prósentutöluna varðar tel ég að menn verði að skoða hvort hún geti verið ívið lægri til þess að ná sátt um málið.

Hér hefur verið dálítið rætt um 8. gr., um það hverjir hafi heimild til þess að veita móttöku viðbótariðgjaldi með samningi um lífeyrissparnað. Þar koma nýir aðilar og hér hafa menn velt því upp í umræðunni eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., af hverju lífeyrissjóðirnir hafa ekki einnig þessa heimild. Ég hygg að lífeyrissjóðirnir geti einnig komið inn í þetta og verði að gera það líkt og þau fyrirtæki sem hér eru nefnd. Þeir verða einfaldlega að stofna líftryggingafélag, að vísu samkvæmt EES-reglum og fleiru. Það kostar mikla peninga. Ég hygg að það kosti einar 90 millj. En stendur það fyrir Lífeyrissjóði verslunarmanna í Reykjavík eða SAL-sjóðunum eða öðrum að ganga þá leið? Ég hygg ekki. Til þess að jafnréttisgrundvöllur sé þar, þá hygg ég að þeir yrðu að koma að því máli á þennan hátt.

Það má spyrja sig hvernig stjórn lífeyrissjóðanna er skipuð, hvort það sé rétt gert í þessu frv. Ég ætla ekki að deila um það hér. Ég hefði vel getað séð fyrir mér aðrar leiðir í þeim efnum en þá sem frv. boðar, þ.e. að hinir lýðræðislegu aðalfundir kysu sér sjálfir stjórn o.s.frv.

Ég hef nefnt það að mér finnst mjög mikilvægt að um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna sem grundvölluð er í 36. gr. gildi ströng regla því hérna er nú einu sinni verið að handfjalla eftirlaun almennings á Íslandi.

Ég ætla aðeins í lokin, hæstv. forseti, að minnast á þingmál sem ég flutti árum saman og hét á sínum tíma: Um eigin eftirlaunasjóði. Þar boðaði ég annars konar kerfi og gagnrýndi lífeyrissjóðakerfið eins og það stóð á þeim tíma og vildi ná samstöðu um annað kerfi. Það kerfi hefur oft verið kallað hér sparisjóðsbókin eins og menn leyfa sér í þessari umræðu að kalla séreignarsjóðina. Ég hygg að það sé nú svo með flesta sem eru í séreignarsjóðunum að þeir hafi lært að spara og fari mjög vel með sína lífeyrissjóðsbók. Hún dugir þeim flestum vel og þó að einhver dæmi séu kannski um, eins og hér hefur komið fram, að einhverjir svartir sauðir hafi jafnframt svikist inn á almannatryggingakerfið, þá er auðvitað hægt að koma í veg fyrir það. Ég minni á þetta kerfi sem ég boðaði. Þar gerði ég tillögu um samtryggingu á sínum tíma þó að menn í gagnrýni sinni læsu það jafnan ekki, en þar segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Ríkið stofnar tryggingasjóð sem tekur við tryggingaþætti lífeyissjóðanna (örorkubótum, barna- og makalífeyrisgreiðslum). Sjóðurinn mundi starfa samhliða Tryggingastofnun ríkisins eða yrði felldur undir hana. Hér yrði um að ræða gegnumstreymissjóð og yrðu greiðslur til hans innheimtar í staðgreiðslunni."

Þetta var öryggisnetið í því kerfi sem ég lagði til þá. Ég vil að það komi hér skýrt fram að ég tel að séreignarsjóðir eða eigin eftirlaunasjóðir gangi ekki upp nema þetta öryggisnet sé fyrir hendi.

Ég veit ekki hvort ég á, hæstv. forseti, að vera að lengja þessa ræðu mína. Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál nái fram á þinginu og menn leggi sig fram, bæði stjórnarflokkar og stjórnarandstaða, að ná um það samstöðu þannig að sem flestir aðilar uni sáttir við sitt að leik loknum.

[17:40]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er áhugasamur um að reyna að skilja meininguna í málflutningi hv. 2. þm. Suðurl. Satt að segja lagði ég mjög við hlustir þegar hann í ræðu sinni hér gagnrýndi að það skorti mjög á um valfrelsi. Af einhverjum ástæðum er ég ekki vanur því að heyra talsmenn landbúnaðarkerfisins tala um að það skorti mjög á um valfrelsi fólks og ég spyr: Hvernig er það, telur hv. þm. að meiri nauðsyn sé á því að launafólk njóti valfrelsis en aðrir? Og ef það má njóta valfrelsis, hvers vegna mega þá bændur, umbjóðendur hans, sunnlenskir bændur, vinir hans og aðdáendur, ekki njóta valfrelsis? Ég held að enginn hópur manna í þessu þjóðfélagi hafi verið kirfilegar sviptur með lögum, sérlögum og ólögum, öllu hugsanlegu valfrelsi og mega ekki um frjálst höfuð strjúka.

Ég spyr sérstaklega vegna þess að hv. þm. sagði líka að hann teldi nú satt að segja eðlilegt að þetta væri skylda, að það væri skylduaðild að lífeyrissjóðum. Þá er spurningin: Hvernig er hægt að skylda menn til þess að vera í lífeyrissjóðum og skylda menn til þátttöku í samábyrgð en krefjast jafnframt valfrelsis frá samábyrgðinni, því að um það snýst valfrelsið? Það er að víkja sér undan sameiginlegum skuldbindingum en ætlast samt til þess að menn njóti sömu skattalegu hlunnindanna engu að síður og þeir sem bera byrðarnar af samtryggingunni.

[17:42]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur jafnan áhyggjur af bændum en litla þekkingu á stöðu þeirra. Þeir eru nú um margt frjálsir menn. Þeir hafa á mjög mörgum sviðum valfrelsi og eru kannski enn þá frjálsari heldur en hv. þm. þó að auðvitað hafi sorfið að bændum í efnahagslegum kjörum. En enginn hefur farið meira offari gegn íslenskri bændastétt en hv. 9. þm. Reykv. og væri staða hans í íslenskri pólitík önnur ef hann hefði þar talað af meiri hógværð. (Gripið fram í.) Því hygg ég að margir menn hefðu fylgt honum að málum ef hann hefði gætt sín í þeirri umræðu. Verður það svartasti bletturinn á minningunni um þennan ágæta stjórnmálamann. (**Gripið fram í:** Þekkir þingmaðurinn ekki skoðanakannanirnar?)

Hvað valfrelsið varðar sem ég nefndi, þá rakti ég það að mér finnst oft að einstaklingurinn sé aukaatriði í þessari umræðu, að tröllin sem ætli að ráða sjóðunum fái sitt fram. Ég fór yfir það að mér þætti það hart ef ég stæði frammi fyrir því að greiða í illa rekinn sjóð og gæti alls ekki sagt mig úr honum. Það var þetta valfrelsi sem ég átti við, hv. þm.

[17:44]

Jón Baldvin Hannibalsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að gera aðra tilraun til þess að fá hv. þm. til þess að skýra hugsun sína um leið og ég tek undir með honum að bændur eiga vissulega eitt valfrelsi, þ.e. frelsið til þess að segja sig úr lögum við kerfið sem sviptir þá frelsinu, þ.e. að hætta búskap eða una að öðru leyti þeirri fullkomnu frelsisskerðingu sem yfir þá hefur verið leidd.

Telur hv. þm. að ef maður kýs í nafni valfrelsis að vera í sjóði sem víkur sér alveg frá öllu því sem heitir áfallatryggingar, þ.e. fjölskyldutryggingar, makatryggingar o.s.frv. og

tryggir heldur ekki ellilífeyri til loka ævinnar, að sá hinn frjálsi maður sem þetta velur eigi að hafa sama rétt til skattfrelsis í iðgjöldum og til skattmeðferðar í kerfinu eins og hinn sem tekur á sig allar skuldbindingarnar? Telur hv. þm. að þetta sé sambærilegt? Vegna þess að ef það er svo að sá sem ekki tekur á sig skuldbindingarnar en nýtur bara réttarins, er hann þá í raun og veru ekki að fara fram á ákveðin forréttindi?

[17:45]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. hefur ekki verið hér í salnum þegar ég fór yfir þetta atriði. Ég sagði í upphafi máls míns að ég teldi mjög mikilvægt að allir Íslendingar byggju á ákveðnum sviðum við ein lög og eina reglu og ég væri þeirrar skoðunar að hvort sem menn væru launþegi eða atvinnurekandi, þá ætti engum að líðast að taka ekki þátt í ákveðinni samtryggingu sem snýr að því sem hv. þm. nefndi hér áðan, örorkunni. Þar verðum við að koma að. Menn verða að hjálpa hverjir öðrum með barnabætur o.fl. þannig að ég er samtryggingarmaður upp að ákveðnu marki og tel að allir Íslendingar eigi með einhverjum hætti að koma að því.

[17:46]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil biðja hv. þm. að gæta sín svolítið í hugtökunum þegar hann talar um valfrelsi eins og var reyndar rakið af hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrr í dag. Ef valfrelsi verður leyft í lífeyrismálum, þá þýðir það að t.d. konur og þeir sem minna mega sín í þessu þjóðfélagi hrekjast *inn í mjög veika og laka lífeyrissjóði. Það er þetta sem málið* snýst um þegar við viljum tryggja ákveðna samtryggingu. Það er gert þannig að allir taka þátt í henni upp að 10%, en hafa hins vegar val með það sem er fram yfir. Um þetta snýst málið.

Eitt vil ég draga fram í umræðuna sem ekki hefur komið fram áður. Það er 4. gr. frv. og ástæðan fyrir því hvað séreignarsjóðirnir eru grimmir í dag, að nú á að greiða inn í samtrygginguna 10% af öllum launum, ekki einhverjum tilbúnum launum eins og hingað til hefur oft verið greitt af og síðan eru menn með viðbótarsparnað sinn í séreignarsjóðunum. Nú er kveðið skýrt á um að greiða á af öllum launum nákvæmlega eins og við gengum frá með opinberum starfsmönnum fyrr í vetur. Hérna er ákveðið grundvallarmál á ferðinni sem menn hafa ekki alveg áttað sig á, en skýrir hörku séreignarmannanna og séreignarsjóðanna sem sjá fram á að þeir verða að taka virkari þátt í samtryggingunni. Þetta er mikilvægt atriði.

Einnig vil ég leiðrétta hjá þingmanninum að illa reknir sjóðir og fjárhagslega veikir sjóðir er liðin tíð. Þeir starfa eftir mjög ströngum reglum nú orðið og SAL-sjóðirnir eru fjárhagslega mjög sterkir og eiga fyrir skuldbindingum sínum. Þróunin hefur verið mjög jákvæð undanfarin ár. Menn verða að hafa það í huga. Það sem er hins vegar meingallað í þessu frv. og ég vil biðja hv. þm. um að tjá sig um það sem er getið um í 2. gr. um aðild á grundvelli ráðningarsamninga, það er sem sé grafið undan kjarasamningsfyrirkomulaginu, því að við getum verið sammála um það að auðvitað eiga að vera sem frjálsastir samningar um þessa hluti. Ég vildi spyrja hv. þm. hvort hann taki undir athugasemdir bæði verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda að þarna er stigið *varhugavert skref*.

[17:49]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svona þegar menn ganga út og inn undir ræðum þingmanna og koma síðan og vita allt um þær eins og gerðist núna hjá hv. þm. Ég fór mjög glöggt yfir það í upphafi máls míns að þegar ég byrjaði að gagnrýna lífeyrissjóðina fyrir 8–9 árum og gagnrýndi þá hart, þá var talið að þeir ættu ekki fyrir skuldbindingum sínum. Ég sagði í ræðu minni áðan að sem betur fer væri það liðin tíð og flestir sjóðirnir ættu nú fyrir sínum skuldbindingum. Ég hef reyndar oft rakið það af öðrum ástæðum. Lífeyrissjóðirnir hafa verið þeir sem hafa ráðið því okurvaxtastigi sem hefur ríkt á Íslandi í 10 ár. Þeir hafa farið í broddi þeirrar kröfugerðarmanna sem hafa krafið ríkið um hærri vexti á spariskírteinum, meiri afföll af húsbréfum o.s.frv. Það góða sem við getum þó fagnað er að þeir eiga flestir nú fyrir skuldbindingum sínum. Þeir hafa hagrætt í rekstri sínum og þeim hefur fækkað um helming á þessum tíma og reksturinn er með allt öðrum hætti. Þannig að þetta var skoðun mín í þessu efni, hv. þm.

Ég vil enn fremur segja um valfrelsið og hv. þm. talar um að menn mundu hrekjast inn í veika sjóði o.s.frv. Nú er sjóðunum dálítið skipt. Einn sterkasti sjóðurinn er þó Lífeyrissjóður verslunarmanna í Reykjavík. Verslunarmenn í Reykjavík hafa ekki verið hingað til taldir hátekjumenn en það er mjög sterkur sjóður sem þeir hafa byggt upp og svo er auðvitað með fleiri sjóði, ekki síður þá sjóði sem láglaunafólkið hefur komið að. Ég hygg að SAL-sjóðirnir *séu mjög sterkir*.

[17:51]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði á alla ræðu hv. þm. og vil aftur ítreka það að samkvæmt mínum upplýsingum munu allir SAL-sjóðirnar eiga fyrir sínum skuldbindingum, ekki flestir heldur allir og það er þessi ánægjulega þróun sem hefur verið.

Það sem ég er að vara við og ég vona og skynja að hv. þm. er því raunverulega sammála í sambandi við orðið valfrelsi, því að ég er valfrelsismaður. Ég vil að einstaklingur fái að velja, það er lífsskoðun. Það er lífsskoðun okkar allra að það taki enginn val af einstaklingum. En með þessu orði, valfrelsi, er verið að rökstyðja að kerfi fjármagnsins eigi að ráða hvað viðvíkur eftirlaunum og örorkubótum landsmanna. Og menn verða að gæta sín mjög á þessu hugtaki vegna þess að orðið valfrelsi er mjög fallegt orð. Það hefur hins vegar ekkert með valfrelsi að gera ef öllum einstaklingum verður heimilt að velja sér sinn lífeyrissjóð. Þetta er nákvæmlega það sama og ef ég sem skattgreiðandi gæti valið í hvað skattarnir mínir færu og gæti valið að engir af mínum skattpeningum færu í að leggja vegi á Suðurlandi sem dæmi. Þetta er álíka fráleitt. En þetta er það sem málið snýst um. Ætlum við að standa saman að tilteknum hlutum hér í þjóðfélaginu eða ætlum við ekki að gera það? Við höfum náð saman um að standa saman að því að sköttum sé ráðstafað í þágu okkar allra. Við erum ekki alltaf ánægð með það og við tökumst á um það pólitískt. Við höfum náð saman um það að byggja upp lífeyriskerfi sem við erum öfundaðir af víða um heim. Og við eigum að fara varlega í það að rústa því, að setja það í hættu og nota til þess hugtök sem eru falleg því að það er *þannig sem menn eyðileggja góð kerfi. Menn kunna að bera* kápurnar á báðum öxlum. Menn kunna að reka áróður fyrir hagsmunum sínum og það er það sem er að gerast hér. Hér

eru þeir sem ætla sér að verða tröll en eru litlir í dag. Það má vel vera, en þeir ætla sér að ná hlut í 300 milljörðunum. Um það snýst málið og ekkert annað.

[17:53]

Útbýting þingskjala:

Bókhald, 446. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 978.

Lífeyrisréttur öryrkja, 581. mál, fsp. PHB, þskj. 973.

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, 582. mál, fsp. PHB, þskj. 974.

[17:54]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Forseti kynnti hér áðan að dreift hefði verið tveimur fyrirspurnum, annars vegar til forsrh. um lífeyrisrétt öryrkja frá hv. þm. Pétri H. Blöndal og hins vegar til fjmrh. um skuldbreytingar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, einnig frá Pétri H. Blöndal. Við erum að ræða hér lífeyrismál, skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Það sem ég vildi spyrja hæstv. forseta að er af hverju þessar fyrirspurnir hafa verið leyfðar. Ég vil rifja upp að fyrir nokkru kom upp mjög svipað tilvik. Fram kom fyrirspurn sem tengdist ákveðnu þingmáli þar sem forseta fannst, og forseti hefur rétt til að leggja mat á fyrirspurnir, að fram kæmu spurningar sem hefðu átt að koma fram í þingnefnd. Það mál endaði með því að ákveðið samkomulag var gert um það ferli og er í sjálfu sér ekkert meira um það að segja. Hins vegar sé ég hér að fram koma tvö þingmál, fyrirspurnir sem ber að svara, fyrirspurnir sem tengjast því þingmáli sem við erum að ræða. Ég ætla ekkert að segja um efni fyrirspurnanna, allt saman góðar og gegnar upplýsingar, enda fyrirspyrjandi maður sem þekkir vel til lífeyrismála. Vitaskuld eru þetta efnisatriði sem væru áhugaverð bæði í þessari umræðu og umfjöllun nefndarinnar. En, herra forseti, ég skil ekki af hverju þessar fyrirspurnir fá leyfi til framlagningar, af hverju þeim er ekki synjað og þingmaðurinn ætti þá rétt á að bera þær upp til atkvæða. Ég sé engan eðlismun á þessum spurningum. Hér er verið að spyrja um nauðsynlegt iðgjald, heildarskuldbindingar lífeyrissjóða og marga aðra þætti sem vitaskuld koma inn í þá heildarlöggjöf sem hér er verið að ræða.

Herra forseti. Ég óska skýringa. Mér sýnist ekki vera samræmi hér á milli og vildi gjarnan að forseti mundi rökstyðja þá ákvörðun sína að bregðast svona við þessum fyrirspurnum en hafði aðra afstöðu að því er mér fannst hér við það mál sem ég rakti hér áðan.

[17:56]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti er tilbúinn til að kanna það, en eftir því sem hann best man, þá er hér ekki um sambærileg tilvik að ræða. Hann man þó ekki nógu glöggt það mál sem hv. þm. er að vísa til, minnir að það hafi verið varðandi bankamál. (**ÁE:** Það er bankamál, já.) Já. Forseti sá ekki við skjótan yfirlestur að þessar fyrirspurnir vörðuðu sérstaklega það mál sem hér er til umræðu og væri til þess að spilla fyrir að þær væru leyfðar.

[17:56]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er ekki um að ræða að fyrirspurnirnar stangist á við mál sem hér er verið að ræða. Um það snýst málið ekki. Svo ég rifji upp fyrra málið, þá var það í sambandi við frv. um bankamál og fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðmundi Árna Stefánssyni. Þá var það skoðun forseta, sem ég var að vísu ekki sammála, að efni fyrirspurnanna væri þess eðlis að það væri það nátengt þingmálinu að ekki bæri að leyfa þær. Eftir þessum upplýsingum ætti að kalla í þingnefnd. Það varð niðurstaða forseta og það mál endaði með samkomulagi.

Hér er komið með fyrirspurnir sem tengjast þessu þingmáli. Hér er nákvæmlega sambærilegur hlutur á ferðinni. Hins vegar virði ég vitaskuld forseta það að hann hafi kannski ekki við skjótan yfirlestur áttað sig á samhengi þessa máls. Nú þekki ég ekki þingsköp nógu vel en ég vildi hins vegar biðja forseta um að endurmeta þetta mál þannig að þessar fyrirspurnir fái þá sömu meðferð og sú fyrri. Ég mundi fyrir mitt leyti vilja stuðla að því að allar þær spurningar komi til svars í efh.- og viðskn. sem ég sit í og gætu þannig orðið grundvöllur fyrir faglega umfjöllun. Mál mitt snýst ekki á nokkurn hátt um það að hindra að svarað sé hinum ágætu spurningum frá hv. þm. Pétri H. Blöndal. Hér er fyrst og fremst um formið að ræða og ég fer þess á leit við hæstv. forseta að hann endurmeti þetta mál og skoði það nánar, og ef hann hefur til þess vald, að setja þá þessar fyrirspurnir í eins farveg og ákveðið var með hina fyrirspurnina. Ég mundi vilja leggja mitt lið við því að þetta mál leystist á friðsamlegan hátt, en mér finnst að ekki sé hægt að gera hér upp á milli einstakra þingmanna eða mála. Ef forseti hefur hins vegar ekki séð samhengið við skjótan yfirlestur, þá á hann vitaskuld þann rétt, og ég fagna því ef forseti gæti gefið sér þann tíma að setja sig þá vel inn í málið og kynna okkur þá síðan niðurstöðu sína.

[17:59]

Pétur H. Blöndal *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þessar tvær fyrirspurnir eru búnar að vera í vinnslu nokkuð lengi. Önnur er reyndar sambærileg og nánast sama fyrirspurn og ég lagði fyrir hæstv. forsrh. á síðasta þingi þannig að það að hún skuli koma núna er tilviljun. Það er hrein tilviljun að fyrirspurnunum er útbýtt núna og það er alveg satt því að ég lagði þær inn á skrifstofuna til skoðunar fyrir 3–4 dögum. Það var reyndar fyrir helgina sem ég lagði þær fram þegar nefndafríið var, og varð að bíða þá, þannig að þetta er orðið nokkuð gamalt. Ég lagði þessar fyrirspurnir fram fyrir nefndavikuna þannig að þær eru orðnar svo gamlar. Og það að ég skuli þá hafa vitað hvað er til umræðu núna er alveg út í hött þannig að það má segja að það sé bara tilviljun að þær koma núna fram og svo sem ágætt til að upplýsa málið.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti tekur þetta mál til athugunar.)

[18:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í ræðu sinni fyrr í dag mæltist hæstv. fjmrh. til þess að það ríkti nú friður og eining um þetta mál. Ég hygg að sú umræða sem hér hefur átt sér stað í dag og sú umræða sem þegar er hafin úti í samfélaginu sýni að það verði ekki mjög friðsamlegt í kringum þetta mikilvæga málefni. Því nefni ég þetta að mér þykir afar mikilvægt að hér náist samstaða um afgreiðslu þessa máls sem allra fyrst og að því verði lokið nú á vordögum. En það er svo sem engin furða að menn rjúki upp til handa og fóta því að eins og fram hefur komið hér í dag, þá fara auðvitað gríðarlegir fjármunir um hendur lífeyrissjóðanna og þeirra sem þar vinna. Það hefur komið skýrt í ljós á undanförnum mánuðum að ýmsa fýsir að komast í það fjármagn og þarf ekki annað en minnast þess sem komið hefur fram hjá Landsbankanum við kaup þeirra á VÍS og yfirlýsingar formanns bankaráðsins sem hefur látið í

ljós áhuga á því að bankinn færi sig inn á svið líftrygginga sem er reyndar nokkuð sem er í miklum vexti erlendis, að líftryggingar verða æ öflugri.

Það vill nú svo til að hér á landi búum við við allt öðruvísi kerfi sem eins og kemur fram í greinargerð þessa frv. er talið með því besta sem finnst í heiminum og aðrar þjóðir eru farnar að líta til sem fyrirmyndar. En víða erlendis eins og t.d. í Bandaríkjunum hefur það tíðkast mjög lengi að einstaklingar kaupa sér eða fyrirtækin sem þeir vinna hjá kaupa slíkar tryggingar.

Þau deilumál sem hér eru uppi snúast fyrst og fremst um skylduaðildina og um þá samtryggingu sem hún felur í sér. En það má vera nokkuð ljóst að þeir sem ekki eru aðilar að lífeyrissjóðum taka ekki þátt í samtryggingu samfélagsins. Maður spyr sig að því hvort að þeir sem eru nú að mótmæla og stofna samtök til þess að ná fram breytingum á þessu frv. líti þannig á að þeir eigi ekki og jafnvel vilji ekki taka hlut í samtryggingunni. Þegar menn eru að tala um valfrelsi og það að einstaklingarnir, hverjir sem þeir eru, hafi rétt til þess að velja um það í hvaða sjóði þeir eru, þá gefur það auga leið að slíkt valfrelsi hleypir öllu þessu kerfi upp. Það þýðir að þá fara menn í keppni um einstaklingana, fara að keppast um að ná þeim til sín og auðvitað sækjast menn þá eftir þeim sem mestar hafa tekjurnar og borga þar af leiðandi mest í sjóðina, en það kallar á ákveðna hættu á að þeir sem lægst hafa launin sitji eftir og þeirra sjóðir verði ekki eins öflugir.

Það sem ég hef einna helst velt fyrir mér í þessu samhengi og tengist þessari skylduaðild er staða þeirra sem standa utan stéttarfélaga. Mér finnst vera ákveðið vandamál í þessu dæmi hvernig eðlilegt er að ná til þeirra. Ég vil vísa m.a. til þess sem fram kemur í athugasemdum frá Alþýðusambandinu þar sem bent er á að eins og kerfið er núna þá kemst ákveðinn hópur einyrkja og atvinnurekenda á einn eða annan hátt undan tryggingarskyldu og það er enginn aðili sem fylgist með því hvort þeir greiða í lífeyrissjóði. Ég spyr mig, þó að þessi lagalega skylda komist á, þ.e. að öllum beri að vera aðilar að lífeyrissjóði, hvort því sé nægilega fylgt hér eftir að fylgjast með því að svo sé. Hvernig á að fylgjast með því að menn séu í lífeyrissjóðum og greiði í þá? Hvernig verður eftirlitinu með því háttað? Þeir sem ekki eru í stéttarfélögum og eru ekki bundnir af kjarasamningum velja þá um ákveðna sjóði. Sú regla hefur verið gildandi að menn hafa verið í sjóðum á sínu atvinnusviði. Sjálfstæðir iðnaðarmenn hafa verið í sjóðum iðnaðarmanna o.s.frv. En nú eiga menn að velja. Og fyrst hæstv. fjmrh. er nú genginn í salinn, þá vil ég gjarnan endurtaka þessa spurningu til hans sem ég var að velta upp. Hæstv. fjmrh., hvernig á að tryggja, hvernig á að fylgjast með því að þeir sem ekki eru aðilar að stéttarfélögum og kjarasamningum séu í lífeyrissjóðum og greiði til þeirra? Þetta er mjög óljóst í mínum huga. Við vitum að nú er nokkur hópur sem er utan slíkra sjóða.

Vandinn í þessu dæmi finnst mér vera hvernig eigi að fara með þá sem standa utan sjóða og eru ekki í stéttarfélögum og hver réttur samfélagsins sé til að knýja þá til skylduaðildar þar sem það er svo greinilegt að ekki eru sömu hagsmunir á ferð. Við skiljum öll að það eru hagsmunir og í raun og veru skylda og fagleg tilfinning, við skulum segja t.d. hjúkrunarfræðinga, kennara eða hverra sem er, að styðja sína stétt og halda utan um hagsmuni sinnar stéttar. En málið horfir svolítið öðruvísi við sjálfstæðum einstaklingum sem reka sín fyrirtæki og um gilda aðrar reglur en auðvitað ber þeim skylda til að taka þátt í samtryggingu samfélagsins. Og ef það er komin á skylduaðild með lögum, þá verður hún auðvitað að ná til allra. Það er grundvallaratriði að hún nái til allra.

Þessi umræða sem hér er hafin og það frv. sem liggur fyrir tengist því sem menn eru sem betur fer að gera sér æ betur grein fyrir, þ.e. að aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er að breytast og að öldruðum mun fjölga hér jafnt og þétt á næstu árum og áratugum svo framarlega að ekki gerist eitthvað sem breytir þeirri þróun. Ég hef í umræðum, m.a. um heilbrigðiskerfið og framtíðina, margoft komið að þeirri spurningu hvernig við ætlum að standa undir allri þeirri miklu félagslegu þjónustu sem augljóst er að við þurfum að sinna. Þetta er mikil og stór grundvallarspurning sem önnur samfélög eru farin að glíma við vegna þess að þau eru einfaldlega lengra komin í þessari þróun en við. Ég nefni þar t.d. Svía, Frakka, Þjóðverja og fleiri. Því er það auðvitað hárrétt pólitík sem hér hefur komið fram og það hefur alltaf verið markmið lífeyrissjóðanna að tryggja vinnandi fólki ákveðinn lífeyri á elliárum og að létta þar með á almannatryggingakerfinu sem fyrst og fremst hefur það hlutverk að aðstoða þá sem verst standa að vígi sem eiga við sjúkdóma eða örorku eða önnur alvarleg vandamál að stríða og hafa ekki lagt fyrir og hafa ekki getað lagt fyrir. En við vitum að býsna stór hópur fólks sem nú er að komast á efri ár hefur ekki verið í lífeyrissjóðum eða hefur verið í þeim tiltölulega skamman tíma og þar af leiðandi er augljóst að um allnokkurt skeið verður töluvert álag á almannatryggingakerfinu. En eftir því sem lífeyrissjóðirnir verða öflugri og fleiri og fleiri komast á efri aldur sem hafa greitt í lífeyrissjóði mestallan sinn starfsaldur, því meira mun létta á kerfinu og ég undirstrika nauðsyn þess að við eigum hér gott og öflugt heilbrigðis- og almannatryggingakerfi.

Það eru nokkur atriði varðandi þetta frv. sem ég hef mikinn áhuga á og eitt af því er m.a. lýðræðið í sjóðunum. Það má segja að það sé mál sem snýr að verkalýðshreyfingunni annars vegar eða félögum launafólks annars vegar og vinnuveitendum hins vegar, þar sem þeir koma að borðinu, hvernig þeim málum er háttað. Ég vildi sjá meira lýðræði í sjóðunum, að fólk væri virkara í að fylgjast með og hafa áhrif á stefnuna og að betur væri staðið að upplýsingum til félaga. En í þessu frv. er gert ráð fyrir því að áfram verði það fyrirkomulag við lýði að stéttarfélög annars vegar og vinnuveitendur hins vegar eigi jafna aðild að stjórnum sjóðanna en síðan verði haldnir ársfundir þar sem sjóðfélögum gefst kostur á að koma og fylgjast með, með umræðu- tillögurétt, eins og segir í 30. gr. Þetta gefur fólki ekki beinlínis kost á því að hafa áhrif en það er þó til bóta að skylda alla sjóði til þess að halda ársfundi því ég hygg að nokkur misbrestur sé á því að það sé gert. En þetta er ákveðið samningsatriði. Lífeyrissjóðirnir flestir eða þeir sem talist hafa til lífeyrissjóða eru fyrst og fremst eign þeirra sem eru aðilar að þeim.

Ég ætla þá að koma að einstökum atriðum frv., hæstv. forseti, þó að ég gæti tekið hér ýmislegt til umræðu og rætt um málið almennt. En það hafa aðrir gert á undan mér og ég get tekið undir það flest. Í fyrsta lagi vil ég taka undir þá spurningu sem hér hefur komið fram varðandi 2. gr. þar sem ráðningarsamningar eru tíundaðir. Menn hafa velt því nokkuð fyrir sér hvað þetta þýðir í raun og veru, ekki síst vegna þess sem stendur í greinargerðinni á bls. 22 um 2. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Sé ekki kveðið á um aðildina í sérlögum eða kjarasamn-

ingi getur vinnuveitandi gert þá kröfu í ráðningarsamningi að starfsmaður hans greiði í tiltekinn lífeyrissjóð."

Það er sem sagt á valdi vinnuveitenda að ákveða í hvaða sjóði starfsmaður hans verður. Það er auðvitað spurning hvort þetta sé eðlilegt og hversu víðtæk þessi heimild getur orðið og hver sé eiginlega meiningin með þessu.

Ég las í viðtali við hæstv. fjmrh. að hann teldi gagnrýni bæði Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins á þetta atriði vera á misskilningi byggða, en það er sannast að segja afar óljóst hvað þetta þýðir.

Það sama gildir um 5. gr. Hún er nokkuð óskýr í orðalagi. Ég skil hana þannig að skyldutrygging skuli ávallt og ævinlega vera að lágmarki 10%. Hún getur verið hærri. Skyldutrygging getur verið hærri og þar með tel ég að greinin nái utan um lögin um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og síðan þetta að allt sem er fyrir ofan 10% geti skipst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald, fyrir utan lágmarksiðgjaldið sem opinberir starfsmenn greiða. En það þarf að vera algjörlega skýrt hvað við er átt í þessu þannig að ekki sé hægt að draga það á nokkurn hátt í efa.

Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á 8. gr. og það atriði að lífeyrissjóðirnir skuli ekki hafa heimild til þess að ávaxta viðbótariðgjöld sinna félagsmanna. Ég kaupi nú ekki þau rök sem hér hafa komið fram hjá hæstv. fjmrh. Mér finnst í sjálfu sér engin lausn að lífeyrissjóðirnir fari að stofna líftryggingafélög. Mér finnst það bara ekki vera á þeirra starfssviði að fara að stofna sérstök líftryggingafélög til þess að ná utan um viðbótarsparnað síns fólks. Ef einhvers staðar á að vera valfrelsi, þá er það í þessu, hvort einstakir sjóðfélagar vilja að þeirra viðbótarsparnaður sé hjá lífeyrissjóðnum eða einhvers staðar annars staðar. Eins og hér hefur komið fram, þá hafa lífeyrissjóðirnir tekið verulega og rækilega til í sínum ranni og alla vega lífeyrissjóðirnir sem eru á almennum markaði, SAL-sjóðirnir, standa flestir nokkuð vel að vígi og þeim hefur tekist að ávaxta sitt fé mjög rækilega, enda fýsir marga að komast í þann mikla sjóð og út á það gengur auðvitað allt þetta mál eins og hér hefur komið fram í dag. Ég hygg því að þetta sé atriði sem hv. efh.- og viðskn. þurfi að athuga mjög rækilega.

Þá vil ég aðeins víkja að atriði í 15. gr. Það er atriði sem lýtur að því að takmarka rétt fólks til örorkulífeyris. Hér efst á bls. 5, og ég vil vekja sérstaka athygli á þessu, er vikið að því að það má skerða hjá þeim, eða ég skil það þannig, sem hafa orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Mér finnst þetta atriði orka mjög tvímælis. Ég lít svo á að fólk sem orðið hefur fórnarlömb ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna sé ekki sjálfrátt gerða sinna og eigi oft og tíðum í raun og veru við sjúkdóm að stríða og það er almennt orðið nokkuð viðurkennt í okkar samfélagi að áfengissýki sé sjúkdómur þó að um það megi reyndar deila. Mér finnst ekki að það eigi að kveða á um það í lögum að fólk sem verður öryrkjar vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna verði fyrir skerðingu af þeim sökum. Ég vil beina því til nefndarinnar að athuga þetta atriði sérstaklega. Mér finnst þetta ekki mannúðlegt, ég verð að segja það alveg eins og er.

Þá langar mig að beina spurningu til hæstv. fjmrh. vegna 21. gr. þar sem kveður á um að að jafnaði skuli minnst 800 sjóðfélagar greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs, þ.e. ekki er heimilt að starfrækja lífeyrissjóð nema í honum séu minnst 800 sjóðfélagar. Mig langar hreinlega til að forvitnast um það hvað þetta þýðir. Er falin í þessu hvatning til lífeyrissjóða til þess að sameinast? Eru enn þá starfandi margir sjóðir sem hafa félagatölu sem er undir 800? Það kemur ekki fram í skýringum við greinina. Hvernig er þessi viðmiðun tilkomin? Ég spyr hvort ekki væri ástæða til þess að hafa þessa tölu einfaldlega hærri til þess að hvetja til frekari sameiningar og hagræðingar því að það hlýtur öllum að vera ljóst að því stærri sem sjóðirnir eru, því öflugri eru þeir og því betur geta þeir tryggt hag sinna félaga.

Ég hafði líka skrifað hjá mér 29. gr. en ég var reyndar búin að koma inn á það atriði, það lýtur að stjórn lífeyrissjóðanna sem skal tilnefnd af samningsaðilum þegar það á við. En það segir þó hér, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að kveða á um annað í samþykktum sjóðsins."

Ég vildi nú gjarnan heyra hvernig hæstv. fjmrh. túlkar þetta atriði. Hversu langt væri hugsanlegt að ganga í annarri samsetningu stjórnar eða aðkomu félaga að stjórn sjóðsins? Er þarna um opnun að ræða hvað þetta varðar?

Hæstv. forseti. Tíma mínum er alveg að ljúka og ég held að ég hafi komið að flestu því sem mér finnst skipta mestu í þessu. Ég tek mjög sterklega undir það að samtrygging er afar mikilvæg í okkar samfélagi, en ef menn koma á þeirri skyldu að allir eigi að taka þátt í samtryggingunni þá verður auðvitað að vera hægt að tryggja að allir geri það. Og það eru mín lokaorð að ítreka þá spurningu: Hvernig á að tryggja að svo verði?

[18:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal leitast við að svara nokkrum fyrirspurnum sem fram hafa komið hjá hv. þingmanni. Í fyrsta lagi: Hvernig á að fylgjast með hvort og hvernig sé greitt? Það verður fyrst og fremst gert í framtíðinni í gegnum skattframtöl. Það er auðveldast að fylgjast með þessu þannig því að þessi sérstaka skattalega meðferð verður að koma fram bæði í reikningum fyrirtækja og eins á skattframtölum einstaklinga til þess að skattfresturinn nái fram að ganga.

Við þurfum að átta okkur á því að fjöldi fólks er í séreignarsjóðum í dag þó það sé líka í samtryggingarsjóðum. Það ruglar stundum töluna fyrir okkur hve margir eru í þessum sértryggingarsjóðum að stór hópur þeirra er líka tryggður í almennu lífeyrissjóðunum.

Ráðningarsamningarnir koma til viðbótar lögum og kjarasamningum. Þar sem ekki er getið um þetta í kjarasamningum eða lögum geta ráðningarsamningar komið til skjalanna. En hugsanlegt er að þetta þróist á þann veg að ráðningarsamningar komi til viðbótar. Ég veit ekki hvort allir átta sig á því að heimilt er að fá sérstaka skattalega meðferð vegna lífeyrisiðgjalda jafnvel þótt maður leggi inn í lífeyrissjóð 50% af launum sínum og sumir lífeyrissjóðir á almenna markaðnum fara jafnvel upp í 20% eins og Lífeyrissjóður flugmanna. Skattfrestunin nær til svo stórs hluta launanna í dag og gerir það áfram samkvæmt þessu frv. Þetta skiptir ekki öllu máli vegna þess að það verða greiddir skattar af þessum fjármunum þegar borgað er út úr sjóðunum.

Í 15. gr. er eingöngu verið að fjalla um atriði sem nú eru almennt í samþykktum viðkomandi sjóða þannig að það er ekkert verið að fara út fyrir það að það er talið tryggara að hafa þetta í lögum en að láta svona hluti dingla lausa í samþykktum sjóðanna.

Ég veit ekki, virðulegi forseti, hve margir sjóðir hafa færri en 800 félaga en áhættan er mikil, ekki síst í fámenninu þegar mikill þrýstingur er frá einstökum fyrirtækjum að fá

sérstök lán til atvinnuuppbyggingar, mikil áhættulán út úr sjóðum sem eru staðbundnir.

Og í 29. gr. er auðvitað verið að opna möguleika fyrir þá sem eru utan kjarasamningasviðsins, að þeir geti hagað sínum málum með „lýðræðislegri hætti" heldur en gerist á almenna vinnumarkaðinum.

[18:23]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í ræðu minni, ef menn koma á skylduaðild þá verður hún að sjálfsögðu að ná til allra. En hvernig ætla menn að fylgjast með þessu, spurði ég. Og ég er ekki alveg sannfærð um að skattkerfið dugi. Ef það dugar ekki í dag, hvað er það sem tryggir að það muni duga seinna meir? Menn vita — ég hef fyrir mér í því fullyrðingar Alþýðusambandsins og hæstv. fjmrh. verður þá að hrekja þær — að eins og kerfið er í dag, þá er ákveðinn hópur fyrir utan kerfið sem kemst undan tryggingarskyldu og enginn hefur möguleika á að fylgjast með greiðslu þeirra, segir í bréfi frá Alþýðusambandinu. Þess vegna er ég með þessar vangaveltur.

En varðandi 15. gr. — nú hljóp hæstv. fjmrh. út — þá veit ég að á ýmsum stöðum þar sem tryggingar af þessu tagi koma við sögu er talað um að hafi maður sjálfur átt sök á einhverjum skaða vegna gáleysis í hegðun eða slíku, þá skerðast bætur. En á það við í þessum tilvikum? Á það við um þá sem eru fórnarlömb áfengis, lyfja eða fíkniefna? Ég set stórt spurningarmerki við það. Mér finnst þetta vera svona nokkurs konar gamaldags skilningur og mér finnst ekki vera mikil félagshyggja eða mannúð í þessu. Mér finnst að við eigum sameiginlega að hjálpa þeim sem eiga við vandamál að stríða og ekki sé réttlætanlegt að skerða bætur hjá fólki vegna þess að það hefur orðið áfengi eða fíkniefnum að bráð.

[18:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu benda á að á þskj. 466 er svar við fyrirspurn Tómasar Inga Olrich um greiðslur í lífeyrissjóði og almannatryggingar. Fyrsta spurningin er um það hvort fylgst sé með þessu og önnur er um hvort misbrestur sé á því að lagaskylda sé virt. Ég get því miður ekki tímans vegna lesið svarið en þar koma fram ágiskanir í dag um það hve margir standa utan við kerfið. Það eru bæði upplýsingar frá skattinum en einkum þó frá bankaeftirlitinu sem fylgist með lífeyrissjóðum.

Það sem við erum að gera með þessari löggjöf er að festa miklu betur niður grunninn og rammann utan um þetta kerfi og ætlunin er síðan að styrkja skattframtölin þannig að auðveldara verði að fylgjast með, því að okkur er ljóst nú hve mikilvægt það er í framtíðinni að tengja saman þessi tvö kerfi, almannatryggingakerfið og lífeyrissjóðakerfið. Svarið við spurningunni er auðvitað það að við ætlum að beita nýrri og nákvæmari aðferð við að kalla þetta fram, t.d. á launamiðum, með öðrum hætti en gert hefur verið hingað til.

Ég hefði áðan átt að segja skýrar frá því af hverju við stefnum að því að hafa sjóðina stærri. Það er vegna þess að rekstrarkostnaðurinn er þá minni, það hefur sýnt sig og minni líkur eru til þess að þröng sjónarmið, kannski staðbundin, leiði til þess að sterkir einstaklingar eða sterk fyrirtæki á staðnum fái sjóðstjórnina til að leggja óhóflega mikla fjármuni til áhættusams rekstrar sem gæti þýtt að réttindum sjóðfélaga yrði stefnt í hættu.

[18:27]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég verð að segja það að ekkert annað frv. sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram hér á Alþingi hefur valdið mér meiri vonbrigðum en þetta. Ég vildi svo sannarlega að sú hefði verið raunin eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kastaði hér á loft að hæstv. fjmrh. hefði verið að mæla fyrir frumvarpi eitt, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kallaði það, eða frumvarpsdrögunum sem upphaflega voru til umræðu. Það hefði verið ólíkt skemmtilegra að ræða það frv. hér á hv. Alþingi.

Þetta frv. fjallar um þrjú meginefnisatriði. Í fyrsta lagi um almennar reglur um starfsemi, eftirlit og skyldur lífeyrissjóða, almenna umgjörð eins og hæstv. fjmrh. kallaði það í framsöguræðu sinni og þetta eru í flestum tilfellum tæknileg atriði og nauðsynlegt að þau fái mjög vandaða umfjöllun í hv. efh.- og viðskn.

Hins vegar er um að ræða tvö grundvallaratriði, annars vegar um frelsi til þess að velja lífeyrissjóð en um það er fjallað í 2. gr. frv. og hins vegar um lágmarkssamtryggingu en í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að þar sé um að ræða 10% af heildarlaunum.

Í núgildandi löggjöf er gert ráð fyrir skyldu starfandi manna til þess að greiða í starfsgreinda lífeyrissjóði. 2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir því að það sé skylt að greiða í lífeyrissjóð en hins vegar fari um aðild að lífeyrissjóðum eftir sérlögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Því miður sýnist mér að um harla litla breytingu sé að ræða frá því sem er í núgildandi lögum og því sem er í frv. Það markast að sjálfsögðu af afstöðu aðila vinnumarkaðarins en við þekkjum öll hvaða afskipti þeir aðilar hafa haft af þessu frv. Því er um harla litla von að ræða að þeir muni í kjarasamningunum semja um eitthvað annað heldur en að ríkjandi ástand muni áfram verða við lýði.

Þó að auðvitað megi hrósa þessum aðilum fyrir að hafa haft frumkvæði að því á sinni tíð að koma á þessu lífeyrissjóðakerfi, sem sagt hefur verið hér í dag að allar þjóðir öfundi okkur af, ég er ekki viss um að það sé rétt að allar þjóðir öfundi okkur af því en sennilega þær sem vita af kerfinu, sennilegast er að þær öfundi okkur. Ég er ekki viss um að það viti allir af þessu ágæta kerfi okkar. En þrátt fyrir að þeir eigi hrós skilið fyrir þetta frumkvæði þá þýðir það ekki að þeir hafi eitthvert einkaleyfi á því að hafa rétt fyrir sér í öllum málum er varða lífeyrissjóði, að þeir hafi eitthvert patent á þessu lífeyrissjóðakerfi og þess vegna þurfi það að vera óbreytt um aldur og ævi. Þess vegna teldi ég að það væri bráðnauðsynlegt að breyta þessari grein.

Hæstv. fjmrh. hélt því fram í framsöguræðu sinni að hér væri um nokkra opnun að ræða, að nú væri ljóst að þeir aðilar sem stæðu utan kjarasamninga hefðu sjálfir val um það í hvaða lífeyrissjóði þeir greiddu. Þetta má að sumu leyti til sanns vegar færa, en mér sýnist að í því ákvæði sem fjallar um ráðningarsamningana sé þetta frjálsa val að einhverju eða jafnvel miklu leyti tekið til baka því að þá hefur vinnuveitandinn um það að segja gagnvart þeim sem hann gerir sérstakan ráðningarsamning við í hvaða lífeyrissjóð hann greiðir.

Því hefur verið haldið fram í mín eyru að þetta ákvæði um ráðningarsamningana sé komið inn í frv. að frumkvæði Framsfl. og að því sé sérstaklega ætlað að gæta hagsmuna lífeyrissjóða gamla sambandsins. Ég trúi því ekki, alla vega ekki fyrr en ég tek á, að þeir hv. þingmenn, sem nokkrum

dögum eftir að ég flutti hér þáltill. um valfrelsi í lífeyrismálum ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fluttu frv. um sama efni, standi að tillögu eins og þessari. Því geri ég ráð fyrir að það muni vera auðvelt verk fyrir þá sem það vilja í hv. efh.- og viðskn. að taka þetta atriði út úr frv.

Eins og ég hef áður nefnt þá tel ég að það eigi að ríkja valfrelsi í lífeyrissjóðsmálum, þeir sem greiða í sjóðina eigi að hafa frelsi til þess að velja sér lífeyrissjóð, það eigi að vera skylda að greiða í lífeyrissjóð en launamenn eins og þeir heita í þessu frv. eigi að hafa rétt á að velja um sjóð. Ástæðan er sú að það er einfaldlega í fyrsta lagi ónauðsynlegt að varna mönnum þess að velja í þessu efni. Það er í öðru lagi skaðlegt vegna þess að það leiðir til skorts á samkeppni í þessum geira. Þess vegna verða lífeyrissjóðirnir of litlir, það verður of mikill kostnaður af rekstri þeirra og vegna skorts á samkeppni verður ávöxtunin minni heldur en ella hefði verið. Það má öllum vera ljóst sem hlustuðu á ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann lýsti því hvaða áhrif það hefði að hækka ávöxtunina úr 2,5% í 5,5%, þá mundu greiðslur úr sjóðunum tvöfaldast. Svo miklu máli skiptir hver ávöxtunin er.

Í þessari umræðu hefur nokkrum sinnum verið minnst á Alþjóðabankann og það hvernig hann skilgreinir æskilegasta lífeyriskerfið, hið svokallaða þriggja stoða kerfi. Ég þarf ekki að eyða löngum tíma í að lýsa því kerfi, það hefur verið gert áður hér í dag, en það er jafnframt skoðun Alþjóðabankans og kemur fram í þeim plöggum þar sem um þetta þriggja stoða kerfi er fjallað að í þeim tveimur hlutum sem annars vegar eiga að vera inni í lífeyrissjóðum og hins vegar í frjálsum einkasparnaði þurfi að ríkja samkeppni. Þess vegna held ég að við getum ekki horft fram hjá því sem Alþjóðabankinn segir í þessu efni, að samkeppnin er til góðs fyrir þá sem eiga að njóta lífeyrissjóðanna og til þess að um samkeppni geti verið að ræða þarf að vera valfrelsi.

Hitt grundvallaratriðið sem ég nefndi áðan er samtryggingin. Hversu mikil á samtryggingin að vera? Það má auðvitað deila um það endalaust, en ég held að það megi öllum vera ljóst að það eigum við ekki að mæla í prósentum. Við hljótum að mæla hana í föstum tölum, ákveðnum upphæðum, því að væntanlega ætlumst við til að samtryggingin verði sú sama hjá öllum sem greiða í lífeyrissjóðina. Þess vegna held ég að það frv. sem aldrei var lagt fram, þar sem gert var ráð fyrir fastri upphæð sem væri í samtryggingu og að um það sem væri umfram 10% væri valfrelsi, sem hefði verið miklu betra frv., hefði leitt til meiri samkeppni en jafnframt tryggt þá lágmarkssamtryggingu sem nauðsynleg er.

En samtrygginguna er hægt að fá í gegnum annað en sameignarsjóðina. Hana er hægt að fá hjá tryggingafélögum og ef samtryggingin er skilgreind og það er skilgreint hvað tryggingafélögin bjóða upp á, þá er mjög auðvelt að leysa þann vanda sem þeir sem greiða í séreignarsjóði í dag stæðu frammi fyrir ef frv. yrði að lögum á þann hátt að lágmarkssamtrygging yrði skilgreind. Séreignarsjóðirnir eða þeir aðilar sem greiða í séreignarsjóðina gætu annaðhvort keypt sér trygginguna hjá tryggingafélögum sem sjóðir eða sem einstaklingar eða þá að einstaklingarnir gætu greitt í sameignarsjóði.

En hver er hún svo þessi samtrygging sem við höfum verið að tala um og lögð er svona gífurleg áhersla á að sé nauðsynleg og samtryggingarsjóðirnir veiti? Er hún svona gríðarlega mikil? Hjálpar hún okkur svona gríðarlega mikið ef illa stendur á? Ég held að í sumum tilfellum sé hún ofmetin og miðað við það sem ég hef séð af hóptryggingum, þar sem reynt er að fá sams konar tryggingu gegnum hóptryggingar, eigi það að vera mjög auðvelt og eigi ekki að þurfa að kosta nema eitthvað í kringum eða jafnvel innan við 10 þús. kr. á mánuði. Þess vegna held ég að hér sé ekki um hið stóra vandamál að ræða sem þeir sem eru harðastir í samtryggingarkröfunni hafa gert að umtalsefni.

Ég fagna því auðvitað sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að það væri sjálfsagt að leita málamiðlana í því er varðar séreignarsjóðina og mismunandi sjónarmið fengju að koma fram og reynt yrði að taka tillit til þeirra. Ég held að það sé mjög auðvelt að leysa það, það sé nánast um tæknilegt atriði að ræða ef viljinn er fyrir hendi. En stóra grundvallaratriðið í þessu er hins vegar valfrelsið, frelsi til þess að velja lífeyrissjóð og innleiða þannig samkeppni í þennan geira. Það hefur engin opnun verið gefin á það hér í dag í þessari umræðu og þykir mér það afar miður. Þrátt fyrir að það sé margt gott í þeim kafla sem fjallar um hina almennu umgjörð um lífeyrissjóðina, þá eru þessi tvö grundvallaratriði, annars vegar hvað samtryggingin á að vera mikil og hins vegar valfrelsið, það mikilvæg að ég get ekki stutt þetta frv. í núverandi formi. Mér þykir það miður því að hér er um stjfrv. að ræða en staðan er einfaldlega sú að aðilar vinnumarkaðarins beittu bolabrögðum þegar kjarasamningar voru á viðkvæmasta stigi og ég get fyrir mitt leyti ekki séð neina ástæðu til þess að styðja niðurstöðu sem þannig er fengin.

Eins og ég sagði, herra forseti, get ég ekki stutt þetta frv. í núverandi mynd.

[18:41]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var um margt athyglisvert að hlusta á þá ræðu sem hv. þm. flutti hér, einkum og sér í lagi það þegar hann segir að ávöxtun sé of lítil, en í útreikningi lífeyrissjóðanna er notuð varúðarregla ávöxtunar, 3,5% þegar þeir eru framreiknaðir en allflestir lífeyrissjóðir eru þó með 8–9% ársávöxtun.

Hann talaði líka um að rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna væri allt of hár. Það er athyglisvert hins vegar að skoða hvað ýmis opinber fyrirtæki hafa verið að deila út miklu fjármagni eins og Stofnlánadeild landbúnaðarins hvar síðasti ræðumaður á jú sæti, en þar er framkvæmdastjóri og 15 stjórnarmenn og kostnaður þar er upp á 18 milljónir. Stofnlánadeildin er að sýsla með um 178 millj. á sama tíma og Lífeyrissjóður sjómanna, sem veltir margfalt meira fé, t.d. keypti bréf upp á 6,7 milljarða, og til stjórnar hans eru greiddar 6,3 millj.

Aðeins um samtryggingu. Þar talar hv. þm. um að það sé rétt að hún eigi að vera í föstum krónutölum en ekki í prósentum. Örlítið um það til þess að skýra þetta fyrir hv. síðasta ræðumanni. Örorkulífeyrir í Lífeyrissjóði sjómanna var á síðasta ári 295 millj. en ellilífeyririnn var 244 millj. Samtryggingin í reynd kemur hérna fram eins og í mörgum fleiri sjóðum þannig að þegar menn gera lítið úr samtryggingunni þá veit ég ekki hvaða moðreyk þeir eru að vaða. Manni vefst tunga um tönn og hugsar: Í hvaða lífeyrissjóði borga þessir menn? Hafa þeir ekki lagt það niður fyrir sig hvað þetta raunverulega þýðir? Ég hef það á tilfinningunni að þeir sem eru að tala hér um lífeyrissjóðina og gera lítið úr samtryggingunni og sjóðunum sjálfum, hafi bara ekki hugleitt það og viti ekkert og hafi enga þekkingu, hvað þá heldur reynslu af því hvað samtryggingin og lífeyrissjóðakerfið hafa gert.

[18:44]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi sagði ég ekki að ávöxtun lífeyrissjóðanna væri lítil. Ég sagði að ávöxtun lífeyrissjóðanna væri minni heldur en hún yrði ef þar væri um að ræða samkeppni og vitnaði til Alþjóðabankans í því sambandi. Það er öllum ljóst að kostnaður lífeyrissjóðanna er of hár, alveg eins og mönnum er líka ljóst að kostnaður bankakerfisins er of hár. Þess vegna erum við að gera breytingar á bankakerfinu og sjóðakerfinu. Þess vegna voru gerðar breytingar á setu hinna ýmsu aðstoðarbankastjóra og framkvæmdastjóra á fundum stjórnar Stofnlánadeildarinnar til þess að létta þar á stjórnunarkostnaðinum. Annars held ég að stjórnunarkostnaður og rekstrarkostnaður fjármálastofnana sé óvíða lægri heldur en hjá Stofnlánadeildinni.

Varðandi Lífeyrissjóð sjómanna og samtrygginguna þar, þá er það ekki rétt að mér sé ekki kunnugt um hvernig málum er skipað þar. Þar er um alveg sérstakt vandamál að ræða. Það er auðvitað fyrst og fremst þeirra sem eiga þann sjóð, og ég lít svo á að það sé þeirra sem hafa greitt iðgjöldin, sem eiga hann, þ.e. sjómanna, að grípa í taumana og breyta þar skipan mála. Þeir gætu til að mynda gert það á svipaðan hátt og flugmenn hafa gert hjá sér, með því að hækka iðgjaldagreiðslurnar í sjóðinn. Þær eru greinilega of lágar ef sjóðurinn stendur ekki undir þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig. Þessi sjóður hefur eins og ég segi sérstöðu vegna þeirrar sérstöðu sem þessi atvinnugrein hefur og taka þarf á því sérstaklega, en það á ekki að þýða að það þurfi að ganga yfir allt heila lífeyrissjóðakerfið þar sem þessar aðstæður eru ekki fyrir hendi.

[18:46]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Lífeyrissjóður sjómanna á nú tæplega fyrir 90% af skuldbindingum sínum en fyrir nokkrum árum voru þetta tæp 63% þannig að hann er því á réttri leið. Hann hefur ávaxtað sitt fé mjög vel og þurfti ekki neina samkeppni til. Það er rangt að þetta sé eitthvert sérvandamál Lífeyrissjóðs sjómanna. Hann getur staðið undir skuldbindingum sínum væntanlega mjög bráðlega og þarf ekki að breyta örorkubótum til lækkunar þess vegna.

Það sem snýr að hinum almennu lífeyrissjóðum hvað örorku áhrærir, þá er Lífeyrissjóður sjómanna ekkert sérstakt vandamál vegna þess að ef litið er á lífeyrissjóðinn Framsýn, þá voru þar á árinu 1996 greiddar út 582 millj. í ellilífeyri og 334 millj. í örorkulífeyri, þannig að samtryggingin er í gegnum þykkt og þunnt í gegnum alla lífeyrissjóðina. Ef menn ætla svo að koma hér upp og segja: Þetta er forræði og aftur forræði að láta lífeyrissjóðina taka þátt í því örorkulífeyristapi, sem því miður allt of margir Íslendingar verða fyrir, þá er það rangt vegna þess að það hefur verið reynt að segja við menn: Gerið þið svo vel og kaupið ykkur tryggingu. Ég hef upplifað það sjálfur að ungir sjómenn hafa komið og sagt: Ég er einn af þeim sem blótuðu og bölvuðu lífeyrissjóðakerfinu. En nú er ég öryrki og ég fæ greitt út úr sjóðnum og guði sé lof fyrir að samtryggingarkerfi skuli vera í sjóðunum.

Ég vil líka segja að lokum að þegar verið er að tala um valfrelsi, að það eigi að vera valfrelsi í sjóðunum, menn eigi að geta valið um sjóði, hvaða valfrelsi er það þá ef menn eiga að borga í lífeyrissjóði? Það er sjálfsagt og eðlilegt að halda þessari skiptingu á milli stétta í sjóðina eins og verið hefur. Við eigum að halda áfram þessari tryggingu, örorkutryggingunni, makalífeyri, barnalífeyri eins og gert er. Í sambandi við þennan eina lífeyrissjóð, sem ég nefndi áðan, að þegar lagðar eru saman tölur örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris, þá eru þær tölur að jöfnu við ellilífeyrinn.

[18:48]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sé nú ekki að ræða mín hafi verið tilefni til svona mikilla viðbragða hjá hv. þm. því að ég var alls ekki að hafna samtryggingunni. Ég var einfaldlega að setja henni skorður því að ég vil ekki að við séum að oftryggja. Ég held að það sé slæmt og fjármunum ekki vel varið þannig.

Varðandi Lífeyrissjóð sjómanna og aðra þá sem hafa verið í vandræðum með að standa við sínar skuldbindingar, þá er það væntanlega ekki svo á þeim vígstöðvum að það sé bara vegna örorkunnar, heldur er það líka vegna þess hvernig ávöxtuninni hefur verið háttað á undanförnum árum en sem betur fer er ávöxtunin að batna en það er vegna þeirra háu vaxta sem hafa verið hér að undanförnu, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gerði grein fyrir fyrr í dag. Því segi ég það að þeir sjóðir sem bjóða upp á lífeyri munu hafa betri ávöxtun og þeir munu skila sjóðfélögunum meiri fjármunum en þeir ella mundu hafa gert ef ekki væri um samkeppni að ræða.

Varðandi þær tölur sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi um hver væru hlutföll greiðslna úr Lífeyrissjóði sjómanna, 50% í lífeyri og 50% í örorku-, maka- og barnalífeyri, þá eru þetta allt önnur hlutföll en gert er ráð fyrir í frv. að séu í lífeyrissjóðum í framtíðinni. Það undirstrikar þá sérstöðu sem ég sagði í mínu fyrra andsvari að Lífeyrissjóður sjómanna hefði í þessum efnum. (**GHall:** Það var í lífeyrissjóðnum Framsýn sem ég sagði fiftí-fiftí. ... örorku í Lífeyrissjóði sjómanna.) Þess þá frekar. (Forseti hringir.)

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þm. að ljúka ræðuhöldum áður en þeir stíga úr stóli.)

[18:50]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Það var á jólaföstu að við vorum hér næturstund og ræddum lífeyrismál og ég held að nú sé rétt að halda áfram þar sem frá var horfið. Þá var til umræðu mikill lagabálkur um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og var mikil einurð meðal þingmanna um stuðning við hið mikla frv. Ég og örfáir aðrir höfðum þó um það nokkrar efasemdir og mig langar til að rifja aðeins upp í hverju þær voru fólgnar.

Þær voru fólgnar í því að með frv. var ákveðið að gera sýnileg þau réttindi sem ríkisstarfsmenn hafa og ákveðið jafnframt að nú skyldi byrjað að borga það inn jafnóðum, þ.e. breyta sjóðum ríkisstarfsmanna í uppsöfnunarsjóði líkt og hinir frjálsu sjóðir höfðu verið. Þau sjónarmið komu fram hér á þinginu að þar sem ríkisstarfsmenn væru komnir með 15,5% af launum sínum inn í sjóðina, þá væri það réttlætismál hið mesta að þjóðin öll færi inn í þá prósentu, þ.e. 15,5% af heildarlaunastabba landsins. Ég lýsti því yfir, herra forseti, að ég hefði haft af þessu miklar áhyggjur því að ég efaðist um það að ökónómían í heild bæri þetta, þetta mikla stoðvirki sem ætti að vera þjóðfélaginu á næstu öld, þá efaðist ég um að ökónómían bæri það. Þótt hugsunin væri góð að setja upp svo mikið tryggingakerfi, þá gæti það orðið okkur um megn. Og ég ætla einmitt að halda þeirri umræðu áfram.

Líkt og hæstv. fjmrh. kom inn á í ræðu sinni og erindisbréf þeirrar nefndar sem vann að undirbúningi þessa

frv. sem við ræðum í dag fjallaði einmitt um það að menn þurfa að sjá til þess hvort ekki sé hægt í framtíðinni að láta lífeyriskerfi landsmanna taka við af almannatryggingunum. Það er þetta sem ég held að mjög nauðsynlegt sé að menn fari yfir og geri það nú þegar í lok þessarar aldar, þ.e. að við áttum okkur á því hvernig við ætlum okkur að tækla niður almannatryggingakerfið og láta hið mikla lífeyriskerfi taka við, sem við erum ákveðnir í að byggja upp og mikil samstaða er um í þinginu. Ég er alveg sannfærður um að það er lífsnauðsynlegt. Við berum ekki hvort tveggja, að vera að borga kannski á milli 10–15% af heildarlaunastabbanum inn í lífeyrissjóðina og ætla svo með sköttum að halda áfram greiðslu í almannatryggingar líkt og við höfum verið að gera á umliðnum áratugum.

Vegna þess að lendingin, þ.e. að láta lífeyrissjóðakerfið taka við, tekur langan tíma, milli 25–40 ár, er nauðsynlegt að undirbúa þetta núna. Það yrði einhvers staðar á bilinu 2030–2040 sem við værum komin með alla launþega landsins sem hafa borgað inn í lífeyrissjóðina af heildarlaunatekjum sínum. Það er ekki fyrr. Það er því rétt að gera það og ég held einmitt að í þetta frv. sem nú er til umræðu vantar hreinlega þennan parsus. Hann er ekki í frv. Ég held að það sé kannski ein aðalástæðan fyrir þeim óróa sem sannarlega hefur orðið vart í þjóðfélaginu á undanförnum vikum vegna þessa frv. Menn hafa ekki vegna þess að þetta vantar í frv. getað gert sér grein fyrir því hvert ferðinni er heitið í þessum lífeyrismálum. Það hefur ekki verið brýnt fyrir fólki og þjóðinni hvert ferðinni sé heitið og ég held að það sé aðalorsök þess hversu mikils titrings gætir í allri umræðu, eins og rétt er að gera grein fyrir og ræða hér og nú. Vegna þess að ég held að réttara sé að fara yfir það núna í 1. umr. og reyna að átta sig á þeim hlutum en fara í gegnum þetta frv. efnislega frá grein til greinar. Við munum fá það til umfjöllunar í efh.- og viðskn. og eflaust verða við þeim beiðnum sem hér hafa komið fram frá öllum aðilum um að tryggja góða og vandaða yfirferð yfir frv. Ég er alveg viss um að svo mun verða.

Ég sé alveg ástæðu til að fara nokkuð yfir þessa umræðu. Það virðist vera tvennt sem hefur gerst. Það hafa komið upp miklar efasemdir í hugum forustumanna launþega um heilindi stjórnvalda gagnvart þessu kerfi, sem við höfum verið þeir hamingjumenn að byggja upp. Upphrópanir hafa einnig komið frá fólki sem greitt hefur í hina svokölluðu séreignarsjóði um að þetta væru hin mestu svik og gengju þvert á þær hugmyndir sem það hafi gert sér um hvert stefna ætti í lífeyrismálum.

Nú er það svo, herra forseti, að ég skil ekki alveg allt í ræðum sumra, vegna þess að eins og ég minnti á í upphafi máls míns, fórum við í gegnum málið og frv. um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna var samþykkt með nær öllum atkvæðum í þinginu á jólaföstu. Það voru engin eða örfá mótatkvæði ef nokkur voru. Það var mikil pólitísk samstaða um það og þá hélt ég að mönnum væri það ljóst hvert við værum að stefna. Það var verið að ákveða hvert við skyldum halda. Það var undirstrikað að ríkisstarfsmennirnir skyldu fara inn í uppsöfnunarsjóði sem voru atvinnugreindir sjóðir og ekki spurning um það að atvinnurekendur, þ.e. hið opinbera, ríkið og bæjarfélögin, ætluðu að stýra því og stjórna ásamt samtökum launamanna sem ynnu hjá hinu opinbera. Ég man ekki eftir því í allri þeirri umræðu að um þetta væri neinn að efast. Ég man ekki eftir einni einustu rödd sem segði nokkurn skapaðan hlut í aðra veru en það að menn treystu því og teldu þetta rétta skipan. Þeir menn sem voru með efasemdir um frv. eins og ég gengu út á allt annað. Við vorum hræddir um að efnahagslíf Íslands þyldi ekki svona miklar greiðslur.

Þess vegna kemur mér það nokkuð á óvart þegar menn vilja meina að frv. eins og það er úr garði gert í dag séu hin mestu svik. Ég trúi ekki öðru en að það sé misskilningur. Menn hafa komið hér upp í ræðustól og sagt að þeir telji að bolabrögðum hafi verið beitt, eins og síðasti ræðumaður taldi. Það sé forusta Alþýðusambandsins og vinnuveitenda sem beiti bolabrögðum. Ég las það líka í víðlesnasta blaði landsmanna í leiðara fyrir nokkrum dögum að fyrir lægi að Alþingi hefði verið kúgað og ríkisstjórnin hefði verið kúguð í þessu máli. Það er rétt að hafa orð á því af því að ég hef heldur ekki orðið var við að hinir kúguðu gæfu sig fram, hvorki ráðherrar né þingmenn.

Það vill nú svo til, herra forseti, að ég hef verið á undanförnum dögum að reyna að átta mig á störfum þeirrar nefndar sem var að vinna að þessu máli og hvernig það var undirbúið. Ég er með í höndunum greinargerð með drögum að frv. sem lá fyrir 20. september 1996. Þetta eru drög að frv. sem nefndin var með eins og hún fjallaði um það þá. Í greinargerðinni segir um 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að svokallaðir séreignarsjóðir geti uppfyllt skilyrði þessarar greinar um að greiðslur lífeyris vegna elli, örorku og andláts þarf sú tryggingavernd sem þeir veita sjóðfélögum sínum að vera þríþætt. Í samþykktum sínum þurfa þeir og aðrir lífeyrissjóðir að skilgreina umfang og upphæðir þessarar tryggingaverndar, t.d. sem hlutfall af iðgjaldi. Ljóst er að á fyrstu árum sjóðsaðildar eða þegar séreign er lítil af öðrum ástæðum felur hún ein og sér ekki í sér nægilega tryggingavernd. Tiltekinn hluti iðgjalds sem þó getur verið breytilegur með tilliti til aðstæðna verður því eðli málsins samkvæmt að ganga til samtryggingar, annaðhvort með kaupum og ákveðinni tryggingavernd eða framlagi í sameignarsjóð."

Af þessum orðum sem ég las, herra forseti, má vera ljóst að þeim mönnum sem voru að vinna að frv. — ég ætla fyrst og fremst hinir ágætu starfsmenn fjmrn. — hafi verið fullkomlega ljóst allan tímann sem þeir voru að vinna þetta, að ef við ætluðum að verða þeir gæfumenn á næstu öld að láta lífeyrissjóðakerfið taka við af almannatryggingunum, þ.e. sem er núna fjármagnað með sköttum, þá yrðu allir að koma inn í samsetninguna. Ég á því erfitt með að átta mig á því að hér séu eingöngu tilkomin einhver bolabrögð vondra aðila vinnumarkaðarins. Það fær alls ekki staðist með nokkru móti, alls ekki.

Ég vil líka í því sambandi rifja upp að við vorum ekki alls fyrir löngu með frv. frá hæstv. félmrh. um vinnumarkaðinn. Ég minnist þess ekki þá að nokkur maður hefði orð á því á hinu háa Alþingi að þörf væri á að höggva þennan vinnumarkað upp og ganga þannig frá að verkalýðsfélögin væru ekki til staðar eins og þau eru í dag, ekki nokkur maður. Ef svo er að einhverjir í þessu þjóðfélagi láta forustu verkalýðshreyfingarinnar eða atvinnurekenda fara í taugarnar á sér einhverra hluta vegna, þá er það svo að það fólk, sem er sjálfsagt breytilegt eins og annað fólk, vinnur bara samkvæmt lögum. Á sínum tíma voru og eru þessir lífeyrissjóðir myndaðir sem hluti af kjarasamningi.

En hins vegar, herra forseti, má vel hugsa sér að við hættum því, hættum að hafa þetta sem hluta af kjarasamningi og þá yrðu lífeyrissjóðirnir settir með löggjöf. Ef einhver hér

inni á hinu háa þingi er þeirrar skoðunar að það yrði farsælla, þá mun hann eflaust flytja um það tillögur. En ég á ekki von á því að sá tillöguflutningur verði í miklum mæli. Það eru aðilar vinnumarkaðarins sem sköpuðu þessa sjóði og ég held að menn séu að ofgera mjög hættunni sem því er samfara að aðilar vinnumarkaðarins stjórni sjóðunum.

Sú var tíðin og það er ekki langt síðan þessir sjóðir voru í miklum vandræðum. Ég þekkti það mjög vel við hvað var að stríða. Forusta verkalýðsfélaganna og forusta vinnuveitenda tóku á málinu því að mikla baráttu þurfti til að reyna að koma þessum sjóðum í rétt horf og þeim tókst það. Það er þetta sem við skulum átta okkar á. Það eru þarna að vísu miklir peningar á íslenskan mælikvarða, það er alveg rétt. Það eru miklir peningar í sjóðunum. Sjóðirnir eiga ekki neitt, það er núll. Skuldbindingarnar eru nákvæmlega jafnmiklar og peningarnir sem þar eru inni. Sjóðirnir eru hér á Íslandi og Ísland er þetta örlitla samfélag sem er opið. Það liggur fyrir að okkur hefur tekist á undanförnum árum og sérstaklega þessum áratug að skapa þann ramma, búa til þann jarðveg að hér er frjálst og opið þjóðfélag þar sem er hægt að ávaxta peninga, bæði innan lands og utan og það liggur fyrir að sjóðirnir þurfa að fjárfesta í framtíðinni í íslensku atvinnulífi og einnig utan landsteinanna. Það er aðalatriði þessa máls að geta ávaxtað fé. Það kann að vera að rétt sé að vara við þessum miklu sjóðum, það kann að vera. En ég vildi þó segja, að þá væri ég hræddur fyrir hönd sjálfs míns og afkomenda minna ef ekki væru til þeir peningar í sjóðunum, þá væri ég hræddur. Og ef þeir gætu ekki ávaxtað sitt fé bæði innan lands og utan, þá hefði ég ástæðu til að vera hræddur.

Auðvitað ber að fara varlega með slíka sjóði, enda fjallar meiri parturinn af þessari löggjöf um það hvernig við ætlum að betrumbæta allt umhverfið, allt hið lagalega umhverfi kringum þessa sjóði og það er gott. Ég skil hins vegar vel það fólk sem hefur í dag verið að tryggja í séreignarsjóðum. Tæplega 3.000 manns tryggðu í þeim samkvæmt nýjustu skýrslu sem til er. Ekki er til skýrsla fyrir árið 1996 og hún er ekki væntanleg fyrr en eftir mitt sumar, en árið 1995 voru tæplega 3.000 sem tryggðu þar og þessu fólki var leyft að vera í séreignarsjóðum og ekki gerð skylda til að taka þátt í öðru. Eins og við þekkjum úr mannheimum, þá er það þannig að sérhver maður sem er heill í dag og stendur einn og uppréttur ætlar ekki að vera í hjólastól á morgun. Það ætlar enginn. En einhver verður í hjólastól á morgun af þeim sem stendur uppi í dag, einhver verður það.

Hins vegar ætla ég að vekja athygli á því sem hæstv. fjmrh. sagði í upphafi máls síns að nauðsynlegt er að reyna að bera klæði á vopnin, það er nauðsynlegt að reyna að skapa sátt í þessu máli og hann sagði réttilega að hann treysti því að hv. efh.- og viðskn. reyndi að gera það í umfjöllun sinni. Ég held að treysta megi því. Menn vilja það upp til hópa. Menn vilja fara í það að reyna að finna grundvöll og sátt. Ég gæti alveg ímyndað mér að eitthvað í þá veru sem hv. þm. Árni Mathiesen var að tala um áðan gæti virkilega komið til athugunar, þ.e. ef einhverjir vilja ekki eiga hluti í sameignarsjóðum, þá verði þeim í staðinn skylt, herra forseti, að kaupa sér tryggingavernd til æviloka. Það er a.m.k. ástæða til að hugleiða þetta mjög alvarlega. En þá þarf sú tryggingavernd að vera skilgreind. Við þurfum að vita hvað við ætlum að tryggja og við þurfum að ganga mjög fram um það að þær tryggingar séu raunverulegar. Við þekkjum það. Til dæmis liggur fyrir í Englandi í dag — en Englendingar hafa nú alltaf verið mjög frjálslyndir í tryggingamálum — að þeir hafa verið að skylda menn til að kaupa sér slíkar tryggingar væru þeir í séreignarsjóðum en í dag logar England allt í málaferlum einmitt vegna þess að tryggingarnar reyndust ekki nægjanlegar. Það er verið að tala þar og skrifa mikið um „pension scandal", þ.e. öll þessi vandræði sem af þessu hafa hlotist. Ef við ætlum að hugsa til þess að leysa okkar deilumál á þennan hátt á Íslandi eins og Englendingar, þá skulum við líka láta vítin verða til varnaðar. Við þurfum að passa ákaflega vel upp á það, skilgreina hvað við teljum vera nægilega tryggingavernd og ganga vel frá því í lögum að það sé þá það tryggingaeftirlit sem tryggir að enginn sé svikinn. Ef þetta er sett upp hljótum við að geta náð um það einhverri sátt og þeir sem ekki vilja og vilja halda áfram í sínum séreignarsjóðum, ættu líka að geta verið tiltölulega ánægðir með sinn hlut eða ég get ekki séð það öðruvísi eða vonast til þess.

Þannig lítur þetta út, herra forseti, fyrir mér í grófum dráttum. Það hryggir mig að heyra ýmis ummæli sem hafa verið höfð um þetta frv. Þó að það sé kannski gallað að ýmsu leyti þá held ég að það sé mikð framfaraspor í eðli sínu. Það hryggja mig ýmis ummæli sem menn hafa um það. Menn virðast vera ákaflega reiðir út af einhverju sem ég held að sé mestmegnis misskilningur. Það er mjög höggvið að okkur sjálfstæðismönnum í þessu máli. Menn virðast ruglast mjög á því hvað sé samábyrgð og samtrygging. Menn virðast halda sumir hverjir að það sé einhver sósíalismi eða bara hreinn kommúnismi. En það er nú alveg þveröfugt. Samábyrgð og samtrygging er jafngamalt allri okkar menningu og arfleifð. Það liggur fyrir í okkar fornu lögbókum að hún var mjög mikil þá er menn numu land og það liggur líka fyrir í rómverskum bókum að sú var hefðin og sú var reyndin í öllum germönskum samfélögum. Við erum því ekki að hverfa frá neinu sem við höfum ekki fylgt af einurð. Ég held að menn ruglist mjög í sögu og uppruna Sjálfstfl. fyrst þeir átta sig ekki á þessu. Við höfum fylgt samábyrgð og við höfum fylgt samtryggingu vegna þess að það er hið praktíska. Germönsku þjóðirnar vissu það í gegnum árþúsundir að það var aðferðin til að lifa. Það kom sér vel. Það var ástæða til þess. Þess vegna var það að Bismarck karlinn byrjaði á þessu á 19. öld í Þýskalandi. Þess vegna var það Sjálfstfl. og margir valinkunnir forustumenn Sjálfstfl. sem hafa verið baráttumenn þess að halda uppi því kerfi alla þessa öld, sérstaklega síðustu áratugi og munu vera það áfram.

[19:11]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir stuðningi við þetta lagafrv. sem er löngu tímabært að fram komi. Það hefur lengi verið þörf á almennri rammalöggjöf um lífeyrissparnað. Ég tel að við þær hugmyndir sem koma þar fram sé mjög víðtækur stuðningur í þjóðfélaginu. Engu að síður er til staðar hugmyndalegur ágreiningur sem á rætur í hagsmunum. Það hefur verið gerð mjög vel grein fyrir þessum ágreiningi, um hvað þetta mál snýst í grundvallaratriðum, m.a. í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar fyrr í dag, og fleiri hafa skýrt þessi mál mjög vel, þar á meðal síðasti ræðumaður, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

Um hvað snýst þetta mál í grundvallaratriðum? Spurningin er svona einfalt orðuð: Hvernig ætlum við að tryggja fullorðnu fólki lífeyri í ellinni? Hvernig ætlum við að tryggja peninga til barna sem missa foreldra sína eða til einstaklinga sem slasast og verða öryrkjar? Um þetta snýst málið.

Menn vilja fara tvær ólíkar leiðir. Menn skiptast í fylkingar, annars vegar þeir sem vilja sjóðsmyndun og hins vegar eru skattamennirnir, þeir sem velja skattaleiðina. Það er svo undarlegt að það eru fyrst og fremst frjálshyggjumennirnir, hægri mennirnir, sem jafnan tala harðast gegn sköttum, sem velja skattaleiðina. Þeir eru margir hverjir andvígir sjóðaleiðinni, söfnunarleiðinni, þeir vilja skattaleiðina.

Ef við veljum sjóðaleiðina, þá hljótum við að spyrja áfram: Hver er hagkvæmasta sjóðaleiðin? Með hvaða hætti tryggjum við sem mesta peninga til einstaklinganna? Hver er hagkvæmasta leiðin í því efni? Ég held að ekki þurfi að leita lengi til að komast að þeirri niðurstöðu að samtryggingarsjóðirnir eru einfaldlega heppilegasta fyrirkomulagið, skila einstaklingunum mestu, einstaklingunum sem í hlut eiga, ekki börnum þeirra sem koma til með að erfa eignina úr séreignarsjóðum.

Menn velta því fyrir sér hvort það eigi að beina einhverju af þessum sparnaði inn í verðbréfasjóði eða bankastofnanir út úr lífeyrissjóðunum og telja að það snúist fyrst og fremst um valfrelsi einstaklingsins og eigi á einhvern hátt að koma honum til góða. En eins og bent hefur verið á, er einn grundvallarmunur á lífeyrissjóðum eins og þeir starfa og verðbréfasjóðum og hann er sá að verðbréfasjóðir og bankastofnanir eiga að skila eigendum sínum arði. Iðulega er gert ráð fyrir arði upp á fleiri prósentur, 10% arðs á ári er sums staðar krafist. Þessir peningar í samtryggingarsjóðum, í lífeyrissjóðum, skila sér hins vegar á einn stað, til eigenda sjóðanna sem er launafólkið, sem er það fólk sem kemur til með að njóta ávaxtanna í gegnum sinn lífeyrissparnað.

Ég vil gera athugasemdir við nokkrar greinar frv. í örstuttu máli. Í fyrsta lagi vil ég gera athugasemd við 2. gr. frv. þar sem vísað er til ráðningarsamninga. Ég tel að það eigi að detta út, sérstaklega í ljósi þess sem segir í greinargerð með frv. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sé ekki kveðið á um aðildina í sérlögum eða kjarasamningi getur vinnuveitandi gert þá kröfu í ráðningarsamningi að starfsmaður hans greiði í tiltekinn lífeyrissjóð."

Ég gruna þessa ríkisstjórn mjög um græsku. Hún hefur sýnt það í annarri lagasetningu sem frá henni hefur komið að hún vill gjarnan grafa undan verkalýðsfélögunum, veikja þau. Hún vill koma einstaklingum út út stéttarfélögum, hún hefur margoft sýnt það. Það kom fram í upphaflegri mynd frv. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Það kom líka fram í frv. um vinnulöggjöfina á sínum tíma. Þegar atvinnuástand er slæmt sérstaklega, þegar launþeginn stendur höllum fæti, hinn atvinnulausi öllu heldur í leit að vinnu, þá hefur atvinnurekandinn öll ráð hans í hendi sér. Hann getur mætt honum við ráðningarborðið með þeirri spurningu: Já, ég skal ráða þig í vinnu að því tilskildu að þú gangir ekki í stéttarfélag og farir í þann lífeyrissjóð sem ég vil að þú farir í. Það er í þessu ljósi sem ég set stórt spurningarmerki við þetta orðalag í þessari grein.

Eins held ég að það þurfi að fara vel yfir 5. gr. þannig að hún orki ekki á nokkurn hátt tvímælis.En hana mætti orða skýrar en þegar er gert. Ég ætla ekki að orðlengja um það hér, enda má öruggt heita að í nefndinni sem fjallar um lífeyrisfrv., verði þetta tekið til endurskoðunar.

Þá vil ég gera athugasemd við 8. gr. þar sem séreignasparnaður sem menn kynnu að semja um er í raun lögþvingaður með þessari grein út úr samtryggingarsjóðnum og inn í sjóði sem eru mjög líklega óhagstæðari fyrir launamanninn, inn í sjóði sem eru í eigu annarra aðila sem koma til með að krefjast arðgreiðslna, hlutdeildar í hagnaðinum, í eigin vasa. Ég set því stórt spurningarmerki þar við.

Að lokum vil ég setja spurningarmerki við 36. gr. frv. þar sem fjárfestingarstefna lífeyrissjóðanna er tekin til umfjöllunar. Þar segir í upphafi greinarinnar, með leyfi forseta:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu."

Þetta finnst mér vægast sagt mjög vafasamt að festa í landslög. Þetta er stefna sem lífeyrissjóðirnir geta fylgt og munu án efa fylgja og fylgja flestir hverjir án efa, að þeir reyni að leita eftir hámarksávöxtun. En mér finnst mjög vafasamt að festa svona okurvaxtaákvæði í landslög. Mér finnst mjög vafasamt að festa ákvæði þar sem kveðið er á um hámarksávöxtun fjármuna í landslög. Ég minni á að á undanförnum árum hefur hávaxtastefna verið ein helsta meinsemd í efnahagslífi þjóðanna í okkar heimshluta og menn hafa iðulega leitað leiða til þess að ná vaxtastiginu niður og stundum hefur verið talað um tilraun til þjóðarsáttar á því sviði sem öðru, að menn reyndu að samræma aðgerðir til að ná vöxtum niður. Og á bak við samræmdar aðgerðir þarf samræmdan vilja, en þá mega lögin ekki standa þar í vegi.

Fyrir nokkrum áratugum hygg ég að það hafi verið í lögum að bannað væri að lána fé umfram tiltekið vaxtastig. Það var talað um okurlán og þótti ekki par fínt í þá daga. Nú hafa menn snúið þessu við. Nú er verið að festa í landslög ákvæði þar sem beinlínis er bannað að láta fjármagnið renna annað en þar sem vextir eru hæstir. Mér finnst þetta mjög vafasamur hlutur að gera.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga núna í vor. Það þarf að gera á því nokkrar breytingar og ég vona að það muni ganga hratt og vel fyrir sig.

[19:23]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það er nú margt búið að koma fram í þessari umræðu sem ég get tekið undir og er ljóst að hér er á ferðinni mál sem snertir alla þjóðina því að lífeyrissjóðir og lífeyristryggingar koma við hvern einasta mann, getum við sagt, í hverri einustu fjölskyldu og hvernig þessum málum er fyrir komið er því mjög mikilvægt að allir skilji hvað er um að vera og sætti sig við það sem er verið að gera.

Það frv. sem hér er lagt fram er að mörgu leyti til bóta að mínu mati þó að þar sé að sjálfsögðu margt sem ég held að nauðsynlegt sé að skoða mun betur og breyta svo að hægt sé að ímynda sér að um þetta geti orðið sú sátt sem er nauðsynlegt að verði þegar svo mikilvægt mál er á ferðinni. Það er mjög mikilvægt í þessum lögum að hér er öllum gert skylt, sama hvaða starfsemi þeir stunda eða hvaða starf þeir stunda, að vera aðilar að lífeyrissjóði. Það er í mínum huga mjög eðlileg krafa og allt of mikið um það að menn hafi sloppið undan þeirri sjálfsögðu skyldu að tryggja ævikvöld sitt á einn eða annan hátt.

Það er einnig mjög mikilvægt sem kemur fram að þarna er verið að gera mönnum kleift að komast í lífeyrissjóði og það er ekki hægt að neita neinum um inngöngu í lífeyrissjóð á grundvelli, t.d. eins og kemur fram í lögunum, heilsufars, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Fjárhæð lífeyristrygginga skal miðuð við heildarlaun og margt annað má tíunda sem kemur fram í þessu frv. og er að mínu viti mjög eðlilegt.

Það er aftur á móti í 5. gr. ýmislegt sem menn staldra við og væri mjög æskilegt að skoðað yrði mun betur og ég treysti því að það verði gert í hv. efh.- og viðskn. Þar er m.a. það ákvæði að skyldutrygging skal að lágmarki nema 10% af iðgjaldsstofni og geti skipst í lágmarksiðgjald og viðbótariðgjald. Ég er út af fyrir sig ekkert ósammála því að heildargjaldið sé 10% en mér fyndist eðlilegt að það yrði bundið við 10% þannig að það væri ekki hægt að rokka með þá upphæð eftir því sem vindar blása í þjóðfélaginu eða gera mönnum auðvelt að ákveða þetta annars staðar en hér í þinginu. Mér finnst að það þurfi að ríkja verulega mikil festa og því tel ég að þarna ætti að standa einfaldlega að iðgjaldið eigi að vera 10%.

Ákvæðið um skyldutrygginguna finnst mér að mörgu leyti mjög eðlilegt en varðandi það gjald sem er umfram 10% ef viðkomandi aðilar, launþegar eða atvinnurekendur, semja um hærra gjald en 10%, þá finnst mér algjör óþarfi að vera með einhvers konar skyldutryggingu. Það er að mínu mati mjög eðlilegt að viðkomandi ráði því hvar hann setur þá fjármuni sína til vörslu og tryggi þá enn betri lífeyri en hann hefur annars gert með þessu skylduaðildargjaldi sem væri 10% af öllum launum. Mér finnst því að nefndin ætti að kanna hvort ekki væri eðlilegra að þetta atriði sérstaklega yrði frjálst og miklu frjálsara en kemur hér fram. Það er alls ekki nauðsynlegt að það renni í lífeyrissjóð sem samtrygging.

Margt annað sem kemur fram í þessu lífeyrissjóðafrv. hefur valdið miklum óróa í þjóðfélaginu að mér finnst og bara í dag er ég búinn að hitta földann allan af fólki sem hefur mjög miklar áhyggjur af því sem er að gerast með séreignarsjóðina. Séreignarsjóðirnir hafa verið að blómstra, skulum við segja, á síðustu árum og hafa náð ákveðinni fótfestu og við megum ekki kippa fótum undan þeim í einu vetfangi. Í þeim sjóðum er fólk sem fékk leyfi til að ávaxta lífeyrissparnað sinn á þennan hátt og ég held að það sé algjört óráð að fara af stað með aðgerðir, að svipta það þessum möguleika sem það fékk lögum samkvæmt, þ.e. að nýta sér öðruvísi möguleika við þessa séreignarsjóði.

Ég get tekið undir þá skoðun sem komið hefur hér fram að það væri leið að þessir séreignarsjóðir mundu ná sér í einhverja samtryggingu með tryggingavernd sem kæmi þá í staðinn fyrir samtryggingarákvæði sem er í hinum hefðbundnu lífeyrissjóðum. Ég held að margir mundu sætta sig við það þó svo það sé ekki í anda þeirra reglna sem þeir hafa unnið eftir hingað til. Eigi að síður finn ég það á þeim aðilum sem helst hafa áhyggjur af séreignarsjóðunum að þeim finnst ekki sanngjarnt heldur að fólk sem greiðir í almenna lífeyrissjóði í dag kemur ekki betur út úr því þegar upp er staðið, eftir að hafa greitt í lífeyrissjóði 40 ár, en sá sem hefur aldrei séð sér fært að greiða í neinn lífeyrissjóð og fær greitt út úr almannatryggingakerfinu sinn ellilífeyri, uppbætur og annað sem slagar þá nánast upp í lífeyrissjóðsgreiðslurnar þegar búið er að taka með í jaðarskattaáhrifum allar bætur sem fólk hefði annars fengið frá ríkinu. Í mínum huga er það auðvitað alveg óþolandi fyrir þetta fólk að það skuli ekki njóta þess að hafa sýnt ráðdeild og greitt sína tíund alla sína ævi umfram þá sem hafa sólundað öllu sínu fé og aldrei velt því fyrir sér að það þurfi að spara til efri áranna eða þegar eitthvað óhapp skeður í fjölskyldunni. Mér finnst að þessu leyti að ekki sé nein ástæða til þess að óttast að við getum ekki náð samkomulagi við þá sem hafa áhyggjur af séreignarsjóðunum og sínum hlut sem þar er. Margir séreignarsjóðsmenn telja reyndar að þeir eigi að geta haft ráðstöfunarrétt yfir sinni hlutdeild í sjóðnum þannig að börn þeirra erfðu innistæðuna og þar með væri þetta séreign fjölskyldunnar og samtryggingarákvæðin væru ekki þar með. Ef séreignarsjóðirnir geta tryggt sig gegn örorku og öðrum atriðum sem í samtryggingarkerfinu er gert með tryggingavernd, þá er það í sjálfu sér ásættanlegt að mínu viti og við ættum að gefa nefndinni tíma til þess að skoða það.

Eitt annað atriði sem mér finnst sjálfsagt að skoða er varðandi stjórnir sjóðanna. Það er búið að setja hér upp alveg gríðarlega öflugt lífeyrissjóðakrefi sem eins og komið hefur fram á eignir upp á hátt í 300 milljarða kr. og eignir þeirra munu vaxa á næstu árum og áratugum og verða margföld fjárlög íslenska ríkisins. 700–800 milljarðar eru taldir verða þarna eftir 10–15 ár þannig að þarna er alveg gríðarlegt vald og þetta eru gríðarleg auðæfi sem þjóðin og fólkið í landinu á. En spurningin er: Hver á að stjórna þessum sjóðum? Hver á að stjórna lífeyrissjóðum með öllu þessu valdi? Eiga það að vera menn sem eru valdir af verkalýðshreyfingunni til þess og atvinnurekendur, eða eiga það að vera eigendur sjóðanna á venjulegum aðalfundi? Auðvitað er það tiltölulega flókið, getum við sagt, en eigi að síður eru mörg fyrirtæki á Íslandi að verða eign mörg þúsund eigenda. Hlutafélag eins og Samherji bætti við sig hátt í 4 þúsund hluthöfum á nokkrum dögum núna um daginn þegar boðinn var út hlutur í því fyrirtæki þannig að þó svo fjöldi eigenda lífeyrissjóðanna væri mjög mikill, þá ætti að geta verið jafnmögulegt fyrir þá að gera slíkt eins og þá sem í dag starfa í fyrirtækjum sem eru í eigu mörg þúsund manna. Ég held að stærðarinnar vegna ætti það ekki að vera vandamál, a.m.k. ekki óyfirstíganlegt vandamál og spurningin er sú hvort það sé ásættanlegra fyrir alla að lífeyrissjóðirnir séu með stjórnum sem aðalfundur eigenda kýs til þess að stjórna þeim hvert sinn. Allt annað lítur út fyrir að vera stjórn á fárra manna höndum sem hafa í sjálfu sér ekki fengið umboðið frá neinum nema stjórnum verkalýðsfélaga eða stjórnum vinnuveitendasambanda. Spurningin er hvort það sé nokkurt lýðræði í því. Við getum líka velt því fyrir okkur hvort þetta skapi nokkurt los í sjóðunum, að stjórnunin sem hefur verið talin fara mjög batnandi á síðustu árum mundi verða losaralegri og skapa óvissu. Ég hygg að ekki þyrfti meiri óvissa að skapast þar en á öðrum sviðum þjóðlífsins þar sem fyrirtæki eru í eigu mjög margra. Reyndar er þetta að mörgu leyti öðruvísi, en mér finnst að það ætti að skoða það mjög rækilega.

Önnur atriði sem ég hef hér minnst á finnst mér í rauninni mjög nauðsynlegt að skoða og kynning á þessu máli er mjög nauðsynleg. Það er, eins og ég sagði áðan, ótrúlega mikil ólga í þjóðfélaginu út af þessu máli. Ég er alls ekki viss um það sem hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði áðan, að það sé mjög mikil sátt um þetta mál. Ég hef ekki orðið var við þá sátt. Það er mikill óróleiki og fólk heldur í rauninni að hérna sé á ferðinni eitthvert mál sem sé að kollvarpa allri þeirri framtíðarsýn sem það sér með þeim lífstíðarsparnaði sem það hefur tamið sér á undanförnum árum og áratugum. Mér finnst mjög alvarlegt ef skilaboðin eru þau úti í þjóðfélagi frá fjölmiðlum og öðrum að hér sé verið að kollvarpa þessu mikilvæga máli, þessum mikilvægu hagsmunum þannig að fólk telji sig vera að tapa nánast öllum sínum réttindum. Þess vegna tel ég kynningu á þessu máli mjög mikilvæga. Það er eiginlega ekki hægt, finnst mér, að láta þetta ganga í gegnum þingið öðruvísi en að fólk sé upplýst um hvað taki við eftir að þetta frv. verður að lögum, ef af verður, og hvaða breytingar sé í rauninni verið að gera þegar frv. sem

slíkt hefur verið tekið til afgreiðslu í hv. efh.- og viðskn. Ég vona að þar verði hlustað á þessar óánægjuraddir og reynt að vinna úr þeim þannig að sáttin náist. En eftir það tel ég ríkisstjórnin og Alþingi verði að kynna það sem kemur upp úr potti efh.- og viðskn.

[19:38]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að sinni að ræða um ósæmandi afskipti aðila vinnumarkaðarins af löggjafarstarfi hins háa Alþingis. Ég hef rætt það áður og ætla ekki að ræða það meira hér.

Við búum við lög frá 1974 og aftur frá 1980 sem voru alveg makalaus. Þau voru mjög einföld. Í lögunum frá 1974 stendur:

„Öllum launþegum er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps." Punktur.

Ekki er orð um það hvort viðkomandi lífeyrissjóðir gætu yfirleitt greitt lífeyri. Ekki er orð um það hvernig skyldi hagað eftirliti og fjárfestingarstefnu og ekkert meir. Við þetta höfum við búið nánast síðan og það er gott að ekki hafa orðið fleiri slys en þegar hafa orðið. En dæmi eru um lífeyrissjóði sem hafa orðið gjaldþrota og fólk hefur tapað öllu sem það átti.

Staða þessa ágæta kerfis sem menn hafa verið að guma af að sé svo einstakt í heiminum að allur heimurinn öfundi okkur af því var nú þannig 1980 að lífeyrissjóðirnir voru almennt séð allir gjaldþrota nema náttúrlega Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna sem hafði ríkisábyrgð á bak við sig. Þeir voru nánast allir gjaldþrota 1980. Það er ekki fyrr en með verðtryggingunni að staða sjóðanna batnar og hún batnaði ekki bara sisvona upp úr þurru. Það eru ómældar persónulegar þjáningar sem liggja að baki því. Verðtryggingin og mjög háir vextir, sérstaklega upp úr 1986, ollu gjaldþroti hjá einstaklingum og fyrirtækjum í stórum stíl þannig að þetta er ekki einhver staða sem er bara góð allt í einu upp úr þurru. Hún byggir á miklum þjáningum og það geta skuldarar sagt.

Staða sjóðanna er góð á meðan ávöxtunin er umfram 3,5% vegna þess að það eru þeir vextir sem sjóðirnir þurfa til þess að 10% iðgjaldið dugi fyrir þeim réttindum sem þeir lofa. Það verður mjög slæmt ef til þess kæmi og það mun mjög líklega koma til þess að vextir fari niður fyrir 3,5%. Þá þarf að hækka iðgjaldið eða skerða réttindin sem menn eru að lofa. Og af hverju segi ég að vextir munu fara niður fyrir 3,5%? Vegna þess að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna vex ár frá ári og er núna 50 milljarðar á ári og það mun þrýsta vöxtum hér á landi niður í það sem þeir eru erlendis og það er lægri ávöxtun en 3,5% raunvextir þannig að þetta kerfi er ekkert gott eitt sér. En vissulega er það mjög gott eins og það stendur akkúrat núna.

Hv. þm. Ágúst Einarsson gat þess að iðgjaldið hefði ákveðið skattaígildi og það er rétt hjá hv. þm. Iðgjaldið var náttúrlega sett á með lögum. Menn komast ekkert hjá því að borga þetta iðgjald, ekki frekar en skattinn sinn þannig að oft í samskiptum við erlenda aðila hafa þeir flokkað iðgjald í lífeyrissjóð á Íslandi sem skatta, sem renna reyndar ekki til ríkisins heldur til séreignarstofnana sem eru lífeyrissjóðirnir. Þetta iðgjald sem sett var 1974 olli því að lífeyrissjóðirnir uxu yfirleitt. Það var mjög lítil þátttaka í lífeyrissjóðunum fyrir þann tíma, mjög lítil. Lífeyrissjóður verslunarmanna var með eitthvað um 1.000 virka sjóðfélaga 1974. Nú er hann með um 20 þúsund virka sjóðfélaga. Þökk sé skylduaðildinni samkvæmt lögum. Ég bendi á að það er skylduaðildin sem löggjafinn hefur sett á lífeyrissjóðina sem gerir það að verkum að þeir eru svona sterkir í dag, en það aftur á móti gefur löggjafanum ákveðinn rétt til þess að hlutast til um málefni sjóðanna. Núna höfum við haft í tíu ár vexti sem eru umfram 5% og þar af leiðandi batnar staða sjóðanna ár frá ári.

Herra forseti. Það frv. sem við ræðum hér í dag er þarft frv. Það er nauðsynlegt að setja lög um rekstur, eftirlit og fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna eins og gert hefur verið um banka, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði vegna þess að almenningur á mjög mikið undir því að ekki verði gjaldþrot og skipbrot á þessum markaði. Það er ekkert í dag sem hindrar það, ekkert. Seðlabankinn hefur reyndar upplýsingaskyldu. Hann upplýsir um stöðu sjóðanna. Hann hefur ekki eftirlitsskyldu og það er mikill munur þar á. Þessu frv. er ætlað að bæta úr því. Þar af leiðandi er það brýnt. Reyndar gefst Alþingi og hv. efh.- og viðskn. mjög stuttur tími til að fara í gegnum frv.

Staða lífeyrissjóðanna er þannig eins og hér hefur margoft komið fram í dag að eignir þeirra eru um 300 milljarðar kr. Þeir eru orðnir miklu, miklu stærri en bankarnir. Þeir eiga landið og miðin meira og minna og það fer vaxandi þannig að eftir svona tíu ár munu þeir eiga flestöll stærri fyrirtæki í landinu og þeir munu tilnefna menn í stjórnir allra þessara fyrirtækja. Þetta eru því miklir hagsmunir. Það eru geysilegir hagsmunir að hrófla við lífeyrissjóðakerfinu og þess vegna er þetta svona erfitt. Þess vegna koma svona miklir hagsmunir upp alls staðar þegar það á að breyta þessu kerfi.

Herra forseti. Hver á lífeyrissjóðina? Hér í eina tíð, fyrir iðnbyltinguna, þegar bóndi hafði hjú, þá bar hann ábyrgð á sínu hjúi og þegar hjúið hafði unnið hjá honum í 20 ár, 30 ár, menn urðu nú ekki svo gamlir þá, þá gat hann ekki hent því út á guð og gaddinn þegar hjúið varð öryrki eða aldrað. Hann varð siðferðilega að sjá því farborða. Þetta er húsbóndaábyrgðin. Hún leiddi til þess að fyrirtækin telja sig eiga rétt í lífeyrissjóðunum þar sem þeim er kippt undan húsbóndaábyrgðinni. Þetta skýrir það af hverju fyrirtækin borga 6% í lífeyrissjóðina á móti 4% frá launþegunum. Það er ekki bara út í bláinn að fyrirkomulagið er svona. Lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir upp úr iðnbyltingunni vegna þess að þá var orðið svo erfitt að framfylgja húsbóndaábyrgðinni þegar menn skiptu kannski um starf oft á ævinni og enginn vildi ráða manninn þegar hann var orðinn gamall. Þetta er því rökstuðningur fyrir því að fyrirtækin eigi lífeyrissjóðina. En þegar almannatryggingar verða teknar upp út um allan heim og þegar komin var á skylduaðild að lífeyrissjóðum, þá má segja að ríkisvaldið hafi tekið yfir þessa húsbóndaábyrgð. Enginn talar um það í dag að fyrirtækin skuli sjá mönnum farborða heldur skuli það vera sveitarfélög og ríki. Húsbóndaábyrgð fyrirtækjanna hefur því flust yfir til ríkisins og sveitarfélaganna. Það má segja að í dag séu það sjóðfélagarnir sem eiga lífeyrissjóðina og ég mun flytja tillögu um það. Hún er einföld og hljóðar svo:

„Lífeyrissjóður er eign þeirra sem greitt hafa til hans iðgjald og eiga hjá honum réttindi." Ég mun flytja brtt. við þetta frv. í þessa veru.

Herra forseti. Menn hafa talað um að það megi velja lífeyrissjóð svona svipað og bifreiðatryggingar. Þar er skyldutrygging, ábyrgðartrygging bifreiðatrygginga, en menn geta valið sér tryggingafélag og svipað mætti gera með lífeyrissjóðina. En það hefur miklar afleiðingar í för með sér. Málið er það að tvítugur maður ætti að fá miklu meiri réttindi en

fertugur maður fyrir sama iðgjald og svo maður tali ekki um mann sem er orðinn sextugur vegna þess að það er lengra þangað til hann fer á lífeyri og dánarlíkur hans eru miklu minni og örorkulíkur. Um leið og menn taka upp val á lífeyrissjóðum þurfa menn því að vera búnir að leiðrétta það að réttindauppbyggingin sé rétt. Hún er ekki rétt hjá lífeyrissjóðunum núna. Og með hagnaði vegna of hárra vaxta tæki mörg ár að leiðrétta þetta og laga. Það er hugsanlegt að það sé hægt, en fyrr er ekki hægt að taka upp frjálst val á lífeyrissjóðum.

Menn hafa sagt að frjálst val á lífeyrissjóðum sé eins og að kjósa með fótunum. Ef ég er óánægður með sjóðinn minn, þá get ég bara valið einhvern annan. Ég kýs einfaldlega með því að hlaupa frá einum til annars.

Herra forseti. Í verkalýðsfélögunum segja menn að sé lýðræði. Það er kosið þarna vissulega, en lýðræðið er víða mjög veikt. Það er mjög þunglamalegt. Það eru miklar kvaðir á því og það er nánast óvirkt. Maður sér eiginlega aldrei breytingar á stjórnum verkalýðsfélaga. Þær aftur á móti tilnefna menn í lífeyrissjóðina sem og Vinnuveitendasambandið. Þetta er náttúrlega orðið ákaflega lélegt lýðræði og áhrif sjóðfélaganna eru nánast engin. Mjög fáir Íslendingar hafa mætt á sjóðfélagafund hjá lífeyrissjóði sínum og tekið þátt í því að kjósa stjórn sem fer með málefni sjóðsins. Þetta lýðræði er óþolandi og vegna þess sem ég sagði áðan að sjóðfélagarnir ættu lífeyrissjóðina, þá er náttúrlega mjög eðlilegt að þeir fái að kjósa stjórnina einir þannig að menn kjósi með höndunum, í stað þess sem aðrir vilja, að kjósa með fótunum sem ég gat um áðan að væru ákveðin vandkvæði á. Ég mun því flytja eftirfarandi tillögu um stjórn lífeyrissjóða:

„Félagsfundur fer með æðsta vald í málefni lífeyrissjóðs. Félagsfund sitja sjóðfélagar sjóðsins eða umboðsmenn þeirra. Sjóðfélagi er sá sem hefur greitt iðgjald til sjóðsins og á réttindi í honum."

Síðan eru ákvæði um atkvæðisréttinn þar sem reynt er að vega saman hagsmuni eldri sjóðfélaga sem eiga mikil iðgjöld inni og hagsmuni unga fólksins sem á lítil iðgjöld þannig að á hvorugan halli. Þessa tillögu mun ég flytja ásamt þeirri sem ég gat um áðan.

Herra forseti. Mikil umræða hefur orðið um séreignarsjóði. Það er kallað forsjárhyggja að afnema þá eins og hér er gert ráð fyrir. Það er ekki forsjárhyggja. Forsjárhyggjan felst í velferðarkerfinu. Forsjárhyggjan felst í því að almannatryggingar tryggja öllum Íslendingum, þó þeir hafi aldrei borgað í lífeyrissjóð, um 54 þús. kr. á mánuði. Þetta er forsjárhyggjan. Þetta er velferðarkerfið og þetta held ég að velflestir Íslendingar séu sáttir við. Þarna liggur forsjárhyggjan. Hún liggur ekki í því að leyfa mönnum ekki að borga í séreignarsjóði.

Við skulum líta á dæmi um hreinan séreignarsjóð. 30 ára maður sem hefur borgað í fimm ár, frá 25 ára aldri, verður öryrki. Hann á inni fimm ára iðgjöld. Ef sjóðurinn hefur náð 10% ávöxtun umfram laun, 10%, þá ætti þessi maður svona um það bil 65% af árslaunum. Því er dreift á 10 ár. Hann fengi 6,5% af árslaunum í árslífeyri. Það er gjörsamlega ófullnægjandi. Hann mundi aldrei lifa á því. Hann yrði að leita til almannatrygginga og hann mundi leita til almannatrygginga. Hann er ekki tryggður.

Sama gerist ef hann fellur frá og skilur eftir sig mikla ómegð, börn og konu eða ef þetta er kona sem fellur frá og skilur eftir sig mann með skuldir á íbúðinni og fullt af börnum. Þá er sömuleiðis hægt að borga 6,5% í makalífeyri og barnalífeyri samtals. Það er gjörsamlega ófullnægjandi og tryggir ekki nokkurn skapaðan hlut þannig að þetta dæmi er algerlega óþolandi. Þetta er engin trygging.

Svo getum við litið á mann sem verður 65 ára og byrjar að taka lífeyri. Hann tekur hann í 10 ár til 75 ára aldurs. Hvað gerist með þennan mann ef hann skyldi verða 100 ára? Þá vantar 25 ár þar sem hann fær engan lífeyri. Þá leitar hann að sjálfsögðu til almannatrygginga. Svo eru menn að tala um að þessi séreign erfist til einhvers fólks sem hugsanlega þarf ekkert á því að halda, jafnvel til ríkisins ef engir erfingjar eru. Séreignarsjóðirnir taka enga áhættu af manninum eða sjóðfélögunum og velta í rauninni áhættunni vegna örorku eða dauðsfalla um aldur fram eða hárrar elli yfir á *þjóðfélagið, yfir á almannatryggingar, yfir á forsjárkerfið, yfir á* velferðarkerfið sem við höfum byggt upp. Þess vegna er þetta kerfi með hreina séreignarsjóði ekki líðandi. Þetta eru ekki lífeyrissjóðir.

Það er til lausn á þessu. Hún er ákaflega einföld: Hreinlega að skylda séreignarsjóðina til þess að tryggja fólkið í hóplíftryggingu gegn örorku, dauða og elli. Það er ákaflega einfalt eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson kom með hérna áðan. Þetta er einfaldasta mál í heimi. Við verðum bara að leysa þetta. Við þurfum ekkert að banna þá. Gerum bara kröfu til þess að fólkið sé tryggt fyrir einhverju lágmarki, við skulum segja t.d. 80 þús. kr. eða *einhverju slíku*. Síðan geta menn haft séreignir þar umfram. Þetta yrði gert hjá tryggingafélagi og þetta mætti meira að segja gera fyrir einstakling sem vildi hvorki vera í séreignarlífeyrissjóði né sameignarlífeyrissjóði. Hann yrði þá bara að tryggja sig hjá tryggingafélagi einn sér og það er alveg hægt með nákvæmlega sömu rökum. En það þarf að gera mjög sterka kröfu um sterkt eftirlit eins og er víða um heim, t.d. í Þýskalandi, en eins og kom fram hér áðan, þá er veikara og miklu veikara og kannski allt of veikt eftirlit með tryggingafélögum í Bretlandi. Að breyta séreignarsjóðunum í þetta form í stað þess að banna þá er verkefni hv. efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti.

Herra forseti. Ég bar að gamni saman eignir lífeyrissjóða og erlendar skuldir þjóðarinnar og það er dálítið merkilegt. Það kemur fram að erlendar skuldir skuldir hafa vaxið svipað og eignir lífeyrissjóðanna. Það er ekki mikill munur á. Við höfum sem sagt samt verið að taka lán erlendis til að stuðla að uppsöfnun á Íslandi. Það er nú ekkert annað. Þetta er engin eign. Við skuldum jafnmikið í útlöndum og það stendur þannig á núna að þetta er nánast sama upphæðin sem við skuldum erlendis og við eigum í lífeyrissjóðunum. Þetta er bara til upplýsingar og gamans fyrir þá sem hafa gaman að velta fyrir sér fjárstraumum.

Ég ætla ekki að ræða einstakar greinar frv., enda sit ég í hv. efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til umfjöllunar og málið er það flókið að 20 mínútur duga engan veginn til að ræða það. Þó ætla ég að geta um þrjá augljósa vankanta á þessu frv.

Í fyrsta lagi. Það er skylduiðgjaldið. 5. gr. er nánast óskiljanleg. Ég hef reynt að glugga í hana og reynt að skilja hana aftur og aftur. Það liggur kannski í minni persónu en ég skil hana ekki og það þarf að fara í gegnum hana aftur. Það þarf að athuga með skattaígildi iðgjaldsins. Ef aðilar vinnumarkaðarins eiga að geta samið um það sín á milli að iðgjaldið verði 13%, 10 + 3, 10% grunniðgjald og viðbótariðgjaldið 3%, þá eru þeir búnir að leggja skatta á alla sína umbjóðendur, alla. Allir þurfa að borga 13% eins og ég les

5. gr. Það er ekki víst að fólk vilji meiri tryggingu. Um það verður bara ekki spurt. Það skal borga þessi 3% til viðbótar þó að það vilji það ekki, þó að það vilji kannski hafa það betra með börnunum sínum meðan það er ungt og vinnandi heldur en hafa það gott sem lífeyrisþegi, kannski allt of gott miðað við það þegar það var vinnandi. Það er ekki markmið að menn hafi það miklu betra sem lífeyrisþegar heldur en sem vinnandi fólk.

Í öðru lagi. Það er 1. mgr. 29. gr. sem greinilega kom frá aðilum vinnumarkaðarins. Það er eins og með hænuna sem vill hafa ungana undir væng til þess að þeir fari nú ekkert á brott, séu ekki með neina sjálfstæðistilburði, þ.e. þessir sjóðfélagar þeirra, þessi verkalýður sem þeir reka. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Stjórn lífeyrissjóðs skal tilnefnd af samningsaðilum, sbr. 2. mgr. 2. gr., og skipuð fulltrúum stéttarfélaga og atvinnurekenda að jöfnu."

Þarna er verið að negla niður, herra forseti, núverandi stöðu. Það er verið að negla hana niður um alla framtíð, þ.e. að þessir aðilar skulu ráða lífeyrissjóðnum alveg burt séð frá því þó að sjóðfélagarnir séu eitthvað að þvælast þarna. Þeim kemur bara ekkert við þessi rekstur. Ég get ekki fallist á þessa grein engan veginn, aldrei. (**Gripið fram í:** Og þá atvinnurekendurna burtsetta?) Já, sjóðfélagarnir eiga að kjósa sína stjórn sjálfir og engir aðrir að sjálfsögðu. Ég vil líka stéttarfélögin burt, ekki bara atvinnurekendur. (Gripið fram í.) Fólkið sjálft, sjóðfélagarnir sjálfir eru ekki svo vitlausir að þeir geti ekki kosið sjálfir. Ég treysti þeim alveg fullkomlega til þess að kjósa sér stjórn.

Þriðja atriðið sem ég hef við þetta að athuga er að það vantar algjörlega samtengingu við almannatryggingar. Það er búið að byggja upp alveg ótrúlega flókið kerfi af skerðingum sem enginn maður botnar í og síst af öllu gamla fólkið. Þetta er vegna þess að við erum með tvö kerfi, í fyrsta lagi lífeyrissjóðina sem eru að rembast við að borga 70% af launum sem verður eftir 20 ár — þá verða menn komnir með 70% af launum, við 40 ára starfsaldur — og svo hins vegar almannatryggingar sem eru með mjög gott kerfi, lágmarkslífeyri, 54 þús. kr. á mánuði fyrir mann sem aldrei hefur borgað neitt og hefur engin laun. Þessi kerfi rekast stöðugt á. Það þarf stöðugt að skerða meira og meira þarna á milli og það er vandinn sem við búum við í dag. Við erum með sífellda oftryggingu hjá almannatryggingum.

Herra forseti. Það er mjög mikilvægt að setja lög um þessi mál og fyrr en seinna. Annars er hætta á slysi. Ég er samþykkur því að þetta frv. komi fram og verði rætt og verði jafnvel samþykkt með þeim breytingum sem ég hef lagt til. Hv. efh.- og viðskn. mun ræða frv. en ég get ekki stutt það óbreytt eins og ég gat um hér áðan.

[19:58]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan, þá er alveg ljóst að uppruni lífeyrissjóða og tilvera er að þeir eru hluti kjarasamnings. Þetta vita allir. Sé það nú vilji manna að breyta þessu, þá verður það ekki gert nema hér á Alþingi. Þá setjum við löggjöf um þetta. Ef við teljum betra og farsælla að hafa það þannig og eru náttúrlega hvorki atvinnurekendur né einhver verkalýðsforusta að þvælast þar neins staðar nálægt. Þá bara annast skattstjórinn þetta eða einhver slíkur embættismaður ríkisins.

En ef menn vilja hafa þetta svona, þá á náttúrlega hið sama við um hinn opinbera markað. Þá kemur ríkinu ekkert við eftirlaunasjóður ríkisstarfsmanna eða bæjarfélaga og þá skulum við bara hafa það þannig. En ég hef litið þannig á að ábyrgð og skyldur atvinnurekenda væru ein meginstoð samfélagsins og ég hélt ræðu um það áðan, herra forseti, að ég teldi lífsnauðsynlegt til þess að vernda ríkissjóð á næstu öld að ætla þessu lífeyriskerfi að taka við af almannatryggingakerfinu. Öðruvísi fengist þetta ekki staðist, við værum búnir að kasta teningunum, við ætluðum að setja svo og svo mikla fjármuni, svo stóran hluta af heildarlaunastabbanum, í lífeyrissjóðina. Úr því að svo væri komið, þá sætum við uppi með það, þá gætum við ekki líka ætlað að skattgreiða til þess að borga í almannatryggingar. Því er það lífsnauðsynlegt, herra forseti, að mínu áliti að við höldum þessu kerfi eins og það er, að það sé fyrst og fremst á vegum vinnumarkaðarins, vegum þeirra aðila sem bera ábyrgð á samningsgerðinni, á meðan við höfum það kerfi vinnumarkaðarins að launþegar eru í samtökum og meðan þeir semja um kaup sín og kjör eins og gert er samkvæmt lögum. Ef menn síðan vilja breyta því, þá víkur þessu náttúrlega allt öðruvísi við.

[20:00]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Uppruni lífeyrissjóðanna er alls ekki í kjarasamningum. Það er alger misskilningur. Uppruni þeirra felst í lagasetningu frá 1974. Ef menn skoða fjölda sjóðfélaga í einstökum lífeyrissjóðum þá var hann nánast enginn fyrir 1974 vegna þess að fólk vildi ekki borga í lífeyrissjóð almennt á þeim tíma nema til þess að fá lán. Menn gengu í lífeyrissjóð bara til þess að fá lán. En eftir lagasetninguna 1974 og sérstaklega eftir 1980, þá hrúgaðist fólk inn í lífeyrissjóðina, enda gat það ekki annað. Lífeyrissjóðirnir sendu bara lögfræðing í fyrirtækin til að innheimta. Það var ekkert einfaldara. Þetta er ekkert hlutverk kjarasamninga og alls ekki afrakstur kjarasamninga, þessi mikli vöxtur lífeyrissjóðanna. Það er afrakstur lagasetningar á Alþingi, lagasetningar sem olli því að iðgjaldið varð skattaígildi og þess vegna er það Alþingis að breyta því aftur ef því finnst að stjórnin á lífeyrissjóðunum sé þannig að sjóðfélagarnir hafi ekkert um hana að segja.

Ég er hjartanlega sammála því að lífeyrissjóðirnir taki við almannatryggingum. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. með það að þeir taki við almannatryggingum og ég meira að segja gat um það hér áðan. Ég held að það sé bara nauðsynlegt að finna samspil milli almannatrygginga og lífeyrissjóða þannig að mínar hugmyndir ganga eingöngu út á það hver á að stjórna. Er það fólkið í lífeyrissjóðunum? Eru það eigendurnir eða eitthvert fólk úti í bæ?

[20:01]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sagnfræðin er alveg ljós í þessu. Í almennum kjarasamningum 1969 var samið um lífeyrissjóðina. Þeir tóku gildi samkvæmt þeim kjarasamningum 1. janúar 1970, fjórum og hálfu ári áður en þessi löggjöf var sett. Þjónar nú litlum tilgangi að vera að rífast um slíkt því að staðreyndin er sú að í dag er samið um lífeyrissjóðina, það er samið í almennum kjarasamningum og auðvitað liggur það fyrir að vilji löggjafinn breyta þessu, vilji Alþingi og ríkisstjórn breyta þessu, þá hefur hún það á sínu valdi. Ég var einmitt að taka það fram áðan. Menn geta gert það, menn geta sett um þetta löggjöf og tekið þá aðila vinnumarkaðarins þar út úr. Það er enginn vandi ef menn telja það farsælla. Aðalatriðið hlýtur að vera þetta: Hvernig teljum við þessu farsællega borgið og hvernig teljum við að við tryggjum að ábyrgð sé

á þessu fé og meðferð þess? Við stöndum frammi fyrir því og það skiptir öllu máli. Ég reyndi líka að vekja athygli á hinu efnahagslega umhverfi, þ.e. að við getum ávaxtað þessa sjóði, að við getum ávaxtað þá bæði innan lands og utan lands. Það skiptir máli því að ef við erum ekki í því umhverfi þá horfir illa eins og allir vita. Um leið og við missum niður þessa prósentu, þessa vexti, þá getur stefnt í hreinan voða. Því er það aðalatriði að gæta þessa umhverfis eins og sjáaldur augna okkar.

[20:03]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega voru gerðir kjarasamningar 1969 og þar sem var stofnaður fjöldinn allur af lífeyrissjóðum, hinir almennu lífeyrissjóðir. SAL, Samband almennra lífeyrissjóða var stofnað upp úr því. Það var vissulega gert. En það voru ákaflega fáir sem gengu í þá. Mjög fáir gengu í þessa sjóði vegna þess að fólki bar ekki skylda til þess nema samkvæmt kjarasamningi og það var ekki lagaskylda. Af hverju þrýsti ASÍ á það að setja lög um að skylda alla að vera í lífeyrissjóði? Það var enginn annar en forseti ASÍ, Björn Jónsson, sem stóð fyrir þessari lagasetningu, þá hv. þm. þannig að hann setur lög 1974 eða fær það í gegn til þess að tryggja að menn borgi í lífeyrissjóðinn það sem fólk vildi ekki borga. Ef menn horfa á sjóðfélagafjöldann hjá lífeyrissjóðunum, þá margfaldaðist hann upp úr 1974. Það eru áhrif lagasetningarinnar sem hafa gert þetta kerfi svona sterkt. Og hafi Alþingi sett lög, þá má líka breyta þeim, þ.e. hafi Alþingi sett lög um að þessir aðilar skuli hafa um þetta að segja og skipi stjórn og það kemur í ljós að það er gjörsamlega ólýðræðislegt þannig að hinn almenni sjóðfélagi veit ekkert hvað er að gerast hjá sínum sjóði. Hann veit ekkert um stjórnarlaun. Hann veit ekkert um fjárfestingarstefnu. Hann getur ekkert gert ef stjórnin ákveður að fara út í eitthvert hættulegt dæmi. Hinn almenni sjóðfélagi hefur ekkert um það að segja.

Ég skil ekki þessa vantrú manna á almenningi. Halda menn virkilega að almenningur geti ekki borið ábyrgð og stundað góða meðferð síns eigin fjár? Ég bara spyr. Þarf einhverja alvitra aðila vinnumarkaðarins til þess að stjórna lífeyrissjóðunum, miklu, miklu betri að því mér er sagt.

Ég treysti því að sjóðfélagar séu betri. Þeir geti valið sér betra fólk til þess að stjórna lífeyrissjóðunum og þá fá þeir alla vega að vita miklu meira um stöðu þeirra.

[20:05]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek alveg undir það að hér sé eðlilegt að setja á rammalöggjöf og það er hið besta mál hvað áhrærir lífeyrissjóðina. Fjmrh. kom að því í máli sínu að eðlilegt væri þegar fram liðu stundir að Tryggingastofnun ríkisins mundi draga úr þeim greiðslum sem hún hefur staðið fyrir í dag og lífeyrissjóðirnir taka þar við. En menn skulu gera sér grein fyrir því að sé tekjumöguleiki lífeyrissjóðanna á einhvern hátt skertur, þá mun Tryggingastofnun ríkisins fá enn frekari kröfur um greiðslur bóta til einstaklinga en jafnvel er í dag.

Hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á það áðan að yngri menn ættu að vinna sér inn meiri réttindi hlutfallslega en hinir eldri vegna þess að minni líkur væru á veikindum og örorku hjá hinum yngri. Það er bara ekki algild regla og ég hef komið að því áður að t.d. í Lífeyrissjóði sjómanna er einmitt þessu öfugt farið. Hjá hinum yngri mönnum er örorkan miklu meiri heldur en hjá þeim eldri. Ef menn komast upp úr þessari miklu slysatíðni sem á sjó er og komast til aldurs, þá eru mjög litlar líkur á því að þeir fái örkuml og örorkugreiðslur þegar fram líða stundir. Það er bara eðli starfsins samkvæmt.

Um lýðræði í verkalýðsfélögunum. Ég þarf ekki að rekja það. Í fyrsta lagi er kosið í stjórnir í einstökum stéttarfélögum. Síðan koma stjórnir saman, annaðhvort í samböndum eða samtökum verkalýðsfélaga og þar er síðan kosin stjórn sem kýs í stjórnir lífeyrissjóðanna. Ég sé fyrir mér eitt allsherjarkaos ef það á að fara að senda kjörseðla til sérhvers félaga í lífeyrissjóði til þess að kjósa fulltrúa því að það gæti alveg eins orðið þar að menn gætu setið í langan tíma í stjórn lífeyrissjóða án þess að nokkur breyting yrði, bara af því að hann hafi setið þar. Og að lokum get ég tekið undir að það er nauðsynlegt fyrir alla lífeyrissjóði að halda opna almenna aðalfundi til þess að fjalla um stöðu mála.

[20:08]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ljóst að hlutverk almannatrygginga mun aldrei hverfa algjörlega. Við erum alltaf með fólk sem ekki hefur tekjur í þjóðfélaginu. Við erum með öryrkja. Við erum með sjúklinga, ævilanga sjúklinga og við erum með þó nokkuð mikið af fólki sem aldrei hefur tekjur. Almannatryggingar þarf til að veita þessu fólki lífeyri þannig að við getum ekki alveg útilokað almannatryggingar, en þær ættu að vera lausar við það að borga lífeyri til fólks sem er vinnandi alla ævi.

Um það að yngra fólkið ætti meiri réttindi. Það á að vera almennt hjá öllum lífeyrissjóðunum að það ætti að fá meiri réttindi vegna þess að vaxtaþátturinn vinnur svo miklu lengur með því. Þessir 3,5% vextir sem reiknað er með í lífeyrissjóðunum vinna miklu lengur með tvítugum manni en með sextugum manni. Það upphefur allan mismun í örorkulífeyri. Það kann að vera að hjá sjómönnum sé örorkan mikil frá tvítugt til þrítugs og það er rétt, en vaxtaþátturinn upphefur það þannig að yngra fólkið ætti samt sem áður að fá meiri réttindi af því að það er svo langt þangað til það fer á ellilífeyri.

Um sýn hv. þm. á allsherjarkaosið. Hann hefur ekki mikla trú á lýðræðinu. Ég verð nú að segja það eins og er. Ég veit ekki betur en að meira að segja hjá Sjómannasambandinu sé mjög gott lýðræði og kosningar og menn kjósa út um allan heim og það gengur bara ljómandi vel og það er enginn að tala um allsherjarkaos þar. Hvers vegna skyldu sömu menn ekki geta kosið sér góða og fullgilda fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðsins beint? Þeir mundu örugglega gera það. (**EOK:** Þeir gera það.) Ekki beint í lífeyrissjóðinn. Hvers vegna skyldu þeir ekki kjósa í öllum lífeyrissjóðunum stjórn beint? Hvers lags vantrú er þetta á lýðræðinu?

[20:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki að ég hafi ótrú á lýðræðinu, alls ekki, þó ég hafi tekið svo til orða að þetta gæti orðið eitt allsherjarkaos í sambandi við kosningar til stjórnar lífeyrissjóðanna. Það er einfaldlega vegna þess að ég óttast að verið sé að hræra upp í máli sem mundi stefna í algert óefni vegna þess að ef á að fara að hafa þann háttinn á, þá hafa einhverjir setið í stjórn lífeyrissjóðsins í upphafi og það mun leiðbeina eða leiða kjósandann til þess að kjósa þennan og þennan aðila áfram vegna þess að það er nú svo að í stjórn lífeyrissjóðanna almennt í dag sitja ábyrgir menn. Það eru breyttir tímar frá því um 1980 að menn sátu og spekúleruðu bara í því hvernig þeir gætu lánað sjóðfélögunum peninga.

Nú sitja menn og hafa miklar áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir standi við skuldbindngar sínar og eru þess vegna að leggja sig mjög fram um að ávaxta alla þá peninga sem inn í sjóðina koma þannig að enginn situr í stjórn lifeyrissjóða og lætur sig fátt um finnast, hvorki um sjóðina sjálfa né sjóðfélagana. Ég held því að þetta form sé ágætt, þ.e. þessi leið sem ég var að lýsa hér, t.d. varðandi Lífeyrissjóð sjómanna, hvernig það gengur í sjómannafélögunum, hvernig þeir kjósa sína fulltrúa og síðan þeir aftur kjósa í stjórn sjóðsins. Ég er ekkert að vanmeta sjóðfélagana sjálfa en ég tek undir það sem hv. þm. kom inn á hér áðan um aðalfundi lífeyrissjóðanna. Ég tel eðlilegt að þar séu opnir fundir og málin ígrunduð og stjórnin geri grein fyrir því hvernig þeir hafa haldið á fjármunum og hvernig þeir hafa ávaxtað peningana og hvernig þeir muni og ætli að standa við skuldbindingar þær sem sjóðirnir hafa tekist á sínar hendur.

[20:12]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það var eitt sinn sagt á nær öllu Íslandi um eitt ágætt kvæði að allir vildu Lilju kveðið hafa. Svo ólíkar eru raddir um þetta mál sem við ræðum að varla verður sagt um þetta frv. að allir vildu það hafa fram lagt. Það er hins vegar rétt að á málinu sem það fjallar um, viðfangsefninu lífeyristryggingum, eru svo margar hliðar að það verður ekki kallað annað en mjög flókið. Aðgerðir sem á að framkvæma og lögleiða með þessu frv. eru þess efnis að ætlunin mun vera að gera stöðu allra sem eiga að tryggja sinn lífeyri nánast jafna og verður nú að viðurkennast að um svipað leyti og það tímabil sem fjallað er um á fyrstu síðum greinargerðar með frv., þar sem fjallað er um slæmt ástand skyldulífeyrissjóðanna fyrir fáeinum árum, var sungið í vinsælum söng hér á landi að allir skyldu fara í kassa, allir eins. Skyldi það nú eiga við um markmiðin með þessari frumvarpssmíð?

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að lýsa þeim markmiðum sem hér eru rædd í greinargerð með frv. Í fyrsta lagi markmiðum með starfi þeirrar nefndar sem sagt er frá á bls. 17, en þar segir, með leyfi forseta:

„Í erindisbréfi nefndarinnar kom fram að meginverkefni hennar væri að útfæra það markmið ríkisstjórnarinnar að treysta starfsgrundvöll lífeyrissjóðakerfisins þannig að allir landsmenn nytu sambærilegra lífeyrisréttinda. Sérstök áhersla skyldi lögð á að finna leiðir til að auka valfrelsi í lífeyrissparnaði, innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stefnumörkun og stjórn sjóðanna."

Litlu neðar á blaðsíðunni segir um frv. sjálft að það miði „að því að setja almenna umgjörð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða." Í þessari málsgrein er ekki fjallað um hin fyrri markmið, þ.e. að auka valfrelsi í lífeyrismarkaði eða innleiða samkeppni milli lífeyrissjóða og tryggja bein áhrif sjóðfélaga á stjórn þeirra og stefnumótun. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég er öllu hlynntari hinum fyrri markmiðum og þá helst þeim sem mér sýnist að ekki hafi verið haldið til haga við lok þessarar vinnu, þ.e. þegar kom að frumvarpsgerðinni sjálfri, enda segir ofar á þessari sömu blaðsíðu að nefndin hafi verið leyst upp án þess að hún lyki störfum og frv. byggi aðeins að hluta á þeim niðurstöðum sem urðu af nefndarstarfinu.

Herra forseti. Vandanum sem við hefur verið að etja í lífeyrissjóðakerfi landsmanna er lýst með fáum orðum á bls. 18 í greinargerðinni. Ég vil leyfa mér að víkja örlítið að þeim vanda sem þar er lýst þar sem talað er um neikvæða raunávöxtun á fyrstu árum almennu sjóðfélaganna og sagt að ekki séu nema um 15 ár, þ.e. núna séu ekki nema um 15 ár síðan flest benti til þess að markmið þessa kerfis og tilætlaður árangur mundi ekki nást, kerfið mundi sigla í strand og liðast í sundur.

Hin rétta lýsing, herra forseti, er auðvitað sú að kerfið eins og það var þá statt virtist alls ekki hafa burði til þess að tryggja sjóðfélögunum lífeyrisréttindin sem þeir höfðu verið að greiða. Ástæðan er okkur öllum ljós. Hún liggur í því efnahagsástandi sem hér ríkti á þeim tíma sem sjóðirnir fóru af stað, um 1970 og á árunum þar á eftir, og allt fram undir þann tíma sem hér er verið að tala um, langt fram á síðasta áratug og raunar fram undir síðustu áratugaskiptin. Og ég held líka að sá mikli fjöldi sem síðasti hv. ræðumaður nefndi að hefði komið til liðs við sjóðina eftir að hann var með lögum skyldaður til þess, sé lýsandi dæmi um að almenningur hafði ekki trú á þessum skyldusparnaði vegna þess að það var reynsla alls almennings á þessum tíma að á Íslandi, við þær efnahagsaðstæður sem þá ríktu, borgaði sig ekki að spara. Meira að segja borgaði sig að skulda. Það gekk svo langt að það var almenn skoðun fjölskyldna, fjölskyldufeðra og sérhvers ábyrgs manns að það væri nánast happdrættisvinningur að skulda meira en næsti maður.

Á þessum tíma, herra forseti, var það viðtekin venja að þessir sjóðir lánuðu út fé sitt jafnharðan á lægri vöxtum en raunávöxtun og það var ástæðan fyrir þessari slæmu stöðu þeirra sem þarna er lýst. Það er ekki fyrr en síðar, eftir þetta tímabil, að stjórnendur sjóðanna taka upp aðra stefnu og það verður líka að viðurkennast, herra forseti, að á því tímabili voru þessir sjóðir og auðvitað stjórnendur þeirra í hópi þeirra stjórnenda fjármála á Íslandi sem héldu uppi háum vöxtum með ákvörðunum sínum.

Ég er sammála því sem kemur fram í málsgreininni neðst á bls. 18, að til þessa tíma hafi lög verið sett um rekstur, þ.e. almenna starfsemi, allra annarra fjármálastofnana en lífeyrissjóða og meira að segja allra annarra en skyldulífeyrissjóðanna. Og ég verð að viðurkenna að í mín eyru hefur alloft verið sagt undanfarin ár að einmitt þeir væru sennilega einu fjármálastofnanir landsins sem hefðu með sér samráð um vaxtaákvarðanir, samráð um kaup á verðbréfum til þess að hafa áhrif á vexti. Skyldi það nú hafa verið til þess að lækka þá? Ég hygg að ætlunin hafi verið að halda vöxtum uppi.

Auðvitað var það með þessum aðferðum sem sjóðirnir náðu á því tímabili að bæta úr hinu fyrra ófremdarástandi. Ég er sannfærður um það að á meðan hið fyrra ástand ríkti, þá hafði það engan mann hvatt til þess að leggja í lífeyrissjóðina sparifé umfram það sem þeir voru skyldaðir til og alls ekki þá sem framan af fengu ekki aðgang að þessu lífeyrissjóðakerfi. Það var svo að lengi vel fengu ekki allir aðgang að því sem hefðu viljað. Nú hins vegar virðast þeir lífeyrissjóðir vilja fá þá til liðs við sig sem vildu ekki sjá þá áður. Herra forseti. Ég álykta sem svo að það hlýtur að vera vegna þess að þessir hópar þjóðfélagsins hafa sýnt hin síðustu ár meiri áhuga á að spara en hinir sem voru skyldaðir. Þeir hafa sparað meira. Einmitt í hópum þeirra manna og einstaklinga finnast fjölskyldur sem hafa tryggt sig betur en lágmarksákvæðin í þessu frv. gera kröfu um, ekki í hópum hinna nema því aðeins að lífeyrissjóðirnir sjálfir hafi bætt sína ávöxtun, ekki vegna þess að sjóðfélagarnir hafi lagt í þá umfram skyldu sína.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég get tekið undir margt af því sem sagt er um þörf á almennri löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða eða þeirra sem taka að sér að ávaxta lífeyrissparnað. Ég er hins vegar ekki sammála því að leiðin sé að draga úr valfrelsi, gera þá alla eins, setja þá alla í sömu kassana og minnka þannig fjölbreytni sparnaðarforma sem fólki býðst. Ég er sannfærður um að þegar við herðum að þessum sparnaðarformum þannig að þau neyðast til að fara öll nánast sömu ávöxtunarleiðirnar — gerðar eru kröfur til þess í þessu frv. að lífeyrissjóðir ávaxti sig nánast allir með sömu aðferðum — þá muni það leiða til þess að fjölbreytnin hverfur. Það fólk sem af eigin hvötum hefur sparað síðustu ár meira en það var skyldað til, meira en aðrir voru skyldaðir til, mun draga úr sínum sparnaði.

Ég held raunar að við stöndum frammi fyrir þeirri spurningu hvort við ætlum að knýja fólk til sparnaðar sem ég tel að muni ekki gefast vel eða að reyna að skapa leiðir til þess að það spari af eigin hvötum til þess að ábyrgjast sjálft og tryggja sjálft, sjálfum sér og sínum, áhyggjulaust ævikvöld því auðvitað er það sá tónn sem leikur undir í þessu máli. Ég held að við séum öll sammála um það.

Hér hefur verið sagt og talað um ábyrgð húsbænda og eflaust er það réttmætt. Ég held að hinn sæmilegi og vel menntaði Íslendingur nútímans vilji sjálfur vera ábyrgur. Og ég verð að viðurkenna að það sem ég hef heyrt sagt um það að einhverjir af þeim sem hafi sparað um lífsleiðina njóti ævikvöldsins með því að liggja uppi á sameiginlegu tryggingakerfi, hafi góðan sparnað en fái samt sem áður tekjutryggingu úr Tryggingastofnun ríkisins sem er haldið uppi af sköttunum, hygg ég vera tilviljanir en ekki af því að þeir einstaklingar hafi haft það að markmiði að tryggja sér lífeyri á þann hátt að það sniðgengi almenna kerfið. En nú er ætlunin að skylda alla til samtryggingar þó svo þeir hafi lagt sitt fram í sköttum til þess öryggisnets vegna hugsanlegra lágra tekna sem Tryggingastofnun ríkisins hefur verið falið að gæta og verið fjármagnað af almennum sköttum.

Ég er sannfærður um að flest þau mótmæli sem ég hef heyrt og eflaust aðrir þingmenn og hæstv. ráðherra hefur heyrt byggjast á því að þetta fólk telur sig hafa lagt fram hvort tveggja, nokkuð drjúgan sparnað sem hafi reynst þeim sjálfum vel, þjóðfélaginu og efnahagslífinu því að það gengur fyrir sparnaði og það hafi lagt sitt fram til sameiginlegra sjóða, m.a. til þess að greiða tekjutryggingu eða aðrar slíkar tryggingar sem eru hluti af þessu öryggisneti til annarra þjóðfélagsþegna. Ég skil þetta fólk sem svo, sem ég tek undir með því, að það ætti að fá leið til þess að sýna sjálft fram á lágmarkstryggingar sem það tæki sjálft ábyrgð á og haldi áfram að búa við fjölbreytni í sparnaði og þá samkeppni verðbréfasjóða, lífeyrissjóða eða annarra sem við stundum teljum mikilvæga fyrir efnahagslífið.

Ég er sannfærður um að þegar sambærilegar tiltölulega strangar kröfur um ávöxtunarleiðir gilda um stærstan hluta af þessu kerfi, um stærstan hluta af þeim sjóðum og stofnunum sem fara með sparifé landsmanna, þá mun samkeppni þeirra á milli fara minnkandi því að þeim mun minna geta þeir sem stjórna sjóðunum eða stofnunum ákveðið sjálfir. Ég er sem sé mótfallinn því, herra forseti, að færa það öryggisnet sem við höfum fjármagnað með sameiginlegum sköttum í sameiginlega sjóði yfir á eigin sparnað. Ég er sammála því sem menn hafa spáð að eftir því sem sá sparnaður verður öflugri og almennari og þegar um hann gilda almennar reglur, þá munum við nálgast það að minni byrði mun hvíla á sköttunum vegna þessa og þar tel ég frumkvæði þeirra sem hófu lífeyrissparnað á Íslandi vera hvað best, ekki best í því hvernig reglunum er hagað í dag heldur best með því að hafa haft það frumkvæði, því það mun alltaf skína í gegn.

Herra forseti. Ég tel mig ekki í hópi þeirra manna sem munu vera sérfræðingar í lífeyrismálum. Ég geri mér grein fyrir því að ýmsir hafa talið mig misskilja þetta frv. eða einhver ákvæði þess. Það má auðvitað vera en mér er hins vegar ljóst hver stefnan er með því. Hún er sú að allir sem vilja spara lífeyri skulu gera það á sambærilegan hátt og allir skulu þeir leggja til samtryggingarinnar hvort sem hún vildi þá í upphafi eða ekki. Ég er sannfærður um að við munum ekki með þessu ná að tryggja lífeyri þeirra sem hafa litlar sem engar tekjur lungann úr ævinni, það mun ekki breytast. Þá munum við enn þurfa öryggisnetið sem er hjá Tryggingastofnun og félagsmálastofnunum sveitarfélaga. En þó að hér séu uppi hugmyndir til þess að færa verkefnið yfir á þennan sparnað landsmanna af skattbyrðinni, þá eru í frv. engar tillögur um að lækka skattheimtuna á móti, ekki einu sinni einhvern tíma síðar í framtíðinni þegar árangur kynni að hafa náðst og ætti að hafa náðst og ég er ósammála því. (**EOK:** Ég líka.) Ef við ætlum að flytja byrðar af þessu tagi yfir á frjálsan sparnað eða sparnað þó hann sé skyldaður, þá verðum við að lækka gjöldin sem við heimtum með hinni hendinni. En mér finnst vera meira virði, herra forseti, að ráðdeild og eigin ábyrgð fólks verði virt og það fái að njóta ávaxtanna af ráðdeild sinni og sparnaði sjálft og að því verði ekki blandað saman við þá sameiginlegu sjóði sem það hefur á sama tíma ævinnar lagt til sinn fulla skerf.

Ég er þess fullviss, herra forseti, að þetta mál, svo margir fletir sem á þessu viðfangsefni eru, muni þurfa mikla umræðu ekki aðeins hér á þingi, í hv. efh.- og viðskn., sem ég er viss um að mun grandskoða það, heldur muni það líka þurfa umfjöllun úti í þjóðfélaginu og það verð ég að viðurkenna að mér virðist að þar eigi umræðan eftir að fara fram og málið eftir að fá nokkurn þroska. Ég hvet til þess að almenningi í landinu verði gefið tækifæri, ráðrúm, til þess að kynnast efni þessa frv. og ræða það án þess að vera í tímaþröng. Ég verð að viðurkenna að mér finnst að umræðan sem þegar hefur farið fram hafi borið þess merki að hún er í tímaþröng og hafi gefið takmarkaða kynningu á viðfangsefni frv. svo stórt og margbreytilegt sem það er. Ég mundi gjarnan vilja sjá að ríkisstjórn sem ég styð geti lagt fram mál um þetta mikilvæga efni í sæmilegum friði við landsmenn, ekki síst við þá landsmenn sem hafa sjálfir lagt fram verulegan sparnað til þess að tryggja sjálfum sér og sínum áhyggjulaust ævikvöld. Þeir telja sig hafa lagt fram annan skref til þess að sjá fyrir öðrum.

[20:29]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins gera athugasemdir við málflutning síðasta ræðumanns. Ég vil benda á að í ágætu riti eftir Má Guðmundsson um lífeyrissjóðina, ástand og horfur, er vel gerð grein fyrir stöðu þessara mála í hinum ýmsu löndum Evrópu. Það er mjög mismunandi hvernig þjóðir Evrópu koma upp sínum sparnaði. Frjáls sparnaður virðist eiga mjög greiðan aðgang að hjarta t.d. frænda okkar Norðmanna á meðan öðrum virðist þetta vera nokkurn veginn ómögulegt. Það kemur fram í þessu riti að Hollendingar, Englendingar og Svisslendingar eru með kerfi líkast okkar Íslendinga og þarf engum að koma á óvart þó að uppsöfnunarkerfið íslenska hafi gengið illa á tímum neikvæðra vaxta. Það gekk

mjög illa, það segir sig bara sjálft. En þetta sama kerfi gekk á sama tíma mjög vel í Sviss á meðan þeir varðveittu verðgildi sinnar myntar og það sama gerðist á aftur á Íslandi þegar við fórum að varðveita verðgildi okkar myntar, þá fór að ganga betur. Samanburður að þessu leyti og umræður um það hvort við ættum heldur að spara á frjálsan hátt eða þvingaðan þá er það náttúrlega upp og ofan með gæfu einnar þjóðar í því sambandi. Það má út af fyrir segja að langbest væri að ekkert væri þvingað og allt saman frjálst o.s.frv. Ég get alveg tekið undir það.

En ég gat þess hér áðan og ég ætla að taka undir það með hv. ræðumanni að það er ekkert í þessu frv. sem segir til um það hvernig lífeyrissparnaður landsmanna á að taka við af almannatryggingunum og það er miður. Ég saknaði þess líka mjög mikið úr þessu frv. þar sem þess var sérstaklega getið í erindisbréfi nefndarinnar að þeir skyldu gera um það tillögur. Ég ætla því að taka undir það. Og ég vil bara benda á, herra forseti, að þar af leiðir að það er verkefni sem bíður okkar að gera grein fyrir því hvern veg við ætlum því fram að ganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. PHB og VE, 452. mál (eignarskattur). — Þskj. 766.

[20:32]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Þetta frv. er á þskj. 766.

Hér er lögð til mjög mikil breyting á eignarskattskerfinu. Lagt er til að eignarskattar verði altækir, þ.e. á allar eignir og þeir verði jafnframt lækkaðir umtalsvert vegna þess að stór hluti eigna í landinu, allar opinberar eignir og eignir lífeyrissjóða eru í dag skattfrjálsar, þar á meðal t.d. Landsvirkjun.

Eignarskattar hér á landi eru með því hæsta sem gerist í OECD-löndunum, aðeins Noregur er með hærri eignarskatta. Í flestum ríkjum OECD eru fyrirtæki undanþegin eignarskattlagningu. Þess vegna er mjög brýnt að þessir skattar séu lækkaðir til þess að jafna stöðu innlendra og erlendra fyrirtækja. Háir eignarskattar hafa löngum verið rökstuddir með því að tekjur og eignir væru skattfrjálsar og þar er átt við vexti og arð að einhverju leyti. Nú þegar búið er að skattleggja allar tekjur af fjármagni er eðlilegt að eignarskattar séu lækkaðir umtalsvert og það er lagt til í þessu frv.

Núgildandi reglur um skattfrelsi spariskírteina og ríkisvíxla eru með ólíkindum vegna þess að þær gera það í rauninni að verkum að þeir borga eignarskatt sem nenna því. Það er þannig að enginn vandi er að komast hjá því að borga eignarskatt með því að kaupa spariskírteini og taka til þess lán með veði í sömu spariskírteinunum. Þá lækkar eignarskattsstofninn um sem nemur láninu af því að spariskírteinin eru eignarskattsfrjáls án tillits til skulda. Þannig geta menn ráðið því í reynd hvort þeir borga eignarskatt eða ekki. Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum. Þessu gati þarf að loka og gert er ráð fyrir því í þessu frv. að það verði gert.

Þá felst í eignarskattsfrelsi spariskírteina og bankainnstæðna óæskileg stýring á fjármagni til hins opinbera frá atvinnulífinu sem ekki nýtur eignarskattsfrelsis. Hlutabréfaeign þarf að gefa 1,45% hærri ávöxtun en bankainnstæða eða spariskírteini til þess að vera jafngild. Þessi stýring veldur því að íslensk fyrirtæki byggja frekar á lánsfé en áhættufé, þ.e. hlutafé. Afleiðingin er hættulega veik eiginfjárstaða íslenskra fyrirtækja og gerir það að verkum að þau þola mjög illa mótbyr og verða fljótt gjaldþrota ef eitthvað bjátar á.

Háir eignarskattar hafa enn fremur valdið verðfalli á eignum vegna þess að það má líta á eignarskatta sem arðsemiskröfu. Menn borga eignarskatt hvort sem eignin gefur arð eða ekki og ef hún ekki gefur arð þá tapa menn á eigninni. Það þýðir að markaðsverð eigna sem ekki gefa nægilegan arð til að borga eignarskattinn lækkar. Þessir háu eignarskattar á Íslandi hafa valdið raunverulegri lækkun á verði fasteigna hér á landi til mikils tjóns fyrir veðhafa og sveitarfélög úti um allt land. Lækkun eignarskatta getur stöðvað þessa verðlækkun.

Að meðaltali á hver vinnandi Íslendingur um 2 millj. hlut í lífeyrissjóðunum. Það er ekki séð af hverju þessi hlutur á að vera eignarskattsfrjáls en aðrar eignir mannsins, bílar, fasteignir hlutabréf o.s.frv. eigi að vera eignarskattsskyldar. Því er hér lagt til að eignir lífeyrissjóðanna verði skattskyldar og sömuleiðis eignir sjúkrasjóða og annarra sjálfseignarfélaga. Verður ekki séð að þeir aðilar geti ekki borgað eignarskatt sem reyndar er búið að lækka umtalsvert frekar en gamalt fólk sem á stórar eignir og verður að borga eignarskatt og hefur til þess litlar tekjur.

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og annarra lífeyrissjóða sem eru með ábyrgð opinberra aðila munu sleppa við þessa skattlagningu vegna þess að ríkið mun borga hærra iðgjald eftir þau lög sem við samþykktum í vetur og mun þannig borga eignarskattinn. Hjá þessu verður ekki komist eftir að hv. þingmenn eru búnir að samþykkja lögin um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem mér fannst vera mikið óráð á þeim tíma og gera það að verkum að ríkissjóður borgar allar álögur á sjóðinn. En á móti kemur að þetta eykur að sjálfsögðu launaígildi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna sem eiga þátt í þessum sjóð og ætti að koma til skoðunar við kjarasamninga til lækkunar á launum opinberra starfsmanna því að þarna eykst hlutur þeirra í lífeyrissjóðnum af því að ríkið borgar svo hátt iðgjald fyrir þá. Þannig mundu þeir óbeint borga eignarskattinn.

Líknarfélög eru mjög umsvifamikil í eign á íbúðarhúsnæði. Þau eru stærstu íbúðaeigendur á landinu og þau eru í samkeppni við einkaaðila um útleigu á húsnæði. Fjöldi fólks með bágar aðstæður greiðir eignarskatta. Á það sérstaklega við eldra fólk sem býr í eigin húsnæði en hefur lágar tekjur. Ekki verður séð af hverju það á að greiða eignarskatt á meðan aðrir geta búið í húsnæði sem fellur ekki undir eignarskattlagningu, enda má spyrja sig hvort líknarfélög eigi að safna eignum sem enginn á.

Engin rök, hvorki réttlætis- né jafnréttisrök, eru fyrir því að eignir erlendra sendiráða eða forseta Íslands séu undanþegin skattskyldu og því er það lagt til að þær séu skattskyldar sömuleiðis.

Mjög fá lönd leggja eignarskatta á eignir fyrirtækja. Sennilega er hugsunin sú að mikilvægt sé að byggja upp eigið fé í fyrirtækjunum til þess að þau verði betur fær

um að takast á við erfiðleika. Þetta hefur óneitanlega áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja á milli landa og það skerðir möguleika íslenskra fyrirtækja í samkeppni við erlend hvað eignarskattar eru háir hér á landi. Ekki er þó lagt til í frv. að eignarskattar fyrirtækja verði felldir niður heldur er gert ráð fyrir að þeir verði lækkaðir umtalsvert og að fyrirtækin borgi sama lága eignarskattinn og allir aðrir.

Herra forseti. Ég ætla að fara rétt aðeins í gegnum helstu greinarnar. Í 1. gr. er tekið á ýmsum undanþágum sem gilda um tekju- og eignarskatt og eiga við um forseta Íslands, erlenda aðila o.s.frv. og opinberar stofnanir. Þær undanþágur eigi bara við um tekjuskatt þannig að allir þessir aðilar borgi eignarskatt.

Í 2. gr. er sett fram merkilegt ákvæði sem menn ættu að skoða og þar stendur: „Nú rís ágreiningur um mat á eignum [skv. 1.–7. tölul. 1. mgr.] og skal þá eiganda heimilt að krefjast þess að ríkissjóður kaupi viðkomandi eign á 85% matvirðis ríkissjóðs gegn staðgreiðslu.“ Það er nefnilega þannig að annar aðilinn, þ.e. sá sem leggur skattinn á, metur eignina til verðs og hann getur metið eignina eins og honum dettur í hug. Það er meira að segja komið upp dæmi og ég nefni hérna Fjalaköttinn í Reykjavík sem var metinn á geysilegar upphæðir en það mátti ekki byggja þar, það mátti ekki rífa hann og það mátti ekkert við hann gera og eigandinn sat uppi með það að borga fasteignagjöld, fasteignaskatta og eignarskatta af þessari eign sem var honum gjörsamlega ónothæf. Hér er lagt til að í slíkri stöðu sé borgurunum veitt sú undankomuleið að krefjast þess að ríkið kaupi eignina á 85% af matsverði og þetta er ósköp sanngjarnt. Það getur ekki nokkur maður haft á móti þessu.

Aðrar greinar eru frekar tæknilegs eðlis. Síðan er í 8. gr. lagt til að eignarskatturinn verði 0,35% af eignarskattsstofni. Það á að gefa nokkurn veginn sömu tekjur að teknu tilliti til þess að um 500 millj. af fjármagnstekjuskattinum renni til þess að lækka eignarskatta og það er mjög eðlilegt að þegar lagðir eru skattar á fjármagn, þá séu þeir sömu skattar notaðir til að lækka aðra skatta á fjármagni, þ.e. eignarskatta. Reyndar er hér ekki notað nema eitthvað um $^2/_3$ af áætluðum tekjum ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti til að lækka eignarskattana.

Herra forseti. Ég legg fram þetta frv. og mælist til þess að því verði eftir 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. GÁS, 461. mál (samnýting persónuafsláttar). — Þskj. 775.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lækkun fasteignaskatta, 1. umr.

Frv. KHG og SvG, 540. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 894.

[20:42]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þingmáli á þskj. 894 sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni um lækkun fasteignaskatta og hlutdeild sveitarfélaga í virðisaukaskatti.

Í þessu frv. er gerð tillaga um róttækar breytingar á skattkerfinu. Tilgangur frv. er fjórþættur.

Í fyrsta lagi er lagt til að skattar almennings verði lækkaðir með því að lækka fasteignaskatta. Sú aðgerð lækkar húsnæðiskostnað fólks bæði í eigin íbúð og í leiguhúsnæði og má ætla að dreifing skattalækkunarinnar verði þannig að lágtekjufólk fái jafnvel meira í sinn hlut en yrði við almenna lækkun á tekjuskatti.

Í öðru lagi er lagt til að afnumin verði skattlagning á annan álagningarstofn en fasteignamat en það mat endurspeglar markaðsvirði eignarinnar.

Í þriðja lagi er fasteignaskattur gerður að skatti til ríkissjóðs einvörðungu samhliða þeirri breytingu að fella saman að nokkru leyti eignarskatt til ríkissjóðs og fasteignaskatt til sveitarfélaga og að nokkru leyti fella niður fasteignaskattinn.

Loks eru þau nýmæli að sveitarfélögum er ætlaður hlutur úr sköttum af vöru og þjónustu en lagt er til að hluti af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga.

Ákvæði frv. lækka fasteignaskatt í tveimur áföngum. Lækkun vegna breytinga á álagningarstofni taka gildi strax við gildistöku frv. en gerð er tillaga um þá breytingu að álagning miðist við fasteignamat í stað þess að leggja skattinn á afskrifaða endurstofnverð fasteigna markfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Víða er mikill munur á þannig reiknuðum álagningarstofni og fasteignamati. Í dreifbýli getur munurinn verið á bilinu 50–75% sem þýðir að lagt er á t.d. 10 millj. kr. stofn í stað 2,5–5 millj. kr. fasteignamatsverðs. Í þéttbýli er einnig víða munur, oft á bilinu 30–40%.

Samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins er það einungis í fimm sveitarfélögum landsins sem fasteignamatið er gjaldstofn til fasteignaskatts. Í öðrum sveitarfélögum er fasteignamatið uppreiknað samkvæmt framangreindri aðferð. Þessi fimm sveitarfélög eru Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær og Hafnarfjörður. Frumvarpið lækkar gjaldstofn til fasteignaskatts á mannvirki í öðrum sveitarfélögum en þeim fimm sem áður eru talin úr 433 milljörðum kr. í 309 milljarða kr. og miðað við áætlað meðalálagningarprósentu 0,38 verður skattalækkunin tæplega 500 millj. kr. á ári. Samkvæmt þessum upplýsingum kemur einnig fram að að meðaltali er fasteignamat eigna hækkað um 40% til að fá út gjaldstofninn.

Ef íbúðir og íbúðarherbergi eru athuguð sérstaklega kemur í ljós að fasteignamat þeirra er um 178 milljarðar kr. en gjaldstofninn liðlega 265 milljarðar kr. Þar er hækkunin liðlega 87 milljarðar kr. eða um 50%. Með öðrum orðum er að meðaltali lagður 50% hærri fasteignaskattur á íbúðareigendur í sveitarfélögum landsins, að frátöldum sveitarfélögunum fimm, en fasteignamat eignarinnar réttlætir. Með því að færa gjaldstofn til fasteignamats verður lækkunin að meðaltali um þriðjungur af núverandi fasteignaskatti hjá hverjum íbúðareiganda. Mér er mjög til efs að það standist ákvæði stjórnarskrár að leggja eignarskatt á fasteign á annað verð en

útgefið markaðsverð hennar samkvæmt mati Fasteignamats ríkisins.

Síðari áfanginn verður í upphafi árs 1999, en þá fellur niður fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði jafnhliða því að eignarskattur ríkisins hækkar úr 1,2% í 1,7% af eignarskattsstofni eins og hann er skilgreindur í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting lækkar skatta á einstaklinga um 1.800 millj. kr., fasteignaskatturinn sem fellur niður er um 2.500 millj. kr. og hækkun eignarskattsins á móti er um 700 millj. kr.

Þá er til viðbótar lagt til að fasteignaskattur á landbúnaðarverði alveg felldur niður og er áætlað að það nemi um 100 millj. kr. til viðbótar fyrri tölu. Stærstur hluti þeirrar fjárhæðar er vegna útihúsa á jörðum og ræktaðs lands.

Þá er ákvæðum um álagningarstofn til vatnsgjalds breytt til samræmis við breytingar á álagningarstofni til fasteignaskatts og leiðir sú breyting til svipaðrar hlutfallslegrar lækkunar á vatnsgjaldi að óbreyttri álagningarprósentu. Lækkunin gæti numið um 150 millj. kr. Á það er að líta að vatnsgjald á að standa undir kostnaði sveitarfélags við rekstur vatnsveitu og leiði breytingin til þess að tekjur dugi ekki fyrir útgjöldum munu sveitarfélögin væntanlega hækka álagningarhlutfallið til að auka tekjurnar. Ekki er því gert ráð fyrir að til lengdar verði um neina lækkun að ræða vegna þessarar breytingar.

Samanlögð áhrif af breytingunni eru að fasteignaskattur lækkar um 2.100 millj. kr. á einstaklinga og um 300 milljónir á atvinnurekstur, eða samtals um 2.400 millj. kr. á ársgrundvelli. Ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir að lækkun gjalda einstaklinga verði um 21 þús. kr. á ári að meðaltali um landið allt þegar breytingin er að fullu komin til framkvæmda. Lækkunin verður eðlilega meiri í sveitarfélögum sem í dag leggja á uppreiknað fasteignamat eða um 27 þús. kr. á ári að meðaltali.

Af lækkuninni leiðir einnig að húsaleiga ætti að lækka sem nemur lækkun á rekstrarkostnaði húsnæðisins.

Á árinu 1990 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt þannig að í stað þess að leggja fasteignaskatt til sveitarfélaga á samkvæmt fasteignamati, sem endurspeglar mat á markaðsvirði eignarinnar, var tekin upp sú regla að miða við áætlað markaðsverð eignarinnar eins og það væri, ef eignin væri í Reykjavík. Með öðrum orðum var verðmæti eignarinnar ekki lengur álagningarstofninn heldur hærri tala. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að óeðlilegt hlýtur að teljast að mönnum sé gert skylt að borga eignarskatt af verðmætum sem þeir eiga ekki. Það hlýtur að koma mjög til álita hvort slík skattlagning hafi nokkurn tíma staðist ákvæði stjórnarskrár, ekki síst eftir að ákvæði jafnræðisreglu voru færð í stjórnarskrána fyrir tveimur árum. Má færa fyrir því gild rök að skattlagningu af þessu tagi svipi mjög til eignarupptöku.

Skiljanlegt er að sveitarfélög telji sig þurfa svipaðar tekjur þar sem þau hafi sambærileg verkefni og útgjöld eftir sem áður, en það er ekki réttlætanlegt að jafna tekjur sveitarfélaga með misháum eignarskatti. Benda má á að eignarskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður á raunverulegt matsverð eignarinnar, þ.e. fasteignamat hennar og sömu álagningarreglur gilda um land allt.

Þá er lagt er til í frumvarpinu svo sem fyrr er fram komið að fasteignaskattur verði tekjustofn ríkissjóðs. Fyrir því eru gild rök. Eðlilegt er að skattar af fasteignum séu á einni hendi og þannig verði betra samræmi milli álagningarreglna og yfirsýn yfir það hverju skatturinn skilar. Þá er verðmæti fasteigna mjög mismunandi eftir því hvar á landinu eignin er og því skilar eignarskattur mismunandi miklum tekjum. Af þeim sökum eru skattar á fasteignir óheppilegur tekjustofn fyrir sveitarfélög.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins fellur niður fasteignaskattur skv. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og annar fasteignaskattur flyst til ríkissjóðs. Þá er lagt til að eignarskattur einstaklinga hækki úr 1,2% í 1,7% af eignarskattstofni. Með þessari breytingu greiða einstaklingar einungis eignarskatt af eignum sínum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Sú grundvallarbreyting verður þá að eignarskattur verður lagður á eignir samkvæmt markaðsvirði og að frádregnum skuldum, en telja verður afar óeðlilegt að lagður sé eignarskattur á hærra mat en markaðsvirði eignarinnar er og auk þess án þess að skuldir séu dregnar frá eigninni eins og nú er gert með fasteignaskatti til sveitarfélaganna.

Gert ráð fyrir að í framtíðinni verði núverandi eignarskattur og fasteignaskattur á atvinnurekstur samræmdir á sambærilegan hátt og lagt er til varðandi einstaklinga og verður auðveldara við það að eiga þegar báðir skattarnir eru orðnir ríkisskattar.

Samkvæmt gildandi lögum eru tekjustofnar sveitarfélaga ekki tengdir almennum hagvexti í þjóðfélaginu beint heldur ráðast þeir að mestu af staðbundnum efnahagssveiflum auk launabreytinga samkvæmt kjarasamningum. Þannig hafa sveitarfélög, sem byggjast að mestu á sjávarútvegi, búið við verulegan samdrátt á undanförnum árum, sérstaklega þar sem stuðst er við botnfiskveiðar, á sama tíma og nokkur hagvöxtur varð almennt í efnahagslífi landsmanna. Þetta er mjög áberandi um þessar mundir þar sem umtalsverð uppsveifla er í hagkerfinu bæði vegna þess að uppsveiflan nær ekki til landsins alls og hins að tekjur af uppsveiflunni renna nær eingöngu í ríkissjóð. Telja verður eðlilegt að aukinn hlutur af tekjum sveitarfélaga komi af óbeinum sköttum en minni af staðbundnum tekjustofnum og þannig verði leitast við að jafna að nokkru um landið mismunandi efnahagslegum áhrifum eftir atvinnugreinum og landsvæðum.

Í frumvarpinu er lagt til að 12% tekna af virðisaukaskatti renni til sveitarfélaga og er gert ráð fyrir að sú fjárhæð nú jafngildi tekjum sveitarfélaga af fasteignaskatti.

Á næsta ári koma til hjá ríkissjóði tekjur af fjármagnstekjuskatti. Er áætlað að þær nemi um 700 millj. kr. fyrst í stað en geti orðið um 1.100 millj. kr. þegar fram í sækir. Þykir eðlilegt að verja þessum tekjum til þess að lækka skatta almennings af fasteignum. Slík skattalækkun skilar sér vel til almennra launþega og dreifing hennar verður þannig að stærri hluti skattalækkunarinnar fer til tekjulágra en við lækkun á skattprósentu til tekjuskatts.

Um fjárhagsleg áhrif af frumvarpinu er það að segja að á árinu 1997 er gert ráð fyrir að lækkun fasteignaskattsins nemi 250–300 millj. kr. og er þá miðað við að frumvarpið verði að lögum um mitt þetta ár. Á næsta ári nemur lækkunin um 500 millj. kr. Sveitarfélögunum verður bætt tekjutapið með greiðslu úr ríkissjóði bæði árin. Tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti á næsta ári sem áætlaðar eru um 700 millj. kr. gera það að verkum að ríkissjóður stendur jafnréttur eftir.

Á árinu 1999 koma ákvæði frumvarpsins að fullu til framkvæmda, ef samþykkt verður. Skattalækkun verður um 3.100 millj. kr., um 300 millj. kr. á atvinnurekstur vegna lækkunar á álagningarstofni fasteignaskatts og afnámi skattsins á

eignir í landbúnaði og um 2.800 millj. kr. vegna niðurfellingar fasteignaskatts á einstaklinga. Þá flyst fasteignaskattur á atvinnurekstur til ríkissjóðs. Fasteignaskattur hefur skilað sveitarfélögum um 5.800 millj. kr. og er lagt til að þeim verði það bætt með hlutdeild í virðisaukaskatti. Á móti þessu tekjutapi ríkissjóðs kemur í fyrsta lagi fasteignaskattur sem er áætlaður vera um 2.700 millj. kr., hækkun á eignarskatti einstaklinga um 700 milljónir kr. og áætlaðar tekjur af fjármagnstekjuskatti sem hér eru áætlaðar um 1.100 millj. kr. Samtals eru þetta um 4.500 millj. kr. og gera má ráð fyrir að nýjar tekjur ríkissjóðs af óbreyttum tekjustofnum vegna hagvaxtar skili 1.300 millj. kr. sem upp á vantar. Má í því sambandi benda á að í skattatillögum ríkisstjórnarinnar, sem ræddar voru hér í þingsölum fyrr í dag, er gert ráð fyrir að lækkun skatta frá og með 1999 kosti ríkissjóð um 5.000 millj. kr. sem tekjur vegna hagvaxtar á komandi árum muni borga að mestu leyti.

Virðulegi forseti. Frv. þetta lýtur bæði að lagabreytingum á verkefnasviði félmn. og efh.- og viðskn. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn. með því fororði að sú nefnd sendi málið efh.- og viðskn. til umsagnar að því leyti sem málið fellur undir hana.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 907.

og

Bifreiðagjald, 1. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 908.

[20:58]

Flm. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tveim frv. sem eru samstæð. Það er frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, 549. mál á þskj. 907 og frv. til laga um breytingu á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, 550. mál á þskj. 908.

Það frv. um breytingar á vörugjöldum af ökutækjum er aðeins í tveimur greinum og hljóðar 1. gr. svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

a. E-liður 3. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að heildarþyngd.

b. C-liður 4. tölul. orðast svo: Ökutæki sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru 5 tonn eða minna að heildarþyngd.

2. gr. hljóðar svo: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Í grg. segir: Í frv. er lagt til að vörugjald af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd lækki úr 30% í 15%. Tilgangurinn með þessari breytingu er að auðvelda þeim sem stunda vöruflutninga að kaupa ökutæki þau sem hér um ræðir og þar með stuðla að því að eðlileg endurnýjun slíkra ökutækja geti átt sér stað.

Hitt frv., 550. mál á þskj. 908, er samstæða þess fyrra. Það er um breytingar á lögum nr. 39/1988 og 1. gr. orðast svo:

Í stað fjárhæðarinnar „18.915 kr." í 3. málsl. 2. gr. laganna kemur: 32.000 kr.

Í grg. segir svo: Í frv. er lagt til að hámarksfjárhæð bifreiðagjalds á hverju gjaldtímabili hækki úr 18.915 kr. í 32.000 kr. Tilgangurinn með þessari breytingu er að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar á vörugjaldi af ökutækjum sem aðallega eru ætluð til vöruflutninga og eru yfir 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, úr 30% í 15%. Slík breyting er lögð til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum. Gera má ráð fyrir að tekjuauki ríkissjóðs vegna hækkunar á bifreiðagjaldi muni nema um 118 millj. kr. á ári sem samsvarar tekjutapi vegna hins fyrra frv.

Eins og ég hef getið um, herra forseti, þá eru þetta tvö samstæð frv. sem gera ráð fyrir því að ríkissjóður sé á sama stað staddur. Það hafi hvorki áhrif til aukningar né gjalda. Þetta er til þess að auðvelda að við fáum ný og betri tæki til þess að annast þessa flutninga og gera þá hagkvæmari í alla staði án þess að hafa nein áhrif á ríkissjóð.

Flm. auk mín eru að báðum þessum frv. Vilhjálmur Egilsson, Valgerður Sverrisdóttir og Pétur H. Blöndal.

Að svo mæltu vildi ég mælast til þess, herra forseti, að að umræðu lokinni verði þessum frv. báðum vísað til efh.- og viðskn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. PHB og KF, 552. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 910.

[21:02]

Flm. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem er á þskj. 910. Flm. auk mín er hv. þm. Katrín Fjeldsted.

Með frv. þessu er lagt til að sjómannaafsláttur verði felldur niður í áföngum á tveimur árum.

Á 115. löggjafarþingi, 1990–91, var flutt stjórnarfrumvarp sem meðal annars átti að takmarka sjómannaafsláttinn við þá daga sem sjómaðurinn er á sjó. Með því frumvarpi fylgdi meðal annars eftirfarandi greinargerð:

Upphaf sjómannaafsláttar má rekja til ársins 1954. Þá var með lögum nr. 41/1954 lögfestur annars vegar svonefndur hlífðarfatafrádráttur og hins vegar fæðisfrádráttur.

Síðan varð frekari þróun á þessu því sá frádráttur tók eingöngu til sjómanna sem notuðu hlífðarföt og fengu þau ekki greidd af útgerðinni og greiddu sjálfir fæðið. Árið 1957 var hann aukinn svo hann tók til allra skipverja á togurum og síðan var tekinn upp sérstakur frádráttur sem náði til allra lögskráðra fiskimanna og var sú breyting gerð í tengslum við kjarasamninga og einnig rökstudd með því að á þeim tíma var erfitt að manna flotann og talið að fiskiskipaflotinn væri þá nálægt þriðjungi mannaður erlendum mönnum.

Í grg. með frv. 1990 var rakin áfram saga þessa sjómannaafsláttar og rökstuðningurinn fyrir honum var aðallega ferns

konar. Í fyrsta lagi kostnaður sjómanna vegna hlífðarfata. Í öðru lagi ívilnun til þeirra sem sáu sér sjálfir fyrir fæði. Í þriðja lagi kostnaður vegna langra fjarvista frá heimili, kostnaður fjölskyldunnar væntanlega. Í fjórða lagi sérstök launahækkun til sjómanna eða hluta þeirra í tengslum við kjarasamninga. Þessi rök öll höfðu vafasamt gildi þegar í upphafi og hafa þau rýrnað enn frekar, segir í grg. Þetta rökstutt nánar í grg.

Herra forseti. Í framkvæmd eru þetta skattaívilnanir og framkvæmdin hefur yfirleitt verið rýmri en lagabókstafurinn segir til um. Sú þróun er dæmigerð fyrir flest undanþágukerfi þar sem reynslan er að ein undanþága elur af sér aðra. Er það í sjálfu sér rökrétt þar sem undanþágur eru í eðli sínu mismunun og leiða til viðvarandi togstreitu um hvar draga eigi línuna á milli þeirra sem eru jafnari en aðrir og hinna.

Það má líta á sjómannaafsláttinn sem niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði fremur en ívilnun til sjómanna þó hann hafi óneitanlega áhrif á starfskjör þeirra vegna þess að útgerðin þarf ekki að borga eins há laun til að fá sjómenn út á sjó þegar maðurinn nýtur skattfrelsis.

Það er viðurkennd grundvallarregla í réttarríkjum að þegnarnir skuli njóta jafnræðis við álagningu skatta. Það er í eðli sínu í beinni andstöðu við þessa grundvallarreglu að ívilna einni starfsstétt umfram aðra með sérstökum skattafslætti sem þessum. Það er þess vegna sem ég legg fram þetta frv., þ.e. að bæta þar úr.

Það má bæta við að staðgreiðsla skatta í dag er í reynd skattur á inntekjur, ekki á nettótekjur. Fólk getur ekki dregið frá kostnað vegna vinnunnar, t.d. ferðir eða gæslu barna fyrir þá sem þurfa að koma börnum fyrir til þess að geta unnið, og þess vegna er óeðlilegt að ein stétt manna fái að draga frá kostnað með ígildi sjómannaafsláttar en aðrir ekki. (**Gripið fram í:** En atvinnurekendurnir?) Vissulega geta þeir dregið frá skatti en launþegar geta það ekki. Það er nefnilega munurinn á launþegum og atvinnurekendum. Í reynd er skattlagning á launþega miklu meiri en á atvinnurekendur, líka vegna þess að prósentan er hærri, hún er 42% núna eða reyndar 40% að teknu tilliti til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð sem er frádráttarbært.

Það má rekja upphaf sjómannaafsláttar til ástandsins 1950 þegar ekki tókst að manna síðutogarana. Þá var mjög algengt að hér ynnu erlendir sjómenn, aðallega frá Færeyjum. Þar sem tekjuskattur var greiddur eftir á þá greiddu þessir menn aldrei tekjuskatt. Þeir voru horfnir af landi brott þegar átti að greiða skattinn og náðist ekki til þeirra en innlendu sjómennirnir borguðu skattinn og þetta olli óánægju. Þessar ástæður eru allar farnar fyrir borð. Eftir að staðgreiðslan er tekin upp borga allir skatta, jafnt sjómenn sem aðrir jafnóðum, auk þess sem nú er orðin svo mikil eftirspurn eftir vinnu, sérstaklega á skuttogurunum að biðraðir eru eftir að komast um borð þannig að þær forsendur fyrir sjómannaafslættinum að manna þurfi síðutogarana eru löngu farnar fyrir borð.

Eitt af markmiðum skattalaga fyrir utan það að afla ríkissjóði tekna er tekjujöfnun. Fólk nýtur þjónustu ríkisins óháð tekjum. Heilbrigðisþjónusta, öldrunarþjónusta, menntakerfi, löggæsla og önnur þjónusta er veitt jafnt til tekjulágra sem tekjuhárra. Fólk greiðir þó ekki fyrir þjónustuna óháð tekjum. Þeir sem hærri hafa tekjurnar greiða meira. Ekki bara í hlutfalli við tekjur heldur miklu meira. Þannig greiðir fólk sem hefur tvöfaldar tekjur ekki aðeins tvöfaldan skatt heldur margfalt meira. Sem dæmi: Maður sem er með 100 þús. kr. í tekjur greiðir um 16 þús. kr. í staðgreiðslu en sá sem er með 200 þús. kr. í tekjur borgar 56 þús. kr. í staðgreiðslu eða 3,5 falt meira, ekki tvöfalt meira. Þannig er skattkerfinu raunverulega ætlað að jafna út tekjur hjá öllum, þ.e. að hátekjumenn borgi meira í skatta, miklu meira skatta en þeir sem hafa lágu tekjurnar. Þetta á ekki við um sjómenn. Þeir borga ekki sem því nemur hærri skatta sem tekjurnar eru hærri. Sem dæmi má nefna að fiskverkakona með 125 þús. kr. í tekjur á mánuði greiðir sömu skatta og sjómaður eða beitingamaður sem vinnur við hliðina á henni með 175 þús. kr. á mánuði, eða 26 þús. kr. sem hvort um sig greiðir í skatta. Þannig greiðir sjómaðurinn ætíð um 250 þús. kr. lægri skatta á ári en maður í landi með sömu tekjur og það eru tvenn mánaðarlaun fiskverkakonu.

Bent hefur verið á að sjómenn greiði skatt af fæðispeningum en þeir sem fara í viðskiptaferðir fái skattfrjálsa dagpeninga fyrir fæði og uppihaldi. Ljóst er að hér þarf að samræma. Það er mjög óeðlilegt að þeir sem eru í viðskiptaferðum fái fæðispeningana skattfrjálsa og því þarf að breyta. Og ég væri alveg til í að taka þátt í að breyta skattlagningu dagpeninga þannig að fæðisþátturinn yrði skattlagður sérstaklega.

Sjómannaafslátturinn gerir það að verkum að störf við frystingu í frystitogurum úti á sjó njóta skattfrelsis á meðan sambærileg störf í landi eru sköttuð að fullu. Þannig virkar hann eins og nokkurs konar niðurgreiðsla á vinnu um borð í frystitogurum og stuðlar þannig að því að frystingin flyst út á sjó og veldur atvinnuleysi í landi úti um allt land. Þetta er ástand sem þarf að horfa á.

Svo má líka geta þess að 95% þeirra sem greiddu í Lífeyrissjóð sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinni gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Launamunur milli sjómanna og fiskvinnslufólks er mikill sjómönnum í hag og sjómannaafslátturinn eykur hann enn frekar. Þetta er ákveðið vandamál og niðurfelling sjómannaafsláttar mun laga það.

Það er ástæða til að leggja sjómannaafsláttinn niður núna af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi hefur kvóti verið aukinn nýverið. Við það aukast tekjur sjómanna og útgerðar hlutfallslega. Því er lag að afnema sjómannaafsláttinn núna, en hann hefur hækkað tekjur sjómanna um 7,1% að meðaltali.

Sjómannaafslátturinn kostar ríkissjóð 1,6 milljarða á ári. Það mætti lækka tekjuskattsprósentu allra landsmanna um sennilega 0,8% ef hann yrði felldur niður þannig að það eru í reynd aðrir skattgreiðendur sem eru að borga sjómannaafsláttinn. Í því sambandi má benda á, af því það var mikið kappsmál fyrir sjómenn, að björgunarþyrlan kostaði 800 millj. kr. Það er sem sagt helmingurinn af þeim sjómannaafslætti sem sjómenn fengu á einu ári. (**Gripið fram í:** Er þessi þyrla bara fyrir sjómenn?) Að miklu leyti var það rökstutt þannig á sínum tíma. Auðvitað er hún líka fyrir aðra.

Með frv. birti ég töflu sem sýnir mun á sköttum venjulegs launþega og sjómanns og sem dæmi má nefna að sjómaður sem er með 125 þús. kr. í tekjur borgar ekki nema 5 þús. kr. í skatt en venjulegur launþegi borgar 25.800 kr. í skatt, sem sagt fimmfalt meira. Og sjómaður sem er með 200 þús. kr., sem mér skilst að séu nokkuð algeng laun hjá sjómönnum, borgar 35 þús. kr. í skatt á meðan venjulegur launþegi með sömu tekjur borgar 56 þús. kr. í skatt eða töluvert meira.

Hér er gert ráð fyrir því að sjómannaafslátturinn verði afnuminn í tveimur þrepum, þ.e. að það megi draga frá skatti

2/3 af núverandi sjómannaafslætti árið 1998 — þetta taki sem sé gildi um næstu áramót — og síðan 1/3 árið 1999 og frá ársbyrjun árið 2000 verði þessi sjómannaafsláttur alfarið lagður niður. Það er til þess að gefa þeim aðilum sem að málinu koma, þ.e. útgerðarmönnum og sjómönnum, færi og tíma til þess að semja um það hvor þeirra á að taka á sig að greiða þá niðurfellingu á sköttum eða þann ríkisstyrk sem útgerðin og sjómenn hafa notið með sérstökum skattafslætti umfram aðra þegna landsins.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[21:14]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Með framlagningu og flutningi þessa frv. er á ferðinni mikið frumhlaup. Vissulega má segja að ef við ætlum að fara yfir skattalögin hér í heild, tekjuskattinn og eignarskattinn, þá er það alveg rétt að þar er alls konar mismunun. Það er rétt og nauðsynlegt að fara yfir það og hv. flm. Pétur H. Blöndal hefur oft haft orð á því að það sé nauðsynlegt. Því undrar mig að hann skuli taka þetta mál út úr ásamt meðflm. sínum og flytja um það sérstakt frv. án þess að hreyfa við öðrum þáttum sem eru þó miklu áhrifameiri og mikið örlagaríkari fyrir tekjur ríkissjóðs og afkomu manna.

Ef við förum yfir sjómannaafsláttinn þá liggur fyrir að hann skilar 1,5 milljarði í tekjur til ríkissjóðs eða rúmlega það. Það hefur margsinnis verið reiknað út. Sjómenn eru sannarlega fjarri sínu heimili. Þeir borga fullu verði sitt fæði og eru reyndar á dýrasta fæði í heimi vegna þess að matsveinninn tekur hluta af þeirra launum, hlut í aflafeng. Ríkið borgar t.d. í sínum rekstri 2.500 millj. til sinna starfsmanna í fæðispeninga og uppihald. Ef menn ætluðu í alvöru að gera þessar lagabreytingar, hver ætlar að mæla gegn því að atvinnurekandi sjómannsins breytti bara launum hans sem þessu næmi. Það eru til örfáir, kannski nokkrir tugir einstaklinga, sem stunda sjó sem ekki eru fjarri heimilum sínum. Það eru hlutaráðnir beitningamenn í landi. Þeir eru örfáir, kannski 40–50 í heild. Allir beitningamenn í landi eru yfirleitt í akkorði. Þannig að það er mjög, mjög rangt að koma svona að þessu máli.

Hitt er annað mál, sem flm. kom að hér áðan, að dagpeningar eru greinilega ofgreiddir á Íslandi, mjög ofgreiddir. Fyrir utan það sem ríkið borgar er náttúrlega gríðarlega borgað af dagpeningum hér í öllu þjóðfélaginu. Ef við ætlum að taka það til endurskoðunar og leiðrétta það þá væri ábyggilega um mjög miklar upphæðir sem skiptu verulegu máli. En þá ber þess líka að gæta að sjómenn hefðu a.m.k. ekki minni rétt en aðrir, a.m.k. ekki minni rétt. Því þeir eru sannarlega langt frá heimilum sínum og borga sitt fæði. Þannig að ég vil nú halda því fram, herra forseti, að þegar þetta mál verður uppgert þá halli meira á einhverja aðra en sjómenn. Það er mér nær að halda. Ég harma að svo glöggur maður sem hv. þm. Pétur H. Blöndal er skuli hafa fallið í þá gryfju að fara að flytja þetta sem sérstakt mál í stað þess að reyna að ná yfir þann margvíslega mismun sem má finna í skattalögum. Við skulum þá gera það sameiginlega því það er ófært að ætla sér að breyta þessum lið án þess að breyta öllu hinu sem breyta þarf ef við ætlum að láta jafnræði gilda.

Í greinargerð með frv. er dálítið farið í ákveðna sagnfræði. Ég verð nú því miður, herra forseti, segja að hún mætti vera fyllri. Sannleikurinn er sá, ef við förum yfir söguna, að á sjötta áratugnum og reyndar var það komið á árunum eftir stríð, byrjaði ríkissjóður að ábyrgjast ákveðið útflutningsverðlag og síðan kom hver vitleysan á fætur annarri. Síðan tókum við upp bátagjaldeyri til að reyna að halda uppi útflutningsstarfseminni. En gengið var náttúrlega úr öllum takti við veruleikann. Þetta var svokallað uppbótakerfi sem við rákum eiginlega frá stríðslokum fram undir 1960 að viðreisnin tók við. Þetta kerfi var allt með endemum og átti sér ekki sinn líka í hinum vestræna heiminum. Það voru náttúrlega mörg dæmi um þetta í Austur-Evrópu. Þetta gerði það að verkum að allt verðlag á fiski var hrein vitleysa. Þess vegna var það, því að gengið var svo vitlaust, að útlendir sjómenn og þá sérstaklega Færeyingar komu hingað til starfa. Íslendingar vildu ekki vinna á sjónum vegna þess að launin voru svo lág, fiskverðið var svo vitlaust. Fiskverkendur höfðu útgerðirnar algjörlega í hendi sér. Hinir erlendu sjómenn voru auðvitað skattlagðir. Það er bara vitleysa sem segir í þessari greinargerð. Þeir voru skattlagðir og erlendir starfsmenn. Það var ákveðin aðferð notuð við það alla tíð og hún breyttist ekki fyrr en við staðgreiðsluna. Það var staðgreiðsla á erlendu starfsfólki og allt var gert upp áður en það fór úr landi. Mismunurinn sem þarna var um að ræða var ekki fólginn í þessu heldur því að þeir fengu yfirfærðan hluta launa sinna á þessu vitlausa gengi. Í því var þetta fólgið.

Með viðreisninni hverfum við frá uppbótakerfinu en í staðinn setum við upp verðlagsráð. Þá er áfram verið að reyna að handstýra þessu samfélagi með þeim árangri að við förum alltaf reglulega út af. Það stóð alveg fram til 1990. Þá vorum við alltaf með þetta fiskverð sem hreina vitleysu. Það var á þeim árum sem þessar reglur mótuðust um sjómannaafsláttinn.

Það eru rök fyrir því í dag að núna þegar verðmyndun á fiski er frjáls að launakjör sjómanna séu öðruvísi uppbyggð en þau voru á þeim tíma þegar þetta kerfi var sett á. Þau rök eru til. Við skulum halda okkur við þau rök. En þá ber að gera það þannig að gætt sé samræmis við aðrar stéttir ef við ætlum að breyta þessu. Annað er útilokað. Þannig að jafnframt því — ef menn ætla að fara að hræra í þessum sjómannaafslætti — verða menn að taka upp algjörlega nýja skattlagningu og nýja viðmiðun miðað við alla dagpeninga og allan ferðakostnað. Það verðum við að gera. Þannig getum við náð einhverju jafnvægi. Mér er til efs að það hafi stórkostlega tekjuaukningu í för með sér fyrir ríkið. Ég á eftir að sjá sjá framan alla ríkisstarfsmennina þegar við komum með þær reglur. Ætli þeir muni ekki vilja fá það bætt hægra megin sem yrði tekið af þeim vinstra megin. Ég held því að það sé rangt sem kom fram í máli hv. flm. áðan að hér sé um uppsprettu nýrra tekna fyrir ríkissjóð að ræða. Það dreg ég mjög í efa og harma aftur, herra forseti, að þetta skyldi hafa verið lagt fram. Ég skora á flm. að draga frv. til baka en koma síðan aftur á næsta þingi og þá skulum við reyna að vinna heildstætt að betrumbótum á skattkerfinu.

[21:23]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt á öllu að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson er ekki hrifinn af þessu frv., né því að leggja niður sjómannaafsláttinn. Hann segir að það sé frumhlaup. Ég held ekki vegna þess að hér er verið að taka á mismunun. Það má vel vera að sjómenn geti fengið dagpeninga sem aðrar stéttir, þá það. Þeir eru þá eins settir og aðrir. Þá er ekki einhver sérstök lagaleg mismunun í gangi.

Það er það sem ég er að fara inn á, að ekki sé lagaleg mismunun á milli fólks. Fyrir utan það að margar aðrar stéttir eru fjarri heimilum sínum. Ég nefni verkamenn inni á hálendinu

og sölumenn. (**EOK:** Þeir fá staðaruppbót.) Já, já. Þeir fá hana frá sínum atvinnurekanda en ekki frá ríkinu. Og fólk sem ferðast út um heim fær líka dagpeninga og annað slíkt frá sínum atvinnurekanda. (**EOK:** Og stórgræða á því, segir þú.) Já. Ég vil láta skoða það að fæðisþáttur dagpeninganna verði kannaður.

Ég var í nefndinni sem samdi frv. til laga um fjármagnstekjuskattinn. Þar var verið að samræma skattlagningu á allar fjármagnstekjur. Ég held að það sé stórlega til bóta og það á eftir að sýna sig. Ég var að mæla fyrir frv. rétt áðan um eignarskatta, sem er líka samræming á öllum eignum, til að vera ekki að stýra skattlagningunni í eitt eða annað form. Og hér er verið að taka á ákveðnum agnúa sem er á tekjuskattinum. Síðan get ég að sjálfsögðu unnið með hv. þm. Einar Oddi Kristjánssyni að því, eins og ég hef verið með hugmyndir um, að stórlækka tekjuskattinn en hafa hann almennan og flatan á alla þannig að þeir sem hafa tvöfaldar tekjur borgi tvöfaldan skatt. En það hefur ekki verið vilji fyrir því hingað til að slíkt næði fram. Ég vildi gjarnan ræða við hv. þm. um þá lausn á tekjuskatti þjóðarinnar, að tekinn verði upp 17% flatur skattur á allar tekjur upp úr og niður úr og enginn skattur annar. (**EOK:** Heyr!)

[21:25]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það er nú nokkuð liðið á þingfundinn. Samt sem áður get ég ekki látið hjá líða að koma aðeins inn í þessa umræðu.

Ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað líka við meðflm. hv. þm. Péturs H. Blöndals, hv. þm. Katrínu Fjeldsted, því mig grunar að sú stétt sem sá hv. þm. tilheyrir, læknastéttin, sé líklega ein þeirra stétta sem einna mestu ívilnanir hefur í sínum kjarasamningum hvað áhrærir reglulegar ferðir erlendis. Þar er meðfylgjandi orlof. Ég veit ekki hvernig skattaleg meðferð þessara ágætu kjara þeirra eru. Það heitir að þeir séu að endurmennta sig og ég ætla ekki að gera lítið úr því. Hins vegar veit ég vel að margar þessar ferðir eru farnar í persónulegum erindum. Líklega eru þær þá skattfríar. Auk þess eru fjölmargir starfsmenn fyrirtækja, eins og hv. flm. kom inn á, sem eru í ferðalögum erlendis mjög oft og njóta ýmissa skattfríðinda þess vegna. Við vitum líka að fjölmargir starfsmenn íslenska ríkisins njóta mikilla skattívilnana. Þeir eru starfsmenn sendiráða og ferðast vítt og breitt um heiminn og eru svo lengi fjarverandi frá hinu ísakalda landi og vegna þess að mikil röskun hefur orðið á þeirra högum vegna starfa erlendis. Það er tekið tilliti til fjölskyldunnar. Það er tekið tillit til barnanna. Eigendur fyrirtækja hafa ótal möguleika á að færa ýmsar persónulegar þarfir á fyrirtækið, á kostnað fyrirtækjanna. Í frammíkalli hér áðan viðurkenndi flm. að svo væri og þekkir hann það líklega mikið betur en ég. Hann þekkir þá stigu alla sem ég ætla ekki að fjölyrða hér um.

Þegar staðgreiðslukerfi skatta var sett á átti að ýta öllu þessu í burtu, dagpeningum, bifreiðastyrkjum og fleiru og fleiru, en flest af þessu er nú komið inn aftur, t.d. bifreiðastyrkir með alls kyns seremóníum. Hann hefur sjálfur nefnt að alþingismenn njóti ýmissa skattfríðinda og hefur gert það opinbert að eftir utanlandsferð hafi hann nánast haft óþolandi mikið fjármagn í sínum vösum þegar hann kom heim aftur. En auðvitað er alltaf persónubundið hvernig menn halda á málum. Það er eflaust hægt að koma með talsvert af dagpeningum erlendis frá ef maður borðar á hamborgarastöðum alla daga og býr í tjaldi eða kaupir enga gistingu, sefur í símaklefa, og allt frá því að búa á dýrustu hótelherbergjum.

Það kom fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni áðan að ríkið greiddi sínum starfsmönnum um 2.500 millj. vegna fæðispeninga. En ef menn ætla í sagnfræðina sem hér hefur aðeins verið komið inn á, þá væri nú ekki úr vegi að líta aðeins hvað það var sem sjómenn einir allra hér á landi greiddu á fyrri öldum. Við getum nefnt svokallað sætisgjald, skráningargjald, spítalagjald og læknagjald. En þessi tvö gjöld greiddu sjómenn einir í þrjár aldir. Þeir héldu uppi spítölum og þegar þeir aflögðust þá greiddu þeir læknastéttinni laun. En allt um það.

Flm. kom inn á það áðan að það yfirleitt gengju allar skattaívilnanir í þær áttir að þær yrðu rýmri en lög kvæðu á um. En því var einmitt öfugt farið fram til þess tíma að lögin voru endurskoðuð og sett ný 1991. Þá hafði það nefnilega gerst um allt land að skattstjórar ýmissa kjördæma túlkuðu lögin út og suður, yfirleitt þrengri úti á landsbyggðinni en hér í þéttbýlinu. En þegar lögunum var breytt að nýju með endurskoðunarákvæðunum þá gerðist það að eitt gekk jafnt yfir alla sjómenn á öllu landinu og er svo og var það til mikilla bóta.

Í grg. er m.a. komið inn á hlífðarfatnað og segir svo, með leyfi forseta, í grg.: „Þegar störf gera kröfu um sérstakan hlífðar- eða öryggisfatnað er algengt að í samningum sé kveðið á um að vinnuveitandi leggi slíkan búnað til eða tekið sé tillit til þess í launum. Engin rök eru fyrir mismunandi skattalegri meðferð í þessu efni eftir því hvort þau störf, sem sérstaks búnaðar krefjast, séu í tengslum við sjósókn eða ekki. ... Að því leyti sem sjómönnum er nú látinn í té hlífðarfatnaður eru forsendur skattaívilnunarinnar brostnar.“ Ég spyr flm. hvaða hlífðarfatnaður er það sem sjómönnum er skaffaður. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það. Það er þá orðið meira en ég veit um. En hlífðarfatakostnaður sjómanna er mjög mikill á hverju ári. Sérstaklega hefur verið um það getið hvað áhrærir togarasjómenn.

Og svo, með leyfi forseta, segir hér áfram: „Um fæðiskostnað gildir í grundvallaratriðum hið sama og um hlífðarfötin. Að hluta til eru hinar upphaflegu forsendur þess efnis að sjómenn sjái sér sjálfir fyrir fæði brostnar og í annan stað er um að ræða kostnað sem er sambærilegur því sem fjöldi annarra launþega býr við.“ Stöldrum nú aðeins við hér. Hvað kostar fæðið sem þingmaðurinn er að kaupa hér á hinu háa Alþingi? Hann er að borga miklu minna fyrir það fæði en það raunverulega kostar og svo er almennt í hundruðum mötuneyta sem ríkið rekur eða stendur að. Enginn skattur er greiddur af muninum sem er á milli hins raunverulega kostnaðar og þess sem skattstjóri reiknar að fæðið kosti. Ef jafnt væri á komið milli sjómanna og þeirra sem njóta sérstakra hlunninda ríkisins í mötuneytum og eru að borga 200–300 kr. fyrir máltíð sem kostar 700 kr. þá ættu opinberir starfsmenn og alþingismenn að greiða skatta af þessum mismun. Svo hér er farið með rangt mál einnig.

Atriði eru fleiri en ég ætla ekki að tæpa á þeim öllum en kem þó að einu sem ég get ekki látið hjá líða að nefna. Það segir m.a. svo í grg.: „Áhafnir sumra fiskiskipa geta verið í landi stóran hluta ársins en njóta samt afsláttar eins og sjósókn og fjarvistir frá heimili væru alla daga ársins.“ Þetta er rangt. Þetta er svo mikil fullyrðing út í loftið að ég er hissa á því að svo kunnugur skattamálum sem flm. er skuli setja þetta á prent vegna þess að í breytingum sjómannalaganna 1991 er skýrt tekið fram um að það eru aðeins sjódagar sem gefa rétt til sjómannaafsláttar. Hafnardagar gefa ekki sjómannaafslátt og það var stærsta breytingin frá þeim lögum

sem áður giltu varðandi sjómannaafsláttinn. Síðan kemur gullvæg setning: „Vinna að fiski um borð í frystitogurum á mjög góðum launum veitir rétt til afsláttar en sömu störf í frystihúsi á miklu lægri launum ekki."

Hver eru hin mjög góðu laun? Ef grannt er skoðað og tekin meðalveiðiferð frystitogara sem er á bilinu fimm til sex vikur og laun eru um 400 þús. kr. og menn reikna að meðaltali 14 stunda vinnudag þá eru þessir menn, án þess að hafa nokkurt vaktaálag, helgidagaálag, hátíðis- eða tyllidagaálag, eins og við þekkjum í landi, með í kringum 360 kr. á klukkustund í meðallaun miðað við 400 þús. kr. tekjur í milli fimm og sex vikna veiðiferð. Þetta eru hin mjög góðu laun. Það er líka hægt að fara upp í fjöll og vera þar í 360 daga og vinna allan sólarhringinn og koma með mikla peninga heim. Þá er sagt: Ja, hann var upp á fjöllum að vinna þessi maður í heilt ár og hann kom bara með 2, 3 milljónir til baka — feiknarlega eru launin góð. En hver var vinnustundafjöldinn sem lá að baki þessum góðu tekjum? Hann gerir þá ekki tímakaupið hátt. Ég fullyrði að í fjölmörgum og miklu fleiri tilfellum en ekki er hallar heldur á sjómanninn þegar borið er saman tímavinnukaup með bónus í frystihúsi hjá konunni á móti tímavinnukaupi sjómannsins á hafi úti, sem eyðir 25% meiri orku við það að standa ölduna og hefur ekki fast land undir fótum.

Eitt er það svo líka sem enginn lítur á og það er fjarveran og menn gera lítið úr því. Það hlýtur að vera rosalega flott að vera um borð í frystitogara í fimm til sex vikur fjarri heimili sínu, hafa vídeótæki, sjónvarp og geta nánast lifað og leikið sér. Enda er ég ekkert hissa á því þó að (**Gripið fram í:** Fínt að vera í Smugunni.) — fínt að vera í Smugunni — menn sem tæplega hafa labbað niður á höfn, vita kannski hvað er fram eða aftur á skipi — ég er ekki að tala til hv. þm. Péturs Blöndals því ég veit að hann hefur farið a.m.k. einn túr til sjós en það eimir þó ekki af seltu í hári eða bliku í augum, en ég er þó ekki hissa á því þó meiri hluti þjóðarinnar sé þannig þenkjandi að sjómenn hafi það of gott vegna þess að þegar fjölmiðlamenn með sjónvarpsmyndavélina sína fara um borð í þessi skip þá velja þeir alltaf góða daginn. Þeir velja gott veður, það er sléttur sjór og svo endar frásögnin af þessari miklu og skemmtilegu veiðiferð venjulega hvar áhöfnin er komin inn í matsalinn, kýraugað er opið, einhver hefur tekið upp harmoníkuna og sjónvarpsauganu er beint að þessari fínu stemningu í matsalnum og myndatökunni lýkur þar sem sjónvarpsauganu er beint út um kýraugað — spegilsléttur sjór og fagurt sólarlag. Hvílík mynd. Á sama tíma stöndum við frammi fyrir því að sú slysatíðni sem við þekkjum hér er hvað mest á sjómönnum. 25% allra slysa sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins eru slys á sjómönnum. Þeir eru þó innan við 5% þeirra sem eru á vinnumarkaðinum. Og menn segja: Það er of í lagt að láta þessa menn hafa sjómannaafslátt. Þeir hafa svo rosalega góð laun. Og það er skjalfest af tryggingafræðingnum sem hefur margsinnis skoðað Lífeyrissjóð sjómanna og veit allt um þetta mál.

Það er því miður nöturlegt að þurfa sí og æ að standa í varnarstöðu gagnvart þessum sjómannaafslætti, ekki það að ég telji það nokkurn hlut eftir mér. En þegar menn koma hér fram og ráðast á eina stétt, vitandi þó af öllu því sem er að gerast í kringum þessa stétt manna hvað áhrærir ýmsar skattaívilnanir þá finnst mér heldur langt gengið af manni sem boðar réttlæti og afneitar ranglæti. Ég tek undir það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði áðan að það væri kannski full ástæða til þess að taka þetta mál allt upp og taka það allt upp á yfirborðið. Ég er hræddur um að ýmislegt kæmi þá í ljós.

Hv. þm. kom inn á það áðan að hér væri um 1,6 milljarða að ræða og gat sérstaklega um það að þyrlan kostaði t.d. 800 millj. og sjómenn nytu þar góðs af. Ég vil benda hv. þm. á að biðja um skýrslu mörg ár aftur í tímann hjá Landhelgisgæslunni um það í hvaða tilvikum þyrlan hefur verið kölluð út undanfarin ár og hvernig útköllin skiptast. Það lætur nærri að um 60% útkalla þyrlunnar séu vegna slysa upp á fjöllum eða bifreiðaslysa ekki fjarri höfuðborginni o.s.frv. Það er í færri tilfellum sem þyrlan er kölluð út vegna sjómanna. Og hann og meginhluti þjóðarinnar segir: Þyrlan er fyrir sjómenn, það eru þeir sem eiga að borga. Það á að taka sjómannaafsláttinn af og láta þá borga þyrluna. Á sama tíma og menn eru uppi um fjöll og firnindi að leika sér í hvaða veðri sem er, ótryggðir, og við skattborgararnir eigum að greiða rekstur á þyrlunni. En sjómennirnir sem nota hana minna en landmennirnir — þyrlan er þeirra vegna og þess vegna skal afnema sjómannaafslátt til þess að láta þá borga þyrluna. Dæmalaus málflutningur.

Herra forseti. Eitt er það sem komið er inn á hér líka sem ég má til með að gera aðeins að umræðuefni og vitna þá til grg., með leyfi forseta, þar segir m.a. svo: „Sjómannaafslátturinn gerir það að verkum að störf við frystingu í frystitogurum úti á sjó njóta skattfrelsis á meðan sambærileg störf í landi eru sköttuð að fullu. Hann virkar því sem eins konar niðurgreiðsla á vinnu um borð í frystitogurum og stuðlar þannig að því að frystingin flyst út á sjó og veldur atvinnuleysi í landi." Nú hlýt ég að spyrja hv. flm. að því: Ef þú ræðir frystihús og ættir flökunarvél og hún gengi ekki nema þrjá til fjóra daga í viku, að meðaltali í sex tíma á dag, en þú kæmir henni um borð í togara sem væri í sex vikur í burtu og nýting vélarinnar væri 23 tíma á sólarhring — mundir þú hugsa þig um? Teldir þú að það væri ekki m.a. þess vegna sem þú mundir flytja frystinguna út á sjó eða teldir þú að það væri bara eðlilega að gera það vegna þess að þessir menn sem vinna við flökun úti á sjó njóta sjómannaafsláttar? Eru það rökin?

„Yfir 98% þeirra [segir í grg.] sem greiddu til Lífeyrissjóðs sjómanna á árinu 1995 voru karlar. Þannig má segja að sjómannaafslátturinn sé forréttindi karla og vinnur gegn launajafnrétti karla og kvenna þar sem yfirgnæfandi fjöldi starfsfólks í fiskvinnslunni eru konur. Launamunur milli sjómanna og fiskvinnslufólks er mikill. Sjómannaafslátturinn eykur enn frekar þann mun." Ég vitna til þess sem ég sagði áðan um útreikning tímavinnukaups og það erfiði sem fylgir sjómannsstarfinu, slysatíðni og það álag að menn eyða 25% meiri orku við að standa ölduna en að hafa fast land undir fótum.

Herra forseti. Nú er liðið mjög á tímann og ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri að svo stöddu. En ég ætla að endurtaka m.a. að það er engin smáfórn sem sjómaður færir að vera fjarverandi meginhluta áranna þegar hann er að efla fjölskyldu sína og hún er að dafna. Börnin eru að vaxa úr grasi og hann missir af frumsporum barna sinna á æskuárunum. Þetta er engin smáfórn. Hann er ekki að njóta þjónustunnar í landi, hann er ekki að aka hér um göturnar, hann nýtir ekki það sem kostar að lýsa hér upp göturnar og þess vegna m.a. og af þeim ástæðum sem ég hef komið inn á er eðlilegt að sjómannaafslátturinn verði til áfram.

[21:45]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var greinilegt að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er ekki hrifinn af þessu frv. enda átti ég ekki mikla von á því. Hann kom aftur á móti svo víða við að það er nánast útilokað að koma inn á þau atriði í andsvari.

Ef maður talar um endurmenntun lækna og annarra og dagpeninga þá er það verkefni sem ég tel mjög brýnt að taka á. Og væri verðugt verkefni að taka á hugsanlegum skattaglufum á slíkum málum eins og dagpeningum sem hvetja til ferðalaga þjóðinni til óhagræðis. Ég er þess vegna alveg sammála því.

Varðandi það að ég þekki vel að fyrirtækin geti flutt kostnað þá þekki ég það ekki neitt. Ég hef aldrei notað þá möguleika og ég veit að skattstjórar eru mjög á eftir því að fyrirtæki séu ekki að fjármagna einkakostnað einstaklinga.

Varðandi það að fjölmiðlamyndin sé slæm af sjómönnum. Það er alveg hárrétt. Það er alltaf sýndur hæsti hluturinn, milljón á mánuði o.s.frv. En það gleymist þegar menn eru kannski með 100 þús. kr. eftir mánaðarhark eða jafnvel þaðan af minna, bara trygginguna. Og um Smuguna. Það þótti ekkert voðalega spennandi að tala við sjómenn sem komu fisklausir úr Smugunni. Ég er alveg sammála því að fjölmiðlarnir gefa ranga mynd af þessu.

Ég mótmæli því að ég sé að ráðast á eina stétt. Ég er að gera það að verkum að löggjafinn sé ekki að mismuna stéttum, það er það eina. Síðan geta sjómenn að sjálfsögðu fengið sína dagpeninga eins og aðrar stéttir ef það er hagkvæmt fyrir þá. Ég vil bara ekki hafa lagalega mismunun á milli stétta. Það er það sem ég er að berjast fyrir.

Um að það halli á sjómanninn gagnvart fiskverkakonunni — ég hugsa að fiskverkakonunum þyki það athygli vert.

Krafa sjómanna um þyrlu og að aðrir noti hana. Krafa sjómanna um þyrlu var mjög sterk þannig að það er eðlilegt að horft sé til þess hvaða skattaívilnanir þeir hafi í því sambandi.

Það að frystingin flyst út á sjó þá (Forseti hringir.) segir hérna að að það stuðli að því að frystingin flyst út á sjó, ekki að það valdi því eingöngu. Auðvitað er betri nýting á tækjum úti á sjó.

[21:48]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins vegna þyrlunnar. Það er rétt að það voru sjómenn sem gerðu miklar kröfur til þess að hún væri keypt og sem betur fer varð svo enda hefur hún sýnt ágæti sitt í þeim hörmungum sem dundu yfir sjómannastéttina nú fyrir nokkrum vikum síðan. En það eru samt sem áður aðrir sem njóta hennar og það er þess vegna ekki eðlilegt að sjómannastéttin ein standi þar að eða menn ætli henni að reka þyrluna.

Aðeins út af því sem ég kom inn á áðan um þann félagslega þátt sem spilar inn í líferni sjómanna við langtímafjarveru og tengja það aðeins læknastéttinni. Ég veit í sjálfu sér ekkert mikið um hvað það þýðir í kjarasamningum að þeir hafi svo og svo mikla peninga til þess að endurmennta sig eða ferðast um erlendis. Ég veit ekki hversu há upphæð það er, ég veit ekki um skattalega meðferð á henni, en ég veit samt að læknastéttin ásamt öðrum má nokkuð sæmilega vel við una. Það sem ég vildi hins vegar koma inn á er að sjómenn eru fangar síns vinnustaðar. Þegar þeir eru farnir út á sjó þá er það skipið og útkantar vinnustaðarins er lunningin. En þegar talað er um að mjög erfitt sé að fá lækna til að starfa úti á landi þá segja þeir sjálfir, og það var haft eftir einhverjum í blaðaviðtali, að vegna félagslegrar einangrunar sé mjög erfitt að fá lækna út á land. Hvernig halda menn að hin félagslega og sálræna einangrun sé meðal sjómanna?

Af mörgu tel ég það rétt að sjómannaafslátturinn verði áfram óbreyttur. Ég tek undir það sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði um áðan og tel skynsamlegt að hv. flm. drægu þessa tillögu sem hér er til umræðu til baka.

[21:50]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það þingmál sem hér er til umræðu er þess efnis að ég get ekki lýst yfir stuðningi við það heldur tel ég þvert á móti afar hæpið að leggja það fram í þeim búningi sem það er frágengið. Í raun er framlagning þess því miður aðeins líkleg til þess að ala á sundrungu og óvild fremur en skapa málefnalega umræðu um málið.

Í framsöguræðu fyrri flm. komu fram efnisleg rök fyrir afstöðu hans sem mér finnst í sjálfu sér engin ástæða til þess að gera athugasemdir við. Ég er ekki sammála þeim flestum en það var efnisleg ræða með rökum og af hans hálfu er málið þannig flutt að ég hef ekkert út á það setja að öðru leyti en því að mér fannst þessi tilvitnun í greinargerð, sem var síðan gerð grein fyrir í framsöguræðu, um björgunarþyrlu sem keypt var og hvað hún hefði kostað og í samanburði við sjómannaafslátt, ekki við hæfi. Það er hvorki sanngjarnt né eðlilegt að ýja að þeirri skoðun að af því að sjómenn voru framarlega í flokki þeirra sem gerðu kröfu til að ríkið ætti góða björgunarþyrlu þá beri þeim öðrum fremur að greiða þyrluna. Mér finnst þessi tilvitnun vera málinu heldur til skaða og hleypa hita í umræðuna sem gerir engum gott þegar frá líður.

Hv. þm. sagði að það sem drifi málflutning hans áfram væri krafan um samræmingu í skattlagningu. Það er út af fyrir sig eðlilegt sjónarmið að leitast sé við í löggjöf að hafa samræmi í hlutunum og ég finn ekkert að því að þingmenn leitist við að koma þeirri samræmingu á eftir því sem hugur þeirra stendur til. Mér fannst þó aðeins vera ónákvæmni í máli hans. Það er í reynd samræming á skattlagningunni sjálfri, þ.e. það borga allir sama tekjuskatt fyrir utan það að sumir borga hærri tekjuskatt en aðrir vegna hærri tekna en að öðru leyti er álagningarprósentan sambærileg, óháð tekjustigi. Það eru hins vegar frádráttarliðir eða ívilnandi liðir sem eru breytilegir. Það mætti frekar orða þetta þannig að menn vildu samræma þá. Þar er ég á bandi hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem hvatti til þess að menn ræddu þá liði í heild sinni og fjölluðu um þá í samhengi en tækju ekki út úr einn lið sérstaklega. Það má nefna nokkra liði sem eru mismunandi vegna þess að menn hafa ákveðið með lögum að þeir skyldu vera mismunandi. Fyrir því hafa menn síðan haft breytileg rök eftir því hvaða lið er um að ræða. Þar má fyrst nefna t.d. iðgjald í lífeyrissjóð sem í dag er undanþegið skatti. Það er ekki samræmi í því milli þeirra sem vinna og hinna sem ekki vinna. Þeir sem hafa tekjur af vinnu sinni njóta þessa ívilnandi þáttar en heimavinnandi, eins og t.d. húsmæður sem eru kannski fjölmennasti hópur þeirra sem er án tekna og á vinnufærum aldri, njóta þeirra ekki. Þarna er auðvitað um mismunun að ræða og menn gætu sagt sem svo að eðlilegt væri að afnema þennan mismun. En niðurstaðan hefur orðið á hinn veginn að menn hafa fært fram rök fyrir

því að hafa þetta undanþegið skattlagningu, sem þarf ekki að rifja upp í þessum sal hver eru, og það hefur orðið ofan á. En það leiðir af sér mismunun. Menn bara ákveða að það sé mismunum sem menn vilja hafa.

Í öðru lagi má nefna, af því við nefndum lífeyrssjóð, að það er verulegur mismunur varðandi eftirlaun úr lífeyrssjóð milli annars vegar sjóða á almennum markaði, SAL-sjóða, og hins vegar sjóða með ábyrgð ríkisins. Sjóðir með ábyrgð ríkisins eru byggðir upp allt öðruvísi og þar hafa málin þróast þannig að iðgjaldagreiðendur standa ekki undir nema hluta af skuldbindingunni. Hinn hlutinn er sóttur til annarra. Aftur á móti hinir sem greiða í SAL-sjóðina standa sjálfir sem heild undir skuldbindingunum, sækja ekki fé út fyrir sjóðfélagahópinn til að standa undir útgefnum skuldbindingum. Löggjöfin er svona, þ.e. löggjöfin annars vegar um Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og frv. sem fyrir liggur um löggjöf um starfsemi annarra lífeyrissjóða. Það er ágreiningur um hvort þetta eigi að vera svona en þetta er niðurstaðan. Menn vilja hafa þetta svona þó það sé ekki samræmd framkvæmd.

Það má nefna ýmsa aðra þætti sem tengjast skattalögum, t.d. varðandi sendiráðsstarfsmenn eins og hér hefur verið vikið að, bæði laun sumra þeirra sem eru undanþegin tekjuskatti, flutningsstyrk og aðrar greiðslur sem sendiráðsstarfsmenn njóta sem eru þeim verulega ívilnandi umfram aðra.

Það má líka nefna ýmiss konar bætur, af því við getum litið svo á að sjómannaafsláttur sé partur af bótum, vaxtabætur er veruleg fjárhæð. Þar er verið að mismuna þeim sem eiga íbúðir og hinum sem ekki eiga íbúðir. Barnabætur eru allhár liður og má segja að það sé mismunun. Ríkið er að mismuna þeim sem annars vegar eiga börn og hinum sem ekki eiga börn. En allir þessir þættir eru niðurstaða af því að menn vilja hafa þetta svona, með tilteknum rökum sem ég þarf ekki að fara gegnum, en eru ekki endilega þau sömu í hverjum og einum bótaflokki.

Krafan um samræmingu getur því ekki verið drifkraftur til þess að taka þennan eina þátt málsins út úr heldur verður að taka málið í heild sinni, fjalla um það og reyna að komast að niðurstöðu sem lýtur að öllum þáttum málsins.

Mönnum til glöggvunar á fjárhæðum í þessu dæmi var sjómannaafslátturinn, eins og fram hefur komið um 1.500 millj. kr. á síðasta ári. Barnabæturnar voru tæpir 5 milljarðar, 4,8 milljarðar nákvæmlega, á síðasta ári, vaxtabæturnar voru 3,3, milljarðar kr. Þetta eru samtals 8,1 milljarður kr. sem ríkið greiðir beinlínis út sem bætur. Síðan má áætla hvað kosti ríkið mikið að 4% iðgjald í lífeyrissjóð skuli vera undanþegið sköttum. Ég hef svo sem ekki tölur um það en get reynt að áætla það í fljótheitum. Ef við miðum við að launasumman sé svona milli 200 og 250 milljarðar kr. þá eru 4% af því 8–10 milljarðar og ef við reiknum með um það bil 40% þá eru þetta kannski 3 milljarðar kr. sem mun kosta ríkið, lausleg áætlun af minni hálfu. Ef við bætum því við þá 9,6 milljarða sem fyrir eru, þ.e. 3,3, 4,8 og 1,5, þá eru þetta um 12,5 milljarðar í heildina. Sjómannaafslátturinn er þá um það bil $^1/_{10}$ af heildarfjárhæðum sem ríkið dreifir út í þessa liði og eru þá ótaldir fleiri liðir sem ég hef nefnt og eins sem aðrir þingmenn sem tekið hafa þátt í þessari umræðu hafa getið um líka.

Ég ætla ekki að halda því fram að það hvernig frá þessum hlutum er gengið í löggjöf um tekjuskatt og eignarskatt, eins og sjómannaafslætti, barnabótum og öðru, eigi að vera eins og það er í dag og megi ekki breytast um aldur og ævi. Það tel ég ekki skynsamlega afstöðu en ég er hins vegar ekki fylgjandi því að lagt verði í breytingar á sjómannaafslættinum einum og sér án þess að menn taki þá til umræðu alla hina liðina og endurskoði hluti eins og dagpeninga, ferðakostnað og annað slíkt sem ríkið ber mjög þungan kostnað af og væri ástæða til að endurskoða og hefur reyndar mjög oft verið hvatt til þess. Minnist ég fyrrv. þm. Sjálfstfl., Inga Björns Albertssonar, sem oft hvatti til þess að þessi mál væru tekin til endurskoðunar því hann taldi að kerfið eins og ríkið hefur gengið frá því í dag væri útgjaldahvetjandi fyrir ríkissjóð.

Ég vil svo nefna einn þátt sem auðvitað skiptir máli þegar maður metur áhrifin af breytingum eins og þeirri sem hér er lögð til. Hann er sá hvaða áhrif er líklegt að breytingin hafi. Ef við skoðun dreifinguna á sjómannaafslættinum eftir landshlutum koma býsna fróðlegir hlutir í ljós. Það kemur reyndar fram að hæstu fjárhæðirnar og flestir einstaklingar sem njóta sjómannaafsláttar eru í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi af eðlilegum ástæðum af því þau eru fjölmenn en kemur samt á óvart af því að þessi atvinnugrein er ekki mjög drjúgur þáttur í atvinnulífi þessara kjördæma. Reykjanes er það kjördæmi sem mestur sjómannaafsláttur fer til, eða 319 millj. kr. á síðasta ári, til 1.841 einstaklings. Í Reykjavík voru greiddar 225 millj. kr. í sjómannaafslátt til 1.385 einstaklinga. Þó að þetta yrði afnumið mundi það ekki breyta miklu um álagningu skatta í Reykjavík. Þetta snertir aðeins 1,7% framteljenda þar og er aðeins 1,1% af tekjuskattinum. Þannig að ekki er við því að búast að það hefði mikil áhrif í Reykjavík ef sjómannaafsláttur yrði afnuminn. Svipað má segja um Reykjanes. Sjómannaafsláttur snertir ekki nema 3,7% framteljenda og nemur 2,3% af tekjuskattinum. Hins vegar verður hlutur sjómannaafsláttar hærri þegar kemur út á land, er reyndar hæstur í Vestmannaeyjum og síðan næsthæstur á Vestfjörðum. Þar hafa 14% framteljenda fengið sjómannaafslátt og nemur hann um 8,3% af álögðum tekjuskatti. Í Vestmannaeyjum er það 10,9%. Ef sjómannaafslátturinn yrði lagður af í einu vetfangi eða á skömmum tíma mundi þetta rýra kjör allmargra. Það er augljóst mál. Og þegar við höfum í huga að atvinnutekjur eru mjög ráðandi þáttur um búsetu manna, val á starfi, hvaða starf menn velja sér, atvinnutekjur ráða verulega miklu um það og sjómannsstarfið er mjög gildur þáttur í atvinnulífinu á landsbyggðinni, sem hefur átt í vök að verjast undanfarinn áratug — það hefur orðið fólksfækkun, þá má búast við að nokkur röskun yrði í framhaldi af þessari aðgerð. Menn mundu fara út úr atvinnugreininni, sækja í aðra vinnu og hugsanlega flytja sig um set til þess að leita eftir þeirri vinnu.

Ég er ekki tilbúinn til að taka slíka áhættu í þeirri stöðu sem Vestfirðingafjórðungur er í, sem er ákaflega veik eins og allir þekkja. Þar er mikil fólksfækkun og töluverð hreyfing á fólki, því miður. Ég er ekki tilbúinn til að íþyngja mönnum á þessu svæði eins og þessi ráðstöfun mundu gera ofan í þetta ástand. Jafnvel þó hægt væri að réttlæta breytinguna og bera við sanngirni eða samræmingu, sem ég reyndar fellst ekki á, þá væri óskynsamlegt við þessar aðstæður að grípa til þessarar breytingar einnar og sér. Með sama hætti væri óskynsamlegt að gera róttækar breytingar á þeim bótum sem ég hef talið upp. Þær mundu raska högum mjög margra, reyndar á öðrum stöðum á landinu, og ég er ekki viss um að það væru hollar breytingar sem gætu leitt af því. Ég nefni sem dæmi, af því ég var nú að vitna í tölur um barnabætur og vaxtabætur, að sjómannaafslátturinn fyrir Vestfirðinga gefur

151 millj. kr., barnabætur gefa sömu fjárhæð og vaxtabætur gefa ekki nema $^1/_3$ af sjómannaafslætti. Hins vegar fyrir Reykjavík eru barnabætur átta sinnum hærri en bætur vegna sjómannaafsláttar. Þær voru 1.823 milljónir á síðasta ári í Reykjavík en sjómannaafsláttur var 225 milljónir. Vaxtabætur eru u.þ.b. sjö sinnum hærri til fjölskyldna í Reykjavík en sjómannaafsláttur, eða 1.475 milljónir á móti 225. Ef við ímyndum okkur að það væri talið rétt að skera þessar bætur verulega niður eða fella þær alveg niður þá er augljóst mál að það er breyting fyrir Reykjavík upp á 3.300 millj. kr. og það mundi hafa gríðarleg áhrif. Ég held að jafnvel þó menn hefðu einhver þau rök sem þeir teldu fullnægjandi til að réttlæta aðgerðina mundu þeir ekki ráðast í hana af því þetta væri það stór breyting, hefði svo mikil áhrif á hagi það margra, að menn mundu ekki ráðast í þessar breytingar einar og sér, og alls ekki í einu vetfangi.

Þetta eru bara almennar staðreyndir sem ég legg inn í umræðuna sem gera það að verkum að það er ekki skynsamlegt að taka þetta mál eitt og sér út úr.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta þingmál annað en að afstaða mín til þess er sú að ég er andvígur því og hef fært nokkur rök fyrir mínu sjónarmiði án þess að endurtaka það sem áður hefur komið fram í umræðunni og ég hef verið sammála úr ræðum fyrri ræðumanna.

[22:10]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rakti mjög ítarlega og greinilega að skattkerfi hefur áhrif á búsetu og hegðun fólks, þ.e. yfirleitt þjóðfélaginu til óhagræðis, því skattkerfið lætur menn gera eitthvað sem ekki er eðlilegt, t.d. að búa á einhverjum ákveðnum stöðum eða búa ekki á einhverjum ákveðnum stöðum.

Hann nefndi nokkur dæmi eins og iðgjöld í lífeyrissjóð. Þar má segja að iðgjaldið er skattfrjálst þegar það fer inn í lífeyrissjóðinn en er skattað þegar það fer út af því lífeyririnn er skattlagður. Það eru rökin fyrir fyrir því að það er skattfrjálst. Svo nefndi hann LSR og ég man ekki betur en að hann hafi greitt atkvæði með því að reikna ekki iðgjald í LSR — þá brtt. sem ég lagði til í vetur. Alla vega voru allir þingmenn á móti mér í því máli sem voru viðstaddir.

Varðandi sendiráðsmennina þá er það er alþjóðlegt vandamál og mikið vandamál. Fólk með mjög há laun og er meira og minna skattfrjálst. Og ég væri alveg til í að vinna að því að sá ósómi verði tekinn af almennt því það hefur ekkert að gera með fjarlægð frá heimili eða eitthvað slíkt heldur er þetta fólk með mjög há skattfrjáls laun.

Varðandi vaxtabæturnar þá leiða þær til þess að menn skulda allt of mikið. Skuldir heimilanna hafa stórvaxið eftir að vaxtabæturnar voru teknar upp og það er aftur hegðun sem ekki er í takt við þarfir þjóðfélagsins og á móti þeim koma húsaleigubætur.

Við höfum margrætt dagpeningana hérna og ég væri alveg til með hv. þm. að ráðast í það að taka alla þessa liði til skoðunar til að hætta að láta fólk gera eitthvað sem er óskynsamlegt fyrir þjóðfélagið. En það gera einmitt alls konar svona afslættir í skattkerfinu sem láta menn gera eitthvað sem þeir mundu ekki gera ef skattkerfið væri hlutlaust.

[22:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get verið sammála þingmanninum í því að þessum aðgerðum ríkisvaldsins hverri um sig er auðvitað ætlað að hafa áhrif einum þjóðfélagshópi til hagsbóta og mismuna þá gagnvart öðrum. Ef við tökum út úr einn þátt þessa máls og breytum honum og erum þar af leiðandi að valda tilteknum hópi óhagræði á sama tíma og allir aðrir hópar verða ekki fyrir neinni breytingu þá er það augljóslega óskynsamlegt. Ég held við getum verið sammála um að það hljóti að vera óskynsamlegt. Þess vegna væri rétta leiðin, ef menn telja þörf á því, að endurskoða þann lagabúning sem menn búa við og þær pólitísku ákvarðanir sem liggja þeim til grundvallar um greiðslur úr ríkissjóði til jöfnunar milli þjóðfélagshópa eða atvinnugreina o.s.frv., að gera það í samhengi þannig að það væri þá verið að hreyfa á mörgum stöðum í senn en ekki bara á einum stað. Ég hygg að við getum verið nokkuð sammála um að þannig ætti að vinna málið. Hvort við ættum að ráðast í það stórvirki að fara yfir það lið fyrir lið er svo aftur annað mál, ég skal ekkert svara því að svo stöddu en ég tel ekki brýnasta verkefni okkar um þessar mundir að leggja niður sjómannaafsláttinn.

[22:12]

Flm. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. fullyrti að ég mundi vera sammála því að það væri óskynsamlegt að taka einn þáttinn út úr. Ég er ekki sammála því. Ég held að það sé um að gera að byrja einhvers staðar og á því þar sem það er augljóst að ein stétt nýtur lagalegs skatthagræðis umfram aðra. Öll hin atriðin eru varðandi félagslega stöðu fólks eða eignastöðu og sjómenn njóta þeirra bóta allra, iðgjald í lífeyrissjóð geta þeir dregið frá, þeir fá vaxtabætur eða húsaleigubætur, þeir fá barnabætur, þeir fá allar þessar bætur sem hinir fá líka. Mér finnst því sjálfsagt að taka á þeim þættinum sem er svo augljós eins og sjómannaafslátturinn og útrýma honum. Síðan geta sjómenn og atvinnuveitendur þeirra, útgerðarmenn, komist að samkomulagi um að gera eins og aðrar stéttir ef það eru einhverjar smugur þar sem menn geta notað eins og t.d. með dagpeninga. En mér finnst mjög mikilvægt að eftir að þessari smugu hefur verið lokað verði ráðist á hinar smugurnar eins og dagpeningana og það sem menn hafa verið að ýja að hérna að sé notað til að komast hjá skatti. Og eins og t.d. skattfrjálsir fæðispeningar í mötuneytum hins opinbera sem mér finnst mjög óeðlilegt. Mér finnst mjög óeðlilegt að ég skuli fá skattfrjálsar tekjur með því að borga ekki nema helminginn af því sem maturinn kostar eða jafnvel minna en það.

[22:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að segja eins og er að ég held að við náum ekkert saman í þessu máli af augljósum ástæðum. Mér finnst ekki mikil reisn yfir því að tala á þeim nótum að bætur úr ríkissjóði, hverju nafni sem þær nefnast, fái fólk til að gera það sem það mundi annars ekki gera og það sé eitthvað sem er óskynsamlegt, eins og kom fram hjá hv. þm. í fyrra andsvari, en ráðast síðan aðeins á einn þátt málsins og þann þar sem varnirnar eru veikastar fyrir. Mér finnst það ekki sanngjarnt. Hv. þm. ræðst ekki á þá liði sem eru þungir á metunum á höfuðborgarsvæðinu hjá kjósendum hans. Hann

ræðst hins vegar hiklaust til atlögu við þann lið sem er þungur á metunum á landsbyggðinni ásamt samflokksþingmanni sínum í Reykjavík. Mér finnst þetta ómakleg framganga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14.–15. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 22:16.

107. FUNDUR

mánudaginn 21. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 529. mál, þskj. 881. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Skyldutrygging lífeyrisréttinda, stjfrv., 530. mál, þskj. 882. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 452. mál, þskj. 766. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 461. mál, þskj. 775. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lækkun fasteignaskatta, frv., 540. mál, þskj. 894. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 552. mál, þskj. 910. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814. — Fyrri umr.
10. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898. — 1. umr.
11. Póstþjónusta, stjfrv., 545. mál, þskj. 899. — 1. umr.
12. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 402. mál, þskj. 698. — Fyrri umr.
13. Upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu, þáltill., 514. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.
14. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Fyrri umr.
15. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706, nál. 938, 980 og 982, brtt. 939, 981 og 983. — 2. umr.
16. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941. — 2. umr.
17. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[15:03]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill geta þess um fundarhaldið að að loknum atkvæðagreiðslum um átta fyrstu dagskrármálin verður settur nýr fundur og þá fara fram frekari atkvæðagreiðslur.

[15:04]

Útbýting þingskjala:

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 408. mál, nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 984.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 407. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 985; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 986; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 987; nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 988.

Rannsóknir Landsvirkjunar á virkjunarkostum á hálendinu, 468. mál, svar iðnrh., þskj. 961.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 991; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 992; nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 993.

Starfsfólk sjúkrastofnana, 361. mál, svar heilbrrh., þskj. 959.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 980; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 981; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 982; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 983.

Tekjuskattur og eignarskattur, 585. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 998.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, 438. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 990.

Fjáraukalög 1996, frh. 1. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 530. mál (heildarlög). — Þskj. 882.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. PHB og VE, 452. mál (eignarskattur). — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. GÁS, 461. mál (samnýting persónuafsláttar). — Þskj. 775.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lækkun fasteignaskatta, frh. 1. umr.

Frv. KHG og SvG, 540. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 907.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Bifreiðagjald, frh. 1. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 908.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GuðjG, GBeck, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, VS, ÞorstP, ÞSverr, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GHall) greiddi ekki atkv.
9 þm. (DO, FrS, HjÁ, MF, ÓÖH, SighB, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. PHB og KF, 552. mál (sjómannaafsláttur). — Þskj. 910.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GBeck, GB, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, VS, ÞorstP, ÞSverr, ÖJ, ÖS.
5 þm. (GE, GuðjG, GHall, GÁ, KHG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (DO, FrS, HjÁ, MF, ÓÖH, SighB, StB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 9.–17. mál.

Fundi slitið kl. 15:12.

---

108. FUNDUR

mánudaginn 21. apríl,
að loknum 107. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 585. mál, þskj. 998. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814. — Fyrri umr.
3. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898. — 1. umr.
4. Póstþjónusta, stjfrv., 545. mál, þskj. 899. — 1. umr.
5. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Fyrri umr.
6. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706, nál. 938, 980 og 982, brtt. 939, 981 og 983. — 2. umr.
7. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941. — 2. umr.
8. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987. — 2. umr.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 585. mál (staðgreiðsla opinberra gjalda). — Þskj. 998.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. var of seint fram komið. — Samþ. með 53 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

[15:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 998 frá efh.- og viðskn. Það er um breyting á lögum um tekju- og eignarskatt. Tilurð þessa máls er sú að stjfrv. um tekju- og eignarskatt, sem var lagt fram í tengslum við kjarasamninga á sínum tíma, var hér til umræðu fyrir helgi. Það eru nokkur ákvæði í frv. sem varða greiðslur launa og staðgreiðslu um næstu mánaðamót. Niðurstaða varð í nefndinni og samkomulag um að kljúfa út úr því stjfrv. þá þætti sem öðlast gildi fyrir 1. maí nk. og flytja í sérstöku frv. Og það er þetta frv. sem ég er að gera grein fyrir.

Tvö bráðabirgðaákvæði eru tekin út úr stjfrv. og flutt sem sérstakt þingmál af hálfu efh.- og viðskn. Í fyrsta lagi í 1. gr., I. bráðabirgðaákvæði, er getið um að staðgreiðsluálagningin frá 1. maí sé lækkuð eins og gert er ráð fyrir í stjfrv. Í öðru lagi eru gerðar samsvarandi leiðréttingar á persónuafslætti og sjómannaafslætti þannig að fyrsti fasi þeirrar skattabreytingar sem gert er ráð fyrir nái að koma til framkvæmda 1. maí eins og ætlunin var.

Það var samkomulag í efh.- og viðskn. um þessa málsmeðferð að taka þessa þætti út úr og flytja um það sérstakt frv. sem ég hef hér með gert grein fyrir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.

Hafnaáætlun 1997–2000, fyrri umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 814.

[15:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hafnaáætlun er gerð til fjögurra ára í senn og endurskoðuð á tveggja ára fresti. Heildarupphæð framkvæmda í höfnum er um 2,8 milljarðar kr. og hlutur ríkissjóðs tæpir 2 milljarðar eða 1,9 milljarðar, um 68%. Auk þess gerir áætlunin ráð fyrir að allar skuldir ríkissjóðs við hafnasjóði verði gerðar upp á áætlanatímabilinu en í árslok 1996 námu þessar skuldir 728 millj. kr. Heildarframlög úr ríkissjóði til nýframkvæmda og uppgjörs skulda munu nema um 2,6 milljörðum kr. á þessum fjórum árum.

Við gerð hafnaáætlunar var að þessu sinni stuðst við úttekt á höfnum sem unnin var af Siglingastofnun. Í úttektinni var ástand og nýting mannvirkja metin og umferð um hafnirnar skoðuð. Áhersla var lögð á þær framkvæmdir sem úttektin sýndi mesta þörf á. Áætlunin gerir ráð fyrir að allar framkvæmdir sem á annað borð eru metnar styrkhæfar njóti sama ríkisframlags. Hins vegar er í nokkrum sveitarfélögum ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður styrki hafnarframkvæmdir á áætlunartímabilinu. Þetta á fyrst og fremst við um höfuðborgarsvæðið þar sem litið er á það sem eitt markaðssvæði og ekki talið rétt að ríkissjóður sé að raska samkeppnisstöðu hafna þar með fjárframlögum. Ég tel einnig nauðsynlegt að hv. samgn. taki til athugunar hvort rétt sé að skerða nokkuð framlög ríkissjóðs til þeirra hafna sem tekjumestar eru úti á landsbyggðinni.

Árið 1997 verður framlag ríkissjóðs til dýpkana og brimvarnargarða 90% en seinni ár áætlunarinnar breytist það og verður 75%. Í samræmi við ákvæði hafnalaga er gert ráð fyrir að Hafnabótasjóður geti veitt allt að 15% styrk til tekjulágra hafna í fámennum sveitarfélögum. Lækkun kostnaðarhlutdeildar á þá ekki að hafa áhrif á þessi sveitarfélög.

Meginákersla er lögð á endurbyggingu mannvirkja með það fyrir augum að þau standist þær kröfur sem nútímaútgerðarhættir gera. Aðallega er verið að uppfylla kröfur um meira dýpi og álag á kanta auk krafna um meiri kyrrð í viðlegum. Stærstu óskirnar lúta að bættri aðstöðu fyrir loðnu- og síldveiðiflotann. Þessar framkvæmdir eru í Siglufirði, Raufarhöfn, Þórshöfn, Vopnafirði, Eskifirði, Djúpavogi, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Grindavík og Sandgerði.

Stærsta einstaka verkefni áætlunarinnar er fyrsti áfangi úrbóta í innsiglingunni til Grindavíkur. Í áætluninni er gert ráð fyrir að unnið verði fyrir um 230 millj. kr. en áætlaður heildarkostnaður verði um 700 millj. kr.

Önnur stór verkefni sem byrjað verður á er endurbygging viðlegukanta í Vestmannaeyjahöfn, úrbætur á flutningaaðstöðu á Höfn í Hornafirði og fiskihöfnin á Akureyri. Á Ísafirði og í Húsavík verður haldið áfram við að bæta aðstöðu fyrir stærri skip.

Herra forseti. Ég lít svo á að hafnaáætlun skýri sig að öðru leyti sjálf og legg til að henni verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[15:21]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um tillögu til þál. um hafnaáætlun 1997–2000. Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra erum við með seinni skipunum með þá áætlun og raunar þegar í gang í komið nýtt áætlunartímabil án þess að hafnaáætlunarsamþykkt liggi fyrir.

Það verður ekki undan því komist strax við fyrri umr. að gera nokkrar athugasemdir við það upplegg sem hér er að finna.

Í fyrsta lagi að þó að meðganga þessa máls, þessarar áætlunar, hafi verið alllöng, eins og getið er um í grg., þá vil ég gagnrýna það að á síðustu stigum þessa máls hafa fulltrúar hafna ekki komið að vinnunni eins og eðlilegt hefði verið. Þar á meðal eru forsvarsmenn hafna á Íslandi, Hafnasambands sveitarfélaga, sem hafa ekki á síðustu stigum máls komið að lokatillögu og það er gagnrýnivert. Ég hefði talið eðlilegra að þau mál hefðu verið þar til umfjöllunar allt til loka og tillögurnar hefðu verið unnar í það skjal sem hér er að finna.

Í annan stað, eins og hæstv. ráðherra gat um, er tekin ákveðin grundvallarafstaða til tiltekinna hafna um landið og þá er ég að vísa til hafna í nágrenni við Reykjavík. Hér er með einu pennastriki ákveðið að hafnir í Kópavogi og Garðabæ og síðast en ekki síst í Hafnarfirði skuli settar út af sakramentinu. Þær njóti ekki styrkjar frá ríkisvaldinu í samræmi við hafnaáætlun eins og verið hefur um langt árabil. Á sama tíma hefur hæstv. ráðherra og ráðgjafar hans gefist upp á því verki sínu, sem kveðið er á um og heimild er gefin um í lögum um íslenskar hafnir, að leggja til ákveðnar skerðingar á þær hafnir sem eru sæmilega vel í álnum. Með öðrum orðum, í 19. gr. laganna hefur ráðherra um það allvíðtækar heimildir að ákveða að ákveðnar hafnir um landið, sem eru með góða afkomu, fái skertan hlut af hálfu ríkisins. Menn þekkja tölur þar um 40% hlutdeild ríkisins, um 50% hlutdeild ríkisins en nú er því breytt. Nú fá allar hafnir, að undanskildum þeim þremur sem ég nefndi áðan, hámarksstyrk eins og lögin gera ráð fyrir. Þær eru með öðrum orðum allar settar í sama flokk

— svonefndar fátækar hafnir, litlar hafnir og stórar hafnir nema bara það að þessar þrjár sem ég nefndi áður er ekki með í púkkinu. Þetta er auðvitað fullkomlega gagnrýnivert. Og af því hæstv. ráðherra kallaði eftir því áðan að það væri þá verkefni nefndarinnar að gera tillögur um það, ef henni sýndist svo, að skerða styrki til ákveðinna hafna sem væru í góðum málum, að það væri þá nefndarinnar að ganga í það verk sem hæstv. ráðherra gafst upp á sjálfur.

Það er auðvitað athyglivert í þessu sambandi, og ég bið ráðherra að hlusta á það sérstaklega, að Akureyrarhöfn fær einhverra hluta vegna hámarksstyrk en var hins vegar á skerðingu. Framlagið er hér verulega hækkað. Akureyrarhöfn er að mörgu leyti ekki ósvipuð Hafnarfjarðarhöfn sem er aftur á móti tekin út. Margar fleiri hafnir eru auðvitað vel reknar og hafa skilað drjúgu. Ég nefni Ísafjörð, Vestmannaeyjar og raunar talsvert fleiri hafnir. Það er líka óhjákvæmilegt að nefna í þessu samhengi að mér hefur lengi fundist það ákaflega kúnstugt og sérstakt í gildandi lögum um íslenskar hafnir að ráðherra hafi nánast um það sjálfdæmi að ákvarða hversu mikið tilteknar hafnir njóti styrkjar frá ríkisvaldinu og hversu mikil skerðingin verður hverju sinni. Þá hefur þróunin gjarnan orðið sú, eðlilega, að ýmsar hafnir freista þess að sýna nú ekki allt of góða afkomu, hafa stundum ráðist í fjárfestingar og framkvæmdir til þess að geta sýnt fram á það að þær skuldi fjármuni og verði þá tryggilega í hópi þessara „fátæku hafna" sem njóti velvilja fjárveitingavaldsins þ.e. hæstv. ráðherra. Með öðrum orðum, hinum höfnunum sem freista þess að reka sig vel, skila góðri afkomu, eru duglegar í markaðsmálum, eru með mannahald í lágmarki, eru til fyrirmyndar hvernig að rekstri er staðið — er hegnt fyrir að sýna ráðdeild og hagsýni í rekstri. Hér eru formerki alls ekki eðlileg og fullkomlega ástæða til að hið háa Alþingi gaumgæfi þetta á nýjan leik og skoði þessar heimildir í lögum um íslenskar hafnir og ekki síst vegna þess að hæstv. ráðherra hefur tekið um það ákvörðun að gefast upp á því að reyna leika guð í þessum efnum og það kemur svo sem ekkert á óvart.

Ég vil bara segja það fyrir fullt og allt, virðulegi forseti, að við það verður auðvitað alls ekki unað að tilteknar hafnir í næsta nágrenni, í mínu kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, séu settar jafnrækilega út af sakramentinu og hér um ræðir og núllaðar fullkomlega og njóta ekki jafnræðis á við aðrar hafnir vítt og breitt um landið. Það verður ekki við það unað. Það eru ekki fullnægjandi rök að segja það að verið sé að freista þess að viðhalda samkeppnisstöðu Reykjavíkurhafnar og til að mynda Hafnarfjarðarhafnar. Velta og afkoma Reykjavíkurhafnar er sjöföld í samanburði við það sem gerist og gengur suður í Hafnarfirði. Þannig að tala um það að þessar tvær hafnir séu í beinni samkeppni sem ekki megi skekkja með því að veita fé til Hafnarfjarðarhafnar er auðvitað algjörlega fráleitt. Ég tel þá fullkomlega eðlilegt að við förum yfir það í samgn. hvort ekki gildi það sama um margar aðrar hafnir víða um land. Menn geta velt því fyrir sér til að mynda vegna þessarar hafnar í Hafnarfirði hvort samkeppnin sé ekki jafnmikil suður með sjó. Er það þá hugmynd hæstv. ráðherra til að skekkja ekki samningsstöðuna milli Hafnarfjarðarhafnar og hafnasamlags suður með sjó að setja þá Suðurnesjamenn út af sakramentinu á sama hátt? Hvar ætlar hæstv. ráðherra að enda í þessari röksemdafærslu? Hún er auðvitað endalaus og óhugsuð að öllu leyti.

Ég trúi því að hv. samgn. muni taka faglega og eðlilega á þessum málum. Fulltrúar Siglingastofnunar voru á fundi með nefndinni um þessi mál þótt málið væri ekki komið til 1. umr. og auðvitað heyrðist það mjög rækilega að málin voru lítt ígrunduð og hugsuð og því óhjákvæmilegt annað en að taka á málinu og endurskoða það.

Virðulegi forseti. Ég vil með öðrum orðum, á þessum örfáu mínútum, segja það að ég hef fullan fyrirvara á þessu máli öllu saman. Það þarf að liggja rækilega yfir því. Ég held hins vegar að mjög brýnt sé að hið háa Alþingi afgreiði þessa hafnaáætlun núna fyrir þinglok og málið hefði auðvitað átt að vera komið inn í þingið fyrir margt löngu og gagnrýnivert að við höfum ekki meiri tíma en raunin er á (Forseti hringir.) til að véla um það í nefndinni. En hér þarf mörgu að breyta og margt að laga. Það er óhjákvæmilegt annað, virðulegi forseti.

[15:30]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt satt að segja að þingmenn Reykn. væru sammála um að það verkefni sem brýnast væri þar nú væri innsiglingin til Grindavíkur og að reyna að bæta þar hafnarskilyrði, sem er gífurlegt verkefni. Ég hafði því ekki búist við önuglyndi frá þm. Hafnarfjarðar af því að þannig hafði verið raðað upp á hafnaáætlun. En maður verður margs fróðari í sölum Alþingis.

Herra forseti. Það kom fram smámisskilningur hjá hv. þm. sem kannski er ekki óeðlilegur þar sem hafnaáætlun hefur aldrei verið samþykkt á Alþingi þó hún hafi einstaka sinnum verið lögð fram. En í hafnalögum segir í 3. mgr. 27. gr.: „Greiðsluþátttaka ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal ákveðin um leið og verk eru tekin inn á hafnaáætlun og tekin til endurmats á tveggja ára fresti við endurskoðun hafnaáætlunar. Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs." Það er því beinlínis kveðið á um það í lögunum að samgn. eða hið háa Alþingi skuli vera ákvarðandi um hver skuli vera greiðsluþátttaka ríkissjóðs. Þannig er raunar líka við uppgjör á gömlum hafnarframkvæmdum að miðað hefur verið við reglugerðir og hvernig staðan hefur verið.

Ef rætt er sérstaklega um Akureyri þá er það svo að greiðslur til Akureyrar á þessu ári og hinu næsta eru aðallega til skulda þannig að Akureyrarhöfn fær ekki óskert framlag úr ríkissjóði vegna þeirra uppsöfnuðu skulda sem þar er um að ræða. Það er einungis gert ráð fyrir 9,9 millj. kr. á þessu ári til nýframkvæmda, sem raunar er að ég hygg vegna Grenivíkur, sem hefur verið með óskert framlag en þar hefur nú (Forseti hringir.) verið stofnað hafnasamlag þannig að við erum ekki í raun að bæta hlut Akureyrar þó gert sé ráð fyrir því að þetta mál sé tekið til athugunar.

[15:32]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fullkomlega ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að snúa út úr orðum mínum. Það hefur verið fullt samkomulag um það í þingmannahópi Reykn. að forgangsraða verkefnum þar. Sandgerði er talandi dæmi um það. Það er heldur enginn ágreiningur um það að Grindavík er næsta stóra verkefnið. Það var ekki það sem ég var að ræða um. Það sem ég var að nefna var hvernig á því stæði að tilteknar þrjár hafnir væru gjörsamlega teknar úr sambandi þegar kæmi að því að vera hlutgengar í hafnaáætlun yfirleitt. Tekin er sú grundvallarafstaða í þáltill. að þær verði bara ekki meira með. Það er fullkomlega óásættanlegt.

Hvað varðar greiðsluþátttökuna að öðru leyti og af því hæstv. ráðherra sveið það eilítið að ég skyldi nefna Akureyri

hér til sögunnar, þá er óhjákvæmilegt annað en fara eilítið fleiri orðum um það. Það er auðvitað eftirtektarvert og ekki búið að bíta úr nálinni með þær ákvarðanir sem hæstv. ráðherra beitti sér fyrir og lutu að hafnargerð fyrir norðan og aðstöðu fyrir skipakvína þar. Úrskurðað hefur verið um það að hæstv. ráðherra er auðvitað bundinn þar í báða skó og má vænta að samsvarandi aðstaða suður í Hafnarfirði verði til staðar, þar sem einstaklingar réðust í kaup á skipakví, þ.e. að þeir heimti slíkt hið sama. Mér er spurn: Hvernig í veröldinni ætlar hæstv. ráðherra að koma sér út úr þeim vanda? Það á eftir að reyna á það. Hvað varðar greiðsluþátttökuna almennt þá er mér fullkunnugt um að skerðingarreglur liðinna ára gilda auðvitað hvað varðar uppgjör inn í framtíðina. En það sem ég er að segja er að uppleggið í þessari hafnaáætlun er þannig að stórar, öflugar og kraftmiklar hafnir, eins og Akureyrarhöfn, eru hér miðað við þessa hafnaáætlun óskertar. Það er stór breyting. Í lögunum er kveðið á um hvað hver höfn á að fá í prósentuvís og þar eru engar skerðingartillögur að finna. Þannig að það leiðir auðvitað allt að hinu sama hvar hugur hæstv. ráðherra liggur. (Forseti hringir.) Hann liggur ekki hér á þessu svæði, hann er norðan heiða.

[15:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur auðvitað ekki á óvart þegar þessi mál eru rædd að sú rödd skuli heyrast frá Alþfl. að það hafi verið mikil ofrausn að standa að endurbótum Slippstöðvarinnar á Akureyri sem á sínum tíma var ríkisfyrirtæki og ríkinu bar auðvitað skylda til að reyna að standa sæmilega á bak við úr því að það vildi bera ábyrgð á þeim rekstri. En það hefur raunar löngum kveðið við þennan tón frá hv. þm. Alþfl. og er löngu kunnugt en góð upprifjun annað slagið.

Um málið að öðru leyti vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan og alveg ástæðulaust af hv. þm. að vera með útúrsnúninga í því sambandi. Ég vék sérstaklega að því í ræðu minni hvort ekki væri rétt að skerða framlög í áætluninni til þeirra hafna sem væru með mestar tekjur. Ég sagði þetta beinlínis. Það er því ástæðulaust að vera með upphrópanir af þeim sökum. Ég vil einnig að það komi fram að umræður hafa verið við sveitarfélögin, og má kannski segja að nauðsynlegt sé að ræða betur við þau um hafnamálin í heild sinni, en ef þessi áætlun er grannt skoðuð þá hljóta þingmenn Reykn. að átta sig á því að efnahagur t.d. hafnarinnar í Keflavík er mjög erfiður og veitir ekki af að reyna að standa á bak við þá höfn og eins er um mjög þýðingarmiklar framkvæmdir að ræða fyrir Grindavík. Við skulum ekki gleyma því að samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir því að koma mjög mikið til móts við þá í Grindavík. Auðvitað hlýtur það að bitna á öðrum höfnum. Eins og við sjáum á hafnaáætlun erum við enn að greiða þau háu lán sem voru tekin vegna uppbyggingar Sandgerðis á sínum tíma.

[15:37]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæðulaust að endurtaka að það eru allir sammála þessari forgangsröðun verkefna í Reykjaneskjördæmi. Um það er ekki verið að deila. Það sem ég er hins vegar að árétta og hæstv. ráðherra skilur en neitar að viðurkenna er að tilteknar hafnir skuli settar nánast út úr áætluninni. Ekki að þær séu skertar eða fái lág framlög heldur eru þær bókstaflega settar til hliðar, innan sviga. Það er auðvitað óásættanlegt með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Það var einmitt það mál sem ég var að víkja að varðandi aðstöðu fyrir skipaviðgerðir norðan heiða. Ég hef aldrei verið í hópi þeirra sem gagnrýndu ráðherrann sérstaklega fyrir það að leggja því máli lið. Það voru ekki mín orð. Ég sagði hins vegar það eitt að ráðherra hlýtur að standa klár á því að ráðist hann í slíkar endurbætur vegna slíkra mála norðan heiða, þá gefur það auga leið að samkeppnisaðilar í sömu grein, á grundvelli jafnræðisreglunnar, koma auðvitað í kjölfarið og óska þess hins sama og það er einmitt það sem ráðherrann á mjög sennilega von á suður í Hafnarfirði, þar sem einstaklingar eru með sambærilegan rekstur og Slippstöðin á Akureyri. Hvernig ætlar hann að bregðast því? Það er lykilatriði þessa máls. Menn þurfa að vera ábyrgir gjörða sinna og afleiðingarnar geta verið með ýmsum hætti. Það skal ekki standa á mér að styðja og styrkja ráðherrann í því að veita fé til samkeppnisaðila þannig að þessari samkeppni sé nú ekki haggað á þeim vettvangi, eins og ráðherranum er allt í einu svo umhugað um þegar kemur að höfuðborgarsvæðinu og ber því við að Hafnarfjarðarhöfn sé á sama grundvelli og Reykjavíkurhöfn — þessi stóri risi sem hér er. Við samgöngunefndarmenn ásamt sjávarútvegsnefndarmönnum voru í heimsókn þar og það fór ekkert á milli mála að hér er um öfluga höfn að ræða, sem við fögnum heils hugar, en þeir eru auðvitað alveg sér á báti og eru ekki í samkeppni við eina né neina. Hér er um að ræða safnhöfn sem safnar upp vörum allt í kringum landið. Þannig að þetta er auðvitað fjarri (Forseti hringir.) öllu lagi og ég heyri það nú á hæstv. ráðherra að hann verður til með að laga og lappa upp á þetta eins og þörf er á.

[15:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hefur ekki gengið þrautalaust fyrir hæstv. samgrh. að koma fram hafnaáætlun sem sést best á því að þrátt fyrir að ráðherrann hafi setið nærfellt sex ár samfleytt í stóli samgrh. hefur hafnaáætlun aldrei verið samþykkt. Má minna á athugasemdir Ríkisendurskoðunar af því tilefni.

Þrautasaga ráðherrans er rakin í grg. með þáltill. og rétt að rekja hana í örfáum orðum þannig að þingheimi sé ljóst hversu langur aðdragandi er að þessu þingmáli, sem ætti að vera reglulegt verkefni þingsins á tveggja ára fresti rétt eins og flugmálaáætlun og vegáætlun. Í mars 1993, fyrir rúmum fjórum árum, var lögð fram till. til þál. að nýrri hafnaáætlun. Hún var ekki útrædd þá og síðan, hygg ég að megi segja, hefur ekki verið lögð fram önnur áætlun fyrr en núna fjórum árum seinna þrátt fyrir nokkrar atrennur. Byrjað var að endurskoða þessa gömlu þáltill., þó hún hafi aldrei verið útrædd, strax í janúar 1994 og tók svo langan tíma að það varð eiginlega að endurskoða endurskoðuðu útgáfuna áður en hin endurskoðaða útgáfa var lögð fram í formi þáltill. sem við erum að ræða núna og dugðu þó ekki til þær breytingar því enn var till. breytt áður en þskj. kom hingað fram til Alþingis.

Ég vil segja um þetta þingmál að nokkrir hnökrar eru á því sem rétt er að minna á. Sá fyrsti er að fjármagnið sem ætlað er í þennan málaflokk er svo knappt að það dugir engan veginn til að mæta þeim þörfum sem uppi eru og almennt er samstaða um að ríkið eigi að taka þátt í að kosta á þessu sviði. Þannig kemur fram að á þessu ári er ekki áætlað til framkvæmda nema um 340 millj. kr. þrátt fyrir að fjárveitingin sé hærri, mismunurinn rennur til að greiða eldri framkvæmdir — skuld vegna þeirra, þannig að til nýrra framkvæmda eru einungis liðlega 300 millj. kr. Þegar maður les þessa þáltill. þá er ljóst að ekki er betri tíð í vændum því

að í öll þessi fjögur ár sem áætlunin á að ná til er það fjármagn mjög skorið niður sem menn hafa til ráðstöfunar til nýrra framkvæmda. Það er vegna þess að verið er að borga niður hala upp á 750 millj. kr. sem myndast hefur á undanförnum árum fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn á síðustu árum hefur skorið niður fjármagn til framkvæmda í samgöngumálum í hverjum einasta málaflokki, ár eftir ár, hvort sem menn tala um flugmálaáætlun, vegáætlun eða hafnaáætlun. Því miður verður ekki breyting á þeirri pólitísku stefnu stjórnarflokkanna að menn verja allt of litlu fé til málaflokksins miðað við þarfir.

Ég tek undir það viðhorf hjá hæstv. ráðherra, sem fram kom undir lok framsöguerindis hans, að rétt væri að athuga að dreifa styrkjum ríkisins eftir tekjum hafnanna. Ég minni á að nú þegar eru nokkrar hafnir algerlega undanskildar ríkisstyrk vegna góðrar afkomu. Það eru hafnir sem eru við innnes, einkum í Reykjavík, sem talið er að hafi það miklar tekjur af umsetningu sinni, að ekki sé rétt að leggja fé af tekjustofnum ríkissjóðs til mannvirkjagerðar í þeim höfnum vegna þess að þær hafnir séu það vel staðar að þær geti borgað framkvæmdir sínar af eigin tekjustofnum. Þetta er ekkert óeðlilegt viðhorf en þetta viðhorf á auðvitað að vera út í gegnum alla hafnaáætlunina. Það á ekki að hætta þegar búið er að henda út nokkrum höfnum. Ég minni á að á einum tíma í þessu ferli, sem ég minntist lauslega á áðan, var gert ráð fyrir mismunandi ríkisframlagi til hafnarframkvæmda eftir fjárhagsstöðu og tekjumöguleikum hafna.

Ráðherra hefur kosið að leggja þessa hafnaáætlun þannig fram að taka þessar tillögur út úr upphaflegri þáltill. En það voru nokkrar hafnir á landinu sem talið var að stæðu það vel að þær gætu borgað stærri hlut af nauðsynlegum framkvæmdum hjá sér af þeim tekjum sem þær hafa. Og ég tel það eðlilegt viðhorf að menn dreifi takmörkuðu ríkisfé eftir þörfum og getu hafnanna. Annað væri óeðlilegt viðhorf. Ef menn hafna því að hafa mismunandi ríkisframlag eftir getu hafnanna þá geta menn ekki haft rök til að taka út úr hafnaáætlun ákveðnar hafnir með þeim rökum að þær séu það efnahagslega sterkar. Þannig að það verður ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnum.

Ég vil gagnrýna ríkisstjórnina fyrir það að taka ákvörðun um mjög stóra framkvæmd, setja hana inn í þessa áætlun án þess að auka það fjármagn sem til framkvæmda er. Þar á ég við ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í janúar sl. um Grindavíkurhöfn. Þar er um mjög stóra framkvæmd að ræða sem eftir því sem kynnt var í fjárln. á þessum vetri gæti numið 700 millj. kr. Og þegar ríkisstjórnin tekur að sér að skuldbinda ríkissjóð til kostnaðarþátttöku í þessu mikla verkefni, sem út af fyrir sig er ekki gerð athugasemd við að þurfi að ráðast í þá, er fráleitt annað en að ríkisstjórnin hækki fjárveitingar til þessa málaflokks en láti það ekki bitna á öðrum höfnum landsins að hún tekur á sínum vettvangi ákvörðun um að taka eina framkvæmd fram fyrir aðra. Ég tel þetta mjög ámælisverða framgöngu af hálfu ríkisstjórnarinnar og til þess eins fallna, eins og reyndar kom fram í máli hæstv. ráðherra, að draga úr framlögum hjá öðrum höfnum landsins. Ég hlýt að spyrja hæstv. samgrh. hvað aðrar hafnir landsins hafa til saka unnið að þurfa að búa við skert framlög á næstu fjórum árum vegna þess að ríkisstjórnin ákveður að taka eina framkvæmd fram yfir aðrar.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, harma þá stöðu sem hafnir á Vestfjörðum eru komnar í með þessari þáltill. En það er ljóst að nú munu hafnir á Vestfjörðum, sem er sá landshluti sem hvað ríkast er háður sjósókn og hafnargerð, búa við framlög á næstu árum sem eru niður undir það að vera $^1/_4$ af því sem var (Forseti hringir.) fyrir nokkrum árum áður en hæstv. samgrh. settist í stólinn. Og það er varla að maður geti unnt honum þess að óska honum til hamingju með afrekið að skera niður framlög til Vestfjarðahafna um $^3/_4$ í sinni tíð.

[15:48]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Samkvæmt hafnalögum skal á tveggja ára fresti gera áætlanir um hafnarframkvæmdir í höfnum landsins til fjögurra ára og skal hafnaáætlun lögð fyrir Alþingi til samþykktar með sama hætti og gera skal með vegáætlun og flugmálaáætlun. Þetta hefur reyndar komið fram hér í þessari umræðu en þetta er samkvæmt hafnalögum. Hins vegar er það svo að hafnaáætlun mun aldrei hafa verið afgreidd og samþykkt með þeim hætti sem lög kveða á um hér á hinu háa Alþingi. Það hlýtur að teljast mjög athyglisvert að Alþingi setji lög um þessa hluti en síðan er ekki farið eftir þeim og málin unnin eins og vera ber.

Nú hefur hæstv. samgrh. lagt fyrir Alþingi tillögu að hafnaáætlun. Það er ýmislegt sem þar mætti nefna en það sem stingur kannski hvað helst í augun í grg. með þessari tillögu eru þær upplýsingar sem fram koma að ríkissjóður standi í skuld við hafnar- og sveitarsjóði vegna hafnarframkvæmda sem þegar hafa verið framkvæmdar að upphæð yfir 700 millj. kr. Á sama tíma er gert ráð fyrir því að fjárveiting til hafnarmannvirkja á árinu 1997 sé um 567 millj. kr. Skuld ríkissjóð er því samkvæmt þessu langt umfram fjárveitingar eins árs til hafnarframkvæmda. Hins vegar kemur einnig fram að þessi skuld verði gerð upp nánast að öllu leyti á þessu áætlunartímabili. Í ljósi þess að hafnaáætlun hefur aldrei verið samþykkt á Alþingi þá hlýtur þessi skuldastaða ríkissjóðs við hafnirnar að teljast óeðlileg og kalla á skýringar.

Ríkisendurskoðun skilaði fyrr í vetur skýrslu um úttekt á hafnarframvæmdum í landinu. Í þeirri skýrslu eru gerðar athugasemdir við þessa stöðu mála. Þar kemur einnig fram að hafnaáætlun er einfaldlega framkvæmdaáætlun og það sé óeðlilegt að ráðast í framkvæmdir samkvæmt henni og ríkissjóður skuldbundinn fjárhagslega án þess að áætlunin hafi fengið samþykki Alþingis og fengið þannig þá lögformlegu stöðu sem henni er ætluð samkvæmt hafnalögum.

Ég ætla ekki, herra forseti, í þessari stuttu umræðu að fjalla um einstök verkefni í höfnum landsins eða einstök atriði sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Ég mun gera það við meðferð málsins í hv. samgn. Hins vegar vil ég vekja athygli á því hve fjárveitingum er misskipt milli landshluta en fyrir því hafa verið færð ýmis rök, svo sem vegna mismunandi þarfa og aðstæðna á hverjum stað. Hins vegar er það svo að Vesturlandskjördæmi eru áætlaðar áberandi langminnstar fjárveitingar af öllum kjördæmum landsins á því fjögurra ára tímabili sem áætlunin nær yfir eða innan við 6% af öllum fjárveitingum sem er eins og ég sagði langlægsta hlutfall sé litið yfir kjördæmin í heild. Þegar þessi mál eru skoðuð nánar kemur m.a. í ljós að ein af ástæðum þess er að þarfir fyrir hafnarframkvæmdir, t.d. ef litið er á vöruhafnir, eru mismiklar eftir aðstæðum. Sú þróun hefur verið í töluverðum mæli síðustu ár að vöruflutningar sem áður fóru fram með skipum um hafnir á Vesturlandi hafa að langmestu leyti færst upp á land og fara nú fram með þungaflutningabifreiðum um þjóðvegina. En þá ber svo við að flutningaleiðirnar á landi, þ.e. vegirnir, eru á engan hátt fyrir það byggðir að

taka við þessum miklu þungaflutningum. Þrátt fyrir þessa þróun hefur ekki verið litið til þess sérstaklega að byggja þjóðvegina nægilega vel upp til þess að bera þessa umferð.

M.a. í ljósi þessa hef ég þá skoðun að við eigum að gera áætlanir um uppbyggingu samgöngukerfisins í einni heild þar sem litið verði yfir allt það svið í einu. Sem dæmi má því nefna að sú þróun flutninga sem ég nefndi hér áðan hefur víða dregið úr þörf fyrir frekari uppbyggingu flutningahafna en þess í stað aukið þörf fyrir uppbyggingu þjóðvega til þess að bera þungaflutningana sem færst hafa af sjó og upp á land. Þess vegna hlýtur það að vera rökrétt að í stað fjárveitinga til uppbyggingar flutningahafna verði fjárveitingarnar lagðar til uppbyggingar þjóðvegakerfisins því framleiðslufyrirtæki, t.d. í sjávarútvegi, þurfa að koma til sín aðföngum og koma frá sér framleiðslu sinni eftir sem áður. Þetta er tekið sem dæmi um það samspil sem er í samgöngukerfinu í heild og eru ein rök fyrir því að ég tel að við eigum að vinna eina samræmda samgönguáætlun sem nái yfir samgöngukerfið hvort sem er á lofti, láði eða legi.

Í grg. með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir vil ég aðeins koma inn á tvö atriði er varða Siglingastofnun og vekja athygli á þáttum sem þar eru unnir. Þar má m.a. nefna rannsóknastarfsemi sem á sér stað í töluverðum mæli hjá Siglingastofnun og er auðvitað mjög mikilvæg og skapar bæði grunn að framkvæmdum og tengist siglingum við landið. Ég vil einnig nefna það að nú allra síðustu árin hefur Siglingastofnun eða þáverandi Vita- og hafnamálastofnun unnið að greiningu þarfa í höfnum landsins sem ég tel grundvallaratriði og grundvallarforsendu fyrir því að hafnaáætlun sé unnin hverju sinni miðað við þær þarfir sem eru á hverjum stað. Ég vil sérstaklega fagna þessu sem hér á sér stað og tel þetta mjög til bóta til framtíðar litið.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið hefur hafnaáætlun aldrei verið afgreidd og samþykkt á Alþingi þrátt fyrir að Alþingi hafi sett lög um að svo skuli vera. Ég vil nota tækifærið og hvetja til þess að nú verði unnið að því marki að hafnaáætlun verði afgreidd formlega frá Alþingi þannig að áætlunin hljóti lögformlega þá stöðu sem hún skal hafa og lög kveða á um.

[15:54]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það eru örfá atriði sem ég vildi vekja athygli á nú við þessa fyrri umr. um hafnaáætlun. Það hefur komið fram hjá þeim sem talað hafa hér á undan að hafnaáætlun hefur aldrei hlotið samþykki sem ályktun Alþingis. Ég tek undir það að nauðsynlegt er að svo verði og hvet til þess að svo verði gert á þessu þingi og brotið blað í þessu efni. Hins vegar hafa hafnarframkvæmdir um margt nokkra sérstöðu og þær eru ólíkar vegaframkvæmdum að því leyti að þetta eru samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Þarfirnar eru miklar, aðstæður breytilegar, hafnarframkvæmdum er aldrei lokið að fullu. Það verður þróun, þörfin eykst eða hún minnkar og aðstæður eru breytilegar. Það er m.a. vegna þessa sem skuldir hafa myndast við sveitarsjóði, annaðhvort skuldir við öflugar hafnir sem hafa farið á undan í framkvæmdum sínum eða þá þar sem sveitarsjóðir hafa af veikum mætti verið að koma áfram sínum framkvæmdum.

Það hafa orðið gífurlegar breytingar varðandi hafnirnar á allra síðustu árum. Þær eru í því fólgnar að útflutningsvörum er í auknum mæli keyrt á ákveðnar hafnir til flutnings þaðan. Ýmsar hafnir hafa fengið mjög auknar tekjur af þessu meðan tekjurnar dragast saman hjá öðrum. Þær breyttu aðstæður sem skapast vegna þessa þarfnast skoðunar og fram kom í máli hæstv. ráðherra að hann beinir því til samgn. að skoða kostnaðarskiptinguna í þessu sambandi. Ég tek undir það að kostnaðarskiptingin þarf skoðunar við. Vissulega geta þessar breyttu aðstæður haft í för með sér mjög aukin útgjöld og framkvæmdir hjá þeim höfnum sem taka við hinum aukna útflutningi. En hins vegar er það mjög vafasamt að við getum í sama mæli og nú er steypt allar hafnirnar í sama mót hvað varðar kostnaðarskiptinguna.

Reykjavíkurhöfn hefur haft sérstöðu um langt árabil. Hún hefur haft mjög miklar tekjur sem miðstöð inn- og útflutnings í landinu, sérstaklega þó innflutnings, og á þeim forsendum hefur ekki verið um ríkisframlag að ræða til Reykjavíkurhafnar. Hafnarfjarðarhöfn hefur dregist inn í þessa umræðu og er sett á sama bát í þessari áætlun eins og fram hefur komið. Ég held að samgn. verði að fara vandlega yfir þessa kostnaðarskiptingu og eins og ég sagði áður þá er mjög vafasamt að við getum á landsvísu haldið kostnaðarskiptingunni í sama mæli og verið hefur.

Ég ætla ekki að orðlengja um einstakar framkvæmdir í þessu né skiptingu að öðru leyti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. að full þörf er á því að fara yfir það mjög nákvæmlega hvort ekki væri rétt að gera þá grundvallarbreytingu að gera allsherjarsamgönguáætlun því landflutningar og framkvæmdir í hafnamálum eru tengdari nú heldur en nokkurn tímann fyrr og framkvæmdir í vegakerfinu og framkvæmdir í hafnamálum tengjast nánar en verið hefur. Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta að þessu sinni. Ég vil hvetja til þess að farið verði yfir kostnaðarskiptinguna og ég vil hvetja til þess að þessi áætlun fái samþykkt sem þál. frá Alþingi á þessu vori.

[16:00]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Rétt örfá orð vegna þeirrar umræðu um hafnaáætlun og þess sem hér hefur verið vikið að um skerðingu til hafna. Nú er það auðvitað svo að þegar litið er yfir hafnir landsins þá má segja að í heildina séð vanti ekki hafnir, það vantar fisk til að landa í höfnunum og það er kannski meginvandinn. Engu að síður skiptir miklu máli að halda höfnunum vel við í hinum ýmsu byggðum landsins og tryggja að þær séu vel nýtanlegar og öruggar. Það er nú svo með hafnir landsbyggðarinnar að þær skipta höfuðmáli í hverri einustu byggð, í hverju einasta kjördæmi. Stundum hefur verið minnst á það að okkur varði sérstaklega um sjávarútveginn því þar höfum við lifibrauðið. Við tölum til að mynda um það að Norðmenn hafi ekki svo mikinn auð af sjávarfangi heldur öðrum þáttum og þess vegna skipti það minna máli fyrir þá að sinna þáttum er lúta að sjávarútvegi. Á alveg sama hátt hafa verið uppi þau sjónarmið hér á Íslandi að það beri ekki mikið á því, hvorki í Reykjavík né til að mynda í Hafnarfirði, ef lítið aflast vegna þess að spilar svo lítinn þátt í atvinnulífi þessara stórbæja en þess sjái alls staðar stað um leið og illa aflast í hverju einasta sjávarplássi utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þetta er kannski aðalástæðan fyrir því að menn hafa ekki séð möguleika til þess að rétta styrkjahlutfall til þessara öflugu hafna Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Þessar tvær öflugu hafnir hafa forgang í fjárhagslegri stöðu hafna landsins vegna mikilla tekna. Og það er ekki eingöngu það að þær séu á mjög nærliggjandi svæði heldur hafa þær þetta forskot. Og ef menn eru að meina það í alvöru að það sé eitthvert jafnvægi á milli byggða landsins, þéttbýlis og dreifbýlis, þá kostar það auðvitað meira

að viðhalda til að mynda höfnum í sjávarplássum landsins. Það kostar meira að viðhalda þeim en það gefur líka mun meira í staðinn hlutfallslega heldur en stóru hafnirnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson vék að því að það gæti verið ástæða til þess að Vestmannaeyjahöfn kæmi inn í skerðingarákvæðið. Ég býst við það sé af þekkingarleysi hv. þm. að hann heldur slíku fram vegna þess að þótt Vestmannaeyjahöfn sé vissulega tekjuhá höfn, sem segir sig sjálft um eina af mestu athafnahöfnum landsins, þá er hún í rauninni mjög dýr höfn. Hún skilar frá sér um 10–12% af þjóðarverðmætum okkar í sjávarfangi og varla líða nokkurn tímann fleiri en 4–5 mínútur svo að skip sé ekki að koma eða fara í Vestmannaeyjahöfn, stórt eða lítið, en engu að síður eru skuldir hafnarinnar miklar. Þær hafa minnkað nokkuð á undanförnum árum en á sama tíma liggur fyrir það verkefni að endurbyggja u.þ.b. tvo kílómetra af bryggjum Vestmannaeyjahafnar. Það kostar á milli 400 og 500 milljónir. Það hefur verið forgangsverkefni Hafnamálastofnunar um nokkurt skeið að taka á því uppsafnaða verkefni og þeim vanda. Það hefur verið forgangsverkefni til að mynda á undan uppbyggingu Grindavíkurhafnar sem er mjög brýnt og mikilvægt verkefni. Þannig að menn verða að horfa á alla þætti málsins þegar þeir velta upp sjónarmiðum í þessum efnum.

Það má einnig segja að stór þáttur í fjárhagslegum vanda Vestmannaeyjahafnar hefur verið upptökumannvirkið, skipalyftan í Vestmannaeyjahöfn, en upptökumannvirki eru styrkhæf í hafnarframkvæmdum. Á sínum tíma átti þetta mannvirki að vera eins konar tillegg þjóðarbúsins eða ríkisvaldsins vegna eldgossins í Vestmannaeyjum 1973 en dæmið var bara aldrei gert upp og hefur flotið áfram inni sem hlutdeild Vestmannaeyjahafnar í almennri viðmiðun annarra slíkra mannvirkja og hefur um langt árabil í rauninni verið fjárhagslegur baggi á Vestmannaeyjahöfn. Þannig að þarf líka að horfa til þess hvað efnt var af loforðum um ákveðnar gjafir sem tilkynntar voru í miklum vanda og á neyðarstundu og hvað stendur eftir af vandanum. Þetta kannski skýrir nokkuð málið í heild.

Að öðru leyti skiptir miklu máli að fara grannt yfir alla þætti hafnaáætlunar. Það skiptir líka miklu máli, finnst mér, að samþykkja hana formlega því þótt hún hafi ekki verið samþykkt af Alþingi þá hefur viðmiðunin verið sú að það sé unnið eftir henni, svolítið mismunandi að vísu eftir ráðherrum hvað mikið hefur verið farið eftir henni en auðvitað á það ekki að vera þannig. Það á að vera mjög fast og ákveðið að vinna eftir hafnaáætluninni sem gengur í gegnum mikið þroskaskeið og mikla þróun hjá réttum aðilum, bæði hjá sveitarfélögum og ríkisvaldi.

[16:07]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði nú ekki ætlað að elta ólar við sumpart ágætt innlegg hv. þm. Árna Johnsens en ég get ekki látið hjá líða vegna ákveðinnar vanþekkingar sem fram kom í máli hans og þeirrar framsetningar sem þar var að finna. Þar kvað við hinn gamalkunna og þreytta tón margra hér inni að reyna að stilla upp sem andstæðum pólum þéttbýli og dreifbýli, þ.e. fólki hér á suðvesturhorninu og fólki úti á landi. Hér reyndi hv. þm. að gera það með þeim hætti að gefa til kynna að útgerð og fiskvinnslu til að mynda í mínum heimabæ, Hafnarfirði, mætti líta léttvægum augum og væri veigalétt í atvinnulífi viðkomandi staðar. Þetta er auðvitað slík firra að engu tali tekur og ég trúi því ekki að hv. þm. viti ekki betur. Hann hefði raunar ekki þurft annað en að skoða fylgigögn með þessari hafnaáætlun til þess að komast að raun um það. Þar er einmitt sérstaklega tiltekið í lista yfir afkomu hafnanna hvað fiskurinn gegnir miklu og stóru hlutverki í afkomu þeirra. Í Hafnarfirði eru tekjur vegna sjávarafla u.þ.b. fimmtungur af heildartekjum hafnarinnar. Þannig að auðvitað finnst fyrir því þegar ekki aflast og þegar fiskur kemur ekki á land, bæði í tekjum hafnarinnar og í atvinnulífi viðkomandi staðar. Það er eftirtektarvert að í hinum stóra útgerðarbæ Vestmannaeyjum eru tekjurnar vegna fisksins u.þ.b. fjórðungur eða ríflega það þannig að þar hallast nú ekki á.

En ég sagði áðan vegna Vestmannaeyja, að ég nefndi það bara sem eina af fjölmörgum höfnum sem eru býsna vel reknar og hafa sem betur fer skilað góðri afkomu. Og það voru ekki mín orð að það ætti að refsa þeim höfnum fyrir það heldur þvert á móti ættu þær í einhverju að njóta þess.

[16:10]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar að Vestmannaeyjahöfn hefur verið vel rekin og auðvitað eiga slíkar hafnir að njóta þess. En ég gaf fyrst og fremst skýringu á því hvers vegna sú höfn sem er vissulega tekjuhá þurfi að vera inni í almennu hlutfalli styrkveitinga í hafnaáætlun. Og það var síður en svo að ég væri að agnúast út í Hafnarfjarðarhöfn sem er mjög öflug höfn og hefur skilað stóru hlutverki. Ég lagði einungis áherslu á það að í heild, miðað við stöðu Hafnarfjarðar, og það er auðvitað það sem þetta mál snýst um í heild, er ekki bara verið að tala um hafnirnar sjálfar heldur heildarstöðu, fjárhagsstöðu og möguleika byggðanna og það er auðvitað bakgrunnurinn í viðmiðuninni hvers vegna menn eru að draga hafnir í dilka í þessum efnum. Ég lagði einfaldlega áherslu á að það er meira borð fyrir báru hjá Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn heldur en öðrum höfnum landsins til þess að takast á við hin daglegu verkefni, viðhald, uppbyggingu og eðlilega þróun og það segir sig sjálft í þeim byggðarlögum þar sem bæði er mikill mannfjöldi, mikil umferð og miklar tekjur. Og allt er þetta spurning um peninga og þá vigtar auðvitað strax inn í hvort mannfjöldinn er mikill sem ber samábyrgðina á höfnunum eða hvort það eru færri. Svo er auðvitað hitt líka að aðstæður eru ákaflega mismunandi til hafnargerðarinnar.

[16:12]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara fagna þessum sinnaskiptum hv. þm. Hann dregur hér hratt og örugglega í land eins og vænta mátti þegar hann gaumgæfir þessi mál og skynjar það auðvitað og skilur og veit að útgerð og fiskvinnsla á sér sögulegar rætur og gegnir þar miklu hlutverki í nágrannabyggðum eins og víða um land. Það er engin tilviljun að Hafnarfjörður heitir Hafnarfjörður svo ég segi nú ekki meira.

Hitt er auðvitað að þetta er feikilegt vandaverk og eins og hv. þm. Jón Kristjánsson kom inn á áðan þegar hann gerði með nokkrum orðum grein fyrir þeim breytingum sem eru að verða á hlutverki hafnanna víðs vegar um landið þar sem safnhafnir eru að verða til og menn eru að nota vegina meira og minna til þess að aka á milli. Þá eru menn hins vegar að komast á það erfiða stig að ákveða hvort halda eigi áfram þeirri stefnu að byggja upp og endurbæta og viðhalda

að öllu leyti höfnum alls staðar þar sem þær hafa verið. Menn eru með öðrum orðum að komast á það stig, sem er mjög sársaukafullt og vandmeðfarið, að meta hvort það séu einhverjir staðir þar sem þannig er um hnútana búið að menn eigi jafnvel að einhenda sér í það að fækka höfnum í ljósi reynslunnar og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað varðandi flutninga allt í kringum landið. Þetta er auðvitað mjög erfitt mál og mér dettur ekki í hug að ég geti eða vilji frekar en nokkur hér inni nefna einhverjar einstakar hafnir í því sambandi. En þetta er nú samt veruleiki sem við okkur blasir. Ég ætla mér ekki að hafa forustu í því. Það verða aðrir að gera og hæstv. ráðherra ber auðvitað mestan þungann og ábyrgðina í þeim efnum.

[16:14]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við þau ummæli hv. þm. Árna Johnsens í ræðu hans sem var að öðru leyti ágæt að hafnirnar væru aðallega mikilvægar á landsbyggðinni. Ég held að allar hafnir séu mikilvægar hver í sínu byggðarlagi, hvort sem það er á landsbyggðinni eða hér á höfuðborgarsvæðinu. Og mig langar til að minnast á það af því það var verið að tala um þann sjávarafla sem færi um þær, að það eru líkar hafnir hér sem fá ekki neinar úthlutanir af hafnaáætlun sem fer heilmikill afli um. T.d. fer 10% af öllum sjávarafla um Reykjavíkurhöfn en menn hafa verið sammála um að það færu ekki fjárveitingar til Reykjavíkurhafnar vegna þess að rekstur hennar stendur vel undir sér. En auðvitað verðum við að athuga að þegar ríkisvaldið er stöðugt að veita höfnunum í nágrenninu fjárframlög þá gæti samkeppnisstaða hafnarinnar kannski skekkst. Við þurfum líka að hafa það í huga þegar ríkisvaldið styður stöðugt þær hafnir sem Reykjavíkurhöfn er e.t.v. að keppa við. Ég vildi aðeins koma með þetta innlegg í kjölfar þessara ummæla hv. þm.

[16:15]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur lagt hér fram hafnaáætlun. Þetta mun vera í eitt af örfáum skiptum sem hún er lögð fram og hún hefur aldrei verið samþykkt eða komið til síðari umræðu þannig að þetta er út af fyrir sig tímamótaumræða sem ég vona að leiði til þess að áætlunin sem slík verði samþykkt enda mjög nauðsynlegt að hægt sé að vinna samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun um hafnir sem hægt sé að skipuleggja allt framkvæmdastarf hafnanna eftir.

Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. að ýmsar hafnir hefðu meiri þörf fyrir fjárveitingar en aðrar og að Reykjaneskjördæmi fengi sérstaklega mikið í þetta skiptið. Ég tek alveg undir það með hæstv. ráðherra að Reykjaneskjördæmi fær mun meira í þessari áætlun en önnur kjördæmi sem er að því er ég best veit og held að menn almennt viðurkenni, vegna þess að svæðið hefur verið út undan við úthlutun fjármagns til hafnargerðar á undanförnum árum og áratugum. Þar er ekki hvað síst um það ræða þær hafnir sem eru á Reykjanesinu sjálfu. Þá er ég að tala um hafnirnar í Reykjanesbæ, Sandgerði og Grindavík. Ég held ég verði að segja það bæði hæstv. ráðherra til hróss og eins Hafnamálastofnun að þar hefur verið tekið mjög rösklega á þessum málum. Í Reykjanesbæ eru nokkrar hafnir, m.a. fyrrverandi landshöfn, Keflavík–Njarðvík, sem var svelt fjárhagslega allan þann tíma sem hún var landshöfn, þurfti á verulegri andlitslyftingu að halda þegar hún komst undir beina stjórn sveitarfélaganna. Það varð til þess að byggð var smábátahöfn sem hafði vantað og einnig var byggður sérstakur garður í Helguvík sem hefur sýnt sig að var ákaflega þörf framkvæmd þar sem núna er búið að byggja loðnubræðslu og verður framtíðarlosunarhöfn fyrir stærri skip á svæðinu. Þetta var mjög þjóðhagslega arðbær framkvæmd að öllu leyti og er viðurkennt að þetta var mjög tímabær framkvæmd. Ég held því að þær fjárfestingar sem þarna er farið út í og verið er að greiða niður núna hafi sannarlega verið tímabærar.

Framkvæmdirnar sem gerðar voru í Sandgerði á sínum tíma voru einfaldlega til þess að með sanni væri hægt að segja að þarna væri höfn sem gæti tekið fiskiskip að eðlilegri stærð. Sandgerði er ein af allra stærstu fiskihöfnum landsins og þar eru flestar landanir í einni höfn á öllu landinu. Það umfang sem er í kringum þessa höfn hefur sífellt vaxið og það er ekki síst vegna þeirra framkvæmda sem þar urðu.

Ég mundi segja að Grindavíkurhöfn væri eina stóra fiskihöfnin á landinu sem hefur ekki fengið úrbætur eins og hefði mátt gera ráð fyrir miðað við mikilvægi hennar. Þar sitjum við í rauninni uppi með að skip hafa þurft að fara í veðrum inn á bárunni eins og kallað er og lent oft á tíðum í miklum erfiðleikum í innsiglingunni sem hefur oft skapað mikla hættu. Skip hafa strandað í innsiglingunni. Það er ekki nema fyrir mjög kunnuga menn að fara þarna inn og þar af leiðandi hafa Grindvíkingar jafnvel óttast að skipstjórar og útgerðarmenn, þegar til lengri tíma er litið, mundu ekki taka þá áhættu að vera með útgerð á þessu svæði með það í huga að nýta Grindavík. Þess vegna var mjög tímabært og eðlilegt að ríkisstjórnin skyldi taka þessa ákvörðun að frumkvæði hæstv. samgrh. og vil ég sérstaklega þakka fyrir það hversu vel var á því máli tekið af þeim aðilum.

Ég lít svo á að þar hafi fyrst og fremst verið stigið skref sem var búið að bíða eftir í langan tíma og það er ekki að mínu viti verið að taka þá fjármuni frá neinum öðrum höfnum. Mér finnst ekki alveg við hæfi, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson orðaði það áðan, að þegar væri verið leggja svona mikið fé í eina höfn þá liti það út eins og verið væri að taka fé frá öðrum höfnum. Það er fyrst og fremst verið að raða þarna eftir, við skulum segja langtímaáætlunum um hvernig eigi að byggja hafnir upp. Ég minnist þess ekki að nokkur maður hafi gagnrýnt t.d. þá miklu uppbyggingu sem var í Bolungarvík. Sú höfn hefur ávallt notið mikils velvilja þingmanna og landsmanna allra og allar framkvæmdir sem þar hafa verið gerðar sem eru stórkostlegar, hafa gert alla uppbyggingu mögulega í Bolungarvík og að þeim veruleika sem við sjáum, sem annars hefði ekki verið í myndinni í dag. Þetta þurfum við í Grindavík í dag og þess vegna fagna ég þessari tillögu og þeim undirtektum sem þetta mál hefur fengið í samgn., þeim sem ég hef heyrt, og ég vænti þess að niðurstaðan eftir umræðu og vinnu í hv. samgn. verði sú að þetta mikla og brýna mál verði inni á áætlun. Reyndar er verið að tala um að gera þessa framkvæmd sem getur þegar upp er staðið, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði og hæstv. ráðherra einnig, kostað á milli 700 og 800 milljónir. En við erum að tala um framkvæmd sem mun standa eitthvað fram á næstu öld eða ársins 2003 þannig að þetta er nokkuð langur tími. En fyrsti áfangi mun a.m.k. leysa brýnasta vandamálið varðandi innsiglinguna en skjólgarðar og annað sem því fylgir kemur síðar. En það er ljóst að framkvæmdin er komin af stað og henni verður ekki hætt fyrr en verkinu er öllu lokið. Og ég veit að Grindvíkingar og aðrir sem unna þeirri höfn líta mjög til þessa verks alls.

[16:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú kannski ekki við hæfi að ég sé að bera skilaboðin á milli samflokksþingmannanna, hæstv. samgrh. og hv. þm. Kristjáns Pálssonar, en það kom fram í framsöguræðu ráðherra að það að taka Grindavík inn á áætlun kæmi niður á framkvæmdum í öðrum höfnum. Ráðherrann sagði það skýrt og skorinort. (**StG:** Hvernig gæti annað verið?) Og ég spyr eins og hv. frammíkallandi, Stefán Guðmundsson: Hvernig gæti annað verið þegar heildarfjárveitingin er ekki aukin við það að taka inn nýtt verkefni sem gæti kostað um 700 millj. kr. og hlutur ríkisins af því 70–90% svona eftir því hvernig það vinnst eftir árum? Þannig að ég ber einfaldlega framsöguræðu hæstv. samgrh. fyrir mig sem heimild fyrir minni fullyrðingu og hv. þm. Kristján Pálsson verður svo að gera það upp við sig hvort honum finnst það merkileg heimild eða ómerkileg.

En ég vildi aðeins segja um höfnina í Grindavík til þess að árétta það sem fram kom í máli mínu að ég er ekki, það tók ég fram, að gagnrýna það að menn telji rétt að fara í framkvæmdina. Þeir hafa kynnt sína framkvæmd, m.a. fyrir fjárln., þannig að ég þykist vera sæmilega upplýstur um það verkefni sem á að ráðast í og vera sæmilega sannfærður um að það þurfi að ráðast í verkefnið en það verður ekki ráðist í það nema með því að setja mikla peninga í það og það verður þá tekið úr öðrum framkvæmdum fyrst ákvörðun var tekin eins og ríkisstjórnin stóð að málinu.

Ég vildi svo að lokum upplýsa hv. þm. um það að þrátt fyrir allt hefur, á síðustu 22 árum, verið varið langmestu fé til hafna á Suðurnesjum miðað við það sem gerist á landinu og er ég ekki að segja annað en að það sé gott og blessað og hafi verið gert verðskuldað. T.d. hefur verið varið 528 millj. kr. til hafnarinnar í Grindavík á þessu tímabili og er sú höfn ein af þeim höfnum landsins sem hafa fengið allra hæstu fjárveitingar þannig að ekki verður sagt að þessar hafnir hafi setið neitt út undan.

[16:26]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má vera að hæstv. ráðherra hafi sagt að þetta kæmi niður á öðrum framkvæmdum en hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði að það þyrfti nýtt fé vegna þessarar sérstöku stóru framkvæmdar, að það þyrfti sérstakt nýtt fjármagn frá ríkisstjórninni vegna þessarar einu framkvæmdar. Ég álít að það þurfi ekkert endilega frekar að útvega nýtt fjármagn vegna þessarar framkvæmdar en vegna allra annarra framkvæmda sem farið hefur verið út í á vegum Alþingis eða ríkisstjórnarinnar sem hv. þm. þekkir mætavel að hafa verið mjög stórar framkvæmdir á öðrum stöðum landsins.

Ég hef ekki tekið saman hve mikið fjármagn hefur runnið til annarra kjördæma í hafnamálum á undanförnum 22 árum. En ef við mundum skoða hafnir á Vestfjörðum þá hygg ég að við mundum finna ansi háar tölur ef við færum að leggja saman síðustu 20–30 árin og mæla það síðan með verðbólgustiginu á því tímabili. Ég held samt að það þjóni ekki neinum tilgangi að munnhöggvast um það hve mikið hefur farið í hafnir eftir kjördæmum á síðustu 22 árum. En við vitum samt að aðstaða til hafnargerðar er afskaplega misjöfn eftir landsvæðum. Það gefur auga leið að það er dýrt að vera með hafnir á útnesjum þar sem öldurót og ölduhæð er gríðarleg eins og t.d. fyrir utan Grindavík þar sem ölduhæðin mælist allt upp í 8–10 metra rétt fyrir utan höfnina. En nálægð þessara hafna við fiskimiðin, við dýrmæt fiskimið, hefur fyrst og fremst gert þær verðmætar og mun gera það áfram.

[16:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins útskýra hvers vegna ég set fram þá skoðun að ríkisstjórninni beri að leggja til auknar fjárveitingar í þennan málaflokk úr því að Grindavíkurhöfn er tekin inn. Það er vegna þess að eftir að málið á undirbúningsstigi hefur farið fyrir umsagnaraðila, hafnarstjórnir og hafnaráð og aðra slíka sem að þessu máli koma á undirbúningsstigi, þá liggur fyrir ákveðin tillaga. Það liggur fyrir ákveðið plan um næstu fjögur ár. Menn hafa ákveðið hversu mikið fé á að leggja í þetta og nokkurn veginn liggur fyrir hvernig á að dreifa því milli hafna og í hvaða framkvæmdir. Þegar málið stendur svona tekur ríkisstjórnin þá ákvörðun á fundi sínum 14. janúar að setja Grindavíkurhöfn inn í áætlunina. Það er útskýrt hér á bls. 15 í athugasemdum við þessa þáltill. Ríkisstjórnin tekur þá ákvörðun að setja þessa stóru framkvæmd inn í hafnaáætlun. Þess vegna segi ég: Þá ber ríkisstjórninni líka að koma með tillögur um að leggja til við Alþingi að hækka fjárveitinguna í þennan málaflokk þannig að hægt sé að vinna við þessa framkvæmd án þess að ýta öðrum framkvæmdum út eins og hefur væntanlega verið gert þó ég hafi ekki séð það plagg sem lá fyrir þegar ríkisstjórnin tók sína ákvörðun. En m.a. vegna þess sem kom fram hjá hæstv. samgrh., þá hlýtur þetta að bitna á öðrum framkvæmdum. Það gefur auga leið. Þess vegna held ég þessu fram, virðulegi forseti, að fyrst ríkisstjórnin greip svona inn í málið þá verði hún líka að fylgja því til enda.

[16:30]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir að málið kom inn sem stórframkvæmd lít ég einfaldlega svo á að þetta sé sama framkvæmd eða jafnmikil framkvæmd inn á áætlun eins og hver önnur. Það er búið að vera að breyta þessum drögum að hafnaáætlunum sem hafa legið fyrir þinginu og reyndar aldrei komist inn í þingið heldur legið hér frammi á hverju einasta ári. Við þekkjum það. Það hafa komið upp áföll víða um land í kringum hafnir. Gripið hefur verið til þess að breyta áætlunum til þess að geta mætt þeim. Þingmenn hafa einnig, bæði á Vestfjörðum og annars staðar, undirritað yfirlýsingar í tengslum við tilteknar framkvæmdir sem ekki eru með fjármagn á áætlun, um að þeir muni beita sér fyrir því að fjármagn fáist á næstu áætlun til þess að ljúka því sem ekki hafði verið áætlað fjármagn fyrir. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hafi tekið þátt í slíku og það er einmitt kannski ein meginástæðan fyrir því að hægt sé að vinna samkvæmt hafnaáætlunum, eins og þeirri sem lögð er hér fram, að þær séu samþykktar á Alþingi. Og þá verður þessu ekki breytt með einu pennastriki ef við mættum orða það þannig þó ég sé alls ekkert að gagnrýna þær breytingar sem hafa verið gerðar. Þær hafa yfirleitt verið gerðar af brýnni nauðsyn. En mér finnst alveg óþarfi og í sjálfu sér ekki ástæða til þess að nefna sérstaklega að Grindavík væri að trufla þessa áætlun, öðru nær. Grindavík hefði í rauninni átt að vera löngu komin inn á þessa áætlun og þessi framkvæmd að vera komin af stað. En ég ítreka að ég þakka ráðherra fyrir að þetta skyldi komast á framkvæmdastig.

[16:32]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 584. mál, frv. ÁRJ o.fl., þskj. 994.

Hlutafjáreign ríkisbanka, 459. mál, svar viðskrh., þskj. 995.

Uppkaup á alifuglabúum, 500. mál, svar landbrh., þskj. 979.

[16:32]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur um margt verið málefnaleg en það vekur líka eftirtekt að aðalþrýstingurinn við fyrri umr., um að byggja upp hafnir, kemur af suðvesturhorni landsins (**Gripið fram í:** Og þó er ég ekki byrjaður.) Við vonum að svo verði nú ekki. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það. En það er kannski full ástæða til þess svo að umræðan sporðreisist nú ekki alveg í upphafi að vekja athygli á því að býsna miklar þarfir eru annars staðar á landinu og tilfærsla í þessum efnum er ekki neitt sérstaklega auðveld. Ég minni á það sérstaklega t.d. að ég held að stærsti hluti af þeim virðisauka sem hefur orðið í þessu þjóðfélagi núna á allra síðustu árum kemur að landi í Austfjarðahöfnum. Það væri hægt að telja mörg atriði upp í sambandi við nauðsynlegar hafnarframkvæmdir á Austurlandi sem sýndu fram á það að vegna þessara breytinga þyrfti að huga sérstaklega að hafnarframkvæmdum þar. Ég minni á í þessu sambandi að eitt fullkomnasta fiskiskip landsins hefur ekki viðlegurými í heimahöfn og ég get líka minnt á að í öðru byggðarlagi þar sem útgerð hefur reyndar eflst á síðustu árum — þar hefur m.a. verið byggð upp aðstaða fyrir loðnu og síld — er ástandið þannig að skip með þá ristu sem þarf til að sigla þar að bryggju er ekki fyrir hendi. Það þarf auðvitað að huga að þessum málum og ég vænti þess að það gerist nú í meðferð og umfjöllum þessa máls í samgn. Ég treysti nú reyndar vel forustu formanns okkar í þeim efnum.

Ég tek hins vegar sérstaklega undir það sem hefur komið fram í þessari umræðu. Ég held að hv. þm. Magnúsi Stefánsson hafi einna skýrast gert grein fyrir því þar sem hann fjallaði um breytingar og breytta tíma í samgöngumálum í landinu. Auðvitað tek ég undir það að kannski væri góður kostur að gera eina samfellda áætlun yfir samgöngumálin í heild sinni en ég held að það mundi ekki leysa þau á þessu stigi málsins. Aftur á móti hlýtur það að vera ekki aðeins eðlilegur heldur nauðsynlegur kostur að menn meti nokkuð aðstæður úti á landsbyggðinni með tilliti til þeirra gífurlegu fjárfestinga sem eru áformaðar, góðu heilli, hér á suðvesturhluta landsins. Og ef menn meina eitthvað með talinu um að koma þar eitthvað á móti þá verður það ekki gert öðruvísi en að treysta samgöngur á hvaða vettvangi sem er.

Það er kannski ekki síst af þessari ástæðu sem menn vilja líta á þessi mál nokkuð heildstætt um þessar mundir. Ég trúi því að afgreiðsla þeirra hér í þinginu, þá á ég við flugmálaáætlun, hafnaáætlun og vegáætlun, muni bera þess vott að þar sé að finna áherslur sem hægt er að líta þannig á að þar hafi menn meiningar og ásetning um að treysta byggðina í landinu. Þetta er mikið grundvallaratriði og þessar áætlanir sem hér eru fyrir og ég hef tilgreint, koma að þessu leyti hér til umræðu á mikilli ögurstund. Ég trúi því og treysti að þær verði afgreiddar þannig að þar komi fram vilji Alþingis til þess að fólkið í landinu geti tekið sér búsetu með tilliti til þess að árangur sjáist í þeim mikilvæga málaflokki sem samgöngumálin eru.

[16:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég var kominn þar í fyrri ræðu minni að gera aðeins grein fyrir fjárveitingum til hafna á Vestfjörðum. Ég vil halda áfram þar sem frá var horfið og ljúka því sem ég hafði hugsað mér að drepa á í því efni.

Ég vildi þó fyrst aðeins leiðrétta það sem ég sagði þar um samanlagðar fjárveitingar til Vestfjarðahafna, að þær hefðu dregist saman miðað við þessa áætlun um $^3/_4$ frá því sem áður var. Það var fullmikið sagt og vildi ég hafa það sem sannara reynist að samdrátturinn er um helmingur. Þær eru samkvæmt þessari áætlun um helmingurinn af því sem þær hafa að jafnaði verið nokkur ár þar á undan og þó sum árin meiri. Þannig að það er rétt að það komi skýrt fram sem sannast er í þessu efni samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Siglingastofnun.

Það er engu að síður ákaflega alvarlegt mál í því kjördæmi sem byggir afkomu sína mjög mikið á sjósókn — þar eru margar hafnir sem eins og aðrar hafnir þurfa auðvitað stöðugra endurbóta við og viðhalds á mannvirkjum — að framkvæmdafé skuli skorið niður svo mikið sem raun ber vitni og það í svo langan tíma samfleytt eins og lagt er til með þessari þáltill. Ég verð að segja að á öðrum tíma hafa fjárveitingar til hafna á Vestfjörðum ekki verið svo hraksmánarlega litlar eins og á því tímabili sem við fjöllum hér um og svo síðustu tvö, þrjú árin þar á undan.

Ég vildi aðeins gera grein fyrir því hvernig þessi niðurskurður kemur niður á einstakar hafnir samkvæmt þessari hafnaáætlun hæstv. samgrh. og stjórnarflokkanna. En ég vek athygli á því að þingmenn beggja stjórnarflokkanna hafa lagt blessun sína yfir þessa áætlun og eru greinilega a.m.k. tilbúnir til þess að samþykkja hana eins og hún er lögð fram. Það hefur ekkert annað komið fram en að ætla má að svo sé að af hálfu þingmanna stjórnarliðsins sé ekki uppi mikill hugur um að breyta nokkru í þessari áætlun. (**Gripið fram í:** Málið fer í þingnefnd.) Málið fer í þingnefnd, er hér bent á og vissulega er það svo en menn verða að gera grein fyrir viðhorfum sínum. Betra er að menn geri það við umræðu en menn geta geymt það og gert það við þingnefnd. Og við skulum bíða og vona og sjá hvort stjórnarliðar hressist í þingnefndinni þegar þeir fá málið til sín þangað.

Ég vek athygli á því, og þykir ábyggilega mörgum landsbyggðarmanninum fróðlegt að heyra það, að framlögum til hafna í kjördæmi eins og Vestfjörðum er svo háttað að aðeins í þremur höfnum á næsta ári er gert ráð fyrir fjárveitingum til nýframkvæmda. Það er á Bíldudal, á Ísafirði og í Bolungarvík. Annars staðar er ekki tillaga í þessari áætlun um fjármagn til nýframkvæmda. Og á árunum tveimur þar á eftir, 1999 og 2000, eru fjárveitingar áætlaðar til fimm hafna sýnist mér. Í fyrsta lagi til Tálknafjarðar. Ég vek athygli á því að þessi tvö ár, 1999 og 2000, er ekki ein einasta króna á þessari áætlun til hafna í hinu nýstofnaða sveitarfélagi Vesturbyggð sem m.a. var stofnað til fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, með sérstakri hvatningu frá ríkisstjórninni þar sem fólk var hvatt til þessarar aðgerðar vegna þess að hún mundi bæta hag þess svo mikið. Og við höfum hér tillöguna, þ.e. að á þessum tveimur árum, 1999 og 2000, er ekki ein einasta króna til hafna í þessu sveitarfélagi og eru þó þrjár hafnir í því. Það er gert ráð fyrir myndarlegu framlagi til hafnanna á Flateyri og á Ísafirði. Auk þess er lítils háttar framlag í Súðavík og á Hólmavík. En á þessu tveggja ára tímabili eru engar framkvæmdir í átta höfnum kjördæmisins: Reykhólahöfn,

öllur þremur höfnunum í Vesturbyggð, Þingeyri, Bolungarvík, Drangsnesi og Norðurfirði. Enginn þessara hafna fær fjármagn í áætluninni á umræddum tveimur árum, 1999 og 2000.

Verra er ástandið þegar horft er fram á árið 1998, þá eru ellefu hafnir í kjördæminu sem fá ekkert framlag frá ríkinu. Er það nema von að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að leysa ríkið undan þeirri kvöð að útdeila peningum til hafna landsins? Ætli það sé ekki bara betra að færa þetta heim í hérað, taka það úr höndunum á stjórnarliðinu og láta heimamenn um að útdeila þeim peningum? Menn skilja kannski betur þörfina heima í héraði en hjá ríkisvaldinu hér syðra þar sem það er samanþjappað á höndum fáeinna manna. Ég tel að það sé fyllilega íhugunarefni að menn beiti sér fyrir þeirri breytingu að framlög til hafnamála verði færð frá ríkisvaldinu heim í hérað.

Virðulegi forseti. Framlög til hafnamála í einstökum landshlutum hefur aðeins borið á góma og menn hafa verið að metast um það. Ég er ekki í hópi þeirra sem telja að það sé skynsamlegur eða frjósamur málflutningur að menn standi í slíku skaki. En nauðsynlegt er að upplýsa um staðreyndir þegar verið er að halda fram hlut eins þannig að menn vaði þá ekki í villu og svíma um hvernig málin hafa þróast á síðustu árum. Ég vek athygli nefndarmanna á því að Siglingastofnun hefur tekið saman að minni beiðni framlög til hafnamála síðustu 22 árin. Það liggur fyrir í skýrslu sem hefur verið útbýtt í samgn. og þeir sem þar sitja eiga að geta kynnt sér það efni og komist að raun um það, eins og ég og aðrir. Hér er um býsna fróðlegt talnaefni að ræða sem ástæða er til að lesa vandlega yfir.

Herra forseti. Ég vil ekki víkja að fleiri atriðum í þessu máli en ég hef þegar gert, en vænti þess að hv. samgn. muni taka þetta mál til meðferðar og gera það að betra þingmáli en það er í þessum búningi.

[16:47]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að víkja að nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta misskilning hjá hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, þegar hann talar um að ákvörðun hafi verið tekin á ríkisstjórnarfundi um framkvæmdir sem nema 700 millj. kr. nú þegar og að til standi að endurgreiða eða standa undir öllum þessum greiðslum á næstu fjórum árum. Þetta er misskilningur. Sú framkvæmd sem ráðist er í er aðeins hluti af dýpkuninni. Það hafði verið gert ráð fyrir að verkið mundi kosta 140 millj. kr. Nú hefur það verið boðið út og niðurstaðan er sú að það verður nokkru dýrara eða sem nemur 170 millj. kr. þegar tekið er tillit til hönnunarkostnaðar og annars slíks. Hlutur ríkissjóðs er 90% af þessum fjármunum en gert hafði verið ráð fyrir því að 130 millj. kr. eða svo yrðu greiddar Grindavíkurbæ á árunum 1999 og 2000. Það hafði ekki verið gert ráð fyrir að á hafnaáætlun yrði lagt til hliðar fé til þess að mæta því sem upp á vantar. Til þess eru ekki efni nú. En ég vil líka minna á að forsendan fyrir því að Grindavíkurbæ var leyft að fara út í hafnarframkvæmdir nú á þessu ári var sú að þeir frestuðu öðrum framkvæmdum sem næmi svipaðri fjárhæð og gekk Grindavíkurbær inn á það. Þannig að þar var mikill vilji fyrir því að dýpka höfnina. Og komum við nú raunar að því sem ýmsir þingmenn hafa vikið að, m.a. hv. þm. Egill Jónsson, að með breyttum skipastóli eftir að uppsjávaraflinn varð jafnmikill og nú er og eftir að búið er að endurnýja þau skip og með stærri og djúpristari flutningaskipum hefur víða reynst nauðsynlegt að dýpka hafnir meira en ráð hafði verið fyrir gert og jafnframt að ráðast í viðlegukanta sem ekki hafði verið möguleiki til að sjá fyrir áður.

Eins og hv. þm. Magnús Stefánsson, hv. 3. þm. Vesturl., vék réttilega að í ræðu sinni, voru skuldir ríkissjóðs við einstakar hafnir um síðustu áramót um 728 millj. kr. og er gert ráð fyrir að þær verði greiddar á þessu áætlunartímabili, á fjórum árum. Það er nauðsynlegt að minna á það í þessu sambandi að ef sveitarstjórn eða höfn tekur ákvörðun um að vinna fram fyrir sig með þessum hætti verður hún að standa undir vöxtum og verðbótum af viðkomandi láni þangað til það fæst greitt úr ríkissjóði. Þannig að nokkur áhætta er hjá sveitarfélögunum að standa þannig að verki sem á að geta tryggt að þau leggi ekki fyrir fram í hafnarmannvirki nema þörfin fyrir þau sé veruleg. Jafnframt er það alveg skýrt að ég hef a.m.k. ekki skuldbundið mig fyrir fram til að greiðslur fyrir slíkar framkvæmdir berist á tilteknum tíma með sérstökum samningi eins og stundum er gert í sambandi við skólabyggingar, þannig að það er ekki um slíkar skuldbindingar að ræða. Það er laukrétt hjá hv. þm. Magnúsi Stefánssyni að Ríkisendurskoðun hefur fundið að því að svo skuli staðið að verki. Ríkisendurskoðun hefur jafnframt kveðið upp þann úrskurð að ef ekki sé kveðið á um það í hafnaáætlun hvert skuli vera greiðsluhlutfall ríkisins fyrir slíkar framkvæmdir skuli við það miðað hvernig málin standi þegar framkvæmdir eru unnar og hefur fært skuldir upp með þeim hætti. Ég hef að vísu gagnrýnt þá málsmeðferð en hlýt að verða að lúta úrskurði Ríkisendurskoðunar í þessum efnum.

Ég hygg að hv. þm. sé ljóst að sjávarútvegur er það mikilvæg atvinnugrein hér á landi að ekki er hægt að stilla sveitarfélögum upp við vegg á þann hátt að þeim sé bannað að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir vegna breyttra útgerðarhátta eða af einhverjum sambærilegum ástæðum vegna þess að hafnargarðar hafa skemmst í ofviðrum eða eitthvað því líkt sem komi niður á þeim vinnslufyrirtækjum sem eru á viðkomandi stöðum. Ríkisvaldið getur illa staðið þannig að verki. Því er nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin og ríkisvaldið að finna einhverjar þær leikreglur sem unnt er að búa við og hægt er að standa á. Ég hygg raunar að flestir þingmenn hafi einmitt komið að þessum málum á þann hátt.

Magnús Stefánsson, hv. 3. þm. Vesturl., og raunar tveir þingmenn Austurl. ræddu um nauðsyn þess að gerð yrði samfelld samgönguáætlun þar sem reynt yrði að standa þannig að verki, í flugmálum, hafnamálum og vegamálum, að horft yrði á samgönguþáttinn í heild sinni. Þetta er auðvitað gott markmið en þá er líka nauðsynlegt að muna hitt að helstu flugvöllum landsins hefur þegar verið ákveðinn staður og búið er að byggja þá upp þannig að það er of seint að velta því fyrir sér hvort hægt hefði verið að draga úr einhverjum slíkum kostnaði með því að flýta vegagerð.

Við höfum einnig á síðustu árum verið að flýta vegagerð yfir Hálfdán og tengt saman hafnirnar þar vestra, sem m.a. var forsenda fyrir því að Bíldudalur og Patreksfjörður gátu sameinast í eitt sveitarfélag og þar með sjálfkrafa auðvitað í einn hafnarsjóð. Þannig hefur verið reynt að vinna á öðrum stöðum. Af sama toga eru göngin fyrir vestan. En það er víðast hvar þannig að þar sem upp á vantar góða vegi, að viðunandi framkvæmdir til að bæta vegasambandið eru mjög kostnaðarsamar og skiptir þá ekki máli hvort við erum að horfa til tengingar milli Neskaupstaðar og Seyðisfjarðar, eins og hugmyndir hafa verið uppi um, eða hvort við veltum fyrir

okkur að ráðast í jarðgöng milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. En á öðrum stöðum er auðvitað hægt að koma til móts við þessi sjónarmið og er það sjálfsagt.

Ef vikið er sérstaklega að Snæfellsnesi þá sjáum við fyrir okkur að með nútímalegum vegi um Búlandshöfða og með því að ljúka við vegagerðina frá Snæfellsnesi vestur í Ólafsvík eru komnar allt aðrar aðstæður en nú eru fyrir sjávarplássin á þessum stöðum til að vinna saman og er auðvitað nauðsynlegt að reyna að standa vel að því.

Ég talaði um það áðan í minni framsöguræðu að rétt væri að velta því fyrir sér hvernig hægt væri að koma til móts við það ákvæði hafnalaga að skerða ef til vill framlög í samræmi við tekjur og efnahag einstakra hafna. Í hafnalögum er gert ráð fyrir því að í hafnaáætlun sé kveðið á um hvert skuli vera greiðsluhlutfall ríkissjóðs. Nú er það engan veginn einfalt mál að gera sér grein fyrir því hver sé afkoma einstakra hafna og hvernig sanngjarnlega sé að slíku máli staðið. Það liggur t.d. alveg ljóst fyrir við Eyjafjörð að ef til þess kemur að sameina allar hafnir við Eyjafjörð, hvort sem við tökum Siglufjörð með eða ekki inn í þá mynd, yrðu tekjur þeirrar Eyjafjarðarhafnar mjög miklar borið saman við önnur hafnasamlög eða einstakar hafnir þó svo að verulegt óhagræði yrði áfram af því að hafa svo langt á milli þeirra sem raun ber vitni. Á hinn bóginn eru annars staðar aðstæður sem ættu að hvetja til þess að hafnirnar sameinuðust og yrðu reknar sem ein heild og er þá auðvelt að ræða annars vegar um Stór-Reykjavíkursvæðið og líka hægt að velta fyrir sér hvernig á því geti staðið að hafnirnar á Reykjanesi skuli ekki hugsa meira um það en raun ber vitni hvaða kostir fylgja því að þær sameinist. Það sem ég er að tala um er að ef einungis er miðað við brúttótekjur hafna eða hafnasamlags við skerðingu hafna gæti niðurstaðan orðið sú að það ynni á móti eðlilegri þróun og verkaskiptingu milli einstakra hafna.

Aðeins til að rifja upp hverjar séu brúttótekjur þeirra hafna sem mestar hafa tekjurnar. Reykjavík er með 680 millj. kr. tekjur á árinu 1995, Hafnarfjörður er í öðru sæti með 131 millj. kr., síðan koma Vestmannaeyjar með 111 millj. kr., Akureyri með 90 millj. kr. Þó svo að Hjalteyri og Grenivík yrði bætt við mundi það ekki breyta myndinni nema um rétt rúmar 1,3 millj. kr. Á Hjalteyri eru það 100 þús. kr. og ekki ein einasta króna á Svalbarðseyri, Grenivík 1.197 þús. kr. Í fimmta sæti yrði Þorlákshöfn með 58 millj. kr. og síðan kæmi Reykjanesbær með 50 millj. kr. Raunar gleymdi ég Ísafirði sem yrði í fimmta sæti. Ísafjörður hafði á þessum árum 64 millj. kr., Þingeyri, Flateyri og Suðureyri samtals 15 millj. eða með öðrum orðum rétt tæpar 80 millj. kr. sem er verulegt ef við berum saman tekjur einstakra hafna en á hinn bóginn er auðvitað óhagræði að því fyrir Ísafjarðarbæ að hafnir skuli reknar á svo mörgum stöðum.

Ég tek undir með hv. 3. þm. Austurl., Agli Jónssyni, að tilfærsla milli einstakra hafna á hafnaáætlun er ekki sérstaklega auðveld. Þó kemur það fyrir einstaka sinnum að hlutfall breytist nokkuð milli kjördæma, stundum vegna þess að einhver ein framkvæmd kemur til sögunnar sem verulega hækkar hlutfall eins kjördæmis. Auðvitað hafa slíkar hreyfingar alltaf þær afleiðingar að það minnkar á öðrum höfnum ef mjög mikið fer til einnar. Það er af þeirri einföldu ástæðu að við skiptingu hafnafjár verður að miða við þá fjárhæð sem á fjárlögum er og hún er afmarkandi um það hvernig skiptingin fer fram. En á hinn bóginn er ekki unnið þannig að fyrst sé reynt að gera sér grein fyrir því hverjar þarfirnar eru fyrir nýjar hafnaframkvæmdir og fjárhæðin síðan afgreidd eftir á. Þannig hefur það aldrei verið og er ekki.

En það er rétt sem hv. þm. segja að því miður hefur það verið svo þar sem við höfum verið að vinna að því að reka ríkissjóð án halla að fé til hafnarframkvæmda hefur nokkuð dregist saman miðað við það sem áður var og það er líka skýringn á því að skuldir hafa safnast upp sem ríkissjóður verður að reyna að standa skil á á næstu árum.

[17:02]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. samgrh. um að ég hefði misskilið ákvörðun ríkisstjórnarinnar vil ég árétta að hvergi kom fram í máli mínu að ég héldi því fram að það ætti að greiða allar framkvæmdirnar í Grindavík á þessu fjögurra ára tímibili sem áætlunin nær til, þ.e. 1997–2000. Ég gat hins vegar um hvernig hún hefði verið tekin á áætlunina og hver áætluð fjárhæð kostnaðarins við framkvæmdina við verkið væri. En það sem kemur fram og ég styðst við er á bls. 15 í grg. með þessari þáltill. og þar stendur, með leyfi forseta: „Við endurskoðun hafnaáætlunar eftir tvö ár verður gert ráð fyrir fjárveitingum á árunum 2001–2002 til þess að ljúka við dýpkun innsiglingarinnar til Grindavíkur, en gert er ráð fyrir byrjunarfjárveitingu til verksins á árunum 1999–2000. Er það í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 14. janúar sl. ...“

Þetta er það sem fram kemur um málið. Miðað við það virðist nokkuð ljóst að ef rétt er að framkvæmdin geti verið um 700 millj. kr., það eru um 230 í þessari áætlun, að þá sé um tæplega 500 millj. kr. framkvæmdakostnað á árunum 2001 og 2002 að ræða og síðan greiðir ríkið sinn hluta af því hvort sem það verður 75% eða hærri prósenta. Þetta hlýtur auðvitað að setja öllum framkvæmdum til hafnamála á árunum 2001 og 2002, sérstaklega, afar þröngar skorður þegar ætla má að ríkisframlagið verði um 350–400 millj. kr. sem deilist á tvö ár. Það jafngildir t.d. öllu framlagi til Vestfjarðakjördæmis í sex til sjö ár. Það hljóta allir að sjá að þegar ráðherra eða ríkisstjórn tekur þá ákvörðun að stilla þessu stóra verki í óbreytta fjárlagaramma, þá er ekkert annað sem gerist en að ýtt er út fullt af öðrum framkvæmdum. Ég er ekkert sáttur við það.

[17:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. hefur ugglaust mismælt sig eftir því sem segir nú í sinni fyrri ræðu því hann sagði orðrétt „hvað hafa aðrar hafnir til saka unnið á næstu fjórum árum“ þegar hann var að tala um að ríkissjóður yrði að standa skil á 700 millj. kr. á næstu fjórum árum til Grindavíkurhafnar. Nú er hér líka um misskilning að ræða og ekkert við því að segja. Það sem gert er ráð fyrir er að ljúka við dýpkunina á árunum 2001–2002 eins og þetta er hugsað og talið er að það muni kosta 350 millj. kr. Það liggur á hinn bóginn ekki fyrir hver prósentan verður og það verður auðvitað að taka ákvarðanir um það núna við meðferð málsins.

Við skulum ekki gleyma því að þessi innsigling er allrosaleg svo ekki sé nú fastar að orði kveðið og miklir sjóhundar bæði nyrðra og í Vestmannaeyjum hafa lýst skoðunum sínum á því hvernig sé að fara þangað inn í sumum veðrum og hafa haft orð á að þeir mundu ekki leggja í en sem Grindvíkingar láta ekki á sig fá að gera. Þannig að við erum að ráðast þarna til atlögu við eina hættulegustu og kannski hættulegustu höfn landsins.

Ég vil líka segja að þess eru mörg dæmi að mikil verkefni hafa verið tekin fyrir í hafnamálum og háar fjárhæðir

hafa runnið til einstakra staða — kannski í nokkur ár. Það voru landshafnir á sínum tíma, eins og hv. þm. er kunnugt. Bolungarvík þótti nú einu sinni þung. Við getum talað um Vestmannaeyjar, ætli það kosti ekki a.m.k. um hálfan milljarð að gera við þá viðlegukanta sem þar eru nú orðnir mjög lélegir og fyrirsjáanlegt er á næstu árum, og þar fram eftir götunum. Við getum því alltaf búist við því að þurfa að taka duglega til hendinni í einstökum höfnum.

[17:07]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra var nú einfaldlega að rökstyðja það með hverju dæminu á fætur öðru að fjárveitingar til hafnamála væru allt of lágar þannig að ég botna nú ekkert í ráðherranum að vera að mæla fyrir þessari þáltill.

[17:07]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Ég vil segja örfá orð um þá till. til þál. um hafnaáætlun sem hér liggur fyrir. Ég vil lýsa yfir sérstakri ánægju minni með að hún skuli vera fram komin. Að vísu má segja að tillagan hefði þurft að koma fyrr fram í þinginu þannig að meira næði gæfist til þess að ræða hana. Hins vegar geri ég ráð fyrir að flestir hv. þm. þekki svo vel til þeirra verkefna sem um er að ræða og þeirra áætlana sem gerðar hafa verið um framkvæmdir í einstökum höfnum að mönnum verði ekki skotaskuld úr því að takast á við það verkefni að afgreiða þessa tillögu. Það hefur verið þannig í langan tíma að ekki hefur náðst að afgreiða hafnaáætlun og raunar aldrei. Það hefur verið mjög til baga að hafa ekki slíkt grundvallargagn til þess að styðjast við þegar teknar hafa verið ákvarðanir um fjárveitingar til hafna. En engu að síður hafa tillögur að hafnaáætlunum, sem hafa verið til umfjöllunar í þinginu og verið lagðar hér fram, verið notaðar bæði af hv. fjárln. til hliðsjónar þegar fjallað hefur verið um einstakar fjárveitingar og eins hljóta sveitarstjórnir og hafnarstjórnir að hafa haft tillögur að hafnaáætlun til hliðsjónar.

En það sem ég vildi segja, hæstv. forseti, um þessa áætlun er að auðvitað þarf meiri fjármuni til hafnargerðar eins og annarrar mannvirkjagerðar í landinu. Það liggur fyrir að það eru stór verkefni í hafnargerð sem bíða en sem betur fer er hins vegar þannig ástatt í sumum landshlutum, og nefni ég þar t.d. Vesturland, að tekist hefur að ná býsna góðum áföngum þar. Samt sem áður eru þar nokkur verk sem þarf að ljúka og vinna og hefði svo sannarlega þurft að fá hærri fjárhæðir til þeirra þannig að hraða mætti þeim verkum. Að vísu hefur rekstur hafna verið að breytast mjög mikið vegna þess að landflutningar hafa aukist, eins og hefur komið fram í þessari umræðu. Ég tel að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til þess í uppbyggingu hafna. Þegar litið er t.d. til þess stórvirkis sem framkvæmdir í Grindavíkurhöfn eru þá segja menn sem svo: Dugar ekki Helguvíkurhöfn? Dugar ekki Sandgerðishöfn o.s.frv.? Er ekki allt of stutt þarna á milli? Staðreyndin er hins vegar sú að Grindavík hefur algjöra sérstöðu og þess vegna er það í fyllsta máta eðlilegt að byggja upp innsiglinguna til Grindavíkur þrátt fyrir að svo feiknargóð aðstaða sé í höfnunum hinum megin á Reykjanesskaganum.

Það er því ekkert einhlítt í þessum efnum þegar þarf að taka ákvarðanir um uppbyggingu hafnanna. Ég tel samt sem áður að vegna þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á flutningum á landi væri ekki óeðlilegt að taka tillit til þess í framlögum til vegagerðar þegar tekst að draga úr framkvæmdum við hafnir vegna breyttra aðstæðna, breytts skipulags og breyttrar nýtingar hafnanna. Þar sem hafnir liggja þétt saman og hægt er að nýta þær með bættum vegasamgöngum þá ætti það auðvitað að koma þeim landshluta til góða í auknum framlögum til vegagerðar. Hér er ég hins vegar að tæpa á máli sem verður ekki að veruleika nema að lögum sé breytt. En það er að mínu mati í fyllsta máta eðlilegt að líta bæði á framkvæmdir í höfnum og vegum þegar verið er að taka ákvarðanir um fjárveitingar.

Eins og ég nefndi áðan eru mörg stór verk sem þarf að vinna að og meðal þeirra er að nefna að komið er að stórum endurbyggingarverkefnum í sumum höfnum. Ég tel að við skoðun á hafnaáætlun í hv. samgn. þurfi að fara mjög vandlega yfir það hvort nægilega sé að gert í því að gera ráð fyrir fjármunum til endurbygginga þeirra hafna þar sem mest álag hefur verið og mest þörfin fyrir úrbætur. Það er þekkt hvar það er þannig að ég þarf ekki að hafa orð um það.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég fagna því að hæstv. samgrh. skuli hafa mælt fyrir þessari tillögu og vona að hún verði afgreidd fyrir þinglok þannig að hægt verði að vinna eftir henni á næstu árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (réttindanámskeið). — Þskj. 898.

[17:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Frv. það, sem ég mæli fyrir, felur í sér breytingu á ákvæði til bráðbirgða sem leiðir til þess að sá umþóttunartími sem gefinn var skipstjórnarmönnum á skipum með 75–220 kw. vél til að öðlast vélgæsluréttindi framlengist til 1. maí 1998. Gert hafði verið ráð fyrir því að fresturinn yrði til 1. september á sl. ári en þar sem fyrsta vélgæslunámskeiðið samkvæmt þeim lögum var ekki haldið fyrr en í janúarmánuði 1997, fyrir þrem mánuðum, er augljóst að ekki er hægt að standa við þetta bráðabirgðaákvæði laganna. Er breytingin við það miðuð að á einu ári takist að koma því í verk að halda vélgæslunámskeið víðs vegar um landið og lýtur breytingin einungis að því.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Póstþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 545. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 899.

[17:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Samkeppnisráð tók hinn 16. febrúar 1995 ákvörðun sína nr. 8/1995, um erindi er ráðinu hafði borist vegna starfsemi Póst- og símamálastofnunar, en ákvörðunarorð hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað Póst- og símamálstofnunar annars vegar á þeirri póstþjónustu sem

háð er einkarétti samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, og hins vegar á annarri póstþjónustu sem stofnunin innir af hendi. Skal þess gætt að póstþjónusta sem er háð einkarétti greiði ekki niður kostnað við aðra póstþjónustu. Fjárhagslegur aðskilnaður skal fara fram eigi síðar en 1. janúar 1996.

Máli þessu var áfrýjað til áfrýjunarnefndar sem staðfesti úrskurðinn að öðru leyti en því að síðasta málslið ákvörðunarorðanna var breytt á þann veg að aðskilnaðurinn skyldi fara fram eigi síðar en 1. janúar 1997. Samtímis töku ákvörðunar nr. 8/1995 sendi samkeppnisráð samgrh. álit sitt nr. 1/1995, álit um ákvæði póstlaga er varðar skilgreiningu á einkarétti Póst- og símamálastofnunar."

Í áliti samkeppnisráðs segir m.a., með leyfi hæstv. forseta, undir fyrirsögninni: Skilgreining á einkaleyfisþjónustu í Evrópu.

„Skilgreining á einkaleyfisþjónustu póstyfirvalda er óljós eins og áður er vikið að. Sama virðist gilda í öðrum löndum. Þannig er frá því greint í svonefndri grænbók um póstþjónustu á sameiginlegum markaði Evrópu að öll ríki Evrópubandalagsins hafi haft ákvæði í lögum þar sem fram hafi komið að bréfapóstur væri hluti af einkaleyfisþjónustu viðkomandi póststofnunar ríkjanna. Hins vegar sé bréf ekki skilgreint hjá öllum ríkjunum og skilgreiningin sé mismunandi og ekki alltaf ljós hjá þeim ríkjum sem skilgreina hugtakið. Bent er á að starfsmenn póstþjónustu skilgreini bréf á annan hátt en leikmenn eða viðskiptavinir. Fram kemur að ekki er til algildur munur á því sem kallað er bréf og því sem kallast böggull. Starfsmenn póstþjónustu skilgreina pakka sem bréf þótt ekki sé ljóst hver sé munurinn á böggli og pakka þar sem vörur eru innihald beggja og þjónusta í kringum þá svipuð.

Ef viðskiptavinur póstleggur sendingu sem pakka fellur hún undir einkaleyfisþjónustu en ef hann sendir hana sem böggul er hún ekki háð einkaleyfi. Svipuð vandamál tengjast skilgreiningunni á hraðþjónustu. Til að komast hjá vandanum við skilgreiningu á sendingum hafa sum Evrópulönd notað verðflokkun til að aðgreina einkaleyfispóstþjónustu og aðra póstþjónustu.

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga, nr. 8/1993, samanber 1. gr., vekur samkeppnisráð athygli ráðherra á eftirfarandi áliti sem birt er á grundvelli 19. gr., samanber d-lið 2. mgr. 5. gr. laganna. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 8/1995 vegna erindis Póstdreifingar hf. kemur fram að ráðið telur forsendur þess að koma megi á virkri samkeppni í póstþjónustu að fjárhagslega verði skilið á milli þess hluta póstþjónustu Póst- og símamálastofnunar sem rekin er samkvæmt einkarétti og þess hluta sem ekki er háður einkarétti. Að mati samkeppnisráðs er þörf á nánari skilgreiningu á einkarétti Póst- og símamálastofnunar samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986, til þess að unnt sé að koma fjárhagslegum aðskilnaði við í skilningi samkeppnislaga. Samkeppnisráð bendir á það markmið í póstmálum og sameiginlegum markaði Evrópusambandsins að sérhver þáttur póstþjónustu beri þau gjöld sem honum tengist. Til að svo megi verða þarf að skilgreina einstaka þjónustuþætti póstsins með tilliti til kostnaðar.

Skilgreining í gildandi póstlögum, nr. 33/1986, á einkarétti Póst- og símamálastofnunar til póstþjónustu er óskýr með hliðsjón af markmiði samkeppnislaga m.a. að því leyti að réttarstaða þeirra einkafyrirtækja sem hyggja á póstþjónustu er óljós og getur takmarkað aðgang keppinauta að markaðnum umfram það sem einkaréttarákvæðinu er ætlað að gera. Samkeppnisráð bendir á nauðsyn þess að einkaréttarákvæði póstlaga verði skilgreind nánar svo að ekki leiki neinn vafi á því hvaða póstþjónusta er háð einkarétti. Þá þarf að taka tillit til þess hvaða kostnaður liggur að baki einkaréttarþjónustunni.

Einnig vekur samkeppnisráð athygli ráðherra á þeirri þróun í Evrópu sem felst í því að verið er að draga úr einkarétti póstyfirvalda hvers lands til póstdreifingar eða afnema hann með öllu."

Svo mörg voru þau orð Samkeppnisstofnunar og styð ég efnislega það frv. sem hér liggur fyrir.

Í frv. til laga um póstþjónustu sem lagt var fram á sl. hausti var í 1. mgr. 6. gr. þess kveðið á um einkarétt ríkisins og hann skilgreindur nákvæmlega með sama hætti og lagt er til í frv. því sem hér liggur fyrir með þeirri breytingu þó að hér er í 2. gr. gert ráð fyrir mikilsverðu fráviki þar sem segir að Póst- og fjarskiptastofnun geti, þegar sérstakar ástæður mæli með því, heimilað einstaklingum og lögaðilum, öðrum en einkaréttarhafa, póstmeðferð og póstsendingu samkvæmt 1. mgr. 6. gr., enda sé slík starfsemi til almannaheilla og ekki í atvinnuskyni. Hér er þetta frávik lagt til vegna þess að ýmis góðgerðarfyrirtæki, íþróttafélög eða skátar hafa boðið út jólakort eða opin sendibréf og var, eins og ég skildi á samgn., talið fullhart aðgöngu að koma í veg fyrir slíka starfsemi og var af þeim sökum staðið við þá gömlu skilgreiningu eða a.m.k. stuðlað að því að svo var gert. Hin nýja skilgreining án fráviksins, sem ég gerði þó grein fyrir og er forsendan fyrir því að hægt er að leggja málið fyrir þingið að nýju, er í samræmi við þá skilgreiningu sem flestar þjóðir á Evrópska efnahagssvæðinu hafa tekið í löggjöf sína og ráðherranefnd hefur orðið sammála um að skuli felld í tilskipun um póstþjónustu er gilda á svæðinu, eins og fréttatilkynning ráðsins frá 20. desember 1996 ber með sér. Skilgreining sú er til þess fallin að auðvelda nauðsynlegan fjárhagslegan aðskilnað í bókhaldi milli þeirrar starfsemi sem háð er einkarétti annars vegar og annarrar starfsemi.

Svo sem kunnugt er gerði Alþingi að tillögu samgn. þá breytingu á frv. við lokaafgreiðslu þess í desember sl. að taka óbreytt ákvæði póstlaganna nr. 33/1986, um einkarétt, inn í lögin. Sú skilgreining var þó talin vera bæði svo óljós og teygjanleg að örðugt væri, ef ekki óframkvæmanlegt, að nota hana við aðgreiningu rekstrarþátta þeirra er háðir voru einkarétti frá hinum er utan hans féllu. Hvernig hefði t.d. verið unnt að halda aðgreindum tekjum af sölu frímerkja, sem notuð væru á póstkort, frá sölu þeirra sem færu á lokuð bréf? Hvernig ætti að skipta kostnaðinum við móttöku, flokkun, flutning og skil póstkortanna frá kostnaðinum við áritaðan bréfapóst?

Með þeirri breytingu sem hér er lagt til að gerð verði á skilgreiningu einkaréttarins í 1. mgr. 6. gr. laganna er fjárhagslegur aðskilnaður milli rekstrar sem háður er einkarétti gerður mögulegur þannig að fullnægjandi sé. Þá fyrst er unnt að framkvæma þann fjárhagslega aðskilnað sem kveðið er á um í öðrum ákvæðum laganna sjálfra, sbr. t.d. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 142/1996, en þar segir m.a.:

„Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans."

Jafnframt væri skilgreiningin í samræmi við kröfur aðildarríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og tilmæli þau og fullnægt þeim tilmælum sem fram komu í fyrrnefndu áliti nr. 1/1995, sem samkeppnisráð sendi samgrh. á sínum tíma

og hann fallist á eins og frv. í sinni upprunalegu mynd bar með sér.

Hv. alþingismönnum er trúlega kunnugt um það að samgrh. er ekki jafnsáttur við allar ákvarðanir eða álitsgerðir samkeppnisráðs er það hefur látið frá sér fara eftir 16. febr. 1995. En vegna þeirra breytinga sem hér er gerð tillaga um að gerð verði á lögum um póstþjónustu og rökstudd var m.a. með áliti samkeppnisráðs er skylt að geta þess að hinn 20. desember sl., einmitt hinn sama dag og hv. alþm. voru að samþykkja lögin um póstþjónustu, tók samkeppnisráð ákvörðun sína nr. 48/1996 vegna erindis um kvörtun á Póst- og símamálastofnun. Þeirri ákvörðun var ætlað að taka til starfsemi Pósts og síma hf. þótt það félag hefði þá ekki verið stofnað eða tekið til starfa. Það sem er einkennandi fyrir þessa ákvörðun er sú staðreynd að hún gengur miklu lengra en hin fyrri og þótt henni hafi ekki verið ætlað að koma til framkvæma fyrr en einum mánuði eftir að Póst- og símamálastofnun væri lögð niður sem slík og starfsemi hennar þá verið skipt og færð til annarrar stofnunar og aðila í breyttu lagaumhverfi. Þannig er tekið fram á bls. 33 og 34 í forsendum ákvörðunarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af þeirri réttarþróun sem átt hefur sér stað varðandi beitingu 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga frá því að ákvörðun nr. 8/1995 var tekin þykir nauðsynlegt í ákvörðun þessari að setja fram bindandi fyrirmæli sem koma eiga í veg fyrir undirverðlagningu. Fyrirmælunum er einnig ætlað að tryggja enn frekar að víxlniðurgreiðsla geti ekki átt sér stað á milli þess hluta Pósts og síma sem lýtur einkarétti og þess hluta þjónustunnar sem er í samkeppni við aðra. Ákvörðun þessi er því að þessu leyti til stuðnings og fyllingar ákvörðunar nr. 8/1995."

Svo mörg eru þau orð. Ég vil vekja athygli hv. þingheims á því sem Samkeppnisstofnun segir hér að fyrirmælunum sé einnig ætlað að tryggja enn frekar að víxlniðurgreiðsla geti ekki átt sér stað á milli þess hluta Pósts og síma sem lýtur einkarétti og þess hluta þjónustunnar sem er í samkeppni við aðra. Óhjákvæmilegt er að skilja orðanna hljóðan svo, að þau lúti að því að hvorki sé leyfilegt að einkaréttarsviðið greiði fé til samkeppnissviðs né samkeppnissviðið til einkaréttarsviðsins, sem er nokkuð langt gengið svo ekki sé meira sagt.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga var sett til þess að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur með tekjum af starfsemi einkaleyfisþjónustu eða verndaðri starfsemi. Ákvæðið bannar hins vegar ekki eða setur neinar takmarkanir við því að notaður sé hagnaður af samkeppnisstarfsemi til þess að styrkja starfsemi sem rekin er í skjóli einkaleyfis. Þess vegna er þessi ákvörðun samkeppnisráðsins að mínu mati andstæð fyrrgreindu ákvæði 14. gr. samkeppnislaganna en kæruefni það sem til umfjöllunar var hjá samkeppnisráðinu var einmitt vegna starfsemi sem var utan einkaréttarsviðs en var til þess fallin að skapa auknar tekjur til hagsbóta fyrir starfsemi einkaréttarsviðsins sem rekin hafði verið með tapi. Tekjur samkeppnisstarfseminnar komu þannig til styrktar fastakostnaði einkaréttarstarfseminnar með hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta og aðstöðu sem fyrir voru, svo sem tilfellið er og gert er í nálægum löndum.

Þá kveður ákvörðun samkeppnisráðs á um stjórnunarlegan aðskilnað þar sem samkeppnislögin heimila ráðinu eingöngu að kveða á um fjárhagslegan aðskilnað í bókhaldi. Hvergi er að finna neina heimild til handa samkeppnisráði til slíkra ákvarðana. Er þess enda að vænta að gildi ákvarðana sem þessara verði bornar undir dómstóla því að auðséð hlýtur að vera að farið hefur verið út fyrir heimildir.

Ég vil endurtaka að það er auðvitað mjög erfitt að koma auga á það hvernig Samkeppnisstofnun hugsar sér að stjórnunarlegur aðskilnaður geti verið á þeirri starfsemi póstsins sem lýtur að því að bera út lokuð umslög og þeirri sem lýtur að því að bera út póstkort og opin umslög. Raunar er þessi niðurstaða og einnig hitt að úrskurðurinn verði ekki skilinn með öðrum hætti en svo að færa megi á hvorugan veg, frá einkaréttarsviði yfir á samkeppnissvið né frá samkeppnissviði yfir á einkaréttarsvið. Ástæðan fyrir þessum frumvarpsflutningi nú, og ég sé satt að segja ekki annað ef Alþingi felst ekki á þá breytingu sem felst í frv. en ég hljóti að íhuga það að póststarfsemi hér á landi verði gefin algerlega frjáls því ekki er hægt að reka starfsemina með þeim þröngu skilmálum og í þeirri úlfakreppu sem úrskurður samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar setur Póst og síma hf. í.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706, nál. 938, 980 og 982, brtt. 939, 981 og 983.

[17:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 938 og brtt. á þskj. 939 í 409. máli. Breytingartillögurnar eru þrjár.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór J. Kristjánsson, Pál Gunnar Pálsson og Benedikt Árnason frá viðskiptaráðuneytinu, Bjarna Ármannsson, Sigurð Einarsson, Hilmar Þór Kristinsson og Hreiðar Má Sigurðsson frá Kaupþingi hf., Johan Bergendahl frá J.P. Morgan, Stefán Pálsson frá Búnaðarbanka Íslands, Björn Líndal frá Landsbanka Íslands, Val Valsson og Björn Björnsson frá Íslandsbanka hf., Finn Sveinbjörnsson frá Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sigurð Hafstein frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Ingimund Friðriksson, Yngva Örn Kristinsson og Þórð Ólafsson frá Seðlabanka Íslands, Má Elísson frá Fiskveiðasjóði Íslands, Braga Hannesson frá Iðnlánasjóði, Þorvarð Alfonsson frá Iðnþróunarsjóði, (**SJS:** Á ekki að ættfæra þessa menn?) — það er hægt að koma því við ef sérstök þörf er á — Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Gunnar Felixson frá Tryggingamiðstöðinni hf., Friðbert Traustason frá Sambandi íslenskra bankamanna, Smára Þórarinsson fyrir hönd starfsmanna Fiskveiðasjóðs, Sverri Geirdal fyrir hönd starfsmanna Iðnlánasjóðs, Önnu Rósu Jóhannsdóttur og Ragnheiði Dagsdóttur frá Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Þórunni Þorsteinsdóttur og Ingveldi Ingólfsdóttur frá Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Harald Sumarliðason, Jón Steindór Valdimarsson og Gunnar Svavarsson frá Samtökum iðnaðarins, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Arnar Sigurmundsson frá

Samtökum fiskvinnslustöðva, Sigurð Þórðarson og Lárus Ögmundsson frá Ríkisendurskoðun, Árna Tómasson, endurskoðanda Landsbanka Íslands, og Steingrím Ara Arason og Skarphéðin Berg Steinarsson frá einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar. Þá bárust nefndinni skriflegar umsagnir um frumvarpið frá Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra bankamanna, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verðbréfafyrirtækja, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Starfsmannafélagi Búnaðarbanka Íslands, Starfsmannafélagi Landsbanka Íslands, Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á þingskjali 939. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að viðmiðunartala 2. mgr. um hámark heildarfjárhæðar stofnhlutafjár beggja bankanna verði felld brott þannig að ráðherra verði óbundinn við ákvörðun þessarar fjárhæðar. En eins og menn vita, þá stóð þarna áður 75%. Hins vegar er lagt til að skilyrði um til hvers matsnefndinni sem ráðherra hefur sér til ráðuneytis ber að horfa við mat á stofnhlutafé verði fellt brott úr lagatextanum.

2. Þá eru lagðar til tvær breytingar á 6. gr. Sú fyrri snýr eingöngu að orðalagi 1. mgr. en felur ekki í sér efnisbreytingu frá frumvarpinu. Í síðari tillögunni er lagt til að ákvæði 4. mgr. um að hlutabréf í bönkunum séu undanþegin stimpilgjöldum verði fellt brott, þ.e. að stimpilgjöld verði borguð af þessu eins og af öðrum pappírum

3. Loks er lagt til að við 19. gr. bætist ný málsgrein þar sem tekið verði af skarið um að nýju hlutafélagabankarnir taki við öllum réttindum og skuldbindingum eldri bankanna vegna yfirtöku þeirra á sparisjóðum, en í umfjöllun í nefndinni kom fram að báðir bankarnir, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, hafa í einhverjum mæli yfirtekið starfsemi sparisjóða á landsbyggðinni. Við umfjöllun um málið hefur komið fram að deilur kunni að skapast um túlkun laganna gagnvart skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna í þessu sambandi. Meiri hlutinn túlkar þetta svo að skuldbindingar og réttindi bankanna af þessum samningum flytjist yfir til hlutafélagsbankanna og að formbreytingin hafi ekki áhrif á framkvæmd þeirra. Breytingartillagan er hins vegar lögð fram til að taka af allan vafa í þessu efni.

Við umfjöllun nefndarinnar um málið kom fram að heimild 6. gr. til útboðs á nýju hlutafé muni síður nýtast Búnaðarbanka Íslands miðað við núverandi rekstrarstöðu hans, enda geti hann nýtt sér rétt til öflunar víkjandi lána til að hámarka arðsemi á eigin fé. Meiri hlutinn leggur þó ekki til breytingu á frumvarpinu vegna þessa.

Þá vill meiri hlutinn taka fram að hann lítur svo á að eðlilegt sé að einungis einn bankastjóri starfi í hvorum banka fyrir sig eftir formbreytinguna. Meiri hlutinn telur að þannig verði skilvirkni og hagkvæmni í rekstri bankanna best tryggð.

Eins og fram kemur, herra forseti, þá eru þetta mjög litlar breytingar eða nánast engar sem meiri hlutinn leggur til en ... (**JBH:** Nánast engar.) Þannig orðaði ég þetta, herra forseti, og það fer ekkert milli mála. Auk mín skrifa undir þetta meirihlutaálit Vilhjálmur Egilsson, formaður nefndarinnar, sem er fjarstaddur og með leyfi, Valgerður Sverrisdóttir, Gunnlaugur M. Sigmundsson, Pétur H. Blöndal og Sólveig Pétursdóttir. Þetta eru samtals sex þingmenn, herra forseti.

[17:38]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 1. minni hluta efh.- og viðskn., okkar Ágústs Einarssonar, þingmanna jafnaðarmanna, á þskj. 980 sem og fyrir brtt. sem við flytjum á þskj. 981.

Fyrsti minni hluti styður þá breytingu í frumvarpinu að stofna sérstakt hlutafélag um rekstur ríkisviðskiptabankanna. Hér er um að ræða formbreytingu sem er að mörgu leyti eðlileg þar sem hlutafélagsformið er hið almenna form reksturs í atvinnulífinu, hvort sem eignarhald er alfarið í höndum ríkisins eða annarra og til þess fallið að samræma samkeppnisreglur og rekstrarskilyrði.

Þetta frumvarp snýst hins vegar einungis að hluta um þessa formbreytingu. 1. minni hluti hefði talið heppilegt að umsvif ríkisins á þessum markaði hefðu orðið minni, ekki síst í ljósi þess að Landsbanki Íslands, sem er ríkisbanki, keypti helminginn í stærsta tryggingafélagi landsins. Þess vegna er enn brýnna en áður að tryggja dreifða eignaraðild á fjármálamarkaðinum.

Þess vegna er 1. minni hluti andvígur aðferðafræðinni sem birtist í þessu frumvarpi eins og það kemur frá ríkisstjórninni og breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar breyta því sáralítið eða nánast alls ekki neitt eins og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson komst að orði í sinni framsögu (**EOK:** Réttilega.) réttilega.

Fyrsti minni hluti telur að það sé löngu tímabært að stokka upp hið staðnaða ríkisbankakerfi. Umsvif ríkisvaldsins í viðskiptabankakerfinu eru mun umfangsmeiri hérlendis en í grannalöndum. Það hefur ítrekað verið bent á að þetta þurfi endurskoðunar við.

Þess vegna er það, virðulegi forseti, að við flytjum á þskj. 981 fimm brtt. Þær lúta að því að tryggja dreifða eignaraðild við sölu á hlutabréfum eða öflun viðbótarhlutafjár allt að 35% af eigin fé eins og viðskrh. er heimilað samkvæmt frv. og það er aðalatriði okkar brtt.

Aðrar tillögur okkar varða fyrst og fremst stjórnkerfið. Þannig viljum við að lögfest verði að aðeins einn bankastjóri skuli vera ábyrgur fyrir stjórn hinna nýju hlutafélagabanka, en ég vek athygli á því að meiri hluti efh.- og viðskn. treysti sér hvorki til þess að sýna fylgni sína við það sjónarmið með því að færa það inn í lagatextann né heldur að taka af skarið í bankaráðum, en það er að sjálfsögðu sjálfsagt þegar rekstrarforminu er breytt að kveða einnig á um grundvallaratriði að því er varðar stjórnarformið. Þetta vekur auðvitað upp grunsemdir um að hugur fylgi ekki máli. Öllu er haldið opnu fyrir hugsanleg hrossakaup stjórnarflokkanna í hefðbundnum stíl í þeim málum.

Jafnframt flytjum við brtt. sem varða hlut starfsmanna. Ýmsir talsmenn meiri hlutans tóku því út af fyrir sig í orði kveðnu vel að eðlilegt væri að starfsmenn og fulltrúar þeirra væru hafðir með í ráðum um þessa breytingu. Þeir höfðu sérstaklega þegar þeir voru kvaddir fyrir nefndina óskað eftir því að fá aðild að undirbúningsnefnd sem á að hafa málið á sinni könnu við undirbúningsframkvæmd, sem og vitnuðu þeir til þess sem er nokkurn veginn meginregla að því

er varðar stjórnun banka, t.d. á Norðurlöndum, að fulltrúar starfsmanna eiga þar setu í bankaráðum, ýmist sem fullgildir aðilar eða sem áheyrnarfulltrúar. Við flytjum brtt. um það að verða við þessum sjálfsögðu óskum vegna þess að þrátt fyrir góð orð í garð starfsmanna þá varð niðurstaða meiri hlutans að hafa þær tillögur að engu.

Þá flytjum við brtt. að því er varðar æðstu stjórn bankanna um að bæði viðskrh. sem fagráðherra og yfirmaður bankamála og fjmrh. sem vörsluaðili hlutafjáreignar ríkissjóðs fari með þessa yfirstjórn, þ.e. brtt. er um að fjmrh. komi að því máli líka.

En eins og ég sagði, langsamlega veigamesta brtt. lýtur að reglum um hina dreifðu eignaraðild sem að okkar mati er frumforsenda fyrir því að vel og skynsamlega verði að málum staðið við breytinguna og forsenda fyrir því að tryggt verði að sjálfu meginmarkmiðinu, sem er að gæta hagsmuna almennings og auka samkeppni í bankakerfinu, verði náð. Í nefndarálitinu segir m.a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti leggur mikla áherslu á dreifingu eignaraðildar í ríkisviðskiptabönkunum og telur m.a. heppilegt að fá til liðs við íslenska bankakerfið erlendar bankastofnanir sem geta hleypt inn nýju lífi og bætt vinnubrögð í íslenskum fjármálaheimi."

Því mætti reyndar við bæta að sennilega væri erlend eignaraðild ein helsta trygging fyrir því að þessi breyting leiddi til þess að bankarnir yrðu reknir á grundvelli viðskiptasjónarmiða og á samkeppnisgrundvelli og ein helsta hindrun í vegi þess að fá en stór fyrirtæki með sterk innbyrðis vensl nái ráðandi hlut í þessum bönkum. Margir hafa lýst efasemdum sínum um að erlendir aðilar hafi nokkurn áhuga á eignaraðild í íslenskum bönkum vegna smæðar íslenska fjármálamarkaðarins. En það var athyglisvert sem fram kom í umræðum í nefndinni og sem svör við fyrirspurnum okkar. Fulltrúi J.P. Morgan sem kvaddur hafði verið fyrir nefndina þar sem hann gegndi ráðgjafarhlutverki gagnast ráðherra í þessu máli, kvað að sínu mati alls ekki útilokað að slíkur áhugi væri fyrir hendi ef málin væru kynnt réttum aðilum og nefndi t.d. hugsanlegan áhuga forsvarsmanna norrænna banka í því efni. Og ég undirstrika að ef tekist hefði að fá slíka erlenda eignaraðild, þá væri það ein besta tryggingin sem við gætum fengið fyrir því að styrkja bankakerfið gagnvart erlendri samkeppni sem og að stuðla að því markmiði að samkeppnislögmál fái að ráða.

Mjög mikil ásókn er í framtíðarlífeyrissparnað landsmanna eins og fram hefur komið í hástemmdum og ástríðuþrungnum umræðum nú og ber að skoða frumvörp ríkisstjórnarinnar í því samhengi, ekki hvað síst frumvarpið um lífeyrissjóði. Þar kemur enn og aftur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að tryggja fyrirtækjum nánum tengslum við forustumenn stjórnarflokkanna stóran hluta af þeirri köku.

Breytingar í bankamálum eru nauðsynlegar m.a. vegna þess að íslenska bankakerfið er því miður illa rekið og dýrt í alþjóðlegum samanburði. Rekstur íslenskra banka kostar yfir 13 milljarða kr. á ári sem er meira en rekstur Ríkisspítalanna og Sjúkrahúss Reykjavíkur samanlagt. Það kostar álíka að reka bankakerfið og allt menntakerfið að frátöldum grunnskólum. Bankakerfið einkennist af háum vöxtum, mjög verulegum vaxtamun, háum þjónustugjöldum, takmarkaðri þjónustu og óhagkvæmni samanborið við erlenda banka eins og fram hefur komið á framlögðum gögnum. Jafnframt eru afskipti stjórnmálamanna hér á landi meiri en víðast hvar annars staðar.

Því miður er það svo að ríkisstjórnin tekur ekki á þessum málum með heilsteyptum hætti. Stefna hennar kemur fram í fjórum lagafrumvörpum, þ.e. frumvarpi um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem hér um ræðir, um fjárfestingarbanka ríkisins, um nýsköpunarsjóð ríkisins og um lánasjóð ríkisins fyrir landbúnað. Með fjárfestingarbanka ríkisins, þar sem þremur sjóðum atvinnulífsins, Fiskveiðasjóði, Iðnlánasjóði og Iðnþróunarsjóði er steypt saman í einn fjárfestingarbanka, er stofnaður nýr ríkisbanki. Það er mjög í anda ríkisstjórnarinnar að landbúnaðurinn fær ekki þann sess sem honum ber með öðrum atvinnugreinum heldur er hann hafður hornreka á sérstökum bás sem birtist í frumvarpi um Lánasjóð landbúnaðarins.

Þetta frumvarp og önnur frumvörp ríkisstjórnarinnar um fjármagnsmarkaðinn bera þess skýr merki að festa á í sessi helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þessi helmingaskipti hafa verið við lýði alla þessa öld og nú á að tryggja þau enn betur við uppstokkun á ríkisbankakerfinu og atvinnuvegasjóðunum.

Við hefðum vissulega kosið að sjá róttækari breytingar á fjármagnskerfinu og þeim breytingum höfum við lýst nánar í nefndaráliti fyrsta minni hluta.

Ég vil í þessu sambandi minna á að við 1. umr. málsins vöktum við athygli á því að skynsamlegra hefði sennilega verið að fara aðra leið í þessu efni, þ.e. að breyta rekstrarformi beggja ríkisbankanna í hlutafélög að sjálfsögðu en stíga síðan fyrsta skrefið með því að selja hlut ríkisins, hugsanlega í áföngum, í öðrum bankanum fyrst. Þetta styðst við mörg rök, m.a. þau að reynslan af einkavæðingartilraunum áður fyrr er í ýmsum dæmum víti til að varast. Í annan stað er hlutabréfamarkaðurinn hér nýr af nálinn í alþjóðlegum samanburði og tiltölulega veikur. Þess vegna er ástæða til að láta á það reyna fyrst hvernig viðtökur hans yrðu við þessum gjörningi. Í þriðja lagi mætti síðan í ljósi reynslunnar bregðast við eftir að hafa styrkt þann eina ríkisbanka sem eftir væri til þess að móta sér reglur, reglur sem hefðu staðist prófstein reynslunnar að því er varðar aðferðafræðina við söluna. Þetta hefði verið undir öllum kringumstæðum mun skynsamlegri leið en sú sem ríkisstjórnin hefur mótað. En það varð ekki niðurstaðan.

Frumvarpið felur þess vegna í sér að stofnuð eru tvö hlutafélög um rekstur bankanna beggja. Sett er á laggirnar þriggja manna nefnd til að undirbúa stofnun þeirra. Hlutafélagabankarnir yfirtaka skuldbindingar eldri bankastofnana og eigin fé félagsins er breytt í hlutafé. Viðskiptaráðherra fer einn með hlut ríkisins og mun skipa bankaráð sem ræður bankastjóra. Heimilt verður að selja nýtt hlutafé í bönkunum allt að 35%. Þetta eru meginatriðin.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn fái sambærileg störf og ríkisábyrgð á lífeyrisskuldbindingum og eldri skuldbindingum er tryggð. Jafnframt er kveðið á um að skattaleg staða ríkisviðskiptabankanna verði yfirtekin af hinum nýju hlutafélögum.

Eitt meginatriði frumvarpsins er að finna í greinargerð þess þar sem segir að ekki sé gert ráð fyrir frekari breytingum á eignarhaldi bankanna næstu fjögur árin. Þetta þýðir að ríkið ætlar að vera meirihlutaeigandi, a.m.k. með 65% hlutafjár, í hinum nýju hlutafélagabönkum, þ.e. Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., a.m.k. næstu fjögur árin. Það vekur athygli manna að þessi stefnumörkun er óbreytt. Meiri hluti nefndarinnar hefur ekki séð ástæðu til að breyta þessu þrátt fyrir yfirlýsingar, m.a. formanns banka-

ráðs Landsbankans og formanns efh.- og viðskn., í kjölfar af kaupum Landsbankans á hlut Brunabótafélags Íslands í Vátryggingafélagi Íslands. Þessir aðilar báðir lýstu því yfir að í framhaldi af því væri eðlilegt að hraða áformum um sölu á hlut ríkisins í þessum bönkum. Þau ummæli reyndust hins vegar marklaus þegar á reyndi vegna þess að þrátt fyrir þau er frv. óbreytt að þessu leyti.

Á sama tíma og þróunin hefur orðið sú í öðrum löndum að ríkið hefur dregið sig út úr beinni þátttöku í rekstri viðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða þá er niðurstaða þessa sú að ríkisstjórn Íslands eykur hlut sinn á þessu sviði. Við höfum búið við veikan fjármagnsmarkað og með frumvarpi ríkisstjórnarinnar hafa markaðslausnir á þessu sviði fjarlægst því enn frekar.

Að mati 1. minni hluta er meginatriðið varðandi uppstokkun á fjármagnsmarkaði að tryggja samkeppni. Mjög lítill markaður er hér á landi og því er mjög til hagsbóta fyrir einstaklinga og fyrirtæki að sem mest samkeppni ríki á fjármagnsmarkaðinum.

Einkenni íslensks atvinnulífs er einmitt fákeppni stórra fyrirtækja á okkar mælikvarða sem tengjast stjórnarflokkunum báðum. Dæmi um þetta eru flutningafyrirtæki, tryggingafélög, olíufélög, fjölmiðlafyrirtæki og fyrirtæki í fleiri atvinnugreinum fyrir utan víðtækan ríkisrekstur t.d. innan orkugeirans. Þessi stórfyrirtæki ráða mjög miklu hér á landi. Átök milli þessara tveggja hópa flokkseigenda hafa oft sett mark sitt á atvinnulífið á síðustu árum. Þessi fákeppni á vinnumarkaði endurspeglast einnig í mjög miðstýrðu valdi atvinnurekenda, einkum innan Vinnuveitendasambands Íslands.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að tryggð sé dreifð eignaraðild við útboð á þessu nýja hlutafé, allt að 35% af eigin fé bankanna. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að einkavæðingarnefnd, ráðgjafarnefnd ríkisstjórnarinnar sem væntanlega mun hafa umsjón með hinu nýja útboði, hefur ekkert fjallað um málið og hefur engar tillögur um hvernig eigi að tryggja dreifða eignaraðild við sölu á hinu nýja hlutafé.

Þrátt fyrir að sagt sé í greinargerð að dreifð eignaraðild sé æskileg fylgja engar tillögur um útfærslu þess, hvorki í frumvarpinu, greinargerð þess né í breytingartillögum meiri hlutans. Hér á greinilega að hafa allt opið fyrir viðskiptaráðherra og ríkisstjórn, jafnvel svo opið að hlutast megi til um að tryggja skjólstæðingum stjórnarflokkanna á viðskiptasviðinu aðstöðu til að festa forræði sitt í sessi yfir hinum nýju hlutafélögum.

Þess vegna leggur fyrsti minni hluti fram breytingartillögu við frumvarpið um að tryggja að enginn einn aðili eða tengdir aðilar eignist meira en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum banka fyrir sig eða fari með meira en 5% af heildaratkvæðamagni á hlutahafafundum. Þetta er meginatriði þessa máls. 1. minni hluti telur einnig eðlilegt að við útboð á nýju hlutafé eigi starfsmenn kost á ívilnandi kjörum. Þá vill 1. minni hluti einnig vekja athygli á því að ef farið verður út í sölu á hlutafé ríkisins í viðskiptabönkunum komi til álita að reyna að tryggja erlenda eignaraðild í bönkunum að nokkru marki. Auk þess er hægt að dreifa hluta af hlutabréfum ríkisins jafnt milli fjárráða Íslendinga og almannavæða þannig bankana með ótvíræðum hætti. Þessi aðferð hefði verið mun heppilegri en að bjóða upp á svokallaða einkavinavæðingu sem landsmenn hafa horft upp á áður sem víti til varnaðar.

Fyrsti minni hluti sér sérstaka ástæðu til að nefna það einnig að unnt er að útfæra einkavæðingu þannig að ríkinu sé tryggður aukinn atkvæðisréttur við hlutafjársölu, þ.e. að eignarhluta ríkisins fylgi aukinn atkvæðisréttur, en þetta er ákvæði sem hefur víða verið notað við sölu á ríkisfyrirtækjum, m.a. í Bretlandi, einmitt út frá varúðarsjónarmiðum, að ríkið geti þegar verið er að fara út á þessa braut komið í veg fyrir að fáir en stórir aðilar nái ráðandi tökum á hinum nýju bönkum.

Í frumvarpinu er ekki tiltekinn fjöldi þeirra bankastjóra sem starfa skulu við hvorn banka. Þrátt fyrir að í nefndaráliti meiri hlutans sé sagt að æskilegt sé að einungis einn bankastjóri sé fyrir hvorum banka fyrir sig treystir meiri hlutinn sér ekki til að festa það með ótvíræðum hætti í lög. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem gert er ráð fyrir meirihlutaeign ríkisins í hinum nýju bönkum næstu fjögur árin. Því hefði verið eðlilegt að Alþingi hefði gengið frá stjórnskipulagi hlutafélagabankanna í meginatriðum. Meiri hlutinn leggur ekki til neinar breytingar á þessu þannig að opið er hvort um er að ræða einn bankastjóra eða þrjá við hvorn ríkisviðskiptabankanna. Þetta tengist vitaskuld þeim hrossakaupum sem nú eru í gangi bak við tjöldin milli stjórnarflokkanna í tengslum við þetta mál.

Fyrsti minni hluti leggur til breytingartillögu við frumvarpið um að einungis einn bankastjóri verði starfandi við hvorn bankann.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra fari einn með hlut ríkisins í viðskiptabönkunum. 1. minni hluti telur að hér sé einum ráðherra falið mjög mikið vald og telur því eðlilegra að tveir ráðherrar fari með hlut ríkisins, þ.e. annars vegar fagráðherrann, viðskiptaráðherra, og svo hins vegar fjármálaráðherra. Það er að mörgu leyti eðlilegt að fjármálaráðherra sjái um þennan eignarhlut þar sem hann er ábyrgur fyrir eignum ríkisins almennt samkvæmt reglugerð um verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands. Sömuleiðis er rökrétt að viðskiptaráðherra komi að þessu máli þar sem hann ber stjórnsýslulega ábyrgð á bankakerfinu.

Allar tillögur starfsmanna, bæði innan Sambands íslenskra bankamanna og starfsmannafélaga Landsbanka og Búnaðarbanka, voru algerlega hunsaðar af meiri hlutanum.

Fyrsti minni hluti tekur undir sjónarmið starfsmanna bankanna sem hafa óskað eftir formlegri aðild að undirbúningsnefndinni. Það er eðlilegt að starfsmenn komi að þeim undirbúningi og þess vegna leggjum við fram breytingartillögu um að í þeirri undirbúningsnefnd skuli einn nefndarmanna skipaður að fenginni tillögu frá starfsmannafélagi hvors ríkisviðskiptabanka. Það er óeðlilegt að útiloka starfsmenn frá undirbúningi málsins.

Í frumvarpinu er viðskiptaráðherra falið það vald að skipa bankaráð en ekkert kveðið á um fjölda bankaráðsmanna. Ráðherrann getur þess vegna skipað fimm manns í bankaráð eða hvaða fjölda sem honum sýnist þess vegna. Honum eru ekki settar almennar stjórnsýslureglur í því efni. Við teljum eðlilegt að Alþingi kveði á um fjölda bankaráðsmanna og leggjum því fram breytingartillögu um það.

Starfsmenn hafa óskað eftir því að fá áheyrnaraðila í bankaráð. Það er fyrirkomulag sem þekkist mjög víða í grannalöndum og við teljum eðlilegt. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna í bankaráði auðveldar stjórnun í bönkum, tryggir náin skoðanaskipti og greiðir fyrir upplýsingastreymi við stjórnun fyrirtækisins. Þess vegna leggur 1. minni hluti til að starfsmannafélag hvors hlutafélagsbanka tilnefni einn áheyrnarfulltrúa í bankaráð. Ef þessar tillögur okkar næðu

fram að ganga mundu sex einstaklingar eiga sæti í bankaráði, fimm skipaðir af viðskiptaráðherra og einn áheyrnarfulltrúi tilnefndur af starfsmannafélagi.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar sem birtist í þessu frumvarpi, þ.e. að breyta yfir í hlutafélag ásamt opinni heimild til ráðherra, án þess að geta nákvæmlega um hvernig reglur verði settar í kjölfar lögfestingar frumvarpsins eða að skilgreina útboð á viðbótarhlutafé, skilar því ekki, því miður, að almenningi sé tryggður samkeppnisrekstur. Það er verið að taka þá áhættu með þessari aðferð að fá og öflug fyrirtæki geti ráðið væntanlegum hlutafélagsbönkum án nokkurrar virkrar samkeppni.

Pólitísk helmingaskiptaregla Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er vond aðferðafræði og hefur áður komið niður á lífkjörum almennings og mun gera það áfram fái hún að festast í sessi. Hún á að vera okkur viðvörun um að fara ekki úr einu vondu kerfi í annað þar sem í stað pólitískra helmingaskipta á Alþingi komi pólitísk helmingaskipti byggð á ítökum í atvinnulífinu og samspili stjórnmála og fjármála.

Fyrsti minni hluti er þess vegna þeirrar skoðunar að þetta frumvarp sé í meginatriðum byggt upp á óheppilegan máta. Það hefði þurft að stokka rekstur ríkisbankanna upp á miklu róttækari hátt en hér er gert.

Fyrsti minni hluti styður að sjálfsögðu formbreytingu bankanna í hlutafélög en flytur þar að auki breytingartillögur við frv. sem eiga að stuðla að því að þessi breyting geti skilað okkur meiri árangri en ella við uppstokkun fjármálalífs og við það að tryggja heilbrigðari samkeppni á fjármagnsmarkaðnum.

[18:02]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að ég er að mestu leyti sammála því sem fram kom í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar en mig langar til að spyrja út í eitt sem fram kom í hans máli. Það er varðandi það atriði að hann lagði nokkra áherslu á að reyna að tryggja erlenda eignaraðild, eins og segir í nefndaráliti. Ég fæ ekki séð að ef ráðherra ákveður að auka hlutafé bankanna, eins og hann mun hafa heimild til samkvæmt lögunum, sé neitt sem mæli gegn því að erlendir aðilar komi þar að. Eða hvernig sér hv. þm. fyrir sér að hægt sé að tryggja erlenda eignaraðild? Er það hægt með öðrum hætti en þeim að hlutabréfin í þessum tveim bönkum verði eiguleg til kaups?

[18:03]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að sjálfsögðu er ekki hægt að tryggja erlenda eignaraðild og menn gætu út af fyrir sig spurt sjálfa sig sem svo: Er líklegt að erlendir fjárfestar telji það girnilegan fjárfestingarkost að kaupa minni hlut, tiltölulega lítinn hlut, í samfélagi við áformaða fjögurra ára meirihlutaeign ríkisins við rekstur á bönkum í ljósi þess sem vitað er um afkomu og styrk íslenska bankakerfisins? Sennilega hefði verið mun líklegra að vekja áhuga erlendra fjárfesta ef þeirri aðferð sem ég mælti sérstaklega með hefði verið beitt eða sú leið hefði verið farin að prófa sig áfram með því að selja annan bankann í einu og láta síðan reynsluna skera úr um framhaldið. Það hefði sennilega verið leið sem hefði freistað frekar þátttöku útlendinga í slíkum rekstri.

Við spurðum sérstaklega þann erlenda ráðgjafa sem ráðherra var til ráðuneytis um þetta atriði að því er varðaði undirbúningsnefnd málsins, nefndina sem undirbjó frv. og skilaði þremur frumvörpum og var síðan sett af eins og er orðin lenska í þessu stjórnarsamstarfi, hvort einhverjar umræður hefðu farið fram um það innan nefndarinnar og fengum þau svör að þeir teldu harla litlar líkur á slíkum áhuga. Hins vegar svaraði fulltrúi J.P. Morgan, sem reyndar er sænskur að þjóðerni og þekkir vel til á skandinavíska markaðnum, því aðspurður að hann teldi alls ekki útilokað að unnt væri að vekja áhuga á slíkum fjárfestingum, t.d. á Norðurlandamarkaðnum, en þá þyrftu menn kannski að hafa að því frumkvæði að kynna hvað í boði væri og kynna íslenska fjármagnsmarkaðinn og þá hefði auðvitað skipt mestu máli að hér hefði legið fyrir áætlun til nokkurra ára fram í tímann um hvernig þetta skyldi gert og að það væri gert með eðlilegum hætti. Það er hluti af gagnrýni okkar á þá leið sem stjórnarflokkarnir hafa samið um sín í milli að þetta er allt saman hálfkarað og hálfbakað og þess vegna ekki líklegt til þess að skila þessum merkilega árangri.

[18:06]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar skýringar. Ég get fallist á þær að mestu leyti. Ég held að það sé rétt að eins og málið stendur núna er ekki fýsilegur kostur fyrir erlenda aðila að koma að þessu máli. Ég þykist vita að það sem fyrir þingmanninum vakir þegar hann talar um erlenda aðila sé einmitt til þess að reyna að tryggja sem dreifðasta eignaraðild og jafnframt þar með að koma í veg fyrir það sem margir óttast við framhald þessa máls, að það verði fyrst og fremst þeir aðilar sem þegar eru býsna sterkir hér á fjármálamarkaði sem muni kaupa hluti í bönkunum og ná á þeim tökum hugsanlega einhvern tíma í framtíðinni, en það fer mjög eftir því hvernig á málum verður haldið.

Sú leið sem er farin og er hluti af samkomulaginu milli stjórnarflokkanna, að bíða átekta í fjögur ár og leyfa bönkunum að prófa sig áfram á þessum markaði, er að sumu leyti eðlileg en hefur líka ákveðna galla í för með sér þegar menn eru að fara út í þessar breytingar á annað borð.

[18:08]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 982 í 409. máli.

Frv. þetta er eitt fjögurra frumvarpa sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks flytur um breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins. Hin þrjú eru frumvarp til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., frv. til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Er óhjákvæmilegt að fjalla að nokkru leyti um efni allra þessara frumvarpa samhengisins vegna.

Það sem mesta athygli vekur þegar ríkisstjórnin ræðst loks í breytingar á þessum mikilvægu fjármálastofnunum sem boðaðar eru í stjórnarsáttmála og mikið hafa verið til umræðu er hvaða leið er valin eða ríkisstjórnin hefur rambað á. Fyrir það fyrsta er ljóst að breytingarnar fela alls ekki í sér þá heildarendurskoðun og uppstokkun í þessum málum sem ýmsir höfðu átt von á. Það er, eins og kunnugt er, búið að ræða mikið um nauðsyn þess að hagræða í íslenska bankakerfinu og upplýsingar hafa verið að hellast yfir um dýran rekstur og hversu langt í land íslenskar lánastofnanir eigi til að vera samkeppnisfærar að því leyti til. Eftir sem áður verður það niðurstaða hæstv. ríkisstjórnar að gera lágmarksbreytingar, ef svo má að orði komast. Þ.e. valin er sú leið að breyta ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í

hlutafélög án nokkurra annarra breytinga á bönkunum sem slíkum. Frv. um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. felur að vísu í sér sameiningu nokkurra fjárfestingarlánasjóða en það er sömuleiðis gert þannig að sjóðunum er í óbreyttu ástandi slengt saman í einn nýjan haug, fjárfestingarbanka, sem verður fimmti bankinn eða bankasamsteypan í landinu. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er svo settur á fót með fjármunum sem dregnir eru af eigin fé sjóðanna áður en hinn nýi Fjárfestingarbanki verður til.

Niðurstaðan er að þessu leytinu til stórfurðuleg í ljósi umræðunnar um nauðsyn þess að hagræða og bæta rekstur í íslenska fjármálaheiminum í ljósi umræðunnar um nauðsyn þess að íslenskar stofnanir á þessu sviði nái þeirri stærð og þeim styrk að geta veitt fullnægjandi og alhliða þjónustu íslenskum fyrirtækjum, jafnvel þeim stærstu, í ört vaxandi alþjóðlegum tengslum og alþjóðlegum umsvifum og að þessar breytingar vísi til einhverrar þeirrar framtíðar í þróun bankaviðskipta eða fjármálaviðskipta sem menn sjá að eru að gerast annars staðar í löndunum í kringum okkur. Ekkert af þessu er uppfyllt með þessari aðferð ríkisstjórnarinnar. Það er ekki einföldun í bankakerfinu í reynd að búa til fimmta bankann. Það var mjög áberandi í störfum efh.- og viðskn. að flestir þeir sem fyrir nefndina komu gáfu sér þá niðurstöðu að Fjárfestingarbankinn mundi reyna að veita sem víðtækasta þjónustu og verða sem líkastur viðskiptabönkunum því að í því fælist hans eina framtíðarlífsvon og þar af leiðandi yrði hann að öllu leyti nema því að taka við frá innlánum frá almenningi og veita honum útlán eins og hver annar viðskiptabanki, a.m.k. að öllu leyti hvað varðaði þjónustu við atvinnulífið.

Þetta vekur auðvitað mikla athygli, herra forseti, og ég held að þegar farið er ofan í saumana á þessum málum og menn hætta að skoða það í gegnum einhverjar fyrirsagnir sem hæstv. ráðherra og ríkisstjórn hefur verið að reyna að skreyta sig með um að hér væru á ferðinni einhverjar stórkostlegar breytingar og tímamót og hagræðing og guð má vita hvað, þá stendur raunar ósköp lítið eftir. Það breytir náttúrlega nánast engu að setja stafina hf. og það meira að segja litla starfi aftan við nöfnin á Landsbankanum og Búnaðarbankanum. (**Gripið fram í:** Þeir mega vera stórir.) Mega þeir vera stórir já, samkvæmt hlutafélagalögunum. Það kann að vera. En það breytir ekki öllu, breytingn er ekki miklu stærri þó að notaðir væru stórir stafir. Ég skal ræða það aðeins síðar, herra forseti, við frammíkallandann, talsmann Framsfl., hvort það réttlæti stuðning við breytingar að þær séu litlar og tiltölulega ómerkilegar. Það þarf ekki endilega að vera.

Það veldur fyrst og fremst vonbrigðum að úr því að menn fara af stað á annað borð undir þeim formerkjum að hagræða, stokka upp og búa til nýja framtíð þá skuli það ekki verða meira sem kemur út úr öllu saman heldur en þetta: algerar lágmarksbreytingar hvað varðar viðskiptabankana og hálfgerð forneskja hvað varðar það að búa til þennan fjárfestingarbanka með þeim hætti sem gert er. Það er niðurstaða nánast allra málsmetandi manna á þessu sviði sem komu fyrir hv. efh.- og viðskn.

Herra forseti. Ef fyrst er farið yfir helstu möguleika til uppstokkunar og hagræðingar í banka- og sjóðakerfinu í heild má nefna eftirfarandi:

1. Sameining ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans, að einhverju eða öllu leyti í einn öflugan ríkisbanka. Þessari leið fylgja augljósir hagræðingarkostir sem til eru í stöðunni. Það hefur með óhrekjandi hætti verið sýnt fram á að ná mætti fram á einhverjum tíma umtalsverðum beinum rekstrarsparnaði auk þeirrar hagræðingar sem stærri og sterkari eining ætti að geta boðið upp á, einfaldlega í formi lægri rekstrarkostnaðar hlutfallslega miðað við veltu o.s.frv. Bara með sparnaði í rekstri útibúa er ljóst að hægt er að spara hundruð milljóna og jafnvel milljarða t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem þessir bankar eru iðulega hlið við hlið með útibú. Á móti þessari leið hafa fyrst og fremst verið færð fram ein rök: skortur á samkeppni ef ríkisbankarnir séu sameinaðir. Og að sá banki sem til yrði yrði óþarflega stór eining í íslenska bankaheiminum, eða með yfir 50% af almennum bankaviðskiptum.

Á móti þessum rökum standa hins vegar mörg önnur og breytingar í viðskiptaheiminum hafa allar frekar verið á þá hlið nú upp á síðkastið að draga úr fákeppnisstöðu bankanna sem áður sátu tiltölulega einir að því að veita almenna fjármálaþjónustu. Þá var þetta í grófum dráttum þannig í gamla heiminum, ef svo má að orði komast, að fjárfestingarlánasjóðirnir, sérgreindir eftir atvinnugreinum, veittu tiltekna grunnfjármögnun og punktur. Að öðru leyti sátu viðskiptabankarnir einir að fjármálaviðskiptum við fyrirtækin. En hvernig er þetta í dag? Jú, það er þannig að ef fyrirtæki er að ráðast í umtalsverðar fjárfestingar og jafnvel þó ekki sé nema endurfjármagna rekstrarlán eða annað því um líkt þá er iðulega samkeppni um það. Það er iðulega látið bjóða í slíka fjármögnun nú og þá eru það ekki bankarnir einir sem þar koma til sögunnar, þ.e. þeir íslensku, það eru erlendir bankar. Þeir eru í vaxandi mæli að færa sig niður eftir stærðarröðinni þannig að þeir eru farnir að sýna áhuga á viðskiptum við minni íslensk fyrirtæki en áður vegna þess að þeir telja stöðugleika og annað því um líkt sem hér er orðið í fjármálaheiminum þannig. Það eru fjármögnunarfyrirtæki af ýmsum toga sem bjóða orðið í fjármögnun slíkra verkefna. Það eru tryggingafélög — tryggingafélög eru bjóðandi í fjármögnun á ólíklegustu hlutum — og það eru fjárfestingarlánasjóðirnir sjálfir sem eru farnir að keppa við bankana í þó nokkrum mæli um fjármögnun. Þannig að myndin er hvað þetta snertir gjörbreytt. Ég fullyrði að minnsta kosti hvað varðar fyrirtækin þá breytir í sjálfu sér engu um samkeppnisumhverfið hvort einn eða tveir ríkisviðskiptabankar keppa þar. Það er alveg hverfandi að mínu mati miðað við þá stöðu sem blasir orðið við.

Þá skulum við líta aðeins á þetta út frá þjónustu við almenning. Hverju mundi sameining ríkisviðskiptabankanna breyta hvað samkeppnisforsendur snertir varðandi þjónustu við almenning? Staðan er sú hér á höfuðborgarsvæðinu að það er slíkur aragrúi útibúa þriggja viðskiptabanka og svo sparisjóðanna að ég held að fáir hafi áhyggjur af því þó útibúum ríkisviðskiptabanka mundi fækka um kannski 10–15 á þessu svæði — eða hvað? Er einhver tilbúinn til að koma í ræðustólinn og segja að það verði algjör héraðsbrestur ef Búnaðarbankinn og Landsbankinn reki ekki útibú hlið við hlið á einum 10–12 stöðum á höfuðborgarsvæðinu? Ég held ekki. Ætli menn mundu ekki telja alveg nóg að einn ríkisviðskiptabanki, einkabanki og sparisjóðir rækju samtals kannski 30–40 útibú hér á þessu svæði. Einhverjum mundi finnast nóg um þau flottheit hvað þjónustu snertir. Erlendis er það víðast hvar orðið þannig að jafnvel í borgum á stærð við allt höfuðborgarsvæðið eru tiltölulega örfá útibú eða afgreiðslustaðir af þeim toga þar sem menn fara inn undir þak, afgangurinn eru hraðbankar. Það er hægt að setja upp

nóg af slíkum apparötum út um allt ef menn vilja hafa meiri samkeppni í því.

Þá skulum við aðeins líta á myndina, herra forseti, eins og hún liggur fyrir í útibúum þessara stofnana. Ég fór aðeins að grafast fyrir um það, því miður hafði ég nú ekki tíma sökum annríkis að vinna það nógu vel tölulega, en ég náði mér í upplýsingar um dreifinguna á útibúum hjá Landsbankanum, Búnaðarbankanum og Íslandsbanka en náði því miður ekki í sömu gögn frá sparisjóðunum, en ég held ég kunni það nokkuð þannig að það eigi ekki að skeika miklu. Ég fór aðeins að leggjast yfir tölurnar í þessu efni. Þá kemur margt merkilegt í ljós, herra forseti. Það er t.d. þannig að hér á höfuðborgarsvæðinu, á Stór-Reykjavíkursvæðinu, eins og stundum er sagt, eða Stór-Seltjarnarnessvæðinu, eða hvað menn vilja kalla það, það fær undirtektir hér við að nota frekar þá nafngift, eru 19 útibúaafgreiðslur á vegum Landsbankans, 19 stykki á ekki stærra svæði en þessu. Það eru 12 útibú og afgreiðslur Búnaðarbankans. Samtals reka ríkisviðskiptabankarnir 31 útibú og afgreiðslur á höfuðborgarsvæðinu. Ætli það sé nú ekki þannig að jafnvel Samkeppnisstofnun, sem hefur verið að taka á sig rögg og stjaka við ýmsum upp á síðkastið, þætti ágætlega fyrir samkeppninni séð þó þeim fækkaði eitthvað, að minnsta kosti á þeim stöðum þar sem Íslandsbanki og/eða sparisjóður er jafnframt með starfsemi, en það er á fjölmörgum stöðum hér á svæðinu þar sem að minnsta kosti eftir sem áður stæðu viðkomandi hverfi, viðkomandi verslunarmiðstöð, yrðu þrjár viðskiptabankastofnanir sem kepptu um hylli kúnnanna.

Ef við lítum á hvernig þetta er úti á landi og förum svæði af svæði þá er þetta þannig að á Suðurlandi er Landsbankinn með útibú eða afgreiðslur á Selfossi, Hvolsvelli, Höfn, Vík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Kirkjubæjarklaustri, Reykholti í Biskupstungum og aðra afgreiðslu á Selfossi og enn fremur á Stokkseyri. Á tveimur stöðum af þessum eru Búnaðarbankinn einnig með útibú, þ.e á Selfossi og í Vík í Mýrdal. Til viðbótar er Búnaðarbankinn svo með útibú á Hellu og í Hveragerði. Suðurlandið er því ágætlega dekkað að þessu leyti. En aðeins á tveimur stöðum eru báðir ríkisviðskiptabankarnir með útibú. Er það einhver undirstaða samkeppni í þjónustu við almenning á Suðurlandi að það séu reknir tveir ríkisbankar? Nei, á aðeins tveimur stöðum af 12 eru báðir bankarnir saman. Það er því ósköp lítil breyting út frá venjulegum samkeppnisforsendum þó þessu væri hætt. Og það sem meira er að á öðrum staðnum er Íslandsbanki með starfsemi. Þannig að aðeins í einu tilviki á öllu Suðurlandi mundi skapast það ástand að aðeins stæði ein bankastofnun eftir og það mun vera í Vík í Mýrdal. Svo geta menn velt því fyrir sér hversu mikill grundvöllur er fyrir starfsemi margra viðskiptabanka í Vík í Mýrdal. Er því fórnandi á altari samkeppninnar að standa fyrir því með ríkisumsvifum að reka þar tvo banka?

Ef við lítum á dæmið eins og það er til að mynda á Austurlandi þá er aðeins á einum stað í öllu því kjördæmi báðir bankarnir og það er á Egilsstöðum. Nú man ég ekki til þess að þar sé sparisjóður en Íslandsbanki er ekki a.m.k ekki þar því hann hefur hvergi viðskipti á Austurlandi. Þannig er þetta nú.

Á Norðurlandi ef tekið er Norðurland vestra og eystra þá er þetta þannig að á tveimur stöðum eru báðir bankarnir saman, þ.e. á Akureyri og Sauðárkróki. Á Akureyri er Íslandsbanki og einir tveir sjálfstæðir sparisjóðir starfandi og Íslandsbanki meira að segja með tvær afgreiðslur. Ekki verður héraðsbrestur þó þessu linnti þar. Eftir sem áður held ég að samkeppnisyfirvöld mundu væntanlega telja bærilega séð fyrir þjónustu við almenning og samkeppni þó eftir stæðu fjórar sjálfstæðar stofnanir á þessu sviði í staðinn fyrir fimm. Á Sauðárkróki er reyndar sofandi sparisjóður inni í útibúi Búnaðarbankans þannig að það er ekki augljóst mál hvað kynni að gerast þar ef ríkisbankarnir yrðu sameinaðir.

Á Vestfjörðum er þetta þannig að Landsbankinn er með starfsemi á Ísafirði, Patreksfirði og Bíldudal en Búnaðarbankinn aftur á Hólmavík. Hvaða áfall yrði það fyrir samkeppni í bankaþjónustu á Vestfjörðum þótt ríkisviðskiptabankarnir yrðu sameinaðir? Ekki nema ef menn telja að samkeppnin liggi í því að menn keyri á milli Hólmavíkur og Ísafjarðar eftir því við hvorn bankann þeir vilja skipta. Er það trúlegt? Ég held ekki.

Á Vesturlandi eru báðir bankarnir með þjónustu á tveimur stöðum, þ.e. á Akranesi og í Grundarfirði. Og, ef minni mitt svíkur ekki, er einmitt Íslandsbanki með starfsemi á Akranesi, hugsanlega sparisjóð líka, ég man það ekki. Þar með er það að minnsta kosti þannig að það yrði eftir sem áður samkeppni milli tveggja stofnana þó að ríkisviðskiptabankarnir sameinuðust á Akranesi.

Þá er ég kominn hringinn, herra forseti. Niðurstaðan er sem sagt sú af þessari tölfræði að aðeins á sjö stöðum utan höfuðborgarsvæðisins eru báðir ríkisviðskiptabankarnir með útibú eða þjónustu saman. Af þeim sjö stöðum er Íslandsbanki með þjónustu á þremur stöðum. Eftir standa fjórir staðir á landsbyggðinni þar sem segja mætti að það hefði bein áhrif á samkeppni til hins verra í þeim skilningi að eftir kynni að standa aðeins ein viðskiptabankastofnun ef ríkisviðskiptabankarnir sameinuðust. Þannig er nú það. Þegar við förum svona yfir þetta, herra forseti, er þá ekki myndin dálítið önnur en látið er í veðri vaka? Er það ekki bara rugl að reksturinn á tveimur ríkisbönkum sé einhver grundvöllur samkeppni í þessum efnum í sjálfu sér? Ég held það. Ég held að landafræðin einfaldlega afhjúpi það því að að langstærstum hluta til eru bankarnir hver á sínum stað, Landsbankinn með um það bil 60 afgreiðslustaði, útibú og afgreiðslur, og Búnaðarbankinn með um það bil 26 staði og, eins og ég segi, á aðeins sjö stöðum af 55 útibúum og afgreiðslum beggja bankanna samtals utan höfuðborgarsvæðisins eru þeir báðir saman. Þetta er því þannig að það kæmi tiltölulega mjög lítið við og væri lítil breyting þó að rekstur ríkisviðskiptabankanna utan höfuðborgarsvæðisins væri algjörlega sameinaður af því að við getum gefið okkur að í grófum dráttum héldu menn áfram þjónustu alls staðar þar sem annar hvor bankinn er fyrir. Fyrst og fremst yrði þetta þannig að á sjö stöðum, þar sem báðir bankarnir eru með starfsemi, mundi þeim eitthvað fækka. Þó er það þannig að til að mynda á Akureyri eru tveir afgreiðslustaðir á vegum Landsbankans o.s.frv. Þannig að eftir gætu staðið t.d. tveir í staðinn fyrir þrjá.

Á höfuðborgarsvæðinu er þessu öðruvísi farið eins og glöggt má sjá af þessum tölum um 19 útibú og afgreiðslur Landsbankans og 12 útibú og afgreiðslur Búnaðarbankans ef ég hef talið rétt.

Þessi landafræði og tölfræði, herra forseti, var fyrst og fremst hugsuð til að sýna fram á að ég held að það sé mjög hollt undir rökunum sem menn hafa verið að flytja hér, að svo miklu leyti sem menn hafa haft fyrir að rökstyðja það, að sameining ríkisviðskiptabankanna sé einhver kostur sem ekki þurfi að athuga af því að hann sé svo neikvæður út frá samkeppnisforsendum. Mér finnst það dálítið sérkennilegt

að við sem treystum okkur til að búa í því mikla fákeppnisþjóðfélagi á fjölmörgum sviðum sem raun ber vitni og svitnum ekki mikið yfir því þó hér séu markaðsráðandi einokunar- eða fákeppnisrisar á fjölmörgum sviðum, skulum verða svona óskaplega upptekin af því að það þurfi endilega að standa að rekstri viðskiptabanka óbreyttum.

Hver er þá niðurstaðan, herra forseti? Af hverju fást menn ekki til að skoða þennan kost þó þessi hagræðingarrök liggi á borðinu og þó svona veikar forsendur, þegar betur er að gáð, séu á bak við það að hafna þessu á samkeppnisforsendum? Svari nú hver sem vill. Auðvitað læðist að manni sá grunur að það sé fyrst og fremst vegna þess að stjórnarflokkarnir hafi með pólitískum hrossakaupum komið sér niður á það að hafa í grófum dráttum óbreytt ástand í þessum efnum, verja sitt gamla helmingaskiptakerfi í þessu og þeir vilji halda báðum bönkunum fyrir sig og sína og öllum bankastjórastólunum fyrir sig og sína og niðurstaðan sé sú að hér sé bara á ferðinni dulbúin framlenging á þessu kerfi.

Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur mótað þá stefnu og flutt um það þingmál að kanna beri mjög rækilega sameiningu ríkisviðskiptabankanna í einn öflugan þjóðbanka áður en ráðist er í aðrar breytingar á þessu kerfi. Ég vísa til þeirrar þáltill., herra forseti, um nánari rökstuðning fyrir okkar afstöðu.

Þá, herra forseti, kemur annar möguleikinn hvað varðar þessa hagræðingar- eða uppstokkunarmöguleika sem er rétt að fara aðeins yfir. Hann felur í sér að um einhvers konar uppstokkun með sameiningu viðskiptabanka og sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða yrði að ræða, þ.e. að valin yrði í grundvallaratriðum önnur leið en hæstv. ríkisstjórn hefur rambað á, sem sagt sú að í staðinn fyrir að stofna fimmta bankann eða fimmtu bankakeðjuna með fjárfestingarbankanum, þá yrði athugaður vandlega sá kostur að fjárfestingarlánasjóðirnir eða sú starfsemi rynni inn í viðskiptabankana með einum eða öðrum hætti, yrði hluti af starfsemi þeirra. Það er flestra manna mál að það væri mun meira í takt við þróun í fjármálaviðskiptum almennt að gera fjárfestingarlán og lengri lán af því tagi að eðlilegum hluta af umsvifum viðskiptabanka. Þessari starfsemi sinna viðskiptabankar yfirleitt í nálægum löndum. Þrátt fyrir mikla leit tókst ekki að finna nema ein tvö fordæmi í heiminum fyrir þessum fjárfestingarbanka. Það fannst eitt í Danmörku og annað í Hollandi og búið. Að öðru leyti standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd að alls staðar annars staðar eru það viðskiptabankar, stórir og öflugir bankar, sem sinna þessari starfsemi og ef um mjög stór og fjármagnsfrek verkefni er að ræða slá bankarnir sér saman í hópa og deila þannig með sér áhættunni af fjármögnun stærri verkefna. En það er í grunninn viðskiptabankar sem veita þessa þjónustu, nema hér. Hér á í raun og veru að framlengja gamalt vinnugreina aðgreint kerfi fjárfestingarlánasjóða.

Ríkisviðskiptabankarnir og sparisjóðirnir sendu ríkisstjórninni bréf á sl. vetri þar sem þeir buðust til að kaupa fjárfestingarlánasjóðina og efh.- og viðskn. hefur fengið afrit af því bréfi. Þá er jafnframt upplýst að Íslandsbanki hefði verið tilbúinn til að koma að því borði að skoða möguleikana á því að þessi uppstokkun gerðist með þeim hætti sem er ein möguleg leið að ríkisviðskiptabankarnir og/eða bankarnir og sparisjóðirnir með einhverju móti keyptu bankana. Ýmislegt bendir til að sú uppstokkun hefði getað orðið báðum aðilum hagstæð. Ríkið hefði getað selt þessa sjóði og dregið þó áður verulega út úr þeim eigið fé sökum þess að bankarnir hefðu væntanlega ekki haft áhuga á að kaupa allt það fé sem í sjóðunum liggur en hefðu hins vegar vegna þeirra hagræðingarmöguleika sem samruni þessarar starfsemi hefði boðið upp á eftir sem áður séð sér hagstætt að taka þessa starfsemi inn til sín. Ríkið á þessa sjóði, a.m.k. er það niðurstaða frv. sem hæstv. ríkisstjórn byggir á að þeir séu eign ríkisins þótt oft hafi verið um það deilt hvort atvinnugreinarnar eða ríkið ættu í raun og veru sjóðina. Það má kannski segja að það sé áfangi út af fyrir sig að kveða niður þann söng í ýmsum að þetta sé nú meira og minna eign þeirra aðila sem skipt hafa við sjóðina eða greitt hafa til þeirra gjöld eins og var á sínum tíma, t.d. til Fiskveiðasjóðs. En sé það niðurstaðan að ríkið eigi sjóðina, eins og Fiskveiðasjóð, þá getur ríkið líka gert það við þá sem það vill, og ríkið á Landsbankann. Það er dálítið merkileg niðurstaða þegar loksins kemur að einhverjum breytingum á þessu kerfi að engum skuli detta í hug að sameina Landsbankann og Fiskveiðasjóð. Af hverju er það nú býsna upplagt að ræða það? Jú, það er af því að þessir tveir aðilar eru yfirgnæfandi stærstir í viðskiptum við íslenskan sjávarútveg. Eru báðir með þorrann af íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum sem viðskiptavini, þ.e. Fiskveiðasjóður hefur lagt til fjárfestingarlán til kaupa á skipum og í fiskvinnslustöðum og Landsbankinn veitir fyrirtækjunum bankaþjónustu. Sér þá ekki hver heilvita maður í hendi sér að það hljóta að vera miklir hagræðingarmöguleikar í því að láta þessa starfsemi renna saman til einföldunar og hagræðis fyrir alla aðila, fyrir nú utan það að það kæmi sér af ýmsum ástæðum ákaflega vel, að minnsta kosti fyrir Landsbankann. Er það ekki þannig, herra forseti, þó að það megi kannski ekki nefna það að það hefur þurft að koma Landsbankanum til aðstoðar með fjárstuðningi á undanförnum árum vegna erfiðleika sem hann hefur átt í sem hafa auðvitað tengst undangengnum erfiðleikum í íslensku atvinnulífi sem Landsbankinn hefur verið langstærstur í að veita þjónustu og hefur orðið að taka á sig og deila með atvinnugreininni miklum áföllum í gegnum árin? Þó að ég dragi fram þessar staðreyndir þá er það ekki til þess að ráðast á Landsbankann. Hann hefur verið og er gífurlega mikilvæg stofnun og hefur auðvitað öllum öðrum stofnunum fremur borið hitann og þungann af því að veita íslensku atvinnulífi þjónustu og orðið að deila með því kjörum — þar á meðal hinum miklu áföllum í sjávarútveginum á níunda áratugnum þegar kolvitlaus fastgengisstefna var hér í þann veginn að leggja allt í rúst. En eftir stendur að Fiskveiðasjóður er sterkur sjóður með mikið eigið fé enda hefur hann haft bestu tryggingarnar fyrir útlánum sínum með lögbundnum fyrsta veðrétti og að hluta til ríkisábyrgð. Það væri þar af leiðandi að mörgu leyti mjög eðlilegt að menn byrjuðu á því að skoða þann kost að láta þessa starfsemi að einhverju leyti renna saman. Ýmsar aðferðir kæmu til greina og það yrði of langt mál að fara að telja það allt upp. Ein gæti verið sú að draga sundur viðskipti sjóðanna þannig að þau féllu eðlilega að bönkunum eftir umsvifum hvers og eins. Önnur gæti verið sú að láta sjóðina sameinast mismunandi bönkum og reyna að stuðla að því að þeir annaðhvort rynnu saman við þá, ríkið legði þá saman eða ríkið seldi þá. Ríkið gæti selt suma sjóðina en ekki aðra o.s.frv. Þarna hefði ýmislegt getað komið til greina sem allt hefði falið í sér miklu meiri möguleika til hagræðingar og til sterkari eininga sem meira væru í takt við nútímann og það sem fram undan er í þessum efnum.

Í þriðja lagi nefni ég að bein sala á fjárfestingarlánasjóðunum, hverjum í sínu lagi, hefði einnig komið vel til greina. Vel rökstutt álit kom fram á þeim nótum í efh.- og viðskn. um

að sjóðirnir væru verðmætari seldir hver í sínu lagi heldur en hlutabréf í þeim eftir að búið væri að slengja þeim öllum saman með þessum hætti. Það mætti út af fyrir sig fara yfir það mál.

Það er að sjálfsögðu þannig, herra forseti, að varðandi allar þessar breytingar er skylt og rétt að taka fram að að sjálfsögðu þarf að taka hér fyllsta tillit til aðstæðna og hagsmuna starfsfólks. Það er enginn að tala fyrir því og allra síst ræðumaður að það verði farið með einhverju offorsi að því. Ég held að það hefði verið fullur sómi að því að sætta sig við að slíkar breytingar, slík hagræðing, kæmi til sögunnar í áföngum á einhverjum árum, fyrst og fremst framkvæmd þannig að ekki yrði ráðið í lausar stöður og að menn gæfu sér tiltekinn tíma til að láta þessa hluti gerast í góðu samstarfi við starfsfólkið. Auðvitað er alveg ljóst að í hinu orðinu þegar verið er að ræða hér um hagræðingu, hvort sem heldur er af sameiningu ríkisbankanna eða samruna fjárfestingarlánasjóða banka, þá eru menn að tala um hagræðingu jafnframt í skilningnum einhver fækkun starfa. Það þýðir ekki að tala um það öðruvísi en það er, það á ekki að fara neitt í kringum það. En það er líka mikil hagræðing þarna í formi minni útlagðs rekstrarkostnaðar, minna húsnæðis, minni tækjabúnaðar og alls konar aðstöðu sem þarna er tvöföld, þreföld, fjórföld, fimmföld og sexföld og langtum meiri og dýrari heldur en nokkur ástæða er til í okkar litla landi.

Þá, herra forseti, í öðru lagi að fyrirkomulagi þessara breytinga. Það er hinn meginþáttur málsins sem óhjákvæmilegt er að minnast betur á. Ríkisstjórnin velur sem sagt þá aðferð að breyta bönkunum í hlutafélög í raun og veru að óbreyttu og ætlar síðan viðskrh. að fara einum með allt forræði og skipan stjórnar. Þessi aðferð orkar að mörgu leyti tvímælis svo ekki sé fastar að orði kveðið. Ljóst er að mikið vald þjappast saman með þessum aðferðum í viðskrn. og segja má að valdasamþjöppun og opinber miðstýring í fjármálageiranum aukist í staðinn fyrir að minnka eins og látið er í veðri vaka með því að standa svona að þessum breytingum. Og ljóst er til viðbótar, herra forseti, að vegna hlutafjárvæðingar og einkavinavæðingar fjölmargra fyrirtækja og stofnana að undanförnu og nú með þessum breytingum, þá er það að gerast að gífurlega mikið vald er að þjappast saman í viðskrn. Þannig er einn og sami maðurinn að fá til þess vald að skipa fríhendis, án tilnefningar og óbundið, stjórnir nokkurra mikilvægustu fyrirtækja og allra mikilvægustu fjármálastofnanna í landinu að undanskildum Seðlabanka. Hæstv. viðskrh. á að vísu að hafa eitthvert samráð við sjútvrh. um skipan stjórnar í Fjárfestingarbankanum hf. vegna arfleifðar frá þeirri tilhögun sem gilt hefur um Fiskveiðasjóð. En að öðru leyti er þetta svona. Það er dálítið sérkennilegt að samt sem áður er verið að reyna að selja mönnum þessar breytingar undir þeim formerkjum að hér sé einhver nútímavæðing á ferðinni og verið sé að hverfa frá einhverjum opinberum afskiptum og guð má vita hvað. Stjórnmálamenn eigi nú ekki að koma mikið nálægt svona hlutum o.s.frv. Þetta hljómar allt mjög fallega, er það ekki? En niðurstaðan er sú að það er verið að setja þetta allt í hendurnar á einum pólitíkus, þjappa öllu þessu valdi saman þar. Það er auðvitað ekkert annað en vaxandi miðstýring, aukið pólitískt forræði. Auðvitað er það þannig að einn maður hefur miklu sterkari stöðu til að gera þessa hluti ef hann þarf hvorki að spyrja kóng né prest heldur en þegar margir þurfa að koma sér saman, eða þegar þetta er að minnsta kosti kosið með lýðræðislegum hlutföllum eftir því hvernig fulltrúalýðræðinu er skipað. Þarna hefðu að sjálfsögðu komið margar aðrar gáfulegri leiðir til greina. Það hefði til að mynda verið mjög auðvelt að ákveða, og að mörgu leyti eðlilegasta framkvæmd þessara mála, að eftir sem áður yrðu stjórnir bankanna eða bankaráðin kosin á Alþingi eða að minnsta kosti á meðan bankarnir væru algjörlega eða að meiri hluta í eigu ríkisins. Það er dálítið athyglisvert að Framsfl., sem á síðasta kjörtímabili flutti einmitt tillögur um slíkt þegar verið var að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög, hefur nú gjörsamlega snúið við blaðinu. Það er ekki í einu heldur öllu sem þessi hamskipti verða á Framsókn við að komast aftur að kjötkötlunum. Það er nöturlegt að það var einmitt núv. formaður Framsfl., þáv. forustumaður flokksins í sjútvn., sem stóð að tillöguflutningi í þá átt á að meðan ríkið ætti meiri hluta t.d. í Síldarbræðslum ríkisins skyldi Alþingi kjósa stjórnina eða jafnmarga fulltrúa og ríkið ætti rétt á hverju sinni miðað við eignarhlutföll sín. Þetta liggur fyrir skjalfest. Ég sé að hæstv. viðskrh. er vantrúaður á svipinn en þetta er nú svona samt.

Annað fyrirkomulag, herra forseti, sem ég tel að hefði átt að skoða mjög vandlega í þessu sambandi var sú leið að stofna eignarhaldsfélag um eign ríkisins í bönkunum eða þessum fjármálastofnunum og kjósa því eignarhaldsfélagi stjórn eins og hverju öðru mjög mikilvægu ríkisfyrirtæki. Þá hefði eignarhaldsfélagið verið ríkisfyrirtæki og því hefði verið kosin stjórn á Alþingi. Hún hefði síðan farið með hlut ríkisins í þessum stofnunum og séð um þau mál. Að sjálfsögðu undir mjög ströngu eftirliti og aðhaldi bæði frá þinginu, Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum. Þetta hefði verið miklu geðþekkari aðferð heldur en sú að færa þetta allt undir einn og sama pólitíkusinn, einn og sama manninn, hæstv. viðskrh.

Það er skoðun 2. minni hluta að þessi valdasamþjöppun og miðstýring sé mjög óæskileg þróun og í raun og veru óeðlileg og mikil tímaskekkja. Það hefði verið strax til bóta þó ekki væri nema að menn hefðu að minnsta kosti látið tvo eða jafnvel fleiri ráðherra fara sameiginlega að einhverju leyti með þetta eignarhald. Ekkert af þessu tagi er í raun og veru gert, heldur er farin þessi hráa einkavinavæðingarleið sem komst á illu heilli á síðasta kjörtímabili. Hún var þá gagnrýnd af Framsfl. en nú gengur hann fram fyrir skjöldu í því að troða þessu öllu inn undir viðskrn.

Herra forseti. Það hefur auðvitað talsverð vinna farið í það af hálfu efh.- og viðskn. að skoða verðmæti þessara stofnana og hver væri eðlileg upphæð hlutafjár o.s.frv. Það er orðin niðurstaða stjórnarliða í efh.- og viðskn. að fella brott úr frv. það ákvæði eða leggja það til í brtt. að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagabankanum um sig skuli miðast við 75% af eigin fé bankanna eins og það er samkvæmt efnahagsreikningi. Það má út af fyrir sig segja að þessi viðmiðun sem slík hafi getað orkað tvímælis. En þá er það eins og annað, það er allt á sömu bókina lært, að í staðinn fyrir að taka eitthvað fram um þetta í frv. þá á að henda því út — og gera hvað? Láta auðvitað hæstv. viðskrh. ráða þessu eins og öðru. Þannig að hæstv. viðskrh. fær óbundnar hendur um það hvernig hann stillir þessum mikilvægu hlutum upp. Þá minnist ég þess að hæstv. núv. utanrrh. og þáv. hv. þm. og gott ef ekki formaður efh.- og viðskn., endurskoðandi að mennt, Halldór Ásgrímsson, lagði mikið upp úr því þegar einkavæðing tiltekinna ríkisfyrirtækja var til umræðu á síðasta kjörtímabili að menn þyrftu að vanda sig mjög við að setja upp efnahagsreikning fyrirtækjanna og hann þyrfti að

liggja fyrir fyrir fram til að allt væri nú á hreinu. Um þetta hélt þáv. hv. þm. mjög hjartnæmar og miklar ræður. En nú vefst þetta ekki mikið fyrir mönnum þótt ekki sé um minna að ræða en sjálfa ríkisbankana.

Þegar kemur, herra forseti, að spurningunni um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum þá er það skoðun þess sem hér mælir að rétt sé að fara mjög varlega í sakirnar verði af breytingu bankanna í hlutafélög á annað borð. Það er vissulega jákvætt að samkvæmt 6. gr. frv. yrði eingöngu heimilt að bjóða út nýtt hlutafé og samkvæmt því sem fram kemur í grg. er ekki ætlun hæstv. ríkisstjórnar að selja beint af eignarhlut ríkisins á næstu fjórum árum. Hitt er verra að það vantar öll ákvæði í frv. um það hvernig eigi að tryggja að um dreifða eignaraðild verði að ræða þegar eða ef boðið verður út nýtt hlutafé eða nýir meðeigendur teknir inn á móti ríkinu. Í orði kveðnu telja menn auðvitað mjög mikilvægt að tryggja dreifða eignaraðild, koma í veg fyrir að það verði slys, að eignarhaldið á bönkunum til viðbótar öllu öðru verði til þess að auka enn á samþjöppun fjármuna og valds hér í okkar litla viðskiptaheimi, en hins vegar neita menn að taka nokkur ákvæði inn í frv. að þessu leyti. Þó er alveg ljóst að sú hætta blasir við að einkavæðing ríkisbankanna verði enn einn atburðurinn sem ýtir undir samþjöppun af þessu tagi og er hún þó ærin fyrir. Þarna má hugsa sér að setja ýmis ákvæði sem mundu tryggja bæði hámarkseign einstakra aðila og sem mesta dreifingu nýs hlutafjár þegar það væri boðið út og þannig mætti bæði með framkvæmdinni sjálfri og með ákvæðum sem giltu til frambúðar stuðla að því að um mjög dreifða eignaraðild yrði að ræða.

Það er óhjákvæmilegt að gagnrýna það mjög harðlega að þetta skuli ekki gert og 2. minni hluti tekur undir brtt. 1. minni hluta sem mælt var fyrir áðan um að setja þessu einhverjar skorður þó að vissulega megi deila um hvort þar sé á ferðinni sú útfærsla sem endilega sé réttust eða árangursríkust.

Herra forseti. Ég hef ítrekað lagt það til í efh.- og viðskn. ásamt með öðrum fulltrúum minni hlutans að sett verði ákvæði um að þegar hinir nýju hlutafélagabankar taki til starfa skuli ráðinn að þeim einn bankastjóri eða einn aðalbankastjóri. Í þessu tilviki eins og mörgum fleirum stangast á orð og frómar yfirlýsingar stjórnarflokkanna annars vegar og gjörðir hins vegar. Það hefur hver hv. þm. úr stjórnarliðinu á fætur öðrum mært það hér og talið það sjálfsagt að auðvitað sé það tímaskekkja að vera að draslast með marga bankastjóra, það eigi ekki að vera margir skipstjórar á skipi o.s.frv. En þegar til stykkisins kemur og þeim er boðið upp á samstarf um að Alþingi reki þá af sér slyðruorðið og festi það niður í lögin að þannig a.m.k. leggi hinir nýju bankar af stað, hvað sem stjórnendur þeirra í framtíðinni kunni að kjósa, — nei, þá koðnar allt niður, þá lekur allt niður. Og þá má ekki undir neinum kringumstæðum taka neitt um þetta inn í frv. sjálft en það má nefna það í nál. svona til friðþægingar.

Ég verð að segja alveg eins og er að öllu snautlegri magalendingu hef ég nú ekki lengi séð. Menn tala sig alveg upp í hita yfir því hversu fáránlegt ástand þetta sé með alla bankastjórana og hversu nauðsynlegt sé nú að tryggja að í hinni nýju og rósum prýddu framtíð hlutafélagabankanna verði brotið í blað en svo þegar kemur að því að ganga frá því þannig að það þurfi ekkert um það að þvæla meir, þá koðnar allt niður. Menn fá að setja eina ræfilslega setningu inn í nál. og það er allt og sumt. Maður hlýtur auðvitað að spyrja sig hvers konar brandari þetta sé. Er það virkilega svo að þetta sé ávísun á það að stjórnarflokkarnir hafi nú þegar komið sér saman um einhver hrossakaup um það hvernig þessum stólum verði skipt? Er þetta pólitísk niðurstaða, eru þetta pólitísk hrossakaup? Og er þá ekki best fyrir flokkana að hleypa í herðarnar og viðurkenna það? Það verður þá aðeins í hálft ár sem menn geta falið sig á bak við þetta orðalag í nál. ef meiningin er svo að ráða einhverja gæðinga strax um áramótin eða fyrir áramótin til þess að taka við – tvo, þrjá skipstjóra á hverri skútu.

Ég segi alveg eins og er að verði það niðurstaðan, sem ég auðvitað vona að verði ekki, þá verður háðung stjórnarflokkanna enn meiri en ella að vera með þennan feluleik hér í gangi. Við skulum bíða og sjá til en ekki vona það versta, sem vissulega læðist að manni grunur um, heldur hið besta, að það sé þrátt fyrir allt einhver alvara á bak við. En óneitanlega er það ansi sérkennilegt að ekki skuli þá einu sinni tekið á þessu í frv.

Síðast en ekki síst, herra forseti, vil ég átelja það mjög harðlega að þó að þar kæmu fram fjölmargar óskir frá starfsfólki, frá Sambandi íslenskra bankamanna og frá starfsmannafélögum beggja ríkisviðskiptabankanna, þá varð niðurstaða stjórnameirihlutans í efh.- og viðskn. að taka ekki til greina einu einustu af þessum ábendingum, ekki eina einustu. Og voru þær þó margar hverjar afar hógværar og sjálfsagðar að ég tel. Þetta varðaði jafneinfalda og útlátalausa hluti eins og það að starfsmannafélög bankanna fengju að eiga aðild að undirbúningsnefndum um breytingu bankanna yfir í hlutafélög. Og hvað vakir fyrir mönnum að hafna slíku? Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Er hæstv. ríkisstjórn svo gjörsamlega frosin föst í þeirri hugmyndafræði að það skuli alveg endilega gera allar svonar breytingar í slag við starfsfólkið að hún komist ekki frá því? Og hver er hugmyndafræðingur að þessari línu ríkisstjórnarinnar sem gengið hefur eins og rauður þráður í gegnum allar meiri háttar breytingar hennar hér á löggjöf undanfarin ár? Það er ástæða til að fara aðeins yfir það, herra forseti, hvernig það hefur verið þegar ríkisstjórnin hefur verið að fara í einhverjar breytingar af þessu tagi. Hvernig hefur sambúðin verið við heilbrigðisstéttirnar? Við vitum það. Hvernig var þetta með breytingar á löggjöf um vinnumarkaðinn hér á sl. vori? Allt gert í grenjandi átökum við fólkið. Hvernig er þetta með starfsmannabandorminn sem nú er verið að afgreiða hér út? Svo til hver einasta umsögn frá aðildarfélögum starfsmanna ríkisins og sveitarfélaganna er neikvæð — hafnar þessum vinnubrögðum. Línan er hins vegar sú frá hæstv. ríkisstjórn, sennilega að einhverju leyti með sérstakri blessun hæstv. forsrh. sem ber ábyrgð á þessu öllu, hvar sem hann er nú, herra forseti, við vitum það ekki — að þetta skuli einmitt gera í andstöðu við fólkið, það sé einmitt leiðin. Og það er engin undantekning hér með bankana. Þegar starfsfólk bankanna kemur með mjög hógværar óskir um að fá að vera aðili að breytingunum, undirbúningi þeirra, þá er því öllu hafnað. En það geta ýmsir aðrir stílað bréf til efh.- og viðskn. og fengið sitt fram fyrir lítið eins og kunnugt er. Það er ekki sama hvort það er Jón eða séra Jón sem stílar bréfin þó að séra Jón láti stundum einhverja aðra skrifa undir þau fyrir sig af vissum ástæðum.

Þetta er mjög sérkennilegt, herra forseti, og í raun og veru ástæða til þess að draga það hér fram að þessi merkilega pólitík hæstv. ríkisstjórnar að standa að öllum svona breytingum með illsku og í andstöðu við þá sem við eiga að búa, hvort sem það er verkalýðshreyfingin í landinu, starfsfólk ríkisviðskiptabankanna eða aðrir, virðist ganga eins og rauð-

ur þráður í gegnum þetta allt eða blár þráður er nú sennilega betra að segja.

Herra forseti. Það er sem sagt niðurstaða 2. minni hluta að í þessum frv., breytingum á banka- og sjóðakerfinu, sé alls ekki að finna þá uppstokkun og hagræðingu í fjármálakerfinu sem ástæða væri til að ráðast í. Þessi mál séu auk þess að ýmsu leyti gölluð og það er ótímabært að standa að afgreiðslu þeirra með þeim hætti sem meiri hlutinn leggur nú til. Það væri miklu nær og í meira samræmi við eðli og aðstæður í málinu að ríkisstjórninni eftir atvikum eða Alþingi yrði falið að standa fyrir vinnu á komandi mánuðum þar sem farið væri mjög rækilega yfir þá kosti sem til greina koma varðandi breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins. Slíka úttekt þarf að gera. Hana vantar. Og hana þarf að gera með hliðsjón af því hvernig staða íslenskra fjármálastofnana verður sterkust með tilliti til erlendrar samkeppni, hvernig möguleikar íslenskra stofnana á þessu sviði til að veita fullnægjandi þjónustu með hliðsjón af ört vaxandi alþjóðavæðingu í íslensku atvinnulífi verði mestir, hvernig unnt sé að ná fram mestri hagræðingu og hvernig hægt sé að gera þessar breytingar í góðri sátt við starfsfólk bankanna og sjóðanna.

Með vísan til allra þessara raka og annars sem hér hefur komið fram í mínu máli þá leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Til vara flytur hins vegar 2. minni hluti brtt. sem varða nokkur helstu atriðin sem hér hefur verið gerð grein fyrir og mundu þrátt fyrir allt hafa í för með sér umtalsverðar lagfæringar á frv. Þessi málsmeðferð er að mínu mati, herra forseti, í hæsta máta eðlileg. Við teljum sem sagt að málið þurfi betri skoðunar við og því ætti að vísa með þessum rökstuðningi og í þessu skyni til hæstv. ríkisstjórnar en verði ekki fallist á það hér og sú tillaga felld þá munu brtt. koma til atkvæða sem við flytjum á þskj. 983.

Ég vil í lokin gera lítillega grein fyrir þessum brtt. Þær varða í fyrsta lagi breytingar á 2. gr. frv. sem lýtur að skipan undirbúningsnefnda, svohljóðandi: „Starfsmannafélög bankanna skulu eiga fulltrúa í hvorri nefnd.“ Þar með væri þeim tryggður aðgangur að þessu undirbúningsstarfi.

Í öðru lagi eru á ferðinni breytingar á 3. mgr. 3. gr., það er sú grein sem fjallar um hvern kjósa skuli til stjórna hinna nýju hlutafélagabanka. En frv. gerir ráð fyrir því að kjósa skuli bankaráð hvors hlutafélagabanka á stofnfundum sem haldnir skulu fyrir yfirtöku hlutfélagabankanna á ríkisviðskiptabönkunum og síðan eftir það samkvæmt hlutafélagalögum á aðalfundi bankanna. Þetta þýðir á mannamáli að hæstv. viðskrh. tilnefni einn öll bankaráðin. Og eins og ég fór rækilega yfir hér áðan þá teljum við það í hæsta máta óeðlilega skipan. Við leggjum því til að þetta verði með eftirfarandi hætti:

3. mgr. 3. gr. orðist svo:

„Kjósa skal fimm manns í bankaráð hvors hlutafélagsbanka um sig hlutbundinni kosningu á Alþingi til eins eins árs við stofnun hinna nýju hlutafélagsbanka. Árlega skal Alþingi síðan kjósa þann fjölda bankaráðsmanna sem ríkið á rétt á miðað við eignarhlut sinn í bönkunum, svo lengi sem meiri hluti atkvæðaréttar í félaginu er í höndum ríkisins. Eftir það skal bankaráð kjörið af hluthöfum á aðalfundi. Starfsmannafélög bankanna skulu eiga áheyrnarfulltrúa á fundum bankaráðanna.“

Þar með væri jafnframt lögfest margra ára baráttumál starfsmannafélaga bankanna að þau geti átt áheyrnaraðild að stjórnum þessara stofnana eins og er alsiða og flokkast undir sjálfsögð nútímaviðhorf um lýðræði á vinnustað. Einnig að þessu leyti daufheyrðist meiri hlutinn algjörlega við óskum starfsmanna og það segir meira en mörg orð, herra forseti, um þá forneskju sem ríkir hjá hæstv. ríkisstjórn þegar kemur að öllu sem lýtur að eðlilegu samráði við starfsfólk, öllu sem flokka mætti undir lýðræði á vinnustað, starfsmannalýðræði og öðru því um líku.

Í þriðja lagi, herra forseti, leggjum við svo til að við 9. gr. bætist nýr málsliður. Þar er verið að fjalla um bankastjórana og það sem að þeim lýtur og það mundi þá orðast þannig:

„Þrátt fyrir ákvæði 29. gr. laga nr. 113/1996 skal aðeins ráða einn bankastjóra að hvorum hinna nýju hlutafélagabanka.“

Þetta þýddi þá að í upphafinu yrði aðeins ráðinn einn bankastjóri að hvorum banka og allri óvissu um það mál eytt. Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það verður auðvitað athyglisvert, ég segi nú ekki gaman en alla vega athyglisvert þegar þessi tillaga kemur til atkvæða, hvernig þeir menn sem eru flæktir í eigin yfirlýsingum og hástemmdum fjálglegum lýsingum á því hversu sjálfsagt það sé að þarna eigi að vera einn skipstjóri á skútunni munu nú greiða atkvæði. Verður það í samræmi við þá sannfæringu sem þeir hafa væntanlega verið að lýsa, þessir hv. þingmenn, eða verða það hlekkir handjárnanna sem ráða?

Loks, herra forseti, legg ég til í brtt. á þskj. 983, í fjórða lagi, að gerð verði lítils háttar breyting á 11. gr. Hún lýtur að þeim skuldbindingum sem ríkissjóður ber gagnvart Landsbanka Íslands, þ.e. eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans og svo skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands gagnvart eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbankans. Sama gildir í raun um lífeyrisskuldbindingar ríkisviðskiptabankanna.

Sú hugmynd kom fram í hv. efh.- og viðskn., er færð þangað inn bæði af talsmönnum Búnaðarbankans hygg ég og eins tekið undir hana af starfsfólki, að það kynni að vera ástæða til að heimildargrein kæmi inn í frv. eða inn í lögin sem opnaði fyrir þann möguleika að ríkissjóður gæti gert upp þessa ábyrgð eða skuldbindingu sína með hlutafé í hinum nýju bönkum, þ.e. að eftirlaunasjóðnum yrði afhent til eignar hlutabréf í viðkomandi hlutafélagabanka á grundvelli samkomulags sem gert yrði um það að með því væri ríkissjóður leystur undan ábyrgðinni. Þetta hefði þann kost í för með sér m.a. að þá gerðust þessir aðilar, starfsmennirnir ef svo má að orði komast, eigendur að viðkomandi bönkum í gegnum eftirlaunasjóð sinn. Þetta gæti verið upphafið að því sem má telja eðlilegt að fyrstu meðeigendur ríkisins að þessum stofnunum, ef einhverjir verða, verði starfsmenn, lífeyrissjóðir þeirra eða eftirlaunasjóðir þeirra. Hér yrði að sjálfsögðu eingöngu um heimildarákvæði að ræða og það yrði að ráðast af því hvort viðunandi samkomulag tækist hvort þessi heimild yrði nýtt eða ekki. Ég sé í fljótu bragði ekkert því til fyrirstöðu að hún sé þarna fyrir hendi og þar af leiðandi legg ég til að það verði gert með viðbótarmálsgrein í 11. gr. frv.

Herra forseti. Að lokum þetta. 2. minni hluti leggst í sjálfu sér ekki gegn breytingu þessara stofnana í hlutafélög ef þannig væri að því staðið að önnur markmið sem við teljum að þurfi að tengjast málinu væru uppfyllt.

Hins vegar þurfa öll þessi mál miklu betri skoðun og sú aðferð sem hér er á borðinu orkar að mörgu leyti tvímælis. Hér er því miður ekki á ferðinni sú uppstokkun og sú hagræðing sem mikið hefur verið talað fyrir og marga

hefur dreymt um og mikil þröf er á samanber alla mælivísa í samanburði á þessu sviði. Hér er ekki á ferðinni mjög fagleg nálgun ef litið er til þess sem er að gerast í þróun þessara mála. Hér virðast því miður vera á ferðinni að einhverju leyti hrossakaup stjórnarflokkanna, helmingaskiptaflokkanna, og að verulegu leyti er fólgin tímaskekkja í þessum breytingum til að mynda hvað varðar stofnun Fjárfestingarbankans hf., forneskja af ýmsu tagi sem hlýtur að valda miklum vonbrigðum að hæstv. ríkisstjórn skuli vera að reyna að olnboga hér í gegnum Alþingi á þessum vordögum 1997.

Fleira held ég, herra forseti, að ég hafi þá ekki að segja um þetta mál að svo stöddu, en það verður býsna fróðlegt að sjá hvaða hugur fylgir máli hvað varðar afgreiðslu á þessu frv. því að ekki hefur verið svo lítið talað af hálfu ýmissa í þjóðfélaginu undanfarin ár um nauðsyn breytinga á þessu sviði. En það má með sanni segja eins og áður mun hafa verið sagt í umræðum um þessi mál að í raun og veru þegar fjallið loksins tók jóðsóttina, þá hafi fæðst lítil mús.

[Fundarhlé. — 19:06]

[20:30]

Útbýting þingskjala:

Gjaldþrotakröfur, 418. mál, svar viðskrh., þskj. 996.

Hækkun á skuldum heimilanna, 570. mál, svar viðskrh., þskj. 997.

Iðnaðarlög, 76. mál, nál. iðnn., þskj. 1002.

[20:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú þegar eftir lifa um það bil þrjár vikur þings, hugsanlega fjórar, er ljóst að allstór og mikil verkefni eru fram undan hér á hinu háa Alþingi. Mörg stór mál eru til vinnslu í nefndum og reyndar allnokkur mál sem liggja hér fyrir og ekki hefur verið mælt fyrir enn.

Þau mál sem eru á dagskrá fundar í dag eru býsna stór, þ.e. frv. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frv. um Fjárfestingarbankann og Nýsköpunarsjóð. Þetta eru allt saman býsna stór mál sem snerta skipulag fjármagnsmarkaðarins hér á landi, hvernig því skuli háttað og ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera þar á ákveðnar breytingar sem við sem tilheyrum núverandi stjórnarandstöðu erum ekki alls kostar ánægð með. Ég vil taka það fram strax í upphafi míns máls að ég get tekið undir mest af þeirri gagnrýni sem fram kemur í nefndarálitum fulltrúa jafnaðarmanna annars vegar og Alþb. hins vegar. Ég er áheyrnarfulltrúi í hv. efh.- og viðskn. og skila þar af leiðandi ekki nefndaráliti. En það er ansi margt sem vert er að huga að í þessu samhengi og því hvað verið er að gera með þessum breytingum. Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að það er ekki allt of auðvelt að átta sig á því hvaða afleiðingar þessar breytingar muni hafa á fjármagnsmarkaðinn. Það fer mjög mikið eftir því hvernig á spilunum verður haldið.

Þegar ég var að undirbúa mig undir þessa ræðu fór ég að hugleiða þau einkavæðingarmál sem hafa verið mjög á dagskrá allt frá því að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. tók við völdum vorið 1991, en þá má segja að hafist hafi algjörlega nýtt tímabil varðandi slík mál hér á landi þó að aðeins hafi örlað á því fyrir þann tíma að ríkisvaldið og reyndar kannski sveitarfélögin ekki síður hafi farið að losa sig út úr ýmiss konar rekstri sem fyrst og fremst átti sér sögulegar forsendur allt aftur til kreppuáranna eða jafnvel til heimsstyrjaldarinnar fyrri þegar mönnum fannst nauðsynlegt að ríkisvaldið hefði frumkvæði að ýmiss konar rekstri, innflutningi og stjórn á atvinnulífinu.

Síðan gekk kreppan í garð sem kallaði á afskipti ríkisins til þess sérstaklega að reyna að koma í veg fyrir að fyrirtæki yrðu gjaldþrota og einnig til þess að halda uppi atvinnu í landinu eftir því sem mögulegt var. Frá þeim tíma hafa ríkisafskipti og eign ríkisins í fyrirtækjum verið býsna algeng og mikið um hana, en það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem menn hafa farið að setja verulegt spurningarmerki við þann rekstur.

Það sem hefur mjög skort á að mínum dómi er að menn hafi sest niður og skilgreint hvert hlutverk ríkisvaldsins sé. Hvar á ríkisvaldið að koma að? Hvert er hlutverk þess í þágu almannahags? Hvar á að draga línuna? Kannski má segja að á undanförnum árum hafi ekki verið deilt um það hvar ríkið ætti að koma að málum, heldur fyrst og fremst hvernig staðið hefur verið að því að breyta fyrirtækjum ríkisins í hlutafélög. Hvernig hefur verið staðið að því að selja hlut ríkisins í þessum sömu félögum? Þarf ég ekki annað en vísa til þeirra miklu deilna sem áttu sér stað á sínum tíma um Síldarverksmiðjur ríkisins.

Það er svolítið merkilegt að velta því fyrir sér eða draga það inn í umræðuna að á síðasta kjörtímabili gerðu þáv. og núv. hæstv. fjmrh. mikið af því að hrósa einkavæðingu ríkisins og batt við hana miklar vonir og hún átti að skapa miklar tekjur. En það gerðist ár eftir ár að þær tekjuvonir brugðust. Nú bregður hins vegar svo við á þessu kjörtímabili að ekki er orð að finna um tekjur af einkavæðingu í frumvörpum ríkisstjórnarinnar til fjárlaga. Ég fletti því upp áðan, þ.e. í frv. fyrir árið í ár og ég fann ekki orð þar um það fé sem átti að skila sér í ríkissjóð þannig að þó að einkavæðingin haldi áfram, eru menn greinilega hættir að gera sér vonir um að hún skili einhverjum ósköpum í ríkissjóð.

Sú umræða sem hér á sér stað fjallar um mjög öflugar og reyndar gamlar stofnanir í okkar samfélagi sem eru ríkisbankarnir. Þegar litið er til þess hvort rétt sé að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög, þá verður maður að spyrja sig, hverjar forsendurnar séu. Hverjar eru forsendurnar fyrir einkavæðingu, fyrir því að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög? Það er annars vegar það atriði sem ég nefndi áðan, að menn hafa verið að reyna að átta sig á því hvar ríkið eigi að vera, í hvaða og hvers konar rekstri og þjónustu ríkið eigi að vera. Hvenær er ríkið í beinni samkeppni við aðila á almennum markaði? Hvar á að draga þær línur? Þegar ég skoða þessi mál, þá finnst mér tvennt fyrst og fremst skipta þar meginmáli: Í fyrsta lagi að ekki sé verið að afhenda eigur almennings á óeðlilega lágu verði og að eignaraðildin sé dreifð, að þegar verið er að breyta stórum og öflugum stofnunum, þá sé hugsað til þess og séð til þess í lögum að eignaraðildin sé dreifð þannig að ekki sé verið að þjappa valdi og fjármagni á óeðlilega fáar hendur.

Tilgangurinn er sá að jafna samkeppnisstöðu og helst að auka eða tryggja samkeppni en ekki sá sem ég nefndi hér áðan, að þjappa saman valdi og auði. Þá hljótum við auðvitað að spyrja okkur: Nást þessi markmið þegar ríkisbankarnir eiga í hlut? Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að ríkisbankar hljóta í flestum tilvikum að hafa ákveðna sérstöðu og ákveðinn forgang umfram aðra banka. Þeirra staða hlýtur óhjákvæmilega að vera nokkuð sterkari í samkeppninni, ekki síst vegna þess að þeir hafa ríkisábyrgð að baki. En þar á móti kemur spurningin hvort hagkerfi og ekki síst

lítil hagkerfi eins og okkar, komast af án þess að hafa slíka banka, komast af án þess að hafa ríkið að baki sér. Þeirrar meginspurningar spurði ég við 1. umr. þessa máls og hef nú hugsað þetta málefni allt saman út frá þeirri spurningu hvort íslenskt efnahagslíf og íslenskur lánamarkaður geti komist af án ríkisbanka. Allar þær upplýsingar sem hafa verið bornar á borð í efh.- og viðskn. bera með sér að menn telja að ekki sé þörf á ríkisbanka, að það sé það mikið framboð á lánsfjármagni að ekki þurfi að óttast að kjör Íslendinga á t.d. erlendum lánamörkuðum versni á þann veg að okkur bjóðist ekki lán til jafnlangs tíma eða vextir hækki, það sé einfaldlega það mikið framboð á lánum. En spurningin er auðvitað: Hversu lengi stendur það? Er það varanlegt ástand? Þeirri spurningu getur enginn svarað.

Þá má spyrja sig: Er hægt að hverfa til baka ef samdráttarskeið hæfist, er þá hægt að hverfa til baka? Við höfum séð það á Norðurlöndunum að þar hefur ríkisvaldið gripið inn í fyrst og fremst til að bjarga einkabönkunum. Þegar þar þrengdi mjög að af ýmsum orsökum, þá greip ríkisvaldið þar inn í og bjargaði bönkunum frá hruni. En það hlýtur öllum að vera ljóst að hrun í bankakerfinu eins og menn upplifðu t.d. á kreppuárunum er afar alvarlegt mál.

Niðurstaða mín er sú að ekki sé allur skaði skeður þó að þessi breyting verði gerð á bönkunum, þ.e. á Landsbankanum og Búnaðarbankanum. Hins vegar er spurningin sú hvernig það verður gert og hvað felst í þeim breytingum sem hér er verið að boða. Þar get ég tekið undir með þeim stjórnarandstæðingum sem talað hafa á undan mér að margt er að athuga við þá leið sem hér er verið að fara.

Ég vil fyrst nefna að auðvitað kemur afar spánskt fyrir sjónir að horfa upp á það að menn breyta þessum tveimur bönkum í hlutafélagabanka en stofna nýjan ríkisbanka í leiðinni. Þetta finnst mér koma mjög spánskt fyrir sjónir. Ég hefði talið að miklu nær væri að fara þá leið að koma sjóðunum, sem verða hér síðar á dagskrá, inn í banakerfið almennt. Mér finnst við í raun og veru alls ekki hafa fengið nægilega skýringu á því hvers vegna ríkisstjórnin kaus að fara þá leið sem farin er, en ég kýs að setja það í samhengi við valdakerfið í landinu og það að menn séu ekki tilbúnir að sleppa hendinni af þessum sjóðum og ráðstöfun þess fjár sem þar fer í gegn. Ég tek undir þau sjónarmið að mér finnst þetta vera gamaldags. Mér finnst að menn hefði átt að stíga skrefið til fulls og koma þessari lánastarfsemi fyrir í bönkunum almennt en ekki vera að stofna hér nýjan ríkisbanka. Ég minni á það sem fram hefur komið fyrr í dag að þeir sem ræddu um þann banka spáðu því að hann mundi fara út í venjulega lánastarfsemi og verða í samkeppni við hina bankana. Ég veit svo sem ekki hvernig menn ætla að koma í veg fyrir það.

Varðandi sjálfa breytinguna á bönkunum vil ég nefna nokkur atriði sem mér finnst vera athugunarverð. Það er þá fyrst að ekkert í þessu lagafrv. tryggir að eignaraðild, eftir að ríkið hefur aukið hlutafé sem það væntanlega byrjar á, verði dreifð. Þó það komi fram í greinargerð með frv. að stefnt sé að slíku þá er ekkert sem tryggir það. Mér finnst vera lykilatriði í þessu máli að þeir sem hafa verið að sanka að sér auði og völdum og sú mikla blokkamyndun sem á sér stað núna í íslensku atvinnulífi teygi sig ekki inn í bankakerfið í ríkari mæli en hún gerir nú þegar.

Þá vil ég nefna það sem snýr að valdi ráðherra. Það má segja að hér sé um einræðisstjórn á bankanum að ræða í stað þess að auðvitað hefði verið hægt og það ætti að fara þá leið að gera bankana að almenningshlutafélögum, dreifa eignunum út til þess fólks sem í rauninni á þá. En hér er farin sama leiðin og farin hefur verið í fyrri einkavæðingarfrv., t.d. eins og í frv. um Póst og síma, að valdið er allt ráðherrans. Hann skipar bankaráð. Hann geymir hlutabréfið og hans vald er margfalt.

Það hefur verið komið að því hér í umræðunni og það liggja fyrir brtt. varðandi stjórn bankans. Ég tek undir það að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að starfsmenn fái í það minnsta áheyrnaraðild að bankaráðinu og aðild að nefndinni sem á að undirbúa þessa breytingu. Ég held að það yrði bönkunum einungis til góðs að starfsfólk komi þar að. Það kemur í veg fyrir óánægju og tortryggni og er svo sjálfsagt mál að það er alveg óskiljanlegt að menn skuli ekki hafa samþykkt þá breytingu. Hins vegar hef ég meiri efasemdir um þá brtt. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur lagt fram um að stjórn bankans verði kjörin af Alþingi. Ég átta mig ekki alveg á því út frá stjórnskipaninni og stjórnkerfinu hvort það teldist eðlilegt að Alþingi færi að kjósa stjórn hlutafélags í eigu ríkisins. Ég átta mig bara ekki alveg á því og þarf að skoða það aðeins betur. Mér finnst það nokkuð sérkennilegt. En þingmaðurinn er ekki hér og hann kom ekki inn á það í sinni ræðu hvernig þetta kæmi heim og saman. Mér finnst þetta a.m.k. vera atriði sem þyrfti að skoða betur.

Þá er það þetta með fjölda bankastjóra og væri fróðlegt að fá upplýst hvað hæstv. ráðherra sér fyrir sér í þeim efnum. Ég tek undir þau sjónarmið að ég tel eðlilegt að þessum fyrirtækjum sé stjórnað eins og öðrum fyrirtækjum á markaðnum og þar sé einn framkvæmdastjóri. En það kann að vera að í þeirri umræðu og þeim samningum sem liggja að baki þessum frv. hafi menn ákveðið eitthvað annað. En það hlýtur að vera eðlilegt að það sé einn bankastjóri í hvorum banka um sig.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, vil ég ítreka að mér finnst erfitt að átta sig á því hver áhrifin verða af þessari breytingu. Hugsanlega verða þau sáralítil. Hugsanlega tekur það einhvern tíma fyrir bankana að fóta sig á þessum markaði. Það er gert ráð fyrir að þeir fái fjögurra ára aðlögunartíma þó að það kunni að gerast að hæstv. ráðherra ákveði að fara út í aukningu hlutafjár. En hvort þessi breyting hefur einhver áhrif á lánshæfi, á vexti eða annað, er mjög erfitt að átta sig á. Hins vegar hlýtur að gefa auga leið að bankarnir munu reyna að hagræða í sínum ranni og það munu þeir eflaust gera með því að fækka útibúum og þá ekki síst úti á landi og væntanlega feta þeir þar í fótspor banka erlendis sem hafa lokað útibúum í stórum stíl og komið upp hraðbönkum. Auðvitað er tæknin að breyta allri þessari starfsemi og gerir fólki kleift að láta bankana sjá um ýmis mál fyrir sig og vera bara í tölvusambandi. Sú þróun er reyndar óhjákvæmileg að það verða miklar breytingar á bönkunum. Á undanförnum árum hefur starfsmönnum bankanna hér á landi fækkað um mörg hundruð og það er alveg ljóst að sú þróun mun halda áfram enda eru bankamenn þegar farnir, eða hafa verið, að mæta þeirri breytingu, m.a. með endurmenntun og símenntun bankamanna. Ýmsar breytingar munu óhjákvæmilega eiga sér stað en hvaða afleiðingar akkúrat þessi breyting muni hafa, þori ég ekki að spá neinu um. Það er a.m.k. ljóst að þeir sem hafa komið á fund efh.- og viðskn. og tilheyra viðskiptalífinu, hafa ekki miklar áhyggjur af því. Þeir telja þessa breytingu eðlilega. Það eru miklu frekar starfsmennirnir sem eru kvíðnir vegna þessar breytinga og finnst slæmt að fá ekki að koma eðlilega að þessum málum. Ég vil beina því

til hæstv. viðskrh. að hann hlusti á raddir þeirra og að meiri hlutinn á Alþingi fallist á þá brtt. að starfsmönnum verði hleypt að málinu.

Ég get tekið undir flestar þær brtt. sem hafa verið lagðar fram af hálfu minni hlutans og lýsi stuðningi mínum við þær að undantekinni þeirri tillögu sem ég nefndi áðan um að Alþingi kjósi í bankaráð hvors hlutafélagsbankans. Ég vil fá að athuga þá tillögu örlítið betur. Ég tel að þær brtt. sem meiri hlutinn hefur lagt til feli ekki í sér neinar umtalsverðar breytingar sem hafi í för með sér breytingar á inntaki málsins.

Niðurstaða mín er því sú, hæstv. forseti, að eins og málið liggur nú fyrir séu á því verulegir gallar, ekki síst í ljósi þess sjónarmiðs að hér er um eignir almennings að ræða. Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á íslenskum fjármagnsmarkaði á undanförnum árum og þar af leiðandi skiptir mjög miklu máli hvernig staðið verður að þessum breytingum, hvernig staðið verður bæði að aukningunni á hlutafé, ef til hennar verður gripið, og sölu á hlutabréfum í þessum tveimur bönkum eftir fjögur ár. En við sjáum hvað setur. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu eftir að hafa skoðað þetta mál vandlega að ég hygg að ekki verði um neina byltingu að ræða í bankakerfinu. En ég get tekið undir þau sjónarmið að ég held að það hefði verið ástæða til að skoða aðrar leiðir, að skoða rækilega hvort aðrar leiðir hefðu skilað meiri árangri í hagræðingu og í bættri þjónustu, svo sem þá leið að byrja á því að sameina bankana, Landsbankann og Búnaðarbankann eða hvort menn hefðu átt að fara í að selja fyrst annan bankann og skoða hver viðbrögðin yrðu. En hér hefur orðið sú niðurstaða að breyta tveimur ríkisbönkum í hlutafélög en stofna nýjan banka í staðinn sem reyndar er ætlað annað hlutverk, en það má búast við að hann þróist yfir í venjulegan viðskiptabanka nema menn grípi til þess síðar meir að breyta honum líka.

Hæstv. forseti. Málið stendur þannig að á þessu verður ríkisstjórnin að bera ábyrgð.

[20:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Undanfarin ár hafa verulegar breytingar átt sér stað í viðskiptabankaumhverfi í nágrannalöndum okkar. Ýmis þeirra hafa gengið í gegnum bankakreppu. Við þekkjum það vel af fréttum frá Norðurlöndunum og enn skýrari voru fregnir og þeir atburðir sem gerðust í Bandaríkjunum fyrir nokkru síðan þannig að víðskiptabanka- og fjármálaumhverfi er í mikilli uppstokkun. Nú er það svo að þessi þróun hefur farið fram hjá okkur Íslendingum að verulegu leyti. Við búum við bankakerfi sem hefur lítið breyst um margra áratuga skeið. Það má segja að síðasta stóra breytingin í okkar bankaumhverfi hafi verið, ja, ætli það sé ekki að verða fyrir tíu árum, þegar fjórir litlir bankar sameinuðust, þ.e. Verslunarbanki, Iðnaðarbanki, Alþýðubanki og Útvegsbanki sameinuðust í Íslandsbanka sem varð þá fyrsti hlutafélagsbankinn. Þetta voru litlir bankar og þótt Íslandsbanki hafi vaxið nokkuð síðan, hefur bankakerfið hér samt sem áður fyrst og fremst mótast af tveimur atvinnuvegabönkum, þ.e. Landsbanka og Búnaðarbanka. Þó má segja að þriðji atvinnuvegabankinn sem var og hét hafi verið Útvegsbankinn þegar hann starfaði sem ríkisbanki. Þessari uppstokkun sem varð fyrir nokkuð mörgum árum hefur í sjálfu sér ekki fylgt nein breyting í viðskiptabankaumhverfinu fyrr en fyrst núna. Hins vegar hefur ýmislegt annað gerst í fjármálaheiminum hér á landi sem tekur mið af því sem gerist erlendis. Við höfum séð fjölmörg ný fjármálafyrirtæki taka til starfa. Við höfum séð verðbréfasjóði taka til starfa. Við höfum séð hlutabréfamarkað komast á laggirnar og við höfum á margan hátt lagað löggjöf okkar í viðskiptaumhverfinu að því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Þetta er ekki hvað síst vegna EES-samningsins sem við gerðumst aðilar að. Nú er hins vegar komið að bönkunum. Með þessu frv. er verið að reyna að freista þess að stokka upp íslenska ríkisviðskiptabankakerfið.

Vert er að hafa í huga að eitt aðaleinkenni íslensks efnahagslífs hefur verið að viðskiptabankaumhverfið hefur til skamms tíma nær allt verið í eigu ríkisins. Það var ekki fyrr en Íslandsbanki var stofnaður að nokkur hluti þess hvarf úr opinberri umsýslu. Samt sem áður hefur Landsbanki Íslands verið langstærstur íslenskra banka og verið í ríkiseigu alveg frá stofnun og sama á við Búnaðarbankann. Í nágrannalöndunum hefur þróunin fyrst og fremst orðið sú að ríkið hefur verið að draga sig út úr viðskiptabankaumhverfi. Það er hefð fyrir því í nokkrum löndum að ríkið er stór þátttakandi á fjármálamarkaðnum. Við þekktum þetta á Norðurlöndunum að nokkru leyti. Af öðrum löndum í Evrópu þar sem þetta var áberandi, er Frakkland hvað þekktast. Í öðrum löndum mynduðust sterkar fjármálastofnanir, sterkir bankar í einkaeigu, þ.e. sem hlutafélög með dreifða eignaraðild. Sú þróun hefur ekki hvað síst verið nú síðari ár.

Í frv. sem ríkisstjórnin leggur fram er ein kerfisbreyting. En hún er nokkuð mikilvæg og hún er sú að bönkunum er breytt í hlutafélög. Breytt er um rekstrarform á bönkunum. Við í þingflokki jafnaðarmanna sem stöndum að 1. minnihlutaáliti efh.- og viðskn., en hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði ágætlega grein fyrir því áliti áðan, styðjum þá formbreytingu að breyta bönkunum í hlutafélög. Við teljum það að mörgu leyti vera eðlilegt vegna þess að hlutafélagsformið er hið almenna rekstrarform í atvinnulífinu og skiptir engu hvort ríkissjóður á 100% í því hlutafélagi eða einhver önnur eignaraðild er. Þetta er sú umgjörð sem almennar reglur gilda um í atvinnulífinu og markast af hlutafjárlöggjöf, skattalöggjöf og samkeppnislöggjöf. Nær öll löggjöf í viðskiptaumhverfi okkar mótast fyrst og fremst af hlutafélagsforminu.

Við þekkjum vitaskuld önnur rekstrarform og höfum lagað þau að hlutafélagsforminu að nokkru leyti. Samvinnuformið er hvað þekktast af því, en eins og þingmenn einnig þekkja til, þá hafa menn að nokkru leyti þróað nýtt form í samvinnufélögum sem tekur mið af hlutafélagsforminu m.a. til að nýta þá kosti hlutafélagsformsins til að ná sér í nýtt hlutafé. Þannig að þessi umgjörð, þ.e. hlutafélagsumgjörðin er mjög eðlileg rekstrarumgjörð. Það breytir því ekki að þegar skoðuð er löngu tímabær uppstokkun á mjög svo stöðnuðu ríkisviðskiptabankakerfi þá er ekki nóg að breyta bara forminu, það þarf að gera meira. Þótt svo skrefið með formbreytingunni í hlutafjárvæðingunni sé gott út af fyrir sig þá þarf meira til vegna þess að formið getur aldrei verið markmið breytinga. Það hlýtur, herra forseti, að vera innihaldið sem skiptir máli.

Þegar kemur að innihaldinu er vert að hugsa um hvort tímabært sé að stokka upp ríkisviðskiptabankakerfið eða viðskiptabankakerfið hérlendis vegna stöðu þess samanborið við erlendar bankastofnanir. Og það er svo. Kannanir hafa sýnt að bankakerfið okkar er dýrara og óhagkvæmara en bankakerfið er í nágrannalöndunum. Það skýrir sig að hluta til af því að hér er lítill markaður. Hér er stórt land og dreifð byggð. Vitaskuld kostar það sitt, og það þekkjum

við Íslendingar ágætlega, að reyna að halda uppi þjónustu í hinum dreifðu byggðum og teygja útibúanet eða annars konar net, hvort sem um er að ræða samgöngur eða annað. Við vitum að það kostar sitt. Samt sem áður, ef við berum saman rekstur íslenskra bankastofnana við rekstur bankastofnana erlendis erum við undir á öllum sviðum. Við erum með hærri rekstrarkostnað, við erum með meiri vaxtamun, við erum með óhagkvæmt bankakerfi. Það er satt best að segja, herra forseti, mjög til umhugsunar þegar það kostar jafnmikið að reka íslenska bankakerfið og allt íslenska skólakerfið, að frátöldum grunnskólunum. Allt íslenska skólakerfið — alla framhaldsskólana, alla sérskólana, alla háskólana. Þegar maður leggur rekstrarkostnað alls skólakerfisins saman, og tekur frá þessa rúma 6 milljarða sem kostar að reka grunnskólana, þá er það jafnmikið og kostar að reka allt bankakerfið. Þetta er til umhugsunar. Og þetta er bara bankakerfið, þetta er ekki fjármálakerfið. Inni í þessari tölu eru einungis bankarnir — ríkisviðskiptabankarnir, sparisjóðirnir og hlutafélagabankinn Íslandsbanki og Seðlabankinn reyndar líka.

Við sjáum líka ef við tökum annan samanburð að það kostar jafnmikið að reka bankakerfið og Sjúkrahús Reykjavíkur og Ríkisspítalana samanlagt. Þá eiga menn vitaskuld að staldra við og spyrja: Er eitthvað hér sem við getum endurbætt? Nú gengur þetta frv. í sjálfu sér ekki út á það, því miður, að stokka íslenska bankakerfið upp á róttækan hátt. Einungis er gerð formbreyting á bönkunum og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. eru efnisrýrar. Þær breyta í sjálfu sér engu um meginatriði þessa frv.

Við erum að berjast við fákeppni í bankakerfinu hér á landi, eins og á mörgum öðrum sviðum í okkar þjóðlífi. Við höfum ekki nema fjórar bankastofnanir, þ.e. Landsbanka, Búnaðarbanka, Íslandsbanka og sparisjóðina. Það er ekki mikil samkeppni, en nokkur samkeppni á milli þeirra. Við erum með nokkuð margar fjármálastofnanir. Það er nokkur samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði en hún er ekkert sérstaklega skörp eða mikil. Þó er hún mun meiri en hún var fyrir fimm eða tíu árum, fyrst og fremst vegna nýrra fjármálastofnana. Við erum með fleiri atvinnugreinar hér á landi þar sem ekki er mikil samkeppni. Við getum nefnt olíufélög sem dæmi. Við getum nefnt tryggingafélög. Við getum nefnt flutningafyrirtæki. Við getum nefnt fjölmiðla. Einkenni á öllum þessum atvinnugreinum er að það eru fá ráðandi fyrirtæki á markaðnum. Einungis eitt getur komið að gagni fyrir land og þjóð í atvinnulífinu og það er samkeppni. Efnahagslífið er ekki flóknara en svo að það er fyrst og fremst samkeppni sem leiðir til hagkvæmrar nýtingar framleiðsluþátta og að lágt verð sé á vörum og þjónustu fyrir almenning.

Þetta er staðreynd sem menn hafa verið nokkuð lengi að koma sér niður á. Þessi staðreynd er sameiginleg sýn bæði þeirra manna sem kenna sig við hægri stefnu eða vinstri stefnu í Evrópu. Menn eru sammála um að láta markaðslögmálin leika um atvinnulífið í eins miklum mæli og hægt er. Það á við bankakerfið eins og annað. Það skilur kannski meira á milli þegar kemur að hve miklu leyti menn vilja nota þessi lögmál markaðarins á sviðum velferðar og heilbrigðis, menntamála og fleiri sviða sem hingað til hafa verið mjög í umsjón opinberra aðila og þar sýnist sitt hverjum. Skilin milli stjórnmálaskoðana í Evrópu eru fyrst og fremst út frá þessu en ekki út frá því hvernig eigi að haga skipulagningu í atvinnulífinu. Ekki í meginatriðum.

Það er þó eitt atriði sem er nokkuð áberandi stefnumál meðal jafnaðarmanna í Evrópu, og við komum nokkuð inn á í málflutningi okkar, bæði jafnaðarmanna og reyndar annarra stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað, félaga okkar í Alþb. og óháðra og í Samtökum um kvennalista. Það er sú staðreynd að nauðsynlegt og skynsamlegt er að tryggja áhrif starfsmanna að endurskipulagningu og stjórnun fyrirtækja. Við höfum beinlínis lagt til við þessa endurskipulagningu svo sjálfsagða hluti — maður verður hissa á því af hverju ekki er orðið við þeirri ósk að leyfa starfsmönnum bankanna að taka þátt í undirbúningi við breytinguna. Við lögðum þetta til. Starfsmennirnir lögðu þetta til þegar þeir komu á fund efh.- og viðskn. Stjórnarandstaðan gerði þessa ósk að sinni og mun fylgja henni eftir með brtt. Þessu þverneitaði stjórnarmeirihlutinn. Og það er dálítið merkilegt að þarna skuli stjórnarmeirihlutinn koma skýrt fram sem afl, sem getur ekki og á mjög erfitt með að tileinka sér nýjar aðferðir í atvinnulífinu. Vegna þess að þetta þætti sjálfsagt alls staðar annars staðar. Bönkum hefur hvergi verið breytt í Evrópu, hvort sem þeim hefur verið breytt í hlutafélög, einkavæddir eða skipulagi breytt, að starfsfólk hafi ekki fengið að koma að við þann undirbúning — nema hér á landi. Hér ætla þeir, á morgun væntanlega, að fella tillögu okkar stjórnarandstæðinga þess efnis að starfsfólk fái að koma að undirbúningi. Sömuleiðis kom fram sú ósk hjá starfsmönnum, og verður ein af þeim tillögum sem koma til atkvæða, að heimila starfsmönnum að skipa áheyrnarfulltrúa í bankaráð hinna nýju hlutafélagsbanka. Þetta er einnig regla frekar en hitt í Evrópu, alveg sama hverjir þar eru við stjórn, hvort sem það eru jafnaðarmenn eða hægri menn. Það þykir sjálfsagt þar að starfsfólk komi að með skýrum hætti í stjórn fyrirtækja og oft með miklu skarpari aðild en hér er gert ráð fyrir. Þessa tillögu felldu stjórnarliðarnir. Hennar sér hvergi merki í nál. meiri hlutans og stjórnarmeirihlutinn á hinu háa Alþingi mun vafalítið fella þessa tillögu á morgun.

Ég er að gera þetta að umtalsefni vegna þess að þetta sýnir afstöðu ríkisstjórnarinnr við þá endurskipulagningu sem þó er verið að gera. Þegar verið er að breyta bönkunum í hlutafélög, þá er tækifærið ekki notað og aðrar nauðsynlegar breytingar gerðar til að fylla þessa formbreytingu einhverju inntaki sem hefði m.a. verið fólgið í því að starfsmenn hefðu bæði komið að undirbúningi og fengið áheyrnaraðild að bankaráði. Það er hins vegar áberandi þegar þetta frv. er skoðað og sést reyndar enn betur í hinum frv. ríkisstjórnarinnar, þ.e. í Fjárfestingarbankanum og í Nýsköpunarsjóðnum, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt dálitla vinnu í einungis eitt svið í sambandi við frumvarpsgerðina, og það er þegar kemur að stjórnunarþættinum, þ.e. hvernig á að skipa í stjórnir þessara fyrirtæka, hvernig á að ráða bankastjórana, hver á að skipa í bankaráðin, hver á að fara með valdið í þessum nýju fjármálastofnunum.

Frv. gerir ráð fyrir að allt vald í þessum efnum verði falið viðskrh. Nú ætla ég ekkert að gagnrýna viðskrh. út af fyrir sig, hann er mætur maður eins og flestir stjórnarsinnar og allir stjórnarsinnar getur maður sagt — þetta snýst ekki um það, en það er hægt að velta fyrir sér hvort skynsamlegt sé að fela einum manni í framkvæmdarvaldinu allt vald á tveimur af stærstu fjármálastofnunum landsins, þ.e. Landsbanka Íslands hf., ef gengið er út frá því að þetta verði að lögum, og í Búnaðarbanka Íslands hf., vegna þess að það er gert í frv. Það er ekkert kveðið á um hve margir menn eiga að sitja í bankaráði, það verður ákveðið í samþykktum bankans.

Hver ákveður samþykktir bankans? Hluthafinn. Hver fer með atkvæðarétt hluthafans? Íslenska þjóðin er nú reyndar hluthafi en það fer einungis einn aðili með atkvæðisréttinn á þeim fundi — það er viðskrh. Hann ákveður samþykktir bankans. Hann getur haft einn mann í bankaráði, hann getur haft tvo, hann getur haft fimm, hann getur haft fimmtán, hann getur haft fimmtíu. Það eru engin fyrirmæli löggjafans um hvernig bankaráðið skuli vera samsett. Bankaráðið ræður síðan bankastjóra. Hvað skyldu þeir eiga að vera margir? Eiga þeir að vera einn? Eiga þeir að vera þrír? Eiga þeir að vera fimm, fimmtán eða fimmtíu? Það eru engin ákvæði um það. (**Gripið fram í:** Kaupið er leyndarmál.) Kaupið er leyndarmál, vitaskuld. Það þarf ekkert að segja um það í lögunum. Það eru óskráðar reglur.

Þetta segir okkur hverjir eru að breyta þessu ef litið er á bakgrunn breytinganna, hvaða öfl það eru í þjóðfélaginu sem leggja fram þetta frv. í þeirri útfærslu sem hér er til umræðu. Það er nefnilega ekki tilviljun. Það er Sjálfstfl. og Framsfl. Það er ríkisstjórnin sem leggur fram þetta frv. Og hvað hafa þessir tveir flokkar sameiginlegt, fyrir utan að mynda þessa ríkisstjórn, þeir hafa gert það svo sem áður, en þeir eiga eitt sameiginlegt. Þeir hafa alltaf sameinast um að skipta á milli sín öllum þeim valdastöðum í atvinnulífinu hvort sem er á einkamarkaði eða opinberum markaði. Það hafa þeir gert um áratuga skeið. Alveg frá því fyrir 60 árum þegar þessir tveir flokkar sáu ástæðu til að kjósa formenn sína, Jónas Jónsson frá Hriflu, formann Framsfl. og Ólaf Thors, formann Sjálfstfl., þá heiðursmenn, í bankaráð Landsbankans. Þá sátu þrír menn í bankaráði Landsbankans. Það eru 60 ár síðan að sú helmingaskiptaregla var sett upp og hún hefur verið við lýði síðan. (**Gripið fram í:** Hver er sá þriðji?) Ég man það ekki. Við sjáum þetta einkenni birtast á mörgum stöðum í okkar atvinnulífi. Skýrasta dæmið hefur verið í verktakaiðnaði þegar þessir tveir flokkar og aðilar tengdir þeim skiptu á milli sín framkvæmdum fyrir þúsundir milljóna um áratuga skeið og sennilega hefur ekki orðið jafnmikil tilfærsla á eignum nokkurs staðar og í gegnum þá starfsemi.

Það er annað sem markar samvinnu þessara tveggja flokka sem er líka vert umhugsunar þegar frumvörpin eru skoðuð í heild. Það er að forustumenn þessara flokka, Sjálfstfl. og Framsfl., eru ráðandi í atvinnulífinu og í fyrirtækjunum. Hv. þingmenn ættu að skoða listann yfir stjórnarmennina í Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu. Þá sést að þeir sömu menn mæta á landsfundi þessara tveggja flokka. Þarna er pólitísk forsjá og pólitísk hagsmunagæsla einnig á ferðinni. Þetta rímar allt saman, herra forseti, þegar skoðað er hverjir eiga að skipa mennina í stjórninar þegar kemur að Fjárfestingarbanka eða Nýsköpunarsjóði. Þá eru það fulltrúar vinnuveitendafélaganna sem hafa forgang. Það eru framsóknarmennirnir og sjálfstæðismennirnir sem koma þar til með að sitja í öndvegi. Þetta frv. er því ekkert annað en framhald af þeirri helmingaskiptareglu sem hinir tveir stærstu flokkar þjóðarinnar hafa praktíserað undanfarna áratugi með ágætum árangri. Þeir tryggja áfram stöðu sína og það er ekki tilviljun að ekki er betur gengið frá fjölda í bankaráði eða fjölda bankastjóra en hér er gert ráð fyrir. Ástæðan er einföld: Það er ekki búið að semja um skiptin.

Í meirihlutaáliti efh.- og viðskn. segir, sem er mjög athyglisvert: Vitaskuld er æskilegt að það sé einn aðalbankastjóri við bankann. Fylgdu þeir því eftir með tillögu — sem er mjög auðvelt? Vegna þess að í viðskiptabankalögunum er beinlínis kveðið á um fjölda bankastjóra. Þeir eru þrír. Það er enginn vandi að breyta tölunni í einn. Fylgdu þeir í meiri hluta efh.- og viðskn. því eftir með tillögugerð? Nei. Þeir sögðu bara í nál. að æskilegt væri að það væri einn. Vitaskuld væri gott að hafa bara einn framkvæmdastjóra í fyrirtæki. Þeir eiga eftir, herra forseti, að fella tillögu á morgun frá okkur stjórnarandstæðingum um að það verði bara einn bankastjóri. Þeir munu fella hana því að þeim dettur ekki í hug að hafa einn bankastjóra, alla vega ekki fyrr en þeir eru búnir að semja sín á milli hver það verður. Ef þeir ná ekki samkomulagi um einn, þá verður kannski að hafa þá tvo eða þrjá eða fjóra eða guð má vita hvað. Það er sú útfærsla sem mér finnst vera sorgleg í því frv. sem við erum að ræða vegna þess að ég styð breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Ég tel það vera framfaraskref að ríkisbönkunum, bankakerfinu, sé búin almenn hlutafélagsumgjörð. Það er af hinu góða. Mér finnst hins vegar sorglegt að menn skuli ekki nýta tækifærið til að reyna að gera þær breytingar og þá uppstokkun sem er nauðsynleg.

Það er merkilegt við þetta að á sama tíma og ríkisvaldið dregur sig út úr viðskiptabankaumhverfinu alls staðar í nágrannalöndum með sölu á bönkum — einkavæðingu, þá er farin þveröfug leið hér. Nú geta menn reynt að skiptast á skoðunum um hvort ríkið eigi að reka banka. Á ríkið að reka fyrirtæki sem starfa á samkeppnismarkaði? Ég segi nei. Hins vegar segi ég: Kannski ætti ríkið að reka fyrirtæki sem er á fákeppnismarkaði. Ég geri stóran greinarmun á því hvort um sé að ræða fyrirtæki á fákeppnismarkaði eða samkeppnismarkaði. Ríkisvaldið á ekkert erindi í atvinnurekstur ef samkeppni ríkir á þeim markaði, heilbrigð og eðlileg samkeppni, sem starfar undir eðilegum samkeppnislögum. En ríkið getur haft hlutverki að gegna ef um fákeppnismarkað er að ræða, ég tala nú ekki um ef um einokunarstöðu er að ræða, þá getur verið betra að einokunin sé í höndum ríkisvaldsins frekar en í höndum einkaaðila. Við þekkjum hins vegar ekki mjög mörg dæmi nú orðið um slíka einokun.

Við sjáum hvernig Austur-Evrópuþjóðirnar fóru í endurskipulagningu á sínu hagkerfi því að grundvallarmunurinn á hinu vestræna og hinu austræna hagkerfi var fyrst og fremst byggður á eignarhaldi á framleiðslutækjunum. Þeir fóru þá leiðina að einkavæða með hraði öll þessi fyrirtæki. Hvernig tókst þeim til? Sums staðar sæmilega. Sums staðar það illa, eins og að hluta til í Rússlandi að uppi eru hugmyndir um að þjóðnýta fyrirtækin sem þeir einkavæddu til að geta einkavætt þau aftur. Vegna þess að þau lentu í höndunum á glæpamönnum og forréttindahópum með einkavæðingu. Þetta er vert umhugsunar. Við erum í allt annarri stöðu hér á landi en þetta er samt vert umhugsunar.

Hvað gerum við? Setjum við í gang skipulagða áætlun um að minnka áhrif og völd ríkisins í viðskiptabönkunum, skynsamlega áætlun sem nær yfir nokkur ár og tryggir samkeppni? Gerum við það í þessu frv.? Nei, síður en svo. Það er ekkert kveðið upp úr um það nema eitt. Það er ein stefnumörkun í grg. í þessu frv. sem er ekki breytt og þar segir að auka eigi hlutafé um 35%, og þetta á reyndar bara við um Landsbanka Íslands vegna þess að Búnaðarbanki Íslands er það vel staddur fjárhagslega. Hann mun ekki nýta sér þetta þannig að ekki mun koma nein önnur eignaraðild að Búnaðarbankanum á næstunni. Í nál. 1. minni hluta vendum við á þetta, með leyfi forseta: „Þetta þýðir að ríkið ætlar að vera meirihlutaeigandi, a.m.k. með 65% hlutafjár, í hinum nýju hlutafélögum, þ.e. Landsbanka Íslands hf. og

Búnaðarbanka Íslands hf., a.m.k. næstu fjögur árin." Þetta er líka sagt í grg. frv. Þetta er stefnumörkun ríkisstjórnarinnar. Nú heyrðust raddir uppi sérstaklega þegar Landsbankinn, ríkisbankinn, keypti helminginn í vátryggingafélaginu VÍS, stærsta vátryggingafélagi landsins og þar með var ríkið ekki aðeins orðið stærsti aðilinn á viðskiptabankaumhverfinu heldur stærsti aðilinn á tryggingamarkaðnum. Þá komu upp raddir, — m.a. hjá fjmrh. sem við skulum reyna að taka mark á, hann er þó fjmrh. og varaformaður stærsta stjórnmálaflokksins, — að þetta kallaði á hraðara ferli til einkavæðingar.

Annar áhrifamaður í Sjálfstfl., formaður bankaráðs Landsbankans, framkvæmdastjóri Sjálfstfl., sem sýnir nú best tengslin sem ég rakti áðan, sagði: Vitaskuld þýðir þetta uppstokkun varðandi þá stefnumörkun sem er í frv. Hvað gerist? Hvar er stefnumörkun meiri hlutans? Hvar er breytingin sem hafði komið fram í nál. meiri hluta efh.- og viðskn.? Það er hinn eðlilegi gangur og gerist margoft að ný stefnumörkun kemur sem er ígildi greinargerðar við afgreiðslu frv. milli 1. og 2. umr. Hvar er hin nýja stefnumörkun í ljósi breyttra aðstæðna af hálfu meiri hluta stjórnarliða í nál.? Hvergi. Ekkert er vikið að þessu. Það eina sem gildir er þessi stefnumörkun. Þetta er stefnumörkun út af fyrir sig. Það eru sumir sem vilja ekki að bankarnir hverfi úr meirihlutaeign ríkisins.

Ég er þeirrar skoðunar að ríkisvaldið eigi að setja upp skynsamlega áætlun yfir nokkur ár, hvernig hlutur þess minnkar og hvernig hann fari hægt og rólega niður fyrir 50% t.d. í öðrum ríkisbankanum, bara í öðrum. Það borgar sig ekki að fara of hratt í þessum efnum. Breyta báðum bönkunum í hlutafélög, gera skynsamlega áætlun yfir nokkur ár, hvernig meiri hluti ríkisins mundi hverfa í öðrum bankanum. Sjá svo til hvernig tekst. Gera það þá líka t.d. með þeim hætti að dreift væri hlutabréfum meðal fjárráða Íslendinga, hluta af þessum hlutabréfum því það væri almannavæðing. Þá er það fólkið í landinu sem á þessar peningastofnanir sem fengi hluta af þessum verðmætum beint til sín, og reynir að koma í veg fyrir að vinir þeirra, vinir ríkisstjórnarflokkanna í verðbréfafyrirtækjunum og fákeppnisfyrirtækjunum nái tangarhaldi á þessum fjármálastofnunum eins og margt bendir til. Þetta hefði verið skynsamleg leið. Einnig, eins og við höfum nefnt, að reyna að gera þetta aðlaðandi fyrir erlenda aðila. Nú mega erlendir aðilar koma og kaupa hér í bönkunum. Erlendur aðili má t.d. kaupa meiri hlutann í Íslandsbanka. Það er ekkert sem bannar það. Við breyttum lögunum í fyrra. Það var bannað, það mátti ekki kaupa meira en 20%. Hvar er biðröðin? Hjá Íslandsbanka? (**Gripið fram í:** Hvert er verðið?) Verðið er á markaði. Þetta er markaðsbanki, starfar á hlutabréfamarkaði. Það hefur enginn útlendingur enn sem komið er sýnt þessu áhuga, því miður. Ef til vill er arðsemin of lítil eða reksturinn of bágborinn til að þetta skili einhverju af sér, ég hef ekki hugmynd um það. En auðvitað er það rétt eins og hér var bent á að kaup og sala ræðst bara af einum hlut — af verði.

Vitaskuld er hægt að fá erlenda aðila til að gerast þátttakendur hér í viðskiptabankaumhverfi. Bankar á Norðurlöndunum hafa mikið fjármagn milli handanna og hefðu áhuga á að koma hér, eins og við höfum fengum upplýsingar um í nefnd. Það er hins vegar mjög mikilvægt og það er ekkert gengið frá því í frv. og það er ef til vill það sem er mest ámælisvert úr því að þeir gerðu ekki nokkurn skapaðan hlut til að stíga framfaraskref í þessu máli, að þeir skyldu þá ekki reyna að tryggja dreifða eignaraðild á þessu viðbótarhlutafé. Einhverjir kaupa væntanlega 35% í Landsbankanum, sem verða boðin til sölu, því þau verða boðin til sölu til að geta staðið við kaupin á VÍS, og Landsbankinn óskaði meira að segja eftir að við flýttum hlutafjárvæðingunni þannig að þeir gætu staðið við þetta með víkjandi láni. Ekki var orðið við því, en breytir svo sem engu. Þeir geta bjargað sér alveg fram yfir áramótin með það. En það eru engin ákvæði í frv. um að tryggja dreifða eignaraðild. Og auðvitað spyr maður sig: Af hverju vildu þeir ekki ganga frá dreifðri eignaraðild varðandi þennan þátt? Að ósk stjórnarandstöðunnar voru forsvarsmenn einkavæðingarnefndar ríkisstjórnarinnar kallaðir til í efh.- og viðskn. því að þeir koma til með að sjá um útboðið á hlutafénu. Við kölluðum þá til og spurðum: Hvað er nú með dreifðu eignaraðildina sem vikið er að í grg. frv.? Ha, sögðu þeir. Við höfum ekkert verið beðnir um að skoða það. Við höfum ekki neinar tillögur um það. Aðilinn sem átti að sjá um útboðið hefur engar tillögur fengið um dreifða eignaraðild. Það er greinilega ekki ætlun stjórnarflokkanna að dreifa eignaraðild ekki frekar en þeim hentar.

Það er allt haft opið í þessu frv. Hvergi er stefnumörkun á neinu sviði varðandi næstu skref. Það er allt skilið eftir. Skilinn er eftir fjöldi bankaráðsmanna. Skilinn er eftir fjöldi bankastjóra. Skilið er eftir hver fær að kaupa þetta. Skilið er eftir hvernig á að bjóða út nýja hlutaféð. Það er allt skilið eftir. Og, herra forseti, það er þeim mun alvarlegra vegna þess að bankinn á að vera ríkisbanki næstu fjögur árin. Og þá spyr maður sig: Er þetta ekki Alþingi Íslendinga? Á það ekki að marka umgjörð, stjórnskipulag, á ríkisstofnuninni? Það hefur verið venja hér. Við höfum staðið að og afgreiddum hér og það er löggjöf í landinu um ríkisviðskiptabanka, tiltölulega nákvæm löggjöf. Það er ekkert í þessu frv. en þetta á að vera ríkisbanki. Hann á að vera í meirihlutaeigu ríkisins a.m.k. næstu fjögur, báðir bankarnir. Og hvað er ríkið í þessu tilfelli? Það er viðskrh., ekki viðskrh. einn, vitaskuld ekki því að hann þarf að gera sína pólitísku samninga við samstarfsflokkinn og það mun reynast honum auðvelt því að þessir aðilar eru ekki óvanir því að gera sína pólitísku samninga sem tryggja áhrif flokka sinna og þeirra manna, hvort sem á pólitísku sviði er eða í atvinnulífinu.

Við sáum hugsunarhátt þessara ágætu manna þegar athugasemd kom frá samkeppnisráði um Flugleiðir um daginn. Það voru mjög athyglisverð viðbrögð því að við skulum átta okkur á því að samkeppnisráð var bara að starfa eftir lögum sem Alþingi hafði sett, sem byggja á alþjóðlegri umgjörð, samkeppnisumgjörð sem okkur ber að hluta til skylda til að fylgja. Samkeppnisstofnun var ekki að gera neitt annað en að hlíta lögum. En viðbrögðin voru athyglisverð. Forsvarsmenn Flugleiða umturnuðust. Og nú skulum við átta okkur á því að forsvarsmenn Flugleiða eru ekki einhver Jón Jónsson í íslensku viðskiptalífi. Þeir eru ráðandi aðilar í íslensku viðskiptalífi, einn af fákeppnisaðilunum í flutningunum því að eins og allir vita er Flugleiðum stjórnað af öðru fyrirtæki sem hefur yfirburðastöðu í skipaflutningunum, þ.e. Eimskipafélaginu. Það vita allir sem það vilja vita. Þeir sem umturnuðust voru alvörumenn, það var þungavigtin í íslensku atvinnulífi sem lét í sér heyra, sem krafðist þess að lögum væri breytt þannig að auðveldlega væri hægt að útfæra markaðsráðandi stöðu því að samkeppnisráð var ekki að gera neitt annað en að setja skilyrði til að reyna að koma í veg fyrir einokunaraðstöðu við þann samruna sem til umræðu var og þeir voru að fylgja lögum. Viðbrögð þeirra voru ofsafengin og þeir fundu þessu allt til foráttu. En það sem var sérkennilegra

voru viðbrögð hæstv. samgrh. Þegar hv. kolkrabba, eins og hann var nefndur hér í þingsal, var klórað pínulítið, rauk hæstv. samgrh. upp til varnar án þess reyndar að hafa kynnt sér úrskurðinn, en það hefur ekki þvælst fyrir honum hingað til að hafa afstöðu í málum þó hann hafi ekki kynnt sér þau. Það kom alveg skýrt fram hvað hann vildi helst gera. Það var að senda þessa stofnun út í ystu myrkur.

Látum nú vera þótt hæstv. samgrh. tali svona. Við þekkjum að eitt og eitt orð hefur fallið hjá honum sem er kannski ekki alveg íhugað í botn. Það hefur komi fyrir. En hins vegar þegar hæstv. forsrh. tók undir þetta og talaði um að það þyrfti nú að skoða lagabreytingar og annað slíkt í kjölfarið á þessu. (**JBH:** Íhuga það í botn.) Ætli það hafi ekki a.m.k. komið frá hjartanu. Við sjáum hugsunarhátt þessara ágætu manna sem þarna skein í gegn því þeir töluðu frá hjartanu. Og þannig eigum við að líta á þetta frv. hér, þ.e. hverjir eru að gera þetta og hvaða hugsunarháttur býr að baki. Er hugsun þeirra að endurskipuleggja bankakerfið þannig að hér verði samkeppni og öflugt atvinnulíf og fjölbreytni? Nei, svo er ekki. Þeir eru fyrst og fremst að viðhalda þeirri sömu stefnu sem markaðist í því þegar þeir skipuðu formenn flokka sinna í bankaráð fyrir 60 árum.

Þetta frv., herra forseti, felur í sér þá mikilvægu kerfisbreytingu sem er breytingin í hlutafélög. Þessu er ekki fylgt eftir í frv. með neinni skynsamlegri útfærslu á mörgum sviðum. Við í minni hlutanum, við jafnaðarmenn í efh.- og viðskn. leggjum fram einar sex brtt. við þetta frv. Við leggjum til að einungis verði einn bankastjóri við bankann. Við leggjum til að fimm menn verði kosnir í bankaráð. Við leggjum til að starfsmenn fái áheyrnarfulltrúa í bankaráð. Við leggjum til að það verði ekki bara viðskrh. sem fari með atkvæðisréttinn heldur viðskrh. og fjmrh. og við leggjum til að við sölu á hinu nýja hlutafé fari enginn aðili með meira en 5% af heildaratkvæðavægi á hluthafafundum.

Ef þessar tillögur væru samþykktar, herra forseti, sem koma hér eftir 2. umr. væntanlega til atkvæðagreiðslu á morgun eða hinn, þá liti þetta frv. þokkalega vel út. Að vísu er í þeim brtt. ekki gert ráð fyrir áætlun sem við leggjum mikið upp úr með, þ.e. að minnka eignaraðild ríkisins í öðrum viðskiptabakanum, t.d. hefði 4–5 ára áætlun verið skynsamleg. Við erum ekki með tillögu um það beinlínis við frv. sjálft, en leggjum hins vegar áherslu á það í okkar nefndaráliti. Við vonumst hins vegar eftir því að menn styðji þær hugmyndir og tillögur sem við höfum lagt hér fram. En það má samt ekki draga úr því að hér er fyrsta skref stigið í endurskipulagningu, þ.e. breytingin í hlutafélag. Samt sem áður, með tilliti til forsögu málsins og með tilliti til þess hverjir standa að þessu máli og hvað þeir eru tregir til að reyna að tryggja hér virkilega almannavæðingu og samkeppnisvæðingu á þessum markaði, þá er full ástæða fyrir okkur að vera áhyggjufull yfir þessu litla skrefi sem hér er stigið. Þó að þetta mál verði afgreitt í þessu formi eins og ríkisstjórnin leggur til, er langt frá því að endurskipulagningu og þátttöku ríkisins í viðskiptabankaumhverfinu sé lokið.

[21:37]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Þær brtt. sem 1. og 2. minni hluti hafa fram að færa hafa verið gerðar að umtalsefni hér og er ástæða til að fara örfáum orðum um það.

Eins og allir vita, er það rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði hér áðan að það eru um tíu ár síðan síðast varð breyting sem máli skiptir á íslenskum bönkum og eru það nú heilmikil tíðindi að nú skuli hugað til breytinga. Ástæðan fyrir því að ekki hefur tekist að breyta þessum bönkum er umhugsunarverð vegna þess að það hefur legið fyrir, ekki eingöngu núna síðustu mánuðina og missirin heldur áratugum saman að þessar stofnanir, íslenskir bankar, eru mjög óhagkvæmar, *rekstrarkostnaður þeirra er margfaldur. Hann er núna* t.d. í dag talinn tvöfaldur miðað við meðalkostnað í Evrópu. Þetta eru ekkert ný sannindi. Þetta hafa menn vitað. Upplýsingar um þetta lágu fyrir fyrir 1970 fyrst því ég sá það.

Þá er athyglisvert og rétt að fara yfir það hvernig það megi vera að það er þá fyrst núna sem við erum að taka á okkur rögg og reyna að breyta þessu. (**Gripið fram í:** Þú komst svo seint.) Þá má minna á að fleiri góðir drengir og vaskir menn hafa setið hér fyrr og væri þá rétt að rifja það upp. Ég held að ég fari rétt með að á árunum 1987–1995 sátu á stóli viðskrh. alþýðuflokksmenn og var sá vaski foringi Jón Baldvin Hannibalsson formaður þess flokks allan þann tíma og spurningin er: Hvernig mátti það vera að á öllum þessum tíma tókst ekki að koma fram frv. sem hafði a.m.k. í sér að geyma formbreytingu þó það væri nú ekki meira? En sagan sýnir þetta. Það tókst ekki og það þarf enginn að efast um að það var mikill vilji meðal stjórnmálamanna, það var mikill vilji í þjóðfélaginu og mikil vissa og þekking fyrir því að þörf væri á þessu. En eigi að síður tókst það ekki og það segir sína sögu. Það segir þá sögu sem við skulum bara horfast í augu við. Við erum búnir að hafa þessa skelfilegu skipan ríkisbankanna svo lengi að tregðan, þessi tregða í mannheimum, gegn því að breyta var yfirsterkari öllum góðum öflum sem sannarlega og ábyggilega vildu breyta. Það bara tókst ekki. Við skulum minnast þess núna þegar menn koma hér hver af öðrum og gera lítið úr því að hér sé á ferðinni frv. sem sé ekki nógu róttækt, hafi ekki í för með sér nógu mikla breytingu, muni ekki koma til með að hafa þann slagkraft sem þörf er á fyrir íslenskt viðskiptalíf og íslenskt athafnalíf sem kannski er alveg satt.

En við skulum þá líka segja við sjálfa okkur: Væri nú ekki alveg dagljóst að hefði okkur tekist t.d. fyrir fjórum árum, fimm árum, sex árum eða átta árum þó ekki meira en að framkvæma kerfisbreytinguna á formi bankanna sem við erum að gera nú, hefði okkur tekist það þá, stæðum við ekki betur í dag? Jú. Jú, herra forseti. Við stæðum mun betur í dag ef svo hefði orðið. Og það er einmitt skýringin á því að hér erum við að fylgja stjfrv. sem stjórnarmeirihlutinn, Framsfl. og Sjálfstfl., stendur heils hugar að. Og það er ekkert launungarmál að afstaða flokkanna, afstaða einstakra þingmanna er mjög breytileg til þessa máls, mjög, mjög breytileg. (**ÖS:** Frá degi til dags?) Ég held ekki frá degi til dags, herra frammíkallari. Ég held að það sé bara ákveðið lífsmunstur í kollinum á sumum sem gerir að verkum að þeir eru mjög tregir til þess að fara lengra. Og ég er viss um að það er rétt stefna þrátt fyrir að mun hægara sé farið en margur vildi, þrátt fyrir að kannski sé mun hraðara en aðrir vildu, að ná einmitt saman um þessa leið þannig að við náum þó fram þessari formbreytingu þó það sé ekki meira.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls að sannarlega hefði ég viljað sjá þetta frv. um bankana í annarri mynd. Sannarlega hefði ég viljað sjá róttækari breytingar. Sannarlega vildi ég hafa séð tillögur um að þessir ríkisbankar yrðu seldir svo hratt sem auðið yrði því ég veit að verðgildi þeirra er fallandi með hverju ári. En við náðum samkomulagi og þetta sam-

komulag var aðalatriðið. Ég get nú ekki betur heyrt en að öll stjórnarandstaðan sé meira og minna mjög sátt við þetta líka þó að margir þeirra segi, jafnt og ég gerði, herra forseti, sannarlega vildum við hafa gengið lengra. Ég sé ekki betur en að hún sé mjög sátt.

Menn flytja hér viðbótarbrtt. Menn hafa sagt hér og glott við tönn að sannarlega hefðu nú breytingartillögurnar sem meiri hlutinn hefði fram að færa verið litlar og lélegar, enda hafði ég réttilega orð á því í framsöguræðu minni að þetta væri sáralítið eða ekki neitt og hefðu nú betur aðrir framsögumenn verið jafnhreinskilnir því að líti nú hver á breytingartillögurnar þeirra og sjái hversu þungt þær vega. (**ÖS:** Farðu yfir þær.) Ég skal fara yfir þær. Jú, jú. Það á að ganga frá því að einn skuli bankastjórinn vera. Það skal ganga frá því að fimm skuli sitja í bankaráði. Það skal gá að því að leyfa starfsmönnum að hlusta eða eitthvað í þá veru. Það skal passa upp á að menn sem ætla að eiga 100% þurfi að búa til 20 eignarhaldsfélög svo að þeir geti átt hann allan. Þetta eru nú tillögurnar. Jú, jú, þetta er svo sem vel meint. (**ÖS:** Þú kannt klækina.) Þetta er svo sem vel meint. (**Gripið fram í:** Þetta er nú ekki flókið.) Þetta er svo sem ekki flókið.

Hér kom fulltrúi gamla sósíalistaflokksins en sá flokkur hefur mjög verið að belgjast um síðustu árin og ekkert annað meira farið í taugarnar á honum en einkavæðing. Hann notaði orðið forneskja fimm sinnum — ég merkti við — fimm sinnum forneskja um þetta frv. Honum varð svo mikið um. Honum fannst þessir hlutir svo lítt ganga fram. Fimm sinnum forneskja. Af því að hann er nú ekki hér í kvöld þá nenni ég ekki að fara yfir þann belging allan sem stóð í rúman klukkutíma. En hvað hafði hann fram að færa í sínum miklu brtt.? Jú, plús það sem kratarnir voru búnir að telja upp, kom hann með þá tillögu að hann taldi að það væri rétt sem heimildarákvæði, sem heimildarákvæði, að það væri heimilt að gefa lífeyrissjóðunum smáhlut í bankanum ef vera skyldi að kæmi til þess að einhverjar ábyrgðir féllu nú á ríkið. Þetta var róttækt. Það var von að þeir gætu ekki verið saman á nefndaráliti vinirnir í stjórnarandstöðunni. Það var von að þeir gætu ekki verið saman.

Okkar kæri áheyrnarfulltrúi kom nú hér líka. Ég reyndi að hlusta á allt það mál sem hún hafði fram að færa og heyrði það helst, að frá því fyrsta umræða um þetta mál átti sér stað hefur hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir upphugsað það með sjálfri sér að kannski getum við lifað án þess að vera með ríkisbanka og fer nú flestum fram núna. Taka nú flestir nokkurri framför. Þannig að ég get ekki annað séð, herra forseti, en að það sé þó nokkur og bærileg sátt um þetta frv. þrátt fyrir allt, þrátt fyrir að við margir vildum ganga svo miklu lengra. Þrátt fyrir að við vitum það svo vel að það væri æskilegt fyrir íslenskt efnahagslíf, fyrir íslenskt viðskiptalíf að ganga lengra. En eins og hv. þm. Ágúst Einarsson orðaði það áðan. Hann orðaði það þannig: „Það borgar sig ekki að fara of hratt.“ Þó að ég sjálfur trúi því að í þessu tilfelli borgi sig að fara mun hraðar en ríkisstjórnin ætlar að gera þá skulum við sætta okkur við að það er dálítið til í því hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að stundum borgar sig ekki að fara of hratt. Margir af okkar félögum, stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar eru þessarar skoðunar. Þeir eru hræddir við þessar breytingar og við skulum taka tillit til þeirra vegna þess að það borgar sig. Ef við tækjum ekki tillit til þeirra þá gæti málið eyðilagst og þá væri kannski margra ára bið eftir að nokkur framför yrði í bankamálum. Þess vegna, herra forseti, er ég sannfærður um að við höfum þó verið gæfumenn að því leyti að ákveða að fara fram þó það væri ekki nema með þetta vegna þess að við vitum að við munum standa betur að vígi á morgun en við gerðum og framtíðin er þá okkar. Reynslan mun svo sýna hvað við getum gert. Munum við taka ákvarðanir um það seinna að fara hraðar? Ég er sannfærður um það, herra forseti, að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem nú liggur fyrir að selja ekki hluti í bönkunum næstu fjögur árin — þessi ríkisstjórn okkar hlýtur að taka þá ákvörðun til endurskoðunar. Hún hlýtur að gera það. Ég trúi því. Það er svo augljóst að það er fjarstæða að bíða svo lengi. Hún mun breyta því og ég trúi því. Þannig er ég viss um það, herra forseti, að allt þetta mál mun verða okkur til gæfu. Ég er sannfærður um að það sé góð sátt um þetta meðal þingmanna og mikil sátt. Við erum þó kannski ekki að stíga stór skref en þó stærra skref en stigið hefur verið síðust tíu ár. Minnumst þess.

[21:50]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessa ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar má draga saman í eina setningu eða eina spurningu: Segðu mér hverja þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert. Við komumst ekki lengra með Framsókn, segir hann. En fagnar þó því að tekist hafi að drusla þeim, samstarfsaðilunum, þessi hænufet. Þetta eru kveðjurnar til samstarfsaðilans. Sjálfur segist hann hafa vitað að þetta var allt í steik að minnsta kosti frá 1970. Hann fékk fregnir af því 1970 að það horfði illa með bankakerfið. (**EOK:** Þöstur Ólafsson birti það ...) Já og heyrði það frá Þresti Ólafssyni. Á árunum frá 1970 hefur flokkur Einars Odds Kristjánssonar haft stjórnarforustu í ríkisstjórn á Íslandi í 14 ár samfellt en ekkert komist úr sporunum. Vitað af því að ástandið fór mjög versnandi upp úr 1970 en ekkert gert, ekki neitt. Síðan spyr hv. þm.: „Hvernig var það á árunum 1987–1988? Sjálfstfl. hafði þá stjórnarforustu og entist stutt. Síðan aftur 1991–1995 og hvað gerðist þá?“ Á þessum árum urðu þó róttækar breytingar loksins á fjármálakerfinu. Strax 1987–1988 var gengið í það verk að fækka bönkum og sameina banka og koma á einum hlutafélagsbanka. Á þessum árum urðu líka miklar breytingar á fjármálakerfinu utan bankakerfisins. Á þessum árum var stóraukið frjálsræði endanlega staðfest með fjármagnsflutningum milli landa og þar með opnað fyrir erlenda samkeppni. Og allt var þetta nú gert, ekki að frumkvæði mannanna sem fréttu af því að upp úr 1970 horfði illa. Nei, nei. Skref fyrir skref voru þetta umbætur sem voru gerðar að frumkvæði þeirra manna sem hv. þm. nefndi, þ.e. þeirra forustumanna Alþfl. sem stýrðu viðskrn. Það er dapurlegt til þess að vita. Segðu mér hverja þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert. (**Gripið fram í:** Framsóknarmaður.)

[21:52]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vita allir sem vilja vita það að sannarlega hefur okkur tekist, sérstaklega síðasta áratuginn eða svo, að þoka þessu samfélagi í átt til meira frjálsræðis í viðskiptum og meiri farsældar. Við höfum staðið saman að því. Stundum höfum við farið hægt og stundum allt of hægt. Ég er sammála hv. ræðumanni, Jóni Baldvini, um að við hefðum mátt fara hraðar og margir hafa lagt sitt góða lóð á vogarskálina. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. En við skulum minnast þess að við komumst þó ekki hraðar. Það

fer enginn lengra en hann kemst. Þetta komumst við. Alþfl. tókst ekki á átta ára ferli sínum í viðskrn. að leggja fram frv. um einkavæðingu bankanna, því miður. Ég efast ekki um góðan hug þeirra og mikinn vilja. Þeir sátu þetta tímabil í ríkisstjórn með öllum þeim flokkum sem hafa til siðs að vera í ríkisstjórnum, með öllum flokkunum. Það eru ein samtök sem hafa til siðs að vera ekki í ríkisstjórnum Það vantaði nú ekki félagsskapinn en það tókst bara ekki. Ég hef aldrei efast um góðan vilja þessara ágætu jafnaðarmanna til að koma einhverju skikki á banka. Þeim tókst þetta bara ekki. Þess vegna skulum við fagna því núna að það liggur þó fyrir slíkt frv. Það liggur líka fyrir mikill stuðningur allra flokka þingsins við frv. þó sumir vilji breyta einhverju smálegu. Við skulum fagna því. Það gengur þá betur núna en áður. Við erum á farsældarbraut og við skulum fagna því. Við skulum standa saman að þessu.

[21:54]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. sagði: „Það liggur þó fyrir slíkt frv. og við skulum fagna því.“ Það lá fyrir frv. meira að segja í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Og af hverju var það ekki lagt hér fram? Til þess að það verði stjfrv. þá þarf samþykki hins stjórnarflokksins. Og það tókst nú ekki betur til en svo að á því samþykki strandaði og reyndar gekk það svo langt að fyrrv. viðskrh. Alþfl. þurfti að koma á sérstakri sáttanefnd til að leiða saman ólíkar fylkingar í Sjálfstfl. eins og venjulega og yfir hana var skipaður fyrrv. hv. þm. Matthías Bjarnason sem var náttúrlega mjög tregur til að styðja slíkt mál en féllst þó að lokum, eftir dúk og disk, á að ef til vill mætti það gerast með því skilyrði að Alþingi kysi áfram bankaráðin eins og reyndar er ein fornaldarbrtt. sem hv. þm. var að vísa til. Var ekki fimm sinnum minnst á fornöldina? Það er ein slík tillaga um að Alþingi (**EOK:** Forneskju.) kjósi bankaráðin sem er náttúrlega kolvitlaus tillaga. „Ég hefði svo gjarnan viljað fara hraðar“, sagði hv. þm. Já, en hann kemst ekki lengra en hann getur til að ganga í takt við Framsókn. Þetta er boðskapurinn. En það liggja hérna fyrir tillögur, hv. þm., um að fara svolítið hraðar og svolítið skynsamlegar í málið til að ná markmiðunum. Hvað dvelur svo orminn langa? Þingmaðurinn hefur tækifæri til að styðja brtt. sem gera *honum kleift að fara svolítið hraðar. Enginn efast nú um* sannfæringarmátt hv. þm. gagnvart samstarfsaðilum. (**KÁ:** Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða.)

[21:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki betur séð en að hér í salnum sé enginn flokksbróðir minn sem geti vitnað um þessa sagnfræði. Hér er aðeins hv. þm. Pétur H. Blöndal en hann er nýliði hér eins og ég þannig að það er dálítið fyrir neðan belti að benda á þetta hér og nú þar sem enginn er til varnar um hvað gerðist þarna. En það er þá til athugunar ef það hefur dvalið orminn langa árin sem við sátum saman í stjórn, flokkurinn minn og kratarnir, frá árinu 1991–1995, að það hafi verið Sjálfstfl. að kenna að ekki tókst að leggja fram slíkt frv. eins og nú hefur tekist. (Gripið fram í.) Nei, ég vissi þetta ekki og ég held að þingheimur hafi ekki vitað þetta. Þetta kemur þá til rannsóknar og það kemur tækifæri til að ræða þetta aftur hér vegna þess að þetta er ekki síðasti þingfundurinn sem við höldum og finnum við þá ráð til að leiða fram vitnin sem til þarf. (**Gripið fram í:** Hefur Matthías Bjarnason ekki sagt þér frá ...) Nei, nei. Hitt er svo annað að engin ástæða er til að rjúfa sátt og samlyndi við framsóknarmenn í þessari stjórn sem við stöndum með þó svo að frjálslyndir kratar ofbjóði kannski nokkrum valinkunnum framsóknarmönnum og komi með betri tillögu að sinni en sumir þeirra hafi lyst á því þetta er spurning um að vera nógu hygginn. Úr því að það fór nú svona illa við síðustu kosningar að hinn ágæti jafnaðarmannaflokkur í sameiningarviðleitni sinni klofnaði nú rétt einu sinni og varð ekki hæfur til að sitja með okkur í ríkisstjórn og við höfum þess vegna verið í farsælu samstarfi við Framsfl. það sem af er kjörtímabilinu, þá held ég nú að menn láti slag standa a.m.k. fram yfir næstu kosningar að sjá hvort sameining vinstri manna tekst svo vel að þeir verði hæfir til samstarfs, svo frjálslyndir og svo nærri okkur um hugsjónir allar, eins og þeir kveðjast vilja vera og segjast standa, um hvernig við göngum fram í banka- og viðskiptamálum þessarar þjóðar. (**Gripið fram í:** Þrátt fyrir allt ...)

[21:58]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú upplýst að vafamál er hvort hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur boðið sig fram fyrir réttan flokk og því síður hvort hann hefur kosið rétt eftir 1970 eða hvort það hefur allt verið á misskilningi byggt. Hér er það upplýst að hann telur að Framsókn og Alþfl. hafi stöðvað framþróun alla á þessu tímabili. En ég tel að það sé rétt að spurt sé: Hvað dvaldi háeff á Sölumiðstöðina? Varla stóðu þessir flokkar þar gráir fyrir járnum og stoppuðu framþróun. Auðvitað er það svo að á hverjum tíma liggja ýmsir straumar um íslenskt þjóðfélag. Ríkisbankarnir voru settir af stað vegna þess að sá einkabanki sem hér starfaði, Íslandsbanki, varð gjaldþrota. Sennilega er það svo með Matthías Bjarnason að hann hefur þekkt persónulega marga sem töpuðu öllu sínu sparifé í því ævintýri. Ísafjörður tapaði mestöllu sínu sparifé þegar Íslandsbanki fór á höfuðið. Þetta veit ég að hv. þm. Einar Oddur veit. Þeir sem vissu um afleiðingar þess hikuðu nú við að segja: „Alþýða Íslands á ekki að hafa þann möguleika að geta lagt fé inn í banka þar sem tryggilega er frá því gengið að féð tapist ekki.“ Það voru ríkisábyrgðir á ríkisbönkunum og það var ekki út í bláinn. En það má líka fara yfir þessa sögu sem er rituð af Ólafi Björnssyni og margir þingmenn hafa vafalaust lesið, að hinir erlendu aðilar, í Evrópu, fengu sitt greitt vegna þess að talið var að viðskiptatraust þjóðarinnar þyldi ekki að þeir yrðu skildir eftir úti í kuldanum og þar yrðu ekki gerðar upp skuldir. En einhverra hluta vegna varð það nú svo að Milljónafélagið og margir fleiri virtust hafa ótrúlega gott gengi inni í þessum banka, langt fram yfir það sem eðlilegt lánstraust gat talist.

[22:00]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fer að kreppa að. Nú kemur ný sagnfræði sem ég hef ekki heyrt lengi. Íslandsbanki var stofnaður 18 árum á eftir Landsbankanum. Landsbankinn var stofnaður 1886 en ef við ætlum að fara að rifja upp sorgarsögu íslenskra banka þá er rétt að gera það. (Gripið fram í.) Besta og mesta framfaraskeið Íslands á þessari öld var stofnun Íslandsbanka sem var stofnaður 1904. Ömurlegasta saga íslenskra pólitíkusa er ofsóknir þeirra á þennan banka og aldrei hafa íslenskir stjórnmálamenn unnið íslensku efnahagslífi önnur eins hefndarverk og þau fáráðlingsfífl sem stóðu að þeim

ofsóknum (**Gripið fram í:** Haltu þig bara að ...) og hafi menn ekki lesið Ólaf Björnsson og sögu Íslandsbanka og Útvegsbankans þá held ég a.m.k. að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þurfi að lesa þá bók aftur.

[22:02]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef sennilega lesið þá bók tvisvar og ég man ekki betur en að einn af þeim sem grét það lítt þó bankinn færi á hausinn hafi verið Ólafur Thors. Og hvers vegna? Hann taldi að með þeim tímamótum hefði það gerst að mikið af atvinnulífinu færðist í hendur Íslendinga sem áður var í höndum útlendinga. Þetta veit hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann treystir því kannski að menn hafi ekki lesið þetta eða séu búnir að gleyma því. En það er söguleg staðreynd að þessi banki fór á höfuðið með pomp og pragt. Og það mun gilda sem eitt sinn var sagt að sagan endurtekur sig. Hitt hvort það sé heimspeki okkar tíma að það komist enginn lengra en hann kemst, það hef ég ekki heyrt fyrr og veit ekki hvort er nýr boðskapur í ferðaþjónustu sem leiðir okkur inn í nýja öld. Ég efa satt best að segja að svo sé. En sagan greinir frá þessu hruni Íslandsbanka, hann fór á höfuðið með pomp og pragt og fjöldi manna tapaði öllu sínu sparifé. Þetta veit hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Það er ekki víst að hann vilji að rætt sé um það. Þetta getur gerst aftur. Það er hættan við að engin ríkisábyrgð sé á bak við bankana.

Það er svo að það voru margir hlutafélagsbankar sem var búið að stofna í þessu landi og þeir voru að keppa við ríkisbankana. Samvinnubankinn var hlutafélagsbanki. Iðnaðarbankinn var hlutafélagsbanki og Verslunarbankinn var hlutafélagsbanki. Þeir voru allir sameinaðir í einn banka. En hvernig var ástandið í rekstri þessara banka þegar það gerðist á sínum? Voru ekki 700 milljónir í Verslunarbankanum með veði í háloftunum? — Ég man ekki betur. Hver var staðan í Iðnaðarbankanum? Hver var hún? Var það ekki lðnlánasjóður sem var löngum látinn draga að landi misheppnuð útlán? Það vissu flestir að þannig var ástandið. (Forseti hringir.) Og nú er tíminn búinn segir hæstv. forseti. Ég sé að það er nægur tími til að lesa söguna betur, hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson.

[22:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti mjög vænt um síðustu orð ræðumanns — nægur tími til þess að lesa söguna betur, því ekki er vanþörf á. Það er fullreynt að hafi hv. þm. lesið sögu Íslandsbanka og Útvegsbankans eftir Ólaf Björnsson þá er hann búinn að gleyma því öllu sem í henni stóð, greinilega hverjum einasta stafkrók. Íslandsbanki var banki sem stóð fyrir mestu framfarasporum í sögu Íslands. Var banki sem var tryggður með gullfæti, banki sem stóð fyrir togaravæðingu Íslands, banki sem stóð fyrir því að við settum vélar í okkar skip, banki sem stóð fyrir því að koma Íslandi frá miðöldum inn í nútímann. Þessi banki var ofsóttur af heimskum, lélegum og misskildum stjórnmálamönnum. Og það er versti kaflinn í sögu 20. aldar. Um þetta má glögglega lesa og þessi bók er til í miklu upplagi, sögðu þeir mér í gamla daga, a.m.k. í Útvegsbankanum gamla, því það hafði enginn maður keypt hana. Þegar ég fékk hana keypta einu sinni sagði maðurinn við mig: Þú ert fyrsti maðurinn sem biður um hana. Þannig að ég á von á því að upplagið sé allt til og við getum fengið hana og dreift henni meðal þingmanna þannig að allir geti lesið þetta og við þurfum ekki að eyða tímanum í slíkt karp. (**Gripið fram í:** Hvaða stjórnmálamenn voru hér í þessum sal á þeim tíma?) (**Gripið fram í:** Það má nú tína það upp.) (Forseti hringir.)

(**Forseti** (GÁ)**:** Nú þykir forseta stór orð notuð um forfeður vora.)

[22:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég ætla ekki að tala um fortíðina og ég ætla ekki að tala um síðasta áratug. Ég ætla að ræða pínulítið um framtíðina.

Það er rétt hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni og ég tek undir flest allt sem hann sagði að þetta er lítið skref en það er mikilvægt skref engu að síður. Ég hefði viljað sjá það miklu stærra. En það er alltaf til fólk sem óttast breytingar og við verðum að bera virðingu fyrir því ef einhver er hræddur við eitthvað og þá verðum við að reyna að róa hann og sýna honum fram á að það sem hann óttast er ekki svo skelfilegt.

Ég man eftir því þegar átti að taka upp frjáls gjaldeyrisviðskipti og Íslendingurinn átti að geta keypt gjaldeyri eins og hann vildi. Margir sáu það sem einhverja gífurlega ógn. Nú mundi allur gjaldeyririnn streyma úr landi og ég man ekki allar þær fortölur og það sem átti að gerast. Svo var gengið gefið frjálst og hver mátti kaupa það sem hann vildi og það gerðist bara ekki neitt. Þá hættu menn að vera hræddir og nú talar enginn um þetta lengur.

Ég er viss um að þegar líður fram á haustið og landið er ekki komið á hausinn út af þessari breytingu þá munu menn sjá að það er kannski allt í lagi að selja svo sem eins og 36% í bönkunum í staðinn fyrir 35% af því þá eru menn ekki lengur hræddir. Það þarf að taka tillit til þess og bera virðingu fyrir þeim sem eru hræddir við breytingar því menn vita hvað þeir hafa en þeir vita ekki hvað kemur. Og það er mikilvægt.

Herra forseti. Ríkisáhrif á fjármálamarkaði vaxa hröðum skrefum þessa dagana. Er þar fyrst að nefna kaup Landsbankans á helmingnum í VÍS sem gerðist daginn eftir fyrri umræðu þessa frv. Menn þurfa þess vegna eiginlega að endurskoða ræðurnar sínar með tilliti til þess.

Nú stendur til að selja 35% hlutdeild í Landsbankanum og Búnaðarbankanum og ef það gengur eftir þá er búið að setja inn í þessa banka u.þ.b. 5–10 milljarða af fé almennings væntanlega en undir ríkisforsjá. Það verður opinber starfsmaður sem stýrir þessu á einhvern máta. Og það er meiningin að selja 49% í Fjárfestingarbankanum en þar koma aftur 4–6 milljarðar ef tekst að selja hann og það er aftur undir ríkisforsjá. Ríkið stýrir þeim banka með 51%. Niðurstaðan af öllu þessu er sú að ríkisáhrif á fjármálamarkaðinum stóraukast bæði í bankakerfinu og núna líka á tryggingamarkaðinum. Þetta er dálítið vandræðalegt sérstaklega með tilliti til þess að útlendir ráðgjafar eru stöðugt að ráðleggja okkur að minnka ríkisforsjá á þessum markaði til þess að auka samkeppni.

Ég ætla ekki að fara nánar í brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir en þær eru allar til bóta. T.d. það að vera ekki að setja 75% mörk á hlutafé í byrjun, það er náttúrlega algjör óþarfi. Hlutaféð skiptir í rauninni engu máli nema hvað varðar útgreiðslu arðs sem á að vera 7% af hlutafénu. Það er það eina sem ég sé að skipti einhverju máli. Eftir því sem hlutaféð er hærra þeim mun meira er hægt að borga út af arði en það gerir líka meiri kröfur til arðsemi í bankanum og þess vegna eru bankastjórarnir kannski hræddir við það. En

þeim er hægt að segja að þeir þurfa ekki endilega að borga út hámarksarð.

Síðan er breyting á því að áður stóð að ekki væri skylt að gefa út hlutabréf. Nú á ráðherra að ákveða skiptingu hlutafjárins. Þetta er náttúrlega heilmikið til bóta og gerir það yfirleitt mögulegt að selja bankann. Hann er ekki lengur undanþeginn stimpilgjöldum sem ég taldi vera mjög óeðlilegt, að vera með einhver forréttindi. Það á að selja hlut í bönkunum en það hefur verið nefnt að sennilega verður ekki selt hlutafé í Búnaðarbankanum vegna þess að hann er þegar yfirfjármagnaður í þeim skilningi að sérhver króna sem sett er inn í hann gefur ekki nægilegan arð. Það er því ekki skynsamlegt að selja í honum. En ég nærri sannfærður um að menn munu sættast á það að selja hlut ríkisins innan ekki langs tíma til að ná sömu áhrifum.

Svo segir hérna í nál. meiri hlutans, með leyfi hæstv. forseta: „Þá vill meiri hlutinn taka fram að hann lítur svo á að eðlilegt sé að einungis einn bankastjóri starfi í hvorum banka fyrir sig eftir formbreytinguna." Eins og mönnum er kunnugt þá eru nál. lögskýringargögn þannig að mér þætti gaman að sjá menn setja þarna tvo eða fleiri bankastjóra eftir að hafa slíkt lögskýringargagn í nál. meiri hluta efh.- og viðskn., sérstaklega ef tillögur hennar verða samþykktar sem ég geri fastlega ráð fyrir. Allt er þetta til bóta, engan veginn er gengið nægilega langt en mikið til bóta.

Herra forseti. Maður kann að spyrja sig: Hver vill kaupa banka þar sem ríkið á 65% eignarhluta og með opinbera starfsmenn sem formenn bankaráðs? Hver vill það eiginlega? Og með alls konar vandræðalán í farteskinu, gamlar, pólitískar lánveitingar og með óhagstætt útibúanet? Hvers vegna skyldu menn festa mikla peninga í svona stofnun í stað þess að stofna bara nýjan banka með þeim sömu peningum? Þetta er góð spurning. Ég hugsa að það verði breytingar fyrr en menn eiga von á. Menn munu nefnilega, til þess að selja þessa banka, verða að gera á þeim breytingar eða gefa væntingar um að það verði breytingar, að einhvern tímann hætti þessi formaður bankaráðs, sem er opinber starfsmaður, og nýir hluthafar geti fengið einhvern aðila sem ber kennsl á nútímabankaviðskipti. Þannig að ég hef þá trú að þegar mesti óttinn er rokinn úr mönnum þá muni þeir samþykkja breytingar og sérstaklega þegar samkeppnin verður farin að þjarma illilega að þessum nýju bönkum, svona upp úr næstu áramótum eða jafnvel fyrr, þá muni menn hreinlega verða að grípa til breytinga fyrr en seinna. Eins og ég gat um við 1. umr. þá mun þetta mál þannig leysast af sjálfu sér. Menn munu uppgötva að hlutahafavæðingin gerir svo sem ekki neinn skaða og þetta er ekki eins voðalegt og þeir sem óttast það halda.

Síðan kemur annað. Í haust mun renna upp fyrir mönnum, og er þegar farið að renna upp fyrir nokkrum, að þær framkvæmdir sem menn hafa ákveðið að fara út í með álverið, þær skattalækkanirnar sem menn ætla að fara út í og launahækkanirnar munu valda um 80–90 milljarða halla á viðskiptum landsins við útlönd á næstu þremur árum, þ.e. erlendar skuldir þjóðarinnar vaxa um 80–90 milljarða ef ekkert er að gert.

Eitt ráð við því — það eru reyndar nokkur ráð við því en eitt er að stöðva framkvæmdir ríkissjóðs. Það er slæmt vegna þess að framkvæmdir ríkissjóðs eru ekkert voðalega miklar. Annað er að reyna að lokka inn peninga af þessum launahækkunum og skattalækkunum frá almenningi.

Ég er með glimrandi hugmynd í því sambandi. (**Gripið fram í:** Á eyðslu?) Frá eyðslunni, já. Við bjóðum öllum Íslendingum kauprétt í þessum bönkum. Þeir mega kaupa hlutabréf á genginu 1 — og við höfum það það lítið hlutafé og þar getur hæstv. ráðherra ákveðið með hlutaféð þannig að gengið ætti að vera 2 eða 1 $^{1}/_{2}$ — og síðan bjóðum við almenningi, hverjum einasta Íslendingi, kauprétt í þessum bönkum og Pósti og síma líka. (**Gripið fram í:** Við getum það ekki, hann á bankann, íslenskur almenningur á bankann.) Það er svo aftur önnur saga, ég skil ekki af hverju hann hefur ekki náð í hann. Auðvitað má gefa almenningi kauprétt í þessum banka og við það mundu allir sem vilja nýta sér þennan kauprétt, það verður hagnaður af því að nýta hann, og almenningur yrði að losa fé. Hann er að taka þetta af launahækkun sinni og skattalækkun og það mundi slá á þensluna. Þetta væri eitt ráð sem hægt væri að nota. Að sjálfsögðu mætti útfæra þetta þannig að það gerðist á löngum tíma þannig að fólk réði þokkalega við þetta og þetta væri ráð til að slá á þensluna.

Ég held nefnilega að þegar fram líða stundir þá verði næsta skref, sem við þurfum að taka, hreinlega ekkert mál. Fyrsta skrefið er alltaf erfiðast vegna þess að menn eru hræddir við framtíðina og menn þurfa að bera virðingu fyrir ótta manna við breytingar og ef menn gera það þá ná þeir fram svona breytingum sem hægt og rólega breyta stöðunni.

[22:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram allmiklar umræður um þetta frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands sem hér liggur fyrir. Eins og gefur að skilja í svo stóru máli liggja sjónarmið ekki alveg saman, a.m.k. ekki allra og ekki að öllu leyti hjá þeim þar sem sjónarmið eiga sér snertifleti.

Ég vil í fáeinum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég tel rétt að hún komi hér fram þar sem svo vill til að ég var búinn að ganga frá því að vera á öðrum stað á morgun og get ekki breytt þeirri ákvörðun þannig að ég mun verða fjarverandi við þá atkvæðagreiðslu sem fram fer í málinu á morgun ef að líkum lætur.

Mál þetta horfir þannig við mér að það sem er verið að fjalla um er bankastarfsemi, rekstur banka, og hvaða hlutverk við ætlum ríkissjóði í þeirri starfsemi í framtíðinni. Þá vil ég fyrst benda á ákveðna staðreynd sem liggur í augum uppi og hefur verið bent á. Það er að þessi starfsemi er viðskiptavinum bankanna ákaflega dýr. Helstu viðskiptavinir bankanna eru þeir sem skulda peninga og þeir sem skulda peninga eru fyrst og fremst alþýðan í landinu, íslenskt launafólk. Það kemur því ákaflega illa við íslenskt launafólk ef bankakerfið er dýrt, ef það er mun dýrara en þörf er á. Það eru hagsmunir þess að þessi atvinnustarfsemi sé veitt á eins ódýran hátt og unnt er. Rétt eins og það er talið vera almannahagsmunir að aðrir atvinnuvegir séu reknir á eins hagkvæman hátt og unnt er, má þar t.d. nefna fiskvinnslu í landi sem er mjög stór atvinnugrein á landsbyggðinni. Við því er ekki amast á neinn hátt heldur talið óhjákvæmilegur fylgifiskur hagræðingar þótt störfum í fiskvinnslu í landi fækki ár frá ári sem svo aftur leiðir til þess að fólki fækkar á landsbyggðinni að sama skapi þegar ekki verða til störf í öðrum greinum á móti þeim sem hverfa í landvinnslunni. Þetta nefni ég til samanburðar svo mönnum sé ljóst að það er víðar sem sömu sjónarmið eru uppi um kröfur á arðsemi atvinnugreina og við eigum ekki að hafa önnur sjónarmið uppi um bankastarfsemi.

Eftir því sem ég best veit er vaxtamunur í íslensku bankakerfi og erlendu verulegur, mun vera um 3% um þessar mundir. Það er ákaflega há fjárhæð sem fer í rekstur kerfisins og fram kemur í nál. 1. minni hluta, hygg ég, að rekstur þess kosti 13.000 milljónir á hverju ári. Þetta fé borga íslenskir skuldarar að mestu leyti, alþýðufólk sem skuldar bönkunum lán vegna kaupa á húsnæði, bílum eða öðru því sem það hefur fjárfest í. Í skýrslu sem dreift var hér fyrr í vetur frá hæstv. forsrh. um samanburð á lífskjörum hérlendis og í Danmörku kemur fram að rekstur bankakerfisins á Íslandi er miklu dýrari en í Danmörku. Þar kemur t.d. fram að rekstrarkostnaður danska bankakerfisins nemur um 2,4% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. En á Íslandi er sama tala 5,1%. Það gefur auga leið að það bankakerfi sem við búum við er mjög dýrt. Ef við gæfum okkur t.d. að hægt væri að reka það fyrir 50–60% af þeim kostnaði sem það kostar nú og miðum við að það kosti 13 milljarða, eins og fram kemur í nál., gætu um 4–6 milljarðar kr. sparast við hagræðinguna í bankakerfinu og þessi sparnaður kæmi fyrst og fremst þeim til góða sem skulda þessu sama bankakerfi fé. Ég lít þess vegna á það sem almannahagsmuni að knýja fram breytingar í þessum atvinnurekstri og tel að þeir sem bera hagsmuni almennings, og sérstaklega launafólks, fyrir brjósti eigi að beita sér fyrir breytingum í þessa átt.

Spyrja má: Hvernig getum við náð fram þessum framförum í rekstri bankakerfisins? Það eru einkum bent á tvær leiðir. Fyrri leiðin er sú að ríkið, að því það er mjög stór þátttakandi í íslensku fjármálakerfi, beiti sér fyrir hagræðingu þar sem það beinlínis getur vegna eignarhalds síns í bankakerfinu. Það hefur verið bent á að ef ríkisbankarnir tveir, Búnaðarbanki og Landsbanki, yrðu sameinaðir í einn banka væri hægt að ná fram sparnaði sem næmi um 1.000 millj. kr. á ári. Það er verulegur sparnaður sem hægt væri að ná fram með þessari aðgerð. Það hefur líka verið bent á, eins og fram kemur í nál. 2. minni hluta, fulltrúa Alþb. og óháðra, að stokka upp með sameiningu viðskiptabanka, sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða sem ríkið gæti hæglega komið á koppinn vegna þess að það á bæði tvo banka og allnokkra fjárfestingarlánasjóði og getur í krafti þeirrar stærðar sem það er með á þessum markaði komið við skipulagsbreytingum af þessu tagi. Þessar aðgerðir munu örugglega spara skuldara á Íslandi verulegt fé. Það er því sjálfgefið að leitast við að stika þessa leið eftir því sem menn komast áfram. Hin leiðin sem menn benda á og má fara líka til þess að ná fram sparnaði í rekstri þessarar atvinnugreinar er að beita lögmálum samkeppninnar. Það hefur verið gert annars staðar með tilætluðum árangri og engin ástæða til að ætla að neitt annað verði upp á teningnum hér á landi en erlendis en það að samkeppni um viðskiptavinina leiði til þess að rekstrarkostnaðurinn verði minni, að vaxtamunurinn minnki.

Í frv. er, má segja, farin að nokkru leyti dálítið skrýtin leið. Það er ekki farin sú leið að beita eignarhaldi ríkissjóðs til þess að taka til í þeim hluta fjármálakerfisins sem ríkið á. Ekki beinlínis. Heldur farið afbrigði af samkeppnisleiðinni með því að breyta ríkisbönkunum í hlutafélög og sameina fjárfestingarlánasjóðina í einn sjóð og breyta þeim sjóði í hlutafélög þannig að út úr þessu komi þrjú hlutafélög þar sem tvö þeirra eru bankar og það þriðja fjárfestingarlánasjóður. Það hlutafélag getur hæglega starfað sem banki með tiltölulega einfaldri breytingu sem ég sé ekki að séu nein vandkvæði fyrir þann sjóð að ná fram og þá gæti hann farið að taka við innlánum og starfa eins og hver annar banki. Þetta er að sönnu nokkuð löng leið til hagræðingar en hún hefur þó þann kost að aðeins er ýtt við mönnum í samkeppnisátt. Þessi hlutafélög verða væntanlega að keppa á þeim markaði sem þau starfa um hylli viðskiptavinanna. Hins vegar er ekki að finna í frv. nægilega sterkan hvata til þess að tryggja að þessi þrjú hlutafélög starfi að fullu samkvæmt lögmálum samkeppninnar.

Ég verð þó að segja, herra forseti, að þó skrefið sé ekki stórt sem tekið er og ekki alveg skýrt beint áfram til betri þróunar fyrir þá sem skulda bankakerfinu peninga þá tel ég vera fólgna framför í þessu skrefi og fyrst og fremst í þeim möguleikum sem það felur í sér næst á eftir að þessar skipulagsbreytingar hafa náð fram að ganga.

Í umræðum um þetta mál hefur verið gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem af hálfu stjórnarandstöðunnar þykir vera áfátt og gagnrýni verð og get ég tekið undir margt af því sem hefur komið fram frá báðum minni hlutum efh.- og viðskn. Ég tel sjálfsagt að gæta að hagsmunum starfsmanna í þessum lagabreytingum. Mér finnst líka sjálfsagt að huga að skipan bankaráða og finnst sú valdasamþjöppun á skrifborði iðn.- og viðskrh. í raun vera beittasta gagnrýnisatriði stjórnarandstöðunnar á frv. Ég hygg að það sé ekki neinum manni hollt að vera í þeirri stöðu að hafa það vald að geta ráðið svo miklu í svo mörgum bönkum sem þessi frv., ekki bara þetta sem hér er til umræðu heldur þau sem síðar koma, bera vott um. Ég tel full rök fyrir því að gera breytingar á þessum skipunarmálum þannig að iðn.- og viðskrh. standi ekki einn með það vald sem þar er gert ráð fyrir. Ég tek líka að nokkru leyti undir kröfur um dreifða eignaraðild þó svo að ég sé ekki alveg endilega sammála öllu því sem sagt hefur verið um það mál. Við skulum hafa það í huga að bankarnir starfa við allt aðrar aðstæður núna en áður var. Þá var skortur á fjármagni og margir sem vildu fá lánað og það fólust í því mikil völd og jafnvel pólitísk völd að geta útdeilt þessu fé. Nú er ekki skortur á fjármagni heldur nálgast sú staða æ meir að skortur sé á viðskiptavinum en ekki skortur á peningum til að lána út. Við þessar aðstæður verða völd og áhrif þeirra sem fara með umsýslu peninganna miklu minni en áður var auk þess sem hlutafélagaformið gerir það að verkum að eigendur hlutafjárins gera þá kröfu til þeirra sem reka fyrirtækin að þeir hafi arðsemina að leiðarljósi en ekki einhverja aðra hagsmuni. Þannig sé ég ekki nein sérstök rök fyrir því að gera kröfu til mjög dreifðrar eignaraðildar þegar ríkið á að eiga 65% en aðrir aðilar eiga samtals 35%. Jafnvel þótt einn aðili ætti allan þennan 35% hlut væru áhrif hans í bankanum tiltölulega lítil miðað við að sá sem á 65%, þ.e. ríkissjóður, er einn aðili sem fer þá með óskorað meirihlutavald.

Ég er heldur ekki viss um að það sé nein sérstök vá fyrir dyrum eða hætta fyrir þá sem þurfa að leita með viðskipti sín til fjármálafyrirtækja þótt einhver einn aðili eða fáir aðilar ættu ráðandi hlut í einum banka, ef fyrir hendi væri samkeppni, þ.e. nokkuð margir bankar störfuðu og ráðandi aðili í einum banka væri ekki ráðandi í öðrum bönkum. Ég get því ekki verið sammála því að krafan um dreifða eignaraðild eigi að vera eins víðtæk og fram hefur komið hér í umræðunni þó að ég sjái ekki að það geri neinn skaða að menn fari varlega í þessu efni og gæti að því með því að hafa kannski fremur stífari kröfur um dreifða eignaraðild heldur en ætla mætti að nauðsynlegt sé hverju sinni. Síðan má breyta þeim kröfum eftir því sem fram vindur og menn telja að óhætt sé án þess að tefla í tvísýnu þeim markmiðum sem menn hafa með þessu.

Herra forseti. Ég tel að í sjálfu sér hafi það verið rétt að ríkið hafi haft með höndum þann þátt í bankastarfsemi sem verið hefur fram til þessa. Það var af skiljanlegum ástæðum lengi vel. Það voru ekki aðrir aðilar sem gátu haldið uppi öflugri bankastarfsemi og veitt fyrirtækjum þá fyrirgreiðslu sem nauðsynleg var og í skjóli ábyrgðar sem ríkið eitt hefur getað lagt fram hafi verið nauðsynlegt að ríkið hefði þessa starfsemi með höndum. En núna eru breyttir tímar og það er sjálfsagt og eðlilegt að þeir sem fara með vald ríkisins í þessu máli hugi að því hvernig eðlilegast sé að ríkið komi sér fyrir eða hasli sér völl á þessu sviði í framtíðinni.

Ef við gefum okkur að það sé ekkert lykilatriði að ríkið hafi með höndum þennan rekstur í náinni framtíð, þá er spurning hvort ekki sé skynsamlegt fyrir ríkisvaldið að breyta þessari eign sinni sem liggur í bönkunum yfir í einhverja aðra eign sem kemur þegnum landsins jafn vel, ef ekki betur. Við getum t.d. ímyndað okkur að við breyttum eign okkar í bönkunum í vegi eða aðra fjárfestingu sem kallað er á um þessar mundir og mundi bæta þetta þjóðfélag í framfaraátt.

Ég sé hlutverk ríkisvaldsins á fjármálamarkaði þannig um þessar mundir eins og staðan er og vil ég þá til fróðleiks benda á að í tímariti sem var dreift til þingmanna í dag, Fjármálatíðindum, koma fram þær fróðlegu upplýsingar að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi eftirlit með 180 aðilum sem eru með starfsemi á sviði viðskiptabanka, sparisjóða, póstgíróstofa, fjárfestingarlánasjóða, húsbréfadeildar, verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og lífeyrissjóða, svo upp séu taldir helstu flokkar þeirra sem starfa á fjármálamarkaði en þeir eru um 180 samtals eins og fram kemur hér í þessu hefti Fjármálatíðinda. Ég tel að við þær aðstæður sem uppi eru núna sé hlutverk ríkissjóðs eða ríkisins fyrst og fremst það að sjá til þess að lagaumgjörð endurspegli það viðhorf sem menn vilja að gildi á þessu sviði og að það hafi eftirlit með fjármálastarfseminni, m.a. með eiginfjárkröfum og öðrum öryggisatriðum sem þurfa að vera í lagi til að tryggja hagsmuni þeirra sem eiga viðskipti við bankakerfið.

Í öðru lagi á það að vera hlutverk ríkisins á fjármálamarkaði að miðla hagstjórn sinni, þ.e. peningastjórnun, ná henni fram eins og efnahagsstefna ríkisins er á hverjum tíma með framboði á peningum, vaxtabreytingum og öðru því sem áhrif hefur á þessu sviði. Og í þriðja lagi á ríkið að vera með starfsemi á fjármálamarkaðnum þar sem aðrir standa sig ekki sem skyldi eða eru ekki með starfsemi eins og þörf er á, en það getur auðvitað verið fyrir hendi og má t.d. nefna nýsköpunarsjóði eða áhættulánasjóði sem mikil þörf er á, sjóði sem eiga að beina fé í starfsemi sem ætlað er að auka hagvöxt í landinu og renna styrkari stoðum undir þau lífskjör sem við búum við. Við sjáum að full þörf er fyrir þetta hlutverk að mati fleiri en mín og hér liggja fyrir tvö frumvörp um áhættulánasjóð, annað frá þingflokki Alþb. og hitt frá ríkisstjórninni sem er á leiðinni gegnum þingið og verður væntanlega að lögum.

Herra forseti. Ég hef í stuttu máli í aðalatriðum gert grein fyrir sjónarmiðum mínum til þessa máls. Ég tel rétt að það nái fram að ganga í meginatriðum þó að ég taki undir það að hnökrar eru á því eins og það er útbúið og ég tek undir margt af aðfinnslu stjórnarandstöðuþingmanna. Ég tel því, herra forseti, að þrátt fyrir að hnökrar séu á málinu og það gangi ekki langt til þeirrar áttar sem ég hefði viljað sjá, þá sé rétt að það nái fram að ganga. En markmið þau sem ég hef sett fram með endurskipulagningu á bankakerfinu eru fyrst og fremst þau að tryggja alþýðu manna á Íslandi atvinnustarfsemi á þessu sviði sem er sem ódýrust og það er alveg ljóst að um þessar mundir er íslensk bankastarfsemi miklu dýrari en hún þarf að vera og kostar íslenska skuldara miklu hærri fjárhæðir á ári hverju en nauðsynlegt er.

[22:37]

Útbýting þingskjala:

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 28. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1003; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1004.

Fjárveiting til verkefna á sviða atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu, 588. mál, fsp. KHG, þskj. 1007.

Samræming á starfsemi og framkvæmdum ríkisins, 586. mál, fsp. KHG, þskj. 1005.

Stefnumótandi byggðaáætlun, 587. mál, fsp. KHG, þskj. 1006.

[22:39]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ákaflega þætti mér vænt um það ef hv. 3. þm. Vestf. yrði gert viðvart þannig að hann mætti í salinn ef hann hefði áhuga á að kynna sér þá merku bók, Sögu Íslandsbanka hf. og Útvegsbanka Íslands 1904–1980.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hv. 3. þm. Vestf. verði hér.)

Það vil ég þakka forseta því að ég tel mjög jákvætt ef hann mundi leyfa mér smálestur úr þessari bók til þess að hv. 3. þm. Vestf. gæti áttað sig á því hvaða efni væri inn á milli kápuspjaldanna.

Það var kveðið upp úr með að það hefðu verið heimskir stjórnmálamenn íslenskir sem jörðuðu þennan banka. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa örlítið á bls. 102 í bókinni. Þar segir svo:

„Heimskreppan hófst svo sem kunnugt er með verðbréfahruninu í kauphöll New York borgar haustið 1929. Tók áhrifa hennar að gæta hér á landi þegar á árinu 1930 þótt ekki kæmist hún í algleyming fyrr en 1–2 árum síðar. Þessi áhrif komu fyrst og fremst fram í verðfalli og sölutregðu útflutningsafurða. Ísland flutti út hráefni en fullunnar vörur inn og þar sem verðhlutföll breytast jafnan útflytjendum hráefna í óhag þegar kreppa skellur á verða viðskiptakjör venjulega Íslendingum mjög óhagstæð í upphafi krepputímabils. Þegar á krepputímabilið líður nær verðfallið einnig til fullunninnar vöru og batna viðskiptakjörin þá venjulega nokkuð aftur."

Örlítið neðar á síðunni stendur þetta: „Verðfall það á framleiðsluvörum landsmanna sem hófst árið 1930 hélt áfram allt árið og sama sölutregðan á sjávarafurðum og árið á undan. Varð það því hið erfiðasta fyrir öll viðskipti þótt tapið hjá framleiðendum hafi ekki verið jafngífurlegt og árið á undan. Söfnuðust þá skuldir hjá viðskiptamönnum bankans og var mjög mikið af rekstrarfjárlánum, veittum á árinu, ógreitt um áramót, enda mikið af fiski óselt. Í septembermánuði 1931 urðu miklar lækkanir á peningagengi í ýmsum löndum og fylgdi því mjög mikil vaxtahækkun og jók það vaxtabyrði bankans að mun þar sem hann skuldar mjög mikið fé erlendis. Yfirleitt má segja að árið hafi verið hið erfiðasta fyrir bankann þegar þar við bætist að óeðlilega mikil úttekt var á sparisjóðsfé, bæði í aðalbankanum og útibúum hans."

Ég hygg að íslenskum stjórnmálamönnum verði ekki með réttu kennt um heimskreppuna. Má vera að okkur greini þar á. En meiri fáfræði í umræðum um þessa sögu hef ég ekki heyrt en kom frá hv. 3. þm. Vestf. Það blasti nefnilega við hverjum manni sem vill skoða þessa hluti að það voru margir samverkandi þættir sem komu inn í þessa starfsemi og Íslandsbanki varð fyrir því m.a. á sínum tíma að gengi

krónunnar var hækkað en ekki lækkað sem veikti mjög hans stöðu. Hér segir á ýmsum stöðum frá þeim atriðum sem urðu honum erfið og ég held að óhætt sé að fullyrða að gengi hlutabréfa hans hafi farið mjög lækkandi vegna þess að eitt og annað í rekstri bankans var ekki í lagi.

Það er nú einu sinni svo að eitthvert eitt rekstrarform getur ekki komið í veg fyrir erfiðleika og Íslandsbanki lenti í miklum töpum sem urðu vegna þess að stórfyrirtæki fór á höfuðið, m.a. Milljónafélagið, en það var eins og allir vita mjög umsvifamikið í rekstri. Ég held að út af fyrir sig sé þarflaust með öllu að fara að rifja þá sögu upp orð fyrir orð og lesa hana nákvæmlega upp úr þessari bók eins og hún kemur Ólafi Björnssyni fyrir sjónir. En ætlun mín með þessum athugasemdum á sínum tíma var ekki að það yrði til að særa nokkurn mann, hvorki hv. þm. Einar Odd né nokkurn annan. Það sem ég vildi fyrst og fremst undirstrika var að fallvaltleikinn í þessum efnum getur alveg eins birst hlutafélagsbönkum sem öðrum og það er ekki sjálfgefið að menn geti sagt: Nú siglum við sléttan sjó þó að menn trúi því í dag að hægt sé að lækka kostnaðinn við bankakerfið á Íslandi með því að breyta þessum bönkum í hlutafélagsbanka. Hérna stendur samt sem áður á bls. 35, og það vil ég lesa hér af því að ég gat sérstaklega um Milljónafélagið það stendur hér á bls. 35:

„Syrtir í álinn fyrir Íslandsbanka. Gjaldþrot „Miljónafélagsins". Eins og að framan greinir hafði afkoma Íslandsbanka verið góð árin 1905–1912. Úthlutaður arður hafði aldrei verið lægri en 5,5% og oftast til 6–6,5%.

En í ársbyrjun 1914 varð bankinn fyrir sínu fyrsta stóra áfalli með því að stór viðskiptaaðili bankans, hf. Pétur Thorsteinsson & Co. varð gjaldþrota. Félag þetta hafði þá um skeið verið í daglegu tali nefnt Miljónafélagið. Rak það jöfnum höndum umsvifamikla útgerð og verslun á svæðinu frá Suðurlandi til Vestfjarða.

Orðrómur um það að ekki væri allt með felldu hvað snerti viðskipti bankans við félag þetta mun hafa borist hinum erlendu hluthöfum til eyrna á fyrri hluta ársins 1913 því að á fundi bankaráðsins sem haldinn var í Reykjavík þann 30. júní gat formaður bankaráðsins, Hannes Hafstein ráðherra, þess að borist hefðu um það tilmæli frá hinum erlendu hluthöfum að haldinn yrði aukafundur í bankaráðinu, annaðhvort í London eða Kaupmannahöfn þar sem rætt yrði, eins og það er bókið í fundargerðinni, „um stærstu viðskipti við bankann, sérstaklega viðskipti hf. P.J. Thorsteinsson & Co. ef ástæða þætti til". Bankaráðið hafnaði að vísu þessum tilmælum með tilvísun til ákvæðis reglugerðar um það að bankaráðsfundir skyldu haldnir í Reykjavík, en hins vegar gerði bankaráðið í ályktun sinni ráð fyrir því að ráðherra ræddi við hina erlendu bankaráðsmenn (sem að jafnaði mættu ekki svo sem fyrr segir á fundum í Reykjavík) og gæfi þeim kost á því að gera sínar tillögur til bankaráðsins."

Ég hygg að ekki sé þörf að lesa þetta frá orði til orðs, en það fer ekkert á milli mála að þarna fékk Íslandsbanki fyrsta þunga höggið og þau urðu fleiri. Ég vona nú að hv. þm. Einar Oddur geri sér grein fyrir því

(**Forseti** (StB): Kristjánsson.)

Einar Oddur Kristjánsson, — ekki efa ég að faðernið sé rétt hjá hæstv. forseta, — geri sér grein fyrir því að ég man allvel eitt og annað sem stendur í þessari bók þó að hitt sé rétt að vafalaust mætti ég lesa hana betur. Hún er nefnilega merkilegur fróðleikur um að jafnvel þó að hluthafar séu margir og eigi hlutafélagsbanka, þá getur það gerst að einum aðila sé lánað það mikið að því verði ekki hægt að bjarga og bankinn verði fyrir stóráföllum. Það sem ég drap á, að Ísfirðingar hefðu tapað miklu fé á þessu, veit ég að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson veit og ég tel þarflaust að fara að lesa þann kafla. En ég vænti þess jafnframt að það verði ekki frekari deilur um þessa hluti því að mér er það ekki ljúft að þurfa að halda áfram fram eftir nóttu lestri úr þessari annars ágætu bók, herra forseti.

[22:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru góð tíðindi að bókin skuli fundin, þetta er nefnilega þörf lesning. Eins og allir sem lesa þessa bók komast að bendir Ólafur Björnsson á það réttilega og rekur ótal dæmi þess að Íslendingar hafi hagað sér ákaflega óskynsamlega í samskiptum við hinn dansk/norska hlutafélagsbanka. Hv. þm. Ólafur Þórðarson getur ekki nokkurs staðar fundið nein orð í þessari bók sem mæla gegn ummælum mínum þar um þó að hann leiti og blaði í alla nótt og ég held að hann ætti bara að gera það. Hitt er svo rétt að mörg voru áföllin og langur tími leið frá gjaldþroti Milljónafélagsins til gjaldþrota Íslandsbanka. Þar var nú ábyggilega hvað verst síldarklakkinn 1919–1920, hækkun íslensku krónunnar 1925. (**Gripið fram í:** Hver stóð fyrir því?) Jón hét hann Þorláksson ef þú ætlar að spyrja ... (**Gripið fram í:** Hvar var hann í pólitík?) Hann var í Íhaldsflokknum. Eru fleiri spurningar, herra frammíkallandi? (**Gripið fram í:** Var það ekki forveri Sjálfstfl.?) Er þetta spurningaþáttur, forseti, eða á ég að fá að vera hér í andsvörum?

(**Forseti** (StB): Forseti vill biðja hv. þm. að veita ræðumanni frið.)

Þess vegna er það að ég held að einmitt þessi bók sé góð lesning og hún er nú fundin. Hitt er svo alveg rétt að aldrei verður sigld ljúf sigling í efnahagsmálum, aldrei er neinn banki hvorki í þessum heimi né í hinum vestræna heimi öllum eða nokkurs staðar öruggur. Það var enginn að segja það. Við þurfum mjög á því að halda hér og nú að fá eigendaábyrgð og eigendaaðhald að rekstri íslenskra peningastofnana. Það vita allir, það gera sér allir grein fyrir því. Það hefur hæstv. iðn.- og viðskrh. margsinnis nefnt í framsögu sinni fyrir þessu máli, því stöndum við að því að breyta þessu og því munum við standa saman að því. Því verður þetta framfaraspor.

[22:53]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti vænt um að það upplýstist hér í ræðustól að sá sem hækkaði gengið og veitti Íslandsbanka þar með eitt þyngsta höggið og fékk mjög harðan dóm hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir það tiltæki var Jón Þorláksson. Eins og allir vita sameinaðist Íhaldsflokkurinn öðrum flokk, mig minnir að það hafi verið Frjálslyndi flokkurinn (**EOK:** Það er rétt hjá þér.) og allir voru sammála um að það yrði að leggja niður nafnið Íhaldsflokkur þótt það héldi enn velli í Bretlandi. 3/4 samþykktu að leggja yrði nafnið niður. Það er nú upplýst hverjum skeytin voru send um að það hefðu verið slæmir stjórnmálamenn á Íslandi sem urðu banamenn bankans.

En ég get alveg tekið undir að Íslendingar sýndu ekki að öllu leyti skilning gagnvart Íslandsbanka frekar en þeir hafa að öllu leyti sýnt skilning að staðaldri gagnvart þeim sem hafa staðið að útflutningsframleiðslu þessa lands í gegnum tíðina.

[22:54]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gefst vonandi tækifæri til þess einhvern tíma þegar menn hafa meiri nennu en í kvöld að lesa alla þessa bók hér úr ræðustól. Enginn nennir því í kvöld. En niðurstaðan er ótvíræð: Íslenskir stjórnmálamenn höguðu sér mjög óskynsamlega gagnvart þessum erlenda hlutafjárbanka. Það voru menn í ýmsum flokkum og þeir sem þekkja söguna og þeir sem vilja þekkja hana geta alveg rakið hverjir voru í því. Ég ætlaði ekki að nota þetta kvöld til þess að minna á það og skiptir það engu máli í dag hvað þeir flokkar hétu eða hvað þeir menn hétu. Hitt liggur fyrir og við eigum að minnast þess og vita að það er einmitt þetta, skammsýni okkar sjálfra, sem varð okkur svo dýrkeypt þegar mest á reið. Þess vegna var kreppan svo djúp, þess vegna stóð hún svo lengi.

[22:56]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því við lok 2. umr. að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir það starf sem hún hefur unnið að undirbúningi þessa máls í meðförum þingsins. Ég tel að það hafi verið vandað starf, nefndin hafi vel unnið og á ótrúlega skömmum tíma. Þegar ég lagði málið fyrir fyrir fáum vikum átti ég ekki von á því að það fengi svo skjóta og vandaða umfjöllun og vinnu í meðferð nefndarinnar þannig að ég vil sérstaklega þakka fyrir það.

Á þingskjali því sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur lagt fyrir koma fram brtt. við frv. eins og það lá fyrir 1. umr. og tek ég undir þær brtt. og lýsi mig samþykkan þeim.

Ég ætla ekki hér og nú að deila um, það var ágætlega tekist á um það við 1. umr. málsins, hvort menn væru hér að stíga stór eða lítil skref í skipulagsbreytingum á fjármagnsmarkaðnum. Ég held hins vegar að þegar sagan verður skoðuð, eins og menn hafa örlítið verið að gera síðustu mínúturnar, þá komi í ljós að þær ákvarðanir sem þingið mun taka á næstunni hvað þetta mál snertir séu mikið framfaraspor og séu af hinu góða. Umræðan um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins bíður betri tíma. Hún kemur síðar þannig að ég ætla ekki nú, eins og einstakir hv. þm. hafa reyndar svolítið gert við þessa umræðu, að fjalla um það mál sérstaklega.

Þegar litið er yfir bæði álit minni hluta efh.- og viðskn., þá held ég að segja megi að sex meginatriði komi þar fram sem gagnrýni á þetta frv. og gerðar eru beinar brtt. um. Ég held að það megi fullyrða að það sé býsna mikil samstaða og í raun og veru verð ég að viðurkenna að þegar ég horfi yfir nefndarálitið þá finnst mér vera sá tónn í nefndaráliti minni hlutans að um þessi mál sé meiri samstaða heldur en ég átti von á í upphafi. Ég hélt að það yrði tekist harðar á í málinu en er þar af leiðandi ánægður með að þetta breið samstaða skuli hafa myndast.

Þessi sex atriði eru í fyrsta lagi aðild að undirbúningsnefndum og áheyrnaraðild fulltrúa starfsmanna í bankaráðum. Í öðru lagi aðgangur að kaupum á hlutafé. Í þriðja lagi það sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kom hér inn á og var af þeim toga að hann gagnrýndi að ekki hefði verið tekið tillit til neins af því sem starfsfólk bankanna hefði lagt til í umræðunni og snýr að sambærilegu starfi. Í fjórða lagi eru það lífeyrismálin og tengjast að nokkru leyti kaupum á hlutafé og í síðasta lagi snýr það að yfirstjórn bankanna, hversu margir bankastjórarnir eiga að vera.

Hvað fyrsta atriðið varðar, um aðild að undirbúningsnefndinni skv. 2. gr. frv., þá vil ég segja, og það kom reyndar fram við 1. umr. málsins einnig, að ég er þeirrar skoðunar og ræddi það við undirbúning málsins við fulltrúa starfsmannafélaga beggja bankanna að ég tel ekki að starfsmenn eigi að eiga sæti í undirbúningsnefndunum en hef boðið upp á að forsvarsmenn starfsmannafélaganna hafi tækifæri til þess að fylgjast náið með störfum undirbúningsnefndanna með áheyrnaraðild og tillögurétti í þessum undirbúningi. Með þeim hætti tel ég að hægt sé að tryggja að fyrir hagsmunum starfsmanna sé vel séð og ekki þurfi beina aðild þeirra að nefndinni. Þetta var fulltrúum starfsmannafélaganna ljóst þegar þetta frv. var lagt fyrir Alþingi vegna þess að fulltrúar þessara starfsmanna tóku mjög mikinn þátt í undirbúningi málsins og kem ég kannski inn á það hér örlítið síðar.

Í öðru lagi hvað áheyrnaraðild að bankaráðunum snertir þá tel ég það í raun og veru vel athugandi og mun láta kanna hvort ekki sé rétt að starfsmenn hafi áheyrnaraðild að bankaráðum hlutafélagabankanna. Það mun hins vegar auðvitað byggjast á samþykktum þeim sem verða undirbúnar af undirbúningsnefndunum og ég mun láta kanna það í þeim undirbúningi. Hins vegar getur það tekið breytingum þegar nýir aðilar verða síðan orðnir eigendur að hlutafélögunum.

Í þriðja lagi aðgangur að kaupum á hlutafé. Ég tel að það komi til skoðunar að tryggja starfsmönnum aukinn rétt eða aðgang að kaupum á hlutafé. Ég tel hins vegar ekki á þessari stundu eðlilegt að taka ákvarðanir um að binda slíkt í lög. Þegar að því kemur að menn hefja undirbúning að útboðum á nýju hlutafé í bönkunum eins og gert er ráð fyrir í lagafrv. þá verði hugað að þessum þætti málsins, þ.e. að starfsmennirnir muni með einhverjum hætti geta notið forgangs að kaupum á hlutafé í útboði. En ég lýsti því hér við 1. umr. málsins og það kemur reyndar skýrt fram í greinargerð frv. að stefnt er að dreifðri eignaraðild að bönkunum og þar af leiðandi, og til að svara einu því atriði sem kemur fram í minnihlutaálitinu frá hv. þm. Jóni Baldvini Hannibalssyni og Ágústi Einarssyni, þar sem gengið er út frá því að engin skuli geta eignast meira en 5%, tel ég ekki heldur skynsamlegt að binda það sérstaklega í lögum heldur miklu frekar að stefna að dreifðri eignaraðild í gegnum einkavæðingarnefndina. Nú veit ég að fulltrúar einkavæðingarnefndarinnar gengu á fund hv. efh.- og viðskn. og ég tel eðlilegt, eins og hún hefur reyndar sýnt með störfum sínum, að hægt er að tryggja þar dreifða eignaraðild.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gagnrýndi að ekki væri tekið tillit til neins af því sem fulltrúar starfsmannafélaga bankanna hefðu komið fram með í umfjöllun í nefndinni. Nú er það svo að fulltrúar starfsmanna beggja bankanna og fulltrúar Sambands ísl. viðskiptabanka áttu gott samstarf við ráðuneytið við undirbúning þessa máls. Það var leitað eftir mjög víðtæku samstarfi við fulltrúa þessara aðila ásamt fulltrúum bankaráða beggja bankanna og bankastjórum beggja bankanna. Það var hægt að taka tillit til flestra þeirra athugasemda sem komu fram hjá fulltrúum starfsmannafélaganna við undirbúning málsins. Meðal annars sem ekki hafði hvað síst áhrif á að gert var ráð fyrir því upphaflega í undirbúningi málsins að aðrir aðilar en ríkið gætu eignast allt að 49% eignarhlut í viðskiptabönkunum með útboðum á nýju hlutafé. Það var gangrýnt á aðalfundum beggja starfsmannafélaganna hversu hátt hlutfall þetta skyldi vera og það var ekki síst það ásamt nokkrum öðrum þáttum sem urðu til þess að ákveðið var að lækka þessa tölu áður en frv. var lagt

hér fyrir úr 49% niður í 35%. Í umsögn Starfsmannafélags Landsbankans var gagnrýnt að kveðið sé á um í frv. eins og það liggur núna fyrir að starfsmenn eigi rétt á sambærilegu starfi en ekki á sama starfi. Þarna er um hugtakanotkun að ræða fyrst og fremst. Hins vegar verður að gá að því að þarna verður um tvo aðskilda lögaðila að ræða. Annars vegar Búnaðarbanki Íslands og Landsbanki Íslands og svo hins vegar Búnaðarbanki Íslands hf. og Landsbanki Íslands hf. Þannig að það verður ekki um það að ræða að menn geti verið með sama starf en menn munu fá sambærilegt starf eins og frv. gerir ráð fyrir.

Fimmta atriðið í þessu snýr að lífeyrismálunum. Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að eftirlaunasjóðir bankanna geti eignast tiltekinn hluta af hlutafé ríkissjóðs og eftirlaunasjóðunum verði þannig bætt upp bakábyrgð ríkissjóðs sem fjallað hefur verið um þegar rætt hefur verið um breytingar á eftirlaunasjóðunum. Eftirlaunasjóðirnir gætu þannig gerst eignaraðilar að bönkunum. Á þessu stigi tel ég ekki rétt að lögfesta að svo skuli vera og ein meginástæða fyrir því er sú að enn eru í gangi samningaviðræður við starfsmenn um framtíð eftirlaunasjóðanna, eða með hvaða hætti eftirlaunasjóðirnir muni starfa. Mér finnst eðlilegt að þeirri umræðu ljúki og niðurstaða fáist og má fastlega búast við að sú niðurstaða komi út úr atkvæðagreiðslu meðal starfsmanna allra þriggja bankanna, þ.e. Búnaðarbankans, Landsbankans og Seðlabankans. Í ljósi þeirrar niðurstöðu tel ég rétt að þessar viðræður verði teknar upp og er reiðubúinn til að standa fyrir slíkum viðræðum og beita mér fyrir þeim. Verði það til þess að kalla á lagabreytingar þá veit ég það í ljósi þess sem kemur fram í nál. að það verður vandalaust að fá slíkar breytingar samþykktar á Alþingi reynist það nauðsynlegt.

Að lokum sem var svona sjötta atriðið í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið hér við þessa umræðu og gerðar eru beinar tillögur um. Það hefur verið gagnrýnt að ekki skuli kveðið á um hversu margir bankastjórar skuli starfa í bönkunum. Ég tel ekki rétt að kveða sérstaklega á um það í lögum. Það er hins vegar alveg ljóst að það á að vera verkefni nýrra stjórna þessara fyrirtækja að koma upp skipulagi og skipuriti fyrir þessi nýju fyrirtæki. Það verður ákvörðun stjórna þessara fyrirtækja að ákveða hversu margir bankastjórar skuli starfa við þessi fyrirtæki. Þess vegna finnst mér óeðlilegt að binda það í lög hversu margir þeir eigi að vera. Það kemur hins vegar alveg skýrt fram í umræðunni hér og líka í öllum þeim nefndarálitum og brtt. sem hér liggja fyrir hver vilji þingsins er í þessum efnum.

[23:08]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af orðum hæstv. ráðherra vil ég taka fram að mér finnst algjörlega óeðlilegt annað en að starfsmenn komi með fullum rétti að undirbúningi. Það verður greitt atkvæði um tillögu þess efnis. Rök ráðherra voru ekki sannfærandi í mínum huga. Hann taldi hugsanlega koma til greina með bankaráðið og vildi athuga það í samþykktum. Það mun sömuleiðis koma fram tillaga um það efni. Ég bendi á grundvallarmun í þessu máli. Bankarnir verða áfram ríkisbankar. Það er þess vegna sem það er fullkomlega eðlilegt að kveðið sé upp úr um áheyrnaraðild starfsmanna að bankaráði, einnig um fjölda bankastjóra og fjölda bankaráðsmanna. Það er þetta sem er aðalmálið. Þetta er ríkisbanki að minnsta kosti næstu fjögur árin. Ef Alþingi breytir þessum lögum þá geta þau ákvæði komið til endurskoðunar. En fyrst svo er þá er eðlilegt að löggjafinn gangi frá málinu eins og hann vill hafa það.

Hann vildi ekki lögfesta 5% dreifða eignaraðild og vísaði til einkavæðingarnefndar. Ég upplýsti í minni ræðu að einkavæðingarnefnd hefur engar hugmyndir um dreifingu á eignaraðild. Það hefur legið alveg ljóst fyrir og það er miður að ráðherra skuli ekki vilja kveða fastar að orði um það.

Ég vil hins vegar taka fram að við 1. umr. varð nokkur umræða um fyrirspurn sem hér var lögð fram og álitaefni. Þá komu fram yfirlýsingar frá ráðherra um að svara þeim og útvega gögn. Ég vil lýsa því yfir við 2. umr. málsins að fyllilega hefur verið staðið við allt af hálfu viðskrh. varðandi þann þátt. Öllum spurningum var svarað og álitaefni lögð fram eins og hægt var, skýrslur og annað, og tekið fram sérstök greinargerð þannig að þeim spurningum sem voru allar nauðsynlegar fyrir umfjöllun nefndarinnar var svarað. Hæstv. ráðherra stóð við allt sem var sagt við 1. umr. og ber að þakka þau viðbrögð og þá vinnu sem hann og hans samstarfsmenn í ráðuneytinu lögðu á sig varðandi þann þátt máls og reyndar annan undirbúning við málið sjálft.

[23:11]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins út af lokaorðum hv. þm. hvað snertir samskipti ráðuneytisins og hv. efh.- og viðskn. þá lýsi ég líka yfir ánægju minni með það hversu vel það samstarf hefur gengið. Eins og kom fram hjá hv. þm. þá reyndum við að afla þeirra gagna sem nauðsynleg voru til að hv. efh.- og viðskn. gæti unnið málið eins faglega og nokkur kostur var.

Varðandi aðild starfsmannanna að undirbúningsnefndinni þá ítreka ég það sem ég sagði áðan að þetta lá ljóst fyrir þegar frv. komu inn í þingið. Starfsmönnum beggja bankanna var ljóst að það var ekki vilji fyrir því af minni hálfu að fulltrúar starfsmannanna sætu í þessum nefndum. Ég sé að þegar það kemur nú til 2. umr. frá hv. efh.- og viðskn. þá er meiri hluti efh.- og viðskn. þeirrar skoðunar. En ég er jafnframt og enn þeirrar skoðunar líka að við þurfum að tryggja starfsmönnunum áheyrnaraðild og tillögurétt í þessu starfi. Þeim verður gefninn kostur á að fylgjast mjög náið með því starfi sem fram fer í þessum þriggja manna nefndum skv. 2. gr. frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–8. mál.

Fundi slitið kl. 23:13.

---

109. FUNDUR

þriðjudaginn 22. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Póstþjónusta, stjfrv., 545. mál, þskj. 899. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 706, nál. 938, 980 og 982, brtt. 939, 981 og 983. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 585. mál, þskj. 998. — 2. umr.

6. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 829, brtt. 853. — 3. umr.

7. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356, nál. 952, brtt. 953. — 2. umr.

8. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601, nál. 954. — 2. umr.

9. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491, nál. 955. — 2. umr.

10. Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, stjfrv., 344. mál, þskj. 616, nál. 964. — 2. umr.

11. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 701, nál. 965. — 2. umr.

12. Einkahlutafélög, stjfrv., 405. mál, þskj. 702, nál. 966. — 2. umr.

13. Bókhald, stjfrv., 446. mál, þskj. 758, nál. 978. — 2. umr.

14. Uppgjör á vangoldnum söluskatti, stjfrv., 438. mál, þskj. 747, nál. 990. — 2. umr.

15. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 125, nál. 970, brtt. 971. — 2. umr.

16. Siglingastofnun Íslands, frv., 580. mál, þskj. 972. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

17. Skráning skipa, stjfrv., 217. mál, þskj. 274, nál. 968. — 2. umr.

18. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 362. mál, þskj. 638, nál. 969. — 2. umr.

19. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487, nál. 975, brtt. 976. — 2. umr.

20. Iðnaðarlög, stjfrv., 76. mál, þskj. 76, nál. 1002. — 2. umr.

21. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941. — 2. umr.

22. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Svanfríður Jónasdóttir, 6. þm. Norðurl. e.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér, með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vesturl., Þorvaldur T. Jónsson bóndi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, herra forseti.

Ingibjörg Pálmadóttir, 1. þm. Vesturl."

Þorvaldur T. Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðin velkominn til starfa.

Afturköllun frumvarps.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti vill tilkynna að frv. á þskj. 994, um breytingar á almannatryggingalögum, frá Ástu R. Jóhannesdóttur, er kallað aftur.

Tilhögun þingfundar.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Forseti býst við að nú geti farið fram atkvæðagreiðslur um fyrstu sex dagskrármálin en síðan verði atkvæðagreiðslur á ný á bilinu kl. 3.30 til 4 um 10.–20. dagskrármál ef umræðum um þau verður þá lokið.

Út af dagskrá eru hins vegar tekin 7.–9. dagskrármálið.

Afbrigði um dagskrármál.

[13:34]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Svo háttar til með 16. dagskrármálið að það er of seint fram komið. Það er flutt sem liður í afgreiðslu samgn. á frv. um sjóvarnir. Greidd verða atkvæði um hvort málið megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

16. dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 41 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Hafnaáætlun 1997–2000, frh. fyrri umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 814.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (réttindanámskeið). — Þskj. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Póstþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 545. mál (einkaréttur ríkisins). — Þskj. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 706, nál. 938, 980 og 982, brtt. 939, 981 og 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Till. í nál. 982 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 34:10 atkv. og sögðu

já: BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

nei: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GBeck, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Klíkuveldið er aðalvandi hins íslenska efnahagslífs. Klíkuveldið birtist í hinu opinbera stjórnkerfi ríkisins og það birtist líka í yfirstjórn stórfyrirtækjanna í landinu eins og við höfum kynnst að undanförnu. Klíkuveldið birtist einnig í núverandi stjórnarflokkum og helmingaskiptareglu þeirra þegar kemur að einstökum ákvörðunum um fjöldamörg ólík mál. Við teljum að þetta frv. sem hér liggur fyrir staðfesti þetta klíkuveldi í íslensku efnahags- og atvinnulífi og við viljum vísa þessu frv. frá.

Áfram er gert ráð fyrir því, herra forseti, að Ísland búi við dýrasta bankakerfi í heimi. Áfram er gert ráð fyrir því, herra forseti, að Íslendingar búi við hæstu vexti í heimi. Veruleikinn er með öðrum orðum sá að hér er ekkert verið að gera til þess að draga úr skipulagsvanda íslenska bankakerfisins. Hér eru uppi tillögur af hálfu ríkisstjórnarinnar um að staðfesta það kerfi í raun og veru óbreytt til þess að geta tryggt sér og sínum völd. Klíkuveldið lengi lifi. Því viljum við vísa frá, herra forseti. Þess vegna flytjum við þessa tillögu og hana styð ég.

[13:40]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Það er hverju orði sannara hjá flm. þessarar tillögu, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að ríkisstjórnarflokkunum hafi verið mislagðar hendur við að bræða saman sjónarmið sín í þessu máli eins og fram hefur komið í umræðu um málið í efh.- og viðskn. og á hinu háa Alþingi. Við þingmenn jafnaðarmanna flytjum hins vegar brtt. við frv. sem miða að því að sníða af því verstu vankantana, bæði að því er varðar það að við viljum tryggja dreifða eignaraðild við útboð viðbótarhlutafjár og tryggja að farið sé að skilmerkilegum leikreglum í stjórnkerfi bankanna, m.a. með ráðningu bankastjóra og skipan bankaráða. Staðreyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir ágalla á frv. þá er með því stigið skref í rétta átt, nefnilega að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagaform, en það lagaform á að vera í þá átt að tryggja samræmdar samkeppnisreglur á fjármagnsmörkuðum. Þrátt fyrir ágallana og í ljósi þess að við viljum fá okkar brtt. til atkvæða þá segi ég nei við þeirri tillögu að vísa málinu til ríkisstjórnar.

[13:42]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Með kolkrabbann og smokkfiskinn saman í einni sæng er ekki von á góðu. Þetta frv. um einkavæðingu bankanna dregur vitaskuld dám af því. Málið er allt vanbúið, kappið meira en forsjáin, ég hlýt að styðja þessa frávísunartillögu.

1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, ÞSverr, ÞorstP, ÖS, ÓE, ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, ÓÞÞ, HÁs, HjálmJ, ÞJ, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, KF, LB, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP.

8 þm. (ÖJ, BH, GÁS, GBeck, JóhS, SJóh, SvG, RA) greiddu ekki atkv.

18 þm. (TIO, ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með einkavæðingu banka er lagður grunnur að enn meiri samþjöppun á fjármagni og valdi í íslensku þjóðfélagi en þegar er orðið. Í stað lýðræðislega kjörinna fulltrúa almennings í stjórn banka munu þegar fram líða stundir koma fulltrúar fjármagns. Lýðræðis-Ísland þokar fyrir fjármagns-Íslandi. Reynsla annarra þjóða sýnir að ábyrgð á fjármagnskerfinu hvílir á samfélaginu öllu þegar til kastanna kemur, óháð eignarhaldi og því eðlilegt að ábyrgð og lýðræðisleg áhrif fari saman. Með einkavæðingu ríkisbankanna er dregið úr beinum lýðræðislegum yfirráðum almennings á stjórn fjármagnskerfisins. Lýðræðis-Ísland minnkar, Ísland peningamannanna dafnar. Ríkisstjórnin er hins vegar sjálfri sér samkvæm, hún er eftir sem áður fulltrúi fjármagnsins. En hið grátbroslega er að hún segist starfa í anda nútímans þegar hún breytir rekstrarformi til þess að geta falið fyrir almenningi launakjör toppanna og starfsemi fjármagnsstofnana á Íslandi.

Það er ekki að undra að almenningur skuli vera andvígur þessari stefnu og þessum vinnubrögðum. Ég er andvígur þessari stefnu. Ég er andvígur þessum vinnubrögðum. Ég get ekki greitt þessu atkvæði. Ég sit hjá.

[13:45]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég tel að hlutafélag sé eðlilegt réttarform í atvinnulífinu hvort sem ríkið á allt hlutafé, hluta þess eða ekkert. Það er mjög brýnt og löngu tímabært að breyta Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög eins og þessi grein frv. gerir ráð fyrir. Þetta er eðlileg og nauðsynleg formbreyting sem hér er lögð til. Ég segi já.

[13:46]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Sú breyting sem lögð er til með þessu frv. er ekki bara eðlileg og sjálfsögð, hún er líka nauðsynleg. Hlutafélagaformið er löngu tímabært í íslenskum bankaheimi og fjármálaheimi. Þetta frv. er skref í að færa íslenskar fjármálastofnanir, gömlu ríkisbankana, inn í nútímann og ég segi já með glöðu geði.

[13:47]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. er í raun eðlileg afurð helmingaskiptastjórnar Sjálfstfl. og Framsfl. Frv. er vanbúið. Ég ætla enga ábyrgð að taka á því og ég spyr að leikslokum. Menn fara fram með þetta mál undir formerkjum samkeppni og hagræðis. Við skulum líta inn í framtíð og kanna hver reynslan verður, hvort hún verði ekki einmitt þveröfug og leiði til fákeppni og einokunar. Sú gjörð skal vera á ábyrgð þessarar ríkisstjórnar. Því styð ég þetta ekki heldur sit hjá.

[13:48]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þrátt fyrir að ég gerði rækilega grein fyrir því hér í gær að hlutafélagsbankar geta farið á höfuðið eins og aðrir bankar þá tel ég eðlilegt að það sé samræmi í því að allir bankar Íslands séu reknir sem hlutafélagsbankar en ég hefði talið æskilegt að ríkið ætti ávallt einn viðskiptabanka. Það er mín skoðun.

[13:49]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ljóst að það er ekki aðalatriði ríkisstjórnarinnar að breyta bönkunum í hlutafélög eins og þessi grein kveður á um heldur er með þessu frv. verið að opna fyrir einkavinavæðingu og sölu bankanna til fárra fjársterkra aðila og stuðla að samþjöppun valds í þjóðfélaginu. Hægt hefði verið að ná fram kostum hlutafélagavæðingar með því að breyta bankalögunum til að jafna samkeppnisaðstæður í bankakerfinu og ná fram breyttu fyrirkomulagi varðandi stjórnun bankanna og draga úr pólitískum áhrifum á ákvarðanir bankanna sem ég styð. Það er ekki gert heldur er einkavinavæðing bankanna aðalkeppikefli stjórnarflokkanna. Þess vegna styð ég ekki þessa grein því ég tel að hægt hefði verið að fara aðra leið til þess að ná fram kostum hlutafélagavæðingarinnar. Ég greiði ekki atkvæði.

[13:50]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Þessi grein kveður á um að breyta ríkisbönkum í hlutafélög í eigu ríkisins. Það er spor í rétta átt þótt ekki væri nema vegna þess að samkeppnisaðilar á fjármagnsmörkuðum eiga allir að lúta sömu leikreglum varðandi samkeppnisskilyrði, skattlagningu og fleira. Við jafnaðarmenn hefðum hins vegar kosið að fara aðra leið, nefnilega þá að selja fyrst hlut ríkisins í öðrum bankanum, að uppfylltum ströngum skilyrðum um dreifða eignaraðild og með þátttöku erlendra aðila til þess að draga úr hættu á samþjöppun fjármálavalds og til þess að tryggja betur aðhald og samkeppni gegn klíkuveldi. Auk þess flytjum við brtt. við frv. sem hafa það að markmiði að tryggja dreifða eignaraðild og að setja meginreglur um stjórnkerfi hlutafélagabanka, t.d. um ráðningu eins bankastjóra og um skipan bankaráða. Stjórnarmeirihlutinn hefur því miður ekki fallist á þessar brtt. sem eru augljóslega til bóta og hefðu átt að geta eytt tortryggni sem ríkir um málið og skapað um það æskilega samstöðu. (Forseti hringir.) Eigi að síður er breytingin á rekstraforminu spor í rétta átt þótt róttækari breytingar bíði betri tíma. Ég segi því já, herra forseti.

[13:52]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við vinnslu þessa máls í hv. efh.- og viðskn. hef ég komist að þeirri niðurstöðu að sú breyting að breyta Landsbankanum og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög sé bæði eðlileg og skaðlaus. Ég er hins vegar mjög ósátt við þá leið sem farin er að öðru leyti í þessu frv. Ég mun því greiða atkvæði með 1. gr. en sitja hjá við aðrar greinar og styðja einstakar brtt. ef ástæða er til. Ég segi já.

[13:53]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við tökum hér lítið skref en smátt skref er betra en ekkert skref. Hlutafélagavæðing ríkisbankanna er löngu tímabær breyting og miklu betri en óbreytt ástand. Því greiði ég þessu frv. atkvæði mitt og segi já.

[13:54]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Sú grein sem verið er að greiða atkvæði hér um fjallar um það að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabankanna og gera þá að hlutafélögum. Það mál er á stefnuskrá míns flokks. Ég segi já.

[13:55]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Aðaltillaga okkar alþýðubandalagsmanna varðandi endurskipulagningu bankanna var sú að sameina ríkisbankana. Við teljum að með því móti hefði mátt spara 1.000 millj. kr. á ári, hvorki meira né minna. Því miður hafnar stjórnarmeirihlutinn þessari tillögu og kýs að fara þá leið sem hér er gerð tillaga um og því var hafnað hér áðan í atkvæðagreiðslu að vísa málinu frá. Við viljum ekki bera ábyrgð á þessari málsframvindu eins og hún liggur hér fyrir í tillögu ríkisstjórnarinnar og greiðum því ekki atkvæði. Við gagnrýnum hvernig á málinu er haldið í heild. Það þýðir að áfram munum við búa við dýrasta bankakerfi í heimi, hæstu vexti í heimi, fleiri bankastjóra per banka en nokkurs staðar annars staðar. Klíkuveldi stjórnarflokkanna fær að dafna áfram og þjóðin borgar milljarð á ári með því. Mikil er ábyrgð þeirra manna hér í þessari stofnun sem kjósa að skrifa upp á þennan skatt á þjóðina — milljarð á ári.

Brtt. 981,1 felld með 26:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GBeck, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, RA.

nei: HjálmJ, ÞJ, ÍGP, JónK, KPál, KF, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞSverr, ÞorstP, ÓE, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, ÓÞÞ, HÁs.

18 þm. (KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er til atkvæða lítil tillaga um það að fulltrúar starfsfólks bankanna, Búnaðarbankans og Landsbankans, fái að fylgjast með því hvernig svokölluð hlutafélagavæðing verður undirbúin. Þetta er tillaga um að fólkið fái að fylgjast með því hvernig hlutafélagavæðingin verður undirbúin og ekkert annað. Ég hef heyrt að þó nokkrir þingmenn, Framsfl. þar á meðal, hafa sagt nei við þessari sjálfsögðu tillögu. Ég segi já við henni vegna þess að þetta eru lágmarksmannréttindi sem verið er að fara fram á fyrir starfsmenn bankanna.

[14:00]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er gert ráð fyrir því að starfsmenn geti fylgst með og haft áhrif á allan gang mála við breytingu ríkisbankanna í hlutafélög. Afstaða ríkisstjórnarinnar til atvinnulýðræðis og áhrifa starfsfólks kemur mér ekki á óvart. En það er mjög mikilvægt að lýðum verði ljós afstaða alþingismanna almennt við afgreiðslu þessarar lagagreinar því að hún snertir sjálfan grundvöll atvinnulýðræðis. Ég segi já.

[14:01]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Hér fyrr á öldinni gekk stjórnmálaflokkur til kosninga undir kjörorðinu „fólk í fyrirrúmi". Þessi atkvæðagreiðsla er enn ein sönnum þess að Framsfl. er upptekinn við að svíkja hvert kosningaloforðið á fætur öðru sem hann gaf. Ég tek hér upp merki Framsfl., ég segi fólk í fyrirrúmi. Ég segi já.

[14:01]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi brtt. gerir ráð fyrir beinni aðild starfsmanna að nefnd til undirbúnings hlutafjárvæðingunni. Þetta er réttmæt og skynsamleg tillaga starfsmanna Landsbankans og Búnaðarbankans sem stjórnarandstaðan gerir að sinni. Það er ekki nægjanlegt að fara þá leið sem viðskrh. ætlar að gera að starfsmenn fái að fylgjast með þessu nefndarstarfi. Það er brýnt að okkar mati að starfsmönnum sé sýnd sú virðing við þá miklu breytingu sem er að eiga sér stað á félagi þeirra og umhverfi að þeir fái beina aðild að þessari undirbúningsnefnd. Ég styð þess vegna þessa brtt.

[14:03]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Við undirbúning þessa máls voru fulltrúar starfsfólks beggja viðskiptabankanna hafðir með í ráðum. Þannig var þetta starfsfólk haft í fyrirrúmi við undirbúning málsins. Það kom strax fram í upphafi að ekki væri hægt að verða við því að lögfesta það að starfsmenn ættu sæti í þessari undirbúningsnefnd en við umræðu málsins, bæði við 1. og 2. umr., hefur því margoft verið lýst yfir af fulltrúum stjórnarflokkanna að við undirbúning málsins munu starfsmenn fá að fylgjast með framvindu málsins með tillögurétti. Því er ekki þarft að að setja í lög að þetta fyrirkomulag skuli haft og því segi ég nei við þessari tillögu.

[14:04]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Enda þótt ég muni ekki veita þessu frv. brautargengi og sitja hjá við meginefni þess þá vil ég engu að síður leggja því lið sem til bóta horfir, þ.e. aukinni valddreifingu í þessum efnum og styðja þær brtt. sem í þá áttina fara. Enn fremur mun ég vitaskuld greiða þeim ákvæðum frv. atkvæði mitt sem lúta að réttindum starfsfólks. Hér er um eina slíka að ræða og þvert á það sem hæstv. bankamálaráðherrann segir tel ég mikilvægt og nauðsynlegt að festa það í lög en láta ekki almennar yfirlýsingar um þau duga. Því segi ég vitaskuld já.

Brtt. 983,1 kom ekki til atkv.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 983,2 felld með 37:6 atkv. og sögðu

já: BH, GBeck, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

nei: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

1 þm. (GÁS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:07]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er gerð tillaga um það af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að Alþingi kjósi bankaráð hlutafélagabankanna. Við erum þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt fyrirkomulag að Alþingi komi að verkinu. Við treystum því ekki að pólitískur ráðherra gæti þeirra heildarsjónarmiða sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar skipað er í bankaráð. Í annan stað er hér tillaga um að starfsmannafélög bankanna eigi áheyrnarfulltrúa á fundum bankaráðanna eins og fram kemur í síðasta málslið tillögunnar. Hér því tillaga um lýðræðislegt kjör bankaráðs og lýðræðislegt aðhald að bankaráðinu. Þess vegna er tillagan flutt með þeim hætti sem hér liggur fyrir og við alþýðubandalagsmenn teljum að þetta sé mikilvæg tillaga og vonum að hún fái hér sem allra mestan stuðning.

[14:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Brtt. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni gerir ráð fyrir að Alþingi kjósi í bankaráðin. Ég leggst gegn þeirri tillögu. Það er óeðlilegt að mínu mati að Alþingi kjósi í stjórn hlutafélags. Ég styð að framkvæmdarvaldið fari með hlut ríkisins í hlutafélagi. Við leggjum hins vegar til

að það verði ekki einn ráðherra heldur tveir sem fari með hlut ríkisins, þ.e. bæði viðskrh. og fjmrh. Pólitísk afskipti af bönkum eins og við þekkjum hafa oft á tíðum ekki orðið bankastarfsemi hérlendis til framdráttar. Ég tel óeðlilegt að Alþingi kjósi í bankaráðin eftir að bönkunum hefur verið breytt í hlutafélög og ég leggst gegn þessari tillögu.

Brtt. 981,2.a felld með 25:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖS.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ.
20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÞSverr, ÖJ) fjarstaddir.

Brtt. 981,2.b felld með 26:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er lagt til að starfsmenn fái einn áheyrnarfulltrúa í bankaráð. Í samhengi kemur það þannig út að sex manns mundu skipa þetta bankaráð, fimm skipaðir af ráðherra og einn tilnefndur af starfsmannafélögum sem áheyrnarfulltrúi. Þetta er að okkar mati eðlileg tillaga, í samræmi við þróun erlendis og studd af starfsmannafélögum Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Þetta er liður í atvinnulýðræði sem er að okkar mati nauðsynlegur þáttur í atvinnulífinu og brýnt að taka af skarið með tillögu sem þessari. Ég styð því þessa brtt. og við teljum hana vera eðlilega, sérstaklega eftir að bönkunum hefur verið breytt í hlutafélög eins og hér er verið að ákveða.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.
11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 981,3 felld með 26:11 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GE, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB, ÖS.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.
8 þm. (BH, GBeck, GÁS, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:14]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hér er flutt sú brtt. að fjmrh. auk viðskrh. komi að málum að því er varðar framkvæmd á hlut framkvæmdarvaldsins varðandi hlutafélagabankanna. Þessi brtt. er flutt út frá því eðlilega sjónarmiði að það eigi að gilda aðskilnaður framkvæmdarvalds og löggjafarvalds eins og áður hefur reynt á en ekki síður hitt að fjmrh. er vörsluaðili samkvæmt verkaskiptingu Stjórnarráðsins á öllum eigum ríkisins. Af því að frv. kveður á um áform um sölu á hlut ríkisins þá varðar þetta einnig ríkisfjármálin og þess vegna er það að réttum stjórnsýslureglum eðlilegt að fjmrh. eigi hlut að máli fyrir utan fagráðherra í hverju tilviki þegar um er að ræða áform um sölu á eignarhlutum ríkisins.

4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 939,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.
8 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GBeck, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.
11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 939,2.a samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.
11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 981,4 felld með 25:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér er lögð fram tillaga um dreifða eignaraðild, þ.e. að enginn einn aðili eða aðilar með náin tengsl sín á milli fari með meira en 5% hlutafjár eða atkvæði á hluthafafundum. Við teljum nauðsynlegt að kveða skýrt á um þetta, m.a. vegna tortryggni gagnvart framkvæmd ríkisstjórnarinnar við sölu á viðbótarhlutafé eins og gert er ráð fyrir í frv. Við teljum brýnt að örfá fyrirtæki úr fákeppnisumhverfi íslensks atvinnulífs nái ekki ráðandi hlut í þessum bönkum. Það er þess vegna sem við leggjum fram þessa tillögu um dreifða eignaraðild í bönkunum. Við styðjum því þessa till. eins og hún er hér lögð fram.

[14:18]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Fyrr í þessari atkvæðagreiðslu er búið að hafna því að Alþingi fái að kjósa bankaráðin og menn bera fyrir sig einhverja sérkennilega dóma í þeim efnum sem ég átta mig satt best að segja ekki á því ég hélt að lýðræðið skipti öllu máli. Fyrr í þessari atkvæðagreiðslu hafa menn líka kosið að hafna starfsfólkinu. Það má ekki koma nálægt þessu máli. Það má ekki fylgjast með undirbúningi málsins einu sinni og það má ekki fylgjast með málinu í bankaráðunum. Hér er gerð lágmarkstillaga um að krefjast dreifðrar eignaraðildar og það er beinlínis grunsamlegt, svo ekki sé meira sagt, að stjórnarliðið skuli líka hafna þessu. Fyrir hverja er verið að vinna? Fákeppnisvaldið, klíkuvaldið í íslenskum stjórnmálum. Það er það sem er að hafa sigur hér í hverri atkvæðagreiðslunni á fætur annarri, því miður, herra forseti.

Brtt. 939,2.b samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, LB, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

11 þm. (BH, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

6 þm. (BH, GBeck, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 981,5 felld með 26:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

1 þm. (ÖJ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Við hv. þm. Ágúst Einarsson flytjum þessa brtt. um að við hvorn hlutafélagsbanka starfi ekki fleiri en einn bankastjóri. Þetta er hluti af þeim brtt. okkar sem lúta að því að setja í lög almennar reglur um stjórnsýslu hlutafélagabanka í eigu ríkisins.

Í nál. stjórnarliða í efh.- og viðskn. segir að æskilegt sé að hafa einn skipstjóra á hverri skútu. En þegar á reynir að taka af tvímæli um þetta og setja þessa reglu í lög til að koma í veg fyrir pólitísk hrossakaup um þessi embætti, til að koma þannig í veg fyrir óeðlilega tortryggni um málið og til þess að skapa samstöðu um málið þá er því hafnað. Það þykir mér mjög miður og ég heiti á alþingismenn að taka af tvímæli um þessa reglu að hún skuli gilda og segi því já.

[14:23]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er hlynntur því að við stofnun nýju hlutafélagabankanna starfi einn bankastjóri sem beri þá óskoraða ábyrgð gagnvart bankaráðinu eins og fram kemur í nál. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. En í ljósi þess að bankarnir kunni að verða einkavæddir að fullu er ég hins vegar á móti því

að lögfest sé um alla framtíð að slík skuli vera skipunin. Því greiði ég atkvæði gegn þessari tillögu og segi nei.

[14:24]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég styð þessa tillögu. Ég tel að við séum hér að samþykkja lög fyrir hvert þing í senn og getum síðar breytt þeim. Það er út af fyrir sig ekki verið að ákveða það um alla framtíð eins og hér kom fram hjá þeim hv. þm. sem síðast gerði grein fyrir atkvæði sínu að hafa þessa skipan svona. Ég óska Framsfl. sérstaklega til hamingju með hvaða afstöðu hann hefur í þessu máli. Hann hefur loksins fundið það fólk sem er í fyrirrúmi, það eru þrír bankastjórar í hvorum ríkisbanka.

Brtt. 983,3 kom ekki til atkv.

9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

8 þm. (BH, GBeck, GGuðbj, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 983,4 felld með 25:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GHall, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

6 þm. (BH, GBeck, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

12.–18. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

Alþt. 1996. B. (121. löggjafarþing).

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS*, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

7 þm. (BH, GBeck, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr., ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 939,3 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

8 þm. (BH, GBeck, GÁS, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

8 þm. (BH, GBeck, GÁS, JóhS, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

20.–22. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

10 þm. (BH, GBeck, GÁS, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS.

6 þm. (BH, GBeck, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, KHG, MS, MF, ÓÖH, StG, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 585. mál (staðgreiðsla opinberra gjalda). — Þskj. 998.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:30]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (EES-reglur). — Þskj. 616, nál. 964. [14:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. á þskj. 964 frá efh.- og viðskn. Þetta nál. er um frv. til laga um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis.

Frv. fjallar um að fullnægja skuldbindingum sem hvíla á íslenskum stjórnvöldum um að setja í lög ákvæði tilskipunar Evrópuþings og ráðsins frá því í október 1994, um verndun kaupenda vegna tilskilinna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á svokölluðum skiptileigugrunni. Þetta frv. tryggir betur réttarstöðu einstaklinga við slík kaup á orlofshúsnæði. Við höfum oft heyrt getið um mál sem landar okkar hafa lent í t.d. á Spáni. Þetta frv., sem er eitt af EES-málunum svokölluðu, tryggir betur rétt neytandans við slík viðskipti, setur á kvaðir varðandi slík kaup og gefur aðilum möguleika á því að ganga frá málinu innan tilskilins tíma. Það er mat okkar að hér sé um að ræða mikilvæga réttarbót auk þess sem áskilið er að við lögfestum þá þætti sem tengjast EES-samningnum.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund Áslaugu Guðjónsdóttur og Skarphéðin Berg Steinarsson frá fjmrn. Einnig fékk nefndin umsögn frá Ferðamálaráði Íslands.

Nefndin leggur samhljóða til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (EES-reglur). — Þskj. 701, nál. 965. [14:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 965 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög.

Þetta mál snýst um það að gerðar voru athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna samanburðar á ákvæðum laga um hlutafélög og félagsréttartilskipunar sem er hluti EES-samningsins. Það reyndist nauðsynlegt í kjölfar þessara athugasemda að laga okkar löggjöf með tilliti til þeirra. Þetta eru minni háttar tæknileg atriði sem varð að leiðrétta í lögunum.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá viðskrn. og það fengust umsagnir frá Lögmannafélaginu, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði. Ég vil geta þess að laganefnd Lögmannafélagsins gerði athugasemdir við 10. gr. frv. um að ef um misræmi væri að ræða milli þess sem skráð er hjá hlutafélagaskrá og þess sem birt er í Lögbirtingablaði geti félagið ekki borið hinn birta texta fyrir sig gagnvart þriðja manni. Það var farið sérstaklega yfir þessi mál í kjölfar þessarar athugasemdar og bornir saman þeir textar sem liggja til grundvallar frv. sjálfu. Við þá skoðun kom í ljós að ákvæðið, eins og það var í frv., var í samræmi við 6. mgr. 3. gr. 1. félagsréttartilskipunarinnar sem er hluti EES-samningsins. Sambærilegt ákvæði er einnig í dönsku hlutafélagalögunum en íslensku lögin byggja að mestum hluta á þeim.

Það var niðurstaða nefndarinnar að leggja til við hið háa Alþingi að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 702, nál. 966. [14:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. á þskj. 966 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög.

Hér er um að ræða alveg sams konar frv. og ég gerði grein fyrir áðan, þ.e. það frv. og nál. átti við hlutafélög en hér er hins vegar systir hlutafélaganna, þ.e. einkahlutafélögin. Sambærilegar breytingar eru gerðar á lagabálki um einkahlutafélög og á hlutafélagalöggjöfinni og fjalla um, eins og áður, samræmingu einkahlutafélagalaganna við félagsréttartilskipun Evrópusambandsins sem er hluti EES-samningsins. Þær röksemdir sem ég gat um áðan eiga einnig við um þetta frv.

Nefndin leggur til samhljóða að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókhald, 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (viðurkenndir bókarar). — Þskj. 758, nál. 978. [14:39]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. á þskj. 978 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breyting á lögum um bókhald frá 1994.

Þetta frv. snýst um það að gerð er breyting á 43. gr. laga um bókhald þannig að bætt er við ákvæðum um að í fjmrn. skuli halda skrá yfir viðurkennda bókara. Þetta snýst um að þeir sem sjá um bókhald fyrir aðra aðila og vilja öðlast opinbera viðurkenningu verða að þreyta sérstakt próf í reikningshaldi varðandi þann þátt. Til að fá þessa viðurkenningu sem bókari og verða tekinn á þessa skrá þá ber

að fullnægja tilteknum skilyrðum svo sem að vera heimilisfastur, vera lögráða og hafa forræði á búi sínu og hafa staðist fyrrgreint próf sem ég nefndi hér áðan. Það er próf sem fjmrh. hlutast til um að haldin séu reglulega, í kjölfar námskeiða. Viðkomandi aðili sem fær slíka viðurkenningu sem bókari skal hafa staðist próf í bókfærslu, helstu atriðum reikningsskila og lögum og reglum um skattskil. Það skal einnig samkvæmt frv. skipa þriggja manna prófnefnd sem er ráðherra til ráðuneytis varðandi þetta mál.

Hér er lagt til í fyrsta skipti að búa til lagaramma um starf þeirra einstaklinga sem hafa atvinnu af því að færa bókhald og annast gerð reikningsskila og skattskila fyrir fyrirtæki. Hér er ekki átt við þá aðila sem hafa hlotið löggildingu sem endurskoðendur eða hafa þá menntun. Það eru fjölmargir aðilar sem stunda þessa starfsemi og er til mikils gagns í atvinnulífinu eins og hv. þm. þekkja vel til.

Nefndin fjallaði um þetta mál og fékk á sinn fund Braga Gunnarsson frá fjmrn. Hún leitaði eftir umsögnum og fékk frá Félagi bókhalds- og fjárhagsráðgjafa, svo og frá Félagi löggiltra endurskoðenda. Ég vil geta þess í sambandi við þetta að það voru uppi hugmyndir í ráðuneytinu á fyrri stigum málsins að útbúa nákvæmari löggjöf um bókara og gera þetta að löggiltri starfsgrein. Það var horfið frá þeirri fyrirætlan og ákveðið að fara styttri skref í upphafi, setja almenna löggjöf um skráningu yfir bókara og skilyrði fyrir að hljóta viðurkenningu og vera tekinn á þá skrá auk þess að sækja reglubundin námskeið. Það er ekki jafnítarleg löggjöf og hefði þurft ef um hefði verið að ræða löggildingu starfsgreinarinnar sem slíkrar en það má geta þess að Félag bókhalds- og fjárhagsráðgjafa lagði eindregið til að slík leið yrði farin. Það var hins vegar niðurstaða ríkisstjórnarinnar að leggja fram þetta stjfrv. með hinni skemmri útfærslu á þessu máli og sjá til hvernig sú löggjöf reynist áður en að hafist yrði handa við að búa til ítarlegri löggjöf um þennan þátt mála.

Eftir skoðun í nefndinni féllst nefndin á þessar röksemdir eins og þær voru bornar fram við 1. umr. málsins og leggur samhljóða til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, 2. umr.

Stjfrv., 438. mál. — Þskj. 747, nál. 990.

[14:44]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. á þskj. 990 um frv. til laga um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti.

Þetta frv. hefur þann tilgang að gera þeim sem enn skulda skatta frá árunum fyrir 1990 kleift að gera upp með greiðslu og skuldabréfum. Hér er búin til leið og möguleiki fyrir aðila sem eiga slíkar gamlar syndir og ekki hefur náðst að innheimta að gera hreint fyrir sínum dyrum. Innheimtumenn ríkissjóðs hafa náð inn langmestu af þessum kröfum en það er enn þá nokkuð eftir. Það er talið eðlilegt út frá hagsmunum ríkissjóðs því það er möguleiki að ná einhverju af þessu inn ef lagt er upp með sanngjarna uppgjörsaðferð.

Hér er fyrst og fremst sú efnisbreyting í þessu frv. að dráttarvaxtaútreikningar eru endurmetnir þannig að í stað þess að skuldir hefðu borið um 270% vexti þá fara vextirnir niður í 60% sem kannski þykir nóg á þessum árafjölda en þeir eru þó enn þá langt yfir hækkun verðbólgu á þessum tíma sem er 40%. Hv. þm. sjá að hér er verið að reyna að leggja upp með sanngjarna leið fyrir þessa skuldara að gera hreint fyrir sínum dyrum og losna við að fara gjaldþrotaleið og lenda í öðrum slíkum aðgerðum af hálfu opinberra aðila eins og menn þekkja vel til. Það er ekki vitað hvort þetta muni skila inn í ríkissjóð einhverjum fjármunum. Það er hugsanlegt. En það er líka hugsanlegt að þetti gefi ýmsum einstaklingum tækifæri á að klára sínar gömlu skuldir. Og ég endurtek að þetta eru skattaskuldir frá árunum fyrir 1990. Hér er verið að reyna að draga strik undir. Þetta eru ekki stórar upphæðir sem hér eru á ferðinni en talið var eðlilegt þegar menn fóru að skoða þetta mál í fjmrn. að koma fram með frv. sem opnaði möguleika á því fyrir menn að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum málum.

Nefnin fékk á sinn fund Braga Gunnarsson og Indriða H. Þorlaksson frá fjmrn. Félag löggiltra endurskoðenda fór yfir málið og gerði engar athugasemdir við það. Og eftir skoðun og umræðu í nefndinni fannst nefndarmönnum rétt að fara þessa leið eins og lagt var upp með og nefndin leggur samhljóða til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[14:47]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hér er frekar smávægilegt. Þetta eru orðnar mjög gamlar skuldir og velflestar tapaðar að fullu. Það má kannski segja að þetta skipti ekki miklu máli en það getur skipt máli í því sambandi að stundum hafa fjölskyldur hlaupið undir bagga með skuldurum og steypt sér í miklar skuldir til þess að komast hjá gjaldþroti sonarins eða dótturinnar. Þeir aðilar eru búnir að gera upp skuldir sínar og núna allt í einu á að veita einhverjum öðrum sem ekki stóðu skil á skuldum sínum sakaruppgjöf eða að gera upp skuldir þeirra. Þarna getur orðið ákaflega mikil mismunun. Ég vildi bara taka til máls og benda á að þetta getur valdið mismunum sem er ákaflega óeðlileg. Það er alltaf mjög vandasamt að gefa upp skuldir, þ.e. sumum sem hafa verið nægilega skuldseigir að ekki hafi náðst til þeirra í fjölda ára. Ég vil benda hv. þingheimi á að hér gæti komið upp nokkuð mikið misræmi nema framkvæmdin sé þeim mun vandaðri.

[14:48]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Það kom fram í máli frsm. nefndar að hér væri á ferðinni sanngirni fyrir gamla syndara og hnaut ég nú sérstaklega um það. Ég get nú líka tekið undir orð síðasta ræðumanns, Péturs H. Blöndals, varðandi þann mismun sem þetta á eflaust eftir að kalla á gagnvart þeim sem hafa safnað upp miklum skuldum og standa kannski í vanda varðandi þetta mál. Þannig að ég sé fyrir mér alveg eins og síðasti ræðumaður að þetta mál kunni að valda meiri vanda en það leysir. Að sjálfsögðu hlýtur að verða að taka málið upp enn lengra aftur í tímann en hér er verið að tala um og finna þá meðallausn gagnvart þeim sem ekki teljast syndarar en hafa samt sem áður notið ósanngirni. Ef þetta er sanngirni gagnvart syndurum þá eru ábyggilega mörg mál ósanngjörn gagnvart þeim sem undir sömu kringumstæðum hafa þurft að borga allmikið fé vegna dráttarvaxta og vaxtavaxta. Mér sýnist að þarna verði fjmrn. vissulega að taka þannig á að um einhverja tilfærslu gæti verið að ræða í þeim málum sem áður hefur verið samið um og gengið frá.

[14:50]

Frsm. efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Hér er einhver smámisskilningur á ferðinni. Það sem hér er verið að gera er að gera þeim sem skulda skatta frá því á árunum fyrir 1990 möguleika á að gera upp sínar skuldir. Hér er ekki verið að afskrifa neinar skuldir. Það er ekki verið að gefa neinum neitt. Það sem hins vegar er lagt upp með er ekki að er lengur beitt fullum dráttarvaxtareikningi, eins og ég nefndi hér áðan, sem leiðir til, ef tekið er tiltekið árabil, til 270% vaxta heldur mun þessi kostnaður vera um 60%. Hér skapast ekki mismunun. Þetta eru náttúlega eins og hverjar aðrar umbætur. Þegar umbætur taka gildi þá eru þær kannski ósanngjarnar gagnvart einhverjum sem áttu ekki kost á þeim fyrir þann tíma. Lífið er þannig. Og ég veit að þegar hv. þingmenn hugsa málið, þá er þetta mál þannig að hér er verið að gera eitthvað í stað þess að keyra málin endalaust í gjaldþrot. Eitt í þessu máli sem kom fram í grg. frv. tel ég rétt að upplýsa hér, þ.e. að í innheimtuferli þessara krafna hafa 362 af 478 endað með gjaldþrotaskiptum, 95 í fjárnámi og greiðsluáskoranir 21. Þannig að langflest af þeim málum sem tengjast þessum gömlu skuldum hafa endað með gjaldþroti. Hér er hins vegar verið að opna einhverjum sem vilja klára þessar skuldir með þessum hætti, leið til að geta gert það, án þess að það komi til gjaldþrotaskipta sem kallar náttúrlega á óþægindi, ekki síst fyrir einstaklinginn, en oft á tíðum hefur það ekkert í för með sér fyrir ríkissjóð. Hér er ekki um það að ræða að verið sé að afskrifa eða gefa neinum neitt. Auðvitað er þetta, eins og ég segi, eins með allar umbætur. Ef tekið er mið af þeim sem hefur gert upp sínar skuldir einhvern tíma fyrir þennan tíma og eins og reglur kváðu þá um er þetta náttúrlega nákvæmlega eins í mörgum öðrum málum. Segjum t.d. að aðflutningsgjöldum af bílum sé breytt og þau lækkuð. Þá er sá óheppinn sem keypti bíl í síðasta mánuði. Það dettur engum í hug að segja að það sé mismunun hvað þann þátt varðar.

Ég vil einnig geta þess að hv. þm. Pétur H. Blöndal á sæti í efh.- og viðskn. og er aðili án alls fyrirvara á nál. sem ég gerði hér grein fyrir. Hér er ekki um að ræða mjög stórt mál. Ég held einmitt að rökstuðningurinn sem kom fram við 1. umr., og ég hef talið rétt að gera að umtalsefni við 2. umr., þótt nefndin sé sammála, um að hér sé opnaður möguleiki á því að firra einhverja einstaklinga vandræðum sem kjósa að klára sín mál á þennan hátt. Þá ég vil einnig geta þess að jafnvel þó að mál endi með gjaldþroti þá hverfa kröfurnar ekki. Fjölmargir einstaklingar eiga um sárt að binda vegna þess að þeir hafa lent í gjaldþroti, en skuldirnar lifa eftir sem áður og í sumum tilfellum eru þær endurvaktar aftur og aftur. Þetta þekkjum við. Ég tel rétt og skynsamlegt af hálfu ríkisins að koma fram með þessa leið til að reyna að draga strik undir ákveðna þróun sem átti sér stað áður en staðgreiðsla skatta var tekin upp því það eru skilin sem hér um ræðir.

[14:54]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég fagna því að fram skuli vera lagt frv. sem tekur á vandamálum fjölda manns sem er búinn að vera að berjast í skuldabasli, í þessu tilfelli í sjö ár og jafnvel mun lengur. Sumt af þessu fólki sem verið er að tala um í frv. er þegar orðið gjaldþrota og gæti hugsanlega fengið bú sitt aftur og byrjað upp á nýtt þannig að það mundi jafnvel auðvelda því að skipuleggja fjárhagslega framtíð sína eða geta séð fram á einhvern samningsmöguleika við ríkið út af svona skuldum. Það hefur nefnilega verið þannig að ríkissjóður hefur ekki haft neinar heimildir til þess að semja, hvorki um vexti né höfuðstól, við skuldara þannig að menn hafa verið keyrðir í gjaldþrot þó svo ríkið hafi í raun átti betri kosti, þ.e. að semja við fólkið um niðurfellingar á mjög óeðlilega háum dráttarvöxtum og alls konar kostnaði. Ég kalla það ekki mannvæna stefnu að það sé fyrsta og síðasta markmiðið að koma fólki í gjaldþrot sama hvað tautar og raular. Mér finnst að þarna sé þó stigið skref til þess að reyna að leiðrétta þetta og fagna því að þetta frv. sé komið fram. Ég á ekki von á því að það muni leiða til neinnar mismununar. Þeir sem hafa lent í gjaldþroti geta náð sér á strik aftur. Þeir sem hafa verið að basla með þetta í sjö ár og jafnvel lengur, eygja einhverja von um að lenda ekki í gjaldþroti þannig að ég held að hér sé gott mál á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóvarnir, 2. umr.

Frv. StB o.fl., 115. mál. — Þskj. 125, nál. 970, brtt. 971.

og

Siglingastofnun Íslands, 1. umr.

Frv. samgn., 580. mál. — Þskj. 972.

[14:57]

Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. samgn. um frv. til laga um sjóvarnir. Þetta álit er um frv. sem hv. þm. Sturla Böðvarsson o.fl. fluttu í þinginu og lýtur að því að skipuleggja og koma inn í áætlanir sjóvörnum í kringum landið. Einnig er gert ráð fyrir því í frv. að sérstakar matsnefndir verði skipaðar og jafnframt að gerðar verði sérstakar áætlanir til fjögurra ára sem menn vinni eftir og einnig að ákveðinn hluti kostnaðar lendi á landeigendum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Hermann Guðjónsson, forstjóra Siglingastofnunar Íslands. Þá hefur nefndin farið yfir umsagnir sem bárust frá Hafnasambandi sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Vita- og hafnamálastofnun.

Nefndin er sammála frv. með þeim breytingum sem koma fram á nál. Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir var áheyrnarfulltrúi og samþykkti álitið en Magnús Stefánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þetta frv. leiðir til þess að það verður að breyta lögum um Siglingastofnun Íslands og því mæli ég hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, fyrir hönd samgn.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna á samkvæmt frv. að orðast svo, með leyfi forseta:

„Að annast þátt ríkisins í framkvæmd laga um sjóvarnir og hafa ummsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum vegna lendingarbóta."

Ég mæli með því að þessi tvö mál verði samþykkt, herra forseti, og vísað áfram.

[15:00]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Þegar þetta mál var lagt fyrir hið háa Alþingi var gert ráð fyrir að um sjóvarnir væri sá háttur hafður á að sérstök þriggja manna matsnefnd væri starfandi Siglingastofnun til ráðgjafar um sjóvarnir vítt og breitt um landið. Í sjálfu sér er þetta hið besta mál. En þegar það sem fram kom í frv. var grannt skoðað þá er gert ráð fyrir að þessi þriggja manna sjóvarnanefnd væri framkvæmdastjóra Siglingastofnunar Íslands til ráðgjafar um þessar framkvæmdir. Nú sitja ellefu í siglingaráði. Fimm eru í hafnaráði og ef frv. hefði náð óbreytt fram að ganga hefðu þrír verið í sérstakri ráðgjafarnefnd um sjóvarnargarða þannig það hefði einfaldlega þýtt að alls hefðu 19 manns komið utan úr bæ til þess að stjórna Siglingastofnun. Þykir þó mönnum ærið að þeir skuli vera sextán. Ég tel að í þeim ágætu breytingum sem gerðar hafa verið á Siglingamálastofnun og samruna hennar við Vita- og hafnamálastofnun, þó ég hafi nokkuð á deilt á sínum tíma, að hér sé heldur langt gengið í því að kalla utanaðkomandi aðila til ráðgjafar eða til samstarfs um stjórnun þessarar ágætu Siglingastofnunar. Ég hefði talið eðlilegt og það væri ekki úr vegi að hafa þriggja eða fimm manna framkvæmdastjórn til að verkin væru á ábyrgð færri aðila og það sem gera þyrfti þyrfti ekki að fara fyrir jafnmarga og raunin er nú. Í allt of mörgum tilfellum hefur löggjafinn leiðst út á þá braut að of margir koma að stjórnun ríkisfyrirtækja, t.d. Siglingastofnunar, þar sem ákvarðanataka þarf oft að vera fljótvirk og fáir einir að bera ábyrgð á þeim hlutum sem gerðir eru. En með þessu fyrirkomulagi, með þessum breytingum á frv. um sjóvarnir, tel ég að mjög sé til réttrar áttar gengið þó ég hefði í upphafi, þegar Siglingastofnun var sett á laggirnar, talið að eðlilegt væri að hafa þar fámenna stjórn sem bæri ábyrgð á stofnuninni í hverju því verki sem henni væri falið. Hitt væri svo annað mál að hægt væri að hafa þar ekki fjarri fulltrúa hagsmunaaðila sem tengjast þessari stofnun á einn eða annan hátt. Þeir bæru þá minni ábyrgð, væru t.d. í hlutverki ráðgjafaraðila sem kæmu saman ársfjórðungslega. En ég fagna því að þessar breytingar hafi orðið á þessu frv. til laga um sjóvarnir og mun að sjálfsögðu styðja það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning skipa, 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (eignarhlutur útlendinga). — Þskj. 274, nál. 968.

[15:04]

Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 115 31. desember 1985, um skráningu skipa, með síðari breytingum. Þetta er nál. frá samgn.

Þetta frv. til laga er flutt til þess að samræma lög um skráningu skipa við lög um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34 25. mars 1995, og lög nr. 46 22. maí 1996. Það er verið að bæta þeim köflum sem komu fram á síðasta þingi um fjárfestingar erlendra aðila inn í gömlu lögin um skráningu skipa.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Svein Snorrason hrl.

Umsagnir um málið bárust nefndinni frá Verslunarráði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Seðlabanka Íslands, Samtökum iðnaðarins, Sjómannasambandinu, Vélstjórafélaginu, Farmanna- og fiskimannasambandinu, laganefnd Lögmannafélags Íslands og Sveini Snorrasyni hrl.

Eftir umfjöllun um málið leggur samgn. til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem í nál. fylgja.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu. Hv. þm. Magnús Stefánsson var fjarverandi.

Ég legg til að málið verði samþykkt, herra forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (nám skv. eldri lögum). — Þskj. 638, nál. 969.

[15:06]

Frsm. samgn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.

Þetta nál. er frá samgn. og er flutt til að mæta kröfum um að nám í Stýrimannaskólanum á grundvelli eldri laga hafi tímabundinn rétt eða til ársins 1999. Þessi réttindi eru varðandi atvinnuskírteini sem gefin voru út samkvæmt eldri lögum til þeirra sem hófu nám fyrir gildistöku laga nr. 62/1995.

Samgn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneyti, og Svein Snorrason hrl.

Umsagnir um málið bárust frá Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandinu og Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

Með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið, meðal annars um að áformað er að þann 1. september 1999 hefjist nám samkvæmt nýrri skipan skipstjórnarnáms, leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á nál.

Hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Hv. þm. Magnús Stefánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 2. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 487, nál. 975, brtt. 976.

[15:08]

Frsm. umhvn. (Árni M. Mathiesen):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Nál. er á þskj. 975 og meðfylgjandi brtt. á þskj. 976.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölda sérfræðinga í þessum málaflokki og leitaði einnig umsagna fjölda aðila eins og kemur fram í nál.

Um er að ræða ný heildarlög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Frumvarpið byggist að meginstefnu til á núgildandi lögum en þó er þar að finna nokkur nýmæli. Helstu nýmæli frumvarpsins eru að reglum um hættumat er nokkuð breytt þannig að skilgreint er hvað felast eigi í hættumati. Er gengið út frá því að ákveðin verði sú hætta af völdum ofanflóða sem ásættanlegt getur talist að fólk á byggðum svæðum búi við, með hliðsjón af annarri almannahættu sem fyrir hendi er í nútímaþjóðfélagi. Áfram er byggt á þeirri tilhögun að Veðurstofan skuli gefa út viðvörun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi sem lögreglustjóra og almannavarnanefnd er skylt að bregðast við með því að rýma hús á ákveðnum svæðum. Jafnframt er hnykkt á því að lögreglustjóri geti hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofunnar, auk þess sem heimilt er að fyrirskipa rýmingu á öðrum og stærri svæðum en fram koma á rýmingaruppdráttum.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali. Helstu breytingar eru:

Í fyrsta lagi er lagt til að við 4. mgr. 3. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að ráðherra geti sett nánari reglur um skyldur sveitarstjórnar við eftirlitsmenn, en samkvæmt frumvarpinu ber sveitarstjórn að leggja þeim til nauðsynlega vinnuaðstöðu og almennan búnað auk þess sem þeir eiga að sjá um og greiða fyrir rekstur á tækjum og búnaði. Þykir nefndinni rétt að ráðherra geti kveðið nánar á um þetta í reglugerð.

Þá er lagt til að við 4. gr. verði bætt ákvæði um að meta skuli hættu á ofanflóðum á skipulögðum skíðasvæðum, en nauðsynlegt er að til sé hættumat fyrir skíðasvæði sem nú eru í notkun auk þess sem lögð er áhersla á að slíkt mat sé unnið áður en lagt er í uppbyggingu nýs skíðasvæðis. Telur nefndin þetta mikilvægt þar sem nauðsynlegt er að tryggja öryggi þeirra sem sækja slík skipulögð svæði, en þangað er oft miklum fjölda fólks stefnt. Þá leggur nefndin áherslu á að metin verði ofanflóðahætta á svæðum áður en byggð er skipulögð þar, en nefndin telur brýnt að ekki verði skipulögð byggð á óbyggðum svæðum þar sem vitað er um ofanflóðahættu.

Einnig er lögð til smávægileg breyting við 7. gr. sem tryggja á að skýrt komi fram í lagatexta að lögreglustjóra ber að hafa samráð við almannavarnanefnd þegar ákvörðun er tekin um að banna umferð um götur og vegi utan hættusvæða og sömuleiðis þegar fólki er bannaður aðgangur að skíðasvæðum og öðrum útivistarsvæðum vegna hættu á ofanflóðum.

Lögð er til sú breyting við 9. gr. að ofanflóðanefnd verði skipuð til fjögurra ára í senn en ekki ótímabundið eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá er gerð tillaga um að við 10. gr. verði bætt ákvæði þess efnis að eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist verði ráðherra og sveitarstjórn heimilt að meta hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum. Telur nefndin eðlilegt að ekki verði ráðist í þéttingu byggðar nema aðstæður séu metnar áður og er eðlilegast að slíkt mat sé í höndum viðkomandi sveitarstjórnar og ráðherra sem leita skal álits Veðurstofu Íslands og Skipulags ríkisins áður en ákvörðun er tekin.

Loks er gerð tillaga varðandi ákvæði til bráðabirgða I um nýja byggð og nýbyggingar í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Gerir tillagan ráð fyrir að þar til hættumat hefur verið staðfest skuli sveitarstjórn leggja fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga og skal tillagan vera í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Áður en umhverfisráðherra setur reglurnar skal hann hafa fengið tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat fyrir viðkomandi svæði. Miðar tillagan að því að heimila brýnar framkvæmdir í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu, en jafnframt leggur nefndin áherslu á að ekki verði, áður en hættumat liggur fyrir, hafnar framkvæmdir á svæðum sem ljóst þykir að séu á hættusvæði. Um framkvæmdir eftir að hættumat liggur fyrir og varnarvirki hafa verið reist gildir 10. gr.

Gísli S. Einarsson og Tómas Ingi Olrich voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. og brtt. rita Ólafur Örn Haraldsson form., Árni M. Mathiesen, Katrín Fjeldsted, Ísólfur Gylfi Pálmason, Kristján Pálsson, Guðmundur Beck og Kristín Halldórsdóttir með fyrirvara.

[15:13]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég styð þetta frv. og er sátt við það að flestu leyti og þær brtt. sem nefndin hefur sameinast um að flytja. Ég hefði þó kosið örlítið aðra meðferð málsins og skrifa því undir nál. með fyrirvara sem ég vildi gera örlitla grein fyrir hér.

Meginástæðan er sú að ég er ekki fyllilega sátt við ákvæði 6. gr. þess efnis að Veðurstofa Íslands eigi að lýsa yfir hættuástandi og sömuleiðis að lýsa því yfir að því hafi verið aflétt. Lögreglustjóri sjái hins vegar um rýmingu og geti reyndar samkvæmt 7. gr. einnig ákveðið rýmingu hvenær sem er þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst.

Ég tel þetta fyrirkomulag ruglingslegt eða a.m.k. ekki nægilega afgerandi og að það gæti hugsanlega valdið togstreitu og einhverjum áhrifum á það góða samstarf sem er nauðsynlegt milli þessara aðila. Nú er hér ekki um breytingu að ræða frá núgildandi lögum sem voru sett á síðasta þingi. Þetta fyrirkomulag var tekið upp með þeim lögum, þ.e. að Veðurstofan hefði þá ábyrgð að lýsa yfir hættuástandi og hvenær því skyldi aflétt. Og þar sem þetta er svo nýtt í sögunni má kannski segja að það sé hvorki búið að sanna sig né afsanna. En ég er þeirrar skoðunar að þetta fyrirkomulag geti valdið togsteitu og deilum eins og reyndar hefur orðið raunin á í a.m.k. einu tilviki þar sem menn töldu óljóst hver hefði átt að bregðast við. Það er auðvitað í ljósi þess sem það nýmæli er tekið upp í 7. gr. að lögreglustjóri hafi vald til að rýma húsnæði ef honum sýnist vá fyrir dyrum jafnvel þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofunnar. Þannig er verið að flytja valdið að hluta aftur í hendur heimamanna og ég tel það mjög til bóta. En ég hefði talið betra að hafa þessa verkaskiptingu hreinni og klárari, þ.e. að Veðurstofa Íslands hefði það hlutverk að fylgjast með og vara við og að lögreglustjóri eða yfirvöld almannavarna í héraði hefðu það hlutverk að lýsa yfir hættuástandi og bregðast við með rýmingu eða hverjum þeim aðgerðum sem þurfa þykir.

Aðrir nefndarmenn í hv. umhvn. töldu hins vegar rétt að styrkja það fyrirkomulag sem ákveðið var með lagasetningunni á síðasta ári og sú er niðurstaðan. Ég velti því vissulega

fyrir mér að flytja brtt. en niðurstaðan varð sú að gera það ekki en ég mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu um 6. gr. af þeirri ástæðu sem ég hef lýst.

Þá vil ég nefna ákvæði til bráðabirgða sem reyndar tók miklum breytingum í umfjöllun nefndarinnar og mjög til bóta. Ég var hlynnt því að fella þetta bráðabirgðaákvæði algerlega brott á þeirri forsendu að um mikilvægt öryggisatriði væri að ræða og flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar í upphafi en niðurstaðan varð þessi í því ljósi að sveitarfélög væru sett í býsna erfiða aðstöðu ef þau gætu nánast ekki hreyft sig til eins eða neins á framkvæmdasviðinu, hversu langan tíma sem tæki að fá endanlegt hættumat. Til þess að girða ekki algjörlega fyrir að einstök sveitarfélög geti ráðist í brýnar og óhjákvæmilegar framkvæmdir þá lögðum við mikla vinnu í að orða þetta bráðabirgðaákvæði þannig að öruggt væri að ekki yrði farið út í neinar framkvæmdir sem óvarlegar gætu talist út frá öryggissjónarmiði. Ég held að allir þeir fyrirvarar sem þarna eru settir eigi að nægja til að tryggja það og mun því styðja þetta ákvæði.

Ég hef nú gert grein fyrir helstu atriðunum sem valda því að ég skrifa undir með fyrirvara. Það mætti út af fyrir sig ræða þetta frv. nánar og allt það sem fram hefur komið í störfum nefndarinnar. En ég er sátt við þær niðurstöður sem hafa fengist og sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar. Frv. fékk mjög ítarlega skoðun og umfjöllun í hv. umhvn. og ég mun styðja frv. með þeim fyrirvara sem ég hef hér lýst.

[15:20]

Guðmundur Beck:

Herra forseti. Örfá orð um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með að menn skuli hafa náð lendingu í þessu. Þetta er mjög viðkvæmt mál og erfitt vegna þess að það tekur til öryggis fólks og mikilla fjármuna sem í húfi eru.

Fyrst varðandi þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður, Kristín Halldórsdóttir, nefndi um viðvörun. Ég geri mér vonir um að það að bæði Veðurstofan og heimamenn, lögreglustjóri og almannavarnanefnd, geti komið að þessu máli og gripið inn í ef hættuástand skapast skapi mönnum meira öryggi. Ég endurtek það að ég geri mér fastlega vonir um að það geti skapað mönnum meira öryggi. Annar hvor aðilinn getur brugðist og þá hefur hinn rétt til að grípa inn í.

Annað sem nefndarmenn lentu í erfiðleikum með að setja í þetta frv. var að brúa þetta tímabil þangað til hættumat liggur fyrir á þeim stöðum sem eru í mestri hættu. Og sá fyrirvari sem ég setti er í rauninni af því sprottinn að við höfum engin tímamörk en ég treysti því að þingmenn muni fylgja þessu máli eftir áfram og sjá svo um að því starfi verði haldið áfram af fullum krafti að gera hættumat fyrir þessa staði.

Umræðu frestað.

Iðnaðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (EES-reglur). — Þskj. 76, nál. 1002.

[15:22]

Frsm. iðnn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42 18. maí 1978, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson, skrifstofustjóra í iðn.- og viðskn., Garðar Vilhjálmsson frá Landssambandi iðnverkafólks og Verkamannasambandinu, Ólaf Helga Árnason frá Samtökum iðnaðarins, Þorbjörn Guðmundsson frá Samiðn, Guðmund Gunnarsson og Rúnar Bachmann frá Rafiðnaðarsambandinu og Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóra. Umsagnir bárust frá Landssambandi iðnverkafólks, Samiðn, Samtökum iðnaðarins, Verkamannasambandi Íslands og Vinnumálasambandinu, auk þess sem eldri umsagnir lágu fyrir.

Frv. þetta er flutt til að unnt sé að uppfylla skuldbindingar Íslands um réttindi ríkisborgara eða lögaðila í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið til að taka upp störf í iðnaði hér á landi en hér er um gagnkvæman rétt að ræða. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA hafa ákvæði fimm EES-tilskipana ekki verið tekin upp í rétti hér á landi til fulls. Er gerð ítarleg grein fyrir umræddum tilskipunum og efni þeirra í greinargerð með frv. en í því sjálfu er valin sú leið að fela ráðherra að kveða nánar á um rétt til að taka upp störf í iðnaði hér á landi. Gerir nefndin ekki athugasemd við þá tilhögun þar sem í þessu tilviki er um eðlilega útfærslu að ræða og skýrt kemur fram hvaða tilskipanir eru gildandi. Telur nefndin það góða reglu og nauðsynlega að í reglugerð sé skýrt kveðið á um til hvaða tilskipana hún taki og beinir því til ráðuneytisins. Hafa nefndinni verið kynnt drög að reglugerð sem setja á með stoð í þeirri heimild sem frv. veitir ef samþykkt verður.

Vandinn, sem við er að eiga, er að venjulega er átt við löggiltar iðngreinar þegar rætt er um störf í iðnaði hér á landi. Málvenjan er sú að tala hér um „iðnverkafólk" og „iðnaðarmenn" þar sem þeir síðarnefndu starfa í löggiltum iðngreinum. Þegar fjallað er um fólk sem starfar í iðnaði í Evrópu er að jafnaði átt við fjölbreyttari faghópa en venja er hér á landi. Að einhverju leyti mun þessi vandi valda því að málið virðist flóknara úrlausnar hér á landi en ella væri.

Meginmarkmið með lagasetningunni er að tryggja að réttur ríkisborgara EES-landa til að starfa í iðnaði hér á landi sé viðurkenndur á grundvelli umræddra tilskipana. Ákvæðin eiga einnig við um íslenska ríkisborgara sem aflað hafa sér starfsréttinda erlendis en ljóst er að slík réttindi ávinnast ekki nema með áralöngu starfi og búsetu í öðru EES-landi eins og tilskipanirnar áskilja.

Við meðferð málsins kom í ljós að efni tilskipananna getur einnig náð til prófréttinda. Veltur inntak réttindanna í raun á því að umræddar tilskipanir veita ekki víðtækari rétt en fyrir hendi var í upprunalandinu. Þannig felst ekki í starfsréttinum heimild til að kalla sig meistara eða svein án nánari tilgreiningar. Þá felst heldur ekki í réttinum heimild til að veita löggiltri iðngrein forstöðu, taka nema eða vinna störf sem sérstaka löggildingu þarf til nema slíkt sé í hverju einstöku tilviki í samræmi við skuldbindingarnar. Því þykir eðlilegt að í 1. mgr. sé rætt um rétt manna til að starfa í iðnaði en ekki talin upp hin ýmsu tilvik. Þá má benda á að samkvæmt skuldbindingunum þarf að færa sönnur á starf og starfsþjálfun í öðru EES-ríki.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem fylgir í þessu nefndaráliti.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að greina frá nál. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:27]

Tilkynning um dagskrá.

[15:54]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í upphafi fundar var tilkynnt að það yrðu atkvæðagreiðslur upp úr klukkan hálffjögur. Forseti hlýtur að finna að því hversu illa þingmenn mæta en þakkar þeim sem hafa setið hér í salnum.

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, frh. 2. umr.

Stjfrv., 344. mál (EES-reglur). — Þskj. 616, nál. 964.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:55]
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 404. mál (EES-reglur). — Þskj. 701, nál. 965.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–11. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 702, nál. 966.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Bókhald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 446. mál (viðurkenndir bókarar). — Þskj. 758, nál. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 438. mál. — Þskj. 747, nál. 990.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Sjóvarnir, frh. 2. umr.

Frv. StB o.fl., 115. mál. — Þskj. 125, nál. 970, brtt. 971.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 971,1 (ný 2. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 971,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
5.–8. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 971,3 samþ. með 33 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 971,4 samþ. með 32 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
11.–12. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 971,5 samþ. með 33 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Siglingastofnun Íslands, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 580. mál. — Þskj. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv.

Skráning skipa, frh. 2. umr.

Stjfrv., 217. mál (eignarhlutur útlendinga). — Þskj. 274, nál. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]
Brtt. í nál. 968 (ný 1. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 362. mál (nám skv. eldri lögum). — Þskj. 638, nál. 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Brtt. í nál. 969 (ný 1. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Iðnaðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (EES-reglur). — Þskj. 76, nál. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Brtt. í nál. 1002 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 2. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941.

[16:11]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 940, 408. mál, um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Þetta mál er eiginlega samstofna málinu sem við ræddum í gær um að gera ríkisbankana, Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, að hlutafélögum. Þetta ásamt þriðja málinu, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er raunverulega allt af sama meiði þannig að flest hin sömu rök og áttu við þá eiga við hér um. Hér er verið að taka allar þessar fjármálastofnanir ríkisins og gera um þær nýja skipan.

Eins og kom fram í gær er það nú vitað að þessi mál hafa verið mjög lengi í deiglunni. Menn hafa velt þeim mjög lengi fyrir sér og sýnist að sjálfsögðu sitt hverjum á hvern veg þeim væri best varið. Þó sýnist mér af störfum nefndarinnar, svo og af umræðum um viðskiptabankana í gær að það sé mjög á eina lund að þingheimur sé þeirrar skoðunar að breyting verði ekki umflúin og sé orðið mjög nauðsynlegt að gera hana. Reyndar held ég að flestir séu þeirrar skoðunar að tafir á því að breyta þessum málum séu þegar búnar að valda miklu tjóni.

Einstaka aðilar í þinginu hafa alltaf verið á móti því að einkavæða ríkisstofnanir og sá ofsjónum yfir því. Það eru eins konar leifar frá hinum gamla sósíalisma sem hrjáði þetta land langt fram eftir þessari öld og ekkert við því að gera í sjálfu sér. Allir þeir sem fylgjast með vita að Ísland verður og á að breyta þessum ríkisstofnunum í opin félög sem starfa á þessum fjármálamarkaði sem nú er orðinn galopinn og verður opinn um alla Vestur-Evrópu og allan heim, þvert ofan í þá skipan mála sem við höfum hér svo lengi fram eftir öldinni og var efnahagslífi þessarar þjóðar til svo mikils tjóns sem flestir ættu að þekkja.

Efh.- og viðskn. fékk mikinn fjölda manna til að ræða þessi mál við sig og eru það allir þeir hinu sömu og getið var um í gær þegar við fórum yfir viðskiptabankana. Við fengum líka skriflegar umsagnir frá mjög mörgum aðilum, frá Búnaðarbanka Íslands, Bændasamtökum Íslands, Eignarhaldsfélaginu Hofi sf., Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Iðnþróunarsjóði Íslands, Íslandsbanka hf., Íslenskum sjávarafurðum hf., Landsbanka Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum fiskvinnslustöðva, Samtökum iðnaðarins, Seðlabanka Íslands, Sjóvá-Almennum hf., Tryggingamiðstöðinni hf., Vátryggingaeftirlitinu, Vátryggingafélagi Íslands hf., Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin taldi sig vinna þetta af mikilli kostgæfni og fara yfir þessi álit öll. Það er niðurstaða 1. minni hluta efh.- og viðskn. að það séu ákaflega litlar breytingar sem eigi að gera á frv. frá því það var lagt fram.

Brtt. eru á þskj. 941 og fyrsta tillagan er við 4. gr.

Í a-lið 1. tölul. brtt. er lagt til að ákvæði um að hámarkshlutfall heildarstofnhlutafjár af eigin fé sjóðanna sé 75% verði fellt brott. Viðskiptaráðherra verði þannig óbundinn við ákvörðun heildarfjárhæðarinnar.

Í b-lið 1. tölul. er lagt til að sambærileg nefnd verði sett á stofn til að meta heildarfjárhæð stofnhlutafjár í bankanum og gert er ráð fyrir í 5. gr. frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands eins og við ræddum hér í gær og gert var ráð fyrir. Þá er jafnframt lagt til að ákvæði um undanþágu frá greiðslu stimpilgjalda í 3. mgr. 4. gr. verði fellt brott. Þetta eru nákvæmlega sömu brtt. og við lögðum fram í gær um viðskiptabankana.

Í öðru lagi gerum við tillögur um breytingar á 14. gr. með hliðsjón af athugasemdum sem fram komu í umsögn Seðlabanka Íslands um málið.

Efh.- og viðskn. fékk Kaupþing til að meta áhrif þess á arðsemi þessa væntanlega fjárfestingarbanka ef eigið fé væri minnkað. Kaupþing hf. gerði skilmerkilega grein fyrir því og niðurstaðan varð sú að 1. minni hluti leggur til að heildarfjárhæð eigin fjár verði minnkuð um 1 milljarð kr. frá því sem gert var ráð fyrir þegar frv. var upphaflega lagt fram. Niðurstöðurnar sýna að markaðsverð bankans lækkar aðeins um 350 millj. kr. við þetta. Það liggur sem sagt fyrir og niðurstöðurnar eru þær að flestar þær stofnanir sem starfa á þessum markaði reyna að hafa eiginfjárhlutfallið ekki of hátt. Yfirleitt virðist það vera þannig að menn séu með 10–12% eiginfjárhlutfall til að reyna að ná sem mestri arðsemi.

Það er niðurstaða 1. minni hluta nefndarinnar, eftir ítarlega umfjöllun innan nefndarinnar, að draga beri úr sterkri eiginfjárstöðu hins nýja fjárfestingarbanka frá því sem lagt hefur verið upp með. Nefndin lét reikna út fyrir sig nokkrar tillögur í þá átt og var niðurstaðan sú að lækkun um 1 milljarð kr. kæmi hvað best út. Þannig verður bankinn arðvænlegri eign og fýsilegri fjárfestingarkostur. Hagsmunum bankans yrði engu að síður vel borgið þegar tekið er tillit til breyttra rekstrarforsendna samfara lækkun eigin fjár, vaxtakostnaðar og hækkunar vaxta af nýjum lánum. Upplýsingar frá aðilum sem komu á fund nefndarinnar staðfesta það. Það var eins og

fyrr var getið Kaupþing. Búist er við að markaðsverð bankans lækki einungis um 350 millj. kr. þrátt fyrir 1 milljarðs kr. lækkun eigin fjár. Ríkið, sem eigandi bankans, verður því betur sett um 650 millj. kr. eftir slíka aðgerð. Jafnframt er það tillaga 1. minni hluta að sá milljarður sem þannig sparast verði nýttur til áhættufjármögnunar og þá einkum til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á landsbyggðinni, en um þessar mundir er nauðsynlegt að grípa til slíkra aðgerða á landsbyggðinni til að vega á móti sterkri verkefnastöðu á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni. Í breytingartillögum, sem lagðar eru fram samhliða þessum við frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er gert ráð fyrir að þeim sjóði verði falið að sjá um þessa fjármuni.

Nánar verður gerð grein fyrir þeim tillögum þegar það frv. kemur til umræðu í nefndinni. Þetta eru sem sagt þær litlu breytingar sem 1. minni hluti leggur til. Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til að hafa um það fleiri orð að sinni.

[16:20]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í flestum málum er ég sammála hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni en í þessu máli verður ákveðinn mishljómur sálna. Ég er því með þrjár spurningar til hv. þm.

1. Er hv. þm. ánægður með að hér skuli stofnaður nýr ríkisbanki eftir þær ræður sem hann hefur hingað til haldið um ríkisbanka?

2. Er hann sáttur við að einungis 49% af bankanum skuli vera seld?

3. Ef tekst að selja 49% og lokka fé frá einstaklingum og fyrirtækjum inn í þennan banka, er hann þá sáttur við að ríkið hafi meiri hluta og þar með séu áhrif og völd ríkisins aukin enn frekar frá því sem verið hefur? Fyrir utan að búist er við að þessi banki muni fara inn á þau svið sem aðrir bankar starfa á og valdi enn meiri samkeppni á því sviði með tilstilli og völdum ríkisins.

Síðan er ég með spurningu. Það voru þrjár leiðir sem komu til greina. Í fyrsta lagi að stofna hlutafélag um hvern sjóð og selja á markaði, sem hefði þá væntanlega þýtt það að fyrirliggjandi bankar hefðu keypt þessi hlutafélög. Í öðru lagi hreinlega að innlima eða selja rekstur þessara sjóða til einhverra af þeim bönkum sem fyrir eru. Í þriðja lagi var svo þessi leið sem af mörgum er talin lökust. Hvaða leið af þessum þremur telur hv. þm. að sé best?

[16:22]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef skilið fundarsköp Alþingis á þann veg að komi hér andsvör við ræðum manna þá hafi menn tvær mínútur til að svara þeim. Nú komu þrjár spurningar og þrjár að auki sem ég held að ég gæti alveg svarað. Það mundi taka einn til einn og hálfan klukkutíma. Ég vona að fyrirspyrjandi virði það við mig þó að ég vilji ekki reyna að svara þessu á tveim mínútum eða einni og hálfri mínútu. Ég skal athuga það seinna í umræðunni hvort rétt sé að fara að eyða tíma Alþingis í það að ég fari í almennar yfirlýsingar og almennar umræður hér fram og til baka um stöðu bankamála og hvernig þeim væri best skipað. Fyrirspyrjandi veit að ég hef ýmsar meiningar þar að lútandi.

Ég býst við að seinna í umræðunni komi ég og tali, ég skal þá athuga hvort ekki sé rétt að fara aðeins yfir þessar spurningar hans þó að ég efist um að ég telji það svara kostnaði að fara í ítarlegar umræður um þetta. Það tekur langan tíma að svara þessu. En ég mun kannski athuga það seinna.

[16:23]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. frá 2. minni hluta efh.- og viðskn. Nál. er á þskj. 957.

Annar minni hluti getur ekki staðið að þeirri afgreiðslu málsins sem 1. minni hluti nefndarinnar leggur til í nefndaráliti sínu og breytingartillögum með því. Meiri hluti þeirra aðila sem tjáðu sig um málið fyrir nefndinni og sendu inn skriflegar umsagnir leggst eindregið gegn því að stofnaður verði sérstakur ríkisbanki þar sem miklu hagkvæmara sé að láta starfandi viðskiptabanka yfirtaka starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna.

Verðmæti fjárfestingarlánasjóðanna fyrir ríkissjóð og atvinnulífið væri meira ef stofnað væri sérstakt hlutafélag um hvern þeirra. Hugsanlegum kaupendum fækkar og arðsemin minnkar með samruna sjóðanna. Verðmæti eignarinnar er svo skert enn frekar með þeim hömlum að ríkið eigi meiri hluta í bankanum. Þá vill 2. minni hluti taka fram að hann lítur svo á að eðlilegt sé að einungis einn bankastjóri starfi við Fjárfestingarbanka atvinnulífsins með sömu rökum og fram koma í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál.

Annar minni hluti bendir á eftirfarandi röksemdir gegn þeirri leið að stofna nýjan banka sem fram komu í umsögnum margra aðila til nefndarinnar: Það er skoðun hennar að það séu rök þessara aðila atvinnulífsins sem eigi að vega þyngst í þessu máli.

Herra forseti. Í umsögn Búnaðarbanka Íslands kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er hafa Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Sparisjóðabanki Íslands hf. lýst yfir vilja sínum til viðræðna við ríkisstjórnina um kaup á eignum Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Það er skoðun bankastjórnar Búnaðarbankans að þessi leið sé vænlegust til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með breytingum á rekstrarformi og eignarhaldi þessara sjóða en bankastjórnin gerir ekki athugasemdir við einstök atriði ...“

Í umsögn Íslandsbanka kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Bankastjórn Íslandsbanka telur umrætt frumvarp vera í mótsögn við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir m.a. að láta beri „öðrum eftir að stunda þá starfsemi sem einkaaðilar eru tilbúnir að annast með eðlilegum hætti“. Stofnun nýs ríkisbanka með víðtækara starfssvið en fjárfestingarlánasjóðirnir höfðu hefur í för með sér að ríkið er að auka umsvif sín á þessum markaði en ekki draga úr þeim.

Við teljum einnig að markaðsaðstæður hafi í raun gert hugmyndir af þessu tagi úreltar. Nútímafyrirtæki líta á fjármögnun starfsemi sinnar sem síbreytilegt viðfangsefni sem ræðst af markaðsvöxtum og kjörum hverju sinni. Á bak við hugmyndir um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins býr sú gamla hugsun að fyrirtæki fjármagni fjárfestingar sínar í eitt skipti fyrir öll. Það er liðin tíð.“

Þá segir enn fremur í umsögn Íslandsbanka:

„Loks er athygli vakin á því að Íslandsbanki á og rekur fjórða stærsta fjárfestingarlánasjóð í landinu, Verslunarlánasjóð." — Um hann segir: — „Vaxtamunur í Verslunarlánasjóði á síðasta ári var 1,4% og rekstrarkostnaður í hlutfalli við meðalstöðu efnahagsreiknings var rúmlega 0,2%. Helstu keppinautar Verslunarlánasjóðs eru fjárfestingarlánasjóðir ríkisins."

Herra forseti. Enn fremur segir í umsögn Íslandsbanka:

„Með hliðsjón af framansögðu teljum við að leggja eigi hugmyndir um fjárfestingarbanka á hilluna. Þær eru hvorki í samræmi við þarfir atvinnulífsins né yfirlýsta stefnu ríkisvaldsins ..."

Herra forseti. Í umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka segir m.a., með leyfi forseta:

„SÍV telur að í frumvarpinu um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. séu færð ófullnægjandi rök fyrir stofnun hans. Því leggur SÍV til að frumvarpið verði ekki samþykkt ..."

Enn fremur segir:

„Þau rök eru m.a. færð fyrir stofnun Fjárfestingarbankans að sameinaður fjárfestingarbanki geti veitt bankakerfinu heilbrigða samkeppni. Með þessu er jafnframt verið að gefa í skyn að samkeppni á markaðnum yrði ekki nægjanleg ef fjárfestingarlánastarfsemin yrði sameinuð bankakerfinu. Þetta er augljóslega rangt því nefna má fjölmörg dæmi sem sýna að á síðustu árum hefur samkeppni milli fjármálafyrirtækja um þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki aukist verulega ..."

Enn fremur segir:

„Íslandsbanki hf. er eini viðskiptabankinn hér á landi sem aðgreinir fjárfestingarlánastarfsemina, Verslunarlánasjóð, frá annarri starfsemi. Þegar starfsemi Verslunarlánasjóðs er borin saman við starfsemi Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs sést greinilega að það hallar á fjárfestingarlánasjóðina fremur en hitt. Þannig var vaxtamunur Verslunarsjóðs 1,4% að meðaltali á árinu 1996 samkvæmt ársreikningi sjóðsins en 1,88% í árslok 1996 hjá Iðnlánasjóði."

Enn fremur segir:

„Af því má ráða að fjárfestingarlánastarfsemi innan viðskiptabanka sé í raun hagkvæmari kostur en að reka hana í sjálfstæðum fjárfestingarlánasjóðum."

Undir lok umsagnar Sambands íslenskra viðskiptabanka segir svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telur SÍV að rökin sem færð eru fyrir stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. í frumvarpinu standist ekki þegar betur er að gáð. Jafnframt skal bent á að bankar og sparisjóðir hafa á undanförnum mánuðum varpað fram hugmyndum um breytingar á fjárfestingarlánasjóðakerfinu sem að mati SÍV falla betur að þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar sem lýst er í frumvarpinu og felst í því að ríkið losi sig út úr þessari starfsemi."

Í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða kemur m.a. fram, með leyfi forseta: „Samband ísl. sparisjóða mælir eindregið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga ..."

Enn fremur: „Öll fyrirtæki í atvinnulífi eiga viðskipti við banka og sparisjóði. Allur daglegur rekstur þeirra er því undir smásjá þessara aðila. Til að sem best verði fylgst með þörfum atvinnulífsins og stöðu einstakra fyrirtækja skiptir það lánveitendur miklu að heildarviðskipti séu sem mest á einum stað. Þess vegna sendu Landsbankinn, Búnaðarbankinn og Sparisjóðabankinn, eftir allítarlega athugun sem Íslandsbanki tók þátt í ríkisstjórninni bréf í febrúar sl. þar sem óskað var viðræðna um kaup þessara aðila á þeim sjóðum sem með frumvarpinu er ætlað að mynda uppistöðuna í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Af viðræðum hefur ekki orðið. Hins vegar er það skoðun þessara aðila að mest hagkvæmni náist fram með sameiningu sjóðanna við bankakerfið. Að því frágengnu er það skoðun Sambands sparisjóða að breyta eigi Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði í tvo fjárfestingarsjóði í formi hlutafélaga og bjóða þá til sölu á almennum markaði þar sem bankar og sparisjóðir hefðu hliðstæða möguleika og aðrir að kaupa hlutafé þeirra og ná þannig fram hagræðingu sem af samrekstri leiddi. Sú leið sem lögð er til í frumvarpinu er lökust þeirra sem til álita hafa komið." Segir í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða.

Enn fremur segir í umsögninni: „Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar byggir á þeirri forsendu að fjárfestingarlán séu eitt en önnur fjármögnun annað. Þetta er alvarleg brenglun á staðreyndum. Öll fjármögnun er hliðstæð og byggir á sömu forsendum þ.e. arðsemi fjárfestingarinnar."

Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Þótt vafalaust sé að fleiri kostir hafi verið álitlegir við endurskipulagningu fjárfestingalánasjóðanna getur VSÍ fyrir sitt leyti stutt þá niðurstöðu sem felst í umræddu stjórnarfrumvarpi. VSÍ vill þó leggja þunga áherslu á að ríkið dragi sig hið allra fyrsta út úr atvinnurekstri á borð við lánastarfsemi og mælir því mjög eindregið með því að ákvæði 6. greinar frumvarpsins verði breytt þann veg að heimilt sé að selja allt hlutafé í bankanum en ekki aðeins minni hluta þess eins og frumvarpið nú miðar við. Sú takmörkun rýrir verðgildi eignarinnar og gerir ómögulegt að koma við frekari samruna eða hagræðingu í fjárfestingarlánastarfsemi þeirri sem sjóðirnir hafa hingað til sinnt. Eru enda engin rök sýnileg fyrir þessari takmörkun eða þeim vilja að ríkissjóður haldi meiri hluta eign að Fjárfestingarbankanum með þessum hætti." Þessi umsögn er undirrituð af Þórarni V. Þórarinssyni.

Í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn LÍÚ telur mikilvægt að sátt náist um framtíðarskipan fjárfestingarlána til atvinnulífsins. Fellst hún því á þá skipan mála sem í frumvörpunum felast. Hún áréttar þó þá skoðun sína að heppilegra hefði verið fyrir þróun bankamála og atvinnulífið að Fiskveiðasjóði hefði verið breytt í hlutafélag.

Það hlutafélag hefði strax verið til sölu og er þá líklegt að lánastarfsemi sjóðsins hefði með einhverjum hætti tengst annarri fjármálastarfsemi. Sú þróun hefði orðið atvinnulífinu til hagsbóta." Segir í umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna sem undirrituð er af Kristjáni Ragnarssyni.

Í umsögn Verslunarráðs Íslands kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Í upphafi vill Verslunarráð Íslands láta í ljós þá skoðun sína að ráðið hefði talið heppilegast að þeir fjárfestingarsjóðir, sem steypt er saman í Fjárfestingarbankann, hefðu verið einkavæddir hver fyrir sig og seldir á almennum markaði. Ráðið vill jafnframt láta uppi efasemdir um þá fyrirætlan að stofna nýjan ríkisbanka sem mun verða í samkeppni við aðra aðila á fjármagnsmarkaði, sbr. t.d. 2. gr. frumvarpsins, einkum í ljósi þess að á nútímafjármagnsmarkaði er hólfaskipting fjármálaþjónustu fyrri tíðar horfin eða að hverfa ..."

Og enn fremur segir: „Verslunarráð Íslands telur að í 6. gr. felist of miklar hömlur á frelsi til að ráðstafa hlutum í umræddri bankastofnun og að ákvæðið gangi gegn markmiðum ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu opinberra fyrirtækja. Ákvæðið er til þess fallið að gera framkvæmd einkavæðingar

erfiðari og hætt er við því að lægra verð fáist fyrir umræddan 49% hlut en ef heimild þessi væri ótakmörkuð." Svo mörg voru þau orð í umsögn Verslunarráðs Íslands.

Í umsögn Sambands íslenskra tryggingafélaga kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Með frumvarpi þessu er að því stefnt að íslenska ríkið stofni og starfræki nýjan banka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. Skuli þessi banki stofnaður á grunni Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og Útflutningslánasjóðs. Gangi þetta eftir verður ríkissjóður orðinn eigandi þriggja banka. Yfirlýstur megintilgangur ríkisstjórnarinnar með þessum aðgerðum er samkvæmt frumvarpinu „að stuðla að því að íslenskur fjármagnsmarkaður geti séð einstaklingum og fyrirtækjum fyrir öflugri og hagkvæmri þjónustu á hagstæðum kjörum". Samband íslenskra tryggingafélaga lýsir sig andsnúið hugmyndum af þessu tagi, og vill að aðrir kostir verði skoðaðir ..."

Enn fremur segir: „Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að í kjölfar þess sem íslenska ríkið drægi sig út úr starfsemi Landsbankans og Búnaðarbankans með sölu eignarhluta sinna í þeim stofnunum, væri næsta skref að endurskoða starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna. Í því efni hefur verið bent á, og er raunar lauslega að því vikið í athugasemdum með frumvarpinu, að eðlilegast væri að annars vegar yrði Fiskveiðasjóði breytt í hlutafélag og hins vegar yrði annað hlutafélag stofnað á sameiginlegum grunni Iðnlána- og Iðnþróunarsjóðs. Ríkissjóður gæti síðan selt hluti sína í þessum sjóðum. Það færi svo eftir aðstæðum á markaði hverjir keyptu, en meðal hugsanlegra kaupenda væru að sjálfsögðu viðskiptabankar og aðrar fjármálastofnanir. Sýnist sú leið stórum eðlilegri. Leggur Samband íslenskra tryggingafélaga því til, að sú leið verði könnuð til hlítar, og frumvarpið um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. jafnframt dregið til baka á meðan á slíkri könnun stendur."

Í umsögn Eignarhaldsfélagsins Hofs sf. kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Við teljum að sú leið að breyta fjárfestingarlánasjóðunum í hlutafélög og selja þá sé mun einfaldari og hagkvæmari. Erfitt er að sjá annað en að viðskiptabankarnir geti sinnt öllum þeim hlutverkum sem Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. er ætlað að sinna."

Að síðustu vildi ég mega benda á viðtal við Sigurð Oddsson, framkvæmdastjóra Plastos hf., í Morgunblaðinu sunnudaginn 6. apríl 1997, en þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta: „Sigurður segir aðspurður að bygging hússins [þ.e. verksmiðjuhússins sem Plastos reisti] kosti rúmlega tvö hundruð milljónir króna en segist hafa fengið lítinn stuðning við byggingu hússins úr þeim sjóðum, sem gegna eigi því hlutverki að efla og styðja íslenskan iðnað. En hvernig líst honum á sameiningu iðnlánasjóðs og iðnþróunarsjóðs?

„Slík sameining kemur of seint og er í raun tímaskekkja. Það ætti frekar að leggja þessa sjóði niður og það væri mér a.m.k. að sársaukalausu. Skuldir Plastos við þessa sjóði hafa ekki aukist þrátt fyrir að við séum að byggja. Ég vil sem minnst um þá segja annað en það að það er ekki þeim að þakka að við erum nú flutt í nýtt hús"."

Herra forseti. Að lokum vill 2. minni hluti þó taka fram að sú tillaga 1. minni hluta að draga úr eigin fé Fjárfestingarbankans frá því sem frv. gerir ráð fyrir sé til bóta og nauðsynleg til að unnt sé að ná eðlilegri arðsemi á eigið fé hins nýja banka. Með hliðsjón af þeim ummælum sem eru í þessum umsögnum, sem ég hef lesið, telur 2. minni hluti málið vanbúið og leggur til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[16:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri H. Blöndal fyrir þessa yfirgripsmiklu ræðu og mundi vilja spyrja hann einnar spurningar. Það er bersýnilegt að allir þeir sem vit hafa á, eins og hann orðaði það held ég sjálfur í nál., eru andvígir frv. Hver telur hann að sé skýringin á því að flokksfélagar hans í efh.- og viðskn., hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem er leiðtogi fyrir þessum nýja ríkisbanka, vilja endilega fara þessa leið og neita að hlusta á þá sem vit hafa á málinu? Það væri fróðlegt að heyra skýringu hv. þm. á því máli.

[16:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Svo lengi sem samhljómur sálna er í gangi, og ég og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson erum sammála um málin, þá get ég mjög vel fundið út hvað er að gerast. En þegar menn eru ekki á sama máli þá getur orðið erfitt að finna út úr því hvað annað fólk er að hugsa og vona ég að hv. þm. virði það. Ég tel að hér sé um að ræða málamiðlun eins og oft er þegar menn eru jafnvel hræddir við breytingar, þora ekki að stíga skrefin til fulls og eru þá ánægðir með þau skref sem næst að ná fram. En að sjálfsögðu teldi ég eðlilegt að hv. þm. spyrði þá þingmenn sem um er að ræða þeirrar spurningar hvað þeir séu að hugsa en ekki mig.

[16:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir hafa í sjálfu sér gert grein fyrir sínum sjónarmiðum. Það var gert áðan í ágætri ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar. En ég verð nú að segja eins og er að ég botnaði ekki mikið í henni, en það voru út af fyrir sig hans rök sem hann flutti þá. En ég er að reyna að fá hv. þm. Pétur H. Blöndal til að skýra það hvernig á því stendur að þessir menn, flokksbræður hans og -systur, ætla að ganga þessa braut sem er jafnvitlaus og raun ber vitni. Hv. þm. svaraði því ekki. Hann var með óljóst tal um samhljóm sálna sem ég gef ekki mikið fyrir, ég kann ekkert á það heldur. Það er á annarra manna færi en mínu að greina sálnafar sérstaklega. En hver eru rökin? Eru þetta eingöngu valdapólitísk rök? Er það þannig? Er verið að koma einhverjum gæðingum Sjálfstfl. í stöðu? Er það þess vegna sem Íslandsbanki segir eitt en formaður bankaráðs Íslandsbanka allt annað? Er þetta valdabraskið lifandi komið? Er þetta klíkuveldið á Íslandi sem hér á ferðinni? Ætti þetta að heita frv. til laga um klíkubanka ríkisins? Hver er skýringin hv. þm.?

[16:43]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er mjög uppekinn af klíkuskap í dag og hefur margoft getið þess. Ég hygg nú að ekkert slíkt sé á bak við þetta. Hann hlýtur að átta sig á því að ég get ekki svarað fyrir skoðanir eða hugsanir annarra hv. þm. Ég get heldur ekki verið að skýra skoðanir og athafnir annarra þingmanna, það er eðlilegast að spyrja þá sjálfa að því. (**SvG:** Ég er búinn að því.) Nei, hv. þm. fór ekki í andsvar við hv. þm. Einar Odd Kristjánsson og er þar af leiðandi ekki búinn að spyrja hann að því af hverju hann rökstyður þetta svona. En eins og ég gat um þá get ég alveg séð fyrir mér vissa tregðu sem stafar af ótta við breytingar. Svo er líka það að menn þurfa að ná málamiðlun. Það eru margir sem koma að þessu máli og margir sem eru hræddir við breytingar vegna

þess að breytingar eru eitthvað sem maður þekkir ekki. Menn vita hvað þeir hafa og það má vel vera að til að ná fram breytingum þurfi að stíga lítið skref í einu. Við sáum það t.d. með hlutafélagsvæðingu ríkisbankanna, að þar þurftu menn að stíga mjög lítil skref. Og ég stóð að því, jafnvel þótt ég vildi stíga miklu stærri skref, því ég tel að þau skref séu betri en engin. Aftur á móti tel ég að þetta skref sé verra en ekkert, en það má vel vera að aðrir þingmenn meti það öðruvísi.

[16:44]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn. Minni hlutarnir urðu þrír í efh.- og viðskn. Stjórnin klofnaði í málinu, eins og fram hefur komið, í 1. og 2. minni hluta. Þeim tókst ekki að ná samstöðu í málinu. Að áliti 3. minni hluta sem ég geri hér grein fyrir standa auk mín hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti. Hér stendur stjórnarandstaðan saman í afstöðu gagnvart þessu frv. ríkisstjórnarinnar.

Frv. um fjárfestingarbanka atvinnulífsins á sér vitaskuld forsögu. Við höfum um nokkurra áratuga skeið búið við tvískipt lánakerfi aðallega í opinberri eigu og umsjón. Það er annars vegar á sviði viðskiptabankanna og hins vegar á sviði fjárfestingarlánasjóða. Við höfum búið við sérstaka fjárfestingarlánasjóði um mjög langa hríð. Þessir fjárfestingarlánasjóðir hafa verið atvinnugreinatengdir. Þeir sjóðir eru helstir: Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins og þeir greinast eftir þremur atvinnuvegum, þ.e. sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Þessu til viðbótar hefur Iðnþróunarsjóður verið starfræktur lengi, sem á sér reyndar nokkuð annað upphaf eða sem samstarfsverkefni Norðurlanda á sviði lána til iðnaðar. Þetta frv. gerir ráð fyrir að einn banki sé búinn til úr þremur af þessum sjóðum, Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. eins og hann heitir. Það lýsir ef til vill í fyrstu mjög vel afstöðu ríkisstjórnarinnar að landbúnaðurinn fær nú ekki þann sess sem honum ber að vera talinn til manna þegar kemur að uppstokkun fjárfestingarlánasjóðanna. Stofnlánadeild landbúnaðarins er ekki inni í þessu umhverfi með öðrum helstu lánasjóðum heldur hefur ríkisstjórnin flutt sérstakt frv. um lánasjóð landbúnaðarins þar sem viðhaldið er enn því kerfi í lánamálum sem landbúnaðurinn hefur lengi búið við. Það má segja að kveikjan að því að taka þessa þrjá sjóði hafi orðið þegar Iðnþróunarsjóður komst allur í eigu Íslendinga og finna þurfti þeim sjóði farveg. Einnig hefur nokkuð mikil umræða orðið undanfarin ár um eignarhald á þessum sjóðum.

Þriðji minni hluti telur nauðsynlegt að stokka upp fjárfestingarlánasjóði atvinnulífsins. Þriðji minni hluti er sammála öðrum þingmönnum, vel flestum, um að atvinnugreinaskipting fjárfestingarlánasjóða sé ekki lengur skynsamleg útfærsla. Við höfum hins vegar lagt til allt aðra hugmyndafræði við þá uppstokkun en ríkisstjórnin gerir ráð fyrir. Búið er að reyna nokkrum sinnum að taka þessa fjárfestingarlánasjóði og færa þá annaðhvort saman eða í annan farveg. Það hefur ekki tekist m.a. vegna ágreinings um eignaraðild. En aðilar í sjávarútvegi hafa sumir haldið því fram að þar sem þeir hafi greitt hluta og tekið þátt í því með viðskiptum að byggja upp eigið fé Fiskveiðasjóðs, þá ættu þeir jafnframt hluta í honum þrátt fyrir að skýrt segi í lögum um Fiskveiðasjóð að hann sé eign ríkisins. Ýmsir forsvarsmenn sjávarútvegsins hafa haldið þessu fram. Hins vegar ber að geta þess að í einni umsögn sem barst efh.- og viðskn. tóku Íslenskar sjávarafurðir hf. af öll tvímæli í því efni, þ.e. að ríkið og ríkissjóður ætti Fiskveiðasjóð. Sama deila var uppi varðandi Iðnlánasjóð og tengdist reyndar Iðnþróunarsjóði líka að ýmsir forsvarsmenn iðnaðarins héldu því fram að með þátttöku sem viðskiptaaðilar og að hluta til sem greiðsluaðilar inn í sjóðinn um langt árabil hefðu þeir öðlast hlut í eign sjóðsins. Þessi ágreiningur hefur tafið uppstokkunina um langa hríð.

Ríkisstjórnin hefur náð samkomulagi við þau hagsmunasamtök um eignarhald á þessum sjóðum. Það gerist á þann hátt að sjóðirnir þrír eru sameinaðir í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins í fullri eigu ríkisins en þessi samtök fá hins vegar í sinn hlut tiltekið stjórnarsæti bæði í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Nýsköpunarsjóði sem er nátengdur þessari uppstokkun.

Nú ber vitaskuld að skoða frv. ríkisstjórnarinnar og þá umfjöllun sem efh.- og viðskn. veitti þessu máli fyrst og fremst út frá einu sjónarmiði. Er þessi tímabæra uppstokkun skynsamleg? Er lagt upp með skipulag sem horfir til framtíðar og mun reynast árangursríkt við eflingu atvinnulífs hér á landi?

Miklar efasemdir komu fram við 1. umr. þessa máls um að svo væri. Við stjórnarandstæðingar bentum á að sú uppstokkun væri hlutur sem stangaðist á við nýjustu þróun í nágrannalöndunum og það er ef til vill meginatriðið í málinu. Sú aðferðafræði sem ríkisstjórnin leggur upp með, þ.e. að sameina þessa þrjá fjárfestingarlánasjóði í einn nýjan ríkisbanka er þvert á þróunina í Vestur-Evrópu hvað þá ef víðar er leitað. Alls staðar í kringum okkur hefur þróunin orðið sú að menn hafa horfið smátt og smátt frá sérhæfðum fjárfestingarlánasjóðum, frá sérmerktum fjárfestingarlánasjóðum. Landamæri milli atvinnugreina, landamæri milli fyrirtækja og reyndar landamæri milli landa hafa verið að breytast og falla undanfarin ár og fjármálaheimurinn hefur tekið ríkan þátt í þeirri endurskipulagningu. En ekki íslensku fjárfestingarlánasjóðirnir — þá er notuð aðferðafræði gærdagsins. Þá eru þessir þrír sjóðir teknir og búinn til einn nýr ríkisbanki og þeim hagsmunaaðilum klesst saman sem ríkisstjórnin vill helst styðjast við við framkvæmd sinnar pólitísku stefnu og því baklandi, sem hún vill gjarnan eiga á flokkslegum grunni út í atvinnulífinu. Því er hrært saman í hefðbundinn sjóð þar sem skiptast á pólitískir valdhafar og vald sem sótt er til vinveittra fyrirtækja eða hagsmunafélaga. Þetta er gamalkunnugt. Þetta er ekkert nýtt og hefur verið gert oft áður með nákvæmlega sömu aðferðafræðinni af hálfu þessara tveggja stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl.

Herra forseti. Í frv. er engin tilraun gerð til að líta á myndina í heild og skoða fjármálaumhverfið hér á landi og með hvaða hætti fjárfestingarlánasjóðir og viðskiptabankar og jafnvel aðrir aðilar gætu komið að skynsamlegri endurskipulagningu. Það er ekki lagt upp með neina heildarsýn á sviðið. Og það var aldrei meiningin af hálfu ríkisstjórnarinnar að gera það.

Nú getur vel verið að ríkisstjórnin hafi einfaldlega ekki undirbúið málið nógu vel eins og oft vill verða þegar stór og mikilvæg mál eru lögð fram. Síðan mundi verða treyst á að bakland stjórnarflokkanna í viðkomandi þingnefnd mundi breyta málum til betri vegar og koma með fullbúið og skynsamlegt frv. að lokinni 1. umr., þ.e. til 2. umr., sem hér er að

hefjast um málið. Það hefur oft komið fyrir, herra forseti, að þingnefnd hafi vandað umfjöllun þannig að gjörbreytt frv. hafa komið fram til 2. umr. vegna þess að bakland stjórnarflokkanna hefur þurft að bæta nokkuð úr þeim undirbúningi sem var af hálfu viðkomandi ráðherra. Er eitthvað slíkt á ferðinni núna? Voru gerðar einhverjar betrumbætur, einhverjar umbyltingar í frv. um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins? Það er síður en svo. Það eru örfáar, tvær til þrjár brtt. gerðar og gerð var grein fyrir þeim af framsögumanni 1. minni hluta efh.- og viðskn., hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Framsaga hans fyrir nál. fólst aðallega í því að telja upp þá aðila sem sent höfðu inn umsagnir til nefndarinnar. (Gripið fram í.) Þá aðila sem sendu umsagnir til nefndarinnar. Ekki þær persónur sem komu á fund nefndarinnar. Hann sleppti því þegar hann gerði grein fyrir þessu áliti en hins vegar las hann það skilmerkilega þegar hann gerði grein fyrir nál. um breytingu bankanna í hlutafélög. Þá var uppistaðan í máli hans upplestur á nöfnum umsagnaraðila. Þetta segir betur en margt annað hvaða vinnubrögð hér eru á ferðinni. Tvær skýringar gætu verið á því. Að málið hefði verið svo afburða vel unnið af hálfu hæstv. viðskrh. að mjög erfitt hefði verið að betrumbæta það. Þrátt fyrir að frjóir heilar séu í efh.- og viðskn., eins og hv. formaður nefndarinnar hefur látið hafa eftir sér á opinberum vettvangi, hafi þeir ekki getað fundið neitt sem betur mætti fara í málinu. Það gæti verið önnur skýringin á því hversu fátæklegar tillögur meiri hlutans eru á milli 1. og 2. umræðu. Hin skýringin sem er nærtækari er sú að búið var að handjárna stjórnarliðið við frumvarpsgerðina, við útfærsluna, við hagsmunagæsluna, við störfin og stöðurnar sem fylgja í kjölfarið á þessari uppstokkun. (Gripið fram í.)

Það er augljóst í upplegginu að ekki mátti hreyfa við neinu. Af hverju mátti ekki hreyfa við neinu? Það er greinilegt að átt hafa sér stað þannig samtöl milli stjórnarflokkanna varðandi framhald á málinu. Þetta á bæði við um bankana, Fjárfestingarbankann og Nýsköpunarsjóðinn. Það er ekki tilviljun, herra forseti, að fyrr í dag voru felldar allar tillögur stjórnarandstæðinga sem gengu út á það í sambandi við uppstokkun í ríkisbankakerfinu að kveða skýrar á um stjórnarfyrirkomulagið í þeim bönkum. Allar tillögur voru felldar um að starfsfólk fengi einhverja aðkomu að málinu. Látum það nú vera. Það er þeirra heföbundna afstaða, en felldar voru allar tillögur um að ákveða hve margir sætu í bankaráðum, allar tillögur voru felldar um að ákveða að einungis yrði einn bankastjóri, allar tillögur stjórnarandstæðinga voru felldar um að hafa skýrari línur í stjórnskipulagi bankanna. Það er nákvæmlega það sama uppi um þetta frv. Af hverju vilja þeir ekki hafa skýrar línur um þetta? Af hverju vilja þeir bíða samþykkta viðkomandi hlutafélaga sem eru gerðar að tillögu viðskrh.? Jú, herra forseti, það er vegna þess að þetta snýst um völd, peninga og stöður. Stjórnarflokkarnir vilja hafa frjálsar hendur við þær breytingar sem þeir ætla sér að gera í kjölfarið á samþykkt frv.

Engin tilraun var gerð í efh.- og viðskn. af hálfu meiri hlutans að reyna að líta heilsteypt á málið. Að líta á málið út frá þeirri þróun sem er að gerast í Vestur-Evrópu í sambandi við uppstokkun á fjárfestingarlánasjóðum. Stjórnarliðarnir rígnegldu sig við frv. eins og það var og handjárnuðu hver annan við útfærslu viðskrh. og ríkisstjórnarinnar. En nú kom aftur í ljós framsýni hæstv. forsrh. þegar hann myndaði þessa ríkisstjórn og verið var að ræða hvort ekki væri óþarflega í lagt að mynda ríkisstjórn tveggja stærstu stjórnmálaflokkanna, því uppi voru, ef ég man rétt, einhverjir aðrir a.m.k. tölulegir möguleikar á stjórnarmyndun, þá sagði hæstv. forsrh.: Það gæti nú verið gott að eiga nokkur varadekk ef þyrfti að grípa til þeirra. Hæstv. forsrh. er framsýnn maður og hefur séð þetta allt saman fyrir vegna þess að nú þurfa stjórnarliðarnir í hverju málinu á fætur öðru að grípa til varadekkjanna. Og það er dálítið merkilegt að varadekkið er að springa hjá stjórnarliðunum núna, því stundum springa varadekk. Auðvitað eru menn bundnir af sinni samvisku hér í þingsölum, það er ekki málið og oft fylgja menn ekki sínum stjórnarflokkum eða þingflokkum, stundum vegna samvisku sinnar, stundum vegna þess að keyrt er yfir hagsmuni þeirra en stundum einfaldlega vegna þess að þeim ofbýður sú óskynsemi sem viðkomandi flokkar leggja upp með. Og það var í þessu tilfelli.

Tveimur þingmönnum sem ekki fylgja þessu máli ofbauð sú útfærsla sem ríkisstjórnin lagði upp með. Og tilviljunin er sú að báðir þessir þingmenn sem hafa gefið sig upp sem andstæðinga þessa frv. sitja í efh.- og viðskn. Það var því í fyrsta skipti í vetur sem ekki var meiri hluti fyrir stjfrv. í efh.- og viðskn. og það er meiri hluti nefndarinnar sem leggur til að málinu sé vísað til ríkisstjórnarinnar.

Pétur H. Blöndal gerði grein fyrir áliti 2. minni hluta og rökstuddi það alveg ágætlega. Hann leggur til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar sem er sama tillaga og við í 3. minni hluta, þ.e. þingmenn þingflokks jafnaðarmanna, Alþb. og óháðra og Samtaka um kvennalista leggjum til. Það er meiri hluti í efh.- og viðskn. fyrir því að vísa málinu til betri úrvinnslu hjá ríkisstjórninni. Fyrsti minni hluti, sem eru fjórir þingmenn stjórnarliðanna, leggur hins vegar til að máli verði samþykkt.

Yfirleitt er nokkur metnaður hjá þingflokkum að velja inn í fagnefndir þá aðila sem kunna einna best skil á málefnum sem þar eru til umfjöllunar. Í öllum þingnefndum er valinn maður í hverju rúmi eftir áhugamálum, sérþekkingu og öðru slíku. Þetta þekkja þingmenn. Þeir þingmenn stjórnarliðsins sem hér geta ekki fylgt stjfrv. eru sérfræðingar þingflokka sinna á þessu sviði. Annars vegar hv. þm. Pétur H. Blöndal sem gerði grein fyrir áliti sínu og hv. þm. Gunnlaugs Sigmundssonar. Nú fara skoðanir mínar og hv. þm. Péturs H. Blöndals ekki alltaf saman og í grundvallaratriðum ekki. Hins vegar kunnum við báðir nokkur skil á atvinnulífinu, fjármálaumhverfi og skipulagi á því sviði. Sama á við hv. þm. Gunnlaug Sigmundsson, sérfræðing Framsfl. á þessu sviði. Ég man ekki eftir neinum öðrum í þeim þingflokki sem kann skil á rekstri, atvinnulífi og öðru slíku og hafi reynslu á við Gunnlaug Sigmundsson, einfaldlega vegna þess að hann hefur starfað lengi í því umhverfi. Ég man ekki eftir því. Þeir eru nú reyndar nokkrir — örfáir í þingflokki Sjálfstfl. sem geta státað af svipaðri reynslu og Pétur H. Blöndal en ég man ekki í fljótu bragði eftir að svo sé innan þingflokks Framsfl.

Það hlýtur því að liggja eitthvað mikið við þegar ekki er tekið neitt mark á ábendingum þessara þingmanna. — Herra forseti. Nú eru nokkuð háværar samræður í hliðarsal og væri gott að vita hvenær þeim lýkur eða hvort þeim lýkur.

(**Forseti** (GÁS): Mér heyrist róstur lægja.)

Það hljóta því að vera ærnar ástæður fyrir því að þingflokkar Sjálfstfl. og Framsfl. vilja ekkert hafa með sjónarmið þessara manna að gera í málinu. Þeim er alveg sama um það einfaldlega vegna þess að þeir hafa traustan þingmeirihluta fyrir þeirri útfærslu sem þeir leggja til. Ástæðan er einföld.

Þeir hafa náð saman um helmingaskiptareglu sína sem hefur verið hér í nokkuð marga áratugi, þ.e. að tryggja pólitísk völd sinna flokka og tengdra fyrirtækja. Þetta rímar allt. En þegar það er hins vegar gert á kostnað árangursríks skipulags í lánamálum þá er það ekki einkamál Sjálfstfl. og Framsfl. Það er ekki einkamál ríkisstjórnarflokkanna ef þeir koma upp slæmu skipulagi. Og það er e.t.v. þetta sem gerði það að verkum að hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson gátu ekki fylgt sínum stjórnarflokkum í þessu efni jafnvel þó að einhverjir teldu að hér væri hænuskref, smáskref stigið. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur lýst því skilmerkilega að skrefin séu nú stundum dálítið stutt sem ríkisstjórnin hans stígur en hann rökstuddi einmitt stuðning sinn við hlutafjárvæðingu bankanna að það væri þó skref þó ekki væri það stórt. Og það er sjónarmið sem ber að virða. Sumir segja að ef maður stígi ekki nógu langt skref og geri ekki nógu róttækar breytingar skulum við leggjast gegn breytingunum því smáskrefið frestar frekari framþróun. Sú skoðun er líka til og á líka rétt á sér.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson, sem er reyndar ekki á þingi þessa stundina, töldu að þetta litla skref gæti hugsanlega tafið frekar fyrir uppstokkun. Þeir vilja frekar standa með okkur stjórnarandstæðingum í því að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og reyna að freista þess að það fái betri umfjöllun.

Við í 3. minni hluta eða stjórnarandstæðingar teljum nauðsynlegt að breyta fjárfestingarlánasjóðunum. Það er ekki svo að okkar afstaða sé að viðhalda kerfinu eins og það er núna, síður en svo. Hins vegar teljum við rétt að taka þessa þrjá sjóði sem eru í eigu ríkisins og færa þá inn í viðskiptabankakerfið. Þetta hefði verið miklu skynsamlegri leið en að búa til einn fjárfestingarbanka — einn nýjan ríkisbanka í viðbót. Og það eru rök fyrir þessari útfærslu, fyrir þessari hugmynd. Þetta er ein af þremur hugmyndum sem hefur verið rædd í sambandi við endurskipulagningu fjárfestingarbankanna.

Ein hugmyndin, svo ég reki þær, er að fara þá leið sem frv. gerir ráð fyrir, að stofna nýjan ríkisbanka. Önnur leiðin er að breyta sjóðunum í hlutafélög og selja þá á opnum markaði og láta þá sem fyrir eru slást um það. Sumar fjármálastofnanir hafa talað fyrir því. Þriðja leiðin er þessi sem við höfum talað um, þ.e. að taka fjárfestingarsjóðina, fella þá skipulega inn í viðskiptabankana og gera þá að öflugri einingu, því það er einmitt það sem málið snýst um. Það er ekki einungis að með því værum við að gera mjög svipaðan hlut og þróunin hefur verið í nágrannalöndunum heldur værum við að efla fjármálaumhverfið í atvinnulífinu. Vegna þess að ríkisviðskiptabankarnir eru ekki sterkar stofnanir. Landsbanki Íslands sem er stærsti viðskiptabankinn, en eigið fé hans er 6 milljarðar, hefur margoft á undanförnum árum þurft að fá sérstaka aðstoð af hálfu ríkisins við það að uppfylla með fjárframlögum og öðrum aðgerðum alþjóðlegar kröfur um eiginfjárhlutfall. Búnaðarbankinn er mun betur staddur. Eigið fé hans er hins vegar ekki nema 4 milljarðar. Þetta eru ekki mjög sterkar fjármálalegar stofnanir. Það er erfitt að leggja mat á þessa banka. Ef þeim væri breytt í hlutafélög og þeir seldir á markaði væri markaðsverðið e.t.v. eitthvað svipað eigið fénu, það er ekki gott að segja. En við sjáum að þetta eru ekkert mjög sterkar stofnanir. 4–6 milljarðar er ekkert sérstakt markaðsverðmæti á íslenskum hlutabréfamarkaði. Og jafnvel þótt við færðum þetta verðmæti kannski upp um 50%, segðum að Landsbanki væri 8–9 milljarðar, Búnaðarbanki 5–6 milljarðar, þá gætum við borið það saman við t.d. Eimskipafélag Íslands en markaðsvirði Eimskipafélagsins eru 16 milljarðar, markaðsvirði Íslandsbanka eru 10 milljarðar, markaðsvirði Flugleiða eru tæpir 9 milljarðar — bara til að hv. þm. hafi nokkra hugmynd um þessi hlutföll. Markaðsvirði þeirra 35 félaga sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands er um 110 milljarðar kr. Það hefði því verið mjög brýnt að styrkja þessar fjármálastofnanir einmitt til að geta tekist á við samkeppni sem hugsanlega blasir við erlendis frá á fjárfestingarlánaumhverfinu. Eigið fé sjóðanna þriggja er um 8–9 milljarðar og þeir hefðu hjálpað þessum bönkum verulega.

Ef þessi leið hefði verið farin hefðum við haft hér mjög lífvænlegar einingar. Við hefðum haft ríkisviðskiptabanka sem væru sterkir og stæltir, sem hefðu haft tengsl inn í fjárfestingarlánaumhverfið. Við erum ekki að tala um að þetta hefði endilega þurft að gerast þannig að þetta hefði allt farið inn í Landsbanka og Búnaðarbanka. Það hefði vel mátt hugsa sér einhverja aðra aðkomu að því og minni ég t.d. á óskir sparisjóða og Íslandsbanka sem voru uppi á tímabili að komast inn í kaup á tilteknum fjárfestingarlánasjóðum. Með þeirri hugmyndafræði, sem við í stjórnarandstöðunni leggjum upp með, erum við að horfa á málið í heild sinni. En í stað þess fer ríkisstjórnin þessa leið, er raunverulega með í höndunum þrjár ríkisstofnanir eða ríkisfyrirtæki, einn fjárhagslega máttvana banka sem er Landsbanki Íslands hf., annan þokkalega vel staddan viðskiptabanka, Búnaðarbanka Íslands hf., og þann þriðja Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem er sjóður — tímaskekkja, þokkalega vel útbúinn með eigið fé en starfandi á mjög afmörkuðu og þröngu sviði. Þetta er engin endurskipulagning til framtíðar.

Undanfarin ár hefur starfsemi viðskiptabanka í Evrópu víkkað í átt að þeirri starfsemi sem hingað til hefur verið meira eyrnamerkt fjárfestingarlánabönkum. Og við sjáum að þetta sambýli banka og fjárfestingarlánasjóða getur gengið alveg prýðilega hér á landi. Við höfum dæmi um það. Fjórði stærsti fjárfestingarlánasjóðurinn hérlendis, sem er ekki í þessari uppstokkun, er Verslunarlánasjóður, og hann er rekinn af Íslandsbanka. Þetta er að vísu ekki eitt fyrirtæki en þetta er rekið hlið við hlið og gengur ágætlega og rekstrarkostnaðurinn er lágur. Og af því að þetta er gert í nánum tengslum við viðskiptabanka nýta þeir kosti sambýlisins til hins ýtrasta. Við skulum hafa það í huga, þeir sem til þekkja, að einmitt rekstrarárangur Íslandsbanka á síðasta ári og kannski næstsíðasta ári hefur gert það að verkum að hann hefur skotist vel fram úr hinum viðskiptabönkunum. Það var ekki áður. Hann var jafnslappur og hinir en hann rétti sig verulega við í fyrra og reyndar aðeins árið þar á undan. Þannig að Íslandsbanki sigldi fram úr þessum bönkum. Þetta er til umhugsunar fyrir þá sem vilja viðhalda ríkisbönkunum áfram, eins og hér hefur komið fram. Það er miklu mikilvægara að skapa lífvænlegar einingar í þessari uppstokkun en að tryggja flokkslega hagsmuni sem er meginmarkmið ríkisstjórnarflokkanna.

Við sjáum það þegar við skoðum frv. um Fjárfestingarbankann, sem ekki breyttist í meðferð nefndarinnar að neinu leyti. Það er raunverulega bara einn flokkur í löggjöfinni í frv. sem er hugsaður í gegn. Það er ekki útlánastefnan, það er ekki uppbygging á lánum, það er ekki starfsemin eða starfsumhverfið, það eru ekki sérstök eða ítarleg ákvæði um það. Nei, en það eru ítarleg ákvæði um hvernig á að skipa í stjórnir. (**KÁ:** Það er aðalmálið.) Það er ekkert hægt að lesa á milli lína þar. Þar er allt skýrt hugsað og haft langt

mál um og ef það dugar ekki í frv. þá er fjallað um það í grg. Þeir segja um stjórnarsetuna að þar skuli fimm manns sitja. Iðnrh. og sjútvrh. tilnefna fimm stjórnarmenn og tveir þeirra eru sérstaklega tilnefndir af samtökum atvinnurekenda í tilteknum starfsgreinum, þ.e. sjávarútvegi og iðnaði. Eru samtökin í sjávarútvegi, Landsamband ísl. útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva fagsamtök? Eru þetta samtök með sérþekkingu til fjárfestinga? Eru þetta samtök sem kunna mjög vel skil á nýsköpun og öðru slíku? Nei, þetta eru vinnuveitendafélög. Atvinnurekendur í sjávarútvegi og það er þeirra aðalstarf. Þeir gera það reyndar ágætlega, annað þeirra semur fyrir útgerðarmenn en hitt semur fyrir eigendur fiskvinnslufyrirtækja. Hvor tveggja samtökin eru ráðandi aðilar í Vinnuveitendasambandinu, vinnuveitendafélög, ekkert betri eða verri fyrir það en það er þeirra meginstarfsemi. Það er ekki lánastarfsemi, ekki útlánastarfsemi eða sérhæfð þekking sem býr í þessum samtökum um skipulag fjárfestinga eða fjármálasviðsins. Um það sem kemur frá Samtökum iðnaðarins gegnir alveg sama máli. Samtök iðnaðarins eru vinnuveitendasamtök iðnfyrirtækja og einn sterkasti aðilinn í Vinnuveitendasambandinu. Nú er það ekki svo að öll sjávarútvegsfyrirtæki séu í þessum sjávarútvegssamtökum og það eru ekki öll iðnfyrirtæki í iðnsamtökunum. Hér er á ferðinni það sem ég gat um áðan, þegar deilurnar um eignaraðildina voru, að þeir hafa fallið frá öllum kröfum um eignaraðild að þessum sjóðum, sem var nú kannski vafasamt að þeir hefðu einhverjar réttmætar kröfur á. Í stað þess fá þeir margtyggða stjórnarsetu með þessum lögum. Svo er hægt að velta því fyrir sér að hve miklu leyti hlutirnir ganga stjórnsýslulega upp, en það er annað mál.

Herra forseti. Augljóst er að þessi útfærsla tryggir Sjálfstfl. og Framsfl. flokkslega hagsmuni í opinberum sjóðum. Einfaldlega vegna þess að forustumenn þessara samtaka eru frammámenn í þessum tveimur stjórnmálaflokkum. Þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar forustumenn fyrirtækja hér á landi sem eru ekki nátengdir annaðhvort Sjálfstfl. eða Framsfl. Þeir eru ekki margir alþýðuflokksmennirnir, alþýðubandalagsmennirnir eða kvennalistakonurnar sem eru framarlega í viðskiptaumhverfinu hér á landi, því miður. Þessi hagsmunasamtök eru gegnsýrð af þessum tveimur stjórnmálaflokkum og þannig hefur það verið um áratuga skeið. Hér er ríkisstjórnarmeirihluti þessara tveggja flokka að tryggja áframhald á þeirri stöðu. Starfsfólki er hvergi leyft að koma að þeirri uppstokkun frekar en í þessu sem var verið að fella hér fyrir stjórnarandstöðunni fyrr í dag. Það er engum hleypt inn að borði helmingaskiptaflokkanna í atvinnulífinu eða í opinbera fjárfestingarumhverfinu. Þar skal enginn óverðugur fara inn fyrir dyr.

En er þetta þá ekki allt gott og blessað? Kunna þeir ekki nokkur skil á því sem þarna er? En er endilega víst að fyrir fjárfestingu sem á að vera til framtíðar séu það einmitt hagsmunir „gömlu atvinnuveganna“ sem þar eiga að vera fremstir? Gæti ekki verið skynsamlegra að huga að öðrum þáttum? Hvað með ferðaþjónustu, líftiðnað, tölvutækni, almenna verslun og viðskipti, menntun? Marga aðra þætti væri hægt að telja upp. Þeir þættir mundu vafalítið skila betri lífskjörum og hagvexti en hefðbundnar fjárfestingar sem við höfum kannski ekki haft svo góða reynslu af í tengslum við hinar eldri atvinnugreinar ef svo má að orði komast.

Við stjórnarandstæðingar höfum lagt mikla áherslu á eitt í sambandi við þessa uppstokkun og það er að tryggja dreifða eignaraðild. Í frv. á að selja 49%. Þar segir ekkert hvernig á að selja þau. Það segir ekkert í frv. hvort það er einn aðili sem á að kaupa þessi 49% og starfa svo með vinum sínum í ríkisstjórninni. Það er ekkert kveðið á um það og ekki einu sinni sagt hvenær eigi að gera þetta. Ástæðan fyrir því að við tölum um dreifða eignaraðild er samþjöppun valds. Auðvitað má spyrja: Af hverju á að setja einhver takmörk á slíka hluti? Á markaðurinn ekki að fá að ráða þessu? Venjulega kemst markaðurinn að einhverri skynsamlegri niðurstöðu að því tilskildu að samkeppni ríki á markaðnum en ekki fákeppni. Það sem við óttumst er að þessi fákeppnisfyrirtæki sem eru hér ráðandi í mörgum atvinnugreinum muni komast yfir þennan fjárfestingarsjóð, ef þau kjósa. Ég er ekkert viss um að hann verði mjög arðbær en hann mun alla vega tryggja völd — hvort þau komast yfir þennan ráðandi hlut í Fjárfestingarbankanum eða í viðskiptabönkunum. Við óttumst samþjöppun fjármálalegs valds. Það er þess vegna sem við erum að tala um dreifða eignaraðild. Við höfum séð ýmsa þætti í atvinnulífinu gerast á þann hátt að þeir aðilar sem standa utan þessara stóru blokka í okkar hagkerfi, forsvarsmenn fyrirtækja sem ekki tilheyra blokkunum tveimur óttast um hag fyrirtækja sinna ef þeir lenda í ónáð hjá þessum tveimur blokkum sem kallaðar hafa verið Kolkrabbi og Smokkfiskur og reyndar var nú Kolkrabbinn orðinn háttvirtur í þingsölum, háttvirtur Kolkrabbi, fyrir nokkrum dögum. Það sýnir kannski viðhorfið gagnvart þessu. Það er ekki gott fyrirkomulag atvinnulífi okkar að við skulum búa við vaxandi vald fárra fyrirtækja og fárra einstaklinga. Það er skynsamlegt að vinna gegn því. Við tölum m.a. um að dreifð eignaraðild sé skynsamleg leið til að tryggja að fleiri komi að ákvörðunum. Einnig er hægt að benda á þá atvinnulýðræðisleið sem við höfum varpað upp í þessu sambandi, m.a. í tengslum við endurskipulagningu í bankamálunum.

Það er dálítið merkilegt að við þetta frv. voru mjög margar skýrslur og athuganir lagðar fram í efh.- og viðskn. Hér hefur komið fram að við fengum verðbréfaþing Kaupþings, til að reikna út ýmsa þætti, m.a. verðmæti bankanna. Ég man ekki alveg tölurnar en ég held að Landsbankinn hafi verið metinn á 8–9 milljarða og Búnaðarbankinn 6–7 milljarða, ég er ekki frá því. Ég man ekki alveg tölurnar en það verður kannski tækifæri til að rifja betur upp niðurstöðuna úr skýrslu Kaupþings síðar í umræðunni. En alla vega var lagt mat á verðmæti bankanna.

En það var annað sem var meginþátturinn í uppleggi ríkisstjórnarinnar og það var skýrsla breska ráðgjafarfyrirtækisins J.P. Morgan. Því var haldið fram í 1. umr. að nú væru útlendingar komnir til sem segðu að hér væri skynsamlega að farið. Við höfðum í sjálfu sér enga sérstaka ástæðu til að efast um það. Í grg. með frv. var að vísu ýmislegt sem benti til þess að niðurstaða J.P. Morgan væri ekki jafnafdráttarlaus og menn vildu vera láta. Við skoðuðum skýrslu J.P. Morgan og við fengum þann aðila sem vann skýrsluna til viðræðna við nefndina. Þegar skipunarbréf til J.P. Morgan var skoðað kom í ljós að þeir voru sérstaklega beðnir um að beina athyglinni að fjárfestingarlánasjóðunum en taka ekki til athugunar starfsemi viðskiptabankanna eða íslenska fjármálastarfsemi í heild sinni. Þetta segir okkur að sjónarhorn fyrirtækisins, hins erlenda ráðgjafarfyrirtækis, var afmarkað mjög verulega í uppsetningu viðskrn. Ýmsir héldu því fram að niðurstaðan hefði verið gefin í meginatriðum. Það er nú kannski óvarlegt að fullyrða um það en alla vega er ljóst að J.P. Morgan var ekki fenginn til að skoða þetta mál í heild sinni. Fyrst og fremst átti ekki að taka til athugunar

starfsemi viðskiptabankanna eða íslenska fjármálastarfsemi í heild sinni. Nú er ég ekki að segja að J.P. Morgan hefði átt að gera það. Ég er hins vegar að benda á að það er mikilvægur þáttur í því sem við erum að halda fram að skoða þarf þessi mál í samhengi. Það er ekki hægt að skoða bara sjóðina út frá þeirri stöðu sem gert er í þessu frv.

Það kom einnig mjög skýrt fram í þessari sömu skýrslu að viðskiptabankar í Evrópu hafa þróast í þá átt að yfirtaka þá þjónustu og verkefni sem slíkir fjárfestingarlánasjóðir eru látnir stunda. Það kom mjög skýrt fram. J.P. Morgan fann tvo banka sem starfa á þessu sérstaka sviði, annan danskan en hinn hollenskan og er ekkert nema gott um það að segja. En það eru þúsundir viðskiptabanka í Evrópu sem starfa í því skipulagi sem við ræddum um, þ.e. að fjárfestingarlánasjóðirnir séu inni í viðskiptabönkunum. Það kemur meira að segja fram sem rök fyrir þessari uppstokkun að sérstaklega mikil sérþekking sé innan fjárfestingarsjóðanna hér á landi sem muni nýtast í starfi fjárfestingarbankans gagnvart atvinnulífi. Nú vita allir sem eitthvað kunna til í atvinnulífinu hvílíkt háð þetta er. Ef það er einhvers staðar sérþekking gagnvart atvinnulífinu þá er hún ekki sérstaklega mikil innan þessara fjárfestingarlánasjóða. Hún er fyrst og fremst hjá viðskiptabönkunum. Auðvitað er sérþekking til innan fjárfestingarlánasjóðanna en þekkingin gagnvart atvinnulífinu er fyrst og fremst í viðskiptabankaumhverfinu. Menn hafa nú oft og tíðum einmitt gagnrýnt hvað fjárfestingarlánasjóðirnir hafa verið fjarlægir viðskiptaumhverfinu og atvinnulífinu.

Það hefur komið skýrt fram í umsögnum um frv. að það leggjast allir gegn þessu frv. nema ríkisstjórnin. Minni hluti stjórnarliða í efh.- og viðskn. — (**EOK:** Meiri hluti stjórnarliða, fjórir eru fleiri en tveir.) Já, meiri hluti stjórnarliða, minni hlutinn í nefndinni, styður þetta frv. Þeir einu sem styðja þetta af þeim umsögnum sem ég man eftir eru aðilarnir sem fá að tilnefna menn í stjórn. Þeir voru ánægðir með þetta. Iðnaðurinn, LÍÚ, Samtök fiskvinnslustöðvanna, það voru þeir einu sem voru jákvæðir gagnvart þessu.

Allir aðrir lögðust gegn þessu þar á meðal Samband íslenskra sparisjóða sem sögðu, með leyfi forseta: „að mest hagkvæmni muni nást fram með sameiningu sjóðanna við bankakerfið. Að því frágengnu er það skoðun Sambands sparisjóða að breyta eigi Fiskveiðasjóði og Iðnlánasjóði í tvo fjárfestingarsjóði í formi hlutafélaga og bjóða þá til sölu á almennum markaði þar sem bankar og sparisjóðir hefðu hliðstæða möguleika og aðrir á að kaupa hlutafé þeirra ...“

Hér segir að mest hagkvæmni muni nást með sameiningu sjóðanna við bankakerfið. Það er nákvæmlega það sem við erum að leggja til í 3. minni hluta og er skoðun Sambands íslenskra sparisjóða. Íslandsbanki leggst gegn þessari aðferðafræði, telur þetta vera gamaldags hugsun sem það er, og bendir m.a. á reynsluna með Verslunarlánasjóð. Þetta eru alveg fagleg rök. Merkilegt nokk — Búnaðarbanki, Landsbanki og sparisjóðirnir sendu ríkisstjórninni bréf þar sem þeir óskuðu eftir að kaupa sjóðina en þessu bréfi var aldrei svarað og væri nú gaman að fá skýringar á því. Í umsögn Búnaðarbankans var sú skoðun ítrekuð að það hefði verið mun betra að fara þá leiðina en hina sem frv. gerir ráð fyrir. Þannig að vinir ríkisstjórnarinnar eru nú ekki margir í hinu faglega umhverfi fjármálaheimsins.

Samband íslenskra viðskiptabanka sendi mjög vandaða umsögn. Það gagnrýndi skýrslu J.P. Morgan harkalega og sagði að margar aðrar leiðir væru heppilegri en sú sem ríkisstjórnin valdi. Og viðskiptabankarnir telja engin rök sem færð eru fyrir stofnun fjárfestingarbanka standist þegar betur er að gáð.

Þegar umsagnir og niðurstaðan í efh.- og viðskn. er á þann hátt að sérfræðingar ríkisstjórnarflokkanna snúast gegn frv. þó þeir teljist til ríkisstjórnarliðsins þá spyr maður sig af hverju í ósköpunum verið er að knýja á um þetta frv. sem er í ósamræmi við þá þróun sem er að gerast í Evrópu og er í ósamræmi við skynsamlega uppstokkun á íslenskum fjármálamarkaði og er í andstöðu við alla aðila sem starfa á þessu sviði hvort sem menn leggja pólitískt mat á einhverja þessa þætti eða einfaldlega bara faglegt mat. Það skiptir ekki máli. Andstaðan er almenn varðandi þetta frv. Hér er ekkert annað á ferðinni en að ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð saman um að tryggja sína flokkslegu hagsmuni í þeirri uppstokkun.

Við í stjórnarandstöðunni hefðum talið rétt að stokka fjárfestingarlánasjóðina upp. Við hefðum viljað að þeir hefðu runnið inn í viðskiptabankana, sem hefði styrkt þá, og bankarnir síðan endurskipulagðir til framtíðar. Við höfnum þeirri leið stjórnarflokkanna að tryggja pólitísk áhrif þeirra í fjárfestingarlánaumhverfinu. Við lýsum okkur hins vegar reiðubúin til að vinna með ríkisstjórninni að endurskipulagningu þessa umhverfis og teljum að þetta mál hefði þurft að fá betri umræðu, betri vinnu og koma síðan aftur fram á hinu háa Alþingi.

Það er þess vegna, herra forseti, sem við munum leggja til við 2. umr. þessa máls að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er samdóma álit okkar í stjórnarandstöðunni að það væri farsælasta niðurstaðan í þessu máli og studd af tveimur sérfræðingum stjórnarliðsins í efh.- og viðskn. að þetta mál á ekki að ná fram að ganga í þessu formi eins og ríkisstjórnin leggur áherslu á.

[17:34]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er athyglisvert að hv. þm. Ágúst Einarsson hneykslast mjög á áliti 1. minni hluta og kvartar yfir því að fáar brtt. kom hér fram. Það liggur í hlutarins eðli að auðvitað komum við með fáar brtt. fram því hér er verið að hreyfa máli sem ekki hefur tekist að hagga eða hreyfa áratugum saman en allir vita að er mjög brýnt. Það hefur ekki tekist að hreyfa við því vegna þess að málið er mjög viðkvæmt, á sér margar rætur og tregðan er víða. En það er mikið afrek að koma því af stað. Ríkið er að fara út úr þessum sjóðum. Það á strax að fara að selja 49% og við trúum því allir sem hér erum að það verði bara byrjunin, við ætlum að selja þetta mjög fljótlega. Í átta ár sátu jafnaðarmenn í viðskrn., í átta ár gátu þeir ekki hreyft þetta mál. Þeir gátu ekki komið því eina tommu áfram. Eina afrekið sem ég man eftir í augnablikinu að þeir kæmust lengst í að breyta sjóðunum var á aðalfundi iðnrekenda en þar mætti einn af forustumönnum kratanna, Jón Sigurðsson, fyrrv. ráðherra, og gaf Iðnlánasjóð, tilkynnti að nú ætti að gefa sjóðinn. Að vísu gekk það aðeins til baka því við nánari athugun hafði hann gleymt að fá samsinni ríkisstjórnarinnar fyrir gjöfinni. En það átti að gefa hann iðnrekendum, sem hv. þm. Ágúst Einarsson hneykslast nú mjög á. Hann er meira að segja hneykslaður á að menn sem ekki eru með fagþekkingu eins og atvinnurekendur í iðnaði eigi að fara að sitja í stjórninni. En það lá nú við, það var nærri búið að gefa þeim hann um árið. Þetta er eina afrek kratanna sem ég man eftir við að selja eða koma sjóðunum í einkavæðingu.

[17:36]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. er mikið niðri fyrir að reyna að sannfæra sjálfan sig og e.t.v. aðra um hvílík framfaraskref hann sé að innleiða í þessu máli. Það er ekki svo. En hins vegar fer hann í söguskýringu sem er röng. Ég ætla ekki að taka sérstaklega til varnar átta ára viðskiptaferil alþýðuflokksráðherra en ég vil hins vegar benda á að á þessum tíma breyttist íslenskt fjármálaumhverfi meira en á nokkrum öðrum tíma á lýðveldistímanum. Það er ekki allt vegna ráðherrans, hlutir gerast ekki þannig. Að hluta til er þetta ríkisstjórnarstefna en kannski mest vegna EES-samningsins. Það voru gerðar meiri umbætur á viðskiptamarkaði og fjármálamarkaði en nokkru sinni fyrr. Það var hins vegar lagt upp með breytingar á fjárfestingarlánasjóðunum. Það voru útbúin frv. og það var lagt upp með hugmyndir hvernig ætti að stokka þetta upp. Og ég veit ekki betur en að í þeirri ríkisstjórn, sem var samsteypustjórn Alþfl. og Sjálfstfl., væri tiltekin uppstokkun og útfærsla stöðvuð af núverandi hæstv. forsrh., Davíð Oddssyni, sem þá vildi ekki fara þá leið sem samstarfsflokkurinn vildi fara í uppstokkun. Það er því ekki mjög málefnalegt að koma hér og berja sér á brjóst og segja: Ja, fyrri stjórnmálaflokkar hafa ekki náð vel fram að ganga. Alþfl. getur nú sagt með sanni að hann hefur gert mikið til þess að gera breytingar í viðskiptaumhverfi á síðustu áratugum, og getur maður hugsað til tímans upp úr 1960 og þess tíma sem hv. þm. greindi sérstaklega, sem horfðu til framfara. Alþfl. gerði þar miklu meira en Sjálfstfl. hefur nokkurn tíma gert. Þannig að þetta var nú léleg vörn, herra forseti, fyrir slæmu frv. Ég ráðlegg hv. þm. að reyna að koma sér upp betri skotfærum ef hann ætlar að reyna að verja þennan málstað.

[17:38]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má svo sem lesa upp úr þessari ræðu. Hún er hér innan handar og menn mega rifja það upp ef menn vilja. En við skulum sleppa því. Hitt má vera ljóst af þessari ræðu að það er ekki tilviljun að ekki tókst að breyta þessu fyrr. Frumvörp hafa margsinnis verið sett fram en þau hafa ekki fengið fram ganga af því að ekki náðist um þau samstaða af einum eða öðrum ástæðum. Því er það augljóst og þarf engan að undra þó að það hafi verið erfitt fyrir núv. ríkisstjórn, fyrir núv. stjórnarmeirihluta að ná saman um á hvern veg við ætluðum að breyta þessu. Það var erfitt. Það er enginn að draga dul á það. Þess vegna skulu menn gera sér grein fyrir því að þegar menn ná samkomulagi um svo viðkvæma hluti, þá er eðlilegt að við 2. umr. komi stjórnarmeirihlutinn ekki með róttækar breytingar um texta á einu frv. Það er mjög eðlilegt. Við reynum að breyta sem allra minnstu vegna þess að það tók tíma og var erfitt að ná því samkomulagi sem lá til grundvallar því að frv. var flutt.

[17:40]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. talar mikið um hversu erfitt það var að ná þessu samkomulagi og loksins þegar þeir náðu því þá hanga þeir á því eins og hundar á roði. Það sem ég hef verið að draga fram er hvers eðlis þetta samkomulag er. Hver var samnefnarinn. Var samnefnarinn fólginn í því að búa til betra fjárfestingarlánaumhverfi eða heilbrigða uppstokkun á fjármálamarkaði? Svo er ekki. Það er enginn sem segir það. Það er ekki einn einasti maður sem hefur komið fram, hvorki úr stjórnarliðinu né af umsagnaraðilum, og sagt hvílík framfaraspor verið sé að stíga í íslensku fjármálaumhverfi. Ekki nokkur maður. Eina skrefið sem hér er stigið er að slegið er saman þremur sjóðum og búinn til einn ríkisbanki. Það var ekki samnefnarinn, ekki heilbrigð uppstokkun á sjóðakerfinu. Samnefnarinn var, og þeir náðu saman um það og hanga saman á því, að tryggja pólitísk völd sín samfara þessari uppstokkun. Það er það sem þeir gerðu. Þeir tryggja flokkslega hagsmuni sína sem þeir hafa haft í fjármálaumhverfinu hér á landi um áratuga skeið. Þeir tryggja það áfram með þeirri uppstokkun og inn í hinn nýja ríkisbanka sem þeir setja á stofn. Þeir eru búnir að tryggja það með stjórnarsetu frá sínum mönnum, skipuðum af ráðherrum og sínum mönnum sem eru skipaðir af samtökum þeirra úti í atvinnulífinu. Áfram verður helmingaskiptastjórn á þeim sjóði eins og öðrum ríkisbönkum undanfarna áratugi. Það var samnefnarinn og það var það sem límdi stjórnarflokkana saman. Ýmsum blöskraði, þar á meðal stjórnarliðum sem vildu skoða þetta mál út frá faglegum forsendum en fengu það ekki. Sú varð niðurstaðan og breytingin sem stjórnarflokkarnir tveir stóðu fyrir var ekki annað en persónuleg hagsmunagæsla sem tryggði það að þeir gætu komið frv. fram á þann hátt sem þeir gera.

[17:42]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég ætla ekki halda langa ræðu þar sem ég hef tekið ákvörðun um að styðja þetta frv. Ég tel það afar mikilvægt að breytingar náist fram á þessum málaflokki. Þó ég hefði vel getað hugsað mér að einhver annar háttur hefði verið hafður á þá tel ég það svo mikilvægt að breytingar verði á þessu sviði að ég mun styðja frv. þótt ég sé ekki fullkomlega sáttur við allt sem þar kemur fram.

Ég vil hins vegar gera athugasemdir við það sem kemur fram í grg. með áliti 1. minni hluta þar sem um er að ræða að lækka eigið fé hins nýja Fjárfestingarbanka. Það er sjálfsagt álitamál hversu miklu eigin fé slíkur banki þarf á að halda og það fer auðvitað eftir því hlutverki sem honum er ætlað og hvernig honum er ætlað að skila hlutverki sínu og skal ég út af fyrir sig ekki deila um þá útreikninga sem nefndin hefur gert og treysti því að þeir hafi reiknað rétt miðað við það hlutverk sem bankanum er ætlað. En það er hins vegar ráðstöfun þessara fjármuna sem ég geri mikla athugasemd við, þ.e. að ráðstafa fjármununum á þann hátt að dreifa þeim á tiltekna landshluta, það tel ég vera óráðlegt. En þar sem ekki er beinlínis kveðið á um þetta í brtt. með frv. heldur með brtt. við það mál sem næst er á dagskrá þá skal ég ekki lengja þessa umræðu með frekari ræðuhöldum heldur ræða það þegar málefni Nýsköpunarsjóðsins verða á dagskrá, væntanlega síðar á þessum fundi.

[17:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu mál sem ber að með nokkuð sérkennilegum hætti. Það er ekki oft sem það gerist að nefndir klofni, margklofni, vegna stjfrv. en þannig háttar til í þessu tilviki að nefndin er þríklofin og ekki að ástæðulausu því hér er um býsna sérkennilegt mál að ræða, ekki síst í ljósi stefnu ríkisstjórnarinnar og í ljósi þess sem hefur verið að gerast á fjármálamarkaði á undanförnum árum. Frv. sem er til umræðu er hluti af heild sem var til umræðu í

gær þegar rætt var um breytingar á lögum um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Hér er svo næsti biti í dæminu og síðar, væntanlega á þessum fundi, verður rætt um Nýsköpunarsjóðinn sem tengist þessu frv.

Frá mínum bæjardyrum séð er sérkennilegt að með annarri hendinni er verið að breyta rótgrónum gömlum bönkum ríkisins í hlutafélagabanka og auðvitað er meiningin með tíð og tíma að þeir fari út á almennan markað eftir ákveðna aðlögun, en með hinni hendinni er verið að stofna nýjan ríkisbanka. Að vísu einnig í hlutafélagsformi en í meirihlutaeign ríkisins og með afar sérstakri stjórn, ekki verður annað sagt, en það á rætur að rekja til sögunnar og þess hvernig þessi banki verður til.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð um þá breytingu sem verið er að leggja til. Mér finnst hún alveg fráleit. Það er verið að fara kolvitlausa leið og í raun og veru verið að lengja ferli eða draga á langinn nauðsynlegar breytingar með óþarfa millispili. Ég held að það hefði verið miklu nær að þessir sjóðir hefðu gengið til þeirra banka sem fyrir eru og yrðu hluti af hinu almenna viðskiptakerfi í landinu í stað þess að ríkið sé að stofna nýjan banka sem hafi sérstöku hlutverki að gegna hvað sem það svo stendur lengi og hvernig sem það hlutverk mun þróast. Margir þeirra sem skiluðu inn umsögnum eða komu á fund efh.- og viðskn. spáðu því að þessi banki mundi þróast yfir í venjulegan viðskiptabanka. Hann yrði að keppa á lánamarkaði við aðra banka og mundi færa sig nær þeirri starfsemi eftir því sem lögin sem um hann gilda heimila.

Það hlýtur að vekja margar spurningar hvers vegna ríkisstjórnarflokkarnir ákváðu að fara þessa leið. Það er augljóst að hér er verið að fylgja eftir miklum breytingum sem átt hafa sér stað á fjármagnsmarkaði. Það er verið að stefna að hlutafélagavæðingu banka og lánastofnana. Hvers vegna þá að fara þá leið að stofna nýjan banka? Þessu hef ég velt mikið fyrir mér þó það hafi nú kannski ekki beinlínis valdið mér andvöku — það er um nóg annað að hugsa þessa mánuðina — en ég get látið mér detta í hug ýmsar skýringar. Ein skýring er sú sem ég veit að þessi breyting er hluti af því samkomulagi sem gert var bæði milli ríkisstjórnarflokkanna og einnig innan stjórnarflokkanna vegna þess að deildar meiningar voru um hversu langt ætti að ganga í þessum breytingum. Ég spyr mig hvort þessi lausn sé tengd því að menn deili um hverjir eigi þessa sjóði. Þeir sem hafa talað fyrir hönd iðnaðarins halda því fram og hafa skrifað um að t.d. Iðnlánasjóður sé eign iðnaðarins, þeir hafi borgað til hans og hljóti að teljast eigendur hans. Eru það deilur um hver á þessa sjóði og þar af leiðandi hafi menn komist að helmingaskiptasamkomulagi, þeir sem hafa borgað í þessa sjóði fái aðild að stjórninni en ríkið sé með meiri hluta í bankanum? Er þessi breyting tengd valdatafli á fjármálamarkaðnum, ekki síst út frá þeim blokkum sem þar takast á? Er þarna um að ræða spurningu um ítök í atvinnulífinu og ákveðna stýringu á fjármagni til ákveðinna atvinnugreina? Eða er kannski fyrst og fremst um það að ræða að menn séu að halda í þá möguleika að hafa nokkrar vel launaðar stöður til að úthluta til sinna ágætu félaga eins og hefur tíðkast um áratuga skeið? Mér finnst satt að segja illskiljanlegt hvers vegna þessi leið er farin. Hvers vegna menn gengu ekki hreint til verks og aðlöguðu þessa lánastarfsemi að viðskiptabönkunum hvernig sem menn hefðu nú farið að því en þar hefur verið bent á fleiri en eina leið. Eins og komið hefur fram hafa bankarnir í sameiningu boðist til að kaupa sjóðina.

Í þeirri athugun sem fram fór á vegum iðnrh. og fyrirtækið J.P. Morgan annaðist var fyrst og fremst verið að beina sjónum að einni leið. Þeirri leið að stofna nýjan banka. Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að öll sú umfjöllun sem átt hefur sér stað um það mál hefur ekki skýrt þetta fyrir mér. Ég hef ekki fengið fullnægjandi svör við því hvers vegna þessi leið var valin og verð því að reyna að ímynda mér hvað þarna liggur að baki. Ég ítreka að mér finnst þetta alls ekki í samræmi við annað sem hefur verið að gerast, hvorki í einkavæðingu annarra fyrirtækja þar sem núv. ríkisstjórn hefur ekki hikað við að gera stórbreytingar á fyrirtæki eins og Pósti og síma, sem hefur skilað miklum hagnaði og lagt mikið til ríkissjóðs og er auðvitað vandmeðfarið fyrirtæki. Þar hikuðu menn ekki við að gera grundvallarbreytingar en þegar kemur að þeim sjóðum sem eru að lána til atvinnulífsins þá er verið að leika einhverja biðleiki í stöðunni. Ég get ekki kallað þetta annað en biðleik í stöðunni því það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að hér er ekki um varanlega lausn að ræða. Ég trúi því ekki að menn ætli sér að hafa þetta form á þegar til lengri tíma er litið. Það væri nú gott að fá það upplýst hjá talsmönnum ríkisstjórnarinnar, og hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, hvað þeir sjá fyrir sér varðandi líftíma þessa banka. Ég á erfitt með að trúa því að menn muni halda fast við þetta form. Það var mjög fróðlegt að sjá og heyra að flestir þeir sem koma að viðskiptalífinu á ýmsan hátt og komu að þessu máli og skiluðu inn umsögnum leggjast gegn því að þessi leið verði farin. Það er ekki bara vegna þess að þeir sjái sér hag í því að komast inn á þennan markað og ná undir sig þeim markaði, heldur fyrst og fremst vegna þess að sú breyting að færa þessa lánastarfsemi til viðskiptabankanna almennt er miklu meiri og betur í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum árum.

Þá vil ég koma að því, hæstv. forseti, að við erum að ræða um sjóði sem ríkið hefur haft með höndum þó ýmsir hagsmunaaðilar hafi komið að stjórnun þeirra. Þessir sjóðir eiga sér sumir hverjir býsna langa sögu. Mér tókst að fá upplýst áðan að Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður 10. nóv. 1905. Við erum því að fjalla um gamla sjóði. Hinir sjóðirnir eru miklu yngri þótt þeir séu komnir nokkuð til ára sinna, eins og t.d. Iðnþróunarsjóður sem ég held að sé stofnaður 1970. Alla vega er hann byggður á lögum frá 1970 en hinir sjóðirnir eru yngri að því er ég best veit. En við erum að tala um býsna langan feril og sjóði sem urðu til við allt aðrar aðstæður en nú ríkja. Þegar ríkisvaldið leit á það sem sitt hlutverk að styðja og styrkja atvinnulífið, eins og það gerir svo sem enn og grípur inn í þegar illa árar. Þetta er frá þeim tíma allt aftur til ársins 1905 og ég vek athygli á að þetta er á mjög svipuðum tíma og Íslandsbanki var stofnaður eða var að fara af stað. Ef ég man rétt tók hann til starfa 1905 þó hann hafi verið stofnaður 1904. Þarna var um það að ræða að menn voru að útvega lánsfé sem var til skamms tíma af mjög skornum skammti. Ástæðan fyrir því að menn eru núna að ráðast í breytingar er auðvitað sú að ástandið á lánamarkaðnum er orðið allt annað. Því er haldið fram af þeim sem best til þekkja í viðskiptakerfinu að enginn skortur sé á lánsfjármagni hvort sem við lítum til sjávarútvegs eða iðnaðar, þá sé ekkert vandamál að útvega lánsfé og menn leiti til ýmissa aðila bæði innan lands og erlendis eftir slíkum lánum. Þannig að það er mjög eðlilegt að mínum dómi og löngu tímabært að ráðast í uppstokkun á þessum sjóðum, en enn og aftur lýsi ég því yfir að ég er mjög ósátt við þá leið

sem hér er farin. Hún er illskiljanleg.

Við vinnu í nefndinni og í þeim útreikningum sem þar voru lagðir fram kom í ljós að eignarstaða þessara sjóða var býsna sterk og því er það að 1. minni hluti gerir þá tillögu að 1 milljarður kr. til viðbótar verði færður yfir til Nýsköpunarsjóðsins í þeim tilgangi fyrst og fremst að styrkja atvinnulíf á landsbyggðinni. Þetta er ekki nánar útfært með neinum hætti í tillögum 1. minni hluta. Ég set ákveðið spurningarmerki við það að vera að binda þetta fé með því að skilyrða að 1 milljarður skuli fara út á land. Ég vil enn einu sinni minna á að þrátt fyrir allar aðgerðir ríkisstjórna, allt frá aldamótum svo að segja, þ.e. þessi umræða um hvernig væri hægt að stöðva flutning fólks frá landsbyggðinni til þéttbýlisins og fyrst og fremst til höfuðborgarsvæðisins hefur staðið, svo áratugum skiptir og hefur verið gripið til ýmissa aðgerða en það hefur ekki breytt þessari þróun. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að þar eru margvíslegir kraftar að verki. Það er ekki bara atvinnan sem þar ræður heldur margt annað. Þess vegna ef menn ætla sér að styrkja stöðu landsbyggðarinnar, og auðvitað þurfa íbúar landsins að standa sem jafnast að vígi, þá þurfi svo margt og miklu meira að koma til en 1 milljarður. Og ef horft er á það hlutverk að styðja við nýsköpun, þá á fyrst og fremst að meta verkefnin. Það á fyrst og fremst að meta þær hugmyndir sem verið er að koma fram með og veita fjármagn í góðar hugmyndir, ný, spennandi og kröftug fyrirtæki í stað þess að vera að binda þetta með þessu móti. Ég er mjög lítið hrifin af þessu, það verð ég að segja. Það er auðvitað verið að vísa til þess að fram undan eru töluverðar framkvæmdir á suðvesturhorni landsins. Þær eru að sjálfsögðu tímabundnar og ná til ákveðins hluta fólks. Þetta eru fyrst og fremst verklegar framkvæmdir þar sem karlmenn verða í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem þar fá vinnu. Það má benda á að atvinnuleysi er nú einna mest á suðvesturhorninu og það er meira meðal kvenna en karla.

Menn þurfa því aðeins að hugsa hvað þeir eru að segja og gera þegar verið er að tala um að veita peninga í atvinnusköpun og nýsköpun. Það á auðvitað að reyna að beina þeim þangað sem þörfin er. Það er þörfin sem á fyrst og fremst að ráða, ekki einhverjar hugmyndir eða draumar um að það takist að snúa við áratugaþróun sem, eins og ég sagði, á sér svo margvíslegar orsakir og rætur bæði í atvinnuháttum, menningu, menntun, heilsugæslu o.s.frv. Sem síðar kemur að þeirri spurningu hvað við ráðum við í þessu litla samfélagi og hvernig skynsamlegast er að dreifa því fjármagni sem við höfum yfir að ráða.

Aðeins nokkur atriði til viðbótar sem ég ætla að koma inn á, hæstv. forseti. Ég ætla að ítreka það að samkvæmt öllu því sem fram hefur komið er það bankakerfi sem er starfandi, þó að til kæmi breyting á Landsbankanum og Búnaðarbankanum, þá er þetta bankakerfi fullkomlega í stakk búið til að sinna því verkefni að taka við þessari lánastarfsemi sem títtnefndir sjóðir hafa sinnt. Það er því ekki vandinn. En eins og ég nefndi áðan eru þarna einhverjar aðrar ástæður að baki og það beinir sjónum okkar að stjórn bankans og þeim atriðum sem stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt í þessu máli og reyndar líka varðandi Landsbankann og Búnaðarbankann. Hér er að vísu kveðið á um hversu margir skuli sitja í stjórn en það er ekki síst samsetning stjórnarinnar sem ég vil gera athugasemd við. Ef meiningin væri sú að hér yrði almennur og sterkur fjárfestingarbanki sem hefði það hlutverk að efla og stýra fjárfestingu í atvinnulífinu þá ættu fyrst og fremst þeir að koma þar að verki sem hafa faglega þekkingu og yfirsýn á þeim málum. En hér er fyrst og fremst verið að byggja á sögunni og því hvaðan þessir sjóðir koma. Það er ekki verið að hugsa um atvinnulífið í heild eða framtíðina og nýsköpunina eða hvert þurfi helst að beina fjármagninu heldur eiga þessir fulltrúar að koma frá iðnaðinum og sjávarútveginum. Þeir eiga að koma þaðan. Á þeim grunni er byggt. Ég hefði talið, eins og ég var að nefna, að það hefði verið miklu skynsamlegra að hafa þarna breiðari stjórn sem hefði yfirsýn yfir atvinnulífið.

Varðandi bankastjóra þá kemur ekkert fram um hversu margir þeir eiga að vera. Þar vil ég ítreka þau sjónarmið að ég tel að eingöngu eigi að vera einn bankastjóri en hingað til hefur ekki fengist upplýst hver meiningin er, hvað ríkisstjórnarflokkarnir hugsa sér varðandi stjórn þessa nýja ríkisbanka.

Það er gert ráð fyrir því að heimilt verði að selja allt að 49% hlutafjár í Fjárfestingarbankanum og er svo sem ekkert við því að segja. Það er stefnan að bankinn verði alla vega um sinn í eigu ríkisins og ég tel að ef menn fara þessa leið á annað borð sé eðlilegt að hafa ákveðinn aðlögunartíma. Það sem skiptir miklu máli er hvernig þessi 49% eru seld, hvernig þau fara og hvert þau fara og hvort þau verða til þess að ýta enn þá meira undir þá eigna- og valdaþjöppun sem er svo greinileg í íslensku atvinnu- og fjármálalífi eða hvort menn fara þá leið að reyna að tryggja dreifða eignaraðild. Það er ekki nóg að vera með einhverjar viljayfirlýsingar í greinargerðum frumvarpa um það, það verður og á að kveða á um það í lögum eins og t.d. var gert þegar verið var að selja hlut ríkisins í Lyfjaverslun ríkisins. Þá var kveðið á um það í lögum að sú eignaraðild skyldi vera dreifð þannig að hún tryggði ákveðna samkeppni. Mér finnst þetta vera mikilvægt atriði í þessu máli. En það er ekkert kveðið á um það hér.

Hvað varðar önnur atriði frv. þá er allt svona hefðbundið og í samræmi við það sem gert er í öðrum frv. Ég fæ ekki betur séð en að réttindi starfsfólks séu tryggð með eðlilegum hætti nema að því leytinu að hér, eins og í öðrum frv. sem hér liggja fyrir, er hvergi komið inn á aðild starfsmanna að stjórn þessara banka eða aðild að því hvernig þessar breytingar verða undirbúnar og hvernig að þeim verður staðið. Ég gef mér þá að sú yfirlýsing sem hæstv. viðskrh. gaf hér í dag um að fulltrúar starfsmannafélaga Landsbankans og Búnaðarbankans muni fá að fylgjast með þeim breytingum sem þar eru fyrirhugaðar nái einnig til þessa máls hér. (**Gripið fram í:** Það er engin svona nefnd þar.) Nei, það er engin svona nefnd en það er mjög eðlilegt að starfsmenn fái að fylgjast með þessum breytingum og ég hvet hæstv. viðskrh. til að sjá til þess að starfsmennirnir fái að fylgjast þarna glöggt með. Því þarna er verið að gera ákveðnar breytingar og það er ljóst og kom fram í umfjöllun um málið að ekki verður hægt að tryggja öllum starfsmönnum sömu störf. Það er um töluverðar breytingar að ræða og munur á því að vera starfandi sjóður eða að vera orðinn banki. Reyndar er gert ráð fyrir því að þeir sem ekki fá vinnu hjá Fjárfestingarbankanum flytjist yfir til Nýsköpunarsjóðsins og var það reyndar atriði sem var nokkuð gagnrýnt eða spurt mikið um í umræðunni.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég er á móti þeirri leið sem hér er valin. Ég hefði talið, eins og ég hef margítrekað, skynsamlegra að ganga hreint til verks og koma þessum sjóðum inn í viðskiptabankana þannig að öll þessi lánastarfsemi yrði þar hvernig sem að því hefði verið staðið. Þar hefur verið bent á ýmsar leiðir en þetta millispil eða biðleikur í stöðunni, sem á einhvern

hátt tengist valdahlutföllum og samskiptum og samningum ríkisstjórnarflokkanna, er mér ekki að skapi og því get ég ekki greitt þessu frv. atkvæði mitt.

[18:08]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 362. mál, þskj. 1013.

Álagningarstofn skatta hjá nokkrum stéttum o.fl., 509. mál, svar fjmrh., þskj. 1008.

Iðnaðarlög, 76. mál, þskj. 1014.

Innheimta vanskilaskulda, 8. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 989.

Sjóvarnir, 115. mál, þskj. 1011; brtt. EKG, þskj. 1015.

Skráning skipa, 217. mál, þskj. 1012.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, þskj. 1009.

[18:08]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það eru að verða nokkuð fastir liðir í þinginu að *í upphafi umræðna um stjórnarfrumvörp kveðja sér* gjarnan hljóðs hver á fætur öðrum ýmsir talsmenn Sjálfstfl. og þeir eru yfirleitt á móti málunum í 1. umr. Mig minnir að hæstv. fjmrh. hafi fundið upp þá formúlu að þeir sem ekki tala séu með málinu en þeir sem tali séu yfirleitt á móti því. Og það hefur verið tilfellið með Sjálfstfl. í vetur, t.d. í Landsvirkjunarmálinu og eins í þessu máli, hlutafélagavæðingarmálinu, að þeir eru alltaf á móti málinu við 1. umr. Það koma gjarnan miklar fréttir um það í fjölmiðlum að meiri hlutinn í efh.- og viðskn. sé a.m.k. þríklofinn. Það er búið að segja þessa frétt aftur og aftur og taka viðtöl í *bak og fyrir í öllum fjölmiðlum landsins* við hv. 16. þm. Reykv. sem er ævinlega á móti málum til að byrja með og telur þeim allt til foráttu, þau séu svo vitlaus að vonandi gefi guð að það gerist ekki að löggjafarvaldið fari að minnka sig á því að samþykkja þessa endileysu sem hv. þm. rekur skilmerkilega í viðtölum við fjölmiðla. Eins er það með hv. 3. þm. Vestf. Hann veður mikinn við 1. umr. mála — og gengur hann nú í salinn sem betur fer enda á ég eftir að varpa á hann nokkrum orðum. Þetta er að verða nokkuð sérkennilegt og athyglisvert einkenni á Sjálfstfl. að hann er á móti stjfrv. við 1. umr. en með þeim við 2. umr. (**Gripið fram í:** Hver?) Sjálfstfl. og talsmenn hans, en þó breytast málin yfirleitt ekki neitt hvort sem það er Landsvirkjun eða bankahlutafélagavæðingin eða Fjárfestingarbankinn, málin breytast ekkert milli umræðna en vissir þingmenn Sjálfstfl., aðallega í efh.- og viðskn. eru á móti þeim í 1. umr. en með þeim í 2. umr. og gjarnan talsmenn þeirra. (**Gripið fram í:** Nefndu dæmi.) Ég get nefnt mörg dæmi um það eins og er að koma fram í þessu máli og er að koma fram í bankamálinu og kom fram í Landsvirkjunarmálinu. Ég get nefnt þessi dæmi og það ætti að vera nóg fyrir hv. þm. Með öðrum orðum er ekki orð að marka það sem þeir segja við 1. umr. vegna þess að þeir gleypa það allt við 2. og 3. umr. Átakanlegastur gleypugangur af þessu tagi er þó hjá hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni sem af einhverjum ástæðum hefur kosið að taka sér leyfi frá störfum meðan verið er að greiða atkvæði um þessi mál hér. (**Gripið fram í:** Hann er ekki í Sjálfstfl.) Hann er ekki í Sjálfstfl. — hver sagði það? (**Gripið fram í:** Ja, hver veit það?) Já, glöggur er hæstv. viðskrh., hann er nefnilega ekki í Sjálfstfl., hann er í Framsfl. Og mér sýnist að hann hafi kostað milljarð. Hann hafi lagt sig á milljarð í meðferð þessara mála. Miðað við þann efnahag sem sá hv. þm. hefur tamið sér þá eru það út af fyrir sig engin tíðindi að hann skuli leggja sig á hærri upphæðir en við vesalingarnir hérna í þessari stofnun. Veruleikinn er þess vegna sá að það er að verða alveg ótrúlega mikil gengisfelling á orðum þessara þingmanna. Það verður bið á því að nokkur maður hér taki mark á þeim vegna þess að hlutirnir liggja þannig að enginn telur ástæðu til þess. Þeir gera það greinilega ekki einu sinni sjálfir. Enda er það að verða þannig, herra forseti, *í þessari stofnun að maður veltir því fyrir sér til hvers umræðan oft á tíðum er.* Við sjáum hér í salnum yfirleitt heldur fáa menn, við vitum að það eru vélar sem hlusta og svo er þetta skrifað niður og gefið út í þingtíðindum, við vitum um það. En að maður hafi það á tilfinningunni að það sé gert eitthvað efnislega með það sem fram fer hér í umræðum verður minna og minna. Og ég segi alveg eins og er að ég hef miklar áhyggjur af því hvernig svipurinn er að verða á þinginu að þessu leytinu til og staða þingsins vegna þess að það sem menn leggja hér til er í alvöru meint, þeir vilja koma góðu til leiðar og breyta málum. Ég held að Alþingi þurfi að skoða sinn gang mjög vel í þessum efnum vegna þess að það er ótrúlega lítið gert með umræðuna. Það er ekki aðeins í sambandi við 1. umr. hjá talsmönnum Sjálfstfl. og svo hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni sem er, eins og fram hefur komið í umræðunum, í Framsfl., heldur á það einnig við um okkur stjórnarandstæðinga að stundum virðist það fara fyrir lítið sem við erum að segja.

Ég vil í þessu samhengi sérstaklega rifja það upp að við 1. umr. þessa máls gerði ég mjög alvarlegar stjórnkerfisathugasemdir við þetta frv. Og ég ætla að endurtaka þær og skýra frá því að ég óska eftir því að hv. efh.- og viðskn. fari sérstaklega yfir þær athugasemdir því þetta frv. er þannig að það er farin allt önnur leið varðandi stjórnkerfið en við höfum nokkru sinni áður séð. Nú er ég ekki að segja að þetta þurfi alltaf að vera í samræmi við stjórnarráðslögin frá 1960, sem voru sett að frumkvæði Bjarna Benediktssonar og í raun og veru skrifuð af honum, sem byggjast á því grundvallaratriði að hver ráðherra sé sjálfstætt stjórnvald út af fyrir sig og ég held að sé að mörgu leyti farsælt kerfi vegna þess að það verður til þess að ábyrgð ráðherrans er skýr, ábyrgð hans gagnvart Alþingi er skýr og hann getur ekki skotið sér á bak við aðra ráðherra. Þess eru dæmi eins og kunnugt er að menn hafa kannað viðhorf, t.d. við ríkisstjórnarborð, til ýmissa mála og sumir segja jafnvel að þar sé látið ganga atkvæði. Staðreyndin er sú að atkvæðagreiðsla við ríkisstjórnarborð er markleysa samkvæmt stjórnarskránni. Sá sem hefur ábyrgð við ríkisstjórnarborð er hver ráðherra fyrir sig en síðan hópurinn sem pólitískur selskapur. Og af hverju segi ég þetta hér, herra forseti? Það er vegna þess að þetta frv., ef það verður að lögum, er sett undir tvo ráðherra og það er óvenjulegt að búið sé til félag ráðherra með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ef til vil kunna að vera dæmi um það, ég hygg t.d. að í lögunum um málefni fatlaðra eins og þau voru sett í upphafi hafi ekki verið að öllu leyti ólík hugsun – og þó. Munurinn er kannski sá að hér er um það að ræða að menn eru með í höndunum, ef svo mætti segja, fleiri, fleiri milljarða króna í peningum sem menn eru hér að fara með samkvæmt frv. eins og það lítur hér út og eftir innihaldi þess. Þá er málið svona, herra forseti. Í fyrsta lagi stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara."

Hann fer með framkvæmd laganna. Hann sér sem sagt um að lögin séu forvöltuð með þeim hætti sem kveður á um

í lögunum. Hann á að láta sína embættismenn fylgjast með því að haldnir séu fundir í samræmi við þetta, gefnir séu út reikningar og annað gert í samræmi við lögin. Þetta er það sem viðskrh. á að gera. Síðan segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf."

Þetta er afar óvenjulegt. Nú er ég ekki að segja að þetta sé útilokað mál í sjálfu sér. En ég vil að þingið geri sér grein fyrir því að hér er verið að fara inn á algjörlega nýja braut. Ég efast um að þingið hafi gert sér grein fyrir því sem skyldi og þess vegna mun ég óska eftir að efh.- og viðskn. fái lögfræðilegt mat á þessum hlutum. Venjan er sú, eins og fram kom í atkvæðagreiðslu um bankanna í dag að fjmrh. fer með hlut ríkisins. Það er venjan. Þó er það þannig að iðn.- og viðskrh., sem eru tveir ráðherrar í einum og sama manninum og hafa verið þannig nokkuð lengi, fer orðið með hlut ríkisins í geysimörgum fyrirtækjum og fjármálastofnunum. Er það þannig með okkur hér að við séum þeirrar skoðunar að þetta sé eðlilegt? Eða teljum við að þessu þurfi að breyta? Alla vega finnst mér að menn þurfi að gera sér grein fyrir því þegar þeir eru að gera tillögu um að iðn.- og viðskrh. fái þessi gríðarlegu völd í hverju málinu á fætur öðru. Hér er auk þess lagt til að það verði sjútvrh. — þeir verði tveir. Skyldi það vera vegna þess, herra forseti, að annar er iðnrh. og hinn er sjútvrh.? Eða skyldi það vera vegna þess að annar er í Framsfl. og hinn er í Sjálfstfl.? Er það kannski dásamleg tilviljun að þeir eru í sitt hvorum stjórnmálaflokknum, eins og stundum var sagt um sannanirnar fyrir framhaldslífi hér áður. Er þetta ekki undursamleg sönnun fyrir framhaldslífi tvíveldis þessara tveggja flokka? Annar er sjútvrh. sem á að stjórna og hinn iðnrh. og annar er í Framsókn og hinn hjá íhaldinu. Hallelúja. Amen, sagði hv. 3. þm. Vestf. Ég hef ekki umboð til að segja amen hér.

Síðan segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum fer ..." — hver? Hver fer með atkvæðið fyrir hönd ríkissjóðs? Er það fjmrh.? Er það hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson? Eða hver er það? Nei. Það er hvorki viðskrh. né sjútvrh. Hver er það? Það er nefnd sem fer með atkvæðið fyrir hönd ríkisins. Skyldi það kannski vera vegna þess að þeir hafi átt erfitt með að koma sér saman um þetta óðruvísi en að búa til nefnd þar sem væri slatti af framsóknarmönnum og slatti af sjálfstæðismönnum til að greiða atkvæði? Hverjir eru í þessari nefnd? Það hljómar svo, með leyfi forseta:

„Með atkvæði fyrir hönd ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í fjárfestingarbankanum fer fimm manna nefnd. Þar af skulu tveir menn skipaðir af iðnaðarráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, og tveir skulu skipaðir af sjávarútvegsráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipa einn mann sameiginlega."

Þetta eru sem sagt tveir fyrir mig og tveir fyrir þig og svo hálfur fyrir hvorn, helmingaskiptastjórnin. Það eru tveir fyrir mig og tveir fyrir þig og svo hálfur fyrir hvorn. Þá ætla ég að spyrja þessa ráðherra að því, af því að þeir eru hér báðir. Hvernig hugsa þeir sér að framkvæma þetta nákvæmlega? Það stendur hér:

„... skipaðir af iðnaðarráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði, og tveir skulu skipaðir af sjávarútvegsráðherra, annar eftir ábendingum samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi."

Hvað þýðir þetta? Í mörgum lögum stendur samkvæmt eða að fenginni tillögu, en hvað þýðir þetta nákvæmlega? Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá þetta skýrt í þessari umræðu. Það er a.m.k. óhjákvæmilegt að þingið geri sér grein fyrir því að hér er verið að gera tillögu um stjórnkerfi sem er þvert á anda stjórnarráðslaganna. Það getur vel verið að menn séu komnir að þeirri niðurstöðu að það eigi að breyta þeim. Eða það getur líka verið að menn séu komnir að þeirri niðurstöðu að þau séu ófullkomin og þrátt fyrir þau eigi þetta að vera svona. En þá á að horfast í augu við hlutinn eins og hann er, að það er verið að gera tillögu um grundvallarbreytingu frá því sem tíðkast hefur samkvæmt stjórnarráðslögunum. Með öðrum orðum, herra forseti, er þetta á þremur þrepum. Það er í fyrsta lagi:

Viðskiptaráðherra annast undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fer með framkvæmd laga þessara.

Annað þrepið er: Sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra fara saman með eignarhlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.

Þrep þrjú er: Nefnd fer með atkvæði ríkissjóðs.

Ég tók eftir því, herra forseti, áðan að einhver var að ráðast á þingmenn Alþfl. fyrir að þeir hefðu verið lengi með viðskrn. og iðnrn. og það hefði lítið gengið í þessu máli. Svo hafi komið þessir frelsandi englar sem þar eru núna frá Framsfl. og Sjálfstfl. Hver er veruleikinn í þessu máli? Staðreyndin er sú að hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. hefur ekkert leyst í þessu máli. Hann hefur bara búið til stjórnkerfi sem hentar helmingaskiptahópunum. Málið er ekki leyst að neinu leyti. En af því að þeir eru þarna báðir, sitja auk þess hlið við hlið þessir ágætu menn, mér á hægri hönd, þá er búið til kerfi sem hentar klíkuveldi helmingaskiptaflokkanna. Svo einfalt er það. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gengur undir þessu — maðurinn sem er stundum að tala um að skera þurfi niður milliliðakostnaðinn og vaxtakostnaðinn í þjóðfélaginu til að bæta lífskjörin. Hann ætlar að halda uppi vaxtakostnaðinum hér um mörghundruð milljónir kr. á ári næstu árin og leggja það á atvinnufyrirtæki og alþýðu þessa lands í þágu klíkuveldis helmingaskiptaflokkanna. Eða hvað annað er á bak við þetta?

Ég spurði hv. þm. Pétur H. Blöndal að því í dag hvernig hv. þm. skildi það að svona er farið í málið. Hv. þm. Pétur H. Blöndal sagði: „Spurðu hina." Ég geri það líka. Ég spyr hv. þm. Einar Odd Kristjánsson: Af hverju er hann að láta þetta ganga yfir sig? (**EOK:** Það kemur að mér.) Af hverju er hann að taka þátt í að leggja á þjóðina 300–400 millj. kr. skatt hér og milljarð í bönkunum eins og ég mun rekja hér nánar á eftir? Hvað er það? Hvað er það sem hrekur góða drengi úr Önundarfirði til að láta svona ósköp yfir sig ganga?

Herra forseti. Eftir þennan stjórnkerfisþátt vík ég næst að vaxtamuninum. Í greinargerð hv. 16. þm. Reykv., Péturs H. Blöndals, kemur fram hver er vaxtamunurinn í Verslunarlánasjóðnum. Hann er 1,4%. Það kemur líka fram í sömu greinargerð að vaxtamunurinn í Iðnlánasjóði er 1,88%. Munurinn er hvorki meiri né minni en 0,48%. Þetta er verulegur munur. Hver gæti þessi munur verið í peningum ef hann væri færður yfir á Iðnþróunarsjóð, Iðnlánasjóð og Fiskveiðasjóð? Hvað höfðu þessir þrír sjóðir í vaxtatekjur á árinu 1995? Þeir höfðu 1.250 millj. kr., hvorki meira né minna. Þetta eru engar smásjoppur. Á annan milljarð í vaxtatekjur. Niðurstaðan er sú að í raun og veru sé vaxtamunurinn sem þessir sjóðir eru

að taka umfram Verslunarlánasjóðinn 300–400 millj. kr. Þá er ég kominn að þessari tölu. Hvernig stendur á því að hv. þm. eins og hv. 3. þm. Vestf. láta það yfir sig ganga að leggja aukalega á atvinnuvegina 300–400 millj. kr. í vaxtamun frekar en að fara þá leið sem allir virðast vera sammála um, að skynsamlegra væri að setja þessa sjóði inn í bankana? Ég heyri ekki að það sé í rauninni nokkur ágreiningur um það mál í þessum sal þegar upp er staðið. Ég heyri það ekki. Ég heyri ekki betur en að stjórnarandstöðuflokkarnir séu sammála um það, eða mér heyrist það, og vísa ég þá m.a. til ræðu hv. 14. þm. Reykv. nú áðan. Ég heyri ekki betur en að flestallir þingmenn Sjálfstfl. séu sammála þessu, er það ekki? Þingmenn Framsfl. töluðu hérna við 1. umr. og síðan hefur lítið til þeirra spurst. Þeir fóru í frí af einhverjum ástæðum.

Veruleikinn er sá, nákvæmlega eins og í sambandi við hlutafélagavæðinguna, að menn eru að velja hér dýra leið. Það má færa að því rök að það hefði verið hægt að ná kostnaðinum niður um 1,5 milljarða kr. í þessum frv. samanlögðum ef menn hefðu valið ódýrustu leiðina. Það er verið að leggja skatt á þjóðina upp á 1,5 milljarða kr. á ári af því að menn þora ekki að gera það sem þarf að gera. Þetta er hörmuleg niðurstaða, verð ég að segja. Það er til vansa að menn skuli ekki sýna meiri kjark en fram kemur með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Málið er svo viðkvæmt.) Málið er svo viðkvæmt. Það eru stólar og stöður í húfi sem þarf að taka tillit til eða hvað. Hér sitja tveir höfðingjar mér á hægri hönd t.d. Þarf annar þeirra stól? Þeir eru í ágætum stólum núna. Þurfa þeir aðra stóla? (**Gripið fram í:** Kannski ekki þeir.) Kannski ekki þeir en einhverjir aðrir eða hvað? Það skyldi þó aldrei vera. Það skyldi þó ekki vera að þetta ætti að heita frv. til laga um stól handa fráfarandi ráðherra. (Gripið fram í.) Frv. til laga um stól handa væntanlegum fyrrv. ráðherra. Það gæti verið að það væri erindið sem hv. 3. þm. Vestf. átti inn á Alþingi, að koma stól undir einhvern vin sinn af þessu tagi. (Gripið fram í.) Það efast ég um. Ekki gagnvart þeim sem þurfa að borga stólinn undir hann. (**ÖS:** Hver er besti vinur hans í þessum sölum?) Það er nefnilega spurningin, hæstv. forseti, og hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem er örugglega á mælendaskrá fljótlega til að reyna að velta þessari spurningu fyrir sér.

Herra forseti. Svo er þetta mál þannig vaxið að allir eru óánægðir með það. Allir. Þá ætla ég að auglýsa eftir manni, ekki hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni, því hann er með forföll, ég ætla að auglýsa eftir manni sem heitir Davíð Oddsson, hæstv. forsrh. Hvar er hann? Hann hefur ekki sést hér í háa herrans tíð. Hvar er hann staddur, pólitískur leiðtogi stjórnarinnar sem tekur það á sig að matreiða þetta fyrir Alþingi Íslendinga? Hvar er hann? Hvaða rök hefur hann pólitískt fyrir því að gera það? Að ganga á móti, m.a. eftirtöldum aðilum: Í fyrsta lagi samanlögðum Búnaðarbankanum, Landsbankanum og sparisjóðunum sem buðust til að kaupa fyrirbærið. Í öðru lagi Íslandsbanka sem segir: Hér er á ferðinni stofnun nýs banka. Í þriðja lagi Sambands ísl. viðskiptabanka sem leggur til að frv. verði lagt til hliðar. Þetta eru allt orðréttar tilvitnanir. Í fjórða lagi Samband ísl. sparisjóða sem mælir eindregið gegn frv. „Sú leið sem farin er í frumvarpinu", segir Samband ísl. sparisjóða „er lökust þeirra sem til álita hafa komið." Hver segir þetta fyrir hönd Sambands ísl. sparisjóða? Sigurður Hafstein, sem var um hríð framkvæmdastjóri Sjálfstfl.l ef ég man rétt. Í fimmta lagi leggst Verslunarráð Íslands gegn þessu og segir: „Það er verið að stofna nýjan ríkisbanka." Í sjötta lagi Samband ísl. tryggingafélaga sem segir: „Ríkissjóður er að eignast þriðja bankann." Í sjöunda lagi Eignarhaldsfélagið Hof sem segir: „Hér er verið að koma á fót óþarfa stofnun."

Ég tek það fram, herra forseti, ég er ekki í öllum tilvikum sammála þessum aðilum enda skiptir það ekki öllu máli. Þó get ég reyndar tekið undir með þeim flestum, ég segi það alveg eins og er. En ég spyr mig að því: Hvað fær formann Sjálfstfl. til að ganga yfir alla sína nánustu ráðgjafa og bandamenn í Sjálfstfl. í þessu frv. eins og hér er gert? Hvað er á bak við þetta frv. sem gerir það að verkum að formaður Sjálfstfl. telur að honum sé ekki einasta rétt heldur líka skylt að slá pólitíska skjaldborg um mál af þessu tagi? Og svona höfðingjar eins og hv. 2. þm. Reykn., Árni M. Mathiesen, hélt ræðu í þessu máli áðan. (**Gripið fram í:** Það var varla ræða.) Það var nefnilega varla ræða, það var eitthvert átakanlegasta, með leyfi forseta, tíst sem heyrst hefur í sögu Alþingi. Hvað er það sem gerir það að verkum að þróttmiklir, ungir, efnilegir forustumenn Sjálfstfl. þora ekki að tala? Hvað er það sem gerir það að verkum að forsrh. landsins leggur nafn sitt við þetta? Hvernig stendur á þessu, herra forseti? Og ég segi, og tek það fram við hæstv. forseta, að ég óska hér með formlega eftir því að 3. umr. um þetta mál verði ekki lokið öðruvísi en að forsrh. verði hér í salnum. Því það er algerlega óhjákvæmilegt að sá maður sem tekur á sig að bera ábyrgð á þessu eins og það er þori að kannast við það. En það hefur hann ekki gert til þessa. Hefur verið í útlöndum og er núna á Akureyri og kemst ekki til fundar. Hann verður líka að svara fyrir þetta mál vegna þess að þetta er pólitískt verkefni ríkisstjórnarinnar allrar sem hér er verið að fjalla um.

Það eru tveir aðilar sem segja já við þessu frv. af hagsmunaaðilum. Ég óska hæstv. viðskrh. til hamingju með það. Það er LÍÚ, Kristján Ragnarsson, og Vinnuveitendasambandið, Þórarinn Viðar Þórarinsson. Að öðru leyti er menn mjög gagnrýnir á þetta og reyndar á móti því. Að vísu eru þessir aðilar báðir með ákveðna gagnrýni í þessu efni. En í það heila tekið er andstaða allra þessara aðila við málið og reyndar fleiri ef farið væri í allar umsagnir málsins.

Herra forseti. Ég hef tíundað það hér að í fyrsta lagi stríðir þetta frv. gegn grundvallaratriðum í stjórnarráðslögum landsins. Í öðru lagi hef ég sýnt fram á að það hefur í för með sér stóraukinn kostnað fyrir atvinnulífið í landinu, upp á 300–500 millj. kr. Og í þriðja lagi hef ég spurt mig þeirrar spurningar hvað fær forustu Sjálfstfl. til að hunsa ráð allra þessara aðila með þeim hætti sem gerist í þessu frv. og ég vitnaði til áðan, og fram kemur í nál. hv. þm. Péturs H. Blöndals og hv. þm. Gunnlaugs M. Sigmundssonar.

Í framhaldi af þessum þremur efnisþáttum, herra forseti, ætla ég að spyrja hæstv. viðskrh. einnar eða tveggja spurninga. Ein er þessi: Hversu langt á þessi banki að ganga í almennri bankastarfsemi? Er það ekki greinilegt að þessi banki hlýtur að sinna almennum bankaviðskiptum fyrirtækja að einhverju marki? Í skýrslu J.P. Morgans er bent á að nauðsynlegt sé, ef þessi leið er farin, að þessi banki sinni einhverri almennri viðskiptabankaþjónustu. Ef hann gerir það þá tæki hann þessa viðskiptabankaþjónustu frá öðrum bönkum sem eru til í landinu. Er það meiningin? Hvaða skoðun hefur hæstv. viðskrh. á því?

Önnur spurning sem ég ætla að leggja fyrir hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh., sem ég þakka fyrir að vera hér líka: Er á bak við þetta frv. samningur á milli stjórnarflokkanna

um það hvernig þeir ætli sér að deila völdum að því er varðar stjórn þessa fyrirtækis í einstökum atriðum umfram það sem sést í textanum? Gera þeir ráð fyrir því að þarna verði stjórnmálamenn settir sem forstjórar eða bankastjórar? Hvernig hafa þeir hugsað sér að taka á þessu máli að því er varðar æðstu stjórn Fjárfestingarbankans? Gera þeir ráð fyrir því að það verði bankinn sem taki við pólitíkusum vegna þess að hinir bankarnir geri það síður eftir að þeir eru orðnir hlutafélagavæddir? Eða hvernig hafa þeir hugsað sér að taka á þessu máli? Og ég endurtek: Liggja einhverjir samningar fyrir á milli stjórnarflokkanna um þessi mál sem þeir hafa ekki sagt frá? Ég vil gjarnan fá skýr svör við þeirri spurningu, sérstaklega ef þörf verður fyrir það síðar að taka þá upp í þessu prófi.

Að lokum þetta, herra forseti. Það hefur verið talað um nauðsyn þess að starfsmenn fái að fylgjast með þessum málum. Ég heyrði ekki hvaða formúlu hæstv. ráðherra hafði í þeim efnum í frammíkalli við hv. 14. þm. Reykv. áðan en ég vildi gjarnan inna eftir því hvað hann hugsar sér í þeim efnum.

Ég endurtek svo að lokum, herra forseti, að í fyrsta lagi mun ég óska eftir því að fram fari lögfræðileg úttekt á stjórnkerfi Fjárfestingarbankans áður en málið verður að lögum. Í öðru lagi óska ég eftir því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðuna um þetta mál, í síðasta lagi áður en 3. umr. lýkur þannig að hægt sé að leggja fyrir hann pólitískar spurningar sem tengjast þessu máli.

[18:37]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson beindi til mín nokkrum orðum, sagði mig hafa aðra skoðun við 1. umr. mála en síðan breytt ég um skoðun þegar á liði. Nú er það svo að í nefndum verða breytingar á frv. sem gera það að verkum að maður getur sætt sig við hluti sem maður sætti sig ekki við í byrjun. Einnig er maður upplýstur í umræðum um ýmis rök sem eru með málum þannig að menn geta skipt um skoðun og til þess eru umræðurnar, hv. þm. Hins vegar er það svo með hv. þm. og það undraði mig nokkuð þegar ég kom á þing að hann segir mjög oft „við". Sem dæmi: Á 36. fundi segir hann: „Við erum andvíg þessu fyrirkomulagi. Því greiðum við atkvæði gegn þessari tillögu, herra forseti." Hann segir svo, með leyfi herra forseta: „Við styðjum að sjálfsögðu slíkar breytingar og þessi er í rauninni þannig að samið hefur verið ..." o.s.frv. Og svo segir hann: „Hins vegar vil ég leggja á það áherslu fyrir okkar hönd, þingflokks Alþb. og óháðra, að við teljum ..." Eru þetta ómálga börn eða eru þetta hópsálir? Ég spyr. Alþingi Íslendinga er samkunda einstaklinga, þingmanna sem fara eftir samvisku sinni, og það getur enginn talað fyrir annars hönd og Sjálfstfl. talar ekki fyrir mína hönd. Ég áskil mér þess vegna rétt til þess að hafa mína skoðun á málum og þá út í gegn. Það ætti sérstaklega að vera keppikefli stjórnarandstöðuþingmanna sem eru að berjast við að koma sínum málum fram að það sé hlustað og fram fari málefnaleg umræða um mál en ekki þannig að þingflokkar ákveðið hvernig menn hugsi. Og þó það trufli hv. þm. að einstakir þingmenn Sjálfstfl. hafi sjálfstæðar skoðanir í málum þá verður hann bara að gjöra svo vel að sætta sig við það.

[18:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þessu andsvari þá er kannski rétt að nefna það að ég gegni á þessi méli ákveðnu forustustarfi fyrir Alþb. Ég er sem sagt formaður þingflokksins og segi þess vegna stundum „við". Auk þess er það þannig í flokki sem byggist á félagslegum hugsjónum að þar reyna menn oft að koma sér saman að einhverjum niðurstöðum. Þannig er það nú. Ég hef ekkert við það að athuga að hv. þm. Pétur H. Blöndal hafi sjálfstæðar skoðanir. Ég fagna því. Sérstaklega finnst mér vænt um það að þingmenn Sjálfstfl. hafi sjálfstæðar skoðanir og kljúfi sig út úr hópnum. En það er dálítið erfitt að henda reiður á því þegar þeir hafa sjálfstæðar skoðanir við 1. umr. en allt aðra skoðun við 2. umr. Þá dettur manni í hug að þessir „við" í ykkar hópi, þ.e. í þeirra hópi, hafi haft áhrif á þingmanninn í millitíðinni. Getur það verið, herra forseti? Mér sýnist það hugsanlegt.

[18:40]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mörgum málum hef ég vissulega skipt um skoðun, eftir umræðu og eftir breytingar sem gerðar hafa verið á frv. og þá hef ég yfirleitt tjáð það í atkvæðagreiðslu. Í öðrum málum hef ég ekki skipt um skoðun, svo sem í málinu Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins þar sem ég stóð einn af fáum á móti öllum þingheimi í því að samþykkja ekki það frv. Stundum hefur andstaðan dugað alveg til enda. Í Landsvirkjun féllst ég hins vegar á það mál eftir að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að á döfinni væri að koma með þáltill. um aukna samkeppni í orkumálum. Þegar ég hafði fengið að sjá þá þáltill. og hafði heyrt þetta þá féllst ég á málið af því forsendur þess voru breyttar.

[18:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi liggur fyrir hæstaréttardómur um að þál. eru lítils virði. Í öðru lagi bendi ég hv. þm. á að þessi þáltill. hefur enn ekki séð dagsins ljós á Alþingi. Þannig að ég held að hv. þm. hafi því miður verið plataður í þetta skipti í sambandi við Landsvirkjunarfrumvarpið.

[18:41]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom í ræðu sinni með mjög alvarlegar ásakanir og nafngreindi menn, m.a. mig. Taldi upp og að fyrir því lægju mörg dæmi að ekkert væri að marka jafnvel heilu þingflokkana, alla vega ekki þá sem hann nefndi, það væri ekkert að marka það sem þeir segðu við 1. umr. eða við 2. og 3. Hafði um þetta stór orð og miklar ásakanir. Það er svo sem allt í lagi að hafa uppi stór orð og miklar ásakanir en menn verða að geta fundið orðum sínum stað, það verða menn að gera. Hann nefndi þetta mál, bankamálið, hann nefndi málið um Landsvirkjun. Ég skora á þingmanninn að benda á hvar hefur verið mismunur á málflutningi mínum í þessu máli við 1. umr. eða við 2. umr. núna. Ég barðist mjög á móti frv. um Landsvirkjun bæði við 1. og 2. umr. Ég er sannfærður um það enn í dag að það frv. var mikil mistök. Mikil mistök sú lagasetning. Ég er reiðubúinn til þess að berjast gegn þeirri lagasetningu í dag eins og ég hef verið alla daga. Ég var að vísu veðurtepptur vestur á fjörðum þegar lokaatkvæðagreiðslan átti sér stað en það hefur engu breytt um skoðun mína. Ég bið því hv. þm.

að gæta sín þegar hann kemur hér upp og hefur uppi svo stór orð um góða vini sína.

[18:43]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek aftur ásakanir á hv. 3. þm. Vestf. í Landsvirkjunarmálinu. Mig minnti satt að segja að hann hefði verið fjarri en ég vissi ekki að hann hefði verið veðurtepptur á Vestfjörðum. Ég tek það sem fullgilt svar. Hins vegar hygg ég að ég gæti bent honum á nokkur atriði frekar, máli mínu til sönnunar, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni heldur að draga það saman með öðrum hætti. En ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að það hefur aftur og aftur gerst í vetur að mér hefur fundist að þingmenn stjórnarflokkanna hafi fundið sig frjálsa til gagnrýni og atlögu að stjfrv. við 1. umr. en þeir hafa ekki náð að fylgja því eftir af einhverjum ástæðum. Mér finnst það mjög sérkennilegt, satt að segja, vegna þess að orð vega þungt, ekki aðeins okkar sem gagnrýnum — eins og mín í þessu tilviki, heldur líka þeirra sem flytja mál með þeim hætti sem sumir stjórnarþingmenn hafa gert. Það hefur aftur og aftur komið fyrir í fjölmiðlum í vetur að einstakir stjórnarþingmenn hafa verið að flytja mál og gagnrýna mjög harkalega, m.a. ríkisstjórnina, mér finnst þeir stundum hafa lekið niður, ég segi það alveg eins og er. En ég tek aftur orð mín um hv. þm. að því er varðar Landsvirkjun.

[18:44]

Guðmundur Beck:

Herra forseti. Þau frv. sem nú eru til umræðu í þinginu um banka og fjárfestingarsjóði eru mjög dæmigerð fyrir þau viðhorf sem ríkja í okkar samfélagi. Búið er til ákveðið félagsform, rekstrarform, hér kallað hlutafélag, undir yfirskini frelsis. Látið er í veðri vaka að verið sé að gera rekstur nútímalegri eins og það heitir á fínu máli og að laga rekstur þeirra að fjármagnsmarkaði eftir hinni gyðinglegu fyrirmynd. Lítið er minnst á hagsmuni eigandans, þ.e. þegnanna sem eiga ríkisbankana. Eru það þeirra hagsmunir að kosta rekstur á fimmföldu bankakerfi? Mitt svar er nei.

Það er mikið talað um arð og hagnað og hagkvæmni. Varla er hægt að opna svo fyrir útvarp eða sjónvarp að þar séu ekki komnir nýútskrifaðir flibbadrengir til að útlista gróðann af falsbréfasölunni. Þar sem höndlað er með óveiddan fisk sem e.t.v. syndir einhvers staðar í Atlantshafinu. Gróðanum af falsbréfasölunni er síðan stungið skattlaust ofan í vasa svokallaðra fjármagnseigenda án tillits til þess hvort fyrirtækin borga starfsfólki sínu mannsæmandi laun eða ekki.

Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að menn reki hlutafélög, spurningin er um markmið. Í dag er staðan þannig að sá sem leggur fram t.d. 1 þús. kr. í hlutafé gerir það með því hugarfari að geta sem allra fyrst dregið 10 þús. kr. aftur út úr því fyrirtæki sem hann lagði hlut í. Þetta kerfi gengur ekki upp. Það tekur ekki mið af því að fólkinu fjölgar og fleiri hendur vantar verk að vinna í okkar samfélagi.

Tveir hv. þm. tókust á um það fyrr í umræðunni hvers vegna Íslandsbankinn gamli hefði farið á hausinn. Hvorugur þeirra kom auga á hina raunverulegu ástæðu. Það var kerfið sem brást. Hið gyðinglega falsbréfakerfi sem á þessari öld hefur kostað tvær stórstyrjaldir í okkar heimshluta og nálgast hraðfara þá þriðju ef ekki verður breytt um stefnu. Nægir þar að benda á milljónir atvinnuleysingja í Evrópu og örbirgð í suðlægari löndum.

Þeir hv. þm. Alþfl. tala mikið um erlent fjármagn, erlendar fyrirmyndir og erlend yfirráð í gegnum ESB. Þetta hefur nú verið reynt áður á Íslandi bæði við siðaskiptin og á Sturlungaöld og ég vona að reynslan hafi kennt þjóðinni eitthvað. Staðan er nú svo sem ekki ólík. Þá tókust menn á um lönd og mannaforráð. Nú takast menn á um kvóta, lífeyrissjóði og banka. Spurningin er hvort menn ætla að skapa hér lýðræðislegt þjóðfélag jöfnuðar og réttlætis á eigin forsendum eða gefast upp og varpa ábyrgðinni yfir á erlent vald.

Frá því lýðveldið var stofnað hafa nærri engar endurbætur verið gerðar á stjórnskipan landsins. Völdin færast óðum frá fólkinu til handhafa peningavaldsins. Það þarf sterk bein til að þola góða daga og reynslan hefur kennt okkur að samþjöppun á valdi og eignum leiðir þegar frá líður til stöðnunar og síðan hnignunar samfélagsins.

Þingmenn deila um stjórnun á bönkum. Á ráðherra, eiga starfsmenn eða á þingið að stjórna? Ég spyr, hæstv. forseti, hvaða hugarfar á að stjórna? Er það hið gyðinglega hugarfar vaxtaokurs, hefnigirni og græðgi eða kristileg hugsjón bræðralags og samhjálpar? Lýðræðið eða peningavaldið? Svari hver fyrir sig.

Komið hefur fram í umræðum að menn séu hræddir við breytingar. Nýlega var birt fjölþjóðleg skýrsla þar sem Ísland er sett í efsta sæti þeirra þjóða er mestu sóa af auðlindum jarðar.

Hæstv. forseti. Eru það þær breytingar sem menn vilja sjá? Er það sú framtíðarsýn sem menn vilja sjá? Er ekki kominn tími til að staldra við og endurskoða það kerfi sem menn eru að lögleiða hér yfir sig daglega?

[18:50]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Það kennir ýmissa grasa við yfirferð þessa fjárfestingarbankamáls. Átti ég nú síst von á því að heyra ræðu líkt og hjá síðasta hv. ræðumanni, sem ég held að þýskir mundu nú hafa sagt að væri í ætt við þann gamla. En hvað um það. Við skulum aðeins fara yfir umræðuna og reyna að fara nokkrum orðum um það sem helst hefur komið fram.

Ég hef veitt því athygli að tveir miklir boðberar sósíalismans hér á þinginu, þeir hv. þm. Ágúst Einarsson og Svavar Gestsson hafa mjög lagt upp úr því við allan ræðuflutning að fara í sagnfræðilega upprifjun um stjórnun banka og peningastofnana á Íslandi. Og allt þeirra tal hefur gengið út á eitt að taka fram og endurtaka og sífellt orða það — helmingaskipti, helmingaskipti og aftur helmingaskipti. Þetta hefur verið rauði þráðurinn í allri þeirra sagnfræði og öllu því sem þeir hafa raunverulega verið að eyða tímanum í í dag.

Ég held að rétt sé að rifja það upp, eins og kom fram í gær, að Landsbanki Íslands var stofnaður 1886. Það kom fram strax eftir að heimastjórnin kom til Íslands og eftir að Hannes Hafstein lét af völdum að upp komu upp miklir árekstrar milli framkvæmdarvaldsins og þessa ríkisbanka, stjórnun bankans. Það urðu mikil átök milli Björns Jónssonar þegar hann tók við og Tryggva. Það er ekki að ástæðulausu að við sem höfum rekið ríkisbanka og peningastofnanir, og á Íslandi hafa alla þessa öld verið ríkisbankar með örfáum undantekningum, að hið pólitíska vald hefur reynt að ná friði milli manna um stjórnun þessara stofnana til þess að gefa þeim sömu stofnunum starfsfrið. Það hefur verið nauðsynlegt. Það hefur kannski verið dýrkeypt oft á tíðum en það hefur verið nauðsynlegt vegna þess að við vorum með ríkisfyrirtæki. Bankarnir voru ríkisfyrirtæki og það var nauðsynlegt að

koma á starfsfriði. Og það eru hrein ósannindi og hrein sögufölsun frá upphafi til enda að eitthvert helmingaskiptakerfi hafi nokkurn tíma ríkt. Það er bara rangt.

Þessi saga um helmingaskipti og öll sú metóða var nú búin til á 6. áratugnum þegar Framsfl. og Sjálfstfl. voru saman í tveimur stjórnum og var kennt við hermang fyrst og fremst. Þaðan kemur nú sú þjóðsaga. Helmingaskipti hafa aldrei verið í ríkisbönkum. Það hefur alltaf verið þrískipt. Nú segi ég þetta ekki af því ég ætla að svo ágætir hv. þm. eins og Svavar Gestsson og Ágúst Einarsson viti ekki betur, en þeir treysta á að þeir sem hlusti viti ekki betur. Man nú enginn þátttöku sósíalista og jafnaðarmanna í stjórnum ríkisbanka? Er það allt saman gleymt? Kannast enginn við það lengur? Eða átti að þurrka það út? Þetta er hin nýja og betrumbætta sögukennsla að þurrka út það sem er óþægilegt og passar ekki inn í þá sagnfræði sem á að segja. Nú eru þeir allir horfnir, sósíalistarnir og jafnaðarmennirnir, af spjöldum sögunnar, eftir standa bara sjálfstæðismenn og framsóknarmenn. Þetta passaði vel austur frá í Evrópu. Þetta passaði vel þegar gamli bóndinn í Kreml bjó þar sínu búi en þar er nú orðin eyðimörk og hann löngu flosnaður upp og hans afkomendur allir. Þessi aðferð dugar ekki í nútímaþjóðfélagi, hv. þm. Svavar Gestsson, því miður. (Gripið fram í.) Það særast kannski einhverjir við upprifjunina á þessu. Þetta Pravda, þetta dásamlega Pravda. Það er enginn með það lengur. Og eins og haft var eftir Napóleoni einu sinni þegar hann kom sem draugur á Rauða torgið 1. maí og sagði: Hefði ég haft þetta Pravda þá hefði enginn frétt af því að ég tapaði við Waterloo. En þetta Pravda er ekki lengur til. Þess vegna þýðir ekkert að koma hér núna og búa til einhverja nýja sögu.

Jafnaðarmenn og sósíalistar hafa verið í samkrulli með flokkunum. Ég er ekkert að mæla þessu bót en þetta var aðferð stjórnmálaflokkanna á Íslandi áratugum saman til að bankarnir hefðu einhvern starfsfrið. Það var mjög slæmt. Það var mjög dýrt. Ég ætla ekki að mæla því bót. En það tóku allir þátt í því, þeir urðu að taka þátt í því. Núna, herra forseti, erum við það heppin að tekist hefur að leiða Ísland inn á frjálsræðisbraut viðskipta. Núna er jarðvegur og umhverfi til þess að snúa frá hinum ríkisreknu peningastofnunum, núna er verið að gera það — seint, það er alveg rétt. Ýmsir valkostir koma til greina, kannski betri en sá sem valinn var. En núna er verið að gera þetta, stíga þetta skref frá þessu skelfilega kerfi sem hefur verið þjóðinni svo dýrt. Núna er verið að því og það er afreksverkið. Það er afreksverk með tilliti til þess að ýmsir góðir og gegnir menn höfðu reynt það áður en mistekist og það gerir gæfumuninn. Góðir og gegnir menn reyndu það, þeim tókst það bara ekki, því miður. Við skulum ekkert fara í það hverjum það var að kenna. En núna erum við að koma þessu af stað.

Herra forseti. Ég er sannfærður um það að þegar menn koma saman hér í haust til nýs þings verði orðin viðhorfsbreyting hjá alþingismönnum. Ég trúi því og veit það reyndar að þessir hlutir eru að gerast hratt í hugum fólks til viðskiptanna. Þeir gerast svo hratt að ég á von á því að eftir örskotstíð skilji enginn í því hvernig á því stóð að við gátum ekki einkavætt og selt þessar peningastofnanir fyrr. Það kann enginn svörin við því. En núna erum við að fara af stað og það skiptir öllu máli. Hefðum við tekið þann pól í hæðina að segja: Þetta er ekki nógu gott, við skulum vísa þessu áfram til ríkisstjórnarinnar, hefðu stjórnarþingmennirnir vísað þessu áfram til ríkisstjórnarinnar. Hvað hefði gerst þá? Við hefðum hjakkað áfram, gáð hvort samkomulag kæmist á næsta ár um eitthvað betra eða þarnæsta ár.

Niðurstaða stjórnarflokkanna varð sú að við skyldum leggja af stað með þessi frv. og það var tekið skýrt fram af mjög mörgum, bæði sjálfstæðismönnum og framsóknarmönnum, að það væri alls ekki óskastaða þeirra að þetta væri í þessu horfi. En það tókst að ná samkomulagi um að betra væri að fara af stað en að láta enn eitt árið líða. Þetta eru rökin og um þetta hafa menn verið mjög hreinskilnir. Menn hafa sagt þetta hér. Menn hafa farið í gegnum þetta og ekkert verið að leyna neinu hvers vegna það er, alls ekki. Þannig að núna þegar þetta frv. er að verða að lögum, þá skulum við vonast til þess að það muni strax bera þann árangur að þegar á næsta hausti eða á næsta ári séu menn tilbúnir að ganga enn þá lengra í einkavæðingunni en menn eru í dag vegna þess að mjög mikil þörf er á því. Það er til máltæki sem segir hálfnað er verk þá hafið er, og ég held að við séum komnir ótrúlega langt af stað ef okkur tekst að gera þetta að lögum.

[18:59]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vestf. fyrir þessa ágætu ræðu. Það kom mjög margt fram í henni sem var út af fyrir sig umræðu vert og nauðsynlegt að fara yfir.

Það fyrsta var að hann vísaði á bug því sem við höfðum kallað helmingaskiptakerfið og taldi að þetta væri klisja sem ætti hvergi neinar rætur í veruleikanum eða alla vega ekki eins miklar og við vildum vera láta. (**EOK:** Ekki um bankana.) Og það ætti sérstaklega ekki við um bankana. Ef við víkjum aðeins að því þá tel ég óhjákvæmilegt að rifja það upp að í rauninni varð nútímavaldakerfi til á Íslandi með beinum eða óbeinum samningum á milli Sjálfstfl. og Framsfl. Í því sambandi er ég með í huga helmingaskiptastjórnirnar 1951–1956. Það er hægt að nefna mörg dæmi þessu til sönnunar, en ég er líka að hugsa um fleiri hluti. Ég er líka að hugsa um það sem kallað hefur verið félagskerfi landbúnaðarins og var komið á laggirnar með samningum þessara flokka á árunum 1946–1949. Ég held því fram að það hafi verið undirstaðan að mörgu leyti undir valdakerfi Framsfl. á Íslandi um langt árabil.

Þegar Eysteinn Jónsson gerði grein fyrir því mörgum árum seinna hvað hefði skipt mestu máli um ríkisstjórnina 1946–1949, þá nefndi hann þetta sérstaklega, félagskerfi landbúnaðarins. Ég var dálítið yngri en ég er núna þegar ég var að lesa þetta og þetta heiti límdist í mig því að á bak við þetta félagskerfi landbúnaðarins voru öll þessi búnaðar- og mjólkurgjöld út og suður, kjötgjöld og hvað það nú heitir, girðingar og súrheysturnar, sem menn komu hér á og töldu vera undirstöðu félagslegrar þjónustu og hv. formaður landbn. kann miklu betur en ég. Ég er alveg sannfærður um að þessir flokkar réðu þarna algerlega úrslitum um tilveru hvors annars.

Ég ætla líka að nefna annað dæmi. Það er sjávarútvegurinn, átökin um sölukerfið í sjávarútveginum. Þar var í raun og veru um það að ræða að þessi stórveldi skiptu landinu á milli sín í áhrifasvæði eins og stórveldin gerðu forðum. Það er líka hægt að halda því fram, t.d. í versluninni, að um væri að ræða bein á tök á milli þessara aðila, Framsfl. og Sjálfstfl. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er farinn úr salnum, en hvaðan þekkja menn betri dæmi um átökin í verslun en þó í raun og veru um viðurkennda skiptingu í áhrifasvæði heldur en t.d. í Árnessýslu, í Rangárvallasýslu og á fleiri slíkum

svæðum í landinu. Ég tala nú ekki um í Reykjavík þar sem kaupfélagið var um tíma allsterkt. Það er ekki nokkur leið önnur en halda því fram að þessir flokkar höfðu mikil völd saman.

Ég ætla ekki að fara á krepputímann eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði um daginn þegar hann fór að rifja upp Kveldúlf og stöðu Ólafs Thors og Jónasar Jónssonar gagnvart Landsbankanum. Ég ætla ekki að fara í það því að það er annar tími en sá sem ég er að tala um.

Síðan segir hv. þm. að þetta kerfi hafi verið með þeim hætti að allir tóku þátt í því og það var óhjákvæmilegt fyrir flokkana að taka þátt í þessu kerfi. Það rétt að því leytinu til að flokkarnir kusu menn í bankaráð, í stjórnir fyrirtækja og áttu þannig aðild að þessu valdakerfi. Ég tel að því megi halda fram að flokkarnir beri þannig séð allmikla ábyrgð á þessu en þó verði að viðurkenna það með allri sanngirni að Sjálfstfl. ber höfuð og herðar yfir aðra flokka af því að hann er langstærstur og ber þarna langþyngsta ábyrgð. Vegna þess að fyrir utan þessi valdakerfi hafði Sjálfstfl. alveg frá árinu 1940 ekki aðeins vald í atvinnurekendasamtökunum heldur einnig verkalýðshreyfingunni þannig að staða og völd Sjálfstfl voru langt umfram það sem kannski sést í fljótu bragði. Hann kemur alls staðar við sögu. Hann er í öllum ríkisfyrirtækjum, Ríkisútvarpinu, öllum verksmiðjum sem ríkið átti á þessum tíma, Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni. Alls staðar var Sjálfstfl. inni auk þess sem hann átti þá undirstöðu valdanna sem öllu skipti, það var Morgunblaðið.

Framsfl. hefur verið næstlengst aðili að ríkisstjórnum á þessum áratugum sem við erum hér að tala um og hefur þar af leiðandi komið sínum mönnum, eins og það er kallað, fyrir í þessu valdakerfi mjög skipulega og á mjög opinn hátt, að ég segi ekki meira. Það er greinilegt þegar maður skoðar t.d. þróun ríkisbankanna og Seðlabankans að staðan er þannig að þessir tveir flokkar hafa haft þarna úrslitastöðu. Ef við tökum hins vegar Alþfl. í þessu sambandi er það mjög greinilegt að hann hefur mjög lengi verið aðili að ríkisstjórnum og í gegnum það hefur hann komist víða í valdakerfið, bæði í bankastjórnir og í sendiráð. Það er nokkurt umhugsunarefni að ef við skoðum sögu foringja Alþfl. frá í upphafi hafa þeir flestallir lokið sínum starfsdegi ýmist sem bankastjórar eða sendiherrar. Það er umhugsunarefni. Það er líka umhugsunarefni, herra forseti, að þessi veruleiki er að breytast og það er ekki aðeins hinum góðum markaðsöflum að þakka heldur er það hinni almennu lýðræðisþróun að þakka og menn segjast í orði kveðnu vera sammála því að þetta sé að breytast og það sé gott að það breytist. Og ég held að ég tali fyrir hönd míns þingflokks, ef ég má leyfa mér það í framhaldi af gagnrýni hv. 16. þm. Reykv. áðan, og sé óhætt að segja fyrir okkar hönd að við viljum taka þátt í þessari þróun. En það sem ég er að segja að einhverju leyti núna, hvort sem það er sanngjarnt af okkur hvernig við setjum það fram, er að mér finnst að stjórnarmeirihlutinn sé að framlengja þetta gamla kerfi, hann sé að framlengja gömlu helmingaskiptin, gamla klíkuveldið eða hvað það nú er.

Í umræðum um bankamálin fyrr í dag tók ég mér í munn orðið „klíkuveldi" og ég játa að ég er dálítið upptekinn af því eftir að hafa lesið nýlega bók eftir dr. Ívar Jónsson, sem er vararektor háskólans á Grænlandi, Íslendingur, og hefur skrifað rit sem heitir: „Vest-Norðurlönd í kreppu." Það sem hann telur aðalvanda Vest-Norðurlanda, þ.e. Íslands, Færeyja og Grænlands, er hvað klíkuskapurinn ræður miklu og hve erfitt er að byggja upp faglegar þróunarlínur í málum, sérstaklega í efnahagsmálum, af því að klíkuskapur og tengsl á milli manna ráði mjög miklu. Hann nefnir óteljandi dæmi um t.d. Grænland og Færeyjar sem ég þekki pínulítið til. Hann nefnir líka dæmi um Ísland en þau eru öðruvísi og má segja kannski að við njótum þess að nokkru leyti að því er þetta varðar að við erum þó þrátt fyrir allt aðeins fleiri þannig að það hefur verið auðveldara að byggja hér upp faglegar þróunarlínur en t.d. á Grænlandi af eðlilegum ástæðum.

Mér er það í minni hvað það var erfitt og hefur verið erfitt oft og tíðum fyrir ráðherra á Íslandi að byggja upp faglegar þróunarlínur í sambandi við sína málaflokka vegna kjördæmasjónarmiða. Mér er það í fersku minni þegar ég lagði fram áætlun um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða í ríkisstjórn árið 1980, fyrir bráðum tveimur áratugum síðan. Ég man eftir því að móttökurnar voru ekki sérstaklega hlýjar vegna þess að þar var ekki um það að ræða að horft væri á sjónarmið og hagsmuni kjördæmanna eins og þeir sem sátu við það borð vildu. Ég er alveg sannfærður um að þessi þröngu sjónarmið sem ég kalla klíkuveldi — og er að mínu mati betri þýðing á orðinu nepótismi en oft er notað, það er orðið sem ég er með í huga svo ég noti þetta erlenda orð til skýringar — þessi kunningjaklíkuskapur hafi ráðið ótrúlega miklu við að eyðileggja fyrir Íslendingum og gera hlutina dýrari en þeir þyrftu að vera. (Gripið fram í.) Út af fyrir sig getur hann líka verið mál í sjálfu sér en því miður er Alþb. svo valdalítið að það hefur ekki mikil áhrif á þessi mál sem við erum að ræða núna. Við getum líka rætt um nepótismann í Hafnarfirði en það er bara akademísk æfing sem breytir engu um þetta mál hér eins og hv. þm. veit.

Veruleikinn er með öðrum orðum þessi og ég óttast að verið sé að framlengja stjórnkerfi íslenskra peningastofnana, sérstaklega fjárfestingarlánasjóðanna, inn í þetta klíkuveldi í staðinn fyrir að stökkva inn í nýjan tíma, m.a. með því, eins og hér hefur komið fram að mikil samstaða er um, að setja fjárfestingarlánasjóðina inn í bankana. Það er dálítið skrýtið að upplifa að það virðist vera alger samstaða um það hér — eða svo að segja, er það ekki? En menn fást ekki til að taka á því máli með þeim hætti sem þó er meiri hluti fyrir. Það er einhver þverbiti sem kemur í veg fyrir að menn nái vopnum sínum og komist að niðurstöðum sem hagkvæmastar eru því að það er líka viðurkennt af öllum að þetta er dýrasta kerfið sem hugsast getur sem verið er að koma upp eins og þetta lítur út hér núna, það er viðurkennt, kostar 1,5 milljarða á ári aukalega frá því sem það mundi kosta að spara til hins ýtrasta í ríkisbönkunum annars vegar og í þessu hins vegar.

Þá bendir hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mér á að ef þetta væri sent til ríkisstjórnarinnar aftur mundi sama hjakkið byrja aftur. Það er sjónarmið út af fyrir sig. Þetta er ágætt sjónarmið manna sem hafa gaman af því að sjá eitthvað ganga á undan sér, reka á eftir hlutunum. Ég tel langheppilegast að kosin yrði nefnd á Alþingi sem semdi frv. hið snarasta um það sem allir virðast sammála um, en af einhverjum ástæðum fá ekki þessi viðhorf að njóta sín. Ég mundi því skora á hv. þm. að flytja slíkt frv. og ég skal flytja það með honum, herra forseti.

[19:12]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt því fram áðan að það væri sögufölsun að halda því fram að íslensku peningakerfi hafi verið stjórnað af svokölluðu helmingaskipti Sjálfstfl. og Framsfl.

Það var pólitískt vopnahlé alla þessa öld milli allra stjórnmálaflokka til þess að stýra þessu opinbera peningakerfi, til þess að finna því starfsfrið. Þrátt fyrir 15 mínútna vangaveltur um sögu og sagnfræði hefur hv. þm. Svavar Gestsson ekki fundið einn einasta stafkrók til þess að mótmæla þessu.

[19:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Ég mótmæli þessu ekki, herra forseti, enda reyndi ég það ekki. Ég tók þátt í því að skýra málið. Hins vegar segi ég það við hv. þm. og aðra viðstadda, hæstv. forseti: Ég tel að helmingaskiptaflokkarnir, Framsókn og Sjálfstfl., hafi ráðið úrslitum í þessu kerfi allan tímann. Sjálfstfl. hefur haft lag á því að stinga upp í fylgiflokka sína með einum eða öðrum hætti, við síðustu stjórnarmyndun með fimm ráðherrastólum, og hefur gefist vel, því miður, herra forseti.

[19:14]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því við lok 2. umr. um frv. um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins að þakka hv. efh.- og viðskn. fyrir það starf sem hún hefur innt af hendi við yfirferð málsins eftir 1. umr. í þinginu. Ég tel að nefndin hafi vandað mjög öll sín vinnubrögð, þau hafi tekið tiltölulegan skamman tíma, ekki síst í ljósi þess hversu mikið átakamál er hér á ferðinni.

Þær brtt. sem liggja fyrir eru brtt. frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. Aðrar brtt. liggja ekki fyrir við 2. umr. málsins. Ég lýsi mig samþykkan þeim brtt.

Ég áttaði mig á því að frá upphafi hefur ekki ríkt fullkomin sátt um þetta mál. Það hefur verið áður deilt um þær leiðir sem hefur átt að fara við breytingar á fjárfestingarlánasjóðakerfinu og það hefur margkomið fram í þessari umræðu að þetta er umræða sem hefur staðið yfir í 10–15 ár og menn hafa aldrei komist að neinni niðurstöðu um það hvaða leið menn ættu að fara. Ég held þess vegna að þrátt fyrir góðan vilja hv. þm. Svavars Gestssonar um að setja á fót milliþinganefnd til að fara yfir þetta mál þá mundum við ekki ná pólitískri lendingu í því, því miður. Það hefur 10 til 15 ára saga sýnt. Ég er þess vegna hræddur um að ef niðurstaða atkvæðagreiðslu yrði sú að senda málið aftur til ríkisstjórnarinnar, og það er reyndar sú tillaga sem stjórnarandstaðan er með, þá mundu menn verða að bíða í næstu 10 til 15 árin eftir einhverjum breytingum. Auðvitað hefði mátt fara aðrar leiðir, kannski tvær eða þrjár aðrar leiðir, til að ná settu marki og það hefur komið fram í þessari umræðu. En ástæðan fyrir því, og það sagði ég líka við 1. umr., að þessi leið var valin er sú að um hana var víðtækust pólitísk sátt, bæði hér innan þings og utan þings líka. Því var það sem þessi leið var valin.

Oft hafa einstakir hv. þm. talað þannig úr þessum stól að mikilvægt væri að skapa hina víðtæku pólitísku sátt um þau mál sem lögð eru fram. En niðurstaðan af þeirri leið sem er valin er nákvæmlega sú sama og af öllum hinum sem einnig var mögulegt að fara. Það er verið að fækka lánastofnunum. Það er ekki hægt að mótmæla því. Það er verið að einfalda þetta kerfi. Það er verið að slá fjórum fjárfestingarlánasjóðum saman í einn, það er hægt að segja tvo með Nýsköpunarsjóðnum. Það er verið að einfalda kerfið og auka samkeppnina á fjármagnsmarkaðnum við viðskiptabankana. Það er verið að lækka kostnað. Það kann vel að vera að einhver önnur leið hefði getað lækkað kostnaðinn enn meira frá því kerfi sem er í dag. En það er verið að lækka kostnað. Þjónustan mun batna við þetta. Það er verið að brjóta niður múrana sem hafa verið milli einstakra atvinnugreina og lengi hefur verið talað um að nauðsynlegt væri að brjóta niður þannig að menn mundu horfa heildstæðar á atvinnulífið. Nýjar atvinnugreinar sem eru að vaxa úr grasi, hugbúnaðariðnaður, lyfjaiðnaður og hvað eina sem er, hafa núna aðgang að þessu fyrirkomulagi sem menn hafa ekki haft. Með þessu fyrirkomulagi er verið að draga úr þátttöku ríkisins á fjármagnsmarkaðnum sem erlend fyrirtæki hafa bent á að séu allt of mikil og setji Íslandi skorður í því að fá hærri lánshæfiseinkunn en menn hafa í dag. Umsvif ríkisins á fjármagnsmarkaðnum hafa lækkað úr kringum 62% niður í 41% með þeirri ákvörðun sem hér er verið að taka og þeirri ákvörðun sem nú hefur verið tekin, þó hún hafi ekki enn orðið að lögum, í frv. um viðskiptabankana. Með þessu er verið að veita atvinnulífinu betri þjónustu og það er verið að koma hér upp öflugum banka og flytja hluta af þeirri fjármálaþjónustu sem atvinnulífið hefur þurft að sækja úr landi inn í landið. Hér er því mjög mikilvægum áfanga náð.

Í þessari umræðu hafa menn mikið gert úr því að miklar deilur séu um þetta mál. Það er alveg rétt. Af þeim 20 umsögnum sem hafa borist til efh.- og viðskn. sýnast mér tíu umsagnir vera jákvæðar, sex neikvæðar og fjórar hlutlausar. Þær jákvæðu eru frá Fiskveiðasjóði, Seðlabanka, Iðnþróunarsjóði, Íslenskum sjávarafurðum, Samtökum iðnaðarins, Verslunarráðinu, Iðnlánasjóði, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Samtökum fiskvinnslustöðva. Þeir sem eru hins vegar á móti eru Eignarhaldsfélagið Hof, Íslandsbanki, Búnaðarbanki, Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra tryggingafélaga og Samband íslenskra sparisjóða. Viðhorfin kristallast í þessum umsögnum. Vegna þess að þeir aðilar sem eru á móti vildu fara aðra leið en þeir sem eru með vildu fara þessa leið. Þessar umsagnir gera ekkert annað en að lýsa þeim viðhorfum sem uppi voru og átökin hafa staðið um kannski í þessi tíu ár.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um skýringar á 2. og 5. gr. og gagnrýndi stjórnkerfið. Í 1. gr. er gert ráð fyrir því að viðskrh. annist undirbúning að stofnun fjárfestingarbankans og fari með framkvæmd laganna. Þetta er skýrt. Það er viðskrh. sem fer með framkvæmd laganna, hann setur þær reglugerðir sem settar verða á grundvelli þessara laga.

Í 5. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því að sjútvrh. og iðnrh. fari saman með eignarhlut ríkisins í fjárfestingarbankanum. Til þess að fara með þennan eignarhlut ríkisins á aðalfundi er í næstu málsgrein 5. gr. gert ráð fyrir því að það sé í höndum fimm manna nefndar sem er valin með þessum tiltekna hætti. Fimmti maðurinn í nefndinni sé hins vegar samkomulagsatriði milli þessara tveggja ráðherra. Þetta er að mínu viti ekkert óeðlilegt fyrirkomulag. Svipað fyrirkomulag var boðað hér í atkvæðagreiðslu fyrr í dag þegar tillaga lá fyrir um að viðskrh. og fjmrh. færu saman með eignarhlutinn í viðskiptabönkunum. Sú tillaga var hins vegar felld með tilstuðlan ríkisstjórnarinnar og ástæðan er sú að þar er það skýrt að ekki er verið að slá saman neinum eignum ríkisins sem hafa heyrt undir mismunandi ráðherra áður heldur fyrst og fremst að Fiskveiðasjóður heyrði undir sjútvrh. og Iðnlánasjóður undir iðnrh. Hv. þm. Svavar Gestsson gagnrýndi þetta fyrirkomulag að tveir ráðherrar færu með og efaðist um stjórnkerfisþátt málsins. En hv. þm. Alþb. greiddu ekki atkvæði gegn þessu fyrr í dag. Þeir sátu hjá við afgreiðslu þessa máls frá Alþfl.

Í öðru lagi spyr hv. þm. Svavar Gestsson hversu langt þessi banki geti gengið í viðskiptabankastarfsemi. Í 2. gr. er hlutverk Fjárfestingarbankans algjörlega afmarkað. En til þess að menn átti sig nákvæmlega á því verð ég að vitna til 44. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Þar er nákvæmlega skilgreind hver sú starfsemi er sem þessi banki má hafa með höndum. Ég ætla ekki að lesa það allt nákvæmlega upp en það er hins vegar ljóst að þessi fjárfestingarbanki getur ekki tekið á móti innlánum í sinni starfsemi. Hann getur því ekki starfað eins og hver annar viðskiptabanki. Það er raunverulega það sem skilur alveg skýrt að í þessum efnum. Hins vegar mun fjárfestingarbankinn verða í samkeppni við viðskiptabankana um langtímalánastarfsemi, það er enginn vafi á því, á meðan þetta fyrirkomulag er sem er boðað með þessu frv.

Í þriðja lagi spyr hv. þm., svo ég orði það svolítið öðruvísi, hvort einhver pólitísk hrossakaup séu milli stjórnarflokkanna í þessu máli. Hvaða samningar hafi verið gerðir sem ekki sjáist í þessu lagafrv. Það hafa engir samningar verið gerðir milli stjórnarflokkanna í þessum efnum. Samningurinn lýsir sér einvörðungu í 5. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því hvernig með eignarhaldið skuli farið og svo er hitt ákvörðun stjórnar þessara fjárfestingarbanka hversu margir stjórnendur verða og hvernig bankanum verði stjórnað. Því sem snýr að starfsmönnunum er lýst nákvæmlega í 10. gr. frv. Starfsmennirnir hafa rétt á sambærilegu starfi og að því leyti til er þetta frábrugðið frv. um Búnaðarbankann og Landsbankann að þarna eru engar undirbúningsnefndir sem koma að málinu vegna þess að strax er gert ráð fyrir því að stjórn fyrir fjárfestingarbankann verði skipuð.

[19:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þessi umræða sýna að það er mikil umræða eftir um þetta mál. Hún verður þá bara að fara fram við 3. umr. en það er greinilega mjög margt órætt í málinu. Ég þakka hins vegar hæstv. viðskrh. fyrir hans svör. Ég ætla fyrst að segja varðandi stjórnkerfið að ég gagnrýndi þetta ekki á þeim forsendum að þetta mætti ekki vera svona. Ég benti á að þetta er í grundvallaratriðum allt öðruvísi byggt upp en prinsipp stjórnarráðslaganna. Ég sagði að það væri þess vegna skynsamlegt að fá á þessu lögfræðilega úttekt. Það var það sem ég sagði og ég tel að það sé mál sem eigi að athuga betur vegna þess að ég hef ekki orðið var við að það hafi verið gert. Ég mun óska eftir því í efh.- og viðskn. að það verði gert.

Varðandi tillögu þingmanna jafnaðarmanna í dag um að fjmrh. og viðskrh. færu saman með þessi mál þá segi ég eins og er að mér fannst það ekki góð tillaga. Ég gat ekki stutt hana og gerði það ekki. Hins vegar er það rétt að ég greiddi ekki atkvæði á móti henni vegna þess að ég vildi síður gera það við þær aðstæður sem voru í þingsalnum í dag og mér sýndist að aðrir væru í því máli. En ég tel að það hafi ekki verið góð tillaga að öllu leyti eins og hún var sett fram í því þingskjali.

Mér fannst síðan mikilvægt sem hæstv. viðskrh. viðurkenndi að fjárfestingarlánabankinn sem við erum að ræða hér mun verða í samkeppni við viðskiptabankana um langtímalánaþjónustu. Það er með öðrum orðum bersýnilegt að hann verður að einhverju leyti í þeim verkefnum sem viðskiptabankarnir eru í. Það er kannski það sem margir eru að gagnrýna og draga í efa að rétt sé að eigi sér stað um þennan banka.

Ég þakka hæstv. ráðherra einnig fyrir svörin varðandi hrossakaupin. Það er gott að eiga það í þingtíðindum.

[19:26]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af minni hálfu og í allri þessari umræðu hefur það alltaf legið skýrt fyrir að á meðan það fyrirkomulag ríkir sem hér er boðað að bankinn verði í eigu ríkisins og þar til aðrir aðilar verða orðnir í meiri hluta þá er ljóst að bankinn mun verða í samkeppni um langtímalánastarfsemi og fjárfestingalánastarfsemi við viðskiptabankana. Þeir sem boða samkeppnina og þeir sem vilja sjá lægri kostnað í þessari þjónustu hljóta að taka undir að sú samkeppni geti leitt til minni vaxtamunar. Í öðru lagi af því að hv. þm. sagðist ekki muna, og ekkert við því að segja, að það fyrirkomulag væri annars staðar til að fleiri en einn ráðherra færi með eignarhluti þá er það alveg rétt hjá hv. þm. að það er ekki svo að tveir fagráðherrar, ef við tölum um fjmrh. ekki sem fagráðherra, fari saman með forræði. En ég bendi á að í Steinullarverksmiðjunni og Sjóefnaverksmiðjunni á Reykjanesi fara fjmrh. og iðnrh. saman með þetta vald.

[19:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði hér áðan þá er margt órætt í þessu máli. Ég ætla bara að segja það að lokum að ég tel mjög mikilvægt að það hefur komið fram hjá hæstv. ráðherra að hann telji að þarna geti orðið um að ræða samkeppni við starfsemi viðskiptabankana að því er varðar hluta af starfsemi þessa banka sem verið er að setja á laggirnar hér. Það er sem sagt bersýnilegt að hér er verið að efna til samkeppni, að ég held að óþörfu vegna þess að viðskiptabankarnir eru að þróa hlutina býsna hratt í þá átt að þeir geti veitt langtímalánaþjónustu. Auk þess er það náttúrlega þannig að stærri fyrirtæki hér leita í vaxandi mæli til erlendra banka að því er varðar lánaþjónustu af ýmsu tagi. Ég held þess vegna að niðurstaðan sé sú af þessari umræðu allri að skynsamlegast hefði verið að þessir sjóðir hefðu verið teknir inn í viðskiptabankana með þeim hætti sem rætt hefur verið hér fyrr í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6.–9. og 22. mál.

Fundi slitið kl. 19:30.

---

110. FUNDUR

miðvikudaginn 23. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

Til fjármálaráðherra:

1. Innheimta þungaskatts, fsp. HjálmJ, 463. mál, þskj. 778.

Til menntamálaráðherra:

2. Vandi lesblindra, fsp. SvG, 575. mál, þskj. 948.

Til félagsmálaráðherra:

3. Réttarstaða flóttamanna, fsp. RG, 576. mál, þskj. 949.

Til dómsmálaráðherra:

4. Réttarstaða flóttamanna, fsp. RG, 577. mál, þskj. 950.

[15:02]

Útbýting þingskjala:

Hagsmunatengsl og stjórnargreiðslur, 332. mál, svar viðskrh., þskj. 999.

Samningsveð, 234. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1000; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 1001.

Vandi lesblindra.

Fsp. SvG, 575. mál. — Þskj. 948.

[15:04]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 948 svohljóðandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um vanda lesblindra:

1. Hverjar telur ráðherra vera skyldur menntmrn. við greiningu á lesblindu í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og öðrum skólum?

2. Hverjar telur ráðherra vera skyldur menntmrn. við að tryggja að komið verði til móts við þarfir lesblindra í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum?

3. Hefur menntmrn. einhverjar aðgerðir í undirbúningi vegna greiningar á lesblindu og skyldum námsörðugleikum og hyggst ráðuneytið beita sér fyrir einhverjum almennum aðgerðum í þágu lesblindra?

Lesblinda er að sjálfsögðu afar gamalt vandamál og hefur vafalaust alltaf fylgt mannkyninu. Hins vegar eru ekki mjög mörg ár síðan farið var að greina lesblindu með þeim hætti sem nú er gert. Nú er lesblinda greind þannig að um sé að ræða sérstaka örðugleika við að læra að lesa sem ekki stafa af greindarskorti heldur af einhverjum öðrum ástæðum sem geta verið mismunandi. Það getur verið um að ræða arfgengan vanda, það getur verið um að ræða félagslegan vanda og það getur líka verið um það að ræða að á einhverju stigi upphaflegrar skólagöngu hafi átt sér stað mistök við lestrarkennslu sem síðan verði til þess að viðkomandi nemandi eigi í erfiðleikum.

Það er alveg ljóst að eftir að lestrarmiðstöð tók til starfa í tengslum við Kennaraháskóla Íslands fyrir fáeinum árum hefur öll aðstaða til að taka á þessu máli gerbreyst. Þar starfa hæfir og góðir sérfræðingar á þessu sviði, þrír talsins, sem hafa unnið afar þarft verk en hafa tjáð mér í samtölum að þær komist engan veginn yfir öll þau verkefni sem til þeirra er beint. Sérstaklega er kvartað undan því að erfitt sé fyrir þær að ná utan um þau verk sem til þeirra er beint frá framhaldsskólunum. Þar hafa þær eingöngu náð utan um þau verk sem koma eftir sérstökum óskum frá framhaldsskólunum hér á suðvesturhorni landsins en reynst erfitt að taka á öðrum málum. Hér er sem sagt um að ræða viðamikið mál og ég hygg að það hafi ekki oft áður komið hér til sérstakrar meðferðar en er engu að síður mál sem rétt er að ræða í þessari stofnun, m.a. vegna þess að það snertir endurmenntun kennara og skólastarf allt. Það snertir sérstaklega stöðu t.d. nemenda með dyslexíu eða stöðu nemenda í framhaldsskólum sem ríkið rekur enn og kostar. Það snertir sérstaklega vanda þessara nemenda í háskóla, því að nokkur þeirra eru þegar í háskólum, og það snertir einnig vanda fullorðinna lesblindra sem eru utan skóla og hafa ekki fengið sín vandamál greind með eðlilegum hætti. Af þeim ástæðum hef ég borið fram þessa fyrirspurn, herra forseti.

[15:07]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Spurningarnar frá hv. þm. eru þrjár. Fyrstu tvær spurningarnar fjalla um álit menntmrh. á því hverjar skyldur menntmrn. séu við greiningu lesblindu og úrræði vegna hennar. Þriðja spurningin er um aðgerðir á vegum menntmrn. í þágu þessa hóps.

Fyrstu tveimur spurningunum verður svarað sem ein væri. Skyldur menntmrn. við nemendur með lesblindu á þeim skólastigum sem fyrirspyrjandi nefnir eru þær að framfylgja þeim lögum sem sett hafa verið af Alþingi og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til ráðuneytisins í þeim. Helstu skyldur menntmrn. við greiningu og aðgerðir til að koma til móts við nemendur með lesblindu eru þær að hafa frumkvæði og vera vakandi fyrir því að á hverjum tíma sé í vinnu ráðuneytisins gert ráð fyrir að tekið sé tillit til sérþarfa lesblindra. Menntmrn. hefur ótvíræðar skyldur í leik-, grunn- og framhaldsskólum að fylgjast með því að farið sé að þeim fyrirmælum sem lög og reglur gera ráð fyrir. Rekstraraðilar skólanna bera ábyrgð á því að greining og úrræði sem henta lesblindum séu til staðar samkvæmt lögum og reglugerðum sem um að gilda. Á grunnskólastigi eru það sveitarfélögin, í framhaldsskólanum er það menntmrn.

Á háskólastigi eru ekki lagafyrirmæli um að séð skuli til þess að nemendur með lesblindu eigi völ á greiningu erfiðleika né að komið sé til móts við þá erfiðleika. Hins vegar hefur námsráðgjöf Háskóla Íslands tekið mjög myndarlega á málinu og er í Háskóla Íslands að finna fyrirkomulag við greiningu og aðstoð við nemendur með lesblindu sem er til fyrirmyndar. Einstaklingar með lesblindu falla ekki undir þann hóp sem telst fatlaður og á rétt á þjónustu samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Þriðja spurningin er á þennan veg: „Hefur menntmrn. einhverjar aðgerðir í undirbúningu vegna greiningar lesblindu og skyldum námsörðugleikum og hyggst ráðuneytið beita sér fyrir einhverjum almennum aðgerðum í þágu lesblindra?“

Á vegum menntmrn. starfar nú vinnuhópur sem hefur það hlutverk að skilgreina viðmið við mat á lestrarerfiðleikum, þar með talinni lesblindu. Matsviðmið skulu þannig úr garði gerð að skólar geti unnið eftir þeim án utanaðkomandi hjálpar. Hlutverk vinnuhópsins er m.a. að koma með tillögur um gögn til notkunar við fyrrnefnt mat og gera tillögur um hvernig best sé komið til móts við þarfir nemenda með lestrarerfiðleika. Vinnuhópurinn mun einnig gera tillögur um hvernig haga skuli próftöku hjá hlutaðeigandi nemendum og gera tillögur um hugsanlegar undanþágur frá námskrám og prófum. Við vinnu sína skal hópurinn gera ráð fyrir að einungis í alvarlegustu tilvikum þurfi að vísa til sérfræðinga. Miðað er við að tillögur hópsins skuli bera þess merki að þær megi koma að gagni á öllum skólastigum sem nefnd eru í fyrirspurninni, sérstaklega þó á grunn- og framhaldsskólastigi. Hópurinn mun einnig nefna dæmi um fyrirbyggjandi aðgerðir vegna lestrarerfiðleika. Hópurinn hraðar störfum sínum en eins og kunnugt er er þetta mál mjög flókið.

Í vinnuhópnum eiga sæti Grétar Marinósson dósent, formaður stjórnar lestrarmiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands og er hann formaður hópsins, Fjölnir Ásbjörnsson, sérkennari við Iðnskólann í Reykjavík, Jónas Halldórsson, sálfræðingur á Greiningar- og ráðgjafarstöð Íslands, og Þóra Kristinsdóttir, dósent við Kennaraháskóla Íslands.

Menntmrn. átti á sínum tíma aðild að stofnun lestrarmiðstöðvar Kennaraháskóla Íslands. Stofnunin annast greiningu lestrarerfiðleika ásamt fræðslu um lestur. Lestrarmiðstöð þjónar aðallega nemendum og kennurum á grunn- og framhaldsskólastigi. Fullorðnir einstaklingar með lesblindu hafa þó fengið þar greiningu og námskeið.

Á vegum menntmrn. stendur yfir umfangsmikil vinna við gerð nýrra aðalnámskráa fyrir grunn- og framhaldsskóla. Í þeirri vinnu verður tekið tillit til þeirra nemenda sem eiga við lesblindu að stríða. Fyrir dyrum stendur einnig endurskoðun á uppeldisáætlun fyrir leikskóla þar sem gera má ráð fyrir að mikil áhersla verði lögð á málörvun og fyrirbyggjandi starf.

Herra forseti. Ég vil bæta því við þetta svar að til mín hafa komið foreldrar og nemendur raunar sem eru með lesblindu og það er ljóst að þessi vangeta hefur verið að skýrast betur og er núna skilgreind með öðrum hætti heldur en gert var áður. Ég tel mjög mikilvægt að koma málum þannig fyrir að þessi vandi sé sem fyrst skilgreindur því að þá er hægt að laga sig strax að honum og haga úrræðum í samræmi við það, en það hefur m.a. komið fram hjá nemendum sem við mig hafa talað að þessi vandi hefur ekki verið rétt skilgreindur í íslenska skólakerfinu og m.a. nemendur sem hafa síðan farið í sumarnám erlendis hafa aðeins dvalist þar í nokkra daga þegar kennarar þar hafa komið og sagt við þá: Það sem háir þér er lesblinda. Það eru þannig til greinargóðar og auðveldar aðferðir til þess að greina þennan vanda og þær aðferðir þurfum við að tileinka okkur því að þá getum við brugðist rétt við.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Það er alveg rétt hjá honum, eins og reyndar kom fram í upphafsræðu minni, að það er ótrúlega stutt síðan farið var að greina lesblindu með þeim hætti sem nú er gert. Það mun fyrst hafa verið 1992 sem um það náðist samkomulag hvernig ætti að nálgast þá greiningu af sérfræðingum í landinu. Þangað til var lesblinda eða birtingarform hennar greint þannig að hér væri um vandamál að ræða sem í mörgum tilvikum stafaði af greindarskorti. Veruleikinn er hins vegar annar samkvæmt þeirri greiningu sem nú er notuð og það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh. að það er mikilvægt í málinu að skilgreina viðmiðin til þess að hægt verði að taka eðlilega á málinu. Mér finnst það mikilvægt sem fram kom hjá honum að ætlunin er að þessi starfshópur vinni rösklega og ég heyrði á kynningu hæstv. ráðherra að hann er vel mannaður.

Það er hópur af sérfræðingum í landinu sem þekkir til þessara mála og ég vil þar nefna sérstaklega Rannveigu Lund sem fjallaði um þessi mál í mastersritgerð sinni sem er aðgengileg öllum almenningi og segir margt fróðlegt um þessi mál. Ég vil líka vísa til rannsókna sem lestrarmiðstöðin gerði á 14 ára nemendum árin 1994, 1996 og 1997 þar sem kom í ljós að ótrúlega stór fjöldi nemendanna átti við erfiðleika að stríða. Hvort þar er beinlínis um lesblindu að ræða eða eitthvað annað er svo annar handleggur.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt í þessu sambandi að ítreka og taka undir það með hæstv. ráðherra að ríkið hefur sérstakar skyldur að því er varðar framhaldsskólana. Mér er kunnugt um að í einstökum framhaldsskólum hefur því verið borið við við nemendur sem eiga við þennan vanda að stríða að skólinn hafi ekki fjármuni til að sinna þeim eða gera sérstakar ráðstafanir til að koma til móts við þá. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað gerir ráðuneytið til að tryggja það að skólarnir framkvæmi þessa skyldu við nemendur sína en víki sér ekki undan á fjárhagslegum forsendum, sem ég hygg að sé hæpið í þessu tilviki?

[15:15]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. finnst mér rétt að taka það fram að menntmrn. hefur nú gefið út hlutverkaskipti á milli skóla á höfuðborgarsvæðinu varðandi námsbrautir í framhaldsskólum vegna fornáms og í sérdeildum skóla. Það er sérstakt mál sem lýtur að fornámi og í því námi er hópur manna sem m.a. á við lesblindu að stríða. Ég kynnti það í gær á fundi með skólameisturum og fór yfir það og lýsti því hvernig við teljum að þessum málum verði best sinnt hér á höfuðborgarsvæðinu og tel ég að það leysi úr brýnum almennum vanda sem menn hafa glímt við á þessu sviði.

Að því er varðar lesblindu sérstaklega þá er það svo að það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. að tekist er á við þann vanda, ekki endilega í fornámi og ekki endilega í sérdeildum, því að þetta kemur upp með mismunandi hætti hjá nemendum. M.a. hefur af hálfu Alþingis verið aukin fjárveiting til Blindrabókasafnsins til þess að unnt sé að lesa meira námsefni inn á spólur og nemendur geti þannig fengið aðgang að lesnu námsefni í ríkari mæli heldur en verið hefur.

Að því er varðar aðgerðir innan einstakra skóla, þá mun ráðuneytið núna á næstu vikum ræða við alla framhaldsskóla í landinu um fjárveitingar til skólanna, innra starf þeirra og námsframboð. Þar munu þessir hlutir skýrast og eftir að þær viðræður hafa farið fram mun liggja betur fyrir hvar þessi þörf er sérgreind og hvað þarf sérstaklega að gera í hverjum skóla. Á þeirri forsendu munum við síðan taka ákvarðanir um þessi mál og einnig velta því fyrir okkur hvort beina beri nemendum með lesblindu inn í einhvern ákveðinn skóla og aukna sérhæfingu að því leyti. En almennt séð tel ég að þetta eigi að vera liður í starfi hvers einstaks skóla og ef af því er aukinn kostnaður þá verða menn að greina það og þá verður að bera það undir fjárveitingavaldið að lokum hvernig eigi að taka á fjárveitingum til skóla til þess að geta veitt þessa þjónustu.

Réttarstaða flóttamanna.

Fsp. RG, 576. mál. — Þskj. 949.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var tekin ákvörðun um að mörkuð yrði heildarstefna og skipulagi komið á málefni er varðar flóttamenn, m.a. með stofnun flóttamannaráðs. Hlutverk ráðsins er m.a. það að leggja til við ríkisstjórn heildarstefnu og skipulag er varðar móttöku á flóttamönnum, hafa yfirumsjón með framkvæmd á móttöku flóttamanna og veita stjórnvöldum umsögn um einstök mál. Því er spurt hér hvort sú stefnumótun og skipulag þetta liggi nú fyrir.

Ástæða fyrirspurnar þessarar er sú að við stofnun flóttamannaráðs voru uppi hugmyndir sem m.a. komu úr dómsmrn. um hlutverk ráðsins sem gerðu ráð fyrir að auk þess að sjá um móttöku flóttamanna gæti ráðið einnig orðið farvegur þar sem tekið yrði á málum þeirra, þeim málum sem eru hjá stjórnvöldum, og kæmi ráðið ásamt Rauða krossinum að aðlögun flóttamanna hér á landi. Talað var um að ráðið fjallaði um alþjóðasamninga og kæmi með tillögur og ábendingar til stjórnvalda um aðgerðir gegn kynþáttamisrétti. Þá var og gert ráð fyrir að Íslendingar tækju á móti kvótaflóttamönnum.

Ég fagna viðbrögðum ríkisstjórnarinnar við afleiðingum stríðsins í gömlu Júgóslavíu með móttöku fólks þaðan í fyrra og áformum um frekari móttöku. Það var í hvívetna staðið vel að þeim málum og aðlögun fólksins að íslensku samfélagi hefur tekist vel til þessa.

Ég held hins vegar að stefna ríkisstjórnarinnar varðandi móttöku flóttamanna, sem fram kom í svari félmrn. við fyrirspurn minni um flóttamannakvóta hér í vetur, sé röng. Í svari ráðherrans kom fram að ekki stæði til að taka þátt með hinum Norðurlandaþjóðunum í móttöku árlegs flóttamannakvóta heldur mundi hann gera árlega tillögu um að taka á móti einhverjum hópi flóttamanna.

Ég tel að við Íslendingar ættum að vinna með hinum Norðurlöndunum og í samráði við flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna að móttöku flóttamanna með árlegum fjölda eða kvóta flóttamanna eins og hin Norðurlöndin. Við mundum ákveða sjálf hinn árlega fjölda. Síðan gæti sú ríkisstjórn sem situr hverju sinni ákveðið viðbót við þann fjölda eftir atvikum. Þetta er mun ábyrgari afstaða. Við höfum að mestu verið laus við flóttamannavandamálið en reglan um fyrsta griðland mælir einnig með því að við bindum okkur við ákveðinn kvóta. Reglan um fyrsta griðland er ekki í alþjóðasamþykktum og því ekki alþjóðaréttarregla, en hún finnst í landsrétti ýmissa ríkja og í milliríkjasamningum, t.d. Norðurlandasamningum. Reglan byggir á þeirri meginreglu að í því ríki sem flóttamaður leitar fyrst til ber að veita honum viðtöku ef honum er vísað brott úr öðru ríki sem hann hefur leitað til griðlands. Reglan er umdeild vegna þess að sum lönd verða meira fyrir barðinu á flóttamannavandamálinu en önnur vegna staðsetningar sinnar. Þess vegna hafa fjarlæg ríki eins og Norðurlöndin skipt með sér ábyrgðinni með því að undirgangast móttöku á ákveðnum flóttamannakvóta.

Virðulegi forseti. Í fyrirspurn minni er m.a. spurt hvenær fyrirhugað sé að heildarstefna og skipulag á málefnum er varða flóttamenn liggi fyrir. Hefur flóttamannaráði verið falin endurskoðun á lögunum? Ef svo er, hvenær lýkur því starfi? Telur ráðherra að endurskoðun á lögunum um eftirlit með útlendingum sé hluti af mótun heildarstefnu í málefnum flóttamanna sem hér leita hælis?

[15:22]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. 20. nóvember 1995 samþykkti ríkisstjórin að skipa flóttamannaráð Íslands til næstu fjögurra ára og að hlutverk ráðsins væri að leggja til við ríkisstjórnina heildarstefnu og skipulag að því er varðar móttöku á flóttamönnum, hafa yfirumsjón með framkvæmd og móttöku flóttamanna og veita stjórnvöldum umsögn um einstök tilvik eftir því sem óskað er.

Fimm ráðuneyti eiga fulltrúa í ráðinu og er formaður þess skipaður af félmrh. sem jafnframt leggur ráðinu til ritaraaðstoð. Rauði kross Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa að ráðinu. Eitt af fyrstu verkum flóttamannaráðs var að undirbúa tillögur um stefnu og skipulag í málefnum flóttamanna. Þessar tillögur snerta þó aðeins þann þátt skipulags flóttamannamála er lýtur að móttöku flóttamanna sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita landvist.

Að því er snertir málefni þeirra flóttamanna sem leita hælis hér á landi er vísað til svars við spurningu nr. 3 hér á eftir.

Í áðurgreindum tillögum flóttamannaráðs Íslands segir m.a. að þær leggi til að þegar verði hafist handa um að koma á laggirnar skipulögðu kerfi sem miðist við árlega móttöku flóttamanna. Tillögur ráðsins um framkvæmd þessara mála koma fram í átta liðum sem eru í meginatriðum eftirfarandi:

1. Að Rauði kross Íslands annist móttöku flóttamanna líkt og verið hafi og veiti þeim aðstoð fyrsta árið. Ríkið greiði kostnað vegna aðstoðar við flóttamennina þetta fyrsta ár í samræmi við áætlaða þjónustuþörf. Félmrn. verði falið að gera samning við Rauða krossinn um framkvæmd þessarar aðstoðar í samráði við flóttamannaráð.

2. Að félmrn. gangi til samninga við tiltekin sveitarfélög um aðstoð við ákveðinn fjölda flóttamanna í samráði við flóttamannaráð.

3. Að miðað verði við að ábyrgð vegna aðstoðar við flóttamenn flytjist til sveitarfélaga eftir eins árs dvöl.

4. Að leitað verði eftir því við deildir Rauða kross Íslands að þær liðsinni viðkomandi sveitarfélagi við framkvæmd aðstoðar og aðlögunar að öðru leyti.

5. Að kostnaður vegna aðstoðar við flóttamenn eftir að sveitarfélögin taka yfir ábyrgð á henni greiðist í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

6. Að réttur flóttamanna til heilbrigðisþjónustu verði tryggður strax við komu þeirra til landsins, þ.e. undanþága frá 6 mánaða lögheimilisskilyrði samkvæmt lögum um almannatryggingar.

7. Að flóttamenn njóti úrræða er varða kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og æskilegt sé að börn flóttamanna njóti kennslu í móðurmáli sínu eftir því sem við verður komið.

8. Að flóttamönnum verði tryggð aðstoð vegna tungumálaörðugleika.

Þetta eru tillögur flóttamannaráðs og eftir þeim hefur verið farið bæði hjá flóttamálaráði og félmrn. frá upphafi eða frá því að þær komu fram og það hefur verið unnið í samræmi við framangreinda stefnumörkun. Það hefur mikilvæg reynsla skapast við og í framhaldi af þátttöku 30 manna hóps frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu til Ísafjarðar. Flóttamannaráð er nú að leggja lokahönd á reglur um móttöku og aðstoð við flóttamenn sem ríkisstjórnin ákveður að veita landvist.

Reynslan frá Ísafirði hefur verið mjög góð. Allt hefur gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Kostnaður er lægri en áætlað var. Þarna er um mikið úrvalsfólk að ræða og það er mikilvægir borgarar í sínu nýja sveitarfélagi og þjóðfélaginu, leyfi ég mér að fullyrða, er mikill fengur að þessu fólki. Í undirbúningi er að bjóða hingað nýjum hópi.

Reynslan sem við höfum öðlast af þessu verkefni kemur mjög að gagni við skynsamlega mótun heildarstefnu í þessum málaflokki.

Önnur spurningin var: „Hefur flóttamálaráði verið falin endurskoðun á lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum?“ Flóttamannaráði hefur ekki verið falin þessi endurskoðun formlega.

Þriðja spurningin var: „Telur ráðherra að endurskoðun á lögum um eftirlit með útlendingum sé hluti af mótun heild-

arstefnu í málefnum flóttamanna sem leita hér hælis?" Ég lít svo á að endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum hljóti að vera þáttur í mótun heildarstefnu í málefnum flóttamanna sem leita hælis hér á landi og það er í góðu samræmi við afstöðu flóttamannaráðs sem kom fram í bréfi þess til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. janúar 1996, þar sem minnt var á umfjöllun ríkisstjórnarinnar um endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum.

Í þessu sambandi er rétt að minna á að þrátt fyrir að flóttamannaráðið sé vistað hjá félmrn., þá heyra lög um eftirlit með útlendingum undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið sem hefur forræði yfir endurskoðun þessara laga.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka félmrh. svör hans og ef ég vík fyrst að tveimur seinni spurningunum, þá kemur fram að flóttamannaráði hefur ekki verið falin endurskoðun á lögum þannig að síðari hluti þeirrar spurningar fellur um sjálfan sig og að félmrh. telur að endurskoðun á lögunum sé hluti af heildarstefnu í málefnum flóttamanna. Það er jafnframt spurning sem ég mun bera fram síðar á fundinum við dómsmrh. en ég vek athygli á því að samþykkt ríkisstjórnarinnar samkvæmt fréttatilkynningu á sínum tíma var um að stjórnvöld kæmu á heildarstefnu og skipulagi á málefnum er varðar flóttamenn, m.a. með samvinnu ráðuneyta, flóttamannaráði er byggjast á samstarfi við Rauða kross Íslands og ákveðið verði að Ísland taki virkari þátt en verið hefur í móttöku flóttamanna eftir atvikum með árlegum flóttamannakvóta innan norræns samstarfs og í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Nú kemur það fram í svari ráðherrans að þegar hann telur upp þau atriði í átta liðum sem lúta að móttöku flóttamanna og störfum og stefnu flóttamannaráðs, þá snúa þeir liðir sem upp voru lesnir fyrst og fremst að móttöku fólks eftir að það kemur hingað, eftir að búið er að taka ákvörðun um að taka á móti hópi flóttamanna og fólkið er komið hingað til lands. Og þessir átta liðir varða eiginlega verkaskiptingu Rauða kross og ríkisvalds í þessum málefnum.

Ég tek undir það að væntanlega hefur verið mikilvæg og góð reynsla af búsetu þeirra 30 einstaklinga sem fóru til Ísafjarðar og ég þykist líka vita að þeim hafi verið tekið á besta hátt í þeim ágæta bæ. En það er dálítið undarlegt þegar litið er til þess að það átti að taka alveg á nýjan hátt á málum varðandi flóttamenn að ég heyri það á máli ráðherrans að það hefur ekki verið mótuð nein sérstök stefna önnur en sú handahófsstefna, sem ég vil orða svo, að ákveða hverju sinni hve mörgum verði tekið á móti og með hvaða hætti.

[15:29]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. mun hafa forgöngu um mótun reglna um móttöku flóttamanna sem hingað koma en félmrn. mun að sjálfsögðu leggja sitt lið og það veit ég að flóttamannaráð mun einnig gera og að um það muni verða góð samvinna.

Ég tel hins vegar að við höfum staðið okkur eftir atvikum ágætlega við móttöku þessa hóps sem við buðum hingað. Það er alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að Ísfirðingar hafa staðið að því verki með miklum sóma og það er enginn veikur hlekkur í þeim undirbúningi eða framkvæmd verkefnisins af hendi Ísafjarðarbæjar sem mér er kunnugt um og það er ánægjulegt til þess að vita að nú er þetta fólk farið að kaupa sér sínar eigin íbúðir og ákveðið í að setjast þarna að til frambúðar. Ég tel að þó að við höfum ekki enn þá sett niður einhverjar fastar reglur til að fara eftir þá höfum við unnið að þessu verkefni í anda þeirra reglna sem flóttamannaráð lagði til. Við erum að móta þessa stefnu smám saman. Ég vænti þess að framhald verði á móttöku flóttamanna og vonast eftir því að í framtíðinni takist okkur eins vel og okkur hefur tekist í þetta skipti með flóttamenn frá fyrrum Júgóslavíu.

Réttarstaða flóttamanna.

Fsp. RG, 577. mál. — Þskj. 950.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Í fréttatilkynningu frá Íslandsdeild Amnesty International frá 19. mars sl. kemur fram að í dag eru um 15 milljónir karla, kvenna og barna flóttamenn í heiminum. Þar að auki eru 20 milljónir á flótta innan eigin landamæra. Þetta eru skelfilegar tölur. Ein aðalástæða þess að fólk tekur sig upp frá heimilum sínum og flýr eru mannréttindabrot.

Við Íslendingar erum aðilar að flóttamannasamningi Sameinuðu þjóðanna frá 1951 og viljum uppfylla skilyrði hans sem miðar að vernd flóttamanna sem leita hér griðlands. Fullgilding alþjóðasamnings hefur þó ekki sjálfkrafa í för með sér að hann verði hluti af landslögum og því ganga landslög framar ákvæðum hans ef þau eru ósamræmanleg. Það skiptir því miklu að löggjöf hvers ríkis sé vönduð og í samræmi við þá samninga sem fullgiltir hafa verið.

Fyrir um það bil ári kom fram í fréttum að rúmensk stúlka sem leitaði hér hælis hafi gert tilraun til þess að kveikja í sér þegar henni var synjað um landvist hér og ákveðið að vísa henni til Englands. Stúlkan mun hafa verið sígauni en sígaunar í Rúmeníu hafa lengi sætt fordómum og ofsóknum þar í landi. Dæmi eru um að þeir sæti ofbeldi og kveikt sé í húsum þeirra og að lögreglu viðstaddri án þess að hún aðhafist nokkuð.

Þessi frétt er ekki rifjuð upp hér til þess að leggja sérstakt mat á einstaka þætti þessa máls heldur vakti hún spurningar í hugum margra um hvaða reglur gilda almennt hér á landi þegar útlendingar leita hér griðlands. Lögin um eftirlit með útlendingum eru orðin gömul og uppfylla í mörgum tilvikum ekki skilyrði flóttamannasamnings frá 1951 t.d., um hvenær meina beri útlendingi landgöngu, hvenær heimilt sé að vísa útlendingi úr landi, og í lögunum er ekki að finna neina skilgreiningu á pólitískum flóttamanni.

Í lögum segir að heimilt sé að meina útlendingi landgöngu ef nauðsynlegt er talið af öðrum ástæðum en þeim sem taldar eru upp í 1. mgr. 10. gr. laganna. Þetta ákvæði er mjög víðtækt. Hér er ekki um neinar leiðbeiningarreglur að ræða. Meina má útlendingi landgöngu ef ætla má að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings. Og hver ætlar að meta ósæmilegar athafnir? Þetta er mjög víðtæk brottvísunarheimild.

Aðeins á einum stað í lögunum er vísað til réttarstöðu flóttamanns en þar er aðeins fjallað um pólitískan flóttamann. Hér vaknar því óneitanlega spurning um hvort ákvæðið taki eingöngu til slíkra flóttamanna þannig að þeir flóttamenn

sem t.d. hafa þurft að flýtja land sitt vegna kynþáttar, trúar eða þjóðernis njóti ekki verndar þess.

Virðulegi forseti. Í fyrirspurn minni er komið inn á spurninguna um formlega endurskoðun á lögunum, hvort í þeirri endurskoðun sé tryggð réttarvernd þeirra sem leita hér hælis, hvort tryggt sé að þeir flóttamenn fái ráðgjöf, túlk og réttaraðstoð, hvort tryggt verði að bann við brottvísun og endursendingu verði í takt við það sem er í flóttamannasamningum. Og, virðulegi forseti, af því að mér gefst ekki ráðrúm til þess að lesa alla fyrirspurnina vil ég leggja áherslu á síðasta hluta hennar:

Hversu margir útlendingar komu að landamærum Íslands og báðu um hæli sem flóttamenn á árunum 1990–96? Hve mörgum var synjað um hæli og þeim vísað brott eða þeir sendir til þess lands sem þeir komu frá? Voru þær ákvarðanir teknar skriflega eða munnlega?

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Svarið við fyrstu spurningunni er já. Lagasviði dómsmrn. ásamt með útlendingaeftirlitinu hefur verið falið að endurskoða lögin um eftirlit með útlendingum.

Sem svar við annarri spurningunni er það að segja að við endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum er einkum tekið mið af nýlegum lögum um þetta efni á Norðurlöndum, lögum sem eru í flestu ítarlegri en þau lög sem gilda hér á landi í dag. Þar verður að sjálfsögðu tekið tillit til nýrra viðhorfa, svo sem nýrra ákvæða í stjórnarskránni um mannréttindi og réttarstöðu útlendinga, lögfestingar mannréttindasáttmála Evrópu, svo og annarra alþjóðlegra skuldbindinga eins og flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Þá verður þar tekið tillit til aðildar Íslands að Schengen-samstarfinu.

Við endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum verður tekið tillit til allra þeirra atriða sem varða meðferð mála vegna flóttamanna og spurt er um af hv. fyrirspyrjanda. En það er rétt að taka fram í þessu sambandi að málsmeðferðarreglur í Schengen-samningnum og samningi Evrópusambandsríkjanna um hæli, sem kenndur er við Dublin sem gert er ráð fyrir að Ísland tengist með sérstökum samningi, eru mun ítarlegri en um er að ræða í dag.

Varðandi þriðju fyrirspurnina er það að segja að markmiðið er að leggja endurskoðuð lög eða endurskoðað frv. til laga fyrir næsta þing og væntanlega þá í tengslum við þingmál og frumvörp sem flytja þarf vegna aðildar Íslands að Schengen-samningnum.

Varðandi fjórðu spurninguna er það að segja að flóttamannaráð hefur enn ekki komið að endurskoðuninni en ráð er fyrir því gert að samvinna og samráð verði höfð við flóttamannaráð þegar lengra líður á starf lagasviðs ráðuneytisins við þetta nýja frv.

Varðandi fimmtu spurninguna er það að segja að á þeim árum sem spurt er um, frá 1990–1996, komu 30 einstaklingar og báðu um hæli á landamærunum. Niðurstöður mála voru þær að í engu tilviki var fallist á hælisumsókn en í tíu tilvikum var fallist á dvalarleyfi af öðrum ástæðum. Í hinum málunum var viðkomandi ýmist snúið aftur til þess lands sem þeir komu frá eða veitt aðstoð til að komast þangað, í öllum tilvikum til einhvers Norðurlandanna.

Frá því að lögum um eftirlit með útlendingum var breytt árið 1993 hafa neikvæðar ákvarðanir sem teknar eru hjá útlendingaeftirlitinu verið skriflegar. En það er ekki hægt að fullyrða af þeim gögnum sem ráðuneytið er með undir höndum hvort svo hafi verið í öllum tilvikum fyrir þann tíma, en eins og kunnugt er þá úrskurðaði hlutaðeigandi lögreglustjóri í þeim málum fyrir gildistöku þeirra laga.

Þá er einnig rétt að benda á að með lagabreytingunni frá 1993 var lögfestur málskotsréttur þeirra sem leita hér hælis. Á þessum tíma hefur einungis þremur úrskurðum þar sem ekki var fallist á hælisumsókn verið skotið til ráðherra. Í tveimur tilvikum var úrskurður staðfestur en í einu tilviki var úrskurði breytt og viðkomandi veitt dvalarleyfi.

[15:39]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að vekja máls á þessu þarfa máli og enn fremur hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gef hér. Ég fagna því að það er vinna í gangi til þess að herða löggjöfina og gera hana skýrari og væntanlega skilvirkari í þessum atriðum. Það vekur svolitla furðu mína að á þessu tímabili hafa 30 manns sótt um hæli hér, komið að landamærunum og sótt um hæli og ekki einum einasta hefur verið veitt hæli. Hæstv. ráðherra segir að vísu að tíu manns hafi verið veitt dvalarleyfi. Hvað felst í því? Er þá verið að ræða um tímabundið leyfi þangað til viðkomandi er sendur aftur úr landi eða hvað felst í því? Skildi ég það rétt hjá hæstv. ráðherra að eftir að lögin um málskotið voru sett hafi einungis þrír ekki fallist á úrskurðinn og sent hann áfram?

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi svör og tek undir þær spurningar sem hv. 15. þm. Reykv., Össur Skarphéðinsson, bar fram. Þetta eru mjög merkilegar upplýsingar og það er líka merkilegt að málskot til ráðherra hafi verið slík undantekning miðað við að það er frekar nýlegt að krafa sé um skriflegar aðfinnslur á þessum málum.

Það er mjög mikilvægt að tekið verði upp í lögum að góður rökstuðningur sé varðandi afgreiðslu á þessum málum hvað varðar landgöngu, brottvísun eða endursendingu og það hlýtur að verða eitt af því sem brýnast er að festa í lög hér.

Ég fagna því að endurskoðun laganna standi yfir og vona að ráðherra geri gangskör að því að þessi mál komi inn í þingið í haust því að mér finnst að í svarinu felist að flóttamönnum sé alls ekki veitt sú réttarvernd sem þeim er ætluð samkvæmt flóttamannasamningum. Það er líka mikilvægt að tekið sé tillit til Dublin-ákvæðanna og Schengen sem ég hef ekki vísað til hér.

Ég vil að það komi fram til viðbótar þeim upplýsingum sem hér hafa verið veittar að í svari dómsmrh. við fyrirspurn í þinginu árið 1991 kom fram að frá 1987 til ársins 1991 hafi 150 aðilum verið vísað frá Íslandi á landamærunum. Ef við hugsum til Norðurlandasamstarfsins og hversu mjög við höfum reynt að vera eins og Norðurlöndin í mannréttindamálum og afgreiðslum okkar, þá nær það auðvitað engri átt að ekki skuli vera hægt að upplýsa á skýran hátt hvernig fór þegar 20 var vísað frá á landamærunum. Og hvernig er með þá tíu sem fengu afgreidda dvalarumsókn?

Hinn 19. mars sl. hrinti Amnesty Intnernational af stað alþjóðlegu átaki til varnar réttindum flóttafólks og ég hvet Alþingi Íslendinga til að leggja mikla áherslu á að það verði fundið fyrir því átaki hér, bæði í lagasetningu og með því að alþingismenn fylgist með hvernig þessu fólki reiðir af sem hingað kemur.

[15:43]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessum málum. Ég átti þess kost meðan ég sat í Evrópuráðinu að fylgjast þar með málefnum flóttamanna í gegnum eina af þeim nefndum sem ég sat í og það leiddi einmitt til þess að ég bar hér upp fyrirspurnir fyrir nokkrum árum, nokkuð svipaðs eðlis og þær sem hér eru ræddar, sem leiddu í ljós að á því tímabili höfðu mun fleiri beðið um hæli hér.

Ég á von á því að hluti skýringar þess hve mörgum er vísað frá sé sá að Ísland er í flestum tilvikum annað land sem flóttamenn koma til og samkvæmt öllum gildandi reglum er það fyrsta land sem ber ábyrgðina og því er svo auðvelt að vísa mönnum frá.

Erindi mitt hingað í ræðustólinn, hæstv. forseti, var að spyrja í ljósi þeirra talna sem fram komu hjá hæstv. ráðherra: Hvernig er staðið að því að kynna þeim sem hingað leita þann rétt sem þeir hafa? Er þeim kynnt það að þeir geti skotið málum sínum til æðra yfirvalds eða hvernig er staðið að því gagnvart þeim sem hingað koma?

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst vegna fyrirspurnar hv. 15. þm. Reykv. Það er rétt skilið hjá honum að það voru ekki fleiri en þrír sem kærðu úrskurð til ráðuneytisins og í einu tilviki breytti ráðuneytið úrskurði og veitti leyfi sem áður hafði verið synjað um.

Ég geri ráð fyrir því, án þess að ég hafi undir höndum upplýsingar um það, að ástæðan fyrir því að engum var veitt hér pólitíst hæli hafi verið sú að skilyrði hafi ekki þótt vera til þess, en af mannúðarástæðum hins vegar hafi verið talið rétt að veita hér dvalarleyfi. Í sjálfu sér er mjög óglöggur munur á þessu að því er réttarstöðu varðar. Ég hygg að þar sé í raun ekki mikill munur á.

Það er ugglaust svo, eins og hér hefur komið fram hjá hv. 14. þm. Reykv., án þess að ég sé með þær upplýsingar við höndina þá geri ég ráð fyrir því, að ein aðalástæðan fyrir því að fólki hafi verið vísað til baka sé sú að Ísland hafi verið annað land sem fólkið hefur komið til og samkvæmt þeim alþjóðasamningum sem við erum aðilar að á fyrsta land að bera ábyrgð á viðkomandi aðilum.

Með lagabreytingunni frá 1993 var gerð veruleg bragarbót í því að upplýsa þá sem hingað koma um rétt þeirra og mér er ekki kunnugt um annað en að það sé gert á fullnægjandi hátt. Lögin frá 1993 bættu nokkuð úr, en það er alveg augljóst eigi að síður að mikil þörf er á að ljúka endurskoðuninni og samræma hana eins og hér hefur komið fram, bæði alþjóðlegum samningum sem við höfum þegar gert og eins væntanlegum samningum eins og málsmeðferðarreglum sem tengjast Schengen og Dublin-samþykktinni.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 15:47.

111. FUNDUR

miðvikudaginn 23. apríl,
að loknum 110. fundi.

Dagskrá:

1. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 585. mál, þskj. 998. — 3. umr.
3. Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, stjfrv., 344. mál, þskj. 616. — 3. umr.
4. Hlutafélög, stjfrv., 404. mál, þskj. 701. — 3. umr.
5. Einkahlutafélög, stjfrv., 405. mál, þskj. 702. — 3. umr.
6. Bókhald, stjfrv., 446. mál, þskj. 758. — 3. umr.
7. Uppgjör á vangoldnum söluskatti, stjfrv., 438. mál, þskj. 747. — 3. umr.
8. Sjóvarnir, frv., 115. mál, þskj. 1011, brtt. 1015. — 3. umr.
9. Siglingastofnun Íslands, frv., 580. mál, þskj. 972. — 2. umr.
10. Skráning skipa, stjfrv., 217. mál, þskj. 1012. — 3. umr.
11. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, stjfrv., 362. mál, þskj. 1013. — 3. umr.
12. Iðnaðarlög, stjfrv., 76. mál, þskj. 1014. — 3. umr.
13. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 829, brtt. 853. — 3. umr.
14. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487, nál. 975, brtt. 976. — Frh. 2. umr.
15. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 494. mál, þskj. 831. — 1. umr.
16. Skjaldarmerki Íslands, stjfrv., 495. mál, þskj. 832. — 1. umr.
17. Þjóðlendur, stjfrv., 557. mál, þskj. 915. — 1. umr.
18. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987. — 2. umr.
19. Sveitarstjórnarlög, stjfrv., 538. mál, þskj. 892. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Friðrik Sophusson fjmrh.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn.,
Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 2. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breytingartillaga við 407. mál.

[15:48]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs um störf þingsins vegna 18. dagskrármálsins á þessum fundi, frv. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem er til 2. umr. Í greinargerð meiri hluta efh.- og viðskn. segir m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að stofnfé sjóðsins verði hækkað um 1 milljarð kr. og því fé verði haldið aðgreindu frá öðru fé sjóðsins og það nýtt til að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni."

Frv. er því verulega breytt frá því sem það var þegar það var kynnt okkur hér. Þá var rætt almennt um stuðning við nýsköpun. Nú er rætt um sértækar aðgerðir á afmörkuðu sviði undir hatti byggðastefnu.

Það vill svo til að ég fékk nýlega í hendurnar skýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir árið 1996. Þar er sérstök umfjöllun um svæðiskort af Íslandi vegna sérstakrar byggðaaðstoðar. Þar er því lýst yfir að Eftirlitsstofnunin hafi ákveðið að viðurkenna kort yfir svæði sem séu til þess bær að þiggja sérstaka byggðaaðstoð á Íslandi. Þar er einnig skýrt frá upphafi málsins, sem sé að ríkisstjórnin hafi gert Eftirlitsstofnun grein fyrir áformum sínum um ný stuðningssvæði til grundvallar samræmdri byggðastefnu þar sem gert sé ráð fyrir því að stuðningur geti numið allt að 17% af fjárfestingarkostnaði eftir skatta og 27% af fjárfestingarkostnaði ef um er að ræða minni eða meðalstór fyrirtæki.

Þessar upplýsingar hafa aldrei komið fram á Alþingi Íslendinga, þ.e. að ríkisstjórn Íslands hafi markað slíka nýja stefnu og því spyr ég, virðulegi forseti: Hefur efh.- og viðskn. fjallað um þetta mál í tengslum við það frv. sem hér á að ræða síðar á fundinum? Er þetta hluti af þeirri nýju stefnumörkun sem hæstv. ríkisstjórn hefur fengið samþykkt frá Eftirlitsstofnun EFTA eða hefur hv. efh.- og viðskn. ekkert um mál þetta fengið að vita?

[15:51]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs sem varaformaður efh.- og viðskn., þ.e. starfandi formaður nefndarinnar, af því að hv. þm. varpaði hér fram spurningum og vakti máls á málefni sem tengist nefndarstörfum. Ég vil upplýsa að nefndin hefur afgreitt þetta mál til 2. umr. og sú umræða fer fram hér á eftir. Það er rétt sem hv. þm. sagði að meiri hluti nefndarinnar leggur til að einn milljarður verði tekinn út úr Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og það var vegna þess að menn töldu eiginfjárstöðu hans vera það rúma að vel væri hægt að gera það. Meiri hlutinn leggur til þessi milljarður verður varinn til sérstakra verkefna sem tengjast landsbyggðinni. Sú brtt. liggur hér fyrir af hálfu meiri hlutans. Í nefndarstarfinu var vitaskuld farið yfir allar hliðar þessa máls og reyndar eru fjögur álit úr nefndinni varðandi þetta mál. Hins vegar minnist ég þess ekki að fram hafi komið í umræðunni tilteknir nýir þættir í byggðastefnu eða þau mál sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Það var ekki upplýst í nefndinni að fyrir lægju einhverjar nýjar hugmyndir eða þess háttar eins og hv. þm. vitnaði í skjöl um. Þessi ákvörðun og nefndarstarfið fór því fram á grundvelli frumvarpanna og var ekki rætt á venjulegum nefndarfundum í ljósi þess sem hv. þm. sagði. En nú verða menn að taka viljann fyrir verkið að hugsanlegt er að stjórnarmeirihlutinn hafi haft vitneskju um málið og rætt það út frá því sjónarmiði. Það þekki ég ekki. Það kom a.m.k. ekki fram á almennum nefndarfundum. Ég hef enga ástæðu til að halda annað en að málið hafi eingöngu verið rætt út frá frumvörpunum eins og þau lágu fyrir og nefndarálitin bera alveg skýr merki um.

[15:53]

Sighvatur Björgvinsson:

Virðulegi forseti. Þegar það er ekki aðeins búið að tilkynna til fjölþjóðastofnunar sem við erum aðilar að að ríkisstjórn Íslands hafi markað nýja samræmda byggðastefnu til fimm ára þar sem gert er ráð fyrir tilteknum fjárstuðningi til tiltekinna verkefna í tilteknum landshlutum, heldur einnig búið að fá þau tilmæli samþykkt og viðurkennd af Eftirlitsstofnun EFTA, þá er full ástæða til þess, þegar gripið er til svona sérstakra og takmarkaðra ráðstafana eins og gert er í þessu frv., að spyrjast fyrir um það hvernig þær ráðstafanir falla að þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur þegar tilkynnt Eftirlitsstofnun að hún muni grípa til. Hvernig fellur þetta t.d. að þeim ráðagerðum sem hæstv. ríkisstjórn er þá væntanlega með varðandi eflingu og uppbyggingu Byggðasjóðs? Þarna er um að ræða einn milljarð króna til mjög takmarkaðra verkefna sem getur ekki verið annað en lítill hluti af því sem hæstv. ríkisstjórn ráðgerir og tilkynnir að hún hafi í hyggju og fær samþykkt frá Eftirlitsstofnun EFTA. Ég óska eindregið eftir því að þeir efh.- og viðskiptanefndarmenn geti svarað slíkum spurningum, þ.e. hvernig og að hve miklu leyti þetta er hluti þeirrar stefnu sem ríkisstjórnin hefur tilkynnt til Eftirlitsstofnunar að hún sé búin að marka til fimm ára og hvers sé að vænta að verði þá gert varðandi aðra þætti í uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni, en aðeins þá takmörkuðu þætti sem þarna er um að ræða.

Það er mjög eðlilegt að hv. efh.- og viðskn. sé spurð slíkra spurninga og ég fer þess á leit við nefndina að hún láti ekki taka frv. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til 2. umr. fyrr en hún er búin að fá þessar upplýsingar, fjalla um þær og getur svarað spurningum þingmanna þar um.

Ég óska eftir því, virðulegi forseti, að varaformaður nefndarinnar beiti sér fyrir því að þannig verði á málinu haldið.

[15:56]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og allir vita er þetta mál á dagskrá. Hér fer fram efnisleg umræða og það þyrfti ekki að vefjast fyrir mönnum hvaða tillaga er hér á ferðinni. Hún var reyndar rædd hér lítillega bæði í gær og í fyrradag þannig að ég fæ ekki séð hvað umræða um störf þingsins skiptir hér máli. Ég hef þá ekki skilið þessi fundarsköp rétt. Ég hélt að ef við ætluðum að ræða þetta hér og nú, þá væri það efnisleg umræða um byggðamál þannig að ég misskil þetta þá allt saman.

Við höfum lagt fram mjög skýra tillögu og ástæðurnar fyrir því hvers vegna eru alveg ljósar og komu fram í þingskjalinu. Það er ekkert viðkomandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar á öðrum sviðum. Það kemur alveg greinilega fram hverjir flytja þetta mál. Brtt. kemur frá meiri hluta efh.- og viðskn. Það fer ekkert á milli mála og ástæðurnar fyrir því að þetta er flutt eru raktar líka þannig að hér er verið að tala um stuðning við landsbyggðina, stuðning í þá veru að ef, og menn trúa því að svo sé, að um raunhæft nýsköpunarverkefni sé að ræða þá eigi að leita allra þeirra leiða til þess að treysta búsetu manna á landinu vegna þess að búsetumunstrið er hlutur sem allar ríkisstjórnir í Evrópu, allir stjórnmálaflokkar í Evrópu, reyna af fremsta megni að

viðhalda vegna þess að menn vita að það hefur mjög mikið að segja fyrir framtíð efnahags hverrar þjóðar að svo sé.

[15:58]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Frv. um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er til umræðu síðar í dag og þá gefst betra tækifæri til að ræða þennan þátt málsins. En af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson beindi aðallega orðum sínum til efh.- og viðskn. þar sem þessi brtt. er gerð, þá vil ég upplýsa að þegar þetta mál var í undirbúningi á vegum iðn.- og viðskrn., var sérstaklega kannað, ekki þó formlega hjá Eftirlitsstofnun EFTA, heldur var kannað hvort sú leið sem þarna var verið að fara, þ.e. að útbúa nýsköpunarsjóð sem hefði það verkefni og hlutverk sem lýst er í lögunum, samrýmdist ekki þeim reglum. Og það var mat þeirra manna sem undirbjuggu málið og áður en það var lagt hér fyrir þing að svo væri.

Breytingin er í raun og veru engin önnur en sú að bætt er við einum milljarði króna inn í Nýsköpunarsjóðinn og þannig eru ákveðin verkefni valin sem skuli lögð sérstök áhersla á á sviði upplýsinga- og hátækni og er það nú býsna víðtækt svið sem menn eru þá með undir í þeim efnum. En það er reyndar alveg hárrétt að þar er verið að velja út tiltekið landsvæði sem sérstaklega á að leggja áherslu á. Mitt mat er að þarna sé ekki um neina efnisbreytingu að ræða frá því að frv. var hér lagt fyrir og úr skugga var gengið um að það samrýmdist þeim reglum sem þarna gilda því hér er ekki um styrki að ræða, hér er fyrst og fremst um áherslur í lánveitingum að ræða.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., frh. 2. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 705, nál. 940, 957 og 984, brtt. 941.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:03]

Till. í nál. 957 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að fá tækifæri til þess að styðja tillögu frá hv. þm. Pétri H. Blöndal og hv. þm. Gunnlaugi Sigmundssyni vegna þess að ég tel að þetta sé skynsamleg tillaga frá þeim, tillaga um að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar þannig að reynt verði að stuðla að betra samkomulagi um þetta mál heldur en bersýnilega er um að ræða.

Leitað var umsagna frá um það bil 20 aðilum og verulegur hluti þeirra er á móti málinu, m.a. allir þeir svo að segja sem hafa vit á málinu þannig að ég teldi að það væri skynsamlegra að öllu leyti að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Rökin eru þau að ósamkomulag er um málið, verulegt ósamkomulag. Stjórnkerfi þessa nýja banka er gallað. Rökin eru þau að þetta er dýrt kerfi og það kallar á mikinn vaxtamun upp á fleiri hundruð millj. kr. Rökin eru þau að þetta yrði nýr banki í samkeppni við viðskiptabankana og þannig mætti lengi telja þannig að ég tel fulla ástæðu til þess að vísa málinu til ríkisstjórnainnar. Þess vegna styðjum við þessa tillögu og mundum jafnvel styðja næstu tillögu líka ef hún kæmi til atkvæða þannig að við mættum tvisvar sinnum lýsa því yfir að að við styddum að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Till. í nál. 984 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kom ekki til atkv.

1. gr. samþ. með 27:17 atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:03]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan studdi þá tillögu sem var felld hér áðan um að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Nú er að koma til atkvæða 1. gr. þessa frv. Við erum þeirrar skoðunar að það sé mjög misráðið að sameina fjárfestingarlánasjóðina eins og gert er ráð fyrir í frv. Breytingartillögur frá 1. minni hluta breyta engu um eðli málsins.

Stjórnarandstaðan hefur talið rétt að stokka upp fjárfestingarlánasjóðina en lagt til að það gerist þannig að þeir renni inn í viðskiptabankana sem styrki þá og bankarnir verði endurskipulagðir til framtíðar. Við munum greiða atkvæði gegn þessari 1. gr. frv. en að öðru leyti sitja hjá við einstakar greinar, en styðja þó þær sem horfa til bóta. Þetta frv. er knúið fram af meiri hluta þingheims og er fyrst og fremst á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og þá er það hennar að fylgja málinu eftir.

[16:04]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þingflokkur Alþb. og óháðra greiðir atkvæði gegn þessari grein til að undirstrika gagnrýni sína á málið, málsmeðferð og aðdraganda málsins sem ég gerði reyndar grein fyrir í atkvæðaskýringu áðan. Við teljum að þetta mál verði að fara í gegn eingöngu á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hennar einnar. Við teljum hins vegar óhjákvæmilegt að undirstrika núna að málið verður að ræða mikið nánar, m.a. í efh.- og viðskn. og þar mun hafa verið samþykkt að málið komi til frekari meðferðar milli 2. og 3. umr. nú þegar. Það bendir til þess að víðtæk samstaða sé um að málið þurfi alveg sérstaka skoðun. Auk þess er óhjákvæmilegt, herra forseti, við 3. umr. málsins að ræða málið alveg sérstaklega við hæstv. forsrh. því að það er ótrúlegt að skoða umsagnalistann og sjá að verulegur hluti þess hóps manna sem hann hefur helst stuðst sig við að því er varðar efnahagsráðgjöf er á móti þessu máli af því að það er svo vitlaust.

[16:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þingflokkur Kvennalistans greiðir atkvæði gegn þessari 1. gr. frv. en mun sitja hjá við aðrar greinar nema þær sem lúta að því að tryggja réttindi starfsfólks. Ástæðurnar eru þær að við teljum að hér sé verið að fara ranga leið. Það hefði verið miklu nær að stíga skrefið til fulls og stokka þetta sjóðakerfi rækilega upp og koma því með eðlilegum hætti inn í viðskiptabankana í stað þess að stofna nýjan ríkisbanka hvað sem þar liggur að baki, en ekki hafa komið fram viðhlítandi skýringar á því hvers vegna ríkisstjórnin fer þessa leið.

[16:06]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég er á móti stofnun nýs ríkisbanka og ég er á móti auknum umsvifum ríkisins á fjármálamarkaðnum. Með þessu frv. er verr af stað farið heldur en heima setið og lokað á margar leiðir sem annars væru opnar. Því greiði ég atkvæði gegn 1. gr. en mun sitja hjá við aðrar greinar.

2.–3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖS*.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 941,1 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

6.–9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

4 þm. (BH, JóhS, LB, PHB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

12.–13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 941,2 samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

15.–21. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GBeck, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr.

12 þm. (ÁRJ, BH, GBeck, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 585. mál (staðgreiðsla opinberra gjalda). — Þskj. 998.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SighB, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1018).

Hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis, 3. umr.

Stjfrv., 344. mál (EES-reglur). — Þskj. 616.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1019).

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 404. mál (EES-reglur). — Þskj. 701.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:14]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1020).

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 405. mál (EES-reglur). — Þskj. 702.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1021).

Bókhald, 3. umr.

Stjfrv., 446. mál (viðurkenndir bókarar). — Þskj. 758.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1022).

Uppgjör á vangoldnum söluskatti, 3. umr.

Stjfrv., 438. mál. — Þskj. 747.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1023).

Sjóvarnir, 3. umr.

Frv. StB o.fl., 115. mál. — Þskj. 1011, brtt. 1015.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:17]
Brtt. 1015, samþ. með 44 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, GGuðbj, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1024).

Siglingastofnun Íslands, 2. umr.

Frv. samgn., 580. mál. — Þskj. 972.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Skráning skipa, 3. umr.

Stjfrv., 217. mál (eignarhlutur útlendinga). — Þskj. 1012.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1025).

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, 3. umr.

Stjfrv., 362. mál (nám skv. eldri lögum). — Þskj. 1013.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1026).

Iðnaðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (EES-reglur). — Þskj. 1014.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GE, GBeck, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjálmJ, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvG, VS, ÞorstP, ÞJ, ÞSverr, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, FrS, GuðjG, HBl, HjÁ, ÍGP, JBH, KHG, MF, ÓÖH, RA, SJS, StB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1027).

Helgidagafriður, 3. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 829, brtt. 853.

[16:22]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við atkvæðagreiðslu við 2. umr. þessa máls boðaði ég að ég mundi beita mér fyrir því að reynt yrði að knýja fram breytingar á frv. eins og það lá þá fyrir og því er ég hingað kominn til þess að mæla fyrir brtt. á þskj. 853 við frv. til laga um helgidagafrið þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Orðin „til kl. 6.00 að morgni næsta dags" í 2. tölul. 2. gr. falli brott."

Þessi brtt. felur einfaldlega í sér að helgi föstudagsins langa nái fram til miðnættis í stað til kl. 6 að morgni næsta dags eins og frv. gerir núna ráð fyrir og helgi föstudagsins langa, páskadags og hvítasunnudags verði þannig jafngild. Það er að mínu mati hægt að færa fyrir því nokkur rök að hafa þennan háttinn á sem hér er verið að leggja til og ég skal nefna þrjú atriði í því sambandi. Í fyrsta lagi er það að öllu leyti eðlilegt að samræmi sé í helgidagafriði föstudagsins langa og helgidagafriði páskadags og hvítasunnudags. Frv. gerir ráð fyrir því, og það hefur farið þannig í gegnum 2. umr., að helgidagar þjóðkirkjunnar á páskadag og hvítasunnudag séu frá kl. 12 á miðnætti til 12 á miðnætti, þ.e. í 24 tíma, en frv. virðist gera ráð fyrir því að öðru máli skuli gegna um föstudaginn langa án þess að fyrir því séu flutt nein sérstök rök og gert er ráð fyrir því helgidagafriður á föstudaginn langa standi til kl. 6 að morgni næsta dags. Fyrir því eru engin sérstök rök eins og ég hef nefnt.

Í öðru lagi er hitt sem auðvitað er mjög athyglisvert og nauðsynlegt að benda hér á og það er að í nefndaráliti hv. allshn. er fjallað almennt um þá röksemdafærslu sem býr að baki frv. og þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Frumvarpið felur í sér allnokkra rýmkun á heimildum til ýmiss konar starfsemi á helgidögum og hefur verið rætt ítarlega um það í nefndinni hversu rúmar slíkar heimildir eigi að vera og á hvaða dögum þær eigi að gilda." — Síðan er rétt að undirstrika það sem í framhaldinu kemur, en þar segir svo, með leyfi forseta: „Komu þar helst fram þau sjónarmið að leitast við að tryggja friðhelgi heimila og helgihald jólanna eins og frekast væri unnt, en hafa víðtækari heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska, en það er sá tími sem algengt er að fjölskyldur nýti til ferðalaga og afþreyingar."

Ég tek heils hugar undir þessa röksemdafærslu og þennan málflutning sem kemur fram þarna í nefndaráliti allshn. Þess vegna undraðist ég nokkuð þegar ég leit brtt. frá nefndinni að þar gat ekki að líta rýmkun í þá átt sem nefndin þó var að boða með þessum orðum í nefndarálitinu. Þetta finnst mér vera rök nr. tvö, að ég tek með öðrum orðum undir skoðun og álit allshn. sjálfrar sem hefur farið ofan í þetta mál eins og hér segir og er í raun og veru að fylgja eftir þeirri hugsun sem mótuð er í nefndarálitinu um frv. til laga um helgidagafrið.

Síðast en ekki síst ber að nefna það að um páska á undanförnum árum og áratugum hafa orðið til venjur, til að mynda í tengslum við þá miklu og öflugu skíðastarfsemi sem er úti um landið, á Ísafirði, Akureyri og víðar, sem gerir það að verkum að haldnar eru samkomur og mannamót eftir miðnætti á föstudaginn langa. Og ég sé ekki betur en ef þetta frv. yrði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir frá allshn. að þá væri búið að leggja það af að menn gætu safnast saman til samkomuhalds og mannamóta eftir miðnætti á föstudaginn langa því það er mjög fortakslaust í þessu frv. hvenær hægt sé að gefa undanþágur og ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt þessu frv. að að hægt sé að veita undanþágu fyrir þessum tíma.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að vekja athygli á því að þetta er auðvitað allveigamikil atvinnustarfsemi og afþreying fyrir fólk. Engin efnisleg rök mæla með því að banna samkomuhald á þessum tíma, ekki síst þegar við höfum í huga að hér er um að ræða ansi veigamikinn þátt í því menningarstarfi og þeirri samfélagsmynd sem víða er úti um landið þar sem svona háttar til. Og þegar rökin eru svona augljós og þegar hv. allshn. sjálf bendir á að miklu eðlilegra sé að hafa víðtækari almennar heimildir fyrir ýmiss konar starfsemi um páska en verið hafa, þá gefur auga leið að við hljótum að tryggja með löggjöfinni að við séum a.m.k. ekki að þrengja þann praxís sem hefur verið í gangi undanfarin ár og áratugi og alls staðar gefist vel og ágætlega og prýðilega og enginn kvartar undan. Þetta er ekki vandamál þar sem þessi háttur hefur verið hafður á, til að mynda á Ísafirði svo að ég taki sem dæmi, nema síður sé. Það hefur verið til bóta að mati allra að hafa þennan háttinn á og auðvitað mæla engin sérstök rök með því að gera lífið minna bærilegt en það er. Ég a.m.k. skil ekki, virðulegi forseti, úr því að þessi hugsun læðist upp í kollinn á mér núna, að það geti verið markmið löggjafans að gera lífið minna bærilegt fyrir fólk vítt og breitt um landið. (Gripið fram í.) Ég veit að hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, tekur mjög rösklega undir það með mér. Þess vegna, virðulegi forseti, hef ég leyft mér að flytja þessa tillögu.

Ég rakti það við atkvæðagreiðsluna við 2. umr. að ég átti þess ekki kost — ég var með fjarvistir þann dag sem þetta mál var rætt — við 2. umr. að leggja fram brtt. sem vissulega hefði verið æskilegra. Þess vegna gríp ég til þess úrræðis að leggja fram þessa brtt. við 3. umr. málsins.

[16:29]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hefur kynnt brtt. við það frv. sem hér er til umræðu um helgidagafrið. Hv. allshn. hefur unnið gífurlega mikið starf við að leggja fram brtt. og vinna þetta mál í nefndinni og hefur komist að niðurstöðu þar sem hún er einhuga í afstöðu sinni. Það sem hv. þm. tekur ekki með í reikninginn í öllum sínum málflutningi er að samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. er heimilt að halda dansleiki, sem mér heyrist að sé það sem málið snýst um, laugardagskvöldið fyrir páska þannig að dansleikurinn fái að ná fram á nóttina alveg til kl. 3. Þetta gildir einnig um laugardaginn fyrir hvítasunnu. Það má því segja sem svo að verið sé að breyta til þannig að ekki sé heimilt að halda dansleiki kl. 12 á miðnætti á föstudaginn

langa en hins vegar heimilt að halda dansleiki á laugardag fyrir páska og þeir dansleikir geti hafist þess vegna kl. 10 að kvöldi.

Ástæða þess að ég styð ekki brtt. hv. þm. er sú að ég vil ekki að föstudagurinn langi verði venjulegur balldagur. Því er ég andvíg. Ég er hins vegar mjög ánægð með það sem frv. kveður á um að heimila dansleiki á laugardag fyrir páska.

Hins vegar get ég sagt það að lokum að ég ber virðingu fyrir hefðum á Vestfjörðum.

[16:31]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta voðalega einkennileg skilaboð. Þau eru bara þessi: Þið getið bara dansað á laugardagskvöldum. Þetta eru ekki nokkur rök í þessu máli. Rökin eru þau að þeir sem hafa haft af því ánægju að koma saman til mannamóta og skemmtanahalds eftir miðnætti á föstudaginn langa um áratugi eigi vegna tilskipunar frá Alþingi að láta af þeim leiða sið og skemmta sér í staðinn af því að það er talið hentugra og skynsamlegra, betra og þénugra, á laugardagskvöldum. Þetta eru náttúrlega uppeldisaðferðir, virðulegi forseti, sem ganga ekki þegar við erum að hefja nýja öld.

Í öðru lagi. Hv. þm. talar um að með þessu sé verið að gera föstudaginn langa að venjulegum balldegi eins og hv. þm. orðaði það. Hvað er hv. þm. að segja? Er hv. þm. að segja að páskadagur og hvítasunnudagur, en þá stendur helgidagafriðurinn bara til miðnættis, verði með þessari ákvörðun venjulegir balldagar? Tölum við þá hér eftir um páskadag og hvítasunnudag sem balldaga? Ekki í mínum huga. Þetta eru bara páskadagur og hvítasunnudagur, helgir dagar og ekki neinir balldagar.

Hv. þm. lauk síðan máli sínu með því að segja að hún bæri virðingu fyrir hefðum Vestfirðinga. Ekki þó nægilega mikla virðingu til þess að leyfa Vestfirðingum að stunda þær hefðir sem þar hafa gefist vel og verið vinsælar.

[16:33]

Frsm. allshn. (Valgerður Sverrisdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir það að ég beri virðingu fyrir hefðum Vestfirðinga, þá ber ég enn þá meiri virðingu fyrir þeim hefðum okkar Íslendinga og annarra þjóða sem eru kristinnar trúar að halda dálítið utan um föstudaginn langa vegna þess að hann er mesti sorgardagur í kristinni sögu. Páskadagur er hins vegar gleðidagur og þess vegna gildir öðru máli með þann dag. Mér finnst ekki ástæða til að hafa neitt í flimtingum varðandi þetta mál. Mér finnst þetta vera þó nokkuð stórt mál. Af því að hv. þm. talaði um uppeldisaðferðir þá má alveg tala um uppeldisaðferðir í þessu sambandi. Mér finnst, og er alin upp við það, að föstudagurinn langi sé enginn gleðidagur og ball sem hefst kl. 12 á miðnætti þann dag þýðir gleðskap að kvöldi þess dags. Þess vegna styð ég ekki brtt. hv. þm. eins og ég lét koma fram í fyrri ræðu minni.

[16:34]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að vísa á bug þessari röksemdafærslu því að hún felur það í sér að hv. þm. er að segja að það fólk sem hefur búið á þeim svæðum þar sem þessar hefðir hafa ríkt hafi ekki borið nægilega virðingu fyrir föstudeginum langa. Ég mótmæli þessu algerlega og held einmitt að fólk þar ekkert síður en annars staðar í landinu beri fulla virðingu fyrir og vilji sýna föstudeginum langa fullan sóma þó að hér sé verið að leggja til að helgidagafriðurinn standi þá 24 tíma í þessum sólarhring sem við köllum föstudaginn langa. Það er enginn að hrófla við því. Það er enginn að leggja það til að helgidagafriður verði rofinn á föstudaginn langa heldur einungis að hann standi þessa 24 tíma. Út á það gengur þessi tillaga og ekkert annað. Með sömu röksemdafærslu væri vitaskuld hægt að halda því fram, ef hv. þm. vildi fylgja því eftir, að jóladegi og hvítasunnudegi væri ekki sýnd nægjanleg virðing vegna þess að helgidagafriðurinn stæði ekki fram yfir miðnættið.

Umræðu frestað.

Þjóðfáni Íslendinga, 1. umr.

Stjfrv., 494. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 831.

[16:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var í samræmi við ályktun Alþingis frá 6. maí 1994 og í áttu sæti Þorvaldur Garðar Kristjánsson, fyrrv. forseti sameinaðs Alþingis, sem jafnframt var skipaður formaður, Andrés Pétursson, upplýsingafulltrúi hjá Útflutningsráði Íslands og tilnefndur af því, Haraldur Blöndal hæstaréttarlögmaður, Magnús Oddsson ferðamálastjóri, tilnefndur af Ferðamálaráði, og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson sem einmitt átti frumkvæðið að flutningi áðurnefndrar þáltill. og mælti fyrir henni hér með eftirminnilegum hætti.

Ég hygg að aflvaki tillögu hans hafi verið sá að hin tiltölulega ströngu verndarákvæði fánalaganna hafi komið í veg fyrir að þjóðfáninn væri með löglegum hætti nýttur til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu, en einkum hefur útflytjendum þótt eftirsóknarvert að geta auðkennt vöru sína með upprunatákni af þessu tagi eins og tíðkast víða erlendis. Slíka notkun hafa lögin um þetta þjóðartákn okkar ekki leyft, en það er reyndar allrar athygli vert að þau geyma eftir því sem næst verður komist sýnu strangari verndarákvæði en annars staðar þekkist. Ástæður þess að verndarákvæðin urðu svo vandlega útfærð í fánalögunum hafa ekki fundist í lögskýringargögnum en þeirri alþýðuskýringu hefur verið haldið á lofti að það stafi öðru fremur af því hversu samofið fánamálið varð sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og sókn hennar til frelsis og fullveldis framan af öldinni. Hvað sem því líður er ljóst að réttarreglur sem skírskota til almennra velsæmisviðhorfa með svo nákvæmlega útfærðum hætti sem verndarákvæði fánalaganna eru dæmi um, hljóta að koma til endurskoðunar að ákveðnum tíma liðnum og eftir atvikum taka breytingum í samræmi við ríkjandi réttarvitund á hverjum tíma. Sú endurskoðun tel ég að hafi um margt verið orðin tímabær og nefni því til vitnis ekki aðeins þá umræðu sem skapaðist um áðurnefnda þáltill. og samþykkt hennar hér á hinu háa Alþingi, heldur einnig þá ásókn sem orðið hefur í að nota fánann í ýmsum tilgangi og ýmis dæmi um meðferð hans, og jafnvel vafasama meðferð, á undanförnum árum.

Þess vegna var það að nefnd þeirri sem skipuð var í þessu skyni var ekki einasta falið að endurskoða verndarákvæði fánalaganna, heldur taldi ég og nauðsynlegt að allt regluverkið um meðferð hans og notkun yrði yfirfarið í heild sinni. Niðurstöður nefndarinnar og tillögur hef ég lagt óbreyttar og

í heild sinni fyrir Alþingi þótt ekki teljist þær að öllu leyti löggjafarmálefni. Engu að síður hef ég talið málið vera þess eðlis að rétt væri að hv. alþm. hefðu það allt til glöggvunar og gætu látið í ljósi skoðun sína á því eftir atvikum.

Veigamesta atriðið í frv. þessu er eins og nærri má geta sú breyting sem lögð er til að gerð verði á verndarákvæðum í 12. gr. laganna. Þess er þó fyrst að geta að 12. gr. samanstendur af sex málsgreinum. Lagt er til að fyrstu þrjár þeirra standi óbreyttar. Þar er fyrst um að ræða almennt verndarákvæði í 1. mgr. sem mælir fyrir um að enginn megi óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki sem síðan er nánar útfært í næstu þremur málsgreinum. Tvær hinar fyrstu þeirra eru einnig óhreyfðar þannig að óheimilt verði eftir sem áður að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða sem auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar. Jafnframt skal stjórnmálaflokkum áfram vera óheimilt að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

Að gildandi lögum er alls óheimilt að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum. Þar er komið að því bannákvæði sem í 8. gr. frv. er lagt til að aflétt verði um annað en firmamerki á þann hátt að slík notkun verði heimil að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ákveðin verða með reglugerð. Þessi skilyrði eru kynnt í 19. gr. reglugerðardraga sem birt eru sem fskj. II með frv. og gera ráð fyrir tilteknum gæðakröfum til þeirrar starfsemi er í hlut á. Með þessu móti er leitast við að samræma og tryggja eins og kostur er að notkun fánans til markaðssetningar vöru og þjónustu skerði í engu þá helgi og virðingu sem fánanum ber.

Skilyrði þessi gera ráð fyrir að umsækjandi, sem leitar eftir að öðlast leyfi til að nota fánann í umræddu skyni, hagi rekstri sínum, framleiðslu eða þjónustu samkvæmt tilteknum íslenskum stöðlum um gæðastjórnun eða stjórnun umhverfisáhrifa. Hér er ekki átt við gæðastaðla eða staðla tiltekinnar vöru eða þjónustu heldur gæðastjórnunarstaðla, gæðakerfi eða umhverfisstjórn.

Gæðastjórnun felur í sér að stjórnendur fyrirtækja hafi vinnubrögð, starfsvenjur og stjórnunaraðferðir sem marka og framfylgja þeirri stefnu að tryggja gæði vöru og þjónustu.

Stjórnun umhverfisáhrifa felur í sér að gætt sé umhverfisverndar og reksturinn sé svo vistvænn sem verða má. Með þessu móti stuðlar heimildin til notkunar fánans að bættri gæða- og umhverfisstjórnun. Þegar á allt er litið hljóta þó gæði vöru og þjónustu jafnan að vera traustasta markaðssetningin. Með þetta að markmiði hlýtur það að vera af hinu góða að fáninn sé notaður í þessu skyni þegar þess er jafnframt gætt að honum sé engin óvirðing gerð þar sem hann er ekki tengdur því sem enginn sómi er að.

Í lok umfjöllunar um þetta nýmæli vil ég aðeins geta þess að ekki þótti fært að heimila notkun fánans í firmamerkjum í ljósi þess hve rekstur fyrirtækja getur verið margbreytilegur og breyst frá einum tíma til annars. Sum rekstrarsvið fyrirtækja kunna þannig að uppfylla þau skilyrði sem áður eru rakin meðan önnur gera það ekki og á sama hátt getur átt við um stjórnun þeirra til lengri tíma.

Aðrar breytingar á 5. og 6. mgr. 12. gr. laganna leiða af þessari breytingu og hafa engar efnisbreytingar í för með sér. Við 12. gr. er loks skeytt nýrri málsgrein sem tekin er úr samkeppnislögum um bann við notkun þjóðfánans á vörur af erlendum uppruna af augljósum ástæðum. Þetta ákvæði var óbreytt tekið í samkeppnislög úr eldri lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti en rétt þykir að flytja það í fánalögin til að safna þar á einn stað öllum réttarreglum um þjóðfánann.

Að öðru leyti eru aðeins lagðar til óverulegar breytingar á lögunum sjálfum. Mál er varða þjóðfánann voru, eins og önnur þjóðleg málefni, flutt til forsrn. með gildistöku laga um stjórnarráð Íslands og reglugerð um sama hinn 1. janúar 1970 og leiða nokkrar breytingar lagatextans af því.

Þá er lagt til að úrelt grein um fána hafnsögumanns falli brott sökun notkunarleysis en óbreytt ákvæði um póst- og símafána og tollfána flutt í þá grein til að greinatalan haldi sér.

Vegna póst- og símafánans vil ég þó beina því til nefndarinnar sem frv. þetta fær til meðferðar að það ákvæði þarfnast frekari breytinga við í ljósi þeirrar breytingar sem varð á rekstrarformi Póst- og símamálastofnunar um sl. áramót. Skv. 1. mgr. 2. gr. fánalaganna er notkun tjúgufánans einskorðuð við opinberar stofnanir og öðru nafni nefndur ríkisfáninn.

Eftir að Póst- og símamálastofnun var færð úr opinberu í einkaréttarlegt rekstrarumhverfi á ekki við að félagið sem tóku við starfsemi hennar notist við ríkisfánann enda þótt til greina geti komið að merkt starfsemi verði áfram við lýði í hinum almenna fána.

Ekki er ráðgert að lögin taki öðrum breytingum en samhliða frv. þessu eru hins vegar, eins og áður segir, kynntar í fylgiskjölum tillögur að breytingum á stjórnvaldsfyrirmælum um þjóðfánann. Annars vegar er lagt til að safnað verði og sameinað í eina reglugerð ýmsum reglum og venjum sem skapast hafa um meðferð og notkun fánans og hins vegar er lagt til að gefin verði út ný auglýsing um liti þjóðfánans í öðrum litastiga en nú gildir. Er það m.a. nauðsynlegt í ljósi þess að gildandi auglýsing skilgreinir fánalitina aðeins í litastiga er varði textíl- eða tauliti, þ.e. fánar til flöggunar, en af þeirri rýmkun sem lagt er til að verndarákvæði fánalaganna taki hlýtur óhjákvæmilega að leiða að bjóða verður upp á nánar útfærðar skilgreiningar fyrir prent- og skjáliti jafnframt. Geymi sú tillaga sem hér fylgir í fskj. I slíkar skilgreiningar sem útfærðar hafa verið í samráði við úrval sérfræðinga á þessu sviði, þar á meðal frá Iðntæknistofnun, út frá þeim heimildum sem varðveittar eru um tillögur fánanefndarinnar frá 1944 og vilja löggjafans þegar fánalögin voru samþykkt það ár.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta mál heldur árétta aðeins það meginmarkmið þess að færa út í frumvarpsbúning þann vilja Alþingis, sem birtist í ályktun þess frá 6. maí 1994, að auka frjálsræði um notkun fánans í þágu eflingar og framdráttar atvinnulífi og efnahag landsmanna án þess þó að skerða í nokkru þýðingu hans sem tákns og ímyndar þjóðarvitundar og fullveldis. Þetta hygg ég að hafi tekist í þessu frv. og leyfi mér því, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skjaldarmerki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 495. mál. — Þskj. 832.

[16:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um skjaldarmerki Íslands sem samið er af sömu nefnd og samdi frv. til laga um breyting á lögum um þjóðfána Íslendinga sem ég mælti fyrir hér áðan.

Það kann að koma mörgum spánskt fyrir sjónir að eins ítarlega og fánalögin mæla fyrir um vernd þjóðfánans hafi engin slík ákvæði verið sett skjaldarmerkinu til verndar eða nokkrar reglur um meðferð þess og notkun, hvorki fyrir stjórnvöld né almenning ef frá er talinn áskilnaður samkeppnislaga um að merkið megi ekki nota í heimildarleysi við framboð vöru eða þjónustu. Aðrar réttarreglur um skjaldarmerkið eru því aðeins til í forsetaúrskurði, um gerð þess og útlit, nr. 35 17. júní 1944.

Vitaskuld er það svo að ríkisskjaldarmerkið hlýtur fyrst og fremst að vera merki og tákn ríkisins eða þess sem falin er handhöfun ríkisvalds til að auðkenna með skjöl og annað það sem frá ríkinu stafar. Engu að síður hafa menn þóst merkja að notkun þess sé nokkru almennari en svo að hún taki einungis til handhafa opinbers valds. Kemur þar m.a. til af því að hin títtnefndu verndarákvæði fánalaganna hafa hamlað því að framleiðendur vöru og þjónustu hafi getað nýtt sér fánann til auðkennis um uppruna framleiðslu sinnar. Nokkur ásókn hefur því alltaf verið í að nota skjaldarmerkið í því skyni. Með því að verndarákvæði fánalaganna hafa aldrei verið túlkuð svo að þau gætu með lögjöfnun náð jafnframt yfir skjaldarmerkið og ekkert í lögskýringargögnum með fyrrnefndu ákvæði samkeppnislaga hefur varpað ljósi á hvaða sjónarmið eigi að leggja mat á slíkum umsögnum til grundvallar, hefur notkun í því skyni yfirleitt verið heimiluð, enda mundu ólögákveðnar takmarkanir á athafnafrelsi almennings að þessu leyti helst verða reistar ef meðferð þess þætti stríða gegn almennu velsæmi, siðferðisvitund almennings eða öðrum slíkum réttarhugmyndum sem blunda í þjóðarsálinni.

Þar eð starf nefndar þeirrar sem skipuð var til að endurskoða fánalögin miðaði einmitt að því að rýmka heimildir til að nota fánann í því skyni sem skjaldarmerkið hefur sumpart verið nýtt í hans stað fól ég henni jafnframt það tímabæra verkefni að semja reglur um meðferð þess og notkun sem samboðin getur talist mikilvægi þess sem ríkistákns og þeirrar helgi sem það á að hafa í vitund þjóðarinnar. Niðurstaða nefndarinnar er sú sem ég legg fyrir hið háa Alþingi og hygg ég að það sé í fyrsta skipti sem það fær tillögur þessa efnis til umþóttunar.

Mun ég þá, herra forseti, víkja að einstökum ákvæðum frv. en vísa að öðru leyti til athugasemda sem því fylgja.

Í 1. gr. er forsetaúrskurður frá 1944 um gerð og útlit skjaldarmerkisins tekinn upp óbreyttur.

Í 2. gr. er að finna heimild stjórnvalda til að nota merkið. Hún tekur að sjálfsögðu til allra þriggja þátta ríkisvaldsins, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds. Utan hennar falla hins vegar sveitarfélög og stofnanir þeirra, en um þau gilda sérstakar reglur um byggðamerki. Árétta ber að hér er um heimild að ræða en ekki skyldu að öðru leyti en því sem boðið er í 5. gr. frv. Ýmsar ríkisstofnanir sem tekið hafa upp eigin merki geta því notað þau áfram kjósi þau það fremur.

Í 3. gr. er mælt fyrir um að merkið skuli notað til auðkennis starfi, stöðu og skilríkjum stjórnvalda og í 4.–8. gr. er að finna helstu tilvik þeirrar notkunar, flestar venju samkvæmt.

Í 9. gr. er mælt fyrir um hönnun merkisins og er forsrn. falið eftirlit með að þar sé allt með felldu.

Í 10. gr. er, öndvert við áður tilkynntar breytingar á fánalögunum, lagt bann við því að skjaldarmerkið sé notað í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum eða þjónustu. Bæði frumvörpin ganga jafnframt út frá að hvorki sé heimilt að nota þjóðfánann né skjaldarmerkið í firmamerki.

Í 11. gr. er síðan mælt fyrir um viðbrögð stjórnvalda ef út af er brugðið.

Í 12. gr. er ákvæði, sem fyrir er í samkeppnislögum, um að óheimilt sé að selja eða bjóða til sölu vörur af erlendum uppruna ef á þær hefur verið sett mynd af skjaldarmerkinu, en reyndar ætti 10. gr. frv. einnig að ná yfir þessi tilvik.

Í 13. gr. er að finna ákvæði sem e.t.v. kann að þykja íþyngja almenningi hvað mest, en þar er lagt til að bannað verði að hafa skjaldarmerkið til sölu sem minjagrip, barmmerki eða annað þess háttar eins og tíðkast hefur. Hér er þó til þess að líta að eigi skjaldarmerki að þjóna tilgangi sem auðkenni hins opinbera verður um leið að koma í veg fyrir að það verði jafnframt notað af öðrum aðilum, jafnvel í blekkingarskyni.

Í 14. gr. er lagt til að heimilt verði að útfæra ákvæði frv. nánar í reglugerð og loks er í 15. gr. að finna sams konar sérrefsiheimild og fánalögin geyma.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 2. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987.

[16:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn., mál 407, nál. á þskj. 942. Þetta mál, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, er þriðja málið í röð sem við tölum hér fyrir. Við erum búin að ræða um Fjárfestingarsjóðinn og um að gera Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands að hlutafélögum.

Þessi frumvörp eru eins konar þríeyki og má segja að umræðurnar um þau séu eins konar þríleikur. Þetta hangir allt saman og eru allt greinar af sama meiði. Eins og í gær þegar við ræddum fjárfestingarlánasjóðina er það niðurstaða meiri hluta efh.- og viðskn. að rangt sé að gera viðurhlutamiklar breytingar á frv. frá því sem sett var fram við 1. umr. Það segir sig sjálft eðli málsins samkvæmt eins og við höfum þegar rætt.

Í starfi nefndarinnar var rætt við alla sömu aðila og getið hefur verið um í fyrri umræðum um Landsbankann, Búnaðarbankann og fjárfestingarsjóði atvinnuveganna, svo og bárust skriflegar umsagnir frá öllum sömu aðilum. **(Gripið fram í:** Á ekki að lesa þá upp?) Ég tel það ekki rétt, herra

forseti, að lesa þá upp vegna þess að þetta eru sömu aðilar. Þeirra hefur verið kirfilega getið áður og það kemur fram í þingskjölum þannig að þetta sé nóg tíundað upp á síðari tíma sagnfræði. En ef áskorun er um það má breyta því, en ég held að þess sé ekki þörf.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Er þá fyrst að nefna, sem var reyndar farið að ræða hér í gær, að nefndin gerir tillögur um að framlag til hlutafjársjóðsins, nýsköpunarsjóðsins, sé hækkað um 1.000 millj. kr. Líka er gert ráð fyrir því að þessir viðbótarpeningar, 1.000 millj., renni í sérstakan sjóð sem er ætlað það verkefni að lána fé fyrst og fremst út á landsbyggðina til áhættulánastarfsemi. Þetta er nokkur nýskipan mála og við sem flytjum þessa tillögu trúum því að það geti orðið mjög til góðs. Eins og allir vita hefur á undanförnum árum sem aldrei fyrr orðið meiri og meiri byggðaröskun í þjóðfélaginu og við, líkt og stjórnmálamenn í öðrum löndum Evrópu, trúum því og vitum að það er þjóðfélaginu mjög nauðsynlegt ef þess fyndist einhver staður, ef við fyndum fyrir því rök og fyndum fyrir því efnahagslega getu að setja ný markmið og nýjar stoðir undir búsetu fólks sem víðast í kringum landið. Við vitum að félagslega og efnahagslega erum við að tapa stórkostlega miklu fé með þeirri miklu röskun sem er að verða á byggðinni og ef við getum á réttan hátt stuðlað að því að þetta stoppi þannig að jafnvægi skapist yrði það til mjög mikilla efnahagslegra framfara. Svona áhættufé hefur ekki verið mikið framboð á á Íslandi en eins og allir vita hafa margir kvartað yfir því að þetta mundi líta öðruvísi út ef svo væri að leita mætti í einhvern slíkan sjóð.

Við sem flytjum þessa tillögu erum ekki að halda því fram að með þessari sjóðstofnun eða þessum möguleikum séum við að leysa allan vanda. Það er langt í frá. Við vitum það og erlend reynsla er sú að þar sem menn eiga völ á áhættufjármagni, svona hörðum peningum, hefur reynslan verið sú að hugmyndirnar og tillögurnar um nýsköpun í atvinnulífinu hafa orðið færri en flesta hefur grunað. Reynslan er því yfirleitt þannig að tillögurnar eru mjög fáar, þ.e. raunhæfar tillögur til að byggja upp atvinnurekstur. En það skiptir ekki sköpum, herra forseti, þó að ekki væri nema ein tillaga sem reyndist raunhæf, tvær, þrjár, fjórar eða fimm, hversu fáar sem reyndust raunhæfar og gætu komið sem nýjar stoðir undir byggðir landsins, þá yrðu þær til stórkostlegra framfara. Það er þetta sem við viljum reyna. Ef menn hins vegar segja að engar slíkar tillögur séu til og engir slíkir möguleikar séu til, það eru náttúrlega alltaf úrtölumenn sem koma með slíkar umræður, þá er heldur enginn skaði skeður. Peningarnir fara þá hvergi og eins og við höfum áður getið í umræðunni um Fjárfestingarbanka Íslands var það mat þeirra fagmanna sem við fengum til starfa að hann væri yfirfjármagnaður, hann mundi ekkert skaðast við að hafa minna eigið fé. Arðsemin mundi verða meiri og hlutur ríkissjóðs þar af leiðandi verða betri með því að taka þessar 1.000 millj. og verja þeim til þessa verkefnis sem við vitum að er svo brýnt og trúum að muni skila samfélaginu miklum árangri sé rétt á haldið.

Í öðru lagi, herra forseti, vil ég vekja athygli á því að á bls. 7 í greinargerð með frv. um starfshætti Nýsköpunarsjóðsins er farið yfir það nokkrum orðum, og vitnað til upplýsinga frá European Venture Capital Association, um þrjár meginstoðir sem menn fara eftir og hafa til hliðsjónar við áhættufjármögnun. Þar er gerð grein fyrir því um hvað er að ræða. Í fyrsta lagi þróunarfjármagn eða hugmyndafé. Í öðru lagi byrjunarfjármagn eða upphafsfé. Og í þriðja lagi fjármagn til vaxtar eða vaxtarfé. Í greinargerðinni er síðan sagt að hlutverk Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjárfestingarverkefnum muni aðallega falla undir þennan þriðja flokk, þ.e. fjármögnun vaxtar.

Við í meiri hluta efh.- og viðskn. erum þessu alls ekki sammála. Við teljum að áhersla sjóðsins eigi að vera allt önnur. Hún eigi fyrst og fremst að vera þróunarfjármagn, þ.e. að hjálpa mönnum til þess að þróa hugmyndir eða frumfjármagn til að stofna atvinnurekstur. Við höfum vitnisburði mjög margra þeirra aðila sem kunnugastir eru þessum hlutum, sem komu til nefndarinnar og ræddu þessa hluti og gerðu allir grein fyrir því að þetta væri þannig að við þyrftum langmest á því að halda á Íslandi að styðja frumframtakið, frumkvöðlana, til þess að koma af stað nýjum hugmyndum, nýjum verkefnum og nýjum atvinnurekstri. Fyrir þessari skoðun okkar gerum við grein í nefndarálitinu og teljum mjög brýnt að ítreka það og undirstrika.

Breytingartillögur okkar þar fyrir utan eru fyrst og fremst tæknilegar. Það er útskýring á tiltölulega nýju hugtaki sem lítið hefur v erið notað, þ.e. stjórnmálalegri áhættu og síðan með tilflutninginn á 1.000 millj. þannig að þær skýra sig mestmegnis sjálfar og hafa ekki neina efnislega þýðingu. Hitt hefur gríðarmikla efnislega þýðingu, þessi 1.000 millj. nýi áhættusjóður og hann er aðalbreytingin sem hér er verið að leggja til. Hann er gríðarlega mikil breyting og einnig, eins og ég hef áður farið yfir, herra forseti, áhersla okkur á hvar sjóðurinn eigi að vera, hvernig hann eigi að starfa og að hvaða verkefnum hann eigi að einbeita sér.

Að svo mæltu held ég að ég hafi gert nægjanlega grein fyrir því sem meiri hluti efh.- og viðskn. vill koma á framfæri í upphafi 2. umr.

[17:02]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem er á þskj. 985, frá 1. minni hluta efh.- og viðskn. sem ég skipa.

Fyrsti minni hluti getur ekki staðið að þeirri afgreiðslu málsins sem meiri hluti nefndarinnar leggur til í áliti sínu og breytingartillögum með því. Leggur 1. minni hluti til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari úrvinnslu.

Helstu agnúar á frv. eru þessir:

Ég tel að opinberir starfsmenn og opinberar stofnanir séu ekki best til þess fallin að fjármagna nýsköpun eða fjárfesta í frumkvæði þar sem það fólk veljist helst til starfa hjá ríkinu sem kjósi öryggi og traust. Nýsköpun og frumkvæði eru aftur á móti bundin mikilli áhættu. Þess vegna er ég ekki sannfærður um að hið opinbera og starfsmenn þess geti stundað áhættufjármögnun slíkra verkefna með góðum árangri.

Þeir sem stunda áhættusama fjármögnun verða að hafa af því mikla persónulega hagsmuni að fjárfestingin gangi upp. Það að fjárfesta fyrir annarra manna fé, svo ekki sé talað um opinbert fé, getur leitt til þess að menn séu ekki nægilega vakandi yfir hugsanlegri áhættu sem fylgir fjárfestingunni og verði of glannalegir.

Eins og hefur komið fram í ræðu hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar er áhættufjármögnun yfirleitt skipt í þrjá þætti. Frv. er ætlað að leggja áherslu á síðasta þáttinn þar sem síst skyldi. Þar hafa mörg fyrirtæki nú þegar haslað sér völl og á því sviði er þó nokkuð mikil gróska og samkeppni þannig að það er algjörlega óþarfi að bæta við það. En eins og kom

fram í máli hv. þm. leggur meiri hlutinn áherslu á að þessum áherslum verði breytt og áhersla verði lögð á að fjármagna verkefni af fyrstu tveim stigunum og get ég vel tekið undir það.

Herra forseti. Reynsla af ráðstöfun opinbers fjár sem ætlað var til fjárfestingar er til staðar. Því miður er hún yfirleitt slæm. Það er frekar regla en undantekning að slíkt fé hafi farið til vonlausra fjárfestinga og glatast að eilífu, þjóðinni til skaða. Undanfarna áratugi hefur fjöldi opinberra sjóða verið stofnaður til að örva fjárfestingu í atvinnulífinu með ýmis markmið að leiðarljósi, byggðasjónarmið, atvinnusköpun, útflutning o.s.frv. Flest hefur mistekist vegna þess að ekki var farið eftir eðlilegum markmiðum um arð heldur voru önnur sjónarmið látin ráða og oft og tíðum pólitísk.

Herra forseti. Skipun stjórnar Nýsköpunarsjóðsins sýnir líka að höfundar frv. eru enn fastir í viðjum gamallar atvinnugreinaskiptingar. Samtök iðnaðar og sjávarútvegs eiga þarna fulltrúa en þjónustugreinarnar fá engan fulltrúa, hvorki verslun né flutningar né það sem kannski er mest um vert, tækni og vísindi, hugbúnaðargerð og því um líkt. Þeir eiga engan aðgang að stjórn sjóðsins. Og það eru akkúrat þær greinar sem ég tel að þyrftu mest á þessu fé að halda og þyrftu á mestum skilningi í stjórn sjóðsins að halda.

Það er skoðun mín að mikilvægara sé að skapa fyrirtækjum, uppfinningamönnum, fjárfestum og frumkvöðlum almenn skilyrði til nýsköpunar en ekki að stofna enn einn opinberan sjóð. T.d. mætti hætta að skattleggja nýsköpun en sú skattlagning gefur ríkissjóði 50 millj. kr. á ári og er ég þá að tala um kostnað við að stofna hlutafélög. Það kostar 75 þús. kr. að stofna einkahlutafélag og 150 þús. kr. að stofna hlutafélag. Þetta er náttúrlega ekkert annað en skattur á nýsköpun því að fyrirtæki eru einmitt stofnuð utan um nýjan rekstur.

Síðan er opinbera eftirlitskerfið kapítuli út af fyrir sig og er mjög mikið kvartað undan því, sérstaklega af smáfyrirtækjum og nýjum fyrirtækjum sem finnst eftirlitsiðnaðurinn nánast fjandsamlegur atvinnulífinu. Þá má benda á að íslensk fyrirtæki fá lítinn sem engan stuðning vegna kostnaðar við þróun og rannsóknir. Og það sem kannski mest á ríður, þ.e. menntun þjóðarinnar, sem atvinnulífið og nýsköpun alveg sérstaklega nýtur, er frekar slök, sérstaklega verkmenntunin. Það mætti verja þeim peningum sem hér er ætlað til þess að setja í opinberan sjóð til þess að laga þessa þætti, sérstaklega menntunina.

Nokkuð hefur verið gert á undanförnum árum, og vil ég þá sérstaklega nefna fjármagnstekjuskattinn sem breytti mjög miklu fyrir nýsköpun þó að áhrifin séu kannski ekki enn þá komin í ljós. Áður fyrr var það hreinasta firra að fjárfesta í nýsköpun sem var áhætta vegna þess að ef vel gekk, þá var það skattað með 42–47%, en ef það gekk illa, þá kom ríkinu það bara ekkert við. Menn gátu ekki dregið frá tap á móti hagnaði. Og í áhættusömum rekstri eins og nýsköpun ævinlega er var það alger firra að fara út í nýsköpun við þær aðstæður sem þá voru. Nú hefur þessu verið breytt með fjármagnstekjuskattinum og ég á von á því að hann muni innan tíðar verka hvetjandi á nýsköpun, sérstaklega hjá þeim fjölda íslenskra uppfinningamanna sem eru að berjast við að koma framleiðslu sinni á þróunarstig og njóta til þess aðstoðar ættingja og vina oft og tíðum. Þeir ættingjar og vinir geta núna lagt fram hlutafé en gátu það ekki áður með góðu móti þannig að það er ýmislegt í gangi. Og það er ekki rétt að ekki séu til hugmyndir. Það er til fjöldinn allur af hugmyndum en það vantar fjármagn til að meta þær. Það vantar fjármagn sem sér hag í því að meta þessar hugmyndir. Ég hef ekki trú á því að opinber sjóður treysti sér til þess.

Þessi nýsköpunarsjóður verður í samkeppni við mörg fyrirtæki og þetta er opinber sjóður. Hann er í samkeppni við einkaaðila sem eru að vinna á sama sviði og er fyrst að nefna sviðið sem honum er ætlað að starfa á, þ.e. nýsköpun á seinni stigum. Síðan er líka tryggingadeild sem tryggir útflutning, hún er líka í samkeppni við fyrirtæki sem starfa á því sviði. Hér er sem sé verið að stofna opinbert fyrirtæki til að fara í samkeppni við einkaaðila.

Herra forseti. Í frv. er gert ráð fyrir því að ekki megi verja hærri fjárhæð til nýsköpunar en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar og ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Þetta á bankaeftirlit Seðlabankans að tryggja. Út úr þessu má lesa það að meginstofn og eign sjóðsins mun verða fjárfest í tryggum bréfum, jafnvel í spariskírteinum ríkissjóðs að kröfu bankaeftirlitsins. Það verður því eingöngu hægt að fjárfesta vexti af þeim sömu peningum sem þá verða eitthvað í kringum 200–300 millj. á ári og til þess er ríkið að binda 4.000 millj. í þessum sjóð. Það væri betra að nota þá fjármuni til þess að lækka erlendar skuldir og hafa þá bara fjárveitingar á hverju ári sem fara í nýsköpun.

Svo gátu menn að sjálfsögðu ekki látið vera í þessu nýja opinbera fyrirtæki að veita því skattfrelsi. Menn eru svo vanir því að opinber fyrirtæki skuli alltaf njóta skattfrelsis. Þetta fyrirtæki á hvorki að borga stimpilgjöld né tekju- og eignarskatt og er það þó í samkeppni við einkarekstur á þessu sama sviði.

Herra forseti. Fram hefur komið hugmynd hjá meiri hluta efh.- og viðskn. um að bjóða út fé til nýsköpunar og nota til þess 1.000 millj. af fé Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem menn komust að niðurstöðu í efh.- og viðskn. að væri offjármagnaður og það væri hagkvæmt að taka einn milljarð út. Ég er í sjálfu sér alveg sáttur við það. Ég er sérstaklega sáttur við þá hugmynd sem kemur fram að þetta fjármagn verði boðið út til tveggja eða fleiri aðila sem þá keppa um að ná af því arði og ef hugmyndin er rétt skilin hjá mér, þá gengur hún út á það að þeir fái þóknun eða umbun fyrir starf sitt í hlutfalli við hvernig til tekst og verður þá endanlega gert upp eftir 7–8 ár. Þessi hugmynd er mjög góð og ég er alveg sáttur við hana ef tekst að tryggja framkvæmdina en það er það sem ég set stórt ef við vegna þess að ég hef einfaldlega vantrú á opinberum aðilum á þessu sviði. En það má vel vera að þetta gangi upp og auðvitað eiga menn ekki fyrir fram að afskrifa svona hugmynd. Það má vel vera að þessi hugmynd gangi.

Það er reyndar við tilvísun, að þessar fjárfestingar skuli fara „með áherslu á landsbyggðina“, sem ég set spurningarmerki. Það er strax ákveðin takmörkun. Auðvitað munu menn fara fram hjá því með léttu móti eins og alltaf auk þess sem það er ekki bannað að fjárfesta í atvinnurekstri á höfuðborgarsvæðinu en það virðist ekki mega eða vera einhvern veginn vont og ljótt að hafa nýsköpun á höfuðborgarsvæðinu.

Ef frv. verður vísað til ríkisstjórnarinnar, sem hér er gerð tillaga um, þarf jafnframt að huga að því að breyta frv. til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins þannig að þessar 4.000 millj. af eigin fé hans renni í ríkissjóð til lækkunar á erlendum skuldum ríkissjóðs eða lækkunar á skuldum ríkissjóðs almennt, en ríkissjóður borgar eins og kunnugt er geysilega fjármuni í vexti af skuldum sínum.

Til viðbótar vil ég nefna nokkrar röksemdir sem komu fram í umsögnum sem bárust til nefndarinnar. Í umsögn Eignarhaldsfélagsins Hofs kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Í grundvallaratriðum teljum við að ríkisvaldið eigi ekki að hafa önnur afskipti af atvinnulífinu en að skapa því skilyrði til að starfa við markaðsbúskap. Nýsköpun og þróun eru af skornum skammti, og útflutningstekjur sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa staðið í stað síðasta aldarfjórðung. Ástæðuna má þó fyrst og fremst rekja til þess umhverfis sem atvinnulífið hefur búið við." — Ég vil endurtaka: Ástæðan er umhverfið sem atvinnulífið hefur búið við. — „Á síðustu árum hafa skilyrði til atvinnurekstrar batnað talsvert, en hæpið er að frumkvöðlar í uppbyggingu atvinnugreina eða fyrirtækja eigi eða þurfi að hlíta ráðgjöf ríkisvaldsins." — Eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu.

Enn fremur stendur: „Til þess að greiða götu nýsköpunar og útflutnings ætti frekar að setja almennar leikreglur sem auðvelda fyrirtækjum að stunda viðskipti. Með þeim hætti lendir það vandasama hlutverk að velja milli fyrirtækja og hugmynda á markaðnum, en ekki á fámennri „dómnefnd"." — Það er þó opinber dómnefnd."

Enn fremur stendur, með leyfi forseta: „Skoðun okkar er því sú að tilkoma þessa sjóðs sé ekki til þess fallin að tryggja stoðir íslensks atvinnulífs. Þá er okkur ekki ljós tilgangur þess að skipta sjóðnum upp í nýsköpunarsjóð annars vegar og fjárfestingarbanka hins vegar. Við sjáum ekkert sem mælir gegn því að innan Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sé starfrækt sérstakt áhættufjármögnunarsvið, þyki þörf á slíku."

„Skipun stjórnar miðast við tvær atvinnugreinar, sjávarútveg og iðnað. Það er stefna stjórnvalda að öll fyrirtæki eigi jafnan aðgang að fjármagni úr sjóðakerfi atvinnuveganna, óháð atvinnugrein. Í athugasemdum við frumvarpið segir að afnema eigi þá atvinnugreinaskiptingu sem verið hefur í sjóðakerfinu. Til þess að svo megi vera, þarf hins vegar meira en nafnbreytingu á sjóðum. Sú tilhögun við stjórnarkjör sem nefnd er í 4. gr. festir í sessi þá atvinnugreinaskiptingu sem þó er ætlunin að afnema."

„Varðandi starfshætti sjóðsins er vert að vekja athygli á því að mestum erfiðleikum er bundið fyrir frumkvöðla að útvega fjármagn á fyrstu stigum verkefnisins. Eftir að byrjunarkostnaður er að baki og komið er að því að fjármagna útvíkkun og frekari vöxt er talsvert auðveldara að útvega fjármagn, t.d. hjá Fjárfestingarbankanum, öðrum bönkum eða sparisjóðum, frá fyrirtækjum eða hlutabréfamarkaðnum. Í mörgum tilfellum mun Nýsköpunarsjóðurinn því fara í keppni við aðra lánveitindur (einkaaðila) um að lána til áframhaldandi verkefna, í stað þess að lána til frumkvöðla sem eru að brjótast af stað með nýjan rekstur."

Í umsögn Verslunarráðs Íslands kemur m.a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í upphafi vill Verslunarráð Íslands láta í ljós efasemdir um að nauðsyn sé á stofnun sjóðs sem þessa, þar sem af greinargerð má ætla að sjóðurinn muni sinna svipuðu hlutverki og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. og ýmsar aðrar fjármálastofnanir. Er þar einkum átt við orð greinargerðar um starfshætti sjóðsins á bls. 7 í frumvarpi þar sem segir að hlutverk hans muni aðallega felast í fjármögnun vaxtar, þ.e. fjármögnun til að útvíkka starfsemi að aflokinni þróun og öflun markaða."

Í umsögn Íslandsbanka kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Styrktar- og áhættufé, eins og það sem Nýsköpunarsjóður mun hafa til ráðstöfunar, er ætíð vandmeðfarið. Það hefur reynslan m.a. sýnt hér á landi. Sérstaklega er mikilvægt að ákvarðanir um notkun fjárins byggist ekki á pólitískum sjónarmiðum. Einnig er þýðingarmikið að Nýsköpunarsjóður lendi ekki í samkeppni við einkaaðila eða markaðinn á þessu sviði. Erlendis hefur þessa einmitt orðið vart og því hafa slíkir sjóðir á seinni árum sætt vaxandi gagnrýni.

Í umsögn Sambands ísl. sparisjóða kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Af reynslu erlendis frá er talið óvarlegt að reikna með því að mikið meira en 50% af fjármunum þeim sem lagðir eru til nýsköpunarverkefna skili sér til baka. Auk þess sem styrkir hljóta að verða umtalsverðir. Því verður að telja að stofnfé sjóðsins og geta hans til fjármögnunar sé allt of lítil eigi ekki að skerða höfuðstól og hann frá upphafi því dæmdur til þess að styðja nánast eingöngu það sem öruggt má teljast. Við slíkar aðstæður mun hann ekki gagnast ætlunarhlutverki sínu heldur líklega verða rekinn með svipuðum hætti og önnur félög sem sett hafa verið á stofn hér á landi til að vinna að þróun og nýfjárfestingu og því næsta gagnslaus sem slíkur ...."

Enn fremur stendur í umsögn Sambands íslenskra sparisjóða:

„Nýsköpun í íslensku atvinnulífi snýr sem betur fer ekki að einstökum völdum starfsgreinum. Því verður að telja óheppilegt að leggja upp með tengingu við tvær greinar atvinnulífsins sem með því virðast fá sérstöðu gagnvart öðrum hvort heldur er til áhrifa eða stýringar á fjármunum sjóðsins. Eðilegast er að allir þegnar búi við jafnræði þegar um mat á hugmyndum og úthlutun þeirra vegna af opinberu fé er að ræða."

Herra forseti. Ég hef farið í gegnum nokkur rök sem komu fram í umsögnum aðila sem bárust til hv. efh.- og viðskn. Ég hef enn fremur getið um nokkra agnúa sem eru á þessu frv. og endurtek að ég legg til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari úrvinnslu.

[17:21]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í þessari umræðu vegna þess að ég treysti mér ekki til þess að styðja eina af brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 943 þrátt fyrir það að eins og alþjóð veit sitja hvað mestir vitringar í hv. efh.- og viðskn. Þó að þeir hafi upphaflega verið þrír, fyrir um 1997 árum, telst það sennilega nokkuð góð ávöxtum í efh.- og viðskn. að þeir skuli vera orðnir níu.

Ástæða þess að ég get ekki stutt þessa tillögu er að þar er gert ráð fyrir því að eigið fé Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði aukið um einn milljarð og að þessi eini milljarður, sem manna á meðal er kallaður milljarðurinn hans Vilhjálms, verði notaður til þess að fjárfesta með áherslu á landsbyggðina. Ég hélt satt að segja að þeir tímar væru liðnir að við værum að auka sértæka aðstoð við tiltekin landsvæði og því yrði talið eðlilegt að ef menn vildu auka á eigið fé sjóðsins, þá mundu gilda um það almennar reglur og allir landshlutar vera jafnir við ákvörðunartöku hvað þann milljarð snertir eins og annað. Þó verður að segja að vitringarnir í hv. efh.- og viðskn. hafa upp fundið nýja leið um hvernig á að vinna með þetta fjármagn. Það á að bjóða það út í einingum og þeir sem síðan fá verkið munu hagnast í samræmi við þann

ágóða sem þeir ná út úr fjárfestingunni. Ég hefði viljað draga þá ályktun að ef þeim tekst vel upp í verki sínu, þá væri það staðfesting á því að einmitt þessi sérstaka ráðstöfun var algjörlega óþörf því að verkefnið hefði verið það gott að það hefði getað fengið fjármagn á hinum almenna markaði, hvort sem var í bankakerfinu eða á hlutabréfamarkaðnum. Ef hins vegar ekki tekst vel til og þessum aðilum reynist ekki fært að ávaxta þetta fé svo vel sé, þá fá þeir væntanlega ekki heldur neina greiðslu og fjármunirnir tapast, og þá munum við tapa einum milljarði sem betur hefði verið varið til þess að lækka skuldir ríkissjóðs. Eins og við vitum eru þær allt of háar og vaxtagreiðslur ríkissjóðs í dag allt of miklar og þó að mönnum finnist kannski ekki muna um einn milljarð þegar borið er saman við stóru tölurnar í skuldum ríkissjóðs, þá verð ég að segja eins og er að ég sé eftir hverjum milljarði sem fer í það að hækka skuldirnar og ekki fer í það að lækka þær. Ég treysti mér því ekki til þess að styðja þessa brtt. meiri hluta hv. efh.- og viðskn. á þeim forsendum sem ég hef hér rakið.

[17:25]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og fram kom mæli ég fyrir nefndaráliti 2. minni hluta efh.- og viðskn. í fjarveru hv. 4. þm. Norðurl. e. sem hefur gefið út sjálfstætt nefndarálit um þetta mál og þar sem afstaða okkar til málsins er skilmerkilega rakin. Í áliti hv. þm. segir svo, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins tengist frumvörpum um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og breytingu ríkisviðskiptabankanna í hlutafélög. Frumvarpið byggist á því að tekið verði nokkuð af eigin fé fjárfestingarlánasjóðanna sem sameina á í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. og því fé, samtals 3 þús. millj. kr., ásamt 1 milljarði kr. sem fást á við sölu hlutafjár í eigu ríkissjóðs í fjárfestingarbankanum verði varið til að stofna Nýsköpunarsjóðinn." — Verð ég nú að játa það að textinn er kannski ekki mjög lipur.

„Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að auka það fjármagn sem til reiðu er til nýsköpunar í atvinnulífinu. Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra hefur talað fyrir því máli um langt skeið og hefur á yfirstandandi þingi" — og reyndar síðasta þingi líka — „flutt frumvarp til laga um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð (19. mál). Vísast í efni þess frumvarps og greinargerð sem því fylgir um afstöðu þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra til þessara mála.

Því miður eru ýmsir ágallar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins sem að frumvarpinu óbreyttu valda því að það er minna fagnaðarefni en ella að slíkur sjóður komist á laggirnar. Snýr það að ýmsum efnisatriðum frumvarpsins, svo sem að tilnefna á stjórn sjóðsins með gamaldags hætti af helstu hagsmunaaðilum og höfuðatvinnugreinum í stað þess að leita faglegra leiða og gera kröfur um sérþekkingu eða reynslu sem skilyrði fyrir stjórnarsetu. Annar minni hluti nefndarinnar mun því flytja breytingartillögu við efni frumvarpsins hvað þetta varðar.

Ýmsar áherslur í frumvarpinu valda vonbrigðum, sérstaklega hvað varðar hlutverk sjóðsins og það hvernig fjármunum hans skuli ráðstafað. Í greinargerð með frumvarpinu er talað um þrískiptingu verkefna í þróunarfjármagn eða hugmyndafé, í byrjunarfjármagn eða upphafsfé og loks í fjármagn til vaxtar eða veltuaukningar. Komist er að þeirri furðulegu niðurstöðu að meginhlutverk Nýsköpunarsjóðsins eigi að falla að þriðja flokknum, þ.e. að fjármagna vöxt fyrirtækja sem þegar hafa hafið rekstur. Að dómi flestra sem til þekkja er þörfin þvert á móti mest hvað varðar þróunarfjármagn, áhættufé til þróunarverkefna og könnunar á hugmyndum og síðan til að hefja starfsemi eða í byrjunar- eða upphafsfé. Þessi atriði eru ekki í sjálfum frumvarpstextanum en ef ætlun ríkisstjórnarinnar er að halda sig við þá stefnumótun sem í greinargerðinni er boðuð hlýtur það að valda miklum vonbrigðum.

Annar minni hluti mun eins og áður sagði flytja breytingartillögur við frumvarpið til að leitast við að gera á því úrbætur og taka þær fyrst og fremst mið af frumvarpi þingflokks Alþýðubandalags og óháðra um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem tekur efni stjórnarfrumvarpsins fram að ýmsu leyti. Eftir sem áður er jákvætt og betra en ekki að fjármunum sé í auknum mæli ráðstafað til verkefna sem þessu tengjast. Er þingflokkurinn því hlynntur megintilgangi frumvarpsins að veita meira fé til nýsköpunar í atvinnulífinu og mun styðja það með fyrirvara um nokkur einstök efnisatriði sem í frumvarpinu felast til viðbótar því sem þegar hefur verið gerð grein fyrir."

Þetta var nefndarálit 2. minni hluta um það frv. sem hér er til umræðu og sem fskj. með nál. er birt frv. þingflokks Alþb. og óháðra um áhættu- og nýsköpunarlánasjóð sem ég tel að sé gott mál og byggir á okkar stefnu og tillögugerð í atvinnu- og efnahagsmálum á undanförnum árum og missirum. Að sjálfsögðu fékkst ríkisstjórnin ekki til þess að láta fjalla um þingmál frá stjórnarandstöðuflokkum. Það er ekki til siðs hér, svo þróað er lýðræðið ekki í þessari stofnun, því miður, sérstaklega ekki í núverandi ríkisstjórn sem er verri en sú síðasta í þessum efnum og er þá langt til jafnað. En út af fyrir sig ætlum við ekki að agnúast neitt sérstaklega út í það. Það er náttúrlega dálítið umhugsunarefni fyrir þingræðið að aldrei skuli vera hægt að samþykkja nein mál frá þingmönnum heldur verði þau öll að koma frá ríkisstjórninni en látum það nú vera.

Í samræmi við álit okkar og tillögur flytur hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon tvær breytingartillögur við frv. Í fyrsta lagi stendur hér að yfirumsjón með sjóðnum sé í höndum viðskrh. Við leggjum til að það verði fellt niður. Við teljum að forræði þessa máls eigi að vera á höndum forsrh. Við bendum á að upphaf Byggðastofnunar, upphaf Þróunarfélagsins var í raun og veru í höndum forsrn. og það er óeðlilegt að okkar mati að hafa þetta mál á forræði viðskrh. eins og hér er gerð tillaga um og við leggjum þess vegna til að hluti af 1. mgr. 1. gr. verði felldur niður.

Í annan stað flytjum við um það brtt. að stjórnin verði tilnefnd allt öðruvísi en ríkisstjórnin gerir tillögu um. Okkar tillaga er svona, með leyfi forseta:

„Sjóðurinn er undir stjórn fimm manna sem eru tilnefndir sem hér segir: Einn er tilnefndur af samtökum launafólks sameiginlega," — þ.e. ASÍ, BSRB og öðrum slíkum samtökum — „annar af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sá þriðji af samtökum atvinnurekenda sameiginlega, en forsætisráðherra skipar tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnarinnar. Varamenn eru tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

Við skipan stjórnarinnar skal þess gætt að valdir séu menn sem hafa sérstaka þekkingu og/eða reynslu af nýsköpun í atvinnulífi.

Forsætisráðherra skipar stjórnina og heyrir starfsemi sjóðsins undir forsætisráðuneytið."

Við teljum að þetta sé miklu eðlilegri skipan stjórnarinnar heldur en að fela hinum gömlu hagsmunaaðilum sem ráða yfir svokölluðum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar að ráða stjórn yfir Nýsköpunarsjóði. Það er í raun og veru algerlega úrelt nálgun og ótrúlegt að menn skuli enn þá, svo seint á 20. öld, vera að gera tillögur af því tagi sem hefði kannski þótt góð latína fyrir 60–70 árum en ekki lengur í dag.

Þá vil ég aðeins, herra forseti, víkja lauslega að öðrum brtt. sem liggja hérna fyrir og segja að út af fyrir sig finnst mér að brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mælti fyrir áðan, séu margar til bóta. Ég tel að fyrsta brtt. sé til bóta, að í starfsemi sinni sé sjóðnum heimilt að leita samstarfs við aðra aðila á sviði áhættufjármögnunar og ég tel að það sé að sjálfsögðu til bóta að styrkja þennan sjóð fjárhagslega eins og gerð er tillaga um í tölul. 2.a í brtt. meiri hlutans. Í brtt. meiri hlutans er þessi tillaga síðan útfærð nánar með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Höfuðstól samkvæmt þessari málsgrein skal halda aðgreindum frá bókhaldi og reikningum sjóðsins og verja til hlutabréfakaupa í því skyni að stuðla að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu með áherslu á landsbyggðina, einkum á sviði upplýsinga- og hátækni."

Ég tók eftir því, herra forseti, og hef tekið eftir því í málflutningi að menn eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og hv. þm. Gunnlaugur Sigmundsson hafa verið að gera mikið úr því að þessi milljarður, nákvæmlega þessi milljaður, muni skipta sköpum fyrir atvinnuþróun á landsbyggðinni. Ég tel að hann muni ekki gera það. Ég tel að það muni ekki vera þannig. Og ég harma það þegar þingmenn eru aftur og aftur að reyna að blekkja landsbyggðina með þeim hætti að telja fólki trú um að það séu töfrasprotar sem felast í tillögum af þessu tagi. Ég tel hins vegar ekkert að því, þó að ég sé þm. Reykv., að áhersla sé á landsbyggðina að því er varðar sjóð af þessu tagi, ég tel ekkert að því. Og ég tel það fyrst og fremst vera hugsað út frá því að hér er markaðurinn, hér er fjöldinn og hér eru aðstæður þess vegna auðveldari og það er ekkert á móti því að reyna að vinna upp með sérstökum fjárhagslegum aðgerðum það óhagræði sem í raun og veru felst í dreifbýlinu og þeir sem þar búa þurfa að takast á við. Í þessu sambandi gæti ég út af fyrir sig minnt á það skjal sem hv. 4. þm. Vestf. vitnaði til í upphafi þessa fundar varðandi það að aðstaða fyrirtækja til að koma sér af stað og starfa á landsbyggðinni er mismunandi miðað við það sem hér er hjá okkur. Ég hef þannig ekkert við það að athuga að sérstaklega sé haft auga á landsbyggðinni í þessu sambandi. En ég vara við því að menn séu að gera tilraunir til að láta það líta út eins og í því sé fólgin endanleg lausn á vandamálum landsbyggðarinnar.

Herra forseti. Eins og ég hef hér rakið er margt í þessu frv. eins og í okkar frv. og af þeim ástæðum er það auðvitað m.a. svo að við teljum að full ástæða sé til þess að veita málinu brautargengi. Ég veit um einstaka þingmenn í okkar liði og í stjórnarandstöðunni sem munu kannski sitja hjá við meðferð málsins en ég hygg að mörg okkar muni styðja málið og jafnvel eitthvað af þeim breytingum sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerir tillögur um. Við væntum þess að málið geti orðið lyftistöng atvinnulífi, verðmætasköpun og þar með lífskjörum hér í landinu þegar lengri tími líður.

[17:35]

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 479. mál, nál. landbn., þskj. 1016.

[17:35]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 3. minni hluta efh.- og viðskn. en auk mín stendur að álitinu hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að það sé búin góð umgjörð um nýsköpun og ekki hvað síst í atvinnulífi okkar. Og þetta frv. á það fallega nafn, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins.

Það er hins vegar svo að hægt er að nálgast framfarir í nýsköpun á margvíslegan máta. Það er hægt að gera það með því að setja á stofn lánasjóð en það er líka hægt að gera það með aðgerðum af opinberri hálfu í menntamálum, styðja sérstaklega við rannsóknir og þróun, styðja við frumkvöðla og minni fyrirtæki, veita upplýsingar og aðgang að sérhæfðum aðilum á sviði markaðsmála og vöruþróun. Öll þessi atriði munu líklega stuðla að meiri nýsköpun en sú eina aðgerð að setja á stofn lánasjóð þótt það geti vitaskuld verið mikilvægur þáttur í nýsköpun.

Þrátt fyrir gott nafn nær þetta frv. ekki því markmiði að stuðla nógu markvisst að nýsköpun vegna þess að of þröngar skorður eru settar og málið ekki skoðað í víðara samhengi út frá fleiri aðgerðum eins og ég nefndi áðan.

Verkefni á sviði nýsköpunar markast fyrst og fremst af því að nýjar hugmyndir, nýjar vörur og ný þjónusta eru alltaf í samkeppni við það sem fyrir er á markaðnum og þessi samkeppni er í auknum mæli erlendis frá. Það gildir um flest nágrannalöndin og reyndar mjög mörg lönd í t.d. Austur-Asíu, að sífellt stærri hluti verðmætasköpunar er vegna viðskipta milli landa. Utanríkisverslun hefur aukist mun meira en nemur framleiðsluaukningu hjá flestum þjóðum undanfarin ár þó að Ísland sé reyndar ekki í þeim hópi. Almennt er talið að uppspretta hagvaxtar síðustu 10 ár hafi fyrst og fremst komið vegna utanríkisviðskipta. Þessi þróun hefur að nokkru eða öllu leyti farið fram hjá okkur Íslendingum og það er m.a. vegna þess að við höfum ekki staðið nógu vel að nýsköpun, t.d. hvað varðar menntamál og grunnrannsóknir innan fyrirtækja.

Staða okkar er enn þá lakari ef við berum hana saman við aðrar þjóðir. Það eru til úttektir yfir samkeppnisstöðu landa þar sem Ísland kemur satt best að segja alls ekki vel út. Tvær slíkar alþjóðlegar úttektir eru aðgengilegar og í annarri þeirra er Ísland í 25. sæti af 46 ríkjum og í hinu í 27. sæti af 49. Þarna erum við um miðjan hóp en staða okkar er í reynd mun alvarlegri vegna þess að ef við berum okkur saman við 26 OECD-ríki þá erum við í 19. sæti. Það eru einungis nokkur ríki innan OECD sem hafa lakari samkeppnisstöðu en við Íslendingar. Þetta alþjóðlega mat sem gefur vitaskuld vísbendingar er byggt á nákvæmri úttekt á fjölmörgum þáttum sem of langt mál er að fara yfir hér, en er athyglisvert og er vikið að nokkru að í nefndaráliti okkar tvímenninganna.

Það kemur t.d. í ljós varðandi þessar úttektir að við erum mjög aftarlega í alþjóðavæðingu með þátttöku í alþjóðaviðskiptum. Fjármálakerfi okkar er talið mjög ábótavant á alþjóðlegan mælikvarða, stjórnun, þar á meðal stjórnun fyrirtækja þykir slök hérlendis og tækni og vísindum er lítið

sinnt miðað við aðrar þjóðir. Þessi samanburður segir okkur að það er nauðsynlegt að gera allt til að efla nýsköpun í landinu.

Þess vegna hefðum við fagnað góðu frv. um þennan málaflokk og stutt ríkisstjórnina eindregið ef komið hefði fram frv. sem hefði tekið á þessum málum með heilsteyptum hætti. Svo er ekki. Hér er settur á stofn viðbótarlánasjóður sem beinlínis er tekið fram í greinargerð með frv. að eigi ekki að þróa eða fóstra hugmyndir. Sagt er í greinargerð frv. að hann eigi fyrst og fremst að vera sem viðbótarlánasjóður þegar vaxin eru upp ný fyrirtæki. Þetta er hefðbundin starfsemi nokkuð margra aðila hér á landi. Hins vegar getur meiri hluti efh.- og viðskn. þess að ekki eigi að líta á verkefni sjóðsins út frá þessu sjónarhorni eingöngu heldur skoða einmitt upphafsfasa í þróun og nýsköpun, sem er að fóstra hugmyndir, ráðgjöf gagnvart frumkvöðlum, gerð frumáætlana og forkönnun markaða. Það er fyrst og fremst á þessu sviði sem okkur vantar átak og það má benda á að oft eru það ekki peningar sem koma þarna að mestu gagni heldur fyrst og fremst ráðgjöf því að þau sannindi hafa farið fram hjá mörgum frumkvöðlinum að einfalt er að búa til vöru, einfalt er að fá hugmynd, nokkru erfiðara er að þróa hugmyndina eða hrinda henni í framkvæmd, en það er langerfiðast að hagnast á hugmyndinni. Það er þessi atburðarás og staðreyndir sem hafa farið fram hjá mörgum manninum sem ætlaði að sigra heiminn með nýjum hugmyndum í atvinnulífinu.

Við sjáum þess hins vegar ekki merki í þessum sjóði að tekið sé á þessu nógu markvisst. Það er fyrst og fremst kveðið skilmerkilega á um í þessu frv. hvernig aðild að stjórninni sé háttað. Hér er hefðbundið fyrirkomulag á ferðinni sem við þekkjum frá fyrri frumvörpum þessarar ríkisstjórnar. Helmingaskiptaregla þessara tveggja stjórnarflokka er þar alls ráðandi en það er nú svo merkilegt með þennan sjóð sem á að vera með nokkra milljarða umleikis af opinberu fé að það eru ekki opinberir aðilar sem fara með stjórn sjóðsins. Af fimm manns í stjórn sjóðsins er einn tilnefndur af samtökum úr sjávarútvegi, einn af samtökum í iðnaði og einn tilnefndur af Alþýðusambandinu. Þetta er hefðbundin uppsetning á lífeyrissjóðum. Menn geta velt vöngum yfir því til hvers þurfi að setja á stofn viðbótarlánasjóð vegna þess að þessir aðilar reka nú þegar tvö fyrirtæki á þessu sviði, þ.e. Eignarhaldsfélagið Alþýðubankann hf. og Þróunarfélag Íslands hf. Þau eru rekin af sömu aðilum og eiga að fara með ferðina í þessum nýja Nýsköpunarsjóði. Og þá spyr maður sig vitaskuld: Til hvers er verið að gera hér raunverulega alveg svipaða hluti í uppsetningu og þekkjast annars staðar?

Það er galli á uppbyggingu þessa sjóðs að þarna skuli á hefðbundinn hátt vera einungis kallaðir til forsvarsmenn hinna eldri atvinnugreina ef svo má að orði komast. Þarna hefðu vitaskuld þurft að koma aðilar sem eru „fulltrúar framtíðarinnar" vegna þess að ég tel að það sé mikil framtíð fólgin bæði í sjávarútvegi og iðnaði en í svona nýsköpunarsjóði hefði ekki hvað síst þurft að kalla til aðila sem hafa sérþekkingu í tölvumálum, tækniþróun, menntamálum, líftækni og ferðamálum svo að nokkrir þættir séu nefndir sem hafa vaxið mjög mikið undanfarin ár.

Hér er því farin sú leið að byggja upp viðbótarlánasjóð sem hefur ekki nægjanlega mikið með nýsköpun að gera. Það var samdóma álit flestra þeirra aðila sem við leituðum til að leggjast gegn þessari útfærslu. Mönnum fannst þessi aðferðafræði ekki mjög skynsamleg og úr því að teknir eru þó þetta margir milljarðar til hliðar til að gera þessa hluti, þá hefði vafalítið mátt ráðstafa þeim á betri máta til að efla nýsköpun hér á landi.

Meiri hluti efh.- og viðskn. ákvað hins vegar að taka einn milljarð í viðbót úr Fjárfestingarbankanum og setja í Nýsköpunarsjóð, eyrnamerkja hann til sérstakra verkefna á landsbyggðinni. Það fylgja þessu ekki mjög nákvæm fyrirmæli í nefndaráliti eða brtt. meiri hlutans. Þetta er nokkuð merkileg aðferðafræði og það má segja eiginlega að hér sé settur á stofn lítill Byggðasjóður til hliðar við hinn sanna Byggðasjóð. Þessi hugmyndafræði dugði til að landsbyggðarþingmenn stjórnarliðsins studdu þetta mál af meiri krafti en áður en þessi hugmynd varð til.

Það er athyglisvert að stjórnarmeirihlutinn sá ekki ástæðu til, fyrst hann vildi efla sérstaklega lánveitingar til landsbyggðarinnar, að láta það renna í gegnum Byggðastofnun og Byggðasjóð sem er hinn hefðbundni farvegur og sá farvegur sem þessir tveir stjórnarflokkar hafa nýtt hvað mest á liðnum árum. Í stað þess er búinn til nýr farvegur en ekki kveðið neitt á um útlánareglur eða meginstefnur varðandi þann þátt, heldur einungis sagt að útlánareglur skulu vera settar af hálfu viðskrh. Hér er mjög margt skilið eftir og ýmsum spurningum ósvarað varðandi það efni.

Það er hins vegar eitt nýmæli varðandi þennan milljarð og það er að varsla hans og umsjón er boðin út. Einstakir aðilar í meiri hluta efh.- og viðskn. hafa rætt um einkavædda byggðastefnu í því sambandi. Þetta er að mínu mati fráleit orðanotkun. Hér er einungis verið að ræða um að fela tilteknum aðilum umsjón með þessum milljarði. Það er vafalítið spennandi að reyna þessa aðferð. Við höfum ekkert á móti því í 3. minni hluta að það sé gert en að ræða um að hér sé um eitthvert sérstakt nýmæli að ræða eða einkavædda byggðastefnu eins og það hljómar er fráleit orðanotkun að okkar mati. Meginatriðið í þessu er að bætt er við sérstökum útlánum eyrnamerktum landbyggðinni án þess að stefnumótun fylgi.

Við í 3. minni hluta viljum aukin lán til landsbyggðarinnar, en þá þarf að gera það að loknu endurmati á byggðamálum sem þarf að gera í víðara samhengi og móta þarf stefnu sem tryggir byggð í dreifbýli með virkum hætti vegna þess, herra forseti, að það hefur sýnt sig að lánveitingar eingöngu hafa dugað skammt til þess að stöðva fólksflótta frá landsbyggðinni. Hér þarf að koma til stefnumarkandi uppbygging á þjónustukjörnum, sameining sveitarfélaga, stuðningur við annan atvinnuveg en sjávarútveg og margt fleira sem ríkisstjórnin beinir ekki sjónum sínum að. Það er þetta sem við gagnrýnum varðandi milljarðinn sem tengist landsbyggðinni. Það er ekki að það sé gert myndarlegt átak gagnvart landsbyggðinni, það er brýnt og nauðsynlegt, heldur að það skuli þá ekki vera gert myndarlega og með samræmdum hætti þannig að af því náist meiri árangur en hefur náðst með fyrri lánveitingum og fyrri lánasjóðum. Það er það sem okkur finnst miður varðandi þetta mál.

Við hefðum hins vegar talið rétt að vinna út frá þessu frv. og ákveðnum hugmyndum og góðri meiningu bæði af hálfu stjórnarliða og annarra í tengslum við nýsköpun og ekki hvað síst landsbyggðina og við hefðum verið reiðubúin til þess að setjast niður með ríkisstjórnarflokkunum og vinna betra frv. og þess vegna eyrnamerkja meiri fjárhæðir í tiltekin verkefni. Það er ekki aðalatriðið í þessu efni því aðalatriðið er að það fjármagn sem varið er til þessara mála nýtist vel.

Við hefðum talið raunhæfara að verja auknu fjármagni til eflingar menntunar, m.a. tæknimenntunar og æðri mennt-

unar, veita skattalegar undanþágur vegna nýsköpunar og þróunar, leggja áherslu á aðstoð við markaðssetningu erlendis, vanda undirbúning af hálfu stjórnvalda við kortlagningu nýrra sviða og stöðu á alþjóðlegum markaði og bætta ráðgjöf við einstaklinga og frumkvöðla. Það hefði verið mun skynsamlegri leið að flétta þetta inn í þá hugmyndafræði sem hér er lagt upp með. Í stað þess kemur hér fram frv. um viðbótarlánasjóð sem því miður mun líklega ekki ná öllum þeim háleitu markmiðum sem menn geta sameinast um.

Þess vegna teljum við rétt að málið verði unnið betur, fleiri aðilar kallaðir til við undirbúning þess og breiðari hópur. Það er þess vegna sem við leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar og við hefðum verið reiðubúnir til að leggja okkar af mörkum við þá vinnu.

Ég vil geta þess sérstaklega út af þeirri umræðu sem fór fram í upphafi þingfundar um þær upplýsingar sem hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, kom fram með í umræðunni, að til væri einhvers konar stefnumótun ríkisstjórnarinnar í sambandi við byggðamál sem menn eru að frétta erlendis frá og virðist ekki hafa verið rætt hér á hinu háa Alþingi. Það er e.t.v. enn þá brýnna að skoða þessi mál í samhengi við þá stefnumörkun sem ríkisstjórnin virðist hafa gert á erlendum vettvangi sem verður vitaskuld kallað eftir e.t.v. síðar við þessa eða aðra umræðu. Það kemur vel til álita, herra forseti, að aflokinni þessari umræðu, vegna þess að það gefst nokkurt ráðrúm að skoða málið milli umræðna, að 3. minni hluti leggi fram brtt., en 3. minni hluti er að íhuga það hvort ekki væri rétt að koma fram með brtt. við málið við 3. umr. ef svo fer að tillaga okkar um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar verður felld. Við erum að vísu ekki þeir einu sem gerum slíka tillögu því að eins og kom hér fram áðan hefur hv. þm. Pétur Blöndal einnig lagt til sömu málsmeðferð og einnig með þeim rökum að málið þurfi að vinna betur. Það kemur hins vegar vel til álita að reyna að skerpa og betrumbæta þetta frv., e.t.v. með tillögugerð við 3. umr. Við áskiljum okkur rétt til að skoða það yfir þann tíma sem líður á milli umræðna, en meginatriðið í okkar málflutningi er að við styðjum heils hugar nýsköpun. Við lítum á að hægt hefði verið að ná markmiðum með öðrum hætti heldur en hér er lagt til. Það er hægt að stuðla að því máli með fjármagni og lánveitingum en þá hefði þurft að byggja sjóðinn og útfærslu hans á markvissari hátt en hér er gert og okkar ósk er sú ein að sest væri betur yfir það mál. Það hefði ekki staðið á okkur í stjórnarandstöðunni eða okkur sem myndum 3. minni hluta að vinna að því máli af fullum heilindum.

[17:52]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek heils hugar undir það sem hv. þm. Ágúst Einarsson sagði hér um nýsköpun og þau tækifæri sem þar eru til staðar. Það er fróðlegt eins og hv. þm. gerði að bera okkur saman í þessum alþjóðlega samanburði um samkeppnisstöðu okkar.

Þegar fjármagnsmarkaðurinn er skoðaður, þá er hann í 32. sæti af 48. Þegar alþjóðavæðingin er skoðuð, þá er hún í 36. sæti af 48. Þetta eru tvö lökustu sviðin af þessum 8 sviðum sem borin eru saman. Þegar hins vegar fólkið og vinnuaflið í landinu er skoðað, þá er það í 7. sæti og segir það margt um þau sóknarfæri sem við höfum. Allar þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, formbreyting ríkisviðskiptabankanna, stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, miða að því að breyta fjármagnsmarkaðnum hjá okkur í þá veru að við séum betur stödd í þessari alþjóðlegu samkeppni. Með öðrum orðum, færa okkur ofar á þessum lista. Nýsköpunarsjóðurinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki einmitt í því að færa okkur ofar á listanum í alþjóðavæðingunni, og ég veit að hv. þm. hefur lesið það frv. sem hérna liggur fyrir frá ríkisstjórninni, þar sem beinlínis er getið um á hvaða sviðum við ætlum að styrkja okkar stöðu í alþjóðavæðingunni.

Við skiptum aðgerðum Nýsköpunarsjóðsins í þrennt: Í fyrsta lagi í beinar stuðningsaðgerðir og eru beinar stuðningsaðgerðir eins og hv. þm. var að lýsa hér áðan sem snúa m.a. að frumkvöðlastarfseminni, vöruþróuninni, hagkvæmnisathugunum. Þá snýr þetta beint að fjárfestingarverkefnum, innlendum fjárfestingarverkefnum og nýjum vaxtartækifærum. Í öðru lagi fjárfestingum innlendra aðila erlendis og í þriðja lagi fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi. Þessi áform, þessi verkefni Nýsköpunarsjóðsins eru einmitt nákvæmlega í þeim tilgangi sett fram að styrkja okkur í alþjóðavæðingunni. Með öðrum orðum, þetta heilsteypta fyrirkomulag, þessi heilsteypta stefna sem ríkisstjórnin hefur núna lagt fram með þessum frumvörpum sem fylgjast öll að í gegnum þingið miða að þessu, styrkja samkeppnisstöðu Íslands, færa okkur ofar á sviðinu á fjármagnsmarkaðnum, færa okkur ofar á því sviði sem við erum lökust í, alþjóðavæðingunni. Þannig að hér er um heilsteypta atvinnustefnu að ræða sem hefur það að meginmarkmiði að bæta samkeppnisstöðu Íslands.

[17:55]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta voru falleg orð úr munni hæstv. viðskrh. En í hverju liggur það þá þegar verið er að skoða frv. um Nýsköpunarsjóð og um Fjárfestingarbankann líka sem hann vitnaði til að væru mjög merk mál sem mundu styrkja okkar stöðu á alþjóðlegum vettvangi, að það leggjast allir gegn þessu frv. sem vit hafa á málum? Það eru ekki einungis stjórnarandstæðingar, því að við getum sagt að þeir séu með hefðbundna andstöðu við góð mál ríkisstjórnarinnar. En það eru allir sérfræðingar sem eru á móti þessum fjárfestingarbanka og það eru fjölmargir sérfræðingar sem eru á móti Nýsköpunarsjóðnum. Það er vegna þess að útfærslan er slæm. Ég er ekki á móti nýsköpun. Ég mundi taka heils hugar og tek heils hugar undir óskir hæstv. viðskrh. um að við mundum verða ofar á næsta ári í alþjóðlegum samanburði. Aðferðafræðin sem lagt er upp með og gengur eins og rauður þráður í gegnum öll þessi frumvörp er fyrst og fremst að tryggja forræði þessara tveggja stjórnmálaflokka. Það fer minna fyrir skynsamlegri útfærslu til framfara, hvort sem það er uppstokkun í fjárfestingarlánaumhverfinu eða til nýsköpunar. Því miður er ég hræddur um að þessi Nýsköpunarsjóður verði ekki það tæki sem viðskrh. vonast eftir af því að honum er markaður þessi rammi. Ég vildi gjarnan trúa því að hann yrði þetta góða tæki eins og hann vonast eftir. Ég er hins vegar sannfærður um að það hefði þurft og væri betra að gera umgerð hans öðruvísi, en ekki þá hvað síst að reyna að leggja áherslu á aðra þætti sem ég rakti í ræðu minni. Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. viðskrh. um þetta mál en útfærsla hugmyndanna eins og hún kemur fram í þessum þremur frumvörpum sem við erum nú að ljúka að ræða hér í 2. umr. er því miður alls ekki nógu góð.

[17:57]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er of sterkt til orða tekið þegar því er haldið fram að allir leggist gegn þeim málum sem hér eru til umræðu. Eins og ég fór hér yfir í gær við lokaumræðu um fjárfestingarbankann, þá er það svo að helmingur umsagnanna er jákvæður. Helmingur umsagnanna er hins vegar ekki jákvæður og skiptist í tvö horn, annars vegar eru þeir sem hafa lengi barist fyrir þessari leið, atvinnulífið, og svo hins vegar þeir á fjármagnsmarkaði sem vildu fá þessa fjárfestingarlánasjóði inn í bankana og helst fyrir ekki neitt.

Komum þá að því hvað það er sem hefur sett okkur þröngar skorður í því að við gætum staðið betur í þessari alþjóðlegu samkeppni á fjármagnsmarkaðnum og fjármagnssviðinu. Það er tvennt. Annars vegar: Ríkið er mjög umfangsmikill aðili á fjármagnsmarkaði, í kringum 62% sem ríkið er með við þessa breytingu, við lækkum okkur niður í 41%. Við erum með þeirri ákvörðun sem hér er verið að taka um fjárfestingarbankann að selja 49% af eignarhlut ríkisins í fjárfestingarbankanum. Það er það sem þurfti á að halda, að við drægjum úr hlut ríkisins á fjármagnsmarkaði. Færum frá hinni hefðbundnu fjárfestingarlánastarfsemi sem getur átt sér stað inni í bönkunum, getur líka átt sér stað inni í fjárfestingarbanka eins og þessum, yfir í verkefnafjármögnunina og áhættufjármögnunina. Það er það sem er að gerast nákvæmlega með þessu frv. hér. Það var á þessum tveimur sviðum sem við þurftum að bæta okkur til að bæta samkeppnisstöðuna. Minnka umsvif ríkisins í viðskiptabankaummhverfinu og í hefðbundinni fjárfestingarlánastarfsemi, færa áherslurnar yfir í nýsköpun og verkefnafjármögnun sem við erum nákvæmlega að gera með þessum tveimur málum. Og ég er sannfærður um það, þó að maður geti endalaust deilt um hvaða leið var best að þessu marki, þá erum við öll sammála um að við erum að stefna að því marki að bæta samkeppnisstöðu Íslands í hinum alþjóðlega samanburði og það er það sem þessi frumvörp munu leiða til.

[18:00]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnmál snúast oft og tíðum um mismunandi leiðir að markmiðum. Stundum eru menn sammála um markmiðin, stundum ekki. Hér getum við hæstv. viðskrh. verið sammála um það markmið að hlutur okkar á alþjóðamarkaði og samkeppnisstöðu þyrfti að vera betri. Okkur greinir hins vegar á um leiðirnar.

Þegar hann vitnar hér til þeirra aðila sem voru jákvæðir gagnvart Fjárfestingarbankanum, þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að það voru fyrst og fremst þeir aðilar sem fá að tilnefna menn í stjórn og nátengdir þeim sem voru ánægðir með þetta fyrirkomulag og lái þeim hver sem vill. Aðrir sem komu að þessu máli og gátu litið á það úr nokkru meiri fjarlægð voru flestir andvígir. Sömuleiðis eru mjög margir andvígir þessari aðferðafræði við Nýsköpunarsjóðinn.

Ríkisvaldið verður áfram stærsti aðilinn í viðskiptabankaumhverfinu, fjárfestingarsjóðaumhverfinu og er núna orðinn langstærsti ráðandi aðilinn í tryggingaumhverfinu. Það var ekki gerð nein breyting á þessu. Ég hefði kosið að það hefði verið gert. Það er ekki gert. Þetta mál snýst um pólitíska hagsmuni flokka. Þetta snýst um þær stöður sem losna núna í kjölfar samþykktar þessara frumvarpa, bankastjórastöðurnar í Fjárfestingarbankanum, Nýsköpunarsjóðnum og í ríkisviðskiptabönkunum sem núna eru orðnir hlutafélög. Það vita allir sem koma að málinu að samræður eru milli stjórnarflokkanna hver skipi hvaða embætti. Sú umræða og sú hugmyndafræði á ekki eftir að bæta samkeppnisstöðu Íslands á erlendum vettvangi.

[18:01]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd GATT-samningsins, 590. mál, fsp. LB, þskj. 1029.

Jarðasjóður ríkisins, 589. mál, fsp. GE, þskj. 1028.

[18:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Það er nú að líða að lokum þess að búið sé að fylgja úr hlaði þessu þríeyki hæstv. viðskrh. og þessa þríleiks sem hefur fylgt þeim málum og er rétt að fara nokkrum orðum um þessa umræðu.

Hér kvaddi sér hljóðs áðan hv. þm. Árni Mathiesen og lýsti því yfir að honum væri algjörlega um megn að styðja þá brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. að stofnað skuli til sérstaks áhættufjármagns til styrktar fyrst og fremst atvinnulífi á landsbyggðinni ef þess væri einhver kostur.

Það veldur náttúrlega að sjálfsögðu vonbrigðum, herra forseti, þegar góðir og gegnir félagar bregðast svo við. Ég og fleiri erum náttúrlega orðnir því alvanir að allt sem er til styrktar eða tilraunir til þess að styrkja og styðja landsbyggðina mæta gríðarlegri andstöðu víða. Það verður bara að segja það eins og er, gríðarlegri andstöðu og mér hefur komið mjög á óvart eftir að ég tók sæti hér á þingi hvað sú andstaða er megn og mikil. Það vantar ekki að menn séu tilbúnir til þess á hátíðisdögum að tala heilmikið um byggðastefnu. Nú er nýlokið einhverri stórhátíð á Akureyri, eða kannski stendur hún enn þá, og ég rak augun í dagskrána. Ég held að hún sé búin að standa í a.m.k. einn eða tvo daga ef ekki lengur. Ég sá af tilviljun dagskrána og tók eftir því að þar var mikið úrval manna að halda ræður. Ég tók líka eftir því að þeir áttu flestir eitt sameiginlegt. Þeir áttu ekki heima á landsbyggðinni. Datt mér þá í hug að það væri kannski líkt með þessa ráðstefnu eins og segir í gamalli bók íslenskri, en þar má lesa þessi orð: „Þeir sögðu mest af Ólafi konungi sem hvorki höfðu heyrt hann né séð." (**SvG:** Um hvaða Ólaf ertu að tala?) Ólaf helga, hinn eilífa konung Noregs.

Því er ástæða til þess að spyrja sig hvers vegna það er sem slíkur fjandskapur er gegn öllum nýjum tilraunum til þess að efla og styrkja byggð á landinu. Ég ímynda mér helst að það sé vegna þess að þær aðferðir sem hingað til hafa verið notaðar hafa ekki reynst nógu vel og kann að vera að það séu dæmi þess að þær hafi hreinlega verið misnotaðar. Og ef svo er, þá er rétt að forðast slíkt. Eitt af því sem er aðalhvatinn að þeirri hugmynd sem kemur fram hjá meiri hluta efh.- og viðskn. er að leita nýrra leiða, fara ekki hefðbundnar leiðir heldur leita nýrra leiða, gá hvort nýjar aðferðir geta dugað okkur betur en þær sem við höfum notað áður. Og það kemur mér sannarlega á óvart vegna þess að alls staðar í Evrópu eru öll þjóðþingin og Evrópusambandið sjálft sammála um að ef þess er nokkur kostur, þá eigi að leita eftir því að varðveita byggðamunstur Evrópu vegna þess að menn vita að sú röskun sem er að eiga sér stað og hefur átt sér stað, er félagslega, pólitískt og efnahagslega dýrkeypt fyrir þjóðfélögin.

Við Íslendingar höfum orðið fyrir mjög mikilli röskun. Kannski á margt af þeirri röskun sér eðlilegar, efnahagslegar forsendur en einmitt þess vegna er það sem við komum með

tillögur um það að leggja fram áhættufjármagn, harða peninga sem við ætlumst til að verði ekki notaðir nema menn geti sýnt fram á og sannað að þeir séu að fara í raunhæf verkefni. Það er það sem okkur vantar. Okkur vantar að skjóta nýjum stoðum undir byggðir landsins. Það sem hefur verið að gerast hér á undanförnum áratugum er einfaldlega það að aðalstoðir landsbyggðarinar, þ.e. sjávarútvegur og landbúnaður hafa verið að fara í gegnum mjög miklar breytingar. Einu breytingarnar sem hafa orðið á ríkisfjármálunum allan þennan áratug er samdráttur í fé til landbúnaðarins. Það er eina stóra breytingin. Allt annað hefur nokkurn veginn staðið í stað. Fjármagn til landbúnaðar hefur dregist saman. Fjármagn til almannatrygginga hefur aukist. Þetta er stóra breytingin.

Þetta hefur komið mjög hart niður á sveitum landsins, gríðarlega hart. Bændur þessa lands eru eina stéttin sem raunverulega er að taka á sig og hefur tekið á sig langmestu tekjuskerðingarnar og langmestu lífskjaraskerðingarnar á við alla aðra. Eins er það t.d. með sjávarútveginn. Samdráttur í bolfiskveiðum hefur farið mjög illa með þessar byggðir margar. Ég er alveg sannfærður um að kvótakerfið á þarna mjög stóran hlut líka. Við vitum að það hefur haft mjög miklar breytingar í för með sér og ég fullyrði að kvótakerfið hefur ýtt mjög undir ákveðna þróun, þ.e. landvinnslan hefur verið að flytjast út á sjó. Nú geta menn deilt um hvort það sé gott eða slæmt. En kvótakerfið hefur haft gríðarleg áhrif á þessu sviði að flytja landvinnsluna út á sjó og þetta hefur veikt ákaflega mikið mjög margar byggðir hringinn í kringum landið.

Því er, herra forseti, engin ástæða til annars en leita allra leiða til þess að finna nýjar efnahagslegar forsendur ef þær kunna að vera til, leita þeirra.

Hv. þm. Árni Mathiesen hafði af einhverjum ástæðum þau orð uppi að nefndarmenn í efh.- og viðskn. væru vitringar. Nú er mönnum frjálst að sjálfsögðu, herra forseti, að hafa þau viðurnefni um annað fólk sem það kýs. En hann fór líka með ákveðna fullyrðingu sem mér þótti nokkuð merkileg. Hún var svona: „Þetta áhættufé er algjörlega óþarft því að ef áhættufé ber ávöxt, þ.e. aðgerðin heppnast, þá sannar það að aðgerðin er óþörf.“ Ef þessi fullyrðing hv. þm. reynist rétt, þá held ég að ég sé ekki sá eini sem stend upp og vefst nú tunga um tönn við að skýra framþróunina síðustu aldirnar. Og ef þetta reynist rétt, þá held ég að það sé óþarfi fyrir okkur í efh.- og viðskn. að vera að burðast með vitringanafnið, heldur getur hv. þm. Árni Mathiesen borið það bara einn því að þetta er mjög merkileg skýring á því hvernig framvindan hefur verið í heiminum síðustu 500 árin.

Hér hafa fulltrúar minni hlutanna, 1., 2. og 3. minni hluta, rætt nokkuð um sínar tillögur. Það kom fram í máli hv. þm. Péturs Blöndals að hann hefur enga trú á ríkisvæddri nýsköpun. Það kann að vera alveg hárrétt að kannski megi gera þetta allt öðruvísi. En við skulum bara minnast þess og fara í gegnum það, líka út af ummælum hv. þm. Ágústs Einarssonar, að þessi Nýsköpunarsjóður og þeir fjármunir sem þar eru saman komnir eru komnir úr þessum gömlu fjárfestingarsjóðum, Fiskveiðasjóði Íslands og Iðnlánasjóði og það er vitað mál að þessi umræða hefur staðið mjög lengi. Áratugum saman var það nú svo að bæði iðnaðurinn og sjávarútvegurinn voru að greiða framlög til þessara sjóða, bæði beint og óbeint, með beinum framlögum, iðnaðurinn með beinni skattlagninu á sjávarútveginn í gegnum sjávarútvegsgjöldin. Þær hugmyndir og meiningar hafa því verið hér allt frá upphafi að þessar atvinnugreinar ættu og væru að byggja upp þessa sjóði og umræðurnar á undanförnum árum, þegar ljóst var að vilji manna stæði til þess að breyta þessu, hefur verið um hver eignarhluti atvinnulífsins, þ.e. iðnaðarins og sjávarútvegsins, væri raunverulega í þessum sjóðum. Og niðurstaðan af þeirri margra ára umræðu var sú að atvinnulífið, þ.e. iðnaðurinn og sjávarútvegurinn, voru reiðubúin til þess að láta arðinn af sinni eign renna til nýsköpunar og þróunar í atvinnulífinu í heild á Íslandi. Þessi er niðurstaðan af deilunum og umræðunum um eignarréttinn. Þess vegna eru þessar hugmyndir fæddar. Þetta var sáttargjörðin milli ríkisins og atvinnulífsins þannig að menn hættu að deila um hver ætti hvað. Niðurstaðan varð sú. — Allt í lagi, við skulum láta það bara liggja á milli hluta. En hugsanlegum arði af þessum eignarhlut sem menn töldu ýmist að væri 40%, sumir 50% og aðrir 60%, það skiptir ekki máli, þ.e. ákveðnum hluta væri varið til atvinnulífsins áfram. Menn voru fyrir rest sáttir við það að hugsanlegur arður félli í þennan farveg og þess vegna eru þessi frv. svona úr garði gerð. Engan þarf því að undra það þó að við þessa skipan mála sé gert ráð fyrir því að fulltrúar frá sjávarútvegi og iðnaði séu þarna. Hvort það verður varanlegt, efast ég nú um. En það er mjög eðlilegt þegar þessi umbreyting er að eiga sér stað. Og ég held að það hafi komið fram hjá öllum þessum aðilum, bæði sjávarútvegi og iðnaði, að þeir reikna ekki með því sem sérstaklega varanlegu ástandi en eðlilegt er og sjálfsagt að þeir vilji og fái að fylgja málinu eftir enda hafa þessar greinar og samtök atvinnurekenda í iðnaði og sjávarútvegi staðið að þessari uppbyggingu alla þessa öld.

Það má að sjálfsögðu um þetta mál, þ.e. Nýsköpunarsjóðinn, segja það nákvæmlega sama og var sagt í gær um Fjárfestingarbankann og sagt var í fyrradag um hlutafjárvæðingu viðskiptabankanna: Auðvitað mátti gera þetta öðruvísi. Auðvitað er ekkert víst að þetta val hafi endilega verið það besta. Ég ætla ekki að fara í gegnum þá umræðu alla. Við erum búin að gera það tvo síðustu eftirmiðdaga. Þar gildir nákvæmlega það sama. Þetta varð niðurstaðan, því er þessi skipan svo. Þess vegna er það að við erum að klára þessa umræðu. Við erum að ljúka henni. Ég ætla samt að ítreka fyrri ummæli mín núna sem ég hef reyndar farið í gegnum eftirmiðdaginn, bæði í gær og fyrradag. Ég er persónulega sannfærður um að þessir hlutir og þessar peningastofnanir séu að breytast mjög hratt. Ég er persónulega sannfærður um að þegar á næsta hausti verði þingheimur reiðubúinn til að ganga í gegnum miklu róttækari breytingar og miklu róttækari aðgerðir í peningamálum en hann er tilbúinn í dag. Umskiptin eru svo mikil og það sem skiptir máli núna er að við erum að halda af stað inn í þá miklu umbreytingu. Auðvitað verður það þannig á örskotstíð að ríkið mun selja og hætta allri þátttöku bæði í fjárfestingarlánasjóðum svo og í viðskiptabönkum. Það er alveg vitað mál. Það mun gerast mjög hratt. Og auðvitað verður það til mikillar farsældar vegna þess að við vitum að við þurfum samkeppni inn í þessa grein. Við þurfum gríðarlega samkeppni á öllum sviðum og ríkið hefur nóg að gera á öðrum sviðum með sína peninga. Það innleysir það mjög hratt.

En þessi stund núna þegar við leggjum af stað er að mínu viti mikil heillastund. Ég er viss um það að þó að vinir okkar í stjórnarandstöðunni hafi haft ýmislegt smálegt við þetta að athuga og komið með ýmsar athugasemdir o.s.frv. og lagt kannski eitthvað aðeins aðrar áherslur á hlutina, þá sé það nú svo, herra forseti, að þingheimur hafi verið mjög samstiga í

að fara í þessar breytingar, styðja þessar breytingar og sjá til þess að þær gangi fram. Ég er sannfærður um að við öll og ekki hvað síst hæstv. viðskrh. sem hefur staðið fyrir þessari ferð á eftir að hafa sóma af upphafi þessa ferðalags, þ.e.: Við erum að hverfa frá ríkisrekstri á fjármálamarkaði.

[18:16]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú hálffurðuleg ræða hjá hv. 3. þm. Vestf. sem eins og reyndar margir hálfumturnast þegar menn reyna að ræða byggðamál út frá einhverjum öðrum forsendum en þar séu bara lánveitingar. Ég dró mjög skýrt fram í minni ræðu og minni afstöðu að ég hef áhyggjur af landsbyggðinni. Hv. þm. veit það ósköp vel. Ég er hins vegar sannfærður um að þær aðferðir sem við höfum beitt hér undanfarin ár og áratugi, að vera raunverulega bara með eina stefnu gagnvart byggðamálum, þ.e. að setja upp lánasjóði mismunandi sterka, sérstaka sjóði á þessum vettvangi, hafa ekki skilað okkur árangri.

Hér er eina ferðina enn verið að fara þessa leið undir hatti nýsköpunar, þ.e. þessi eini milljarður, í stað þess að reyna að líta á byggðamálin í stærra samhengi. Það er það sem ég hefði viljað gera vegna þess að hin stefnan, viðbótarlánasjóðsstefnan, hefur gengið sér til húðar og er í reynd gjaldþrota. Þetta vita allir. Samt ber þingmaðurinn höfðinu við steininn eina ferðina enn. Ég held nefnilega að við þingmenn sem hvetjum til umhugsunar um þessi mál séum e.t.v. meiri vinir landsbyggðarinnar en þeir fulltrúar sem koma hér askvaðandi upp í ræðustól í hvert einasta skipti sem rætt er um byggðamál og heimta meiri og meiri lánveitingar. Reynslan hefur dæmt þessa stefnu út af borðinu. Það er tímabært, þó væri ekki nema landsbyggðarinnar vegna, að reyna að hugsa þessi mál út frá öðrum forsendum.

[18:18]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta svo sem deilt um það hver viðhafi furðulegan málflutning. Menn sem eiga heima úti á landi og búa úti á landi hafa verið að reyna með öllum ráðum að finna stoð fyrir byggð sinni. Þeir hafa verið að sameina sveitarfélög. Þeir hafa verið að leita alls kyns ráða, sameina fyrirtæki o.s.frv. Allir eru sammála um að á Íslandi hefur skort nýsköpun og áhættufjármagn til atvinnurekstrar. Allir eru samála um að það hefur skort. Komi nú menn með tillögur um að leita nýrra leiða, fara ekki hefðbundnar leiðir, þá er það að berja hausnum við steininn. Það er að berja hausnum við steininn þegar menn koma með nýjar tillögur, nýjar útfærslur, þ.e. hvernig við ætlum að reyna að gera þetta. Af því að vel kann að vera að okkur hafi mistekist margt áður, þá er það að berja hausnum við steininn.

Eins og við notum það orð heima hjá mér, þá hefur þetta alveg þveröfuga merkingu. Þegar menn segja heima hjá mér að hausnum sé barið við steininn, þá er það þegar menn neita að fara nýjar leiðir, neita að horfast í augu við hlutina, neita að leita nýrra úrræða, neita að taka rökum. Það er kallað heima hjá mér að berja hausnum við steininn. En þegar menn koma með nýjar útfærslur í byggðamálum, segja frá því að þær sé tilraun, alls enginn töfrasproti, segja frá því að það liggi alls ekki fyrir, en það megi kannski heppnast ef við stöndum rétt að hlutunum, það geti heppnast, en þurfi ekki að gera það, ef við reynum nýtt, þá koma menn hér og segja: „Nú er verið að berja hausnum við steininn."

[18:20]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki nokkur skapaður hlutur nýr í þessum tillögum ríkisstjórnarflokkanna, ekki nokkur skapaður hlutur nýr í þessum tillögum meiri hluta efh.- og viðskn. Þetta eru sömu gömlu aðferðirnar sem hér er farið fram með. Það er búinn til lítill viðbótarlánasjóður sem á að lána á mjög hefðbundinn hátt. Það er ekkert nýtt í þessu. Ég gat þess að ef menn vildu hugsa um nýsköpun væri sennilega besta skrefið að leggja aukaframlög í menntamál, styðja við rannsóknir og þróun, t.d. með skattalegum aðgerðum, veita meiri upplýsingar þannig að meiri þekking ríki í þessu umhverfi. Þetta eru allt saman hlutir sem kosta að vísu nokkuð, en er miklu betur gert en með þessum 5 milljörðum sem á að verja hér á þennan hefðbundna hátt sem hv. þm. talar fyrir.

Málið er, og það er gallinn og það er þráhyggjan í þessum málflutningi hv. 3. þm. Vestf., að hann getur ekki hugsað um nýjar leiðir í byggðamálum, því miður. Hann hugsar í gamla kerfinu, gamla farinu, hugsar sem svo að það eina sem getur orðið landsbyggðinni til bjargar sé að útvega smávegis peninga í viðbót. Það er einmitt þessi stefna sem hefur líklega valdið hvað mesta tjóni á landsbyggðinni sl. 15 ár.

[18:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Allir viðmælendur efh.- og viðskn. sem fjölluðu um þetta mál voru sammála um að það hafi helst skort á það á liðnum árum að menn sinntu þeim verkefnum sem hefur verið kallað þróunarfjármagn eða hugmyndafé. Allir voru sammála um það. Og þeir hvöttu til þess að ef menn sæju sér eitthvert færi á því að leita nýrra leiða, þá væri það gert á þann veg. Þess vegna er það að við leggjum fram þessar tillögur. Ef einhver segir að þær séu ekki nýjar, þá er það eins og gengur nú stundum og haft var eftir refnum: „Þau eru súr." Kannski það sé þess vegna að stjórnarandstaðan vilji gera svo lítið úr þessu að þeir áttu ekki sjálfir hugmyndina. En það skiptir engu máli. Þetta er það sem okkur hefur veri bent á. Þegar grundvöllur landsbyggðarinnar á svo mörgum sviðum eins og ég hef nefnt hér, bæði landbúnaður og sjávarútvegur, hefur brostið, þá er rétt að reyna að leita nýrra forsendna fyrir byggð og það er gert með því að byrja á byrjuninni, byrja á að finna þróunarfjármagn, finna hugmyndafé, ef vera skyldi að nýjar hugmyndir, sem eru eflaust til, eigi sér raunhæfar rætur.

[18:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni fyrir hans ræðu og þær umræður sem hér hafa farið fram. Ég ætlaði hins vegar að mótmæla því að niðurskurður á fjármagni hefði eingöngu verið til landbúnaðar á undanförnum árum. Hann hefur aðallega verið til landbúnaðar og til menntakerfisins.

Staðreyndin er sú að fjármagn til Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur verið skorið niður um einn milljarð og ég held að ein alvarlegasta atlagan að framförum í þessu landi um langt árabil sé hvernig farið hefur verið með Lánasjóð ísl. námsmanna. Mér finnst að það sé nauðsynlegt að menn, eins og hv. 3. þm. Vestf., sem reyna að horfa á málin heildstætt

geri sér ljóst að þetta er atlaga að framförum. Og ef núna ætti að verja fjármunum til þess að efla framfarir og bæta lífskjör, þá mætti hugsa sér t.d. að setja opinbera peninga í að styrkja verulega framleiðslu á tölvunarfræðingum til þess að fyrirtækin okkar hér á Íslandi þurfi ekki að setja niður útibú í Skotlandi til þess að geta sinnt þeim verkefnum sem bjóðast t.d. í Suðaustur-Asíu. Þetta er nútíminn. Þetta er önnur nálgun. Með þessu er ég samt ekki að gagnrýna hv. þm. eða ríkisstjórnina yfirleitt fyrir þetta frv. Mér finnst út af fyrir sig betur af stað farið en heima setið með þetta frv. og mér finnst líka að ábendingarnar um viðbótarmilljarðinn séu út af fyrir sig góðra gjalda verðar.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um andstöðuna við dreifbýlið, þá vil ég segja alveg eins og er: Ég held að hún sé orðum aukin, þessi andstaða við dreifbýlið og ég vara við því að þingmenn dreifbýlisins sem líta þannig á sig geri of mikið úr þessu og meira en efni standa til. Ég lít ekki þannig á að okkar höfuðskylda, t.d. þingmanna Reykvíkinga sé að hugsa um kjördæmið með stórum staf og greini. Við eigum að vera þingmenn landsins alls. Og ég veit að í okkar liði, a.m.k. hér í Reykjavík, er mikill vilji til þess að búa til brú milli þéttbýlis og dreifbýlis en ekki að skapa klofning og átök sem oft og tíðum byggjast meira og minna á misskilningi.

[18:26]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef nú þessar tölur úr einhverjum þeim gögnum um ríkisfjármálin sem ég hef nýlega verið að skoða. Ég hef það ekki hérna hjá mér þannig að ég get ekki vitnað í það, en ég tel mig muna þetta rétt.

Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að ef einhvers staðar hallar á Ísland í útgjöldum í alþjóðlegum samanburði um stöðu ríkisfjármála, tökum hlutfallslega miðað við tekjur eða hvað sem er, þá er það helst í menntamálum. Það er alveg hárrétt. Í heilbrigðsmálum, félagsmálum og mörgum öðrum málaþáttum er Ísland alveg fullkomlega sambærilegt við það sem best gerist í heiminum. Það hallar helst á okkur í menntamálum. Ég kannast við þær stærðir. Það er alveg hárrétt hjá honum.

Hins vegar er það svo að kannski er rétt hjá honum að vara menn við því að vera of viðkvæmir fyrir andstöðu við aðgerðir í byggðamálum. Það er nú samt svo að ég segi bara satt og rétt frá því að það hefur komið mér þó nokkuð á óvart hversu andstaðan er mikil og mér finnst rétt fyrir okkur dreifbýlismenn að hugleiða af hverju það stafar, hvort það stafar af því að við höfum farið ranglega fram og reyna þá að leita nýrra leiða til þess að leiðrétta, ef hægt er, byggðamunstur landsins. Hins vegar kannast ég ekki við annað í öllum mínum gerðum hér á þinginu en að í afstöðu til hvers einasta máls sé tekið tillit til efnahagslífsins í heild og alls ekki á nokkurn hátt að nokkur dæmi séu um að menn séu að taka einhverja þá afstöðu sem mundi þjóna þeirra eigin kjördæmi, frekar en menn úr Reykjavík. Ég kannast ekki við að það séu neinar deilur á milli manna um það.

[18:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og alþjóð veit tek ég mikið mark á hv. 3. þm. Vestf. og getur vel verið að honum þyki þar nóg um vegna þess að það spyrst illa fyrir hann í kjördæminu að ég taki mikið mark á honum. Ég ætla hins vegar að segja, að því er þessi mál varðar, að þá var mér nokkuð brugðið þegar hann sagði að á hans stutta tíma hér á Alþingi hefði hann mætt meiri andstöðu við dreifbýlið en hann bjóst við. Ég verð að segja það eins og er að ég er dálítið hissa á þessu vegna þess að ég hélt að þetta væri ekki svona. Ég hlustaði á þessi orð með athygli og mér finnst þau benda til þess að þá eigi menn að taka sig á.

[18:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ég sagði þetta og ég sagði bara rétt og satt frá þessu. Svo kann það að vera að ástæðnanna sé að leita í ýmsu og við landsbyggðarþingmenn þurfum þá líka að spyrja okkur: Hvernig stendur á því að við höfum svona neikvæða umfjöllun? Kannski er það meira og minna okkur sjálfum að kenna. Ég er ekkert að dæma um það. Ég bara hef orð á þessu og vil þess vegna benda á að nauðsynlegt er að halda uppi þessari umræðu og gera það á gagnrýninn hátt, bæði gagnvart mönnum sem búa hér í þéttbýlinu og ekki síður okkur sjálfum sem búum í dreifbýlinu.

[18:29]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. góða ræðu. Hún var vel meint, ekki spurning. Hann sagði að þingmenn hefðu fjandsamlegt viðhorf til landsbyggðarinnar. Ég held að þetta sé ekki alveg rétt. (Gripið fram í.) Að hv. þm. hafi skynjað fjandsamleg viðhorf. Það heyrði ég alla vega. En ég held að landsbyggðin búi yfir miklu meiri velvild hjá þingheimi heldur en þessi orð gefa til kynna. Það eru ekki hagsmunir Reykjavíkurþingmanna að þessi byggðaröskun verði sem er í gangi.

Menn hafa gert krampakenndar og örvæntingarfullar tilraunir til að snúa þessu við. Menn hafa stofnað Byggðastofnun. Í fjárln. hafa menn sett peninga í framkvæmdir, oft og tíðum mjög óskynsamlegar og það kannski veldur þessari andstöðu sem við erum að tala um.

Það merkilega við allar þessar aðgerðir er að þær örva atvinnu í Reykjavík. Byggðastofnun starfar í Reykjavík. Vegamálastofnun, Hafnamálastofnun, allt þetta starfar í Reykjavík. Allt er miðstýrt héðan frá Reykjavík og það er kannski kjarni málsins hvernig þetta allt er upp byggt. Ég held að hv. þm. ætti t.d. að líta á ríkisbankana og fjármálakerfið sem við erum núna með litlum skrefum að breyta. Þessu er öllu miðstýrt frá Reykjavík. Leggi maður inn 1.000 kr. á Ísafirði, þá fer þúsundkallinn til Reykjavíkur. Þar kostar hann 5% í vinnslu og maðurinn getur fengið 950 kr. lánaðar aftur til baka á hnjánum.

Þetta er náttúrlega sú miðstýring sem ég held að skaði landsbyggðina langmest. Hvað er til ráða? Ég held að menn þurfi að leita allt annarra lausna. Og kannski með því að gera almennt umhverfi fyrirtækja og reksturs betra, þá mun staða landsbyggðarinnar batna því að mikið af atvinnurekstri á heima úti á landi, t.d. sjávarútvegurinn. Hann er miklu arðbærari þar heldur en hérna í Reykjavík.

[18:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði áðan að neikvæð viðhorf fólks til landsbyggðarinnar hefðu valdið mér vonbrigðum. Ég var bara hreinskilinn og sagði rétt frá því. Ég efast ekki um að ábendingar hv. þm. Péturs Blöndals séu réttar. Ég efast ekki

um að margra skýringanna er að leita einmitt hjá okkur sjálfum, þ.e. að landsbyggðarfólk hefur ekki brugðist rétt við, að aðgerðir til að efla byggðirnar hafa verið misheppnaðar o.s.frv. En eigi að síður er það svo að ef menn líta á þetta í heild og ef menn líta á efnahagsmálin í heild, þá ætti það að vera þannig að búseta manna úti á landi á ekki á nokkurn hátt að geta skaðað fólkið í þéttbýlinu, ekkert frekar en að fólkið í þéttbýlinu sé í sjálfu sér að valda landsbyggðarfólkinu neinum búsifjum. Ef menn skoða þetta raunverulega og leggja málið niður fyrir sér, þá ætti að vera auðvelt að koma á viðhorfinu byggð með byggð. Það væri þjóðhagslega hagstætt.

Ég var ekki að segja þetta til að ásaka neinn. Ég var að segja þetta vegna þess að ég tek eftir þessu, finnst það undarlegt og það kom mér á óvart. Ég held að við ættum að skoða þetta í sameiningu og ég er sannfærður um að hv. þm. Pétur Blöndal hefur réttan skilning á þessu. Þessi miðstýring, ég tala nú ekki um miðstýring fjármagnsins, er ábyggilega einn af stóru þáttunum í þessari þróun. Ef við getum breytt henni — og henni erum við að reyna að breyta með þessum frumvörpum hérna núna þó að hægt sé farið af stað — þá getur hún haft og mun hafa verulega þýðingu fyrir Ísland í heild og ekki síst hinar dreifðu byggðir.

[18:33]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við erum þessa dagana að stofna í rauninni fjögur opinber fyrirtæki og þá að selja hlut í þeim sem þýðir að þau vaxa. Þau vaxa mjög mikið, þau vaxa um fleiri, fleiri milljarða. Og hvar eru þau staðsett? Öll í Reykjavík. Þau frumvörp sem við erum að samþykkja auka umsvif í Reykjavík.

Ég held að þessi mikli vöxtur á ríkisumsvifum sé vandamál landsbyggðarinnar, þ.e. hvað mikið er stofnað af ríkisfyrirtækjum og hve illa gengur að einkavæða. Þetta kemur niður á landsbyggðinni vegna þess að ríkið er í eðli sínu miðstýrt og ríkið verður í Reykjavík og landsbyggðin sýpur seyðið af því hvað ríkið er stöðugt að vaxa.

[18:34]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Einar Oddur Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá þingmanninum að okkur gengur mjög illa að einkavæða. Okkur gengur allt of illa og við skulum heita hver öðrum því að reyna að ganga harðar og betur fram í því nú framvegis en áður. Það þarf mjög á því að halda. Hins vegar er ég ekki sammála honum um að við séum með þessum frumvörpum að auka umsvif ríkisins. Við erum að fara af stað í að minnka umsvif ríkisins. Það mun taka tíma. En ég er sannfærður um það að á mjög skömmum tíma, eins og ég hef sagt hér áður, herra forseti, munum við selja þessi fyrirtæki. Ríkið mun losa sig út úr þessum rekstri. Það mun verða öllum til góðs, viðskiptalífinu í heild og allri byggðinni.

[18:35]

Útbýting þingskjala:

Biskupskosning, 302. mál, nál. allshn., þskj. 1033.

Skipan prestakalla, 241. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1032.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 591. mál, frv. allshn., þskj. 1034.

Staða þjóðkirkjunnar, 301. mál, nál. allshn., þskj. 1030; brtt. allshn., þskj. 1031.

[18:36]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Nú þegar komið er að lokum umræðu um þetta frv. um nýsköpunarsjóð fyrir atvinnulífið, þá er að ljúka umræðu um það þriðja mál sem er partur af heilsteyptri stefnumótun ríkisstjórnarinnar til þess að efla atvinnulífið og skjóta þannig traustari stoðum undir velferðarkerfið í landinu. Um þessi mál hefur mönnum sýnst sitt hverjum í þessari umræðu. Þau eiga öll eitt sameiginlegt og það er að þau eiga að verða til þess að draga úr umsvifum ríkisins á fjármgnsmarkaði, en eins og ég sagði áðan í andsvari við hv. þm. Ágúst Einarsson hefur það staðið okkur fyrir þrifum í alþjóðlegum samanburði hversu ríkur þáttur ríkisins hefur verið á fjármagnsmarkaðinum. Og það er ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að með þessu sé ríkið að efla og treysta sinn hlut á fjármagnsmarkaðnum, síður en svo, því að jafnframt hefur verið ákveðið þegar frv. — og hluti af því hefur núna verið samþykktur við 2. umr. — verður að lögum, að iðnrh. og sjútvrh. er sett fyrir að hefja undirbúning á sölu á 49% hlut ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem hefur fram undir þetta verið að fullu í eigu ríkisins vegna þess að þessir fjórir sjóðir sem þarna um ræðir eru í opinberri eigu.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu með því að fara um að deila um þessa hluti. Það er ástæðulaust. Umræðan hefur að stórum hluta til snúist um þetta fram undir þetta. Og eins og ég segi, þrátt fyrir að um þessi mál sé nokkur ágreiningur og talsvert skiptar skoðanir, bæði innan ríkisstjórnarflokkanna og einnig innan stjórnarandstöðunnar, þá er það nú svo að þrátt fyrir að þau hafi ekki verið lögð hér fram fyrr en fyrir fáum vikum síðan, þá hefur efh.- og viðskn. tekist mjög vel upp að mínu mati í vinnu við þessi mál. Og það vil ég sérstaklega þakka fyrir núna þegar þetta síðasta mál af þessum þremur er til 2. umr. Ég vonast til að við 3. umr. ríki jafngóð sátt um þessi mál og betri sátt vona ég en hefur verið því að með ýmsum þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á frumvörpunum við 2. umr., er gengið til móts við þau sjónarmið sem kannski mest hefur verið deilt um.

[18:40]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þekkt erlendis að vilji menn halda völdum í langri keðju fyrirtækja, þá gæti þeir sín á því að hafa alltaf 51% í hverju fyrirtæki og þannig geta þeir fengið inn meira hlutafé en þeir eiga sjálfir yfir að ráða og ráðið því í reynd. Og þetta er akkúrat það sem gerist núna. Gangi þessi frumvörp öll eftir og segjum að það takist að selja 35% í Landsbankanum og hugsanlega í Búnaðarbankanum líka, 49% í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, þá er í reynd ríkið með meiri hluta í öllum þessum bönkum en búið fá 5–10 milljarða af fé úr atvinnulífinu undir sinn hatt, undir sína forsjá. Og ef þetta er ekki ríkisvæðing, þá veit ég ekki hvað þetta er. Ef þetta eru ekki aukin áhrif ríkisvaldsins á fjármálamarkaðnum, þá veit ég ekki hvað það heitir.

Ég aftur á móti sé breytingar, eins og kom fram í umræðunum og hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sagði og ég tek undir. Ég sé breytingar. Ég vona það a.m.k. að meira verði selt og helst allur hlutur ríkisins í þessum fjármálastofnunum öllum saman. Þá getum við farið að horfast í augu við útlenda sérfræðinga sem stöðugt eru að ráðleggja okkur að minnka umsvif ríkisins á fjármálamarkaðnum.

[18:41]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Umræðan hefur hér fyrr að nokkru leyti snúist um það líka hversu hratt eigi að fara og í 10–15 ár hefur umræðan kannski einmitt snúist um það hversu hratt menn vilja fara í þessum efnum. Niðurstaðan hefur orðið sú að menn hafa aldrei náð landi. Það hefur stundum verið eins og forveri minn í starfi sagði, landsýn í málinu en skútunni hefur aldrei nokkurn tíma fyrr en nú verið siglt inn á Alþingi með þessi mál innbyrðis. Og það er í fyrsta skipti sem það hillir undir að okkur ætli að takast að afgreiða þessi stóru mál héðan frá hinu háa Alþingi.

Hefðu menn valið aðra leið og viljað ganga miklu hraðar fram, þá spái ég því að við hefðum ekki náð landi, málin væru ekki komin hingað inn. En því verður ekki á móti mælt og þær tölur liggja fyrir, að áætlað verðmæti viðskiptabankanna, sparisjóðanna og Fjárfestingarbankans séu í kringum 62% ef við miðum við hlutfall af öllum markaðnum. En þegar búið er að auka hlutafé í hinum bönkunum, þ.e. Landsbankanum og Búnaðarbankanum og selja þennan 49% eignarhlut ríkisins sem er fyrsta skrefið á þessari löngu leið og allir gera sér grein fyrir, þá hefur okkur tekist að minnka umsvif ríkisins úr 62% niður í 41%. Þessu verður ekki á móti mælt. Þetta verður niðurstaðan og með þessu er okkur að takast að ná þessu ætlunarverki okkar, sem er nauðsynlegt og ég vonast til að flestir séu sammála um, að draga úr umsvifum ríkisins á fjármagnsmarkaðnum með því að afhenda þetta einkaaðilum.

[18:43]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Pétur H. Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er ekki öldungis rétt vegna þess að ríkið mun hafa forsjá yfir stærri hluta markaðarins. Það mun hafa meirihlutaafl á stærri hluta markaðarins vegna þess að það er búið að fá inn til sín 5–10 milljarða frá atvinnulífinu sem starfa undir þess verndarvæng, undir þess meiri hluta og það er meiri hlutinn sem skiptir máli. Þannig hafa menn byggt upp stórar keðjur erlendis ef vel tekst. Það er mikilvægt að ráða meiri hlutanum, ekki það hversu margar prósentur menn eiga í eignarhluta. Og það er einmitt kúnstin hjá auðjöfrum erlendis að ráða sem mestu með sem minnstu eigin framlagi. Menn hafa byggt upp mjög flókin og útspekúleruð kerfi til þess að ráða sem mestu með sem minnstu eigin framlagi eða eins miklu og þeir ráða við, ráða sem sagt miklu meira fjármagni heldur en þeir eiga sjálfir. Þetta er það sem ríkið er að gera hérna. Það ætlar sér að fá fjármagn inn til sín og ætlar að hafa meiri hluta í því og passa það. En auðvitað vonum við að þetta verði selt og þegar það hefur gerst, þá verð ég ánægður með þetta.

[18:45]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það veit ég að hv. þm. Pétur Blöndal veit að einhvers staðar verða menn að byrja ef menn ætla einhvern tíma að komast í mark.

Meginástæðan fyrir því að 49% voru valin í þessari fyrstu umferð er sú að það var mat þeirra sem gerst til þekkja að það gæti haft skaðleg áhrif fyrir lánardrottna okkar erlendis og viðskiptakjör okkar gagnvart lánardrottnum okkar erlendis ef stærra skref væri tekið á þessari stundu. Það verðum við líka að hafa í huga, þó menn séu kappsmenn miklir, að það verður stundum að gá að því hverja maður hefur í kringum sig og með hverjum erum við að hlaupa í boðhlaupinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 14., 17. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 18:46.

---

112. FUNDUR

mánudaginn 28. apríl,
kl. 5.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Þjóðfáni Íslendinga, stjfrv., 494. mál, þskj. 831. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skjaldarmerki Íslands, stjfrv., 495. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Siglingastofnun Íslands, frv., 580. mál, þskj. 972. — 3. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Fjarvistarleyfi:

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

Minning Steindórs Steindórssonar.

[17:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Steindór Steindórsson, fyrrverandi skólameistari og alþingismaður, andaðist laugardaginn 26. apríl. Hann var á nítugasta og fimmta aldursári.

Steindór Steindórsson var fæddur á Möðruvöllum í Hörgárdal 12. ágúst 1902. Foreldrar hans voru Steindór Jónasson verslunarmaður á Þrastarhóli í Arnarneshreppi og Kristín Jónsdóttir ráðskona á Möðruvöllum. Hlaut Steindór nafn föður síns sem lést vorið 1902. Hann ólst upp á Hlöðum í Hörgárdal og kenndi sig við þann bæ. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1922 og stúdentsprófi utanskóla í Menntaskólanum í Reykjavík 1925. Að því loknu nam hann náttúrufræði við Hafnarháskóla 1925–1930, var þó eitt ár frá námi vegna veikinda, og lauk fyrri hluta meistaraprófs í grasafræði 1930. Framhaldsnám og rannsóknir við háskólann í Ósló stundaði hann 1951. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands 1981.

Steindór Steindórsson var kennari við Menntaskólann á Akureyri 1930–1966 og síðan skólameistari 1966–1972. Stundakennari við Gagnfræðaskólann á Akureyri var hann 1930–1936. Hann vann að gróðurrannsóknum á sumrum 1930–1976.

Steindór Steindórsson var í kjöri á Ísafirði fyrir Alþýðuflokkinn við fyrri alþingiskosningarnar 1959, varð landskjörinn alþingismaður og sat sumarþingið 1959. Áður hafði hann

verið nokkrum sinnum í kjöri á Akureyri, orðið landskjörinn varaþingmaður og tekið sæti á Alþingi í maí 1947.

Steindór Steindórsson var fulltrúi Íslands á þingi norrænna náttúrufræðinga í Helsingfors 1936. Hann var formaður Ferðafélags Akureyrar frá stofnun þess 1936–1942 og formaður Norræna félagsins á Akureyri 1939–1941 og 1956–1973. Bæjarfulltrúi á Akureyri var hann 1946–1958, í bæjarráði frá 1948. Hann var í flokksstjórn Alþýðuflokksins 1950–1972 og formaður Alþýðuflokksfélags Akureyrar 1962–1964. Formaður Ræktunarfélags Norðurlands var hann 1952–1971 og ráðunautur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins 1955–1967. Hann dvaldist þrjá mánuði í Bandaríkjunum árið 1956 í boði Bandaríkjastjórnar, flutti fyrirlestra við háskóla þar, og hann vann vestan hafs sumarið 1958 að söfnun heimilda að æviskrám Vestur-Íslendinga. Héraðssáttasemjari á Norðurlandi var hann 1957–1971. Hann sat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 1965. Grasafræðiráðunautur við gróðurkortagerð Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Grænlandi var hann 1977–1981.

Steindór Steindórsson var iðjusamur og mikilvirkur og hélt starfskröftum fram á síðustu ár. Kennsla var aðalstarf hans um áratugi, en jafnframt sinnti hann fræðistörfum. Gróðurrannsóknir stundaði hann víða um land, einnig á Grænlandi og Jan Mayen, og ritaði bækur, bókarkafla og greinar um þær rannsóknir. Á ferðum um landið og í tengslum við önnur störf varð hann gagnkunnugur landinu og sögu þess og var höfundur ásamt öðrum að margra binda riti sem nefnist Landið þitt Ísland. Hann var ritstjóri tímaritsins Heima er bezt rúma þrjá áratugi og átti þar margar greinar með ýmislegum fróðleik. Auk þess þýddi hann á íslensku nokkrar ferðabækur erlendra manna um Ísland.

Steindór Steindórsson átti skamma setu á Alþingi og nú er langt um liðið síðan hann sat hér. Flokki sínum vann hann lengi og af heilindum. Hann var vel máli farinn, minni hans afar gott og hann var fjölfróður um ýmsa þætti þjóðlífsins, þó að sérfræðisvið hans væri náttúrufræði og hann ynni stórvirki á því sviði. Eftir hann liggur mikið ævistarf og hann hlaut verðskuldaðar heiðursviðurkenningar fyrir vísinda- og félagsstörf.

Ég bið háttvirta alþingismenn að minnast Steindórs Steindórssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[17:37]

Útbýting þingskjala:

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, 593. mál, þáltill. utanrmn., þskj. 1036.

Vopnalög, 592. mál, stjfrv. (dómsmrh.), þskj. 1035.

Þjóðfáni Íslendinga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 494. mál (notkun fánans o.fl.). — Þskj. 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Skjaldarmerki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 495. mál. — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Siglingastofnun Íslands, 3. umr.

Frv. samgn., 580. mál. — Þskj. 972.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GBeck, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

16 þm. (DO, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, HÁs, ÍGP, MF, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, SJS, VS, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1045).

Fundi slitið kl. 17:41.

---

113. FUNDUR

mánudaginn 28. apríl,
að loknum 112. fundi.

Dagskrá:

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, þáltill., 593. mál, þskj. 1036. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, fyrri umr.

Þáltill. utanrmn., 593. mál. — Þskj. 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:42]

Frv. var of seint fram komið. — Samþ. með 47 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv.

[17:43]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Að ósk utanrrh. hefur utanrmn. flutt á þskj. 1036 till. til þál. um fullgildingu alþjóðlegs samnings um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun efnavopna og um eyðingu þeirra. Með þáltill. er leitað heimildar alþingis til að fullgilda umræddan samning og ljúka þeirri málsmeðferð sem nauðsynleg er í því sambandi. Þess má geta að frestur til þess að skila fullgildingu þannig að ríki verði stofnaðili að samningnum rennur út í nótt að íslenskum tíma og því ekki seinna vænna að ljúka afgreiðslu þessa máls til þess að Ísland megi vera í hópi stofnríkja sem ég tel að okkur sé rétt og skylt að vera.

Samningur þessi er einhver merkilegasti alþjóðlegi samningur sem gerður hefur verið hin síðari ár um afvopnunarmál að mínum dómi. Hann skuldbindur aðildarríkin til að beita aldrei efnavopnum í hernaði og jafnframt til að stöðva framleiðslu slíkra vopna og eyða öllum birgðum þeirra sem ríki eiga í fórum sínum. Þetta er samningur um að banna efnavopn en þetta er líka samningur um að eyða þeim vopnum sem fyrir eru.

Samningurinn felur í sér að komið verði á fót ítarlegu alþjóðlegu eftirlitskerfi með framkvæmd hans og er m.a. gert ráð fyrir vettvangsprófunum í hverju aðildarríki, hvort heldur er vegna meintrar framleiðslu efnavopna eða eyðileggingar þeirra. Samningaviðræður um þetta mál hafa staðið yfir árum saman en þeim lauk með því að undirritaður var í París í janúar 1993 sá samningur sem nú mun taka gildi á næsta sólarhring. Munurinn á þessum samningi og til að mynda Genfarsamningnum frá 1925 sem bannaði notkun efnavopna í stríði er sá að sá samningur bannaði ekki þróun, framleiðslu eða geymslu slíkra vopna og að auki gátu samningsaðilar á þeim vettvangi gert fyrirvara gagnvart ríkjum sem ekki höfðu verið með, áskilið sér rétt til að nota efnavopn gegn ríkjum sem notuðu þau gegn þeim og sömuleiðis gagnvart ríkum sem ekki höfðu undirritað Genfarsamninginn. Í þessu dæmi, þessum samningi sem nú er til afgreiðslu er ekki um neinar slíkar undanþágur að ræða.

Sett hefur verið á laggirnar alþjóðleg stofnun á grundvelli samningstextans OPCW, á ensku Organization for the Prohibition of Chemical Weapons, en skipulagseiningar þessarar stofnunar eru ráðstefna aðildarríkjanna sem haldin verður árlega, framkvæmdaráð, tækniskrifstofa og fleiri einingar. Aðalstöðvar verða í Haag í Hollandi. Þessi stofnun mun hafa fjölmennu starfsliði á að skipa til þess að hafa umsjón með framkvæmd samningsins og annast það eftirlit sem áður er nefnt, m.a. með því að senda eftirlitsmenn á vettvang til að sannreyna hvort efnavopnum hafi verið eytt og framleiðslu þeirra hætt.

Aðildarríkin skuldbinda sig til að breyta löggjöf ef nauðsyn krefur til þess að framkvæma allar samningsskyldur sínar en tilnefna skal sérstaka ríkisstofnun í hverju landi til að hafa skilvirk samskipti við umrædda alþjóðastofnun um framkvæmd og eftirlit með samningnum, m.a. gera eftirlitsmönnum frá alþjóðastofnuninni kleift að athafna sig að vild við allar vettvangskannanir. Líklegt má telja að hér á landi verði Hollustuvernd ríkisins falið þetta verkefni. Fyrsta ráðstefna aðildarríkjanna sem aðild eiga að hinni nýju stofnun mun koma saman í Haag í byrjun maímánaðar nk.

Þessi samningur er auðvitað fyrst og fremst samningur um alþjóðleg öryggismál. Hann tryggir að nánast verður ómögulegt fyrir ríki utan samningsins að nálgast efnasambönd til framleiðslu efnavopna og það á einnig við um þau efnasambönd sem undir venjulegum kringumstæðum eru nýtt í friðsamlegum tilgangi. Samningurinn hefur þannig tvímælalaust áhrif á ýmsan iðnað sem nýtir slík efnasambönd, en þau eru tilgreind í viðaukum samningsins. Gera má ráð fyrir að áhrifa þessa gæti einkum þegar fram í sækir. Það er hagsmunamál fyrir Ísland að fullgilda samninginn af þessum sökum fyrir utan þá siðferðilegu skyldu sem hvílir á Íslendingum að vera aðilar að mikilvægum afvopnunarsamningi sem þessum. En hagsmunir íslenskra fyrirtækja og annarra aðila sem nota efnasambönd til rannsókna eða annarra þarfa eru að sjálfsögðu þeir að þegar samningurinn kemur til framkvæmda er hægt að útiloka þau lönd sem ekki eru aðilar að honum frá slíkum viðskiptum og beita þau hindrunum og jafnvel útiloka að þau geti komist yfir efnasambönd sem þau þurfa og það getur að sjálfsögðu haft mjög alvarleg áhrif í efnaiðnaði eða í rannsóknum til að mynda á sviði læknis- og lyfjafræði. Af þessari ástæðu er því nauðsynlegt fyrir ríki eins og Ísland að gerast aðili að þessum samningi.

Þess má geta að í dag höfðu 164 ríki undirritað samninginn en 81 ríki hafði skilað fullgildingarskjölum síðast þegar vitað var og má gera ráð fyrir að nokkur bætist við á þessum sólarhring og þar á meðal vonandi Ísland. Bandaríkin hafa eins og kunnugt er staðfest samninginn og lokið frágangi sinnar fullgildingar. Sama er að segja um Kína, Kúbu og ýmiss önnur ríki. Því miður hafa Rússar hins vegar ekki gengið frá sínum málum að þessu leyti og má ætla að einhver bið verði á því vegna sérstakra aðstæðna þar í landi og eflaust einnig þess kostnaðar sem fylgir því að eyða vopnabúrum sem komið hefur verið upp í þessu efni.

Þess má geta að ýmiss önnur ríki hafa ekki skrifað undir samninginn og eru ekki aðilar að honum. Þar má nefna ríki eins og Írak, Líbýu, Sýrland og Norður-Kóreu en hér eru á ferðinni ríki sem talið er og jafnvel vitað með vissu að hafa komið sér upp efnavopnum og því auðvitað áhyggjuefni að þau skuli ekki vera aðilar að samningnum í það minnsta enn sem komið er. Á hinn bóginn mun samningurinn hafa í för með sér að slík ríki verða útilokuð frá því að afla efna sem mögulega mætti nýta til efnavopnaframleiðslu frá þeim ríkjum sem aðild eiga að samningnum og því má ætla að það herði að þessum ríkjum sem hyggjast standa utan við að þessu leyti.

Meðal bandamanna okkar Íslendinga innan Atlantshafsbandalagsins hefur verið lögð mikil áhersla á gerð og fullgildingu þessa efnavopnasamnings. Í varnarstefnu bandalagsins frá árinu 1991 er lýst yfir stuðningi þess við gerð samningsins og má nefna að í kjölfar undirritunar hans í janúar 1993 hvatti framkvæmdastjóri NATO öll NATO-ríkin til að fullgilda samninginn hið fyrsta. Slíkar hvatningar hafa einnig borist frá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna ásamt því sem Evrópusambandið hefur sent frá sér tilmæli til ríkja sem ekki hafa undirritað og staðfest samninginn, um að gera það hið fyrsta. Er því ljóst að á alþjóðlegum vettvangi hefur fullgilding þessa samnings víða verið forgangsmál. Það er að sjálfsögðu sérstakt fagnaðarefni að öldungadeild Bandaríkjaþings staðfesti samninginn fyrir síðustu helgi með 74 atkvæðum gegn 26. Það voru ríflega þeir tveir þriðju hlutar sem nauðsynlegir voru til að staðfesta samninginn, en ljóst er að um hann voru mjög skiptar skoðanir þar í landi. En sem betur fer höfðu þeir yfirhöndina í bandarísku öldungadeildinni sem hafa stutt þennan samning og nutu stuðnings áhrifamanna bæði úr röðum demókrata og repúblikana.

Ég tel að einboðið sé fyrir Ísland að staðfesta þennan samning, ekki bara vegna þess að hann getur ella skapað okkur óþægindi í iðnaði og atvinnulífi heldur ekki síður af þeirri ástæðu sem ég nefndi áðan, að Ísland á að taka þátt í alþjóðasamstarfi um afvopnun. Íslandi ber að vera með í slíkum samningum og það er okkar siðferðilega skylda að leggja okkar lóð á vogarskálarnar þegar svo merkileg tíðindi eru að gerast í afvopnunarmálum á heimsvísu sem hér er raunin. Þess vegna hefur verið ákveðið að efna til þessa sérstaka fundar í Alþingi í dag. Og það er einlæg von mín að þingheimur allur sameinist um að afgreiða þetta mál hratt og örugglega hér í dag þannig að Ísland geti gengið frá sinni aðild að þessu máli áður en umræddur frestur rennur út í nótt. Ég vænti þess að Alþingi muni sameinast um þessa afgreiðslu og ég vil þakka meðnefndarmönnum mínum í utanrmn. fyrir samstarfið í þessu máli og fyrir að hafa fallist á að flytja þetta mál með þeim afbrigðum sem raun ber vitni.

[17:54]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég er sem fulltrúi okkar í utanrmn. einn af flutningsmönnum tillögunnar og tek undir þau orð sem hv. formaður utanrmn. lét frá sér fara að lokum, að hann legði á það áherslu að þingheimur allur sameinaðist um að afgreiða þessa tillögu eins og hún liggur hér fyrir.

Það eru örfá atriði, herra forseti, sem mig langar engu að síður til að koma á framfæri um leið og ég þakka fyrir hvað formaður utanrmn. og utanrmn. í heild hefur brugðist skjótt við í þessu máli. Það eru fjögur atriði sem ég vil nefna.

Í utanrmn. innti ég fulltrúa utanrrn. sérstaklega eftir því hvernig farið yrði með greinargerðir sem á samkvæmt samningnum að senda frá Íslandi um þau mál sem snúa að samningnum og gætu m.a. snert herstöðina í Keflavík. Það kom fram hjá fulltrúum utanrrn. að gefnar yrðu yfirlýsingar sem snerta herstöðina í því skyni að einnig á því svæði yrði að sjálfsögðu fullnægt þeim ákvæðum sem þessi samningur gerir ráð fyrir. Það var mjög mikilvægt að fá þetta atriði fram og það var alveg skýrt frá embættismönnum utanrrn.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því, herra forseti, að þessi samningur kveður á um óvenjumiklar heimildir til leitar og rannsóknar á fyrirtækjum, stofnunum og jafnvel á einstaklingum. Er í þeim efnum gengið mjög langt varðandi einstaklinga. Í því sambandi bendi ég hv. þingmönnum. á enska textann, einkum á bls. 54, greinar 45–51, þar sem það kemur greinilega fram að þeir sem hafa eftirlit samkvæmt þessum samningi geta gengið býsna langt í því að krefjast upplýsinga frá einstaklingum um hvaðeina sem einstaklingarnir hafa í fórum sínum. Í raun og veru þá hygg ég að þetta sé flóknasta atriði samningsins og það þarf að fara mjög vel yfir það í framhaldi af ályktun Alþingis hvernig þessu ákvæði verður búinn staður í lögum Íslands með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífsins og aðra þá þætti sem að því lúta að menn geti varið sig fyrir stjórnvöldum þegar þau vilja framkvæma eftirlit af einhverju tagi. Hér er með öðrum orðum um að ræða gríðarlega stór mál sem snerta og ganga lengra en ég hygg að við höfum nokku sinni áður sett í lög eða reglugerðir á Íslandi. Ég hygg að svo sé, enda sögðu embættismenn utanrrn. áðan í nefndinni að þeir teldu að þetta væru einstök ákvæði varðandi það að ganga býsna nærri því sem kallað er friðhelgi einstaklingsins, í því að framkvæma eftirlit samkvæmt þessum samningi. En öll viljum við sem stóðum að þessari tillögu í utanrmn. vafalaust ganga eins langt í þeim efnum og mögulegt er, en þó þarf að gæta fordæma og samræmis við aðra þætti í okkar löggjöf og stjórnarskrá í þessum efnum.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því, herra forseti, að það hefur komið fram síðustu daga að menn hafi verið nokkuð seinir í utanrrn. að afgreiða þetta skjal og verður því ekki neitað. Ég spurði embættismenn utanrrn. að því — ég hygg að ég geti alveg sagt frá því hér — hvernig það væri vegna þess að almannarómurinn segir að kannski liggi bara hjá þeim bunkarnir af samningunum sem þurfi síðan að fara dagfari og náttfari í að afgreiða hér á Alþingi einn góðan veðurdag til að Íslendingar verði sér ekki til skammar á alþjóðavettvangi. Þeir lýstu því nákvæmlega þessir starfsmenn utanrrn. hvað ráðuneytið væri ótrúlega vanbúið við að ganga í verk af því tagi sem hér er um að ræða, bæði varðandi þýðingar og samræmingar, yfirlestur og þess háttar á lögum og því um líku. Og það kom í ljós í svari starfsmanna utanrrn. að einn starfsmaður sinnir þessu verki í ráðuneytinu og það er örugglega of lítið. Það get ég að minnsta kosti sagt með hliðsjón af þeirri reynslu sem við höfum hér nú. Mér finnst því svona í tengslum við þennan samning að menn ættu að velta því fyrir sér að taka þessi mál til skoðunar við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1998.

Loks, herra forseti, kom fram á fundi nefndarinnar að gert er ráð fyrir því, eins og kemur reyndar fram í samningnum, að ákveðin stofnun annist framkvæmd samningsins og það mun gert ráð fyrir að það verði Hollustuvernd ríkisins. Það er bersýnilega þörf á því að hún taki sér talsvert tak ef hún á að geta rækt ákvæði samningsins eins og hann gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti tek ég undir þær óskir sem hv. þm. Geir H. Haarde hafði áðan um að samningurinn verði staðfestur hér.

[17:59]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Það er siðferðileg skylda okkar Íslendinga að styðja alla viðleitni til afvopnunar hvar sem er. Það hefur komið fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde, formanni utanrmn., að þessi samningur er líklega einn sá mikilvægasti sem staðfestur hefur verið á seinni árum og þess vegna er það algerlega óhjákvæmilegt að Íslendingar eigi aðild að honum. Ég lýsi þess vegna yfir fyrir hönd þingflokks jafnaðarmanna að við munum gera það sem hægt er af okkar hálfu til þess að koma þessum samningi í gegnum þingið.

Hv. þm. Svavar Gestsson gat þess að hermt væri að samningurinn væri nokkuð seint á ferðinni og líkast til er það hárrétt. Hann sagði að það kynni að stafa af því að ekki væru nægilega margir sem utanrrn. hefði til þess að starfa að þessum málum og það getur líka verið rétt. Þetta er auðvitað alltaf spurning um forgang. Og það getur jafnvel gerst á bestu bæjum að það verða mistök og það gerist í ráðuneytum eins og annars staðar. Ég vil sjálfur sérstaklega þakka hæstv. forseta og forsetum þingsins fyrir að hafa sinnt þessum málum með því að boða til þessa sérstaka fundar til að Íslendingum megi takast að verða stofnaðilar að þessum samningi.

Hv. þm. Svavar Gestsson gat þess að komið hefði fram á fundi nefndarinnar fyrr í dag að líklega yrði Hollustuvernd ríkisins sú stofnun sem samkvæmt samningnum verður falið að fylgjast með framkvæmd hans hér á landi. Það kom að vísu fram að forstöðumaður Hollustuverndar ríkisins hafði aldrei heyrt það. Við vitum að sú stofnun er önnum kafin við

hvers konar eftirlit sem tengist EES-samningnum og þess vegna held ég að óhjákvæmilegt sé, í framhaldi af þessu, að sérstaklega verði reynt að kanna hvaða viðbótarálag leggst á stofnunina vegna þessa samnings og að ríkisstjórnin reyni einhvern veginn að veita aukið fé til þess að stofnunin geti sinnt þessu starfi.

Það kom fram hjá hv. þm. Geir H. Haarde að því miður væri það staðreynd að af þeim ríkjum sem helst hefðu þurft að staðfesta þennan samning þá hefur einungis eitt þeirra gert það, þ.e. Bandaríkin. Eftir liggja Rússland og síðan ýmis önnur smærri ríki sem vissulega hefðu þurft að vera bundin af samningi sem þessum, þ.e. ríki á borð við Írak, Líbýu og Sýrland. Við skulum vona að fordæmi Íslendinga verði til þess að þeir taki nú á honum stóra sínum.

Ég sagði áðan að það væri nauðsynlegt af siðferðilegum ástæðum fyrir Íslendinga að taka þátt í því að hrinda samningi sem þessum úr vör. Og það er þess vegna sem við höldum þennan fund í dag, þ.e. til þess að við getum orðið stofnaðilar. En það hefur líka komið fram, m.a. á fundi utanrmn. í dag, að það eru vísast nokkur fyrirtæki, tiltölulega stór fyrirtæki hér á Íslandi, sem eiga allnokkuð undir því að þessi samningur verði fullgiltur. Það hefur komið fram að fyrirtæki í byggingariðnaði, t.d. Sementsverksmiðjan og fleiri fyrirtæki, telji að nauðsynlegt sé að samningurinn verði staðfestur vegna þess að hann leggur hömlur á viðskipti aðildarríkja með tiltekin efni við ríki sem standa utan samningsins og af þessum sökum þá er það ekki síður mikilvægt að við tökum þátt í þessu. Það er líka vert að geta þess að í dag er Ísland eina EES-ríkið sem ekki hefur enn samþykkt þennan samning fyrir sitt leyti.

[18:03]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því að þessi samningur skuli kominn hingað inn á borð alþingismanna til staðfestingar um leið og ég vona að við fáum á næstu árum betri og meiri tíma til þess að fara yfir samninga af þessu tagi því það hefur komið fram að það er ýmislegt sem fylgir. Það þarf að hafa eftirlit með því hvernig málum er háttað hér og við þurfum að taka þátt í alþjóðastarfi sem tengist þessum samningi. En aðalatriðið er auðvitað að við náum málinu í gegn í tíma og verðum meðal stofnaðila samningsins. Annað væri okkur heldur til lítils sóma.

Í þessu samhengi langar mig aðeins að rifja það upp að eins og kemur fram í grg. var gerður samningur árið 1925 sem bannaði notkun eiturefna, gass og sýkla í hernaði. Það gerðist í ljósi þeirra gríðarlegu hörmunga sem menn upplifðu í fyrri heimsstyrjöldinni þegar eiturgas var notað í stórum stíl og olli oft miklu líkamstjóni. Ekki endilega dauða heldur oft lömun og líkamstjóni sem varð þjóðunum dýrkeypt eftir styrjöldina. Engu að síður hafa eiturefni og eiturvopn verið notuð að minnsta kosti nokkrum sinnum síðan bæði í styrjöldum og í einstaka árásum. Og eflaust muna margir eftir fréttum af eiturefnaárás á byggðir Kúrda í Írak fyrir nokkrum árum. Þessi efni eru í notkun, því miður, og því auðvitað afar mikilvægt að alþjóðastofnanir og samtök þjóða reyni að ná tökum á þessum iðnaði. Hér er verið að ganga mun lengra en gert hefur verið hingað til og til orðið víðtækt samkomulag um bann við þróun, framleiðslu, söfnun og notkun eiturefna og eiturvopna, jafnframt því að með fylgir samkomulag um að eyða þessum vopnum sem hlýtur að vera býsna flókið mál.

Ég vil einnig nefna það sem hér hefur komið fram að sú stofnun sem mun væntanlega annast eftirlit með þessum málefnum hér á landi verður Hollustuvernd ríkisins. Mér er kunnugt um að innan þeirrar stofnunar er gríðarlegt vinnuálag, m.a. vegna EES-samningsins, og hún hefur verið stórlega fjársvelt eins og hefur komið fram í umræðum hér um fjárlög. Reyndar minnist ég þess að hér frammi hafa legið fyrirspurnir um stöðu þessarar stofnunar. Þar þarf því einnig að taka á, hæstv. forseti. En enn og aftur, ég fagna því að þessi samningur skuli kominn hér til staðfestingar.

[18:06]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. utanrmn. fyrir hversu skjótt og vel hún hefur tekið á þessu máli. Eins og fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar og framsögumanni hennar hér áðan þá var það ósk utanrrh. að nefndin tók málið fyrir á þennan hátt og það er ástæða til að þakka bæði forseta og þingheimi fyrir að bregðast svo við að halda aukafund hér í dag til þess að koma málinu í gegn sem var ekki á dagskrá þingsins að öðru leyti.

Eins og fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem tekið hafa þátt í umræðunni er full ástæða og reyndar nauðsynlegt fyrir okkur að fullgilda þennan samning og hefði ekki verið gott hefðum við setið eftir með það og ekki náð að verða samferða öðrum þjóðum í því efni sem við viljum starfa með og störfum með bæði innan NATO og á vegum Evrópska efnahagssvæðisins, en hér kom einnig fram að Ísland væri eina ríki þess sem ætti eftir að fullgilda samninginn. Ég lýsi fullum stuðningi mínum við það að sjálfsögðu og endurtek þakkir mínar til nefndarinnar.

Mig langar aðeins að segja vegna þess sem fram hefur komið um mikið álag og það hversu seint þetta er fram komið og að við skulum vera að þessu á seinustu stundu, að auðvitað er mikið álag í utanrrn. Margir samningar fara þar í gegn og þetta á reyndar við um alla okkar stjórnsýslu að við, fáir, smáir og stundum vanbúnir, erum auðvitað að reyna að fylgja eftir stórum og öflugum þjóðum sem hafa mikið lið til þess að vinna alla þessa vinnu og það kemur sjálfsagt á stundum fram í störfum okkar stjórnkerfis og Stjórnarráðs.

Mig langar líka til þess að árétta það og nota þetta tækifæri sem ráðherra þess málaflokks sem Hollustuvernd ríkisins fellur undir, að verði það sú stofnun sem fær það hlutverk að hafa hér eftirlit með framkvæmd samningsins þá þarf sannarlega að huga betur að málefnum hennar og gera henni kleift að sinna sínum mikilvægu hlutverkum og verkefnum bæði á þessu sviði og öðrum eins og hv. þm. vita og við höfum stundum rætt hér áður.

Hæstv. forseti. Að lokum endurtek ég þakkir mínar til nefndarinnar og þingheims fyrir að vinna svo skjótt að málinu.

[18:09]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir því að í máli hæstv. ráðherra kom fram að hann var ekki viss um það hvort það yrði Hollustuvernd sem tæki þetta að sér. Hann sagði: „Ef það verður Hollustuvernd ...“ Þess vegna vil ég spyrja: Hefur hæstv. starfandi utanrrh. leitað ráða og spurt hæstv. umhvrh. hvort þetta verður niðurstaðan hjá ríkisstjórninni?

[18:09]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýddi á framsöguræðu hv. formanns utanrmn. um þetta mál þar sem fram kom að gert væri ráð fyrir því að það yrði Hollustuvernd ríkisins sem tæki að sér þetta eftirlitshlutverk. Þessir tveir ágætu ráðherrar hafa ekki rætt það sérstaklega en hæg eru heimatökin og auðvitað skorast ég ekki undan því að beita mér fyrir því að þessi stofnun umhvrn. taki að sér veigamikið hlutverk. Það er hins vegar ljóst að það þarf að huga að málefnum hennar eftir því sem við hlöðum á hana fleiri verkefnum.

[18:10]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég vil fagna þeirri samstöðu sem komið hefur í ljós í þessum umræðum um málið. Það kemur mér að vísu ekki á óvart eftir afgreiðslu utanrmn. á málinu.

Það er rétt að geta þess sem mér láðist í upphafi að auðvitað þarf að huga að lagabreytingum á Íslandi í kjölfarið á fullgildingu þessa samnings. Hér eru í gildi lög um eiturefni og hættuleg efni frá árinu 1988, minnir mig, sem koma til skoðunar í því sambandi og hugsanlega fleiri lög, til þess að gera Íslendingum kleift að standa við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem í þessum samningi felast, m.a. að því er varðar eftirlit og fleira af því tagi sem hv. þm. Svavar Gestsson vék lítillega að í sínu máli. Ég hygg að þessi mál séu þegar til skoðunar í Stjórnarráði Íslands og að þessar lagabreytingar muni sjá dagsins ljós í frumvarpsformi á Alþingi, væntanlega á næsta þingi.

Að því er varðar hins vegar vinnu utanrrn. í þessu máli, sem ýmsir hafa vakið hér athygli á, þá er nauðsynlegt að hafa það í huga að Íslendingar eru að gerast aðilar að fjöldamörgum alþjóðlegum samningum á mjög mörgum sviðum og þessu fylgir gríðarlegt vinnuálag í ráðuneytinu sem ekki er hægt að líta fram hjá eins og menn hafa reyndar rakið hér. Þannig að á því eru auðvitað skýringar að það hefur orðið dráttur á þessu máli. Hins vegar er það rétt sem menn hafa sagt að það er tilefni til þess að skoða sérstaklega hvort hægt er að bæta hér úr að því er varðar mannafla og sérfræðiaðstoð í ráðuneytinu í þessu efni. Ég held að það sé fyllsta ástæða til þess að huga að því eins og nokkrir ræðumanna hafa þegar vakið athygli á í umræðunum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 18:14.

---

114. FUNDUR

mánudaginn 28. apríl,
að loknum 113. fundi.

Dagskrá:

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, þáltill., 593. mál, þskj. 1036. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

[18:14]

Útbýting þingskjala:

Ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð, 597. mál, fsp. KHG, þskj. 1040.

Fæðingarorlof, 453. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1042; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1043.

Reglur Seðlabankans um verðtryggingu, 595. mál, fsp. JóhS, þskj. 1038.

Rekstrarhagræðing, 598. mál, fsp. KHG, þskj. 1041.

Ríkisjarðir, 599. mál, fsp. ÞSverr, þskj. 1044.

Tekjutrygging lífeyrisþega, 594. mál, fsp. ÁRJ, þskj. 1037.

Tolla- og fíkniefnaleit í Reykjavík, 596. mál, fsp. SvG, þskj. 1039.

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, síðari umr.

Þáltill. utanrmn., 593. mál. — Þskj. 1036.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GBeck, GB, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

20 þm. (DO, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, GÁ, HÁs, ÍGP, JóhS, LB, MF, ÓÞÞ, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SJS, VS, ÞJ) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1046).

Fundi slitið kl. 18:17.

115. FUNDUR

föstudaginn 2. maí,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808 og 967. — 2. umr.
2. Tryggingagjald, frv., 541. mál, þskj. 895. — 1. umr.
3. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356, nál. 952, brtt. 953. — 2. umr.
4. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491, nál. 955. — 2. umr.
5. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601, nál. 954. — 2. umr.
6. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487, nál. 975, brtt. 976. — Frh. 2. umr.
7. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 829, brtt. 853. — Frh. 3. umr.
8. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 479. mál, þskj. 806, nál. 1016. — 2. umr.
9. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Fyrri umr.
10. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 230. mál, þskj. 319. — Fyrri umr.
11. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.
12. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.
13. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 402. mál, þskj. 698. — Fyrri umr.
14. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 411. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr.
15. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 422. mál, þskj. 726. — 1. umr.
16. Félagsleg aðstoð, frv., 425. mál, þskj. 729. — 1. umr.
17. Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, þáltill., 448. mál, þskj. 760. — Fyrri umr.
18. Einkahlutafélög, frv., 491. mál, þskj. 826. — 1. umr.
19. Hlutafélög, frv., 492. mál, þskj. 827. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.

Fjarvistarleyfi:

Einar K. Guðfinnsson, 1. þm. Vestf.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni.
Erindi frá Náttúruverndarráði.

[13:03]

Útbýting þingskjala:

Dómar, skaðabætur og fjöldi grófra líkamsárása, 600. mál, fsp. JóhS, þskj. 1051.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 408. mál, þskj. 1017.

Flugmálaáætlun 1997, 257. mál, brtt. samgn., þskj. 1055.

Heilbrigðisþjónusta við áfengis-, vímuefna- og reykingasjúklinga, 498. mál, svar heilbrrh., þskj. 956.

Íslensk stafsetning, 602. mál, fsp. KF, þskj. 1053.

Kaup skólabáts, 310. mál, nál. sjútvn., þskj. 1049.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, 601. mál, fsp. JóhS, þskj. 1052.

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, 556. mál, nál. utanrmn., þskj. 1060.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, 555. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1061; nál. minni hluta utanrmn., þskj. 1062.

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, 86. mál, nál. sjútvn., þskj. 1050.

Veiðiþol beitukóngs, 343. mál, nál. sjútvn., þskj. 1048.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, 480. mál, nál. utanrmn., þskj. 1047.

Vörumerki, 233. mál, nál. iðnn., þskj. 1058; brtt. iðnn., þskj. 1059.

Tryggingasjóður einyrkja, 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808 og 967.

[13:06]

Frsm. meiri hluta félmn. (Siv Friðleifsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta félmn. á þskj. 807 um frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja

Nefndin hefur farið allítarlega yfir þetta mál og fengið á sinn fund 18 aðila frá hagsmunasamtökum og aðilum sem tengjast því. Nefndin hefur einnig fengið 24 umsagnir, aðallega frá hagsmunaaðilum. Meiri hlutinn leggur til nokkrar brtt. á þskj. 808. Þær eru nokkuð margar og það er aðallega vegna þess að taka þurfti tillit til breytinga sem gerðar voru nýlega á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þetta frv. var lagt fram það snemma að það þarf að breyta ýmsu í samræmi við fyrri breytingar sem Alþingi hefur gert á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Helstu breytingar sem lagðar eru til snúa að því, sem var gagnrýnt að vantaði í frv., að verið er að opna sjóðinn fyrir mun fleiri aðilum en bændum, vörubifreiðaeigendum og smábátaeigendum. Ég ætla nú að fara yfir helstu breytingarnar.

1. Lagðar eru til breytingar á 1. gr. Í fyrsta lagi að nafni sjóðsins verði breytt og að hann fái heitið Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, þ.e. í stað hugtaksins einyrki komi „sjálfstætt starfandi einstaklingur". Í öðru lagi er gert ráð fyrir að sjóðfélagar geti verið fleiri en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur, þ.e. aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Með þessu er lagt til að sjóðurinn verði opnaður enn frekar þar sem menn geta verið sjálfstætt starfandi án þess að teljast einyrkjar. Fjölmargar breytingar eru síðan gerðar á frumvarpinu til samræmis við framangreint. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sjóðurinn starfi í deildum samkvæmt reglum sem ráðherra setur og að í þeim reglum skuli meðal annars kveðið á um þann lágmarksfjölda einstaklinga sem þarf svo unnt verði að stofna deild. Meiri hlutinn leggur áherslu á að ekki verði færri en 500 í hverri deild og að jafnframt þurfi að ákveða hvaða starfsgreinasamtök eigi aðild að viðkomandi deild og að skilgreina þurfi atvinnuleysi í hverri deild fyrir sig.

2. Með breytingum á 2. gr. er tryggt að önnur starfsgreinasamtök, sem öðlast aðild að sjóðnum og mynda deild innan hans, en eru ekki sérstaklega talin upp í greininni, eigi

sæti í stjórn sjóðsins, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn fulltrúa í stjórn. Í öðru lagi er lagt til að 4.–6. og 9. mgr. greinarinnar falli brott og færist fyrir í 24. gr. sem þá geymi meðal annars ákvæði um að stjórn sjóðsins skuli eftir hver áramót gefa ráðherra ítarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins, varasjóð og kostnað af rekstri sjóðsins. Í þriðja lagi er lagt til að fellt verði brott það ákvæði 8. mgr. að Vinnumálastofnun skuli annast útborgun bóta. Þá er í fjórða lagi lögð til breyting á fyrirsögn greinarinnar með hliðsjón af framangreindum breytingum. Aðrar breytingar eru í samræmi við breytingar á 1. gr., sbr. 1. lið.

3. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Annars vegar að sjóðfélagaskilyrði 1. mgr. verði fellt brott. Þessi breyting er sett fram með hliðsjón af breytingu á 1. gr. , sbr. 1. lið, um frekari opnun sjóðsins, en skilyrðið var viðbótarskilyrði og til takmörkunar á mögulegri aðild að sjóðnum. Hins vegar er lögð til sú breyting á greininni að fleiri starfsgreinar geti átt aðild að sjóðnum og er það í samræmi við umfjöllun í 1. lið.

4. Lagðar eru til nokkar breytingar á 1. mgr. 4. gr. Í fyrsta lagi er lagt til að neðri aldursmörk þeirra sem geta átt rétt til bóta, sbr. 1. tölul., skuli vera 16 ár í stað 18 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þetta í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að miða við að sjóðfélagi þurfi að hafa hætt rekstri til að uppfylla almenn bótaskilyrði frumvarpsins verði miðað við að rekstur hafi verið stöðvaður, sbr. 2. og 5. tölul. Þá er einnig lögð til breyting á 5. tölul. í samræmi við breytingu á 3. gr. Í þriðja lagi er lagt til að sá sem hefur skráð sig atvinnulausan þurfi einungis að bíða í þrjá daga eftir að réttur hans til bóta verði virkur en ekki í tvær vikur eins og gert er ráð fyrir í 6. tölul. Þetta er einnig í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í fjórða lagi er lögð til sú breyting á 7. tölul. að í stað þess bótaskilyrðis að menn þurfi að vera tilbúnir að ráða sig í fullt starf, með undantekningum sem úthlutunarnefnd metur, verði miðað við að atvinnuleitandi skuli vera reiðubúinn að ráða sig til allra almennra starfa eða hefja sjálfstæðan rekstur. Með hliðsjón af þessum breytingum á 7. tölul. eru gerðar breytingar á 17. gr., sbr. 12. lið. Aðrar breytingar á greininni leiðir af fyrrnefndri breytingu á aldursmörkum.

5. Lagðar eru til breytingar á 5. gr. í samræmi við breytingar á 1. gr. á nafni sjóðsins og 4. gr. þar sem kveðið er á um stöðvun reksturs í stað þess bótaskilyrðis að hætta verði rekstri, sbr. 4. lið.

6. Lagðar eru til breytingar á 6. gr. Annars vegar er lagt til að felld verði niður upptalning í 1. mgr. um hvað geti talist til heimilisaðstæðna. Með þessu er þó ekki litið svo á að þessi atriði geti ekki fallið undir hugtakið heimilisaðstæður heldur geta þau öll komið til skoðunar sem og margt annað í þessu samhengi. Þau tilvik sem talin voru upp í ákvæðinu munu vera í samræmi við túlkun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á hugtakinu heimilisaðstæður og er með þessari breytingu ekki ætlunin að ganga gegn þeirri túlkun. Hins vegar er lögð til sú rýmkun á ákvæði 2. mgr. að í stað þess að sá sem fer í fæðingarorlof haldi áunnum bótarétti í allt að sex mánuði verði miðað við töku fæðingarorlofs sem getur verið lengra tímabil, t.d. vegna fjölburafæðingar. Hér er einnig um að ræða breytingar til samræmis við lög um atvinnuleysistryggingar.

7. Þá er lögð til breyting á 7. gr. til að taka af öll tvímæli um að með trúnaðarlækni í 4. mgr. sé átt við trúnaðarlækni Atvinnuleysistryggingasjóðs og er breytingin til samræmis við lög um atvinnuleysistryggingar.

8. Lagðar eru til breytingar á 8. gr. Í fyrsta lagi að bótaréttur þeirra sem sagt hafa starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á falli niður í 40 daga í fyrsta sinn í stað 55 daga eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, sbr. 4. og 5. tölul. Er þetta í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Í öðru lagi er lagt til að stjórn sjóðsins verði heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Slíkar reglur skulu staðfestar af ráðherra. Breyting þessi er sett fram til þess að mögulegt verði í ákveðnum undantekningartilvikum að koma til móts við þá einstaklinga sem hafa orðið að hætta námi fyrir lok námsannar, sbr. 6. tölul., og í samræmi við framangreind lög um atvinnuleysistryggingar. Í þriðja lagi er lagt til að í stað þess að miða við að öflun bóta með sviksamlegum hætti valdi missi bótaréttar skuli miðað við athæfi sem um ræðir í V. kafla og er þetta í samræmi við breytingar á 19. gr., sbr. 13. lið.

9. Lögð er til sú breyting á 9. gr. að tekjutenging bóta verði afnumin en í frumvarpinu er miðað við að tekjur einstaklings sem öðlast hefur bótarétt hafi ekki á síðustu tólf mánuðum fyrir skráningu verið hærri að meðaltali en sem nemur tvöföldum atvinnuleysisbótum á mánuði. Þannig munu tekjur einstaklings áður en hann hefur töku bóta ekki fresta rétti til bóta eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Breytingin er í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar.

10. Lagt er til að ákvæði 10. gr., sem kveður á um að þau tímabil sem hinn atvinnulausi tekur þátt í úrræðum á vegum svæðisvinnumiðlunar sem styrkt eru af sjóðnum teljist hluti bótatímabils, falli brott, sbr. framangreind lög um atvinnuleysistryggingar.

11. Lagðar eru til breytingar á 11. gr. er varða fjárhæð atvinnuleysisbóta og endurskoðun þeirra. Gert er ráð fyrir að lögbundin fjárhæð hámarksbóta komi til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga. Samhljóða ákvæði eru í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar. Aðrar breytingar á greininni eru í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.

12. Lögð er til sú breyting á 17. gr. að miða skuli við að bjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans segir til um skuli úthlutunarnefnd meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, samanber og breytingu sem rakin er í 4. lið, um að atvinnulausir skuli reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa, hvort honum sé eftir atvikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er. Þá er felld niður sú regla frumvarpsins að maður er sinnir hlutastarfi geti jafnframt því aðeins notið bóta í sex mánuði. Þessar breytingar eru í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar.

13. Lagt er til að það skilyrði 19. gr. að einungis vísvitandi rangar eða villandi upplýsingar, sbr. 1. mgr., varði missi bótaréttar falli brott. Telja verður nægjanlegt að rangar eða villandi upplýsingar séu gefnar enda getur reynst erfitt að sanna ásetning manna í þessum efnum. Til samræmis er lagt til að orðin sviksamlegt athæfi í 3. mgr. verði fellt

brott. Það orðalag kemur hins vegar sem fyrirsögn 20. gr. um sektarviðurlög.

14. Lagðar eru til þær breytingar á 21. gr. að stjórn sjóðsins skuli skipa úthlutunarnefnd til fjögurra ára í senn og að í henni eigi sæti fulltrúar þeirra starfsgreinasamtaka sem öðlast aðild að sjóðnum og mynda deild innan hans, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann. Kostnaður af starfi nefndarinnar skal greiðast úr sjóðnum og skal nefndin ákveða fyrirkomulag á greiðslu bóta.

15. Lögð er til sú breyting á 22. gr. að frestur til að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar um bætur og missi bótaréttar til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta verði lengdur úr tveimur vikum í þrjá mánuði. Er það í samræmi við almennan kærufrest skv. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og lög um atvinnuleysistryggingar. Önnur breyting á greininni er í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.

16. Lögð er til breyting á 23. gr. sem lýtur að því að hver starfsgrein skuli njóta bóta úr sinni deild og tekjur sjóðsins frá hverri starfsgrein, sbr. 1. tölul. 1. mgr., skuli renna til viðkomandi deildar. Þá skuli fjárhagur hverrar deildar vera aðskildur. Þessi breyting er lögð til í samræmi við þá breytingu á sjóðnum sem rakin er í 1. lið, sem og aðrar breytingar á greininni.

17. Lagt er til að fjórar nýjar málsgreinar bætist við 24. gr. og er sú viðbót í samræmi við breytingar sem raktar eru í 2. lið. Önnur breyting á greininni er í samræmi við breytingar á nafni sjóðsins, sbr. 1. lið.

18. Þá er lagt til að nýtt ákvæði bætist við frumvarpið sem lýtur að aðgreiningu réttinda í Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga annars vegar og Atvinnuleysistryggingasjóði hins vegar komi upp sú staða að einstaklingur eigi réttindi í báðum sjóðunum á viðmiðunartímabili bóta. Í slíkum tilvikum er lögð til sú regla að viðkomandi taki allar bætur úr þeim sjóði sem hann á rétt til hærri bótafjárhæðar úr.

19. Þá eru loks lagðar til breytingar á ákvæðum til bráðabirgða til samræmis við aðrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins, sbr. 1. og 16. lið. Í nýju ákvæði til bráðabirgða er síðan sérstaklega kveðið á um að starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga aðrar en bændur, vörubifreiðastjórar og smábátaeigendur geti einnig öðlast aðild að sjóðnum að fengnu samþykki ráðherra óski samtök þeirra þess. Áður en ráðherra afgreiðir slíka umsókn um aðild að skal hann leita umsagna stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Eins og hér hefur verið farið yfir eru um umfangsmiklar breytingar að ræða, en ef maður „súmmerar" þær upp, þá eru þær helstar að verið er að opna sjóðinn fyrir fleirum en vörubifreiðastjórum, bændum og smábátaeigendum. Það er verið að gefa starfsgreinasamtökum kost á að mynda deild innan sjóðsins. Það er einnig kveðið á um að fjárhagur skuli aðskilinn milli deilda þannig að ein deildin geti ekki étið upp fjármagn annarrar deildar og það er líka kveðið á um að skilgreina þurfi hvað telst atvinnuleysi upp hjá þeim starfsgreinasamtökum sem fara inn í þennan sjóð en það er afar flókið mál. Hér er um allflókna lagasetningu að ræða að mínu mati en þessi leið er skársti kosturinn.

[13:21]

Frsm. minni hluta félmn. (Bryndís Hlöðversdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta félmn. um Tryggingasjóð einyrkja á þskj. 833, en minni hluta skipa þingmennirnir Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

Eins og rakið var í áliti meiri hlutans hefur félmn. fjallað um málið og fengið fjölda manna á sinn fund af því tilefni auk þess sem fjöldi umsagna hefur borist um frv.

Minni hlutinn telur það löngu tímabært að tekið sé á málefnum sjálfstætt starfandi einstaklinga hvað varðar rétt til bóta í atvinnuleysi. Á síðari árum hefur þeim fjölgað stórlega sem hefur verið gert að gerast verktakar og skilgreina sjálfa sig sem sjálfstætt starfandi þótt í raun sé um hefðbundið ráðningarsamband að ræða, en þessu formi ráðningar hefur verið gefið nafnið gerviverktaki. Þá hefur það allt frá því að sjálfstætt starfandi fengu fyrst almennan rétt til atvinnuleysisbóta árið 1993 verið vandamál innan Atvinnuleysistryggingasjóðs hvernig skuli fara með skilgreiningar á því hvenær sjálfstætt starfandi einstaklingar eru atvinnulausir og hafa skilyrðin þótt nokkuð ströng a.m.k. af hálfu sjálfstætt starfandi einstaklinga. Minni hlutinn gerir því ekki athugasemdir við það að málefni þessara hópa séu tekin sérstaklega fyrir, en vegna forsögu málsins, slælegs undirbúnings í félagsmálaráðuneytinu og ófaglegra vinnubragða við gerð frumvarpsins getur minni hlutinn ekki stutt málið eins og það liggur fyrir nú. Ástæður þess munu verða raktar nánar hér á eftir.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er forsaga þess að mál þetta kemur fyrir Alþingi sú að fulltrúar þriggja hópa sjálfstætt starfandi, bænda, vörubílstjóra og smábátaeiganda, mótmæltu þeim reglum sem þessir hópar bjuggu við varðandi atvinnuleysisbætur og komu þeir á fund félagsmálaráðherra og óskuðu eftir að málið yrði tekið sérstaklega upp í ráðuneytinu. Í kjölfarið á því skipaði ráðherra nefnd til þess að kanna réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi einstaklinga gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu og gera tillögur til ráðherra um framtíðarskipan þeirra mála. Í hana voru skipaðir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands, Landssambandi vörubifreiðastjóra, Landssambandi smábátaeiganda, fjármálaráðuneyti og vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Formaður nefndarinnar var Árni Gunnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.

Minni hlutinn telur það algerlega óviðunandi vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins að ganga þannig umhugsunarlaust erinda þessara þriggja hópa á meðan fjöldi manna er í nákvæmlega sömu aðstöðu gagnvart atvinnuleysisbótakerfinu. Samkvæmt upplýsingum sem fram koma í áfangaskýrslu nefndarinnar er það ljóst að í hópi einyrkja eru um 20 þúsund manns, en af þeim eru aðeins um 5.500 innan þeirra þriggja hópa sem frumvarpið náði upphaflega til.

Við þetta vill minni hlutinn gera athugasemdir og telur þetta ekki eðlileg vinnubrögð. Það eru ekki rök í sjálfu sér að okkar mati að sérstaklega hafi verið farið í þá vinnu gagnvart þessum þremur hópum eingöngu vegna þess að þeir hafi komið og óskað eftir breytingu. Það hefði að okkar mati átt að kalla á það að réttarstaða allra sjálfstætt starfandi væri almennilega skoðuð og skilgreind.

Eins og fram hefur komið í áliti meiri hlutans, komu fulltrúar þeirra fjölmörgu sem átti að skilja eftir úti í kuldanum, eins og frv. var lagt fram upprunalega, að máli við félagsmálanefnd og einnig félagsmálaráðherra og sá ráðuneytið ástæðu til að opna sjóðinn fyrir öðrum sjálfstætt starfandi. Leggur meiri hlutinn fram breytingartillögur þess efnis, eins og rakið var áðan í framsögu meiri hlutans. Þótt þar sé stigið skref í rétta átt telur minni hlutinn að ríkisstjórnin hefði átt

að draga frumvarpið til baka og leggja fram nýjar tillögur þar sem allir hópar sjálfstætt starfandi njóta jafnræðis gagnvart þeim lögum sem verið er að setja. Við teljum það vera grundvallaratriði því eins og frumvarpið lítur út nú njóta þeir þrír hópar, sem áður voru nefndir, forgangs en aðrir hópar eru allir settir undir sama hatt. Það má auðveldlega sjá þegar farið er í gegnum breytingartillögur meiri hlutans að þar er alltaf talað um þessa þrjá hópa, bændur, smábátaeigendur og vörubílstjóra og síðan aðra sjálfstætt starfandi. Þeim er ekki tryggð staða jafnfætis þessum þremur hópum sem eru aðeins 5.500 af þeim 20 þúsund sem falla þarna undir. Við í minni hlutanum höfum ekki heyrt sannfærandi rök fyrir því af hverju þeir þrír hópar eiga að njóta sérstöðu í þessari löggjöf umfram t.d. arkitekta eða þýðendur svo að dæmi séu tekin sem eru stórir hópar líka.

Undirbúningstími frumvarpsins í ráðuneytinu áður en það kemur fyrir þingið er í raun með ólíkindum og gagnrýnir minni hlutinn hroðvirknisleg vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins í þeim efnum. Má þar t.d. benda á að nefndin sem undirbjó frumvarpið var ekki aðeins skipuð þröngum hópi manna, heldur var hún með eindæmum fljót að komast að niðurstöðu. Nefndin var skipuð 8. október 1996 og skilaði hún áfangaskýrslu til ráðherra mánuði síðar eða í nóvember. Niðurstöðurnar í þeirri skýrslu eru í stórum dráttum þær sömu og frumvarpið gerir ráð fyrir eins og það kom fyrir í sinni upprunalegu mynd þannig að við teljum að töluverð mikil vinna hafi verið eftir og yfirlega yfir frumvarpinu þegar það kom fyrir félmn. Alþingis, enda lokaði undirbúningsnefndin á þann möguleika að hleypa öðrum en fulltrúum hópanna þriggja að málinu. Rökin fyrir þeirri ákvörðun að aðeins þrír hópar fái aðgang að nefndarstarfinu eru þau að aðrir hópar hafi ekki óskað eftir breytingum og að umfangsmikið og tímafrekt yrði að kynna slíkt fyrirkomulag fyrir öllum sjálfstætt starfandi, auk þess sem búast mætti við því að erfitt yrði að ná samstöðu þegar margir kæmu að málinu. Þarna er vitnað nokkurn veginn orðrétt í áfangaskýrsluna á bls. 11. Þetta telur minni hlutinn ekki vera mjög sannfærandi röksemdafærslu. Við viljum ítreka það að við teljum það vera skyldu ráðuneytisins sem á annað borð er að taka upp málefni einyrkja, sem er mjög gott mál í sjálfu sér, að þeim sé tryggt jafnræði gagnvart lögunum.

Minni hlutinn lagði á það ríka áherslu í félagsmálanefnd að skoða þyrfti betur annað fyrirkomulag en það sem lagt er til í frumvarpinu. Ýmsir hafa bent nefndinni á að þeir vildu gjarnan eiga val um hvort þeir greiddu tryggingagjaldið þannig að aðeins þeir sem greiddu gætu notið réttar. Bandalag íslenskra listamanna hefur m.a. bent á þetta, ekki síst á þeim rökum að margir innan þeirra samtaka nýti sér aldrei rétt sinn til atvinnuleysisbóta af ýmsum ástæðum. Má nefna sem dæmi rithöfunda, en eðli málsins samkvæmt er erfitt að skilgreina hvenær þeir eru atvinnulausir auk þess sem þeir mundu seint lýsa slíku yfir og voru færð fyrir því nokkuð sannfærandi rök að okkar mati. Valkvætt kerfi á þessum nótum var að mati minni hlutans ekki skoðað nægilega vel í félagsmálanefnd. Við erum ekki að segja að það hefði orðið rétta lendingin en við töldum koma fram sterk rök, alla vega fyrir því að það yrði skoðað mun betur en gert var í nefndinni, en það virtist sem ekki væri vilji fyrir því að skoða það yfir höfuð auk þess sem lögð var ofuráhersla á að hraða afgreiðslu málsins af hálfu meiri hlutans.

Þá gerum við athugasemdir við það í nefndaráliti að ekki liggi fyrir hvernig ráðuneytið hyggst útfæra reglurnar um sjóðinn, t.d. hve margar deildir eigi að vera í honum, hverjir eigi að veljast saman í deildir o.s.frv., en slíkt hefði þurft að undirbúa mun betur af ráðuneytisins hálfu áður en lagafrumvarpið er afgreitt úr þinginu því eins og frsm. meiri hlutans kom inn á áðan, þá er hér um flókið fyrirbæri að ræða þar sem sjálfstætt starfandi koma úr ýmsum áttum og um er að ræða mjög mismunandi hagsmuni og mismunandi stöðu þessara hópa sem raunin er og það getur reynst mjög flókið og erfitt að koma saman einhverjum skynsamlegum reglum um þetta mál.

Minni hlutinn getur m.a. af þeim ástæðum sem hér eru raktar ekki stutt frumvarpið eins og það liggur fyrir nú og stendur ekki heldur að breytingartillögum meiri hlutans. Áskilur minni hlutinn sér rétt til að styðja eða greiða atkvæði gegn einstökum breytingartillögum eða leggja fram sjálfstæðar breytingartillögur við afgreiðslu málsins ef ástæða þykir til.

Undir þetta álit rita Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Rannveig Guðmundsdóttir.

[13:31]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það mál sem verið er að afgreiða hér er ekki gott. Þetta mál er Alþingi til vansa vegna þess að ekki hefur verið haldið vel á málum og hvernig það kemur fyrir þingið núna segir okkur að vinna hefði átt nýtt frv. eftir gagnrýnina sem fram kom, vinna nýja og öðruvísi lagasetningu eða það sem ég tel að hefði verið enn þá réttara, þ.e. að allir ættu rétt í sama sjóði, að sjálfstætt starfandi einstaklingum hefði verið búinn réttur í Atvinnuleysistryggingasjóði.

Frsm. meiri hlutans lagði áherslu á að brtt. sem meiri hlutinn flytur tengdust fyrst og fremst breytingum á atvinnuleysistryggingafrv. sem hér var afgreitt snemma á vorinu. Bæði frv. voru lögð fram fyrir jól, í desember. Sú staðreynd að brtt. tengjast því frv. að nokkru, alls ekki að öllu leyti, dregur fram vinnubrögðin fyrir jól, hvernig frv. um atvinnuleysistryggingar var lagt fram og í hvaða búningi og að verkalýðshreyfingunni tókst að afstýra stórslysi með því að vinnu og umræðu um frv. lauk ekki fyrir jólin eins og áformað var og að komið var að kjarasamningum áður en að afgreiðslu þess kom. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir okkur öll hvernig frv. var lagt fram og hverju tókst að afstýra og hvort þetta sé það sem kemur fram frá ríkisstjórninni í hverju stórmálinu á fætur öðru sem lýtur að verkalýðshreyfingu og vinnumarkaði.

Það er reyndar, virðulegi forseti, umhugsunarefni hvernig forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er, hvaða mál það eru sem koma tímanlega fram og hvaða málum er rutt í gegnum þingið með hraði og með miklum krafti. Þar má nefna hörðu málin, eins og bankamálin eða Landsvirkjun og fleiri, hvaða mál það eru sem þrýstingi er beitt til að fá fljótt í gegnum nefnd, eins og ráðherrarnir vilja, og hvaða mál það eru sem mega bíða þar til síðast, þar til tími gefst í lokin þegar öll þessi stóru, góðu eru komin í gegn, — hvaða mál það eru þá sem verða afgreidd ef tími vinnst til.

Virðulegi forseti. Ég ætla að nefna eitt mál sem er tillaga um opinbera fjölskyldustefnu. Það er tillaga sem lögð var fram á fyrsta hausti þessa kjörtímabils. Það er tillaga sem félmrh. er búinn að hafa tvö ár til að koma fram. Það er tillaga sem hann flutti og fékk reyndar hrósyrði mitt fyrir vegna þess að hann breytti um skoðun á því hvernig opinber

fjölskyldustefna ætti að líta út. En það er mál sem ekki er þrýst á. Það var lagt inn í þingið 16. október í haust, mælt fyrir því 5. nóvember, en þetta mál var afgreitt úr félmn. í morgun, guði sé lof, í fullkominni einingu eftir að stjórn og stjórnarandstaða höfðu farið yfir greinar og rætt saman um hvað betur mætti fara og komist að niðurstöðu um það sem var eining um, að vísu ekki um allt, þannig að minni hlutinn áskilur sér rétt til að koma með viðbótartillögur. Það mál er komið úr nefnd, virðulegi forseti, nú 2. maí, og verður væntanlega rætt hér í næstsíðustu viku þingsins. Þetta var ekki eitt af forgangsmálunum sem þrýst var í gegnum nefnd og lögð höfuðáhersla á að ná fram af því að það væri mikilvægt og af því að það að hrinda slíkri tillögu í framkvæmd þýddi að ekki veitti af þeim tíma sem þessi ríkisstjórn á eftir að sitja til þess að framkvæma tillöguna. Og af því að ég í inngangi að þessu máli, sem hér er til umræðu, nefni fjölskyldutillöguna, þá hlýt ég að minna á og mun að sjálfsögðu ræða það þegar þar að kemur að þetta er eingöngu tillaga til ríkisstjórnar um að setja sér opinbera fjölskyldustefnu. Öll framkvæmdin er eftir og miðað við að búið er að taka tvö ár að koma tillögunni sjálfri í gegnum þingið, þá er ég ekki mjög bjartsýn á að stefnumörkun verði komin í framkvæmd í lok þessa kjörtímabils.

Virðulegi forseti. Þessi ríkisstjórn er góð með sig í krafti mikils meiri hluta. Og nú ætla ég aðeins að ræða pólitík áður en ég fer að ræða þetta mál. Ríkisstjórnin er afar góð með sig. Hún hefur mikinn meiri hluta, meiri hluta sem reyndar sést ekki oft í þessum sal. Það tekst að smala honum saman til að slengja puttunum á græna takkann, svo ég noti fleyg orð, þegar svo ber undir og þessi ríkisstjórn beitir meirihlutavaldinu alveg óheft eins og reynsla tveggja vetra sýnir. Ríkisstjórnin treystir á að hún muni fljóta áfram í krafti góðæris, í krafti góðæris sem hún reyndar ekki skóp, en sem hún nýtur.

Ég ætla að minna á það að núna í apríl varð ríkisstjórnin tveggja ára. Hvað þýðir það? Það þýðir að farið er að síga á seinni hluta þessa kjörtímabils. Hún er löngu hætt að verða ný. Hún er á miðri sinni ferð og nú er farið að síga á seinni hlutann og þá skapast sérstakar aðstæður og andrúmsloft í samstarfinu af því að þá fara menn að gera sér grein fyrir að ekki verður tími til að gera allt sem menn eru svo bjartsýnir með þegar þeir fara af stað. Og mín spá er sú að staða ríkisstjórnarinnar muni breytast á seinni helmingi þessa kjörtímabils. Og það hlýtur að vera sitjandi valdhöfum umhugsunarefni hvert hlutskipti breska Íhaldsflokksins varð, þrátt fyrir einkar góða efnahagsstöðu í því landi. Hvað segir þetta okkur? Þetta segir okkur og sýnir að fólkið í landinu gerir hljóðláta, lýðræðislega byltingu þegar hagsmunir fjölskyldunnar eru ekki hafðir að leiðarljósi. Það mun gerast hér. Það mun ekki þurfa hávaða eða atgang eða endilega lausa kjarasamninga eða annað það sem ríkisstjórnin er búin að leggja mikla áherslu á að tryggja að verði ekki með losarabrag eða lausa enda þegar þar að kemur. Það mun verða annað sem verður lagt á vogarskálarnar og ég efast ekki um hvernig sú vigtun verður.

Virðulegi forseti. Þetta var aðeins örlítill pólitískur inngangur að máli sem var harðlega gagnrýnt í dag. Það er reyndar ekki gagnrýnt að ekki sé tímabært að skoða rétt sjálfstætt starfandi. Jú, það var alveg tímabært. Eins og áður hefur verið bent á hefur verið skoðað í nokkurn tíma hvernig ætti að fara með endurskoðun á atvinnuleysistryggingabótum og tryggja eins og mögulegt er rétt allra vinnandi. En það er afar erfitt að skilgreina hvenær sjálfstætt starfandi eru atvinnulausir. Og það sem verra er. Við verðum sáralitlu nær verði þetta frv. að lögum vegna þess að þetta frv., þessi lagasetning skýrir það ekkert sérstaklega vel.

Það eru mikil vonbrigði hvernig staðið er að frumvarpsgerðinni og frumvarpsvinnunni. Tilkynnt var í desember þegar búið var að mæla fyrir atvinnuleysistryggingafrv. að von væri á þessu frv. Það mundi koma fram fyrir jól. Þegar það sá dagsins ljós, var það afgreitt til nefndar í skjóli nætur og umræðulaust sem var auðvitað mjög ófullnægjandi vegna þess að umræða strax í upphafi hefði kastað ljósi á hversu vanbúið frv. er.

Ég tók reyndar til máls við flutning málsins. Ég held að það hafi verið klukkan hálfþrjú um nótt og þá fyrst og fremst til að lýsa því yfir að miðað við tímasetninguna og þessa nótt mundum við hleypa málinu til nefndar og skoða það þar.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Bryndísi Hlöðversdóttur, sem mælti fyrir nál. minni hlutans, nær frv. eingöngu til þriggja hópa hvar af eiginlega aðeins tveir þeirra gátu flokkast sem einyrkjar vegna þess að það kom auðvitað í ljós að mjög erfitt er að skilgreina bændur sem einyrkja, enda er lagt til að breyta nafni sjóðsins í Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Það er búið að leggja fram mjög margar brtt. við frv. Ég var að telja saman að brtt. eru við 29 greinar frv. Frv. sjálft er 30 greinar og fimm bráðabirgðaákvæði. Brtt. eru 29 en þær eru samtals í 63 liðum. Í 63 liðum erum við, Alþingi, að segja hvernig 29 greina frv. eigi að breytast til þess að það verði viðunandi. Er nokkur meining í svona vinnubrögðum? (**PHB:** Alþingi hefur áhrif.) Ég segi bara nei, það er engin meining í þeim. Hv. þm. Pétur Blöndal kallar fram í og segir: Alþingi hefur áhrif og það getur vel verið að honum finnist að því meira sem við breytum frv., því meiri áhrif hafi Alþingi. Það er hugmyndafræði sem er hægt að fara mörgum orðum um og er mjög teygjanleg vegna þess að að sjálfsögðu er það hugsað svo að þegar ráðherra er búinn að láta vinna frv. og það kemur til stjórnarflokkanna, þá sé fyrsta sían sú að þingmenn stjórnarflokkanna komi með athugasemdir og biðji um úrbætur og breytingar ef þeim sýnist að málið sé vanbúið. Ég verð því að segja að hinum mikla meiri hluta þótti frv. ekki verra en svo að þeim fannst í lagi fara með það hérna inn, mæla fyrir því, láta það fara umræðulaust til nefndar og það eru þá þessar fáu hræður í félmn. sem ákveða það að úr skuli bæta.

Ég spyr: Hver eru áhrif þingsins? Ég mæli það hins vegar svo að það sé fremur til hneisu fyrir ráðherra þegar mál hans tekur svo miklum breytingum í nefnd að það þekkist varla orðið heil setning í þingmálinu lengur. Því er ekki að undra spurt sé hvort ekki hefði verið smekklegra að setja hreinlega fram nýtt frv. Það er mjög erfitt að hafa yfirsýn yfir það þegar gerðar eru svo margar breytingar við frumvörp eins og voru gerðar við atvinnuleysistryggingafrv. og við þetta frv., og sjá hvers lags lagasetning kemur út úr þessu, hafa yfirsýn yfir hvernig réttindin eru í heild þegar þessi hrærigrautur sem búið er að setja í lagabúning er orðinn að lögum. Það verður a.m.k. að segjast eins og er um atvinnuleysistryggingafrv. sem afgreitt var hér fljótlega eftir að þing kom saman eftir jól að það er mjög erfitt að sjá í því framtíðarsýn. Framtíðarsýnin í þessu frv. felst í því að það snýr fyrst og fremst að þremur ólíkum hópum ásamt öðrum.

Eitt af því sem var rætt og þyrfti að fá grundvallarsvör við er t.d. hvernig á að fara með atvinnuleysi í stétt bænda.

Hvernig á að meta atvinnuleysi bænda? Nú er það svo að í sveitum eru gjarnan bæði hjónin bændur. Það hefur að vísu verið þannig í gegnum árin að það hefur verið mismunandi og haft í raun og veru áhrif á talningu og þar með fjölda kvenna sem sjálfstætt starfandi hvort hjónin bæði í bændastétt hafa skráð sig sem sjálfstæða bændur og það sem hefur haft áhrif hafa verið skattalög hverju sinni. Þetta segi ég vegna þess að ég kyntist því þegar ég var að fara í gegnum ákveðna vinnu fyrir fáum árum og sjálfstætt starfandi konur sveifluðust í fjölda svo gífurlega milli ára að það var ástæða til að láta Þjóðhagsstofnun skoða hverju þetta sætti og það var vegna þess að milli þessara ára voru konur í bændastétt ýmist skráðar sjálfstætt starfandi eða ekki.

Við skulum gefa okkur að bæði hjónin séu skráð bændur. Býlið hefur sætt slíkum þrengingum að tveir geta ekki lifað af því. Þetta hljóta að vera fyrstu rökin. Þá þarf að meta það hvenær tveir teljist geta lifað af býlinu. Nú skulum við gefa okkur að búið sé að svara þeirri spurningu. Henni var ekki svarað meðan málið var í félmn. Þá þarf að svara því hvað eigi að gera fyrir þann einstakling sem skoðast atvinnulaus, þann annan tveggja. Á hann að fara á atvinnuleysisbætur til framtíðar ef þessi skerðing sem búið sætir verður ekki lagfærð? Nei, þetta býli getur verið staðsett þannig að fræðilegur möguleiki sé fyrir annan einstaklinginn að sækja vinnu í næsta þéttbýliskjarna. Þá má hugsa sér að einstaklingurinn sé atvinnulaus, enda tekur hann þá vinnu sem býðst í næsta þéttbýliskjarna.

Þá spyrjum við í félmn.: Hvað ef býlið er upp til dala en sömu þrengingum háð? Tveir geta ekki lifað af því, enginn þéttbýlisstaður er nálægt til að sækja vinnu. Á þá annar að fá atvinnuleysisbætur? Svarið var nei, þegar við inntum eftir þessu í félmn. Vegna þess að viðkomandi getur ekki fengið atvinnuleysisbætur nema atvinna sé mögulega í boði.

Hvað þýðir þetta fyrir jafnræðisreglu? Við getum hugsað okkur tvö býli jafnsett sem hafa farið í gegnum sömu þjóðfélagsbreytingarnar á sama tíma. Hjón sem eru á svipuðum aldri, með svipaðan barnafjölda, við svipaðar félagslegar aðstæður. Annað býlið er þannig staðsett að það fellur undir þennan fræðilega möguleika, hitt ekki. Ég spyr: Mundi það ekki vera brot á jafnræðisreglu að veita öðru parinu rétt til atvinnuleysisbóta við ákveðnar aðstæður og hinu ekki?

Nú má ég til með að nefna það, af því að þetta frv. fór og var hleypt til nefndar fyrir jól án umræðu af því að það var eins konar viðhengi við frv. um atvinnuleysistryggingar, að strax þegar við fórum að vinna með þetta mál, þá spurðum við: Hvaða reglur sjá menn fyrir sér um ýmislegt í þessu vandasama verki að skilgreina atvinnuleysisbótarétt hjá bændum? Látum vera þó ekki hafi verið hægt að svara því við upphafsvinnuna í lok janúar. En að það skuli enn þá hafa verið þannig í lokayfirferð málsins seinni part aprílmánaðar að við vorum engu nær og fengum engin betri svör önnur en þau að ekki væri búið að setja reglurnar. Það átti að flýta sér að setja lögin. En metnaður félmrn. hneig ekki að því að byrja strax fyrir jól að skoða hvernig þessar reglur yrðu til þess að geta svarað því í nefndinni. Því er fyrsta spurning mín til ráðherrans hér og nú: Er búið að forma hvernig þessar reglur eru? Og sé svo, þá óska ég eftir að ráðherrann fari skilmerkilega yfir þær þannig að við vitum um hvað er að ræða þegar hann svarar fyrirspurnum okkar hér á eftir, en leiki ekki þann sama leik og hann gjarnan gerir, að fara að tala um eitthvað annað sem sé gott og fram hjá málinu. Ég legg mikla áherslu á að sé búið að setja reglur í félmrn. um það hvernig eigi að fara með þennan þátt, þá fáum við að heyra hverjar þær eru án undansláttar.

Aðstoðarmaður ráðherrans skýldi sér að vísu bak við það í umræðu í nefndinni að þessi lög væru tilraun og þess vegna eigi eftir að búa til reglur. Mér finnst reyndar að lög eigi aldrei að vera tilraun. Það er hægt að gera tilraun til að ná ákveðnum markmiðum. Þau verða að vera skýr og það verður að vera skýrt hvernig leiðin að markmiðinu er að mati þess sem flytur þingmálið.

Virðulegi forseti. Afskaplega margir komu á fund nefndarinnar úr hópi svokallaðra einyrkja og þeir áttu það allir sammerkt að þeim var brugðið. Af hverju var þeim brugðið? Jú, vegna þess að verið var að setja ný lög um svo mikilvægan rétt einyrkja sem atvinnuleysisbætur eru og þeir höfðu ekki hugmynd um það. Þeir voru að frétta það um þetta leyti. Frv. fór mjög hljótt. Umræða um það fór fram um miðja nótt og það var ekki komið að því að félmn. sendi frv. út til hinna ýmsu hópa þegar þeir byrjuðu að hringja inn og spyrja: „Er það virkilega svo að þarna sé verið að setja lög og er það virkilega svo að þau lög taki eingöngu til þriggja hópa? Hvað með okkur hin?“ Við nefndarmenn fengum slíkar upphringingar frá fólki sem var brugðið og þessir hópar og þessar stéttir sendu inn athugasemdir sínar við frv. og fulltrúar þeirra komu á fund nefndarinnar og það kom mjög mikil gagnrýni fram á að það skyldi gerast að slíkt frv. væri sett fram með eingöngu hagsmuni þriggja hópa að leiðarljósi án þess að aðrir hópar fengju neitt um það að vita að verið væri að vinna slíkt mál í félmrn. eða tækifæri til að koma sjónarmiðum að strax á vinnslustigi.

Það má líka undirstrika að aðeins á milli 5 og 6 þúsund manns mynda þá þrjá hópa sem frv. upphaflega tók mið af meðan trúlega yfir 14 þúsund manns tilheyra svokölluðum öðrum starfsgreinum, þ.e. sjálfstætt starfandi sem bætt var við í heiti frv. Það varð niðurstaðan í nefndinni að í stað þess að frv. héti frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja og tæki til þessara þriggja hópa, þá heitir það nú: Frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja og aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga. Og þessir aðrir eru sennilega yfir 14 þúsund manns. E.t.v. hafa þeir hópar, fjölbreyttir sem þeir eru, ekki verið jafnháværir og hinir þrír. Ég legg ekki mat á það. En það er mikið umhugsunarefni að það skyldi vera tekin ákvörðun um að setja fram sérstakt frv. og búa til sérstakan sjóð eingöngu fyrir þrjár starfsstéttir.

Einhvers staðar var sagt að þrátt fyrir þetta væri þetta skref í rétta átt. Ég get ekki tekið undir það. Það er auðvitað alltaf skref í rétta átt þegar starfsstéttum eru veitt réttindi sem aðrar starfsstéttir hafa og sem þær hafa ekki haft áður, en þetta eru fálmkennd vinnubrögð og eins og ég sagði áður hefði átt að draga frv. til baka og koma með nýtt mál ef algjörlega var loku fyrir það skotið að þessum starfsstéttum væri búinn réttur inni í einum og sama sjóðnum, Atvinnuleysistryggingasjóð, og komum nú aðeins að því.

Fyrir hvað stendur slíkur atvinnuleysistryggingasjóður? Hann er eins og lífeyrissjóðirnir. Aðstæður eru ólíkar, tryggingagjald er greitt fyrir alla og slíkur sjóður virkar eins og einn fyrir alla og allir fyrir einn. Þannig er það sett í lög hvaða upphæð á að greiða atvinnulausum einstaklingi sem á rétt samkvæmt lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Er þá ekki allt gott úr því að búið er, innan tíðar væntanlega, að búa til nýjan sjóð sem hinir sjálfstætt starfandi eiga að fá úr? Mun ekki alltaf verða eitthvert jafnræði þarna á milli, einn fyrir alla og allir fyrir einn, og allir fá hina sömu upphæð

atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum? Ég er ekki viss um það. Og hvers vegna ekki? Erum við ekki að búa til þennan rétt? Haldið þið ekki að hver einasti einstaklingur sem sér fyrir sér að hann sé að öðlast rétt samkvæmt nýjum lögum um Tryggingasjóð einyrkja og sjálfstætt starfandi, fái sama rétt og aðrir sem eiga rétt samkvæmt lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð? Nei, svo er ekki vegna þess að í þessum sjóði eiga að vera deildir og hann á að bera sig sjálfur. Hann fær startkapítal vegna þess að hann fær ákveðið framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem er tryggingaiðgjald fyrir ákveðið tímabil sem þessar starfsstéttir hafa greitt inn. Síðan á hver deild hins nýja sjóðs að bera sig með greiðslum tryggingagjaldsins. Og þeir sem eru í fámennum starfsstéttum, svo fámennum að þeir geta hvorki fengið né eru færir um að búa til deild í hinum nýja Tryggingasjóði einyrkja verða að sækja um það og öðlast náð fyrir augum annarra sjálfstætt starfandi sem hafa búið til deild og leita eftir að fara inn í þá deild.

Nú skulum við gefa okkur að ákveðnum hópum sé hættara við atvinnuleysi en öðrum. Og við skulum gefa okkur að aðstæður geri það að verkum að þeir hópar raðist saman í eina deild. Svo verður e.t.v. meira atvinnuleysi hjá einum hópnum en öðrum og þá á deildin svo litla peninga að hún getur ekki greitt út hefðbundna upphæð atvinnuleysisbóta. Þá á hún að gera annað tveggja: Hækka inngreiðslur eða lækka útgreiðslur. Að lækka útgreiðslur þýðir að lækka atvinnuleysisbætur úr þessum sjóði. Ég er sannfærð um að allir þeir sem málið varðar og heyra um það í fréttunum í kvöld að í dag hafi verið til 2. umr. frv. um Tryggingasjóð einyrkja sem nú verður Tryggingasjóður einyrkja og annarra starfsgreina sjálfstætt starfandi einstaklinga, muni trúa því að með þeirri lagasetningu séu þeir að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta og að þeirra réttur aukist, sú upphæð hækki ef slík upphæð hækkar í lögunum um Atvinnuleysissjóð. Ég þarf ekkert að segja um það hér hvort svo verði. Ég legg til að þeir alþingismenn sem hér eru og ætla að taka þátt í umræðunni leggi mat á það sjálfir hvort því sé treystandi að þær greiðslur verði eins og þær hafa verið við þær aðstæður sem þetta frv., eða réttara sagt brtt. gera ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Þegar hugsað er til þess að unnin var áfangaskýrsla nefndar sem fengið var það verkefni að skila skýrslu um réttindi og skyldur sjálfstætt starfandi atvinnurekenda gagnvart atvinnuleysistryggingabótakerfinu, þá er það fremur undarlegt að þetta mál skuli hafa komið í þessum búningi og sé að verða að lögum í þessum búningi. En það verður að virða nefndinni til vorkunnar að þetta er eitt af þeim málum sem lögð var mikil áhersla á og ég geri ekki lítið úr því að lögð sé áhersla á að skapa rétt um atvinnuleysisbætur. Það út af fyrir sig finnst mér gott mál. En þessi nefnd varð til 8. október, hún skilar skýrslu í nóvember og frv. kemur í desember jafnvanbúið og það er er og nokkrum mánuðum seinna er enn ekki hægt að svara nokkrum grundvallarspurningum um það frv. sem er að verða að lögum.

Nú er tryggingagjald tekjustofn atvinnuleysistryggingasjóðanna og því á jafna á milli atvinnugreina. Af því að tryggingagjaldinu er fengið þetta hlutverk, þá má ekki vera valkvætt hvort greitt er tryggingagjald eða ekki. Það eigi hins vegar að tryggja alla ef þeir hafa verið nægilega lengi á vinnumarkaði til að falla undir lög. Ef það væri valkvætt að menn greiddu tryggingagjald, þá væri hætta á því að fólk sýndi ekki þá fyrirhyggju að tryggja sig. Ég tek alveg undir það sjónarmið að það eigi almennt varðandi okkar félagslega öryggisnet að láta það ekki skeika að sköpuðu hvort fólk sýni þá fyrirhyggju að tryggja sig, en það sjónarmið hefur oft heyrst í sömu stjórnmálaflokkum að menn eigi að bera ábyrgð á sjálfum sér. En eitt af því sem var nefnt í sambandi við tryggingagjaldið er að ef það væri valkvætt að greiða tryggingagjald, þá sýndu menn e.t.v. ekki þá fyrirhyggju að gera það. Þess vegna verði allir að greiða tryggingagjaldið. En margir listamenn lögðu á það áherslu að eðlilegast væri fyrir þá, listamennina, að þeir gætu valið hvort þeir vildu greiða tryggingagjald og þar með tryggja sig fyrir hugsanlegu atvinnuleysi eða hvort þeir fengju að sleppa við að greiða tryggingagjaldið og bæru ábyrgð á sér sjálfir. Vissulega var það rætt í félmn. hversu erfitt það yrði að meta hvenær listamaður er atvinnulaus. Við getum farið gegnum, og við gerum það eflaust á eftir, margar listgreinar til þess að draga þetta fram. Nú skrifar rithöfundur bók og lýkur henni á fyrstu þremur mánuðum árs. Hann finnur ekki andann í aðra. Er hann þá hugsanlega atvinnulaus seinni part árs? Hvenær þarf bókin að hafa skilað honum þeim tekjum að hann sé talinn vera í fullri atvinnu? Ef listmálari selur engin málverk, er hann atvinnlaus o.s.frv.? Þessu var velt upp í nefndinni. Á e.t.v. að skoða það að einhverjir greiði ekki þetta tryggingagjald vegna þess að staða þeirra sem einyrkja sé svo sérstök? Ákvörðunin er að allir skuli greiða, deildirnar í Atvinnuleysistryggingasjóðnum verði stórar, reynt verði að byggja verulega á flokkun ríkisskattstjóra og ef atvinnuleysið yrði svo mikið í einni deild að þar yrði sjóðþurrð, þá yrði að endurskoða málið og e.t.v. sameina hana annarri deild.

Virðulegi forseti. Ég hef hér fyrst og fremst drepið á meginatriði og það sem mér finnst vera grundvallaratriði í hugmyndafræðinni að tryggingum eins og þessum, þ.e. þeirri hugmyndafræði að vera með í tryggingum til að tryggja sig fyrir atvinnuleysi. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því hversu miklu vandasamara er að taka hópana sem oftast eru flokkaðir hinum megin við borðið, þ.e. atvinnurekendur sem greiða tryggingagjaldið af hverjum starfsmanni sem þeir hafa í þjónustu sinni og það er það tryggingagjald sem rennur í Atvinnuleysistryggingasjóð og skapar þessi réttindi sem eru svo mikilvæg þegar þrengir að á vinnumarkaði og fólk missir atvinnu. Það er auðvitað miklu erfiðara þegar við erum komin þangað því það er sá sem greiðir tryggingagjaldið sem á að fá úr þeim sjóði sem hann er að reyna að tryggja sig í. Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeim vanda. Það breytir því ekki að það hefði þurft að taka af mjög mikilli festu á þessu máli og það breytir ekki því hversu óskaplega vanbúið þetta frv. var og það er engan veginn ásættanlegt hvernig úr því hefur verið unnið til að gera það besta úr vondu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætla að leyfa mér í lokin, til þess að það séu ekki eingöngu mín orð heldur jafnframt orð annarra sem draga fram vankantana hér, að lesa, með leyfi forseta, klausuna úr umsögn Félags tónskálda og textahöfunda, en þar segir:

„Frumvarp til laga um Tryggingasjóð einyrkja, sem kynnt var á Alþingi skömmu fyrir síðustu jól og mun nú vera til skoðunar hjá félmn., hefur vakið athygli og gremju meðal þeirra einyrkja sem skyldaðir eru til að greiða tryggingagjald án þess að öðlast í reynd nokkur réttindi. Í þeim hópi eru höfundar og flytjendur tónlistar. Sá tryggingasjóður sem til stendur að stofna er ekki fyrir alla einyrkja heldur aðeins hluta þeirra, þ.e. bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjóra."

Ég minni á að meiri hluti félmn. er búin að breyta því

þannig að á eftir „smábátaeigendur" komi: „og aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi einstaklinga."

„Í athugasemdum við lagafrv. stendur að til athugunar hafi komið að stíga skrefið til fulls og gera alla sjálfstætt starfandi einstaklinga aðila að einum sjóði, en frá því var horfið og allir aðrir en áðurnefndir þrír hópar undanskildir. Þannig á að láta tónlistarmenn greiða í Atvinnuleysistryggingasjóð sem þeir eiga í raun ekki möguleika á að fá bætur úr þar sem erfitt verður að ákveða hvenær tónlistarmaður uppfyllir skilyrði bótaréttar.

Tónskáld getur ekki verið atvinnulaust því að það sér sjálft um að skapa sér atvinnu. Það er því út í hött að innheimta tryggingagjöld af tónskáldum. Vonandi gerir félmn. sér ljósa grein fyrir þeim annmörkum sem eru á lagafrv. og beitir sér fyrir því að fundin verði leið til að hagsmunir allra gjaldenda verði lagðir að jöfnu.

Í athugaemdum við frv. kemur fram að víða á Norðurlöndum er aðild að atvinnuleysistryggingasjóðum frjáls. Það kemur í veg fyrir hið augljósa misrétti sem hér viðgengst. Tónskáld, tónlistarflytjendur og aðrir sem sitja við sama borð hljóta að krefjast þess að Alþingi skoði þetta mál gaumgæfilega og stefni að sömu réttindum fyrir alla skattborgara þjóðfélagsins."

Virðulegi forseti. Það er ekkert einstakt við þessa umsögn umfram málflutning annarra talsmanna svipaðra starfsstétta. Ég nefni þetta til að leggja áherslu á hversu mikilvægt er að reyna að skoða hagsmuni allra. Ég undirstrika að ég er ekki meðmælt því að í okkar réttindakerfi, sem við flokkum sem okkar öryggisnet hvort heldur það er atvinnuleysistryggingakerfið eða lífeyrissjóðakerfið, sé valkvætt hvort fólk er með. Ég legg höfuðáherslu á að í þessum kerfum gildi reglan einn fyrir alla og allir fyrir einn. En einmitt í ljósi þeirra sjónarmiða dreg ég það fram enn á ný í lok ræðu minnar, að eins og búið er að málum í þessu frv., þá er sá réttur ekki til staðar þrátt fyrir að ekki hafi heldur verið komið til móts við þá sem vörpuðu því fram hvort e.t.v. ætti að gera það valkvætt að borga tryggingagjald.

[14:13]

Útbýting þingskjals:

Flugmálaáætlun 1997, 257. mál, nál. samgn., þskj. 1054.

[14:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Árið 1995 voru gerðar breytingar á stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Þá var tekin upp í stjórnarskrána sú regla að allir skuli vera jafnir fyrir lögum. Mér sýnist að víða í stjórnkerfinu hafi menn ekki áttað sig á þessum breytingum og svo mikið er víst að rétt fyrir jólin var mælt fyrir frv. frá félmrn. af hæstv. félmrh. um Tryggingasjóð einyrkja sem ég tel að hefði ekki staðist stjórnarskrána hefði það farið í lögfræðilega skoðun vegna þess að þar voru teknir út þrír hópar einyrkja og meiningin var að setja um þá ákveðin lög, tryggja þeim ákveðinn rétt þegar ljóst mátti vera að þar var aðeins um hluta hóps að ræða. Lögin áttu ekki að gilda um aðra einyrkja og ég tel, hæstv. forseti, að þetta hefði ekki staðist jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Það er í sjálfu sér mikið alvöru- og umhugsunarefni að það gerist hér trekk í trekk að það koma frumvörp úr ráðuneytunum (sem ekki standast) og minni ég þar á frv. um stéttarfélög og vinudeilur sem við fengumst við sl. vetur, en lögfræðileg skoðun leiddi í ljós að það stóðst ekki þá sáttmála sem við erum aðilar að. Við erum að fjalla hér á þinginu um frv. um lífeyrissjóði og dregið hefur verið mjög í efa að það standist eignarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmálans sem við erum aðilar að. Þetta er að vísu oft mikið og erfitt túlkunarefni. En svo mikið er víst að í fyrra sýndu lögfræðingar fram á að frv. um stéttarfélög og vinnudeilur stóðst ekki eða það var mikill vafi á að það stæðist og það var ákveðið að breyta því. Þetta segir mér að ég held að menn þurfi að gera meira í því að kynna breytingarnar sem urðu á stjórnarskránni og hvað þær þýða þannig að við séum ekki að fást við mál af þessu tagi þar sem menn láta sér detta í hug að taka þrjá hópa út og setja um þá sérstök lög þegar ljóst er að mun fleiri eiga hlut að máli. Ég held að þessu hljóti að fara að linna og menn átti sig á því að þetta er ekki hægt.

Svörin sem við fengum í félmn. við þessu voru þau að það ætti að gera tilraun með réttindi þessara þriggja hópa. Erum við að setja lög í landinu til þess að gera tilraunir með réttindi fólks? Mér finnst afar sérkennilegt hvernig hér var að málum staðið.

Við fengum einnig þær skýringar að þessir þrír hópar sem voru tilteknir til að byrja með í frv. hefðu látið hæst í sér heyra og það ekki að ástæðulausu. Það skal nú undirstrikað því að það kom greinilega fram hjá þeim, og mér fannst það líka vera mikið umhugsunarefni, að það skilningsleysi sem þeir höfðu mætt hjá Atvinnuleysistryggingasjóði hefði leitt til þess að þeir fóru að leita annarra leiða. Ég er þeirrar grundvallarskoðunar, hæstv. forseti, að öll málefni hinna atvinnulausu eigi heima í Atvinnuleysistryggingasjóði. Þar eiga þau heima og mér finnst ekki ástæða til að stofna sérstaka sjóði og setja upp sérstakt stjórnkerfi yfir þennan 20 þúsund manna hóp sem telst til einyrkja. En ef raunin er sú að þessir hópar mæti svona miklum skilningsskorti hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, starfsmönnum og stjórn hans, þá er eitthvað að þar.

Nú er það staðreynd að mjög erfitt er í mörgum tilvikum að skilgreina það hvenær einyrkjar eru atvinnulausir. Það er afar erfitt og verður mjög flókið verkefni fyrir stjórn og úthlutunarnefnd þessa væntanlega sjóðs, verði hann að veruleika. Það verður mjög flókið verk að skilgreina það hvenær einstakir hópar eða einstaklingar eru atvinnulausir eins og hér hefur verið rakið í fyrri ræðu þannig að þetta er mjög flókið mál.

Í umfjöllun í félmn. kom fram að blaðamenn sem hafa átt við töluvert atvinnuleysi að stríða — þar er mikið af einyrkjum — gerðu ákveðið samkomulag við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það var gert ákveðið samkomulag og eflaust hefðu fleiri getað farið þá leið. Það var gert samkomulag um ákveðna skilgreiningu og menn gáfu drengskaparheit um að halda það samkomulag gegn verulegum sektum og náttúrlega sviptingu bóta og endurkröfurétti ef það sannaðist að það samkomulag væri brotið. Samkomulagið gekk út á það að menn máttu hafa ákveðið tekjulágmark þannig að ef skyndilega kom upp verkefni, boð um að skrifa eina grein eða slíkt, þá varð það ekki þess valdandi að viðkomandi missti atvinnuleysisbætur fyrr en tekjurnar fóru yfir viss mörk. Þannig var samkomulagið.

Ég vil lýsa því, hæstv. forseti, að ég er afar óhress yfir þessu máli og hvernig það hefur þróast. Það er ekki aðeins vegna þeirrar skoðunar minnar að þessi mál eigi heima inni í Atvinnuleysistryggingasjóði og að stjórn þess sjóðs eigi að taka það verkefni alvarlega að skilgreina atvinnuleysi hvers hóps um sig og verði einfaldlega að drekka af þeim beiska

kaleik, heldur vegna hins einnig að mér finnst frv. eins og það liggur nú fyrir með fram komnum brtt. vera mjög gallað.

Þá vil ég rifja það upp til hvers tryggingagjaldið er hugsað. Það er hugsað þannig að þeir sem eru í atvinnurekstri borga ákveðið gjald sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hluti þess fer til Vinnueftirlitsins og hluti þess rennur inn í almenna tryggingakerfið. Það er alveg augljóst að hluti þessa hóps borgar tryggingagjald og það er enginn smáhópur. Það eru sem sagt yfir 20 þúsund manns sem eru skilgreindir sem einyrkjar og síðan eru auðvitað allir lögaðilar, og bara til fróðleiks skal ég upplýsa það hér að samkvæmt upplýsingum frá fjmrn. greiddu karlar á árinu 1996 á grundvelli tekna ársins 1995, 1.173,5 millj. kr. en konur 175,4. Þarna er afar mikill munur sem segir okkur að miklu fleiri karlar en konur eru í sjálfstæðum atvinnurekstri eða teljast einyrkjar og síðan eru lögaðilar með greiðslur upp á tæplega 10 milljarða.

Eins og ég sagði, þá er tryggingagjaldið ýmist ætlað til þess að tryggja rétt þeirra sem vinna hjá viðkomandi aðila eða í þessu tilviki rétt einyrkjans sjálfs. Það er alveg augljóst að ákveðinn hluti einyrkja getur ekki nýtt sér réttinn. Vegna eðli starfanna og vegna þess hversu erfitt er að skilgreina atvinnuleysi viðkomandi, getur hann aldrei nýtt sér þennan rétt. Og þá spyr maður sig: Er það réttlætanlegt að fólk borgi gjöld, sé að tryggja sjálft sig, þegar það er algjörlega ljóst að það getur ekki notið tryggingarinnar, nema að fólk skrái sig eða fari hreinlega í annað starf? Þetta gildir ekki síst um listamenn, enda er reglan sú eftir því sem við komumst næst að, m.a. á Norðurlöndunum, það er valkvætt, þá geta listamenn og fleiri valið hvort þeir greiða tryggingagjald eða ekki. Og ég hefði talið að það hefði verið rétt að skoða þann möguleika og vil beina því til hæstv. félmrh. að það verði skoðað alveg sérstaklega að tryggingagjaldinu verði aflétt af þeim hópum sem augljóslega geta ekki nýtt sér réttinn og það gildir um ákveðna hópa. Það getur ekki verið réttlátt að skattleggja fólk svona til þess að tryggja sig ef það getur aldrei notfært sér trygginguna vegna þess að það er ekki hægt að skilgreina atvinnuleysið.

Ég nefndi hér í upphafi, hæstv. forseti, að í upphaflegu frv. voru þrír hópar teknir og meiningin var að setja um þá sérstök lög. Þetta leiðir af sér að með þeim brtt. sem fram eru komnar hafa þessir hópar enn þá heldur forgang umfram aðra. Þeim er tryggð seta í stjórn og úthlutunarnefnd bóta. Og drottinn minn dýr! Það verður ekkert smáverk þegar bændur og vörubifreiðastjórar eiga að fara að skilgreina atvinnuleysi arkitekta, rithöfunda og annarra sem þarna eiga hlut að máli því að það hlýtur að verða stjórnin og úthlutunarnefndin sem koma að því verki að skilgreina atvinnuleysið sem verður eitt helsta vandamál þessa sjóðs.

Félmrh., hæstv. forseti, skal skipa stjórnina og það fer allt eftir því hve deildirnar verða margar hversu margir verða í stjórninni. Þetta verður náttúrlega afar sérkennileg samsetning á stjórn þar sem koma að málum afar ólíkir aðilar. Það er meiningin að Bændasamtökin, Landssamband smábátaeigenda og Landssamband vörubifreiðastjóra skipi einn fulltrúa hver, fjmrn. einn og önnur starfsgreinasamtök sem öðlast aðild að sjóðnum skulu tilnefna einn stjórnarmann hver og einn til vara, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn stjórnarmann.

Á það var bent í umræðunni að deildirnar gætu orðið hugsanlega svona 50 eða þar um bil. Það er stungið upp á því að ekki verði fleiri en 500 í hverri deild og það gefur auga leið að með því móti geta deildirnar orðið býsna margar. Hver deild verður með einn fulltrúa í stjórninni þannig að þetta verður býsna stór stjórn og eins og ég segi, þá verður fróðlegt að sjá það þegar þessar stjórnir eiga að fara að skilgreina það hvenær bændur teljast atvinnulausir og fleiri hópar sem þarna koma að.

Það sem mér finnst þó alvarlegast í þessu máli, hæstv. forseti, er að hér er algjörlega vikið til hliðar þeirri grundvallarreglu sem ríkisstjórnin er að reyna að koma á í öðru máli, þ.e. í lífeyrismálunum, um samábyrgð og samtryggingu. Hér skal það ekki gilda. Það skal alls ekki gilda þegar einyrkjar eiga í hlut. Þeir eiga ekki að styðja og styrkja hver annan. Þeir styrkja náttúrlega sinn hóp en ekki hópinn sem heild og reglan er sú að hver deild á að standa undir sér. Ef það gerist að upp kemur atvinnuleysi í ákveðnum hópum, þá hefur stjórnin þá valkosti annaðhvort að skerða bæturnar eða hækka gjöldin sem þýðir auðvitað breytingu á lögum um tryggingagjald sem reyndar heyrir ekki undir hæstv. félmrh. Og maður spyr: Hvað gerist ef verulegt atvinnuleysi kemur upp í einhverjum hópi? Það gerðist um daginn þegar breytingarnar urðu í sjónvarpsmálunum. Þá missti allt í einu stór hópur þýðenda vinnuna. Það var fjöldi manna. Ég hygg að það hafi verið 50–60 manns sem allt í einu misstu vinnuna. Ég veit ekki hvort það fólk er búið að finna sér einhverja vinnu síðan.

En hvað gerist? Hvers verða þessar deildir megnugar ef það kemur upp atvinnuleysi í einhverjum slíkum hópi?

Í greinargerð sem við fengum frá arkitektum kom fram að í þeirra hópi er verulegt atvinnuleysi. Það er verulegt atvinnuleysi í þeirra röðum, miklu meira en þeir höfðu gert sér grein fyrir. Vonandi dregur úr því eftir því sem ástandið skánar á vinnumarkaðnum, en engu að síður sýna tölur um atvinnuleysi okkur að það virðist vera orðið nokkuð stöðugt. Það er núna rétt í kringum 4%, 3,9%, ef ég man rétt, voru síðustu tölur þannig að það virðist vera orðið nokkuð stöðugt atvinnuleysi og auðvitað er líka talsvert mikið dulið atvinnuleysi. Og hvað um þennan hóp einyrkja? Skráir hann sig atvinnulausan? Ég held að því miður geri ansi margir það ekki vegna þess að þeir hafa einfaldlega ekkert upp úr því. Rétturinn er svo takmarkaður og það er töluvert mikið mál. Og eins og kom fram í umræðum þegar við vorum að ræða um atvinnuleysistryggingarnar þá getur það verið mjög alvarlegt fyrir fólk að lenda á atvinnuleysisskrá. Það hefur sýnt sig að það er mjög erfitt fyrir fólk að fá vinnu ef það hefur lent á atvinnuleysisskrá, sérstaklega fyrir fólk með sérfræðimenntun. Það er eins og viðhorfið á vinnumarkaðnum sé þannig að eitthvað sé að fólki ef það lendir á atvinnuleysisskrá. Um þetta höfum við fengið dæmi.

Það hefur komið fram í tölum varðandi lífeyrismálin að um 15 þúsund einstaklingar greiða ekki í lífeyrssjóði. Og ég spyr mig hvað skyldu það vera margir einyrkjar sem greiða ekki tryggingagjald, sem eru þannig skráðir eða í þannig vinnu, jafnvel í svartri vinnu, að þeir hreinlega koma ekki fram. Þetta er auðvitað hópur sem erfitt er að ná utan um. Síðan er það fyrirbæri sem við víkjum að í nál. minni hlutans. Það eru þeir sem hafa verið þvingaðir út í gerviverktöku. Og það er til skammar að ríkisstofnanir, eins og t.d. Ríkisútvarpið, skuli ganga þannig fram að vera með fjölda manns, tugi manna, í gerviverktöku, fólk sem vinnur upp á hvern einasta dag hjá þeirri stofnun en er gert að vera þar á eigin vegum og nýtur ekki þeirra réttinda sem annað launafólk nýtur. Mér finnst til háborinnar skammar að þetta skuli líðast

hjá ríkisstofnunum sem eiga að fara að lögum og reglum og virða rétt vinnandi fólks.

Ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að ég tel mikla þörf á því að taka á þessu fyrirbæri, gerviverktöku, sem er mjög mikil en er einmitt eitt af því sem lendir á almannatryggingakerfinu. Ég vil nefna dæmi sem okkur var sagt, reyndar mjög sorglegt dæmi, um einyrkja sem hafði unnið áratugum saman hjá ríkisstofnun, verður svo veikur og stendur uppi algjörlega réttindalaus, og samstarfsfólk hans skaut saman handa honum þannig að hann kæmist nú af meðan á þessu stóð. Það gefur auga leið að þegar tugir, jafnvel þúsundir, einyrkja komast á efri aldur lendir hluti þeirra í tryggingakerfinu. Það stríðir beint gegn því markmiði, sem verið er að vinna að hér með öðrum lögum um lífeyrissjóðina, að reyna að létta af almannatryggingakerfinu með því að sjá til þess að allir borgi í lífeyrissjóði. En eins og ég nefndi, þá er talið að um 15 þúsund manns greiði ekki í lífeyrissjóði. Og hversu margir standa utan tryggingagjalda? Þetta er hópur sem þarf með einhverjum hætti að ná utan um. Það gerist að hluta til með því að bjóða fólki störf með fullum réttindum í stað þess að vera að viðhafa þessa gerviverktöku. Þarna er bara verið að taka úr öðrum vasanum og setja í hinn vegna þess að þetta kemur einfaldlega niður á ríkiskerfinu seinna meir.

Hæstv. forseti. Ég hef tekið á flestu því sem ég tel vera ábótavant í þessu máli. Það er sem sagt varðandi stjórnina og þann fjölda sem þar verður og þann mikla vanda sem stjórnin og úthlutunarnefndin mun lenda í við að skilgreina réttindi einyrkja og sama gildir um úthlutunarnefndina. Þetta verður mikið og erfitt verk. En það alvarlegasta er auðvitað að hér er samábyrgðin og samtryggingin hvergi nærri og ég held að það geti orðið hætta á því að deildir lendi í vandræðum ef upp kemur mikið atvinnuleysi því það segir einfaldlega í tillögunum, það kemur auðvitað ákveðið fé upphaflega, en síðan segir svo, með leyfi forseta:

„Ef sýnt þykir að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar."

Það verður því afar fróðlegt að sjá hvernig þessar deildir muni standa að vígi og í rauninni hvernig muni ganga að stofna þær, hvort einyrkjar líti þannig á að þeir geti tryggt sér einhvern rétt. Ég hef hitt fólk frá nokkrum af þeim samtökum sem skrifuðu til félmn. og komu á fund nefndarinnar og það er álit þess að það sé bara að fara úr öskunni í eldinn, því miður sé ekkert gagn að þessu og nánast verra en ekki neitt.

Það er skoðun mín, hæstv. forseti, eins og ég nefndi í upphafi, að þessi mál eigi heima í Atvinnuleysistryggingasjóði, að það sé skylda hans að taka á málum af þessu tagi og að þar mundu menn miklu fremur hafa yfirsýn yfir málefni atvinnulausra og hvernig staðan er í stað þess að stofna nýjan sjóð með nýju stjórnkerfi. Það höfðar greinilega mjög til hæstv. félmrh. að koma á fót nýjum stofnunum og ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur víða um land, þenja út ríkiskerfið meðan við stöndum frammi fyrir fjárskorti í mennta- og heilbrigðismálum. Það vekur allt upp spurningar um forgangsröðun verkefna í samfélaginu. Ég held að hér hefði verið hægt að fara öðruvísi að — beina málunum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það hefði kannski mátt skoða samsetningu þeirrar stjórnar og gera hana og úthlutunarnefndirnar hæfari til þess að meta stöðu einyrkja. Þess vegna, hæstv. forseti, get ég ekki stutt þetta frv.

[14:37]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu neitt að ráði en stend einungis upp til að þakka meiri hluta nefndarinnar góð störf og ég er ánægður með þá útfærslu sem hér birtist. Mér kemur nokkuð á óvart afstaða Alþb. og Alþfl. til málsins. Þeir hafa flutt mikla gagnrýni á mig á undanförnum árum vegna réttleysis smábátasjómanna, vörubifreiðastjóra og bænda sérstaklega. Ég vonaðist eftir stuðningi minni hlutans en hann er greinilega ekki fyrir hendi. Mér kemur ekkert á óvart úr málflutningi hv. formanns nefndarinnar.

Bráðabirgðaákvæði er í frv. um að lögin skuli endurskoðuð eftir tvö ár og þá verður væntanlega fengin reynsla af þeim og hægt að sníða vankanta af sem menn sjá, festa aðrar stéttir tryggilegar sem væntanlega verða þá orðnar aðilar að sjóðnum og taka til athugunar þau atriði sem menn telja betur mega fara. Ef hv. stjórnarandstæðingar verða orðnir ráðandi í þjóðfélaginu að tveimur árum liðnum þá má út af fyrir sig búast við því að þeir afnemi bara þessi lög og leggi þennan sjóð niður, ef taka má mark á þeim ræðum sem hafa verið fluttar.

Það hefur verið gagnrýnt að ekki væru fleiri stéttir skilgreindar í sjóðinn en þessar þrjár. Það hefur aldrei staðið annað til en að hleypa öðrum stéttum að ef þær óskuðu og hefðu komið sínum skipulagsmálum í lag. Á minn fund hafa t.d. sjónvarpsþýðendur gengið og voru mjög óánægðir með réttleysi sitt sem þeir töldu vera. Þegar farið var að athuga málið, þá eru samtök þeirra ákaflega laus í reipunum og ég mun beita mér fyrir því að setja á stofn nefnd eða vinnuhóp í samráði við þá til þess að reyna að koma betra lagi á félagsmál þeirra eða aðstoða þá við það. Og þá er hugsanlegt að þeir kjósi að eiga aðild að sjóðnum. Nú er það reyndar þannig að þeir geta átt aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, en þar segir, með leyfi forseta, í 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar:

„Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð."

Það er svo sem ekki loku fyrir það skotið að þetta fólk eigi rétt nú þegar í Atvinnuleysistryggingasjóði þó að þær þrjár stéttir sem sérstaklega eru nafngreindar í frv. telji sig ekki hafa fengið þá þjónustu í Atvinnuleysistryggingasjóði sem eðlileg er.

Það hefur verið gagnrýnt að nefndin sem samdi frv. hefði unnið hratt. Raunverulega hefur vinna við þetta málefni staðið yfir allt frá því að ég kom í ráðuneytið og menn voru búnir að prófa ýmsar útfærslur. Sjálfum fannst mér eðlilegast í upphafi að koma þessu öllu saman í einn sjóð, þ.e. auka rétt

þeirra innan Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sú leið reyndist ekki fær og því var gripið til þess ráðs að setja nefnd til að undirbúa frv. Ég tel það bara lofsvert að nefndir vinni hratt og skipulega og er mjög ánægður með störf þeirrar nefndar og betur að fleiri nefndir sæju sóma sinn í því að vinna hratt og skipulega.

Varðandi frv. um atvinnuleysistryggingar sem breyttist í meðförum Alþingis, þá tókst mér að ná prýðilegri samvinnu við Alþýðusamband Íslands um breytingar á því frv. og þá var eðlilegt að þessu frv. yrði breytt í kjölfarið.

Hv. 5. þm. Reykn. gagnrýndi að þáltill. um fjölskyldustefnu skuli ekki vera komin enn til síðari umræðu. Ég ræð ekki störfum eða dagskrá hv. félmn. Mér urðu það vonbrigði að ekki tókst að afgreiða það mál á síðasta þingi en ég hef alltaf lagt höfuðáherslu á að það mál yrði afgreitt héðan fyrir þinglok.

Hér hefur verið spurt hvenær bóndi væri atvinnulaus. Ekki er búið að semja reglugerð um það efni enda segir í frv. í 5. gr., með leyfi forseta:

„Ráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Tryggingasjóðs einyrkja, setja nánari viðmiðunarreglur um hvað telst lok rekstrar í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga."

Það er sem sagt ætlast til að stjórn sjóðsins, sem ekki er enn þá búið að skipa af skiljanlegum ástæðum af því að það er ekki búið að samþykkja lögin, komi að þessari reglugerðarsetningu. En mér finnst að þó geti það verið leiðbeinandi regla og verður vafalaust eitt meginleiðarljósið að sá sem tekur atvinnuleysisbætur þarf að vera reiðubúinn til að ráða sig í starf ef það býðst. Síðan er það úthlutunarnefnda að sjálfsögðu að meta hvort viðkomanda sé unnt að sækja starfið. Sem betur fer er nú samgöngum þannig háttað hér á landi að unnt er að sækja atvinnu frá heimili í mjög mörgum tilfellum. Það þarf ekki endilega að binda það við þéttbýlisstaði. Það er alveg hægt að hugsa sér að viðkomandi geti fengið vinnu á öðru búi eða við aðra starfsemi þó hún sé ekki í þéttbýli.

Ég held að ég orðlengi þetta ekki meira, herra forseti, en ég er mjög ánægður með að þetta mál skuli vera komið til 2. umr.

[14:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla heldur ekki að lengja þessa umræðu vegna þess að ég sé engan tilgang í því að við reynum að ræða þetta mál ítarlega. Vegna þess að það kemur alveg fram í viðbrögðum ráðherrans að hann hefur ekki skilið eitt einasta orð af þeirri gagnrýni sem við höfum sett fram. Það er grundvöllur fyrir skoðanaskiptum að menn skilji hvað verið er að tala um.

Ráðherrann nefndi að þessi lög yrðu endurskoðuð eftir tvö ár og ef til vill mundum við afnema þau lög ef við yrðum við stjórnvölinn. Ég ætla nú að benda á að oftast er miklu erfiðara að afnema eitthvað sem er komið í gang, eins og tveggja ára lög um slík réttindi, en að reyna að gera þetta vel í upphafi. En ég skynja að ráðherrann hefur fullkomlega skilið það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að miklar líkur væru á því að það yrðu stjórnarskipti eftir næstu kosningar.

Ég ætla að benda á eitt, af því að það kom fram að starfshópur yrði settur á laggirnar til að skoða aðstæður þýðenda, að nú væri ráð að skoða hvort kanna þyrfti sérstakar aðstæður annarra hópa sem líkt er ástatt fyrir þó þeir hafi ekki farið á fund ráðherra í ráðuneytinu, þannig að það sama gerist ekki og varð orsökin að þessu frv. eftir því sem okkur var sagt, að þessir þrír hópar hefðu verið háværastir og beitt sér mest fyrir því að tekið yrði á þeirra málum og þess vegna hefði verið lagt fram frv. um þrjá starfshópa.

Aðeins varðandi fjölskyldustefnuna þá legg ég áherslu á að alltaf hefur verið vilji til þess í félmn. að það mál yrði afgreitt fyrir vorið. Ég sýndi fram á hvaða mál það eru sem þrýst er á að fari hratt inn og út úr nefndum og hver mega bíða.

Virðulegi forseti. Við urðum að sjálfsögðu engu nær varðandi reglurnar um bændur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:49]

Útbýting þingskjala:

Staða þjóðkirkjunnar, 301. mál, brtt. GÁS og JóhS, þskj. 1064.

Virðisaukaskattur, 437. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1065; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1066.

Tryggingagjald, 1. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

[14:50]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Meiri hluti efh.- og viðskn. flytur hér frv. til laga um breytingu á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, og lögum nr. 156/1996, um breytingu á þeim lögum.

Frv. þetta er afar stutt. Það byrjar með greinum og þar af er einungis ein efnisgrein svohljóðandi:

„Þó skulu tekjur af atvinnutryggingagjaldi vegna reiknaðs endurgjalds þeirra sem falla undir gildissvið laga um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga renna í hlutaðeigandi deild þess sjóðs.

Þetta mál kom til umfjöllunar fyrr í vetur. Meiningin var að afgreiða samhliða breytingu af þessum toga við frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja. Það mál verður hins vegar væntanlega ekki að lögum fyrr en á næstu dögum. Því var ákveðið fyrir jól að taka þennan þátt frv. um tryggingagjald út úr og flytja það sem sjálfstætt þingmál þegar horfur væru á því að frv. til laga um Tryggingasjóð einyrkja yrði samþykkt. Af þessum ástæðum er þetta frv. flutt, hæstv. forseti, og ekki þörf á að halda lengri ræðu um það mál.

Ég legg til að frv. verði þegar vísað til 2. umr. Það er óþarfi að fjalla um þetta í efh.- og viðskn. þar sem um þetta hefur þegar verið fjallað þar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenningsbókasöfn, 2. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 356, nál. 952, brtt. 953.

[14:52]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 952 ásamt brtt. á þskj. 953 frá menntmn. um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Menntamálanefnd hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Árna Gunnarsson, skrifstofustjóra í menntamálaráðuneytinu ásamt öðrum gestum. Einnig bárust nefndinni margar gagnlegar umsagnir um málið.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um almenningsbókasöfn sem eru frá árinu 1976. Aðstæður hafa breyst mjög mikið á þessum tíma og er þar helst að telja gífurlegar framfarir í upplýsingatækni sem hafa víðtæk áhrif á starfshætti bókasafna. Einnig hefur sameining sveitarfélaga breytt rekstrargrundvelli almenningsbókasafna. Helstu breytingar, sem frumvarpið hefur í för með sér, eru að flokkun almenningsbókasafna er einfölduð og búið er í haginn fyrir skipulag sem stuðla á að myndun öflugri umdæmissafna, en gert er ráð fyrir að eitt safn í hverju bókasafnsumdæmi gegni hlutverki umdæmissafns og ræki þjónustu við önnur söfn. Þá er lagt til að afnumin verði lagaákvæði um lágmarksframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna, en mælt fyrir um að framlög skuli ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélags. Þá er í samræmi við ákvæði laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn kveðið á um ráðgjafar- og samstarfshlutverk safnsins gagnvart almenningsbókasöfnum. Einnig er fellt niður ákvæði um embætti bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu, en eftir sem áður mun ráðuneytið fara með yfirstjórn og eftirlit með þessum málum. Þá er í ákvæði til bráðabirgða gert ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði næstu fimm árin og er framlaginu ætlað að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet.

Í ábendingum sem nefndinni bárust kom fram að eðlilegt væri að umdæmissöfn fengju allt prentað efni sem gefið væri út af opinberum aðilum. Leggur nefndin til að þetta atriði verði skoðað sérstaklega við endurskoðun laga um skylduskil til safna, en ljóst er að þau þarf að endurskoða. Þá leggur nefndin til að 14. gr. gildi aðeins þar til frumvarp til laga um Bókasafnssjóð höfunda tekur gildi, en í því frumvarpi er fjallað um Bókasafnssjóð höfunda sem ætlað er að taka við af Rithöfundasjóði Íslands. Leggur menntamálanefnd til að frumvörpin verði afgreidd á sama tíma. Miðað er við að frumvarpið um Bókasafnssjóð höfunda taki gildi 1. janúar 1998.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali, en þær eru helstar:

Í fyrsta lagi: Lagt er til að eitt af markmiðum almenningsbókasafna verði að stuðla að símenntun.

Í öðru lagi: Lagt er til að sérstök tilvísun í ferðamál verði felld út úr 6. gr.

Í þriðja lagi: Þá leggur nefndin til að orðin „leitast við að“ í 8. gr. frumvarpsins falli brott, en í greininni er m.a. fjallað um menntunarkröfur sem gerðar eru til starfsfólks almenningsbókasafna. Nefndarmenn eru sammála um að mikilvægt sé að starfsmenn og forstöðumenn almenningsbókasafna hafi lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði, en benda jafnframt á að ekki er alltaf mögulegt að fá fólk með slíka menntun til starfa.

Í fjórða lagi: Einnig leggur nefndin til að tilvísun til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns verði felld út úr 12. gr., en menntamálaráðuneytið fái þess í stað opna heimild til að fela aðilum utan ráðuneytisins skýrslugerð og úrvinnslu gagna um fjármál og starfsemi almenningsbókasafna.

Undir nál. rita Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Svanfríður Jónasdóttir, Tómas Ingi Olrich, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir með fyrirvara og Guðný Guðbjörnsdóttir með fyrirvara.

Herra forseti. Hér er á ferðinni merkilegt mál sem ekki lætur mikið yfir sér. Gildandi lög um almenningsbókasöfn eru rúmlega tveggja áratuga gömul og var orðið brýnt að endurskoða þau og færa í nútímahorf. Almenningsbókasöfn hafa mikilvægu hlutverki að gegna í nútíð og framtíð. Þar hefur almenningur aðgang að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Fjölmörg bókasöfn hafa þegar tekið nýjustu upplýsingatækni í þjónustu sína t.d. við skráningu gagna. Bráðabirgðaákvæði frv. þar sem lagt er til að a.m.k. 4 millj. kr. verði varið árlega í fimm ár til almenningsbókasafnanna greiðir fyrir því að sem flest þeirra geti eignast þann tækjakost sem til þarf. Einnig að haldið verði námskeið fyrir bókaverði og gefið út fræðsluefni fyrir almenning um hvernig nýta megi nýja upplýsingatækni. Í skýrslu nefndar um tengingu íslenskra bókasafna um stafrænt upplýsinganet frá því í janúar 1996 er hlutverk bókasafna skilgreint á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Að efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlun,

að stuðla að lýðræðislegri þátttöku almennings í mótun samfélagsins,

að stuðla að því að menn eigi greiðan aðgang að upplýsingum opinberra stofnana og jafnframt að auðvelda fólki að koma skoðunum og athugasemdum á framfæri,

að þjóna íslensku atvinnulífi.“

Ég tek heils hugar undir þessi markmið um hlutverk bókasafna en legg jafnframt ríka áherslu á hlutverk almenningsbókasafna sem alhliða menningarmiðstöðva hvert í sínu byggðarlagi. Það hlutverk verður seint ofmetið.

Sú sem hér talar minnist þess frá uppvaxtarárum á Siglufirði hversu mikið aðdráttarafl bókasafnið hafði á ungt fólk. Það var og er menningarmiðstöð og þannig á það líka að vera.

Að síðustu nefni ég ákvæði frv. um skiptingu landsins í umdæmi og hlutverk umdæmissafna. Brýnt er að þau leiði til þess að landinu verði skipt í fá umdæmi með öflugum umdæmissöfnum sem hafi burði til að gegna því leiðbeiningar- og þjónustuhlutverki sem þeim er ætlað.

Reynslan af slíkri tilhögun erlendis, t.d. á Norðurlöndum, Bretlandi og í Bandaríkjunum hefur leitt í ljós að stofnun þjónustukjarna er lyftistöng fyrir uppbyggingu bókasafnanna og í raun eina leiðin til að tryggja jafnari þjónustu. Brýnt er að sveitarfélögin sameinist um rekstur fárra en öflugra umdæmissafna til að þessar hugmyndir geti orðið að veruleika í framtíðinni.

[14:59]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef átt sæti í hv. menntmn. og átt þess kost að fjalla um þetta frv. þar og er að mörgu leyti mjög hlynnt því. Sérstaklega vil ég taka undir það með hv. þm.

Sigríði Önnu Þórðardóttur, formanni nefndarinnar, sem hún sagði áðan um hlutverk almenningsbókasafna sem menningarmiðstöðva í byggðarlögum. Ég vil taka sérstaklega fram að ég er þeirrar náðar aðnjótandi að búa í Reykjanesbæ og þar er rekið afskaplega mikið fyrirmyndar almenningsbókasafn sem einmitt er menningarmiðstöð fyrir byggðarlagið. Einnig hefur þar verið komið fyrir tölvubúnaði og þar er mjög virkt starfsfólk í að hjálpa fólki við að ná upplýsingum af internetinu. Það er gaman að fylgjast með því hve aðsóknin að bókasafninu hefur aukist núna á undanförnum árum og þarna er alltaf fullt af fólki og lesturinn hefur aukist svo skiptir umtalsverðum bókafjölda á hverju einasta ári.

Þó eru nokkur atriði í þessu frv. sem ég var ekki fullkomlega sátt við. Ég vil fyrst tiltaka ákvæði um menntun bókavarða og þó sérstaklega forstöðumanna almenningsbókasafna í 8. gr. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Forstöðumaður almenningsbókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi."

Mér fannst þetta orðalag fullopið. Ég er samt þakklát formanni nefndarinnar fyrir að hafa aðeins hnykkt á því í nál. að með „jafngildu námi" væri átt við BA-próf í hliðstæðum greinum við upplýsingafræði. Mér finnst samt ekki nógu fast að orði kveðið og reynslan sýnt að sótt hefur verið í að ráða stundum fólk með t.d. BA-próf í óskyldum greinum. Ég held að ef við ætlum að ná því fram sem markmiðsgrein laganna segir, þá þurfi alveg skýlaust að vera þarna, alla vega í forstöðumannsstarfi, fólk með próf í upplýsingafræði. Það kann að vera rétt að þess sé ekki alltaf kostur á að fá slíkt fólk til starfa. Þá fyndist mér að setja mætti inn grein um að ráða mætti tímabundið fólk sem ekki hefði þessa menntun. En mér finnst orðalagið, eins og það er þarna, fullopið.

Í 9. gr. er ákvæði um að framlög til almenningsbókasafna, þ.e. lágmarksframlög skuli ekki lengur ákveðin í lögum heldur skuli þau vera í fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags. Ég vil minna á að í umsögnum sem bárust nefndinni voru fjölmargir sem höfðu áhyggjur af þessu ákvæði. Það á nú samt ekki við um Samtök sveitarfélaga því þau fögnuðu því sérstaklega að ekki skyldu lengur vera lögðbundin lágmarksframlög til bókasafna. En ég held að ýmsir deili með mér þeim áhyggjum að þetta kunni að reynast litlu söfnunum í hinum dreifðu byggðum erfitt. Það var erfitt að fá út þessi lágmarksframlög og margir óttast að enn erfiðara verði að fá framlög til bókasafnanna þegar lágmarksframlögin eru ekki lengur inni í lögum.

Síðasta athugasemdin sem ég hef við þetta frv. varðar 13. gr. laganna. En þar segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna til þriggja ára í senn."

Mér finnst í sjálfu sér ágætis fyrirkomulag að ráðgjafarnefnd verði skipuð en ég held að það þurfi að finna þessu traustari grundvöll ef þetta á að virka sem stefnumótandi miðstöð fyrir bókasöfnin í landinu. Vegna þess að það dugar ekki, það hafa dæmin sannað, að ráðgjafarnefndir komi í sjálfu sér með margar góðar hugmyndir, ef það er enginn sérstakur starfsmaður sem hefur það með höndum að koma þessum hugmyndum á framfæri. Það var af hálfu nefndarinnar rætt við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga hvort þeir væru tilbúnir til að skipa slíkan starfsmann sem mundi starfa fyrir þessa ráðgjafarnefnd og þeir vildu ekki taka það á sig. Þar sem ráðuneytið hyggst nú leggja niður embætti bókafulltrúa þá óttast maður mjög að þetta ráðgjafarhlutverk ráðuneytisins, þetta stefnumótandi hlutverk sem það á að hafa samkvæmt 12. gr. verði ekki í nógu föstu formi til að það virki.

Að öðru leyti, eins og ég sagði áður, er ég stuðningsmaður þessa frv. og mun veita því brautargengi á hinu háa Alþingi.

[15:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um almenningsbókasöfn. Ég vil taka undir með öðrum ræðumönnum að ég tel þetta vera jákvætt og merkilegt frv. og mun styðja framgöngu þess í þinginu. Ég vil einnig taka undir þau orð að bókasöfnin eru mjög mikilvægar menningarstofnanir sem gegna mjög stóru hlutverki í þeirri upplýsingabyltingu sem nú er að eiga sér stað í okkar þjóðfélagi sem víðar. Því vil ég fagna sérstaklega bráðabirgðaákvæðinu þar sem kveðið er á um að veitt verði sérstaklega fé til að stuðla að því að bókasöfnin tölvuvæðist og nýti sér upplýsingatæknina í sem ríkustum mæli. Ég vil jafnframt vona að ríkisstjórnin sjái sér fært að veita meira fé en þessar 4 millj., sem þarna eru nefndar að lágmarki, því augljóst mál er að þarna er mikið verk að vinna. Einnig vonast ég til að niðurfelling á lágmarksfjármunum sveitarfélaga til bókasafna verði ekki til þess að þau fjárframlög lækki heldur verði það frekar til þess að hvert og eitt sveitarfélag hætti að miða við lágmarksfjárframlagið og styðji sín bókasöfn. Ég tel að það geti skipt sköpum fyrir bæði almenning og viðkomandi sveitarfélög að hafa sterk almenningsbókasöfn í sínum héruðum.

En ástæða þess, herra forseti, að ég kem hér upp er fyrst og fremst sú að ég skrifa undir nál. menntmn. með fyrirvara. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi tel ég að ekki sé nægilega skýrt kveðið á um það í 8. gr. að forstöðumenn bókasafna hafi menntun í bókasafns- og upplýsingafræði. Þar stendur „eða jafngilt nám ef þess er kostur" o.s.frv. Það kemur reyndar fram í nál. að ekki sé átt við að sambærilegt nám sé annað nám sem veitir BA-gráðu. Þess vegna er mér í rauninni alls ekki ljóst við hvað er átt með „jafngildu námi". Fyrst hæstv. menntmrh. er hér í salnum vildi ég gjarnan nota tækifærið og spyrja hann. Ég reyndi að beita mér fyrir því í nefndinni að þessi setning „eða jafngildu námi" yrði felld út en það fékkst ekki. Annar fyrirvari minn lýtur að þessu en hinn er varðandi þá staðreynd að með frv. er verið að fella niður ákvæði um sérstakan fulltrúa í menntmrn. sem annast málefni almenningsbókasafna. Ég tel þetta í sjálfu sér ekki óeðlilegt miðað við þann rökstuðning sem fram kom í menntmn. En ég óttast nokkuð að ekki sé alveg nægilega vel tryggt með frv. hvað kemur í staðinn. Það kemur reyndar mjög skýrt fram að ráðuneytið beri þarna ábyrgð og væntanlega verður það í lagi en það kom fram greinilegur ótti hjá ýmsum umsagnaraðilum um hvað þarna kæmi í staðinn, hvort þarna ætti að koma einhvers konar stofnun, jafnvel á vegum sveitarfélaganna og spurning er hvaða hlutverk ríkið á að hafa. Mér fannst þetta ekki nógu fast bundið en kannski er óþarfi að vantreyta menntmrn. að þessu leyti.

Þetta eru sem sagt helstu fyrirvarar sem ég hef en ég mun styðja þetta frv. og tel það að öðru leyti gott.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. ágæta yfirferð yfir þetta mál. Það er ljóst af þeim tillögum sem hún leggur til að hún hefur grandskoðað frv. og einnig þakka ég þær umræður sem hafa farið fram.

Varðandi þá spurningu sem fyrir mig var lögð út af 8. gr. þar sem vísað er til jafngilds náms get ég ekki svarað með einu orði eða einni setningu. Það sem felst í greininni er hins vegar það sem er ljóst og hv. þm. hafa vakið máls á, að ekki er skylda að ráða einungis þá sem hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Það er það sem verið er að opna, að hafa það svigrúm sem felst í orðalaginu. Kröfurnar eru skýrar en ég get ekki tilgreint hvaða nám það er sem er jafngilt við bókasafns- og upplýsingafræði frekar en hv. síðasti þm. en þetta er greinin. Hún gefur þeim sem ráða forstöðumennina það svigrúm sem í orðalaginu felst. Að sjálfsögðu skil ég að menn vilji hugsanlega loka þetta alveg af og skuldbinda sig til að ráða einungis fólk með þessa menntun. En það er ekki tillaga mín í frv. og augljóst er að nefndin hefur einnig fallist í raun og veru á þá tillögu og þótt menn velti því fyrir sér hvað jafngilt nám sé, þá kann það að vera matsatriði á hverjum tíma miðað við það nám sem er í boði og þá menntun sem er í boði. Á þessu sviði fræðanna eru breytingarnar að verða hvað örastar eins og við vitum. Menn eru að þróa nýjar námsbrautir varðandi einmitt upplýsingatæknina og upplýsingafræðina þannig að það er kannski heldur ekki ráðlegt að binda sig við eitt skilgreint hugtak sem við þekkjum í dag þegar við ræðum um jafngilt nám eða fólk sem er hæft til að veita forstöðu þeim stofnunum sem við erum að tala um þegar við ræðum um almenningsbókasöfn og þróun þeirra og framvindu þegar fram líða stundir.

Að því er varðar spurninguna um ráðgjafarnefndina og afskipti ráðuneytisins þá vil ég aðeins láta þess getið að ráðgjafarnefndin hefur sjálfstætt hlutverk, eins og þarna kemur fram, sem umsagnaraðili fyrir ráðuneytið. Ég hef litið þannig á að það sé mjög mikilvægt fyrir ráðuneytið að hafa viðmælanda með þeim hætti sem þarna er mælt fyrir um sem getur verið ráðuneytinu til ráðuneytis um þessi sérfræðilegu málefni. Að leggja til að embætti bókafulltrúa sé lagt niður er liður í almennri stefnumörkun sem ég tel að ráði núna og eigi að ráða innan Stjórnarráðsins, að það eigi ekki að lögbinda einstök embætti innan ráðuneyta. Ráðuneyti starfa og sinna ákveðnum verkefnum og það er óþarfi að lögbinda að tiltekinn maður skuli sinna þessu verkefni frekar en einhverju öðru. Það er meginstefnan sem hér er mótuð en alls ekki verið að víkjast undan því að ráðuneytið sinni þessu. Ráðgjafarnefndin er hins vegar nýmæli sem gefur ráðuneytinu viðmælanda, faglegan viðmælanda, á þessu sviði sem ég tel að hafi skort og sé mjög brýnt. En ég lít alls ekki svo á að ráðuneytið sé að víkjast undan sínum faglegu og embættislegu skyldum með niðurlagningu bókafulltrúaembættisins. Þvert á móti lít ég þannig á að þar með sé verið að stíga það skref til fulls, þá verkaskiptingu sem er orðin í verki, og fella þetta að almennri starfsemi ráðuneytisins. Það muni frekar styrkja stöðu og samband bókasafnanna og ráðuneytisins en sú skipan sem er núna án þess að ég sé að hallmæla þeim sem hafa gegnt störfum bókafulltrúa nema síður sé. Ég held að þessi nýja skipan falli betur að þeim stjórnarháttum sem við höfum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 2. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491, nál. 955.

[15:15]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið sem miðar að því að greiða fyrir framkvæmd tilskipana Evrópusambandsins um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum miðað við reynslu síðustu ára. Samkvæmt núgildandi lögum þarf að leita samþykkis Alþingis í hvert sinn sem viðaukum tilskipananna er breytt, en eðlilegra er talið að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu almenna heimild til að hrinda viðaukunum í framkvæmd. Þannig verði það skýrt tekið fram í lögunum að þau taki til allra breytinga sem kunna að verða gerðar á upptalningu starfa sem falla undir viðauka við tilskipanir 89/48EBE og 92/51/EBE. Nær frv. ekki til breytinga sem hugsanlega verða gerðar á þeim meginreglum sem gilda um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum heldur eingöngu til breytinga á viðaukum við tilskipanirnar varðandi flokkun á starfsheitum.

Við lögfestingu EES-samningsins var talið mikilvægt að tryggja sem allra best lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku Alþingis í setningu þeirra EES-reglna sem gilda eiga hérlendis. Í því skyni setti forsætisnefnd reglur í febrúar 1994 um þinglega meðferð EES-mála á mótunarstigi. Er þar kveðið á um hlutverk utanrrn., utanríkismálanefndar og annarra fastanefnda Alþingis í samráðsferli um EES-mál. Menntmn. telur mikilvægt að samráðsvettvangur Alþingis og Stjórnarráðsins sé nýttur til að gera rækilega grein fyrir breytingum sem fyrirhugaðar eru á viðaukum, meðan þær eru á vinnslustigi.

Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókasafnssjóður höfunda, 2. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 601, nál. 954.

[15:18]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og brtt. um frv. til laga um Bókasafnssjóð höfunda á þskj. 954, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa gesti ásamt að hafa fengið gagnlegar umsagnir um málið.

Frv., sem leysir af hólmi 11. gr. laga um almenningsbókasöfn, nr. 50/1976, gerir ráð fyrir að árlega verði veitt í fjárlögum ákveðin upphæð í Bókasafnssjóð höfunda sem úthlutað verði samkvæmt lögunum. Tækniframfarir auðvelda það að hægt sé að fylgjast með útlánum bóka. Í frv. er lögð til sú nýbreytni að ekki einungis rithöfundar fái úthlutað úr sjóðnum heldur fleiri sem eiga höfundaframlag í bók, þar með taldir þýðendur, myndhöfundar, tónskáld o.fl. Gerir frv. ráð fyrir að sjóðnum, sem leysir Rithöfundasjóð Íslands af hólmi, verði skipuð fimm manna stjórn sem úthluti úr honum. Skipta á framlaginu í tvennt, annars vegar verði um að

ræða styrki til höfunda og hins vegar úthlutanir til rétthafa miðað við fjölda útlána bóka. Telur menntmn. mikilvægt að við úthlutun styrkja verði rétthöfum gert jafnhátt undir höfði.

Nauðsynlegt er að gera breytingu á gildistökuákvæði frv. þar sem nefndin leggur til að frv. til laga um almenningsbókasöfn verði afgreitt samhliða frv. þessu. Gert er ráð fyrir að ný lög um almenningsbókasöfn taki gildi 1. ágúst 1997, en lög um Bókasafnssjóð höfunda ekki fyrr en 1. janúar 1998. Þar til síðarnefndu lögin taka gildi er gert ráð fyrir að 14. gr. laga um almenningsbókasöfn gildi um Rithöfundasjóð Íslands.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv.

[15:20]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Bókasafnssjóð höfunda. Við kvennalistakonur styðjum þetta frv. og ég ritaði undir nefndarálitið án fyrirvara eins og það liggur fyrir.

Meginástæðan fyrir að ég kem hér í pontu nú er að vekja athygli á að það er nokkurt misræmi á milli athugasemdar við 5. gr. í frv. og þess sem stendur í nefndarálitinu. Ég vil taka undir að það var samróma álit í menntmn. að hafa nefndarálitið með þeim hætti sem það er þrátt fyrir setninguna sem stendur í athugasemdum með 5. gr.

Þetta frv. fjallar um Bókasafnssjóð höfunda sem á að leysa Rithöfundasjóð Íslands af hólmi og úthluta bæði styrkjum til höfunda og greiða fyrir afnot bóka á bókasöfnum. Í stjórn sjóðsins sitja tveir fulltrúar frá rithöfundum og einn frá Hagþenki en það hefur einmitt verið mikið baráttumál fræðslubókahöfunda að hafa aðgang að sjóði sem þessum. En í athugasemdinni við 5. gr. segir: „Eðlilegt er að áhersla verði lögð á styrki til höfunda fagurbókmennta." Í andstöðu við þetta er ítrekað í nefndarálitinu að menntmn. telur mikilvægt að við úthlutun styrkja verði rétthöfum gert jafnhátt undir höfði. Það er í ljósi þessa sem ég styð þetta frv., enda var það minn skilningur að það væri meirihlutavilji menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 487, nál. 975, brtt. 976.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Helgidagafriður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 829, brtt. 853.

[15:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var svona um það bil að ég tæki mig út af mælendaskrá þegar í ljós kom að allir þeir sem höfðu kvatt sér hljóðs þegar þetta mál var til umræðu fyrir viku voru horfnir á braut og mundu ekki ræða málið frekar. Ég þarf ekki að hafa um það mörg orð.

Hér er á ferðinni tillaga frá Einari K. Guðfinnssyni um að gera breytingu á frv. til laga um helgidagafrið þannig að helgi föstudagsins langa nái fram til miðnættis í stað kl. 6 að morgni næsta dags, þ.e. laugardags.

Flm. benti á að eðlilegt væri að helgi hátíðardaganna væri jafngild, þ.e. helgi páskadagsins er frá kl. 24.00 til kl. 24.00 að kvöldi páskadags. Sama gildir um hvítasunnudaginn að helgi hans er frá kl. 24 og til kl. 24 að kvöldi hvítasunnudags. Tillaga flm. er að það sama gildi um helgi föstudagsins langa.

Virðulegi forseti. Ég hef mikinn skilning á því sem ég tel að liggi að baki þessari tillögu. Flm. komst ágætlega að orði með það að víða úti um land væru hefðir sem byggðust á því að helgi föstudagsins langa lyki kl. 24. Ég þekki það, ég hef alist upp við það. Ég ólst upp við það að helgi föstudagsins langa var mjög mikil í mínu uppvaxtarbyggðarlagi og engu minni en annars staðar en henni lauk kl. 24 og þá var hefð fyrir því að þá væri, maður getur sagt samkomuhald. Ég er alveg sannfærð um að það skaðaði engan að alast upp við þessar aðstæður, en ég held að við eigum öll yndislegar og góðar minningar frá góðum tíma sérstakra páskadaga vestur á Ísafirði. Auðvitað er ekki verið að gera breytingu á lögum vegna einhvers byggðarlags. Ég undirstrika það. Það er verið að gera tillögu um breytingu á lögum til þess að helgi hátíðisdaganna verði jafngild og nái til eins sólarhrings hver um sig. Ég styð þessa brtt., virðulegi forseti, og þarf ekki að hafa um hana fleiri orð.

[15:28]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Til umræðu er hvíldardagslöggjöfin eða frv. til laga um helgidagafrið. Öll lög um frítíma frá vinnu eiga upphaf sitt í hvíldardagsboði biblíunnar. Spyrja má hins vegar hvort sú löggjöf hafi glatað merkingu sinni. Hún hefur ekki verið hreyfð í ein 70 ár, frá 1926 þegar heildarlög um helgidagafrið voru sett á Íslandi og vissulega tímabært að endurskoða þau.

Spurningin er hvort um er að ræða löggjöf sem hafi glatað merkingu sinni að öllu eða hvort þjóðinni sé nauðsynlegt að fá umgjörð um hvíldartíma af hendi löggjafans, hvort slík lög séu eðlilegur þáttur í samfélagsgerð sem grundvölluð er á kristnum gildum og kristnu samfélagi og jafnvel til marks um hið hefðbundna menningarmunstur sem meiri hluti þjóðarinnar vilji standa vörð um.

Ég vil gjarnan að það komi fram við umræðuna að það er ekki kirkjan í landinu sem biður um stranga helgidagalöggjöf. Það er ágætlega séð fyrir því í frv. sem hér er til 3. umr. að helgidagar þjóðkirkjunnar séu virtir og að ekki séu truflaðar guðsþjónustur eða það helgihald sem fram fer á sunnudögum. Sama gildir vissulega um páska, hvítasunnu og jól eins og fram hefur komið.

Varðandi brtt. frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem kemur fram núna fyrir 3. umr. þá er svo sem ekki mikið að segja. Breytingin er ekki stórvægileg og kirkjulega eða trúarlega finnst mér hún ekki skipta máli. Það fer ekkert helgihald fram aðfararnótt laugardags mér vitanlega, ekki í kirkjum landsins og satt að segja er búið að sjá ágætlega fyrir helgihaldinu yfirleitt hjá fólki um nónbil.

En hitt er annað mál, og það vildi ég ræða, að spurningin er miklu frekar um hvort ástæða er til að opna á skemmtanahald öll kvöld um páska. Ég er heldur mótfallinn því, ekki af trúarástæðum heldur af fjölskylduástæðum og vegna þess að

gildismat mitt og vafalaust margra fleiri er þannig að ástæða sé til þess að nema örlítið staðar og nýta þá helgidaga sem gefast til íhugunar, hvíldar og kyrrðar auk þess auðvitað að sinna þeirri andlegu næringu sem er í boði. En sú breyting sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali gerir hvorki til né frá. Ástæðan er sú að það er íþróttafólk á Vestfjörðum, skilst mér, sem kemur saman á skíðaviku og hefur áhuga fyrir því að dansa aðfararnótt laugardags. Eftir því sem ég hef komist næst byrjaði þetta þannig að fólk á skíðamóti á Ísafirði hafði hug á því að láta fara fram verðlaunaafhendingu á páskadagskvöldi en fara að dansa eftir miðnætti. Það var látið óátalið af löggæslunni. Svo breyttu þeir þessu yfir á föstudaginn langa að kvöldinu og það var líka látið óátalið en nú kemur tillaga um að taka þetta inn í lögin til að tryggja að fólk geti nú örugglega dansað á Vestfjörðum og annars staðar aðfararnótt laugardagsins.

Satt að segja finnst mér dálítið langt seilst og mér er spurn hvort ekki sé ástæða til fyrir fólk á ginnhelgum dögum að hafa aðrar viðmiðanir. Er ekki hægt að hafa annars konar skemmtanir nákvæmlega þá en sömu svaðilböllin og á venjulegum helgum? Það er hins vegar nokkuð sem ég geri ekki að stóru atriði. Þetta er ekki stór tillaga eða merkileg. Ég hygg hins vegar að vandræði okkar í þjóðfélaginu felist oft í því að við séum að skjóta okkur undan því að bera ábyrgð og líka að bera ábyrgð á ungu fólki, hvort það geti ekki verið kærkomið að hafa annars konar hátíðahald á stórhátíðum þjóðkirkjunnar t.d. nær trú og þeim siðum sem þá eru iðkaðir heldur en hafa sömu rúmhelgu böllin og vant er.

Varðandi hins vegar þetta með frítímann á helgidögum þjóðkirkjunnar, þá vil ég taka undir það sem kom fram í umsögn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja þar sem svo segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB vill legja áherslu á að verslun og annarri þjónustustarfsemi séu settar starfsreglur í samráði við samtök launafólks. Verslunum er iðulega haldið opnum gegn vilja launafólks og eru samningar um vaktir og skiptingu vinnunnar alger forsenda þess að opnunartími sé rýmkaður. Þó að frídagar hafi verið að engu gerðir hjá sumum starfsstéttum er ástæða til að vara við því að sú þróun verði látin ná yfir allt þjóðfélagið. Að mati stjórnar BSRB er æskilegt að viðhalda sem flestum frídögum sem eru þjóðinni sameiginlegir og á það lögð áhersla að sem flestir launamenn njóti þeirra."

Undir þessi orð stjórnar BSRB tek ég heils hugar. Hvíldardagurinn varð til vegna mannsins, til þess að hann gæti notið hvíldar frá vinnunni, en nú er svo komið og færist óðum lengra í þá átt að vissulega eru frídagar enn þá en 20–30% launamanna þurfa að vera að þjóna hinum til þess að þeir geti notið fríanna. Við þurfum að hugleiða hvort við viljum stefna í þá átt að helmingur þjóðarinnar sé að þjóna hinum helmingnum meðan hann er í frí.

Við höfum líka verið að samþykkja reglur um vinnutíma frá EES og er ekki gott ef við göngum í hina áttina og leggjum niður alla lagavernd sem fólk hefur til þess að geta notið hvíldar. Þjóðfélagsbreytingarnar hafa líka verið þannig að það sem vinnan gerði áður var að sameina fjölskyldur í bændasamfélagi og sjávarþorpasamfélagi og tengja saman fjölskyldur en núna er það miklu fremur svo að vinna fullorðinna einangrar fjölskyldumeðlimina, einstaklingana. Við þurfum líka að hafa slíkt í huga og reyna að gæta þess að allir eigi frí saman.

Það var vissulega svo áður fyrr að t.d. í tíð Struensee í Danmörku var sjónarmiðið það að öll hvíld mundi auka á lesti og óráðsíu hjá almúganum og þess vegna voru helgustu hátíðirnar styttar. Frægt er að Struensee kom því í kring að jólin voru stytt úr þremur í tvo daga. Hann var sjálfur nokkru síðar gerður höfðinu styttri en það er ekki tengt þessari umræðu hér.

Við ættum hins vegar að hafa í heiðri þau gildi sem þjóðin hefur sýnt að hún vilji hafa og gæta þess að lögin sýni umhyggju fyrir fólki. Það er umhyggja fólgin í því að allir eigi frí á sömu tímum og við færum ekki þróunina í það að verslunareigendur og aðrir þeir sem stjórna viðskiptum í landinu og skemmtanahaldi ráði því hvernig kyrrð og hvíld sé háttað og gangi sífellt á þann rétt fólks almennt að njóta hvíldar og fría.

Herra forseti. Ég hef ekki meira um þetta að segja en vil geta þess að í skoðanakönnun fyrir tveimur árum var spurt, og þess getið í fjölmiðlum, hvort réttlætanlegt væri að banna skemmtanahald á páskum. Já sögðu 80% en nei 20%. Þetta sýnir í einhverju viðhorf og gildismat meðal þjóðarinnar og ólíkt er það þeim viðhorfum sem maður telur vera vegna þess að hávaðinn í þeim sem vilja yfirskyggja öll slík boð og ganga yfir þau eru svo hávær og sterk að það er eins og sjónarmið almennings sé annað en það í raun og veru er. Ég hygg að fólk vilji almennt að við stöndum vörð um helgi hvíldardagsins eins og verða má.

[15:40]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Hjálmar Jónsson sagði flest þau orð sem ég vildi segja um þetta mál og get þess vegna verið stuttorður. Ég vil ítreka stuðning við frv. til laga um helgidagafrið eins og það birtist á þskj. 829 og tel ekki rétt að hvika frá því í neinu og styð þess vegna ekki þær tillögur sem fram hafa komið frá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni. Með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til og eru samþykktar af meiri hluta allshn. erum við að færa okkur í átt til þess sem tilhneigingin almennt er í þjóðfélaginu þannig að þessar lagabreytingar sem verið er að gera eru heldur ívilnandi í þá átt að heimila viðskiptastarfsemi á helgidögum nema á jóladag er gengið lengra í að takmarka viðskiptastarfsemi en verið hefur. Þau sjónarmið voru uppi í nefndinni að mjög mikilvægt væri að reglur væru sem skýrastar í þessum efnum en almennt var það sjónarmið uppi að ólíkar áherslur ættu að gilda gagnvart jólunum annars vegar og páskunum hins vegar. Um páska nýta fjölskyldur iðulega tímann til ferðalaga og afþreyingar en um jól er fjölskyldan hins vegar meira heima við.

En þótt við séum að gera þessar breytingar, þá teljum við að þær eigi að vera seigfljótandi, ef svo má að orði komast. Við viljum ekki brjóta niður þær varnir sem launafólk og fjölskyldur hafa haft í lögum um helgidagafrið. Hér er komið að kjarna þessa máls, að spyrja til hvers eigi að gilda og hvers vegna eigi að vera yfirleitt lög um helgidagafrið. Því lýsti hv. þm. Hjálmar Jónsson prýðilega. Þetta eru lög til verndar einstaklingnum, þetta eru lög til verndar fjölskyldunni. Tilhneigingin í þjóðfélaginu hefur verið sú að brjóta niður þessar varnir og má segja að að vissu leyti gangi þessi lög til móts við framboðið sem sífellt er að verða meira og opna á markaðsstarfsemi en mér finnst rétt að menn velti því örlítið fyrir sér hvert menn vilja að þjóðfélagið stefni í þessum efnum. Annars vegar mætti vel hugsa sér það að á tímum atvinnuleysis sé rétt að opna fyrir viðskiptastarfsemi almennt og fólki standi til boða þjónusta helst allan sólarhringinn allan ársins hring. Menn geti síðan nýtt sér þessa þjónustu

þegar þeir taka sér frí. Hins vegar er það hin spurningin og hin stefnan sem menn gætu tekið. Það er að varðveita nokkra daga á ári þar sem stefnt er að því að loka þjóðfélaginu eins mikið og mögulegt er, heimila einvörðungu það sem nauðsynlegt getur talist. Ég er því fylgjandi að fara þá leiðina einfaldlega vegna þess að ég tel það vera fjölskylduvænni stefnu. Það er fjölskylduvænni stefna.

Ef við förum fyrri leiðina er mjög ólíklegt að stórfjölskyldan sé nokkurn tíma saman í fríi og ég held að það sé líka gott fyrir þjóðfélagið að slaka öðru hverju aðeins á án þess að þurfa að láta mata sig á einhvers konar neyslu. Þegar allt kemur til alls erum við að tala hér um örfáa daga á ári, við erum í raun og veru að tala um örfáar klukkustundir. Þetta er ekki meira. Við erum að tala um mjög lítinn tíma.

Ég tek undir það líka sem hv. þm. Hjálmar Jónsson benti á, og vitnaði þar í greinargerðir frá stéttarfélögum, að rétt sé að virða sjónarmið launafólks í þessum efnum og vísa til þess að verslunarmenn, sem hafa sérstaklega átt undir högg að sækja, benda á í umsögn sem þeir sendu Alþingi í október í fyrra að mjög varhugavert sé að brjóta niður þær varnir sem launafólk hefur í lögum af þessu tagi og hvetja til þess að það verði undirbúin rammalöggjöf um afgreiðslutíma verslana í líkingu við það sem tíðkast í grannlöndum okkar. Ég vil leyfa mér að beina því til Alþingis og ríkisstjórnar að menn taki þessar ábendingar verslunarmanna til greina og hafinn verði undirbúningur að lagasmíð um þetta efni til þess að verja launamanninn fyrir þeirri ásókn sem hann verður hvarvetna fyrir af hálfu markaðsaflanna.

[15:47]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Í allshn. var frv. um helgidagafrið til gagngerrar skoðunar og umræður voru mjög langar um það hvernig við ættum að skilgreina helgidagafriðinn, annars vegar á jólunum og hins vegar á páskahátíðinni. Mörgum fannst að með því að skilja jólahald frá páskum, í tillögunni þá væri verið að gera páskum og þeirri helgi sem þar hvílir lægra undir höfði heldur en jólunum.

Ég var einn af þeim sem höfðu þá skoðun í upphafi að ástæða væri til þess að föstudagurinn langi mundi flokkast með aðfangadegi jóla og jólum sem helgur dagur, þar sem öll starfsemi væri óheimil nema sú starfsemi sem hefðbundin hefur verið á undanförnum áratugum.

Í mínum huga var ekki verið að gera ráð fyrir því að sú starfsemi sem hefur verið á útivistarsvæðum og hefðbundin áratugum saman þyrfti að raskast við það að þessi lög næðu fram að ganga.

Ég hef álitið það vera mjög eðlilega og jákvæða þróun hvað varðar fjölskyldulíf, útivist og heilbrigði hvernig fólk hefur hópast til skíðaiðkana og útivistar um allt land á páskum og mér finnst, þvert á skoðun hv. þm. Ögmundar Jónassonar, fjölskylduvænt að páskar þróist þannig að fólk og fjölskyldur sameinist í útivist á þeim degi og hann fái um leið þann þjónustumöguleika sem nauðsynlegur er svo að útivist geti orðið almenn. Það á ekki að trufla með neinu móti helgihald páskanna eða föstudagsins langa þó svo heimilað sé samkomuhald eftir miðnætti á föstudaginn langa. Mér finnst það ekki trufla neitt helgihald þess dags. Ég er þó þeirrar skoðunar að páskarnir séu einn helgasta hátíð kristninnar.

Það er svo aftur annað mál að menn hafi verið að blanda þessu máli sérstaklega við skíðahátíð sem hefur verið á Ísafirði á undanförnum áratugm. Ég hef verið þess aðnjótandi að fá að njóta útivistar á Ísafirði um nokkurra ára skeið meðan ég bjó þar sem ungur maður. Ég man eftir ferðum upp á Seljalandsdal til þess að skemmta sér og njóta útiverunnar. Ég held að engum hafi dottið í hug að það truflaði þá hátíð sem allir bera virðingu fyrir, ekki síður Ísfirðingar en aðrir, sem á þessum hátíðum voru. Því vil ég fagna tillögu hv. þm. Einars Kristins Guðfinnssonar. Ég sem nefndarmaður í allshn. hafði ekki áttað mig á, þ.e. að þetta gæti orðið til þessa að gera þær samkomur ómögulegar sem hingað til hafa tíðkast á þessari hátíð á Ísafirði sem og annars staðar. Þetta er ekki eini staðurinn sem hefur nýtt sér þennan möguleika, enda hefur það þótt mjög eðlilegt þar sem mjög stór hópur fólks alls staðar að af landinu kemur saman, að reynt sé að halda uppi skemmtanahaldi og laða að fólk.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:52]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 258. mál, nál. allshn., þskj. 1056; brtt. allshn., þskj. 1057.

Einkahlutafélög, 505. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1068.

Hlutafélög, 504. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1067.

Rannsókn á brennsluorku olíu, 421. mál, nál. umhvn., þskj. 1072.

Samvinnufélög, 506. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1069.

Tekjuskattur og eignarskattur, 528. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1070; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1071.

Varðveisla ósnortinna víðerna, 27. mál, nál. umhvn., þskj. 1073.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806, nál. 1016.

[15:53]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég kynni hér nefndarálit um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. lög nr. 124/1995. Samhljóða álit frá landbn. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Guðmund Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneyti og Sigurgeir Þorgeirsson frá Bændasamtökum Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Alþýðusambandi Íslands og Neytendasamtökunum.

Nefndin mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Egill Jónsson og Guðjón Guðmundsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita sá sem hér stendur ásamt Árna M. Mathiesen, Hjálmari Jónssyni, Sigríði Jóhannesdóttur, Þorvaldi T. Jónssyni, Lúðvík Bergvinssyni og Ágústi Einarssyni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 481. mál. — Þskj. 810.

[15:55]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til pál. um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins.

Vestnorræna þingmannaráðið hefur að undanförnu unnið að breytingum á reglum og umhverfi til vinnu og starfs í ráðinu. Helstu skipulagsbreytingar eru þær að framvegis verður kosið í ráðið eftir styrkleikahlutföllum þingflokka eftir þeim reglum sem gilda í viðkomandi þingum. Fulltrúar á hverjum ársfundi verða 18, þ.e. sex frá hverju landi. Löndin skiptast á um að hafa formennsku og árlega verður lögð fram starfsáætlun og skýrsla. Löndin greiða framvegis árgjöld til starfseminnar auk þess sem sett verður á stofn skrifstofa ráðsins. Nú þegar hefur verið sett á stofn skrifstofa til eins árs miðað við að hún haldi áfram að þessum tillögum samþykktum.

Stofnskráin er einnig breytt að formi til og lögð er áhersla á aukin áhrif ráðsins á stjórnmálaumræðu um vestnorræn málefni. Þá verður heiti ráðsins samkvæmt tillögunni Vestnorræna ráðið í stað Vestnorræna þingmannaráðsins.

Samsvarandi tillaga og hér um ræðir er til afgreiðslu á þingum Grænlands og Færeyja, enda er tillagan niðurstaða deilda landanna þriggja og sérstaks samstarfshóps þingmanna frá löndunum þremur en lokafrágangur um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins átti sér stað á fundi í Nuuk í febrúar sl. og þá var gengið endanlega frá þeirri tillögu sem hér er flutt.

Stofnskráin fyrir Vestnorræna ráðið skiptist í sjö kafla og 20 greinar. Í fyrsta lagi er kveðið á um það í 1. gr. að Vestnorræna ráðið skuli vera samstarfsaðili löggjafarþinganna á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Það má nefna atriði úr stofnskránni, til að mynda það sem ég hef vikið að um að þingmenn skulu kosnir eftir hlutfallsstyrk stjórnmálaflokkanna eftir gildandi reglum í hverju landi. Breytingar á skipan landsdeildanna skulu einnig fylgja reglum í viðkomandi landi.

Þá má geta um 7. gr. sem fjallar um að á hverjum aðalfundi ráðsins starfi þriggja manna forsætisnefnd. Í forsætisnefndinni eru auk formanns ráðsins einn fulltrúi tilnefndur af landsdeildum hvors hinna landanna. Forsætisnefndin hefur æðsta vald í málefnum ráðsins milli aðalfunda.

Þá nefni ég einnig 14. gr. IV. kafla sem er um að kostnaður við rekstur ráðsins skiptist þannig: Íslandi greiðir 50%, Færeyjar greiða 25% og Grænland greiðir 25%.

Að lokum vil ég geta 17. gr. í V. kafla um skrifstofu Vestnorræna ráðsins. Þar segir að ráðið ráði sér starfsmann til allt að fjögurra ára í senn. Starfsmaðurinn skal hafa aðsetur í einu af þingum landanna samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar og vinna með þeirri skrifstofu sem hefur með málefni Norðurlandaráðs og aðrar norrænar stofnanir í löndunum þremur. Gera skal samning við það þjóðþing, þar sem skrifstofan er, um skiptingu á útgjöldum til starfsemi aðalskrifstofu.

Þetta eru nokkur helstu áhersluatriðin í málinu sem hér um ræðir. Að lokinni umræðu er eðlilegt að þetta mál fari til meðferðar í utanrmn.

[15:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Undanfarin tvö ár hef ég átt sæti í Vestnorræna þingmannaráðinu, eða þingmannasambandinu eins og það hét áður en heitir nú þingmannaráðið ef þessi tillaga nær fram að ganga. Er skemmst frá að segja að þetta starf hefur verið afar fróðlegt og skemmtilegt og mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að kynnast þingmönnum bæði frá Grænlandi og Færeyjum því við eigum margt sameiginlegt þó að menning okkar sé líka um margt ólík, ekki síst okkar Íslendinga og Færeyinga annars vegar og Grænlendinga hins vegar. Þetta hefur verið afar skemmtilegt en mönnum fannst samt sem áður ástæða til þess að reyna að gera starfið markvissara, reyna að skilgreina betur hvaða verkefnum þingmannaráðið ætti að sinna og því er þessi tillaga fram komin sem felur í sér nokkrar breytingar og er um margt markvissari. Engu að síður er ég ekki flm. að þessari tillögu og það er fyrst og fremst vegna einnar greinar, 4. gr. í II. kafla tillögunnar, þar sem kveðið er á um ákveðna breytingu sem ég er andvíg en verð þó að sjálfsögðu að sætta mig við verði hún samþykkt hér og einnig á Lögþingi Færeyinga og Landsþingi Grænlendinga.

Þessi tillaga felur það í sér að hér eftir, verði þetta staðfest, verði kosið í ráðið í samræmi við hlutfall stjórnmálaflokka á þingi, eftir gildandi reglum í hverju landi eins og hér segir. Þetta þýðir, hæstv. forseti, að sú staða getur komið upp að einstakir flokkar á hinum mismunandi þingum eigi ekki aðild að ráðinu. Að vísu er uppi sú staða, eins og reglurnar eru núna, að ef flokkar eri fleiri en sex að þá kemur upp ákveðinn vandi en það hefur ekki verið lenska hér á þingi að hér hafi verið fleiri en sex flokkar, ekki alllengi að því er ég hygg. Þeir voru reyndar sex við upphaf þessa kjörtímabils en eru nú orðnir fimm þingflokkar. Ég er þeirrar skoðunar að sem flest sjónarmið og flestir aðilar eigi að eiga aðild að því alþjóðlega þingmannastarfi sem við tökum þátt í og mér finnst að hér sé verið að þrengja að. Hins vegar er alltaf hægt að koma sér saman um skipan samkvæmt þessari grein, reglur hvers lands gilda og t.d. getur stjórnarandstaða samið sín á milli um það hvernig hún skiptir þessum sætum eins og öðrum sín á milli. En mér finnst þetta samt vera grundvallarregla sem ég vildi sjá hér og víðar í alþjóðlegu samstarfi þingmanna, að sem flestir komist að svo lengi sem það er hægt. Það gefur auga leið að t.d. á Lögþingi Færeyinga þar sem eiga sæti fjölmargir flokkar, ég man nú ekki töluna en þeir eru býsna margir, hafa menn komið sér saman um reglur um það hvernig þeir skiptast á um þessa samvinnu.

Við höfum rætt það okkar á milli í Íslandsdeild Vestnorræna þingmannasambandsins hvort vilji væri til þess að gera ákveðið samkomulag það sem eftir lifir kjörtímabilsins þannig að allir þessi fimm þingflokkar eigi þar sæti en sá stærsti, þ.e. Sjálfstfl., auki hlut sinn en það er ekki komin niðurstaða í það mál. En það verður væntanlega fljótlega ljóst eftir að þessi tillaga hefur verið afgreidd.

Þetta er athugasemd mín við þessa tillögu, hæstv. forseti, en að öðru leyti tek ég undir efni hennar en mér fannst þetta vera svo stórvægilegt atriði að ég vildi ekki gerast flm. þessarar tillögu.

[16:04]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir tillaga um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins. Ég tek undir það með Kristínu Ástgeirsdóttur að þarna hefur verið mjög gott

samstarf. Ég hef átt sæti í Vestnorræna þingmannaráðinu en reyndar ekki sótt fundi þar seinni partinn í vetur þar sem reglurnar gera ráð fyrir því að ráðið sé skipað einum frá hverjum þingflokki og þó við höfum ekki kosið samkvæmt því enn þá eða nýjum reglum þá hef ég dregið mig í hlé af þessum nefndarfundum þar sem annar þingmaður þingflokks jafnaðarmanna, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, er varaformaður í Íslandsdeildinni.

Það var kosinn sérstakur starfshópur sem undirbjó breytingar á stofnskránni og ég er mjög sátt við hana í öllum meginatriðum. Það er einhugur um markmiðin, sem eru tilgreind í 2. gr., og hvernig menn ætli að ná þeim markmiðum og flest önnur atriði sem tilgrein eru hér í stofnskránni. En eins og kom fram hjá Kristínu Ástgeirsdóttur var ágreiningur um 4. gr. og breytingu á kosningu í ráðið. Það hefur komið fram á þessu kjörtímabili að það hefur verið sterk krafa um að breyta samsetningu þessa ráðs sem hefur haft sérstaklega lýðræðislegar tilnefningar, einn frá hverjum þingflokki óháð stærð. Auðvitað er ljóst að með því er ekki verið að endurspegla meirihlutavald eða stærð flokka heldur fyrst og fremst verið að tryggja að fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum komi að þessu samstarfi. Samstarfið er mikilvægt en þó er mikilvægi þess ekki undirstrikað af örum fundum vegna þess að það er fyrst og fremst einu sinni á ári sem ráðið hittist og þessir fulltrúar sem þá ráða ráðum sínum.

Eftir að ljóst varð að það var mikill vilji fyrir því að breyta þessu þannig að kosið yrði eftir hlutfallsstyrk stjórnmálaflokkanna þá blasti það nokkuð við að sú yrði raunin eftir að breytingar yrðu gerðar á stofnskránni. Ég stóð reyndar ekki heldur að þessari tillögu þegar hún kom fram í Vestmannaeyjum, ég greiddi ekki atkvæði gegn henni, ég var fyrst og fremst ósátt við vinnubrögð og hversu þessi afgreiðsla var keyrð hart fram. Sjálfri fannst mér að upplýsingar frá hinum löndunum, Færeyjum og Grænlandi, segðu okkur að þeir væru ekki beinlínis að fara inn í einhvers konar meirihlutahlutfallsstyrk þó svo að þessi grein hefði þessa orðanna hljóðan, nefnilega að Lögþing Færeyinga, Landsþing Grænlendinga og Alþingi Íslendinga kjósa úr hópi þingmanna sex fulltrúa og sex varamenn í ráðið. Þingmenn skulu kosnir eftir hlutfallsstyrk stjórnmálaflokkanna eftir gildandi reglum í hverju landi. Breytingar á skipan landsdeildanna skulu einnig fylgja reglum í viðkomandi landi. Það var alveg ljóst að Færeyingarnir sögðust ætla að halda áfram með þær reglur sem þeir hafa haft og sem hafa tryggt litlu flokkunum aðkomu að samstarfinu þó það sé með einhverri skiptingu innbyrðis á milli ára.

Ég ætla að endurtaka það sem ég sagði í Vestmannaeyjum í fyrra að það er ekki sjálfgefið að það sé betra ef kosið er samkvæmt hlutfallskosningu fremur en fulltrúar frá hverjum þingflokki. Þetta er hins vegar orðin tillagan hér og er í stofnskránni og ég stend hér sem flm. að þessari tillögu og þar með þessari 4. gr. en vil ekki láta hjá líða að koma inn á það hér að þrátt fyrir það greiddi ég þessari tillögu ekki atkvæði einmitt vegna þessa ágreinings. Ég vona hins vegar að það verði sátt um þá vinnureglu sem gerð hefur verið tillaga um í Íslandsdeildinni. Ég held að það væri farsælt. Það er nú einu sinni þannig að þegar á að breyta samsetningu í grundvallaratriðum er æskilegt að það gerist í sátt og þannig að allir geti við unað. Þetta samstarf er þess eðlis að ég er sjálf sannfærð um að vel er staðið að málum, alveg óháð því hvernig kosið er í Íslandsdeildina og hvaða hlutföll ráða þar ríkjum. Þess vegna mun ég leggja mikla áherslu á að sátt verði um að þeir þingflokkar sem nú eru á Alþingi eigi allir fulltrúa því það hefur þegar frá því við kusum síðast í Íslandsdeildina fækkað um einn þingflokk. Ég legg mikla áherslu á þetta og vona að um það náist sátt í Íslandsdeildinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun jafnréttismála fatlaðra, fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 230. mál. — Þskj. 319.

[16:10]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrri tillögu til þál. um Stofnun jafnréttismála fatlaðra. Flm. að tillögunni eru Ásta B. Þorsteinsdóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir.

Tillagan er um að Alþingi feli félmrn. að koma á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra og markmiðið er að tryggja það að fatlaðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að stofnunin geti með aðgerðum sínum dregið úr eða komið í veg fyrir mismunun fatlaðra og ófatlaðra.

Í tillögugreininni er tíundað hver skulu vera helstu verkefni Stofnunar jafnréttismála fatlaðra:

1. að skoða og meta hvaða samfélagslegir þættir skipta máli til að flýta fyrir jafnrétti fatlaðra og ófatlaðra,

2. að safna þekkingu á þjóðfélagsstöðu fatlaðra á hverjum tíma og afleiðingum fötlunar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og þjóðfélagið þannig að á einum stað sé til nauðsynleg þekking og yfirsýn á þessum viðfeðma málaflokki,

3. að vera stjórnvöldum og stofnunum ráðgefandi, sem og fyrirtækjum eða einstaklingum sem leita til hennar eftir þekkingu eða ráðgjöf, svo að úrbætur í þágu fatlaðra verði markvissar og byggðar á nauðsynlegri þekkingu,

4. að fylgjast með setningu laga og reglugerða, kanna áhrif þeirra á hagi fatlaðra og benda viðkomandi stjórnvöldum á það ef áhrif eða afleiðingar lagasetninga leiða til mismununar eða skerðingar á lífskjörum fatlaðra,

5. að fylgjast með þróun mála, lagasetningu eða öðru sem snertir málaflokkinn annars staðar á Norðurlöndum, innan Evrópusambandsins sem og á alþjóðavettvangi og beita sér fyrir umræðu um þróun eða nýjungar og koma ábendingum þar að lútandi til stjórnvalda og hagsmunasamtaka fatlaðra,

6. að leita umsagnar heildarhagsmunasamtaka fatlaðra um mál sem fjallað er um,

7. að gefa Alþingi árlega skýrslu um stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Spyrja má af hverju tillaga sé sett fram um sérstaka stofnun. Ég vil leyfa mér að vísa í sérálit fulltrúa Landssamtakanna Þroskahjálpar með frv. sem kom inn á Alþingi á haustþinginu þegar verið var að breyta lögum um málefni fatlaðra. Þar var eindregið hvatt til þess að ábyrgð á þjónustu við fatlaða yrði færð til sveitarfélaganna, en það var einmitt eitt af meginatriðum frv., en að þeim skilyrðum uppfylltum að fjármagn fylgdi með. Ég rifja þetta upp vegna þess að það er grundvallaratriði.

Þá var líka nefnt í sérálitinu að réttindagæsla við fatlaða yrði styrkt og að ákveðin sérhæfð þjónusta, t.d. við fólk með fátíðar fatlanir, væri tryggð á landsvísu. Samtökin telja að forsendur fyrir því að verkefnatilfærsla gangi eftir til hagsbóta fyrir fatlaða og fjölskyldur þeirra sé að gengið verði

frá þessum þáttum, t.d. með nýjum lögum um réttindagæslu fatlaðra á landsvísu. Þegar horft er til reynslu nágrannaþjóða okkar kemur skýrt í ljós að þetta voru þeir þættir sem ekki hafði verið gaumur gefinn fyrir flutning á þjónustu fatlaðra til sveitrfélaganna. Það reyndist verða reynsla Dana að yfirsýn yfir afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda var fyrir borð borin og mismununar í þjónustu milli einstakra sveitarfélaga eða milli hópa fatlaðra varð vart. Þeir hafa því komið á sérstakri jafnréttisstofnun til þess að vaka yfir réttindum og réttindagæslu á landsvísu. Í Svíþjóð hefur verið stofnað embætti umboðsmanns fatlaðra af sömu ástæðu. Og áður en þjónusta við fatlaða í Noregi var flutt til sveitarfélaga var skýrt skilgreint og um það sett lög og reglugerðir hvernig fara skyldi með sérhæfða þjónustu við fólk með fátíðar fatlanir. Í Finnlandi hefur þjónusta við fatlaða óheft verið flutt til sveitarfélaganna án þess að aðgát væri höfð á ofangreindum þáttum og afleiðingar þess hafa verið mjög alvarlegar, segir m.a. í séráliti fulltrúa Landssamtakanna Þroskahjálpar með frv. til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðra sem var til afgreiðslu í haust.

Það má líka spyrja hvar jafnréttisstofnun ætti heima ef það yrði niðurstaða okkar að við vildum setja á laggirnar Stofnun jafnréttismála fatlaðra sem ég vona að verði stuðningur við.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir að mjög seint er mælt fyrir þessu máli. Það er með lágt númer, þetta er 230. mál, en því miður hafa aðstæður gert það að verkum að hverju sinni sem það komst á dagskrá var það mjög aftarlega þannig að ekki náðist að mæla fyrir málinu fyrr á vetrinum. Það er því nokkuð sjálfgefið að þetta mál verður ekki til lykta leitt á þessu vori. Það sem þá verður hægt að gera er að senda það til umsagnar og freista þess að endurflytja það að hausti þó það sé auðvitað miklu verri kostur en ef þetta mál hefði komist tímanlega til nefndar og þess hefði verið freistað að ná um það samstöðu.

En það var spurning hvort ætti að vista þetta mál hjá félmrn. eða e.t.v. hjá forsrn. vegna þess að það snertir alla þætti lífs og flest ráðuneyti koma að því. Þetta er í raun sama umræða og kemur oft upp varðandi Jafnréttisráð. Því hefur verið velt upp hvort Jafnréttisráð ætti að vera hjá dómsmrn. vegna þess að jafnréttismál séu mannréttindi eða hvort það ætti að vera hjá forsrn. af því að jafnréttismálin snerta öll ráðuneyti en það hefur þó alltaf endað þannig að menn hafa talið að jafnréttismálin ættu að vera vistuð hjá félmrn., ráðuneyti félags- og sveitarstjórnarmála. Það varð einnig niðurstaða okkar flutningsmanna að leggja til að Stofnun jafnréttismála fatlaðra yrði vistuð í félmrn. þó það sé engan veginn sjálfgefið.

Virðulegi forseti. Hugmyndafræði og stefna í málefnum fatlaðra hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum. Hver stefnan hefur leyst aðra af hólmi, lykilhugtökin á árunum 1970–1990 voru blöndun eða samskipan og komu þau í stað stofnanahugmyndafræðinnar. Nær alls staðar í hinum vestræna heimi er unnið að því að loka sólarhringsstofnunum fyrir fatlaða og ný og frjálsari búsetuúrræði hafa komið í þeirra stað. Margar merkar ákvarðanir og lagasetningar hafa vissulega breytt lífsskilyrðum fatlaðra hér á landi og í æ ríkari mæli hefur verið stuðlað að skipan þeirra við hlið ófatlaðra í þjóðfélaginu. Með margvíslegum hætti hefur því verið slegið föstu að málefni fatlaðra eru málefni samfélagsins alls og um úrlausnarefni málaflokksins ber að fjalla á þeim grundvelli.

Virðulegi forseti. Á alþjóðavettvangi hefur Ísland staðfest vilja sinn, m.a. með því að samþykkja viljayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðra frá 1975 og taka á nýjan leik undir stefnu Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðra með því að undirrita yfirlýsingu þeirra frá 1993: Grundvallarreglur um jafnrétti og jöfnun tækifæra fatlaðra. Skilningur hefur tvímælalaust aukist mjög meðal almennings og stjórnvalda á lífsskilyrðum fatlaðra en þrátt fyrir það er ljóst að enn er langt í að hinum fjölmörgu hindrunum hafi verið rutt úr vegi og að samfélagið geti talist vera fyrir alla.

Virðulegi forseti. Það er ljóst að hætta er á að þegar verkefni eru flutt frá ríki til sveitarfélaga sé ástæða til að óttast að yfirsýn glatist á afleiðingar og samspil ýmissa aðgerða stjórnvalda og að mismununar í þjónustu milli einstakra sveitarfélaga geti gætt. Það er því mjög mikilvægt að skoða hvernig þessi mál verða best tryggð. Samkvæmt þáltill. er gert ráð fyrir að sett verði á fót Stofnun jafnréttismála fatlaðra í því skyni að treysta enn betur réttindagæslu og réttaröryggi fatlaðra og til að tryggja það að á einum stað verði til nauðsynleg yfirsýn yfir málaflokkinn.

Grundvallarhugmyndafræði að Stofnun jafnréttismála fatlaðra er að öðlast þekkingu og stuðla að breytingum sem mega verða til þess að auka jöfnuð og jafna lífsskilyrði fatlaðra og ófatlaðra. Með tillögu að slíkri stofnun er gengið út frá því að enn njóta fatlaðir ekki jafnréttis á öllum sviðum en einnig því að mismununin á sér ekki alltaf stað af ásetningi eða með skipulögðum hætti, miklu fremur sem afleiðing pólitískrar og fjárhagslegrar forgangsröðunar og skorti á yfirsýn eða þekkingu.

Virðulegi forseti. Það er gert ráð fyrir því að Stofnun jafnréttismála fatlaðara leiti eftir samráði við heildarhagsmunasamtök fatlaðra og umsagnar þeirra um mál sem stofnunin fjallar um. Er hér átt við Landssamtökin Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands eða einstök aðildarfélög þeirra. Innan Stofnunar jafnréttismála fatlaðra getur skapast þekking og yfirsýn sem þörf er á til að treysta enn frekar þróun í þá átt að fatlaðir megi á jafnréttisgrundvelli njóta sömu tækifæra í samfélaginu og aðrir. Stofnun jafnréttismála fatlaðra á einnig samkvæmt þessari tillögu að senda ár hvert skýrslu um lífskjör fatlaðra til Alþingis.

Virðulegi forseti. Ég á mér þann draum að Alþingi eigi eftir að samþykkja þessa tillögu þó ég geri mér grein fyrir að það er borin von að það gerist á þessu vori en að lokinni umræðu legg ég til að málinu verði vísað til félmn. og síðari umr.

[16:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er á margan hátt mjög áhugaverð og jákvæð og full ástæða til að ræða með hvaða hætti við getum sem best tryggt að fatlaðir einstaklingar njóti réttar til jafns á við aðra í þjóðfélaginu. Kannski er ekki síst ástæða til þess að ræða það hvernig við stöndum best að því þegar fyrirhugað er að færa málefni fatlaðra yfir til sveitarfélaganna sem mér hefur skilist að hagsmunasamtök fatlaðra hafi frekar hvatt til og verið hlynnt heldur en ekki.

Ég verð að viðurkenna að ég hef ákveðnar efasemdir um að búa til nýja stofnun og mér hefði fundist á margan hátt vera eðlilegra að Jafnréttisráð og það hlutverk sem Jafnréttisráð hefur væri víðtækara þannig að innan Jafnréttisráðs væri fjallað um jafnréttismál í víðum skilningi og þar með ætti sú stofnun hugsanlega heima undir forsrn. Eins og kom fram í máli hv. þm. sem talaði um blöndun eða samskipan

mála í auknum mæli þannig að fatlaðir einstaklingar séu ekki settir á lokaðar sólarhringsstofnanir heldur sé um frjálsari búsetuúrræði að ræða, þá hef ég oft velt því fyrir mér og haft efasemdir um hvort rétt sé að búa til sérstakar stofnanir sem eigi að gæta hagsmuna þessa hóps umfram aðra og hafi það hlutverk sérstakt.

Ég velti því líka fyrir mér þegar ég sá þessa þáltill. hvort ekki sé eðlilegt hlutverk svæðisskrifstofu á hverjum stað að fylgjast með því að lögum um málefni fatlaðra sé framfylgt og eigi í raun að gefa um það skýrslu sem gæfi síðan heildaryfirsýn yfir það hvernig staðið er að málum. Þarna mætti síðan taka inn ýmsa aðra hópa, eins og réttindi langtímaveikra barna, og reyna að vinna þetta þannig að við séum að tala um jafnrétti einstaklings í víðum skilningi en ekki alltaf afmarkaða ákveðna hópa. Við höfum séð hér frv. um umboðsmann jafnréttismála, umboðsmann aldraðra, umboðsmaður barna er tekinn til starfa og umboðsmaður Alþingis.

Í mínum huga hefði e.t.v. verið eðlilegra að þarna væri um að ræða víðtækara hlutverk þeirra stofnana sem við höfum í dag heldur en að fara þá leið að búa til nýjar stofnanir. Hins vegar tek ég undir það að mjög mikil nauðsyn er á því að fylgjast með því að hægt sé að framfylgja lögum um málefni fatlaðra. Sérstaklega þar sem er, eins og ég sagði áðan, fyrirhugað að flytja þennan málaflokk yfir til sveitarfélaganna. Og ég undrast það reyndar að samtök fatlaðra skuli með eins afgerandi hætti telja þennan málaflokki betur kominn hjá sveitarfélögunum heldur en ríki, eins og mér hefur virst vera, vegna þess að það er ljóst að mjög mörg lítil sveitarfélög, smærri sveitarfélög vítt um landið, geta ekki sinnt þessum málum í dag, fylgt þeim lögum sem eru í gildi. Það er í raun og veru verið að færa til þeirra verkefni sem ég er hrædd um að verði þeim ofviða. Stærri sveitarfélögin ráða e.t.v. við það verkefni að sinna málefnum fatlaðra svo vel fari. Hins vegar er þar víða pottur brotinn og þarf ekki annað en nefna t.d. ferðamál fatlaðra í Reykjavík sem alls ekki eru í lagi. Það eru fleiri þættir í umhugsun um fatlaða hvað snertir hlutverk sveitarfélaga í dag sem ég tel að séu ekki í lagi. Og það er e.t.v. ekki rétt leið að leysa þau vandamál með því að setja nýjar stofnanir enn og aftur til þess að fjalla um þennan málaflokk. Mér fyndist eðlilegra að víkka út hlutverk þeirra stofnana sem við höfum í dag þannig að standa megi að þessu verkefni svo að vel fari. Það yrði þá kannski fyrst og fremst byggt á því að veita aukið fjármagn til þessara verkefna til þeirra stofnana sem nú starfa í dag og fjölga stöðugildum þar. Ég tel að það væri ódýrara úrræði svona við fyrstu skoðun en mundi ekki síður vera skilvirkt.

[16:28]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka Margréti Frímannsdóttur fyrir að hún tekur á sinn hátt undir þessa tillögu að því leyti að það verði að tryggja jafnrétti og standa vörð um hagsmuni þessa hóps þó hún sé e.t.v. ekki sammála því að setja eigi á laggirnar sérstaka stofnun eins og tillagan er um.

Ég vil sérstaklega taka fram að það að setja á laggir stofnun sem stendur vörð um réttindagæslu fatlaðra er ekki endilega bundið við að það eigi að flytja mál þeirra til sveitarfélaganna. Í raun er það sjálfstætt mál að standa vörð um réttindi fatlaðra en hins vegar má segja að það sé enn mikilvægara þegar málaflokkurinn verður fluttur til sveitarfélaganna, eins og þegar hefur verið tekin ákvörðun um, vegna hættunnar á þeirri mismunun sem ljóst er að hafi orðið hjá nágrannaþjóðum okkar sem hafa annars og í meginatriðum mjög góða reynslu af að hafa flutt málaflokkinn.

Ég vil leggja áherslu á það að ég treysti sveitarfélögunum mjög fyrir þessum málaflokki og er talsmaður þess að öll svokölluð nærverkefni fjölskyldunnar, þ.e. hin félagslegu verkefni, verkefni á vettvangi heilsugæslu, málefni fatlaðra og aldraðra, öll málefni barna, þ.e. þau mál sem þurfa öll að vera í lagi til þess að fjölskyldan sem slík blómstri og njóti sín, séu vistuð hjá sveitarfélögunum.

Ég treysti þeim vel og ég treysti þeim eiginlega betur en ríkinu. Þessi málaflokkur hefur fengið þá meðferð á liðnu ári í góðærinu að full er ástæða til að binda vonir við að sveitarfélögin sem fá málaflokkinn í hendur setji sér skýrari markmið og hafi meiri framtíðarsýn í þessu verkefni en t.d. núv. ríkisstjórn hefur reynst hafa. Við skulum muna að á sínum tíma, fyrir fimm árum, voru sett lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það var tímamótalöggjöf, fyrsta löggjöf um rétt íbúa til félagsþjónustu og þau leystu af hólmi úrelt framfærslulög frá 1936 og eitthvað breytt 1947, ef ég man rétt. Þá var verið að tryggja að öll sveitarfélög veittu ákveðna félagsþjónustu. Á þeim tíma var líka verið að endurskoða lögin um málefni fatlaðra og hætt var að ákveða hver ætti rétt á þjónustu samkvæmt lögunum og var því ákvæði snúið við og áhersla lögð á þjónustuna sem ætti að veita ef einhver þyrfti á henni að halda. Það var mjög mikil hugsunarbreyting í þeirri lagasetningu og þá var horfið frá stofnanaþjónustu til einstaklingsþjónustu og allra þeirra úrræða sem verða mættu til þess að fatlaðir gætu lifað sjálfstæðu lífi í sínu eigin umhverfi, annaðhvort í íbúðum eða í smærri einingum sem er betri kostur en hinar stóru stofnanir sem áhersla var lögð á á fyrri árum. En strax þá, fyrir fimm árum, var litið svo sá að eftir fimm ár væri trúlega tímabært að lesa þessi lög saman, vinna ef til vill heildstæða félagsmálalöggjöf í stað rammalöggjafarinnar og hætta að vera með sérlög um málefni fatlaðra. Menn hefur dreymt um að það þjóðfélag yrði til þar sem ekki þyrfti að vera með sérlög fyrir viðkvæma hópa. Að þeim yrði tryggð þjónusta og umönnun eins og öllum öðrum þegnum í almennum lögum sem hér væru sett. Nú er verið að semja þessi lög. Sett var nefnd í að endurskoða lögin um málefni fatlaðra og önnur nefnd til að endurskoða lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og við höfum þegar fengið tillögu að breytingum á lögunum um málefni fatlaðra og þau hafa orðið að lögum. Þær breytingar eru í raun og veru bara þær brýnustu breytingar sem nauðsynlegt var að gera af því að það átti að skoða þessa málaflokka saman. Sömuleiðis var í félmn. í morgun verið að afgreiða breytingu á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem er afgreiðsla á brýnustu málum sem þarf að breyta þar af því að verið er að vinna að því að það komi ein löggjöf um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem málefnum fatlaðra er fyrir komið þannig að þeir njóti allra þeirrar þjónustu og réttinda sem hin fyrri lög áskipuðu.

Þetta er mjög mikilvægt og við getum spurt: Er ekki bara hægt að koma því svo fyrir í þeim lögum að gengið verði svo vel frá hútunum að ekki þurfi að óttast mismunun og ekki þurfi að óttast um hag fatlaðra? Því miður er ástæða til að ætla að einhver annar en rekstraraðilinn þurfi að gæta réttinda fatlaðra. Svæðisskrifstofurnar sem nú starfa eru rekstraraðilar. Svæðisskrifstofur sem bæði meta þjónustu þeirra sem til þeirra leita og veita þjónustuna sem ákveðin er samkvæmt lögum eru mjög illa í stakk búnar til þess að vera jafnframt úrskurðaraðili um réttindi sem er ef til vill ábótavant vegna

þess að það er orðið mjög margþætt hlutverk. Þar að auki er alveg ljóst að svæðisskrifstofur verða lagðar niður eftir að málaflokkurinn hefur verið fluttur til sveitarfélaganna, samanber að Akureyri sem reynslusveitarfélag hefur tekið að sér þennan mikilvæga málaflokk og svæðisskrifstofan fyrir norðan var lögð niður og Akureyri tók að sér að veita þá þjónustu sem veitt var áður fyrir Eyjafjörð á svæðisskrifstofunni í Norðurl. e. Þeir hafa reynt þar að skipa málum vel með samþættingu í hinum félagslegu verkefnum innan sveitarfélagsins. Ég hef heimsótt Akureyri eftir að þeir fóru að búa þessum málum farveg hjá sér og held að þar sé verið að gera mjög spennandi hluti og verið að reyna að koma á þjónustustofnun sem ætlað er að mæta þörfum fjölskyldunnar. Ég hef sjálf oft sagt að í hverju sveitarfélagi ætti að starfa fjölskylduþjónustustofnun sem mætti þörfum fjölskyldunnar í víðum skilningi vegna þess að því miður hefur það gerst í áranna rás að orðið félagsmálastofnun hefur yfir sér neikvæðan blæ og sums staðar hefur félagsmálastofnun mjög þröngt hlutverk á meðan annars staðar er reynt að gefa henni víðtækt hlutverk og af þeim toga sem Akureyri er nú að fara inn á og get ég þar vísað til Kópavogs fyrr á árum þegar félagsmálin þar voru sett í öndvegi.

Varðandi það hvort slík stofnun sem hér er lögð til sé óþörf þá erum við sannfærð um að það verður að vera til slíkur óháður aðili sem stendur vörð um réttindi fatlaðra sem alveg óumdeilanlega sé hægt að vísa til málum ef talið er að pottur sé brotinn í réttindum fatlaðra. Við veltum því fyrir okkur hvort ef til vill hefði átt að gera tillögu um umboðsmann. Ég minni nú á að fyrir þinginu liggur tillaga um umboðsmann jafnréttismála þrátt fyrir að við séum með Jafnréttisráð sem er í raun og veru stofnun jafnréttismála kynjanna. Niðurstaða okkar varð hins vegar sú að þetta væri betri leið. Orðið stofnun hefur kannski í sér einhverja stærð en þarna er ekki endilega verið að tala um einhverja stóra stofnun heldur fyrst og fremst að setja á laggirnar stofnun þar sem þessa sé gætt og ekki er lagt mat á það hvort það yrðu einn eða tveir aðilar sem þarna sæju um þessi mál.

Ég hef tekið þátt í þeirri umræðu hvort Jafnréttisráð ætti að sjá um víðtækari verkefni. Við erum hins vegar mjög bundin við það enn í dag að Jafnréttisráð sé stofnun jafnréttismála kynjanna. Það gengur svo hægt í þeim málaflokki. Ekki þarf annað en að vísa til launamunar og að enn þá er helst þörf á kynjakvótum bæði á pólitíska sviðinu og líka hjá stofnunum ríkisins varðandi nefndir og ráð og fleira mætti nefna þannig að það hefur nú virst að Jafnréttisráð hefði ærin verkefni enn þá á því sviði sem því er ætlað. Þess vegna er það mitt mat og okkar flutningsmanna að þarna sé farsælt að setja á laggirnar sérstaka stofnun sem sjái um þessi mál vegna þess að ríkið mun hafa svo lítið á sinni könnu varðandi fatlaða, en ríkið er þó alltaf sá samræmingaraðili sem á að gæta þess að enginn verði undir í okkar samfélagi. Þess vegna er þessi tillaga sett fram og þess vegna vona ég að hún fái góðar undirtektir.

[16:39]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að málið er ekki flutt hér í tilefni af því að áætlað er að flytja málaflokkurinn til sveitarfélaganna. Hins vegar tel ég að kannski sé enn meiri nauðsyn á eftirliti eftir að málaflokkurinn hefur verið færður yfir til sveitarfélaganna. Ég er því hlynnt að sveitarfélögin taki að sér sem langflest hlutverk sem snerta fjölskylduna, daglegt líf hennar og afkomu. Ég er hlynnt því að það fari heim í hérað eða eins og maður segir, að færa valdið heim í hérað. Ég er hlynnt því. Hins vegar er það bara staðreynd sem við getum ekki horft fram hjá að í dag eru mörg sveitarfélög sem sinna þessu ekki. Þau sinna því ekki vegna þess að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Viljinn er til staðar en fjármagnið vantar. Hér er verið að leggja til að það verði engu að síður til lítil, stór eða meðalstór ríkisstofnun sem á síðan að líta eftir því að sveitarfélögin framfylgi lögum. Svæðisskrifstofurnar hafa margar hverjar verkað þannig að þær hafa ekkert síður verið í raun — þó þær hafi verið rekstraraðili — eftirlitsaðili vegna þess að þær hafa farið út í sveitarfélögin til að benda á það sem betur má fara og til að tala máli fatlaðra einstaklinga sem þar hafa búið ef sveitarfélögin standa ekki nógu vel að sínu. Ég efast ekki um að þetta verður hugsanlega misjafnt eftir sveitarfélögum. Það er mismunur á því í dag hvernig þessum málum er sinnt og við þekkjum að hluti þeirra fólksflutninga sem hafa orðið hafa orðið af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins orsakast af því að þjónustan er til staðar hér. En hún er heldur ekkert sérstaklega góð. Hér er einstaklingum mismunað. Hér er til að mynda töluverður mismunur á því að vera fatlaður einstaklingur sem er örorkulífeyrisþegi eða fatlaður einstaklingur sem verður ellilífeyrisþegi. Það er töluvert mikill mismunur á því hvað varðar heimaaðhlynningu og aðra þjónustu. Þannig að það er mjög margt sem má bæta hjá sveitarfélögunum sem sjá um þessa þjónustu ekkert síður en hjá ríkinu. Við þurfum að halda vöku okkar ég tek undir það. Það er nauðsynlegt að hafa eftirlit með því að lögum sé framfylgt, lögum um málefni fatlaðra sem og öðrum lögum og réttindum annarra þeirra hópa sem verða undir í þjóðfélaginu meðal annars vegna þess að þeir hafa ekki bolmagn til þess að berjast fyrir sínum kjörum sjálfir. Fötluðum einstaklingum er líka mismunað og fatlaðir einstaklingar innan þessa hóps eins og t.d. geðfatlaðir fá ekki þá þjónustu sem þeir þyrftu. Þar erum við langt á eftir þjóðum sem við viljum bera okkur saman við þrátt fyrir þær miklu framfarir sem hafa orðið í þessum málaflokki á undanförnum árum.

Ég vil ítreka að ég hef ákveðnar efasemdir um öll þessi embætti sem lagt er til að verði stofnuð hér, þar með talda umboðsmann jafnréttismála, umboðsmann aldraða og heyrst hefur líka um áhuga fyrir því að búa til embætti umboðsmanns fatlaðra. Við erum með starfandi umboðsmann barna og umboðsmann Alþingis. Upphaflega var það trú manna að umboðsmaður Alþingis væri það embætti umboðsmanns sem hefði þetta víðtæka eftirlitshlutverk og ef til vill væri ekki þörf á að til kæmu fleirri svipaðar eða sambærilegar stofnanir. Ég tek undir efni þáltill. og þessi verkefni sem talað er hér um að verði að sinna. Efasemdir mínar eru eingöngu þær hvort þetta sé rétta leiðin. Hvort við erum ekki í dag með stofnanir sem geta sinn þessu og hvort það er rétt leið að búa til ríkisstofnun sem yrði staðsett á einum stað — vonandi ekki í Reykjavík, heldur einhvers staðar annars staðar á landinu — sem ætti að taka yfir það hlutverk sem rekstraraðilinn hefur í dag, samanber svæðisskrifstofurnar sem margar hverjar virka sem mjög sterkur eftirlitsaðili sem betur fer. Ég þekki t.d. eina á Suðurlandi sem ég mundi gefa mjög góða einkunn og segi það vegna þess að ég hef verið sveitarstjórnarmaður og ég hef einnig verið aðstandandi fatlaðs einstaklings sem þar hefur þurft á aðstoð að halda. Ég tel að sú stofnun hafi staðið sig feikilega vel. Ég var að heimsækja stofnun á Norðurl. v. núna í þessari viku og ég

tel líka að sú stofnun standi sig vel, en þar hefur verið um takmarkaða fjármuni að ræða. Það er líka spurning hvort ekki hefði átt að vera með stöðugildi þar sem starfaði til hliðar við svæðisskrifstofuna sem fylgdist með þessum málum gagnvart sveitarfélögum og ríki. En eftirlitsþörfin verður til staðar alveg jafnt og ekki síður þegar þetta hlutverk er komið út til hinna mörgu sveitarfélaga landsins.

Ég hef stundum hugsað um þá þróun sem er að verða að við erum að setja yfir á sveitarfélögin fleiri og fleiri verkefni sem við viljum sjá þar. Við viljum sjá þau þar vegna þess að við höfum trú á því að sveitarstjórnarmenn séu í nánari tengslum við umhverfi sitt en kannski þeir sem eru í landsmálapólitíkinni og ég tala nú ekki þá sem um eru í Stjórnarráðinu á hverjum tíma. Því viljum við sjá þessi verkefni færð yfir til sveitarfélaganna. En með þessu erum við líka að ýta á sameiningu sveitarfélaga vegna þess að minni sveitarfélögin geta ekki tekið við öllum þeim verkefnum sem við höfum sett á þau. Ég er hrædd um að ef fram færi úttekt á því hvernig t.d. sveitarfélögin í dag standa að framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þá sé þar víða pottur brotinn. Þarna erum við í raun og veru að taka þessa ákvörðun og ýta sveitarfélögunum til sameiningar sem hugsanlega getur verið gott en það getur líka haft það í för með sér sem maður hefur séð í þessum sameinuðu sveitarfélögum sem nú þegar eru til að þar hafa verkefni orðið út undan. Ég held því að það þurfi að fara varlega vegna þess að markmiðið hlýtur að vera að tryggja fötluðum einstaklingum jafnrétti. Ég býst við að flutningsmenn hafi nú farið yfir þetta miklu betur og víðara en ég hef gert bara með því að lesa þessa þingsályktun. En ég vil engu að síður velta upp þeim hugmyndum hvort ekki sé möguleiki á að koma þessu öðruvísi fyrir og þá og ekki síður hvort það sé rétt leið, þegar talað er um að flytja þessar svæðisskrifstofur, þ.e. að flytja málaflokkinn yfir til sveitarfélaganna og leggja svæðisskrifstofurnar niður. Er það leið til betri vegar? Ég efa það.

[16:47]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið góð skoðanaskipti og þrátt fyrir að formaður Alþb. hafi verið með efasemdir um nákvæmlega þá leið sem við viljum fara til að tryggja réttindagæslu fatlaðra þá heyri ég að samhljómur er í okkar skoðunum um mikilvægi þess að standa vörð um þessi réttindi. Við gerum okkur báðar grein fyrir því að það er veitt mismunandi þjónusta ekki bara vegna smæðar sveitarfélaga heldur líka vegna pólitískra áherslna í stærri sveitarfélögum. Það er alveg ljóst að tekjustofnar verða að fylgja með frá ríki til sveitarfélaga til að tryggja þjónustu fatlaðra hjá sveitarfélögunum. Ég tek líka undir það að við erum á eftir varðandi geðfatlaða þó tekið hafi verið mjög á í þeim málum.

Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir að svæðisskrifstofurnar verða ekki eftirlitsaðili vegna þess að þær verða ekki starfandi þegar þessi mál fara til sveitarfélaganna. Það vill svo til að ég hef farið í heimsókn í svæðisskrifstofu Suðurlands og heimsótt allar stofnanirnar þar. Þær voru til fyrirmyndar og það var mjög til umhugsunar. Ég get þess vegna tekið undir orð Margrétar Frímannsdóttur. Ég legg náttúrlega áherslu á að umboðsmaður fatlaðra er óþarfur ef jafnréttisstofnun fatlaðra er sett á lagginar og það er niðurstaða okkar að það sé betri kostur.

Ég vil líka nefna að þessi tillaga er til þess fallin að standa vörð um réttindi fatlaðra og væntanlega mun slík stofnun gegna miklu víðtækara hlutverki gagnvart einstaklingnum og annars eðlis en umboðsmaður Alþingis hefur gagnvart íbúunum.

[16:49]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. þm. tekur undir álit mitt á svæðisskrifstofu Suðurlands. Þær eru reyndar margar góðar. Ekki aðeins á Suðurlandi og Norðurl. v., eins og ég nefndi hér áðan, heldur fleiri. Ég vil bara ítreka að þessar svæðisskrifstofur hafa í dag, vegna þess að þær eru sem sagt reknar af ríki, gegnt þessu eftirlitshlutverki líka. Ég hef margsinnis tekið þátt í því að svæðisskrifstofa, t.d. á Suðurlandi, hefur haft samband og samráð við sveitarfélögin og ýtt undir eða hreinlega krafist þess að betur sé staðið að málum. Ég held að eftirlit slíkrar stofnunar heima í héraði — þess vegna óttast ég ef þær verða lagðar niður að fullu — þ.e. að slíkt eftirlitsembætti innan kjördæmanna mundi hugsanlega skila meiri árangri en ein slík stofnun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 402. mál. — Þskj. 698.

[16:51]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um tvöföldun Reykjanesbrautar á þskj. 698, sem hefur legið frammi um nokkurt skeið.

Flutningsmenn tillögunnar eru allir þingmenn Reykn.

Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta nú þegar hefja nauðsynlegan undirbúning að tvöföldun Reykjanesbrautar frá Hafnarfirði að Flugstöð Leifs Eiríkssonar, með lagningu nýrrar akbrautar við hlið þeirrar sem fyrir er þannig að Reykjanesbraut verði með aðskildum akstursstefnum og tveimur akreinum til hvorrar áttar."

Ég tel mikilsvert að þingmenn kjördæmisins hafa allir orðið sammála um að standa að og flytja þetta mál sem sér nú dagsins ljós í sjöunda sinn á Alþingi, en hefur áður verið flutt af nokkrum af þingmönnum kjördæmisins hverju sinni.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að þær endurbætur sem hafa farið fram og nú er að ljúka á Reykjanesbrautinni, þar á meðal lýsing hennar eru framkvæmdar samkvæmt áformum og ákvörðunum og framkvæmdaáætlun sem ákveðin var fyrir nokkrum árum. Þeirri áætlun er um það bil að ljúka. Athuganir hafa farið fram á þeim ávinningi sem hefur orðið fyrir öryggi umferðar og verður að segjast að þó hann sé nokkur og mælanlegur þá er hann ekki nægur til að ná því marki sem að var stefnt. Til að mynda er það svo að enn þá er á Reykjanesbrautinni miklu meira um umferðaróhöpp og slys en á Suðurlandsvegi sem á margan hátt má telja sambærilegan þjóðveg, sérstaklega ef tillit er tekið til mismunar á umferðarþunga.

Það er merkilegt, herra forseti, og að því er vikið í greinargerðinni, að fyrir fáeinum árum töldu sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum að ekki væri ástæða til að þessi framkvæmd yrði forgangsverkefni. En nú aðeins fáum árum síðar eru þeir annarrar skoðunar. Ég ætla ekki að rekja hverjir þar hafa komið að máli en það er auðvelt þegar litið er til þeirra funda

sveitarstjórnarmanna á Suðurnesjum sem hafa látið frá sér heyra og sent þingmönnum ályktanir. En vel má nefna að hin fyrri ályktun þeirra árið 1992 varð til þess að Alþingi taldi sér þá ekki fært að veita þessu máli brautargöngu í bága við álit sveitarstjórnarmanna á svæðinu sem töldu það þá ekki forgangsverkefni. Svo merkilegt sem það er þá segir í síðari ályktun þeirra að tvöföldun Reykjanesbrautar sé nú forgangsverkefni umfram nokkur þeirra sem þá fyrr voru talin. Eru þar flestir sveitarstjórnarmenn hinir sömu.

Á Suðurnesjum er og er að verða umtalsverð aukning og uppbygging sem mun taka til flestra helstu atvinnuvega landsmanna. Nú þegar hafa flugsamgöngur um Keflavíkurflugvöll aukist mikið. Auðvelt er að rekja að á síðustu árum hafa farþegar um Keflavíkurflugvöll sem nær allir fara um Reykjanesbraut numið nálægt einni millj. farþega á ári. Svo hefur verið allt frá árinu 1995. Tugir þúsunda tonna af vörum eru einnig fluttar um Reykjanesbrautina. Álykta má að daglegir notendur brautarinnar nemi um það bil 20.000 manns, auk hins mikla fjölda ferðamanna og að ótöldum fyrrgreindum flutningum á vörum og pósti.

Það er ljóst, herra forseti, að kostnaður við þessar framkvæmdir á Reykjanesbraut verður umtalsverður. Í janúar 1992 var hann gróflega áætlaður um 1,5 milljarðar kr. en ekki verður nær því komist nema með nokkrum undirbúningi og meiri athugunum. Þess vegna er það að við þingmenn kjördæmisins leggjum til að þegar verði hafinn undirbúningur að þessari framkvæmd og ætlun okkar er að tillagan leiði til þess að, þegar kemur að umfjöllun okkar og annarra um vegaframkvæmdir í Reykjaneskjördæmi að loknum þeim sem þegar hafa verið ákveðnar, þá verði teknar upp umræður um þetta og önnur verkefni sem mikilvæg eru á næstu árum í vegagerð fyrir þennan landshluta.

Byggðaþróun á Suðurnesjum er með nokkuð öðrum hætti en á öðrum grannsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Með raun réttri er það svo að byggðaþróun þar líkist sífellt meir þeirri sem er úti á landsbyggðinni fjær höfuðborgarsvæðinu. Á Suðurnesjum eru möguleikar og kostir nokkruð aðrir, sem m.a. merkjast af staðsetningu okkar eina alþjóðaflugvallar og nábýli hans við afkastamiklar og vel búnar fiskihafnir. Á flugvellinum hefur verið aukin þjónustu til að mynda við Flugleiðir, við farþegaflug þeirra og þá starfsemi sem Flugleiðir starfrækja þar nú í geysistóru flugskýli. Þjónusta við smáflugvélar hefur farið vaxandi og þjónusta við ferjuflug er í uppbyggingu. Ásamt vaxandi þátttöku og umsvifum Íslendinga í ferðaþjónustu er ljóst að á Suðurnesjum verður hlutfall ferðaþjónustu einnig vaxandi og jafnvel hlutfallslega meira en í sumum öðrum landshlutum.

Einkenni umferðar um Reykjanesbraut eru nokkuð ólík því sem gerist á öðrum þjóðvegum landsmanna. Til að mynda er næturumferð þar meiri en á nokkrum öðrum þjóðvegi, svo og meiri þungaumferð. Þetta hvort tveggja gerir það að verkum að ástæða er til að byggja brautina upp öðruvísi en annars staðar og jafnvel að meta arðsemi framkvæmdanna með tillíti til þunga umferðar með öryggismarkmið að leiðarljósi. Eins þarf að gæta þess að þessi vegur var uppbyggður miðað við tæknigetu og sjónarmið sem ekki eru lengur viðhöfð og til að mynda má sjá í gerð vegarbrúna og brautarinnar sjálfrar.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni er getið margvíslegra röksemda fyrir þessari framkvæmd, m.a. þeirrar að fram undan er margvísleg og mikilvæg uppbygging á Suðurnesjum. Hún mun greinilega leiða til enn vaxandi umferðar um Reykjanesbrautina og þess vegna verður enn meiri ástæða en nú til að bæta öryggi umferðar og auka flutningsgetu Reykjanesbrautar.

Ég vil að lokum, herra forseti, leyfa mér að mæla með því að málið fái athugun í hv. samgn. Alþingis og verði vísað til síðari umræðu.

[16:58]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sumir dagar eru þess eðlis að á dagskrá koma mjög mörg mál sem einum og sama þingmanni eru hugstæð. Þannig dag er ég að upplifa í dag. Ég er búin að koma oft hér til að taka til máls um ólík mál.

Það mál sem hér er til umræðu er flutt af öllum þingmönnum Reykjaneskjördæmis. Það er mjög mikilvægt vegna þess að áður fyrr voru þingmenn ákveðinna flokka að flytja slíka tillögur af og þá mátti jafnvel segja að verið væri að gefa þá mynd að einhver einn stjórnmálaflokkur, jafnvel verandi í ríkisstjórn, vildi frekar láta vinna slíkt stórverkefni en aðrir. Sá tími er liðinn. Þessi þingmannahópur hefur skoðað afskaplega vel á síðustu árum aðgerðir í kjördæminu, hvað skuli njóta forgangs og hvernig skuli bregðast við með það takmarkaða vegafé sem kjördæmið hefur yfir að ráða.

Það kom fram hjá framsögumanni að þessi tillaga hefur verið flutt sex sinnum áður á Alþingi og það er svo sem ekki nein sérstök ástæða til að reikna með því að flutningur hennar nú verði til þess að tillagan verði samþykkt og að fjármagn fáist til þessara framkvæmda. Hins vegar er mjög mikilvægt að halda vakandi áherslunni á sérstöðu Reykjanesbrautar sem flm. tillögunnar fór svo ágætlega yfir hér áðan og þarf ekki að endurtaka. Ég verð þó að láta í ljós að ég tel afskaplega hæpið að þessi tvöföldum Reykjanesbrautar geti orðið á næstu árum ef það á að vinna hana af heföbundnu vegafé. Það er mikil sérstaða í Reykjanesi. Sérstaðan felst í því að hver einasti vegur út frá höfuðborginni liggur í gegnum Reykjaneskjördæmi eðli málsins samkvæmt. Því er það verkefni á okkar sviði bæði að gott samráð verði milli sveitastjórna um vegarlagningu og að nýta takmarkað fjármagn á bestan hátt. Það er t.d. nýrri tíma fyrirbæri að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa samstarf sín á milli og skoða bæði skipulag og vegarlagningu og öll áform saman. Þegar veitt hefur verið sérstakt fjármagn svo sem í tengslum við kjarasamninga, til framkvæmda á höfuðborgarsvæði, þá hafa þessi sveitarfélög saman skoðað hvar forgangur eigi að vera og horfst í augu við að það að tekið er á einum stað þýði að menn verða að sættast á að bíða á öðrum.

Við höfum hins vegar oft rætt það okkar á milli, þingmannahópurinn sem heldur utan um þetta sértæka verkefni, að sjá til þess að það sé þannig farið með of lítið fjármagn að viðunandi sé fyrir alla þá sem þurfa að komast til og frá höfuðborginni. Ég get nefnt t.d. að þegar fallist hefur verið á það af hv. Alþingi að óháð fyrirtæki leggi jarðgöng milli landshluta, t.d. til Vesturlands og undir Hvalfjörð, þá gerist það auðvitað að leggja þarf tengivegi að jarðgöngunum. Tengivegir að Hvalfjarðargöngunum hérna megin tilheyra vegaframkvæmdum í Reykjaneskjördæmi. Ég er ekki viss um að margir sem mundu velta fyrir sér vegamálum og því sem við þurfum að gera hafi áttað sig á því. Þetta nefni ég bara til að draga fram að verkefnin eru mörg og að ákvörðun sem er tekin í raun og veru um útgjöld sem eiga að vera á annarra höndum gera að verkum að það verða útgjöld í vegaframkvæmdum á opinberum vettvangi.

Ég hef áður nefnt það að nú stöndum við saman þvert á alla flokka að því að vekja athygli á þörfinni á úrbótum á

Reykjanesbraut. Ég vil líka árétta að þessi þingmannahópur hefur skoðað mjög vel hvernig hann nýti fjármagn sem hefur verið lagt til Reykjanesbrautarinnar og að það var mjög farsælt að tekin var sú pólitíska ákvörðun að taka lýsingu á Reykjanesbraut fram fyrir aðrar áformaðar framkvæmdir. Það er mat flestra sem að því máli hafa komið að það hafi verið góð ákvörðun og að við höfum þar verið að gera mjög mikilvægar úrbætur fyrir tiltölulega lítið fjármagn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál. Þetta er mikilvægt mál. Ég veit ekki hvernig því mun reiða af en við munum að sjálfsögðu flytja það aftur og aftur til þess að vekja athygli á mikilvægi þessarar brautar sem tengir alla landsmenn við alþjóðaflugvöllinn fyrir utan hvaða gildi þessi braut hefur fyrir íbúa á Suðurnesjum.

[17:05]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég stend nú hér upp til að lýsa stuðningi við þessa tillögu og þó að hér séu flm. fyrst og fremst þingmenn viðkomandi kjördæmis þá gæti kannski af þeirri ástæðu einhverjum dottið í hug að hér væri verið að þrýsta á eitthvað sem sérstaklega væri á kjördæmisvísu. Það tel ég ekki vera. Það vita flestir sem eitthvað hafa fylgst með umferðinni sem er um þennan veg að hún er orðin miklu meiri en svo að réttlætanlegt sé að akreinarnar liggi saman og að heimilt sé að fara á milli þeirra. Það verður ekki leyst nema með tvöföldun Reykjanesbrautar. Í þessari greinargerð á bls. 3 er atriði sem ég vildi með leyfi forseta, mega lesa upp. Það má vel vera að framsögumaður hafi getið um það í upphafi ræðu sinnar en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á þessum 50 km af 8.300 km þjóðvegakerfi Íslands, þ.e. á 0,6% allra þjóðvega landsins, verða 12,3% allra umferðarslysa, enda hefur Reykjanesbrautin verið nefnd svartasti vegarkaflinn á Íslandi."

Það er mikil alvara sem fylgir þessum tölum og mikil ábyrgð þeirra sem ekki vilja taka mið af því að þarna er verið að takast á um það hvort þessi þjóð vill frekar setja fjármuni í vegagerð eða í að borga örorku og að reyna að bæta úr hlutum sem gerst hafa eftir að slysin hafa átt sér stað. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er miklu mikilvægara að reyna fyrr að taka á þessum vanda. Ég er ekki að segja að það verði ekki líka að lina þjáningar þeirra sem verða fyrir slysum en það á að taka fyrr á þessum vanda og taka á honum af fullri alvöru.

Ég hef alltaf litið svo á að framlög til vegamála séu að því leyti sérstæð að það er umferðin sem borgar þessi framlög. Hún borgar aftur á móti ekki afleiðingarnar af umferðarslysunum. Það eru skattgreiðendur sem greiða það beint. Nú er rétt að gera sér líka grein fyrir því að sá vegur sem þar er með tveimur akreinum þarf orðið mjög mikið viðhald. Ég vil halda því fram að það sé nánast ógjörningur að fara í það viðhald án þess að skapa hálfgert umferðaröngþveiti á Reykjanesbrautinni. Af þeirri ástæðu til viðbótar sýnist mér að nauðsyn þess að fara í þessa vegaframkvæmd sé mjög mikil.

Aftur á móti vil ég lýsa því sem skoðun minni að ég held að við eigum sameinast um að auka fjármagnið sem fer til vegagerðar. Þingmenn þessa lands eiga að sameinast um það verkefni, bæði til að draga úr umferðarslysunum og eins til þess að íslenska þjóðin eigi greiðan veg um land sitt. Það eina sem mér finnst umhugsunarefni hér er að í greininni er talað um að það eigi að leggja þennan veg til Hafnarfjarðar. Mér sýnist að það þurfi að leggja hann að Garðabæ. Að ofanbyggðarvegurinn í Hafnarfirði sé algjör nauðsyn svo þetta mál verði leyst með viðunandi hætti. En hér hefur verið talað fyrir þessu máli af flutningsmanni og ég tel ekki nauðsyn að orðlengja þetta frekar.

[17:09]

Útbýting þingskjals:

Öryggisþjónusta, 486. mál, nál. allshn., þskj. 1075.

[17:09]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls undir þessari umræðu og tekið undir tillöguna sem ég hef mælt fyrir. Ég vil leyfa mér að geta nokkurra atriða sem við erum sammála um að skipta máli þegar við veltum fyrir okkur framkvæmd af þessu tagi, forsendum til hennar eða hvaða ávinning við getum af hlotið. Ég tek undir orð Ólafs Þ. Þórðarsonar, hv. þm. Vestf., að ástand Reykjanesbrautar er þannig nú að veruleg ástæða er til að bæta slitlagið en það breytir því hins vegar ekki að það er líka veruleg þörf á að auka flutningsgetu og bæta öryggi umferðar um brautina. Ég heyri á máli hans að við erum sammála um þetta. Annað atriði sem ég veit í raun og veru að við erum báðir sammála um og fleiri þingmenn hér, er bætt umferð. Afkastabetri umferðartæki og umferðarmannvirki eru verulegur og veigamikill þáttur í byggðaþróun og í þróun atvinnu- og efnahagslífs. Þetta er þekkt hér á landi í seinni tíð og er þekkt með grannþjóðum okkar nánast frá örófi alda. Ákveðnum hluta af þessum sannleik virtumst við hafa glatað um hríð og við lögðum ekki mikið til vegamála. Sem betur fer höfum við aðeins snúið við blaðinu í þessu efni og ég tek undir þau orð að okkur ber að leita allra leiða til þess að auka fjárveitingar og fjármagn í heild sinni til vegagerðar í landinu.

Ég vek athygli á því að í máli okkar flutningsmanna, t.d. í greinargerðinni, er vikið að því að skoða þurfi fjárhagsleg og tæknileg atriði. Við bindum okkur hvergi við það að verkefnið, þegar að því kemur sem við raunar gefum okkur að geti ekki orðið mjög fljótt, hljóti að verða fjármagnað af vegafé eins og það er í dag. Við teljum aðra fjármögnun koma til álita og höfum raunar í hinum fyrri þingmálum þessa efnis nefnt að leita skuli annarra leiða. Ástæða þess að við nefnum sérstaklega vegsvæðið milli Hafnarfjarðar og Leifsstöðvar er sú að milli Hafnarfjarðar og Mjóddar í Reykjavík, eða milli Reykjavíkur og Kópavogs, er annar vegarkafli sem einnig er kallaður Reykjanesbraut en er fjármagnaður með öðrum hætti og litið á sem annað verkefni. Ákvarðanir varðandi fjármögnun þess eru lengra á veg komnar. Það er þegar á áætlun en þessi vegarhluti er ekki einu sinni á langtímavegáætlun. Ég bendi á 1. mgr. í greinargerð með tillögunni vegna þessa.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir velti því fyrir sér hvort það væru líkur á samþykkt þessarar tillögu. Ég efa ekki að vangaveltur um það eru réttmætar en þó vil ég geta þess að nú eru hér á þingi og meðal flm. þessarar tillögu menn sem mæltu á móti henni í héraði fyrir fáum árum. Ég tel það skipta miklu máli sem hún og nefndi, að nú eru þingmenn kjördæmisins samtaka í þessu máli og lýsa því með því að vera allir flutningsmenn að tillögunni. Ég fagna því mjög að þannig hefur til tekist og ég tel það meira virði heldur en það hvort framkvæmdin verður sjáanleg innan skamms eða þó örlítið lengra verði þangað til við sjáum hana. Ég vil vekja á því sérstaka athygli sem ég nefndi ekki í fyrri ræðu minni en

hef raunar oft vikið að áður að Reykjanesbrautin er einn af þeim þjóðvegum sem allir landsmenn fara um oft á ævinni. Nánast má segja að Íslendingar fari vart til annarra landa án þess að fara um Reykjanesbraut á leiðinni bæði að heiman og heim aftur. Þannig tel ég alveg ljóst að þetta er þjóðvegur allra landsmanna, ekki Suðurnesjamanna eingöngu. Ekki einasta Suðurnesjamanna og höfuðborgarbúa, heldur allra Íslendinga.

En vegna þess sem hér hefur verið vikið að um öryggi umferðar, mikil tíð og dýr slys á fólki á Reykjanesbrautinni, þá er sérstaklega rakið á bls. 3 í greinargerðinni hvað þar er um að ræða. Ég vil leyfa mér að nefna aftur það sem hér var vikið að, að á þessum 50 km af 8.300 km í þjóðavegakerfi Íslands, 0,6% eða innan við 1% af þjóðvegum landsins öllum, verða 12,3% eða nærri því áttundi partur af öllum umferðarslysum. En vel að merkja, það kemur ekki fram þarna þó að þessi kafli sé nefndur svartasti kaflinn, að um slysin á Reykjanesbraut er hægt að rekja í skýrslum lækna og annarra sem um þau þurfa að fjalla og þurfa að annast fólkið sem í þeim lendir að þau eru verstu umferðarslys á þjóðvegum á Íslandi. Ofar á sömu blaðsíðu er vikið að athugun á því hvað þessi slys kunni að hafa kostað. Og þar má geta þess að seint á árinu 1990 kom út athugun sem var byggð á því sem hafði gerst 1989 og þá var hægt áætla sem svo að slysin á Reykjanesbraut hefðu kostað u.þ.b. $^3/_4$ úr milljarði ef reynt er að meta það til fjármuna. Sú fjárhæð hefur aldrei komið fram í mati Vegagerðarinnar á arðsemi þess að auka öryggi umferðar. Ég tel að það sé nokkuð sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gat um að sé að líkindum veigamest.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við kynferðislegri áreitni, 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 422. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 726.

[17:16]

Flm. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um bann við kynferðislegri áreitni, samanber þskj. 726.

Fyrr á þessu þingi var ég 1. flm. að þáltill. um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni. Það mál er nú til meðferðar í allshn. þingsins og hefur hlotið mjög góðar undirtektir hjá þeim sem fengu það til umsagnar. Það voru m.a. Bandalag háskólamanna, Kvenréttindafélag Íslands, biskup Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Háskóli Íslands, jafnréttisráðgjafinn í Reykjavík, Kvennaráðgjöfin, Alþýðusamband Íslands, Vinnueftirlit ríkisins, Kvennaathvarfið, Stígamót, Barnaverndarstofa, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Skrifstofa jafnréttismála og barnaverndarráð. Allir þessir aðilar mæla með því að sú þáltill. verði samþykkt og því geri ég mér enn vonir um að svo verði.

Þáltill. gengur út á það að ríkisstjórnin skipi nefnd sem beiti sér fyrir að skipulega verði brugðist við kynferðislegri áreitni á vinnustöðum og að skipuleggja fræðslu um slíka áreitni. Hér er aftur komið annað þskj. sem er frv. til laga um bann við kynferðislegri áreitni. Það má vel vera að einhver velti fyrir sér hvort þörf sé á slíkum lagabálki. En því má velta fyrir sér að í nágrannalöndunum er ljóst að það virðist vera mun algengara en hér að stofnanir hafa komið sér upp skýrum vinnureglum um þetta mál og ég tel að að hluta til megi skýra það með mismunandi löggjöf um þetta efni. Hér á landi hefur kynferðisleg áreitni verið refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum frá árinu 1992 en hvergi annars staðar er að finna umræðu eða bann við kynferðislegri áreitni. Þetta frv. er því hugsað þannig að það verði tekið á þessu beint í jafnréttislögunum og í lögunum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá árinu 1980. Einnig er markmiðið að skilgreining á hugtakinu kynferðisleg áreitni komi inn í lagatextann. En það er einmitt það sem að er stefnt með þessu frv.

Auk mín eru flm. þessa lagafrv. hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Hjálmar Árnason, Hjörleifur Guttormsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir og Össur Skarphéðinsson. Það er vert að vekja athygli á því að það eru bæði karlar og konur sem flytja þetta mál enda er þetta mannréttindamál sem varðar alla.

Hugmynd okkar flm. er sú að lögfesting af því tagi sem hér er lögð til muni flýta fyrir því að fyrirtæki og stofnanir komi sér upp skýrum starfsreglum eða farvegi fyrir ákærur um kynferðislega áreitni, eins og reyndin hefur verið í Svíþjóð, Bandaríkjunum og víðar. Einnig að þetta muni hafa fyrirbyggjandi áhrif. Það er sem sagt hugmyndin.

Ef ég fer aðeins yfir frv. sjálft þá er því skipt í þrjá kafla. Fyrsti kaflinn er tillaga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 1991 og 1. gr. hljóðar svo:

Á eftir 5. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Kynferðisleg áreitni á vinnustað og í skóla er bönnuð. Atvinnurekendur og yfirmenn skulu gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að starfsfólk og nemar verði ekki fyrir kynferðislegri áreitni eða annarri ósæmilegri framkomu á vinnustað eða í skólum.

Og síðan kemur skilgreining á kynferðislegri áreitni og lagt til að sú skilgreining verði í lagatextanum:

Kynferðisleg áreitni er óvelkomin kynferðisleg hegðun sem skapar auðmýkjandi eða fjandsamlegar aðstæður til vinnu, náms eða félagslegrar samvinnu, hvort sem hún er líkamleg, orðbundin eða myndræn. Kynferðisleg áreitni felur í sér samskipti sem einkennast af misnotkun á valdi, styrkleika eða stöðu og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt til kynna að viðkomandi hegðun sé óvelkomin.

2. gr. frv. varðar breytingu á sömu lögum, þ.e. jafnréttislögunum, en hún hljóðar svo:

Á eftir 13. gr. laganna (sem verður 14. gr.), í lok IV. kafla, kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það:

Vinnuveitendum, yfirmönnum, samstarfsmönnum og kennurum er óheimilt að láta kvartanir starfsfólks eða nema um kynferðislega áreitni eða kynjamismunun bitna á starfi þeirra eða námi, starfsöryggi, starfskjörum eða mati á árangri í starfi eða námi.

Þarna er verið að leggja áherslu á það að málarekstur af þessu tagi innan stofnana bitni ekki á viðkomandi aðilum.

II. kafli frv. er tillaga að breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum frá árinu 1980. Og það er 3. gr. þessa frv. sem fjallar um það og hún hljómar svo:

C-liður 65. gr. laganna orðast svo: stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna. Ákvæði þetta á m.a. við bann við kynferðislegri áreitni og annarri ósæmilegri framkomu sem beinist að kynferði einstaklinga.

III. kafli frv. er gildistökuákvæði og er þá 4. gr. og segir: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gerð þessa frv. hefur verið haft samráð bæði við Skrifstofu jafnréttismála og starfsfólk hjá Vinnueftirliti ríkisins og kann ég því fólki mínar bestu þakkir. Einnig hef ég skoðað sambærilega löggjöf erlendis frá.

Í grg. er bent á ýmislegt sem er eins konar rökstuðningur fyrir lagabreytingum af þessu tagi. Þar segir m.a.: „Kynferðisleg áreitni hefur verið mikið til umfjöllunar bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Flest aðildarríki Evrópusambandsins hafa gripið til ráðstafana á þessu sviði, svo sem lagasetningar, fræðsluherferðar eða leiðbeinandi reglna fyrir vinnustaði og menntastofnanir. Í Belgíu, Hollandi og Frakklandi hafa verið sett sérstök lög um kynferðislega áreitni og slík löggjöf er nú í undirbúningi í Austurríki og Hollandi. Í Svíþjóð og nokkrum öðrum Evrópuríkjum eru ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislögum og/eða í lögum um vinnuvernd, t.d. í Noregi. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að sérstakri tilskipun um kynferðislega áreitni sem væntanlega mun einnig taka til Evrópska efnahagssvæðisins." Og væri nú kannski tækifæri að vera einu sinni á undan og koma fyrst með æskilegar lagabreytingar hér en að þurfa að breyta okkar löggjöf í kjölfar þrýstings frá Evrópusambandinu.

Í grg. er jafnframt bent á það að í 6. gr. laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla segir að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m.a. um vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Kærunefnd jafnréttismála hefur túlkað þetta ákvæði þannig að atvinnurekanda beri að sjá til þess að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki á vinnustað. Í sænsku jafnréttislöggjöfinni eru hins vegar skýr ákvæði um kynferðislega áreitni, sbr. 6. og 22. gr. sænsku jafnréttislaganna, sem hefur orðið til þess að stofnanir hafa í vaxandi mæli sett sér starfsreglur um það hvernig beri að stemma stigu við og taka á kynferðislegri áreitni. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega geta þess að háskólinn í Stokkhólmi brást mjög skjótt við þegar þessi lög voru sett. Eftir að reglurnar voru orðnar svona skýrar og allir vissu hvernig þeir áttu að taka á sínum málum, þá hafa varla komið upp mál um kynferðislega áreitni í þessum sænska háskóla. Það er viðurkennt að skýrar reglur og skýr lög um þessi mál eru í sjálfu sér fyrirbyggjandi.

Það er mitt mat að það þyki ekki nauðsynlegt, eins og kemur fram í grg., að svo stöddu að setja sérstaka löggjöf um kynferðislega áreitni hér á landi, en tímabært sé að setja ákvæði um kynferðislega áreitni í jafnréttislög og í vinnuverndarlöggjöfina eins og hér er lagt til. Í Svíþjóð og Noregi hefur slík lögfesting haft þau áhrif að stofnanir hafa orðið að taka á þessum málum af meiri festu en áður og þegar slík ákvæði hafa verið lögfest verður brýnt að stofnanir komi sér upp skipulagðri meðferð eða leiðbeinandi starfsreglum fyrir mál af þessum toga og að markviss fræðsla verði í boði.

Kynferðisleg áreitni var gerð refsiverð, eins og sagði hér fyrr, með breytingu á 198. gr. almennra hegningarlaga, 1992, en þar er ekki að finna né í grg. með þeirri lagabreytingu neina skilgreiningu á kynferðislegri áreitni. Mér hefur bent á það m.a. af lögfræðingum að það rýri gildi þessa ákvæðis almennu hegningarlaganna að ekki skuli vera til nein skýr skilgreining sem hægt er að styðjast við t.d. í dómum og annars staðar. Þess vegna lögðum við mikla áherslu á það að slík skilgreining kæmi í það frv. sem hér er um að ræða. Ekki er gerð tillaga hér um að breyta þessu ákvæði almennra hegningarlaga þar sem rétt þykir að fá meiri reynslu á hvernig það nýtist. Þær lagabreytingar sem hér eru lagðar til munu hins vegar skilgreina kynferðislega áreitni frekar og væntanlega verður sú skilgreining þá lögð til grundvallar skýringu og túlkun þessa ákvæðis almennra hegningarlaga.

Frá árinu 1992 hefur lítið reynt á 198. gr. hegningarlaganna. Nýlega hafa þó fallið tveir dómar um kynferðislega áreitni. Athyglisvert er að í báðum dómunum er um karlmenn að ræða, þ.e. karlmenn að áreita karlmenn. Það er athyglisvert vegna þess að allar tiltækar kannanir benda til að konur verði mun oftar fyrir kynferðislegri áreitni en karlar.

Kynferðisleg áreitni hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu einstaklingsins, sjálfsvirðingu hans og sjálfsímynd. Í skilgreiningunni á kynferðislegri áreitni sem sett er fram í 1. gr. frumvarpsins er áhersla lögð á það megineinkenni kynferðislegrar áreitni að hegðunin er óvelkomin. Það er því mat einstaklingsins sem ræður því hvaða hegðun er viðurkennd og hvaða hegðun er óvelkomin. Kynferðisleg hegðun verður áreitni ef henni er haldið áfram þrátt fyrir að gefið hafi verið skýrt til kynna að hún sé óvelkomin. Þó getur eitt tilvik talist kynferðisleg áreitni ef það er nægilega alvarlegt.

Rannsóknir í háskólum á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum benda til að 10–20% kvenna verði fyrir kynferðislegri áreitni í háskólum, en allt upp í 40% þegar um æðri námsgráður er að ræða. Meðal karla eru tölurnar töluvert lægri. Samkvæmt könnun jafnréttisnefndar Helsinki-háskóla árið 1995 töldu 10,8% starfsfólks og 5,5% stúdenta sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Af þeim voru 78% starfsfólksins og 70% stúdentanna konur.

Bandarískar rannsóknir á vinnustöðum benda almennt til að um 40% kvenna og um 15% karla verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustöðum en evrópsku tölurnar eru almennt töluvert lægri eða 10–20% meðal kvenna. Skýringarnar á þessum mun eru að hluta til menningarlegar, en einnig getur verið um mismunandi skilgreiningar að ræða.

Í framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um jafnrétti kynjanna frá árinu 1993 er gert ráð fyrir að í vinnuverndartilgangi verði staðið að könnun á kynferðislegri áreitni á vinnustöðum á Íslandi og umfangi hennar. Á grundvelli könnunarinnar og þeirrar þekkingar, sem liggur fyrir hjá öðrum þjóðum, verði unnið markvisst að því að sporna gegn kynferðislegri áreitni á vinnustöðum. Þessi könnun hefur nú verið gerð og ekki þykir ástæða til að bíða lengur með að lögfesta bann við og skilgreiningu á kynferðislegri áreitni eins og hér er lagt til.

Umræðan í þjóðfélaginu bendir ótvírætt til að töluvert vanti á að fólk skilji að kynferðisleg áreitni er einelti og mannréttindabrot sem ekki á að líða, hver sem í hlut á. Flest nágrannalanda okkar hafa brugðist markvisst við og í frv. er lagt til að svo verði einnig gert hér.

Herra forseti. Ég vil að lokum upplýsa þingheim og þjóðina um að þó sú umræða sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarið ár eða svo hafi oft kallað fram bæði tortryggileg viðbrögð og efasemdir þá er það reynsla mín að fólk átti sig mjög fljótlega á að hér er um mjög þarft mál að ræða og áðurnefndar umsagnir um fyrirliggjandi þingsályktunartillögu um þessi mál sýni svo ekki verður um villst að full þörf er á að tekið sé á þessu máli og að flestar þær stofnanir sem áður voru taldar eru sammála um að það beri að taka á þessum málum með festu. Þetta er mannréttindamál, jafnréttismál og vinnuverndarmál sem ber að taka á með fullri festu. Í þeim

tilgangi er þetta frv. flutt. Þó ekki sé mikill tími eftir af þessu þingi og málið búið að bíða nokkuð marga mánuði áður en náðist að mæla fyrir því þá geri ég mér vonir um að það verði sent út til umsagnar og að það geti flýtt fyrir afgreiðslu þess eða sambærilegra lagabreytinga á næsta þingi.

[17:35]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Vegna þessa ágæta frv. sem hér var mælt fyrir þá vil ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir að hafa haft frumkvæði að því að það kom fram í þinginu. Þetta er vissulega tímabært frv. og ég get tekið undir að nauðsynlegt er að um mál eins og kynferðislega áreitni séu skýr lög og reglur. Eins og kom fram í máli hv. þm. hefur það haft fyrirbyggjandi áhrif annars staðar í löndum þar sem slík lög og reglur hafa verið settar. Ég tek undir að það er rétt hjá hv. þm. að tekið sé á þessum málum eins og gert er í frv., að það sé ekki sérstök löggjöf heldur tekið á þessu innan þeirra laga sem þessi ákvæði eiga heima. Einnig fagna ég því að komin er skilgreining á kynferðislegri áreitni, eins og kemur fram í frv. Hún er að sjálfsögðu nauðsynleg. Ég vonast til að frv. verði sent út til umsagnar strax að lokinni þessari umræðu og hvet til þess að ákvæði sem þessi verði sett í lög og frv. verði samþykkt, ef ekki á þessu þingi þá að minnsta kosti á því næsta, því ég sem er einn af meðflutningsmönnum á þessu máli mun svo sannarlega styðja það og vera með í því að flytja þetta mál aftur og aftur þangað til þetta verður komið í lög.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. ÁRJ, 425. mál (heimilisuppbót). — Þskj. 729.

[17:37]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993. Frv. er á þskj. 729 og þetta er 425. mál þingsins

Þetta er frv. sem tekur á einni af mörgum lagagreinum fyrrverandi almannatryggingalaga þar sem ákvæði hafa komið nokkuð illa niður á ákveðnum þjóðfélagshópum.

Eins og margir þekkja var almannatryggingalögunum frá 1971 skipt upp árið 1993, þegar við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Þeim var skipt upp í tvenn lög, annars vegar almannatryggingalögin og hins vegar lög um félagslega aðstoð. Þá féllu ákveðnir bótaflokkar sem urðu heimildarbótaflokkar inn í lagabálkinn um félagslega aðstoð og þar lenti bótaflokkurinn heimilisuppbót og sérstök heimilisuppbót sem ég er einmitt að fjalla um í þessu frv. og legg til breytingar á.

Greiðslur úr lífeyristryggingunum skiptast upp í nokkra flokka og gilda mismunandi reglur um hvern einasta bótaflokk. Fyrsti flokkurinn er grunnlífeyrir og hann gefur síðan rétt til frekari bótaflokka ef menn eiga rétt á grunnlífeyri. Næst á eftir honum er tekjutryggingin og eigi maður rétt á tekjutryggingu er hægt að sækja um aðra bótaflokka. Þeir sem eru með tekjutryggingu hvort sem hún er skert eða óskert geta, ef þeir búa einir, sótt um heimilisuppbót. Um heimilisuppbótina gilda þær reglur að til að fá hana greidda úr almannatryggingunum þurfa menn að búa einir. Ef menn deila heimili með öðrum fá þeir ekki heimilisuppbótina greidda. Þetta getur skipt heilmiklu máli sérstaklega fyrir þá sem þurfa að sjá sér farborða eingöngu af greiðslum úr almannatryggingunum. Ég ætla að nefna sem dæmi að fái menn ekkert annað en almannatryggingarnar og búa aleinir þá geta þeir fengið allt upp í 52 þús. kr. á mánuði úr almannatryggingunum. En ef þeir búa aftur á móti með öðrum er rétturinn yfirleitt ekki meiri en svo að þeir fá ekki nema 38–39 þús. kr. greiddar.

Í þessu frv., til breytinga á lögum um félagslega aðstoð, greininni um heimilisuppbótina, er lagt til að hún verði aðeins víkkuð út þannig að ekki verði hægt að túlka greinina þannig að aðeins sá sem býr aleinn eigi rétt á heimilisuppbótinni, þ.e. sá sem býr einn í íbúð, heldur að hægt verði að víkka réttinn aðeins og opna fyrir það að einstaklingar sem búa með börnum sínum geti haldið heimilisuppbótinni og einnig ef sýnt þykir að menn hafi ekki hagræði af sambýlinu — en eins og þetta er orðað í lögunum þá er talað um að ef menn hafi hagræði af sambýli við aðra fái þeir ekki heimilisuppbót og síðan er öllum synjað ef þeir búa með öðrum hvort sem þeir hafa hagræði af því eða ekki — þ.e. opnað er fyrir það að þeir sem hafa greinilega ekki hagræði af sambýlinu geti haldið heimilisuppbótinni eða fengið hana.

Það eru t.d. mörg dæmi um að einstæð móðir sem býr með barni sínu fær ekki heimilisuppbótina, hún fær 14.400 kr. lægra en lífeyrisþegi sem býr einn. Hún fær reyndar barnalífeyri greiddan, rúmar 11.000 kr. með barninu, en það er ekki framfærsla móðurinnar, það er framfærsla barnsins. Ég nefni annað dæmi að ef kona er öryrki og eignast barn þá skerðast bæturnar hennar um 14.400 kr. því þá býr hún ekki lengur ein. Það er álitið sem svo að hún hafi hagræði af því að búa með ungabarni sínu. Þannig er það þangað til barnið flytur að heiman. Þetta eru því lög sem eru ákaflega ósanngjörn því hvaða fjárhagslegt hagræði er af sambýli við tekjulaust barn sitt?

Mig langar til að nefna dæmi til viðbótar. Ef öryrki sem misst hefur starfsgetuna snemma á ævinni og á engan rétt í lífeyrissjóði — það eru því miður margir sem eiga ekki rétt í lífeyrissjóði þegar þeir missa starfsorkuna — kynnist öðrum öryrkja og þeir vilja rugla saman reytum og fara að búa saman, þá er þeim gert það mjög erfitt vegna þess að þá lækka greiðslurnar til þeirra um u.þ.b. 30.000 kr. ef þeir fara að búa í sömu íbúð. Á meðan þeir búa í sitt hvoru lagi fá þeir rúmar 50.000 kr. en þegar þeir eru farnir að búa saman er heimilisuppbótin dregin af þeim, 14.400 kr. hvorum fyrir sig, og sömuleiðis er grunnlífeyririnn lækkaður hjá þeim. Ég þekki mörg dæmi þess að þær reglur hafa gert það að verkum að öryrkjar og jafnvel ellilífeyrisþegar, sem hafa viljað hefja sambúð, hafa veigrað sér við að gera það, sérstaklega þeir tekjulægstu. Það má því segja að þessi lagagrein vinni gegn hjónabandinu og sé andstæð sambúð. Ég efast um að það hafi verið hugsun löggjafans í upphafi þegar þessi grein var sett að gera fólki erfiðara fyrir að búa saman eða deila ævinni með öðrum.

Af því ég var að tala áðan um einstæðu móðurina, það gildir náttúrlega það sama um einstæðan föður að hann fær lægri greiðslur við það að vera með barn sitt búandi hjá sér, þá vil ég geta þess að ég tel það ekki sanngjarnt að líta á meðlagsgreiðslur eða barnalífeyri og jafnvel mæðralaun, sem hafa nú reyndar verið mjög skert og eru reyndar ekki greidd með einu barni lengur, sem fjárhagslegt hagræði fólks

af sambýli við börnin sín eins og er gert við framkvæmd laganna. Og ég mótmæli því að svo sé.

Eins og frv. hljóðar er gert ráð fyrir því að lífeyrisþegi sem er í sambýli við börn sín eða barn sitt undir 20 ára aldri geti notið heimilisuppbótar ef hann uppfyllir önnur skilyrði sem sett eru í lögunum. Þetta tel ég mjög sanngjarnt og eðlilegt. Það er litið á börn sem fullorðin þegar þau ná 20 ára aldri, þau hætta að fá borgað meðlag, menntunarmeðlagsgreiðslur eða menntunarbarnalífeyri á þessum aldri, þannig að ég tel það eðlilegt að foreldrarnir séu ekki látnir líða fyrir það í framfærslunni, sérstaklega þeir sem eru öryrkjar og ellilífeyrisþegar og hafa ekki aðrar greiðslur, að leyfa börnunum sínum að búa á heimilinu, t.d. meðan þau eru í námi, allt fram til 20 ára aldurs.

Ég vil einnig að það verði opnað á þann möguleika að hægt sé að taka tillit til þess ef fólk vill hefja sambúð — ef tveir öryrkjar eða tveir ellilífeyrisþegar vilja hefja sambúð, og hafa litlar tekjur aðrar en almannatryggingalífeyrisgreiðslurnar. Allar bætur í lögunum um félagslega aðstoð eru heimildarbætur og það var reyndar mjög gagnrýnt, þegar þetta var sett í tvenn lög, að allar þessar bætur væru heimildarbætur og fulltrúar lífeyrisþega höfðu áhyggjur af því að þetta væri ekki skýlaus réttur heldur heimild. Þess vegna tel ég mikilvægt að það komi viðtækari heimild inn í lögin þannig að unnt sé að greiða fleirum þessa heimilisuppbót. Almannatryggingabæturnar eru orðnar það lágar að það er varla hægt að framfleyta sér á þeim og rúmar 50 þús. kr. eru nú eiginlega lágmarksframfærsla til þess að hafa í sig og á á mánuði, hvað þá ef það á að fara að taka rúmar 14 þús. kr. af við það að deila heimili með öðrum. Ég hvet því eindregið til þess að þetta verði skoðað. Reyndar er það nú því miður svo að þær breytingar á almannatryggingalögunum eða lögunum um félagslega aðstoð sem hafa verið gerðar hér hafa fengið lítinn hljómgrunn í heilbr.- og trn. og meira að segja varla tekið í það að fá þær sendar til þeirrar nefndar sem er að endurskoða þessi lög. Og ég gagnrýni stjórnarmeirihlutann að hann skuli ekki sjá hag í því að þessar tillögur og þessi frv., sem koma þó hér til umræðu í þinginu, fari áfram til þeirrar nefndar sem er að endurskoða þessi lög, því þau frv. sem hafa komið fram hér í þinginu til breytinga á þessum tvennum lögum hafa öll verið til þess að benda á mjög mikið misrétti og óréttlæti sem er í þessum lögum.

Lögin eru að grunni til mjög gömul, þau eru yfir 20 ára gömul eða frá 1971, og búið að breyta þeim á annað hundrað sinnum. Við vitum það að þegar verið er að gera smábreytingar á lögum sí og æ og við bandorma oft og títt við fjárlagagerðina, þá vill oft margt riðlast í lögunum og hin upprunalega hugsun, sem var til staðar þegar lögin voru fyrst sett, vill svolítið fara forgörðum. Það sem menn hafa verið að gera hér með þessum lagabreytingum er að benda á hvar hafa greinilega orðið mistök. Þetta er eitt af þeim frv. þar sem er verið að benda á að það þarf að leiðrétta — það fara margir illa út úr lögunum eins og þau eru í dag. Ég þekki t.d. dæmi um tvo öryrkja, móður og dóttur sem deila saman íbúð. Móðirin sem er öryrki annast dóttur sína sem er mikill sjúklingur, og það er tekin af þeim heimilisuppbótin, 14.400 kr. af hvorri. Reyndar geta þær sótt um sérstaka uppbót vegna þess að sjúklingurinn er umönnunarþurfi og með mikinn lyfjakostnað en það kemur aldrei fyllilega til móts við þetta. Ef þetta frv. verður að lögum þá er hægt að grípa inn í tilvik eins og það sem ég var að nefna. Það er hægt að leyfa þessum tveim einstaklingum, sem eru að hjálpast við að draga fram lífið við erfiðar aðstæður, að halda framfærslunni sem þær hefðu ef þær byggju hvor á sínum staðnum. Einnig væri hægt að hvetja til þess að öryrkjar geti hafið sambúð eins og ég veit um ýmis tilvik. Og ég þekki það, það var oft spurt um það í Tryggingastofnun þegar öryrkjar voru að velta því fyrir sér hvort þeir gætu hafið sambúð, en þeir veigruðu sér við það þegar þeir sáu hvað það skerti hjá þeim framfærsluna úr Tryggingastofnun. Ég held því að það sé orðið mjög brýnt að það sé litið á þetta.

Ég vil enn einu sinni minnast á það í umræðum um almannatryggingarnar að heildarendurskoðun á lögunum verði hraðað. Hún er orðin mjög tímabær. Ég á sæti í þeirri nefnd sem heilbrrh. skipaði til að endurskoða þessi lög en hún hefur því miður sjaldan verið kölluð saman og starf hennar hefur legið niðri nú um langa hríð. Ég vil bara nota tækifærið hér til þess að koma þeim skilaboðum áleiðis að það verði farið í þessa vinnu og þær lagabreytingar sem hafa verið lagðar til hér í þinginu til endurbóta og réttindabóta fyrir þá sem þurfa að treysta á velferðarkerfið til framfærslu verði skoðaðar og höfð hliðsjón af þeim þegar almannatryggingalögin eru í endurskoðun.

Að lokinni þessari umræðu legg að sjálfsögðu til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

[17:53]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. flm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir að flytja þetta mál hér í þinginu. Ég held að hér sé verið að benda á eitt af mörgum málum sem finna má í tryggingakerfi okkar þar sem er mjög mikið óréttlæti á ferð. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir leggur hér til að heimilt verði að greiða einhleypingi, sem nýtur óskertrar tekjutryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, að auki heimilisuppbót 8.531 kr. á mánuði. Og einnig sé heimilt að greiða lífeyrisþega heimilisuppbót ef sýnt þykir að hann hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýli við aðra heimilismenn. Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir tilgreindi hér nokkur átakanleg dæmi um fólk sem hefur verið svipt þessari heimilisuppbót vegna þess að það býr í sambýli við aðra þó að sannað sé að það hafi ekki fjárhagslegt hagræði af sambýlinu. Mér fannst þetta mjög átakanleg dæmi og vil tilgreina hér tvö þeirra, t.d. að öryrki sem eignast barn skuli missa heimilisuppbót sína, ég held að allir hljóti að játa að þarna er mikið óréttlæti á ferð. Og líka hvílík sárindi hljóta að vera fólgin í því þegar tveir öryrkjar vilja stofna saman heimili að þeir skuli báðir missa sína heimilisuppbót.

Ég held að það væri mjög mikilvægt að þetta frv. fengi skjótan framgang í hv. nefnd og yrði vísað inn í þann hóp sem situr nú að lagasmíð við endurskoðun á þessum lögum þannig að ekki verði nú einu sinni enn samþykkt lög frá Alþingi sem eru með slíkt innbyggt óréttlæti.

Við sem eigum því láni að fagna að vera heilbrigð og við fulla starfsorku gerum okkur oft ekki grein fyrir hvað það fólk má líða sem verður að búa við það að fá alla sína framfærslu frá samfélaginu. Og mér finnst mikilvægt að við reynum að hugsa þessi mál vel og gera allt sem í okkar valdi stendur til að þetta fólk geti lifað með fullri reisn, jafnvel þó að það eigi við mikla fötlun að stríða.

[17:56]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil sömuleiðis þakka hv. flm. Ástu R. Jóhannesdóttur fyrir þetta frv. og tek undir efnisatriði þess um leið og ég vil vekja athygli á því sem við kvennalistakonur höfum margoft reifað að það er að okkar mati mun skynsamlegra að hugsa, hvort sem það er skattkerfið eða kerfið um félagslega aðstoð, út frá einstaklingum í mun meira mæli en hér er gert. Ég vonast svo sannarlega til þess að sá hópur sem nú er að endurskoða þessi lög hugsi dæmið mikið til upp á nýtt. Það er mjög mikið um hjónaskilnaði og alls konar breytingar á fjölskyldum og það er óviðunandi að það sé löggjöf sem stýrir því hvaða sambúðarform fólk velur. Ég tel að þetta sé enn eitt dæmið um hvernig sambúðarform er notað til þess að skerða, í þessu tilfelli heimilisuppbót, og þetta á við um svo margar hliðar á samfélagi okkar. Ég vil beina því til þessa hóps að það er ekki endalaust hægt að plástra gildandi lög. Það verður að taka allt þetta kerfi til gagngerrar endurskoðunar.

Þau dæmi sem hér voru nefnd eru náttúrlega mjög góð um það hvers konar ógöngur þetta kerfi er komið í. Og ég vil þá ítreka um leið og ég læt í ljós vonbrigði með að í hvert skipti sem hér er hreyft mikilvægum réttlætismálum er alltaf nefnt að heildarlöggjöf sé í endurskoðun. Svo líður og bíður og ekkert gerist. Þetta á við almennu hegningarlögin, þetta á við margs konar lög um félagslega þjónustu og ég tel alveg augljóst mál að ríkisstjórnin má aldeilis herða róðurinn til þess að hugsa þessi mál öll upp á nýtt. Það hlýtur að vera grundvallarkrafa í velferðarþjóðfélagi að fólkið, hvort sem það eru bótaþegar, öryrkjar, atvinnulausir eða fólk með lægstu laun, hafi viðunandi framfærslu. Og það t.d. að tveir öryrkjar flytjist saman eða atvinnulaus kona eignist barn verði til þess að heimilisuppbót skerðist er alveg óviðunandi.

[18:00]

Flm. (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur og Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir að hafa tekið þátt í þessari umræðu og tekið undir þetta mál. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að það er nauðsynlegt að velferðarkerfið verði byggt á stuðningi við einstaklinga óháð tekjum annarra einstaklinga. Enda held ég að það hafi komið mjög skýrt fram í umræðu ekki alls fyrir löngu í þinginu þar sem rætt var um lagaheimild fyrir reglugerð um tekjutryggingu í almannatryggingakerfinu þar sem bent var á að óheimilt væri samkvæmt ýmsum lögum að skerða greiðslur til einstaklings vegna tekna annarra, í þeim tilvikum maka. Þá var sýnt fram á að það virðist verða brot á ýmsum lagagreinum að vinna málin þannig að skerða bætur, að mismuna fólki eftir t.d. hjúskaparstöðu eða á annan hátt. Ég leyfi mér að varpa því fram hvort það standist 65. gr. stjórnarskrárinnar að mismuna fólki eftir sambýlisformi. Þar er tekið fram að ekki sé heimilt að mismuna fólki og síðan er allmikil upptalning um það. Það er óþolandi að ekki skuli vera hægt laga óréttlát lög með frv. hér á þingi án þess að það sé endalaust bent á að lögin séu í endurskoðun, heildarlöggjöfin sé í endurskoðun. Ég vil benda á að almannatryggingalögin sem voru í gildi til 1993 og þá höfðu verið í gildi í 22 ár, voru í endurskoðun allan tímann. Þau voru meira og minna í heildarendurskoðun frá árinu 1971. Þegar síðan ný löggjöf kemur árið 1993 þá hún ekki byggð á heildarendurskoðun á lögunum. Nei, grunnurinn eru gömlu lögin frá 1971 með nokkrum breytingum. Það var alls ekki byggt á heildarendurskoðuninni sem var búin að vera meira og minna í gangi hjá ýmsum ráðherrum á þessum tíma. Það er því náttúrlega afleitt þegar þingmenn koma hér og benda á óréttlæti og vilja reyna að koma fram leiðréttingum að það skuli vera stoppað á þennan hátt hér í þinginu. Það er auðvitað ósk mín að þessi lagagrein verði leiðrétt þannig að fólk þurfi ekki að búa við það óréttlæti sem felst í framkvæmd laganna og nánast laganna hljóðan eins og lögin eru í dag. Til þess að koma í veg fyrir það er hægt að samþykkja þetta frv. og ég er sannfærð um að það mun létta mörgum sjúklingnum, fötluðum og öldruðum, lífið að þurfa ekki jafnvel að sækja til sveitarfélagsins eins og reyndar er nú í mörgum tilvikum. Því það er viðkvæðið þegar skorið er niður á þennan hátt að þá er sagt: „Þú verður bara að fara til félagsmálastofnunar. Þú verður bara að fara til sveitarfélagsins.“ Margir veigra sér við að leita þangað og margir hafa ekki einu sinni heilsu til þess eða eiga ekki rétt þar, því reglur um fjárhagsaðstoð eru mismunandi eftir sveitarfélögum. Ég tel að með velferðarþjónustunni eigum við að sjá hverjum og einum einstaklingi fyrir að minnsta kosti lágmarksframfærslu og við eigum ekki að mismuna fólki eftir sambúðarformi eða heilsufari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 448. mál. — Þskj. 760.

[18:04]

Flm. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um athugun á nýtingarmöguleikum gróðurhúsalofttegunda sem legið hefur frammi á þskj. 760. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðjón Guðmundsson, Sigríður Anna Þórðardóttir og Pétur H. Blöndal. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta athuga til hlítar möguleika á að nýta gróðurhúsalofttegundir til eldsneytisframleiðslu og í hvers konar iðnaði eða iðnaðarferlum.“

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hefur orðið mjög mikil og almenn umræða um útstreymi gróðurhúsalofttegunda hérlendis, um aukna mengun og hvers muni að vænta miðað við fyrirætlanir og ráðagerðir um aukna stóriðju og orkuframleiðslu. Vísað hefur verið til alþjóðlegra skuldbindinga Íslands og nauðsynjar á að vernda umhverfi og náttúru og að verjast mengun með árangursríkum hætti.

Í svari umhverfisráðherra, í þingskjali nr. 513 frá þessu þingi, birtust upplýsingar um útstreymi gróðurhúsalofttegunda á undanförnum árum og áætlun um það í nálægri framtíð. Þar kom m.a. fram að reiknað í koltvíoxíðígildum (CO) var útstreymið á árinu 1990 samtals 2.860 þús. tonn, þar af koltvíoxíð (CO) 2.147 þús. tonn eða 75,1%. Árið 1995 var aukning koltvíoxíðígildanna um það bil 10% en aukning koltvíoxíðsins sjálfs var enn meiri eða nálægt 15% og var hlutfall þess orðið um 83%. Áætlun um árið 2000 gerir ráð fyrir enn nokkurri aukningu. Það sem merkilegast er er að þá muni hlutfall koltvíoxíðsins hafa minnkað eilítið, eða að það verði þá um það bil 81%.

Í þessu sama þingskjali koma fram spár um aukningu þessa útstreymis ef verður af þeim hugmyndum um stóriðju sem hafa verið uppi og er nú að alvöru orðnar, þ.e. álver á Grundartanga og stækkun þar á verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins. Einnig var í þessari spá gert ráð fyrir aukningu vegna álvers á Keilisnesi sem enn er fyrirhuguð eða í athugun, svo og vegna hugsanlegrar magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Sú spá sem þarna kom fram gerði ráð fyrir aukningu sem var meiri en tvöföldun, en að hlutfall koltvíoxíðsins mundi þá minnka og verða aðeins rúmlega 55%, en samt sem áður verulega meira að magni en fyrri áætlanir bentu til.

Það er rétt að geta þess að í því skjali gætti alvarlegar ónákvæmni varðandi upplýsingar um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi og raunhæfar upplýsingar hefðu breytt talsverðu um niðurstöðu þessarar spár.

Varðandi skuldbindingar Íslands er rétt að geta þess að Ísland er aðili að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og er í hópi ríkja sem hafa sameiginlega skuldbundið sig til að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda verði árið 2000 ekki meiri en hún var árið 1990. Nú er talið að til þess þurfi þau sameiginlega að draga úr útstreyminu um 50% frá því sem nú er.

Af hálfu stjórnvalda er unnið að ýmsum aðgerðum sem ætlað er að hvetja til orkusparnaðar og notkunar eldsneytis sem losi minna af þessum lofttegundum við brennslu. Til umfjöllunar á hv. Alþingi er áætlun um stóraukna landgræðslu og skógrækt, bæði í þeim tilgangi að styrkja og auka gróðurþekju landsins, sem ekki mun vanþörf á, og þeim að auka koltvíoxíðbindingu í gróðri um 100 þús. tonn fram til ársins 2000. Ekki er ljóst um heildarárangur af þessum aðgerðum, en þess er vart að vænta að hann muni vega upp á móti framangreindri mikilli aukningu útstreymis vegna stóriðju og orkuvinnslu. Af þeim sökum er fullkomin ástæða til að kanna til hlítar alla möguleika sem kunna að vera til að nýta þessar lofttegundir. Ég vil gjarnan leyfa mér að nefna nokkur dæmi um möguleika sem athuga þarf þó að einhverjir þeirra kunni að vera fjarlægir að þessu sinni. En einmitt er líklegt að þeir verði hendi nær eftir því sem þeir eru betur athugaðir.

Fram hefur komið að koltvíoxíð má nýta ásamt vetni t.d. til framleiðslu metanóls sem hefur reynst hentugt eldsneyti fyrir bíla og skip í stað bensíns og olíu. Metanól er enn sem komið er hentugra en vetnið sjálft og brennur með minni losun gróðurhúsalofttegunda en bensín og olíur. Ef verður af magnesíumverksmiðju á Reykjanesi — en þeir sem að þessu standa hafa látið hafa eftir sér í fjölmiðlum og á obinberum vettvangi að eftir því sem athugunum vindur fram verði smám saman líklegra að af því geti orðið. — mun vetnisframleiðsla hérlendis, sem nú er lítil og því ekki hagkvæm, verða nægileg til að ná hagkvæmni. Frá stóriðju og jarðvarmavirkjunum má væntanlega fá mikið af koltvíoxíði sem losnar við slíka orkuvinnslu. Því er ástæða til að rannsökuð verði framleiðsla á metanóli, hvaða nýjungar hafi komið fram í framleiðsluaðferðum, hvort slík hagkvæmni náist að metanól gæti orðið samkeppnisfært við bensín og brennsluolíur, og þá með tilliti til þess að koltvíoxíðútstreymi kann í framtíðinni að verða skattlagt vegna mengunar. Slík gjaldtaka er orðin meira en hugsanleg, ekki síst í samhengi við þær hugmyndir sem borið hefur á allt frá Ríó-ráðstefnunni árið 1992 að eðlilegt sé að starfsemi sem mengar beri kostnað við að berjast gegn henni eða draga úr henni og jafnvel að vinna bug á aukningu hennar.

Ég vil nefna, herra forseti, að fáein fyrirtæki hérlendis hafa beitt sér fyrir athugunum á þessu sviði. Fyrirtækið Ískem, sem m.a. Iðntæknistofnun og Hitaveita Suðurnesja eiga aðild að, hefur kannað ýmsa möguleika á nýtingu ýmissa af þessum lofttegundum til að mynda þeim sem losna við jarðvarmavirkjun. Þar eru möguleikar til athugunar sem sumir hverjir virðast vel færir og vel hagkvæmir og geta komið til greina að verði starfræktir hér á landi og munu þá draga úr útstreymi þessara lofttegunda.

Margt fleira má nefna, herra forseti, en tillaga okkar flm. er einfaldlega sú að allir þessir möguleikar verði athugaðir til hlítar og gerð grein fyrir því hvaða leiðir eru færar til að draga úr þessu útstreymi og nýta það þannig að það valdi sem minnstri mengun.

Ég legg til, herra forseti, að tillögunni verði vísað til hv. iðnn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 491. mál (persónuleg ábyrgð). — Þskj. 826.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. LB o.fl., 492. mál (persónuleg ábyrgð). — Þskj. 827.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11., 12. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 18:13.

---

116. FUNDUR

mánudaginn 5. maí,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingasjóður einyrkja, stjfrv., 237. mál, þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808 og 967. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Tryggingagjald, frv., 541. mál, þskj. 895. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

5. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 356, nál. 952, brtt. 953. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491, nál. 955. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 601, nál. 954. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 487, nál. 975, brtt. 976. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Helgidagafriður, stjfrv., 31. mál, þskj. 829, brtt. 853. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

10. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 479. mál, þskj. 806, nál. 1016. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

11. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

12. Stofnun jafnréttismála fatlaðra, þáltill., 230. mál, þskj. 319. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

13. Tvöföldun Reykjanesbrautar, þáltill., 402. mál, þskj. 698. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

14. Bann við kynferðislegri áreitni, frv., 422. mál, þskj. 726. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

15. Félagsleg aðstoð, frv., 425. mál, þskj. 729. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

16. Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, þáltill., 448. mál, þskj. 760. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

17. Einkahlutafélög, frv., 491. mál, þskj. 826. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

18. Hlutafélög, frv., 492. mál, þskj. 827. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

19. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.

20. Hlutafélög, stjfrv., 504. mál, þskj. 847, nál. 1067. — 2. umr.

21. Einkahlutafélög, stjfrv., 505. mál, þskj. 848, nál. 1068. — 2. umr.

22. Samvinnufélög, stjfrv., 506. mál, þskj. 849, nál. 1069. — 2. umr.

23. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992. — 2. umr.

24. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.

25. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817, nál. 1075. — 2. umr.

26. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338, nál. 1058, brtt. 1059. — 2. umr.

27. Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 480. mál, þskj. 809, nál. 1047. — Síðari umr.

28. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 555. mál, þskj. 913, nál. 1061 og 1062. — Síðari umr.

29. Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., 556. mál, þskj. 914, nál. 1060. — Síðari umr.

30. Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, þáltill., 86. mál, þskj. 88, nál. 1050. — Síðari umr.

31. Kaup skólabáts, þáltill., 310. mál, þskj. 571, nál. 1049. — Síðari umr.

32. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615, nál. 1048. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.

[15:03]

Útbýting þingskjala:

Eignarhald á auðlindum í jörðu, 603. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 1081.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 381. mál, nál. félmn., þskj. 1078.

Landmælingar og kortagerð, 159. mál, nál. minni hluta umhvn., þskj. 1063; nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1076; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1077.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, 554. mál, nál. utanrmn., þskj. 1079.

Öryggisþjónusta, 486. mál, brtt. JóhS og ÖJ, þskj. 1080.

Tilkynning um dagskrá.

[15:05]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill tilkynna að væntanlega um klukkan 4 í dag fer fram umræða utan dagskrár um rekstur Áburðarverksmiðjunnar. Málshefjandi er hv. þm. Svavar Gestsson og hæstv. landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um innheimtu vanskilaskulda.

[15:06]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég bið hér um orðið um störf þingsins vegna skýrslu sem lögð var fram í síðustu viku frá dómsmrh. um gjaldtöku við innheimtu vanskilaskulda, samkvæmt beiðni sem var lögð fram fyrsta dag þingsins í haust af mér og öðrum hv. þingmönnum Alþb. Það er langt síðan mig tók að lengja eftir þessari skýrslu og ég hef verið að halda uppi spurnum um þessi störf og mér hefur verið sagt að málið væri mjög umfangsmikið og tímafrekt, það færi fram mikil heimildasöfnun. Ég gat ekki betur skilið en ráðuneytið væri allt undirlagt í vinnu út af þessari skýrslubeiðni.

Í síðustu viku fæddist reyndar fótur og var lögð fram umrædd skýrsla og þá kemur ýmislegt sérkennilegt í ljós. Það kemur í ljós að ráðuneytið naut fulltingis Lögmannafélags Íslands við gerð skýrslunnar, en þrátt fyrir það tókst ekki að afla neinna þeirra upplýsinga þannig að ráðuneytið gæti svarað lið 1 og 2 í skýrslubeiðninni, þ.e. hvort það væri munur á milli landa á hvaða stigi málsins innheimtustofnanir sendu mál til lögfræðiskrifstofu eða munur á gjaldtöku milli landa. Þá hafði verið leitað eftir uppýsingum frá Sambandi viðskiptabanka en gögn sem þaðan bárust reyndust merkt sem trúnaðarmál og voru því endursend.

Það reyndist ekki unnt að afla upplýsinga um stöðu mála í öðrum löndum þar sem ráðuneytið, að því er stendur í skýrslunni, stendur ekki í sambandi við neina þá aðila í öðrum löndum sem geta veitt slíkar upplýsingar. Það þarf nú einhvern veginn að bæta erlend samskipti í þessu ráðuneyti.

Að lokum kemur það fram að skýrslan mun einskorðast við almenna umfjöllun um það efni sem 3. tölul. skýrslubeiðninnar lýtur að. Ég varð fyrir afskaplega miklum vonbrigðum með þessa skýrslu, hæstv. forseti.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þegar óskað er eftir tilteknum upplýsingum í því formi að óskað er eftir skýrslu, þá takmarkast vitaskuld möguleikar viðkomandi ráðuneyta til þess að svara þeim fyrirspurnum með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Í þessu tilviki var einfaldlega ljóst að ekkert af þeim upplýsingum sem óskað var eftir að kæmu fram í skýrsluni heyrðu undir dómsmrn. eða voru í fórum þess. Þess vegna þurfti ráðuneytið að leita á aðra bæi eftir þeim upplýsingum. Við fengum upplýsingar frá Lögmannafélaginu eins og hv. þm. benti á. Upplýsingar sem við fengum frá Samtökum viðskiptabanka voru merktar sem trúnaðarmál og við töldum okkur ekki hafa neitt við trúnaðargögn að gera frá Sambandi viðskiptabanka og endursendum þau. Við erum ekki í því sambandi við erlenda aðila að geta krafið þá um upplýsingar um hvernig þeim málum er fyrir komið sem var verið að spyrjast fyrir um og þess vegna eru svörin takmörkuð við þær upplýsingar sem fyrir hendi voru og unnt var að afla með eðlilegum hætti.

[15:10]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta er nú orðið nokkuð vandasamt. Hv. þm. og fleiri biðja um skýrslu um lögfræðikostnað á Íslandi og samanburð á honum við það sem gerist í grannlöndum okkar. Þingmaðurinn og fleiri þingmenn spyrja dómsmrh. um þetta mál og biðja hann um skýrslu. Svar hans er það að hann geti ekki aflað upplýsinganna. Með þessu er hæstv. dómsmrh. að segja við hæstv. forseta að forsetinn hefði aldrei átt að samþykkja þessa skýrslubeiðni með þeim hætti sem hér var gert vegna þess að skýrslubeiðnin sé vitleysa. En það er hún ekki, herra forseti, vegna þess að samkvæmt lögum er það þannig að t.d. stofnun eins og Þjóðhagsstofnun mundi afla þessara upplýsinga eða Seðlabankinn ef beðið væri um það með bréfi frá ráðuneyti. Það er alveg augljóst mál. Það er því greinilega niðurstaða í málinu að hæstv. dómsmrh. eða ráðuneytið hafði engan áhuga á að afla þessara upplýsinga. Og þetta er í 10. eða 100. sinn hér í vetur sem það kemur fyrir að hingað koma svör frá ráðherrum við skriflegum fyrirspurnum eða skýrslur samkvæmt skýrslubeiðnum sem fluttar hafa verið fyrir löngu og beðið langt umfram alla fresti sem eru algerlega ófullnægjandi. Núverandi ráðherrar eru að eyðileggja þetta form upplýsingakröfu frá alþingismönnum og ég tel að það sé stóralvarlegt mál ef forseti líður ráðherrunum það lengur að koma svona fram við þingið.

(**Forseti** (ÓE): Forseti vill benda á það vegna þessara orða að það er þingið sem samþykkti skýrslubeiðnina en ekki forseti.)

[15:12]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Skýrslan fjallar hins vegar, hæstv. forseti, um það sem á að heita svar við 3. lið skýrslubeiðninnar, sem sagt þar sem spurt er hvort það hafi orðið hækkun á þessari þjónustu lögmanna umfram almenna verðlagslagsþróun. Og þegar rakin hefur verið mikil sorgarsaga sem endaði með því að Samkeppnisstofnun hafnaði því að það væri hægt að gefa út viðmiðunargjaldskrá lögmanna, þá er hér sagt að það hafi yfirleitt ekki leitt til hækkunar svo að almenna ályktun megi draga af því. Hins vegar sé ljóst að í einangruðum tilvikum kunni lögmenn að gera skuldara að greiða sér óeðlilega háa þóknun.

Ég verð að segja að mér finnst það frekar slæmt mál ef þetta svar Samkeppnisstofnunar um að ekki megi leyfa viðmiðunargjaldskrá opinberra lögmanna á Íslandi hefur leitt það af sér að einstakir óprúttnir lögmenn kunna að hafa veiðileyfi á það fólk sem hefur lent í ógöngum með fjármál sín. Ég verð að segja að ef málið er í þeim farvegi þá held ég að ekki bara dómsmrn. heldur öll ríkisstjórnin þurfi að taka á honum stóra sínum og koma þessu máli í það horf að það verði einhver lög um þetta hér á landi eins og annars staðar. Það stendur reyndar hér að slík sé löggjöf fyrir hendi í Noregi. Það mætti kannski taka mið af henni. Og e.t.v. hefði eftir þessa nákvæmu og viðamiklu rannsókn, sem fór fram áður en þessi skýrsla var gerð, mátt afla þeirrar gjaldskrár, herra forseti.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. um gjaldskrá fyrir þjónustu lögmanna, þá er það svo að dómsmrn. hefur verið þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt og rétt að slíkar heimildir væru í lögum til þess að unnt væri að gæta hagsmuna neytenda. Samkeppnisyfirvöld hafa verið annarrar skoðunar. En í þeirri löggjöf sem er í undirbúningi um málefni lögmanna og í þeirri löggjöf sem um störf þeirra eiga að gilda verður gert ráð fyrir því að þær heimildir verði fyrir hendi að setja viðmiðunargjaldskrá.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Hvalveiðar.

[15:15]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Vakið hafa athygli ákaflega misvísandi yfirlýsingar ráðherra þessarar ríkisstjórnar á umliðnum dögum um hvalamálið og nauðsynlegt er að skýr svör fáist við nokkrum þeim spurningum sem vaknað hafa í því sambandi. Því spyr ég hæstv. forsrh.: Hvenær er að vænta einhverrar ákvörðunar í þessum efnum?

Ég spyr hann enn fremur: Er hæstv. forsrh. sammála yfirlýsingum hæstv utanrrh. sem hann hefur orðað þannig: „Það er ekki spurning hvort heldur hvenær hvalveiðar hefjist“, og eru raunar samhljóða yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. frá því fyrir ári síðan. Er hæstv. forsrh. samþykkur þessum yfirlýsingum?

Í þriðja lagi spyr ég hæstv. forsrh. hvort hann telji að fullkomið aðgerðaleysi af hálfu íslenskra stjórnvalda í þessum efnum muni styrkja okkar málstað á alþjóðlegum vettvangi og í samskiptum við þær umhverfisverndarhreyfingar sem þarna hafa átt hlut að máli. Eða telur hann fremur að skýr afstaða stjórnvalda hér á landi muni gera það?

Hæstv. forsrh. sagði á fundi sl. laugardag að stuðningsmenn hvalveiða á hinu háa Alþingi þyrftu að tala skýrar. Hann spurði m.a. hvar væri að finna markaði fyrir hvalkjöt. Er mat hæstv. forsrh. að það sé verkefni hv. þingmanna að stunda markaðsrannsóknir og sölustarfsemi fyrir einstaka

útflytjendur sjávarnytja eða annarra útflutningsafurða hérlendis? Og í framhaldi af því: Er það þar með álit hæstv. forsrh. að ekkert hafi verið að marka yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. frá sl. hausti þegar hann kvað upp úr með það að markaði fyrir hvalkjöt væri að finna í Japan?

Það eru spurningar á borð við þessar sem hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin öll hlýtur að verða að svara hinu háa Alþingi.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Þetta voru allmargar spurningar um hvalamálið en það er hægt að svara þeim flestum mjög stuttlega.

Í fyrsta lagi. Hvenær er að vænta niðurstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi það nefndarstarf sem unnið hefur verið á hennar vegum með þátttöku stjórnarliðs og stjórnarandstæðinga? Ég geri ráð fyrir að það verði afgreitt á ríkisstjórnarfundi á miðvikudag.

Varðandi það hvort ég sé sammála orðum hæstv. utanrrh. um að spurningin sé ekki hvort heldur hvenær hvalveiðar hefjist, þá er ég sammála því. Það kom fram í ræðu minni. Ég held að ég hafi nákvæmlega orðað það þannig að spursmálið væri ekki um það hvort hvalveiðar hæfust heldur hvernig það mætti bera að og hvenær, þannig að enginn ágreiningur er um það efni, enda sendi ég utanrrh. náttúrlega ræðu mína áður en ég flutti hana þannig að hann hefði getað gert athugasemdir við það atriði hefði hann kosið sem hann gerði ekki.

Ég var jafnframt spurður hvort ég væri ósammála þeim yfirlýsingum sem eignaðar voru hæstv. sjútvrh. um að markaðir væru fyrir hvalaafurðir í Japan. Hæstv. sjútvrh. hefur tekið sérstaklega fram, og það hefur því miður verið rangfært eftir honum, að þegar hann átti viðræður við japanska stjórnmálamenn og embættismenn, þá kom fram í þeim viðræðum að Japanar mundu ekki kaupa íslenskar hvalaafurðir nema þá því aðeins að Íslendingar væru aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eingöngu þá og reyndar voru ekki endilega gefnar yfirlýsingar um að keyptar yrðu vörur, en það væri algjör forsenda þess að hvalaafurðir væru keyptar að Íslendingar væru í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þetta hafa menn látið fram hjá sér fara.

Þegar ég segi að menn tali skýrt, þá hafa menn sagt sem svo: „Norðmenn hafa komist upp með það að veiða hval. Því skyldum við ekki komast upp með það?“ Ég segi að menn verða að tala skýrt vegna þess að Norðmenn hafa bara komist upp með að veiða hval sér til heimabrúks, ekki til útflutnings. Þess vegna er ekki gilt að vitna til reynslu Norðmanna, ef menn ætla sér að fara að flytja út hval í stórum stíl án þess að vita um markaðinn.

Síðan spyr hv. þm., og er það út af fyrir sig útúrsnúningur og ekki mjög merkilegur, hvort þingið og slíkir aðilar eigi að fara að stunda markaðsstarfsemi. Í þessu dæmi er það þannig að ef markaðurinn er ekki fyrir hendi, þá fara menn varla að taka slag sem getur orðið mjög kostnaðarsamur fyrir íslenska ríkið og fyrir ýmsar atvinnugreinar. Ef markaðurinn er ekki fyrir hendi, þá tökum við ekki slíkan slag þannig að þessi spurning var út í hött.

[15:20]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að það skuli þó alltént vera samkomulag í ríkisstjórninni um það að ekki er spurt hvort heldur hvenær. Í annan stað hlýt ég að ganga eftir því, í ljósi síðustu orða hæstv. forsrh., hvort markaðsmálin séu lykilatriðið í þessum efnum í hans huga og hvort sú ákvörðun sem hæstv. ríkisstjórn mun taka á miðvikudaginn muni standa og falla með því hvort hún meti markað tiltækan fyrir þessar afurðir eður ei. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í þessu sambandi, þ.e. hvort hér sé um að ræða þessa þungamiðju málsins ellegar hvort um sé að ræða prinsipp eða grundvallaratriði um það hvort við nýtum yfirleitt okkar afurðir í hafinu. Þetta er nauðsynlegt að fá fram.

Ég vil hins vegar bæta því við, af því að hæstv. forsrh. hefur sagt sem svo að rangt hafi verið að ganga úr hvalveiðiráðinu á sínum tíma hvort þess sé þá að vænta að ríkisstjórnin taki einnig á því álitamáli þegar ákvörðun mun koma fram næsta miðvikudag, tillaga um það jafnvel að ganga inn í það á nýjan leik.

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það verður engin ákvörðun um það hvort menn gangi í Alþjóðahvalveiðiráðið tekin á ríkisstjórnarfundi á miðvikudag. Það verður fjallað um þá skýrslu sem unnin hefur verið af þeirri nefnd sem um það mál fjallaði og út af fyrir sig er vikið að því máli í þeirri skýrslu, en ég ætla ekki að fjalla um það nánar hér.

Það lágu fyrir hins vegar í þeim gögnum sem ríkisstjórnin þáverandi fékk til sín upplýsingar um að menn teldu nánast öruggt að segðu Íslendingar sig úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, þá mundu aðrar þjóðir gera það. Það var fullyrt við ríkisstjórnina, og ég hygg að hv. þm. viti það, að færum við úr Alþjóðahvalveiðiráðinu, þá mundu Norðmenn gera það árið eftir og síðan fleiri og Alþjóðahvalveiðiráðið yrði algjörlega óstarfhæft. Þetta var fullyrt í eyru ríkisstjórnarinnar og af nefndarmönnum sem líka störfuðu að því máli þá.

Þetta hefur ekki reynst rétt þannig að ein meginforsendan fyrir úrsögninni úr Alþjóðahvalveiðiráðinu reyndist röng. Það hljóta menn náttúrlega að vega og meta. Síðan kemur það upp úr kafinu, eins og hæstv. sjútvrh. hefur upplýst, að það er engin leið til þess að selja þessar afurðir nema við séum í Alþjóðahvalveiðiráðinu. Eini kaupandinn neitar að kaupa. Það hlýtur að vera innlegg í málið hvort við ætlum að fara í þá styrjöld sem við þurfum að fara ef ljóst er að menn geta fengið markað fyrir vörurnar eða ekki. Það hlýtur að vera innlegg í málið býst ég við. Og auðvitað þurfa menn að skoða það mál mjög rækilega.

[15:23]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég er hjartanlega sammála hæstv. forseta hvað varðar Alþjóðahvalveiðiráðið. Ég tók sjálfur þátt í þeirri ákvörðun á sínum tíma að ganga úr því. En ég minni á að fyrir þinginu liggur þáltill. frá hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur um að endurmeta þá ákvörðun og ég fellst á þau meginrök hæstv. forsrh. að það kemur fyllilega til álita við núverandi aðstæður.

En hann sagði jafnframt að ákvörðun ríkisstjórnarinnar á miðvikudag mundi ekki taka á þessu álitamáli. Hún mundi taka mið af þeim veruleika sem er í hans huga að ekki sé markaður fyrir þessar afurðir. Mér þykir því einsýnt að þessi ákvörðun muni ekki verða um nokkurn skapaðan hlut, þó ég ætli ekki að inna hann eftir því hver hún komi til með að vera. En ég heyri á orðum hans hér að hann gefur sér að markaðsmálin séu lykilatriði. Ég er honum ósammála um það. Mér finnst meginatriðið vera hvar beri að setja þennan þröskuld hvað varðar nytjar á íslenskum sjávarafurðum. Á hann að vera fyrir aftan hvalina? Bræðslan er í hættu.

Hvenær kemur að þorskinum? Hvar er skurðarpunkturinn? Hvar ætlum við að taka slaginn þegar að þessu kemur? Það er lykilatriði málsins.

[15:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Það er hygg ég nokkuð góð samstaða um það hér á þinginu að þessa auðlind eigi að nýta eins og aðrar auðlindir, af varfærni og yfirvegun, en nýta hana. Og það er í þágu þess að halda jafnvægi í hafinu að nýta þessa auðlind. Menn eru sammála um það. Menn vilja jafnframt ganga gætilega um þannig að þeir skaði sig ekki þó menn vilji ganga hetjulega fram.

Hvalveiðar.

[15:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er nú að verða nokkuð árviss liður á Alþingi að þegar kemur fram í maímánuð og stutt er til þingloka, þá hefjast umræður um hvalveiðimál af hálfu hv. stjórnarliða hér í þinginu sem hafa haft um það frumkvæði sérstaklega, en nú af hálfu hæstvirtra ráðherra ríkisstjórnarinnar sem vegast á opinberlega um þetta vandasama og í raun stóra mál fyrir okkur Íslendinga.

Ég hef litið svo á að það væri hæstv. sjútvrh. sem hefði stjórnarfarslegt, stjórnskipulegt forræði í þessu máli og ég beini hér fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um það: Hvað hefur hann lagt til um þetta efni? Ætlar hann að leggja til nú að hvalveiðar verði hafnar? Er hann með tilbúna áætlun um það og þá í hvaða mæli?

Fyrir þremur árum var skilað til hæstv. sjútvrh. samróma nefndaráliti frá fulltrúum þingflokka á Alþingi um þetta mál þar sem opnað var fyrir og mælt með að athugað yrði að hefja veiðar á hrefnu, þ.e. á smáhveli, miðað við neyslu hér innan lands jafnhliða því sem athugað yrði um að afla markaða. Þetta var tillagan. Og ég spurði hæstv. sjútvrh. hér fyrir ári: Hvað líður? Hvað þarf hæstv. ráðherra að fá í hendur til þess að taka ákvörðun í þessu máli? Þá var sagt að það væri ástæða til að kanna þingviljann sérstaklega umfram þetta sem þarna lá fyrir fyrir þrem árum.

Það er, virðulegur forseti, mjög hörmulegt að horfa upp á málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Og hvað segir hæstv. sjútvrh. um það efni? Eigum við að leita inngöngu í Alþjóðahvalveiðiráðið? Er að hans tillaga að við gerum það nú?

[15:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt að rifja það upp í þessu sambandi í framhaldi af þeirri skýrslu sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, að það gerðist að við stóðum í talsverðum átökum við aðrar þjóðir varðandi fiskveiðihagsmuni, í deilum við Norðmenn, mjög flóknum samningum um fiskveiðiréttindi á Reykjaneshrygg og inni á NAFO-svæðinu ásamt því að við vorum að berjast fyrir því að ná fram okkar rétti á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ég lýsti því yfir hér í þinginu og á öðrum vettvangi að við teldum og ég teldi eðlilegt að láta hvalveiðimálið víkja um sinn og bíða meðan við værum að sjá fyrir endann á þessum umfangsmiklu verkefnum. Ástæðan var einfaldlega sú að ég taldi að við mættum ekki vera með of mörg járn í eldinum í einu til þess að vinna að réttarstöðu okkar í þessu efni á erlendum vettvangi þannig að það var ástæðan fyrir því og fyrir henni hefur verið gerð grein hér á hinu háa Alþingi.

Síðan var settur á fót fyrir nokkrum missirum nýr starfshópur til að leggja á ráðin um það hvernig eðlilegast væri að taka málið upp að nýju. Niðurstaða hans hefur legið fyrir núna um nokkurra vikna skeið, hefur verið lögð fyrir ríkisstjórn og verið þar til umfjöllunar. Og eins og hér kom fram í máli hæstv. forsrh. er ráðgert að ríkisstjórnin ljúki umfjöllun um þá skýrslu núna á miðvikudaginn kemur og því hefur margsinnis verið lýst yfir af minni hálfu og annarra, alveg frá þeim degi er við gengum úr hvalveiðiráðinu að það kæmi til álita að ganga þangað inn aftur ef það mætti verða til þess að styrkja stöðu okkar í þessu efni.

[15:29]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Varðandi það sem hér kom fram hjá hæstv. sjútvrh., þá erum við nú ekki mikils vísari um afstöðu hæstv. ráðherra í málinu. Það á greinilega að steinþegja um það gagnvart Alþingi hvað standi til að taka ákvörðun um, ef nokkra, í hæstv. ríkisstjórn um þetta mál. Og hvað um þessi markaðsmál? Það eru stjórnarliðar, hv. þm. Guðjón Guðmundsson og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem fullyrða að hæstv. ráðherra hafi komið bara með bréf upp á það frá Japan sl. haust að þeir væru reiðubúnir að kaupa hvalaafurðir. Ég held að það væri rétt að hæstv. ráðherra svari sjálfur úr þessum ræðustól hvað liggur að baki því sem þessir hv. þingmenn eru að segja á Alþingi.

Ég tek eindregið undir það að menn eigi að fara varfærnislega fram í þessu máli. En menn gátu tekið ákvarðanir um það fyrir tveimur árum, jafnvel fyrir þremur árum að hefja hér veiðar á hrefnu í mjög smáum mæli fyrir innanlandsmarkað til að undirstrika rétt okkar og menn eiga ekki að vera að kenna umhverfissamtökum um það að við ekki höldum á þeim rétti.

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur áður komið fram á hinu háa Alþingi af minni hálfu að í samtölum sem ég átti við japönsk stjórnvöld kom fram að það væri ekkert sem útilokaði það í japanskri löggjöf að þeir keyptu af okkur hvalaafurðir en það væri bundið því skilyrði að við værum aðilar að Alþjóðahvalveiðiráðinu. Þessar upplýsingar hafa komið fram af minni hálfu opinberlega og m.a. á hinu háa Alþingi áður og er sjálfsagt að staðfesta það.

Ég vil svo upplýsa það, sem reyndar hefur komið fram í þinginu áður, að skýrsla starfshópsins sem hefur verið að vinna að þessu máli að undanförnu og er núna til meðferðar hjá ríkisstjórninni hefur verið kynnt fyrir utanrmn. þingsins, fyrir formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og niðurstöður ríkisstjórnarinnar verða að sjálfsögðu kynntar og eftir atvikum ræddar þegar þar að kemur. (**HG:** Á næsta ári?)

[15:32]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ástæða til að undirstrika að það er ekki vel á máli haldið af hæstv. ríkisstjórn. Menn máttu auðvitað vita að það væri farið að knýja á um þetta mál þegar nálgaðist þinglausnir og það er mjög dapurlegt að hæstv. ráðherrar skuli tala hver með sínu nefi í þessu máli. Og þó að ég sé ekki að segja að djúpstæður ágreiningur hafi komið þar fram, þá eru það samt ólík viðhorf sem þar eru túlkuð. Ég nefni þar til leiks einnig hæstv. utanrrh. sem

ætlar nú að fara að stjórna lífríki hafsins og telur það vera aðalmálið í þessu hvalveiðimáli sem er annað viðhorf. Ég vil hvetja hæstv. ríkisstjórn til þess að hraða því að marka stefnu í þessu máli til þess síðan að fylgja henni fram því að þetta er grundvallarmál sem við erum að fjalla hér um, ekki kannski fyrst og fremst efnahagslegt heldur réttarlegt, hvað snertir alþjóðarétt. Þess vegna er málið mikilvægt og það er jafnframt vandasamt.

[15:33]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka að ég tel að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma að láta þessi mál bíða á meðan við vorum að ljúka öðrum mjög umfangsmiklum og knýjandi samningum um fiskveiðihagsmuni okkar utan íslenskrar lögsögu.

Í annan stað er það á misskilningi byggt hjá hv. þm. að einhver ágreiningur sé innan ríkisstjórnarinnar um þessi efni. En hitt má öllum vera ljóst, eins og hv. þm. benti réttilega á, að málið er um margt flókið og viðkvæmt og þess vegna er fullkomlega eðlilegt að ríkisstjórnin taki nokkurn tíma til þess að fjalla um það álit sem fyrir liggur áður en hún tekur endanlega ákvörðun á þeim grundvelli.

Veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum.

[15:34]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í nótt barst til landsins fyrsti síldarfarmurinn á þessari vertíð úr norsk-íslenska síldarstofninum. Skipstjórinn segir að síldin dugi til manneldis ef hugsað væri um það og gagnrýnir harðlega skipulag veiðanna og segir skipulagið bjóða upp á slæma umgengni um auðlindina og það samkvæmt stjórnvaldsákvörðunum. Og þannig verður framhaldið, herra forseti, kappið verður mikið, síldinni verður ausið upp og viðbótarkostnaður og sóun verður í samræmi við það.

Fréttir herma og útgerðin telur að verið sé að afla veiðireynslu sem byggt verði á við úthlutun kvóta á skip þegar á næsta ári. Þetta má reyndar draga í efa miðað við úthafsveiðilögin sem tala um þrjú bestu tímabil af sex veiðitímabilum, en fjölmiðlar tala fullum fetum um að nú sé komin tveggja ára veiðireynsla úr norsk-íslenska síldarstofninum og að eftir vertíðina geti ráðherra úthlutað kvóta á skip því að þá sé komin þriggja ára veiðireynsla.

Herra forseti. Þetta skipulag kemur ýmsum á óvart, ekki síst af því að við afgreiðslu frv. um úthafsveiðilögin fyrr á þessu þingi lagði meiri hluti sjútvn., fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl., það til og lýsti þeim skilningi sínum að veiðireynsla úr þessum stofni, þ.e. úr norsk-íslenska síldarstofninum myndaði ekki, ég endurtek, ekki, grunn að fastri aflahlutdeild. Þess vegna spyr ég: Var ráðherrann búinn að gleyma þessum skilningi sinna manna í sjútvn. eða gerir hann ekkert með það sem fulltrúar stjórnarflokkanna í sjútvn. hafa um málið að segja?

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég vil minna á að engin ákvörðun hefur verið tekin um að úthluta fastri aflahlutdeild í síldveiðunum. Það var ekki tekin um það ákvörðun um að gera það fyrir upphaf þessarar vertíðar og það hefur engin ákvörðun verið tekin um það hvernig að því verður staðið fyrir næstu vertíð. Það er rétt sem hv. þm. minnti hér á að meiri hluti sjútvn. taldi ekki vera forsendur fyrir því, við svo búið, að úthluta aflaheimildum varanlega. Og þá var bara einn kostur mögulegur á grundvelli þeirra laga sem við styðjumst við, þ.e. að veiðin fari fram eins og hún gerir núna. Það er ekki góð leið við stjórnun fiskveiða og má öllum vera ljóst að það leiðir ekki til mestrar hagkvæmni og bestrar nýtingar auðlindarinnar að standa að fiskveiðum með þeim hætti. En annar kostur var ekki í stöðunni miðað við gildandi lög, með hliðsjón af því sem hv. þm. minnti hér á, að meiri hluti hv. sjútvn. taldi ekki vera forsendur fyrir því að úthluta varanlegri aflahlutdeild og þá var ekki um annan kost að ræða þannig að það er vissulega svo að ráðuneytið hafði mjög fast í huga það sem fram kom af hálfu meiri hluta nefndarinnar við afgreiðslu málsins fyrr á þessu þingi.

[15:38]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Meiri hluti sjútvn. tók það greinilega fram að veiðireynsla úr þessum stofni myndaði ekki grunn að fastri aflahlutdeild. Því hefur hæstv. ráðherra hins vegar leyft útgerðinni í landinu að trúa. Vegna þess að ef hún ekki tryði því og ef menn ekki reiknuðu með því, heldur hann þá að sú gegndarlausa sóun viðgengist sem nú er að fara í gang vegna þess að menn eru og telja sig vera að keppa um veiðireynslu? Nei, hreint ekki. Og það er þá kominn tími til að ráðherrann geri rækilega grein fyrir því að málið er öðruvísi vaxið heldur en hann hafði talið okkur trú um.

Þess vegna vil ég spyrja ráðherrann aftur: Mun hann þá í kjölfar þessa boða til blaðamannafundar og koma því rækilega á framfæri við útgerðina að hún sé ekki að afla sér veiðireynslu, þvert á móti sé henni frekar gert að reyna að gera meira úr síldinni en til stendur ef svo fer fram sem horfir?

[15:39]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur alltaf legið fyrir frá því að ákvörðun var tekin um það hvernig yrði staðið að síldveiðunum, að það væri ákvörðun sem gilti fyrir þessa vertíð og ekkert lægi fyrir um það hvernig staðið yrði að ákvörðun á næsta ári. Ég get ekki fullyrt um það hér og nú og ég get heldur ekki stýrt því hvaða ímyndanir eru í hugum þeirra útgerðarmanna sem hér eiga hlut að máli. En það hefur legið alveg kristaltært fyrir frá því að þessi ákvörun var tekin að hún gilti fyrir þessa vertíð en ekki þá næstu og enn sem komið er liggur ekkert fyrir um það hvernig þá verður staðið að málum. Ég get ekki gefið um það neina yfirlýsingu, hvorki af eða á, vegna þess að um það á eftir að taka ákvörðun.

[15:40]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég tók líka eftir því að hæstv. ráðherrann sagði að honum hefði verið þessi einn kostur. Nú er það svo að fyrir þinginu hefur legið tillaga frá Sighvati Björgvinssyni og öðrum jafnaðarmönnum um að leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem hefur nokkra sérstöðu, væru boðin upp. Kom þá aldrei til álita af hálfu ráðherrans að hvetja til afgreiðslu þeirrar tillögu og bjóða leyfi til veiðanna upp í ljósi sérstöðu þessa stofns? Sú aðferð hefði þó komið í veg fyrir þá miklu sóun verðmæta sem nú er talað um því ég hef heyrt það sagt að þjóðarbúið gæti orðið af a.m.k. hálfum milljarði kr. vegna þess hvernig staðið er að veiðunum í ár. Og því miður virðist ljóst að ráðherrann hefur engan hug á því að reyna að breyta þar um.

[15:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Nei, það kom ekki til álita að óska eftir afgreiðslu á þeirri tillögu og ég tel að það sé ekki heppileg leið við stjórn fiskveiða. Hins vegar eru auðvitað til aðrar leiðir við stjórnun á þessum stofni án þess að til þess þurfi að koma að úthluta aflaheimildunum varanlega. Menn verða einfaldlega að setjast yfir þá möguleika og kanna þau mál og freista þess að sjá hversu langt menn komast í því að ná um það samtöðu í tæka tíð fyrir næstu vertíð.

Staða sjávarþorpa í óbreyttu kvótakerfi.

[15:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég ber fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. um stöðu sjávarþorpa í óbreyttu kvótakerfi. Ég vísa þar til atvinnuástandsins sem verið hefur undanfarna mánuði í einu slíku sjávarplássi, Þingeyri vestur á fjörðum og alþjóð er kunnugt um og mikil umfjöllun hefur verið um síðustu daga í kjölfar bréfs sem embættismenn þar á staðnum sendu hæstv. forsrh. og lýsir hvernig ástandið er orðið eftir slíkt atvinnuástand í marga mánuði.

Það væri fróðlegt að fá frá hæstv. forsrh. upplýsingar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til þess að bæta atvinnuástandið á þeim stað.

En ég kveð mér aðallega hljóðs til að ræða málið í heild sinni í ljósi þess að þessi litlu sjávarpláss hringinn í kringum landið halda ekki velli í núverandi kvótakerfi eins og kunnugt er og allar upplýsingar sem menn hafa dregið saman um það efni varpa skýru ljósi á að í þessum þorpum hafa hvað helst verið erfiðleikar á þeim tímum sem núverandi kvótakerfi hefur verið í gildi.

Annars vegar eru erfiðleikarnir vegna þess að kvótakerfið leiðir það af sér að stofnkostnaður er mun hærri en áður við að koma sér upp skipi og veiðileyfi og hins vegar að kerfið sviptir þessi sjávarpláss þeim forgangi sem þau hafa ævinlega haft af nærliggjandi miðum. Í ljósi þessara annmarka kerfisins og afleiðingar þeirra í þessum fámennu sjávarplássum hringinn í kringum landið, spyr ég hæstv. forsrh. sem fer með þessi mál sem byggðamálaráðherra: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að breyta og bæta stöðu sjávarþorpa í landinu frá því sem nú er við óbreytt kvótakerfi?

[15:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ekki veit ég hvort þessi dagskrárliður sé vel til þess fallinn að ræða þetta mál í heild sinni eins og hv. þm. sagði. Ég býst við því að þetta mál sé nú þannig vaxið að við þyrftum meiri tíma til að ræða það í heild sinni en þennan stutta fyrirspurnatíma um óundirbúnar fyrirspurnir.

Það er líka stundum kostur hvað við erum fljót að gleyma. Skyldi það nú ekki hafa verið þannig hér örfáum árum fyrir daga kvótakerfisins að byggðirnir úti um landið hafi verið að lenda í endalausum erfiðleikum vegna stöðu sjávarútvegsmála og menn væru að grípa til margvíslegra ráðstafna, Byggðastofnun, ríkisvaldið, þingið og aðrir aðilar, til þess að bregðast við í þeim efnum? Erum við virkilega búin að gleyma öllum þeim dæmum? Ég hygg ekki. Það er þannig að dæmin upp á síðkastið hafa verið færri.

Það er hins vegar rétt að í útvarpsviðtali á dögunum, þegar rætt var um þetta sérstaka mál á Þingeyri, þá nefndi ég að út af fyrir sig væri hætta á að slíkar aðstæður sem þar hefðu skapast gætu skapast víða, en það er ekki hægt að saka kvótakerfið eitt og sér um það efni og ekkert annað kerfi sem ekki hefur þá enn þá meiri annmarka af öðrum ástæðum væri líklegra til þess að vera byggðalega vænlegra heldur en þetta kerfi í sjálfu sér. Það var auðvitað ekki þetta ágæta bréf frá þessum embættismönnum sem vakti menn til lífsins því að málið hafði verið til meðferðar af hálfu ríkisvaldsins en ekki síst af hálfu Byggðastofnunar og ég vænti þess að það skref sem vonandi verður stigið í þessari viku gefi þessu byggðarlagi ákveðna möguleika, án þess að það sé hollt að vera að gefa of miklar væntingar eða vonir.

Við vitum að allmörg sveitarfélög um landið eiga í vissum erfiðleikum núna. Ég ætla ekki að fara að tilgreina þau hér á þessum stutta tíma. Þar þarf auðvitað að taka á hverju einstöku máli, en meginatriðið er þó að skapa almenn jákvæð skilyrði fyrir rekstur eins og þennan. Það er það fyrirkomulag og sá jarðvegur sem þessum fyrirtækjum er hollust.

[15:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það má vel vera að heppilegra hefði verið að taka málið upp við rýmri skilyrði varðandi ræðutíma. Ég minni á að það væri hugsanlega hægt í umræðum um byggðamál. Þannig stendur nú sú umræða að hún hófst fyrir áramót líklega í nóvember og var þá frestað og hefur ekki verið sett á dagskrá síðan þannig að ekki ber það vott um að hæstv. forsrh. leggi mikið á sig til þess að mönnum gefist kostur á að ræða þessi mál undir þeim dagskrárlið sem væri eðlilegastur.

Ég vek athygli á því að það sem kom fram í svari hæstv. ráðherra er að það þarf aðgerðir hins opinbera við aðstæður eins og þær sem við er að glíma á Þingeyri. Og þær aðgerðir sem þarf eru fyrst og fremst að breyta ákvæðum laga á þann veg að menn geti bjargað sér sjalfir, að ekki sé frá þeim tekinn sá möguleiki að menn geti bjargað sér sjálfir. Og það er illt til þess að vita að formaður Sjálfstfl. skuli engar væntingar gefa mönnum um að þeir hafi stöðu til þess.

Kennsla í forritun og tölvugreinum.

[15:49]

Þorvaldur T. Jónsson:

Herra forseti. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir átaki í kennslu í forritun og tölvugreinum við Háskóla Íslands, Tölvuháskóla Verslunarskóla Íslands eða á einhvern annan hátt. Þessu máli er hreyft hér vegna þess að þessi missirin er mikill vöxtur í forritun og hugbúnaðargerð og reglulega berast fregnir af íslenskum hugbúnaðarfyrirtækjum sem vekja athygli á erlendri grundu fyrir frambærilegar vörur.

Nú er svo komið að mikill skortur er á forriturum, reyndar um allan hinn vestræna heim, og í umræðunni hefur heyrst að bara á Íslandi vanti 1.000–2.000 tölvufræðinga af ýmsu tagi á vinnumarkaðinn.

Nýlega bárust fréttir af því að fyrirtækið Einar J. Skúlason hygðist flytja hluta hugbúnaðarkerfa sinna til Skotlands í von um að fá þar fólk til starfa. Vegna þessarar eftirspurnar eftir tölvumenntuðu fólki er orðið erfitt að fá kennara í þessum greinum til háskólans m.a. vegna þess að launin þar standast ekki samkeppnina við hinn almenna markað. Því er eðlilegt, herra forseti, að álykta sem svo að aukin fjárveiting til

menntunar í tölvugreinum væri verulega arðbær fjárfesting fyrir þjóðfélagið. Því er þeirri spurningu velt hér upp til hæstv. ráðherra hvort hann geti hugsað sér að gera átak í þeim efnum og þá jafnframt hvort eftir slíku hafi verið leitað, t.d. af tölvudeild Háskóla Íslands.

[15:49]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég held m.a. að sá aukni áhugi sem kemur fram á þeim sérfræðingum sem hv. þm. vék að megi rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingatæknimálum og að öllum sé ljóst að ríkisstjórnin hefur mjög markvisst unnið að því að efla þessa grein iðnaðar og fræðslumála sem lýtur að tölvunotkun og tölvufræðslu og nýtingu upplýsingatækninnar.

Að því er varðar Háskóla Íslands sérstaklega, þá hef ég þá stefnu að beita mér ekki fyrir því að ein deild fái fjárveitingar umfram aðra. Það er málefni háskólans sjálfs að taka ákvarðanir um það og gera upp á milli deilda eða forgangsraða innan sinna vébanda.

Að því er varðar tölvuháskóla á vegum Verslunarskólans, þá standa yfir viðræður núna á milli menntmrn. og Verslunarskólans um fjárveitingar til þess skóla. Ég bind vonir við það að Alþingi afgreiði frv. til laga um háskóla sem mun auðvelda okkur að takast á við það verkefni. Það mun einnig að mínu mati auðvelda Háskóla Íslands að takast á við það verkefni sem hann þarf að vinna varðandi tölvunarfræði og einstakar námsgreinar því hann getur þá tekið skipulegri ákvarðanir en núverandi löggjöf leyfir.

En ég mun ekki beita mér eða hafa afskipti af innri málefnum háskólans og forgangsraða málum þar. Það er á hans verksviði. Að vísu bárust mér erindi varðandi tölvunarfræði þar fyrir nokkrum missirum og ég svaraði þeim jákvætt fyrir mitt leyti en ég veit ekki til þess að háskólinn hafi síðan aðhafst frekar í því máli.

[15:51]

Þorvaldur T. Jónsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir góð svör. Eins og kom fram í máli hans er ýmislegt að gerast í þessum málum. En ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan að það hefur verið mikil umræða um það í þjóðfélaginu undanfarið að nú þyrftu stjórnvöld að standa við stóru orðin í sambandi við það að efla þann hluta atvinnulífs sem lýtur að hátækni og menntun og er gott að það komi fram, ef svo er.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á nauðsyn þess að huga vel að þessum málum og fylgjast vel með og tel að ef rétt er á málum haldið, þá geti bæði forritun og tölvustarfsemi hvers konar orðið einn helsti burðarás íslensks atvinnulífs.

[15:52]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. ræðumanni um það hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að þessum málum. Annars vegar hefur verið mótuð stefna á vegum menntmrn., t.d. um nýtingu þessarar tækni bæði á sviði menntunar og menningar og einnig hefur ríkisstjórnin mótað heildarstefnu um upplýsingasamfélagið og komið þeim málum þannig fyrir nú að þau eru í höndum forsrn. Og ég vænti þess að innan tíðar verði á vegum þess ráðuneytis staðið þannig að framkvæmd mála að menn sjái að ríkisstjórninni er full alvara með því að gera átak á þessu sviði.

Einangrunarstöðin í Hrísey.

[15:53]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Hér hafa í fyrirspurnatíma komið frá a.m.k. tveimur hv. þm. fyrirspurnir um hvali sem eru eins og kunnugt er stærstu skepnur á jörðinni. Mín fyrirspurn snýst um miklu smærri skepnur, þ.e. gæludýr.

Hér á Íslandi gilda strangar reglur um innflutning á dýrum og er það skiljanlegt, enda hefur okkur borið gæfa til að halda frá landinu ýmsum skelfilegum smitsjúkdómum sem plaga ýmis nágrannaríki okkar. Innflutningur á dýrum, og ég geri hér gæludýr sérstaklega að umtalsefni, er heimilaður að uppfylltum ströngum skilyrðum um einangrun dýranna í tiltekinn tíma. Þessi einangrun fer aðeins fram á einum stað á landinu, þ.e. í Hrísey. Hins vegar bregður svo við að flest dýrin sem flutt eru inn, þ.e. gæludýr, eru flutt inn með flugi um Keflavíkurflugvöll. Þaðan þarf svo að flytja, þau gjarnan flugleiðis, norður í land og koma þeim sjóleiðis út til Hríseyjar með ærnum tilkostnaði. Bent hefur verið á að á þeirri leið geti dýrin beint eða óbeint komist í snertingu við fólk eða hluti og í raun sé töluverð smithætta vegna þessa flókna fyrirkomulags auk þess sem gjaldtaka í sjálfri stöðinni ku vera veruleg.

Þá er og rétt að benda á að frá dýraverndunarsjónarmiði er þetta langa og erfiða ferðalag ekki talið eðlilegt. Ekki síst skal svo bent á að í mörgum tilvikum er um að ræða innflutning gæludýra fjölskyldna sem eru að flytjast til landsins þar sem einkum börnin eru bundin gæludýrunum sterkum tilfinningaböndum. Meðan á einangruninni stendur eiga fæstir þess kost að líta til með þessum fjölskylduvinum sínum. Flestir innflytjendur eru af suðvesturhorninu og því má segja að í hæsta máta sé óeðlilegt að einangrunin sé staðsett svo langt frá markaðs- eða þjónustusvæðinu. Því spyr ég hæstv. landbrh. hvort hann muni beita sér fyrir því og hvort hann telji ekki orðið tímabært að heimila sóttvarnastöð annars staðar en í Hrísey?

[15:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda og eins og hv. þingmenn allir sjálfsagt vita er einangrunarstöð fyrir gæludýr aðeins í Hrísey. Það má segja að því fylgi kannski bæði kostir og gallar. Það er kostur að hafa einangrun gæludýra á stað þar sem lítil smithætta er — reyndar vita menn að þar er líka einangrunarstöð fyrir annað búfjárhald — því að við erum að reyna að verjast henni. Við höfum ströng skilyrði hvað þetta varðar og ég leyfi mér að halda því fram að það beri að hafa ströng skilyrði í þessum efnum. En það er hins vegar líka rétt að þessu fylgir kostnaður sem er sjálfsagt meiri en sá ef einangrunarstöðin væri í námunda við Keflavíkurflugvöll eða nær mesta þéttbýlinu. En það býr reyndar fólk víðar heldur en á höfuðborgarsvæðinu sem á sín gæludýr.

Hlutverk landbrn. eða landbúnaðaryfirvalda er fyrst og fremst að sjá til þess að skilyrðum sé fullnægt hvað þessa einangrun varðar. En möguleikarnir á svona stöð geta auðvitað verið á fleiri stöðum þó að það muni þá sjálfsagt torvelda rekstrarskilyrðin eitthvað. Og af því að hv. þm. nefndi að gjaldtaka væri veruleg, þá er gjaldtakan bundin kostnaði. Þetta er ekki skattheimta heldur er þetta þjónusta þar sem greitt er fyrir þá þjónustu sem innt er af hendi. Ég veit að sótt hefur verið um að fá að reka einangrunarstöðvar á fleiri stöðum og ef öllum skilyrðum sem ber að fullnægja og hægt

er að uppfylla samkvæmt áliti yfirdýralæknis og landbrn., þá er út af fyrir sig ekkert sem útilokar það að stöðvarnar séu fleiri og reknar víðar en í Hrísey þannig að það er kannski fyrst og fremst skilyrði um hvernig að málinu sé staðið sem okkur ber að fullnægja og auðvitað tryggja að aðstaða þessi sé fyrir hendi.

[15:57]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og sérstaklega fagna því að hann skuli taka undir það að til greina komi að flytja einangrunarstöðina frá Hrísey eða a.m.k. að heimila hana annars staðar. Auðvitað snýst þetta um vilja. Spurningin er hvort mönnum finnist ekki tímabært að breyta því fyrirkomulagi sem ríkt hefur um áratuga skeið og er að mörgu leyti orðið úrelt. Það hlýtur að vera tímaskekkja að halda einangruninni svo fjarri aðalþjónustusvæðinu sem vissulega er hér á suðvesturhorninu þannig að það er spurning hvort ekki þurfi jafnvel að vera fleiri en ein einangrunarstöð.

Rökin fyrir þessu, eins og ég hef áður nefnt, eru kostnaðarleg, þau eru sjónarmið dýraverndunar og þau eru tilfinningaleg, einkum hvað börn snertir og ég fagna því að *ráðherra skuli taka undir að það skuli koma til greina* að rjúfa þessa einangrun eða einokun skulum við segja. Mér er kunnugt um að ýmsir aðilar hafa hug á að koma upp stöð nálægt Keflavíkurflugvelli, enda koma flest gæludýr þar til landsins.

[15:59]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Aðeins örstutt. Það var út af þeim ummælum hv. þm. að ég hefði sagt að út af fyrir sig væri *mögulegt* að flytja *stöðina frá Hrísey*. Ég vil undirstrika að það kom ekki fram í mínu máli heldur að auðvitað væri hægt að hafa þessar stöðvar víðar en í Hrísey. En hún getur auðvitað verið í Hrísey líka. Ég óttast hins vegar að ekki sé mikill markaður fyrir margar stöðvar af þessu tagi þannig að ef þær verða ein eða fleiri hér á þessu svæði, eða eins og ég nefndi að sótt hefur verið um víða, sótt hefur verið um rekstur einangrunarstöðvar austur í sveitum og ef þær verða víðar á landinu, þ.e. fleiri stöðvar, þá verður þetta a.m.k. ekki ódýrara, heldur hygg ég að kostnaðurinn vaxi við það að reka svona starfsemi á mörgum stöðum. En aðalatriðið er að svona þjónusta sé fyrir hendi og öllum þeim skilyrðum sem ber að hafa í heiðri sé fullnægt til þess að einangrunin sé trygg.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um Byggðastofnun.

[16:00]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fyrsta sem forseti ákveður í sinni fundarstjórn er að leggja dagskrá fyrir þingið hverju sinni. Á dagskrá í vetur var að ræða skýrslu Byggðastofnunar og ég veit að það var ekki fullrætt og teldi nú ekki óeðlilegt að þingheimur yrði upplýstur um hvenær klárað yrði að ræða þá skýrslu eða hvenær hún kæmi aftur á dagskrá. Nú líður að *þinglokum og væri gott að vita það með einhverjum fyrirvara* hvort það er ætlun forseta að koma henni á dagskrá fljótlega.

[16:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti mun taka það til athugunar hvort eða hvenær umræða um skýrslu um Byggðastofnun getur farið fram.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 704, nál. 942, 985, 986 og 988, brtt. 943 og 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Till. í nál. 985 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 26:12 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SvanJ.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

8 þm. (BH, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SAÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. *gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:*

[16:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við kvennalistakonur erum í sjálfu sér sammála því að þörf sé á að stofna Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins en hér er hins vegar þannig að málum staðið að erfitt er að samþykkja þá aðferð sem hér er viðhöfð. Sjónarhornið er allt of þröngt. Hér koma of fáar atvinnugreinar að málinu. Stjórn slíks sjóðs ætti að vera óháð ákveðnum atvinnugreinum. Þar þarf að koma inn þekking og víðsýni til þess að sjóðurinn megi koma að sem mestu gagni.

Þá er ég líka andvíg því að eyrnamerkja heilan milljarð kr. til nýsköpunar á landsbyggðinni. Ég tel það vera úrelta aðferð og að gæði umsókna og almannahagur og þær góðu hugmyndir sem koma fram ættu að vera þarna ríkjandi. Ég tel að það eigi að skoða þetta mál miklu betur og greiði því atkvæði með þeirri tillögu að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

[16:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi tillaga er samhljóða tillögu frá okkur í þingflokki jafnaðarmanna, þ.e. að það beri að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar. Þingflokkur jafnaðarmanna styður skynsamlegar aðgerðir til nýsköpunar í atvinnulífinu og hefði fagnað vel útbúnu frv. um nýsköpun og stutt ríkisstjórnina ef sú hefði verið raunin. Svo var ekki. Þetta frv. uppfyllir ekki þau markmið sem það hefði átt að gera í því efni.

Það hefði þurft að skoða þetta mál betur. Fleiri aðilar hefðu átt að koma að undirbúningi og breiðari hópur, bæði við vinnslu og við stjórnun þessa sjóðs. Þingflokkur jafnaðarmanna hefði verið reiðubúinn að taka þátt í að semja nýtt frv. ásamt ríkisstjórnarflokkunum og finna þessu máli betri umgjörð. Þess vegna styðjum við þessa tillögu um að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og því fundinn betri farvegur en hér er gert.

Till. í nál. 988 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kom ekki til atkv.

Brtt. 987,1 felld með 27:20 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:06]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Því miður náði tillaga þingflokks jafnaðarmanna og annarra um að vinna málið betur ekki fram að ganga. Þetta mál er núna á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við styðjum þessa brtt. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og aðrar tillögur frá honum. Þær eru til bóta. Við munum hins vegar ekki greiða atkvæði við einstakar greinar þessa frv. eða brtt. meiri hlutans, þó með einni mikilvægri undantekningu.

Við styðjum 2. og 3. gr. frv. þar sem hlutverk Nýsköpunarsjóðs er skilgreint og starfssvið nokkuð afmarkað. Við styðjum uppbyggingu og vöxt íslensks atvinnulífs og viljum styðja þann ramma sem kemur fram í 2. og 3. gr. frv. Efling nýsköpunar og einkum á landsbyggðinni er brýnt verkefni að okkar mati, en það hefði þurft að búa öllu dæminu betri ramma en hér er gert. Við viljum að meginafstaða okkar gagnvart hugmyndafræðinni komi fram í atkvæðagreiðslu við þessar tvær greinar sem ég nefndi. Við munum styðja þær brtt. sem meiri hlutinn flytur við 2. gr. Að öðru leyti munum við ekki greiða atkvæði við einstakar tillögur í þessu frv. og sitja hjá við lokaafgreiðslu þessa máls.

[16:07]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég hef enga trú á opinberum sjóðum til að efla atvinnulífið og tel að heldur ætti að stuðla að bættu umhverfi fyrirtækja. Reynsla okkar Íslendinga af slíkum sjóðum er ekki góð og síst af öllu í nýsköpun og frumkvæði. Því mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðsluna nema við atkvæðagreiðslu um brtt. við 7. gr. b-lið frá meiri hluta efh.- og viðskn. sem ég tel vera athyglisverða.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 943,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JónK, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:09]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eingöngu láta það koma skýrt fram að ég styð þá meginhugmynd sem að baki þessu frv. liggur um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins. En á hinn bóginn verður ekki við það unað að útfærsla málsins öll er slík að ekki verður við búið þannig að ég get ekki stutt málið í heild. Ég vil láta það koma skýrt fram að eins og sjóðurinn er skilgreindur í 2. og 3. gr., þ.e. meginhugmyndin, þá er það fullkomlega aðgengilegt fyrir mig.

Það eru mér því mikil vonbrigði að menn skuli hafa misst þetta tækifæri úr höndum sér sem hér um ræðir og útfært málið illa, m.a. með hliðsjón af stjórnarfyrirkomulagi, með ýmsum öðrum þáttum er varða áhættulánsfjármagn og fleiri þáttum sem í frv. eru og það eru vonbrigði. En vonandi hefur Alþingi tækifæri til þó síðar verði að lagfæra mestu og helstu meinbugi þessa máls. En ég styð þá meginhugmynd sem að baki liggur.

3. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.

2 þm. (JBH, PHB) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 987,2 felld með 29:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SighB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Þessi brtt. er að stofni til ákvæði úr frv. sem þingflokkur Alþb. og óháðra hefur flutt og er í meðförum þingsins og varðar áhættu- og nýsköpunarlánasjóð. Hér er gert ráð fyrir öðruvísi stjórnunarfyrirkomulagi á sjóðnum en í stjfrv. En það sem 4. gr. frv. að óbreyttu felur í sér, því miður, er satt best að segja meingallað fyrirkomulag og

hálfgerð forneskja. Þar er á ferðinni gamaldags atvinnuvegahólfun hvað varðar tilnefningnar til stjórnar sjóðsins og ekki gætt eðlilegra faglegra sjónarmiða eða tryggt sjálfstæði sjóðstjórnarinnar hvað varðar hagsmuni einstakra atvinnugreina, enda er eitt megingagnrýnisatriði okkar á þetta frv. þessi gallaða skipan stjórnarinnar samkvæmt 4. gr.

Brtt. felur í sér að í stað 4. gr. frv. komi ný grein þar sem tilnefnt er til stjórnarinnar eins og við teljum eðlilegt.

4. gr. samþ. með 28:7 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

nei: BH, HG, KHG, MF, SJóh, SvG, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SJS, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum og áratugum hafa verið settir upp fjölmargir sjóðir til að styðja við þróun í atvinnulífinu af margvíslegu tagi og gallinn á þeim sjóðum hefur ekki verið grunnhugsunin á bak við þá heldur sá að þeir hafa verið settir í hendurnar á stjórnum sem hafa ekki haft aðstöðu til þess að gæta heildarsjónarmiða, faglegra heildarsjónarmiða. Hér er gerð tillaga um að framlengja þetta gamla og úrelta kerfi eins og fram kom í atkvæðaskýringu hér áðan.

Ég er þeirrar skoðunar að með þessu séu menn að gera tillögu um að staðfesta klíkuveldi stjórnarflokkanna yfir milljarðasjóðum og þar með er hætta á að sjóðurinn verði eyðilagður fyrst og fremst af þeim ástæðum hvernig stjórninni yrði raðað saman samkvæmt þessari grein. Af þeim ástæðum herra forseti, greiði ég atkvæði gegn tillögunni eins og hún liggur fyrir.

5.–6. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 943,2.a samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

16 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 943,2.b samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

12 þm. (ÁE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

9. gr., fyrri mgr., samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

nei: MF*.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SighB, SAÞ, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

9. gr., síðari mgr., samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÞJ.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í 2. og 3. gr. þessa frv. er tilgangi sjóðsins, hlutverki hans og heimildum til lána og ábyrgða ágætlega gerð skil. Hins vegar er því miður í þessari málsgrein mjög svo þrengt að möguleikum sjóðsins til að uppfylla hlutverk sitt eins og það hefur áður verið skilgreint og svo mjög að varla er hægt að tala um að hann geti gegnt því hlutverki sem honum er ætlað og því sit ég hjá við afgreiðslu á þessari málsgrein.

10. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 943,3 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

12.–13. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

14.–20. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

Brtt. 943,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, PHB, RG, SighB, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, SvanJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JBH, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.
2 þm. (KÁ, KH*) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Tryggingasjóður einyrkja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808 og 967.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:29]
Brtt. 808,1 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.
18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SAÞ) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:24]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Í umræðunum um þetta mál og í nefndaráliti minni hluta kom fram mikil gagnrýni á málsmeðferð þess í undirbúningi af ráðuneytisins hálfu. Þar kom einnig fram að af hálfu Alþb. og óháðra hefur það lengi verið baráttumál að tryggja rétt einyrkja til atvinnuleysistrygginga, ekki síst með tilliti til þess að á undanförnum árum hefur launafólki í ríkum mæli verið stillt upp við vegg með það að gerast verktakar eða missa vinnuna ella.

Hitt hefur líka komið fram í umræðunum að vegna þess hve frv. er hroðvirknislega unnið er það á engan hátt fyrir séð að frv. þýði úrbætur fyrir sjálfstætt starfandi og felur það í sér verulega hættu á því að einstökum hópum innan sjóðsins verði mismunað. Því getur þingflokkur Alþb. og óháðra ekki tekið ábyrgð á samþykkt þessa máls þrátt fyrir

jákvæð markmið og mun sitja hjá við allflestar greinar þess.

[16:25]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. *Í sjálfu sér er gott mál að taka á réttindum* einyrkja, en hér er því miður þannig að málum staðið að alls er óvíst að verið sé að tryggja rétt einyrkja nema e.t.v. stærstu hópanna sem munu eiga aðild að málinu. Sjóðurinn á að starfa í deildum þannig að hver deild á að standa undir sér. Hér er ekki um samábyrgð að ræða eins og t.d. í Atvinnuleysistryggingasjóði. Verði einhver deildin fjárvana verða bætur skertar eða gjöld hækkuð þannig að þeir sem greiða gjöld í deildina geta þurft að gjalda þess ef mikið atvinnuleysi er í hópnum.

Þá gengur þetta frv. út frá forgangi ákveðinna þriggja hópa að stjórn og úthlutunarnefnd og reyndar verður erfitt að sjá hver stórar þessar stjórnir verða. Það fer eftir því hve deildirnar verða margar. Að mínum dómi á að verða valkvætt hvort fólk greiðir tryggingagjald inn í slíkan sjóð eins og gengur og gerist á Norðurlöndunum.

Það er lýsandi fyrir það hve málið var illa unnið að hér liggur fyrir brtt. við nánast hverja einustu grein. Þetta mál getum við kvennalistakonur ekki stutt.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég tel að málsmeðferðin á þessu frv. hafi verið eðlileg. Breytingartillögurnar taka mið af brtt. sem samþykktar voru við Atvinnuleysistryggingasjóð og þess má geta að *ef deildirnar hafa ekki nóg fjármagn til ráðstöfunar,* þá er líka opin leið að greiða til samtryggingar úr ríkissjóði. Ég tel að hér sé um verulega úrbót að ræða í málefnum sjálfstætt starfandi einstaklinga og fagna þessu frv.

[16:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. ber vott um hroðvirknisleg vinnubrögð og var harðlega gagnrýnt af stjórnarandstöðu við 2. umr. málsins. Það eru ekki eingöngu brtt. við hverja grein. Frv. er 30 greinar og brtt. eru í 63 liðum. Við leggjumst ekki gegn því að réttur sjálfstætt starfandi einstaklinga til atvinnuleysisbóta verði tryggður, en sú leið sem farin er í þessu frv. er vond. Það er farsælla að tryggja rétt allra í einum sjóði þar sem samræmdar reglur gilda og samábyrgð er höfð að leiðarljósi.

Spyrja má hvort sú leið sem hér er farin og kallað getur á ólíkar greiðslur inn í sjóðinn og ólíkar bætur úr sjóðnum sé brot á jafnræðisreglu gagnvart þegnunum. Þessi lagasetning er fullkomlega á ábyrgð stjórnarmeirihlutans. Við viljum enga ábyrgð á henni bera og sitjum hjá.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í atkvæðaskýringu hjá hv. 12. þm. Reykv. höfum við alþýðubandalagsmenn lengi barist fyrir því að tryggður verði réttur smábátaeigenda, vörubílstjóra og bænda til atvinnuleysistrygginga. Hæstv. núv. félmrh. taldi þegar hann var í stjórnarandstöðu að það væri hægt að gera á grundvelli almannatryggingalaganna með einfaldri reglugerðarbreytingu. Ég hygg að sú leið hefði verið farsælli en sú sem hér er reynt að fara vegna þess að ég tel að með þessu frv., eins og það lítur út núna, sé því miður ekki verið að tryggja rétt þessa fólks eins og þó er ætlunin. En til þess að undirstrika það að við teljum skymsamlegt að leggja af stað með málið þrátt fyrir allt, þá styðjum við þessa grein. En ég óttast að það sé það mikið fúsk í málinu og svo illa á því haldið að það eigi eftir að koma í bakið á þeim sem síst skyldi.

[16:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Í 1. gr. frv. verið að fjalla um stofnun sjóðsins og tilgang sjóðsins. Ég hef skilið það svo, eins og ég nefndi hér áðan, að þessi sjóður eigi að starfa í deildum og að hver deild eigi að bera ábyrgð á sér. Hér kom fram áðan í atkvæðaskýringu hæstv. félmrh. að ef einhver deildin yrði fjárvana, þá kæmi ríkissjóður þar til skjalanna. Þetta eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mér. Það stendur í 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ef sýnt þykir að Tryggingasjóður einyrkja geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur og/eða um hækkun á tekjum sjóðsins."

Þar er það ekki ríkissjóður sem hleypur undir bagga, heldur verða gjöld lögð á greiðendur. Það sem fram kom í máli hæstv. félmrh. kallar á algjörlega nýjar skýringar á þessu máli.

Brtt. 808,2 samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SAÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:32]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég held að það væri skynsamlegt að stoppa þessa atkvæðagreiðslu því að ég sé ekki betur en hér sé allt annað mál uppi til atkvæða en menn almennt halda og hæstv. ráðherra hefur upplýst að á bak við hverja deild standi ríkissjóður með orðunum „hækkun á tekjum sjóðsins" í 2. gr. Það hefur enginn skilið þetta svo fyrr að mér heyrist á talsmönnum stjórnarandstöðunnar í nefndinni þannig að það er bersýnilega nauðsynlegt að glöggva sig betur á málinu vegna þess að þetta er augljóslega annað mál en lagt var upp með og hæstv. ráðherra er að reyna að milda málið með algerlega nýjum útleggingum á málinu.

[16:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi gjörbreytta staða hlýtur að kalla á viðbrögð og þessar upplýsingar komu alls ekki fram við 2. umr., jafnhörð og hún var. Við hljótum að kalla eftir því að málið komi til félmn. aftur á milli 2. og 3. umr. til að hægt sé að fjalla um það af hverju það hefur ekki komið fram fyrr en við atkvæðagreiðsluna að bregðast á öðruvísi við en áður hefur verið upp gefið ef ein deild þessa nýja sjóðs verður fjárvana.

[16:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það er sjálfsagt að athuga hvort málið getur komið til umfjöllunar í nefndinni milli umræðna.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:34]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það geta ekki talist eðlileg vinnubrögð að halda áfram atkvæðagreiðslu hér. Við erum að greiða atkvæði um mál eftir atkvæðagreiðsluskjali og umræðu sem hefur átt sér stað inni í nefnd, ekki á einum fundi heldur mörgum, þar sem gengið er út frá allt öðrum forsendum en hæstv. ráðherra upplýsti hér áðan þannig að mér fyndust nú eðlileg vinnubrögð að stöðva þessa atkvæðagreiðslu, ræða málið, fara með það inn í nefnd aftur og að þingflokkarnir fengju að fjalla um málið að nýju ef þetta eru staðreyndir máls. Mér finnst fullkomlega óeðlilegt að halda áfram að greiða atkvæði um mál þegar komin er upp ný staða, algjörlega ný staða, öllum ókunnug nema kannski stjórnarliðum.

(**Forseti** (ÓE): Forseti bendir á að umræðunni er lokið og atkvæðagreiðslan stendur yfir.) (**ÖS:** Þetta er allt annað mál.)

[16:35]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég gerði í upphafi umræðunnar grein fyrir helstu gagnrýni sem fram hefur komið á þetta frv. af minni hálfu og aðrir í stjórnarandstöðunni hafa gert hið sama. Nú vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram, þ.e. að sú gagnrýni byggist á því hvernig frv. er lagt fram. En hér liggur fyrir ný yfirlýsing af hálfu hæstv. félmrh. um það að ríkissjóður standi að baki þeim deildum sem ekki geta staðið undir sér sjálfar og þess vegna vil ég taka undir það með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og fleirum sem hér hafa talað í þá veru að málinu verði vísað aftur til nefndar áður en greidd eru um það atkvæði hér vegna þess að það virðist vera fullkomlega óljóst um hvað er verið að greiða atkvæði.

[16:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Hér er komin fram ósk frá þremur þingflokkum um að málinu verði frestað og ég hvet nú forseta til þess að verða við þeirri ósk þannig að menn geti glöggvað sig betur á málinu. Ég held að það sé málinu fyrir bestu og þinginu líka.

[16:36]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að fresta þessari atkvæðagreiðslu því hv. félmn. getur athugað málið milli 2. og 3 umr. ef henni svo sýnist. En í tillögunni stendur: „... hækkun á tekjum sjóðsins.“ Og hækkun á tekjum sjóðsins getur að sjálfsögðu verið bæði fengin með hækkuðu gjaldi og eins framlagi úr ríkissjóði. (**BH:** Það er í andstöðu við frv.)

[16:36]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Ég sé ekki betur en að við getum klárað þessa atkvæðagreiðslu hér af því að það kemur mjög skýrt fram í frv., með leyfi forseta:

„Ef sýnt þykir að Tryggingasjóður einyrkja geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skal stjórn sjóðsins gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur og/eða um hækkun á tekjum sjóðsins.“

Það er ekkert verið að loka fyrir að auknar tekjur geti komið til sjóðsins, hugsanlega frá hæstv. ríkisstjórn, þannig að ég skil ekki þetta uppnám sem er hér.

[16:37]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vekur enn athygli á því að umræðum um þetta mál er lokið og auðvitað höldum við áfram atkvæðagreiðslunni. Það verður engu breytt þó hætt yrði við atkvæðagreiðslu núna. En málið er hægt að taka fyrir í nefndinni milli umræðna, til þess er fullur réttur og það verður væntanlega gert. En að sjálfsögðu höldum við áfram atkvæðagreiðslunni.

Brtt. 808,3 (ný 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, ÓE, PP, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

19 þm. (ÁE, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EOK, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, KF, LB, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SAÞ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar nú til að atkvæðagreiðsla er ferill ákveðinna ákvarðana sem hér eru teknar og auðvitað er hægt að fresta atkvæðagreiðslu í miðri atkvæðagreiðslu þó að umræðu sé lokið. Ég vil því hvetja forseta mjög eindregið til þess að verða við þeim sanngjörnu óskum sem hér hafa komið fram. Ég held að það yrði til þess að greiða fyrir meðferð málsins.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram frá ýmsum hv. þm. að það liggja fyrir algerlega nýjar forsendur í málinu frá hæstv. félmrh. og frá hv. varaformanni félmn., algerlega nýjar forsendur, þar sem hv. varaformaður félmn. upplýsti að ríkisstjórnin væri e.t.v. með fjármuni til þess að setja í þetta mál þó að það sé auðvitað Alþingi sem hafi fjárveitingavaldið. Þessar nýju upplýsingar kalla auðvitað á að það verði gert hlé á málinu og ég skora á ráðherrana og ég skora á forsetann að brjóta odd af oflæti sínu og taka þennan frest núna þannig að menn geti talað um þetta mál. Það mun flýta fyrir meðferð málsins.

[16:39]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti lítur ekki á það sem neitt oflæti að reikna með að atkvæðagreiðsla geti haldið hér áfram og ítrekar að umræðunni er lokið og það breytist ekkert við það að nefndin athugi málið fyrir atkvæðagreiðslu. Umræðunni er lokið. Breytingartillögur eru komnar fram og þess vegna hljótum við að halda áfram atkvæðagreiðslunni og forseti óskar eindregið eftir samstarfi um það. Málið verði síðan athugað á milli umræðna og ef menn vilja breyta um afstöðu frá 2. umr. til hinnar 3., þá gera menn það.

[16:40]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem hér hafa komið fram ganga þvert á þær upplýsingar sem komu fram í nefndinni og það er alveg óviðunandi að ráðherra slengi inn svona upplýsingum í miðri atkvæðagreiðslu. En ég heyri að forseti ætlar að halda atkvæðagreiðslu til streitu og a.m.k. er þessi 3. gr. til afgreiðslu nú. Ég vil benda á að mjög óljóst er hvernig fara á með atvinnuleysisbætur til bænda. Um það er fjallað í 3. gr. m.a. Það verður erfitt að skilgreina atvinnuleysi þeirra t.d. þegar hjón reka býlið en býlið ber ekki lengur launalega nema einn aðila. Hvernig á að uppfylla skilyrðin um að viðkomandi sé tilbúinn að taka vinnu annars staðar ef engin atvinnutilboð eru í boði, svo sem inn til dala?

Það hefur orðið mikill samdráttar á mörgum búum. Í stað þess að ríkisstjórnin taki á vandanum er boðið upp á atvinnuleysisbætur til bænda og þar með er búið að niðurlægja þá bændur endanlega sem (Forseti hringir.) baslað hafa við erfiðar aðstæður við mörg bú.

Virðulegi forseti. Ég hlýt líka að vekja athygli á 4. lið þar sem fullkomið ráðherravald er sett á deildina sem aðrar starfsgreinar sjálfstætt starfandi eintaklinga verða settir í.

[16:41]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í umræðu

(**Forseti** (ÓE): Það er ekki umræða.)

undir þessum dagskrárlið, en vegna þess sem hér er fram komið þá er ég alveg hissa á þeim beiðnum sem komnar eru fram um að fresta atkvæðagreiðslu vegna þess að samkvæmt þingsköpum á eftir að 2. umr. er lokið að fara fram atkvæðagreiðsla. Hún fer nú fram. Við skulum segja sem svo að hér séu að koma fram upplýsingar sem koma þingheimi mjög á óvart, þá er í lófa lagið að taka málið til nefndar á milli umræðna. En nefndarfundur getur ekki farið fram fyrr en þessari atkvæðagreiðslu er lokið þannig að ég styð það að henni ljúki.

[16:42]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti hefur þegar tjáð sig en ítrekar nú enn og aftur að umræðunni er lokið og menn átti sig á því þegar þeir eru að gera grein fyrir atkvæði sínu. Forseti heitir því að taka ekki þetta mál á dagskrá fyrr en nefndin hefur fjallað um málið að nýju og vonar að sú yfirlýsing dugi til þess að menn haldi áfram atkvæðagreiðslunni.

[16:43]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég verð að ítreka það sem hér hefur áður komið fram undir þessum dagskrárlið, um atkvæðagreiðslu, að hér eru þingmenn settir í mjög mikinn vanda. Það er bersýnilegt að menn eru að taka afstöðu til málsins á allt öðrum forsendum en lagt var upp með.

Hver er munurinn? Munurinn liggur í því að hæstv. félmrh. og hv. varaformaður félmn. hafa sagt að ríkissjóður sé á bak við atvinnuleysisbótaréttindi hinna einstöku sjóða en þá þurfi ekki að gera upp á grundvelli tekna og gjalda á annan hátt. Hér er um að ræða gjörbreytingu frá því sem ella hefði verið og ég held að ég geti sagt það í fullri hreinskilni, herra forseti, að ég er nokkuð sannfærður um að þó nokkur fjöldi þeirra þingmanna sem nú situr hjá í málinu mundi vilja skoða málið í ljósi þessara nýju upplýsinga því að þetta er allt, allt annað mál sem hér er verið að tala um. Málið liggur auðvitað þannig að fjöldinn allur af þingmönnum hér hefur á undanförnum árum aftur og aftur krafist þess að tryggður yrði atvinnuleysisbótaréttur vörubílstjóra, bænda og trillusjómanna. Þess vegna er það auðvitað ekki með glöðu geði sem menn skila auðu í atkvæðagreiðslum af þessu tagi og vilja því skoða málið áfram. Ég harma það ef hæstv. forseti ætlar ekki að verða við þessum sanngjörnu óskum þingmanna um að stöðva atkvæðagreiðsluna og fara betur yfir málið hér og nú.

Mér finnst, herra forseti, að það sé gert lítið úr þingmönnum með því að halda atkvæðagreiðslunni áfram. Það er ætlast til þess að þeir greiði atkvæði um mál á allt öðrum forsendum en efnislega liggja fyrir, á allt öðrum forsendum. Þess vegna skírskota ég til almennrar sanngirni hæstv. forseta til þess að kanna það hvort ekki sé hægt að stöðva nú atkvæðagreiðsluna þannig að menn geti náð áttum, að ég tali nú ekki um náð vopnum sínum eins og einn af forverum hans mundi hafa orðað það.

[16:45]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég hélt að öllum hv. alþm. væri það ljóst að Alþingi hefur fjárveitingavaldið og ef það liggur fyrir að þessi sjóður getur ekki sinnt verkefnum sínum, þá getur Alþingi hvenær sem er við fjárlagagerð bætt úr og aukið þannig tekjur sjóðsins. Svo einfalt er þetta og ég hélt að þetta hefði legið fyrir allan tímann. Það getur orðið eitthvert uppihald. Þarna getur hugsanlega orðið að koma til aukafjárveiting. En Alþingi getur að sjálfsögðu, eins og með aðra hluti sem við ákveðum fé til, lagfært það ef þetta stenst ekki.

Að öðru leyti er rétt að taka það fram að þessi lög skulu endurskoðuð innan tveggja ára þannig að ef mönnum sýnist að reynslan af þessu hafi ekki verið nógu góð, þá er líka tækifæri þar til að bæta úr.

Í þriðja lagi vil ég minna á að hér erum við í 2. umr. málsins. Það er ekkert sem hefur breyst í málinu. Þetta hefur alla tíð legið fyrir.

[16:46]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég mótmæli þeim orðum hæstv. félmrh. að þessi túlkun hafi legið fyrir. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar í félmn. frá því þing kom saman eftir áramót og það er nokkuð um liðið frá því að við afgreiddum málið frá okkur. Það hefur legið hér og beðið. Í allri þeirri umfjöllun höfum við alltaf gengið út frá því sem stendur í frv. og kemur fram í nefndaráliti að hver deild eigi að standa undir sér og eins og þar stendur, að sé ekki nægilegt fé, þá er það fyrst talið upp eins og segir í brtt. við 24. gr., að gera skuli, með leyfi forseta:

„... tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar."

Það hefur aldrei komið fram í okkar vinnu að til stæði að það kæmu framlög úr ríkissjóði, enda ef svo er, hæstv. forseti, þá ítreka ég enn og aftur þá skoðun mína að þessi málefni eigi einfaldlega heima í Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem samábyrgð gildir og ekki þarf sérstakar regur um einstaka hópa. Hér getum við staðið frammi fyrir því að veittar verði sérstakar fjárhæðir til hópa eins og bænda eða arkitekta eða einhverra hópa einyrkja. Það er auðvitað langeðlilegast að þessi málefni fari öll í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð.

[16:48]

Siv Friðleifsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Mér finnst fráleitt ef við förum að stöðva atkvæðagreiðslu vegna þessa máls. Þessi grein sem við erum að ræða hljómar eins núna og þegar frv. var lagt fram. Það er engin breyting þar á og það er afar leitt ef stjórnarandstaðan hefur annan skilning á þessu heldur en hér er verið að lýsa.

Minn skilningur hefur alltaf verið sá að ef slíkt ástand kæmi upp, hálfgert neyðarástand í einhverri stétt, þá væri hægt að grípa þar inn í og það er þá annaðhvort Alþingi eða ríkisstjórn sem gæti gert það. Þannig hefur minn skilningur verið á þessu máli og ég er mjög hissa að annar skilningur sé hér uppi. En mér finnst sjálfsagt að við tökum þetta í nefndina og ræðum það frekar ef það gæti hugsanlega orðið til þess að fleiri mundu styðja málið. Það er sjálfsagt mál.

[16:49]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það verða alltaf fleiri atburðir til þess að gera þetta mál að einu klúðri frá upphafi til enda. Hæstv. félmrh. minnir okkur á það hér í sínum orðum áðan að Alþingi hafi fjárveitingavaldið og það er ágætt að minna okkur á það annað slagið. Vandamálið er hins vegar að það sem hér er til umræðu og gerir það að verkum að málið tekur algjöran viðsnúning að mínu mati, þ.e. hvort deildirnar séu sjálfbærar eða ekki, snýs t vissulega um vilja, um pólitískan vilja stjórnarflokkanna. Hvað vilja þeir gera í málinu? Við erum búin að hafa þetta mál til umfjöllunar í hv. félmn., reyndar undir miklum þrýstingi, og þar hefur það alltaf verið skilningur allra og það hefur margsinnis verið rætt í félmn. að það sé meiningin að hver einasta deild skuli vera sjálfbær, hún skuli vera fjárhagslega sjálfbær. Það hefur ekki legið fyrir nokkur einasti vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar eða ráðherra að einhver opinber trygging komi þar á bak við ef einstakar deildir lenda í vandræðum. Þetta hefur verið grundvallaratriði í allri gagnrýni stjórnarandstöðunnar á þetta mál. Nú liggur fyrir yfirlýsing af hálfu ráðherra hérna við atkvæðagreiðslu málsins þannig að ég vil ítreka það sem hér hefur komið fram að við hreinlega vitum ekki lengur, herra forseti, um hvað við erum að greiða atkvæði vegna þess að málið hefur tekið gerbreytingum. Í frv. er víða lagt vald í hendur hæstv. ráðherra og þetta er algjörlega ný túlkun af hálfu ráðuneytisins. Þess vegna tek ég undir með þeim sem hér hafa lagt það til að atkvæðagreiðslu skuli frestað þannig að það sé a.m.k. hægt að gera sér grein fyrir því um hvað hv. þingmenn eru að greiða atkvæði.

[16:51]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég er ekki þess heiðurs aðnjótandi að eiga sæti í hinni háu félmn. en það er bersýnilega afskaplega spennandi nefnd. Mér er þess vegna málið ekki ítarlega kunnugt. En ég verð að segja, herra forseti, að ég hef einfaldlega ekki greind til þess að skilja um hvað ég á að greiða atkvæði hér.

Ég hef í þessari atkvæðagreiðslu setið hjá við flest ákvæði þessa frv. en svo heyri ég hæstv. félmrh. koma hér upp og lýsa skoðun sem ég er sammála. Túlkun hans á því hvernig eigi að bregðast við ef fjárþurrð verður í einstökum deildum sjóðsins er þess eðlis að ég sé að ég hef verið að greiða atkvæði á alls kostar röngum grundvelli. Ef ég hefði vitað um þessa túlkun ríkisstjórnarinnar á frv. við upphaf atkvæðagreiðslunnar, þá hefði ég að öllum líkindum stutt það. Ég verð því, herra forseti, að fara fram á það eins og aðrir að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og það liggi alveg ljóst fyrir hver skilningurinn er á þessu frv.

Hér kom upp hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, formaður nefndarinnar, og það er alveg ljóst að það er stjarnfræðileg firð á milli skilnings hennar og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur á þessu máli. Það er líka ljóst að lögfræðingur í nefndinni, hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir sem hefur sérfræðiþekkingu á málinu, hefur líka allt annan skilning, eftir að hafa verið viðstödd umræðu, en hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hæstv. félmrh.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar að bæði hv. þm. Siv Friðleifsdóttir og hæstv. félmrh. eigi að halda sem flestar ræður hérna vegna þess að mér finnst skilningur stjórnarinnar á frv. batna með hverri ræðu stjórnarinnar og ég hugsa að um það er lýkur, ef þau halda fleiri ræður, þá verði frv. samþykkt hér með lófataki.

Herra forseti. Grunnurinn er þessi: Ég veit ekki um hvað ég er að greiða atkvæði. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki í fyrsta skipti.) Ég á sem þingmaður hérna þann rétt að rannsókn málsins í fagnefndinni sé þannig að við vitum út á hvað frv. gengur. En það hefur komið í ljós að jafnvel hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson skilur það ekki og ef hann skilur það ekki, þá skilur það enginn og allra síst hæstv. félmrh.

[16:54]

Margrét Frímannsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það má vera að einstaka stjórnarliði sé hissa á því að við skulum fara fram á að þessari atkvæðagreiðslu verði nú frestað. Það er hins vegar svo að maður byggir afstöðu sína á efnisatriðum máls. Ég sat um tíma í þessari ágætu nefnd á meðan þetta frv. var þar til umfjöllunar. Og það er alveg ljóst og án nokkurs vafa — og mér finnst það reyndar mjög slæmt að hv. þm. Pétur Blöndal skuli ekki vera hér til að staðfesta það — því að mig minnir að ýmsir fjármálaspekingar hafi reiknað það út hversu lengi þessir sjóðir ættu að duga miðað við það og gengið út frá þeirri staðreynd, þeim upplýsingum sem komu frá hæstv. ráðherra og ráðuneyti og frá meiri hlutanum öllum, að sjóðirnir ættu að vera sjálfbærir, hver deild ætti að vera sjálfbær. Og þá var það reiknað út að þetta voru svona um það bil þriggja daga laun sem t.d. bændastéttin, held ég að það hafi verið, ætti inni eftir árið ef allir greiddu lögbundin framlög í þennan sjóð. Það hefur aldrei á neinum tímapunkti verið reiknað með því að ríkissjóður kæmi þarna inn til að bæta stöðu þessarar deildar þannig að þegar við tökum hér afstöðu og greiðum

atkvæði, þá gerum við það þannig í stjórnarandstöðunni að við byggjum afstöðu okkar á efnisatriðum máls. Málið hefur breyst.

Við eigum þess vegna fullan rétt á því að fá að ræða það aftur, allar tillögurnar, og greiða atkvæði hér aftur og inn í nefndina vegna þess að hæstv. ráðherra valdi sjálfur tímapunktinn. Hann valdi að koma með þessar upplýsingar inn í atkvæðagreiðsluna. Það var ekki stjórnarandstaðan.

[16:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Þetta er alveg yfirmáta neyðarlegt. Það er búið að koma hér fram við atkvæðaskýringar að það er mjög margt óljóst í þessu frv. og þrátt fyrir að breytingartillögur væru gerðar í 63 liðum við 30 greina frv., þá er ekki einu sinni ljóst hvert menn ætla að halda. Og nú ætla ég að leyfa mér, virðulegi forseti, að lesa um greinina úr athugasemdum við einstakar greinar frv. Það hljóðar svo:

„Ef sýnt þykir að Tryggingasjóður einyrkja geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum, svo sem vegna þess að útgjöld sjóðsins hafa aukist verulega, skal stjórn sjóðsins ... gera tillögu til ráðherra um hertar úthlutunarreglur og/eða um hækkun á tekjum sjóðsins."

Það er engin slík grein inni um Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að í þeim sjóði liggur það fyrir að ef atvinnuleysi verður mikið og ekki hafa verið settir nægir fjármunir á fjárlög, þá þarf að setja meira fjármagn inn. Ákvæðin eru sett inn í þennan sjóð af því að deildirnar áttu að vera sjálfbærar og þetta spurðum við fulltrúa ráðuneytisins um á fyrstu stigum málsins í nefnd og fengum um það skýr svör.

Núna, við atkvæðagreiðsluna, kemur það fram að ríkissjóður komi hugsanlega með fjármagn inn. Það breytir svo sem ekki miklu fyrir allar hinar greinarnar sem eru í uppnámi eða óljósar eða óskýrar, en þetta er lykilatriði varðandi mjög stóran þátt. Við tókum þessa umræðu hér fyrir fáeinum dögum, 2. umr. virðulegi forseti. Hvað sagði ráðherrann þá? Jú, hann sagði: „Ef stjórnarandstaðan er svona óánægð með málið þá getur hún bara breytt lögunum eftir tvö ár." Ég fagnaði þessari athugasemd því að hún gaf til kynna að ráðherrann reiknaði með að við kæmumst til valda eftir tvö ár og um það er ég honum sammála. En hann orðaði það ekki þá. Hann orðaði það ekki í þeirri umræðu að það kæmi fé úr ríkissjóði þarna inn.

Virðulegi forseti. Þessi atkvæðagreiðsla er okkur til slíks vansa að ég held að við ættum að stoppa hér.

[16:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Mér líst ekkert á að lengja þessa umræðu mikið og mér finnst þetta vera óþörf umræða. Hvar er því neitað að Alþingi geti lagfært stöðu einstakra deilda ef því býður svo við að horfa og vandræði verða í einstökum deildum og hækka tekjur sjóðsins? Það er beinlínis tekið fram að hægt sé að hækka tekjur sjóðsins. Og það er hægt að gera með ýmsu móti. Það er hægt að hækka gjöld til sjóðsins og það er hægt að veita fé úr ríkissjóði. Það gerist að sjálfsögðu ekki sjálfkrafa eins og í Atvinnuleysistryggingasjóði, enda er það tekið fram þar. Það þarf ákvörðun Alþingis til.

Dettur nokkrum manni í hug að Alþingi mundi hafna tillögu um að laga þessa stöðu ef svo illa færi að deildirnar yrðu ekki sjálfbærar eins og ætlast er til? Það er ætlast til að deildirnar séu sjálfbærar. Þetta er ekki ávísun á ríkissjóð. En Alþingi getur að sjálfsögðu lagfært stöðuna með sérstakri ákvörðun ef á þarf að halda. (**SvG:** Alþingi er löggjafarvald.)

[17:00]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög alvarlegur hlutur ef menn eru að greiða atkvæði um þetta frv. á röngum forsendum. Um þetta frv. hafa farið fram miklar umræður í okkar þingflokki, þingflokki Alþb. og óháðra. Mönnum finnst stórmál að tryggja atvinnuleysisbætur til einyrkja, þar á meðal bænda, vörubílstjóra og reyndar annarra hópa einnig og ástæða þess að menn sitja hjá er að menn óttast að ekki sé nægilega vel að þessum málum staðið. Síðan eru að koma fram nýjar upplýsingar nú og þegar hæstv. félmrh. spyr þingheim hvort menn efist um að ríkissjóður muni hlaupa undir bagga með þessum sjóði, þá ætla ég að svara þeirri spurningu: Já. Ég efast um það. Meðan þessi ríkisstjórn situr, þá efast ég um það nema að frá því sé tryggilega gengið í lögum. Þess vegna vil ég taka undir þær kröfur sem hér hafa komið fram sem mér finnst borðliggjandi og augljósar, að það beri að stöðva þessa atkvæðagreiðslu þannig að menn geti fengið botn í þetta mál.

[17:01]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti biður þingflokksformenn að koma til fundar við sig nú strax í myndaherbergi og frestar fundi í nokkrar mínútur, í lengsta lagi til kl. tíu mínútur yfir fimm.

[Fundarhlé. — 17:02]

Atkvæðagreiðslu frestað.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Almenningsbókasöfn, frh. 2. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 356, nál. 952, brtt. 953.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]

Brtt. 953,1 samþ. með 33 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 953,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 953,3 samþ. með 37 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, DO, EKG, GHH, GB, GHall, GÁS, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KPál, ÓE, PP, SighB, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞJ.

11 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, LB, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SAÞ, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:31]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í 8. gr. eru ákvæði um menntun starfsfólks almenningsbókasafna og þar á meðal er kveðið á að forstöðumaður almenningsbókasafns skuli ef þess er kostur hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi. Ég hef ástæðu til að hafa áhyggjur af orðalaginu „eða jafngildu námi“ og tel að þetta opni greinina um of. Það hefur viljað brenna við að reynt hefur verið að ráða fólk sem ekki hefur tilskilda menntun til þessara starfa. Ég hefði talið samningu og samþykkt þessa frv. kjörið tækifæri til að girða fyrir að það væri hægt að gera til frambúðar.

[17:32]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur munum sitja hjá við þessa grein af sömu ástæðum og hv. talsmaður Alþb. nefndi. Við teljum mjög mikilvægt að forstöðumenn bókasafna verði með próf í bókasafns- og upplýsingafræði. Það er reyndar hægt að víkja frá því með því orðalagi sem þarna er „ef þess er kostur“, en að segja síðan „eða jafngildu námi“ býður ákveðinni hættu heim og þess vegna munum við sitja hjá við þessa grein.

Menntun bókasafns- og upplýsingafræðinga hefur reynst skipta miklu máli fyrir þessi söfn. Hér er um mjög mikilvægar menningarstofnanir að ræða og því skiptir öllu máli að þarna sé vel að verki staðið.

9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KPál, ÓE, PHB, RG, SighB, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞJ.

10 þm. (BH, HG, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, LB, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SAÞ, SF, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Með samþykkt 9. gr. frv. er afnumið það sem áður hefur verið lágmarksframlag til almenningsbókasafna í landinu. Ég tel að samþykkt þessarar greinar eins og hún liggur hér fyrir sé hættuleg litlum söfnum. Það hefur reynst vera þannig að það er erfitt að sækja þær fjárveitingar sem þau þó hafa átt rétt á samkvæmt lögum og ég óttast að það verði enn erfiðara nú þegar það er ekki lengur fastbundið í lögum. Ég greiði ekki atkvæði um þessa grein.

10.–11. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 953,4 samþ. með 37 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, ÓE, PP, PHB, RG, SF, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞJ.

8 þm. (BH, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁE, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, LB, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:37]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu ákvæði er gert ráð fyrir að hæstv. menntmrh. skipi ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna en ekki er skilgreint nánar hvernig þessari ráðgjöf verði framfylgt. Mér finnst að þarna vanti nánari ákvæði um fyrirkomulag og greiði því ekki atkvæði um þessa grein.

14.–16. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 953,5 samþ. með 38 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491, nál. 955.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Bókasafnssjóður höfunda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 601, nál. 954.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:41]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 954 samþ. með 40 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 487, nál. 975, brtt. 976.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 976,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 976,2 (ný 4. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ.

21 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fulltrúi Alþb. í umhvn. stóð að þessu nefndaráliti, en með fyrirvara. Það er eitt atriði sem ég vil benda á þarna og ég er ekki fyllilega sáttur við í þessari grein þó að ég styðji málið í heild sinni og greiði atkvæði með greininni einnig. En það er þar sem vísað er til þess þar sem segir, með leyfi forseta:

„Skal hættumat fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð."

Mér finnst þetta óvarlegt orðalag og óeðlilegt. Hvers á dreifbýli að gjalda? Er ekki fullkomin ástæða til þess að það sé sama heimild fyrir dreifbýli sem þéttbýli þegar snjóflóðahætta er annars vegar? Ég lagði til í nefndinni að þessu yrði hagað öðruvísi. Það er sú ábending sem ég vildi koma á framfæri.

5. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 976,3 samþ. með 42 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ.

4 þm. (GGuðbj, KHG, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, ÓÖH, RA, SAÞ, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 976,4 samþ. með 45 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, ÓÖH, RA, SAÞ, StG, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 976,5 samþ. með 44 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 976,6 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, LB, ÓÖH, RA, SAÞ, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í þessum tölulið brtt. meiri hlutans er lagt til að sveitarstjórn verði heimilt að meta hvort rétt sé að til greina komi að byggja á svæðum sem varin hafa verið snjóflóðum með sérstökum varnarmannvirkjum. Ekki ætla ég að leggjast gegn því að slíkt mati fari fram, hvort óhætt sé að reisa húsnæði á svæði sem annars á að vera öruggt vegna þess að búið er að reisa varnarmannvirki þar fyrir áður. En ég vek athygli á því að í þessu orðalagi er af hálfu þingsins í raun lýst yfir efasemdum um að varnarmannvirki eða varnarvirki dugi til þeirra hluta sem þau eru ætluð. Ég bið hv. þingheim að íhuga það.

10. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, RG, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

3 þm. (KHG, MF, SighB) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, EOK, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, LB, ÓÖH, PHB, RA, SAÞ, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddir.

15.–17. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 976,7 (nýtt ákv. til brb. I) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ.

16 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SAÞ, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [17:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta ákvæði til bráðabirgða, breytt samkvæmt tillögu umhvn., gerir ráð fyrir því að sveitarstjórn

geti lagt fram tillögu og að hægt sé skipuleggja nýja byggð og nýbyggingar þó að endanlegt hættumat liggi ekki fyrir. Ég tel frekar óvarlegt að hafa slíkt ákvæði inni en get þó fallist á að þær aðstæður séu til staðar að rök séu fyrir því að einhverjar nýbyggingar séu reistar þó að hættumati hafi ekki verið lokið.

Ég styð þetta einvörðungu í trausti þess að þetta bráðabirgðaákvæði verði túlkað þröngt og bendi jafnframt á að orðalag er ekki mjög skýrt hvað það varðar að fá tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Það hljóta að vera tillögur varðandi þær reglur sem hæstv. umhvrh. á að setja, en þetta er frekar óljóst orðað.

Ákvæði til brb. II samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ.

1 þm. (SF*) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, ÓÖH, RA, SAÞ, SvanJ, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Tilkynning um dagskrá.

[17:55]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti vill upplýsa nú strax að tilkynnt hafði verið í upphafi fundar að hér færi fram utandagskrárumræða um rekstur Áburðarverksmiðjunnar að loknum atkvæðagreiðslum. Það er samkomulag um að fresta þeirri umræðu til morguns.

Helgidagafriður, frh. 3. umr.

Stjfrv., 31. mál (heildarlög). — Þskj. 829, brtt. 853.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:06]

Brtt. 853 samþ. með 37:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TIO, VE, ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, ÓÞÞ, HjÁ, ÞJ, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, KF, LB, MS, PP, PHB, RG, SighB, SF, SP, StG, SvanJ, ÓE.

nei: VS, ÖJ, DO, GB, GÁ, HG, JónK, MF, SJS, StB.

4 þm. (GGuðbj, HjálmJ, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÞorstP, ÁMM, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, ÓÖH, RA, SAÞ) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Sú brtt. sem hér er til atkvæða gengur út á það að fá að halda dansleiki eftir kl. 12 á föstudaginn langa. Eins og hafði komið fram í umræðu hafði allshn. unnið þetta mál ákaflega faglega og komist að sameiginlegri niðurstöðu, alla vega nefndin sem slík, en hér er sem sagt komin til atkvæða brtt. flutt af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni.

Ég er andvíg þessari brtt. vegna þess að að mínu mati á föstudagurinn langi að vera heilagur og við vitum öll að ef dansleikir hefjast kl. 12 á miðnætti, þá þýðir það ákveðinn gleðskap strax að kvöldi dags föstudaginn langa. (Gripið fram í.) En ég vil hins vegar taka fram,

(**Forseti** (ÓE)**:** Hafa hljóð í salnum.)

hæstv. forseti, að í frv. eins og það liggur fyrir nú við lokaafgreiðslu, þá er heimilt að halda dansleiki á laugardeginum fyrir páska, sem sagt daginn eftir. Og það kvöld, sem er nýmæli, — þetta er nefnilega mjög mikilvægt atriði. Þetta eru mjög merkileg nýmæli — það kvöld má halda dansleiki, þ.e. á laugardeginum fyrir páska, sem sagt daginn eftir og þeir dansleikir mega vera fram á nóttina þar sem helgi páskadagsins hefst ekki fyrr en kl. 3 um nóttina.

Þingmaðurinn segir nei.

[18:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um gengur út á það að sambærilegar reglur gildi um helgi föstudagsins langa og um páskadag og hvítasunnudag. Það fyrirkomulag sem hér er lagt til hefur verið haft í heiðri áratugum saman og gefist vel og þess vegna er engin þörf á breytingu.

Allshn. vekur athygli á því í nefndaráliti sínu að eðlilegt sé að rýmka til, sérstaklega um páska, og það er eðlilegt að taka undir það sjónarmið með þeirri brtt. sem hér er flutt, enda er vitað mál að um þetta mál eru skiptar skoðanir í allshn. og því segi ég já.

[18:01]

Geir H. Haarde:

Herra forseti. Okkur formann þingflokks framsóknarmanna greinir nú ekki oft á eins og kunnugt er, ekki í seinni tíð. Í þessu máli hins vegar get ég ekki fylgt hennar leiðsögn, því miður. Ég segi já.

[18:02]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég er andstæðingur þess að rjúfa friðhelgi föstudagsins langa og því segi ég nei.

[18:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það á að halda upp á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000. Ég held að það sé tímabært að á það verði látið reyna hvort þessi 1000 ára menningarhefð hefur ekki skilað þeim venjum að Íslendingar gæti að sér svo að ekki þurfi að standa lögregluvörð um það að þeir virði trúna. Þess vegna segi ég já.

[18:04]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Afar sjaldan greinir mig á við minn ágæta hv. þingflokksformann og jafnvel enn sjaldnar við hv. þm. og félaga minn, Guðna Ágústsson, en það hefur gerst nú. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu eins og margir aðrir að föstudeginum langa ljúki kl. 12 á miðnætti og því segi ég já.

[18:04]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Lög um helgidagafrið sem hér eru til 3. umr. í atkvæðagreiðslu fela í sér verulega rýmkun á því sem heimilt er á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þessi lög eru til þess að tryggja rétt einstaklinganna í þjóðfélaginu fyrir frið og

rétt þeirra til hvíldar. Þau eru ekki hégómamál heldur afar mikilvæg sem umgjörð um mannlífið í landinu eftir því sem til þeirra tekur.

Þau rök sem hér hafa verið borin fram fyrir því að dansa aðfaranótt laugardagsins fyrir páska sýnast mér helst til rýr, þ.e. helst þau að helgidagarnir séu farnir að trufla skemmtanafrið á Vestfjörðum. Ég kýs að greiða þessu ekki atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

12 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, ÓÖH, RA, SAÞ, ÞorstP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Lög um helgidagafrið verða með samþykkt þessa frv. skýrari en þau hafa verið og því líklegri til að veita launafólki skárri vörn og hald til að standa gegn kröfum atvinnurekenda um að vera skipað til vinnu á helgidögum. Sérstaklega á þetta við um jóladag. Hins vegar er opnað á meiri viðskiptastarfsemi en verið hefur, sérstaklega yfir páskahelgina, enda eru einstaklingar og fjölskydur á faraldsfæti þá og nauðsynlegt að veita þeim ákveðna þjónustu. En á þessu eru tvær hliðar. Lög um helgidagafrið eru til þess að verja einstaklinga og verja fjölskyldur gegn því að vera skipað til að þjónusta annað fólk. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri, þegar ég geri grein fyrir atkvæði mínu og afstöðu minni, að ég vil taka undir það sem fram hefur komið frá verslunarmönnum að nauðsynlegt er að sett verði rammalöggjöf um afgreiðslutíma verslana eins og tíðkast í nágrannalöndum til þess að verja einstaklingsfrelsið.

[18:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa ánægju með að þetta frv. er komið til lokaafgreiðslu. Ég tel þetta vera mjög góð lög, nútímaleg, en samt gætt ákveðinnar íhaldssemi og þrátt fyrir það að sú brtt. sem ég studdi ekki hafi verið samþykkt hér með miklum meiri hluta, þá styð ég að sjálfsögðu frv. núna við lokaafgreiðslu þess.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1091).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806, nál. 1016.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 481. mál. — Þskj. 810.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:11]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Stofnun jafnréttismála fatlaðra, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁÞ o.fl., 230. mál. — Þskj. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:12]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Tvöföldun Reykjanesbrautar, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 402. mál. — Þskj. 698.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv.
Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Bann við kynferðislegri áreitni, frh. 1. umr.

Frv. GGuðbj o.fl., 422. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 726.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞJ, ÖJ, ÖS.

nei: GÁ*.

13 þm. (ÁMM, FI, FrS, GE, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, ÓÖH, RA, SighB, SAÞ, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. ÁRJ, 425. mál (heimilisuppbót). — Þskj. 729.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Nýtingarmöguleikar gróðurhúsalofttegunda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 448. mál. — Þskj. 760.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:15]
Till. vísað til síðari umr. með 48 shlj. atkv.
Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Einkahlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 491. mál (persónuleg ábyrgð). — Þskj. 826.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:16]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. LB o.fl., 492. mál (persónuleg ábyrgð). — Þskj. 827.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:18]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1080. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Tryggingasjóður einyrkja, frh. 2. umr. (atkvgr.).

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 355, nál. 807 og 833, brtt. 808 og 967.

ATKVÆÐAGREIÐSLA (frh.).

[18:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að staðfesta það viðhorf sem kom fram hjá hæstv. félmrh. hér fyrr að af ríkisstjórnarinnar hálfu er ekki útilokað að ríkissjóður komi til skjalanna, ef Alþingi samþykkir, til að koma í veg fyrir að tryggingasjóðurinn komist í þrot. Með öðrum orðum geta orðin „auknar tekjur" þýtt aukin iðgjöld og/eða aukin framlög ríkissjóðs.

Ég vil taka þetta fram að gefnu tilefni.

[Fundarhlé. — 18:20]

[18:38]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þótt yfirlýsing hæstv. forsrh. hér áðan hafi á engan hátt verið trygging fyrir því að þetta mikilvæga atriði, þ.e. baktrygging ríkissjóðs, hafi verið komið í höfn, þá tel ég að þessi þróun málsins hafi skapað málinu betri stöðu en á horfðist í upphafi. En þar sem hér er þó ekki um neina tryggingu að ræða munum við hjá þingflokki Alþb. og óháðra sitja hjá við afgreiðslu málsins við þessa atkvæðagreiðslu eins og við hugðumst í fyrstu, en meta endanlega afstöðu okkar til málsins fyrir 3. umr. og þá eftir að málið hefur verið skoðað betur í hv. félmn.

[18:39]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég er ósátt við framgang mála hér vegna þess að miðað við góðan vilja forseta til þess að skoða hvað hægt væri að gera, þá er hér keyrt af stað aftur með fundinn án þess að okkur fulltrúum stjórnarandstöðu hafi gefist ráðrúm til að ræða nægilega vel saman. Við vildum skoða hvað fólst í orðalagi þeirra tveggja ráðherra sem hér hafa gefið einhverja smugu á breytingum og félmrh. gat þess í framsögu sinni að ef deildirnar hefðu ekki nóg fjármagn til ráðstöfunar, þá væri líka opin leið til að greiða til samtryggingar úr ríkissjóði.

Hæstv. forsrh. orðaði þetta öðruvísi. Það væri ekki útilokað og eftir upptalningu um hvað kæmi í tekjur, þá væru og/eða framlög ríkissjóðs. Ég er ekki með útskrift af yfirlýsingu hans en ég spyr: Ef átti, eins og félmrh. gat um, að bæta úr því sem við vorum að gagnrýna, af hverju í ósköpunum er þá ekki sett inn sú grein sem er í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð? Þar segir í 38. gr.:

„Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annaðhvort sem fjárframlag eða lán."

Þetta er ákvæðið um Atvinnuleysistryggingasjóð og þetta er það ákvæði sem þyrfti að vera inni í sjóðnum fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendur til þess að jafnræði væri tryggt í sjóðunum. Ég spyr forsrh. og félmrh.: Munu þeir beita sér fyrir því eða vera tilbúnir að opna á það í brtt. að slík grein komi inn í lögin um Tryggingasjóð einyrkja eða sjálfstætt starfandi því að þá fyrst er verið að skapa jafnræði á milli tekjumöguleika sjóðanna?

[18:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið fyrr á þessum degi gengur gagnrýni stjórnarandstöðunnar fyrst og fremst út á það að hér sé ekki verið að tryggja rétt þeirra sem eru sjálfstætt starfandi, þ.e. í því frv. sem fyrir liggur. Þær yfirlýsingar sem fram hafa komið hjá hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. duga alls ekki. Það þarf auðvitað að vera skýlaust í lögunum að komist deildir í þrot, þá fái þær stuðning með ákveðnum hætti.

Það er hins vegar margt að skoða í þessu því að þeir einstaklingar sem stunda sjálfstæða starfsemi eða eru einyrkjar greiða mismunadi tryggingagjöld eftir því hvaða starfsgreinum þeir tilheyra. Þar af leiðandi geta hinar ýmsu deildir staðið mjög misjafnlega að vígi og þar af leiðandi verið um mismunandi framlög ríkissjóðs að ræða eftir því hvaða hópar eiga í hlut. Þetta eru atriði sem þarf að skoða og átta sig á — um hvað erum við að tala í raun og veru — þó að það sé auðvitað grundvallaratriði að þessi sjóður tryggi réttindi.

Ég mun því beita mér fyrir því að hv. félmn. taki málið upp að nýju milli 2. og 3. umr. og það vill nú svo til að það er fundur í nefndinni í fyrramálið. En við kvennalistakonur munum halda ótrauðar áfram við atkvæðagreiðsluna og ekkert hefur gerst sem breytir afstöðu okkar þannig að við munum sitja hjá við flestar greinar frv.

[18:43]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki bæta neinu við það sem hv. 12. þm. Reykv. Bryndís Hlöðversdóttir sagði hér fyrir hönd okkar alþýðubandalagsmanna og óháðra um þetta mál og stöðu þess og efni en ég kvaddi mér hér hins vegar hljóðs til að þakka hæstv. forseta fyrir að bregðast við þeim óskum sem hér komu fram. Ég tel að það sé mikilvægt að það náist gott samstarf með þinginu og forseta, sérstaklega í aðdraganda síðustu lotunnar fyrir þingfrestun. Þannig að ég kvaddi mér eingöngu hljóðs til þess að þakka hæstv. forseta fyrir viðbrögð hans.

[18:44]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. 5. þm. Reykn., þá vil ég taka það fram að ég mun ekki leggja það til að málsgreinin úr lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð verði tekin upp í lögin um Tryggingasjóð einyrkja. Ég tel rétt að Alþingi ákveði það í hvert skipti ef svo illa færi að fjöldaatvinnuleysi skapaðist þannig að deildirnar hefðu ekki nóg fjármagn til þess að standa við skuldbindingar sínar.

Þetta vil ég að komi fram. (Gripið fram í.) Ákvörðunin þarf að koma fyrir þing.

[18:45]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að þingheimi öllum sé ljóst það sem við höfum verið að leggja áherslu á í stjórnarandstöðunni í umræðunni um þetta mál að það er allt, allt önnur málsmeðferð á atvinnuleysistryggingum sjálfstætt starfandi en því sem hefur gilt í Atvinnuleysistryggingasjóði og það sem við höfum gagnrýnt harðlega í dag er í raun og veru mjög lítið breytt og mér finnst félmrh. kominn í hring reyndar því að hann leggur áherslu á að hann muni ekki leggja til að jafnræðið verði með sjóðunum. Við eigum auðvitað eftir að sjá hverjar tillögur stjórnarmeirihlutans verða í nefndinni á milli 2. og 3. umr. Hitt er annað mál að mér sýnist nokkuð augljóst að atkvæðagreiðslu verði haldið áfram eftir þau viðbrögð sem fram hafa komið, en það sem hér hefur verið sagt mun ekki breyta afstöðu minni til atkvæðagreiðslu varðandi þær greinar frv. sem á eftir að fjalla um.

[18:46]

Bryndís Hlöðversdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. bætir stöðugt um betur í yfirlýsingum sínum því nú hefur hann lýst því yfir að hann ætli ekki að standa að því að tryggja jafnræði með sjóðunum að þessu leyti. Það má því segja að öll umræðan í dag vegna þeirra orða hæstv. félmrh. um að það væri opin leið, eins og hann orðaði það, — það er einhvers staðar til útprentun á orðum hans hér áðan — í ríkissjóð að þessu leyti, er í raun og veru til einskis. Ég vil því ítreka að ég lít svo á að hv. félmn. verði að taka þetta mál upp í nefndinni aftur og tek undir með hv. formanni hennar að það verði gert og málið tekið til endurskoðunar að öllu leyti hvað þetta varðar.

[18:48]

Össur Skarphéðinsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það sem stendur eftir þessa umræðu — og er mjög mikilvægt að komi fram — er auðvitað sú yfirlýsing hæstv. félmrh. og hv. varaformanns félmn. og stendur óhaggað eftir þessar umræður, að ef þarf þá mun Framsfl., mun þessi ríkisstjórn, mun ríkisvaldið sjá til þess að aukaframlag komi til. Það liggur eftir og umræðan í nefndinni á morgun hlýtur að grundvallast á því öðru fremur.

Brtt. 808,4 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

12 þm. (BH, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,5 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, ÓÞÞ, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,6 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,7 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,8 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

12 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SJS, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,9 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,10 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

16 þm. (ÁRJ, BH, EgJ, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,11 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, LB, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 967 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖJ, ÖS.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:55]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er einungis um tæknilega breytingu að ræða. Það uppgötvaðist að það hafði orðið feill í upphaflegu frv. sem síðan sást að þyrfti að leiðrétta og ég flyt þessa brtt. sem formaður nefndarinnar eingöngu til að sjá til þess að rétt sé rétt.

[18:56]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vil einungis lýsa yfir sérstökum stuðningi við þessa grein og þakka formanni nefndarinnar fyrir að flytja brtt.

Brtt. 808,12 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,13 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,14 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (ÁRJ, BH, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ, ÖS) fjarstaddur.

16. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er dæmi um það hvernig verið er að kópíera lögin um atvinnuleysistryggingar án þess að skoða rækilega hvað þetta þýðir. Það verður fróðlegt að sjá hvernig á að framkvæma það að gera starfsleitaráætlanir, t.d. fyrir bændur á Jökuldal eða tónskáld og myndlistarmenn, hvað þá þýðendur. Ég held að þetta standist ekki eins og þetta er og því get ég ekki greitt þessari grein atkvæði mitt.

Brtt. 808,15 (ný 17. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,16 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ, ÖS.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

19. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, LB, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,17 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,18 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:03]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Þessi grein endurspeglar það ójafnræði sem frv. býður upp á verði það samþykkt. Greinin fjallar um úthlutunarnefnd sjóðsins en í henni eiga sæti fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Landssambands smábátaeigenda, Landssambands vörubílstjóra og annarra starfsgreinasamtaka, þó þannig að séu fleiri en ein starfsgreinasamtök í sömu deild sjóðsins skulu þau sameiginlega tilnefna einn nefndarmann.

Þarna eru 4.500 manna hópi, sem þessir þrír aðilar standa að af a.m.k. 20 þúsund manna hópi, tryggð þrjú sæti í nefndinni en hinum 15.500 væri þess vegna hægt að skella saman í fáar deildir og því fylgdu jafnfáir fulltrúar í úhtlutunarnefnd. Þar sem úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta er þetta algjörlega óviðunandi misræmi á milli starfsgreina sem er óútfært í þokkabót og því mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessarar greinar.

21. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,19 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, LB, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, LB, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,20 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ, ÞorstP) fjarstaddur.

Brtt. 808,21 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:06]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það ákvæði sem kveikti deilur í atkvæðagreiðslu í dag var ákvæði í 2. gr. frv. sem er um stjórn tryggingasjóðs, ráðstöfunarfé og skrifstofuhald. Greinin sem nú er verið að gera breytingartillögur við er 24. gr. og hún er um fjárreiður. Í frumvarpsgreininni sagði, með leyfi forseta:

„Stjórn Tryggingasjóðs einyrkja tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar."

Í lok breytingartillagnanna sem hér er verið að greiða atkvæði um segir að ef sýnt þyki að deildir sjóðsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum þessum skuli stjórn sjóðsins gera tillögur til ráðherra um hertar úthlutunarreglur, um skerðingu bóta og/eða um hækkun á tekjum viðkomandi deildar. Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum deilda hans.

Ég held að það blandist engum hugur um það sem hlýtt hefur á atkvæðaskýringarnar hversu gölluð þessi lög verða. En, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) það er engin samábyrgð samkvæmt þessu ákvæði en það er hér sem reynir á þá opnun á ríkisframlag sem félmrh. og forsrh. hafa opnað á og sett fram hér í dag.

24. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EKG, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

25. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,22 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

26. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,23 (ný fyrirsögn VII. kafla) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KHG, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,24 (ný grein, verður 27. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

27. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

Brtt. 808,25 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KHG, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

28. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EgJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddur.

29.–31. gr. (verða 30.–32. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,26 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 808,27 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II, svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB, SvanJ) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. III samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

nei: BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:15]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er genginn aftur óskapnaður frá því fyrr á þessu þingi þegar samþykkt var breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þar var sams konar ákvæði á ferð þar sem ákvæði um fimm ára hámarksbótatíma atvinnuleysistrygginga var gert afturvirkt. Hér er um að ræða ákvæði sem er án efa í andstöðu við þá meginreglu íslenskrar stjórnskipunar að lög skuli ekki vera afturvirk og allra síst ef um er að ræða ákvæði sem eru til skerðingar á réttindum borgaranna. Hér er strítt gegn sjálfsagðri meginreglu réttarríkisins og því get ég ekki annað en greitt atkvæði gegn slíkri lagasetningu.

[19:16]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér kom fram mjög athyglisverð ræða hjá stjórnarandstöðunni. Ég hef ekki haft tök á því að átta mig á hvort frjálslega var farið með sannleikann eða ekki, en ég ætla að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 808,28 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. IV) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er enn eitt ákvæðið á ferð sem tryggir forréttindi þeirra þriggja hópa sem upphaflega tengdust þessu máli, þ.e. bænda, vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda. Þeir eiga ótvírætt aðild að sjóðnum en aðrir þeir sem vilja gerast aðilar að honum þurfa að vera í öðrum félögum eða samtökum og verða að lúta samþykki ráðherra.

Þetta er algjörlega óásættanlegt, hæstv. forseti, og því greiði ég þessu ekki atkvæði mitt.

Ákvæði til brb. IV–V (verða ákv. til brb. V–VI) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

15 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 808,29 (ný fyrirsögn) samþ. með 30:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

nei: ÖS.

12 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, KPál, ÓÖH, RA, SighB) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GB, GHall, GÁ, HjÁ, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÞJ.

14 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, LB, MF, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁE, ÁMM, ÁRJ, EOK, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, ÍGP, JBH, KF, KH, ÓÖH, RA, SighB) fjarstaddir.

[19:20]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 90. mál, nál. félmn., þskj. 1082; brtt. félmn., þskj. 1083.

Framtíðaráætlanir um útgjöld heilbrigðis- og tryggingakerfisins, 489. mál, svar heilbrrh., þskj. 1010.

Út af dagskrá voru tekin 19.–32. mál.

Fundi slitið kl. 19:20.

---

117. FUNDUR

þriðjudaginn 6. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 1088. — 3. umr.
2. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 1089. — 3. umr.
3. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491. — 3. umr.
4. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 1090. — 3. umr.
5. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
6. Hlutafélög, stjfrv., 504. mál, þskj. 847, nál. 1067. — 2. umr.
7. Einkahlutafélög, stjfrv., 505. mál, þskj. 848, nál. 1068. — 2. umr.
8. Samvinnufélög, stjfrv., 506. mál, þskj. 849, nál. 1069. — 2. umr.
9. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490, nál. 1056, brtt. 1057. — 2. umr.
10. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817, nál. 1075, brtt. 1080. — 2. umr.
11. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338, nál. 1058, brtt. 1059. — 2. umr.
12. Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 480. mál, þskj. 809, nál. 1047. — Síðari umr.
13. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 555. mál, þskj. 913, nál. 1061 og 1062. — Síðari umr.
14. Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., 556. mál, þskj. 914, nál. 1060. — Síðari umr.
15. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, stjtill., 554. mál, þskj. 912, nál. 1079. — Síðari umr.
16. Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, þáltill., 86. mál, þskj. 88, nál. 1050. — Síðari umr.
17. Kaup skólabáts, þáltill., 310. mál, þskj. 571, nál. 1049. — Síðari umr.
18. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615, nál. 1048. — Síðari umr.
19. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 381. mál, þskj. 670, nál. 1078. — 2. umr.
20. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.
21. Fæðingarorlof, stjfrv., 453. mál, þskj. 767, nál. 1042, brtt. 1043. — 2. umr.
22. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 464. mál, þskj. 781. — 1. umr.

23. Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, þáltill., 503. mál, þskj. 846. — Fyrri umr.
24. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 515. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
25. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum, þáltill., 518. mál, þskj. 867. — Fyrri umr.
26. Læknalög, frv., 519. mál, þskj. 870. — 1. umr.
27. Innlend metangasframleiðsla, þáltill., 520. mál, þskj. 871. — Fyrri umr.
28. Bætt réttarstaða barna samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þáltill., 521. mál, þskj. 872. — Fyrri umr.
29. Hlutafélög, frv., 525. mál, þskj. 877. — 1. umr.
30. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 526. mál, þskj. 878. — 1. umr.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Ingibjörg Pálmadóttir heilbrrh.

Fjarvistarleyfi:
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 10. þm. Reykv.,
Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal samgrh.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.

[13:32]

Útbýting þingskjala:
Almenningsbókasöfn, 238. mál, þskj. 1088.
Bókasafnssjóður höfunda, 330. mál, þskj. 1089.
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 364. mál, nál. umhvn., þskj. 1084; brtt. umhvn., þskj. 1085.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál, þskj. 1090.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Ragnar Arnalds):
Um kl. 13.45 í dag fer fram umræða utan dagskrár um undirboð í vikurútflutningi. Málshefjandi er Árni Johnsen. Hæstv. iðnrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa og er hálftíma umræða.

Einnig vill forseti láta þess getið að að lokinni þessari utandagskrárumræðu fer fram umræða utan dagskrár um rekstur Áburðarverksmiðjunnar. Málshefjandi er Svavar Gestsson. Hæstv. landbrh. verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 50. gr. þingskapa og er einnig hálftíma umræða.

Almenningsbókasöfn, 3. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 1088.

[13:35]

Sigríður Jóhannesdóttir:
Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til 3. umr. frv. til laga um almenningsbókasöfn. Þegar frv. var tekið fyrir í hv. menntmn. skrifaði ég undir nál. með fyrirvara og ætla ég að fara um það nokkrum orðum hverjum augum ég lít efni þessa frv.

Í 1. gr. er tekið fram að almenningsbókasöfn séu upplýsinga- og menningarstofnanir og hlutverk þeirra að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öllum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Markmið þeirra skal vera að efla símenntun og íslenska tungu og örva lestraráhuga. Þetta eru göfug og góð markmið og samkvæmt þeim markmiðum starfa nú þegar glæsileg bókasöfn víða á landinu og þyrftu að vera enn þá fleiri. Ég tel að bókasöfn séu einhverjar mikilsverðustu stofnanir sem reknar eru í hverju sveitarfélagi og að vanda þurfi sérstaklega til þeirra. Þau eiga að vera meira en geymslustaður fyrir bækur, þau eiga að vera staður þar sem er miðlað menningu, þar sem eru listsýningar, þar sem eru haldnir fundir um menningarleg efni og þar sem fólk kemur til þess að leita sér upplýsinga um hin óskyldustu mál í gegnum tölvukerfi. Í því skyni þurfa að starfa á hverju bókasafni ákaflega hæfir aðilar sem geta veitt almenningi leiðsögn í þessum efnum.

Í 8. gr. þessa lagafrv. er tiltekið að forstöðumaður almenningsbókasafns skuli, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi. Það eru einkum þessi orð „eða jafngildu námi“ sem ég hef gert fyrirvara við. Mér finnst þetta opna ákvæði um menntun fyrir forstöðumenn almenningsbókasafna óhæfilega mikið, miklu meira en var í áður gildandi lögum og var þó kannski frekar nauðsyn að herða á heldur en hitt. Ég held að það sé afar mikilsvert ef bókasöfn eiga að starfa eftir þeim metnaðarfullu markmiðum sem eru sett fram í 1. gr. þessa lagafrv. að þau hafi á að skipa fólki sem einmitt hefur þessa menntun sem til þarf, þ.e. hefur lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Það kann að vera að í einstökum tilvikum fáist ekki þó auglýst sé fólk sem hefur þessa menntun til að gegna starfinu og þá finnst mér í lagi að hafa í lögum ákvæði um að ráða megi tímabundið fólk sem hefur ekki þessa menntun. En ég held að það verði að vera alveg skýrt að ekki sé hægt að ganga þannig frá málum til frambúðar. Menntun í bókasafns- og upplýsingafræði er löggild og ekki hægt að ganga fram hjá henni með þessum hætti sem mér finnst jafnvel vera lagt til hér. Við eigum afburðadeild í Háskóla Íslands sem menntar bókasafnsfræðinga og ég sé ekki að við höfum neina ástæðu til að setja þetta ákvæði eða þessa opnun eins og lagt er til í frv.

Í 9. gr. frv. er lagt til að framlög til almenningsbókasafna skuli ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags en ekki er lengur gert ráð fyrir því að í lögunum séu ákvæði um lágmarksframlög til bókasafna. Ég tel að þetta ákvæði eins og það stendur í frv. geti orðið hættulegt litlum söfnum og ég er ekki ein um að hafa áhyggjur af þessu því fjöldamargar umsagnir hafa borist þar sem virkilega er tekið undir það að hingað til hafi það reynst litlu söfnunum erfitt að sækja meira að segja þessi lágmarksframlög hvað þá ef þau hafa ekki einu sinni það til að standa á.

Í 13. gr. frv. er ákvæði um að menntmrh. skipi ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Ég hef ekki nema gott eitt um það að segja en mér hefði þótt áríðandi að kveðið væri nánar á um hvernig á að koma í framkvæmd því sem þessi ráðgjafarnefnd ályktar. Það er ekki gert ráð fyrir að á vegum þessarar nefndar starfi neinn starfsmaður. Og þar sem að þessum lögum samþykktum og einnig lögum um starfsmenn ríkisins, starfsmannabandorminum svokallaða sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að embætti bókafulltrúa verði lagt niður þá finnst mér þetta ákvæði vægast sagt mjög opið og erfitt að sjá í hvaða átt þetta getur farið í framkvæmd ráðuneytisins. Mér finnst þurfa þarna nánari ákvæði um fyrirkomulag.

Í frv. er ákvæði til bráðabirgða um að ríkissjóður leggi fram 4 millj. kr. á ári til að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni. Þegar fjárlög voru lögð fyrir í haust stóð í þeim að 20 millj. kr. væru áætlaðar í þetta verkefni og hlýnaði þá ýmsum um hjartarætur, þar á meðal mér, og fannst þetta myndarlegt en þá kom í ljós að þetta voru 4 millj. kr. á ári í fimm ár. Þegar maður hugsar um öll þau almenningsbókasöfn sem starfa í landinu og allt sem þarf að gera í þeim til að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni þá finnst mér þetta ansi litlir peningar jafnvel þó gert verði ráð fyrir að eitthvað komi á móti frá sveitarfélögunum. Ég hefði kosið að þarna væri gert ráð fyrir hærri upphæð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bókasafnssjóður höfunda, 3. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 1089.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 3. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Undirboð í vikurútflutningi.

[13:46]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég vek hér máls á alvarlegu máli sem upp hefur komið í útflutningi á vikri þar sem um er að ræða undirboð af hálfu fyrirtækis í eigu íslenska ríkisins.

Íslenskir aðalverktakar sf. hafa orðið uppvísir að því að reyna af hörku að ná til sín viðskiptum íslensks einkafyrirtækis í Þýskalandi. Íslenskir aðalverktakar beita því að bakhjarl þeirra sé aðaleigandinn, íslenska ríkið. Til að bæta um betur hafa Íslenskir aðalverktakar sf. nú gripið til þess ráðs að reyna að ná til sín viðskiptum með undirboðum. Þetta hefur þegar skaðað mjög verulega framgang gildandi viðskiptasamninga og haft neikvæð áhrif á verð.

Vinnumarkaðurinn þýski er lagskiptur eftir gæðum og verði. Þjóðverjar flytja nú inn alls um 200–250 þús. tonn á ári af vikri í þeim gæðaflokki sem íslenskur vikur er eða a.m.k. ætti að vera og þetta virðist vera stærð markaðarins fyrir hágæðavikur í Þýskalandi.

Síðan er einnig fluttur inn þyngri og þá lakari vikur frá öðrum löndum en Íslandi í miklu magni og á mun lægra verði, og í Þýskalandi sjálfu eru jafnframt miklar vikurnámur þar sem mikill munur er á gæðum vikurs. Framboð á gæðavikri úr námum í Þýskalandi hefur minnkað á síðustu árum. Almennt sagt er samkeppnin á þýskum byggingarmarkaði geysilega hörð, m.a. er þar mjög mikið framboð af alls kyns öðrum jarðefnum og gerviefnum til gerðar einangrandi útveggjaeininga og útveggjasteina ekki ósvipuðum þeim sem unninn vikur er notaður til framleiðslu á. Slík samkeppnisefni eru t.d. þaninn leir til notkunar á léttsteinagerð og óþaninn leir til tígulsteinagerðar. Þá er mikið notað af plastefnum til framleiðslu einangrandi veggja.

Útflutningur á vikri frá Íslandi til Þýskalands á árinu 1995 nam 262 þús. tonnum. Þar af flutti Jarðefnaiðnaður hf. út um 97 þús. tonn. Útflutningur frá Íslandi til Þýskalands á árinu 1996 nam 126 þús. tonnum. Þar af flutti Jarðefnaiðnaður hf. út um 51 þús. tonn þannig að þarna er um verulegan hlut af markaðshlutdeild Íslendinga að ræða.

Vikur er einnig seldur frá Íslandi til annarra landa en Þýskalands, en í mun minna mæli vegna annarra hefða í byggingaraðferðum, en slíkar hefðir geta verið mjög sterkar og ráðandi eins og sést t.d. af því að við Íslendingar byggjum ekki úr vikri í dag.

Við sölustarf Jarðefnaiðnaðar hf. erlendis hefur mjög verið tekið mið af því sjónarmiði að hámarka beri verðmæti þess vikurs sem félagið flytur út. Útflutningsskýrslur síðustu ára sýna svo ekki verður um villst að söluverð Jarðefnaiðnaðar hafi verið hærra en annarra útflytjenda, enda hafa stjórnvöld lagt á það ríka áherslu við forsvarsmenn félagsins að verði sé haldið sem hæstu og þannig verði íslenskum hagsmunum best þjónað.

Á undanförnum árum hafa undirboð ýmissa hérlendra aðila skaðað þetta starf verulega en í nær öllum tilvikum hefur verið um fjárvana fyrirtæki að ræða eða á þeim hafa verið aðrir annmarkar sem settu þau út af markaðnum. Nú hefur fyrirtækið Lava hf. bæst í þennan hóp og býður viðskiptavinum Jarðefnaiðnaðar hf. og fleirum vikur á mjög lágu verði. Fyrstu tilboð eru á 10% lægra verði en samningsverð íslenskra aðila í Þýskalandi og það þýðir tugi milljóna í tjón fyrir þennan útflutning frá Íslandi.

Eins og kunnugt er er Lava hf. í eigu Íslenskra aðalverktaka sf. og þar með íslenska ríkisins þannig að fjárhagsleg geta þess til að standa við tilboð sín þar til samkeppnisaðilum hefur verið rutt úr vegi er óefuð. Leggja verður þunga áherslu á að stjórnvöld kynni sér þá alvarlegu stöðu sem upp er komin og taki á þessum málum þannig að spornað verði gegn þeirri óheillaþróun sem liggur á borðinu.

Þau fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins sem eru að bjóða þennan vikur á undirboðum státa sig af því að vera í eigu íslenska ríkisins og þess vegna sé miklu öruggara að skipta

við þau en íslensku einkafyrirtækin. Þær spurningar sem ég vil leggja fyrir hæstv. iðnrh. eru þessar:

1. Er það eðlilegt að Íslenskir aðalverktakar reyni að sölsa undir sig vikurviðskipti íslensks einkafyrirtækis með undirboðum í Þýskalandi?

2. Hefur iðnrn. ekki lagt höfuðáherslu á hámörkun afurðaverðs vikurs?

3. Munu íslensk stjórnvöld hefja útflutning á vikri frá Íslandi með tilstuðlan Íslenskra aðalverktaka?

4. Hefur iðnrn. veitt Íslenskum aðalverktökum sf. eða dótturfélögum þess námurétt og ef svo er, þá hvar?

5. Er sú hætta fyrir hendi að Jarðefnaiðnaður hf. og önnur íslensk einkafyrirtæki kunni vegna veitingavalds iðnrn. á námuleyfum og sóknar fyrirtækisins í eigur ríkisins að missa námuleyfi sitt eða verða fyrir skerðingum á þeim réttindum vegna markaðssóknar hins opinbera ríkisfyrirtækis?

6. Að síðustu, herra forseti. Hvernig hyggst iðnrh. sporna gegn þeirri augljósu hættu sem nú blasir við þar sem það stefnir í að brautryðjandi fyrirtæki eins og Jarðefnaiðnaður hf., sem verið hefur leiðandi í þessari atvinnu- og gjaldeyrissköpun og hefur aflað verðs á dýrmætustu mörkuðum með ærnum tilkostnaði, verði sett út af sakramentinu með fjárhagslegri valdbeitingu í skjóli ríkisrekstrar? Hvernig hyggst hæstv. iðnrh. bregðast við þessum vinnubrögðum?

[13:52]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hv. þm. Árni Johnsen sendi mér í morgun þær spurningar sem hann ber fram við utandagskrárumræðuna þannig að ég ætla að snúa mér beint að því að svara þeim spurningum sem eru nokkuð viðamiklar.

Í fyrsta lagi spyr hv. þm.: Er það eðlilegt að Íslenskir aðalverktakar reyni að sölsa undir sig vikurviðskipti íslensks einkafyrirtækis með undirboðum í Þýskalandi? Það er vissulega umhugsunarvert með hvaða hætti fyrirtækið Lava hf., sem er dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka, hefur kynnt sölu á vikri á þýskum markaði í gegnum fyrirtæki sem heitir GER sem mun vera dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka og Ármannsfells hf. Þetta er umhugsunarvert af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er það umhugsunarvert vegna þess að íslenska ríkið á 52% í Íslenskum aðalverktökum. Það hlýtur að vera stílbrot ef rétt reynist að stjórn Íslenskra aðalverktaka reyni að ryðja dótturfyrirtæki sínu leið inn á viðkvæman markað erlendis og grafa undan afkomu annarra íslenskra fyrirtækja sem af veikum mætti hafa unnið þar árum saman að markaðsuppbyggingu.

Það er einnig umhugsunarvert að málinu skuli vera stillt upp á þann hátt að að baki fyrirtækinu standi, auk tveggja öflugustu byggingarfyrirtækja landsins, helmingseign íslenska ríkisins. Þetta er umhugsunarvert vegna þess að vikurkaupendur í Þýskalandi eru meðvitaðir um að vinnsla og nýting vikurs er til gagngerrar endurskoðunar hér á landi. Þeir vita einnig að vilyrði hafa ekki verið gefin fyrir veitingu nýrra leyfa né heldur endurnýjun gildandi vinnsluleyfa en bæði þau leyfi sem núna eru í gildi renna út á miðju næsta ári. Svo svarið sé skýrt við spurningunni, þá tel ég þetta óeðlilegt, enda veit ég að hæstv. utanrrh. hefur gert athugasemdir við þessa starfsemi fyrirtækisins eftir að kvartanir bárust til hans um þetta starf. Ég get þá um leið svarað þriðju spurningu hv. þm., hvort íslensk stjórnvöld muni hefja útflutning á vikri frá Íslandi með tilstuðlan Íslenskra aðalverktaka. Það munum við að sjálfsögðu ekki gera. Við verðum að hafa í huga að til stendur að breyta fyrirtækinu Íslenskum aðalverktökum í almenningshlutafélag og þegar það er afstaðið getur það fyrirtæki, eins og hvert annað fyrirtæki á markaði, hafið þá starfsemi sem hér um ræðir.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hefur iðnrn. ekki lagt höfuðáherslu á hámörkun afurðaverðs vikurs? Jú, það er rétt. Iðnrn. hefur sífellt í skoðun á hvern hátt hægt sé að vinna byggingarvörur úr íslenskum vikri sem um margt hefur einstaka efniseiginleika sökum léttleika síns og einangrunargildis. Rannsóknaverkefni hafa verið unnin á þessu sviði í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og fleiri aðila. Hins vegar hefur nýleg úttekt á þessu sviði því miður sýnt að enn er nokkuð í land með að okkur takist að fara út í fullvinnslu þessara afurða hér. Við verðum að hafa í huga að þarna er um takmarkaða auðlind að ræða og með hrávöruútflutningi munum við mjög fljótlega ganga á þá auðlind.

Í fjórða lagi spyr hv. þm.: Hafa Íslenskir aðalverktakar fengið námuleyfi hjá iðnrn.? Svarið við því er nei. Hvorki fyrirtækið Lava hf. né eigendur þess hafa fengið vinnsluleyfi og í raun ekki sótt um það formlega. Okkur er hins vegar kunnugt um að í bígerð muni vera umsókn um slíkt en hún liggur ekki fyrir og því hefur engin umræða átt sér stað um það í iðnrn. hvort slíkt leyfi skuli veitt og þá með hvaða hætti. Það verð ég að segja hér að mér er hulin ráðgáta hversu djarflega hér er teflt af hálfu fyrirtækisins. Það verður að teljast með ólíkindum að fyrirtæki sem á engan rétt og hefur engan rétt til vikurnáms sé að reyna að selja afurð sem það hefur ekki í hendi á erlendum mörkuðum. Mér hefur borist afrit af bréfi þýska dótturfyrirtækisins GER og þar kemur fram að boðið er upp á langtímasamning þar sem stefnt er að 50–100 þús. tonna árlegri sölu, en þetta svarar til meira en þriðjungs alls útflutnings á vikri ef miðað er við metárið 1994 en það ár voru 224 þús. tonn flutt út af vikri.

Ég held að ég geti svarað, af því að tíminn er orðinn knappur, 5. og 6. spurningu hv. þm., hvort hætta sé á því að Jarðefnaiðnaður, og þá um leið Vikurvörur hf. sem jafnframt er með vinnsluleyfi, missi sín leyfi út af því sem þarna hefur gerst. Það eru bara tvö námuleyfi sem eru í gildi og gilda fram á næsta ár og það er leyfi sem Jarðefnaiðnaður og Vikurvörur hafa og þau leyfi eru bæði bundin við Heklusvæðið. Hvorugt þessara fyrirtækja hefur fengið nein vilyrði, og það hefur legið fyrir frá upphafi, fyrir því að þessi leyfi verði endurnýjuð. Það verður tekið til skoðunar þegar þar að kemur. Hins vegar er alveg ljóst að þessi fyrirtæki hafa sterkari stöðu en öll önnur fyrirtæki miðað við reynsluna, markaðssamböndin, getuna og þekkinguna til þess að takast á við þetta verkefni.

[13:58]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta stórmál hér upp og einnig hæstv. ráðherra fyrir hans glögga yfirlit í þessu máli. Það er auðvitað stórmál ef sterkir aðilar ganga í náttúru Íslands án þess að hafa leyfi til þess og knésetja í leiðinni fyrirtæki sem áratugum saman hafa verið að þróa þessi mikilvægu jarðefni Íslands. Ég vil því nota þetta tækifæri og skora á hæstv. ráðherra að stöðva þegar í stað þessi vinnubrögð. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég hygg að við þessar aðstæður meðan við erum ekki komnir lengra en þetta í að þróa efnin, þá eigi ekki að hleypa fleirum inn á þennan markað. Fyrir utan hitt að þeim sem við hleypum inn á markaðinn ... (**Gripið fram í:** Hvað með

samkeppni?) Við eigum að gera kröfu til þess að sem mest ... (Gripið fram í.) Samkeppni má aldrei skaða íslenska hagsmuni eða íslenska náttúru, hv. þm. Það er stórt atriði. (**Gripið fram í:** Einokun getur ...) Einokun undir skynsamlegum hatti getur átt rétt á sér. En hér eru merkileg fyrirtæki, eins og Jarðefnaiðnaður, þar sem þessi jarðefni, vikurinn, hafa verið unnin að töluvert miklu leyti sem er mjög mikilvægt. Ég tel enga ástæðu til þess að ganga á auðæfi Íslands með því flytja út hráefni sem engum gefur neitt í aðra hönd. Þarna eru tvö fyrirtæki sem hafa verið að þróast. Ég hef ekkert á móti því að ef þetta fyrirtæki fær leyfi og stendur eðlilega að málum þá komi það inn, þrátt fyrir mín fyrri tilsvör, en ég vil leggja á það áherslu að það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra að hér er mjög óeðlilega að málum staðið. Því ber að taka þessi mál föstum tökum nú þegar.

[14:01]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að taka til umræðu það málefni sem hér er tekið upp utan dagskrár. Ef til vill til þess að skýra það eins og hæstv. iðnrh. hefur gert. Ég vænti þess að í framhaldi af þeim svörum megi skoða þetta mál betur.

Vegna þessarar umræðu vil ég segja að mörg undanfarin ár hefur verið gerð tilraun til þess að nýta þessa auðlind sem vikurinn er. Auðvitað hefði verið æskilegast að nýta vikurinn með því að framleiða byggingarhluta eða nýta hann til framleiðslu innan lands í stað þess að flytja hann út sem hráefni. Það væri auðvitað æskilegasti kosturinn. Niðurstaðan hefur hins vegar verið sú að hér hafa verið fyrirtæki sem hafa verið frumkvöðlar í þessum efnum og það ber auðvitað að gæta þess að hagsmunir þeirra séu ekki skaðaðir. Nú þekki ég ekki aðdraganda þess sem hv. málshefjandi nefndi. En ég veit hins vegar að Íslenskir aðalverktakar komu að verki í samstarfi við aðila á Snæfellsnesi og hafa verið að undirbúa vikurvinnslu þar. Þar höfðu í það minnsta tvö fyrirtæki stundað vikurútflutning og nýtt þann vikur sem er úr námum við Snæfellsjökul. Það hafa verið bundnar miklar vonir við samstarf þessara aðila. Íslenskir aðalverktakar hafa lagt sig mjög fram um að reyna að standa vel að verki við að nýta þessa auðlind sem er vikurinn við Snæfellsjökul. Ég vænti þess að það geti orðið atvinnulífinu á Snæfellsnesi til styrktar á sama hátt og vikurútflutningur hefur orðið atvinnulífi á Suðurlandi til styrktar. En aðalatriðið er auðvitað að bæði sé tryggt að nauðsynleg leyfi liggi fyrir um nýtingu þessara náma og eins að hér sé ekki um að ræða óeðlileg undirboð eins og ég heyrði að nefnt var hér.

[14:03]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Íslenskir aðalverktakar, sem hafa starfað á Keflavíkurvelli að verkefnum sem hafa verið samkvæmt sérstökum samningi við varnarliðið, hafa verið að missa þau einkaréttindi sem þeir hafa haft á verkefnum þar og hafa þar af leiðandi þurft að hasla sér völl á nýjum vettvangi sem er íslenski verktakamarkaðurinn og verktakamarkaður erlendis. Þeir hafa leitað sér verkefna í Grænlandi, í fyrrverandi Sovétlýðveldum og víðar og hafa því ekki einskorðað sig við að fara á íslenska markaðinn heldur eru þeir að reyna að sækja sér ný verkefni sem sýnilega þurfa að koma inn í þeirra rekstur við að tapa þeim miklu verkum sem þeir hafa hingað til haft. Þeir eru núna í samkeppni við íslensk fyrirtæki í eigu útlendinga. Það hefur enginn í sjálfu sér gert athugasemdir við það. Þetta er alíslenskt fyrirtæki sem er að hasla sér völl á verktakasviðinu og ég fagna því að við skulum eiga svo öflugt fyrirtæki sem Íslenska aðalverktaka sem getur í raun tekið að sér stórverkefni sem til falla. Ég veit einnig að Íslenskir aðalverktakar haf lagt sig fram um að reyna að ná samkomulagi og samstarfi við íslensk fyrirtæki á sama sviði og ég veit að þeirra hugur stendur til þess að vera í sátt og samlyndi við aðila á íslenska markaðnum. Ég vil vara við því að menn séu með einhvern hræðsluáróður gagnvart Íslenskum aðalverktökum þegar þeir koma inn í íslenskt efnahagslíf með þeim hætti sem þeim er nauðsynlegt. Ég vona að það geti gengið sem fyrst fyrir sig að þetta fyrirtæki verði gert að hlutafélagi þannig að það hafi fulla burði og möguleika eins og önnur fyrirtæki til að taka þátt. Að sjálfsögðu þarf það að fara að lögum en ég geri ráð fyrir því að sú mikla töf sem hefur orðið á því að gera fyrirtækið að hlutafélagi hafi orðið til þess að það lenti í þeim vandamálum sem það stendur frammi fyrir í dag.

[14:06]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Árna Johnsen fyrir að taka þetta mál hér til umræðu og einnig þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin sem voru skýr og greinargóð. Það er vissulega mjög alvarlegt mál ef fyrirtæki í eigu ríkisins eru farin að stunda undirboð á erlendum mörkuðum við sölu á vikri eða hverri annarri vöru sem aðilar eru að selja úr landi. Það er mjög alvarlegt mál en ég þekki það ekki nægilega vel til að fullyrða nokkuð um það hér. Hins vegar kom það fram í mjög skýru svari hæstv. iðnrh. að viðkomandi fyrirtæki virðist ekki hafa leyfi til að taka vikur af þessum svæðum á Snæfellsnesi. Ég vil vekja á því sérstaka athygli hér að námaleyfi og námavinnsla heyrir undir iðnrn. og eftirlit með því að eftir þeim reglum sé farið. Því hljótum við að gera þá kröfu til hæstv. iðnrh. að ef það er rétt að viðkomandi fyrirtæki hafi ekki námaleyfi gangi hann að minnsta kosti í að sjá til þess að ekki sé verið að vinna í námum hérlendis efni sem viðkomandi aðilar hafa ekki leyfi til að vinna. Við hljótum að gera þá kröfu að hæstv. iðnrh. stöðvi þá vinnslu nú þegar.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. iðnrh. hvort ekki sé nokkuð ljóst að hann hafi sagt að þeir hafi ekki þessi leyfi og hann muni ganga í það verk, hratt og örugglega, að stöðva þá námavinnslu þar til leyfið er fengið því vitaskuld eiga Íslenskir aðalverktakar sem önnur fyrirtæki í þessu landi að starfa eftir þeim reglum sem gilda um þessa starfsemi hverju sinni.

[14:07]

Árni Johnsen:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans greinargóðu svör. Það hefur komið berlega í ljós bæði af orðum ráðherra og annarra þingmanna að það er siðlaust og forkastanlegt að ríkisfyrirtæki skuli vera að undirbjóða brautryðjendastarf íslenskra fyrirtækja í einkarekstri á erfiðum erlendum mörkuðum þar sem samkeppnin er hörð. Það er forkastanlegt. Það er ótrúlegt að þingmenn skuli leyfa sér — eins og kom fram í máli hv. þm. Kristjáns Pálssonar — að fagna því að íslenskt ríkisfyrirtæki sé svo öflugt að það geti undirboðið brautryðjendur í einkarekstri. Þetta segir allt málið.

Hæstv. iðnrh. hafði þau orð að það væri bæði stílbrot og verulega umhugsunarvert að opinber fyrirtæki væru að vinna á þessum grundvelli eins og hér er rætt. Hann sagði líka að sér væri hulin ráðgáta hversu djarflega væri teflt af hálfu fyrirtækisins Lava sem er í eigu Íslenskra aðalverktaka. Það

hefur líka komið fram að þetta fyrirtæki er að skáka í skjóli — án þess að hafa nokkurt leyfi eða nokkurn rétt er það að bjóða verð sem er yfir 10% lægra en samningsverð íslenskra aðila sem eru að berjast af veikum mætti við að vinna stöðu á þessum markaði. Þeir eru að bjóða tonnið á 67 mörk þegar samningsverð íslenskra aðila er 73,5 mörk.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. iðnrh., það var reyndar síðasta spurning mín, hvernig hann muni bregðast við þessum vinnubrögðum nú þegar?

Það er allt annað að ræða um framtíðina og fyrirtæki geta breyst en GER-fyrirtækið, sem er 100% dótturfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka, státar sig af því að vera í skjóli ríkisvaldsins og þess vegna sé mun hyggilegra og vænlegra að stunda viðskipti við það en þau íslensku fyrirtæki sem um árabil hafa verið brautryðjendur.

[14:10]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Ég sný mér beint að því að svara þeim spurningum sem ég átti ósvarað fyrr í umræðunni. Hv. þm. Árni Johnsen spurði: Hvernig hyggst hæstv. iðnrh. bregðast við þessum vinnubrögðum?

Eins og kom fram áður hefur þetta fyrirtæki ekki námaleyfi. Samkvæmt því á að vera útilokað fyrir fyrirtækið að flytja út vikur. Forsenda fyrir því að hægt sé að flytja vikurinn út og koma honum á markað er að fyrirtækið hafi námaleyfi. Fyrirtækið hefur hins vegar gert samning við landbrn. um nýtingu á þeim hlunnindum sem sú ríkisjörð sem þarna er um að ræða býður upp á. Það er allt annað en að hafa rétt til að vinna úr námunum. Námaleyfið er gefið út af iðnrn. Svarið við spurningunni er þetta: Það á ekki að vera hægt að flytja út vikur á vegum þessa fyrirtækis nema til komi námaleyfi. Nú veit ég það hins vegar að þegar Íslenskir aðalverktakar yfirtóku þetta fyrirtæki, Nesvikur á Snæfellsnesi, yfirtóku þeir um leið þau réttindi sem það fyrirtæki hafði en nú eru þau réttindi öll útrunnin, þ.e. námaleyfið, en þá tóku þeir yfir ákveðnar birgðir sem búið var að vinna. Þær birgðir, sem voru tveir farmar, hafa Íslenskir aðalverktakar sent úr landi og hafa haft rétt til þess að mínu viti vegna þess að þau réttindi voru áður keypt. En frekari vinnsla kemur ekki til greina nema fyrirtækið hafi vinnsluleyfi.

Það eru tvö svæði þar sem vikurinn er aðallega unninn, þ.e. í kringum Heklu og á Snæfellsnesinu. Það er mikill munur á þessum vikri. Vikurinn á Heklusvæðinu er miklu verðmætari en vikurinn á Snæfellsnesi. Það ræðst fyrst og fremst af því að það er léttari vikur á Heklusvæðinu en á Snæfellsnesi. Þegar menn eru að bjóða mismunandi verð á markaði erlendis er það þar af leiðandi vegna þess að gæðin eru mismunandi og það er kannski það sem menn hafa ekki tekið nægilega tillit til í því undirboði sem um ræðir. En svarið er skýrt: Útflutningurinn á ekki að vera heimill fyrir þetta fyrirtæki nema þeir hafi vinnsluleyfi.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur Áburðarverksmiðjunnar.

[14:13]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að ræða hér málefni Áburðarverksmiðjunnar utan dagskrár. Má segja að ekki sé seinna vænna vegna þess að miðað við hvernig horfur eru núna verður Áburðarverksmiðjunni lokað. Staðreyndin er sú að það hefur verið haldið þannig á málum að flest bendir til þess að helst eigi að loka Áburðarverksmiðjunni. Samt er það þannig, herra forseti, í fyrsta lagi að gagnstætt því sem haldið hefur verið fram þá er Áburðarverksmiðjan að mörgu leyti eitt umhverfisvænsta fyrirtæki á Íslandi. Þegar koldíoxíðbúskapur hennar er skoðaður kemur það í ljós að hún er mikilvægt framlag Íslendinga til þess að minnka koldíoxíðútblástur í heiminum frá því sem ella væri og munar þar hvorki meira né minna en um 15.500 tonnum á ári að því er talið er. Sömuleiðis hafa menn talið að köfnunarefnisoxíð sem frá Áburðarverksmiðjunni kemur væri svo mikið að það væri hættulegt. Staðreyndin er sú að margir aðrir þættir í okkar umhverfi menga meira að því er varðar útblástur á köfnunarefnisoxíði heldur en Áburðarverksmiðjan. Í öðru lagi er Áburðarverksmiðjan mjög hagkvæm verksmiðja. Og kostnaður á framleitt tonn af áburði hefur lækkað um 52% hvorki meira né minna frá árinu 1985.

Í þriðja lagi er Áburðarverksmiðjan hagkvæm fyrir landbúnaðinn og það skiptir ekki litlu máli. Í ljós kemur við athuganir að ef Áburðarverksmiðjunni yrði lokað þá yrði að flytja inn áburð í miklu stærri skömmtum en menn hafa til þessa talið. Hann yrði af annarri kornastærð en heppilegt er fyrir íslenskan landbúnað og auk þess telja allir sem til þekkja að þó að verðið á innfluttum áburði yrði lægra til að byrja með þá megi búast við að áburðarverð hækki þegar fram í sækti eftir að erlendir aðilar og aðrir aðilar hefðu öðlast einokun á sölu áburðar hér á landi.

Í fjórða lagi er Áburðarverksmiðjan mikilvæg starfsmiðstöð vegna þess að þar starfa milli 70 og 100 manns. Og hér eru menn stundum að fjalla um frv. um stóriðju, t.d. um stækkun álversins í Straumsvík, við það starfa í kringum 60–70 manns eða heldur færri en í Áburðarverksmiðjunni. Það er kannski líka umhugsunarvert að við stækkun Grundartangaverksmiðjunnar, sem menn eru að tala um hér, mun starfstækifærum ekki fjölga að neinu marki vegna þess að stefna Elkem er sú að fækka starfsliði enn þá meira en verið hefur. Þá er mikilvægt að taka fram að Áburðarverksmiðjan er með starfslið sem hefur mikilvæga sérfræðiþekkingu, m.a. á meðferð ýmissa hættulegra efna, sérfræðiþekkingu sem færi forgörðum fyrir Íslendinga ef verksmiðjunni yrði lokað.

Í fimmta lagi felst í starfrækslu Áburðarverksmiðjunnar mikið öryggi fyrir landið vegna þess að hún framleiðir efni sem við yrðum ella að flytja inn, kannski á mörgum stöðum, mörgum höfnum allt í kringum landið.

Í sjötta lagi vil ég nefna í þessu sambandi að ég tel að stjórnvöld hafi verið seinfær og dáðlaus varðandi málefni Áburðarverksmiðjunnar. Ég tel að landbrn. hafi ekki beitt sér af þeim myndarskap sem það ætti að gera til að tryggja starfsemi verksmiðjunnar. Ég tel að stjórn verksmiðjunnar hafi ekki staðið sig sem skyldi, m.a. ákvað stjórn verksmiðjunnar að hætta öllum tilraunum til að koma annarri framleiðslu af stað í Áburðarverksmiðjunni meðan einkavæðingarnefnd væri að störfum. Þá er ég kominn að þessari einkavæðingarnefnd. Hún hefur orðið til stórkostlegs skaða fyrir Áburðarsverksmiðjuna og hefur verið ákaflega seinfær. Fékk málið í fyrra og það er ekki fyrr en núna fyrir nokkrum dögum eða örfáum vikum að einkavæðingarnefndin svokallaða kemst að þeirri niðurstöðu hvernig eigi að standa að sölu á Áburðarverksmiðjunni og verksmiðjan hefur nú verið auglýst til sölu með tilteknum skilmálum sem ég held að séu satt að segja afar vafasamir. Einkavæðingarnefnd er náttúrlega

kapítuli út af fyrir sig. Það eru engin lög til um einkavæðingarnefnd, hún er skipuð samkvæmt ráðherrabréfi en hún hagar sér hins vegar eins og yfirráðuneyti og ræður oft, finnst mér, yfir ráðherrunum ef eitthvað er, sem er dálítið umhugsunarefni því auðvitað er landbrh. í þessu tilviki sjálfstætt stjórnvald og enginn undirmaður einkavæðingarnefndar.

Herra forseti. Af þessu tilefni öllu spyr ég hæstv. landbrh. hvað hann hyggist gera til að tryggja starfsemi Áburðarverksmiðjunnar áfram. Er hann tilbúinn til að beita sér fyrir átaki allra þeirra sem eiga hlut að máli, þ.e. ríkisins, Bændasamtakanna, Reykjavíkurborgar og Landsvirkjunar, til að tryggja að þetta mikilvæga fyrirtæki geti a.m.k. starfað í fimm eða tíu ár í viðbót meðan við erum að átta okkur á hver staða áburðarframleiðslu á Íslandi er í alþjóðlegri samkeppni?

[14:18]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig sjálfsagt að ræða hér málefni Áburðarverksmiðjunnar. Það er fyrirtæki, þó hlutafélag sé, sem ríkið á að öllu leyti enn þá. En fullyrðingar eins og komu fram í upphafi máls hv. málshefjanda áðan um að nú hafi verið tekin ákvörðun um að loka verksmiðjunni eða eins og hann sagði „Áburðarverksmiðjunni verður lokað", þá er það mál sem framtíðin ein getur skorið úr um. Um það hefur engin ákvörðun verið tekin. Það er erfitt að segja til um það á þessu stigi hvort mögulegt er að halda áfram áburðarframleiðslu og ef svo er með hvaða hætti það verður best tryggt.

Mig langar aðeins, virðulegi forseti, að fara svolítið yfir söguna í þessu efni þannig að ljóst sé hver aðdragandinn hefur verið að því hvernig mál standa í dag og að breytingar hafa lengi legið í loftinu hvað varðar þessa starfsemi. Við höfum séð á undanförnum árum að mikill samdráttur hefur verið í sölunni og mikill halli hefur verið á rekstri verksmiðjunnar undanfarin þrjú ár þrátt fyrir miklar hagræðingaraðgerðir og endurskipulagningu á starfseminni sem hefur vissulega skilað miklu og þeir sem þarna hafa farið með stjórn og staðið að málum hafa gert það af miklum krafti og lagt sig fram um að tryggja starfsemina áfram. En það hefur ekki dugað til. Hallinn hefur verið allt upp í 83 millj. kr. á árinu 1995 og sér hver maður að varla verður starfseminni haldið áfram ár eftir ár miðað við þær aðstæður öðruvísi en að fjármunir komi einhvers staðar frá. Er hægt að hækka verðið á áburðinum til að borga slíkan halla eða mun það leiða til þess að farið verður að flytja inn áburð í meira mæli?

Á vorþingi 1994 var fyrirtækinu breytt í hlutafélag, Áburðarverksmiðjuna hf., og ráðherra jafnframt heimilað að selja öll hlutabréfin eða hluta þeirra þannig að ekki hefur þurft að koma með það mál sérstaklega hér inn þess vegna, heimildin var fyrir hendi. Jafnframt var einkaleyfi fellt niður til framleiðslunnar af hálfu Áburðarverksmiðjunnar samkvæmt lögunum frá 1. janúar 1995. Þannig að innflutningur hefur síðan verið heimill og frjáls. Við hljótum að geta búist við að breytingar verði á ef þessi ágæta verksmiðja getur ekki staðið sig í verðlagningu og framleiðsluháttum.

Það hefur verið leitað eftir samstarfsaðilum og öðrum verkefnum í sambandi við verksmiðjuna. Menn hafa vafalaust heyrt talað um hugsanlega sinkframleiðslu, hreinsun á notaðri smurolíu og fleiri kostum sem hafa komið upp. Sú umræða heldur í raun áfram þó hún fari ekki formlega fram í augnablikinu meðan söluferli er í skoðun eða vinnslu. Þó hefur hér nýlega verið stofnað félag um hugsanlega peroxíðvinnslu á Íslandi, sem ég veit að gæti orðið samstarfsaðili ef af verður, og þessi verksmiðja heldur áfram í því formi sem hún hefur starfað og gert er ráð fyrir áfram. Það er ekkert hvorki í lögunum né í söluferlinu sem segir að áburðarframleiðslu skuli hætt. Það er það sem mig langar til að undirstrika. Í útboðslýsingu varðandi sölu fyrirtækisins, er sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Tilgangur félagsins er m.a. rekstur áburðarverksmiðju og annarrar efnavinnslu, innflutningur, sala á innlendum og erlendum markaði, dreifing og framleiðsla á áburðarefnum og skyld starfsemi." Það er því alveg ljóst að engin ákvörðun hefur verið tekin um að hætta áburðarframleiðslu.

Þetta söluferli hefur nú tekið fast að einu ári þannig að það hefur verið í undirbúningi, kannski má segja nokkuð lengi, en frá 4. desember þegar ráðherra fól einkavæðingarnefnd að fjalla um málið hefur þetta verið í gangi og tilboðsfrestur í verksmiðjuna er til næstu mánaðamóta eða 30. maí nk. Ég held að eðlilega hafi verið staðið að málinu að öllu leyti og ekki hafi verið óeðlilegt að ríkið út af fyrir sig hugsaði til þess að kanna möguleika á að selja hlutabréfin eða losa sig út úr rekstrinum. Þetta er rekstur sem er núna á almennum viðskiptagrundvelli. Það er erfitt og kannski útilokað fyrir ráðherra eða stjórnvöld að tryggja að hér verði áfram starfsemi af þessu tagi. En það er að minnsta kosti ekkert sem bendir til þess í þessu söluferli að framleiðslunni verði hætt. Það eru einungis markaðsaðstæður sem hljóta að segja til um og kveða upp úr um það af því hv. þm. og málshefjandi endaði sitt mál á að spyrja hver viðbrögð eða afstaða ráðherra og ráðuneytisins væru til þess.

Hæstv. forseti. Tími minn er útrunninn en ég vil aðeins segja að lokum að það er rétt að verksmiðjan framleiðir áburð á vistvænan hátt. Við höfum leitað eftir því við samtök lífrænna ræktenda, alþjóðleg samtök, hvort til greina komi að verksmiðjan fái einhverja viðurkenningu sem slík. Því er hafnað af þeirra hálfu af því að þarna sé um tilbúinn áburð að ræða. En hún mun vafalaust geta gagnast okkur áfram sem framleiðandi á áburði sem er vistvænni en sá sem er framleiddur með olíu og geta stutt framleiðsluna að því leytinu til þó hún fái ekki viðurkenningu varðandi hina svokölluðu lífrænu ræktun.

[14:24]

Hjálmar Árnason:

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að fullyrða að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi geti gegnt lykilhlutverki á sviði sem gæti verið eitt stærsta sóknarfæri Íslendinga á sviði umhverfismála, verðmætasköpunar og atvinnumála. Þar á ég við framleiðslu og notkun á vetni.

Svo sem kunnugt er hefur Áburðarverksmiðjan framleitt um 2.000 tonn af vetni árlega síðan 1954. Ég fullyrði að þarna er til staðar sérhæfð þekking sem þjóðarhagsmunir krefjast að verði tryggðir áfram. Ekkert annað fyrirtæki í landinu býr yfir jafnviðamikilli kunnáttu og reynslu á þessu sviði og Áburðarverksmiðjan í Gufunesi og þar skiptir reynsla starfsfólks sköpum.

Ég hef átt þess kost á síðustu vikum að kynna mér hér innan lands og erlendis ýmsa möguleika varðandi vetni. Ég leyfi mér að fullyrða að vetni muni gegna lykilhlutverki sem orkugjafi 21. aldar. Fyrir tveimur vikum átti ég fund með stjórnendum leiðandi fyrirtækis á þessu sviði í Evrópu. Eftir það segi ég fullum fetum að þróunin á sviði vetnis sem vistvæns orkugjafa er örari en nokkurn mann hefði grunað. Og það sem meira er, hinir erlendu aðilar telja að Ísland hafi

alla burði til að verða forustuþjóð í þeirri þróun, tala jafnvel um Kúvæt norðursins. Þess vegna, herra forseti, er svo mikilvægt fyrir okkur að varðveita þá þekkingu og reynslu sem fengist hefur við framleiðslu vetnis og tilraunir með vetnisknúna bátavél í Gufunesi. Hugsanlega kann hlutverk Áburðarverksmiðjunnar að breytast og snúast einungis um þróun og framleiðslu vetnis. Kjarninn er þó sá að þekkingunni sem býr í tæplega eitt hundrað starfsmönnum verði ekki glatað.

[14:26]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Áburðarverksmiðja ríkisins er litla barnið í áburðarfjölskyldunni í Evrópu, framleiðir 50 þúsund tonn meðan næstminnsta verksmiðjan er með 600 þúsund tonna framleiðslu.

Við Íslendingar undirgengumst EES-samninginn, Evrópusambandið er að stokka Evrópu upp. Ekkert fær að standa eins og það var meðan þessi stefna stórveldanna gengur fram. Hér hafa verið opnaðar dyr. Lítill markaður þolir illa afföll. Margt sem er smátt og fagurt verður að víkja úr vegi risans eða breyta starfsemi sinni. Íslenski bóndinn styður og vill að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi lifi. Það sýna sölutölur í ár. Þegar frelsið er gengið í garð verður það aðeins 5–8% af innfluttum áburði sem selst á þessu vori. Eitt hundrað störf eru dýrmæt. Raforkusala upp á 140 milljónir er mikilvæg. Átökin í Evrópu snúast um að kaupa upp þann litla og hætta framleiðslu. Það verður erfitt að finna kaupanda við þessar aðstæður. Áætlun um sölu er jafnvel tímaskekkja við þær aðstæður.

Ég tel mikilvægt að styrkja Áburðarverksmiðjuna og hægt verði að finna henni viðbótarverkefni og í það eigi ráðamenn að ganga. Ríkisstjórn og Reykjavíkurborg eiga að taka höndum saman og leita nýrra leiða. Ég tel mikilvægt fyrir ríkisstjórnina að fá borgina í þetta samstarf með sér. Framtíðarsýnin — áburðarframleiðsla til viðbótar vetni eða vetnisperoxíðvinnsla eins og hér hefur verið nefnd eða olíuhreinsun. Margt kemur til greina í vaxandi atvinnusköpun í okkar landi og vaxandi hagvexti í heiminum.

Hæstv. forseti. Tíminn er naumur. Samstaða um ný verkefni og nýja framtíðarsýn getur tryggt hundrað störf áfram í Gufunesi og áburðarframleiðslu í landinu sem íslenskir bændur telja mjög mikilvæga.

[14:29]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur um langt árabil verið mjög mikilvæg burðarstoð í atvinnulífi í Reykjavík. Þess vegna er tímabært að hv. þm. Svavar Gestsson tekur framtíð hennar hér til umræðu. Það hefur verið rakið af hæstv. umhv.- og landbrh. að kaflaskil hafa orðið í rekstri verksmiðjunnar. Þegar Íslendingar urðu aðilar að EES var einkaleyfið afnumið um leið sem Áburðarverksmiðjan hafði á sölu á áburði hér innan lands.

Komið hefur fram hjá formanni landbn., hv. þm. Guðna Ágústssyni, að þrátt fyrir að innflutningur á áburði sé nú frjáls virðist sem íslenskir bændur vilji frekar kaupa áburð sem er örlítið dýrari en hann er hins vegar vistvænn og er innlend framleiðsla. Í þessu felst e.t.v. kjarni málsins.

Framtíð þessarar verksmiðju sem áburðarframleiðanda hlýtur að standa og falla með þeim stuðningi sem hún hlýtur af hálfu íslensks landbúnaðar. Ég verð hins vegar að segja að ég held að framtíð hennar sem áburðarframleiðanda sé nú mjög í tvísýnu. Eins og íslenskur landbúnaður er nú staddur þá hljóti að vera erfitt að gera þá kröfu til hans að hann kaupi innlent ef hann á kost á útlendu jafngóðu efni á talsvert lægra verði. Þess vegna held ég að það sé líka rétt sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði að nauðsynlegt er að Reykjavíkurborg og ríkisvaldið reyni að hlutast til um að treysta stoðir verksmiðjunnar til framtíðar. Meiri hlutinn sem ræður í Reykjavík, Reykjavíkurlistinn, hefur einmitt gert það. Kannanir eru í gangi á því hvernig hægt er að nýta þá miklu fjárfestingu sem þar er fyrir. Menn hafa t.d. verið að kanna möguleikana á að reisa þar peroxíðverksmiðju sem er tiltölulega mengunarlítil. Það hafa verið aðrar mun óheillavænlegri hugmyndir upp eins og búa þarna til olíuhreinsun eða sinkverksmiðju en ég tek ekki undir þær.

Eins og hv. þm. Hjálmar Árnason sagði er þarna mikil þekking til staðar á sviði vetnisframleiðslu. Ég minni á það frábæra verkefni sem Bragi Árnason prófessor hefur rekið þarna árum saman, minni á þær ályktunartillögur sem hér hafa verið samþykktar og bornar fram af Kvennalistanum á síðustu kjörtímabilum sem einmitt varða þetta. Ég held að það sem hér kom fram sé e.t.v. lykillinn að framtíð þessarar verksmiðju, en enn þá eru þau mál í deiglu og ljóst að mikið þróunarstarf er óunnið. Ég tek undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni að ríkisvaldið og Reykjavíkurborg leggi saman fé til að reyna að þróa verkefni af því tagi til að halda þessum störfum á lífi.

[14:32]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að sú staða sem Áburðarverksmiðjan er komin í er vissulega vegna samninga sem við, alþingismenn þjóðarinnar, höfum gert og berum ábyrgð á. Það má segja að erlendir aðilar eigi sóknarfæri á íslenskan áburðarmarkað til að auka sína möguleika.

Ég held aftur á móti að sóknarfæri Áburðarverksmiðjunnar hljóti að liggja í því, eins og kom fram hjá Hjálmari Árnasyni, að sú tækniþekking sem þar er til staðar verði nýtt á víðari grundvelli en gert er í dag. Ég held að að mörgu leyti sé það af hinu góða að hæstv. landbrh. hefur auglýst verksmiðjuna til sölu þannig að það komi fram hvort til séu aðilar í landinu sem treysta sér til að fara í aðgerðir til eflingar starfseminni í Gufunesi.

Ég veit að mjög æskilegt er að Íslendingar ættu olíuhreinsunarstöð. Hins vegar sýnist mér að nokkrir annmarkar séu á því að staðsetja hana í Gufunesi og teldi miklu æskilegra að slík starfsemi færi fram annars staðar og hún yrði þá viðbót við íslenskan iðnað. En það þarf ekki annað en að keyra eftir Miklubrautinni í blankandi logni að vetrarlagi til að átta sig á að það er ekki neinn kjarnorkuúrgangur sem er að fara með Íslendinga eða nein mengun frá álverksmiðju heldur er mengunin frá bílunum komin á það stig að hún er heilsu manna hættuleg á vissum svæðum í borginni. Þannig er staðan. Það er beinlínis heilsuspillandi að búa í sumum íbúðum við Miklubrautina. Það hlýtur að vera mjög stórt mál fyrir stjórnendur Reykjavíkur og stjórnendur landsins að reyna að þróa æskilegri orkugjafa en í dag eru notaðir á almenningsvagna og í framtíðinni á alla umferð í borginni og annars staðar.

[14:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég þakka fyrir þær ágætu undirtektir sem mál mitt hefur fengið hjá þingmönnum. Ég þakka hv. þm. Hjálmari Árnasyni fyrir ágæta ræðu sem hann flutti um þá

sérfræðiþekkingu sem þarna er um að ræða sem skiptir mjög miklu máli að verja því að ef verksmiðjunni verður lokað, sem hætta er á annars, hverfur sú sérfræðiþekking í Áburðarverksmiðjunni sem í raun er framtíðartilvísun. Og það er alveg rétt hjá hv. þm. að vetnissjónarhornið skiptir mjög miklu máli.

Ég vil líka þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni, sem er formaður landbn. eins og alþjóð veit, fyrir undirtektir hans undir málflutning minn í þessu máli. Mér finnst það sem hann og fleiri sögðu benda til þess að í rauninni geti verið réttlætanlegt að beita stjórnvaldsaðgerðum um 5–10 ára skeið til að halda verksmiðjunni gangandi jafnvel þó að það kunni að virðast tæpt út frá þrengstu markaðssjónarmiðum séð. Það er það í raun og veru sem ég er að hvetja til, þ.e. að ríkið, borgin, Landsvirkjun og aðrir aðilar komi sér jafnvel saman um að grípa til sérstakra aðgerða til að tryggja að verksmiðjan geti verið til sem áburðarverksmiðja, sem vetnisframleiðandi og undirbúningsaðili að stórátaki í vetnisframleiðslu og jafnframt sem vinnustaður þar sem væru líka hjálpargreinar, eins og peroxíðframleiðsla, sem reyndar Reykjavíkurborg hefur haft forustu um. Reyndar hefur atvinnumálanefnd Reykjavíkur nú þegar beitt sér fyrir að stofnað hefur verið undirbúningsfélag til að hefja peroxíðvinnslu í Áburðarverksmiðjunni. Allt lítur þetta þannig út að mér sýnist að hægt verði að ljúka umræðunni, a.m.k. af minni hálfu, með því að þakka fyrir og hvetja hæstv. landbrh. til að halda þétt utan um þessi mál. Í þessari stofnun hefur hann stuðning til að loka ekki Áburðarverksmiðjunni.

[14:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil líka taka undir með málshefjanda og þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um stöðu verksmiðjunnar. Reyndar lít ég svo á að þau sjónarmið hafi einnig komið fram að menn viðurkenna í hvaða stöðu verksmiðjan er með hugsanlega áframhaldandi rekstur. Ég vil auðvitað taka undir það sem kom fram í upphaflegu máli hv. málshefjanda að verksmiðjan er mikilvæg fyrir íslenskan landbúnað. Hún er það vegna þess að hún hefur getað svarað markaðsóskum eða óskum um framleiðslu öðruvísi og betur en ég geri ráð fyrir að innfluttur áburður og aðrar áburðarverksmiðjur erlendis geti gert. Þess vegna veit ég um áhuga bændastéttarinnar. Ég hef rætt við fulltrúa þeirra um möguleika í sambandi við þá aðkomu að gerast eignaraðilar á einhvern hátt að þessu fyrirtæki þó í litlum mæli sé til þess að sýna a.m.k. viðhorf sitt og styðja eða styrkja rekturinn með því móti. Það væri vissulega ánægjuefni og ég hef reyndar rætt við aðra aðila sem gætu einnig verið hugsanlegir samstarfsaðilar. Og ég beitti mér fyrir því að verksmiðjan er auglýst með þeim hætti að hægt er að kaupa í henni hlutabréf allt að helmingi eða þá hlutabréfin öll. Það er því hægt að gerast samstarfsaðili með ríkinu að verksmiðjunni ef það þykir fýsilegur kostur til að treysta starfsemina. Ég get að sjálfsögðu ekki annað en fagnað því.

Mig langar einnig að nefna út af því að gagnrýni kom á það að verksmiðjan skyldi yfirleitt auglýst til sölu og það væri ekki tímabært eða réttur tími til þess. Ég veit svo sem ekki hvenær rétti tíminn er til þess, hvenær slíkt hefði verið tímabært. Ég minni á það að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur ályktað mjög ákveðið í þá veru að nauðsynlegt sé að eyða óvissu og fagnaði þeirri ákvörðun ráðherra, eins og segir í ályktun frá þeim, „að hefja formlega sölu á hlutabréfunum og eyða óvissu sem ríkt hefur um framtíðina og að öðru jöfnu beri að kappkosta að selja verksmiðjuna til áframhaldandi áburðarframleiðslu í heild eða að hluta til að tryggja þau störf sem þar eru.“ Ég held því að það hafi verið og sé eðlilegt að kanna möguleikana á hvort aðrir aðilar vilja sýna verksmiðjunni þá trú og það traust að taka þátt í að reka hana áfram og þá skal ekkert standa á mér hvort heldur sem landbrh. eða umhvrh. að reyna að eiga aðild að því. Þarna er vissulega mikilvæg þekking innan dyra sem ætti að geta nýst til annarra verkefna ef svo fer að hún tapar markaði sem áburðarframleiðandi og söluaðili að áburði. Ég verð því miður að segja það við hv. þm., vin minn, Guðna Ágústsson, að það eru kannski einmitt bændur á Suðurlandi sem hafa verið, ef einhverjir eru, hvað ótryggastir kaupendur. Þeir koma þaðan því að þar er sá eini söluaðili sem ég veit til þess að sé að selja áburð frá erlendum verksmiðjum. Það hafa mér vitanlega ekki aðrir tekið þátt í því.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 3. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 1090.

[14:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leggja orð í belg áður en málið yrði afgreitt endanlega frá þinginu. Ég lýsti viðhorfum mínum að nokkru leyti við 1. umr. málsins og er óþarfi að endurtaka það í smáatriðum. Ég vildi gjarnan koma á framfæri vangaveltum um nokkur atriði og spurningum til hæstv. ráðherra þar að lútandi sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á og enn betra ef unnt væri að fá frekari svör við á þessu stigi.

Ég vil þó fyrst segja að ég tel það mjög til framfara í málinu að setja heildstæða löggjöf um þennan málaflokk og er því fyllilega samþykkur að sú leið hafi verið farin að endurskoða þessi lög í heild sinni. Margt í þessum lagabálki sem liggur fyrir eftir 2. umr. er býsna gott og ekki ástæða til að gera athugasemdir við það. Þvert á móti er ýmislegt sem til framfara horfir frá því sem verið hefur á undanförnum árum.

Ég vil þó halda til haga því sjónarmiði mínu að ég tel að sá aðili sem eigi að lýsa yfir hættuástandi sé heimaaðili. Það er viðhorf mitt að almannavarnanefnd staðarins á hverjum stað eigi að hafa þetta verkefni og bera þá ábyrgð sem því fylgir. Mér er hins vegar ljóst að það eru ekki allir á þeirri skoðun og annað hefur orðið ofan á á fyrri stigum þessa máls og er haldið í lítt breyttu formi í frv. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það. Ég bara árétta viðhorf mín og hef fært fyrir þeim rök og vísa þar til ræðu minnar við 1. umr. málsins. Þó tel ég að frá því fyrirkomulagi að hafa hættuástandsvaldið hjá Veðurstofunni nokkra bót mála að færa hlutann af ákvörðunarvaldinu heim í hérað til lögreglustjóra í samráði við almannavarnanefnd. Ég hefði þó kosið að hafa það á hinn veginn, að það vald sem þarna er fært heim í hérað verði á höndum almannavarnanefndar í samráði við lögreglustjóra. Ég hefði kosið að það stæðist af því sem þarna er lagt til.

Önnur atriði sem ég tel rétt að gera að umræðuefni að þessu sinni eru í fyrsta lagi ákvæði í 10. gr. sem komu inn við 2. umr. málsins. Þar bættist inn í 10. gr. frv. svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta: „Eftir að viðurkennd varnarvirki

hafa verið reist er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæðum og þá með hvaða skilyrðum."

Þessari tillögu fylgdi svohljóðandi greinargerð í nál. umhvn., með leyfi forseta:

„Telur nefndin eðlilegt að ekki verði ráðist í þéttingu byggðar nema aðstæður séu metnar áður og er eðlilegast að slíkt mat sé í höndum viðkomandi sveitarstjórnar og ráðherra sem leita skal álits Veðurstofu Íslands og Skipulags ríkisins áður en ákvörðun er tekin."

Þetta vekur upp ákveðnar spurningar vegna þess að þessi viðbót við 10. gr. og rökstuðningurinn á bak við hana byggir á því að menn efist um að varnarvirki sem hafa verið reist séu fullnægjandi vörn. Því sé rétt, áður en ákveðið er að leyfa fleirum að búa á varnarsvæðinu, ef svo má að orði komast, að athuga málið sérstaklega. Það getur ekki nein önnur skýring verið en að menn telji að það sé mögulegt að hætta sé samfara því að leyfa fólki að setjast að á varnarsvæði tiltekins varnarvirkis. Ég spyr þá, ef yfirvöld hafa efasemdir í sínum huga um varnarvirki, hvort þær efasemdir hljóti þá ekki að snúa líka að þeim sem fyrir eru? Er þá ekki verið að segja: Það er okkar mat að þó að varnarvirki sé gagnlegt þá sé eftir sem áður hætta af völdum ofanflóða? Verðum við þá ekki að endurskoða allt þetta mál í ljósi þess að menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að vörnin sé ekki sú sem skyldi. Ef menn tryðu því að vörnin væri fullnægjandi þá þyrfti engar efasemdir að hafa uppi um hvort fleirum mætti búa stað í skjóli varnarvirkisins. Þannig að þessi viðbót umhvrn., sem ég trúi að sé gerð eftir bestu vitund og að yfirlögðu ráði, vekur mig til umhugsunar um gildi varnarvirkjanna. Ég sé málið alveg í nýju ljósi því ég hef trú á því að þau varnarvirki sem menn hafa reist séu það öflug að ekki sé hættulegra að búa í skjóli þeirra en annars staðar í viðkomandi plássi. Á þessu vildi ég vekja athygli, virðulegur forseti.

Ég veit svo sem ekki hvort hæstv. umhvrh. getur nokkuð tjáð sig um þetta efnisatriði því þetta kemur fram í meðförum þingnefndar en því miður sé ég engan úr umhvn. hér í þingsölum og því miður ekki formann umhvn. en það væri fengur að ef hann gæti verið hér viðstaddur.

Þá vil ég í fjórða lagi vekja athygli á 14. gr. frv., sem kveður á um hvað greiða skuli fyrir fasteignir sem er ákveðið að kaupa vegna þess að það er talinn betri kostur að kaupa eignina upp heldur en að reisa varnarvirki. Í 14. gr. frv. eins og það er núna eru ákvæði núgildandi 7. gr. laga, þó með einni veigamikilli breytingu. Þau ákvæði sem áfram eru frá núgildandi lögum til frv. eru þau að almenna reglan er að miða skuli við að hámarki staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélagi utan hættusvæða þegar ákveðið er hversu hátt verð skuli greiða fyrir fasteign en þó sé heimilt að miða greiðslur við framreiknað kaupverð húseignar ef það hefur verið væntanlega í takt við gildandi markaðsverð. Síðan er áfram gert ráð fyrir því að ofanflóðasjóður greiði ekki fyrir kaup á húseign sem unnt er að flytja nema heildarkostnaður við flutninginn sé hærri en viðmiðunarverð eins og að framan er greint. Hins vegar er eitt ákvæði fellt úr 7. gr. núgildandi laga. Um það segir í greinargerð með frv. sem við erum að ræða hér, með leyfi forseta:

„Taki ofanflóðasjóður þátt í hluta af kostnaði við kaup á eignum eða flutning á þeim leiðir af 14. gr. frumvarpsins að miða skal að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð eða framreiknað kaupverð húseignar ásamt kostnaði eiganda af endurbótum á henni. Með frumvarpinu er með öðrum orðum gerð tillaga um að heimild til að miða greiðslur úr ofanflóðasjóði við brunabótamat eða endurstofnverð, sem er að finna í 5. mgr. 7. gr. og ákvæðum til bráðabirgða í núgildandi lögum, verði felld á brott úr lögum."

Þetta þýðir að engin ákvæði eru í frv. um hvernig eigi að bregðast við ef svo ber undir að íbúðareigandi býr við þau skilyrði að ákveðið er að verja ekki húsið, reisa ekki varnarvirki, heldur bjóða honum upp á að kaupa af honum húsið. Honum stendur til boða markaðsverð sambærilegrar eignar. Ef slíkar eignir eru ekki til í byggðarlaginu, hvað gera menn þá? Mörg byggðarlögin sem búa við snjóflóðahættu eru smá. Þau eru fámenn og ekki endilega margar fasteignir á lausu sem þegar eru byggðar. Það getur hæglega komið upp sú staða að íbúðareigandi standi frammi fyrir því að það verð sem honum stendur til boða fyrir fasteign sína er miklu lægra en hann þarf að reiða fram til að koma sér fyrir í sama byggðarlagi af því að ekki er til reiðu eða til sölu nein sambærileg húseign utan hættusvæðis. Hann þarf þá að ráðast í að byggja húsnæðið og eðlilega þurfa menn hærra verð til að standa undir byggingarkostnaði heldur en til að kaupa notað húsnæði á markaðsverði. Mér sýnist að með þessari breytingu sé girt fyrir þann möguleika sem er í núgildandi lögum að íbúðareigandi geti byggt á nýjan leik í sama sveitarfélagi eða öðru. Honum er því nauðugur einn kostur ef hann getur ekki keypt neina íbúð í viðkomandi byggðarlagi að flytjast búferlum í annað byggðarlag. Eða hann velji hinn kostinn að selja ekki fasteign sína og búa við þessi skilyrði sem ég held að verði líka að teljast slæmur kostur. En það gæti komið upp ef viðkomandi íbúaðareigandi vill ekki flytja úr byggðarlaginu að hann standi frammi fyrir því að búa þá bara áfram við óbreytt skilyrði að engar varnir eru settar upp til þess að draga úr hættu hvað hús hans varðar. Þarna sýnist mér vera nokkur afturför í lagasmíðinni og ég vildi vekja athygli á því, virðulegi forseti.

Að lokum vil ég vekja athygli á því að þó að þetta frv. verði afgreitt og þótt í því séu mörg ágæt ákvæði þá vantar töluvert upp á að það sé fullnægjandi að minnsta kosti að mínu mati. Þannig er dæmi um að snjóflóð hafi nú þegar á liðnum vetri fallið á hús. Þá þurfa bæjaryfirvöld eðlilega að fara að huga að því hvað sé til bragðs að taka. Á að reisa varnir eða á að hefja uppkaup á húsum? Áður en hægt er að taka ákvörðun um það þarf að ráðast í vandaðar og viðamiklar athuganir sem taka sinn tíma og eru ekki á færi nema sérfræðinga. Ég hygg að ég megi segja að það séu sérfræðingar Veðurstofu Íslands sem annist þær. Þegar niðurstöður úr þeim athugunum liggja fyrir munu sveitarstjórn ásamt ofanflóðasjóði taka ákvörðun um aðgerðir á grundvelli þeirra. Því er nauðsynlegt þegar sú staða er að þegar hefur fallið flóð — það er ekki bara að menn geti átt von á því heldur að það hefur þegar fallið flóð — þá er nauðsynlegt að hraða framgangi málsins sem mest. En í því dæmi sem ég er með í huga eru svörin þannig að þeir, sem búa í þessum húsum og vilja eðlilega fá svör við því hvað gera eigi til þess að draga úr líkum á því að leikurinn endurtaki sig, fá þau svör að þeir geti vænst þess að það liggi fyrir árið 2001 hvað til bragðs skuli taka. Fram að þeim tíma frá vetrarmánuðum snemma árs 1997 til ársins 2001 verða menn einfaldlega að bíða og búa í sínum húsum því þess er ekki að vænta að þau séu söluvara eftir þessa atburði. Þetta finnst mér virðulegur forseti, algjörlega óásættanlegt og Alþingi ásamt ríkisstjórninni verður að gera betur í þessum efnum. Það er ekki hægt að bjóða fólki upp á það sem þegar hefur lent í

því að snjóflóð hefur fallið á hús þess að það þurfi að bíða í að minnsta kosti fjögur ár og ef til vill eitthvað lengur ef framkvæmdir taka einhvern tíma þaðan í frá.

Ég vildi því hvetja hæstv. umhvrh. til að grípa inn í þessa atburðarás þannig að svör fáist miklu fyrr en þarna stefnir í, bæði svör um aðgerðir og framkvæmdir á þeim og vildi því einnig beina þeirri fyrirspurn til umhvrh. hvort hann hafi á sínu borði áætlanir um að breyta þessu þannig að þessi tími verði ekki svona langur. Þetta getur endirtekið sig síðar. Það gæti á næsta vetri fallið flóð á einhverjum stað og þá fengju íbúar í þeim húsum þau svör að því miður væru ekki fjárráð eða mannskapur til að gera nauðsynlegar athuganir og síðan í framhaldi af því framkvæmdir fyrr en árið 2002 eða 2003. Ég held að það verði annaðhvort að bæta við fjármagni í þennan málaflokk þannig að ofanflóðasjóður og ríkisvaldið geti hraðað greiðslu á sínum hluta í þessum málum, ellegar að taka upp þá reglu að þar sem flóð hafa þegar fallið á hús verði forgangur á framkvæmdum. Ég held að menn hljóti að vera sammála um að það sé mjög erfitt að ætla fólki að búa í nokkur ár við það ástand sem um er að ræða í því tilviki sem ég er með í huga.

Fleira var það ekki, herra forseti, sem ég ætlaði að koma á framfæri í þessari umræðu. En ég vænti þess að hæstv. umhvrh. taki þetta til athugunar.

[14:59]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil nú fyrst segja í sambandi við þetta mál sem er til umræðu að ég held að hér sé verið að vinna að mjög mikilvægri löggjöf og að koma þessu í heildstæðan búning, endurskoðað, og búið að leggja mikla vinnu í að koma þessu til 3. umr., bæði af hálfu starfsmanna ráðuneyta, ráðherra og svo síðast en ekki síst af hálfu þings og hv. umhvn. Það er út af fyrir sig leitt eða óþægilegt að hér skuli ekki vera fulltrúi umhvn. til að taka þátt í þessari umræðu fyrst enn þá er einhverjum spurningum ósvarað að áliti hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, því nefndin hefur auðvitað fjallað um málið að undanförnu og ráðherra kannski ekki fylgst með því nákvæmlega hvaða breytingar hafa verið gerðar og hvað hefur þá legið til grundvallar þeim breytingum eða hvern rökstuðning nefndin hefur haft fyrir sér við þær breytingar — þá játningu verð ég nú að gera. Ég vil minna á það sem er þó aukaatriði í málinu að það var þar að auki hæstv. forsrh. sem flutti málið en ekki umhvrh. af því að málið heyrir undir fleiri ráðuneyti og var þess eðlis, en það er auðvitað umhvrn. sem fjallar um þetta að mestu leyti og undir það ráðuneyti heyrir ofanflóðasjóðurinn og framkvæmd málanna þannig að það lendir auðvitað á borði umhvrh. að fylgja málum eftir.

Ég verð því að segja það við hv. þingmann og þingheim að ég er e.t.v. ekki undir það búinn að svara hér ítarlega þeim spurningum eða ábendingum sem hv. þingmaður setur hér fram heldur lýsa sjónarmiði eða viðhorfi og hefði auðvitað þurft að vera komið fram, kannski komu þær athugasemdir eða ábendingar sem hv. þingmaður dregur hér upp fram hjá honum við 2. umr., en það er auðvitað að öðru leyti dálítið seint fram komið þar sem ekki er líklegt að þingið geri breytingar á málinu að þessu sinni. En varnaðarorðin geta auðvitað verið til skoðunar í ráðuneyti og þá til leiðréttingar síðar þegar og ef menn telja nauðsynlegt að bregðast við eða ef reynsla sker úr um að slíkt sé nauðsynlegt. Þetta vildi ég segja í upphafi við hv. þingmann.

Varðandi hugleiðingar hans um varnarvirki og að það hafi verið viðhorf hans og væntanlegra allra að í varnarvirkjunum fælist fullkomin vörn, þá er þó auðvitað ástæða til að velta fyrir sér hvað fullkomin vörn er. Hvenær getum við byggt slík mannvirki að við getum verið viss um að náttúruhamfarir á Íslandi geti ekki haft þar einhver áhrif? Ég segi eins og hv. þingmaður að ég hef auðvitað treyst því og við hljótum að byggja þessi miklu mannvirki, hvort heldur það eru stoðgarðar eða upptökumannvirki, girðingar eða hvað annað, með það að leiðarljósi að þau veiti þá fullkomnustu vörn sem við getum reiknað með og reiknað út á því stigi. En við vitum að flóð falla á stöðum þar sem þeirra var ekki vænst, þar sem menn höfðu ekki gert ráð fyrir. Slíkt hefur komið upp, hefur orðið meira og stærra í sniðum en menn hafa átt von á og e.t.v. getum við átt von á slíkum náttúruhamförum að við þær ráði enginn. Við stöndum því að einhverju leyti alltaf frammi fyrir slíkri óvissu þó svo að ég ítreki það sjónarmið mitt eða viðhorf að hugsunin við að taka ákvörðun um að reisa varnarvirki í staðinn fyrir að kaupa upp eignir og flytja íbúðarbyggð burtu eða byggðina alla, hlýtur að vera sú að þar sé verið að veita þá vörn sem nægileg er til þess að tryggja byggðina, að menn geti lifað þar við ekki meiri áhættu heldur en menn gera almennt í daglegu lífi við eðlilegar náttúrulegar aðstæður.

Auðvitað erum við alltaf að taka einhverja áhættu á ýmsan hátt þó að það varði ekki endilega snjóflóð eða slíkar náttúruhamfarir, það geta verið aðrar náttúruhamfarir og ýmislegt annað í daglegum athöfnum fólks. Á þessu stigi á ég því ekki annað svar handa hv. þingmanni en þessar almennu hugleiðingar mínar og þann skilning sem ég hef á málinu sem mér heyrist að falli nákvæmlega að skilningi hv. þingmanns á hlutverki varnarvirkjanna og markmiðinu með því að reisa þau, þó að alltaf sé erfitt að vera algjörlega 100% viss eða fullkomlega sannfærður um að varnarvirkin séu svo fullkomin að þau geti ekki á einhverju stigi eða einhverjum tíma brugðist eða veitt falska vörn, þó að vonandi komi aldrei til þess.

Hv. þm. velti síðan aðeins fyrir sér breytingum sem hafa verið gerðar á 14. gr. frv. um þær aðstæður sem kunna að skapast ef ekki er hægt að fá nýtt húsnæði á markaðsverði eða ef slík viðmiðun liggur ekki fyrir. Ég held að þetta hljóti að vera hið almenna viðhorf, þó að ég geti kannski ekki svarað fyrir breytingar sem kunna að hafa verið gerðar af hálfu umhvn. á málinu, að við erum auðvitað að reyna að bæta húsnæði og gefa fólki kost á því að kaupa eða byggja húsnæði aftur með tilliti til þess verðmætis sem er í húsnæði á staðnum. Ég held, og leyfi mér að fullyrða, að það sé ekki raunverulega gert ráð fyrir því, svo ég taki einhver dæmi, að einstaklingur sem verður fyrir áfalli með sitt hús í byggð, hvort sem það er vestur á fjörðum, fyrir norðan eða austan, geti gert kröfu til þess eða átt kröfu til þess að hann fái greitt að fullu húsnæði sem hann þyrfti að kaupa kannski hér á höfuðborgarsvæðinu eða á einhverju allt öðru markaðssvæði. Ég hygg að það sé ekki það sem hv. þm. var að velta fyrir sér heldur það hvernig yfirleitt er brugðist við ef ókleift er fyrir einstaklinginn að byggja eða kaupa sér húsnæði á sama svæði eða sama stað. Ég hef álitið að menn væru sammála um það viðhorf sem kemur fram í frv. eins og það er núna og lögunum eins og þau verða að það væri reynt að taka mið af aðstæðum sem eru á viðkomandi svæði en ekki einhverjum allt öðrum aðstæðum annars staðar. Kannski hef ég ekki skilið hv. þm. fullkomlega rétt en þetta er það viðhorf sem

ég held að hljóti að liggja þarna að baki.

Varðandi síðan þá atburði sem geta og eru því miður að gerast áfram og við vitum af bara á þessum nýliðna vetri, sem ég vona að maður geti leyft sér að segja að sé liðinn eða að líða þó að enn séu nokkuð hörð veður á Norðurlandi og kannski Vestfjörðum líka þó ég hafi ekki frétt af því í dag en það er æðivetrarlegt á landinu enn þá, en við höfum orðið fyrir áföllum á þessum vetri sem var ekki vænst og komu mönnum enn á óvart. Það er alltaf eitthvað að gerast sem kemur á óvart í þessu sambandi. Við höfum kannski sofið á verðinum á undanförnum árum hvað það varðar að treysta varnaraðgerðirnar og tryggja það betur að fólk búi ekki við hættu, eða a.m.k. þá lágmarksáhættu sem hægt er að hugsa sér, en við höfum ekki enn byggt varnargarða eða varnarvirki á þeim stöðum sem eru í mestri hættu og erum aðeins að hefja það mikla starf.

Á seinustu mánuðum og missirum hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf í þessu efni og eins og hv. þingmaður veit og þingheimur þá höfum við fyrir okkur skýrslu um úttekt á þessum hættusvæðum og hugsanlegar varnaraðgerðir. Þar er um að ræða gríðarlega háar tölur til þess að ráða bót á, reyndar með miklum óvissumörkum, kannski á bilinu 7–14 milljarðar kr. sem þarf að leggja í það að byggja varnarvirki á þeim stöðum þar sem hætta er talin mest. Og það hlýtur að taka tíma, það gerum við ekki á einu ári eða tveimur. Við höfum nú þegar sett upp áætlun, forgangsröð í þessu efni. Sú forgangsröð hefur verið kynnt viðkomandi sveitarstjórnum og var að hluta til unnin í samráði við þær. Það ég best veit er bærileg sátt um hana. Sjálfsagt mundu allir vilja fá varnarvirkin byggð hraðar og á sínum stað, að staður viðkomandi einstaklings eða sveitarstjórnar sitji fyrir öðrum. En hér hafa menn tekið mjög málefnalega á og unnið með ráðuneytinu og Veðurstofunni við að koma þessari áætlun í gang. Þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir hefur verið vel tekið og í eins góðri sátt og mögulegt er. En það þýðir auðvitað það að einhverjir bíða, einhverjir sitja á hakanum eða verða að bíða. Við höfum reynt að stilla þessu upp þannig að það sé ekki eitt byggðarlag tekið fyrir fyrst og önnur látin bíða heldur séu valin þau varnarvirki sem nauðsynlegust eru talin og þeir staðir sem taldir eru hættumestir og þeir látnir sitja fyrir og aðrir þá bíða. Í augnablikinu, af því hv. þm. spurði um það, eru ekki aðrar hugmyndir á borði ráðherra eða ráðuneytis, en sú áætlanagerð sem hefur verið í gangi og sú vinna sem þar liggur fyrir og ég mun auðvitað reyna að fylgja eftir. En ég vil líka minna á hitt að ef eitthvað nýtt kemur upp, og ég tala nú ekki um áföll, það er auðvitað erfitt að þurfa að segja það því þá er maður náttúrlega að viðurkenna að við höfum ekki náð að beita forvarnaaðgerðum heldur þurft að bregðast við eftir á, en þegar orðið hafa áföll þá hafa stjórnvöld alla jafnan reynt að bregðast við eins skjótt og mögulegt er og gera það besta úr hlutunum sem hægt er, jafnvel þótt það hafi kostað að grípa hafi þurft til fjármögnunaraðgerða eða fjárhagsaðgerða sem ekki voru ákveðin eða skipulögð fyrir fram í fjárlögum eða með viðlagasjóðum eða öryggissjóðum eins og þó er nú verið að reyna að byggja upp. Við erum að byggja upp þennan ofanflóðasjóð með töluvert miklum fjármunum og það er auðvitað vitað mál að það verður að taka umtalsverðar upphæðir að láni til þess að geta unnið þessa framkvæmdaáætlun sem nú liggur fyrir um þær varnaraðgerðir sem áætlað hefur verið að reisa á næstu 10 árum eða svo upp á 7–10 milljarða kr. Þannig að það verður að líta til þess frammi fyrir hverju við stöndum en ég segi aftur að ef nýjar upplýsingar koma eða eitthvað kemur upp á sem breytir þeirri áætlun þá verður reynt að bregðast við því.

Hæstv. forseti. Ég veit að ég hef ekki svarað ítarlega öllum fyrirspurnum hv. þingmanns. En eins og ég sagði í upphafi hef ég reynt að velta vöngum yfir því sem hann var hér að spyrja um eða tala um og ég segi að lokum að ég geri ráð fyrir að það sé þá eitthvað sem héðan af verði að fara inn í ráðuneytið til frekari skoðunar og þá til leiðréttingar síðar því ég á ekki von á því að gerðar verði frekari eða ítarlegri breytingar á þessu frv. en auðvitað er enn þá tími til þess að leggja fram brtt. við það ef hv. þingmaður eða aðrir hafa hug á því að knýja fram breytingar eða leita eftir breytingum með þeim hætti og skoða það. En það ég best veit er nefndarstarfi lokið.

[15:12]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans í ræðunni sem hann var að flytja. En ég vil segja að það eru tvö atriði sem mér finnst að þurfi að gaumgæfa betur. Fyrra atriðið er sú viðbót sem kom frá hv. umhvn. og ég rakti áðan á hverju hlyti að byggjast og fæli í sér efasemdir um ágæti eða áreiðanleika varnarvirkja. Hitt atriðið eru breytingar sem eru gerðar á núgildandi lögum þar sem fellt er brott eitt ákvæði þeirra, það ákvæði sem er svohljóðandi, með leyfi forseta: „Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var á þeim tíma þegar ofanflóð féll. Sé ákveðið að inna greiðslu af hendi vegna yfirvofandi hættu, án þess að flóð hafi fallið, er við sömu aðstæður heimilt að miða hana við brunabótamat vátryggingafélags sem í gildi var við síðustu áramót. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignarinnar, skal greiðsla miðast við endurstofnverð sem þannig er reiknað."

Þessi málsgrein í gildandi lögum er felld brott og það er gert í frv. Þannig að það er gert á vettvangi ríkisstjórnarinnar að taka þessa ákvörðun að breyta lögunum að þessu leyti. Í frv. kemur ekki fram rökstuðningur fyrir því hvers vegna þetta er gert og ég hef ekki fundið hann. Mér finnst nauðsynlegt að vekja athygli á þessari breytingu og fá fram skýringar frá hv. ríkisstjórn hvers vegna þetta er lagt til, hvort svo sé að þau dæmi sem þessi málsgrein á að ná yfir verði leyst með öðrum hætti eða hvort einhver önnur úrræði komi í staðinn fyrir þessa málsgrein. Það má vel vera en ég hef ekki séð þau og mér finnst nauðsynlegt að fá fram skýr svör frá ríkisstjórninni um þetta efni áður en umræðu um þetta mál lýkur. Mér finnst það, virðulegi forseti. Mér finnst að þegar verið er að leggja til breytingu sem að þessu leyti skerðir hagsmuni íbúðareigenda undir vissum kringumstæðum, þá þurfi að liggja skýrt fyrir hvers vegna sú tillaga er gerð og hvaða önnur úrræði koma í staðinn þannig að menn séu ekki verr settir eftir lagabreytinguna en fyrir hana af því að ég ætla ekki að halda því fram né ætla ríkisstjórninni það að þessi tillaga sé gerð í því skyni að rýra stöðu tiltekinna íbúðareigenda. Þess vegna kannski öðru fremur er nauðsynlegt að fá fram skýr svör um þetta atriði.

Í þriðja lagi tel ég líka nauðsynlegt að fá frá ríkisstjórninni skýr svör um hvort hún hyggist grípa til sérstakra aðgerða þar sem snjóflóð hafa þegar fallið án þess að nokkurt manntjón hafi orðið eða neinn skaði annar en á húseignum. Þar hafa

menn þá fengið viðvörun um að hættuástand gæti skapast, meiri viðvörun en á öðrum stöðum. Málin eru í þeirri stöðu sem fyrr en greinilega brýnna en áður að hraða varnarvirkjagerð eða ákvörðun um til hvaða ráða skuli gripið. Mér finnast þau svör ekki ásættanleg að menn skuli bara búa áfram í 4–5 ár við sömu óbreyttu skilyrðin sem þegar hefur sannast að geta haft hættu í för með sér.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að verkefnið er mikið sem þarf að ráðast í um land allt og verður ekki unnið nema á nokkuð löngum tíma. Ég geri því ekki athugasemd við það að gerð sé forgangsáætlun á þessum verkefnum og þeim sé síðan stillt upp í því tímaplani og verkefnaplani eftir því sem mönnum þykir skynsamlegt. En mér þykir líka skynsamlegt og eðlilegt að þegar menn fá skýra vísbendingu um að á tilteknum stöðum sé kannski meiri hætta en menn héldu, þá færi menn til og grípi fyrr til aðgerða. Það er ekki ásættanlegt að bjóða fólki upp á þennan biðtíma sem um er að ræða í því tilviki sem ég er með í huga. Mér fundust svör hæstv. ráðherra vera svolítið óskýr um það, en las það helst út úr þeim að í meginatriðum héldi hann sig við þá framkvæmdaáætlun sem drög liggja fyrir um og ég er ekki sammála honum að það sé ásættanleg niðurstaða.

Herra forseti. Ráðherrann vék að því að ég hefði ekki tekið til máls í þessu máli við 2. umr. og það er alveg hárrétt hjá ráðherranum. Það stóð þannig á að ég þurfti að gegna öðrum störfum á sama tíma og þingfundur stóð yfir eins og títt er og varð ekkert við það ráðið. Óskir mínar stóðu til þess að fresta umræðu og var það gert um sinn, en eðlilega er ekki hægt að gera það mjög lengi þannig að það varð samkomulag um að 2. umr. færi fram þótt ég gæti ekki mætt til hennar með þeim rökum að ég gæti eðlilega flutt mitt mál við 3. umr. Til þess eru nú þrjár umræður um mál að menn geti tekið til máls og geri það þegar þörf krefur. Mér finnst það ekkert lakari málflutningur sem kemur fram við 3. umr. máls en við 2. umr. Ég er ekki á þeirri skoðun að 2. umr. máls sé endapunktur hennar og eftir það eigi ekki að vera umræður. En mér finnst hins vegar að hv. umhvn. líti svo á að 3. umr. sé henni óviðkomandi. Ég fæ ekki séð, virðulegi forseti, að hér sé nokkur nefndarmaður úr hv. umhvn. Ég hef látið athuga fyrir mig um formann og varaformann og þeir eru því miður hvorugur á landinu þennan daginn. Mér finnst þetta ekki góður svipur á afgreiðslu mála frá þinginu þegar umhvn. í heilu lagi er í burtu og sérstaklega þegar þeir sem eiga að tala fyrir hönd nefndarinnar eru ekki einu sinni á landinu. Mér finnst því eðlilegt, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til unnt er að fá skýringar frá talsmanni nefndarinnar varðandi þau atriði sem ég hef óskað frekari skýringa á og vísa þar til 10. gr. frv. og eins hvort þeir hafi ekki athugað 7. gr. í núgildandi lögum sem er breytt með þeim hætti sem ég hef rakið. Eins finnst mér líka að sá ráðherra sem flutti málið, sem er upplýst að var hæstv. forsrh., geri grein fyrir því hvers vegna þessi breyting er gerð á uppkaupareglum. Þetta er nefnilega gríðarlega mikilvæg breyting og ef þessi heimild er felld brott án þess að nokkuð annað komi í staðinn er verið að ganga verulega á hlut, ekki gott að segja margra, en það geta verið allmargir íbúðareigendur sem gætu skaðast verulega á þessari breytingu. Mér finnst eðlilegt að menn geri þá grein fyrir því til hlítar áður en hún er endanlega afgreidd frá þinginu af því að ég hef, eins og ég sagði fyrr, gengið út frá því að menn væru ekki að gera þessa breytingu til þess að skaða einstaka íbúðareigendur heldur af einhverjum öðrum ástæðum og á móti hlytu að koma aðrar aðgerðir sem væru jafngildar og vægju upp breytinguna en ég hef ekki séð hverjar eru. Það hefur ekki verið gerð grein fyrir þeim og mér finnst eðlilegt að kalla eftir því að gerð sé grein fyrir því og fer fram á það við virðulegan forseta að ef ekki tekst að fá skýringar á þeim atriðum sem ég nefndi verði umræðunni frestað þar til þeir sem geta gefið skýringarnar eru mættir til hennar.

[15:22]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því til að fyrirbyggja misskilning að ég er síður en svo að gera lítið úr 3. umr. um mál og vil ekki að orð mín áðan verði skilin þannig. Þar að auki hafði ég ekki hugmynd um að hv. þm. hefði ekki tekið til máls við 2. umr. Ég velti því aðeins upp áðan hvort þessar athugasemdir hans, sem eru auðvitað þýðingarmiklar, hafi ekki komið fram þá. Hann hefur nú upplýst að fyrir því hafi verið sérstakar ástæður sem ekkert er við að segja. Og til þess að þetta sé nú alveg skýrt af minni hálfu þá er auðvitað 3. umr. mikilvæg líka, en við 2. umr. þurfa helst að koma fram ekki síst athugasemdir sem geta varðað efnistök nefnda á málinu þannig að nefndirnar geti á milli umræðna farið yfir athugasemdirnar og fjallað um hvort ástæða er til eða þörf á að gera frekari breytingar þannig að þær liggi fyrir við 3. umr. strax. En það tekur auðvitað ekki nokkurn rétt af þingmönnum að leggja til breytingar við 3. umr. Ég vildi að þetta sjónarmið væri alveg skýrt.

Ég verð að segja við hv. þm. varðandi 14. gr. og þær breytingar sem þar hafa verið gerðar að hér hafa menn sett sér alveg ákveðna viðmiðun: Greiðslan skal miðast að hámarki við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu. Það hefur verið ákveðið að hverfa frá því að brunabótamatið væri miðmiðun eða endurstofnverð af þeim ástæðum að höfundar frv. og síðan ríkisstjórnin, sem hefur gert þetta að sínu máli, hafa álitið að þetta væri eðlilegri eða meiri jafnræðisaðferð við uppgjör á húseignum í þessu tilviki en hinar sem áður voru nefndar og það sjálfsagt að einhverju leyti að fenginni reynslu að undanförnu þar sem á þetta hefur reynt. Ef svo stæði á að erfitt væri, sem ég held að hljóti að vera hægt með matsaðferðum, að finna eða áætla staðgreiðslumarkaðsverð, ef það er að einhverju leyti óljóst vegna þess að lítil eignaskipti hafi átt sér stað eða að einhverju leyti erfitt að finna staðgreiðslumarkaðsverðið, þá verði menn að viðhafa reikningsaðferðir við að finna slíkt út. Ég gef mér að það geti ekki verið svo flókið en ég hef ekki aðra skýringu á þessu, hæstv. forseti, en þá sem ég hef reynt að gera grein fyrir hér, að höfundar hafi talið að þetta væri eðlileg og fullnægjandi aðferð við uppgjör ef til þess þarf að koma.

Varðandi hinn þáttinn um sérstakar aðgerðir þar sem snjóflóð hafa þegar fallið án þess að valda mannskaða en e.t.v. leitt til tjóns á fasteignum, þá er, eins og ég sagði áðan það eitthvað sem getur út af fyrir sig komið upp, því miður. Það getur líka gerst á þeim stöðum þar sem flóð hafa fallið áður og við höfum þó sett í ákveðna forgangsröð að byggja upp. Við höfum núna sett fram ákveðna hugmynd um hvernig staðið verði að byggingu varnarvirkja á næstu árum. Á meðan það mál var í vinnslu hafa reyndar komið upp tilvik sem þótti ástæða til að taka til sérstakrar skoðunar og voru reyndar gerðar breytingar á fyrri hugmyndum í ljósi þess. Ég hygg því að ef eitthvað slíkt kemur upp sé reynt að taka tillit til þess. En við hljótum að verða að setja okkur

einhverja áætlun sem við byggjum á og miðum við að fara í þessar kostnaðarsömu og tímafreku aðgerðir sem uppbygging þessara varnarvirkja hlýtur að verða á næstu árum. Það verður þess vegna að hafa einhverja meginreglu í því þó svo að upp kunni að koma einhver tilvik sem breyta því, því að ekkert er umbreytanlegt í þessu. Þetta er aðeins vinnuáætlun og hugmynd um forgangsröð en ekkert sem er þannig bundið að ekki sé umbreytanlegt. En ef einn staður er tekinn fram yfir annan af einhverjum slíkum ástæðum eru meiri líkur á því að einhver annar sitji á hakanum eða færist aftar í röðinni því að þetta eru gríðarlega kostnaðarsamar framkvæmdir í heildina eins og ég hef áður nefnt.

Ég hef því miður ekki við þetta að bæta, hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort þetta hefur að nokkru leitt til þess að hv. þm. geti sæst á það að umræðan haldi áfram eða ljúki, en ég set það að öðru leyti í vald forseta, ég ræð ekki neinu um það mál. Það hlýtur að verða hans mat.

[15:28]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Hér kom fram ósk frá hv. 5. þm. Vestf. um að þessari umræðu yrði frestað. Það er rétt sem hv. þm. sagði að bæði formaður og varaformaður umhvn. eru með fjarvistarleyfi í dag. Ég vil spyrja hv. þm. hvort svör ráðherra hafi verið fullnægjandi. — Hv. þm. hristir höfuðið. Forseti frestar þá umræðu um þetta mál hér og nú.

Umræðu frestað.

Hlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 847, nál. 1067.

[15:29]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög. Frv. þetta snýst fyrst og fremst um að flytja skráningu hlutafélaga frá hlutafélagaskrá til Hagstofu Íslands. Málið er ekki ágreiningsmál. Nefndin hefur orðið ásátt um að gera eina brtt. við 9. gr. frv. sem snýr að innheimtu gjalda fyrir aðgang að skránni.

Breytingin er í þá átt að ráðherra Hagstofu Íslands er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skráningu hlutafélaga, þar með talið um skipulag skráningarinnar, rekstur hlutafélagaskrár, aðgang að skránni og gjaldtöku m.a. fyrir útgáfu vottorða og afnot af þeim upplýsingum sem hlutafélagaskrá hefur á tölvutæku formi.

Meginmarkmiðið með brtt. er að tryggja að gjaldtaka af þeim aðilum sem óska eftir aðgangi að skránni verði fyrst og fremst í samræmi við þann kostnað sem slík upplýsingagjöf hefur í för með sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 848, nál. 1068.

[15:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Brtt. sem hér er lögð til er efnislega samhljóða þeirri brtt. sem lögð var til vegna frv. um breytingu á lögum um hlutafélög sem hér liggur fyrir. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja málið frekar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 2. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 849, nál. 1069.

[15:32]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög, með síðari breytingum.

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér er til umfjöllunar er sama eðlis og þær tillögur sem lagðar eru til af hálfu nefndarinnar um breytingar á frv. um hlutafélög og einkahlutafélög og tel ég því ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 490, nál. 1056, brtt. 1057.

[15:33]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 1056 um 258. mál sem er frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um meðferð opinberra mála, innheimta sekta og punktakerfi vegna umferðarlagabrota.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Sigurð T. Magnússon héraðsdómara, og Georg Lárusson sýslumann er unnu að undirbúningi frv., Óla H. Þórðarson frá Umferðarráði og Ómar Smára Ármannsson frá embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Þá hafa nefndinni borist umsagnir um málið frá Fangelsismálastofnun ríkisins, Lögregluskóla ríkisins, Umferðarráði, Rannsóknarlögreglu ríkisins og Lögmannafélagi Íslands.

Í frv. eru lagðar til breytingar á þrennum lögum sem miða að því að gera meðferð sektamála skilvirkari, einkum hjá lögreglu, en ómarkviss og árangurslítil innheimta sekta, sem jafnvel er mismunandi milli umdæma, brýtur gegn jafnræði borgaranna og veikir réttlætiskennd þeirra og trú á réttarkerfið.

Frv. er þáttur í heildarendurskipulagningu á meðferð sektamála en sektum er beitt sem refsingum við brotum sem ekki eru talin meðal þeirra alvarlegustu. Til að sektarrefsing hafi tilætluð varnaráhrif þarf innheimta sekta að vera skilvirk

þannig að brotamenn geti gengið að því vísu að refsingum verði framfylgt samkvæmt meginefni sínu eða með afplánun vararefsingar.

Helstu nýmæli frv. eru að gert er ráð fyrir að hámarksfrestur til greiðslu sektar sem lögreglustjóri getur samið um við sakborning verði eitt ár. Þá er lagt til að vararefsing vegna sektarrefsingar, allt að 100.000 kr., verði lögbundin og heimilað að sakborningur geti skriflega gengist undir slíka vararefsingu ásamt sekt hjá lögreglustjórum. Einnig er lagt til að lögfest verði heimild til að staðla refsingar og önnur viðurlög við umferðarlagabrotum og að lögfest verði ákvæði um að við ákvörðun refsinga vegna tveggja eða fleiri umferðarlagabrota skuli beitt fullkominni samlagningu sekta. Þá gerir frv. ráð fyrir að fest verði í lög heimild til að veita 25% afslátt af sektum vegna umferðarlagabrota ef greitt er innan 30 daga frá því að sektin var lögð á. Einnig felur frv. í sér að tekið verði upp punktakerfi vegna umferðarlagabrota og lögfest að beitt skuli sviptingu ökuréttar vegna uppsafnaðra punkta samkvæmt punktakerfi.

Með innheimtu sekta er átt við vinnuferlið frá því að sekt er lögð á og þar til hún er greidd, afplánun við vararefsingu, mál fellt niður eða brotið fyrnt. Að þessu ferli koma fjölmargir starfsmenn, svo sem lögreglustjórar, löglærðir fulltrúar, lögreglumenn og annað starfsfólk lögreglustjóra og sýslumannsembætta. Gífurleg vinna þessara starfsmanna fer nú í innheimtu sekta og miðar frv. að því að draga úr vinnu við þennan málaflokk þannig að starfsfólk embættanna geti varið meiri tíma til annarra þátta starfa sinna. Jafnframt því að nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt leggur hún áherslu á að breytingin verði kynnt landsmönnum ítarlega.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er grein fyrir á þingskjali 1057. Annars vegar er þar um að ræða smávægilegar orðalagsbreytingar og leiðréttingar á tilvísunum. Hins vegar er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að lagagrundvöllur vararefsingar og lengd varðhalds skuli tilgreind í lögreglustjórasátt og að sakborningur skuli gangast skriflega undir vararefsinguna ásamt öðrum viðurlögum. Ábending um að nauðsynlegt væri að taka skýrt fram í ákvæðinu að samhliða sátt um greiðslu sektar skuli sakborningur jafnframt gangast undir vararefsingu kom frá Lögmannafélagi Íslands. Í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir að sakborningur geti á síðari stigum fengið lögreglustjórasátt hnekkt án atbeina ríkissaksóknara, þó að hann geti ávallt neitað sök, neitað að gangast undir greiðslu sektar eða neitað að gangast undir tiltekna vararefsingu, telur nefndin rétt að kveða skýrt á um það í lögum að vararefsing skuli tilgreind í lögreglustjórasáttinni.

Tveir nefndarmenn voru fjarverandi við afgreiðslu þessa máls, Valgerður Sverrisdóttir og Kristján Pálsson, en aðrir nefndarmenn allshn. rita nöfn sín undir álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggisþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 817, nál. 1075, brtt. 1080.

[15:38]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1075 um 486. mál, frv. til laga um öryggisþjónustu.

Allshn. hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Bogason frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Viðar Ágústsson frá Öryggisþjónustunni Vara. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Öryggisþjónustunni Vara, Neytendasamtökunum, Öryggisþjónustunni Sívaka, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi lögreglumanna, Landssambandi slökkviliðsmanna og lögreglustjóranum í Reykjavík.

Með frv. er stefnt að heildarlagasetningu um öryggisþjónustu, en hér hafa um nokkurt skeið verið starfandi fyrirtæki sem veita viðskiptavinum sínum margvíslega öryggisþjónustu sem felst einkum í því að gæta húsakynna eða athafnasvæða. Nú eru ekki í lögum takmarkanir á því hver getur haft slíkan rekstur með höndum né nánari reglur um framkvæmd starfseminnar eða hæfi þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu. Mikilvægt er að slíkar reglur séu til þar sem oft er um mikla hagsmuni að ræða og nauðsynlegt að þeir sem annast öryggisþjónustu noti sér ekki aðstöðu sína í vafasömum tilgangi. Er öryggisþjónusta skilgreind í frv. og þar er að finna ákvæði um að leyfi ráðherra þurfi til að annast öryggisþjónustu í atvinnuskyni og skilyrði þess að slíkt leyfi verði veitt.

Nefndin leggur áherslu á að frv. miðar ekki að því að veita þeim aðilum sem fá leyfi til að sinna öryggisþjónustu opinbert vald. Eftir sem áður verða þeir sem sinna öryggisgæslu að leita atbeina lögreglu ef beita þarf opinberu valdi, t.d. við handtöku. Nefndinni bárust athugasemdir við það að í frv. eru ekki gerðar aðrar hæfniskröfur til starfsmanna öryggisþjónustufyrirtækja en að þeir séu að minnsta kosti 18 ára að aldri og að öðru leyti til þess fallnir að rækja starfann af samviskusemi og trúverðugleika. Telur nefndin ekki ástæðu til að setja frekari hæfniskröfur í lög en minnir á að strangar kröfur eru gerðar til þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu og ætlast verður til að yfirmenn fylgi því eftir að starfsmenn hafi óflekkað mannorð og valdi starfinu. Þá bárust nefndinni athugasemdir varðandi klæðnað starfsmanna öryggisþjónustufyrirtækja. Telur nefndin að gæta verði þess að einkennisklæðnaður þessi líkist ekki of mikið klæðnaði löggæslumanna. Telur nefndin ekki ástæðu til að setja skilyrði varðandi klæðnað í lög en bendir á að æskilegt sé að kveðið verði nánar á um þetta atriði í reglugerð.

Nefndin leggur til breytingu við 2. gr. frv., um það skilyrði að einstaklingur, sem hyggst annast öryggisþjónustu, þurfi að hafa haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár. Leggur nefndin til að tími þessi verði lengdur í fimm ár. Er breytingartillagan í samræmi við þá þróun sem orðið hefur varðandi sams konar ákvæði í öðrum lögum. Má nefna sem dæmi að sölumenn notaðra ökutækja þurfa samkvæmt lögum að hafa haft forræði á búi sínu í þrjú ár og nýverið lagði allsherjarnefnd til að fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar skyldu hafa haft forræði á búi sínu síðustu tíu ár.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Valgerður Sverrisdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Aðrir nefndarmenn skrifa undir álitið en tveir hv. þm., Jóhanna Sigurðardóttir

og Ögmundur Jónasson, skrifa undir með fyrirvara.

[15:42]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef skrifað undir það frv. sem hér er til umræðu með fyrirvara ásamt því að flytja með hv. þm. Ögmundi Jónassyni brtt. við frv. Áður en ég geri grein fyrir brtt. vil ég gera grein fyrir ástæðu fyrir þeim fyrirvara sem ég set. Ég tel að hér sé um mjög þarfa lagasetningu að ræða sem ég styð, en hún felur í sér að stefnt er að heildarlagasetningu um öryggisþjónustu og settar reglur um framkvæmd á slíkri starfsemi og er öryggisþjónustan skilgreind í frv. Þetta tel ég allt mjög mikilvægt og tímabært að setja lög um öryggisþjónustu.

Ég vil einnig taka fram að ég styð þá brtt. sem hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir um að þeir sem annist öryggisþjónustu þurfi að hafa haft forræði á búi sínu lengur en í tvö ár eins og frv. gerði ráð fyrir, þ.e. að sá tími verði lengdur í fimm ár.

Nefndinni bárust umsagnir frá ýmsum aðilum um frv. og kemur fram í mjög mörgum þeirra að gerð er athugasemd við 4. gr. frv. Greinin fjallar um þær kröfur sem gerðar eru til starfsmanna leyfishafa sem sinna framkvæmd öryggisþjónustu og þess óskað að strangari skilyrði og kröfur verði gerðar til starfsmanna en frv. setur fyrst og fremst skilyrði og gerir kröfur til þeirra sem fá leyfi til að annast öryggisþjónustu. Með leyfi forseta vísa ég til nokkurra umsagna að því er þennan þátt varðar ásamt því að athugasemdir bárust líka frá nokkrum aðilum um að sett yrðu í lög ákvæði sem tryggja að þeir sem vinna að öryggisþjónustu fari ekki inn á starfssvið opinberrar löggæslu eða slökkviliðs. Eins komu ábendingar um og við gerum einnig tillögu um það sem lýtur að ábyrgðartryggingu þeirra sem að öryggisþjónustu starfa.

Í fyrsta lagi gerir Landssamband lögreglumanna athugasemdir við a.m.k. þrjú af þeim atriðum sem ég nefndi. Þeir segja í umsögn sinni að brýnt sé að skýrt komi fram að hvergi sé gengið á borgaraleg réttindi og að einkarekinni öryggisþjónustu séu settar þær skorður að slík starfsemi hafi ekki í neinu rýmri starfsheimildir en lögregla ríkisins. Í annan stað segir þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er einnig ástæða til að gera athugasemdir við það að tilteknar kröfur eru gerðar til leyfishafa og stjórnarmanna í fyrirtækjum en slakari kröfur til þeirra sem vinna störfin, þ.e. annast hið eiginlega eftirlit. Þá eru engar kröfur gerðar til annars starfsfólks, t.d. skrifstofufólks, en gera má ráð fyrir að fólk í þeim störfum hafi aðgang að þeim atriðum sem miklu máli skipta til að þjónustan komi að notum."

Þeir benda einnig á ábyrgðartryggingarnar sem ég nefndi áðan og segja orðrétt, með leyfi forseta:

„Þá er vert að benda á að hvergi er að finna í frv. ákvæði um ábyrgð rekstraraðila eða tryggingar en ljóst er að þau fyrirtæki sem málið varðar hafa oft á tíðum umsjón með talsverðum verðmætum."

Í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík kemur fram að embætti lögreglustjórans hafi ekki athugasemdir varðandi frv. aðrar en að vekja athygli á hvort ekki ætti að gera strangari kröfur í 4. gr. frv., þ.e. til starfsmanna leyfishafa.

Neytendasamtökin gera einnig athugasemdir og segja að í frv. séu ekki gerðar sérstakar kröfur til starfsmanna leyfishafans sem sinna framkvæmd öryggisþjónustu aðrar en þær sem kveðið er á um í 4. gr. frv. og síðan segja þeir orðrétt:

„Starfsemi þeirra sem annast öryggisþjónustu er um margt áþekk hlutverki lögreglu lögum samkvæmt auk þess sem starfsemin varðar oft mikla hagsmuni, sem geta farið forgörðum ef sá sem gætir þeirra sinnir starfi sínu ekki af trúverðugleika og samviskusemi. Einnig geta starfsmenn sem annast öryggisþjónustu hæglega notað aðstöðu sína í vafasömum tilgangi. Gerð er grein fyrir þessum atriðum í athugasemd með frv. og að þessum atriðum virtum telja Neytendasamtökin að rétt og eðlilegt sé að gera strangari kröfur til starfsmanna er annast framkvæmd öryggisþjónustu en gerðar eru í 4. gr. frv. Til að mynda væri ekki óeðlilegt að gert væri að skilyrði að þeir fullnægi b–d-liðum 2. mgr. 2. gr. frv. Með því væri og komið að einhverju leyti til móts við þær reglur sem gilda á hinum Norðurlöndunum sem gerð er grein fyrir í II. hluta athugasemda við frv."

Í Danmörku og Noregi eru einmitt gerðar slíkar kröfur að því er varðar starfsmenn sem ég og hv. þm. Ögmundur Jónasson gerum tillögu um að verði bætt í frv.

Vari, sem starfar að alhliða öryggisþjónustu, gerir líka athugasemdir við þetta. Þar segir:

„Eðlilegt er að gera kröfur til þess einstaklings eða félags sem tekur að sér öryggisþjónustu að hann ráði aðeins fólk til þeirra starfa sem hefur flekklaust mannorð. ... og krefjast þess að fá árlega að sjá endurnýjað sakavottorð starfsmanna sinna. Gera þarf framkvæmdastjóra eða stjórn félagsins ábyrga fyrir því að ekki séu sakamenn í öryggisþjónustunni."

Fulltrúi Vara kom á fund nefndarinnar og hann taldi einmitt eðlilegt að a.m.k. skilyrði b- og d-liðar 2. gr. frv. giltu um starfsmenn leyfishafa í 4. gr. eins og gert er ráð fyrir í þeirri brtt. sem ég er hér að gera grein fyrir.

Landssamband slökkviliðsmanna leggur til að það verði bætt við 1. gr. eftirfarandi: „Þess skal gætt að öryggisþjónusta í atvinnuskyni fari ekki inn á starfssvið opinberrar löggæslu og slökkviliðs." Sú tillaga er tekin upp í þeim brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni.

Að síðustu vil ég nefna að Samband íslenskra tryggingafélaga gerir athugasemd við þetta frv. sem ég tel allrar athygli verðar þó ég geri ekki tillögu um það í þeim brtt. sem ég flyt. Ég tel þó vert að vekja athygli á þeirri tillögu hér úr ræðustól. En þar segir:

„Í 4. gr. frumvarpsins er fjallað um hæfiskröfur starfsmanna sem beinlínis sinna öryggisþjónustu og tekur því ekki til skrifstofufólks, sendla og þess háttar. Hæfiskröfur eru nánast þær einar að starfsmaður hafi náð 18 ára aldri. Þó ofmælt sé að segja að öryggisþjónusta gegni sama hlutverki og lögregla er öryggisþjónusta nátengd lögreglustarfi. Hér er ekki aðeins um það að ræða að starfsmenn öryggisþjónustu þurfi að gæta mikilla hagsmuna og verðmæta heldur þurfa þeir iðulega að mæta óvæntum og ófyrirséðum atvikum. Þá getur starfið verið hættulegt. Starfsmaðurinn kann að þurfa að vera á fáförnum stöðum um hánótt. Að ætla 18 ára unglingi að gegna störfum af þessu tagi hlýtur að orka tvímælis.

Með vísan til ofanritaðs er lagt til að 4. gr. frv. verði breytt á þann veg að í stað 18 ára lágmarksaldurs starfsmanna sem sinna öryggisþjónustu skuli miðað við 20 ára aldur. Mætti jafnvel færa rök að hærra aldurslágmarki í þessu efni."

Ég held, virðulegur forseti, að þessi ábending eigi fyllilega rétt á sér, að það væri eðlilegt og réttmætt að gera slíkar kröfur að starfsmenn öryggisþjónustu hafi náð 20 ára aldri. Það er vissulega rétt sem fram kemur í þessu áliti Sambands íslenskra tryggingafélaga að starfið getur verið hættulegt og

kannski vafasamt að ætla 18 ára unglingi að ráða við að gegna slíkum störfum eða að það orki a.m.k. tvímælis.

Virðulegi forseti. Ég tel þó að það mætti bæta þessa grein með þeim brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni og vil freista þess að ná þeim fram og setja ekki fram hér tillögu um 20 ára aldursmörkin þó vissulega sé sú tillaga sem hér er sett fram þess eðlis að hana hefði átt að skoða af fullri alvöru.

Ég tel ekki nægjanlegt, virðulegur forseti, sem bent er á í nál. allshn. eins og hér er sagt:

Telur nefndin ekki ástæðu til að setja frekari hæfniskröfur í lög en minnir á að strangar kröfur eru gerðar til þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu og ætlast verður til að yfirmenn fylgi því eftir að starfsmenn hafi óflekkað mannorð og valdi starfinu.

Ég tel að það þurfi að taka af allan vafa í lagatextanum sjálfum um það hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna sem eru fyrst og fremst þeir sem annast þessa þjónustu.

Brtt. eru svohljóðandi, virðulegi forseti:

„1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þess skal gætt að öryggisþjónusta í atvinnuskyni fari ekki inn á starfssvið opinberrar löggæslu og slökkviliðs.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:

Rekstraraðili öryggisþjónustufyrirtækis skal hafa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi hér á landi, sem tryggir viðskiptamanni fyrirtækisins bætur ef hann verður fyrir fjárhagstjóni sem fyrirtækið eða starfsmenn þess bera skaðabótaábyrgð á.“ — Ég vil geta þess að fulltrúi Vara sagði aðspurður að hann teldi eðlilegt að slíkt ákvæði væri í frv.

„3. Við 4. gr. Á eftir orðunum „18 ára að aldri“ komi: uppfylla skilyrði b-, c- og d-liðar 2. gr.“

Þar er átt við að vera lögráða, hafa haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár, eða fimm ár samkvæmt brtt. allshn., og hafa hvorki gerst sekur um brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um skotvopn né verið dæmdur til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga enda hafi brot ekki verið smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið. Þetta eru þrjú af þeim fimm ákvæðum sem þeir sem eru í forsvari og fá leyfi til að annast öryggisþjónustu verða að uppfylla. Ég tel ekki óeðlilegt miðað við það hvernig þessi þjónusta er rekin, sem er þannig að framkvæmdin er að miklu leyti borin uppi af starfsmönnunum sjálfum, að þessi mikilvægu ákvæði nái einnig til starfsmannanna.

Virðulegi forseti. Ég tel að það hefði mátt gera góða löggjöf og brýna sem hér er verið að setja um öryggisþjónustu betri með þeim ákvæðum og tillögum sem við hv. þm. Ögmundur Jónasson leggjum til. Því eru þessar brtt. fluttar.

[15:54]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju með frv. til laga um öryggisþjónustu sem hér er til umræðu og tel það mjög þarfa löggjöf. Engu að síður flyt ég hér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur brtt. við frv. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert ágætlega grein fyrir og ég ætla ekki að endurtaka heldur einvörðungu hafa hér fáein orð um.

Í fyrsta lagi hefur ekki verið löggjöf um öryggisfyrirtæki sem eru orðin nokkur starfandi hér á markaði og veita þjónustu á þessu sviði. Það er mjög brýnt að fá slíka löggjöf. Í 1. gr. frv. segir hvaða verkefnum slíkum fyrirtækjum er ætlað að sinna. Þótt frá því sé greint í nál. allshn. að ekki sé ætlunin að slík fyrirtæki fari inn á starfsvettvang opinberra aðila, lögreglu og slökkviliðs, þá er mikilvægt í ljósi áhuga núv. ríkisstjórnar á einkavæðingu á öllu sem einkavætt verður að skýrt sé kveðið á um þetta í lögum svo þetta orki ekki tvímælis. Þar er komin skýringin á fyrstu brtt. sem við setjum fram, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, þar sem við leggjum til að við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo, með leyfi forseta:

„Þess skal gætt að öryggisþjónusta í atvinnuskyni fari ekki inn á starfssvið opinberrar löggæslu og slökkviliðs.“

Eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um teljum við mikilvægt að rekstraraðilum öryggisþjónustufyrirtækja verði gert skylt að hafa ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélagi, sem hafi starfsleyfi hér á landi, sem tryggir viðskiptamönnum fyrirtækisins bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni sem fyrirtækið eða starfsmenn þess bera skaðabótaábyrgð á.

Einnig viljum við herða á skilyrðum sem gerð eru til starfsmanna slíkra öryggisfyrirtækja og sinna framkvæmd öryggisþjónustunnar og vísum þar til b-, c- og d-liðar 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að starfsmenn skuli vera lögráða, hafa haft forræði á búi sínu síðustu tvö ár, hvorki hafa gerst sekir um brot á almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða lögum um skotvopn, né verið dæmdir til refsivistar samkvæmt ákvæðum annarra laga, enda hafi brot ekki verið smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.

Um þetta urðu nokkrar umræður í allshn. Það kemur fram í áliti allshn. að þeim sem stýra þessum fyrirtækjum beri að fylgja því eftir að starfsmenn hafi óflekkað mannorð og valdi sínu starfi. En það kom jafnframt fram að það er mjög mikilvægt fyrir stjórnendur slíkra fyrirtækja að hafa lagastoð til að styðjast við þegar þeir t.d. ganga eftir sakavottorði við starfsmenn og annað af því tagi.

Þannig að allar eru þessar greinar brtt. okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur til þess fallnar að gera ágætt frv. um öryggisþjónustu enn þá betra og við vonum að sjálfsögðu að brtt. nái fram að ganga en frv. í heild sinni mun ég styðja.

[16:00]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Allshn. ræddi þessi atriði sem kveðið er á um í þeim brtt. sem hv. þm. kynntu áðan. Þau atriði voru rædd í allshn. og er bent á flest þeirra í nál. eins og ég gerði grein fyrir áðan í framsögu með nál. og vísa ég til þess. Meiri hluti allshn. taldi ekki ástæðu til þess að breyta frv. á þennan hátt sem hér er mælt fyrir enda þótt tekið hafi verið undir ýmislegt af ábendingum í nefndinni, m.a. að æskilegt væri að settar yrðu reglur um ákveðin atriði. En það var einmitt bent á það atriði í nál. sem ég vil ítreka hér, með leyfi virðulegs forseta:

„Telur nefndin ekki ástæðu til að setja frekari hæfniskröfur í lög en minnir á að strangar kröfur eru gerðar til þeirra sem starfrækja öryggisþjónustu og ætlast verður til að yfirmenn fylgi því eftir að starfsmenn hafi óflekkað mannorð og valdi starfinu.“

Þá vil ég einnig benda á það sem kemur fram í athugasemdum með frv. en þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Við samningu frumvarpsins hefur verið litið til gildandi laga annars staðar á Norðurlöndum. Er lagt til að löggjöf hér á landi verði hagað með áþekkum hætti þannig að leyfi

þurfi til að annast tiltekna öryggisþjónustu í atvinnuskyni. Með því að setja tiltekin skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu er unnt að fyrirbyggja að þeir sem augljóslega eru ekki fallnir til að veita viðunandi þjónustu hasli sér völl á þessu sviði. Er einnig gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið nánar á um framkvæmd þjónustunnar. Með þessu er leitast við að tryggja ákveðin gæði þeirrar þjónustu sem stendur til boða á þessum markaði."

Virðulegi forseti. Ég vildi bara láta þessi atriði koma fram en að öðru leyti þakka ég hv. þm. fyrir stuðning þeirra við frv. og erum við sammála því að um þarft mál sé að ræða.

[16:02]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður vitnaði til grg. þar sem hún greindi frá því að við samningu frv. hafi verið litið til gildandi laga annars staðar á Norðurlöndum. Lög hafa verið þar í gildi um öryggisþjónustuna þannig að þau búa þar að nokkurri reynslu og auðvitað er rétt að líta til Norðurlandanna. En einnig kemur fram í grg. að í þeim löndum, Danmörku og Noregi, sem vitnað er til er í lögunum gert ráð fyrir að gerðar séu tilteknar kröfur til starfsmanna og þeir uppfylli tiltekin skilyrði. Ég tel ekki nægjanlegt að vísa til þess, eins og mér fannst hv. síðasti ræðumaður gera, að í reglugerð eigi að kveða nánar á um framkvæmd þjónustunnar. Ég leyfi mér að draga í efa að ef ekki er lagastoð fyrir því að setja strangari skilyrði varðandi starfsmennina, ef það var það sem hv. síðasti ræðumaður var að ýja að, þá sé ekki hægt að gera það í reglugerð. Ég tel að um það sérstaka þjónustu sé að ræða að setja þurfi slík skilyrði, sem við leggjum til í lög, ekki síður en í annarri starfsemi þar sem kröfur eru gerðar til starfsmanna. Þetta vildi ég láta koma fram og ítreka að ekki nægir að okkar mati að vísa til þess að ætlast verði til að þeir sem starfræki öryggisþjónustuna gæti þess að starfsmenn hafi hreint sakavottorð, eins og gert er í nál. Hér er um það mikilvægt atriði að ræða að við teljum að festa þurfi það í lög. En á þessu er mismunandi mat, herra forseti, eins og komið hefur fram og á þetta verður bara látið reyna í atkvæðagreiðslu sem fram fer um þetta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 526. mál (tannviðgerðir). — Þskj. 878.

[16:06]

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Efni þessa frv. er að við 1. mgr. 66. gr. skattalaganna bætist nýr töluliður sem hljóði svo, með leyfi forseta: „Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum." Í 66. gr. skattalaga eru ýmis ákvæði sem heimila skattstjórum að lækka tekjustofna ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega, t.d. vegna ellihrörleika, veikinda, slyss eða mannsláts eða ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað, ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri og ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila. Þetta eru meðal annarra þau ákvæði sem 66. gr. felur í sér og heimilar skattstjóra að lækka tekjustofn viðkomandi ef gjaldþol skattgreiðanda skerðist verulega. En lagt er til að nýtt ákvæði bætist við þessa töluliði sem felur í sér að ef maður hefur veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega þá hafi skattstjóri heimild til að lækka tekjustofn viðkomandi.

Hver eru rökin fyrir þessu, virðulegi forseti? Eins og fram kemur í frv. hafa útgjöld heimilanna vegna tannlæknaþjónustu margfaldast á umliðnum árum og þegar yfirlit er skoðað yfir útgjöld heimilanna, hvernig þau hafa þróast frá 1980 til 1995 eða á 15 ára tímabili, þá hafa útgjöld vegna tannlæknaþjónustu rúmlega þrefaldast á því tímabili. Talað hefur verið um að útgjöld heimilanna hafi aukist verulega, t.d. vegna þjónustugjalda í heilbrigðiskerfinu en þegar tölur eru bornar saman um útgjöld heimilanna vegna lyfja og læknisþjónustu kemur í ljós að útgjöld vegna tannlæknaþjónustu hafa aukist miklu mun meira en útgjöld vegna annarrar læknisþjónustu eða lyfjakostnaðar. Það er því ljóst að á 15 ára tímabili hafa útgjöld vegna lyfja og læknishjálpar aukist um 80–90% í heild. Þegar það er brotið niður og útgjöld skoðuð vegna læknisþjónustunnar hafa þau aukist um 77% á þessu tímabili eða úr 401 millj. í 712 millj. Þegar tannlæknaþjónustan ein og sér er skoðuð þá hefur hún aukist úr 479 milljónum í 1.667 milljónir eða um 287%. Þetta sýnir okkur að útgjöld heimilanna hafa, þegar heilbrigðiskerfið er skoðað og hvernig útgjöld heimilanna hafa aukist t.d. vegna aukinna þjónustugjalda, vaxið langmest vegna tannlæknakostnaðar sem ég hygg að sé m.a. vegna breytinga sem gerðar hafa verið á löggjöfinni. Áður var greitt að fullu fyrir börn á grunnskólaaldri en það hefur breyst og nú þurfa foreldrar að taka þátt í útgjöldum vegna barna á grunnskólaaldri. Eins hygg ég að almennt efnahagsástand og þrengingar í þjóðfélaginu sem við höfum búið við hafi orsakað það að tannlækningar hafa frekar verið látnar sitja á hakanum en annað.

Ég vil líka minna á í þessu sambandi að nýlega kom fram hjá landlækni að í könnun sem gerð var hafi yfir 50% þeirra sem spurðir voru, og með tekjur undir 130 þús. kr., sagt að þeir hafi frestað að leita sér tannlæknaþjónustu. Þessi rök eru því mjög veigamikil þegar Alþingi metur hvort eigi að bæta nýjum lið við 66. gr. tekjuskattslaga sem veitir skattívilnun vegna verulegs tannlæknakostnaðar. Við vitum að tannlæknakostnaður getur verið gífurlegur og fyrir mörg heimili geta útgjöld vegna tannlæknakostnaðar skipt tugum og í sumum tilvikum hundruðum þúsunda á ári. Það er því ekki síður að gjaldþol heimilanna skerðist vegna slíkra útgjalda en annarra sem um er getið í 66. gr. skattalaga.

Ég vil í lokin, herra forseti, aðeins hafa nokkur orð um forsögu þessa máls vegna þess að ekki er um að ræða nýtt mál á þingi. Ég hef flutt þetta mál áður, m.a. á 105. löggjafarþingi árið 1982. Þá hlaut málið verulegar undirtektir á Alþingi sem m.a. sýndi sig í því að heilbr.- og trn., sem fékk málið til meðferðar, fjallaði um það og mælti með að frv. yrði samþykkt. Það kom því til 2. umr. í sama búningi og það er nú, eins og ég er að mæla fyrir því, og ljóst var að mikill vilji var fyrir því að afgreiða málið á þingi. Þegar til kastanna kom og átti að fara að afgreiða málið, þá lýsti þáv. heilbrrh. því yfir að hann hefði í hyggju að breyta reglugerð sem var á hans valdi, þ.e. að breyta reglugerð almannatrygginga á þann veg að

greidd yrðu 20% af tannlæknakostnaði fyrir alla þá sem áður höfðu fengið greitt úr almannatryggingakerfinu. Ljóst var að þessi yfirlýsing þáv. heilbrrh. hafði þau áhrif að þingmenn töldu að fyrst fara ætti út í svo víðtækar aðgerðir til að lækka tannlæknakostnað heimilanna, þá væri það nægjanlegt og því hafði það áhrif á afstöðu margra þingmanna þannig að þetta frv. sem ég mæli fyrir náði ekki fram að ganga. En málið var langt frá því í höfn þó þessi yfirlýsing þáv. heilbrrh. á árinu 1983 lægi fyrir. Þáv. ráðherra breytti að vísu reglugerð og sú reglugerð átti að taka gildi 1. júní 1983, þ.e. tveimur eða þremur mánuðum síðar, en á þeim tíma, þessum tveimur eða þremur mánuðum, urðu stjórnarskipti og nýr heilbrrh. tók við sem snarlega breytti umræddri reglugerð og felldi hana úr gildi deginum áður en hún átti að taka gildi.

Ég er sannfærð um, virðulegi forseti, að hefði þetta frv. náð fram að ganga hefði það haft veruleg áhrif til þess að lækka útgjöld heimilanna vegna tannlæknakostnaðar. Þetta er metið í einstaka tilvikum, herra forseti, og það eru skattstjórarnir sem meta það í hverju tilviki og skattyfirvöld setja reglur þar að lútandi og veit ég ekki betur en að framkvæmdin á 66. gr. hafi verið með þeim hætti varðandi þá liði sem eru í lögum núna að það hafi gengið snurðulaust fyrir sig og má kannski geta þess í lokin að útgjöld vegna 66. gr. skattalaganna, þ.e. frekari lækkun á tekjuskattsstofni vegna þessara ákvæða í 66. gr. skattalaganna, voru um 1.100 milljónir á sl. ári.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég geri mér vonir um að það fái jafngóðar undirtektir og það fékk á Alþingi á árinu 1982 þegar heilbr.- og trn. mælti með samþykkt málsins og það komst til 2. umr. Af hverju gef ég mér það, virðulegi forseti? Meðal annars vegna þess að á þeim tíma þegar sá hljómgrunnur var á hv. Alþingi um að mæla með þessu máli voru útgjöld heimilanna vegna tannlæknakostnaðar ekki nándar nærri eins mikil og þau eru í dag. Þau hafa vaxið verulega, eins og ég sagði áðan, eða rúmlega þrefaldast á 15 ára tímabili. Þess vegna geri ég mér vonir um að þetta frv. fái hljómgrunn á Alþingi og nái fram að ganga. Það skulu vera mín lokaorð um leið og ég óska þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, síðari umr.

Stjtill., 480. mál. — Þskj. 809, nál. 1047.

[16:16]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1047 frá utanrmn. um till. til þál. um samþykkt á breytingum og viðbótum við I. viðauka við EES-samninginn. Nefndin hefur skilað svofelldu nál.:

„Nefndin hefur fjallað um efni tillögunnar og fengið á sinn fund Sigríði Snævarr, Kristin F. Árnason og Martin Eyjólfsson frá utanríkisráðuneytinu. Er gert ráð fyrir því að samræmdar heilbrigðisreglur ESB í viðskiptum með dýr og dýraafurðir, sem tóku gildi 1. janúar 1997, gildi einnig á Evrópska efnahagssvæðinu. Ísland tekur einungis upp þær gerðir sem varða fisk og fiskafurðir en undanþágа varðandi lifandi dýr og dýraafurðir helst óbreytt. Meginreglan verður sú að heilbrigðiseftirlit fer einungis fram á sendingarstað. Heilbrigðiseftirlit og gjaldtaka við innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins eru samræmd og fela í sér aukið eftirlit og hærri gjaldtöku. Tillaga þessi tengist 476. *máli, frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr.* 93 20. nóvember 1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt."

Svo hljóðar nál. utanrmn. og undir það rita allir nefndarmenn.

Ég tel að hér sé um að ræða ótvírætt hagsmunamál fyrir íslenska útflytjendur á sjávarafurðum og einboðið að samþykkja þessar tillögur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, síðari umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 913, nál. 1061 og 1062.

[16:18]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Meiri hluti utanrmn. hefur á þskj. 1061 skilað nál. um till. til þál. sem tekin hefur verið á dagskrá um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins. Meiri hluti nefndarinnar skilar áliti á umræddu þskj. og leggur til að tillagan verði samþykkt.

Nefndin fékk á sinn fund Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhvrn., og sendiherrana Jóhann Sigurjónsson og Sigríði Snævarr til að fjalla um þetta mál.

Hér er um það að ræða að í stað tveggja samninga sem hafa fjallað um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, hins svonefnda Óslóarsamnings og hins svonefnda Parísarsamnings, komi þessi nýi samningur sem kallaður verður OSPAR-samningur og hefur það að markmiði að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins. Auk þess er stefnt að því með hinum nýja samningi að þeirri mengun sem fyrir er í hafinu verði útrýmt.

Um er að ræða málefni sem Íslendingar hafa árum saman átt aðild að. Hér er verið að fella saman tvo alþjóðlega samninga og gera að einum og ég legg til fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar og reyndar nefndarinnar allrar að ríkisstjórninni verði heimilað að fullgilda þennan samning.

[16:20]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1062 stend ég að nál. minni hluta utanrmn. um fullgildingu samnings um verndun Norðaustur-Atlantshafsins sem er á þessa leið:

„Minni hluti nefndarinnar leggur til að tillagan verði samþykkt eins og meiri hlutinn gerir." — Það má segja að hér sé um að ræða nokkuð óvenjulegt minnihlutanefndarálit því að ég er sammála meiri hlutanum. — „Minni hlutinn vill hins vegar vekja athygli á því að hér er ekki tekið á mengun af völdum hernaðarumsvifa sem þó er alvarlegasta umhverfisógn Norðaustur-Atlantshafsins. Þá hefur meiri hlutinn ekki fallist á að afgreiða það þingmál sem mestu gæti skipt í þessu sambandi, þ.e. frumvarp til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja, 130. mál. Minni hlutinn vill koma

málinu á dagskrá í tengslum við tillögu um fullgildingu samningsins um verndun Norðaustur-Atlantshafsins og gefur því út þetta nefndarálit."

Í framhaldi af þessu ætla ég að rifja það upp, herra forseti, að fyrir þinginu liggur nú, eins og reyndar undanfarin þing, frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja en 1. flm. þess er hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, en auk hans eru flutningsmenn að ég hygg úr öllum öðrum stjórnarandstöðuflokkum og hann mun hafa flutt sama eða hliðstætt frv. á síðasta þingi og þá stóðu einnig að því menn úr öðrum stjórnarandstöðuflokkum, þar á meðal Framsfl., sem hefur nú með utanrrn. að gera. Þannig að því er ekki hægt að neita að mjög víðtækur skilningur er á þeim sjónarmiðum sem fram koma í frv. Þess vegna harma ég það að menn skuli ekki treysta sér til að láta þetta mál fá þinglega afgreiðslu. Með þinglegri afgreiðslu á ég við það að málið komi aftur hér inn og verði tekið til umræðu og atkvæðagreiðslu en það sé ekki jarðað í utanrmn. eins og nú er bersýnilega ætlunin að gera og fram kom á þeim fundi utanrmn. sem fjallaði um þann samning sem hér er á dagskrá.

Ástæðan fyrir þeirri afstöðu stjórnarflokkanna — ég reikna með að formaður utanrmn. tali í umboði þeirra — er rakin í minnisblaði sem nefndin fékk frá utanrrn. og ég ætla ekki að endurtaka hér. Þar er klifað á hinum gömlu kjarnorkuröksemdum Atlantshafsbandalagsins, kaldastríðsröksemdum sem eru satt að segja ákaflega kunnuglegar en ég hélt að væru ekki í hávegum hafðar nema kannski sem sagnfræði frekar en menn litu á það sem rök í nútímastjórnmálaumræðu.

Ég harma að málum skuli líka vera hagað þannig í þessari virðulegu stofnun að það skuli vera hægt að leggjast á mál á þann hátt sem gert er í utanrmn. Ég hefði talið heppilegra að málið hefði komist hingað inn til eðlilegrar umræðu. Þess vegna gaf ég út þetta nál. minni hlutans til að koma því á framfæri að ég harma þessa lendingu um leið og ég styð að sjálfsögðu þennan mikilvæga samning sem ég tel þó að geri því miður takmarkað gagn meðan hvergi er tekið á þeirri mestu umhverfismengun Norður-Atlantshafsins sem eru hernaðarumsvifin.

[16:23]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Ég kem ekki upp í öðrum tilgangi en þeim en að mótmæla því að notað sé orðbragðið „að leggjast á mál" um þau mál sem flutt hafa verið og vísað til utanrmn. á þessu þingi eða á þessu kjörtímabili. Þvert á móti hafa öll mál sem hafa komið á borð utanrmn. verið tekin þar fyrir og rædd, sama hvort í hlut hafa átt þingmál einstakra þingmanna eða ríkisstjórnarinnar. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. að nokkuð óvenjulegt er að öll þingmannamál fái slíka meðferð og þess vegna verð ég að segja eins og er að mér geðjast heldur illa að því að það skuli vera kallað að leggjast á mál að taka þau fyrir á tveimur til þremur fundum og ræða þau. Hins vegar verður hv. þm. auðvitað að sætta sig við að fyrir því máli sem hann gerði að umtalsefni, eins og fyrir fjölmörgum öðrum málum, er ekki meiri hluti hvorki í nefndinni né á hv. Alþingi.

[16:24]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég kannast ekki við það að orðatiltækið að leggjast á mál sé bannað í þingsköpum þannig að ég leyfði mér að nota það. Ég tel að hv. formaður utanrmn. hafi tekið þátt í því að leggjast á þetta mál sem hér var nefnt áðan, frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja. Ég tel það slæmt að lagst sé á málið með þessu móti vegna þess að ég hefði talið skynsamlegra að málið hefði komið hingað aftur og hefði fengið þinglega meðferð og fjallað hefði verið eðlilega um það í þessari stofnun þannig að þingheimur hefði getað tekið þátt í umræðum um það og menn hefðu tekist á um það í atkvæðagreiðsu. Ég tel það miklu skynsamlegri lendingu í stórum málum af þessu tagi en að jarða þau í nefnd eða leggjast á þau í nefnd hvaða orðalag sem menn vilja nota í því samhengi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, síðari umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 914, nál. 1060.

[16:26]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. hefur á þskj. 1060 sameinast um nál. þar sem lagt er til að samþykkt verði sú tillaga ríkisstjórnarinnar að fá heimild til að gerast aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun þar sem við sérstaklega alvarlegan vanda er að etja af þeim völdum, sérstaklega í Afríku.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk á sinn fund meðal annarra Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhvrn., sem manna best þekkir til þessara mála og í örstuttu nál. leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt og rita allir nefndarmenn nafn sitt undir þá tillögu.

Ég vil gjarnan bæta því við að það kom fram á nefndarfundi um þetta mál að gera mætti ráð fyrir að árlegur kostnaður vegna aðildar Íslands að þessum samningi yrði u.þ.b. 1 millj. kr. fyrir utan hugsanleg frjáls framlög sem kæmu einnig til greina í sérstakan sjóð þessu máli tengdum, en á slík framlög yrði jafnframt litið sem þróunaraðstoð af hálfu Íslands eða annarra þeirra þjóða sem leggja kunna fjármuni í slíkan sjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, síðari umr.

Stjtill., 554. mál. — Þskj. 912, nál. 1079.

[16:28]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á þskj. 1079 er nál. utanrmn. að því er varðar þetta mál, þ.e. till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 1997.

Samningur þessi tekur til veiða á loðnu, kolmunna, makríl og síld úr öðrum stofnum en þeim norsk-íslenska. Samkvæmt þessum samningi verður Færeyingum heimilað að veiða 30 þúsund lestir af loðnu á Íslandsmiðum líkt og í fyrra en nú gefst þeim kostur á að nýta allar heimildirnar á vorvertíð. Í

samningnum eru ákvæði um gagnkvæmar veiðar á kolmunna sem vonast er til að hvetji til veiða á tegundinni. Í samningnum er einnig heimild fyrir veiðar Íslendinga á 1.000 lestum af makríl og 2.000 lestum af síld annarri en þeirri norsk-íslensku innan færeyskrar lögsögu.

Rétt er að minna á að Íslendingar og Færeyingar hafa gert fleiri samninga um fiskveiðar. Á haustþingi var staðfest samkomulag milli landanna frá því í desember um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á þessu ári. Ákvæði eru um gagnkvæman rétt til veiða í efnahagslögsögu landanna.

Um heimildir Færeyinga til botnfiskveiða við Ísland fer eftir samningi landanna frá árinu 1976 og hefur verið ákveðið að þær nemi 5.000 lestum á yfirstandandi ári.

Í nál. því sem ég vitnaði til á þskj. 1079 er jafnframt yfirlit frá sjútvrn. um botnfiskveiðiheimildir Færeyinga á tímabilinu 1983–1996.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt og rita allir nefndarmenn undir álitið í máli þessu.

Ég vil að lokum undirstrika að í nefndinni er samstaða um að leggja áherslu á góð samskipti við Færeyinga um sjávarútvegsmálefni. Við leggjum áherslu á að ná samstöðu við Færeyinga og reyndar aðrar nágrannaþjóðir um þessi málefni og við fögnum því að á liðnum vetri hefur þessi samningur verður gerður, sömuleiðis sá samningur sem vitnað var í fyrr í ræðu minni og einnig samkomulag við Grænlendinga um sameiginleg málefni á fiskveiðisviðinu.

Í ljósi alls þessa og þeirrar afstöðu varð það einróma niðurstaða í nefndinni að leggja til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:30]

Útbýting þingskjala:

Læknisþjónusta á Evrópska efnahagssvæðinu, 604. mál, fsp. HjálmJ, þskj. 1096.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 407. mál, þskj. 1086.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 464. mál (horfnir menn). — Þskj. 781.

[16:31]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, á þskj. 781, sem ég flyt ásamt hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni, Margréti Frímannsdóttur og Hjálmari Jónssyni.

Frv. er í tveimur greinum. Fyrri grein þess er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Legstaður horfins manns er hluti af lögmætum kirkjugarði og fer eftir ákvæðum 4. gr. um hver sá kirkjugarður er. Óheimilt er að færa lík úr þeim legstað nema innan kirkjugarðs og þá til greftrunar eða brennslu."

Önnur grein frv. er gildistökugrein sem kveður um að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með frv. fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Í gildandi lögum er ekki að finna ákvæði er varða lík týndra eða horfinna manna. Þau teljast utan kirkjugarðs og þar með ekki í vígðum reit. Með frumvarpi þessu er lagt til að úr þessu verði bætt og á þann hátt að legstaður horfinna manna teljist hluti af lögmætum kirkjugarði. Aðstandendum er þá sú huggun harmi gegn að líkin hvíla í vígðum reit og unnt verður að koma upp minnismerki um hinn látna innan kirkjugarðs. Finnist lík verður heimilt að færa það til greftrunar eða brennslu innan þess kirkjugarðs sem það liggur í.

Gert er ráð fyrir því að finnist lík horfins manns á landi verði það undantekningarlaust fært til greftrunar, en sé það á hafsbotni verði ekki skylt heldur fari eftir aðstæðum hvort svo verði gert og geti þá legstaður verið áfram vígður reitur þótt fundinn sé."

Þar með lýkur þessari greinargerð. Við þetta er því að bæta að við undirbúning málsins var haft samráð við fróða menn um þessi málefni, bæði um löggjöf og kirkjuleg málefni svo og við biskupsstofu.

Frv. þetta á sér fordæmi í erlendri löggjöf og vísast þar til norskrar löggjafar sem var sett fyrir nokkrum árum eftir að millilandaskipið Estonia sökk á Eystrasalti.

Herra forseti. Að lokinni umræðu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, síðari umr.

Þáltill. StG o.fl., 86. mál. — Þskj. 88, nál. 1050.

[16:36]

Frsm. sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Það er mér sérstök ánægja að mæla hér fyrir nál. frá sjútvn. um till. til þál. um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að tillgr. orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hagkvæmni mögulegrar kalkþörungavinnslu á helstu útbreiðslusvæðum þeirra, svo sem í Húnaflóa og Arnarfirði.

Fyrirsögn tillögunnar verði: Till. til þál. um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir þetta ritar gjörvöll sjútvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kaup skólabáts, síðari umr.

Þáltill. KPál o.fl., 310. mál. — Þskj. 571, nál. 1049.

[16:38]

Frsm. sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá sjútvn. um till. til þál. um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts og viðvaningshlutaskráningu.

Mál þetta var sent til umsagnar allmargra aðila eins og fram kemur í nál.

Nefndin tekur undir meginmarkmið tillögunnar, þ.e. að sett verði á stofn nefnd er falið verði að leita leiða til að auka möguleika íslenskra ungmenna á að kynnast undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Í því sambandi verði kannaðar forsendur fyrir rekstri skólabáts, eins eða fleiri, eða leitað annarra leiða til að ná þessu marki. Ekki er talið rétt að binda hendur ráðherra um það hvernig nefndin skuli skipuð. Enda komu fram hugmyndir um að skipa svo stóra nefnd í þetta mál að kostnaður við nefndarstarfið hefði orðið einhvers staðar í námunda við rekstrarkostnað skólabáts í eitt ár. Þannig að rétt er að skipa nefnd af hæfilegri stærð sem getur tekið eðlilega á þessu máli.

Sjútvn. leggur til að tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir kaupum eða leigu á skólabát, einum eða fleiri.

Nefndin tekur hins vegar ekki undir að það eigi að fjalla um viðvaningshlutaskráningu sjóvinnunemenda um borð í fiskiskipum. Það sé mál sem eigi kannski frekar heima í tengslum við kjarasamninga en það mál er afar viðkvæmt á þeim vettvangi.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nál. ritar öll sjútvn.

[16:40]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil rifja það upp af þessu tilefni að fyrir fáeinum áratugum var hér sjútvrh. sem tók ákvörðun um að kaupa skólabát. Það var ekki skipuð nefnd. Þessi skólabátur var starfræktur um margra ára skeið og gafst mjög vel. Mig minnir að hann hafi heitið Mímir. Sá sjútvrh. sem hér um ræðir hét Lúðvík Jósepsson. Þetta tæki skipti satt að segja mjög miklu máli. Það var starfrækt verulegan hluta ársins hér syðra en var líka að einhverju leyti á Eyjafirði. Þetta skipti miklu máli í sambandi við ungmenni í skólum á Reykjavíkursvæðinu og skólamenn í Reykjavík söknuðu þess mjög að sá bátur var ekki lengur til staðar því svo illa fór að hann sökk. Í framhaldi af því átti ég orðræður við nokkra ráðherra um þetta í síðustu ríkisstjórn. Þeir voru allir þeirrar skoðunar að óþarfi væri fyrir Alþingi að kássast upp á þetta mál af því að grunnskólinn væri málefni sveitarfélaganna og yrði það. Ég minnist þess að það voru ekki síst ýmsir ráðherrar Sjálfstfl. sem beittu þessum ótrúlegu rökum. Þeim mun meiri er fögnuður minn yfir því að menn skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að vera til skólabátur eða með einhverjum öðrum hætti eigi að tryggja að ungt fólk komist á sjó. Það er auðvitað til skammar að það sé ekki þannig. Eðlilegast væri að slíkur bátur eða bátar væru í tengslum við skólakerfið, við Hafrannsóknastofnun og fleiri slíka aðila, og að þetta væri skipulegur þáttur í skólakerfinu. Þess vegna vil ég spyrja hv. þm. á hvern hátt kallað var á álit menntmrn. í sambandi við þetta mál. Mér þykir skipta miklu máli að menntmrn. sé aðili að þessu. Ég mun að sjálfsögðu styðja tillöguna en mér finnst alveg ótrúlegt að skipa þurfi nefnd til að gera þetta. Ég hélt að svona gerðu menn bara án þess að skipa nefndir.

[16:42]

Frsm. sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í framhaldi af ræðu hv. þm. Svavars Geststsonar taka fram að menntmrn. gaf ekki formlega umsögn um málið. Hins vegar tjáðu sig fjölmargir aðilar í skólum um það. Eitt af því sem þarf að sjálfsögðu að kanna í sambandi við málið er rekstrargrundvöllur fyrir starfsemi bátsins. Ég er sammála hv. þm. um það að best væri að sú nefnd sem fær þetta til umfjöllunar sé sem minnst í rauninni og að þar komi þá að fulltrúi menntmrn. eða skólayfirvalda eftir því sem þörf er á og hægt sé að ganga rösklega til verks í þessu máli. Ég tel að mikill akkur væri í því ef hægt yrði að reka slíkan skólabát og hann hefði fjárhagslegan grundvöll fyrir starfsemi sinni.

Það er hins vegar ljóst að þeir skólar sem hyggjast njóta þjónustu bátsins munu að einhverju leyti þurfa að standa undir þeim kostnaði sem af rekstri hans hlýst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðiþol beitukóngs, síðari umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 343. mál. — Þskj. 615, nál. 1048.

[16:43]

Frsm. sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá sjútvn. um till. til þál. um könnun á veiðiþoli beitukóngs.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir um hana sem nefndinni bárust frá Hafrannsóknastofnuninni, Íslenskum sjávarafurðum hf., Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Útflutningsráði.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt og leggur áherslu á að nytsamar upplýsingar úr greinargerð með tillögunni verði hafðar til hliðsjónar við úttektina.

Greinargerðin með tillögunni var til fyrirmyndar sökum yfirgripsmikilar sagnfræðilegrar þekkingar á þessum málum. Sjútvn. er þess vegna algjörlega sammála um að afgreiða tillöguna.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, fyrri umr.

Þáltill. VE o.fl., 503. mál. — Þskj. 846.

[16:46]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um fríverslunarsamninga við Færeyjar og Grænland. Tillaga þessi er flutt af hv. þm. Gunnlaugi M. Sigmundssyni, Árna M. Mathiesen, Sighvati Björgvinssyni og Hjörleifi Guttormssyni auk mín. Við myndum sem kunnugt er Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna við stjórnvöld í Færeyjum og Grænlandi möguleika á endurskoðun þeirra samninga sem íslenska ríkið hefur gert um viðskipti við þessi lönd.“

Í grg. er rakið að EFTA-ríkin og Evrópusambandið hafa á undanförnum árum gert marga fríverslunarsamninga við ríki

Austur-Evrópu og ýmis ríki við Miðjarðarhafið. Í mörgum þeirra samninga eru ákvæði um að samræmdar upprunareglur skuli gilda um viðskipti milli ríkjanna. Til dæmis geta Íslendingar nú flutt inn til vinnslu hráefni frá Tékklandi og selt inn á sameiginlega markaðinn án þess að það skipti máli hvort varan telst upprunnin þar eða hér.

Færeyjar og Grænland eru ekki hluti af hinu Evrópska efnahagssvæði og í þeim fríverslunarsamningum sem bæði EFTA-ríkin og Evrópusambandið hafa gert við þessi ríki eru engin ákvæði um samræmdar upprunareglur. Þetta veldur því t.d. að Íslendingar geta ekki flutt inn fisk til vinnslu frá Færeyjum og Grænlandi og selt inn á sameiginlega markaðinn með sömu kjörum og ef um íslenskan fisk væri að ræða og sama gildir ef þessar þjóðir ætla að kaupa fisk af Íslendingum til frekari vinnslu og selja inn á Evrópumarkaðinn. Færeyjar og Grænland eru um margt ákjósanlegir markaðir fyrir afurðir margra íslenskra fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fyrir nokkrum árum sköpuðust t.d. tækifæri til útflutnings á ýmsum mjólkurafurðum til Færeyja. Þessi viðskipti komust hins vegar aldrei af byrjunarstigi vegna þess að ekki náðust gagnkvæmir samningar um verslun með slíkar vörur. Líkur eru á að það geti verið sameiginlegt hagsmunamál Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga að draga úr viðskiptahindrunum af því tagi sem hér hefur verið lýst milli landanna og gagnvart mörkuðum annars staðar í Evrópu. Þetta þarf að kanna hið fyrsta meðal stjórnvalda landanna með það að markmiði að greiða fyrir gagnkvæmum viðskiptum.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til í tillögunni að ríkisstjórninni verði falið að huga að endurskoðun á þeim viðskiptasamningum sem gerðir hafa verið við Færeyjar og Grænland af hálfu íslenska ríkisins. Við þá endurskoðun verði hugað að því hvort ekki megi opna frekari markaði fyrir íslenskar vörur.

Kjarni málsins er sá að við höfum verið að auka frelsi í viðskiptum við lönd í Evrópu, bæði EFTA-ríkin, Evrópusambandsríkin og jafnvel ríki Mið- og Austur-Evrópu og önnur þau lönd sem EFTA hefur gert fríverslunarsamninga við. Af einhverjum ástæðum er staðan orðin slík í ýmsum tilfellum að viðskipti við Grænland og Færeyjar eru ekki eins greið og viðskipti við þau lönd sem tilheyra EFTA eða Evrópusambandinu eða eru aðilar að fríverslunarsamningum við þau. Ég tel að það sé afar einkennilegt ef minna frelsi er í viðskiptum við þessa nágranna okkar heldur en við þá sem fjær eru og tel þess vegna að það sé mjög mikil ástæða til að taka þessi mál upp og fara á fjörurnar við þá frændur okkar í Færeyjum og Grænlendinga um að greiða fyrir viðskiptum við þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum, fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 518. mál. — Þskj. 867.

[16:50]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu til þál. um setningu reglna um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum.

Flm. þessarar tillögu ásamt mér eru Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum, svo sem hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Í reglunum verði m.a. tekið fram hvenær starfsmenn eigi rétt til þess að fá ólaunað leyfi frá störfum, hvernig reikna skuli leyfistímann til starfsaldurs, annarra réttinda og mats á starfshæfni og hver sé réttur starfsmanns til fyrra starfs eftir að leyfi lýkur."

Virðulegi forseti. Á hverju ári fær nokkur fjöldi ríkisstarfsmanna leyfi frá störfum, ýmist án launa eða að einhverju leyti á launum. Í fyrra tilvikinu er oft um að ræða starfsmenn sem ráða sig tímabundið til starfa, t.d. á vegum alþjóðastofnana sem Ísland á aðild að, en í síðara tilvikinu t.d. fólk sem fær leyfi frá störfum til þess að afla sér framhaldsmenntunar er síðan nýtist því í áframhaldandi störfum fyrir ríkið.

Í tillögunni er lagt er til að reglur verði settar sem kveða á um réttarstöðu starfsmanna og er eðlilegt að um þær reglur verði haft samráð við samtök ríkisstarfsmanna.

Í ljósi tilvika sem upp hafa komið er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um hvaða réttindi starfsmenn ávinna sér eða tapa með því að fá launalaus leyfi og hver sé réttur þeirra til þess að taka á ný við fyrra starfi þegar leyfi frá störfum lýkur. Nauðsynlegt er að eyða óvissu sem upp er komin um þetta efni og valdið getur því að hæfir einstaklingar fáist ekki til þess að taka að sér tímabundin störf erlendis. Störf íslenskra starfsmanna á erlendum vettvangi geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar um leið og þeir afla sér verðmætrar þekkingar til áframhaldandi starfa í opinberri þágu.

Mikilvægt er að um þessi leyfi séu skýrar reglur settar þannig að starfsmanni sé kunnugt um rétt sinn áður en hann sækir um slíkt leyfi. Benda má á að í lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað frá 1995 er í 4. gr. kveðið á um rétt alþingismanns til leyfis frá opinberu starfi sem hann gegnir þegar hann er kjörinn til Alþingis.

Virðulegi forseti. Við lifum í breytilegum heimi og umhverfi okkar er gjörbreytt frá því sem var fyrir nokkrum áratugum, jafnvel nokkrum árum. Það er svo að hægt er að halda því fram að einstaklingur sé aldrei búinn að ljúka námi. Margir telja jafnvel að í dag þurfi að sækja tvær háskólagráður vegna þess að krafan um breidd í þekkingu er orðin mjög mikil á mörgum sviðum þjóðlífsins. Það er líka miklu meira um það en áður fyrr að fólk sem hefur menntað sig á ákveðnu sviði eða fólk sem hefur í störfum sínum áunnið sér þekkingu vill bæta við sig og sækist eftir því að stunda nám eða að sinna störfum tímabundið erlendis. Það er hægt að nefna stéttir sem hafa af því mikinn hag að vera tímabundið í öðru landi að störfum eða við viðbótarnám. Það má nefna starfsmenn ríkisfjölmiðla. Það má nefna háskólakennara. Og það má nefna yfirmenn í velferðarkerfinu okkar sem dæmi um stéttir sem mikilvægt er að hafi tækifæri til að kynna sér þróun mála á erlendum vettvangi og afla sér reynslu til að koma með heim. Þannig getur verið mjög erfitt að skilja á milli starfs og náms. Að kynna sér reynslu annarra til að nota þá þekkingu til að bæta við sig í störfum heima fyrir er vissulega ígildi náms. Til viðbótar því sem ég hef áður nefnt

er auðvitað eðlilegt að vísa til starfsmanna ráðuneytanna. Það er fólk sem oftast fær tækifæri og oftast nýtir sér tækifæri til að starfa tímabundið við verkefni sem síðar nýtast í verkum þeirra heima fyrir.

Ég nefndi í upphafi máls míns að ákveðið tilvik gefi tilefni til þess að reglur séu settar. Þar er ég að vísa til nýlegs dæmis þar sem starfsmaður í ráðuneyti hafði í góðri trú horfið til starfa hjá alþjóðastofnun. Hann hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að hann gengi að starfi sínu, eða embætti er réttara að segja, að lokinni þjónustu á erlendri grund. Það reyndist ekki svo. Þegar heim var komið var kominn köttur í ból bjarnar og ekki ætlast til að þessi embættismaður gengi að sínu starfi, sínum stól og sínu skrifborði. Ég tel að þetta hljóti að hafa vakið athygli allra sem fylgdust með og að menn hafi gert sér grein fyrir hversu ranglátt það er að einhver hverfi til starfa erlendis í góðri trú og komi heim og þurfi að sækja rétt sinn til fyrra starfs.

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að Íslendingar eigi kost á að taka þátt í störfum sem unnin eru hjá alþjóðastofnunum, t.d. þeim stofnunum sem reknar eru innan þess alþjóðasamstarfs sem við sækjum að vera aðilar að. Þessi störf geta verið íslenskum hagsmunum til framdráttar. Og þegar heim er komið bera þeir starfsmenn, sem þannig hafa aflað sér verðmætrar þekkingar með störfum sínum, þá verðmætu þekkingu inn í íslenska stjórnsýslu. Það er mitt mat að það geti verið mjög erfitt fyrir Ísland ef þessi réttur er á reiki vegna þess að þá mun fólk ekki fást til slíkra starfa.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu. Hún er mjög skýr, hún skýrir sig sjálf. Það vakna ótal viðhorf í brjóstum manna þegar þeir verða vitni að því að eitthvað sem þeir töldu eðlilegt og sjálfsagt er ekki eðlilegt og sjálfsagt og þannig var það í því tilviki sem ég hef hér bent á. Ég tel mjög mikilvægt að settar verði reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum. Ég tel að í þessari stuttu ræðu minni og í grg. með þessari tillögu séu færð skýr rök fyrir því vegna hvers á að setja slíkar reglur. Ég var að vona að ég hefði fengið tækifæri til að mæla fyrir þessari tillögu fyrr og að Alþingi hefði þótt þetta svo sjálfsagt mál sem þyrfti ekki mikið að kanna eða kalla eftir viðhorfum eða umsögnum annarra um þannig að það hefði verið hugsanlegt að fá þessa tillögu samþykkta. Ég er kannski ekki bjartsýn á það héðan af en ég hvet þó til þess að Alþingi skoði þessa tillögu og kanni hvort hún sé ekki nægilega ópólitísk í raun til þess að um hana verði sameinast og hún samþykkt frá þessu þingi í vor.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki komið með tillögu um til hvaða nefndar þessi tillaga til þál. á að fara. Hún varðar ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum og ég fel forseta að kanna það hvort þetta er tillaga sem fer til allshn. eða hvort um hana á að fjalla í annarri nefnd.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[17:00]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flm., fimm hv. þm., — en hér er um konur að ræða úr fimm þingflokkum — fyrir þessa tímabæru tillögu.

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að þessar reglur væru ekki til fyrr en það mál kom upp sem hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir minntist á hér áðan þar sem hátt settur embættismaður úr ráðuneyti ræður sig til mikilvægra starfa erlendis, kemur síðan heim aftur að loknum störfum og hyggst ganga inn í sitt fyrra starf, sem hann taldi að biði eftir sér, en þá var það ekki lengur til staðar. Sú umfjöllun sem það mál fékk, bæði af hálfu hæstv. ráðherra sem þar átti í hlut og fjölmiðla, var með slíkum endemum að ætla hefði mátt að þessi starfsmaður hefði ekki getað fengið sitt starf aftur vegna þess að hann hefði ekki staðið sig nógu vel í því áður. Þannig var umfjöllunin óréttmæt og þannig er í raun fjallað um þá starfsmenn, embættismenn ríkisins, sem hafa lent í svipuðum aðstæðum. Það er mjög nauðsynlegt að móta þessar reglur, ekki síst með tilliti til þess að við erum nú þátttakendur í mjög öflugu alþjóðlegu samstarfi sem krefst þess að embættismenn okkar og starfsmenn íslenska ríkisins hafi um lengri eða skemmri tíma aðsetur erlendis. Oft á tíðum er þá um að ræða það fólk sem er í störfum í ráðuneytum eða stofnunum ríkisins og hefur fengið þar þjálfun og tekur tímabundið frí frá þeim störfum til að sinna öðrum jafnmikilvægum störfum erlendis í þágu íslenska ríkisins. Ég sé í raun ekkert því til fyrirstöðu þótt stutt sé til þingloka að þessi tillaga gæti náð fram að ganga. Hér er um það að ræða að Alþingi feli ríkisstjórninni að semja reglur um leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustu þegar þeir taka tímabundið við öðrum störfum eins og hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að eða kjörnum trúnaðarstörfum. Við hefðum í raun átt að vera með þessar reglur tilbúnar um leið og við gerðumst t.d. aðilar að EES-samningnum sem fól í sér að við þyrftum að taka þátt í starfi um það bil 300 nefnda skilst mér í Brussel þar sem við ættum rétt á þátttöku en getum ekki vegna þess að við höfum ekki starfsfólk til að sinna því öllu eins og vera skyldi. Það er eðlilegt að það verki ekki beint hvetjandi á starfsmenn ríkisins að taka að sér störf erlendis í þágu íslenska ríkisins þegar móttökurnar þegar heim kemur eru með þeim hætti sem þær voru við þann starfsmann sem hér hefur verið nefndur. Það getur varla verkað hvetjandi fyrir aðra starfsmenn að taka að sér trúnaðarstörf fyrir íslenska ríkið ef viðkomandi aðili á það á hættu að ríkisstjórnarskipti yrðu á því tímabili sem hann starfaði erlendis og móttökurnar yrðu eins og raun bar vitni í þessu tilfelli. Þannig að mér sýnist að við þingmenn ættum að hafa kjark til þess og getu að afgreiða þetta á þeim tíma sem eftir er og mér sýnist þetta vera, ef einhver tillaga er þannig, tillaga sem um ætti að nást þverpólitísk samstaða til að slíkt hneyksli sem þarna átti sér stað endurtaki sig ekki. Við ættum því að standa að því að samþykkja þessa tillögu.

[17:05]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég kem hér upp til að lýsa eindregnum stuðningi við þessa tillögu sem flutt er af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum sem hér eiga sæti. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að okkur takist að ná sátt um að samþykkja þessa tillögu. Eins og kom fram í máli hv. 1. flm. og máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur hér áðan þá eru erlend samskipti okkar jafnan að aukast. Það er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að við fáum hverju sinni þá sem hæfastir eru til þess að taka að sér veigamikil störf á erlendri grundu. En er hægt að ætlast til þess að okkur takist að fá menn sem eru sjóaðir af reynslu, sjóðfróðir um samskipti við útlönd, til að taka að sér tímabundin störf í útlöndum ef þeir mega búast við því að þegar þeir snúa til baka, eins og Björn Friðfinnsson mátti þola, þá gangi nánast maður undir manns hönd innan ríkisstjórnarinnar til að koma þeim úr embætti. Það verður bara að segja þessa hluti eins og er. Í því tilviki var um að ræða starfsmann sem var afskaplega hæfur, hafði

staðið sig óvanalega vel hér heima á Íslandi, hafði staðið sig með miklum sóma erlendis og þegar hann kom til baka var mjög erfitt fyrir hann að finna aftur fótfestu innan kerfisins. Hann gekk ekki að sínu fyrra starfi eins og hann þó átti von á og eins og ráðherra í ríkisstjórn lýðveldisins hafði þrátt fyrir allt bréfað til hans. Þetta er ekki hægt að þola, herra forseti. Ég held að sú óvissa sem skapaðist í kjölfar þess máls sé þess eðlis að það hljóti að vera erfitt að fá mjög reynda og hæfa menn sem hafa verið lengi í þjónustu Stjórnarráðsins til að taka að sér slík störf. Þess vegna held ég að Alþingi verði að taka af skarið og verði að fela ríkisstjórninni að láta semja reglur sem gildi um slík tímabundin leyfi starfsmanna frá störfum í ríkisþjónustunni.

Það er staðreynd að á hverju einasta ári er leitað eftir því við nokkra og jafnvel stundum marga ríkisstarfsmenn að þeir taki að sér störf á erlendri grundu fyrir ráðuneyti. Ég þekki það sjálfur vegna þess að sem ráðherra gerði ég það stundum að ég leitaði eftir því að tilteknir hæfir starfsmenn tækju að sér slík tímabundin störf. Og jafnan gerist það líka að starfsmenn sækjast eftir slíkum störfum af eigin hvötum. Nú tel ég að það verði miklu erfiðara að fá góða menn nema það sé alveg ljóst hver réttarstaða þeirra verður. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að samþykktar verði slíkar reglur og í þeim komi fram hver staða starfsmannanna er. Það er auðvitað nauðsynlegt að áður en slíkar reglur eru endanlega settar verði rætt við samtök ríkisstarfsmanna um það hvernig eigi að ljúka þeim. Við hljótum að gera okkur grein fyrir því að störf þessara reyndu starfsmanna á erlendri grundu hafa verið Íslendingum og hagsmunum okkar mjög til framdráttar. Mjög víða hafa þeir getið sér gott orð og hafa ekki bara unnið landi sínu gagn heldur borið hróður Íslands víða. Það má ekki verða lát á því, herra forseti.

En ég tel að jafnilla og til tókst hjá núverandi ríkisstjórn gagnvart þessum tiltekna starfsmanni þá hafi verið sköpuð óvissa sem er nauðsynlegt að hrinda. Það er einungis hægt að hrinda henni með því að samþykkja þessa tillögu. Það vill svo til að hún er flutt af þingmönnum úr öllum stjórnmálaflokkum og það er enginn sem mælir gegn henni. Almenn og heilbrigð skynsemi mælir með henni — auk fjölmargra annarra sem hér hafa tekið þátt í umræðunni og eiga eftir að ræða. Þess vegna veit ég að hæstv. forseti mun auðvitað beita sér fyrir því að þetta verði samþykkt jafnvel þótt ég sjái það í hópi flm. að þar er engan talsmann að finna úr þeim væng Framsfl. sem hann tilheyrir góðu heilli.

[17:09]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hafa tekið þátt í þessari umræðu góðar undirtektir. Það hefur sannarlega komið vel fram hjá þeim, bæði hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og Össuri Skarphéðinssyni, hve mikilvægt þetta litla mál er. Þá á ég við „litla" um mál sem lætur lítið yfir sér en hefur grundvallarþýðingu fyrir réttarstöðu starfsmanna í ríkisþjónustu og möguleika þeirra og vilja til að starfa tímabundið erlendis og leita þar með eftir reynslu og þekkingu til að koma með hingað heim og bera inn í stjórnsýslu okkar og gera okkur mögulegt að nýta okkur reynslu þjóðanna sem eru bæði fjölmennari og hafa oft tekið fyrr á þeim málum sem við eigum eftir að kljást við.

Það hefur verið vakin athygli á því hverjir eru flutningsmenn þessarar tillögu. En það eru ásamt mér Bryndís Hlöðversdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir og Valgerður Sverrisdóttir.

Þetta mál er sannarlega ekki sérstakt kvennamál. En að mínu mati eru þessar ágætu konur sem flytja með mér þetta mál þungavigtarmenn í sínum þingflokkum, manneskjur með ríka réttlætiskennd. Þess vegna komu þær umsvifalaust með á þetta góða mál og ég vona að það verði til þess að menn sameinist um að afgreiða málið fyrir þinglok. Það yrði Alþingi til sóma og sannarlega til þess fallið að skapa öryggiskennd hjá þeim sem hugsa til þess að starfa tímabundið annars staðar og leita sér þekkingar og reynslu með öðrum þjóðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörumerki, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 338, nál. 1058, brtt. 1059.

[17:11]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. iðnn. um frv. til laga um vörumerki. Nál. er á þskj. 1058. Þar segir svo:

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið á sinn fund Gunnar Guttormsson og Ástu Valdimarsdóttur frá Einkaleyfastofunni. Umsagnir bárust frá Erlu S. Árnadóttur hrl., Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa, Íslenskri málnefnd, Lögmannafélagi Íslands, Neytendasamtökunum og Samtökum iðnaðarins.

Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á vörumerkjarétti með tilliti til þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands og réttarþróunar í öðrum löndum. Mikilvægt er að afgreiða frumvarpið á þessu þingi þar sem í því er gert ráð fyrir nýjum ákvæðum um alþjóðlega skráningu vörumerkja sem Íslandi hefur borið að framfylgja síðan 15. apríl 1997.

Nefndin leggur til að þrjár efnisbreytingar verði gerðar á frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er lagt til að 16. gr. verði breytt til að taka af allan vafa um að ekki verði lengur unnt að skrá vörumerki fyrir heila flokka heldur ber að tilgreina nákvæmlega þá vöru eða þjónustu sem óskað er skráningar fyrir.

Í öðru lagi er lagt til að niðurstöður úrskurða vegna andmæla við skráningu vörumerkis verði birtar í ELS-tíðindum og sömuleiðis vörumerki sem eru afmáð úr vörumerkjaskrá, sbr. 22. og 32. gr. Þessar breytingar eru til samræmis við önnur ákvæði frumvarpsins.

Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á 43. gr. Til samræmis við einkaleyfalög og lög um hönnunarvernd er lagt til að þeim sem brýtur gegn vörumerkjarétti af ásetningi eða gáleysi verði gert að greiða hæfilegt endurgjald fyrir hagnýtingu vörumerkis, auk skaðabóta fyrir tjón sem af brotinu hlýst. Þá er orðalagi í 2. mgr. 43. gr. breytt. Ef grandlaus aðili hagnast af broti gegn vörumerkjarétti ber honum að greiða hæfilegt endurgjald fyrir nýtinguna sem þó má ekki nema hærri upphæð en áætlaður hagnaður hans af brotinu.

Í 30. gr. er að finna nýmæli sem heimilar að vörumerki verði afmáð eftir kröfu þess sem lögmætra hagsmuna á að gæta ef sýnt er fram á að starfsemi eiganda vörumerkisins hafi lagst af. Eðlilegt er að afmá vörumerki ef starfsemi eiganda hefur verið lögð niður og oft eru þar miklir hagsmunir í húfi. Hins vegar verður að gera ríkar kröfur til sönnunar á því að starfsemi hafi raunverulega lagst af.

Með frumvarpinu, ef af lögum verður, verður starf vörumerkjaskrárritara lagt niður en við hlutverki hans sem skráningaraðila vörumerkja tekur sérstök stofnun, Einkaleyfastofan. Vegna þess verður að fella brott ákvæði 92. gr. frumvarps til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. máls. Hins vegar bendir nefndin á að heiti stofnunarinnar, Einkaleyfastofan, er ekki ákveðið í lögum. Með 7. gr. einkaleyfalaga, nr. 17/1991, er mælt fyrir um að á vegum iðnaðarráðuneytisins skuli starfrækt einkaleyfaskrifstofa. Með auglýsingu nr. 187/1991 og reglugerð nr. 188/1991 var Einkaleyfastofan sett á fót, m.a. með vísan til heimildar einkaleyfalaga. Því er ljóst að lagaheimild stofnunarinnar er fyrir hendi en nefndin telur umhugsunarefni að í frumvarpinu er Einkaleyfastofunni falin framkvæmd laganna og nafn stofnunarinnar kemur ótal oft fyrir í því en nafninu væri unnt að breyta með reglugerðarbreytingu ráðherra.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þingskjali 1059.

Undir nál. skrifa fulltrúar í iðnn., Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Sigríður Jóhannesdóttir, Pétur H. Blöndal og Sigríður Anna Þórðardóttir. Nefndin var sammála um þessa afgreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 767, nál. 1042, brtt. 1043.

[17:18]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um breytingu á ákvæðum laga um fæðingarorlof. Það liggur hér fyrir á þskj. 1042.

Eins og við er að búast þegar um er að ræða jafnyfirgripsmikið og sögulegt mál þurfti nefndin að sjálfsögðu að ráðslaga með þeim mönnum sem teljast hafa besta yfirsýn í þessu máli. Í hópi hinna bestu manna töldust vera Guðríður Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri og Elín Norðmann, lögfræðingur í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Jafnframt Jóhanna Fleckenstein, Lára Jensdóttir og Unnur Matthíasdóttur sem voru fulltrúar fyrirburamæðra en fulltrúar frá þríburamæðrum voru þær Guðbjörg Gunnarsdóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir, alnöfnur. Jafnframt taldi nefndin rétt af tilefni þessa frv. að fá til samræðu við sig þá Sigurð Svavarsson og Ingólf Gíslason sem sitja í karlanefnd Jafnréttisráðs.

Eftir að hafa farið ítarlega yfir þetta mál, herra forseti, var nefndin einróma sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þskj. Ég ætla að hlaupa aðeins á þessum breytingum, herra forseti. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 3. og 7. gr. frv. að þegar barn sem á að ættleiða er sótt til útlanda skuli ættleiðandi foreldri heimilt að hefja töku fæðingarorlofs þegar í upphafi ferðar. En í frv. eins og það liggur fyrir í sinni upphaflegu gerð er rétturinn einungis takmarkaður við ættleiðandi móður. Þessi breyting er lögð til af hálfu nefndarinnar þar sem sú staða gæti komið upp að ættleiðandi móðir komist ekki til þess að sækja barn sem hún hefur eigi að síður fengið til ættleiðingar, t.d. vegna sjúkleika eða eins og dæmi var nefnt um í nefndinni vegna fötlunar.

Í öðru lagi leggur nefndin til, til samræmis við breytinguna sem ég var að reifa hér undir 1. tölulið, breytingu á 8. gr. frv. sem felur í sér breytt ákvæði 16. gr. laga um almannatryggingar. Þar er lagt til að orðin „eða frumættleiðingu“ í f-lið 16. gr. almannatryggingalaganna hrjóti brott. En þess ber að geta að óbreytt felur ákvæðið í sér að ættleiðandi faðir gæti fyrst fengið greidda fæðingardagpeninga eftir að ættleiðandi móðir hefur fengið slíka greiðslu í a.m.k. einn mánuð eftir frumættleiðingu. Þá er líka lögð til orðalagsbreyting á f-lið 8. gr. frv.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að í umræðunni innan nefndarinnar var sérstaklega rætt um hagi mæðra sem fæða fyrirbura og eignast síðan barn eða börn mjög skammt á eftir eða 9–10 mánuðum á eftir. Þá getur komið upp sú staða vegna þess hversu stutt er á milli fæðinga að greiðslur vegna fæðingarorlofs skerðist. Nefndin ræddi þetta, fékk til fundar við sig fulltrúa heilbrrn., og það var niðurstaða nefndarinnar sem kemur fram hér í þessu áliti að mælast til þess að í slíkum tilvikum skerðist greiðslur ekki. Það var, að því er ég veit best, niðurstaðan í samræðu nefndarinnar við þann fulltrúa heilbr.- og trmrn. sem kom til fundar við nefndina að ráðuneytið mundi hlutast til um að viðeigandi reglum yrði breytt til að ná þessu markmiði. Þetta var ein af forsendum þess að svo góð samstaða náðist um álit nefndarinnar á þessu frv.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og hún er samþykk þessu áliti. Sigríður Anna Þórðardóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. En undir þetta skrifa ég, formaður, Siv Friðleifsdóttir, Katrín Fjeldsted, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir, Guðni Ágústsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Margrét Frímannsdóttir.

[17:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem hér eru gerðar á lögum um fæðingarorlof eru allar til bóta, eins og við lýstum yfir öll held ég sem tókum til máls þegar frv. var rætt hér í fyrsta skipti, og þær breytingar sem voru gerðar í meðförum heilbr.- og trn. gerðu frv. þó enn betra en það var. Þó svo við hefðum viljað sjá þarna ýmsar aðrar breytingar, eins og t.d. að tekið væri inn eitthvað varðandi fæðingarorlof feðra, þá náðist ekki samstaða um það innan nefndarinnar og talað var um að ef við færum að taka inn fleiri atriði en væru í frv. eins og það kom frá ráðuneytinu eða hæstv. ríkisstjórn þá væri það frekar til þess að tefja málið heldur en hitt. Það voru allir sammála um að það yrðu að koma til ákveðnar leiðréttingar varðandi fyrirburafæðingar og fjölburafæðingar og þess vegna fékk þetta mjög skjóta og góða afgreiðslu innan nefndarinnar.

Það kom fram hér hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að ein af forsendunum fyrir því að þessi samstaða náðist í nefndinni var að við endurskoðun á reglugerð um fæðingarorlof yrðu sérstaklega skoðuð tilvik þegar stutt er á milli fæðinga barna, vegna framlengds fæðingarorlofs eða fyrirburafæðinga, að þá verði tekið inn í reglugerðina að fæðingarorlof skerðist ekki. En þannig er það, svo ég taki

nú eitt raunverulegt dæmi, að ung kona sem eignaðist barn í febrúar á síðasta ári og eignaðist síðan tvíbura 1. janúar, eða reyndar var það á síðasta degi þess árs sem hún eignaðist tvíburana, hafði verið í fullu fæðingarorlofi eftir fæðingu barns sem fæddist í febrúar. Eftir það fékk hún ekki vinnu og var á atvinnuleysisbótum sem skráð var sem fullur tími og réttur til fæðingarorlofs. En þegar hún síðan fæðir tvíbura sjö vikum fyrir tímann þá vantar 40 stundir upp á að hún nái fullum réttindum til fæðingarorlofs. Þetta munar um 15 þús. kr. á mánuði í greiðslu. Og hún fær sem sagt ekki metna þá vinnu sem er heima og hún innir af hendi í heimahúsi á meðan hún er í fæðingarorlofi þannig að greiðslurnar skerðast við aðra fæðingu. En í reglugerð um fæðingarorlof, sem er undirrituð 16. desember 1987 og hefur líklega ekki verið breytt síðan þá, segir í 23. gr. um atvinnuþátttöku og þá sem eiga rétt á fullum greiðslum fæðingarorlofs og hvað er metið sem atvinnuþátttaka. Það er atvinnuþátttaka maka bænda við landbúnaðarstörf, það er foreldri sem rekur sjálfstæða atvinnustarfsemi eða vinnur við sjálfstæða atvinnustarfsemi án þess að þiggja laun sem launþegi en verður að sanna vinnustundafjöldann, foreldri sem vinnur launuð störf í heimahúsi og þar með er talin til launaðra starfa í heimahúsi gæsla barna, þ.e. foreldri sem tekur að sér að gæta barna fyrir greiðslu í heimahúsi fær það metið sem fulla vinnu. En ef kona eða karl er í fæðingarorlofi heima að sinna sínu barni þá er það hins vegar ekki metið nema í undantekningartilvikum og þá hefur þess verið getið sérstaklega í kjarasamningum eins og t.d. hjá hjúkrunarfræðingum.

Það var full samstaða um það í nefndinni að fara fram á að breyting yrði gerð á þessari reglugerð sem tryggði að þegar foreldri er í fæðingarorlofi sé það metið til vinnustunda og þess vegna þurfi að gera breytingar á þessari reglugerð frá 1987. Það var forsenda þess að svo góð samstaða náðist og minni hluti heilbr.- og trn. skrifar undir þetta nál. án fyrirvara.

Það er auðvitað mjög slæmt, virðulegi forseti, að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli ekki vera á staðnum til þess að hægt sé að fá fram hjá henni hvort hæstv. ráðherra hefur þennan sama skilning og nefndin, að um þetta hafi verið sátt, ekki bara innan nefndarinnar heldur einnig við þá starfsmenn heilbr.- og trmn. sem mættu á fundi heilbr.- og trn.

Ég gat þess hér áðan að við hefðum auðvitað viljað sjá að þarna væru tekin inn einhver ákvæði varðandi fæðingarorlof feðra og ég vil nota tækifærið hér til þess að minna á tillögu sem lögð var fram á fyrstu dögum þingsins sem hv. þm. Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon flytja um fæðingarorlof feðra. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði tryggður sjálfstæður réttur feðra til a.m.k. tveggja vikna orlofs á launum við fæðingu barns."

Það hefur nú heldur lítið farið fyrir því í hv. heilbr.- og trn. að tekin hafi verið til umræðu mál sem stjórnarandstaðan hefur flutt hér og reyndar ekkert mál frá stjórnarandstöðunni verið afgreitt frá þeirri ágætu nefnd. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að á kjörtímabilinu skuli tekið upp fæðingarorlof feðra, að vísu mjög takmarkað en samt sem áður spor í rétta átt. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur einnig lýst yfir þessum vilja sínum og gott ef ekki er að finna megi ákvæði þess efnis í stjórnarsáttamála þessarar ríkisstjórnar. Þess vegna hefði maður nú ætlað að lítil þáltill. þess efnis að feðrum verði tryggt tveggja vikna orlof á launum við fæðingu barns ætti að vera tiltölulega auðvelt mál fyrir hv. Alþingi að samþykkja sem fyrsta skref í þá veru að feður njóti sama réttar og mæður hvað varðar fæðingarorlof. En því miður hefur þessi tillaga fengið heldur litla umfjöllun í þessari ágætu nefnd eins og aðrar tillögur fluttar af stjórnarandstöðunni. Það er auðvitað umhugsunarvert að þegar mál koma hér fram á fyrstu dögum þingsins frá stjórnarandstöðunni, þá skuli það vera þannig að þegar allt útlit er fyrir að u.þ.b. hálfur mánuður sé eftir af starfstíma þingsins, og kannski ekki einu sinni það, sé rétt verið að byrja á að líta á mál frá stjórnarandstöðunni. Og staðreyndin sé sú að ef við viljum fá einhver mál frá stjórnarandstöðunni rædd, þó að það séu góð mál sem jafnvel virðist vera, a.m.k. í orði, samstaða um að leysa og samþykkja og menn viðurkenna að séu brýn, þá sé það þannig að stjórnarandstaðan þurfi nánast að betla um að þau séu tekin á dagskrá, hvað þá að þau séu afgreidd. Þetta eru auðvitað, virðulegi forseti, vinnubrögð sem eru ekki sæmandi þinginu. Þetta er löggjafarsamkoma landsins, þetta er löggjafarþing allra landsmanna. Þetta er ekki löggjafarstarfsemi bundin þeim hópi sem kaus þá tvo flokka sem nú sitja í ríkisstjórn til starfa, heldur allra landsmanna. Þess vegna finnst mér þessi vinnubrögð vera fyrir neðan allar hellur.

Virðulegi forseti. Ég kýs að nefna þetta hér vegna þess að það hefur verið lögð mikil áhersla á það að stjórnarandstaðan mæti til funda í nefndum þingsins og greiði fyrir málum. Það hefur ekki staðið á því a.m.k. í þeim nefndum sem ég sit. Það er þess vegna ósköp eðlileg krafa að það fari tími hjá nefndunum og hjá Alþingi í að ræða þær tillögur sem fram koma frá stjórnarandstöðu jafnt og stjórn.

[17:34]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú ekki beinlínis í andsvari heldur að koma með athugasemd eða viðbót við ræðu hv. þm. Ég tek undir að það er orðið afar lítið um það að tillögur stjórnarandstöðunnar nái fram að ganga hér á þessu þingi. En ég vil upplýsa hv. þm. um það að félmn. hefur afgreitt frá sér till. til þál. um fjölskyldustefnu ríkisstjórnarinnar og reyndar höfum við vikkað hugtakið aðeins út og viljum að það nái einnig til sveitarfélaganna. Þar er kveðið á um það mjög skýrum orðum að réttur feðra til fæðingarorlofs skuli tryggður. Hann skuli bæði aukinn og tryggt að þeir geti nýtt sér hann. Þetta verður væntanlega samþykkt hér innan tíðar sem stefna ríkisstjórnarinnar. Þannig að vonandi sjáum við fljótt úrbætur í þessu brýna máli. En það breytir ekki því að tillögur þingmanna stjórnarandstöðunnar, góður tillögur, eru ekki teknar inn í þá vinnu sem verið er að sinna og auðvitað er það til skammar hvað við Íslendingar erum orðnir langt á eftir í öllum fæðingarorlofsmálum, ekki bara feðra, heldur mæðra líka.

[17:35]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur fyrir þessar upplýsingar. Engu að síður er það nú þannig að við erum í heilbr.- og trn. að fjalla um lög um fæðingarorlof. Þessi þáltill. um fjölskyldustefnu er ákveðin stefna eða viljayfirlýsing í þessum efnum. Það hefði hins vegar verið mun betra og sterkara ef Alþingi hefði borið gæfu til að samþykkja það afdráttarlaust fyrir þinglok að feður ættu þennan rétt og þau skref sem við værum tilbúin til að stíga í þeim efnum.

[17:36]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég talaði hér fyrr í dag og mælti þá fyrir hinu sameiginlega nál. heilbr.- og trn. og ég ætla í þessari seinni ræðu minni að leyfa mér að viðra í örstuttu máli þau sjónarmið sem ég hef almennt til þessara mála. Þau tengjast einmitt því máli sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir reifaði í örstuttu andsvari — fæðingarorlofi feðra. En almennt vil ég segja, herra forseti, um þetta frv. sem við erum nú góðu heilli að leggja drög að að gera að lögum í dag að það er að öllu leyti jákvætt. Auðvitað voru ýmis atriði sem við hefðum gjarnan viljað sjá með öðrum hætti. Því er ekki að neita að ég hefði viljað sjá t.d. rétt fyrirburamæðra rýmkaðan talsvert og ég hefði viljað sjá rétt fjölburaforeldra talsvert aukinn frá því sem er í frv. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að með frv. sé stigið mjög lofsvert skref fram á við og ég taldi ekki rétt að reyna að tefja málið og framgang þess til að reyna að koma þessum sjónarmiðum fram. Ég held að það hafi verið nauðsynlegt allra hluta vegna að fá þetta frv. í gegn sem fyrst.

Það má rifja það upp, herra forseti, að sérstök nefnd var í því að semja ný drög að lögum um fæðingarorlof. Það tókst ekki samstaða innan hennar, hún var í rauninni sett af af hæstv. heilbrrh. og ég geri engar athugasemdir við það. En fyrir vikið náðist ekki að reifa nægilega eða a.m.k. ekki að leiða til niðurstöðu mikilvæg mál. Þá nefni ég hér sérstaklega fæðingarorlof feðra.

Fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að nú hefur félmn. samþykkt og sent hingað til síðari umr. þáltill. hæstv. félmrh. um fjölskyldustefnu. Hún lýkur lofsorði á hana og ég efa ekki að þar er margt gott að finna, m.a. rökstyður hún ágæti þeirrar stefnu með því að þar sé lagt til að réttur feðra til fæðingarorlofs verði rýmkaður. Það er af hinu góða. En hún orðaði það þannig að þá mætti gera ráð fyrir því að innan tíðar sæju menn raunhæf skref tekin til þess að auka rétt feðranna sem er auðvitað nánast enginn í dag. Það er gott. Ég gæti af þessu tilefni sagt: Mikil er trú þín, kona. Ég ætla nú ekki að gera það. Hins vegar get ég ekki annað, og sér í lagi með tilliti til allra þeirra feðra sem eru staddir hér í salnum í dag, en að nefna að það er í gangi, það er í gildi, sérstök framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Þessi framkvæmdaáætlun er að renna sitt skeið á enda. Og ég get ekki annað heldur en haft hér eftir, herra forseti, það sem í henni segir um fæðingarorlof feðra. Þar segir, með leyfi forseta: „Á gildistíma þessarar áætlunar verði lögfestar reglur sem tryggi jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs." Það er hins vegar svo, herra forseti, að núv. hæstv. heilbrrh. ætlar sér greinilega ekki að verða við þeim ákvæðum sem mæla skýlaust fyrir um að áður en framkvæmdaáætlunin er úti verði lögfestar reglur sem tryggja jafnan rétt foreldra til töku fæðingarorlofs. Það á ekki að gera það áður en framkvæmdaáætlunin er búin.

Út af fyrir sig er ágætt að það skuli nú liggja fyrir samþykkt innan félmn. enn önnur yfirlýsing um að það eigi að stefna að þessu. En ég spyr: Mun hæstv. ríkisstjórn standa eitthvað betur við það heldur en þau ákvæði sem hún er að brjóta á þessum vordögum og er að finna í framkvæmdaáætlun hennar í jafnréttismálum? Ég sé ekkert sem bendir til þess að það sé eitthvað frekar hægt að treysta henni til þess verks.

Það er rétt að það komi líka fram, herra forseti, að einn af oddvitum ríkisstjórnarinnar, reyndar flestir, eru miðaldra karlar og sumir það aldraðir að þeir eru eiginlega komnir úr barneign. Einn þeirra er t.d. hæstv. félmrh. Páll Pétursson og hann er yfirmaður skrifstofu jafnréttismála. Og það er ekki langt síðan að þar var gefið út rit. (Gripið fram í.) Herra forseti. Það hefur komið fram hér í frammíköllum að sú staðhæfing sem ég setti um getu hæstv. félmrh. sé þess eðlis að menn vilji jafnvel láta á hana reyna. Ég tek ekkert undir það, herra forseti, og er satt að segja skoðanalaus um þetta mál. En það sem ég er að segja hér, herra forseti, er að skrifstofa jafnréttismála, sem hefur að æðsta yfirmanni sínum hæstv. félmrh. Pál Pétursson, gaf nýlega út rit og þar segir, með leyfi forseta: „Á Íslandi er fæðingarorlof styst og verst greitt af Norðurlöndunum og réttur feðra lakastur. Þetta mál er í miklum ólestri og er einn af hærri þröskuldum í vegi jafnrar stöðu kynjanna." Hver er sá sem ábyrgur fyrir þessu? Það er ekki hv. þm. og mögulega tilvonandi félagsmálaráðherra einhvern tímann í framtíðinni, Magnús Stefánsson, það er hæstv. ráðherra Páll Pétursson. Það er hann sem er ábyrgur fyrir því að leggja þann dóm á stöðu þessara mála í dag að hér á Íslandi sé réttur feðranna hvað fæðingarorlof varðar lakastur. Og hann segir jafnframt að málið sé ekki bara í ólestri heldur einn af hærri þröskuldum í vegi jafnrar stöðu kynjanna.

Ég vænti þess auðvitað, herra forseti, að hv. þm. Magnús Stefánsson, sem er vaskur þingmaður á framabraut, muni koma hér upp og reyna að bera blak af sínum ráðherra. Sér í lagi ef horft er til þess að hv. þm. Magnús Stefánsson, ásamt öðrum þingmönnum Framsfl., háði mjög sigursæla kosningabaráttu þar sem barist var undir merkinu „Fólk í fyrirrúmi". Og meðal þess fólks sem átti að vera í fyrirrúmi voru feður — voru íslenskir feður. Því var lofað af hálfu Framsfl. að rýmka fæðingarorlof og það er líka hægt að finna tilvísanir í það sem þessir ágætu menn sögðu sem felur beinlínis í sér að það eigi að rýmka fæðingarorlof feðra. Það er líka talað aftur og aftur út um alla kosningastefnuskrá Framsfl. um að það eigi að stíga marktæk skref til þess að rétta af slagsíðuna sem er á mun kynjanna. Hvernig gera menn það best, herra forseti? Ég er þeirrar skoðunar að langbesta leiðin til þess sé einmitt að gera feður þessa lands meðvitaðri um stöðu sína, skyldur sínar og ábyrgð. Og hvernig gera menn það? Menn gera það með því að koma þeim í þá stöðu að þeir geti verið í sem mestri og bestri snertingu við börnin sín. Það leiðir til þess að afstaða þeirra og sýn til lífsins breytist og þá kannski er hægt að breyta þessum inngrónu, hefðbundnu og innrættu skoðunum sem kynslóðirnar hafa haft á hlutverkum kynjanna. Ég held að það sé besta leiðin. Um leið og karlarnir fara að ala upp börnin sín meira, vera í nánari snertingu við börnin heldur en hingað til, þá skynji þeir þetta miklu betur. Og þess vegna segi ég: Þetta er raunhæf leið til þess að koma á meira jafnrétti millum kynjanna. Það getur vel verið að Framsfl. skilji þetta ekki en það er svo lítið sem hann skilur og eitt af því sem hann skilur auðvitað alls ekki er eigin kosningastefnuskrá. En þetta er eigi að síður svona. Þetta er eitt af loforðum Framsfl. og þetta er líka þar af leiðandi eitt af þeim loforðum sem þessi flokkur er að dunda sér við að brjóta.

Ég veit að þessi ræða mín sem er orðin allt of löng fellur kannski í kramið hjá þeim mörgu framsóknarmönnum sem ég sé þegar ég lít hér yfir bekkina. En það má alla vega segja að hér er staddur í dag sá hluti Framsfl. sem ég ber mestar væntingar til þegar til framtíðar er horft. Þess vegna má vel vera að þessi orð mín séu ekki til einskis mælt. Það má vel

vera og ég vænti þess að hér á bekkjunum sé að finna frjóa mold fyrir þau sáðkorn sem ég er að reyna að sáldra út meðal framsóknarmanna með orðum mínum. En það voru þeir sem töluðu um nauðsyn þess að bæta jafnrétti milli kynjanna. Það voru þeir sem töluðu um að nauðsynlegt væri að rýmka fæðingarorlof og sumir þeirra tóku sérstaklega til fæðingarorlof feðra. Þeir eru jafnframt aðilar að ríkisstjórn sem hefur þá skyldu að fylgja eftir markaðri framkvæmdaáætlun sem Alþingi hefur samþykkt um jafnréttismál á Íslandi. Hluti af þeirri jafnréttisáætlun er að rýmka fæðingarorlof feðra. Nú er þessi framkvæmdaáætlun að renna sitt skeið á enda. Partur af henni var loforð, yfirlýsing um að áður en hún rynni á enda, áður en henni yrði lokið væri búið að lögfesta reglur um fæðingarorlof feðra. Það á að brjóta. Hvernig á að efna það? Jú, eins og jafnan áður horfa þessir ágætu herramenn, eins og hv. þm. Magnús Stefánsson, til forsrh. sem hefur lýst því yfir á fundi úti á landi að það eigi að gera eitthvað í málinu áður en kjörtímabilið er úti. Enn og aftur er það Sjálfstfl. sem kemur þeim til bjargar, alveg eins og það var Sjálfstfl. sem þurfti að draga hæstv. félmrh. upp úr því díki sem hann álpaðist út í hér í gær og setti allt þingstarfið úr skorðum. En það er auðvitað illt til þess að hugsa að flokkur með hina glæstu fortíð, en vonandi ekki jafnglæsta framtíð, þurfi aftur og aftur að leita til forsrh. og Sjálfstfl. til að bjarga málum sínum. Þess vegna spyr ég þessa mörgu hv. þm. Framsfl.: Eru þeir ekki farnir að skammast sín fyrir hvað þeir hafa brotið mörg kosningaloforð? Vilja þeir ekki reyna að hysja upp um sig brækurnar með því a.m.k. að taka undir það að nauðsynlegt er að fylgja þessari framkvæmdaáætlun eftir sem þeir sjálfir samþykktu á sínum tíma og lögfesta reglur um fæðingarorlof feðra? Það hefði auðvitað átt að nota tækifærið núna. Það var ekki gert og stjórnarandstaðan sá ekki ástæðu til að stoppa mál sem að öðru leyti var mjög gott. En ég hvet hina ungu vösku framsóknarmenn til að taka sér þessa ræðu til eftirbreytni, skoða hana og athuga hvort þar sé ekki að finna nokkuð góða upprifjun á kosningaloforðum Framsfl. í þessu efni. Ef þeir vilja fá upprifjun á öðrum kosningaloforðum sínum vísa ég til fyrri ræðna minna um það mál.

[17:47]

Útbýting þingskjala:

Opinber fjölskyldustefna, 72. mál, nál. félmn., þskj. 1092; brtt. félmn., þskj. 1093.

Stjórn fiskveiða, 108. mál, nál. sjútvn., þskj. 1099.

Stjórn fiskveiða, 341. mál, nál. sjútvn., þskj. 1098.

[17:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. (**Gripið fram í:** Talar þú fyrir hönd Framsfl.?) Ég ætlaði einmitt að taka það fram í upphafi að ég ætla ekki að svara fyrir Framsfl., það verða þeir að gera sjálfir. Hins vegar vil ég reyna að hugga hv. þm. sem hefur litla trú á að eitthvað gerist í málefnum feðra á næstunni. Ég get svo sem tekið undir það með honum að sennilega eru ekki miklar líkur á úrbótum á þessu kjörtímabili. Hins vegar hefur hæstv. félmrh. spáð því að núv. stjórnarandstöðuflokkar muni komast til valda í næstu kosningum og þá verður að sjálfsögðu tækifæri til að taka á þessum málum.

[17:48]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir að ég hafði hnugginn flutt ræðu mína um brot Framsfl. á kosningaloforðum sínum þá kemur hinn ágæti formaður félmn. hér upp og segist ætla að gera tilraun til að hugga mig. Ég get ekki annað en lýst því yfir að þegar Framsfl. er annars vegar þá er ég óhuggandi.

Ég bar satt að segja allt aðrar vonir til þess flokks þegar hann komst til valda heldur en ég hef séð rætast. En ég tek auðvitað undir það sem hv. þm. segir að það er margt sem bendir til þess að flokkar jafnaðarmanna, hvað sem þeir nú heita í dag, muni með samstöðu sinni og sameiningu flokka og aukinni samvinnu við sameinaða verkalýðshreyfingu takast að ná meiri hluta við næstu þingkosningar. Þá getur vel verið að þetta verði eitt af þeim málum sem okkur tekst að hrinda í framkvæmd. En af því að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir vísaði til spádóma hæstv. félmrh. þá ber ég nokkurn kvíðboga fyrir því. Reynslan hefur nefnilega sýnt að flest af því sem sá ágæti ráðherra hefur spáð fyrir um hefur ekki ræst. Þannig að ég er enn hnuggnari nú en áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 670, nál. 1078.

[17:50]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1078 frá félmn. Undir það ritar öll nefndin.

Þetta mál fjallar um það að gerðar eru nokkrar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er lögð til breytt skipan þeirra félagsmálanefnda sem auk annarra verkefna fara með barnaverndarmál — þar er nefndarmönnum fjölgað um tvo — kveðið er á um skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og gert ráð fyrir skyldu sveitarfélaga til fjárhagsaðstoðar allt að fjórum mánuðum aftur í tímann frá því að umsókn er lögð fram. Þá eru í frumvarpinu ýmsar aðrar smávægilegar breytingar á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt að öðru leyti en því að lögð er til ein breyting við 7. gr. þar sem við leggum til að orðin „í samræmi við lög þessi og önnur lög eftir því sem við á“ falli brott. Nefndin telur óþarft að kveða á um að slíkar reglur skuli settar í samræmi við lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga og önnur lög eftir því sem við á. Slíkt er augljóst og leiðir af eðli máls.

Í sambandi við þetta mál er rétt að taka fram, herra forseti, að fram kom í yfirferð nefndarinnar varðandi fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að þar eru einkum uppi tvö sjónarmið. Það kemur fram í skýringu við frv. og í fskj. að fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru á öðru máli en aðrir nefndarmenn og skiluðu séráliti. Þar er í rauninni tekist á um, ef svo sterkt má að orði komast, annars vegar að fólk hafi rétt til félagslegrar aðstoðar eða fjárhagsaðstoðar og hins vegar hvort rétt sé að sveitarfélögin hafi þann rétt að setja skilyrði við fjárhagsaðstoðina. Meiri hluti nefndarinnar sem vann að málinu var þeirrar skoðunar að tryggja ætti réttinn en

ekki er kveðið á um það í þessari grein að sveitarfélögin geti sett einhvers konar reglur eða fyrirvara enda má í því samhengi vitna í 2. gr. laganna um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaganna þar sem er að finna markmið laganna sem eru m.a. þau að byggja upp sjálfsvirðingu og veita aðstoð. Það má auðvitað segja sem svo að með því að sveitarfélögunum ber að bjóða upp á félagslega ráðgjöf þá hangir þetta auðvitað allt saman. Ég nefni þetta, hæstv. forseti, vegna þess að ég var sjálf svolítið veik fyrir sjónarmiðum sveitarfélaganna. Ég get ímyndað mér að það geti verið til gagns að setja fólki ákveðin skilyrði, reyna að leiða það inn á réttar brautir en þar með er alls ekki meiningin að svipta fólk réttindum. En niðurstaða allrar nefndarinnar varð sú að skila málinu frá sér eins og það kom frá meiri hluta nefndarinnar. Væntanlega mun reynslan leiða í ljós hvort þörf er lagaheimildar fyrir einhver slík skilyrði eða hvort lögin eins og þau standa nú duga sveitarstjórnunum. Ég hygg að svo sé með tilvísan til 2. gr. laganna, eins og ég nefndi áðan. En það kemur í ljós að þetta eru ekki stórar breytingar sem verið er að gera og nefndin varð einhuga um að afgreiða málið með þessu móti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Læknalög, 1. umr.

Frv. KF, 519. mál (samþykki sjúklings). — Þskj. 870.

[17:55]

Flm. (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á læknalögum, nr. 53/1988. Frv. er endurflutt frá því á vorþingi og hljómar eins og það gerði þá. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka lesturinn á því. En það snýst um þá skyldu að lækni beri að afla skriflegs samþykkis sjúklings fyrir aðgerð eða meðferð sem fyrirhuguð er.

Frv. er í samræmi við frv. um réttindi sjúklinga sem nú er til umræðu í heilbr.- og trn. og í eðlilegu samhengi við umræðu sem þar hefur farið fram. Frv. um réttindi sjúklinga hefur verið í vinnslu frá því snemmsumars 1995. Ég kom að málinu með skriflegt samþykki sjúklinga nokkru fyrr í borgarráði Reykjavíkur varðandi starfshætti á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, sem þá hét Borgarspítalinn. Ég var búin að sjá það fyrir löngu að ljóður væri á ráði annars ágætra laga að ekki væri lagaskylda á læknum að upplýsa sjúklinga sína. Ég tel þess vegna mjög mikilvægt að sett sé inn í læknalög að skriflegs samþykkis sjúklings sé aflað. En auðvitað koma fyrir tilvik þar sem það er ekki hægt vegna alvarlegra veikinda, bráðaaðgerðar eða skyndilegrar meðferðar sem veita þarf. Þá má að sjálfsögðu ætlast til að nánasti aðstandandi sjúklingsins gefi samþykki fyrir hans hönd og ef um algjör bráðatilvik er að ræða þar sem ekkert slíkt er mögulegt er það að sjálfsögðu ákvörðun læknis að halda áfram með þá aðgerð eða meðferð sem þarf til að bjarga lífi sjúklingsins.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, vegna þess að þetta er endurflutt frv. en ég legg til að málinu verði vísað til hæstv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Innlend metangasframleiðsla, fyrri umr.

Þáltill. KPál og ÓÖH, 520. mál. — Þskj. 871.

[17:58]

Flm. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um innlenda metangasframleiðslu. Meðflutningsmaður minn er hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson. Tillagan gengur út á að gera kleift að nýta metangas frá sorphaugum, og nýta það á bifreiðar eða farartæki sem í dag ganga fyrir olíu eða bensíni og einnig að gera kleift með lækkun aðflutningsgjalda að breyta þeim þannig að þær gætu nýtt metangas í staðinn. Með tillögunni er einnig verið að gera að því skóna að skattar af metangasi verði lækkaðir eða felldir niður þannig að nýting á metangasi geti orðið hagkvæm og samkeppnisfær við aðra brennslugjafa fyrir farartæki.

Það eru ekki mörg tækifæri, herra forseti, til að nýta innlenda „mengun" til að draga úr mengun á öðrum sviðum í þjóðlífinu. Við þekkjum það öll hvernig við höfum séð sorphauga sem hafa verið við hvern þéttbýlisstað landsins, hvernig draslið og umgengnin um þá var hér áður og fyrr þó svo að það hafi batnað mjög á undanförnum árum. Það sem við munum frá þeim sorphaugum er fyrst og fremst umhverfismengun, sjónmengun, og reykur sem steig upp frá þeim þegar sorpinu var brennt.

Það er nýlunda, og var að frumkvæði þeirra forustumanna Sorpu, að farið var að flokka og bagga sorp og ganga frá því eins og um iðnað væri að ræða. Í dag er þannig frá þeim málum gengið hjá Sorpu að haugar sem áður voru kallaðir sorphaugar eru núna iðnaðarsvæði þar sem gengið er frá þeim þannig að hægt er að nýta allt það metangas sem verður til í slíkum haugum og safna því saman í pípum og nýta með þeim hætti sem telst hagkvæmt. Staðreyndin er nefnilega sú að þó svo að við getum sagt að frágangur sorphauga geti verið góður og umhverfisvænn þá verður eigi að síður mikil metangasmengun af þeirri efnabreytingu og niðurbroti sem verður í svona sorphaugum og metangasið sem stígur þarna upp er í rauninni mjög mengandi. Það er til dæmis sagt að einn rúmmetri af metangasi mengi 25 sinnum meira heldur en einn rúmmetri af koltvíoxíði. Þannig að það er mjög mikilvægt að geta nýtt þessa mengun, eða þetta metangas skulum við segja, þannig að það geti jafnvel dregið úr mengun á öðrum sviðum. Það er það sem gerist þegar þetta metangas er nýtt sem orkugjafi að það mengar ekki nema um það bil 35–40% af því sem venjuleg olía mengar, fyrir utan það að metangasið sem slíkt breytist í koltvíoxíð og mengunin af því verður sem sagt mun minni með brennslu á bíla heldur en af venjulegum olíum. Þannig að það er hægt að segja með sanni að við séum að nýta mengunina til þess að minnka mengun.

Umræður um stóriðjuframkvæmdir á Íslandi hafa verið miklar á undanförnum mánuðum. Sú mengun sem þeim er samfara verður veruleg og eykur þá mengun sem sleppur út í andrúmsloftið hér langt umfram það sem verið hefur áður. Öll sú umræða sem hefur farið fram er að sjálfsögðu nauðsynleg en hún getur að sjálfsögðu að ýmsu leyti skaðað ímynd Íslands sem hreins og ómengaðs lands. Það er nefnilega ljóst að margt af því sem kemur frá slíkri starfsemi er talið vera með þeim hættulegu efnum sem sleppa út í andrúmsloftið eins og þungmálmar, þrávirk efni og önnur slík efni sem koma við þá framleiðslu. Sem dæmi má nefna

að þungmálmar komi út í andrúmsloftið frá járnbræðslum en einnig frá útblæstri bíla. Þrávirk efni koma frá pappírsiðnaði og sorpbrennslum en sorpbrennsla eins og hún er t.d. tíðkuð hér í dag hleypir út einhverju magni af díoxíni sem er með hættulegustu efnum sem til eru og mjög hættuleg í andrúmsloftinu og í sjó.

Margt af því sem við erum að tala um í dag að verði í vaxandi mæli getur orðið til þess að ímynd Íslands sem hreins lands gæti beðið skaða af. Ég vil einnig minna á að höfin í kringum Ísland eru mjög hrein. Á ráðstefnu sem ég var á í morgun kom fram að mælingar á lifur í þorski og karfa sýna að PCB-mengun mælist mjög lág miðað við aðra mælingarstaði á norðurslóðum. Kvikasilfur er einnig mjög lágt og ef maður ber þetta saman við t.d. stærri dýr eins og ísbirni, þá er uppsöfnun á þessum efnum mjög mikil í ísbjörnum. Þannig að við hér á landi virðumst hafa sloppið mjög vel og erum með mjög hreina ímynd. Til dæmis kom fram að kadmíum sem mælist í mosa mælist fyrst og fremst hér á landi í mosa uppi á hálendinu, ekki í mosa í kringum þéttbýli eða við stóriðju. Þannig að við höfum mjög góða ímynd og þá ímynd þurfum við að vernda.

Það eru margar leiðir sem má eflaust fara til þess að halda ímyndinni og vernda og minnka útblástur gróðurhúsaefna. Ein af þeim er sú sem við flm. erum að leggja til hér, að nýta þá metangasframleiðslu sem verður til í sorphaugum, nýta hana á bifreiðar sem kannað hefur verið annars staðar í heiminum að er mjög fýsilegur kostur. Þetta er líka ein af þeim leiðum sem við getum farið til þess að sýna fram á að Íslendingar vilji fikra sig áfram í sjálfbærri þróun. Við þurfum það til viðbótar, að mér finnst, við ómengaða náttúru að sýna fram á sjálfbæra þróun sem kemur þá fram í því að nýta það sorp sem til fellur frá heimilum til að framleiða gas sem aftur knýr áfram bifreiðar og þar erum við búnir að ná hringnum saman.

Svíar hafa nýtt þetta þannig sem tilraunaverkefni að í 20 þúsund manna bæjum hafa þeir komið upp slíkri söfnun metangass úr sorphaugum sínum að það hefur dugað sem orkugjafi fyrir öll farartæki í eigu opinberra aðila í þeim byggðarlögum, sem er þá sambærilegt við það að allir strætisvagnar á höfuðborgarsvæðinu, sorpbílar og aðrar opinberar bifreiðar mundu nýta metangas sem orkugjafa. Að sjálfsögðu er það verulegur árangur þegar við lítum á þau vandamál sem eru í kringum þær hraðbrautir og umferðarþungu brautir sem eru hér í Reykjavík og hafa valdið fólki mjög miklum óþægindum eins og komið hefur fram í fréttum. Þannig er þetta ein af þeim leiðum sem má fara til að draga úr þeirri mengun og reyna að uppfylla þá um leið það sem við höfum þegar undirritað, þ.e. alþjóðasamninga um að draga úr eða halda í jafnvægi gróðurhúsalofttegundum sem sleppt er út í andrúmsloftið. Þetta mál, ef nær fram að ganga, getur þannig gert margt af því sem við höfum stefnt að að hluta til mögulegt.

Umhverfisvernd kostar peninga og það er sama með þessa tillögu að hún kostar einhverja peninga ef við lítum á það þeim augum. Auðvitað á kannski ekki endilega að setja verðmiða á umhverfisvernd að þessu leytinu til. Hún er eitt af því sem fylgir manninum og þeirri framleiðslu sem við stundum hér við stóriðju og annars staðar þannig að verðum að mæta henni. Fyrst við getum ekki mætt henni með hreinsun á staðnum þá verðum við að mæta henni með því að upphefja hana með öðrum hætti og virkjun metangassins er sem sagt hluti af því.

Nýtingin kostar þá peninga að ríkið getur ekki, ef nýtingarmöguleikinn á að vera fyrir hendi, innheimt þau gjöld, þá tolla, sem eru til staðar í dag við innflutning á bifreiðum. Tollar og innflutningsgjöld af bifreiðum yrðu því að vera lægri eða fella yrði þau gjöld alfarið niður. Sama má að sjálfsögðu segja um metangasið sem slíkt að það þolir ekki neina tolla eða skatta. Þannig að tillagan er flutt til þess að opna augu manna fyrir því að þessi framleiðsla verður ekki möguleg nema þetta skref í lækkun gjalda sé stigið.

Við flm. teljum það réttlætanlegt á þeim forsendum sem ég hef áður sagt, að við erum að mæta alþjóðlegum kröfum, við erum að mæta kröfum Íslendinga. Og ég lít svo á að Íslendingar séu almennt orðnir mjög umhverfisvænir. Við viljum hafa starfsemi eins og stóriðju og starfsemi sem við þurfum nauðsynlega að stunda hérna umhverfisvæna. Þess vegna held ég að það sé mjög æskilegt að Alþingi sýni það með beinum hætti að vilji sé til að stuðla að því að þetta verði mögulegt. Því er tillaga flutt hér og ég treysti því að hv. alþm. taki henni vel. Ég vil leggja til að lokum að hún verði send til hv. efh.- og viðskn. og til umsagnar hjá hv. umhvn.

[18:11]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 100. mál, nál. sérn., þskj. 1102; brtt. sérn., þskj. 1103.

Skipan opinberra framkvæmda, 436. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1094; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1095.

Umferðarlög, 487. mál, nál. allshn., þskj. 1100; brtt. allshn., þskj. 1101.

Umferðarlög, 61. mál, nál. allshn., þskj. 1097.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5., 20., 24. og 28.–29. mál.

Fundi slitið kl. 18:13.

---

118. FUNDUR

miðvikudaginn 7. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Til forsætisráðherra:

1. Könnun á orsökum búferlaflutninga, fsp. SighB, 484. mál, þskj. 815.

2. Samræming á starfsemi og framkvæmdum ríkisins, fsp. KHG, 586. mál, þskj. 1005.

3. Stefnumótandi byggðaáætlun, fsp. KHG, 587. mál, þskj. 1006.

Til samgönguráðherra:

4. Úrbætur í öryggismálum sjómanna, fsp. ÁRJ, 416. mál, þskj. 718.

5. Hæfniskröfur skipahönnuða og skipasmiða, fsp. ÁRJ, 417. mál, þskj. 719.

Til landbúnaðarráðherra:

6. Danskar landbúnaðarafurðir, fsp. SighB o.fl., 456. mál, þskj. 770.

7. Kjötmjölsverksmiðja, fsp. SJóh, 569. mál, þskj. 928.

Til iðnaðarráðherra:

8. Fjárveiting til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu, fsp. KHG, 588. mál, þskj. 1007.

Til dómsmálaráðherra:

9. Dómar, skaðabætur og fjöldi grófra líkamsárása, fsp. JóhS, 600. mál, þskj. 1051.

10. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, fsp. JóhS, 601. mál, þskj. 1052.

Könnun á orsökum búferlaflutninga.

Fsp. SighB, 484. mál. — Þskj. 815.

[13:32]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram till. til þál. um byggðamál þar sem m.a. var lagt til að fram færi ítarleg athugun á orsökun búferlaflutninga á Íslandi en slík athugun hefur ekki verið gerð, a.m.k. ekki athugun sem gæti náð til allra þeirra þátta sem í greinargerð þáltill. var tekið fram að skoða þyrfti. Í umfjöllun um tillöguna í þeirri þingnefnd sem hún fór til var m.a. leitað umsagna forsrn. og í bréfi frá forsrn. var þess getið að fyrir tilhlutan Byggðastofnunar og í samræmi við starfsáætlanir hennar fyrir árið 1996 væri búið að taka ákvörðun um að hefja slíka könnun á orsökum búferlaflutninga á Íslandi.

Nú er liðið rúmt ár frá því að þessi ákvörðun var tekin og mætti því ætla að niðurstöður af þessari könnun, sem er vissulega tímabær og þörf, ættu að fara að liggja fyrir. Því hef ég leyft mér að beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. sem hljóðar svo:

1. Hvernig miðar könnun á orsökum búferlaflutninga á Íslandi sem samþykkt var að fram færi í starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 1996 og hvenær er niðurstaðna að vænta?

2. Hverjir hafa staðið að könnuninni og hvernig er að henni staðið?

3. Hvað er leitast við að kanna og um hvað er spurt?

4. Verði niðurstaða fengin fyrir lok yfirstandandi þings, mun forsrh. þá gera Alþingi grein fyrir efni könnunarinnar og helstu niðurstöðum hennar?

[13:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur spurt eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig miðar könnun á orsökum búferlaflutninga á Íslandi sem samþykkt var að fram færi í starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 1996 og hvenær er niðurstaðna að vænta?

2. Hverjir hafa staðið að könnuninni og hvernig er að henni staðið?

3. Hvað er leitast við að kanna og um hvað er spurt?

4. Verður niðurstaða fengin fyrir lok yfirstandandi þings og mun forsrh. þá gera Alþingi grein fyrir efni könnunarinnar og helstu niðurstöðum hennar?

Fyrsti liðurinn, könnun á orsökum búferlaflutninga á Íslandi, er í vinnslu. Á síðasta ári var unnið að könnun á þeim athugunum sem fram höfðu farið á búferlaflutningum og unnið að undirbúningi úrtakskönnunar í þeim tilgangi að kanna einstaklingsbundnar ástæður fyrir ákvörðunum um búferlaflutninga. Um er að ræða tvær úrtakskannanir. Önnur er viðhorfskönnun meðal allra en hin meðal þeirra sem flutt hafa lögheimili sitt á undanförnum árum. Frumniðurstöður úrtakskannananna munu liggja fyrir fljótlega. Endanleg skýrsla um efnið verður síðan gefin út, en m.a. er fyrirhugað að halda sérstakt fræðilegt málþing um efnið.

2. Byggðastofnun hefur staðið að þessu verkefni og hafði í upphafi samráð um það við félmrn., Samband ísl. sveitarfélaga og Húsnæðisstofnun. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd hinnar fræðilegu greiningar. Framkvæmd úrtakskannananna var boðin út meðal þeirra aðila sem annast slíkt hér á landi.

3. Meginmarkmið þessa verkefnis er að leita að helstu ástæðum sem valda því að einstaklingar og fjölskyldur taka sig upp og flytja milli landshluta. Í því efni er mikilvægast að kanna hvort stjórnvöld geta með einhverjum aðgerðum haft áhrif á hinn mikla straum sem legið hefur til höfuðborgarsvæðisins þvert gegn yfirlýstri stefnu í þeim efnum.

4. Eins og fram hefur komið fyrr í svarinu er ekki ljóst hvort greinargerð þessi getur verið tilbúin að fullu fyrir þinglok. Ætlunin var að kynna verkefnið á ráðstefnu um þróun byggðar sem Byggðastofnun, landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband ísl. sveitarfélaga héldu á Akureyri í síðasta mánuði. Það var ekki gerlegt en þó voru kynntar vissar bráðabirgðaniðurstöður. Í þeim kom þó fram ýmislegt sem benti til þess að niðurstöður könnunarinnar kunni að verða hinar fróðlegustu og ég hef látið í ljós þá skoðun að kannanir af þessu tagi eigi að vinna reglulega og þannig að af þeim megi ráða hvaða breytingar eigi sér stað yfir tiltekið tímabil. Að öðru leyti mun ég gera Alþingi grein fyrir starfsemi Byggðastofnunar samkvæmt venju næsta haust. Þar mun m.a. verða fjallað um þessa könnun og helstu niðurstöður hennar.

[13:37]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna þeirri umræðu sem hér hefur farið fram. Það er ljóst að fyrstu niðurstöður sem þegar hafa fengist úr þeirri könnun sem hér er til umræðu, eru mjög athyglisverðar og varpa á margan hátt nýju ljósi á ástæður búferlaflutninga í landinu. Ég held að það sé mjög þýðingarmikið fyrir okkur sem erum að reyna að vinna að því að móta byggðastefnu í landinu, þá á ég auðvitað við Alþingi, að við skiljum það og vitum hverjar ástæðurnar eru fyrir þessum búferlaflutningi. Það sem stendur upp úr þeirri könnun sem þegar hefur verið birt eða þeim bráðabirgðaniðurstöðum sem hæstv. forsrh. greindi frá er það að ástæður búseturöskunar eru bersýnilega mjög mismunandi milli einstakra landshluta. Það sem á við á einum stað á alls ekki við á öðrum stað. Það sem ég held að sé þess vegna þýðingarmest fyrir okkur og skipti auðvitað mestu máli er hvernig við hyggjumst síðan vinna þetta áfram, hvaða ályktanir við drögum af þessu því það er alveg greinilegt að á þeim upplýsingum sem þarna eru að birtast getum við byggt framtíðarstefnumótun okkar og tekið á einstökum þáttum sem greinilega eru þess valdandi að fólk kýs að flytja búferlum úr heimahögum sínum.

[13:38]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það má segja að sú fyrirspurn sem hér er til umræðu sé lögð fram í tíma og er ástæða til þess að

þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli í framhaldi af þáltill. hans á síðasta þingi. Þó að niðurstöður liggi ekki endanlega fyrir úr þeirri könnun sem hefur verið unnin á vegum Byggðastofnunar, þá er ljóst að það eru ýmsir þættir sem ráða öðrum fremur um það að fólk kýs að flytja sig á milli staða, frá einum stað til annars. Það er greinilegt að það er atvinna, það þarf fjölbreytt atvinnulíf, það eru tekjur og það er í þriðja lagi, sem virðist vera mjög mikilvægt, menntakerfið eða skólakerfið, að til staðar sé skólakerfi á framhaldsskólastigi og jafnvel ofar, ekki of langt í burtu. Svo held ég í fjórða lagi að afþreying virðist skipti gríðarlega miklu máli við mat fólks á þeim stað þar sem það býr.

[13:39]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin, en það er nokkuð umhugsunarvert að allt síðan á þriðja áratugnum hafa stjórnvöld á Íslandi, Alþingi og ríkisstjórnir, barist með ýmsum hætti gegn búferlaflutningum. Ég ætla ekki að ræða með hvaða hætti, enda gefst ekki tími til þess, en nú upp á síðkastið hafa menn valið m.a. þá aðferð að reyna að beita sérstökum fyrirgreiðslum bæði Byggðastofnunar og annarra aðila við atvinnulífið. En þrátt fyrir það að mönnum hafi ekki tekist ætlunarverk sitt í alla þessa áratugi og þrátt fyrir það að miklu af þeim peningum sem settir hafa verið í þetta verkefni hefur auðsjáanlega verið kastað á glæ, þá er þetta í fyrsta skipti sem leitað er eftir því af hálfu stjórnvalda á Íslandi að finna ástæðurnar fyrir því að fólkið flytur. Eftir öll þessi ár og eftir alla þá fjármuni sem búið er að verja í þessu skyni er nú loksins við lok þessarar aldar, eftir 80 ára sögu afskipta stjórnvalda af byggðaþróun, reynt að leita ástæðnanna.

Ég er sammála þeim sem hér hafa talað. Ég held að niðurstöður úr þeirri athugun sem verið er að gera á ástæðum búferlaflutninga muni verða mjög athyglisverðar og koma mönnum á óvart og leiða mönnum fyrir sjónir að það sé ýmislegt annað en skortur á fyrirgreiðslu, lánsfjárfyrirgreiðslu eða einhvers konar fjárhagsfyrirgreiðslu sem veldur því að fólk flytur búferlum, og ekki bara milli strjálbýlis og þéttbýlis, heldur einnig innan dreifbýlisstaðanna. Nauðsynin til þess að geta tekið á þeim málum með æskilegum hætti og stuðlað að eðlilegu jafnvægi í byggð landsins er náttúrlegra, herra forseti, að menn hafi þessar upplýsingar.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér.

[13:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég er sammála því sem kom fram hjá málshefjanda áðan. Um byggðamálin hefur margt verið rætt. Ég minnist þess að fyrirrennari minn í því starfi sem ég gegni um þessar mundir lýsti því yfir einmitt hér á þinginu að byggðastefna undanfarandi ára hefði brugðist og það var auðvitað töluvert áfall fyrir alla vegna þess að ég tel að það hafi verið nokkuð bærileg sátt um það í þinginu á hverjum tíma að það væri verjanlegt og jafnvel æskilegt að stjórnvöld leituðust við að tryggja að byggðaröskun yrði a.m.k. ekki of hröð.

Auðvitað gætum við velt fyrir okkur hvað hefði gerst ef menn hefðu ekki reynt að spyrna við fæti og reynt að hafa í frammi margvíslegar aðgerðir sem kannski hafa ekki dugað sem skyldi en hafa þó væntanlega skilað einhverjum árangri þegar allt er saman dregið. Og ég tel það vera mjög gott og tek undir með málshefjanda að menn skuli með þessum fræðilega hætti leitast við að afla upplýsinga sem hægt er að byggja á næstu ákvarðanir í málaflokki þessum sem er svo mikilvægur.

Samræming á starfsemi og framkvæmdum ríkisins.

Fsp. KHG, 586. mál. — Þskj. 1005.

[13:43]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég flyt á þskj. 1005 fyrirspurn til forsrh. um samræmingu á starfsemi og framkvæmdum ríkisins. Fyrir réttum þremur árum samþykkti Alþingi samhljóða ályktun um stefnumótandi byggðaáætlun sem hæstv. forsrh. hafði flutt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Í ályktuninni er kveðið á um að meginmarkmið byggðastefnu séu að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti, að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags og að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Til þess að ná þessum markmiðum ályktaði Alþingi að til ársloka 1997 yrði lögð áhersla á fjögur stefnumál: Eflingu samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða, valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi og að starfsemi og framkvæmdir ríkisins yrðu samræmdar og er hér spurt um þann þátt málsins. Ályktað er að samræma eigi starfsemi og framkvæmdir ríkisins og með því er reynt að forðast tilviljanakenndar ákvarðanir. Til þess eigi m.a. að grípa til eftirfarandi aðgerða:

Taka upp samræmd vinnubrögð við ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og fyrirkomulag þjónustu. Samræma skuli langtímamarkmið ráðuneyta og stofnana ríkisins. Forsrn. annist samræmingu og beiti sér fyrir að ný vinnubrögð verði tekin upp. Gera fjögurra ára áætlanir um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma og að forsrh. skipi nefnd til að endurskoða lagaákvæði um áætlunargerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur.

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis er borin fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 1005, um samræmingu á starfsemi og framkvæmdum ríkisins:

Hvað líður því að framfylgja þeirri stefnu Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun að starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar og með því reynt að forðast tilviljunarkenndar ákvarðanir?

Hvað líður:

a. samræmingu langtímamarkmiða ráðuneyta og stofnana ríkisins,

b. gerð fjögurra ára áætlana um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma,

c. skipan nefndar til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur?

[13:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur borið fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvað líður því að framfylgja þeirri samþykkt Alþingis um stefnumótandi byggðaáætlun að starfsemi og framkvæmdir ríkisins verði samræmdar og með því reynt að forðast tilviljunarkenndar ákvarðanir?

Hvað líður:

a. samræmingu langtímamarkmiða ráðuneyta og stofnana ríkisins,

b. gerð fjögurra ára áætlana um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma,

c. skipan nefndar til að endurskoða lagaákvæði um áætlanagerð á vegum ríkisins í þeim tilgangi að vinnubrögð verði markvissari og fjármunir nýtist betur?

Nú er liðið á fjórða ár síðan ályktun um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 var samþykkt. Sú áætlun var jafnframt hin fyrsta sem gerð er og í ályktuninni er að finna ýmis nýmæli og markmið á borð við þau sem vitnað er til í fyrirspurninni og hv. málshefjandi gerði ágætlega grein fyrir rétt í þessu.

Í fyrsta lagi er spurt um samræmingu langtímamarkmiða ráðuneyta og stofnana. Ég hygg að segja megi að að henni hafi verið unnið á margan hátt þótt ekki hafi verið unnið að því á einum tilteknum vettvangi. Ráðuneytin halda hvert um sig um sína málaflokka og ég ætla að samþykkt áætlunarinnar og umræða um hana hafi orðið til þess að ráðuneytin hafi í auknum mæli miðað uppbyggingu og dreifingu á þjónustu sinni við breyttar forsendur í samgöngumálum og almennt þannig að aðgangur almennings að þjónustunni sé sem bestur. Í þessu felst að forsendur áætlanagerðar ráðuneyta og stofnana hafa í raun verið samræmdar að vissu leyti. Hefur þetta komið fram iðulega þegar mælt er fyrir málum á þinginu og eins innan ríkisstjórnar.

Í þeim svæðisbundnu byggðaáætlunum sem unnið hefur verið að frá því að Alþingi samþykkti stefnumótandi byggðaáætlun hefur verið farið fram á það við einstök ráðuneyti að þau tilgreini áform um þá þjónustu sem þau veita fyrir þau svæði sem fjallað hefur verið um hverju sinni. Byggðastofnun hefur síðan metið þessi áform í þeim tilgangi m.a. að samræma þau.

Í annan stað er spurt um hvað líði gerð fjögurra ára áætlana um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma. Í þessu samhengi vil ég nefna það að samhliða kynningu á fyrstu svæðisbundnu byggðaáætluninni í ríkisstjórn var rætt um áætlanagerð á vegum einstakra ráðuneyta og eru menn sammála um að mikilvægt sé að starfsemi ríkisins, hvort sem um er að ræða þjónustumálaflokk eða annað, sé byggð upp samkvæmt skynsamlegri forskrift en sé ekki háð tilviljunum. Í þessu sambandi var rætt um það að ráðuneytin þyrftu flest hver að taka sig verulega á. Ég hygg að vonir standi til þess að hér verði bætt úr og vísa ég í því sambandi til þeirra breytinga sem nú er verið að gera á fjárlagagerð ríkisins og til stefnu sem kennd er við árangursstjórnun í ríkisrekstri en um þessar mundir er unnið að því að hrinda henni í framkvæmd. Í þeirri vinnu kallar ráðuneytið eftir áformum stofnana um breytingar og áherslur á starfsemi sinni og hlutast til um þau áform eftir þörfum og ástæðum. Hitt er svo annað mál að eiginlegar fjögurra ára áætlanir fyrir hvern þjónustumálaflokk hafa ekki verið gerðar.

Varðandi nefnd þá sem spurt er um er því til að svara að hún hefur ekki verið skipuð. Ég er efins um að slík nefndarskipan sé brýn, m.a. vegna þess sem ég hef nefnt hér að framan, að ráðuneyti og stofnanir leggja nú almennt meiri áherslu á að setja sér markmið til lengri tíma en fyrr var gert.

[13:50]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin við fyrirspurnunum. Ég vil bæta því við að fram hefur komið við gerð svæðisbundinna byggðaáætlana að verulega skortir á að um samræmingu sé að ræða á langtímaáætlun hjá ráðuneytunum og enn fremur skortir verulega á að til séu langtímaáætlanir eða fjögurra ára áætlanir í einstökum þjónustumálaflokkum. Ég nefni sem dæmi svæðisbundna byggðaáætlun fyrir miðfirði Austurlands sem Byggðastofnun hefur gengið frá og sent forsrh. fyrir nokkru. Leitað var eftir upplýsingum hjá einstökum ráðuneytum um viðhorf þeirra til óska heimamanna um starfsemi ríkisins á svæði þeirra og tillögum Byggðastofnunar.

Er skemmst frá að segja að svör ráðuneytanna voru mjög mismunandi. Hjá mjög mörgum þeirra voru þau lítil sem engin og í inngangi að skýrslunni segir svo, með leyfi forseta:

„Að mati tengiliða áætlunarinnar hefði verið hægt að ganga mun lengra í samvinnu og kerfisbreytingum hjá sveitarfélögunum, ef áætlanir ríkisins lægju fyrir. Það er því að þeirra mati ókostur við vinnu að svæðisbundum byggðaáætlunum hversu áætlanagerð af hálfu ráðuneyta er skammt á veg komin."

Í framhaldi af þessu vil ég vitna til nokkurra svara ráðuneytanna við spurningum Byggðastofnunar í tilefni af þessari áætlunargerð. Samgrn. var spurt um áform um jarðgöng. Svörin voru þau að engin langtímaáætlun lægi fyrir.

Iðnrn. var spurt um markaðssetningu á Reyðarfirði. Svar barst ekki. Menntmrn. var spurt um framhaldsskóla á Eskifirði. Svar barst ekki. Menntmrn. var einnig spurt um niðurgreiðslu á ferðum nemenda og svar barst ekki. Heilbrrn. var spurt um áform um Fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað. Svar barst ekki. Það var einnig spurt um skipun heilsugæslu á svæðinu. Svar barst ekki.

Þannig er hægt að rekja áfram einar fjórar eða fimm spurningar til viðbótar til heilbrrn. og dóms- og kirkjumrn. sem Byggðastofnun sendi að beiðni heimamanna en engin svör bárust við.

[13:52]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Í framhaldi af þessum athugasemdum sem þarna var lýst voru þær teknar fyrir á ríkisstjórnarfundi, kynntar sérstaklega og fundið að því að ráðuneytin stæðu ekki betur í stykki gagnvart samvinnu við Byggðastofnun að þessu leyti til og þá aðila sem að slíkum áætlunum eru að vinna því að gagnsemi þeirra verður mun minni ef þau fá ekki haldgóðar og traustar upplýsingar frá ráðuneytunum. Ég treysti því þess vegna að þessar ábendingar og athugasemdir sem því miður voru réttmætar leiði til þess að í framtíðinni verði ráðuneytin skilvirkari og afdráttarlausari og betri í svörum gagnvart þeim aðilum sem eru að vinna að þessum málum en þarna var reyndin.

Stefnumótandi byggðaáætlun.

Fsp. KHG, 587. mál. — Þskj. 1006.

[13:53]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Á þskj. 1006 flyt ég fyrirspurn til forsrh. um stefnumótandi byggðaáætlun. Fyrir réttum þremur árum samþykkti Alþingi samhljóða ályktun um stefnumótandi byggðaáætlun sem forsrh. hafði flutt fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Í ályktuninni er kveðið á um að meginmarkmið byggðastefnu séu að treysta byggðina þannig að gæði lands og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmnum hætti, að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum nútímasamfélags og að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Til þess að ná þessum markmiðum ályktaði Alþingi að til ársloka 1997 yrði lögð áhersla á fjögur stefnumál: Eflingu samfelldra atvinnu- og þjónustusvæða, að starfsemi og framkvæmdir ríkisins yrðu samræmdar, valddreifing frá ríki til sveitarfélaga og nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. Í kaflanum um valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga er lögð áhersla á að opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Enn fremur að komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis er borin fram eftirfarandi fyrirspurn á þskj. 1006 um stefnumótandi byggðaáætlun:

1. Hvernig hefur gengið að framfylgja því meginmarkmiði stefnumótandi byggðaáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi í maí 1994, að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins, til hvaða aðgerða hefur verið gripið í því skyni og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar?

2. Hvernig hefur miðað þeim aðgerðum sem samþykktar voru í stefnumótandi byggðaáætlun til að auka opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni og draga að sama skapi úr sömu þjónustu og starfsemi á höfuðborgarsvæðinu? Hvernig hefur gengið að koma á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt?

[13:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur lagt fram tvær spurningar. Sú fyrri er: Hvernig hefur gengið að framfylgja því meginmarkmiði stefnumótandi byggðaáætlunar, sem samþykkt var á Alþingi í maí 1994, að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins, til hvaða aðgerða hefur verið gripið í því skyni og hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar?

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ekki hefur tekist að draga úr fólksflutningum af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Þvert á móti hafa þeir farið vaxandi ár frá ári undanfarin ár. Höfuðborgarsvæðið hefur þróast á þann hátt að það hefur getað tekið á móti fólki sem þangað flyst af landsbyggðinni þótt atvinnuleysi sé þar einnig vandmál. Þessir tilflutningar eru aðallega áhyggjuefni vegna afleiðinga á þeim svæðum og stöðum sem flutt er frá. Víða á landsbyggðinni hefur ríkt stöðnun og fækkun og grundvöllur ýmissar atvinnustarfsemi og félagslífs hefur því brostið. Ekki er því til að dreifa nema með örfáum undantekningum að undirstöðuatvinnufyrirtækin hafi brugðist.

Á undanförnum árum hefur staða sjávarútvegsfyrirtækja víðast batnað mjög og á sumum stöðum hafa þau eflst verulega. Samdráttur hefur verið í sauðfjárrækt og úrvinnslugreinum henni tengdum en sú þróun getur ekki skýrt nema lítinn hluta brottflutnings af landsbyggðinni.

Byggðastofnun hefur látið gera umfangsmikla könnun á ástæðum búferlaflutninga í þeim tilgangi að gera stjórnvöldum betur grein fyrir því til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að hafa áhrif á fólksflutninga. Niðurstöður þessara kannana liggja ekki fyrir enn þá, eins og hv. málshefjanda er best kunnugt, en vissar frumniðurstöður voru þó kynntar fyrir skemmstu á ráðstefnu um þróun byggðar á Akureyri og voru lítillega ræddar fyrr á fundinum.

Ég held að öllum hafi verið ljóst þegar Alþingi samþykkti það markmið sem hv. þm. vitnar til að straumur fólks frá landsbyggð til höfuðborgar væri þungur og enginn hægðarleikur væri að draga úr honum. Starfsemi Byggðastofnunar hefur haft að markmiði að leitast við að draga úr þessum straumi og jafnvel stöðva hann og margar ákvarðanir sem teknar hafa verið af framkvæmdarvaldinu og Alþingi hafa miðað að hinu sama, þ.e. sporna gegn flutningi fólks af landsbyggðinni. Má nefna þar margvísleg dæmi svo sem jarðgangagerð á Vestfjörðum og fleira. Meginmáli skiptir þó þau miklu umskipti sem hafa orðið í efnahagslífi til batnaðar með stöðugleika, lágri verðbólgu og bættum kjörum fyrirtækjanna almennt því ekkert er líklegra til þess en stuðla að traustri byggð en einmitt aðgerðir af því tagi.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: Hvernig hefur miðað þeim aðgerðum sem samþykktar voru í stefnumótandi byggðaáætlun til að auka opinbera þjónustu og starfsemi opinberra stofnana á landsbyggðinni og draga að sama skapi úr sömu þjónustu og starfsemi á höfuðborgarsvæðinu? Hvernig hefur gengið að koma á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt?

Sá tími sem liðinn er frá því að stefnumótandi byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi hefur verið tími endurskipulagningar og samdráttar í opinberum fjárveitingum. Þessi samdráttur hefur að mörgu leyti komið hart niður á höfuðborgarsvæðinu eins og landsbyggðinni. Hins vegar eru ýmsir þættir opinberrar þjónustu þess eðlis að fjöldi starfsmannanna fylgir íbúafjöldanum og af þeim sökum hefur opinberum störfum fjölgað í þéttbýlinu og fækkað í strjálbýli. Þegar horft hefur verið til möguleika á tilfærslu á störfum frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðarinnar hefur verið horft til verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga annars vegar og staðsetningar opinberrar þjónustu hins vegar.

Ljóst er að víða í sveitarfélögum er mikill áhugi á verkefnaflutningi frá ríki til sveitarfélaga og sú reynsla sem fengist hefur af tilflutningi verkefna til reynslusveitarfélaga lofar um margt góðu. Fullur vilji er til þess í ríkisstjórninni að flytja verkefni til sveitarfélaganna eftir því sem bolmagn þeirra leyfir, en hjá hinu verður ekki litið að víða eru slíkum möguleikum verulega skorður settar vegna smæðar sveitarfélaganna og tregðu til að sameina þau. Þar sem reynsla er komin á verkefnatilflutning í reynslusveitarfélögunum sést að nýjum verkefnum fylgja ný störf. E.t.v. er í þessu sambandi helst ástæða til að hafa áhyggjur af því að störfum fækki ekki annars staðar með samsvarandi hætti.

Flutningur stofnunar er ekki einfalt mál eins og þingheimi er kunnugt. Hversu langt menn vilja ganga í að taka

upp stofnanir og flytja þær ræðst væntanlega af þeirri reynslu sem nú er fengin, en hún getur ekki talist jákvæð að öllu leyti. Ég hygg að fáir séu þess fýsandi að ganga mjög langt á þeirri braut. Öðru gegnir um staðsetningu á nýrri þjónustu og sjálfsagt ættum við að ganga lengra í þá átt að skoða staðsetningu nýrra stofnana með opnum huga og um það hefur mjög verið rætt. Breytingar í fjarskipta- og upplýsingatækni breyta hér miklu og við þurfum að gæta þess að þær breytingar komi rétt niður en virki ekki þvert gegn þeim markmiðum sem við höfum verið að setja okkur.

Varðandi svæðisskrifstofur og samstarf stofnana á landsbyggðinni vil ég taka fram að víða hafa myndast eins konar stjórnsýslukjarnar á landsbyggðinni og er jákvætt að það gerist. Hins vegar tel ég að þetta eigi að vera stofnunum í sjálfsvald sett og að ráðuneytið eigi ekki að beita valdboði hvað þetta mál snertir. Það er í samræmi við hugmyndir manna um valddreifingu og aukið sjálfræði og ábyrgð stofnana að eftirláta þeim að taka ákvarðanir um samstarf við aðrar stofnanir. Það er hins vegar jákvætt í sjálfu sér að stofnanirnar sjái sér góðan hag í slíku samstarfi.

[14:01]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég vil færa hæstv. forsrh. þakkir fyrir svör hans, en ég vil þó segja að þau hafa fyrst og fremst dregið fram að ríkisstjórnin hefur á umliðnum þremur árum frá því að þessi ályktun var samþykkt aðhafst ákaflega lítið til að framfylgja þeim markmiðum sem Alþingi setti sér og samkvæmt þeim stefnumiðum sem tiltekin eru til að ná þeim markmiðum.

Meginniðurstaðan eftir upplýsingar hæstv. forsrh. er að á sá tími sem liðinn er hafi einkennst að aðgerðarleysi ríkisvaldsins til þess að efna ályktun Alþingis enda kom það fram réttilega hjá hæstv. forsrh. að það markmið að sporna við frekari fólksflutningum milli svæða innan lands en þá voru orðnir hefur ekki tekist heldur hafa þeir miklu fremur aukist. Það er því niðurstaðan, herra forseti, eftir að hafa heyrt svör hæstv. ráðherra og lýsinguna á ástandinu eins og það er núna eftir að ályktun Alþingis hefur verið í gildi í þrjú ár að sú byggðastefna sem Alþingi samþykkti fyrir réttum þremur árum hefur brugðist. Það er ekki hægt að fella dóm yfir ályktunarefninu sjálfu að það sé ekki fullnægjandi, heldur fyrst og fremst að framkvæmdarvaldið, sem á að sjá um að framkvæma stefnu Alþingis, hefur ekki uppfyllt þær kvaðir sem á það er lagt í þessari ályktun. Því má draga saman reynsluna af núverandi ríkisstjórn og þeirri næstu á undan henni í þeim orðum að byggðastefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hefur brugðist.

Úrbætur í öryggismálum sjómanna.

Fsp. ÁRJ, 416. mál. — Þskj. 718.

[14:04]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Þann 10. mars sl. lagði ég fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um öryggismál sjómanna á þskj. 718 þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvernig ráðherrann hygðist bregðast við því ástandi í öryggismálum sjómanna sem fram kom í skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika fiskiskipa. Fyrirspurnin er í þrem liðum og hljóðar svo:

1. Hvernig og hvenær hyggst ráðherra bregðast við og bæta úr því ástandi í öryggismálum sjómanna sem fram kemur í skýrslu Siglingstofnunar um stöðugleika íslenskra fiskiskipa?

2. Verða settar reglur um stöðugleika fiskiskipa sem gilda um öll skip, ný og gömul?

3. Verður tryggt fé til að ljúka þeirri úttekt á stöðugleika fiskiskipa sem unnin var á árunum 1988–1993?

Þann 21. mars, tæpum tveim vikum eftir að fyrirspurninni var dreift í þinginu, kaus hæstv. ráðherra að svara þessum spurningum með því að halda blaðamannafund úti í bæ og kynna þessi mál þar. Ég tel að með þessu háttalagi hafi hann gert lítið úr Alþingi, löggjafarsamkundunni. Hér lá fyrir fyrirspurn sem hæstv. ráðherra hefði getað látið svo lítið að svara á þingi áður en hann kynnti svörin á blaðamannafundi úti í bæ. Þess má geta að fyrirspurnatími var í þinginu daginn fyrir blaðamannafund ráðherrans og hefði honum verið í lófa lagið að svara fyrirspurninni þá því að greinilega voru upplýsingarnar fyrir hendi.

Nú, 7. maí, einum og hálfum mánuði eftir blaðamannafundinn þar sem svörin við fyrirspurninni á þskj. 718 voru kynnt og hér eru til umræðu, þóknast síðan ráðherranum að upplýsa Alþingi um þessi mál. Með þessari framkomu tel ég hann sýna þinginu lítilsvirðingu sem er ekki sæmandi ráðherra. Samkvæmt þingsköpum er þingmanni heimilt að draga til baka eða afturkalla þingmál hvenær sem er og þar sem hæstv. samgrh. kaus að svara fyrirspurninni fyrir einum og hálfum mánuði á blaðamannafundi úti í bæ tel ég ekki ástæðu til að hann endurtaki svörin hér, herra forseti. Fyrirspurnin er því hér með afturkölluð.

[14:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Það er mat forseta að hv. þm. hafi fullan rétt til að kalla fyrirspurnina aftur. Hún hefur verið afturkölluð og forseti tekur hana út af dagskrá.

[14:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hefur þegar hafist umræða um þessa fyrirspurn. Ef hv. þm. óskaði eftir því að draga fyrirspurnina til baka bar honum að gera það áður en umræða hófst um fyrirspurnina. Með því að hv. þm. hefur þegar hafið framsögu fyrir fyrirspurninni, þá óska ég eftir því að fá að nota hinn þinglega rétt minn sem ég hef til þess að svara fyrirspurninni.

[14:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Forseti felldi sinn úrskurð hér áðan og stendur við hann. Fyrirspurnin hefur verið tekin af dagskrá.

[14:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég óska eftir því að hv. þm. verði gefinn kostur á því að tala um störf þingsins áður en honum er gefið orðið um næstu fyrirspurn ef ske kynni að honum kæmi í hug að draga fyrirspurnina til baka þar sem ég hef með sama hætti svarað efnislega þeirri fyrirspurn sem hún hyggst nú mæla fyrir á blaðamannafundi.

[14:07]

Forseti (Guðni Ágústsson):

Spyr nú hæstv. forseti: Er það ætlun hv. þm. að kalla næstu fyrirspurn aftur? — Svo virðist ekki vera.

Hæfniskröfur skipahönnuða og skipasmiða.

Fsp. ÁRJ, 417. mál. — Þskj. 719.

[14:08]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Á þskj. 719 er fyrirspurn til hæstv. samgrh. sem er reyndar einnig í kjölfar skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika fiskiskipa, en ég tel að svar við þeirri spurningu hafi ekki komið fram á fyrrnefndum blaðamannafundi, a.m.k. skilaði það svar sér ekki til fjölmiðla.

Á fundi með fulltrúum Siglingastofnunar, þar sem skýrslan sem ég vitnaði til áðan var til umræðu, kom fram að engin krafa er af hálfu hins opinbera um menntun eða hæfi þeirra sem hanna og smíða skip.

Herra forseti. Til þess að teikna eða hanna hús eða önnur mannvirki þarf sá sem það gerir að hafa margra ára menntun að baki, vera arkitekt, byggingartækni- eða verkfræðingur. Til að teikna raflagnir þarf löggiltan meistara í raflögnum. Til að teikna pípulagnir þarf pípulagningameistara og til að hafa leyfi t.d. til að gera við úr þarf löggiltan úrsmið með úrsmíðamenntun að baki. En þegar kemur að hönnun og smíðum á skipum, atvinnutækjum, svo sem fiskiskipum, þá eru engar hæfniskröfur eins og í öllum öðrum iðngreinum. Teikningar af skipum þarf að fá uppáskrifaðar hjá Siglingastofnun Íslands og þangað berast alls kyns teikningar, misfullkomnar. Það að ekki sé krafa um menntun eða reynslu, þ.e. engar hæfniskröfur eru fyrir hendi, gerir það að verkum að hönnunarvinna eða endurgerð teikninga lendir á Siglingastofnun. Lagaskylda Siglingastofnunar er að hún sinni eftirlitshlutverki í þessum efnum. En á meðan þetta ástand varir verður stofnunin einnig að sinna bæði lagfæringum og teikningum sem henni berast og jafnvel hönnun auk eftirlitsins. Það er augljóst að sú staða samræmist ekki eftirlitshlutverki Siglingastofnunar samkvæmt lögum þar sem hún sinnir bæði eftirliti og hönnunarverkinu að hluta til eða jafnvel öllu. Þetta er náttúrlega mál sem gengur ekki gagnvart stofnuninni og ég spyr því hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann gera í þessu máli?

[14:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hér liggur fyrir fyrirspurn frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur: Hvaða reglur gilda um hæfniskröfur til þeirra sem hanna og smíða skip hér á landi?

Um þetta er það að segja að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, segir:

„Ráðherra setur reglur um hæfniskröfur er þeir sem hanna og smíða skip skulu uppfylla. Þær skulu m.a. taka mið af réttindum hlutaðeigandi iðngreina.“

Hinn 21. mars skipaði ég þriggja manna starfshóp er gera skuli tillögur um reglur að grundvelli ofangreindra ákvæða í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum. Starfshópurinn hefur þegar tekið til starfa og aflar nú gagna innan lands og einnig er unnið úr öllum upplýsingum frá nágrannalöndum sem tiltækar eru og ástæða þykir til að óska eftir.

Í sambandi við þetta mál í heild sinni sem líka varðar þessa fyrirspurn vil ég taka fram að þann hinn sama dag hélt ég blaðamannafund um stöðugleika íslenskra fiskiskipa þar sem ég lýsti því yfir að í samráði við Siglingastofnun og hagsmunasamtök sjómanna og útgerðarmanna yrði ýtt úr vör átaksverkefni með eftirfarandi markmið:

1. Stöðugleiki allra skipa og báta með haffærni skal vera þekktur.

2. Reglur og kröfur um stöðugleika skulu vera skýrar og vel skilgreindar.

3. Verklagsreglur um eftirlit með stöðugleika og framkvæmd reglna um stöðugleika skulu vera skýrar og skilvirkar.

4. Þekking skipstjórnarmanna á stöðugleikamálum skal vera almenn.

Í ljósi þessara markmiða ákvað ég að í upphafi átaksverkefnisins skyldi vera lögð áhersla á eftirfarandi þrjá verkþætti:

1. Eyða óvissu um stöðugleika einstakra skipa með því að láta framkvæma mælingar og útreikning á skipum sem vantar upplýsingar um eða eru með ófullkomin gögn.

2. Jafnframt ákvað ég að lokið yrði á þessu ári við könnun á stöðugleika fiskiskipa sem hófst árið 1989 og hefur fé til þess verkefnis verið tryggt.

3. Þá skal yfirfara og endurskoða núgildandi reglugerðir um stöðugleika, svo og allt verklag við framkvæmd og eftirlit með stöðugleikamálum. Vinnan skal unnin af Siglingastofnun og Sigurði G. Ringsted skipaverkfræðingi í samvinnu við siglingaráð.

3. Gert verður átak í kynningar- og fræðslumálum um stöðugleika. Í þessu sambandi og að höfðu samráði við hagsmunaaðila hef ég skipað starfshóp til undirbúnings námskeiða sem haldin verða um stöðugleikamálin vítt um landið og er Jósef H. Þorgeirsson formaður þessa hóps, en í honum eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila og Slysavarnafélags.

Á undanförnum vikum hafa verið miklar umræður um öryggismál sjómanna. Það er mjög þarft og eðlilegt að þessi málaflokkur sé ávallt undir smásjá en jafnframt nauðsynlegt að umræður um hann séu yfirvegaðar og byggðar á faglegum forsendum. Stöðugleiki fiskiskipa hefur verið ofarlega á baugi í þessum umræðum. Blandaðist þar inn í skýrsla Siglingastofnunar þar sem safnað er saman upplýsingum um stöðugleika þilfarsskipa sem tiltækar voru hjá stofnuninni í desember sl. Skýrslunni var ætlað að vera grundvöllur stefnumótunar og ákvarðanatöku stjórnvalda varðandi stöðugleika fiskiskipa eins og segir í inngangi hennar.

Það væri e.t.v. ástæða til þess, herra forseti, að víkja nánar að þessum málum. Ég hef hér gert grein fyrir því að verið er að vinna á öðrum forsendum en áður og verið að endurskoða þær kröfur sem gera skuli til siglingahæfni skipa. Því miður kaus hv. þm. að draga fyrri fyrirspurn sína til baka þannig að þessi mál fá ekki þá umfjöllun á Alþingi sem ég hefði talið eðlilegt og nauðsynlegt í krafti þeirra miklu umræðna sem hér hafa farið fram, en vegna þess að hér liggur jafnframt fyrir fyrirspurn um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem hanna og smíða skip er sjálfsagt að undirstrika að með þeirri vinnu og með þeim skilgreindu kröfum sem Siglingastofnun mun eftirleiðis gera til sjóhæfni skipa er til fulls svarað þeirri spurningu að því verður fylgt fast eftir að hönnuðir skipa standi undir þeim kröfum sem eðlilegt og sjálfsagt er að til þeirra séu gerðar.

[14:17]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. fyrirspyrjanda, Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, fyrir áhuga hennar á þeim málum sem snúa að öryggismálum sjómanna og þeim kröfum sem gera verður til þess að skip séu rétt byggð.

Umræðan um öryggismál skipa er búin að vera mjög áberandi í þjóðfélaginu á undanförnum vikum og er það vel.

Sú umræða hefur leitt í ljós að öryggismál skipa hafa verið í miklum ólestri á undanförnum árum og er nauðsynlegt að grípa til mjög róttækra aðgerða til að ná utan um það mál. Hæstv. ráðherra hefur sem betur fer tekið á því með ýmsu móti en ég hef samt verið að leita mér upplýsinga um það í ráðuneytinu hvernig gangi með starf þess hóps sem hann minntist á áðan að ætti að vera kynningarhópur sem færi um landið. Eftir því sem ég best veit er það starf ekki farið af stað enn.

Ég minni líka á að það er margt annað sem hér virðist geta staðið út af í þessum málum eins og undanþágur sem veittar eru skipstjórnarmönnum sem ekki hafa náð prófum. Það eru 700 slíkar undanþágur gefnar á hverju ári. Hvernig stendur á því, hæstv. ráðherra?

[14:17]

Fyrirspyrjandi (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Herra forseti. Hæstv. ráðherra hefur kosið að svara um leið og hann svarar fyrirspurn minni um hæfniskröfur þeirra sem hanna og smíða skip, fyrri fyrirspurn minni sem ég hafði afturkallað. Það þýðir lítt fyrir hæstv. ráðherra að kvarta yfir því að umræðan fari ekki fram í þinginu á fundi úti í bæ. Hæstv. ráðherra kaus það sjálfur með því að hefja umræðuna og svara fyrirspurnum mínum hálfum mánuði eftir að þær voru lagðar fram í þinginu. Hann kaus að umræðan færi fram annars staðar, í fjölmiðlum eða á blaðamannafundi úti í bæ í stað þess að taka málið fyrst upp á þingi eins og hefðu verið eðlileg vinnubrögð af ráðherranum.

En ég vil kalla aftur eftir svari hjá hæstv. ráðherra: Hvenær verða gerðar hæfniskröfur til þeirra sem hanna og smíða skip, eins og gert er í öðrum iðngreinum, og ég nefndi áðan? Hvenær telur ráðherrann að þeir hópar sem eru að vinna í málinu verði búnir að skila af sér þannig að eðlilegar hæfniskröfur verði gerðar til þeirra sem hanna og smíða skip? Það er fjöldi manna sem hefur lagt á sig margra ára menntun til þess að sinna slíkum störfum. En eins og málið er í dag þá er alls konar fólk að vinna við þetta sem gerir Siglingastofnun ákaflega erfitt fyrir og stofnunin er sett í mjög erfiða stöðu þar sem hún þarf bæði að lagfæra teikningar, jafnvel hanna skipateikningar, allt á kostnað hins opinbera, og síðan að sinna eftirlitinu og stimpla að þetta sé í lagi og jafnvel fara að meta eigin verk. Það er auðvitað ófært að Siglingastofnun sé í þeirri stöðu og ég kalla eftir því hjá hæstv. ráðherra hvenær hann ætli að ráða bót á þessu ástandi.

[14:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég vissi ekki um að skipaverkfræðingar og aðrir hönnuðir skipa gætu gengið í smiðju til Siglingastofnunar og beðið hana að yfirfara verkið fyrir sig og laga siglingagalla. En það er fróðlegt og gott að vita að í þeirri stofnun séu hæfir menn sem þar vinna.

Auðvitað er það mikill og ástæðulaus misskilningur hjá hv. þm. að skip fái siglingaleyfi sem ekki geta lagt fullgild gögn fyrir því að stöðugleiki sé í lagi og annað slíkt. Um það eru mjög strangar reglur. Þess vegna er ekki hætta á því að ný skip fái hagfærniskírteini sem ekki hafi stöðugleika. Það er ekki þannig. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. og alveg ástæðulaus misskilningur.

Hitt er hins vegar rétt hjá hv. þm. að hér áður fyrr voru ýmsir bátasmiðir að störfum sem ekki þurftu á því að halda að gera nákvæmar tekningar af skipum sínum eins og allir gera auðvitað nú og þarf ekki að fjölyrða um það. Það er meira að segja svo einnig um trillur nú orðið að þær þurfa að sýna fullkominn stöðugleika og gögn. Ég hélt að hv. þm. væri um þetta kunnugt.

Á hinn bóginn getur það verið svo um opna báta að einhverjir bátasmiðir séu hér enn við lýði sem ekki vinna samkvæmt þeim reglum sem gilda um hafskip og má auðvitað velta því fyrir sér hvort ástæða sé til að taka það upp. En þilfarsbátar allir verða að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um stöðugleika og þá er ég að tala um ný skip. Þetta á hv. þm. að vera kunnugt.

Danskar landbúnaðarafurðir.

Fsp. SighB o.fl., 456. mál. — Þskj. 770.

[14:23]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Það er alkunna að Danir eru meðal helstu útflutningsþjóða landbúnaðarafurða í Evrópu. Framleiðsluvörur þeirra hafa alls staðar mjög gott orð á sér og eru taldar í flokki vönduðustu landbúnaðarafurða sem framleiddar eru og til eru á alþjóðlegum markaði og dönsk vörumerki eru alþekkt. Þess vegna skýtur það nokkuð skökku við að þegar kemur að því að möguleiki opnast fyrir að þessar vörur geti staðið íslenskum neytendum til boða, þá sé komist að þeirri niðurstöðu að íslenskum neytendum sé ekki hollt af heilsufarsástæðum að borða sömu vöru og neytendur annarra landa þrífast ágætlega af. Það eru ekki lítil tíðindi fyrir danska útflytjendur landbúnaðarafurða og fólk í öðrum löndum ef Íslendingar komast að þeirri niðurstöðu að þessi ágæta vara sé háskaleg heilsu fólks.

Þess vegna leyfi ég mér að spyrja ásamt þeim Ágústi Einarssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni hæstv. ráðherra nokkurra spurninga:

Í fyrsta lagi. Telur ráðherra að bann við innflutningi á tilbúnum landbúnaðarafurðum frá Danmörku, sem þó er heimill frá ýmsum öðrum löndum, standist GATT-samninginn sem bannar viðskiptahindranir og mismunun milli aðila. Samkvæmt ummælum háttsettra starfsmanna í stjórnsýslunni er þessi innflutningur bannaður af heilbrigðisástæðum eins og ég gat um áðan.

Í öðru lagi er það auðvitað ljóst að sé innflutningur þessara vara bannaður frá Dönum fremur en öðrum þjóðum vegna þess að dönsku afurðirnar eru taldar ógna heilbrigði meira en afurðir ýmissa annarra þjóða af sama toga, þá er eðlilegt að spurt sé eins og gert er í spurningu tvö: Hvaða tilvik bendir þá til þess að landbúnaðarafurðir frá Danmörku séu hættulegar íslenskum landbúnaði, Íslendingum sjálfum eða neytendum af öðru þjóðerni? Við búum ekki einir í heiminum, Íslendingar, og þegar við komumst að slíkri niðurstöðu eða aðilar á okkar vegum, eins og hér er um getið, að þessi vara sé hættuleg má auðvitað búast við því að bæði framleiðendur vörunnar og neytendur í öðrum löndum sem neyta hennar óski eftir því að fá nánari skýringar frá Íslendingum á því hvers vegna þessi vara sé svo hættuleg.

Í þriðja lagi spyr ég, virðulegi forseti: Bendi svar ráðherra við framangreindum spurningum til þess að sérstakrar varúðar þurfi að gæta við neyslu á dönskum landbúnaðarafurðum, til hvaða ráðstafana hyggst hann þá grípa til að vernda íslenska ferðamenn í Danmörku og þær þúsundir íslenskra ríkisborgara sem þar eru búsettar?

[14:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Svar mitt við fyrsta lið fyrirspurnarinnar er svohljóðadi: Við undirbúning og frágang samningsins um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar var lögð á það rík áhersla af þáv. ríkisstjórn Íslands, sem hv. fyrirspyrjandi átti sæti í, að strangar reglur um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna er varða innflutning á lifandi dýrum og tilteknum landbúnaðarafurðum til Íslands séu nauðsynlegar. Í samræmi við þessa afstöðu voru síðan lögfest ákvæði vorið 1995 vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni er vörðuðu heilbrigði dýra og hollustu landbúnaðarafurða. Það var gert með þeim hætti að landbrh. er heimilað að leyfa innflutning þessara vara að fengnum meðmælum yfirdýralæknis og orðrétt úr lögunum, með leyfi forseta: „enda þykir sannað að ekki berist með þeim smitefni er valda dýrasjúkdómum." Og síðar: „Landbúnaðarráðherra er einnig heimilt að banna innflutning á afurðum dýra og plantna sem gefin hafa verið vaxtaraukandi efni á framleiðsluskeiðinu eða kunna að fela í sér leifar lyfja og annarra aðskotaefna umfram það sem leyft er við landbúnaðarframleiðslu hér á landi og geta verið hættuleg heilsu manna."

Við framkvæmd samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina hefur landbrn. sett almennar reglur með reglugerðum og auglýsingum. Þær eru hafðar sem skýrastar um hvað sé heimilt að flytja inn af landbúnaðarvörum, hvaða reglur gilda um innflutninginn, svo sem er varðar heilbrigðiskröfur og vottorð með innflutningnum, svo og frá hvaða löndum innflutningurinn er tvímælalaus heimill. Þær ákvarðanir hafa verið teknar að undangenginni ítarlegri athugun yfirdýralæknis á dýrasjúkdómum og notkun vaxtaraukandi lyfja í viðkomandi landi.

Ísland er í hópi þeirra landa sem hafa haft strangt aðhald við notkun vaxtaraukandi efna til búvöruframleiðslu. Þar af leiðandi hefur innflutningur verið leyfður frá ríkjum sem framfylgja sömu reglum og við. Það er stefna stjórnvalda að nýta heimildir Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til hins ýtrasta en þau munu hér eftir sem hingað til haga framkvæmd þessara mála samkvæmt samningsskuldbindingum stofnunarinnar.

Viðræður standa yfir við Dani eða danska sendiherrann hér á landi og nauðsynlegar kannanir verða gerðar til að skilgreina hvort danskar sláturafurðir uppfylli íslenskar heilbrigðiskröfur. Ef sýnt verður fram á að danskar kjötafurðir séu framleiddar án vaxtaraukandi efna og séu lausar við smitsjúkdóma þá munu íslensk stjórnvöld ekki standa gegn þeim innflutningi.

Rétt er að minna á vegna fyrirspurnarinnar að innflutningur til annarra ríkja, þar á meðal til ESB-ríkjanna, er takmarkaður. Ekki er leyfilegt að flytja inn til ESB landbúnaðarafurðir, unnar sem óunnar, nema frá þeim afurða- og vinnslustöðvum sem ESB hefur viðurkennt. Nærtækasta dæmið er bann ESB-ríkja við að flytja inn þorramat og jólahangikjöt til Íslendinga búsettra á svæðinu til eigin neyslu. Í löndum ESB er öllum gert skylt að lúta ströngustu reglum ESB um útbúnað og aðstöðu til vinnslu afurðanna jafnvel þó að um vörur til eigin neyslu sé að ræða. Þar er gengið skrefinu lenra en við höfum gert því að hér á landi er innflutningur til eigin nota ekki háður sömu skilmálum um notkun vaxtaraukandi efna og vara sem ætluð eru til markaðsetningar.

Svar við annarri spurningu er svohljóðandi: Lagst hefur verið gegn innflutningi á ákveðnum landbúnaðarafurðum vegna hættu á að með þeim geti borist hingað til lands smitefni sem ekki hefur fundist í íslenskum afurðum eða hafi ónæmi gegn fúkkalyfjum. Innflutningur er bannaður frá Danmörku á hráu svínakjöti þar sem talið er að smitefni sjúkdómsins bláeyra, sem skammstafaður er PRRS, gæti borist á þann hátt til landsins. Þessi sjúkdómur kom upp fyrir nokkrum árum í Evrópu og barst þá til Danmerkur og hefur breiðst þar út og valdið miklum búsifjum í svínabúskap þar í landi samanber nýlegar fréttir í fjölmiðlum þar um erfiðleika við að glíma við þann alvarlega sjúkdóm. Ekki hefur enn tekist að stöðva útbreiðslu hans í Danmörku. Þessi sjúkdómur finnst ekki hér á landi, ekki heldur í Noregi, Svíþjóð eða Finnlandi þaðan sem innflutningur á hráu svínakjöti hefur verið leyfður.

Notkun fúkkalyfja í fóður getur verið hættuleg heilsu manna og dýra hafi myndast ónæmi gegn fúkkalyfi þegar það á að nota gegn sjúkdómum í mönnum og dýrum. Hér á landi hefur stefnan verið að halda niðri notkun fúkkalyfja eftir mætti til að forðast margar aukaverkanir sem sífellt eru að koma í ljós erlendis þar sem reglur eru rýmri um notkun vaxtaraukandi lyfja í fóður.

Svar við seinustu spurningu, hæstv. forseti, er svohljóðandi: Með því að takmarka innflutning er bæði verið að gæta varúðar gagnvart dýrasjúkdómum og innflutningi matvæla sem eru framleidd með hjálp lyfja eða vaxtaraukandi efna. Öðru máli gegnir þegar Íslendingar heimsækja önnur þjóðlönd. Stundum er fólk reiðubúið til að taka allmikla áhættu með því að neyta vara sem eru mismunandi að gæðum og framleiddar í öðru umhverfi en við búum við á Norðurlöndum. Óþarft ætti að vera að minna á ýmsar nauðsynlegar varúðarráðstafanir ferðafólks varðandi mat og drykk sem Íslendingar verða að viðhafa á ferðalögum til annarra landa. Að sömu hollustuvernd skuli ekki vera viðhaldið annars staðar þýðir þó ekki að íslenskum stjórnvöldum beri að slaka á kröfu innan lands. Því verður að treysta að hver einstaklingur beri heilsu sína í huga við hvers kyns neyslu hvar sem hann kann að vera staddur.

Til viðbótar þessu langar mig, hæstv. forseti, aðeins að nefna að nú er ágreiningsefni uppi milli ESB og Bandaríkjanna um innflutning á kjúklingum til Evrópusambandsins þar sem Evrópusambandið hefur algerlega bannað þann innflutning af heilbrigðisástæðum og hygg ég þó að þar skeyti þeir litlu um hvort amerískir neytendur fái að borða þá kjúklinga. Þeir telja ekki ásættanlegt að flytja kjúklinga til Evrópusambandsins þannig að fleiri búa nú við vinnubrögð svipuð þeim sem við erum að reyna að viðhafa hér til að halda hollustuháttum okkar og heilbrigði dýra og manna með eðlilegum hætti.

[14:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hélt fyrst þegar ég sá þessa fyrirspurn eða a.m.k. 3. tölulið hennar að þetta væri gamansemi og ætlað til þess að lyfta okkur upp í skammdeginum en mér finnst þetta eiginlega versna ef í ljós kemur að fyrirspyrjendum er alvara eins og ætla mætti af framsöguræðu fyrsta fyrirspyrjanda áðan. Málið snýst að sjálfsögðu ekkert um það að hollusta danskra landbúnaðarvara sé eitthvað umdeild. Það er viðurkennt og vitað að þar eru hágæðavörur á ferð, enda fluttar út um lönd og álfur. Málið snýst um það að við, eins og flestar aðrar þjóðir, höfum sett okkur ákveðnar reglur til að tryggja að búfjársjúkdómar flytjist ekki milli landa og til

að koma í veg fyrir að uppi séu viðskipti með vörur sem innihalda óleyfileg vaxtarhvetjandi hormónaefni eða aðrar lyfjaleifar.

Þær reglur sem Ísland styðst við í þessum efnum eða þær samningsniðurstöður sem við styðjumst við voru settar í tíð Alþfl. í ríkisstjórn. Mér finnst þetta þess vegna vera heldur léleg fyndni, satt best að segja, sem er þarna í 3. tölulið fyrirspurnarinnar, þ.e. að íslensk yfirvöld þurfi að fara gera eitthvað varðandi þá hættu sem íslenskir ferðamenn í Danmörku séu staddir í af þessum sökum. Málið snýst ekki um það. Ég leyfi mér að spyrja, herra forseti: Hefur Alþingi Íslendinga ekkert betra við tímann að gera en að eyða honum í aulafyndni af þessu tagi? Mér finnst merkilegt að formaður stjórnmálaflokks, fyrrv. formaður sama stjórnmálaflokks og talsmaður sama stjórnmálaflokks í efnahags- og viðskiptamálum skuli leggja nafn sitt við málflutning af þessu tagi.

[14:33]

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Hæstv. landbrh. svaraði ekki þeirri spurningu hvort hann telji að bann við innflutningi á tilteknum landbúnaðarvörum frá Danmöru standist GATT-samninginn. Ég stórefa að svo sé. Ég þarf ekki að minna menn á, sem eiga sæti á Alþingi, þær hörðu deilur sem urðu á milli þáverandi stjórnarflokka í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar um framkvæmd GATT-samningsis og vísa því algerlega á bug að við alþýðuflokksmenn höfum staðið að framkvæmd samningsins eins og hann er nú gerður. Ég vísa því algerlega á bug.

Það er rétt hjá hæstv. ráðherra að reglur ESB um innflutning landbúnaðarafurða eru strangar en þær virðast ekki vera nægilega strangar til þess að þær geti gilt á Íslandi, því að við Íslendingar viljum setja reglur til þess að halda vörum burtu frá íslenskum neytendamarkaði sem eru almennt í búðum á öllu EES-svæðinu að öðru leyti. Þetta er því bara áframhald af þeirri tilraun sem menn hafa verið að gera í gegnum árin og á virkilega erindi inn á Alþingi, að koma í veg fyrir að Íslendingar fái að sjá á markaði á Íslandi, eðlilegum neytendamarkaði, vörur í sama úrvali, með sömu gæðum og ekki síst á sama verði og fólk fær að sjá í löndunum í kringum okkur. Og auðvitað er eðlilegt, herra forseti, að spurt sé ef það er álit landbrn. að almennar neysluvörur sem fólk borðar nær daglega séu hættulegar heilsu manna og ef það er rökstudd niðurstaða landbrn. að ráðstafanir séu þá gerðar til að vara íslenska ferðamenn við slíkum háska áður en þeir hætta sér til landa sem bjóða upp á slíkar vörur í almennri neyslu. Það er gert, virðulegi forseti, ef menn fara til (Forseti hringir.) landa þar sem virkilega er talinn stafa háski af almennri neyslu svo sem vatns eða matar, þá eru menn varaðir við af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum. Hvenær hyggst hæstv. landbrh. vara íslenska ferðamenn við að ferðast til Danmerkur vegna hættunnar gagnvart heilbrigði manna sem neyta (Forseti hringir.) danskrar matvöru?

[14:34]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég hef tekið þá fyrirspurn sem hér var borin fram mjög alvarlega. Ég hef lagt mikla vinnu í að svara henni samviskusamlega eins og ég tel mig hafa gert, þar með einnig þessu ákvæði sem hv. fyrirspyrjandi áréttaði um það hvort ég teldi að þær vinnuaðferðir sem við hefðum viðhaft standist GATT-samninginn og þau ákvæði sem við höfum undirgengist í sambandi við Alþjóðaviðskiptastofnunina og hvort þau séu í samræmi við þau lög sem við höfum sett varðandi þessi mál og framkvæmd þeirra hér á landi. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður um það mál og þarf ekki að gera það í mörgum orðum. En ég tel að við höfum staðið þar eðlilega að framkvæmd.

Við skoðum auðvitað, eins og ég nefndi líka, þau atvik sem kunna að vera sérstaklega athugunarverð og í gangi eru viðræður við danska sendiráðið hér á landi með þátttöku utanrrn. um að gætt sé að öllum þáttum í því efni, og rétt og eðlilega sé staðið að málum og að við séum ekki að brjóta þá samninga sem við höfum gert. Ég vil bara nefna það til vitnis um að við viljum auðvitað gæta okkar í þeim innflutningi og teljum að full ástæða sé til þess. Ég hef lýst því yfir áður úr þessum ræðustól og ég mun halda áfram að gera það meðan ég er í embætti landbrh. því að ég tel að m.a. í Danmörku hafi menn orðið fyrir þeim áföllum og búsifjum af búfjársjúkdómum, sem ég tíundaði sérstaklega í svari mínu áðan, að full ástæða sé til að gæta fyllstu varúðar í þessu efni og vitna þá kannski aftur til þess — þó að hv. fyrirspyrjandi segi að enn annað gildi kannski í Evrópulöndunum eða hjá Evrópusambandinu en gildir hér hjá okkur, — að Evrópusambandið hefur (Forseti hringir.) lagt í mikið stríð við Bandaríkjamenn og er það þó ekki út af framleiðsluvörunum heldur út af klórmeðferð sem bandarískir kjúklingar fá áður en þeir fara á neytendamarkað þannig að flestir virðast reyna að huga að því að heilbrigði manna og dýra sé gætt til hins ýtrasta og ég mun ekki slaka á í þeim efnum.

Kjötmjölsverksmiðja.

Fsp. SJóh, 569. mál. — Þskj. 928.

[14:39]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt á hinu háa Alþingi fram fyrirspurn til hæstv. landbrh., Guðmundar Bjarnasonar, um undirbúning að byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju.

Árið 1993 var gerð hagkvæmniathugun á byggingu og rekstri kjötmjölsverksmiðju. Í skýrslu sem gerð var m.a. að frumkvæði sveitarfélaga á Suðurlandi í tengslum við þá athugun kom fram að á Íslandi var þá svo til allur sláturúrgangur urðaður og var í mörgum tilfellum staðfest að urðun hefði verið ófullnægjandi, enda hlýtur urðun á svo miklu magni af lífrænum úrgangi alltaf að vera slæmt úrræði af umhverfisástæðum, auk þeirrar smithættu sem slíkt hlýtur að hafa í för með sér. Samband ísl. sveitarfélaga ályktaði einnig um skýrsluna og leggur til að hugmyndin um að koma á fót fullkominni kjötmjölsverksmiðju verði skoðuð nánar. Starfshópur umhvrn. og landbrn. ályktaði einnig um efnið og tók í raun mjög undir hugmyndir um kjötmjölsframleiðslu.

Út af þessari skýrslu spunnust á Alþingi á sínum tíma umræður vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Drífu Hjartardóttur og varð þáv. landbrh., Halldór Blöndal, fyrir svörum. Hann lauk máli sínu á að segja að af þessu tilefni fyndist honum sjálfsagt að taka þetta mál upp að nýju við umhvrn. og að ráðuneytin í sameiningu ræði þetta mál á nýjan leik bæði við sveitarfélög, sláturleyfishafa og bændur til að leita eftir skynsamlegum leiðum sem hafa það tvíþætta markmið að vinna verðmæti úr sláturúrgangi og koma í veg fyrir mengun. Nú væri gaman að vita hvernig þetta samstarf gengur á milli hv. ráðuneyta um lausn á þessu þjóðþrifamáli þar sem

þau eru nú bæði undir forræði hæstv. ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar.

Mér er kunnugt um að rekin hefur verið lítil verksmiðja í Borgarnesi, sem hefur þó ekki annað að vinna úr en litlu broti af sláturúrgangi landsmanna, en hefur verið að bæta mjög gæði sinnar framleiðslu. Hún virðist nú hafa góða markaðsmöguleika en hefur þó átt í rekstrarvandræðum. Hyggst ráðuneytið styðja við bakið á þessari verksmiðju og eru uppi einhver áform um að koma slíkri verksmiðju upp á því svæði þar sem mestur sláturúrgangur fellur til, en það er á Suðurlandi? Því spyr ég hæstv. landbrh.:

Hvað líður undirbúningi að byggingu og rekstri slíkrar verksmiðju?

[14:42]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Í tilefni af þessari fyrirspurn sem hv. fyrirspyrjandi Sigríður Jóhannesdóttir hefur gert grein fyrir vil ég aðeins rekja söguna stuttlega, sem hún þó gerði einnig ofurlítið í sinni framsögu, en eins og fram kom hjá henni var það í tíð þáv. hæstv. landbrh., Halldórs Blöndals, sem málin komu upp á Alþingi og hann gerði í svari sínu grein fyrir könnun sem gerð var af starfshópi sem vann á vegum landbrn. og stýrt var af Sveinbirni Eyjólfssyni, deildarstjóra í landbrn., sem átti að kanna möguleika á að vinna kjötmjöl eða aðrar nýtanlegar afurðir úr sláturúrgangi í stað þess að urða úrganginn.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar var sá möguleiki að byggja verksmiðju til að vinna þennan úrgang ekki talinn vera fyrir hendi af fjárhagslegum eða efnahagslegum ástæðum. Það fólst fyrst og fremst í miklum kostnaði sem af þessu leiddi umfram hefðbundnar aðferðir við urðun. Vegna stærðarhagkvæmni var talinn líklegasti kosturinn að byggja eina verksmiðju sem yrði á Suðurlandi. Enginn rekstrargrundvöllur fannst þó fyrir verksmiðjuna, ekki síst vegna mikils flutningskostnaðar. Hugmyndin um eina stóra kjötmjölsverksmiðju var ekki talin framkvæmanleg nema til kæmi verulegur hluti stofnkostnaðar sem ríkisframlag. Sú hugmynd var rædd af hlutaðeigandi aðilum, þ.e. Landssamtökum sláturleyfishafa, stjórnvöldum og sveitarstjórnum. Niðurstaðan varð sú að kostnaður sem legðist á sláturleyfishafa við þetta fyrirkomulag yrði óhæfilega hár og íþyngjandi fyrir verðlag á því kjöti sem kæmi til framleiðslu í sláturhúsunum. Áætlað var að kostnaður á hvert kíló yrði að lágmarki 5 kr.

Með hækkandi urðunarkostnaði á sláturúrgangi hefur þessi umræða vaknað á ný. Urðun sláturúrgangs hefur verið vaxandi vandamál t.d. á Suðurlandi en þar hefur Sorpstöð Suðurlands séð um urðunina. Kostnaður við urðunina sem sláturleyfishafar þurfa að greiða nú er um 3,50 kr. á kíló úrgangs sem lætur nærri því að sama upphæð leggist á hvert kíló kjöts sem framleitt er. Talið er af hálfu framkvæmdaraðila að þessi greiðsla sé fulllág og muni fara hækkandi og nálgast þann kostnað sem fylgdi því að vinna úrganginn í kjötmjölsverksmiðju, eins og ég nefndi fyrr.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands hefur sýnt þessu verkefni áhuga og mun væntanlega taka það til athugunar með Sorpstöð Suðurlands. Til athugunar verður að vinna kjöt- og sláturúrgang til fóðurs eða sem úrgangsefni til annarra nota, svo sem áburðar eftir því hvaða kostur er talinn hagkvæmastur. Ráðuneytið hefur fylgst með þessum málum ásamt yfirdýralæknisembættinu, sem óhjákvæmilega kemur að málinu, með hliðsjón af þeirri smithættu af búfjársjúkdómum sem fylgja flutningi og urðun kjöts og sláturúrgangs milli landsvæða. Kjötmjölsvinnslustöðvar hafa verið starfræktar í Borgarfirði eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og einnig að einhverju leyti á Akureyri en eru orðnar gamlar og þarfnast endurbóta. Þær uppfylla því ekki þær heilbrigðiskröfur sem gera þarf til kjötmjölsverksmiðja með hliðsjón af að kjöt- og sláturúrgangur telst til hættulegra efna þar sem í honum geta verið smitefni sem valda búfjársjúkdómum.

Af hálfu afurðasölunnar í Borgarnesi hefur verið áhugi fyrir því að endurbæta verksmiðjuna þannig að hún geti tekið á móti úrgangi og unnið hann í kjötmjöl. Það er tilkomið m.a. vegna tilraunaverkefnis sem verksmiðjan vann á sl. ári í samstarfi við Sorpu um flutning á kjötúrgangi af höfuðborgarsvæðinu til vinnslu. Leitað hefur verið eftir stuðningi opinberra sjóða við framkvæmdina, þar með talið Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Samkvæmt þeim áætlunum sem fram hafa verið lagðar virðist vera hagkvæmt að endurnýja og stækka kjötmjölsverksmiðjuna svo afköst hennar þrefaldist. Með því gæti verksmiðjan annast vinnslu á sláturúrgangi af Vesturlandi og því sem þarf að flytja af svæði Sorpu. Mikill áhugi er á því hjá forsvarsmönnum Sorpu að þetta mál fái farsælan framgang þó að þeir sjái sér ekki fært að styðja málið með fjárframlögum til stofnkostnaðarins. Við framkvæmd verkefnis sem þessa verður að hafa í huga að með vaxandi innflutningi á fersku eða frystu kjöti og eyðingu úrgangs sem fellur til af þessum innflutningi vex verulega hætta á búfjársjúkdómasmiti, ekki síst með því að framleiða úr honum kjötmjöl til skepnufóðurs við ófullkomnar aðstæður. Þrátt fyrir þessa áhættu verður að telja að vinnsla á sláturúrgangi í kjötmjölsverksmiðju sé besti kosturinn sem völ er á til að koma frá sláturúrgangi. Mikilvægt er að stuðla að því að honum sé ráðstafað á þann hátt að í stað þess að grafa hann eins og víðast verður að gera í dag svo framarlega sem það leiðir ekki til óhóflegs kostnaðar sem leggst á sláturafurðirnar.

Nýlega skipaði ég sem umhvrh. starfshóp með fulltrúum bænda til að fjalla um meðferð sláturúrgangs og úrgangs frá afurðastöðvum í landbúnaði, þ.e. förgun eða frekari úrvinnslu þannig að mál þessi eru enn til meðferðar hjá stjórnvöldum. Vænlegast verður þó að telja að verksmiðja af þessu tagi starfi á viðskiptalegum grundvelli án ríkisafskipta og verður það skoðað til þrautar áður en ákvörðun verður tekin um það að styðja eða styrkja málið beint af opinberum framlögum.

[14:48]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli á Alþingi. Eins og fram hefur komið hefur verið rekin kjötmjölsverksmiðja í Bogarnesi mörg undanfarin ár og fyrirtækið hefur verið að sækja fram í bættum gæðum og auknum framleiðslumöguleikum og, eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra, hefur fyrirtækið verið að berjast fyrir því að fá fjármagn til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á búnaði verksmiðjunnar, en það hefur því miður ekki gengið nógu vel hingað til. Þó vil ég upplýsa að Byggðastofnun hefur lýst því að hún sé tilbúin til þess að koma að þessu máli.

Hér er um að ræða mjög arðsama starfsemi að mörgu leyti. Afurðirnar eru notaðar í skepnufóður. Það hafa opnast markaðir erlendis fyrir afurðir verksmiðjunnar og þarna er um að ræða að vinna úrgang í stað þess að urða. Þetta er því mjög mikið umhverfismál þar að auki.

Ég vil nota tækifærið og skora á hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að fyrirtækinu, Afurðasölunni í Borgarnesi, verði gert kleift að byggja upp sinn búnað þannig að sú vinnsla sem þar hefur átt sér stað geti aukist og þannig orðið til hagsbóta fyrir þjóðfélagið allt og ekki síst landbúnaðinn í landinu.

[14:49]

Fyrirspyrjandi (Sigríður Jóhannesdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin og fagna því sérstaklega að uppi eru áform um að styðja við Borgarnesverksmiðjuna og gera henni kleift að endurnýja tækjakost og auka framleiðnina. Ég held að ekki sé hægt að reikna bara í krónum og aurum þegar maður er að tala um hagkvæmni af slíkri verksmiðju því að þetta er stórkostlegt umhverfismál og margur ávinningur sem fæst af þessu sem ekki sést við fyrstu athugun. Hins vegar er Borgarnesverksmiðjan, jafnvel þó hún verði stækkuð, lítil og annar ekki nema Vesturlandi, kannski af Skagafjarðarsvæðinu og til Reykjavíkur, en gríðarlegur sláturúrgangur fellur til á Suðurlandi og ég mundi telja mjög mikilvægt að þar yrði reynt að byggja upp aðra litla verksmiðju sem annaði sláturúrgangi þaðan. Ég teldi æskilegt að staðsetja aðra slíka verksmiðju t.d. á Hellu.

Vegna riðu hér í landi er óæskilegt að flytja sláturúrgang mikið milli landsvæða þannig að ég held að sú hugmynd sem var uppi á tímabili um eina stóra verksmiðju fyrir landið sé ekki góð þá þegar af þeim ástæðum. Við erum að vísu með riðulaus svæði hér að kalla má núna. Það hefur alla vega ekki komið upp riða undanfarin ár hvorki á Suðurlandi né Vesturlandi og það gefur okkur einmitt sérstaka möguleika varðandi markaði fyrir kjötmjöl núna vegna þess að nú er gríðarlegur ótti að grípa um sig erlendis vegna vaxandi riðu í gæludýrum sem er talið að þau hafi fengið úr fóðri. Ef við getum boðið kjötmjöl af örugglega riðufríum svæðum, þá mundi það bæta mjög aðstöðu okkur til að markaðssetja þetta.

[14:52]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það er ekki miklu við að bæta. Aðeins út af því sem kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Stefánssonar vil ég árétta að hann nefndi að hér væri talið að um arðbæra starfsemi væri að ræða. Það er einmitt það sem við viljum að sé skoðað til þrautar og er það sem hefur verið til umfjöllunar hjá stjórn Framleiðnisjóð landbúnaðarins, hvort eðlilegt eða réttlætanlegt gæti talist miðað við verkefni sjóðsins að hann styrki þessa starfsemi, því verkefni hans eru fremur á öðru sviði. Þar að auki einmitt þetta að e.t.v. hafi verksmiðja af þessu tagi viðskiptalegan grundvöll sem væri mikilvægast að gæti gengið þannig upp. Hitt vil ég síðan undirstrika að ég tel, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Sigríði Jóhannesdóttur, að hér er um að ræða afar stórt umhverfismál sem umhverfisyfirvöld ekkert síður en landbúnaðaryfirvöld þurfa að huga að. Ég sat fyrir nokkrum dögum fulltrúaráðsfund Sorpu þar sem þessi mál voru sérstaklega til umfjöllunar. Eins og ég nefndi áðan er mikill áhugi hjá fulltrúum þess fyrirtækis á frekara samstarfi við þá aðila í Borgarnesi sem hafa verið að gera tilraun í þessu efni um að það gæti haldið áfram. Ég hygg að það þurfi að leggja áherslu á að verksmiðja af þessu tagi sé til, en auðvitað með fullri gát gagnvart búfjársjúkdómum eins og hv. fyrirspyrjandi tók einnig réttilega fram varðandi riðu. Ég vil einnig minna á það sem ég nefndi varðandi aukinn innflutning á ferskum eða frystum landbúnaðarafurðum sem gætu þurft að meðhöndlast sérstaklega en er erfitt að eiga við þegar slíkur úrgangur er kominn með almennu sorpi. Það er því að ýmsu að huga í þessu efni og nauðsynlegt að fylgja því eftir.

Fjárveiting til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu.

Fsp. KHG, 588. mál. — Þskj. 1007.

[14:54]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Í 6. gr. fjárlaga ársins 1997 er að finna undir liðnum Ýmsar heimildir heimild til fjmrh. til að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnrh., allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

Ég vil í framhaldi af þessu leyfa mér að bera fram á þskj. 1007 svofellda fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um fjárveitingu til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu:

„Til hvaða verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu er varið 80 millj. kr. fjárveitingu samkvæmt lið 5.16 í 6. gr. fjárlaga, hve hárri fjárhæð í hverju tilviki og eftir hvaða reglum er farið við úthlutun?“

[14:55]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 1007 spyr hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson um fjárveitingu til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Í fjárlögum ársins 1997 segir svo, með leyfi forseta: „Heimilt er að ráðstafa, að fengnum tillögum iðnrh., allt að 80 millj. kr. til verkefna á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar í atvinnulífinu. Sérstaklega skal huga að atvinnusköpun á þeim landsvæðum sem ekki njóta góðs af atvinnustarfsemi sem tengist uppbyggingu á orku- og stóriðjusviði.

Síðan fjárlög voru samþykkt hefur verið til skoðunar í iðn.- og viðskrn. hvernig best megi nýta þetta fé til atvinnuupppbyggingar. Ráðuneytið bað stjórnir Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Átaks til atvinnusköpunar um tillögur um verkefni sem væru best til þess fallin að stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Hugmyndir stjórnanna þriggja hafa verið að mótast og mun ég innan skamms leggja fyrir ríkisstjórn tillögur mínar um hvernig þessu fé verður ráðstafað.

Á þessu stigi get ég ekki kveðið upp úr um það til hvaða verkefna þessu fé verður varið. Það er þó ljóst að rauði þráðurinn í þeim tillögum verður að veita styrki í samstarfi við stofnanir, sveitarstjórnir, fyrirtæki og frumkvöðla til einstakra verkefna er líkleg eru til að skapa atvinnu og virðisauka á landsbyggðinni. Mörg verkefnanna munu tengjast erlendri fjárfestingu þar sem leitast er við í samvinnu við heimamenn að skapa fjárfestingarverkefni þar sem kastljósi er varpað á vel afmarkaðar greinar sem hæfa aðstæðum á hverjum stað. Einnig verður lagt til að veittir verði vöruþróunar- og markaðsstyrkir til fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni sem hafa þróað nýjar hugmyndir og afurðir.

Í þriðja lagi er lagt til að veittir verði styrkir til sérhæfðra stuðningsaðgerða við tilteknar iðngreinar og að síðustu verður lagt til að styrkir verði veittir til staðarvals og frumathugana fyrir stærri iðnsvæði.

Styrkirnir munu verða veittir í gegnum Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar, Fjárfestingarskrifstofu Íslands og Átaks til atvinnusköpunar. Styrkir til staðarvals og frumathugana fyrir stærri iðnað á landsbyggðinni verða veittir gegnum markaðsskrifstofuna, styrkir til verkefna til að laða að erlenda fjárfesta á hinum ýmsum svæðum á landsbyggðinni verða veittir í gegnum Fjárfestingarskrifstofuna. Fjögur fjárfestingarverkefni eru í gangi í samvinnu við Fjárfestingarskrifstofuna og heimamenn á Suðurnesjum, Eyjafirði, Húsavík og Austfjörðum. Ætlunin er að fjölga fjárfestingarverkefnunum og vinna með heimamönnum á fleiri svæðum að því að auka erlendar fjárfestingu. Styrkir til vöruþróunar og markaðssetningar og styrkir til stuðningsaðgerða við tilteknar iðngreinar verða veittar í gegnum átak til atvinnusköpunar. Engir styrkir munu verða veittir til einstakra fyrirtækja eða einstaklinga nema umsókn hafi borist til hinna ýmsu verkefnaflokka Átaks til atvinnusköpunar sem auglýstir hafa verið opinberlega.

Við úthlutun verður miðað við matsaðferðir og verklagsreglur þær sem gilt hafa frá upphafi frá því að átak til atvinnusköpunar var sett af stað og eru það sömu verklagsreglur, sem voru notaðar við úthlutunina, og hafðar voru við úthlutun á markaðsfé því sem ætlað var til að styrkja markaðsaðgengi íslenskra fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu.

[15:00]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin sem hann gaf við fyrirspurninni. Það er ljóst af svörum hans að þessu fé, 80 millj. kr. hefur ekki verið ráðstafað enn þá. Ég skil svör hans þannig. Ég skil svör hans líka á þá lund að auglýst verði eftir umsóknum í öllum tilvikum. Þegar mótaðar hafa verið reglur og ráðherra hefur gert upp við sig helstu flokka sem hann vill beina fé til verði auglýst eftir umsóknum.

Að öðru leyti er fátt meira um svörin að segja þar sem málið er ekki lengra komið en raun ber vitni, en ég spyr ráðherrann að hve miklu leyti þess muni gæta í áherslum að fénu verði varið sérstaklega til þeirra landsvæða sem ekki njóta góðs af uppbyggingu stóriðju. Ég vil gjarnan að hæstv. ráðherra gæfi okkur aðeins meiri upplýsingar um að hve miklu leyti verður lögð áhersla á að beina fénu á þau landsvæði og hvaða landsvæði það eru að hans mati.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi athugað hvort þessi útflutningstyrkur samræmist reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, reglum EFTA og ESA. Væri fróðlegt að heyra frá ráðherranum ef þessar stofnanir hafi ekki samþykkt þessa meðferð. En ég vek athygli á því að lokum, herra forseti, að þó að hér sé að mörgu leyti um að ræða áhugavert verkefni er umhugsunarefni fyrir Alþingi að verja 80 millj. kr. til eins ráðherra til nánast frjálsrar úthlutunar á meðan stofnun eins og Byggðastofnun hefur 50 millj. til að verja í styrki í alla þá starfsemi sem henni er beitt til.

[15:02]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Í fyrsta lagi er það rétt sem fram kemur hjá hv. þm. að engu af þessu fé hefur enn verið úthlutað. Er ástæðan sú að ekki er nema rétt rúm vika síðan að ákvörðun var tekin um það af stjórn Landsvirkjunar hver arðurinn yrði. Sú formlega ákvörðun var ekki tekin fyrr en á ársfundi Landsvirkjunar fyrir rúmri viku síðan hver arður eignaraðila af fyrirtækinu yrði.

Þau svæði sem þarna um ræðir eru öll svæði að mínu viti fyrir utan höfuðborgarsvæðið, þ.e. höfuðborgarsvæðið er það svæði fyrst og fremst sem nýtur ábatans af uppbyggingu stóriðjunnar þannig að öll svæði á landsbyggðinni eru undir í þeim efnum.

Varðandi reglur þær sem farið verður eftir við úthlutunina, þá gerði ég grein fyrir því áðan að stuðst verði við þær reglur sem við höfum notað við úthlutun slíkra styrkja þegar ráðstafað var þeim fjármunum sem voru til markaðskynningar fyrir íslensk fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Við það verður stuðst. Sum af þessum verkefnum hafa nú þegar verið kynnt. Nokkuð af þessum fjármunum verður notað í verkefni sem nú þegar eru í gangi til að halda þeim áfram. Þeir hlutir eru allir í undirbúningi en þegar að því kemur að menn eru tilbúnir til að ráðstafa þessum fjármunum verður auglýst eftir umsóknum þar sem er um beina styrki að ræða.

Hér er ekki um það að ræða að einn ráðherra ráðstafi 80 millj. kr. Þetta er vistað undir 6. gr. fjárlaga og gert ráð fyrir því að úthlutunin verði grundvölluð á tillögum iðnrh. en þær tillögur verða bornar undir ríkisstjórnina, fyrir utan það að þessum fjármunum verður ráðstafað, eins og ég sagði áðan, í samvinnu við og í gegnum þau verkefni sem nú þegar eru í gangi eins og Átak til atvinnusköpunar, Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar og Fjárfestingarskrifstofu Íslands. Það er því ekki einn ráðherra sem fer með þetta vald.

Dómar, skaðabætur og fjöldi grófra líkamsárása.

Fsp. JóhS, 600. mál. — Þskj. 1051.

[15:05]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Á undanförnum missirum hefur vaxandi ofbeldi og fíkniefnaneysla oft orðið tilefni umræðu á hv. Alþingi. Grófar og iðulega tilefnislausar líkamsárásir hafa líka sett óhug að þjóðinni, enda um að ræða hvað alvarlegustu brot samkvæmt hegningarlögum en refsiramminn fyrir stórfellda líkamsárás er fangelsi allt frá 3–16 árum ef um stórfellt líkams- og heilsutjón er að ræða vegna árása.

Hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir að þyngja beri dóma fyrir líkamsárásir sem er ástæða til að fagna.

Í skýrslu frá forsrn. í apríl 1996 sem lögð var fram á Alþingi kemur fram að heildarfjöldi tilkynntra ofbeldisverka til lögreglu hafi aukist, hærra hlutfall brota er kært til lögreglu en áður var og að ýmsir samverkandi þættir hafi breytt mynstri ofbeldis. Aukin áfengis- og fíkniefnaneysla hafi vegið þar þungt og aukið alvarleika verknaða þótt ekki sé alltaf um fjölgun tilvika að ræða og oft sé um að ræða tilefnislausar árásir.

Vægir dómar vegna ofbeldis og einnig litlar bætur fyrir líkamstjón vegna ofbeldisverka hafa oft verið gagnrýnd. Með skaðabótalögunum frá 1993 voru gerðar verulegar breytingar til hagsbóta vegna bóta fyrir þá sem verða fyrir líkamstjóni. Það er nauðsynlegt að Alþingi fái að fylgjast vel með þróun þessara mála og hvaða áhrif til að mynda nýju skaðabótalögin hafa haft. Því spyr ég hæstv. dómsmrh.:

1. Hver var fjöldi grófra líkamsárása á tímabilinu 1. janúar 1993 til 1. maí 1997?

2. Hve oft hlutu þolendur örorku vegna þessara líkamsárása og hve háar voru skaða- og miskabætur til þeirra í hverju tilviki?

3. Hve þunga dóma hlutu gerendur líkamsárásanna á framangreindu tímabili?

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Upplýsinga var aflað vegna þessarar fyrirspurnar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, héraðsdómstólum og Hæstarétti. Þær upplýsingar sem bárust um fjárhæð skaða- og miskabóta eru engan veginn tæmandi þar sem þolendur sækja í sumum tilvikum bætur í einkamáli á hendur brotaþola og sama á við um upplýsingar um örorku þolenda. Helgast þetta af því að endanlegar upplýsingar um örorku og bótakröfur þolenda liggja ekki fyrir í mörgum tilvikum þegar sakamál á hendur brotamanni er tekið til meðferðar hjá dómstólum. Í mjög mörgum tilvikum hafa því þolendur sótt skaðabætur síðar í einkamáli á hendur brotamanni eða samið um greiðslu bóta en upplýsingar um slíkt liggja ekki fyrir. Þær upplýsingar sem hér eru veittar eru því gefnar með fyrrgreindum fyrirvara. Upplýsingum um refsingar verður einnig að taka með fyrirvara því þó svo að ummrædd brot falli öll undir það að kallast grófar líkamsárásir eru þau engu að síður mismunandi að grófleika og afleiðingar árása mismunandi. Þá er í mörgum tilvikum ákært og dæmt fyrir fleiri brot en líkamsárás sem hefur að sjálfsögðu áhrif á þyngd refsingar.

Samkvæmt almennum hegningarlögum má skipta líkamsárásum í þrjá flokka eftir grófleika. Grófustu brotin eru flokkuð sem brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og var óskað eftir upplýsingum um brot gegn umræddu ákvæði hjá Rannsóknarlögreglunni og dómstólum. Samkvæmt upplýsingum Rannsóknarlögreglunnar má á tímabilinu frá 1. janúar 1993 til 1. maí 1997 telja 80 mál þar sem um grófar líkamsárásir var að ræða. Af þeim voru 59 mál send ríkissaksóknara þar sem afdrif þeirra voru ýmist útgáfa ákæru og dómur í framhaldi af því eða niðurfelling en nákvæmar upplýsingar um skiptinguna þarna á milli liggja ekki fyrir á þessari stundu. 18 kærur voru felldar niður eða vísað frá og fimm mál eru enn í rannsókn.

Hjá héraðsdómi Reykjavíkur fengust upplýsingar um 30 mál þar sem 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga kemur við sögu. Upplýsinga um dæmdar skaðabætur, miskabætur eða örorku þolenda var ekki unnt að afla á þeim tíma sem gefinn var til að svara fyrirspurninni en leitað var upplýsinga úr málaskrá embættisins. Dæmdar refsingar voru frá tveggja mánaða fangelsi upp í fimm ára fangelsi.

Hjá héraðsdómi Reykjaness fengust þær upplýsingar að sjö mál snertu 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Upplýsingar um örorku lágu ekki fyrir en í einu tilviki lést árásarþoli. Í fjórum málum af sjö voru dæmdar skaða- og/eða miskabætur að fjárhæð frá kr. 49 þús. upp í tæpar 4 millj. kr. Í öllum tilvikum voru ákærðu sakfelldir og fengu dóma frá sex mánaða fangelsi upp í 18 mánaða fangelsi.

Hjá héraðsdómi Vesturlands fengust þær upplýsingar að tvö gróf líkamsárásarmál hefðu komið til kasta dómstólsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um örorku þolenda. Í öðru málinu var ekki gerð skaðabótakrafa og í hinu kom skaðabótakrafan ekki til meðferðar þar sem hún var að fullu greidd þegar málið kom til kasta dómstólsins. Í öðru málinu var ákærði dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í hinu málinu var ákærði dæmdur í tveggja ára fangelsi. Í Hæstarétti var sú refsing skilorðsbundin.

Hjá héraðsdómi Vestfjarða fengust þær upplýsingar að eitt mál hefði komið til kasta dómstólsins. Ekki var þar um varanlega örorku að ræða en ákærði var dæmdur til að greiða þolanda rúma 1 millj. kr. í skaðabætur. Hann var jafnframt dæmdur í 15 mánaða fangelsi en þar af voru 12 mánuðir skilorðsbundnir.

Hjá héraðsdómi Norðurlands vestra fengust upplýsingar um eitt mál. Þar lá örorka þolenda ekki fyrir og ekki hafði verið gerð skaðabótakrafa í refsimálinu. Ákærði var dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

Hjá héraðsdómi Norðurlands eystra voru þrjú mál. Þar lágu ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um örorku þolanda að öðru leyti en því að í einu tilvikinu lést árásarþoli. Í einu tilviki voru skaðabætur að fullu greiddar er málið kom til kasta dómstólsins, skaðabætur að fjárhæð tæplega 50 þús. kr. voru dæmdar í einu málinu en fyrirvari var þar gerður um frekari bótakröfur og í þriðja málinu var ekki gerð skaðabótakrafa. Ákærðu hlutu fangelsisdóma frá 12 mánaða fangelsi upp í átta ára fangelsi.

Hjá héraðsdómi Austurlands fengust þær upplýsingar að um eitt mál hefði verið að ræða. Þar lágu upplýsingar um örorku ekki fyrir og ekki var gerð skaðabótakrafa í sakamálinu. Ákærði var dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

Hjá héraðsdómi Suðurlands var upplýst að ein ákæra vegna grófrar líkamsárásar væri til meðferðar en dómur hefði ekki gengið.

Á tímabilinu komu til Hæstaréttar 17 mál sem rétturinn flokkar sem grófar líkamsárásir, þ.e. gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Í þremur tilvikum lést árásarþoli og í einu tilviki hlaut árásarþoli 100% örorku. Nákvæmar upplýsingar um örorku liggja að öðru leyti ekki fyrir. Í fjórum tilvikum af 17 voru dæmdar skaðabætur frá 144 þús. kr. upp í 2 millj. kr. Í þremur tilvikum var skaðabótakröfu vísað frá en í tíu tilvikum var skaðabótakrafa ekki gerð í refsimálinu. Í 15 tilvikum af 17 var ákærði sakfelldur, sýknað var einu sinni og einn var dæmdur ósakhæfur til vistunar á viðeigandi stofnun. Ákærðu hlutu dóma frá fjögurra mánaða skilorðsbundnu fangelsi upp í 12 ára fangelsi, en í því tilviki var um mjög alvarlegt brot að ræða og ekki einungis grófar líkamsárásir.

Herra forseti. Ef framangreindar upplýsingar eru teknar saman kemur fram að á umræddu tímabili komu 80 mál til kasta Rannsóknarlögreglu ríkisins, 46 mál til kasta héraðsdómstóla, þar af var 17 málum áfrýjað til Hæstaréttar. Refsingar voru frá tveggja mánaða fangelsi upp í 12 ára fangelsi en oft og tíðum er um að ræða refsingu fyrir fleiri brot en grófa líkamsárás.

[15:13]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör og tel að þau hafi verið nokkuð ítarleg miðað við umfang fyrirspurnarinnar og þann stutta tíma sem hæstv. dómsmrh. hafði til að svara fyrirspurninni. Það er nokkuð erfitt að glöggva sig á öllum þeim tölum sem ráðherra setti hér fram í ræðustólnum en fyrirspurnin gaf tilefni til þess þannig að það er ástæða til þess að skoða svör ráðherra nokkru nánar eftir að þessum fyrirspurnatíma lýkur.

Mér heyrist þó að hér sé staða mála mjög alvarleg og umhugsunarverð varðandi grófar líkamsárásir. Við erum að

tala um tímabil frá 1993 til dagsins í dag og um er að ræða miklu, miklu fleiri mál, herra forseti, en ég bjóst við. Hæstv. ráðherra nefndi að í 80 málum væri um að ræða grófar líkamsárásir. Einnig er mjög alvarlegt sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að í nokkrum tilvikum hafi árásarþolar látist vegna líkamsárása og í nokkrum tilvikum var um að ræða 100% örorku.

Ég held líka að það sem dómsmrh. taldi upp varðandi dómana staðfesti það sem hæstv. dómsmrh. hefur sjálfur sagt að dómar eru allt of vægir þegar um er að ræða grófar líkamsárásir. Við erum að tala um kannski frá nokkurra mánaða fangelsi mest upp í 12 ár í einhverju tilviki sem ráðherra nefndi, en algengt var tveggja mánaða til fimma ára fangelsi en refsiramminn er upp í 16 ár. Ég held að þetta gefi tilefni til þess að það þurfi að skoða gólf í þessu, einhverja lágmarksrefsingu, þegar um grófar líkamsárásir er að ræða.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þess að vænta að fram fari til að mynda heildarendurskoðun á hegningarlögunum þar sem dómarnir yrðu sérstaklega skoðaðir?

[15:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. um endurskoðun á hegningarlögunum get ég staðfest að í undirbúningi er að hefja slíka endurskoðun, m.a. með tilliti til þeirra álitaefna sem hér eru uppi.

Að öðru leyti vil ég aðeins bæta við það svar sem hér liggur fyrir að á árinu 1996 námu greiðslur ríkissjóðs til þolenda afbrota, samkvæmt lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota sem öðluðust gildi um mitt síðasta ár, rúmum 15 millj. kr. og sú upphæð rann til 42 þolenda afbrota.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð.

Fsp. JóhS, 601. mál. — Þskj. 1052.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Í febrúarmánuði 1981 var samþykkt þáltill. frá mér og fleirum um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð þess efnis að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að láta þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Sérstaklega átti að skoða eignar- og erfðaréttinn. Nefndin skyldi hraða störfum og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kæmi saman.

Ári eftir að þessi tillaga var samþykkt beindi ég fyrirspurn til hæstv. þáv. dómsmrh. um hvað liði framkvæmd þessarar tillögu. Ráðherrann sagði að vænta mætti þess eða hugsanlegt væri að frv. um þetta mál yrði lagt fram á þinginu þar á eftir. Í yfirliti sem fram kom 1986 að mig minnir um framkvæmd á þingsályktunartillögum sem voru samþykktar á Alþingi á árunum 1975–1985 kemur fram varðandi þessa tillögu að hún sé til skoðunar hjá sifjalaganefnd. Ég hef spurst fyrir um þetta í dómsmrn. og þar kom fram hjá fulltrúa dómsmrn. sem ég talaði við að engin gögn hefðu fundist í ráðuneytinu um að nefnd hafi verið skipuð í kjölfar þáltill. og málið hafi ekki farið til sifjalaganefndar. Málið er allt hið sérkennilegasta, en ljóst, virðulegi forseti, að ekkert hefur verið gert með þessa þál. eða þann vilja Alþingis sem þar kom fram.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er mjög ótrygg og þetta sambúðarform hefur farið vaxandi á undanförnum árum og fjöldi fólks sem er í óvígðri sambúð stendur í þeirri trú að eftir þriggja ára sambúð öðlist það gagnkvæman eignar- og erfðarétt. En sá aðili í óvígðri sambúð sem eignir eru ekki skráðar á virðist algjörlega réttlaus komi til slita á sambúð eða við andlát sambúðaraðilans.

Það er alveg ljóst að þegar um sambúðarfólk er að ræða renna eigur hins látna óskiptar til barna og ef engir lögerfingjar eru til staðar renna eigur hins látna í erfðafjársjóð án þess að nokkuð komi í hlut eftirlifandi sambúðaraðila. Svipað er uppi við fjárskipti í slíku sambúðarformi.

Ég held, virðulegi forseti, að það sé mjög brýnt að setja lög um stöðu fólks í óvígðri sambúð og að eignar- og erfðaréttur þess verði betur tryggður en nú er. Því spyr ég hæstv. dómsmrh. hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því eða hvort hann muni leggja fram tillögu fyrir Alþingi sem tryggi eignar- og erfðarétt fólks í óvígðri sambúð í samræmi við þá þáltill. sem Alþingi hefur samþykkt og hvernig ráðherrann hyggist þá framfylgja þeirri þál. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð sem samþykkt var 1981 og framkvæmdarvaldið virðist ekkert hafa gert með. Hér er ég ekki að ásaka sérstaklega hæstv. núv. dómsmrh. Hér hafa margir dómsmálaráðherrar átt í hlut, en engu að síður er nauðsynlegt að Alþingi fái vitneskju um hvernig á að standa að framkvæmd þessa máls.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er svo að þáv. dómsmrh. sýnist hafa komist að þeirri niðurstöðu varðandi þetta mál að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar en fram kom í svari hans við fyrirspurninni árið 1982. Eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda hafa síðan setið einir fjórir dómsmálaráðherrar þangað til ég tók við því embætti.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að það sé mjög umdeilanlegt að festa í lög reglur um eignarrétt fólks í óvígðri sambúð og þó einkum um erfðarétt þess á milli. Ég tel að slíkar reglur, þótt e.t.v. yrði unnt að semja sig undan þeim, væru þess til þess fallnar að skapa fleiri ágreiningsmál og eignarflækjur en þær mundu leysa. Það er einnig í mörgum tilvikum svo að fólk kýs að búa saman í óvígðri sambúð vegna þess að það vill ekki lúta þeim réttaráhrifum sem hjúskap fylgja.

Ég bendi á að karl og kona í óvígðri sambúð geta tryggt eignar- og erfðaréttarlega stöðu sína að verulegu leyti kjósi þau að gera svo. Þau geta t.d. átt fasteign og bifreið í sameign og gætt þess að eignarhlutur þeirra sé skráður í þinglýsingarbækur og þau geta gert gagnkvæma erfðaskrá. Ef annað þeirra á börn fyrir hefur það ráðstöfunarrétt á $^1/_3$ hluta eigna sinna með erfðaskrá en ef viðkomandi er barnlaus getur hann ráðstafað öllum eignum sínum með erfðaskrá.

Það eru ekki uppi af þessum sökum áform í ráðuneytinu, a.m.k. ekki að svo stöddu, að breyta réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð hvað varðar eignar- og erfðarétt. Þess má á hinn bóginn geta að ýmis nýmæli hafa verið lögfest frá því að fyrrgreind þáltill. var samþykkt á Alþingi sem tryggja bætta réttarstöðu karls og konu í óvígðri sambúð. Þar má m.a. nefna að í lögum um erfðafjárskatt frá 1984 er kveðið á um að hvorki maki hins látna né sambýlismaður eða sambúðarkona ef því er að skipta þurfi að greiða erfðafjárskatt. Þá er í skiptalögum frá 1991 mælt fyrir um að ef karl og kona slíta óvígðri sambúð og ágreiningur rís um eignaskipti geti annað þeirra eða þau bæði krafist opinberra skipta til fjárslita

milli þeirra ef þau hafa búið saman samfleytt í a.m.k. tvö ár eða búið saman skemmri tíma og annaðhvort eignast barn eða konan er þunguð af völdum karlsins.

Loks vil ég benda á breytta dómvenju frá tímum framangreindrar þál. Horfið hefur verið frá því að dæma þeim sambúðaraðila sem ekki er skráður fyrir eignum ráðskonueða ráðsmannskaup í ágreiningsmálum um eignaskipti við sambúðarslit og hefur um árabil verið fallist á hlutdeild þess aðila í eignamyndun á sambúðartímanum í samræmi við framlag hans til eignamyndunarinnar sem hefur verið fólgið í fjárframlagi, vinnu á heimili eða með öðrum hætti. Ég tel hins vegar brýna þörf á fræðslu um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð og því hefur verið ákveðið að láta útbúa stuttan fræðslubækling um það efni sem mun m.a. liggja frammi á þeim stöðum þar sem fólk skráir sig í óvígða sambúð, svo sem á Hagstofu Íslands.

[15:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna sérstaklega því síðasta sem fram kom í ræðu hæstv. dómsmrh. um að til standi að útbúa bækling. Ég held að það sé mjög mikil þörf á því og við kvennalistakonur höfum einmitt verið með tillögur um slíka fræðslu.

En ég ætlaði einmitt að vekja athygli á því að hv. félmn. hefur afgreitt frá sér tillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og þar er einmitt vikið að þessu atriði. Það segir í II. kafla, 5. lið, að réttindi og skyldur sambúðarfólks verði kynnt og skilgreind í lögum. Það er mjög mikil þörf á þessari kynningu en ég hygg einnig að það þurfi að skoða ýmsa lagabálka með tilliti til fólks í óvígðri sambúð þannig að það sé alveg ljóst hver réttarstaðan er í einstökum tilvikum. En fyrst og fremst þarf fólk auðvitað að gera sér miklu betur grein fyrir því hvaða munur er á óvígðri sambúð og hjónabandi, en dæmin sanna okkur að því miður er allt of mörgum óljóst hver munurinn er á þessu tvennu.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Svör hæstv. ráðherra valda mér verulegum vonbrigðum. Hæstv. ráðherra virðist samkvæmt því sem fram kom í hans máli raunverulega ekki ætla að vinna það verk sem Alþingi fól dómsmrn. árin 1981 og 1982. Ég veit að það eru margir dómsmálaráðherrar sem hafa komið að ráðuneytinu frá þeim tíma, en engu að síður er þetta verk óunnið. Um þetta er spurt núna. Þegar ég spurðist síðast fyrir um þetta 1983, þá sagði hæstv. dómsmrh. að hann hefði hug á að leggja fram tillögur til þess að tryggja betur réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Mér finnst að Alþingi geti ekki fallist á að þál. sem Alþingi hefur afgreitt frá sér, um að það eigi að tryggja betur eignar- og erfðarétt fólks í óvígðri sambúð, sé afgreidd með þessum hætti af framkvæmdarvaldinu.

Hæstv. ráðherra segir að umdeilanlegt sé að festa í lög slíkan rétt. Það eru örugglega skiptar skoðanir um það, en ég tel engu að síður að það þurfi að tryggja hann betur heldur en nú er gert vegna þess að raunveruleg staða fólks í óvígðri sambúð er óviðunandi. Í bók sem kom út eftir Guðrúnu Erlendsdóttur, er aðalreglan um fjármál fólks í óvígðri sambúð sú að sambúðarfólk er eins sett og tveir einstaklingar. Ég er alveg viss um að fjöldi fólks í óvígðri sambúð gerir sér ekki grein fyrir þessu.

Ég vil þó fagna því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um fræðsluna sem fyrirhuguð er um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, en ég skal láta það vera mín lokaorð að ég tel að Alþingi hafi ekki sagt sitt síðasta orð í þessu efni og að fjalla þurfi um það ítarlegar en gefst hér tími til í stuttum fyrirspurnatíma hvort Alþingi telji ekki eðlilegt, eins og raunverulega var fallist á á árunum 1981 og 1982, að tryggja eigi betur réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð, ekki síst með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

[15:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Við verðum í umfjöllun um þetta að gera okkur grein fyrir því að það er sjálfstæð ákvörðun þeirra sem hlut eiga að máli að hefja óvígða sambúð og ég geri ráð fyrir því að í flestum tilvikum sé sú ákvörðun tekin vegna þess að fólk er ekki tilbúið til þess að taka ákvörðun um að rugla saman reytum sínum eins og um vígða sambúð sé að ræða eða borgaralega sambúð. Fólk tekur þessa ákvörðun vegna þess að það kýs að hafa annan hátt á og er ekki tilbúið til þess að gangast undir þau réttindi og þær skuldbindingar sem hjónaband hefur í för með sér.

Það er mjög vafasamt að löggjafarvaldið eigi að þvinga aðila til þess að undirgangast slíkar skuldbindingar og þær komi yfir þetta fólk sjálfkrafa þegar það eftir einhvern tiltekinn tíma hefur búið saman. Það getur gengið alveg þvert á þau markmið sem hlutaðeigandi aðilar eru að setja sér með sinni samveru. Ég held þess vegna að slíkar lagareglur gætu leitt til mun alvarlegri tilvika um misskilning á réttarstöðu heldur en nokkurn tíma hafa komið upp fram til þessa. Þess vegna skiptir meginmáli að hér sé um skýrar lagareglur að ræða og að allt sé gert sem unnt er til þess að upplýsa fólk um þá réttarstöðu þannig að menn viti nákvæmlega hver hún er og hvernig menn geti tryggt sér rétt í þessum efnum.

Fundi slitið kl. 15:29.

---

119. FUNDUR

miðvikudaginn 7. maí,
að loknum 118. fundi.

Dagskrá:

1. Almenningsbókasöfn, stjfrv., 238. mál, þskj. 1088. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

2. Bókasafnssjóður höfunda, stjfrv., 330. mál, þskj. 1089. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

3. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 259. mál, þskj. 491. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Hlutafélög, stjfrv., 504. mál, þskj. 847, nál. 1067. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

5. Einkahlutafélög, stjfrv., 505. mál, þskj. 848, nál. 1068. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Samvinnufélög, stjfrv., 506. mál, þskj. 849, nál. 1069. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 490, nál. 1056, brtt. 1057. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817, nál. 1075, brtt. 1080. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 338, nál. 1058, brtt. 1059. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, stjtill., 480. mál, þskj. 809, nál. 1047. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

11. Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, stjtill., 555. mál, þskj. 913, nál. 1061 og 1062. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

12. Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, stjtill., 556. mál, þskj. 914, nál. 1060. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

13. Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, stjtill., 554. mál, þskj. 912, nál. 1079. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

14. Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, þáltill., 86. mál, þskj. 88, nál. 1050. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

15. Kaup skólabáts, þáltill., 310. mál, þskj. 571, nál. 1049. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

16. Veiðiþol beitukóngs, þáltill., 343. mál, þskj. 615, nál. 1048. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

17. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 381. mál, þskj. 670, nál. 1078. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

18. Fæðingarorlof, stjfrv., 453. mál, þskj. 767, nál. 1042, brtt. 1043. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

19. Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frv., 464. mál, þskj. 781. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

20. Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, þáltill., 503. mál, þskj. 846. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

21. Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum, þáltill., 518. mál, þskj. 867. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

22. Læknalög, frv., 519. mál, þskj. 870. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

23. Innlend metangasframleiðsla, þáltill., 520. mál, þskj. 871. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

24. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 526. mál, þskj. 878. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

25. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031 og 1064. — 2. umr.

26. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558, nál. 1033. — 2. umr.

27. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370, nál. 1032. — 2. umr.

28. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

29. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61, nál. 1097. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 2. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 5. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Ólafur Örn Haraldsson, 11. þm. Reykv.

[15:30]

Útbýting þingskjala:

Staða þjóðkirkjunnar, 301. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1105.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 237. mál, þskj. 1087.

Úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 574. mál, svar menntmrh., þskj. 1104.

Útboð og tapaðar kröfur á hendur verktakafyrirtækjum, 216. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 1108.

Almenningsbókasöfn, frh. 3. umr.

Stjfrv., 238. mál (heildarlög). — Þskj. 1088.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:34]

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, StB, VS, ÞorstP.

10 þm. (HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, EOK, FrS, GE, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:34]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Við 2. og 3. umr. málsins gerði ég grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við þetta mál og í umræðum við 2. umr. og síðar hafa mér borist upplýsingar sem gera það að verkum að ég efast mjög um réttmæti þess að samþykkja þetta frv. í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir. Ég mun því ekki greiða atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1114).

Bókasafnssjóður höfunda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 330. mál. — Þskj. 1089.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EgJ, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

26 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, EKG, FrS, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, RA, RG, SighB, SP, StG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1115).

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 259. mál (flokkun starfsheita). — Þskj. 491.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:35]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRJ, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, DO, FrS, GE, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, KF, KHG, LB, ÓÖH, RA, SighB, SP, StG, SvanJ, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1116).

Hlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 847, nál. 1067.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:36]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–8. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1067 samþ. með 39 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
10.–11. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Einkahlutafélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 848, nál. 1068.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:39]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.
2.–7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1068 samþ. með 40 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
9.–10. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Samvinnufélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 849, nál. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1069 samþ. með 36 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
3.–11. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 490, nál. 1056, brtt. 1057.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:44]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1057,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1057,2 samþ. með 41 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1057,3 samþ. með 41 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1057,4 (ný 5. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Vörumerki, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 338, nál. 1058, brtt. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:48]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
2.–15. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1059,1 (ný 16. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
17.–21. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1059,2 samþ. með 40 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
23.–31. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1059,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
33.–42. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1059,4 samþ. með 38 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
44.–66. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1059,5 samþ. með 40 shlj. atkv.
67. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Viðbætur við I. viðauka við EES-samninginn, frh. síðari umr.

Stjtill., 480. mál. — Þskj. 809, nál. 1047.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:53]
Tillgr. samþ. með 38:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.
nei: ÓÞÞ.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, RG, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, EKG, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1122).

Samningur um verndun Norðaustur-Atlantshafsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 555. mál. — Þskj. 913, nál. 1061 og 1062.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvG, VS, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sjálfsagt mál að styðja þessa tillögu um staðfestingu á samningi sem er að stofni til sameining á Óslóarsamningnum um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangs frá skipum og flugvélum og Parísarsamningnum um varnir gegn mengun frá landstöðvum.

Í nefndaráliti minni hluta utanrmn. er hins vegar vakin athygli á því að í þessum samningum er ekki tekið á mengunarhættu af völdum kjarnorkuvár eða hernaðarumsvifa. Nú er það svo að fyrir Alþingi liggur frv. til laga um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorku- og eiturefnavopnum þar sem öll íslenska efnahagslögsagan yrði friðlýst fyrir slíkum ófögnuði.

Um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þennan samning, vil ég leyfa mér að harma að það frv. skuli ekki hafa fengið brautargengi. Það ætti svo sannarlega heima í samhengi við þetta mál og enginn vafi er á því að eitt af allra mikilvægustu verkefnum Íslands á þessu sviði er að berjast gegn hvers kyns hættu á mengun hafsins.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1123).

Samningur um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun, frh. síðari umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 914, nál. 1060.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:57]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JóhS, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1124).

Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar, frh. síðari umr.

Stjtill., 554. mál. — Þskj. 912, nál. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:58]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FrS, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JóhS, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1125).

Tilraunavinnsla á kalkþörungum í Húnaflóa og Arnarfirði, frh. síðari umr.

Þáltill. StG o.fl., 86. mál. — Þskj. 88, nál. 1050.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:59]
Brtt. í nál. 1050,1 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. í nál. 1050,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, BBj, EKG, EOK, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ.

1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SP, StG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, BBj, EKG, EOK, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvanJ, VS, ÖJ, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1126) með fyrirsögninni:

Þál. um könnun á hagkvæmni kalkþörungavinnslu.

Kaup skólabáts, frh. síðari umr.

Þáltill. KPál o.fl., 310. mál. — Þskj. 571, nál. 1049.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:00]
Brtt. í nál. 1049,1 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1049,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 38 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, BBj, EKG, EOK, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SJS, StB, SvG, VS, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SvanJ, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1127) með fyrirsögninni:

Þál. um skipun nefndar um kaup eða leigu skólabáts.

Veiðiþol beitukóngs, frh. síðari umr.

Þáltill. ÖS o.fl., 343. mál. — Þskj. 615, nál. 1048.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:01]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, BBj, EKG, EOK, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvG, VS, ÖJ, ÖS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1128).

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 670, nál. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:02]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1078 samþ. með 40 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
8.–18. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frh. 2. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 767, nál. 1042, brtt. 1043.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:04]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1043,1 samþ. með 37 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
4.–6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1043,2 samþ. með 42 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1043,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Kirkjugarðar, greftrun og líkbrennsla, frh. 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 464. mál (horfnir menn). — Þskj. 781.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningar við Færeyjar og Grænland, frh. fyrri umr.

Þáltill. VE o.fl., 503. mál. — Þskj. 846.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv.
Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Reglur um ólaunuð leyfi starfsmanna ríkisins frá störfum, frh. fyrri umr.

Þáltill. RG o.fl., 518. mál. — Þskj. 867.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Læknalög, frh. 1. umr.

Frv. KF, 519. mál (samþykki sjúklings). — Þskj. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Innlend metangasframleiðsla, frh. fyrri umr.

Þáltill. KPál og ÓÖH, 520. mál. — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv.
Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. JóhS o.fl., 526. mál (tannviðgerðir). — Þskj. 878.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
28. dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 42 shlj. atkv. að að yrði tekið til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1105. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

[Fundarhlé. — 16:13]

[18:01]

Útbýting þingskjals:
Skipan prestakalla, 241. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1113.

Staða þjóðkirkjunnar, 2. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105.

[18:02]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 1030 um mál. nr. 301, frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk á sinn fund ýmsa gesti, Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Ásdísi Sigurjónsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti, Ólaf Skúlason biskup, Sigurjón Pétursson, Helga Hjálmsson, Eggert Hauksson og Auði Garðarsdóttur frá Samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum, Geir Waage, Ólöfu Ólafsdóttur, Braga Skúlason og Gunnar Sigurjónsson frá Prestafélagi Íslands og Þorbjörn Hlyn Árnason frá kirkjueignanefnd. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá fjölmörgum aðilum en það var m.a. sent til umsagnar til allra sóknarnefnda á landinu.

Þá óskaði allshn. eftir umsögn efh.- og viðskn. um 9., 28. og 36. gr. frumvarpsins, en þessi ákvæði snúa að skipun í starf biskups og presta. Komu nokkrar athugasemdir frá efh.- og viðskn. er leiðir af nýjum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og hafði allshn. það til hliðsjónar við gerð brtt. við þær greinar.

Frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar var lagt fram á 118. löggjafarþingi, en náði ekki fram að ganga. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar síðan frv. var síðast lagt fram. Það grundvallaratriði sem liggur að baki frv. er að þjóðkirkjan fái mun meira sjálfstæði á starfs- og stjórnunarsviði sínu en verið hefur. Frv. myndar ramma utan um starf þjóðkirkjunnar, en í því er að finna ákvæði um alla helstu þætti kirkjustarfsins, þar á meðal um stöðu og starfsemi embættismanna þjóðkirkjunnar, starfseiningar hennar og um ýmsa aðra þætti starfsemi hennar. Frv. felur í sér verulega breytingu á stjórn kirkjunnar og gert er ráð fyrir að draga úr lagasetningu á því sviði en fela kirkjuþingi í staðinn að setja starfsreglur um ýmsa þætti í starfsemi þjóðkirkjunnar. Er frv. að hluta til byggt á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan hafa gert um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Nefndin leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. Þá vill nefndin benda á varðandi skipan kenningarnefndar að eðlilegt verður að teljast að guðfræðideild Háskóla Íslands eigi fulltrúa í nefndinni.

Mælir nefndin með samþykkt frv. með nokkrum breytingum sem gerðar eru tillögur um á þingskjali 1031. Helstu breytingar sem nefndin leggur til eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði breytt í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar, þannig að kveðið verði á um að ríkisvaldinu beri að styðja og vernda þjóðkirkjuna en í frv. eru notuð orðin að styðja og styrkja. Þótti nefndarmönnum eðlilegt að samræmis milli stjórnarskrár og almennra laga væri gætt að þessu leyti.

2. Í öðru lagi er lagt til að 1. mgr. 11. gr. verði að sjálfstæðri grein, en þar segir að biskup Íslands hafi yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beiti sér fyrir lausn ágreiningsefna. Þykir réttara að mæla fyrir um þetta í sérákvæði, en ekki í því ákvæði þar sem fjallað er um úrskurðarnefnd.

3. Þá er lögð til breyting á 20. gr. þess efnis að þingforseti kirkjuþings verði ekki kjörinn til fjögurra ára í senn eins og kveðið er á um í frv. heldur verði kirkjuþingi falið að ákveða kjörtímabil hans.

4. Þá er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 23. gr. þar sem kveðið er á um að biskup Íslands sé forseti kirkjuráðs. Þykir óþarft að tvítaka ákvæðið, en í 10. gr., þar sem fjallað er um starfssvið biskups Íslands, er kveðið á um að hann sé forseti kirkjuráðs.

5. Einnig er lagt til að 2. mgr. 24. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að kirkjuráð kjósi sér varaforseta en biskupsritari sé ritari kirkjuráðs. Ekki þykir nauðsynlegt að kveða á um þetta í lögum, sérstaklega þar sem um rammalöggjöf er að ræða.

6. Lögð er til breyting á 28. gr. í samræmi við umsögn efh.- og viðskn. Gerir breytingartillagan ráð fyrir að biskup útnefni prófasta úr hópi presta, en orðalag frv. þess efnis að biskup skipaði prófasta til fimm ára í senn þótti villandi og ekki í samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

7. Þá er lögð til breyting við 30. gr. þess efnis að héraðsnefndarmenn verði kosnir til tveggja ára í senn í stað fjögurra eins og frv. gerir ráð fyrir.

8. Lagt er til að nýr málsliður bætist við 35. gr. um að ráðningartími héraðspresta skuli vera allt að þremur árum í senn. Er breyting þessi lögð fram til skýringar, í samræmi við ábendingar efh.- og viðskn.

9. Þá leggur nefndin til að 3. og 4. mgr. 37. gr. falli brott, en þar er kveðið á um skipun og störf stöðunefndar. Telur nefndin slíka stöðunefnd óþarfa og eðlilegra að kveðið sé á um þessi málefni í starfsreglum.

10. Lögð er til breyting við 38. gr. þannig að bætt verði við ákvæði um að kirkjuþing setji m.a. reglur um skilyrði til almennra kosninga.

11. Lögð er til breyting á 2. málsl. 39. gr. þar sem kveðið er á um veitingu embættis sóknarprests. Felur breytingin í sér að fallið verði frá að setja prest í eitt ár og skipa hann síðan ótímabundið. Þess í stað er lagt til að veita skuli embætti prests og sóknarprests til fimm ára í senn í samræmi við 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á þetta atriði er einmitt bent í umsögn frá efh.- og viðskn. Kveður breytingartillagan jafnframt á um það hvernig farið skuli með ef tillaga kemur fram í söfnuðinum um að embættið skuli auglýst laust til umsóknar. Er gert ráð fyrir því að slík tillaga sé afgreidd á safnaðarfundi og sé aðeins gild ef hún kemur fram a.m.k. átta mánuðum fyrir lok fimm ára skipunartímans. Er þar miðað við 2. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem kveðið er á um að embættismanni skuli tilkynnt eigi síðar en sex mánuðum áður en skipunartími hans rennur út hvort embættið verði auglýst laust til umsóknar. Er miðað við að ferli því, sem hér er lagt til, verði lokið á tveimur mánuðum þannig að hægt sé að tilkynna presti um hvort embættið verður auglýst eða ekki innan lögmælts frests. Skylt er að leita álits úrskurðarnefndar skv. 11. gr. með atbeina biskups Íslands áður en kjörmenn afgreiða tillögu um að embættið skuli auglýst. Ef meiri hluti kjörmanna kýs að embættið verði auglýst skal senda þá samþykkt biskupi Íslands sem leggur hana fyrir ráðherra til ákvörðunar. Leggur nefndin þessa breytingu til þar sem hún telur eðlilegt að sömu reglur eigi við um skipunartíma presta og annarra embættismanna, þó að embætti presta njóti óneitanlega nokkurrar sérstöðu, en reynt er að koma til móts við þau sjónarmið í síðari hluta ákvæðisins. Þessi breyting, ef samþykkt verður, á að sjálfsögðu einungis við um nýja presta sem verða þá skipaðir til fimm ára. Þá er rétt að taka fram að þeim er þá ekki gert að hætta sjálfkrafa eftir fimm ár, heldur framlengist skipunartíminn nema þeim sé tilkynnt með réttum fyrirvara um að þeir verði ekki skipaðir áfram.

12. Einnig er lögð til breyting á 3. mgr. 43. gr. í samræmi við athugasemdir efh.- og viðskn., en í þeim kom fram að orðalag ákvæðisins gæti valdið misskilningi. Er því lagt til að orðið ráðningarbréf sé notað í stað orðsins skipunarbréf.

13. Lagt er til að tilvísun í ákvæði laga um trúfélög, um skráningu óskírðra í þjóðkirkjuna, í 48. gr. falli brott.

14. Lagt er til að 53. gr. falli brott, en þar er kveðið á um að sóknarmönnum sé skylt að taka við kjöri í sóknarnefnd. Óeðlilegt þykir að slík skylda sé lögfest.

15. Lögð er til breyting á 54. gr. er miðar að því að skýra ákvæði frv. um umsjón og aðgang að kirkjum. Gerir breytingartillagan ráð fyrir að í stað þess að mæla fyrir um að sóknarprestur skuli ráða því hvernig afnotum af kirkju skuli háttað verði nánari ákvæði um afnot af kirkju mótuð á kirkjuþingi og sett í starfsreglur, en gæta verður þess að í kirkjum fari ekkert fram sem ekki samrýmist helgi þeirra og vígslu. Er tillagan borin fram þar sem nefndinni þykir rétt að tekið verði á þessum málum á kirkjuþingi.

16. Lagt er til að 57. gr. falli brott, en þar er fjallað um samstarfsnefndir sókna. Þykir nefninni óþarfi að festa slíkt samráð í lög.

17. Einnig er lögð til breyting á 58. og 59. gr. þannig að sömu reglur gildi um organista og aðra starfsmenn sókna, en að fallið verði frá þeirri sérreglu sem frv. gerir ráð fyrir að gildi um organista. Voru nefndarmenn sammála um að ekki væri eðlilegt að setja í lög ákveðnar kröfur um menntun fyrir organista.

18. Þá leggur nefndin til að bætt verði við frv. ákvæði um leikmannastefnu þess efnis að biskup Íslands boði til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda og önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði og kristileg félagasamtök. Gert er ráð fyrir að nánari reglur um leikmannastefnu verði settar í starfsreglur.

19. Loks eru lagðar til þrjár breytingar á 65. gr. Annars vegar er nauðsynlegt að fella brott ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um veitingu prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands og ákvæði b- og c-liðar 20. gr. laga um Kristnisjóð o.fl. þar sem þau samrýmast ekki ákvæðum frv. Hins vegar er lagt til að þeir lagabálkar sem taldir eru upp í 2. mgr. falli brott 31. desember 1998, en ekki verði miðað við að þau falli brott þegar kirkjuþing hefur sett starfsreglur. Ekki þykir eðlilegt að Alþingi framselji vald sitt til kirkjuþings með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir, auk

þess sem grundvallarreglan um að lög skuli birta væri þannig brotin.

Undir álitið skrifar Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Kristján Pálsson. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Ögmundur Jónasson og Guðný Guðbjörnsdóttir skrifa undir álitið með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að mæla fyrir nefndaráliti allshn., sem hún stendur öll að, og vona að þetta mál fái góðar viðtökur á hinu háa Alþingi.

[18:13]

Útbýting þingskjala:

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 28. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1106; brtt. minni hluta allshn., þskj. 1107.

Meðferð sjávarafurða, 476. mál, nál. sjútvn., þskj. 1112.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, 256. mál, brtt. KHG, þskj. 1111.

[18:14]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að flytja brtt. á þskj. 1064 við 20. gr. frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lýtur að skipan kirkjuþings. Eins og frv. ber með sér er lögð áhersla á að styrkja mjög verulega stöðu kirkjuþings frá því sem verið hefur og að kirkjuþing verði tvímælalaust æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þó innan lögmæltra marka, þ.e. þeirra marka sem væntanleg lög munu marka því að öðru leyti.

Mér þykir mjög brýnt í því samhengi til þess að auka enn frekar styrk og stöðu kirkjuþingsins og að þar verði viðraðar þær skoðanir og sjónarmið sem að gagni mættu koma innan kirkjunnar að tryggja að þar komi að tiltölulega góður og breiður hópur leikmanna og presta. Það hefur verið þannig og í frv. er gert ráð fyrir því að eingöngu 21 einstaklingur verði kjörinn á kirkjuþing, þar af 12 leikmenn og 9 prestar. Ég er út af fyrir sig sáttur við það hlutfall milli leikmanna og presta en finnst raunar satt að segja, eins og ég gerði grein fyrir við 1. umr. málsins, að þar sé um allt of fámennan hóp að ræða og alls ekki nein trygging fyrir því að breið flóra sjónarmiða geti leikið um þetta þing og að skynsamleg og nauðsynleg skoðanaskipti geti þar átt sér stað. Ég held að það þurfi út af fyrir sig ekki annað en vísa til þess sem maður sér gjarnan á sjónvarpsmyndum þegar kirkjuþing kemur saman og þar sitja örfáir einstaklingar og ráða ráðum sínum um hin stóru mál kirkjunnar. Það segir raunar alla þessa sögu Ég vil ganga miklum mun lengra, hef þó farið tiltölulega hófstillta leið með þessari tillögu minni og geri ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur tillögu um að þessi tala verði þreföld, hlutföll öll að öðru leyti verði óbreytt þannig að um verði að ræða þing í þess orðs fyllstu merkingu en ekki fund sem samkunda 21 manns er í raun og sanni. Ég held að það mundi auka enn frekar vægi og þyngd kirkjuþingsins að almennar umræður mættu þar fara fram og kirkjuþing væri í hugum kirkjunnar manna það sem frv. gerir raunar ráð fyrir.

Einhvers staðar hefur því verið hvíslað að mér að vankantar á þessari tillögu væru m.a. þeir að hugsanlega væri kostnaður of mikill við þinghald af þessum toga. Nú kann ég ekkert um það að segja og veit út af fyrir sig ekkert um hvernig kirkjan hefur farið með þau mál, hvort kirkjuþingin séu rekin eitthvað svipað því sem gerist á búnaðarþingum eða öðrum sambærilegum stofnunum þar sem kostnaður hefur sannarlega verið óheyrilegur. Ég gef satt að segja lítið sem ekkert fyrir þau rök og tel einsýnt að unnt sé að halda úti kirkjuþingi reglulega án þess að leggja út í verulegan kostnað og neita að trúa því og gangast við því að þeir sem kjörnir eru til þeirra trúnaðarstarfa á vegum kirkjunnar, hvort heldur eru leikmenn eða prestar, að fjárhagslegir hagsmunir fari þar saman. Ég vil því segja það strax hér og nú, virðulegi forseti, að mér finnst þessi rök engan veginn eiga hér við.

Meginkjarni málsins er sá að við viljum sjá kirkjuna ekki sem fámennisvald heldur að þar fái vindar að blása, þar fái raddir sem flestra að njóta sín og heyrast og einmitt á þessum vettvangi, á kirkjuþinginu sjálfu, er það mjög brýnt og nauðsynlegt. Ég vil trúa því þess vegna að hv. þingmenn hlýði á almenn rök í þessu samhengi. Mér finnst þau svo bersýnileg og gagnsæ að ég neita að trúa því að ekki verði skilningur á þeim viðhorfum sem birtast í þessari brtt.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg fleiri orð um hana. Ég vil hins vegar bara í örfáum orðum drepa á tvö atriði sem hér hefur borið á góma í breytingartilögum frá nefndinni og raunar við umfjöllun nefndarinnar. Þar er fyrst um að ræða 39. gr. sem lýtur að ráðningu presta. Mér þykir sú niðurstaða sem fengin er í breytingartillögum nefndarinnar vera þannig að ég get illa sætt mig við hana. Mér finnst hún hálfgert klúður. Þar er verið að reyna að fara þá leið sem mörkuð hefur verið í nýsettum lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en þó með einhverju viðhengi verið að reyna að undirstrika þá sérstöðu sem prestar sannarlega búa við í íslensku samfélagi og eiga að búa við.

Mér fannst satt að segja, eins og frv. var úr garði gert, nægilega tryggt að ef kjörmenn eða söfnuðirnir væru ósáttir við sinn prest hefðu þeir öll tök á því að koma honum frá. Það þurfti meiri hluta kjörmanna til og biskup gat síðan á grundvelli slíkrar samþykktar beitt sér í því máli. Mér fannst vel og tryggilega um þá hnúta búið eins og frv. var í sinni upphaflegu mynd. Mér finnst hallærisbragur og satt að segja slæmur bragur á þessari breytingartillögu sem frá nefndinni hefur komið.

Það er óþarfi að fara um það mörgum orðum að staða presta í þessu ljósi er allt önnur en gengur og gerist. Það er mikilvægt að presturinn njóti sérstöðu sinnar og þeirrar sérstöðu nýtur hann vegna þess að honum ber að vera í friði og sátt við sinn söfnuð. Það gerist einfaldlega af sjálfu sér að þeim presti sem ekki býr í friði og sátt við sinn söfnuð verður ekki vært. Það þarf enga sérstaka löggjöf um hámarksráðningartíma presta til þess arna. Með fimm ára reglunni er verið að skapa óvissu og óöryggi, ekki eingöngu hvað varðar stöðu prestsins sjálfs heldur ekki síður í söfnuðinum. Það þurfi að gera upp sakir, þótt með jákvæðum hætti sé kannski langoftast, á fimm ára fresti finnst mér ekki eiga við í þessu samhengi og varð satt að segja fyrir vonbrigðum að nefndin skyldi velja þessa leið.

Í annan stað þessu tengt hefði ég kannski talið eðlilegra að nefndin hefði íhugað það og skoðað hvort ekki hefði verið eðlilegt að setja hámarkstíma á skipun biskupsins. En ég sé að þau atriði hafa lítið verið reifuð og rædd í nefndinni. Það er spurning hvort ekki sé eðlilegt að ákveðinn hreyfanleiki sé í þeim efnum, að æðsti andlegi leiðtogi kirkjunnar dvelji ekki of lengi í þessu embætti. Nú eru biskupskosningar að fara í hönd og mér sýnist að þeir ágætu kandídatar sem þar hafa verið nefndir til sögu séu margir hverjir á þeim aldri að maður gæti átt von á því að þeir væru á stóli næstu 20 ár en mér finnst það of langur tími. Mér finnst að ákveðinn hreyfanleiki eigi að eiga sér stað og hefði kannski talið eðlilegra

að menn skoðuðu þann þáttinn með fimm eða átta ár eða hvað það nú er og þá yrði þar breyting á. Ég vildi koma því hér að við 2. umr.

Ég fagna því einnig sérstaklega að hér er undirstrikað mikilvægi þess að leikmenn komi í stórauknum mæli að málefnum kirkju og leikmannastefna er hér nefnd til sögu þó að hlutverk hennar sé kannski býsna óskilgreint og hefði betur mátt fara um það orðum, þá er hugmyndin góð og vonandi upphafið að einhverju enn þá meira. En umfram allt vil ég árétta þessa tillögu sem ég nefndi hér, virðulegi forseti. Ég tel hana mjög brýna og nauðsynlega í þeirri tilraun löggjafans að styrkja stöðu kirkjuþingsins, draga úr beinni þörf fyrir lagasetningu um innri mál kirkjunnar en það gerum við ekki nema við tryggjum rækilega að það sé breiður og fjölskipaður hópur leikmanna og presta sem kemur að málum, að þessu æðsta valdi í kirkjunnar málefnum. Það gerum við auðvitað ekki nema hafa þar fjölmennan hóp. 63 er ágæt tala. Hún er þekkt héðan úr þessu húsi. Það er alger tilviljun raunar að hún varð fyrir valinu. Einfaldlega var þrefölduð sú tala sem í frv. er en hún hefur gagnast sæmilega hér — ekki satt, og því ekki þá á kirkjuþingi?

[18:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um málið og tókst ágætissamkomulag í nefndinni um meginniðurstöðu frv. og formaður nefndarinnar hefur lagt sig fram um að ná fram breiðu samkomulagi. Þó að sum okkar hefðu viljað sjá einstök atriði með öðrum hætti en hér er lagt til held ég að frv. eins og það er úr garði gert nú sé vel ásættanlegt. Þess vegna ætla ég ekki að hafa mörg orð um það þó að málið sé vissulega mjög stórt og viðamikið.

Þar sem fyrst og fremst hafa skilið leiðir nokkurra nefndarmanna í þessu máli er afstaða og túlkun á því samkomulagi sem ríkið og þjóðkirkjan gerðu í janúarmánuði sl. sem ég ætla að fara um nokkrum orðum.

Eins og formaður nefndarinnar kynnti leggur allshn. til margar breytingartillögur við frv. og víðtækt samkomulag hefur náðst um það í nefndinni. Ég tel mjög mikilvægt að ná slíku samkomulagi og breytingartillögurnar bæti mjög þann lagaramma sem hér er lagður til um störf þjóðkirkjunnar og alla helstu þætti kirkjustarfsins. En það var ljóst í starfi nefndarinnar og kom fljótlega fram að verulegur ágreiningur var um margra meginþætti frv. milli stjórnar Prestafélagsins annars vegar og leikmanna og sóknarnefnda hins vegar sem satt best að segja kom verulega á óvart. Þetta mál eins og við þekkjum er búið að vera nokkur ár í undirbúningi og hefur verið fjallað um það þrisvar sinnum á kirkjuþingi. Þess vegna kom mjög á óvart sá ágreiningur sem var á milli þessara aðila um málið. Það kemur m.a. fram í umsögn sem kemur fram frá samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum og leikmannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju sem lagði til a.m.k. tvo tugi breytingartillagna ef ekki meira. Þar eru vinnubrögðin hvernig að þessu máli var staðið gagnrýnd. Vil ég vitna til þeirrar gagnrýni, með leyfi forseta:

„Starfshópurinn bendir á að við undirbúning frv. störfuðu tvær nefndir. Sú fyrri var skipuð af kirkjuráði í janúnar 1993 og sú síðari skipuð af kirkjumrh. í janúar 1996. Í hvorugri þessara nefnda sátu fulltrúar þeirra sem sitja í sóknarnefndum og taka á þeim vettvangi mikilvægan þátt í starfi kirkjunnar í umboði safnaðarsystkina sinna þrátt fyrir málaleitan þar að lútandi, samanborið meðfylgjandi bréf leikmannaráðs hinnar íslensku þjóðkirkju til kirkjumrh., dags. 28. ágúst 1996.

Fyrir bragðið hafa sóknarnefndir og leikmenn átt þess lítinn sem engan kost að taka þátt í og fylgjast með lokagerð frv. og er nú skammtaður afar naumur tími til að hafa áhrif á efni þess. Fyrir þetta gagnrýnir starfshópurinn þá sem stóðu fyrir gerð frv.“

Einnig vekja þeir athygli á starfsreglunum sem setja á samkvæmt, að mig minnir, 60. gr. frv. Þeir vekja athygli á því að þar kemur fram að enginn fulltrúi úr sóknarnefnd eða leikmanna skipar þessa nefnd sem sagt er að vinni að samningu frv. til samþykkta kirkjuþings um starfsreglur fyrir íslensku þjóðkirkjuna. Það er í 60. gr. frv. Þar er verulega stórum þáttum þessa máls vísað í þessar starfsreglur sem nefndin á að undirbúa. Það er hægt að taka undir þá gagnrýni að sóknarnefnd eða leikmenn hafi ekki aðkomu að þeirri vinnu. Væri fróðlegt núna við 2. umr. málsins að hæstv. dómsmrh. skýri það af hverju sóknarnefndir eða leikmenn hafi ekki eðlilega aðkomu að þessu máli. Þessir aðilar, sóknarnefndir í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi og leikmannastefna hinnar íslensku þjóðkirkju, lögðu til ýmsar brtt. sem áttu tvímælalaust mikinn rétt á sér enda tók allshn. að verulegu leyti tillit til þeirra breytinga og ábendinga sem fram komu hjá þeim.

Ég nefndi það sérstaklega að þeir gagnrýndu að leikmannastefna eins og þeir sögðu hafi verið blásin út af skýringarlaust og þeir lögðu mikla áherslu á að bætt væri inn í frv. ákvæði um leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda og önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði og kristileg félagasamtök, hvernig afnotum af kirkjunni skuli háttað, sem ýmsar sóknarnefndir gerðu athugasemdir við, hvernig frv. var úr garði gert að því er þann þátt varðar sem og um æviráðningu presta sem frv. gerði ráð fyrir en allshn. leggur nú til breytingar á.

Ég skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara ásamt hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur m.a. varðandi samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslu presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, en eins og hv. þingmenn vita felur samkomulagið sem gert var í janúarmánuði sl. í sér að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða á að renna í ríkissjóð og í stað þess kemur í 2. gr. að íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Í 3. gr. er síðan fyrirkomulagið á greiðslum á launum presta úr ríkissjóði, skilgreint fyrir hve marga presta laun eru greidd og starfsmenn biskupsembættisins o.s.frv.

Síðan kemur 4. gr. samkomulagsins sem mikið hefur verið rædd í nefndinni en hún segir, með leyfi forseta: „Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.“

Það er eingöngu kveðið á um í þessu samkomulagi að hægt sé að endurskoða 3. gr. frv. sem fjallar hvað ríkissjóður greiðir laun fyrir marga presta og starfsmenn biskupsembættisins. Maður veltir fyrir sér af hverju ekki væri hægt að endurskoða allt þetta samkomulag að liðnum 15 árum,

af hverju var ekki kveðið á um það í samkomulaginu eins og maður hefði talið eðlilegt, en á því fengust mismunandi skýringar og raunverulega misjöfn túlkun á því hvað þetta samkomulag feli í sér eða hvert gildissvið þess er, annars vegar af hálfu kirkjunnar manna og hins vegar af hálfu fulltrúa dómsmrn. sem mættu á fund nefndarinnar.

Kirkjunnar menn sem komu á fund nefndarinnar segja að þetta samkomulag varðandi launagreiðslu presta feli í sér skuldbindingu af hálfu ríkisins um að greiða laun presta um aldur og ævi, um ókomna framtíð. Það er þeirra skilningur en fulltrúar dómsmrn. hafa lagt þann skilning í það að hægt sé að segja upp þessu samkomulagi.

Það er hægt að vitna í umsagnir sem komu fram um þetta, t.d. frá kirkjueignanefnd þjóðkirkjunnar þar sem fram kemur skilningur hennar á hvernig túlka beri þetta samkomulag, en þar segir:

„Það er skilningur kirkjueignanefndarinnar, að afhending kirkjujarðanna og mótsvarandi skuldbinding ríkisins varðandi launagreiðslur sé gjörningur er standa eigi um ókomna framtíð. Kirkjujarðirnar verða þannig hér eftir sem hingað til trygging fyrir prestlaunum."

Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju segja eftirfarandi um þetta:

„Telja samtökin að fyrirkomulag launagreiðslna á vegum þjóðkirkjunnar eigi að vera ríkinu óviðkomandi.

Gagnrýna samtökin harðlega hvernig staðið er að greiðslum fyrir kirkjujarðir og telja þau að samkomulag af því tagi sem hér um ræðir samrýmist á engan hátt eðilegum viðskiptaháttum, þar sem kaupverð eða matsverð jarðanna komi hvergi fram, engin föst fjárhæð komi fram sem kirkjunni beri að fá í sinn hlut fyrir að afhenda ríkinu kirkjujarðir.

Telja samtökin að um kaup af þessu tagi eigi að gilda almennar viðskiptareglur, að eðlilegt markaðsverð skuli greitt fyrir jarðirnar og á föstum skilgreindum afborgunum með eðlilegum markaðsvöxtum. Það er fásinna að mati samtakanna að ríkið skuli fyrir hönd íslensku þjóðarinnar gera samkomulag af þessu tagi, þar sem allar upphæðir eru óskilgreindar og í engum tengslum við raunverulegt verð hinna svokölluðu kirkjujarða. Telja samtökin að allar fjárhæðir sem þetta mál varðar eigi að koma fram í krónum en ekki stöðugildum."

Það kom sem sagt eins og ég sagði mjög skýrt fram af hálfu kirkjunnar manna að þeir telja að hér sé um varanlegar kvaðir að ræða. Þetta sé samkomulag sem á að gilda um ókomna tíð og telja það samningsrof ef þessu verði breytt og tala um að hinn margumtalaði höfustóll sem hafi myndast fyrir nokkrum áratugum síðan vakni upp óskertur kannski að 15 árum liðnum ef þinginu dettur í hug að breyta þessum fjárhagsskuldbindingum sem ríkið var að taka á sig. (Gripið fram í.) Og það er eins gott að vita hver hann er, segir hv. þm., og það er nákvæmlega það sem við leituðum mjög stíft eftir í nefndinni. Hvers virði eru þessar kirkjujarðir sem ríkið er núna að yfirtaka sem eru 400 talsins? Það var engin tilraun gerð til þess áður en málið var lagt fyrir þingið að fá mat á því hvaða verðmæti stæðu á bak við þessar kirkjujarðir og þegar eftir því var leitað m.a. við dómsmrn., þá höfðu þeir engin svör við því. Og þegar reynt er að nálgst þetta mál, t.d. ef skoðað er hvað ríkið hefur fengið hingað til fyrir þær jarðir sem seldar hafa verið, þá kemur ekki út há tala. Í fskj. með frv. frá fjmrn. kemur fram að fyrir 20 kirkjujarðir sem seldar voru á árinu 1984–1996 hafi fengist 71 millj. kr. eða um 3,5 millj. fyrir hverja jörð.

Nú veit ég að það er ákveðin einföldun á málinu ef tekið er þetta meðaltal, 3,5 millj., og margfaldað með þessum kirkjujörðum sem ríkið yfirtekur. Þá fær maður út 1,5 milljarða. En hver eru launin sem ríkisvaldið tekur á sig að greiða vegna prestanna? Það eru um 500 millj. á ári og í 15 ár er það þá um 7,5 milljarðar. Það er það eina sem má endurskoða samkvæmt þessum samningi, þ.e. hvort þá eigi að fjölga eða fækka þeim stöðugildum sem ríkisvaldið greiðir fyrir að því er varðar laun prestanna.

Ég held satt að segja, virðulegur forseti, ef ekki fást á því skýringar í þessari umræðu að þingið sé engu nær, viti raunverulega ekki hvaða skuldbindingar ríkisvaldið var að taka á sig með þessum samningi. Það er þess vegna sem við þrír þingmenn í hv. allshn. höfum flutt ákveðna brtt. við þetta frv. Hún felur í sér eftirfarandi og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heildarendurskoðun skal fara fram á öllum liðum samkomulags þess" — ekki bara þeim sem lúta að stöðugildum — „sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu 10. janúar 1997, um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, eigi síðar en að liðnum 15 árum frá undirritun þess enda hefur ríkið" — og það er það mikilvæga — „ekki fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum nema til þess tíma."

Það er náttúrlega alveg ljóst að það er varla hægt að meta þessar kirkjujarðir hærra heldur en 7,5 milljarða sem ríkið verður þá búið að greiða í laun á þessu 15 ára tímabili til prestanna. Samt segja þeir alveg skýlaust og það er þeirra túlkun að ef um samningsrof verður að ræða eins og þeir orða það, þá vakni upp höfuðstóllinn frá 1907. Hann verður endurkræfur allur höfuðstóllinn frá 1907 ef brjóta á þetta samkomulag. Þannig að ef þingið vill nú breyta fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju, segjum að 15 árum liðnum, hvar stendur ríkisvaldið þá gagnvart kirkjunni? Ef bæta á kirkjunnar mönnum það eitthvað, segjum vegna aðskilnaðar ríkis og kirkju, fjárhagslegan aðskilnað ríkis og kirkju, hvað á þá að bæta? Hversu mikið á að bæta? Hver er þessi höfuðstóll? Erum við að viðurkenna það sem prestarnir segja að hér sé um óskerðanlegan höfuðstól að ræða sem vakni þá upp óskertur að 15 árum liðnum ef breyta á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju? Ég held að menn séu að koma sér í eitthvert klandur sem verður erfitt að leysa úr. Það getur orðið erfitt að leysa úr einhverjum deilum sem upp kunna að rísa að 15 árum liðnum eða á einhverju tímabili í komandi framtíð ef þinginu dettur í hug að breyta fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju. Og ég held að við séum kannski með þessu að festa það skipulag sem við búum við í sessi um ansi langan tíma. Og þetta torveldi það.

Ég er nú ekki endilega talsmaður fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju þó að mér finnist það koma vel til skoðunar, en ég hygg að það torveldi mjög aðskilnað ríkis og kirkju, það samkomulag sem hér var verið að gera milli ríkisvaldsins og kirkjunnar.

Ég held, herra forseti, að ég hafi ekki fleiri orð um þetta mál en við sem stöndum að þessari brtt. töldum raunverulega ekki stætt á því að þingið afgreiddi þetta mál nema að reyna að koma fram þessari brtt. sem er þá túlkun þingsins á því samkomulagi sem gert var milli ríkisvaldsins og kirkjunnar sem kirkjunnar menn og framkvæmdarvaldið eru greinilega mjög ósammála um hvernig á að túlka.

[18:42]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Meginreglan í því frv. sem hér er til umræðu er sú að ákvörðunarvald í ytri málefnum þjóðkirkjunnar færist að mestu leyti frá Alþingi og ráðuneyti til kirkjuþings og biskupsembættisins. Frá 1931 þegar lög voru sett um kirkjuþing hefur þjóðkirkjan haft ákvörðunarvald í innri málum sínum, svo sem varðandi sálmabók, helgisiði, fermingu o.s.frv. þar ákvörðunarvald í ytri málum um skipan prestakalla og prófastsdæma, veitingu prestakalla og allt í þeim dúr var og er hingað til í höndum Alþingis og ráðuneytis. Nú verður sú breyting á að þetta ákvörðunvarvald í ytri málum á að færast til kirkjuþings sem fær það hlutverk að setja starfsreglur um þá þætti kirkjustarfseminnar sem hingað til hafa verið í höndum löggjafans auk þess auðvitað að setja reglur um innri mál kirkjunnar áfram.

Til stjórnunar í þjóðkirkjunni eru kallaðir bæði leikir og lærðir og það á við öll stig stjórnunar, ekki aðeins á kirkjuþingi. Kirkjan starfar í söfnuðum um land allt og þar fer hið raunverulega kirkjustarf fram. Það fer ekki fram á kirkjuþingi nema að svolitlum hluta og kirkjuþingið má ekki verða svo fjölmennt að það trufli starf kirkjunnar í söfnuðum. Það má ekki upptaka starfsmenn kirkjunnar, leika og lærða, við að vera að þrefa um stjórnunarmálin þannig að annað sem er brýnast, boðun fagnaðarerindisins, líði fyrir það. Presturinn er leiðtogi safnaðarins eða hirðir eins og það heitir á máli kirkjunnar. Hann starfar samkvæmt köllun og vígslubréfi að predikun og veitingu sakramenta kirkjunnar, uppfræðslu og sálgæslu. Söknarnefndin ber aftur ábyrgð á að starfinu séu sköpuð skilyrði, húsnæði sé fyrir hendi og fleira því tengt en boðun fagnaðarerindis, guðþjónusta, sakramentisþjónusta, trúfræðsla og sálgæsla í söfnuðum er allt saman á ábyrgð prestsins. En um leið hafa fleiri en presturinn í söfnuðinum hlutverk sem fela í sér boðun, kennslu og sálusorgun og bera ábyrgð sem slíkir. Prestur án samverkamanna í söfnuðinum er álíka vonlaus og söfnuður án prests.

Það athugist alveg sérstaklega að í þessum lögum og í kirkjurétti er presturinn ekki settur undir vald söknarnefndarinnar og söknarnefndin er ekki undirnefnd prestsins. Báðum aðilum er fengið mikið umboð og nú miklu meira umboð með auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar.

Þá er þess einnig að geta, herra forseti, að enginn söfnuður stendur einn heldur myndar þjóðkirkjan eina heild safnaða og er að sínu leyti grein á meiði hinnar alþjóðlegu kristnu kirkju.

Kirkjuþingið, svo að við víkjum að því, er fulltrúasamkunda safnaðanna í landinu. Það er skipað fulltrúum í ákveðnum hlutföllum milli presta og söknarnefndafólks eins og fram hefur hér komið. Hingað til hafa hlutföllin verið jöfn en samkvæmt frv. fá leikmenn nú meiri hluta. Ástæða þess var sú að fyrirhugað var að leggja niður leikmannastefnuna en margir hafa talið, bæði lærðir og leikir ef nota má það kirkjulega hugtak, að lítill árangur væri af starfi leikmannastefnu og væri eðlilegra að báðir aðilar, prestar og leikmenn, störfuðu saman á sameiginlegu þingi, kirkjuþingi, en leikmenn þar í meiri hluta.

Það er rétt að taka fram til skýringar að hugtakið „leikmaður" merkir á máli kirkjunnar hvern þann safnaðarmann sem hefur ekki hlotið kirkjulega vígslu. Þess misskilnings hefur gætt að það séu einungis þeir kirkjulegu starfsmenn sem vinna í kirkjunni aðrir en prestarnir. Þetta orð, leikmaður, er af grískum uppruna og er laikos á grískunni, ef ég man rétt, og merkir þann sem tilheyrir söfnuði guðs á jörð. Málefni leikmanna eins og fjalla á um á leikmannastefnu eru sem sagt málefni allrar þjóðarinnar annarra en presta, þ.e. allra sem eru skírðir og eru í þjóðkirkju Íslands.

Önnur breyting á skipan kirkjuþings er sú, sem hv. formaður allshn. gat einnig um, að biskup er ekki forseti kirkjuþings samkvæmt frv. heldur kemur kirkjuþing til með að kjósa forseta úr röðum leikmanna á kirkjuþinginu.

Herra forseti. Kirkjan er samfélag skírðra manna og mikilvægi þess er áréttað í 1. gr. þessa lagafrv. þar sem skírn í nafni heilagrar þrenningar er sett sem skilyrði fyrir þátttöku í henni. Uppbygging og skipulag kirkjunnar er vissulega mjög þýðingarmikið vegna þess að boðun fagnaðarerindisins sem er höfuðhlutverk og viðfangsefni kirkjunnar á svo mikið undir því. Kirkjan byggir á opinberuninni Jesú Kristi sem er hjálpræðið fyrir alla sköpuninna. Ef ekki væri sá kjarni fagnaðarerindisins sem verið væri að boða og kirkjan samanstæði af væri heldur ekkert með kirkju að gera. Það er Kristur og hann krossfestur og upprisinn sem gefur kirkjunni líf og er ástæða þess að ástæða er til að hafa kirkju. Ytri umgjörð kirkjunnar þarf að taka mið af þessu og vera í samræmi við fagnaðarerindið. En kirkjuskipanin, kirkjulögin, eiga að vera verkfæri fyrir fagnaðarboðskapinn og það er þannig sem heyra saman trúarjátning og kirkjuréttur.

Herra forseti. Trúverðugleiki kirkjunnar byggist á því hversu vel tekst að koma boðskap Krists um kærleika, miskunn og fyrirgefningu til skila í starfi og allri tilveru kirkjunnar. Trú kirkjunnar, trúarjátningar og kenning hljóta því að móta hina ytri umgjörð og það er þetta sem er viðfangsefnið við lagasetningu um þjóðkirkjuna. Á breytingaskeiði eins og nú stendur yfir kenna margir óróleika, jafnvel kvíða ásamt þó með eftirvæntingu, þegar stofnun sem á mikla sögu og hefðir er í deiglu endurnýjunar og endurnýjungar en þannig er raunar öll saga kirkjunnar. Þegar ekki á sér stað endurnýjun er hætta á kyrrstöðu. Þegar ekki var trúar- og guðfræðiumræða í veröldinni voru fordómarnir verstir. Kirkjan er lifandi hreyfing. Eins og allt sem lifir breytist hún hið ytra þótt andinn sé sá sami, þótt Kristur og boðskapurinn sé hinn sami um allar aldir.

Herra forseti. Ég vil víkja aðeins að lýðræðinu í kirkjunni. Kirkjan er samfélag skírðra manna og þar eru allir jafnir. Meðal skírðra manna er enginn mismunur og engin mismunun. Páll postuli orðar það svo að í kirkjunni megi ekki vera nein aðgreining milli gyðinga og Grikkja, þræla eða frjálsra, karla eða kvenna heldur séu allir lærisveinar Krists eitt í honum sem var ekki í samtíðinni á þeirri tíð heldur var rík aðgreining milli stétta og kynja. Þetta áréttaði Lúther sterklega um sína daga með kenningu sinni um hinn almenna prestsdóm, en sú kenning byggist á Nýja testamentinu eins og þingheimi er kunnugt.

Herra forseti. Samkvæmt kristniboðsskipun Krists er hver einstakur skírður einstaklingur ábyrgur fyrir trú kirkjunnar, boðun hennar og kenningu. Allir skírðir eru ábyrgir, hvort sem þeir eru vígðir eða óvígðir, og fara sameiginlega með ábyrgðina á því að kirkjan sinni sínu mikilvæga og háleita hlutverki. Kirkjan er söfnuður, samfélag í Kristi á máli Biblíunnar. Hún er hvort tveggja í senn prestakirkja og safnaðarkirkja, þjónusta og umboð presta, prófasta og biskupa er vissulega mikið í kirkjunni en almenna ábyrgðin sem byggist á skírninni og er allra þjóðkirkju manna ræður miklu um hvort kirkjan er og verður raunveruleg þjóðkirkja. Þessi sameiginlega ábyrgð er fyrir hendi í kirkjunni, sameiginleg

ábyrgð presta og leikmanna allt frá frumkirkjunni þannig að hefðin er ekki ný.

Herra forseti. Köllunarhlutverkið er eitt af því miðlæga í lútersk-evangelískri kirkju. Hver einstaklingur er kallaður til þjónustu við náungann, hver maður er kallaður til að bera trúnni vitni. Áhrif kristinnar trúar og lífsgilda velta á því að gildin séu allra og hluti af lífi fólksins í þjóðfélagsumræðunni, á vinnustöðunum, í frítímanum o.s.frv. Það er ekki aðeins vegna þátttöku presta og sóknarnefnda heldur þátttöku allra jafnt að þjóðkirkja er þjóðkirkja sem stendur undir nafni, að hún er farvegur fyrir réttlæti, miskunn og kærleika um allt samfélagið. Þetta er kirkjunni ætlað að vera og ef hún ekki sinnir því þá er hún ekki neitt. Þetta verða bæði prestar og leikmenn í kirkjulegu starfi að þekkja í þaula. Báðir eru að þjóna og bera ábyrgð og því er samstarf í kristnum anda frumskilyrði og grundvallaratriði. Þjóðkirkjan er og verður öllum opin, þeim leitandi og efandi ekkert síður en hinum trúarvissu. Hún er og verður samfélag allra jafnt, rúmar alla hvar sem þeir eru staddir á vegi trúar, karla og konur, fólk af ólíkum uppruna með ólíkan menningarlegan og félagslegan bakgrunn. Hún er öllum opin og fyrir alla.

Herra forseti. Ég vil víkja lítillega að eignarmálum kirkjunnar og því sem hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar í allshn. hafa gert fyrirvara um þó vissulega hafi nefndin náð ágætri niðurstöðu og samstöðu í flestu því sem hún hefur unnið og sérstaklega vil ég taka fram í þessum kirkjulegu frumvörpum. Þess er að geta að í upphafi kristni á Íslandi voru allar kirkjur einkakirkjur. Höfðinginn, kirkjubóndinn, átti þær eins og hverja aðra eign. Biskup vígði þá fyrst kirkju að kirkjueigandi hefði tryggt henni fjármuni til viðhalds. Svo þekkjum við það þegar tíundarlögin voru tekin upp 1096. Reyndar var sérkennileg fyrirmynd af þeim frá Frakklandi á dögum Karlamagnúsar en það er önnur saga. En tíundin var fjórskipt í þá daga.

Fyrsta hlutann átti kirkjan að fá en höfðinginn átti kirkjuna og því rann sá hluti í vasa höfðingjans. Preststíundin var önnur og átti að launa prestana af þeim hluta tíundarinnar. Ef ég man nokkurn veginn rétt úr Grásgás þá segir svo um kirkjupresta og ég bið afsökunar á málfærinu en það er svona skráð í Grágás:

„Rétt er manni að láta læra prestling til kirkju sinnar. Skal hann gera máldaga við sveininn ef hann er 16 vetra en við foreldra hans ef hann er yngri. Sá máldagi skal allur haldast er í öndverðu er gjörður. Ef prestur flýr kirkju," nú taki hv. þingheimureftir, „ef prestur flýr kirkju þá sem hann er tillærður varðar skóggang að eiga við hann nokkur mök eða þiggja af honum þjónustu og skal reka mál hans fyrir fimmtardómi á Alþingi sem annarra mansmanna."

Lengra verður ekki komist, herra forseti, í æviráðningu. En þeir voru eins og eign höfðingjans, rétt eins og kirkjan, þeir drengir sem margir undir 16 ára aldri voru teknir og settir til að læra til prests og þjóna síðan kirkjunni, en þeir áttu náttúrlega ekki preststíundarhlutann heldur höfðinginn sem hélt þá ánauðuga og æviráðna.

Þá er þriðji hluti fátækratíundarinnar. Henni réðu líka höfðingjar eins og okkur er kunnugt. Deilur Guðmundar Arasonar góða og Kolbeins Tumasonar og fleiri höfðingja snerust einmitt um innheimtu þessa hluta tíundarinnar. Þegar Guðmundur góði Hólabiskup fór um, eins og skáldið Davíð Stefánsson segir, með hungraðan skrílinn á hælum, stórt hundrað af pútum og þrælum, þá var hann með fátækt fólk á ferð að innheimta tíundina. Hann var ekki að setjast upp til að éta höfðingjana út á gaddinn heldur notaði hann þessa einu mögulegu aðferð til þess að fátæklingarnir fengju í sig, að fara og innheimta þennan hluta tíundarinnar hjá höfðingjunum, enda hélst honum þetta ekki uppi mjög lengi og hann var nánast í stofufangelsi síðustu tvo áratugi ævi sinnar.

Þessir þrír fjórðungar tíundar lentu hjá höfðingjunum að verulegu leyti en þeir urðu að vísu að skila biskupstíundinni til að kosta biskupsembættin og prestaskólana og gætum þess að af þessum hluta tíundarinnar urðu staðirnir í Skálholti og Hólum veglegastir allra bæja á Íslandi. Þá sjáum við, herra forseti, hversu mikið fé hefur verið þarna milli handa höfðingjanna.

Um 1150 fer höfðingjum að svíða mjög hversu miklum biskupstíundum þeir urðu að skila og tóku því upp það ráð að gefa verulegan hluta eigna sinna til kirkna sem þeir áttu. Þetta er mikilvægt atriði í sögunni og ég bið þess að hv. þingheimur taki eftir því. Þannig áttu þeir höfðingjarnir engar eignir sem þeir þyrftu að greiða tíund af en hirtu hins vegar arðinn í nafni kirkjunnar og vörðu honum eins og þeir sjálfir vildu. Höfðingjarnir settu staðina og tiltóku hvaða eignir þeir lögðu til kirkjunnar í jörðum og lausafé og þar með taldist kirkjan eiga þessa fjármuni en þeir höfðu þann skilmála að þeir og þeirra erfingjar skyldu ævinlega halda og varðveita þetta kirkjufé.

Þessi yfirráðaréttur erfðist með sama hætti og önnur eign. Um þetta snerust staðamálin, þ.e. um yfirráðin yfir þessum eignum, hvort þær væru kirkjueignir eða eignir höfðingjanna. Þá er það eins og við sem undirbjuggum framlagningu frv. á síðustu stigum þess heyrðum sífellt hjá einum nefndarmanna sem er manna fróðastur og presta fróðastur um þessa sögu, séra Geir Waage, að það var í Ögvaldsnesi í Noregi sem Árni Skálholtsbiskup og Eiríkur Magnússon, kallaður Eiríkur prestahatari, gerðu lyktir á staðamálum 1297. Síðan réðu prestar í umboði biskupa þeim kirkjueignum sem voru að hálfu eða meiru í eigu kirkjunnar, en höfðingjar þeim sem þeir áttu meiri hlutann í.

Á 14. öld festist svo þessi prestakallaskipan sem enn stendur að stofni til utan um þessar eignir. Þessi sjálfstæðu kirkjulén kostuðu ... Herra forseti. Ég hef aldrei predikað þannig að ég hafi þurft að hasta á söfnuðinn. En þetta eru brýn mál sem ég vildi sannleikans vegna koma á framfæri og vildi gjarnan að menn fylgdust með því, ekki síst ef hv. þingmenn ætla að taka þátt í þessari umræðu, og vissu af því að eignirnar sem taldar eru kirkjueignir hafa frá öndverðu verið í págu þjónustunnar og eign safnaðanna, eign prestakallanna sjálfra. Það er mikilvægt að hafa í huga. Þær eru stofnfé prestakallanna og lénskirknanna. Á þessu varð engin breyting með siðbót. Prestakallaskipan og sóknaskipan stóð lítið röskuð áfram. Þannig hefur þessi eign aldrei tilheyrt neinni sérstakri kirkjudeild heldur alltaf verið sjálfstæð eign prestakallanna sjálfra í landinu. Þetta er afar mikilvægur punktur vegna þess að menn hafa minnst á það í umræðunni, bæði úti í þjóðfélaginu í okkar ágætu hv. allshn., að hugsanlega ætti kaþólska kirkjan einhvern rétt til þess að sækja í þessar eignir. Þær hafa alltaf verið eign prestakallanna, sóknanna í landinu, og það er afar mikilvægt að halda því til haga.

Síðan gerist það um síðustu aldamót að sett voru lög um umsjón og fjárhald kirkna. Sóknarnefndum var falið að taka við lénskirkjunum úr höndum prestanna án þess að tekjustofnarnir væru látnir fylgja úr hinu forna jarðeignasafni. Þess í stað voru tekin upp sóknargjöld. Hinum fornu jarðeignasöfnum var hins vegar ætlað að framfæra prestana.

Lögin nr. 46/1907 breyta í raun og veru engu um þetta. Kirkjujarðirnar aðrar en prestssetrin sjálf voru teknar undan prestaköllunum til að selja þær eða leigja ábúendum en leigurnar og andvirðið rann í prestlaunasjóð þar sem hvert prestakall átti sína sérstöku deild og rentan skyldi ævinlega standa undir launum prestanna.

Herra forseti. Þegar sú breyting varð upp úr aldamótunum að kirkjurnar voru afhentar sóknarnefndum en sóknarnefndir ófærar um að vera vörslumenn eignanna voru sett lög sem kveða á um að hvorki sóknarnefndir né sveitarstjórnir heldur ríkisvaldið fari með vörslu þessara eigna. Þetta eru lög frá Alþingi. Þá er gerður samningur um að ríkið launi prestana af þessum höfuðstól. Það er eins og með hvern annan höfuðstól sem er lagður inn að af honum eru vextir og við skulum segja að að núvirði sé 8–10 milljarðar, svo við tökum dæmi. Hvað eru þá miklir vextir á ári? Er starf kirkjunnar þá þannig að það éti upp á innan við 15 árum, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan, allan höfuðstólinn? Öðru nær. Kirkjan nýtur arðs af eignum sínum sem ríkið tók við samkvæmt þeim samningi sem ríkið og Alþingi átti stærstan hlut í að gerður var. Ástæðan fyrir því var sú að það þurfti að fara að byggja upp samkvæmt nýjum tíma í sveitum landsins og þá var nauðsynlegt að bændur væru ekki leiguliðar heldur ættu sjálfir sínar jarðir. Þá mundu þeir gera jörðunum meira til góða en annars væri.

Þetta var forsendan fyrir því að lögin voru sett 1907 og þetta er líka mikilvægt atriði. Það var ekki kirkjan sem bað um þetta heldur var þetta ákveðið af hinu háa Alþingi í þágu uppbyggingar landbúnaðar á Íslandi.

Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson minntist á að það þyrfti að auka styrk og stöðu kirkjuþings. Það fengi það mikil völd. Það er vissulega rétt og ég skil hans sjónarmið, en ég hygg nú samt að talan 21 sé heppilegri en 63 af ástæðum sem ég greindi lítillega frá áðan og er vissulega tilbúinn að rökstyðja frekar, bæði með því að kostnaður verður margfaldur af þinghaldinu og eins hitt að það tefur presta og leikmenn í safnaðarstarfi frá raunverulegu kirkjulegu starfi í söfnuðum landsins.

Hv. þm. nefndi einnig að það væri nægjanlega tryggt með úrskurðarnefnd að prestur sem ekki getur haldið frið við söfnuð sinn víki þannig að ekki þurfi þess vegna að taka upp fimm ára ráðningu presta. Þessu er ég algerlega sammála. Það er ekki nauðsynlegt að hafa þessa fimm ára ráðningu af þeim ástæðum. Ég tel mig vita með allmikilli vissu að hv. Alþingi er ekki tilbúið að fallast á æviráðningu presta og gott og vel. Alþingi setur lögin og við tökum þátt í þeirri lagagerð. Fimm ára reglan er ekki sett til að auka á hreyfanleika, að prestar flytji sig oftar milli safnaða en þeir gera, heldur er ástæðan sú, eftir því sem ég skil best, að þingið vilji tryggja að samkomulag geti verið upp á það besta með prestum og söfnuðum. Ef svo væri ekki, þá væru tiltæk ráð til þess að skilja þar á milli og einfaldara er að presturinn flytji sig um set en flytja söfnuðinn frá prestinum svo að ég orði þetta í hálfgerðum hálfkæringi.

Hitt er annað mál, talandi um það að biskupsembættinu og setu í biskupsembætti yrðu sett tímamörk, þá hygg ég það ekki vera skynsamlegt. Þetta kom einnig fram í máli hv. þm. Guðmundar Árna Stefánssonar. Ég bendi á það að á þessari öld hafa aðeins tveir biskupar setið lengur en 15 ár, Jón Helgason og Sigurbjörn Einarsson. Hvorugur þeirra var of lengi í embætti að mati þjóðarinnar á þeirra tíð.

Það má fara aftar í söguna og rekja. Guðbrandur Þorláksson Hólabiskup hefur setið biskupa lengst, 56 ár á biskupsstóli. Hann var heldur enginn aukvisi og veitti ekkert af þessum tíma til þess að koma sínum stórvirkjum í framkvæmd fyrir þjóð og trú.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir talaði um að ágreiningur milli leikmanna og presta, milli stjórnar Prestafélags Íslands og samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum hefði verið verulegur. Ég varð var við það í umræðu í hv. allshn. að báðir þessir aðilar töldu afar mikilvægt að sá umbúnaður væri við þessa rammalöggjöf að engin hætta yrði á því að prestar og söfnuðir gætu ekki starfað í friði. Það var beggja markmið og mikilvægt að sinna því háleita hlutverki í sameiningu í samstarfi með sameiginlegri ábyrgð sem kirkjan stendur fyrir. Ég sá því ekki slíkt. Hins er að geta að samtök sóknarnefnda á suðvesturhorninu eru seint til komin og tóku af þeim ástæðum ekki þátt í þeirri vinnu sem átti sér stað á undanförnum árum, á kirkjuþingi tvisvar eða þrisvar, á leikmannastefnu einnig tvisvar eða þrisvar, í söfnuðum landsins, á héraðsfundum, í prófastsdæmum landsins og þannig mætti lengur og lengur telja, að mjög margir komu að þessari lagasmíð á fyrri stigum og vissulega skilaði það sér áfram.

Herra forseti. Ég fer að láta lokið mínu máli. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir taldi að jarðirnar sem kirkjan hefði átt stæðu ekki undir stórum fjárhæðum í dag. Sumar þeirra eru langtum verðmætari, aðrar auðvitað minna og lítils virði. Þá er þess að geta líka að þær hafa sumar og jafnvel margar verið seldar langt undir kostnaðarverði. En allt slíkt er vissulega hægt að taka upp og reikna en það firrir kirkju og Alþingi þess að reikna, meta og endurmeta þessar fjárhæðir að láta þann samning taka gildi sem að bestu manna yfirsýn af hálfu ríkis og kirkju hafa gert og ég er tiltölulega sáttur við niðurstöðu þeirra.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:11]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það er efalaust að mikilvægi kirkjunnar verður ekki ofmetið og fer það saman við mikilvægi þess hlutverks sem hún hefur um aldir gegnt með þjóðinni. Af þessum orsökum er mikilvægara en við kunnum að lýsa að vel takist um mótun þess grundvallar sem henni verður nú ætlað að byggja starf sitt á væntanlega um langa framtíð.

Við verðum að geta þess, sem vissulega hefur verið nefnt öðrum þræði í umræðunni, að þetta frv. sem væntanlega verður að lögum frá þessu þingi er niðurstaða ítarlegrar umfjöllunar sem farið hefur fram og staðið nær óslitið á vettvangi kirkjunnar, þ.e. með þátttöku bæði prestvígðra og leikra, um nærfellt fimm ára skeið. Hins vegar verður líka að geta þess að þó svo einhverjir leikmenn eða lærðir hafi komið að umræðunni á síðustu missirum hennar er samt sem áður eðlilegt að þeir fái að leggja fram sínar skoðanir í ljósi þeirrar reynslu sem þeir þegar hafa þó að hennar kunni að vera aflað á skömmum tíma.

Meginefni þeirrar niðurstöðu sem orðið hefur er ný skilgreining á stjórnskipulegu sambandi ríkis og kirkju. Sú breyting mun leiða til aukins sjálfstæðis kirkjunnar og sjálfræðis um innri mál meira en nokkru sinni fyrr og við umfjöllun um viðfangsefni í starfi kirkjunnar og safnaða sem hér eftir munu eiga sér stað nánast eingöngu innan veggja kirkjunnar, þ.e. á vettvangi hennar, hvort heldur er í söfnuðum eða samtökum, svo sem kirkjuþingi, kirkjuráði, leikmannastefnu

eða prestastefnu. Ég fyrir mitt leyti fagna mjög valdreifingu af þessu tagi og er þeirrar skoðunar og óska þess fyrir okkar þjóðkirkju að sú breyting, það vald sem til hennar er flutt um eigin málefni, verði henni til styrktar. Takist það þá er vel fyrir íslenska þjóð.

Þær breytingar sem meiri hluti allshn. hefur lagt fram eru að mínu viti til þess fallnar að bæta frv. og koma til móts við athugasemdir og álit sem birst hafa allshn. í athugun hennar, bæði frá leikum og lærðum. Hins vegar verð ég að segja þá skoðun mína á þeim brtt. sem fluttar hafa verið af öðrum hv. þm. og hafa verið lagðar fram í umræðunni að þær eru þess efnis að ég get ekki tekið undir þær.

Hin fyrri fjallar um að skapa fjölmennt kirkjuþing og verð ég að segja að ég tel ekki efni né ástæðu til og alls ekki rök að það geti ekki kallast þing sem er fámennara en Alþingi. Hvort ráðstefna eða fundur telst almennur fundur eða þing fer að sjálfsögðu eftir verkefnum þess en ekki eingöngu fjölmenni eða fámenni.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég segja um brtt. á þskj. 1105 að ég er sammála hv. þm. Hjálmari Jónssyni um forsendur og grundvöll þeirrar skipanar sem hefur orðið um kirkjujarðir og um launagreiðslur til presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Ég tel raunar, líkt og hann, að ástæður þessa máls séu svo langt aftur í fortíðinni að við værum að mismuna kirkjunni, söfnuðum landsins og sóknum ef við tækjum upp grundvallarbreytingu á þessu. Ég tel, líkt og séra Hjálmar, vera þarna fjárhagslegan grundvöll fyrir kirkjustarfi um landið allt, ekki einasta kirkjunnar sem heild heldur hvers safnaðar.

Hitt verð ég að segja, herra forseti, að komið hefur fram við umfjöllun okkar í hv. allshn. og raunar víðar þar sem þetta mál hefur verið til umræðu að smávægilegur ágreiningur birtist í máli presta og leikmanna. Mér persónulega finnst það mjög miður og vænti þess að með því að þetta frv. verði að lögum muni það leiða til þess að þeir verði samtaka betur en nú hefur orðið. Ég nefni þetta vegna þess að við okkur hv. þm. hefur verið sagt úr hvorum hópi um hinn að þar hafi sjónarmiðum verið haldið fram sem ekki eigi við um kirkjuna í heild eða jafnvel um viðkomandi söfnuði.

Mér finnst vegna þessa rétt að nefna að ég tel mikla nauðsyn að í hverjum söfnuði fari starfið, sem að sjálfsögðu er undir forustu þjónandi presta, fram með þeim hætti að þar ríki samstarf til að mynda um yfirráð yfir kirkjunni sem slíkri og um ákvarðanir um hvað þar megi eða geti farið fram. Ég tel mikilvægt að bæði prestar og leikmenn nái sameiginlegri afstöðu til þess hver skuli vera staða og áhrif leikmanna innan kirkju og innan safnaða og ég tel miklu skipta að báðir séu þess fullvissir, sem ég tel við eiga, að hvorugur hafi húsbóndavald yfir hinum. En fyrir mér hefur umræðan birst sem svo að sumir vilji að húsbóndavald liggi í annars hvors hendi. Ég tel það ekki eiga við og ég vil segja þá skoðun mína skýrt og skorinort.

Varðandi hina fjárhagslegu undirstöðu prestsstarfanna vil ég taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að vegna þess hlutverks og köllunar sem prestar hafa um boðun fagnaðarerindisins og þjónustu við sóknarbörn er nauðsynlegt að þeir séu sem mest óháðir. Og þó svo að tímabundin embættisveiting geti af einhverjum verið talin brjóta í bága við þetta, þá verð ég að viðurkenna að meðan prestar og kirkjan telja að það sé nauðsyn að prestar séu embættismenn ríkisins, þá hljóti sambærilegar reglur að gilda um embætti þeirra og um önnur embætti ríkisins. Ég tel alls ekki skynsamlegt að ætla að það muni leiða til þess að tryggð presta og tryggð sóknarbarna bresti fremur en áður hefur orðið.

Hins vegar vil ég láta í ljós þá skoðun mína, sem á þó ekki upp á pallborðið í þessari umræðu að ég tel koma til álita, þótt síðar verði, að metið verði hvort prestar geti orðið embættismenn kirkjunnar og þá geti gilt um þau embætti aðrar reglur en gilda um embættismenn ríkisins. Ég viðurkenni að til þess að svo geti orðið þarf kirkjan sennilega að verða enn sjálfstæðari en ráðgert er í þessu frv. Ég hef líka grun um að ráð sé fyrir því gert til að mynda með þeim ákvæðum í frv. sem segja að kirkjuþing muni sjálft ákveða starfsreglur um fjölmörg atriði sem nú eða til þessa hafa ýmist verið í lögum eða reglugerðum útgefnum af dómsmrh., að kirkjan taki sjálf æ meir ábyrgð á sínum eigin málum.

Ég vil að lokum, herra forseti, nefna aftur að ég tel það mikilvægt að nú takist svo til um málalok að innan kirkju og safnaða ríki sátt og sáttfýsi því eingöngu þannig verður prestur óháður af skoðunum eða viðbrögðum sóknarbarna og þau óháð af boðun og þjónustu hans og þannig verði kirkjan opin öllum sóknarbörnum.

[19:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka fram að mjög vel hefur verið unnið að smíði þessa lagafrv. í allshn. Alþingis og þar hefur verið reynt að skapa sem breiðastan samkomulagsgrundvöll, enda varð niðurstaðan sú að allir nefndarmenn skrifa undir álit allshn. en þrír gera það engu að síður með fyrirvara. Ég er einn af þeim og ætla nú að gera grein fyrir ástæðu þess að ég skrifa undir álitið með fyrirvara.

Þess er fyrst að geta að meginatriði frv. er að með því er verið að færa vald yfir málefnum kirkjunnar til kirkjunnar sjálfrar. Þá mætti í sjálfu sér spyrja sem svo: Hvernig stendur þá á því að nefndin og þess vegna Alþingi fer ekki að vilja kirkjunnar í einu og öllu þannig að menn væru sjálfum sér samkvæmir að því leyti? Alþingi er að færa vald kirkjunnar til hennar sjálfrar. Hvers vegna tekur Alþingi ekki tillit til ábendinga og sjónarmiða frá kirkjunni og stofnunum hennar varðandi frv. í heild sinni? En í meðförum allshn. hafa verið gerðar breytingar á þeim tillögum sem komu frá kirkjunni og stofnunum hennar.

Til dæmis má þar nefna ráðningarmáta presta. Í tillögum kirkjunnar er gert ráð fyrir æviráðningu presta. Í tillögum frá allshn. er gert ráð fyrir því að prestar verði ráðnir til fimm ára en þá verði hægt að segja þeim upp störfum, með sérstökum aðferðum þó — ýmsir fyrirvarar á því. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég er andvígur fimm ára ráðningu almennt. Fimm ára ráðning hjá embættismönnum byggir á ákveðnum rökum og ákveðinni hugsun. Hún er sú að embættismenn eru, þegar á heildina er litið og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skoðuð þar sem embættismenn eru skilgreindir, yfirleitt stjórnendur stofnana. Hugsunin að baki fimm ára ráðningunni er sú að meiri hreyfing verði í stjórnunarliði hjá ríkinu en verið hefur. Menn verði hugsanlega og í ríkari mæli en verið hefur látnir víkja að fimm árum liðnum. Þetta er hugsunin á bak við fimm ára regluna.

Þetta er hins vegar ekki hugsunin varðandi prestana. Það er ekki verið að reyna að tryggja að það verði tíðari mannabreytingar innan kirkjunnar en verið hefur, heldur er þetta dæmigert fyrir ákveðna kerfismennsku. Við komumst ekki út úr þeim farvegi. Prestar hafa verið skilgreindir sem embættismenn og til þess að samræmi sé í hlutunum, þá skuli þeir einnig ráðnir til fimm ára eins og forstjórar og

forstöðumenn ríkisstofnana. Þetta held ég að sé skýringin á þessu. Þetta byggir ekki á neinum rökum öðrum en þessari tengingu við stjórnendur opinberra stofnana, að þeir verði skilgreindir sem embættismenn á sama hátt og prestar.

Mér finnst mikilvægt að tryggja starfsöryggi presta sem annarra starfsmanna. Ég held að starfsöryggi presta væri betur tryggt einfaldlega með því að þeim væri hægt að segja upp með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti eins og gerist almennt hjá starfsmönnum ríkisins og síðan væri það á hendi biskupsembættisins t.d. að fara með það vald. Ég held að með því að setja fallöxina upp á fimm ára fresti sé verið að skapa þessum starfsmönnum óþarfa óöryggi og vekja upp þá spurningu í söfnuðinum með reglulegu millibili, á fimm ára fresti, hvort menn séu nú örugglega ánægðir með prestinn sinn, hvort ekki þurfi að endurskoða ráðningu hans. Eins mótsagnakennt og það kann að hljóma þá held ég að gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur sem væri á vegum biskupsembættisins, væri meiri vörn fyrir prestinn en þessi fimm ára embættismannaráðning. Ég vil því lýsa andstöðu minni við þetta ákvæði frv.

Þá vil ég gera annað meginatriði þessa frv. að umtalsefni. Fyrra meginatriðið er að verið er að færa vald yfir málefni kirkjunnar til hennar sjálfrar, en hitt er náttúrlega stóra málið að með frv. er í reynd verið að aðskilja ríki og kirkju. Í reynd er verið að aðskilja ríki og kirkju að öllu leyti nema að forminu einu, það er verið að gera það. Að mörgu leyti er þetta mjög snöll leið sem þarna er farin í því efni. En hvers vegna segi ég þetta? Jú, vegna þess að hvað svo sem gerist um hin formlegu tengsl á milli ríkis og kirkju, þá er með frv. og með þessum lögum búið að tryggja fjárhagslegan grundvöll kirkjunnar um alla framtíð. Út á það gengur þetta frv. Og það er gert með 3. frumvarpsgreininni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 61. gr."

Hvað skyldi vera kveðið á um í 61. gr.? Þar er kveðið á um greiðslur til biskups og vígslubiskupa og tiltekins fjölda starfandi presta og prófasta auk nokkurra annarra starfsmanna kirkjunnar, 18 starfsmanna biskupsstofu og í greininni er sett ákveðin fólksfjölgunarvísitala. Það byggir á því að fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um tiltekinn fjölda, um 5.000 eins og þarna greinir, miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests við viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Grunnurinn er lagður þarna og síðan er kirkjan vísitölutryggð á þennan hátt. Fjölgi meðlimum þjóðkirkjunnar um tiltekinn fjölda þá verði prestum fjölgað.

Á hverju byggir þessi fjárhagslegi grunnur? Jú, hann byggir á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu með sér og gengið var frá 10. janúar 1997. Í 4. gr., af fimm greinum þess samkomulags, segir, með leyfi forseta:

„Aðildar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess," — ekki 4. gr. en öðrum þáttum, svo sem þessari vísitölubindingu sem ég vék að áðan en ekki þessari grein.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir vék nokkuð að þessu samkomulagi í ræðu sinni fyrr í dag og sagði að fram hefðu komið ýmsar og nokkuð skiptar skoðanir um þetta samkomulag, en kirkjunnar menn velkjast ekki í vafa um út á hvað það gengur. Í áliti sem frá kirkjunnar mönnum er komið segir m.a., með leyfi forseta:

„Launagreiðslur ríkisins byggjast á afhendingu kirkjujarðanna. Hér er um kaup kaups að ræða. Samkomulagið mun standa að óbreyttu, jafnvel þótt numin verði úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna og hún yrði þannig ekki lengur þjóðkirkja. Samkomulagið er þess vegna ekki háð stjórnarskrárákvæðinu um þjóðkirkju."

Síðar segir, með leyfi forseta: „Það er skoðun viðræðunefndar kirkjunnar að samkomulagið frá 10. janúar standi um langa hríð. Kjósi Alþingi að hrinda skuldbindingu ríkisvaldsins varðandi prestslaunin sem felst í samkomulaginu, þá væri grafið undan stjórnarskrárákvæðinu um vernd og stuðning við þjóðkirkju þannig að gjörvallt samband ríkis og kirkju væri í uppnámi. Viðræðunefndin vill þess vegna taka fram að ef framangreindar ástæður sköpuðust yrði að leggja af stað í nýjar kirkjueignaviðræður þar sem fyrrgreind rök um óskerðanlegan höfuðstól kirkjujarðanna sem sannanlega voru kirkjunnar og heyrðu undir kirkjuleg embætti árið 1907 yrðu sett í öndvegi. Þá væri af hálfu kirkjunnar hægt að setja fram kröfu um greiðslu á höfuðstólnum frá 1907."

Fleiri athugasemdir er að finna í þessari yfirlýsingu en ég ætla ekki að vitna nánar í hana en hér er komin skýringin á því hvers vegna við þrír þingmenn, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og ég, leggjum fram brtt. um ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Heildarendurskoðun skal fara fram á öllum liðum samkomulags þessa sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu 10. janúar 1997, um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar eigi síðar en að liðnum 15 árum frá undirritun þess, enda hefur ríkið ekki fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum nema til þess tíma."

Hér hef ég skýrt að við viljum setja þetta bráðabirgðaákvæði þannig að unnt verði að skoða þessi mál öll í heild sinni að 15 árum liðnum.

Mér finnst mjög mikilvægt að við afgreiðum þetta mál með augun opin, að menn geri sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Eins og fram kemur í tilvitnuðum yfirlýsingum frá kirkjunnar mönnum er í reynd verið að tryggja fjárhagslegan grundvöll kirkjunnar jafnvel þótt numin verði úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna, eins og sagði orðrétt í áður tilvitnuðum skrifum og þannig verið að aðskilja ríki og kirkju að innihaldi til en ekki að forminu til.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í upphafi að það hefur að mörgu leyti tekist mjög vel til um smíði þessa frv. Í öllu starfi allshn. hefur verið reynt að skapa sem breiðasta sátt um frv. Það hefur verið tekið tillit til sjónarmiða sem fram komu bæði utan þings og einnig innan nefndarinnar og er þar aftur komin skýringin á því að sá er hér talar setti nafn sitt undir álit allshn. þótt með fyrirvara væri.

[19:37]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir greinargóða ræðu og geta þess varðandi ráðningartíma hjá prestum að ég tel að ráðningarmálin séu ekki aðalatriði í frv. og ég hygg að við séum sömu skoðunar á því.

Ég hefði ekki viljað láta þetta mál, svo mikilvægt sem það er að flestra dómi, stöðvast á þessu ákvæði en ég hygg að mikill þingmeirihluti sé fyrir því að hafa fimm ára ráðningartíma og ýmsar ástæður gefnar fyrir því og ég reyndi raunar að rekja þær í minni ræðu.

Hins vegar er það að komi ekki upp óskir í söfnuðinum í síðasta lagi átta mánuðum fyrir lok skipunartímans hjá presti er litið svo á að hann sé endurráðinn til næstu fimm ára. Það þarf því ekki að vera nein sérstök endurskoðun nema eitthvað sé að, en þá er endurskoðunin auðvitað alltaf í gildi vegna þess að úrskurðarnefnd er að störfum og það er alltaf hægt að kvarta undan embættismanninum, söknarprestum eða hverjum sem hann er, ef hann ekki stendur sig og hægt að fara þá leið. Hún er miklu fljótvirkari en að bíða þangað til fimm ára skipunartímanum lýkur.

Varðandi það að standa skuli um langa framtíð samningur um eignarmál kirkjunnar, þá vil ég aðeins geta þess að það er ekkert óeðlilegt að aðilar geri með sér samning. Eignarréttur á Íslandi er stjórnarskrárvarinn.

[19:39]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara út í umræður um eignarrétt kirkjunnar hér, það er ekki hægt að gera í stuttum andsvarsandarteppustíl. Kirkjan hefur verið hluti af íslensku þjóðfélagi, hún hefur verið ein af meginstofnunum íslensks þjóðfélags og ég held að það sé verið að bjóða upp á mjög langa og mikla umræðu um þau efni þar sem ég vil hafa allan fyrirvara á. En ég ætla ekki að fara út í nánari umræður um þetta hér að öðru leyti en því að lýsa yfir fyllsta fyrirvara þegar komið er út í þá sálma.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 25.–29. *mál.*

Fundi slitið kl. 19:41.

---

120. FUNDUR

föstudaginn 9. maí,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 817, nál. 1075, brtt. 1080. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Hlutafélög, stjfrv., 504. mál, þskj. 1117. — 3. umr.
3. Einkahlutafélög, stjfrv., 505. mál, þskj. 1118. — 3. umr.
4. Samvinnufélög, stjfrv., 506. mál, þskj. 1119. — 3. umr.
5. Almenn hegningarlög, stjfrv., 258. mál, þskj. 1120. — 3. umr.
6. Vörumerki, stjfrv., 233. mál, þskj. 1121 (sbr. 338). — 3. umr.
7. Félagsþjónusta sveitarfélaga, stjfrv., 381. mál, þskj. 1129. — 3. umr.
8. Fæðingarorlof, stjfrv., 453. mál, þskj. 1130. — 3. umr.
9. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105. — Frh. 2. umr.
10. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558, nál. 1033. — 2. umr.
11. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370, nál. 1032 og 1113. — 2. umr.
12. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — 1. umr.
13. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 28. mál, þskj. 28, nál. 1003 og 1106, brtt. 1004 og 1107. — 2. umr.
14. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 818, nál. 1100, brtt. 1101. — 2. umr.
15. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61, nál. 1097. — 2. umr.
16. Stjórn fiskveiða, frv., 108. mál, þskj. 116, nál. 1099. — 2. umr.
17. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613, nál. 1098. — 2. umr.
18. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803, nál. 1112. — 2. umr.
19. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.
20. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093. — Síðari umr.
21. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 237. mál, þskj. 1087. — 3. umr.
22. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.
23. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
24. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.
25. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.
26. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 411. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr.
27. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723, nál. 1072. — Síðari umr.
28. Staðfest samvist, frv., 496. mál, þskj. 835. — 1. umr.
29. Upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu, þáltill., 514. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.
30. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 515. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
31. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 516. mál, þskj. 865. — Fyrri umr.
32. Hlutafélög, frv., 525. mál, þskj. 877. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl.,
Björn Bjarnason menntmrh.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðjón Guðmundsson, 4. þm. Vesturl.,
Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá þingi Slóveníu.

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Almenn hegningarlög, 258. mál, þskj. 1120.
Einkahlutafélög, 505. mál, þskj. 1118.
Félagsþjónusta sveitarfélaga, 381. mál, þskj. 1129.

Fæðingarorlof, 453. mál, þskj. 1130.
Hlutafélög, 504. mál, þskj. 1117.
Kennarar og leiðbeinendur í grunn- og framhaldsskólum, 311. mál, svar menntmrh., þskj. 1109.
Landgræðsluverkefni á Hólasandi, 415. mál, svar umhvrh., þskj. 1074.
Samvinnufélög, 506. mál, þskj. 1119.
Veiðileyfi smábáta, 473. mál, fsp. GE, þskj. 800.
Vörumerki, 233. mál, þskj. 1121.

Umræður utan dagskrár.

Viðskipti með aflaheimildir.

[13:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en gengið er til dagskrár þessa fundar fer fram umræða utan dagskrár um viðskipti með aflaheimildir. Málshefjandi er hv. 4. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson. Sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræða.

[13:36]

Sighvatur Björgvinsson:

Stöðugar tilraunir einstakra útgerðarmanna til að sniðganga kjarasamninga við sjómenn og landslög með þeim hætti að láta sjómenn taka þátt í kvótaviðskiptum með þeim afleiðingum að umsamin kjör þeirra eru rýrð um háar fjárhæðir valda sívaxandi erfiðleikum í samskiptum aðila. Deilur þessar kunna nú að komast á annað og enn alvarlegra stig því svo virðist vera að samtök útvegsmanna beinlínis hvetji félagsmenn sína til að ganga gegn skýrum dómsniðurstöðum og veiti þeim leiðbeiningar um hvernig slíkt skuli gera.

Í máli sem Farmanna- og fiskimannasamband Ísland vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga höfðaði gegn LÍÚ vegna útgerðar Sæbergs hf., þar sem yfirmaður á skipinu hafði verið látinn taka þátt í greiðslum fyrir aflakvóta í svonefndum tonn á móti tonni viðskiptum og aflahlutdeild hans lækkuð sem því nam, komst dómurinn að þeirri niðurstöðu þann 5. mars sl. að slíkar uppgjörsaðferðir brjóti í bága við ákvæði greinar 1.03 í kjarasamningi sjómanna og útvegsmanna þar sem skýrt sé talað um að hlutaskipti skuli miðuð við heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir aflann og þar á meðal við verðmæti þess skiptikvóta sem útgerð kunni að fá frá kaupanda í tonn á móti tonn viðskiptum. Félagsdómur taldi að uppgjörsaðferðir útgerðarmannsins væru ólögmætar og verður dómsniðurstaðan ekki túlkuð öðruvísi en svo að þessi aðferð til að láta sjómenn taka þátt í kvótaviðskiptum sé almennt óleyfileg og brot á kjarasamningum.

Í grein sem Jónas Haraldsson, lögfræðingur LÍÚ, skrifaði í Fréttabréf LÍÚ eftir að Félagsdómur féll mótmælti hann alfarið dómsniðurstöðunum eins og dómur hefði aldrei fallið. Hann lýsti afstöðu Félagsdóms sem „algerri bábilju". Hann segir í grein sinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefði viðkomandi útgerð gert skriflegan fiskverðssamning við áhöfnina þar sem berum orðum hefði verið tekið fram að andvirði aflaheimilda fiskkaupandans væri hluti af umsömdu fiskverði og tillit tekið til þess við fiskverðsákvörðunina þá hefði með engu móti verið hægt að lesa út úr umsömdu fiskverði aðila eitthvað sem teldist vera þátttaka sjómanna í útgerðarkostnaði."

Þetta er ekki hægt að skilja öðruvísi en sem leiðbeiningu til útgerðarmanna um hvernig megi komast fram hjá efnislegri niðurstöðu Félagsdóms enda segir Jónas í lok greinar sinnar:

„Niðurstaða mín er því sú til framtíðar séð að dómur Félagsdóms eigi ekki að hafa í raun áhrif til breytinga frá því sem var ef menn standa rétt að málum við ákvörðun fiskverðs eins og áður var nefnt."

Með öðrum orðum að sé farið eftir leiðbeiningum hans sé unnt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum þrátt fyrir niðurstöðu Félagsdóms.

En fleiri dómstólar hafa fjallað um sambærileg mál en Félagsdómur. Þann 15. febr. 1996 féll í Hæstarétti dómur í máli sem skipverji á dragnótabát hafði höfðað gegn útgerðarmanni skipsins þar sem skipverjinn krafði útgerðarmanninn um tæplega 300.000 kr. vangreidd laun vegna kvótakaupa sem skipverjinn hafði verið látinn taka þátt í. Í áliti héraðsdóms Reykjaness sem hafði áður um málið fjallað, en Hæstiréttur staðfesti dómsniðurstöðu hans, segir m.a. að þó áhöfn bátsins hafi gefið yfirlýsingu um að hún samþykkti uppgjörsaðferðir útgerðarmannsins teljist hún á engan hátt bindandi því í grein 1.36 í kjarasamningi sjómanna og útvegsmanna segi að allir samningar milli útgerðarmanna og sjómanna sem fara í bága við kjarasamninga séu ógildir nema viðkomandi stéttarfélag hafi staðfest þá. Í umögn Hæstaréttar um málið er m.a. vísað til þess að útgerðarmaðurinn hafi ekki við uppgjör á skiptaverði aflans farið að lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, og þar með brotið lög auk brota hans á kjarasamningi.

Hæstv. sjútvrh., sem jafnframt er dómsmrh., tjáði sig um þessi mál með afgerandi hætti nú um sl. helgi þar sem hann hvatti aðra til að fara að einu og öllu að lögum og kjarasamningum. Í framhaldi af því og vegna þeirra málsatvika sem ég hef lýst hlýt ég að spyrja hann um hvort hann hyggist grípa til úrræða. Spurningar mínar til hans eru þessar:

1. Hvað getur ráðherra gert og hvað hyggst hann gera til að stöðva óleyfilega þátttöku sjómanna í kvótaviðskiptum?

2. Hver er afstaða hans til þess ef stéttarfélög sjómanna grípa til verkfallsaðgerða gegn þeim útgerðum sem gerast brotlegar við skýlaus ákvæði kjarasamninga sem banna þátttöku sjómanna í kvótakaupum?

3. Telur ráðherra koma til greina að hann höfði sjálfur opinbert mál gegn útgerðum sem brotið hafa gegn lögum um greiðslumiðlun og skiptaverðmæti samkvæmt áður ívitnuðum ummælum Hæstaréttar í málinu nr. 416/1994?

[13:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur vakið athygli á máli sem hefur valdið verulegum erfiðleikum í íslenskum sjávarútvegi því að ljóst sýnist að í of mörgum tilvikum hafi sjómenn verið látnir taka þátt í kaupum á aflaheimildum gegn skýrum ákvæðum í kjarasamningum og lögum.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að spyrna við fæti í þessu efni eins og hv. þm. vita. Á grundvelli samninga milli sjómanna og útvegsmanna var á sínum tíma komið á fót með löggjöf sérstakri samstarfsnefnd til að úrskurða í álitaefnum. Síðar var með lögum og á grundvelli samkomulags aðila komið á fót sérstakri úrskurðarnefnd til þess að úrskurða í tilvikum þar sem ágreiningur hefur komið upp um fiskverð.

Eins og hv. þm. minntist á gekk nýlega dómur í Félagsdómi þar sem á afgerandi hátt var úr því skorið að greiðslur

fyrir afla skuli koma til skipta og þar á meðal líka greiðslur í formi aflaheimilda. Ég taldi og tel að þessi úrskurður sé afgerandi og alveg einsýnt hver sú niðurstaða er og hvernig menn eigi að fara eftir henni.

Það er svo að ef aðilar efna ekki ákvæði vinnusamninga og kjarasamninga eru forsendur brostnar og þegar hv. þm. spyr hvort ég telji að það geti verið réttlætanlegt að leggja niður vinnu í þeim tilvikum þar sem samningar og lög hafa verið brotin um þetta efni, þá gilda þau almennu sjónarmið að fullnægi atvinnurekandi ekki skyldum sínum samkvæmt kjarasamningi og lögum þá geta þær aðstæður verið fyrir hendi að launþeginn sé í þeirri stöðu að vera leystur undan því að efna ákvæði þessara samninga af sinni hálfu. Ég er þeirrar skoðunar að það geti átt við í þessum tilvikum eins og ýmsum öðrum sem stöku sinnum hafa komið upp en sem betur fer ekki oft á síðari árum af þessu tagi.

Varðandi spurningu hv. þm. um hvort ráðherra sé reiðubúinn að höfða sjálfur opinber mál í tilvikum sem þessum þá eru aðstæður með þeim hætti samkvæmt íslenskum lögum að ákæruvald er í höndum ríkissaksóknara og í ákveðnum tilvikum í höndum lögreglustjóra. Þannig að hvorki sjútvrh. né dómsmrh. fara með ákæruvald og hvorugur ráðherrann getur þess vegna höfðað opinbert mál hvorki af þessu tagi né öðru. Það var sem sagt endanlega lagt niður árið 1961 að ákæruvald væri í höndum dómsmrh. þegar embætti ríkissaksóknara var stofnað. En þrátt fyrir þetta bauðst ég til þess á síðasta ári að hafa um það milligöngu sem sjútvrh. að koma málum frá hagsmunasamtökum sjómanna til rannsóknar hjá sýslumannsembættum og við höfum haft milligöngu um það í þó nokkrum tilvikum að beiðni samtaka sjómanna og þau mál eru nú, að ég hygg, ýmist á rannsóknarstigi hjá sýslumönnum eða hafa verið send ríkissaksóknara. Í einu tilviki hygg ég að sýslumaður hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til að hafast að. En þó þetta sé ekki verkefni ráðuneytisins þá töldum við okkur rétt og skylt að reyna að liðsinna í þessu efni með því að hafa milligöngu um þessi atriði.

[13:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það er eðlilegt að gengið sé eftir því að þau lög séu haldin sem í gildi eru um þetta efni og hlutur sjómanna varinn fyrir þessum útgjöldum útgerða því það eru engar forsendur fyrir því að velta þeim kostnaðarlið yfir á sjómenn. Ég minni á að vandinn í þessu máli er auðvitað fyrst og fremst framsalið sjálft sem gerir mönnum mögulegt að versla með veiðiheimildirnar og afla með því tekna. Útgerðarmenn hafa af því tekjur eða geta haft af því tekjur að framselja veiðiheimildir sínar og með sama hætti eru aðrir útgerðarmenn sem hafa af því kostnað og um það snýst málið að þeir vilja láta sjómenn bera hluta af þeim kostnaði. Ráðið hlýtur því að vera að líta á framsalið og draga úr því sem mest menn mega og draga úr þeirri hættu að kostnaður af þessu tagi velti yfir á sjómenn. Ég vek athygli á að þetta vandamál beinir sjónum manna að því að hugmyndir sem margir hafa haft hér uppi um verulegt veiðileyfagjald sem lagt yrði á útgerðina hlýtur að leiða til sömu niðurstöðu og það framsal sem nú er í gildi, að útvegsmenn munu freistast til að velta hluta af kostnaðinum sem þeir bera af veiðileyfagjaldi yfir á sjómenn og það mun leiða til harðra árekstra við hlutaskiptakerfið og sjómannastéttina alveg eins og þetta fyrirkomulag sem við búum við nú. Ég vil, herra forseti, vekja athygli á að menn mega ekki auka á vandann með tillögum sínum, heldur leitast við að draga úr honum.

[13:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er þakkarvert að hv. 4. þm. Vestf. hefur tekið þetta mál upp og fengið svör frá hæstv. dóms- og sjútvrh. varðandi málið. Hér er um að ræða mál sem hefur verið lengi mjög umdeilt, eitt af því sem hart er gagnrýnt í sambandi við núverandi stjórnkerfi fiskveiða og hefur verið einn af þeim fleinum sem vísað hefur verið til af þeim sem gagnrýnt hafa þetta kerfi. Mér finnst athyglisverð sú afstaða sem hæstv. dómsmrh. hefur tekið í þessu máli, að beina því mjög eindregið til útgerðarmanna að halda samninga. Hann hefur hvatt til þess og fordæmt það athæfi sem hér er stundað leynt og ljóst. Það sætir auðvitað tíðindum þegar hæstv. ráðherra frá Sjálfstfl. vísar sjómönnum á þá leið að þeir hafi rétt til vinnustöðvunar og aðgerða vegna þess að um brot á kjarasamningi sé að ræða. Það er fyllilega hægt að taka undir þau sjónarmið.

Það var lengi svo að þrætt var fyrir það að þessi viðskipti væru í einhverjum teljandi mæli. En það hefur sýnt sig æ betur að sú er raunin. Nú hafa dómar fallið þannig að það styrkir að sjálfsögðu stöðuna í sambandi við þetta. En það reynir þá á að til aðgerða verði gripið sem duga. Þetta er ekkert einfalt mál sem verið er að fást við ef vilji er hjá áhöfn eða áhöfn er knúin til þátttöku í slíkum viðskiptum og gerir það ekki opinbert eða setur það í hart. (Forseti hringir.) Það reynir því á báða aðila að þeir standi fast á lögum og rétti. En auðvitað er þetta mál sem bitnar fyrst og fremst á sjómannastéttinni í landinu.

[13:50]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. dóms- og sjútvrh. fyrir svörin. Ég vil aðeins benda á að það eru engar smáfjárhæðir sem hér eru í húfi. Í öðru því tilviki sem ég ræddi um í ræðu minni áðan er um það að ræða að tugum milljóna hafi verið haldið utan skipta. Það er bara eitt tilvik af mörgum sem fjallað hefur verið um. Ég vil líka taka fram út af því sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að þó svo, og fyrir því liggur dómur Hæstaréttar, að áhöfn samþykki slíkt uppgjör þá er hún ekki bundin af þeirri samþykkt nema viðkomandi stéttarfélag hafi samþykkt þann gjörning. Þannig að það er líka niðurstaða Hæstaréttar sem er mjög athyglisverð. Veiðileyfagjald hefur ekkert með þetta mál að gera vegna þess að við erum að tala um kjarasamninga. Og kjarasamningar kveða mjög skýrt á um að sjómenn eigi ekki að taka þátt í útgerðarkostnaði. Það hefur verið staðfest af Hæstarétti og það skiptir engu máli í því sambandi hvort veiðileyfagjald er lagt á eða ekki. Kjarasamningarnir standa eftir sem áður algjörlega fyrir sínu.

Hæstv. dómsmrh. sagði mjög athyglisverðan hlut. Hann sagði raunverulega úr ræðustól að hann vísaði sjómönnum í svona tilvikum á þær lögmætu aðgerðir sem þeir gætu gripið til gagnvart þeim útgerðum sem brjóta á þeim kjarasamninga, þ.e. að efna til verkfalla. Hins vegar svaraði henn ekki einni spurningu minni sem var á þessa leið: Hyggst hæstv. ráðherra annaðhvort sem sjútvrh. eða dómsmrh., sjálfur grípa til einhverra aðgerða? Getur hann gripið til einhverra aðgerða eða hyggst hann grípa til einhverra aðgerða til að reyna að fylgja því eftir að lögum frá Alþingi sé framfylgt?

[13:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er lykilatriði í málum eins og þessum að það liggi alveg skýrt fyrir að bæði ríkisstjórn og Alþingi leggi á það áherslu að lögum sé framfylgt. Að kjarasamningum sé framfylgt samkvæmt efni sínu og menn geri hvar sem þeir hafa ábyrgð og getu til allt sem unnt er til að tryggja að svo sé. Ég tel að sú afstaða liggi mjög skýr fyrir af hálfu ríkisstjórnarinnar og að einnig liggi fyrir skýr vilji og hugur hins háa Alþingis í þessu efni og ég met þá umræðu sem hér hefur farið fram.

Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti reynt að leggja þessum málum lið, bæði með þeirri milligöngu að koma málum á rannsóknarstig og eins með því að lögfesta og beita sér fyrir lögfestingu á samningum milli aðila bæði um samstarfsnefnd og úrskurðarnefnd þó að þær hafi ekki skilað þeim árangri sem að hefur verið stefnt. Ráðherra getur ekki sjálfur höfðað opinbert mál en ráðuneytið er að sjálfsögðu reiðubúið til að leggja þessum málum lið á þann veg að hægt verði að koma málum í það horf að menn geti treyst því og almennt verið á þeirri skoðun að kjarasamningum sé framfylgt samkvæmt efni sínu. Við munum reyna að leggja okkar af mörkum í því efni og leita eftir samstarfi við þá aðila sem hér eiga hlut að máli.

Hlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 1117.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Einkahlutafélög, 3. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 1118.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samvinnufélög, 3. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 1119.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almenn hegningarlög, 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 1120.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörumerki, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 1121 (sbr., 338).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsþjónusta sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 1129.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fæðingarorlof, 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 1130.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 504. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 1117.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

28 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1137).

Einkahlutafélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 505. mál (hlutafélagaskrá). — Þskj. 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

28 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1138).

Samvinnufélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 506. mál (samvinnufélagaskrá). — Þskj. 1119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (ÓÖH) greiddi ekki atkv.

28 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1139).

Almenn hegningarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 258. mál (punktakerfi). — Þskj. 1120.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BH, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ.

31 þm. (ArnbS, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SP, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1140).

Vörumerki, frh. 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (heildarlög). — Þskj. 1121 (sbr. 338).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:05]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ.

28 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1141).

Félagsþjónusta sveitarfélaga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 381. mál (félagsmálanefndir, ráðgjöf, fjárhagsaðstoð o.fl.). — Þskj. 1129.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:06]

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, FI, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓÖH, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ.

29 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, KHG, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1142).

Fæðingarorlof, frh. 3. umr.

Stjfrv., 453. mál (veikindi móður eða barns o.fl.). — Þskj. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BH, EKG, EOK, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓÖH, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

27 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1143).

Öryggisþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 817, nál. 1075, brtt. 1080.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Brtt. 1080,1 felld með 20:14 atkv. og sögðu

já: ÁE, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

29 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, JBH, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

13 þm. (BH, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

27 þm. (ArnbS, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 1075 samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 1080,2 felld með 21:15 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP.

1 þm. (GGuðbj) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SF, StG, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO, VS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1080,3 felld með 23:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HjálmJ*, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, RG, SJóh, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GB, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓÖH, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ArnbS, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HBl, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr:; ætlaði að segja nei.]

4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, EOK, FI, GB, GÁ, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, PHB, SJóh, SAÞ, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (ArnbS, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HjálmJ, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SF, SJS, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

5.–8. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Biskupskosning, 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 558, nál. 1033.

[14:17]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 1033 um frv. til laga um breyting á lögum um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980 (kosningarréttur við biskupskjör), 302. mál þingsins.

Nefndin fékk á sinn fund vegna málsins Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumrn. Var frv. sent fjölmörgum aðilum til umsagnar ásamt frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og bárust nefndinni mörg svör.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar til að taka af öll tvímæli um hverjir eru kjörgengir til biskupskjörs, en að undanförnu hefur fjölgað prestvígðum mönnum sem ekki eru ráðnir til starfa af kirkjulegum yfirvöldum, t.d. sérþjónustuprestum á sjúkrahúsum. Er frumvarpinu ætlað að tryggja þeim sérþjónustuprestum, sem ráðnir eru til starfa af sjúkrastofnunum, kosningarrétt við biskupskjör og kjör vígslubiskupa. Einnig er í frumvarpinu lagt til að aðstoðarprestum, sem ráðnir eru af sóknarnefndum, verði tryggður sami réttur. Í þriðja lagi er lagt til að rektor Skálholtsskóla fái í þessum efnum sömu réttindi og kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Þá er lögð til breyting á ákvæðum laganna um kjör leikmanna í samræmi við skiptingu Reykjavíkurprófastsdæmis í tvö prófastsdæmi.

Nokkrar umræður urðu í nefndinni um kosningarrétt í biskupskjöri og komu þau sjónarmið komu fram að stefna beri að fjölgun þeirra sem hafa rétt til þátttöku í biskupskjöri þannig að m.a. djáknar og aðrir fastir starfsmenn kirkjunnar komi þar að.

Nefndin leggur til að gerð verði ein breyting á frv. en hún miðar að því að tryggja að þeir prestar sem ráðnir eru af sveitarfélögum, t.d. til að sinna öldruðum, fá kosningarrétt við biskupskjör.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Undir álitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason, Ögmundur Jónasson, Kristján Pálsson og Guðný Guðbjörnsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla, 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370, nál. 1032 og 1113.

[14:20]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. á þskj. 1032 um 241. mál, frv. til laga um breyting á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

Nefndin fékk á sinn fund Þorstein Geirsson, Þórhall Ólafsson og Hjalta Zóphóníasson frá dóms- og kirkjumrn. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar, biskupi Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til að starfsþjálfun guðfræðikandídata verði tveir mánuðir í stað fjögurra áður. Ástæða styttingarinnar er sú að kostnaður við starfsþjálfunina hefur farið langt fram úr því sem áætlað var, m.a. vegna þess að kandídatar eru helmingi fleiri en áætlað var og þykir brýnt að spara á þessu sviði. Ákvæði þessu er aðeins ætlaður stuttur líftími, en í frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lagt er til að afgreitt verði samhliða frv. þessu er gert ráð fyrir að ný ákvæði um starfsþjálfun verði sett í starfsreglur. Engu að síður þykir ástæða til þessara breytinga til að minnka fyrirsjáanlegan kostnað á næstunni.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson, Hjálmar Jónsson og Kristján Pálsson.

[14:22]

Frsm. minni hluta allshn. (Guðný Guðbjörnsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta allshn. um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

Eins og fram kom í máli meiri hlutans fjallaði nefndin um málið og fékk gesti á sinn fund og fór yfir umsagnir sem bárust frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar, biskupi Íslands og guðfræðideild Háskóla Íslands.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að starfsþjálfun guðfræðikandídata verði tveir mánuðir í stað fjögurra áður. Ástæða styttingarinnar er fyrst og fremst kostnaðarleg, þ.e. kostnaðurinn hefur farið fram úr áætlunum þar sem kandídatar eru helmingi fleiri en áætlað var.

Þó að ákvæði þessu sé aðeins ætlaður stuttur líftími, þar sem í frumvarpi um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar er gert ráð fyrir að ný ákvæði um starfsþjálfun verði sett í starfsreglur, telur minni hlutinn rétt að taka undir með guðfræðideild Háskóla Íslands og leggjast gegn þessari breytingu. Meginrökin eru þau að almennt þykir æskilegt að vanda vel til starfsþjálfunar í námi guðfræðikandídata sem annarra og ekki verður séð að hægt verði að ná sömu eða bættri starfsþjálfun á helmingi styttri tíma. Samþykkt frumvarpsins má skilja sem skilaboð um að þingið telji rétt að minnka þessa starfsþjálfun. Guðfræðideild háskólans, sem ber ábyrgð á menntun guðfræðikandídata, er ekki þeirrar skoðunar og minni hlutinn ekki heldur. Sá kostnaður sem um ræðir kemur úr kirkjumálasjóði og hefur væntanlegur sparnaður því ekki áhrif á ríkissjóð.

Undir nál. minni hluta skrifa Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson.

[14:24]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég vil koma hérna upp til þess að taka mjög sterklega undir álit minni hluta allshn. í þessu máli. Mér finnst þetta algjörlega fráleitt ef við ætlum að fara að samþykkja að stytta starfsþjálfun guðfræðikandídata úr fjórum mánuðum niður í tvo. Hver eru rökin fyrir þessu? Þau eru að kirkjan vill þetta af því hún hefur ekki peninga til að greiða þetta. Það er ekki hægt að leggja svona rök fyrir þingið.

Það hefur komið fram áður að þegar þessi lög voru sett upphaflega var nauðsynlegt að þjálfa guðfræðikandídata og það getur ekki verið að sú nauðsyn hafi eitthvað minnkað. Það eina sem hefur breyst er að talið er að fjármagn skorti til að greiða fyrir þennan kostnað. Mér finnst það ekki vera nægileg rök til að við förum að hleypa þessu í gegnum þingið. Ég er þeirrar skoðunar að frekar þurfi að ræða hvernig væri hægt að tryggja þetta aukna fjármagn. Og ég sé að prestlegt bros færist yfir varir hins eina sem vígður er hér í þessum sölum. Ég hef svo sem ekki heyrt álit hans á þessu máli en ég vænti þess að í þessu eins og í flestum öðrum efnum sem tengjast kirkjulegum málefnum, eigum við samleið. Ég skil þetta en út af fyrir sig væri gaman að heyra það rökstutt af munni klerksins okkar hvernig í ósköpunum hann getur stutt þetta. Því er haldið fram af formanni Þjóðvaka að hv. þm. séra Hjálmar Jónsson styðji þessa ósvinnu. Ég vil fá að vita með hvaða hætti hann getur stutt þetta. Út af fyrir sig getur vel verið að hann, sem einn af þeim er vinnur á akrinum, hafi einhver rök sem geta nægt til þess að sannfæra mig. Ég kem hér einungis sem fulltrúi leikmannanna og ég er þeirrar skoðunar að í fyrsta lagi þurfi fleiri aðstoðarpresta. Það þarf aðstoðarpresta víðar og það þarf að þjálfa þá vel.

Ég tel að menntun guðfræðinga á Íslandi sé afskaplega góð og hún hefur batnað á síðustu árum. Starf prestanna hefur verið að breytast. Þeir hafa, hvort sem það er gott eða slæmt, samt sem áður í vaxandi mæli tekið að sér eins konar hlutverk félagsráðgjafa og sálfræðinga og þeir eru þannig í sveit settir hver í sínum söfnuði að þeir eiga afskaplega auðvelt með að sinna slíku starfi. En það þýðir hins vegar að starf prestanna eykst. Það verður meira álag á þá og þarf því að búa þá með öðrum hætti undir starfið. Og það er þess vegna sem ég skaut því hérna fram að ég er þeirrar skoðunar að fjölga eigi aðstoðarprestum í vaxandi mæli og þjálfa þá einnig betur.

Ég hef reynt að rökstyðja í örstuttu máli hvernig mér sýnist sem starf prestsins hafi breyst og ég held að prestarnir hafi tekið yfir hlutverk sem er afskaplega þakklátt af hálfu sóknarbarnanna. En það kostar að þjálfa þarf prestana betur. Það þarf að þjálfa guðfræðikandídatana og þessi reynsla sem ég er að reifa fæst hvergi nema á akrinum. Ég sé að hv. prestur glottir og ég skil það nú ekki vegna þess að ég held að ég sé að hreyfa hér afskaplega þörfu máli. Ég held að nauðsynlegt sé að við reynum að styðja við þetta hlutverk kirkjunnar sem hún hefur tekið sér í vaxandi mæli og er lofsvert af hennar hálfu. Við gerum það ekki með því að breyta eða stytta starfsþjálfun guðfræðikandídata. Það eru engin rök fyrir því, herra forseti, að fækka starfsþjálfunarmánuðunum um helming, úr fjórum niður í tvo. Ég held frekar að fjölga ætti þeim mánuðum. Einu rökin sem ég hef séð í þessu máli, og þau komu fram við framsögu þessa máls, voru þau að ekki væru til peningar í kirkjumálasjóði sem á að greiða þetta. Það finnst mér bara ekki vera aðalatriði málsins. Mér finnst aðalatriði málsins vera þetta: Er þörf á þjálfun? Ef svarið er

já, sem ég tel, verðum við að afla fjár með einhverjum hætti til að kosta það. Það verður þá að reyna að spara annars staðar innan kirkjunnar eða einfaldlega að ríkið verði að hlaupa undir bagga með kirkunni í þessum efnum eins og svo mörgum öðrum. Ég er algjörlega á móti þessu.

[14:29]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú erfitt að fara í andsvar við hv. þm. Össur Skarphéðinsson um þetta efni. Satt að segja er ég ákaflega hlynntur mikilli menntun guðfræðinga og þeirra sem taka að sér prestsstörf. En þetta er ósk frá yfirstjórn kirkjunnar. Það eru tiltölulega fá ár síðan starfsþjálfun kandídata var tekin upp og hún varð fjórir mánuðir. Það þykir vel í lagt og fullmikið þannig að menn reikna með að tveir mánuðir séu fullnægjandi. En hitt er annað mál að samþykkjum við frv. sem verður rætt hér á eftir um stöðu, stjórn og starfshætti þá færist ákvörðunarvaldið til kirkjuþings um hvernig þessari starfsþjálfun verði hagað og ég tel mjög eðlilegt að hún verði vönduð og innihaldsrík.

Ég get sagt það, af því að ekki eru fleiri sem koma til með að fara í andsvar eftir því sem mér skilst, að ég hafði ekki séð lík fyrr en ég stóð við opna kistu til að kistuleggja sjálfur. Þá var ekki búið að þjálfa kandídata í neinu slíku og maður varð að fara beint inn til þess að sinna þessum verkum. Það er mikilvægt að fá þjálfun áður og ég tek undir allt það sem hv. þm., ræðumaður sagði áðan um mikilvægi þess að mæta vel undirbúinn til þessa mikilvæga starfs sem ég sinnti þangað til fyrir skömmu.

[14:31]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég dreg ekki í efa að hv. þm. Hjálmar Jónsson styður það að reynt sé af öllum krafti að reyna að bæta menntun bæði prestsefna og guðfræðikandídata. Sú reynsla sem hann reifaði áðan staðfestir það auðvitað að það er afskaplega nauðsynlegt að veita kandídötunum þessa þjálfun á akrinum. Ég reifaði það áðan hvernig ég sem leikmaður, sem er bærilega virkur í mínum söfnuði, hef skynjað að hlutverk prestsins hefur verið að breytast á síðustu árum. Og breytingin er þess eðlis að ég dreg í efa að henni hafi verið svarað með breytingum á námi guðfræðistúdenta við Háskóla Íslands. Ég hygg hins vegar að það verði gert í framtíðinni. En þess vegna finnst mér að það sé svo nauðsynlegt að þeir fái sem ríkasta þjálfun á akrinum. Hv. þm. sagði að það væri skoðun einhverra sem hann rakti ekki að það væri vel í lagt að hafa tvo mánuði. Ég er annarrar skoðunar og ég minni hv. þm. á, og vona að mig bresti ekki minni þegar ég segi að helstu rökin fyrir þessari ósk kirkjunnar var skortur á fjármagni. Ég tel að við eigum ekki að nálgast þetta vandamál með þessum hætti, ég tel að hlutverk prestsins sé það mikilvægt og fari vaxandi í þjóðfélaginu. Við þurfum að nálgast þetta með eftirfarandi hætti: Við þurfum að spyrja okkur hvort þörf sé á þessari þjálfun og ég er þeirrar skoðunar en hv. þm. er það bersýnilega ekki, hann telur að þetta sé í lagi svona. Og í annan stað, ef svarið er jákvætt eins og hjá mér, þá eigum við að reyna að finna leiðir til þess að afla fjármagns til að standa straum af þjálfuninni.

[14:32]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, fallega mælir hv. þm. Össur Skarphéðinsson. Í guðfræðináminu við háskólann eru ýmsir kúrsar og námskeið sem prestsefnin eða guðfræðinemarnir fara í gegnum í kennimannlegum hluta námsins, t.d. í barnastarfi — að starfa með prestum á akrinum. Allan tímann sem þeir eru í náminu er guðfræðinemarnir meira og minna í þessu starfi með prestunum hér umhverfis.

Hitt get ég svo sagt frá eigin reynslu, hv. þm. sem öðrum, að ég hef sjálfur sem prófastur verið með kandídat í starfsþjálfun í tvo mánuði, hefðu það verið fjórir mánuðir þá hefði ég hreinlega verið í vandræðum með hann.

[14:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Þau ummæli sem féllu hér síðast frá hv. þm. Hjálmari Jónssyni um að hann hefði hreinlega lent í vandræðum með kandídatinn ef hann hefði þurft að hafa hann lengur finnst mér miklu frekar endurspegla hvernig skipulagið er á þessum málum en hvort þörf er á svo langri starfsþjálfun. Ég ætla að koma betur að því á eftir. En ég vil eindregið taka undir nál. minni hluta allshn. og mér finnst það heldur snautlegt að verið sé að breyta hér lögum til þess að koma á móti sparnaðaráformum kirkjunnar í heldur vondu máli að því er mér finnst.

Ég hef fylgst það vel með þróun í Háskóla Íslands og kennslu í guðfræði að ég veit að þar hefur orðið veruleg breyting á. Það er ekki rétt sem fram kom hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni að það hafi ekki orðið breyting í sjálfri deildinni. Ég hygg að guðfræðideildin sé nú orðin með hvað mest spennandi deildum Háskólans enda er mikil aðsókn að henni og ekki síst konur sem sækja þangað inn. Það er ekki síst tengt kvennaguðfræði og allri þeirri umræðu, fyrir utan það að starfsvettvangur presta hefur verið að breytast verulega og nýir möguleikar að koma þar til sögunnar sem reyndar eru jafnvel umdeildir, sumir úr prestastétt hafa gagnrýnt að búið sé að koma upp nýrri stétt, eins konar aðstoðarprestum, þ.e. djáknunum. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu en röksemdirnar eru þær að í raun og veru sé verið að lengja bilið á milli prestanna og safnaðarins. Ég hef hins vegar mikla sannfæringu fyrir því að vegna hinna miklu breytinga og hins mikla álags sem er almennt á prestum og ekki síst í þéttbýli þá sé mjög brýnt að búa guðfræðikandídata sem allra best undir þetta mikilvæga starf. Og ég mundi halda að ef tveir mánuðir eru nóg hjá einum presti eða einum söfnuði þá væri ekki síður brýnt að gefa guðfræðikandídötum kost á að kynnast fleiri en einni sókn, vera bæði í dreifbýli og þéttbýli því það er auðvitað mjög mikill munur á þessu tvennu.

Nú skal ég viðurkenna að ég þekki ekki til þessarar starfsþjálfunar. Ég veit að það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að guðfræðinemar eru í ýmiss konar vinnu á sumrin sem tengist störfum þeirra. Þeir hafa unnið á geðdeildum, þeir vinna hjá lögreglunni og það er ýmislegt sem þeir gera til þess að kynna sér það samfélag og þann vettvang sem snertir þeirra störf. Þannig að eftir því sem ég best veit er vel að þeim málum staðið en engu að síður finnst mér að það sé ekki mönnum bjóðandi að vera að skera niður þessa starfsþjálfun sem er þeim mjög mikilvæg. Það væri fróðlegt að fá upplýst hvað menn eru að tala hér um mikla peninga. Það kemur fram í frv. að talið er að kostnaðurinn sé um 500 þús. kr. á hvern kandídat. Það er afar misjafnt hversu margir útskrifast í hvert sinn eða á hverju ári og það eru auðvitað ekki allir sem ætla sér að verða prestar og þar af leiðandi er mér ekki ljóst hvort þeir eru skyldaðir í þessa starfsþjálfun. Það væri gott að fá það upplýst hvernig því er háttað en þetta eru nú ekki þeir peningar að þarna beri að

skera niður. Mér þætti gaman að sjá hvort kirkjan getur ekki dregið saman seglin einhvers staðar annars staðar eða hreinlega leitað eftir fjárveitingum í þessa mikilvægu þjónustu. Í rauninni spyr maður sig hvort þetta eigi ekki að vera partur af háskólanáminu. Hver er það sem á að annast þetta? Ef þetta er hluti af því að gera guðfræðikandídata betur hæfa til þess að sinna sínu starfi þá er náttúrlega spurning hvort þetta á ekki hreinlega að vera hluti af háskólanáminu. En sú er ekki raunin heldur er þetta greitt úr ákveðnum sjóði, kirkjumálasjóði, og þar af leiðandi koma þessi mál ekki inn á borð ríkissjóðs. Ég verð að viðurkenna að ég veit ekki hvernig eða hvaðan peningar koma í þennan kirkjumálasjóð, hvernig hann er vaxinn. Þeir eru margir sjóðirnir og það er svo margt innan kirkjunnar sem tengist gömlum tímum. Hér áður fyrr var það mjög algengt að prestar víða um land höfðu aðstoðarpresta og þannig komust menn inn í starfið. Það er mjög að því þrengt núna að hægt sé að ráða aðstoðarpresta þannig að þetta hefur auðvitað verið að breytast.

Af því að hv. þm. Hjálmar Jónsson gekk nú í salinn þá mundi ég vilja beina þeirri spurningu til hans eða hv. formanns allshn. hvernig þessi sjóður er til kominn, hvaðan kemur fjármagn í kirkjumálasjóð, sem á að standa undir þessari starfsþjálfun. Það er greinilegt að hann fær eitthvert ákveðið fjármagn. Guðfræðikandídötum hefur fjölgað þannig að þarna hefur þrengt að. Ég vildi gjarnan fræðast um það hvernig þetta mál er vaxið. En fyrst og fremst finnst mér skipta mjög miklu máli að guðfræðideild háskólans leggst gegn þessari breytingu og ég er alveg sannfærð um að það er ekki að ástæðulausu og ég hefði kosið að menn reyndu að leita annarra leiða heldur en að vera að skera niður þessa mikilvægu starfsþjálfun.

[14:41]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að ég átti nú ekki við það að ekki væri ástæða til að mennta kandídata vel. Og það að ég hefði hugsanlega lent í vandræðum með kandídat í fjóra mánuði, sem ég hafði í tvo mánuði — hann kunni þetta orðið ágætlega og ég vildi taka það skýrt fram að ég þurfti ekki lengri tíma en tvo mánuði til að kenna honum það sem ég átti að kenna.

En varðandi kirkjumálasjóðinn þá er hann fjármagnaður þannig að það er tekinn hlutur sóknargjalda til þeirra verkefna sem hann á að sinna.

[14:42]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er svo að fjárframlagið er ákveðið á fjárlögum, var þá ekki fyrirséð að þessi sjóður þurfti meira fjármagn eða lá það þá þegar fyrir við vinnslu fjárlaga að meiningin væri að skera þarna niður. Hafi svo verið þá harma ég það. Við erum búin tala um það hér árum saman að það þurfi að efla menntun og ekki hvað síst starfsmenntun og það á auðvitað við um presta eins og ýmsar aðrar stéttir. Ég ítreka enn og aftur að ég harma mjög að það skuli vera meiningin að skera niður þessa starfsþjálfun.

[14:43]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það lá fyrir við fjárlagagerðina í haust að kirkjan ætlaði sér að spara á þessum lið. Ef þessi tími til sérstakrar starfsþjálfunar reynist hins vegar of skammur, mér er kunnugt um að kirkjan hefur mikinn hug á því að mennta starfsmenn sína vel, þá mun kirkjuþing taka það upp þegar það hefur fengið vald til þess og lengja tímann aftur ef ástæða þykir til en nú er það svo að kirkjunnar mönnum þykir ekki ástæða til að hafa tímann svo langan.

[14:43]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nefnilega mergurinn málsins að ef ákveðið verður að lengja tímann aftur þá mun þessi breyting bitna á ákveðnum hópi guðfræðikandídata. Það verður ákveðinn hópur sem lendir í því að fá minni starfsþjálfun. Og ef guðfræðideildin telur að þörf sé á lengri starfsfræðslu þá er ekki ólíklegt að reynt verði að þrýsta á að svo verði þannig að niðurstaðan verður sú að það verður ákveðinn hópur guðfræðikandídata sem verður fórnarlamb þessa niðurskurðar. Og það er ekki ásættanlegt, herra forseti.

[14:45]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegur forseti. Þetta eru auðvitað virðingarverð sjónarmið sem koma fram hjá hv. þingmönnum en málið var rætt vandlega í allshn. og meiri hlutanum þótti rétt að mæla með samþykkt þess. Hér er bara um tímabundið ákvæði að ræða og kirkjuþing mun taka á þessu máli. Á það var bent í allshn. að þetta væri dýrt fyrirkomulag og að prestum hafi fjölgað meira en búist var við og því hafi þurft að breyta áætlunum. Ég held að ég fari rétt með í sambandi við tölur í þessu dæmi að sparnaðurinn sé um það bil 4 millj. kr. Það er því um að ræða um það bil 500 þús. á hvern kandídat og um er að ræða átta kandídata. Það var enn fremur bent á það í allshn. að nefnd væri að störfum sem er að endurskoða reglur í sambandi við þessi mál og hún lýkur væntanlega störfum núna í haust. Þá kom fram að námið hafi breyst og nú sé farið meira í framhaldsnám en áður var og því væntanlega meiri þjálfun. Það þurfi að ákveða framtíðarskipan þessara mála og það muni koma niðurstaða mjög fljótlega um þessi mál. Um þetta segir reyndar í greinargerð með frv., með leyfi forseta:

„Í október 1995 var skipuð nefnd til að endurskoða starfsþjálfunina og gera tillögur um nýja skipan. Nefndin hefur ekki lokið störfum. Hún telur starfsþjálfunina hafa verið mikið framfaraspor á sínum tíma, en í ljós hafi komið ýmsir vankantar. Vegna verulegrar fjölgunar kandídata og þröngs peningaramma hefur nefndin lagt til að þjálfunartíminn verði styttur um helming uns framtíðarskipan hefur verið ákvörðuð."

Þannig að rökin eru ekki eingöngu fjárhagslegs eðlis heldur koma þarna til önnur rök. Það bárust þrjár umsagnir um málið og, með leyfi virðulegs forseta, vil ég gera hér grein fyrir tveimur þeirra. Það er þegar búið að greina frá andstöðu guðfræðideildarinnar en biskup Íslands segir um þessi mál, með leyfi forseta:

„Vísað er til athugasemda með fram komnu frv. Þar kemur skýrt fram að unnið er að því innan kirkjunnar að endurskoða starfsþjálfun guðfræðikandídata og hefur kirkjuþing samþykkt að leggja til við hið háa Alþingi að stytta starfsþjálfunartíma úr fjórum mánuðum í tvo á meðan á þeirri endurskoðun stendur og nýrri skipan verður komið á. Ástæða óska um styttingu starfsþjálfunar er sú að mjög brýnt er að spara á þessum lið, en kostnaður við þjálfun kandídatanna hefur farið langt fram úr því sem áætlað var þar sem kandídatarnir eru um það bil helmingi fleiri en ætlað var í upphafi. Starfsþjálfun verður þó ekki skorin niður sem þessu nemur en reynt verður að gera hana markvissari."

Síðan er bent á að í starfsreglur verði sett ný ákvæði um starfsþjálfun. Það er ekki einungis kirkjan sem kemur að

þessu máli heldur er hér umsögn frá leikmannaráði þjóðkirkjunnar þannig að leikmenn koma líka að þessu máli. Þeir segja, með leyfi virðulegs forseta:

„Í ljósi þess að nú liggur fyrir frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar þar sem gert er ráð fyrir að þessum málum verði þar skipað samkvæmt ákvæðum í sérstökum starfsreglum sjáum við ekki ástæðu til að gera neina athugasemd við brtt. þá sem hér um ræðir."

Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum að, virðulegi forseti.

[14:49]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli framsögumanns meiri hluta nefndarinnar að nefnd væri að störfum um þessi mál. Ég spyr: Er þá ekki óráðlegt að leggja til breytingar á núverandi fyrirkomulagi áður en nefndin skilar af sér? Er ekki eðlilegt fyrst á annað borð það eru rök í málinu að nefnd sé að störfum að bíða eftir niðurstöðum hennar og tillögum?

Og í öðru lagi: Hvert er mat meiri hluta nefndarinnar, sem leggur til að samþykkja þennan niðurskurð á starfsþjálfun, á þessari tillögu? Er hún sammála? Telur meiri hluti nefndarinnar nægilegt að starfsþjálfun sé bara í tvo mánuði? Ef hún telur það nægjanlegt, af hverju leggur hún þá ekki til að það sé varanleg breyting? Ef hún hins vegar telur að það sé ekki nægjanlegt, af hverju leggur hún þá til þessa breytingu?

[14:50]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé óþarfi að tortryggja þessar breytingar sem hér eru lagðar til og farið var fram á við allshn. Ég tók fram áðan að þetta væri einungis ákvæði sem ætti að gilda í stuttan tíma og sagði reyndar í framsögu minni, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessu er aðeins ætlaður stuttur líftími, en í frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem lagt er til að afgreitt verði samhliða frv. þessu er gert ráð fyrir að ný ákvæði um starfsþjálfun verði sett í starfsreglur."

Mat nefndarinnar er að þetta sé í lagi þar sem mælt er með þessu máli, komi engin sérstök andmæli fram gegn því nema af hálfu guðfræðideildar sem að sjálfsögðu geta verið skiljanleg sjónarmið. En við teljum sem sé óhætt að þetta verði lagt til. Og við teljum eðlilegt, þar sem það hafa komið í ljós vankantar á þessu fyrirkomulagi, að settar verði nýjar starfsreglur og að kirkjuþing komi að því máli þar sem við erum að mæla fyrir auknu sjálfstæði kirkjunnar í öðrum málum hér á hinu háa Alþingi.

[14:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að stuðla að auknu sjálfstæði kirkjunnar leggur meiri hluti allshn. það til að taka ekki mark á guðfræðideildinni.

[14:51]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umfjöllunar lagafrv. þar sem m.a. er lagt til að starfsþjálfun guðfræðikandídata verði stytt, verði tveir mánuðir í stað fjögurra áður. Ástæðan sem gefin er fyrir því að stytta þessa starfsþjálfun guðfræðikandídata er sú að kostnaður við starfsþjálfunina hefur farið fram úr áætlunum þar sem kandídatar eru helmingi fleiri en áður.

Mér finnst mjög mikilvægt að hlusta á skoðun þeirra sem hafa ábyrgðina á hendi. Það er guðfræðideild Háskóla Íslands sem sér um menntun guðfræðikandídata og þaðan koma mjög skýr skilaboð. Skilaboðin eru þau og þau eru afdráttarlaus, að þetta starfsþjálfunarskeið beri ekki að stytta. Þess vegna finnst mér það vera mjög vafasöm skilaboð sem hv. Alþingi gefur kirkjunni með þessari lagabreytingu þegar hún nú tekur þessi málefni yfir á sínar herðar á komandi mánuðum og væntanlega um alla framtíð.

Við skulum ekki gleyma því að prestsstarfið er mjög flókið starf, erfitt og margbrotið og það er mjög mikilvægt að prestar séu vandanum vaxnir þegar þeir koma til starfa. Presturinn er ekki aðeins leiðtogi í trúarlegum efnum, hann annast sálgæslu, félagsmálaráðgjöf ýmiss konar og hann er að fást við mannleg örlög. Því er mjög mikilvægt að hann sé vandanum vaxinn þegar hann kemur til starfa.

Þegar nú guðfræðideild Háskóla Íslands beinir þeim eindregnu tilmælum til Alþingis þar sem mjög er varað við því að stytta starfsnámið þá finnst mér að við þurfum að koma með haldbærari rök en fram eru sett af hálfu þeirra sem leggja til styttingu þjálfunarinnar, önnur en þau að kandídatar séu skyndilega orðnir of margir og sprengi allan fjárhagsramma. Það eru ekki rök í sjálfu sér, ef það er rétt að verið sé að rýra námið á þann hátt sem guðfræðideild Háskóla Íslands telur óásættanlegt. Mér finnst því, áður en þessari umræðu lýkur, að við þurfum að fá fram frekari rök af hálfu þeirra sem ætla að samþykkja þetta frv. og ég auglýsi eftir þeim rökum.

[14:55]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Rökin eru kannski fyrst og fremst þau að það er betra skipulag á starfsþjálfuninni heldur en áður var. Reynsla sem hefur fengist af starfsþjálfun kandídata er ágæt en ég undirstrika að hægt er að komast í gegnum það nám sem var á fjórum mánuðum áður á skemmri tíma án þess að slaka á kröfunum.

[14:56]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst mikilvægt að hv. þm., séra Hjálmar Jónsson, skýri þá hvernig standi á því að guðfræðideild Háskóla Íslands, sem hefur ábyrgðina á menntun presta á hendi, mælist mjög eindregið til þess að við styttum ekki þennan starfsþjálfunartíma. Mér finnst að við þurfum að fá skýringar á því.

[14:56]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Við Háskóla Íslands er stundað akademískt nám í öllum greinum, einnig í guðfræði. Menn hafa ekki viljað blanda því sérstaklega saman að verið sé að mennta embættismannastétt sérstaklega, það er verið að mennta til kandídatsprófs en ekki embættismenn. Þess vegna hefur vantað upp á þjálfunina. Hún hefur verið samhliða. Síðan var farið í að bæta við fjórum mánuðum fyrst í starfsþjálfun eftir kandídatspróf. Nú er einfaldlega svo að menn telja nægjanlegt að hafa það tvo mánuði og menn séu þá tilbúnir að fara út á akurinn til starfs eftir þessa tveggja mánaða starfsþjálfun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 1. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

[14:58]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 1034, 591. mál., sem flutt er af allshn. Um er að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, og flytur allshn. þetta mál að ósk hæstv. dómsmrh.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á skipan Skálholtsprestakalls, en samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laganna skal vígslubiskup í Skálholti hafa með höndum prestsþjónustu í Skálholtsprestakalli. Í 5. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir hins vegar að vígslubiskup gegni ekki prestsstörfum í Skálholtsprestakalli meðan núverandi sóknarprestur þjónar kallinu. Sóknarprestur sá sem nú gegnir starfi í Skálholtsprestakalli mun láta af störfum fyrir aldurs sakir 1. janúar 1998. Af hálfu biskups Íslands og sóknarnefnda Skálholtsprestakalls hafa komið fram eindregin tilmæli um að í Skálholti verði áfram starfandi sóknarprestur. Hefur verið vakin athygli á því að prestakallið sé víðfeðmara og meira krefjandi en svo að vígslubiskup geti sinnt því ásamt öðrum embættisskyldum. Starfi hans fylgja ferðalög og fjarvistir og því verður ekki unnt að veita þá þjónustu í prestakallinu sem verið hefur. Fjórar kirkjusóknir heyra undir prestakallið og þar fer fólki fjölgandi, auk þess sem gjarnan er leitað eftir sérstakri þjónustu sóknarprests vegna ört vaxandi sumarhúsabyggðar og fjölsóttra sögustaða í prestakallinu. Rétt þykir að verða við þessum tilmælum biskups og sóknarnefnda og eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum.

Einnig eru lagðar til breytingar á ákvæði til bráðabirgða, en um þessar mundir fer fram endurskoðun á Rangárvallaprófastsdæmi með það fyrir augum að fækka stöðum sóknarpresta vegna fámennis sókna og fólksfækkunar. Að svo komnu máli þykir ekki rétt að skipa prest í Bergþórshvolsprestakalli, en núverandi sóknarprestur mun láta af embætti fyrir aldurs sakir 1. júní 1997. Þess í stað er gert ráð fyrir að nágrannaprestur verði fenginn til að þjóna prestakallinu. Hefur biskup Íslands og sóknarnefnd í prestakallinu lýst sig samþykka þessu fyrir sitt leyti. Er því lagt til að sett verði inn í ákvæði til bráðabirgða heimild til að setja prest í það embætti tímabundið meðan endurskoðun á prófastsdæminu fer fram.

Í samræmi við þetta er lagt til að frv. öðlist gildi þann 1. júní 1997.

Í þriðja lagi er lagt til að bætt verði við lögin ákvæði til bráðabirgða er varða Grafarvogsprestakall í Reykjavíkurprófastsumdæmi eystra. Í Grafarvogsprestakalli hefur íbúafjöldi vaxið með ótrúlegum hraða og eru þar nú rúmlega 13 þúsund íbúar. Samsetning íbúa og lega sóknarinnar, sem er langfjölmennasta sókn landsins, er slík að ekki stendur til að kljúfa prestakallið í tvær sóknir eins og stendur. Vegna mikils vinnuálags á prestana tvo í prestakallinu þykir óhjákvæmilegt að fjölga um einn prest til viðbótar. Lagt er til að heimild til ráðningar prestsins gildi frá gildistöku laganna til ársloka 1998 en þá er gert ráð fyrir að lög um skipan prestakalla og prófastsdæma falli úr gildi og kirkjuþing hafi sett starfsreglur um þetta efni. Hér er því um tímabundið bráðabirgðaákvæði að ræða.

Virðulegur forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. en ekki er ástæða til að vísa frv. sérstaklega til hv. allshn. þar sem frv. er upprunnið þaðan.

[15:02]

Útbýting þingskjals:

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, brtt. JóhS o.fl., þskj. 1136.

[15:02]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins örlítil spurning í tilefni af þessu frv. sem allshn. flytur hér að beiðni hæstv. dómsmrh. Einn liður frv. lýtur að því að heimila ráðningu aðstoðarprests við Grafarvogsprestakall. Nú hefðu margir talið eðlilegt að sókninni væri frekar skipt upp. Þar eru nú 13 þúsund manns og fer ört fjölgandi. En rökin sem eru færð gegn því eru vafalaust góð og gild. En þau rök sem hv. þm. Sólveig Pétursdóttir flutti voru tvenns konar, annars vegar lega sóknarinnar og hins vegar samsetning íbúanna. Mér þætti vænt um ef hv. þm. skýrði út fyrir mér hvað felst í þessu: „samsetning íbúanna".

[15:03]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það liggi nú í augum uppi þar sem hér er um tiltölulega nýtt íbúðahverfi að ræða og stöðugt eykst byggð og fjölgar íbúum. Þar af leiðandi er mikið um ungt fólk með börn og því gerum við ráð fyrir að það sé enn þá meiri og margvíslegri þörf fyrir þjónustu presta.

[15:03]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var nú ekki svar við spurningunni sem ég bar fram. Ég geri mér alveg fyllilega grein fyrir því að í jafnfjölmennri sókn sem vex með jafnmiklum hraða og umrætt prestakall þar sem jafnframt er um að ræða ungar fjölskyldur með mikið af börnum þá er náttúrlega þörf fyrir fleiri presta. Ástæðan fyrir því að prestakallinu er ekki skipt upp, samkvæmt því sem hv. þm. sagði í rökstuðningi sínum fyrir frv., er í fyrsta lagi lega sóknarinnar. Ég get alveg fallist á að það eru í sjálfu sér sterk rök. En hins vegar er það samsetning íbúanna. Nú kemur í ljós að það sem hv. þm. á við með þessu orðalagi, „samsetning íbúanna", er að mjög mikið af barnafjölskyldum og ungu fólki er í sókninni. En hvernig getur það í sjálfu sér verið röksemd fyrir því að aðstoðarprestur verði ráðinn í þetta fjölmenna prestakall fremur en að því verði skipt upp?

[15:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég sé mig eiginlega knúinn til þess að taka til máls um þetta frv. til þess að fá frekari skýringar á því hvers vegna það er flutt. Mér er hulin ráðgáta á hvaða forsendum það er reist í ljósi m.a. þeirrar röksemdafærslu sem fylgir í frv. sjálfu. Við skulum rifja aðeins upp að staðan er þannig að samkvæmt núgildandi lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma er gert ráð fyrir því að vígslubiskup í Skálholtsprestakalli sitji þar og þjóni fjórum sóknum með öðrum störfum sínum sem vígslubiskup þannig að hann gegni störfum sínum sem vígslubiskup auk þess að vera þjónandi prestur fyrir fjórar sóknir, Skálholtssókn, Bræðratungusókn, Haukadalssókn og Torfastaðasókn. Sú undanþága hefur gilt samkvæmt sérstöku ákvæði til bráðabirgða, tímabundið, að í Skálholti hefur verið sérstakur prestur sem sinnt hefur prestsverkunum þannig að vígslubiskup hefur ekki þurft að

sinna þeim. Nú er sá prestur að láta af störfum og reynir þá á ákvæði laganna þannig að vígslubiskup beri að bæta þeim verkum við sig sem presturinn áður sinnti og samkvæmt lögunum er ætlast til að vígslubiskup í Skálholti sinni.

Nú eru færð fyrir því nokkur rök að rétt þyki að verða við óskum biskups Íslands og sóknarnefnda í þessum fjórum prestaköllum að áfram verði starfandi prestur í Skálholti sem sinni þessum verkum. Rökin eru hins vegar ekki mjög sterk, þ.e. vaxandi sumarhúsabyggð og að það séu fjölsóttir sögustaðir í prestakallinu fyrir utan að störf vígslubiskups séu umfangsmikil vegna þess að umdæmi hans er mjög víðfeðmt og hann þurfi að fara í tímafrek ferðalög. Þetta þykja mér ekki mjög öflug rök fyrir þessari breytingu og öflugustu rökin gegn þessum rökum er seinni kaflinn í frv. sem gerir ráð fyrir því að opna heimild til þess að fjölga sóknarprestum í Grafavogsprestakalli úr tveimur í þrjá enda eru þar 13 þúsund íbúar. Með öðrum orðum: Frumvarpshöfundar eða þeir sem flytja málið telja að í 13 þúsund manna sókn verði að hafa þrjá presta. Hvað skyldu nú vera margir íbúar í þessum fjórum sóknum sem rætt er um að prestur í Skálholti eigi að þjóna, Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknum? Hvað skyldu það vera margir íbúar? Það kemur ekki fram í grg. með frv. Og ég spyr talsmann flutningsmanna málsins: Hvað eru mörg sóknarbörn í þessum fjórum sóknum? Ég hef ekki gáð að því þannig að ég get ekkert um það fullyrt. En ég leyfi mér að segja að ég held að þeir séu ekki margir. Mér er til efs að þeir séu fleiri en 500. Og ef ég gef mér að ég sé nærri lagi með þá ágiskun að sóknarbörn í þessum fjórum sóknum séu ekki fleiri en 500 þá spyr ég: Hvernig má það vera að það þurfi sóknarprest fyrir 500 sóknarbörn en bara þrjá fyrir 13 þúsund? Hvernig má það vera? Hvernig fá menn það heim og saman? Ég verð að segja alveg eins og er — þess vegna fer ég upp til að fá skýringar — að ég hef ekki áttað mig á því. Ég hef ekki áttað mig á því að það væri þörf á þessu prestsembætti í Skálholti. Og ég fer fram á það að formaður allshn. færi rök fyrir því hér, ellegar hæstv. dómsmrh. sem vildi ekki flytja málið sjálfur heldur fékk nefndina til þess. Þannig að ég hygg að það sé allt í lagi, úr því það er upplýst, að beina fyrirspurninni til dómsmrh.: Hvers vegna þarf að gera þessa breytingu?

Ég viðurkenni að vísu að það eru ein rök í málinu sem mér finnst vera lítandi á og það er að staða vígslubiskupanna tveggja er ólík, umdæmi þeirra eru mjög misstór. Þannig að umdæmi vígslubiskupsins á Hólum sem á að gegna þremur sóknum og hefur gert, er minna en vígslubiskupsins í Skálholti (**Gripið fram í:** Talsvert mikið minna.) Talsvert mikið minna. En þá eiga menn að mínu viti að breyta því. (**Gripið fram í:** Nei.) Þá eiga menn að breyta umdæmi vígslubiskupanna. Hví skyldu menn setja embætti vígslubiskups á Hólum skör lægra en embætti vígslubiskups í Skálholti? Hver eru rökin fyrir því að annað embættið skuli vera miklu víðfeðmara en hitt? Ég hefði talið eðlilegast í þessari stöðu að jafna þarna um í umfangi umdæma þeirra og þeir sætu að öðru leyti í sömu stöðu með sambærilegar skyldur sem vígslubiskupar og sinntu þá báðir prestsverkum í tilteknum sóknum eins og gert er ráð fyrir í lögunum eins og þau eru núna.

Ég vil nú vekja athygli á þessu, herra forseti, og beini því bæði til talsmanns þeirra sem flytja málið og hæstv. dómsmrh. að þeir geri þinginu frekari grein fyrir þessari breytingu, sérstaklega í ljósi þess að við vorum að ræða rétt áðan tillögu frá hæstv. dómsmrh. sem gengur út á að það þurfi að skera niður starfsþjálfun vegna þess að menn eiga ekki til nóg af peningum og þurfa að spara sér 4 milljónir á ári, að fara að leggja út í þann leiðangur að leggja hér bara fram frv. og fara með það í gegnum þingið til að spara 4 milljónir á ári. Hvernig má það vera að þegar menn þurfa að leggja svona mikið á sig til að spara að þá skuli koma frv. af þessu tagi fram á sama tíma sem auðvitað felur í sér meiri útgjöld en lögin að óbreyttu hefðu annars leitt af sér?

[15:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 5. þm. Vestf. vil ég minna á þau rök sem fram koma í athugasemdum með frv. og gerð hefur verið grein fyrir í máli hv. frsm. með frv. Það er líka alveg ljóst að hér erum við að tala um annan af hinum fornu biskupsstólum og það þykir eðlilegt að sóknarprestur sitji þar sem hefur meira færi á að sinna því starfi en vígslubiskupinn vegna þess hversu starfsskyldur hans eru miklar og umdæmi hans víðfeðmt.

En vegna ummæla hv. þm. um að þetta þurfi að skoða í sérstöku ljósi þess að kirkjan er að grípa til sparnaðarráðstafana á öðrum sviðum og fá lagaheimildir til þess þá minni ég á að hér er verið að flytja prest úr Landeyjum yfir í Skálholt. Það er verið að flytja prest úr minna prestakalli yfir í lítið eitt stærra prestakall. Þannig að með þessari ráðstöfun er ekki verið að auka útgjöld vegna þessa heldur er verið að færa þarna til og í ljósi þeirra aðstæðna sem eru fyrir hendi þá þykir eðlilegt að flytja prest úr minna prestakalli og setja það embætti niður í Skálholt þannig að leysa megi þau mál með sóma svo sem þeim stað ber.

[15:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú ekki mikil aðgerð til bóta í þessu máli að flytja prest frá Bergþórshvoli í Skálholt þegar sóknirnar eru skildar eftir. Sá prestur sem mun sitja í Skálholti og sinna þar prestsverkum þjónar mjög fáum íbúum og það hafa ekki komið fram rök fyrir því að það þurfi heila stöðu prests til að sinna því verkefni. Ég spyr: Hví var þá ekki hægt að láta þann prest sem á að sitja í Skálholti þjóna Landeyjunum áfram? Hvers vegna er nauðsynlegt að skipa prest til að sitja á Bergþórshvoli fram til ársins 1999? Þannig að það er enginn sparnaður, þrátt fyrir að hæstv. dómsmrh. hafi látið að því liggja hér áðan að svo væri, með þessum flutningi. Þvert á móti, svo er ekki. Það er verið að koma í veg fyrir sparnað, sem er gert ráð fyrir í núgildandi lögum, með þessari aðgerð.

Og hvað það varðar að hér sé um að ræða umdæmi fornra biskupsstóla (**ÖS:** Gleymdu ekki Þórði Þorlákssyni.) þá ítreka ég bara það viðhorf mitt að það er þá ástæða til að jafna umdæmin. Ég man nú ekki hvernig umdæmi þessara stóla voru til forna en mig minnir að Norðurland og Austurland hafi gjarnan legið saman undir sama biskup. Hafi svo ekki verið þá skiptir það út af fyrir sig ekki máli. Það er vel hægt að breyta umdæmi Hólabiskups þannig að hann sinni stærra umdæmi og fleira fólki en nú er, ef það er vandamálið. Hitt er svo annað mál, sem ég er ekki nægilega kunnugur en hefur svo sem ekki verið farið yfir, hversu viðamikil verkefni vígslubiskups yfir höfuð eru. En það er út af fyrir sig ástæða til þess að athuga það.

[15:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að hv. 5. þm. Vestf. skjöplist svolítið í röksemdafærslunni og er það heldur óvenjulegt.

Í því efni er hann jafnvel farinn að minna svolítið á þegar hv. 15. þm. Reykv. fer á flug í sinni röksemdafærslu. Ég vil minna hv. þm. á að rök hans í þessu eru þau að hér sé um að ræða litla sókn sem Skálholtsprestur eigi að þjóna og þess vegna óþarfi að hafa þar prest. En hv. þm. telur hins vegar eðlilegt að halda áfram prestsembætti í Landeyjum þar sem er minni sókn og færri sóknarbörn. Hvernig kemur hv. þm. þessari röksemdafærslu heim og saman? Er ekki eðlilegra við þessar aðstæður að taka prest frá hinni fámennari sókn og setja hann í þá fjölmennari? Það hefði ég haldið út frá þeirri hugsun sem hv. þm. lagði af stað með í umræðunni og mér hefði fundist fara vel á að hann héldi sig við í stað þess að fara í hringi.

[15:18]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því fer víðs fjarri að ég hafi talað fyrir því að prestur ætti að sitja áfram á Bergþórshvoli. Ég minntist ekki einu orði á það sjónarmið þannig að hann hlýtur að hafa heyrt það einhvers staðar annars staðar. Ég einfaldlega árétta það að ég sé ekki rökin fyrir því að vígslubiskup í Skálholti geti ekki þjónað sem prestur fjórum fámennum sóknum og að ráða þurfi prest í heila stöðu til að gera það fyrir hann, sóknum sem eru mjög fámennar þótt ekki hafi verið upplýst hversu margir þar eru en ég ímynda mér að þar séu ekki fleiri 500 manns, kannski færri. En þeir sem leggja þetta til segja að ekki þurfi nema þrjá presta til að sinna 13 þúsund manns. Þar er mótsögnin í málinu, virðulegi forseti, hún er hjá þeim sem flytja málið. Mótsögnin er sú að ekki þurfi fleiri en þrjá presta til að sinna 13 þúsund sóknarbörnum en einn prest til að sinna örfáum og létta þeim störfum af vígslubiskupi. Þetta er mótsögnin sem hefur ekki verið skýrð í þessu máli.

[15:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. um frv. um stöðu og skipan kirkjunnar, sem verður væntanlega fram haldið hér í dag, vék ég að þessu atriði með skipan vígslubiskupsdæmanna. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. dómsmrh. að það eru fyrst og fremst söguleg rök sem hníga að því að eftir að þessi embætti voru endurreist ákváðu menn að halda sig við hina fornu skipan sem er frá því um 1100, ef ég man rétt var biskupsdæmi stofnað á Norðurlandi árið 1106. Rökin fyrir þeirri skiptingu sem þá var ákveðin voru þess eðlis að vegna þess hve Norðlendingafjórðungur var fjölmennur þá þyrftu þeir að fá biskup og talið eðlilegt að skipta landinu þannig og þessu hefur ekki verið breytt. Það er misskilningur sem fram kom hér að biskupsdæmi norðan lands hafi náð til Austurlands, þingmaðurinn er kannski að hugsa um ömtin sem voru með ýmsu móti en öldum saman voru Norðurland og Austurland eitt amt. En hvað sem því líður þarf kannski að skoða þessa skipan. En það sem ég vildi helst víkja að er að ég skil það að menn þurfi að leysa ýmis vandamál en á sama tíma og verið er að leggja til þær lagabreytingar sem eru í þessu frv. er í frv. um stöðu þjóðkirkjunnar verið að færa þetta vald til kirkjunnar og til kirkjuþings eins og segir í 49. gr. frv. „... að setja starfsreglur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma". Það er því verkefni sem kirkjan mun taka að sér og má segja sem svo að eðlilegt væri að bíða með allar breytingar þar til málin eru komin til kirkjunnar. Það væri sem sé hið eðlilega í málinu. Ég ætla hins vegar að gefa mér það að hér sé um brýna þörf að ræða og vil þess vegna taka undir efni þessa frv. Ég lýsi hér með yfir stuðningi mínum við frv.

Ég verð að segja að mér þykir hv. 5. þm. Vestf. ekki þekkja nógu vel til á Suðurlandi en þannig háttar til í Skálholtsbiskupsdæmi, og ekki síst í nágrenni Skálholts eins og kemur fram í frv., að þar er gífurleg sumarhúsabyggð fyrir utan það að Skálholt er orðið eins konar ráðstefnusetur. Þar eru meira og minna allt sumarið ýmist erlendir ferðamenn eða þar er verið að halda námskeið og þar er mikill fjöldi fólks. Jafnvel yfir vetrartímann eru þúsundir manna á þessu svæði. Og þar verða slys og dauðsföll og þörf fyrir ýmiss konar þjónustu. Ég hygg að þegar sóknarnefndir þessa svæðis fara fram á að þarna verði áfram prestur og það verði of mikið á vígslubiskupinn lagt að sinna þessum prestaköllum líka, þá hygg ég að það sé rétt í ljósi þess að þarna er ekki um fámenna byggð að ræða heldur er þarna gífurleg umferð og gífurlegur fjöldi sem býr þarna meira og minna.

Varðandi annan aðstoðarprest í Grafarvogssókn vil ég einnig fagna því því ég veit að í þeirri sókn er gífurlegt álag á prestunum. Það stafar annars vegar af því að þetta er hverfi sem er að byggjast upp og þarna er mjög mikið af börnum og unglingum og það kallar auðvitað á mjög mikla vinnu prests. En þarna er líka mikið af ungu fólki og ég hef það eftir öðrum þessara presta að skilnaðartíðni í þessu hverfi sé töluvert yfir meðallagi á landsvísu. Það er vegna þess að þarna er fólk að glíma við að koma yfir sig húsnæði og lendir í vandræðum og það er einmitt oft einkenni á svona nýbyggðum hverfum að þar gengur mikið á og þar reynir mikið á í lífsbaráttunni. Þannig að ég vil mjög eindregið taka undir það ... (**KHG:** Gengur þá meira á á Suðurlandi að þar þurfi einn prest á 400 manns?) Nú hefur hv. þm. greinilega ekki hlustað á það sem ég var að segja rétt áðan um þær þúsundir manna sem eru meira og minna búandi á þessu svæði. Því það er ekki aðeins svo að þeir sem eiga sumarhús séu þar bara að sumrinu, fólk fer þangað líka yfir veturinn. Og þarna eru svæði þar sem m.a. verkalýðsfélög eiga marga bústaði o.s.frv. þannig að þarna er mjög mikil umferð fólks. En hvað sem því líður þá held ég að það hljóti að verða verkefni kirkjunnar, og hún hefur sóst eftir því, að fá að ráða skipan prestakalla og geta fært presta til eftir því sem þörf krefur. Það er það sem þeir vilja.

Engu að síður hefði ég viljað velta því aðeins fyrir mér að eins og staðan er í Skálholti þá er þar sóknarprestur, þar situr vígslubiskup og þar er rektor sem einnig er guðfræðimenntaður. Spurningin er hvort hægt væri að koma þessu einhvern veginn fyrir með öðrum hætti, hvort væri eðlilegt að þeir gætu hugsanlega unnið meira saman og gengið í störf hvers annars og þar með létt á þessu mikla álagi sem þarna er og sem ég er alveg sannfærð um að hefur mikið til síns máls. En það gefur auga leið að á sögustöðum eins og í Skálholti og á Hólum reynir töluvert á starfsmennina í alls konar tengslum, menningarlegum og sögulegum tengslum, og ýmiss konar þjónustu sem þeir þurfa að sinna jafnhliða öðrum störfum sem fylgja þessum embættum.

[15:27]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þær breytingar sem eru lagðar til í þessum tveimur málum sem hafa verið rædd hér af hv. þm. og fleirum, að færa prestsembætti úr Landeyjum í Biskupstungur og að bæta við þriðja prestsembætti í Grafarvogssókn, eru að mínum dómi afar eðlilegar. Þetta er skipan til tveggja ára en

síðan mun kirkjuþing fjalla um það þegar það fær valdið og umboðið til þess að skipa þessum málum.

Það er þannig með fleira sem kom fram áðan, að jafna umdæmi vígslubiskupanna og fleira í þeim dúr. Þetta eru umræður sem að mínum dómi ættu helst heima á kirkjuþingi því kirkjuþing er að fá þetta vald og ástæðulaust að við séum rétt í sama mund og við erum væntanlega að samþykkja aukið sjálfstæði kirkjunnar að vera að hlutast til um það valdaumboð sem við erum að afhenda kirkjunni.

[15:28]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði. Ég held að við eigum að fela kirkjunni þessi málefni. Það er verið að gera það með stóra frv. og ég sé það alveg og viðurkenni að hér er um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, bæði hvað varðar Skálholt og Grafarvog. Mér er kunnugt um að það hefur verið stefnan innan kirkjunnar að vera ekki með tvo presta í fullu starfi í sókninni heldur að ráða frekar aðstoðarpresta, hvernig sem á þeirri stefnu stendur. Ég ítreka bara stuðning minn við þetta frv.

[15:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram í máli ræðumanns að það væru gild rök í málinu að ferðamenn væru á ferli í þeim sóknum sem um er að ræða. Það rökstyddi að þörf væri fyrir prest fremur en áður. Ég bendi á að ferðamenn eiga allir sínar sóknir. Þeir eiga einhvers staðar heima og hafa sína presta. Það breytist ekki þótt þeir séu á faraldsfæti. Ég vænti þess að þeir geti haft samband við sína presta þótt þeir séu á ferðalögum. En látum það nú vera. Ég spyr þá þingmanninn hvort hann styðji ekki að stofnað verði til prestsembætta annars staðar þar sem Íslendingar eru mikið á faraldsfæti. Mér þætti t.d. nokkur ástæða til þess í ljósi þessarar röksemdarfærslu að stofnað væri að minnsta kosti eitt ef ekki tvö prestsembætti á Spáni. Ég teldi fullgild rök fyrir því út frá því sjónarmiði sem kemur fram í frv. og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir tók mjög undir að styddi þörfina fyrir embættið.

[15:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er hv. þm. að snúa út úr. Í umdæmi vígslubiskupsins í Skálholti býr fjöldi fólks sem þarf á þjónustu prests að halda eins og aðrir íbúar landsins. Þar við bætist að um þetta svæði fer mikill fjöldi fólks ýmist sem ferðamenn eða eru jafnvel langdvölum í sumarhúsum þarna á svæðinu og það getur ýmislegt komið upp sem kallar á þjónustu prests. Ég held því að menn verði að skoða það samhengi allt saman. Þar við bætist að sérstaklega yfir sumartímann er heilmikið um að vera í Skálholti. Þar eru messur á hverjum einasta sunnudegi yfir sumarið. Þar eru haldnir sumartónleikar og þar er mikil starfsemi. Það er margt sem hnígur að því að þörf sé á þessu prestsembætti. Það er verið að færa málið í hendur kirkjunnar og hún mun þá taka á því seinna meir eins og eðlilegt er. Það er eðlilegt að kirkjan ráði þessu.

[15:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki miklu við þetta að bæta. Þessi sumarhúsa- og sögustaðarök eru auðvitað á sínum stað. Ég hef komið á framfæri mínu sjónarmiði um þau. En er það ekki rétt munað hjá mér, og nú spyr ég hv. þm. sem ég hygg að sé kunnugur í efh.- og viðskn., að prestar verði skemmst ráðnir til fimm ára?

[15:33]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessar umræður sem hér hafa átt sér stað. Ég furða mig jafnframt nokkuð á þeim misskilningi sem mér finnst vera á ferðinni hjá sumum hv. þm. Það er nokkuð sérstakt að þeir skuli ekki vilja taka rökum í þessu máli. Allshn. öll flytur þetta frv. og það eru fulltrúar allra þingflokka á hinu háa Alþingi sem standa að málinu. Ég vænti þess að þeir geti þá rætt sérstaklega við sína félaga í sínum þingflokkum um málið ef þeir óska eftir frekari skýringum.

Það er rétt að fjöldi sóknarbarna er ekki tilgreindur í fyrri partinum á þessu frv. eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson benti á hér áðan. Allshn. þótti í raun og veru ekki ástæða til að óska eftir frekari upplýsingum í málinu vegna þess að það er greinilegur vilji þeirra sjálfra, þ.e. sóknarbarnanna og sóknarnefndanna, að gera þessar breytingar. Það hefur líka verið bent á að vígslubiskup hefur mörgum skyldum að gegna lögum samkvæmt og það hefur verið og er starfandi sóknarprestur í Skálholti sem hættir fljótlega. Því þarf að leggja til þessar breytingar.

Ég vil ítreka það sem ég segir í nál. og ég nefndi í framsögu með því áðan, með leyfi virðulegs forseta: „Hefur verið vakin athygli á að prestakallið sé víðfeðmara og meira krefjandi en svo að vígslubiskup geti sinnt því ásamt öðrum embættisskyldum. Starfi hans fylgja ferðalög og fjarvistir og því verður ekki unnt að veita þá þjónustu í prestakallinu sem verið hefur. Fjórar kirkjusóknir heyra undir prestakallið og þar fer fólki fjölgandi, auk þess sem gjarnan er leitað eftir sérstakri þjónustu sóknarprests vegna ört vaxandi sumarhúsabyggðar og fjölsóttra sögustaða í prestakallinu. Rétt þykir að verða við þessum tilmælum biskups og sóknarnefnda og eru því lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögunum." Þar er ég að sjálfsögðu að tala um Skálholtsprestakall. Þetta er samkomulagsmál, virðulegi forseti.

Þá vildi ég víkja nokkuð að athugasemdum og spurningum frá hv. þm. Össuri H. Skarphéðinssyni varðandi sóknarnefnd Grafarvogssafnaðar. Ég vil raunar fá að nota þetta tækifæri til að lýsa þeim sjónarmiðum sem liggja á bak við þær breytingar sem allshn. leggur til og fá að lesa hér upp erindi sem Grafarvogskirkja og sóknarnefnd, undirritað af formanni sóknarnefndar, Bjarna Kr. Grímssyni, sendi til allshn. varðandi þetta mál, með leyfi virðulegs forseta. Ég tek hér hluta úr erindinu, sem er dags. 2. apríl 1997:

„Sóknarnefnd Grafarvogssafnaðar vill koma á framfæri við hv. allshn. Alþingis eftirfarandi ósk um ábendingu: Þann 1. des. sl. voru íbúar í Grafarvogssókn 12.900 og þar af voru 7.110 skráðir sóknarbörn í þjóðkirkjunni, þ.e. voru 16 ára eða eldri og skráðir í þjóðkirkjuna.

Hverfið er mjög ungt og fjölgun þar mjög ör og má nefna að á síðasta ári fjölgaði um 1.100 manns í hverfinu eða um eins og eitt bæjarfélag á landsbyggðinni. Þá er hverfið byggt frekar ungu fólki og er það meginskýring á því lága hlutfalli sem skráð er í þjóðkirkjunni með tilliti til heildaríbúatölu, þ.e. mikið er um börn og unglinga. Það krefur hins vegar kirkjuna um mjög viðamikið starf og er reynt að koma sem mest til móts við það og er starfsemi Grafarvogssafnaðar mjög öflug. Við Grafarvogskirkju starfa nú tveir prestar, organisti og kirkjuvörður, auk annarra starfsmanna sem sinna í íhlaupum störfum tengdum þeirri starfsemi sem fram fer í kirkjunni.

Á aðalsafnaðarfundi Grafarvogssóknar sem haldinn var í Grafarvogskirkju sunnudaginn 15. sept. sl., var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða: „Fundurinn samþykkir að leitast verði við að koma upp kirkjuseli í Borgarholtshverfi. Vegna fjölda sóknarbarna verði sótt um annað aðstoðarprestsembætti. Með því að fjölga starfsmönnum er meiri möguleiki á að vinna að uppbyggingu safnaðarins fremur en að einbeita sér að fleiri kirkjubyggingum í sókninni. Grafarvogskirkja mun geta sinnt öllum þörfum safnaðarins þá og ef safnaðarheimili væri til staðar í Borgarholtshverfi. Með því að reisa slík sel væri hægt í framtíðinni að leggja enn meiri áherslu á starfið fremur en að reisa kirkjubyggingar."

Afrit af þessari samþykkt hafa verið sendar biskupi, prófasti og héraðsnefnd.

Sóknarnefndin vill vekja athygli hv. allshn. Alþingis á að í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands nr. 62 17. maí 1990, 3. gr. 1. mgr., er ráðherra heimilt að ráða prest til aðstoðar sóknarpresti í sóknum þar sem íbúafjöldi fer yfir 4.000. Og að þegar íbúafjöldi sókna er kominn yfir 8.000 skal sókninni að jafnaði skipt.

Í ljósi þessa er ljóst að Grafarvogssókn er komin yfir þessi mörk og ætti því í raun að vera tvær sóknir og hvor um sig með tvo presta. Þetta er ekki raunin og er í reynd alls ekki krafa sóknarnefndar eða sóknarbarna í Grafarvogi heldur er óskin sú sem fram kom í samþykkt aðalsafnaðarfundar frá því sl. haust að fá þriðja prestinn og síðan að byggja safnaðarheimili víðar í hverfinu en auka starfið og fullnýta þá kirkju sem nú er í byggingu.

Þessu máli er komið á framfæri við hv. allshn. í því augnamiði að óska eftir lagfæringu á fjölda þeirra prestsembætta sem ríkið ætlar að greiða og fram kemur í samningi ríkisins og þjóðkirkjunnar sem fjallað er um í tengslum við frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Það er ósk sóknarnefndar Grafarvogssóknar að tölunni verði breytt úr 138 prestembættum í 139 embætti. Þetta er gert í ljósi þess, eins og áður hefur komið fram, að nú þegar átti að vera komið eitt embætti í Grafarvogi og efnt í annað í viðbót. Verður að líta svo á að við ákvörðun þessarar tölu, þ.e. 138, hafi þetta farið fram hjá þeim aðilum sem um málið fjölluðu."

Íbúar í Grafarvogssókn eru nú komnir yfir 13.000 og allshn. lítur svo á að það sé afar mikilvægt að verða við þessum óskum. *Ég vil benda á í þessu sambandi að hér er einungis um bráðabirgðaákvæði að ræða sem gildir til ársloka 1998 eða í um það bil eitt og hálft ár.* Síðan mun kirkjuþing taka við mati á þessum málum í heild sinni um skipan prestakalla, samanber það frv. sem liggur fyrir hinu háa Alþingi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar sem verður vonandi samþykkt hér fljótlega. Væntanlega verða fleiri prestar fluttir á höfuðborgarsvæðið ef þörf krefur og kirkjuþing metur það svo.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þessi sjónarmið koma hér skýrt fram og ítreka þá skoðun allshn. að hér sé um mikilvægt mál að ræða sem vonandi fær góðar viðtökur á hinu háa Alþingi.

[15:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér hafa spunnist umræður um þetta frv. og ég ætla í sjálfu sér ekki að leggjast gegn frv. og ég er sammála fyrri hluta þess en ég óskaði hér eftir ákveðnum skýringum. Ég tel ekki að ég hafi fengið þær.

Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir leyfir sér að segja hérna að vegna þess að allir þingmenn í þessari nefnd séu sammála frv. þá eigi aðrir flokksmenn þeirra bara að gjöra svo vel og spyrja þá. Nú vill svo til að þetta frv. er flutt af nefndinni þannig að það fer ekki aftur til nefndarinnar. Þetta er eina umræðan sem við, almennir þingmenn, höfu til rannsóknar á málinu og það er réttur minn sem virks leikmanns innan þjóðkirkjunnar og sem þingmanns að spyrja út í þetta.

Herra forseti. Í tilefni af því bréfi sem hv. þm. las hér upp og gefur ástæðu til langrar og ítarlegrar umræðu einmitt um þróun þessa prestakalls get ég ekki annað en spurt hv. þm. og formann nefndarinnar: Til hverra var leitað um umsögn og álit á þessu erindi sem gengur svona greiða leið, fyrst í gegnum dóms- og kirkjumrn. og síðan umræðulaust í hendur nefndarinnar og í gegnum nefndina? Til hverra var leitað?

[15:43]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu enginn sem mótmælir rétti hv. þm. til að leita eftir skýringum og upplýsingum um mál. En venjan er sú að fulltrúar í nefndum ræða málin í sínum þingflokkum. Þess vegna hefði ég haldið, hv. þm., að það hefði verið gert. Það er alltaf nokkuð sérstakt þegar nefnd flytur sjálf mál. Það er öðruvísi meðferð á málinu hér á hinu háa Alþingi. En það var skoðun allshn. að þetta væri samkomulagsmál og þessar breytingar lagðar til í samráði við dómsmrh. og ég veit ekki betur en að haft hafi verið samband við fulltrúa kirkjunnar í því sambandi. Það er alla vega ljóst, og ég vil ítreka það enn og aftur, að hér er um bráðabirgðarákvæði að ræða sem gildir einungis í stuttan tíma og síðan mun kirkjuþing taka að sér að móta reglur um þessi mál og meta þarfir sókna og flytja til prestaköll eftir þörf. Ég ítreka það einnig að fyrir þinginu liggur frv. um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar þar sem einmitt er gert ráð fyrir auknu sjálfstæði kirkjunnar almennt í hennar málum. Vonandi verður það mál samþykkt hér fljótlega. Þá mun verða tekið á þessum málum jafnframt.

[15:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir leggur jafnan gott eitt til málanna. Og nú sýnist mér að hún hafi dottið niður á lausn sem gerir þetta þing í rauninni óþarft. Það er í rauninni nóg, samkvæmt því sem hún segir, að hafa bara fagnefndirnar starfandi og síðan getum við, sem ekki eigum sæti í hinum ýmsu nefndum, bara spurt okkar félaga í nefndunum. Við þurfum ekkert að ræða það hér eins og hv. þm. sagði. Hún hefði haldið að það væri nóg að menn bara spyrðu sína félaga í nefndunum. En vegna þess og einungis vegna þess að hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða þá ætla ég ekki að taka oftar til máls um þetta. En mér finnst ræða hv. þm. ... (**Gripið fram í:** Það er gaman að heyra í þér einu sinni enn.) Ég tala hér, ég ítreka það, herra forseti, sem virkur leikmaður þrátt fyrir að það færist glott yfir ýmsa ókristilegri meðbræður mína í þessum sölum. En ég tel að sú stefna sem kemur fram í bréfinu frá sóknarnefndinni sé þess eðlis að það gefi fullt tilefni til þess að þingið velti fyrir sér hvort það eigi að leyfa svona, hvort það eigi að hleypa þessari þróun af stað.

Í bréfinu er rætt um það, og ég ætlast ekki til þess að hv. þm. þurfi neitt að svara því, að koma upp kirkjuseli annars staðar, fjarri kirkjunni, og síðan segir: „að byggja safnaðarheimili víða í sókninni". Auðvitað er það eðlilegt

að sóknarnefndin vilji bara stækka sóknina og hafa völdin sem mest. Það getur líka verið eðlilegt í sumum tilvikum að prestarnir vilji hafa sem stærstar sóknir ef þeir fá nógu mikið af aðstoðarprestum vegna þess að þá aukast völd þeirra. En þá kemur að okkur, á meðan tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins eru eins og þau eru í dag, að taka í taumana. Og ég segi það alveg hikstalaust að ég held að sú stefna sem birtist í þessu bréfi frá sóknarnefndinni sé mjög óheillavænleg. Ég held að það sé slæmt að svona mál renni bara hikstalítið í gegnum fagnefndir þingsins, í þessu tilviki allshn., án þess að einhverjir séu kvaddir til þess að skoða málið vegna þess að mér sýnist að þetta mál sé argasta þvæla.

[15:47]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þetta mál. Ég held að öll sjónarmið hafi komið fram sem skipta máli í þessari umræðu. Ég ítreka það að allshn. stendur að því að flytja þetta mál og ég vona svo sannarlega að hv. þm. Össur Skarphéðinsson, sem er þingmaður Reykvíkinga geti staðið með okkur í að huga að hagsmunum Grafarvogsbúa í þessu dæmi.

[15:48]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar þingnefndir flytja mál er ærin nauðsyn fyrir þá sem fá málið að greinargerð sé á þann veg að hægt sé að taka afstöðu til málsins út frá henni. Þegar það brestur versnar mjög málið. Hér er hægt að taka afstöðu til eins atriðis út frá þeirri greinargerð sem liggur fyrir, þ.e. að það blasir við sem staðreynd vegna uppgefins fjölda á íbúum í Grafarvogi að það hlýtur að vera meira verk en svo að einn prestur geti sinnt því. Það blasir við sem staðreynd. Hins vegar hefði ég talið sanngjarnt að þegar verið er að meta aðra hluti, t.d. hvort eigi að leggja niður sóknarprest á Bergþórshvoli og eins hvað beri að gera í Skálholtsprestakalli, að hafa hér upplýsingar. Fyrst hægt var samkvæmt manntali að hafa kontról á íbúafjölda í Grafarvogi, sem er nú ört vaxandi, hvaða ástæður eru til þess að ekki er hægt að hafa sambærilegar uppýsingar í greinargerð varðandi hin atriðin? Hvaða feluleikur er þetta? Af hverju er ekki hægt að hafa það hér inni. Eins hitt að ég held að það sé almennt viðurkennt að menn vilja gæta jafnræðis milli Hóla og Skálholts. Menn vilja þess vegna að eins sé staðið að í Hólastifti og í Skálholti. Þess vegna finnst mér óeðlilegt að þegar svona frv. kemur fram þá liggi þessar upplýsingar ekki fyrir í greinargerðinni.

Mér þætti vænt um það ef flm. mundu fyrir afgreiðslu málsins við 3. umr. koma með þessar upplýsingar þannig að fyrir liggi hvernig að þessum málum er staðið hjá vígslubiskupinum á Hólum. Hann þarf einnig að standa í ferðalögum en hvaða skyldur hefur hann gagnvart prestsþjónustu og er þá jafnræði á milli Skálholtsstaðar og Hóla eftir að þessi aðgerð hefur verið framkvæmd? Og eins hitt: Hvaða mannfjölda er verið að tala um á hinum tveimur stöðunum því eins og hér kom fram hljóta ákvarðanir varðandi þessa hluti fyrst og fremst að byggjast á því hvaða fjöldi er til staðar í viðkomandi sókn? Eins og menn vita eru þessar fjórar sóknir eitt sveitarfélag. Ég get ekki tekið afstöðu til þessa máls af því ég hef ekki þær upplýsingar sem ég þyrfti að hafa. En ég vil ekki á nokkurn hátt verða til þess að tefja að það hafi sinn gang en mér finnst að þegar frv. er flutt af nefnd þá sé nauðsynlegt að samræmis sé gætt í upplýsingagjöf til þingsins þannig að menn geti út frá greinargerðinni tekið afstöðu til málsins.

[15:51]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það liggur ekki nákvæmlega fyrir um hvaða fjölda er að ræða í þessum sóknum er hann ræddi hér um. Ég tel að ugglaust væri hægt að útvega honum þær upplýsingar. En varðandi vígslubiskupinn á Hólum þá var það mál rætt sérstaklega í allshn. og talið að þar væri um minna umdæmi að ræða og minni umsvif og þess vegna ættu þessar breytingar sér eðlilegar skýringar.

[15:52]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef staðið í þeirri trú að biskupsumdæmi Hóla væri hið forna svæði, þ.e. Norðurland og Austurland. Ef það er ekki Austurland, eins og hér er hvíslað framan úr sal, finnst mér eðlilegt að því sé breytt, að Hólastifti fái það umdæmi sem það hafði því það er ekkert sem kemur í veg fyrir að hægt sé að sinna Austurlandi líka frá Hólum. Og þess jafnræðis sé þá gætt sem ég var að tala um. Að öðru leyti vona ég að hv. formaður allshn. verði við því að koma með upplýsingar um þessi atriði þannig að ekki sé verið að tefja þetta mál út á það að menn séu að deila um hluti sem hægt er að hafa alveg á hreinu.

[15:53]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gjarnan vil ég reyna að varpa ljósi á það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson nefndi áðan. Ég er ánægður með að heyra að hann vill að jafnræði sé á milli embætta vígslubiskupanna í Skálholti og Hólum og virði það sjónarmið. Á hitt er að líta að vígslubiskup á Hólum hefur mun minna umdæmi og færri sóknir í sínu prestakalli þannig að þar er nokkur munur á milli. Vígslubiskup í Skálholti mun vafalaust hafa messuskyldu áfram í dómkirkjunni í Skálholti og til tals hefur komið í Hólaprestakalli og í Hólastifti og innan prófastsdæmisins, Skagafjarðarprófastsdæmis, að ein sóknin, Rípursókn, færist úr Hólaprestakalli í annað prestakall þannig að það minnki einnig vegna aukins umfangs starfs vígslubiskupsins. En það að Hólastifti fái það sem það áður hafði — líka Austurland, kannast ég ekki við. Hólastifti hefur verið Norðurland en Skálholtsstifti Suðurland, Austurland, Vesturland og Vestfirðir. Þannig að það er töluverður munur á milli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28, nál. 1003 og 1106, brtt. 1004 og 1107.

[15:56]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. á þskj. 1003 um frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk marga gesti á sinn fund og umsagnir frá ýmsum aðilum.

Lög um fasteigna- og skipasölu eru að stofni til frá árinu 1938 þótt gildandi lög séu nr. 34/1986. Undanfarin ár hefur starfað á vegum dómsmrn. og Félags fasteignasala samstarfsnefnd til að fjalla um málefni og starfsemi stéttarinnar. Lauk starfi þeirrar nefndar með því að hún skilaði

af sér tillögum sem flestar vörðuðu öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Í framhaldi af því ákvað dómsmrn. að taka lögin til heildarendurskoðunar.

Meginbreytingar frv. á efni gildandi laga lúta að neytendavernd, svo sem hvað varðar aukið eftirlit með starfsemi fasteignasala og hert skilyrði fyrir að geta fengið löggildingu til fasteignasölu. Þá er gildissvið laganna víkkað þar sem þeim verður framvegis einnig ætlað að ná til sölu á fyrirtækjum og nokkrar frekari breytingar lagðar til.

Umfjöllun nefndarinnar beindist að stærstum hluta að tveimur þáttum, þ.e. starfsábyrgðartryggingum fasteignasala annars vegar og söluþóknun fasteignasala hins vegar. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því við Samkeppnisstofnun að hún léti fara fram athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaðinum með tilliti til þess hvort réttlætanlegt væri að afnema ákvæði gildandi laga um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum. Í svarbréfi Samkeppnisstofnunar frá 10. mars sl. kemst hún að þeirri niðurstöðu að rétt sé að afnema umrætt ákvæði eins og frv. gerir ráð fyrir. Í frv. er í 5. gr. gert ráð fyrir að fasteignasalar skuli hafa ábyrgðartryggingu gagnvart tjóni sem þeir valda viðskiptamönnum í störfum sínum, hvort sem tjónið stofnast af ásetningi eða gáleysi. Í umsögnum Félags fasteignasala og Lögmannafélags Íslands er bent á að umrætt ákvæði sé í andstöðu við meginsjónarmið í vátryggingarétti um að ekki sé hægt að tryggja sig fyrir eigin ásetningsbrotum. Í því sambandi er bent á að lögmenn eru aðeins skyldir til að tryggja sig gegn gáleysisbrotum. Skv. 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir að lögmenn, sem hafa með höndum fasteignasölu, teljist fullnægja tryggingarskyldu sinni með ábyrgðartryggingu lögmanna. Í ljósi þess ósamræmis sem slíkt hefði í för með sér leggur meiri hluti nefndarinnar til að ákvæðinu verði breytt þannig að tryggingarskylda fasteignasala nái aðeins til gáleysisbrota, en undir gáleysi fellur bæði einfalt og stórfellt gáleysi. Með þessari breytingu verður vátryggingarskylda fasteignasala í samræmi við vátryggingarskyldu endurskoðenda, en lög um endurskoðendur voru nýlega samþykkt á Alþingi. Það sama gildir einnig um sölumenn notaðra ökutækja.

Í bréfi sem allshn. barst frá nefnd sem skipuð hefur verið til að fjalla um hvort rétt væri að semja frv. til laga um rammalöggjöf um starfsábyrgðatryggingar segir m.a.:

„Nefndin er sammála um að þegar í lögum er kveðið á um að starfsstétt skuli hafa starfsábyrgðartryggingu þá eigi að miða við að slíkar tryggingar séu til að bæta tjón sem hlutaðeigandi veldur af almennu gáleysi í starfi sínu. Tjón sem rakið verður til ásetnings eða stórfellds gáleysis skal undanskilið. Í vissum tilvikum hefur við setningu laga og reglugerða um einstakar starfsstéttir verið gengið lengra og m.a. krafist að trygging skuli einnig taka til tjóns sem valdið hefur verið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Svo víðtæk vátryggingarskylda er í engu samræmi við vátryggingarvenjur, enda má ætla að tjónstilvik af þessu tagi séu oftar en ekki refsiverð."

Þá leggur meiri hlutinn til að kveðið verði á um lágmarksupphæð tryggingar vegna hvers einstaks tjónsatburðar og heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers tryggingartímabils í reglugerð, en ekki verði festar ákveðnar upphæðir í lögum. Ástæður breytingartillögunnar eru tvíþættar. Annars vegar þykir óhentugt að lögfesta ákveðnar upphæðir þannig að lagabreytingu þurfi til að breyta þeim. Hins vegar þykir nauðsynlegt að gæta samræmis milli tryggingarfjárhæðanna hjá fasteignasölum og lögmönnum, en hjá lögmönnum eru fjárhæðirnar ákveðnar í reglum sem staðfestar eru af ráðherra og gætir misræmis milli þeirra fjárhæða sem þar er að finna og fjárhæðanna í frv. Telur meiri hlutinn eðlilegt að samræmis varðandi vátryggingarfjárhæðir sé gætt milli stétta.

Einnig leggur meiri hlutinn til breytingar á 1. og 3. mgr. 1. gr., sem miða að því að ákvæðin verði skýrari hvað varðar sölu á fyrirtækjum. Þannig er lagt til að orðunum „í atvinnuskyni" verði bætt inn í frumvarpstextann til að taka af öll tvímæli og einnig er lagt til að ákvæðið nái ekki einungis til fyrirtækja sem stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi, heldur verði miðað við öll atvinnufyrirtæki eða eignarhluta í þeim, önnur en hlutafélög.

Þá leggur meiri hlutinn til að gerð verði breyting á 2. gr. þannig að eitt af skilyrðum þess að maður geti fengið löggildingu sem fasteignasali verði að hann hafi haft forræði á búi sínu í tíu ár í stað tveggja ára eins og gert er ráð fyrir í frv. Í núgildandi lögum um málflytjendur er miðað við tvö ár eins og í frv., en þrátt fyrir það þykir meiri hlutanum ástæða til að leggja til framangreinda breytingu. Er ljóst að kröfur að þessu leyti verða hertar er lög um lögmenn verða endurskoðuð og er lenging þessa tímabils í samræmi við almenna þróun laga hérlendis, samanber ný lög um endurskoðendur og lög um sölu notaðra ökutækja. Þó vill meiri hlutinn benda á að nokkurt misræmi er milli stétta í þessu sambandi og hvetur hann til þess að tekið verði heildstætt á þessu máli og reglur verði samræmdar sem fyrst.

Loks leggur meiri hlutinn til að gerðar verði breytingar á 12. gr. frv. sem miða að því að skýra frekar hvað skuli koma fram í söluyfirliti því er fasteignasala er skylt að semja þegar honum hefur verið falið að ganga frá kauptilboði og/eða kaupsamningi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, virðulegi forseti, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem hér hefur verið lýst og gerð er grein fyrir á þskj. 1004. Undir álit meiri hluta allshn. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni Ragnar Árnason, Jón Kristjánsson, Hjálmar Jónsson og Kristján Pálsson.

[16:03]

Útbýting þingskjala:

Fjárreiður ríkisins, 100. mál, brtt. ÓÞÞ, þskj. 1134.

Opinber fjölskyldustefna, 72. mál, brtt. RG og BH, þskj. 1135.

Umferðarlög, 487. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 1133.

[16:04]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta allshn. um frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu en minni hlutann skipa ásamt mér hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og Ögmundur Jónasson.

Það eru einkum þrjú atriði í þessu frv. sem okkur greinir á um við meiri hlutann og sem sérstaklega hefur verið fjallað um í umfjöllun allshn. um málið. Þessi atriði lúta að starfsábyrgðartryggingu fasteignasala, vátryggingarfjárhæðir og söluþókun fasteignasala. Eins höfum við gert athugasemdir við 12. gr. frv. þar sem horfið er frá því sem gildandi löggjöf mælir fyrir um, þ.e. að tiltaka í lögum en ekki reglugerð hvað skuli koma fram í söluyfirliti við fasteignaskipti. Ég vil, virðulegi forseti, gera grein fyrir þessum fjórum þáttum sem við teljum mjög veigamikla og mikilvægt að tryggt sé

og vel um hnútana búið að því er þessa þætti varðar í löggjöf um fasteignaviðskipti.

Það er tekið fram í frv. að markmið þess sé að auka tryggingavernd og öryggi viðskiptamanna fasteignasala og kemur það líka fram í meirihlutaáliti nefndarinnar, en ég held einmitt að miðað við þær breytingar sem allshn. gerði sem ganga gegn því sem hæstv. dómsmrh. lagði fram fyrir þingið þá dragi breytingartillögurnar fremur úr tryggingavernd en hitt.

Það eru sérstaklega atriði sem varða starfsábyrgðartryggingar sem ég vil víkja að. Meiri hlutinn leggur til að fellt verði brott ákvæði sem lengi hefur verið í lögum um að skaðabótaskylda fasteignasala nái til ásetningsbrota með sama hætti og til gáleysis. Þannig leggur meiri hlutinn til að verulega verði dregið úr neytendavernd í fasteignaviðskptum frá því sem nú er og frá því sem hæstv. dómsmrh. leggur til í sínu frv.

Minni hlutinn telur fráleitt að draga úr þeirri neytendavernd sem felst í starfsábyrgðartryggingunni og að hún hafi náð til ásetningsbrota hjá fasteignasölum og minnir á að það er kannski sjaldan eins rík þörf fyrir neytendavernd og í fasteignaviðskiptum þar sem oftast er um að ræða aleigu fólks sem fer á milli handa í fasteignaviðskiptum. Mér finnst rökin mjög sérkennileg hjá meiri hlutanum fyrir því að fella út kvöð á fasteignasala um skaðabótaskyldu vegna ásetningsbrota. Er t.d. vikið að því að lögmenn séu einungis skyldugir til þess að tryggja sig gegn gáleysisbrotum. Þessi rök tel ég að haldi ekki. Það hefði auðvitað verið einfaldara, eins og minni hlutinn leggur til í sinni brtt., að kveða á um að í ábyrgðartryggingu lögmanna felist ótvírætt að skaðabótaskylda þeirra líkt og fasteignasala næði einnig til ásetningsbrota. Um það hafa reyndar verið deildar meiningar, herra forseti, að í ábyrgðartryggingu lögmanna sem stunda fasteignasölu felist líka ábyrgð vegna ásetningsbrota. Það kemur reyndar fram í umsögn Vátryggingaeftirlitsins til allshn. en þar segir orðrétt:

„Þegar Alþingi samþykkti að lögbjóða starfsábyrgðartryggingu lögmanna á síðasta ári [þ.e. 1996] með lögum um breytingu á lögum um málflytjendur var alveg ljóst hver vilji löggjafans var. Vátryggingin á að veita viðskiptamanni lögmanns vernd af hvaða ástæðu sem skaðabótaskylda lögmannsins stofnast ef það skilyrði er uppfyllt að ábyrgðin hafi stofnast vegna lögmannsstarfa. Í athugasemdum frv. var þess getið að ekki skiptir máli gagnvart viðskiptamanninum hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis."

Vátryggingaeftirlitið gat þess í umsögn sinni að ekki sé einhugur meðal lögfræðinga um þessa túlkun. Ýmsir telji að löggjafinn hefði þurft að láta þess getið í texta laganna því ella taki vátryggingin eingöngu til einfalds gáleysis og/eða einfalds og stórkostlegs gáleysis.

En Vátryggingaeftirlitið hefur sem sagt látið þá skoðun í ljós að það telji að vilji löggjafans hafi komið skýrt fram í þessari löggjöf um málflytjendur frá 1996 og reyndar hafnaði Vátryggingaeftirlitið í mars 1996 drögum að vátryggingaskilmálum sem fyrir lágu þar sem ásetningur eða stórkostlegt gáleysi var undanskilið. Í umsögn Vátryggingaeftirlitsins kom fram eftirfarandi, með leyfi forseta: „Eftirlitið telur að að óbreyttum lögum megi lögboðin starfsábyrgðartrygging lögmanna ekki undanskilja tjón sem valdið er af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi."

Vegna fyrirspurnar sem lögð var fyrir Vátryggingaeftirlitið í tengslum við umfjöllun um þetta mál í nefndinni þá lagði Vátryggingaeftirlitið til að rétt væri að kveða á um það í frv. sjálfu með líkum hætti og ásetningsbrot nái til fasteigna mundu þau líka ná til lögmanna sem stunda fasteignaviðskipti til þess að taka af allan vafa í því efni.

Það kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans að í nafni ósamræmis sem er á milli ábyrgðartryggingar lögmanna annars vegar og fasteignasala hins vegar leggi hann til að ákvæðinu verði breytt þannig að tryggingarskylda fasteignasalans nái aðeins til gáleysisbrota. Í stað þess að samræma, herra forseti, upp á við, þ.e. ákvæðinu sem í frv. dómsmrh. tekur til ásetningsbrota, eins og Vátryggingaeftirlitið lagði til þannig að ásetningsbrotin sem fjallað er um í 5. gr. frv. nái einnig til lögmanna sem stunda fasteignasölu.

Virðulegi forseti. Meiri hluti allshn. kaus frekar að draga úr þeirri tryggingavernd sem hefur verið til staðar lengi, þ.e. fasteignakaupendur og fasteignaseljendur hafa getað verið öruggir fyrir því að þegar þeir eru í fasteignaviðskiptum nær ábyrgðartrygging fasteignasalans til ásetningsbrota. Það er alveg ljóst að þegar verið er að fjalla um aleigu fólks er nauðsynlegt að slíkt sé fyrir hendi. Það er oft svo að í fasteignaviðskiptum fara fjármunir um hendur fasteignasalanna og þetta getur vissulega verið áhættuþáttur sem er fyrir hendi sem grandalaust fólk getur kannski ekki alltaf áttað sig á og því þurfum við að búa svo um hnútana að við búum við fullkomnustu starfsábyrgð hjá fasteignasölum og völ er á. Það er ljóst að það hafa komið fyrir atvik þar sem um hefur verið að ræða stórkostlegt gáleysi og sé úr þessu dregið eins sem hér er lagt til, að fella brott ábyrgðartryggingu vegna ásetningsbrota, er verið að draga verulega úr ábyrgðartryggingu fasteignasala sem á að vera fyrir hendi og minni hlutinn vill hreinlega ekki bera ábyrgð á því að svo sé um hnútana búið í löggjöf.

Vátryggingaeftirlitið hefur einmitt verið spurt sérstaklega um það ef ábyrgðarbrot í starfsábyrgðartryggingu væri inni varðandi t.d. fasteignasalana líka, hvort það ásamt breytingum á vátryggingarfjárhæðunum mundi leiða til hækkunar á iðgjöldum og Vátryggingaeftirlitið kveður á um það í sinni umsögn á eftirfarandi hátt með leyfi forseta:

„Fyrirliggjandi frv. kveður á um litla hækkun vátryggingarfjárhæða og ekki verður séð að lítil hækkun vátryggingarfjárhæða hafi hækkun iðgjalda í för með sér. Vegna þess hve vátryggingarfjárhæðir eru lágar hafa íslensku vátryggingafélögin ekki tekið endurtryggingar vegna þessarar starfsábyrgðartryggingar. Ætla má að þau geti það áfram þó frv. verði samþykkt.

Menn sem leggjast gegn þessu ákvæði um ásetningsbrot nefna líka til sögunnar vandkvæði ef endurtrygging sé erfið og þar fram eftir götunum, en þá verðum við að muna að ásetningsbrot hafa verið um töluverðan tíma í starfsábyrgðartryggingu fasteignasala án þess að það hafi leitt til einhverra vandkvæða í sambandi við tryggingarnar.

Við gerum líka athugasemd við það að meiri hlutinn leggur til að tryggingarfjárhæðir í fasteignaviðskiptum, sem nú er kveðið á um í lögum, verði settar í reglugerð. Minni hlutinn leggst á móti því fyrir utan það að við vekjum athygli á því, sem er mjög brýnt, að vátryggingarfjárhæðir eru mjög mismunandi, annars vegar hjá lögmönnum og lögmönnum sem stunda þá fasteignasölu annars vegar og hins vegar hjá fasteignasölunum sjálfum. Þar munar í dag að starfsábyrgðartrygging lögmanna kveður á um 5 millj. kr. vegna hvers tjónsatburðar sem er með sama hætti og hjá fasteignasölum, en heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingar-

tímabils er 10 millj. hjá fasteignasölum en 15 millj. hjá lögmönnum og hefði verið nauðsynlegt að breyta því í frv. og hafa fjárhæðirnar í lögunum sjálfum.

Eins má benda á um ábyrgðartryggingu gegn skaðabótakröfum sem stofnast til þegar viðskiptamaður verður fyrir skaðabótaskyldu fjártjóni vegna starfsemi bifreiðasala, að þá skal með tryggingum greiða bætur allt að 3 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatviks sem verður. Þar er um hlutfallslega mjög háa fjárhæð að ræða á móti 5 millj. í fasteignaviðskiptum. Það sjá allir í hendi sér að um er að tefla miklu stærri fjárhæðir í fasteignaviðskiptum en bílaviðskiptum. Það er því mikið ósamræmi á milli vátryggingarfjárhæða í fasteignaviðskiptum, svo dæmi sé tekið milli lögmanna og fasteignasala og síðan í bílasölu og líka er nefnt í áliti minni hlutans varðandi vátryggingarmiðlara.

Athyglisvert er að í flestum tilvikum þar sem aleiga fólks er í húfi er tryggingavernd að öðru jöfnu minnst. Að mati minni hlutans er það óviðunandi og hann leggur áherslu á að tryggingarfjárhæðir í fasteignaviðskiptum verði samræmdar og tekið verið mið af því að þær geti staðið undir því tjóni sem fasteignakaupendur og -seljendur geta orðið fyrir, ásamt því að fjárhæðirnar taki breytingum í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu. Ekki er ákvæði um vísitölubreytingar í frumvarpinu en Vátryggingaeftirlitið hefur mælt með að slíkt ákvæði verði tekið í lög því það sé fyllri grundvöllur ef þess er getið í lögum og tilgreind sú viðmiðun sem um ræðir hverju sinni. Minni hlutinn getur ekki fallist á að vátryggingarfjárhæðir verði ákveðnar með reglugerð eins og meiri hlutinn leggur til því að nauðsynlegt er að upplýsingar um þær séu aðgengilegar í lögum, auk þess sem óviðunandi er að Alþingi framselji svo þýðingarmikið atriði í fasteignaviðskiptum alfarið til framkvæmdarvaldsins.

Ég vil þá, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að því sem líka var fjallað um í nefndinni og m.a. Neytendasamtökin hafa gert verulegar athugasemdir við og ég gerði við 1. umr. þessa máls, en það eru athugasemdir við 12. gr. frv. þarf sem horfið er frá því sem gildandi löggjöf mælir fyrir um, þ.e. að tiltaka í lögum en ekki reglugerð hvað skuli koma fram í söluyfirliti, sem er mjög mikilvægt varðandi öryggi fyrir kaupendur og seljendur í fasteignaviðskipum. Um þessa grein segir í umsögn Neytendasamtakanna að í söluyfirliti komi fram veigamestu atriði sem lúta að forsendum kaupa og er því mikilvægt að löggjafinn kveði skýrt á um það en ekki sé nægjanlegt að reglugerð mæli fyrir um slík grundvallaratriði. Söluyfirlit þurfi að tiltaka öll þau atriði er skipta máli við sölu eigna, svo sem um ástandsskýrslur og upplýsingagjöf fasteignasala. Ég held að það sé mjög mismunandi hvernig staðið er að slíku hjá fasteignasölum og undir hælinn lagt hvernig það er gert, en mjög brýnt er að einmitt þessir þættir séu í fullkomnu lagi og að löggjafarviljinn komi skýrt fram í því efni. Brýnt sé að í fasteignaviðskiptum sé viðskiptamaður ætíð upplýstur um rétt sinn til að fá ástandsskýrslu um eiginleika þeirrar fasteignar sem verið er að kaupa og að slíka skýrslu skuli hlutlaus úttektaraðili gera. Slíkar skýrslur mundu draga verulega úr fjölda þeirra ágreiningsmála sem koma upp við kaup á fasteign. Kveða þurfi skýrt á um upplýsingagjöf fasteignasalans um alla þætti sem skipta máli við kaup á fasteign, t.d. um viðgerðarframkvæmdir sem átt hafa sér stað eða eru yfirvofandi, um húsgjöld og upphæð þeirra. Á því held ég að sé mjög mikill misbrestur eða a.m.k. misjafnt hvernig fasteignasalar standa að því. Minni hlutinn tekur undir þessar ábendingar og athugasemdir Neytendasamtakanna og telur brýnt að skyldur fasteignasalans séu skýrar um ítarlega upplýsingagjöf um ástand eigna, fyrirhugaðar eða aðkallandi viðgerðarframkvæmdir og aðra þætti sem máli skiptir að liggi greinilega fyrir áður en gengið er frá bindandi fasteignakaupum.

Því ber að fagna að meiri hlutinn hefur vegna ábendinga minni hlutans að nokkru tekið tillit til þessara sjónarmiða sem ég hef hér lýst og koma mjög sterkt fram í áliti frá Neytendasamtökunum. Þannig er í brtt. meiri hlutans að nokkru getið, vegna ábendinga frá minni hlutanum, hvað eigi að koma í þá reglugerð, þó að það sé langt frá því tæmandi og ýmislegt vanti þar. Ég nefni það að minni hlutinn telur þetta mikilvægt þó að ákvæðið séu ekki fullnægjandi þar sem m.a. er ekki kveðið á um í lögum að fyrirhugaðar eða aðkallandi viðgerðarframkvæmdir skuli koma fram í söluyfirlitinu, sem ég tel mjög mikilvægt, og við höfum auðvitað enga tryggingu fyrir því að það sé þegar löggjafinn getur ekki um það og þetta er raunverulega alfarið sett í vald dómsmrn. og dómsmrh. miðað við reglugerðarsetningu hvernig þetta ákvæði verður úr garði gert og hvað fasteignasölum verður skylt að hafa í söluyfirlitinu. Varðandi þetta ákvæði í 12. gr. mun minni hlutinn því sitja hjá við afgreiðslu 12. gr. frv. en fagna þó þeirri brtt. sem fram kemur hjá meiri hlutanum.

Ég vil í lokin, virðulegi forseti, fara nokkrum orðum um þá grundvallarbreytingu sem er verið að gera í fasteignaviðskiptum og fram kemur í frv. Þar er kveðið á um afnám ákvæðis núgildandi laga um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum og ég tel fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af til hvers það leiðir, herra forseti, og vil því rökstyðja það nokkuð nánar.

Í umsögn Samkeppnisstofnunar, dags. 27. nóvember sl., kom fram að stofnunin hafi ekki gert sérstaka athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölumörkuðum og sé því ekki í stakk búin til að meta hvort veigamikil rök séu fyrir því að hafa í lögum ákvæði um hámarksþóknun í þessum greinum. Minni hlutinn taldi mjög mikilvægt að slík athugun yrði gerð, m.a. í ljósi þess sem fram kom í fylgiskjölum með þessum frumvörpum, þ.e. bréfaskiptum sem höfðu farið fram milli Félags fasteignasala, dómsmrn. og Samkeppnisstofnunar um þetta efni þar sem mjög erfitt var að átta sig á því hvaða ítarlega athugun eða könnun hafði farið fram á því hvernig samkeppnisaðstæður væru á fasteignamarkaðnum og hvort ástæða væri til þess að létta af því þaki sem hefur verið um 2% hámarksþóknun. Meiri hlutinn lagðist gegn því að Samkeppnisstofnun færi í slíka athugun þó fyrir lægi að það mundi ekki tefja fyrir framgangi málsins neitt verulega vegna þess að Samkeppnisstofnun taldi sig þurfa tölulega stuttan tíma til þess að framkvæma þá athugun.

Minni hlutinn fór því fram á það við Samkeppnisstofnun að slík athugun færi fram og var það auðvitað gert til þess að reyna að tryggja að viðhöfð væru góð og vönduð vinnubrögð í umfjöllun nefndarinnar um þetta mál. Niðurstaða Samkeppnisstofnunar er að ekki séu sjáanleg svo veigamikil rök að þau réttlæti lögbindingu hámarksþóknunar við sölu fasteigna.

Virðulegi forseti. Hvernig umsögn Samkeppnisstofnunar er úr garði gerð og hvernig þessi niðurstaða er fengin og rökstuðningurinn að baki henni finnst mér hvergi nærri nægjanlega traustvekjandi þegar grannt er skoðað vegna þess að umsögn Samkeppnisstofnunar um athugun hennar á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaði virðist í mjög

litlum mæli byggjast á sjálfstæðri athugun stofnunarinnar. Afstaða hennar virðist fyrst og fremst byggjast á umsögn Félags fasteignasala sem hefur þarna hagsmuna að gæta og hefur lagt ofurkapp á að ákvæðið um 2% hámarksþóknun yrði afnumið. Í umsögn Samkeppnisstofnunar er sagt að mat Félags fasteignasala sé að samkeppni sé mjög virk meðal fasteignasala. Þetta styður að ekki hafi mjög mikið farið fyrir sjálfstæðri athugun stofnunarinnar í þessu efni.

Samkeppnisstofnun byggir einnig á því að hún telur upp þær breytingar sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, t.d. að gerðar séu allstrangar kröfur til fasteignasala og þar m.a. tilgreind rík skaðabótaábyrgð. Ég hef farið yfir, herra forseti, að meiri hlutinn leggur til að verulega sé dregið úr þeirri skaðabótaábyrgð sem er eitt af þeim atriðum sem Samkeppnisstofnun lagði til grundvallar í athugun sinni og skoðun þegar hún var að meta samkeppnisaðstæður á fasteignamarkaðnum.

Þar sem örlar á sjálfstæðu mati Samkeppnisstofnunar í áliti sínu á samkeppnisaðstæðum er litið til þróunar þeirra í Noregi og Danmörku sem er sjálfsagt og eðlilegt að gera, en þar eru þó aðstæður aðrar en almennt gerist hér og fasteignaviðskipti þar með öðrum hætti. Um Danmörku segir í áliti Samkeppnisstofnunar að samkeppnisyfirvöld þar í landi hafi haft nokkur afskipti af samþjöppun á fasteignamarkaði og varðandi Noreg er rætt um virka verðsamkeppni milli fasteignasala og nefnd dæmi um mikinn verðmun þar sem hæsta söluþóknun hafi t.d. verið mun hærri, herra forseti, eftir að hámarksþóknun var afnumin en lögbundin þóknun var áður. Er það ekki sú þróun sem við gætum staðið frammi fyrir þegar væri búið að aflétta þaki um hámarksþóknun í viðskiptum að söluþóknun hjá fasteignasölum ryki upp? Söluþóknun í löndunum í kringum okkur eftir að hún hefur verið gefin frjáls er 3–4% og allt upp í 7% af fasteignaverði. Mér finnst alveg yfirdrifið að greiða 2% fyrir þá þjónustu sem fasteignasalar veita, sem er veruleg fjárhæð. Við getum t.d. tekið bara fyrir sölu á 8 millj. kr. eign, þá þarf seljandi íbúðar að greiða honum 160 þús. kr. fyrir 8 millj. kr. eign í vasa fasteignasalans fyrir utan virðisaukaskatt eða um 200 þús. Nú á að gefa þetta allt saman frjálst og ég óttast það, virðulegi forseti, jafnvel þó að fyrir liggi þessi umsögn Samkeppnisstofnunar, sem ég tel því miður ekki nægjanlega vel úr garði gerða, að við munum standa frammi fyrir verulegum hækkunum á söluþóknun fasteignasalans. Auðvitað getur enginn um það sagt. Reynslan verður að leiða það í ljós hvort svo verður, en sú hætta er vissulega fyrir hendi.

Ég minni á að í bréfi Samkeppnisstofnunar til dóms- og kirkjumrn., dags. 11. apríl 1994, kemur fram að svo virðist sem fasteignasalar taki sér þóknun vegna annarra kostnaðarliða en þeirra er tengjast sölunni beinlínis og að því er virðist umfram það sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um fasteignaviðskipti. Þeir virðast því hafa tekið sér í sumum tilvikum hærri þóknun fyrir þessa þjónustu en lög heimila.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst þeim athugasemdum sem minni hlutinn hefur gert við þetta frv. Út af fyrir sig væri hægt að tala í ítarlegra máli um einstaka þætti þess og ég mun auðvitað gera það ef tilefni gefst til við þessa umræðu. Við munum, virðulegi forseti, flytja eina brtt. og hún snertir starfsábyrgðartryggingu, þ.e. við styðjum að sjálfsögðu hæstv. dómsmrh. og það sem kemur fram í 5. gr. frv. um að starfs- eða ábyrgðartrygging fasteignasala nái til ásetningsbrota en við styðjum ekki meiri hlutann í að fella út þetta ákvæði sem kemur fram hjá dómsmrh. þannig að dómsmrh. hefur allan stuðning minni hlutans í því efni að reyna að tryggja áfram að þetta ákvæði verði inni, en við gerum jafnframt tillögu um það sem er líka samkvæmt ábendingu Vátryggingaeftirlitsins að ábyrgðartrygging fasteignasala sem samhliða fasteignasölu hafa með höndum lögmannsstörf skuli líka ná til ásetningsbrota líkt og hjá fasteignasölum.

Virðulegi forseti. Ég hef lýst afstöðu okkar í minni hlutanum, hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og hv. þm. Ögmundar Jónassonar ásamt mér til brtt. og einstakra umdeildra greina sem ítarlega er gerð grein fyrir í áliti frá minni hluta allshn.

[16:32]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég var búinn að óska eftir orðinu en hins vegar mun ég ekki hafa orð mín mjög mörg því að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur gert mjög vel grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum okkar sem stöndum að minnihlutaálitinu.

Í fyrsta lagi vekjum við athygli á að markmið með frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu er að auka tryggingavernd og öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Það skýtur skökku við að í brtt. sem kemur frá meiri hlutanum er dregið úr þeirri tryggingavernd vegna þess að málum hefur verið þannig háttað að skaðabótaskylda fasteignasala hefur náð til ásetningsbrota. Samkvæmt þeim tillögum sem meiri hluti allshn. leggur til er ráðgert að fella þetta niður eða breyta þessu og röksemdafærslan er sú að þar sem lögmenn höndli einnig með fasteignir en séu ekki með tryggingar af þessu tagi hjá sér, þá verði að samræma löggjöfina þannig að þeir sitji allir við sama borð en nefndin velur hins vegar þann kostinn að samræma niður á við, þ.e. í stað þess að láta alla vera skaðabótaskylda gagnvart ásetningsbrotum er tekin ákvörðun um að enginn verði það. Með þessu móti er dregið úr vernd viðskiptamanna fasteignasala.

Ég svo sem skil það sjónarmið mætavel að innan þeirra stétta, fasteignasala og lögmanna, finnist þeim það ekki réttmætt og réttlátt að þeir þurfi að tryggja sig gagnvart einhverjum óheiðarlegum mönnum í sinni stétt. En fyrir notandann, fyrir viðskiptavininn skiptir það öllu máli að hann njóti fullrar tryggingar. Þetta er fyrsta atriðið sem við leggjum áherslu á að í frv. sem á að tryggja vernd viðskiptamanna fasteignasala, þá búi löggjafinn svo um hnúta að sú vernd verði bætt en ekki úr henni dregið eins og meiri hluti allshn. er í rauninni að leggja til.

Í öðru lagi, eins og kom fram í ágætu máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttir, vekjum við athygli á upphæðunum sem kveðið er á um í 5. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Trygging skal nema minnst 5 millj. kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingarbóta innan hvers tryggingartímabils skal nema minnst 10 millj. kr.“

Í svari Vátryggingaeftirlitsins við fyrirspurnum frá minni hlutanum um hvort vátryggingarfjárhæðir frv. séu að mati eftirlitsins fullnægjandi til að tryggja fullkomlega það tjón sem fasteignakaupendur eða -seljendur geta orðið fyrir í fasteignaviðskipum kom eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fullvíst má telja“ segir Vátryggingaeftirlitið „að umræddar fjárhæðir tryggja ekki fullkomlega það tjón sem fasteignakaupendur eða -seljendur geta orðið fyrir af völdum fasteignasala. Gera má ráð fyrir því að þær dugi í flestum tilvikum.“

Þetta er annað atriðið sem við vekjum athygli á. Það eru vátryggingarfjárhæðirnar, þær eru of lágar.

Í þriðja lagi hefðum við kosið að nánar væri kveðið á um skyldur fasteignasala til að skýra frá forsendum kaupa og tökum undir gagnrýni sem fram hefur komið frá Neytendasamtökunum í því efni, en Neytendasamtökin hafa bent á að mjög mikilvægt sé að skyldur fasteignasalans séu skýrar um ítarlega upplýsingagjöf, um ástand eigna, fyrirhugaðar eða aðkallandi viðgerðarframkvæmdir og aðra þætti sem máli skiptir að liggi greinilega fyrir áður en gengið er frá bindandi fasteignakaupum. Þetta er nokkuð sem liggur í rauninni í augum uppi og er ekkert annað en heilbrigð skynsemi að mikilvægt er að frá þessum þáttum sé rækilega gengið í lögum.

Síðan er það atriðið sem fékk töluverða umræðu í nefndinni og það er söluþóknun fasteignasala. Í núgildandi lögum er kveðið á um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum og samkvæmt þeim brtt. sem hér liggja fyrir frá meiri hluta allshn. er gert ráð fyrir að fella þetta hámark brott. Í fyrstu sögðu margir þeir sem komu fyrir nefndina að þetta mundi án efa ekki verða til að auka tilkostnaðinn að gjaldið yrði ekki meira í reynd. Hins vegar mundi þetta kalla á meiri samkeppni. Þetta stangast nú örlítið á. Ef afnám þessa þaks verður ekki til þess að hækka þóknunargjaldið þá hefði maður haldið að samkeppnin gæti farið fram undir því þaki, innan 2%. En síðan hefur komið fram, eins og rækilega var bent á í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, að þegar þessar upphæðir eru skoðaðar í fasteignaviðskiptum á Norðurlöndum eða þar sem þak af þessu tagi er ekki fyrir hendi, þá eru þessar upphæðir iðulega miklu hærri og geta orðið verulega háar. Minni hluti nefndarinnar óskaði eftir því að Samkeppnisstofnun gerði athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaði og reyndi að rökstyðja eða færa fram rök með og á móti afnámi 2% hámarksþóknunar en það virðist hins vegar hafa farið lítið fyrir sjálfstæðri athugun stofnunarinnar og afstaða hennar virðist byggja að verulegu leyti á umsögn Félags fasteignasala sem hefur lagt ofurkapp á að þetta 2% hámark verði numið brott.

Þetta eru ástæðurnar, hæstv. forseti, fyrir því að við þrír þingmenn í allshn., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir og sá sem hér mælir vildum ekki skrifa undir álit meiri hluta allshn. heldur skilum minnihlutaáliti og hef ég gert grein fyrir hvers vegna.

[16:41]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að flest sjónarmið hafi komið skýrt fram í umræðunni og ljóst er að meiri hluti nefndarinnar og minni hluti eru ósammála um einstök atriði en sammála um önnur.

Ég vil aðeins víkja að umræðu hv. þm. varðandi starfsábyrgðartryggingarnar og benda á að Alþingi hefur lagt á það áherslu í löggjafarstörfum sínum á þessu þingi að starfsábyrgðartryggingar einstakra stétta verði miðaðar við gáleysi en ekki ásetning. Þetta gáleysi sem hér er mælt fyrir um felur í sér bæði einfalt og stórfellt gáleysi, sem er að sjálfsögðu mjög mikilvægt í þessu sambandi. Meiri hluti allshn. er sammála þeirri löggjafarstefnu sem m.a. hefur verið mótuð af hv. efh.- og viðskn., t.d. í lögum um endurskoðendur og sölumenn notaðra ökutækja.

Við teljum einnig að það sé andstætt meginreglum skaðabótaréttar að hafa svo víðtæka vátryggingarskyldu og leggja svo ríkar skyldur á eina stétt. Þar að auki vil ég benda á og ítreka að nefnd sem hefur verið skipuð og er starfandi er ætlað að skoða þessi mál og leggja fram tillögur væntanlega í frumvarpsformi um samræmingu starfsábyrgðartrygginga milli starfsstétta og væntanlega kæmi það frv. fyrir þingið í haust.

[16:43]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Mér kemur ekkert á óvart að formaður allshn. reyni að verja það að meiri hlutinn er að taka út það sem lengi hefur tíðkast í fasteignaviðskiptum og hjá fasteignasölum að starfsábyrgðartrygging feli í sér að bæta líka ef um er að ræða ásetningsbrot vegna þess að þetta er náttúrlega mjög stórt atriði sem meiri hlutinn er að leggja til og bera ábyrgð á, að ásetningsbrot séu tekin út úr fasteignaviðskiptum. Ég tel hv. formanni nefndarinnar eða meiri hlutanum ekki vera það til málsbóta þó að vísað sé til þess að þetta hafi verið almennt í meðförum annarra nefnda þar sem um er að ræða starfsábyrgðartryggingu hinna ýmsu stétta, að þar séu ásetningsbrot undanskilin. Við erum að fjalla um fasteignaviðskipti og í fasteignaviðskiptum einkum og sér í lagi er verið að fjalla um aleigu fólks, lífstíðarsparnað þess sem þarna er settur í hendur á fasteignasölum þannig að jafnvel þó að sú eina stétt, fasteignasalar, hefði þessa kvöð að hafa ásetningsbrot, þá tel ég miðað við þau viðskipti og þjónustu sem fasteignasalar hafa með höndum að það réttlæti að hafa slíkt inni. Ég veit ekki til þess að mikið hafi verið kvartað yfir því að þetta hafi verið inni í ábyrgðartryggingu fasteignasalanna. Um töluvert langan tíma, herra forseti, hefur þetta verið í ábyrgðartryggingum fasteignasalans að þeir bæru ábyrgð og ábyrgðartrygging þeirra fæli það í sér ef þeir yllu eða væru með ásetningsbrot. Þetta er mjög mikil neytendavernd í slíkum viðskiptum sem fasteignaviðskipti eru. Formaður hv. allshn. hafði greinilega smásamvisku yfir því að vera að minnka þá neytendavernd sem er til staðar sem hæstv. dómsmrh. lagði til að yrði vitaskuld áfram í lögunum. Við í minni hlutunum styðjum hæstv. dómsmrh. í því og erum honum sammála að mikilvægt sé að hafa inni ábyrgðartryggingu fasteignasalans, tryggingu fyrir ásetningsbrotum.

Það hefur komið til, líka hjá lögmönnum, að þeir hafa þurft að sæta ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis. Það kom einmitt fram í störfum nefndarinnar að sjóður lögmanna sem hefur bætt slík brot — okkur skildist að hann væri tómur af því að til hefðu þurft að koma bætur vegna slíkra brota. Þess vegna viljum við í minni hlutanum gera allt til að styðja hæstv. dómsmrh. í því að meiri hlutinn verði ekki að vilja sínum í þingsölum við atkvæðagreiðsluna að þetta mikilvæga ákvæði, þessi mikilvæga tryggingavernd fólks í fasteignaviðskiptum, sem er með aleigu sína undir, falli ekki brott. Við viljum reyndar gera betur, herra forseti, eins og fram hefur komið, að lögmenn sem eru líka í fasteignaviðskiptum undirgangist slíka ábyrgðartryggingu þar sem innifalin eru ásetningsbrot. Við tökum undir með þeirri stofnun sem ætti best að hafa vit á þessu, sem er Vátryggingaeftirlitið. Nei. Meiri hlutinn gerir líklega eins og hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði. Hann samræmir þetta niður á við til lögmannanna sem eru í fasteignasölu, sem hafa ekki þurft að hafa slíka ábyrgðartryggingu, þó svo Vátryggingaeftirlitið, eins og fram kom í umsögn þeirra, hefur skilið lögin um málflytjendur frá 1996 svo að ásetningsbrot væru þar líka innifalin en um það hefur verið deilt meðal lögmanna.

Ég vildi láta þetta koma fram vegna þess að rök meiri hlutans eru mjög veik, virðulegi forseti, þó ekki sé meira sagt. Í fyrsta lagi að vitna til þess að taka út ásetningsbrot

hjá fasteignasölum af því að það er ekki hjá lögmönnum sem stunda fasteignasölu og í annan stað eru rökin þau að þar sem nefndir í þinginu eins og efh.- og viðskn. hafa verið að fjalla um bílasala og ábyrgðartryggingu þeirra og endurskoðendur, og þeir þurfi ekki að sæta því að trygging þeirra feli í sér ásetningsbrot, þá sé réttlætanlegt að fella það út hjá fasteignasölum.

Við erum, virðulegi forseti, og það skulu vera mín lokaorð, að fjalla um mjög sérstaka þjónustu sem fasteignaviðskipti eru þar sem fasteignasalar eru að fara höndum um aleigu fólks og þar eigum við að hafa eins fullkomna tryggingu og kostur er á svo aldrei komi til þess að blásaklaust fólk sem er í fasteignaviðskiptum þurfi að lenda í klónum á fasteignasölum þannig að það geti misst aleigu sína. Þess vegna harma ég það, ef þetta verður niðurstaðan hjá hv. Alþingi að fallast á tillögu meiri hlutans í þessu efni sem ég tel fráleita og endurtek það að við í minni hlutanum munum styðja hæstv. dómsmrh. sem ég vona að hafi ekki breytt um skoðun eða geri það í atkvæðagreiðslunni þess efnis að þetta haldist áfram inni og verði einnig tekið upp hjá lögmönnum.

[16:50]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég furða mig nokkuð á ræðu hv. þm. og bendi á að enn þá gildir þrígreining ríkisvaldsins þannig að löggjafarþingið vinnur að frumvörpum og samþykkir lög í landinu. En ég man ekki til þess að á það hafi verið bent í allshn. að einhvern tímann hafi reynt á ásetningsbrot í þessu sambandi. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að þetta gáleysishugtak sem er í frv. nái líka til stórfellds gáleysis þannig að sú vátryggingavernd á að duga fyrir neytendur.

Ég er að sjálfsögðu alveg sammála hv. þm. að huga þarf að hagsmunum neytenda í þessu máli. En ég ítreka það líka að verið er að skoða þessi mál í heild sinni og tillögur koma væntanlega fram hér í haust.

Það er verið að tala um mikilvæga hagsmuni hjá þessari stétt manna sem engin ástæða er til að tortryggja svo mjög sem mér finnst hv. þm. gera í sínum orðum. Það eru að sjálfsögðu mjög mikilvægir hagsmunir sem t.d. lögmenn hafa í sínum höndum. Nú er komin reglugerð þar sem starfsábyrgðartrygging þeirra nær bara til gáleysis. Það eru líka afskaplega mikilvægir hagsmunir væntanlega sem löggiltir endurskoðendur fjalla um og þar er þingið nýbúið að samþykkja lög þar sem einungis er talað um tryggingu sem nær til gáleysis. Ég held því að rétt sé að menn reyni að samræma hluti á milli stétta, a.m.k. meðan ekki er komin heildstæð löggjöf eða rammalöggjöf um slík mál.

Ég vil aðeins fá að benda á þær athugasemdir sem koma fram í þessu máli að auki frá ýmsum aðilum, m.a. frá Félagi löggiltra fasteignasala og fleiri aðilum, að krafa um vátryggingu fyrir ásetningi þýddi í raun að fasteignasalar gætu ekki keypt þessa vátryggingu í öðrum aðildarlöndum EES, þar sem slíkar vátryggingar standist ekki skilgreiningu um vátryggingar. Það var líka bent á að tryggingafélögin mundu ekki geta keypt endurtryggingu vegna slíkra trygginga þannig að það er auðvitað mjög mikilvægt fyrir hið háa Alþingi að horfast í augu við það hvað er framkvæmanlegt í þessu sambandi.

[16:53]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. þarf ekki að minna mig á að hér sé þrígreining ríkisvaldsins. Mér finnst kannski oftar að við í hv. allshn. þurfum að minna hv. meiri hluta á að hér ríki þrígreining ríkisvaldsins vegna þess að það má yfirleitt ekki breyta stafkrók nema framkvæmdarvaldið, ráðherrarnir, samþykki það sem kemur fyrir Alþingi þannig að það væri frekar meiri hlutans að reyna að muna eftir þrígreiningu ríkisvaldsis.

Ég er ekkert að draga úr mikilvægi lögmannastarfanna eða endurskoðendanna. Ég var að vísa til þess hve mikilvæg þjónusta fari þarna fram sem skiptir miklu máli að vel sé gengið frá varðandi tryggingar sem eru fasteignasalarnir og lögmennirnir reyndar líka vegna þess að margir lögmenn stunda líka fasteignaviðskipti. Og ef það eru einhver rök, eins og hv. þm. nefnir, að það hefði átt að bíða eftir heildstæðri löggjöf, af hverju í ósköpunum lá svo á að afnema þá tryggingavernd sem þó er í lögunum eða hefur gilt um fasteignasalana? Af hverju mátti þetta þá ekki bara bíða þeirrar heildarendurskoðunar þannig að við sæjum þá hvað tæki við?

Mér finnst, herra forseti, að hv. formaður nefndarinnar hafi ekkert bætt sinn málflutning eða hafi neitt haldbært sér til málsbóta að draga úr neytendavernd í fasteignaviðskiptum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[16:54]

Útbýting þingskjala:

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, 403. mál, nál. allshn., þskj. 1147.

Fjárhagsstaða sérsambanda ÍSÍ, 607. mál, fsp. ÖS, þskj. 1150.

Framtíðaráætlanir um útgjöld til menntamála, 488. mál, svar menntmrh., þskj. 1110.

Kosningar til Alþingis, 116. mál, nál. allshn., þskj. 1146.

Ríkisreikningur 1995, 99. mál, nál. fjárln., þskj. 1151.

Samningur um bann við framleiðslu efnavopna, 606. mál, fsp. ÖS, þskj. 1149.

Öryggisþjónusta, 486. mál, brtt. SP, þskj. 1145.

Umferðarlög, 2. umr.

Stjfrv., 487. mál (ölvunarakstur, vátryggingarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 818, nál. 1100 og 1133, brtt. 1101.

[16:55]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breyting á umferðarlögum, með síðari breytingum. Nál. er á þskj. 1101.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund ýmsa gesti og auk þess bárust nefndinni umsagnir um málið frá mörgum aðilum. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum umferðarlaganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að niðurstaða mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér verði að lögum metin sem fullnægjandi sönnun um ölvunarástand á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt. Þá er lagt til að heimilað verði að setja almennar reglur um undanþágu fyrir

hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, en um langt skeið hafa verið í gildi reglur sem lögreglustjórinn í Reykjavík setti um þetta. Einnig eru í frumvarpinu lagðar til breytingar er varða skráningu ökutækja, en þær eru nauðsynlegar vegna skiptingar Bifreiðaskoðunar Íslands í tvö fyrirtæki. Loks eru í frumvarpinu lagðar til hækkanir á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaganna.

Í 2. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um mælingu vínandamagns, er að finna það nýmæli að hjúkrunarfræðingar og meinatæknar geti annast töku blóðsýna sem hingað til hefur einungis verið í höndum lækna. Leggur meiri hlutinn áherslu á að gert er ráð fyrir því að hjúkrunarfræðingar og meinatæknar annist töku blóðsýna innan þeirra reglna sem um störf þeirra gilda.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Leggur meiri hlutinn til að 7. og 8. gr. frumvarpsins falli brott, en þar eru lagðar til hækkanir á vátryggingarfjárhæðum. Hjá viðmælendum nefndarinnar kom fram að brýnt væri að endurskoða XIII. kafla umferðarlaganna, um fébætur og vátryggingu, í heild sinni. Því leggur meiri hlutinn til að breytingum á vátryggingarfjárhæðum verði frestað til heildarendurskoðunar, enda hefur ekki komið fyrir að vátryggingarfjárhæðir hafi ekki dugað fyrir bótum. Því beinir nefndin því til dómsmálaráðherra að skipuð verði nefnd til að fjalla um breytingar á kaflanum í heild og skili nefndin tillögum eigi síðar en í haust. Þessi endurskoðun er að sjálfsögðu afar mikilvæg og skiptir miklu að hún fari strax af stað þannig að tillögur geti legið fyrir sem fyrst eftir að þing kemur saman.

Undir nefndarálitið rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Hjálmar Jónsson, Jón Kristjánsson, Árni R. Árnason og Kristján Pálsson, en þau skipa meiri hluta allshn.

[16:58]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Frv. þetta sem allshn. hefur haft til umfjöllunar um breytingar á umferðarlögunum felur í sér mjög mikilvæg ákvæði, en það sem ég vil sérstaklega gera að umræðuefni hér eru ákvæði 7. og 8. gr. þessa frv. sem eru mjög mikilvæg og lengi hefur verið beðið eftir. Um þessi ákvæði í frv. hæstv. dómsmrh. segir svo í greinargerðinni:

„Lagt er til að vátryggingarfjárhæðir vegna ábyrgðartryggingar ökutækja skv. 2. mgr. 91. gr. verði hækkaðar umfram þá heimild sem leiðir af verðlagsbreytingum, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Þetta þykir rétt með hliðsjón af hækkun bóta í kjölfar nýrra skaðabótalaga og eftirfarandi hækkun margföldunarstuðuls þeirra laga og að öðru leyti til að tryggja að vátryggingarfjárhæðir hrökkvi nú, ekki síður en þegar grunntölur vátryggingarfjárhæðanna voru lögfestar 1987, til að greiða bætur í alvarlegum umferðarslysum."

Um 8. gr. segir:

„Með skaðabótalögum hafa hæstu bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkað verulega þannig að vátryggingarfjárhæð skv. 1. mgr. 92. gr. hrekkur ekki til greiðslu hæstu bóta. Þykir nauðsynlegt að vátryggingarfjárhæð slysatryggingarinnar sé það há að hún nægi almennt fyrir bótum sem leiða af tjóni."

Eins og fram kemur um þessa grein er hér um mjög mikilvæg ákvæði að ræða en það er að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum til samræmis við breytingar sem gerðar voru á skaðabótalögunum sem tóku gildi 1. júlí 1993. Því vekur það nokkra furðu að meiri hlutinn skuli standa að því, herra forseti, að leggja til að fella brott þessi mikilvægu ákvæði í frv. hæstv. dómsmrh. Líkt og í síðasta málinu sem við ræddum hér, um fasteignaviðskipti, þar sem meiri hlutinn er að gera margar breytingar sem svo sannarlega eru ekki til bóta á því frv., þá mun minni hlutinn styðja hæstv. dómsmrh. eins og í málinu áður fyrir því að þessar greinar verði ekki felldar brott eins og meiri hlutinn leggur til þannig að hæstv. dómsmrh. finnur það nú í hverju málinu á fætur öðru að hann á ekki stuðning hjá meiri hlutanum heldur er það fyrst og fremst minni hlutinn sem hann sækir stuðning til í svo mikilvægum ákvæðum sem hér um ræðir. Minni hlutinn leggst því gegn þeim tillögum meiri hlutans að fella brott þessi ákvæði 7. og 8. gr. sem fela í sér hækkanir á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaga til samræmis við breytingar á ákvæðum skaðabótalaganna. Skaðabótalögin hafa margoft komið hér til umræðu og þær miklu réttarbætur sem fólust í þeim lögum, en eins og fram kemur í greinargerð með frv. voru bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega með skaðabótalögunum.

Vátryggingarfjárhæð vegna slysatryggingar ökumanns er nú 20 millj. kr. en í frv. er lagt til að fjárhæðin hækki í 60 millj. kr. Vegna líkamstjóns eða missis framfæranda eru vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga nú 495 millj. en í frv. er lagt til að fjárhæðin hækki í 800 millj. Hér er í báðum tilvikum um að ræða hækkanir í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Hæstv. ráðherra er auðvitað að gera sína skyldu að leggja til við hv. Alþingi breytingar á umferðarlögunum í samræmi við þau lög sem Alþingi samþykkti, þ.e. um skaðabótalögin. Þetta ákvæði hefði auðvitað þurft að koma miklu fyrr til Alþingis, þessar breytingar á umferðarlögunum og vátryggingarfjárhæðum þeirra til samræmis við skaðabótalögin. Ég fagna því að þau skuli loksins sjá dagsins ljós í þinginu.

Í greinargerð frv. kemur einmitt fram að ekki er talið að þessar breytingar á vátryggingarfjárhæðum ökutrygginga einar sér hafi teljandi áhrif á iðgjöld fyrir vátryggingar þessar. Vátryggingaeftirlitið tekur undir þetta sjónarmið. Reyndar er það svo að Vátryggingaeftirlitið hefur ítrekað frá setningu skaðabótalaganna bent á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum til samræmis við ákvæði skaðabótalaganna og strax í kjölfar samþykktar á skaðabótalögunum sendi eftirlitið bréf til dómsmrn. í febrúar 1994 þar sem bent var á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir í umferðarlögum. Hefur Vátryggingaeftirlitið árlega frá því, svo mikilvægt er þetta mál, óskað eftir því við dómsmrn. að hækka vátryggingarfjárhæðirnar í umferðarlögunum til samræmis við ákvæði skaðabótalaga.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að án slíkra hækkana er ekki víst að í öllum tilvikum sé fullnægjandi vátryggingarfjárhæð fyrir hendi samkvæmt skaðabótalögunum vegna tjóna sem rekja má til ökutækja. Í alvarlegum umferðarslysum er því ekki nægjanleg vátryggingavernd fyrir hendi í samræmi við ákvæði skaðabótalaga. Ég tel það mikinn ábyrgðarhluta af Alþingi að draga það eins og meiri hlutinn leggur til að ákvæði umferðarlaganna, þ.e. vátryggingarfjárhæðirnar séu í samræmi við skaðabótalögin. Minni hlutinn vill ekki bera ábyrgð á því að hækkun á vátryggingarfjárhæðum bíði heildarendurskoðunar á XIII. kafla umferðarlaganna um fébætur og vátryggingu og telur rétt að fjárhæðirnar hækki nú þegar eins og hæstv. dómsmrh. leggur til þótt gildissvið bótareglna bíði heildarendurskoðunar. Það er vissulega

rétt að heildarendurskoðun átti að fara fram en við litum svo á að þar væri fyrst og fremst verið að fjalla um gildissvið bótareglnanna og það væri alveg sjálfstæð ákvörðun sem þingið gæti tekið afstöðu til þótt ekki lægi fyrir heildarendurskoðun á gildissviði bótareglnanna að hækka fjárhæðirnar eins og fyrir löngu hefði átt að gera.

Í umfjöllun nefndarinnar ítrekaði fulltrúi Vátryggingaeftirlitsins að brýnt væri að hækka vátryggingarfjárhæðirnar og Vátryggingaeftirlitið leggst gegn því að breytingar á vátryggingarfjárhæðum verði frestað þar til heildarendurskoðun á XIII. kafla umferðarlaga liggur fyrir. Minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn því að fella brott 7. og 8. gr. frv. sem fjalla um hækkun vátryggingarfjárhæða í samræmi við skaðabótalög og með því styðja hæstv. dómsmrh. enn einu sinni í góðum málum sem hann leggur fyrir þingið og ákvæðum sem horfa til bóta, um leið og minni hlutinn furðar sig á því að meiri hluti nefndarinnar skuli leggjast gegn þessari tillögu og þessu ákvæði sem hæstv. dómsmrh. leggur til. En minni hlutinn mun greiða atkvæði með 1., 2. og 3. gr. sem fjalla um niðurstöðu mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér, að þær greinar verði að lögum. Minni hlutinn styður sömuleiðis ákvæði frv. um að settar verði almennar reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja í samráði við samtök fatlaðra og þau stjórnvöld sem fara með málefni fatlaðra. En minni hluti allshn. leggst alfarið gegn því, þegar við sjáum hér á Alþingi að það eigi að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga í samræmi við ákvæði skaðabótalaga sem lengi hefur verið beðið eftir, að vísa því ákvæði frá eins og meiri hlutinn leggur til, leggja til að það verði fellt og látið bíða heildarendurskoðunar. Þetta er atriði sem löngu tímabært er orðið að samþykkja og það er ábyrgðarhluti að mati okkar í minni hlutanum að fresta þessu ákvæði eins og meiri hlutinn leggur til.

[17:08]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki tekið undir það sem hv. þm. sagði hér áðan að það væri ábyrgðarhluti að leggja til þessa frestun. Ég hlýt að vísa því á bug fyrir hönd meiri hluta allshn.

Það var upplýst í allshn. að það hefði aldrei reynt á þessi brot með þeim fjárhæðum sem hv. þm. gerði að umtalsefni. Það kom líka mjög eindregið fram að það yrði að skoða þessi ákvæði umferðarlaganna og það væri mjög mikilvægt atriði. Þar er um að ræða talsverðar breytingar, t.d. varðandi ökumannstryggingar og réttarstöðu farþega sem á að bæta þannig að það er mjög mikilvægt að þetta sé skoðað.

Hins vegar get ég alveg tekið undir það með hv. þm. að þessir hlutir þurfa að vera í lagi og því er mjög mikilvægt eins og ég gat um í framsögu áðan að þessi endurskoðun fari strax af stað. Ég beini þeim tilmælum mínum til hæstv. dómsmrh. sem hér situr að það verði gert þannig að tillögur muni liggja fyrir þinginu strax í haust.

Vegna orða hv. þm. um Vátryggingaeftirlitið, þá hafði ég sem formaður nefndarinnar samband við þann fulltrúa þess sem mætti á fund nefndarinnar og skýrði frá niðurstöðum meiri hluta nefndarinnar í þessu máli. Hann tók undir þá skoðun að vissulega hefði verið heppilegra að samþykkja þessar tillögur strax en tók þó undir tillögu meiri hlutans um endurskoðun og sendi mér bréf í því sambandi sem ég vil fá að vitna hér til:

„Eftirlitið telur að samþykkja hefði mátt fyrirliggjandi tillögur en leggja til að heildarendurskoðun fari fram á nefndum kafla umferðarlaga. Sem kunnugt er hefur eftirlitið tekið undir sjónarmið um endurskoðun á gildissviði slysatryggingar ökumanns (Forseti hringir.) í 92. gr. umferðarlaga“ o.s.frv. Síðan segir, virðulegi forseti: „Í ljósi frestunar á breytingu vátryggingarfjárhæðar styður eftirlitið tillögu þess efnis að endurskoðun fari fram á nefndum kafla umferðarlaga.“

[17:11]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst þetta enn og aftur vera kattarþvottur hjá hv. formanni nefndarinnar þegar hún er að reyna að afsaka það að hún styðji ekki hæstv. dómsmrh. í því sem hann leggur hér fyrir þingið. Það liggur við vegna orða hv. þm. að ég biðji um fund í nefndinni milli 2. og 3. umr. til þess að fá hér fulltrúa Vátryggingaeftirlitsins til að lýsa þeirri skoðun sinni hvort hann er sammála því að fresta því að samræma vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna við skaðabótalögin vegna þess að ég ræddi líka við fulltrúa Vátryggingaeftirlitsins sem sagði að hann legðist gegn því og sagði að það væri allt annar hlutur sem væri heildarendurskoðun á gildissviði laganna, réttarstöðu farþega, ökumanns o.s.frv. sem hv. þm. lagði til. (Gripið fram í.) Það getur út af fyrir sig verið rétt og kannski sem betur fer að það hafi aldrei reynt á háar fjárhæðir skaðabótalaganna og þær breytingar sem þar voru gerðar. En við vitum ekki hve lengi það verður, hvort það geti ekki komið til þess áður en heildarendurskoðun komi til að það fari að reyna á þessi lög. Og ef fjárhæðir sem fram koma í umferðarlögum hrökkva ekki til, þá hafa fjárhæðirnar sem fram koma í skaðabótalögunum sem töldust vera hin merkustu nýmæli ekkert að segja. Þá verður viðkomandi sem verður fyrir tjóni að sækja rétt sinn annað.

Ég stend því við það sem ég sagði, herra forseti, að það er virkilegur ábyrgðarhluti að fresta því hér og nú þegar dómsmrh. hefur loksins komið fram með þetta frv. að samræma vátryggingarfjárhæðir umferðarlaganna skaðabótalögunum, að fresta því í einhverja heildarendurskoðun sem við vitum ekkert hvenær lýkur þó að meiri hlutinn leggi áherslu á að það verði í haust. Ég ítreka að þetta er ábyrgðarhluti, herra forseti.

[17:13]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það út af orðum hv. þm. að eftir að málið hefur verið skoðað mjög ítarlega í allshn. og farið hefur fram málefnaleg umræða um ýmis atriði og ýmsar tillögur í þessu máli, þá finnst mér það nokkuð þreytandi að alltaf sé talað um afsakanir formanns allshn. Þetta er málefnaleg umræða sem hér á sér stað, byggð á þeim rökum og þeim gögnum sem hafa komið fram í umræðu í allshn. um þetta mál.

Ég sagði áðan í ræðu minni, og það fer ekkert á milli mála og ég hef a.m.k. sagt það tvisvar, að Vátryggingaeftirlitið er vissulega á þeirri skoðun að það hefði verið miklu betra að samþykkja þessar tillögur strax eins og þær lágu fyrir í frv. Hins vegar skilja þeir líka þörfina á endurskoðun og samræmingu á fleiri ákvæðum umferðarlaganna. Þess vegna segir í þessari umsögn, sem ekki vannst tími til, virðulegi forseti, að vitna í áðan, og ég vil fá að gera hér og ítreka:

„Í ljósi frestunar á breytingu vátryggingarfjárhæðar styður eftirlitið tillögu þess efnis að endurskoðun fari fram á nefndum kafla umferðarlaga. Leggja ber áherslu á að endurskoðun taki ekki lengri tíma en nauðsyn krefur og að nýjar vátryggingarfjárhæðir megi t.d. gilda frá næstu áramótum."

Ég tel rétt að þetta komi hér fram, virðulegi forseti.

[17:15]

Frsm. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skil vel að hv. formanni allshn. líði illa í ræðustól þegar hún þarf í hverju málinu á fætur öðru að ganga gegn ákvæðum í frv. dómsmrh. Það lýsir sér aftur og aftur þegar hv. þm. kemur hér í ræðustól.

[17:15]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tek undir þann málflutning sem hv. 13. þm. Reykv. Jóhanna Sigurðardóttir flutti hér áðan. Ég held að það sé lakara að ekki skuli takast að ljúka afgreiðslu þessa máls í heild sinni þannig að refsiákvæðin eða sektarákvæðin fylgi með í pakkanum og skil satt best að segja ekki af hverju ekki er hægt að ganga frá því og af hverju þarf að vera að fella niður þessar greinar frv. sem lagt er til hér í brtt.

Að öðru leyti er það auðvitað svo, herra forseti, að þegar kemur að umferðaröryggi og spurningunni um að ... (Gripið fram í.) Ég hélt að það væri 487. mál, er það ekki rétt? Ég held að það sé enginn misskilningur á ferðinni í því að við séum í aðalatriðum að tala hér um sama þingmálið vona ég, en að öðru leyti ætla ég að segja, herra forseti, að það sem eiginlega ýtti líka við mér að fara í stólinn er það að fyrir þinginu liggur umferðaröryggisáætlun og skýrsla hæstv. dómsmrh. um það mál. Ég veit ekki til þess að það hafi komist til umræðu enn þá og er þó frá því gengið í samþykktum um það mál að það skuli tekið til umfjöllunar í upphafi þings hverju sinni, ef ég man rétt. Og ég hafði hugsað mér einmitt við það tækifæri, nær það kæmi, að fjalla þá svolítið um stöðuna í umferðaröryggismálum þar sem ýmislegt mætti og þyrfti að ræða. (**Gripið fram í:** Má ekki gera það bara líka núna?) Að sjálfsögðu er það vel við hæfi að taka að einhverju leyti á þeim málum hér í þessari umræðu um breytingar á umferðarlögum. Og af því að breytingin snýst ekki hvað síst um það að breyta tilhögun varðandi sönnun á ölvunarakstri er það auðvitað vel á sínum stað að taka það upp. Staðreyndin er auðvitað sú að fyrir utan kannski hraðakstur er ölvunarakstur eitt alvarlegasta vandamálið og mestur slysavaldur í umferðinni. Mörg alvarlegustu slysin tengjast ölvunarakstri og yfirleitt er það samdóma álit allra sérfræðinga á þessu sviði að einna mikilvægast til þess að stemma stigu við umferðarslysum sé að ráðast gegn þessu tvennu, þ.e. ölvunarakstrinum og hraðakstri sem auðvitað fer oft saman.

Frv. gengur út frá því að gera þá breytingu varðandi sönnun í þessum efnum að mælingar á vínandamagni í lofti sem ökumaður andar frá sér skuli teljast jafngild eða fullnægjandi sönnun um ölvunarástand á sama hátt og þegar vínandamagn í blóði er mælt. Nú ætla ég ekki að draga úr því að þetta sé rækilega og vel undirbyggt og ekki sé verið að skapa neina réttaróvissu eða valda réttaröryggisleysi með þessum breytingum enda er það mjög mikilvægt, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Staðreyndin er reyndar sú að á köflum hefur þótt misbrestur á að nógu tryggilega væri farið með þessi mál hér hjá okkur, til að mynda meðferð sýna sem tekin hafa verið.

Það liggur auðvitað í hlutarins eðli að menn þurfa að vanda mjög framkvæmdina ef farin er sú leið að láta lögreglumönnum eftir að framkvæma þessar mælingar á staðnum og það skuli teljast fullnægjandi lagasönnun.

Ég tel mig, herra forseti, ekki dómbæran um það eða treysti mér ekki til þess að vefengja að það sé tímabært að gera þessar breytingar hér. Mér er kunnugt um að þetta hefur verið gert a.m.k. á einhverjum hinna Norðurlandanna og telst orðið jafngilt blóðsýnatöku og rannsóknum á þeim og við hljótum að ætla að við getum þá gert sams konar breytingar, en ég undirstrika það og vil leggja áherslu á að ég tel afar mikilvægt að framkvæmd þessara mála verði vönduð.

Að öðru leyti, herra forseti, vildi ég aftur inna eftir því hvenær stæði til að taka á dagskrá skýrslu hæstv. dómsmrh. til Alþingis um stöðu umferðaröryggismála og umferðaröryggisáætlun fyrir árin 1997–2001 í tengslum við hana. Mér finnst miklu máli skipta að það sé ljóst að það gefist tækifæri til þess að ræða þessi mál einhvern tíma á síðustu dögum þingsins og áður en þingið lýkur störfum þannig að ef hæstv. forseti gæti eitthvað upplýst um þetta, þá væri ég feginn að heyra af því.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur því miður engar handbærar upplýsingar um það mál sem hv. þm. leitar upplýsingar um, getur engu um það svarað, því miður.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 2. umr.

Frv. LMR o.fl., 61. mál (hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar). — Þskj. 61, nál. 1097.

[17:22]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1097 fyrir hönd allshn. um frv. til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og það hafa borist umsagnir frá Sýslumannafélagi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Vegagerðinni, landlækni, Sambandi ísl. tryggingafélaga, Heimili og skóla, lögreglustjóranum í Reykjavík og Umferðarráði.

Á 116. löggjafarþingi var með 22. gr. laga nr. 44/1993 sett í 72. gr. a umferðarlaga heimild fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Ráðherra hefur til þessa ekki nýtt heimildina.

Hvetur allsherjarnefnd til þess að ráðherra nýti sér þá heimild sem nú er til staðar í lögum og setji, til reynslu í tvö ár, reglur um notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar. Að reynslutímanum loknum verði málinu vísað til Alþingis til frekari ákvörðunar.

Leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstjórnar.

Árni R. Árnason og Kristján Pálsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn undirrita þetta nefndarálit.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi. Ég hygg að hv. 1. flm. málsins hafi flutt þetta frv. í ein fjögur skipti

og ég hef a.m.k. í einhver af þeim skiptum þegar þetta mál hefur komið til umræðu lýst þeirri afstöðu minni að ég væri eindreginn stuðningsmaður þess að stefnt skyldi að því að lögleiða notkun hlífðarhjálma við hjólreiðar, en það væri hins vegar hyggilegt að gera það þannig að það væri í takt við bæði áróður, fræðslu og kynningu sem þyrfti að vera undangengin og það þyrfti að vera orðin sú notkun á þessum tækjum í landinu að raunhæft væri að lögleiða það með einhverjum tilteknum aðdraganda þannig að ekki væri verið að búa til ólögmætt ástand í þeim skilningi að lögfesting notkunar hlífðarhjálma gengi í gildi áður en forsendur væru fyrir því, áður en hjálmaeign væri nægilega almenn og forsendur fyrir því að fólk gæti uppfyllt lagaskylduna. Þess vegna hef ég lagst gegn því að frv. í því formi að lögfesta þetta með kannski tiltölulega skömmum aðdraganda næði fram að ganga.

Ég átti á sínum tíma sæti í sérstakri nefnd sem undirbjó þá framkvæmdaáætlun í umferðaröryggismálum sem hefur verið til umfjöllunar á Alþingi. Þá var þetta mál ítarlega tekið fyrir og það varð niðurstaða nefndarmanna þar, þeirra flestra a.m.k., og þeirra sérfræðinga sem að þessu unnu með nefndinni að það bæri að stefna að þessari lögleiðingu en það þyrfti að undirbúa hana vel. Það þyrfti að reka stífan áróður fyrir notkun þessara öryggistækja og reyna að stuðla að því að notkunin yrði útbreidd, sem allra flestir ættu þessi tæki, og gefa síðan í kjölfar þess einhvern tiltekinn aðlögunartíma að því að lögleiðingin gengi í gildi.

Hér er ekki alveg sömu hlutum saman að líkja og átti við þegar notkun öryggisbelta var lögleidd á sínum tíma því að eins og að því var staðið þá, þá hafði slíkur búnaður verið staðalbúnaður í bifreiðum um árabil og vandinn sneri eingöngu að þeim hluta bifreiðaflotans, eldri árgerðum, sem ekki uppfyllti þá skyldu, enda var það auðleysanlegt með tiltekinni aðlögun. En notkun svona lausra öryggistækja, eins og hlífðarhjálmar eru eðli málsins samkvæmt, ótengdir því tæki sem þeir notast við, þ.e. hjóli, lýtur allt öðrum lögmálum. Það liggur í hlutarins eðli að það er ekki mjög raunhæft að setja lög um að allir skuli nota tæki sem eru þá ekki enn í eigu nema tiltölulega lítils hluta þeirra sem hjólreiðar stunda. Að vísu er augljóst mál öllum þeim sem fara hér um götur og torg að notkun hjálma fer hratt vaxandi og það er vel og þar af leiðandi styttist væntanlega í að raunhæft verði að gera kröfur um að þessi öryggistæki verði lögleidd.

Aðeins eitt í viðbót, herra forseti, sem ástæða er til að minna á og það er að um tíma var nokkurt hik á mönnum sums staðar við að stíga þetta skref til fulls ósköp einfaldlega vegna þess að búnaðurinn sjálfur, þ.e. hjálmarnir, voru ekki gallalausir miðað við þær kröfur sem verður að gera til slíkra tækja. Því miður var það svo að ýmsar eldri gerðir af hlífðarhjálmum, sem ekki höfðu öryggislása á ólum, höfðu orðið þess valdandi að af því hlutust slys þegar börn festu hjálmana að leik í leiktækjum og þannig gátu þessi annars ágætu og mjög svo þörfu öryggistæki í raun og veru snúist upp í andhverfu sína við vissar aðstæður og orðið beinlínis slysavaldar. Þetta hefur tekist að leysa með því að innleiða sérstaka öryggislása á ólarnar sem opna hjálminn eða opna lásinn ef þannig aðstæður skapast.

Ég tel í sjálfu sér að afgreiðsla hv. allshn. sé eftir atvikum eðlileg og treysti hæstv. ráðherra prýðilega til þess að meta það við hvaða aðstæður eða hvenær öllu heldur kominn sé tími til að hefja reynslutíma eða reynslunotkun af því tagi sem afgreiðsla nefndarinnar felur í sér. Rökstuðningur hennar fyrir að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar er sá að hvetja hæstv. ráðherra til að nota þá heimild sem er í lögum þegar hæstv. ráðherra væntanlega metur það tímabært.

[17:29]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér þykir full ástæða til þess að spyrja nokkuð um hvað er fyrirhugað með dagskrá þessa fundar. Það eru ein 32 mál á dagskrá og ef ég tel rétt erum við búin með um það bil helming af þessum málum. Það háttar hins vegar þannig til að borist hafa fregnir um að annar stjórnarflokkanna, Sjálfstfl., sé að mestu leyti farinn frá þingi vegna þess að þeir eru með skipulagðan fund úti á landi og í sjálfu sér er ekkert um það að segja. Hér er hæstv. ráðherra og formaður allshn. Hins vegar er það að mínu mati mjög sérkennilegt þegar annar stjórnarflokkurinn eða stjórnmálaflokkur yfirleitt, þingflokkur, skipuleggur fundi utan bæjar á þingtíma, ekki síst í ljósi þess að þetta er í annað skipti í þessari viku sem þessir hlutir gerast. Eins og forseti veit hélt sjútvrh. ráðstefnu á Akureyri sl. þriðjudag og þar voru kallaðir til og tóku þátt auk ráðherra, annar ráðherra ríkisstjórnarinnar og nokkrir þingmenn, og þurfti m.a. að endurskipuleggja dagskrá þingfundar á þeim degi.

Þetta tel ég, herra forseti, vera ósvinnu og ég óska eftir því að gefnar verði skýringar á því hvort meiningin sé að halda hér áfram umræðu og þá um þingmál sem eru þingmál stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga. Stjórnarliðum finnst það kannski ekki vera merkilegur málflutningur, en okkur finnst það og okkur finnst það vera virðingarleysi gagnvart Alþingi þegar þingflokkar, hvort sem það eru stjórnarliðar eða ekki, skipuleggja ráðstefnu og fundi á þingtíma. Þá á forseti að sýna vald sitt og taka fyrir slík fundahöld eða fresta hér fundi og frekari umræðu þar til eftir helgi þegar menn geta rætt þessi mál við eðlilegar aðstæður.

[17:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar varðandi störf á þessum degi og það hvað fram undan er og hversu óeðlilegt það er að ræða öll þessi fjölmörgu mál þegar meiri hluti stjórnarflokkanna er fjarverandi. Ég vil vekja athygli á því að þau mál sem heyra undir félmn. eru nokkuð nálægt á dagskránni og ég hef ekki séð hæstv. félmrh. hér í dag. Ég vil koma því á framfæri við forseta að 19. máli var frestað á miðvikudaginn, ef ég man rétt, vegna fjarveru ráðherrans og ég vil halda því til haga að nærveru hans er óskað varðandi það mál.

En ég ítreka þá spurningu til hæstv. forseta hvernig hann hyggst haga þingstörfum það sem eftir lifir dags og geri það reyndar að tillögu minni að við látum hér staðar numið þegar þeirri umræðu sem nú stendur yfir er lokið.

[17:32]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna fyrirspurna hv. þm. vill forseti geta þess að hann hafði ráðgert að aflokinni umræðu um 15. dagskrármálið að taka til við hið níunda, þ.e. frv. um stöðu þjóðkirkjunnar, og freista þess að ljúka þeirri umræðu. Þar eru tveir hv. þm. á mælendaskrá og væri hægt að vænta þess að þingfundi gæti þá lokið upp úr sex miðað við allt og allt með einhverjum fyrirvörum til og frá.

[17:33]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar sem hæstv. forseti hefur veitt í málinu. Ég vil hins vegar ítreka fyrirspurn

mína um það sem ég gat um að einn af þingflokkunum hefur boðað til fundar á þingtíma. Ég vil gjarnan fá að vita hvaða afstöðu forseti hefur og hvort hann ætli virkilega að láta umræðu halda áfram við slíkar aðstæður. Eins og ég benti á er þetta í annað skiptið í þessari viku. Í hitt skiptið var það ráðherra en í þetta skipti skilst mér að það sé þingflokkur sem þetta gerir. Ég vil gjarnan fá, hæstv. forseti, afstöðu gagnvart þessu máli. Mér finnst þetta ekki vera góð vinnubrögð þótt ég skilji fullkomlega að hæstv. forseti er að reyna að halda störfum þingsins áfram, og ekki er ég á móti því, en hér er verið að ræða mikilvæg stjórnarfrumvörp og þá er það lítilsvirðing bæði við þing og okkar stjórnarandstæðinga að skipulagðir séu mikilvægir fundir á sama tíma. Það er ekki hægt að búa við slíkar aðstæður. Og ég vil fá svör frá hæstv. forseta varðandi það efni — hvort hann hyggst grípa á málinu eða taka kannski á einhvern annan hátt á þeirri umræðu sem hér er í gangi.

[17:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Vegna orða hv. þm. verður forseti að játa að hv. þm. virðist vita meira en forseti um fundahöld tiltekinna stjórnmálaflokka. Eftir því sem forseti best veit er formlegur fundur tiltekins stjórnmálaflokks í fyrramálið en ekki í dag. Aðrir kunna kannski betri skil á því. En hér er málum þannig háttað að hæstv. ráðherra viðkomandi málaflokks er hér við umræðuna, hv. formaður viðkomandi þingnefndar sömuleiðis og að því leytinu til álítur forseti þinglega rétt að málinu staðið þannig að forseta er ekkert að vanbúnaði að halda áfram þeirri umræðu sem nú er yfirstandandi vegna 15. dagskrármálsins.

[17:35]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég get ekki annað en tekið undir þær fyrirspurnir sem hér hafa komið fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Mér var að vísu líkt farið og hæstv. forseta, mér var ekki kunnugt um að einn stjórnmálaflokkanna sem hér eiga fulltrúa á þinginu væri að halda fund úti á landi. Ef það er rétt, þá finnst mér alls ekki koma til greina að halda þessum þingfundi áfram. Það er aldeilis fráleitt.

Hæstv. dómsmrh. sýndi þinginu þann dónaskap fyrr í vikunni að hann hélt ráðstefnu úti á landi og boðaði fjölda þingmanna, bæði sem ræðumenn og sem gesti sína, til að stýra fundinum. Það er auðvitað ekkert annað en rakinn dónaskapur gagnvart þinginu og ég get ekki fallist á að sá hinn sami stjórnmálaflokkur komi fram með þessum hætti jafnvel aftur og aftur í sömu vikunni.

Ég vil vekja eftirtekt á því að hæstv. forseti, Ólafur G. Einarsson, hefur ítrekað beint þeim tilmælum til nefndarformanna og þeirra sem aðild eiga að málum að þeir reyni að koma í veg fyrir að haldnir séu fundir sem þingmenn þurfa að sækja meðan þingið stendur yfir. Þetta hef ég sem formaður einnar fagnefndar reynt að hafa í heiðri og það sama gildir um aðra. Þess vegna gengur það auðvitað ekki ef það er svo að einn stjórnmálaflokkanna er núna í annað skiptið í þessari þingviku að beita sér fyrir því að fjöldi þingmanna er annars staðar á landinu og getur ekki sótt fundi þingsins. Það er aldeilis út í hött og það er ekki hægt að leyfa mönnum að komast upp með það. Hæstv. dómsmrh. heldur kannski að hann sé hafinn yfir venjulegar hefðir sem hér gilda en svo er ekki. Hvorki hann né hans flokkur eru það.

[17:37]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú gagnrýni sem kemur fram hjá þingmönnum er fullkomlega réttmæt og það er ekki hægt annað en taka undir hana. Ég verð að viðurkenna að ég hafði hugsað mér að reyna að beita mér fyrir því að samkomulag yrði gert um hvernig við lykjum fundi í dag þannig að ég var að bíða eftir að ná tali af mönnum til að ræða þau mál. Hins vegar er það svo að þegar við ræddum í fyrradag um dagskrá þessa fundar í dag hjá forseta var rætt um að vera ekki lengur á þessum föstudegi en til kl. 7. En sú vitneskja sem birtist í því sem nú hefur komið fram, að heilu þingflokkarnir fari af vettvangi, úr bænum og telji að nægilegt sé að setja einn, tvo, þrjá á vakt til að svara fyrir málin, það er fullkomlega óásættanlegt. Forseti nefnir að ráðherra málaflokksins hér sé viðstaddur. Það er vissulega góðra gjalda vert þó oft séu deildar meiningar um það hvort menn kalli eftir ráðherranum við 2. umr. eður ei.

En ég bendi á annað. Staðið hefur til að taka mjög stór mál úr félmn. ef mál hefðu gengið hraðar fyrir sig í dag og hér hefur á köflum í dag verið einn þingmaður úr hinum stjórnarflokknum, varaformaður félmn. er ekki á staðnum í dag svo að mér sé kunngt um, þannig að það er fullkomlega óviðunandi fyrir okkur að taka stór mál til umræðu og hippsum happs hverjir eru hér til að ræða við okkur.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að fá stutt fundarhlé og fund með forseta um það hvernig eigi að ljúka þessum fundi. Það er engin ástæða til að það fólk, sem duglegast er að sitja þingfundi með öll helstu mál sem hér eru rædd og tekin til afgreiðslu, sitji hér fram til kl. 7 á föstudegi á meðan heilu þingflokkarnir hverfa á braut til annarra viðfangsefna.

[17:39]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill árétta áður en hv. 15. þm. Reykv. ræðir stjórn fundarins að hann hyggst taka fyrir 9. dagskrármálið á nýjan leik. Þar eru á mælendaskrá tveir hv. þm. og hafði forseti fyrirhugað að freistað þess að þeir fengju að halda sínar ræður við þá umræðu.

[17:40]

Össur Skarphéðinsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er sennilega til að bíta höfuðið af skömminni sem mér skilst að nú sé hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, formaður allshn., líka á leið héðan í burtu. Hér erum við að ræða mál sem falla undir allshn. og það getur vel verið að hér sé einn hæstv. ráðherra staddur, en það er nánast enginn sjálfstæðismaður staddur hér og hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, sem er formaður nefndarinnar, er líka á leiðinni í burtu. Og maður spyr sig: Hvað á þessum flokki að líðast mikið gagnvart þinginu?

Það hefur komið fram í fyrri ræðum mínum um stjórn fundarins að ég hef ekki mjög hátt álit á kurteisi hæstv. dómsmrh. gagnvart þinginu. En miðað við það að hann er þó sá sjálfstæðismaður sem er hæst settastur sem hér er staddur, þá finnst mér að hann ætti alla vega að sýna okkur, sem þó erum hérna til að ræða hans mál, þá kurteisi að upplýsa hvort það sé rétt sem fram hefur komið að Sjálfstfl. hafi stefnt mönnum sínum norður í land og þar af leiðandi geti þeir ekki verið hér við umræðuna.

[17:41]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Sá forseti sem nú stýrir fundi getur litlu um það ráðið hvað gerðist fyrr í vikunni, en nú er þannig málum háttað að hv. 5. þm. Reykn. ræðir stjórn fundarins.

[17:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Forseti tekur þannig til orða að sá forseti sem nú situr geti ekki annað en haldið áfram með þá umræðu sem hann hugðist taka fyrir á dagskrá fundarins.

Virðulegi forseti. Það er enginn annar forseti í húsinu þannig að ef þingflokksformaður eða þingflokksformenn kjósa að eiga orð við forseta um það hvernig eigi að halda áfram með fundinn, þá er engin önnur leið til en að forseti geri stutt fundarhlé og ræði við þingflokksformenn eða fulltrúa um framvindu fundarins. Forseti er eini forsetinn í húsinu.

[17:42]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess að honum er kunnugt um að hann er einn úr forsætisnefnd og stýrir vitaskuld fundi á meðan hann situr hér. Forseti vill samt sem áður freista þess áður en kemur til frestunar þessa fundar að ljúka því dagskrármáli sem hér er til umræðu, þ.e. 15. dagskrárlið, umferðarlög. Þar er enginn á mælendaskrá og hreyfi enginn andmælum vill forseti líta þannig til að fleiri hafi ekki kvatt sér hljóðs undir þeim dagskrárlið og er þeirri umræðu lokið og atkvæðagreiðslu frestað. Að svo komnu máli verður forseti við tilmælum um að fresta þessum fundi til að fulltrúar þingflokkanna geti sest niður til skrafs og ráðagerða um framhald mála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 17:42]

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105.

[17:49]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Eins og öllum er kunnugt nýtur íslenska þjóðkirkjan verndar stjórnarskrárinnar og af þeirri ástæðu er ég hlynntur því að sú skipan haldist sem verið hefur að ég held frá 1930 að íslenska ríkið greiði laun presta og biskups og þann rekstur sem óhjákvæmilegur er. Ég tel aftur á móti að hin sögulega skýring sem kemur fram, að samningurinn frá 1907 geti veikt þennan rétt, hafi ákaflega lítið gildi.

Ég tel óhjákvæmilegt að fara yfir stöðu mála vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. v., Hjálmar Jónsson, sem ég met mikils, flutti hér ræðu í þá veru að þær eignir sem stæðu á bak við væru 6–8 milljarðar. Áður hafði komið fram í ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að hugsanlega væru þessar eignir 1,5 milljarðar.

Sú öld sem senn er öll hefur leitt miklar breytingar yfir Ísland og þær breytingar hafa komið við þjóðkirkjuna eins og aðra. Það kom fram í máli hv. þm. Hjálmars Jónssonar að aðallega hafi verið beðið um það samkomulag sem gert var 1907 í þágu uppbyggingar landbúnaðar. Ég tel ekki rétt að setja þetta mál þannig fram.

Eftir seinustu aldamót gerðist það með mjög vaxandi þunga að uppbygging í landinu varð á þann veg að fólk settist að við sjávarsíðuna í vaxandi mæli. Það voru komnar vélar í skipin, hlutur hásetanna og annarra sem voru um borð jókst hröðum skrefum og færði þeim möguleika sem voru á þann veg að flutningar til Ameríku lögðust af að mestu leyti. Þess vegna, ef þetta er skoðað, þá blasti við að sú skipan að leigja út jarðir, hafa afgjald fyrir leiguna og gera úttekt á jörðinni að leigunni lokinni gat ekki gengið upp.

Á þessum jörðum, um 1900, voru öll hús eða flest byggð úr torfi og grjóti. Endurnýjun á húsakosti hefði þýtt það að þegar kom að því að taka jarðirnar út hefði þurft að greiða stórfé til þeirra sem sátu jarðirnar. Og hvaðan hefði átt að taka það fé? Í annan stað blasti við að fljótlega hefði þurft að fara í þá aðgerð að greiða einnig fyrir aðrar umbætur á jörðunum, svo sem girðingar, fyrir ræktun og fleira sem kom þó síðar til. Var þá ekki grundvöllur fyrir því að hækka afgjaldið?

Forsendur fyrir slíkri ákvörðun voru ekki til staðar. Ástæðan var sú að þjóðlífsbreytingin hafði fært mönnum í þessu landi þá stöðu að þeir áttu þá betri kostar völ, þ.e. að setjast að í þéttbýlinu og vinna þar fyrir sínum launum. Þessi þjóðfélagsbreyting var að sjálfsögðu ekki hugsuð gegn kirkjunni á nokkurn hátt. Hún var söguleg þróun sem átti sér hér stað. Engu að síður var það svo að af því að það var viðurkennt að þjóðkirkjan skyldi varin af þinginu og íslenska ríkisvaldinu — ég hef litið svo á aftur á móti að dómsvaldið sem slíkt hafi ávallt átt að gæta hlutleysis, ekki sérstaklega dæma kirkjunni í vil þannig að það hafi ekki verið inni í þessari mynd — en vegna þessara ákvæða í stjórnarskránni um þjóðkirkjuna lá það beint við að reyna að koma á einhverju formi sem yrði til þess að þetta yrði áfram svo að prestarnir gætu af öryggi fengið sín laun.

Kirkjusjóðurinn sem stofna skyldi til og greiða skyldi úr fékk heimildir til þess að selja eignir kirkjunnar og það munu hafa verið um 400 jarðir sem þar var um að ræða og átti svo jafnframt að greiða prestum laun fyrir þann arð sem yrði af því fjármagni og því fjármagni sem þannig yrði laust. Það má nú ljóst vera að markaðurinn á Íslandi átti kannski ekki auðvelt með að taka við svo mörgum jörðum til sölu á skömmum tíma. Menn gætu rétt ímyndað sér ef þetta væri sett upp í hlutföllum hvernig það færi með fasteignamarkaðinn t.d. í Reykjavík ef jafnhátt hlutfall færi allt í einu í sölu af húseignum.

Ég ætla ekki að mæla því gegn að vafalaust hefur það gerst undir sömu kringumstæðum að jarðir hafi verið seldar á lægra verði en einhver hefur talið eðlilegt. Það má þó mjög um það deila hvort kaupendur hafi þá verið til staðar til að kaupa á hærra verði. Hins vegar veit ég að það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Hjálmari Jónssyni að á seinni árum hafa orðið að mínu viti meiri brögð að því að jarðir hafi verið seldar á lægra verði en eðlilegt getur talist og í því sambandi gæti ég nefnt dæmi þegar Garðabær kaupir á sínum tíma prestssetursjörð sem þar hafði verið. Ég skoðaði þann samning á sínum tíma og taldi að þar væri mjög hallað réttu verði því að þeir fengu meira að segja afslátt út á stærðina sem þeir voru að kaupa.

Þegar ég segi þetta, þá tek ég ekki undir það að framkvæmdarvaldið hafi á nokkurn hátt á sínum tíma staðið óeðlilega að þessum málum. Það gerði þetta í fullri vinsemd

við kirkjuna, ætlaði að leysa málin á þennan veg og því hefur ekki verið á móti mælt að allar þær jarðir sem það seldi voru löglega seldar, með réttum aðgerðum og ég veit ekki til að það hafi nokkurn tíma farið svo að biskup hafi óskað eftir að upp væru hafin málaferli til þess að fá úr því skorið hvort ríkið hefði hlunnfarið kirkjuna í þessum viðskiptum eða í þessari sölu. Það hefði þó verið eðlilegt því að í mörgum tilfellum hlýtur að verða að líta þá svo á að sakir séu fyrndar hafi um slíkt verið að ræða.

Með þessu er ég að undirstrika það að þetta sem gert var, var gert í góðri trú. Það var gert út frá því sjónarmiði á sínum tíma að það bæri að tryggja að prestar gætu af öryggi haft sín laun. Það tel ég óbreytt viðhorf Alþingis í dag og hef ekki orðið var við, eða minnist þess ekki, að nokkur Íslendingur sem á setu á Alþingi hafi flutt tillögu um að ákvæði stjórnarskrárinnar varðandi þjóðkirkjuna væru numin á brott. En ef menn aftur á móti líta svo á að hægt sé að segja í dag að hægt sé að fara fram á að allir þessir gerningar séu uppsegjanlegir og það sé hægt að skila þessu til baka, þá hlýtur maður að spyrja: Er það þá þannig líka með þá sem lagt hafa peninga inn á bankabækur og þeir peningar hafa tapast, eiga þeir þá kröfurétt til baka, menn sem hafa selt eignir og sett þær þar inn? Við höfum ekki litið á að svo væri. Þó er það nú svo með kirkjuna að hún hafði þó í sínum fræðum nánari upplýsingar um það hvernig varðveita bæri fé en nokkrir aðrir því að þar stendur að menn eigi ekki að safna eignum sem möl og ryð fær grandað. Sé þetta skoðað grannt þá eru það jarðeignirnar einar sem standa eftir þannig að þeir hafa ekki farið eftir því 1907, þ.e. þeim leiðbeiningum sem er þó að finna í Biblíunni um þessa hluti.

Ég held að í ljósi þessa sé augljóst mál að allar hugmyndir sem fram koma á bls. 5 í umsögn sem ég tel vera frá Prestafélagi Íslands eru ekki á þann veg að þær séu í samræmi við það sem verið er að samþykkja hér og af þeirri ástæðu tel ég rétt að gerð sé grein fyrir því að sá er skilningur minn sem mun styðja það frv. sem hér er, að ég geri það út frá stjórnarskránni og þeirri virðingu sem ég ber fyrir kirkjunni en ekki það að ég telji að nú hafi menn sest að samningaborði og verið svo slungnir að þeir hafi náð því til baka að allar kirkjunnar jarðir skuli verðtryggðar frá 1907, metnar upp á nýtt og seldar á nýjan veg. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun viðræðunefndar kirkjunnar að samkomulagið frá 10. janúar standi um langa hríð. Kjósi Alþingi að hrinda skuldbindingum ríkisvaldsins varðandi prestslaun sem felst í samkomulaginu, þá væri grafið undan stjórnarskrárákvæðinu um vernd og stuðning við þjóðkirkjuna þannig að gjörvallt samband ríkis og kirkju væri í uppnámi. Viðræðunefnd vill þess vegna taka fram að ef framangreindar ástæður sköpuðust yrði að leggja af stað í nýjar kirkjueignaviðræður þar sem fyrrgreind rök um óskerðanlegan höfuðstól kirkjujarða sem sannanlega voru kirkjunnar, heyrðu undir kirkjuleg embætti árið 1907, yrðu sett í öndvegi, þá væri af hálfu kirkjunnar hægt að setja fram kröfu um greiðslu á höfuðstólnum frá 1907."

Ég hef fært að því rök að ég tel að það hafi einmitt verið samkvæmt samkomulaginu frá 1907 sem farið var í að selja þessar eignir og það var gert í samkomulagi og það var gert í góðri trú. Eftir að kreppan brestur á virðist hafa verið ákveðin sú breyting að hætt er að greiða úr þessum sjóði og farið að greiða laun presta beint úr ríkissjóði. Það tel ég að staðfesti svo ekki verði um deilt að á þeim tíma litu kirkjunnar menn ekki svo á að hægt væri að fara í það að taka upp það ákvæði frá 1907 sem heimilaði að selja. Þeir litu svo á að slík sala hefði verið samþykkt og hún hefði farið fram og þess vegna væri tómt mál að tala um óskerðanlegan höfuðstól í þessum efnum frekar en að margir aðrir í þessu þjóðfélagi hafa mátt horfa á eftir sínum höfuðstól með réttu eða röngu vegna verðbólgu í gegnum tíðina og af ýmsum ástæðum. Þannig er t.d., svo að maður fari nú út fyrir landsteinana, sagt að þýska millistéttin hafi tapað sínum innstæðum í bönkum og ríkisskuldabréfum á sínum tíma þegar heimskreppan brast á og menn sem voru þokkalega staðir urðu öreigar þannig að það er það sama sem gildir í þessu og öðru að fyrst heimildin var gerð 1907 til að selja, þá er fallvaltleiki fjárins staðreynd.

Alveg eins og þeir gerningar á sínum tíma voru löglegir þegar kirkjan keypti þessar eignir jafnvel þó að í sumum tilfellum hafi það verið á hana borið að hún hafi ekki fengið það allt heiðarlega, hún hafi verið mjög harðdræg í að eignast þessar eignir eins og sagt er í gömlum málshætti fyrir vestan: „Gefur hann enn, guðsmaðurinn, Engidal undir Holt, og bóka þú djákn." Þá var verið að veita seinustu þjónustu öldruðum manni og gjafmildi hans jókst með hverju augnabliki sem hann nálgaðist lokastundina.

En engu að síður, hvaða skoðanir sem við höfum á því, þá átti kirkjan sannanlega þessar eignir og sá eini aðili sem hefur mér vitanlega vefengt að eignarréttur hennar hafi verið í samræmi við þá sölu sem hún hefur gert, er dómur Hæstaréttar varðandi Geitlandið þegar þeir komust að þeirri niðurstöðu að eignarréttur kirkjunnar hefði ekki verið óvefengjanlegur á því landi þegar þeir seldu það. Hann væri vefengjanlegur hvað það snertir hvort þeir hefðu haft fullan eignarrétt eins og verið er að tala um eða hvort það hefði kannski verið ítakaréttur til beitar miklu fremur sem þarna hefði verið til staðar.

Ég held þess vegna að það sé beinlínis skaðlegt fyrir samstarf Alþingis og þjóðkirkjunnar ef menn nú vilja fara að taka þetta karp upp og taka þessa deilu því ef þannig væri, þá er það alveg á hreinu að það ættu að vera dómstólar sem mundu kveða upp úr um niðurstöðuna og það væri þá best að dómstólar væru fengnir til þess verks sem fyrst til að ýta þessu út af borðinu, til að menn hefðu þetta ekki yfir höfði sér. Rétt skal vera rétt og dómstólarnir yrðu þá að kveða upp sinn úrskurð.

Nú veit ég mætavel að sumir hafa litið svo á að með þessu frv. væru menn að stíga það skref að aðskilja ríki og þjóðkirkju. Ég lít svo á að þjóðkirkjan hafi verð frjáls í þeirri merkingu, hún hafi verið frjáls í boðun sinni og það er það sem skiptir höfuðmáli. Boðun þjóðkirkjunnar hefur verið frjáls. Gerist þeir hlutir aftur á móti að svo mikil gjá myndist á milli þjóðarinnar og boðunar þjóðkirkjunnar að menn fari að yfirgefa þjóðkirkjuna í stórum stil, þá er okkur vissulega vandi á höndum því að ég er sannfærður um að sá menningararfur sem hún hefur fært okkur þessi þúsund ár hefur haft mjög víðtæk áhrif á íslenska löggjöf á marga vegu. Margt af því sem prestar unnu í gegnum aldirnar sem hluta af sínu starfi eru menn nú farnir að tala um að þurfi að ráða sérfræðinga til og nefni ég þar t.d. áfallahjálp sem auðvitað var eitt af stóru málunum í þeirra starfi að sætta menn, þá sem lifðu, við staðreyndir lífsins eftir að ástvinur hafði fallið frá. Og kannski er frægasta dæmið um það þegar einn prestur raunverulega snýr viðhorfum heillar þjóðar, þegar slysið verður í Kópavogslæknum og menn, hvað eigum við að segja, fyllast slíkum harmi yfir því að þrjú fermingarbörn

farast, að það þarf þjóðskáldið Matthías Jochumsson til að opna viðhorf Íslendinga á ný með því að segja:

Eitt sá tómt helstríð — og hjálpaðist af;
hin sáu Guðs dýrð — og bárust í kaf.

Og hann vakti á því athygli að vandi þeirra sem eftir lifðu væri stærri en hinna. Ég held þess vegna að það sé ekki greiði við íslensku þjóðkirkjuna að taka það upp sem alvörumál að túlkun um óskerðanlegan höfuðstól eins og hún er sett fram sé eitthvert lögfræðilegt atriði sem fái staðist. Ég held að þar séu menn að vaða í slíkri villu að ekki sé nokkrum greiði gerður með því að menn fari að egna hver annan til þess að leita eftir lögfræðiálitum út og suður í þessum efnum og að það verði til þess að þetta fari í dóm. En þó væri samt betra að þetta færi fyrir dóm og úrskurðað yrði um deiluna, það yrði endir á þeirri deilu, heldur en að henni yrði við haldið.

Ég hlustaði með athygli á margt í ræðu séra Hjálmars sem snerist að því að íslenskt höfðingjavald í gegnum tíðina hefði stundum verið harðdrægt við kirkjuna og gat hann um ævilanga ráðningu sem ungir prestar hefðu mátt búa við þar sem þeir hefðu kannski varla náð 18 ára aldri eða 16 ára, skrifað undir skuldbindandi samning um að læra til prests og þjóna svo ákveðnum söfnuði það sem eftir væri ævinnar eða þola harða kosti sem skóggangsmenn ef þeir brygðust við eða brytu gegn.

Nú voru þetta ekki einu eiðarnir sem menn urðu að sverja á þessum tíma því að það voru líka fátækir menn sem tóku þá ákvörðun að gerast munkar eða nunnur og urðu að sverja lífstíðareið sem fylgt var eftir af fyllstu hörku ef út af var brugðið þannig að ég lít eiginlega meira á þetta sem hluta af þeim tíðaranda sem þá ríkti að mönnum þótti það eðilegt að menn gætu samið fyrir alla ævina, jafnfráleitt og það er nú.

Í tengslum við hitt atriðið sem kom fram varðandi Guðmund góða og hans biskupsstörf, þ.e. að hann hefði verið að innheimta fátækratíund, sótti svolítið á mig sú hugsun að þegar hann fór með flokk manna um landið þá var hann ekki bara að innheimta fátækratíund. Þannig ferðaðist hann um Vestfirði á sínum tíma, vígði þar uppsprettur ýmsar. Kannski var hann fyrsti aðili á Íslandi sem fór í það að úrskurða hvaða vatn væri hollt og hvaða vatn væri ekki hollt því ég held að allar lindir sem hann vígði hafi verið góðar til drykkjar og það var af hinu góða. En hitt er rétt að höfðingjavaldið ætlaði honum vissa kosti og hafi nokkur prestur eða nokkur biskup náð að veita sínum andstæðingum þungt högg, þá er það tvímælalaust sú bæn sem hann biður þegar hann er tekinn höndum í Grímsey og biður drottin að hefna sín: „... því eg má eigi, vesalingur minn." Sé sagan skoðuð áfram blasir það við að hver og einn einasti sem stóð að Grímseyjarför hafði hin hraklegustu örlög ef þetta er skoðað svo að með ólíkindum má telja.

En svo að ég lengi þetta mál ekki, því það var ekki ætlun mín að hafa hér langt mál, þá vil ég samt geta þess að höfðingjavaldið sem stundum var vissulega sekt um að þrengja kost kirkjunnar, þrengdi líka stundum kost almennings í þessu landi fyrir kirkjuna. Þannig er ég t.d. ekki viss um að bændur í Kjósarsýslu og Gullbringusýslu hafi verið mjög sáttir við það þegar Þorvaldur í Hruna kom þeirri skikkan á með aðstoð Snorra Sturlusonar að allir bændur á þessu svæði skyldu greiða skatt til Viðeyjarklausturs sem var undirstaða auðsöfnunar þess.

Auðvitað er það svo að sínum augum lítur hver á silfrið og það er margt í þessari sögu sem er á þann veg að við erum ekki sáttir við það. Við erum ekki sáttir við galdrabrennur og við erum ekki sáttir við eitt og annað í sögu kirkjunnar en við trúum því engu að síður að með boðun sinni hafi kirkjan komið mörgu góðu til leiðar og við viljum styðja hana sem þjóðkirkju og virða hana sem þjóðkirkju. Það held ég að Alþingi Íslendinga hafi gert í gegnum tíðina og muni gera áfram. En mér finnst aftur á móti að ég eigi rétt til þess að styðja hana út frá þeim forsendum sem ég hef hér nefnt. Ég styð, eins og ég sagði, það að prestar og biskup og þeirra starfsmenn hafi laun frá íslenska ríkinu vegna stjórnarskrárákvæðisins, en það er alveg fráleitt að ég taki undir þá kenningu sem sett er fram um óskerðanlegan höfuðstól. Það finnst mér að gæti leitt til sömu niðurstöðu og hafa nú orðið örlög ákveðins prests, að þegar hann sækir mál, þá hefur verið nokkuð öruggt að það væri tapað.

En hitt þótti mér miður þegar séra Hjálmar Jónsson, hv. 2. þm. Norðurl. v., komst að þeirri niðurstöðu að fróðasti maður í sögulegu tilliti um kirkjunnar málefni væri séra Geir Waage. Ég spyr nú: Á hverju byggir hann vanþekkingu hinna ef hún er svona mikil?

[18:15]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú illt að hafa bara tvær mínútur til andsvara en ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni hjartanlega fyrir hans ágæta mál og gjarnan vildi ég eiga hér orðastað við hann töluvert fram á kvöldið. Því miður gefst ekki tími til þess. En ég nefndi hér séra Geir Waage. Ég gerði reyndar skyssu að minnast á hann því að þá held ég að hv. þm. hafi beðið um orðið. (**Gripið fram í:** Nei það var löngu áður.).

Um kirkjuleg málefni eru margir kirkjunnar menn fróðir. Hins vegar var það um kirkjujarðirnar sem ég hygg að séra Geir Waage hafi mest um vélað á undanförnum árum og veit orðið töluvert um þær.

Ég tók hins vegar í máli mínu í gær aðeins dæmi þegar ég nefndi 6–8 milljarða sem hugsanlegt væri að kirkjujarðirnar væru að dýrleika. Ég veit ekki töluna. Ég held að enginn viti hana nákvæmlega núna, enda er þetta eins og hv. þm. sagði sameiginleg niðurstaða nefndar ríkis og kirku sem komst að því að eðlilegt væri að ljúka samningum frá 1907 án þess að fara nákvæmlega ofan í hann, sem sagt að gera lyktir á málið án þess að velta því fyrir sér upp á krónu og aura hvoru megin væri skuld og hvoru megin hagnaður.

Ég get þess aðeins af því að núna í vikunni var seldur svolítill hluti af kirkjujörð, einni af þessum tæplega 900 kirkjujörðum, líklega svona $^1/_{20}$ af jörðinni, að hann fór á 140 millj. á þriðjudaginn var, þ.e. lóðin undir Vífilsstaðaspítala þannig að sumt er verðmætt og annað ekki af þessum jörðum. En ég tek undir það með hv. þm. að þetta er allt gert í fullum vinskap milli ríkis og kirkju og ég hygg að það sé báðum aðilum til góðs.

[18:17]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þennan misskilning, að ég bað um orðið út frá annarri fullyrðingu sem kom hér fram og það voru hugleiðingar um það hvort þessi lög væru óbreytanlegri en önnur. Ég lít að sjálfsögðu svo á að þessi lög eins og öll önnur eru breytanleg á þeim þingum þar sem alþingismenn Íslendinga sitja ef þeir hafa á því áhuga og á því vilja. Þeir hafa þennan rétt samkvæmt stjórnarskránni og ég vildi koma því á framfæri. Þetta var í hugleiðingum sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir var með, en mér fannst reyndar að það væri það sjálfgefið að þessi réttur væri til staðar að ekki þyrfti að undirstrika það.

Og út frá því að hugmyndin um óskerðanlegan höfuðstól væri grundvöllurinn að því að þetta væri óbreytanlegt, þá var það sem ég vildi útskýra það að ég teldi að stæðist ekki nokkra lögfræði í reynd.

[18:18]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svo að ég stend við það sem hér kom fram í ræðu hv. þm. einnig áðan, að kirkjujarðir voru seldar og samningurinn gerður 1907 vegna þess að það var í þágu uppbyggingar landbúnaðar á Íslandi. Greinargerð með lögunum 1907 sem heitir Ástæður fyrir frumvarpi til laga um sölu kirkjujarða, hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi. Eitt af aðalskilyrðunum fyrir því að svo megi verða er að bændur leggi sem mesta rækt við ábýlisjarðir sínar.

En sé það heimtað að bændur leggi fé og aðra krafta í ábýli sín verður að tryggja þeim, ekkjum þeirra og afkomendum sem best ávextina af fyrirhöfn þeirra.

Sú trygging fæst ekki nema með sjálfsábúð. Því er rétt að styðja hana sem mest."

Síðan er hér fjallað um það að bæði þjóðjarðir og kirkjujarðir sé ástæða til að selja. Ég hygg að það sé ekki langt bil á milli okkar hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar í þessu efni og jafnvel ekki heldur í öðrum efnum, kirkjulegum. En það kemur einnig fram í þessum lögum frá 16. nóvember 1907 í 16. gr., með leyfi forseta:

„Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, ..."

Að sjálfsögðu setur Alþingi Íslendinga lög í landinu og að sjálfsögðu eru öll lög breytanleg, það er vissulega rétt, gangi þau ekki gegn stjórnarskránni. En ég hygg að það sé ekki langt á milli okkar í þessu. Ég var ánægður að heyra flest það sem hv. þm. sagði. En um þessa flökkusögu, Gefur hún enn, eða Gefur hann enn, þá vil ég geta þess að mér er kunnugt um að sagan var fyrst þekkt á Vesturlöndum í tíð Hinriks 8. á Englandi. Það var á 15. öld ef ég man það rétt. Hann var nú hvað harðdrægastur í því að ásælast fé og jarðeignir kirkjunnar á þeirri tíð og var að reyna að koma af sér því orði sjálfur með því að herma það upp á kirkjunnar menn að þeir væru jafnslæmir. Eitthvað svipað hefur nú sennilega verið á ferðum á Íslandi hér áður fyrr.

[18:21]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil undirstrika að Alþingi Íslendinga hefur samþykkt mjög marga sjóði sem eru í vörslu og eftirliti *ríkisins, sem eru með þeim ákvæðum að höfuðstólinn má* ekki skerða, það má aðeins taka vextina. En höfuðstóllinn hefur orðið að engu vegna verðbólgunnar alveg eins og þessi höfuðstóll. Eigi að taka þetta upp þarf að breyta þessu öllu og bæta þetta allt. Mér sýnist að það sé óframkvæmanlegt og standist ekki væri farið með það fyrir dómstóla.

Hitt atriðið sem ég vildi koma á framfæri aftur og árétta er að frumástæðan fyrir samningnum 1907 milli kirkjunnar og ríkisvaldsins var sú staðreynd að launakerfið gekk ekki upp eins og það var þó að ég geti tekið undir það með séra Hjálmari að oft verður það til þess að bændur sýna meiri rækt landi ef þeir eiga það sjálfir, en engu að síður orti vestfirska skáldið Guðmundur Ingi:

Ég rækta ei arðsins vegna
þá veldi ég aðra leið.
En óræktin hefur hrópað
svo hátt að mig sveið.

Og það var eins um föður minn.

[18:23]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 544. mál, nál. samgn., þskj. 1158.

Erfðafjárskattur, 517. mál, nál. félmn., þskj. 1156.

Fjárreiður ríkisins, 100. mál, brtt. KHG, þskj. 1148; brtt. ÖJ, þskj. 1163.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 444. mál, nál. sjútvn., þskj. 1154; brtt. sjútvn., þskj. 1155.

Stephansstofa, 354. mál, nál. samgn., þskj. 1160.

Vegalög, 197. mál, nál. samgn., þskj. 1159.

Þjóðminjalög, 502. mál, nál. menntmn., þskj. 1152; brtt. menntmn., þskj. 1153.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 16.–32. mál.

Fundi slitið kl. 18:25.

121. FUNDUR

mánudaginn 12. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558, nál. 1033. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370, nál. 1032 og 1113. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 28. mál, þskj. 28, nál. 1003 og 1106, brtt. 1004 og 1107. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 818, nál. 1100 og 1133, brtt. 1101. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61, nál. 1097. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 1090, brtt. 1111. — Frh. 3. umr.
8. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 159. mál, þskj. 176, nál. 1063 og 1076, brtt. 1077. — 2. umr.
9. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, stjfrv., 364. mál, þskj. 641, nál. 1084, brtt. 1085. — 2. umr.
10. Varðveisla ósnortinna víðerna, þáltill., 27. mál, þskj. 27, nál. 1073. — Síðari umr.
11. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723, nál. 1072. — Síðari umr.
12. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 1009 (sbr. 706), brtt. 1136. — 3. umr.
13. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 1017. — 3. umr.
14. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 1086. — 3. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 528. mál, þskj. 880, nál. 1070, brtt. 1071. — 2. umr.
16. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.
17. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
18. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992. — 2. umr.
19. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 1144, brtt. 1145. — 3. umr.
20. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105. — Frh. 2. umr.
21. Stjórn fiskveiða, frv., 108. mál, þskj. 116, nál. 1099. — 2. umr.
22. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613, nál. 1098. — 2. umr.
23. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803, nál. 1112. — 2. umr.
24. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.
25. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093 og 1135. — Síðari umr.
26. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 237. mál, þskj. 1087. — 3. umr.
27. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.
28. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.
29. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 411. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr.
30. Staðfest samvist, frv., 496. mál, þskj. 835. — 1. umr.
31. Upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu, þáltill., 514. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.
32. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 515. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.
33. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 516. mál, þskj. 865. — Fyrri umr.
34. Hlutafélög, frv., 525. mál, þskj. 877. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Páll Pétursson félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[10:33]

Útbýting þingskjala:

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, 447. mál, nál. iðnn., þskj. 1165.

Olíuleit við Ísland, 104. mál, nál. iðnn., þskj. 1166.

Starfshættir og styrkveitingar Áforms, 579. mál, svar landbrh., þskj. 1132.

Tilkynningarskylda olíuskipa, 303. mál, nál. samgn., þskj. 1161.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 493. mál, nál. sjútvn., þskj. 1169; brtt. sjútvn., þskj. 1170.

Öryggisþjónusta, 486. mál, þskj. 1144.

Tilhögun þingfundar.

[10:34]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundarhaldið í dag vill forseti taka þetta fram: Atkvæðagreiðslur um sex fyrstu málin og e.t.v. fleiri verða um kl. fjögur í dag. 12.–14. dagskrármálin, þ.e. um banka og sjóði, og 18. málið koma til umræðu eftir kl. fjögur. 20. mál, Staða þjóðkirkjunnar, kemur til umræðu á eftir 11. máli. 7.–11. mál verða þau sem byrjað verður á.

Gert er ráð fyrir að fundi verði nú haldið fram til kl. eitt og forseti væntir þess að þingflokksfundir þurfi ekki að standa lengur en til kl. hálfþrjú en um það er eftir að semja við þingflokksformenn.

Landmælingar og kortagerð, 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 176, nál. 1063 og 1076, brtt. 1077.

[10:35]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta umhvn. á þskj. 1076, um frv. til laga um landmælingar og kortagerð.

Við umfjöllum sína um málið fékk nefndin til viðtals við sig allmarga aðila sem til málsins þekkja og að verksviði þessu starfa og voru umsagnir þeirra og viðræður við þá aðila til mikils gagns við þá afgreiðslu sem frv. hefur nú hlotið frá hv. umhvn.

Frumvarpið felur í sér nokkur nýmæli frá núgildandi lögum um Landmælingar Íslands. Fyrst er að telja að lagt er til að lögin nái til málaflokksins í heild í stað stofnunarinnar Landmælinga Íslands eingöngu. Þá er kveðið á um stjórnsýsluhlutverk Landmælinga Íslands og eru þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna tíunduð með ítarlegri hætti en áður. Einnig er kveðið á um sérstaka stjórn yfir stofnuninni. Lögð er af skylda til að leggja verkefnaáætlanir fyrir Alþingi en þau ákvæði hafa ekki verið virk. Loks er kveðið á um höfundar-, afnota- og útgáfurétt Landmælinga Íslands.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með allnokkrum breytingum sem gerð er grein fyrir á þingskjali 1077. Ég mun hér í stuttu máli gera grein fyrir helstu breytingum sem meiri hlutinn leggur til.

Í fyrsta lagi er lögð til orðalagsbreyting við 2. gr. frumvarpsins sem miðar að því að gera ákvæðið skýrara.

Þó nokkrar breytingar eru lagðar til við 3. og 4. gr. þar sem fjallað er um stjórn Landmælinga Íslands og forstjóra stofnunarinnar. Eru breytingar þessar í samræmi við þá stefnu sem mótuð hefur verið með setningu nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á síðasta þingi. Í tillögunum er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á hlutverki stjórnar stofnunarinnar og leitast við að skýra hlutverk hennar nánar. Þannig er gert ráð fyrir að stjórnin móti stefnu stofnunarinnar og hafi eftirlit með því að hún gegni hlutverki sínu. Einnig er gerð tillaga um að forstjóri ráði starfsfólk án afskipta stjórnar. Er hér höfð til hliðsjónar 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaganna þar sem segir að forstöðumaður beri ábyrgð á stofnuninni og hann stýri því starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstöðumaður beri ábyrgð á að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar séu í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Þannig er eitt af markmiðum starfsmannalaganna að flytja vald og ábyrgð til forstöðumanna ríkisstofnana gagnstætt því sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Því er eðlilegt að forstjóri beri ábyrgð gagnvart ráðherra en stjórn stofnunarinnar hafi í umboði ráðherra eftirlit með þeim þáttum sem eru á ábyrgð forstjóra. *Einnig eru menntunarkröfur sem gerðar eru til* forstjóra samræmdar starfsmannastefnunni og lagt til að hann skuli hafa sérmenntun á starfssviði stofnunarinnar og reynslu af stjórnun. Er hér miðað við 6. gr. starfsmannalaganna.

Við 6. gr. er lögð til sú breyting að forstjóri geti falið aðilum utan stofnunarinnar að annast framkvæmd ákveðinna verkþátta, en í frumvarpinu er ráðherra falið þetta vald. Þykir eðlilegt að forstjóri sem hefur á hendi daglega stjórn stofnunarinnar taki ákvarðanir á þessu sviði.

Lögð er til breyting við 7. gr. en hún snýr að tilkynningarskyldu þeirra aðila sem stunda landmælingar og kortagerð. Er lagt til að tilkynningarskyldan verði þrengd þannig að hún nái einungis til þeirra sem huga að verkefnum við mælingar og grunnkortagerð. Telur meiri hlutinn að svo breytt sé ákvæðið nægilega rúmt til að Landmælingar Íslands geti gegnt samræmingarhlutverki því sem stofnuninni er ætlað en að óþarft sé að stofnuninni sé tilkynnt um allar mælingar og kortagerð sem fram fara í landinu.

Þá er lagt til að 8. gr. verði felld brott en þar er kveðið á um skyldu allra sem láta mæla, mynda eða gera uppdrætti af landi til að skila fullkomnum mæligögnum til Landmælinga Íslands ef óskað er eftir. Líta verður á ákvæðið í samhengi við 11. gr., um afnotarétt af gögnum í vörslu Landmælinga Íslands, og 12. gr., um tekjur stofnunarinnar. Þá er einnig nauðsynlegt að líta til ákvæða samkeppnislaga og laga um höfundarrétt. Telja verður að afhendingarskylda sú sem kveðið er á um í 8. gr. standist ein og sér en sala stofnunarinnar á upplýsingunum í framhaldinu stangist á við ákvæði höfundalaga þar sem afhending gagnanna felur ekki í sér framsal höfundarréttar. Þá verður að telja að sú kvöð sem 8. gr. leggur á þá aðila sem safna saman og selja aðgang að upplýsingum um landmælingar og kortagerð og heimild 12. gr. til sölu þeirra takmarki möguleika framangreindra aðila til þess að selja aðgang að upplýsingum.

Einnig er lagt til að 9. gr. verði felld brott en þar er kveðið á um gerð verkefnaáætlunar. Telur meiri hlutinn ákvæðið óþarft.

Lagðar eru til breytingar á 12. og 13. gr. Annars vegar eru lagðar til breytingar á 1. og 2. tölul. 12. gr. sem miða að því að skýra ákvæðið. Þannig er gert ráð fyrir að aðeins verði kveðið á um að Landmælingar afli sér tekna með sölu á sérhæfðri þjónustu og upplýsingum. Ekki þykir ástæða til að hafa ítarlegra ákvæði í lögum heldur eðlilegt að nánari reglur séu mótaðar af framkvæmdarvaldinu. Hins vegar er lagt til að við 2. mgr. 12. gr. bætist ákvæði þess efnis að ráðherra staðfesti gjaldskrá og að 13. gr., þar sem mælt er fyrir um að gjaldskrá skuli liggja frammi og að hún sé háð samþykki ráðherra, falli brott þar sem greinin er óþörf í ljósi breytinga á 12. gr.

Þá er lögð til breyting á 14. gr. þar sem fjallað er um skyldur landeiganda til að heimila umferð um landareign og uppsetningu mælingapunkta. Miðar breytingin að því að takmarka heimildina við framkvæmd laga um landmælingar og kortagerð. Einnig leggur meiri hlutinn til að bætt verði inn málslið þar sem kveðið er á um að þeim sem fara um landareignir í þessu skyni beri að sýna tillitssemi og valda ekki ónæði að þarflausu.

Loks er lögð til sú breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins að lögin taki gildi 1. júlí 1997.

Undir meirihlutaálit þetta rita Ólafur Örn Haraldsson, Árni M. Mathiesen, Katrín Fjeldsted, Ísólfur Gylfi Pálmason og Tómas Ingi Olrich. Kristján Pálsson var fjarverandi. Gísli Einarsson skrifar undir álitið með fyrirvara.

[10:43]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Á þskj. nr. 1063 er nál. minni hluta umhvn. um þetta frv. til laga um landmælingar og kortagerð. Þar kemur fram að ítarlega var fjallað um þetta mál í nefndinni. En niðurstaðan varð sú að við gátum ekki staðið saman að nál. og fyrir því er gerð grein í þessu áliti.

Niðurstaðan eftir umfjöllun nefndarinnar er að hún flytur brtt. í 12 liðum við þetta frv. sem er þó aðeins 16 greinar. Það kemur fram í minnihlutaálitinu að við teljum flestar breytingarnar til bóta en teljum engu að síður ótímabært að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Ástæðan er sú að nú er að störfum nefnd sem umhvrh. skipaði á síðasta ári, eða nánar tiltekið 20. desember 1996, til þess að gera tillögu um mótun stefnu í fjarkönnunarmálum. Hlutverk nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi er að skilgreina þarfir fyrir fjarkönnun, bæði með hliðsjón af kröfunum eins og þær eru í dag sem og fyrirsjáanlegum kröfum, gera tillögur um stjórnskipun og skipulagningu málaflokksins svo sem um samstarf einstakra stofnana og aðila, gera tillögur um framkvæmdina, þar á meðal um ábyrgð og skyldur hins opinbera, gera tillögur um forgangsröðun verkefna sem og notkun, fjármögnun og gjaldtöku.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar þeirra stofnana ríkisins sem nýta þurfa þjónustu Landmælinga Íslands og eru flestar þeirra nú þegar að fást við kortagerð. Þarna munu vera fulltrúar Norrænu eldfjallastöðvarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga, Orkustofnunar, Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands, Veðurstofu Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnunar og Skipulags ríkisins. Það er ljóst að ýmsir þættir í starfi þeirrar nefndar lúta að efni þessa frv. sem lagt er til að verði að lögum í vor. Nefndin á að fjalla um stjórnsýslu, fjármögnun og samskipti við aðrar stofnanir og ýmsa aðra þætti.

Það liggur fyrir að fjarkönnunarnefndin óskaði eftir því að beðið yrði með afgreiðslu frv. þar til hún hefði lokið störfum en henni er ætlað að skila tillögum sínum til ráðherra fyrir 1. október nk. Eftir mínum upplýsingum gengur starfið mjög vel og stefnir allt í það að skil nefndarinnar verði eins og lagt var fyrir.

Það einkennilega við þetta allt saman er að það var ekki fyrr en raunverulega á elleftu stundu sem nefndarmenn komust á snoðir um þessa nefnd. Þeim upplýsingum hafði ekki verið komið til okkar og ósk fjarkönnunarnefndar var aðeins komið á framfæri við ráðuneytið en ekki við hv. umhvn. þannig að okkur var alls ekki ljóst að hún væri að störfum fyrr en rétt áður en stóð til að afgreiða málið út úr nefnd.

Til þess að stofnun eins og Landmælingar Íslands þjóni hlutverki sínu þarf að ríkja sátt um störf hennar. Ríkja þarf sátt við það fólk sem hjá stofnuninni vinnur og eins við þá sem stofnunin á að þjóna. Mikilvægt er að koma á víðtæku samkomulagi milli opinberra stofnana um það hvernig landfræðileg upplýsingasöfnun og úrvinnsla á að fara fram með sem minnstum kostnaði fyrir ríkissjóð. Gera þarf áætlanir um kostnað við endurbætur og viðhald undirstöðuþátta svo sem landhæðarnets, GPS-grunnstöðva og staðlaðra gagnasafna. Semja þarf um verkaskiptingu milli stofnana og veita þeim svigrúm til útboða vegna gagnaöflunar ef það þykir hagkvæmt.

Hvað varðar hefðbundna kortagerð þarf að skoða þann þátt sérstaklega, m.a. vegna vaxandi notkunar loftmynda, gervitunglamynda og tölvugagna sem ef til vill munu koma í stað hefðbundinna korta.

Það eru skynsamleg vinnubrögð að leiða saman til nefndarstarfa fulltrúa flestra þeirra stofnana sem mál þetta varðar og fela þeim umfjöllun grundvallaratriða í stefnumótun. Það er hins vegar óskynsamlegt að ganga síðan fram hjá slíkri stjórnskipaðri nefnd um fjarkönnunarmál við samningu og afgreiðslu frumvarps sem fjallar að stórum hluta um sömu þætti og nefndinni er ætlað að fjalla um. Það er að mati okkar sem stöndum að þessu nál. léleg stjórnviska að valta yfir þá sem verkin eiga að vinna. Engin rök hafa komið fram fyrir því að þessi lagasetning sé svo brýn að hún geti ekki beðið eftir niðurstöðum fyrrgreindrar nefndar sem eins og fram hefur komið eru líklegar til að sjá dagsins ljós þegar á þessu ári. Því leggur minni hlutinn einfaldlega til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[10:49]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst nota tækifærið og þakka umhvn. fyrir vinnuna við frv. og að það skuli vera komið til 2. umr. með athugasemdum og breytingum sem mér heyrist á máli hv. framsögumanns minni hlutans að út af fyrir sig kunni að vera bærileg samstaða um þær breytingar sem lagðar eru til og minni hlutinn telji þær til bóta þó hins vegar séu gerðar athugasemdir eins og fram kom í mál hv. framsögumanns við það að málinu skuli ekki frestað.

Ég vil aðeins út af því segja að ég tel mjög mikilvægt fyrir stofnunina að ná þessu frv. fram og afgreiða málið og ná fram nýjum lögum um landmælingar og kortagerð. Ég hef átt viðtöl við fulltrúa stofnunarinnar um þau mál. Hitt er líka rétt sem kemur fram hjá hv. framsögumanni að önnur nefnd er að störfum en sú sem gerði tillögur um það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu og fjallar hún um aðra þætti sem tengjast mjög landmælingum en eru þó ekki þess eðlis að ég álíti að það eigi að hafa áhrif á framgang þessa frv. Ég hef rætt við fulltrúa úr þeirri nefnd um viðhorf þeirra í því efni og skýrt þeim frá því að ég telji nauðsynlegt að þetta frv. verði nú að lögum. Ég hef ekki fengið slík andmæli hjá nefndarmönnum að þeir telji það óþægilegt eða til baga fyrir störf þeirrar nefndar. Þó að hún eigi að skila, eins og segir í skipunarbréfi, áliti sínu fyrir 1. október nk., þá þekkjum við það nú og vitum að nefndarstörf af þessu tagi vilja oft dragast. Síðan á eftir að fjalla um málið í ráðuneyti og fara yfir það áður en það kemur inn í þing þannig að það hlýtur að vera skynsamlegra að afgreiða þetta mál núna og taka síðan það álit sem væntanlegt er frá fjarkönnunarnefndinni þegar það liggur fyrir til skoðunar og gera breytingar á lögunum í framhaldi af því ef þörf er á, ef þær tillögur geta ekki fallið að lögunum eins og þau eru eftir meðferð þingsins nú ef frv. verður samþykkt.

[10:52]

Frsm. minni hluta umhvn. (Kristín Halldórsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. umhvrh. segir að það mikilvægt að setja þessi lög nú en það kemur ekkert fram um það hvers vegna það er mikilvægt. Ég get alveg tekið undir að mikilvægt sé að setja lög um landmælingar og kortagerð á Íslandi. En ég sé ekki eða hef ekki fengið skýringar á því hvers vegna svo nauðsynlegt er og brýnt að setja þessi lög nú að það geti ekki beðið eftir niðurstöðum þeirrar nefndar sem skipuð hefur verið í málið.

Ég vil líka gagnrýna það að hv. umhvn. skyldi ekki komast á snoðir um störf og tilvist þessarar nefndar fyrr en alveg á síðustu stundum þess verks sem okkur var falið að vinna. Ég hef haft samband við fulltrúa í þeirri nefnd og það var einróma álit þeirra sem ég hafði samband við að það væru betri vinnubrögð að bíða eftir niðurstöðu nefndarinnar. Eftir mínum upplýsingum er mikil samstaða og samhugur í nefndinni svo það er ekkert sem bendir til annars en að sú nefnd muni skila störfum í haust og þess vegna telur minni hlutinn sjálfsagt að bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar.

[10:53]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst til að taka að nefnd sú sem samdi þetta frv. sem við erum að ræða var skipuð 21. febrúar 1995 og skilaði áliti fyrir nokkuð löngu síðan til ráðuneytisins. Ráðuneytið var lengi með frv. til skoðunar og kannski út af fyrir sig óþarflega lengi, það hefði mátt vera komið hér inn fyrr. Ég tel að mikilvægt sé, og það var álit bæði nefndarinnar og ráðuneytisins, að fá fram þær breytingar á lögum um landmælingar og kortagerð sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og nál. fjallaði um. Einnig tel ég mikilvægt vegna breytinga

sem eru um þessar mundir að gerast í starfsemi fyrirtækisins Landmælingar Íslands, að frv. verði gert að lögum. Ég ítreka það aftur að ég sé ekki á nokkurn hátt að það þurfi að skarast eða tefja eða hafa nokkur áhrif á störf fjarkönnunarnefndar sem vonandi, eins og hv. framsögumaður minni hlutans gerði grein fyrir áðan, er að vinna sitt verk af fullum krafti og ekki ástæða til að álíta að þar séu uppi nein átök eða ágreiningur. Þeim mun auðveldara ætti þá að vera að fylgja þeim málum eða því áliti eftir sem þar kann að koma fram frá nefndinni og vonandi verður á réttum tíma þó ég hafi bara haft þennan fyrirvara um það að venjan er nú hin að oft vill nefndarstarf tefjast og síðan á eftir að fjalla um málin, eins og var með það frv. sem við erum að fjalla um. Það tók æðilangan tíma í ráðuneyti áður en það var lagt fram á þingi og málin gætu af þeim ástæðum tafist sem mér þætti til baga og tel þar að auki algjörlega ástæðulaust.

[10:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um frv. um landmælingar og kortagerð, mál sem hefur verið til athugunar hjá umhvn. og liggur hér fyrir til 2. umr. samkvæmt tillögu nefndarinnar sem skiptist í meiri og minni hluta. Sá fulltrúi sem var inni á þingi fyrir mig fyrir nokkru síðan, Guðmundur Beck, undirritar álit minni hlutans og styð ég þau sjónarmið sem þar koma fram í því áliti og hv. framsögumaður minni hlutans, Kristín Halldórsdóttir, hefur mælt fyrir.

Málefni landmælinga og kortagerðar hafa legið hjá garði á vegum íslenskra stjórnvalda mjög lengi. Þar á meðal að búa eðlilega um stofnunina lögum samkvæmt en ekki síður, og kannski það sem meira máli skiptir en lagaramminn, þær fjárveitingar sem stofnunin hefur fengið á undanförnum mörgum árum og eru allsendis ófullnægjandi til að sinna þeim verkefnum sem brýn eru á þessu sviði, alveg sérstaklega með tilliti til rannsóknastarfsemi í landinu en einnig varðandi upplýsingar af hvers kyns tagi þar á meðal varðandi *náttúru landsins, varðandi jarðamörk og fleira* svo örfá dæmi séu nefnd að því lútandi.

Ég vil nefna það hér, virðulegur forseti, að þessi efni, landmælingar, hafa verið til umræðu á fyrri stigum og m.a. á borði ríkisstjórnar. Ég nefni það að tvívegis gerði sá sem hér talar atrennu að því að fá málefni Landmælinga Íslands inn í málefnasamning ríkisstjórnar svo brýnt sem mér sýndist það vera. Þetta gerðist 1980 og leit út fyrir að það yrði tekið inn í það safn þeirrar ríkisstjórnar sem þá var mynduð en einnig 1988. En í bæði skiptin féll óskin um stefnumörkun í málefnum Landmælinga Íslands og landmælinga almennt fyrir borð í útstrikunum þeirra sem héldu á penna við lokagerð stjórnarsáttmála. Ég nefni þetta vegna þess að þetta er dæmi um hversu afdrifaríkt það er að taka ekki á svona grunnþáttum og binda sammæli um það af hálfu ríkisstjórnar. Það var sem sagt ekki gert og af þeim sökum erfiðara fyrir þá ráðherra sem á héldu að reyna að fá úrbætur og þoka málum til betri vegar. Því stöndum við í þeim sporum sem við erum í nú að starfsemi landmælinga hérlendis, bæði það sem er á sviði Landmælinga Íslands og þeirra annarra aðila sem vinna að þessum málum, mælingum og kortagerð, er í mjög bágu horfi svo ekki sé fastara að orði kveðið. Hefur svo farið að ríkisstofnanir sem þurfa nauðsynlega á landmælingum að halda hafa talið sig knúðar til að leysa sín mál af eigin frumkvæði fram hjá Landmælingum Íslands og í þeim efnum hefur ekki verið gætt þeirrar samræmingar sem sjálfsögð og eðlileg er bæði varðandi mælikvarða sem og annað og niðurstöður af því starfi ekki verið almennt aðgengilegar í útgefnum kortum svo sem eðlilegt væri.

Til að skýra aðeins frekar það sem ég er að vísa til vil ég nefna það sem snýr að þeim aðilum sem hafa verið að rannsaka vatnsorkuauðlindir landsins, þ.e. Orkustofnun og önnur opinber eða hálfopinber fyrirtæki, sem hafa í rauninni verið aðallandmælingastofnun landsins um áratugi án þess hins vegar að þær afurðir liggi aðgengilegar fyrir í langtum stærri mælikvarða, í mörgum tilvikum, en þau kort sem Landmælingar Íslands hafa gefið út og aðgengileg eru almenningi. Og ég sé út af fyrir sig ekki að mikil bót sé ráðin á því með þeirri stefnu sem hér er mörkuð samkvæmt tillögum meiri hlutans.

Ég vek athygli á að ein af þeim hreinsunum sem fram hafa farið í frv. að tillögu meiri hluta umhvn. er að fella niður 9. gr. frv. með vísun til þess að hún sé óþörf. Þar er þó kveðið á um það, virðulegur forseti, að „Landmælingar Íslands láti gera áætlun til fjögurra ára í senn um verkefni stofnunarinnar sem taki m.a. mið af fyrirhuguðum framkvæmdum innan lands er krefjast landmælinga eða kortagerðar. Skal áætlunin byggjast á raunhæfum fjárhagsforsendum og verkefnum raðað í forgangsröð.“ Greinin er þó lengri. Hvað er hér á ferðinni? Hvers vegna sér meiri hluti hv. umhvn. ástæðu til að fella út þau vægu ákvæði sem eru um áætlun af hálfu þessarar opinberu stofnunar? Þetta á bara að ráðast frá ári til árs eins og um hnútana er búið með ákvörðunum sem ganga fyrst og fremst á milli ráðherra og forstjóra stofnunarinnar fram hjá stjórn hennar. En það hefur verið dregið verulega úr hlutverki stjórnar stofnunarinnar samkvæmt tillögu meiri hlutans. Ég sé því ekki að það verði auðvelt hlutverk fyrir þá stjórn að sinna einhverju vitrænu hlutverki eins og hér er um hnútana búið. Vissulega geta menn leitað að stoð í lögum eins og meiri hluti nefndarinnar gerir í nál. sínu um breytingu á lögum sem hér voru gerð um svokölluð starfsmannalög sem veita forstöðumönnum ríkisstofnana mun meiri völd að *því er varðar mannahald og margt fleira*. En þó er gengið mun lengra hér í þessum efnum, sýnist mér, en þörf er á með tilliti til þeirra laga. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því: Er þetta samkvæmt óskum frá ráðuneytinu? Virðulegur forseti, ég leyfi mér að beina fyrirspurn til ráðherra um það að fella úr frv., sem var vissulega meingallað í ýmsum greinum og aðallega að því leyti að það markaði óljósa og óskýra stefnu, hvað væri Landmælinga Íslands og hvað væri annarra aðila m.a. En er það vilji hæstv. umhvrh. að engin stefnumótun verði gerð til lengri tíma í sambandi við landmælingar og kortagerð og þá m.a. með tilliti til þess hvað skuli vera hvers í þessum efnum að því er *opinbera aðila varðar? Siglingaljósin* eru vægast sagt dauf og óskýr og hafa forsendur fyrir vitrænu starfi að þessum málum í rauninni versnað við að fella út það sem hér er gert ráð fyrir af hálfu meiri hluta nefndarinnar, sem leggur til að III. kafli laganna falli brott.

Í sambandi við verkaskiptingu ráðuneytis, forstjóra og stjórnar stofnunarinnar þá held ég að menn séu að setja þar fram skil og stefnumörkun sem er í senn óljós og ekki skynsamleg. Ef verið er með stjórnir fyrir ríkisstofnanir þá verður að ætla þeim verulegt hlutverk og annað og meira hlutverk en hér er gert. Auðvitað ætti stjórn þessarar stofnunar að koma að því að marka stefnu til lengri tíma, með fjögurra ára áætlun — það má vera það ef menn vilja ekki fimm ára áætlanir, eða til lengri tíma sem gæti verið þörf á, að líta til lengri tíma í þessum efnum. Minni ég þá á það atriði, sem minni hluti nefndarinnar vekur sérstaka athygli á sem er starf

fjarkönnunarnefndar þar sem vísað er inn á svið hvers þýðing fer ört vaxandi, og hefði auðvitað átt að fresta afgreiðslu þessa máls þangað til sú mynd lægi skýrt fyrir og fara ofan í ýmsa sauma sem eru óskýrir og flausturslega unnir að mínu mati af hálfu meiri hluta umhvn. e.t.v. í samráði við umhvrn. þó að mér sé það ekki að öllu leyti ljóst enda var ég ekki í þinginu þegar lokavinna fór fram varðandi frv. en kom að því á fyrri stigum í vinnu nefndarinnar.

Ég vil þá nefna, virðulegur forseti, til viðbótar einn þátt sem snertir þetta mál og það er staða Landmælinga Íslands og horfur hjá því fyrirtæki, hjá þeirri stofnun, á næstu árum. Mönnum er kunnugt um þá ákvörðun hæstv. umhvrh. að flytja þá stofnun, Landmælingar Íslands, upp á Akranes. Það liggur jafnframt fyrir að ekki hefur komið fram vilji hjá neinum, utan forstjóra stofnunarinnar, síðast þegar ég frétti, um að fylgja þessum fyrirhugaða flutningi, að fylgja stofnuninni á nýjan aðsetursstað. Það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur, virðulegur forseti, af því hvernig hér hefur verið haldið á málum og hvernig er haldið á málum af hæstv. ráðherra sem að mínu mati anaði út í þetta fen — að taka ákvörðun eftir flausturslegan undirbúning páv. hæstv. umhvrh. að halda áfram þeirri stefnumörkun að flytja þessa ríkisstofnun innan höfuðborgarsvæðisins, því Akranes er nú orðið hluti af höfuðborgarsvæðinu svo gott sem þó kannski sé svolítið umhendis að sækja vinnu, þrátt fyrir göng á milli þessara staða. En þetta hefur orðið til þess að eitra, að mínu mati eins og ég þekki til, andrúmsloft í þeirri opinberu stofnun, og setja aðstöðu þeirra sem þar starfa í mikla óvissu og ávinningurinn af þessu í byggðapólitísku samhengi er sannarlega óljós. Ég hef ítrekað hér á Alþingi varað við því hvernig á þessum málum hefur verið haldið í þau skipti sem einstakir ráðherrar hafa ætlað að ganga í flutning ríkisstofnana, að rífa þær upp úr umhverfi sínu og planta þeim niður að eigin geðþótta, án fullnægjandi undirbúnings og athugana á málum, og án þess að þingvilji liggi fyrir. Ég minni á það þegar stofnun var flutt austur á land, Skógrækt ríkisins, þá var það gert að vel ígrunduðu máli og að fengnu samþykki Alþingis. Ekkert slíkt liggur fyrir í sambandi við þetta mál. Ég spyr hæstv. umhvrh., virðulegur forseti, og óska eftir því að hæstv. ráðherra geri skýra grein fyrir því við 2. umr. málsins hvernig horfur eru í sambandi við væntanlegan flutning þessarar ríkisstofnunar, sem hér er verið að setja ný lög um, á nýjan stað og hvernig hæstv. ráðherra hyggst halda á því máli. Hvaða fjárveitingar eru það sem ráðgert er að verja í því skyni nú og á allra næstu árum? Hvað kostar þetta fyrirtæki? Hvaða horfur eru á að verði um það sérmenntaða starfslið sem vinnur nú við Landmælingar Íslands og hvernig metur hæstv. ráðherra stöðu þessa máls? Er hæstv. ráðherra ákveðinn í því að fylgja þessu máli fram hvað sem á dynur og hvernig svo sem horfir í sambandi við störf þess fólks sem nú vinnur að þessum málum og þar sem erfitt getur verið að fylla í skörðin með viðunandi hætti? Þetta tengist auðvitað náið því máli sem við erum að fjalla um, þ.e. framtíð stofnunarinnar Landmælingar Íslands og þeirrar mikilvægu starfsemi sem brýn þörf er á að efla en ekki veikja og sem þetta frv. tekur afskaplega lítið á og með röngum hætti að vissu leyti. Og alveg sérstaklega er ekki sköpuð aðstaða til að marka neina framtíðarstefnu í málefnum stofnunarinnar og er það lítt skiljanlegt hvers vegna meiri hluti nefndarinnar heldur þannig á máli.

Síðan eru minni háttar mál sem snúa t.d. að menntunarkröfum í þessu sambandi. Ég tel að ef ástæða hefði verið til að veita undanþágur vegna núverandi aðstæðna, t.d. varðandi forstjóra stofnunarinnar, þá hefði vel mátt ganga frá því með ákvæði til bráðabirgða og hefði ég haft fullan skilning á því. En að marka þá stefnu sem meiri hlutinn gerir, þ.e. að gera ekki kröfur í lagaramma um háskólamenntun þess sem á að veita þessari mjög svo sérhæfðu starfsemi forstöðu í framtíðinni, það finnst mér á misskilningi byggt og ekki rétt á máli haldið. Það er hins vegar lítið mál í heildarsamhengi þessa máls og ef áhyggjuefnin væru ekki önnur og stærri þá væri ekki ástæða til að hafa þungar áhyggjur af því.

[11:12]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að auðvitað er það og má kannski segja að sé eilíft áhyggjuefni að velta fyrir sér fjárveitingum til opinberra stofnana og hversu vel þær eru í stakk búnar til að gegna sínu hlutverki. Það er glíma sem við þekkjum sem erum búin að sitja lengi á þingi og henni er nú sjálfsagt ekki lokið. En þetta er auðvitað ein af þeim stofnunum sem mikilvægar eru og þarf að reyna að búa sem allra best að fjárhagsramma og starfsramma hennar að öðru leyti.

Hv. þm. spurði um afstöðu mína til brtt. meiri hlutans. Þær hafa verið gerðar í samráði við mig og fulltrúa ráðuneytisins þannig að það er að sjálfsögðu ekkert í þeim breytingum sem ég er andvígur. Auðvitað geta verið eitthvað misjafnar áherslur eins og gengur. Ég hef marglýst því yfir við umræður um þau frv., sem ég hef lagt fram, að ég vil eiga sem best samstarf við nefndir um framgang þeirra og taka tillit til þeirra sjónarmiða og skoðana sem þar kunna að koma fram enda er þetta auðvitað löggjafarstofnunin sem á að segja sitt lokaorð um það hvernig lögin líta út þó að ríkisstjórn og ráðherra leggi þau fram í frumvarpsformi. Ég sé ekki að stórvægilegar breytingar séu gerðar á hlutverki stjórnar en þó er tekið tillit til þeirra áherslubreytinga sem hafa orðið í því efni. Auðvitað má velta fyrir sér hvort opinberar stofnanir eigi yfir höfuð að vera með stjórn eða ekki og móta í því ákveðna stefnu sem hefur nú ekki fengist skýrt sett fram.

Varðandi hugmyndir um flutning stofnunarinnar þá eru þær óbreyttar af minni hálfu. Það er unnið að því verkefni af fullum krafti. Að störfum er framkvæmdanefnd sem fylgir því verkefni eftir. Það er unnið að hönnun húsnæðis sem hefur verið tekið á leigu á Akranesi fyrir starfsemi stofnunarinnar. Starfsfólkið fékk góðan umþóttunartíma til þess að ákveða hvort það vildi flytja með stofnuninni eða starfa við hana áfram án flutnings. Það skal hafa gert það upp við sig fyrir lok þessa árs þannig að enn er nokkur tími til þess. Það er verið að móta reglur um hvernig og hvaða aðstoð hið opinbera veitir því fólki sem annaðhvort flytur eða heldur áfram að starfa við stofnunina þannig að þær leikreglur og sú þátttaka af hálfu hins opinbera er í mótun.

Að lokum mótmæli ég því sem kom fram hjá hv. þm. að engar áætlanir séu uppi af hálfu stjórnvalda um að flytja stofnanir á milli landshluta eða flytja opinberar stofnanir til. Það er margítrekað bæði í stefnu stjórnmálaflokka og núverandi ríkisstjórnar.

[11:15]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta hefði nú gjarnan mátt vera eitthvað skýrara hjá hæstv. ráðherra sem velur að veita andsvar

í þessu formi og hefur kannski ekki ástæðu til að gefa skýrari svör við því sem hér var óskað eftir að fram kæmi.

Ég spurði hæstv. ráðherra um það hvernig horfurnar væru í sambandi við það starfsfólk sem nú vinnur hjá Landmælingum Íslands. Hver er staðan? Hvaða vitneskja liggur fyrir um hversu margir starfsmenn ætli að fylgja þessari stofnun á nýjan stað? Hvað getur ráðherra um það sagt? Fari svo að fáir flytji með, hvaða horfur eru á því að þessi starfsemi geti orðið burðug á nýjum stað?

Í sambandi við það að ég hafi sagt að engar áætlanir væru um flutning ríkisstofnana þá sagði ég ekkert í þá veru. Ég gagnrýndi hvernig á þeim málum er haldið, flausturslega og án þess að Alþingi komi að þeim og taki ákvarðanir um þau áður en einhverjir hæstv. ráðherrar taka pólitískar ákvarðanir um að skáka til stofnunum af lítilli fyrirhyggju eins og mér virðist að hér hafi verið gert. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hver er hinn byggðapólitíski ávinningur af þeirri aðgerð sem hér er verið að ráðast í, að skáka til, innan höfuðborgarsvæðisins nánast að segja, ríkisstofnun af þessum toga?

Virðulegur forseti. Varðandi hlutverk stjórnar og spurninguna um stjórn eða ekki stjórn — ef það er stjórn yfir stofnun þá verður hún að hafa skilmerkilegt og afmarkað hlutverk þannig að þeir sem stjórn skipa finni sig í því að sinna því. Ef ekki er höfð stjórn yfir stofnun verður að efla viðkomandi ráðuneyti þannig að það sé fært um að stýra og halda uppi tengslum við viðkomandi stofnun. En það skortir nú heldur betur á að þannig sé haldið á málum, bæði í umhvrn. en einnig víðar, að ráðuneytin séu í rauninni þess umkomin að stýra þeirri starfsemi sem fram fer í stofnunum undir þeirra stjórn.

[11:17]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja að hafi ég misskilið ummæli hv. þm. um stefnumótun í sambandi við flutning stofnana þá bið ég einfaldlega afsökunar á því og árétta það sem ég sagði áðan að það eru margendurteknar og ítrekaðar ályktanir um það af hálfu Framsfl. og í stefnumótun hans og ég hygg að það megi finna í stefnumótun trúlega allra flokka þótt ég hafi ekki flett því upp sérstaklega, a.m.k. ekki nýlega, og eins í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstjórnar, að leita leiða til að flytja til opinberar stofnanir. Um það mál höfum við rætt hér áður og afstöðu mína til þessarar ákveðnu stofnunar og það að ég telji að hún geti starfað annars staðar en í Reykjavík. Ég tel að af flutningi af þessu tagi séu vissulega byggðapólitísk áhrif og minni á ályktanir frá sveitarfélögum, jafnvel þótt þau liggi nærri höfuðborginni sjálfri, hvort heldur það er Akranes, Keflavík, Selfoss eða önnur byggðarlög hér í kring sem hafa sýnt áhuga á að slíkir flutningar væru kannaðir ítarlega. Ég minni á nál. nefndar, sem starfaði að vísu í umboði og í tíð fyrri ríkisstjórnar, um flutning opinberra stofnana og þar á meðal þeirrar sem hér er til umræðu. Þannig að ég ítreka þetta viðhorf mitt.

Varðandi síðan aftur spurninguna um horfur á flutningi starfsfólks þá endurtek ég það sem ég sagði áðan að það er fyrir lok þessa árs sem starfsfólk á að hafa gert upp hug sinn. Þegar hafa orðið nokkrar starfsmannabreytingar hjá stofnuninni á undanförnum vikum og mánuðum þar sem ráðið hefur verið nýtt fólk sem er fullljóst um hvað fram undan er í starfsemi stofnunarinnar, það gerir sér ljósa grein fyrir því þegar það ræður sig. En ég bind auðvitað vonir við það enn og nefndi það áðan og treysti því að meiri hlutinn af hinu ágæta starfsfólki stofnunarinnar haldi áfram að vinna við hana þrátt fyrir að hún verði flutt til, hvort sem það býr áfram hér á höfuðborgarsvæðinu eða flytur með stofnuninni.

[11:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem nú fer fram tengt málefnum Landmælinga Íslands og flutningi þeirrar stofnunar er athugun mála sem átti að fara fram áður en ákvörðun væri tekin. Það á að vera þáttur í athugun á því að dreifa starfsemi á vegum ríkisins að vanda þar undirbúning þannig að menn átti sig á við hvað er að fást og einnig að tillögur liggi fyrir um hvernig á skuli halda gagnvart starfsfólki. Nú segir hæstv. ráðherra okkur að verið sé að vinna að því að móta slíkar tillögur. Hvers konar handarbakavinnubrögð eru þetta? Þetta gengur að sjálfsögðu ekki. Og hvaða vit er í því að ætla að halda þannig á málum að ein ríkisstofnun sé tekin og flutt á kjörtímabili af handahófi samkvæmt geðþóttaákvörðunum einstakra ráðherra? Hvaða úrlausn er það í sambandi við byggðamál í landinu að halda þannig á málum?

Spurningin um flutning á ríkisstarfseminni hlýtur að lúta að því að koma upp þjónustustarfsemi á vegum ríkisins svæðisbundið í landinu þar sem verkefni liggja fyrir og draga úr mannahaldi í miðstöðvum höfuðborgarinnar að sama skapi. Það eru áherslurnar sem átti að leggja fyrir lifandi löngu í þessu máli, en ekki sýndarvinnubrögð sem eru kannski til verra en einskis í ýmsum greinum eins og hér er um að ræða, vitnað til tillagna nefndar á vegum ríkisstjórna. Ég efast um að það hafi verið nokkur tillaga þar um að flytja Landmælingar Íslands upp á Akranes. Ekki man ég eftir því. Ég held að það hafi verið eitthvað annað sem átti að fara með þá stofnun. (**Gripið fram í:** Var það ekki á Selfoss?) Þannig að það er nú lítið í að leita og sýnir enn betur flaustrið sem er á þessum vinnubrögðum af hálfu hæstv. ráðherra og ríkisstjórnar, að svo miklu leyti sem hún hefur lagt nafn sitt við þetta í heild.

[11:22]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um 9. gr., sem felld var brott, vil ég gera grein fyrir þeirri skoðun meiri hlutans að í 9. gr. koma fram svo sjálfsagðir hlutir í stjórn og starfsemi stofnunar að meiri hlutinn taldi að ekki þyrfti á þessari grein að halda. Þar segir m.a. að gera skuli áætlun til fjögurra ára í senn um verkefni stofnunarinnar. Slík áætlanagerð, hvort sem hún er til fjögurra ára, fimm ára eða annars tíma, er orðin svo sjálfsagður hlutur að ekki þarf að setja það í lagatexta.

Síðan er sagt í greininni sem felld var niður: „Skal áætlunin byggjast á raunhæfum fjárhagsforsendum og verkefnum raðað í forgangsröð." Menn sjá af þessari upptalningu að það er svo sjálfsagður hlutur af ríkisstofnun að hún skuli miða sig við raunhæfar fjárhagsforsendur og raða að sjálfsögðu upp í verkefnaröð.

Eins er líka tekið fram í greininni sem var felld niður að Landmælingar Íslands skulu senda umhverfisráðuneyti verkefnaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Þetta er svo nákvæmt og sjálfsagt að óþarfi er að taka það fram í þessari grein og þess vegna var hún fell niður.

Svipað má segja um stjórn stofnunarinnar. Nú hefur stjórnunarþekkingu og reglum og venjum í stjórnun fleygt

svo fram að algjörlega er óþarft að setja það mjög nákvæmlega inn í hvern lagatexta sem fjalla á um viðkomandi stofnanir heldur að vitna til þeirrar venju sem skapast hefur í stjórnsýslunni.

[11:24]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta voru merkar upplýsingar sem við fengum frá hv. formanni umhvn. Að það væri svo sjálfsagt mál að gera ætti áætlanir til langs tíma að það væri óþarfi að binda það í lög. Er það til tjóns að binda það í lög? Hafa menn ekki fyrir sér mörg lög um opinberar stofnanir þar sem einmitt er gert ráð fyrir slíkri áætlanagerð? Skyldi nú ekki vera þörf á því einmitt í sambandi við þá starfsemi sem hér fer fram að horfa svolítið fram í tímann og ætla viðkomandi stofnun og þeim sem fyrir henni ráða að draga upp skýra mynd að minnsta kosti fjögur ár fram í tímann sem er lágmark og þarf auðvitað að lýsa lengra fram á veg hverju sinni með nauðsynlegri aðlögun og endurskoðun eins og gert er um áætlanir? Af hverju er minni ástæða til þess að binda það í lög að móta slíka áætlun heldur en t.d. á sviði eins vegamálum, hafnamálum og í málefnum stofnana? Ég man ekki betur en að t.d. hjá Hafrannsóknastofnun Íslands sé það lögbundið að gerðar séu slíkar áætlanir. En hér er í rauninni verið að vísa á það að rústa þá starfsemi sem hér hefur farið fram, bæði með því að veikja þó þetta óburðuga frv. sem hæstv. ráðherra bar inn í þingið og með því síðan að standa þannig að málefnum stofnunarinnar eins og hér hefur verið rætt um milli mín og hæstv. umhvrh. að flytja hana með handahófslegum hætti upp á Akranes með fullkominni óvissu um hvað það hefur í för með sér fyrir stofnunina.

Varðandi stjórnina og stjórnunarþekkinguna og að óþarft sé að setja um það reglur — nú er verið að setja hér niður reglur af meiri hlutanum. En þær eru mjög óskýrar og ekki til bóta að mínu mati og hlutverk stjórnarinnar hefur verið veikt óeðlilega fyrst gert er ráð fyrir henni á annað borð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[11:27]

Útbýting þingskjala:

Lögræðislög, 410. mál, nál. allshn., þskj. 1171; brtt. allshn., þskj. 1172.

Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, 387. mál, nál. sjútvn., þskj. 1162.

Tekjuskattur og eignarskattur, 528. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1173.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 641, nál. 1084, brtt. 1085.

[11:28]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. umhvn. á þskj. 1084 um frv. til laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

Nefndin hefur fjallað um málið og stuðst við umsagnir frá Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu Íslands, Háskólanum á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands og Rannsóknarráði Íslands.

Frumvarpið felur í sér að komið verði á fót Stofnun Vilhjálms Stefánssonar á Akureyri. Er stofnunin skilgreind í frumvarpinu sem samstarfsvettvangur innan lands um málefni norðurslóða og jafnframt skuli hún stuðla að aukinni hlutdeild Íslendinga í alþjóðasamstarfi um norðurslóðamálefni. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að skipuð verði sérstök samvinnunefnd um málefni norðurslóða sem er ætlað það hlutverk að efla samstarf um stofnun Vilhjálms Stefánssonar, treysta samstarf innan lands og vera ráðherra til ráðgjafar. Leggur nefndin áherslu á að horft verði breitt til fræðasviða þegar skipað er í samvinnunefndina. Gert er ráð fyrir að unnið verði að markmiðum stofnunarinnar með söfnun og miðlun upplýsinga, samræmingu umhverfisrannsókna á norðurslóð, samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis og að sköpuð verði aðstaða fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að stofnunin komi upp eigin rannsóknarstofum.

Umhverfisnefnd er kunnugt um að starfandi er nefnd skipuð af umhverfisráðherra sem fjallar um endurskoðun á stjórn þeirrar náttúrufræðistarfsemi sem fellur undir umhverfisráðherra. Ekki er óeðlilegt að nefndin kanni hvernig tengslum Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar við aðrar stofnanir á þessu sviði verði best fyrir komið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1085. Snúa breytingarnar að skipan og hlutverki stjórnar stofnunarinnar. Þannig er gert ráð fyrir að formaður samvinnunefndarinnar verði formaður stjórnar en einnig er gert ráð fyrir að annar aðili úr samvinnunefnd sitji í stjórn og að sá þriðji verði skipaður án tilnefningar. Þá eru lagðar til breytingar á hlutverki stjórnar til samræmis við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en þar kemur fram sú stefna að forstjóri skuli hafa aukið vald til að fara með daglega stjórn stofnunar og ráðningu starfsmanna.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Ólafur Örn Haraldsson, Gísli S. Einarsson, Tómas Ingi Olrich, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir, Katrín Fjeldsted, Ísólfur Gylfi Pálmason og Hjörleifur Guttormsson.

[11:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. sem hér er komið til 2. umr. um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða er afgreitt samhljóða frá umhvn. þingsins. Ástæða er til að ítreka stuðning við þetta mál og ánægju með að það skuli vera komið á lokastig í afgreiðslu Alþingis. Hér er um nýja stofnun að ræða sem á að fjalla um svið sem mjög brýnt er að Íslendingar sinni í auknum mæli og eigi um það samvinnu og samstarf við aðrar þjóðir sem norðurslóðamálefni varða öðrum fremur. Þó að hér sé auðvitað um mál að ræða sem varða alþjóðasamfélagið allt þá eru það eðlilega þær þjóðir sem næst búa norðurslóðum sem láta sig það varða. Ég ræddi þetta við 1. umr. eins og fleiri og sé ekki ástæðu til að fara hér mörgum orðum um mál sem samkomulag er um af hálfu umhvn.

Ég vil þó nefna að þær breytingar sem gerðar eru og samstaða er um að gangi fram eru mótaðar af meiri hluta í nefndinni, vafalaust í samvinnu við viðkomandi ráðuneyti umhverfismála. Þar er einn þáttur sem er álitaefni hvernig á er haldið og ég hefði út af fyrir sig ekki lagt til breytingar á frv. í þá veru að því er varðar stjórn eða skipun stjórnar, þ.e. að ætla í raun viðkomandi ráðherra að tilnefna tvo af þremur

stjórnarmönnum þó með óbeinum hætti sé þar sem er formaður samvinnunefndar norðurslóða. Ég skil ekki fyllilega þær ástæður sem liggja til þess að sú breyting er lögð til í ljósi þess að formaður nefndar hefur auðvitað alltaf mikið að segja í þriggja manna stjórn. Mér hefði fundist út af fyrir sig eðlilegt að samvinnunefndin hefði svigrúm til þess að tilnefna tvo af þremur stjórnarmönnum en ráðherra hefði þar trygg ítök með því að tilnefna formann samvinnunefndarinnar svo sem ákveðið er samkvæmt 5. gr. frv. Ég gerði ekki ágreining um þetta efni á lokastigi afgreiðslu til þess að samstaða gæti verið sem best um afgreiðslu þessa máls sem hefur fengið góðan byr frá því að Alþingi samþykkti ályktun um að koma þessari stofnun á fót, samhljóða að mig minnir þegar hún var afgreidd hér frá Alþingi, og margir hafa lagt gott til þessa málefnis og þeirra fyrirætlana að koma upp þessari nýju stofnun á Akureyri. Von mín er sú að hún fái áfram þann stuðning sem fram hefur komið á undirbúningsstigi þannig að af henni megi hljótast það sem tillögumenn vænta að verði, að hún verði grundvöllur og sameiningartákn til átaka, nýrra átaka á sviði rannsókna að því er varðar norðurslóðir, bæði að því er varðar beinar rannsóknir á Íslandi en ekki síður því að tengja okkur með traustari hætti við alþjóðlega starfsemi sem fram fer á þessu mikilvæga sviði. Eins og vikið er að í nál. er það hugur umhvn. og hefur alltaf verið, það kemur raunar fram í greinargerð með frv. eins og það var lagt fram og þáltill. á sínum tíma, að litið yrði á málefnið breitt í fræðilegum skilningi þannig að hér væri ekki eingöngu um að ræða umhverfisstofnun eða umhverfisverndarstofnun í þröngri merkingu, heldur væri á hennar vegum horft til sem flestra þátta að því er varðar rannsóknir og athugun mála sem varða norðursvæðið, norðurslóðir. Verður þar eðlilega einna fyrst fyrir að hugsa til þátta eins og mannfræði þar sem valið hefur verið að tengja nafn þessarar stofnunar við nafn mannfræðingsins Vilhjálms Stefánssonar.

Ég vil fyrir mitt leyti þakka fyrir samstarf um þetta mál í umhvn. og vona að það fái hér gott og heilsteypt brautargengi og síðan nái þessi stofnun að þróast og eflast í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af fyrstu sporum hennar. Það er ljóst að þar er ekki lagt upp með mikið fjármagn í byrjun en verkefni og þróun mála hjá þessari stofnun hlýtur að verða ráðandi um það hvers hún verður megnug og hvað af henni sprettur í framtíðinni.

[11:37]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju yfir því að þetta mál skuli hafa verið afgreitt úr hv. umhvn. með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Það hefur verið samstaða um þetta mál í öllum grundvallaratriðum. Það er einnig ástæða til að þakka bæði hæstv. umhvrh. fyrir frv. sem hér var lagt fram og þá ekki síst upphafsmanni málsins, hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, fyrir þann áhuga sem hann hefur alla tíð sýnt þessu máli.

Ég hygg að þótt Stofnun Vilhjálms Stefánssonar verði í upphafi ekki stór stofnun þá muni hún geta átt mjög mikinn þátt í að efla rannsóknir á víðu sviði á norðurslóðum. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til að minna á að við Íslendingar eigum afar mikið undir því, bæði menningarlega séð og efnahagslega, að vísindi og þekking á þessum sviðum verði efld. Við eigum hér sameiginlegra hagsmuna að gæta og nágrannar okkar Grænlendingar og Færeyingar og að sjálfsögðu þjóðirnar í austri, bæði Norðmenn, Finnar og Rússar, og þá einnig þjóðirnar í vestri, Kanadamenn og Bandaríkjamenn. En síðast en ekki síst er mikilvægt að við eflum samstarf okkar við Færeyinga og Grænlendinga, nágrannaþjóðir okkar, um verkefni á sviði rannsókna og vísinda sem tengjast norðurslóðum. Ég er því viss um að Stofnun Vilhjálms Stefánssonar mun eiga mjög ríkan og góðan þátt í því að ýta undir þetta fræðasvið í þessum hluta heimsins og lýsi hér með sérstakri ánægju minni með að umhvn. Alþingis skuli hafa náð saman um að ljúka þessu máli.

[11:40]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins að taka undir með hv. þm. sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og lýsa ánægju minni með að málið skuli vera komið hér til 2. umr. og stefna í það að þingið afgreiði frv. og geri það að lögum að við stofnum Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Ég vil þakka umhvn. hversu skjótlega hún hefur afgreitt málið. Það voru kannski aðeins blikur á lofti um tíma að málinu yrði frestað til næsta þings af ýmsum ástæðum en niðurstaðan varð þessi og ég þakka nefndarmönnum fyrir það.

Varðandi þær breytingar sem hér eru lagðar til þá er það eins og ég hef áður lýst yfir og sagði við afgreiðslu næsta máls á undan að ég vil eiga gott samstarf um það við nefndirnar hvernig þær taka á þessum málum og hef ekki athugasemdir við brtt. umhvn. sem hér eru lagðar til. Ég styð þær að sjálfsögðu. Ég tel að ástæða sé til að óska hv. 4. þm. Austurl. til hamingju með að málið sé á svo góðum rekspöl í gegnum hv. Alþingi vegna hans frumkvæðis og forsögu í þessu máli. Ég ítreka að ég bind miklar vonir við að þessi stofnun geti orðið til þess að styrkja okkur á alþjóðlegum vettvangi, í alþjóðlegu samstarfi varðandi málefni norðurslóða auðvitað fyrst og fremst, en einnig að vekja athygli á því að við höfum vilja til að taka á málum af þessu tagi og veita þeim verulega athygli og brautargengi. Ég trúi því að stofnuninni eigi eftir að vaxa fiskur um hrygg eins og hv. 4. þm. Austurl. sagði efnislega. Einhvers staðar segir: mjór er mikils vísir. Og þó að ekki sé farið geyst af stað og háreist þá er þó þetta, að koma þessu á laggirnar og gera það eins og lagt er upp, stórt skref sem ég tel að sé ekki lítils virði.

Út af því sem ég nefndi áðan að hugsanlega hefði verið óljóst hvort nefndin næði að afgreiða málið núna þá stafaði það kannski m.a. af vinnu sem er í gangi í umhvrn. þar sem fjallað er um starfsemi stofnana sem tendgar eru þeim verkefnum sem eiga að falla undir þessa stofnun, þó að það sé meira á innlendum vettvangi sem þær stofnanir starfa, eins og þær sem nú eru starfræktar á Akureyri eða á Norðurlandi og fjalla um málefni sem varða landið allt, eins og veiðistjóraembættið, og málefni sem eru mjög staðbundin á því svæði eins og rannsóknastofnunin við Mývatn og lögum um Mývatn og Laxársvæðið. Í umhvrn. er vinna í gangi þar sem er verið að fara yfir þessa þætti en þar liggja ekki fyrir neinar ákveðnar línur um hvernig að málum verður staðið og engin niðurstaða um að breytingar verði gerðar á. Ég fagna þess vegna því að menn skyldu ná saman um að veita þessu frv. brautargengi án tillits til þess en get út af fyrir sig tekið undir það sem sagt er í nál. frá hv. umhvn. að ekki sé óeðlilegt að könnuð verði tengsl þessarar nýju stofnunar við aðrar stofnanir sem starfa á þessu sviði og ekki síst á Akureyri þar sem þessari stofnun er ætlað að starfa.

Ég þakka aftur þeim sem staðið hafa að máli þessu og veitt því brautargengi fyrir þeirra ágæta verkefni og starf.

[11:44]

Útbýting þingskjals:
Tjón á bílum, 609. mál, fsp. GÁ, þskj. 1174.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla ósnortinna víðerna, síðari umr.

Þáltill. KH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27, nál. 1073.

[11:45]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. umhvn. á þskj. 1073 um till. til þál. um varðveislu ósnortinna víðerna.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir frá Ferðafélagi Íslands, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráði, Bændasamtökum Íslands, Landmælingum Íslands, Félagi íslenskra náttúrufræðinga, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, Landvarðafélagi Íslands, Ferðaklúbbnum 4x4, Félagi landfræðinga og Skipulagi ríkisins.

Ég les listann yfir umsagnaraðilana til þess að þess sé getið við þetta tilefni, þó að oft hafi þau verið ríkari, og að fram komi að að baki því starfi sem unnið er hér í þinginu er mikil vinna margra aðila í þjóðfélaginu m.a. í þessu tilfelli. Finnst mér ástæða til að þakka þeim fjölmörgu aðilum sem styðja þingið með þeim hætti og starf umhvn. Þekki ég þar best til á þessu sviði.

Tillagan hefur fengið jákvæðar umsagnir hjá þessum aðilum. Hún felur í sér að mörkuð verði stefna um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Nefndin telur ósnortin víðerni eina af mikilvægustu auðlindum Íslands og mikilvægt að ekki verði gengið á þau nema að vel athuguðu máli. Fyrsta skrefið til varðveislu ósnortinna víðerna er að skilgreina hugtakið og marka stefnu um varðveisluna.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með þeirri breytingu að tillagan orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins. Stofnaður verði starfshópur, skipaður fulltrúum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarráðs, Skipulags ríkisins og Landmælinga Íslands undir forustu fulltrúa umhverfisráðuneytisins, sem falið verði það hlutverk að skilgreina hugtakið ósnortið víðerni.“

Undir þetta skrifa Ólafur Örn Haraldsson, Katrín Fjeldsted, Gísli S. Einarsson, Árni M. Mathiesen, Kristín Halldórsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason og Hjörleifur Guttormsson.

[11:47]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa ánægju með það að nú skuli liggja hér fyrir jákvæð afgreiðsla hv. umhvn. og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að hv. Alþingi muni samþykkja þessa afgreiðslu nefndarinnar. Tillagan var eins og hér kom fram send allmörgum til umsagnar og 12 bárust. Allir umsagnaraðilar voru jákvæðir í garð þessarar tillögu og tóku mjög undir þann skilning flm., sem hv. umhvn. hefur nú tekið undir og gert að sínum, að nauðsynlegt væri að marka stefnu um varðveislu ósnortinna víðerna landsins og grundvallaratriðið væri að skilgreina hvað við eigum við með þessu hugtaki sem þegar er farið að nota talsvert en liggur ekki ljóst fyrir hvað átt er við.

Upphaflega tillagan var nokkru víðtækari eins og menn kannski muna því hún gerði ráð fyrir að ekki einasta yrði hugtakið skilgreint heldur yrðu að því búnu kortlögð þau svæði sem féllu undir það. Ég tel að í rauninni sé fullur skilningur á því að það beri og verði að gera. Við þurfum auðvitað að gera okkur glögga grein fyrir því hversu rík við erum í raun af þeirri auðlind sem felst í ósnortnum víðernum. Og ég minni á að slíkt starf hefur verið unnið t.d. í Noregi og þar brá nú ýmsum í brún þegar þeir komust að þeirri niðurstöðu að það væri aðeins um 12% landsins sem gætu fallið undir þá skilgreiningu.

Auk þess lögðum við líka til að engar framkvæmdir yrðu ákveðnar né hafnar á miðhálendi Íslands eða á öðrum stórum óbyggðum svæðum fyrr en að þessu verki loknu og settar hefðu verið reglur um varðveislu og nýtingu ósnortinna víðerna. Þessi setning var ekki talin geta verið inni í tillögunni og ég féllst á það þó að ég sæi nú svolítið eftir henni, en það kom fram í ýmsum þeim umsögnum sem nefndinni bárust að þetta væri illframkvæmanlegt og lögðu sumir reyndar til að þessari setningu yrði breytt á þann veg að mælst væri til þess að mjög yrði gætt hófs í framkvæmdum þangað til menn hefðu gert sér grein fyrir hvernig þeir vildu standa að málum.

Ég þarf ekki að hafa frekari orð um þetta, aðeins ítreka ánægju mína með að tillagan hafi fengið svo góða afgreiðslu. Ég held að þetta skipti mjög miklu máli fyrir þá vinnu sem nú er í gangi, bæði þá vinnu sem er við mótun skipulags miðhálendisins og enn fremur við endurskoðun laga um náttúruvernd. Ég ítreka enn einu sinni þakkir mínar til hv. umhvn. og lýsi ánægju minni með þá afgreiðslu sem tillagan hefur fengið.

[11:51]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka vinsamleg orð sem hafa fallið til nefndarinnar vegna þessarar afgreiðslu og tek undir með hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur þar sem hún skýrir hvers vegna tillögunni var breytt eins og hérna liggur fyrir, þ.e. að kortlagning fer nú fram með ýmsum hætti vegna skipulags hálendisins og reyndar ekki aðeins vegna hálendisnefndarinnar svokallaðrar í almennu tali heldur hafa einstaka sveitarfélög líka hafið kortlagningu á hlutum miðhálendisins. Okkur þótti að með því að skilgreiningin væri fengin og menn gætu nýtt hana við þá kortagerð, þá félli hún inn í þá vinnu sem þessir aðilar eru að láta fara fram. Með sama hætti má segja að vandséð var hvernig stöðva mætti allar framkvæmdir þar til þessi skipulagning og stefna lægi fyrir.

Ég vil enn fremur taka undir það og vekja athygli á þeirri miklu vinnu sem núna fer fram við endurskoðun á náttúruverndarlögunum og mér þótti og þykir verulegur fengur í því að fá þessa þáltill. samþykkta og vinnu í framhaldi af henni því ég tel að sú niðurstaða nýtist afar vel til þess að gera náttúruverndarlögin væntanlegu betur úr garði.

[11:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er um aldarfjórðungur liðinn síðan þeirri hugsun var hreyft á vettvangi náttúruverndaraðila, eða á fyrsta náttúruverndarþinginu sem haldið var, að það þyrfti að huga að verndun ósnortinna víðerna á Íslandi og ég held að þetta hugtak hafi komið fram þar. Og það er nú ekki lengra komið en þetta og hafa þó komið fram tillögur um það

öðru hvoru í tengslum við atrennur að endurskoðun á löggjöf um náttúruvernd sem sett voru 1971 en breytt á síðasta þingi að hluta til, að vísu í formi nýrrar löggjafar, en margt var óunnið í því efni. Í aðdraganda þess máls, m.a. í stjórnskipaðri nefnd 1992/1993 eða á þeim árum sem páv. umhvrh. setti niður til þess að endurskoða lög um náttúruvernd, var þessu máli hreyft, að setja inn nýja skilgreiningu varðandi friðlýsingar þar sem hugtakið ósnortið víðerni væri fest í lög sem friðlýsingarsvæði. Sem sagt ný skilgreining, nýtt form friðlýsingar, með sérstökum ákvæðum. Ég hef metið það svo að það færi best á því að fella slík verndarákvæði inn í löggjöf um náttúruvernd, og vænti þess að þannig verði á máli haldið nú þegar unnið er að frekari endurskoðun náttúruverndarlaga, að fyrir því verði séð að inn í þá löggjöf komi þau ákvæði sem marki þessu hugtaki, sem hér er verið að þoka áfram með samþykkt þessarar tillögu, sess innan friðlýsingarramma endurskoðaðrar náttúruverndarlöggjafar. Og þá kemur spurningin um það sem þessi tillaga svarar ekki heldur vísar til. Hvað er það sem menn hafa þarna í huga? Hvað er nýtt umfram þær heimildir sem eru um friðlýsingar þjóðgarða, mörkun friðlanda, sem getur verið mjög sveigjanleg að því reglur varðar samkvæmt núgildandi löggjöf, fólkvanga og annað sem menn ætla að ná utan um með þessu hugtaki? Í mínum huga er það svo að ég tel að ef vit á að vera í því að marka þessu hugtaki sess í löggjöf, sem ég styð að verði fært í fang, þá verði um strangara ákvæði að ræða heldur en er varðandi aðrar friðlýsingar að því er snertir mannleg umsvif og mannvirkjagerð, og í rauninni þurfi þá að taka þannig á máli að slíkt svæði sé algerlega tekið frá varðandi hvers kyns röskun og náttúran ein látin um að vinna verkið. Þannig er í aðalatriðum séð farið með þetta mál að ég best veit í bandarískri löggjöf, þar sem þetta á uppruna sinn í Wilderness Act hinum bandarísku, sem hefur verið beitt þar á stór svæði þar sem einmitt eru uppi mjög ströng skilyrði í þessa veru, að svæði sé ósnortið af mannanna verkum, af mannvirkjum, og menn fái þar aðgang til þess að ferðast þar með heldur frumstæðum hætti eins gjarnan er kallað nú á dögum, þ.e. menn geti ferðast fyrst og fremst gangandi um viðkomandi svæði með það sem til þarf til slíkra ferðalaga, geti spreytt sig þannig — maður í samskiptum við náttúruna eins og hún er, án sérstakrar aðstöðu, og fyrst og fremst og eingöngu þá fótgangandi.

Við eigum, virðulegur forseti, tiltölulega stórt land miðað við íbúafjölda en við erum því miður að ráðstafa þessu landi af lítilli forsjálni í mörgum greinum, þar á meðal okkar stóra óbyggða svæði, miðhálendi Íslands. Það er afskaplega brýnt verkefni og vonandi leggur það starf sem nú er unnið að í sambandi við skipulag miðhálendis landsins nokkuð inn í þá stefnumótun sem þarf að verða, að taka þar frá stór svæði sem verði haldið utan við röskun af mannanna völdum og þar eru mjög stór svæði enn sem hægt er að fella undir það hugtak sem hér er um að ræða. En þá þurfa menn auðvitað að vera reiðubúnir að taka ákvarðanir þar að lútandi. Þar er hægt að nefna dæmi. Það verður ekki farið langt út í þá sálma hér og nú, virðulegur forseti, af minni hálfu en ég nefni sem dæmi svæði sem sjónir landsmanna hafa beinst meira að á undanförnum mánuðum heldur en ýmsum öðrum svæðum í óbyggðum, þar sem er vestanverður Vatnajökull með aðliggjandi svæðum. Það svæði sem er næst miðju þess sem kallað hefur verið „heiti reiturinn", kannski léleg þýðing úr ensku á hot spot, sem skýrir jarðfræðilega tilvist Íslands og hefur lyft landinu og hafið landið úr sæ og sér til þess að það er á floti, að það er ofan sjávar. Þarna er um að ræða gífurlega fjölbreytt svæði en jafnframt með stórbrotinni náttúru og gífurlegum kröftum sem eru þar í gangi í sambandi við landmótun, bæði eldfjöll, jöklar og jökulvötn sem frá jöklum falla.

Þarna er auðvitað um að ræða gífurlega fjölbreytt svæði en jafnframt með stórbrotinni náttúru og gífurlegum kröftum sem eru þar í gangi í sambandi við landmótun, bæði eldfjöll og jöklar og jökulvötn sem frá jöklum falla. Menn eru því miður farnir að ganga óskynsamlega á þetta svæði, eins og ég hef ítrekað vakið athygli á hér á undanförnum mánuðum og árum, með því að taka upp mannvirkjagerð þar í formi vatnsmiðlunar innan þess ramma sem æskilegt væri að draga um þetta ósnortna víðerni, ef svo má segja, í hjarta Íslands. Þá koma í hug orð Jóns Helgasonar: „Lands míns titrandi hjarta" í kvæðinu Við Tungnaá, þar sem um er að ræða eitt af hinum ólmandi jökulvötnum sem vissulega hafa verið beisluð að hluta og er verið að seilast enn lengra í sambandi við þá vatnsmiðlun sem ég nefndi. Menn þurfa því að hraða för í þessu sambandi. Ég er sannfærður um að Hágöngumiðlun hefði ekki verið á dagskrá ef menn hefðu verið komnir lengra með þetta mál og fyrr. Þá hefðu menn áttað sig á því að þarna eru mörk sem við þurfum að virða. Þarna er rammi sem við þurfum að marka.

En hin ósnortnu víðerni liggja víðar og eru meiri. Sum liggja þegar innan afmarkaðra verndarsvæða, friðlanda og þjóðgarða, m.a. liggur hluti af því svæði sem ég var hér að vísa til innan Skaftafellsþjóðgarðs sem nær norður fyrir Grímsvötn og er þannig undir friðlýsingu. Engu að síður þarf að beita þessari hugsun einnig á þau svæði sem friðlýst eru með ákveðnum heimildum um inngrip mannsins af ýmsum toga.

Þessi svæði sem við getum haldið utan t.d. vegalagningar og inngripa í formi mannvirkjagerðar eru þegar grannt er skoðað ekki eins víða og menn gætu haldið. Menn eru komnir býsna langt í því að raska miðhálendi landsins skipulagslaust að því er varðar umferð og vegagerð og slóðagerð og þarna þurfum við fyrr en seinna að marka stefnu um að taka frá og halda utan við slíka vélknúða umferð hvaða nafni sem nefnist og ætla manninum samskipti við náttúruna ósnortna og mótaða af þeim öflum sem í henni búa.

Lónsöræfi, sem svo eru kölluð, Stafafellsfjöll, eru dæmi um svona svæði þar sem menn hafa enn möguleika og þar sem stefnan er að halda vegagerð að mestu utan svæðis. Þau eru mörg sem betur fer sem þurfa að koma til athugunar í þessu sambandi. Ég vona að sá starfshópur sem hér er lagt til samkvæmt tillögunni að settur verði á laggirnar vinni það hratt að sínu verki að þeir sem vinna að endurskoðun laga um náttúruvernd fái afurðina í hendur þannig að hægt verði að fella þetta saman í löggjöf. Ef ekki kemur vissulega til greina að setja sérlög en best færi á því og skynsamlegast væri að fella það inn í endurskoðaða löggjöf um náttúruvernd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsókn á brennsluorku olíu, síðari umr.

Þáltill. GE, 421. mál. — Þskj. 723, nál. 1072.

[12:05]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. umhvn. á þskj. 1072 um till. til þál. um rannsókn á brennsluorku olíu.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, en hún gerir ráð fyrir að gerð verði rannsókn á orsökum þeirra breytinga sem verða á brennsluorku olíu þegar hún streymir í gegn um svokallaðan orkuplúsbrennsluhvata. Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að á vegum umhverfisráðuneytis sé hafin vinna við málið.

Nefndin leit svo á eftir að hafa ráðfært sig við umhvrn. að gott starf væri hafið á þessu sviði og flm. tillögunnar ásamt umhvn. féllust á að lagt yrði til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar með sérstakri tilvísan til þess að það sé unnið í anda tillögunnar á vegum umhvrn.

Undir nefndarálitið skrifa Ólafur Örn Haraldsson, Gísli S. Einarsson, Katrín Fjeldsted, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Kristín Halldórsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105.

[12:07]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. allshn. skrifa ég undir það með fyrirvara. Fyrirvari minn er að hluta til skýrður í nál. sjálfu og tekur til samkomulags íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Ég tel að þetta samkomulag brjóti að öllum líkindum 65. gr. stjórnarskrárinnar um jafnræði með tilliti til trúarbragða og að með þessum samningi sé bæði verið að hygla þjóðkirkjunni um ókomna tíð miðað við önnur trúfélög og skylda ríkið til að greiða kirkjunni laun um ókomna tíð og um leið sé verið að koma í veg fyrir frekari þróun á sambandinu milli ríkis og kirkju. Því leggjum við í minni hlutanum til brtt. á þskj. 1105 þar sem kveðið er á um nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis að heildarendurskoðun fari fram á samningi ríkisins og kirkjunnar frá 10. janúar 1997, eigi síðar en að 15 árum liðnum.

Það má deila um margt í þessum samningi sem rekja má allt til ársins 1907 þar sem skipt er á kirkjujörðum og launum til presta og starfsmanna biskupsstofu. Ef frv. þetta verður að lögum í þeim búningi sem meiri hlutinn gengur frá því þá er búið að gera kirkjuna að sjálfstæðri eignhelgi, samanber 2. grein, og því má líta svo á að þau árlegu laun sem koma í hlut kirkjunnar samkvæmt þessu frv. séu orðin eign kirkjunnar og verði ekki skert án bóta, samanber 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. kirkjumrh. sem hér situr í salnum hvort það er réttur skilningur að hans mati að þar sem í 2. gr. er talað um að kirkjan hafi sjálfstæða eignhelgi þá sé sá skilningur réttur að þau laun sem kirkjan fær samkvæmt þessum samningi eða andvirði þeirra sé þar með orðið eign kirkjunnar og þau verði ekki skert nema til komi bætur, samanber 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn.

Ég er þeirrar skoðunar að mun eðlilegra væri að tryggja framlög til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga með hækkuðum sóknargjöldum og þar með væri einnig tryggt að ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar væri ekki brotið svo og mannréttindasáttmáli Evrópu. Það kæmi mér ekki á óvart að mögulegt væri að kæra framkvæmd þessara laga til Mannréttindadómstóls Evrópu en um slíkt skal ekkert fullyrt hér.

Hitt meginatriðið sem ég hef fyrirvara um er að prestar séu embættismenn ríkisins og að ráðning þeirra verði í svipuðum farvegi og annarra embættismanna samanber 39. gr. frv. Í Svíþjóð, sem hefur verið að stíga hægfara skref til aðskilnaðar ríkis og kirkju, eru prestar embættismenn kirkjunnar. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt fyrst ríkið borgar launin að prestar séu embættismenn ríkisins en ég tel það ekki í takt við það sjálfstæði kirkjunnar sem hér er stefnt að og ég er sammála. Og ég hef ekki sannfæringu fyrir því að það stuðli að eðlilegum starfsfriði innan sókna landsins og söfnuða að mögulegt sé að víkja prestum frá á fimm ára fresti. Ég tel þó að sú lending sem náðist í brtt. nefndarinnar við 39. gr. sé eðlileg miðað við það að prestar séu embættismenn ríkisins.

Herra forseti. Yfirferðin yfir þetta umfangsmikla frv. í allshn. var mjög vönduð og ég tel að frv. hafi breyst til batnaðar með brtt. nefndarinnar. M.a. er hlutur leikmanna gerður meiri en áður með brtt. sem varðar leikmannaráð þjóðkirkjunnar en frv. gerir auk þess ráð fyrir að leikmenn hafi meiri hluta á kirkjuþingi sem verður mjög valdamikil stofnun ef þetta frv. verður að lögum. Og eins og væntanlega kemur fram hér á eftir þá get ég tekið undir þá skoðun að hún sé full fámenn.

Það kom jafnframt fram við yfirferðina í allshn. að það eru töluverð átök um frv. innan kirkjunnar meðal kirkjunnar manna og milli kirkjunnar og sóknar og það er væntanlega skýringin á því að það frv. sem hér er um að ræða er mun ítarlegra en til stóð því það hefur ávallt staðið til að setja rammalöggjöf. En það er í raun og veru alveg með ólíkindum hvað verið er að festa í lög mörg smáatriði um innri mál kirkjunnar þó svo að stefnt sé að því, og ég er sammála þeirri stefnu, að kirkjan fái meira sjálfstæði um sín innri mál.

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að sátt náist meðal þjóðarinnar og innan kirkjunnar um málefni þjóðkirkjunnar en eins og er þá virðist þarna, eins og kannski í fleiri stofnunum, eiga sér stað töluverð átök. Nú eru um 10% þjóðarinnar í öðrum trúfélögum en þjóðkirkjunni og á það hefur verið bent að það stríði gegn trúfrelsi að hygla einu trúfélagi umfram önnur. Það hefur líka verið bent á að fyrirliggjandi eru skoðanakannanir sem benda til að meiri hluti þjóðarinnar sé á því að það beri að skilja betur á milli ríkis og kirkju.

Með þessu frv. er að mínu mati verið að stíga tvö illsættanleg skref í þá átt, þ.e. annars vegar er kirkjunni fært aukið sjálfstæði um sín innri mál enda frv. samið af kirkjuþingi upphaflega. En hins vegar er verið að festa í sessi að ríkið greiði laun og kostnað af þjóðkirkjunni og mjög umfram kostnað við önnur trúfélög á þeirri forsendu að hér er um þjóðkirkju að ræða. En ég fagna því að ákvæðinu um hvaða skyldur ríkið hefur gagnvart kirkjunni var breytt og það sé í samræmi við stjórnarskrána.

Mín skoðun er sú að það væri kirkjunni sjálfri til góðs að skilja sig betur frá ríkinu og því sé það mjög óásættanlegt að ekki standi til að endurskoða í heild það samkomulag

sem ríkið hefur gert við kirkjuna því þessi mál verða að geta þróast áfram. Því höfum við, minni hlutinn, lagt hér fram brtt. Og ég vil áður en ég yfirgef þessa umræðu ítreka fyrirspurn mína til kirkjumrh. um skilninginn á 65. gr. og 72. gr. stjórnarskrárinnar.

[12:17]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Ég hygg að þessi umræða um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar hafi um margt verið mjög gagnleg. Að vísu hefur umræðan verið eilítið sundurslitin vegna annarra þátta í starfsemi þingsins og kannski ekki nægilega heildstæð af þeim sökum. En mig langar að fara nokkrum orðum um tiltekna þætti sem hefur á góma borið í umræðunni og mér finnst skipta máli í þessu samhengi. Fyrir það fyrsta vil ég undirstrika það sem ég hef raunar áður sagt að ég hygg að þetta frv. til laga sem er hér fyrir framan okkur sé mjög til bóta og að langmestu leyti mjög skynsamlega að þessum grunni unnið. Og ég hygg að þegar upp verði staðið muni þessi löggjöf, sem væntanlega verður hér frágengin á næstu dögum, til þess að styrkja stöðu kirkjunnar og skýrgreina miklu betur en verið hefur stöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu.

Sumir hv. þm. hafa rætt um það sem hefur með köflum verið ofarlega á baugi í almennri umræðu í þjóðfélaginu, nefnilega aðskilnað ríkis og kirkju sem þýðir ekkert annað en breytingu á gildandi stjórnarskrá. Ég vil hins vegar segja að þetta frv., þótt það kunni að hljóma dálítið þverstætt eða andstætt hvað öðru, gengur eiginlega til móts við þau sjónarmið sem eru óneitanlega á kreiki í samfélaginu, nefnilega almenna umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju og um leið gengur það saman við þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem kveður á um að ríkisvaldinu beri að styðja og styrkja þjóðkirkjuna. Þetta gerist einfaldlega með því að hér eru leikreglur þannig uppsettar að kirkjan nýtur stóraukins sjálfstæðis í sínum störfum en á sama tíma eru henni markaðir tekjustofnar til þess að halda úti sinni brýnu og nauðsynlegu þjónustu. Þannig að þó það kunni að hljóma sem andstæður þá er það nú samt sem áður þannig að þetta frv. gerir hvort tveggja, að það eykur sjálfstæði kirkjunnar og slítur hana að sumu leyti úr þessum beinu afskiptum ríkisvaldsins, framkvæmdarvaldsins og þingsins, af daglegum störfum hennar, en um leið er tryggð fjárhagsleg geta hennar til að standa á eigin fótum.

Án þess að ég ætli að fara djúpt ofan í þá sauma verður ekki hjá því komist að drepa eilítið á þá umræðu sem hér hefur verið býsna umfangsmikil, nefnilega þau skuldaskil eða það samkomulag sem er innifalið í þessu frv. og lýtur að kirkjujörðum og skuldbindingu ríkisvaldsins til þess að greiða laun presta. Ég vil í öllum meginatriðum taka undir þau viðhorf sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lýsti hér ágætlega með magnþrunginni ræðu rétt fyrir helgina. Mitt mat er að þetta samkomulag eigi ekki að ganga upp á krónur og aura, upp á einhvern punkt eða prik, heldur er hér fyrst og fremst um almenna yfirlýsingu að ræða af hálfu aðila um að koma í eitt skipti fyrir öll nokkurri skipan á það hvernig með þessar kirkjujarðir skuli farið þannig að úr þeim langvarandi deilumálum sem gjarnan hafa risið upp á þeim vettvangi verði skorið. Á hinn bóginn eru líka tekin af öll tvímæli um það hvernig skuli háttað fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins við starfsemi kirkjunnar langt inn í framtíðina. Vitaskuld er það þannig að hið háa Alþingi getur tekið þennan gjörning upp á hvaða *tímapunkti* sem er þótt segja megi að sú yfirlýsing sem við munum væntanlega gefa hér um þau efni sé byggð á þeim grunni að hún vari. Það er yfirlýsing um það að Alþingi ætlar ekki að koma hér eftir sex eða átta mánuði og rífa upp þennan gjörning og breyta þar um takt og stíl. Það gefur auga leið og dettur engum í hug að hér sé verið að tjalda til einnar nætur heldur þvert á móti. Allt frv. og öll þessi löggjöf ber það með sér að menn eru að horfa inn í lengri framtíð og búa þessari sambúð alveg nýtt umhverfi, og ég árétta, allt annað og betra umhverfi að mínu áliti þannig að það sé nú skýrt af minni hálfu.

Hinu eru þó ekki að neita eins og ég gat raunar um í fyrri ræðu minni við 2. umr. að einstaka þættir tel ég að betur hefðu mátt fara. Ég vil undirstrika og árétta að ég hygg að menn hafi ekki hitt naglann á höfuðið í ágætri umfjöllun allshn. hvað varðar skipan og ráðningu presta og þá á ég við þessa tímasetningu sem hér er niðurnjörvuð í fimm ár og mjög flóknar og satt að segja dálítið skringilegar reglur um það hvernig skuli þá standa að uppsögn eða endurráðningu. Að minni hyggju fannst mér frv. eins og það var úr garði gert í upphafi miklu mun skýrara og afdráttarlausara í þessum efnum. Þar var að nafninu til rætt um æviráðningu presta eftir eins árs bráðabirgðaráðningu en því jafnframt haldið til haga að meiri hluti kjörmanna í hverri sókn gat, ef sá meiri hluti kvað upp úr með það, óskað eftir því við biskup að til uppsagnar kæmi. Með öðrum orðum höfðu söfnuðirnir það í hendi sér, teldi meiri hluti kjörmanna ástæðu til þess, að koma presti af höndum sér vegna þess að hann sinnti ekki starfi sínu eins og ástæða væri til. Ég er ekkert viss um það þegar út í framkvæmdina er komið að þessi leið sem nefndin hefur valið, þessi flókna útfærsla, þýði í raun að það verði auðveldara en ella að skipta um prest ef söfnuður óskar eftir því. Ég held satt að segja að þetta geti jafnvel verið þyngra í vöfum og allt erfiðara við að eiga ef þannig er í pottinn búið. Á hinn bóginn vil ég líka árétta það og undirstrika að að minni hyggju er sérstaða presta slík að það er ekki sjálfgefið og sjálfsagt að menn leggi þá undir hefðbundna mælistiku starfsmanna ríkisins. Allt frv. er undir þeim formerkjum vegna þessara skuldaskila sem ég nefndi áðan og vegna þessa samkomulags og samnings milli kirkjunnar og framkvæmdarvaldsins að það eitt og sér gerir það að verkum að afstaðan til presta hlýtur að taka eilítið annað mið en gengur og gerist varðandi hefðbundna starfsmenn ríkisins.

Ég geri út af fyrir sig ekki mikið veður út af þessu en ég get ekki greitt þessari brtt. nefndarinnar atkvæði mitt. Ég hefði talið skynsamlegra að gera þetta eins og lagt var upp með í upphafi og vil freista þess að halda því inni með þeim hætti.

Ég vil líka nefna það, af því menn hafa mjög rætt það í almennri umræðu um þessi mál að að tryggja þurfi að prestar og kirkjunnar þjónar verði ekki svo rígnegldir og fastir í sessi að ekki sé unnt að hreyfa við þeim, mér hefði fundist eðlilegt að nefndin hefði gaumgæft það, og raunar áttu frumvarpssmiðir einnig að koma að því máli, að velta fyrir sér skipunartíma biskups. Hann er ótímabundinn og menn hafa búið við það. Ég hefði talið eðlilegt að biskupsembættið lyti einhverjum þeim reglum sem tryggðu að biskupar hverju sinni störfuðu ekki lengur en áratug eða svo og að við sæjum ákveðnar breytingar í þeim efnum. Ég nefndi það og vil árétta að við horfum til að mynda fram á það að í biskupskjöri á haustdögum taka þátt kandídatar sem eru á þeim aldri að búast má við því að þeir gegni embætti, þ.e. *sá sem kjöri nær*, a.m.k. *í einn, sennilega tvo áratugi ef hann*

svo kýs. Þeir eiga flestir talsvert langt í sjötugsaldurinn. Það vekur upp þær spurningar hvort ekki sé kirkjunni heppilegt og embætti biskupsins og allra hluta vegna skynsamlegt að menn setji eitthvert þak á skipunartíma biskups. Ég er ekki með formaða brtt. í þeim efnum og kannski allt of seint að reifa þessi mál hér en ég vil þó ekki láta hjá líða að viðra viðhorf mín í þessum efnum. Þau eru almenns eðlis og lúta ekki að einum né neinum einstaklingi sem hefur í hlut átt eða kemur til með að eiga þar hlut að máli og snerta á engan hátt neinn þeirra einstaklinga sem hafa lýst yfir að þeir sækist eftir embætti biskups á komandi mánuðum og missirum.

Þá vil ég einnig, virðulegi forseti, drepa á þá brtt. sem ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lagði fram við 2. umr. og naut ekki náðar í hv. allshn. Ég sit þar ekki en fékk m.a. þau skilaboð að þar hefði umræðan kannski hneigst í þá veru að hér væri um að ræða spurningu um fjármuni. Með öðrum orðum að þreföldun á fulltrúum á kirkjuþingi mundi einfaldlega kosta kirkjuna of mikið. Mér finnst þessi rök ákaflega veigalítil og jafnveigalítil og röksemdir hv. þm. Hjálmars Jónssonar við 2. umr. þessa máls þegar hann lét þess getið, raunar í aukasetningu, að fjölgun fulltrúa á kirkjuþingi gæti leitt til þess að tími og kraftur yrði tekinn frá þessum kirkjuþingsfulltrúum hvað varðar starfsemi heima í héraði. Þetta er náttúrlega fullkomlega fráleit röksemd og hefur engum dottið það í hug fyrr en núna að halda því fram að prestar eða leikmenn á kirkjuþingi fram að þessu væru svo önnum kafnir við þau störf að þeir væru ekki hálfir menn í söfnuðunum heima í héraði. Þetta held ég að sé fullkomlega fráleit röksemd.

Ef ég þekki rétt og man rétt hefur kirkjuþing staðið örfáar vikur á ári hverju og sýslað um þau mál sem því hefur borist. Ég hef ekki orðið þess var að þeir fulltrúar sem notið hafa trausts á þeim vettvangi hafi verið hálfir menn eða ómögulegir heima í héraði við að flytja kristilegan boðskap heldur þvert á móti hafa þeir verið kraftmeiri ef eitthvað er þegar heim er komið og þeir hafa getað sagt frá því og rætt það og reifað hvað helst bar á góma hjá þessari æðstu stofnun kirkjunnar. Tillaga okkar um fjölgun á kirkjuþingi er fyrst og síðast flutt hér til þess að tryggja að á kirkjuþingi fái sem ólíkust sjónarmið að heyrast og ræðast og 21 maður eins og upp er lagt með hér er í raun ekkert annað en fámennisvald. Það horfir allt öðruvísi við um leið og þrefölduð talan er orðin að veruleika. Þannig tryggjum við að raddirnar heiman úr héraði, úr hinum einstöku söfnuðum, verði fleiri og að þeir fulltrúar sem veljast til setu á kirkjuþingi komi frá fleiri hornum landsins og verði kannski öllu blandaðri hópur en verið hefur, t.d. í landfræðilegu tilliti. Söfnuðurnir sem eiga sína kirkjuþingsfullrúa verða fleiri. Ég vil nefna líka að aldursskiptingin verður að sönnu þá dreifðari. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að nefna það hér að mér hefur fundist að þeir fulltrúar sem þar hafa setið hafi a.m.k. ekki beinlínis endurvarpað sjónarmiðum yngri kynslóðarinnar ef ég má orða það svo, og kannski verið komnir yfir miðjan aldur flestir sem þar hafa setið. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja. Ég held líka, sem er þáttur í þessu máli, að við sjáum kannski meira jafnræði þar meðal kynja, að konur fái þar með aukinn möguleika á því að láta til sín taka hjá þessu æðsta valdi kirkjunnar, kirkjuþinginu, ef við fjölgum þar á bæ.

Ég sagði áðan að það er hreint og klárt útfærsluatriði hjá kirkjunni hvernig fer með einhvern meintan kostnað í þessu sambandi. Ég kann það nú ekki nákvæmlega og segi það því án ábyrgðar, en mér hefur verið sagt að fulltrúar á kirkjuþingi sem hafa komið langt að hafi fengið greidda einhverja lágmarksdagpeninga á meðan kirkjuþing hefur staðið. Ég get ekki ímyndað mér að þeir fjármunir séu í slíkum himnahæðum að það verði kirkjunni ofviða að halda kirkjuþing með 63 fulltrúum í nokkra daga á ári hverju. Ég gef því ekkert fyrir þessar röksemdir og kalla eftir öðrum gildum ef menn vilja leggjast gegn þessari tillögu um stóraukið lýðræði og breiðari og meira lifandi umræðu á kirkjuþingi. Ég árétta það hér að við erum með þessu frv. og með þeim lögum sem hér verða væntanlega samþykkt að tala um stóraukið vald kirkjuþingsins og gjörbreytt hlutverk þess. Við ætlum okkur með þessari löggjöf að gera það að þessari lifandi og kraftmiklu stofnun innan kirkjunnar sem á að ráða miklu mun meiru en verið hefur og þá verðum við að taka mið af þessum breytingum og nálgast það viðfangsefni eilítið öðruvísi. Það gerum við m.a. með því að fjölga á þessum vettvangi og tryggja þessa almennu breiðu umræðu sem þar á að eiga sér stað. Það er sáralítið fengið með því að auka völdin til handa kirkjuþingi ef öll formerki og allur ytri búnaður verður hins vegar óbreyttur, eins og verið hefur, það verði örfáir einstaklingar sem sumir hverjir hafa setið þar lengi sem hafi alla þræði í hendi sér eins og verið hefur. Við erum að kalla eftir því og erum öll sammála um það að leikmenn og söfnuðirnir allt í kringum landið eigi að koma miklu mun sterkari og öflugri inn í þetta kirkjulega starf. Það á með öðrum orðum að minni hyggju að ganga bæði upp úr og niður úr, þ.e. upp til kirkjuþingsins og niður í söfnuðina og út um alla grasrótina í kirkjulegu starfi.

Ég legg þunga áherslu á það og bið hv. þm. að gaumgæfa hvort hér sé ekki einmitt um mjög skynsamlega tillögu að ræða sem styrki þá stofnun sem kirkjuþingið er, auki þar lýðræði, og styrki og efli áhugann um leið í söfnuðum landsins sem sannarlega eru grunnur alls þess starfs sem kirkjan innir af hendi.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að flytja langa ræðu á þessum vettvangi. Ég held það sé brýnt og allir sammála um það að menn komi þessu verkefni frá sér. Kirkjan hefur á síðustu missirum lent í ýmiss konar þrengingum í almennri umræðu bæði með réttu og röngu og ég ætla ekki að fara yfir þá sögu alla né yfir þá sálmagjörð. En við erum að tala um mikilvægan hlekk í öllu samfélagi okkar. Umræðan í fjölmiðlum hefur gefið til kynna að slíkur fólksflótti sé úr þjóðkirkunni að þar séu hús nánast að tæmast, en það er auðvitað fjarri öllu lagi. Menn eiga náttúrlega að skoða þessar tölur í miklu stærra samhengi en þar hefur stundum verið gert og það er auðvitað agnarsmár hluti af allri þessari stóru heild sem hefur verið að hverfa þaðan af vettvangi og út af fyrir sig ekkert um að segja. Þar sveiflast hlutir til og frá eftir tíðarandanum hverju sinni. Ég held ég hafi lesið það réttilega að úr þessum meinta flótta úr þjóðkirkjunni hafi mjög ákveðið dregið til að mynda á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs ef menn skoða hliðstæðar tölur á síðasta ári. Það helgast fyrst og síðast af því að umræðan er orðin hófstilltari, skynsamlegri og tekur mið af heildarhagsmunum en ekki einstökum upphrópunum vegna einhverra tiltekinna mála sem stundum lítil sem engin eru.

Að lyktum þá styð ég þetta frv. heils hugar og trúi að hér hafi frumvarpssmiðir og allshn. að langstærstum hluta til hitt naglann á höfuðið þótt ævinlega megi nú gera gott enn betra og því árétta ég ágæta tillögu mína og fleiri í þeim efnum.

[12:38]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Þessi umræða er nú orðin nokkuð löng og þó fyrst og fremst slitrótt. Ég held að þetta sé þriðja atrenna sem við gerum til að ljúka 2. umr. um málið. Ég ætla ekki að lengja hana að ráði en vil þó koma mínum sjónarmiðum á framfæri þar sem ég var utan þings þegar 1. umr. um málið fór fram.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands kveður á um trúfrelsi hér á landi, að menn eigi rétt á að iðka trú sína í samræmi við eigin sannfæringu og þeim sé auk þess allsendis frjálst að standa utan trúfélaga og það gera svo sannarlega margir. Þeir munu skipta þúsundum sem hafa valið þá leið og sem næst 10% landsmanna munu hafa kosið sér annan trúarvettvang en þjóðkirkjuna eða að standa utan trúfélaga og munu vera ein 17 trúfélög starfandi í landinu eða söfnuðir. En þrátt fyrir þetta trúfrelsi samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar kveður hún svo á um það að hin evangelíska-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja og fer þá minna fyrir umburðarlyndinu og skilningnum í garð landsmanna. Það er mín skoðun að farsælast væri að skilja algjörlega á milli ríkis og kirkju í stað þess að styrkja og styðja eitt trúfélag öðru fremur og kalla það þjóðkirkju. Það er mín skoðun og það er skoðun margra annarra, líka innan þjóðkirkjunnar svokölluðu, líka meðal presta þjóðkirkjunnar en þetta frv. fjallar nú ekki um það. Það fjallar ekki um aðskilnað ríkis og kirkju heldur fjallar það um tengsl ríkis og kirkju, um fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju þar sem þau tengsl eru efld og hnútum hnýtt á alla enda og kanta og niðurstaðan er í raun og veru á þann veg að henni mætti lýsa svo í stuttu máli að þjóðkirkjan ræður en ríkið borgar.

Menn hafa tekið undir þau sjónarmið að farsælast væri að skilja að ríki og kirkju og það hefur nokkuð komið fram hér í umræðunni. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þetta frv. væri liður í aðskilnaði ríkis og kirkju eða a.m.k. að gera kirkjuna sjálfstæðari og það er rétt. Ég get tekið undir það. En hún verður líka að vera fjárhagslega sjálfstæð að mínu mati.

Mér sýnist á öllu að með þessu samkomulagi sem gert hefur verið, og veit raunar að það er skoðun kirkjunnar manna, sé um óhagganlegt samkomulag að ræða sem þetta frv. byggir svo mjög á sem muni standa óbreytt jafnvel þótt numið yrði á brott ákvæði um þjóðkirkju og skyldustuðning ríkisins við hana. Og það er, herra forseti, algjört álitamál í mínum huga hvort þessi löggjöf um þjóðkirkjuna stenst jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu þar sem hér er augljóslega verið að gera þeim mun hærra undir höfði sem tilheyra þjóðkirkjunni en hinum sem tilheyra öðrum trúfélögum, að ekki sé talað um þá sem standa utan allra trúfélaga og er gert að greiða sinn trúarskatt til Háskóla Íslands hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og ég hlýt að lýsa undrun minni yfir þessum samningi þjóðkirkjunnar og ríkisins sem er forsenda þessa frv. sem felur í sér slíka verðlagningu á kirkjujörðum að verðgildi þeirra samsvari launagreiðslum kirkjunnar allt inn í blámóðu framtíðarinnar og allt til eilífðar að því er virðist, a.m.k. eftir túlkun kirkjunnar manna sem hafa sett það á blað að samkomulagið *muni standa óbreytt jafnvel þótt numið verði úr gildi ákvæði* stjórnarskrárinnar um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna og hún yrði þannig ekki lengur þjóðkirkja. Það er skilningur kirkjunnar manna að samkomulagið sé ekki háð stjórnarskrárákvæðinu um þjóðkirkju. Svo nú er búið að binda þetta þeim hnútum að þeirra mati að ekki verði betur gert.

Því fer auðvitað víðs fjarri að þær jarðeignir sem hér um ræðir standi undir rekstri þjóðkirkjunnar eins og til er ætlast. Staðreyndin er sú að íslenska ríkið er með þessu frv. að skuldbinda sig til þess að standa undir öllum útgjöldum þjóðkirkjunnar hvernig svo sem þau þróast og því fer *fjarri að tekjur af jarðeignum muni standa undir þeim*. Þetta samkomulag er eiginlega með ólíkindum og hefði auðvitað verið hreinlegast að gera þessi jarðamál upp sérstaklega en ætla síðan kirkjunni að sjá um sig fjárhagslega í einu og öllu og fjármagna starf sitt með sóknargjöldum eins og önnur trúfélög þurfa að gera. Eðlilegast væri að ríkisvaldið hefði alls engin afskipti af því eða milligöngu um greiðslur. En einnig mætti hugsa sér að hver og einn landsmanna greiði ákveðið gjald til trúfélaga að eigin vali og þeir sem kysu að standa utan allra trúfélaga fengju að velja hvert slíkt gjald rynni hvort sem það yrði þá til Háskóla Íslands, Kattavinafélagsins, Rauða krossins, Kvennaathvarfsins eða hvers þess sem menn kysu að vilja styðja og vernda svo notað sé það orðalag sem allshn. leggur til í fyrstu brtt. sinni á þskj. 1031.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Þessi sjónarmið eiga sér formælendur að minnsta kosti að hluta til á hv. Alþingi eins og hefur komið fram í umræðunni, að vísu með ofurlítið mismunandi áherslum og með mismunandi niðurstöðum. Ég vildi láta þessi sjónarmið koma fram við þessa umræðu og vegna sjónarmiða minna get ég að sjálfsögðu ekki stutt þetta frv. en mun sitja hjá við afgreiðslu þess.

[12:45]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu að marki. Það eru örfá atriði sem ég vil taka fram áður en 2. umr. lýkur. Allshn. hefur farið yfir frv. Ég tel að eins og það lítur út nú þá leggi það grunn að farsælu starfi kirkjunnar. Ég er einn af þeim sem telja að kirkjan eigi að starfa í þeim farvegi sem hún hefur gert um árabil. Ég er ekki fylgjandi aðskilnaði ríkis og kirkju. Ég tel að þetta frv. auki þó sjálfstæði kirkjunnar, tel það rétt skref. Ég tel að það auki áhrif leikmanna í kirkjunni, bæði með auknum áhrifum á kirkjuþingi og eins leikmannastefnu sem er tekin inn í frv. aftur. Ég tel að það búi til ásættanlegan farveg fyrir ágreiningsmál innan kirkjunnar. Það atriði sem kannski hafa orðið mestar umræður um og skiptar skoðanir eru um er hvernig staðið er að ráðningu presta og endurráðningu þeirra. Ég er á því að farsælast sé að þröskuldar séu í því að segja upp presti sínum, að það verði ekki skyndiákvörðun og frv. gerir ráð fyrir að svo sé. Ég tel, *þó ég hafi átt hlut í því* að undirbúa frv. eins og það leit út, að þetta sé ásættanleg niðurstaða enda var ætíð fyrirvari um þetta atriði.

Kirkjan á djúpar sögulegar rætur í þjóðinni. Hún er stór þáttur í menningu þjóðarinnar og siðvenjum. Ég ætla ekki að hætta mér út í trúarlegar umræður hér en kirkjan á afar djúpar rætur í daglegu lífi manna og þau stjórnarskrárákvæði sem um hana eru eru af því sprottin.

Hvað varðar fjármálaleg samskipti þá hef ég ætíð litið á þetta sem niðurstöðu. Ég hef ekki litið á það sem átök um *krónur eða aura sem geti byggst á mati margar aldir aftur í* tímann sem ekki er hægt að vefengja. Þetta er niðurstaða og samningur um að arðurinn af kirkjueignum gangi til þess að greiða laun prestanna.

Ég hef ekki heyrt rök fyrir því, en ætla þó ekki að lengja umræðu með miklum bollaleggingum þar um, hvernig kirkjan mundi þróast með aðskilnaði ríkis og kirkju. Mér finnst vanta inn í þessa umræðu nákvæmari umræður um það hvert við stefnum þá, hvort þátttaka ríkisvaldsins í rekstri kirkjunnar og tengsl trúarlífs á vegum þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins hafa verið þjóðinni fjötur um fót. Ég ætla ekki að hætta mér út í þá umræðu að þessu sinni enda fjallar þetta frv. ekki um aðskilnað. Það gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi að því leyti til og frv. gerir ráð fyrir því að ákvæði stjórnarskrárinnar standist að þessu leyti enda þyrfti að bera fram frv. til stjórnskipunarlaga ef ætlunin væri að stíga það skref. Það verður ekki stigið nema með stjórnarskrárbreytingu. Ég vil aðeins geta þess að mér finnst þá umræðu vanta. Ég er ekki að lýsa eftir henni í sambandi við þetta frv. því eins og ég segi þá fjallar það ekki um þau mál.

Ég vona að málið nái hér fram að ganga og það verði trúarlífi og kirkjulegu starfi í landinu til styrktar.

[12:51]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Ekki vil ég heldur lengja umræðuna að nokkru marki sem hefur verið á margan hátt gagnleg. Það sem mestu skiptir og upp úr stendur er að þjóðkirkjan annist sitt veigamikla hlutverk í samfélaginu, það hlutverk sem flestir þekkja úr sóknum og safnaðarstarfi kirkjunnar. Það er það sem sker úr um framtíð hennar sem þjóðkirkju, ekki það hvort hún á jarðir í framtíðinni. Ef hún nýtur ekki trausts og stuðnings þorra þjóðarinnar þá tekst henni ekki heldur að lifa út á jarðeignir. Hún er til þess að þjóna á grundvelli játninga sinna. Hún er kirkja Íslendinga almennt og hluti af mannlífinu, tilbúin með þjónustu sína fyrir hvern sem er og hvenær sem er. Starf og umfang þeirrar þjónustu hefur vaxið á undanförnum árum með meiri og meiri fjölbreytni.

Herra forseti. Ég vil aðeins benda á að þeir aðilar sem af hálfu ríkis og kirkju hafa annast samningagerð um afhendingu kirkjueigna til ríkisins hafa unnið sitt verk samviskusamlega fyrir báða aðila. Það er ekkert einhlítt eða auðsætt hvort hefur meiri hag af samkomulaginu um eignamál kirkjunnar, ríkið eða þjóðkirkjan. Aðalatriðið er að þjóðin hafi hag af samningnum. Kirkjan var sjálfri sér nóg um allan sinn rekstur um aldir og fram undir síðustu aldamót enda þótt veraldleg yfirvöld hefðu á vissum tímaskeiðum gert eignir kirkjunnar upptækar að hluta. En nú hafa í umræðunni sumir hv. þm. sagt að kirkjan sé að semja af sér. T.d. var það svo í máli hv. þm. Svavars Gestssonar. Hann talaði um við 1. umr. að kirkjan væri að láta mikið, mjög mikið. Þetta væri ein stærsta eignaupptaka ríkisins á einu bretti í sögunni. Aðrir hafa hins vegar talað um að ríkið sé að semja af sér eins og komið hefur fram í umræðunni í dag. Um þetta eru skiptar skoðanir en ég hygg að þeir aðilar sem hafa um fjallað í nefnd ríkis og kirkju hafi unnið sitt starf samviskusamlega, vissulega ekki þannig að þeir geti sýnt reikning upp á krónur og aura en að báðum sé í hag að svona verði málum komið og sérstaklega þjóðinni.

Herra forseti. Í dag veltur tilvera þjóðkirkjunnar á því hvernig hún rækir hlutverk sitt sem kirkja. Það veltur ekki á jörðum heldur gjörðum. Sá lagarammi sem hér verður væntanlega samþykktur eykur mjög sjálfstæði kirkjunnar. Tengslunum er breytt milli ríkis og kirkju. Kirkjan tekur meiri ábyrgð á ytri málum sínum, en á innri málum hefur hún haft fullt vald alllengi. Frv. gefur færi á því að kirkjuþing setji samræmdar reglur og tryggi réttarstöðu og kveði á um skyldur þeirra fjölmörgu starfsmanna sem ráðist hafa í störf hjá söfnuðum þjóðkirkjunnar, eins og organista, kirkjuvarða og starfsmanna í barna- og æskulýðsstarfi og þannig mætti lengi telja. En á hinn bóginn falla nú niður ýmiss lög sem eru í gildi um þjóðkirkjuna og einstaka starfsmenn jafnvel þannig að lagaramminn verður miklum mun einfaldari og skýrari. Það mun auðvelda kirkjunni störfin og enn fremur það að ekki verða allt of margir kallaðir úr safnaðarstarfinu, prestar og leikmenn úr safnaðarstarfi, til þess að fjalla um á kirkjuþingi þau mál sem eru sameiginleg og þarf að ræða þar. Það þjónar engum jákvæðum tilgangi að allt of stór hópur þessa ágæta fólks sé bundinn við reglugerða- og starfsreglnasmíð. Það er með öðru og lýðræðislegra fyrirkomulagi gert í söfnuðum, á söknarnefndarfundum, héraðsfundum og prestastefnu auk kirkjuþings þannig að allir geta komið að þessum málum sem það á annað borð vilja.

Herra forseti. Að endingu þessi orð. Ef kristin trú væri tekin burt úr samfélaginu og allt sem minnti á Krist og kristna trú, hvað verður eftir? Verður það betra þjóðfélag, fordómalausara, umburðarlyndara eða gleðilegra? Svari því hver fyrir sig.

[12:57]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þingmönnum fyrir þessar umræður. Ég hygg að þetta mál liggi nokkuð skýrt fyrir af hálfu allshn. en vil fá að koma hér að örfáum athugasemdum. Það liggur fyrir brtt. þess efnis að þrefalda fjöldann á kirkjuþingi en halda sömu hlutföllum. Ég man ekki til þess að neinar umsagnir eða ábendingar af nokkru tagi hafi borist allshn. um að þörf sé á þessari fjölgun á kirkjuþingi. Þar að auki leggur nefndin til að leikmannastefna verði aftur tekin inn í frv. Það eru sérstakar reglur hvernig staðið er að vali fulltrúa á kirkjuþing og auðvitað koma þeir margvíslegum sjónarmiðum á framfæri þannig að ég sé ekki ástæðu til að fallast á þessa brtt. enda þótt að skilja megi ýmiss rök í því máli.

Flestir umsagnaraðilar bentu á þörf þess að breyta fyrirkomulaginu með æviráðningu presta og allshn. þótti rétt að taka tillit til þess. Þar fyrir utan er búið að móta nýja stefnu í lögum um starfsmenn ríkisins og sú stefna hefur auðvitað verið mótuð hér á hinu háa Alþingi. Fram hjá því verður ekki litið. Þetta mál var auðvitað rætt vandlega í allshn.

Það má líka benda á að um ráðningarmálin eru skiptar skoðanir meðal presta sjálfra og ég held að ég muni það rétt að þetta mál hafi verið rætt sérstaklega á kirkjuþingi og lögð fram tillaga í þessa veru en ekki fengist samþykkt. Efh.- og viðskn. ítrekaði enn fremur skoðun sína í þessu máli eins og fram kemur með nál. allshn. þar sem þeir leggja til þessa breytingu. Allshn. þótti rétt að verða við þeim tilmælum ásamt ýmsum öðrum rökum í þessu máli. Brtt. allshn. leggur þó áherslu á að embætti presta nýtur sérstöðu og að taka beri tillit til þess.

Varðandi brtt. á þskj. 1105, um heildarendurskoðun samningsins þá hefur þessi samningur verið gerður milli ríkis og kirkju og meiri hluti allshn. telur rétt að það sé virt, þetta samkomulag, og að ekki séu rök fyrir að samþykkja brtt. sem kveður á um bráðabirgðaákvæði við frv. um endurskoðun samningsins. Þetta mál var rætt ítarlega í allshn. Hv. þm. Hjálmar Jónsson fór vel í gegnum söguna og skýrði m.a. aðdraganda þessa samnings í ræðu sinni hér í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til nefndarmanna í allshn. fyrir góða vinnu í þessu máli og þakka hv.

þingmönnum fyrir umræður um þetta mál sem ég tel afar mikilvægt fyrir okkar þjóðfélag.

[13:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 19. þm. Reykv. beindi til mín fsp. út af þeim samningi sem fyrir liggur milli ríkisins og kirkjunnar. Ég hef reyndar áður við þessa umræðu svarað fsp. af því tagi. Það er sem sagt ljóst að sú sátt sem gerð var milli ríkis og kirkju 1907 var grundvöllur fyrir því að ríkið tók að sér að greiða laun prestanna, í raun á þann veg að arðurinn af kirkjujörðunum stæði undir þeim skuldbindingum. Það samkomulag sem hér liggur fyrir er staðfesting á þeirri sátt sem verið hefur fyrir hendi allan þennan tíma og breytir ekki í grundvallaratriðum þeirri stöðu. Ég held að það liggi alveg í augum uppi að þó að ríkið geti tekið ákvarðanir um að breyta þessari skipan, það hefur það vald að gera breytingar þar á, þá þurfa menn vitaskuld að setjast niður og ræða hvernig það yrði gert því ríkið getur ekki tekið eignir kirkjunnar og boðist til þess í staðinn að standa undir launagreiðslum presta og einn góðan veðurdag fellt hvort tveggja niður, tekið eignirnar til sín og hætt að greiða laun prestanna. Það þarf þá að finna þeirri skuldbindingu einhvern annan farveg ef til þess kemur. Valdið er auðvitað hjá ríkinu að stíga það skref, en það yrði þá að finna skuldbindingum ríkisins annan farveg því það getur ekki haldið eignunum sem voru forsenda fyrir greiðslunum án þess að eitthvað slíkt komi til.

Það sem gerist með þessum samningi er að skuldbindingar ríkisins hafa verið takmarkaðar. Það hafa verið sett takmörk í samninginn um fjölda presta sem áður voru ekki fyrir hendi og má segja að menn hafi kannski ekki hugsað út í á sínum tíma og það hefur verið komið í veg fyrir að andvirði seldra jarða rynni í Kristnisjóð og kirkjan fengi í raun og veru aftur andvirði þeirra jarða sem yrðu seldar. Nú er það úr sögunni þannig að að því leyti má segja að með þessum samningi séu engar grundvallarbreytingar gerðar frá því sem var gert 1907 að öðru leyti en því að staða ríkisins er afmörkuð og gerð skýrari og má kannski segja að ríkið standi betur eftir þennan samning en áður að þessu leyti.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Hér hafa rök um ýmis álitaefni verið færð fram og ég þarf ekki að lengja þá umræðu. Hitt er aðalatriðið að við erum með samþykkt þessa frv. að stíga sennilega stærsta skref til breytinga á kirkjuréttinum á þessari öld, stærsta skref til aukins sjálfstæðis kirkjunnar, og fyrir þá sök markar meðferð þessa frv. og samþykkt þess tímamót í kirkjuréttinum og í samskiptum ríkis og kirkju.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. nefnd og formanni nefndarinnar fyrir vandaða málsmeðferð og undirbúning og hv. þm. fyrir mjög málefnalega umfjöllun um þetta stóra mál.

[13:04]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svörin. Ég er sammála honum um að það verði að finna skuldbindingum ríkisins annan farveg ef kemur til breytinga t.d. á stjórnarskránni. En ég spurði sérstaklega um tvær greinar stjórnarskrárinnar, þ.e. um 72. gr. og hvort það er hans skilningur — segjum að einhvern tímann í framtíðinni verði stjórnarskránni breytt — að sú eign sem núna er afgreidd með þessu frv., þ.e. 138 prestslaun, verði þá þær bætur sem ríkið þyrfti að greiða kirkjunni samkv. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig spurði ég um 65. gr., um jafnræði með tilliti til trúfélaga og hvort ráðherra hefði ekki áhyggjur af því að með því að styðja eitt trúfélag svo mun meira en önnur, þ.e. að hafa bara ekki almenna hækkun og stjórn á sóknargjöldum, sé verið að brjóta 65. gr. stjórnarskrárinnar.

[13:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar og ég held að það liggi alveg í augum uppi að þetta nýja samkomulag, þó það breyti ekki grundvellinum frá 1907, afmarki skuldbindingar ríkissjóðs við þá tölu presta og starfsmanna sem kveðið er á um í samkomulaginu og þær forsendur fyrir breytingum á því þannig að þar hefur verið afmarkað hvað það er sem ríkið lætur af hendi fyrir kirkjujarðirnar og það tel ég vera hinn stóra kost þessarar breytingar.

Ég er líka þeirrar skoðunar að þessi skipan stríði ekki gegn trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og tel að hún sé byggð á jafnræði milli ríkis og kirkju.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:07]

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 880, nál. 1070 og 1173, brtt. 1071.

[14:36]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Þetta mál var lagt fram í tengslum við þá kjarasamninga sem voru gerðir fyrr á árinu af aðilum vinnumarkaðarins. Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir örfáar tillögur til breytinga á frv. Veigamesta tillagan er sú að breyting verði á því ákvæði laganna sem fjallar um samnýtingu persónuafsláttar og felst í því að hafi sambúðarfólk samnýtt persónuafslátt þannig að annar makinn hefur nýtt persónuafslátt hins á staðgreiðsluárinu, skal telja þannig nýttan persónuafslátt þeim fyrrnefnda til góða, en skerða persónuafslátt hins síðarnefnda sem því nemur. Gera skal sérstaka grein fyrir þessari nýtingu með framtali að staðgreiðsluári liðnu. Að öðru leyti eru smávægilegar orðalagsbreytingar og tæknilegar breytingar.

Hæstv. forseti. Ég hygg að ekki þurfi að halda langa ræðu um þetta af hálfu meiri hluta efh.- og viðskn. Þetta mál hefur verið afar vel kynnt bæði í framsöguræðum um það og eins í umfjöllun málsins í framhaldi af því.

[14:38]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Öðruvísi mér áður brá. Hér er komið á dagskrá afskaplega stórt mál sem er breyting á tekju- og eignarskatti eftir að það varð eins konar samkomulagsmál í kjölfar og í tengslum við kjarasamninga. Loksins er þetta mál komið úr efh.- og viðskn. og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson mælir fyrir því. Ég skil vel að hv. þm. sé blygðunarfullur yfir þessu máli og líði ekki vel með það og hefði kosið að mæla fyrir skattatillögum sem hefðu yfir sér annan blæ en mér finnst það fullkomlega óásættanlegt að sitja í þessum sal

og heyra eiginlega varla eitt einasta orð af því sem hv. þm. segir. Þannig að ég kem hér upp í ræðustól til að gagnrýna það að í svo stóru máli, sem skiptir fjölskyldurnar í landinu öllu, skuli það gerast að hv. þm. komi hér og muldri ofan í bringu sér nál. í þessu veigamikla máli. Svo ég er eiginlega komin í ræðustólinn til að setja ofan í við hv. þm. sem mér að öðru leyti fellur ágætlega við.

[14:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir það ákaflega leitt ef rödd mín hefur ekki hljómað hærra en svo í þessum sal að hv. þm. hafi átt erfitt með að nema það sem ég sagði. En það er nú einu sinni þannig að hv. þm. sem hér sitja hafa stundum áhuga á öðrum málum en því sem kemur héðan úr ræðustólnum og það gerist stundum þegar hv. þm. vilja gjarnan tala um aðra hluti. Það er alla vega reynsla þess sem hér stendur að ekki er alltaf mikill áhugi á því sem verið er að segja.

En ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu sem ég flutti áðan, einungis segja að þetta er að sjálfsögðu mikið mál og það hefur fengið mikla kynningu. Meiri hluti efh.- og viðskn. gerir ekki tillögur til breytinga á sjálfu frv., uppbyggingu þess eða þeim meginatriðum sem það gengur út á. Hins vegar tók meiri hluti nefndarinnar inn í frv., frv. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hafði flutt hér og það kemur mér nú á óvart ef hv. þm., mín ágæta vinkona Rannveig Guðmundsdóttir, er óánægð með það.

[14:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér mun fara fram efnisleg umræða um afgreiðslu efh.- og viðskn. Mín athugasemd laut að því á hvern hátt hv. þm. mælti fyrir nál. og ég verð að segja alveg eins og er að það var bara allt annað að heyra í hv. þm. þegar hann kom hér upp í annað sinn.

[14:41]

Guðmundur Árni Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla að láta í ljósi ánægju mína með þó þá tillögu sem hér er upp tekin af hálfu meiri hluta nefndarinnar og minni hluti nefndarinnar raunar lýsir yfir stuðningi við, sem er efnislega samhljóða frv. sem ég flutti og er að finna á þskj. 775. Ég lýsi því yfir sérstakri ánægju minni með þann þátt málsins og vil þakka nefndinni skjót og góð viðbrögð varðandi það að láta það ekki liggja hjá garði.

Á hinn bóginn verður auðvitað ekki hjá því komist að lýsa yfir vonbrigðum með frv. í heild sinni. Það er fullkomlega metnaðarlaust og nær langt í frá þeim markmiðum sem lagt var upp með, þ.e. yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að bæta stöðu lág- og millitekjufólks í samfélaginu. Fjölmiðlar hafa sýnt fram á hvernig niðurstaða þeirra mála gengur raunar í berhögg við yfirlýst markmið í þeim efnum og þess vegna eru það mér mikil vonbrigði að meiri hluta nefndarinnar skyldi ekki takast að lagfæra þetta upplegg ríkisstjórnarinnar þannig að þær skattabreytingar nái markmiðum sínum, sérstaklega gagnvart þeim hópum sem að var stefnt.

Þarna er, eins og oft áður, eitt í lagi en flest annað í ólagi. Ég þakka nefndinni það sem vel er gert en er óhamingjusamur með þar sem illa er að verki staðið.

[14:43]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. sem er á þskj. 1173. Auk mín standa að nál. hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Frumvarpið er tengt kjarasamningum, það byggir á loforði ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga og kveður á um 5 milljarða skattalækkanir á næstu árum sem felast einkum í því að staðgreiðsluhlutfall er lækkað um 4 prósentustig. Jafnframt er barnabótakerfinu breytt þannig að það er algerlega tekjutengt í stað núverandi kerfis ótekjutengdra barnabóta og tekjutengds barnabótaauka. Hátekjuskattur er hækkaður úr 5% í 7% sem þýðir hins vegar að hátekjuskattur er lækkaður. Einnig er kveðið á um að skattleysismörk hækki um 2,5% næstu þrjú ár.

Stjórnarandstaðan tók ásamt stjórnarmeirihlutanum út nokkra þætti í frv. og lögfesti þá fyrir 1. maí. Það voru þættir sem tengdust staðgreiðslu um síðastliðin mánaðamót en ríkisstjórnin sýndi þessu máli hvorki þá virðingu að leggja það nógu tímanlega fram né tala fyrir því þannig að grípa þurfti til sérstakra aðgerða og taka nokkra þætti úr því.

Hins vegar er hér verið að leggja til af hálfu meiri hlutans lögfestingu meginþátta frv. Við í stjórnarandstöðunni höfum ýmislegt við þetta að athuga, bendum m.a. á að skattalækkunin nær upp allan tekjustigann og þeir sem bera mest úr býtum við þessar breytingar er barnlaust hátekjufólk. Það má benda á tillögur Alþýðusambandsins sem vildi ekki láta hækkunina ná alveg upp allar tekjur og einnig hafa hugmyndir um fleiri skattþrep verið viðraðar. Það er hins vegar þannig með þetta mál að óhægt er að gera á því miklar breytingar vegna þess að það var liður í kjarasamningum og ríkisstjórnin lofaði að tryggja framgang málsins þannig að frv. er forsenda þess. Það er ekki vilji stjórnarandstöðunnar að kjarasamningum sé stefnt í hættu vegna þessa máls.

Það er eitt atriði sem við gagnrýnum sérstaklega varðandi frv. og það er fyrirkomulag barnabóta. Af þeim 5 milljörðum er engu varið til að auka barnabætur í þjóðfélaginu. Tilfærsla er hins vegar gerð sem er þannig að teknar eru upp tekjutengdar barnabætur sem almennt kerfi í stað þess að hluti barnabóta er núna greiddur ótekjutengt og síðan hluti tekjutengt.

Skoðun okkar í minni hlutanum er sú að það hefði þurft að hækka barnabætur og draga úr tekjutengingu en barnafólk hefur komið illa út úr skattbreytingum undanfarinna ára. Það hefði jafnvel þurft að afnema tekjutengingu barnabóta og hækka þá barnabætur í áföngum á næstu árum. Það hefði kostað u.þ.b. 5 milljarða en að okkar mati hefði slík stefnumörkun komið vel til greina.

Ekki eru gerðar neinar kerfisbreytingar með frv., herra forseti. Þetta eru smávægilegar lagfæringar — þó nokkuð hærri tölur en sést hafa áður enda er hér um að ræða frv. sem nær til breytinga á tekjuskattskerfinu næstu fjögur ár. Við lýsum í áliti okkar áhyggjum yfir því hvað tiltölulega fáir einstaklingar eru látnir bera tekjuskatt hér á landi. Við sjáum að millitekjufólk, sérstaklega barnafólk, er að koma mjög illa út úr þessum skattbreytingum og það hefði þurft að skoða þessi mál í víðtækara samhengi. Við sjáum líka hvaða fólk er í fyrirrúmi hjá ríkisstjórninni þar sem hátekjuskattur er nú lækkaður í frv. Við sjáum glöggt að hátekjufólk fær enn einn bónus af hálfu ríkisstjórnarinnar í afgreiðslu frv. eins og kom kannski best í ljós þegar fjármagnstekjuskattsfrumvarp var afgreitt hér á liðnu ári en þá voru það einmitt þeir sem hafa miklar vaxtatekjur, sem oftast eru þá hátekjumenn, sem högnuðust því þeirra skattar voru lækkaðir verulega.

Minni hlutinn mun greiða fyrir þessu máli gegnum þingið þar sem það tengist samningum ríkisstjórnarinnar við verkalýðshreyfinguna. Við styðjum hins vegar sérstaklega þá brtt. meiri hlutans sem er samhljóða því frv. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson lagði fram sem hefur gildi við sambúðarslit eða skilnað, en núverandi fyrirkomulag hefur leitt til íþyngjandi aðstæðna fyrir þá einstaklinga. Hér er því réttlætismál látið ná fram að ganga og ég fagna því að meiri hlutinn hefur fallist á að taka það inn í. Þá brtt. styður minni hluti efh.- og viðskn. Að öðru leyti munum við ekki leggjast gegn þessu frv. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við í minni hlutanum og stjórnarandstöðunni hefðum kosið aðra útfærslu á skattalækkunum til handa launafólki, einkum gagnvart millitekjufólki og barnafjölskyldum. Við höfum lagt fram fjölmargar tillögur um það efni. Það er ekki hægt að afgreiða þær í tengslum við þetta frv. en okkar tillögur hafa bæði séð dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi og verið tekist á um þær við afgreiðslu fjárlaga og við önnur frv. ríkisstjórnarinnar. En við munum að öðru leyti láta þetta mál ná fram að ganga á ábyrgð ríkisstjórnarinnar en styðja þá fyrrgreindu brtt. sem ég lýsti áðan.

[14:49]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er harla sjaldan sem það gerist að þingið er að afgreiða skattamál að vori til. Þannig ætti það nú kannski að vera í raun og veru að nægur tími sé til þess að framkvæma og fylgja eftir skattalögum í stað þess sem tíðkast hefur hér á undanförnum árum að alltaf er verið að afgreiða skattafrv. rétt fyrir áramót, oft með miklum breytingum sem nánast enginn tími er til að koma í framkvæmd. Það er auðvitað ekki góð latína að vera sífellt að breyta skattalögum. Engu að síður hefur það gerst á undanförnum árum, ekki síst í tengslum við kjarasamninga, að ríkisvaldið hefur reynt sitt til að liðka fyrir samningum með því að gera breytingar á skattalögum. Reyndar upplifðum við oft á síðasta kjörtímabili hið andstæða, þ.e. að meðan niðurskurðurinn var sem mestur var ekki verið að hlífa þeim sem verst stóðu, en þá tókst stundum að hrinda þeim árásum eins og miklum niðurskurði á barnabótum sem fyrrv. ríkisstjórn hugðist framkvæma.

Það eru einmitt barnabæturnar sem ég vil gera athugasemdir við í þeim breytingum sem hér er verið að framkvæma. Það er umræða sem kemur í raun og veru inn á grundvöll okkar tryggingakerfis og grundvöll þeirra hugmynda sem byggt hefur verið á frá stríðslokum. Eftir heimsstyrjöldina síðari var víðast hvar tekið upp tryggingakerfi í Evrópu, sem að miklu leyti var byggt á hugmyndum Bretans Beveridge, sem hugsaði sem svo að það þyrfti að vera til tryggingakerfi fyrir alla þannig að allir nytu ákveðinna lágmarkstrygginga og ekki væri gerður mannamunur þar á. Ein röksemdin fyrir því var sú að þeir sem verst standa að vígi ættu ekki að finna fyrir því. Og því var það að á sínum tíma var t.d. ellistyrkur tekinn upp hér á landi til allra, sama upphæðin til allra, og þess voru mörg dæmi að þeir sem ekki þurftu á slíkum styrk að halda páðu hann einfaldlega ekki og var afar illa við að fá slíka greiðslu frá hinu opinbera. En hvað sem því líður þá hafa greiðslur úr tryggingakerfinu tíðkast hér í næstum hálfa öld. Mér er ekki kunnugt um hvenær barnabætur voru teknar upp en þær hafa alla vega tíðkast með ýmsu móti á undanförnum áratugum. Ýmist var veittur sérstakur afsláttur vegna barna, skattafsláttur, eða beinar greiðslur hafa verið af ýmsu tagi og eftir að staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp hefur tíðkast að greiða út beinar barnabætur. Ef fólk skuldar skatta, meðlög eða annað sem ríkið er að innheimta þá er þetta jafnað út og fólk fær mismuninn.

Á undanförnum árum hefur sú þróun átt sér stað með barnabætur og barnabótaauka, sem komið var á fyrir nokkrum árum einmitt í tengslum við kjarasamninga, að barnabæturnar hafa verið skornar jafnt og þétt niður en hlutur barnabótaaukans hefur vaxið. Í því felst sú hugsun, sem er í raun og veru grundvallarbreyting á þeirri hugsun sem okkar tryggingakerfi byggðist á, að það ætti fyrst og fremst að styðja þá sem verst standa að vígi, og í sjálfu sér er ég sammála því. Tryggingakerfið á fyrst og fremst að koma þeim til góða sem þurfa á aðstoð að halda en það er töluverður munur á eftir því hvaða bætur við erum að ræða um. Í ýmsum löndum Evrópu er barnabótum beitt til þess að hvetja til barneigna og jafnframt til að bæta hag þeirra sem standa oft illa að vígi, ekki endilega vegna þess að fólk hafi svo lágar tekjur heldur vegna þess að það er svo margt annað og mikill kostnaður sem hvílir á fjölskyldum með lítil börn — reyndar er ekki orðinn svo mikill munur á, því unglingar kosta nú sitt.

En það sem ég er að reyna að koma að með orðum mínum, hæstv. forseti, er það að mér finnst í að hér skorti grundvallarumræðu um gerð tryggingakerfisins og hvað við viljum með barnabótum. Til hvers erum við að greiða barnabætur og barnabótaauka? Ég er ekki tilbúin til þess, bara svona á einu bretti, að svipta alla barnabótum sem eru yfir ákveðnu tekjumarki, þó að ég vilji að sjálfsögðu styðja mest við bak þeirra sem verst standa að vígi og lægstar hafa tekjurnar, vegna þess að það getur staðið ákaflega misjafnlega á. Ungt fólk getur verið með miklar námsskuldir, það stendur í húsnæðiskaupum og auðvitað skiptir miklu máli hve mörg börnin eru, og þar segja tekjurnar ekki alla söguna. En hér er verið að gera þá breytingu að barnabætur verði alfarið tekjutengdar, þakið er að vísu fært svolítið ofar þannig að skerðingin byrjar ekki eins snemma fyrir þá sem hafa heldur meiri tekjur, þannig að það er verið að reyna að draga úr jaðaráhrifum barnabótanna. En þetta er mál sem að mínum dómi þyrfti að skoða miklu betur. Ég vil eindregið hvetja til þess að við skoðum það alveg sérstaklega og það verði skoðað á milli þinga hvernig staðið er að og hvernig beri að standa að skattalegri aðstoð við barnmargar fjölskyldur eða barnafjölskyldur yfirleitt og hvort réttlætanlegt sé að þó fólk hafi tekjur yfir vissu bili, að þá sé það yfirlýsing samfélagsins að styðja slíkar fjölskyldur ekki á neinn hátt. Er það það kerfi sem við viljum hafa hér?

Í hv. efh.- og viðskn. var nokkuð rætt um þá hlið mála og ekki síst um það hvernig málið snýr að einstæðum foreldrum. Sú umræða sprettur upp alltaf öðru hvoru að einstæðir foreldrar hér á landi fái helst til mikinn stuðning miðað við aðra. Ég vil í þessu samhengi minna á að allar kannanir sem hafa verið gerðar hér á landi á stöðu einstæðra foreldra hafa leitt það í ljós að einstæðir foreldrar, sem eru u.þ.b. 90–95% konur, er sá hópur sem stendur einna verst að vígi. Þar eru meðaltekjur mjög lágar þó sem betur fer séu undantekningar á því, og nefnd Sameinuðu þjóðanna sem kannaði framkvæmd Íslendinga á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna benti alveg sérstaklega á það hve börn einstæðra foreldra hér á landi stæðu illa að vígi vegna lágra tekna viðkomandi foreldris. Sérstaklega var bent á að þetta væri málefni sem þyrfti að athuga og vil ég þar vísa í svör við

fyrirspurn sem ég lagði fram á síðasta þingi varðandi úttektir Sameinuðu þjóðanna á því hvernig Íslendingar stæðu að bæði kvennasáttmálanum og barnasáttmálanum. Þarna var um afar athyglisverða athugasemd nefndarinnar að ræða.

Hitt atriðið sem ég ætlaði aðeins að minnast hér á og taka undir gagnrýni stjórnarandstöðunnar er það sem snýr að hátekjuskatti. Hér er auðvitað alls ekki verið að auka skattbyrði á þeim sem hæstar hafa tekjurnar því að þeir sem hingað til hafa greitt hátekjuskatt njóta að sjálfsögðu þeirrar skattalækkunar sem þegar er búið að samþykkja á þinginu og þar af leiðandi er alls ekki verið að færa skattbyrðina yfir á þá sem meira hafa heldur fá þeir lækkun líka. Og í ljósi þess og hvernig ástandið er hér á landi þá sé ég nú ekki beinlínis ástæðu til að lækka skatta á hátekjufólki. Um það má deila hvort rétt sé að koma á tveimur skattþrepum eða útfæra það kerfi frekar. Hér eru auðvitað tvö skattþrep núna með þessum hátekjuskatti en slíkt kerfi er yfirleitt við lýði á Norðurlöndunum, eftir því sem ég best veit, og miklu hærri prósentur en við erum að sjá hér.

Niðurstaða mín er í rauninni sú, hæstv. forseti, að ég held að það sé löngu orðið tímabært að við förum að skoða skattkerfi okkar enn einu sinni í heild. Það þarf alltaf að gera það með vissu millibili, og ekki síst að skoða það í tengslum við tryggingakerfið og þær miklu breytingar og tekjutengingar sem hafa verið gerðar á því. Reyndar er nefnd að störfum sem er að skoða jaðarskattinn en það bólar nú lítið á niðurstöðum þeirrar nefndar. En ég held að kominn sé tími til að skoða þessi mál í heild og fá almennilega yfirsýn yfir það hvar skattbyrðin liggur í raun og veru þó að við höfum að sjálfsögðu grófar hugmyndir um það en stórauka þarf réttlætið í skattkerfinu og fólk er enn að greiða skatta af allt of lágum tekjum.

[15:01]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Sú samtenging tekjuskattkerfis og félagslegra bóta sem kemur fram í barnalífeyri eða barnabótum, vaxtabótum og mörgum öðrum bótum hefur gengið sér til húðar. Ég vil nefna eitt dæmi. Ef einstaklingur, einstætt foreldri, er með eitt barn þá fær hann 9.800 kr. á mánuði í barnabætur, þ.e. ef hann er með 150 þús. kr. á mánuði. Ef hjón eru með sömu tekjur í heild og eitt barn, þ.e. ef þrír einstaklingar þurfa að lifa á þessum 150 þús. kr. tekjum, þá fær fjölskyldan ekki nema 6.400 kr. í barnabætur. Sem sagt, þegar þrír einstaklingar þurfa að lifa af sömu tekjum þá fá þeir minni barnabætur. Ef tekið er dæmi af hjónum með tvö börn, annað yngra en sjö ára — þetta kemur fram í fskj. með frv., og þau eru með 125 þús. kr. á mánuði til að lifa af öll fjögur, þá fær fjölskyldan í barnabætur 19.700 kr. á mánuði. En ef einstætt foreldri er með sama fjölda af börnum og sömu tekjur þá fær það 25.700 kr. á mánuði, þ.e. þegar þrír þurfa að lifa af þessari upphæð fá þeir hærri barnabætur heldur en ef fjórir þurfa að lifa af þessum sömu tekjum.

Þetta er náttúrlega alveg með ólíkindum og sýnir í hvers slags ógöngur þetta kerfi er komið eftir að búið er að stagbæta það aftur og aftur og menn eru löngu komnir frá þeim tilgangi með barnabótunum sem felst í því að jafna stöðu barna þannig að framfærsla barnanna sé óháð tekjum foreldranna og skattkerfið stuðli að því. Fyrir utan það að nú er lagt til að barnabæturnar skerðist með vaxandi tekjum og hverfi að lokum. Það er eins og að það eigi ekki að aðstoða þá sem hafa háar tekjur neitt við að ala upp börn umfram þá sem hafa háar tekjur og enga framfærslu af börnum. Þannig að hér erum við komin út í algjörar ógöngur með þetta kerfi sem stöðugt er verið að stagbæta og laga. Það er mjög brýnt að taka upp allt kerfið og stokka það upp.

Það eru mjög fáir sem greiða tekjuskatt yfirleitt. Það er þriðjungur af skattgreiðendum sem greiðir tekjuskatt. Ég held að það sé mjög brýnt að breikka þann hóp manna sem greiðir tekjuskatt. Tekjuskattur er notaður til að greiða niður félagslega þjónustu, heilbrigðiskerfi, menntakerfi o.s.frv. og hana nota allir, óháð tekjum. Og ég skil ekki af hverju í ósköpunum menn geta ekki borgað í hlutfalli við tekjur inn í þetta kerfi, þ.e. maður sem er með tvöfaldar tekjur borgi tvöfaldan skatt. Það er ekki þannig heldur borgar maður sem er með tvöfaldar tekjur oft fjórfalt eða fimmfalt meiri skatt heldur en sá sem hefur lægri tekjur. Þannig að mér finnst koma til greina að breikka stofn þeirra sem greiða inn kerfið.

Hér hefur mönnum orðið tíðrætt um hátekjuskattinn og að hann hafi verið lækkaður. Það er aldeilis ekki. Hann var hækkaður. Hann var hækkaður úr 5% í 7%, þ.e. þeir sem hafa tekjur yfir ákveðnu marki fengu ekki sömu lækkun og aðrir. Þetta stingur að sjálfsögðu í auga hjá því fólki sem er með þessar tekjur, sem oft á tíðum hefur mikla framfærslu af börnum vegna þess að þegar menn hafa mikla framfærslu af börnum þá þurfa þeir líka að hafa háar tekjur. Maður og kona sem þurfa að sjá fimm börnum farborða verða að sjálfsögðu að hafa hærri tekjur og leggja meira á sig heldur en fólk sem hefur engin börn. Og þetta fólk lendir oft og iðulega í hátekjuskatti og er oft á tíðum mjög illa stætt, fær ekki barnabætur af því það fer yfir mörkin og lendir oft í miklum vandræðum út af þessum háu sköttum og hátekjuskattinum.

Þetta frv. sem og önnur eru mjög fjandsamleg hjónabandinu. Mér finnst það vera alveg sérstakur kapítuli sem þarf að líta á að nú er það þannig að hjónabandið er eini skattalegi ramminn utan um fjölskylduna. Í óvígðri sambúð er enginn samningur, hvergi er skrifað undir neitt plagg í sambandi við óvígða sambúð. Það er ekkert lögfræðilegt sem segir að ákveðnir tveir einstaklingar séu í sambúð yfirleitt. Hjónabandið er eina lögfræðilega umgjörðin um fjölskylduna og hér er enn verið að vega að þeirri stofnun. Mér finnst það mjög miður og mér finnst þurfa að endurskoða alla skattalöggjöfina þannig að fólk sé ekki mikið betur sett utan hjónabands en innan, þannig að þeir sem eru í hjónabandi séu hvattir til þess að skilja og þeim sem ekki eru í hjónabandi sé ráðið frá því með skattalögum að ganga í hjónaband, sem tryggir öryggi barnanna og fjölskyldunnar í flestum tilfellum. Þannig að það frv. sem hér liggur fyrir sem er skattalækkun, og ég styð sem slíkt, lagar ekki þetta misræmi sem hefur þróast á undangengnum áratugum og felst í því að barnabætur eru ekki lengur barnabætur heldur sérstakur skattur á fólk sem á börn. Og það lagar heldur ekki það að skattkerfið er mjög fjandsamlegt hjónabandinu.

[15:08]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar ég hlustaði á útvarpið í morgun um hálfáttaleytið voru þar fréttir að norðan. Aðallega ræddu þeir um veðrið í upphafi, en svo sagði viðmælandi þeirra að norðan að hann hefði farið til lögfræðings vegna fjármála sinna og fjölskyldunnar og það fyrsta sem lögfræðingurinn ráðlagði honum var að skilja, þá kæmust fjármálin í lag. Og það var barnabótaþátturinn sem var á bak við þessa ráðleggingu. Norðlendingurinn taldi að það væri náttúrlega ákaflega sérstætt að koma með þessa tillögu því þessi lögfræðingur

hefði ekki einu sinni séð konuna hans, hvað þá heldur að hann þekkti hana eitthvað að ráði til að taka yfir höfuð mat á því hvort ráðleggingin væri rétt. En út frá fjárhagslegu sjónarmiði hafði þetta eindregið verið ráðlagt.

Ég held að þetta hljóti að vera mjög í anda þess sem rætt var hér áðan af hv. þm. Pétri H. Blöndal og búið er að vera í umræðunni alllengi, þ.e. að jaðarskattarnir í skattkerfinu í íslenska samfélaginu eru orðnir svo miklir að þeir eru farnir að snúast upp í andhverfu sína. Þeir eru hugsaðir til þess að hafa áhrif á það sem orðið hefur, það sem er orðin staðreynd. Þeir eru hugsaðir til þess, en eru í reynd orðnir áhrifavaldar á það hvað gerist í samfélaginu. Og þegar skattar snúast á þennan hátt upp í andhverfu sína, að fólk er byrjað að haga sér eftir sköttunum eins og farið er að gera í þessu tilfelli, að fólk kýs heldur óvígða sambúð og að fara í kringum þetta blessaða kerfi heldur en að vera í hjúskap einfaldlega vegna þess að það borgar sig miklu betur, þá erum við farin að hafa skatta sem að mínu viti eru fjandsamlegir börnum. Skatta sem eru fjandsamlegir börnum, skatta sem eru á þann veg að börnin skrökva til fyrir utan heimilið, segja að pabbi búi ekki heima, þeim hefur verið sagt að hann búi ekki heima, og þeim er uppálagt að taka þátt í að útbreiða ranga hluti frá fyrstu hendi til þess að verja kerfi sem foreldrarnir hafa ákveðið að hagnýta sér af því það er svo vitlaust, það er svo órökrétt að það nær ekki nokkurri átt.

Ég held að það hljóti að vera hægt að ná almennilegri þjóðarsátt um það að skattar manna af tekjum séu ákveðin prósenta og að bótakerfið sem verið er að greiða úr til samfélagsins, eins og t.d. barnabætur, séu bætur til viðkomandi einstaklinga — bætur sem þeir taka við í dag en eiga eftir að endurgreiða þjóðfélaginu seinna með sköttum sínum þegar þau vaxa úr grasi. Og þannig finnst mér það rökrétt. En ef við höldum áfram og höfum okkar hugmyndir um að það eigi að verka eins og refsing á fólk sem er með örlítið hærri tekjur, að það ali upp börn, þá mun það hafa áhrif. Annaðhvort verður það til þess að fækka barneignum, sem fara kannski niður á sama stig og gerst hefur á Norðurlöndum — barneignir fóru það langt niður á tímabili í ýmsum borgum, t.d. í Kaupmannahöfn, að það er af og frá að þeir viðhaldi sjálfum sér, eða þá hitt að við vöknum upp einn dag við það að þjóðfélagið hefur skipst í tvo hópa. Annars vegar verður hópur fólks sem er búið að reikna út að það er arðsamt að eiga börn vegna þess að það hefur það lág laun — það velur þann kost. Þetta hefur gerst sums staðar þar sem innflytjendahópar láglaunafólks hafa verið miklir, þeir reikna það út að það er það arðbærasta sem konan getur gert undir þeim kringumstæðum. Og hins vegar er annar hópur í þjóðfélaginu sem hefur nú verið að berjast fyrir því að komast þokkalega af — hann reiknar það út að honum er refsað stöðugt fyrir það ef hann vill ala upp börn í þessu samfélagi. Nú er svo komið að vissir aðilar erlendis hafa áttað sig á þessu. Mér er sagt að Norðmenn séu farnir að taka á sínum málum og breyta þessu á þann veg að það sé vinsamlegra börnum heldur en er hér á Íslandi.

Ástæðan fyrir því að ég fer í þessa umræðu er sú að ég skrifaði undir þetta frv. með fyrirvara. Minn fyrirvari er á þann veg að ég tel að það sé óverjandi annað en að jaðarskattanefnd skili inn tillögum um að jaðarskattarnir verði lækkaðir og að menn átti sig á því að það þjónar ekki hagsmunum íslenska samfélagsins að halda áfram með þá vitleysu sem þar er í gangi. Það þjónar ekki hagsmunum samfélagsins. Ég held líka að það sé nauðsyn að Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir því að sú breyting sem hér er lögð til, að hluta til er hún góð, lækkun skatta — tekjuskatturinn var orðinn of hár, en að hluta til er ákveðinn hópur skilinn út undan. Hann fær enga skattalækkun vegna þess að hann tapar barnabótum sínum eftir sem áður á þann hátt að hann er talinn of tekjuhár.

Herra forseti. Það er vafalaust hægt að tala lengi um þessa hluti. Ég veit ekki hvort það þjónar neinum tilgangi en satt best að segja varð ég fyrir miklum vonbrigðum með að þetta frv. skyldi ekki taka á þessum þætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066.

[15:15]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og er sammála um þær brtt. sem lagðar eru hér fram á þskj. 1066 og stendur öll að nál. á þskj. 1065.

Ég vil nú gera grein fyrir helstu brtt.:

1. Í 1. lið breytingartillagnanna er lagt til að 1. tölul. 1. gr. frv. verði felldur niður. Um er að ræða atriði í skattlagningu á þjónustu banka og sparisjóða sem ekki hefur verið nægilega vel ígrunduð og því er ekki rétt að afgreiða breytingu á þessum ákvæðum að svo stöddu.

2. Í 2. og 3. tölul. eru lagðar til breytingar sem felast í fjárhæðabreytingum og eru ekki tæknilegs eðlis.

3. Í 4. tölul. er verið að leiðrétta prentvillu.

4. Í 5. tölul. er lagt til að 10. gr. frumvarpsins falli brott. Breyting sú, sem lögð var til í ákvæðinu, hefur þegar verið gerð með lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi.

5. Í 6. tölul. er svo lagt til að 45. gr. laganna, sem kveður á um vísitöluhækkanir, verði felld brott þar sem gert er ráð fyrir að allar fjárhæðir í lögunum verði lögbundnar, eins og fram hefur komið.

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið rætt mjög á fundum nefndarinnar og ekki er nauðsynlegt að hafa frekari orð um þessar brtt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Frv. SJS o.fl., 108. mál (úrelding fiskiskipa). — Þskj. 116, nál. 1099.

[15:26]

Frsm. sjútvn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sjútvn. á þskj. 1099.

Nefndin hefur fjallað um málið og bárust henni umsagnir um það frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Samtökum iðnaðarins, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands.

Á fundi nefndarinnar 22. apríl sl. gerði Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, grein fyrir því að sjávarútvegsráðherra hefði nú í febrúar skipað starfshóp til að fjalla um endurnýjunarreglur fiskiskipa. Í ljósi þess telur sjávarútvegnefnd rétt að fela þeim starfshópi að skoða vel þær breytingar sem frumvarpið felur í sér og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Auk mín skrifa undir þetta nál. Steingrímur J. Sigfússon, formaður nefndarinnar, Guðmundur Hallvarðsson, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Hjálmar Árnason, Stefán Guðmundsson, Vilhjálmur Egilsson og Lúðvík Bergvinsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613, nál. 1098.

[15:28]

Frsm. sjútvn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sjútvn. um frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust frá Samtökum fiskvinnslustöðva, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Auk mín skrifa undir þetta nál. Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur Hallvarðsson, Hjálmar Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Vilhjálmur Egilsson, Stefán Guðmundsson og Árni R. Árnason.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

[15:29]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð til að láta í ljósi ánægju yfir því að þetta mál er komið þetta áleiðis í þinginu. Frv. gerir ráð fyrir því að taka á því sem ég held að sé að verða meginsjónarmið í umræðunni um stjórn fiskveiða, að það sé eðlilegt að þeir sem fá úthlutað kvóta, fiski hann að mestu leyti. En málið er, eins og menn þekkja, að í gildi er svokölluð 50% regla í sambandi við stjórn fiskveiða, þannig að menn þurfa í dag ekki að fiska nema 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið, tvö fiskveiðiár í röð. Ef þeir fiska hins vegar minna þá falla veiðileyfi skipsins og aflahlutdeild niður og hlutdeild annarra skipa hækkar sem því nemur. Síðan var sett í lögin um stjórn fiskveiða að ef skip væru að fiska utan fiskveiðilögsögunnar þá minnkaði þetta 50% hlutfall um 5% fyrir hverja 30 daga sem skipi væri haldið til veiða utan fiskveiðilögsögunnar á fiskveiðiárinu.

Þetta var mjög eðlilegt á sínum tíma þegar verið var að reyna að hvetja menn til að hefja veiðar í fjarlægum stofnum og öðlast fiskveiðirétt fyrir land og þjóð sem vissulega hefur skilað heilmiklu og hefur verið mjög til bóta.

Nú er það hins vegar þannig að verið er að taka upp samninga um ýmsa stofna til að mynda á Flæmska hattinum og Reykjaneshryggnum. Þegar þannig er komið og jafnvel er farið að úthluta veiðiheimildum á einstök skip líkt og gert er hér innan lands, þá eru auðvitað full rök fyrir því að fara með þau mál nákvæmlega eins og gildir um fiskveiðirétt manna innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Þess vegna gerir frv. sem hér er til umræðu ráð fyrir því að 5% skerðingarreglan á 50% falli niður þegar um er að ræða stofna sem búið sé að er að semja um. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki bara fimmtíu senta glasið?) Þetta tengist ekki fimmtíu senta glasinu, hv. þm., þó að ég viti að hv. þm. hefur mikinn áhuga á því glasi. Hins vegar er þetta liður í því að samræma þá veiðistjórn sem að öðru leyti er við lýði. Það er kannski grundvallarmálið í þessu, held ég, að menn eru almennt sammála um að það eigi að gera þær kröfur til útgerða að þær fiski sem mest af sínum kvóta og við eigum auðvitað að hafa löggjöfina þannig að þó að menn séu sammála um að eðlilegt sé að framsalskerfið sé við lýði á meðan við búum við þessa fiskveiðistjórn, þá er náttúrlega augljóst mál að það eru engin sérstök rök fyrir því að skip geti ár eftir ár ekki fiskað sinn kvóta. Það er auðvitað á margan hátt uppspretta þeirrar óánægju og togstreitu sem hefur verið milli útgerðarmanna og sjómanna. Þess vegna held ég að þetta frv. hér sé lítið skref í þá átt að reyna að lægja þessar öldur og tryggja betri vinnufrið í sjávarútveginum sem allir hljóta að vera sammála um að er mjög mikilvægt að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 803, nál. 1112.

[15:32]

Frsm. sjútvn. (Einar Oddur Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1112 um frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð sjávarafurða.

Sjávarútvegsnefnd fjallaði um málið og fékk á sinn fund Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra og Jón B. Jónasson frá sjávarútvegsráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Samtökum fiskvinnslustöðva, Seyðisfjarðarkaupstað og yfirdýralækni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með örfáum breytingum sem eru í tveim liðum.

Fyrst er brtt. við 3. gr. laganna. Sú breyting snýr að því að ákvæði sem mælir fyrir um heimild ráðherra til að hækka eftirlitsgjald vegna landamæraeftirlits þegar í hlut eiga aðilar utan Evrópska efnahagssvæðisins. Nefndinni þykir rétt að rýmka heimild ráðherra til að ákvarða hugsanlega hækkun gjaldsins, þó þannig að það geti aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði við eftirlitið eins og segir í b-lið fyrri brtt.

Önnur breytingartillaga er við 4. gr. og er um gildistökuákvæði. Hún lýtur að því að miða gildistöku laganna við 1. nóvember í stað 1. júlí þar sem Evrópusambandið hefur lýst því yfir að ekki verði hægt að ganga frá málinu af þess hálfu fyrr en nú í haust.

Auk mín skrifa undir þetta nál. Steingrímur J. Sigfússon, formaður nefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, Árni R. Árnason, Lúðvík Bergvinsson, Stefán Guðmundsson, Hjálmar Árnason og Guðmundur Hallvarðsson.

Sighvatur Björgvinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 1090, brtt. 1111.

[15:34]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera við þá umræðu sem fór hér fram um frv. og er þakklátur fyrir að fá það tækifæri sem nú gefst til að svara og bregðast við þeim spurningum og athugasemdum sem komu fram hjá hv. þm. Kristni Gunnarssyni.

Nefndin gerði þá brtt. við 10. gr. að bætt var við ákvæði þess efnis að þar sem viðurkennd varnarvirki hafa verið reist verði ráðherra og sveitarstjórn heimilt að meta hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum. Telur nefndin eðlilegt að ekki verði ráðist í þéttingu byggðar nema aðstæður séu metnar áður og er eðlilegast að slíkt mat sé í höndum viðkomandi sveitarstjórna og ráðherra sem leita skal álits Veðurstofu og Skipulags ríkisins áður en ákvörðun er tekin.

Umræðan í nefndinni var í þá veru sem ég hef nú sagt. Nefndin telur að sveitarstjórnir eigi að hafa þá ábyrgð og skyldu gagnvart þeim sjálfum og borgurunum að meta, eftir að varnarmannvirkin hafa verið reist, hvort þétta eigi byggð.

Mér er fullljóst að það er ætlun allra þeirra og má segja skilyrði þegar varnarmannvirki eru reist, að menn ætla þeim að vera fullkomlega örugg. Réttilega má spyrja: Hvað þá um þau hús sem standa undir varnarvirkjunum og eru þar fyrir? Hvaða ályktanir má um þau mannvirki draga ef ekki telst ástæða til að þétta byggð? Nefndin vildi að þarna væri varúðarsjónarmið haft uppi og að sveitarstjórnirnar yrðu að standa frammi fyrir þeirri ákvörðun hvort þær meti varnarmannvirkin og aðstæður þannig að rétt sé að þétta byggðina. Ekki eingöngu þetta, heldur líka hitt, að hugsanlega eru á jaðarsvæðum utan varnarmannvirkja einhver þau svæði sem sveitarstjórn gæti talið að væru þess eðlis að ekki væri rétt að þétta byggð á slíkum jaðarsvæðum.

Enn fremur þótti nefndarmönnum eðlilegt að sveitarstjórn stæði frammi fyrir því og tæki þær ákvarðanir hvort þétta ætti byggðina eða færa byggðina til annars svæðis sem talið væri öruggara. Þetta þótti mönnum sýna varúðarsjónarmið, með þessu væri verið að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarstjórnanna og að sjálfsögðu væri við slíkt endurmat leitað til Veðurstofu og annarra aðila sem leitað er til við venjulegt skipulag þegar ákvarðanir eru teknar.

[15:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni umhvn. fyrir svörin. Ástæðan fyrir því að ég spurði eru breytingar í frv. á orðalagi frá gildandi lögum. Breytingin er á þann veg að í stað þess að samkvæmt núgildandi lögum er fortakslaust heimilt að þétta byggð ef reist hefur verið varnarvirki, þá á að leggja mat á það áður en ákvörðun er tekin samkvæmt frv. sem nú er hér til afgreiðslu. Þessi breyting á orðalagi gefur eðlilega undir fótinn vangaveltum um hvort af hálfu nefndarinnar sé einhver vafi á gildi varnanna. Mér fannst því nauðsynlegt að kalla eftir áliti nefndarinnar áður en málið yrði afgreitt þannig að ljóst mætti vera á hvaða forsendum hv. umhvn. gerði sínar brtt. Þær skýringar sem formaður nefndarinnar hefur gefið byggjast á öðrum sjónarmiðum en þeim að efi sé um gildi varnarvirkjanna og get ég eftir atvikum verið sáttur við þær skýringar, einkum í ljósi þess sjónarmiðs sem ég hélt fram að ekki mætti draga fram einhvern efa um gildi varnarvirkjanna nema fyrir því væru rök sem menn legðu þá fram. Það hefur komið fram að svo er ekki, heldur er það almennt varúðarsjónarmið sem fyrir nefndinni liggur og er út af fyrir sig ekkert við það að athuga.

[15:40]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kem hér einungis til að staðfesta að sá skilningur sem hv. þm. hefur lagt í orð mín er réttur. Við efumst ekki um fyrirætlanir og vilja þeirra sem munu reisa varnarmannvirkin og efumst ekki um gildi þeirra. Þannig hefur hann skilið orð mín rétt hvað þetta varðar.

[15:41]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Þegar við frestuðum umræðu um þetta mál fyrir nokkrum dögum hafði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagt fram tvær eða þrjár spurningar í umræðunni sem hann taldi sig ekki fá viðhlítandi eða fullnægjandi svör við. Hv. formaður umhvn. hefur nú svarað fyrir þá breytingu sem gerð var í meðförum nefndarinnar á frv.

Tvennt annað vakti í umræðunni. Annars vegar forgangsröðun á gerð varnarvirkjanna sem er auðvitað mikið mál og kostnaðarsamt og gerðar hafa verið áætlanir um. Það mál er nú og hefur reyndar verið, eins og ég greindi frá í þeirri umræðu, til skoðunar hjá viðkomandi sveitarstjórnum og umhvrn. hefur ásamt Veðurstofunni átt fundi með fulltrúum þeirra sveitarfélaga og ekki vitað annað en að um það ríkti bærileg sátt. Ég segi bærileg sátt því þegar svo viðkvæm, viðamikil og kostnaðarsöm varnarvirki eru á döfinni hljóta menn auðvitað að velta fyrir sér forgangsröð og allir vilja vera fyrstir í röðinni. En ég segi aftur að mér finnst hafa tekist ótrúlega góð sátt um málið þótt það sé ekki endanlega afgreitt. Auðvitað væri hægt að hugsa sér að hnika enn eitthvað til í því. Þá á ég við að hönnun varnarvirkja færi af stað ef það mætti verða til að flýta fyrir framkvæmdum, að minnsta kosti stæði ekki á því síðar, og vel yrði undirbúið það sem gera á til að framkvæmdirnar sjálfar geti gengið vel og greiðlega fyrir sig þegar komið er að þeim í röðinni.

Hitt atriðið sem hv. þm. spurði út í og var kannski ekki alveg ljóst í svörum mínum á þeim tíma var ákvæði 14. gr. frv. þar sem fjallað er um hvernig með skuli fara ef ofanflóðasjóður tekur þátt í að kaupa fasteignir á snjóflóðasvæðum. Það eru auðvitað sveitarfélögin sem eru raunverulegur kaupandi og eftir það eigandi að íbúðunum eða húseignunum ef um það næst samkomulag, en með stuðningi ofanflóðasjóðs. Í 14. gr. er talað um staðgreiðslumarkaðsverð sem þá viðmiðun sem notuð skal í þessum kaupum. Hv. þm. spurðist fyrir um af hverju felld hefðu verið niður þau ákvæði í gildandi lögum þar sem fjallað er um að hafa megi hliðsjón af brunabótamati eða endurstofnverði.

Ég hef kannað það og átt viðræður við fulltrúa í þeirri nefnd sem samdi frv. til að fá staðfest það sem ég lét koma fram hér í umræðunum á fyrra stigi hvað þarna hefði fyrst

og fremst ráðið. Segja má að ástæðurnar séu í megindráttum tvær.

Í fyrsta lagi var það mat nefndarinnar og síðan ríkisstjórnar sem lagði málið fram, að vísu má kannski geta þess hér í framhjáhlaupi að það var reyndar ekki lagt fram af umhvrh. heldur hæstv. forsrh. sem flutti málið og nefndin starfaði á hans vegum, en mat nefndarinnar var það að mismunandi viðmiðun við kaup á húsum á hættusvæðum, eftir því hvort viðkomandi eigandi kýs að flytja úr sveitarfélaginu eða kaupa tiltekið húsnæði annars vegar eða byggja nýtt húsnæði hins vegar, standist vart jafnræðisreglu stjórnarskrár. Það sé eðlilegt að miða við söluverðmæti húsa í sveitarfélaginu, þ.e. staðgreiðslumarkaðsverð eins og það er kallað í 14. gr., sem allir íbúar sveitarfélagsins þurfa að búa við hvort sem þeir eru innan eða utan hættusvæðis. Þá á ég við til frekari skýringa að átt er við það að þeir sem eru að selja hús sín á frjálsum markaði þurfa eðlilega að búa við þetta staðgreiðslumarkaðsverð og þannig búa þeir sem hús er keypt af vegna þess að það sé talin sú eina aðgerð sem sé ásættanleg vegna hættu á snjóflóðum, þ.e. að varnarvirki eða varnargarðar muni ekki vera nægileg trygg til þess að bægja hættunni frá og það verði að kaupa húsin eða íbúðirnar, við það sama og aðrir og eitt gengur yfir alla í þessu efni.

Hitt atriðið var síðan að gengið yrði út frá því í áætlunum sveitarfélaganna að kaupa húsnæði en það verði aðeins í undantekningartilvikum því að höfuðáherslan er lögð á að byggja varnarvirki eða varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þannig að kaupin séu aðeins í undantekningartilfellum og gert ráð fyrir að viðkomandi húseigendur eigi þess jafnan kost, ef þeir kjósa að búa áfram í sveitarfélaginu, að kaupa tilbúið hús á markaðsverði. Má segja að dæmi um þetta sé í raun framkvæmdin eins og hún var á málinu í Hnífsdal þegar húsin sem þar voru keypt voru keypt á svokölluðu staðgreiðslumarkaðsverði.

Ég verð því að segja, hæstv. forseti, að ég get ekki stutt þessa brtt. við 14. gr. sem hv. þm. hefur lagt fram, að á eftir 2. mgr. komi inn málsgrein sem fjallar um að taka aftur upp þessi ákvæði um brunabótamatið ef hátti til eins og segir í brtt. hans. Ég legg áherslu á að við höldum okkur við að aðeins ein regla gildi í þessu og að miðað sé við staðgreiðslumarkaðsverðið eins og 14. gr. kveður á um og byggt á þeim rökum sem nefndin hafði við að semja frv. og ég hef reynt að gera grein fyrir hér.

[15:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svör hans við fyrirspurnum mínum í þessu máli og öll þau rök sem hann hefur fært hér fram fyrir breytingum frá því sem nú er í gildandi lögum varðandi það verð sem greiða skuli í þeim tilvikum þegar sá sem selur býr við þann kost að hann á ekki möguleika á að kaupa sambærilega eign í sama byggðarlaginu. Jafnræðisreglan sem borin er fram er mjög öflug rök í málinu og má segja að hún leggi þær skyldur á löggjafann að gera ekki upp á milli seljenda eftir því hvaða úrræði seljandi velur, hvort hann hugsar sér að vera innan sama byggðarlags eða annars staðar. Eftir sem áður stendur eftir það vandamál, að mínu viti, að þau dæmi geta komið upp að íbúðareigendur verða að sæta því að hús þeirra séu keypt inn og þeir fá fyrir eignina það verð sem talið er staðgreiðslumarkaðsverð sem er miklu lægra en nauðsynlegt er til þess að viðkomandi íbúðareigandi geti komið sér fyrir í öðru sambærilegu húsnæði, hvort heldur það er í sama sveitarfélagi eða annars staðar. Þá er viðkomandi íbúðareigandi greinilega mun verr settur en áður. Dæmi um þetta geta líka verið t.d. þegar íbúðarhús lenda undir varnarmannvirkjum. Þau dæmi munu koma upp þannig að þá er ekki um neitt annað að velja en að kaupa húsin upp, og ef ekki näst samningar þá með eignarnámi. Mér sýnist á öllu, og eftir yfirferð um málið í morgun, að ég hafi verulega gild rök fyrir mínu sjónarmiði, að þessi dæmi geti komið upp.

Ég hef hins vegar í ljósi þess að ekki er stuðningur fyrir tillögu minni ákveðið að kalla hana aftur og bendi á það sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að menn hljóta í framtíðinni að styðjast við fordæmi þar sem til eru. Víða er staðgreiðslumarkaðsverð reist á mjög ótraustum grunni. Þannig háttaði til í Hnífsdal og varð því að notast við aðrar nálganir á fjárhæðum. Og ég vænti þess að menn muni, þar sem svo háttar til að staðgreiðslumarkaðsverð er ekki nákvæmt, leita til þeirra fordæma sem fyrir eru í sögunni og það gæti orðið ásættanlegt í þeim tilvikum.

[15:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar að gera hér að umtalsefni við 3. umr. málsins. Ég var ekki í umhvn. þegar málið var afgreitt og fulltrúi Alþb. og varamaður minn á þingi skrifaði undir nál. með fyrirvara. Við atkvæðagreiðslu við 2. umr. gerði ég stuttlega grein fyrir vissum fyrirvörum af minni hálfu sem e.t.v. endurspegla það sem hv. þm. sem skrifaði undir nál. hafði í huga í sambandi við fyrirvara en ég vil þó ekki kveða neitt ákveðið upp úr um það. Það kann að taka til fleiri atriða heldur en ég vík að og hef talað um. En ég hlýddi á umræðu áðan milli hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar og formanns umhvn. Ólafs Haraldssonar varðandi túlkun á 10. gr. frv. Mig langaði aðeins að fram kæmi sá skilningur sem ég hef á málinu. Ég vil ekki segja að það sé endilega skilningur á texta laganna eða útlegging á því heldur meira almennt skilningur á málinu og málavöxtum. Vegna þess, virðulegur forseti, að ég er að vitna til máls sem var í umræðu hér áðan þætti mér vænt um að formanni umhvn. væri gert viðvart þannig að hann gæti fylgst með þessu. Í 10. gr., 1. mgr. er þetta orðað eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnarvirki hafa verið reist er heimilt að meta af bærum aðilum hvort til greina komi að þétta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum."

Á það var bent af hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að hér væri um að ræða breytingu frá gildandi lögum, nr. 28/1985, þar sem segir, með leyfi forseta: „Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þétta þá byggð, sem fyrir er áhættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp."

Ég sé út af fyrir sig ekki að það sé einhver sérstök mótsögn á milli þessara ákvæða en skal þó ekki vera með stífar túlkanir á því, það getur hver lesið í textann sem hefur hann fyrir framan sig. En ég vil að það viðhorf og mat af minni hálfu liggi fyrir að með byggingu varnarvirkja til að verjast snjóflóðum geta menn ekki fullyrt að þar með hafi þeir séð til þess að svæði sem undir þessum varnarvirkjum er og virkjunum er ætlað að verja sé ekki lengur í neinni hættu fyrir snjóflóðum. Mér fannst í þeirri umræðu sem hér fór fram af nefndum hv. þingmönnum að þeir litu svo á málið.

Varnarvirki eru að sjálfsögðu reist til þess að draga úr hættu og gera það væntanlega í verulegum mæli, en að þau útiloki hættu og að þau leysi viðkomandi íbúa undan þeirri kvöð að þurfa hugsanlega við vissar aðstæður að sæta rýmingu þess húsnæðis sem þeir búa í á því svæði sem undir er, tel ég ekki að liggi í eðli máls. Og ég held að menn geti leitað nokkuð víða um lönd þar sem svona aðstæður eru og þar sem varnarvirki hafa verið reist, menn ganga ekki út frá þeirri forsendu að þeir séu þar með búnir að skapa 100% öryggi gagnvart snjóflóðahættu fyrir þá íbúa sem eru á því svæði sem verið er að verja. Svo einfalt tel ég að málið sé almennt talað. Hversu mikil áhættan er eftir að varnarvirki hafa verið reist fer að sjálfsögðu eftir gerð þeirra og aðstæðum sem skapast fyrr eða síðar, hvort þau gagnast 100% eða ekki. Það væri að skapa falskt öryggi að líta svo til í framtíðinni varðandi almannavarnir, hvort sem þær eru í höndum viðkomandi sveitarfélags eða í höndum Veðurstofu Íslands, í sambandi við rýmingu svæða við tilteknar aðstæður, að ekki þurfi lengur að fylgjast þar með og meta hvort hættuástand skapast eða ekki. Og ég tel að það væri mjög alvarlegt mál ef gefið væri til kynna gagnvart íbúum í viðkomandi byggðarlögum að með byggingu varnarvirkja sé verið að skapa fullkomið öryggi og losa viðkomandi með öllu frá því að þurfa að gera ráð fyrir að þurfa að rýma húsnæði sitt við tilteknar aðstæður, við getum kallað það verstu aðstæður eða slæmar aðstæður. Þetta vildi ég að fyrir lægi sem mitt viðhorf og mat á málinu þar sem ég á sæti í umhvn. en var ekki við lokaafgreiðslu og mér fannst að túlkanir lægju þannig að menn væru að gefa til kynna að forsendur og skilningurinn væri sá að með ákvæðum laganna eða á bak við ákvarðanir um varnarvirki væru menn búnir að skapa þetta fullkomna öryggi gagnvart þessari vá.

Virðulegur forseti. Síðan aðeins í sambandi við bráðabirgðaákvæði sem ég studdi með skýringu við 2. umr. málsins. Þetta ákvæði hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórn leggur fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Skipulagstillagan skal unnin í samræmi við reglur, sem umhverfisráðherra setur. Ráðherra skal fá tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat. Skal styðjast við þær reglur þar til hættumat hefur verið staðfest fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag." Þetta er ákvæði I til bráðabirgða. Og um þetta er fjallað í nál. með svofelldum hætti, með leyfi forseta:

„Loks er gerð tillaga varðandi ákvæði til bráðabirgða I um nýja byggð og nýbyggingar í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu. Gerir tillagan ráð fyrir að þar til hættumat hefur verið staðfest skuli sveitarstjórn leggja fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga og skal tillagan vera í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra setur. Áður en umhverfisráðherra setur reglurnar skal hann hafa fengið tillögur frá Skipulagi ríkisins, Veðurstofu Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig skal liggja fyrir bráðabirgðahættumat fyrir viðkomandi svæði. Miðar tillagan að því að heimila brýnar framkvæmdir í sveitarfélögum sem búa við snjóflóðahættu, en jafnframt leggur nefndin áherslu á að ekki verði, áður en hættumat liggur fyrir, hafnar framkvæmdir á svæðum sem ljóst þykir að séu á hættusvæði. Um framkvæmdir eftir að hættumat liggur fyrir og varnarvirki hafa verið reist gildir 10. gr."

Ég lét það koma fram í umhvn. varðandi þetta atriði að ég teldi að þarna ættu menn að fara afar varlega í sakirnar. Ég var til með að standa að afgreiðslu málsins án slíks bráðabirgðaákvæðis, þ.e. að bíða eftir því að þessu almenna ferli ljúki og málavextir væru skýrir áður en framkvæmdir væru heimilaðar. Ég tek eftir því að í áliti nefndarinnar sem ég vitnaði til eru menn svona á ákveðnum glóðum þegar um þetta mál er rætt og kannski ekki alveg talað skýrt. Varðandi ákvæði sjálfs textans, ákvæðis til bráðabirgða, þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann sjái framkvæmd þessa ákvæðis og alveg sérstaklega þær reglur sem hæstv. ráðherra er ætlað að setja áður en sveitarstjórn mótar sína tillögu. Eftir mínum skilningi á þessu ákvæði þá hljóta þessi ákvæði að vera nokkuð almenns eðlis. Hvernig stendur á því að þau eru ekki útfærð hér í laganna texta í þessu bráðabirgðaákvæði svo skiljanlegt sé? Ég get ekki lesið úr þessu að hér sé verið að tala um að umhvrh. setji reglur sem eigi við í hverju einstöku tilviki heldur sé um að ræða einhverjar almennar leiðbeinandi reglur. Á því vildi ég gjarnan fá skýringu eða skilning, virðulegur forseti, frá hæstv. umhvrh. Ég vara mjög við því að þessu ákvæði verði beitt í einhverjum teljandi mæli. Ég treysti því og ég greiddi atkvæði við 2. umr. til að vera ekki að rjúfa þá viðleitni til samstöðu sem hefur verið við afgreiðslu á þessu vandasama máli. Ég lét það jafnframt koma fram að ég óskaði eftir því að þetta yrði túlkað og með heimildir farið mjög þröngt í þessu sambandi. En þá vandast náttúrlega málið. Hver hefur valdið í þessu efni? Samkvæmt skipulagslöggjöf er það sveitarstjórnin sem hefur það. Þessar tillögur eru ákveðin undirstaða í hugsun í frv. varðandi vöktun og mat á hættuástandi, að færa það frá heimavettvangi kannski sem aðalreglu þótt heimavettvangurinn hafi eftir sem áður möguleika, þ.e. almannavarnarnefnd heima fyrir, að fyrirskipa rýmingu ef henni býður svo við að horfa. Meginreglan er samt sú að Veðurstofa Íslands hafi vald í þessum efnum jafnframt almannavarnanefnd. En skipulagsvaldið liggur samkvæmt þessu ákvæði að ég best fæ séð í höndum sveitarstjórnar með hliðsjón af einhverjum almennum reglum sem hæstv. umhvrh. setur og að bráðabirgðahættumat liggi fyrir.

Ástæðan fyrir því að ég féllst á þetta var að mín hugsun var sú að það ætti að lofa þessum þrýstingi að vera þarna og hann ýtti þá á eftir því að endanlegt hættumat yrði unnið eins hratt og frekast væri kostur á forsvaranlegan hátt og menn losnuðu við þetta bráðabirgðaákvæði. Ég held t.d. að gagnvart íbúðarbyggð eigi alls ekki að beita svona ákvæði eða gagnvart þéttingu íbúðarbyggðar. Þau rök sem ég heyrði og gátu stutt þetta efni voru að það ætti við þjónustuhúsnæði eins og sorpeyðingarstöð sem ég þekki dæmi um og er sannarlega á snjóflóðahættusvæði og yrði tekin í gagnið án þess að eitthvað endanlegt lægi fyrir. Einhver slík atriði með tilheyrandi varúðarráðstöfunum ætti kannski ekki að útiloka vegna aðstæðna og brýnnar þarfar á að nýta viðkomandi en hér ættu menn sannarlega að gæta sín mjög vel.

Ég skal stytta þetta, virðulegur foreti. Ég vil þó nefna að hér eru komin inn ákvæði sem ég tel vera til verulegra bóta og hafði orð á, ég held við 1. umr. málsins, í öllu falli í umhvn. Það snertir það að fram fari hættumat á skipulögðum skíðasvæðum. Ég hefði nú kosið að hafa þetta eitthvað víðtækara, en aðalatriðið er þó skíðasvæði eða svæði þar sem fólk safnast saman í snjó við aðstæður þar sem hætta getur verið yfirvofandi. Það er komið hér inn og er sannarlega til bóta frá því sem var í frv.

Síðan er þetta ákvæði sem ég nefndi í atkvæðaskýringu við 2. umr. málsins og ég vil aðeins tengja þessari ræðu

minni nú. Það er það sem snýr að því að hættumat skuli samkvæmt 4. gr. fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Ég hefði kosið að þetta væri ekki orðað svona og legg áherslu á að ekki sé lokað á það að sveitabýli í landinu þar sem menn hafa áhyggjur af snjóflóðahættu fái fyrirgreiðslu þeirra sem eiga að meta slíka hættu og ráðgjöf og aðgang að þeirri þjónustu til samfélagsins sem þarna er um að ræða. Ég sé ekki hvernig stætt er á því að setja inn mismunandi ákvæði af þessum toga þó mér sé fullljóst að það verður að sjálfsögðu að vinna málið stig af stigi og það verður ekki allt gert í einu. En að draga mörkin milli þéttbýlis og dreifbýlis í þessu sambandi finnst mér ekki skynsamleg hugsun og bið um að þetta verði með farið af framkvæmdarvaldinu með þeim skilningi að ekki sé verið að útiloka dreifbýli, sveitabýli, frá því að geta fengið hættumat og ráðgjöf í þessum efnum rétt eins og þéttbýli. Ég held að mannslíf og aðstæður séu jafngildar hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil út af lokaorðum hv. þm. segja að ég er efnislega sammála þeim fyrirvörum eða athugasemdum sem hann setti fram við 4. gr. og benda á að þar segir: „Skal hættumat fyrst og fremst ná til ...“ Þetta finnst mér gefa svigrúm til þess að hægt sé að hafa í huga þau varnaðarorð sem hv. þm. hafði hér uppi og það muni ekki útiloka það ef svo kallar á að litið sé til þess með dreifbýlissveitarfélögum einnig og t.d. einstökum sveitabæjum að málin séu skoðuð þar þó að áherslan verði lögð á þéttbýlið. Ég endurtek þetta aftur. Hér segir: „.... fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð.“ Þar er jú skipulagið sem við þurfum að taka tillit til og reyna að haga þannig að við séum ekki að reisa íbúðarbyggð í stórum stíl á svæðum sem eru svo hættuleg sem raun ber vitni og við höfum því miður fyrir framan okkur dæmi um. Þannig að það er sannarlega ástæða til að á því verði tekið.

En ástæðan til að ég kom hér upp var nú kannski fremur, hæstv. forseti, spurning hv. þm. um framkvæmd ákvæðis til bráðabirgða. Ég verð að segja við hv. þm. strax að það liggja ekki fyrir mótaðar hugmyndir um nýtt ákvæði sem er þó ekki enn búið að samþykkja endanlega. En ég vil segja við hv. fyrirspyrjanda og þingheim að ég er sammála því að þetta ber að túlka afar þröngt. Auðvitað hljótum við að leggja höfuðáherslu á að endanlegt hættumat verði framkvæmt og farið verði eftir því. Þetta hljóta að vera algjör undantekningartilvik þar sem vel er rökstutt að það þurfi að grípa til einhverra aðgerða sem knýja svo á að ekki sé hægt að bíða eftir hættumatinu og nýtast við bráðabirgðahættumat og semja almennar reglur, af því að hv. þm. spurði hvort um þá mundu þá ekki fremur gilda almennar reglur heldur en að setja reglur fyrir hvert og eitt tilvik. Ég held að það hljóti að verða almennar reglur sem við þurfum að setja um málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggisþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 1144, brtt. 1145.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–6., 12.–14., 16., 18. og 24.–34. mál.

Fundi slitið kl. 16:11.

---

122. FUNDUR

mánudaginn 12. maí,
að loknum 121. fundi.

Dagskrá:

1. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 558, nál. 1033. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370, nál. 1032 og 1113. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 28. mál, þskj. 28, nál. 1003 og 1106, brtt. 1004 og 1107. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 818, nál. 1100 og 1133, brtt. 1101. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Umferðarlög, frv., 61. mál, þskj. 61, nál. 1097. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, stjfrv., 256. mál, þskj. 1090, brtt. 1111. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 159. mál, þskj. 176, nál. 1063 og 1076, brtt. 1077. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, stjfrv., 364. mál, þskj. 641, nál. 1084, brtt. 1085. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Varðveisla ósnortinna víðerna, þáltill., 27. mál, þskj. 27, nál. 1073. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
12. Rannsókn á brennsluorku olíu, þáltill., 421. mál, þskj. 723, nál. 1072. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
13. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 528. mál, þskj. 880, nál. 1070 og 1173, brtt. 1071. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
14. Stjórn fiskveiða, frv., 108. mál, þskj. 116, nál. 1099. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
15. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613, nál. 1098. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803, nál. 1112. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Öryggisþjónusta, stjfrv., 486. mál, þskj. 1144, brtt. 1145. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

19. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 1009 (sbr. 706), brtt. 1136. — 3. umr.

20. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 1017. — 3. umr.

21. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 1086. — 3. umr.

22. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.

23. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992. — 2. umr.

24. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083. — 2. umr.

25. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093 og 1135. — Síðari umr.

26. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 237. mál, þskj. 1087. — 3. umr.

27. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Fyrri umr.

28. Fiskveiðar utan lögsögu Íslands, frv., 388. mál, þskj. 680. — 1. umr.

29. Þátttaka Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, þáltill., 411. mál, þskj. 708. — Frh. fyrri umr.

30. Staðfest samvist, frv., 496. mál, þskj. 835. — 1. umr.

31. Upplýsingar ráðherra um málefni hlutafélags í ríkiseigu, þáltill., 514. mál, þskj. 861. — Fyrri umr.

32. Aukatekjur ríkissjóðs, þáltill., 515. mál, þskj. 864. — Fyrri umr.

33. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 516. mál, þskj. 865. — Fyrri umr.

34. Hlutafélög, frv., 525. mál, þskj. 877. — 1. umr.

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla efh.- og viðskn. á lífeyrissjóðsfrv.

[16:17]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins vegna atburða sem gerðust í morgun í hv. efh.- og viðskn. Þar afgreiddi meiri hluti nefndarinnar lífeyrissjóðsfrv. út úr nefndinni og ætlar að fella brtt. meiri hlutans inn í frv. og vinna í starfshópi með það í sumar. Þessi málsmeðferð meiri hlutans er óskynsamleg og algjörlega óviðunandi með tilliti til forsögu málsins. Það var mikill ágreiningur um þetta mál og það liggur fyrir sameiginlegt bréf Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins til hæstv. forsrh. þar sem þessi samtök hvöttu til þess að unnið yrði í samstarfi þingnefnda, ráðuneytis og hagsmunaaðila til að ná fram víðtækri sátt um afgreiðslu málsins. Þeir benda einkum á 2. gr. frv. sem lýtur að grundvallaratriði í skipulagi á vinnumarkaði.

Það er mjög mikilvægt, herra forseti, að lífeyrissjóðsmál séu afgreidd í sátt. Minni hluti efh.- og viðskn. bauðst til þess að standa að áliti þar sem allar tillögur yrðu tíundaðar til frekari úrvinnslu. Þessu hafnaði meiri hluti efh.- og viðskn. og knúin var fram afgreiðsla í málinu sem er að marka þann vinnufarveg sem á að vinna málið í nú í sumar. Þessi afgreiðsla er í ósátt við Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið eftir því sem vitum hér best. Við báðum um að þeir fulltrúar sem á að vinna með í sumar yrðu kallaðir á fund nefndarinnar áður en málið yrði afgreitt þannig að hægt væri að vita hvort þessi málsmeðferð mundi flýta fyrir vinnu í sumar. Því var neitað af meiri hluta efh.- og viðskn. Málið var tekið út með fimm atkvæðum gegn fjórum. Einn stjórnarliði kaus að styðja minni hlutann í því að taka málið ekki út á þennan hátt. Það er bersýnilegt að ríkisstjórnin er að þvinga fram skoðanir sínar, umdeildar skoðanir sem birtast í brtt. Vilhjálms Egilssonar, formanns efh.- og viðskn., með óbeinum hætti þegar stefndi í að menn ætluðu að vera með sátt um þetta mál við aðila úti í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Þetta er mikilvægt mál og snertir störf þingsins að verulegu leyti. Þetta eru vinnubrögð sem ég mótmæli og ég óttast að með þessu sé málefninu stefnt í óefni.

[16:19]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Það kemur mér nú nokkuð á óvart að fulltrúar stjórnarandstöðunnar skuli vera að rífast út af máli sem á auðvitað ekkert að afgreiða. Það var fjallað mikið um þetta mál í efh.- og viðskn. Það var gert ráð fyrir því á föstudaginn að við mundum láta málið gerjast aðeins yfir helgina, m.a. til þess að hægt væri að ræða við aðila vinnumarkaðarins, þ.e. Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið, um málið. Síðan barst bréf frá þessum aðilum til ríkisstjórnarinnar þar sem óskað var eftir því að málið yrði ekki afgreitt á þessu þingi. Við því var orðið og efh.- og viðskn. barst bréf frá fjmrh. þar sem ríkisstjórnin hvatti til þess að málið yrði afgreitt út úr efh.- og viðskn. Síðan yrði skipaður starfshópur í sumar til þess að fjalla um málið og þá lægi væntanlega fyrir hvort betri samstaða næðist um einhverja aðra lausn heldur en stefndi í í tillögum meiri hluta efh.- og viðskn.

Það er afar brýnt að afgreiða lög um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu. Málið snýst um það að það liggja fjölmargar umsóknir fyrir í fjmrn. um breytingar á reglugerðum sem verður að klára. Og ef þessar umsóknir yrðu afgreiddar út og suður eftir þeirri löggjöf sem nú er þá er hætta á því að öll lífeyrissjóðamálin færu í mikla bendu. Með því að afgreiða málið út úr nefndinni er verið að gefa afar skýra vísbendingu um það í hvaða farveg þessi mál eru að fara. Verið getur að samstaða náist um smábreytingu á því en það væri ábyrgðarleysi að klára ekki þetta mál út úr nefndinni til þess að það lægi ljóst fyrir hvernig stefnan er í þessu máli.

[16:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram hjá hv. þm., formanni efh.- og viðskn., að einkennilegt væri að stjórnarandstaðan væri að rífast um mál sem ekki ætti einu sinni að afgreiða. En það er nú þannig að í raun er verið að afgreiða málið út úr nefndinni þar sem gerð er tillaga um að breyta 23 greinum frv.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasambandið sendu hæstv. fjmrh. bréf þar sem þeir fóru fram á að frv. eins og það var lagt fram hér yrði látið liggja í sumar og menn fengju svigrúm til þess að skoða málið betur og reyna að ná samkomulagi. Þar var átt við frv. eins og það var lagt fram. En þegar búið er að taka allar þessar brtt. inn, breytingar á 23 greinum, þá er auðvitað full ástæða til þess að skoða málið út frá kannski allt öðrum sjónarhóli en þessir aðilar hafa gert hingað til og hafa reyndar sent sameiginlega umsögn um málið til efh.- og viðskn.

Það kom fram hjá einum hv. stjórnarliða sem greiddi atkvæði með stjórnarandstöðunni í nefndinni í morgun að

þegar búið væri að ganga frá máli á þennan hátt bæri forseta þingsins skylda til að taka málið á dagskrá. Undan því yrði ekki vikist. Þetta væri mjög einkennileg afgreiðsla og einkennilegt að afgreiða svona og segja um leið: Málið verður ekkert rætt meir.

Við gátum heldur ekki fengið svör um það hverjir það væru sem ættu að koma að þeirri vinnu í sumar að endurskoða frv., það frv. sem við þekkjum eða frv. eins og það lítur út eftir að meiri hluti efh.- og viðskn. hefur gengið frá sínum brtt. Og frv., eins og hæstv. fjmrh. boðaði í morgun, verður prentað upp með öllum þeim breytingum. Þá erum við bara að ræða um allt annað mál.

[16:24]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti strax taka fram að honum ber ekki skylda til að taka mál á dagskrá þótt afgreidd séu í nefndum. Um það er nú venjulega samið.

Forseti þarf að loka mælendaskrá nú, þar eru það margir komnir og tíminn 20 mínútur samkvæmt þingsköpum.

[16:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson komst svo að orði að með afgreiðslu lífeyrissjóðsfrv. úr nefnd væri verið að gefa vísbendingu um farveg. Og það er einmitt mergurinn málsins. Það er verið að gefa þau skilaboð frá þinginu að málið eigi að fara eftir þeim farvegi sem meiri hlutinn vill. Þetta mál, lífeyrissjóðamálið, er eitt allra stærsta mál sem lagt hefur verið fyrir yfirstandandi þing og það er afar brýnt að samstaða náist um það. Við í stjórnarandstöðunni erum sammála því að málið fari í skoðun í sumar en það hefði verið miklu eðlilegra að nefndin hefði gefið frá sér sameiginlegt álit þar sem allar helstu hugmyndir til breytinga hefðu verið reifaðar. Það hefði líka verið hugsanlegt, eins og tillaga kom fram um, að senda bréf til fjmrh. með þessum hugmyndum. Þessar tillögur sem fyrir liggja hafa verið kynntar og í sjálfu sér er ekkert grundvallaratriði að þær liggi fyrir sem þingskjöl enda er það ekki það sem fyrir meiri hlutanum vakir. Það er fyrst og fremst verið að gefa hér ákveðin skilaboð um það hvernig eigi að lenda þessu máli. Og það er alveg ljóst að um þær tillögur er ekki sátt.

En ég ítreka þá spurningu sem við viljum gjarnan fá svar við. Hvernig er meiningin að skipa þann vinnuhóp sem á að taka við málinu? Ég vildi gjarna fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh.

[16:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í framsöguræðu minni í því máli sem hér hefur verið til umræðu nú boðaði ég að nefndin ásamt fjmrn. mundi vinna að málamiðlun í þessu sérstaka máli. Mikil og góð umræða hefur átt sér stað bæði í þjóðfélaginu og eins á milli aðila í hv. nefnd og fjmrn. Og sú vinna hefur skilað sé í ágætri niðurstöðu sem kemur fram í tillögum meiri hlutans sem nú liggja fyrir.

Það er rétt sem hér hefur komið fram að ASÍ og VSÍ hafa óskað eftir fresti á málinu og opna reyndar fyrir sveigjanleika af sinni hálfu í því kerfi sem tilheyrir almenna vinnumarkaðinum og ég fagna því. Þeir telja sig þurfa tíma, fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Annars vegar til þess að kynna sér betur tryggingafræðilegan grundvöll undir nýjar hugmyndir og eins til þess að afla breytingum fylgis í baklandi sínu. Ríkisstjórnin hefur orðið við beiðni VSÍ og ASÍ og eftir að það gerðist er eðlilegt að nefndin og nefndarmeirihlutinn afgreiði málið úr nefndinni og sýni þannig nýja stöðu málsins. Þannig mun ég beita mér fyrir því að frv. verði prentað upp og það má þá líta á það sem drög að nýju stjfrv. og það verður grundvöllur umfjöllunar í nefndinni í sumar. Og ég fagna því að nú virðast allir vilja afgreiða þetta mál fyrir næstu áramót.

Vegna fyrirspurnar um það hverjir taka þátt í starfshópnum þá get ég ekki svarað því á þessari stundu nákvæmlega. En ég get lýst því yfir að bæði verður leitað til ASÍ og VSÍ um að koma með fulltrúa í þennan starfshóp.

[16:28]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagðist hafa boðað málamiðlun þegar hann fylgdi þessu máli úr hlaði við 1. umr. Þess vegna er það undrunarefni að þær tillögur sem nú eru keyrðar í gegn í efh.- og viðskn. með atkvæðagreiðslu í klofnu stjórnarliði eru ekki málamiðlun. Tilefni þess að forustumenn aðila vinnumarkaðarins beindu máli sínu til forsrh. og óskuðu eftir frestun á málinu og að samið yrði um framhaldsvinnslu í sumar var einmitt það að þeir voru sammála því mati að tillögur meiri hluta efh.- og viðskn. væru þess eðlis að þær gætu beinlínis stofnað framtíð hins mjög svo rómaða lífeyrissjóðakerfis í hættu. Það er beinlínis vegna þess að þessar tillögur voru fram komnar og vegna andstöðu þessara aðila við grundvallaratriði í þeim tillögum sem beðið var um að gefa tíma til frekari vinnslu málsins til að vinna að málamiðlun. Þess vegna er það undrunarefni að hæstv. ráðherra og formaður efh.- og viðskn. skuli hafa keyrt þessar tillögur í gegn, ætli að fella þær inn í meginmál frv. og ætli að leggja þær fram sem hin skýru skilaboð til aðila vinnumarkaðarins um að á þessum grundvelli ætli stjórnarmeirihlutinn að vinna málinu framgang. Þar með er verið að vekja aftur upp harðar deilur um málið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Virðulegi forseti. Við viljum fyrst og fremst nota þetta tækifæri hér og nú til þess að eyða þeim misskilningi að hér sé um sáttagerð að ræða. Það er algjörlega gagnsæ tvöfeldni í þeim málflutningi. Þetta er ekki sáttagjörð, þetta er stríðshanski og getur haft ófyrirsjáanlegar skaðlegar afleiðingar um framgang málsins, og við vörum eindregið við því.

[16:30]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er alveg ljóst mál að lífeyrismálin eru einhver stærstu pólitísku deilumál samtímans á Íslandi, hvorki meira né minna. Þau móta grundvöllinn fyrir stjórnmálaumræðu næstu ára og áratuga. Og þess vegna er það stóralvarlegt að ríkisstjórnin skuli hafna óskum ASÍ og VSÍ um að frv., eins og það lá fyrir á föstudaginn, verði skoðað betur og afgreiðslu þess frestað. Í staðinn eru lagðar fram í nefndinni og knúðar fram í atkvæðagreiðslu milli 20 og 30 brtt. og síðan eru þær settar inn í annan frumvarpstexta og honum breytt. Og hvað er sagt um það frv.? Það er nýtt stjfrv.

Það er augljóst mál, herra forseti, að við þessar aðstæður hljóta menn að velta því fyrir sér hvort það er ekki óhjákvæmilegt að málið verði rætt nánar í þessari stofnun, undir dagskrárlið á eðlilegan hátt, eða að meiri hluti nefndarinnar dragi álit sitt til baka og kalli það inn í nefndina aftur. Því að ósvífnin við stéttarsamtökin, bæði ASÍ og VSÍ, í þessu máli er fyrir neðan allar hellur og það á ekki að láta það líðast

að menn í skjóli tímaþrengsla síðustu daga þingsins hagi sér svo dónalega í garð þeirra sem eru að reyna að halda utan um verkalýðssamtökin og lífeyrissjóðina.

Ég tel að hér sé um að ræða atlögu að VSÍ og ASÍ. Það er slegið á útrétta sáttarhönd þessara aðila í stað þess að reyna að efna til samkomulags um hlutina. Og ég bæti því líka við, herra forseti, að það er athyglisvert að framkominni spurningu er ekki svarað þannig að það eigi að kalla stjórnarandstöðuna til samráðs um þessi mál í sumar. Það er einkar eftirtektarvert í svari hæstv. fjmrh. Ég vil sérstaklega segja, herra forseti: Þetta mál verður að skoða betur hér í þessari stofnun. Hæstv. fjmrh. og meiri hlutinn í efh.- og viðskn. hafa sýnt Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu fullkominn dónaskap í þessum efnum.

[16:32]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er borginmannlegt yfirbragð á þessari ríkisstjórn. Atferli hennar í málum launþega ber svip af þessu. „Við þorum að gera og við gerum það sem okkur sýnist." Aftur og aftur koma skilaboðin hingað inn á þingið um að við hin skulum lúta valdi þeirra. Ríkisstjórninni og stjórnarmeirihlutanum er sérstaklega umhugað um að setja málefni vinnumarkaðar og launþega í bönd. Það er alveg sérstakt áhugaefni sem hefur birst okkur hér. Þeir hafa verið að taka á samtryggingarmálunum í okkar félagslega velferðarkerfi. Hingað inn hefur komið frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem vakti harðar deilur við verkalýðshreyfinguna og fólkið í landinu. Atvinnuleysistryggingasjóðsfrv. fól í sér miklar skerðingar og tókst að afstýra því á síðustu stund hér á útmánuðum. Svo kemur lífeyrissjóðsfrv. og enn er óróleiki mikill og vaktar upp deilur. Meira að segja þegar mál er svo sett á frest þá er það gert á ámælisverðan hátt. Stjórnarmeirihlutinn hefur líka mótast af þessum vinnubrögðum. Og það er alveg ótrúlega óskynsamlegt að rífa mál út úr efh.- og viðskn. með valdi, með atkvæðagreiðslu, til þess eins að sýna og þvinga fram brtt. Sýna og þvinga fram brtt. sem ætlast er til að tekið sé mið af í vinnunni í sumar og þar með setja samráð við verkalýðshreyfinguna fullkomlega í uppnám.

Virðulegi forseti. Hv. þm. áréttaði það sem formaður efh.- og viðskn. að hann vildi með þessum tillögum móta í hvaða farveg málið ætti að fara í sumar. Og þrátt fyrir hinn góða tón sem fjmrh. setur hér fram, að þetta sé sáttargjörð, þá verður að segjast eins og er að þarna er ekki samhljómur og þetta eru fullkomlega óásættanleg vinnubrögð.

[16:35]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér eru notuð stór orð og ég verð að segja það að ég veit eiginlega varla hvar ég er stödd eða hvað er hér til umræðu. Sannleikurinn er sá að það er vilji stjórnarflokkanna að láta þetta reyndar umdeilda mál liggja í sumar, að það verði ekki gert að lögum nú á þessu þingi, til þess að hægt sé að vinna málið frekar í samráði við hagsmunaaðila og í samráði við efh.- og viðskn. þingsins. Það kom í ljós við athugun að frv. var ekki nógu gott eins og það var lagt fram og reyndar eru aðilar vinnumarkaðarins sammála um það. Þeir komu með sameiginlega yfirlýsingu í fjölmiðlum um að þeir vildu að málinu yrði breytt og að séreignarsjóðirnir t.d. ættu framhaldslíf.

Eins og málið var afgreitt frá nefndinni í morgun þá er það vissulega vísbending um farveg. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson talar um að þetta hafi verið keyrt í gegnum nefndina en þetta eru nú ekki verri brtt. en svo að stjórnarandstaðan tók sér nokkra sólarhringa til þess að íhuga og velta því fyrir sér hvort hún ætti að styðja þær. (**JBH:** Ósatt.) Þetta er sannleikur málsins. (**ÁE:** Ósatt.)

[16:37]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fór einfaldlega með ósannindi hér áðan um að stjórnarandstaðan hefði tekið sér einhvern frest til að velta fyrir sér hvort hún ætti að styðja brtt. meiri hlutans. Þetta er fráleitt. Hér er ekki rétt með farið. Þetta eru ósannindi. Og ég er hissa á hv. þm. að halda þessu fram. Við höfum hins vegar í stjórnarandstöðunni viljað sátt í framhaldi þessa máls. Það er búið að bíða í 25 ár, herra forseti, eftir heildarlöggjöf um lífeyrissjóðsmál. Ríkisstjórnin vill hins vegar allt annað. Hún vill breyta skipulagi á vinnumarkaði í tengslum við þessi mál. Aðilar vinnumarkaðarins og stjórnarandstæðingar eru andvígir brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. og það sem meira er, forseti ASÍ hefur sagt að þetta séu brigð á yfirlýsingu hæstv. forsrh. Þetta eru svik á yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem gefin var í sambandi við kjarasamninga. Það hefur forseti ASÍ sagt í viðtali hjá okkur í efh.- og viðskn. Það er alveg ljóst í hvaða farveg þetta mál var komið og þess vegna var lagt til og fallist á að fresta málinu. En þá bítur ríkisstjórnin undir forustu hæstv. fjmrh. höfuðið af skömminni með því að setja málið í þann farveg að ætla að setja breytingartillögurnar inn í frv. Og ég vil lesa upp úr bréfi hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur eðlilegt að nefndin afgreiði málið þannig að tillögur liggi fyrir með formlegum hætti. Í framhaldi af því verður frv. breytt samkvæmt tillögum meiri hluta efh.- og viðskn. og lagt þannig fyrir starfshóp sem fjmrh. mun skipa með þátttöku hagsmunaaðila."

Þetta er farvegurinn og það hefur komið hér skýrt fram, herra forseti, m.a. hjá formanni nefndarinnar, Vilhjálmi Egilssyni, að búið er að marka farveginn. Það er verið að lögfesta í reynd stefnu fjmrh. í þessum efnum. Og ég er alveg hissa á hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Ég spurði sérstaklega að því í nefndinni hvort hæstv. ráðherra Davíð Oddsson og hæstv. ráðherra Halldór Ásgrímsson væru sáttir við þetta því þetta kallar á stríð, það sem hér er verið að gera, þessi farvegur sem verið er að setja málið í. Þessi vinnubrögð eru ekki fallin til að vinna að málinu með opnum huga til að kalla fram (Forseti hringir.) sátt um þetta mikilvæga mál því að með þessum farvegi sem hér er markaður segir ríkisstjórnin við aðila vinnumarkaðarins (Forseti hringir.) sem eiga að starfa að þessu máli: „Okkur koma ykkar skoðanir ekki nokkurn skapaðan hlut við. Við höfum þegar ákveðið í hvaða farvegi þetta mál á að vera." Og því hefði ríkisstjórnin bara betur lögfest þetta mál. (Forseti hringir.) Það hefði þá verið skynsamlegra af hálfu hv. meiri hluta að koma bara og reyna að lögfesta þetta mál á hv. Alþingi. (**Fjmrh.:** Er þetta sérstök ósk þingmannsins?)

[16:39]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða kemur mér óskaplega á óvart og ekki síst þegar ég heyri þau ummæli hv. þm. sem talaði hér áðan að það væri í reynd verið að lögfesta málið með því að afgreiða það út úr nefnd. Ég er þá ekki nægilega vel að mér í þingsköpum ef það er nú orðið tilfellið að hægt sé að lögfesta mál með því að afgreiða það út úr þingnefnd. Ég hygg að ég muni hafa það til hliðsjónar við störfin í nefndinni framvegis að þetta sé hægt. Það væri fróðlegt að

fá álit hæstv. forseta á þessu. En það kemur mér líka enn þá jafnmikið á óvart að hv. þm., sérstaklega hv. þm. Svavar Gestsson, sé svo ánægður með þetta mál að hann vilji fá að tala um það áfram og taka sérstaklega hér til umræðu mál sem á að fresta. Ég verð að viðurkenna að mér þykir þetta alveg sérstaklega einkennilegt. (Gripið fram í.) En ég tel hins vegar að aðilar vinnumarkaðarins og aðrir þeir sem hafa tekið þátt í umræðu um þessi mál hér að undanförnu eigi ákveðinn rétt á því að meiri hluti efh.- og viðskn. láti í ljós hvaða tillögur það eru sem þessi meiri hluti vill gera til breytinga á frv. Og það væri líka fróðlegt fyrir þá sem hafa verið að ræða um þessi mál að fá að vita hvaða skoðun minni hlutinn hefur á frv. en það hefur verið ansi djúpt á því að þaðan kæmi eitthvert uppbyggjandi innlegg í umræðuna.

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 557, nál. 1030, brtt. 1031, 1064 og 1105.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]

Brtt. 1031,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

7 þm. (ÁRJ, BH, HG, JBH, KH, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GGuðbj, HÁs, HBl, LB, PP, RA, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:42]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands kveður á um trúfrelsi en hún kveður einnig á um að hin evangelísk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja og gerir að því leyti upp á milli trúfélaga og ekki aðeins að því leyti heldur að einnig að því er tekur til fjárhagslegs stuðnings. Með því frv. sem hér er til afgreiðslu er verið að efla og styrkja fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju og búa svo rækilega um hnúta að það verður ekki betur gert, þ.e. í kirkjunnar þágu, og um leið staðfesta þá mismunun sem ríkir milli trúfélaga í landinu.

Í raun má lýsa efni þessi frv. með þeim örfáu orðum að kirkjan skuli ráða öllu en ríkið borgi brúsann. Ég get ekki stutt þetta frv. né heldur þær brtt. sem hér liggja fyrir. Þetta frv. er að sumu leyti staðfesting á ákvæðum stjórnarskrárinnar en að öðru leyti andstætt henni. Ég kýs því, herra forseti, að sitja hjá við afgreiðslu frv. og tillagnanna.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁRJ, BH, HG, JBH, KH, MF, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GGuðbj, HÁs, HBl, LB, PP, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ræddi þetta mál við 1. umr. og reifaði þar ýmis viðhorf sem hér er ekki rúm til að minna á. En í 3. mgr. 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni."

Ég hefði talið að menn ættu ekki að vera að blanda sér í flókin kirkjuleg málefni og prætuepli sem hafa fylgt kirkjunni allt frá a.m.k. kirkjuþinginu Níkeu vorið 325 og löngu síðar alveg yfir í hina evangelísk-lútersku kirkju, að fara að taka inn í lög tilvísun í heilaga þrenningu. Það er fyrirbæri sem er auðvitað alveg sjálfsagt að ræða í trúfélögum og hafa afstöðu til en það á ekki að taka inn í lög og tengja skírn. Með vísan til þessa treysti ég mér ekki til að styðja þessa 1. gr. málsins og harma að ekki skuli hafa verið felld niður þessi tilvísun í þetta merkilega fyrirbæri sem lengi hefur haldið vöku fyrir sumum, heilaga þrenningu.

2.–10. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég sat hjá við 1. gr. vegna þess að ég vildi ekki blanda mér í þessa aldagömlu deilu um heilaga þrenningu og tel að það sé ekki hlutverk Alþingis vegna þess að við störfum hér samkvæmt stjórnarskrá sem byggist á trúfrelsi. Hins vegar styð ég meginefni frv., þ.e. að styrkja sjálfstæði kirkjunnar andspænis ríkisvaldinu. Þess vegna mun ég styðja greinar þær sem hér á eftir fara, herra forseti.

Brtt. 1031,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

12.–19. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1064 felld með 28:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GB, GHall, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
3 þm. (GÁ, KH, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:48]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir því að fulltrúum á kirkjuþingi, sem er valdamesta stofnun kirkjunnar að þessu frv. samþykktu, verði fjölgað, að talan verði þrefölduð og fari úr 21 í 63. Hugmyndin þar á bak við er einfaldlega sú að tryggt sé að allir aldurshópar og bæði kynin geti tryggilega átt sinn fulltrúa þar þannig að þingið hafi sem breiðasta skírskotun og almennar frjóar umræður geti átt sér þar stað. Ég hygg að það sé eðlilegt, ekki síst í ljósi þess anda sem frv. felur í sér, þ.e. að styrkja stöðu kirkjuþingsins og kirkjunnar inn á við. Hér er um að ræða lýðræðislega stofnun en ekki fámennisvald. Því segi ég já.

Brtt. 1031,3 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

20. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
3 þm. (GÁS, KH, RG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

21.–22. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,4 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,5 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, SJóh, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

24. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, SJóh, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

25.–27. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, SJóh, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,6 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, SJóh, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

28. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, VE, ÖJ) fjarstaddir.

29. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,7 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvanJ, VE) fjarstaddir.

30. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

31.–34. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HBl, IP, JBH, KHG, LB, MF, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,8 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, KHG, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

35. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, KHG, LB, PP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

36. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, KHG, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,9 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS..
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

37. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, LB, PP, SighB, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,10 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS,

JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, LB, PP, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

38. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, IP, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,11 samþ. með 36:6 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, GÁS, MF, SJóh, ÖJ, ÖS.
6 þm. (ÁRJ, KÁ, KH, RG, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, HjálmJ, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[16:56]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessari brtt. er verið að taka upp hina svokölluðu fimm ára reglu sem sett var í lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á síðasta þingi. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því að hér sé verið að fara leið sem hentar kirkjunni þó ég sé ekki þar með að segja að sú uppástunga sem var í 39. gr. sé endilega rétt. Um þetta eru mjög deildar meiningar innan kirkjunnar. Ég held að það þurfi að skoða ráðningarmál presta og stöðu þeirra miklu betur og því treysti ég mér ekki til þess að styðja þessa brtt.

39. gr., svo breytt, samþ. með 37:4 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, SJóh, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁRJ, GÁS, KÁ, KH, MF, RG, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

40.–42. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,12 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GuðjG, GGuðbj, HÁs, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

43. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

44.–47. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, MF, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,13 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

48. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

49.–52. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,14 (53. gr. falli brott) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,15 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

54. gr. (verður 53. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RG, StG, SJS, SvanJ, VE) fjarstaddir.

55.–56. gr. (verða 54.–55. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,16 (57. gr. falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,17 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

Alþt. 1996. B. (121. löggjafarþing).

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RG, SJóh, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

58. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, KÁ, LB, PP, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1031,18 (ný 59. gr., verður 57. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, BBj, BH, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GuðjG, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

60. gr. (verður 58. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (KH, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

61.–63. gr. (verða 59.–61. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BH, HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þær greinar sem hér eru greidd atkvæði um fjalla um launagreiðslur og réttarstöðu starfsmanna, þ.e. 61. gr. og 63. gr. um jarðeignir kirkna. Nú er það vel þekkt að staðarmál hafa verið nokkuð fyrirferðarmikil, voru það fyrr á öldum í kirkjunni og hart um þau deilt, og hér eru menn að ganga frá gjörningi um einhverja lausn staðarmála hinna síðari tíma. Ég hef ekki sannfæringu fyrir að menn séu að hitta hér naglann á höfuðið með því að tengja saman kjör og efnahagslega aðhlynningu að kirkjunni með því sem felst í þessum greinum og treysti mér af þeim sökum ekki til að styðja þessi ákvæði.

64. gr. (verður 62. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Brtt. 1031,19 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

65. gr. (verður 63. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, RA, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1105 felld með 31:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, ÓÞÞ*, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GÁS, SighB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GB, GGuðbj, HBl, JBH, LB, PP, StG, SJS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:07]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Kirkjunnar menn telja að það samkomulag sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu 10. janúar 1997 um launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar eigi að standa um aldur og ævi jafnvel þótt numin verði úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna. Þannig túlka þeir að búið sé að tryggja um ókomna framtíð fjárhagsskuldbindingar ríkisins við kirkjuna. Telja kirkjunnar menn að ef breyta eigi þessum skuldbindingum ríkisins við kirkjuna þá væri af hálfu kirkjunnar hægt að setja fram kröfu um greiðslu á óskertum höfuðstól kirkjujarða frá 1907. Þess vegna er hér flutt brtt. þess efnis að allir liðir samkomulagsins geti komið til endurskoðunar eigi síðar en að 15 árum liðnum frá undirritun þess enda hefur ríkið ekki fjárhagslegar skuldbindingar samkvæmt samningnum nema til þess tíma.

[17:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þeim lögum sem hér er verið að samþykkja er stigið stórt skref í þá átt að aðskilja ríki og kirkju á Íslandi. Kirkjan fær vald yfir eigin málefnum og kirkjan telur sig hafa fengið traustan fjárhagslegan grundvöll til frambúðar. Og eins og fram kom í atkvæðaskýringu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan þá líta kirkjunnar menn svo á, svo vitnað sé í yfirlýsingu frá þeim, með leyfi forseta:

„Launagreiðslur ríkisins byggjast á afhendingu kirkjujarða. Hér er um kaup kaups að ræða. Samkomulagið mun standa óbreytt jafnvel þótt numið verði úr gildi ákvæði stjórnarskrárinnar um vernd og stuðning ríkisins við kirkjuna og hún yrði þannig ekki lengur þjóðkirkja. Samkomulagið er þess vegna ekki háð stjórnarskrárákvæðinu um þjóðkirkju."

Ég vil vekja athygli þingheims á því að í umræðum sem fram hafa farið um þetta frv. hefur margoft komið fram af hálfu alþingismanna sem hafa tjáð sig um þetta mál að ríkið sé ekki búið að skuldbinda sig hér til frambúðar. Alþingi muni að sjálfsögðu hafa öll tök á því að endurskoða (Forseti hringir.) fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart kirkjunni. Þær brtt. sem við setjum hér fram ganga í þá átt að sú endurskoðun skuli fara fram eigi síðar en eftir 15 ár.

[17:10]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég tel að sú lagaskýring sem sett hefur verið fram af kirkjunnar mönnum sé á misskilningi byggð og þess vegna sé sú hugmynd sem hér er sett fram óþörf. Alþingi getur hvenær sem er tekið þetta mál upp til endurskoðunar og í ljósi þess hef ég stutt þetta mál. Ég minni líka á það sem fram kom í ágætri kvikmynd, Djöflaeyjunni, að þar fór mjög illa fyrir húsbóndanum í það eina skipti sem hann þrjóskaðist við að borga. Og ég vona að það verði víti til varnaðar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Biskupskosning, frh. 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 558, nál. 1033.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:12]
Brtt. í nál. 1033 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KPál, LB, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, LB, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KH) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, LB, MF, ÓÞÞ, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Skipan prestakalla, frh. 2. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370, nál. 1032 og 1113.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:14]

1. gr. samþ. með 34:11 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, GE, JóhS, KHG, KÁ, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

3 þm. (HG, KH, RA) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, JBH, LB, MF, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: JóhS, KHG, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS.

8 þm. (ÁE, BH, GE, HG, KÁ, RA, RG, SvG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, JBH, KH, LB, MF, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:2 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: KHG, ÖS.

2 þm. (KÁ, RA) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, JBH, KH, LB, MF, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, frh. 1. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, frh. 2. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 28, nál. 1003 og 1106, brtt. 1004 og 1107.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:17]

Brtt. 1004,1 samþ. með 46 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1004,2 samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.

3.–4. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1004,3 samþ. með 30:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓÞÞ, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, GuðjG, GHall, GGuðbj, HÁs, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:18]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Markmið frv. á að vera að auka tryggingavernd og öryggi viðskiptamanna fasteignasala. Það skýtur því skökku við að í brtt. meiri hlutans sem við erum nú að greiða atkvæði um er fellt brott ákvæði sem lengi hefur verið í lögum um að skaðabótaskylda fasteignasala nái til ásetningsbrota með sama hætti og til gáleysis. Þannig leggur meiri hlutinn til að verulega verði dregið úr neytendavernd í fasteignaviðskiptum frá því sem nú er og dómsmrh. leggur til með frv. að gildi áfram. Minni hlutinn telur fráleitt að draga úr henni enda má segja að sjaldan sé þörf eins ríkrar neytendaverndar og í fasteignaviðskiptum þar sem oftast er um að ræða aleigu fólks. Ég segi nei við þessari brtt.

[17:19]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Með þessu ákvæði er verið að draga úr neytendavernd í fasteignaviðskiptum frá því sem nú er. Í stað þess að kaupendur fasteigna fái lögum samkvæmt tryggingu

vegna allra brota fasteignasalans eru nú undanþegin ásetningsbrot af hans hálfu. Rökin eru þau að lögfræðingar sem einnig annast fasteignaviðskipti hafi ekki slíka tryggingu. En í stað þess að samræma upp á við og auka vernd kaupandans þá er ákveðið með þessari lagabreytingu að samræma niður á við.

Ég tek undir það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði í sinni skýringu að hvergi, hvergi er eins mikil þörf á neytendavernd og í fasteignaviðskiptum þar sem oft er um að ræða aleigu fólks. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessari breytingu.

Brtt. 1107 felld með 31:14 atkv. og sögðu

já: BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31:13 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

6.–11. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1004,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, BH, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, JóhS, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddur.

12. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, HjálmJ, JBH, LB, ÓÖH, PP, RG, StG, SJS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:23]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Margt bendir til þess að ef hámarksþóknun fasteignasala verði afnumin eins og þetta ákvæði þessarar greinar gerir ráð fyrir verði rík tilhneiging til að hækka verulega þóknun í fasteignaviðskiptum. Með vísan til þess og hvernig staðið hefur verið að athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaði sem byggði fyrst og fremst á mati fasteignasalanna sem hafa lagt ofurkapp á að ákvæði um hámarksþóknun verði afnumin þá segi ég nei við þessu ákvæði um að gefa frjálsa söluþóknun fasteignasala.

[17:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Tveggja prósentna þak á þóknunum í fasteignaviðskiptum hefur reynst góð vörn fyrir neytendur. Þar með hefur ekki verið lokað á samkeppni. Hún hefur getað farið fram innan þessara marka. Meiri hluti allshn. hefur látið undan þrýstingi fasteignasala sem vilja fá meira í sinn hlut. Minni hlutinn tekur hins vegar afstöðu með neytendum. Við tökum afstöðu með kaupendum. Við viljum stilla verðlagi í hóf og við viljum ekki láta undan þrýstingi fasteignasala. Við segjum nei.

15.–19. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 487. mál (ölvunarakstur, vátryggingarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 818, nál. 1100 og 1133, brtt. 1101.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1101,1 (7.–8. gr. falli brott) samþ. með 28:18 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:27]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með skaðabótalögunum voru bætur til einstaklinga vegna alvarlegra slysa hækkaðar verulega. Vátryggingaeftirlitið hefur ítrekað, frá setningu skaðabótalaganna, bent á nauðsyn þess að hækka vátryggingarfjárhæðir

í umferðarlögum til samræmis við ákvæði skaðabótalaga. Þetta ákvæði frv. felur í sér að hækkanir á vátryggingarfjárhæðum umferðarlaga til samræmis við breytingar sem gerðar voru á skaðabótalögunum sem tóku gildi 1. júlí 1993 falli brott úr frv. Minni hlutinn leggst gegn þeim tillögum meiri hlutans að fella brott ákvæði 7. og 8. gr. frv. og styður hæstv. dómsmrh. í því að hækka vátryggingarfjárhæðir umferðarlaga til samræmis við ákvæði skaðabótalaga.

[17:28]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að rifja upp nál. frá meiri hluta allshn. þar sem það kom skýrt fram hjá viðmælendum nefndarinnar að brýnt væri að endurskoða þennan kafla umferðarlaganna um fébætur og vátryggingu í heild sinni, þ.e. XIII. kafla. Þess vegna leggur meiri hlutinn til að þessum breytingum á vátryggingarfjárhæðum verði frestað til heildarendurskoðunar enda hefur ekki komið fyrir að vátryggingarfjárhæð hafi ekki dugað fyrir bótum. Meiri hlutinn beinir því sérstaklega til hæstv. dómsmrh. að skipuð verði nefnd til að fjalla um breytingar á kaflanum í heild og skili nefndin tillögum eigi síðar en í haust.

[17:29]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Frestun á þessum breytingum gæti reynst varasöm fyrir þá sem lentu í slysum því hér er meiri hluti allshn. að leggja til að úr frv. um umferðarlög verði felldar brott greinar þar sem kveðið er á um að vátryggingarfjárhæðir verði hækkaðar til samræmis við ákvæði skaðabótalaga. Vátryggingaeftirlitið hefur ítrekað hvatt til þessa og minni hlutinn varar við því að verða ekki við þessum eðlilegu ábendingum Vátryggingaeftirlitsins. Ég ítreka að frestun gæti reynst dýrkeypt fyrir þá sem lenda í slysum þannig að hér er mjög alvarlegur hlutur á ferðinni.

Brtt. 1101,2 samþ. með 27:19 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 28:19 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Umferðarlög, frh. 2. umr.

Frv. LMR o.fl., 61. mál (hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar). — Þskj. 61, nál. 1097.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:31]

Till. í nál. 1097 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 256. mál (heildarlög). — Þskj. 1090, brtt. 1111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:32]

Brtt. 1111 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1209).

Landmælingar og kortagerð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 176, nál. 1063 og 1076, brtt. 1077.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:34]

Till. í nál. 1063 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 35:9 atkv. og sögðu

já: BH, HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

nei: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÁRJ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (BH, HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:34]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Við sem skipum minni hluta hv. umhvn. í þessu máli, þ.e. ég og hv. þm. Guðmundur Beck, lögðum til að þessu frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar á þeirri forsendu að sérstök stjórnskipuð nefnd er að vinna með ýmsa grundvallarþætti sem skipta miklu í mótun stefnu um landmælingar og kortagerð. Engin rök hafa komið fram fyrir því að þessi lagasetning sé svo brýn að hún hefði ekki getað beðið eftir niðurstöðum þeirrar nefndar. Tillaga okkar var felld í atkvæðagreiðslu hér áðan og því er nú frv. tekið til atkvæða. Ég styð það markmið sem lýst er í 1. gr. þessa frv. og greiði henni því atkvæði mitt. Ég mun hins vegar sitja hjá við afgreiðslu frv. að öðru leyti og vísa þar til nál. minni hlutans á þskj. 1063.

Brtt. 1077,1 (ný 2. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (BH, HG, JóhS, KÁ, KH, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, SvanJ) fjarstaddir.

Brtt. 1077,2 (ný 3. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, HjÁ, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, RA, StG, SJS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,3 (ný 4. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,4 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,5 (ný 6. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,6 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRJ, BH, HG, JóhS, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,7 (8. gr. falli brott) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (BH, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, DO, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,8 (9. gr. falli brott) samþ. með 35:8 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, HG, KÁ, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.
4 þm. (ÁRJ, JóhS, KH, SvanJ) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. er óskaplegt örverpi um málefni sem ástæða hefði verið til að lyfta frá því sem verið hefur, einnig fjárhagslega. 9. gr. frv. kveður þó á um að Landmælingar Íslands láti gera áætlun til fjögurra ára í senn um verkefni stofnunarinnar er taki m.a. mið af fyrirhuguðum framkvæmdum innan lands o.s.frv., og því verði raðað í forgangsröð.

Meiri hluti umhvn. leggur til að þetta ákvæði sé fellt út og segir það kannski sitt um það hvaða hugur fylgir máli í þessu annars mikilsverða máli sem eru landmælingar og kortagerð. Ég segi nei.

vskip 11.6pt plus 6pt minus 6pt

10.–11. gr. (verða 8.–9. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
7 þm. (HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1077,9 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, RA, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, PP, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,10 (13. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,11 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, MF, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddur.

14. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, KHG, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ArnbS, ÁRÁ, ÁRJ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HBl, JóhS, JBH, LB, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1077,12 (ný 16. gr., verður 13. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (HG, KÁ, KH, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JBH, LB, ÓÖH, PP, SighB, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 641, nál. 1084, brtt. 1085.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:45]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 1085,1 samþ. með 45 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1085,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1085,3 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1085,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Varðveisla ósnortinna víðerna, frh. síðari umr.

Þáltill. KH o.fl., 27. mál. — Þskj. 27, nál. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:48]
Brtt. í nál. 1073 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

19 þm. (ArnbS, ÁRÁ, BH, DO, EKG, EOK, GHall, GGuðbj, HÁs, JBH, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1212).

Rannsókn á brennsluorku olíu, frh. síðari umr.

Þáltill. GE, 421. mál. — Þskj. 723, nál. 1072.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:49]
Till. í nál. 1072 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 42 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 880, nál. 1070 og 1173, brtt. 1071.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:54]
[17:50]

Ágúst Einarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Herra forseti. Nú kemur til atkvæða stjfrv. um breytingu á tekjuskatti og eignarskatti. Stjórnarandstaðan stendur sameiginlega að minnihlutaáliti sem gerð var grein fyrir hér áðan. Frv. tengist að nokkru leyti kjarasamningum og hluta af vinnumarkaði. Stjórnarandstaðan mun ekki leggjast gegn þessu frv., það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Við munum styðja 1. brtt. meiri hlutans vegna þess að hún er samhljóða frv. frá einum stjórnarandstöðuþingmanni, Guðmundi Árna Stefánssyni, sem horfir mjög til bóta. Við munum styðja það ákvæði brtt. en að öðru leyti munum við sitja hjá við afgreiðslu málsins. Við höfum bent ítrekað á að við hefðum kosið að skattalækkanir hefðu verið með öðrum hætti og þá sérstaklega gagnvart barnafólki sem kemur satt best að segja ekki vel út úr þeim breytingum sem hér er verið að gera. Stjórnarandstaðan hefur á öðrum vettvangi lagt fram tillögur til breyttrar skattálagningar á því sviði, einkum gagnvart millitekjufólki og barnafjölskyldum. Við atkvæðagreiðslu um þetta mál munum við styðja fyrrgreinda brtt. en að öðru leyti sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[17:51]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):
Forseti vill vekja athygli á því að hv. þm. geta komið að efnislegri afstöðu sinni til málsins við 1. gr. ef þeir vilja. Þessi háttur, umræða um atkvæðagreiðslu, er fremur um form hennar eða eittvað sem að því lýtur.

[17:51]

Ögmundur Jónasson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Frv. það sem við erum hér með til afgreiðslu er til komið vegna kosningaloforða ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, sem hún hefur núna á miðju kjörtímabili gert að verslunarvöru í tengslum við kjarasamninga. Þetta er ekki hluti af kjarasamningum. Og þetta byggir ekki á vilja samtaka launafólks. Samtök launafólks vildu hins vegar fá fram breytingar á skattalögum, vildu fá fram réttlátar breytingar á skattalögum, vildu að sköttum yrði réttlátar skipt niður. En ríkisstjórnin, sjálfri sér samkvæm, hefur búið svo um hnútana að ríkasti hluti þjóðfélagsins nýtur best. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð sem segja sína sögu um þá ríkisstjórn sem fer með völdin í landinu. Þess vegna get ég ekki stutt þetta frv., mun hins vegar styðja þá brtt. sem hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson hefur lagt fram.

Brtt. 1071,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, PHB, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, JBH, KF, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JónK, KPál, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, IP, JBH, KF, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1071,2 samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, FrS, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1071,3 samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1071,4 samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
26 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, ÍGP, JónK, MS, PHB, SAÞ, SF, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, IP, JBH, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Frv. SJS o.fl., 108. mál (úrelding fiskiskipa). — Þskj. 116, nál. 1099.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:58]
Till. í nál. 1099 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 44 shlj. atkv.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613, nál. 1098.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:59]
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Meðferð sjávarafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 803, nál. 1112.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:00]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1 í nál. 1112 samþ. með 43 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 2 í nál. 1112 (ný 4. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Virðisaukaskattur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 746, nál. 1065, brtt. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:02]

Brtt. 1066,1 samþ. með 47 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1066,2 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

3.–4. gr. (verða 4.–5. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1066,3 (tvær nýjar greinar, verða 6.–7. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

5. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1066,4 samþ. með 46 shlj. atkv.

6. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv.

7.–9. gr. (verða 10.–12. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Brtt. 1066,5 (10. gr. falli brott) samþ. með 45 shlj. atkv.

11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1066,6 (ný 12. gr., verður 14. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

13. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Öryggisþjónusta, frh. 3. umr.

Stjfrv., 486. mál. — Þskj. 1144, brtt. 1145.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:08]

Brtt. 1145 samþ. með 45 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, MS, MF, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

17 þm. (ArnbS, ÁRÁ, DO, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, JBH, KH, LB, ÓE, ÓÖH, PP, StG, SJS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1216).

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992.

[18:10]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frá meiri hluta efh.- og viðskn., á þskj. 991.

Nefndin hefur farið mjög ítarlega yfir þetta mál í vetur og fengið á sinn fund Kristján Andra Stefánsson, deildarstjóra í forsætisráðuneyti, og Önnu Sigríði Örlygsdóttur og Gunnar Björnsson, deildarstjóra í fjármálaráðuneyti. Nefndin leitaði eftir áliti annarra fastanefnda þingsins á ákvæðum frv. er til þeirra málaflokka heyrðu og bárust nefndinni fjölmargar umsagnir. Einnig bárust umsagnir um málið frá ýmsum öðrum aðilum utan þings.

Ákvæði þessa frv. leiðir af ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem samþykkt voru á síðasta þingi og þeim markmiðum sem þau lög stefna að. Starfsmannalögin eru almenn lög sem víkja fyrir sérlögum. Því er nauðsynlegt að sérákvæðum um einstaka embættismenn og hópa starfsmanna verði breytt til samræmis við meginreglu laganna. Má þar fyrst nefna afnám æviráðningar, þ.e. að skipun embættismanna verði framvegis tímabundin til fimm ára í senn. Þó er með hliðsjón af 61. gr. stjórnarskrárinnar um sjálfstæði dómara áfram gert ráð fyrir að þeir verði skipaðir ótímabundið.

Jafnframt er lagt til að lögbundinn atbeini forseta Íslands til að veita önnur embætti en hæstaréttardómara og biskups falli brott.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að forstöðumönnum verði almennt falið að ráða starfslið þeirra stofnana er þeir veita forstöðu.

Loks eru sérákvæði er gera ráð fyrir tímabundinni ráðningu starfsliðs almennt felld brott enda gerir 1. mgr. 41. gr. starfsmannalaganna ráð fyrir því að ráðning í starf skuli almennt vera ótímabundin með gagnkvæmum uppsagnarfresti með þriggja mánaða fyrirvara.

Meiri hlutinn leggur til á þskj. 992 breytingar á fjölmörgum ákvæðum frv. Of langt mál væri að telja upp brtt. við hverja einustu grein en skipta má tillögunum í nokkra flokka. Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði brott úr frv. ýmis ákvæði sem lögfest voru fyrir áramót, flest með lögum nr. 150/1996. Í öðru lagi er lagt til að úr lögum verði felld brott ákvæði um nauðsyn forstjóra til að fara að tillögum eða leita álits tillagna, samráðs, umsagna eða samþykkis stjórnar fyrir ráðningu undirmanna. Þykja slík ákvæði vera í andstöðu við einn megintilgang nýju starfsmannalaganna um aukna ábyrgð forstjóra. Sama á við um ákvæði þar sem kveðið er á um að forstjóri skuli leita samþykkis ráðuneytis fyrir ráðningu starfsfólks. Rétt er að taka fram að ekki eru gerðar tillögur til breytinga á ákvæðum þar sem sérstökum dómnefndum er ætlað að meta hæfni umsækjenda, samanber t.d. 22. gr. laga um búnaðarfræðslu og ákvæðin um stöðunefndir samkvæmt lögum um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands og lögum um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra. Í þriðja lagi er lagt til að dregið verði úr lögbundnum sérmenntunarkröfum sem allvíða í lögum eru gerðar til forstöðumanna.

Meiri hlutanum þykir á grundvelli meginstefnu starfsmannalaganna ekki rétt að binda hendur ráðherra um of í þessu efni með lögum. Sem dæmi má nefna að í gildandi lögum er gert ráð fyrir að forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hafi lokið háskólaprófi í raunvísindum og sé sérfróður um fiskiðnað, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafi lokið háskólaprófi í raunvísindum og sé sérmenntaður í einhverri grein búvísinda, forstjóri Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hafi lokið háskólaprófi í raunvísindum og forstjóri og annar aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar hafi lokið háskólaprófi og séu sérfróðir um hafrannsóknir. Þessar tillögur nefndarinnar eru líka til

samræmis við það sem almennt gildir því oftar en ekki eru hendur skipunarvaldsins óbundnar að þessu leyti. Þannig eru t.d. í lögum engar sérstakar menntunarkröfur gerðar til vegamálastjóra, forstjóra Byggðastofnunar, forstjóra Fiskistofu, forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, forstjóra Landmælinga Íslands, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, flugmálastjóra, veðurstofustjóra, forstöðumanns bankaeftirlitsins, forstöðumanns Vátryggingaeftirlitsins, bankastjóra ríkisbanka og Seðlabanka, forstöðumanns Samkeppnisstofnunar og framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands.

Í sumum þessara tilvika ber ráðherra þó að leita álits stjórnar stofnunarinnar áður en skipað er í stöðuna. Það liggur í augum uppi að mikilvægara er að forstöðumenn hafi til að bera stjórnunarhæfileika en að þeir hafi endilega sérmenntun á því sviði sem stofnunin fæst við. Löggjafinn hefur líka lagt áherslu á það, samanber t.d. hæfisskilyrði framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins, í lögum nr. 81/1988, þar sem segir:

„Framkvæmdastjóri skal hafa menntun og reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar."

Það er helst í minni stofnunum sem eðlilegt er að gera kröfu um að forstöðumaður sé menntaður á því sviði sem heyrir undir stofnunina, sérstaklega ef nýta þarf starfskrafta hans á fagsviðinu. Hefur meiri hlutinn tekið mið af því þó að velta megi fyrir sér hvort ekki sé rétt að fela þeim er skipar í stöðuna alfarið að meta hæfi umsækjenda, oftar en ekki á grundvelli lögbundinna álitsumleitunar til stjórna eða nefnda, í stað þess að binda sérstök hæfisskilyrði í lög.

Aðrar breytingar sem nefndin leggur til miða ýmist að lagfæringu á orðalagi og frekari samræmingu einstakra lagaákvæða að nýjum starfsmannalögum, samanber t.d. breytingar á lögum um Háskóla Íslands, nr. 131/1990, í 50.–53. lið brtt.

Þá skal þess að lokum getið að meiri hlutinn leggur til að úr frv. verði felld brott ákvæði um breytingar á nokkrum lögum sem eru eða hafa verið til umfjöllunar í öðrum nefndum þingsins, samanber ákvæði er varða Alþingi og stofnanir þess og ákvæði er varða þjóðkirkjuna og skipun biskups og presta.

Frá því að meiri hluti efh.- og viðskn. skilaði áliti sínu um þetta mál hafa komið til annarra nefnda fleiri þingmál sem líkur eru til að verði lögfest á þessu vorþingi er varða ákvæði sem frv. leggur til breytingar á. Því mun meiri hlutinn væntanlega leggja til við 3. umr. að þau ákvæði verði einnig felld brott úr frv.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið í þessu máli en nefndin hefur eins og fram kom í upphafi máls míns eytt verulegum tíma í vinnu við málið.

Undir álitið rita Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Einar Oddur Kristjánsson, Pétur H. Blöndal og Þóra Sverrisdóttir.

[18:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 993 í svokölluðum starfsmannabandormi.

Auk mín standa að álitinu hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jón Baldvin Hannibalsson.

Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Frumvarp það sem hér um ræðir er fylgifrumvarp þeirrar miklu lagasetningar sem ríkisstjórnin knúði fram fyrir ári síðan í óþökk stjórnarandstöðu og stéttarfélaga á opinberum markaði. Þá voru gerðar miklar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Stjórnarandstaðan taldi mjög ranglega staðið að þeim breytingum, bæði samráðsleysi og einnig efnislega þær breytingar sem ríkisstjórnin knúði í gegn á þeim vettvangi. Það var ekki einungis gagnvart opinberum starfsmönnum sem ríkisstjórnin sýndi vald sitt og hugarfar heldur einnig gagnvart launþegum á almennum markaði. Afstaða okkar stjórnarandstæðinga gagnvart þessari aðferðafræði og hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar kom þá skýrt fram og er í sjálfu sér óþarfi, herra forseti, að fara mörgum orðum um þann þátt málsins.

Hvað viðkemur hins vegar þessu frv. sem er tæknileg útfærsla á ýmsum atriðum sem leiðir af fyrri lagasetningu, má benda á að rauði þráðurinn í löggjöfinni frá því í fyrra var einmitt að festa í lög miðstýringu fjmrn. við alla starfsmannastefnu og launaákvarðanir. Sett voru inn í þennan farveg mjög óskilgreind launauppbótakerfi sem ekki átti að semja um, geðþóttagreiðslur yfirmanna og öryggi óbreyttra starfsmanna var skert. Það var eiginlega það versta í öllu þessu að þarna var ekki tekið mið af nútímalegum stjórnarháttum og skipulagi í stjórnar- og starfsmannamálum eins og þekkist víða erlendis.

Stjórnarandstaðan telur ekki rétt að þetta frv. nái fram að ganga í þessu formi. Við erum andsnúin efni þessa frv. nákvæmlega eins og við vorum andsnúin efni frv. sem þetta byggir á. Við teljum rétt að þessu máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar og öll sú starfsmannastefna og lögfesting sem var gerð hér fyrir ári síðan í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna verði tekin upp og breytt í það horf er við töluðum um þá.

Það eru samt nokkur atriði sem ég vildi geta um sem við gagnrýnum. Við gagnrýnum t.d. við afgreiðslu þessa frv. að ráðherrar hafa mikið vald til að ráða og skipa næstæðstu yfirmenn stofnana. Vitaskuld er eðlilegt að þeir skipi æðstu yfirmenn stofnana en almenna reglan ætti vitanlega að vera sú að sá yfirmaður réði alla undirmenn. Það er ekki gert og er hægt að benda á fjölmörg dæmi um þetta. Það var samstaða í efh.- og viðskn. um að reyna að taka út þessa ráðherraskipun við æðstu yfirmenn stofnana, aðra en forstöðumenn stofnana. Það náðist samkomulag um það en síðan sneru ráðherrar ríkisstjórnarinnar ofan af því öllu og handjárnuðu stjórnarliðana hvað þetta varðaði. Þetta er sérstaklega ámælisvert ef maður tekur t.d. stofnanir eins og Ríkisútvarpið. Þar skipar ráðherra ekki einungis útvarpsstjóra heldur einnig framkvæmdastjóra. Þetta er mjög áberandi og er að valda vandræðum í Tryggingastofnun ríkisins, þar sem fjölmargir aðilar sækja vald sitt til ráðherra en ekki til forstjóra Tryggingastofnunar. Það er hægt að benda á að þetta er svona innan Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins þar sem skipaðir eru aðstoðarforstjórar af ráðherra. Þetta er innan Flugmálastofnunar þar sem samgrh. tilnefnir flugmálastjóra og jafnframt framkvæmdastjóra. Með afgreiðslu þessa frv. er ekki dregin upp skýr mynd af stjórnskipulagi í einstökum stofnunum. Þetta er miður. Þannig kom hins vegar málið frá meiri hluta nefndarinnar og við munum vekja sérstaka athygli á einstökum þáttum þess máls í atkvæðagreiðslunni þegar að henni kemur.

Annað atriði sem ég vil sérstaklega draga fram, sem er reyndar matsatriði, er að í brtt. hjá meiri hlutanum er víðast hvar tekið út hið formlega samráð stjórnar við forstöðumann stofnana við ráðningar undirmanna. Það er hægt að færa

sterk rök fyrir því að það sé óþarfi að kveða á um formlegt samráð í þeim efnum því stjórnarfundir fjalla jú eðli málsins samkvæmt um þessa þætti ef menn kjósa svo. Þannig að það er ef til vill ekki verið að þrengja mjög að stjórnum stofnana. Þó er það mjög misjafnt eftir því hvaða stofnanir er um að ræða þannig að það eru efasemdir af hálfu aðila innan stjórnarandstöðunnar um þessa útfærslu sem meiri hlutinn gerir ráð fyrir. Það má benda á ýmsar umsagnir sem komu fram við þetta mál. Undantekningarlaust koma mjög alvarlegar athugasemdir frá stéttarfélögum opinberra starfsmanna við ýmis atriði þessa frv. Það gengur eins og rauður þráður í gegnum þetta frv. að ekki er samráð við starfsmenn en það er í sjálfu sér bara fylgifiskur þeirrar starfsmannastefnu sem var mótuð hér fyrir ári síðan. Hins vegar kemur fram í mörgum umsögnum að fjölmörg stéttarfélög óska eftir að fá að vinna betur með ríkisstjórninni að þessari lagasetningu og það styður enn frekar þá tillögu okkar stjórnarandstæðinga að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og unnið betur.

Það er augljóst og það er eiginlega meginniðurstaða við þetta frv. þegar við skoðum það ári eftir hina miklu löggjöf um vinnumarkaðinn sem ríkisstjórnin knúði í gegn að samráðsleysi við starfsmenn, hvort sem það er á opinberum markaði eða almennum markaði, er vond stefna. Það er stefna sem er ekki árangursrík í okkar þjóðlífi. Þess vegna, herra forseti, teljum við í minni hluta efh.- og viðskn. að þessu máli væri best borgið með því að styðja tillögu okkar um að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar, það unnið betur og í samráði við stjórnarandstöðu og þau stéttarfélög sem hér eiga hlut að máli.

[18:25]

Útbýting þingskjala:

Bifreiðagjald, 550. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1183.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, 431. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1187.

Kynslóðareikningar, 299. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1185.

Skipulags- og byggingarlög, 98. mál, nál. umhvn., þskj. 1167; brtt. umhvn., þskj. 1168.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 409. mál, brtt. MF og SvG, þskj. 1179.

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, 300. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1188.

Vátryggingastarfsemi, 485. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1180; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1181.

Vörugjald af ökutækjum, 549. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1182.

[18:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hvaða orð og hugtök skyldu koma oftast fram í þeim lagabreytingum sem hér eru til umræðu? Það er orðið forstjóri og forstöðumaður. Þessar lagabreytingar ganga nær eingöngu út að styrkja forstjóravald.

Nú mætti færa rök fyrir því að í sumum tilvikum sé eðlilegt að styrkja forstjóravald, svo framarlega sem saman fer vald og ábyrgð. Því er ekki að heilsa með þessum lagabreytingum. Hér er verið að draga úr lýðræðislegu eftirliti. Hér er verið að auka geðþóttavald forstöðumanna og forstjóra. Hvernig skyldi þetta koma fram? Hvernig skyldi það koma fram í þeim breytingum sem hér eru til umræðu? Ég sé að hv. formaður efh.- og viðskn. hristir höfuðið og telur að hér sé farið með rangt mál, hér sé ekki verið að auka forstjóravald á kostnað lýðræðislegra vinnubragða. En staðreyndin er sú að þar sem forstöðumenn stofnana hafa verið háðir lýðræðislega skipuðum stjórnum, er dregið úr áhrifum þessara stjórna en valdsvið forstöðumannsins og forstjórans aukið að sama skapi. Þetta kemur t.d. fram við ráðningu starfsmanna. Þar sem forstjóri eða forstöðumaður hafði áður þurft að leita álits eða fara að tillögu stjórnarnefndar, er þetta sett inn á hans borð alfarið með þessum lagabreytingum. Nú jánkar hv. formaður efh.- og viðskn. Þetta á við í fjölmörgum stofnunum, t.d. Vinnueftirlitinu. Forstöðumaður Geislavarna þarf ekki lengur að hafa samráð við stjórn sinnar stofnunar. Þannig mætti áfram telja fjölmargar stofnanir sem hér eru tilgreindar, hvort sem það er Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn, skólastjórar eða aðrir sem í hlut eiga.

Maður veltir fyrir sér hvað það er sem á að vinnast með þessum móti. Er þetta þunglamalegt kerfi sem menn eru að setja hér til hliðar? Ég held ekki. Ég held að í flestum tilvikum sé um lýðræðislegt aðhald að ræða. Hér er einvörðungu um lýðræðislegt aðhald að ræða. (**Gripið fram í:** Og faglegt.) Og faglegt þess vegna, það er rétt. Að koma í veg fyrir það að einn maður geti ráðskast með heilar stofnanir. En öll hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar gengur einmitt út á þetta — að efla forstjóravaldið. Og það var alveg hárrétt sem kom hér fram í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar áðan að allar lagabreytingar ríkisstjórnarinnar hafa gengið út á þetta. Breytingarnar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna gengu út á þetta — að efla forstjóravaldið og draga úr lýðræðislegum áhrifum starfsfólks. Núna er einnig verið að draga úr lýðræðislegum áhrifum að ofan, þeirra stjórnarnefnda sem Alþingi þess vegna hefur skipað til að gegna stjórnunar- og eftirlitshlutverki. Ég held að það sé hægt að fullyrða að í allflestum tilvikum láta stjórnarnefndir stofnana forstöðumenn og stofnanirnar sjálfar fara sínu fram. Þetta er eins konar öryggisventill sem er settur inn í stofnanir sem verið er að taka hér burt með þessu lagafrv. Það er það sem er að gerast. Og þetta tel ég vera afar varhugavert.

Það er annað sem gerist með þessum lagabálki öllum. Hér er verið að staðfesta hina svokölluðu fimm ára ráðningu forstöðumanna. Og ekki bara forstöðumanna heldur einnig lögreglumanna, fangavarða og tollvarða. Það er svo undarlegt þegar menn byrja að flækja sig í kerfismennskunni eins og meiri hluti efh.- og viðskn. hefur greinilega gert. Búið er að binda sig í það að til er eitthvað sem heitir embættismenn samkvæmt skilgreiningum nefndarinnar og lagalegum skilgreiningum nú, eftir að breytingar voru gerðar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna eða ríkisstarfsmanna er til nokkuð sem heitir embættismenn og embættismenn sem skulu ráðnir til fimm ára í senn. Síðan er þessi skilgreining yfirfærð á aðra hópa sem gegna allt öðru og mjög ólíku hlutverki í hinu opinbera kerfi. Og þar erum við komin að lögreglumönnum, fangavörðum og tollvörðum.

Nú má náttúrlega deila um það hversu skynsamleg þessi fimm ára ráðning á embættismönnum er. Hugsunin á bak við hana er margþætt. Í fyrsta lagi er það sjónarmið uppi að menn vilji tryggja breytingar í stjórnun stofnana, að menn flendist þar ekki lengi og að nýtt blóð komi til sögunnar og þess vegna þurfi að hafa þessa fimm ára ráðningu. Það er náttúrlega svo með flesta almenna starfsmenn hins opinbera að það er hægt að segja þeim upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara og hefði verið hægt að hafa sama hátt á gagnvart embættismönnunum — forstöðumönnum stofnana. En það má vel vera að skýringin á því að menn vilja hafa

þennan hátt á sé sú að það sé auðveldara að koma þessum breytingum við ef eitthvert skipulag er á hlutunum — á fimm ára fresti skuli endurskoða ráðningartímann. Og sumir vilja jafnvel ganga svo langt að í öllum tilvikum eigi þá að auglýsa stöðuna.

Ég er einn af þeim sem eru ekki mjög hlynntir þessu fyrirkomulagi. Reyndar er ég á þeirri skoðun að það eigi að vera hægt að skipta um stjórnendur ef þeir reynast óhæfir. Ég tel einnig að það sé ágætt að fá tíðari og örari mannaskipti í sumum tilvikum. En ég er ekki viss um og hef ekki sannfærst um þessi breyting sé til góðs og hafi þau áhrif sem menn ætla. Þessar röksemdir um tíð mannaskipti í stjórnunarstöðum hjá ríkinu eiga ekki við þegar kemur að lögreglumönnum, fangavörðum og tollvörðum og óskiljanlegt að þessar starfsstéttir séu settar undir þetta ákvæði. Það eina sem skýrir þetta er embættismannasamnefnarinn. Þeir eru skilgreindir sem embættismenn og meiri hluti efh.- og viðskn. kemst ekki út úr eigin kerfismennsku og verður að halda þessum starfshópum í sama ráðningartímanum og forstöðumönnum sem einnig eru embættismenn.

Nú er það svo að víðast hvar annars staðar, t.d. á Norðurlöndum, hafa menn búið svo um hnútana að þessar stéttir njóta traustrar ráðningarfestu og þótt það eigi vissulega að vera svo að hægt eigi að vera að losa sig við menn sem ekki standa sig í stykkinu, ekki gegna sínu starfi — að sjálfsögðu á að vera hægt að losa sig við þá einstaklinga úr starfi — þá á ekki að vera hægt að bola mönnum úr starfi sem hugsanlega gegna sínu starfi of vel að mati yfirmannsins. Og þar er komin skýringin á því að menn vilja tryggja ráðningarfestu þessara stétta betur en annarra. Þetta hafa Norðurlandamenn hugsað til hlítar. Við vitum að það hafa iðulega komið upp deilur hér. Ég minnist t.d. deilna á milli tollvarða og fjmrh. fyrir ekki svo mörgum mánuðum þar sem sló verulega í brýnu. Ég þakka nú bara guði fyrir að þessir tollverðir bjuggu þó við nokkra ráðningarfestu. Það eru dæmi þess, ég leitaði þeirra ekki hér á landi, en það eru dæmi þess að lögreglumenn hafa rannsakað viðkvæm mál sem snerta yfirmenn þeirra og pólitíska áhrifamenn í þjóðfélaginu. Það er af þessum ástæðum sem menn hafa viljað hyggja sérstaklega að ráðningarfestu þessara stétta. Það á að vera hægt að bola óhæfum mönnum út, losa sig við óhæfa menn, segja þeim upp störfum ef þeir vanrækja skyldur sínar, ég tala nú ekki um ef þeir brjóta lög, en það á að vera erfitt að bola mönnum úr embætti að ósekju. Og nú eru menn að setja og festa inn í lög að á fimm ára fresti skuli ráðningaröryggi þeirra stefnt í voða, það gerist sjálfkrafa. Ég spyr hvort menn hafi virkilega hugsað þetta alveg til hlítar.

Ég vitna í álitsgerðir sem hafa komið fram hjá bæði Tollvarðafélaginu og Landssambandi lögreglumanna þar sem þeir gagnrýna þessa skipan mjög harkalega. Í áliti Landssambands lögreglumanna um þessa fimm ára ráðningu segir m.a., með leyfi forseta:

„Það að skipa lögreglumenn til fimm ára í senn er að mati framkvæmdastjórnar óviðunandi staða með hliðsjón af réttindum og skyldum lögreglumanna. Hefur komið í ljós á þeim tíma sem liðinn er, frá því samhljóða ákvæði var lögfest í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að margir reyndir lögreglumenn sem þegar hafa ótímabundna skipun, sækja ekki um stöðuhækkun innan lögregluliðsins til að fórna ekki þeirri ráðningarfestu. Kemur þar margt til.

Framkvæmd undangenginna mánaða hefur verið með þeim hætti, að lögreglumenn sem fá stöðuhækkun hafa verið skipaðir til fimm ára. Telja samtök lögreglumanna þetta óviðunandi, enda margyfirlýst við afgreiðslu laganna að ekki stæði til að skerða réttindi þeirra sem þegar nytu ótímabundinnar skipunar. Lögreglumenn eru skipaðir í Lögreglu ríkisins og eru í órofnu starfi hjá sama vinnuveitanda og því vandséð hvernig megi túlka þessa framkvæmd á þann veg.

Lögreglumenn búa við þær aðstæður að sæta ávirðingum og kærum samborgara sinna af margvíslegum ástæðum. Oftar en ekki leiða slíkar kærur ekki til ákæru en í mörgum tilvikum sæta lögreglumenn rannsókn og er á meðan slík rannsókn fer fram, vikið frá störfum tímabundið. Vert er að gaumgæfa, hvort lögreglumaður á þeim tímamótum að fimm ára skipun væri að renna út, fengi áframhaldandi skipun í embætti, við þær aðstæður.

Ljóst er, að lögreglumenn eru flestum stéttum útsettari fyrir slíkum uppákomum. Landssamband lögreglumanna hefur varað við því, með hliðsjón af þjóðfélagsástæðum, auknu ofbeldi og vaxandi brotahneigð, að ótrygg ráðningarfesta kunni að leiða til þess að lögreglumenn veigri sér við að taka óvinsælar en nauðsynlegar ákvarðanir. Væri það skref aftur á bak í ljósi þess að Íslendingar eru helst til óöguð þjóð."

Í yfirlýsingu frá Tollvarðafélagi Íslands er einnig fjallað um þessa fimm ára ráðningu:

„Í stað orðanna „Ráðherra skipar tollverði til fimm ára í senn" standi „Ráðherra skipar tollverði í embætti, enda hafi þeir staðist próf frá Tollskóla ríkisins". ... Með hliðsjón af því að löggæslumenn þurfa oft að taka óvinsælar ákvarðanir og þurfa því oft að sæta kvörtunum og kærum þyrfti að tryggja ráðningarkjör þessara starfshópa."

Svipaðar yfirlýsingar hafa komið frá fangavörðum og óþarfi að endurtaka það allt en í þeim tilvitnunum sem ég las hér upp kemur tvennt fram. Í fyrsta lagi er bent á að þetta eru stéttir sem þurfa að taka óvinsælar og erfiðar ákvarðanir og þurfa þess vegna að búa við trausta og góða ráðningarfestu, auk þess sem ég gat um frekari röksemdir hér áðan varðandi rannsókn upp á við gagnvart yfirmönnum og valdamönnum í þjóðfélaginu. En það er annað atriði sem þessir aðilar benda hér á og er kannski ekki eins mikið langtímavandamál og hitt. Það er að þetta er farið að hamla tilfæringum innan lögreglunnar, að menn forðast að fara úr einu starfi í annað vegna þess að túlkunin hefur verið sú að ráðningin rofni og þeir fari þá yfir á fimm ára ráðninguna. Þetta er hlutur sem mætti huga að.

Þetta eru atriði sem ég vildi benda sérstaklega á, að vara við þessari kerfismennsku sem allt ætlar að drepa hjá meiri hluta efh.- og viðskn. Eftir að hún skilgreindi embættismann með fimm ára ráðningu þurfa allir sem falla undir þann samnefnara að taka allan pakkann, prestarnir eru þess vegna komnir með fimm ára ráðningu líka, ekki til þess að tryggja að það markmið um tíð mannaskipti sem menn settu sér með fimm ára ráðningunni ætti að ná fram að ganga, heldur þvert á móti vegna þess að kerfismennirnir eru búnir að flækja sig svo inn í sinn kerfisvef að þeir geta ekki losað sig úr honum.

Hitt er ekki síður alvarlegt sem ég vék að í upphafi míns máls og tek þar undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni og fram koma í minnihlutaáliti sem hann, hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og Steingrímur J. Sigfússon skrifa undir, þar sem mjög eindregið er varað við þessu geðþóttavaldi stjórnenda sem verið er að festa hér í sessi. Og það er umhugsunarefni að það orð og það hugtak

sem kemur oftast fyrir er forstjóri. Þetta er það sem þeim er hugleiknast, hvernig við förum að því að styrkja og treysta völd forstjórans, draga úr lýðræðislegum áhrifum, draga úr áhrifum lýðræðislega kjörinna fulltrúa — efla geðþóttavaldið og efla forstjóravaldið. Það er á þessum forsendum sem ég er mjög andvígur þeim breytingum sem hér er verið að kynna og tel þær afar varhugaverðar fyrir stjórnsýslu á Íslandi.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 18:46]

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083.

[20:33]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1082. Það er félmn. sem stendur að málinu en nokkrir nefndarmenn eru með fyrirvara og munu þeir væntanlega gera grein fyrir honum.

Nefndin fékk á sitt fund fjölda gesta til þess að fara yfir þetta mál en hér er um að ræða útfærslu á tilskipunum Evrópusambandsins um vinnutíma barna og ungmenna. Nefndin ræddi og skoðaði sérstaklega skilgreiningar frumvarpsins, þ.e. að ungmenni merki samkvæmt frumvarpinu einstakling undir 18 ára aldri og nánari greiningu í börn og unglinga. Nefndin telur ástæðu til að taka fram að hugtakanotkun frumvarpsins er t.d. ekki í samræmi við skilgreiningar í lögum um vernd barna og ungmenna. Skilgreiningar frumvarpsins byggjast á tilskipun ESB 94/33 um vinnuvernd barna og ungmenna. Þannig er í frumvarpinu miðað við að börn séu einstaklingar undir 15 ára aldri eða sem eru í skyldunámi. Þetta felur það í sér t.d. að einstaklingur, sem er 16 ára og enn í skyldunámi, telst barn samkvæmt reglum frumvarpsins.

Þá ræddi nefndin ákvæði a- og e-liðar 1. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra og vinnu sem stofnað getur heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hita, hávaða eða titrings. Nefndin telur rétt að þegar settar verða nánari reglur um þessi atriði verði ákvæðin meðal annars skýrð svo að t.d. öll almenn vinna ungmenna í frystihúsum og byggingarvinna geti ekki talist vinna sem felur í sér hættu fyrir heilsu ungmenna. Það er rétt að benda sérstaklega á þetta, hæstv. forseti, að hér erum við að tala um almenna vinnu eins og hún hefur tíðkast og hingað til og hefur ekki talið fela í sér hættu fyrir heilsu ungmenna.

Nefndin ræddi einnig ákvæði 6. gr. um hvíldartíma barna og unglinga. Ljóst er að undanþágur frá ákvæðum 1. mgr. er að finna í 2. og 3. mgr. greinarinnar. Nefndin telur rétt að við nánari útfærslu reglna um hvíldartíma verði verslunarstörf sérstaklega skoðuð. Hér er rétt að skjóta því að, hæstv. forseti, að í tilskipun Evrópusambandsins er boðið upp á sveigjanleika. Það er ljóst hvað þessi störf varðar sérstaklega, þá rekst þetta stundum á hagsmuni ungmenna sem eru t.d. að vinna í sjoppum á kvöldin en það má hins vegar spyrja á móti: Hvort ber nú að hafa ofar í huga að ungt fólk mæti sæmilega útsofið og óþreytt til náms á morgnana eða að vinnan eigi að hafa forgang? Og það var alveg ljóst að þarna greindi á fulltrúa Félags framhaldsskólanema og svo aftur kennara sem komu á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 2. gr. frumvarpsins að skýrt verði hver skuli sækja um leyfi til Vinnueftirlits ríkisins ef ráða á börn sem ekki hafa náð 13 ára aldri til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótta- eða auglýsingastarfsemi. Tekin eru af tvímæli um að það er í höndum þess sem ræður barn til slíkra starfa en ekki barnsins sjálfs. Þá er gert ráð fyrir að ráðherra skuli að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlitsins setja nánari reglur um það hvernig standa skuli að slíkum leyfisveitingum, sbr. 3. lið. Nefndin telur í þessu sambandi rétt að skoða hvort ekki sé ástæða til að Vinnueftirlitið taki saman sérstaka skrá yfir þá aðila sem fá almennt leyfi og að nánari reglur verði útfærðar með hliðsjón af slíkum almennum leyfisveitingum í stað þess að ætíð þurfi að sækja um sérstakt leyfi fyrir hvert barn um sig.

Í öðru lagi: Lagðar eru til orðalagsbreytingar á a-, b- og e-lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins í samræmi við texta tilskipunarinnar. Í a-lið verði miðað við að óheimilt verði að ráða ungmenni til vinnu sem líklega sé ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra, í b-lið verði notað orðalagið „vinnu sem líklega veldur varanlegu heilsutjóni“ og e-liður taki til vinnu sem felur í sér hættu fyrir heilsu ungmenna vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.

Í þriðja lagi er lögð til sú breyting á 8. gr. frumvarpsins að nánar verði skilgreint hvað átt er við með óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað og leitt geta til þess að víkja má frá ákvæðum um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga. Í greinargerð með frumvarpinu er skilgreint að ákvæði greinarinnar fjalli um svokölluð „force majeure“ tilvik en nefndin telur rétt að þetta komi skýrt fram í lagatextanum. Hugtakið „force majeure“ merkir ytri atvik sem ekki verða séð fyrir og ekki er unnt að koma í veg fyrir þótt gerðar séu eðlilegar öryggisráðstafanir, t.d. náttúruhamfarir.

Í fjórða lagi: Lagt er til að heimildir ráðherra sem víða er að finna í frumvarpinu til setningar reglugerða, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, verði sameinaðar og settar fram í einni grein.

Í fimmta lagi er loks lagt til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein sem breyti ákvæðum 52. gr. laganna um lágmarkshvíldartíma. Hér er rétt að taka fram, hæstv. forseti, að þessi síðasta breyting tengist hinni almennu vinnutímatilskipun Evrópusambandsins sem aðilar vinnumarkaðarins náðu samkomulagi um útfærslu á fyrr á þessum vetri.

Í 52. gr. er gert ráð fyrir að vinnutíma skuli hagað þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 10 klukkustunda samfellda hvíld. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er hins vegar gert ráð fyrir 11 klukkustunda lágmarkshvíld á hverjum sólarhring. Í júní 1996 samþykktu íslensk stjórnvöld að tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104, um ákveðna þætti er varða skipulag og vinnutíma, yrði bætt við EES-samninginn. Helstu samtök atvinnurekenda og launafólks hafa þegar undirritað samkomulag um skipan vinnu- og hvíldartíma. Því er ekki talið nauðsynlegt að svo stöddu að breyta öðrum ákvæðum laganna en ákvæðinu um lágmarkshvíldartíma, en eitt

af grundvallaratriðum tilskipunarinnar er ákvæðið um 11 klukkustunda lágmarkshvíld.

Eins og ég nefndi áðan undirrita allir nefndarmenn þetta nefndarálit en nokkrir hafa fyrirvara á og munu nefndarmenn væntanlega gera grein fyrir þeim fyrirvara í umræðunni.

[20:41]

Útbýting þingskjala:

Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., 613. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 1189.

Framleiðsla og sala á búvörum, 479. mál, brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1196.

Lánasjóður landbúnaðarins, 424. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1194; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1195.

Vörugjald af olíu, 612. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1184.

[20:42]

Magnús Stefánsson:

Herra forseti. Það frv. sem er til umræðu er til staðfestingar á tilskipun Evrópusambandsins um vinnutíma barna og ungmenna. Sem aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði höfum við skuldbundið okkur til að löggilda þessa tilskipun sem og aðrar af sama meiði.

Almennt um þær tilskipanir Evrópusambandsins sem Alþingi lögbindur vegna aðildar Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði þá tel ég að við eigum að gæta þess að ganga ekki lengra en þörf er á í þeim efnum og túlka ekki tilskipanir þrengra en efni standa til þannig að okkar þjóðfélag verði ekki látið búa við afmarkaðri reglur og jafnvel meiri hömlur en þörf er á. Mér hefur fundist gæta nokkurrar tilhneigingar í þá átt í ýmsum málum þar sem Alþingi hefur verið að festa tilskipanir Evrópusambandsins í íslensk lög. Ábendingar komu einmitt fram í þá veru í umfjöllun félmn. um frv. sem nú er til umræðu.

Hvað varðar frv. þá skrifaði ég undir nál. félmn. með fyrirvara eins og fram kemur á þskj. og vil ég gera fyrir mína hönd örlitla grein fyrir þeim fyrirvörum. Þeir eru nokkuð almenns eðlis en fyrst og fremst sýnist mér mjög margt óljóst varðandi framkvæmd þeirra mála sem frv. fjallar um og við umfjöllun um málið í þingnefndinni fékk ég ekki sannfæringu fyrir því að við séum að gera rétt í að lögfesta frv. eins og það liggur fyrir. Frv. gerir ráð fyrir að setja eigi hinar ýmsu reglur um framkvæmd laganna eftir lögfestingu frv. án þess að þingið setji um það skýrar línur hvernig það skuli gert. Valdið er einfaldlega framselt stofnunum og embættismönnum utan þingsins. Það hlýtur að orka tvímælis að þetta sé gert á þann hátt sem hér um ræðir.

Þjóðfélag okkar hefur öðrum þræði einkennst af því gegnum tíðina að börn og ungmenni hafi tekið þátt í atvinnulífi og ýmissi starfsemi á margvíslegan hátt. Við höfum almennt talið það til bóta fyrir ungt fólk að öðlast reynslu í atvinnulífi og starfsemi þjóðfélagsins á ýmsum sviðum. Til dæmis hygg ég að flestir hv. þingmenn hafi þá reynslu að hafa stundað einhverja atvinnu á unglingsárum, unnið í fiski, við landbúnaðarstörf, borið út blöð, selt merki og gætt barna yfir sumartímann. Sérstaklega er þetta einkennandi víða úti á landsbyggðinni. En samkvæmt frv. eru reistar nokkrar skorður við þessu öllu saman.

Tilskipun Evrópusambandsins byggir að mínu mati á allt öðrum þjóðfélagslegum forsendum en við búum við og höfum gert. Víða í Evrópu er glímt við mikið atvinnuleysi o.s.frv. og því má álykta að tilskipunin sé m.a. tilkomin til að minnka atvinnuleysi þeirra sem eru komnir yfir unglingsaldur.

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki að mæla með því að börn og unglingar séu látnir þræla við erfiða vinnu. Hins vegar tel ég að sú hætta sé fyrir hendi að lögleiðing þessa frv. muni leiða til þjóðfélagsbreytinga hér á landi sem felast í því að börn og ungmenni verði útilokuð frá því að taka þátt í ýmiss konar starfsemi sem hingað til hefur þótt sjálfsagt og eðlilegt í þjóðfélaginu og alls ekki verið til nokkurs skaða fyrir okkar unga fólk. Almennt gerir frv. ráð fyrir því að vinna barna verði bönnuð. Hins vegar er opnað fyrir óskilgreindar undanþágur frá þessari meginreglu. Til dæmis er óljóst hvort börn megi bera út blöð, selja merki o.s.frv. Slíkt má aðeins með sérstakri undanþágu.

Sama má segja um það t.d. að alls óljóst er hvort ungmenni megi starfa við sjómennsku af einhverju tagi. Veita þarf undanþágu frá lögunum til að slíkt verði heimilt.

Eitt dæmi enn vil ég nefna en ég túlka ákvæði frv. sem svo að unglingar yngri en 13 ára eða réttara sagt börn megi ekki annast barnagæslu sem hefur verið mjög algeng um langan tíma. Hér á ég fyrst og fremst við barnapössun sem þekkt er um land allt þegar unglingar gæta barna hluta úr degi t.d. yfir sumartímann. Samkvæmt ákvæðum frv. þarf að koma til sérstök undanþága í einhverjum reglum sem setja þarf eftir að þetta frv. verður að lögum.

Ég hef dregið fram örfá atriði sem gera það að verkum að ég skrifa undir nál. félmn. með fyrirvara. Ýmis fleiri dæmi mætti nefna í þessu sambandi. Mér finnst allt of margt vera óljóst í málinu og tel að með lögfestingu frv. felist ákveðin hætta á miklum hömlum gegn atvinnuþátttöku barna og ungmenna sem er þeim nauðsynleg og ekki síður nauðsynleg okkar þjóðfélagi almennt. Hins vegar er ýmislegt jákvætt í frv., t.d. það að settar verði skorður hvað varðar vinnutíma barna og ungmenna sem hefur í mörgum tilfellum verið óhóflegur og ekki til samræmis við hagsmuni viðkomandi einstaklinga. Þá má einnig segja að frv. komi í veg fyrir hugsanlega misnotkun barna og ungmenna til vinnu. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt og nauðsynlegt að slíkt verði gert.

Herra forseti. Ég hef í nokkrum orðum gert grein fyrir því af hverju ég hef kosið að skrifa undir nál. með fyrirvara og vona ég að það upplýsi nokkuð um ástæður þess.

[20:48]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil að það komi fram við þetta tækifæri, sem ég hef í andsvari, að ég deili ekki skoðunum hv. þm. Magnúsar Stefánssonar. Ég tel að þetta frv. sé mjög til bóta og það verndi sjálfsögð réttindi einstaklinga undir 18 ára, þ.e. barna og unglinga. Sú grein sem var kannski mest rædd í frv. og mönnum þótti erfiðust var 4. gr. þar sem segir að óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem er unnin við tilteknar aðstæður og dregnar eru fram mjög alvarlegar aðstæður sem eru t.d. taldar ofvaxnar líkamlegu eða andlegu atgervi barna og geti valdið varanlegu heilsutjóni o.s.frv. Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja reglugerð til að uppfylla þessar kröfur eftir að stjórn Vinnueftirlitsins hefur komið með ábendingar.

Það eru hérna ýmis mjög góð ákvæði eins og að þessir einstaklingar eigi að fá minnst 14 tíma hvíld á sólarhring o.s.frv. Mér finnst þetta ekkert mjög óljóst frv. og við erum aðilar að EES. Þess vegna var nauðsynlegt að setja þessi lög. Það er alveg ljóst að ef við hefðum ekki gert það, þá hefðum

við þess vegna þurft að segja okkur úr EES, sem ég held að sé nú ekki meiningin þannig að ég vil að það komi skýrt fram að ég tel að þessi löggjöf sem við erum að staðfesta sé mjög til bóta og alveg sjálfsögð til þess að vernda okkar börn og unglinga.

[20:49]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Orð félaga míns og hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur hafa í rauninni ekki breytt afstöðu minni. Ég tel að allt of margt sé óljóst í þessu sambandi. Hún kom inn á það að ráðherra þurfi að setja reglugerðir samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins og það sýnir kannski líka hvað er margt óljóst í málinu þannig að ég tel að það standi alveg sem ég hef sagt.

Hvað varðar Evrópska efnahagssvæðið, þá er það rétt að þetta er tilskipun sem við þurfum að lögfesta. En það sem ég sagði í ræðu minni var að við þurfum að varast að túlka þær tilskipanir þrengri en efni standa til. Og ég hef ekki sannfæringu fyrir því að við höfum sloppið frá því í þessu efni.

[20:50]

Siv Friðleifsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ráðherra á að setja reglugerð. En hins vegar er það ekki mjög óljóst í mínum huga hvernig það er gert vegna þess að í þessum lagatexta kemur mjög skýrt fram við hvað ráðherrann á að styðjast þegar reglugerð verður sett. Það eru því alveg ákveðnar línur sem ráðherrann verður að fara eftir og kemst ekkert fram hjá. Þau lög sem við erum að setja eru mjög afdráttarlaus varðandi þær reglur sem verða settar þannig að í mínum huga er þetta mjög skýrt.

[20:51]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég er ein þeirra þingmanna sem skrifa undir nál. félmn. með fyrirvara en eins og mun skýrast í máli mínu á eftir, þá er það tilkomið af allt öðrum ástæðum en þeim sem hv. þm. Magnús Stefánsson nefndi til sögunnar sem ástæðu fyrir sínum fyrirvara.

Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. skuli loksins vera komið hingað til umræðu en eins og fram hefur komið, þá snýst málið um lögleiðingu á tilskipun ESB um vinnuvernd barna og ungmenna. Á meðan á meðferð málsins í hv. félmn. stóð var farið fram á það af hálfu meiri hlutans að bætt yrði við ákvæði um vinnutíma vegna vinnutímatilskipunar ESB og er það gert í því frv. sem nú liggur fyrir, þ.e. þeim brtt. sem fyrir liggja. Eins og fram kom í áliti nefndarinnar kom fjöldi manns á fund hennar og nokkrir aðilar skiluðu auk þess skriflegri umsögn um málið. Það er þó rétt að vekja athygli á því strax í upphafi að þeir utanaðkomandi aðilar sem skiluðu umsögnum eða komu fyrir nefndina vegna málsins voru aðeins beðnir um að tjá sig um lögleiðingu tilskipunarinnar um vinnuvernd barna og ungmenna en ekki um lögleiðingu tilskipunarinnar um vinnutíma. Þær umsagnir sem fyrir liggja varða því ekki þá brtt. nefndarinnar að breyta ákvæði laganna um lágmarkshvíldartíma sem er byggt á vinnutímatilskipuninni.

Það er fagnaðarefni að þetta frv. skuli loksins vera komið fyrir hið háa Alþingi vegna þess að við erum fyrir löngu komin í skömm hvað varðar lögleiðingu beggja þessara tilskipana sem frv. byggir á. Aðra þeirra átti að lögleiða í júní 1996, hina í desember 1996.

Við Íslendingar höfum því miður ekki verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar að þessu leyti, enda virðumst við ætla að slá öll met hvað varðar kærur vegna framkvæmdar EES-samningsins. Það er einhvern veginn svo að það virðist falla okkur betur að skuldbinda okkur með því að undirrita alþjóðlega samninga en standa síðan við skuldbindingarnar sem þær fela í sér og felast m.a. í því að aðlaga löggjöf okkar að þeim og því miður hefur málsmeðferðin í þessu máli borið keim þessa leiðindaávana.

Það má líka vekja athygli á og minna á það að saga þessara tilskipana, einkum saga vinnutímatilskipunarinnar er orðin erfið og löng og get ég nefnt það sem dæmi að samtök launafólks þurftu að berjast fyrir því mjög lengi að fá það viðurkennt að fullgilding tilskipunarinnar um vinnutíma væri *hluti af skuldbindingum Íslands vegna EES-samningsins*. Þar stóðu atvinnurekendur í vegi og nutu til þess tilstyrks stjórnvalda lengi vel. En ég tel bæði þessi mál vera þess eðlis að þau séu mjög til bóta fyrir íslenskt launafólk og því fagna ég tilkomu þeirra.

Í nál. er það rakið að nefndin hafi rætt ákvæði frv. um að óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra og vinnu sem stofnað geti heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda, hávaða, hita eða titrings. Í meðförum nefndarinnar komu fram miklar efasemdir um þetta ákvæði og reyndar einkum af hálfu stjórnarliðanna í nefndinni er töldu ákvæðið bjóða upp á mun þrengri túlkun en sjálf tilskipunin gerði ráð fyrir og þess vegna var fallist á það af hálfu nefndarinnar að setja fram brtt. sem legði áherslu á að þarna ætti að vera um óvenjumikinn hita, kulda o.s.frv. að ræða.

Efasemdir stjórnarliðanna í hv. félmn. gengu út á það fyrst og fremst að hætta væri á því að við Íslendingar værum að ganga mun lengra en ástæða væri til við túlkun á tilskipuninni. Það væri hætta á því að ákvæði frv. væru túlkuð þannig að þau mundu útiloka ungmenni í óeðlilega miklum mæli frá vinnu. Ekki síst komu fram athugasemdir um hæfni Vinnueftirlitsins til að meta það hvenær vinna gæti fallið undir þessa skilgreiningu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, eins og hér hefur reyndar verið rakið, að ráðherra setji reglur um framkvæmd greinarinnar að fengnum tillögum Vinnueftirlits ríkisins. Undirrituð var í hópi þeirra nefndarmanna sem töldu þessar áhyggjur fullkomlega óþarfar, enda sé Vinnueftirlit ríkisins best til þess fallið að meta álag eða áhættu sem fylgir vinnu, enda þekki ég ekki aðra stofnun eða annan stað á Íslandi þar sem saman er komin meiri sérþekking varðandi slíka þætti en einmitt hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Það var m.a. af þessum ástæðum og vegna þessarar gagnrýni að farin var sú leið í nál. að setja fyrirvara í álitið þess efnis að nefndin telji rétt að þegar settar verði nánari reglur um þessi atriði, væru ákvæðin m.a. skýrð svo að t.d. öll almenn vinna ungmenna í frystihúsum og almenn byggingarvinna geti ekki talist vinna sem felur í sér hættu fyrir heilsu ungmenna. Ég tel slíkan fyrirvara ekki standast efnislega hreint út sagt, og vil að það komi skýrt fram hér, að að mínu mati stenst slíkur fyrirvari ekki. Einfaldlega er ekki hægt að setja svo almennan fyrirvara við efni tilskipunarinnar.

(**Forseti** (GÁ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann vildi fresta ræðu sinni um stund meðan hann freistaði þess að ná fram afbrigðum sem hann þarf að ná hér.)

Sjálfsagt, herra forseti, að verða við því.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [21:01]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1179. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

[21:01]

Bryndís Hlöðversdóttir (frh.):

Herra forseti. Ég var komin þar í ræðu minni að rekja það ákvæði frv. sem hvað mestur ágreiningur hefur verið um í hv. félmn. þar sem það er sagt að óheimilt sé að ráða ungmenni til vinnu sem talin er ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra og vinnu sem stofnað geti heilslu þeirra í hættu vegna mikils hita, kulda, hávaða eða titrings. Til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem einkum kom úr röðum stjórnarliða var m.a. farin sú leið í nefndaráliti að setja fyrirvara þess efnis að nefndin telji rétt að þegar settar verði nánari reglur um þessi atriði verði ákvæðin m.a. skýrð svo að t.d. öll almenn vinna ungmenna í frystihúsum og byggingarvinna geti ekki talist vinna sem feli í sér hættu fyrir heilsu ungmenna.

Ég rakti það að ég tel slíkan efnislegan fyrirvara, slíkan almennan opinn efnislegan fyrirvara, tæplega standast og tel það einfaldlega ekki standast gagnvart skýrum ákvæðum laganna og tilskipunarinnar sjálfrar að setja svo almennan fyrirvara. Ég lít því svo á að ráðherra og Vinnueftirlit ríkisins sem m.a. er falið að móta þessar reglur yrði ekki bundið af þessum fyrirvara.

Það má nefna sem dæmi hér vinnu við naglhreinsun í byggingarvinnu eða mótauppslátt. Ég vil taka slíka vinnu sem dæmi því að þótt slík vinna geti talist algeng byggingarvinna sem ungmenni hafa gjarnan verið í hingað til, þá er einnig ljóst að hún getur hæglega verið þess eðlis að hún falli undir það ákvæði laganna sem kveður á um bann við vinnu ungmenna sem er talin ofvaxin líkamlegu atgervi þeirra eða stofna heilsu þeirra í hættu vegna mikils kulda.

Einnig get ég líka nefnt sem dæmi frystihúsavinnu sem á sama hátt gæti fallið undir 4. gr. frv. jafnvel þótt um almenna frystihúsavinnu sé að ræða og þá hlyti að vera ljóst að fyrirvarinn í nefndarálitinu má sín lítils gagnvart ákvæði laganna eða tilskipunarinnar þegar á hólminn er komið. Þess vegna vil ég ítreka það að ég geri fyrirvara um að Alþingi geti talið sig vera að lögleiða efni tilskipunarinnar á viðhlítandi hátt en verið um leið að setja almennan fyrirvara um það eitt að eitt ákvæði hennar geti ekki átt við um tvær tilteknar starfsgreinar. Þetta tel ég einfaldlega ekki standast.

Í öðru lagi skrifa ég undir með fyrirvara vegna þess að í meðferð nefndarinnar var sett inn ákvæði um breytingu á 52. gr. laganna og er ástæða breytingarinnar sögð vera lögleiðing vinnutímatilskipunarinnar. Þessi breyting kom inn í nefndina og í meðferð málsins á síðustu stigum þess og var því ekki til umræðu þegar umsagnir voru gefnar um málið, en í nefndaráliti segir um þessa breytingu, með leyfi forseta:

„Loks er lagt til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein sem breyti ákvæðum 52. gr. laganna um lágmarkshvíldartíma. Í 52. gr. er gert ráð fyrir að vinnutíma skuli hagað þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 10 klukkustunda samfellda hvíld. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er hins vegar gert ráð fyrir 11 klukkustunda lágmarkshvíld á hverjum sólarhring. Í júní 1996 samþykktu íslensk stjórnvöld að tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/104, um ákveðna þætti er varða skipulag og vinnutíma, yrði bætt við EES-samninginn. Helstu samtök atvinnurekenda og launafólks hafa þegar undirritað samkomulag um skipan vinnu- og hvíldartíma. Því er ekki talið nauðsynlegt að svo stöddu að breyta öðrum ákvæðum laganna en ákvæðinu um lágmarkshvíldartíma, en eitt af grundvallaratriðum tilskipunarinnar er ákvæðið um 11 klukkustunda lágmarkshvíld."

Nú er það alveg rétt sem þarna segir að nauðsynlegt er að breyta lögum til viðbótar þeim samningi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert um skipan vinnu- og hvíldartíma en hitt er annað að þau atriði ná til mun fleiri ákvæða laganna en þessa eina um lágmarkshvíldartíma. Samningarnir vísa til stjórnvaldsaðgerða og geta því ekki staðið einir. Í nefndaráliti er sagt að ekki sé nauðsynlegt „að svo stöddu" að breyta öðrum ákvæðum laganna en ákvæðinu um lágmarkshvíldartíma en enn hef ég ekki fengið viðhlítandi skýringu á því hvers vegna sú leið er farin hér að taka þetta eina ákvæði út. Það er rétt að minna á í þessu samhengi að Íslendingar áttu að vera búnir að lögleiða tilskipun um vinnutíma þann 6. desember 1996 og það hljómar því sérkennilega að ekki sé ástæða til að gera nauðsynlegar lagabreytingar að svo stöddu. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef m.a. frá nefndarmanni í undirbúningsnefnd EES-samningsins eru mun fleiri atriði sem þarf að breyta og enginn frestur hefur verið gefinn þar um.

Sem dæmi um slík atriði má nefna ýmsar skilgreiningar sem samningurinn byggir á og þyrftu að fá lagastoð til þess að samningurinn stæðist sem slíkur. Það þarf að koma inn ákvæði um vikulegan hvíldartíma sem er alveg jafnmikilvægt og þetta ákvæði sem hér er verið að leggja til að sé sett inn. Það þarf a.m.k. að skerpa verulega á því. Hvergi er til ákvæði um hámarksmeðalvinnutíma á viku sem tilskipunin gerir ráð fyrir og samningurinn gerir ráð fyrir að þurfi að vera í lögunum til þess að hafa viðhlítandi gildi. Þessi atriði eru ekkert minna mikilvæg heldur en það sem hér er lagt til að sé sett inn í lög.

Ég vil líka vekja athygli á því að tilvist þessa ákvæðis er undarleg ekki síst með tilliti til þess á hvaða stigi málið er í vinnslu. En ég vil geta þess að þegar málið kom fyrir hv. félmn. voru gefnar þær skýringar að þarna væri um að ræða atriði sem þyrfti nauðsynlega að fara í gegn strax vegna tilskipunarinnar um vinnutíma. Ég tel að nefndarmenn hafi ekki í raun og veru gefið sér tækifæri til þess að skoða málið nægilega ofan í kjölinn, þessa lagasetningu sem varðar vinnutímatilskipunina, enda var það atriði ekki sent til umsagnar eins og ég rakti hér í upphafi. Málið er í vinnslu hjá samráðsnefnd félmrn. um EES-samninginn. Þessi nefnd hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda eða taka eiga gildi á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin á að vera ráðgefandi við mótun afstöðu íslenskra stjórnvalda til reglna á sviði félagsmála og við eftirlit með framkvæmd félagslega þáttar samningsins ef frá er talinn sá þáttur sem sérstaklega varðar frjálsa för launafólks.

Á milli ráðuneytisins og fulltrúanna í nefndinni hafa farið fram á undanförnum mánuðum bréfaskipti vegna vinnutímatilskipunarinnar og lögleiðingar hennar ásamt því að ráðuneytinu hafa verið sendir samningarnir þrír sem gerðir hafa verið um vinnutíma. Þetta eru alls þrír samningar. En hvað þessi bréfaskipti varðar, þá tel ég rétt að grípa aðeins ofan í þau til þess að skýra mál mitt frekar. Þar er í fyrsta lagi um að ræða bréf sem dagsett er 30. desember 1996 og er stílað á félmrh. en undir það skrifa forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Vinnuveitendasambands Íslands. Í þessu bréfi vekja samtökin bæði athygli ráðherra á að ákvæði tilskipunarinnar um vinnutíma ganga í nokkrum greinum lengra en

lögin um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, einkum hvað varðar hvíldartíma og frítíma og benda á að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum þessara laga og bjóða fram samstarf sitt og aðstoð í þeim efnum.

Annað bréfið sem ég vildi vitna til er svo bréf sem félmrn. hefur skrifað til þessara sömu aðila um sama efni og þar segir m.a. í lok bréfsins:

„Með vísan til niðurstöðu umræðna um nánari útfærslu á framkvæmd tilskipunarinnar í samráðsnefnd um framkvæmd reglna á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu hefur ráðuneytið ákveðið að gefa helstu samtökum aðila vinnumarkaðarins kost á að setja fram tillögur um breytingar á lögunum nr. 46/1980. Nauðsynlegt er að tillögurnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. júní nk."

En eins og við gerum okkur öll grein fyrir er 1. júní ekki enn þá kominn. Aftur er sent bréf sem er undirritað af forustumönnum fleiri samtaka launafólks og einnig fleiri forsvarsmönnum atvinnurekenda þar sem eru viðbrögð við þessu bréfi. Þeir samningar sem þegar hafa verið undirritaðir eru sendir til ráðuneytisins og síðan skerpt á því í lokin að aðilar samningsins munu á næstu vikum gera ráðherra grein fyrir því hvaða efnislegu breytingar þeir telja að gera þurfi á lögunum nr. 46/1980 af þessu tilefni og lýsa sig reiðubúna til samstarfs og ráðgjafar. Þetta bréf er dags. 23. janúar 1997.

Staðan er því þannig í dag að þeir aðilar sem eiga fulltrúa í samráðsnefndinni eru nú að vinna að tillögum um lögleiðingu tilskipunarinnar og munu skila þeim tillögum þann 1. júní nk. og hafa eftir því sem ég best veit ekki hugmynd um að á sama tíma og þeir eru að smíða sínar tillögur, þá sé ráðuneytið að smíða lagagrein um sama efni. Alla vega taladi ég um einn fulltrúa úr nefndinni sem hafði talað við annan fulltrúa sem ekki hefði haft hugmynd um þessa vinnu.

Ég vil líka geta þess að ég fór fram á það í fyrri viku þegar taka átti þetta mál á dagskrá í þinginu að hæstv. félmrh. væri á staðnum þegar umræðan færi fram. Og það var ekki síst vegna þessa ákvæðis að ég vildi heyra skýringar hans á þessari breytingu frv. á síðustu stundu. Hæstv. ráðherra hafði samband við mig skömmu síðar og greindi frá því að hann ætti þess ekki kost að vera hér við umræðurnar en vildi svara fyrirspurnum mínum persónulega. Hann skýrði þessar brtt. svo að það liggi ljóst fyrir að enginn ágreiningur sé um þetta tiltekna atriði og því hafi það verið sett inn í þetta frv.

Ég vil líka ítreka það að þarna er um að ræða atriði sem er launafólki til hagsbóta þannig að ég tel alls ekki að það sé í sjálfu sér skaði þannig séð að lögleiðingu þessa ákvæðis núna. En ég get ekki annað en sagt að ég tel þessa aðferð mjög óeðlilega og geri þess vegna fyrirvara m.a. við nefndarálitið. Ég hefði talið eðlilegra að bíða með öll þau atriði sem gera þarf breytingar um og að það hefði verið gert í samráði við samráðsnefnd félmrn. eins og reglur gera ráð fyrir því að það er hinn eðlilegi farvegur málsins þótt breytingin sem hér er gerð sé væntanlega ekki mikið ágreiningsefni. En ég held að fleiri atriði séu þarna inni sem ekki sé beinlínis ágreiningsefni um túlkun á og þess vegna hefði verið eðlilegt að gera þetta allt í einu.

Ég vil ítreka að það er jafnmikilvægt að hraða meðferð þessa máls mjög hvað varðar afganginn af vinnutímatilskipuninni vegna þess að við erum að mínu mati í jafnmikilli skömm með málið hvort sem við lögleiðum eitt atriði tilskipunarinnar og skiljum hin eftir eða hvort við skiljum þau öll eftir vegna þess að eftir stendur sú staðreynd að vinnutímatilskipun ESB hefur ekki verið tekin upp í íslensk lög svo að fullnægjandi sé.

[21:15]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er gott mál. Ég mun ekki hafa langa ræðu um það en vil leggja nokkur orð í belg varðandi afgreiðslu þess eftir þá yfirferð sem við höfum átt um þetta mál í félmn.

Mig langar fyrst að nefna það varðandi frv. sjálft sem er mjög athyglisvert að hér er sett í lagagrein hver merkingin barn og unglingur er. Unglingur merkir í lögum þessum einstakling sem er minnst 15 ára að aldri en hefur ekki náð 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi. Það er staðreynd sem blasir við að í þeim sáttmálum sem við höfum gerst aðilar að á allra síðustu árum er skilgreiningin á barni slík og því er mjög eðlilegt að Alþingi geri þá breytingu sem nú hefur náðst sátt um í allshn. að unglingur verði lögráða 18 ára. Um það höfum við tekið umræðu hér í þessum sal nokkrum sinnum og ekki verið sátt um það fram að þessu.

Það var mjög athyglisverð umræða um þetta mál í félmn. eins og hefur verið drepið á af hálfu þeirra sem þegar hafa talað hér á undan mér. Varðandi 4. gr., þar sem verið er að skilgreina vinnu sem talið er að óheimilt eigi að vera að ráða ungmenni til, komu upp miklar vangaveltur um hver ætti að meta það sem sneri að einstaklingnum, hver ætti að meta atgervi hans og hvort það gæti verið einstaklingsbundið til hvaða vinnu unglingur væri ráðinn miðað við ákvæði greinarinnar. Auðvitað er það svo að þessi tilskipun snýr að vinnuvernd, hún snýr að vernd barna og ungmenna að þessu leyti og hún er mikið framfaraspor, líka í okkar þjóðfélagi. En við gerum okkur grein fyrir því að helst þyrfti að vera slík löggjöf í öllum löndum heims, ekki síst þar sem barnaþrælkun viðgengst og sumar af þeim vörum sem við kaupum, glæsilegum vörum með fínum merkjum, eru unnar af börnum á löngum vinnudegi.

Það var hins vegar fróðlegt að gera sér grein fyrir hvað við fulltrúar í félmn. litum þessi mál ólíkum augum. Þannig var nokkuð um það að karlmennirnir í hópnum litu á það fræknisaugum að hafa e.t.v. farið til sjós 13 ára eða unnið aðra erfiðisvinnu og það var greinilegt að það að hafa snemma farið í karlmennskustörf var vottur um karlmennsku. Og meðan við vorum upptekin af því, jafnvel þótt í okkar hópi þekktist það að hafa farið í einhver slík störf eins og rækjuvinnslu og síðan frystihús á unglingsárum, þá var það miklu frekar að konurnar í hópnum vildu festa í sessi hin verndandi sjónarmið og að börn ættu að vera búin að ná ákveðinni líkamsbyggingu og hreysti áður en þau færu í átakavinnu. Þannig virtist nokkur eftirsjá að því fyrir suma nefndarmenn að synir þeirra ættu ekki kost á þeirri karlmennskureynslu sem einkenndi uppvöxt feðranna.

Það er athyglisvert að staldra við þetta, virðulegi forseti, vegna þess að þetta segir okkur kannski nokkuð um á hvaða siglingu þjóðfélag okkar er inn í gerbreyttar aðstæður og hversu mjög er þörf á breyttum hugsunargangi varðandi vinnu, varðandi börnin, unglingana, tæknina og það að tileinka sér hana og hvaða veganesti börn og unglingar þurfa til þess að eiga möguleika á þessum vinnumarkaði heimsins sem í raun og veru er vinnumarkaður okkar nú.

Ég vil líka geta þess varðandi 5. gr. að ærið rúm undanþáguákvæði er að finna í lögunum og að bæði hvað varðar undanþáguákvæði sem og harða skilmála er Vinnueftirlitinu ætlað að setja reglur sem skýra hvernig staðan gagnvart

unglingum er. Þannig er t.d. í 8. gr. að heimilt er í óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað að víkja frá ákvæðum laga þessara um vinnutíma, næturvinnu og hvíldartíma unglinga að því tilskildu að um sé að ræða tímabundna vinnu sem þolir enga bið. Um þetta varð sjálfsögðu mikil umræða í nefndinni. Þess vegna er það að í nefndaráliti félmn. er það sérstaklega tekið fram varðandi 8. gr. að skilgreint er hvað átt er við með óviðráðanlegum tilvikum sem atvinnurekandi fær ekki stjórnað og að í greinargerð með frv. er skilgreint að ákvæði greinarinnar fjalli um svokölluð „force majeure" tilvik, en nefndin telur rétt að þetta komi skýrt fram í lagatextanum. Og það að grípa til þeirrar skilgreiningar og árétta það í nefndaráliti segir okkur að það þurfa að vera talsvert óviðráðanleg tilvik sem réttlæta það að vikið sé frá ákvæðum tilskipunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef getið um það sem er meginmál frv. og það er skilgreiningin varðandi vinnutíma barna og ungmenna, að börn eru einstaklingar undir 15 ára aldri eða eru í skyldunámi sem felur í sér t.d. að einstaklingur sem er 16 ára og enn í skyldunámi telst barn samkvæmt reglum frv.

Í nefndarálitinu segir að nefndin telji rétt að þegar settar verða nánari reglur um þessi atriði verði ákvæðin meðal annars skýrð svo að öll almenn vinna ungmenna í frystihúsum og byggingarvinna geti ekki talist vinna sem stofnað geti heilsu ungmenna í hættu. Minn fyrirvari er varðandi ákvæði sem ég kem að síðar og hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir hefur bent á, en líka varðandi það að ég er ekki sammála því að við gefum forskrift til Vinnueftirlitsins hvað þetta varðar. Almenn vinna ungmenna í frystihúsum og byggingarvinna er svo víðtæk að það er erfitt að átta sig á hvað við erum að opna þar og ég tel í raun og veru eðlilegra að Vinnueftirlit ríkisins móti reglurnar á grundvelli lagatextans, svo ítarlegur sem hann er, og sé það þannig að eitthvað sem væri hægt að skilgreina sem almenna byggingarvinnu falli ekki undir ákvæði textans, þá tel ég að Vinnueftirlitið eigi að bera ábyrgð á því að setja þær reglur.

Virðulegi forseti. Meginástæðan fyrir því að ég var með fyrirvara við textann er þó þetta nýja ákvæði sem sett var inn á lokastigi vinnunnar. Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur komið fram í máli Bryndísar Hlöðversdóttur sem hefur svo ágætlega skýrt tilurð þessa en við í nefndinni tókum því svo að samkomulag væri um það milli allra hlutaðeigandi að breyta þessu ákvæði um hvíldartímann og að ekki þyrfti lagabreytingar vegna annarra þátta í samkomulaginu um vinnutímatilskipunina. Og það má alveg gagnrýna það að eftir að beiðni kom til okkar um að taka þetta ákvæði inn í afgreiðslu nefndarinnar hefðum við e.t.v. átt að kalla til fulltrúa aðila vinnumarkaðarins til þess að fara yfir það í hverju samkomulagið fólst nákvæmlega og hverju af því sem þar væri þyrfti e.t.v. að koma í lög. Það gerðum við ekki. Mál þetta er greinilega öðruvísi vaxið en við töldum. Ég styð að sjálfsögðu ákvæði um 11 tíma hvíldartíma en tek undir gagnrýni á það á hvern hátt málið var borið inn í nefndina og tel að við séum öll því sama marki brennd að hafa talið að þetta væri samkomulagsatriði og ekki stæði til að færa annað í lög.

Virðulegi forseti. Viðhorfið í nefndinni hefur komið ágætlega fram í umfjöllun hér. Ég ætla þó að leyfa mér að nefna örfá atriði sem komu fram hjá skólafólki, m.a. að þetta væri mjög gott frv. vegna þess að vinna nemenda væri orðin of mikil í dag. Vinna nemenda í framhaldsskólum minnkaði á tímabili vegna atvinnuleysisins en það hefur komið upp sveifla á ný. Það er orðið algengara að ungmenni séu að vinna með skóla. Mörg eru í vinnu 2–3 tíma hvern dag og um helgar og þetta hefur áhrif á brottfall nemenda úr skólum. Ekki er alltaf nauðsynlegt í dag fyrir nemendur að vera í vinnu. Að mati þess skólafólks sem kom á fund nefndarinnar eru fá tilfelli þar sem nemendur eru að vinna vegna erfiðra heimilisástæðna. Annar hópur og miklu stærri er sá sem er að vinna til þess að halda uppi góðum vasapeningi og þetta er allt annar hópur heldur en sá sem fellur út fyrir það að hann er hvorki að læra né vinna né í íþrótta- og tómstundastarfi, sem er enn annar hópur og hópur til að hafa áhyggjur af.

Það kom líka skýrt fram og undir það vil ég taka að skólinn er vinna. Nám er vinna og það er mjög mikilvægt að börn og unglingar geri sér grein fyrir því strax í framhaldsskólanum og jafnvel fyrr að nám er mjög mikilvæg vinna vegna þess að í gjörbreyttu þjóðfélagi mun það velta á því hvernig þau hafa tekið á náminu, hvernig þau munu fóta sig í þjóðfélagi framtíðarinnar og það er mjög mikilvægt að við komum þessum skilaboðum skýrt til skila.

Það hefur líka verið bent á að börn og unglingar vinna mjög langan vinnudag og að t.d. á veitingahúsamarkaðinum er mikil krafa um ódýrt vinnuafl sem unglingarnir þykja vera.

Virðulegi forseti. Það var góð umfjöllun um þetta mál í nefndinni að öðru leyti en því sem sneri að þessari nýju brtt. Ég endurtek það að mér finnst þetta gott mál. Ég er mjög ánægð með að við Íslendingar erum að festa í lög að ekki er heimilt að ráða börn og unglinga til hvaða vinnu sem er og ég fagna því að við séum hér á þessu kvöldi að ljúka 2. umr. um þetta mikilvæga mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 315. mál. — Þskj. 576.

[21:28]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu um könnun á áhrifum breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010. Flutningsmenn auk mín eru Gunnlaugur M. Sigmundsson, Ólafur Örn Haraldsson, Hjálmar Árnason og Magnús Stefánsson. Þáltill. er eftirfarandi:

„Alþingi skorar á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna- og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Nefndin skili áliti innan árs."

Frá árinu 1970 til 1995 fjölgaði Íslendingum 65 ára og eldri úr 5,9% þjóðarinnar í 11,3%. 1970 voru íbúar landsins um 205 þús., þar af íbúar sem voru 65 ára og eldri 18.100. Árið 1995 voru íbúar landsins 268 þús., þar af íbúar sem voru 65 ára og eldri 30.540 Í spá, sem gerð hefur verið um hlutfall þessa aldurshóps til ársins 2030, kemur fram að veruleg fjölgun verður frá árinu 2010 og árið 2030 verður þetta hlutfall orðið 19%. Spá Hagstofu Íslands fyrir árið 2030 gerir ráð fyrir að íbúar þjóðarinnar verði þá um 320 þúsund, þar af íbúar sem eru 65 ára og eldri 60.377. Þessi fjölgun hefur miklar þjóðfélagsbreytingar í för með sér. Ætla má

að kostnaður heilbrigðiskerfisins aukist verulega og útgjöld vegna eftirlauna og lífeyris hækki umtalsvert. Þetta leiðir til þess að færri vinnandi hendur standa undir velferðarkerfinu.

Um leið og við gleðjumst yfir því að sífellt fleiri ná háum aldri vegna betri aðbúnaðar og framfara í læknavísindum er umræðan nauðsynleg um breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar og hvernig við eigum að mæta þessari þróun þegar horft er til framtíðar. Enginn má misskilja þessa þáltill. okkar. Við erum alls ekki að hnýta í aldraða. Síður en svo. Flestir eiga vonandi fyrir höndum að ná háum aldri. Það á væntanlega við um okkur sem í þessum þingsal sitjum eins og aðra þegna þessa lands. Við viljum tryggja að við megum áframhaldandi búa við eitt besta heilbrigðis- og tryggingakerfi í veröldinni.

Umræðan um framtíðina þarf að miða að því að leita að sameiginlegum lausnum eins og fjölmargar aðrar þjóðir hafa reynt að gera, enda er hér ekki um sérískenskt málefni að ræða heldur málefni sem önnur vestræn ríki hafa skoðað. Það versta er að gera ekki neitt af því að við höldum að við getum ekkert gert.

Sú staðreynd blasir við meðal margra auðugra þjóða að þeir sem komast á eftirlaunaaldur 65 ára geta búist við að lifa áfram í 15–20 ár. Ef heilsan er í lagi er oft og tíðum um skemmtileg og notaleg ár að ræða og við eigum að kappkosta að skapa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Þess eru sem betur fer mörg dæmi hér á landi að aldraðir lifi góðu lífi og við viljum tryggja að áframhald verði á því.

Eins og horfur eru nú í flestum vestrænum löndum mun háöldruðum fjölga gífurlega á næstu árum og áratugum. Af þessum sökum mun kostnaður þjóðfélagsins eðlilega aukast í sambandi við umönnun og þjónustu við aldraða. Nauðsynlegt er að byggja upp samfélag sem eyðir óvissu og eykur öryggi þessara aldurshópa.

Á síðari hluta þessarar aldar hefur verið stefnt að því að lækka eftirlaunaaldurinn og oft talið eftirsóknarvert að komast á eftirlaun. Á næstu 30–40 árum munu hlutföll aldurshópa breytast æ meir sökum hærri lífaldurs og færri barnsfæðinga. Ekki verður undan því vikist að skoða áhrif þess á eftirlauna- og heilbrigðiskerfið. Reiknað hefur verið út í erlendum rannsóknum að árið 2030 geti aldurssamsetningin orðið þannig í iðnvæddum ríkjum að aðeins verði tveir vinnandi menn fyrir hvern eftirlaunaþega. Þetta getur leitt til þess aðaldurshópar komi til með að takast á um fjármagn og öll fjármögnun félagslegrar aðstoðar verði erfið.

Þegar þess er gætt að íbúar auðugra landa lifa nú 20–30 árum lengur en fyrir einni öld verður að huga að breytingum á lífeyris- og heilbrigðismálum langt fram í tímann, en forsendan fyrir því að hægt sé að sjá áhrifin fyrir. Því er lagt til í þáltill. þessari að Alþingi skori á ríkisstjórnina að koma á fót vinnuhópi sem kanni þessi mál og eins og fyrrv. forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, orðaði í ræðu ekki alls fyrir löngu: „Enginn getur séð fyrir framtíðina en saman getum við haft hönd á stýri fyrir framtíðina."

[21:34]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að taka undir það sem hér kemur fram í tillögu hv. þm. til þál. um að könnuð verði áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010. Í þessari tillögu kemur hins vegar fram að það er skorað á ríkisstjórnina að koma á fót sérstökum vinnuhópi sérfræðinga og þeir eiga að kanna áhrif þeirra breytinga á aldurssamsetningu sem eru fyrirsjáanlegar, m.a. á heilbrigðiskerfið. Ég vildi þess vegna varpa þeirri fyrirspurn til hv. þm. Ísólfs Gylfa Pálmasonar hvort það beri að skilja þessa tillögu sem dubúna gagnrýni á hæstv. heilbrrh. því ætla mætti að fyrst Framsfl. fer með þennan málaflokk, þá hefði hann og jafnvel hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmasonar sjálfur haft hæg heimatökin að koma því svo fyrir að hæstv. heilbrrh. kæmi á fót þessum vinnuhópi. Mér finnst þess vegna dálítið skrýtið, af því að þetta er nú stjórnarliði og framsóknarmaður, að það þurfi sérstaka þáltill. til þess að koma þessu í gegn. Ber að skilja þetta sem sagt þannig, hæstv. forseti, að það sé einhver andstaða hjá hæstv. heilbrrh. við að kanna þetta?

[21:36]

Flm. (Ísólfur Gylfi Pálmason) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir góðar undirtektir við þáltill. þessa. Það kemur mér reyndar ekki á óvart að jafnglöggur og framsýnn maður og hv. þm. er skuli kveikja á þessu máli. Það gleður mig mjög mikið. Það er ekki rétt hjá þingmanninum sem er nú reyndar oft mjög frjór í hugsun og fljótur til að hér sé um dulbúna gagnrýni að ræða, langt í frá. Svo er alls ekki, heldur fyrst og fremst um ákveðna framtíðarsýn. (Gripið fram í.) Mér finnst skipta mjög miklu máli að við gerum okkur grein fyrir þessu og þar sem hv. þm. er nú formaður heilbr.- og trn þá er ég viss um að hann mun leggja þessu máli gott til og ég vænti stuðnings hans við það sem og önnur framfaramál á þessu sviði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Opinber fjölskyldustefna, síðari umr.

Stjtill., 72. mál. — Þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093 og 1135.

[21:38]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Það er mér sérstök ánægja að mæla fyrir þessu nefndaráliti sem hér liggur fyrir frá félmn. Það á sér þann aðdraganda að þetta mál hefur verið nokkuð lengi til umræðu, í undirbúningi og verið til umfjöllunar og hefur gífurlegur fjöldi fólks komið að máli. Það var haldið upp á ár fjölskyldunnar árið 1994 ef ég man rétt og út úr allri þeirri vinnu sem þá var efnt til komu bækur, ráðstefnur og fyrirlestrar og ein af niðurstöðunum varð sú að loksins væri kominn tími til að íslensk stjórnvöld samþykktu opinbera fjölskyldustefnu.

Það er ekki síður ánægjulegt að geta þess að hv. félmn. náði samstöðu um tillöguna þó að tveir nefndarmenn séu með fyrirvara og áskilji sér rétt til að flytja breytingartillögur. En eins og geta má nærri þá gæti slík tillaga verið afar víðfeðm og margt komið til og eflaust mætti ýmsu við bæta. Við höfum náð saman um texta sem er að finna á þskj. 1093, en vegna þess að þetta er þáltill., þá er textinn birtur þar allur í heild.

Nefndin fékk fjölda gesta á sinn fund til þess að ræða þessi mál og kallaði eftir ýmiss konar sjónarmiðum hvort sem þar var um að ræða skólafólk, uppeldisfræðinga eða karlanefndina, fulltrúa barnasamtaka, þeirra sem sinna börnum o.s.frv. Þarna komu margir að máli.

Í nefndinni var sérstaklega rætt um fjölskylduhugtakið og vill nefndin leggja áherslu á að hugtakið hefur öðlast

víðtækari merkingu á síðustu áratugum. Skilgreining á fjölskylduhugtakinu var m.a. sett þannig fram af landsnefnd um ár fjölskyldunnar 1994 að fjölskyldan sé hópur einstaklinga sem á sameiginlegt heimili þar sem þeir deila tómstundum, hvíld, tilfinningum, efnahag, ábyrgð og verkefnum. Fjölskyldumeðlimir séu oftast fullorðnar manneskjur af báðum kynjum, eða einstaklingar, ásamt barni eða börnum (þeirra).

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali eins og ég gat um hér áðan. Þær eru eftirfarandi:

Lagt er til að í I. kafla tillögunnar verði ekki einungis talað um fjölskylduna sem hornstein íslensks samfélags heldur og sem uppsprettu lífsgilda.

Þetta orðalag var að finna í fyrri útgáfu tillögunnar sem lögð var fram á þingi í fyrra og okkur finnst afar mikilvægt að benda á þetta samhengi að fjölskyldan er ekki aðeins eining sem heldur sínum meðlimum saman og annast uppeldi og hina efnahagslegu hlið, heldur er hún einnig uppspretta margs konar lífsgilda.

Þá er lagt til að það verði ekki einungis falið ríkisstjórn á hverjum tíma að marka opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar heldur og sveitarstjórnum og að slík stefna skuli ekki einungis miða að því að styrkja fjölskylduna og vernda án tillits til gerðar hennar heldur og án tillits til búsetu.

Við þetta síðasta er því að bæta, hæstv. forseti, að á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og m.a. hafa sveitarfélögin nú nýlega tekið grunnskólann yfir til sín. Nokkur sveitarfélög eru að taka málefni fatlaðra í sínar hendur og stefnir jafnvel í að þau málefni flytjist yfir til sveitarfélaganna þannig að þetta verksvið sem snýr að fjölskyldunni skarast allverulega milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga. Nú má auðvitað spyrja sig að því hvort löggjafinn gæti skyldað sveitarfélögin til þess að marka sér fjölskyldustefnu, en slíkt hlýtur að tengjast félagsmálastefnu einstakra sveitarfélaga eða allra sveitarfélaga í landinu og í rauninni að teljist sjálfsagt að þau geri það.

Þá viljum við leggja sérstaka áherslu á það að við einblínum ekki á fjölskylduna í þéttbýlinu þar sem vandamálin vilja oft vera mest áberandi heldur verði hugað að því hvaða áhrif búseta hefur á samsetningu fjölskyldunnar og stöðu að sem flestu leyti.

Þá er og lagt til að ein af þeim meginforsendum sem fjölskyldustefna taki mið af verði sú að fjölskyldulífið veiti öllum einstaklingum, einkum þó börnum, öryggi og tækifæri til að þroska eiginleika sína til hins ýtrasta. Þarna erum við enn að leggja áherslu á það hve fjölskyldur geta verið ólíkar af margs konar toga eða geta verið samsettar á ýmsa vegu.

Nefndin leggur til að eitt af almennum markmiðum stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu, sbr. ákvæði II. kafla tillögunnar, skuli vera það að varðveita gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar og sérstaklega skuli gætt að því við setningu skattareglna að þeir sem velja það að ganga í hjónaband standi ekki hlutfallslega verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti.

Það hefur verið bent á það að undanförnu, hæstv. forseti, að þeir sem eru í hjónabandi virðast að mörgu leyti standa verr að vígi hvað varðar skatta, jaðarskatta og ýmsar bætur og að það gæti jafnvel tilhneigingar til aukinna hjónaskilnaða vegna þessa. Við teljum að þetta þurfi að skoða alveg sérstaklega. Að mínum dómi á að vera munur á milli þess að vera í hjónabandi, sem er samningur tveggja aðila, og þess að vera í óvígðri sambúð. Þetta eru form sem fólk er að velja á milli og þarna á að vera ákveðinn munur á réttindum og skyldum.

Þá vill nefndin leggja áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni um samanburð á réttarstöðu fólks í hjúskap og óvígðri sambúð þurfi að liggja fyrir og bendir á nauðsyn þess að slíkt efni verði kynnt almenningi. Ég vil skjóta því að, hæstv. forseti, að hæstv. dómsmrh. upplýsti fyrir nokkrum dögum að hann hygðist gefa út slíkan bækling og það ber auðvitað að fagna því af því að mjög greinilega hefur komið í ljós að fjölmörgum er ekki ljóst hver munur er á því að vera í hjónabandi og óvígðri sambúð.

Einnig er lagt til að það verði eitt af almennum markmiðum stjórnvalda að fjölskyldur sjúkra og annarra hópa eftir því sem við á skuli, eins og fjölskyldur fatlaðra, njóta nauðsynlegs stuðnings í ljósi aðstæðna hverju sinni. Í upphaflegri tillögu var greint á milli fjölskyldna fatlaðra og nýbúar voru tíundaðir sérstaklega. Við viljum að það komi hér inn í myndina að fjölskyldur m.a. þar sem um sjúk börn er að ræða búa við sérstakar aðstæður og þá þarf auðvitað að huga að þeim fjölskyldum þar sem sjúklingar eru á hvaða aldri sem þeir kunna að vera.

Enn fremur verði að efla skilning á eðli fjölskyldunnar, hlutverki, myndun og upplausn. Þetta verði m.a. gert með fræðslu um fjölskylduáætlanir, en með því er átt við einstaklingsbundnar fjölskylduáætlanir um t.d. takmörkun barneigna, fjölskyldumyndun og ábyrgð. Við þetta síðasta er því að bæta að á undanförnum árum og áratugum hafa orðið gríðarlegar breytingar á stöðu fjölskyldunnar. Hjónaskilnuðum hefur fjölgað. Þeim heimilum þar sem aðeins er einn fullorðinn einstaklingur hefur fjölgað alveg gífurlega hvort sem þar eru börn á heimili eða ekki og það er mjög mikilvægt bæði að fólk átti sig á þessum breytingum og reyni að skilja orsakirnar og vinna gegn þeim ef vilji er til þess og það sé þá leitað leiða til þess. Einnig er mjög nauðsynlegt að fræða ekki síst foreldra um hvert hlutverk fjölskyldunnar er og reyndar er komið betur að því í 2. lið.

Með hliðsjón af framangreindri breytingu, varðandi skyldu sveitarstjórna til að marka opinbera fjölskyldustefnu, er lagt til að sveitarfélögin eigi fulltrúa í fjölskylduráði, sbr. ákvæði III. kafla tillögunnar. Varðandi skipan fjölskylduráðs er auk þess gert ráð fyrir því að einn af fulltrúum ráðsins verði tilnefndur af skólum á háskólastigi en tilnefningin ekki takmörkuð við fulltrúa frá Háskóla Íslands. Þá verði það gert að skilyrði að fulltrúar sem sæti eiga í fjölskylduráði hafi víðtæka þekkingu eða reynslu af málefnum fjölskyldunnar. Þetta leggjum við til, hæstv. forseti, til þess að tryggja að að þessu máli komi fólk með faglega þekkingu og reynslu á þessu sviði til þess að starf fjölskylduráðsins megi verða sem markvissast.

Nefndin leggur einnig til að eitt af hlutverkum fjölskylduráðs verði, auk þess að eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, að veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna um viðbrögð við nýjum og breyttum aðstæðum. Þetta síðasta sem ég nefndi kom til vegna umræðna um það hve foreldrar geta oft verið villuráfandi í því hvernig beri að taka á vandamálum, hvað séu hinar réttu viðmiðanir og auðvitað kallar allt slíkt á umræður, rannsóknir og þekkingu á daglegu lífi fjölskyldna á Íslandi, en það er trú okkar að hægt sé að koma fjölskyldum til hjálpar og það þekkja allir sem hafa komið nálægt barnauppeldi að oft getur verið erfitt að standast utanaðkomandi áhrif og gildi og börnin beita hvert öðru fyrir sig vegna þess hvað leyfist og hvað leyfist

ekki. Það er auðvitað ekki tillaga okkar að farið verði að setja einhverjar reglur eða formúlur um hvernig barnauppeldi skuli háttað, heldur fyrst og fremst að vekja umræður og aðstoð og að slík umræða geti verið leiðbeinandi.

Þá er lagt til að staða og afkoma barnafjölskyldna í nútímasamfélagi verði könnuð sérstaklega og að fastar verði kveðið að orði varðandi rétt feðra til fæðingarorlofs. Lagt er til að í stað þess að ganga út frá því að ríkisstjórnin skapi skilyrði sem tryggi feðrum aukinn rétt til fæðingarorlofs skuli feðrum tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann. Loks er lagt til að í stað þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 23. júní 1981, skuli slík skilyrði sköpuð. Með þessu er nefndin að kveða fastar að orði og festa bæði fæðingarorlof feðra og vinnutilskipunina betur í sessi og í rauninni er ætlast til að þeim atriðum verði sérstaklega fylgt eftir.

Eins og ég nefndi í upphafi er þetta býsna merkilegt mál sem hér er á ferðinni. Eflaust hefði mátt tíunda ýmislegt fleira og skilgreina bæði hugtök og markmið betur og öðruvísi, en þetta er niðurstaða nefndarinnar. Það má segja að nú reyni fyrst og fremst á framkvæmdina. Nú reynir á vilja stjórnvalda að fylgja þessari stefnu eftir og sú reynsla mun væntanlega verða til þess að næst þegar tekist verður á við mótun fjölskyldustefnu, þá munum við geta lært af reynslunni og menn munu þá geta velt því fyrir sér hvort t.d. væri rétt að afmarka málefni fjölskyldunnar betur í stjórnkerfinu eins og hefur verið gert í ýmsum öðrum löndum, t.d. í Noregi eða hvort menn teldu að taka þyrfti öðruvísi á málum.

[21:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög ánægjulegt að þetta mál skuli vera komið á stig lokavinnslu á Alþingi og ég segi bara loksins, loksins vegna þess að þetta mál var lagt fram í október sl. og mælt fyrir því 6. nóvember og frá þeim tíma höfum við verið með það í félmn. Það verður að segjast eins og er að áherslur stjórnarflokkanna í félmn. hafa verið aðrar en þær að reka á eftir málinu, en það hefur að vísu legið alveg ljóst fyrir að stjórnarandstaðan mundi styðja það mjög vel að málið kæmist á rekspöl og að ekki mundi standa á okkur að koma því í gegn. Þetta mál hefur reyndar ekki verið forgangsmál á liðnum missirum. Þannig kom það inn í þingið í febrúar 1995. Það komst á dagskrá en aldrei til umræðu. Að vísu verður það að fylgja með að í febrúar 1995 voru mjög mörg og erfið mál á dagskrá vegna þess að þingið á þeirri vorönn var í raun og veru bara einn mánuður, bara þessi febrúarmánuður. Haustið 1995 kom málið aftur inn í þingið, þá sem þingmannamál og ég verð að segja að ég virði það við ráðherrann að þrátt fyrir gagnrýni hans á tillöguna og stór orð haustið 1995 gerði hann sér síðar ljóst að þetta var góð tillaga og flutti hana lítt breytta þegar hún kom hérna inn sl. vor þó að þær breytingar sem á tillögunni voru gerðar hafi að mínu mati verið til þess að veikja hana.

Þó að tillagan hafi verið flutt lítið breytt á endanum af hálfu félmrh. er einn stór og þýðingarmikill þáttur ekki í henni og það er fjölskyldusjóðurinn sem var hluti hennar í upphafi. Þess vegna hef ég, virðulegi forseti, flutt ásamt Bryndísi Hlöðversdóttur brtt. við þessa tillögu eins og hún er afgreidd úr nefndinni en styð hana að öðru leyti og brtt. hljóðar svo:

„Á eftir 1. lið III. kafla komi nýr liður, svohljóðandi:

2. Sjóður um fjölskylduvernd.

Stofnaður verði sjóður sem hafi það markmið að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumálefna. Tekjur hans skulu ákvarðaðar með árlegu framlagi úr ríkissjóði. Fjölskylduráð skal fara með stjórn sjóðs um fjölskylduvernd. Hlutverk hans verði eftirfarandi:

Að veita fé til styrktar tilraunaverkefnum sem hafa það að markmiði að bæta þjónustu við fjölskylduna eða skilyrði hennar til að rækja hlutverk sitt.

Að veita fé til rannsókna á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna."

Virðulegi forseti. Í umsögn um stofnun sjóðsins á sínum tíma sagði svo:

„Stofnun sjóðs sem hafi það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála er mjög tímabær. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á högum íslenskra fjölskyldna. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á ári fjölskyldunnar. Af þessu tilefni ákvað landsnefndin [um ár fjölskyldunnar] að verja stærstum hluta þess fjármagns sem nefndin hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Niðurstöður hennar munu birtast fljótlega.

Mikið skotir á að fjölskyldur eigi aðgang að nauðsynlegri þjónustu, einkum á sviði fjölskylduráðgjafar. Fjölskylduráðgjöf miðar að því að styðja fjölskylduna á álagstímum og tekur hún m.a. til ráðgjafar í uppeldismálum, samskiptaerfiðleikum og skilnaðarmálum. Á fjárlögum ársins 1994 var af tilefni árs fjölskyldunnar veitt fé til fjölskylduþjónustu. Að tilmælum landsnefndarinnar var stærstum hluta þess fjármagns veitt til tilraunaverkefna í fjölskylduráðgjöf á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu" — reyndar Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar — „og í Eyjafirði. Mjög æskilegt er að framhald verði á þessum stuðningi og hann taki til samvinnuverkefna fleiri sveitarfélaga."

Nú ber að geta þess að fjölskylduráðgjöfin Samvist hefur þegar sýnt sig að vera afar mikilvægt úrræði og mjög þýðingarmikið að reynslan af störfum þeirrar fjölskylduráðgjafar verði nýtt hvað varðar ákvarðanir í framtíðinni. Ég er alveg sannfærð um að það framlag sem þáverandi félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, beitti sér fyrir til þessa verkefnis á eftir að varpa ljósi á mikilvægi slíkrar ráðgjafar og verða okkur leiðbeinandi í frekari vinnu.

Formaður félmn. hefur kynnt brtt. nefndarinnar og þær eru nokkuð í anda upphaflegu tillagnanna en það er full samstaða í nefndinni um tillögurnar eins og þær koma fram og reyndar mjög góð samstaða um þetta brýna mál í félmn.

Virðulegi forseti. Hvers vegna fjölskyldustefna? Þess ber að geta að þessi tillaga er um að stjórnvöld móti opinbera fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar og fyrsta tillögugreinin er að Alþingi álykti að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu o.s.frv. Þetta þýðir að sú tillaga sem við erum að samþykkja hér er ekki, ef einhver heldur það, fjölskyldustefnan í sjálfu sér heldur er hún ákvörðun og tillaga Alþingis um að stjórnvöld móti opinbera fjölskyldustefnu. Eins og þegar hefur komið fram felst það í tillögunni að sveitarfélög jafnframt sem hið mikilvæga stjórnsýslustig í nærverkefnum fjölskyldunnar móti sér fjölskyldustefnu. Þess vegna er það sem hér verður samþykkt eingöngu fyrsta

skrefið að fleiri mikilvægum skrefum og í þessu felst vilji Alþingis og þá vonandi þar sem þetta er stjórnartillaga vilji stjórnvalda til þess að setja og móta fjölskyldustefnu.

Hins vegar verð ég að lýsa því yfir að ég er nokkuð áhyggjufull. Það hefur tekið þrjú ár frá ári fjölskyldunnar 1994 og þar til nú, vorið 1997, að þessi þáltill. er loksins að verða afgreidd héðan. Þessi þrjú ár gera það að ekki er mikil bjartsýni í huga mér með að viðamiklar, mótaðar aðgerðir sjái dagsins ljós í þessum þingsal t.d. fyrir lok næsta kjörtímabils, þar sem þau stjórnvöld sem eru við völd núna hafa verið miklu uppteknari af að breyta okkar velferðarkerfi, draga úr öryggisþáttum, samábyrgð og samtryggingu. En ég ætla að taka viljann fyrir verkið og vona að við eigum eftir að sjá þess stað í störfum ríkisstjórnar að hún meini eitthvað með því að hafa flutt þessa stjórnartillögu.

Ég spurði áðan: Til hvers opinber fjölskyldustefna? Það er m.a. vegna þess að aðgerðir hins opinbera bitna á fjölskyldunni og snúa að fjölskyldunni. Oft hefur skort á að það sé skoðað hvernig ólíkar aðgerðir ólíkra ráðuneyta bitna á hinum ýmsu fjölskyldugerðum. Unnið er að málum í ráðuneytunum, frv. koma inn á þingið, tillögur eru unnar innan fjárhagsramma ráðuneytanna við fjárlagagerðina og því miður hefur það oft verið þannig að þegar þessar tillögur koma saman eru þær ósamræmdar og reynslan segir okkur að slíkar ósamræmdar tillögur hafi oft kippt fótunum undan áætlunum fjölskyldunnar og hún stendur berskjölduð gagnvart slíkum stjórnvaldsaðgerðum sem í raun og veru hafa breytt öllum forsendum. Ung fjölskylda með börn sem hefur kannski gert sínar áætlanir miðað við forsendur t.d. um barnabætur, vaxtabætur og ýmislegt sem snýr að opinberum ákvörðunum, vinnu, tekjum vaxtabyrði o.s.frv. stendur einn góðan veðurdag frammi fyrir því að forsendurnar eru brostnar og þrátt fyrir að hún sjálf hegði sér á allan hátt eins og hún áformaði í upphafi, þá hafa ytri aðstæður breyst og hún stendur berskjölduð frammi fyrir aðgerðum sem hún fær ekki varist. Hún stendur berskjölduð frammi fyrir því að allar hennar áætlanir eru komnar í uppnám og hún ræður ekki við hlutverk sitt.

Það er ekki hægt að líta fram hjá því að sveitarfélögin hafa stóru hlutverki að gegna í fjölskyldumálum og þess vegna er mjög mikilvægt að þessi tillaga beinist að þeim. Ég ætla að leyfa mér, virðulegi forseti, af því að mér er það mál bæði skylt og mjög hugstætt, að rifja upp stefnumótun og aðgerðir í mínu bæjarfélagi á árunum 1978–1990. Þá voru Alþfl. og Alþb. og reyndar hluta tímabilsins Framsfl. við stjórnvöl þar. Það var ekki fyrir tilviljun að á þessum árum fékk sá ágæti bær á sig viðurnefnið félagsmálabærinn. Það er annað uppi á teningnum í dag þó að Framsfl. sé nú ráðandi afl í bænum. Það eru mér vissulega vonbrigði hversu mjög breyttar áherslur eru í þessu ágæta bæjarfélagi sem í gegnum tíðina hefur skapað sér sérstöðu, á sér merkilega sögu í samfélagi sveitarfélaga á Íslandi og farið oft aðrar leiðir en nágrannasveitarfélögin. Í þeim bæ var í raun og veru mótuð stefna sem hefur skilað sér í lagasetningu á Íslandi í ríkum mæli.

Litið var til þessa bæjar, Kópavogs, á árum áður vegna þess að þar átti sér stað frumkvæði að breyttum áherslum bæði í málum fatlaðra og aldraðra. Þá var tekin upp ýmiss konar stoðþjónusta sem ekki þekktist og fráhvarf varð frá stofnanavist. Bæði reyndist þjónusta á einstakling við eldri bæjarbúa verða miklu hagkvæmari fjárhagslega en í öðrum sambærilegum bæjarfélögum sem hafa byggt á stofnunum, en jafnframt varð hún miklu víðtækari, einstaklingsbundnari og betri.

Ég sagði að þessa hafi gætt í lagasetningu. Það er ekki tilviljun vegna þess að flokkar sem hafa félagsmálastefnu að leiðarljósi bera líka skynbragð á mikilvægi þess að leiða saman fólk sem hefur sömu hugmyndir um hvernig árangur næst og það fólk sem þarna vann saman var virkilega fólk með framtíðarsýn. Hvers vegna er ég að tala um þetta hér á vorkvöldi í maí á Alþingi Íslendinga? Er það til að draga fram Kópavog, heimabæ minn, eða gengur mér eitthvað annað til? Já, mér gengur ýmislegt til vegna þess að oft hefur þýðing samvinnunnar verið nefnd í Kópavogi, samvinna þessara félagshyggjuflokka. Er þá alltaf nóg að stjórnmálamenn hafi hina réttu hugmyndafræði að leiðarljósi? Ég segi nei. Það er ekki nóg eitt og sér þó að það sé grundvöllurinn að því sem þarf að gerast vegna þess að það getur verið alveg einstaklega mikilvægt að leiða saman til starfa fólk sem er til þess hæft að vinna úr hugmyndafræðinni sem stjórnmálaflokkarnir eru með. Ég tel að á sínum tíma hafi það einmitt verið það sem gaf okkur svo góða raun, að hafa haft skilning á því að sækja til okkar fólk með menntun og hæfni til að hjálpa til við útfærslu á þeirri framtíðarsýn sem við vildum vinna að, þannig að markmið næðust. Ég ætla að leyfa mér úr ræðustól Alþingis að nefna þann unga mann sem var sóttur sem félagsmálastjóri til Kópavogs á sínum tíma fyrir einum og hálfum áratug, Braga Guðbrandsson, sem átti nú reyndar eftir að verða góður samstarfsmaður fleiri en mín sem voru að reyna að takast á við landsmálin síðar.

Af hverju er ég að nefna þetta? Af hverju er ég að nefna að það skipti máli hverja maður sækir til að aðstoða við að útfæra þessi mál? Vegna þess að síðar þegar á að vinna í stórum málum, löggjöf sem skiptir máli fyrir heildina, löggjöf sem skiptir máli í bæjarfélögum þar sem ekki er sama framtíðarsýn, ekki sama hugmyndafræði uppi, þá er mjög mikilvægt að þeir embættismenn sem kallaðir eru til verka beri skynbragð á hvað hafi falist í hugmyndafræðinni. Þannig gerðist það nefnilega í nokkrum lögum sem voru sett á síðasta kjörtímabili, lögum um málefni fatlaðra, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og síðar tillögunni um fjölskyldustefnu sem unnin var undir handarjaðri félmrh. og með landsnefnd um ár fjölskyldunnar, að þá var hinn sami maður með í þessum verkum ásamt fólki sem hafði víðtæka reynslu af þessum málum, svo sem fulltrúar sérsamtaka fatlaðra og annarra sem bera fullt skynbragð á það hvað skipti máli að koma í lagasetninguna.

Þannig hefur það gerst að við höfum notið starfskrafta og samvinnu þess góða fólks sem bæði hefur komið til starfa og þess góða fólks sem ekki kemur í hin pólitísku störf heldur starfar á sjálfboðaliðavettvanginum sem er svo mikilvægur, oft svo hljóðlátur og þar sem þekking verður mjög mikil á því hvað þarf að gerast til þess að við sköpum gott þjóðfélag.

Mér finnst ástæða til að nefna þetta nú þegar ég er að tala um að góð reynsla, m.a. úr Kópavogi, hafi skilað sér inn í bæði lagasetningu og kannski ekki síst inn í hugmyndafræðina að mótun fjölskyldustefnu.

Virðulegi forseti. Varðandi það að hér sé samþykkt sérstök tillaga um fjölskyldustefnu, þá vil ég sérstaklega nefna eitt sem þar skiptir máli og það er yfirsýn. Það er yfirsýn á málefnum fjölskyldunnar, þ.e. að samhliða því að við leggjum áherslu á alhliða þjónustu við fjölskylduna, þá er mjög brýnt að stjórnvöld, hvort sem það er á sveitarstjórnarstigi eða við landsstjórnina, hafi yfirsýn yfir það sem snýr að mál-

efnum fjölskyldunnar og útfærslu þess. Þannig hef ég alveg frá því að ég vann í sveitarstjórn og við félagsmálastofnun þar sem rekin var alhliða þjónustustofnun, meira að segja í samvinnu við skólaskrifstofu og fræðsluyfirvöld, gert mér grein fyrir hversu mikilvægt það er að í sveitarfélögunum starfi eins konar fjölskylduþjónustustofnanir. Þetta held ég að ég hafi nefnt í hvert einasta skipti sem ég hef tekið til máls um málefni fjölskyldunnar á Alþingi.

Það er nefnilega þannig að félagsmálastofnanir voru á sínum tíma hugsaðar sem slíkar en í áranna rás fengu þær yfir sig annað yfirbragð og því miður felst í nafni félagsmálastofnana neikvæð ímynd í hugum margra. Það er slæmt vegna þess að þær stofnanir sem eiga að sjá um málefni fjölskyldunnar verða að hafa yfir sér jákvætt yfirbragð. Þannig hefur t.d. Akureyri sett á laggirnar þjónustustofnun sem á að sjá um alla þá þætti sem Akureyri hefur tekið að sér á vettvangi fjölskyldunnar. Eins og við vitum er Akureyri reynslusveitarfélag með mjög víðtæk verkefni, m.a. fyrir Eyjafjörðinn allan. Sveitarstjórnin hefur ákveðið að sameina þessi mál í einni stofnun. Ég er alveg sannfærð um að árangurinn af því á eftir að verða góður. Í slíkri fjölskylduþjónustustofnun er hægt að vera með útfærða samræmda þjónustu og samræmdar úrlausnir hvort heldur er fyrir hefðbundnar fjölskyldur eins og við tölum stundum um — pabbi, mamma, börn og bíll — fjölskyldur þar sem eru sérstakar aðstæður, svo sem fatlaðir eða aldraðir, fjölskyldur þar sem mæðgur búa saman, einstætt foreldri, tveir einstaklingar, fyrst og fremst fjölskyldur þar sem kærleikur ríkir og þar sem ætlast er til að hið opinbera hafi skilning á. Og að í slíkri fjölskylduþjónustustofnun sé krafa nr. eitt — yfirsýn.

Við eigum auðvitað líka að hugleiða það hvort komið sé að því að við setjum á laggirnar fjölskylduráðuneyti. Ég er alveg sannfærð um að þegar kemur að því að flokkarnir á vinstri væng sem nú eru að skoða samstarf og sem hyggjast koma að stjórn landsins fyrr en síðar — og sem betur fer hefur félmrh. spáð því að við tökum við eftir næstu kosningar og getum þá breytt ýmsum hlutum sem við höfum verið að gagnrýna — að sú félagshyggjustjórn mun skoða það með því fyrsta hvort setja eigi á laggirnar fjölskylduráðuneyti. Hins vegar þegar var verið að setja fram þessa tillögu um fjölskyldustefnu, þá hugsuðu menn sér það að fjölskylduráðið mundi verða vísir að þessu, og staða og stefnur skoðaðar sem sneru að fjölskyldunni og auðvitað gerðu menn ráð fyrir því þá, að það yrði komið í gagnið löngu fyrr en eftir þrjú ár. Ég er sannfærð um að við munum skoða það mjög vel hvort koma eigi á fjölskylduráðuneyti.

Virðulegi forseti. Ég hef mælt fyrir sjóðnum sem mér finnst svo mikilvægt að settur verði á laggirnar og vil láta á það reyna hvort Alþingi fellir þá tillögu. Ég vil líka minna á að fjölskylduráðið átti að vera stjórn þess sjóðs og mörg þau verkefni sem fjölskylduráðið hefur á hendi eru þess eðlis að mjög mikilvægt væri að fjölskylduráðið hefði yfir slíkum fjölskyldusjóð að segja.

Virðulegi forseti. Áður en ég lýk máli mínu langar mig mjög að nefna áhugavert erindi sem dr. Sigrún Júlíusdóttir hélt á ráðstefnu sem stjórnarandstöðuflokkarnir saman stóðu fyrir á laugardaginn var og hennar erindi var um fjölskylduna og framtíðina. Það var afar merkilegt að hlusta á það hvernig Sigrún Júlíusdóttir dró fram hvernig þróun okkar samfélags gæti orðið að óbreyttu og líka hvernig hæfnissamfélagið sem við blasir mundi lúta allt öðrum lögmálum en það upplýsingasamfélag sem við höfum verið að þróast í. Hún nefnir að það sem blasi við að óbreyttu ef ekki verður gripið í taumana sé tvískipting milli hæfra og minna hæfra, gjá milli þeirra hæfu og minna hæfu sem mundi dýpka og breikka. Það er mjög athyglisvert að velta því fyrir sér hvaða verkefni bíða okkar til þess að afstýra því að þetta gerist, afstýra því að þeir sem mundu lenda á hægri barmi gjárinnar væri fólkið með betri fjölskyldutengsl, meiri lestur, betra læsi, betri menntun, betra innsæi og tök, betri sess í samfélaginu, betri líðan og aðlögun og hvernig hið góða læsi mundi gera þá færa um að nýta sér það sem í boði er á meðan hinir mundu þurfa meira og meira á aðstoð að halda og verða í allt annarri stöðu í hæfnisþjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Það hvarflar ekki að mér að fara að flytja hér inn á Alþingi það erindi sem dr. Sigrún flutti, en það er mjög mikilvægt að nefna þó mikilvægustu atriðin, svo sem viðfangsefni framtíðarinnar, þ.e. hvernig má jafna þetta bil sem annars mun við blasa. Svar hennar var: Með aðgerðum af hálfu stjórnvalda sem miða að því að styrkja ytri og innri aðstæður barnafjölskyldna, en þessar aðstæður snerta annars vegar samfélagsþætti, atvinnu, menntun, húsnæði, jafnréttismál og hins vegar einstaklinginn. Þetta verkefni bíður okkar sem viljum leggja áherslu á að fjölskyldan þróist og að því sé afstýrt að hún þróist í þessa kolröngu átt.

Virðulegi forseti. Það blasir við að fjölskyldan muni fá nýtt hlutverk og að það sé hlutverk sem hið opinbera verður að styðja. Það hlutverk og það sem skýrast verður þar er tilfinningaeiningin, eins og Sigrún segir, vermireitur fyrir tengslamyndun og heilbrigðan tilfinningaþroska, tengihlutverk fjölskyldunnar af hvaða gerð sem hún er, að samræma sundurgreina og samstilla, að hún er heimareitur, skiptiborð og hleðslustöð sem engin stofnun getur leyst af hólmi.

Virðulegi forseti. Það hefði verið fróðlegt að reyna að fara yfir bæði breikkandi gjána sem krefst brúarsmíðar og forsendur stjórnmálamanna. Það ætla ég ekki að gera, en benda á að okkar stjórnmálamanna bíður mikið verk við að afstýra því að fjölskyldan sem slík hverrar gerðar sem hún er verði halloka í okkar þjóðfélagi.

Að lokum vil ég, virðulegi forseti, geta þess að við Bryndís Hlöðversdóttir höfum freistað þess með flutningi þáltill. um að Alþingi fullgildi alþjóðasamþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, að Alþingi geri sér grein fyrir mikilvægi þess að þessi samþykkt sé fullgilt. Það hefur ekki náðst fram. Hins vegar er í þessari þáltill. félmrh. eða þessari stjórnartillögu, ákvæði sem segir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð. Ég er ekki með brtt. hjá mér. Formaður nefndinnar gerði grein fyrir því að nefndin flutti brtt. þar sem þetta ákvæði er skert og þó að það sé veikara en ef tekin væri bein ákvörðun um að fullgilda skuli samþykktina, þá ætla ég að leyfa mér að vona að hún sé þarna og það að breytt tillagan hefur skarpari meiningu heldur en hún hljóðar hér í stjórnartillögunni, þá geri það okkur kleift að kalla eftir því hvernig líði framkvæmd tillögunnar. Brtt. hljóðar svo, virðulegi forseti:

„Sköpuð verði skilyrði til þess að Ísland geti fullgilt samþykkt nr. 156, um starfsfólk með fjölskylduábyrgð, sem gerð var á 67. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) í Genf 23. júní 1981."

Það sem við sem höfum unnið með þessi mál vitum er að það er fyrst og fremst 8. gr. samþykktarinnar sem hefur staðið upp á aðila vinnumarkaðarins að útfæra en það er um að fjölskylduábyrgð sem slík skuli ekki vera gild ástæða

til uppsagnar í starfi. Með þessari tillögu sem hér er komin fram hljótum við að treysta því að á verði tekið. Það er um að ræða að annaðhvort verði það í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins eða með breytingu á lögum og það liggur fyrir hvernig megi koma henni fyrir í lögum þannig að það er mjög einfalt fyrir félmrh. að skipa þessum málum ef ekki reynist eftir samþykkt tillögunnar núna vilji hjá hinu þríhliða samstarfi ASÍ, VSÍ og félmrn. áhugi á því eða vilji til þess að semja um tillöguna.

Virðulegi forseti. Það væri hægt að hafa langt mál um þessa tillögu. Þetta er gott mál. Þetta er mál sem við ættum að ræða oft, þ.e. fjölskyldan og umhverfi hennar, fjölskyldan og aðbúnaður hennar og fjölskyldan og framtíðarsýnin. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Fleiri munu tala í þessu máli. Ég endurtek bara: Þetta er eitt besta málið sem bíður okkar og það er að búa til góða stefnu og útfæra góða stefnu. Ég hef ekki mikla trú á að hún verði útfærð með góðu móti á þessu kjörtímabili en svo fremi að stjórnarandstöðuflokkarnir verði við stjórnvölinn að loknum næstu kosningum, þá verður þessi fjölskyldustefna útfærð og það með sóma.

[22:22]

Útbýting þingskjala:

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, 267. mál, nál. utanrmn., þskj. 1219.

Búnaðargjald, 478. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 1192; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 1193.

Réttindi sjúklinga, 260. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1190; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1191.

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, 481. mál, nál. utanrmn., þskj. 1218.

[22:23]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með þeim sem hafa talað um að hér sé mjög gott mál á ferðinni og mjög æskilegt að stjórnvöld setji sér stefnu í málefnum fjölskyldunnar, þótt vissulega hafi verið deilt um það í félmn. hvernig sú stefna eigi að vera eins og fram hefur komið.

Ég er ein þeirra sem skrifa undir álit hv. félmn. með fyrirvara og vil gefa skýringu á þessum fyrirvara. Meginástæða fyrirvarans er sú að ég hefði viljað sjá í tillögunni stofnun sjóðs um fjölskylduvernd í anda þess sem lagt er til í brtt. okkar hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur sem hún gerði ágætlega grein fyrir áðan. Að auki vil ég skýra fyrirvara minn með því að ég hefði viljað sjá ítarlegri og afdráttarlausari fjölskyldustefnu og má þar vísa til þáltill. sem flutt var á 120. löggjafarþingi og byggð var á tillögum landsnefndar um ár fjölskyldunnar. Flutningsmenn voru úr öllum stjórnarandstöðuflokkum og tillögunni fylgdi lokaskýrsla landsnefndar um ár fjölskyldunnar. En að baki þessari tillögu landsnefndarinnar lá mikil vinna fjölmargra einstaklinga sem margir hverjir og allflestir bjuggu yfir gríðarlegri þekkingu á málefnum fjölskyldunnar. Ég vil eiginlega fullyrða að þar hafi verið saman kominn sá hópur einstaklinga sem hvað best þekkir til málefna fjölskyldunnar. Að landsnefndinni komu fulltrúar 30 félagasamtaka og stofnana sem á einn eða annan hátt tengjast fjölskyldunni.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sem var félmrh. á sínum tíma lagði þessa tillögu fyrir þingið en hún fékkst ekki afgreidd og það lá fljótlega ljóst fyrir að núverandi hæstv. félmrh. hygðist ekki leggja til að tillaga landsnefndarinnar yrði samþykkt óbreytt þótt sú hugmynd sem hér er lögð fram sé að nokkru leyti byggð á þeirri vinnu.

Tillagan sem hérna liggur fyrir er að mínu mati ekki eins afdráttarlaus og sú sem lögð var til af landsnefndinni. Ekki síst má ráða það af því að nú er ekki lagt til að fjölskyldusjóðurinn verði settur á laggirnar. Í staðinn á að líta á það sem sjálfsagðan hlut að fé verði varið til þeirra verka sem tillagan gerir ráð fyrir. Slíkt verði metið hverju sinni. Þetta tel ég vera hluta af geðþóttapólitík núverandi ríkisstjórnar þegar kemur að því að verja fjármunum til uppbyggingar velferðarkerfisins. Það á að afnema alla lögbundnar fjárútlátaheimildir og láta framlögin ráðast af geðþótta hverju sinni. Svona stjórnunarhættir eru að mínu mati skref langt til fortíðar því að það er eðlileg og sjálfsögð krafa að með stefnumótandi ákvörðunum á þinginu séu teknar samhliða ákvarðanir um fjárheimildir. Annars er stefna er lítils virði, þ.e. ef það á að ráðast af geðþótta hverju sinni hvort fé sé varið til framkvæmda hennar og því miður óttast ég að sú stefna sem hér er lögð til, eins ágæt og hún er að öðru leyti, verði bara klisja, að ekki verði lagt í það fé hverju sinni að ganga í þau verkefni sem hún gerir ráð fyrir, því að ella getur maður spurt sig að því hvers vegna í ósköpunum mátti þá ekki stofna sjóðinn og tryggja þannig framlög til framkvæmda stefnunnar.

Eitt annað sem ég vildi gera að umtalsefni er sá hluti tillögunnar þar sem lagt er til að sköpuð verði skilyrði til að fullgilda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156, um stafsfólk með fjölskylduábyrgð. Ég get ekki annað en fagnað því að þessi viljayfirlýsing hæstv. ríkisstjórnar komi hér fram, enda hef ég verið talsmaður þess lengi að Ísland standi við skuldbindingar sínar í alþjóðlegu vinnumálasamstarfi og fullgildi samþykktir stofnunarinnar í meira mæli en nú er. Ég hef margoft rakið þrautagöngu íslenskrar verkalýðshreyfingar í glímunni við atvinnurekendur um fullgildingar samþykkta, ekki síst samþykktar nr. 156 sem hér er lagt til að verði fullgilt og nr. 158, um uppsögn af hálfu atvinnurekenda. Ég tel að í þeirri deilu á milli atvinnurekendasamtaka og launafólks hefði þriðji aðilinn í þríhliða samstarfinu, þ.e. ríkisstjórn Íslands, átt fyrir löngu að höggva á hnútinn og leggja til fullgildingu þessara mikilvægu samþykkta.

Núna liggur fyrir viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að fullgilda samþykkt nr. 156 og fagna ég því og styð það. Ég taldi orðalag tillögunnar óskýrt eins og hún var lögð fyrir í upphafi og gerði fyrirspurn til félmrn. um það hvaða skilyrði ráðuneytið teldi að þyrfti að skapa áður en tillaga yrði gerð um fullgildingu samþykktarinnar, því eins og hér var rakið áðan þá gerði tillagan ráð fyrir því að sköpuð verði skilyrði til þess að fullgilda þessa samþykkt. Í svari ráðuneytisins segir, með leyfi forseta:

„Miðað við afstöðu samtaka atvinnurekenda er ljóst að veiti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda samþykktina felst einnig í þeirri afstöðu ósk um að lagt verði fram frv. til laga þar sem starfsfólki er ber fjölskylduábyrgð verði veitt sérstök vernd gegn uppsögnum ráðningarsamnings. Hér getur komið til álita að endurskoða lög nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests að störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, með það að markmiði að taka upp í þau lög ákvæði 8. gr. samþykktarinnar nr. 156, um fjölskylduábyrgð“ sem er helsti ásteytingarsteinninn á milli aðila vinnumarkaðarins, „um að fjölskylduábyrgð geti ekki verið gild ástæða til uppsagnar starfs. Rétt þykir að leggja

áherslu á að heimili Alþingi fullgildingu verði sú heimild ekki nýtt fyrr en aðstæður hér á landi eru í samræmi við samþykkt ILO nr. 156."

Að þessum skýringum ráðuneytisins fengnum tel ég tillögugreinina vera ásættanlega. Það liggur ljóst fyrir af ráðuneytisins hálfu að það sem þarf að gera er að gera þær lagabreytingar sem samþykktin kallar á. Og verði þessi tillaga samþykkt í hinu háa Alþingi á vorþinginu eins og við vonumst nú til, þá hlýtur að liggja ljóst fyrir að ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til að gera þessar lagabreytingar og vonandi liggja þær þá fyrir á haustdögum þannig að hægt sé að leggja fram tillögu um sjálfa fullgildingu samþykktarinnar.

[22:31]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum er ákaflega mikilvægt þó að sumir kunni að halda að hér sé eingöngu um orðagjálfur að ræða. Flest erum við hluti af fjölskyldu og vonandi öll en engu að síður er mjög markverð þróun í gangi frá fjölskyldu þar sem eru fleiri en einn og í það að vera svokallaðir „singles". Hér á landi hefur þróunin verið slík að fyrir 1960 töldust 13% af fólki einstaklingar en nú eru það 22% þannig að mjög mikil þróun er í gangi frá hinni hefðbundnu fjölskyldu til einbýlisfjölskyldu og það er spurning hvaða áhrif þetta hefur.

Við tökum eftir áhrifum í dag sem felast í því að sum börn kynnast aldrei karlmönnum, aldrei. Þau alast upp með móður sinni. Síðan fara þau í leikskóla. Þar eru eintómar konur sem sinna þeim. Síðan fara þau í barnaskóla og þar kenna þeim eintómar konur. Það er ekki fyrr en í framhaldsskóla að þau kynnast fyrirbærinu karlmanni. Ég held að þetta sé ákaflega neikvætt og það eigi að hamla gegn slíkri þróun.

Herra forseti. Eins og ég gat um áðan, kann að vera að einhver kunni að halda að það sé orðagjálfur sem hér stendur: „Fjölskyldan er hornsteinn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda."

Þetta virðist vera ákaflega háfleygt og segja lítið, en ef farið er að skoða þetta nákvæmlega, þá hefur þetta heilmikið gildi. Ég lagði mikla áherslu á það í hv. félmn. að orðin „uppspretta lífsgilda" yrðu tekin inn í þáltill. vegna þess að það er í fjölskyldunni sem við lærum að ekki megi stela, ekki megi drepa og ekki megi beita ofbeldi og það eigi að bera virðingu fyrir fólki og umburðarlyndi skuli haft í heiðri.

Það er einmitt í fjölskyldunni sem siðferðiskerfi þjóðarinnar flyst áfram frá fullorðnum til barna og þannig á það líka að vera þannig að fjölskyldustefnan er ekki bara út í bláinn. Þetta er ekki bara út í bláinn sem stendur þarna að fjölskylda skuli vera uppspretta lífgilda og sérstaklega ekki nú á tímum þegar þróunin er svo hröð að menn hafa ekki lengur viðmiðanir frá því sem þeir lærðu sjálfir sem börn.

Eins og hér hefur komið fram áður hjá öðrum hv. ræðumönnum, veltur þetta mikið á framkvæmdinni. Hér er verið að setja ramma utan um stefnu sem á eftir að fara í framkvæmd og það veltur mikið á framkvæmdinni hvernig til tekst. Þá veltir maður fyrir sér: Til hvers eiginlega er fjölskyldustefna? Við höfum komist ágætlega af án hennar hingað til, svo virðist a.m.k. vera. Af hverju þurfum við fjölskyldustefnu? Það er til þess að samhæfa síflóknari laga- og reglugerðafrumskóg þannig að fjölskyldan sé ekki dæmd út í horn.

Það er nefnilega svo að margt í núgildandi lögum er fjölskyldufjandsamlegt. Við ræddum fyrr í dag um skattalög sem hér hafa verið að þróast á undangengnum áratugum og eru komin í þá stöðu að það margborgar sig fyrir fólk að búa sem einstætt foreldri heldur en sem hjón t.d. Ég nefndi sem dæmi að barnabætur til hjóna með tvö börn eru lægri en barnabætur til einstæðs foreldris með tvö börn með sömu tekjur þannig að í öðru tilfellinu þurfa fjórir einstaklingar að lifa á þessum tekjum — 150 þús. kr. nefndi ég sem dæmi — og í hinu tilfellinu þrír. Og þar sem þrír lifa af tekjunum, þessum sömu tekjum, þá fá þeir hærri barnabætur frá ríkinu. Þetta er náttúrlega mjög skrýtið og mjög fjölskyldufjandsamlegt. Og við þessu mundi fjölskyldustefna stemma stigu og gæta þess að slíkt komi ekki upp.

Herra forseti. Í þessari opinberu fjölskyldustefnu er ákaflega áberandi það sem ég vil kalla jafnrétti karla og kvenna. Það virðist vera að höfundarnir hafi verið mjög uppteknir af því að læða inn í stefnu um fjölskyldumál jafnrétti karla og kvenna þrátt fyrir að til séu í landinu lög um jafnréttismál.

Hér stendur: „að velferð fjölskyldunnar byggist á jafnrétti karla og kvenna ...". Ég spyr: Af hverju ekki jafnrétti allra? Ég hef svo sem margoft bent því fólki sem er á móti misrétti karla og kvenna — það eru náttúrlega flestir og þar á meðal ég — að það er í rauninni að lesa á hitamælinn. Einhver sjúklingur er lasinn og hann er með hita og þá demba þeir honum í kalda sturtu til þess að lækka hitann. En þeir átta sig ekki á því að hitinn stafar af einhverju allt öðru sem er misrétti fólks. Og vegna þess að þetta fólk sér aldrei raunverulega sjúkdóminn sem er misrétti fólks en einblínir alltaf á afleiðingarnar sem er misrétti karla og kvenna, þá tekst ekki að lækna sjúkdóminn. Þetta hef ég grun um. Ég hefði viljað sleppa þarna „karla og kvenna". Mér finnst ekki síður að það eigi að vera jafnrétti á milli fólksins í fjölskyldunni þannig að t.d. börnin njóti jafnréttis hvert gagnvart öðru, t.d. aðrir fullorðnir í fjölskyldunni, eins og t.d. aldraðir foreldrar eða þar sem búa saman tvær mæðgur, að þar eigi að vera jafnrétti líka, að gamla konan geti ekki kúgað ungu konuna eða öfugt sem er líka þekkt. En það er heimilt í dag samkvæmt jafnréttislögunum.

Svo hefði ég talið betra að þarna kæmi inn gagnkvæm virðing, af því að ég tel að það sé mjög mikilvægt að fjölskyldumeðlimir beri allir virðingu hver fyrir öðrum og að fullorðnir beri virðingu fyrir börnunum og að börnin, sérstaklega unglingarnir, beri virðingu fyrir fullorðna fólkinu en þar vill oft vera mikill misbrestur á og ekkert jafnrétti í gangi.

Í lokamálsgrein I. kafla er talað um: „að fjölskyldulífið veiti einstaklingum, einkum börnum, öryggi ..." Þetta er breyting sem náðist fram í félmn. vegna þess að fullorðnir sækja að sjálfsögðu ekki síður öryggi til fjölskyldunnar en börnin. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi mjög oft leitað til fjölskyldu sinnar þegar þeir eiga í basli niðri í þingi og rætt það við maka sinn og jafnvel börn eða foreldra um þau vandamál sem þeir eiga við að glíma og þar fá þeir öryggi og þar fá þeir aðallega traust. Þar geta þeir treyst 100% því sem sagt er. Það verður ekki notað gegn þeim o.s.frv. þannig að fjölskyldan er líka verulega mikilvæg fyrir hinn fullorðna.

1. liðurinn í II. kafla um almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu á að „leggja áherslu á jafna ábyrgð beggja foreldra ..." Þarna mundi ég vilja segja: „jafna ábyrgð allra fjölskyldumeðlima", þannig að sumir fjölskyldumeðlimir eins og unglingar geti ekki skorast undan ábyrgð á fjölskyldunni. Reyndar er það þannig að þeir skorast margir hverjir ekki undan henni en sumir gera það

þannig að ég vil ekki einblína eingöngu á þetta hefðbundna fjölskyldumynstur.

Síðan set ég spurningarmerki við það að kynna réttindi og skyldur sambúðarfólks en ekki hjóna. Mér finnst ekki síður mikilvægt að kynna réttindi og skyldur hjóna. En það má auðvitað segja að hjón séu jafnframt sambúðarfólk þannig að kannski geta menn lesið það út úr þessari grein.

Ég lagði mikla áherslu á að í þessum tillögum kæmi fram að veittar séu, hvað á ég að segja, ráðleggingar til fjölskyldna sem þurfa að glíma við vandamál sem áður voru óþekkt, t.d.: Hvað eiga börn að horfa mikið á sjónvarp eða vídeó? Flest okkar höfðu ekki reynslu af þessu sem börn. Þá var ekkert vídeó. Hvað mega börn vera mikið að leika sér í tölvu og hvaða leiki mega þau leika þar? Um þetta höfum við engar fyrirmyndir og við þurfum hvert og eitt að finna upp einhverjar reglur um það hvort sjö ára börn mega sitja í klukkutíma á dag við tölvuna eða þrjá tíma eða fimm tíma. Þarna vantar leiðbeiningu einhvers staðar frá, einhverjir þurfa að setjast niður og hugleiða hvernig eðlilegt er að fjölskyldan bregðist við svona nýjungum og það er mjög mikilvægt því að áður fyrr höfðu menn alltaf fyrirmyndir frá sinni eigin barnæsku hvernig þeir ætluðu að ala sín börn upp. En það á ekki lengur við.

Ég hef haft mikinn áhuga á rétti feðra til fæðingarorlofs vegna þess að ég tel að jafnrétti kynjanna, og þá vil ég tala um jafnrétti kynjanna, sé skekkt með núverandi reglum um fæðingarorlof þar sem eingöngu konan fær fæðingarorlofið og það kemur niður á launum hennar en ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma af þessu tilefni.

Varðandi fjölskyldusjóðinn sem er á brtt. á þskj. 1135, þá vil ég segja það að hann fengi að sjálfsögðu fjárveitingar á fjárlögum og að sjálfsögðu getur fjölskylduráðið sótt um fjárveitingar til sérstakra verkefna á fjárlögum þannig að ég sé engan mun á þessu nema menn ætli að fara að fá einhverjar sjálfvirkar greiðslur af fjárlögum sem fara þá í minna nýt verkefni svo að ég tali nú ekki um einskis nýt verkefni. Það er miklu skynsamlegra að menn sæki um fjárveitingar til ákveðinna verkefna en að þeir séu að fá sjálfvirkar greiðslur fyrir utan það að ég tel og er ekki einn um það að þegar sé búið að lesta velferðarkerfið alveg nóg. Við horfum upp á vaxandi biðlista út um allt og svona útgjöld munu að sjálfsögðu lengja á biðlista hjá einhverjum öðrum.

Þessi þáltill., herra forseti, er mjög þörf og góð að mínu mati og ég legg áherslu á að hún verði afgreidd hið fyrsta og síðan vonast ég til og býst við því að núverandi ríkisstjórn sem ég styð muni vera mjög vel fær um að fylgja þál. vel eftir. Við þurfum ekkert að bíða eftir því að einhverjir aðrir flokkar taki við. (**Gripið fram í:** Spyrjum að leikslokum.)

[22:42]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hér hafa talað fagna því að þetta mál er nú loksins komið á lokastig í vinnslu. Þó að þarna hafi verið gerðar ýmsar þær breytingar sem mér finnst vera til bóta og mér sýnist að ýmsar tillögur sem komu fram í málflutningi stjórnarandstöðunnar við fyrri umr. hafi verið teknar til greina og sú tillaga sem hér liggur frammi er öllu betri en sú sem lagt var af stað með, þ.e. á þessu þingi, þá verð ég að segja samt sem áður að það verkar mjög einkennilega á mig að vera að taka til síðari umræðu tillögu um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar á sama tíma og nefndir þingsins eru að neita afgreiðslu á ýmsum þeim málum sem í raun gætu styrkt þessa tillögu verulega og stjórnarmeirihlutinn gæti sýnt viljann í verki ef hann bæri gæfu til þess. Hér er aðeins um að ræða þingsályktun sem kveður á um meginforsendur fjölskyldustefnunnar og almenn markmið stjórnvalda við framkvæmd fjölskyldustefnu. Engu að síður er hér verið að telja upp ýmis þau atriði sem betur mega fara og þarf að framkvæma til þess að tryggja megi stöðu fjölskyldunnar í breyttu samfélagi.

Við stöndum frammi fyrir því að ýmislegt kemur til með að veikja stöðu fjölskyldumeðlima. Sérstaklega er t.d. getið um stöðu aldraðra, öryrkja og sjúkra í þessari tillögu og þess getið að styrkja þurfi stöðu þeirra og styrkja stöðu fjölskyldunnar til þess að sinna fötluðum, öldruðum, sjúkum. Á sama tíma er hér verið að hafna afgreiðslu á frumvörpum sem fela í sér bætta stöðu fjölskyldunnar í þessum efnum. Ég vil byrja á að nefna t.d. frv. um umönnunarbætur, sem eru til greiðslu fjölskyldumeðlims fyrir að hugsa um sjúkan, aldraðan eða öryrkja í heimahúsi, frv. sem hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir flytur og frv. sem ég hef reyndar flutt sama efnis, sem ekki er vilji til að afgreiða í heilbr.- og trn. þar sem aðeins um það að ræða að útvíkka þá heimild sem er til staðar í dag í lögum um almannatryggingar, þar sem heimild er til staðar að greiða megi maka umönnunarbætur fyrir að hugsa um maka og heimili, aldraðan, öryrkja eða veikan. En það sem við erum að leggja til er að þetta verði útvíkkað þannig aðrir aðstandendur eða hver sá sem hugsar um fjölskyldumeðlim í heimahúsi eigi rétt á þessum bótagreiðslum. Hér er ekki um háar fjárhæðir að ræða og örugglega til sparnaðar í heildina tekið fyrir ríkið þar sem koma má í veg fyrir að einstaklingur sem hugsanlega gæti dvalið í heimahúsi fari á stofnun og taki þar upp dýrt hjúkrunarpláss. Í síðustu viku ræddum við í heilbr.- og trn. mál, sem búið er að liggja fyrir frá upphafi þings eins og þessi, um þátttöku almannatryggingakerfisins í greiðslu fyrir sálfræðiþjónustu eða ráðgjöf félagsráðgjafa veitta börnum upp að 18 ára aldri, mál sem allar umsagnir þeirra sem hafa með fjölskyldumál eða fjölskylduráðgjöf að gera mæltu með að yrði samþykkt. Nei, það var ekki heldur hægt. Meiri hluti heilbr.- og trn. felldi ósköp einfaldlega að málið yrði afgreitt úr nefndinni og það mætti koma til afgreiðslu hér í þinginu.

Í lífeyrissjóðsmálinu sem mikið hefur verið hér til umræðu er verið að tryggja framfærslu aldraðra og öryrkja. Þar er um sterk samtryggingarákvæði að ræða, ákvæði sem gera það að verkum að allir eiga þennan rétt. Allir eiga rétt á greiðslu lífeyris, hvort sem um er að ræða manneskju sem slasast eða veikist á miðjum aldri. Þetta samtryggingarkerfi á að veikja. Það virðist vera vilji meiri hluta Alþingis að veikja þetta kerfi sem þó er viðurkennt að sé eitt hið besta til þess að tryggja framfærslu aldraðra og öryrkja.

Breytingar á skattalöggjöfinni, breytingar á barnabótakerfinu, til hvers verða þær? Eru þær til þess að styrkja fjölskylduna og tilverugrundvöll hennar? Ekki aldeilis. Því er haldið fram að þetta skattkerfi og sérstaklega þær samþykktir sem snúa að barnabótum séu hreinlega fjandsamlegar fjölskyldunni og barnafólki og meira að segja hefur komið fram hjá ýmsum að það hvetji fremur til þess að hjón skilji vegna þess að stór hluti barnafólks missir barnabæturnar alfarið samkvæmt þessu skattafrv. ríkisstjórnarinnar.

Það hafa komið fram ályktarnir m.a. frá ungum framsóknarmönnum sem enn halda í eitthvað af hugsjónunum sem framsóknarmennirnir höfðu fyrir síðustu kosningar. Þeir hafa

ályktað gegn þessu frv. en allt kemur fyrir ekki. Það skal í gegn. Og þó að kjör barnafólks versni verulega við samþykkt þessa frv. þá skal það í gegn.

Það sama má í raun og veru segja hvað snýr að námsfólki. Hér hefur verið bent á það aftur og aftur að aðgerðir og þær breytingar sem hafa verið gerðar á námslánakerfinu skerði aðstöðu barnafólks til náms og það hafi orðið 33% fækkun í þeim hópi, þ.e. að fækkað hafi í hópi fólks sem á börn og stundar nám um 33% núna á 3–4 árum. Þannig má telja upp áfram og áfram og fara í alla þá liði þar sem eru almenn markmið stjórnvalda og meginforsendur fjölskyldustefnu sem hér er verið að setja fram og á að fara að afgreiða. Benda má á mál sem ýmist liggja óafgreidd í nefndum eða sem hreinlega er búið að tilkynna að verði ekki afgreidd. Og hvernig í ósköpunum á maður þá að leggja trúnað á góðan vilja þeirra sem hér hafa lagt þessa þáltill. fram, þ.e. ríkisstjórnarinnar? Manni flýgur í hug að þarna sé um það að ræða að vegna þess að þetta starf fór fram á ári fjölskyldunnar, vegna þess að þáltill. hafði verið unnin, vegna þess að viljinn var til staðar, þá sé mönnum ekki stætt á öðru en að klára málið og afgreiða það hér í þinginu. Og það er mjög slæmt. Það er mjög slæmt að hafa í raun og veru ekki meiri trú á þessari ríkisstjórn og hennar stuðningsmönnum en svo að hér sé um sýndarmennsku að ræða því að það er alveg ljóst að stjórnmál á næstu árum munu snúast meira og minna um málefni fjölskyldunnar, umræðan og pólitíkin mun öll snúast um mál tengd fjölskyldunni. Og þær ýta undir þessar efasemdir allar þær reglugerðir sem hafa verið settar í tíð þessarar ríkisstjórnar sem hafa skert kjör aldraðra, sjúklinga og öryrkja æ ofan í æ. Þannig er þetta og því miður er hæstv. félmrh. ekki hér viðstaddur sem auðvitað hefði verið mjög nauðsynlegt því vera kynni að hægt hefði verið að knýja fram einhverja yfirlýsingu hans um góðan vilja og jafnvel hvernig á að bregðast við einstaka ákvæði sem ekki hefur verið upplýst áður í umræðunni. Eins og menn vita hefur hæstv. ráðherra ekki komið með slíkar yfirlýsingar í umræðu heldur í atkvæðagreiðslu. En má vera að það sé ástæða þess að hér er vilji meiri hlutans að ljúka þingstörfum á laugardaginn, þess vegna sé hæstv. ráðherra í frí þessa vikuna.

Mig langar líka til þess að nefna eitt vegna þess að sérstaklega er tekið fram í þessari þáltill. og var í þeirri fyrri að réttur feðra verði tryggður, að feðrum verði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann. Nú lá fyrir heilbr.- og trn. þáltill. þess efnis að feðrum yrði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og mig minnir að þar sé talað um hálfan mánuð. Það var tillaga meiri hlutans að þeirri tillögu yrði vísað inn í þá endurskoðun sem búið er að lýsa yfir af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. að standi yfir á fæðingarorlofslögunum, heildarendurskoðun, farið fram á að þessari tillögu yrði bara vísað frá nefndinni til ríkisstjórnarinnar í þessa endurskoðun. Nei, það var ekki hægt. Þar dugðu hvorki yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. né yfirlýsingar hæstv. forsrh. og mig minnir reyndar að þetta sé í sáttmála þessara stjórnarflokka. En það mátti ekki afgreiða tillöguna, kannski vegna þess að hún var frá stjórnarandstæðingum, en það ber náttúrlega vott um lítinn þroska og enn minni vilja að geta ekki afgreitt tillögu með þessum hætti. Það sama má í raun segja um aðrar þær tillögur sem við höfum verið með í heilbr.- og trn. sem flestallar tengjast afkomu fjölskyldunnar beint.

Verst af öllu er þó að meiri hluti þessarar nefndar skyldi hafna því að veita aukna ráðgjöf, fjölskylduráðgjöf og ráðgjöf til barna sem þurfa á aðstoð sálfræðings eða félagsráðgjafa að halda. Þrátt fyrir þær umsagnir sem bárust er mjög erfitt að kyngja því að ekki skyldi vera vilji til staðar hjá meiri hlutanum til þess að samþykkja það frv. til laga.

Virðulegi forseti. Ég tel að við í stjórnarandstöðunni höfum fulla ástæðu til þess að ætla að hér sé því miður um að ræða orð sem á að samþykkja og fara með í gegnum þingið fyrst og fremst til þess að segja að tillagan hafi orðið til, hún hafi verið samþykkt, en ekki endilega til þess að framfylgja því sem í henni stendur. Og mér þykir gott að hv. þm. Pétur Blöndal skuli enn hafa trú á því að þessi ágæta ríkisstjórn skuli framfylgja þeirri stefnu sem hér er, þrátt fyrir þau orð sem hann hafði um barnabótakerfið og afgreiðslu ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans á því máli og ýmsar aðrar þær ábendingar sem hv. þm. kom með. Margar og nær allar þær athugasemdir sem hann kom með í sinni ræðu voru mjög góðar og betur væri ef sú stefna réði ferðinni hjá hæstv. ríkisstjórn. En því miður hygg ég að hv. þm. Pétur Blöndal sé í miklum minni hluta meðal stjórnarliða í viðhorfum sínum til þessara mála og ég hef ekki sömu trú og hann á ágæti þessarar ríkisstjórnar. Það er fyrst og fremst vegna þess að verk hennar fram að þessu hafa öll verið á sömu bókina. Þau eru fjölskyldufjandsamleg.

[22:56]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í andsvar út af orðum hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Ég tek undir það sem hv. þm. orðaði að fjölskyldumál yrðu mjög stórpólitísk mál á næstunni. Að vísu hefur mér fundist um langt skeið að það væri stórpólitík að fjalla um fjölskyldumál og ég deili þessari skoðun hennar.

Ég kem í ræðustól í andsvar vegna þeirra áhyggna sem hún lætur í ljós og deili þeim með henni. Það er mjög undarlegt að réttur feðra hafi verið til umfjöllunar í heilbr.- og trn. og ekki hafi náðst fram að ganga að auka þennan rétt í fæðingarorlofi vegna þess að það er sami þingmaðurinn sem er varaformaður í félmn. og heilbr.- og trn. Og þar sem svo góður vilji kemur fram í félmn. um að auka rétt feðra og hvetja feður til að nýta sér þann rétt þegar búið er að auka hann, þá verður maður auðvitað mjög áhyggjufullur að heyra að þungavigtarþingmaður sem er varaformaður í báðum nefndunum skuli ekki hafa stutt það að þetta mál kæmist áfram í heilbr.- og trn. Ég hlýt að spyrja aðeins nánar út í þetta mál vegna þess að það setur að mér ugg að heyra þetta.

Að vísu er annað mál sem við komum inn á áðan og það er ILO-samþykktin nr. 156 um fólk með fjölskylduábyrgð. Það er svo sem annað hliðstætt mál. Það einfalda sem þarf að gera er að setja ákvæðið um að ekki megi segja upp fólki vegna fjölskylduábyrgðar í ákveðin lög og liggur fyrir hvar það þarf að gerast. Samt sem áður er látið nægja að segja að það eigi að skapa skilyrði til þess að ILO-samþykktin verði uppfyllt.

Ég spyr Margréti Frímannsdóttur aðeins nánar út í það hvað hafi átt að reyna að gera varðandi rétt feðra til fæðingarorlofs sem ekki náði fram að ganga.

[22:58]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í heilbr.- og trn. liggur þáltill. sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ögmundur Jónasson flytja þar sem um er að ræða að tryggja feðrum aukinn rétt til

fæðingarorlofs og eins og ég segi minnir mig að það hafi verið hálfur mánuður.

Tillaga mín og okkar í minni hluta nefndarinnar var sú að þar sem fyrir lægi yfirlýsing hæstv. heilbr.- og trmrh. um að fæðingarorlofslöggjöfin væri í heildarendurskoðun og þar sem hæstv. forsrh. hafði lýst því yfir að feðrum yrði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs þá væri rétt að vísa þessari tillögu til ríkisstjórnarinnar með þeim ummælum að þetta væri okkar framlag í þessa heildarendurskoðun. Því var hafnað. Vilji var ekki til staðar, ekki hjá hv. þm. varaformanni heilbr.- og trn., og þess vegna kemur mér það satt að segja á óvart að síðan skuli vera þvílík samstaða í félmn. um málið þar sem sami þingmaður á sæti. Ég hélt reyndar að það mundi verða gerður fyrirvari um akkúrat þetta.

[23:00]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég verð að lýsa því yfir að ég er mjög slegin að heyra að tillaga um að auka rétt feðra um hálfan mánuð skuli hafa verið svæfð í heilbr.- og trn. á meðan við erum svo í næstu nefnd að setja fram tillögu til þingsins til afgreiðslu, stjórn og stjórnarandstaða, um að auka rétt feðra og hvetja feður til að nýta sér þann aukna rétt. Auðvitað hlýtur tilfinningin að verða sú að ekki fylgi þá hugur máli af því að hér er um að ræða tillögu sem á eftir að útfæra á meðan hitt var frumvarpsákvæði sem hefði e.t.v. tekið strax gildi. Ég er mjög áhyggjufull að heyra þetta.

En það er annað, virðulegi forseti, sem kemur mér í hug við þessar upplýsingar. Mikið afskaplega er erfitt að vera um kvöld að ræða þau mál sem eru að koma út úr nefndum, mál sem hafa verið til umfjöllunar meira eða minna allan veturinn og nú á að fara að taka á þeim og afgreiða þau í umræðu hér, að þá gerist það aftur og aftur að við erum að ræða málin en forustufólk stjórnarmeirihlutans í nefndunum sést ekki hér. Það er ekki hér til þess að ræða við okkur og nú hefði legið beint við að ræða við varaformann þessara tveggja nefnda. Hvernig má vera að þessi árekstur verði á pólitík í annarri nefndinni að segja: „Nú skulum við auka réttinn og hvetja til þess að hann sé nýttur." Og segja svo í hinni nefndinni: „Nei, nei, það má ekki auka hann um hálfan mánuð." Við eigum engin svör hér, en getum talað hvert við annað og lýst yfir áhyggjum okkar og þetta er alveg óásættanlegt.

[23:02]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég get nú ekki annað en lagt aðeins orð í belg við þessa umræðu um opinbera fjölskyldustefnu vegna þess sem komið hefur fram. Ég tek undir með hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ég efast um að hugur fylgi máli við öll þessi góðu áform um að styðja við fjölskylduna þegar maður er búinn að ganga í gegnum þá umræðu sem hefur farið fram í hv. heilbr.- og trn. um málefni sem snúa að fjölskyldunni þar sem stjórnarmeirihlutinn vill helst ekki taka málin til umræðu og ef þau eru tekin til umræðu, þá er þeim vísað frá eða jafnvel felld eins og gerðist í morgun.

Ég vil benda á mál til viðbótar því sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir nefndi. Hún minnti á málið sem fellt var í morgun þar sem farið var fram á að almannatryggingarnar tækju þátt í sálfræðiþjónustu fyrir börn og unglinga. En það hefur komið fram hjá þeim fulltrúum sem komu í heimsókn til nefndarinnar til að ræða þetta mál að þar væri víða mjög alvarlega pottur brotinn. Sérstaklega var bent á að eftir að lögunum um grunnskóla var breytt er þjónusta skólasálfræðinga mjög takmörkuð. Það er aðeins um greiningu að ræða en enga meðferð og það er auðvitað afleitt ef börn eru greind í skólunum og síðan vísað á frekari meðferð og þau fá hana ekki og ekki er tekið þátt í kostnaði við hana. Þetta frv. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur var fellt í heilbr.- og trn. í morgun. Stjórnarmeirihlutinn felldi það að þetta mál fengist afgreitt úr nefndinni og kæmi til umræðu hér í þinginu eins og óskað var eftir af minni hluta nefndarinnar.

Ég nefni fleiri mál, eins og um að fá umönnunargreiðslur til þeirra sem annast sjúka eða fatlaða, eru sem sagt umönnunarþurfi í heimahúsi, að fleiri en makar fá greitt fyrir þau störf. Og af því að það var nefnt hér að hæstv. félmrh. er ekki til staðar í húsinu, þá spyr ég, herra forseti: Er starfandi félmrh. í húsinu?

(**Forseti** (RA): Hv. þm. spyr um verustað ráðherra og ég get einungis upplýst að einn hæstv. ráðherra er skráður í húsið, hæstv. samgrh., en hann mun hafa gengið út úr húsinu í þessum töluðum orðum.)

En hvað með viðskrh., er hann ekki í húsinu?

(**Forseti** (RA): Eins og ég hef þegar sagt, þá er á þessu augnabliki enginn hæstv. ráðherra í húsinu.)

Ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við starfandi félmrh. sem mér skilst að sé hæstv. viðskrh. Finnur Ingólfsson. Ég hefði gjarnan viljað eiga orðastað við hann vegna þessarar tillögu sem hér er verið að ræða í þinginu.

(**Forseti** (RA): Þeirri ósk verður komið á framfæri.)

Ég mun halda áfram að ræða fleiri mál sem hafa komið til umræðu í hv. heilbr.- og trn., mál þar sem reynt er að breyta lögum sem vega að fjölskyldunni. Ég vil nefna mál sem er breyting á lögum um félagslega aðstoð sem mælt var fyrir nú fyrir einni eða tveim vikum, þar sem tekið er á heimilisuppbótinni, en öryrkjar og jafnvel ellilífeyrisþegar sem vilja hefja sambúð tapa við það greiðslum úr almannatryggingunum. Greiðslurnar til þeirra lækka um samtals 30 þús. kr. við það að hefja sambúð og sömuleiðis, af því verið er verið að tala um fjölskylduna hér, að ef kona sem er öryrki eignast barn og verður einstæð móðir, þá lækka greiðslurnar til hennar um 14.400 kr. ef hún hefur engar greiðslur úr lífeyrissjóði. Þetta eru náttúrlega alls ekki fjölskylduvæn lög. Reynt hefur verið að ráða bót á þessu með frv. sem hafa ekki einu sinni fengist rædd í heilbr.- og trn. fyrir meiri hlutanum. Og það að koma með fagurlega orðaða fjölskyldustefnu hér í öðru orðinu og afgreiða síðan málin eins og gert hefur verið í heilbr.- og trn. þar sem verið er að reyna að ráða bót á málefnum fjölskyldunnar, er vægast sagt mjög ótrúverðugt.

Er nokkur von á félmrh.?

(**Forseti** (RA): Það get ég nú ekki sagt um.)

Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar hjá honum hver hans afstaða er til umönnunargreiðslna sem voru hér til umræðu vegna þess að ég man til þess að í frv. sem hann stóð fyrir að yrði samið fyrir hæstv. ráðherra Guðmund Bjarnason, þegar hann var heilbrrh., var einmitt farið fram á greiðslur fyrir umönnun í heimahúsi. En nú virðist það vera allt saman breytt og menn hafa skipt um skoðun í Framsfl. því að ekki fæst ráðin bót á því. En ég er tilbúin að bíða ef ég fengi þá að eiga orðastað við hæstv. ráðherra þegar hann kemur í hús. Er það í lagi?

(**Forseti** (RA): Það er í lagi.)

Ég get kannski reynt að ræða við hann síðar ef ekki er von á honum. (**Gripið fram í:** Það verður bara að fresta umræðu.) Fresta umræðunni.

(**Forseti** (RA)**:** Einn hv. þm. hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu hv. 18. þm. Reykv. og það er spurning hvort hún er reiðubúin að láta þau andsvör ganga yfir nú og taka svo aftur til máls þegar ráðherrann er kominn.)

Ég mun bíða með að ræða við hæstv. ráðherra þar til síðar og lýk þá máli mínu. En ég hef verulegar efasemdir um að hugur fylgi máli í þessari þáltill. miðað við vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í málefnum fjölskyldunnar í öðrum nefndum þingsins, þ.e. heilbr.- og trn.

[23:10]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en tekið undir það sem fram hefur komið í máli hv. ræðumanna að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvernig þessari tillögu verður fylgt eftir. Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni í kvöld, þá veltur það fyrst og fremst á framkvæmdinni hvort hún verður að veruleika eða einhverjir hlutar hennar. En alla vega er það víst, hæstv. forseti, að með samþykkt þessarar tillögu er komin ákveðin fótfesta og það verður erfitt á næsta þingi að vísa frá tillögum um fæðingarorlof þannig að ég held að eftir að þessi tillaga verður samþykkt, séum við í nokkuð annarri stöðu og þá verður ríkisstjórnin auðvitað að sýna í raun að hún vilji fylgja eftir þessari fjölskyldustefnu.

En til að hugga hina harmi þrungnu þingmenn sem eru svo áhyggjufullir yfir framkvæmd þessarar tillögu, þá vil ég bara minna á að hæstv. félmrh. spáði því fyrir nokkrum dögum að núverandi stjórnarandstaða mundi ná meiri hluta í næstu kosningum og kjörtímabilið er nú meira en hálfnað þannig að ekki er langt að bíða.

[23:11]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona að hæstv. félmrh. sé sannspár í þessum efnum. Vegna orða hv. formanns félmn. vona ég að það sé rétt að ekki verði hægt að hafna tillögum eins og þeirri að auka rétt feðra til fæðingarorlofs verði þessi þáltill. samþykkt. Ég vona að það verði líka til þess að þingmál til úrbóta sem lögð eru fram til þess að styðja við fjölskylduna fari greiðar í gegnum nefndirnar og þingið en hingað til því þær hafa ekki hreyfst eftir að mælt hefur verið fyrir þeim hér, sérstaklega ef stjórnarandstæðingur hefur átt í hlut. Ég vona svo sannarlega að það verði reyndin að hægt verði að ná einhverjum úrbótum því að staðan eins og hún er núna er afleit í málefnum fjölskyldunnar.

[23:13]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að leggja orð í belg, sérstaklega vegna þess að nóttin er ung og ég er viss um að við getum átt skemmtilega nótt saman við að ræða um þáltill. sem hér liggur fyrir um mótun opinberrar fjölskyldustefnu. (**ÁRJ:** Það er enginn stjórnarliði í salnum.) Það er allt í lagi þó að enginn stjórnarliði sé í salnum vegna þess að ég þarf í upphafi máls míns að eiga orðastað við nefndarmenn og þá sem í hv. félmn. sitja.

Hér segir í brtt. frá félmn., sem ég út af fyrir sig er að flestu leyti sammála, að fjölskyldan sé uppspretta lífsgilda. Þetta orðalag var ekki að finna í hinni upphaflegu þáltill. Þegar ég skoða þessa brtt. og les nefndaráliti til þess að finna hver er skilgreining á fjölskyldu, þá er erfitt að finna það nákvæmlega. Þó segir í nefndaráliti að varðandi skilgreiningu á fjölskylduhugtakinu hafi verið stuðst við þá skilgreiningu sem var sett fram af landsnefnd um ár fjölskyldunnar árið 1994 og þar er fjölskyldan skilgreind sem hópur einstaklinga sem á sér sameiginlegt heimili þar sem menn deila tómstundum o.s.frv. Hópur einstaklinga.

Ég velti því fyrir mér hvort með þessu orðalagi sé ekki sneitt fullharkalega að þeim sem ekki falla undir þessa skilgreiningu en eiga samt sannanlega ágætt líf sem er fullt af góðum gildum. Ég er sammála því að fjölskyldan er afskaplega mikilvæg og sennilega er hún hornsteinn okkar samfélags eins og það er byggt upp í dag. En ef við horfum á þróunina á Vesturlöndum þá sjáum við að það er eitt merkilegast, eitt stendur upp úr varðandi þróun fjölskyldunnar, þ.e. að þeim fjölgar sem búa einir. Það er líka fjölskylda eða það ætti að vera hægt að segja að slíkt líf sem menn hafa kosið sér sjálfir oft og tíðum sé líka uppspretta lífsgilda. Það er ekki hægt, finnst mér, að taka svona til orða vegna þess að ef maður les þetta saman með skilgreiningunum sem vísað er til í nefndarálitinu, þá finnst mér eins og hér gæti í besta falli ómeðvitaðra fordóma gagnvart einstaklingunum, þeim sem annaðhvort af eigin hvötum kjósa að lifa einir, og þeir eru margir og þeim fjölgar, eða þeir sem einhverra hluta vegna verða að lifa einir. Ég held samt sem áður að þeirra líf sé líka uppspretta mikilvægra lífsgilda og ég er ekki alls kostar sammála þessu orðalagi.

Ég vildi síðan, herra forseti, aðeins ræða þessa tillögu sem liggur fyrir út frá sjónarhóli stjórnarliða vegna þess að nefndin samþykkti tillöguna einróma eins og hún liggur fyrir. Það er dálítið merkilegt að lesa saman einstaka þætti tillögunnar og bera þá síðan saman við það sem ríkisstjórnin er að gera. Ég er auðvitað algjörlega sammála því sem stendur t.d. í II. kafla brtt. undir tölul. 4 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Að gildi hjónabandsins sem eins traustasta hornsteins fjölskyldunnar verði varðveitt og þess verði meðal annars gætt við setningu skattareglna að þeir sem ganga í hjónaband standi ekki verr að vígi en aðrir í skattalegu tilliti."

Ég ímynda mér að flestir séu þessu sammála. En hvernig er staðan í dag? Gengur ekki það sem ríkisstjórnin er að gera í dag þvert á þetta? Ég spyr hv. formann félmn. sem hefur gaumgæft þessi mál: (Gripið fram í.) Er ekki rétt skilið hjá mér að sú stefna sem félagar hennar úr stjórnarliðinu standa að í gegnum samþykkt sína á þessari tillögu, er í algjörri andstöðu við það sem þessir sömu stjórnarliðar eru að samþykkja með ýmsum aðgerðum ríkisstjórnarinnar? Er það ekki svo? Ég spyr sérstaklega af því að nú er kominn í salinn einn hinn vaskasti meðal efnahagsfrömuða ríkisstjórnarinnar: Er ekki rétt að þær skattareglur sem ríkisstjórnarliðar hafa verið að beita sér fyrir gera það einmitt að verkum að þeir sem eru giftir geta við vissar aðstæður staðið miklu, miklu verr að vígi en þeir sem ekki eru í hjónabandi? Ég held því fram að þær skattareglur sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og aðrir félagar hans í stjórnarliðinu hafa verið að samþykkja vinni frekar að því að sundra hjónabandinu en að styðja það sem grunneiningu og varðveita gildi þess, eins og hér segir, sem: „traustasta hornsteins fjölskyldunnar". Mér finnst þess vegna mjög undarlegt að sjá hérna stjórnarliðana lýsa því yfir að þeir telji að það eigi að gæta þess þegar settar eru reglur um skattlagningu að hjónabandið sé virt.

Ég er þeirrar skoðunar og það hefur komið fram í umræðum hér og það hefur komið fram í fjölmiðlum að þær reglur og skattabreytingar sem ríkisstjórnin hefur verið að beita sér fyrir stuðli ekki að því að styrkja hjónabandið. Og það

er auðvitað mjög sérkennilegt að Sjálfstfl. sem hefur litið á sig sem sérstakan gæsluflokk fjölskyldunnar, skuli standa að þessu. Ég veit að það kann að vera að augu mín séu haldin í þessu efni og þá mun hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sem einnig á sæti í félmn. koma hér á eftir og ljúka þeim upp með snjallri röksemdafærslu sinni. Ef hann gerir það ekki, hlýt ég að álíta sem svo að hann sé sammála mér að í þessari samþykkt sé algjör þverstæða ef hún er skoðuð með hliðsjón af því sem ríkisstjórnin hefur verið að samþykkja.

Á bls. 3, herra forseti, í III. kafla þessarar tillögu undir tölul. 3, sem ber heitið: Réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs, segir, með leyfi forseta:

„Að feðrum verði tryggður aukinn réttur til fæðingarorlofs og þeir sérstaklega hvattir til að nýta hann."

Hvernig er staðan í þessum málum í dag, herra forseti? Hún er þannig að nú er að renna sitt skeið á enda framkvæmdaáætlun um jafnrétti sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir átti frumkvæði að meðan hún sat á stóli félmrh. Eitt af því sem þar segir er að áður en sú framkvæmdaáætlun rennur sitt skeið á enda, þá skuli lögfestar reglur um fæðingarorlof feðra. Nú er þessi áætlun að verða búin og það liggur alveg skýrt fyrir að ekki á að verða við þessari framkvæmdaáætlun. Það á að svíkja hana. Hvers vegna fullyrði ég þetta? Vegna þess að eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gat um í ræðu sinni áðan, þá hefur það gerst í heilbr.- og trn. að stjórnarliðarnir hafa ekki treyst til þess einu sinni að hleypa hér til atkvæða í hinu háa Alþingi þáltill. sem tveir hv. þm., Ögmundur Jónasson og Steingrímur Jóhann Sigfússon, fluttu um fæðingarorlof feðra. Og það var ekki beinlínis verið að reisa háan múr þar. Það var einungis verið að óska eftir því að við endurskoðun laga um fæðingarorlof verði feðrum tryggður sjálfstæður réttur sem nemur tveggja vikna orlofi á launum við fæðingu barns. Þetta er ekki giska mikið þegar til þess er horft að krafa eða tillögur karlanefndar Jafnréttisráðs miða að því að fjórir mánuðir af 12 mánaða fæðingarorlofi verði bundnir föður. Með öðrum orðum liggur fyrir að í þessari tillögu um opinbera fjölskyldustefnu er stjórnarliðið að segja að það sé hið besta mál að stefna að því að skapa sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs. En nákvæmlega sömu dagana og þeir eru að samþykkja þetta, þá fella þeir tillögu um það í annarri fagnefnd þingsins, þrátt fyrir að það sé líka ljóst að í gildi er á vegum ríkisstjórnarinnar áætlun sem bókstaflega segir að það sé vilji þingsins að þetta sé samþykkt. Ég spyr þess vegna, herra forseti: Er nokkuð að marka þessa menn? Er nokkuð að marka vilja þeirra á bak við þessa tillögu um opinbera fjölskyldustefnu? Ég held að svo sé ekki og ég gef lítið fyrir hana. Ég gef nánast ekki neitt fyrir hana vegna þess að ég hef það fyrir mér að tveimur mikilvægustu þáttum hennar, að því er varðar annars vegar hjónabandið og skattareglur sem því viðkemur og hins vegar fæðingarorlof feðra, þá eru þessir sömu stjórnarliðar að brjóta stefnuna sem þeir eru að leggja fram og þykjast vera að samþykkja í þessari ágætu tillögu sem kemur frá félmn. Og ég verð að segja það, herra forseti, að hafi ég einhvern tíma kynnst hræsni, þá er það í þessu.

[23:22]

Útbýting þingskjala:

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 523. mál, nál. landbn., þskj. 1199.

Lánasjóður landbúnaðarins, 424. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1220.

Samningsveð, 234. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 1224; brtt. 1. minni hluta allshn., þskj. 1225.

Skógræktaráætlun, 546. mál, nál. landbn., þskj. 1201.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, 377. mál, nál. landbn., þskj. 1202.

Stuðningur við konur í Afganistan, 69. mál, nál. utanrmn., þskj. 1217.

Verðbólgureikningsskil, 314. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1186.

[23:24]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er til umræðu þáltill. um opinbera fjölskyldustefnu og í máli mínu áðan kom ég að því hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að því að fella hvert málið á fætur öðru eða stöðva í nefnd hvert málið á fætur öðru sem snýr að stuðningi við fjölskylduna. Nefnd voru ýmis mál til sögunnar sem m.a. hafa verið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. Þar á meðal eru tvö frv. um greiðslur fyrir umönnun til þeirra sem eru heimilisfastir með umönnunarsjúklingi. Og þar sem mig rekur minni til þess að hæstv. ráðherra hafi staðið fyrir því í eina tíð að endurskoða almannatryggingalögin og þar hafi verið komið inn ákveðinni grein þar sem tekið er á þessum málum og lagt til að sá sem er heimilisfastur með umönnunarsjúklingi fái greiðslu fyrir það, svokölluð umönnunarlaun eða umönnunarbætur, þá vildi ég spyrja hæstv. ráðherrann hvort hann hafi skipt um skoðun frá því að hann vann að gerð þessa frv.

Menn hafa efast um að hugur fylgdi máli hvað þessa þáltill. um fjölskyldustefnu varðar þar sem málum hefur verið þannig háttað í raun hjá hæstv. ríkisstjórn og stjórnarliðum að þeir hafa ekki léð máls á neinu sem snýr að úrbótum í efnum fjölskyldunnar og þess vegna vildi ég heyra frá hæstv. ráðherra hver hans afstaða til umönnunargreiðslna er nú þegar hann er kominn í ráðherrastól. Meðan hann var aðstoðarmaður ráðherra í heilbr.- og trn. var það hans skoðun að greiða ætti slíkar bætur en nú fæst slíkt mál ekki rætt eða varla rætt í heilbr.- og trn. Ég teldi mjög fróðlegt að heyra þetta þar sem við erum að ræða málefni fjölskyldunnar hér í kvöld.

[23:27]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessari spurningu sem beint var til mín var eiginlega ekki beint til mín sem félmrh., sem ég er þessa stundina, heldur fyrst og fremst sem þingmanns, ef ég hef skilið hv. þm. rétt.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að á sínum tíma var ég formaður þeirrar nefndar sem endurskoðaði lögin um almannatryggingar. Sú endurskoðun gekk út á það að færa til innan gildandi laga og þess kostnaðar sem í heild sinni hlýst af almannatryggingalöggjöfinni. Endurskoðunin miðaði að því að lækka greiðslur á einstaka stöðum, draga úr kostnaði og færa það yfir á aðra þætti, sem ég var og er þeirrar skoðunar að þurfi að gera betur. Dæmi um þetta er að núna eru greiðslur til ellilífeyrisþega og öryrkja nákvæmlega þær sömu sem ég tel vera óeðlilegt. Ég tel eðlilegt að öryrkjar fái hærri greiðslur en ellilífeyrisþegar. Hið sama gildir þá um umönnunarbæturnar en sá bótaflokkur var reyndar ekki til á þeim tíma nema að mjög litlu leyti og mjög þröngur. Ég var þeirrar skoðunar að þar ætti að útvíkka allverulega og nota fjármuni sem mundu sparast á öðrum stöðum við þessa endurskoðun til þess að hækka þá bótaflokka.

Meginniðurstaðan átti að vera sú að útgjöld til almannatrygginga áttu ekki að aukast. Ég tel þetta vera hægt. Nú veit ég að heilbrrh. er með almannatryggingalöggjöfina í endurskoðun. Sú endurskoðun miðar að sama marki, þ.e. að almannatryggingalöggjöfin þjóni þeim sem þurfa á aðstoð almannatrygginganna að halda en sé ekki uppbót fyrir þá sem hafa góðar tekjur.

[23:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get ekki skilið hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hann hafi ekki skipt um skoðun, það eigi að greiða umönnunargreiðslur fyrir umönnun sjúkra og aldraðra í heimahúsi. Ég vil leiðrétta hæstv. ráðherra með að öryrkjar fái sömu greiðslur og ellilífeyrisþegar. Það er ekki rétt. Það eru hærri greiðslur til öryrkja, tekjutryggingin er hærri til þeirra en það er kannski ekki hægt að ætlast til þess að hæstv. ráðherra hafi fylgst með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á almannatryggingunum frá því að hann var í heilbrrn.

Ég spyr því hæstv. ráðherra: Mun hann beita sér fyrir því í ríkisstjórninni að samþykkt verði breyting á þeirri grein, sem hann lagði til forðum, að greiddar verði umönnunarbætur eða *umönnunarlaun til þeirra sem annast sjúka eða fatlaða* heima, annarra en aðeins til maka eins og lögin eru í dag? Það er óbreytt frá því að hæstv. ráðherra var í heilbr.- og trmrn. Mun hann beita sér fyrir því hvernig sem það er, hann talaði hér um að hann hefði hugsað sér það þannig að það mundi ekki auka útgjöld almannatrygginganna. Hann hugðist spara annars staðar. Það kom reyndar ekki fram hvar hann hygðist spara en ég heyrði að hann var á því að greiða ætti þessi laun. Er hann tilbúinn að beita sér fyrir því í ríkisstjórninni og sýna þá að það er a.m.k. einhver hugur á bak við þetta málefni eða þessa þáltill. um fjölskyldustefnu sem hér er til umræðu?

[23:31]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var hárrétt skilið hjá hv. þm. að ég er enn þá þeirrar skoðunar að greiða eigi umönnunarbætur. Ég er þeirrar skoðunar. Hins vegar þarf að taka þann bótaflokk til sérstakrar skoðunar í tengslum við heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar. Nú er heilbrrh. með þá löggjöf í heild sinni til endurskoðunar og ég tel að þetta sé eitt af því sem þar verði tekið til athugunar, þ.e. hækka umönnunarbæturnar.

Það kann vel að vera rétt hjá hv. þm. og er reyndar rétt að ég er örlítið farinn að ryðga frá 1990 í þeim frumskógi sem almannatryggingalöggjöfin er. Ég fagna því ef það er rétt að greiðslur til örorkulífeyrisþega eru orðnar hærri en ellilífeyrisþega sem ég tel vera mjög eðlilegt en ég held að munurinn sé ekki mikill.

Hins vegar er ég ekki tilbúinn hér á þessari stundu að lýsa nákvæmlega hvar hægt er að spara því það væri ekki ráðlegt ef almannatryggingalöggjöfin hefur tekið miklum breytingum í þeim efnum. En ég vísa til merkilegs rits sem ég skildi eftir mig þegar ég hætti sem aðstoðarmaður heilbrrh. 1991, þar sem almannatryggingalöggjöf var stillt upp í heild sinni og gerði hún ráð fyrir verulegum sparnaði eða verulegum tilfærslum á fjármunum frá þeim sem betur mega sín innan þessa kerfis yfir til þeirra sem raunverulega þurfa á aðstoð að halda. Ég vísa til þeirra tillagna. Þar eru sparnaðartillögur, þar eru líka útgjaldatillögur en niðurstaðan varð sú að útgjöldin áttu ekki að aukast heldur standa í stað. Ég hugsa að það mætti vel dusta rykið af þessum gömlu tillögum og þær mundu þjóna betur í dag en almannatryggingalöggjöfin gerir. Og það er, held ég, enginn ágreiningur um það milli allra pólitískra flokka að nauðsynlegt er að taka almannatryggingalöggjöfina til endurskoðunar, ekki síst út frá jaðarskattaáhrifunum sem þar eru mjög sterk.

[23:33]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að hægt er að spara heilmikið í sjúkrahúskostnaði með því að greiða fyrir umönnun í heimahúsum. Þar er strax kominn stór sparnaðarliður því það er mun dýrara að hafa umönnunarsjúklinginn á sjúkrahúsi en í heimahúsi. Ég held að það kosti álíka mikið á dag og það kostar í greiðslur á mánuði fyrir umönnun í heimahúsi þannig að þar er strax kominn sparnaður.

Ég vil líka spyrja hæstv. ráðherra hvenær eigi að ljúka endurskoðun á almannatryggingunum. Almannatryggingalöggjöfin hefur verið í endurskoðun frá því að lögin voru sett, gömlu lögin frá 1971, og ekkert komið út úr því. Ég furða mig á því að hæstv. ráðherra hafi ekki látið flokkssystur sína, sem nú situr í heilbrrn., hafa þessa endurskoðun á almannatryggingalögunum sem hann stóð að og ég trúi ekki öðru en hann hafi gert það. Og ég furða mig á því ef það er stefna hans flokks að þessar greiðslur skuli vera inntar af hendi, hvers vegna er þá ekki hægt að samþykkja þau frv. sem liggja fyrir heilbr.- og trn. nú um umönnunarlaun eða umönnunargreiðslur? Er ágreiningur uppi milli hæstv. ráðherra og hæstv. heilbr.- og trmrh. í þessu efni? Ég spyr því að mér finnst vera þarna ákveðinn skoðanamunur uppi.

[23:35]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að lengja þessa umræðu örlítið þó ekki væri nema vegna þess að nú hefur sá sögulegi atburður gerst að hér eru allt í einu komnir stjórnarliðar í salinn. Í allt kvöld hafa bekkir verið fjölskipaðir af liðum stjórnarandstöðunnar en tæpast hefur nokkur stjórnarliði sést. Nú ber svo vel í veiði að það er ekki bara einn og ekki tveir heldur jafnvel þrír sem sjást hér vera á vafri um þingsalina. Það er að vísu eftirtektarvert að ekki einn einasti þingmaður Sjálfstfl. sér sér fært að vera viðstaddur þessa umræðu um opinbera fjölskyldustefnu og þeir sem fylgjast með umræðunni hljóta auðvitað að draga þá ályktun að Sjálfstfl. hafi einfaldlega engan áhuga á fjölskyldustefnu og engan áhuga á að láta samþykkja neina sérstaka opinbera fjölskyldustefnu.

Hér er m.a. staddur í salnum hæstv. starfandi félmrh. Finnur Ingólfsson. Mér líkar að vísu prýðilega við hæstv. ráðherra í því hlutverki sem hann sinnir að öllu jöfnu daglega, en mér heyrist á öllu að hann sé mjög efnilegur félmrh. líka.

Það hefur komið fram í máli hæstv. ráðherra að þegar hann var fyrr á öldinni ungur og tiltölulega léttari en í dag var hann aðstoðarmaður þáv. heilbrrh. og skildi eftir nokkra texta. Við í Alþfl. erum ekki alls kostar ókunnugir þeim textum. Það vildi svo til að þegar Alþfl. tók við heilbrrn. árið 1991 tók hann í arf texta núv. hæstv. starfandi félmrh., þáv. aðstoðarmanns heilbrrh., og þeir textar voru eiginlega leiðarhnoða sem réð stefnu Alþfl. í heilbrigðismálum á þeim árum. Það var að vísu svo að þá vildi hv. þáv. þm., Finnur Ingólfsson, ekkert við þá kannast og ætti náttúrlega í dag að vera þakklátur fyrir að Alþfl. hrinti þó í framkvæmd mjög

mörgu af því sem hæstv. ráðherra lét þá eftir sig í ráðuneytinu. Það má auðvitað velta því fyrir sér af því að hæstv. ráðherra hefur hér reifað tillögur sínar um umönnunarbætur, sem bersýnilega ganga miklu lengra en vilji ríkisstjórnarinnar núna, hvort í öðrum efnum sé einnig hægt að finna aldraða texta eftir hæstv. ráðherra sem enn liggja á víð og dreif í heilbrrn. Það væri kannski gott ef hæstv. ráðherra gerði reka að því að kynna hæstv. núv. heilbrrh. hugmyndir sínar um ýmislegt sem mikilvægt er og er einmitt undir í þessari umræðu.

Nú vill svo til að hæstv. starfandi félmrh. er líka fjölskyldufaðir. Hann er í yngri kantinum á Framsfl. vegna þess að þegar liðið er svo langt á kvöld eins og núna, þá eru hinir flestir gengnir til rekkju, en þeir eru þó hérna þrír ungir hv. þm. Framsfl. og allir karlmenn, einungis karlmenn úr Framsfl. Eitt af því sem við höfum verið að ræða í kvöld er einmitt fæðingarorlof feðra.

Ég hef fyrr í umræðunni varpað því fram hvort nokkuð sé að marka þann stuðning sem er að finna í þeirri tillögu sem hin háa félmn. hefur lagt fyrir þetta þing, en þar er m.a. gert ráð fyrir því að feður fái sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Er eitthvað að marka þetta? Ég spyr hæstv. starfandi félmrh.: Má búast við að hann láti dáð fylgja orðum og Framsfl. reyni að uppfylla þá stefnu sem hann hafði fyrir síðustu kosningar og varðaði einmitt sjálfstæðan rétt feðra til fæðingarorlofs? Ég spyr að gefnu tilefni.

Ég hef rifjað það upp í þessari umræðu að nú er framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar að ganga til enda, sem þessi ríkisstjórn er líka bundin af þó að hún hafi verið samþykkt af fyrri ríkisstjórn. Þar segir að lögfesta eigi rétt feðra til fæðingrorlofs — en það á ekki að gera það. Sú framkvæmdaáætlun á að fá að ganga til viðar án þess að þau ákvæði verði efnd. Þess vegna spyr ég: Er eitthvað frekar að marka það sem stendur í þessari opinberu fjölskyldustefnu sem við erum að ræða? Og ég spyr hæstv. starfandi félmrh.: Er hann reiðubúinn til að lýsa því yfir að áður en þetta kjörtímabil er úti muni núverandi ríkisstjórn fallast á að réttur feðra til sjálfstæðs fæðingarorlofs verði lögfestur?

[23:40]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Þess umræða hefur verið um margt mjög fróðleg en það er dálítið merkilegt þegar síðellt er kvartað undan því að fólk sitji ekki í þingsalnum vitandi það að þingmenn hafa sjónvarpstæki á skrifstofum sínum og þar getum við mætavel fylgst með umræðum.

Við gerum okkur grein fyrir því að fjölskyldan er auðvitað hornsteinn þjóðfélagsins. Mér finnst stundum vera svolítill tvískinnungur þegar við erum að ræða um opinbera fjölskyldustefnu. Hvernig er t.d. opinber fjölskyldustefna þingmanna? Ég veit ekki betur en í fyrra hafi hæstv. heilbrrh., sem hér var nefndur til sögunnar, farið í tíu daga frí með fjölskyldu sinni, tíu daga, og ég veit ekki betur en hv. þm. sem hér talaði rétt áðan hafi gert nánast allt vitlaust í þjóðfélaginu vegna þess að sá ágæti ráðherra fór í tíu daga frí. Venjulegt fólk hér á landi hefur 25–30 daga frí, það vitum við. Mér finnst að við megum gjarnan þegar við fjöllum um opinbera fjölskyldustefnu líta okkur nær.

[23:41]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. rennur blóðið til skyldunnar og rifjar upp að hæstv. heilbrrh. hvarf úr miðju verkfalli heilsugæslulækna þegar við blasti hrun heilsugæslunnar í landinu og fór í frí til Kýpur og lá þar á sendinni sólarströnd í tíu daga og hann segir að sá sem hér talar hafi gert allt vitlaust út af því máli. Það eina sem þessi þingmaðurinn sagði um það þegar honum voru borin þessi tíðindi í fjölmiðlum: Ég læt nú segja mér þetta þrisvar sinnum áður en ég trúi því, og ég lét þess jafnframt getið að sjálfur hefði ég tæpast lagt í slíka för á þessum tíma. Það var nú ekki meiri vitleysa sem úr því var gerð.

En það er hins vegar umhugsunarefni þegar hv. þm. kemur hér upp til að ræða fjölskyldustefnuna og þann part hennar sem ég gerði að umræðuefni, þá kýs hann í andsvarinu að eyða ekki einu orði á það. Ég ræddi um fæðingarorlof feðra. Ég rifjaði það upp að a.m.k. einhverjir þingmenn Framsfl. sögðu fyrir síðustu kosningar að þeir mundu berjast fyrir því að fæðingarorlof feðra yrði gert að löggerningi. Hvernig hafa þeir staðið við það? Þeir hafa gert það með því að ganga fram fyrir skjöldu í ráðuneytum sínum til að brjóta samþykkt Alþingis um þetta. Alþingi hefur samþykkt að áður en núverandi framkvæmdaáætlun um jafnréttismál hnígur til viðar, þá skuli lögfesta reglur um sjálfstæðan rétt feðra. Framsfl. fer með þessi ráðuneyti, félmrn. og heilbrrn., og þess vegna er það hann sem er siðferðilega ábyrgur í málinu. Hann er að brjóta þetta. En það er hins vegar kannski spegilmynd af vilja flokksins í þessum efnum og frammistöðu hans að sá hv. þm. sem kemur hingað til þess að veita andsvar við ræðu minni nefnir þetta ekki einu orði, sem var þó eina efnið í minni ræðu. Er það kannski byltingarmynd af því að Framsfl. er alveg sama um þetta og í öðru lagi kýs hann (Forseti hringir.) að brjóta öll þau kosningaloforð sem hann mögulega kemst í færi við? Að öðru leyti er ég sammála hv. þm. um að margt fróðlegt hefur gerst hér í kvöld og eitt af því er auðvitað það (Forseti hringir.) að mikill fróðleikur hlýtur að vera fólginn í því, herra forseti, fyrir þingmenn Framsfl. að fá svolitla upprifjun á því sem þeir lofuðu fyrir kosningarnar.

[23:44]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því að starfandi félmrh. komi til með að svara þeim fyrirspurnum sem hv. þm. beindi til hans. En mig langar til að ítreka að gjarnan er talað um það að þegar einn fingur bendir fram, þá benda þrír til baka og mér verður auðvitað hugsað til fólksins okkar, þ.e. mér finnst sjálfsagt að benda á það að við sem erum í þingsalnum eigum okkar fjölskyldur og við megum gjarnan horfa til þess í umræðunni.

[23:45]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að auðvitað eigum við að reyna að haga okkar starfstíma hér þannig að við getum sinnt okkar fjölskyldum a.m.k. að lágmarki. En það má náttúrlega rifja upp fyrir hv. þm. hverjir það eru sem fara með meiri hluta og hvort það er stjórnarandstaðan eða stjórnarliðið sem hefur t.d. forseta þingsins og þar með afgerandi ákvörðunarvald um það hvernig vinnutíma er háttað í þinginu.

[23:45]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er dálítið leiðinlegt og leiðigjarnt að hlusta stöðugt á það að þingmenn séu ekki í salnum. Ég vil benda hv. þm. á að það er komin ný tækni. Það er kominn sjónvarpsskjár í vinnuherbergjum þingmanna og þar sitja

menn gjarnan og vinna jafnframt því sem þeir hlusta. Ég náði því sem hv. þm. sagði að stjórnarliðið væri ekki viðstatt umræðuna. Ég vil benda á að ég hef verið viðstaddur alla þessa umræðu frá upphafi og ég hef mikinn áhuga á þessum málum. Ég er í félmn. vegna þess að ég hef áhuga á félagsmálum, ekki vegna þess að mér beri skylda til að vera þar og ég hef sérstaklega mikinn áhuga á þessu máli þannig að þetta er furðuleg vantrú á þingmönnum.

Ég hef líka mjög mikinn áhuga á fæðingarorlofi feðra og ég vil koma því á heilsteyptan grunn, ekki bara fyrir einstæðar mæður. En ég vil líka gæta þess að klyfja ekki velferðarkerfið umfram það sem þegar er. Mér er nefnilega mjög annt um velferðarkerfið. Eftir því sem við hlöðum meiri böggum á það, þeim mun meira lengjast biðlistanir og þeim mun lakari verður þjónustan. Ég vil passa mjög vel hvað við hengjum á klárinn svo að hann sligist ekki því að mér er mjög annt um velferðarkerfið.

[23:47]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er nú ekki annt um það velferðarkerfi sem hv. þm. vill koma á. Ég þekki mætavel hugmyndir hans en það má þó segja hv. þm. til hróss að ræða hans einkennist af því sem segir í hinni helgu bók, hún er já já og nei nei. Menn ganga ekkert gruflandi að skoðunum hv. þm. Ég er einfaldlega á móti þeim.

Ég tel að það velferðarkerfi sem hann vill koma upp sé frekar velferðarkerfi hinna ríku og það hefur Sjálfstfl. sýnt í störfum sínum hér. En til þess að öllu sé til haga haldið, þá er það auðvitað rétt hjá hv. þm. að hann hefur sýnt þessum málum áhuga og hann hefur setið yfir þessari umræðu. Það er rétt að það komi fram.

En af því að hv. þm. er stöðugt að tala um að komin sé ný tækni og það sé bara ágætt fyrir þingmenn að sitja fyrir framan sjónvarpið, þá spyr ég hv. þm.: Af hverju er hann að erindast hér í salnum í kvöld? Af hverju situr hann ekki bara fyrir framan sjónvarpið á sinni skrifstofu og tuðar við það?

[23:48]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Í sumum málum ætlar maður að taka til máls og blanda sér í umræðuna, í öðrum ekki og þar fylgist maður með. Ég taldi að ég væri búinn að taka þátt í þessari umræðu þar sem ég var búinn að halda ræðu mína og ég ætlaði ekki að lengja hana meira með einhverju málæði og endurtaka rökin sem ég er búinn að færa fram þannig að ég sá enga ástæðu til þess að vera staddur hér í salnum. Ég er að vinna að brtt. við lífeyrisfrv. og þarf að gera það fyrir morgundaginn og í fyrramálið mæti ég á fundi í sérnefndinni þannig að ég sé ekki hvenær í ósköpunum ég á að gera það nema þá í nótt. Þannig er allur fjölskylduvænleiki þessa kerfis.

[23:48]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. er vel vinnandi og kemur miklu í verk. Hann er afkastamikill. En af ræðu hans er ekki hægt annað en draga þá ályktun að hann sé að halda því fram að fyrst hann er einn þingmanna Sjálfstfl. hér, þá hljóti hinir 25 að hanga á skrifstofum sínum og horfa á þessar umræður í sjónvarpinu. Að sjálfsögðu trúir því ekki nokkur einasti maður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 1009 (sbr. 706), brtt. 1136 og 1179.

[23:51]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er ástæða til að segja nokkur orð um frv. um ríkisbankana nú við lokaafgreiðslu málsins. Sú afgreiðsla sem frv. fékk við 2. umr. þar sem allar brtt. minni hlutans voru felldar veldur vissulega miklum vonbrigðum og staðfestir það sem við mörg í stjórnarandstöðunni héldum fram við 1. umr. málsins að ríkisstjórnarflokkarnir væru á hraðferð við að einkavæða bankakerfið.

Við 1 umr. málsins hélt ég því fram að það væri ekki aðalatriði ríkisstjórnarflokkanna að hlutafélagavæða bankakerfið til að jafna samkeppnisaðstæður á markaðnum og gera bankakerfið hagkvæmara og skilvirkara, heldur væri hér um að ræða fyrsta skrefið til að opna fyrir einkavinavæðinguna og færa fjármagnið til örfárra fjársterkra einstaklinga. Þessi áform stjórnarflokkanna munu að öllum líkindum leiða til meiri samþjöppunar valds og fjármagns í þjóðfélaginu en við höfum áður þekkt.

Ég hef bent á að ef markmiðið væri að jafna samkeppnisaðstæður á markaðnum og gera bankakerfið hagkvæmara og skilvirkara þannig að það væri meira rekið út frá viðskiptalegum sjónarmiðum, m.a. til þess að afnema pólitísk afskipti og forréttindi flokkanna í bankakerfinu, þá væri ekki endilega nauðsynlegt að fara hlutafélagaleiðina. Hún væri beinlínis verri nema meiningin sé að fara út í einkavæðingu bankanna eins og hér er stefnt að. Ég held að afgreiðsla á frv. við 2. umr. þar sem allar tillögur minni hlutans sem lutu að dreifðri eignaraðild, starfsmannamálum, meiri ábyrgð í bankakerfinu með skipan eins bankastjóra voru felldar, staðfesti að markmið stjórnarflokkanna er fyrst og fremst einkavinavæðing á bankakerfinu. Ég hef sýnt fram á og skal ekki endurtaka það að ég tel að hægt sé að breyta bankalögum á þann hátt að draga úr pólitískum áhrifum á ákvarðanir bankanna með því að breyta fyrirkomulagi um stjórnir bankanna, svo sem með því að ráða einn bankastjóra sem beri alfarið ábyrgð á daglegum rekstri bankanna, en bankaráð gegni fyrst og fremst hlutverki almennrar stefnumótunar og eftirlits. Það væri sem sagt hægt með breytingum á bankalögunum að ná fram meginkostum hlutafélagavæðingarinnar.

Með breytingum á bankalögunum væri líka hægt að setja ströng arðsemis- og rekstrarmarkmið þannig að samkeppnisaðstæður í bankakerfinu yrðu jafnaðar sem og að jafna skattalega meðferð hjá einkabönkunum og ríkisbönkunum. Einnig hefði verið hægt að breyta bankalögunum án þess að breyta bönkunum í hlutafélög og gera arðsemiskröfur til viðskiptabanka í eigu ríkisins, svo og að krafa um arðgreiðslu væri sambærileg við það sem tíðkast hjá einkabönkunum. Þannig, herra forseti, hefði verið hægt að jafna samkeppnisaðstöðuna í bankakerfinu og ná fram öllum helstu kostum hlutafélagavæðingarinnar án þess að fara inn bakdyramegin til þess að opna fyrir einkavinavæðinguna eins og hérna er gert.

En staðreyndin er sú, sem stjórnarflokkunum ber að viðurkenna, að hlutafélagavæðingin er ekkert aðalatriði eða markmið hjá ríkisstjórninni þó að að því sé látið liggja

heldur fyrst og fremst einkavæðingin og helmingaskiptaregla Framsfl. og Sjálfstfl. sem völdin og áhrifin hafa í peningakerfinu sem enn á að auka með þessari breytingu á ríkisviðskiptabönkunum.

Við 2. umr. málsins studdi ég ekki 1. gr. frv. um hlutafélagavæðingu af þeirri ástæðu sem ég hef hér lýst. Ég vil þó undirstrika að ég tel nauðsynlegt að jafna samkeppnisstöðuna í bankakerfinu og á fjármagnsmarkaðnum og breyta stjórnarfyrirkomulagi í ríkisbönkunum, með öðrum orðum að samkeppnisvæða bankanna, sem ég er hlynnt að verði gert.

Það er einmitt athyglisvert að margir framsóknarmenn töluðu hart gegn hlutafélagavæðingunni árið 1991 og töldu, eins og hæstv. viðskrh. gerði þá sem óbreyttur þingmaður, að verið væri að brjóta niður ríkisbankana þannig að molarnir pössuðu í munn kolkrabbans, eins og hann orðaði það. Ég ítreka, herra forseti, að eitt hættulegasta skrefið sem stigið er með þeirri leið sem ríkisstjórnin markar er hættan á valda- og eignasamþjöppun í bankakerfinu sem er stórhættuleg fyrir lýðræðið í landinu og mun enn auka á misskiptinguna í þjóðfélaginu. Framsfl. er hér að færa á silfurfati peninga og völd til kolkrabbans sem ríkið ber síðan ábyrgð á ef illa fer um rekstur einkabankanna.

Það sem gerst hefur síðan þetta frv. var lagt fram er að Landsbanki Íslands hefur keypt helminginn í stærsta tryggingafélagi landsins sem staðfestir þetta og gerir enn brýnna en áður að tryggja dreifða eignaraðild í bankakerfinu og skilgreint sé hvernig að útboði á viðbótarhlutafé verði staðið sem meiri hlutinn felldi við 2. umr. málsins. Ég tel þau vinnubrögð, herra forseti, mjög ámælisverð að afgreiða frv. án þess að þingið hafi nokkra hugmynd um hvort og þá hvernig eigi að standa að sölu hlutabréfa eða hvort fyrirhugað sé að dreifa eignaraðild sem er lykilatriði til að reyna að hindra samþjöppun valds í bankakerfinu. Það er líka ótækt og ekki samboðið Alþingi að það sé skilið eftir í lausu lofti hve fjölmennt bankaráðið á að vera og hver niðurstaðan verði varðandi fjölda bankastjóra. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra — gera lokatilraun til þess núna við lokaafgreiðslu málsins: Liggja fyrir einhver áform um hver fjöldinn í bankaráðunum verður og hver niðurstaðan verður varðandi fjölda bankastjóra?

Það ber heldur ekki vott um að hæstv. viðskrh. leggi mikið upp úr að hafa gott samstarf eða samráð við starfsmenn bankanna við þessa breytingu þegar allar tillögur starfsmanna, bæði innan Sambands ísl. bankamanna og Starfsmannafélags Landsbankans og Búnaðarbankans eru algerlega hunsaðar af meiri hlutanum og starfsmenn útilokaðir frá undirbúningi málsins. Allar tillögur minni hlutans um að tryggja betur hlut starfsfólk við þessa breytingu voru felldar sem lýsir enn og aftur hug stjórnarflokkanna til starfsmanna og stéttarfélaganna í landinu.

Ég vil, herra forseti, í lokin mæla fyrir brtt. sem ég flyt við 3. umr. málsins ásamt hv. þm. Guðmundi Árna Stefánssyni og hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur. Starfskjör stjórnenda bankanna hafa verið nokkuð til umræðu á liðnum vetri í tilefni tveggja fyrirspurna sem hæstv. viðskrh. hefur svarað þar að lútandi. Í kjölfar þess fluttu m.a. nokkrir þingmenn þingflokks jafnaðarmanna till. til þál. um að starfskjör bankastjóra verði ákveðin af kjaranefnd. Sú tillaga fæst að öllum líkindum ekki afgreidd fyrir þinglok. Þess vegna viljum við láta reyna á það nú við lokaafgreiðslu frv. um ríkisbankanna þegar rekstrarformi bankanna verður breytt, að þá verði tækifærið notað og öll starfskjör bankastjóra og staðgengla bankastjóra, aðstoðarbankastjóra og forstöðumanna komi til endurskoðunar.

Ég tel að í þeim umræðum sem hafa farið fram um starfskjör bankastjóra hafi komið fram almennur vilji þingmanna til að taka á kjörum bankastjóranna og stjórnenda bankanna.

Einnig kveður brtt. á um að seta þessara aðila fyrir hönd hlutafélaganna í stjórnun annarra fyrirtækja eða stofnana skuli talin hluti af almennri starfsskyldu þeirra en þeir fái ekki sérstaklega greitt hundruð þúsunda fyrir nefndar- eða stjórnarsetu sem þeir gegna í vinnutíma bankastjóra. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. einnig um það hver sé skoðun hans á því hvort hann telji ekki að fella eigi önnur kjör sem bankastjórarnir hafa fyrir setu í stjórnum og nefndum, sem þeir inna af hendi í vinnutíma sínum, inn í þá greiðslu sem bankastjórarnir fá greitt fyrir starf sitt sem bankastjórar.

Það er einnig full ástæða til, í ljósi þeirra upplýsinga sem fram hafa komið um ferða- og dvalarkostnað og bifreiðahlunnindi þeirra, sem ég hélt satt að segja að búið væri að færa í annað horf, að það verði tekið til endurskoðunar og þessar greiðslur verði færðar í sama horf og gengur og gerist varðandi aðra ríkisstarfsmenn, en í brtt. er kveðið á um að ferða- og dvalarkostnaður, bifreiðahlunnindi og fleira skuli vera þau sömu og annarra bankastarfsmanna.

Í svari viðskrh. við fyrirspurn á Alþingi fyrir nokkrum mánuðum um áform ráðherrans um endurskoðun og breytingu á starfskjörum bankastjóranna kom fram að það væri ekki á færi ráðherra að hafa beint boðvald gagnvart bönkunum nú. Þessi mál væru í höndum bankaráðanna en efnislega var svar hans á þá leið að þegar búið væri að breyta bönkunum í hlutafélög sköpuðust aðstæður til breytinga og endurskoðunar á starfskjörum stjórnenda bankanna. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það vegna þess að mér fannst svör hans síðar, þegar kom fram önnur fyrirspurn um starfskjör bankastjóranna, vera óljósari um það hvort hæstv. ráðherra hygðist fylgja því eftir að kjör bankastjóranna yrðu endurskoðuð.

Þegar þessi fyrirspurn kom fram á Alþingi, sem var um hagsmunatengsl og stjórnargreiðslur, þá fannst mér satt að segja mjög lítið hægt að ráða af svörum hæstv. viðskrh. hvert hann vildi stefna í þessu efni og því spyr ég hann um það hér og nú.

Ég tel rétt að Alþingi móti ákveðna stefnu um hvernig starfskjörunum verði háttað og þess vegna er þessi tillaga flutt. Ég vil líka spyrja um það í lokin, herra forseti, hvort hæstv. viðskrh. muni beina því til Samkeppnisstofnunar að kannað verði hvort um óeðlileg hagsmunatengsl er að ræða varðandi setu stjórnenda bankanna í stjórnum og fyrirtækjum tengdum bönkunum, en það mátti lesa úr svari hæstv. ráðherra þá að Samkeppnisstofnun hefði ekki skoðað þennan þátt málsins en full ástæða væri til að gera það. Þess vegna spyr ég um það í lokin, hvort hæstv. ráðherra muni beita sér fyrir því að Samkeppnisstofnun fari ofan í þau mál sem lúta að hagsmunatengslum í þeim nefndum og stjórnum og fyrirtækjum tengdum bönkunum sem stjórnendur bankanna sitja í.

[00:02]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. beindi til mín fimm spurningum við þessa 3. umr. um þetta mál. Í fyrsta lagi spurði hv. þm. um fjölda bankaráðsmanna. Ég lýsi minni skoðun í því. Ég tel að það sé eðlilegt að bankaráðsmenn í þessum nýju hlutafélögum verði fimm í hvorum banka. Það verður hins

vegar hlutverk þeirrar nefndar sem skipuð verður samkvæmt 2. gr. frv. að gera samþykktir eða útbúa samþykktir fyrir þessi hlutafélög og það er eðlilegt að fjöldi stjórnarmanna eða bankaráðsmanna komi fram í þeim samþykktum. Þær starfa í umboði viðskrh. og það er skoðun mín að það eigi að vera fimm menn í stjórn viðkomandi hlutafélaga.

Varðandi fjölda bankastjóra, þá verður það hlutverk nýrra stjórna viðkomandi hlutafélaga viðkomandi banka að taka ákvörðun um það hversu marga stjórnendur þeir telja nauðsynlegt að hafa við bankana.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. hver launakjör bankastjóranna yrðu og hvort gerð yrði breyting á þeim. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég tel það vera eðlilegt að laun bankastjóra séu ein laun. Hver þau eigi að vera treysti ég mér ekki til að segja á þessari stundu en inni í þeim launum eiga að vera allar þær greiðslur sem bankastjórarnir eiga að fá fyrir sitt starf. Ég hef lýst því að ég tel óeðlilegt að verið sé að greiða sérstaklega fyrir setu í stjórnum, nefndum og ráðum sem þeir sitja í þannig að ég tel að um ein laun eigi að vera að ræða fyrir þeirra störf.

Varðandi hagsmunatengslin þá tel ég það ekki vera hlutverk ráðherra að óska eftir því við Samkeppnisstofnun að þau séu könnuð. Ég tel að sú ósk eigi að koma frá þeim aðilum sem telja að samkeppnisaðstæður sínar séu skekktar ef um slík hagsmunatengsl er að ræða. Samkeppnisstofnun er sjálfstæð stofnun. Samkeppnisráð er líka sjálfstætt ráð sem leggur mat sitt á slíka hluti og ég hef áður lýst því að ég tel að ráðherra eigi ekki að skipta sér af ákvörðunum ráðsins í þessum efnum.

[00:04]

Jóhanna Sigurðardóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svörin sem voru góð svo langt sem þau náðu. Hæstv. ráðherra lýsir skoðun sinni afdráttarlaust að hann telji að bankaráðin eigi að vera fimm manna og það er ágætt út af fyrir sig að fá slíka yfirlýsingu.

Varðandi fjölda bankastjóranna vísar hann í þá nefnd sem á að skipa samkvæmt 2. gr. frv. ef ég skil hæstv. ráðherra rétt. Nú hlýtur skoðun ráðherrans á þessu máli að hafa mikilvæga þýðingu fyrir það hver verður niðurstaðan í þessu máli. Mun hann þá beina einhverjum leiðbeiningum til þessarar nefndar eða stjórnar sem vinnur að undirbúningi málsins, bæði varðandi endurskoðun á launakjörunum, en það skiptir máli hvert álit ráðherrans er í því efni, og eins varðandi fjölda bankastjóra? Það hlýtur að hafa verulega þýðingu að fram komi skoðun ráðherrans í því efni. En ég fagna því sem fram kom hjá ráðherranum að hann telur að seta bankastjóranna fyrir hönd hlutafélaga í stjórnum annarra fyrirtækja eða stofnana skuli talin hluti af almennri starfsskyldu. Það finnst mér mjög mikilvægt að hafi komið hér fram, en það er einmitt einn liðurinn í þessari tillögu.

Ég lýsi vonbrigðum mínum með það að hæstv. ráðherra skuli ekki ætla að beita sér fyrir því að Samkeppnisstofnun taki upp mál varðandi hagsmunatengslin en spyr um afstöðu ráðherrans til þess hvort hann muni veita þessari stjórn eða nefnd einhverja leiðbeiningu eða leiðsögn um fjölda bankastjóra eða hvort hann muni fela henni sérstaklega að endurskoða starfskjör stjórnenda bankanna.

[00:06]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður hlutverk þeirra nefnda samkvæmt 2. gr. frv. að koma saman samþykktum fyrir þessi nýju hlutafélög. Það verður ekki verkefni þessara nefnda að ákveða hver launakjör bankastjóranna munu verða og heldur ekki að taka ákvörðun um hversu margir bankastjórarnir munu verða. Það munu stjórnir hlutafélaganna gera í framhaldi af því þegar stofnsamningur hefur verið gerður, sótt hefur verið um starfsleyfi fyrir viðkomandi stofnanir og samþykktir samþykktar á stofnfundi. Þá verður valin stjórn fyrir þessi nýju hlutafélög, stjórn sem kallast bankaráð samkvæmt lögunum um viðskiptabanka og sparisjóði, sem ég hef lýst að eigi að vera fimm manna. Það verður hlutverk þessarar stjórnar að taka ákvarðanir sem við vorum að ræða hér um áðan sem snýr að launakjörum og fjölda bankastjóra. (Gripið fram í.) Það hlýtur að verða í valdi stjórna viðkomandi stofnana eða félaga sem eiga að bera ábyrgð á rekstri bankanna að meta hvað henti því stjórnskipulagi best sem stjórnin ætlar að koma upp í viðkomandi hlutafélagi þannig að um sem bestan árangur verði að ræða í rekstri fyrirtækjanna og það skili eigendum sínum sem mestum arði og geti veitt sem ódýrasta og besta þjónustu.

Einu atriði gleymdi ég sem hv. þm. minntist á og snýr að starfsfólki þessara stofnana núna. Það er ekki rétt sem fram kom að ekki hafi verið haft samráð við starfsmennina um þennan undirbúning. Það var haft mjög víðtækt samstarf og samráð við starfsmennina við undirbúning að þessari formbreytingu, ánægjulegt samstarf. M.a. að ósk starfsmannanna var gerð athugasemd við frv. eins og það lá fyrir að gengið yrði út frá því að hlutafé yrði aukið þannig að samanlagður eignarhlutur annarra en ríkisins yrði 49% eins og frv. lá fyrir. Þetta fannst starfsmönnum m.a. of hátt og bentu á að hafa þetta lægra. (Forseti hringir.) Að þeirra ósk var þetta lækkað niður í 35% þannig að starfsmenn voru hafðir með í ráðum. Og ég hef áður lýst því yfir að ég tel að starfsmennirnir munu líka fá að fylgjast með því starfi sem fram fer í þeirri nefnd sem skipuð verður samkvæmt 2. gr. frv. En ég taldi og lýsti því við 2. umr. að ekki væri eðlilegt að það yrði lögbundið að þeir ættu sæti í nefndinni frekar en nokkur annar aðili.

[00:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér gafst ekki færi á að taka til máls um frv. til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands við 2. umr. og fyrir þá afgreiðslu né taka þátt í afgreiðslu þeirra brtt. sem þá voru lagðar fram. Þess vegna vildi ég um leið og ég mæli fyrir brtt. sem við hv. þm. Svavar Gestsson flytjum á þskj. 1179 fá að segja örfá orð um bankana og það frv. sem hér er til umræðu, en við flytjum brtt. hér sem eru í tveimur liðum.

Í fyrsta lagi leggjum við til breytingar á 9. gr. frv. um að aðeins einn bankastjóri verði við hvorn banka í stað þriggja eins og nú er í bankastjórn bankanna og við leggjum til að 9. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Einn bankastjóri skal starfa við hvorn hlutafélagsbanka fyrir sig. Um ráðningu og starfskjör bankastjóra, staðgengla bankastjóra, forstöðumanns endurskoðunardeildar og eftir atvikum aðstoðarbankastjóra Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, sbr. ákvæði laga nr. 2/1995, um hlutafélög."

Í öðru lagi leggjum við til að við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

„Strax við gildistöku laga þessara skal ráðherra hlutast til um að hafist verði handa við að undirbúa sameiningu hluta-

félagsbankanna tveggja þannig að slíkri sameiningu verði lokið innan fjögurra ára."

Þátttaka ríkisins í rekstri bankastofnana á rætur að rekja til allt annarra aðstæðna en nú gilda á fjármagnsmarkaði. Ríkið var lengi vel eini aðilinn sem gat staðið undir rekstri öflugra banka og miðast rekstur þeirra að miklu leyti við þarfir tveggja atvinnugreina umfram aðrar, þ.e. útgerðar og fiskvinnslu annars vegar og landbúnaðar hins vegar. Bankakerfið ásamt hinum mörgu lánasjóðum sem hver um sig var og er tengdur sérstakri atvinnugrein og helgaður sérverkefnum er arfleifð frá þjóðfélagsháttum og efnahagskerfi sem í grófum dráttum heyra til liðnum tíma. Þarfir nútímaatvinnulífs, aukin alþjóðleg samkeppni, gerbreyttir starfshættir og ný viðhorf í peningamálum kalla á allt annað skipulag á banka- og sjóðakerfi landsins.

Hlutverk bankanna eins og við höfum þekkt það hefur breyst verulega og að hluta til hafa stjórnir bankanna reynt að bregðast við þessu breytta hlutverki, m.a. ákvörðun stjórnenda Landsbankans um að taka þátt í tryggingaviðskiptum. Alþb. hefur margoft á undanförnum árum vakið athygli á þessum breytingum og að þær kalli á uppstokkun í íslenska banka- og sjóðakerfinu ef íslenskar lánastofnanir eiga að þjóna framþróun atvinnulífs á nútímalegan hátt. Núverandi skipan bankasjóðakerfisins er miðuð við þessa atvinnugreinaskiptingu sem á alls ekki lengur við og afleiðingin hefur m.a. verið sú að margar nýjar vaxtargreinar í atvinnulífinu hafa átt erfitt með að mynda eðlileg tengsl við peningastofnanir landsins og fá hjá þeim raunhæfa þjónustu. Þetta eru staðreyndir sem Alþb. hefur vakið athygli á og lagt fram tillögur til breytingar, róttækar tillögur um uppstokkun á öllu sjóðakerfinu og bankakerfinu í heild. Við höfum m.a. lagt til að báðir ríkisbankarnir verði sameinaðir í einn öflugan ríkisbanka og að sjóðirnir verði lagðir niður í þeirri mynd sem þeir nú eru og teknir inn í þennan eina ríkisbanka sem væri þá starfræktur.

Það verður hins vegar að segja að í þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á rekstri ríkisbankanna tveggja og áformum um stofnun sérstaks fjárfestingarbanka atvinnulífsins er ekki tekið á þeim vandamálum sem ég nefndi hér áðan. Til þess að bregðast við þessum breytingum með róttækum hætti hefði verið mun eðlilegra að fram færi uppstokkun og fjárfestingarlánasjóðirnir sem hafa verið starfandi yrðu felldir inn í bankann án skilyrða um sérstaka aðild þeirra eða áhrif á útlán þeirrar stofnunar. Þetta væri gert fyrst og fremst til þess að tryggja nýjum vaxtargreinum í atvinnulífinu eðlilegan aðgang að lánsfé og þá fyrst og fremst áhættulánsfé vegna þess að þær kvartanir sem við höfum aðallega fengið frá þeim sem nú hafa verið að reyna að koma nýjum atvinnugreinum af stað eru um hversu erfitt er að fá lánsfjármagn. Þær tillögur og þau frumvörp sem hér eru og ríkisstjórnin hefur lagt fram breyta í raun mjög litlu þar um.

Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur tekið þá afstöðu að styðja hinn nýja Fjárfestingarbanka atvinnulífsins vegna þess að við teljum að þar sé þó um spor í rétta átt að ræða og viljinn og markmiðin fara nálægt þeirri stefnu sem Alþb. hafði boðað. Hins vegar er ekki nógu langt gengið í þessum efnum og eins og ég sagði hefðum við viljað sjá þarna mun róttækari breytingu og einn ríkisbanka. Og við erum að leggja til að hafinn verði undirbúningur að því að hann verði stofnaður strax eftir að þetta frv. hefur fengið afgreiðslu hér á þinginu. Miðað við undirtektirnar eftir 2. umr. má fastlega reikna með því að frumvörpin verði afgreidd og þess vegna erum við með þá brtt. að inn komi bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að hæstv. ráðherra hlutist til um að strax verði hafist handa við að undirbúa sameiningu hlutafélagsbankanna tveggja og að þeirri sameiningu verði lokið innan fjögurra ára. Það hefur ítrekað verið sýnt fram á að slík sameining fæli í sér verulega hagræðingu, langt umfram þá hagræðingu sem fæst með þeim tillögum sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram.

Jafnframt reiknum við með því að hæstv. ráðherra skoði hvernig sá nýi ríkisbanki sem er verið að stofna gæti komið inn í þessa sameiningu og inn í þennan banka. Slíkur banki gæti reynst afar góður bakhjarl fyrir allt atvinnulíf í landinu, ekki með sérstöðu einstakra atvinnugreina heldur fyrir allt atvinnulífið og þá ekki síst fyrir þá sem eru að fara af stað með nýjar atvinnugreinar, enda hefði hann mun meira eigið fé heldur en hvor ríkisbankanna fyrir sig hefur nú.

Þá höfum við lagt fram þá tillögu að aðeins einn bankastjóri starfi við hvorn hlutafélagsbanka fyrir sig. Hæstv. ráðherra upplýsti hér áðan að bankaráð sem skipað yrði fimm mönnum mundi ákveða hversu marga stjórnendur bankarnir þyrftu hvor um sig og ráðherra hefði ekki í raun um það að segja. Í ljósi þeirrar afgreiðslu sem átti sér stað í bankaráði Landsbankans, þar sem bankaráðið samþykkti nýtt skipurit fyrir bankann á fundi ráðsins á miðvikudag í sl. viku þar sem lagt var til að bankastjórar Landsbankans yrðu þrír, þá leggjum við þessa tillögu fram aftur þrátt fyrir það að tillaga svipaðs efnis hafi verið hér til umræðu við afgreiðslu málsins eftir 2. umr. Það er í sjálfu sér mjög einkennilegt að bankaráð Landsbankans skuli leggja slíkt ofurkapp á að samþykkja nýtt skipurit bankans aðeins sjö mánuðum áður en lög um breytingu bankans yfir í hlutafélag taka væntanlega gildi. Og ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra: Hvaða þýðingu hefur þessi samþykkt varðandi ráðningu bankastjóra hjá nýjum bönkum eftir að breytingin hefur átt sér stað? Felur hún í sér einhverja tryggingu þeirra bankastjóra sem nú starfa hjá Landsbankanum til þess að halda störfunum áfram eða er þetta trygging þess að semja þurfi við þessa bankastjóra um sérstök starfslok og tryggja þeim laun út ráðningartímann?

Það er tiltölulega stutt síðan einn bankastjóri Landsbankans var ráðinn til fimm ára. Þá lá fyrir tillaga frá einum fulltrúa í bankaráðinu, fulltrúa Alþb., Jóhanni Ársælssyni, þess efnis að viðkomandi bankastjóri yrði aðeins ráðinn til eins árs vegna þess að til stæði að breyta bankanum í hlutafélag. Sú tillaga var felld í bankaráðinu og bankastjórinn ráðinn til fimm ára. Það vakti ekki síður undrun mína en þessi afgreiðsla bankaráðsins á nýju skipuriti sem samþykkt var um daginn og gerði ráð fyrir þremur bankastjórum, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað að undanförnu um fjölda bankastjóra og starfskjör þeirra. Þess vegna leggjum við til að Alþingi taki af skarið í þessum efnum og lýsi þeim vilja sínum að einungis verði einn bankastjóri starfandi hjá hvorum banka fyrir sig eftir að þessi lög hafa tekið gildi.

Við höfum lengi talað um að það þyrfti að spara verulega í rekstrarkostnaði bankanna og reyndar hefur verið sýnt fram á að rekstrarkostnaður banka hér á landi er mun hærri heldur en gerist og gengur í flestum öðrum löndum sem við berum okkur saman við. Hluti af því er að við rekum tvo ríkisbanka sem í dag byggir nánast á fornum hefðum, þeim viðhorfum sem giltu þegar þessir bankar voru settir á laggirnar en þurfa nauðsynlega að breytast í takt við tímann. Og

hluti af því og pólitískri samtryggingu er þessi fjöldi bankastjóra. Viðskiptamenn bankanna greiða fyrir þessa óráðsíu með allt of háum vöxtum og allt of miklum vaxtamun. Frv. ríkisstjórnarinnar um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins fela mjög litla hagræðingu í sér og miðað við að í yfirstjórn yrði óbreyttur fjöldi og jafndýrt að reka alla þessa banka, þarna bætist í raun einn við, þá getur þetta varla falið í sér þá hagræðingu sem við vildum sjá eða sparnað í þessum rekstri. En fyrst og fremst, þó að það sé auðvitað markmið í sjálfu sér að ná fram hagræðingu í rekstri bankanna, þá er það ekkert síður markmið að bankastarfsemi á landinu verði færð meira að nútímanum, að þær breytingar sem gerðar eru á banka- og sjóðakerfinu séu meira í takt við þann raunveruleika sem við búum við í dag. Tillögur ríkisstjórnarinnar eru í raun ekki nema að verulega litlu leyti í þá átt og eru nánast eingöngu um að breyta bönkunum í hlutafélög. Það er í raun og veru eina skrefið sem stigið er og það er frekar smátt.

Alþb. hefur lagt fram tillögur um raunverulega uppstokkun og við gerum hér tillögu um að ríkisstjórnin feti þá leið sem við höfum lagt til.

Varðandi muninn á tillögunni sem við flytjum á þskj. 1179 og svo aftur tillögu sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir mælti fyrir áðan, sem er á þskj. 1136 og fjallar fyrst og fremst um starfskjör, þá er hann sá að við leggjum til að farið sé að svipuðum reglum og gilda í dag en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og meðflutningsmenn hennar tveir leggja til að starfskjör séu miðuð við laun og starfskjör stjórnenda ríkisstofnana sem kjaranefnd ákveður. Þau launakjör sem eru hjá bankastjórum í dag eru að sjálfsögðu að hluta til á ábyrgð Alþingis. Stjórnmálaflokkarnir hafa kosið í bankaráð sem hafa tekið þessar ákvarðanir. Það er því meira og minna á ábyrgð allra stjórnmálaflokka sem hér eiga fulltrúa hvernig þessum kjörum er háttað í dag.

Við höfum ítrekað lýst því yfir í umræðum á undanförnum vikum að þessum starfskjörum þurfi að breyta, þau séu óraunhæf og allt of há. Ég tel eðlilegt að þau skilaboð sem komið hafa frá Alþingi til hæstv. ráðherra og til bankaráðanna séu tekin til greina en að e.t.v. þurfi ekki að setja um það sérstakar reglur að öðru leyti.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að tefja þessa umræðu umfram það sem ég hef þegar gert. Ég sakna þess nú að virðulegur forseti, sem ævinlega tók til máls um kl. 12 þegar hann var í stjórnarandstöðu og minnti þingmenn og þá starfandi hæstv. forseta á að nú væri komin nótt, skuli ekki viðhalda þessari hefð sinni sem var ósköp notaleg og ýtti stundum allrækilega við mönnum að fara nú að ljúka og koma sér heim til þess að hvílast og halda a.m.k. sæmilegri starfsorku. En ég vonast til þess að þær tillögur sem ég hef mælt fyrir hljóti samþykki þingsins og hef lokið máli mínu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Vegna síðustu ummæla hv. þm. vill forseti taka fram að nú stendur þannig á að samkomulag er um að ljúka þessari dagskrá, þannig að forseti gerir ekki athugasemd við það þó að fundurinn gangi eitthvað fram í nóttina.)

[00:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega þakka fyrir áhuga hv. þm. á hagræðingu í bankakerfinu sem kom fram í ræðu hennar. Ég vil aðeins í þessu sambandi rifja það upp að á fundum í kjördæminu fer ég gjarnan yfir það hvað margir bankar og útibú þeirra starfi í kjördæminu og hversu margir vinni við að flytja peninga frá þeim sem eiga þá til þeirra sem eru að taka þá að láni. Það má rifja upp að það eru tvær bankastofnanir á Siglufirði, ein á Hofsósi, ein í Hólahreppi, tvær á Sauðárkróki, ein í Varmahlíð, tvær eða jafnvel þrjár á Skagaströnd, tvær á Blönduósi, ein á Hvammstanga og það vinna eitthvað á annað hundrað manns í þessu litla kjördæmi við að flytja þessa peninga á milli.

Í ljósi þess að ég hef stundum haldið þessa ræðu, þá er ég minntur á að ef ætti nú að fara að hagræða mikið þarna mundu ýmsir missa atvinnu sína. Og ég vil spyrja hv. þm. í framhaldi af þessu hvort hún teldi að það væri líklegra til árangurs að ná fram þeim breytingum sem er þó verið að gera undir því merki að segja upp svo og svo mörgum strax í kjölfarið eða hvort hún telur að það sé ekki affarasælla að starfsmannamál bankanna þróist með eðlilegum hætti með samkeppni þeirra í millum á næstu árum og að ekki sé verið að blanda því akkúrat saman núna.

[00:29]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi misskilið hv. þm. þar sem hann taldi eðlilegt að starfsmannamálin þróuðust í þeirri samkeppni sem yrði á næstu árum, vonandi ekki milli starfsmanna heldur hefur hann átt við samkeppni milli bankanna. Og að það yrðu manneskjulegri uppsagnir sem samkeppnin felur í sér, þá hefur reynsla ekki sýnt að samkeppni sé betur til þess fallin að fara mjúkum höndum um starfsmenn, enda höfum við, eins og hv. þm. veit, lagt áherslu á það að allar breytingar eigi að vera í fullu samráði og samstarfi við starfsmenn. Hins vegar veit hv. þm. það líka að breytt hlutverk bankanna þarf ekkert endilega að þýða verulega fækkun starfsmanna. Breytt starfsumhverfi bankanna kallar á verulegar breytingar í bankastarfseminni. Það þarf ekkert endilega að þýða fækkun starfa. Þetta veit hv. þm.

Hann veit það líka jafn vel og ég að það er nauðsynlegt í mjög mörgum kjördæmum að fækka útibúunum. Það þarf að gera það og, eins og hv. þm. segir, starfa allt of margir við það að flytja þetta fjármagn og þá aðallega frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Það er staðan og ef öflugur banki og nýsköpunarlánasjóður yrði til á að sjálfsögðu að binda ákveðinn hluta við uppbyggingu starfa í þeim kjördæmum þar sem niðurskurður yrði í þessari starfsemi. Þetta hlýtur að vinnast bæði í samráði við starfsmennina en ekki endilega að þýða samkeppni milli bankastofnana, að hagræðingin sé best þannig.

[00:31]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hafi einmitt hitt naglann á höfuðið þegar hún var að vekja athygli á því að samkeppnin milli stofnananna leiði til þess að menn hugsa kannski ekki eingöngu um að skera niður og gera það sama og þeir hafa alltaf verið að gera með færra fólki, heldur reyna líka að leita að nýjum leiðum til þess að þróa starfsemi sína og skaffa vinnu fyrir það fólk sem vinnur hjá viðkomandi fyrirtækjum. Þetta eru einmitt einkenni samkeppninnar og ég held að það sem skiptir mestu máli sé að skapa betri forsendur fyrir þessari samkeppni milli fyrirtækjanna en ekki vera að hagræða með einhverjum reglustikuaðferðum úr ræðustól á Alþingi.

[00:32]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að hagræðing sem á rætur sínar að rekja til Alþingis þar sem hugsað er um hag heildarinnar sé af hinu góða. Samkeppni hefur hingað til ekki falið í sér einhverja sérstaka hugsjón þess efnis að skaffa vinnu fyrir þá starfsmenn sem hugsanlega lentu í því að störf þeirra væru skorin niður. Þannig hefur það ekkert verið. Þetta veit hv. þm. jafn vel og ég og þess vegna held ég að það væri mjög skynsamlegt að umræðan um sameiningu bankanna, um breytta bankastarfsemi og endurskipulagningu sjóða- og bankakerfisins í heild sinni væri í takt við tímann þar sem haft væri samráð við starfsmenn. Menn töluðu um nýsköpun og í bönkunum væri nýsköpunarsjóður sem virkaði sem slíkur, til nýsköpunar. Það væri í raun og veru betri og öruggari trygging fyrir landsbyggðina, fyrir þá sem yrðu fyrir því að útibú væri lagt niður, því að það yrði óumflýjanlegt, þá gætum við betur séð fyrir því starfsfólki eða þörfum þess til starfa heldur en samkeppni milli banka.

[00:34]

Útbýting þingskjala:

Biskupskosning, 302. mál, þskj. 1206.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 477. mál, nál. landbn., þskj. 1197; brtt. landbn., þskj. 1198.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 530. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1203; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1204.

Suðurlandsskógar, 524. mál, nál. landbn., þskj. 1200.

Umferðarlög, 487. mál, þskj. 1208.

[00:35]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Mér fannst þessi ræða hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur, formanns Alþb., vera nokkuð merkileg. Hún reyndar snerti það mál sem er hér síðar á dagskránni sem er Fjárfestingarbanki atvinnulífsins. Ég skildi ekki betur áðan í þeirri ræðu sem formaður Alþb. flutti en Alþb. hefði breytt um afstöðu fyrir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og það finnst mér vera nokkuð mikil tíðindi. Ef það er rétt, þá er það gert af mjög miklu pólitísku raunsæi því staðreyndin er sú að í 15 ár hafa menn ætlað að sameina fjárfestingarsjóði atvinnulífsins og það hefur aldrei tekist. Um það hefur ekki myndast pólitísk samstaða milli flokka á Alþingi við atvinnulífið í landinu fyrr en núna að það tekst og nú er það frv. komið til 3. umr. Þegar ég skoða atkvæðagreiðsluna eftir 2. umr. sé ég að allir þingmenn Alþb., sem voru viðstaddir þá atkvæðagreiðslu, greiddu atkvæði gegn 1. gr. þess frv. en nú heyrði ég ekki betur en hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, formaður Alþb., hefði lýst yfir stuðningi við frv. um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Ég fagna því og býst við að það sé komið til af raunsæi.

Ég hef áður sagt bæði við 1. og 2. umr. að það mætti alveg hugsa sér að þessi mál hefðu farið í annan farveg heldur en nákvæmlega þennan sem hin pólitíska samstaða myndaðist um. Hins vegar kann svo að fara, og þá kem ég að 2. tölul. brtt. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og Svavars Gestssonar, að þegar formbreytingin hefur átt sér stað fari þessi mál í þann farveg eins og hér er lýst. Ég treysti mér ekki til að segja til um það hvort það gerist innan einhvers tíma að Búnaðarbanki Íslands hf., þegar hann verður til, og Landsbanki Íslands hf., þegar hann verður til, sameinist eða hvort Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., sem verður til, kaupi hlut í bönkunum eða bankarnir kaupi hlut í honum. Ég held að þetta séu hlutir sem við eigum ekki á þessari stundu að vera að hafa bein afskipti af heldur sjá til hvernig markaðurinn sjálfur leysir best úr þessum hlutum á sem hagkvæmastan hátt.

Varðandi 1. tölul. brtt. um einn bankastjóra hef ég svarað því fyrr í umræðunni. Ég tel að það sé stjórnar hinna nýju hlutafélaga að taka ákvörðun um slíkt.

Hv. þm. spurði um nýsamþykkt skipurit fyrir Landsbanka Íslands og hvaða breytingar það hefði í för með sér. Nú hef ég kynnt mér þetta skipurit eftir að umræða fór opinberlega fram um það. Það er algerlega á ábyrgð núverandi bankaráðs. Eftir að hafa kynnt mér það tel ég það að mörgu leyti vera ágætis skipurit og ég tel það á engan hátt binda það hvort bankastjórar hinna nýju banka, þ.e. hlutafélagabankanna, verði einn, tveir eða þrír. Ég er þeirrar skoðunar að þetta skipurit geti gengið fyrir hinar nýju stofnanir þar sem starfsemi viðkomandi banka er sett upp í þrjú meginsvið. Það hefur ekkert með það að gera hvað bankastjórarnir verða margir. Það verður ákvörðun hinna nýju stjórna að taka ákvörðun um þá hluti.

Samþykkt bankaráðs Landsbankans gengur hins vegar út á það að bankastjórunum er heimilt að hrinda þessum skipulagsbreytingum í framkvæmd fyrir áramót verði þetta síðan aftur tekið til endurskoðunar. Þegar starfstíma þessara gömlu stofnana, Búnaðarbankans og Landsbankans, lýkur ef þessi frv. verða samþykkt, um næstu áramót, þá hlýtur líka starfseminni að ljúka þannig að skipuritið verður ekki lengur til staðar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta geti vel gilt í nýjum hlutafélögum, en það verður, og það ítreka ég, ákvörðun nýrra stjórnenda hvernig það verður.

Varðandi spurningar sem snúa að bankastjórunum er, ef ég man rétt, í 9. gr. frv. eins og það liggur fyrir kveðið skýrt kveðið á um það að bankastjórar, aðstoðarbankastjórar, staðgenglar, endurskoðendur bankans, hafa ekki tryggingu fyrir störfum í hinum nýju stofnunum. Það gildir hins vegar allt öðru máli um annað starfsfólk þar sem því eru tryggð sambærileg störf í hinum nýju hlutafélögum við þessa formbreytingu. Ákvörðunin um skipuritið hefur engin áhrif á réttarstöðu eða starfskjör þeirra starfsmanna sem ég taldi hér upp. Nýráðning á einum bankastjóra til fimm ára þýðir ekki að viðkomandi bankastjóri eigi rétt á fimm ára launum fái hann ekki ráðningu við hina nýju banka. Hann á rétt á launum í þann tíma sem uppsagnarfrestur viðkomandi aðila er.

Ég er líka þeirrar skoðunar að viðkomandi aðili eigi ekki rétt á biðlaunum frekar en aðrir sem starfa í bönkunum í dag. Ég tel engan vafa í þessum efnum.

Að lokum þetta. Ég fagna þessari breyttu afstöðu Alþb. til fjárfestingarbankans, sem við ræðum reyndar um á eftir. Ég tel að hún sé mjög mikilvæg og tel hana vera setta fram í anda þess að Alþb. vilji horfa á, eins og ég tel að ríkisstjórnin geri, þær breytingar sem þessi þrjú frumvörp, hlutafélagavæðing Landsbankans og Búnaðarbankans, sameining fjárfestingarlánasjóðanna og stofnun nýsköpunarlánasjóðsins, sem eina heildaraðgerð á fjármagnsmarkaðinum sem menn geta vel hugsað sér að hefði farið einhvern veginn öðruvísi en sett er nákvæmlega upp hér. En við látum síðan markaðinn leysa úr þeim vandamálum sem þarna verða til, verði einhver vandamál.

[00:42]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hryggja hæstv. ráðherra. Sjálfsagt er það vegna þess hve framorðið er en hafi ég sagt að við styddum fjárfestingarbankann er það rangt. Það er nýsköpunarsjóðurinn sem við styðjum en fjárfestingarbankann ekki.

Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra sem hann nefndi hér varðandi skipuritið sem sett var upp fyrir Landsbankann. Það er að mörgu leyti mjög gott. Hins vegar var tekin sú ákvörðun með því að bankastjórar yrðu áfram þrír. Það er ákvörðun sem okkur finnst ekki vera rétt og tímasetning þessa nýja skipurits, svo ég tali nú ekki um ef það bankaráð sem nú er starfandi ætlar að fara að endurskoða allt fyrir áramót og síðan kemur nýtt bankaráð eftir áramót sem færi aftur í endurskipulagningu, þá er þetta veruleg tímasóun og eitthvað hlýtur hún að kosta. En mér þykir leitt að verða að hryggja ráðherrann með því að það er nýsköpunarsjóðurinn sem við ætlum að styðja en fjárfestingarbankann ekki og nýsköpunarsjóðinn styðjum við með þeim rökum sem ég var með áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., 3. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 1017.

[00:44]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Mér þykir rétt við 3. umr. að fram komi að hv. efh.- og viðskn. tók málin, þ.e. fjárfestingarbankann og nýsköpunarsjóðinn, til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Tilefnið var fyrst og fremst að fá til viðtals við nefndina aðila sem tengjast þessum nýju bönkum ríkisstjórnarinnar, þ.e. forsvarsmenn Fiskveiðasjóðs, Iðnþróunarsjóðs, Iðnlánasjóðs og fulltrúa frá sjávarútvegssamtökum og iðnaðarsamtökum. Eins og menn vita er fjárfestingarbankinn sameinuð stofnun þessara þriggja fjárfestingarlánasjóða og samtök í sjávarútvegi og iðnaði eiga að stilla upp stjórnarmönnum bæði Fjárfestingarbanka og í Nýsköpunarsjóði.

Tilefnið var fyrst og fremst það að fyrr í umfjöllun um málið höfðu komið fram áhyggjur af hálfu sjóðstjórana, að það að taka út eigið fé upp á 1 milljarð úr Fjárfestingarbankanum miðað við frv. eins og það var lagt fram, kynni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér á erlendum mörkuðum og jafnvel leiða til þess að lán yrðu gjaldfelld á viðkomandi sjóði. Það var einkum Fiskveiðasjóður sem menn höfðu þar í huga því að eins og menn vita býr hann ekki við ríkisábyrgð og hefur nokkra sérstöðu í þessari umræðu.

Það er skemmst frá því að segja að viðtöl okkar við sjóðstjórana leiddu í ljós áframhaldandi áhyggjur þeirra varðandi það að minnka eigið fé Fjárfestingarbankans um 1 milljarð. Það er hins vegar mikið matsatriði hvort afleiðingar af þessari aðgerð meiri hluta efh.- og viðskn. verði jafnalvarlegar og fyrstu viðbrögð gáfu til kynna. Ég hef í sjálfu sér ekki ástæðu til að telja að svo sé, en mér finnst hins vegar rétt að fram komi við 3. umr. áhyggjur þessara aðila varðandi þær brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. gerði á frv. og verða væntanlega greidd atkvæði um á morgun.

Það er hægt að draga fram að staðfest er að afstaða okkar í stjórnarandstöðunni sem stóðum saman að áliti varðandi Fjárfestingarbankann er rétt, þ.e. stefna ríkisstjórnarinnar, að búa til nýjan fjárfestingarbanka með því að sameina fjárfestingarlánasjóðina, er röng. Öll rök og umræða eftir 2. umr. hefur sýnt sig að það hefði verið mun farsælli leið að leggja sjóðina inn í ríkisviðskiptabankana og viðskiptabankaumhverfið, styrkja það og skapa þar lífvænlegri einingar.

Við fluttum við 2. umr. rök fyrir þessum skoðunum okkar. Við lögðum fram tillögu við 2. umr. um að málið yrði unnið betur og því vísað til ríkisstjórnarinnar. Eins og aðrar góðar tillögur frá okkur í stjórnarandstöðunni var þessi tillaga felld. Það breytir því ekki að uppstokkunin mun ná fram að ganga og þá á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þessi nýi ríkisbanki í fjárfestingarumhverfinu er tímaskekkja eins og flestir viðmælendur okkar töluðu um, enda er meginefni þess að setja á stofn þennan banka fyrst og fremst að tryggja hina pólitísku hagsmuni ríkisstjórnarflokkanna nú í bankakerfi eins og hefur verið gert mjög víða í pólitísku lífi undanfarna áratugi. Það kemur ekkert á óvart varðandi þessa afgreiðslu stjórnarflokkanna en ég tel rétt að nefna samt sem áður, herra forseti, að áhyggjur þeirra manna sem við töldum ástæðu til að kalla aftur fyrir nefndina eru til staðar. Hins vegar vil ég ekki gera of mikið úr því máli. Menn verða alltaf að vera varkárir þegar talað er um bankamál og sjóðamál, ekki hvað síst þeir sem eiga viðskipti á erlendum mörkuðum. Ég tel í sjálfu sér ekki vera hættu á ferðinni þótt þetta sé lögfest með þessum hætti eins og meiri hlutinn leggur til, en fyrst og fremst er þessi tillaga og upplegg óskynsamlegt eins og ríkisstjórnin er að knýja hér í gegn en það er hennar mál. Það er hún sem hefur þingmeirihlutann. Við í stjórnarandstöðunni getum ekkert gert annað en reyna að benda á betri og skynsamlegri leiðir í þeim efnum, en að lokum verður vitaskuld meiri hluti á hinu háa Alþingi að ráða.

[00:49]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. Ágúst Einarsson segir að fulltrúar fjárfestingarsjóðanna komu á fund nefndarinnar og ræddu um þær breytingar sem nefndin hafði lagt til við 2. umr. Ég er sammála hv. þm. í því að það mun ekki skipta neinum sköpum fyrir lánstraust hins nýja Fjárfestingarbanka að eigið fé hans hafi verið lækkað. Ég tel hins vegar að það hafi verið skynsamleg aðgerð vegna þess að það eykur verðmæti ríkissjóðs í þessum eignum um 650 millj. kr. að taka milljarð út úr eigin fé Fjárfestingarbankans. Markaðsvirði bankans lækkar ekki nema um 650 millj. samkvæmt mati ráðgjafa við þá aðgerð.

Ég tel líka að bankinn fari í rauninni af stað með fullmikið eigið fé ef eitthvað er þrátt fyrir að það hafi verið lækkað um milljarð. Ég held að það skipti miklu máli fyrir álit manna á þessum banka að hann sé þannig úr garði gerður að hann geti þegar í stað skilað verulegri arðsemi á eigin fé og það hljóti að vera það sem muni gera bankana að arðsömum fjárfestingarkosti, en sem kunnugt er er það stefna ríkisstjórnarinnar að selja úr bankanum allt að 49% af því hlutafé sem verður til staðar og nota 1 milljarð af því í sérstakan nýsköpunarsjóð sem mun leggja áherslu á að kaupa hlutbréf á landsbyggðinni í hátækniupplýsingaiðnaði.

[00:51]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af síðustu orðum hv. þm. Vilhjálms Egilssonar um að til stæði að selja 49% af Fjárfestingarbankanum, sem er alveg laukrétt, vil ég að það komi skýrt fram að við gengum mjög eftir því í nefndarstarfinu með hvaða hætti ætti að standa að þessari sölu því að við höfum lagt mikið upp úr dreifðri eignaraðild þegar ríkið selur hluta eða jafnvel meiri hluta. Hér er þó einungis um hluta að ræða. Það fengust engin svör við því. Það er engin áætlun til um dreifða eignaraðild við þessa sölu. Við kölluðum fyrir einkavæðingarnefnd í tengslum við bæði breytingu á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög, því að það á að bjóða út nýtt hlutafé og á að selja þar 35% af nýju hlutafé, og við spurðum: Hvar eru áætlanir um dreifða eignaraðild? Þær eru engar til. Það er því augljóst að viðskrh. og ríkisstjórnin ætlar að hafa það í hendi sér að selja vinveittum aðilum. Það eru fullar heimildir til þess í frumvörpunum. Það á bæði við frv. um ríkisviðskiptabankana og um fjárfestingarbanka. Þetta er ekki góð aðferðafræði, herra forseti, og ég sé ástæðu til þess, af því að það var nefnt hér að draga það sérstaklega fram við lokaumræðu málsins.

[00:52]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má kannski segja að það sé trú stjórnarliðanna á stjórnarandstöðunni að þora ekki að gera áætlanir um hverjum eigi að selja hlutabréfin fyrr en búið er að afgreiða frv. sem lög frá Alþingi. Ég get fullvissað hv. þm. um það að eftir að búið verður að selja bréfin, vonandi sem allra flestum, þá verða það örugglega miklir vinir ríkissjóðs sem eiga saman með honum í þessum banka.

[00:53]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan vill leggja upp með áætlanir og það hefur verið okkar meginstefna. Við viljum sjá fyrir endann á þessu máli, bæði um dreifða eignaraðild og útfærslu á þessum atriðum. Ríkisstjórnin hefur ekki viljað það. Það er ekki vegna þess, herra forseti, að ríkisstjórnin sé að bíða eftir að frumvarpið verði lögfest og þá ætli hún að setjast niður og gera áætlanir. Hún vill hafa þetta svona opið. Það er hluti af hennar stefnu að ganga frá öllum þessum frumvörpum eins opnum og hægt er. Það er ekki kveðið upp úr um fjölda bankastjóra í ríkisviðskiptabönkunum. Það er ekki kveðið upp úr um fjölda bankaráðsmanna. Það er ekki kveðið upp úr um hvernig á að selja 35% í ríkisviðskiptabönkunum. Það ekkert sagt um það hver á að fá 49% í Fjárfestingarbanka Íslands. Þetta er skilið eftir fyrir viðskrh. og samninga milli þessara tveggja helmingaskiptaflokka að klára dæmið á þeim bæ. Það er stefna ríkisstjórnarinnar. Hún gerir það af ásettu ráði að ganga þannig frá málum, jafnvel þó að þetta verði ríkisfyrirtæki áfram sem þau verða í öllum þessum tilvikum. Það er eðlilegt að Alþingi ákveði lagaramma og skipulagsramma í kringum þessar stofnanir. Það er ekki gert. Það er vegna þess að ríkisstjórnarflokkarnir vilja hafa algerlega frjálsar hendur þegar þeir koma að því að úthluta opinberum verðmætum til þeirra fyrirtækja sem þeir hafa velþóknun á. Það er þetta, herra forseti, sem við óttumst. Það er þetta sem við höfum gert tillögur um að verði sett í annan farveg fyrir utan það að uppstokkunin á fjármagnsmarkaði eins og er lagt til í frumvarpinu um Fjárfestingarbanka Íslands er óskynsamleg. Hún er ekki studd af neinum aðila sem hefur einhverja faglega þekkingu á þessu máli. Einu aðilarnir sem studdu málið voru þeir sem áttu að tilnefna stjórnarmenn í nýja Fjárfestingarbankann.

[00:55]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að við 2. umr. um Fjárfestingarbankann vakti ég rækilega athygli á því að það stjórnkerfi sem þar er gert ráð fyrir er mjög sérkennilegt. Það er ekki um það að ræða að ríkisstjórninni hafi tekist að taka á skipulagsvanda þessara fjárfestingarlánasjóða sem hafa verið í landinu um nokkurt árabil, sumir um áratuga skeið, heldur hefur ríkisstjórnin gefist upp við það verkefni og búið til mjög sérkennilegt stjórnkerfi sem heyrir undir þrjá ráðherra. Í tilvikinu er það þannig að ráðherra ákveður hvernig á að fara með atkvæði ríkisins í þessum banka að fenginni tillögu ákveðinnar nefndar. Það er því bersýnilegt að hér er um fullkomið klúður að ræða.

Það er alveg ljóst að þessi banki verður stjórnkerfislegt vandræðabarn burt séð frá efni málsins að öðru leyti. Mér finnst nauðsynlegt að taka þetta fram einnig við 3. umr., herra forseti, vegna þess að ég hef ekki orðið var við það að stjórnarliðið hafi tekið eftir þeim ábendingum sem fram hafa komið um þetta mál sérstaklega. Ég spái því að þegar koma upp núningar á milli viðkomandi ráðuneyta, sem örugglega verða í þessu máli, þá muni menn sjá að það kerfi sem hér er verið að taka upp er algert vandræðakerfi.

Ég ætla síðan ekki að blanda mér í þessa umræðu að öðru leyti en því, herra forseti, að segja að ég harma að menn skuli ætla að leiða málið til lykta með þeim hætti sem hér er gert. Ég endurtek það sem ég sagði við 2. umr. málsins, og 1. umr. reyndar líka, að þessi fjárfestingarbanki er tímaskekkja. Það á ekki að stofna nýja ríkisbanka. Það er engin ástæða til þess og það er ótrúlegt að Sjálfstfl. skuli ganga svona hart fram í því að stofna hérna nýjan ríkisbanka. Ég er andvígur því, mér finnst það vitlaust.

Ég vil einnig segja í þessu samhengi, herra forseti, í tengslum við þessi bankamál öll að ég er alveg gáttaður á því að menn skulu kaupa þær röksemdir að betra sé fyrir þjóðina að bankaráð séu skipuð af einum pólitískum ráðherra. Ég hef tekið eftir því að menn í ólíklegustu flokkum, jafnvel bestu vinir mínir í þinginu í vissum stjórnmálaflokkum, styðja þessa endileysu. Þetta er fullkomlega ólýðræðislegt fyrirkomulag. Menn bera fyrir sig einhverja virkni í stjórnkerfinu og peningakerfinu og þess háttar. Ég gef ekkert fyrir það. Ég segi það alveg eins og er, herra forseti, að ég held að þau mál krefjist miklu meiri umræðu en hefur verið. Ég held að málið liggi ekki þannig að það sé eitthvað sjálfgefið að pólitískur ráðherra sé betri en allir aðrir og jafnvel Alþingi sjálft í því að velja stjórnir eða bankaráð. Það er dálítið umhugsunarefni að hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. fer með hrikalega mikið vald í þessu efni. Hann er ekki aðeins með bankana, heldur einnig t.d. Landsvirkjun. Það er vald sem hann hefur farið illa með eins og kunnugt er og ég gæti nefnt fleiri dæmi í því sambandi. Ég held þess vegna að reynslan sýni að þetta er ekki skynsamlegt, a.m.k. er ekki hverjum sem er treystandi fyrir þessu valdi.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, herra forseti, um leið og ég ítreka þá skoðun mína að ég tel að í frv. um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sé fornöldin afturgengin í þessum sölum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, 3. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 1086.

[00:59]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Mér þykir rétt að greina frá því við 3. umr. eins og ég gerði við hið fyrra mál sem við ræddum hér að í efh.- og viðskn. fjölluðum við um þetta mál milli 2. og 3. umr. Við fengum á fund okkar fulltrúa frá þeim hagsmunasamtökum sem eiga að tilnefna menn í stjórn Nýsköpunarsjóðsins. Það voru fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva.

Eins og þingheimi er kunnugt, þá er stjórnarfyrirkomulagið í Nýsköpunarsjóðnum dálítið sérkennilegt. Það er fimm manna stjórn. Einn er tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna og Samtökum fiskvinnslustöðva. Einn er tilnefndur af Samtökum iðnaðarins og þriðji er tilnefndur af ASÍ. Þarna er kominn meiri hluti vinnuveitenda og verkalýðsfélaga á vinnumarkaði og síðan tilnefnir hvor ráðherrann einn mann, viðskrh. og sjútvrh. Einu ítarlegu ákvæðin í frv. eru reyndar um þessa stjórnarskipan.

En þetta var ekki tilefni þess að ég stóð hér upp, heldur fyrst og fremst það að við spurðum þessa aðila: Hvað með tillögur meiri hluta efh.- og viðskn. sem tóku einn milljarð út úr Fjárfestingarbankanum og settu inn í Nýsköpunarsjóðinn og eyrnamerktu hann til hátækniverkefna á landsbyggðinni og settu ákvæði um að það skyldi bjóða út vörslu þessa milljarðs, þ.e. þetta sem hefur verið kallað einkavædd byggðastefna sem er náttúrlega alveg fráleitt. Það er í sjálfu sér allt í lagi að reyna eitthvert nýtt form. En við spurðum þá sem eiga að stjórna sjóðnum. Þarna voru mætir menn eins og Kristján Ragnarsson, Arnar Sigurmundsson, Sveinn Hannesson og Haraldur Sumarliðason. Þetta eru sömu mennirnir og koma til með að sitja í stjórn Nýsköpunarsjóðs. Þeim fannst lítið til um þetta, þennan milljarð sem þarna væri tekinn út. Einn af gestum okkar sagði að ef það ætti nú að verða hátækni sem þetta ætti sérstaklega að fara í, þá mundi það ekki skapa mikla vinnu og fannst lítið til um þessa hugmyndafræði til styrkingar landsbyggðinni. En sú útfærsla að fela öðrum eða bjóða út vörslu á þessum milljarði, fannst þessum væntanlegu stjórnarmönnum einfaldlega ekki vera rétta aðferðin.

Ég tel rétt að þetta komi fram, herra forseti, vegna þess að það var dálítið skrýtin atburðarás þegar meiri hlutinn handjárnaði sitt lið með því að taka einn milljarð og eyrnamerkja hann tileknum stöðum á landsbyggðinni. Hv. formaður efh.- og viðskn., þingmaður Norðurl. v., náði ágætum árangri innan nefndarinnar þegar hann dúkkaði upp með þennan milljarð og ýmsir sem voru kannski ekki mjög svo hlynntir málinu sáu skyndilega ljósið þegar útfærsla um einn milljarð til viðbótar til landsbyggðarinnar kom á fram sjónarsviðið.

Nefndin klofnaði nú í eina fjóra hluta ef ég man rétt. Við jafnaðarmenn lýstum þeirri afstöðu okkar að við styddum vitaskuld nýsköpun og við styðjum raunhæfar aðgerðir til eflingar byggð úti um landið. Hins vegar var þetta upplegg ríkisstjórnarinnar mjög misráðið. Það hefði þurft að hugsa þetta miklu betur vegna þess að viðbótarlánveitingar til byggðamála eða nýsköpunar eru kannski ekki það sem þarf. Það þarf að fara miklu fyrr í nýsköpunarferilinn með sértækum aðgerðum.

Við kusum hins vegar við 2. umr. að lýsa yfir sérstökum stuðningi við þá hugsun sem felst í nýsköpun og stuðningi við byggð og greiddum atkvæði með 2. og 3. gr. frv. sem markaði umgjörð Nýsköpunarsjóðs. Hins vegar lögðum við til að málinu yrði vísað til ríkisstjórnar, sátum hjá við aðrar greinar frv. og munum sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins. Þetta er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Vitaskuld fær Nýsköpunarsjóður frá mér hinar bestu óskir um hann megi ná fram að ganga og uppfylla þau markmið sem frumvarpshöfundar og þeir sem styðja þessa hugmyndafræði vonast eftir. Ég óska þess. Hins vegar hefði ég kosið og við lögðum til að það yrði farið öðruvísi að hvað varðar uppbyggingu á slíkum sjóði. En það skal þó ekki breyta óskum okkar jafnaðarmanna um að þetta nái nú vel fram að ganga og verði bæði landsbyggðinni og nýsköpun hér í landinu til framdráttar. Ég er býsna hræddur um að svo verði ekki og fyrr en síðar þurfi að taka þessa löggjöf upp og finna henni betri farveg. Það var samdóma álit þeirra sérfræðinga sem við leituðum til um þetta efni. En ég tel þó rétt, herra forseti, að afstaða þeirra sem eiga að stjórna sjóðnum til þessara brtt. og þessarar nýstárlegu útfærslu meiri hluta efh.- og viðskn. komi skýrt fram.

[01:05]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar óskir til starfsemi Nýsköpunarsjóðs í framtíðinni og vona sannarlega að þær rætist. Ég vona að hv. þm. sé sammála mér um að þörf sé á eigin fé fyrir nýsköpunarverkefni á landsbyggðinni og sérstaklega á þeim sviðum þar sem atvinnulíf þarf að þróast áfram, en þá á ég sérstaklega við svið tengd hátækni og upplýsingatækni sem skapa eftirspurn eftir ungu og menntuðu fólki.

Hv. þm. gat þess að þeir fulltrúar sem hefðu komið á fund efh.- og viðskn. og hygðust ráðskast með þennan sjóð hefðu kannski ekki mikla trú á þessari nýju leið. En einmitt þess vegna er afar mikilvægt að það á að bjóða út reksturinn á þessum potti og jafnvel fleiri en einum vonandi. Vonandi geta nokkrir aðilar komið að því að reka þennan milljarð, menn sem hafa þá trú á því sem þeir eru að gera og taka þátt í þeirri áhættu sem þarna er á ferðinni. Ég hygg að þegar upp er staðið, muni hv. þm. sjá eftir því að hafa ekki stutt þetta mál, jafnmiklar framfarir og eiga nú eftir að leiða af þessari ráðstöfun á landsbyggðinni á næstu árum.

[01:06]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við alþýðubandalagsmenn fluttum snemma á þessu þingi og því síðasta líka frv. um áhættulána- og nýsköpunarlánasjóð sem var vísað til iðnn. Það var náttúrlega ekki litið á það mál þar af stjórnarliðinu né heldur í efh.- og viðskn. að ég held. Það er nú ekki til siðs í þessari stjórn að líta á það sem kemur frá stjórnarandstöðunni. Hún þykir nú heldur svona slakur pappír, (Gripið fram í.) sérstaklega þegar stjórnarandstaðan gerir tilraunir til þess að styðja stjfrv. þá

má segja að fyrst kasti tólfunum því að þá lamast stjórnarliðið eins og kom fram í lífeyrissjóðamálinu því að þá allt í einu ákvað stjórnarliðið að breyta sínu eigin frv. af því að stjórnarandstaðan studdi það. Það er athyglisvert og kannski er ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðuna framvegis að leyna því ef hún styður stjfrv., að fara betur með það, segja ekki frá því. Það gæti þá orðið til þess að menn létu sig hafa það bara að styðja eigin frumvörp í ríkisstjórninni. (**Gripið fram í:** Ekki fyrr en við þriðju.) Já, við 3. umr. og þá í atkvæðaskýringunni í lokin þannig að þá verði ekki aftur snúið.

Um þetta frv. er það að segja að við alþýðubandalagsmenn fluttum við 2. umr. nokkrar brtt., m.a. um stjórnina. Við hefðum viljað hafa hana faglegar skipaða en hér er gert, stjórn þessa Nýsköpunarsjóðs. Við fluttum fleiri brtt. en þær voru felldar.

Við teljum líka að starfssvið sjóðsins eins og það er sé nokkuð þröngt, honum sé þröngur stakkur sniðinn að því er varðar raunveruleg áhættulán og hann sé rammaður óþarflega stíft inn. Það er okkar skoðun. Við teljum engu að síður að þetta sé betra en ekkert og höfum verið þeirrar skoðunar að engin ástæða væri til þess að tefja fyrir því að þetta mál færi í gegnum þingið þrátt fyrir þetta.

Það er auðvitað dálítið umhugsunarvert og ég hef orðið var við það hér í landi hvernig menn kasta til þúsund millj. Það hafa komið að máli við mig ýmsir ágætir kunningjar mínir og sagt: „Já, fannst allt í einu milljarður? Fannst bara milljarður?“ Og menn hafa sagt sem svo að það hefði kannski mátt hugsa sér að tryggja alveg eins mikla nýsköpun í atvinnulífinu með því að verja honum öðruvísi. Menn hafa bent á þann hátækniiðnað sem hér er að þróast og hefur gert það myndarlega og þarf í sjálfu sér ekki á neinum stuðningi að halda. Menn hafa bent á Háskóla Íslands í þessu samhengi líka sem er full ástæða til þess að nefna og velt því fyrir sér hvort hlutirnir séu þannig að þegar kemur að ýmsum verkefnum eins og t.d. á sviði menntamála eða annarra slíkra mála, þá velta menn fyrir sér litlu upphæðunum, milljónunum, þúsundköllunum. En svo þegar kemur að svona málum í efh.- og viðskn. þar sem nú er mikið lið eins og kunnugt er, þá sveifla menn þar yfir höfði sér einum milljarði bara rétt sisvona eins og ekkert sé sjálfsagðara. Einn góðan veðurdag er þessi sjóður kominn með milljarð í viðbót af því að í ljós kemur að hinn sjóðurinn var eiginlega of ríkur og þá er bara að skella sér í að snara þarna yfir einum milljarði. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt. Og það er gott að það eru stórhuga menn sem koma að verkum í þessari stofnun þó að þeir þoli það ekki að stjórnarandstaðan styðji stjfrv. og eyðileggi eigin frumvörp ef þeir frétta af slíku.

Ég tel engu að síður að þrátt fyrir að finna megi á þessu galla, sé ástæða til þess að falla ekki í þá gryfju sem stjórnarliðið fellur í í málum af þessu tagi og taka því vel sem vel er gert og þess vegna er okkar afstaða sú sem ég hef hér lýst og ég lýsti reyndar einnig við 2. umr. málsins.

[01:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þennan síðbúna stuðning hv. þm. Svavars Gestssonar og Alþb. og ég vil fullvissa hv. þm. um að stuðningur stjórnarliðsins við málið bilar ekki neitt þótt hann hafi tekið upp þennan síðbúna stuðning við málið.

[01:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks Alþb. og óháðra þakka stjórnarliðinu fyrir að styðja málið þrátt fyrir að við sýnum því þó jákvæðan lit í þessari umræðu. Það er nýjung á þessum langa fundi sem hefur staðið hér í dag.

[01:12]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil reyndar taka það fram að þetta kom mér ekki alls kostar á óvart vegna þess að ég tók eftir því að hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni þótti málið snarbatna þegar við byrjuðum að sveifla þessum milljarði í efh.- og viðskn. og ég sé að það hefur skilað sér.

[01:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeim mun meiri ástæða er til þess að óska hv. 5. þm. Norðurl. v. til hamingju með þessa ótrúlegu staðfestu sem hann sýnir í þessu máli að halda stuðningi við málið til streitu alveg til hinstu stundar þrátt fyrir afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 1087.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 525. mál (aðild starfsmanna að stjórn). — Þskj. 877.

[01:15]

Flm. (Ágúst Einarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög. Þetta er þingmál sem allur þingflokkur jafnaðarmanna flytur og fjallar um það hvernig auka á atvinnulýðræði hérlendis.

Með atvinnulýðræði er átt við leiðir til að auka áhrif starfsmanna innan fyrirtækja. Hægt er að skipta atvinnulýðræði í nokkur stig. Fyrsta stigið er óformleg upplýsingagjöf frá æðstu stjórnendum og eigendum til starfsmanna. Næsta stig er samráð um starfsumhverfi eða um afmarkaða þætti

í stjórnun fyrirtækisins. Þriðja stigið er að hinir þrír ráðandi hópar fyrirtækisins, þ.e. eigendur, æðstu stjórnendur og starfsmenn, taki sameiginlega ákvarðanir um stjórnun þess. Þetta er að miklu leyti nýlunda hér á landi. Þetta er hins vegar útbreidd stefna erlendis og okkur jafnaðarmönnum þykir fara vel á því að feta í fótspor félaga okkar erlendis sem hafa staðið fyrir slíkri löggjöf eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég nefndi áðan að í reynd eru koma þrír aðilar að nútímafyrirtæki. Það eru eigendur sem eiga hlut í félögunum, það eru æðstu stjórnendur sem stundum eiga hlut í fyrirtæki og stundum ekki en fara oft og tíðum með hið raunverulega vald og síðan eru það starfsmenn. Skipting í áhrifahópa innan fyrirtækja á árum áður var fyrst og fremst milli launþega og eigenda, en nú fer miklu betur á því að tala um þrískiptingu valds í fyrirtæki.

Þótt hagsmunir starfsmanna og vinnuveitenda geti oft farið saman innan fyrirtækis takast þessir aðilar einnig á, einkum um kaup og kjör. Þetta þekkjum við vel hér á landi þar sem kjarasamningar eru oft og tíðum gerðir fyrir tilverknað heildarsamtaka launþega og vinnuveitenda. Erlendis hefur þessi farvegur færst yfir á vinnustaðinn sjálfan eða í starfsgreinina miklu skipulegar en er hér á landi. Þess má geta að síðustu kjarasamningar á almennum markaði mörkuðu nokkur skref í þá átt þótt ekki væri langt gengið.

Hins vegar er athyglisvert í þessu sambandi að benda á samstarfsvettvang vinnuveitenda og launþega hér á landi, þ.e. *á sviði lífeyrismála af því að við höfum verið að ræða* þann þátt mála nokkuð mikið hér í dag. Lífeyrissjóðir eru undir sameiginlegri stjórn launþega og fulltrúa vinnuveitenda. Á næstu árum má búast við að hlutdeild lífeyrissjóða í atvinnulífinu aukist verulega en ekki eru mjög skýr ákvæði eða reynsla af því hvernig menn fara með það vald sem þar er til staðar. Það tengist hins vegar ekki þessu frv. nema að því leytinu til að rétt er að vekja athygli á því í umræðu um atvinnulýðræði að það þarf að skoða þessi mál í víðara samhengi.

Einnig má benda á að fjölmargar stjórnunaraðferðir ganga beinlínis út frá þátttöku starfsmanna. Má þar nefna gæðastjórnun þar sem væntingar viðskiptavinar eru í fyrirrúmi. Samspil stjórnenda og starfsmanna skiptir vaxandi máli í nútímafyrirtækjarekstri og er talið örva framleiðslu og framleiðni og bæta kjör eins og þetta frv. mun reyndar leiða til.

Frv. gerir ráð fyrir tiltölulega einfaldri breytingu á lögum um hlutafélög. Ef frv. verður samþykkt þarf að víkka það út þannig að það nái ekki einungis til hlutafélaga heldur einnig til samvinnufélaga, en notuð er tiltölulega einföld aðferð í þessu máli sem er sú að takmarka þetta skref atvinnulýðræðis við þau fyrirtæki sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Það eru flest stærstu og öflugustu fyrirtæki landsins og aðferðin við að auka hlut starfsmanna er þannig að þeir kjósa einn starfsmann sem tekur sæti í stjórn viðkomandi félags. Þannig eiga starfsmenn beina aðild að félagsstjórn viðkomandi félags, þ.e. allra þeirra félaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Í frv. er gert ráð fyrir að þessi stjórnarmaður, sem sækir umboð sitt til starfsmanna fyrirtækis og starfar í fyrirtækinu, *hafi málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum eins og* aðrir stjórnarmenn, en ekki er gert ráð fyrir því að hann hafi atkvæðisrétt á stjórnarfundum. Það er hins vegar matsatriði. Okkur flutningsmönnum fannst í fyrstu umferð rétt að marka sérstöðu hans með þeim hætti að hann væri ekki með atkvæðisrétt eins og aðrir stjórnarmenn. Í venjulegum félögum eru 5–9 stjórnarmenn þannig að einn maður segir e.t.v. ekki mikið í atkvæðum. Hlutverk þessa stjórnarmanns er fyrst og fremst að fá upplýsingar um reksturinn, koma fram með skoðanir starfsmanna, m.a. í tillöguformi, ræða stefnu og stjórnun fyrirtækisins út frá öðru sjónarhorni en aðrir stjórnarmenn. Leiði reynslan í ljós að betra sé að þessi stjórnarmaður hafi atkvæðisrétt eru flutningsmenn tilbúnir til að endurskoða afstöðu sína en við teljum rétt að fara af stað með þessum hætti.

Í frv. er lagt til að haldinn sé almennur starfsmannafundur a.m.k. viku fyrir aðalfund félagsins þar sem fulltrúi starfsmanna er kosinn í stjórn félagsins.

Tilgangur frv. er að opna fyrir bæði umræðu og atvinnulýðræði í íslenskum fyrirtækjum, en það hefur setið mjög á hakanum hérlendis. Víða í nágrannalöndunum er til mjög ítarleg löggjöf um þennan þátt í atvinnurekstri og starfsmenn koma mjög víða markvisst að í stjórnun fyrirtækja.

Í greinargerð með frv. er getið um þau fyrirtæki sem hér um ræðir. Þetta eru 35 fyrirtæki sem núna eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Velta fyrirtækjanna var árið 1995 yfir 110 milljarðar og má geta þess að það eru rétt tæplega íslensku fjárlögin. Heildarstarfsmannafjöldi þessara fyrirtækja er yfir 10 þúsund manns. Herra forseti. Það sést greinilega á þessu að hér er um að ræða velflest af stærstu fyrirtækjum landsins sem bein aðild starfsmanna væri tryggð ef frv. nær fram að ganga.

Heildarmarkaðsvirði þessara 35 fyrirtækja er nú yfir 110 milljarðar kr. Menn sjá á þessu að mjög mikil verðmæti standa að baki þessum félögum og er brýnt að aðild að þeim fáist eins og frv. gerir ráð fyrir. Markaðsvirði Eimskipafélagsins, sem er verðmætast á Verðbréfaþinginu, er 16,2 milljarðar kr., markaðsvirði Íslandsbanka 10,3 milljarðar kr. og Flugleiða 8,5 milljarðar kr. Þetta eru ekki nýjustu tölur, það hefur frekar farið upp á við. Hluthafar í þessum þremur félögum, sem eru stærst á Verðbréfaþingi hvað varðar markaðsverðmæti, eru um 25.000 talsins. Hér er því um að ræða alvöru almenningshlutafélög.

Þetta frv. tekur á einum þætti í atvinnulýðræði, þátttöku starfsmanna í stjórnun fyrirtækja sem eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Það sýnir alvöru málsins að allur þingflokkur jafnaðarmanna flytur þetta mál. Satt best að segja teljum við að þetta sé með merkari málum sem hafa verið lögð fram á því þingi sem nú situr vegna þess að hér er bryddað upp á nýrri hugmynd sem hefur rutt sér til rúms víða erlendis. Þessi löggjöf mun í einu eða öðru formi ná fram að ganga á *næstu árum.*

Þótt við jafnaðarmenn vitum að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi, verður það væntanlega sent til umsagnar og þá gefst tækifæri til að leggja fram í haust endurbætt frv. byggt á þeim athugasemdum sem berast frá hagsmunaaðilum og öðrum í tengslum við frv. Okkur gefst þá tækifæri til að ræða og vinna betur og jafnvel lögfesta á næsta þingi frv. sem gengur í átt að því að auka atvinnulýðræði hér á landi.

Við teljum, herra forseti, að það sé mjög brýnt. Það er í anda nútímajafnaðarstefnu að tryggja atvinnulýðræði í fyrirtækjum hérlendis eins og gert hefur verið erlendis. Við teljum að það leiði til bættra kjara, betri stjórnunar, meiri samheldni og muni auka verðmætasköpun bæði í fyrirtækjum og þjóðfélaginu í heild. Þetta er einfaldlega aðferðafræði,

herra forseti, sem allir hafa gagn af og reynslan hefur sýnt það erlendis að hér er lagt upp með skynsamlegt mál.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. efh.- og viðskn. og tekið til 2. umr. ef tími vinnst til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðfest samvist, 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 496. mál (ættleiðing). — Þskj. 835.

[01:25]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingar á lögum um staðfesta samvist. Í frv. segir að svohljóðandi breytingar séu gerðar við 1. gr.:

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Ákvæði ættleiðingarlaga um að veita megi öðru hjóna með samþykki hins leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn gilda um einstaklinga í staðfestri samvist.

Í 2. gr. frv. segir:

1. mgr. 6. gr. laganna verður svohljóðandi: Önnur ákvæði ættleiðingarlaga um hjón en getur í 2. mgr. 5. gr. og ákvæði laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

Hér er þannig sett í frv. það ákvæði sem margir þingmenn, og m.a. sá sem hér stendur, mæltu fyrir í fyrra þegar lögin um staðfesta samvist voru samþykkt þess efnis að stjúpættleiðing ætti að vera heimil í staðfestri samvist.

Það er fyllilega í samræmi við anda þeirra laga sem sett voru í fyrra að heimila stjúpættleiðingu í staðfestri samvist. Enda þótt margir þingmenn héldu fram þeim rökum varð ekki af þeirri samþykkt og því er málið flutt núna í trausti þess að það fái framgang svo skjótt sem verða má hjá Alþingi.

Börn samkynhneigðra í staðfestri samvist njóta enn ekki fulls jafnræðis við börn gagnkynhneigðra í sömu stöðu og er frv. þessu ætlað að tryggja öllum börnum sömu stöðu. Hér er þannig fyrst og fremst verið að hugsa til réttlætis gagnvart börnum um leið og jafnréttis er gætt í þeim hjúskap sem staðfest samvist heimilar í gildandi lögum.

Frv. þetta fjallar um rétt til ættleiðingar stjúpbarna, eða það að stjúpforeldri í staðfestri samvist fái sama rétt til að ættleiða barn maka síns og stjúpforeldri í hjónabandi hefur skv. 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. ættleiðingarlaga, nr. 15/1978. Stjúpættleiðing þjónar öðru fremur því markmiði að skapa ákveðna festu um fjölskylduböndin, stuðla að samheldni og tryggja rétt barna til að njóta alls þess sem ættleiðingartengsl bjóða upp á frá báðum þeim aðilum sem gegna hlutverki foreldris. Stjúpættleiðing er að sumu leyti mikilvægari en sameiginleg forsjá því að ættleiðing af þessu tagi kemur kannski helst til álita þegar lítil tengsl eru milli barnsins og hins forsjárlausa kynforeldris og markmiðið verður að tryggja því sem best raunverulegan stuðning tveggja í stað eins í foreldrahlutverkinu. Þá er stjúpættleiðing um margt ólík svokallaðri frumættleiðingu sem stofnar til algerlega nýrra fjölskyldusambanda þar sem hér er um það að ræða að hlúa betur að barni sem oftast hefur búið á sama heimili og stjúpforeldri um nokkurt skeið og þegar myndað tengsl við viðkomandi.

Ég vil þannig gera alveg ljóst að frv. þetta fjallar ekki um frumættleiðingu heldur um stjúpættleiðingu en á því er sá munur að barnið sem um ræðir er barn annars foreldrisins í staðfestri samvist en kemur ekki inn í samvistina úr óskyldri átt hvað kynforeldri varðar.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mikið réttlætismál að ræða og tel að þingið sé að ganga í átt til aukinna mannréttinda í íslensku þjóðfélagi með því að samþykkja það svo fljótt sem verða má.

[01:31]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Þó langt sé liðið nóttu og frekar gerist þunnskipaður bekkurinn í þingsölum, þá ætla ég samt sem áður að taka örlítinn tíma frá hinu háa þingi til þess að ræða þetta mál. Ég vil lýsa yfir algerum stuðningi mínum og míns þingflokks, þingflokks jafnaðarmanna, við þetta mál og þakka hv. þm. Ólafi Erni Haraldssyni fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt við gerð þessa frv.

Ég er einn af flutningsmönnum frv. og gerðist það með stakri ánægju. Á síðustu árum hafa orðið talsverðar réttarbætur varðandi samkynhneigða. Fram að þeim tíma má segja að þeir hafi að mörgu leyti ekki notið sama réttar og aðrir. Ýmsar lagabreytingar á síðustu árum hafa hins vegar leitt til þess að engin þjóð stendur nú framar Íslendingum hvað varðar réttindi samkynhneigðra. Ég tel að mikilvægt framfarapor felist í þessu frv. Hér er um að ræða mannréttindi, ekki aðeins mannréttindi hinna samkynhneigðu heldur fjallar þetta frv. fyrst og fremst um réttarstöðu barna samkynhneigðra í staðfestri sambúð.

Það er staðreynd að börn samkynhneigðra njóta ekki að öllu leyti sömu réttarstöðu og önnur börn. Þess vegna er það réttlætismál frá sjónarhóli þeirra að þetta mál nái fram að ganga. Nú uggir mig að vísu, herra forseti, að svo langt sé liðið þings að með öllu sé óvíst að þetta ágæta mál nái fram að ganga áður en þingið heldur til síns sumarleyfis. Eigi að síður held ég að það sé gott að þetta mál komi fram. Það sýnir a.m.k. vilja þeirra sem að því standa og ég vænti þess að á næsta þingi hljóti það brautargengi og verði að staðfestum lögum.

Hér er fyrst og fremst kveðið á um það að þau ákvæði ættleiðingarlaga um rétt til að ættleiða stjúpbarn gildi um þá einstaklinga sem eru í staðfestri samvist. Frv. er með öðrum orðum fyrst og fremst um stjúpættleiðingar. Það var tekið alveg skýrt fram að ákvæði ættleiðingarlaga um það sem við höfum kallað frumættleiðingu gildi ekki um staðfesta samvist. Ég tel, herra forseti, að þetta sé mjög rétt og taktískt skref að stíga við þær aðstæður sem nú ríkja. Ég vil hins vegar að það komi fram að ég er þeirrar skoðunar að þegar fram í sækir eigi líka þau ákvæði ættleiðingarlaga sem fjalla um frumættleiðingu að gilda um staðfesta samvist. Ég tel einfaldlega, herra forseti, að það eigi að gilda ákveðnar reglur eins og eru, að segja má, óskrifaðar í dag, um frumættleiðingar og þær stofnanir sem véla um og ákveða hvaða foreldrar eru heppilegir til þess að taka við barni sem er ættleitt, eigi líka að gilda um samkynhneigða. Fyrst og fremst á að leggja til grundvallar hvort þær stofnanir sem eru kvaddar til þess að meta hæfi foreldra telji að viðkomandi par sé hæft til frumættleiðingar. Þessu vil ég lýsa yfir fyrir mína hönd en ekki minna vandamanna í þingflokki jafnaðarmanna. Þetta er mín og skoðun og ég tel að einhvern tíma á næstu árum eigi þingið að stíga það skref einnig.

[01:35]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni fyrir þá undirtekt sem kom fram í máli hans og um leið samstarf að gerð þessa frv. ásamt því að þakka flutningsmönnum öðrum sem að frv. standa. Að frv. standa þingmenn úr öllum flokkum og tel ég það mikilvægt og bendi á að þeir hafa allir borið frv. þetta upp í sínum þingflokki og er það þannig með fullri vitund allra þingmanna að það er hér flutt.

Ég vil geta þess að ættleiðingarlög, reglur og hefðir eru háð miklum takmörkunum og ættleiðingar í staðfestri samvist verða þar af leiðandi mjög fáar ef að líkum lætur og að uppfylla þarf mjög margvísleg skilyrði til þess að til slíkrar ættleiðingar geti komið. Þannig má búast við að hér verði aðeins um örfáa einstaklinga að ræða en þó að þeir séu fáir er hér um slíkt mannréttindamál að ræða og slíkt merki um *viðsýni, umburðarlyndi og skilning í íslensku þjóðfélagi* að það er þinginu til sóma að sýna þessum hópi fólks og sérstaklega þeim börnum sem búa við þessar aðstæður fullt réttlæti með því að samþykkja þetta frv. svo fljótt sem auðið verður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Losun mengandi lofttegunda, fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og KPál, 516. mál. — Þskj. 865.

[01:38]

Flm. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér þáltill. sem mælir svo fyrir að dregið skuli úr losun mengandi lofttegunda. Ég flyt þáltill. ásamt hv. þm. Kristjáni Pálssyni. Um leið og þáltill. þessi er flutt flytja sömu þingmenn aðra þáltill. sem lýtur að svipuðu efni, en þar er mælt svo fyrir að Alþingi álykti um að breyta svo aðflutningsgjöldum á bifreiðum að hægt verði að nýta metangas til þess að knýja bíla og þá sérstaklega bíla til almenningsnota. Þáltill. sú sem hér er flutt hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að draga beri úr losun mengandi lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum með því að vinna og nýta metangas frá öllum stærri sorphaugum og urðunarstöðum landsins. Enn fremur ályktar Alþingi að mótuð verði framtíðarstefna um sorpurðun sem tryggi fyllstu endurvinnslu og nýtingu verðmæta sem felast í úrgangi. Umhverfisráðherra beiti sér fyrir gerð framkvæmdaáætlunar og lagafrumvarps sem stuðli að framangreindum markmiðum."

Metangas mun vera sú lofttegund sem hvað mest mengar og veldur gróðurhúsaáhrifum. Lætur nærri að metangas hafi þannig um 20–25 sinnum meiri áhrif á myndun gróðurhúsalofttegunda en koltvísýringur og þykir hann þó nógu skaðlegur.

Metangas er lofttegund sem kemur frá allri rotnun og þar á meðal frá urðunarstöðum og sorphaugum. Þannig kemur þessi lofttegund frá sorphaugum, t.d. þeim sem eru við Gufunes í nágrenni Reykjavíkur og sömuleiðis í nágrenni þéttbýlisstaða víða um landið. Þá er ótalið það gas sem nú kemur frá urðunarstaðnum í Álfsnesi.

Það er hins vegar afar ánægjulegt að fyrirtækið Sorpa, sem menn þekkja, hefur unnið mikið brautryðjendastarf á þessu sviði. Fyrirtækið hefur á eigin spýtur og að eigin frumkvæði hafið vinnslu metangass, þ.e. fyrirtækið kemur fyrir búnaði sem safnar saman metangasinu og um næstu áramót mun svo verða komið að Sorpa nær öllu því metangasi sem streymir frá urðunarstaðnum í Álfsnesi. Þetta metangas er brennt þegar því hefur verið safnað saman og því sleppt út í andrúmsloftið við urðunarstaðinn í Álfsnesi. Svo sannarlega er þetta merkileg aðgerð og til mikils sóma. Á hitt er þó að líta að metangasið er fyllilega nýtanlegt til þess að knýja bíla eða nýtast með öðrum hætti sem orkugjafi í iðnaði. Það er því framtíðarmarkmið að nýta metangasið og að útbúa bíla með þeim hætti að hægt sé að knýja þá með þessum búnaði. Hér er ekki verið að tala um einhverja framtíðardrauma eða óraunhæfar hugmyndir, heldur er metangas nú þegar notað á strætisvagna á nokkrum stöðum á Norðurlöndum og hafa Svíar náð hvað lengst á þessu sviði.

Þannig má segja að tvíþættur árangur geti náðst; að koma í veg fyrir losun þessa hættulega og mengandi efnis út í andrúmsloftið og valda þar með þeim skaða sem menn þekkja og eru að berjast við núna, um gróðurhúsaáhrif lofttegunda, og síðan að afla orkugjafa.

Virðulegi forseti. Í greinargerðinni sem fylgir þáltill. er bent á þann skaða sem metangasið getur valdið og sá skaði borinn saman við þann skaða sem menn vita að CO_2, eða koltvísýringur, getur valdið og svo sannarlega hefur verið til umræðu í þingsölum nú í vetur vegna fyrirhugaðs álvers á Grundartanga og vegna stækkunar álversins í Straumsvík. Í greinargerðinni segir m.a.:

„Frá urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi streyma nú um 750 tonn af metangasi á ári. Ef ekki væri að gert ylli það svipuðum gróðurhúsaáhrifum og allur koltvísýringur sem kemur frá álverinu í Straumsvík á 70 dögum. Útstreymi metangass frá Álfsnesi mun aukast um 90 tonn á ári til ársins 2008 og verður þá orðið um 1.600 tonn á ári. Til samanburðar má nefna að það jafngildir um $^2/_3$ af árlegu koltvísýringsútstreymi frá væntanlegu álveri á Grundartanga. Í Álfsnesi hefur Sorpa hins vegar unnið frumkvöðulsstarf og safnar metangasi saman og brennir því. Nú er brenndur um $^1/_4$ af gasinu og um næstu áramót verður öllu metangasi frá Álfsnesi brennt."

Það kann að þykja mótsagnakennt þegar sagt er að sorphaugar og urðunarstaðir eru nú nokkurs konar auðlindir og ber að líta á þá sem slíka.

Virðulegi forseti. Það er ekki tækifæri til þess að ræða urðunarmál, sorp og förgun í víðu samhengi. Þó vil ég ekki láta hjá líða að nefna að þáltill. þessi er flutt í þeim anda, sem á að vera sjálfsagður, að öll efni sem hægt er að endurnýta beri að endurnýta og öll förgun annars efnis á að vera með þeim hætti að það skaði ekki umhverfið. Á þessu sviði erum við Íslendingar á eftir öðrum þjóðum og er þá bæði horft til iðnaðar, atvinnustarfsemi og líka til flokkunar og förgunar á heimilissorpi.

Ég vænti þess að þáltill. þessi fái farsælan framgang þegar hún kemur til nefndar og verði ásamt mörgum öðrum góðum tillögum sem koma frá þinginu til þess að Íslendingar nái því marki sem aðrar þjóðir hafa náð á þessu sviði og sérstaklega með tilliti til þess að við byggjum fagurt og hreint land og eigum okkar hagsmuni undir því að gæta vel að umhverfinu, gæta að alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að til þess að aðrir virði tilveru okkar sem eigum svo mikið undir hreinu og góðu umhverfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 22., 28.–29. og 31.–32. mál.

Fundi slitið kl. 01:47.

---

123. FUNDUR

þriðjudaginn 13. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Opinber fjölskyldustefna, stjtill., 72. mál, þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093 og 1135. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

3. Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, stjfrv., 237. mál, þskj. 1087. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

4. Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, þáltill., 315. mál, þskj. 576. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, stjfrv., 409. mál, þskj. 1009 (sbr. 706), brtt. 1136 og 1179. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

6. Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., stjfrv., 408. mál, þskj. 1017. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

7. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, stjfrv., 407. mál, þskj. 1086. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

8. Hlutafélög, frv., 525. mál, þskj. 877. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Staðfest samvist, frv., 496. mál, þskj. 835. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Losun mengandi lofttegunda, þáltill., 516. mál, þskj. 865. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

11. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

12. Staða þjóðkirkjunnar, stjfrv., 301. mál, þskj. 557 (með áorðn. breyt. á þskj. 1031). — 3. umr.

13. Biskupskosning, stjfrv., 302. mál, þskj. 1206. — 3. umr.

14. Skipan prestakalla, stjfrv., 241. mál, þskj. 370. — 3. umr.

15. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — 2. umr.

16. Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, stjfrv., 28. mál, þskj. 28 (með áorðn. breyt. á þskj. 1004). — 3. umr.

17. Umferðarlög, stjfrv., 487. mál, þskj. 1208. — 3. umr.

18. Landmælingar og kortagerð, stjfrv., 159. mál, þskj. 176 (með áorðn. breyt. á þskj. 1077). — 3. umr.

19. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, stjfrv., 364. mál, þskj. 641 (með áorðn. breyt. á þskj. 1085). — 3. umr.

20. Tekjuskattur og eignarskattur, stjfrv., 528. mál, þskj. 880 (með áorðn. breyt. á þskj. 1071). — 3. umr.

21. Stjórn fiskveiða, frv., 341. mál, þskj. 613. — 3. umr.

22. Meðferð sjávarafurða, stjfrv., 476. mál, þskj. 803 (með áorðn. breyt. á þskj. 1112). — 3. umr.

23. Virðisaukaskattur, stjfrv., 437. mál, þskj. 746 (með áorðn. breyt. á þskj. 1066). — 3. umr.

24. Tryggingagjald, frv., 541. mál, þskj. 895. — 2. umr.

25. Stuðningur við konur í Afganistan, þáltill., 69. mál, þskj. 69, nál. 1217. — Síðari umr.

26. Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, þáltill., 267. mál, þskj. 519, nál. 1219. — Síðari umr.

27. Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, þáltill., 481. mál, þskj. 810, nál. 1218. — Síðari umr.

28. Kynslóðareikningar, þáltill., 299. mál, þskj. 555, nál. 1185. — Síðari umr.

29. Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, þáltill., 300. mál, þskj. 556, nál. 1188. — Síðari umr.

30. Verðbólgureikningsskil, þáltill., 314. mál, þskj. 575, nál. 1186. — Síðari umr.

31. Erlendar skuldir þjóðarinnar, þáltill., 431. mál, þskj. 735, nál. 1187. — Síðari umr.

32. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.

33. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 816, nál. 1180, brtt. 1181. — 2. umr.

34. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907, nál. 1182. — 2. umr.

35. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908, nál. 1183. — 2. umr.

36. Vörugjald af olíu, frv., 612. mál, þskj. 1184. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

37. Erfðafjárskattur, frv., 517. mál, þskj. 866, nál. 1156. — 2. umr.

38. Kosningar til Alþingis, frv., 116. mál, þskj. 127, nál. 1146. — 2. umr.

39. Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, þáltill., 403. mál, þskj. 700, nál. 1147. — Síðari umr.

40. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707, nál. 1171, brtt. 1172. — 2. umr.

41. Olíuleit við Ísland, þáltill., 104. mál, þskj. 109, nál. 1166. — Síðari umr.

42. Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, þáltill., 447. mál, þskj. 759, nál. 1165. — Síðari umr.

43. Þjóðminjalög, stjfrv., 502. mál, þskj. 842, nál. 1152, brtt. 1153. — 2. umr.

44. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830, nál. 1169, brtt. 1170. — 2. umr.

45. Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, þáltill., 387. mál, þskj. 679, nál. 1162. — Síðari umr.

46. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, stjfrv., 444. mál, þskj. 756, nál. 1154, brtt. 1155. — 2. umr.

47. Ríkisreikningur 1995, stjfrv., 99. mál, þskj. 102, nál. 1151. — 2. umr.

48. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103, nál. 1102, brtt. 1103, 1134, 1148 og 1163. — 2. umr.

49. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101, nál. 1167, brtt. 1168. — 2. umr.

50. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350, nál. 1000 og 1224, brtt. 1001 og 1225. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.,
Páll Pétursson félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Það fer fram utandagskrárumræða um rekstur Fríhafnarinnar í Leifsstöð um kl. hálftvö í dag. Málshefjandi er Guðmundur Árni Stefánsson og utanrrh. verður til andsvara. Þetta er hálftíma umræða.

Um fundarhaldið í dag vill forseti taka fram að nú í upphafi þessa fundar fer fram atkvæðagreiðsla um tíu fyrstu dagskrármálin. Það verður hlé milli kl. eitt og hálftvö og þá, eins og sagt var áðan, verður utandagskrárumræðan um kl. hálftvö. Síðan má búast við atkvæðagreiðslum um kl. fjögur í dag en gerð verður nánar grein fyrir því síðar.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. ÁE o.fl., 525. mál (aðild starfsmanna að stjórn). — Þskj. 877.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Staðfest samvist, frh. 1. umr.

Frv. ÓÖH o.fl., 496. mál (ættleiðing). — Þskj. 835.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Losun mengandi lofttegunda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÓÖH og KPál, 516. mál. — Þskj. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv.
Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 92, nál. 1082, brtt. 1083.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:42]

Brtt. 1083,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BH, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÖJ.

22 þm. (ArnbS, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GB, HÁs, HBl, IP, JBH, PP, RA, SP, StG, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:41]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Eins og rakið var hér fyrr í umræðu um málið þá er verið að *lögleiða hluta af vinnutímatilskipun* ESB. Ég vil einungis ítreka það að þessi lögleiðing á lengingu lágmarshvíldartíma felur ekki í sér fullkomna lausn varðandi vinnutímatilskipunina og því liggja fyrir frekari breytingar á lögum í tengslum við hana í haust. Og jafnvel þó að ég hafi gert við það athugasemd að þetta atriði væri sérstaklega tekið út úr í stað þess að bíða eftir heildarafgreiðslu málsins þá tel ég rétt að styðja málið, en ítreka að hér einungis um hluta af lausninni að ræða.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1083,2 samþ. með 45 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, FI, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ*, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (MS) greiddi ekki atkv.

19 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GuðjG, GB, HBl, IP, JBH, LB, PP, RA, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 1083,3 samþ. með 46 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 1083,4 samþ. með 47 shlj. atkv.
5.–7. gr. (verða 6.–8. gr.), svo breyttar, samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 1083,5 samþ. með 48 shlj. atkv.

8. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (KPál) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, HBl, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

9.–10. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1083,6 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
11. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv.

Opinber fjölskyldustefna, frh. síðari umr.

Stjtill., 72. mál. — Þskj. 72, nál. 1092, brtt. 1093 og 1135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:50]
Brtt. 1135 við 1093 felld með 32:18 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:49]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu fjallar um sjóð um um fjölskyldúvernd og að slíkur sjóður hafi það markmið að styrkja og stuðla að þróun fjölskyldumálefna. Hann hefði það hlutverk að stuðla að og styrkja þróunarverkefni og rannsóknir á sviði fjölskyldumála sem er mjög tímabært. Afar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á högum íslenskra fjölskyldna en Sameinuðu þjóðirnar lögðu mikla áherslu á þetta atriði í tilmælum sínum til aðildarríkjanna á ári fjölskyldunnar. Minna má á að landsnefndin varði stærstum hluta þess fjármagns sem hún hafði til ráðstöfunar til viðamikillar rannsóknar á aðstæðum íslenskra barnafjölskyldna. Þetta var eitt af þýðingarmeiri ákvæðum í upphaflegu tillögunni sem landsnefnd um ár fjölskyldunnar studdi. Ég hvet þingmenn til að styðja þessa þýðingarmiklu tillögu sem hér er til afgreiðslu.

Brtt. 1093 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GÁ, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að Alþingi er loksins að ályktа um opinbera fjölskyldustefnu. Markviss fjölskyldustefna er grunntónn í stefnu jafnaðarmanna og hefur verið framkvæmd m.a. í sveitarstjórnum þar sem jafnaðarmenn hafa verið ráðandi afl. Þótt hér sé stigið þýðingarmikið skref og stjórnvöldum falið að móta fjölskyldustefnu og helstu þættir hennar tilgreindir í tillögunni þá er þó stærsta verkefnið eftir, nefnilega útfærslan, að stjórnvöld sýni vilja sinn í verki. Ég hvet ríkisstjórn Íslands til þess að láta nú hendur standa fram úr ermum og láta það ekki gerast að önnur þrjú ár líði frá því að tillagan er samþykkt og þar til hennar fer að gæta í lögum og framkvæmdum ríkisstjórnar.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
14 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, GÁS, GÁ, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1230).

Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga, frh. 3. umr.

Stjfrv., 237. mál. — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:53]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Við 2. umr. kom fram mikil gagnrýni af hálfu stjórnarandstöðunnar á málið, ekki síst hvað varðar undirbúning þess í ráðunneytinu sem var með því slakara sem þekkist hér í þingingu. Það þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það hér en það þurfti tugi brtt. við málið til þess að sjálfur meiri hlutinn gæti sætt sig við það á endanum. Þá var gefnin mikil og hástemmd yfirlýsing við 2. umr. af hæstv. félmrh. um baktryggingu ríkissjóðs ef deildir sjóðsins standa ekki undir sér. En þrátt fyrir að hæstv. forsrh. hafi gert tilraun til að slá á puttana á hæstv. félmrh. þá leiddi þessi yfirlýsing til þess að málið kom aftur fyrir hv. félmn. fyrir 3. umr. sem er nokkuð sérstakt. Eins og við var að búast réð vilji hæstv. forsrh., því miður segi ég, og nefndinni var gerð grein fyrir því að yfirlýsing hæstv. félmrh. hafi verið ómerk og reyndar hefur hæstv. félmrh. ekki sést síðan. Málið er enn fullkomlega óásættanlegt og því sit ég hjá við lokaafgreiðslu þess. [10:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Hv. félmn. kannaði þetta mál lítillega milli 2. og 3. umr. og við þá könnun varð ljóst að ekki er vilji til þess að taka af öll tvímæli í lögunum um að ríkissjóður verði baktrygging fyrir hinn nýja Tryggingasjóð, komist deildirnar í þrot. Við 2. umr. komu fram heldur loðnar yfirlýsingar

félmrh. og forsrh. og þær duga ekki. Réttur einyrkja og sjálfstætt starfandi er illa tryggður í þessu frv. Þar af leiðandi er afstaða okkar óbreytt og við kvennalistakonur greiðum ekki atkvæði með þessu frv.

[10:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Við jafnaðarmenn styðjum ekki stofnun þessa sjóðs og munum sitja hjá við afgreiðsluna. Við teljum að það hefði átt að skipa málum einyrkja og sjálfstætt starfandi einstaklinga innan Atvinnuleysistryggingasjóðs með þeirri samábyrgð sem felst í aðild að honum. Fjárhagsgrunnur þessa sérsjóðs er veikur, deildum hans hverri um sig er ætlað að vera sjálfbærar sem þýðir hækkun iðgjalds einstakra hópa og/eða lækkun atvinnuleysisbóta til þeirra meðan allar stéttir njóta innbyrðis sambærilegra réttinda í Atvinnuleysistryggingasjóðnum. Félmrh. og forsrh. hafa gefið yfirlýsingar þó veikar séu.

Virðulegi forseti. Forsrh. gat þess að ekki væri útilokað að ríkissjóður kæmi til skjalanna ef Alþingi samþykkti að koma í veg fyrir að Tryggingasjóðurinn komist í þrot og að þetta með öðrum orðum þýddi að til geti komið aukin framlög ríkissjóðs eða aukin iðgjöld. Yfirlýsingar ráðherranna eru ekki afdráttarlausar en við munum kalla eftir efndum ef til þess kemur að mismunun sjóðfélaga blasir við.

[10:56]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Yfirlýsingar bæði hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. taka að mati meiri hlutans af öll tvímæli um að ríkisstjórnin getur komið inn með aukið fé ef mjög illa fer í *ákveðinni atvinnugrein*.

Varðandi það að gerðar hafi verið tugir breytinga á þessu frv. og að það sé illa unnið þá er það ekki rétt. Þessar breytingar voru að mestu leyti vegna breytinga sem voru gerðar á atvinnuleysistryggingafrv. sem við samþykktum fyrr á þessu þingi þannig að þær voru einungis tæknilegar til þess að þetta frv. væri í samræmi við hið fyrra. Það er því alls ekki rétt að þetta hafa verið illa unnið.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1231).

Áhrif breyttra hlutfalla aldurshópa eftir árið 2010, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÍGP o.fl., 315. mál. — Þskj. 576.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:58]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv.
Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 409. mál. — Þskj. 1009 (sbr. 706), brtt. 1136 og 1179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]
Brtt. 1179,1 felld með 31:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1179,2 felld með 37:12 atkv. og sögðu

já: BH, GGuðbj, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, ÓÞÞ*, SJóh, SvG, ÖJ.
nei: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (GÁS, JóhS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1136 felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:01]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. er fram komin til að tryggja það, að minnsta kosti á meðan þessir nýju hlutafélagabankar verða að fullu og öllu í eigu ríkissjóðs, að koma kjörum bankastjóra sem með réttu hafa verið gagnrýnd mjög harðlega úti í samfélaginu, í vitrænt form. Nú reynir á það hvort hin stóru orð sem látin hafa verið falla í þessum þingsal í almennri umræðu um þessi mál skipta nokkru máli og hvort menn vilji í raun og sanni taka á því vandamáli sem þarna er sannarlega til staðar. Það verður fylgst vel með því og rifjað upp aftur og aftur þegar fram líða stundir hvernig menn greiða hér atkvæði. Ég segi vitaskuld: Já.

[11:02]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég tel mikilvægt að það tækifæri sem gefst nú við formbreytingu á bönkunum og ráðningu nýrra bankastjóra við hlutafélagabankana verði notað til að taka *öll* starfskjör stjórnenda bankanna til endurskoðunar og að starfskjör þeirra verði miðuð við starfskjör stjórnenda ríkisstofnana sem kjaranefnd ákveður. Ég tel brýnt að Alþingi lýsi vilja sínum til endurskoðunar á starfskjörum stjórnenda bankanna með þessum hætti og segi já.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:03]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við þessa atkvæðagreiðslu hafa þau tíðindi gerst að enn þá einu sinni hefur verið fellt að hafa einn bankastjóra við þessa banka. Það hefur verið fellt að vinna að sameiningu bankanna. Það hefur verið fellt að taka upp eðlilegt fyrirkomulag á ákvörðun um launakjör bankastjóra. Það liggur einnig fyrir, herra forseti, að hér er í raun og veru ekki um að ræða uppstokkun eða sparnað í bankakerfinu. Það liggur fyrir að hér er í raun ekki um að ræða hlutafélagavæðingu. Hér er ekki um það að ræða að menn séu að taka á vanda bankakerfisins heldur eru menn að taka hér ákvörðun um að setja hf. aftan við klíkuveldi stjórnarflokkanna. Það er eðlilegt að þeir beri einir ábyrgð á þessu máli og þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

[11:04]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Bankamálið er nú að koma í heild sinni til lokaafgreiðslu. Aðaltillaga frv. er að breyta Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í hlutafélög. Að okkar mati hefði útfærslan þurft að vera allt önnur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Fjölmargar brtt. frá okkur voru felldar hér við umræður. Þrátt fyrir það er brýnt að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og ég tel það vera framfararspor í íslensku atvinnulífi. Ég greiði því málinu atkvæði við lokaafgreiðslu þess.

[11:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Við 2. umr. um þetta mál greiddi ég atkvæði með sjálfu prinsippinu, að breyta ríkisbönkunum í hlutafélagabanka. En hér er því miður þannig að verki staðið í útfærslunni að ég treysti mér ekki til að styðja þetta mál. Dreifð eignaraðild er ekki tryggð. Vald ráðherra er allt of mikið. Stjórn bankans er óljós í frv. Aðild starfsfólks að undirbúningi að breytingum er ekki tryggð og þannig mætti áfram telja, hæstv. forseti. Þetta mál er þannig vaxið að ekki er hægt að styðja það.

[11:05]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Herra forseti. Stjórnarmeirihlutinn er hér að missa af gullnu tækifæri til að gera um margt nauðsynlegar breytingar á íslensku bankakerfi. Því tækifæri hafa þeir glatað m.a. með því að taka ekki á ákveðnum þáttum er lúta að framtíðarskipan þessara mála, svo sem einum bankastjóra, dreifðri eignaraðild, aðild starfsmanna að stjórnun bankans og síðast en ekki síst starfskjörum bankastjóra. Allt þetta er lagt til hliðar og það vekur auðvitað upp þá hugsun hvort hér liggi annað og meira að baki, nefnilega hin gamla helmingaskiptaregla sem er fyrir ofan, neðan og allt um kring þessa ríkisstjórn. Ég tek ekki þátt í þessari atkvæðagreiðslu og vísa allri ábyrgð á henni á hendur þessari ríkisstjórn.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1232).

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf., frh. 3. umr.

Stjfrv., 408. mál. — Þskj. 1017.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:08]

Frv. samþ. með 31:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, SAÞ, SF, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: BH, HG, KHG, MF, PHB, SJóh, SvG, ÖJ.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, SighB, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:07]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þetta frv. staðfestir það sem við vorum að gagnrýna við hið síðasta að það er ekki verið að taka á skipulagsvanda bankakerfisins í heild. Hér er á ferðinni frv. um að stofna nýjan ríkisbanka. Það hefur komið fram að allir sem vit hafa á þessum málum í þjóðfélaginu leggjast gegn þessu frv., allir. Þeir einu sem styðja málið eru þeir sem fá að tilnefna menn í stjórn bankans. Þeir sem eru aðilar að klíkuveldi stjórnarflokkanna styðja málið af því að þeirra hagsmunir eru tryggðir. Við erum andvíg þessu máli og greiðum atkvæði á móti því.

[11:08]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Stjórnarandstaðan hefur lagt til allt aðra málsmeðferð við uppstokkun á fjárfestingarlánasjóðunum. Sú málsmeðferð og aðrar tillögur okkar voru felldar við fyrri umræður þessa máls. Málið er ekki nógu vel undirbúið og stuðlar ekki að nauðsynlegri uppstokkun á fjármálasviðinu. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og við greiðum þessu máli því ekki atkvæði hér við lokaafgreiðslu þess.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1233).

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 407. mál. — Þskj. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:11]

Frv. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:09]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nýsköpunarfrv. ríkisstjórnarinnar er illa útfært. Við í þingflokki jafnaðarmanna studdum tvær greinar þessa frv. við fyrri umræðu, þar sem lýst var yfir stuðningi við nýsköpun. Hins vegar er málið í þessum búningi eftir sem áður þannig úr garði gert að það nær ekki þeim góðu markmiðum um eflingu nýsköpunar sem við styðjum. Við sitjum því hjá við lokaafgreiðslu málsins.

[11:10]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það hefur gefist illa í seinni tíð fyrir stjórnarandstöðuna að styðja stjórnarfrv. eins og kunnugt er. Stjórnarandstaðan vildi styðja frv. til laga um lífeyrissjóði en ríkisstjórnin tók þá ákvörðun um að breyta frv. þannig að það var ekki hægt að styðja það. Þetta frv. sem hér eru greidd atkvæði um er þannig úr garði gert að við alþýðubandalagsmenn höfum tekið því heldur vel. Hins vegar höfum við kannski ekki látið í ljósi og látið uppi beinan stuðning og mjög ákveðið við málið fyrr en núna við atkvæðaskýringu í 3. umr. enda hefur ríkisstjórnin ekki snúist gegn því. Reynslan segir okkur að það er vissara að vera ekki með málum fyrr en alveg á síðustu stundu ef við ætlum að koma þeim í gegn, ef það eru þjóðþrifamál sem stjórnin er sjálf að flytja því hún snýst yfirleitt á móti sjálfri sér ef stjórnarandstaðan styður þau. Þannig að við féllum ekki í þá gryfju í þetta skipti og teljum að þetta sé sæmilegt mál eftir atvikum þó það sé búið að eyðileggja margar brtt. fyrir okkur. Ég tel að það megi eftir atvikum veita þessu máli brautargengi.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1234).

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:12]

36. dagskrármál var of seint fram komið. — Samþ. með 47:1 atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: HBl*.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, EOK, GuðjG, JBH, KH, MF, ÓÖH, PP, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Staða þjóðkirkjunnar, 3. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 1205.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Biskupskosning, 3. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 1206.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla, 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 2. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 1207.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umferðarlög, 3. umr.

Stjfrv., 487. mál (ölvunarakstur, vátryggingarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1208.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Landmælingar og kortagerð, 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 1210.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 1211.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 1213.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 1214.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Virðisaukaskattur, 3. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 1215.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynslóðareikningar, síðari umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 299. mál. — Þskj. 555, nál. 1185.

[11:20]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um þáltill. um gerð kynslóðareikninga. Nefndin hefur sammælst um leggja til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla mála á fundinum.

[11:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég met það mikils að það gangi rösklega hér dagskráin en fyrr má nú rota en dauðrota. Ég segi alveg eins og er að hér eru t.d. mál sem búið er að taka í gegnum 3. umr. sem tóku bara hálftíma í gær við 2. umr., eins og tekjuskattur og eignarskattur, sem er eitt stærsta mál þingsins. Nú er búið að ljúka 3. umr. og ég hygg að fleiri en ég hafi ekki haft vara á sér í því máli. Ég held að menn verði að hafa örlítið samráð um þessa hluti áður en að þessi hraðlest er sett af stað.

[11:21]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseta var ekki kunnugt um að sérstaklega væri óskað eftir að taka til máls um þessi mál. Enginn var á mælendaskrá. Forseta þykir miður ef það hefur farið fram hjá einhverjum þingmönnum að málin yrðu tekin fyrir. Forseti kann varla ráð við því nema þá að hringja til tíða þannig að menn verði hér í salnum sem væri náttúrlega það besta þegar mikið er að gera í þinginu.

[11:22]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli á því að þau mál sem ég er að mæla fyrir hér eru nú yfirleitt samkomulagsmál og sérstaklega það mál sem ég var að mæla fyrir. Það er einmitt þáltill. um gerð kynslóðareikninga og er flutt af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég treysti því að hv. þm. Svavar Gestsson fari nú ekki að tefja það mál.

[11:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni fyrir að greiða fyrir þingstörfum og tæta af sér brandarana. Það er skemmtilegt. En veruleikinn er nú sá að það kemur fyrir að þingmenn þurfa t.d. að skrifa nál. og að undirbúa

atkvæðagreiðslur þannig að það er ýmislegt sem verður auðvitað að taka tillit til í þinghaldinu. Mér er algerlega ljóst hjá hæstv. forseta að ekkert er hægt í því að gera að taka fyrir mál aftur sem búið er að renna hér í gegn. En hér er eingöngu verið að fara fram á að hlutirnir geti gengið, mér liggur við að segja eðlilega fyrir sig. Auðvitað má segja að viðkomandi þingmenn sem í hlut eiga hefðu átt að láta vita en ég áttaði mig ekki á því að hér færu í gegn tíu mál á 10 mínútum.

[11:23]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti óskar eftir góðu samstarfi um framgang þessara mála. Forseta hefur verið gert viðvart um einstaka mál sem eru hér aftar á dagskránni um að doka við með þau og það mun forseti að sjálfsögðu gera. Ef þingmenn eru ekki reiðubúnir á stundinni til þess að taka þátt í umræðunni þá mun forseti taka tillit til þess.

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 300. mál. — Þskj. 556, nál. 1188.

[11:24]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá efh.- og viðskn. um tillögu til þál. um úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf. Nefndin var sammála um að breyta aðeins orðalagi á tillögugreininni þannig að hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu á íslenskt efnahagslíf."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbólgureikningsskil, síðari umr.

Þáltill. ÁE og VE, 314. mál. — Þskj. 575, nál. 1186.

[11:25]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um tillögu til þál. um verðbólgureikningsskil. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og er sammála um að gera tillögu um að það verði samþykkt með breytingum, þ.e. að breyta um ráðherra þannig að það sé fjmrh. sem hafi málið á sínu forræði enda heyri þessi mál undir hann. Og enn fremur að síðari málsliður 3. mgr. tillögunnar falli brott.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erlendar skuldir þjóðarinnar, síðari umr.

Þáltill. PHB, 431. mál. — Þskj. 735, nál. 1187.

[11:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um þáltill. um erlendar skuldir þjóðarinnar. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið umsagnir um það og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 816, nál. 1180, brtt. 1181.

[11:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. og nál. frá efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um vátryggingastarfsemi, með síðari breytingum. Öll efh.- og viðskn. stendur að þessu áliti og þeim brtt. sem hér eru gerðar.

Í fyrsta lagi eru lagðar til lagfæringar á skilgreiningum í 2. gr. til einföldunar og frekari skýringar.

Í öðru lagi eru lagðar eru til breytingar á 5., 12., 16. og 21. gr. varðandi hæfisskilyrði stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, aðalumboðsmanna og vátryggingamiðlara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessir aðilar skuli vera fjár síns ráðandi. Samkvæmt gildandi lögum mega þeir hins vegar aldrei hafa misst forræði á búi sínu. Nefndin telur eðlilegt að gera nokkuð stífar kröfur til slíkra aðila eins og annarra sem starfa við fjárvörslu eða á fjármagnsmarkaði. Því er lagt til að gerð verði sú krafa að þeir hafi ekki verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum áður en þeir stofna vátryggingafélag, taka sæti í stjórn eða eru ráðnir framkvæmdastjórar þess, gerast aðalumboðsmenn erlends vátryggingafélags eða fá leyfi til að stunda vátryggingamiðlun. Um þetta var allmikið fjallað í nefndinni og niðurstaðan varð einróma sú að leggja til þessa breytingu.

Í þriðja lagi er lögð til breyting á orðalagi a-liðar 13. gr. þannig að greinin verði í betra samræmi við þá tilskipun frá Evrópusambandinu sem fjallar um þetta atriði.

Í fjórða lagi er lögð til breyting á 14. gr. þannig að hún verði orðuð upp á nýtt og þá í meira samræmi við ákvæði fyrrnefndrar tilskipunar.

Í fimmta lagi eru lagðar til breytingar á 17. gr. þar sem fylgja þarf nánar ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar um útibú erlendra utansvæðisfélaga.

Í sjötta lagi er lagt er til að 2. mgr. 85. gr. laganna falli brott þar sem 15. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að almennt gjaldtökuákvæði fyrir eftirlit komi í 52. gr. laganna.

Hæstv. forseti. Ég hef gert grein fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, 2. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 907, nál. 1182.

[11:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Þetta mál var flutt af þingmönnum úr meiri hluta efh.- og viðskn. en með þeirri breytingu sem á málinu hefur orðið stendur öll nefndin að því.

Það er gerð tillaga um að við bætist ákveðið ákvæði til bráðabirgða sem felst í því að greiða skuli skráðum eigendum ökutækja, sem eru yfir 5 tonn að heildarþyngd og nýskráð hafa verið á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku laga þessara eða sem gjaldskyld aðvinnsla hefur verið framkvæmd á á sama tímabili, einn sjötta hluta þess vörugjalds sem greitt hefur verið af þeim sökum. Ef skráður eigandi er eignarleigufyrirtæki skal greiðsla þó bundin því skilyrði að henni verði ráðstafað til leigutaka bifreiðar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, m.a. um skilyrði og fyrirkomulag endurgreiðslu.

Rökstuðningurinn fyrir þessu af hálfu nefndarinnar er sá að í kjölfar lækkunar á vörugjaldi á þessar bifreiðar úr 30% í 15% geti orðið nokkur röskun á verði, sérstaklega nýkeyptra bifreiða, og þess vegna rétt að koma til móts við þá sem hafa nýlega fest kaup á slíkum bifreiðum.

[11:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég átti mjög erfitt með að átta mig á málinu eftir framsögu hv. þm. Ég er sjálfsagt sá eini sem þannig háttar til um. Það er spurning hvort ekki er nauðsynlegt að gera hlé á þessu máli þannig að það gefist kostur á að athuga hvaða afleiðingar það hefur í för með sér í verðlagi á bifreiðum og fyrir afkomu ríkissjóðs. Ég nefni það við hæstv. forseta, hvort hugsanlegt væri að meðferð þessa máls yrði frestað þar til kostur gefst á því að fara aðeins betur yfir málið.

[11:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að samhliða þessu frv. um vörugjald af ökutækjum er flutt annað frv. um breytingu á bifreiðagjaldi sem gerir ráð fyrir hækkun þess úr rúmlega 18 þús. kr. á hálfs árs fresti upp í 26.750 kr. Það hefur verið gerð úttekt á því hvaða áhrif þessar breytingar saman hafa á fjárhag ríkissjóðs og þar er um óverulegar upphæðir að ræða til eða frá í plús eða mínus.

Umræðu frestað.

Bifreiðagjald, 2. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 908, nál. 1183.

[11:34]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið. Það er samstaða í nefndinni um afgreiðslu á málinu með þeirri breytingu að í stað þess að hækka svokallað þak á bifreiðargjaldi, sem greitt er hálfsárslega, upp í 32.000 kr. úr rúmlega 18.000 kr. verði þakið 26.750 kr.

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú að mál þetta hefur verið undirbúið í samráði við fjmrn. Gerðir voru útreikningar á því hversu mikla hækkun þyrfti á þessu gjaldi til að vega upp á móti lækkun á vörugjaldi af vörubílum. Niðurstaðan varð sú að í stað þess að hækka þakið á gjaldinu upp í 32.000 kr. væri nægilegt að hækka það upp í 26.750 kr. Því er þessi breyting lögð til. Ég vil vekja athygli á því að öll efh.- og viðskn. stendur að málinu, bæði þessari hækkun á bifreiðargjaldinu og eins málinu um vörugjald af ökutækjum.

Umræðu frestað.

Vörugjald af olíu, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

[11:36]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um breyting á lögum nr. 34/1995, um vörugjald af olíu, með síðari breytingum.

Þetta frv. er flutt af efh.- og viðskn. Það er aðeins tvær greinar. Sú fyrri kveður á um að í stað ártalsins „1998" í 21. gr. laganna komi: 1999. Í öðru lagi er gildistökuákvæði frv.

Markmiðið með þessu máli er að fresta enn um sinn að tekið verði upp endurgreiðslukerfi á olíu sem er ekki til gjaldskyldra nota. Markmiðið er að taka upp sérstakt olíugjaldskerfi þar sem gjaldfrjáls olía er lituð.

Þetta mál hefur verið til umfjöllunar meira og minna í efh.- og viðskn. í nokkur ár. Niðurstaðan er sú að stefna að því að taka upp litunarkerfi í ársbyrjun 1999. Gengið er út frá því að fjmrh. muni í samráði við hagsmunaaðila vinnast tími til að skoða málið betur í sumar með tilliti til þeirra umsagna sem efh.- og viðskn. hafa borist. Nefndin gerir ráð fyrir að frv. verði lagt fram í haust sem geri ráð fyrir því að litun verði tekin upp 1. jan. 1999 og að allur sá tími sem þarf til undirbúnings að því máli verði nýttur þannig að hægt verði að taka upp hið nýja fyrirkomulag á sem allra hagkvæmastan hátt.

Efh.- og viðskn. stendur öll að þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 866, nál. 1156.

[11:38]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Félmn. hefur fjallað um frumvarpið. Umsögn um málið barst frá Öryrkjabandalaginu. Í lögum um erfðafjárskatt er kveðið á um að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt, svo og arfi sambýlisfólks sem gert hefur erfðaskrá, skuli ekki greiða erfðafjárskatt. Jafnframt er áréttað í lögunum að í erfðaskrá skuli stöðu sambýlismanns ótvírætt getið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra geti ákveðið að sömu reglur gildi um annars konar sambúðarform ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Með annars konar sambúðarformi er átt við að sameiginlegt heimilishald hafi átt sér stað um langan tíma. Ljóst er hins vegar að til þess að heimilt verði að fella niður erfðafjárskatt við slíkar aðstæður hjá aðilum sem lögum samkvæmt njóta erfðaréttar er ekki nægjanlegt að um sameiginlegt heimilishald hafi verið að ræða heldur þurfa mjög sérstakar aðstæður að auki að koma til. Nefndin leggur til að fastar verði kveðið að orði en gert er í frumvarpinu þar sem sérstakar aðstæður eru skilgreindar sem sjúkleiki, varanleg örorka eða aðrar sambærilegar aðstæður.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi breytingu:

Í stað orðanna „svo sem sjúkleiki, varanleg örorka" í fyrri efnismálslið 1. gr. komi: svo sem varanleg örorka, alvarleg veikindi o.s.frv.

Undir nál. rita allir nefndarmenn í félmn.

[11:40]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Sem 1. flm. málsins sé ég ástæðu til að lýsa sérstakri ánægju minni með meðferð félmn. á þessu máli og þakka henni fyrir hve fljótt og vel hún afgreiddi það.

Það er ljóst af afgreiðslu nefndarinnar að mjög breið og víðtæk samstaða er um málið. Það má líka vitna til þess að flm. frv. eru þingmenn úr öllum flokkum, stjórn og stjórnarandstöðu.

Ég held að hér sé á ferðinni mikið réttlætismál sem kostar ríkissjóð lítið. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða og það er auðvitað mikið óréttlæti fólgið í því, eins og löggjöfin er nú, að af arfi sem fellur til þess hjóna sem lifir hitt skuli ekki greiða erfðafjárskatt en þegar um er að ræða sömu aðstæður hjá t.d. systkinum, mæðgum eða feðginum, þ.e. sama lögheimili og sameiginlegt heimilishald nær alla ævi, verður hins vegar að greiða erfðafjárskatt ef annar aðilinn í slíku sambýli fellur frá. Það er engin sanngirni í því að við slíkar aðstæður verði sá sem eftir lifir að greiða erfðafjárskatt til að geta búið áfram í húsnæði sem hefur verið heimili hans alla ævi.

Því, herra forseti, er full ástæða til þess að þakka hv. félmn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli og hve vel var að málinu staðið í umfjöllun nefndarinnar og vona ég að málið eigi greiða leið í gegnum þingið og verði að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosningar til Alþingis, 2. umr.

Frv. GÁS o.fl., 116. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 127, nál. 1146.

[11:42]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 80/1987, með síðari breytingum. fyrir hönd allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólaf W. Stefánsson frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Bjarna Sigtryggsson frá utanríkisráðuneytinu. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hagstofu Íslands og utanríkisráðuneytinu.

Frumvarpið felur í sér tillögu um breytingar á kosningalögum sem auðvelda eiga Íslendingum sem búa erlendis að kjósa utan kjörfundar. Telur nefndin æskilegt að stuðlað sé að því að sem flestir þessara aðila geti nýtt kosningarrétt sinn. Í máli fulltrúa dómsmálaráðuneytisins kom fram að í ráðuneytinu væri nú unnið að breytingum á kosningalöggjöfinni og yrði frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi næsta haust. Mælist nefndin til þess að efnisatriði þessa frumvarps verði tekin inn í þá endurskoðun og leggur til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnar.

Allir nefndarmenn allshn. undirrita þetta nál.

[11:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki betur en það liggi fyrir allshn. fleiri frv. um breytingu á kosningalögum, frv. sem hafa verið flutt þing eftir þing. Það er dálítið sérkennilegt að þetta frv. skuli tekið út úr. Ég spyr hv. formann allshn. hvernig á því stendur að þetta mál er eitt tekið út úr. Ég flutti t.d. frv. varðandi breytingar á kosningalögum sem lýtur að því að fólk geti leynt nafni sínu fyrir smölun flokkanna inn í kjörklefum ef fólk óskar eftir því. Ég spyr: Hvar er það mál? Er einhver ágreiningur um það eða af hverju má þá ekki vísa því áfram til vinnslu eins og þessu máli? Hverju sætir það? Eða er þetta venjulega aðferðin við að henda út málum stjórnarandstöðunnar? Hvað er það sem veldur því að þetta mál er tekið fram fyrir önnur?

[11:44]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það koma auðvitað margvísleg mál til meðferðar hjá allshn. og þar er líka fjöldi þingmannafrv. Nefndin fór yfir öll þau mál sem eru til meðferðar í nefndinni og ræddi sérstaklega þetta mál sem hv. þm. er að benda á, en það var ekki samkomulag um að málið yrði tekið út úr nefndinni.

[11:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er spurning hvaða rök eru fyrir því að þetta mál var ekki tekið út úr nefndinni og vísað til ríkisstjórnarinnar, þ.e. það mál að kjósendur geti leynt nafni sínu fyrir smölum stjórnmálaflokkanna inni í kjörklefum. Var andstaða við það í nefndinni? Það væri fróðlegt að vita hvaða rök eru fyrir því að setjast á mál af þessu tagi. Og ég kann satt að segja ekki við að þingmönnum sé bersýnilega mismunað með þeim hætti sem hér er verið að gera. Það er verið að taka þetta mál í gegn en hinu hafnað og svar formanns nefndarinnar er „af því bara". Það gengur ekki. Ég tel því auðvitað, herra forseti, að miðað við þá stöðu sem nú er uppi þá verði stjórnarmeirihlutinn auðvitað að reyna að setja sér það að koma til móts við okkur eins og við erum að koma til móts við stjórnarmeirihlutann m.a. með því að taka hérna fyrir dagskrá með 20, 30, 40 málum á hverjum einasta degi. Þannig að ég sætti mig ekki við þessi svör hjá hv. þm. og tel alveg óhjákvæmilegt að fá þau skýrari eða leita annarra úrræða til að tryggja að þetta mál verði tekið út eins og önnur mál úr þessari nefnd. Hvernig í ósköpunum stendur á því að þessu máli er hafnað? Vilja menn í þessari nefnd frekar en ella verja smala stjórnmálaflokkanna? Er það hugsunin á bak við afstöðu nefndarinnar í málinu?

[11:46]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get auðvitað ekki svarað fyrir alla nefndarmenn í allshn. en menn töldu þó að það væri eðlismunur á þessum tveimur málum og þess vegna voru skiptar skoðanir um það mál sem hv. þm. var að tala um. Það er auðvitað alveg rétt ábending að það hvílir sú skylda á nefndum að fjalla líka um þingmannamál en þetta varð nú niðurstaðan í þessu tilfelli.

[11:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er bersýnilega um það að ræða að verið er að mismuna þingmönnum. Og það er kannski kominn tími til að stjórnarliðið sýni sitt rétta andlit í því efni gagnvart okkur, þingmönnum stjórnarandstöðunnar. Þetta er ekki nýtt mál sem ég er að mæla fyrir og tala um heldur flutti ég það líka í fyrra. Og það hefur fengið mjög góðar undirtektir hér í salnum þannig að það er bersýnilegt að einhverjir menn í allshn. sem hv. þm. ber fyrir sig hafa allt aðra skoðun heldur en kom t.d. fram við umræðu um málið hér í þinginu þegar hún fór fram. Ég segi því fyrir mitt leyti og vil fara fram á það við hv. formann allshn. að það verði kannað að þetta mál verði tekið út því það hafa engin rök komið fram fyrir því að nauðsynlegt sé að afgreiða það mál sem hér er verið að taka fyrir en ekki það mál sem ég er að spyrja um — engin rök, svarið er af því bara, bara af því að einhverjir menn telja að hlutirnir liggi svona. Ég tel það ekki rök og tek það svar ekki gilt, herra forseti.

[11:47]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessa umræðu um það frv. sem hér er til umræðu um kosningar til Alþingis. Í nefndinni kom skýrt fram verulegur vilji til að koma til móts við þá sem eru búsettir erlendis þegar kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna fara fram. Ég mat það svo að það væri verulegur stuðningur við það mál sem hér liggur fyrir þinginu. En þá kom fram hjá meiri hlutanum sá sígildi rökstuðningur að verið sé að gera heildarendurskoðun eða stærri endurskoðun og í ljósi þess samþykkti nefndin að senda þetta mál þar inn. Ég tel mjög brýnt að breyta möguleikum fólks sem býr í útlöndum til þess að kjósa hér því það er alveg með ólíkindum hvað fólk getur þurft að ferðast, stundum fleiri þúsund mílur. Ég hef einu sinni reynt það að koma loksins á kjörstað en þá var ekki hægt að tryggja að atkvæði mitt kæmist til landsins. Það er enginn vafi á því að hér er um mjög brýnt mál að ræða.

En varðandi gagnrýni hv. þm. Svavars Gestssonar á annað mál sem liggur fyrir allshn., reyndar um breytingar á sömu lögum, get ég upplýst að það var enginn vilji hjá stjórnarmeirihlutanum að taka það mál út en um leið vil ég upplýsa að það má segja að þingmannamál hafi ekki fengið nokkra einustu umfjöllun í nefndinni. Það var mjög takmarkaður tími til þess og formaðurinn hefur reyndar beðið minni hlutann afsökunar á því í nefndinni. Ég vil taka sérstaklega sem dæmi mál sem ég hef flutt hér tvisvar sinnum, þáltill. um kynferðislega áreitni, sem hefur fengið mjög góðar umsagnir, allt jákvæðar umsagnir. Það er ekki einu sinni farið í gegnum umsagnir um þingmannamál sem ekki á að afgreiða af meiri hlutanum. Ég tel þetta mjög mikinn ljóð á starfi þessarar ágætu nefndar og þarna verði að verða breyting á.

[11:50]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér á Íslandi eru leynilegar kosningar. Menn greiða atkvæði án þess að nokkur sjái á þeirra atkvæðaseðil og þeir eiga rétt á því að þessi leynd sé varðveitt, en ekki bara þess vegna, það á líka að vera réttur einstaklings að ef hann vill ekki að um það sé vitað hvort hann yfirleitt tekur þátt í kosningunni eða ekki þá á hann að vera sjálfráður um það. Hér fyrr á árum höfðu flokkarnir þann hátt á að hafa fulltrúa sína inni á hverjum kjörstað og þeir skráðu niður alla þá sem komu á kjörstað til þess síðan að geta elt þá uppi ef því var að skipta. Nú í seinni tíð hafa flokkarnir flestir látið af þessari iðju. Sumir eflaust því þeir hafa ekki haft nægilegan mannafla en aðrir af virðingu fyrir persónuleyndinni, fyrir leynilegum kosningum. Einn flokkur hefur hins vegar haldið sínu striki og það er Sjálfstfl. Hann hefur fulltrúa sína á flestum kjörstöðum sem fylgjast með öllum sem koma á kjörstað og skrá skilmerkilega niður hverjir mæta. Og tillaga hv. þm. Svavars Gestssonar gekk út á það að gefa einstaklingnum, hverjum og einum kjósanda, rétt til þess að óska eftir því að þessi eftirlitsmaður Sjálfstfl. eða annarra flokka ef því er að skipta viki af kjörstað ef hann óskaði eftir því eða að því yrði haldið leyndu gagnvart þessum eftirlitsmanni Sjálfstfl. eða annarra flokka, að hann hefði greitt atkvæði.

Ég held að það sé alveg hárrétt sem hv. þm. Svavar Gestsson benti á að menn líta almennt á þetta sem sjálfsögð mannréttindi. Og ég er alveg sannfærður um að ef menn kysu hér í þessum sal, hv. Alþingi, og létu samviskuna ráða, þá væri mikill meiri hluti fyrir því að styðja þessa lagabreytingu og þessa tillögu hv. þm. Svavars Gestssonar. Ég er alveg sannfærður um það. Ég er líka sannfærður um að ef flokkarnir ættu að taka afstöðu til þessa þá mundu þeir allir samþykkja þetta nema einn, nema Sjálfstfl., — nema Flokkurinn með stóra effinu. Þess vegna finnst mér það vanta núna í þessa umræðu að hinn stjórnarflokkurinn, sem ásamt Sjálfstfl. kom í veg fyrir að þetta mál yrði látið ganga til þingsins og fengi eðlilega afgreiðslu hér, kæmi hér og gerði grein fyrir sinni afstöðu til þessa máls og skýrði það fyrir okkur hvers vegna hann kemur í veg fyrir að málið fái eðlilega afgreiðslu í þinginu. Mér finnst við eiga þá kröfu á hendur Framsfl. og fulltrúum Framsfl. í allshn. sem ásamt Sjálfstfl. koma í veg fyrir að þetta mál hv. þm. Svavars Gestssonar fái eðlilega afgreiðslu í þinginu, að þessir fulltrúar komi hér í ræðustól og skýri okkur frá því hvers vegna hann styður Sjálfstfl. í að koma í veg fyrir eðlilega umfjöllun þingsins. Hvers vegna hann styður Sjálfstfl. í því að fulltrúar Flokksins með stóra effinu hafi heimild til þess lögum samkvæmt að ryðjast inn á kjörstaði og njósna um fólk. Í rauninni er það alveg fráleitt að þetta skuli ekki fá eðlilega afgreiðslu þingsins — einfaldlega vegna þess að flokkshagsmunir Sjálfstfl. koma í veg fyrir það þá hlýðir Framsfl. Og nú hafa þeir allir hlaupið úr þingsal til að komast hjá því að skýra þinginu frá hvað veldur þessu, hvað veldur þessari fylgispekt við Flokkinn með stóra effinu. Í rauninni kann svo að virðast að hér sé smámál á ferðinni, lítið lagafrv. sem lítið hefur farið fyrir. Þetta er í rauninni stórmál. Og mér finnst það líka stórmál fyrir þingið að við fáum skýringar þingmanna á því hvers vegna þeir eru að stöðva þetta mál.

Stundum er hafður sá háttur á þegar mál eru hér til umfjöllunar að óska eftir því að ráðherrar komi í þingsal og greini þinginu frá afstöðu sinni. Mér finnst það stórt álitamál hvort ekki á að óska eftir því að fulltrúar Framsfl. í allshn.

komi í þingsal og geri grein fyrir því hvers vegna þeir taka undir það með Sjálfstfl. að koma í veg fyrir að lagafrv. sem er til þess ætlað að styrkja mannréttindi hér fái eðlilega umfjöllun í þinginu. Og ég leyfi mér að mælast til þess við hæstv. forseta að fulltrúar Framsfl. í hv. allshn. komi í þingsal og geri þinginu grein fyrir þessari afstöðu sinni. Ég sætti mig ekki við að hægt sé að reisa hér þagnarmúra, að menn séu látnir tala hér út í tómið og fái ekki svör við rökstuddum spurningum. Ég leyfi mér að ítreka spurningu mína til hæstv. forseta, hvort ekki sé eðlilegt að hans mati að fulltrúar Framsfl. í allshn. komi hér og skýri Alþingi frá því hvers vegna þeir koma í veg fyrir að þetta frv. og þessar tillögur um lagabreytingar fái umfjöllun þingsins.

(**Forseti** (StB)**:** Samkvæmt upplýsingum sem forseti hefur eru fjölmargir hv. þm. Framsfl. í húsinu og fylgjast vafalaust með umræðunum. Það er á þeirra valdi að óska eftir að taka til máls.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þetta og ætla mönnum til upplýsinga svona á meðan við bíðum eftir því að fá fulltrúa Framsfl. í allshn. þingsins hingað í þingsal til að skýra þinginu frá afstöðu sinni til þessa máls að rifja það upp að við erum að tala um tillögu til lagabreytinga sem heimila einstaklingnum að óska eftir því að fulltrúar stjórnmálaflokka njósni ekki um þá á kjörstað. Um það snýst þetta mál. Og þetta mál hefur verið rökstutt hér í þinginu þegar það kom til 1. umr. og menn hafa almennt tekið vel í þessar hugmyndir, telja að þær séu til þess fallnar að treysta hér mannréttindi og frelsi einstaklingsins. En síðan ekki söguna meir. Síðan drukknar málið í nefnd og því er neitað að málið komi til umræðu í þingsal og fái eðlilega umfjöllun og afgreiðslu. Ef menn eru á móti þessum tillögum þá er ósköp einfalt að bregðast þannig við að greiða atkvæði gegn þeim, að fella þessar breytingar. Ég held að skýringin sé sú að menn vilji einfaldlega ekki að málið komi til slíkrar afgreiðslu, menn vilja ekki opinbera — Framsfl. vill ekki opinbera fylgispekt sína við Sjálfstfl. sem hefur skipað svo fyrir, mælt svo fyrir, að málið fái ekki afgreiðslu á þinginu vegna þess að hann ætlar að halda sínum fulltrúum inni á kjörstað hvað sem tautar og raular. Hann ætlar að hafa vald til þess að hafa sína útsendara, sína njósnara á kjörstað til þess að greina flokksmaskínunni frá því hverjir hafa komið og greitt atkvæði og hverjir ekki.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að standa hér í allan dag. Hæstv. forseti hefur upplýst að fjölmargir framsóknarmenn eru í húsinu. Þeir sjá ekki ástæðu til að koma og svara þessum spurningum og skýra okkur frá því hvers vegna þeir hafa tekið undir með Sjálfstfl. og stutt hann í því að kæfa þetta réttindamál. En mér finnst þetta vera umhugsunarefni fyrir okkur öll og mér finnst það líka vera umhugsunarefni fyrir Alþingi. Að menn skuli komast upp með það, að hv. þm. skuli komast upp með það í skjóli þagnarinnar að drepa þjóðþrifamál á borð við þetta.

[12:01]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ögmundi Jónassyni fyrir útskýringar á stöðu málsins í hv. allshn. sem ég verð að segja að skýra málið náttúrlega betur en áður hefur komið fram. Einnig vil ég þakka hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur fyrir hennar skýringar sem voru mjög mikilvægt innlegg í þetta þar sem það kom nú reyndar fram að þetta væri afbrigðilega slæmt í allshn., að stjórnarflokkarnir hefðu í raun og veru lagst gegn því að eitt einasta þingmannamál svo að segja af hálfu stjórnarandstöðunnar fengi afgreiðslu í allshn. Þegar litið væri yfir allshn. og hún borin saman við aðrar nefndir þá sæju menn að hún væri sennilega verst af öllum nefndum í þessu máli. Það eru mjög fróðlegar upplýsingar sem fram komu í máli hv. þm. Guðnýjar Guðbjörnsdóttur. Það er kannski skýringin á því sem fram kom hér áðan um þetta litla mál sem ég flutti á þessu þingi í annað sinn að menn taka það ekki út úr nefndinni og þora ekki einu sinni að vísa því til ríkisstjórnarinnar.

Auðvitað er þetta að mörgu leyti þannig mál að það er tæknilega með þeim hætti að það þarf að koma því skýrt fyrir hvernig sá réttur kjósandans er tryggður að hann gefi ekki upp nafn sitt fyrir fulltrúum stjórnmálaflokkanna á kjörstað. Það má auðvitað hugsa sér ýmsar aðferðir í þeim efnum en ég ætla ekki að fara út í það.

Herra forseti. Ég ætla bara að segja að hér er komið við kvikuna í Sjálfstfl. Sjálfstfl. hefur verið aðal vandamálið á kjörstöðum á Íslandi núna um áratugaskeið. Sjálfstfl. á kjörstöðum í Reykjavík hefur verið stórkostlegt vandamál og það hefur orðið að klaga kosningasmala Sjálfstfl. í hverjum einustu kosningum undanfarin ár, í hverjum einustu kosningum. Í síðustu borgarstjórnarkosningum kvað svo rammt að þessu að svo dæmi sé tekið þá varð að reka smala Sjálfstfl. út úr kjallara eins kjörstaðar í Reykjavík þar sem þeir sátu með farsíma og stýrðu smölun á kjósendum á þann kjörstað í Breiðagerðisskóla. Og það þurfti meiri háttar rekistefnu í yfirkjörstjórn Reykjavík til að hrekja þetta lið með farsímann út úr kjallara Breiðagerðisskóla. Þannig var hagað þessum vinnubrögðum t.d. í Melaskólanum að kosningavél Sjálfstfl. kom sér fyrir þar í tiltekinni skólastofu eins og reyndar víðar en þannig háttaði til þarna að þessi skólastofa var inni á kjörganginum þar sem kosningar fóru fram. Þar af voru menn með skrifstofur Sjálfstfl. inni á miðjum kjörstaðnum, á sama stað og kjósendur gengu til að kjósa fyrir sínar götur, sín hverfi o.s.frv. Í Reykjavík hafa kosninganjósnir Sjálfstfl. verið stórkostlegt vandamál og það hefur legið við borð að það hafi þurft að grípa beinna lögregluaðgerða til að hrekja í burtu kosningasmala íhaldsins með farsímana í kjöllurum kjörstaðanna í Reykjavík.

Svo er það þannig, herra forseti, að einn þingmaðurinn, í stjórnarandstöðunni að vísu, leyfir sér þá ósvinnu að flytja frv. til laga um að menn geti leynst þegar þeir komi inn á kjörstað, menn geti leynst. Menn geti leynst, þurfi ekki að gefa upp nafn sitt hjá öðrum en undirkjörstjórninni á staðnum, annaðhvort með því að krefjast þess að fulltrúi flokksins eða flokkanna fari út á meðan viðkomandi kýs eða með því að leggja nafnskírteini sitt eða annað fullgilt vottorð á borðið hjá undirkjörstjórn sem þá hefur ekki heimild til að láta fulltrúa flokkanna vita um það hver er að kjósa. Fjöldinn allur af kjósendum hefur í seinni tíð talið að hér væri um mikilvægt mannréttindamál að ræða. Ég þekki fólk sem ekki hefur í undanförnum kosningum neytt kosningarréttar síns vegna þess að það vill ekki að Sjálfstfl. hafi þennan sérstaka rétt eins og hann hefur tekið sér hér í Reykjavík. Það er flutt þetta frv. um málið og því er frekar vel tekið hér við 1. umr. Þetta er flutt hér í annað sinn í vetur, var flutt í fyrra líka, því er vísað til allshn. Þar er niðurstaðan sú að það er tekið út úr nefndinni mál sem lýtur að rétti Íslendinga til að kjósa erlendis, það er gott mál og nauðsynlegt mál. Ég þekki nokkuð til í þeim efnum líka í sambandi við kosningar á undanförnum árum. En þetta mál sem hér lýtur að því að tryggja mannréttindi fólks þannig að það megi leynast ef það vill fyrir smölun flokkanna, það fæst ekki tekið út. Og þegar

ég spyr hv. formann allshn. um það hér áðan þá segir hv. formaður allshn.: Ja, menn í nefndinni vildu ekki taka málið út. Svo kemur það á daginn eftir skýringar frá hv. þm. Ögmundi Jónassyni og Guðnýju Guðbjörnsdóttur, að ekki einasta hefur Sjálfstfl. beitt sér í þessu máli heldur líka Framsfl. Hann er líka á móti því að taka þetta mál út. Það er auðvitað ekkert nýtt að Framsfl. gangi í verkin fyrir íhaldið, það hefur hann gert á þessu kjörtímabili. Hann hefur í raun og veru tekið að sér það hlutverk að vinna skítverkin fyrir íhaldiðs á þessu kjörtímabili. Það er það sem framsóknarmönnum blöskrar enda eru þeir að hlaupa frá flokknum í stórum stíl á meðan íhaldið fitnar á fjósbitanum eins og venjulega. Framsókn er að verða altekin af sjúkdómnum sem herjaði á kratana hér í síðustu kosningum, atkvæðin eru að hlaupa í burtu og íhaldið fitnar. Það er ekki bara í hinum stóru málum sem Framsfl. gengur fram fyrir skjöldu og veður framar í einkavæðingarkröfum í bönkum og guð veit hvað heldur líka í hinum litlu málum sem lúta að þrengstu flokkshagsmunum íhaldsins. Ja, þar er Framsfl. kaþólskari en páfinn, íhaldssamari en íhaldið og hjálpar þeim við að stoppa mál af þessu tagi. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að talsmaður Framsfl. í allshn. og kosningalagamálum svari því af hverju hann gekk í þetta verk fyrir íhaldið. Hvaða rök voru fyrir því? Af hverju er þetta mál stoppað? Af hverju mátti ekki vísa því til ríkisstjórnarinnar og skoða það? Hvaða rök eru fyrir því, herra forseti?

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt líka í þessu sambandi, herra forseti, að rifja upp það sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir sagði hér áðan, að það væri frekar legið á málum í þessari nefnd en öðrum. Ég bendi á það, herra forseti, að þinginu er ekki lokið. Þingið er ekki búið, það er ekki búið. Það er auðvitað hugsanlegt að fara í þessi mál enn frekar. En það er náttúrlega hreinn dónaskapur að haga málum þannig t.d. í nefnd eins og allshn. að veita ekki þingmannamálum eðlilega meðferð. Ég þekki það úr iðnn. þar sem ég á sæti, að þar voru öll þingmannamál tekin fyrir og rædd og þáltill. afgreiddar. Þar tóku menn jafnvel fyrir mál frá þingmanni þar sem vildi þannig til að nefnd á vegum ráðuneytis var í raun að vinna í sama máli en samt var það afgreitt í nefndinni. Það var stjórnarþingmaður sem flutti það. Við afgreiddum það og það þótti sjálfsagður hlutur. En í allshn. er það þannig að menn virðast sitja á málum frekar en nokkurs staðar annars staðar. Það er náttúrlega stóralvarlegt mál. Stóralvarlegt mál og er svo sem ekki mikið við því að gera á því þingi sem nú situr en verður náttúrlega að taka það til athugunar næsta vetur að menn leiki ekki þennan leik aftur að setjast á mál af þessu tagi eins og þetta litla mál sem ég er hér að tala um þessa kosningalagabreytingu hvað þá heldur önnur mál með stærri skírskotun eins og t.d. þau mál sem hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir nefndi áðan, eins og tillaga hennar sem hefur verið flutt ég held á tveimur þingum og ég held að sé full samstaða um en fæst ekki tekin fyrir, hún fæst ekki afgreidd. Hvað á þetta að þýða? Auðvitað er það þannig að stjórnarandstaðan ræður engu hér, auðvitað er það þannig, hún ræður ekki nokkrum hlut. Auðvitað er það þannig að stjórnarandstaðan verður að sæta því sem hinn mikli meiri hluti íhaldsflokkanna tveggja sem stjórna landinu núna, 40 manns, hefur. Auðvitað verðum við að sæta því. En mér finnst kannski óþarfi að vera að undirstrika það sérstaklega svo að segja á hverjum einasta degi við afgreiðslu þingnefnda að við ættum bara helst ekki að vera hérna. Allar tillögur sem við flytjum séu vitleysa og óþarfar taki tíma og séu vesen. Stjórnarandstaðan sé seinlegt mál. Þingræðið vesen. Það væri í raun og veru best að hafa þetta þannig að stjórnarflokkarnir réðu þessu bara sín á milli. Þannig er það nú ekki enn þá og við leyfum okkur að tala og við leyfum okkur að hafa skoðanir þó það sé þannig að stjórnarflokkarnir vilji helst komast hjá því.

Herra forseti. Ég óska eftir því að Framsfl. skýri það af hverju hann gekk í þetta verk fyrir íhaldið. Ég mótmæli líka vinnubrögðum allshn. almennt en þó sérstaklega í þessu máli. Ég kann ekki við að stjórnarandstöðunni sé sýnd framkoma af þessu tagi. Mér finnst leiðinlegt til þess að vita. Við höfum verið að reyna að temja okkur fagleg vinnubrögð í þessari stofnun og við höfum hjálpast að við að reyna að komast að niðurstöðu, stjórn og stjórnarandstaða. En því miður er slegið þar á útrétta hönd aftur og aftur þó fyndnasta dæmið ef svo mætti segja sé nú kannski stjfrv. um lífeyrissjóðina sem við ætluðum að styðja en þá ákvað íhaldið að taka það til baka og Framsókn fylgdi, sem er nú í raun og veru einhver þau merkilegustu tíðindi sem ég hef séð í þingsögunni í seinni tíð þegar stjórnarandstaða vill veita stjfrv. brautargengi þá verður stjórnin allt í einu á móti því. Það er kapítuli út af fyrir sig.

Ég óska eftir að spurningum mínum í þessu efni verði svarað.

[12:12]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vísa auðvitað á bug ásökunum hv. þm. um Sjálfstfl. og tel í raun að þær séu ekki svaraverðar. Það hefur verið á það bent að þar sem kosningaeftirlit hefur átt sér stað og hefur verið þörf á þá hefur þetta fyrirkomulag einmitt þótt skipta máli, það hefur þótt tryggja lýðræðislegt fyrirkomulag. En ég ætla ekki að ræða það efnislega hér, virðulegur forseti. Ég vil líka fá að benda á að þetta er misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur að allshn. hafi ekki haft mikið að gera eða hafi ástundað að leggjast á mál. Það er búinn að vera óvanalega mikill fjöldi mála í nefndinni og það hafa líka mörg þingmannamál verið afgreidd úr nefndinni. Það hefur verið unnið mjög mikið starf í vetur og mér finnst raunar að nefndarmenn eigi þakkir skildar fyrir þeirra framlag til löggjafarstarfsins hér á hinu háa Alþingi. Ég vil ítreka að þetta mál sem hv. þm. Svavar Gestsson hefur verið að ræða hér var rætt sérstaklega í allshn. en þar var ekki meiri hluti fyrir því að afgreiða málið.

[12:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur fyrir útskýringarnar. En veruleikinn er sá að samkvæmt lögum landsins þá eru það undirkjörstjórnirnar í umboði yfirkjörstjórnanna sem eiga að gæta lýðræðisins á kjörstöðunum. Það er í raun og veru ekki lögformlegt hlutverk flokkanna. Það kemur hvergi fram. Enda snýst málið ekki um það í þessu frv. að það sé verið að leggja til að fulltrúum flokkanna sé vísað af kjörstað. Heldur að þeir sem vilja leynast fyrir fulltrúum flokkanna geti það enda sanni þeir nafn sitt með eðlilegum hætti fyrir undirkjörstjórninni, þannig að hér er í raun og veru ekki verið að draga úr rétti flokkanna í sjálfu sér. Hér er ekki verið að veikja hina lýðræðislegu undirstöðu málsins. Hér er fyrst og fremst verið að flytja tillögu um að tryggja mannréttindi. Það er svo einfalt.

[12:15]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. beinir til okkar fulltrúa Framsfl. í allshn. spurningu um af hverju við höfum gengið í skítverkin fyrir íhaldið ef ég dreg saman efnisinnihald ræðu hans. Ég ætla ekkert að orðlengja um það enda er þetta bara venjulegt pólitískt orðaskak sem ekki er ástæða til að taka alvarlega. Hins vegar vil ég taka nokkur atriði fram um vinnubrögð nefndarinnar.

Ég mótmæli því að allshn. hafi einhverja sérstöðu um það að taka ekki fyrir þingmannamál. Þingmannamál hafa verði tekin fyrir í nefndinni, m.a. þessi tvö kosningalagamál. Gott samkomulag var um það í nefndinni að senda málið varðandi kosningarétt erlendis til ríkisstjórnarinnar og menn voru sammála um að greiða þar fyrir því að menn gætu notað kosningarrétt sinn eftir föngum en treystu sér samt ekki til að afgreiða málið án frekari skoðunar. Um hitt málið var ekki samkomulag. Það, eins og svo mörg önnur mál, er ekki afgreitt frá nefnd. En hins vegar bendi ég á að það er að fara af stað endurskoðun á kosningalögum. Við höfum fengið það upplýst og er þá að sjálfsögðu tækifæri til þess að taka þau atriði til umræðu við þá endurskoðun jafnvel þó að ekki fylgi því neinn heimanmundur frá allshn. að þessu sinni. En að sjálfsögðu er þetta atriði sem þarf að skoða í þeirri endurskoðun sem verður innan tíðar og er að fara af stað. Ég efast ekki um að þessi atriði komi þar til umfjöllunar þó ekki fylgi nál. frá allshn. sem meðlag inn í þá umræðu.

Þetta vildi ég upplýsa vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram.

[12:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur farið fram efnisleg umræða. Málið snýst ekki um að menn séu að fjalla um tæknilega hluti heldur fer hér fram efnisleg umræða um málið, sem í raun og veru gengur út á það að um sé að ræða tiltölulega einfalda, tiltölulega litla breytingu á kosningalögunum, sem í gæti tryggt mannréttindi betur en kosningalögin gera eins og þau eru. Auk þess er um það að ræða að við erum ekki að gera kröfu til þess að málið verði að lögum á þessu þingi, það er ekkert slíkt uppi heldur er verið að óska eftir því að málið fái sömu meðferð og annað frv. um breytingu á sömu lögum sem liggur í sömu nefnd. Það sem gerir málið tortryggilegt er að þau eru aðskilin. Þessi mál eru aðskilin þó að um sömu lögin sé að ræða og þó að það frv. sem ég tala hér fyrir hafi veri flutt í annað sinn á þessu þingi. Ég kann því vel að mér skuli vera vísað á að endurflytja málið í haust og ég geri það. Ég vona að ég hafi möguleika á því og vona að ég fái þá betri stuðning við málið á þinginu, m.a. hjá Framsfl. og að allshn. fjalli betur um það en hún hefur gert núna. Ég harma að málinu skuli hafa verið sýnd þessi lítilsvirðing því ég held að þetta sé þjóðþrifamál þótt það sé smátt.

[12:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér engu við það að bæta sem ég sagði áðan. Ég endurtek að skýringar mínar voru efnislegar varðandi afgreiðslu þessa máls. Ég tel að málið muni að sjálfsögðu koma til umræðu í þeirri endurskoðun sem ég nefndi og ef flm. endurflytur það að hausti, sem ég efast ekki um, þá mun ég auðvitað taka þátt í þeirri framhaldsumfjöllun sem verður um málið. Ég tel að þetta sé eitt af þeim atriðum sem þarfnast umræðu. En ég endurtek að ekki var samstaða um það í nefndinni að það fengi sömu meðferð og hitt frv. sem var í raun samkomulagsmál. Það varð samkomulag um það. Það er kannski erfiðara tæknilegt mál en þetta mál sem hv. 8. þm. Reykv. nefnir og þarf skoðunar við. Afgreiðsla nefndarinnar hneig að því að það þyrfti sérstakrar skoðunar við. En að sjálfsögðu mun hitt málið koma áfram til umræðu.

[12:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja að mig skortir enn þá hin efnislegu rök Framsfl. fyrir því að afgreiða ekki málið núna. Ég hef ekki heyrt þau.

[12:21]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn í þessa umræðu aftur sem nefndarmaður í allshn. Ég vil byrja á að mótmæla þeim orðum formanns nefndarinnar um að mörg þingmannamál hafi verið tekin út úr nefndinni. Mér vitanlega — hún leiðréttir mig þá ef það er ekki rétt — hafa einungis tvær tillögur komið út úr nefndinni og þeim var báðum vísað til ríkisstjórnarinnar. Önnur er sú sem við erum að tala um og hin er tillaga um ofbeldi gegn konum. Að mínu mati geta þetta ekki talist mörg mál og eina þingmannamálið þar fyrir utan sem hugsanlega má líta á að fái hér einhverja afgreiðslu er frv. til laga, sem ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir lögðum fram um hækkun á sjálfræðisaldri. Það má líta svo á að okkar frv. hafi fengið afgreiðslu þar sem það er tillaga meiri hluta allshn. að gera þá lagabreytingu sem þar er lögð til. En ég mótmæli því alfarið að mörg þingmannamál hafi fengið afgreiðslu í nefndinni. Það var reyndar svo að þau voru aldrei sett á dagskrá — kannski einu sinni, ég man það ekki alveg. En í langflestum öðrum nefndum sem ég hef setið í, m.a. sjútvn. og iðnn. hafa þingmannamál fengin umfjöllun. Menntmn. hefur verið slæm með þetta en þó hafa málin a.m.k. verið sett á dagskrá en reyndar mjög lítið afgreidd úr nefndinni. Ég vil ítreka þetta.

Í öðru lagi vil ég koma inn á það mál sem hér hefur orðið tilefni til umræðu, þ.e. frv. til breytinga á kosningalögum, sem hv. þm. Svavar Gestsson flutti. Ég vil taka undir þá skoðun hans að auðvitað er um mjög mikilvægt mannréttindamál að ræða. Mjög eðlilegt væri að það færi inn í sömu endurskoðun og það frv. sem núna á að vísa til ríkisstjórnarinnar. Það var hins vegar ekki pólitískur vilji fyrir því innan meiri hluta nefndarinnar. Það var sem sagt pólitísk andstaða við málið eins og hér hefur komið fram. Við því getum við stjórnarandstæðingar auðvitað ekkert gert.

[12:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegur forseti. Hv. þm. hlýtur að taka undir með mér í því að það er búið að vera óvanalega mikið vinnuálag í allshn. og mikill fjöldi af málum. Ég er ekki með hér, virðulegur forseti, nákvæmar tölur um mál sem hafa verið afgreidd úr nefndinni en ég get nefnt sem dæmi um þingmannamál sem hafa verið tekin út samkvæmt yfirliti hér, þ.e. kosningar til Alþingis, lögræðislög, eins og hv. þm. benti á áðan, sem eru tekin sérstaklega inn í stjfrv., umferðarlög, þ.e. hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar, hjúskaparlög, ellilífeyrisréttindi, umboðsmaður Alþingis og áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, sem er næsta mál á dagskrá, svo nokkur mál séu talin upp. Þetta eru þingmannamál.

[12:24]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að þetta eru þingmannamál en þetta eru allt mál stjórnarþingmanna nema þessi tvö sem ég nefndi áðan, auk lögræðislaganna. Mér vitanlega var engin viðbót í þessari upptalningu. En það er rétt og ég vil staðfesta það að mjög mikið álag hefur verið í nefndinni enda sagði ég það í minni fyrri ræðu áðan að formaðurinn notaði það sem afsökun fyrir því að þingmannamál væru ekki tekin fyrir.

[12:25]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fá að nota þetta tækifæri til að andmæla því að formaðurinn noti það sem afsökun fyrir því að mál séu ekki tekin fyrir og afgreidd. Öll mál voru tekin fyrir og rædd sérstaklega í nefndinni. Það eru hins vegar skiptar skoðanir á hverju máli.

[12:26]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held ég hafi ítrekað svona sex sinnum við formann allshn. beiðni um að taka tillögu mína um kynferðislega áreitni á dagskrá. Hún var aldrei tekin á dagskrá. Hvað segir formaðurinn við því? Hvers vegna var hún ekki tekin á dagskrá? Frv. um breytingu á lögum um kynferðislega áreitni, sem er allt annað mál, var einu sinni tekið til að vísa því til umsagnar. Tillagan var aldrei tekin á dagskrá þrátt fyrir ítrekaða beiðni.

[12:26]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 1997–2000, 483. mál, nál. samgn., þskj. 1177.

Tekjuskattur og eignarskattur, 611. mál, frv. KHG, þskj. 1176.

[12:27]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu og afgreiðslu á sér rætur í frv. sem ég flutti á þessu þingi og lagði fram sl. haust. Það var í raun framhald af fyrirspurn sem ég flutti um sama efni þar sem ég spurðist fyrir um það hjá hæstv. dómsmrh. hvernig kosningaþátttöku Íslendinga væri háttað, sem dveldu erlendis lengri eða skemmri tíma. Þau svör sem ég fékk þá voru á þá lund að ekki væri unnt að gefa neinar viðhlítandi upplýsingar um hvernig kosningaþátttöku Íslendinga í útlöndum væri háttað þar sem þeir væru í ýmsum kjördæmum og ekki væri sérstaklega haldið utan um það hvernig þeirri þátttöku væri háttað. Á hinn bóginn gat Hagstofan þess að á sérstakan hátt og með nýrri og bættri forskrift á tölvutæku formi væri unnt að nálgast þær upplýsingar. Ég hygg þó að allir séu sammála um það sem eitthvað hafa gaumgæft þessi mál að engin áhöld eru um að kosningaþátttaka Íslendinga sem dveljast erlendis vegna náms eða vinnu, oft til nokkurra ára, er miklum mun minni en gengur og gerist hjá Íslendingum sem hafa hér fasta búsetu á heimaslóðum. Það helgast einfaldlega af tæknilegum orsökum en ekki af því að Íslendingar sem dvelja erlendis af einhverjum orsökum hafi minni áhuga á því hvernig hlutir gangi hér fram. Þeir hafi í raun minni áhuga á því að láta sig það varða hvernig lýðræðinu vindur fram, hverjir kjörnir eru hér til trúnaðarstarfa heldur hitt að það kallar í vissum tilfellum á umtalsverða vinnu, skulum við segja, og tímafreka að nálgast þennan heilaga rétt sinn að kjósa. Margir þurfa að fara langan veg, sæta lagi þegar ræðismenn eða fulltrúar Íslands á erlendri grund eða sendiráð eru opin til að gefa fólki kost á að nýta þennan heilaga rétt sinn. Í mörgum tilfellum er það bara einfaldlega þannig að það er fólki ofviða að gera þetta.

Ég fékk upplýsingar um það í fyrrgreindri fsp. að engin sérstök áform væru uppi um að reyna að fjölga kjörstöðum. Það væri bæði kostnaðarsamt og engir möguleikar á slíku í augnablikinu. Í svarinu var þess jafnframt getið og látið í veðri vaka að hið háa ráðuneyti væri til viðtals og umræðu um það enda var sérstaklega spurt um það í fsp. að liðka aðeins fyrir um í þessum efnum m.a. að opna á þá póstkosningu sem síðan var að finna í því frv. sem ég nefndi og ég flutti og nefndin er hér að afgreiða með sínu lagi. Með öðrum orðum að frv. tók í beinu framhaldi í raun mið af þeim upplýsingum sem var að finna í svari dómsmrn. við hinni margnefndu fsp. og textann sem í frv. var að finna var nánast óbreyttur upp úr því svari. Má segja að málið hafi sumpart, að vísu eftir eftirgrennslan, fæðst í dómsmrn. og þeir aðilar sem ég hafði samband við þar voru satt að segja mjög áfram um það að þetta gæti orðið. Þess vegna kom það mér eilítið á óvart og ég neita því ekki að ég hefði kosið að menn hefðu einfaldlega afgreitt þessa réttarbót beint yfir borðið án allra vífilengja og samþykkt þetta frv. Það er ósköp einfalt að allri gerð og aukinheldur er gert ráð fyrir því, eins og venja er til, að dómsmrh. hafi heimild til að útfæra síðan verklagið og vinnubrögð.

Ég hafði spurnir af því að í allshn. hafi fulltrúar dómsmrn. og utanrrn. verið kallaðir til skrafs og ráðagerða um þessi mál og að sá síðarnefndi hafi verið mjög jákvæður fyrir þessari tillögu en sá fyrrnefndi hafi verið það líka en fundið málinu eitthvað til foráttu á hinu tæknilega sviði. Ég hef talað við þann mann og satt að segja varð ég einskis vísari þannig að því miður finnst mér kannski ákveðinn ótti hér á ferðinni við þetta sama framkvæmdarvald á nýjan leik. Það eru engin rök sem hafa verið á borð borin í þessum efnum sem segja mér eða gefa til kynna að einhver hætta sé hér á ferðinni hvað varðar öryggi við kosninguna eða framkvæmd hennar að öðru leyti. Ég vil einnig vísa til þess að leitað var eftir áliti sendiráða Íslands víða um heim og ég held ég geti fullyrt það að allar þær umsagnir voru mjög jákvæðar og tekið undir nauðsyn þess að auka til muna aðgengi Íslendinga í útlöndum að þessum heilaga rétti sínum. Með öðrum orðum að allt þetta umhverfi er mjög í þá áttina að við gerum þetta. Ég hef enn fremur sent öllum Íslendingafélögum sem ég þekki til úti um allan heim þetta frv. með smábréfkorni og fengið mjög sterk viðbrögð á internetinu við því bréfi þar sem þeir taka því fagnandi að menn skuli vakna hér til vitundar um að það eigi að reyna að sinna þessum tugþúsundum sem eru á hverjum tíma í útlöndum og vilja sannarlega vera gildir limir í íslensku samfélagi. Þannig að ég segi það hreint út, virðulegi forseti, að það veldur mér vissulega ákveðnum vonbrigðum að hið háa Alþingi skuli ekki treysta sér til að taka af skarið með myndarlegum hætti og afgreiða málið sem lög frá Alþingi, breytingu á kosningalögum.

Sú málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um er vissulega næstbesti kosturinn, og ég vil undirstrika það mjög rækilega, virðulegi forseti, að ég lít ekki á þessa afgreiðslu sem hefðbundna frávísun, þ.e. hefðbundna afgreiðslu þingsins að málinu sé kastað inn í saltpækil ríkisstjórnarinnar og þar verði það lagt til hvílu og sofi þar svefninum langa. Þannig að ég vil nú þrátt fyrir allt fagna því að texti nefndarinnar í þeim efnum er ákaflega afdráttarlaus og raunar gerir þingið

eða þessi málsmeðferð samþykkt, gerir ráð fyrir því og kröfu til þess að hið háa ráðuneyti gangi þannig frá málinu að strax á haustdögum komi það hér aftur inn og þá í lítt breyttri mynd en sem hluti af stærri umgjörð. Við mig var haft samráð um þessa málsmeðferð þannig að ég valdi þann kostinn að betri væri næstbesti kosturinn en enginn. En ég vil hins vegar láta það koma fram, virðulegi forseti, að ég mun auðvitað ganga eftir því á haustdögum að þetta verði meira en orðin tóm og að þessi mál verði afgreidd með þeim hætti sem hér er niðurskrifað og fyrir sagt og spyrja eftir því þegar hallar nær áramótum hvernig gangi með þá endurskoðun.

Það eru auðvitað fleiri þættir í kosningalöggjöfinni sem sannarlega þarf að taka á. Menn hafa verið að hreyfa hér málum á borð við þau hvort það sé ekki fullkomlega úr takti nú orðið, þó það sé auðvitað allt annað mál en hluti af sama heildardæmi, þær hreinu og kláru persónunjósnir að knýja fólk til að kalla upp nafn sitt hátt og snjallt þegar það gengur að kjörborði til þess eins að þjóna lund einhverra njósnara stjórnmálaflokkanna. Þetta er svo fullkomlega úr takti og fasa að engu tali tekur og satt að segja undarlegt að menn skuli ekki fyrir löngu vera búnir að sníða þessa agnúa og vankanta af. Þessar persónunjósnir tilheyra hreinlega liðinni tíð og sem betur fer eru nú langflestir stjórnmálaflokkar búnir að leggja þetta af en einstaka þeirra finnst hins vegar við hæfi að ástunda þetta. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það, virðulegi forseti, en ég vil hins vegar segja það eitt að ég styð þessa málsmeðferð en auðvitað undir þeim formerkjum að það gangi eftir sem hér er skrifað að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í þá endurskoðun sem er yfirstandandi eða innan seilingar á kosningalöggjöfinni og kalla eftir því að strax næsta haust verði sú endurskoðun sýnd á hinu háa Alþingi og þar á meðal verði að finna það ákvæði sem hér um ræðir í lítt breyttri mynd. Og ég mun auðvitað fylgjast mjög grannt með því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, síðari umr.

Þáltill. KH o.fl., 403. mál. — Þskj. 700, nál. 1147.

[12:38]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. fyrir nál. um tillögu til þál. um mótun áætlunar um afnám ofbeldis gagnvart konum.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa umsagnir borist frá ýmsum aðilum.

Felur tillagan í sér að skipuð verði nefnd til að móta áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum í samræmi við yfirlýsingu sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1993.

Nefndinni hafa borist þær upplýsingar að dómsmálaráðherra hafi ákveðið að skipa þrjár nefndir til að vinna að málefnum er varða heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum. Einni nefndinni, sem í munu eiga sæti fulltrúi ráðuneytisins, dómara og ríkissaksóknara, verður falið að huga að meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu og leggja fyrir dómsmálaráðherra tillögur um nauðsynlegar úrbætur í því efni. Annarri nefndinni, sem í munu sitja fulltrúar tilnefndir af ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum í Reykjavík auk fulltrúa dómsmálaráðuneytis, er ætlað að huga að meðferð mála vegna heimilisofbeldis og rannsókn þeirra hjá lögreglu og skila ráðherra tillögum um nauðsynlegar úrbætur í því efni. Loks hefur dómsmálaráðherra ákveðið að skipa nefnd sem í eiga sæti fulltrúar tilnefndir af heilbrigðis-, menntamála- og félagsmálaráðuneytum auk dómsmálaráðuneytis. Mun nefndin eiga að kanna hvort nauðsynlegt sé að breyta löggjöf í þeirri viðleitni að sporna við ofbeldi gegn konum, huga að því hvernig efla megi starfsemi samtaka sem vinna að forvarnamálum og hjálparúrræðum vegna heimilisofbeldis, leggja fram tillögur um forvarnir, sem og hjálparúrræði fyrir þolendur og þá sem fremja slík ofbeldisbrot og loks að taka til skoðunar hverjir eigi að kosta þau hjálparúrræði sem um er að ræða. Skulu nefndirnar hafa lokið störfum fyrir 1. apríl 1998.

Nefndin tekur undir efni tillögunnar um nauðsyn samstarfs ráðuneyta og samtaka sem vinna að forvarnamálum og hjálparúrræðum á þessu sviði. Í ljósi þess að nú þegar er unnið að þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar leggur nefndin til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnar.

Allir nefndarmenn í allshn. undirrita þetta álit.

[12:40]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Skýrsla hæstv. dómsmrh. um heimilisofbeldi kom fram fyrr á þessu ári og hafði að geyma margar og margvíslegar gagnlegar upplýsingar sem hljóta að vera okkur veganesti til framtíðar. Þingflokkur Kvennalistans brást þegar í stað við og lagði fram tillögu til þál. um stofnun nefndar sem í rauninni yrði nokkurs konar aðgerðarráð fulltrúa ráðuneyta og samtaka sem vinna að forvörnum og að aðstoð við þá sem verða fyrir ofbeldi. Nefndinni var ætlað að móta áætlun til fimm ára um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart konum og fylgja henni markvisst eftir.

Við umræður um skýrsluna kom fram mikill skilningur og jákvæð afstaða hæstv. dómsmrh. til þeirrar hugmyndar. Niðurstaða allshn. er að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar á þeirri forsendu að þegar sé unnið að þessum málum á vegum ríkisstjórnarinnar og því lýst nánar í nál. eins og kom fram í máli hv. formanns nefndarinnar, hv. 5. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur.

Hér er reyndar örlítið önnur útfærsla á ferðinni en við lögðum til en í trausti þess að haft verði samráð við þá aðila sem eru að vinna að þessum málum og að störf þeirra þriggja nefnda sem hæstv. dómsmrh. hyggst ýta úr vör leiði til verulegra úrbóta í þessum efnum erum við flytjendur þessa máls fyllilega sáttar við afgreiðslu þess eins og hv. allshn. leggur til og þökkum nefndinni fyrir afgreiðslu málsins.

[12:42]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur um leið og ég ítreka þá afstöðu mína að ég tel að þrátt fyrir þetta góða starf, sem ég tel að dómsmrh. sé að vinna í framhaldi af skýrslu um ofbeldi gagnvart konum, þá hefði vel mátt samþykkja þessa tillögu en ég er fyllilega sátt við þessa afgreiðslu í þeirri von að sú ítarlega greinargerð sem er með tillögunni verði höfð til hliðsjónar við þá vinnu sem nefndir ráðuneyta og nefndir dómsmrh. fara í. Ég verð að segja dómsmrh. það til hróss að ég tel að hann hafi brugðist af mikilli festu við þeirri skýrslu og vona svo sannarlega

að málið verði farsællega til lykta leitt á næstu mánuðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stuðningur við konur í Afganistan, síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69, nál. 1217.

[12:44]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. hefur haft til meðferðar þá þáltill. sem kynnt var og hefur skilað nál. á þskj. 1217 þar sem lagt er til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Mál þetta hefur fengið þó nokkra umfjöllun í nefndinni og var leitað eftir ýmsum gögnum frá utanrrn. í því sambandi en fram hefur komið að Ísland hefur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annars staðar leitast við að styðja málstað, ekki bara kvenna í Afganistan, heldur málstað almennra mannréttinda þar í landi sem eins og allir vita eru mjög fótumtroðin af núverandi valdhöfum og bitnar það sérstaklega á konum og stúlkum.

Í ljósi þess að þegar er unnið efnislega að framgangi þess máls sem vakin er athygli á með tillögunni þótti ekki ástæða til að ganga lengra en að leggja til að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Það var í og með vegna þess að málið eins og það kemur fram er mjög afmarkað og sérgreint og hefði væntanlega þurft töluvert mikla vinnu við að fylla nánar út í einstök atriði þar ef ætlunin hefði verið að afgreiða þetta sem ályktun Alþingis. Allir nefndarmenn eru sáttir við þessa málsmeðferð og skrifa undir nál. og ég tel að um þessa afgreiðslu sé góð sátt í nefndinni þar á meðal af hálfu 1. flm. tillögunnar sem sæti á í utanrmn.

[12:46]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hv. þm. Geir H. Haarde, form. utanrmn., um hvaða merkingu þessi afgreiðsla hefur. Mér finnst það sérstaklega viðeigandi eftir þá umræðu sem hér fór fram áðan um vilja eða viljaleysi nefnda til þess að afgreiða þingmannamál út úr nefnd. Það hefur verið mín reynsla sem varamaður í utanrmn. að það sé frekar hefð en hitt að afgreiða ekki þingmannamál út úr utanrmn. Nú hefur það aðeins komið til tals í dag hvort um er að ræða jarðarför með blómsveig, eins og stundum er kallað ef málum er vísað til ríkisstjórnarinnar. Mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hv. þm. hvort það er í raun og veru það sem verið er að gera eða hvort ætlunin er að gera eitthvað sérstakt í málinu. Ég vildi aðeins ítreka þessa spurningu til þingmannsins.

[12:47]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Það er smámisskilningur að þegar lagt er til að máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar sé það ekki afgreitt úr nefndinni. Það er þvert á móti afgreitt með þeirri tillögu að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari meðferðar. Í þessu tilfelli tel ég að verið sé að vísa málinu þangað með jákvæðri umsögn um efni tillögunnar. Það er hins vegar hlutur sem á að taka alvarlega þegar þingið er að ályktа um sérstök utanríkismál og það þarf að undirbúa slík mál mjög vandlega að mínum dómi. Í þessu tilfelli þótti málið liggja þannig fyrir að það var upplýst að unnið hefði verið efnislega í anda þessarar tillögu á vegum ríkisstjórnarinnar og þess vegna ekki ástæða til þess að skora á hana að hefja starf þegar það er þegar hafið. Ég tel þess vegna að í þessu tilfelli felist í tilvísun til ríkisstjórnarinnar jákvæð umsögn nefndarinnar um efni þessarar tillögu og það held ég að hafi ráðið úrslitum um það að 1. flm. tillögunnar var mjög sáttur við niðurstöðuna.

Svo geta menn rætt um það á kannski almennari nótum hvenær mál eigi að hljóta afgreiðslu út úr nefndum og hvenær þau eigi að liggja í nefndinni eins og algengt er nú. Það hefur ekki verið mikið um slík mál í utanrmn. í vetur þó það hafi reyndar oft verið áður. Þó voru ekki öll mál afgreidd þar í vetur aftur til umræðu. Það fer auðvitað allt eftir efni mála og aðstæðum hvað gert er í hverju tilfelli fyrir sig. En ég held að það megi segja um þetta tiltekna mál að allir nefndarmenn hafi haft ríkan skilning og vilja til þess að styðja efnislega við það sem verið var að fjalla um í þessari tillögu. Og í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu um það sem gert hefði verið á vegum ríkisstjórnarinnar nú þegar töldu nefndarmenn að málinu væri fullur sómi sýndur með þessari afgreiðslu og það væri betra að taka það hér upp og vísa því til ríkisstjórnarinnar og vekja þar með enn frekari athygli ríkisstjórnarinnar á málinu með þeim hætti heldur en að láta það liggja í nefndinni á þeirri forsendu að verið væri að vinna í því nú þegar. Ég held að það sé ekkert neinum blöðum um það að fletta að í þessu tilfelli var það jákvæð afgreiðsla að vísa málinu með þessum hætti til ríkisstjórnarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, síðari umr.

Þáltill. GMS, 267. mál. — Þskj. 519, nál. 1219.

[12:50]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á þskj. 1219 hefur utanrmn. skilað nál. um tillögu til þál. um bann við hönnum, framleiðslu, notkun og sölu á jarðsprengjum.

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar og í raun og veru á svipuðum forsendum og í því fyrra máli sem umræðu var að ljúka um fyrir augnabliki síðan.

Hér er um að ræða mál sem ekki er neinn efniságreiningur um að Íslendingar eigi að styðja, þ.e. Íslendingar eigi að hvetja til þess, hvar sem þeir hafa aðstöðu til þess, að gerður verði alþjóðlegur samningur um bann við framleiðslu og notkun þessara hræðilegu vopna. Það hefur verið unnið að því á alþjóðavettvangi að ná samkomulagi um slíkan samning og Íslendingar hafa stutt þá viðleitni hvar sem þeir hafa haft aðstöðu til bæði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í nafni ríkisstjórnar Íslands og sömuleiðis hafa íslenskir þingmenn þar sem þeir hafa haft aðstöðu til stutt framgang þessara mála. Það má því segja að unnið sé að þessu eins og hægt er af hálfu íslenskra stjórnvalda og þar af leiðandi ekki ástæða til að brýna ríkisstjórnina frekar í því máli með sérstakri þál. Hins vegar er lagt til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og með þeirri jákvæðu umsögn sem felst í nál.

Annars má segja um þetta mál á breiðari grundvelli, herra forseti, að vandinn við að ná fram alþjóðlegum samningi um þetta efni er sá að jarðsprengjur eru, ef svo mætti segja, vopn fátæka mannsins vegna þess að þær eru mjög ódýrar í framleiðslu, ódýrar í innkaupum og auðvelt að búa þær til. En þær eru hræðilega hættulegar og hafa valdið gríðarlega miklu manntjóni þar sem þeim hefur verið beitt, bæði dauða og örkumlum fjölda manna. Það hræðilega við þessi vopn er að sjálfsögðu að þau bitna einna helst á þeim sem síst skyldi, m.a. konum og börnum, eftir að stríðsátökum er lokið og áður en þessar sprengjur eru hreinsaðar upp úr jarðveginum þar sem þeim hefur verið komið fyrir. En það getur tekið mörg ár, er miklu kostnaðarsamara en að búa þær til og koma þeim fyrir og oft hefur skort á vilja og viðleitni ráðamanna og ríkjandi afla að hreinsa upp slíkan ósóma sem þessi vopn eru komin í jörðu niður.

Niðurstaða nefndarinnar er sem sagt sú að það sé óþarft að samþykkja þál. um efnið vegna þess að málið hefur brautargengi á vettvangi ríkisstjórnarinnar þar sem hún getur lagt þessu máli lið og á vettvangi þingsins þar sem þingmenn geta lagt þessu máli lið. Hins vegar er lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og úrvinnslu eftir atvikum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 481. mál. — Þskj. 810, nál. 1218.

[12:53]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á þskj. 1218 er nál. utanrmn. um þáltill. um endurnýjun á stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins. Hér er um að ræða málefni sem að hluta til varðar innri skipulagsmál hér í Alþingi á vettvangi alþjóðlegra samskipta. Um er að ræða samskiptin við Færeyjar og Grænland í þingmannasamstarfinu.

Þetta samstarf á sér nú þegar traustar rætur í starfi Alþingis og þinganna í Færeyjum og Grænlandi og hefur verið starfandi í meira en áratug. Í þessari tillögu um endurnýjun á stofnskrá er gert ráð fyrir þó nokkrum skipulagsbreytingum í ljósi þeirrar reynslu sem fengin er af þessu samstarfi og má segja að veigamesta breytingin sé sú að framvegis verði kosið hlutfallskosningu í þetta samstarf á þingunum og þar með með pólitískari hætti heldur en verið hefur til þessa. Ég tel að þetta sé eðlileg breyting og nefndarmenn eru sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt eins og hún kemur fyrir.

Í framhaldi af samþykkt þessarar tillögu má gera ráð fyrir því að leitað verði til Alþingis um að hýsa skrifstofu Vestnorræna þingmannaráðsins, sem framvegis verður reyndar kallað Vestnorræna ráðið, og vænti ég þess að um það geti tekist samningar enda er Ísland forusturíki í samstarfi þessara þriggja þjóða og eðlilegt að skrifstofunni verði fundinn staður hér, og reyndar fagnaðarefni fyrir Alþingi að fá að hýsa þessa starfsemi þó af því hljótist óhjákvæmilega einhver rekstrarkostnaður umfram þann helming af kostnaði við starfsemi ráðsins sem samkvæmt stofnskránni er ráðgert að Alþingi greiði. Ég tel að Alþingi sé fengur í þessum samningi og nefndin leggur einróma til að þessi endurnýjaða stofnskrá verði staðfest.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Olíuleit við Ísland, síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 104. mál. — Þskj. 109, nál. 1166.

[12:56]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. á þskj. 1166 um tillögu til þál. um olíuleit við Ísland frá iðnn. en þar segir svo:

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Hafrannsóknastofnuninni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Orkustofnun. Í greinargerð Orkustofnunar um olíuleit við Ísland kemur fram að eiginleg olíuleit hafi ekki farið fram á íslenskum hafsvæðum í þeim skilningi sem olíuiðnaðurinn leggur í hugtakið. Aftur á móti hafi verið stundaðar frumkannanir af því tagi sem opinberar jarðfræðistofnanir í hverju ríki leitast við að halda uppi. Fram kemur að kostnaður við eiginlega olíuleit er óhemjumikill og að ekki verði ráðist í slíkar rannsóknir nema verulega sterkar vísbendingar liggi fyrir um að olíu sé að finna. Náttúrufræðistofnun bendir á að líkurnar á því að olía eða gas finnist hér á landi séu of litlar til að réttlæta þann mikla kostnað sem óhjákvæmilega fylgdi slíkum rannsóknum. Hafrannsóknastofnunin bendir á að ef vilji er til að hleypa nýjum þrótti í olíuleit við Ísland er eðlilegt að nokkrum tíma yrði varið til undirbúnings, sem fælist í því m.a. að skilgreina verkefni og forgangsröðun, kanna áhuga erlendra aðila til samstarfs og afmarka valkosti í rannsóknum og áætla kostnað við þá. Í niðurlagi greinargerðar með tillögunni kemur reyndar fram að flutningsmenn telja eðlilegt að ríkisstjórnin skipi starfshóp vísindamanna er ynni að framgangi málsins og fylgdist með störfum erlendra rannsóknaraðila. Orkustofnun bendir á að nú þegar er starfandi nefnd um vísindalegar hafsbotnsrannsóknir á vegum Rannsóknarráðs Íslands. Fram til 1993 starfaði sérstök hafsbotnsnefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins en hún var ekki endurskipuð er umboð hennar rann út.

Nefndin telur að hér sé um mikilvægt mál að ræða og að nauðsynlegt sé fyrir íslensk stjórnvöld að halda vöku sinni í því. En með vísan til framangreindra umsagna telur nefndin eðlilegt að iðnaðarráðherra verði falið að skipa starfshóp er meti hvort hefja skuli markvissar olíu- og gasrannsóknir á landgrunni Íslands. Slíkur hópur þyrfti m.a. að vera skipaður vísindamönnum frá opinberum stofnunum sem fengist hafa við rannsóknir á þessu sviði og þeim sem eiga sæti í nefnd Rannsóknarráðs um vísindalegar hafsbotnsrannsóknir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að skipa starfshóp með þátttöku vísindamanna er meti hvort rétt sé að hefja markvissar rannsóknir á því hvort olía eða gas finnst á landgrunni Íslands. Hópurinn meti sérstaklega þau svæði á landgrunninu sem fyrirliggjandi rannsóknir benda til að líklegust séu til að geyma olíu eða gas.

Virðulegi forseti. Undir þetta nál. skrifa nefndarmenn í iðnn. og var samstaða um afgreiðslu málsins. Það eru Stefán Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson, Guðjón Guðmundsson, Svavar Gestsson, með fyrirvara, Hjálmar Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni R. Árnason og Pétur H. Blöndal.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, síðari umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 447. mál. — Þskj. 759, nál. 1165.

[13:00]

Frsm. iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir nál. iðn. sem liggur fyrir á þskj. 1165 en það er till. til þál. um átaksverkefni til eflingar iðnaði sem nýtir ál við framleiðslu sína.

Í álitinu segir svo:

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Útflutningsráði Íslands, Íslenska álfélaginu hf., Samtökum iðnaðarins, Sambandi iðnmenntaskóla og verkfræðideild Háskóla Íslands.

Verkfræðideild háskólans fagnar efni tillögunnar og bendir á mikilvægi þess að auka rannsóknir á þessu sviði. Samtök iðnaðarins benda á þann möguleika að í stað þess að efna til sérstaks átaks eins og tillagan gerir ráð fyrir verði frekar efnt til samstarfs við þau fyrirtæki íslensk sem þegar nýta ál í framleiðslu sinni, með sérstöku verkefni undir merkjum Átaks til atvinnusköpunar um frekari úrvinnslu á áli. Nefndin telur þetta réttmæta ábendingu og telur að orðalag tillögugreinarinnar komi ekki í veg fyrir að þessi leið verði valin. Þá vekur nefndin athygli á því að nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins vinnur að úttekt á úrvinnslu áls og annarra léttmálma og kann efni þessarar ályktunar að falla saman við þá vinnu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir þetta rita iðnaðarnefndarmenn og var samstaða þar um afgreiðslu málsins, en það eru Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Svavar Gestsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Pétur H. Blöndal, Hjálmar Árnason og Jóhanna Sigurðardóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:02]

[13:34]

Útbýting þingskjala:

Efling íþróttastarfs, 363. mál, nál. menntmn., þskj. 1223.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 531. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1221; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1222.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur Fríhafnarinnar í Leifsstöð.

[13:35]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Sl. föstudag tilkynnti hæstv. utanrrh. á blaðamannafundi nánast í beinni útsendingu að fækkað yrði í hópi núverandi starfsmanna í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli um 60–70 manns. Hann gerði á þessum fundi tillögur nefndar sem hann skipaði í febrúar sl. að sínum. Þær þýða á mæltu máli að dregið verður úr núverandi starfsemi Fríhafnarinnar þannig að vænta má að um 50 manns af um það bil 130 starfsmönnum verði frá að hverfa þegar samdrátturinn verður að veruleika.

Í annan stað er ráð fyrir því gert að helminga það umfang sem Íslenskur markaður hefur haft til umráða. Það þýðir að sjálfsögðu óhjákvæmilega uppsagnir hjá hluta þeirra 20–30 einstaklinga sem þar hafa atvinnu.

Í þriðja lagi er ýjað að því að fækka í tollgæslunni, leggja af vegabréfaskoðun við brottför og fela einkaaðilum mikilvæga vopnaleit. Um það bil 30 tollverðir spyrja því að sjálfsögðu: Hvað verður um störfin okkar? Í fjölmiðlum svarar hæstv. utanrrh. því einu til að með nýjum rekstraraðilum og hugsanlega auknu umfangi í verslun og þjónustu í Leifsstöð komi ný störf í stað þeirra sem hverfa. Hræddur er ég um að slíkar yfirlýsingar séu léttar í vasa hjá þeim einstaklingum sem nú fylgjast með þessari umræðu, hafa sitt lifibrauð af því að starfa hjá fyrrgreindum stofnunum. Það fólk hefur nákvæmlega engar tryggingar fyrir áframhaldandi atvinnu þegar nýir rekstraraðilar setjast að í Leifsstöð. Eða ætlar ráðherrann að tryggja það persónulega að það fólk sem missir störfin gangi fyrir í störfum hjá nýjum rekstraraðilum? Það verði með öðrum orðum hluti af útboðsskilmálum þegar nýir aðilar hefja rekstur suður á velli. Því þarf ráðherrann að svara skýrt og afdráttarlaust.

Hann og hans menn létu ekki svo lítið að efna til fundar með starfsfólki þarna suður frá vegna þessarar fyrirhuguðu breytingar þannig að blaðamannafundurinn var eins og köld vatnsgusa framan í þá 200 starfsmenn sem þarna vinna, uppsögn í beinni útsendingu. Ekki beint í anda þeirra 12 þúsund nýju starfa sem Framsfl. og formaður hans, hæstv. utanrrh., lofaði fyrir síðustu kosningar, eða hvað?

En það er fleira gagnrýni vert við framkomu ráðherrans og tillögur sem satt að segja eru ákaflega klisjukenndar og lítt ígrundaðar. Fullyrt er að með því að draga úr umfangi Fríhafnarinnar, sem hefur verið gullkista fyrir ríkissjóð á liðnu árum, og færa þjónustuna í hendur einkaaðila með útboðum verði unnt að auka tekjurnar um heilar 100 millj. kr. Það er einfaldlega sýnd veiði en ekki gefin. Fríhöfnin skilaði heilum 650 millj. kr. í ríkissjóð á síðasta ári og tekjur hennar hafa farið vaxandi ár frá ári.

Þess má vænta að þeir einkaaðilar sem til skjalanna koma muni ætla að hirða einhvern arð af sinni starfsemi og það er því bókstaflega broslegt að nefnd ráðherrans telji það sérstakan tekjuauka að einkaaðilar muni greiða tekjuskatt sem ekki hafi verið greiddur áður. En það er líka það eina sem þessir aðilar munu greiða í ríkissjóð fyrir utan aðstöðugjaldið og leiguna því að hver einasta króna frá Fríhöfninni mun renna til eigandans. Hver verður þá gróði fyrir ríkissjóð þegar upp er staðið og frá er dregið það aukna umfang sem gert er ráð fyrir að verslunarrekstur skili af sér? Því verður að svara.

Samkvæmt upplýsingum sem ég hef aflað mér lætur nærri að velta Fríhafnarinnar af áfengi, tóbaki og snyrtivörum sé um 60% af heildarumsetningu. Það segir því að um 40% af tekjum hverfa. Það segir líka að um 40% starfsmanna Fríhafnar missa vinnuna. Flóknara er þetta reikningsdæmi ekki.

Víkur þá sögunni að hinum aðalþjónustuaðilanum í Leifsstöð, Íslenskum markaði. Sú verslun er meira en venjuleg verslun. Þar er um að ræða framvörð íslenskra matvæla og iðnaðarframleiðslu. Þar birtist erlendum ferðamönnum það besta og helsta sem íslenskir iðnframleiðendur bjóða. Nú á að kippa fótunum undan þessu markaðsstarfi með því að helminga það verslunarpláss sem Íslenskur markaður hefur haft. Það eru ekki eingöngu þeir starfsmenn sem vinna syðra sem eru í uppnámi vegna þess arna, heldur ekki síður þeir sem að baki standa, íslenskir iðnframleiðendur.

Á síðustu dögum hefur haft samband við mig fjöldi þessara rekstraraðila í matvælaframleiðslu og prjónavöru sem segja að hugmyndir ráðherrans um almennt útboð þýði einfaldlega að erlendur varningur mun flæða yfir á kostnað þess íslenska. Þeir hafa jafnvel gengið svo langt að fullyrða að störf 50–60 manna í íslenskum iðnaði sé í áhættu, störf víða úti um land í smáum fyrirtækjum. Er þetta það sem Framsfl. stefnir að?

Svo er þessi undarlega yfirlýsing um að bjóða út og leggja niður vegabréfaskoðun og einkavæða vopnaleit við brottför. Hefur nefndin og ráðherrann ekki hugmynd um að þeir tollverðir sem starfa syðra eru að sjálfsögðu nýttir jöfnum höndum við brottför og komu þannig að nýting á mannskapnum er einkar góð, merkt brottfarir að morgni dags og síðan komur síðdegis. Telur ráðherrann það auka hagkvæmni að tvískipta þessum öryggisþætti og telur hann það auka öryggi sem er sívaxandi vandamál á flugvöllum?

Að lokum þetta: Tekjuaukningin er sýnd veiði en ekki gefin. Málið allt ákaflega vanhugsað, ríkissjóður verður einfaldlega að slaka á klónni og gefa eitthvað eftir af þeim tekjum sem hann hefur hrifsað til sín í ríkissjóð til þess að greiða niður skuldir flugstöðvarinnar. Það voru þessir tveir flokkar, Framsókn og Sjálfstfl. sem báru ábyrgð á þessum skuldum, reistu þessa flugstöð og það fer vel á því að þeir greiði hana til baka.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Aðalatriði þessa máls er það að flugstöðin skuldar í dag 4.300 millj. og frá því að öll lán voru tekin í árslok 1990 hafa skuldirnar aukist um 430 millj. Vilja menn takast á við þennan vanda eða ekki? Ég heyri það á hv. þm. að hann telur enga ástæðu til þess. Hann segir að vísu: Það á að taka úr ríkissjóði sem ríkissjóður hefur hrifsað, en gæti ekki verið að það kæmu upp einhver önnur vandamál þar?

Ræða hans hér var mikill lofsöngur um ríkisrekstur og greinilegt að hann telur að ef einhver einstaklingsrekstur kemur inn í þessa stöð, þá sé landið í miklum voða.

Því er haldið fram að segja eigi upp 50–60 manns. Hvaða bull er þetta? Hugmyndir nefndarinnar ganga út á það að 5–7% af vöruúrvali Fríhafnarinnar verði flutt til annarra. Þingmaðurinn hristir höfuðið. Hann hefur greinilega ekki kynnt sér málið. (**GÁS:** Jú.) Greinilega ekki kynnt sér málið. Síðan er gert ráð fyrir því að Fríhöfnin fái meira svæði til þess að geta aukið sitt athafnapláss. Síðan er gert ráð fyrir því að leigja út nýtt svæði upp á tæpa 350 fermetra og bjóða það út og bjóða jafnframt út það svæði sem Íslenskur markaður hefur í dag sem er álíka mikið. Þetta mun skila, varlega áætlað, viðbótartekjum upp á 110 millj. Það er stefna nefndarinnar og það er stefna utanrrn. að reyna að ná þarna inn sem mestum viðbótartekjum.

Því er haldið fram að málefni Fríhafnarinnar séu sett í uppnám. Það er langt í frá því það er ákveðið að Fríhöfnin starfi áfram í óbreyttu formi. Það stendur ekki til að bjóða það rými út. Það hefur verið nefnt, eins og gengur í þessu starfi, hvort ekki sé rétt að bjóða það út líka. Það er tekin ákvörðun um að gera það ekki og þar með er verið að tryggja starfsemi Fríhafnarinnar til lengri tíma. Allt það sem hv. þm. segir er því miður byggt á misskilningi.

Hann heldur því fram að íslenskur iðnaður muni tapa fjölda starfa vegna þessa. Það er gert ráð fyrir því að svæðið sem Íslenskur markaður hefur nú til umráða fái meira frelsi, þ.e. geti tekið inn erlenda vöru, en þeim ber að selja a.m.k. 50% íslenskar vörur. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Fríhöfnin geti þá tekið inn meira af íslenskum vörum. Það er ekki mikið af íslensku sælgæti sem er selt í Fríhöfninni í dag og ástæða til þess að auka það úrval að mínu mati. Hér er verið að reyna að þyrla upp moldviðri og skapa óvissu meðal þessa fólks, í hvaða tilgangi geri ég mér ekki grein fyrir. Nema hv. þm. sé svo hrifinn af ríkisrekstri að það megi aldrei líða það að einhver einstaklingur komi neins staðar að. Af hverju í ósköpunum kemur hann þá ekki bara með óbrenglaða þjóðnýtingarstefnu Alþfl. eins og hún var fyrir um það bil 60 árum? (**GÁS:** Ég held að fólk hafi misskilið ráðherrann.) Ég hélt að þingmaðurinn hefði verið að fylgjast með kosningum í Bretlandi fyrir stuttu síðan og teldi sig hafa lært mikið af því.

Auðvitað viljum við að fólk hafi vinnu og það er það sem verið er að gera með þessum breytingum. Það er verið að auka umsvifin og hvað þýðir það á mæltu máli? Það þýðir fleiri störf. Ef hv. þm. heldur að það muni tryggja störf til langframa að reka þessa starfsemi með bullandi tapi og skuldasöfnun þá er það mikill misskilningur. Og koma hér með einhverjar töfralausnir um að ríkissjóður geti bara borgað. Ég býst við því að þegar hv. þm. ræðir hér um heilbrigðismál og velferðarmál, þá vilji hann snúa því við, þá vanti peninga til þeirra málaflokka. Ef þeir peningar verða teknir frá ríkissjóði verður einfaldlega minna til skiptanna til annarra hluta. Þetta hélt ég að hv. þm. hefði lært. Ég harma það að menn skuli vera að reyna að spilla fyrir þessu máli með ómálefnalegum hætti, en því miður hefur hv. þm. gripið til þess og ég harma það.

[13:46]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Í febrúar sl. skipaði hæstv. utanrrh. nefnd sem átti að gera tillögur að aðgerðum til að auka og bæta verslunar- og þjónusturekstur í tengslum við Flugstöð Leifs Eiríkssonar og auka þannig ráðstöfunartekjur af þessari starfsemi.

Nú er það ekki svo að af þessum rekstri í Leifsstöð hafi ekki verið dágóðar tekjur á undanförnum árum. Heildartekjur ríkisins af almennum flugrekstri í Leifsstöð voru á árinu 1996 1,708 millj., þar af 650 millj. ágóði af Fríhöfninni, en eins og allir vita er mörg matarholan hjá ríkinu og erfitt hefur verið að festa hendur á þessu fé til að láta það ganga upp í skuldir vegna flugstöðvarinnar.

Að mati nefndarinnar þarf að auka hlutann sem rennur til flugvallarstjórnar til að greiða niður skuldir og fjármagna nýjar framkvæmdir um 300–350 millj. á ári. Fríhöfnin í

Keflavík er eitt vinsælasta fyrirtæki sem ríkið rekur í hugum almennings. Þetta fyrirtæki hefur verið vel rekið og á undanförnum áratugum hefur það verið þróað til að geta sinnt kröfum farþega sem best og er það vinsælt hjá fólki, sérstaklega sem sjaldan ferðast, að geta keypt við innkomu í landið tollfrjálsar vörur sem það annars mundi reyna að komast yfir erlendis og hefur verið almenn ánægja með þetta fyrirkomulag nema hjá kaupmönnum og heyrst hefur mikill harmagrátur frá Verslunarráðinu.

Nú hefur þeim orðið að ósk sinni. Til að auka tekjur af Fríhöfninni datt fyrrnefndri nefnd það helst í hug að taka stóran hluta af verslunarrekstrinum hjá Fríhöfninni og setja hann til sjálfstætt starfandi kaupmanna. Ég hef miklar efasemdir, hæstv. forseti, um að slík ráðstöfun leiði til aukinna tekna ríkissjóðs af verslunarrekstri í flugstöðinni eins og nefndin áætlar.

[13:48]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að það verkefni sem við stöndum frammi fyrir er einfaldlega það að þær skuldir sem eru á Flugstöð Leifs Eiríkssonar eru rúmlega 4.000 millj. kr. Það er verkefni okkar að reyna að ná niður þessum skuldabagga sem stjórnvöld fyrri ára hafa því miður ekki haft samstöðu um að vinna á. Þess vegna skiptir það auðvitað mjög miklu máli að okkur takist að ná sem mestum tekjum út úr flugstöðinni með þeirri starfsemi sem þar fer fram. Það er einfaldlega það sem verið er að leggja til í þessu nefndaráliti í fyrsta áfanga, þ.e. að reyna búa svo um hnútana að Flugstöð Leifs Eiríkssonar geti aflað tekna til þess að standa undir þessum miklu skuldum sem við erum hér að glíma við.

Sannleikurinn er sá að í dag er flugstöðin ákaflega illa nýtt og tekjumöguleikarnir eru miklu meiri en verið er að nota sér núna. Þá er auðvitað verkefnið það að reyna að búa þannig um hnútana að við getum aukið tekjurnar til standa undir þessum 4.000 millj. kr.

Það var mjög einkennilegt að heyra málflutning hv. 9. þm. Reykn., Guðmundar Árna Stefánssonar, áðan því að það var ómögulegt annað en draga þá ályktun af hans málflutningi að hann teldi langsamlega skynsamlegast að eftirláta ríkinu sem mestan hluta af verslunarstarfsemi í landinu því þannig væri hægt að tryggja að þeir peningar rynnu í ríkissjóð. Þetta er í hnotskurn hin nýja jafnaðarstefna, eða hvað? Er hv. þm. kannski að halda því fram að ríkið sé best til þess fallið að selja allar neysluvörur í flugstöðinni, hljómplötur, fatnað, reiðhjól og gasgrill eins og núna tíðkast í Fríhöfninni? Er það þetta sem hv. þm. er að boða með málflutningi sínum?

Það er alrangt sem hér hefur verið haldið fram enn fremur að verið sé að draga úr vægi íslenskrar iðnframleiðslu. Það er alls ekki þannig. Ég bendi á að talsmaður Íslensks markaðar hefur einmitt vakið máls á því að ekki sé gengið nógu langt í því að bjóða út verslunarrými í flugstöðinni þannig að fleiri komist að við verslunarrekstur en bara ríkið.

[13:50]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Sú var nú tíðin að Flugstöð Leifs Eiríkssonar var oft og mikið til umræðu hér í þingsölum. Mönnum sýndist sitt hverjum um þá framkvæmd sem var keyrð áfram af lítilli fyrirhyggju og þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í því efni, flýtiframkvæmdir og andvaraleysi um þróun kostnaðar leiddu til þess að hún fór gjörsamlega úr böndum. Það er ástæðan fyrir þeim skuldastabba sem við er að fást í sambandi við rekstur flugstöðvarinnar. Þeir sem ráku þetta mál áfram og báru ábyrgð á framkvæmd þess reistu þjóðinni einfaldlega hurðarás um öxl. Nú á þessu ári 1997, 10 árum eftir vígslu flugstöðvarinnar, nema vextir og afborganir af lánum vegna byggingar hennar um 1,5 milljörðum kr. Það munar um minna í ríkisbúskapnum. Rekstur flugstöðvarinnar stendur auðvitað hvergi nærri undir þessum útgjöldum þrátt fyrir tekjur sem nema hundruðum milljóna á ári hverju. Í þessari stöðu er í hæsta máta eðlilegt að leita allra leiða til að afla aukinna tekna og það var og er hlutverk þeirrar nefndar sem nú hefur skilað því áliti til bráðabirgða, ef ég skil rétt, sem hér er til umræðu.

Ég ætla ekki að dæma hér og nú um niðurstöður þessarar nefndar. Í dagsins önn hefur einfaldlega ekki gefist tóm til að kynna sér þær til hlítar. En ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp og tek undir flest af hans gagnrýnisatriðum. Þær leiðir sem nefndin bendir á eru engan veginn fullkannaðar og hliðarverkanir geta haft alvarleg áhrif, t.d. á stöðu íslensks ullariðnaðar. Við höfum enga tryggingu fyrir því að þeirra hagsmuna verði gætt af þeim sem hugsanlega tækju við verslanarekstri í Fríhöfninni.

Að lokum, herra forseti. Framkoma gagnvart starfsfólki í verslunum og annarri starfsemi Fríhafnarinnar er forkastanleg. Það getur hver litið í eigin barm og spurt sig hvort hann vildi fá það yfir sig í fjölmiðlum að starfi hans og lífsafkomu væri ógnað vegna óútfærðra hugmynda um breyttan rekstur. Þetta er sem hnefahögg í andlit þessa fólks og furðulegt, herra forseti, að í áliti nefndarinnar er ekki vikið einu orði að hugsanlegum afleiðingum þessara hugmynda á framtíð þessa fólks. Það er forkastanleg framkoma gagnvart þessu fólki sem svo sannarlega er uggandi um sinn hag, hvað svo sem líður orðum hæstv. utanrrh. áðan. Ég efast um að orð hans hafi slegið á þann ugg og ég vona að hann tali skýrar hér á eftir.

[13:53]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram ber vott um efasemdir þeirra sem eru að ræða við utanrrh. um að áform hans tryggi auknar tekjur ríkissjóðs. Það er ekkert skrýtið þótt efasemdir séu í þessum þingsal þegar litið er til ýmissa aðgerða ríkisstjórnarinnar á liðnum árum og meðferð á ýmsum ríkiseigum sem hafa verið seldar og upplýsingum um hverju þær hafa skilað eigendum sínum síðar. En ummæli hans um að málshefjandi sé með lofsöng um ríkisrekstur er mjög ómaklegt og er ekki utanrrh. til sóma.

Ég verð að segja að mér finnst utanrrh. skorta málstað í þessu efni. Hann er reiður. Hans málflutningur í þessari umræðu er á þann veg að hann kemur með mjög takmarkaðar upplýsingar í máli sem er mjög viðkvæmt og æsir sig yfir að umræða er tekin hér. Miðað við kynni mín af utanrrh. þá kemur þetta mér mjög á óvart og virkar eins og honum líði ekki vel með þetta mál og það skil ég.

Það liggur ljóst fyrir að það fólk sem starfar suður á Keflavíkurflugvelli er sannfært um að þar eigi að draga saman seglin um 60–70 manns og þetta fólk spyr: Hvað þýðir einkavæðing og útboð? Hverjum er það til hagsbóta og hvað þýðir þetta fyrir mig? Hverjir missa vinnuna? Eigum við kost á vinnu hjá öðrum? Það er þetta fólk sem er í uppnámi, ekki við sem eigum að bera fram spurningarnar, heldur þetta fólk sem leitar til okkar.

Það eru núna yfirlýsingar um að engum verði sagt upp t.d. í Fríhöfninni. En hvað þýðir það ef samdráttur verður?

Starfsfólkinu er sagt það, og það eru mjög óljósar skýringar, að ef t.d. einkaaðilar setja upp bás og versla með ákveðna vöru, þá muni Fríhöfnin ekki mega versla með sambærilega vöru. Ef einkaaðili er að versla með útvarp má Fríhöfnin ekki versla með útvarp þó að önnur tegund sé. Þetta segir okkur að það muni verða gífurlegur samdráttur mjög fljótt í verslun Fríhafnarinnar, svo bara hún sé tekin.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu, en umræðan hér snýst um mannleg samskipti og virðingu fyrir starfsfólki. Það var blásinn af fyrirhugaður fundur með þessu fólki og síðan heyrði það um áform í beinni útsendingu og það er óviðunandi af utanrrh.

[13:56]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Sá sem hér talar er formaður þeirrar nefndar sem lagt hefur fram þær tillögur sem hér eru til umræðu. Margt heyrir maður í þingsölum, en mér gersamlega blöskrar hversu ómálefnalega og óvandað er hér efnt til þessarar umræðu. Sérstaklega vil ég láta það koma fram að ég sagði málshefjanda frá því þegar hann sagði mér frá utandagskrárumræðunni að hér væri um grundvallarmisskilning að og ég skyldi skýra það fyrir honum ef það mætti verða honum til einhverrar bjargar í þessari umræðu. Á það vildi hann ekki hlusta. (Gripið fram í.)

Staðreyndin er þessi: Starfsöryggi starfsfólks í Fríhöfninni samkvæmt þessum tillögum er tryggt svo við tökum allan vafa af um það.

Í öðru lagi Rekstrarskilyrði Fríhafnarinnar eru trygg. (**GÁS:** Hvernig?) Virðulegur þingmaður. Ég hef tvær mínútur. Má ég nota þær í friði? Fríhöfnin fær þær rekstraraðstæður að hún getur fyllilega skilað þeim tekjum sem ætlað er samkvæmt tillögum nefndarinnar. Það er alger misskilningur að eingöngu eigi að selja áfengi, tóbak og snyrtivörur heldur, eins og kom fram í máli hæstv. utanrrh., allar vörur að undanteknum 6–7%. Hitt á að bjóða út. Berlínarmúrinn er fallinn í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Fólkið þar fær að vinna við eðlilegar aðstæður. Þar fær núna heilbrigt og gott rekstrarumhverfi að þróast í samræmi við gildandi lögmál í samfélaginu. Tekjur flugstöðvarinnar vaxa, atvinna mun vaxa þar með nýjum rekstri, flugstöðin og flugvöllurinn verða markaðssett á erlendum vettvangi. Þriðja komubandið verður sett upp þegar komuverslunin verður flutt af fyrstu hæðinni upp á aðra hæð, hún verður ekki lögð niður og þannig get ég haldið lengi áfram að telja. Hér er um algeran reginmisskilning. Ég verð að líta svo á að hv. málshefjandi hafi hafið þessa umræðu hér ekki af vanþekkingu heldur til þess að reyna að koma pólitísku höggi á utanrrh. sem er að vinna tímamótaverk eins og komið hefur fram, tímamótaverk í því að bjarga þessu fyrirtæki sem hefur verið svipt tekjum sínum upp á 1,7 milljarða það sem það nær, svipt tekjum sínum og verið mönnum bitbein. Nú er þessi martröð liðin og betri tímar fram undan.

[13:58]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Alltaf öðru hverju koma fram tillögur á Alþingi um að uppstokkun verði gerð á rekstri Fríhafnarinnar í Keflavík. Er það vegna þess að reksturinn þar sé mjög slæmur? Nei, engin slík rök hafa verið sett fram. Reksturinn skilar 750 millj. kr. á ári í ríkissjóð. Er það vegna þess að veltuaukningin hafi ekki verið nægilega mikil? Nei. Á milli áranna 1995 og 1996 var veltuaukning 18% og ætlað að veltuaukning milli 1996 og 1997 verði 20%. Hvað veldur þessu þá?

Það er einmitt þetta. Það er velgengnin. Og af velgengni er peningalykt og Verslunarráðið finnur peningalykt. Verslunarráðið gerir þess vegna kröfu (**Gripið fram í:** Fornöld.) Fornöld, segir fulltrúi Framsfl. hér. Þegar Verslunarráðið gerir kröfu til hans fer hann að þeirra skipun um að einkaaðilum, að milliliðum, í Fríhöfninni verði fjölgað. Þeir eiga að greiða leigu til ríkissjóðs er sagt og þeir eiga að greiða tekjuskatt. *Núna er greidd leiga í ríkissjóð, 100 millj. En* núna fer ekki bara tekjuskattur til ríkissjóðs. Nú fer allur arðurinn til ríkissjóðs. Og það er ofan í þessa gullkistu sem Verslunarráðið ætlar að komast. Hæstv. utanrrh. spyr hvort menn séu svo uppteknir af opinberum rekstri. Já, þar sem hann á við, eins og t.d. við vopnaleit. Núna gerir hans fulltrúi, fulltrúi Framsfl., kröfu um það að vopnaleitin verði boðin út og ég spyr: Er það bandalag þessara tveggja ráðherra sem hér sitja, dómsmrh. og utanrrh., fulltrúa Sjálfstfl. og Framsfl., um að Securitas fái vopnaleitina í sínar hendur? Þetta eru forkastanleg vinnubrögð. Ef ég er að lýsa fornaldarsjónarmiðum, þá veit ég ekki á hvaða öld Framsfl. lifir og hvert hann eiginlega ætlar að halda.

[14:01]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Það kemur eflaust engum á óvart að verið sé að reyna að leysa úr miklum fjárhagsvanda Leifsstöðvar. Það mál hefur verið til umræðu á Alþingi í mörg ár og ekki náðst viðunandi niðurstaða til að hægt sé að mæta þeim miklu erfiðleikum sem þar hafa verið í rekstrinum og hafa komið niður á þeim fjölda einkafyrirtækja sem hafa reynt að ná þar fótfestu. Það er því í raun kominn tími til að skila inn tillögum sem hafa verið til skoðunar. Þetta eru ekki tillögur sem ég álít að séu komnar til framkvæmda heldur eru til skoðunar af hæstv. utanrrh. Í mínum huga getur það ekki gengið öðruvísi fram en að starfsmenn Fríhafnarinnar komi að því að útfæra þessar hugmyndir þannig að þær geti nýst fyrirtækinu sjálfu, Fríhöfninni, og því starfsfólki sem þar er *ásamt könnun á þeim möguleikum sem flugstöðin býður upp* á til þess að auka frelsi í verslun á svæðinu.

Ég vil taka undir gagnrýni á það að hugmyndir eins og eru í þessari tillögu komi starfsfólki Fríhafnarinnar gersamlega á óvart og forustumenn þar komi af fjöllum. Mér finnst, og hef talað um það áður í þinginu, að starfsemi Fríhafnarinnar ætti að vera undir sérstakri stjórn þar sem starfsmenn Fríhafnarinnar hefðu aðild að stjórninni þannig að starfsháttum þar væri ekki breytt eða farið í eitthvert annað form öðruvísi en starfsmennirnir hefðu eitthvað um það að segja. Það hefur komið í ljós að þegar um er að ræða svo beintengt vald til ráðherra, þá getur hann með mjög einföldum hætti breytt starfsemi svona fyrirtækja án nokkurs samráðs við starfsmennina. Það er gagnrýni vert.

Ég fagna því aftur á móti að hæstv. utanrrh. hefur tilkynnt það hér að ekki muni koma til uppsagnar starfsfólks og þess verði gætt að starfsfólki verði sinnt þannig að menn þurfi ekki að óttast um starfsöryggi sitt á þessum vinnustað.

[14:03]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fríhöfnin í Leifsstöð færir ríkissjóði tæpar 2 millj. kr. í hagnað á degi hverjum. Frá opnun Leifsstöðvar hefur Fríhöfnin skilað inn verðmætum í ríkissjóð sem nemur byggingarkostnaði flugstöðvarinnar. Þrátt fyrir þá staðreynd

blasir sá veruleiki við að fram til þessa hefur Leifsstöð verið skilin eftir eins og kolbítur í öskustónni.

Engin ríkisstjórn hefur haft kjark eða úrræði til að ganga frá skuldastöðu Leifsstöðvar. Á henni hvíla nánast sömu eða hærri skuldir og í byrjun á byggingartíma og það á dýrum lánum. Fyrir vikið hefur framtíð hennar og þess starfsfólks sem þar vinnur verið lengi í uppnámi og óvissu. Þess vegna hljóta allir að fagna því að óvissu verði eytt og komið á festu í rekstri og fjármögnun Leifsstöðvar í fyrsta sinn frá byggingu hennar.

Í þeim nefndartillögum sem hér eru til umræðu er víða komið við og augljóslega margt óútfært sem hlýtur að verða gert í samstarfi þeirra sem því fylgja eftir og starfsfólks. Hafa ber í huga að umferð og umsvif í Leifsstöð fara stöðugt vaxandi. Það mun leiða til þess að sala á varningi muni aukast og í kjölfarið fjölbreytni vöruúrvals. Það mun leiða til fleiri starfa í Leifsstöð.

Ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk Fríhafnarinnar fái áfram að sinna því ómetanlega starfi sem það hefur byggt upp á löngum tíma. Tekjur stöðvarinnar byggjast ekki síst á góðu starfi sem þar hefur verið unnið. Ég vek athygli á skýrslu nefndarinnar þar sem virðist gert ráð fyrir sömu tekjum Fríhafnar og verið hafa. Hvað þýðir það? Nánast óbreytt umsvif, enda hefur hæstv. utanrrh. staðfest það hér í dag og í sjónvarpsviðtali í gær.

Herra forseti. Ég lýsi ánægju með að á restrarvanda Leifsstöðvar skuli tekið í fyrsta sinn. Ég lýsi ánægju með að störfum í Leifsstöð muni fjölga. Ég lýsi ánægju með skýringar ráðherra sem fela í sér að rekstur Fríhafnarinnar er tryggður til framtíðar.

[14:06]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að samviska Framsfl. í þessu máli er eitthvað broguð. Formaður hv. nefndar kannast ekki við eigin tillögu. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Einkaréttur Fríhafnar til sölu verði takmarkaður við áfengi, tóbak og snyrtivörur." Ég legg til að hv. formaður lesi sína eigin tillögu.

Hæstv. ráðherra er mjög vanstilltur í máli, eyðir tíma sínum í ómerkilega útúrsnúninga um einhvers konar þjóðnýtingaráform en lætur ekki svo lítið að reyna að svara þeim efnislegu spurningum sem ég lagði hér fram og starfsfólk þar syðra og þeir hagsmunaaðilar sem bíða eftir yfirlýsingum hans vilja fá að heyra. Ég vil því biðja hann um að vera hófstilltan í sínu seinna svari og koma efnislega að þessu máli.

Í þriðja lagi vildi ég nefna þátt hv. þm. Hjálmars Árnasonar sem reyndi hér með aumlegu yfirklóri að tala um að óvissu hafi verið eytt. Það er verið að skapa óvissu í starfsemi Fríhafnarinnar og hjá þeim 200 starfsmönnum sem þar vinna. Það er staðreynd málsins og það er ekki ég sem er að skapa þá óvissu. Nei, það er sú nefnd sem er sérstakur ráðgjafi ráðherrans í þessum málum. Hæstv. ráðherra gengur hér fram og segir að ég hafi ekki aflað mér upplýsinga. Þvert á móti hef ég gert það. Og ég hef gert það sem hann virðist ekki hafa gert, rætt við þá aðila sem hlut eiga að máli, það fólk sem þarna vinnur og hefur sitt lifibrauð af því. Ég ráðlegg hæstv. ráðherra að skreppa suður eftir og eiga orðastað við þetta fólk og heyra frá fyrstu hendi hvort það sé kyrrð og friður eða öryggi sem þar svífi yfir vötnum. Nei, það er auðvitað ekki svo. Hér eru mál í fullkomnum ólestri og hefur ekkert með einkarekstur eða ríkisrekstur að gera heldur er einfaldlega um að ræða vanhugsaðar og illa ígrundaðar tillögur með ýmiss konar aukaverkanir í för með sér. Og starfsfólk spyr auðvitað: Hvar stend ég? Hvað er til ráða?

Ég segi enn og aftur, virðulegi forseti, og það verða mín lokaorð: Vitaskuld fer vel á því að það verði þessir ríkisstjórnarflokkar sem sópi eftir sig sullumbullið frá því 1987. En er það heilög tala, hæstv. ráðherra að það skuli vera 650 millj. sem renna í ríkissjóð frekar en 550 eða hvað eina? Hér er ekki verið að tala um að kreista neitt úr ríkissjóði. Einfaldlega það að stöðin fái til sín það sem henni ber.

[14:08]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Alþfl. fór með utanríkismál í ein sjö ár og ég hef ekki orðið var við tillögur Alþfl. til úrbóta í þessu máli. Menn tala um að það sé undarlegt að viðkomandi ráðherra sé reiður út af því hvernig frummælandi hóf mál sitt. Ég átti von á einhverjum málefnalegum umræðum. Í stað þess er komið hér og fullyrt að í beinni útsendingu hafi verið sagt upp 50–60 manns og þar að auki sennilega 50 manns í iðnaði á Íslandi. Þannig er málflutningur á Alþingi. Þetta er alrangt. Væri líklegt að það ætti að fara að segja upp 50–60 manns í Fríhöfninni þegar verið er að tryggja að þessi vinnustaður fái meira pláss í Leifsstöð? Hvaða samhengi er þar á milli? Þetta er allt saman tómt rugl og auðvitað átti þingmaðurinn að gera sér grein fyrir því. Það er það alvarlega í þessu máli. Það er rétt.

Hér er verið að tryggja stöðu Fríhafnarinnar. Það er verið að eyða þeirri óvissu sem hefur verið í umræðu lengi hvort ekki sé rétt að bjóða út rekstur Fríhafnarinnar. Það hafa verið margar tillögur um það. Hér er tekin afstaða til þess að það verði ekki gert. En það er jafnframt tekin afstaða til þess að nýta það húsnæði sem þarna er fyrir hendi. Eru menn á móti því? Það getur vel verið að menn vilji að Fríhöfnin fái það líka. Nefndin var ekki þeirrar skoðunar og ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel rétt að koma að samkeppni um rými inni í þessari byggingu og feta sig varlega áfram í þeim efnum. Og ég sagði hér áðan að tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir því að 5–7% af þeim vöruflokkum og þeirri veltu sem Fríhöfnin hefur verði flutt til annarra, en jafnframt 5–7% ... (Gripið fram í.) Er þingmaðurinn heyrnarlaus? (**GÁS:** Ég hef aflað þessara upplýsinga sjálfur. Það er best að ráðherrann geri það líka.) Ég held að það væri rétt að hv. þm. talaði við rétta aðila. Ef hann hefur talað við verslunarstjórann sem kom í sjónvarpið og ræddi þessi mál án þess að hafa nokkrar upplýsingar um málið, þá er ekki nema von að hann komist að þeirri niðurstöðu. En hann byggði því miður ekki á réttum forsendum. (**GÁS:** En Securitas?)

Þjóðminjalög, 2. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 842, nál. 1152, brtt. 1153.

[14:12]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá menntmn. við frv. til laga um breytingu á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á þjóðminjalögum. Annars vegar er um að ræða breytingar á stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands sem miða að því að auka svigrúm þjóðminjaráðs til að móta starfsskipulag safnsins á þann hátt sem best er talið samrýmast verkefnum þjóðminjavörslunnar og skilvirkum starfsháttum. Hins vegar er um að ræða breytingu er lýtur að húsafriðunarákvæðum laganna. Felst í tillögunni að eigendum húsa sem reist eru fyrir 1918 verði gert skylt að gera minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins viðvart ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Nú er unnið að endurskoðun á reglugerð sem sett er á grundvelli þjóðminjalaga. Menntamálanefnd telur mikilvægt að við þá endurskoðun verði sérstaklega fjallað um stöðu fornleifarannsókna og starfsskilyrði minjasafna.

Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Felast þær annars vegar í því að lagt er til að fellt verði brott ákvæðið um að samþykki þjóðminjaráðs þurfi þegar þjóðminjavörður ræður yfirmenn stjórnunareininga. Er breytingartillagan í samræmi við þá stefnu sem mótuð var í starfsmannamálum ríkisins með samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á 120. löggjafarþingi.

Hin breytingin snýr að því að felld eru brott orðin „safnstjóri Þjóðminjasafns" í 2. mgr. 2. gr. laganna eins og annars staðar í þjóðminjalögum, en gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að slíkt heiti verði ekki til í lögum. Í stað þess er lagt til að orðin „staðgengill þjóðminjavarðar" verði notuð.

Menntmn. var einróma í afstöðu sinni til afgreiðslu málsins.

[14:14]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi spyrja hv. frsm. menntmn. hvort nefndin hafi sérstaklega skoðað athugasemdir sem komið hafa frá safnvörðum sem starfa við hin einstöku byggðasöfn víða um landið og þær athugasemdir sem þeir safnverðir hafa gert varðandi þá safnaðstöðu sem þetta nýja skipulag þjóðminjavörslu virðist skapa þeim.

Ég hef orðið við það, og sjálfsagt fleiri hv. þm., að minjaverðir og safnverðir með fullgilda menntun sem fornleifafræðingar telja að það skipulag sem verið er að koma á hér kunni að stofna starfsemi þeirra í hættu og kunni að koma í veg fyrir að þeir geti staðið að eðlilegum rannsóknum á fornminjum á sínu eigin svæði. Mér er líka kunnugt um dæmi um það að þjóðminjavörður sendi til rannsóknastarfa sem þeir hafa fyrirhugað, fólk sem ekki hefur lokið þeim prófgráðum sem safnverðir úti á landi hafa lokið í þjóðminjafræðum. Ég vildi gjarnan fá upplýst frá formanni nefndarinnar hvort þessar athugasemdir hafi verið skoðaðar og hver afstaða nefndarinnar sé til þeirra.

[14:16]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Jú, menntmn. skoðaði að sjálfsögðu athugasemdir sem bárust frá safnvörðum. Við fengum umsögn frá Félagi ísl. safnamanna og reyndar frá einum einstaklingi líka sem er minjavörður. Það verður að segjast eins og er að í umsögnum þeirra er að finna ýmsar áhyggjur af minjavörslunni. Eins er þar að finna gagnrýni um samskipti þeirra við Þjóðminjasafnið. En hins vegar voru ekki neinar beinar athugasemdir um efni frv. sem við erum hér að fjalla um. Það voru viðraðar áhyggjur af því hvernig þessum málum yrði háttað í framtíðinni. Við ræddum þetta í menntmn. og töldum mikilvægt að af því að núna er verið að endurskoða reglugerðina við þjóðminjalögin þá yrði hugað sérstaklega að þessum málum við þá endurskoðun. Þess vegna erum við með athugasemd um það í nefndaráliti okkar. Hins vegar er alveg ljóst að ef farið yrði út í heildarendurskoðun á þjóðminjalögunum hljóta þessi mál að verða tekin til gagngerðrar skoðunar.

[14:17]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að lýsa nokkrum áhyggjum mínum af þessari stöðu vegna þess að svo er orðið að margir safnverðir og minjaverðir úti á landi eru komnir með fullgilda menntun sem fornleifafræðingar og hafa þar af leiðandi miklu betri aðstöðu en áður var til þess að leggja í rannsóknir á þeirra starfssvæði. Ég lýsi talsverðum áhyggjum yfir því að það nýja skipulag sem hér er verið að tala um kunni að valda miklum árekstrum. Mér kunnugt um það, og hv. þm. sem hér talaði sem frsm. menntmn. væntanlega líka, að þegar hafa orðið árekstrar í því efni og get ég t.d. nefnt árekstra sem hafa orðið bæði varðandi rannsóknir á Austurlandi og einnig árekstra sem virðast í uppsiglingu vegna rannsókna á Vestfjörðum þar sem í hlut eiga fornleifafræðingar með fullgilda menntun sem hafa hug á tilteknum rannsóknarverkefnum sem líklegt er að verði nokkur ágreiningur um og ágreiningur hefur þegar orðið um. Svo ég spyr þá frsm. hv. menntmn. hvort hún muni þá ekki gera ráðstafanir til þess að fá að fylgjast með reglugerðasmíðinni og óska eftir því að fá reglugerðina til umsagnar þannig að hv. nefnd geti þá gripið inn í málin ef reglugerðin verður þannig úr garði gerð að hætta er að þessir árekstrar aukist.

[14:19]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég mun ekki gera ráðstafanir til þess að kalla sérstaklega eftir því að fá reglugerðina til umsagnar. Hins vegar gæti það vel orðið þannig að málið kæmi til umræðu í þinginu eða að menn yrðu síðan ósáttir við efni reglugerðarinnar. En ég sem formaður menntmn. mun ekki óska eftir því að fá reglugerðina til umsagnar. Ég tel hins vegar að þeir árekstrar og það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að umtalsefni séu atriði sem hafa lengi verið í ólagi. góðu lagi. Þessi lagabreyting sem hér er á ferðinni finnst mér ekki snerta það mál neitt sérstaklega. Þetta er miklu eldra mál. Það hafa verið árekstrar þarna á milli sem eiga sér í raun og veru langa sögu.

[14:20]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. menntmn. ágæta vinnu við það að yfirfara það frv. sem hér er til meðferðar, en ég vildi aðeins eyða hér nokkrum orðum í þetta mál vegna þess að ég þekki allvel bakgrunn þess og þær skipulagsbreytingar sem verið er að gera á Þjóðminjasafninu og skipulagi þjóðminjavörslunnar í landinu.

Á vegum Þjóðminjasafnsins hófst vinna við það að móta stefnu eins og lög gera ráð fyrir varðandi þjóðminjavörsluna í landinu. Þjóðminjaráði er sett það lögum samkvæmt að vinna að því verki og til voru kallaðir starfsmenn Þjóðminjasafnsins og lektor frá háskólanum, sérfræðingur í stefnumótunarvinnu, fenginn til þess að stýra þessari vinnu eða móta stefnu fyrir Þjóðminjasafnið og þjóðminjavörsluna. Að því hefur verið unnið og það verk var kynnt nú í haust á sérstökum fundi og sent út til umsagnar til byggðasafnanna og til

þeirra félaga, fornleifafræðinga og annarra, sem að þessum málum koma. Það verk er enn í gangi og er að mestu lokið. Hins vegar var síðan skipulagsbreytingin á Þjóðminjasafninu sjálfu og það er um það atriði sem við erum að fjalla um og gera breytingar á þjóðminjalögunum. Hvers vegna? Jú, það er til þess að auðvelda skipulagsbreytingar. Samkvæmt lögunum er deildaskipting og verkaskipti í föstum skorðum en með frv. er gerð á breyting þannig að þjóðminjaráð getur gert breytingarar á skipulagi safnsins án þess að að þurfi gera breytingar á lögunum.

Í þriðja lagi er unnið að því, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn., frsm. menntmn., að setja nýja reglugerð á grundvelli breyttra laga en reglugerðin var orðin úrelt. Þetta á sér þennan aðdraganda og ég tel í fyllsta máta eðlilegt að gera þessar breytingar.

Þá vil ég koma að því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nefndi, að hann óttaðist að þessum breytingum kynni að vera stefnt gegn byggðasöfnunum úti á landi. Ég tel afar mikilvægt að hér komi fram sú afstaða mín að ég tel alveg af og frá að þessar breytingar skerði eða gangi gegn hagsmunum byggðasafnanna í landinu, öðru nær. Stefnumótunarverkið og sú skipulagsbreyting sem verið er að gera á Þjóðminjasafninu er til þess að gera þetta starf virkara. Hins vegar verður að viðurkennast að það hefur ekki alltaf verið mjög mikill friður á þeim vettvangi þar sem eru fornleifafræðingar og hefur stundum keyrt um þverbak.

Sá boðskapur sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson færði inn í umræðuna er endurómur af þeim deilum, því miður. Það verður að segjast eins og er. Og ég tel að það sé ekki löggjöf um þjóðminjavörsluna til framdráttar að færa þær deilur fornleifafræðinganna hingað inn í sali þingsins, fjarri því. Ég vona að við þurfum ekki að láta þær hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls og vænti þess að því ljúki og frv. verði að lögum en á öðrum vettvangi mætti síðan taka upp umræður um hina fræðilegu hlið fornleifanna fyrir þá sem það kunna að gera. Ég held að ekki sé nokkur vafi á því að það sem verið er að gera núna í skipulagsbreytingum í Þjóðminjasafninu muni auðvelda byggðasöfnunum að takast á hendur þau verkefni sem þeim er ætlað að vinna og það muni verða fornleifarannsóknum, fornleifaskráningu, til framdráttar, enda hefur verið mörkuð sú stefna á þeim bæ þar sem er Þjóðminjasafnið, að fornleifaskráning, fornleifarannsóknir, hefðu forgang. Í þeim tilgangi hefur verið gengið til þess verks að ráða minjaverði út um landið til þess að auðelda forstöðumönnum byggðasafnanna að vinna að þessum málum. Þetta vildi ég að kæmi hér fram, virðulegi forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögræðislög, 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 707, nál. 1171, brtt. 1172.

[14:27]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti allshn. á þskj. 1171 um frv. til lögfræðislaga.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk til viðtals við sig fjölmarga aðila og bárust nefndinni einnig umsagnir um frv. frá mörgum aðilum.

Með frumvarpinu er lögð til ný heildarlöggjöf um lögræði. Meðal helstu nýmæla þess er að mun ítarlegri reglur um nauðungarvistanir og meðferð lögræðismála fyrir dómstólum eru í frumvarpinu en í gildandi lögum og miða reglurnar að því að tryggja betur réttarstöðu nauðungarvistaðra og þeirra sem krafist er að sviptir verði lögræði.

Mikilvægt nýmæli frumvarpsins er einnig að þeir sem eru fjárráða en eiga erfitt með að sjá um fjármál sín vegna veikinda eða fötlunar geta fengið skipaðan ráðsmann er fari með fjármál þeirra að því er varðar tilteknar eignir. Í frumvarpinu er nýmæli um tímabundna sviptingu lögræðis og heimild til að svipta menn fjárræði einungis að því er varðar tilteknar eignir hans. Þá er lagt til að settar verði reglur um rétt nauðungarvistaðs manns til að njóta stuðnings og ráðgjafar sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalarinnar. Einnig er að finna það nýmæli í frumvarpinu að dómari getur skipað sóknaraðila talsmann ef hann óskar eftir því. Þá eru í frumvarpinu ítarlegri reglur um lögráðamenn en í núgildandi lögum, einkum um lögborna lögráðamenn, og mikilvægt nýmæli um að þóknun til skipaðs lögráðamanns megi greiða úr ríkissjóði ef sérstaklega stendur á.

Miklar umræður urðu í nefndinni um hækkun sjálfræðisaldurs, en frumvarpið gerir ráð fyrir að hann miðist áfram við 16 ár. Komu fram rök bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs, en mælt var með hækkun í nær öllum umsögnum sem nefndinni bárust. Þá hefur nefndin einnig haft til umfjöllunar 49. mál, en þar leggja flutningsmenn til hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Allsherjarnefnd bárust alls tíu umsagnir um það mál og mæltu níu umsagnaraðilar af tíu með breytingunni, en ekki var tekin afstaða til málsins í umsögn dómsmálaráðuneytisins.

Ljóst er að skiptar skoðanir eru um hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og þykir allshn. rétt að ákvörðun um þetta atriði komi til atkvæða hér á hinu háa Alþingi.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Helstu atriði breytingartillagna nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár. Í athugasemdum við I. kafla frumvarpsins eru reifuð ítarleg rök bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs sem ýmsar stofnanir, félög og samtök færðu fram í umsögnum sínum til nefndar þeirrar er frumvarpið samdi. Meiri hluti umsagnaraðila mælti með hækkun sjálfræðisaldurs en enginn mælti gegn hækkuninni. Nefndin, sem samdi frumvarpið, tók ekki afstöðu til þess álitaefnis hvort hækka bæri sjálfræðisaldurinn og gekk þannig frá málinu að samin voru tvö frumvörp sem voru efnislega eins að öðru leyti en því er þetta efni varðar. Þá liggur fyrir að verkefnisstjórn dómsmálaráðherra vegna átaks í ávana- og fíkniefnavörnum lagði til í skýrslu sinni, sem hún sendi frá sér í júní 1996, að sjálfræðisaldur yrði hækkaður í 18 ár.

Helstu rök, sem færð hafa verið fyrir hækkun sjálfræðisaldurs, eru að þjóðfélagsaðstæður hafi breyst á síðustu árum. Þorri íslenskra ungmenna búi nú í foreldrahúsum fram undir tvítugt og njóti stuðnings foreldra sinna. Þannig hafi sjálfræði aðeins táknrænt gildi fyrir þennan hóp. Einnig hefur verið bent á að með minnkandi atvinnumöguleikum ungmenna og lengri skólagöngu hafi aðstæður þeirra breyst og fæst þeirra séu fær um að framfæra sig sjálf eða reka heimili. Þá hefur verið á það bent að hið íslenska fyrirkomulag sé ekki í samræmi við löggjöf í nágrannalöndum okkar þar sem sjálfræðisaldur er 18 ár, en komið hefur fram í nefndinni

að fjölskyldur sem flytjast til Norðurlanda geta lent í vandræðum vegna þessa misræmis. Þá hafa verið færð rök fyrir því að rétt sé að fylgja meginreglu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri séu skilgreindir sem börn. Einnig hefur verið bent á að óeðlilegt misræmi felist í því að forsjárskyldur falli niður við 16 ára aldur barna, en framfærsluskylda haldist til 18 ára aldurs. Þá hefur verið bent á að á grundvelli barnaverndarsjónarmiða sé rétt að hækka sjálfræðisaldurinn þar sem barnaverndarnefndir geti ekki haft afskipti af málefnum unglings sem náð hefur 16 ára aldri nema með samþykki hans. Þannig geti meðferðarstarf, sem hafið er fyrir 16 ára aldur, glatast þar sem unglingur rjúfi oft öll tengsl við meðferðaraðila í krafti fengins sjálfræðis. Þannig ætti að verða auðveldara að beita viðeigandi stuðningsúrræðum í barnaverndarmálum ef sjálfræðisaldurinn er hækkaður. Loks má nefna að bent hefur verið á hvað varðar afbrot og vímuefnaneyslu ungmenna á aldrinum 16–18 ára að auðveldara geti verið að ná til og grípa í taumana hjá einstaklingum á þessum aldri ef sjálfræðisaldur verður hækkaður.

Helstu rök, sem færð hafa verið gegn hækkun sjálfræðisaldurs, lúta að því að með hækkuninni sé verið að svipta stóran hóp ungmenna rétti til að takast á við sjálfsábyrgð. Einnig hafa verið sett fram þau rök að með hækkun sjálfræðisaldurs sé einkum verið að reyna að ná til hóps unglinga sem sé á villigötum vegna afbrota og neyslu vímuefna. Þá hafa verið færð fram þau rök að skólaskyldu barna ljúki við 16 ára aldur, og að ekki sé óeðlilegt að sjálfræði og skólaskylda fari saman. Í því sambandi er þó rétt að geta þess að skólaskyldu á Norðurlöndum lýkur við 16 ára aldur þó að unglingar verði ekki sjálfráða fyrr en 18 ára. Þá er það af sumum talinn kostur að ungmenni öðlist sjálfstæði stig af stigi þannig að þau fái fyrst sjálfræði og síðan fjárræði og þar með lögræði. Þá hafi sýnt sig að oftar en ekki hafi 16 ára aldurinn í för með sér aukna ábyrgð á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Að öllu þessu athuguðu telur allsherjarnefnd rétt að leggja til hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár.

2. Lögð er til breyting við 4. mgr. 10. gr. í samræmi við ábendingar Dómarafélags Íslands. Lýtur breytingin að málsmeðferð í lögræðissviptingarmálum og felst í því að dómara er skylt að lokinni rannsókn máls að gefa aðilum kost á að flytja málið munnlega. Telja verður að slík breyting geti leitt til skilvirkari málsmeðferðar.

3. Þá felast breytingarnar í því að lagt er til að sá tími, sem nauðungarvistun sem dómsmálaráðuneytið getur heimilað skv. 3. mgr. 19. gr., verði lengdur úr 15 sólarhringum í 21 sólarhring. Fram kom hjá fulltrúum Geðlæknafélags Íslands sem komu á fund nefndarinnar að lenging þessi væri mjög æskileg þar sem áhrifa lyfjameðferðar sé ekki alltaf farið að gæta að fullu eftir 15 sólarhringa. Mæltu þeir þar af leiðandi með því að tími nauðungarvistunar yrði lengdur í 21 sólarhring og byggjast tillögur nefndarinnar á þessum ábendingum, en gera þarf breytingar á 19. og 29. gr. vegna þessa.

4. Einnig felast tillögur nefndarinnar í því að gerð verði breyting á 3. mgr. 30. gr. þess efnis að við greinina bætist ákvæði um að í kröfu um að nauðungarvistun verði aflétt komi fram hvort óskað er skipunar ákveðins talsmanns og ef svo er hver það eigi að vera. Barst nefndinni ábending um þessa breytingu frá Dómarafélagi Íslands. Til grundvallar henni liggur það sjónarmið að það sé í þágu skjóts framgangs málsins og til frekari hagræðingar að dómari geti skipað nauðungarvistuðum manni talsmann um leið og honum berst krafa um að nauðungarvistun verði aflétt. Í samræmi við þessa breytingu leggur nefndin til smávægilega breytingu á 1. mgr. 31. gr.

5. Breytingartillaga við 2. mgr. 51. gr. tengist tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Við hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár falla forsjá barna og fjárhald niður við sömu aldursmörk og á því 2. málsl. 2. mgr. 51. gr., um fjárhöld barna sem orðin eru sjálfráða en ekki fjárráða, ekki lengur við.

6. Einnig er lögð til breyting á 2. mgr. 58. gr. er tengist tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Með hækkuðum sjálfræðisaldri kemur að sjálfsögðu ekki til þess að ungmenni undir 18 ára aldri verði svipt sjálfræði sínu og á því heimildin til að vista sjálfræðissviptan mann nauðugan á heimili eða stofnun sem rekin er samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna ekki við. Sú heimild, sem 2. mgr. 58. gr. veitir til nauðungarvistunar sjálfræðissviptan mann á stofnun, að skilyrðum ákvæðisins fullnægðum, er því bundin við stofnanir sem reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða lögum um málefni fatlaðra.

7. Tillaga um ákvæði til bráðabirgða er einnig tengd tillögunni um hækkaðan sjálfræðisaldur. Með þessu ákvæði er lagt til að þeir sem öðlast hafa sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 haldi því. Þetta hefur eingöngu þýðingu varðandi ungmenni sem náð hafa 16 ára aldri við gildistöku laganna, en eru ekki orðin 18 ára. Unglingur, sem fæddur er 31. desember 1981 og verður því 16 ára á gamlársdag 1997, öðlast sjálfræði samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1984 og heldur því þrátt fyrir gildistöku nýrra laga þar sem mælt er fyrir um 18 ára sjálfræðisaldur. Unglingur, sem fæddur er 1. janúar 1982 og verður því 16 ára 1. janúar 1998, öðlast hins vegar ekki sjálfræði fyrr en að tveimur árum liðnum, þ.e. þegar hann nær 18 ára aldri, þar sem gildistaka laganna miðast við 1. janúar 1998. Ljóst er að hér skapast ákveðið tímabundið misræmi. Hjá því er hins vegar örðugt að komast þegar lagt er til að sjálfræðisaldur verði hækkaður. Sú lagaskilaregla sem hér er lögð til byggist að meginstofni á því sjónarmiði að þeir unglingar, sem öðlast hafa sjálfræði í gildistíð gildandi lögræðislaga, verði ekki sviptir þeim réttindum.

Loks telur nefndin rétt að benda á að samhliða hækkun sjálfræðisaldurs þarf að huga að breytingu á ákvæðum annarra laga þó að nefndin telji ekki nauðsynlegt að gera þessar breytingar þegar í stað.

Undir nefndarálitið skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Kristjánsson, Guðný Guðbjörnsdóttir, Kristján Pálsson og Ögmundur Jónasson. Hjálmar Jónsson og Árni R. Árnason skrifa undir álitið með fyrirvara.

[14:38]

Útbýting þingskjala:

Hafnaáætlun 1997–2000, 483. mál, brtt. samgn., þskj. 1178.

Stjórn fiskveiða, 610. mál, frv. KHG, þskj. 1175.

[14:39]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst í meðferð allshn. á þessu máli að stjfrv. er breytt með brtt. allshn. við eitt veigamesta atriði þessa frv., nefnilega 1. gr. þess um sjálfræðisaldur. Og nú er lagt til að hann verði hækkaður í 18 ár eins og fram kom hjá frsm. nefndarinnar.

Til upprifjunar vil ég geta þess að á síðasta þingi lagði bæði ég ásamt kvennalistakonum og Jóhanna Sigurðardóttir ásamt fleiri þingmönnum fram tvö nær samhljóða frv. um að sjálfræðisaldur yrði hækkaður úr 16 í 18 ár og á þessu þingi lögðum við Jóhanna Sigurðardóttir sameiginlega fram eitt frv. um sömu lagabreytingu, 49. mál þessa þings. Þetta er reyndar nefnt í nefndaráliti allshn.

Frv. okkar Jóhönnu Sigurðardóttur var sent út til umsagnar og skemmst er frá því að segja að allar umsagnir reyndust jákvæðar og níu af tíu tóku beinlínis afstöðu með hækkun sjálfræðisaldurs. Þeir sem fengu frv. sent voru Barnaheill, Heimili og skóli, Félag framhaldsskólanema, Sýslumannafélag Íslands, Félagsmálastofnun Akureyrar, Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar, Félagsmálastofnun Kópavogs, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Barnaverndarstofa.

Það er mjög ánægjulegt þegar svona gerist. Það virðist vera, eins og reyndar kemur fram í frv. sjálfu, að viðhorf hafa verið að breytast til þessa ákvæðis. Þegar frumvarpsdrögin voru fyrst send út á vegum þeirrar nefndar sem samdi frv., voru mun skiptari skoðanir um þetta mál en þegar lokið var við frumvarpsdrögin, voru umsagnir mun jákvæðari. Það endaði með því að nefndin sem samdi frv. samdi tvö samhljóða frumvörp eins og kom fram í máli frsm., en ríkisstjórnin ákvað að leggja það form frv. fram sem gerði ráð fyrir óbreyttum sjálfræðisaldri. En nú hefur það sem sagt gerst að innan allshn. hefur myndast meiri hluti fyrir því að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár þó að tveir nefndarmenn skrifi undir álitið með fyrirvara.

Ég ætla ekki að fara í smáatriðum ofan í þau rök sem ég tiltók við 1. umr. með því að hækka sjálfræðisaldurinn, en þau eru dregin saman á bls. 2 í nefndaráliti allshn. Þau eru fyrst og fremst þannig að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst á síðustu árum og íslensk ungmenni búa í foreldrahúsum og veitir ekki af því skjóli og þeirri vernd sem hækkuðum sjálfræðisaldri fylgir. Meginrökin eru að mínu mati þau að þetta á við allan hópinn í heild. En röksemd númer tvö sem einnig er veigamikil er sú að þetta auðveldar mjög meðferð á barnaverndarmálum, þ.e. meðferð á ungmennum 16–18 ára, hvort sem um er að ræða fíkniefnaneytendur eða ekki síður eins og kom skýrt fram hjá fulltrúum Geðhjálpar og Geðlæknafélags Íslands að geðsjúkdómar birtast yfirleitt á unglingsárum og þá getur verið mjög mikilvægt við meðferð þeirra að foreldrar hafi möguleika á að grípa til festu í uppeldismálum, þannig að barnið geti ekki bara flutt að heiman eða útskrifað sig af stofnun ef um það er að ræða.

Við í allshn. ræddum ítarlega um hvort vegna þessarar breytingar þyrfti að breyta öðrum lögum og um nokkur þeirra er rætt í sjálfu frv. Niðurstaða nefndarinnar varð að ekkert af því væri nauðsynlegt, en það væru síðari tíma ákvarðanir að meta hvað væri æskilegt.

Helstu rökin sem hafa verið notuð gegn hækkun sjálfræðisaldurs eru þau að verið sé að svipta stóran hóp ungmenna sjálfræði vegna nokkurra sem eiga í vandræðum. Ég get alls ekki séð að þetta séu rök nema einhver vandamál séu á ferðinni vegna þess að ef unglingur vill t.d. fara að heiman eða gera eitthvað slíkt og foreldri telur slíkt æskilegt, þá er það að sjálfsögðu heimilt þannig að mér finnst í rauninni mjög veigalítil þau rök sem mæla gegn þessari breytingu og mjög tímabært og mikilvægt að okkar löggjöf sé bæði í samræmi við nágrannalöndin og í samræmi við skilgreiningar í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég tel og að þetta muni auðvelda flutninga á milli landa með börn á þessum aldri.

Það er sem sagt mjög mikið fagnaðarefni að þetta varð niðurstaðan í nefndinni. Að öðru leyti varð mjög mikil sátt um allar aðrar breytingartillögur og um þetta frv. í heild og ég styð það heils hugar eins og það er lagt fram nú með þessum breytingartillögum.

[14:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög merkilegt mál sem hér er tekið á dagskrá og ástæða til að vekja athygli á því að samstaða er um þetta brýna mál, breytingu á lögræðislögunum, milli stjórnar og stjórnarandstöðu vegna þess að væntanlega hefur þjóðin það viðhorf að hér sé eiginlega allt í ágreiningi en það er síður en svo. Langflest merkileg lög eru sett í mikilli sátt.

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp út af einu atriði, en vil þó áður nefna hvað ég fagna því að nú er sett í lög að lögráða verða menn 18 ára og lögráða maður er jú sjálfráða og fjárráða. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni hefur þetta mál ítrekað verið til umfjöllunar hér og við jafnaðarmenn höfum einhuga haft þá afdráttarlausu skoðun að 18 ára mörkin ættu að vera í allar áttir og viðmið 18 ára með lögræði. Ég fagna þessu ákvæði og að nefndin skyldi komast að þessari niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Ég hef á liðnum árum í nokkur skipti borið fram fyrirspurn til dómsmrh. um endurskoðun þessara laga út af sérstöku atriði og það varðar sjálfræðissviptingu þroskaheftra. Ég hef bent á að samkvæmt lögum fær sá sem sviptur er sjálfræði ekki sjálfræði á ný fyrr en orsök þess að viðkomandi var sviptur er ekki lengur til staðar. Þegar um er að ræða þroskaheftan einstakling sem sviptur er sjálfræði, t.d. vegna viðkvæmra læknisaðgerða, er orsökin óbreytanleg, nefnilega sú staðreynd að viðkomandi er þroskaheftur og það mun ekki breytast. Þess vegna hefur verið mjög mikil áhersla lögð á það af hálfu samtaka fatlaðra að unnt sé að svipta slíkan einstakling sjálfræði tímabundið og sú sjálfræðissvipting endurheimtist sjálfkrafa síðar. Um þetta höfum við dómsmrh. rætt og hann hefur boðað að í endurskoðun laganna verði tekið á þessu ákvæði.

Nú er ljóst að ákvæðið sem fjallar um tímabundna sviptingu kveður á um sex mánaða sviptingu sem er miklu lengra tímabil en þessi samtök töldu fyrir fram að sett yrði í lög ef slík bráðabirgðasvipting yrði lögfest. Mér hefur verið bent á, af því að það hefur borið á óánægju með að þetta sé eina ákvæðið sem mögulegt er að vísa í til að svipta einstakling sjálfræði t.d. vegna nokkurra daga aðgerðar, eins og ég hef nefnt, en að viðkomandi yrði að bíða í hálft ár, þá hefur mér verið bent á 15. gr. þar sem segir: „Nú telur sá sem átt getur aðild að lögræðissviptingarmáli að ástæða sviptingar sé ekki lengur fyrir hendi og getur hann þá borið fram kröfu við héraðsdómara um að lögræðissvipting verði felld niður með úrskurði að nokkru eða öllu leyti.“

Ég spyr forsrh. í fyrsta lagi hvort það hafi komið til að slík sjálfræðissvipting sem endurheimtist sjálfkrafa eftir ákveðinn tíma tæki til skemmri tíma. Í öðru lagi spyr ég hvort sú leið sem sagt er að fara megi skv. 15. gr. sé einhver flýtileið eða hvort það sé hefðbundin leið fyrir dómstólum.

[14:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sem svar við fyrri spurningu hv. 5. þm. Reykn. er það að segja að ekki hefur komið til tals að hafa þennan tíma skemmri. Hér er um að ræða mjög merkilegt

nýmæli í lögræðislögum, að það er unnt að svipta menn sjálfræði til skamms tíma, en á það er að líta að sjálfræðissvipting er mjög alvarleg aðgerð. Þess vegna hefur ekki verið talið að það væri rétt að viðurkenna hana til skemmri tíma en sex mánaða. Í því efni verður að gilda ákveðin festa og mat á aðstæðum því að hér er ekki um að ræða aðgerð sem menn geta hlaupið í til nokkurra daga.

Varðandi þau tilvik sem hv. þm. nefnir þá er með dómi hægt að fella ákvörðun um sjálfræðissviptingu úr gildi og það er hefðbundin dómsathöfn. Ég geri ráð fyrir því að ef skilyrði eru fyrir hendi til þess að fella sjálfræðissviptingu niður með dómi þá taki slík málsmeðferð vikutíma eða innan við það þannig að hér er um að ræða virkt úrræði ef skilyrðin eru fyrir hendi.

[14:51]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dósmmrh. fyrir þessu skýru svör og ég fagna þessum nýmælum. Ég vil að það komi skýrt fram, og ég deili þeirri skoðun, að þetta er alvarleg aðgerð. Ég hef ekki fyrir fram haft neina skoðun á því hvort slík aðgerð ætti að taka til sex mánaða eða annars tíma. Ég hélt að tíminn væri skemmri á Norðurlöndum. Það getur þó verið að mér skjátlist í því.

Mér finnst mjög mikilvægt að það kom fram hjá ráðherranum að ef á að fella slíka sjálfræðissviptingu úr gildi eftir stuttan tíma mundi slík sérstök dómsathöfn ekki taka langan tíma eins og kemur fram í máli hans. Ég held að það skipti mjög miklu máli fyrir þá sem hafa látið sig þetta sérstaka mál varða að þessi skýring hefur komið fram.

[14:52]

Útbýting þingskjals:

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, 132. mál, nál. utanrmn., þskj. 1235.

[14:52]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til laga um lögræðislög sem hefur verið til athugunar í hv. allshn. Rétt er að geta þess að nefndin er sammála um að frv., eins og það kom fram, sýnist mjög vandlega unnið og um það álitaefni sem mest gætir millum okkar nefndarmanna er í raun fjallað um í greinargerð með frv. þó svo nefndin sem það samdi hafi ekki tekið ákvörðun þess efnis að breyta skyldi því með frv. eins og það var lagt fram.

Ég tek undir það sem fram kemur í nefndaráliti að með þessari löggjöf koma fram margvíslegar úrbætur sem varða réttindi þeirra einstaklinga sem koma til umfjöllunar um nauðungarvistanir eða meðferð lögræðismála þeirra og hyggst ekki rekja það frekar. Það álitaefni sem ég er ekki sammála nefndarmönnum að öðru leyti um hyggst ég ræða sérstaklega en um það er ég að mestu leyti sammála hv. þm. Hjálmari Jónssyni. Við höfum báðir gert fyrirvara um þetta atriði með undirritun á nefndaráliti.

Í álitinu kemur fram að mælt var með hækkun sjálfræðisaldurs í nær öllum umsögnum sem nefndinni bárust og í framsögu formanns nefndarinnar kom fleira fram sem ég tel rétt að menn hafi í huga þegar þeir heyra okkur, sem ekki erum sammála, geta þess sem við teljum við eiga. Um þetta, herra forseti, vænti ég leyfis til þess að nefna nokkur atriði úr umsögnum sem hafa vakið athygli okkar nefndarmanna og sem sumir aðrir nefndarmenn telja vera almenna röksemd fyrir hækkun sjálfræðisaldurs. Til að mynda kom fram vönduð umsögn frá Landssamtökunum Þroskahjálp þar sem þau gera þrjú atriði í frv. að umfjöllunarefni. Þar á meðal að samtökin mæli með því að sjálfræðisaldur yrði hækkaður í 18 ár. Síðan er færð fram forsenda í einni málsgrein upp á þrjár línur. Þar segir að vart þurfi að hafa mörg orð um það að fyrir umbjóðendur samtakanna hefur hvert orð mikið að segja o.s.frv. Í þessari umsögn eru hvergi nefnd atriði sem varða aðra landsmenn eða nokkur önnur ungmenni. Ég álít þess vegna, herra forseti, þetta atriði í umsögn Þroskahjálpar ekki varða málið almennt. Ég tel að ég sé ekki að misvirða skoðun samtakanna varðandi umbjóðendur þeirra að þessu leyti.

Það er rétt að geta þess einnig að hin tvö atriðin sem samtökin fjalla um í umsögn sinni fá hvort um sig nærri heillar blaðsíðu umfjöllun í umsögn samtakanna og það segir mér einfaldlega að þau tvö atriði eru miklu veigameiri og að áliti þeirra þarfnast þau miklu meiri umfjöllunar.

Herra forseti. Ég vil líka nefna vandaða og viðamikla umsögn frá samtökunum Barnaheill og geta þess að þau segja það meginrök fyrir hækkun sjálfræðisaldurs að þeirra mati að það sé rökrétt og raunar nauðsynlegt að foreldrar gefi börnum sínu aukið svigrúm þegar fullorðinsárin nálgast. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég skil ekki beint samhengið þarna á milli.

Þessi samtök nefna líka að yfirvofandi sjálfræðisaldur verði til þess á mörgum heimilum að foreldrar gefi 13–15 ára unglingum ótímabært frelsi til útivistar og umberi nauðugir áfengisneyslu og fleira af ótta við að eðlilegur agi, eðlilegur agi, herra forseti, verði til þess að allt springi í loft upp þegar 16 ára aldri er náð.

Enn verð ég að viðurkenna, herra forseti, að ég skil ekki samhengið og raunar sýnist mér að samtökin Barnaheill telji það mest vandkvæði í þessu álitaefni að foreldrar standi ekki við skyldur sínar sem foreldrar og umsjónarmenn barna sinna. Þykir mér sú niðurstaða afskaplega sérkennileg og verð að segja aftur: Ég get ekki litið svo á að hún sé fullkomin, fullbær og haldbær röksemd fyrir almennri hækkun sjálfræðisaldurs.

Stofnunin Barnaverndarstofa hefur líka sent inn vandaða umsögn upp á sennilega nærfellt 10 blaðsíður. Þar er um þetta atriði fjallað í einni stuttri málsgrein upp á fimm línur. Enn verð ég að viðurkenna, herra forseti, að það segir mér að þau sem segja álit sitt í umsögn frá stofnuninni Barnaverndarstofu telja ýmis önnur atriði í frv. miklu mikilvægari en þetta.

Samtökin Geðhjálp hafa einnig sent umsögn sem er ekki jafnmargorð, en þess verður að geta, herra forseti, að þau samtök leggja megináherslu á ýmislegt annað. Þau samtök gera í umsögn sinni grein fyrir sex tölusettum atriðum, m.a. á nauðsyn þess að hafa reglubundið eftirlit með nauðungarvistunum og þvingunarmeðferðum á geðdeildum og nauðsyn þess að ákvæði um gerð reglugerðar um skráningu og eftirlit með þvingunarmeðferð verði í lögum. Samtökin nefna sitthvað fleira, en sjötta og síðasta atriðið er tillaga um að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár og líkt og önnur samtök fær það ekki mikið rúm í umsögninni, sex línur, og stenst ekki samjöfnuð við fyrri atriðin sem greinilegt er að samtökin Geðhjálp telja miklu mikilvægari að vel takist til við ákvörðun um.

Hvað varðar umsagnir sem fram komu til nefndarinnar, herra forseti, vil ég að endingu gera grein fyrir áliti starfshóps um málefni geðsjúkra, sem við verðum að álíta að starfi á sambærilegu sviði og samtökin Geðhjálp, fjalli um

einstaklinga, ungmenni sem fullorðna, þegar orðna sjálfráða sem ekki, rétt eins og önnur sem hér hafa látið málið sig varða. Undir umsögn þeirra ritar formaður starfshópsins og hann segir ósköp einfaldlega — þar verð ég að viðurkenna, herra forseti, að ég tel raunar að formaður hv. allshn. hafi ekki sagt rétt um þegar hann sagði að enginn hefði lagt til annað um þetta atriði sem ég ræði. Formaður starfshóps um málefni geðsjúkra segir:

„Formaður hópsins styður þá ákvörðun að halda sjálfræðisaldur við 16 ár. Ef hann er hækkaður í 18 ár má líta svo á að stór hópur einstaklinga sé sviptur sjálfræði til þess að koma hlutfallslega litlum hópi til hjálpar", eins og rakið er í athugasemdum. Hann segir enn fremur: „Til viðbótar við þau rök sem þegar hafa fram komið má nefna að nýmæli í frv. sjálfu" — og er þá sérstaklega átt við takmarkaða lögræðissviptingu — „minnkar nauðsyn á því að hækka sjálfræðisaldur úr 16 í 18 ár."

Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að margt hafi orðið þess valdandi að margir þjóðfélagsaðilar, samtök foreldra, skóla og ýmissa uppalenda, þar á meðal frjálsra félagasamtaka sem starfa með börnum og ungmennum, hafa tekið afstöðu til þessara hugmynda og til þess hvort rétt sé að við hækkum sjálfræðisaldur og förum þar t.d. að ráði annarra grannþjóða okkar og að því sem kemur fram í alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna um vernd barna og ungmenna.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að við minnumst nokkurra ummæla sem fallið hafa, til að mynda hér fyrir fáeinum mínútum í þessum ræðustól, að sjálfræðissvipting sé mjög alvarleg aðgerð. Það voru orð hæstv. ráðherra í þessu máli.

Ég lít svo á að ákvörðun um að breyta hinum almennu skilyrðum um aldur fyrir sjálfræði sé jafnalvarleg ákvörðun. Mér finnst sérkennilegt að heyra hér sagt að þau rök sem fram hafa komið gegn hækkun sjálfræðisaldurs séu mjög veigalítil, eins og var sagt dálitlu fyrr í umræðunni. Þar var t.d. sagt að slík hækkun mundi hugsanlega auðvelda flutning fjölskyldna milli landa. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að það hefur hvergi komið fram í máli þeirra sem sent hafa hv. allshn. umsagnir sínar eða rætt við hana á fundum hennar, skoðanir eða álitaefni sem þessu tengjast. Þetta eru algerlega nýjar upplýsingar fyrir okkur og raunar kom ekkert fram sem sýnir fram á að þetta sé réttmæt ályktun.

Ég tel hins vegar veigameira, herra forseti, að við fjöllum ekki hér um réttindi þeirra sem eiga að starfa með ungmennum eða þurfa að fjalla um ungmenni sem hugsanlega komast í erfiðar aðstæður. Við fjöllum hér um réttindi ungmennanna sjálfra og þó að það hafi komið fram, sem rétt er, að einhver breyting hafi orðið á aldursviðmiðun í almennum kjarasamningum, þá hefur það ekki breyst að í almennum kjarasamningum eru líka sérstök ákvæði, eins og verið hafa um áratugi, um laun til ungmenna yngri en þetta. Því var ekki breytt í almennum kjarasamningum. Enn þá eru til sérstök ákvæði um kjör, launakjör, starfandi unglinga allt frá 14 og jafnvel 12 ára aldri. Ég verð því að viðurkenna að eitthvert nýmæli um að miða launakjör við 18 ár hygg ég að breyti engu um það hvort unglingar starfi yfirleitt eða ekki. Ég hygg það breyti engu um tekjumöguleika unglinga og ég hygg að það breyti engu um það sem hér er löng, ekki áratuga, heldur aldalöng, hefð fyrir því að ungt fólk leggur sitt eigið framlag til heimila, til þeirrar atvinnu sem stunduð er á hverjum stað, hvort sem það er á heimili eða utan þess, sjálfum sér til framfærslu og þroska. Í þessu samhengi verð ég að viðurkenna, herra forseti, að það hefur oft birst mér og verið sagt við mig, ekki aðeins af löndum mínum heldur öðrum, að það sé skemmtilegt og virðingarvert einkenni á Íslendingum að greinilega megi merkja að hér sé ungt og uppvaxandi fólk fyrr sjálfstætt, fyrr ábyrgt gerða sinna en með öðrum þjóðum, ekki vegna laga heldur vegna þess að það sýnir fyrr manndóm og þroska til þess að taka slíkar ákvarðanir um eigin mál. Skyldum við nú breyta því með lögum?

Þeirri spurningu, herra forseti, verð ég að svara með ályktun einni. Ég er þeirrar trúar að ef við hækkum þessi aldursmörk í lögum muni það smám saman, að vísu á lengri tíma en það tekur að afgreiða lög, leiða til þess að ungu fólki verður smám saman síður falin ábyrgð á eigin málum, síður falin ábyrgð á starfi heldur en verið hefur. Með þessum orðum meina ég að bæði heimili, foreldrar og aðrir uppalendur, jafnvel sjálfboðasamtök, ég tala ekki um aðilar á vinnumarkaði muni draga það um tvö ár eða svo frá því sem nú hefur gerst að fela unglingum ábyrgð og störf. Verkefni við hæfi verði látin bíða.

Ég hygg að það sé þekkt í uppeldi, herra forseti, að hverjum uppvaxandi manni, á hvaða aldri sem hann er, er brýn nauðsyn að fást við störf við hæfi og ögrandi störf sem kalla fram þroska af starfinu sjálfu.

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, enn og aftur að ég hef talið þetta einkenni á Íslendingum mjög okkur til virðingar og ég tel okkur ekki til virðingar að draga með þeim hætti sem er ráðgert í tillögum meiri hluta allshn. úr réttindum uppvaxandi ungmenna. Ég tel að við eigum áfram að sýna þeim traust til að fara með eigin ábyrgð, vera sjálfstæðir einstaklingar og hafa nokkurt frumkvæði um eigin mál. Ég tel að með því sé hlutur foreldra, skólamanna eða annarra sem koma að þroska þeirra eða uppeldi ekki gerður lakari. Ef til þarf að taka vegna þess að ungmenni lenda í erfiðleikum eða á glapstigum, þá verða með frv., þegar það verður að lögum, traustari leiðir en áður til að grípa inn í. Í því samhengi vil ég sérstaklega vísa til ábendingar í umsögn starfshóps um málefni geðsjúkra sem ég tel raunhæfari ábendingu en margar aðrar sem fram hafa komið.

Ég tel ekki skynsamlegt, herra forseti, að fara þá leið sem kemur fram í tillögum meiri hluta nefndarinnar vegna þeirra einstaklinga eða samtaka sem finnst erfitt að eiga við og annast ungmenni sem hafa sjálf réttindi. Mér finnst það gersamlega ófullnægjandi röksemd.

Vegna þessarar afstöðu minnar, herra forseti, skal ég taka það skýrt fram að tillagan sem um ræðir er a-liður 1. tölul. í breytingartillögum meiri hluta nefndarinnar en vegna efnis tillögunnar varðar það b-lið í 1. tölul. og einnig tillögurnar í töluliðum 7, 8 og 9. Ég mun greiða atkvæði gegn tillögunni sjálfri og að öðru leyti haga atkvæði mínu eftir því sem ég tel við eiga um tillögurnar sem tengjast henni.

Ég vænti þess, herra forseti, að þingmenn hugsi sig vandlega um áður en þeir fara þá leið að skerða réttindi uppvaxandi ungmenna, skerða tækifæri þeirra til að finna til sjálfsábyrgðar, hugsanlega skerðast þar á eftir tækifæri þeirra til þroskandi viðfangsefna, til þess að bæta stöðu einhverra sem þurfa að annast fáein ungmenni því sem betur fer og þrátt fyrir allt, erum við hér að tala um aðila sem annast fáein ungmenni sem hafa lent í erfiðleikum en eru um leið að reyna að bæta það með því að taka þennan rétt af öllum ungmennum á þessum aldri og láta öll ungmenni bíða eftir

þessum rétt í tvö ár vegna fáeinna. Ég tel það ekki rétta leið og þess vegna er ég mótfallinn þessari tillögu.

[15:10]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fá að koma að athugasemdum út af orðum hv. þm. Fyrst þar sem hann nefndi að ég hafi ofsagt í framsögu með nefndaráliti allshn. sem er misskilningur hjá hv. þm. vegna þess að þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Miklar umræður urðu í nefndinni um hækkun sjálfræðisaldurs en frv. gerir ráð fyrir að hann miðist áfram við 16 ár. Komu fram rök bæði með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs en mælt var með hækkun í nær öllum umsögnum sem nefndinni bárust."

Síðan minnist ég á annað mál sem er til umfjöllunar í nefndinni, sem er 49. mál þingsins, en þar leggja flm. til hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Allshn. bárust alls tíu umsagnir um það mál og mæltu níu umsagnaraðilar af tíu með breytingunni. Það var þetta mál sem var verið að ræða um í framsögunni.

Ég vil enn fremur upplýsa að fulltrúi dóms- og kirkjumrn. sem mætti í allshn. og tók þátt í störfum í nefndinni sem samdi frv., og þar lá mjög mikil vinna á bak við, benti einmitt á hugsanlega erfiðleika fjölskyldna sem mundu flytjst milli landa út af þessu misræmi sem er á aldrinum. Það var líka minnst á breytta kjarasamninga á vinnumarkaði og var upplýst að byrjunarlaun væru núna í fyrsta sinn miðuð við 18 ár, en það þarf hins vegar ekkert að breyta í sjálfu sér um þátttöku unglinga á vinnumarkaði.

Það er greinilegt að hv. þm. túlkar umsagnir með öðrum hætti en ég geri. Ég sagði líka áðan að það væru skiptar skoðanir um þetta mál og því rétt að þingið tæki afstöðu til þess. En ég er alla vega ekki í vafa um það eftir vinnu nefndarinnar í þessu máli að mér finnst málið liggja í augum uppi. Það er ákveðin þróun farin af stað í þessa átt og því tel ég rétt að styðja og leggja fram þessa tillögu.

[15:13]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að nefna að hafi ég misskilið eitthvað í ræðu hv. formanns allshn. bið ég forláts á því, en þannig skildi ég þau orð hennar sem um ræddi. Hins vegar verð ég að geta þess að ég tel mig hafa sæmilega stundað störfin í allshn. en þetta er í fyrsta sinn sem ég heyri þessa ábendingu um að það hafi valdið einhverjum erfiðleikum við flutning fjölskyldna á milli landa.

Ég heyrði hins vegar svar við spurningu þessa efnis til annarra aðila sem svöruðu því að þeir hefðu ekki orðið þess varir.

[15:13]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig koma inn í þessa umræðu og þær fullyrðingar ræðumanns að ekki hafi verið rætt um vandræði vegna misræmis á sjálfræðisaldri milli landa. Formaður nefndarinnar svaraði því kannski að hluta til áðan, en það var beinlínis rætt um að það væri ekki vitað t.d. hver réttarstaða íslenskra ungmenna frá 16–18 ára væri á Norðurlöndum sem dæmi. Það var sérstaklega rætt að þetta væri visst vandamál. Í framhaldi af því kom upp sú umræða að mikið væri um að fólk flyttist á milli landa og þá mætti búast við að þetta yrði vaxandi vandamál.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en þetta er svolítið sérkennilegt, finnst mér, af því að ég spurði hv. síðasta ræðumann að því í nefndinni hvað væri svona vont við að hækka sjálfræðisaldur og mér fannst hann ekki geta bent á það. Því í raun og veru er eina breytingin sú að barnið getur ekki flutt að heiman gegn vilja foreldra. Það er ekki mikið meira sem um er að ræða þannig að í praxís búa langflest börn heima hjá sér og ef þau vilja fara að heiman er eitthvað að nema foreldrarnir leyfi það. Mér finnst rökin ekki hafa komið nægilega skýrt hér fram og þessi rómantík um íslenska þjóðfélagið og sjálfstæðið er mjög sérkennilegt. Þetta er nákvæmlega sams konar umræða og kom hér upp í gær þar sem einhver benti á kynjamun í því sambandi, að konur vildu frekar að við viðurkenndum tilskipanir ESB um vinnu barna og unglinga en sumir karlmenn í félmn. vildu frekar halda í rómantísku hugmyndina um sjálfstæði íslenskra unglinga. Ég held að við verðum að horfast í augu við að þjóðfélagið er að breytast og það virðist hafa orðið allsherjarviðhorfsbreyting í þjóðfélaginu varðandi þetta atriði. Ég skil satt að segja ekki enn þá þessi rök þó ég hafi ítrekað leitað eftir þeim.

[15:16]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef áður nefnt það sem ég heyrði í starfi nefndarinnar um flutning fjölskyldna milli landa. En um hitt sem hv. þm. gerði að umtalsefni að ekki hefðu heyrst rök fyrir afstöðu minni, þá verð ég hreinlega að viðurkenna að mér sýnist að þegar fólk heyrir rök fyrir afstöðu sem það ekki vill fallast á, þá telji það að engin rök hafa komið fram. Mér er alveg ljóst að þau rök sem fyrir mig eru mikilvæg í þessu efni gilda litlu fyrir hv. þm. En þegar hún heldur því fram að hún hafi ekki heyrt rök, þá finnst mér gegna öðru.

Ég hef tínt til, herra forseti, þó nokkur atriði sem ég tel skipta máli og eru mér veigamikil. Það eru rök. Það kann vel að vera að einhver þeirra séu hlaðin tilfinningum eins og hefur vissulega komið fram í skoðunum fleiri hv. þm. sem eru mér ekki sammála. Ég hins vegar tel bæði skemmtilegt og, ég hef nefnt það, sérstaklega virðingarvert að við höfum til þessa, sem ég tel rétt að við gerum áfram, veitt ungmennum réttinn til sjálfræðis fyrr en í grannlöndum okkar. Ef hann veitir svona lítið eins og hv. þm. nefndi, hvers vegna þá að vera í þessu basli og deilum til að breyta því sem er svona lítils virði? Ég tel að það sé mikils virði fyrir uppvaxandi ungmenni og ég hef margsagt það. Og ég heyri það alveg ljóst að hv. þm. er mér gjörsamlega ósammála um það.

[15:18]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel ákaflega mikils virði að foreldrar geti kippt í taumana þegar á þarf að halda. Það hefur verið notað sem meginrök í þessu máli. Og ég tel að það eigi við um mun stærri hóp en unga fíkniefnaneytendur. Það er oft talað um það að Ísland sé að verða þannig að útlendingar flykkist hingað til þess að horfa á agalausa íslenska unglinga. Þetta er að verða þekkt fyrirbæri á heimsvísu. Ég tel að þessi breyting geti stuðlað að því að hegðun unglinga hér verði meira í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar.

En ef ég lít á bls. 2 þar sem talað er um rök gegn þessu, þá er t.d. nefnt þar að það hafi verið færð fram rök um að skólaskyldu barna ljúki við 16 ára aldur og ekki sé óeðlilegt að sjálfræði og skólaskylda fari saman. Ég get ekki séð hvernig þetta eru rök þar sem það tíðkast yfirleitt hvergi ... (Gripið fram í.) Nei, þetta er dæmi um röksemdafærsluna sem notuð er með þessum málstað og ég get ekki tekið undir

því að t.d. á Norðurlöndum er alls staðar skólaskylda til 16 ára aldurs þó svo sjálfræðisaldur sé við 18 ár. Ég er ekki að gera lítið úr röksemdunum. Ég bara get ekki skilið hverjar þær eru.

[15:19]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé rétt að geta þess aftur sem hefur verið nefnt hér og ég hef nefnt og kemur fram í umsögn Barnaheilla. Þar er talað um ráðleysi foreldra. Það er ekki talað um réttleysi þeirra, heldur ráðleysi og ef við lesum setningarnar, þá segir þar ósköp einfaldlega að foreldrar beiti ekki þeim aga sem sumir þeirra telji við eiga. Ekki vegna þess að þeir hafi ekki rétt til þess, vegna þess einfaldlega að þeir gera það ekki.

Ég hef aldrei nefnt það sem rök fyrir minni afstöðu sem hv. þm. nefndi, en ég skal nefna aftur meginástæðu mína. Hún kemur fram m.a. í greinargerð með frv., þ.e. að stór hópur einstaklinga verði sviptur réttindum vegna vandamála hjá tiltölulega fáum ungmennum á þessum aldri. Þetta hef ég nefnt aftur og aftur og fleiri eru mér sammála um það. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ef það er rangt að það sé lítill hluti ungmenna í vandamálum af þessu tagi, þá held ég að upplýsingar sem okkur hafa borist hafi verið rangar því að það er alveg ljóst að við fengum þær upplýsingar að það væri mjög lítill hópur ungmenna sem ætti við slík vandkvæði að stríða og þá foreldrar þeirra jafnframt. Við erum að tala um tillögu þess efnis að taka þennan rétt af öllum ungmennum vegna lítils hluta þeirra. Ég felli mig ekki við þá tillögu.

[15:21]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við erum að ræða hér í sjálfu sér mjög merkilegt mál og það er ljóst að það er að mestu leyti huglægt mat sem hv. þm. leggja á þetta atriði, þ.e. hvort við eigum að hækka sjálfræðisaldurinn úr 16 og upp í 18 ár. Hv. þm. sem hér talaði, Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn., flutti málefnalega ræðu um þetta atriði og rökstuddi sitt mál að mínu mati. En það sem ég hjó sérstaklega eftir í málflutningi hans og ég er alveg ósammála honum um, er þegar hann segir að með þessari breytingu séum við að ákveða það, og það jafngildi því að það eigi sér stað, sjálfræðissvipting þeirra ungmenna sem sjá fram á að fá ekki sjálfræði fyrr en 18 ára en hefðu ella fengið það 16 ára. Mér finnst þetta vera mjög stórt sagt og ég lít ekki svona á málið vegna þess að þessi ungmenni hafa ekki öðlast sjálfræði þó þau hafi átt von á því að öðlast það 16 ára.

Það er aðallega þetta atriði sem ég vildi nefna hér í andsvari vegna þess að mér finnst þetta vera mjög stórt mál ég ég sætti mig ekki við þetta mat hv. þm. Það hefur fyrst og fremst með það að gera í mínum huga að ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa farið í gegnum þetta mál í hv. allshn. að það sé rétt að börn hér á landi verði sjálfráða 18 ára eins og tíðkast hjá okkar nágrannaþjóðum og eins og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en ekki 16 ára eins og lög kveða á um nú.

[15:23]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Vissulega eru þetta mikilvæg og merkileg málefni sem hér liggur fyrir frv. um til laga. Hv. þm. Árni R. Árnason, 6. þm. Reykn., hefur ágætlega farið yfir þann fyrirvara sem ég ásamt honum hef gert við málið í allshn. og um það bæti ég ekki, svo prýðilega hefur hann haldið á því máli, þó að ég vilji reyndar koma að nokkrum atriðum til viðbótar eða til áréttingar því sem þegar hefur komið fram.

Hv. allshn. hefur annast þetta mál af stakri prýði og er ekkert upp á þá vinnu formanns og varaformanns og annarra þeirra sem í nefndinni starfa að klaga, þótt okkur greini á um hækkun sjálfræðisaldurs eða óbreyttan sjálfræðisaldur eins og hann hefur verið á Íslandi frá ómunatíð.

En almennt sagt tryggir þetta frv. til laga rétt og réttarstöðu þeirra sem eru ólögráða, bæði vegna ásku og hinna einnig sem hafa verið sviptir lögræði á fullorðinsárum. Kveðið er á um margt í frv. sem áður var túlkunaratriði. Nauðsynlegt er að skipa slíku inngripi í sjálfræði fólks með lögum. Slík afskipti og íhlutun mega helst ekki vera túlkunaratriði háð mati, að ekki sé talað um geðþótta. Um er að ræða aðgerðir, íhlutun um persónulega hagi, að taka ráðin af fólki og þarf því að tryggja réttarstöðu þeirra sem í hlut eiga alveg sérstaklega.

Svipting sjálfræðis er mjög alvarlegt mál. Frelsi einstaklingsins er helgur réttur. Þeir varnaglar sem inn eru settir í frv. eru einkum þeir að lögráða maður má ekki ráðskast með ólögráða eða sjálfræðissviptan einstakling, heldur taka nauðsynlegar ákvarðanir sem óviðkomandi er ófær um að taka sjálfur. Þannig hefur lögráða maðurinn ekki jafnóskoraða heimild til yfirráða og verið hefur hingað til, en kveðið er á um þetta í 58. gr. frv.

Þá er sleginn varnagli við því að samþykki yfirlögráðanda þarf einnig til þess að binda ólögráða einstakling við kaup og sölu fasteigna, en svokallaðir barnabílar, þar sem börn eru skráð fyrir bílum, eru því miður algengir í okkar samfélagi. Þannig er sett inn varnarákvæði gegn því að hægt sé að skrifa bíla og fasteignir á börn.

Hvað varðar svo spurninguna um það hvort sjálfræðisaldur eigi að vera óbreyttur við 16 ár eins og verið hefur eða hækka hann í 18 ár, þá er margs að gæta. Rökin fyrir hækkun eru samræming og verndun. En aðalatriði málsins er hvort markmiðið sem að er stefnt náist með hækkun sjálfræðisaldursins eða hvort aðrar leiðir séu hugsanlega vænlegri til árangurs. Samráð foreldra og barna er afar mikilvægt. Lög tryggja ekki samráð og góð samskipti barna og foreldra. Við stöndum vissulega frammi fyrir vandamálum gagnvart unglingum í dag. Unglingadrykkja í þeim mæli sem tíðkuð er hér á landi er nánast einsdæmi í veröldinni. Það er vissulega alveg rétt. En við hverja er að sakast? Börn eru söm við sig. Þau eru alls ekki verri en áður, fjarri, fjarri því. Ástæðuna fyrir því að margir þeir sem vinna með unglingum á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála leggja til hækkun sjálfræðisaldursins úr 16 í 18 ár vil ég skilja svo að hækkunin eigi að áminna foreldra og samfélag um að taka meiri ábyrgð á uppeldi barnanna en verið hefur, annast þau betur. Við þurfum sem sagt að snúa þess rétt. Ég vil ekki að sjálfræðisaldurinn sé hækkaður vegna þess að ég vil ekki svipta hálffullorðið fólk í örum þroska réttinum til að ráða eigin málum að hluta. Úrræðin eru mörg til í því skyni að hafa góða reglu og skikk á ungmennum.

Það virðist hins vegar vera svo að allt of mörg börn fái ótímabært frelsi til ákvarðana og athafna 13–14 ára gömul. Þau fá aukið sigrúm of snemma. Eðlilegt væri að þetta svigrúm kæmi svona 16–17 ára, einmitt á því bili þegar þau eiga lögum samkvæmt að vera að fá hluta af lögræðinu. En þegar horft er upp á 13–15 ára börn í annarlegu ástandi vegna áfengisdrykkju, get ég ekki annað sagt en að fullorðna fólkið hefur slakað á taumnum of snemma. Það kann að þykja

harður dómur. En hitt tel ég mig vita að börn vilja reglur þó þau biðji ekki beinlínis um þær.

Það kann að þykja harður dómur en það erum við, fullorðna fólkið, sem höfum undanfarin ár og áratugi verið of undanlátssöm og ekki gætt ábyrgðar okkar sem skyldi. Þess vegna er barnadrykkjan okkur að kenna. En nú ætlum við að taka okkur á. Við ætlum að gera bragarbót með því að taka sjálfræðið af 16–18 ára börnum ungmennum með lögum. Þetta er ekki rétt leið. Þetta er að stinga höfðinu í sandinn. Hækkun sjálfræðisaldursins nær ekki því markmiði sem að er stefnt. Sinni foreldrar ekki uppeldisskyldunni gagnvart börnum sínum til 16 ára aldurs, þá gerist það enn þá síður til 18 ára aldurs. Árangurinn verður líka enn þá síður nokkur.

Herra forseti. Samkvæmt upplýsingum fagaðila og meðferðaraðila er sjaldgæft að 16–18 ára ungmenni séu svipt sjálfræði. Þess hefur sem betur fer ekki gerst þörf. Af þessari ástæðu einnig skýtur skökku við að ætla nú að svipta þau öll á einu bretti sjálfræði með lögum, lögum sem eiga að taka gildi um næstu áramót.

Í máli sumra hv. ræðumanna í þessu máli hér hefur komið fram að allir eða flestir þeir umsagnaraðilar sem hingað hafa sent umsagnir, til hv. allshn. og í þingið, væru hlynntir hækkun. Það kann rétt að vera á margan hátt, en ástæðan er einnig samt sem áður sú að þetta fólk sér ekki aðra leið til að benda fullorðna fólkinu og löggjafanum á að eitthvað verður að breytast og meiri ábyrgð að vera tekin á ungu fólki.

Ég vil vitna í álit Lögmannafélag Íslands og undir það ritar framkvæmdastjóri Lögmannafélagsins, Marteinn Másson. Þetta berst vegna tveggja frv. um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18 ár. Það segir hér reyndar að stjórn félagsins hafi hvorki fjallað efnislega um frv. né umsögnina, en í þessari umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands, segir, með leyfi forseta:

„Hækkun á sjálfræðisaldri í 18 ár er að vissu leyti pólitískt mál. Grundvallarspurningin er hvort hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár þjóni tilgangi eða hvort beita beri öðrum aðferðum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt."

Síðar segir í sömu umsögn: „Segja má að viss rök geti mælt með því að samræmi sé í þessu efni milli innlendrar löggjafar og erlendrar [þ.e. um hækkun sjálfræðisaldurs] en hafa ber þó í huga að hér á landi hafa þróast aðrar venjur og hefðir um þátttöku unglinga í atvinnulífinu en annars staðar."

Síðar segir svo, með leyfi forseta enn: „Auk samræmingar hafa verið færðar fram sem röksemdir í fyrsta lagi breyttar þjóðfélagsaðstæður frá fyrri hluta aldarinnar sem leiða af sér meiri þörf á að framlengja forsjárskyldur foreldra til að auka réttaröryggi barna þeirra og í öðru lagi þörf til að hafa virkari úrræði eða heimildir gagnvart þeim unglingum eldri en 16 ára sem ánetjast hafa fíkniefnum og áfengi.

Á móti má halda því fram að vandræðaástand í miðbæ Reykjavíkur og víðar og óheilbrigt líferni hóps unglinga eigi ekki að leiða til skerðingar á réttindum og skyldum þorra þeirra sem eru á aldrinum 16–18 ára og sem breytingunum er beint gegn."

Ekki er þetta nú jákvæð umsögn með hækkun sjálfræðisaldursins. Og að síðustu þetta upp úr áliti Lögmannafélags Íslands, herra forseti:

„Með hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár færist réttur unglingsins til að ráða persónulegum högum sínum til foreldranna. Að sama skapi aukast skyldur foreldranna. Því má varpa fram til umhugsunar hvort þessi tilfærsla réttinda og valds, með þeim rökum sem sett hafa verið fram, eigi að leiða til víðtækari skoðunar á hinum ýmsu aldursmörkum er gilda um réttindi og skyldur barna og unglinga, svo sem saknæmisaldur, aldursmörk til að öðlast ökumannsréttindi o.s.frv."

Ég vil geta þess einnig að unglingar hér á landi koma fyrr sem ábyrgir þátttakendur inn í atvinnulífið og þjóðlífið en gerist í flestum þeim löndum þar sem ég þekki lítils háttar til. Það hefur verið rætt undanfarin missiri á vettvangi Evrópuráðsþingsins sem vaxandi vandamál hve seint ungt fólk kemst til áhrifa í þjóðfélögum samtímans, að ungt fólk sé nánast afskiptur þjóðfélagshópur þegar tekur til málefna samfélaganna. Störfin sem unga fólkið fái séu minni háttar og ábyrg þátttaka þeirra í stefnumótun sé lítil og komi seint. Ég vil ekki að við fetum okkur gagnrýnislítið inn á þessa braut. Við eigum að taka aðra stefnu, fara aðra leið, auka ábyrgð barna og foreldra t.d. með aukinni áherslu á samráð og samskipti, hafa málþing, heyra hvað unga fólkið 16–18 ára hefur um þetta að segja o.s.frv., nálgast þetta gagnvart því sjálfu og foreldrum þess en ekki með þessari lagasetningu sem hér mun því miður að öllum líkindum verða ofan á.

En það mun koma í ljós, herra forseti, að ein og sér er þetta haldlítil aðgerð. Þetta er kattarþvottur. Vandinn sjálfur verður jafnóleystur og fyrr í málefnum barna og ungmenna.

[15:37]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get vel tekið undir það með hv. þm. er hélt ræðu hér áðan að vissulega þurfi að huga betur að ýmsum vandamálum hjá börnum og unglingum og þetta mál eitt og sér leysir ekki allan vanda. En það er alveg ljóst að mörg rök sem koma inn í þetta mál og mig langaði aðeins til þess að nefna, vegna þess að hér var rætt um skoðun ungs fólks, að það kemur fram í umsögn frá Félagi framhaldsskólanema að þeir leggja til þessa hækkun. Þeir segja reyndar um 1. gr., og þá er ég að tala um frv. sem leggur til beint hækkunina á aldrinum, með leyfi virðulegs forseta:

„Eftir miklar umræður okkar á milli höfum við í félaginu ákveðið að taka undir tillögur þingmanna um hækkun sjálfræðisaldurs. Reglur um ýmis réttindi ungs fólks hafa verið gífurlega á reiki og allar reglur þar að lútandi í raun ófullnægjandi. Því mælum við þessari brtt."

En reyndar benda þeir á að þeir telja þó rétt að samræma fleiri aldursmörk, m.a. í sambandi við bílpróf, áfengisaldur og margt fleira.

Heimili og skóli hefur á síðustu þremur þingum sent umsögn út af þessu máli. Ég er með umsögn frá 1996 þar sem lögð er áhersla á mörg atriði, m.a. í skólamálum og þar segir, með leyfi forseta:

„Foreldrar hafa átt erfitt um vik að fá upplýsingar um ástundun og árangur nemenda í framhaldsskóla þrátt fyrir að þessir nemendur séu alfarið á framfæri foreldra sinna. Margur unglingurinn hefur flosnað upp úr skóla án þess að þeir sem næst honum standa hafi fengið tækifæri á ábyrgan hátt að koma að málum í samvinnu við skólann. Fyrir utan brotna sjálfsmynd unglinga veldur slíkt foreldrum og þjóðfélaginu í heild ómældu fjárhagslegu tjóni."

Heimili og skóli bendir líka á að þessi breyting mundi undirstrika ábyrgð foreldra á framfærslu unglings og tryggja honum dvöl í foreldrahúsum a.m.k. til 18 ára aldurs. Þetta er sem sé hagsmunamál m.a. vegna atvinnuleysis. Ég vildi, virðulegi forseti, benda á þessi atriði til þess að sýna að það

er svo margt sem kemur inn í umræðuna um þetta mál.

[15:40]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur komið fram í umsögnum flestra aðila að auðvitað eru skiptar skoðanir bæði meðal þeirra hópa sem senda inn umsagnir um málið og eins í þjóðfélaginu. Það kom fram t.d. í umsögn Félags framhaldsskólanema að meðal framhaldsskólanema væru mjög skiptar skoðanir. Ég vildi gjarnan heyra í fleirum þeirra heldur en eru í stjórninni og tjá sig í þeirra umsögn. Ég tel mjög vænlegt til árangurs að nálgast málið út frá sjónarmiðum 16–18 ára unglinga og jafnvel þeirra sem yngri eru. Þeim tíma í skólakerfinu væri ugglaust vel varið sem færi í að velta fyrir sér þeim reglum og þeirri ábyrgð sem hvorir tveggja um sig bera, börn og fullorðnir.

Hins vegar kom hér fram hjá hv. frsm. og formanni allshn., Sólveigu Pétursdóttur, að ætlunin væri að tryggja ábyrgð foreldra. Það er alveg hárrétt. Ég lít svo á að það sé nánast neyðarúrræði að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár, nánast neyðarúrræði í því að tryggja börnunum ábyrgð af hálfu foreldranna.

[15:41]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. að það má vel vera að foreldrar hafi dregið úr hömlum í uppeldi og að foreldrar gætu í raun og veru verið miklu ákveðnari í sinni afstöðu í uppeldi og sett ákveðnari reglur.

En um þetta atriði segja einmitt landssamtökin Heimili og skóli, með leyfi forseta:

„Breytingin [þ.e. hækkun úr 16 í 18 ár] styrkir foreldravaldið varðandi húsaga en hindrar ekki svigrúm einstaklinga með ábyrgan og heilbrigðan lífsstíl.“

[15:42]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fram hefur komið í umsögnum að það er afar sjaldgæft að svipta þurfi ungmenni 16–18 ára sjálfræði sínu. Það segir okkur að til þess hefur ekki þurft að koma og það segir í raun og veru það sem segja þarf um þetta. Satt að segja tel ég þessa niðurstöðu í hv. allshn. afar óheppilega fyrir samskipti barna og foreldra, barna og fullorðinna og ég hefði viljað sjá nálgunina með allt öðrum hætti.

[15:43]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem við fjöllum um mannréttindi hér í þessum sal, um mannréttindi á Íslandi. Við viljum fjalla um þau í Kína. Þar vitum við hvernig þau eiga að vera.

Hér hefur komið fram að allshn. hefur ákveðið að gera breytingar á frv., tillögu um brtt. á stjfrv. til lögræðislaga. Þetta frv. er um margt merkilegt. Það tekur á þeim vandamálum sem verið hafa þegar þarf að svipta einhvern sjálfræði eða lögræði. Eins og hæstv. dómsmrh. gat um þá er þar á ferðinni stórmál. Þar er á ferðinni mjög stórt mál, mjög stór ákvörðun. Börn, konur og gamalmenni hafa í gegnum aldirnar mátt þola minni mannréttindi en aðrir. Hinn sterki í leiknum hefur verið karlmaðurinn sem hefur skikkað aðra í umhverfi sínu til að standa eins og honum hefur líkað. Við höfum verið að reyna að breyta þessu samfélagi og við höfum vissulega fært konum mikil völd á seinni árum sem ég tel af hinu góða og í átt til mannréttinda. Við höfum einnig verið að styrkja stöðu gamalmenna. Allt eru þetta mannréttindi.

Einn er sá hópur aftur á móti sem við höfum viljað bera umhyggju fyrir en tvímælalaust hefur að sumu leyti mistekist, þ.e. sú forsjárhyggja sem við höfum viljað hafa hefur ekki skilað þeim árangri sem vert væri. Við höfðum fræðsluskyldu í þessu landi. Við tókum upp skólaskyldu. Það er mikill munur á þessu tvennu. Við sögðum að skólaskyldan ætti að vera til þess að börnin hefðu þau réttindi að þau ættu að vera í skóla, það væru til foreldrar sem vildu kannski ekki að þau færu í skóla og nú höfum við langa skólagöngu þar sem börn eru skikkuð til að vera í skóla hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Sum brjótast undan þessu oki og fara að heiman og flakka um höfuðborg Íslands, Reykjavíkurborg, og eiga hvergi höfði sínu að að halla. Það er staðan hér á þessu svæði.

Við horfum til útlanda og segjum: Fyrst þetta er svona á Norðurlöndunum þá á þetta að vera svona hérna líka. Það er nú svo. Við höfum haft þrek til þess Íslendingar að hafa sérstöðu í ýmsum málum. Við höfum engan her. Við höfum ekki skipað 18 ára unglingum, karlmönnum, að mæta til herskráningar til að gegna herþjónustu, til þess að þurfa að hlýða þeirri skipun að fara á vígvöllinn og falla þar eða verða skotnir sem liðhlaupar ella. Við höfum ekki haft þessa reglu. Er þetta ekki eitt af því sem er sérstaða þessarar þjóðar? Viljum við leggja þetta af? Viljum við breyta þessu? Viljum við fá kirkjugarða eins og eru í Evrópu þar sem tvítugir karlmenn liggja og merkt er á hvítum krossi nafnið og hvenær þeir féllu? Er það markmiðið til samræmingar á löggjöfinni að taka þetta upp? Nei. Ég hlusta ekki á svo fáránleg rök að af því að þetta sé á Norðurlöndunum þá eigi það að vera eins hérna. Það verða að vera merkilegri rök sem menn færa fram.

Og hvaða vandamál eru það í flutningi á milli landa? Er ekki svo að hver sá sem flytur til nýs menningarheims verður að taka að einhverju leyti tillit til þess svæðis sem hann flyst til? Er það nokkuð nýtt í sögunni? Er þetta ekki nokkuð sem verður að gerast?

Við tókum okkur til og breyttum einu atriði, Íslendingar, til að auðvelda mönnum að flytjast á milli landa og það var að við tókum upp hægri umferð af því að við töldum að það mundi auðvelda Íslendingum að aka bifreið erlendis.

Kosningarétturinn er eitt af því sem menn hafa verið að fá á liðnum árum sífellt yngri vegna þess að við höfum trú á því að í upplýsingasamfélagi samtímans, eftir langa skólagöngu barna og ungmenna, þá væri þessi hópur færari til þess nú en áður að taka fullgildan þátt í þjóðfélaginu. Eigum við að færa þau réttindi til baka? Er niðurstaðan sú, andleg og líkamleg afturför sem hér er boðuð að það sé nauðsyn, brýn nauðsyn, að svipta ákveðinn hóp þessum mannréttindum?

Það kom fram hjá síðasta ræðumanni, Hjálmari Jónssyni, hv. 2. þm. Norðurl. v., að það væri hrein undantekning ef ungmenni sem hlotið hefði sjálfræði hefði verið dæmt og svipt sjálfræði. Slíkt getur gerst, vissulega og það getur verið full þörf á að gera það. Það eru undantekningartilfelli. Það er eins með fullorðna. Fullorðnir menn hafa verið sviptir sjálfræði í þessu landi. Þeir hafa m.a. verið settir í steininn eða á geðsjúkrahús af illri nauðsyn.

Þeir sem halda því fram að ekki sé verið að svipta neinn réttindum með þessu mættu hugleiða, ef það væri tekin ákvörðun um að færa kosningarréttinn upp um tíu ár og sagt að þeir sem væru komnir á þennan aldur fengju að halda öll-

um sínum réttindum, það væri ekkert af þeim tekið, það væru bara þeir sem væru að fara inn á þetta nýja skeið sem kæmust ekki til þessara mannréttinda fyrr en eftir tíu ár, hvort menn mundu líta svo á að það væri ekki að svipta menn neinu? Mundu menn líta svo á að þetta væri eðlilegur hlutur og það væri engin svipting mannréttinda? Því miður þá skil ég ekki málflutning þess sem hefur ruglast svo í ríminu að hann áttar sig ekki á einföldum staðreyndum í þessum efnum.

Hér stendur í 2. gr., með leyfi forseta:

„Sjálfráða maður ræður einn öðru en fé sínu, nema lög mæli á annan veg."

Og lög mæla á annan veg. Lög mæla svo fyrir að sjálfráða maður ræður sínu sjálfsaflafé. Blaðburðarstrákurinn sem ber út blöð er fjárráða hvað það snertir að hann ræður yfir þessum peningum sem hann vann sér heiðarlega inn. Hann á þessa peninga og hann fær að ráðstafa þeim. Þannig liggur það alveg ljóst fyrir að þegar hér er sagt í þessum þingsal að þetta breyti engu nema að unglingarnir geti ekki flutt að heiman þá er vanþekkingin komin á slíkt stig að maður spyr: Hvað hefur komið fyrir fólk sem þannig talar, og er þó vel af guði gert? Hvað hefur komið fyrir það fólk sem snýr hlutunum gjörsamlega við? Mannréttindi eru þau að ráða sjálfum sér. Hverjir réðu ekki sjálfum sér til forna? Það voru þrælarnir. Þeir réðu ekki sjálfum sér. Þeir urðu að hlýða húsbónda sínum. Vissulega þarf að vernda börn og ungmenni, leyfa þeim að þroskast, leyfa þeim að ná þeim styrkleika þegar þau hefja flugið að þau valdi þeim verkefnum sem bíða þeirra. En hvaða dýr í dýraríkinu æfir ekki sín afkvæmi, æfir þau ekki áður en það veitir þeim fullt frelsi? Ég veit ekki um nokkurt dýr sem ekki æfir sitt afkvæmi einhvern veginn, styður það og æfir það, en þegar hæfni þess fer að fara fram úr foreldrinu þá fær það sitt frelsi. (Gripið fram í.)

Halda menn að einstæðar mæður ráði við 18 ára syni sína? Búast menn við því? Á að kalla þessar mæður fyrir og fara með þær niður á lögreglustöð vegna þess að strákurinn stóð í slagsmálum niðri í bæ? Er það það sem menn eru að biðja um? Þær eru ábyrgar, hundrað prósent ábyrgar, ef þetta er tekið upp. Þeirra uppeldi hefur brugðist, er sagt. Þær aga ekki strákinn til á aldrinum frá 16 eða 17 ára. En eru þær færar um það? Hafa þær afl á við gripinn ef þær skyldu nú ætla að hirta hann? Ég efa það stórlega.

Þá hljótum við að spyrja: Hvers vegna er verið að gera þetta? Jú, það virðist einhvern veginn þannig að stundum fara af stað tískusveiflur í samfélaginu sem segja: „Það er vandamál, það er vandamál, það er vandamál." Og sá sem var skipaður, fyrrv. aðstoðarmaður félmrh., til að vinna að barnaverndarmálum, hóf þennan söng. Hann hóf þennan söng að það yrði að svipta ungmenni sjálfræðisréttinum. En mér sýnist nú, þrátt fyrir þau vísu öfl sem þeim málum stjórna, að það sé samt svo að þó unglingar hafi ekki náð þessum aldri og séu ekki sjálfráða þá ráði þeir í sumum tilfellum harla lítið við þá.

En til eru ýmsar aðrar hliðar á þessu máli. Það er vissulega rétt að unglingur sem er sjálfráða getur flutt að heiman en í fæstum tilfellum gerir hann það. Í flestum tilfellum er það svo að hann hefur skjól hjá sínum foreldrum, hann vill gjarnan vera þar, þar hefur honum liðið vel. En sumum unglingum hefur ekki liðið vel. Það er alvaran stóra. Við vitum ekki allar ástæðurnar fyrir því að þeim hefur ekki liðið vel. Við vitum ekki alltaf hvers vegna þetta eða hitt brýst út hjá unglingum á ýmsa vegu. En þegar unglingum líður illa þá brýst það yfirleitt út í því að þeir gera eitthvað sem er vanhugsað. Eftir samræmdu prófin þyrptust unglingar í Reykjavík t.d. niður í bæ og stóðu fyrir skrílslátum vegna þess að þeim leið illa hvort sem okkur líkar það betur eða ver.

Ég held að hvað sem sagt er af frsm. um þessar hugmyndir þá sé vonlaust annað en að fara yfir þetta í rólegheitum og af festu. Sjálfráða maður ræður yfir líkama sínum. Hvað þýðir það? Hann ræður því m.a. hvaða vini hann velur sér. Hann ræður því líka hvaða maka hann velur sér.

Ég fyrirleit þeirra festaröl,
hann faðir minn drakk það af list.

var ort í orðastað þeirrar konu sem seinna meir átti eftir að verða örlagavaldur í lífi margra karlmanna og neitaði einum um hárlokk í bogastreng hans. Það voru kynni hennar af fyrstu ráðstöfun föðurins sem hafði gift hana nauðuga manni sem hún hafði lítinn áhuga á, gömlum manni. (**Gripið fram í:** Hún var 12 ára.) Hún var 12 ára gömul, það er rétt. Dóttir hennar giftist 13 ára ef ég man þetta rétt. Þannig voru Íslendingar til forna. Höskuldur virti lítt mannréttindi. Hann var í þeirri samtíð þegar menn tóku þræla og töldu það rétt. Vilja menn og vilja mæður þessa lands að þær ráði gjaforði dætra sinna og sona, ráði hverjir verða vinir þeirra? Vilja þær hafa réttinn til að senda þær til Englands ef þær skyldu nú álpast til að verða hrifnar af einhverjum sem þeim líst ekki á hér á landi? Er það þessi réttur sem verið er að biðja um? Er það rétturinn til að fá að loka þær inni ef þeim líst ekki á strákinn sem þær vilja fara með í bíó? Hvaða rétt er verið að biðja um? Hvar er þetta lafhrædda lið sem heldur þessu fram, að það þurfi að aga þessa unglinga? Er það svo rosalega hrætt við það að sjálfræði æskunnar sé það að menn vilja fá að ráða sér sjálfir? Ég veit að í Bandaríkjunum er sú regla að strákurinn verður að bjóða stelpunni út til að hún komist á ball. Það eru hreinar línur. Og stúlkan situr uppi með það í mörgum tilvikum að verða að sýna foreldrunum gripinn áður en haldið er af stað. Það verður gaman að sjá þessa rannsóknarnefnd sem tekur til starfa til að fylgjast með hlutunum og aga liðið til þegar búið er að koma skikk á málin. En væri nú ekki vitlegra að fara í tvítugt því það eru nú ekki allir sem binda sig á aldrinum 16–18 ára ef eftirlitið á að verða 100%?

Það eru líka aðrar hliðar á þessu máli. Nú gerist það stundum að konur á aldrinum 16–18 ára eignast börn. Hver á að ráða því hvort þær fara í fóstureyðingu eða ekki? Ræður sjálfráða stúlka því? Já, hún ræður því. En sú sem er ekki sjálfráða, ræður hún því? Ég held að það sé rétt að menn svari þessari siðferðisspurningu strax undanbragðalaust. Hún fór og lét ferma sig, hún fer til prestsins síns og spyr hann að því hvort hún sé skyldug að fara í fóstureyðingu eftir að foreldrarnir hafa lagt á ráðin með að knýja hana til þess. Hver ræður undir þeim kringumstæðum? Hitt málið: Hún fæðir sitt barn. Eiga foreldrarnir þá að hafa rétt til að taka barnið af henni og gefa það? Hún er ekki sjálfráða. Eiga þeir að hafa þann rétt? Þekkja menn ekki til sögunnar í þessu landi? Eða vilja menn ekki ræða málið á þeim grundvelli að það sé verið að tala um alvöruhluti en ekki einhvern skrípaleik, einhverja smámuni, þegar verið er að tala um þetta? Það er verið að tala um mannréttindi, mannréttindi í orðsins fyllstu merkingu.

Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að það er hægt að senda svona mál út til umsagnar í ýmsar áttir og fá: „Já, já, já". Það eru kallaðar jákvæðar umsagnir. Góðar umsagnir. „Af hverju skyldu sumir alltaf vera svona neikvæðir", er

sagt þegar umsagnirnar eru á hinn veginn. „Alveg er þetta voðalegt hvað þeir eru neikvæðir.“ Og oft er það nú svo að sá sem á að rannsaka málið situr í rannsóknarnefndinni miðri, þ.e. nefndinni sem á að rannsaka málið og meta hvort það sé vit í því. Flm. sem flutti málið er einnig maðurinn sem situr í nefndinni og á að meta hvort það sé vit í því. Þegar þannig var statt í þessu þingi að við höfðum tvær deildir, efri deild og neðri deild — í virðingarskyni við fyrrv. forseta sameinaðs þings þá hef ég þessa röð á málum þó að neðri deildin hafi að sjálfsögðu verið fjölmennari og hafi alltaf verið „hin efri deild“ — var nefnilega séð við þessum leka. Þegar deildin þar sem flm. sat var búin að taka málið fyrir þá fór málið til hinnar deildarinnar og þar sátu þeir einir sem gátu ekki hafa verið flm. að málinu. Þeir voru því óbundnir til að fjalla um málið. Það er þessi stóri munur á því hvort hér er starfað í einni deild eða tveimur. Og að mínu viti er það söguleg staðreynd að síurnar voru teknar úr þinginu þegar hætt var að hafa tvær deildir.

Það er verið að tala um að menn séu vanhæfir á ýmsa vegu, vanhæfir til að fjalla um þetta og hitt, vanhæfir til að meta hlutina. Ef þeir eru vanhæfir til að dæma í eigin málum þá er margt sem mælir með því að þeir séu vanhæfir til að vera umsagnaraðilar um eigin mál sem þeir hafa flutt til nefnda. Það væri álíka út í hött að mínu viti og ef skáld færi að skrifa ritdóm um eigin bók. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hann gæti gert það myndarlega og mundi vanda sig ef hann tæki að sér að skrifa ritdóm um eigin bók. En sá sem flytur tillögu, lagatillögu, lætur vísa henni til nefndar og kemur svo með nál. frá viðkomandi nefnd þar sem hann hefur skrifað undir ágæti eigin tillögu, er í sjálfu sér ekki að gera neitt annað en að flytja ritdóm um eigin bók, um eigið verk. Þess vegna gef ég lítið fyrir það þegar búið er að hamast á þennan hátt í einhverri nefnd.

Ég gæti talað hér langt mál. Það er nú einu sinni svo að mér finnst ekki mikið vandaverk að standa og gagnrýna það sem ég er sannfærður um að er til verri vegar. Hins vegar er það svo af virðingu fyrir þinginu þá tel ég ekki rétt á nokkurn hátt að reyna að halda hér uppi málþófi eða neinu slíku. En ég vil spyrja að öðru: Hvernig stendur á því að hér er skipulega tekið fyrir heilt frv. sem fjallar fyrst og fremst um það hvernig eigi að svipta menn þessum réttindum, þegar það er talið nauðsynlegt, ef þessi réttindi eru svo lítils virði eins og hér hefur verið fleygt fram, að þetta sé fyrst og fremst það að nú geti börn ekki flutt að heiman eða nú sé hægt að koma aga yfir unglingana? Hvers vegna er þá verið að vinna jafnmikið frv. og hérna er? Það er allt sem bendir til þess að hér hafi menn í mikilli fljótfærni neitað að taka tillit til staðreynda. Og staðreyndirnar eru þessar:

Það hefur gefist vel í þessu landi að hafa mun á því að verða sjálfráða og lögráða þannig að þarna kæmi tímabil þegar unglingar færu annars vegar með fjárræði þeirra fjármuna sem þeir ynnu sér inn og hins vegar þegar kæmi að því að þeir mættu ráðstafa meiri fjármunum ef þeim hefði áskotnast eitthvað af arfi eða þeir hefðu eignast eitthvað öðruvísi, með gjöfum eða slíku. Og það er viðurkennt af öllum að á seinustu árum hefur þroski og atgervi unglinga verið á þann veg að þroskinn hefur verið að aukast og atgervið hefur verið að vaxa. Frá erfiðleikatímabilum þessarar þjóðar hefur þjóðin nú verið að rétta úr kútnum. Ungmennin hafa orðið hærri og vörpulegri en þau voru áður. Aukinn reynsluheimur í gegnum kvikmyndir hefur fært þeim meiri þroska og í gegnum bókmenntir einnig og meiri skólagöngu. Ef þessu væri ekki á þann veg farið þá værum við að sóa fjármunum í stórkostlegum stíl með þeirri menntastefnu sem er í landinu. Ég trúi ekki að svo sé. Þess vegna segi ég: Mannréttindi eru nokkuð sem ég ber mikla virðingu fyrir. Ég mun ekki treysta mér til að leggja til eða standa að því að greiða atkvæði með því að mannréttindi þróist í öfuga átt í þessu landi.

[16:09]

Kristján Pálsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Minn gamli oddviti, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, flutti mjög áhrifamikla ræðu og fór vítt og breitt um söguna eins og hans er von og vísa. Hann hafði að sjálfsögðu rétt fyrir sér í mörgu af því sem hann sagði í þessu máli. Það verður samt að segjast eins og er að tímarnir hafa breyst meira en hann vill vera láta. Það sem hefur gerst á síðustu klukkustundum er m.a. það að afgreitt var til 3. umr. frv. um hollustuhætti og öryggismál á vinnustöðum þar sem í rauninni er samkvæmt EES-samþykktum verið að skerða rétt ungmenna undir 18 ára aldri til að ganga inn í venjulega samninga verkalýðsfélaga við vinnuveitendur. Það er verið að skerða rétt ungmenna til að fara á sjó og gangast undir samninga sjómannafélaga þannig að það er margt sem Alþingi hefur gert á undanförnum klukkutímum og er að verða að lögum sem er akkúrat í andstöðu við það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að segja, að þingið sjálft er ekki bara að fá álit annarra aðila úti í bæ, jákvæðra aðila, eins og hann sagði sem leggja til þessar breytingar heldur hefur mér sýnst að þingheimur allur hafi þær hugmyndir uppi að gera það einnig.

Við skulum ekki gleyma því að þó svo við höfum alist upp við það frá blautu barnsbeini, flestir þeir sem hér eru inni, að vinna frá fermingaraldri, þá hefur margt breyst frá þeim tíma. M.a. hefur skólaganga lengst, börn eru lengur heima og eru meira á framfæri foreldra sinna en við þekktum þegar við ólumst upp. Ég held líka að við viljum ala börnin okkar aðeins öðruvísi upp en gert var hér áður þó ég sé ekki að segja neitt um það uppeldi annað en gott eitt. Þannig var tíðarandinn en breytingar hafa orðið gríðarlegar og það veit hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson.

[16:11]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykn., Kristjáni Pálssyni, fyrir málefnalegt andsvar. Ég hef verið lítill stuðningsmaður EES og ég hef ekki heldur verið stuðningsmaður þess sem menn hafa viljað í vaxandi mæli standa að að skilgreina unglinga sem börn eftir 16 ára aldur. Það er kannski hluti af minni sérvisku, en það verður svo að vera, ég held að hún breytist ekki.

Varðandi uppeldið þá er það nú svo að Einstein var spurður að því forðum hvert væri aðalatriðið í uppeldi. Hann sagði að það væri fordæmið. Og hvert er þá annað aðalatriðið, spurðu þeir. Það er fordæmið. Og í þriðja lagi. Það er fordæmið. Vilji íslenska þjóðin og hinir fullorðnu ala vel upp sín ungmenni, þá ber þeim að sýna það fordæmi að það sé eftirbreytnivert.

Umræðu frestað.

[16:13]

Útbýting þingskjala:

Ríkisendurskoðun, 262. mál, nál. sérn., þskj. 1236; brtt. sérn., þskj. 1237.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, 608. mál, stjtill. (utanrrh.), þskj. 1157.

Umboðsmaður Alþingis, 244. mál, nál. allshn., þskj. 1240; brtt. allshn., þskj. 1241.

Staða þjóðkirkjunnar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 301. mál. — Þskj. 1205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (BH, GÁ, HG, KH, MF, RA, SJóh, StG, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, PP, SighB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [16:18]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilsvert að þeim deilum sem staðið hafa innan kirkjunnar fari að linna. Ábyrgð þeirra er þeim hafa valdið er vissulega mikil. Því miður eru þær brtt. sem hér eru lagðar til að gerðar verði á frv. um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar ekki líklegar til að slökkva þá elda er brunnið hafa í kirkju- og safnaðarstarfi. Alþingi á ekki á þessari stundu að grípa inn í á þann hátt sem hér er gert með breytingu þvert á það sem mikill meiri hluti kirkjuþings hafði samþykkt. Umræður um meginefni þessa frv. hafa farið fram hjá þingi og þjóð og um málið er ekki nægjanleg sátt.

Þar sem ekki náðist samkomulag um tillögur mikils meiri hluta kirkjuþings tel ég rétt að fresta afgreiðslu málsins á þessu þingi. Þannig og með tilliti til þeirra breytinga sem nú eru að verða innan kirkjunnar fái kirkjuþing að fjalla að nýju um málið og reyna til þrautar að ná um það sem víðtækastri sátt.

Virðulegi forseti. Ég sit hjá við atkvæðagreiðsluna.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1243).

Biskupskosning, frh. 3. umr.

Stjfrv., 302. mál (kosningarréttur við biskupskjör). — Þskj. 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

17 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁRJ, DO, FI, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, JónK, KH, PP, RA, SighB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1245).

Skipan prestakalla, frh. 3. umr.

Stjfrv., 241. mál (starfsþjálfun guðfræðikandídata). — Þskj. 370.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. samþ. með 33:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁRJ, GGuðbj, JóhS, KÁ, RG, SvanJ, ÖJ.

10 þm. (ÁE, BH, GE, HG, KHG, LB, MF, RA, SJóh, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, KH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1246).

Skipan prestakalla og prófastsdæma, frh. 2. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (ÁRJ, BH, HG, KHG, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, KH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala, frh. 3. umr.

Stjfrv., 28. mál (heildarlög). — Þskj. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1247).

Umferðarlög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 487. mál (ölvunarakstur, vátryggingarfjárhæðir o.fl.). — Þskj. 1208.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:23]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1275).

Landmælingar og kortagerð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 159. mál (heildarlög). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1274).

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 364. mál. — Þskj. 1211.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:24]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EKG, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1248).

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 528. mál (skatthlutfall, barnabætur o.fl.). — Þskj. 1213.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:26]

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, EKG, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:25]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum um þetta mál erum við ósátt við málið eins og það liggur fyrir. Við teljum að þetta sé í raun og veru ekki sá hluti kjarasamninga sem menn hafa talið, heldur er hér um að ræða sjálfstæða pólitíska ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Við erum ósátt við barnabótaþátt málsins. Við teljum að hér sé verið að lækka skatta að hluta til á því fólki sem síst skyldi. Hér er ekki sú uppstokkun á skattkerfinu sem hefði þurft að eiga sér stað. Hér er ekki tekið á jaðarskattavandanum í skattkerfinu og ég minni á það í tengslum við þetta mál, herra forseti, að enn er það órætt hvernig á að koma til móts við kjör aldraða og öryrkja í framhaldi af kjarasamningunum. Það er mál sem hæstv. heilbrrh. verður að upplýsa þingið um fyrir vorið áður en það fer heim.

Ég greiði ekki atkvæði um þetta frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1249).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Frv. EKG o.fl., 341. mál (veiðiskylda). — Þskj. 613.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, **RA**, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, **VS**, VE, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1250).

Meðferð sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 476. mál (innflutningur, landamærastöðvar). — Þskj. 1214.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:27]

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1251).

Virðisaukaskattur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 437. mál (afmörkun skattskyldu o.fl.). — Þskj. 1215.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

16 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, HG, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1252).

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:28]

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GE, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, BBj, BH, EgJ, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (ÁRJ, GGuðbj, KÁ, LB, RA, SJóh) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ArnbS, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Stuðningur við konur í Afganistan, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 69. mál. — Þskj. 69, nál. 1217.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Till. í nál. 1217 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 47 shlj. atkv.

Bann við framleiðslu á jarðsprengjum, frh. síðari umr.

Þáltill. GMS, 267. mál. — Þskj. 519, nál. 1219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]

Till. í nál. 1219 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv.

Stofnskrá Vestnorræna þingmannaráðsins, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 481. mál. — Þskj. 810, nál. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:31]
Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
16 þm. (ArnbS, ÁJ, DO, FI, FrS, GÁS, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1253).

Kynslóðareikningar, frh. síðari umr.

Þáltill. SJS og ÖJ, 299. mál. — Þskj. 555, nál. 1185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1254).

Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 300. mál. — Þskj. 556, nál. 1188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]
Brtt. í nál. 1188 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1255).

Verðbólgureikningsskil, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁE og VE, 314. mál. — Þskj. 575, nál. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]
Brtt. í nál. 1186 samþ. með 49 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, PP, SighB, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1256).

Erlendar skuldir þjóðarinnar, frh. síðari umr.

Þáltill. PHB, 431. mál. — Þskj. 735, nál. 1187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
12 þm. (ArnbS, ÁJ, FI, FrS, GÁS, HjÁ, ÍGP, JBH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1257).

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 816, nál. 1180, brtt. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1181,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
3.–4. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1181,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.
6.–11. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1181,3 samþ. með 52 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 1181,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1181,5 (ný 14. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1181,6 samþ. með 50 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, FI, FrS, GÁS, HjÁ, JBH, ÓÖH, PP, RA, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1181,7 samþ. með 50 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv.
18.–20. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1181,8 samþ. með 51 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.
22.–24. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 1181,9 samþ. með 49 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
26. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Vörugjald af olíu, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:48]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frh. 2. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 866, nál. 1156.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:49]
Brtt. í nál. 1156 samþ. með 49 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. GÁS o.fl., 116. mál (atkvæðagreiðsla erlendis). — Þskj. 127, nál. 1146.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:50]
Till. í nál. 1146 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 50 shlj. atkv.

Áætlun um afnám ofbeldis gagnvart konum, frh. síðari umr.

Þáltill. KH o.fl., 403. mál. — Þskj. 700, nál. 1147.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]
Till. í nál. 1147 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 48 shlj. atkv.

Olíuleit við Ísland, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 104. mál. — Þskj. 109, nál. 1166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:52]
Brtt. í nál. 1166 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, FI, FrS, GÁS, JóhS, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1260).

Efling iðnaðar sem nýtir ál við framleiðslu sína, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁRÁ o.fl., 447. mál. — Þskj. 759, nál. 1165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:53]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

13 þm. (ArnbS, ÁJ, BH, FI, FrS, GÁS, JóhS, JBH, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1261).

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 842, nál. 1152, brtt. 1153.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:54]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 1153,1 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1153,2 samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

3.–7. gr. (verða 4.–8. gr.) samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv.

Lögræðislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 707, nál. 1171, brtt. 1172.

[16:57]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég tek undir margt það sem fram hefur komið gegn hækkun sjálfræðisaldurs hjá þeim hv. þm. sem talað hafa á undan mér, en þó sérstaklega undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði um hækkun sjálfræðisaldurs og áhrif hans á sjálfstæði fólks.

Við erum hér að ræða um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 ára í 18 ára. Við erum sem sagt að tala um að breyta einhverju sem verið hefur og til þess þurfa að liggja rök. Þau rök sem ég hef heyrt eru þau að það sé einhver þróun erlendis og samræming við erlendar reglur.

Nú er það svo að löggjöf og þróun haldast í hendur þannig að með lögum má koma af stað ákveðinni þróun og þvinga hana fram og þróunin getur einnig kallað á lagasetningu. Ég sé ekki það í þróun hérlendis sem kallar á að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár.

Annað sem fært hefur verið fram sem rök er að til séu vandræðaunglingar og fólk sem erfitt er að koma böndum á nema það sé svipt sjálfræði. Og menn ætla að fórna réttindum 8.000 einstaklinga til þess að koma böndum á 30–100 manns sem meðferðaraðilar eiga í erfiðleikum með. Á þessu er mjög einföld lausn. Hún er sú að búa til einfalda leið fyrir foreldra og barnaverndaryfirvöld til þess að fresta sjálfræði til 18 ára aldurs ef á þarf að halda. Þannig yrði leystur vandi þessara örfáu unglinga en ekki verið að fresta sjálfræðisaldri allra hinna unglinganna sem hegða sér skikkanlega.

Maður hlýtur að spyrja sig: Hvers vegna 18 ár? Með nákvæmlega sömu rökum má fara upp í 20 ár. Til eru líka einstaklingar sem meðferðaraðilar eiga í vandræðum með sem eru að verða 20 ára. Og hvers vegna þá ekki 30 ár? Það er fullt af einstaklingum sem eru í áfengisneyslu og vímuefnaneyslu allt upp í 30 ár eða 40 ár eða 50 ár. Hvar setjum við mörkin?

Herra forseti. Það eina sem ég get séð sem rök fyrir því að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár er samræming, þ.e. ef menn hefðu það sem stefnu að taka upp 18 ára aldur við bílpróf, áfengisneysluheimild og giftingaraldur. Þá væri ég við kannski til í að samræma þetta og hækka þetta þannig að blessaðir unglingarnir þyrftu ekki að læra á fjöldann allan af mismunandi „öldrum", þ.e. hvenær þeir mega þetta og hvenær þeir mega hitt. Það er það eina sem ég get séð sem rök.

Herra forseti. Einkenni íslenskra ungmenna þegar maður ber þau saman við erlend ungmenni eru að íslensk ungmenni eru frjálsleg, þau eru sjálfstæð, þau eru dugleg og þau eru ábyrg í miklu meira mæli heldur en maður tekur eftir hjá erlendum ungmennum. Og hvers vegna skyldi það vera? Skyldi það ekki vera vegna þess að við höfum aldagamla hefð, sögulega hefð fyrir því að menn verða sjálfráðir miklu yngri en erlendis? Það fer nefnilega saman sjálfsákvörðun og ábyrgð, það fer saman nákvæmlega eins og forsjá og ábyrgðarleysi fer saman. Ef haldið er í tauminn á einhverjum mjög fast, þá hlýðir hann að sjálfsögðu og hefur ekkert frumkvæði og ber enga ábyrgð. Þetta er það sem er verið að gera við ungmennin með því að hækka sjálfræðisaldurinn.

Ég get vel skilið að sumt félagshyggjufólk dreymi um að skipuleggja líf einstaklinga frá vöggu til grafar og jafnvel heilu þjóðfélögin eins og Sovét er dæmi um. En þessir draumar hafa hrunið. Það hefur sýnt sig að það borgar sig ekki að skipuleggja líf þjóðfélaga eða einstaklinga frá vöggu til grafar. Ég get vel skilið að félagshyggjufólk vilji hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár minnst, en ég fellst ekki á þau rök.

Með þessari tillögu er verið að svipta 8.000 Íslendinga sjálfræði sínu. Það er verið að svipta þá því. Þau rök að þeir hafi aldrei haft sjálfræði og þar með sé ekki verið að svipta þá sjálfræði eru furðuleg. Með nákvæmlega sömu rökum mætti svipta alla Íslendinga kosningarrétti hægt og bítandi og jafnvel alveg til sjötugs. Þeir hafa aldrei haft kosningarrétt. Hægt og bítandi. Þetta eru náttúrlega ekki nokkur einustu rök í málinu. Það er verið að svipta þennan hóp fólks sjálfræði sínu. Þeir sem eru fæddir 1. janúar 1982 eða seinna munu ekki fá sjálfræði eins og er í núgildandi lögum. Það er verið að svipta þetta fólk sjálfræði. Það er verið að gera það að börnum og ég er á móti því.

Þetta er alvarlegt mál eins og flestallir þingmenn, bæði þeir sem eru á móti og með, hafa bent á. Það er alvarlegur hlutur að svipta menn sjálfræði. Sumir hv. þm. eru að leggja til að svipta 8.000 manns sjálfræði. Það er alvarlegur hlutur og ég get ekki fallist á það. Ég er mótfallinn þessari hækkun sjálfræðisaldurs.

[17:03]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði að að sjálfsögðu eru skiptar skoðanir um þetta mál hér á hinu háa Alþingi eins og er tekið mjög skýrt fram í nefndaráliti frá allshn. En ég vil andmæla því að það sé verið að svipta menn sjálfræði með þessari tillögu. Við teljum að svo sé ekki.

Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi um að fresta sjálfræðinu í ákveðnum tilvikum, þá var þetta mál rætt sérstaklega í nefndinni m.a. út af hans ábendingu og viðmælandi okkar, fulltrúi frá dómsmrn. sem var í þessari nefnd sem samdi frv. taldi að ekki væri hægt að koma slíku í framkvæmd.

[17:04]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi síðara atriðið, þá skil ég ekki af hverju það er ekki hægt. Að sjálfsögðu er hægt að setja í lög, mjög einfalt, að foreldrar og barnaverndarnefnd geti farið fram á að barn fái ekki sjálfræði við 16 ára aldur heldur verði því frestað til 17 eða jafnvel 18 ára aldurs. Ég skil ekki af hverju það er ekki hægt og ég hef ekki heyrt nein rök önnur en: „af því bara". Þetta er ekki sjálfræðissvipting. Maðurinn hafði aldrei sjálfræði. Með nákvæmlega sömu rökum og menn eru að tala um að hægt sé að svipta 8 þúsund manns sjálfræði, þá hlýtur að mega svipta þennan eina mann sjálfræði í eitt eða tvö ár þannig að ég sé ekki rökin. Það er ekkert verið að mismuna mönnum. Þarna er ákveðin beiðni um að hann fái bara ekki sjálfræðið og það sé ég ekki annað en sé bara góð lausn og það mundi auðvitað hvetja þá unglinga sem eru í hættu. Þá yrði sagt við þá: „Heyrðu vinurinn, ef þú hegðar þér ekki skikkanlega, þá færðu ekki sjálfræði fyrr en 18 ára." Og þeir mundu keppa að því að hegða sér vel og fá sjálfræðið við 16 ára aldur.

[17:05]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað hárrétt ábending hjá hv. þm. Pétri Blöndal að það eru einmitt margvísleg ákvæði í barnaverndarlögum sem væntanlega tækju á þessu vandamáli.

[17:06]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nokkuð athyglisverð ræða hjá hv. þm. Ég vil ítreka þau meginrök sem hafa komið fram við þessa umræðu, nefnilega þau að hérna hafa átt sér stað þjóðfélagsbreytingar sem varða allan aldurshópinn að 18 ára og það eru rök númer eitt. Númer tvö eru rökin með þennan litla hóp sem á í vandamálum. Fyrir flesta krakka sem eru heima hjá sér frá 16–18 ára, þá er aðgreiningin á sjálfræðisaldri og lögræðisaldri gjörsamlega merkingarlaus. En í sumum tilvikum er mjög mikilvægt að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár og ég tel að það geti haft áhrif á stefnumörkun í þjóðfélaginu fyrir hópinn í heild.

Í framhaldi af þessari ræðu og einnig vegna orða hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hérna áðan, þá langar mig að spyrja þingmanninn, af því að þetta er svo mikið mannréttindamál, hvort hann telji kannski rétt að veita börnum sjálfræði frá fæðingu. Hve lengi er eðlilegt að foreldrar beri ábyrgð? Hvenær eru börnin að vaxa upp og hvenær eru þau fullorðin og hvers vegna á að miða við 16 ára hér þegar aðrir miða við 18 ár?

[17:07]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Á aldrinum 14–17 ára verða miklar breytingar hjá einstaklingnum. Hann þroskast verulega mikið á þessum árum. Það er mikill vandi forráðamanna barna að gefa eftir línuna sem heldur þeim heima þannig að hún slitni ekki og laxinn stingi ekki af eins og oft og tíðum vill verða með mikilli sprengingu. Ég tel að við 16 ára aldur sé maðurinn tilbúinn til að prófa að fara að heiman.

Ég lít ekki þannig á að 17 ára júdókappi sé barn. Ég get ekki litið þannig á, því miður. Minn málskilningur segir að 17 ára júdókappi sem er kominn upp í 100 kg sé ekki barn. Hann er fullkomlega nægilega þroskaður sem og annað ungt fólk á sama aldri til þess að búa einn ef hann kýs svo. Þeim þjóðfélagsbreytingum sem nefndar eru er stýrt með lögum. Ef þessi lög verða sett, þá erum við að búa til þróun. Það eru lögin sem búa til þróunina oftast nær en ekki öfugt. Sú forræðishyggja sem kemur til okkar frá Evrópu er ekki til eftirbreytni, ekki að þessu leyti. Hv. þm. sagði að lögin væru merkingarlaus fyrir flest ungt fólk. Af hverju má þá ekki 16 ára viðmiðið gilda áfram fyrst þau eru merkingarlaus hvort sem er? Og ef um er að ræða einhvern lítinn hóp fólks sem þarf að hjálpa, þá er einmitt mjög gott að taka inn svona ákvæði sem ég benti á, að það mætti fresta sjálfræðisaldrinum allt að 18 ára.

[17:09]

Guðný Guðbjörnsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Íslenskir júdókappar sem eru 17 ára eru fullorðnir að mati hv. þm. En ef þeir búa annars staðar, í Ameríku, í Evrópu eða á Norðurlöndunum, þá teljast þeir börn og samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna teljast þeir börn.

Hvað er svona sérstakt við Íslendinga? Þetta kom líka fram í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Það mátti skilja sem svo að við værum eiginlega með önnur gen, að við séum einhvern veginn öðruvísi en allar aðrar þjóðir. Hérna væru börn orðin fullorðin 16 ára. Þau hafa reyndar haft sjálfræði 16 ára. Það er rétt. En hvernig eru íslensk börn að öðru leyti frábrugðin öðrum börnum í heiminum, hvort sem þau eru júdókappar eða eitthvað annað?

[17:10]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Við þessu er einfalt svar. Það er löggjöfin. Hún segir að maður sé sjálfráða 16 ára og þar með verður hann sjálfráða og ábyrgur sinna gerða. Þess vegna eru íslensk ungmenn frjálslegri, sjálfstæðari, duglegri og ábyrgari heldur en ungmenni flestra annarra þjóða vegna þess að þau eru gerð ábyrg með lagasetningum. En einmitt með því að taka ábyrgðina af einstaklingnum, með því að hafa vit fyrir honum, með því að hafa forræðishyggju í heiðri með löggjöf, þá breytir maður þessum 17 ára júdókappa í Japan eða Bandaríkjunum í barn þó að hann sé í raun fullorðinn maður og langt í frá í mínum huga að vera barn.

[17:12]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna þeirri niðurstöðu sem varð í allshn. að því er varðar frv. til lögræðislaga og ákvæði 1. gr. um að sjálfræðisaldurinn verði 18 ár. Fyrir þinginu hafa legið frumvörp þessa efnis á sl. tveimur árum og ég held að óhætt sé að segja að frá þeim tíma hefur þeim fjölgað sem hafa mælt með því að sjálfræðisaldurinn yrði hækkaður í 18 ár.

Ég tel að frv. sem við fjöllum um feli í sér ýmsar veigamiklar nýjungar, eins og formaður nefndarinnar hefur gert grein fyrir. Ég tel það mjög mikilvægt að settar séu mun ítarlegri reglur um nauðungarvistanir og tryggja betur réttarstöðu nauðungarvistaðra og meðferð lögræðismála fyrir dómstólunum. Einnig tel ég mikilvægt það ákvæði að settar verði reglur um rétt nauðungarvistað manns til þess að njóta stuðnings sérstaks ráðgjafa vegna sjúkrahúsdvalar og að dómari geti skipað sóknaraðila talsmann ef hann óskar

eftir því. Allt eru þetta merk nýmæli sem kannski hafa ekki fengið þá umfjöllun sem skyldi vegna þess að menn ræða aðallega um hækkun sjálfræðisaldursins sem er eðlilegt því að um hann hafa verið skiptar skoðanir. En ég tel að þeim muni fjölga hér á þingi sem munu greiða því atkvæði að hækka sjálfræðisaldurinn.

Þetta mál var í nokkurri óvissu þegar hæstv. dómsmrh. mælti fyrir því við 1. umr. því eins og hv. þm. vita var frv. lagt fram þannig að sjálfræðisaldurinn var óbreyttur en ljóst var að nefndin sem samdi frv. hafði ekki tekið afstöðu til málsins vegna þess að í grg. með frv. kemur fram að nefndin lagði frv. til hæstv. dómsmrh. með tveim tillögum, þ.e. annars vegar að hafa sjálfræðisaldurinn óbreyttan og hins vegar að hækka hann.

Við umræðuna í dag og við 1. umr. málsins og reyndar á síðasta þingi hefur verið farið ítarlega yfir rökin með og á móti hækkun sjálfræðisaldurs en fyrir allshn. lá líka frv. frá mér og hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur þess efnis að hækka sjálfræðisaldurinn sem var endurflutt frv. frá síðasta þingi.

Það er mjög athyglisvert í þeim umsögnum sem hafa komið fram um hækkun sjálfræðisaldurs að langflestir og mikill meiri hluti umsagnaraðila mælir með hækkuninni en enginn mælir beinlínis gegn henni og af því að því hefur svo iðulega verið haldið fram af þeim sem tala gegn hækkun sjálfræðisaldursins að þetta séu fyrst og fremst fagaðilar, sem vinni með vandamálaunglinga, sem mæli með hækkun á sjálfræðisaldrinum, þá er það alls ekki rétt. Kemur það bæði fram í rökunum af hverju eigi að hækka sjálfræðisaldurinn og eins hverjir það eru sem mæla með hækkun sjálfræðisaldursins. Í nál. er getið umsagnaraðila um 49. mál sem við hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir fluttum, en umsagnir um það mál, sem allar voru jákvæðar, veittu Barnaheill, Heimili og skóli og Félag framhaldsskólanema, sem hlýtur að vera mjög athyglisvert, Sýslumannafélag Íslands, félagsmálastjórar Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Reykjavíkurborgar, Barnaverndarstofa og Samband ísl. sveitarfélaga.

Þeir sem hafa komið í ræðustól í dag og hafa lagst gegn hækkun sjálfræðisaldursins hafa farið mikinn og tíundað að þeirra mati ókostina við hækkun á sjálfræðisaldrinum en þeir hafa látið það vera að fara yfir þá kosti sem hækkun á sjálfræðisaldrinum fylgir.

Ef draga á saman í stuttu máli helstu rökin fyrir þessari lagabreytingu, þá tekur breytingin mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum og þær eru í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og miða að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggja betur að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs og auðvelda meðferð á ungum fíkniefnaneytendum. Við getum spurt okkur hvað sé svona sérstakt við Ísland, eitt allra þjóða, sem réttlæti það að hafa sjálfræðisaldurinn 16 ár. Ég finn ekki nein rök fyrir því. Reyndar kemur fram í nál. allshn. að vandamál hafa skapast vegna löggjafar hjá nágrannalöndum okkar þar sem sjálfræðisaldurinn er 18 ára og kom fram í nefndinni að fjölskyldur sem flytjast til Norðurlanda geta lent í vandræðum vegna þessa misræmis.

Veigamestu rökin eða mikilvægustu rökin sem tefld eru fram hjá þeim sem mæla gegn þessu eða a.m.k. er talað mjög um að verið sé að svipta mjög stóran hóp ungmenna að takast á við sjálfsábyrgð. Ég tel þessi rök síður en svo veigamikil og ég tel að verið sé að tryggja og vernda öryggi allra barna til 18 ára aldurs og í raun sé verið að framlengja forsjárskyldu foreldra og undirstrika ábyrgð barnsins, foreldra og samfélagsins alls. Það er þversagnarkennt að foreldrar eru forsjárskyldir gagnvart börnum sínum til 16 ára aldurs en framfærsluskyldir til 18 ára aldurs, en þá verða þeir fjárráða og lögráða. Það eitt út af fyrir sig mælir með því að sjálfræðisaldur og framfærsluskylda foreldra fari saman og hefur ekkert með það að gera sem hér er haldið fram, að verið sé að svipta stóran hóp ungmenna sjálfræði vegna kannski lítils hóps unglinga sem er í vandamálum.

Það eru breyttar þjóðfélagsaðstæður og ég hef ekki heyrt neinn mótmæla því að lengri skólaganga hefur almennt þýtt að ungmenni verða að treysta á að foreldrar sjái fyrir þeim lengur. Aukið atvinnuleysi á undanförnum árum hefur gert það að verkum að atvinnuleysi meðal ungmenna hefur aukist. Ungmenni búa lengur í foreldrahúsum en áður var og þannig mætti áfram telja, en það er álitið að um 80–90% barna á aldrinum 16–18 ára búi í foreldrahúsum. Þessi ár, frá 16–18 ára, eru mikilvæg ár í þroska- og félagsmótun barna, en inntak forsjárskyldu er uppeldisskyldan og þess vegna er með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár verið að framlengja forsjárskyldu foreldra. Ég hef haldið því fram og tel að 16 ára sjálfræðisaldur gangi gegn lögum um vernd barna og ungmenna en markmið þeirra er að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar börnum þegar við á.

Vitnað hefur verið í barnasáttmálann sem segir að börn séu allt fólk í heiminum yngra en 18 ára. Samningurinn var fullgiltur af hálfu Íslands árið 1992, en allir þekkja að barnasáttmálinn er brjóstvörn mannréttinda barna og mælir fyrir um réttindi og vernd barna aðildarríkja. En hugsunin á bak við samninginn er sú að skapa varnarmúr umhverfis réttindi barna til 18 ára aldurs samtímis því að leggja ábyrgð á herðar foreldra og samfélagsins alls gagnvart ungviði þjóðanna.

Það er líka ástæða til að benda á að í lögum um umboðsmann barna sem eru nýleg er kveðið á um, að mig minnir, að með börnum er átt við einstaklinga að 18 ára aldri. Ég tel, herra forseti, að þegar öllu er haldið til haga í þessu efni, bæði kostum með og á móti, þá sé ótvírætt að kostirnir eru miklu meiri og fleiri en ókostirnar, sem ég sé ekki og tel ekki að vegi þungt í þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég fagna mjög meðferð allshn. á málinu og ég fagna því líka að mikil samstaða var í nefndinni um öll þau mörgu nýmæli sem kveðið er á um í frv. og fagna þeirri niðurstöðu sem varð að góður meiri hluti í nefndinni styður hækkun á sjálfræðisaldrinum í 18 ár. Það tel ég mikið fagnaðarefni.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að þetta mál hljóti þá niðurstöðu á hv. Alþingi að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður í 18 ár. Ég er sannfærð um að ekki líður langur tími þar til allir viðurkenna að þetta hafi verið eðlilegt og farsælt skref sem við erum að taka verði ákvæði þessa frv. þar að lútandi að lögum.

[17:23]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér er á ferðinni nokkuð viðamikið frv. sem legið hefur fyrir þinginu um hríð og verið til umfjöllunar í allshn. og er ekki að sjá á áliti nefndarinnar að mjög skiptar skoðanir séu um það, að öðru leyti en því að bent er á brtt. nefndarinnar, sem hún reyndar er sammála um, um að hækka svokallaðan sjálfræðisaldur úr 16 árum í 18 ár. Ég vil leggja orð í belg um það atriði málsins en ekki að öðru leyti um

frv., enda sýnist mér það vera óumdeilt að svo miklu leyti sem ætla má af umræðunni og nál.

Mér finnst þau rök mjög athyglisverð sem færð eru fyrir því að nauðsynlegt sé að seinka því að börn verði unglingar og beri ábyrgð á athöfnum sínum að einhverju marki. Þau rök sem helst eru færð fram í frv. og eru tekin upp í nál. eru þess eðlis að ástæða er til að staldra við röksemdafærslu af því tagi. Fyrst er nefnt að þjóðfélagsaðstæður hafi breyst og þá á þann veg að ungmenni búi nú í foreldrahúsum fram undir tvítugt og njóti stuðnings foreldra. Þetta kann allt að vera satt og rétt, en að draga þá ályktun af þeirri breytingu að unglingunum sé ekki lengur treystandi til þess að hafa sjálfræði, að svo miklu leyti sem það er skilgreint í núgildandi lögum, og seinka því um tvö ár er algerlega órökstutt. Ég fer fram á það við frsm. að hann útskýri hvað standi á bak við þá röksemdafærsla nefndarinnar sem er í fyrsta sæti fyrir breytingunni. — Af því að ég sé að frsm. nefndarinnar hefur ekki haft svo mikið við að leggja við eyru til að fylgjast með umræðunni, þá held ég verði bara að fara yfir það aftur fyrir nefndarformanninn.

Aðalatriðið fyrir því að nefndin leggur til þessa breytingu er sú staðreynd sem hér er dregin fram að þorri íslenskra ungmenna búi nú í foreldrahúsum fram undir tvítugt. Það er staðreynd sem dregin er fram. Ég efa ekki að hún sé rétt en ég spyr: Hvernig er það rökstutt að sú staðreynd leiðir til þeirrar niðurstöðu ... — Herra forseti. Ég á ákaflega erfitt með að leggja spurningu fyrir formann allshn. þegar formaðurinn er ýmist ekki í salnum eða á tali við aðra þingmenn undir minni ræðu.

(**Forseti** (ÓE)**:** Nú er formaðurinn í salnum og ekki á tali.)

Ég vænti þess að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að þingmenn beini athyglinni að ræðumanni eins og vera ber á þingfundi, sérstaklega sá hv. þm. sem er hér að bera fram og ber ábyrgð á brtt. og tillögum nefndar um mál.

(**Forseti** (ÓE)**:** Já. Forseti gerir það.)

Ég held að ég verði að fara yfir það í þriðja sinn fyrir hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur í þeirri von að það takist að koma spurningunni til hv. þm. þannig að ég geti átt þess von að hv. þm. muni svara. (Gripið fram í.) Hvernig rökstyður hv. þm. að sú staðreynd að börn og unglingar dvelja lengur í heimahúsum fram undir tvítugt, eins og sagt er, leiði til þess að þeim sé síður treystandi til að hafa sjálfræði í eigin málum en áður var? Hefur þeim farið eitthvað aftur við þetta? Að hvaða leyti hefur unglingunum farið aftur frá því sem áður var þannig að taka þurfi burtu þann rétt, sem þeir áður öðluðust við 16 ára aldur og færa hann til 18 ára aldurs? Ég fæ ekki skilið að þessi staðreynd sem nefnd er sem fyrsta atriði til rökstuðnings fyrir breytingunni færi fram nein rök fyrir ályktuninni, sem nefndin dregur, að unglingunum sé ekki treystandi í sínum málum lengur. Það er algerlega órökstutt. Það verður auðvitað að gera þá kröfu til þingnefndar þegar hún leggur það til að skerða réttindi þúsunda ungmenna, að fyrir því séu færð frambærileg rök. Það kann auðvitað að vera að löggjafinn telji ástæðu til og nauðsynlegt að skerða réttindi stórs hóps þjóðfélagsþegna en þá verða að vera fyrir því almenn og gild rök. Ég hef ekki heyrt neitt fært fram um það í umræðunni að í þessum aldurshópi hafi orðið sú breyting á atgervi eða hegðun unglinganna að taka verði þessi réttindi af þeim. Og þar sem nefndin leggur til þessa almennu breytingu, þá hljóta að vera einhver almenn vandamál uppi. Það er ekki hægt að færa einhver sértæk vandamál sem rök fyrir almennri réttindaskerðingu. Það verður að bera fram í málinu rök um almenn vandræði sem er verið að afstýra með tillögunni. Þetta er sú röksemd sem fyrst er nefnd af hálfu nefndarinnar og hún er, eins og ég hef sýnt fram á, algerlega órökstudd.

Í öðru lagi er nefnt að ungmenni hafi minnkandi atvinnumöguleika og skólaganga sé lengri og þetta tvennt leiði til þess að þau séu síður fær um að framfæra sig sjálf eða reka heimili. Við skulum aðeins líta á þetta. Þá spyr ég: Leiðir lengri skólaganga til þess að draga eigi úr þessum réttindum? Hvers vegna ber að hækka sjálfræðisaldur þótt unglingar séu lengur í skóla nú en áður? Er nefndin að gera því skóna að skólagangan hafi svona slæm áhrif á unglingana að þeim fari beinlínis aftur miðað við jafnaldra þeirra meðan þeir stunduðu skólagöngu skemur?

Minnkandi atvinnumöguleikar. Hvert er samhengið á milli minnkandi atvinnumöguleika og hækkandi sjálfræðisaldurs?

Ég heyrði einnig að sá ræðumaður sem var hér síðast, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, dró saman í máli sínu rökin fyrir sér og þingheimi og fyrsta atriðið sem þingmaðurinn nefndi var samræming við erlenda löggjöf. Það eru ekki beysin rök að það eitt að eitthvað sé öðruvísi einhvers staðar í útlöndum þýði að við þurfum að breyta. En þetta eru þau rök sem frsm. málsins annars vegar og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hafa sett í efsta sæti fyrir því að draga þurfi úr réttindum ungmenna. Það er það sem er verið að gera. Það er verið að taka stóran þjóðfélagshóp og draga úr réttindum hans. Það hljóta að vera viðbrögðin við einhverjum vanda sem uppi er og ég spyr: Hvert er vandamálið? Það hefur ekki verið upplýst í umræðunni hvert vandamálið er sem uppi er í hópi 16–18 ára unglinga á Íslandi í dag og enn síður að rök hafi verið færð fyrir því að það vandamál réttlæti þessa tillögu sem á algerlega eftir að færa rök fyrir. (**Samgrh.:** Það er nú ekki alveg rétt.) Hvað er það sem er ekki alveg rétt? (**Samgrh.:** Það er búið færa góð rök fyrir þessu máli.) Ég heyri að það liggur vel á hæstv. samgrh. í dag, enda var verið að dreifa hafnaáætlun áðan og áhyggjunum á borði hans hefur fækkað ögn.

Herra forseti. Mig langar að benda á eitt atriði sem ég hygg að hafi ekki verið nefnt í umræðunni en hefur fram til þessa verið ákvarðað með hliðsjón af þessum lögum. Það eru lögin um tekjuskatt og eignarskatt. Það sem í þeim stendur og lýtur að ungmennum hefur verið ákvarðað með hliðsjón af þessum lögum og ef við breytum því hér, þá er líklegt að það kalli á breytingu á hinum lögunum og ekki síður vegna þess rökstuðnings sem færður er fram í málinu. Þannig háttar til í lögum um tekjuskatt og eignarskatt að skattkort er gefið út við 16 ára aldur. Þá verða menn fullorðnir í skilningi skattalaga, fá skattkort og persónuafslátt, en fram að þeim tíma eru börnin skattlögð öðruvísi og hafa ekki persónuafslátt vegna þess að þau eru á framfæri foreldra sinna og því er meðferðin öðruvísi. Ef við færum sjálfræðisaldurinn upp í 18 ár og sérstaklega með hliðsjón af þeim rökum sem hér eru færð fram, þ.e. minnkandi atvinnumöguleikar, lengri skólaganga og þar af leiðandi geti unglingarnir síður séð fyrir sér en áður sem þýðir að röksemdafærslan er sú að foreldrarnir beri þyngri og meiri kostnað af framfærslu þeirra á þessum aldri en áður var. Til hvers leiðir þessi röksemdafærsla varðandi skattalög, þ.e. lögin um tekjuskatt og eignarskatt? Það er alveg borðleggjandi. Menn munu segja: Fyrst við breyttum þessu og sérstaklega með þessum rökum, þá verðum við

að breyta skattalögunum. Þá verðum við annaðhvort að hafa persónuafsláttinn millifæranlegan milli barna og foreldra eða það sem menn munu kannski fremur segja: Við verðum að fresta því að gefa út skattkort til 18 ára aldurs, enda rökin fyrir því þau að foreldrarnir þurfi á þeirri breytingu að halda til að styðja við þau útgjöld sem hafa þyngst frá því sem áður var. Lögin um tekjuskatt og eignarskatt hafa nefnilega tekið mið af þeirri staðreynd sem verið hefur til þessa í málinu. Og ef menn breyta svona, eins og hér er lagt til, þá mun það kalla á breytingar í skattalöggjöfinni, breytingar sem íþyngja ríkissjóði. Það geta ekki verið aðrar breytingar á döfinni. Ég spyr hv. allshn.: Er hún tilbúin til að mæla með því sem mun fylgja á eftir að þessu leyti eða ætlar allshn. að leggjast gegn því að skattalögin ívilni foreldrunum meir en nú er á móts við aukinn framfærslukostnað ungmenna? Það verður allshn. að taka undir ef hún á að vera samkvæm sjálfri sér út frá þeim rökum sem hér eru borin fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta atriði. Ég hef komið afstöðu minni á framfæri hvað þessa tillögu varðar og vænti þess að hinn önnum kafni formaður allshn. gefi sér tíma til að svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hana þó svo að ég hafi orðið að leggja spurningarnar fram þrisvar áður en þær voru meðteknar.

[17:39]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. velti fyrir sér rökum varðandi minnkandi atvinnumöguleika þeirra aldurshópa sem hér um ræðir. Ég vil leyfa mér að benda þingmanninum á að nú er Alþingi um það bil að lögfesta frv. um vinnutíma og vinnuvernd barna og unglinga og ég tel að sú lögfesting muni draga úr atvinnumöguleikum þeirra aldurshópa sem hér um ræðir.

[17:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil benda þingmanninum á að ég hef ekki fengið rök fyrir því að sú ábending að tekjumöguleikar ungmenna hafi minnkað eigi að leiða til þess að þau hafi ekki sjálfræði. Ég spyr þá þingmanninn sem greinilega hefur ekki áttað sig á þessu: Telur hann að atvinnulausir eigi ekki að hafa sjálfræði? Ef fólk getur ekki unnið fyrir sér á það ekki að hafa sjálfræði. Það er boðskapurinn með þeirri röksemdafærslu sem er í frv. og nál. nefndarinnar.

[17:40]

Magnús Stefánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í mínum orðum fólst einungis ábending varðandi það frv. sem ég nefndi. Ég vildi nota tækifærið og koma því á framfæri.

[17:40]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst miður að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson skuli vera með hálfgerða útúrsnúninga í þessu máli. Það er alveg ljóst að ef hann hefur kynnt sér grg. með frv. þá sér hann að það sem er tekið upp í nál. er tekið m.a. upp úr grg. á bls. 29 og þess vegna er kannski nánast tilviljun að þessi upprifjun á orðum skuli koma fram, sem hann nefnir alltaf sem mál númer eitt. En það er tekið undir þetta atriði vegna þess að bent er á að þjóðfélagsaðstæður hafa breyst. Áður fyrr fóru unglingar miklu fyrr út að vinna og þurftu fyrr að standa á eigin fótum. Það er líka tilfellið að atvinnuástand hefur breyst eins og svo ótal margt annað í okkar þjóðfélagi.

Það er að sjálfsögðu alveg út í hött að ályktа að okkar ungmennum hafi farið eitthvað aftur þannig að taka þurfi burt þennan rétt eða skerða á einhvern hátt og ég mótmæli því að þetta mál sé órökstutt. Ég hvet hv. þm. til að kynna sér gögnin í þessu máli. Allshn. er búin að fara í gegnum mikla vinnu með mjög mörgum umsögnum og nefndin er ekkert að finna upp þetta mál ein og sér. Það er búið að ræða þetta mál á vettvangi fjölmiðla, foreldrafunda í skólum og víða annars staðar í þjóðfélaginu undanfarin ár, m.a. samfara ýmsum vandamálum sem upp hafa komið. Það er því alveg ljóst að nefndin hefur full rök fyrir sinni tillögu.

[17:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi rök sem nefnd eru í nál. eru í frv. Ég hafði rekið augun í það og nál. tekur þau upp eins og þau eru þar fram borin. Ég bendi hins vegar hv. þm. á að sá sem lagði fram frv., hæstv. dómsmrh., lagði til að sjálfræðisaldurinn yrði 16 ár. Rökin sem eru í frv. og þau sömu sem eru í nál. sögðu honum að sjálfræðisaldurinn ætti að vera 16 ár. Það varð niðurstaða ráðherrans og ríkisstjórnarinnar. Það er nefndin sem breytir tillögunni út frá sömu forsendum. Þess vegna þarf hún að rökstyðja hvernig hún komst að því.

Það hefur ekki komið fram hjá formanni allshn. hvernig samhengið er á milli þess að börn búa lengur á heimili foreldra sinna leiði til þess að nauðsynlegt sé að taka af þeim sjálfræðið og veita þeim það ekki fyrr en 18 ára. Hvar er samhengið þar á milli? Hvar er samhengið á milli minnkandi atvinnumöguleika unglinga og þess að þeir eiga ekki að hafa sjálfræði 16 ára? Hvar er samhengið á milli lengri skólagöngu og þess að börn eiga ekki að fá sjálfræði 16 ára heldur 18 ára? Er von að ég spyrji: Er skólinn svona vondur?

Ég vil svo leggja fyrir hv. formann allshn. þá spurningu: Er hann þá tilbúinn að leggja það til að aldur til að taka bílpróf verði hækkaður úr 17 árum upp í 18 ár? Er það ekki ósamræmi að ósjálfráða fólk geti tekið bílpróf?

[17:44]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi mál voru að sjálfsögðu öll rædd í allshn., m.a. hvort þörf væri á að breyta lögum í tengslum við þetta mál. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, eins og kemur fram í nefndaráliti, að það þurfi að skoða ýmsar lagabreytingar, en það þurfi kannski ekki að gera einhverjar breytingar hér og nú.

Ég verð að segja varðandi bílpróf að mér finnst alveg koma til athugunar að hækka þann aldur. Allshn. fjallaði einmitt um breytingu á umferðarlögum nýlega þar sem þetta mál kom sérstaklega til umræðu og fól Umferðarráði og dómsmrh. að gera skoðanakönnun á viðhorfi fólks einmitt til þessa atriðis. Það er ekki þar með sagt að það þurfi að samræma í alla enda og kanta eins og hv. þm. er e.t.v. að ýja að. En varðandi það að málið sé lagt fram með þessari niðurstöðu sem stjfrv. þá vil ég benda á að nefndin sem samdi frv. samdi tvö frv. og þessi útgáfa var valin. Hins vegar lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir við 1. umr. um málið að hann teldi rétt að nefndin skoðaði sérstaklega þennan þátt málsins um sjálfræðisaldurinn og þetta er okkar niðurstaða.

[17:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú fyrst kastar nú tólfunum. Formaður allshn. upplýsir að það komi til greina vegna þessarar breytingar á hækkun sjálfræðisaldurs að hækka aldur til að taka bílpróf.

En nefndin getur ekki haft skoðun á málinu. Hún þarf að gera skoðanakönnun. Þingnefnd, alþingismenn sem eru valdir til að setja þjóðinni lög, treysta sér ekki til að hafa skoðun á því hvort ekki þurfi að samræma bílprófsaldur og sjálfræðisaldur. Nei. Nú gerum við skoðanakönnun, herra forseti. En það þurfti ekki að gera neina skoðanakönnun varðandi það að gera breytingu á tillögu ráðherrans og ríkisstjórnarinnar. Hvar var sú skoðanakönnun gerð? Hvar var hún gerð? Hún var gerð í allshn. Ég segi nú, herra forseti, að þetta var það veikasta sem fram hefur komið í þessu máli.

Síðan kom merkileg yfirlýsing hjá hv. formanni nefndarinnar, að það þyrfti ekki að vera að samræma á alla enda og kanta. Þar er ég fyllilega sammála þingmanninum. Þar með erum við bæði sammála því að þau rök sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir bar fram duga ekki, að það þyrfti að samræma við löggjöf í útlöndum. Samræmingin er því ekki rök í málinu. Menn eiga nefnilega, ég er sammála þingmanninum um það, að taka afstöðu um efni málsins út frá staðreyndum sem liggja fyrir og þeim rökum sem menn geta dregið af þeim staðreyndum. Það er þannig sem menn eiga að vinna, hvorki eftir einhverjum samræmingarkröfum við ótiltekin útlönd eða skoðanakönnun við enn ótilteknari hóp í þjóðfélaginu.

[17:48]

Útbýting þingskjala:

GATT-samningurinn, 457. mál, svar utanrrh., þskj. 1164.

Samningsveð, 234. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 1238; brtt. 2. minni hluta allshn., þskj. 1239.

[17:48]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Hér er fjallað um það hvort hækka eigi sjálfræðisaldur manna úr 16 árum í 18 ár. Mig langar að segja örfá orð í því samhengi.

Ég held og mér heyrist að afstaða þeirra sem mæla fyrir þessu máli sé byggð á umhyggju fyrir þessu unga fólki þó að ég sé ekki alveg sammála niðurstöðunni. Það eru vandamál sem eru tengd 16–18 ára unglingum, það er ekki hægt að neita því. Ég lít þó svo á að vandamál þeirra séu oftar en ekki sprottin af því að þau búi sjálf við foreldravandamál, annaðhvort vegna gjörða foreldra sinna eða vanrækslu þeirra.

Ég tel líka að það hljóti mögulega að koma að því að breyta þurfi lögum á Íslandi hvað þetta varðar til samræmis við önnur lönd. Mörg slík mál hafa verið afgreidd hér á hinu háa Alþingi vegna samkomulags sem okkar þjóð hefur gert. Ég skil sem sagt rökin sem fram eru borin en mér finnst þau ekki nægja.

Mér finnst þjóðfélag okkar, sem byggir á frelsi einstaklingsins geri, það mikilvægt að ungt fólk skilji að löggjafi landsins, Alþingi, viðurkenni að þetta unga fólk sé fært um að sjá fótum sínum forráð. Sagan segir okkur reyndar að ungu fólki er almennt talað treystandi. Það er sagt að um 8.000 manna hóp sé að ræða og vandamálin eru kannski hjá 1%, kannski einhvers staðar milli 1 og 2%. Þeir sem núna eru 16 ára gamlir eiga samkvæmt þessu að teljast börn til 18 ára aldurs verði tillagan samþykkt og mér finnst það ekki tímabært og mun ekki fallast á það.

[17:51]

Hjálmar Árnason:

Virðulegur forseti. Ég skal reyna að verða við tilmælum hæstv. forseta um að vera stuttorður, en hér er til umræðu frv. til laga um hækkun lögræðisaldurs úr 16 upp í 18 ár. Þetta er vitaskuld, eins og fram hefur komið í ræðum manna, viðkvæmt mál. Það má snúa því upp með ýmsum hætti. Þetta er spurning um hvenær ber að líta á að einstaklingur sé orðinn fullorðinn, hvenær einstaklingur er orðinn sjálfstæður, hvenær á einstaklingur að standa á eigin fótum eða hvenær á einstaklingur að axla eigin ábyrgð. Fyrir því má færa rök fram og aftur, með og móti þessari hækkun.

Í mínum huga snýst þetta mál fyrst og síðast um íslenska menningu, íslenska sögu, aðallega þó íslenska menningu andspænis menningu þjóða meginlands Evrópu. Í starfi mínu sem skólamaður átti ég þess kost um árabil að taka árlega á móti erlendu skiptinemum, 2–4 á hverju ári. Það var dálítið merkileg reynsla að sjá erlenda skiptinema koma hingað til starfa og leiks með jafnöldrum sínum íslenskum. Í sem stystu máli var það áberandi, nánast skipti einu hvaðan hinir erlendu skiptinemar komu, að í félagslegum þroska stóðu þeir að mínu mati langt að baki íslenskum jafnöldrum sínum, komandi úr afskaplega vernduðu umhverfi, gjarnan umhverfi stórborga þar sem fjölskylduböndin voru notuð m.a. til þess að vernda ung börn, en við heimförina aftur til síns heimalands eftir ársdvöl á Íslandi og því frjálsræði sem gjarna einkennir uppeldi okkar unglinga þá hafði orðið mikil breyting á þessum erlendu skiptinemum.

Það segir í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að miða skuli við 18 ár sem meginreglu, ég undirstrika sem meginreglu. Þess er enn fremur getið að taka skuli tillit til aðstæðna á hverjum stað og það er eðlilegt. Það er einmitt sá punktur sem ég hefði viljað víkja að, það er þessi sérstæða íslenska menning sem hefur mótast af því að börn og unglingar hafa gengið til léttra verka til sjávar og sveita, getum við sagt, og í borgum, og ég undirstrika léttra verka. Og það sem ég tel að skipti meginmáli þar er að við þau léttu störf hafi íslensk ungmenni fengið að axla ábyrgð, raunverulega ábyrgð, sem fylgir því að taka að sér starf, hvort heldur er launað eða ekki.

Því fylgir líka sá merkilegi þroski og nauðsynlegi að starfa með fullorðnum, læra leikreglur samfélagsins, læra að axla ábyrgð, læra ýmsa góða og aðra vonda siði af hinum fullorðnu, en það er hluti af því að verða fullorðinn, og tileinka sér reglur samfélagsins. Þetta tel ég að hafi verið og séu mikil forréttindi íslenskra ungmenna, að fá að alast upp við þessi skilyrði þó vissulega sé það rétt sem hefur verið bent á að aðstæður hafa verið að breytast, sérstaklega hér á suðvesturhorninu, en atvinnuástand fer til allrar hamingju mjög batnandi og við vitum það að meira að segja hér á þessu fræga suðvesturhorni eða höfuðborgarsvæðinu stunda fjölmargir unglingar störf á sumrin og með skólum.

Hins vegar læðist að manni sá grunur, hvers vegna skyldu þjóðir, einkum um Evrópu, leggja svo þunga áherslu á þessa hækkun í 18 ár, að menn taki þar mið af skelfilegum fréttum sem við sáum einmitt í þessari viku, gott ef ekki var í gær, í sjónvarpi af indverskum börnum í hreinni barnaþrælkun. Það hefur verið lán okkar Íslendinga að þurfa ekki að glíma við barnaþrælkun heldur heilbrigð létt störf og þroskandi. Aðstæður hér eru gjörólíkar því sem eru vandamál ýmissa þjóða heimsins.

Þá læðist jafnframt að manni sá grunur að hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár sé dulin leið til þess að fela atvinnuleysið sem er mikið böl hvar sem það er, en þjóðir heims margar, ekki síst í Evrópu, eiga við þann vanda að glíma, um og yfir 10% atvinnuleysi í Þýskalandi, svo dæmi sé tekið, og þarna getur verið kjörin leið til þess að fela atvinnuleysið. Eins og horfur eru hjá okkur í atvinnulífi og efnahagslífi öllu og þær

jákvæðu breytingar sem eru að eiga sér stað mun væntanlega leiða til þess að það böl sem atvinnuleysið er verði ekki það hér hjá okkur eins og hjá nágrannaþjóðum okkar.

Það er af þessari ástæðu, herra forseti, sem mér þykir þessi breyting vera óskynsamleg. Hún stríðir í rauninni gegn sögu okkar og menningu og þeirri sérstöðu sem Íslendingar hafa. Verð ég svo við orðum forseta um að hafa hér stutt mál.

[17:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu, þar sem það hafði verið samið um að reyna að ljúka þingstörfum á laugardaginn og tíminn er skammur. En ég vildi þó segja örfá orð.

Ég vil fyrst segja að þetta frv. var upphaflega lagt fram sem stjfrv. en þó með fyrirvara af hálfu okkar framsóknarmanna varðandi sjálfræðisaldurinn. Við töldum að það væri þannig mál að ástæða væri til að fjalla um það í þingnefnd og taka síðan afstöðu í framhaldi af þeirri yfirferð. Ég og hv. þm. Jón Kristjánsson, sem sitjum í hv. allshn., skrifum undir það nefndarálit sem lagt er fram af nefndinni án fyrirvara þannig að okkar afstaða er skýr hvað það atriði varðar að við teljum, eftir að hafa farið vandlega yfir málið, að rétt sé að leggja til þessa breytingu.

Hæstv. dómsmrh. lét það koma fram við 1. umr. málsins að þetta væri þannig mál að hann teldi að þingið ætti að taka á því og í lok nefndarálits allshn. segir svo, með leyfi forseta:

„Ljóst er að skiptar skoðanir eru um hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár og þykir nefndinni rétt að ákvörðun um þetta atriði komi til atkvæða í þinginu."

Það er því ljóst að þetta mál er ekki útkljáð og mér sýnist svo miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram, og mér finnst reyndar að sumir hv. þingmenn í hv. allshn. hafi fyrst í dag í opinberri umræðu komið fram með ýmis rök í málinu sem hafi ekki komið fram í nefndarstarfinu. Það er svo sem ekkert um það að segja, en eins og málið stendur á þessari stundu er eflaust mjög tvísýnt um hverjar verða lyktir þessa máls. Mér finnst, og ég vona að ég veki ekki upp umræður að nýju þó ég segi það, að það hafi gætt nokkuð tilfinningasemi og mér finnst að vitna til íslenskrar menningar í þessu sambandi sé í sjálfu sér ekkert nema sjálfsagt, en rökin sem við höfum sem sitjum í allshn. og höfum lesið umsagnir um þetta mál finnst mér vera sterk og þau hafa a.m.k. sagt mér að ástæða sé til að breyta þessu, þ.e. að hækka sjálfræðisaldurinn og færa hann í það horf sem tíðkast hjá öðrum þjóðum og kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Um málið að öðru leyti vil ég segja að þetta er mjög vönduð löggjöf og mikilvæg og það starf sem hefur farið fram í nefndinni um frv., sem er mikill lagabálkur, hefur verið til fyrirmyndar. Það er því að vel yfirveguðu ráði sem þetta er lagt til af nefndinni sem kemur fram á þskj. 1172 sem brtt. við frv., en eins og komið hefur fram eru tveir hv. þingmenn í nefndinni með fyrirvara vegna ákvæðis um hækkun sjálfræðisaldursins. Að mínu áliti erum við að leggja fram brtt. sem eru vel rökstuddar og hafa verið rökstuddar hér í dag þannig að ég ætla ekki að endurtaka það, en það er minn vilji og mín skoðun að sjálfræðisaldurinn skuli hækkaður.

[18:02]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enn um sjálfræðisaldurinn og hækkun eða óbreyttan sjálfræðisaldur. Vissulega er það rétt að rökin hafa komið fram í allshn. Við höfum rætt þau fram og til baka í nefndinni og það hefur verið ágæt vinna og vinnubrögð í þeirri nefnd.

Við hv. þm. Árni R. Árnason höfum reynt að draga fram rökin fyrir okkar sjónarmiðum en ég verð að segja eins og er að mér finnst ekki að rökin fyrir hækkun sjálfræðisaldursins hafi komið fram í þinginu í þessum ræðustóli hjá hv. ræðumönnum. Ef það er svo, sem ég reyndar veit, að dóms- og kirkjumrh. fjallaði um það í sinni ræðu við framlagningu frv. að ástæða væri til þess að þingið tæki á málinu, þá er nauðsynlegt að rökin komi hér fram svo þingið geti tekið á málinu.

[18:03]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má vel vera að við stuðningsmenn þess að hækka sjálfræðisaldur höfum haldið okkur um of til hlés í þessari umræðu. En það er m.a. vegna þess að tími er orðinn naumur. En það hefði í sjálfu sér verið áhugavert að lesa upp umsagnir um málið og ekki síður umsagnir sem bárust vegna þess þingmáls sem hv. allshn. hefur til umfjöllunar og er flutt af hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleirum þar sem má segja allir mæli með því að hækka sjálfræðisaldurinn. Og meira að segja, sem kom mér ekki hvað síst á óvart, framhaldsskólanemar mæla með því að sjálfræðisaldur sé hækkaður.

Mér dettur ekki í hug að við séum að bjarga öllum málum sem varða unglinga með því að gera þetta. Minnist ég þá þess að hv. þm. talaði um í sinni ræðu að þetta væri kattarþvottur. Ég undrast það að hv. þm. skuli nota slíkt orð um þessar tillögur að breytingum sem settar eru fram af miklum heiðarleika og af alvöru.

[18:05]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lýsi enn eftir þeim röksemdum sem ég var að biðja um áðan fyrir hækkuninni. Vissulega er það rétt að hér hafa verið nefndir einstakir aðilar, eins og stjórn Félags framhaldsskólanema sem reyndar segir sjálf að skiptar skoðanir hafi verið um málið hjá. Það væri hægt að tala um margt fleira. Ég benti á röksemdir Lögmannafélags Íslands sem eru heldur andstæðar hækkuninni og telur sig ekki sjá röksemdirnar. Það má benda á fleiri umsagnaraðila. Meðferðaraðilar ýmsir eru hlynntir hækkuninni og það eru ýmsar ástæður fyrir því. En ég vil geta þess aftur að það er verið að reyna að leysa vandann á vitlausum stað. Það er ábyrgð hinna fullorðnu sem þarf að aukast og að þeir taki meiri ábyrgð á börnunum meðan þau eru yngri. Það verður ekki leyst eftir að þau eru 16 ára, á aldursbilinu 16–18 ára. Þá er það enn þá síður mögulegt.

[18:06]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst halda því til haga að ég tel að hér sé um táknrænt gildi að ræða. Eins og ég lét koma fram áður dettur mér ekki í hug að við séum að leysa öll unglingavandamál með því að breyta þessu. Ég lít ekki á þetta fyrst og fremst út frá því að það séu örfáir unglingar á aldrinum 16–18 ára sem því miður sé þannig komið fyrir að þeir ættu ekki að hafa sjálfræði. Ég lít á þetta fyrst og fremst út frá því að mér finnst eðlilegt að unglingar fái sjálfræði við 18 ára aldur en ekki 16 ára. Það að þetta skuli hafa verið með þeim hætti sem raun ber vitni fram til þessa hefur kannski verið í samræmi við tíðarandann hér en ég lít á það sem mikinn þrýsting utan úr þjóðfélaginu að sjálfræðisaldur

verði hækkaður í 18 ár og vitna til þeirra umsagna sem liggja fyrir nefndinni í því sambandi.

[18:07]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu og tefja fyrir störfum þingsins með því að lesa upp allar umsagnir sem hafa borist í þessu máli. Í nefndinni sem samdi þetta frv. voru Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumrn., Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, og Páll Hreinsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis. Nefndinni bárust ótal margar umsagnir í þessu máli og er sérstaklega tekið fram í greinargerð að langflestir umsagnaraðilar hafa mælt með þessu máli og enginn mælt gegn því. Þar að auki barst allshn. fjöldi umsagna, bæði út af þessu stóra frv. sem við hér ræðum um og líka út af öðru frv. sem mælti sérstaklega fyrir um þessa breytingu. Þar að auki er fjöldi gesta sem hefur komið á fund nefndarinnar og lýst sínum skoðunum á þessu máli sem voru allar á sama veginn. Nefndin telur eftir sína yfirferð, sem var vandleg, að þetta sé rökrétt niðurstaða. Ég vil fá að nota þetta tækifæri, virðulegi forseti, til þess bæði að þakka hv. þm. almennt séð fyrir málefnalegar umræður um þetta mál, það er auðvitað alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir um málið, og líka til þess að þakka nefndarmönnum í hv. allshn. fyrir mikla og góða vinnu í þessu máli.

[18:09]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í lok umræðunnar vil ég nota þetta form til þess að koma því á framfæri sem ég tel rétt og virðingarvert að stjórn á störfum nefndarinnar hefur verið með miklum ágætum. Ég tel að þau sjónarmið sem þar hafa mótast eða verið mótuð fyrir hafi fengið að koma fram, við höfum fengið að sækja þær upplýsingar sem við höfum þurft á að halda og þó að svo hafi til tekist að við séum enn ósammála og föllumst ekki á rök hvers annars, þá hljótum við að geta virt hvert annað fyrir málefnalega og faglega vinnu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 830, nál. 1169, brtt. 1170.

[18:11]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. sjútvn., sem liggur frammi á þskj. 1169, svo og brtt. hennar við frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Fram kemur á nefndaráliti að í umfjöllun nefndarinnar hefur hún fengið til liðs við sig nokkra aðila og auk þess hafa ýmsir sent henni umsagnir um málið. Í því sambandi tel ég rétt að geta þess, herra forseti, að áður en málið kom til þings hafði mikið starf verið unnið við mótun þess af hálfu þeirrar nefndar sem undirbjó og samdi frv. M.a. hafði hún séð til þess að það var rætt í hópi hagsmunasamtaka víðs vegar um landið. Af þeim ástæðum hafa nefndarmenn komist að þeirri niðurstöðu að hin málefnalega umræða hafi átt sér stað þó svo nefndin sjálf hafi haft tiltölulega skamman tíma til að fjalla um það efni sem birtist í umsögnum eða álitum þeirra sem hún ræddi við.

Svo vel hefur til tekist að hv. nefnd hefur orðið sammála um málið og þær brtt. sem fram koma á þskj. 1170 eru fluttar af öllum nefndarmönnum. Efnislega eru þær á þann veg að nokkrar breytingar eru lagðar til við 5. gr. frv. þar sem fjallað er um tiltekin svæði þar sem heimilaðar verði togveiðar tilteknum flokkum fiskiskipa. Þar er til að mynda lagt til að auk þeirra svæða sem í frv. eru tiltekin bætist á Breiðafirði svæði í samræmi við ákvæði sem áður voru í gildi um dragnótaveiðar þar. Fyrirhugað svæði undan Vestfjörðum, sem í frv. er auðkennt sem G.2, verði ekki mótað og ákvæði sem er auðkennt þeim lið verði fellt úr frv. Auk þess er gerð sú tillaga að ákvæði sem ráðgerð eru sem bráðabirgðaákvæði í frv. verði efnisgrein í frv. sjálfu og að þau réttindi sem þar er kveðið á um fyrir fiskiskip sem hafa slíkan rétt í dag verði ótímabundin með tilteknum ákvæðum um að skipunum verði ekki breytt.

Að öðru leyti, herra forseti, virðist mér að brtt. nefndarinnar og þær skýringar sem fram koma á nefndaráliti séu fullnægjandi. Vegna þess að ég hef verið inntur eftir því hvers megi vænta í framhaldi af því að frv. verði að lögum með þeim breytingum sem nefndin leggur til varðandi dragnótaveiðar frá Snæfellsnesi þar sem flestir fiskibátar sem þar eru gerðir út eiga mikið undir togveiðum, vil ég geta þess að nefndinni sýnist að ákvæði í 5. gr., m.a. þau sem ég nefndi fyrr, svo og ákvæði í 6. gr. muni gefa sambærilegar heimildir til að leyfa þær veiðar sem eru byggðar í dag á núgildandi lögum um veiðar í fiskveiðilandhelginni.

Þá vil ég einnig geta þess að sérstaklega var rætt í nefndinni um ákvæði 12. gr. frv. og að í brtt. er gert ráð fyrir að breyta þeim þannig að síður geti leitt til árekstra við hina sérstöku réttarstöðu skipstjóra sem er hæstráðandi á skipi sínu. Hins vegar er rétt að fram komi að þær hugmyndir sem birtast í 12. gr. frv. eru byggðar á framlagi nefndarmanna í þeirri nefnd sem samdi frv. sem komu úr hópi skipstjórnarmanna og sjómanna. Þeir nefndarmenn töldu þær hugmyndir byggðar á almennum vilja í sjómannastétt til þess að auðvelda eftirlit með fiskveiðum og telja að það sé almennur vilji í allri stéttinni til að koma í veg fyrir brot. Tel ég raunar að það sé mjög lítill minni hluti stéttarinnar sem stundar slíkt.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að hv. þing samþykki brtt. nefndarinnar og vísi málinu þannig til 3. umr.

[18:16]

Útbýting þingskjals:

Hjúskaparlög, 614. mál, skýrsla allshn., þskj. 1226.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 387. mál. — Þskj. 679, nál. 1162.

[18:17]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. sjútvn. um till. til þál. um rannsóknir og sjómælingar innan efnahagslögsögunnar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hafstein Hafsteinsson frá Landhelgisgæslunni og Hilmar Helgason frá Sjómælingum Íslands. Að lokinni umfjöllun leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu sem birtist á þskj. 1162:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efla rannsóknir og sjómælingar við landið, með sérstakri áherslu á hafsvæðið innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar fyrir sunnan landgrunn Íslands frá Reykjaneshrygg að Færeyjahrygg."

Ég hygg, herra forseti, að tillagan og nefndarálit þarfnist ekki frekari skýringar og legg því til að málið verði þannig afgreitt við 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 756, nál. 1154, brtt. 1155.

[18:18]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. sjútvn. á þskj. 1154, svo og brtt. sem er á þskj. 1155 við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Þetta mál er hluti af breytingum sem við höfum þegar fjallað um með samþykkt annarra þingmála sem laga frá Alþingi sem breyta starfsemi Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Vegna þeirra ákvarðana er nauðsynlegt að gera breytingar á greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins og því er frv. fram komið.

Við umfjöllun um það hafa birst á ný ágreiningsefni á milli hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, þ.e. sjómannasamtaka, og hefur það sett nokkurt mark á umfjöllun hv. sjútvn.

Nefndin hefur kynnt sér frv., fengið ýmsa aðila til umræðu um efni þess og náð samstöðu um tillögur um að breyta frv. með þeim hætti sem fram kemur á þskj. 1155. Þar er lagt til að breytingar verði gerðar á 5. gr. laganna sem eru þess efnis að í stað 15% í 1., 2. og 3. mgr. hennar komi 8%. Einnig að við 1. mgr. bætist nýr málsliður þannig að sambærileg skylda hvíli á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu. Með þessari breytingu, herra forseti, er gert ráð fyrir að sambærileg skylda um skil þessa hluta verðmætis fiskafurða hvíli á umboðssöluaðilum eins og öðrum, þ.e. þeim sem kaupa afla.

Í öðru lagi er gerð tillaga um breytingar sem víkja að greiðslumiðlun varðandi smábáta, en við umfjöllun um málið kom fram að þær fjárhæðir sem nú er miðlað vegna þeirra eru hærri en þörf er á. Því er lagt til að greiðslufjárhæðin verði lækkuð og sambærileg tillaga gerð um skiptingu hennar. Þetta eru tillögur í 2. og 3. tölul.

Í 4. tölul. er vikið að hinu fyrrnefnda ágreiningsefni á milli sjómannasamtakanna. Þar lögð til breyting á 2. mgr. 4. gr. frv. þess efnis að þar komi skýrt fram í fyrstu línu málsgreinarinnar að hún eigi eingöngu við um þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr., 9. gr. laganna, og að gerðardómi sem fjallar um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. verði heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr.

Með þessu, herra forseti, er reynt að gera skil milli hinna ólíku forsendna skiptingar milli annars vegar Sjómannasambandsins og þeirra félaga sem starfa í samstarfi við það og hins vegar þeirra sem taldir eru upp í 3. tölul. 1. mgr. sem eru annars vegar Farmanna- og fiskimannasambandið og hins vegar Vélstjórafélag Íslands og þau félög sem eiga samstarf við það. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að um þessa tvo flokka samtaka gildir ekki hið sama um forsendur ef ágreiningur kemur upp milli þeirra um skiptingu fjárhæðanna. Á þeirri forsendu er brtt. gerð.

Herra forseti. Brtt. eru fluttar af nefndinni í heild en nokkrir nefndarmenn hafa gert fyrirvara við tillögurnar sem þeir munu væntanlega fá tækifæri til að gera grein fyrir sjálfir. Að svo mæltu legg ég svo til að tillögurnar verði samþykktar við lok umræðunnar og málinu vísað til 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1995, 2. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102, nál. 1151.

[18:24]

Frsm. fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1995.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðun telur að sú reikningsskilaaðferð, sem fjármálaráðherra ákvað að nota við færslu lífeyrisskuldbindinga, sé ekki í samræmi við viðteknar reikningsskilavenjur.

Unnið er að breytingu á löggjöf um ríkisreikning með því markmiði að úrbætur verði gerðar og lagareglur verði skýrari.

Nefndin leggur ríka áherslu á að ráðherra taki tillit til athugasemda Ríkisendurskoðunar og sjái til þess að ráðuneyti og stofnanir bregðist við þeim ítrekuðu ábendingum sem stofnunin hefur sett fram.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir þetta nefndarálit rita Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Gísli S. Einarsson, Árni Johnsen, Kristinn H. Gunnarsson, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Bryndís Hlöðversdóttir, Hjálmar Jónsson, Kristín Halldórsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulags- og byggingarlög, 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101, nál. 1167, brtt. 1168.

[18:26]

Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. á þskj. 1167 um frv. til skipulags- og byggingarlaga.

Umhvn. hefur fjallað mjög ítarlega um málið og fengið til viðtals við sig fjölmarga aðila. Þá bárust nefndinni margar umsagnir um málið, bæði á 120. og 121. löggjafarþingi. Í framhaldi af yfirferð sinni leggur nefndin til umfangsmiklar breytingar á frv.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fyrir Alþingi á 118. löggjafarþingi. Það var síðan lagt fyrir 120. þing lítið breytt og aftur á 121. þingi óbreytt. Byggist frumvarpið að mestu leyti á frumvörpum um sama efni sem lögð voru fram á 113. og 115. löggjafarþingi og náðu ekki fram að ganga. Um er að ræða ný heildarlög á sviði skipulags- og byggingarmála, en nú gilda um það efni skipulagslög frá 1964 og byggingarlög frá 1978. Helstu breytingar frá núgildandi lögum eru að aukið vald er fært til sveitarfélaga. Þá eru skilgreind í frumvarpinu mismunandi stig skipulagsáætlana sem hingað til hafa einungis verið skilgreind í reglugerð. Skipulagsstjórn ríkisins er lögð niður og verkefni hennar flutt til sveitarfélaganna og að hluta til Skipulagsstofnunar, einnig er embætti skipulagsstjóra ríkisins lagt niður og í staðinn kemur ný stofnun, Skipulagsstofnun, sem fer bæði með skipulags- og byggingarmál. Þá er gert ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök úrskurðarnefnd sem ætlað er að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum og kærum í stað þess að umhverfisráðherra úrskurði um þau mál. Loks eru lagðar til nokkrar breytingar á skipulagsgjaldi.

Eins og áður segir leggur nefndin til umfangsmiklar breytingar á frv. M.a. leggur nefndin til nokkuð breytta uppröðun ákvæða frv. Til hægðarauka og vegna umfangs breytingartillagnanna er frumvarpið með innfelldum breytingum birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu. Breytingarnar eru of umfangsmiklar til að hægt sé að tíunda þær í smáatriðum, en ég mun tæpa á helstu atriðum þeirra.

Á II. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um stjórnvöld skipulags- og byggingarmála, eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að staða Skipulagsstofnunar í frumvarpinu verði styrkt með því að bæta inn í 3. gr., um stjórn skipulags- og byggingarmála, að ráðherra til aðstoðar sé Skipulagsstofnun. Þá er í 4. gr. skerpt á hlutverki Skipulagsstofnunar sem eftirlitsaðila og lagt til að skýrt verði tekið fram að stofnunin hafi eftirlit með framkvæmd laganna og reglugerða settra á grundvelli þeirra. Einnig eru gerðar breytingar á 5. gr. í samræmi við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Lúta breytingarnar annars vegar að menntunarkröfum sem gerðar eru til skipulagsstjóra ríkisins, en lagt er til að hann skuli hafa háskólamenntun í stað sérmenntunar. Hins vegar er lagt til að skýrt verði tekið fram í frumvarpinu að skipulagsstjóri ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar.

Á 6. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæðið um að sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa sé skylt að mynda byggingareftirlitssvæði með nágrannasveitarfélagi eða -félögum. Aftur á móti er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti haft samvinnu sín á milli um kosningu byggingar- og skipulagsnefndar og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Þá er lagt til að fellt verði brott ákvæðið um að formenn skipulags- og byggingarnefnda skuli vera aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Einnig er lagt til að ákvæði um að slökkviliðsstjórar og heilbrigðisfulltrúar eigi rétt til setu á fundum skipulags- og byggingarnefnda verði fellt brott, en óþarft þykir að lögbinda slíkan rétt þar sem eðlilegt er að starfsmenn sveitarfélaga sitji fundi nefndanna þegar það á við.

Á 7. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. M.a. er lagt til að byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar séu framkvæmdastjórar byggingarnefnda og skipulagsnefnda. Einnig er lagt til að sveitarstjórn geti í einstökum tilvikum veitt samþykki sitt fyrir því að starfsmaður skipulags- eða byggingarnefndar vinni eitthvert það starf sem koma kann til afgreiðslu byggingarnefndar í umdæmi hans, en samkvæmt frv. var það óheimilt. Þykir rétt að sveitarstjórn geti veitt undanþágu að þessu leyti þar sem upp geta komið sérstakar aðstæður. Eftir sem áður er ljóst að meginreglan er að starfsmönnum er óheimilt að vinna slík verk.

Loks er lögð til breytt skipan úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í 8. gr. þannig að einn nefndarmanna sé skipaður án tilnefningar en tveir samkvæmt tilnefningu frá Hæstarétti. Gert er ráð fyrir að annar þeirra sem Hæstiréttur skipar sé formaður nefndarinnar og skal hann fullnægja skilyrðum þess að vera héraðsdómari. Þá er lengdur sá tími sem nefndin hefur til að kveða upp úrskurð úr sex vikum í tvo mánuði. Loks er lagt til að kveðið verði á um það að um málsmeðferð, að öðru leyti en því sem kveðið er sérstaklega á um, fari eftir stjórnsýslulögunum.

Í III. kafla er fjallað um gerð og framkvæmd skipulags. Eru lagðar til allnokkrar breytingar á kaflanum, m.a. er lögð til breyting á uppröðun greina sem miðar að því að gera framsetningu skýrari. Þannig er fjallað um skipulagsskyldu í 9. gr. og kemur þar fram að landið allt sé skipulagsskylt. Lagðar eru til viðamiklar breytingar á greininni og gert ráð fyrir að þar verði aðallega fjallað um skipulagsáætlanir. Þá kemur einnig fram að svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skuli vera í innbyrðis samræmi.

Í 10. gr. er fjallað um skipulagsreglugerð. Eru gerðar tillögur um nokkuð breytta uppsetningu greinarinnar en þar er kveðið á um helstu atriði sem fjalla á um í reglugerðinni.

11. gr. snýr að áætlunum um landnotkun á landsvísu. Kemur greinin í stað 29. gr. þar sem fjallað er um landsskipulag. Þykir ný fyrirsögn vera í samræmi við ákvæðið, en þar er kveðið á um að Skipulagsstofnun skuli afla gagna og hafa aðgang að og varðveita áætlanir annarra opinberra aðila um landnotkun er varða landið allt. Þá er í ákvæðinu heimild fyrir umhverfisráðherra til að skipa sérstaka nefnd ef upp kemur ósamræmi eða hagsmunaárekstrar um landnotkun milli einstakra áætlana.

Í 12.–15. gr. er fjallað um svæðisskipulag, en í frumvarpinu eru ákvæði um sama efni í 25.–28. gr. Eru ákvæðin nokkuð breytt og m.a. er lagt til að fellt verði brott ákvæði um svæðisskipulag miðhálendisins þar sem nefnd sú sem unnið hefur að því er að ljúka störfum. Ekki eru lagðar til grundvallarbreytingar á 12. gr., en þó er lagt til að í stað þess að lögbundið sé að svæðisskipulag skuli endurskoða á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum verði það lagt í mat sveitarstjórnar hvort nauðsynlegt sé að endurskoða skipulagið. Þá er einnig lagt til að umhverfisráðherra verði heimilt að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi þar sem að ágreiningur er milli sveitarstjórna.

Í 13. gr. er fjallað um kynningu, auglýsingu, samþykkt og staðfestingu svæðisskipulags. Eru þar ítarlegar reglur um hvernig farið skuli með þessi atriði og áhersla er lögð á að svæðisskipulag verði kynnt vel fyrir íbúum sveitarfélaganna og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við það. Þá er einnig gert ráð fyrir að tillagan sé auglýst utan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að henni og kynnt sveitarstjórnum nærliggjandi sveitarfélaga sérstaklega, enda getur svæðisskipulag haft áhrif á hagsmuni aðila utan svæðisins sem undir það fellur.

Lagt er til að nýrri grein verði bætt við frumvarpið, 14. gr. þar sem fjallað er um hvernig fara skuli með breytingar

á svæðisskipulagi. Ef gera á verulegar breytingar er gert ráð fyrir að farið verði inn í sama ferli og við gerð svæðisskipulags, en einnig er gert ráð fyrir að unnt sé að fara einfaldari leið ef um óverulegar breytingar er að ræða.

Loks er fjallað um sérstaka svæðisskipulagsmeðferð í 15. gr., en í henni felst að framkvæmdaraðili framkvæmdar sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag getur óskað eftir því við Skipulagsstofnun að lega mannvirkisins eða áætlun um framkvæmd fái sérstaka svæðisskipulagsmeðferð. Á þetta t.d. við um þjóðvegi, orkumannvirki og fjarskiptalínur. Er nánar fjallað um það í ákvæðinu hvernig fara skuli með auglýsingu og afgreiðslu slíkrar svæðisskipulagsmeðferðar.

Í 16.–22. gr. er fjallað um aðalskipulag, en ákvæði um aðalskipulag eru í 11.–18. gr. frumvarpsins. Nokkrar breytingar eru gerðar á ákvæðum um aðalskipulag og eru sett fram grundvallaratriði um aðalskipulag í 16. gr.

Í 17. gr. er fjallað um kynningu aðalskipulagstillögu og er eins og varðandi svæðisskipulag lögð mikil áhersla á að tillagan sé ítarlega kynnt íbúum sveitarfélags og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana. Þá er einnig gert ráð fyrir að aðalskipulagstillögur séu kynntar fyrir sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga.

Í 18. gr. er fjallað um auglýsingu og samþykkt aðalskipulagstillögu og miða þær breytingar sem þar eru gerðar að því að auðvelda almenningi að hafa áhrif á tillöguna með því að koma með athugasemdir.

Í 19. gr. er síðan kveðið á um staðfestingu, birtingu og gildistöku aðalskipulags og er sú grein lítið breytt frá 14. gr. frumvarpsins.

Í 20. gr. er fjallað um frestun á gerð eða staðfestingu aðalskipulags og er greinin nær óbreytt frá 15. gr. frumvarpsins.

Í 21. gr. er síðan fjallað um breytingu á aðalskipulagi. Er þar gerður greinarmunur á verulegum og óverulegum breytingum og kemur ákvæðið í stað 17. gr. frumvarpsins, en 16. gr. þess fellur brott. Um verulegar breytingar fer eins og um gerð aðalskipulags, en ef um óverulegar breytingar er að ræða er heimilt að sleppa því kynningarferli sem kveðið er á um í 17. gr. og fer þá um auglýsingu og meðferð sveitarstjórnar skv. 18. gr.

Í 22. gr. er fjallað um ágreining um aðalskipulag á mörkum sveitarfélaga og eru óverulegar breytingar lagðar til á ákvæðinu sem er í 18. gr. frumvarpsins.

Í 23.–26. gr. er fjallað um deiliskipulag, en ákvæði um deiliskipulag eru í 19.–24. gr. frumvarpsins. Grunnreglur um deiliskipulag koma fram í 23. gr. og er hún nokkuð breytt frá 19. gr. frumvarpsins. Meðal nýjunga sem þar eru settar fram er ákvæði um að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skuli samhliða gerð bæja- og húsakönnun sem höfð skuli til hliðsjónar við gerð tillögunnar. Með bæja- og húsakönnunum er átt við ákveðna aðferðafræði til að meta listrænt og menningarsögulegt gildi hins byggða umhverfis og samspil þess við náttúruna. Má líta á niðurstöður slíkrar könnunar sem eins konar gagnasafn yfir hús og hverfi sem þurfi sérstakt aðhald í umfjöllun sveitarfélags í skipulags- og byggingarmálum.

Í 24. gr. er fjallað um deiliskipulag á landi í einkaeign. Er þar kveðið á um að þegar land í einkaeign er gert að byggingarlóðum með deiliskipulagi skuli eigandi láta endurgjaldslaust af hendi þá hluta landsins sem samkvæmt skipulagi eru ætlaðir til almannaþarfa. Er lagt til að eiganda verði ekki gert að láta landið af hendi fyrr en framkvæmdir hefjast, auk þess sem lagt er til að kveðið verði á um að land falli aftur til þess er lét það endurgjaldslaust af hendi ef landnotkun er breytt. Er gert ráð fyrir að landeigandi og sveitarfélag semji um það í hvaða ástandi landinu er skilað.

Í 25. gr. er fjallað um kynningu, samþykkt og gildistöku deiliskipulags og eru breytingar á þeirri grein í samræmi við breytingar á sams konar greinum um svæðisskipulag og aðalskipulag og miða þær að því að auðvelda aðkomu íbúa sveitarfélagsins að skipulaginu, með hertum kröfum um auglýsingar og kynningu.

Í 26. gr. er fjallað um breytingu á deiliskipulagi og er þar gert ráð fyrir að um verulegar breytingar fari eins og verið væri að gera nýtt skipulag en séu breytingar óverulegar skuli fara fram ítarleg grenndarkynning og þeim sem hafa hagsmuna að gæta gefinn kostur á að tjá sig um breytingarnar. Eru óverulegar breytingar skilgreindar mjög þröngt, mun þrengra en gert er samkvæmt núgildandi lögum. Er gert ráð fyrir að aðeins sé hægt að falla frá auglýsingu ef um óverulegar breytingar er að ræða sem annaðhvort eru vegna ófyrirséðra aðstæðna á staðnum eða ef breytingarnar hafa aðeins staðbundin áhrif, er þarna m.a. átt við mælipunkta og minni háttar breytingar á einstökum húsum.

Með 27. gr. er lagt til að bætt verði inn í frumvarpið ákvæði um framkvæmdaleyfi. Á það við um framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi og hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess. Falla skógrækt, landgræðsla og efnistaka til dæmis þarna undir. Framkvæmdir þessar þurfa að vera í samræmi við skipulagsáætlanir og fara skal um þær eftir lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaleyfi falli úr gildi ef framkvæmdir eru ekki hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess.

29. gr. fjallar um landeignaskrá og er það breyting frá frumvarpinu en þar er í 31. gr. fjallað um lóðaskrá. Þykir orðið landeignaskrá lýsa því betur hvað átt er við. Aðrar breytingar á greininni eru óverulegar.

Í 35. gr. er fjallað um skipulagsgjald. Nokkrar breytingar eru lagðar til á ákvæðinu og er leitast við að gera það skýrara. Samkvæmt breytingartillögu nefndarinnar felur ákvæðið í sér að af nýbyggingum sem virtar eru til brunabóta er skylt að greiða skipulagsgjald í eitt skipti sem nemur 0,3% af brunabótamati húseignar, en til nýbygginga teljast öll nýreist hús sem metin eru til brunabóta og viðbyggingar við eldri hús ef virðingarverð viðbyggingar nemur allt að $^1/_5$ hluta verðs eldra hússins. Einnig er gert ráð fyrir að skipulagsgjald verði greitt af mannvirkjum sem háð eru byggingarleyfi en eru ekki virt til brunabóta og miðast gjaldið þar við stofnverð mannvirkisins. Af mannvirkjum sem ekki eru háð byggingarleyfi er almennt ekki greitt skipulagsgjald, nema af stofnkerfum rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta utan þéttbýlis. Skýrist þessi munur sem gerður er á þéttbýli og dreifbýli af því að Skipulagsstofnun ber kostnað af skipulagsvinnu við stofnkerfi í dreifbýli, en sveitarfélögin bera sjálf þennan skipulagskostnað í þéttbýli. Því væri óeðlilegt að þau sveitarfélög greiddu skipulagsgjald til ríkisins af þessum mannvirkjum.

V. kafli frumvarpsins fjallar um mannvirki og leggur nefndin til allnokkrar breytingar á kaflanum. Röð greina helst þó óbreytt, en greinanúmer breytast frá frumvarpinu vegna breytinga á III. kafla.

Í 36. gr. er fjallað um gildissvið kaflans og er greinin lítið breytt. Í greininni kemur fram að undir kaflann falla hvers konar byggingar ofan jarðar og neðan. Þá er talið upp hvers

konar framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi og að slík mannvirki skuli byggð í samræmi við skipulag.

Í 41. gr. er fjallað um byggingareftirlit. Leggur nefndin til að málslið verði bætt við greinina um aðgang byggingareftirlitsmanna að íbúðarhúsum þess efnis að eftirlitsmönnum sé ekki heimilt að fara inn í íbúðarhús án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði. Telur nefndin að breyting þessi sé nauðsynleg til að tryggja friðhelgi heimilisins í samræmi við grunnrök 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Á 42. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar. Annars vegar er lagt til að 4. mgr. verði felld brott, en þar er kveðið á um ábyrgð framleiðanda raðframleiddra byggingareininga og húsa á göllum sem fram kunna að koma í vörunni. Þykir óeðlilegt að tekið sé fram sérstaklega í lögum hver ábyrgð framleiðenda þessarar tegundar byggingarefnis er, og telur nefndin rétt að um slíkt fari eftir almennum ábyrgðarreglum. Hins vegar er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við greinina sem heimilar byggingarfulltrúa, að fengnu samþykki sveitarstjórnar, að fela prófhönnuði eða faggiltri skoðunarstofu yfirferð og samþykkt séruppdrátta. Þá er kveðið á um hvernig greiðslu kostnaðar við yfirferðina skuli háttað.

Á 43. gr., er fjallar um byggingarleyfi, leggur nefndin til nokkrar breytingar. Í fyrsta lagi felast breytingarnar í því að lagt er til að það verði sveitarstjórn en ekki byggingarnefnd sem veitir byggingarleyfi. Þá er lagt til að bætt verði við greinina, til áherslu, ákvæði um að framkvæmdir sem byggingarleyfi þarf fyrir skuli vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag. Einnig er lögð til sú breyting að byggingarleyfi feli í sér leyfi til framkvæmda, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að afla þurfi sérstaks framkvæmdaleyfis til að hefja framkvæmdir samkvæmt byggingarleyfi. Í samræmi við þessa breytingu er lagt til að 47. gr. frumvarpsins, um framkvæmdaleyfi, falli brott. Ekki má rugla þessu saman við framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. en þar er gert ráð fyrir að framkvæmdaleyfis sé aflað áður en famkvæmdir sem ekki þarf byggingarleyfi fyrir eru hafnar.

Loks er lagt til að tvær málsgreinar bætist við greinina. Mælir önnur þeirra fyrir um að byggingarnefnd sé heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á húsi í allt að tvö ár frá því að umsókn barst nefndinni. Þó er gert ráð fyrir að slík frestun sé aðeins heimil ef deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt, breytingar á því standa yfir eða ef setja á ákvæði um hverfisvernd í deiliskipulag. Skal tilkynna umsækjanda sérstaklega um frestun afgreiðslu. Ákvæði þetta er að norskri fyrirmynd og telur nefndin nauðsynlegt að slík frestunarheimild verði sett í lög í ljósi þróunar þeirrar sem átt hefur sér stað og vegna tveggja nýgenginna úrskurða umhverfisráðherra um niðurfellingu á synjun byggingarnefndar Reykjavíkur um heimild til niðurrifs á húsum.

Hin viðbótin, sem lögð er til við greinina, snýr að því þegar sótt er um byggingarleyfi í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir eða um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi. Skal skipulagsnefnd í slíkum tilvikum fjalla um málið og láta fara fram grenndarkynningu áður en leyfið er afgreitt í byggingarnefnd. Þá er í ákvæðinu skilgreint hvað felst í grenndarkynningu, en með slíkri kynningu er átt við það að nágrönnum, er hagsmuna eiga að gæta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig um það innan ákveðins frests sem skal vera að minnsta kosti fjórar vikur. Þegar byggingarnefnd hefur tekið málið til afgreiðslu skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt um niðurstöðu skipulagsnefndar og byggingarnefndar. Er grenndarkynning í ákveðnum tilfellum mjög æskilegur kostur umfram hið umfangsmikla kynningarferli sem frumvarpið gerir ráð fyrir að meginstefnu.

Í 44. gr. er fjallað um útgáfu byggingarleyfis og breytist ákvæðið til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til á 43. gr., um byggingarleyfi. Þannig er gert ráð fyrir að byggingarleyfi sé gefið út eftir að sveitarstjórn hefur staðfest samþykkt byggingarnefndar um veitingu byggingarleyfis og byggingarfulltrúi hefur áritað aðaluppdrætti. Einnig þarf umsækjandi að hafa greitt tilskilin gjöld eða hafa samið um greiðslu þeirra. Þá er lagt til að við greinina bætist ákvæði þess efnis að veita megi leyfi til einstakra þátta byggingarframkvæmda ef sérstaklega stendur á og er gert ráð fyrir að leyfið takmarkist hverju sinni við samþykkt hönnunargögn. Einnig getur byggingarfulltrúi veitt lóðarhafa heimild til að kanna jarðveg á byggingarlóð sinni áður en byggingarleyfi hefur verið gefið út. Þá er gert ráð fyrir að byggingarstjóri undirriti yfirlýsingu um ábyrgð sína áður en framkvæmdir hefjast og einnig skal hann tilkynna byggingarfulltrúa um nöfn iðnmeistara. Loks er kveðið á um það að þegar byggingarleyfi hefur verið gefið út fyrir nýbyggingu á skipulögðu svæði í þéttbýli sé sveitarstjórn skylt að sjá um að götur, rafmagn, vatn og holræsi séu fyrir hendi eftir því sem þörf er á, nema sveitarstjórn hafi gert sérstakan fyrirvara að því er þetta varðar. Þá er kveðið á um að staðfesting sveitarstjórnar falli úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 12 mánaða.

Smávægilegar breytingar eru lagðar til á 46. gr., um hönnunargögn, og 47. gr., um áritun hönnuða. Meðal annars er lagt til að sá sem áritar aðaluppdrátt sé samræmingarhönnuður.

Í 48. gr. er fjallað um löggildingu hönnuða. Þar leggur nefndin til allnokkrar breytingar. Snúa þær að þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að öðlast löggildingu sem hönnuður auk þess sem lagt er til að rafiðnfræðingum verði bætt í hóp þeirra sem öðlast geta löggildingu sem hönnuðir. Þær stéttir, sem geta fengið löggildingu sem hönnuðir, eru þá arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir. Skulu þeir sem sækja um löggildingu hafa hlotið heimild iðnaðarráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum þar um. Þær viðbótarkröfur sem eru gerðar eru misjafnar eftir stéttum og samanstanda af starfsreynslu og sérhæfingu annars vegar og námskeiði og prófi hins vegar. Er gert ráð fyrir að ráðherra skipi þriggja manna prófnefnd sérfróðra aðila sem skipuleggja á námskeið til undirbúnings prófi sem skylt er að sækja og halda próf sem ná á til þeirra greina sem helst reynir á í störfum hönnuða við íslenskar aðstæður. Er gert ráð fyrir að ráðherra ákveði gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta próf auk þess sem mælt er fyrir um það að ráðherra setji nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd námskeiðahalds og prófs og lágmarksárangur til að standast það. Þannig skulu arkitektar sækja námskeið og standast próf áður en þeir sækja um löggildingu sem hönnuðir. Byggingarfræðingar þurfa auk þess að sækja námskeið og standast próf að hafa lokið að minnsta kosti 20 mánaða starfsreynslutíma. Aðrir umsækjendur um löggildingu þurfa auk þess að sækja námskeið og standast próf að hafa sérhæft sig á viðkomandi löggildingarsviði og öðlast starfsreynslu hjá löggiltum aðila á sviðinu og skal starfsreynslutíminn ekki vera skemmri en

þrjú ár, þar af minnst eitt ár hér á landi. Gert er ráð fyrir að ráðherra leiti umsagnar viðkomandi fagfélags áður en löggilding er veitt. Þá skal ráðherra á hverju ári senda lista yfir löggilta hönnuði til Skipulagsstofnunar og byggingarfulltrúa.

Í 49. gr. er fjallað um löggildingu á sérsviði. Þar eru lagðar til smávægilegar breytingar sem leiðir af breytingum þeim sem lagðar eru til á 48. gr., meðal annars er lagt til að bætt verði við greinina ákvæði um að rafiðnfræðingar geti fengið löggildingu ráðherra sem hönnuðir séruppdrátta á sínu sviði, en gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um stærðartakmarkanir veitna.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á 56. gr. Snúa þær að því að mæla skýrar fyrir um hvernig fara skuli með framkvæmdir sem brjóta í bága við skipulag eða eru án leyfis. Þau atriði, sem bætt hefur verið við greinina, snúa í fyrsta lagi að því að mælt er fyrir um að ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni og hún brýtur í bága við skipulag eða framkvæmd er hafin með byggingarleyfi sem brýtur í bága við skipulag ber byggingarfulltrúa að stöðva framkvæmdir tafarlaust og skal hin ólöglega bygging eða byggingarhluti fjarlægður, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Hins vegar er mælt fyrir um að óheimilt sé að breyta skipulagi svæðis þar sem framkvæmt hefur verið í ósamræmi við skipulag fyrr en hin ólöglega bygging eða byggingarhluti hefur verið fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Telur nefndin nauðsynlegt að slíkt ákvæði sé sett í lög þar sem dæmin sýna að skipulagi hefur oft verið breytt eftir að mannvirki hefur verið reist og eru slík vinnubrögð óviðunandi og fara gegn anda frumvarps þessa.

Í 61. gr. er fjallað um yfirstjórn skipulags- og byggingarmála á varnarsvæðum. Ekki eru lagðar til breytingar á greininni, en um hana spunnust nokkrar umræður í nefndinni. Telur umhverfisnefnd eðlilegt að íslensk mannvirki á varnarsvæðum heyri undir íslensk lög og að í skipulagsnefnd varnarsvæða sitji fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem liggja að varnarsvæðinu.

Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins um að lögin taki gildi 1. janúar 1998 í stað 1. september 1997, en nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá samþykkt laganna þar til þau taka gildi.

Á ákvæði til bráðabirgða eru lagðar til nokkrar breytingar. Snúa þær í fyrsta lagi að því að heimila sveitarstjórn að leyfa einstakar framkvæmdir sem um kann að verða sótt, án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag. Áður skal sveitarstjórn þó hafa fengið meðmæli Skipulagsstofnunar. Heimilt er að binda leyfið ákveðnum skilyrðum. Þá er lagt til að bætt verði við ákvæðið málsgrein um það hvernig fara skuli með ef verulegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar án þess að fyrir liggi staðfest aðalskipulag eða samþykkt deiliskipulag.

Í þriðja lagi er lagt til að starfandi byggingarfulltrúar við gildistöku laganna haldi fullum rétti sínum til starfa þó að þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem sett eru fram í 7. gr.

Loks er bætt við ákvæði vegna breytingarinnar sem lögð er til á 48. gr., um löggildingu hönnuða. Mælir ákvæðið fyrir um það að þeir arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar, rafiðnfræðingar, innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir, sem við gildistöku laga þessara hafa lokið hluta reynslutíma sem nauðsynlegur er samkvæmt núgildandi lögum til að öðlast löggildingu, eigi kost á að ljúka honum eftir eldri reglum.

Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1168.

Undir nefndarálitið rita Ólafur Örn Haraldsson, Árni M. Mathiesen, Gísli S. Einarsson, Tómas Ingi Olrich, Ísólfur Gylfi Pálmason, Katrín Fjeldsted og Kristján Pálsson. Undir álitið skrifa með fyrirvara Kristín Halldórsdóttir og Hjörleifur Guttormsson.

Virðulegi forseti. Eftir að gögn þessi lágu fyrir með svofelldri samþykkt umhvn. sem ég hef gert grein fyrir hefur borist ábending frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og sveitarfélagum innan þeirra samtaka sem lýtur að 21., 26. og 43. gr. Hafa sveitarfélögin, sem svo sannarlega eiga mikilla hagsmuna að gæta í frv. þessu og er ætluð þar bæði mikil ábyrgð og réttindi, lagt áherslu á að nefndin skoði milli 2. og 3. umr. hvort gera megi nokkrar breytingar á þessum greinum. Sú breyting sem sveitarfélögin hafa óskað eftir á 21. gr. fjallar einkanlega um auglýsingar á auglýstu aðalskipulagi. Hefur þar komið fram sú ósk að nefndin skoði milli 2. og 3. umr. hvort breyta mætti þeim fresti sem auglýsingin skal vara.

Í 26. gr. hefur einnig verið óskað eftir að brott falli ákveðinn þáttur greinarinnar sem þrengir þá þætti sem snúa að óverulegum breytingum. Í 43. gr. hafa sveitarfélögin óskað eftir að nefndin athugaði hvort gera mætti breytingu á einu orði, þ.e. sveitarfélög úrskurði um niðurrif í stað byggingarnefndar og eins líka að í greininni komi fram nánari skilgreining á því hver það verður og til hvers bætur falli þegar um slíkt er ákveðið samkvæmt greininni.

Eftir nokkrar umræður og athugun hef ég sem formaður nefndarinnar fallist á að skoða þetta milli umræðna og óskað eftir því að halda fund með nefndarmönnum umhvn. og þar sem þessi atriði verða tekin til umfjöllunar og ákvörðunar.

[19:00]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara og sá fyrirvari lýtur ekki beint að málinu sjálfu heldur fyrst og fremst vinnslu þess og meðferð. Mér er ekki kunnugt um hvort meðferð þessa frv. á sér í raun og veru hliðstæðu eða fordæmi í sögu Alþingis. Það eru nú a.m.k. sjö ár síðan fyrst var gerð alvarleg tilraun til þess að setja heildarlöggjöf um skipulags- og byggingarmál og málið hefur fengið býsna víðtæka umfjöllun og margir komið að henni. Geysilegur tími og vinna hefur farið í málið í hv. umhvn., líklega meiri en í nokkurt annað mál á þessu þingi nema ef vera skyldi sú vinna sem fór í umfjöllun um umhverfismál í tengslum við fyrirhugað álver á Grundartanga.

Meginlína frv. er að færa aukið vald í þessum efnum til sveitarfélaga, en um leið er allur ramminn skýrður og nánari reglur settar um framkvæmd mála. Þá er lögð áhersla á að reyna að tryggja rétt almennings til áhrifa á ákvarðanir um umhverfi sitt, tryggja rétt einstaklinga gagnvart valdhöfum, vitaskuld innan þeirra marka sem nauðsynleg eru til þess að heildarhagsmuna sé gætt.

Þessi löggjöf er afar mikilvæg fyrir stefnu og þróun í umhverfismálum og náttúruvernd og hún er mikilvæg fyrir neytendavernd og réttindi almennings og stuðlar vonandi að auknum skilningi og stórbættum vinnubrögðum í þeim efnum. Markmiðin eru ljós og þarf ekki að tíunda þau, en mér þykir sérstaklega vænt um þá málsgrein í 1. gr. sem hljóða mun svo, með leyfi forseta:

„að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverð-

mæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi."

Þetta er mjög mikilvægur þáttur í þeirri löggjöf sem við erum að fjalla um og verður ekki ofgert í að tryggja þau atriði.

Nefndin fór mjög rækilega yfir þetta frv. sem samanstendur af 65 greinum og ákvæði til bráðabirgða og erum við því frekar að fjalla um lagabálk en einstök lög. Það var mjög fljótt ljóst við meðferð málsins að frv. þarfnaðist mikilla breytinga, svo mikilla að í raun hefði átt að vísa því til föðurhúsanna til endurvinnslu. Niðurstaðan varð þó að nefndin vann það upp nánast frá grunni og er ekki nema sanngjarnt að láta það koma fram að stærstan hlut í þeirri vinnu áttu hv. formaður nefndarinnar, Ólafur Örn Haraldsson, og hv. þm. Árni M. Mathiesen.

Brtt. nefndarinnar eru í 66 töluliðum sem margir eru með undirliðum, t.d. 2. liður brtt. á þskj. 1168, þar sem undirliðir eru 14. Endirinn varð sá að nefndin sá sér ekki annað fært en að leggja fram sem fskj. með nál. heildstætt frv. með innfelldum brtt. nefndarinnar og er það vonandi til glöggvunar fyrir hv. þingmenn og jafnframt fyrir nefndarmenn sem voru ekki allt of vissir um hvað þeir voru að fjalla. Þetta er mjög óvenjuleg útfærsla. Ég veit ekki hvort hún á sér fordæmi. Þó minnist ég þess að þegar lög um stjórn fiskveiða voru til umræðu árið 1988 eða 1989, ég held að það hafi verið 1988, þá hafði þingflokkur Kvennalistans mikla sérstöðu í því máli. Við vorum með útfærðar hugmyndir um byggðakvóta og felldum tillögur okkar inn í fyrirliggjandi frv. frá ríkisstjórninni og birtum sem fskj. með nál. En ég minnist þess ekki að slíkt hafi gerst við afgreiðslu frá þingnefnd á sama hátt og hér hefur verið gert, en það má þó vera.

Í raun og veru erum við með nýtt þingmál í höndunum, svo miklar eru breytingarnar. Eðlilegast og réttast hefði verið að senda það frv. út til umsagnar og umfjöllunar eins og um nýtt mál væri að ræða. Þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð eru vægast sagt varhugaverð og bjóða í raun heim hættu á mistökum eða árekstrum við þá sem þessi lög varða mest.

Að hinu er að gæta að þessi lagasetning er löngu tímabær og mitt mat er að það væri mjög slæmt að draga afgreiðslu málsins. Ég held að við verðum einfaldlega að vona að sæmilega hafi tekist að sníða af því vankanta í flestum greinum. Ég ákvað því að standa að þessari afgreiðslu í trausti þess að um verulegt framfaramál sé að ræða. Fyrirvari minn lýtur því aðeins að vinnslu þess og meðferð og ætla ég ekki að gera frekari athugasemdir við frv.

[19:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir í bókarformi nál. frá umhvn. og annað hefti, að vísu ekki eins þykkt, af brtt. við frv. til skipulagslaga sem lagt var fyrir þingið af hæstv. umhvrh. snemma á þessu þingi. Ég hlýt að taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að afurð úr nefndarstarfinu sýnir það að í rauninni var hér um að ræða mál sem tæplega gat myndað undirstöðu undir þá vinnu, ekki í þeim almenna skilningi sem hefur verið varðandi svo stóra lagabálka, eins og æskilegt hefði verið. Umhvn. hefur þurft að verja ómældum tíma og meginhluta af starfi sínu á þessum vetri til að fara yfir þetta mál og koma því í frambærilegt horf fyrir þingið.

Það er út af fyrir sig engin ofætlan þingnefndar að fara skilmerkilega yfir þau frumvörp sem fyrir hana eru lögð og ekki kveinka ég mér undan slíku, en hitt blasir við þegar litið er til afgreiðslu nefndarinnar á þessu máli að æskilegt hefði verið að meiri og vandaðri undirbúningur hefði farið fram af hálfu umhvrn. í þessu máli en raun bar vitni. Undirritaður benti á það í 1. umr. málsins að í rauninni var um endurflutning að ræða á máli sem búið var að koma margoft fyrir þingið og hefði verið full þörf og ástæða til að litið yrði á málið út frá breyttum viðhorfum og nútímalegri sjónarmiðum en frv. endurspeglaði eins og það var lagt fyrir þingið. Um þetta er ekki að fást út af fyrir sig en ég vænti þess að þetta sé nokkur lærdómur fyrir ýmsa sem að þessu máli hafa komið og þá ekki síst fyrir hæstv. umhvrh. og umhvrn. að með einhverjum hætti þurfi að styrkja burðarásana í ráðuneytinu í sambandi við mikilsverða málaflokka, eins og þessi sannarlega er, og leggja meiri alúð við að undirbúa mál fyrir Alþingi þannig að viðráðanlegra verði fyrir þingnefnd, sem við tekur, að fjalla um það á eðlilegan hátt og það bitni ekki óhóflega á öðrum störfum á vegum nefndarinnar, eins og þetta óneitanlega hefur gert, þar sem mörg mál, sem fyrir nefndina hafa komið, hafa ekki fengið þá umfjöllun sem vert væri og vafalaust væri lagt í ef tími hefði verið til á starfstíma nefndarinnar.

Ég minni jafnframt á það að þegar hæstv. ráðherra mælti fyrir málinu voru eindregnar ráðstafanir af hálfu hæstv. ráðherra um að nefndin lyki afgreiðslu þessa máls fyrir áramót. Hv. formaður umhvn. hafði fullan hug á að reyna að verða við þeim áskorunum og setti síðan eindaga inn á milli, í lok febrúar ef ég man rétt. En það mátti ljóst vera að málið var þannig vaxið að vanda varð afgreiðslu þess og það var engin fyrirstaða af hálfu neins, að ég yrði var, í umhvn. við að vinna málið efnislega. Ég lýsti því yfir um leið og ég fagnaði framkomu þess snemma á þinginu að ég vænti þess að það tækist að afgreiða málið og lögfesta fyrir þinglok vegna þess hversu brýnt það var að endurskoðun skipulagslaga kæmist í höfn og þetta geysilega mikilvæga mál fengi þá afgreiðslu sem vert væri en væri ekki að velkjast áfram fyrir þinginu eins og gerst hefur á mörgum undangengnum þingum.

Þetta mál hefur síðan komist í þann búning sem fyrir liggur og búið er að kynna og ég ætla mér að sjálfsögðu ekki við þessa umræðu að ræða ítarlega um einstök efnisatriði. Það er margt sem þar mætti vissulega gera að umtalsefni en nú á síðustu starfsdögum þingsins væntanlega er ekki ráðrúm til þess að fara út í miklar efnislegar umræður enda er álit nefndarinnar sameiginlegt þó með fyrirvara sé frá okkur tveimur nefndarmönnum í umhvn. Ég vil gera stuttlega grein fyrir því í hverju fyrirvari minn við málið felst um leið og ég stend að málinu í heild með öðrum að sjálfsögðu og mun fylgja fram þeim stuðningi við þær breytingar sem hér eru lagðar til og vænti að um þær geti tekist breið samstaða og hef hvatt til þess að þannig verði reynt að standa að máli.

Ég hef þegar í rauninni nefnt ákveðinn þátt sem er frv. eins og það kom fyrir til nefndarinnar á sínum tíma.

Annað atriði sem er býsna stórt í mínum huga er sá agnúi að lög um mat á umhverfisáhrifum sem gert var ráð fyrir að yrðu endurskoðuð og meira að segja tekið fram í bráðabirgðaákvæði þeirra laga, að þau skyldu endurskoðuð jafnhliða endurskoðun skipulags- og byggingarlaga. Þetta gerðist hins vegar ekki og maður spyr sig hvers vegna það var rætt við 1. umr. málsins. Hvernig í ósköpunum stendur á því að ráðuneyti umhverfismála, sem kastar því miður nokkuð til hendinni við undirbúning þessa frv., skuli ekki hafa a.m.k. séð til þess að endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum færi fram þannig að þetta gæti orðið

samferða? Nú veit ég að það mun vera ásetningur hæstv. umhvrh. að koma með frv. til nýrra laga eða breyttra laga um mat á umhverfisáhrifum væntanlega fyrir næsta þing en hér er um að ræða svo samtvinnað mál í mörgum greinum að það hefði auðvitað verið langtum farsælla að þetta hefði getað orðið samferða.

Ég vek athygli á 27. gr. — nú vitna ég kannski ekki rétt í þetta því búið er að umsteypa mjög lagagreinum frá upphaflegu frv., en þetta er 27. gr. um framkvæmdaleyfi. Ég leyfi mér að vitna til upphafs greinarinnar, með leyfi forseta:

„Allar framkvæmdir, sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem skógrækt og landgræðsla eða breyting lands með jarðvegi eða efnistöku, skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við. Óheimilt er að hefja slíkar framkvæmdir sem ekki eru háðar byggingarleyfi skv. IV. kafla fyrr en að fengnu framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitarstjórnar."

Hér er vísað til efnisatriða sem eru auðvitað nátengd ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum. Þetta þarf að samhæfa þegar þar að kemur. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra hafi í huga að tengja skýrar löggjöfina um mat á umhverfisáhrifum við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og væri fróðlegt að heyra í hvað stefnir hvað undirbúning snertir um þau atriði.

Síðan er sá þáttur sem ég gerði nokkuð að umtalsefni við 1. umr. málsins og hefur ekki fengið fyllilega þá meðferð sem ég hefði talið æskilega. Það er að koma hugsuninni um sjálfbæra þróun skýrar inn í löggjöfina. Það hefur því miður ekki tekist í þessari vinnu að dýpka ákvæði og um leið þá að veita þeirri nýju sýn til þessa málaflokks inntak varðandi sjálfbæra þróun þó að henni sé vikið í markmiðsgrein frv. Á þessu þarf að ráða bót. Sá sem hér talar lagði fram tillögu til þál. á seinni hluta þings um áætlanir sveitarfélaga um sjálfbæra þróun, viðleitni til að hvetja til þess að þar reyni menn að komast í takt við það sem ætlast var til samkvæmt Ríó-ferlinu. Sú tillaga til þál. hefur fengið ágætar undirtektir umsagnaraðila þó að ekki fengist stuðningur í umhvn. að afgreiða það mál á lokastigi þingstarfa eða starfa í nefndinni réttara sagt, þá liggur fyrir mjög góður vilji og stuðningur við málið af hálfu umsagnaraðila og góð orð um að taka á því á næsta þingi verði þessi tillaga endurflutt, sem ég stefni að að gera. Ég vil undirstrika að fátt er mikilvægara í sambandi við sjálfbæra þróun en að gefa þeirri hugsun inntak og fótfestu í skipulagslöggjöf og þá jafnframt í lögum sem varða mat á umhverfisáhrifum sem þarf að samþætta þessu máli.

Ein af þeim róttæku breytingum sem umhvn. leggur til á frv. varðar uppsetningu á væntanlegum lögum, sem ég tel vera verulega til bóta og gerði að umtalsefni við 1. umr. máls, þ.e. að setja skipulagsþrepin upp í rökrænna form en gert var í upphaflegu frv. Þetta hefur gengið eftir. Það er byrjað á landsskipulagi eða skipulagsáætlun sem varðar landið allt og síðan fjallað um svæðisskipulag og þar á eftir um aðalskipulag og deiliskipulag. Ég tel að þetta hafi gildi upp á bæði nálgun máls og skilning fyrir almenning á uppbyggingu skipulags og hafi því meiri þýðingu en virðast kann í fljótu bragði og ég vona að það verði til þess að styrkja meðferð þessara mála almennt séð. Ég hefði kosið að svæðisskipulag yrði lögfest, að það yrði lögbundið að gera skyldi svæðisskipulag. Það fékkst ekki stuðningur við það sjónarmið að þessu sinni. Heimildir eru til eða gert er ráð fyrir frumkvæði sveitarfélaga um gerð svæðisskipulags og að Skipulagsstofnun geti einnig haft frumkvæði um það. Allt er það góðra gjalda vert svo langt sem það nær en ég tel í raun, virðulegur forseti, að full ástæða væri til þess að lögbjóða slíka vinnu þó hún yrði framkvæmd í áföngum og það er mjög brýnt að skýra þá svæðaskiptingu sem eðlileg getur talist varðandi svæðisskipulagsvinnu. Nú er verið að vinna að svæðisskipulagi miðhálendis sem er afar þýðingarmikið verk og tengist síðan þessum lögum í framhaldi af lagaákvæðinu til bráðabirgða, sem samþykkt var 1993 og veitti grunn fyrir þá vinnu sem nú fer fram um svæðisskipulag miðhálendisins. Nú gengur það mál inn í ferli hinna nýju laga og það er allt á réttum stað. En í framhaldi af því hefði verið æskilegt að lögbjóða svæðisskipulagsgerð í landinu og að Skipulagsstofnun gerði tillögur að því við hvað skyldi miðað, að sjálfsögðu með samkomulagi og samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. Ég vísa til þess, virðulegur forseti, sem segir um svæðisskipulagsvinnuna í 12. gr. þar sem er svohljóðandi ákvæði, með leyfi forseta: „Jafnan skal miða við að sveitarfélög þau, sem svæðisskipulag fjallar um, myndi eina heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Svæðisskipulag skal taka til alls lands þeirra sveitarfélaga sem hlut eiga að máli."

Það eru þessi ákvæði sem ég hef m.a. í huga sem kalla á að mörkuð sé stefna um hvaða svæði það eru sem eru þannig vaxin að þau myndi eina heild landfræðilega, hagrænt og félagslega. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að benda á dæmi þar sem í rauninni er gengið gegn svona sjónarmiðum sem hefur verið ofarlega í huga ýmissa á liðnum vetri Það er svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar þar sem rofin var heild, sem hefði auðvitað átt að vinna saman, þ.e. Hvalfjörður og sveitarfélögin við Hvalfjörð sem hefðu átt að vera þátttakendur í þeirri vinnu beggja megin fjarðar m.a. vegna augljósra grenndarhagsmuna vegna starfsemi við fjörðinn. Samþætt umhverfi að öllu leyti í landfræðilegu og félagslegu tilliti, a.m.k. landfræðilegu, og ætti að verða mönnum til varnaðar og leiðsagnar um að vanda til verka hvernig landinu verður skipt að þessu leyti.

Það gekk eftir, virðulegur forseti, sem rætt var við 1. umr. málsins og hæstv. umhvrh. tók þá undir varðandi svæðisskipulag miðhálendis að allir landsmenn, allir sem teldu sig hafa hagsmuna að gæta og vildu skipta sér af því máli, kæmust inn í umsagnarferli og hefðu rétt til athugasemda varðandi það skipulag. Ég er sannfærður um að það getur orðið til þess að sætta sjónarmið, a.m.k. að formi til, varðandi málsmeðferð þess þýðingarmikla máls sem er svæðisskipulag miðhálendisins. Ég verð að vona að sú þýðingarmikla vinna sem þar hefur farið fram fái eðlilega meðferð og stuðning. Ég segi þetta nú vegna þess að dálítið gróf orð hafa fallið um það að við megi búast einhvers konar stríðsástandi þegar þær tillögur birtist. Ég tel að það sé ekki farsælt að horfa þannig til málsins. Málið er þýðingarmikið og ef allir landsmenn komast þar að með athugasemdir sínar og sjónarmið og málið fær síðan skilvirka vinnu, þá vænti ég þess að ná megi saman um svæðisskipulag á þessu samtengjandi svæði byggðahringsins um landið, þ.e. miðhálendisins.

Það eru mörg fleiri atriði sem vert væri að ræða, virðulegur forseti, en ég ætlaði mér að takmarka innlegg mitt inn í umræðuna. Ég hef nefnt nokkur dæmi. Ég tel að margt af því sem hér er lagt til og raunar allar tillögur sem fyrir liggja af hálfu umhvn. séu vel grundaðar og til verulegra bóta. Það á einnig við um byggingarlagaþáttinn sem er auðvitað mjög þýðingarmikill og var vandasamur í umfjöllun af hálfu nefndarinnar enda tengist það m.a. starfsréttindum stétta sem koma að vinnu í því máli og þurfti að sýna alúð til þess að

alls réttlætis væri gætt og við skulum vona að það hafi tekist þokkalega til að því leyti.

Það almenna sjónarmið að auka rétt almennings í umfjöllun um skipulagsmál var eitt af leiðarljósum við umfjöllun þessa máls. Ég tel það skynsamlegt sem lagt er til hér að því leyti að tryggja eðlilegan umsagnarfrest og tryggja að allir hafi möguleika á að vera þátttakendur í málum á umfjöllunarstigi og koma þar að sjónarmiðum sínum og að sæmilega sé frá þeim málum gengið í frv. Ég tel að meðferð umhvn. á þessu máli sé að mörgu leyti til fyrirmyndar og einmitt leiðbeinandi fyrir nefndina um það að leitast við að ná saman um þýðingarmikla málaflokka frekar en að láta skerast í odda, eins og hefur nú því miður gerst í þýðingarmiklum málum í þeirri nefnd. En það eru þó frekar undantekningar heldur en hitt. Þingnefndin hefur reynt að skila sínu verki og um þetta frv. gildir það, eins og svo mörg önnur frv., að í viðamiklum breytingartillögum endurspeglast það að lögð hefur verið alúð við meðferð mála.

Ég vil að lokum um leið og ég þakka fyrir samstarf um þetta mál hvetja þá sem leggja mál á þessu sviði fyrir þingið, og þá á ég við umhvrn. og hæstv. ráðherra umhverfismála hverjir sem það eru, að leitast við að styrkja það starf sem varðar undirbúning löggjafar. Hitt skiptir þó ekki síður máli að geta fylgt málum eftir. Mér sýnist að ástæða sé fyrir Alþingi að gefa gaum að því að veruleg þörf er á því að styrkja innviði og aðstæður þessa yngsta ráðuneytis, umhverfismála, þannig að það sé fært um að standa þannig að málum að sómi sé að og allt sé sem best úr garði gert. Ég segi það algerlega án þess að því fylgi nokkur broddur því ég tel að þessi málaflokkur kalli á það, kannski flestu öðru fremur, að menn leitist við að tryggja góða málsmeðferð og horfa til framtíðar, taka inn í tillögur að nýrri löggjöf framsýn sjónarmið. Því það er alveg ljóst að málefni umhverfisins, umhverfismálin í víðu samhengi, eru að verða æ þýðingarmeiri málaflokkur, kannski því miður illu heilli ef svo má segja. Þörfin á að breyta um stefnu að því er varðar umhverfismálin er að verða æ brýnni og vonandi augljósari fyrir marga og í því efni eru skipulags- og byggingarmál mjög mikilvægur grunnur til þess að vel sé haldið á málum og getur verið leiðbeinandi fyrir samfélagsþróun ef rétt er á haldið.

[19:30]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Mig langar fyrst og fremst að koma á framfæri þakklæti mínu til umhvn. fyrir það mikla starf sem nefndin öll, bæði formaður og einstakir nefndarmenn, hefur lagt á sig við að afgreiða þetta mikilvæga mál, þetta frv. sem lagt var fram á haustdögum og ekki í fyrsta skipti heldur fimmta. Þetta er í fimmta sinn sem lagt er fram frv. til skipulags- og byggingarlaga. Ég veit eftir að hafa fylgst með störfum nefndarinnar og ég sé á þeim gögnum sem nefndin hefur lagt fyrir og eru til umfjöllunar, brtt. og nál., að af hálfu nefndarmanna hefur verið lögð mikil vinna og alúð í þetta veigamikla mál á þann hátt að fullur sómi sé að.

Ég get að hluta til tekið til mín þær athugasemdir um málsmeðferðina sem hafa komið fram í umræðum hjá einstökum hv. þm., kannski sérstaklega þó það að hafa lagt frv. fram óbreytt frá fyrra þingi í upphafi þessa þings þrátt fyrir að ýmsar athugasemdir væru komnar fram við málið eins og það var lagt fram á seinasta þingi. En þá var afstaða mín eða skoðun sú að það mundi auðvelda vinnu nefndarinnar að fá frv. óbreytt og geta stuðst við þær umsagnir sem áður höfðu borist. Ég sé í nál. að það hefur verið gert en auðvitað hefði það kannski auðveldað eða flýtt fyrir vinnu í nefndinni hefðu önnur vinnubrögð verið viðhöfð og ekki meira um það að segja héðan af. Þetta varð niðurstaðan og hvort sem það hefur auðveldað vinnuna eða ekki þá er mér auðvitað ljóst að vinnan hefur verið gríðarlega mikil að koma frv. í þann búning sem það liggur hér fyrir nú til 2. umr. og vonandi til samþykktar og mál til komið.

Ég vil líka aðeins ítreka og undirstrika það sem fram hefur komið hjá hv. frsm. og þeim tveim hv. þm. sem hér hafa rætt og gert grein fyrir fyrirvörum sínum við uppáskrift á nál., að fyrirvarar þeirra hafa einkum fjallað um málsmeðferðina og hvernig frv. var lagt fyrir. Ég vil út af því segja að ég held að þrátt fyrir allt hafi þeir aðilar sem unnu að undirbúningi af hálfu umhvrn. gert það af bestu samviskusemi en greinilegt er að menn hafa verið þeirrar skoðunar, bæði á hv. þingi og í nefndinni, að ýmislegt mætti betur fara. Uppsetningin á frv. virðist líka hafa tekið stakkaskiptum. Ef ég man rétt tók ég út af fyrir sig undir þær athugasemdir hv. 4. þm. Austurl. við 1. umr. málsins að breyta bæri uppsetningu t.d. hvað varðar skipulagsferlið. Ég taldi að það gæti verið til bóta og er sannfærður um að það sem nefndin hefur lagt til í því efni, sem og öðru, er til þess að styrkja málið í heild sem er afar mikilvægt.

Þetta vildi ég fyrst og fremst fá að undirstrika, hæstv. forseti, og þakka nefndarmönnum fyrir þá miklu vinnu sem þeir hafa lagt í þetta. Þetta frv. hefur tekið mestan starfstíma nefndarinnar. Einnig ber að þakka nefndinni fyrir það afrek að skila hreinu borði, þ.e. að afgreiða frá sér öll þau mál sem ráðherra hefur lagt fram til umfjöllunar í nefndinni. Það finnst mér bera vott um að nefndin hefur haft fullan vilja til að vinna sitt verk af mikilli samviskusemi.

Ég vil aðeins víkja að þáttum sem hv. 4. þm. Austurl. gerði sérstaklega grein fyrir. Það snertir vangaveltur hans um lögin um mat á umhverfisáhrifum og nauðsyn þess að endurskoða og fella þau að því frv. sem er til meðferðar. Við höfum áður rætt um það út af fyrir sig og þá afstöðu mína að leggja þetta frv. fram og reyna að fá það samþykkt og fara síðan í vinnu við endurskoðun á lögunum um mat á umhverfisáhrifum og vil ég aðeins staðfesta það að sú vinna er hafin, þ.e. undirbúningur er hafinn. Við héldum fyrir örfáum dögum mikilvægan fund með ýmsum framkvæmdaraðilum og fulltrúum stofnana, sem koma að þeim málum er mat á umhverfisáhrifum varðar og framkvæmd þeirra laga, til að fá athugasemdir og álit þeirra og viðhorf um það á hverju þyrfti helst að taka og hvað hefði komið fram á þeim tíma sem lögin hafa verið í gildi. Ég tel að það hafi verið afar mikilvægur fundur og margt gagnlegt og þýðingarmikið komið fram sem verður að gagni við vinnuna við endurskoðun löggjafarinnar. Ég mun á næstu dögum skipa nefnd til þess að vinna það starf og ég vona að við komum frumvarpi hér inn á haustþingi eða á næsta þingi, helst á haustþingi, til umfjöllunar og væri æskilegt að okkur tækist að klára það á næsta þingi, því ég held að það sé staðreyndin að margt hefur komið fram sem þarf að taka til endurskoðunar varðandi þá löggjöf enda við því að búast. Hún var þess eðlis að menn máttu reikna með því að sú nýja hugsun, sem þar er verið að setja inn og verið er að taka á, mundi framkalla ýmsar athugasemdir og við yrðum að læra af reynslunni hvað það varðar sem ég tel að við höfum gert.

Ég vil síðan aðeins að lokum taka undir hugleiðingar hv. þm. um mikilvægi svæðisskipulags. Ég held að vísu að það sé mál sem þarf að þróast og er að þróast. Við erum að átta okkur betur á því hvernig á að taka á þeim málum og hversu mikilvægt það er að vanda vel alla skipulagsvinnu og svæðisskipulag er vissulega mikilvægur þáttur í því þannig að það er spurning um það þess vegna hvort tímabært sé að lögfesta það skipulagsstig. En ég vil aðeins undirstrika að ég er um margt sammála þeim hugleiðingum sem komu fram hjá hv. þm. Það hefur m.a. reynsla og umræða undangenginna mánaða sýnt okkur og sú mikla vinna sem nú er að taka enda varðandi svæðisskipulag miðhálendisins, sem er ekki síður mikilvægt að fái góðan endi. Og því miður verð ég að taka einnig undir það með hv. þm. að mér finnst sumt í umræðunni og jafnvel í fjölmiðlaumfjöllun um þá vinnu hafa verið þess eðlis að gera hana tortryggilega, sem er mjög slæmt, og það er kannski fyrir það að menn eru að blanda þar inn óskyldum atriðum eins og um eignarhald og fyrirframráðstöfun á landi o.s.frv. Hér er á hinn bóginn um að ræða svo mikilvægt mál sem kennir okkur að nýta þennan þátt sem svæðisskipulag er til þess að horfa betur til framtíðar og vinna af meiri framsýni að hinum ýmsu verkefnum sem þarf að takast á við og ekki síst á miðhálendinu.

Ég þakka síðan fyrir hugleiðingar um nauðsyn þess að styrkja ráðuneyti umhverfismála. Að vísu hefur það ráðuneyti þróast nokkuð hratt á undanförnum árum og ég hygg að sumum þyki kannski nóg um. Umhverfismálin er vaxandi málaflokkur og ég held að íslensku þjóðinni sé að verða æ betur ljóst hversu mikla þýðingu hann hefur. Við sitjum sumpart eftir þegar við berum okkur saman við nágrannalöndin og önnur lönd, e.t.v. fyrir það að við höfum verið grandalausari gagnvart því í hvernig ástandi umhverfismálin eru og talið að hér væri allt í hinum besta sóma en það er sannarlega margt sem við þurfum að hyggja að í þessu efni og nauðsynlegt að fylgja þessum málaflokki fram af einurð og viðurkenna mikilvægi hans.

Ég vona síðan að málið fái framgang til loka á þann hátt sem hér hefur verið lagður grunnur að með fullu samkomulagi í nefndinni og samstöðu allra nefndarmanna sem mér finnst mjög mikilvægt við svo stóran og þýðingarmikinn málaflokk. Ég vil þakka nefndarmönnum öllum ekki síst stjórnarandstöðunni fyrir að hafa lagt sig fram um að ná saman með stjórnarliðinu í þessu efni og vænti þess að þær athugasemdir sem hv. formaður og frsm. nefndarinnar gerði grein fyrir áðan varðandi athugasemdir sem hafa borist á síðustu stundu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verði ekki til þess að brjóta upp það góða samstarf heldur reyni menn að ná málinu öllu í höfn með hinu besta samstarfi innan nefndar og við sambandið og fulltrúa sveitarfélaganna sem eru gerendur í þessu efni og er frv. ekki síst mikilvægt fyrir framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til nefndarmanna allra fyrir vinnu þeirra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[19:41]

Útbýting þingskjals:

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 475. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1264.

[Fundarhlé. — 19:41]

Afbrigði um dagskrármál.

[20:34]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Verður þá tekið fyrir það afbrigði er forseti gat um í upphafi fundar, þ.e. leitað verður eftir samþykki þingsins á því að brtt. á þskj. 1239 megi koma á dagskrá og verður nú afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [20:42]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1239. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 103, nál. 1102, brtt. 1103, 1134, 1148 og 1163.

[20:42]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sérnefndar sem er á þskj. 1102 um frv. til laga um fjárreiður ríkisins, 100. mál, sem nefndin hefur farið ítarlega yfir í vetur. Sams konar frv. var lagt fram á 120. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Nefndin hafði þá einnig lagt mikla vinnu í yfirferð yfir frv. Frv. var síðan lagt fram aftur lítt breytt en þó hafði verið tekið tillit til ýmissa breytinga sem nefndin hafði lagt til sl. vor. Þrátt fyrir það leggur nefndin til fjölmargar breytingar við málið sem ég mun gera nánar grein fyrir hér á eftir.

Málið hefur fengið mjög vandaða skoðun af hálfu nefndarinnar. Við umfjöllun um málið kallaði nefndin á sinn fund þá Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneyti, Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson skrifstofustjóra og Láru Sverrisdóttur lögfræðing frá Ríkisendurskoðun. Vegna mikilvægis málsins fékk nefndin Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, til að vinna fyrir sig lögfræðiálit um tiltekin efnisatriði frv. og þá sérstaklega þau atriði sem snúa að skilunum milli löggjafans og framkvæmdarvaldsins. Sat hann einnig nokkra fundi nefndarinnar. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá forsætisnefnd Alþingis, Alþýðusambandi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Landsbanka Íslands og Ríkisendurskoðun.

Eins og fram kemur í grg. frv. er með því lagt til að sett verði heildstæð löggjöf um fjárreiður ríkisins, þ.e. um ríkisreikning, fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og lántökur ríkissjóðs. Gildandi löggjöf um þetta efni er brotakennd jafnframt því sem skort hefur skýrar lagareglur um framkvæmd fjárlaga. Með lögfestingu þess falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Ýmis nýmæli er að finna í frv., svo sem að framsetning fjárlaga er á rekstrargrunni eins og ríkisreikningur, lánsfjárlög eru felld inn í fjárlög, sett eru sérstök ákvæði um framkvæmd fjárlaga o.fl.

Þó frv. í heild hafi sætt vandaðri meðferð er óhætt að taka út nokkur atriði sem umfjöllunin beindist hvað mest að. Skal þar nefna stöðu framkvæmdarvaldsins gagnvart Alþingi og samskipti milli Alþingis og ráðuneyta og ákvæði um samninga um rekstrarverkefni.

Í fyrrgreindu lögfræðiáliti Davíðs Þórs Björgvinssonar kemur fram að sérstaða Alþingis í íslenskri stjórnskipan sé skýrt afmörkuð af ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar og almennra laga. Hann telur grundvöll þess að Alþingi fái notið þeirrar sérstöðu sé að það njóti sjálfstæðis um sín innri málefni þar með talið innri stjórnsýslu sína. Um þetta segir prófessor Davíð Þór Björgvinsson m.a., með leyfi forseta:

„Við túlkun einstakra lagafyrirmæla sem lúta að stjórnsýslu Alþingis verður því að hafa þetta meginsjónarmið í huga ásamt þeim ákvæðum stjórnarskrár og almennra laga sem að framan eru rakin og þær grundvallarhugmyndir um stöðu Alþingis sem æðstu valdastofnunar íslensks þjóðfélags og sjálfstæðis þess sem þau eru augljóslega reist á."

Davíð bendir jafnframt á að þær breytingar sem gerðar voru á stjórnarskránni með stjórnskipunarlögunum, nr. 56/1991, og ný þingskapalög, nr. 55/1991, sem sett voru samhliða, bendi að nokkru til þess að eitt þeirra atriða sem að baki bjó hafi verið að efla sjálfstæði Alþingis í stjórnkerfi ríkisins. Kemst prófessorinn að þeirri niðurstöðu að forseti þingsins hafi fullt forræði á innri málefnum þingsins þar með talið stjórnsýslu þess.

Í 4. tölul. 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands segir að forsrn. fari með mál er varða Alþingi. Skiptar skoðanir hafa verið uppi á undanförnum árum um hvernig beri að túlka þetta ákvæði. Um þetta segir prófessor Davíð, með leyfi forseta:

„Á hitt er að líta að eðli málsins samkvæmt þarf ríkisstjórn á hverjum tíma að eiga marghátttuð samskipti við Alþingi vegna starfsemi þess og innri stjórnsýslu. Getur nefnt ákvæði stjórnarráðsreglugerðarinnar þá ekki merkt annað en að það sé í verkahring forsætisráðuneytis að annast þau samskipti að svo miklu leyti sem þau kalla á formlega meðferð og afgreiðslu innan Stjórnarráðsins. Þá má segja að í ákvæði stjórnarráðsreglugerðarinnar geti falist að frumkvæði að pólitískri stefnumótun ríkisstjórnar á hverjum tíma gagnvart Alþingi heyri undir forsætisráðuneytið að því marki sem slíkt gæti samrýmst stöðu Alþingis í stjórnskipuninni."

Frv. það sem hér er til umfjöllunar ber þess merki að það er samið af fulltrúum framkvæmdarvaldsins þar sem einstakar greinar þess horfa fyrst og fremst til ráðuneyta og ríkisstofnana enda eru mestu umsvif í rekstri og fjárreiðum á reikningum þeirra. Þrátt fyrir það dregur nefndin ekki í efa nauðsyn þess að frv. nái jafnframt til Alþingis en telur hins vegar með hliðsjón af framangreindri álitsgerð nauðsynlegt að marka sérstöðu þess í frv. Leggur nefndin til breytingar á frv. í því efni og vísast um þær sérstaklega til skýringa við brtt. við 21. gr. og til tillögu um nýja 50. gr. frv.

Einnig voru miklar umræður um eðli fjárlaga, sbr. 23. og 26. gr. frv., og um ákvæði 30. gr. um heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs, svokallaða þjónustusamninga.

Herra forseti. Nú mun ég gera grein fyrir einstökum brtt. sem nefndin hefur lagt fram og liggja fyrir á þskj. 1102.

Í 2. gr. frv. er skilgreining á hugtakinu ríkisaðilar. Þar segir að ríkisaðilar séu þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins. Í einstökum ákvæðum er hins vegar ýmist talað um ríkisaðila, ríkisstofnanir eða ríkið og stofnanir þess og fyrirtæki. Augljóst er að allt fellur þetta undir hugtakið ríkisaðili og leggur nefndin því til til samræmingar að nota þetta hugtak í frv. almennt þegar það á við. Í því sambandi eru lagðar til breytingar á 1. gr., 4.–6. gr., 14. gr., 36. gr., 37., 39. og 49. gr. Rétt er að taka fram að ekki á í öllum tilvikum við að tala um ríkisaðila. Þannig teljast til A-hluta ríkisreiknings aðilar sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða að verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi. Í því sambandi eru lagðar til breytingar á 18.–20. gr. og 40. gr. Loks er sumum ákvæðum frv. einnig ætlað að ná til ríkisstofnana eða ríkisfyrirtækja en ekki annarra ríkisaðila eins og Alþingis o.fl.

Í sambandi við skil á ársreikningum skv. II. kafla vill nefndin taka fram að eðli málsins samkvæmt geti orðin „viðkomandi ráðuneytis" í 1. mgr. 20. gr. ekki átt við Alþingi og stofnanir þess. Þau skulu senda endurskoðaða ársreikninga sína til Ríkisbókhalds.

Lagt er til að hugtakið æðsta stjórn ríkisins sé skýrt frekar í 1. tölul. 3. gr. þar sem fram koma þeir aðilar sem teljast til A-hluta ríkisreiknings. Þetta hugtak er óskilgreint í íslenskum rétti að öðru leyti en því að í A-hluta fjárlaga hefur tíðkast bæði í 2. gr., um gjöld samkvæmt rekstrarreikningi, og 4. gr., um sundurliðun útgjalda, að hafa æðstu stjórn ríkisins sem sérstakan lið. Á fjárlögum ársins 1997 falla þar undir embætti forseta Íslands, Alþingi, Lýðveldissjóður, ríkisstjórn, Hæstiréttur, Bessastaðir, opinberar heimsóknir, umboðsmaður Alþingis, Ríkisendurskoðun, rekstrarhagræðing og sérstakur liður um ýmis verkefni sem tilgreind eru sem undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku og minningarkapella á Ljósavatni. Ekki virðist þó hafa verið fullt samræmi í túlkun á þessu hugtaki. Nefndin leggur áherslu á að aðeins æðstu handhafar almannavaldsins flokkist undir æðstu stjórnina, þ.e. forseti lýðveldisins, Alþingi, ríkisstjórn og Hæstiréttur. Það er og í samræmi við 8. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar fari saman með forsetavald í fjarveru forseta Íslands. Til samræmis við þessa breytingu er eðlilegt að upptalning á þeim aðilum, sem falla undir æðstu stjórnina, verði afmörkuð á sama máta í fjárlagafrumvarpi hverju sinni og hér er lagt til hvað varðar ríkisreikning. Þá er lagt til að fella orðið „ríkissjóður" úr upptalningu á þeim sem teljast til A-hluta ríkisreiknings. Þó að víða í lögum megi finna þetta orð telst ríkissjóður sem slíkur ekki sjálfstæð stofnun eða ígildi hennar. Þannig getur ríkissjóður ekki orðið sjálfstæður aðili að dómsmáli heldur verður ávallt að stefna fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins. Þetta orð hefur verið notað sem eins konar samheiti yfir fjármuni í eigu ríkisins, tekjur ríkisins og ríkisstofnana. Í raun eru það hins vegar fjármálaráðherra og einstakir fagráðherrar ásamt stofnunum og fyrirtækjum sem undir þá heyra sem fara með þessa fjármuni.

Í tillögu til breytingar á 7. gr. er lagt til að frestur fjmrh. til að leggja endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi verði hafður tvær vikur frá þingsetningu en ekki tíu dagar eins og frv. ráðgerir. Algengara er í lögum að frestir séu miðaðir við vikur en ekki einstaka daga.

Lagt er til að við c-lið 2. tölul. b-liðar 8. gr. bætist nýr málsliður sem kveði á um það að á yfirliti um samninga um fjárskuldbindingar verði sérstaklega greint á milli samningsbundinna skuldbindinga og lögbundinna skuldbindinga. Í meðferð nefndarinnar kom fram að nauðsynlegt væri að í ríkisreikningi kæmi skýrt fram allar samningsbundnar og lögbundnar skuldbindingar; má þar sérstaklega nefna lífeyrisskuldbindingar. Einnig að gerð væri grein fyrir því hvernig þær falla til og standa frá ári til árs að gefnum skynsamlegum forsendum. Auk þessa er framangreind breyting á ákvæðinu

lögð til svo ljóst megi vera hversu ríka áherslu þarf að leggja á skýrar upplýsingar um allar skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla.

Í 14. gr. er kveðið á um gjaldfærslu varanlegra rekstrarfjármuna ríkisaðila í A-hluta. Við umfjöllun í nefndinni kom fram að greinin væri ekki nægjanlega skýr um hvernig gjaldfæra skyldi verksamninga sem ólokið er á reikningsári, þ.e. svokallaða smíðasamninga. Sem dæmi má nefna samninga um nýbyggingar. Lögð er til breyting á orðalagi greinarinnar til að gera hana skýrari um hvernig skuli fara með gjaldfærslu á slíkum samningum.

Lagt er til að í 21. gr. verði tekin ákvæði um skil einstakra aðila í A-, B- og C-hluta á fjárlagatillögum. Þannig verði lögfest sú framkvæmd sem verið hefur, þ.e. að aðilar skila tillögum sínum til viðkomandi ráðuneytis og hvert ráðuneyti skilar síðan fjárlagatillögum um þá aðila, sem undir það heyra, til fjármálaráðuneytis. Jafnframt er lagt til að lögfest verði ákvæði um gerð og meðferð fjárlagatillagna Alþingis. Enginn vafi leikur á þeirri sérstöðu sem Alþingi hefur í stjórnkerfinu. Byggist hún á löggjafarvaldinu, þingræðisreglunni, fjárstjórnarvaldinu, eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu o.fl. atriðum. Í stjórnarskránni og almennum lögum er að finna fyrirmæli um innri starfsemi þingsins, samanber umfjöllun um álitsgerð Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors hér að framan. Forseti Alþingis er í störfum sínum aðeins ábyrgur gagnvart þinginu sjálfu, sbr. 52. gr. stjórnarskrárinnar. Í þingskapalögum kemur síðan fram að forseti Alþingis beri ábyrgð á rekstri þingsins og hafi æðsta vald í stjórnsýslu þess, en forsætisnefnd þingsins setji almennar reglur um rekstur Alþingis og stjórnsýslu. Þar segir einnig að forsætisnefnd fjalli um fjárhagsáætlanir þingsins og stofnana sem undir það heyra. Því er eðlilegt að sérákvæði gildi um fjárlagatillögur þingsins. Þingið fer með fjárstjórnarvaldið og það leiðir því af sjálfu sér að það hefur lokaorðið um eigin fjárlagatillögur eins og um fjárlagafrumvarpið í heild sinni.

Færa má fyrir því gild rök að ríkisstjórnin sem slík eigi ekki að hafa afskipti af fjárlögum Alþingis, með vísun í þingræðisregluna og sérstöðu þingsins að öðru leyti. Þá skal bent á að í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, eru fjárlagatillögur þingsins ávallt teknar óbreyttar upp í fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar eftir umfjöllun forsætisnefndar og þeirra sem falið er það verkefni í þeim löndum. Af skrifum þarlendra fræðimanna má greina að fjárhagslegt sjálfstæði sé grunnurinn að sjálfstæði þingsins almennt. Í sumum vestrænum ríkjum er jafnvel gengið svo langt að fjárlög þingsins eru ekki hluti af fjárlögum sem eiga uppruna sinn í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Í íslensku stjórnarskránni segir hins vegar að allar tekjur og gjöld skuli tekin upp í fjárlagafrumvarpið. Þetta þarf ekki að skilja sem svo að ríkisstjórn á hverjum tíma eigi að taka afstöðu til eða breyta fjárlagatillögum þingsins. Til samræmis við ákvæði þingskapa er hér lagt til að forsætisnefnd geri tillögu um fjárveitingar til Alþingis og stofnana þess og sendi þær forsætisráðherra sem eins og fyrr segir annast af hálfu framkvæmdarvaldsins samskipti við Alþingi, sbr. 4. tölul. 2. gr. stjórnarráðsreglugerðarinnar. Er þá gert ráð fyrir að forsætisráðherra framsendi tillögurnar fjármálaráðherra sem tekur þær upp í fjárlagafrumvarpið.

Þetta mál verður auðvitað að skoða í því ljósi að forsætisnefnd starfar í umboði Alþingis, eða meiri hluta þess, og því er ólíklegt að tillögur hennar séu í ósamræmi við þá efnahagsstefnu sem ríkisstjórn á hverjum tíma boðar. Til að taka af allan vafa um þetta er, sbr. tilvísun nýrrar 4. mgr. í 2. mgr. greinarinnar, gert ráð fyrir að forsætisnefnd skuli við gerð fjárlagatillagnanna hafa hliðsjón af þjóðhagsáætlun. Þá er í tillögum nefndarinnar loks lagt til að ákvæðið nái einnig eftir því sem við á til frumvarps til fjáraukalaga.

Ég vil aðeins til frekari skýringar bæta því við að þegar talað er um fjárlagatillögur Alþingis er fyrst og fremst átt við tillögur forsn. um almennan rekstur þingsins. Verði breytingartillögur sérnefndar samþykktar má gera ráð fyrir að slíkar almennar tillögur þingsins verði teknar óbreyttar upp í fjárlagafrv. án þess að þær sæti sérstakri endurskoðun embættismanna framkvæmdarvaldsins að því er varðar heildarupphæð eða skiptingu milli viðfangsefna enda verður að telja annað óviðeigandi. Hins vegar er ljóst að meiri háttar breytingar í rekstri þingsins eða mjög útgjaldafrekar ákvarðanir, eins og t.d. um nýbyggingar, hljóta að koma til kasta þingflokka, auðvitað sérstaklega stjórnarmeirihlutans á hverjum tíma. Ég lít svo á að það hljóti að vera í verkahring og verkefni forseta Alþingis og forsætisnefnd að afla stuðnings slíkum breytingum eða framkvæmdaáformum fyrir fram þannig að tillögur af því tagi séu ekki settar fram nema um þær sé sátt eða að a.m.k. skýr vilji meiri hlutans á hverjum tíma liggi fyrir.

Lagt er til að 23. gr. verði breytt þannig að enginn vafi leiki á að breytingar í fjárlögum á mörkuðum tekjustofnum eða lögbundnum framlögum geti eingöngu náð til fjárlagaársins, en ekki til lengri tíma. Á síðari árum hafa breytingar á mörkuðum tekjustofnum og lögbundnum framlögum í tengslum við fjárlagafrumvarp, og nú á síðustu þingum, verið lagðar fram í sérstöku frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem vísað hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar. Frumvarpi til lánsfjárlaga, sbr. 71. gr. laga nr. 52/1966, hefur verið vísað til fjárlaganefndar sem síðan hefur vísað því til efnahags- og viðskiptanefndar skv. 2. mgr. 25. gr. þingskapa.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að eitt af þeim meginmarkmiðum sem lögð voru til grundvallar við samningu þess væri að fella efni lánsfjárlaga inn í fjárlög og samræma þinglega meðferð ríkisfjármálanna. Þessi markmið koma fram í 23. gr. og 26. gr. frumvarpsins. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar er það er saman komið, leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fer, og skal í frumvarpinu fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld.“ Ljóst er því að stjórnarskrárgjafinn hefur ætlað fjárlögum vissa sérstöðu. Fram til ársins 1991 starfaði Alþingi í tveimur deildum og sætti fjárlagafrumvarp þá annarri meðferð en lagafrumvörp almennt. Við afnám deildaskiptingar Alþingis, með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991, breyttist þetta og nú hljóta fjárlög alveg sömu þinglega meðferð og öll önnur lagafrumvörp sem þingið fær til umfjöllunar, þ.e. þau skal ræða við þrjár umræður og er vísað til nefndar að lokinni 1. umræðu.

Ljóst er að hægt er að deila um túlkun á hugtakinu „fjárlög“ eftir því hvaða lögskýringaraðferðum er beitt. Telja verður líklegt að þetta hugtak megi skýra nokkuð rúmt, m.a. ef horft er til þess hvernig heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga hefur verið beitt undanfarna áratugi. Færa má fyrir því gild rök að með því að færa breytingar á lánsfjárlögum og mörkuðum tekjustofnum og lögbundnum framlögum inn í fjárlagafrumvarpið verði umfjöllun um þessi mál heilsteyptari og þingmenn fái betri yfirsýn yfir alla þætti ríkisfjármál-

anna. Til að taka af öll tvímæli skal þó tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að inn í fjárlög verði teknar efnisbreytingar á einstökum sérlögum heldur einungis breytingar sem varða tímabundna hækkun eða lækkun á lögbundum tekjustofnum eða framlögum.

Í ritinu Stjórnskipun Íslands eftir prófessor Ólaf Jóhannesson, sem til langs tíma hefur verið eitt helsta hérlenda fræðirit á sviði stjórnskipunarréttar, fjallar höfundur m.a. um fjárlög eins og við er að búast. Þar rekur hann sérstöðu fjárlaga og afmörkun gagnvart almennum lögum. Þetta merkilega fræðirit Ólafs Jóhannessonar er samið á þeim tíma þegar þingið starfaði í tveimur deildum og fjárlög sættu annarri meðferð en almenn lög eins og fram hefur komið, þ.e. voru rædd við þrjár umræður í sameinuðu þingi.

Ljóst er að höfundur leggur hvað mest upp úr þessum sérstaka setningarmáta í rökstuðningi sínum fyrir sérstöðu fjárlaganna. Einnig telur hann upp afmarkaða gildistíma og afmörkun efnis þeirra. Síðan segir Ólafur, með leyfi forseta: „Af því leiðir, að venjulegum lögum verður ekki breytt með fjárlögum. Boð stjórnarskrárinnar um þrjár umræður í hvorri deild um hvert lagafrumvarp yrði að engu gert, ef fjárlög gætu fellt niður eða breytt eldri lagaákvæðum. Fjárlögum á að halda hreinum. Þar á því ekki að setja reglur, sem heima eiga í lögum, enda þótt með þeim sé í engu hreyft við eldri löggjöf. Þar eiga aðeins að vera tekjuáætlanir og útgjaldaheimildir. Annars myndi skapast óviðunandi glundroði í störfum löggjafans."

Það leikur enginn vafi á því að á meðan Alþingi starfaði í tveimur deildum og fjárlög sættu sérstakri málsmeðferð gátu þau tæplega talist jafngildi almennra laga. Nú hafa forsendur breyst mikið þar sem eftir afnám deildaskiptingarinnar 1991 sætir fjárlagafrv. nákvæmlega sömu meðferð og önnur lagafrv. Gildistími fjárlaga er vissulega afmarkaður til eins árs en ekkert er því til fyrirstöðu að gildistími annarra laga sé afmarkaður á sama hátt eins og dæmi eru um. Ekki verður séð að í því sambandi skipti öllu máli hvort gildistíminn sé þannig afmarkaður í stjórnarskránni eða í lögunum sjálfum. Um efni fjárlaga, þ.e. að í þeim skuli fólgin greinargerð um tekjur ríkisins og gjöld, skal tekið fram að almennt er sérlögum markað efni á afmörkuðum sviðum. Það að efni fjárlaga sé afmarkað af stjórnarskránni er tæpast til þess fallið að setja þau lög á einhvern lægri stall en önnur lög í landinu. Prófessor Ólafur Jóhannesson minnist á að fjárlögum skuli halda hreinum, annað geti skapað óviðunandi glundroða í störfum löggjafans. Það að í fjárlagafrv. verði í sérstakri grein teknar inn tímabundnar breytingar á fjárhæðum í sérlögum til samræmis við lækkuð, eða hugsanlega hækkuð, framlög til hlutaðeigandi málaflokka á öðrum stað í frv. ætti eins og fyrr greinir frekar að leiða til þess að umfjöllun um þau ákvæði verði heilsteyptari og þingmenn fái sem besta yfirsýn yfir þær breytingar sem verið er að gera í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þá má velta fyrir sér að í hinni svokölluðu heimildargrein fjárlaga, þ.e. núverandi 6. gr., hefur lengi tíðkast að mæla fyrir um ýmsar heimildir fjmrh. til eftirgjafar lögbundinna skatta og gjalda, sölu fasteigna, fasteignakaup og fleira. Það að fjárlög hafa á þennan máta breytt almennum lögum eða mælt fyrir um sölu fasteigna, þó að 40. gr. stjórnarskrárinnar segi að enga af fasteignum landsins megi láta af hendi nema samkvæmt lagaheimild, hlýtur að verða að túlkast sem svo að löng hefð sé fyrir því að einstakar greinar fjárlaga teljist jafngildar almennum lögum. Það skal áréttað að slík heimildarákvæði komu inn í fjárlögin löngu áður en deildaskiptingin var afnumin.

Með hliðsjón af framangreindu styður nefndin þá leið sem farin er í frumvarpinu hvað þetta varðar að teknu tilliti til þeirrar breytingar sem lögð er til á 23. gr.

Lögð er til breyting á 26. gr. til að lántöku- og ábyrgðarheimildir verði teknar inn í fjárlagafrv. Samkvæmt 40. gr. má ekki taka lán sem skuldbindur ríkið nema samkvæmt lagaheimild. Með vísun í áðurgreindan rökstuðning telur nefndin að fjárlögin veiti fullnægjandi lagaheimild í þessu efni og telur breytinguna til þess fallna að fella ríkisfjármálin í enn heilsteyptari farveg. Reyndar segir Ólafur Jóhannesson í áðurgreindu riti sínu að ábyrgðarheimildir í fjárlögum hafi tíðkast lengi og séu orðnar venjuhelgaðar. Brtt. við 26. gr. er ætlað að taka af allan vafa um að aðeins sé átt við lántökuheimildir, lánveitingar og ríkisábyrgðir á því fjárlagaári sem frumvarpið fjallar um. Í þessu sambandi er rétt að minnast á að við umfjöllun um málið í nefndinni á síðasta þingi var mikið rætt um heimildargrein fjárlaga, þ.e. núv. 6. gr., verður 7. gr. í frv. sem ég minntist á hér að framan. Nefndin leggur áherslu á að um slíkar heimildir eigi það sama við og um önnur ákvæði fjárlagafrv., þ.e. að 6. gr. heimildirnar gildi aðeins út fjárlagaárið. Brýnt er að í reglugerð, sem gert ráð fyrir að fjmrh. setji um nánari framkvæmd laganna, sé skýrt kveðið á um meðferð slíkra heimilda.

Í brtt. við 29. gr., sem varðar ráðstöfun eigna hjá A-hluta, er lagt til að í niðurlagi greinarinnar verði talað um „samþykki viðkomandi ráðherra og fjármálaráðherra" í stað „samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis". Starfsmenn ráðuneyta vinna í umboði ráðherra sinna, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar, og það er ráðherrunum sem er stefnt ef menn telja undirmenn þeirra hafa brotið á sér rétt. Ráðherrarnir bera líka hina pólitísku ábyrgð á embættisrekstri þeirra ráðuneyta sem undir þá heyra.

Sambærileg breyting er lögð til á 41. gr. frv. Þess má geta að í 30. gr. frumvarpsins og 39. gr. er talað um samþykki fjmrh. Í 36. gr. um samþykki fjmrh. og hlutaðeigandi fagráðherra. Framangreindar brtt. eru því í eðlilegu samræmi við þau ákvæði.

Lagðar eru til verulegar breytingar á 30. gr. frv. en þar er rætt um heimild til að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni (svokallaða þjónustusamninga) til lengri tíma en eins árs. Greinin er að hluta samsvarandi sömu grein í fyrra frv. en jafnframt hefur efni frv. til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri, sem varð eigi útrætt á síðasta þingi, verið fellt inn í greinina.

Strax í upphafi umfjöllunar nefndarinnar um 30. gr. var ljóst að talsverðir ágallar voru á ákvæðinu eins og það lá fyrir. Í umsögn Ríkisendurskoðunar komu fram miklar athugasemdir við greinina. Þá kom prófessor Davíð Þór Björgvinsson í áliti sínu með ábendingar um hvað betur mætti fara. Mikilvægustu athugasemdir þessara aðila voru að:

ákvæðið fæli í sér víðtækt framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins til að skuldbinda ríkissjóð til langs tíma,

framkvæmdarvaldshafar fengju of víðtækar heimildir til að framselja opinbert vald til þeirra sem slíkir samningar væru gerðir við,

í ákvæðið vantaði heimildir til eftirlits með verktakanum,

verulega skorti á að réttarstaða njótenda þjónustunnar væri tryggð,

í ákvæðið vantaði uppsagnarheimildir á slíkum samningum.

Með brtt. sínum telur nefndin sig hafa komið til móts við þessar ábendingar. Við umfjöllun í nefndinni var mikið rætt um hvaða heimildir ráðherra þarf að hafa til að gera slíka samninga sem í ákvæðinu greinir. Nefndin leggur áherslu á að við gerð þeirra verði ávallt hafður fyrirvari um samþykkt fjárveitingavaldsins til fjárgreiðslna úr ríkissjóði samkvæmt þeim, þ.e. að afla þurfi nauðsynlegra heimilda í fjárlögum hvers árs á samningstímanum. Þetta er grundvallaratriði. Þannig verði ríkissjóður í raun aldrei skuldbundinn af slíkum samningum til lengri tíma en fjárlagaársins. Jafnframt er lagt til að í athugasemdum með fjárlagafrv. skuli gera grein fyrir slíkum samningum og áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaárin. Þar verði einnig gerð grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum.

Þá er lagt til að sett verði inn sérstakt ákvæði um að einkaaðila verði ekki með slíkum samningum falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum. Jafnframt skulu þá ákvæði stjórnsýslulaga, upplýsingalaga og fleiri laga, svo sem ákvæði um þagnarskyldu sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttarins gilda um þá stjórnsýslu sem samningsaðilinn tekur að sér að annast. Með þessu móti er réttarstaða neytenda þjónustunnar tryggð og valdaframsal framkvæmdarvaldsins í þessu efni verulega takmarkað.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í umfjöllun nefndarinnar var nokkuð rætt um hvað fælist í framsali opinbers valds. Margar stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir framkvæmdarvaldið eru þess eðlis að stjórnvaldsákvarðanir taka aðeins til hluta af starfsemi þeirra. Í því sambandi skiptir máli hvort ákvörðun lýtur fyrst og fremst að framkvæmd þjónustu eða hvort hún er lagalegs eðlis, þ.e. snertir réttindi og skyldur manna. Þannig skiptir eðli ákvörðunarinnar máli en ekki eingöngu hver tekur hana eða hvers efnis hún er. Gott dæmi um þetta eru skólar landsins. Kennsla flokkast sem þjónustustarfsemi og telst því ekki til stjórnvaldsákvarðana. Á þetta jafnt við um eiginlega kennslu, próftöku og útskrift nemenda. Sú ákvörðun að víkja nemanda úr skóla í fleiri en einn dag telst aftur á móti stjórnvaldsákvörðun og fellur undir 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga þar sem möguleikar nemandans til náms eru þannig beinlínis skertir. Fleiri dæmi má taka. Úr heilbrigðisgeiranum má nefna að synjun um læknisaðgerð teldist til stjórnsýsluákvörðunar en umönnun sjúkra ekki. Til að mæta athugasemdum um skort á uppsagnarheimildum er lagt til að inn verði tekið ákvæði um að uppsagnarfrestur skuli skemmstur vera þrír mánuðir. Í sambandi við eftirlitsheimildir skal tekið fram að nefndin hefur nú til umfjöllunar frumvarp til nýrra heildarlaga um Ríkisendurskoðun og hefur reyndar lokið þeirri umfjöllun og hefur tekið inn í breytingartillögur sínar, sem hér hefur verið dreift í þinginu, tillögur um ákvæði er varða eftirlit Ríkisendurskoðunar með framkvæmd slíkra samninga og er með því móti komið til móts við þær athugasemdir sem fram komu og fyrr er greint um. Í breytingartillögu nefndarinnar við þessa grein er jafnframt gert ráð fyrir að samningar af þessu tagi geti náð til þeirra ríkisstofnana sem sinnt hafa verkefninu. Má ætla að slíkir samningar fari að verða algengari í kjölfar úrvinnslu hinna svokölluðu verkefnavísa sem fjmrh. hrinti í framkvæmd á síðasta ári og eiga að bæta upplýsingar um opinberan rekstur og styrkja framvindu við árangursstjórnun og þar með skilning á ríkisrekstrinum. Það er lagt til að hugtakið rekstrarverkefni verið skilgreint nánar og sett inn ákvæði um að lög um opinber innkaup gildi um útboð rekstrarverkefna. Samkvæmt því verður meginreglan sú að slíkir samningar skuli boðnir út, sbr. 6. gr. þeirra laga. Hins vegar er ljóst að stundum á útboð ekki við svo sem þegar verið er að gera samninga við þá stofnun sem sinnt hefur verkefninu áður. Gert er ráð fyrir að ákvæðið muni gilda með sama hætti um samninga um rekstrarverkefni sem gerðir eru samkvæmt heimild í öðrum lögum nema ríkari kröfur séu gerðar til samninganna í hlutaðeigandi sérlögum.

Í 33. gr. er fjallað um heimild fjmrh. til að inna af hendi greiðslur vegna ófyrirséðra atvika án heimilda í fjárlögum enda þoli greiðslan alls enga bið. Í athugasemdum við frumvarpið er bent á greiðslur vegna skaðabótaskyldu sem fellur á ríkið sem dæmi um þetta. Nefndin leggur til að texta greinarinnar verði breytt þannig að sú skylda hvíli á fjmrh. að gera fjárln. Alþingis grein fyrir ófyrirséðum greiðslum strax og hann hefur tekið ákvörðun um að inna þær af hendi. Eins og fram kemur í 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum. Ákvæðið hefur þó ávallt verið túlkað svo að fjármálaráðherra hafi visst svigrúm til að inna af hendi greiðslu vegna ófyrirséðra atvika sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum. Þannig má segja að skapast hafi stjórnskipunarvenja fyrir slíkum greiðslum. Þrátt fyrir að fjármálaráðherra sé fengið visst svigrúm í þessum efnum er eðlilegt að handhafi fjárveitingavaldsins sé upplýstur eins fljótt og hægt er um allar greiðslur af þessum toga. Beinast liggur við að skylda ráðherra til að tilkynna fjárlaganefnd þar um, en í henni eiga að jafnaði sæti fulltrúar allra þingflokka. Eftir sem áður ber ráðherra auðvitað pólitíska ábyrgð á að ekki verði gengið lengra í greiðslum sem þessum en hvert og eitt tilvik gefur tilefni til. Að sjálfsögu þarf svo í framhaldi af öllum slíkum greiðslum að leita heimildar fyrir þeim í fjáraukalögum eins og fram kemur í niðurlagi greinarinnar en þá hafi fjárlaganefnd áður fengið tækifæri til þess að fjalla um þau erindi og meta rökstuðninginn fyrir þeim.

Lagðar eru til tvær breytingar á 41. gr., sem fjallar um fjárskuldbindingar B- og C-hluta. Sú fyrri er sambærileg breytingartillögu við 29. gr. og vísast um hana til skýringar við þá grein. Þá þykir nefndinni orðalagið „að tryggja rekstrarhagsmuni fyrirtækisins“ í niðurlagi greinarinnar óskýrt og leggur til að í staðinn verði talað um „að tryggja eðlilegan rekstur fyrirtækisins“. Nefndin lítur svo á að með þessu sé t.d. átt við það ef verið er að tryggja að hagnaður af starfsemi fyrirtækisins verði í samræmi við það sem fjárlög stefna að. Um fyrirtæki í eigu ríkisins sem ætlað er að standa straum af starfsemi sinni með tekjum af sölu vöru og þjónustu gilda í meginatriðum sömu lögmál og hjá einkaaðilum. Því verður að ætla slíkum fyrirtækjum nokkurt svigrúm til athafna ef þau eiga að standa sig í samkeppni við einkaaðila.

Nefndin leggur til að við frv. bætist ný grein, 50. gr., þar sem sérstaða Alþingis er áréttuð, það er 27. liður brtt. Eins og fyrr hefur komið fram eiga ýmis ákvæði frv. eingöngu við um ríkisstofnanir og fyrirtæki í eigu ríkisins. Önnur ná hins vegar til allra ríkisaðila, m.a. Alþingis. Því er lagt til að fyrri málsliður hinnar nýju greinar hljóði svo, með leyfi forseta:

„Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum þessum gilda þau um fjárreiður Alþingis eftir því sem við á.“

Jafnframt er lagt til að í þessari nýju grein verði tekið fram að hvað Alþingi og stofnanir þess varðar taki forsætisnefnd ákvarðanir um heimild til að taka á leigu eða leigja út eignir skv. 2. mgr. 29. gr., heimild til að eiga viðskipti

án staðgreiðslu skv. 32. gr., heimild til að geyma ónýttar fjárveitingar skv. 2. mgr. 37. gr. og heimild til að halda eigin bankareikninga skv. 39. gr. Gert er ráð fyrir að forsætisnefnd hafi samráð við fjármálaráðherra um slíkar ákvarðanir þar sem eðlilegt er að hann hafi yfirsýn yfir ríkisreksturinn í heild sinni. Í slíku samráði felst þó fyrst og fremst upplýsingaskylda en alls ekki er átt við samþykki. Ég vil þó taka fram í þessu sambandi að ætlast er til þess að forsn. fylgi almennum reglum ríkisrekstrarins um þessi atriði nema eitthvað sérstakt komi þar til.

Loks er lögð er til breyting á gildistökuákvæði þar sem í frumvarpinu, sem lagt var fram síðasta haust, var gert ráð fyrir að lögin öðluðust gildi 1. janúar 1997. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1998 og uppgjör ríkisreiknings fyrir það ár. Tillaga um brottfall ákvæðis til bráðabirgða I leiðir af þessari breytingu.

Að lokum, herra forseti, vil ég þakka nefndarmönnum og riturum nefndarinnar fyrir sérstaklega gott samstarf við afgreiðslu þessa frv. sem eins og áður sagði er búið að vera til meðferðar á tveimur þingum. Hér er bæði um efnismikið og um margt flókið mál að ræða sem nefndin hefur lagt sig fram við að koma í sem bestan búning eftir vandaðan undirbúning ríkisreikningsnefndarinnar sem starfaði á ábyrgð fjmrh. að undirbúningi þessa máls.

[21:25]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri sérnefnd sem vann þetta mál hér í þinginu og reyndar í hinni fyrri einnig, því eins og kom fram í máli frsm. nefndarinnar, hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, hefur þetta mál verið í vinnslu á tveimur þingum. Að mínu mati er þetta mál vel unnið og ég stend að þessu áliti sem hv. þm. Sturla Böðvarsson gerði hér grein fyrir, með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur að 30. gr. frv. og eingöngu að þeirri grein. Sú grein fjallar um samninga um rekstrarverkefni, þ.e. svokallaða þjónustusamninga sem er e.t.v. ekki algjört réttnefni, enda segir í frv. að hér sé rætt um samninga um rekstrarverkefni og þau síðan skilgreind.

Í fyrsta lagi er afstaða mín gagnvart þessu máli sú að ákvæði um þetta eiga ekki heima í frv. um fjárreiður ríkisins. Þetta er raunverulega allt annað málefni og var reyndar upphaflega borið fram á hinu háa Alþingi í sérstöku frv. Það hefði verið mun eðlilegra, að mínu mati, að þessi lagabálkur hefði verið unninn sérstaklega því í þeim efnum er e.t.v. ekki svo mikið um að ræða uppsetningu og framkvæmd fjárlaga heldur miklu frekar ákveðnar pólitískar spurningar sem snúa að ríkisrekstri. Það er því mín skoðun að þessi grein eigi ekki heima í frv.

Það er hins vegar alveg augljóst að eins og frv. var lagt fram þá þurfti að gera mjög miklar breytingar á þessari tillögu. Stjórnarmeirihlutinn féllst ekki á að taka þetta út úr frv. og vinna þetta í sérstökum farvegi svo það var farið í það verkefni að reyna að lagfæra þessa grein þannig að það væri þó alla vega hægt að vinna eftir henni eftir sæmilegu skikki. Það sést best á því að af þessum brtt. nefndarinnar, sem eru upp á tvær og hálfa síðu, er ein síða einungis um breytingar á 30. gr. Og, herra forseti, þingheimur sér vel hvernig þetta var upphaflega úr garði gert. Þetta er nefnilega mjög mikilvæg grein í frv. sem hér um ræðir vegna þess að framkvæmdarvaldinu eru gefnar mjög víðtækar heimildir með henni. Breytingar sem þessi grein tók hins vegar, eins og kom fram í framsögu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, eru allar til bóta og margar af þeim ábendingum sem voru síðan teknar upp í þessa grein komu einmitt frá stjórnarandstæðingum þannig að menn settust nú sameiginlega yfir það að reyna að gera þetta eins vel úr garði og hægt var, þó svo að ég sé ekki sáttur við ýmsa þætti í þessari grein. Það má benda á að fram komu harðorðar athugasemdir bæði frá Ríkisendurskoðun og þeim lögfræðilega ráðgjafa sem nefndin fékk, Davíð Þór Björgvinssyni prófessor, og nefndin tók tillit til þeirra ábendinga. En ég vil benda á að Ríkisendurskoðun tók undir það sjónarmið sem ég hef hér lýst, að betur færi á að þessi löggjöf væri ekki inni í lögum um fjárreiður ríkisins heldur í sérstökum lögum. Aðspurðir þegar málið var komið á lokastig voru þeir enn þeirrar skoðunar en töldu samt að lifa mætti við málið. Ég tel því að það sé fingurbrjótur í annars mjög góðri lagasetningu að hafa þessa grein inni en við því er ekkert að segja. Meiri hlutinn kaus að fara þessa leið og tók þó ráðleggingum okkar í stjórnarandstöðunni og annarra aðila, sérfróðra aðila, um að bæta þessa grein.

Það eru nokkur atriði sem eru mikilvæg vegna þess að það segir í greininni að ráðherra sé heimilt með samþykki fjmrh. að gera verksamninga eða samninga um rekstrarverkefni sem undir ráðuneytið heyra til lengri tíma en eins árs. Í fyrsta lagi við ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, t.d. ef menntmrh. gerði segjum þjónustusamning við einhvern af þeim skólum sem heyra undir menntmrn. þar sem afmörkuð væri sú þjónusta sem viðkomandi skóli ætti að inna af hendi. Í öðru lagi er honum heimilt að gera slíkan samning við aðrar ríkisstofnanir sem ekki hafa sinnt þessu verkefni, sveitarfélög eða einkaaðila. Fagráðherra hefur sem sagt víðtækar heimildir til að gera sérstök rekstrarverkefni.

Rekstrarverkefni er einnig skilgreint í greininni. Það er nokkuð merkileg skilgreining vegna þess að með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti, sem er nú gott og blessað, eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni. Hér er því um að ræða mjög víðtæka skilgreiningu, herra forseti, á rekstrarverkefni. Fagráðherra getur með samþykki fjmrh. falið, segjum sveitarfélagi eða einkaaðila, rekstur heillrar ríkisstofnunar án þess að það komi nokkuð til sérstakrar meðferðar hér á hinu háa Alþingi. Þó eru ýmsir fyrirvarar settir við þessar víðtæku heimildir sem hér eru veittar. Ein sú mikilvægasta er í niðurlagi 30. gr., þ.e. að í athugasemdum með fjárlagafrv. skal gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætluðum kostnaði sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár. Jafnframt skal gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum.

Hér er alveg augljóst hvað lagt er upp með. Það á að vinna eftir áætlun við þennan flutning á verkefnum frá ríkisvaldi til annarra aðila. Í fyrsta lagi verkefnum frá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu til annarra aðila innan ríkiskerfisins, sveitarfélaga eða einstaklinga. Það er mjög mikilvæg viðbót sem þarna fékkst inn í greinina að unnið sé eftir ákveðinni áætlun sem lögð er fyrir með fjárlagafrv. Þetta er kannski ekki eins og upprunalega hugmyndin var þegar hún var lögð fram í nefndinni. Menn lögðu til álíka aðferð og gildir um vegáætlun, hafnaáætlun og fleiri áætlanir, að lögð sé fyrir áætlun sem samþykkt er á Alþingi og unnið eftir henni. Það var ekki farin sú leið heldur millileið, að í athugasemdum fylgi áætlun um áformaða samninga á fjárlagaárinu. En það er ljóst að þetta kemur ekki til afgreiðslu á Alþingi. Þetta eru fyrst og fremst upplýsingar til Alþingis um áform stjórnvalda á hverjum tíma, hvernig þau hyggjast færa til verkefni sem ríkisvaldið hefur verið með hverju sinni.

Við verðum að hafa í huga þó að við óttumst mörg okkar svona víðtækar heimildir hjá núv. ríkisstjórn að meiri hluti á Alþingi á vitaskuld að geta knúið fram þær breytingar sem hann telur nauðsynlegar. Minni hlutinn á ekki annan rétt en þann að benda á málið og reyna að berjast fyrir sínum sjónarmiðum á lýðræðislegan hátt en að lokum hlýtur alltaf vilji meiri hlutans að ná fram að ganga, einnig hvað viðvíkur þeim stofnunum sem eru í ríkisrekstri eða í öðru rekstrarfyrirkomulagi eða í umsjón annarra aðila. Um þetta snýst pólitíkin m.a., að takast á um hversu langt á að ganga á þessu sviði.

Það var tekið inn í þessa grein eftir ábendingar að ekki mætti framselja vald með slíkum samningum. Ég held að sá kafli í greininni sé þannig úr garði gerður að ekki þyrfti að koma til ágreinings varðandi þann þátt málsins. Mér sýnist á öllu að réttindi einstaklinga séu tryggð við tilfærslu á verkefnum. En það breytir því ekki, herra forseti, að hér er um að ræða mjög víðtækar heimildir sem ráðherra fær og skilyrðin eru ekki mörg. Það eru eiginlega bara tvö skilyrði, samþykki fjmrh. og hins vegar er gert er ráð fyrir fjárveitingu á fjárlögum fyrir þessu verkefni. Ég hefði talið að í fyrsta lagi ætti þetta ekki heima hér og í öðru lagi hefði ég kosið að þetta væri ekki eins umfangsmikið og hér er lagt fram með. Útfærslan á þessari grein núna er þó hátíð frá því sem hún var upprunalega í fjárlagafrv. eða eins og hún var í því frv. sem stjórnarandstaðan stoppaði á sínum tíma og olli illdeilum gagnvart stjórnarandstöðunni að ráðherrar kipptu út fullbúnu frv. um fjárreiður ríkisins fyrir ári síðan eins og menn muna glöggt. En útfærslan eins og hún er núna í frv. er ekki eins vel úr garði gerð og hún ætti að vera, hún er of rúm og víðtæk. Hins vegar sé ég ekki ástæðu til annars en að hægt sé að láta reyna á þessa grein því það er búið að setja það marga varnagla í vinnslu nefndarinnar eins og sést á hvað greinin er orðin umfangsmikil og á viðbótarskýringum með greininni eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar.

Ég geri þetta að nokkru umtalsefni vegna þess að þetta er pólitísk spurning. Það er pólitísk spurning hvaða þætti á að færa úr rekstrarumhverfi ríkisins yfir til einkaaðila eða sveitarfélaganna, jafnvel yfir til annarra ríkisstofnana. Það er hægt að búa til nokkuð sérkennileg dæmi um tilflutning samkvæmt þessari grein. Ég staðnæmdist við ef menntmrn. getur gert þjónustusamning við Sjómannaskólann, það er ósköp eðlilegt, það er innan ráðuneytis, en menntmrn. gæti líka gert samning við Landmælingar ríkisins um rekstur á Sjómannaskólanum, svo maður nefni dæmi. Annað dæmi: Hægt væri að fela Sjúkrahúsi Reykjavíkur rekstur á allri heilsugæslustarfsemi og sjúkrahúsum á Vestfjörðum samkvæmt þessari grein. Hér er því um að ræða mjög víðtækar heimildir. Ekki veit ég hvort Vestfirðingar yrðu ánægðir með slíkan samning. Ég á í sjálfu sér ekki von á því að menn gengju fram fyrir skjöldu með einhverja slíka útfærslu, en ég er að draga fram dæmi um að hér er gengið frá málum með mjög víðtækum heimildum til handa framkvæmdarvaldinu án þess að Alþingi komi að málinu vegna þess að eina skilyrðið er að getið sé um þessi verkefni í fjárlögum og vissulega er í fjárlögum getið um heilsugæslukerfið og sjúkrahússtarfsemi á Vestfjörðum. En svona tilflutning mætti gera, það væri hægt að fela Sjúkrahúsi Reykjavíkur umsjón yfir öllum þeim rekstri. Ég vil að það sé ljóst, herra forseti, hversu víðtækar þessar heimildir eru. Það er sagt hér sérstaklega, að lög um opinber innkaup gildi um útboð rekstrarverkefna. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að þar sem við verði komið hafi framkvæmdarvaldið möguleika til að bjóða út rekstrarverkefni og mundi væntanleag gera það þegar aðstæður væru fyrir hendi til að fá fram hagstæð kjör. Ef menn lesa lög um opinber innkaup þá er fyrst og fremst andi þeirra laga að tryggja hagkvæmni af hálfu ríkisins og samkeppni milli þeirra aðila sem bjóða í viðkomandi verkefni.

Hér er vitaskuld verið að opna á einkavæðingu á ríkisrekstri. Menn geta síðan deilt um hvort það sé jákvætt eða er það hættuleg braut? Það er þessi pólitíska spurning sem ég er alltaf að reyna að benda á að kemur upp varðandi þessa grein frv. Það má eiginlega segja að þetta sé eina grein frv. sem snýr beint að pólitísku álitaefni.

Það er skoðun mín að ekki sé sjálfgefið að það sem er í umsjón ríkisins núna, hvort heldur er stofnun eða rekstur, eigi að vera svo um alla framtíð. Síður en svo. Ég lít svo á að ríkisvaldið eigi að draga sig út úr starfsemi sem það er í á samkeppnismarkaði. Það getur verið þátttakandi á fjármálamarkaði, það getur verið þátttaka í fyrirtækjarekstri, það getur verið þátttaka á mjög mörgum sviðum. Hins vegar þegar slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi, og þær eru ekki fyrir hendi t.d. innan menntakerfisins eða heilsugæslunnar eða í velferðarkerfinu, eiga markaðslögmálin, útboð og samkeppni afskaplega lítið erindi. Um þetta snýst ef til vill ekki þessi grein en um þetta snýst mismunur á lífsskoðunum manna sem annars vegar standa að þessari ríkisstjórn og hins vegar þeirra sem hafa skipað sér í andstöðu við stefnu stjórnarinnar.

Vegna þess að heimildirnar eru svo víðtækar getur þetta kallað slíkan verkefnatilflutning frá ríkinu að mönnum þætti ef til vill nóg um. Ég veit það ekki, það hafa ekki fylgt neinar yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar um hvernig þeir ætli að nota þessa grein. Greinin hefur undanfarin ár fyrst og fremst verið notuð með þeim skynsamlega hætti að gerðir hafa verið þjónustusamningar milli ráðuneytis og stofnana þess. Eins og ég nefndi hafa skólar gert samninga við menntmrn. Ýmsir samgönguaðilar hafa gert þjónustusamninga við samgrn. og svo framvegis. Það er skynsamlegt að menn afmarki þjónustu og verkefnakaup með skilvirkum hætti. Hins vegar er hér verið að opna á möguleika að fara með verkefnin út úr ríkisumhverfinu. Vitaskuld verða menn að fara með gætni við það ekki síst vegna þess að ekki er einungis verið að gæta hagkvæmni í rekstri heldur líka að réttarstöðu einstaklingsins og jafnræði að þeirri þjónustu sem menn hafa verið sammála um að ríkið veiti. Það er mikið álitamál hvernig þessari grein verður beitt. Satt best að segja er ég með áhyggjur af því að núv. ríkisstjórn skuli fá eins víðtækar heimildir og greinin gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Þetta er sá fyrirvari sem ég geri við frv. Að öðru leyti er frv. núna þegar það kemur til 2. umr. að mínu mati mjög gott. Þetta er heildarlöggjöf sem sett er um fjárreiður ríkisins. Það er mjög skýr framsetning á fjárreiðum ríkisins með þessum hætti. Skipulögð vinnubrögð eru tryggð, vinna við fjárlagagerðina afmörkuð og það sem ég er sérstaklega ánægður með er að afmörkun valdþátta hefur tekist vel til í frv., sérstaklega að staða Alþingis er vel afmörkuð og gert hátt undir höfði. Það kemur m.a. fram í meðförum á fjárlagatillögum forsætisnefndar og var greint frá hér áðan. Sömuleiðis lít ég svo á að framsetning ákvæðis um hvernig farið yrði með markaða tekjustofna ef kemur til þess að skerða þá og um ófyrirséðar greiðslur sé fullkomlega eðlileg í tillögum nefndarinnar.

Frv. kallar á breytingar í rekstri hjá ríkinu, betri fjármálastjórnun. Stefnt er í átt að langtímafjárlögum og það er af því góða. Þetta kallar á uppstokkun á starfsháttum í fjmrn., m.a. hvað viðvíkur því tölvukerfi sem annast fjárreiður ríkissjóðs, bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins, lánakerfi ríkisins og tekjubókhaldskerfi ríkisins, en allt eru þetta heiti á mjög stórum tölvukerfum sem þurfa endurskoðunar við í kjölfar samþykktar frv. Frv. kallar þannig á endurskipulagningu við áætlanagerð sem horfir að mínu mati mjög til bóta enda hefur verið unnið lengi að frv.

Frv. sjálft fékk ítarlega meðferð í nefndinni og ég veit að meðnefndarmenn mínir hafa sumir sama fyrirvara og ég varðandi 30. gr. Aðrir eru með áhyggjur af 33. gr. frv., en hún snertir það hvernig heimildir séu tryggðar til að greiðslur séu inntar af hendi úr ríkissjóði. Það er eðlilegt og allt snýst þetta um grundvallarmál eins og ég tel bæði að 30. gr. og 33. gr. geri. Þótt ég telji að 33. gr. sé fullnægjandi eins og hún er útfærð í brtt. þá er það vitaskuld matsatriði og hægt að færa sterk rök fyrir því að það mál hefði þurft að skoða betur.

Ég lít svo á, herra forseti, að hér sé lagt fram við 2. umr. mjög vel útbúið frv., vel grundaðar brtt. og ég er sannfærður um að samþykkt frv. sé áætlanagerð hjá ríkinu og umsvifum ríkisvaldsins mjög til bóta. Ég vil að lokum, herra forseti, þakka formanni þessarar sérnefndar. Það er óvanalegt að skipuð sé sérnefnd hér á Alþingi og ekki gert nema mikið liggi við eins og vitaskuld er í þessu máli. Ég vil þakka formanni nefndarinnar, hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, fyrir gott starf og góða forustu í störfum nefndarinnar. Allir þingflokkarnir áttu sæti í nefndinni. Það sést best á því að allir nefndarmenn standa að álitinu þótt ýmsir, þar á meðal ég, séu með fyrirvara. Samþykkt frv. kallar hins vegar á breytingar á starfsháttum Alþingis sem ekki var rætt nema lítilega í nefndinni. Það þarf vitaskuld að velta fyrir sér nýrri verkaskiptingu þingnefnda, m.a. verkaskiptingu milli fjárln. og fagnefnda, einkum efh.- og viðskn. Það er umræða sem ég veit að er í gangi hjá hv. forsn. og ég hef í sjálfu sér engar áhyggjur af því að það komi ekki skynsamlegar tillögur frá þeirri nefnd hvað þann þátt varðar. Ég tel, herra forseti, að samþykkt frv. marki ákveðin tímamóti í ríkisrekstri og fjárlagagerð hér á landi og líklega, ef þetta frv. nær fram að ganga hér á hinu háa Alþingi, sem ég vona, verði þetta þegar fram líða stundir talin ein merkasta löggjöf sem hefur verið afgreidd hérlendis um nokkuð mörg ár.

[21:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil leggja örfá orð í umræðuna um þetta merka mál en það hefur verið farið rækilega yfir það í ítarlegri ræðu hv. formanns sérnefndar sem hefur leitt vinnuna í nefndinni. Undirbúningur málsins hefur staðið yfir í mjög langan tíma. Hér er verið að reka endahnútinn á vinnu að þessum málum sem staðið hefur um árabil. Fjárln. hafði á sínum tíma frumkvæði í þessu máli, á þeim tíma sem hv. 5. þm. Vestf. stýrði henni. Allar götur síðan hefur verið unnið að þessu og verið mikill áhugi á málinu á vettvangi fjárln.

Árið 1990 var ríkisreikninganefnd, sem starfar á vegum fjmrh. samkvæmt lögum nr. 52/1966, falið að endurskoða reglur um bókhald ríkisins, reikningsskil þess og gerð fjárlaga. Þetta starf stóð í fjögur ár og var mjög ítarlegt. Enda æðimörg atriði sem þurfti að taka afstöðu til og fjalla um ítarlega.

Frv. setur nýjan lagaramma um fjárreiður ríkissjóðs. Það er afar mikilvægt í breyttu þjóðfélagi með nýjum og breyttum verkefnum að þessi löggjöf leiðir til betri reglu við meðferð fjármuna og ég er sannfærður um að hún mun gera það. Það er einnig mikilvægt að þessi löggjöf setur skýrari reglur um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds. Það hafa verið skiptar skoðanir og óljósar reglur um nokkur atriði hvað það varðar, m.a. um þann farveg sem fjárlagatillögur Alþingis eiga að fara í. Kveðið er skýrt á um það í þessu lagafrv. að forsm. sé þar milligönguaðili.

Samstarfið í sérnefndinni hefur verið með miklum ágætum þó að auðvitað hafi skoðanir verið skiptar um ýmis atriði. Þar hafa farið fram ítarlegar umræður um grundvallarmál varðandi ríkisfjármálin og fjárreiðurnar, stjórnarskrármál, samskipti löggjafarvalds og framkvæmdarvalds og fleiri atriði. Eitt lykilatriðið í þessari löggjöf er það að fjárlög verða nú á rekstrargrunni og það gefur ljósara yfirlit um raunverulega stöðu ríkissjóðs og þær skuldbindingar sem ríkið tekur á sig fram í tímann.

Ég mun víkja örlítið að þeim atriðum sem hafa valdið hvað mestri umræðu í nefndinni og hefur verið komið inn á af ræðumönnum sem hafa talað á undan mér. Það voru skiptar skoðanir um 30. gr. frv. sem fjallar um þjónustusamninga. Þeir sem skrifa undir þetta álit með fyrirvara eru þeirrar skoðunar að með þeirri grein séu framkvæmdarvaldinu gefnar of víðtækar heimildir. Við fulltrúar Framsfl. í sérnefndinni stöndum að frv. og að þessari grein. Ég tel að með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á henni sé það tryggt að aðkoma Alþingis að þessum málum sé með þeim hætti að Alþingi geti gripið inn í ef þau áform sem fjmrh. hefur um gerð þjónustusamninga samrýmast ekki vilja meiri hluta Alþingis. Í fyrsta lagi eru ákvæði um að fjmrh. skuli gera Alþingi grein fyrir þessum áformum ekki aðeins til eins árs heldur þrjú ár fram í tímann og er óheimilt að gera slíka samninga nema áætlað sé fyrir verkefninu í fjárlögum. Það gefur auga leið að sá meiri hluti sem starfandi er á hverjum tíma í Alþingi getur gripið inn í þau áform sem framkvæmdarvaldið hefur í þessum efnum. Ég tel að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. tryggi þetta og ég tel að samþykkt frv. og þessarar löggjafar eigi ekki að leiða til neinnar kollsteypu í þessum efnum, það séu nægar heimildir fyrir löggjafarvaldið til að grípa þar inn í.

Það hafa einnig verið skiptar skoðanir um 33. gr. hvað heimildir framkvæmdarvaldsins til aukafjárveitinga eiga að vera rúmar eða hvort þær eiga yfirleitt að vera fyrir hendi. Ég er þeirrar skoðunar að þessi neyðarréttur verði að vera fyrir hendi og reyndar hníga þau sérfræðiálit sem sérnefndin hefur fengið að því að það brjóti ekki í bága við stjórnarskrá landsins. Ég veit að sumir þeir sem hafa tekið þátt í starfi sérnefndarinnar eru ekki þessarar skoðunar, menn greinir á um þetta. En ég hef þá trú að þetta ákvæði brjóti ekki í bága við stjórnarskrána eftir þá ráðgjöf og þær upplýsingar sem við höfum fengið í því máli frá sérfræðingum. Heimildir framkvæmdarvaldsins til að ákveða aukafjárveitingar upp á sitt eindæmi eru þrengdar verulega. Það er gefinn farvegur til að Alþingi geti komist að þeim málum fyrr í gegnum fjárln. þar sem allir fulltrúar þingflokkanna eiga sæti. Það eru ákvæði um að strax og slík fjárútlát hafi verið ákveðin skuli fjárln. tilkynnt um málið. Hún hefur þá möguleika á að koma því áleiðis til sinna þingflokka þannig að þingið geti brugðist við á frumstigi ef það er álitið að of langt hafi verið gengið í þessu efni.

Það hafa verið skiptar skoðanir um hve langt ætti að ganga

í þessum efnum eins og ég sagði. En ég tel þetta ásættanlega niðurstöðu.

Ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykn., að auðvitað kallar samþykkt frv. á endurskoðun á starfsháttum Alþingis. Ég veit að forsætisnefnd Alþingis hefur fullan hug á að vinna þá vinnu. Ég veit að í fjárln. er vilji til standa að þeirri vinnu. Á vegum nefndarinnar hefur farið fram mikil upplýsingasöfnun um hvernig staðið er að þessum málum í nágrannalöndum okkar. Meðal annars fóru nokkrir nefndarmenn ásamt forseta Alþingis í kynnisferð í vetur til sænska þingsins þar sem eru nýyfirstaðnar miklar breytingar á fjárlagagerð og verkaskiptingu þingnefnda. Við áttum þar viðræður við bæði fulltrúa fjármálaráðuneytisins sænska, forseta sænska þingsins og embættismenn sænska þingsins. Í þeirri ferð var safnað miklu af upplýsingum sem að gagni mega koma í þeirri framhaldsvinnu sem fram undan er í þessum efnum. Það er mikil nauðsyn ef þetta frv. verður að lögum að endurskoða starfshætti þingsins varðandi þessi mál í kjölfarið á nýrri löggjöf.

Það er rétt að ný lög kalla á endurmat vinnubragða bæði í fjmrn. og í Alþingi og fagráðuneytum. Ég held að það endurmat verði til góðs. Mikil undirbúningsvinna hefur verið unnin að þessum málum, m.a. á vegum fjmrn., því það þarf að breyta þeim kerfum sem unnið er eftir. Það ætti að leiða til gleggri og betri upplýsingagjafar um fjármál ríkissjóðs til þingmanna og þar með til þjóðarinnar. Þau þingskjöl sem varða þessi mál ættu að verða betur úr garði gerð og sýna gleggri mynd en áður. Ég held að brýna nauðsyn beri til þess. Þess vegna er áríðandi núna að stíga það lokaskref að samþykkja þessar tímabæru og brýnu lagabreytingar. Um það held ég að sé mjög bærileg samstaða þótt mér sé fulljóst að ágreiningur er um einkanlega tvær greinar í frv. En ég endurtek að ég tel að samþykkt 30. gr., eins og hún er úr garði gerð nú, eigi ekki að leiða til neinnar kollsteypu í gerð þjónustusamninga og að þingið hafi fulla möguleika á að koma að þeim málum á frumstigi og grípa inn í ef ástæða þykir til. Það eru fullar heimildir til þess samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir.

[22:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er til 2. umr. er býsna viðamikið og eins og fram hefur komið hefur það verið til umræðu á tveimur þingum. Það hefur fengið allítarlega umfjöllun í nefnd, bæði þingin. Segja má í stuttu máli að um meginefni frv. er góð samstaða innan þingsins og væntanlega nú góð samstaða milli þingsins og ríkisstjórnarinnar einnig um afgreiðslu málsins. Það kom greinilega fram í framsöguræðu formanns nefndarinnar fyrir áliti nefndarinnar að greina mátti að í þessu máli hafa verið nokkur átök milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins, milli þingmanna og ráðherra, um stöðu hvors aðilans fyrir sig. Ég hygg að það hafi ekki farið leynt né fram hjá mönnum að undirtónninn í þessu máli, einkum á síðasta þingi, og reyndar urðum við verulega vör við það í starfi nefndarinnar nú, hefur einmitt verið togstreita á milli ráðherranna annars vegar og þingmanna hins vegar um hvar eigi að draga skilin milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

Það atriði sem helst hefur leitt fram þessi mismunandi sjónarmið er staða þingsins í fjárlagafrv. og hvernig fara skuli með fjárlagatillögur forsætisnefndar Alþingis í fjárlagafrv.

Á síðasta þingi bar það við að ríkisstjórnin breytti ákvörðun forsætisnefndar og nefndin tók því ekki með neinum fögnuði og hefur beitt sér umtalsvert til þess að rétta sinn hlut í þessu máli. Segja má að niðurstaðan hafi orðið sú að hún hefur haft sitt fram. Þingið mun fara með þessi mál að öllu leyti. Þótt ríkisstjórnin eða fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnar leggi fram fjárlagafrv. mun það einvörðungu hafa að geyma varðandi þingið tillögur þingsins sjálfs sem hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar mun taka óbreytt upp í fjárlagafrv.

Það er mitt mat að eftir þessa togstreitu sé niðurstaðan þegar á heildina er litið á þann veg að þingið hafi heldur rétt sinn hlut gagnvart ríkisstjórninni þó að ekki sé það einhlítt þegar litið er á málið í heild að sú hafi orðið niðurstaðan. Það varð niðurstaðan að mínu mati m. a. vegna þess að allir þingflokkar stóðu að baki forsætisnefnd í þessu máli. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að málið sem braut á og varð ágreiningsefni milli ríkisstjórnar og forsætisnefndar, fjárlagatillögur Alþingis, hafi endilega verið svo stórt eða merkilegt í sjálfu sér að ástæða væri til að gera mikinn ágreining um það. En atvikin höguðu því þannig að það varð það mál sem tekist var á um og með þeirri niðurstöðu sem forsætisnefnd hafði óskað að yrði.

Um frv. má segja að það er veruleg framför hvað varðar gerð fjárlagafrv. og ríkisreiknings í framhaldi af því. Það mun sýna betur en nú er umfang ríkisrekstursins og draga fram þær meiningar sem menn hafa á hverju ári um hann. Að mínu viti er kannski stærsta framförin í þessu máli fólgin í þeim breytingum sem að þessu atriði lúta í frv.

Það sem ég vildi helst gera að umfjöllunarefni eru tvö atriði því ég tel ástæðulaust að endurtaka það sem fram hefur komið í fyrri ræðum og einkum ræðu framsögumanns nefndarinnar því hann mælti fyrir mínum sjónarmiðum að öðru leyti en ég mun taka fram hér á eftir og gerði það ágætlega.

Það eru tvö atriði sem ég vil fjalla um. Það fyrra er ákvæði stjórnarskrárinnar um fjárgreiðslur úr ríkissjóði. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði sem lýtur að því atriði og er á þann veg, með leyfi forseta:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Stjórnarskráin er ákaflega skýr í þessu efni og gerir ótvírætt ráð fyrir því að þingið veiti heimildir til framkvæmdarvaldsins sem síðan framfylgi þeim eins og efni standa til. Ég hygg að það sé óumdeilt þegar málið er athugað að þannig er stjórnarskráin skýr og klár. Fyrst þarf að vera í lögum heimild til útgreiðslu fjár áður en því er fylgt eftir. Hins vegar hefur skapast venja um annað, eins og komið hefur fram bæði hér í kvöld og áður, og út frá því hafa skapast álitaefni sem sjónarmið eru skipt um.

Ég vil draga það fram að þrátt fyrir að menn beri því við að á löngum tíma hafi sú venja skapast að framkvæmdarvaldið gæti tekið sér þetta vald með því að greiða útgjöld án fjárheimilda þá er það greinilega ekki talið nægjanlegt núna. Ef frumvarpshöfundur, sem er fjmrh., væri þeirrar skoðunar að núv. fyrirkomulag væri hið rétta og styddist að öllu leyti við lög og reglu þá væru þeir ekki að gera tillögu um breytingu, þá væru þeir ekki að gera tillögu um að taka í lög heimild til fjmrh. til að greiða út fé án heimildar í lögum. Það er því greinilegt að það er sjónarmið ríkisstjórnarinnar að sú hefð sem verið hefur dugi ekki heldur verði að fá lagaákvæði til þess að gjörðir ráðuneytisins eigi sér nægjanlega stoð. Þetta eru kannski sterkustu rökin fyrir því að með frv. erum við ekki að framlengja núverandi ástand heldur er verið að

breyta því ástandi sem verið hefur með því að gera sérstakt lagaákvæði þar að lútandi.

Ég vil minna á að fyrir nokkrum árum samdi fjárveitinganefnd, eins og hún hét þá, frv. til laga um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og lagði það fram að minnsta kosti á tveimur þingum. Í því frv. var gert ráð fyrir því að ákvæði þess endurspegluðu ákvæði stjórnarskrárinnar á þann veg að enga greiðslu úr ríkissjóði mætti inna af hendi nema heimildar til hennar væri aflað fyrir fram í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Með þessu frv. fjárveitinganefndar fylgdi ítarleg greinargerð sem rakti þessi mál nokkuð ítarlega og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að rekja helstu atriðin úr þeirri greinargerð sem lýtur að framkvæmd 41. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið og svo útskýringu á tillögu nefndarinnar eins og ég hef rakið áður. En það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ákvæði 41. gr. stjórnarskrár hljóðar, svo sem kunnugt er, á þessa leið:

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Lagafyrirmæli þessi eru skýr og ótvíræð. Ætlun stjórnarskrárgjafans með þeim hefur bersýnilega verið sú að heimildar til fjárveitinga úr ríkissjóði væri ævinlega aflað fyrir fram hverju sinni, annaðhvort í fjárlögum eða fjáraukalögum á hverju fjárlagaári.

Framkvæmdin í þessum efnum hefur hins vegar í veigamiklum atriðum orðið allt önnur en fyrir er mælt í stjórnarskrá. Um árabil hafa svokallaðar „aukafjárveitingar" fjármálaráðherra tíðkast og þá ýmist með eða án samráðs við ríkisstjórn eða fjárveitinganefnd. Framkvæmd þessi styðst að sjálfsögðu hvorki við fyrirmæli í almennum lögum né aðrar skráðar réttarheimildir enda ekki furða þar sem slík fyrirmæli hlytu eðli sínu samkvæmt að vera í hróplegu ósamræmi við skýr ákvæði stjórnarskrárinnar. Öllum ætti að vera ljóst að í þessum efnum hefur ein af grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunar verið brotin, þ.e. reglan um að Alþingi fari með fjárveitingavaldið. Þrátt fyrir þetta hefur lítið raunhæft verið gert í því skyni að tryggja að lögformlega sé að verki staðið í þessum efnum. Þó hafa mál þessi ítrekað verið til umræðu bæði á Alþingi og víðar og fjármálaráðherrar iðulega sætt gagnrýni fyrir aukafjárveitingar. Ýmsir þingmenn hafa beitt sér fyrir breytingum í þessum efnum, bæði í málflutningi og tillögugerð. Undir lok síðasta þings var m.a. borið fram þingmannafrumvarp er fól í sér verulega takmörkun á því valdi sem fjármálaráðherra hefur verið talinn hafa í þessum efnum. Frumvarpið varð ekki útrætt.

Í framhaldi af þeirri umræðu, sem fór fram um þessi mál á síðasta þingi, ákvað fjárveitinganefnd að beita sér fyrir breytingum í þessum efnum enda nefndarmenn allir sammála um að löngu tímabært væri að setja reglur í einhverri mynd sem reisti skorður við greiðslum úr ríkissjóði umfram það sem ákveðið er í fjárlögum. Í því skyni var skipuð undirnefnd fjárveitinganefndar sem gera skyldi tillögur í málinu. Í nefndinni sátu þau Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Margrét Frímannsdóttir og Málmfríður Sigurðardóttir. Undirnefnd skilaði tillögum sínum 15. des. 1989. Fjárveitinganefnd hefur nú gert tillögur þessar að sínum og er frumvarp þetta að mestu byggt á þeim.

Niðurstöður undirnefndarinnar eru í stuttu máli þær að „aukafjárveitingar", eins og þær hafa tíðkast til þessa, standast ekki og að tímabært sé að setja reglur sem reisi skorður við greiðslum umfram heimildir fjárlaga. Um þetta segir m.a. svo í nefndarálitinu: „Reglan skal vera sú að greiðslur úr ríkissjóði umfram lagaheimildir eigi sér ekki stað. Við fjárlagagerð og á fjárlögum sjálfum verði hins vegar ákveðið með hvaða hætti skuli tekið á atriðum, svo sem varðandi breytingar frá forsendum fjárlaga. Nægi slíkar heimildir ekki eða komi upp ný viðfangsefni er ekki heimilt að greiða kostnað þeirra vegna nema eftir afgreiðslu fjáraukalaga og skulu fjáraukalög lögð fyrir Alþingi þegar þurfa þykir. Útgjöld, sem ákveðin kunna að vera í öðrum lögum en fjárlögum, koma ekki til greiðslu fyrr en á næsta fjárlagaári á eftir nema fyrir tekjum eða útgjöldum sé séð. Þá er óheimilt að gera hvers konar útgjaldasamninga eða skuldbindingar, þar á meðal varðandi ráðstöfun sértekna sem ákvarða eða leiða til útgjalda sem ekki er fyrir séð í fjárlögum."

Nefndarálitið er í heild sinni birt í fylgiskjali I með frv. og vísast að öðru leyti til þess."

Enn fremur segir í grg. með þessu frv. sem ég gat um, með leyfi forseta:

„Í meginatriðum er með frumvarpi þessu stefnt að því að girða fyrir greiðslur úr ríkissjóði sem ekki eiga sér stoð í fjárlögum eða eftir atvikum fjáraukalögum. Þess í stað verði í fjárlögunum sjálfum ákveðið með hvaða hætti bregðast skuli við þegar breytingar verða á fjárþörf vegna þess að forsendur fjárlaga standast ekki þegar á reynir." Og enn fremur segir:

„Það er von flutningsmanna að frumvarp þetta, nái það fram að ganga, tryggi á sæmilegan hátt að reglur stjórnskipunarlaga um fjárveitingavald Alþingis og eftirlitshlutverk þess verði í heiðri hafðar. Tiltölulega skýrar reglur af þessu tagi hljóta jafnframt að veita framkvæmdarvaldinu nauðsynlegt aðhald í öllu því er lýtur að fjárhagsmálefnum þess og fjármálastjórn jafnframt því sem þær ættu að hvetja til vandaðri og raunhæfari vinnubragða við fjárlagagerð en tíðkast hefur til þessa. Þá ættu reglur af þessu tagi ekki síður að styrkja þingið, stofnanir þess og Ríkisendurskoðun við að rækja það eftirlitshlutverk sem þessum aðilum ber að sinna í þessu efni lögum samkvæmt."

Lýkur þá tilvitnun í þessa grg. Með henni eru líka upplýsingar um hvernig þessu er hagað á Norðurlöndunum, eins og það var þá, og hef ég ekki ástæðu til að ætla að það hafi breyst neitt sem máli skiptir. Í Finnlandi og Svíþjóð þarf að leita eftir samþykki þingsins fyrir fram um viðbótarútgjöld með fjáraukalögum. Í Noregi eru sérstakar reglur sem þingið hefur sett um þessi umframútgjöld sem kveða á um hvenær þurfi samþykki þingsins og hvenær framkvæmdarvaldið geti sjálft afgreitt þessi útgjöld. Í Danmörku fer fjárveitinganefnd með ákvörðun um aukafjárveitingar í umboði þingsins. Þannig að meginreglurnar eru þær að þjóðþingin á Norðurlöndunum fara með fjárveitingavaldið og hitt að framkvæmdarvaldið virðir þessa skipan mála. Þannig er greinilegt að hér á Íslandi eru frávikin frá þessari meginreglu á Norðurlöndunum í þá veru að framkvæmdarvaldið hefur tekið sér meira vald í þessum efnum en þar tíðkast. Ég er þeirrar skoðunar að ákvæði stjórnarskrárinnar segi okkur það að menn vilja hafa það með svipuðum hætti og gerist á Norðurlöndunum. Ef það hefur verið vilji á síðustu árum til að breyta út frá þessari hugsun stjórnarskrárinnar þá var mönnum í lófa lagið að breyta stjórnarskránni því henni hefur verið breytt nokkuð reglulega eftir síðustu alþingiskosningar og hægur vandi að gera breytingar á þessari grein í takt við þá framkvæmd sem tíðkast hefur á undanförnum áratugum. En það hefur ekki verið gert og það er kjarni málsins. Þingið hefur ekki breytt þessu ákvæði. Það er nákvæmlega það sem á að vera

útgangspunkturinn í málinu — að við eigum að færa framkvæmdina til stjórnarskrárinnar en ekki að færa löggjöfina til venjunnar. Það er mín afstaða í málinu. Ég er þeirrar skoðunar að sú venja sem tíðkast hefur sé andstæð stjórnarskránni og ég er ekki einn um þá skoðun. Það kemur berlega fram í riti Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, að venjan er andstæð ákvæðum stjórnarskrárinnar. Það kemur líka fram í frv. fjárveitinganefndar frá 112. löggjafarþingi 1989–1990 að fjárveitinganefnd er sömu skoðunar — að framkvæmdin sé í andstöðu við stjórnarskrána.

Síðan kemur næsta spurning, þ.e. hvort hægt sé að setja í lög ákvæði sem víkja frá stjórnarskránni að þessu leyti. Er hægt að setja í lög grein sem gefur ráðherra heimild til útgreiðslu án heimildar í fjárlögum? Um það eru menn ekki sammála. Það er greinilegt að fjmrh. er þeirrar skoðunar að það sé hægt því í frv. hans, 33. gr., er ákvæði um það en fjárveitinganefnd var þeirrar skoðunar að það væri ekki hægt í frv. sínu sem ég hef verið að vitna til. Hún leggur til að ákvæði verði í þessu frv. um heimild til greiðslu vegna óviðráðanlegra atvika sem ókleift var að sjá fyrir eða gera ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga en bindur hana tilteknum skilyrðum. Það er í fyrsta lagi að umsögn ríkislögmanns um lagaskilyrði liggi fyrir og þá þarf sú umsögn að vera jákvæð. Í öðru lagi þarf samþykki fjárveitinganefndar. Og í þriðja lagi er gert ráð fyrir í frv. fjárveitinganefndar að í 6. gr. fjárlaga sé almenn heimild fyrir óvæntum úgjöldum þannig að útgreiðslan, sem færi fram vegna óvæntra atvika, yrði á grundvelli lagaheimildarinnar í gegnum 6. gr. fjárlaganna.

Verulegur munur er á þeirri útfærslu og þeirri sem hér er í frv. hvort heldur ég tala um hana eins og hún er í frv. eða eins og hún er að teknu tilliti til brtt. sérnefndar. En ákvæði greinarinnar er þá orðið þannig að ráðherrann hefur heimild til að greiða útgjöld sem hann metur þannig að falli undir ófyrirséð atvik, þ.e. almenn heimild til greiðslu meti ráðherrann að tilefnið falli undir lagatextann sem ófyrirséð atvik og að það þoli ekki bið. En það er algjörlega mat ráðherrans hvenær skilyrðið er fyrir hendi. Útgreiðslan styðst ekki við heimild í fjárlögum og hún styðst ekki við samþykki þingsins eða fjárln. Þannig að 33. gr. er mjög opin.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að eftir reynsluna af því hvernig ríkisstjórnin túlkar heimildir í stjórnarskránni sér til handa frá árinu 1992, hygg ég að hafi verið, þá er ég ekki mjög trúaður á að ríkisstjórnin muni túlka þessa heimild mjög þröngt. Þar er ég að vitna til ákvæða stjórnarskrárinnar eftir breytingu árið 1991 um útgáfu bráðabirgðalaga og hafi menn kynnt sé hvernig sú nefnd, sérnefnd, sem vann það mál í þinginu, á vorþingi 1991, rökstuddi heimildina við hvaða skilyrði mætti beita henni til að gefa út bráðabirgðalög og borið það síðan saman við það tilefni sem var á vordögum 1992, þá sjá allir sanngjarnir menn að ríkisstjórnin fór langt út fyrir þann skilning sem nefndin lagði í þetta ákvæði stjórnarskrárinnar. En hún gat gert það vegna þess að í stjórnarskránni er það lagt í vald ríkisstjórnarinnar að meta hvenær eigi að beita heimildinni. Og sama er í þessari grein sem fjmrh. hefur látið semja fyrir sig til að þjóna sínum hagsmunum, að matið á því hvenær greinin er virk er algerlega í hans höndum og það er algerlega óásættanlegt. Ég hef því ekki getað fallist á að styðja greinina, hvorki eins og hún er í frv. né eins og hún verður ef brtt. verður samþykkt. Þannig að ég set mjög alvarlegan fyrirvara af minni hálfu við þessa grein frv. Reyndar er ég þeirrar skoðunar að burtséð frá því hvort menn eru sammála mér eða ekki um að stjórnarskráin standi ekki til þess að slíka lagagrein sé hægt að setja — en það er mín skoðun — þá tel ég hana algerlega óþarfa í því þjóðfélagi sem við búum við núna undir lok 20. aldarinnar. Það má vel skilja að þörf hafi verið á því á fyrstu áratugunum eftir að þessi grein er sett í stjórnarskrána að hafa svigrúm því þingið kom ekki saman nema annað hvert ár og sat fáeinar vikur í hvert sinn. Það komu auðvitað upp atvik á milli þinga sem ráðherra varð að bregðast við og gat ekki dregið að greiða þar til þing kæmi saman næst. Þannig að mér finnst það skiljanlegt að venjan hafi þróast í þann farveg sem þá varð. En mér finnst það ekki skiljanlegt núna, á þeirri öld sem við lifum, að viðhalda þessari venju. Tæknin og þær breytingar sem orðið hafa á störfum þingsins eru slíkar að ekki eru lengur neinar forsendur til þess að rökstyðja frávik frá stjórnarskránni. Það er ekki hægt að mínu viti að færa rök fyrir neinu tilviki sem réttlætir að ráðherra þurfi að hafa slíka heimild. Þingið starfar allt árið og er hvenær sem er hægt að kalla það saman ef þarf að samþykkja með skjótum hætti greiðslu á tilteknum útgjöldum. Í öðru lagi er einfalt að gera ráð fyrir óvæntum útgjöldum í fjárlögunum og er gert í fjárlögunum nú þegar. Það geta menn séð með því að fletta fjárlögunum eins og þau eru, að gert er ráð fyrir óvæntum útgjöldum. Auðvitað gera menn það, sem eru með stóran og mikinn rekstur, eins og ríkisrekstur, að áætla fram í tímann fyrir öllum mögulegum og ómögulegum útgjöldum. Þannig að forsendur fyrir því, sem væri hægt að nota sem rök til að segja að þörf væri á þessari heimild, eru ekki lengur fyrir hendi. Nútíminn hefur einfaldlega gert þá venju, sem myndaðist á sínum tíma, óþarfa. Við eigum ekki að veita fjmrh. þessa heimild vegna þess að með því að setja hana í lög núna þá er það bara parturinn af „komprómíinu" á milli þingsins og ráðherrans, þar sem ráðherrann varð að gefa eftir á einu sviði, þá samþykkti þingið eða þeir sem fara með málið fyrir okkar hönd að veita ráðherranum þessa heimild. Það er minn skilningur á þessu máli. Þetta er fullkomin uppgjöf þingsins gagnvart ráðherranum.

Af því að ég nefndi það í upphafi að undirtónninn í þessu þingmáli væri togstreita um mörkin á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds þar sem fulltrúar löggjafarvaldsins hafa verið að halda fram sínum hlut og styrkja sína stöðu, þá vil ég segja að þetta atriði mun skipta miklu meira máli á komandi árum um stöðu þingsins gagnvart ríkisstjórn á hverjum tíma. Þingið verður að kalla þetta vald til sín eins og stjórnarskráin hefur gengið frá málinu. Með því að gefa eftir á þessu sviði og setja núna í lög formlega heimild til ráðherrans yrði það í fyrsta skipti sem slík lagaheimild yrði sett því fram til þessa hefur aldrei, svo mér sé kunnugt um, verið heimild í lögum til fjmrh. að borga utan fjárlaga, aldrei. Það eru auðvitað tímamót í samskiptum þings og ríkisstjórnar ef þingið ætlar að veita fjmrh. slík völd. Ég er á þeirri skoðun að við eigum ekki að gera það. Það á að reyna að sannfæra þingheim um að þarna eiga menn að standa í fæturna en kikna ekki í hnjánum.

Herra forseti. Þetta var um 33. gr. sem ég hef þá gert nokkuð ítarleg skil. Það eru einnig tvær aðrar greinar um sama efni sem eru mjög hæpnar þó ég vilji ekki beinlínis halda því fram að þær gangi gegn stjórnarskránni. En ég á þeirri skoðun að þær séu a.m.k. á mjög gráu svæði. Það er 34. gr. sem kveður á um heimild til greiðslu launa umfram fjárlög í kjölfar nýrra kjarasamninga og 44. gr. þar sem kveðið er á um að leita skuli heimilda fyrir útgjöldum vegna ófyrirséðra atvika, kjarasamninga eða nýrrar löggjafar í frv.

til fjáraukalaga.

Texti þeirrar greinar er þannig að ekki er hægt að halda því fram að hann gangi gegn stjórnarskránni en ég hygg að skilningur fjmrh. með greininni sé sá að hann geti í skjóli hennar greitt útgjöld utan fjárlaga og síðan lagt fram fjáraukalagafrv. og sótt um heimild eftir á. Það stenst að mínu viti ekki stjórnarskrána. Þessar tvær greinar eru að mínu mati mjög hæpnar og ég vil geta þess að í því frv. sem ég hef kynnt hér að nokkru um fjárgreiðslur úr ríkissjóði frá fjárveitinganefnd frá árinu 1989 koma fram upplýsingar um hvernig skuli fara með kjarasamninga sem gerðir eru af hálfu ríkisins og hvernig það er á Norðurlöndunum. Kemur fram að ekki eru allir með sama fyrirkomulag og hér á landi sem er þannig að fjmrh. hefur fullt og óskorað vald til að skuldbinda ríkið í kjölfar kjarasamninga, undirskrift hans undir kjarasamninga er skuldbinding ríkissjóðs og hann hefur fullt og óskorað vald til þess.

Þetta er talið nauðsynlegt af hálfu fjmrh. í frv., sem hér er til umræðu, til þess að viðsemjandinn efist ekki um umboð hans til að gera kjarasamning. Það eru kannski rök en ég fell ekki fyrir þeim rökum og það verður ekki sagt að Norðurlandaþjóðirnar hafi gert það heldur. Það kemur fram að í Finnlandi þarf sérstök þingnefnd að samþykkja kjarasamninga sem gerðir eru við opinbera starfsmenn þar. Það er ekki nóg að *ráðherrann sem stendur fyrir samningunum* við opinbera starfsmenn í því landi skrifi undir heldur þarf sérstök þingnefnd að stimpla plaggið líka. Með öðrum orðum, löggjafarþingið hefur sett það skilyrði að það sé það sem tekur hina endanlegu ákvörðun um útgjöld. Sama fyrirkomulag er í Svíþjóð þar sem slíkir launasamningar eru háðir samþykki fjárlaganefndar. Í Noregi eru launasamningar samþykktir með fyrirvara um samþykki þingsins sjálfs þannig að ekki er látið duga að ein þingnefnd afgreiði málið heldur þarf þingheimur að gera það. Það er aðeins í Danmörku þar sem er sama fyrirkomulag og á Íslandi, aðeins í Danmörku. Þetta skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli því þetta eru stærstu útgjöldin á hverju ári, stærsti einstaki útgjaldaflokkurinn. Fyrir flutning grunnskólans voru launaútgjöld ríkissjóðs um 40 milljarðar kr. af um 110–120 milljarða kr. útgjöldum. Þetta var því um þriðjungurinn af öllum útgjöldum ríkissjóðs sem var í þeim pakka sem fjmrh. hér á landi hefur fullkomna heimild til að breyta með einni undirskrift í hvaða fjárhæð sem er.

Hitt atriðið sem ég vil víkja að, herra forseti, er 30. gr. frv. um þjónustusamninga. Það ákvæði frv. hefur breyst verulega í meðförum nefndarinnar, eins og gerð er grein fyrir í nál. og brtt. Ákvæðið er orðið miklu ítarlegra en var í frv. Má segja að það sé að mörgu leyti orðið nokkuð vel skilgreint um hvað er að ræða, umfang og annað sem þarf að liggja fyrir í *samningum um rekstrarverkefni og hverjir hafi heimild* til að nýta sér þetta og enn fremur ákvæði um eftirlit. Um þetta vil ég segja að breytingar á ríkisrekstri eru hlutur sem óhjákvæmilegt er að mínu viti að taka afstöðu til. Það hefur komið fram í stefnu og samþykktum Alþb. á undanförnum árum að nauðsynlegt er talið að gera breytingar á ríkisrekstri bæði til að tryggja þá þjónustu sem menn ætla að ríkið tryggi þegnum sínum og að það sé gert með sem ódýrustum hætti.

Þau atriði sem oftast hafa verið nefnd af okkar hálfu í gegnum árin þegar þessi mál hefur borið á góma lúta að breytingum sem eru í þá veru að auka sjálfstæði stofnana og ábyrgð starfsmanna til að vinna það verkefni sem stofnununum eru falin og að takmarka skipunarvald ráðherra yfir viðkomandi stofnun. Enn fremur að nauðsynlegt væri að fara yfir ríkisreksturinn lið fyrir lið og skilgreina hlutverk þeirra ríkisstofnana sem eru bæði verkefni þeirra og hlutverk. Fleiri atriði sem nefnd hafa verið af okkar hálfu eru atriði eins og þau að færa þyrfti verkefni frá ríkinu, ýmist til sveitarfélaga eða annarra aðila, afnám æviráðninga og ákvæði sem lúta að öryggi og stöðu starfsmanna.

Sem dæmi um stofnanir sem starfa á breyttum tímum og hlýtur að þurfa að endurskoða hlutverk þeirra má nefna stofnun eins og Vegagerð ríkisins. Hlutverk hennar hefur breyst mikið á undanförnum árum frá því sem áður var, úr því að vera stofnun sem annaðist framkvæmd verkefna yfir í það að vera stofnun sem fær aðra til að framkvæma verkin fyrir sig. Aðrar stofnanir sem lifa á breyttum tímum og ástæða er til að skoða eru stofnanir eins og Húsnæðisstofnun ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins. Ríkisbankarnir hafa ekki sama hlutverk í dag og áður. Einnig má nefna skipan stofnana innan heilbrigðiskerfisins sem ástæða er til að endurskoða.

Segja má að þetta afmarkist af okkar hálfu með þeim hætti að við viljum líta á hlutverk ríkisins þannig að það sé að tryggja tiltekna þjónustu en ekki endilega að veita hana sjálft. Í því er auðvitað veruleg breyting frá því sem verið hefur á undanförnum áratugum. Þessa hluti þurfa menn að vera meðvitaðir um og ræða á hverju sviði fyrir sig og gera það upp við sig hvaða breytingar menn telja skynsamlegast að gera.

Að öðru leyti vísa ég til ræðu formanns Alþb. á miðstjórnarfundi flokksins í janúar sl. þar sem hann rakti þessi viðhorf í ríkisfjármálum mjög ítarlega.

Ég vil segja um 30. gr. að hún getur að sumu leyti þjónað þeim markmiðum sem við viljum ná með nauðsynlegum breytingum á ríkisrekstrinum. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sé ekki boðberi óbreyttra tíma um aldur og ævi. Það þarf auðvitað að endurskoða alla hluti og það er hægt að mínu viti að beita þeim aðferðum sem gengið er út frá í 30. gr. til að ná markmiðum sem nauðsynleg eru. Það er líka hægt að misbeita þeim, það er ljóst, vegna þess að greinin er nokkuð opin, eins og frá henni er gengið í brtt. nefndarinnar. Ég tek undir þær áhyggjur sem fram komu í máli hv. þm. Ágústs Einarssonar um að greinin væri nokkuð rúm og gæfi ráðherrum ef til vill of mikið svigrúm, miklu meira en þeir menn sem hafa unnið að því að endursemja hana í nefndinni ætla.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þessa grein. Ég vil bara að lokum, svo ég gleymi því ekki, geta þess að ég er með brtt. við 33. gr., ég gleymdi að geta þess áðan þegar ég var að fjalla um þá grein, þar sem ég legg til að hún falli brott með þeim rökum og sjónarmiðum sem ég hef lýst fyrr í mínu máli.

[22:44]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir ágæta ræðu. En það eru nokkur atriði sem ég vildi gera að umtalsefni. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því að hv. þm. hefur ekki fallist á 33. gr. frv., eins og það liggur fyrir. Hann sættir sig ekki við þá niðurstöðu, sem kemur fram í brtt. sérnefndarinnar og felur í sér þá viðbót við 33. gr. að fjárln. skuli koma að málinu og að fjmrh. hverju sinni þurfi að gera þinginu grein fyrir umframgjöldum sem kann að þurfa að leita eftir. Þetta er út af fyrir sig sjónarmið sem ekkert er við að segja. Ég vil hins vegar algjörlega mótmæla því að hér sé um einhver tímamót að ræða þar sem fjmrh. séu gefnar

meiri heimildir en áður. Það er svo fjarri lagi. Með þessu frv. erum við að ramma verkefnin miklu betur inn. Gera ákvæðin skýrari um hvar mörkin liggja milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og setja reglur um fjárreiður ríkisins, reglur sem hafa ekki verið til. Þær hafa ekki verið til.

Varðandi það atriði sem um er deilt og tilvísanir til stjórnarskrár þá vil ég gera það sem ég gerði í ræðu minni áður, að vitna til Stjórnskipunar Íslands, þess merka rits sem Ólafur Jóhannesson skrifaði. Þar segir, með leyfi forseta, á bls. 311–312:

„Í framkvæmd kveður þó allmikið að hinum svokölluðu umframgreiðslum, enda oft óhjákvæmilegar, og gerðar í trausti þess, að þær verði eftir á samþykktar í fjáraukalögum."

Þetta sagði prófessorinn. Síðan rekur hann með hvaða hætti nauðsynlegt er að standa að þessu. Ég tel að það styðji þær tillögur og þá grg. sem kemur fram í nál. sérnefndarinnar. Ég kem nánar að því síðar ef ég fæ tækifæri til að koma aftur í andsvar.

[22:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður að kallast nokkurs konar klofið andsvar þar sem fyrri hlutinn var fluttur áðan en seinni hlutinn verður fluttur á eftir þegar ég hef lokið að svara fyrri hluta andsvarsins.

Ég vil fyrst segja að ég teldi ákvæði 33. gr. líta miklu betur út ef frá því væri gengið þannig að því væri beitt með heimild í fjárlögum. Ef í fjárlögum væri hverju sinni heimildarákvæði sem væri notað þegar stuðst væri við 33. gr. og henni beitt. Í öðru lagi að fjmrh. þyrfti samþykki fjárln. fyrir því að beita því undanþáguákvæði. Þá teldi ég að búið væri að breyta framkvæmdinni þannig að við stæðum miklu nær stjórnarskránni en við höfum gert og lagt er til af hálfu frsm. Auðvitað eru það tímamót, það er ómótmælanlegt, þegar í fyrsta sinn í sögu þingsins á síðari tímum, svo mér sé kunnugt um, er lagt til að festa í lög heimild til ráðherra til að borga utan fjárlaga. Og það er gengið þannig frá textanum að matið á því hvenær megi beita heimildinni er algjörlega í höndum ráðherrans.

Ég vil að lokum lesa eina setningu til viðbótar við það sem fram kom í máli hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, úr riti Ólafs Jóhannessonar, með leyfi forseta: Sú setning er svohljóðandi:

„Framlagning fjáraukalagafrumvarps eftir á, er oftast í reyndinni aðeins skýrslugjöf um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, en samþykkt fjáraukalaganna felur auðvitað í sér syndakvittun ríkisstjórninni til handa."

[22:49]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú oft nauðsynlegt að fá syndakvittanir, þær þekkjast að sjálfsögðu. En hv. 5. þm. Vestf. nefndi eitt atriði sem ég er í grundvallaratriðum ósammála honum um. Það er að fara þá leið að fjmrh. fái samþykki fjárln. fyrir fram. Hvað erum við þar að segja? Þá erum við að fela fjárln. fjárlagavald. Þetta er grundvallaratriði sem við getum ekki fallist á heldur fara þá leið sem Ólafur Jóhannesson nefnir í stjórnskipunarfræðum sínum og ég vil vitna til, með leyfi forseta, en þar segir:

„Fjárlög eru samin áður — og stundum löngu áður — en fjárhagstímabilið hefst. Er því ómögulegt að áætla fjárhæðir þeirra svo nákvæmlega, að engu skeiki. Óhjákvæmilegt getur því verið að fara fram úr fjárveitingum fjárlaga. Auk þess getur brýn nauðsyn orðið á útgjöldum, sem ekki hafa verið séð fyrir, er fjárlög voru samin og því eigi ráðgerð þar. Til að bæta úr þessu heimilar 42. gr. stjskr. svokölluð fjáraukalög, sem að réttu lagi hefðu átt að heita aukafjárlög."

Síðar segir:

„Hefur þannig myndast sú venja, að heimild eftir á fyrir fjárveitingum væri nægileg, og oftlega eru þá af hendi inntar fjárgreiðslur umfram það, sem leyft er í fjárlögum, stundum í samráði við fjárveitinganefnd, en einnig oft án samráðs í því trausti, að Alþingi samþykki fjárveitinguna eftir á í fjáraukalögum."

Þetta er hin venjuhelgaða aðferð sem sérnefndin telur að eðlilegt sé að fara, með þeim fyrirvörum að hæstv. fjmrh. hverju sinni geri fjárln. grein fyrir þessum nauðsynlegu útgjöldum þannig að fjárln. fái tækifæri til að skoða rækilega hvaða forsendur eru fyrir þessum útgjaldaþörfum svo hægt sé að leggja mat á það síðan þegar fjáraukalög koma til afgreiðslu.

[22:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Grundvallaratriðið er það, sagði hv. þm., að fela þingnefnd fjárveitingavaldið. Því er ég ósammála. Ég get verið sammála því að við eigum ekki að gera það. Við eigum að láta þingið hafa fjárlagavaldið. Þess vegna eigum við að bera málin upp hér. Það er mín skoðun. Við eigum að fara að stjórnarskránni. En það eru ekki allir á þeirri skoðun þannig að menn hafa farið fram hjá því. Ég er að reyna að mæta þeim sjónarmiðum.

Ég spyr hv. þm.: Hvernig má það vera að honum þyki óásættanlegt að löggjafarvaldið feli hluta af sjálfu sér valdið til að samþykkja útgjöld þegar hann samþykkir og telur það ásættanlegt að framkvæmdarvaldið taki sér þetta vald og spyrji ekki löggjafarvaldið að því fyrr en eftir á og treysti á að menn samþykki það þá? Hvernig má það vera fyrst hann telur það ásættanlegt að framkvæmdarvaldið taki sér fjárveitingavaldið, að hann er ósammála því að löggjafarvaldið feli hluta af sjálfu sér að afgreiða beiðnir sem þarf að afgreiða skjótt? Ég er nefnilega alveg sammála honum af því að það er grundvallaratriði í málinu og grundvallaratriðið er það að löggjafarvaldið á að fara með fjárveitingavaldið, punktur.

[22:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu er eitt af allra merkustu málum þingsins. Ég hygg að þessara laga muni lengi sjá stað í ríkisfjármálum Íslendinga og verið sé að gera breytingar sem skipta verulegu máli. Í þeirri umræðu sem hefur farið fram í kvöld hafa sjónir beinst mest að tveimur greinum þessa frv. en vissulega eru miklu fleiri greinar sem eiga athygli skilið. Hér er verið að koma nýju skikki á ríkisfjármálin. Ef þetta frv. verður að lögum verður mun auðveldara en áður að hafa yfirsýn yfir fjármál ríkisins. Eitt af því sem ekki hefur verið nefnt í umræðunni og ég vil vekja sérstaka athygli á, reyndar kom það fram að sjálfsögðu í ágætri ræðu formanns sérnefndarinnar, hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, en það er 28. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir langtímaáætlunum. Þar segir svo með leyfi forseta:

„Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun fyrir ríkisbúskapinn til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til."

Hér er sem sagt verið að festa það í lög að horfa beri til næstu ára og gera sér grein fyrir útgjöldum eftir því sem hægt er. En það gefur auðvitað auga leið að margt getur komið upp á og margt breytir áætlunum.

Málið um fjárreiður ríkisins hefur að mínum dómi fengið afar vandaða meðferð í störfum þingsins. Farið var rækilega í gegnum þetta mál á síðasta þingi og í vetur hefur það verið til meðferðar í sérnefnd svo mánuðum skiptir og kallað hefur verið eftir áliti ýmissa sérfræðinga. Meðal annars var einn af lagaprófessorum Háskóla Íslands fenginn til að skoða sérstaklega 30. gr. Í leiðinni benti hann á ýmislegt sem betur mátti fara og kemur reyndar inn á eitt af mínum stóru áhugamálum í íslenskum stjórnmálum, en það er þrískipting ríkisvaldsins og hvernig betur megi greina þar á milli. Eins og kunnugt er hefur það verið lenska hér um áratuga skeið, ef ekki aldir, að blanda mjög saman sérstaklega framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Á það auðvitað rætur að rekja til danska konungsveldisins.

Með frv. er reynt að gera skiptingu milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds mun skýrari og þá einkum að því leyti er lýtur að fjárveitingavaldinu. Hér er verið að stíga stórt skref til að auka sjálfstæði Alþingis og undirstrika að Alþingi, einn þriðjungur ríkisvaldsins, á að vera sjálfstætt. Hlutverk þess er að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og reyndar dómsvaldinu líka og það er Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið. Þetta er rækilega undirstrikað í frv. Þetta er umræða sem hefur átt sér stað um margra ára skeið en hefur gengið erfiðlega að fá breytingar á. Ég hygg að með þessu frv. séu þeir að vinna nokkurn sigur, sem gjarnan kalla sig „parliamentarista" og hafa viljað sjá veg þingsins sem mestan og auka vald þess og greina á milli valdastofnana samfélagsins.

Samt sem áður má betur gera og það hefur margt tíðkast hér í stjórnkerfinu sem ég hygg að önnur þing mundu ekki sætta sig við. Þar vil ég m.a. benda á það sem kemur fram í athugasemdum með 30. gr. upphaflegs frv. þar sem verið er að tala um samráð fjmrn. og fjárln. Á bls. 31 kemur fram að um árabil hefur verið starfandi nefnd skipuð formanni og varformanni fjárln. Alþingis auk fulltrúa fjmrn. við undirbúning fjárlaga. Þeir sem eiga að taka við frv. til fjárlaga og skoða það og kveða upp úr hafa um árabil komið að gerð frv. og verið í eins konar samráðsnefnd. Auðvitað er þetta ekkert einsdæmi. Þingmenn eru að starfa með framkvæmdarvaldinu að undirbúningi ýmissa mála og við teljum það að mörgu leyti sjálfsagt en það er ekki eðlilegt þegar svo hinir sömu þingmenn setjast inn í þingnefnd og fjalla um það sama mál þannig að málið fær ekki hlutlausa skoðun. Þetta er eitt af því sem ég tel að við þurfum að skoða mjög rækilega í störfum þingsins og hvort það sé eðlilegt að þingmenn komi að málum með þessum hætti. Ég tel að þetta samræmist ekki þrískiptingu ríkisvaldsins. En auðvitað brýtur nauðsyn oft lög.

Ég vil sérstaklega víkja að þeim greinum sem hafa verið mest til umræðu í kvöld og vil taka fram að ég ákvað að vera ekki með fyrirvara á nál. sérnefndarinnar. Það þýðir ekki að ég sé fullkomlega ánægð með allt eða hafi ekki efasemdir um einstök atriði þessa frv. en ég tel þó að í nál. og skýringum sem koma fram í nál. hafi verið komið verulega til móts við mín sjónarmið og annarra þannig að þar sé flest orðið ásættanlegt. Ég tók undir það sjónarmið sem fram kom hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að efni 30. gr. frv., þ.e. þjónustusamningar, ættu frekar heima í sérlögum. Og það stingur auðvitað í stúf að 30. gr. verðandi laga um fjárreiður ríkisins er miklu ítarlegri en allar aðrar greinar og það er náttúrlega vegna þess að í hana hefur verið lögð gríðarleg vinna og mikil áhersla lögð á að skýra hvað þarna er á ferð enda kom upp gagnrýni og ábendingar þess efnis að eins og greinin var úr garði gerð þá stæðist hún ekki stjórnarskrána. Þarna væri um allt of mikið framsal valds að ræða og það var auðvitað reynt að ná utan um þau sjónarmið þannig að greinin stæðist.

Ég hef tekið eftir því að nokkrir þingmenn hafa beint mjög harðri gagnrýni að 30. gr. og talið að hér væri verið að hefja gríðarlega einkavæðingarherferð sem gæti orðið samfélaginu stórhættuleg. Ég tel að það sé mjög orðum aukið og reyndar misskilningur. Ég tel að þarna sé um misskilning að ræða og vil ég þá rifja upp að ég hef á undanförnum árum margsinnis gagnrýnt einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar og það er auðvitað alls ekki sama hvað er verið að einkavæða eða hvernig. Það tengist því sem fram kom í ræðu áðan að nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk ríkisins upp á nýtt, skilgreina hvaða þjónustu ríkið á að sinna, hvaða þjónustu á að tryggja og hvernig. Það er ekki alltaf meginatriði hver sinnir þeirri þjónustu heldur að það sé gert og að réttur fólks sé tryggður. Það sem skiptir mestu máli varðandi einkavæðingu er að ekki sé verið að afhenda eigur almennings og þar með að þjappa saman valdi og auði í samfélaginu.

Það er nú einu sinni svo, hæstv. forseti, að á undanförnum árum hafa verið gerðir allmargir þjónustusamningar og á mörgum sviðum. Nú bið ég hv. þm. Ögmund Jónasson að hlusta sérstaklega vegna þess að það er hann sem hefur beint mjög harðri gagnrýni að þessari grein. Ég vil benda á að um árabil hafa verið gerðir þjónustusamningar í barnaverndarmálum á vegum félmrn. við heimili, fjölskyldur út um allt land og ég veit ekki betur en að þeir þjónustusamningar hafi skilað mjög góðum árangri. Ég hef ekki heyrt neina gagnrýni á þá.

Fyrir nokkrum árum var gerður þjónustusamningur á sviði menntamála við Kvennaskólann í Reykjavík. Þar er þó galli á gjöf Njarðar því ekki hafa fylgt nægilegar fjárveitingar til þess að skólinn gæti gert verulegar breytingar eða að þeir sem þar vinna hafi fengið umbun fyrir mikla skipulagsvinnu. Og þannig vill það nú oft verða þegar ríkið er að semja og breyta að þá fylgir ekki það fjármagn sem þarf.

Á sviði heilbrigðismála hefur verið gerður þjónustusamningur við bæjarstjórnina á Höfn í Hornafirði sem hefur tekið þar að sér heilsugæslu. Gerður hefur verið þjónustusamningur við Akureyrarbæ um málefni fatlaðra. Þetta er hluti af reynslusveitarfélagaverkefnunum. Allt eru þetta þjónustusamningar. Ef ég man rétt — ég held ég fari rétt með það — þá er líka í gildi þjónustusamningur við Geislavarnir ríkisins.

Þarna er verið að gera tilraunir um meiri sjálfsstjórn og öðruvísi rekstrarform og það sem skiptir meginmáli, hæstv. forseti, er að allar þessar stofnanir eru á fjárlögum og því er það mergurinn málsins að sé meiri hluti Alþingis hverju sinni ekki sáttur við þá þjónustusamninga sem gerðir hafa verið þá getur hann gripið inn í enda stendur í brtt., og ég vil vekja sérstaka athygli á því, með leyfi forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila," — samanber fjölskyldurnar úti á landi sem hafa tekið að sér barnaverndarverkefni — „enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum."

Á hverju einasta ári koma hér inn á fjárlögum áætlanir um kostnað í samræmi við þann þjónustusamning sem viðkomandi ráðherra hefur gert. Ég tel því alls ekki hægt að

túlka þessa grein sem svo að verið sé að framselja vald til lengri tíma og hér er líka kveðið mjög skýrt á um, eins og segir, með leyfi forseta, að:

„Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum."

Þetta skil ég þannig að réttindi fólks, rétturinn til þjónustu sé tryggður og það er mjög mikilvægt atriði. Ég vil túlka það þannig að hér sé verið að gera ákveðnar tilraunir með rekstrarform eða hugsanlega að bjóða út ákveðinn rekstur. Þessi verkefni koma fram á fjárlögum og það er skylda samkvæmt lögunum að með fjárlagafrv. fylgi greinargerð um áformaða samninga þannig að það verður mjög auðvelt að fylgjast með framkvæmd þessara mála. Á hverju einasta ári eru þessar stofnanir sem samningar hafa verið gerðir við hér á fjárlögum. Það sem er reyndar ekki tíundað nægilega, t.d. í fjárlagafrv. — ég var að fletta þessu upp varðandi félmrn. — er að þar eru þessi heimili undir einum lið þannig að það er ekki svo auðvelt að gera sér grein fyrir því hversu mikið hver þjónustusamningur felur í sér. Ég tel að ekki sé ástæða til að óttast þetta ákvæði enda ef eitthvað ber út af þá getur Alþingi gripið inn í og vil ég þar enn einu sinni vitna í spá hæstv. félmrh. sem býst við því að núv. ríkisstjórn tapi í næstu kosningum og núv. stjórnarandstaða nái völdum. Hann hefur spáð því hér í umræðum. En það er nú ekki það sem skiptir máli heldur fyrst og fremst það að lögin séu þannig úr garði gerð að þau standist. Ef ég tryði því að hér væri verið að framselja vald og að kippa grundvelli undan opinberri þjónustu eða rétti fólks t.d. til heilsugæslu eða menntunar þá mundi mér að sjálfsögðu aldrei nokkurn tíma detta í hug að styðja þetta ákvæði. En ég tel að hér hafi verið náð býsna vel utan um þetta og að það sé sjálfsagt og eðlilegt að ríkisvaldið eða viðkomandi ráðuneyti geri samninga um ýmiss konar rekstur eins og hefur verið gert hingað til svo árum skiptir á ýmsum sviðum. Ég vildi að þetta kæmi hér mjög skýrt fram, hæstv. forseti.

Hitt atriðið sem hér hefur verið mikið rætt og ég hef líka ákveðnar efasemdir um er varðandi 33. gr. frv. Þar breytir nú ekki öllu í mínum huga þó að ráðherra beri skylda til þess að gera fjárln. Alþingis grein fyrir ófyrirséðum greiðslum. Það er auðvitað ágætt. Það þýðir að þingið og þar af leiðandi allir þingflokkar geta fylgst mjög náið með slíkum aukagreiðslum. Ef ég hefði beinar tillögur um það hvernig væri hægt að ná utan um þetta mál þá vildi ég gjarnan leggja þær fram. Ég lít þannig á að hér sé verið að þrengja þá reglu sem hér hefur verið í gildi um árabil. Með lagagreininni er verið að þrengja hina gildandi reglu sem hefur ekki haft stoð í lögum en þar með er auðvitað verið að lögfesta hana. Það er verið að lögfesta heimildir til þess að fara fram úr fjárlögum. Ég held að ekki sé hægt að komast hjá því að það sé farið fram úr fjárlögum og að oft þurfi að bregðast við. Ég vil í því sambandi t.d. nefna dóma sem hafa fallið á ríkið. Það hlýtur að vera augljóst að það er almannahagur að ríkið bregðist við sem allra fyrst og að það falli ekki miklir dráttarvextir á ríkissjóð eins og reyndar eru nú dæmi um þar sem það hefur verið teygt og togað að greiða samkvæmt áföllnum dómum. Ég vil túlka þessa grein mjög þröngt, þ.e. að hér sé í raun og veru um neyðarrétt að ræða, það beri aðeins að grípa til þess ráðs þegar brýna nauðsyn ber til. En það er staðreynd, hæstv. forseti, að á undanförnum árum og áratugum hefur verið farið mjög frjálslega með aukafjárveitingar og við höfum séð það í aukafjárlögum ár eftir ár að þau eru upp á marga milljarða. Farið er fram úr fjárveitingum svo milljörðum skiptir og ég hef margsinnis haldið því fram í umræðum hér að þetta sé eins konar bókhaldstrikk, að það sé verið að blekkja og menn séu að reyna að láta hlutina líta betur út þegar fjárlög eru lögð fram en svo kemur auðvitað í ljós að þau standast ekki. Í þessu sambandi vil ég líka minna á að þess eru dæmi að Alþingi hafi ekki staðfest gjörninga ráðherra. Þar er reyndar um mál að ræða sem hafa tekið mjög langan tíma í meðförum.

Að lokum, hæstv. forseti, ítreka ég það sem ég sagði hér í upphafi að ég tel að þetta frv., ef að lögum verður, marki tímamót í fjármálum ríkisins og að hér sé verið að stíga merkileg skref sem munu gera ekki aðeins alþingismönnum og þeim sem fara með fjárlagavaldið auðveldara að hafa yfirsýn heldur einnig öllum almenningi í landinu. Það er í þágu lýðræðisins og því er hér um hið besta mál að ræða þótt tíunda megi efasemdir um einstaka ákvæði og það hvernig farið er með fjárveitingavaldið og vísa ég þar sérstaklega til 33. gr.

[23:14]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum hérna frv. sem að mínu mati er tímamótafrv. um fjárreiður ríkisins. Hér er um að ræða mjög vandaða lagasetningu sem ég styð heils hugar.

Á undanförnum áratugum hefur agi í ríkisfjármálum verið að aukast. Fyrir áratug voru fjárlög nánast bara pappír sem var litið á einu sinni á ári þegar þau voru samin og síðan ekki söguna meir og menn fóru sínu fram nánast án tillits til fjárlaga. Ríkisreikningar voru samþykktir eftir hendinni í kippum, mörg ár og jafnvel áratugi í einu og menn voru með mjög lítinn aga í ríkisfjármálum. Þetta hefur lagast mjög mikið og er enn að lagast. Og það frv. sem við hér erum að samþykkja er skref í þá átt að koma á ákveðnum aga í fjármálum ríkisins. Fjárlagafrumvörp sem hingað til hafa verið samþykkt eru í eðli sínu áætlun um útgjöld ríkissjóðs fyrir heilt ár og þau hafa verið ákaflega langt frá þeim ríkisreikningi sem kemur seinna vegna þess að þau eru byggð á greiðslugrunni en ríkisreikningurinn er á rekstrargrunni. Þannig er ætíð kerfisbundin villa í fjárlögum. Ríkisreikningur hefur alltaf sýnt meiri halla en fjárlögin jafnvel þó að eftir fjárlögum væri farið vegna þess að inn í fjárlögin vantar áfallna vexti, lífeyrisskuldbindingar og sitthvað fleira. Nú er hvort tveggja á rekstrargrunni þegar þetta frv. verður samþykkt og þá getum við vænst þess að ríkisreikningur verði nær fjárlagafrv., þ.e. ef eftir fjárlagafrv. er farið

Enn þá vantar þó inn í fjárlagafrv. og ríkisreikning eignafærslu varanlegra rekstrarfjármuna, þ.e. að þegar ríkissjóður byggir hús, kaupir hlutabréf eða stofnar fyrirtæki með útlendingum, þá sé það fært sem eign hjá ríkinu en ekki sem gjöld. Það vantar. Þess vegna gerist það undarlega þegar ríkið selur ríkisfyrirtæki eins og banka, þá kemur það fram eins og tekjur hjá ríkissjóði þó að það sé í sjálfu sér bara verið að flytja eign frá einu formi í annað. Þetta vantar enn þá og ég benti á það í hv. sérnefnd sem ég átti sæti í.

Herra forseti. Þær breytingar sem hv. sérnefnd leggur til fellst ég á og samþykki, en í nokkrum atriðum vildi ég ganga lengra og ég ætla að rekja þau með nokkrum orðum.

Það er í fyrsta lagi varðandi 8. gr. Þar vildi ég sjá breytingu sem gengur lengra og felst í því að skerpt er á því að veigamestu ógreiddar skuldbindingar ríkissjóðs eru lífeyrisskuldbindingar hans, sérstaklega vegna almannatrygginga og skuldbindingar vegna kjarasamninga; uppsagnarfrestur,

biðlaun og lífeyrisréttur opinberra starfsmanna. Ég lagði til að skuldbindingar ríkissjóðs yrðu flokkaðar í samningsbundnar skuldbindingar, þ.e. vegna kjarasamninga við ríkisstarfsmenn, leigusamninga, verksamninga, þjónustusamninga, lánasamninga o.s.frv. Það er ljóst að þegar ríkið ræður opinberan starfsmann til starfa, þá er það um leið að gangast inn á fullt af skuldbindingum um að greiða þessum manni laun varðandi uppsagnarfrest, jafnvel biðlaun og jafnvel æviráðningu sem var í gildi í miklum mæli.

Þá koma til greina lögbundnar skuldbindingar, t.d. lífeyrir og bætur frá almannatryggingum, biðlaun, áframhaldandi ávinnsla réttinda ríkisstarfsmanna og framlög í sjóði þar sem ríkið í reynd gæti skorið þessi framlög niður með því að breyta lögum. Þetta eru sem sagt lögbundnar skuldbindingar sem hægt er að skera niður.

Að síðustu koma stjórnarskrárvarin réttindi, sérstaklega eignarréttarlega, t.d. áunninn lífeyrisréttur opinberra starfsmanna. Hann verður ekki skertur. Hann er þegar fallinn til og hann mun falla til ár eftir ár í framtíðinni. Ég lagði til að þessar skuldbindingar yrðu allar metnar og auk þess yrði metið hvernig þær koma til með að falla á ríkissjóð ár eftir ár. Sem dæmi má nefna að talið er að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins muni kosta ríkissjóð nálægt 4.000 millj. á ári í 40 ár og það eru áunnin stjórnarskrárvarin réttindi sem þegar hafa fallið til og þeim verður ekki breytt.

Ég vil sýna hvað búið er að skuldbinda ríkissjóð mikið með stjórnarskrárvörðum skuldbindingum, með lögvörðum skuldbindingum og svo að síðustu með samningsvörðum skuldbindingum þannig að skattgreiðendur framtíðarinnar, sérstaklega unga fólkið, geti séð hvað búið er að leggja miklar byrðar á herðar þess í framtíðinni. Þetta kemur inn á þáltill. um kynslóðareikninga sem við vorum hér á hv. Alþingi að samþykkja í dag að beina til ríkisstjórnarinnar sem ályktun Alþingis.

Herra forseti. Ég vil ræða rétt aðeins um 34. gr. og gera hana að umræðuefni vegna þess að ég hef af henni ákveðnar áhyggjur. Í 34. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skal svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga."

Það er sem sagt beint lagaákvæði um að það skuli greiða út greiðslur úr ríkissjóði án þess að til þess sé heimild í fjárlögum eða fjáraukalögum.

Herra forseti. Í 41. gr. stjórnarskrárinnar stendur:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Ég hef dálitlar áhyggjur af þessu. Ég skrifa undir breytingar sérnefndarinnar án fyrirvara og hyggst styðja þær, en engu að síður hef ég af þessu nokkrar áhyggjur, að hér sé hugsanlega verið að samþykkja ákvæði sem er í blóra við stjórnarskrána. Sumir hafa sagt að það sé í lagi að fjmrh. geri kjarasamning og borgi út einn mánuð, segjum að hann geri kjarasamning núna í maí og borgi síðan út maímánuð og júnímánuð, því þá eigi hann enn þá samkvæmt fjárlögum fyrir júlí, ágúst, september o.s.frv. og hann gæti notað þá peninga til að borga út maí- og júnílaunin. En á móti þessu kemur að hann er búinn að gera kjarasamning út árið og ef hann ætlar sér að hætta að borga í ágúst sem dæmi, þá brýtur hann kjarasamning. Og ætlar hann þá að borga mismuninn sjálfur? Það getur orðið dálítið þungbært fyrir hann þannig að mér sýnist að fjmrh. geti ekki gert kjarasamning vegna stjórnarskrárinnar nema með fyrirvara.

Það leiðir hugann að því að allir aðrir aðilar á vinnumarkaði skrifa undir kjarasamning með fyrirvara. Vinnuveitendasambandið skrifar undir kjarasamning með fyrirvara um samþykki sinna félagsmanna og þeir samþykkja svo á félagsfundi eða fella hann. Verkalýðshreyfingin skrifar undir kjarasamning með fyrirvara um samþykki félagsmanna sinna og þeir samþykkja síðan eða fella hann þannig að það tíðkast alls staðar á vinnumarkaðnum að skrifað er undir kjarasamninga með fyrirvara nema hjá hæstv. fjmrh. Hann skrifar undir kjarasamninga fyrirvaralaust.

Nú getur verið að menn líti svo á að ákvæði stjórnarskrárinnar setji sjálfvirkan fyrirvara inn í undirskrift fjmrh. og það má hugsanlega rökstyðja það þannig að ef Alþingi mundi fella fjáraukalög á grundvelli sem fjmrh. hefði gert, þá mundi fjmrh. segja: „Samkvæmt stjórnarskránni mátti ég ekki gera þetta. Það er sem sagt fyrirvari í undirskrift minni. Hún er ógild, og vinsamlega borgið launahækkunina til baka."

Þá kemur þetta ákvæði í 34. gr. þar sem stendur í lögum frá Alþingi:

„Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga."

Ég hef dálitlar áhyggjur af þessu, ég verð að segja, því miður.

Í 40. gr. stjórnarskrárinnar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, ..."

Þ.e. ekki má gera lánssamning sem skuldbindur ríkið og ég mundi flokka það þannig að kjarasamningur er sterkari og skuldbindur ríkissjóð meira heldur en lánssamningur því að það er yfirleitt auðvelt að segja lánssamningi upp og greiða lánin til baka. En það er miklu erfiðara með kjarasamninga þannig að ég vil líkja þessu saman, þ.e. að þetta ákvæði, 2. málsl. í 1. mgr. 34. gr. truflar mig nokkuð og mér líður ekki vel með að samþykkja hann.

Í áliti Davíðs Þórs Björgvinssonar um 30. gr. eins og hún var í frv., þá segir hann að ákvæðið í 30. gr. feli í sér víðtækt framsal á valdi til framkvæmdarvaldsins til að skuldbinda ríkissjóð til langs tíma. Það er alveg með ólíkindum að þarna er verið að tala um verksamninga eða þjónustusamninga, litlar upphæðir yfirleitt, stuttan tíma. Á sama tíma gera menn enga athugasemd við það að ríkissjóður ræður ríkisstarfsmenn og skuldbindur sig til 30, 40, 50 ára ef maður tekur lífeyrisréttindi með og sérstaklega ef um er að ræða æviráðningu. Mér finnst dálítið misræmi þarna á milli hvernig menn túlka mismunandi tölur. Þarna eru menn að tala um mjög stórar tölur, en bara af því að það hefur viðgengist, þá er það látið átölulaust.

Mér finnst að hér mætti koma til meiri agi. Fjmrh. á að skrifa undir kjarasamninga með fyrirvara um samþykki Alþingis nema hann hafi fyrir því í fjárlögum einhvern smápóst sem hann getur haft í fjárlögum. Það er hægt að hafa í fjárlögum einhverjar 100 millj. eða svo til þess að borga upp í væntanlega kjarasamninga, sem hann getur notað fyrir minni háttar kjarasamninga, ella yrði hann að koma með fjáraukalög og fá þau samþykkt á Alþingi og þá fyrst er kjarasamningurinn í gildi. Þetta held ég að sé nauðsynlegt vegna þessa ákvæðis stjórnarskrárinnar.

Herra forseti. Það frv. sem við hér ræðum er að mínu mati þrátt fyrir þessa vankanta mjög gott frv. og það er mikil bót frá því sem verið hefur og kemur til með að auka aga

í fjármálum ríkisins allverulega. Samstarfið í sérnefndinni var mjög gott og ég vil þakka formanni mjög góða stjórn á málum þar, sem og hv. þm. sem unnu með mér í þeirri nefnd. Ég vil þakka þeim fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf.

[23:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu lagafrv. sem hefur verið lýst sem tímamótafrv., einhverju merkilegasta lagafrv. sem hér hefur verið til umræðu í langan tíma sem snertir fjármál ríkisins, sem snertir allt skipulag ríkisins og samskipti löggjafans og fjárveitingavaldsins. Þess vegna spyr ég, hæstv. forseti: Hvar er fjmrh.? Hvar er hæstv. fjmrh. staddur og hvar skyldi hæstv. forsrh. vera niður kominn? Ég óska eftir því að það verði kannað hvar hæstv. fjmrh. er niður kominn og hvort hann geti verið viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun kanna hvar hann er niður kominn og gaumgæfa hvort hann eigi kost á að koma til umræðunnar. — Forseti vill spyrja hv. þm. hvort það sé forsenda þess að hann geti haldið ræðu sína að hæstv. ráðherra sé hér viðstaddur?)

Nei, en forsenda þess að ég geti haldið ræðu mína er að mér sé gerð grein fyrir því hvar hæstv. fjmrh. er staddur vegna þess að við erum að tala um grundvallarmál. Við erum að tala um frv. sem að mínum dómi felur í sér stórfellt valdaafsal frá Alþingi yfir til framkvæmdarvaldsins og sér í lagi til hæstv. fjmrh. og mér finnst mikilvægt að hann sé viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (GÁS): Forseti hefur fullan skilning á þessari beiðni, en spyr einfaldlega sökum þess hvort hv. þm. sé þá til viðræðu um það að hv. næsti ræðumaður fari nú í ræðustól og hv. þm. fresti ræðu sinni meðan verið er að gaumgæfa um stöðu fjmrh. þannig að umræðan geti hér haldið áfram.)

Ég skal fallast á það.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill þakka skilning þingmannsins.)

[23:31]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það mál sem hér er til umræðu hefur verið flutt í annarri mynd áður og hv. 5. þm. Vestf., Kristinn Gunnarsson, gerði því góð skil í ræðu sem hann flutti hér. Ég hallast að því að það frv. hafi á sínum tíma verið mun betra en það sem hér er flutt, en engu að síður er mér ljóst að hér er verið að glíma við sama málið, þ.e. að reyna að setja vissar leikreglur í samskiptum Alþingis og framkvæmdarvaldsins.

Það verður að segjast eins og er að framkvæmdarvaldið hafði dregið til sín vald sem Alþingi átti samkvæmt stjórnarskránni. Sumir hafa viljað líta svo á að af því að þetta hafði gerst, þá væri orðin hefð fyrir því að þannig mætti það vera áfram. Mín skoðun er sú að stjórnarskránni verði aldrei breytt með venju. Henni verður aldrei breytt nema með lögum á þann veg að fram komi brtt. við stjórnarskrána, sú brtt. verði samþykkt, það verði efnt til kosninga og lagagreinin verði aftur samþykkt.

Ég hef valið þann kost að flytja aðeins brtt. við eina grein þessa frv., þ.e. 33. gr. Mér er ljóst að fyrirsögnin á kaflanum verður áfram: Ófyrirséð greiðsluskylda A-hluta. Og 34. gr. getur einnig leitt til brots á stjórnarskránni en hún þarf ekki að gera það. Það er ekki stjórnarskrárbrot að greiða laun út í maí séu þau hækkuð og sé innstæða fyrir því á fjárlögum. Það er ekki stjórnarskrárbrot. En sé það fyrirsjáanlegt að launagreiðslurnar muni ekki duga út árið ber að leggja fram frv. til fjáraukalaga svo fljótt sem auðið er til þess að láta reyna á afstöðu þingsins. Þingið hefur alltaf áskilið sér þann rétt að breyta kjarasamningum með lögum. Menn mega deila um það fram og til baka, þá siðfræði sem liggur á bak við það, og ég veit að þar eru skiptar skoðanir. Hins vegar er mér ljóst að allir flokkar sem hér eru hafa tekið þátt í því að það hefur verið gert, en Kvennalistinn sem ekki skilgreinir sig sem flokk, hefur ekki tekið þátt í slíku athæfi.

Þessi átök að draga til baka þetta vald Alþingis hófust á sínum tíma af fullri hörku í fjárveitinganefnd. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var formaður hennar og sá sem hér stendur hóf þann ófrið innan nefndarinnar. Þá tíðkaðist það að á sama tíma og menn voru að vinna að fjárlagagerð voru menn að semja við fjmrh. um aukafjárveitingar á næsta ári, svo siðlaust var taflið orðið. Og í blöðum landsins gat að líta fréttir af sigrum sem menn höfðu unnið með þessum hætti þar sem fram kom að þrátt fyrir slæma fjárveitinganefnd þá væri ráðherra búinn að lofa aukafjárveitingu á næsta ári.

Ég man eftir því að einu sinni náði ég þeim árangri að neita alfarið að vinna meira í nefndinni nema það yrði upplýst hvort þessi frétt í blaði væri rétt. Formaður fjárveitinganefndar hringdi í fjmrh. og kom með þau svör til baka að fréttin væri lygi og auðvitað varð þá að halda áfram vinnunni. Í ríkisreikningi gerði ég svo athugun á því hvort fréttin hefði verið lygi og það kom í ljós að viðkomandi þingmaður eða réttara sagt fjmrh. hafði veitt hærri fjárhæð til umrædds verkefnis en fréttin í blaðinu gaf til kynna á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Hvaða ár var þetta?) Nú förum við ekki út í ártöl því það gæti farið svo að ég skrökvaði. Ég man það ekki nákvæmlega. En ég man að þessi fjárveiting var til góðra verka. Hún var í verkmenntahúsið á Akureyri. Og það vil ég að hv. þm. viti að þetta snýst ekki um það hvort verið er að veita fjármagn til góðra hluta eða í slæma hluti. Þetta snýst um það hvort Alþingi Íslendinga vill standa á þeim rétti sem stjórnarskráin hefur fært því. Sá réttur er ákaflega einfaldur. Texti stjórnarskrárinnar í þessum efnum er skýr. Með leyfi forseta, er hann þessi:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Fjárln. sendi þá Sigurð Þórðarson, sem nú er ríkisendurskoðandi, út til Norðurlanda til að kynna sér þessi mál, fá upp reglurnar sem þar voru í gildi og eftir að komið var heim var hafist handa um það að byggja upp hugmyndir að því hvernig ætti að standa að svona frv. En það var alveg á hreinu að ráðherrarnir voru hundfúlir svo ekki sé meira sagt yfir þeirri ósvífni að mönnum skyldi detta í hug að það ætti að leggja niður hinar vinsælu aukafjárveitingar sem höfðu verið skoðaður sem styrkleiki manna, hvað þeir væru góðir ráðherrar eða góðir þingmenn, hvað þeir væru góðir að ná þessum aukafjárveitingum. En í ófriðinn var farið af fullri hörku. Heil kippa af ríkisreikningum var samþykkt.

Nú er komið svo í þessari orrustu að alltaf hefur fjármálaráðherrum tekist að koma sér undan því að samþykkja lög í þá veru sem ég hef verið að tala um. Í þessu tilfelli hefur það gerst að þeir hafa hafið vissa gagnsókn eins og þeir gera sem verða fyrir árás og telja að tekin hafi verið af þeim lönd, þeir reyna að bregðast til varnar. Og því miður er það nú svo að 33. gr. sem hér er stenst ekki stjórnarskrá Íslands. Hér segi ég: Hún stenst ekki stjórnarskrána. Ég segi ekki: Ég held að hún standist ekki stjórnarskrána. Ég segi: Hún stenst ekki stjórnarskrána. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp 33. gr. eins og hún er í frv.:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga."

Hérna er þetta alveg skýrt. Það fer ekkert á milli mála. Fyrst á að borga, svo á að fá heimildina. Þetta mundi þýða, ef aftökusveit ætti í hlut, að fyrst ætti að skjóta og svo ætti að fá heimild til að hafa mátt framkvæma aftökuna. „Þetta er náttúrlega allt í lagi ef menn hafa nógu sterkan bakgrunn þannig að þeir séu öruggir á að geta fengið þetta samþykkt", gætu menn sagt. En þá má spyrja á móti: Fær það staðist þegar prófessorar og lærðir menn skrifa yfirlýsingar í þá veru að þetta sé allt í lagi eins og hér hefur verið haldið fram? Reyndar hef ég ekki séð þau skrif. Er þá ekki alltaf öruggt að þeir hljóti að hafa rétt fyrir sér?

Prófessor Ólafur Jóhannesson var mikill lagaprófessor. Hann var líka stjórnmálamaður. Honum var ljóst í sinni túlkun að það var verið að brjóta stjórnarskrána, en hann talar um syndafyrirgefningu, syndakvittun. Þetta er alveg eins og góður kaþólikki veit að hann er oft að brjóta ákveðin atriði sem hann hefur lofað að brjóta ekki en heldur svo á fund prestsins síns og játar þar sínar yfirsjónir. En allt ber þetta að sama brunni. Fær það yfir höfuð staðist að þessir vísu menn eða þessi prófessor sem hér vottar geti haft rangt fyrir sér? Er hægt að taka mark á einföldum lagatexta og trúa því að hann sé réttur?

Ég lenti á mínum þingferli stundum í miklum vandræðum með að verja það að vísir menn gætu haft rangt fyrir sér og einu sinni greip ég til þess ráðs að vitna í Nasreddin og ég er að hugsa um að gera það aftur.

Nasreddin bjó við það óhagræði að nágranni hans sótti það mjög stíft að fá asna hans lánaðan. Lærimeistarinn kom sér ekki undan því að neita en ákvað að bregða á það ráð að setja asnann inn í kofann þegar hann taldi að nágranninn væri að koma, sem reyndist rétt hjá honum. Nágranninn birtist og bað um að fá asnann lánaðan. Nasreddin tilkynnti að asninn væri ekki heima. En hvað haldið þið að asninn hafi gert? Hann hneggjaði í kofanum. Og nú skeðu þau undur og stórmerki að nágranninn sem hafði mikið álit á lærimeistaranum Nasreddin lýsti því yfir að það væri rangt sem hann hefði sagt, því hann hefði heyrt asnann hneggja í kofanum. En auðvitað brást Nasreddin reiður við og sagði: „Trúirðu asnanum mínum betur en mér?"

Um þetta snýst þetta alvörumál. Ber manni að trúa einföldum texta, (**ÖS:** Hver er þín ...?) svo augljósum að jafnvel hv. þm. Össur Skarphéðinsson er 100% viss hvað þar stendur og veit hvernig á að túlka hann. (**ÖS:** Svaraðu. Hver er þín ...?) Ber að trúa því eða ber að trúa lærðum manni sem vefur það í fögrum orðum að þetta sé ekki rétt? (**ÖS:** Ertu að segja að fjmrh. sé asninn?)

Nú er það svo að hv. þm. Össur Skarphéðinsson hefur stundað veiðiskap í allan dag en haft lítinn afla og vill nú reyna að bæta sér það upp að stórurriðastofninn í Soginu er hér um bil þurrkaður út. En við verðum að una (**ÖS:** Eins og Framsóknarflokkurinn ...) því að svo hefur farið. Ég skynja það svo að menn séu eiginlega sammála nágrannanum um að asninn hafi verið betra vitni í þessu tilfelli en lærimeistarinn Nasreddin. Og þá kemur þessi stóra spurning, hinn augljósi og skýri texti, að það eigi fyrst að fá samþykktir og svo að greiða. Það er bókstafurinn sem blífur.

Menn segja: „Þetta er svo stórt land, hér eru svo mikil ríkisumsvif. Við verðum að hafa þessar heimildir inni. Annars gerist eitthvað voðalegt ef við höfum þær ekki inni." En Bandaríkin hafa búið við það að þingið hefur aldreið gefið það eftir að þessi leikregla væri virt og forseti Bandaríkjanna má búa við þann aga af hálfu þingsins að hann fær ekki að borga meira út en hann hefur heimildir fyrir. Þess vegna vorkenni ég engum fjmrh. að búa við sama hlut og ég ætla að bæta um betur. Ég tel að það sé mikil blessun fyrir fjmrh. að hafa það alveg skýrt að honum sé ekki heimilt að borga út nema að samþykkt sé fyrir því í fjárlögum eða fjáraukalögum. Hugsið ykkur hvílík plága það var fyrir fjármálaráðherrana þegar allt embættismannagengið ásamt stjórnmálamönnum og ráðherrum lagðist allt á einn mann til að reyna að ná af honum fé í gegnum aukafjárveitingar. Hugsið ykkur hlutskiptið. (Gripið fram í.) Haldið þið að það sé eftirsóknarvert? Nei. Einn ágætur maður var hér í þinginu lengi, hv. þm. Geir Gunnarsson sem ég virti mikils. Við höfðum af því spurnir að honum hefði verið boðinn fjármálaráðherrastóllinn og ég innti hann eftir hvers vegna hann hefði ekki haft áhuga á að fara í sætið. „Heldurðu að ég hafi áhuga á að setjast í þennan stól", sagði hann og nafngreindi svo þá sem hann taldi að mundu harðast sækja að sér til að hafa af honum peninga í stólnum. (**Gripið fram í:** Hverjir voru það?) Það látum við ógert að segja frá. En ég skildi vel þetta viðhorf vegna þess að það er ekki leggjandi á nokkurn mann að hægt sé að setja þann eilífðarþrýsting á hann að hann eigi bara að dæla út peningum úr ríkissjóði án þess að heimildir liggi fyrir. Það gengur ekki. Og þó að mér sé ljóst að hv. þm. Sturla Böðvarsson flytur þetta mál í góðri trú, þá hygg ég að hann geri fjármálaráðherrum framtíðarinnar ekki greiða með því að skilja þessar glufur eftir. Þessar glufur verða nefnilega notaðar og það verður sótt að þessum mönnum af samráðherrum og af þingmönnum til þess að ná út dálitlu meiri fjárhæðum en heimildir voru fyrir.

Hv. þm. Pétur Blöndal vék að því að æviráðning manna væri miklu meiri skuldbinding en ýmsir aðrir samningar. Hér er um mikinn misskilning að ræða. Það er hægt að leggja niður stofnanir og öll störf og það þarf aðeins að greiða laun í 1–2 ár við slíkar ákvarðanir. Æviráðning hefur þess vegna ekki bundið ríkissjóð. En ef menn halda að hægt sé að sætta sig við að þessi niðurstaða verði framtíðarinnar, þá hafa menn ætlað sér mun minni áfanga í þessum efnum en forseti Alþingis setti sér sem markmið þegar hann gekk frá því að fjmrh. breytti ekki þeim tillögum sem forsætisnefnd þingsins lagði inn til gerðar fjárlaga á hverjum tíma.

Nú er ekki ætlun mín að þreyta menn með löngu máli og þess vegna hef ég þessi orð ekki fleiri.

[23:51]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig rík ástæða til þess að hafa uppi nokkur varnaðarorð þegar kemur að því að fjalla um 33. gr. þessa frv. sem hér er til meðferðar. Ég skil vel að hv. 2. þm. Vestf. skuli leggja svo ríka áherslu á það sem hann gerir vegna þess að auðvitað hræða sporin nokkuð eins og hann fór rækilega yfir. Hins vegar er það nú sem betur fer þannig að það eru mjög breyttir tímar hvað þetta varðar. Gerðar eru miklu harðari kröfur til stjórnmálamanna og e.t.v. ekki síst ráðherra nú en var gert áður, um að fara að fjárlögum og gæta þess að stýra ríkisfjármálunum þannig að ekki vaði allt á súðum. Þetta frv. gengur m.a. út á það að

skýra þessar reglur sem framkvæmdarvaldið verður að fara eftir og 33. gr. fjallar m.a. um það.

Sérnefndin hins vegar flytur brtt. við þessa grein þar sem lögð er áhersla á að fjárln. komi á tiltekinn hátt að þessu máli þegar kemur að ófyrirséðum atvikum og þörf er á framlögum umfram fjárlögin og það teljum við vera til mikilla bóta. Ég vil hins vegar vísa til þess sem ég gerði áður í andsvari við hv. 5. þm. Vestf. þegar ég vitnaði til þess sem segir í ritinu Stjórnskipun Íslands eftir fyrrum prófessor Ólaf Jóhannesson og reyndar forsrh., þar sem hann færir mjög vel rök fyrir því hvers vegna og hvernig skuli staðið að því sem við köllum fjáraukalög og er óhjákvæmilegt að taka auðvitað afstöðu til. Ég tel að sá rammi, sem 33. gr. setur um þetta með þeim breytingum sem sérnefndin gerir tillögu um, skýri þetta mál mun betur og það fer ekkert á milli mála að sú hætta sem hv. 2. þm. Vestf. varar við er ekki eins mikil eftir eins og hún hefur verið.

[23:54]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna orðaskipta milli hans og hv. 17. þm. Reykv. um þá ósk hans að hæstv. fjmrh. yrði viðstaddur þessa umræðu, að forseta er kunnugt um að hv. þm. og hæstv. fjmrh. hafa átt símtal saman og orðið ásáttir um að umræðan getur haldið áfram án hans viðveru. Hann á ekki heimangengt þannig að hv. 17. þm. Reykv. heldur áfram ræðu sinni þar sem frá var horfið.

[23:55]

Ögmundur Jónasson (frh.):

Hæstv. forseti. Þetta er rétt. Ég hef átt símtal við hæstv. fjmrh. Hann á óhægt um vik að koma hingað til umræðunnar, bauðst engu að síður til þess að koma þrátt fyrir það, en af því verður ekki. Ég hef fallist á að af því verði ekki vegna þess að ég virði þessar aðstæður.

Hins vegar hefði verið eðlilegt að kalla hvern einasta ráðherra hingað til umræðunnar vegna þess að við erum að fjalla um frv. þar sem Alþingi afsalar sér valdi til hvers einasta ráðherra ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt því frv. sem við erum með til umfjöllunar og menn ætla að gera að lögum geta einstakir ráðherrar, hver einstakur ráðherra, tekið ákvörðun um að gerbreyta rekstrarformi ríkisstofnana með einu símtali við hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson. Það er það eina sem þarf til. Það þarf að virða fjárhagsrammann sem settur er og í sumum tilvikum setja sérlögum ákveðnar skorður, en að öðru leyti þarf ekki annað en eitt símtal við Friðrik Sophusson, hæstv. fjmrh., til þess að einkavæðing nái fram að ganga. Þetta er mergurinn málsins.

Við erum að ræða lagafrv. sem hér hefur verið lýst sem tímamótalöggjöf. Menn hafa talað um þetta svona eins og verið sé að fjalla um lagabálk út frá fagurfræðilegum forsendum en ekki pólitískum. Þetta frv. er fyrst og fremst pólitík. Og um það sannfærist maður þegar lesin er 16 liður brtt. við 30. gr. frv. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Einstökum ráðherrum er heimilt, með samþykki fjármálaráðherra, að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, sem undir ráðuneytið heyra, til lengri tíma en eins árs við þá ríkisstofnun sem sinnt hefur verkefninu, aðrar ríkisstofnanir, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Með rekstrarverkefni er átt við afmarkaða rekstrarþætti eða rekstur ríkisstofnunar í heild sinni vegna viðfangsefna eða þjónustu sem ýmist er kveðið á um í lögum að ríkið skuli veita og standa undir kostnaði af eða eru liðir í því að ríkisaðili geti rækt hlutverk sitt."

Þetta segir m.a. í 16 lið brtt. við 30. gr. frv. Mér finnst ástæða til að við stöldrum ögn við og veltum því fyrir okkur hvað hér er verið að gera.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir beindi nokkrum orðum til mín fyrr í kvöld og sagði að ég hefði gagnrýnt þjónustusamninga. Það er alveg rétt. En ég gagnrýni ekki alla þjónustusamninga, síður en svo. Það hafa verið gerðir þjónustusamningar við sveitarfélög, ríkið hefur gert þjónustusamninga við sveitarfélög. Hún benti réttilega á að á sviði barnaverndarmála og í málefnum fatlaðra hafi verið gerðir þjónustusamningar sem hafi verið góðra gjalda verðir. En þjónustusamningarnir sem þessi ríkisstjórn er að reyna að koma á fót byggja á allt öðrum forsendum. Þeir byggja á allt annarri hugmyndafræði. Það er einmitt mergurinn málsins. Þetta byggir á úthugsaðri hugmyndafræði. Þessi hugmyndafræði gengur út á að einkavæða ríkisstofnanir. Er enn einu sinni verið að mála skrattann á vegginn, einkavæðing?

Svona spurðu menn líka í Bretlandi þegar verið var að einkavæða vatnsveiturnar, nokkuð sem menn sjá mjög eftir núna. Vatnsveitan í Yorkshire mun vera í eigu franskrar hótelkeðju sem hefur margt þarfara við peningana að gera en fjárfesta í ónýtum vatnsleiðslum, t.d. byggja vegi í Argentínu. Það er eitt það merkilegsta sem fram kom í skrifum tímaritsins Business Week um áramótin, þ.e. hve arðvænlegur bisness það er fyrir stórfyrirtæki sem sérhæfa sig í að gleypa einkavædda almannaþjónustu, hve alþjóðlegt netið er. Einkavæðing vatnsveitunnar í Yorkshire er eitt lítið dæmi um hvað gerst hefur í þeim heimi, frönsk hótelkeðja.

Til þess að koma þessum kerfisbreytingum í gegn er fyrsta skrefið að sjá til þess að almannaþjónustan verði rekin á viðskiptagrundvelli. Til þess þurfa tvær forsendur að vera fyrir hendi. Í fyrsta lagi þarf að gera starfsemina að sjálfstæðri viðskiptaeiningu og í öðru lagi þarf að breyta öllu réttindakerfi starfsmanna sem vinna í almannaþjónustunni.

Víkjum aðeins nánar að fyrra atriðinu. Það þarf að gera, segi ég, starfsemina að sjálfstæðri viðskiptaeiningu og það er gert með þjónustusamningum. Pólitíkin, löggjafinn, setur markmiðin og fjárhagsrammann. Síðan er það látið liggja á milli hluta hver það er sem framkvæmir. Það skiptir ekki máli, sagði hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hér áðan, hver það er sem framkvæmir. Hið opinbera, ríkið eða sveitarfélagið, á fyrst og fremst að setja markmiðin og setja hinn fjárhagslega ramma. Það skiptir okkur minna máli hver það er sem framkvæmir. Hið opinbera á að setja umgjörðina utan um þjónustusamninginn.

Síðan þarf að breyta öllu réttindakerfinu hjá þeim sem starfa í almannaþjónustunni vegna þess að það hefur byggt á allt öðrum forsendum en hafa verið við lýði á einkamarkaði. Þetta hafa menn verið að gera. Menn gerðu þetta með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sl. vor. Þar var réttindakerfinu breytt í grundvallaratriðum. Það var höggvið á alla miðstýringu. Réttindakerfi sem höfðu verið miðstýrð og fjármögnuð af ríkissjóði eru núna tengd við einstakar stofnanir. Sama er núna að gerast með launakerfið. Hugsunin á bak við þessar lagabreytingar er sú að fá stjórnandanum öflug tæki í hendur til þess að framkvæma þjónustusamninginn, efla forstjóravaldið. Í fyrramálið eða á morgun einhvern tíma göngum við til atkvæða um svokallaðan starfsmannabandorm þar sem þetta forstjóravald er eflt og treyst. Þeir kjarasamningar sem menn eru að gera núna þessa dagana, áherslan hjá ríkisvaldinu, hefur verið í þessa átt líka, draga úr allri miðstýringu og færa allar ákvarðanir inn í stofnanir

til þess að búa þær þannig undir þjónustusamningana. Út á þetta ganga þær lagabreytingar sem verið er að gera þannig að þótt þjónustusamningar sem slíkir geti verið góðra gjalda verðir og nauðsynlegir og ágætir, þá gildir öðru þegar við skoðum þetta í þessu stóra pólitíska samhengi og veltum því fyrir okkur hvaða markmið það eru sem menn setja sér. Þessi markmið hafa menn sett mjög rækilega niður innan OECD t.d. Það er orðinn mikill skýrslubunki þar sem þessar kerfisbreytingar allar eru útlistaðar. Menn hafa farið þessa leið í Bretlandi og náttúrlega gengið lengst í þessu efni í Nýja-Sjálandi.

Um miðjan desember kom hingað lagaprófessor frá Nýja-Sjálandi, dr. Jane Kelsey, og flutti hér mjög áhugavert erindi um þær breytingar sem menn hafa verið að framkvæma á Nýja-Sjálandi. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að vita aðeins í þennan fyrirlestur dr. Kelsey:

„Ríkisrekstur inn var endurskipulagður í líkingu við starfshætti einkageirans. Frá 1986 voru nánast öll ríkisfyrirtæki sem hugsanlegt var að starfrækja á viðskiptagrundvelli gerð að hlutafélögum, stjórnarmenn þeirra tilnefndir af ríkisstjórninni og fengið hlutverk atvinnurekenda, en fyrirtækjunum ætlað að starfa á sama grundvelli og einkafyrirtæki. Meiri hlutinn af þessum fyrirtækjum ásamt fleiri opinberum eignum hefur síðar verið einkavæddur að hluta eða til fulls, þar á meðal þrír ríkisbankar" — hvað voru þeir margir hér? Tveir? Voru það ekki tveir sem voru gerðir að hlutafélagi í dag? Þeir voru tveir — „og sparisjóðakerfið allt, opinbert tryggingafélag, járnbrautirnar, aðalflugfélag landsins, samgöngufyrirtæki sveitarfélaga, skipafélög, senditíðni fyrir útvarp og auglýsingaútvarp ríkisins, fjarskiptakerfi, dreifikerfi, raforku-, olíu- og gaslindir ásamt hreinsunarstöðvum, skóglendi, fiskimið, hótel, húsnæðislánakerfið, veitustofnanir, tölvuþjónusta og ríkisprentsmiðjan. Sérstaklega var leitað að erlendum kaupendum, einkum í Ástralíu og Bandaríkjunum.

Þessi upptalning segir okkur að í Nýja-Sjálandi hefur ríkið verið á kafi í atvinnurekstri í miklu ríkari mæli en hefur verið hér á landi. Ég get alveg skrifað upp á það að fyrirtæki sem er í samkeppnisgeira þar sem kostir markaðarins nýtast er ekkert athugavert við að einkavæða. Gutenberg var á sínum tíma einkavædd, jafnvel SR-mjöl, ef sú verksmiðja hefði ekki verið gefin. Hún var gefin. Nú var aðalfundur hjá SR-mjöl fyrir fáeinum dögum þar sem skýrt var frá því að SR-mjöl hefur skilað þessum nýju eigendum sem ríkisstjórnin gaf SR-mjöl, hálfum milljarði í hreinan hagnað á einu ári, hálfum milljarði, tæpum þó, á einu ári. Það minnist ekki nokkur maður á þetta. En við erum með ríkisstjórn í landinu sem er að skerða kjör öryrkja og aldraðra, vaknar við það á morgnana og sofnar við það á kvöldin hvernig eigi nú að reyna að ná einhverju af öryrkjum, öldruðum og lasburða fólki. Nei, SR-mjöl, fyrirtækið sem hún gaf einkavinunum, hefur skilað í þeirra vasa á einu ári tæpum hálfum milljarði króna, bara hreinn gróði, hreinn hagnaður. Nú ætla þeir að fara sömu leið með bankana. Það var verið að samþykkja það í dag. Það var mjög merkileg atkvæðagreiðsla sem fram fór hér í dag og ég ætla að hvetja alla þá sem áhuga hafa á stjórnmálum á Íslandi að kynna sér það hvernig menn greiddu atkvæði hér í dag, hverjir það voru sem samþykktu að hlutafélagavæða ríkisbankana og koma þeim á bak við tjöldin og upplýsingunum niður í skúffurnar því að nú er það senn liðin tíð að rætt verði um kjör bankastjóra og dagpeningana og hvað það nú heitir. Eða hafa menn tekið eftir því að aldrei hafa farið fram neinar umræður um kjör bankastjóra Íslandsbanka? Það er einkamál. Á nákvæmlega sama hátt og það er leyndarmál á Nýja-Sjálandi, það er ekki lengur hægt að upplýsa um það á Nýja-Sjálandi hvað er að gerast inni á sjúkrahúsum landsins. Hvers vegna? Það er viðskiptaleyndarmál. Auðvitað er það viðskiptaleyndarmál, sjúkrahús hf. Það má ekki segja frá því. Það truflar samkeppnina.

Að hugsa sér það að gervallur Framsfl., sem ég hélt fyrir kosningar að hefði verið andvígur hlutafélagavæðingu ríkisbankanna sem tryggðu þó einhver lýðræðisleg áhrif, tryggðu að það eru ekki bara menn af einum flokki sem stýra þar málum, greiddi þessu atkvæði, þegjandi og hljóðalaust, af því að honum var skipað að gera það. Annars tapar hann valdastólunum. Það er öllu til kostandi. Og það er þetta sem er að gerast líka með þessar breytingar. Hvert frv. á fætur öðru er samþykkt hér af framsóknarmönnum hugsunarlaust, næstum því sofandi, móðir af undirgefni og fylgispekt við valdaflokkinn.

Svo ég vitni áfram í bók sem hefur að geyma fyrirlestur dr. Jane Kelsey og ég vitnaði til áðan, þá segir þar, með leyfi forseta:

„Sú starfsemi sem eftir var á vegum ráðuneytanna var fengin í hendur forstjórum sem ráðnir eru til ákveðins tíma á launum sem tengd eru frammistöðu. Með lögum um ríkisgeirann frá 1988 voru afnumin öll sérstök ráðningarkjör opinberra starfsmanna svo að hinn minnkandi hópur fastráðinna starfsmanna ríkis og sveitarfélaga býr síðan við vinnurétt einkageirans. Ári síðar komu lög um opinber fjármál. Samkvæmt þeim gerir hver ríkisforstjóri samning við ráðherra um að stofnun hans skili tilteknu verki fyrir umsamin fjárframlög og er frammistaða hennar metin á þeim grundvelli. Vinna við opinbera stefnumótun var í vaxandi mæli falin verktökum úr þeirri blómlegu atvinnugrein sem einkarekin ráðgjafar- og stjórnunarfyrirtæki voru orðin. Vísindastarfsemi ríkisins var að mestu leyti klofin upp í sjálfstæðar rannsóknastofnanir sem ætlað var að setja upp fullt kostnaðarverð fyrir þjónustu sína og að keppa við stofnanir einkageirans um styrki frá opinberum vísindasjóði þar sem ríkisstjórnin ákvarðar áherslur og fjárframlög. Ríkisrekin sjúkrahús voru gerð að opinberum heilbrigðisfyrirtækjum og ætlast til að þau næðu árangri í rekstri eins og hver önnur gróðafyrirtæki. Þau áttu, líkt og rannsóknastofnanir, að keppa við einkaaðila um hlutdeild í ríkisframlögum til heilbrigðismála. Þá var húsnæðisstofnuninni, sem hafði öðrum fremur mætt þörfum forgangshópa á leigumarkaði, breytt í fyrirtæki sem tók við rekstri þess sem eftir var af leiguhúsnæði í eigu ríkisins og var skylda hennar að ávaxta þá eign í stað þess að rækja þjónustuhlutverk.

Í menntamálum var ábyrgð á rekstri grunn- og framhaldsskóla færð til skólanefnda í hverju byggðarlagi. Stjórnin tryggði þeim viss fjárframlög og gaf þeim síðan frjálsar hendur til að ákveða hvað þær vildu helst kosta upp á, til að ákveða sjálfar hvaða réttindakröfur gera skyldi til kennara og í vaxandi mæli til að semja við þá um kaup og kjör. Til að réttlæta skert framlög til háskólanna og knýja þá til að laga sig að eftirspurn markaðarins var hlutverk þeirra endurskilgreint sem sala á þjónustu sem stúdentar kaupa fyrir skólagjöld sín. Aðsókn jókst stórlega að sérfræðilegu háskólanámi. Iðnmenntastofnanir sem reknar eru og kostaðar af atvinnuvegunum sjálfum hafa hins vegar verið í fjársvelti og af því leitt alvarlegan hörgul á verkmenntun í landinu.

Eftir því sem fleiri urðu háðir hjálp velferðarkerfisins var rétturinn til bóta þrengdur og bótaupphæðir skertar. Í

efnahagsráðstöfunum sem Ruth Richardson kynnti í desember 1990 ..." — Hver skyldi Ruth Richardson vera? Hún kom hingað í boði hæstv. fjmrh. Friðriks Sophussonar fyrir tveimur árum. Þetta er sérstök lærimóðir íslensku ríkisstjórnarinnar. — „Í efnahagsráðstöfunum sem Ruth Richardson kynnti í desember 1990 og í fjárlagafrumvarpi hennar árið eftir var efnt til stórfellds niðurskurðar á tryggingabótum, ríkisútgjöldum og niðurgreiðslum á mikilvægustu samfélagsþjónustu. Landsmenn voru flokkaðir eftir því hvort þeir nutu hárra tekna, miðlungstekna eða lágra. Síðan urðu flokkarnir aðeins tveir svo að afmarka mætti hverjir nytu niðurgreiddrar heilbrigðisþjónustu. Skólar tóku að láta nemendur greiða frjálst framlag og reyndu að drýgja tekjur sínar með aðferðum hins frjálsa framtaks ..." o.s.frv.

Síðan segir hér: „Á 12 árum hefur efnahagslífi Nýja-Sjálands verið umbylt ásamt stjórnmálum landsins, samfélagsháttum og menningarlífi. Enn var sótt fram og gagnrýni beint að of háum tekjusköttum, að framleiðsluráðunum sem enn voru starfandi í útflutningsgreinum, að þeim kostnaði sem það ylli fyrirtækjum að fylgja reglum um nýtingu náttúruauðlinda, slysabætur, heilbrigðis- og öryggismál, neytendavernd og mannréttindi og eignarhaldið á þeim fáu fyrirtækjum sem enn voru rekin fyrir reikning þess opinbera þótt á viðskiptagrundvelli væri, en þetta voru minni háttar ásteytingarsteinar. Í stórum dráttum var kerfisbreytingin í höfn."

Þetta segir m.a. í þessum fyrirlestri Jane Kelsey, prófessors við lagadeild háskólans í Auckland á Nýja-Sjálandi, en þetta erindi flutti hún 16. desember sl.

Mér finnst mjög mikilvægt, og sú er ástæðan fyrir því að ég les upp úr þessum fyrirlestri, að menn geri sér grein fyrir því hvað hér er að gerast, ekki bara með því lagafrv. sem hér er til umræðu, heldur með allri lagasmíðinni sem kemur frá ríkisstjórninni þessa dagana, þessa mánuðina og þessi missirin.

Nú ætla ég að spyrja að því hvort ætla megi að þessar breytingar sem hér er lýst, geti verið til góðs, þær geti leitt til betri þjónustu, geti stuðlað að betri þjónustu. Við verðum að spyrja þessarar spurningar: Hvernig væri hægt að tryggja betri þjónustu með þessu fyrirkomulagi? Það eru tvær leiðir að mínu mati. Það er annars vegar með eftirliti og hins vegar með valfrelsi, með markaðslausnum.

Ef við víkjum fyrst að eftirlitinu, þá getur eftirlitið komið frá einstaklingnum en hann má sín lítils ef hann getur ekki snúið sér eitthvað annað, ef hann sækir sinn skóla í sínu hverfi eða sína heilsugæslustöð, ef hann getur ekki snúið sér annað, þá kemur hans eftirlit að litlum notum nema hann getur væntanlega kvartað eitthvað. Þetta er ein leiðin sem farin hefur verið þar sem einkavætt hefur verið á sviðum þar sem samkeppni verður ekki komið við eða er ekki við lýði, þá er komið á fót eftirlitsstofnunum. Þetta þekkjum við frá Bretlandi eftir að síminn var einkavæddur. Þar var búin til OFFTEL-stofnunin sem er rannsóknarstofnun og eftirlitsstofnun með símaþjónustunni í Bretlandi. Þessar eftirlitsstofnanir eru mjög blómstrandi iðnaður í þessu landi einkavæðingarinnar. Þetta er ein leið.

Hin leiðin er að reyna að binda í samninga þessi markmið sem löggjafinn ætlast til að sé framfylgt. Í 30. gr. er kveðið sérstaklega á um þetta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í samningi um rekstrarverkefni samkvæmt þessari grein skal m.a. skilgreina umfang og gæði þeirrar þjónustu sem ríkissjóður kaupir, samningstíma, greiðslur úr ríkissjóði, eftirlit með þjónustu og meðferð ágreiningsmála. Lög um opinber innkaup gilda um útboð rekstrarverkefna. Samningstími skal lengstur vera sex ár í senn en þó er heimilt að semja til lengri tíma ef verkkaupi gerir kröfu um að verksali byggi upp kostnaðarsama aðstöðu eða búnað vegna verkefnisins. Uppsagnarfrestur samnings skal stystur vera þrír mánuðir. Fjármálaráðherra — takið eftir þessu — skal setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu."

Þetta segir í 30. gr. eins og hún lítur út eftir brtt. nefndarinnar.

Þetta gerðu þeir líka á Nýja-Sjálandi. Þar fóru þeir þessa leið líka, gerðu svona þjónustusamninga og ætluðu að leysa öll heimsins vandamál með þeim. En hvað skyldi hafa gerst? Ég ætla ekki að þreyta menn með löngum upplestri úr þessum fyrirlestri að nýju. Ég held að þingmenn hefðu allir gott af því að kynna sér þetta merka rit, en hér kemur þó fram að eftir nokkurn tíma hafi komið í ljós að þörf hafi orðið fyrir mikinn fjölda aðgerða við kaupsamninga, skýrslugerð og eftirlit sem kostað hafi mikið fé, einkum hjá smærri einingum, og étið upp mikið af því sem á hafði unnist í hagkvæmni. Árlegir þjónustusamningar við opinberar stofnanir hafa ýtt undir skammtímahugsunarhátt og þröng viðhorf á kostnað sveigjanleika, nýbreytni og framsýnnar áætlunargerðar. Í þessu frv. horfa menn reyndar til lengri tíma en eins árs, en engu að síður er þetta sagt hér. Þau gagnstæðu hlutverk sem felast í því að vera aðilar að samningi hafi viljað leiða til þess að sameiginleg gildi hyrfu í skuggann og erfitt yrði að standa vörð um hagsmuni þriðja aðila. Með því að aðgreina stefnumótun, eftirlit og framkvæmd hefðu sumar stofnanir orðið óþarflega ósamstæðar. Ráðherrar hafi einkum séð hlutverk sitt í því að ná góðum þjónustusamningum og þess vegna ekki gefið því nægan gaum að efla til frambúðar getu ríkisstofnana til að skila sínu verki né tryggja að hið opinbera geti skilað því sem til sé ætlast fyrir hagkerfi og samfélag. Ríkisvaldið þurfi að vera þess megnugt að ná viðtækari markmiðum til að framfylgja settri stefnu og búa í haginn fyrir framtíðina. Viss skref hefðu nýlega verið stigin í þá átt, en meira þyrfti til.

Þjónustusamningarnir og þeir samningar sem kveðið er á um í þessum lögum dugðu skammt á Nýja-Sjálandi. Hvaða lausnir skyldu menn hafa fundið þá? Það var að sjálfsögðu að stíga næstu skref, næstu skref í átt til einkavæðingar. Hvaðan skyldi þrýstingurinn hafa komið? Hann kom náttúrlega frá hugmyndafræðingunum, þessum með eitt auga í miðju enni sem keyrðu bara beint áfram á sína einkavæðingu og umbyltingu í þjóðfélaginu og síðan hygg ég að í einhverjum mæli hafi farið að koma þrýstingur frá samfélaginu, frá fólkinu, einkum og sér í lagi ríkari hluta samfélagsins sem vildi geta keypt sér betri þjónustu. Hvers vegna betri þjónustu? Vegna þess að menn voru búnir að finna kerfi sem hafði í för með sér að ríkisstofnanirnar sjálfar skáru sig niður við trog. Það var þetta sem ríkisstjórnin hér undir forustu hæstv. fjmrh. lögfesti sl. vor. Í 9. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var sett ákvæði þess efnis að forstöðumenn gætu umbunað starfsmönnum sem stæðu sig sérstaklega vel. En eitt skilyrði varð þó að vera fyrir hendi. Hvað skyldi það hafa verið? Jú, að þeir væru innan fjárlagarammans. Annars var það ólöglegt. Skyldu spítalarnir geta gert það? Nei, varla. Skólarnir? Varla. Einhverjar stofnanir hugsanlega gætu það,

en hinar gætu það hugsanlega ef þær skæru niður, drægju úr þjónustu og fækkuðu fólki. Þá gætu þeir það. Þess vegna var innbyggður í þetta kerfi niðurskurðarhnífur. Leiðin til að umbuna fólki var að rýra þjónustuna, draga úr tilkostnaði með því að fækka fólki eða rýra þjónustuna.

Samtök launafólks fengu því hins vegar áorkað að hæstv. fjmrh. setti þessa lagaklásúlu á ís um sinn eða þar til samið verður um reglur sem eiga að gilda um þessar greiðslur. Þær koma sennilega aldrei til vegna þess að það stóð aldrei til. Þetta átti að byggja á forstjóravaldinu. Þetta var liður í því að markaðsvæða þessar stofnanir og liður í því að koma þeim undir niðurskurðarhnífinn, sinn eigin niðurskurðarhníf. Út á það gengu þessar lagabreytingar.

Þess vegna fannst mér allt að því, hvað eigum við að segja, skondið, næstum því grátbroslegt, þegar hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að þjónustusamningarnir væru svo ágætir og hefðu reynst svo prýðilega í Kvennaskólanum, bara einn hængur þar á. Allt of litlir peningar. Til þess er leikurinn gerður. Koma 100 millj. í ár, 95 næstu ár. En þeir eru svo skemmtilega duglegir við að vinna málstað sínum fylgi, frjálshyggjumennirnir, sýna hvað þjónustusamningarnir hafa reynst vel að ég held að þeir hafi sæmt Kvennaskólann, sem er alls góðs maklegur, sérstakri viðurkenningu og gott ef það eru ekki Geislavarnir ríkisins líka fyrir að standa sig alveg sérdeilis vel. Það eru stofnanir sem hefðu staðið sig betur en, held ég, nokkrar aðrar stofnanir í landinu. Hvernig var það fundið út? Jú, m.a. með könnun. Ég var svo heppinn að fá eyðublað til að fylla út. Á eyðublaðinu voru held ég einar 300 stofnanir tilgreindar og þeir sem fengu þetta eyðublað áttu að krossa við hverjar væru bestar. Ég hef aldrei komið inn í Kvennaskólann. Ég veit ekki hvar Geislavarnir ríkisins eru til húsa. En þetta var nú könnunin. Svona er unnið vísindalega til að finna hve vel stofnanir rækja hlutverk sitt.

Kvennaskólinn fékk bara allt of litla peninga. Það var vandinn í þessu máli.

Þegar þetta gerist, þegar búið er að skerða þjónustuna um hríð þannig að stofnanirnar standa sig ekki lengur, sinna ekki hlutverki sínu nógu vel, þá segir fólk: Við viljum borga. Af hverju fáum við ekki að stytta biðlistana með því að borga okkur fram fyrir? Hvers vegna í ósköpunum fáum við það ekki? Hvers vegna fáum við ekki betri skóla með því að fá bara einkaskóla? Þetta er það sem gerist. Það kemur þrýstingur úr þjóðfélaginu líka. Og það eru þær kerfisbreytingar sem verið er að reyna að þröngva hér í gegn, að markaðsvæða almannaþjónustuna. Þá munu menn koma upp, að sjálfsögðu þegar búið er að gera það, búið er að koma á samkeppni í sjúkra- og heilbrigðisþjónustunni, í skólakerfinu. Þá munu að sjálfsögðu rísa upp menn, Samkeppnisstofnun án efa, og allir merkisberar heilbrigðra viðskiptahátta og segja: Ríkið á ekki að vera að vasast í hlutum sem einkaaðilar geta sinnt, þar sem samkeppni ríkir. Það segir sig sjálft.

Þegar við erum komin á þennan stað er sköpunarverkið fullkomið. Með frv. er verið að halda í þessa átt. Með þessu frv. sem hver þingmaðurinn á fætur öðrum hefur komið hér upp og lýst sem tímamótafrv., stórkostlegri lagasmíð, þá fer það fram hjá mönnum að þetta eru þær breytingar sem verið er að gera, vona ég. Ég vona að það fari fram hjá mönnum. Ég vona að svo sé ekki að menn séu að gera þetta með opnum huga.

Við vorum að fá upplýsingar um það í dag frá nefnd sem hefur verið að skoða Leifsstöð, Fríhöfnina í Keflavík, að þar þurfi að gera umbætur og breytingar. Þar þurfi endilega að koma á samkeppni. Fríhöfnin skilar núna 750 millj. á ári í ríkissjóð og dugar skammt og enn þá skemmra þegar búið verður að einkavæða.

Mobutu Sese Seko heitir maður og er æðstráðandi í Saír. Hann benti á það fyrir nokkuð mörgum árum að það gengi ekki að hafa einokun á flugvellinum í Kinshasa. Hann lét opna þar nokkrar búðir til að fá samkeppni. (**SvG:** Það eru víðar opnar búðir á flugvöllum.) Það er víðar opnar búðir á flugvöllum. Hverjir skyldu reka þessar búðir? Það voru að sjálfsögðu skyldmenni Mobutus Sese Seko. Þeir fengu meira að segja nokkur hlið til að rukka við. Það er þetta sem ríkisstjórnin ætlar að gera í Fríhöfninni í Keflavík. Hún ætlar að láta einkavini komast ofan í gullkistuna þar sem ríkissjóður fær núna 750 millj. á ári. Hún ætlar að búa til nokkra milliliði, setja nokkra einkavini þangað inn til þess að rýra þessar tekjur ríkissjóðs. En hún ætlar að gera meira. Hún ætlar að einkavæða vopnaleitina í Fríhöfninni á flugvellinum. Maður spyr sjálfan sig hvaða fyrirtæki þar eiga að koma til sögunnar, hvort það séu sérfræðingar í neyðartappaþjónustu Securitas. Ég veit ekki hvort það er það fyrirtæki eða hvaða einkavinir ríkisstjórnarinnar munu fá það verkefni.

Ég vek athygli á þessu einfaldlega vegna þess að með frv. er verið að opna á heimild til einstakra ráðherra til að ráðskast með almannaeignir án þess að um það fari fram umræða hér. Nú getur vel verið að mönnum hafi fundist skynsamlegt að einkavæða SR-mjöl t.d. Mér fannst það t.d. ekkert óskynsamlegt. Ég hefði ekki viljað gefa fyrirtækið. Ég hefði ekki viljað gera SR-mjöl að ránsfeng, það hefði ég ekki viljað. Ég hefði viljað að Alþingi og ríkisstjórn hefðu gætt almannahagsmuna þar.

Ég var ekki á því máli að einkavæða Lyfjaverslunina sem skilaði 30 millj. á ári í ríkissjóð. Það var notað til að fjármagna bólusetningar hjá gamla fólkinu. Ég hefði ekki viljað gera það. Ég hefði ekki viljað einkavæða bankana eins og verið var að gera hér í dag. Ég er ekki á því máli en það eru margir á því máli og meiri hluti hér í salnum er á því máli og það er ekkert við það að athuga. Það er bara lýðræði. Það er lýðræði sem ég vil að við stöndum vörð um. Við stöndum vörð um Alþingi Íslendinga og við látum ekki fara í gegnum þingið frv. sem framselur vald þessarar stofnunar til framkvæmdarvaldsins, einstakra ráðherra sem þurfa ekki annað en hringja í hæstv. ráðherra Friðrik Sophusson til að umturna almannaþjónustunni. Og dæmin hræða. Eða fannst mönnum óeðlileg sú umræða sem fram fór hér í dag um flughöfnina? Á að reyna að kæfa svona umræðu? Á að reyna að kæfa umræðu um hvernig á að ráðstafa tæpum milljarði sem kemur í ríkiskassann? Á að reyna að stöðva svona umræðu? Það er það sem verið er að gera með þessu frv. Mér finnst það vera mjög alvarlegur hlutur ef menn eru að tala um þessa lagasmíð á fagurfræðilegum nótum.

Nú vil ég taka það fram að margt í þessu frv. kann að vera mjög gott. En það breytir ekki því að með því er verið að gera grundvallarbreytingar varðandi vald Alþingis og framsal á því valdi til framkvæmdarvaldsins. Ég vil hvetja menn mjög til að íhuga þessi mál mjög vel áður en þeir samþykkja þetta.

Ég tók eftir því að hv. þm. Jón Kristjánsson sagði í umræðunni fyrr í kvöld að ef það vald sem væri að finna í 30. gr. yrði misnotað, þá yrði að grípa í taumana. En það gæti bara verið of seint. Ég vil minna á það líka að t.d. þegar við vorum að samþykkja lagasmíðina um réttindi og skyldur sl. vor með ýmsum greinum, sem ég er alveg sannfærður um að margir sáu eftir á að voru ekki skynsamlegar, þá hefðum

við betur tekið okkur rýmri tíma og hugað aðeins betur að þessum málum og ég óttast að hið sama sé að gerast nú.

Ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum þegar ég las þessa lagagrein og ég er að velta því fyrir mér hvort það er að eiga sér stað einhvers konar sefjun í þjóðfélaginu, bara hrein og klár sefjun. Þegar þessi lagaklásúla birtist í fyrra um þjónustusamningana, um þennan opna víxil til handa ríkisstjórninni, þá brugðust allflestir hart við og vildu stöðva þetta. Nú gera menn það ekki. Eru menn orðnir svona dofnir? (Gripið fram í.) Jú, svarið kann að vera það í hugum einhverra að það sé búið að búa svo um hnútana með þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar að við þurfum ekkert að óttast. En þær breytingar sem hafa verið gerðar snúa fyrst og fremst að notanda þjónustunnar, hvernig hann stendur gagnvart þjónustunni með tilliti til réttinda og skyldna. Það sem ég er að reyna að færa rök fyrir er að þessi kerfisbreyting rýrir þjónustuna þegar til lengri tíma er litið og veikir þess vegna stöðu notandans þegar til lengri tíma er litið. Hún gerir það. Við erum að fara hér inn í allt annað kerfi. Og þar sem ég hef tekið eftir því að hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur beðið um orðið til andsvara þá þætti mér mjög fróðlegt að heyra úr hans munni hvaða skilning hann leggur í þær kerfisbreytingar sem ég hef verið að lýsa og að hvaða marki hann skrifar upp á að þetta sé rétt lýsing. Ég legg áherslu á að ég er ekki að tala bara um þetta frv. Ég er að tala um safn frumvarpa, ég er að tala um mosaikmynd sem er að verða sífellt skýrari.

Ég veit að það er ráðgert að reyna að ljúka þinginu fyrir hvítasunnu. Það er í áætluninni, en ég vil beina því til hv. þm. að þeir skoði mjög rækilega hug sinn í þessu efni. Við skulum ekki gleyma því að menn hafa verið að samþykkja hérna lagabreytingar á liðnum missirum og árum sem þeir hafa í mörgum tilvikum séð eftir vegna þess að þeir hafa ekki hugsað þær til enda. Það hefur iðulega gerst. Og ég spyr hvort það geti ekki verið að við séum með eitt slíkt lagafrv. á borðinu, ég held það. Ég vil því hvetja þá sem hafa verið fylgjandi þessari lagasmíð til að endurskoða sína afstöðu.

[00:43]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram en ég tel nauðsynlegt að ég fari nokkrum orðum um það sem hefur komið fram og þá sérstaklega um 30. gr. þessa frv. og þær brtt. sem sérnefndin gerir á þeirri grein. Ég tel að ég hafi komið inn á þau atriði sem lúta að öðrum greinum og gerðar hafa verið athugasemdir við í andsvörum þannig að ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson fór yfir þetta mál og gerði sérstaklega að umtalsefni 30. gr. og gerði athugasemdir við hana. Mér fannst hv. þm. tala út frá greininni eins og hún er í frv. Ég get tekið undir það og tók mjög sterklega undir það í ræðu minni þegar ég mælti fyrir nál. sem er sameiginlegt frá nefndinni allri, að við höfum gert mjög veigamiklar breytingar á 30. gr. Ég gat þess að Ríkisendurskoðun gerði miklar athugasemdir við greinina eins og hún er í frv., sömuleiðis Davíð Þór Björgvinsson prófessor sem vann fyrir sérnefndina að mjög vandaðri greinargerð þar sem sérstaklega var fjallað um 30. gr. Ég vil því vekja athygli á því að við höfum nú þegar, og nefndin stendur að því sameiginlega, gert breytingar á þessari grein.

Hv. þm. Ögmundur Jónasson sagði að 30. gr. byggði á úthugsaðri hugmyndafræði. Út af fyrir sig er það alveg hárrétt, ekki síst á það sérstaklega við núna eftir að sérnefndin hefur gert breytingar á greininni, og það er rétt að skýra það nánar. Hugmyndafræðin gengur út á að reyna að marka skýrari og klárari reglur um þessa þjónustusamninga. Hún gengur ekki út á að einkavæða. Við einkavæðum með því að selja ríkisfyrirtæki og ganga út á markaðinn með þau. Frumvörp um fjárreiður ríkisins, eins og hv. þm. Ágúst Einarsson hefur margítrekað, gengu út á reglusetningu um hvernig eigi að ganga um í rekstri ríkisins. Að því leyti er það hárrétt að þetta er úthugsuð hugmyndafræði að reyna að koma reglu á þá starfsemi, sjá um að þjónustusamningarnir séu gerðir. Hins vegar má deila um það. Það hefur verið gert og var gert í nefndinni hvort þetta ætti að vera ein grein í frv. eða hvort setja ætti upp bálk um þjónustusamninga með sama hætti og lögin um skipan opinberra framkvæmda eða lög um aðra þætti. En niðurstaðan varð sú að bæta 30. gr. og að því verki höfum við í sérnefndinni staðið og náum sameiginlega niðurstöðu í þeim efnum.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því og færi rök fyrir máli mínu með því að vekja athygli á þeirri staðreynd að í gangi hafa verið fjölmargir samningar um hin margvíslegustu mál. Þar hefur ekki verið nein harkaleg einkavæðing á ferðinni. Hins vegar er það mat margra þeirra sem hafa verið í sérnefndinni að nauðsynlegt hafi verið, um leið og sett er löggjöf um fjárreiður ríkisins, að skapa skilyrði til að að hægt væri að standa skynsamlegar og betur að samningum um rekstrarverkefni en hefur verið gert. Ég vil nefna nokkur dæmi um samninga sem hafa verið í gildi.

Félmrn. hefur t.d. gert samninga um rekstur heimila fyrir fatlaða. Það eru þjónustusamningar um rekstrarverkefni. Dómsmrn. hefur gert samning sem er mjög þekktur við Neyðarlínuna og Bifreiðaskoðun Íslands. Það hefur verið gerður samningur við Samtök um kvennaathvarf og við Stígamót um sérstök verkefni. Það hefur verið gerður samningur sem var mjög umræddur á síðasta ári við Sólheima í Grímsnesi og svo mætti lengi telja.

Tilgangurinn með því að fara svo rækilega ofan í 30. gr. er að ríkið geti gengið skynsamlega fram í því verki að búa til slíka samninga eins og hafa verið gerðir. Það er engin sérstök einkavæðing á ferðinni. Það er fyrst og fremst tilhneiging og vilji til að hafa ríkisreksturinn skipulegan og vel upp settan. Það er aðalatriði málsins og á það vil ég leggja áherslu.

Ég tel t.d. að það sé eðlilegt að gengið verði til samninga við fjölmargar sjúkrastofnanir sem sinna mikilvægri þjónustu á grundvelli þessarar 30. gr. um rekstrarsamninga. Má þar nefna SÁÁ og St. Fransiskusspítalann í Stykkishólmi, svo við tökum dæmi, jafnvel Borgarspítalann, sem mun vera borgarfyrirtæki, og væri ástæða til að beita þessari nýju löggjöf sem verður vonandi til þess að marka það af með sama hætti og gera þarf samninga við aðra aðila.

Þetta vildi ég að kæmi fram, virðulegi forseti, vegna þess að ég skil varnaðarorð hv. þm. og þeirra sem hafa talað um að gera þurfi 30. gr. vel úr garði. Hins vegar vil ég vekja athygli á síðustu mgr. og þar komum við að mjög mikilvægu atriði. Í tillögu sérnefndarinnar sem kemur fram í brtt. segir, með leyfi forseta:

„Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi skal gera grein fyrir áformuðum samningum á fjárlagaárinu og áætlun um kostnað sem af þeim hlýst næstu þrjú fjárlagaár. Jafnframt skal gera grein fyrir markmiðum og ávinningi ríkisins af áformuðum samningum."

Þetta er sameiginleg tillaga sérnefndarinnar, allra fulltrúa í nefndinni, þannig að í hvert sinn sem ríkisstjórn leggur fram fjárlagafrv. leggur hún fram áætlun um þjónustusamninga sem þingið fær til umræðu. Meiri hluti þingsins tekur því ákvörðun og afstöðu til þess hvort eigi að gera þjónustusamning sem kemur fram í fjárlagafrv. Ég tel að þetta séu mjög vönduð vinnubrögð. Til að slíkur þjónustusamningur verði gerður þarf ekki eitt símtal, það þarf samþykki Alþingis fyrir fjárveitingunni og ræða þarf um þennan fyrirhugaða þjónustusamning áður en til þess kemur að hann sé gerður. Ég tel því að að þessu verki sé staðið eins vel og hægt er að hugsa sér samkvæmt brtt. Ég tel að þetta sé mikill fengur fyrir þá sem hafa mikinn áhuga á að styrkja ríkisreksturinn, eins og hv. 17. þm. Reykv., ég heyri það stundum á hans máli. Ég tel að það sé mikill fengur fyrir þá aðila að þessir hlutir sem varða ríkisreksturinn séu í betra horfi en þeir hafa verið hvað þetta varðar.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég er mjög ánægður með þær viðtökur sem brtt. sérnefndarinnar fá og þakka fyrir þær. Ég vona að þær skýringar sem ég hef gefið, sérstaklega á 30. gr., gefi tilefni til þess að hv. 17. þm. Reykv. endurskoði afstöðu sína og hún geti orðið jákvæðari eftir þessa ræðu.

[00:54]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir greinargóð svör en ég er honum hins vegar ekki sammála. Mér finnst greinin, eins og hún er núna, jafnvel eftir þær breytingar sem hafa verið gerðar á henni, allt of opin. Í henni segir að einstökum ráðherrum sé heimilt með samþykki fjmrh. að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni, jafnvel rekstur heilla stofnana. Í því getur falist umbylting á starfseminni og það skiptir máli hvernig almannaþjónustan er rekin, hvort það eru arðsemissjónarmið, slíkir hagsmunir, sem þar ráða ferðinni eða hvort hún er skipulögð á öðrum forsendum.

Ég er hins vegar alveg sammála því að línan á milli rammafjárlaga og þjónustusamninga er ekki mjög skýr. Ég þykist vita að margir sem styðja þær breytingar sem er að finna í frv. telja sig vera að setja ríkisstofnunum skýrari leikreglur. Það er það eina sem fyrir þeim vakir. En það sem ég hef verið að reyna að benda á í málflutningi mínum er að annað og meira hangir á þessari spýtu. Það sem ég er að reyna að skýra út er að menn eru að mínum dómi að umbylta almannaþjónustunni, að gera hana að viðskiptastarfsemi sem er starfrækt á allt öðrum forsendum en verið hefur til þessa. Ef þetta er rétt, sem ég tel að sé, þá þurfum við að horfa á afleiðingarnar, líklegar afleiðingar þeirrar kerfisbreytingar, hvernig það kemur út fyrir skattborgarann, hvernig það kemur út fyrir notandann. Ég hef bent á það að ef við skoðum ekki aðeins þessa lagasmíð heldur aðrar lagabreytingar og önnur frumvörp sem hafa verið til umfjöllunar, þá verður ekkert um villst hvað vakir fyrir þeim sem leggja línurnar í þessum efnum.

Síðan aðeins að lokum vil ég segja að mér finnst það skorta í þessari umræðu að við fáum að vita nánar hvaða stofnanir hér gæti verið um að tefla. Skóla, sjúkrahús, löggæslu, fangelsi, hvar liggja þær línur?

[00:57]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 17. þm. Reykv. nefndi að þær reglur í 30. gr. sneru fyrst og fremst að notendum þjónustunnar, það sé regluverk sem tryggi þann þátt málsins. Í sérnefndinni var einmitt lögð mjög mikil áhersla á að skoða þá þætti, þ.e. að tryggja framkvæmdina þannig að nokkuð öruggt væri að neytandinn gæti verið jafnöruggur um að fá þjónustuna hvort sem um væri að ræða viðskipti beint við ríkisfyrirtæki eða aðila sem tækju að sér þá þjónustu, þ.e. neytandinn væri öruggur. Síðan kemur hin hlið málsins, sem er mjög mikilvæg, og hún er sú að við setjum líka, eins og ég nefndi í síðustu mgr. 30. gr. í brtt., þessar skýru og kláru reglur um að fjalla skuli um þessa samninga. Þess vegna get ég ekki sagt frá því úr þessum ræðustóli hvaða samningar eru væntanlegir, hvort það eru skólar, sjúkrahús eða einhverjar aðrar stofnanir sem megi búast við að þjónustusamningar verði gerðir við.

Ég vakti athygli á plaggi því sem lá fyrir efh.- og viðskn. í fyrra þegar litla, sæta frv. var lagt fram um hagræðingu og þjónustusamninga. Það plagg sýndi samningana sem eru í gildi og yfirlit yfir stofnanir sem vinna og sinna þjónustu, sjá um rekstur fyrir ríkið án þess að samningar hafi (Forseti hringir.) verið gerðir.

Ég tel, án þess að ég beri nokkra ábyrgð á því, eðlilegt að ganga til samninga við þá aðila sem sjá um þjónustu fyrir ríkið nú þegar en enginn samningur er um. Það hlýtur að verða fyrsta skrefið. Ég vil því ítreka og undirstrika það (Forseti hringir.) að þetta regluverk sem við stöndum fyrir að setja snýst ekki um að einkavæða heldur að koma reglu á hlutina.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill biðja hv. þm. að virða þá samninga sem hér eru í gildi um tvær mínútur.)

[01:00]

Ögmundur Jónasson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst ekki skipta öllu máli í öllum tilvikum hvar eignarhaldið liggur heldur á hvaða forsendum starfsemi er rekin, hvaða sjónarmið eru ráðandi. Þess vegna er hægt að reka starfsemi sem er í eigu opinberra aðila á viðskiptagrundvelli. Það er hægt að gera það.

Ég hef verið að leiða rök að því í tali mínu að þetta sé einmitt sú kerfisbreyting sem ríkisstjórnin er að reyna að koma á fót og koma í gegn á öllum sviðum þjóðlífsins. Það er þess vegna sem rétt er að vara við því frv. sem hér er til umfjöllunar þegar málin eru skoðuð í þessu stóra samhengi, ég tala nú ekki um þegar við búum við ríkisstjórn og ráðherra sem framleiða plögg á borð við þau sem voru til umræðu í dag, um Fríhöfnina í Leifsstöð.

[01:01]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að menn setji þetta allt í hið víðasta samhengi og við því er ekkert að segja. Auðvitað eru þetta allt saman viðskiptasamningar, en ég held að aðalatriðið sé að við reynum að tryggja að við getum veitt þá allra bestu þjónustu sem völ er á á grundvelli þess skipulags sem við teljum hverju sinni að sé best fyrir þá starfsemi sem ríkið ber ábyrgð á að fari fram. Það er mergurinn málsins og ég tel að það frv. sem hér er til umræðu eigi að geta staðið fyrir því.

[01:02]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég hef fylgst af athygli með umræðunni um þessi mál í kvöld og af því að ég sýslaði í nokkur ár við að endurskoða ríkisreikninga, þá langaði mig til að leggja nokkur orð í belg og byrja á því að óska sérnefndinni til hamingju með stöðu málsins. Ég tel að hún hafi unnið sitt verk mjög vel og ég tel í raun að það sé mikill sigur fyrir

Alþingi ef niðurstaðan næst í grófum dráttum, eins og hér liggur fyrir, að því er varðar fjárreiðuþátt þessa frv. (**ÖS:** Og Alþb.) Sigur fyrir Alþingi og Alþb. náttúrlega, alveg sérstaklega, eins og ritstjóri Alþýðublaðsins bendir á.

Ég ætla ekki að rifja upp þá sögu sem við sum þekkjum sem höfum verið hérna um nokkurra ára skeið. Ég ætla ekki að rifja upp þá sögu hvernig Alþingi hefur í raun og veru komist að svona hlutum. Þeir sem muna t.d. verðbólguna í gríðarlega háum tölum, þeir sem muna þing sem staðfestu upp í tíu ríkisreikninga á einu og sama þinginu, þeir sem muna þing sem staðfestu fjölda fjáraukalaga fyrir fleiri, fleiri ár, sjá að mjög jákvæð og merkileg tíðindi eru að eiga sér stað í ríkisrekstrinum og í afskiptum Alþingis af honum. Mér finnst vera ástæða til þess að halda þessu til haga og segja það líka með hliðsjón af reynslu minni sem yfirskoðunarmaður ríkisreikninga í fjögur eða fimm ár, að mér finnst gott að til sé rammi til að ganga frá því hvernig einstakar stofnanir, t.d. félagslegir aðilar úti í þjóðfélaginu, rækja þjónustu við einstaklinga fyrir þá peninga sem ríkið borgar þeim. Ég segi alveg eins og er að á þeim tíma sem við vorum í þessum verkum hefði ég gjarnan viljað eiga skýran lagaramma um fjárreiður ríkisins að því er varðar t.d. stofnanir eins og SÁÁ, svo ég nefni dæmi án þess að ég sé sérstaklega að leggja stein í götu þeirra, en ég vil samt sem áður nefna þá í þessu samhengi því betra hefði verið fyrir þá og ríkið að slíkur rammi hefði verið til. Ég er þess vegna hlynntur því. Það er engin spurning.

Þeim mun meira undrandi er ég á því að menn skuli leggja það á sig að hafa þessa 30. gr. hérna með. Mér liggur við að segja að frv. hafi verið klappað upp með varanlegu lófataki án umræðu ef 30. gr. hefði ekki verið með vegna þess að hún er um allt annað mál. Hún er í raun og veru býsna skothent hér inni. Hún er stílbrot eins og hún er. Þá er ég ekki að gera lítið úr því sem hv. 2. þm. Vesturl. rakti áðan um það hvernig menn hafa breytt henni frá því sem hún var í upphafi. Ég hljóp lauslega áðan yfir álit Davíðs Þórs Björgvinssonar um þá grein eins og hún var og þær breytingar sem hann taldi nauðsynlegt að gera á henni og ég sé að menn hafa tvímælalaust komið til móts við þau sjónarmið sem hann setur fram. En eins og hv. 5. þm. Vestf. sagði fyrr í kvöld, þá er greinin samt sem áður enn þá fullopin miðað við það sem fjallað er um þar og ég hygg að það hafi einnig komið fram hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni. Þess vegna vil ég spyrja formann sérnefndarinnar hvort nefndin hafi ekki velt því fyrir sér eða hann að reyna að skapa forsendur fyrir enn þá víðtækari sátt um þetta mál með því að ganga enn þá lengra til móts við þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors. Það sem ég á við er þetta, herra forseti, að hann nefnir oft í greinargerðinni að í sjálfu sér þurfi það ekki að vera neitt óeðlilegt, þrátt fyrir aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, að t.d. fjárln. komi að ávörðunum sem eru venjulega á hendi framkvæmdarvaldsins. Og þetta skýrist, segir hann aftur og aftur, af óvenjulega sterkri stöðu Alþingis í samanburði við aðra þætti ríkisvaldsins. Þess vegna velti ég því fyrir mér, og nú verð ég að játa, herra forseti, að ég hef ekki haft aðstöðu til að skoða þessi mál neitt sérstaklega enda hafa þau verið í góðum höndum bæði af hálfu þingsins í heild og af hálfu okkar alþýðubandalagsmanna. En ég velti því fyrir mér hvort það væri ekki í raun eðlilegur hlutur að í 2. mgr. 30. gr. væri því bætt við að samþykki fjárln. þyrfti að liggja fyrir áður en þær ákvarðanir væru teknar sem getið er um þar. Með öðrum orðum, í brtt. stendur: „Einkaaðila verður þó ekki með samningi skv. 1. mgr. falið opinbert vald til að taka ákvarðanir um réttindi og skyldur manna nema sérstök heimild sé til þess í lögum." Þ.e. að fengnu samþykki fjárln. og að þetta kæmi líka í næstu mgr. sem er kannski aðalatriðið.

Ég ætla einnig að bæta því við að mér þætti mikilvægt að heyra hjá hv. 2. þm. Vesturl. hvort hann líti svo á að þessi áskilnaður eða athugasemdir með fjárlagafrv. um áform um samninga á næsta fjárlagaári og kostnað af slíku næstu þrjú ár sé skilyrði fyrir því að þjónustusamningur verði gerður samkvæmt þessari grein. Á því er auðvitað grundvallarmunur hvort svo er eða ekki og þess vegna spyr ég hv. þm. um það.

Ég tel með öðrum orðum að heppilegast væri fyrir málið, herra forseti, að binda þetta aðeins strangari skilyrðum en hreinlegast væri að fella þetta úr frv. þannig að það fjallaði eingöngu um fjárreiður ríkisins og síðan væru þjónustusamningar, sem setja þarf reglur um.

[01:10]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir hans umfjöllun. Hvað það varðar að fella 30. gr. úr frv. þá var það rætt mjög vandlega og ítarlega í sérnefndinni. Við veltum því fyrir okkur hvort þess væri einhver kostur. Niðurstaðan varð þessi sem hér liggur fyrir, þ.e. að gera þessar breytingar á 30. gr. til að tryggja framkvæmdina og það varð hin endanlega niðurstaða málsins. Þannig var gengið til samninga innan nefndarinnar og ég tel að þeir hv. þingmenn sem tilheyra hinni svokölluðu stjórnarandstöðu hafi haft verulega mikil áhrif, svo að ég segi það alveg hreint út, á þær breytingar sem gerðar voru á 30. gr. Það var mjög gott samstarf innan nefndarinnar og niðurstaðan varð þessi. Af minni hálfu hef ég ekki gefið færi á því að 30. gr. falli út, enda tel ég að hún sé nauðsynleg.

Það er ekkert óeðlilegt að innan laga um fjárreiður ríkisins séu ákvæði sem varða þennan þátt ríkisrekstrarins sem eru þjónustusamningar eða samningar um rekstrarverkefni.

Hvað það varðar hvort ég líti svo á að samningur sem gerður sé um þjónustuverkefni eða rekstrarverkefni þurfi að hafa verið kynntur í fjárlagafrv. þá lít ég lít á að svo sé, já. Það er minn skilningur að það þurfi að taka hann upp fyrst í fjárlagafrv. og síðan gangi menn til samninga á grundvelli þeirrar afgreiðslu sem fjárlög fá.

[01:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir ágæt svör. Ég tel að það sé mjög mikilvægt sem hann sagði um síðustu mgr. 30. gr. en hann lítur þannig á að í raun sé áskilnaður samkvæmt þeirri mgr. skilyrði fyrir því að hægt sé að gera þjónustusamninga samkvæmt greininni.

Hins vegar heyrði ég að hann treysti sér ekki til að fallast á ábendingar um að þrengja greinina enn þá meira, t.d. með því að kalla til fjárln. eins og ég nefndi. Með hliðsjón af því held ég að best væri fyrir málið að greinin yrði felld út til að ná sem víðtækastri samstöðu um málið og það verði svo tekið upp til meðferðar síðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsveð, 2. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 350, nál. 1000, 1224 og 1238, brtt. 1001, 1225 og 1239.

[01:14]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hluta allshn. á þskj. 1000 um frv. til laga um samningsveð.

Nefndin hefur fjallað um málið á átta fundum. Fékk nefndin marga gesti til viðtals við sig, m.a. Þorgeir Örlygsson prófessor, Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann, Gunnar G. Schram prófessor og Sigurð Líndal prófessor. Einnig bárust nefndinni margvíslegar umsagnir. Þá lét nefndin vinna fyrir sig lögfræðiálit varðandi 4. mgr. 3. gr. frv. og unnu Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður og Viðar Már Matthíasson prófessor álitin. Eru þau birt sem fskj. með nál. Einnig óskaði sjútvn. Alþingis eftir því að fá málið til umsagnar. Varð allshn. við þeirri ósk og fylgir umsögn sjútvn. nál.

Frv. til laga um samningsveð hefur áður verið til meðferðar á fjórum öðrum þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Frumvarp þetta er byggt á eldri frumvörpunum, en nokkurt tillit hefur verið tekið til athugasemda sem allsherjarnefnd hafa borist þegar nefndin hefur fjallað um málið. Í frv. er lagt til að sett verði heildarlög um samningsveðsetningar, en ákvæði um þær eru dreifðar í ýmsum lögum auk þess sem ýmis þýðingarmikil atriði eru ólögfest. Í frumvarpinu er einnig leitast við að eyða óvissu um ýmis álitaefni sem ekki er tekið á í gildandi löggjöf.

Þá felur frv. í sér að heimildir til veðsetningar í þágu atvinnuveganna verði rýmkaðar til mikilla muna. Felast breytingarnar annars vegar í því að heimildin til þess að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda, sbr. ákvæði 24. gr., en nær ekki einungis til tiltekinna rekstraraðila, eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. Hins vegar felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þá verður og heimild til slíkra veðsetninga hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut, heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

Frv. felur einnig í sér reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handveð ef frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaganna sem áður er getið.

Með frv. er stefnt að því að eytt verði óvissu um það, hver er gildandi réttur í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði 20. gr. frumvarpsins um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum.

Með frv. er lagt til að lögfestar verði réttarreglur um eignarréttarfyrirvara sem í frumvarpinu er kallaður söluveð, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur og því full þörf á að setja skýrar reglur um.

Þá er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti.

Enn má nefna að í gildandi réttarreglur skortir ákvæði um það að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum. Sér þess stað í ákvæðum 27. gr. frv.

Loks er þess að geta að í sérstökum kafla frumvarpsins, þ.e. II. kafla, er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa það verðmæti sem mesta þýðingu hefur við veðsetningar í dag, en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá eru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd.

Helstu breytinguna sem gerð hefur verið á frv. síðan það var lagt fram síðast er að finna í 4. mgr. 3. gr. Þar er fjallað um það þegar veðsetja á fjárverðmæti sem á eru skráð réttindi til nýtingar í atvinnurekstri og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt. Af þessari reglu frv. leiðir að óheimilt verður að veðsetja slík réttindi þótt aðilaskipti geti orðið að þeim með öðrum hætti. Þá leiðir ákvæðið til þess að hafi slík fjárverðmæti, t.d. veiðiskip eða lögbýli, verið veðsett, verður eiganda þeirra óheimilt á gildistíma veðsetningarinnar að skilja hin úthlutuðu réttindi frá viðkomandi fjárverðmæti nema fyrir liggi samþykki veðhafa. Hvað varðar aflahlutdeild fiskiskipa er með ákvæðinu sérstaklega verið að leggja áherslu á það viðhorf löggjafans sem fram kemur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, þess efnis að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt þeim lögum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Er 4. mgr. 3. gr. ekki ætlað að breyta þessu eðli og inntaki nýtingarréttarins.

Þá er einnig rétt að leggja áherslu á að sá sem tekur veðrétt í veiðiskipi eða bújörð tekur með sama hætti og eigandi fjárverðmætanna þá áhættu að hin úthlutuðu nýtingarréttindi verði skert vegna almennrar ráðstöfunar ríkisvaldsins eða þau jafnvel afnumin á gildistíma veðsamnings. Er ákvæðinu ekki ætlað að hefta svigrúm löggjafans til slíkra almennra ráðstafana þannig að leitt geti til bótaskyldu ríkissjóðs, hvorki gagnvart eigendum veiðiskipa og bújarða né heldur gagnvart þeim sem öðlast hafa takmörkuð réttindi yfir slíkum verðmætum.

Í nefndinni spunnust miklar umræður um ákvæðið og lét hún, eins og áður segir, Þórunni Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmann og Viðar Má Matthíasson prófessor vinna fyrir sig álitsgerðir í því sambandi. Helstu niðurstöður þeirra eru að 4. mgr. 3. gr. frv. veiti ekki heimild til að veðsetja slík réttindi, þar á meðal aflahlutdeild fiskiskips.

Virðulegi forseti. Þessar álitsgerðir eru mjög ítarlegar og eru birtar sem fskj. með nál. meiri hluta allshn. og vísað er til þeirra. Ég tel þó rétt að vekja athygli á nokkrum atriðum.

Þannig telur prófessor Viðar Már að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða stofni ekki til eignarréttar í hluta af fiskstofnunum. Um veðsetningu veiðiheimilda segir m.a. í áliti hans, með leyfi forseta:

„Lögin um stjórn fiskveiða taka ekki sjálf afstöðu til þess, hvort rétturinn til veðsetningar, þ.e. rétturinn til þess að nota eign sem grundvöll lánstrausts, er fenginn í hendur þess sem fær úthlutað veiðiheimild. Ég tel að skýra verði lögin um

stjórn fiskveiða svo, að þau færi þeim sem úthlutun veiðiheimilda fá, ekki meiri réttindi en lögin tilgreina með berum orðum. Í frumvarpi til laga um samningsveð, eins og það liggur fyrir nú á 121. löggjafarþingi, er lagt til að tekið verði af skarið um þetta, með því í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er orðuð sú regla, að ekki sé heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumarki bújarðar."

Telur Viðar Már að með ákvæði 4. mgr. 3. gr. séu tekin af tvímæli um það að veðsetning þessara réttinda er óheimil. Enn fremur segir:

„Hæstiréttur hefur t.d. slegið því föstu í dómi að aflahlutdeild fylgi skipi við nauðungarsölu, enda sé ekki gerð önnur skipan á."

Með fyrri málsl. 4. mgr. 3. gr. frv. sé því verið að staðfesta afbrigði af meginreglu kröfuréttar, þ.e. að rýrnun veðs til muna heimili að jafnaði veðhafa að gjaldfella skuld þá sem veðið eigi að tryggja. Þá komast Viðar og Þórunn einnig að þeirri niðurstöðu að samþykkt frv. leiði ekki af sér skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveði að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið og lögbinda sóknarmarkskerfið eða veiðileyfagjald.

Í álitsgerð Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns segir m.a.:

„Aflahlutdeild og greiðslumark geta ekki talist eign í merkingu eignarréttarins. Í fyrsta lagi er tekið skýrt fram í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Réttindi þessi eru ekki og verða aldrei eign handhafa þeirra. Úthlutun réttindanna skapar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim. Þeir sem njóta þessara réttinda hafa ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar, en á grundvelli reynslu og spár um hvað verða muni í fiskveiðum eru kaup engu að síður gerð. Þessi réttindi eru þess eðlis að það er með öllu óvíst hversu lengi þau muni nýtast handhafa þeirra. ...

Að vísu hefur Hæstiréttur Íslands ... talið að keypt aflahlutdeild teljist til skattskyldra eigna samkvæmt 73. gr. skattalaga, nr. 75/1981, og að fyrna bæri þær eftir ákveðnum reglum. Varast ber að draga of víðtækar ályktanir af þessum dómi, t.d. eins og þær að Hæstiréttur hafi með dómnum ákveðið að aflahlutdeild sé eign útgerðarmannsins."

Ljóst er að ef aflahlutdeildarkerfið verður fellt úr gildi mun það ekki leiða til skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart handhöfum réttindanna. Sama gildir að því er varðar veðhafa. Handhafi veðréttinda í fiskiskipum getur ekki gert ríkissjóð skaðabótaskyldan ef horfið verður frá aflahlutdeildarkerfinu.

Svipuð sjónarmið koma fram hjá Viðari Má, en í áliti hans segir m.a.:

„Það ber sérstaklega að hafa í huga að það eru atvinnuréttindin, þ.e. rétturinn til þess að stunda veiðar úr fiskstofnunum við Ísland og hagnýta til þess fjárfestingar í atvinnutækjum, sem verndar njóta, en ekki hinn beini eignarréttur að hluta fiskstofnanna, enda er hann ekki í höndum þess sem fengið hefur úthlutað veiðiheimildum. Hann á beinan eignarrétt að fiskiskipi því sem fær úthlutun og sá eignarréttur nýtur vissulega einnig verndar sama ákvæðis gegn ólögmætum skerðingum, en það er samt sem áður mikilvægt að gera greinarmun á eignarrétti manns á atvinnutækjunum og atvinnuréttindum hans, þ.e. réttinum til þess að stunda veiðar á grundvelli veiðiheimilda. Ástæða þess að nauðsynlegt er að skilja þarna á milli er einkum sú að vernd sú sem 72. gr. veitir hinum beina eignarrétti er almennt talin ríkari en sú vernd sem ákvæðið veitir atvinnuréttindum. ...

Eins og fram hefur komið hafa þeir, sem eiga fiskiskip, sem fengið hafa almennt veiðileyfi og á grundvelli þess fengið úthlutað veiðiheimildum, öðlast atvinnuréttindi sem njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í því felst að þessi réttindi verða ekki skert bótalaust með hvaða hætti sem er. Skerðing á þessum atvinnuréttindum er því aðeins heimil, án þess að það baki íslenska ríkinu bótaskyldu, að skerðingin byggist á almennum og málefnalegum sjónarmiðum, þar með talið að fyllsta jafnræðis sé gætt, að fyrir skerðingunni séu þjóðfélagsleg rök, ... að ekki sé gengið lengra í skerðingunni en nauðsyn krefur og að með skerðingunni sé ekki verið að færa verðmæti frá einum aðila til annars í ríkari mæli en nauðsynlegt er til þess að ná hinum lögmætu markmiðum. ... Sé ekki gætt slíkra lögmætra sjónarmiða við skerðinguna og ef til grundvallar henni liggja ekki þjóðfélagsleg rök má gera ráð fyrir að slík skerðing baki ríkinu bótaábyrgð.

Spurningin um það hvort slíkt mundi leiða til bótaskyldu ríkissjóðs ef komið væri á sóknarmarkskerfi verður ekki svarað með öðrum hætti en þeim að ef það yrði gert á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér á undan, þá leiðir það ekki til bótaskyldu ríkissjóðs. Hið sama á við um spurninguna um veiðileyfagjald almennt séð, að því gefnu að markmið og fjárhæð gjaldsins sé réttlætanlegt á grundvelli framangreindra sjónarmiða."

Prófessorinn bendir hins vegar á að kjarni málsins sé sá, að samþykkt frv. breyti engu í þessu efni, „því þau atvinnuréttindi og sú stjórnarskrárvernd sem eigendur fiskiskipa, sem fengið hafa almennt veiðileyfi og úthlutað veiðiheimildum á grundvelli þess, hafa öðlast eru þegar staðreynd."

Það varð einnig niðurstaða beggja álitanna að ákvæði 4. mgr. 3. gr. styrkti ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar.

Virðulegi forseti. Meiri hluti allshn. mælir með samþykkt frv. með breytingum, sem gerð er grein fyrir á þskj. 1001. Annars vegar er um að ræða leiðréttingar á kaflaheitum, en hins vegar er lagt til að gildistökuákvæði frv. verði breytt þannig að frv. taki gildi 1. janúar 1998. Er breyting þessi lögð til í ljósi þess að frv. hefur það víðtækar breytingar í för með sér að nauðsynlegt er að nokkur tími líði frá samþykkt þess þar til það tekur gildi, en meðal annars þarf að endurgera staðla að veðskjölum auk þess sem kynna þarf efni nýrra laga og þeirra breytinga sem þau hafa í för með sér.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Árni R. Árnason, Jón Kristjánsson og Hjálmar Jónsson.

[01:28]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir mælti fyrir áliti meiri hlutans og ég vildi fá að beina spurningum til hv. þm., herra forseti. Í fyrsta lagi: Telur frsm. að heimild sé í 4. mgr. 3. gr., seinni málsl., til veðsetningar aflahlutdeildar með skipi? Þar er ég, herra forseti, að spyrja hv. þm. að því persónulega hvort hann telji að seinni málsl. 4. mgr. 3. gr. veiti heimild til veðsetningar aflahlutdeildar með skipi.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þm., herra forseti: Ef dómstólar mundu meta það svo að síðari málsl. í 4. mgr. heimiladi veðsetningu aflahlutdeildar með skipi, teldi hv.

þm. þá að ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, um að fiskstofnar við Íslandsstrendur séu sameign íslensku þjóðarinnar, mundi skerðast, þ.e. að ákvæðið yrði ekki eins sterkt og það er í lögunum í dag?

[01:29]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi álitaefni hafa verið rædd í allshn. og m.a. lögð fyrir okkar gesti og þá sem við leituðum eftir álitsgerðum hjá. Ég held að þau gögn liggi fyrir í nál. og álitsgerðum í þessu máli þannig að ég held að ég hafi engu við það að bæta.

[01:30]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var að spyrja hv. þm. spurningar. Hún er forustumaður allshn. sem mælir fyrir þessu meirihlutaáliti og ég er að spyrja hv. þm. að því hvaða álit hún hafi sjálf á því hvort þetta ákvæði muni heimila veðsetningar aflahlutdeildar með skipi. Ég verð, herra forseti, að ítreka þessa spurningu og spyr hvort það geti talist svar að vitna í álit einhverra lögmanna eða gesta sem koma til hv. allshn. Í mínum huga er það ekki svar hv. þm. Það er svar annarra aðila sem koma í rauninni ekki þessari spurningu beinlínis við því að hún er persónuleg. Það er verið að spyrja um persónulegt álit.

[01:31]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Mitt persónulega álit er, virðulegi forseti, sem svar til hv. þm., að ég styð þetta frv. eins og það er lagt fram og með þeim skýringum og athugasemdum sem gefnar eru við þessi ákvæði og koma alveg skýrt fram í þessu frv. og þeim gögnum sem liggja fyrir nefndinni.

[01:32]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu hefur því miður nánast farist fyrir að ræða þetta frv. um samningsveð að öðru leyti en því er varðar veðsetningu á aflaheimildum og það er miður vegna þess að það frv. sem hér er til umræðu er að mörgu leyti virkilega vel úr garði gert og vel unnið og er ástæða til þess að nefna það sérstaklega.

Hins vegar hefur í þessari umferð, eins og kannski vænta mátti, umræðan alfarið snúist um veðsetningu á kvóta og hvort hún er heimiluð eða ekki. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér er verið að heimila veðsetningu kvóta. Annað er orðhengilsháttur og menn eiga svo sem ekkert að vera að eyða miklum tíma í það. En það sem ég hef velt fyrir mér sérstaklega í þessu sambandi, virðulegi forseti, er röksemdafærsla formanns hv. allshn.

Í fyrsta lagi að hún reynir að gera því skóna að lögleiðing þessa ákvæðis muni ekki leiða af sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð. Það er fyrsti punkturinn. Þetta muni ekki leiða af sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi mun lögleiðing þessa ákvæðis sem við erum að ræða, þ.e. 4. mgr. 3. gr., styrkja sameignarákvæði, þ.e. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Í þriðja lagi er í röksemdafærslunni reynt að setja það fram að þetta muni ekki skapa eignarréttindi. En einhvern veginn stendur eitt alltaf út undan ef röksemdafærslan fyrir þessu er öll á þann veg að þetta geri ekki þetta, ekki hitt og ekki hitt. Því hlýt ég að spyrja: Hvert er þá markmiðið með lögleiðingu þessa ákvæðis? Hvert er markmiðið með því að lögleiða það að aflaheimild verði ekki undanskilin skipi við veðsetningu? Ég spyr vegna þess að röksemdafærslan fyrir því getur ekki verið sú hver niðurstaðan muni ekki verða verði þetta lögleitt. Virðulegi forseti. Ég vænti þess að fá svör við þessu. Hvert er raunverulegt markmið með setningu þessa ákvæðis?

[01:34]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. veit það jafn vel og ég að ríkt hefur réttaróvissa á þessu sviði og þess vegna er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um samningsveð og m.a. um þennan þátt þess. Þetta er útskýrt mjög nákvæmlega í greinargerð með frv. sem ég hygg að hv. þm. hafi kynnt sér mjög rækilega. Ég hef áður vitnað til annarra skýringa og greinargerða í þessu máli. Spurt var sérstaklega um álit á bótaskyldu og mati á 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Það var rætt mjög mikið í nefndinni og hefur verið rætt á hinu háa Alþingi og víðar í þjóðfélaginu og þess vegna taldi ég ástæðu til þess að fara út í sérstaka umræðu um það er ég mælti fyrir nefndaráliti meiri hluta allshn. í þessu máli.

[01:35]

Lúðvík Bergvinsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. talar um að mikil réttaróvissa hafi verið í þessu máli. Í praxís hefur þetta verið svo að menn hafa þinglýst kvöð um að menn muni ekki selja aflaheimildir frá skipi nema með samþykki veðhafa. Það hefur verið praktíserað í þessum málaflokki. Þessari kvöð hefur verið þinglýst þannig að þetta hefur verið gert í frjálsum samningum. Ég hlýt því að spyrja: Duga frjálsir samningar ekki lengur þegar nauðsyn krefur á því að gæta hagsmuna lánastofnana, hagsmuna þeirra sem meira mega sín í samfélaginu? Þarf þá að tryggja þeirra réttindi sérstaklega? Af hverju geta þeir ekki samið einfaldlega eins og frjálsir menn úti á markaði?

Vitaskuld er réttaróvissa í öllum samningum vegna þess að þeim þarf að framfylgja. En ef einstök dæmi þess að þessum tilteknu samningum hafi verið framfylgt, þá þurfi löggjafinn sérstaklega að koma til og vernda hina smáu, vernda bankastofnanir, vernda sjóði, þá hlýt ég að spyrja: Af hverju nákvæmlega þessi forréttindi til þessa hóps sérstaklega? Hér hafa ekki komið fram nokkrar röksemdir fyrir því, ekki einar einustu. Hér hefur aðeins verið reynt að sýna fram á að ef af lögfestingu þessa margumrædda ákvæðis verður þá muni það ekki leiða til bótaskyldu, þá muni það ekki leiða til eignarréttar, þá muni það styrkja sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Það muni ekki leiða til þessa. En það kemur hvergi fram og hefur hvergi komið fram í umræðu hvert raunverulegt markmið er með því að heimila veðsetningu kvóta, því miður. Markmiðið er ekki annað en að tryggja hagsmuni þeirra sem meira mega sín, banka, sjóða og þess háttar.

[01:37]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. veit það jafn vel og ég að þetta fyrirkomulag er hann lýsti hér áðan um samningsveð á þessu sviði hefur ekki dugað að öllu leyti vegna þess að m.a. liggur fyrir dómur sem gengur í gagnstæða átt.

Varðandi réttaróvissu sem hann var að spyrja hér um, þá vil ég leyfa mér að vitna í álit Viðars Más Matthíassonar þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Sú réttaróvissa sem ríkir á þessu sviði lýtur m.a. að því að hvergi í lögum um stjórn fiskveiða er tekið af ótvírætt skarið um það hvort heimilt sé að veðsetja veiðiheimildir. Ég hef rökstutt það hér (Gripið fram í.) að framan að ég tel að lögin eigi að skýra þannig að þau heimili ekki slíka veðsetningu.

Í 4. mgr. 3. gr. frv. til laga um samningsveð er lagt til að tekið verði af skarið um þetta atriði. Að því leyti mundi samþykkt frv. draga úr réttaróvissu."

Ég hygg að þetta sé alveg skýrt, herra forseti.

[01:38]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli á því að hv. frummælandi, frsm. fyrir nefndaráliti meiri hlutans, svaraði ekki hvort hún teldi að verið væri að heimila veðsetningar aflahlutdeildar með skipi. Í tvígang var hún spurð að þessu atriði og ég verð að líta svo á að hv. þm. meti það í rauninni svo að það sé verið að heimila veðsetningar með skipi. Ég lít ekki svo á að menntaður lögfræðingur eins og hv. þm. er geti skýlt sér á bak við lögfræðiálit manna úti í bæ og lesið upp úr þeim þegar verið er að spyrja svona spurninga sem hlýtur að vera í valdi þeirra að svara sem hafa kynnt sér málið þannig að þar er kominn einn lögmaður til viðbótar væntanlega sem hefur þá skoðun að með þessu frv. sé verið að heimila veðsetningar á aflaheimildum. Mér finnst það mjög athyglisvert.

Herra forseti. Þetta frv. um samningsveð, eins og alþjóð veit væntanlega nú orðið, er búið að vera til umræðu í hv. Alþingi í mörg ár og eins og kemur fram á bls. 12 í frv. var það lagt fyrir á 116., 117., 118. og 120. löggjafarþingi. Á þessum þingum fékk það ekki afgreiðslu af ástæðum sem líka eru kunnar, þ.e. vegna andstöðu Alþingis við þær heimildir sem hafa verið í frumvörpunum um að það mundi heimila veðsetningar á kvóta. Önnur atriði í þessu frv. hafa ævinlega verið ágreiningslaus.

Það er svo í vetur að það gerist að nýtt orðalag finnst. Það sem breyttist allt í einu í vetur er að það fannst nýtt orðalag. Það orðalag kemur fram í 4. mgr. 3. gr. frv. sem heitir frv. til laga um samningsveð en heiti frv., samningsveð, segir okkur að sjálfsögðu að hér er verið að ræða um veð, um veðsetningar. Heiti frv. segir allt í rauninni. En 4. mgr. 3. gr. sem slík hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Meiri hluti hv. allshn. heldur því fram að þessi snilldarlega grein sem er orðuð svo lymskulega komi í veg fyrir veðsetningu kvótans. Mér finnst það mjög athyglisvert og ekki hvað síst í ljósi þeirra svara, eða við skulum segja þeirrar þagnar, hv. formanns nefndarinnar hér áðan þegar hún treysti sér ekki til að svara þeirri einföldu spurningu hvort hér væri verið að veðsetja kvótann. Túlkun fyrri málsliðar 4. mgr. hefur í raun aldrei verið umdeild, þ.e. hvort heimila megi veðsetningar kvóta eins og sér. Það hefur í rauninni aldrei verið mögulegt að veðsetja kvóta einan og sér af því að ekki er hægt að fá aflaúthlutun nema á skip. Það hefur verið grunnurinn á bak við úthlutanir á aflaheimildum að skip þurfa að vera á bak við það með veiðileyfi í íslenskri landhelgi þannig að sá hluti greinarinnar var í rauninni óþarfur. Það er því seinni málsliðurinn í 4. mgr. sem er fyrst og fremst ágreiningur um og hefur verið til umræðu í hv. nefnd.

Eins og hefur komið fram í umræðunum tók hv. allshn. þessa sérstöku grein til mjög ítarlegrar skoðunar og fékk á fund sinn fjölda aðila eins og kom fram hjá hv. frsm. og vil ég nota tækifærið og þakka fyrir það hversu vel var tekið á þessu máli með mjög ítarlegum umræðum og gestir fengnir til þess að ræða þetta opinskátt við nefndina.

Í stuttu máli má segja að um málið séu mjög skiptar skoðanir hjá þeim gestum sem komu til nefndarinnar. Þeirra á meðal voru sérfræðingar í lagarétti, prófessorar við Háskóla Íslands. Prófessorarnir sem eru taldir vera manna gleggstir í að skýra lagatexta og frumvarpstexta gátu ekki skýrt með sama hætti hvað fælist í þessum seinni málslið 4. mgr. 3. gr. frv. Þetta snjalla orðalag sem fannst með mikilli yfirlegu var ekki snjallara en svo að færustu lögfræðingar gátu ekki skilið það eins. Þessi mikli mismunur á túlkun þessara færu lagaprófessora hefði í mínum huga átt að hringja einhverjum bjöllum í hugum þeirra sem í einlægni eru á móti því að kvóti sé veðsettur, annaðhvort sér eða með skipi. Það hefði alla vega átt að vekja einhverja tortryggni og frekari umræðu frá þessum aðilum heldur en mér hefur sýnst vera.

Það er nefnilega svo að mjög margir hv. þm. sem nú sitja á Alþingi lýstu því yfir í kosningabaráttunni að þeir mundu aldrei samþykkja það að kvóti verði veðsettur. Ég er hér með sérstakt áherslublað sem framsóknarmenn í Reykjanesi lögðu fram í kosningabaráttunni hér um árið og þar lögðu þeir fram mjög greinargóða yfirlýsingu um það hvað þeir ætluðu sér að gera ef þeir kæmust á þing, þ.e. hv. núverandi þingmenn sem eru tveir frá Reykjanesi. Þessi listi þeirra er upp á 15 liði og 14. liðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Veðsetningu á kvóta verði hafnað með öllu, enda felur sú leið í sér að festa auðlindina á sömu aðilum til framtíðar."

Svo mörg voru þau orð. Ég spyr: Eru þessir stjórnmálamenn, hv. þm. Framsfl. í Reykn. enn í góðri trú? Geta þeir enn með góðri samvisku sagt að þeir ætli sér ekki að veðsetja kvóta og hafna því með öllu, enda feli það í sér að festa auðlindina á sömu aðila til framtíðar? Eru þeir enn í sömu trú? Ég spyr. Því miður hafa hv. þm. ekki gefið sér tíma til að hlusta á þessa umræðu eða vera við hana og taka þátt í henni, en ég hlýt að þurfa að spyrja að svo mikilvægu atriði þegar ljóst er að menn komu inn á þing til þess að standa vörð um þetta sérstaka atriði.

Hv. þm. á Reykjanesi voru ekki einir um að vilja berjast á móti frekari festingu kvótans eða kvótakerfinu, sem ég út af fyrir sig hef stutt, en aðrir þingmenn hafa barist einarðlega gegn. Þeir hafa ekki ljáð máls á því að það yrði okkar framtíðarstjórnkerfi fiskveiða. Það eru mínir ágætu félagar í Sjálfstfl., Vestfirðingar tveir, hv. þingmenn Einar Oddur Kristjánsson og Einar K. Guðfinnsson. Þeir lýstu því einarðlega yfir í kosningabaráttunni að þeirra markmið væri að kvótakerfinu yrði lagt og í staðinn kæmi svokallað afla- og flotastýringarkerfi.

Með því að samþykkja heimildir til veðsetningar kvótans er að sjálfsögðu verið að binda það kvótakerfi sem er við lýði í dag um langa, langa framtíð. Ég spyr hvort þessir hv. þm. hafi ekki fengið einhverja bakþanka þegar þeir hafa séð

þau álit sem gerð hafa verið og hafa heyrt þá umræðu sem í gangi hefur verið? Er ekkert að breytast í þeirra afstöðu? Þeir hv. þm. eru ekki heldur í salnum til þess að ræða þetta mál, enda má kannski virða mönnum að til vorkunnar að vera ekki að ræða þessi mál hér þegar komið er fram á miðja nótt. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að klukkan er að verða tvö. Þegar menn eru að byrja á því að ræða eitt umdeildasta mál í íslenskri pólitík í mörg mörg ár, þá velur hæstv. forseti tímann kl. hálftvö á nóttu til að hefja umræðu á svo miklu máli sem í öllu eðlilegu samhengi hefði átt að vera á þeim tíma þegar fólk hefði getað fylgst með henni. Ég ætla því að virða þessum hv. þm. það til vorkunnar að hafa ekki getað vakað svo lengi.

Þeir virtu lögmenn sem ég hef leitað til hafa allir lýst því yfir að þeir telji engar spurningar vera í þeirra huga um að þetta ákvæði sem ég nefndi áðan muni leiða til þess að kvótinn verði veðsettur. Ég ætla að leyfa mér að vitna í nefndarálit 1. minni hluta þar sem haft er eftir Sigurði Líndal, lagaprófessor við Háskóla Íslands, með leyfi forseta, en þar segir:

„er ótvírætt verið að veðsetja aflahlutdeildina ef skipið er veðsett. Síðari málsliður 4. mgr. 3. gr. sé sérákvæði sem upphefji almennt ákvæði fyrri málsliðar um að kvóta sé ekki heimilt að veðsetja einan sér."

Ég ræddi þetta sérstaklega við Sigurð Líndal prófessor og fékk heimild hans til þess að hafa eftir það sem hann sagði í hv. allshn.

Sigurður Líndal lagaprófessor telur einnig að löggjafinn, vegna þess að aflahlutdeildirnar verða veðsettar með lögsetningu þessa frv., muni missa af einhverju valdi yfir kvótakerfinu. Í þriðja lagi muni möguleikar löggjafans til breytingar á kvótakerfinu þrengjast og breytingar á því verði ekki gerðar nema á löngum tíma. Og í fjórða lagi að erlendir aðilar geti eignast veð í skipi og um leið kvóta. Þá er að sjálfsögðu átt við ef skip eru boðin upp.

Maður veltir því fyrir sér eftir að hafa fengið þessi álit sem eru svo ótvíræð frá lagaprófessorum og lögmönnum eins og Arnmundi Backman sem gaf sérstakt álit og af viðtölum við annað fólk — menn átta sig á því að hér er ekki um neinn efa að ræða — hverjar afleiðingarnar verði þá af því að lögfesta þetta frv. Ég held að menn í sjálfu sér hljóti að hafa áttað sig á því að ýmislegt sem sagt hefur verið hér um mál sem varða fiskveiðistjórnunina og ég hef minnst hér á áður — mínar aðvaranir fengu ekki hljómgrunn þá — var nefnt þegar afnám línutvöföldunar átti sér stað. Þá varaði ég við því að slíkt afnám gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, m.a. þær að línuafli og línuveiðar mundu stórlega dragast saman, störf í kringum þennan atvinnuveg mundu stórlega dragast saman með þeim afleiðingum sem í kjölfarið fylgdu, að byggð þar sem lína hefur verið uppistaðan í atvinnunni mundi raskast. Því miður hefur allt það sem menn voru að reyna að vara við þá ræst og við sjáum afleiðingarnar af því í dag í blöðunum þegar verið er að segja frá vandamálum byggðar vestur á fjörðum og víðar með tilheyrandi samdrætti og erfiðleikum.

Ég held, herra forseti, að ef þetta frv. verður samþykkt, þá sé engin spurning um að það verður mjög mikil samþjöppun í aflaheimildum um allt land. Veðhafar munu krefjast þess að fyrirtæki í sjávarútvegi verði stærri. Vegna hvers? Vegna þess að með frv. verður mjög erfitt að flytja varanlegar aflaheimildir á milli skipa. Það þýðir að þessar varanlegu sölur, sem í dag eru nokkuð auðveldar, munu leggjast af og fyrirtækin munu einfaldlega stækka. Það verður uppi krafa um að fyrirtækin í sjávarútvegi muni stækka þannig að aflaframsalið fari fram innan sama fyrirtækis eða dótturfyrirtækja þeirra. Þar með er alltaf verið að ræða um sömu veðhafana og veðflutningarnir geta gengið eðlilega fyrir sig. Það er ein ástæða fyrir því að ég held að fyrirtæki í sjávarútvegi muni verða mun stærri en þau eru í dag og samþjöppun aflaheimilda muni verða gríðarlega hröð.

Ég held að það muni um leið þýða að það sem við höfum séð í byggðaröskun í dag er bara toppurinn á ísjakanum. Ég tel ekki að þetta sé neitt svartsýnisraus. Þetta eru þær staðreyndir sem við hljótum að sjá fyrir okkur þegar ljóst er að í rauninni ráða engin byggðarlög lengur við þennan flutning. Stórfyrirtæki munu kaupa upp atvinnufyrirtæki á stöðunum, sjávarútvegsfyrirtæki á stöðunum og þá er það ekki lengur í valdi neinna byggða að verja sína kvótaeign lengur. Veðhafarnir, eigendur stórfyrirtækjanna munu flytja þetta á milli eftir því hvernig þeim sýnist.

Ég er ekki að segja að þetta geti ekki skapað ákveðna hagkvæmni í sjávarútvegi. En það getur hugsanlega skapað þá byggðaröskun sem við vildum ekki sjá. Við viljum, að ég tel, ekki sjá mjög alvarlega byggðaröskun hér í landinu því að það er heldur ekki þjóðhagslega hagkvæmt.

Þá komum við líka að öðru atriði. Ef við sjáum fram á þessa byggðaröskun og viljum grípa til einhverra ráða í stjórn fiskveiða, þá er það í raun ekki mögulegt vegna þess að þær breytingar sem við mundum grípa til með veðsettu aflahlutdeildarkerfi mundu taka svo langan tíma, þær mundu ekki virka fyrr en eftir áratug eða lengri tíma þannig að þar með erum við búnir að kippa út þeim möguleika að geta nýtt okkur aflahlutdeildarkerfið sem tæki til þess að stöðva byggðaröskun.

Annað sem náttúrlega mun koma fram í þessu er að sveigjanleiki aflahlutdeildarkerfisins eins og það er nú mun minnka. Það hefur verið talinn einn kostur við kvótakerfið og framsalið innan þess, þ.e. þeir möguleikar sem hafa verið á því að flytja aflahlutdeildina á milli skipa, skipta á aflahlutdeildum og leita þar ýtrustu hagkvæmni í veiðunum. Það mun líka minnka. En að sjálfsögðu mun það bætast upp vegna þess að fyrirtækin munu leita leiða til þess að verða stærri, öflugri og færri.

Spurningin er náttúrlega sú hvort þetta sé eitthvað sem mönnum finnist eðlilegt. Í mínum huga er þetta ekki eðlileg þróun og þess vegna hef ég lagt fram brtt. við frv. til laga um samningsveð, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja sérstaklega, eða með öðrum verðmætum, aflahlutdeild fiskiskips, greiðslumark bújarðar eða önnur réttindi til nýtingar í atvinnurekstri sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt."

Þetta þýðir með öðrum orðum að útgerðir geta veðsett skip sín eins mikið og þeim sýnist en þær munu aldrei veðsetja aflahlutdeildina sem skipinu fylgir.

Það er alveg ljóst, herra forseti, að ef þessi brtt. sem ég hef lagt hér fram verður ekki samþykkt eða aðrar sambærilegar brtt., þá stöndum við frammi fyrir þeim miklu breytingum sem fylgja í kjölfarið. Ég held að ég verði að fullyrða að margir hv. þm. gera sér ekki grein fyrir hvað er að gerast. Að mínu viti trúa mjög margir hv. þm. því í rauninni að ekki sé verið að veðsetja aflaheimildir, margir þingmenn trúa því. Mér finnst mjög slæmt ef það er verið að keyra mál í gegn í miklum vafa, í mikilli tortryggni og þegar hálærðir menn

túlka þetta svona mismunandi. Það mun einungis geta þýtt eitt, þ.e. að dómstólar verða einir að ráða fram úr því hvað í raun býr á bak við þessi lög. Það verður ekki þingið sem ákveður það. Þingið kemur með svo óljós lög að það er varla hægt að skilja hvað menn eru að meina. Meira að segja hv. formaður allshn. getur ekki svarað því hvað þetta þýðir eða vill ekki svara því. Hún vitnar í lögfræðiálit. Það getur því vafist fyrir öðrum hv. þm. sem ekki hafa gluggað eins vel í þessi mál og hv. formaður allshn. sem ég þekki ekki af neinu öðru en góðu og af miklum og vönduðum vinnubrögðum. En ég hef grun um það að fyrst hv. þm. getur ekki svarað þessum einföldu spurningum þá vilji hún bara einfaldlega ekki láta það vitnast hvernig hennar hugur stendur í þessu máli.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki nein spurning að ef þetta frv. verður að lögum, þá er verið að veðsetja óveiddan fisk í sjónum sem í mínum huga er í hrópandi ósamræmi við 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, um að fiskstofnanir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta er í hrópandi ósamræmi við þá grein. Hvers vegna er það? Það er vegna þess að þeir sem segja að ekki sé verið að veðsetja aflaheimildir misskilja frv. og þar með verður það ákvæði gilt að verið er að skerða sameignarákvæðið. Þetta gildir ekki öðruvísi en að bannið við veðsetningunni haldi. Og af því að það heldur ekki samkvæmt lögskýringum færustu manna, þá er þar með einfaldlega verið að skerða þetta sameignarákvæði íslensku þjóðarinnar.

Það er einnig, herra forseti, verið að takmarka vald Alþingis til þess að breyta fiskveiðistjórnarkerfinu og ég tel það líka í ósamræmi við hugmyndir almennings um hlutverk Alþingis. Það er í hrópandi ósamræmi við þær hugmyndir.

Ég tel líka, herra forseti, óásættanlegt að afhenda útgerðarmönnum og lánardrottnum kvótann til eignar.

Ég held einnig, herra forseti, eins og ég hef sagt áður að það muni stuðla að meiri byggðaröskun en við höfum séð hingað til og í mínum huga og ég hygg margra þingmanna munum við geta staðið frammi fyrir mjög alvarlegu ástandi og það er líka óásættanlegt fyrir okkur öll. Ég skora því á hv. þm. að skoða þetta mál betur og íhuga þær brtt. sem liggja hér frammi við þetta frv. því að það er það eina sem getur komið í veg fyrir að við lendum í vandamálum sem ég hygg að þingið hafi engan áhuga á að lenda í. Ef við horfum upp á að þetta frv. verði samþykkt og við neglum niður þessi mál sem hér eru til umræðu, þá sé ég ekki hvernig þeir menn sem hingað til hafa varið kvótakerfið — eins og ég sem hef litið á það sem gott tæki til að stjórna fiskveiðunum. Ég hef einnig varið framsalið, en ég hef aldrei getað samþykkt veðsetningu aflaheimilda — og þegar búið er að binda þetta niður í örfá fyrirtæki, óhagganlegt um langan aldur, að það þurfi að vera óskaplega langt í að menn jafnvel neyðist til þess að fara að styðja veiðileyfagjald sem hingað til hefur af mér og fleirum verið talið óásættanlegt, þ.e. að leggja sérstakt gjald á útgerðir fyrir að fá að veiða fisk við Íslandsstrendur. En ef þetta er komið í það horf að hér eru aðeins örfá fyrirtæki sem nýta þá auðlind sem við eigum, fá að nýta hana til veðsetningar og fá að deila henni um landið eins og þeim sýnist, þá sé jafnvel orðin spurning hvers vegna þær ættu ekki að borga eitthvert gjald fyrir sem væri annað gjald en reglulegir skattar. Í sjálfu sér skiptir mig engu máli hvað svona gjöld heita. En ég held að sérstakt gjald fyrir afnot af auðlind hljóti að þurfa að koma til sérstakrar umræðu ef þessi lög verða samþykkt.

[02:07]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hljóti að vera einhver misskilningur í gangi hjá hv. þm. og ég skil raunar ekki hvað hann á við þegar hann er að óska eftir persónulegri skoðun minni á þessu máli. Það er alveg skýrt að ég sem formaður allshn. og meiri hlutinn í allshn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt. Mín persónulega skoðun kemur auðvitað fram í því að ég styð frv. og legg til ásamt öðrum að það verði samþykkt.

Í fyrri málsl. 4. mgr. 3. gr. frv. kemur fram sú regla að ekki megi veðsetja kvótann. Hann getur því ekki orðið sjálfstætt andlag veðréttar. Í seinni málsl. er gengið út frá því sjónarmiði að eðlilegast sé að líta á skipið og kvótann sem eina heild og sem slíkt sem andlag veðréttar sem þýðir auðvitað veðsetningu á þessum hlutum. Hins vegar er hægt að skilja þessa hluti í sundur ef fyrir liggur þinglýst samþykki þeirra sem veðréttindin eiga. Þetta kemur alveg skýrt fram í texta frv. og í skýringum með þessu ákvæði. Þess vegna er ekki hægt að skilja að mína persónulegu skoðun í þessu máli og það frv. sem við leggjum til að verði samþykkt.

[02:09]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Af þeim svörum sem ég fékk frá hv. þm. var ekki hægt að ráða neitt annað en hún hefði a.m.k. ekki þá skoðun eða hefði ekki myndað sér skoðun á því hvort um veðsetningu væri að ræða eða ekki því að hv. þm. vitnaði einungis í lögfræðiálit en sagði ekkert um það hvað henni fyndist sjálfri um þetta mál. (Gripið fram í.) Hv. þm. vitnaði í frv. Það að vitna í einhver álit þarf ekki að þýða í rauninni að eitthvað sé hennar skoðun. Það er væntanlega skoðun þeirra álitsgjafa sem skrifuðu álitið, ekki annarra. (**Gripið fram í:** Hún skrifaði undir nefndarálitið.) Hún skrifar undir nefndarálitið, já, já. En ég var að spyrja hana um hennar persónulegu skoðun og (Gripið fram í.) þá hlýtur hún að lýsa yfir sinni skoðun og segja bara einfaldlega: „Já". Í mínum huga hlýtur það að þýða það. Ef ekki er hægt að segja já, hlýtur maður að gera ráð fyrir því að einhver önnur skoðun gæti hafa læðst upp í hugann.

[02:10]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti 2. minni hluta allshn., en hann skipa ásamt mér hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir og hv. þm. Ögmundur Jónasson.

Hæstv. dómsmrh. hefur nú um nokkurra ára bil ítrekað reynt að koma í gegn hér á þingi ákvæði því sem er að finna í 3. gr. þessa frv. og felur í sér heimild til þess að veðsetja aflaheimildir með fiskiskipi. Það virðist líta svo út, herra forseti, að í þetta sinn muni tilraun hæstv. dómsmrh. takast og það er athyglisvert að hæstv. dómsmrh. tekst það fyrst þegar Framsfl. er kominn með Sjálfstfl. í ríkisstjórn.

Það er einu sinni svo, herra forseti, að í hverju málinu á fætur öðru virðast framsóknarmenn hafa ansi vítt kok og gleypa allt sem kemur frá Sjálfstfl. þó að það gangi þvert á þeirra stefnu og þeirra málflutning fyrir kosningar.

Hv. þm. Kristján Pálsson vitnaði einmitt til þingmanna Framsfl. á Reykjanesi sem töldu sig hafa ákveðna sérstöðu í sjávarútvegsmálum í síðustu kosningum og unnu örugglega

nokkur atkvæði út á það og vitnaði hann m.a. í ákvæði í þeirra stefnuskrá um að þeir höfnuðu veðsetningu á kvóta með öllu. En það er allt gleymt og grafið eins og margt annað sem Framsfl. lofaði fyrir kosningar og nú skal líka gleypa þetta ákvæði þvert á það sem framsóknarmenn sögðu fyrir kosningar.

Ég held að því þurfi að svara varðandi þetta frv. eða ákvæði 3. gr. þessa frv. — þetta er auðvitað aðeins eitt af mörgum ákvæðum frv. til laga um samningsveð og flestöll utan þessa ákvæðis í 3. gr. tel ég að horfi til mikilla bóta — hvort verið sé að heimila veðsetningu á sameign þjóðarinnar og grafa undan eða veikja sameignarákvæði um stjórn fiskveiða, hvort ákvæði þessa frv. muni leiða til þess að ýtt verði undir kvótabrask eða hvort ákvæði frv. gæti kallað á bótaskyldu úr ríkissjóði og hvort ákvæði þessa frv. muni þrengja eða torvelda möguleika til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu. Við sem skipum 2. minni hluta reynum að svara þessum spurningum í því nefndaráliti sem við höfum lagt fram.

Það hefur verið áður sagt úr þessum ræðustól um 4. mgr. 3. gr. að hún er allsérkennileg. Það sem leyft er í öðrum málsliðnum virðist vera tekið aftur í hinum málsliðnum og bannað. Ég held að það sé alveg ljóst að ekki er hægt að segja að mikill munur sé á því ákvæði sem hér er til umræðu og þeim ákvæðum sem hæstv. ráðherra hefur gegnum árin verið að reyna að ná fram. Raunverulega má segja að þetta sé einungis fært í annan búning, en að efni til sé hér um litla breytingu að ræða og það má segja að einungis sé um orðhengilshátt að ræða hjá þeim sem halda öðru fram og telja að hér sé ekki verið að veðsetja aflaheimild með skipi.

Þó að því sé haldið fram m.a. í lögfræðiálitum sem formaður nefndarinnar hefur vitnað til að aflaheimildir geti ekki talist sjálfstætt andlag veðréttar, þá hefur því ekki verið mótmælt að samkvæmt frv. fylgir aflahlutdeild fiskiskipi við veðsetningu og þó ekki sé heimilt að veðsetja kvótann einan og sér, þá sé heimilt að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. Vitna ég þar til að mynda til álits Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns sem veitti nefndinni álit sitt. Hún svarar spurningunni hvort ákvæði frv. veiti heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips, orðrétt, með leyfi forseta:

„Enda þótt bann sé lagt við veðsetningu þessara réttinda, þá verða þau hluti af veðsetningu fjárverðmætanna ...“

Ég tel að þetta tali nægjanlega skýrt. Það er verið að heimila veðsetningu á aflaheimild með skipi og þar sem framsóknarmenn sérstaklega reyna að halda fram öðru, þá er ekki hægt að segja annað en það sé útúrsnúningur.

Ég vil líka vitna í umsögn Sjómannasambands Íslands sem tekur undir með okkur í 2. minni hluta og reyndar 1. minni hluta einnig að lítil efnisbreyting hafi orðið í reynd á frv. frá því sem fyrri frumvörp gerðu ráð fyrir því að enn geri ákvæði frv. ráð fyrir heimild útgerðarmanna til að veðsetja aflaheimildir þó að það sé fært í annan búning. Kjarni málsins er nefnilega sá, virðulegi forseti, að það breytir ekki þeim ásetningi ríkisstjórnarinnar að heimila veðsetningu á auðlind sem er sameign þjóðarinnar.

Til hvers er þetta nú allt gert? Af hverju er verið að fara þessa umdeildu leið sem hæstv. ráðherra hefur svo hart barist fyrir í gegnum árin að koma í gegnum Alþingi? Það er ekki hægt að sjá annað en það sé m.a. verið að firra lánastofnanirnar sjálfar og lánveitendur ábyrgð á lánaviðskiptum sínum með því að heimila þeim veðsetningu á kvóta og hér á með heimild frá Alþingi að heimila útgerðarmönnum að veðsetja eign sem er eign allrar þjóðarinnar. Og ég verð að segja, herra forseti, að mér finnst forréttindi útgerðaraðilanna mikil sem geta hagnast á sölu eða leigu kvóta sem þeir fá úthlutað ókeypis og nú á að heimila þeim að veðsetja aflaheimildina í skipi eins og hverja aðra þinglýsta eign sína. Það er alveg ljóst að þegar málum er svo fyrir komið, þá þurfa þessir aðilar ekki að sæta sömu viðskiptalögmálum og aðrir lántakendur sem ekki geta tekið veð í sameign þjóðarinnar ef veð í þeirra eigin eignum eru ekki til staðar. Maður veltir fyrir sér hvort það réttlæti heimild til veðsetningar á auðlindinni eða aflaheimild með skipi, bara til að tryggja öryggi lánastofnana.

Því hefur verið haldið fram að þetta ákvæði muni grafa undan sameignarákvæðinu um stjórn fiskveiða og 2. minni hluti telur að með 4. mgr. 3. gr. sé grafið undan sameignarákvæðinu og stuðlað að því að kvótinn geti í meiri mæli orðið eign fjármálastofnana og þar með gert það erfiðara að breyta stjórnkerfi fiskveiða. Um það segir í áliti Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns sem lagt var fyrir allsherjarnefnd og beðið um af Kristjáni Pálssyni alþingismanni, með leyfi forseta:

„Eftir kynni mín af svokölluðum kvótasölum og stöðu sjómanna í þeim efnum, veit ég að þessi viðskipti ganga út á það leynt og ljóst að brjóta lög og samninga á sjómönnum til að fjármagna kvótakaup. Löggjafinn og dómstólar hafa reynt að stemma stigu við því en án árangurs. Ég held því þess vegna fram að daginn eftir samþykkt frumvarps sem heimilar það sem 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins heimilar, upphefjist víðtæk og umfangsmikil veðsetning á skipum og aflahlutdeild saman, ýmist til að fjármagna kvótakaupin sjálf, en einnig til annarra þarfa. Innan skamms verður ráðstöfunarréttur aflahlutdeildar íslenskra veiðiskipa í stórum stíl hjá lánardrottnum og sérstaklega hjá bankakerfinu, með Landsbanka Íslands í fararbroddi og með ríkissjóð sem aðalábyrgðarmann.“

Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður dregur síðan þá ályktun að við það verði pólitískt ómögulegt að breyta stjórnkerfi fiskveiða og kvótakerfi verði endanlega fest í sessi.

Þetta vekur auðvitað upp spurningar hvort þetta ákvæði grafi ekki einasta undan eða veiki sameignarákvæði um stjórn fiskveiða heldur hvort ákvæðið geti ýtt undir kvótabrask og flýtt fyrir samþjöppun aflaheimilda eins og hv. þm. Kristján Pálsson hélt fram áðan.

Annar minni hluti telur einnig að hætta sé á að með því að heimila veðsetningu á kvóta með skipi auðveldi það útgerðarmönnum aðgang að fjármagni til kvótakaupa sem ýtt getur undir kvótabrask. Ljóst er einnig að veðhafarnir eða fjármálastofnanirnar munu fá veruleg ítök í framkvæmd á fiskveiðistefnunni með því að hver og einn kröfuhafi hefur stöðvunarvald um hvort hægt sé að selja varanlega aflaheimild frá skipi. Í áliti Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns kemur fram að hvaða lánardrottinn sem er geti stöðvað framsal veiðiheimilda. Orðrétt segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið gerir á engan hátt upp á milli lánardrottna, þannig að sá sem er með þinglýst veð í fjárverðmætunum getur neitað að samþykkja framsalið. Það er ekki með þvingunarráðstöfunum, t.d. dómi, hægt að fá hann dæmdan til að samþykkja framsalið.“

Þetta á þó ekki við um flutning á aflamarki milli skipa innan ársins, sbr. greinargerð með 3. gr. frv.

Við 1. umr. málsins og einnig í nefndinni hafa menn velt fyrir sér hvort ákvæði frumvarpsins nái til eldri veðsetninga og hefur því verið haldið fram af fulltrúum fjármálastofnana að væntanlega yrði látið reyna á hvort eldri veðsetningar falli undir ákvæði 4. mgr. 3. gr. ef núverandi veð vegna eldri lánveitinga yrðu álitin ótrygg. Fulltrúi Landsbankans hefur haldið því fram að ef breytingar yrðu gerðar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem rýra mundu veðsetningar kröfuhafa yrði látið reyna á skaðabótaskyldu ríkisins og vísum við þar einnig í ábendingu Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns um að slíkt yrði vissulega reynt.

Frv. vekur vissulega upp margar spurningar um bótaskyldu ríkissjóðs sem einnig hefur nokkuð verið rædd hér og það er ljóst að skiptar skoðanir eru meðal umsagnaraðila um bótaskyldu ríkissjóðs, komi til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu, og hvort ákvæði frumvarpsins skipti máli í því sambandi. Varðandi bótskyldu ríkissjóðs er því ýmist haldið fram að ríkið verði ekki skaðabótaskylt komi til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu eða að ríkið verði skaðabótaskylt rýri breyting á fiskveiðistjórnarkerfinu veð kröfuhafa.

Það má benda á í því sambandi að Viðar Már Matthíasson prófessor telur í sínu áliti til nefndarinnar að ríkið verði ekki skaðabótaskylt vegna samþykktar þessa frumvarps eins og sér, og ekki ef við breytingu á kerfinu er byggt á almennum málefnalegum sjónarmiðum og fyllsta jafnræðis gætt og að fyrir skerðingunni séu þjóðfélagsleg rök. Aftur á móti heldur hann því fram að verði kerfinu hins vegar breytt þannig að verðmæti verði færð frá einum aðila til annars í ríkari mæli en nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum verði ríkissjóður bótaskyldur án tillits til samþykktar þessa frumvarps með tilvísun til 72. gr. stjórnarskrárinnar sem er auðvitað vafasamt út frá 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða til þess, þó að málið sé stórt og viðamikið, að lengja mjög þessa umræðu. Ég tel það ekki til fyrirmyndar, herra forseti, að svona stórt og mikið mál sé tekið fyrir kl. tvö, hálfþrjú að nóttu. Margir eru á mælendaskrá og umræðan getur vafalaust staðið í einhverja klukkutíma enn. Ég minni á að við vorum við umræðu sl. nótt til kl. tvö og það var byrjað aftur hálfellefu í morgun og sama á nú að gera. Það á að byrja aftur hálfellefu í fyrramálið og ekki eru virtar þær reglur eða lög sem Alþingi hefur sett um vinnutíma í þessari stofnun fremur en svo oft áður. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að hafa nú frekari orð um þetta mál nema tilefni gefist til og vil þá frekar bíða með að ræða þetta stóra mál þar til við 3. umr. þess.

Ég vil þó segja í lokin að það er álit 2. minni hluta að samþykkt frumvarpsins muni auka líkur á því að krafist verði óréttmætra skaðabóta úr ríkissjóði og að það muni ýta undir víðtækari sölu á aflaheimildum sem yrði til að auðvelda eldri kvótahöfum að láta nýju kynslóðina leysa til sín þessi réttindi á því háa verði sem nú er í gangi.

Það er þó kjarni málsins að 2. minni hluti telur að frumvarpið muni þrengja mjög möguleika til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu og að engin knýjandi rök hafi komið fram fyrir samþykkt þessa frumvarps, hvorki í greinargerð né í umsögnum.

Annar minni hluti flytur tvær breytingartillögur við þetta frv., þ.e. við þessa umdeildu 3. gr. Í fyrsta lagi lýsum við okkur algjörlega andvíg síðari málsl. 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem heimilar veðsetningu á kvóta með skipi og flytjum breytingartillögur, annars vegar um að það ákvæði verði fellt brott þannig að einhver meining komist í þetta frv. og menn viti hvað þeir eru að samþykkja, en ekki að gengið sé þannig frá lagasetningu að bannað sé í einni málsgrein það sem er tekið aftur í þeirri næstu, þannig að ákvæðið verði skýrt og aðgengilegt þeim sem eiga að vinna eftir því og það sé tekinn af allur vafi á því að hér sé verið að heimila veðsetningu á kvóta með skipi.

Hins vegar teljum við ástæðu til að ítrekað verði í lagatexta að úthlutun slíkra réttinda skapi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum og teljum því til styrktar því ákvæði og 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að við fyrri málsl. 4. mgr. 3. gr. bætist:

„enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum."

Herra forseti. Ég held að ég stytti mál mitt núna á miðri nóttu nema þá að tilefni gefist til frekari umræðna, en mun halda ítarlegri ræðu við 3. umr. um þetta mál.

[02:29]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. gerði að umræðuefni afstöðu framsóknarmanna fyrir og eftir kosningar til þessa máls og taldi ekki samræmi þar í. Ég vil mótmæla þessu. Það er fullkomið samræmi í okkar afstöðu fyrir og eftir kosningar til þessa máls. Einnig hefur verið gerð að sérstöku umræðuefni afstaða þingmanna framsóknarmanna á Reykjanesi til málsins og kosningastefnuskrá þeirra. Þingmenn Framsfl. á Reykjanesi standa að þessu frv. með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á því og er það að sjálfsögðu í fullu samræmi við stefnu þeirra fyrir kosningar.

Það hefur komið fram í vinnu allshn. við málið að frv. eins og það er núna veikir ekki 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Kvóti verður ekki sjálfstætt andlag veðréttar. Skip er að sjálfsögðu verðmætara með aflaheimild en án hennar. Það er verið að eyða réttaróvissu í viðskiptum (**Gripið fram í:** Og hvað þýðir það?) með þessu frv. Það er verið að eyða áhættu í útlánum sem þýðir betri kjör. Þetta frv. fjallar um viðskiptamál fyrst og fremst, siðferði í viðskiptum. Þetta er ekki um sjávarútvegsmál og þess vegna er þetta hjá allshn. Alþingis. Það er algjörlega rangt að það hafi verið misræmi í afstöðu Framsfl. fyrir og eftir kosningar í þessu máli og ég vísa því algjörlega á bug.

[02:31]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Alloft á þessum vetri hefur það verið hlutskipti hv. 2. þm. Austurl., Jóns Kristjánssonar, að koma í ræðustól og telja þinginu trú um að Framsfl. sé trúr sinni stefnu. En því trúir nú orðið enginn maður nema helst þeir sjálfir vegna þess að hægt er að rekja hvert málið á fætur öðru þar sem þeir hafa gengið í björg hjá íhaldinu og eru enn að gera aftur í þessu máli. Það er mjög sérkennilegt að hv. þm. geti haldið því fram aftur og aftur að ekki sé verið að heimila að veðsetja aflaheimildir með skipi. Það lengsta sem þingmaðurinn gengur í því efni til að viðurkenna það var hér áðan þegar hann sagði að skipið yrði verðmætara með aflaheimild. Ég held að hv. þm. ætti að viðurkenna staðreyndir í því máli og lesa vel þessar tvær málsgreinar í 3. gr. frv. sem eru nú ansi framsóknarlegar. Þær eru opnar í báða enda, það sem er heimilað í öðrum málslið 4. mgr. en tekið til baka aftur í hinum. Til hvers er verið að þessu öllu? Til þess að tryggja hag fjármálastofnana m.a. Ég held að þessi ákvæði bjóði fram ótal hættur sem ég og hv. þm. Kristján Pálsson höfum lýst og fram kemur í nál. Þetta getur

ýtt undir kvótabrask, grafið undan sameignarákvæðinu um stjórn fiskveiða og ég held að hv. þm. ætti að viðurkenna staðreyndirnar í þessu máli, að verið er að veðsetja sameign þjóðarinnar — aflaheimildir með fiskiskipi.

[02:32]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 13. þm. Reykv. kaus að svara andsvari mínu ekki með rökum heldur upphrópunum um afstöðu Framsfl. og íhaldsbjörgin sem hún var sjálf í, hv. þm., á síðasta kjörtímabili, fór nú út úr þeim en fór svo inn í björgin aftur hjá þeim flokki sem hún var í og stefnir að því að komast í stjórn með Sjálfstfl. við fyrsta tækifæri. Þetta er nú staðreyndin en það er ekki það mál sem er til umræðu.

Það er eitt atriði, sem er grundvallarmisskilningur, sem haldið hefur verið fram hér. Það er að verið sé að tryggja hagsmuni bankastofnana með þessu frv. Þeir vita betur sem hafa verið í allshn. og það er rangt að halda þessu fram. Það hefur komið fram í nefndinni að verið er að tryggja hagsmuni hinna minni með frv., t.d. smábátamanna. Það kom fram í nefndinni og það hljóta þeir nefndarmenn að muna, að hjá fulltrúum bankanna kom fram að áhætta væri í þessum útlánum, réttaróvissa, og ef þessari réttaróvissu yrði ekki eytt þá færu þessi útlán í annan áhættuflokk. Þetta hljóta hv. nefndarmenn í allshn. að muna og standa þó upp hver á eftir öðrum og segja að verið sé að tryggja hagsmuni bankanna með frv. Það er verið að eyða réttaróvissu í viðskiptum. Um það er málið. Og veðsetning á kvóta með fiskiskipi og aflaréttindum er ekki breyting á því ástandi (Forseti hringir.) sem nú er eins og mætti halda á ræðum manna. Það er verið að eyða réttaróvissu um það fyrirkomulag sem er í gildi.

[02:35]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. á afar erfitt með að skýra afstöðu framsóknarmanna eða réttlæta afstöðu þeirra til þessa frv. Hann talar um það aftur og aftur að verið sé að tryggja hag lánastofnana og talar um siðferði í viðskiptum o.s.frv. sem hann setur ofar því frekar en að standa við það loforð sem framsóknarmenn lofuðu í kosningunum, að standa aldrei að veðsetningu á kvóta, sem þeir höfnuðu með öllu. En það er líka til eitt, herra forseti, sem heitir siðferði í stjórnmálum. Ég tel það ekki siðferði í stjórnmálum af hálfu framsóknarmanna þegar þeir svíkja loforð sem snýr að svo stóru máli sem þetta er. Þeir verða minntir á þetta aftur og aftur, hv. framsóknarmenn. Ég vona að þeir hafi gert sér grein fyrir afleiðingunum af því að samþykkja þetta frv. Ég er ekkert hissa á því þó að hv. þm. sé mjög órólegur bæði í ræðustól og í sæti sínu vegna þess að þetta er hið mesta óráð af framsóknarmönnum að fylgja Sjálfstfl. eftir í þessu máli. Alþfl. hafði þó dug í sér, þegar hann var í ríkisstjórn með Sjálfstfl., að standa gegn því að dómsmrh. gæti komið þessu ákvæði í gegnum þingið en framsóknarmenn lyppast niður í hverju málinu á fætur öðru, í hverju kosningaloforðinu á fætur öðru til þess að elta Sjálfstfl. Þetta er ekki mjög stórmannlegt, herra forseti, að standa þannig að málum og ég öfunda framsóknarmenn ekki þegar þeir ganga til næstu kosninga.

[02:37]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 478. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 1263.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 475. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1276.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 530. mál, brtt. PHB, þskj. 1265; brtt. PHB, þskj. 1266.

Veiting ríkisborgararéttar, 413. mál, nál. allshn., þskj. 1267; brtt. allshn., þskj. 1268.

[02:37]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að láta í ljós sterk mótmæli við því að þetta mál sé rætt í skjóli nætur, að þetta stóra mál sé tekið á dagskrá þegar klukkan er að ganga tvö og nú vantar klukkuna 20 mínútur í þrjú. Ég velti því fyrir mér hvort ástæðan sé sú að verið sé að gefa hv. þm. Reykn., framsóknarþingmönnum, lögmæta afsökun frá því að vera hér viðstöddum. (Gripið fram í.) Hver er eiginlega ástæðan fyrir því að ekki er hægt að ræða þetta mál þegar fjölmiðlar og annað fólk í landinu er vakandi sem á rétt á því að fá að heyra ... (**Gripið fram í:** Þeir eru vel vakandi.) Það eru ekki margir, það er gott að hér situr einn fjölmiðlamaður, en það eru ekki margir fjölmiðlar viðstaddir sem þeir örugglega væru eða ættu að vera þegar svo stórt mál, eins og hér er á ferðinni, er til umræðu í þingsölum. Mér finnst það alveg til háborinnar skammar og vil mótmæla þessum vinnubrögðum. Og þetta er ekki í fyrsta skipti. Það sama gerðist í gærkvöldi að erfiðustu og þyngstu málin í þinginu eru tekin til umræðu þegar almenningur í landinu er sofandi. Og það er ekki það að þetta mál sé búið að teygjast hér í allan dag, það var tekið á dagskrá þegar klukkan var að ganga tvö.

Ég ætla þá að snúa mér efnislega að málinu sem nú er til umræðu, frv. til laga um samningsveð . Eins og fram hefur komið í ræðum manna er þetta frv. frábrugðið því sem lagt var fram á síðasta þingi að því leyti fyrst og fremst að í 4. mgr. 3. gr. er fjallað um veðsetningu á kvóta, bæði aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar.

Eins og fram hefur komið fór allshn. ítarlega yfir þetta mál og eins og við var að búast fór langmesti tíminn í að fjalla um ofannefnt ákvæði sem vægast sagt er mjög umdeilt, hugsanlega stórhættulegt, og að mínu mati ekki það nauðsynlegt að sú áhætta sé tekin sem fylgir lögfestingu þess. Það er kannski rétt að spyrja að því strax, því ég saknaði þess virkilega bæði í frv. og í grg. og í allri umræðunni, hvert væri hið raunverulega markmið með þessu ákvæði. Það er búið að tala um að það eigi að skýra einhverja réttaróvissu sem er búið að ræða ítarlega við nokkra lögfræðinga, sem ýmist héldu því fram að hún væri ekki til staðar eða gátu ekki útskýrt hvað þetta frv. leysti. Það er verið að ræða undir rós mjög stórt mál og það kemur aldrei upp á yfirborðið til hvers. Hvernig stendur á því að hv. þm. Jón Kristjánsson heldur því fram að það komi eiginlega lánastofnunum ekkert við? Hvers vegna mæla allar lánastofnanir með frv. — og hvers vegna átti Seðlabanki Íslands frumkvæði að því að þetta mál var tekið aftur inn í frv. með sérstöku bréfi til nefndarinnar? Það er dálítið sérkennilegt að það eru lánastofnanir og fjármagnsöflin sem eru hrifin af þessu máli en samt er ekki verið að tryggja þeirra hag að mati þingmannsins. En það eru einmitt ýmsir aðrir hagsmunir sem hanga þarna á spýtunni og það er þess vegna sem ríkisstjórnin flytur þetta mál og hæstv. dómsmrh., sem einnig er sjútvrh. og stýrir stefnu um stjórn fiskveiða, sem mikil ósátt er um, og nú á að fara að festa það kerfi varanlega og endanlega í sessi með því að tryggja að þeir sem nú fá aflahlutdeildina umdeildu sitji að henni um aldur og ævi og geti selt kvótann á því háa verði sem nú

er í gildi til komandi kynslóða. Að þessi unga kynslóð geti tekið veð í kvótanum, sameign þjóðarinnar, til þess að hún hafi efni á að stunda sjóinn sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar.

Því er víða haldið fram í þeim gögnum sem hv. allshn. hefur farið í gegnum, m.a. í lögfræðiálitinu sem fylgir með nál. meiri hlutans, að í landinu ríki réttaróvissa um hvort líta beri á aflahlutdeild í ljósi 72. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um eignarrétt, eða í ljósi 75. gr. um atvinnuréttindi, m.a. vegna dóma sem hafa fallið um slík mál í héraðsdómi. Slíkum dómi hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar en ef marka má nýjasta áróðursbækling um núverandi stjórn fiskveiða sem dreift var á ráðstefnu sem var á Akureyri í síðustu viku, þá er alveg ljóst að margir munu verða til þess, hæstv. forseti, að túlka frv. á þann veg sem hentar núverandi kvótahöfum.

Já, það er þessi dæmalausi bæklingur sem ég má til með að sýna þingheimi ef hann hefur ekki séð hann. Þessum bæklingi var dreift á ráðstefnu sjútvrn. sl. þriðjudag, um veiðileyfagjald og skattamál. Þar er því m.a. haldið fram að það beri að skoða aflahlutdeild í ljósi eignarréttarins, þrátt fyrir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Allur þessi bæklingur er dæmigerður fyrir þá lagatúlkun sem kvótahafar vilja gjarnan að viðhöfð sé en ýmsir aðrir sjá í gegnum að er ekki rétt. Ég ætla að taka það strax fram að þessi bæklingur er ekki gefinn út af sjútvrn. heldur af ungum mönnum sem heita Orri Hauksson og Illugi Gunnarsson. Síðan eru nokkrir aðilar sem styðja bæklinginn, m.a. Ari Edwald, sem er aðstoðarmaður sjútvrh., Elsa Björk Valsdóttir og ýmsir þekktir sjálfstæðismenn og vafalaust einnig fleiri stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar.

En hvað segir bæklingurinn um það hvort leyfa eigi veðsetningu á aflaheimildum? Með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér upp örstutt:

„Hömlur á veðsetningu aflaheimilda koma þyngst niður á þeim sem eru að hefja eigin útgerð. Þegar skip er keypt lána lánastofnanir gegn veði í því. Einstaklingurinn þarf því einungis að fjármagna sjálfur hluta af verðmæti skipsins. En hann þarf einnig að kaupa kvóta. Ef ekki er heimilt að veðsetja kvóta þarf einstaklingurinn að hafa næg fjárráð til að kaupa kvóta án þess að þurfa til þess lán eða aðra veðmöguleika sem geta staðið undir lántöku til kvótakaupa." — Sami söngurinn og Jón Kristjánsson söng. — „Augljóst er því að ef ekki er heimilt að veðsetja kvóta munu möguleikar fyrir nýliða til að komast inn í greinina takmarkast mjög. Hömlur á veðsetningu á kvóta mun einungis ýta undir óeðlilega samþjöppun kvóta á hendur stórra fyrirtækja með næg fjárráð og veðmöguleika. Aflaheimildir" — takið eftir þessu — „eru byggðar á séreignarrétti og um þær eiga að gilda sömu lög og um aðrar eignir." Þarna er verið að reyna að koma því inn að aflahlutdeild heyri undir 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er fullyrt þrátt fyrir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem segir skýrt að úthlutun aflaheimilda skapi ekki eignarrétt.

Þessi túlkun er nokkur umsnúningur miðað við þau sjónarmið sem komu fram í nefndinni frá aðilum í LÍÚ þar sem lögð var áhersla á að mikilvægt væri að fá þetta ákvæði inn til að útgerðarmenn sem nú fá aflahlutdeild geti hoppað af bátnum, geti hætt að loknu ævistarfi og fengið raunvirði kvótans greiddan fyrir. Jú, þetta passar allt saman. Ungu mennirnir þurfa að kaupa og þeir gömlu þurfa að selja, við vitum hvers virði það er, en það er bara því miður þannig að þessi kvóti er sameign þjóðarinnar en þessir aðilar vilja hagnast á honum sín á milli þannig að unga kynslóðin þarf að borga milljarða væntanlega fyrir kvótann sem núna er á lausu eða mun losna á komandi árum. Þetta frv. á að auðvelda þeim þessi viðskipti, jafnvel eins og hv. þm. Jón Kristjánsson sagði, að bankarnir bjóði ekki of óeðlilega há kjör — að þeir geti verið vissir um að þeir fái þá kvótann ef viðkomandi getur ekki staðið við það.

Virðulegi forseti. Það liggur við að maður týni þræðinum í þessari umræðu því það er hægt að fara svo víða í henni. En mig langar aðeins að fjalla nánar um þennan dæmalausa bækling. Þar má lesa m.a., á bls. 8: „Eiga útgerðir að skila aflaheimildum til ríkisins ef þær hætta rekstri?" Þetta er spurning. Fyrsta setningin í svarinu er: „Þessi hugmynd er mjög varhugaverð." — og svarið er í þeim dúr. Næsta spurning er: „Á að bjóða aflaheimildir upp?" Fyrsta setningin í svarinu: „Þetta er mjög slæm aðferð til að innheimta auðlindaskatt."

Virðulegi forseti. Þessi bæklingur er sérkennilegur því í honum eru innri mótsagnir. Ef maður lítur á bls. 16 er spurt í ljósi þess að 1. grein laganna um stjórn fiskveiða kveði á um sameign þjóðarinnar hvort ekki sé réttlátt og í samræmi við landslög að þeir sem nýta sameign þjóðarinnar greiði veiðileyfagjald til ríkissjóðs. Þar er aftur á móti lögð áhersla á það, í andstöðu við það sem ég las áðan, að vegna þessarar greinar þá sé þetta nýtingarréttur en ekki eign. Þess vegna beri ekki að borga neitt aflagjald. En á bls. 5, þar sem verið er að tala um veðsetningu, er sagt að aflaheimildir séu byggðar á séreignarrétti. Svona er hægt að finna innri mótsagnir sem alltaf er túlkað þeim í hag, sem núna fá auðlind þjóðarinnar úthlutað frítt og er milljarða virði.

Fyrst hæstv. dómsmrh. er hér í salnum sem er sjútvrh. samtímis, þá vil ég spyrja hvort hann hafi gefið heimildir fyrir því að þessum áróðursbæklingi hafi verið dreift á hans ráðstefnu. Það kæmi mér satt að segja kannski ekki mikið á óvart miðað við þá dæmalausu skýrslu sem ég er með frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, sem þarna var til umræðu. Þetta virðist allt vera á sömu bókina lært.

Nú á sem sagt að taka þetta umdeildasta mál þingsins fyrir í skjóli nætur. Vegna þess að þannig stendur á ætla ég ekki að fara mjög ítarlega í allar þær röksemdir sem æskilegt væri að tína til. Ég ætla ekki að tefja umræðuna af tillitssemi við þá sem eru á mælendaskrá á eftir. En ég vil geta þess, eins og fram kemur í nál. meiri hlutans, að mjög margir komu á fund nefndarinnar, mjög margir sérfræðingar, lögfræðingar og hagsmunaaðilar úr bankakerfinu og frá sjómönnum og útgerðarmönnum og mjög margir lögfræðisérfræðingar. Það er satt best að segja athyglisvert þegar maður skoðar umsagnir að yfirleitt eru allar fjármálastofnanirnar samþykkar frv. og mæla sérstaklega með því en það eru sjómannasamtökin sem eru á móti því, Farmanna- og fiskimannasambandið og Samtök iðnaðarins styðja það alla vega ekki mjög sterkt. En athyglisverðast var hversu erfitt er að túlka þennan lagatexta. Það eru allir sakaðir um misskilning og það segir sig alveg sjálft, ef þetta frv. verður samþykkt, að dómstólar koma til með að taka hinar raunverulegu ákvarðanir. Þingið er að láta frá sér það mikilvæga vald sem það hefur í þessu máli í hendur dómstóla vegna þess að svo óljóst er hvernig ber að túlka það sem stendur í frv. og sérstaklega í þessari grein.

Í nál. 2. minni hluta sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði grein fyrir áðan og sú sem hér stendur, ásamt Ögmundi Jónassyni skrifa einnig undir, eru dregin fram helstu rökin gegn því að samþykkja 4. mgr. 3. gr. þessa frv. sem við í

minni hlutanum leggjum til að verði annaðhvort breytt eða felld burt. Ég nefni þessar brtt. nánar á eftir en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fór einnig nánar í þær. En rökin sem eru í nál. eru í fyrsta lagi þau að þarna er verið að heimila með lögum veðsetningu á sameign þjóðarinnar að okkar mati. Ég vil tímans vegna vísa í rökstuðninginn í nál.

Í öðru lagi er grafið undan sameignarákvæðinu um stjórn fiskveiða, sameignarákvæðinu í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða og í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á þremur punktum sem koma fram í nál. Í fyrsta lagi teljum við að þetta geti stuðlað að því að kvótinn geti í meira mæli orðið eign fjármálastofnana, þ.e. ef viðskipti verða fjörleg þannig að gömlu útgerðarmennirnir geta selt og þeir ungu geta keypt. Ef þessi viðskipti blómgast mikið má gera ráð fyrir að fjármálastofnanir sitji uppi með og eignist kvóta. Það mundi gera mun erfiðara fyrir að breyta kerfinu. Í öðru lagi vekjum við athygli á hæstaréttardómi sem féll árið 1993 í máli Hrannar HF gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, þar sem Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að keypt aflahlutdeild teljist til skattskyldra eigna samkvæmt 73. gr. laga nr. 75/1981 og fyrna beri þær eftir ákveðnum reglum. Það sjónarmið hefur komið fram, þótt 2. minni hluti taki ekki undir það, að þessi dómur veiki ákvæði laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar. Í framhaldi af þessum hæstaréttardómi tíðkast það nefnilega að fyrirtæki selja kvótann sinn og kaupa hann síðan strax aftur, þ.e. eigin aflahlutdeild til að geta formlega skráð aflahlutdeildina sem keypta en ekki sem áunnin réttindi. Þarna er verið að reyna að koma málum svo fyrir að um eign sé að ræða og þar með fari þetta undir 72. gr. stjórnarskrárinnar sem ekki má skerða eða breyta bótalaust. Tekið er eitt og eitt skref í einu. Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður bendir á þennan dóm en einnig að hún telji að ekki beri að túlka hann þannig að hann veiki endilega þetta sameignarákvæði. En þó að þarna hafi fyrst og fremst verið fjallað um erfðafjárskatt — spurningin var öðruvísi lögð fram — hefur afleiðing dómsins engu að síður verið þessi. Þetta sýnir hvers konar spekúlasjónir eru uppi og ekki síst með hliðsjón af þessum dæmalausa bæklingi þar sem sjónarmiðin koma sterkt fram hvernig á að túlka þetta allt að mati kvótaeigenda í landinu. Það sést alveg hvað smátt og smátt er verið að reyna að gera.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því sem röksemd fyrir því að verið sé að grafa undan sameignarákvæðinu að við teljum og tökum ábendingu Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns um að rétt sé að kveða alveg skýrt á um það í þessum lagatexta að úthlutun aflaheimilda skapi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum. Það sé ekki nóg að segja það einungis í grg. og jafnvel þó að þetta sé í öðrum lögum, þ.e. fiskveiðistjórnarlögunum, þá muni það styrkja þessa túlkun að setja þann texta alveg skýrt inn í frv., og þess vegna mælum við með því.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. dómsmrh., ef hann er í salnum, eða hæstv. sjútvrh. — skyldi hann vera í salnum? Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan biðja hæstv. ráðherra að koma í salinn. Hann getur varla ætlast til að við séum hér um miðjar nætur að ræða þessi mál og verið svo ekki mættur sjálfur.

Herra forseti. Ég var rétt áðan að segja frá þekktum hæstaréttardómi, máli Hrannar HF frá árinu 1993 gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. dómsmrh. þekki. Ég sagði einnig frá því að sá praxís tíðkaðist að selja aflahlutdeild og kaupa hana strax aftur í þeim tilgangi að geta skráð aflahlutdeildina sem eign og þar með væri farið með hana samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar en ekki 75. gr., þ.e. sem atvinnuréttindi. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hann túlkar þennan dóm í þessu samhengi. Hvort hann er þeirrar skoðunar að mögulegt sé að keypt aflahlutdeild, hvort sem það er gert almennt eða með skrifstofu-„fiffi", sé eign þó að ljóst sé að það eigi ekki að geta gerst samkvæmt 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, alla vega ekki úthlutunin. En síðan kemur þetta „fiff" og þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann túlkar þennan dóm þannig að ef fyrirtæki stunda svona viðskipti, þá sé mögulegt að líta á þetta sem eign. Er þetta að mati hæstv. dómsmrh. lóð á þá vogarskál að litið sé á kvóta sem einkaeign þrátt fyrir 1. gr. laga um stjórn fiskveiða? Er það kannski þess vegna, hæstv. dómsmrh., sem ríkisstjórnin hefur ekki fest ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða inn í stjórnarskrána sem síðasta ríkisstjórn hafði á stefnuskrá sinni og þessi ríkisstjórn hefur einnig á sinni stefnuskrá. Er það ætlun þessarar ríkisstjórnar að festa ákvæðið inn í stjórnarskrána á næsta ári eða á síðasta ári kjörtímabilsins? Ég vonast til að hæstv. dómsmrh. gefi skýr svör við þessum spurningum því þau skipta verulegu máli og þau sýna að mjög margt er þarna að baki sem ekki kemur upp í þessari umræðu svona dags daglega.

Í framhaldi af þessu leggjum við fram brtt. sem ég kem að nánar á eftir.

Þriðju rökin gegn þessu frv. eru að þau auðvelda kvótabrask eða kaup og leigu á aflahlutdeild sem m.a. hefur bitnað mjög á kjörum sjómanna. Það var í raun og veru mjög athyglisvert um daginn þegar utandagskrárumræða var um það mál hversu hjálparlaus ríkisstjórnin er í málinu. Þarna er verið að brjóta kjarasamninga, fyrir því liggur hæstaréttardómur, og það er látið sem ekkert sé. Við erum búin að koma málunum þannig fyrir að lögin um stjórn fiskveiða og græðgin sem fylgir því að ná inn sem mestu og hámarka arðinn er svo mikil að það er ekki hægt að virða kjarasamninga sjómanna. Þetta sýnir bara í hvers konar ógöngur þetta fiskveiðistjórnarkerfi er komið að neyðarréttur sjómanna verði sá að fara í verkfall. Er það eina lausnin á málinu? (**Gripið fram í:** Sjútvrh. telur að svo sé.) Mér gjörsamlega blöskraði um daginn þegar þessi mál voru til umræðu. Þetta auðveldar sem sé kvótabrask og um leið, eins og ég nefndi áðan, munu fjármálastofnanir fá veruleg ítök í framkvæmd fiskveiðistjórnarstefnunnar, því hver og einn kröfuhafi getur stöðvað framsal á veiðiheimildum, þ.e. aflahlutdeild en ekki aflamarks, innan fiskveiðiársins. Þar með má segja að löggjafinn missi að einhverju leyti vald sitt yfir kvótakerfinu. Það er alveg ljóst. Er það tilgangur þessa frv., hæstv. dómsmrh.? Hver er hinn raunverulegi tilgangur?

Fjórðu rökin varða bótaskyldu ríkissjóðs. Bent er á að það er mjög mismunandi hvernig það er túlkað hvort að ríkissjóður verði bótaskyldur eða ekki, ef breyting verður á fiskveiðistjórnarkerfinu og hvaða merkingu þetta frv. hefur í því sambandi. Í nál. 2. minni hluta kemur fram að álit Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns og Viðars Más Matthíassonar stangast á. Þau stangast á að þessu leyti. Og þess vegna væri gaman að velta fyrir sér hvers vegna þessi álit eru prentuð með álitinu, hvort þau teljast lögskýringargögn eða ekki. En það er ljóst að þessi álit stangast á. Eins og segir í álitinu þá telur Þórunn að vegna ákvæðisins í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sé ekki hægt að líta á að ríkissjóður sé skaðabótaskyldur. Það beri að fara með þetta

samkvæmt 75. gr., um atvinnuréttindi, og að veðsetningin skipti ekki meginmáli í því sambandi. Viðar Már telur hins vegar að samþykkt þessa frv. veiki bótaskyldu ríkissjóðs, ef eitthvað er, vegna þess að með því sé ítrekað að ein heimild eignarréttarins, heimild til veðsetningar, fylgi ekki við úthlutun veiðiheimilda og því sé ekki hægt að fara með málið samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar um eignarrétt þar sem skerðing krefst bóta. Því verði að líta á málið út frá 75. gr. um atvinnuréttindi sem má setja skorður með lögum sem almannahagsmunir krefjast án bóta.

Það er hins vegar dálítið athyglisvert að Viðar Már telur að ríkið verði ekki skaðabótaskylt vegna þessa frv. eins og sér, þ.e. veðsetningin skipti ekki meginmáli, eins og ég var að rökstyðja með því að nota hans rök, og ekki ef breyting verður gerð á kerfinu sem byggi á almennum málefnalegum sjónarmiðum og fyllsta jafnræðis sé gætt og að fyrir skerðingunni séu þjóðfélagsleg rök, t.d. ef þarf að minnka kvótann vegna verndunar fiskstofna væntanlega. En það má skýrt lesa út úr áliti hans að verði kerfinu verði hins vegar breytt þannig að verðmæti verði færð frá einum aðila til annars í ríkari mæli en nauðsynlegt er til að ná lögmætum markmiðum, t.d. með uppboði á kvóta, þá verði ríkissjóður bótaskyldur án tillits til samþykktar þessa frv., með tilvísun til 72. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta tel ég auðvitað og við í minni hlutanum mjög vafasamt vegna 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. En þetta sýnir, hæstv. forseti, að þessi 72. gr. — og ég vil segja eignarréttarbullið eða óskhyggjan, er alls staðar svífandi yfir vötnunum, jafnvel í nál. sem meiri hluti byggir á og segir: nei, nei, ríkissjóður er ekki bótaskyldur. En ef maður les rökin er aðeins hægt að breyta þannig að þeir sem nú „eiga" kvótann haldi hlutfallslega öllum sínum réttindum. Ef einhverjum hlutföllum verður breytt og þetta gerist að hans mati óháð samþykkt þessa frv., og ef þetta er rétt túlkun — það hefur ekki reynt á hana í Hæstarétti enn þá, þá erum við að mínu mati í mjög vondum málum. Og því vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann sé sammála þessari túlkun. Spurningarnar eru svo yfirborðslegar og orðaðar þannig að hægt er að svara: Nei, ríkið verður ekki bótaskylt. En um leið og maður breytir pínulítið, t.d. að aflaheimildir verði boðnar upp eða einhvers konar röskun verði á því hverjir eigi þetta, þá er það túlkun prófessorsins með skírskotun til 72. gr., að ríkissjóður verði bótaskyldur nú þegar án þess að þetta frv. verði samþykkt. Þetta tel ég mjög alvarlegt og vil heyra álit ráðherrans á þessu.

Lokaröksemdin sem nefnd er í nál. 2. minni hluta er sú að frv. þrengi möguleika til breytinga á fiskveiðikerfinu. Niðurstaða okkar er sú að samþykkt frv. muni auka líkur á því að krafist verði óréttmætra skaðabóta úr ríkissjóði og að það muni ýta undir víðtækari sölu á aflaheimildum sem yrði til að auðvelda eldri kvótahöfum að láta nýju kynslóðina leysa þessi réttindi til sín á því háa verði sem nú er í gangi.

Það er kjarni málsins að mati okkar í 2. minni hluta að við teljum að frv. muni þrengja mjög möguleika til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu og, sem er mjög mikilvægt, að enginn knýjandi rök hafi komið fram fyrir samþykkt þessa frv., hvorki í greinargerðinni né í umsögnunum. Ég vil því enn og aftur kalla eftir meginrökum hæstv. dómsmrh. fyrir því að hafa þessa 4. mgr. 3. gr. í frv. Ef t.d. litið er á sjálft frv. þá er talið upp á bls. 15–16 hver séu meginatriði frv. og þar er þetta atriði ekki nefnt. Mér datt nú í hug að reyna að skýra það þannig að þetta er að grunninum til frv. frá því í fyrra og fremst er bætt inn í það þessu nýja ákvæði. En efst á bls. 12 í greinargerðinni með frv. er skýrt út hvað sé nýtt í frv. eins og það er lagt fram á þessu þingi. Hvað segir þar?

„Í öðru lagi er fellt brott ákvæði 4. mgr. 29. gr. um veðsetningu greiðslumarks bújarða, en þá breytingu leiðir sjálfkrafa af hinni fyrstu."

Af hverju leiðir það sjálfkrafa, herra forseti, ef ekki er með frv. verið að veðsetja greiðslumark bújarða eða aflaheimildir fiskiskipa? Þetta er undarleg röksemdafærsla.

Það má sem sagt aftur og aftur sjá gloppur í þessari röksemdafærslu með því að fara dálítið vel ofan í þennan texta og nú vil ég gjarnan að hv. framsóknarþingmenn skoði vel sinn rann. Að mínu mati styður þetta síðastnefnda að sú túlkun sem fram kemur í minnihlutaáliti 2. minni hluta sé rétt, í andstöðu við túlkun Viðars Más Matthíassonar, að ákvæðið sýni að ekki sé heimilt að veðsetja kvóta. Það er í rauninni með ólíkindum, herra forseti, að hægt sé að karpa um slíkt grundvallaratriði. Það sýnir að hér er mjög óskýr lagatexti á ferðinni. Í því sambandi vísa ég til hvernig meiri hlutinn túlkar álit lögfræðinganna á bls. 2 í nál. meiri hlutans. Ég vil í raun og veru mótmæla þeirri túlkun. Ef við lítum aðeins nánar á það hvernig unnið er úr þessum ítarlegu lögfræðiálitum sem fylgja með nál. segir fyrst á bls. 2 í nál.:

„Voru Þórunn Guðmundsdóttir hrl. og Viðar Már Matthíasson prófessor fengin til að vinna álitin sem birt eru sem fylgiskjöl með áliti þessu. Helstu niðurstöður þeirra voru að 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins veiti ekki heimild til þess að veðsetja slík réttindi, þar á meðal aflahlutdeild fiskiskips."

Þórunn tekur sérstaklega fram að þetta sé orðhengilsháttur því þetta sé vissulega veðsetning á kvóta með skipi.

Í öðru lagi segir þarna:

„Þá telja þau að samþykkt frumvarpsins leiði ekki af sér skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða, og lögbinda sóknarmarkskerfi eða veiðileyfagjald."

Í áliti Viðars Más segir beinlínis að ef kerfinu verði breytt þannig að jafnræðisreglu verði ekki gætt á milli þeirra sem nú hafa kvóta þá verði ríkissjóður skaðabótaskyldur. Að síðustu segir í nál.:

„Einnig komust þau bæði að þeirri niðurstöðu að umrætt ákvæði styrkti ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar."

Viðar Már segir þetta en Þórunn segir þetta ekki eins skýrt. Hún bendir reyndar á, eins og áður hefur komið fram í mínu máli, að til þess að hafa það alveg skýrt væri betra að bæta inn í lagatextann að það skapist ekki neinn eignarréttur. Þess vegna leggjum við í 2. minni hluta slíka brtt. til og ég skora á hæstv. dómsmrh. að fella hana. Ég skora á hann að fella hana og sýna loksins hver hugur hans er í þessu máli.

Virðulegur forseti. Ég er um það bil að ljúka máli mínu. En ég spyr enn og aftur: Er það virkilega vilji ríkisstjórnarinnar að hafa þennan lagatexta svo loðinn að það verði hlutskipti dómstólanna að ákveða hver örlög þessa kerfis verða fremur en að Alþingi segi skýrt hver vilji þess er? Það þarf að vera alveg skýrt hvort þjóðin á enn þá fiskimiðin, hvort nytjastofnarnir eru sameign þjóðarinnar og þá í hvaða merkingu.

Að lokum, hæstv. forseti, vek ég athygli á brtt. 2. minni hluta sem er annars vegar viðbót sem ítrekar að þessi úthlutun myndi ekki eignarrétt og er orðalagið nær samhljóma orðalagi í niðurlagi 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Hin tillaga fjallar um að þessi umdeildi liður falli brott því ég hef ekki

enn þá, virðulegur forseti, fengið nein gild rök að mínu mati fyrir því að hafa þetta ákvæði inni. Því fylgir miklu meiri áhætta en það sem vinnst við það. Meira að segja forsvarsmenn LÍÚ hafa lýst því yfir að þeir sæki þetta ekki fast, m.a. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem segir: „Ég vil ekki sjá þetta." Ég held því að hæstv. ríkisstjórn, þar með talinn Framsfl., verði að skoða þessi mál mun betur. Ég vil að lokum óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þannig að hv. þm. Framsfl. fái tækifæri, sérstaklega þingmenn Reykn., til að koma hingað og tjá sig um þetta mál.

[03:24]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um samningsveð. Deilumálið í þessu frv. er hvort með því sé verið að heimila veðsetningu kvóta, hvort einstaklingar og fyrirtæki fái heimild til að veðsetja fiskinn í sjónum, sem er okkar sameiginlega eign, sem við ætlumst til að sé okkar sameiginlega eign. Við ætlumst til þess þótt staðreyndin sé sú að einstaklingar og fyrirtæki séu farin að braska með þessa sameiginlegu eign þjóðarinnar og hagnast á viðskiptum með hana í eigin þágu um milljónir á milljónir ofan, um hundruð milljóna á hundruð milljóna ofan. Nú er spurt hvort með þessu frv. sé verið að herða tök þessara aðila á sameigninni með því að gefa þeim heimild til að veðsetja hana sem væri hún þeirra eigin. Hin umdeilda grein frv. er 3. gr., nánar tiltekið 4. mgr. 3. gr., sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar. Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Meiri hluti allshn. telur að með þessari grein sé ekki verið að heimila veðsetningu á kvóta. Minni hlutinn telur hins vegar að staðhæfingar meiri hlutans um þetta efni séu ekki trúverðugar. Og við bendum á að þótt aflaheimildir geti ekki talist sjálfstætt veðandlag þá skuli samkvæmt frv. aflaheimild fylgja fiskiskipi við veðsetningu. Með öðrum orðum, enda þótt kvótann megi ekki veðsetja einan og sér þá er engu að síður heimilt að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. Og það sem meira er, kvótann má ekki aðskilja skipinu nema með samþykki þeirra sem veðréttindin eiga.

Svo ég vitni aftur í síðari málsl. 4. mgr. 3. gr.:

„Hafi fjárverðmæti það, sem réttindin eru skráð á, verið veðsett er eiganda þess óheimilt að skilja réttindin frá fjárverðmætinu nema með þinglýstu samþykki þeirra sem veðréttindi eiga í viðkomandi fjárverðmæti."

Þetta virðist vera skýrt enda orðar Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður svar við þeirri spurningu hvort 4. mgr. 3. gr. frv. heimili veðsetningu réttinda eins og aflahlutdeildar fiskiskips á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Að mínu mati er spurning þessi óþörf. Umrædd 4. mgr. tekur afdráttarlaust fram og eins skýrt og hægt er á móðurmálinu að það sé ekki heimilt. Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu. En hvað hangir á spýtunni? Er ekki eitthvað annað sem skiptir máli í þessu sambandi en það hvort heimilt sé að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega? Þeir sem fylgst hafa með umræðu þessara mála, áhuga útgerðarmanna á því að geta notfært sér aflahlutdeild í eigu þjóðarinnar til veðs í viðskiptum sínum við lánardrottna, og þeir sem fylgst hafa með fæðingu þessa frv., vita að orðalag málsgreinarinnar nú er niðurstaða eftir miklar pólitískar þrautir. Sátt um meðferð kvótans að þessu leyti, sátt sem í raun er aðeins orðskrúð eða orðhengilsháttur, fagurgali sem hefur enga raunhæfa þýðingu aðra en þá að útgerðarmenn ná sínu fram. Og þá er eins gott að viðurkenna það og afleiðingar þess og fallast berum orðum og án sjónhverfinga á þörf þeirra fyrir að mega færa sér aflahlutdeildina í nyt til veðsetningar.

Ef 4. mgr. 3. gr. er umorðuð segir hún eftirfarandi: ... Ekki er heimilt að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega en heimilt er að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. ... Þetta er kjarni málsins með einfaldri gagnályktun. Þannig ætti greinin að hljóða. Og þar með er þeirri spurningu svarað að þannig er heimilt að veðsetja aflahlutdeildina."

Þetta er úr svari Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns og þetta finnst mér vera mjög skýrt.

Allshn. barst fjöldinn allur af umsögnum um þetta frv. Sumar voru jákvæðar og fylgjandi því að það yrði samþykkt. Aðrar voru mjög gagnrýnar á það.

Ég ætla að vitna í örfáar umsagnir.

Í áliti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, segir m.a.: „Er hér um að ræða skollaleik í löggjöf þar sem veðhafi getur ráðið eftir eigin geðþótta hvernig aflahlutdeild fiskiskips er ráðstafað. Á sama tíma er kveðið á um að veðsetning aflahlutdeildar sé óheimil."

Sjómannasamband Íslands er mjög andvígt þessu og í umsögn sambandsins segir m.a.: „Sem fyrr hafnar Sjómannasamband Íslands því alfarið að útgerðarmönnum verði heimilað að veðsetja sameign þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti. Sjómannasamband Íslands krefst þess því að 4. mgr. 3. gr. frv. verði felld brott." Að þeirri kröfu uppfylltri styður Sjómannasamband Íslands frv. en er mjög andvígt þessari umdeildu grein.

Sem dæmi um aðila sem eru mjög hlynntir þessu frv. eru Samtök verðbréfafyrirtækja sem fagna þessu frv. mjög ákaft. Sömu sögu er að segja um Samband íslenskra viðskiptabanka sem hvetur til þess að frv. verði samþykkt. Samband íslenskra sparisjóða lýsir sérstaklega yfir fögnuði við þetta frv. þannig að það er rétt, sem fram kom fyrr í umræðunni, að fjármálastofnanir eru þessu almennt mjög fylgjandi en samtök sjómanna og Farmanna- og fiskimannasambandið eru í hópi þeirra aðila sem eru mjög gagnrýnin á frv.

Ég á aðild að brtt. 2. minni hluta við frv. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir eiga einnig aðild að þeim brtt. Þingmennirnir hafa gert mjög vel grein fyrir okkar sjónarmiðum og ég ætla ekki að orðlengja frekar um þau en lýsi mjög eindreginni andstöðu við að þetta lagafrv. verði samþykkt með 4. mgr. 3. gr. innan borðs.

[03:33]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hefur verið til umfjöllunar í hv. Alþingi fyrr en nú, þ.e. á undanförnum þingum. Ef ég man rétt þá er þetta frv. hið fimmta sem við ræðum á jafnmörgum árum eða svo. Ég hef látið það koma fram fyrr í umræðum um þetta mál að ég tel að í því séu nokkur atriði mikilvægari fyrir eðlilega viðskiptahætti eins og þeir hafa þróast í nútímanum heldur en það sem mest hefur orðið að deiluefni. Og ég vil geta þess sérstaklega að með frv. er ætlunin að afnema núgildandi lög um veðsamninga sem eru að stofni til meira en aldargömul. Á þeim tíma

hefur þeim verið breytt lítillega en ég er þeirrar skoðunar, og tel að margir fleiri séu mér sammála um það, að þar hafi hvergi nærri verið gengið fyllilega til móts við þær breytingar og framþróun sem hefur orðið í viðskiptum. Margoft hefur fram komið af hálfu fyrirtækja og annarra aðila sem stunda viðskipti í öðrum atvinnuvegum en í sjávarútvegi að þeirra hagur hafi verið fyrir borð borinn í gildandi lögum. Þeim hafi ekki með lögum verið veittar heimildir til þeirra veðsetninga á raunverulegum verðmætum í starfsemi þeirra sem þeir hefðu getað boðið fram lánardrottnum og öðrum.

Ég verð hins vegar að sæta því, herra forseti, að deiluefnið varðar veðsetningu réttinda til nýtingar í atvinnurekstri, í sjávarútvegi einkanlega. Þó að í frv. og í grg. með því sé fjallað í þessu atriði um sjávarútveg og landbúnað verður að segjast að málið sem snertir landbúnað hefur lítt eða ekki verið rætt. Það hefur nánast verið vikið hjá því að ákvæðið sem um ræðir gæti átt við um fleiri réttindi í atvinnustarfsemi, en eingöngu fjallað um það sem snýr að sjávarútvegi. Í raun hefur umræðan margoft ekki snúist um efni þessa frv. heldur um önnur álitaefni, um lögin og framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða. Ég verð að segja, herra forseti, þá skoðun mína að mér virðist að sumir þeirra hv. þm. sem hafa lýst andstöðu við frv., og sérstaklega við þessa grein þess, hafi hrapallega misskilið efni þessa máls og misskilið jafnvel líka meginefni 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem af sjálfu leiðir að er undirstaða þessara réttinda á hverjum tíma. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að rifja upp þau ákvæði sem þar um ræðir. Í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990 segir einfaldlega, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum [og takið nú eftir] myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Það segir sig sjálft, herra forseti, að hver sem fer með þessar heimildir og hvernig sem hann, sá, sú, hún eða það hefur fengið þær þá eru þær ávallt háðar þessu ákvæði. Það hefur raunar verið margskýrt í álitum ágætra og virtra lögmanna, sem hér hafa verið nefnd af nokkrum hv. mælendum, að öllum þeim sem kynnu að komast yfir veiðiheimildir á grundvelli veðsetningar eru á engan hátt, hvorki með frv. um veð né heldur í lögunum um stjórn fiskveiða, tryggð meiri réttindi en þeim sem höfðu fengið þeim úthlutað samkvæmt þeim lögum. Ég tel mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því. Takmarkanir í lögunum um stjórn fiskveiða eiga við um þessi réttindi til enda, alveg sama hvort með þær fer upprunalegur handhafi eða síðari handhafi. Og skiptir ekki máli hvernig þau hafa flust milli rétthafa.

Ég vil geta þess, herra forseti, áður en ég vík máli mínu lengra að þessu efni að á hinu háa Alþingi hafa fyrr á þessari öld verið sett lög sem veita rétthöfum rétt til að nýta auðlindir þjóðarinnar í atvinnustarfsemi og þá verið ákveðið með öðrum hætti hvernig með mætti fara, þ.e. heimildir rétthafanna. Í lögum nr. 38/1940 er fjallað um Hitaveitu Reykjavíkur og þar segir, með leyfi forseta, um heimildir Hitaveitu Reykjavíkur og eigenda hennar:

„Nær slík veðsetning til allra réttinda fyrirtækisins, þar á meðal sérstaklega einkaréttinda samkvæmt 1. gr., svo og allra eigna, sem nauðsynlegar eru til þess að stofna fyrirtækið og starfrækja, sem eru" — og upp er talið, herra forseti: „Vatn, vatnsréttindi og önnur hitaréttindi, land og réttindi til landsafnota, ..."

Mér er ljóst, herra forseti, að með þessum ákvæðum í lögum um Hitaveitu Reykjavíkur um heimildir hennar til að veðsetja afnotarétt að auðlindum þjóðarinnar eru ekki takmarkanir með þeim hætti sem við ræðum í dagskrármálinu samningsveð.

Þá vil ég víkja að þeim hugmyndum, herra forseti, sem fram hafa komið í umræðunni og verið haldið á lofti. Í hv. allshn. hafa ýmsir fróðir og sérfróðir aðilar verið fengnir til að gefa álit sitt, ýmist munnlega eða skriflega. Í þeim nál. sem hér liggja fyrir er vísað til sumra þeirra, ekki allra, og gæti það í sjálfu sér virst álitaefni en kannski er það vegna þess að einhverjum hefur veist vandasamt eða erfitt að snúa máli þeirra sínum skoðunum í hag. Fyrir þessa álitsgjafa hafa verið lagðar tilteknar spurningar sem hér hafa verið ræddar. Ég verð að viðurkenna að þegar við lítum yfir svör þeirra, þó ekki væri nema þeirra sem eru skrifleg og þess vegna staðfest og birt í nál., sem eru þrír, við spurningu um hvort heimild skv. 4. mgr. 3. gr. frv. veiti heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips svara allir þrír neitandi. Spurningu um hvort samþykkt frv. muni leiða til skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi mundi ákveða að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið svara allir þrír neitandi, herra forseti. Og spurningu um hvort ákvæði þessarar greinar frv. standist viðlagaákvæði laga um umgengni um nytjastofna sjávar svara allir þrír játandi. Með öðrum orðum eru þeir, herra forseti, allir þrír sammála því að þetta frv. skerði ekki, veiki ekki, ákvæði laganna um stjórn fiskveiða, um takmarkanir um það hvernig réttindahafarnir á hverjum tíma megi með fara. Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að mér finnst alveg augljóst að þeir telja að þetta frv. standist takmarkanir í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Fyrir mér er það ábending um að þetta frv. muni ekki veikja þær takmarkanir. Það mun ekki valda ríkissjóði eða okkur þegnum þessa lands skaðabótaskyldu eða öðru slíku tjóni vegna meðferðar einstakra rétthafa veiðiheimilda á þeim.

Það er rétt að geta þess, herra forseti, að einn af okkar virtu viðmælendum lagði ekki fram skriflega umsögn en hefur oft og iðulega gert í fjölmiðlum grein fyrir afstöðu sinni til þessara viðfangsefna. Hér er ég að nefna afstöðu Sigurðar Líndals. Í einu nál. sem fyrir liggur er þess getið að það sé álit hans að ótvírætt sé verið að veðsetja aflahlutdeildina ef skipið er veðsett.

Herra forseti. Ég man nokkuð vel og get lesið enn þá mína skrift af þessum fundi. Þetta kom fram í upphafi máls viðmælanda okkar, þegar honum var gefinn kostur á, ef hann vildi, að ræða almennt um viðfangsefni nefndarinnar áður en nefndarmenn legðu fyrir hann spurningar. Orð hans voru ekki á þá lund að hann væri að tala um aflahlutdeild heldur að almennt væri verið að veðsetja nýtingarréttindi þegar atvinnutæki væri veðsett. Það hefur margoft komið fram í máli hans, herra forseti, að hann er ekki sammála þeim sem telja að með frv. sé of langt gengið. Það hefur margoft komið fram í máli hans. Ég hygg því að menn verði að gæta þess þegar þeir vísa til orða hans og telja að í þeim sé fólgin aðvörun. Hann hefur margoft lýst því yfir að hann telji að þær takmarkanir sem fram koma í þessu frv. séu ekki þarfar. Ég skal viðurkenna, herra forseti, að ég hef oftast verið sammála honum um það efni.

Að lokum vil ég víkja aðeins að þeim tillögum sem minni hlutar nefndarinnar leggur fram. Ég get virt það við þá hv.

nefndarmenn sem hafa starfað ásamt okkur hinum að því að athuga þetta mál að þeir vilja leggja til frekari takmarkanir á því hvernig veiðiheimildum verði ráðstafað í gegnum veðsetningar. Ég verð hins vegar einnig að viðurkenna að um tillögur þeirra beggja sýnist mér að þær muni ekki bæta þau ákvæði frv. Í annarri tillögunni er beinlínis tekið upp það orðalag í lögunum um stjórn fiskveiða sem við hljótum að gera okkur grein fyrir að er byggt á. Og endurtekning af því tagi mun ekki bæta heldur aðeins verða endurtekning og alls ekki breyta efnislegu innihaldi.

Ég tel, herra forseti, alveg ljóst að með 4. mgr. 3. gr. frv. sé ekki verið að leyfa veðsetningar á aflahlutdeild og að síðari málsliður þeirrar greinar gangi ekki í bága við þann fyrri. Ég vil leyfa mér, herra forseti, þessu til staðfestu að benda á atriði í máli ágætra sérfræðinga um lög sem hafa gefið okkur svör við ákveðnum spurningum. Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður svarar neitandi þeirri spurningu nefndarinnar um það hvort 4. mgr. 3. gr. frv. veiti heimild til að veðsetja réttindi eins og aflahlutdeild fiskiskips. Nei. Hún segir enn frekar um stöðu þessara réttinda: „Réttindin eiga ekki sjálfstæðan tilverurétt. Þau getur ekki hver sem er eignast." Hún heldur áfram, með leyfi forseta: „Ég tel því að aðilaskipti geti ekki orðið að þessum réttindum í merkingu aðilaskipta á veðandlagi. Þessi réttindi er ekki hægt að fara með á nauðungaruppboð og selja þau þar. Til þess eru aðilaskiptin háð of mörgum skilyrðum. Þegar af þeirri ástæðu geta þau ekki talist gilt veðandlag að íslenskum rétti."

Herra forseti. Ég tel alveg ljóst að þessi ábending lögmannsins og þetta svar upplýsi málið. Með frv. er ekki verið að leyfa veðsetningu á þessum réttindum. Síðari málsliður málsgreinarinnar leyfir það ekki heldur tekur aðeins fram ákvæði sem að ábendingu banka og fleiri fjármálastofnana, Seðlabankans, sem hefur með það að gera að hafa eftirlit, ekki aðeins með bönkum heldur öllum fjármálafyrirtækjum, sé nauðsynlegt til að bæta úr réttaróvissu.

Það er rétt, herra forseti, að lögmenn voru ekki sammála um að réttaróvissu gætti. En þeir aðilar sem ég hef nefnt fáeinum orðum og voru taldir upp fyrr í umræðunni eru allir sammála um að réttaróvissu hafi gætt og það hafi þurft að bæta úr henni. Ég tel að með þessu ákvæði verði bætt úr þeirri réttaróvissu.

[03:48]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni R. Árnason, sagði í ræðu sinni að lögmennirnir þrír sem gáfu álit á spurningunni um það hvort veðsetning aflaheimilda væri heimil með þessu frv. hefðu svarað því neitandi. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu vegna þess að ef hann er að meina neitandi um fyrri liðinn, það að veðsetja aflaheimildir einar og sér, þá get ég verið sammála honum. En þegar við erum að tala um að aflaheimildir megi veðsetja með skipi þá eru svörin ekki svona skýr. Sigurður Líndal sagði, og það veit ég að hv. þm. man, að fyrri liðurinn um veðsetningu kvótans eins og sér væri almenn regla, seinni liðurinn, um að veðsetja kvóta með skipi, væri sérregla og þessi sérregla heimilaði veðsetningu aflaheimilda með skipi. Ég ræddi þetta einnig við hann í síma og skrifaði það niður eftir honum þannig að ég hef þetta skrifað eftir honum í tvígang. Arnmundur Backman segir einnig að það sé engin spurning um að verið sé að banna veðsetningu kvótans eins og sér. En þegar talað er um að veðsetja hann með skipi þá sé um allt annað að ræða. Það er álit Arnmundar Backmans. Einnig kemur það fram í áliti Þórunnar Guðmundsdóttur, en á bls. 1 stendur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Fjárverðmætin, sem réttindin eru skráð á, er hins vegar hægt að veðsetja og þar sem veðhæfni jarðarinnar og skipsins fer nú á dögum eftir þeim kvóta sem skráður er á viðkomandi skip/jörð má segja að það sé orðhengilsháttur að telja að réttindin verði ekki veðsett."

Ég verð því að biðja hv. þm. um að endurskoða þessa fullyrðingu sína. Ég vil einnig minna á að fulltrúar Fiskveiðasjóðs og Fiskistofu viðurkenndu að samkvæmt þeirra dómi væri verið að heimila veðsetningu með skipi. En það er mikill munur á veðsetningu með skipi eða veðsetningu kvótans einar og sér.

[03:51]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók það fram að ég er að rekja svör þriggja lögmanna sem svöruðu nefndinni skriflega. Svör þeirra liggja öll fyrir við umræðuna á þingskjölum og nefndarálitum meiri hlutans og 1. minni hluta hv. allshn.

Ég ætla ekki að eyða tíma í að rekja þau öll. Ég rakti atriði úr greinargerð Þórunnar Guðmundsdóttur hæstaréttarlögmanns fyrir þessu svari hennar. Svarið var við spurningunni hvort 4. mgr. 3. gr. frv. heimili veðsetningu réttinda eins og aflahlutdeildar fiskiskipa. Það er hvergi spurt um sérstaklega eða ekki sérstaklega, með eða ekki með fiskiskipi. Bæði Þórunn Guðmundsdóttir og Viðar Már Matthíasson prófessor, svara hreint nei. Arnmundur Backman svarar þessu svo, með leyfi foreta:

„Að mínu mati er spurning þessi óþörf. Umrædd 4. mgr. tekur af afdráttarlaust fram eins skýrt og hægt er á móðurmálinu, að það sé ekki heimilt. Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu."

(**KP:** Áfram.) Um þá spurningu, hv. þm. Hann skrifar áfram en þá spyr ég ykkur fyrst þið viljið heyra það, ég hygg að þið getið lesið það: Hvaða annarri spurningu er hann að svara?

Ég verð að viðurkenna, herra forseti, að ég tel alveg ljóst að hann var að svara í framhaldinu sinni eigin spurningu sem var ekki lögfræðileg. Lesið þið orð hans. (**KP:** Þetta er rangtúlkun, vísvitandi.)

Herra forseti. Hv. þm. getur eflaust gert grein fyrir þessari skoðun sinni á skrifum lögmannsins. Ég hef skrif lögmannsins og ég hef lesið þau. Mér er alveg ljóst af orðum hans að þegar hann segir: „Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu" þá telur hann sig vera búinn að svara henni.

[03:53]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að mótmæla því að hv. þm. séu að gera lítið úr álitum lögmanna eða mismuna þeim eins og að sumir tali með pólitísku nefi en einn með löglegra ívafi en hinn. Ég held að ekki sé ástæða til að vera með svona útúrsnúninga á álitum lögfræðinganna, þau tala sínu máli. Það er heldur ekkert verið að tala um einn aðila sem hefur þessa skoðun. Það er fyrst og fremst verið að tala um hverju lögfræðingar svara þegar um er að ræða veðsetningu kvótans eins og sér. Það er enginn ágreiningur um að verið er að banna veðsetningu á kvótanum einar og sér. En ég hef haldið því fram að þetta væri algjör óþarfi því það er í sjálfu sér ekki hægt að gera það. Kvótinn getur aldrei verið öðruvísi en með

skipi. Aftur á móti þegar kemur að hinni spurningunni, sem er að sjálfsögðu jafneðlileg spurning og eðlilegra hefði verið að spyrja bara beint að því: Er verið að heimila veðsetningar með skipi? Er verið að heimila veðsetningu kvótans með skipi? Þá eru menn allt í einu farnir að svara óðruvísi. Þar byrjar að bresta. Ég heyri að hv. þm. viðurkennir það. Það kemur að sjálfsögðu jafn vel í ljós í þeim svörum sem koma síðar við þeirri bollaleggingu lögmannanna sjálfra sumra hverra. Sigurður Líndal svarar þessu reyndar afdráttarlaust vegna þess að hann er spurður beint en Þórunn segir að það sé orðhengilsháttur að segja að þetta sé ekki veðsett með skipi og Arnmundur Backman segir um leið að það sé alveg ljóst að það sé veðsett með skipi. En ég viðurkenni að Viðar Már tekur það ekki fram í sínu áliti.

[03:55]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur fljótt í ljós þegar við ræðum þessi atriði að við komumst ekki hjá því hversu mjög sem við leitum svara annarra að draga sjálf ályktanir ekki aðeins af málinu sem fyrir liggur heldur líka af svörum þeirra sem við spyrjum. Ég dreg ályktanir af svari Arnmundar Backmans eins og annarra lögmanna. Það má vel vera að þið getið haldið því fram að ég dragi ranga ályktun, það er ykkar álit, það er ykkar mat. Ég hef ekki í þessari umræðu dregið ályktun af orðum annarra lögmanna, hv. þm. Ég tók það sérstaklega fram við hvaða þrjá álitsgjafa ég hefði rætt, úr skrifum þeirra sem svöruðu okkur skriflega. Ég hef margoft bent á að þessi svör þeirra hafa legið fyrir í umræðunni í nefndarálitunum. Ég er ekki að fara með neitt annað en það sem hér liggur fyrir.

Álit okkar kann að vera mismunandi — við verðum að gera það skýrt að við drögum mismunandi ályktanir af því sem fram kemur.

[03:56]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu að marki enda langt liðið á nótt. Það hefur margt komið fram við umræðuna sem ég er sammála, m.a. hjá hv. 6. þm. Reykn. Ég vil fyrst geta þess að þetta frv. fjallar um meira en 4. mgr. 3. gr. Þetta frv., ef að lögum verður, eyðir réttaróvissu á fleiri sviðum en því afmarkaða sviði sem sú grein fjallar um.

Það vildi svo til að á þeim tíma sem við vorum að fjalla um þetta í allshn. hitti ég laganema sem var að lesa lög við Háskóla Íslands um þetta efni. Það var nokkuð mikið námsefni sem hann þurfti að fara yfir sem var réttaróvissa sem fylgdi þessum lagabálki og þetta frv., ef að lögum verður, mun eyða. Þá er ég ekki að tala um þessa umdeildu grein. Ég vil að það komi fram við þessa umræðu að með því að setja nýja löggjöf og endurskoða þennan gamla lagabálk, sem vafalaust hefur verið góður á sínum tíma, er búið í haginn fyrir þær atvinnugreinar sem þurfa á veðsetningu að halda. Það finnst mér skipta miklu máli.

Varða hina umdeildu grein vil ég aðeins taka fram nokkur atriði og undirstrika þau. Það hefur verið rætt sérstaklega og ítrekað hvort þetta frv., ef að lögum verður, grafi undan sameignarákvæðinu í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Mér finnst það skipta höfuðmáli í þessu sambandi. Grefur það undan því sameignarákvæði? Festir frv. fiskveiðistjórnarkerfið í sessi frekar en orðið er? Er ríkissjóður skaðabótaskyldur ef kerfinu verður breytt?

Mér finnst þessi atriði skipta höfuðmáli í þessu sambandi og ég held að það verði ekkert um það deilt að þær umsagnir sem hafa komið um þessi atriði svara á þessa leið: Frv. rýrir ekki eða grefur ekki undan 1. gr. Það festir ekki fiskveiðistjórnarkerfið í sessi frekar en orðið er og ríkissjóður er ekki skaðabótaskyldur ef kerfinu verður breytt. Það er nú einu sinni svo að síðan fiskveiðistjórnarkerfið var sett á, þá hafa fiskveiðiheimildir verið skertar mjög og að miklum mun. Og halda menn ekki að ef útgerðarmenn hefðu talið sig eiga fiskinn í sjónum, eins og er nú stundum sagt, þá hefði verið farið í skaðabótamál vegna þessara skerðinga? Ég held að menn gangi nokkuð langt í þessum túlkunum sínum um að hér sé verið að veðsetja auðlindina sem er eign þjóðarinnar. Þetta frv. breytir engu í því að auðlindin verður eign þjóðarinnar áfram. Hins vegar hefur það komið skýrt fram að þessi eign er fullveldisréttur þjóðarinnar sem stjórnvöld hafa heimild til að ráðstafa í hennar umboði.

Það er grundvallarmunur á eign eða nýtingarréttindum eins og hefur komið hér fram og það er afar mikilvægt að greinarmunur sé gerður á þessu tvennu þegar fjallað er um 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Hins vegar tel ég að með því að eyða þeirri réttaróvissu sem er um þetta mál sé staða sjávarútvegsins betur tryggð en hún er nú og sjávarútvegsfyrirtæki eigi áfram kost á betri kjörum í bönkum heldur en yrði ef þessi óvissa héldi áfram. Það skiptir miklu máli. Og ég trúi því ekki í raun að hv. þm. séu þeirrar skoðunar að það eigi að rýra stöðu sjávarútvegsins í þessari löggjöf þegar verið er að styrkja stöðu annarra atvinnugreina gagnvart lánastofnunum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég tel að ef frv. verður að lögum, sem það verður vonandi á þessu þingi, þá styrki það grundvöll þeirra atvinnugreina sem það varðar.

[04:05]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson sem ég virði mikils og er réttsýnn maður segir að aðalatriðið í þessu máli sé að sameignarákvæðið sé tryggt, og að meginforsendan fyrir því að hann geti samþykkt þetta frv. sé að það sé tryggt. Ég vil þá spyrja hv. þm.: Ef það væri hugsanlega rangt mat hjá hv. þm. að veðsetning með skipi væri óheimil, með öðrum orðum að veðsetningin væri heimil með skipi, sem hann telur að ég hygg ekki vera, mundi hann þá telja að sameignarákvæðið héldi verr? Það er í rauninni grundvallaratriði. Mundi hann telja að sameignarákvæðið yrði léttvægara eða ekki eins sterkt ákvæði og það er í dag, ef hann hefði hugsanlega rangt fyrir sér og heimild til veðsetningar með skipi mundi ganga eftir? Þetta á nefnilega við um svo margt annað og þess vegna spyr ég: Ef það er einhver óvissa um þetta atriði, hvers vegna þá ekki að hafa lögin skýrari þannig að við séum ekki í neinum vafa og að lögmenn, lagaskýrendur, þurfi ekki heldur að vera í vafa? Þap er mjög auðvelt að breyta frv. þannig að það sé enginn vafi.

[04:06]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að frv. veiti ekki heimildir til að veðsetja kvóta eins og talað er um. Hins vegar geri ég skýran greinarmun á því sem menn kalla að veðsetja fiskinn í sjónum eða veðsetja nýtingarréttindi. Greinargerð Viðars Más Matthíassonar um eignarréttinn ætti að vera skyldulesning hér og ég veit að hv. þm. í allshn. hafa lesið kafla í henni. Það er afar fróðlegur og ítarlegur kafli og hann er góður til skilnings á 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna því um hana hafa

umræður verið mjög á reiki, þ.e. hvers konar eignarrétt þjóðarinnar 1. gr. felur í sér. Ég tel að þó að þessi nýtingarréttindi væru veðsett þá mundi það ekki rýra 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Þar með er ekki sagt að ég telji að svo sé í þessu frv. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því. En miðað við þann skilning sem ég legg í eignarréttarákvæðið — hér er um nýtingarréttindi að ræða. Hér er um fullveldisrétt þjóðarinnar að ræða. Ríkissjóður er ekki skaðabótaskyldur þó að fiskveiðikerfinu verði breytt — þá tel ég að sameignarákvæðið sé tryggt og það skiptir meginmáli í þessu sambandi og er kjarnaatriði.

[04:08]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst þetta mjög athyglisvert hjá hv. þm. Mér skilst þá í rauninni að það skipti ekki máli lengur hvort veðsetning sé heimil eða ekki, það muni ekki breyta neinu og hafi þá í rauninni alla tíð verið skoðun hv. þm. að það væri í lagi að veðsetja kvótann því það hefði engin áhrif á svokallað sameignarákvæði. Og þá get ég að sjálfsögðu skilið það að honum finnist allt í lagi þó að þetta sé óljóst eins og þetta er í þessu frv., það sé mjög óljóst hvort verið sé að heimila veðsetningar með skipum eða ekki. En mig langaði að spyrja hv. þm. frekar: Er hann að meina að hann telji í sjálfu sér að það sé verið að veðsetja eignarréttinn í þessu tilfelli, sem sagt aflahlutdeildina sem er eignarréttur viðkomandi útgerða í heildarúthlutun aflaheimilda, að það sé verið að veðsetja þennan eignarrétt, aflahlutdeildarrétt, með þessu frv.?

[04:09]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að ekki sé verið að veðsetja aflahlutdeildarrétt með frv. Aflahlutdeild eða fiskveiðiréttindi geta aldrei orðið sjálfstætt andlag veðréttar eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu. Hins vegar er það rétt að aflahlutdeild er bundin skipi alveg eins og margs konar réttindi eru bundin öðrum eignum sem gera þær verðmætari og auka veðþol þeirra. Það er staðreynd og hefur komið fram í þessari umræðu. En það er ekki þar með sagt að leyfilegt sé að veðsetja þessi réttindi. Það kemur skýrt fram (**KPál:** Með skipum.) að þau geta aldrei orðið sjálfstætt andlag veðréttar, en þau eru bundin skipi. Með þessu frv. er verið að eyða réttaróvissu. Það er verið að styrkja grundvöll sjávarútvegsins í viðskiptum. Þetta mál snýst um viðskipti eins og áður hefur komið fram, snýst um siðferði í viðskiptum og það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því fyrst af öllu.

[04:11]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki auka mjög miklu við þessa umsvifamiklu efnislegu umræðu sem hefur farið fram um þetta mikla mál, heldur aðeins að koma inn á hluti sem ég tel að eigi erindi inn í þessa umræðu og vildi gjarnan auka við. Það er í fyrsta lagi að mér hefur fundist jaðra við í þessari umræðu að menn litu þannig á að með frv. væri verið að leiða í lög mjög mikla breytingu á grundvallarhugsun manna varðandi fiskveiðistjórnina og spurninguna um eignarrétt og spurninguna um kvótakerfið og þar fram eftir götunum. Þetta held ég að sé allt saman gríðarlegur misskilningur. Það er eins og menn hafi ekki áttað sig á þeim veruleika sem er í atvinnugreininni í dag, í sjávarútveginum nú, og samskiptum sjávarútvegsins við lánastofnanir. Umræðan hefur einhvern veginn snúist um að það sé ekkert nú til í þessu máli, það sé engin nútíð til í þessu máli og við séum að búa til einhverja nýja reynslu sem muni þess vegna gjörbreyta hugsunarhætti manna og gjörbreyta spurningunni um eignarréttinn á auðlindinni. Þetta er auðvitað allt saman gríðarlegur misskilningur. Sannleikurinn er sá, eins og allir eiga að vita, að í dag myndar kvótinn veiðirétt og þess vegna segir kvótastaða hvers skips til um tekjumöguleika skipsins og segir til um það undir hversu miklum skuldum þetta skip getur staðið. Þetta er raunveruleikinn í dag og menn skulu ekkert ímynda sér að þetta sé einhvern veginn öðruvísi vegna þess að auðvitað er það þannig að það er kvótastaða skipsins sem segir heilmikið um það í dag undir hve miklum skuldum það er talið standa.

Ég held að það sé mikið vanmat á lánastofnunum þjóðfélagsins ef menn ímynda sér það að þær muni ætla sér að búa hér við óvissu til frambúðar. Þær munu reyna að leita sér að leið til þess að tryggja sig í samskiptum sínum við útgerðarmenn og það eru líka hagsmunir útgerðarmanna að samskipti útgerðanna og lánastofnananna séu sem snurðulausust og gangi sem best fyrir sig því hver er staða útgerðarmanns sem þarf að koma á hnjánum gagnvart lánastofnuninni vegna þess að lánastofnunin getur bent á það með nokkrum rétti og sagt: „Ja, lánið mitt er ekki alveg öruggt vegna þess að lögin frá Alþingi eru svona og svona og tryggja ekki mína stöðu.“ Þess vegna er það svo að lánastofnanirnar leita sinna leiða. Við skulum velta því aðeins fyrir okkur hvernig þetta er gert í dag. Í fyrsta lagi er það mjög algengt í samningum milli útgerðarmanna og lánastofnana að kveðið sé á um að ekki megi selja burt aflaheimildir af skipinu. Og þannig hafa lánastofnanir t.d. verið að reyna að tryggja að veiðiréttirnir, möguleikinn til þess að standa undir skuldbindingunum sem viðkomandi útgerð hefur tekist á hendur, skerðist ekki. Þetta er ein aðferðin. Þetta hafa menn hins vegar ekki talið nægilega tryggt og þess vegna hefur það einkanlega verið svo gagnvart minni útgerðunum, veikari útgerðunum, sem ekki hafa getað reitt fram aðrar tryggingar, að þetta er farið að valda vanda.

Mér er mætavel kunnugt um einstök dæmi um að útgerðarmenn standa frammi fyrir því núna, og hafa staðið frammi fyrir því á undanförnum mánuðum og missirum, að lánastofnanir hafa verið að segja við þá: „Við teljum að okkar hlutur sé ekki nægilega vel tryggður og við þurfum einhvern veginn að skapa okkur frekari tryggingar.“ Þess vegna er þetta mál ekki, eins og hér var haldið fram áðan m.a. af hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur, eitthvert mál sem snýr eingöngu að lánastofnunum. Þetta snýr ekkert síður að fyrirtækjunum sjálfum, að þau fái eðlilegan starfsgrundvöll, eðlilegt rekstrarumhverfi til að eiga eðlileg lánsviðskipti við sínar lánastofnanir. Þetta er hins vegar ekki sérstakt vandamál fyrir stærri útgerðir í dag. Þær leysa málin allt öðruvísi. Veðtrygginga er ekki krafist á sama hátt af þeim í ýmsum tilvikum vegna þess að efnahagsleg staða þeirra er slík að útlánastofnanir telja sig ekki þurfa þess. Þess vegna er þetta í þessu tilviki enn meira hagsmunamál minni og veikari fyrirtækja í landinu að frá þessum málum sé gengið þannig að tryggt sé.

Það sem hefur hins vegar verið að gerast á undanförnum mánuðum liggur mér við að segja, kannski frekar en missirum, er að lánastofnanirnar sjálfar hafa verið að reyna að finna sér pottþéttar og öruggar leiðir og enginn þarf að vera í vafa um að þær hafa réttinn sín megin. Þá vaknar ekki þessi

spurning um lögmæti þess að menn geti flutt kvóta af skipum án þess að spyrja þann sem á veðið. Þess vegna hafa menn einfaldlega farið nýjar leiðir. Og hverjar eru þær leiðir? Ég ætla aðeins að lýsa í örstuttu máli dæmigerðri slíkri leið sem mér er vel kunnugt um og hefur reyndar komið fram í fjölmiðlum.

Útgerðarmaður ákveður að kaupa nýtt skip. Hann leitar til lánastofnunar sem hóar saman fjárfestum af ýmsu tagi. Það geta verið bankastofnanir, það geta verið lífeyrissjóðir og það getur nánast verið hver sem er, fjársterkir einstaklingar og hver sem er. Þeir lána allt kaupverðið. Það er engin veðröð á skipinu heldur deila menn fyrsta veðrétti, hver lánardrottinn á sína hlutdeild í hlutfalli við það lán sem hann veitir. Það er lánardrottinninn í þessu tilviki, hópur fjárfestanna, sem á í raun og veru skipið, getur t.d. stofnað hlutafélag með litlu hlutafé, eignast skipið. En til þess að tryggja stöðu sína betur er séð til þess að aflahlutdeild, veiðileyfi og aflahlutdeild er flutt yfir á þetta skip sem er hins vegar í eigu fyrirtækisins sem lánastofnanirnar, fjárfestarnir eiga. Útgerðarmaðurinn sem hefur látið kvótann yfir á skipið hefur auðvitað alla hagsmuni af því að reyna að standa undir þeim skuldbindingum sem hann tekst á hendur til að missa nú ekki bæði réttinn á skipinu og síðan á kvótanum. En ef hann getur ekki staðið við sínar skuldbindingar þá munu lánardrottnarnir hafa heimild til að leysa til sín bæði skipið og aflaheimildirnar. Þannig er staðan í dag. Þetta er veruleiki dagsins í dag. Það sem ég hef verið að lýsa er því annars vegar sú aðferð sem er fullkomlega lögleg og er farið að nota í íslenskum sjávarútvegi til að tryggja að menn geti fengið „eðlilega" lánafyrirgreiðslu sem hins vegar er dýrari. Hún kostar meiri peninga. Hún kostar viðbótarþinglýsingu. Hún leiðir væntanlega til þess að vextir verða hærri heldur en ef þessi lánafyrirgreiðsla færi eðlilega fram eins og við höfum þekkt í gegnum áratugina, þar sem lánardrottnar hafa verið að lána til útgerða og hafa þar með auðvitað fengið sinn rétt til veðsetningar í sóknarmöguleikum viðkomandi skips.

Þess vegna, virðulegi forseti, er það alveg fáránlegt sem menn hafa verið að halda fram í umræðunni hér í kvöld, m.a. bæði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, sem kvartaði undan því þegar hæstv. sjútvrh. þurfti að fara frá í eina mínútu en er hlaupin hér úr salnum um leið og hennar eigin ræðu lauk. Þessir hv. þm. voru að tala eins og það væri þannig að með þessu frv. væri verið að leggja vopnin í hendurnar á lánastofnunum og tryggja að lánastofnanirnar hefðu meira tangarhald á skipunum en þær hafa í dag. Því fer alveg víðs fjarri og þessu er raunar öfugt farið eins og ég hef verið að sýna fram á. Núverandi aðferð, eins og ég var að lýsa hér áðan, felur í sér að það er verið að afhenda lánastofnununum miklu meiri völd yfir íslenska skipaflotanum heldur en við höfum þekkt fram undir þetta. Því ástandi þurfum við að láta linna og því ástandi þurfum við að breyta. Og ég trúi því ekki að þeir þingmenn sem hafa verið að tala gegn þessum hugmyndum hér í kvöld séu virkilega talsmenn þessa óbreytta ástands.

Ég verð hins vegar ekki var við það í þessum málflutningi sem ég hef verið að reyna að hlýða á hér í kvöld að menn hafi verið að tala um einhverja aðra valkosti. Menn hafa verið að tefla saman annars vegar óbreyttu ástandi eða þeirri leið sem það frv. sem við erum að ræða býður upp á.

Virðulegi forseti. Ég vil halda því fram, og það er niðurstaða míns máls, að núverandi kerfi muni, gangi það eftir óbreytt, auka umráðarétt lánastofnana yfir aflaheimildunum og veiðirétti íslenska fiskiskipaflotans. Það væri vond þróun. Þess vegna er það mun betra fyrir okkur að tryggja þetta með skýrari lagasetningu eins og hér er verið að leggja til. Við getum endalaust deilt um það og um það er hífandi ágreiningur hér í þingsölum hvernig eigi að skipa málum varðandi fiskveiðistjórnunina. Ég er til að mynda algjörlega ósammála hæstv. sjútvrh. í veigamiklum atriðum þar um. En ég tel hins vegar að þetta frv. sé alls ekki líklegt til þess að festa í sessi núverandi skipulag nema síður sé vegna þess að, eins og komið hefur rækilega fram í umræðunni í kvöld, þá hefur löggjafinn eftir sem áður það frelsi sem hann þarf til að taka sínar sjálfstæðu ákvarðanir, enda er það svo eðli málsins samkvæmt að löggjafinn getur breytt sínum ákvörðunum frá einu þingi til annars. Þess vegna, virðulegi forseti, er það rangt sem hefur verið haldið fram að þetta frv. sé líklegt til þess að auka, miðað við núverandi ástand, umráðarétt lánastofnana yfir aflaheimildum og veiðiréttinum. Ég hef þvert á móti sýnt fram á að því er þveröfugt farið.

[04:23]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, virðist að mér sýnist misskilja þetta frv. gjörsamlega. Hann hefur a.m.k. ekki lesið það sem komið hefur fram í ýmsum álitum, eins og frá 1. minni hluta þar sem vitnað er í lögmann eins og Sigurð Líndal lagaprófessor, þar sem hann fullyrðir í mín eyru og hefur sagt það í hv. nefnd, að með því að heimila veðsetningar á kvóta sé verið að rýra og takmarka vald löggjafans til breytinga á núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, það muni takmarka það. Þetta þýðir með öðrum orðum að það taki lengri tíma að breyta því. Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að breyta því en það tekur lengri tíma. Hvað þýðir lengri tími? Það þýðir jafnvel tíu ár eða meira. Ég er ekki að segja að það sé nauðsynlegt að breyta kvótakerfinu. Ég hef alla tíð verið stuðningsmaður þess alveg þvert á þá skoðun sem hv. þm. Einar Guðfinnsson hefur. En hann hefur aftur á móti alla tíð lagt áherslu á að það ætti að breyta um fiskveiðistjórnarkerfi. En með því að samþykkja þetta er hann alveg að gera þvert á við það sem hann hefur hingað til viljað gera, þ.e. að fara yfir í allt annað kerfi. Mér finnst dálítið skondnar þær hugleiðingar sem hér komu fram um lánastofnanir. Eins og það komi til með að breyta einhverju sérstaklega varðandi lánastofnanir að þetta frv. verði gert að lögum? Það er alveg hárrétt að það ganga alls konar samningar milli útgerða og banka í dag sem hafa heimilað mönnum eða gert þeim kleift að fá lán. En ég á ekki von á að það breyti einu né neinu í framkvæmd í rauninni fyrir þessa aðila hvort þetta frv. gengur eða ekki. Menn fá áfram sín lán og veðsetja áfram en hið gamla góða handsal sem einu sinni gekk á að geta gengið áfram, þ.e. að hægt sé að treysta útgerðarmönnum alveg eins og útgerðarmenn geti treyst lánastofnunum.

[04:25]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst þetta dálítið einkennilegt andsvar hjá hv. þm. en látum það nú vera. Hv. þm. velti því fyrir sér hvort það tæki lengri eða skemmri tíma að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi að samþykktu þessu frv. Ég held að þetta hafi nákvæmlega engin áhrif á það. Viðar Már Matthíasson, prófessor í lögum, segir í sínu áliti sem birt er sem fylgiskjal með áliti meiri hluta allshn., með leyfi virðulegs forseta:

„Spurningin um það, hvort það myndi leiða til bótaskyldu ríkissjóðs ef komið væri á sóknarmarkskerfi, verður ekki svarað með öðrum hætti en þeim, að ef það er gert á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem rakin eru hér á undan, [þ.e. grundvelli almennra sjónarmiða] þá leiðir það ekki til bótaskyldu ríkissjóðs. Hið sama á við um spurninguna um veiðileyfagjald almennt séð, að því gefnu að markmið og fjárhæð gjaldsins sé réttlætanlegt á grundvelli framangreindra sjónarmiða."

Það sem ég var hins vegar að reyna að rökstyðja í máli mínu áðan var einfaldlega að þetta frv. muni ekki leiða til þess að yfirráðaréttur lánastofnana yfir aflaheimildum og veiðirétti skipanna muni aukast. Þvert á móti var ég að reyna að sýna fram á það með gildum rökum, málefnalegum rökum, að núverandi ástand sé miklu líklegra til þess að auka tangarhald lánastofnana á veiðiréttinum og aflaheimildum skipanna og það muni frekar binda hendur löggjafans í framtíðinni ef menn vilja líta þannig á. Ég held hins vegar að löggjafinn hafi hið sjálfstæða vald sitt til að taka sínar ákvarðanir þannig að ég hef út af fyrir sig ekki miklar áhyggjur af þeirri spurningu. En ef menn vilja velta því fyrir sér hvort sterkari hagsmunir muni tengjast kerfinu með eða án þessa frv. þá er svar mitt ótvírætt að án þessa frv. sé miklu líklegra að við munum sjá meiri og fleiri dæmi í þeim dúr sem ég var að rekja hér áðan sem ótvírætt þýða til lengri eða skemmri tíma að yfirráðaréttur lánastofnana á skipum og veiðirétti og þar með aflaheimildum muni aukast.

[04:28]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristján Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held því miður að hv. þm. átti sig ekki alveg á því hvað getur gerst ef þetta frv. verður að lögum. Það er akkúrat þvert á við það sem hv. þm. heldur fram. Hann heldur því fram að smáútgerðir hafi meiri möguleika og lifi lengur ef þetta frv. verður samþykkt heldur en við ástandið í dag. Ég held einmitt að þetta gerist þannig að útgerðir, fyrirtæki í sjávarútvegi, muni stækka. Flutningar veiðiheimilda milli útgerða verða mjög erfiðar með þessu kerfi vegna þess að það þarf að fá leyfi hvers einasta veðhafa fyrir kvótaflutningi. Það þýðir í framkvæmd, sýnist mér, að bæði útgerðir og veðhafar, lánastofnanir, munu leitast við að gera fyrirtækin stærri með fjölþættari veiðiheimildum, þannig að það sé auðvelt að færa veiðiheimildir á milli skipa innan sama fyrirtækis. Flutningar á milli óskyldra aðila munu nánast hverfa, að ég hygg, á örfáum árum vegna þess hve torvelt þetta verður í framkvæmd. Og það mun þýða að smærri útgerðum úti um allt land mun fækka. Stærri útgerðirnar munu kaupa þær upp og lánastofnanir munu væntanlega vilja það vegna þess að það er miklu einfaldara og fellur betur inn í það kerfi sem við erum að tala um að lögfesta nú.

[04:29]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að deila lengi við hv. þm. um þetta. Ég held að það fari ekkert á milli mála að réttaróvissa er alltaf verri fyrir smærri aðilann heldur en hinn stærri. Stærri aðilinn hefur alltaf möguleika á því að bjarga sér með einhverjum öðrum hætti og það var það sem ég sýndi rækilega og ótvírætt fram á áðan í máli mínu að stærri aðilinn hefur allt aðra stöðu gagnvart lánardrottnunum heldur en hinn smærri þannig að ég held að þetta sé alveg fráleitt sem hv. þm. hélt fram.

En það sem vekur athygli mína í þessu máli er það sem ég sérstaklega nefndi í ræðu minni áðan, að þeir sem höfðu talað hérna gegn þessu frv. virtust ekki leggja fram neinn nýjan valkost. Þeir töluðu bara annars vegar um núverandi ástand sem er eins og ég var að lýsa hérna áðan, ástand þar sem lánardrottnarnir geta smám saman og munu smám saman að óbreyttu ástandi eignast meiri rétt yfir veiðiréttindum og skipi. Þeir hv. þm. sem hafa verið að tala gegn þessu frv. virðast vera varðhundar fyrir óbreytt kerfi, vilja ekki hverfa frá því þó að það sé að leiða til þess sem ég hef verið að lýsa, og tefla einungis fram óbreyttu ástandi móti þessu frv. og hafa ekki komið fram með aðra valkosti sem eru sannfærandi í þessu máli.

[04:31]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Réttaróvissan er alltaf verri fyrir smærri aðilann en hinn stærri, segir hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Ja, hvor er nú stærri og hvor er hinn smærri, þjóðin eða útgerðin? Það sem menn eru að hafa áhyggjur af með þessu lagafrv. og þessum lögum væntanlega er sú réttaróvissa sem er verið að skapa þjóðinni gagnvart útgerðinni.

Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson segir að með þessum lögum sé ekki verið að gera neinar grundvallarbreytingar. Að vissu marki má þetta til sanns vegar færa. En staðreyndin er sú að yfirráð útgerðarinnar yfir kvótanum eru orðin slík, yfir óveiddum fiski, yfir þessari sameign þjóðarinnar, að menn eru farnir að hagnast á viðskiptum með óveiddan fisk í slíkum mæli að nemur ekki bara milljónum heldur hundruðum milljóna króna. Þjóðin er farin að hafa áhyggjur af því að eignarhald þessara aðila yfir aflanum, yfir fiskinum, yfir sameigninni, sé verið að festa enn frekar í sessi með þessu lagafrv. Ég læt ekki sannfærast af þeim rökum sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson setti fram um að núverandi ástand væri til þess fallið að festa þessi yfirráð í sessi. Ég læt ekki sannfærast af þeim rökum.

Hann talar um að útgerðarmenn eigi að búa við eðlilegt rekstrarumhverfi fyrir sín fyrirtæki og að þeir eigi ekki að þurfa að koma á hnjánum til lánastofnana. Spurningin er hvort þjóðin eigi að koma á hnjánum til útgerðarmanna, en það er sá veruleiki sem verið er að skapa í þjóðfélaginu á Íslandi.

Hins vegar kvaddi ég mér hljóðs til þess að mótmæla tilvitnunum hv. þm. Árna R. Árnasonar í umsögn Arnmundar Backmans hæstaréttarlögmanns til allshn., reyndar til hv. þm. Kristjáns Pálssonar alþingismanns sem síðan var vísað til allshn. Hv. þm. Árni R. Árnason vitnaði í ummæli Arnmundar um spurninguna hvort með þessum lagabreytingum væri verið að heimila veðsetningu réttinda eins og aflahlutdeildar fiskiskips með eftirfarandi hætti, tilvitnun í yfirlýsingu Arnmundar, með leyfi forseta:

„Að mínu mati er spurning þessi óþörf. Umrædd 4. mgr. tekur afdráttarlaust fram og eins skýrt og hægt er á móðurmálinu, að það sé ekki heimilt. Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu."

Þetta var tilvitnun þingmannsins í umsögn Arnmundar Backmans. En síðan segir í þessari yfirlýsingu lögmannsins, með leyfi forseta:

„Er ekki eitthvað annað sem skiptir máli í þessu sambandi en það hvort heimilt sé að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega? Þeir sem fylgst hafa með umræðu þessara mála, áhuga út-

gerðarmanna á því að geta notfært sér aflahlutdeild í eigu þjóðarinnar til veðs í viðskiptum sínum við lánardrottna og þeir sem fylgst hafa með fæðingu þessa frv. vita að orðalag málsgreinarinnar nú er niðurstaða eftir miklar pólitískar þrautir. Sátt um meðferð kvótans að þessu leyti, sátt sem í raun er aðeins orðskrúð eða orðhengilsháttur, fagurgali sem hefur enga raunhæfa þýðingu aðra en þá að útgerðarmenn ná sínu fram. Og þá er eins gott að viðurkenna það og afleiðingar þess og fallast berum orðum og án sjónhverfinga á þörf þeirra fyrir að mega færa sér aflahlutdeildina í nyt til veðsetningar.

Ef 4. mgr. 3. gr. er umorðuð segir hún eftirfarandi: ... Ekki er heimilt að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega en heimilt er að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. ... Þetta er kjarni málsins með einfaldri gagnályktun. Þannig ætti greinin að hljóða. Og þar með er þeirri spurningu svarað, að þannig er heimilt að veðsetja aflahlutdeildina."

Mér finnst, með leyfi forseta, nauðsynlegt að rifja þetta upp. Ég vitnaði í þessi ummæli Arnmundar Backmans við umræðuna fyrr í nótt. En ég vil vekja athygli á því að þegar við notfærum okkur plögg sem nefndum þingsins eða Alþingi berast, þá megum við ekki vitna í þau þannig að misvísandi sé. Mér fannst það gert hér áðan og ég kom upp og kvaddi mér hljóðs til þess að sannleikurinn kæmi allur í ljós.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11. og 32. mál.

Fundi slitið kl. 04:38.

---

124. FUNDUR

miðvikudaginn 14. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707, nál. 1171, brtt. 1172. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830, nál. 1169, brtt. 1170. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, þáltill., 387. mál, þskj. 679, nál. 1162. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, stjfrv., 444. mál, þskj. 756, nál. 1154, brtt. 1155. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

6. Ríkisreikningur 1995, stjfrv., 99. mál, þskj. 102, nál. 1151. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

7. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103, nál. 1102, brtt. 1103, 1134, 1148 og 1163. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101, nál. 1167, brtt. 1168. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

9. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350, nál. 1000, 1224 og 1238, brtt. 1001, 1225 og 1239. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

10. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 424. mál, þskj. 728, nál. 1194 og 1220, brtt. 1195. — 2. umr.

11. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 477. mál, þskj. 804, nál. 1197, brtt. 1198. — 2. umr.

12. Búnaðargjald, stjfrv., 478. mál, þskj. 805, nál. 1192 og 1263, brtt. 1193. — 2. umr.

13. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 479. mál, þskj. 806, brtt. 1196. — 3. umr.

14. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 523. mál, þskj. 875, nál. 1199. — 2. umr.

15. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876, nál. 1200. — 2. umr.

16. Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, þáltill., 377. mál, þskj. 662, nál. 1202. — Síðari umr.

17. Skógræktaráætlun, þáltill., 546. mál, þskj. 900, nál. 1201. — Síðari umr.

18. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802, nál. 1264 og 1276. — 2. umr.

19. Skipan prestakalla og prófastsdæma, frv., 591. mál, þskj. 1034. — 3. umr.

20. Tryggingagjald, frv., 541. mál, þskj. 895. — 3. umr.

21. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 485. mál, þskj. 816 (með áorðn. breyt. á þskj. 1181). — 3. umr.

22. Erfðafjárskattur, frv., 517. mál, þskj. 866 (með áorðn. breyt. á þskj. 1156). — 3. umr.

23. Þjóðminjalög, stjfrv., 502. mál, þskj. 842 (með áorðn. breyt. á þskj. 1153). — 3. umr.

24. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.

25. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907, nál. 1182. — Frh. 2. umr.

26. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908, nál. 1183. — Frh. 2. umr.

27. Vörugjald af olíu, frv., 612. mál, þskj. 1184. — 2. umr.

28. Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, þáltill., 132. mál, þskj. 143, nál. 1235. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Páll Pétursson félmrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

[10:32]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 529. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1269; nál. minni hluta fjárln., þskj. 1271.

Tilhögun þingfundar.

[10:32]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Um fundarhaldið í dag vill forseti taka fram að gert er ráð fyrir atkvæðagreiðslum um fyrstu níu dagskrármálin og e.t.v. fleiri um kl. eitt. Að loknum atkvæðagreiðslum, sem sennilega munu standa alllengi, verður fyrirspurnafundur og svo eldhúsdagsumræður í kvöld.

Lánasjóður landbúnaðarins, 2. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 728, nál. 1194 og 1220, brtt. 1195.

[10:33]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins frá meiri hluta landbn.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar núna síðustu vikurnar. Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Má segja að flestar þær breytingar sem gerðar eru á frv. snúi að tæknilegum atriðum sem voru gagnrýnd af lánastofnunum. Síðan eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæði og að lögin taki gildi í upphafi næsta árs.

Á þskj. 1195, sem er á borðum þingmanna, eru brtt. og sé ég ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta mál.

Undir nál. rita Guðni Ágústsson, Guðjón Guðmundsson, Magnús Stefánsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Hjálmar Jónsson og Árni M. Mathiesen. Við leggjum til að frv. verði gert að lögum.

[10:35]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta landbn. sem er á þskj. 1220 en minni hluta landbn. skipar ásamt mér hv. þm. Ágúst Einarsson.

Það frv. sem hér er til umræðu má segja að kristalli þann ágreining sem uppi er um landbúnaðarmál á milli þingflokks jafnaðarmanna annars vegar og stjórnarflokkanna hins vegar.

Þetta frv. á upphaf sitt að rekja til sérstaks stofnlánasjóðs fyrir landbúnaðinn sem má rekja til Ræktunarsjóðs Íslands sem stofnaður var með lögum frá Alþingi í mars árið 1900. Ýmsar breytingar urðu síðan á fyrirkomulagi þessara mála þar til Stofnlánadeild landbúnaðarins tók til starfa 1962. Stofnlánadeild landbúnaðarins starfar nú samkvæmt lögum nr. 45/1971, með áorðnum breytingum. Stofnlánadeildin hefur haft tekjur úr ríkissjóði með árlegu framlagi, sérstökum sjóðagjöldum sem lögð hafa verið á framleiðsluvörur bænda og vaxtagreiðslum. Skv. 1. gr. laga nr. 45/1971 er hlutverk Stofnlánadeildarinnar að efla framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum. Því er ljóst að frv. sem hér er til meðferðar um Lánasjóð landbúnaðarins er ekki ætlað að breyta því fyrirkomulagi sem nú ríkir í þessum málum sem rekja má aftur til síðustu aldamóta. Sú hugmyndafræði sem hér er verið að bera fram er í raun sú hin sama og ríkt hefur í þessum málum frá aldamótum. Í því kristallast vitaskuld sá ágreiningur sem er á milli okkar jafnaðarmanna annars vegar og ríkisstjórnarflokkanna hins vegar um að það rekstrarumhverfi sem bændur hafa þurft að lifa í alla þessa öld hefur ekki verið þeim til framdráttar, síður en svo. Þrátt fyrir það á að halda áfram á þeirri leið sem mörkuð hefur verið síðustu áratugi enda hefur ríkisstjórnin með framlagningu þessa frv. tekið þá pólitísku ákvörðun að viðhalda rekstri sérstaks niðurgreidds lánasjóðs fyrir landbúnaðinn þrátt fyrir að þessi stefna hafi fyrir löngu gengið sér til húðar eins og dæmin sanna og staða greinarinnar sýnir.

Í fyrsta lagi gerir minni hluti nefndarinnar athugsemdir við þá hugmyndafræði sem birtist í frv. að áfram skuli rekinn sérstakur niðurgreiddur lánasjóður fyrir landbúnaðinn. Sú niðurgreiðsla er að mestu leyti fjármögnuð af bændum sjálfum með greiðslu sjóðagjalda. Þessi hugmyndafræði um miðstýringu í fjárfestingum greinarinnar verður enn undarlegri í ljósi þess að nú þegar er offjárfesting í greininni og því engin hagfræðileg rök fyrir rekstri slíks niðurgreidds sjóðs. Minni hlutinn telur því að sú stefna, sem birtist í frv., gangi gegn þeirri almennu frelsisþróun sem orðið hefur á íslenskum fjármagnsmarkaði undanfarin ár, auk þess sem frv. sjálft gangi gegn veigamestu röksemdunum fyrir nauðsyn endurskipulagningar á íslenskum fjármagnsmarkaði sem stefnt er að með öðrum frv. ríkisstjórnarinnar sem liggja fyrir Alþingi. Því telur minni hlutinn að fara hefði átt þá leið að fella Stofnlánadeild landbúnaðarins inn í annan hvorn ríkisbankann og láta markaðinn annast almenna lánastarfsemi til landbúnaðarins eins og til annarra atvinnugreina í landinu.

Í öðru lagi gagnrýnir minni hlutinn harðlega þá útfærslu að landbúnaðurinn skuli skattlagður sérstaklega til þess að afla tekna fyrir sjóðinn, en þær síðan notaðar til þess að endurlána fé til framleiðenda greinarinnar á niðurgreiddum vöxtum. Minni hlutinn telur að þessi miðstýrða aðferðafræði sé tímaskekkja af verstu gerð og hefði talið mun eðlilegra að í stað þessara álaga á bændur hefði átt að fella þær niður. Telji ríkisvaldið áfram nauðsynlegt að styðja landbúnaðinn sérstaklega sé eðlilegra að gera það með sérstökum framlögum á fjárlögum í stað þeirrar millifærslu sem frv. gerir ráð fyrir.

Í þriðja lagi vill minni hlutinn vekja athygli á því að þrátt fyrir tilurð þessa sjóðs og þrátt fyrir að hann sé að stórum hluta fjármagnaður af greininni sjálfri eru þau skilyrði sem sett eru fyrir lánveitingum og fram koma í 7., 8. og 9. gr. frv. þannig úr garði gerð að það er mat minni hlutans að einungis lítill hluti bændastéttarinnar sé svo vel staður að hann uppfylli þau skilyrði sem þar koma fram.

Sú hugmyndafræði, sem birtist í því að á árinu 1997 ákveða stjórnvöld að viðhalda þeirri stefnu að á íslenskum lánamarkaði skuli reka sérstakan lánasjóð sem fjármagnaður sé með því að skattleggja heila atvinnugrein í því skyni að veita niðurgreidd lán til fárra útvaldra, horfir undarlega við út frá þeirri þróun sem orðið hefur á íslenskum fjármagns- og lánamarkaði undanfarin ár.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir helstu almennu athugasemdir sem minni hlutinn hefur við frv. og langar í þessari fyrstu ræðu um lánasjóðinn að stikla síðan örlítið á einstökum greinum. Ég vil í upphafi benda á að í þessu máli hafa ríkisstjórnarflokkarnir ákveðið að löggjafinn komi sem minnst nálægt þeirri útlánastefnu sem rekin verði í þessum sjóði og finnst mér tilhlýðilegt í því sambandi að fara aðeins yfir umsögn sem Alþýðusamband Íslands sendi inn vegna þessa. En þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í þessu lagafrumvarpi er ekki tekið nema að litlu leyti á útlánareglum Stofnlánadeildar. Í greinargerð með frv. kemur fram að ekki verður lengur skilyrði að lán fari á lögbýli og í 8. gr. frv. segir að við ákvörðun útlána skuli hafa hliðsjón af rekstrarforsendum viðkomandi greinar. Þessi athugasemd er gerð í ljós þess að fram til þessa hafa lánareglur um hámarksstærðir bygginga verið með sérstökum hætti. Á sama tíma og heimilað hefur verið að lána til fjósa og fjárhúsa sem nemur ríflegri stærð fjölskyldubúa þá hefur ekki verði heimilt að lána til alifuglaræktar, svínaræktar og garðyrkju nema sem nemur u.þ.b. hálfri stærð fjölskyldubús. Þessar lánareglur hafa því verið hemill á eðlilega þróun nýrra búgreina. Auk þess sem þær leiða til þess að sjóðagjöld frá þeim búgreinum sem ekki fá eðlilega lánafyrirgreiðslu hafa farið í vaxtaniðurgreiðslur í öðrum búgreinum. Því er eðlilegt að löggjafinn

gefi skýrt til kynna hver útlánastarfsemi hins nýja lánasjóðs landbúnaðarins eigi að vera."

Virðulegi forseti. Því miður eru í því frv. sem við ræðum hér litlar sem engar vísbendingar gefnar til stjórnar sjóðsins um það hver útlánastefna hans eigi að vera. Það er sérstakt umhugsunarefni, með tilliti til þeirra breytinga sem hafa átt sér stað á lánamarkaði undanfarin ár, að með þessu virðist það nánast vera í höndum sjóðsins hvort lán verða veitt til samkeppnisgreina og því mjög óeðlilegt að löggjafinn skuli ekki marka það mjög skýrt til hvaða greina eigi að lána og til hverra ekki, hvaða greinar eiga að fá lán á niðurgreiddum vöxtum og hverjar ekki. Í því samkeppnisþjóðfélagi sem hér hefur verið að skapast undanfarin ár er gríðarlega mikilvægt að ekki sé verið að mismuna samkeppnisgreinum með því að sumar fái lán á niðurgreiddum vöxtum og aðrar ekki. En því miður mun þetta frv. í sjálfu sér ekki höggva á neinn hnút um það og stjórn lánasjóðsins að mestu leyti í sjálfsvald sett til hverra hún lánar og hverra ekki. Löggjöf í þessu formi er því miður allt of algeng hér á Alþingi og ekki til framdráttar fyrir nokkurn sem að því máli kemur.

Í öðru lagi vildi ég fjalla örlítið um 8. gr. en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Um ákvörðun útlána skal hafa hliðsjón af því hverjar rekstrarforsendur viðkomandi búgreina eru og hversu há veðlán hvíla á eigninni og skal eigi veita lán ef ástæða er til að ætla að búrekstur á jörðinni geti ekki staðið undir auknum lánum.

Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Lán er heimilt að veita í áföngum."

Hér kemur að þeirri grundvallarspurningu, virðulegi forseti, að í raun og veru eru allir bændur skattlagðir með sjóðagjöldum. Allir búvöruframleiðendur eru skattlagðir til þess að standa undir þeim niðurgreiðslum á vöxtum sem eru grundvallarforsenda þess lánasjóðs sem við ræðum hér. En það eiga ekki allir kost á því að fá lán, aldeilis ekki, því þá er talað um rekstrarforsendur viðkomandi búa. Í framhaldi af því væri vitaskuld miklu eðlilegra að þeir einir greiddu sjóðagjöld sem hefðu rekstrarforsendur. Það er ekki spurt um það. Hér er augljóslega verið að búa til sjóð þar sem einungis stórbændur geta fengið lán. Það er alveg augljóst því ekki er gert ráð fyrir því að aðrir geti fengið lán heldur en stórbændur. Þess vegna er það mjög merkilegt að hver einasti bóndi í landinu skuli þurfa að greiða þessi sjóðagjöld þegar það er alveg augljóst af þeim reglum sem hér koma fram að einungis fáir útvaldir geta fengið lán. Enda er sú hugmyndafræði sem við erum að ræða hér og er grundvöllurinn að baki þessu frv. frá árinu 1900. Það er kannski eðlilegt að núv. ríkisstjórn komi fram með frv. á árinu 1997 sem byggir á hugmyndafræði frá því fyrir aldamótin. Það þarf svo sem ekki að koma neinum á óvart. En það er alveg ljóst að það verða aðeins fáir útvaldir sem geta fengið lán úr þessum sjóði, þ.e. ef stjórn sjóðsins fer eftir þeim reglum sem henni er ætlað að fylgja í þessum lögum.

Það er kveðið enn fastar að þessu í 9. gr. en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær, ..."

Með öðrum orðum gerir sjóðurinn kröfu um 1. veðrétt. Og ég held að afkoma bænda undanfarin ár gefi það vart til kynna að það séu mjög margar bújarðir þar sem hægt sé að komast á 1. veðrétt nema með samþykki annarra veðhafa. Hér er enn ein forsendan fyrir því að það verða aðeins fáir útvaldir sem geta fengið lán úr sjóði sem er kostaður af öllum bændum.

Því miður, virðulegi forseti, er það einu sinni svo að þegar menn eru að þeysast fram með lagafrv. sem byggja á hugmyndafræði sem löngu er gengin sér til húðar, fyrir lifandi löngu, þá er ekki von á góðu. Og því miður virðist mér að núverandi ríkisstjórnarflokkar hafi markað þá stefnu að þeir einir, þeir einu stórgrössérar sem teljast til stórbænda, geti fengið lán — aðrir ekki. Það er dálítið sorglegt að svo skuli vera, sérstaklega í ljósi þess að ríkjandi stefna sem þessir tveir flokkar hafa rekið til langs tíma hefur gert það að verkum að bændur eru ekkert of sælir af sínu í dag, aldeilis ekki. Þess vegna er sorglegt að aðeins lítið brot af þeim sem standa undir þeim niðurgreiðslum á vöxtum sem hér er ætlunin að reka sjóð á geta fengið lán. Enda kemur mér ekki á óvart, virðulegi forseti, að einn helsti bændaforingi hér á þingi til margra ára, hv. þm. Egill Jónsson, skrifar ekki undir meirihlutaálit landbn. Það kemur mér í sjálfu sér ekki á óvart enda hefur það verið hans prinsipp á þinginu að reyna að gæta hags bænda.

[10:50]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það henti hv. þm. Lúðvík Bergvinsson að reyna að gera þetta frv. tortryggilegt, reyna að gera nýjan lánasjóð tortryggilegan, en ég verð að segja það, hæstv. forseti, að hv. þm. talaði af mikilli vanþekkingu um málið.

Ég hélt að Alþfl. væri félagslega sinnaður flokkur en hér er sérhyggjan í fyrirrúmi hjá hv. þm. og hann skilur ekki málið. Það er rétt hjá hv. þm. að bændur eru ekkert of sælir í dag en hverjir bera meginábyrgð á því? Ekki er það síst Alþfl. sem hefur verið í ríkisstjórn lengi og farið offari gegn þessari stétt, því miður.

En ég vil segja um 8. gr. að ég hélt þó að hv. þm. skildi siðferði í peningamálum, að auðvitað verður að gera ákveðnar kröfur, það gera allar lánastofnanir og peningastofnanir, um að það sé rekstrargrundvöllur, að það sé veðrými til þess að lána. Og hvað sjóðagjöldin varðar þá eru þau hluti afurðaverðs. Það má deila um hver greiðir sjóðagjöldin. Það er alveg jafnt neytandinn eins og bóndinn, það er hluti afurðaverðs, og þó að sjóðagjöldin féllu burt alfarið þá lækkar varan ekki í verði. Þetta liggur fyrir. Þetta er fyrst og fremst sjóður með svipuðu sniði, þó dregið sé úr sjóðagjöldum, eins og Stofnlánadeildin hefur verið rekin, hann er til þess að koma til móts við landbúnaðinn, ungu kynslóðina sem er að byggja upp sveitirnar. Þess vegna fagna ég því enn að það skuli vera til félagshyggja í landinu sem skilur að framtakið er unga fólkið og það verður að koma til móts við það unga fólk sem ætlar sér að byggja upp sveitirnar á Íslandi. Það gerir þetta frv.

[10:52]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að ég varð ögn sorgmæddur við að hlýða á formann hv. landbn. í andsvari. Í fyrsta lagi benti hann á að það að ég væri að gera þetta frv. tortryggilegt. Það eina sem ég gerði var að ég las hér upp úr 7. og 8. gr. í því frv. sem hann sjálfur átti þátt í að semja. Ef það er orðið tortryggilegt þá er vandratað hinn gullni

meðalvegur í þessari umræðu. Ég hef aðeins farið hér yfir það, ég hef bent á að öllum bændum er ætlað að taka þátt í að greiða niður vexti í þessum sjóði. Og þegar hann talar um að vera félagslega sinnaður. Er það að vera félagslega sinnaður að krefjast þess að allir bændur taki þátt í að greiða niður vexti en síðan fái einungis örfáir útvaldir lán? Ja, sér er nú hver hugmyndafræðin á bak við það að vera félagslega sinnaður. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég er hræddur um að hv. þm. hafi orðið örlítið á í messunni. Og koma síðan enn og aftur með þá hugmyndafræði að Alþfl. eigi stærstan þátt í því hvernig komið er fyrir bændum, staða bænda í dag sé Alþfl. að kenna. Þetta er svona þegar öllu er á botninn hvolft og menn gersamlega þrýtur rök þá lenda menn úti í skurði. Því miður er það nú svo, virðulegi forseti, að í þessu andsvari virtist hv. þm. enda úti í skurði og aldrei komast upp úr honum aftur.

[10:54]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. foreti. Ég veit ekki hvorum megin þessi hv. þm. hefur farið fram úr rúminu í morgun.

Það liggur auðvitað fyrir með 7. gr. að það eru og hafa verið ströng skilyrði um hvert niðurgreidd lán fara. Það eru til samkeppnislög í landinu þannig að það er skýrt og verður skýrt í störfum lánasjóðsins hvert lánin fara.

Hvað 8. gr. varðar þá er ég búinn að fara yfir það að auðvitað verður að gera kröfur til aðila sem fá lán, hvernig veð stendur o.s.frv. Það er nú svo með lánasjóðinn og Stofnlánadeildina að þar hafa margir fengið lán. Það eru ekkert örfáir stórir grössérar eins og hér er látið í veðri vaka. Þar eiga allir rétt. Og sem betur fer er bændastéttin ekkert mjög skuldug. Þó það sé mikið verkefni að ráðast í nýjar byggingar og framkvæmdir þá hefur verið hægt að sinna landbúnaðinum í heild. En ég ítreka að auðvitað er það svo að þetta er félagsleg aðgerð og sjóðagjöldin eru tekin af vöruverðinu.

[10:55]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit nú ekki hvort það er alfa og omega þessarar umræðu hvorum megin ég fór fram úr rúminu í morgun. Ég held að málið sé miklu alvarlegra en svo.

Sú gagnrýni sem ég hef sett hér fram lýtur fyrst og fremst að því að öllum bændum er ætlað að taka þátt í þessari niðurgreiðslu. Þegar þau gjöld hafa verið innheimt verða, samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir, mjög fáir sem standa undir þeim kröfum að geta fengið lán. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins og hefur ekkert með það að gera hvorum megin ég fór fram úr rúminu í morgun, ekki nokkuð. Þetta er kjarni málsins og ef þetta er skilningur hv. þm. á félagshyggju þá verð ég að segja það að þá þurfum við að ræða saman betur undir fjögur augu.

[10:56]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að hv. þm. hefur ekkert farið fram úr í morgun vegna þess að hann hefur væntanlega ekkert sofið í nótt. Hann er með ýmsar fullyrðingar hérna sem er til þess að gera erfitt að skilja. Ef við horfum á lánamarkaðinn í heild sinni og ímyndum okkur t.d. þegar ungt fólk kaupir sér húsnæði. Þá á það möguleika á húsbréfum. Sumir eiga möguleika á almennum félagslegum íbúðum, aðrir á félagslegum íbúðum. Það eru mjög mismunandi vaxtakjör á þessu, allt frá 6% og niður í 2%. Það er því ekkert nýtt að það séu mismunandi vaxtakjör á lánum. En það er alveg ljóst að bændur borga ákveðin sjóðagjöld til þess að hægt sé að niðurgreiða vexti í þeim sjóði sem hér er til umfjöllunar. Ég held að eina ráðið sé að bjóða hv. þm., sem er þingmaður á Suðurlandi, austur í sveitir til þess að ræða við bændur um þessi mál. Ég er alveg viss um hann hefur ekki gert það. Því það er alveg ljóst að flestir bændur aðhyllast þetta kerfi og það er fásinna að einungis stórbændur hafi möguleika á að taka lán.

[10:57]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var rétt hjá hv. þm. að skilningur hans á málinu er lítill. Það er alveg hárrétt. Að bera það saman hér að bændur skuli standa undir fjármögnun á niðurgreiddum vöxtum með sjóðagjöldum og lánum til húsnæðismála ber nákvæmlega vott um það að skilningur hans á málinu er enginn. Hverjir standa undir fjármögnun húsnæðiskerfisins? **(Gripið fram í:** Það gerum við.) Eru það sérstakir fáir útvaldir eins og er um sjóðagjöld í landbúnaði? Hvers konar samanburður er þetta eiginlega? Ég frábið mér umræðu af þessu tagi hér í þinginu. Og það að halda því fram enn og aftur, sem virðist nú vera alfa og omega framsóknarmanna á Suðurlandi hvorum megin ég fór fram úr rúminu, ég fór alveg örugglega réttu megin fram úr rúminu, a.m.k. ef marka má og borið saman við þær orðræður sem þeir hafa sett hér fram. Nei, ég hvet hv. þm. Ísólf Gylfa Pálmason til þess að lesa þetta frv., kynna sér hvað að baki því stendur. Það held ég væri gríðarlega gott innlegg fyrir hann sjálfan til þess að öðlast þekkingu á því sem hér er til umræðu.

[10:59]

Ísólfur Gylfi Pálmason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hv. þm. var með þeim hætti að hún er vart svaraverð. En ég tek það fram enn og aftur að það eru mismunandi kjör á lánum hér á markaðinum. Hér er um sérstakan sjóð að ræða þar sem er verið að greiða niður þessa vexti. Bændur almennt taka þátt í þeirri niðurgreiðslu og flestir þeirra, ég fullyrði flestir þeirra, eru mjög hlynntir því að viðhalda því kerfi sem verið hefur. Þetta hefur hjálpað mjög mörgum ungum bændum til þess að hefja búskap. Og ég hvet hv. þm. enn og aftur til þess að koma með okkur austur í sveitir til að kynna sér þessi mál betur.

[11:00]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að heyra það að hv. þm. vilji fá mig austur í sveitir með sér og það er auðvelt að verða við þeirri ósk. Hins vegar talar hann um það að rök mín í þessu máli séu ekki svaraverð. Ég vil bara ítreka það enn og aftur að fjármögnun húsnæðiskerfisins og fjármögnun þess að greiða niður vexti er ekkert sambærilegt. Við erum að tala um sitt hvorn hlutinn. Þess vegna hafna ég því gersamlega að menn skuli koma hér upp í þessari umræðu og bera þessa hluti saman líkt og um sambærilega hluti væri að ræða. Og það eitt segir mér að hv. þm. hefur ekki kynnt sér það mál mikið sem hér er til umræðu.

[11:00]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef setið í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í bráðum þrjú og hálft ár. Þar hefur það verið baráttumál mitt í hvert sinn sem lánareglur hafa verið teknar upp að stærðartakmarkanir verði felldar niður. Ástæðan fyrir því er sú að ég tel að það felist stærðarhagkvæmni í þeim landbúnaðarrekstri sem við erum með hér á landi, nánast í öllum þeim greinum sem hér eru stundaðar, og því sé óeðlilegt að lánareglur standi í vegi fyrir því að búin stækki. Ég hef því miður ekki haft árangur sem erfiði í þessu máli þótt lánareglur hafi verið rýmkaðar nokkuð á tímabilinu og það hafi verið til bóta. Ég verð því að segja það, ef það er rétt hjá hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni að hið nýja frv. um Lánasjóð landbúnaðarins muni leiða til þess að það verði auðveldara fyrir bændur sem reka stórbúskap að fá lán úr lánastofnuninni þá er það til góðs. Ég hefði haldið að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hefði fagnað slíkum breytingum með mér. Alla vega hefði hann fagnað slíkum breytingum ef hann hefði farið hægra megin fram úr rúminu í dag en það er það sem virðist skipta öllu máli hvernig málflutningur þeirra þingmanna Alþfl., ég tiltek þá sérstaklega, er þann og þann daginn hvort þeir fara fram úr hægra megin eða vinstra megin að morgni.

[11:02]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Árna M. Mathiesen að það er náttúrlega gríðarlega mikilvægt þegar um er að ræða lánveitingar almennt að þeim skuli hagað þannig að líklegt sé að menn geti greitt til baka. Ég get tekið undir það með hv. þm. En það sem ég var að gagnrýna hér er þessi sérstaka fjármögnun sem stendur undir þeim niðurgreiðslum sem gera það að verkum að lán úr þessum sjóði bera lægri vexti en önnur lán á markaðinum, þ.e. það eru innheimt gjöld hjá öllum en aðeins fáir geta fengið lán. Það er sú gagnrýni sem ég var að setja fram en ekki sú gagnrýni almennt að lána þeim ekki sem reka stór bú. Það er alveg grundvallarmisskilningur. Það sem ég er að gagnrýna er að fjármögnun þessa sjóðs er með mjög sérstökum hætti. Það eru lögð gjöld á alla búvöruframleiðslu en síðan eru það fáir útvaldir sem geta fengið lán. Það er grundvöllurinn í gagnrýni minni en ekki það að stórbændur geti fengið lán. Ég er ekki að gagnrýna það, virðulegi forseti.

[11:04]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og þau nál. sem flutt hafa verið við afgreiðslu þessa máls bera með sér þá hef ég ekki skrifað undir þau, hvorugt þeirra, og á í þessum efnum að því leyti, eins og nál. bera með sér eða a.m.k. mætti ætla, ekki samleið með mínum góðu flokksbræðrum og vinum sem starfa í þessari virðulegu nefnd. Við höfum hins vegar talað saman um þessi mál og það er alveg ljóst að ef við hefðum verið í forsvari í landbn. Alþingis hefði ekki verið nokkur minnsti vandi fyrir okkur að komast að samkomulagi og niðurstöðu með breytingum á frv. sem hefðu að sjálfsögðu, eins og ég á nú eftir að lýsa, orðið til mikilla bóta. En það er líka vert fyrir mig að geta þess sérstaklega að ég hefi að því leyti haft nokkra sérstöðu bæði innan bændastéttarinnar og hér á Alþingi að ég hef haft miklar efasemdir um þá búvörusamninga sem gerðir hafa verið og séð á þeim, og skýrt það, margháttaða meinbugi sem m.a. eru að koma fram um þessar mundir.

Eins og ég gat um er ég ekki meðflutningsmaður að þessum tillögum og hef ekki heldur skrifað undir nál. um búnaðarsjóðinn. Það sama gildir um búnaðargjaldið sem kemur hér til umræðu í framhaldi af þessari umræðu núna. Þar mun ég að sjálfsögðu skýra mína afstöðu og ýmislegt koma fram þar sem út af fyrir sig hefði eins getað átt hér við á þessum vettvangi.

Í umræðu um búnaðarsjóð hefur auðvitað verið rakið hver tilurð hans var og er óþarft að fara yfir þau mál hér svo kunn sem þau eru. En menn verða auðvitað að taka tillit til þess að það eru gjörbreyttar aðstæður uppi í íslenskum landbúnaði. Stofnlánadeildin var grundvallaraflgjafi á umbótatímum í íslenskum landbúnaði. Þá nýttu velflestir bændur á Íslandi þá möguleika sem hún gaf þeim til aukinnar sóknar í framfaramálum vítt um sveitir á Íslandi. Þá var það auðvitað eðlilegur kostur að menn tækju þar nokkurn sameiginlegan þátt í að byggja upp lánasjóð sem gæti boðið bændum bærileg kjör. Nú þarf ekki annað en að fara yfir þær töflur sem fyrir liggja um það hvernig dregið hefur úr lánveitingum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og hvað sjóðurinn hefur að þessu leyti miklu minna hlutverki að gegna heldur en áður var. Það liggur alveg ljóst fyrir að í stað umbóta sem þessi sjóður tók mið af þá störfum við núna, a.m.k. í hefðbundnum greinum, á grundvelli úreldingar. Það hljóta að vera nokkuð önnur viðhorf í sambandi við þróunarsjóð þegar viðhorfin hafa breyst með þessum hætti. Þetta blandast inn í þá umræðu sem hér á síðar eftir að fara fram.

Það kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. og frsm. meiri hlutans hverjar breytingar hér væru. Í rauninni er í tillögum meiri hlutans einungis ein efnisbreyting og hún er um að hækka tillegg sauðfjárræktar og nautgriparæktar inn í Stofnlánasjóðinn en draga að sama skapi úr hlut annarra greina. Það verður auðvitað sagt að þetta hafi verið ósk Bændasamtakanna og þeir sem telja það góð og gild rök geta auðvitað forsvarað afstöðu sína með því en ekki veit ég og ekki fæ ég séð hvers vegna þessi breyting er svona þýðingarmikil. Með henni er búnaðargjaldið á sauðfjárræktina hækkað úr u.þ.b. 25% upp í 28%. Það er nokkuð sérstök ráðstöfun í þessu samhengi. Nautgriparæktin fer hins vegar með heldur lægri hlut inn í Stofnlánadeildina eftir þessar breytingar þótt hlutur hennar hafi verið hækkaður við þessar aðstæður. Hér hafa menn sem sagt fundið hjá sér einhverja sérstaka hvöt til þess að hækka tillegg sauðfjárræktarinnar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og á því hlýt ég að vekja alveg sérstaka athygli.

Þetta var um þessa efnisbreytingu og mér láðist alveg að taka eftir því hverjar skýringar framsögumaður gaf á henni og hver þessi ríka þörf er til þess að breyta hlutföllunum með þeim hætti að hefðbundnu greinarnar komi þarna með stærri hlut en ella væri.

Það sem fældi mig þó alveg sérstaklega frá því að styðja þetta nál. eru 8. og 9. gr. frv. Mér er eiginlega algjörlega fyrirmunað að skilja það hvernig mönnum dettur til hugar að setja fram texta eins og felst í 8. gr. þessa frv. Ef það væri út af fyrir sig hending eða slys eða hroðvirkni þá væri þar fengin skýring en það verður ekki annað séð en að texti 8. gr. sé tekinn af alveg sérstaklega yfirveguðu ráði enda var það eins og að koma við kviku í nefndarstarfinu að orða breytingar á 8. gr. Hér segir í 1. mgr. 8. gr., með leyfi hæstv. forseta.:

„Um ákvörðun útlána skal hafa hliðsjón af því hverjar rekstrarforsendur viðkomandi búgreina eru og hversu há veðlán hvíla á eigninni ...“ Hér á með öðrum orðum að ákveða það hver afkoman er hjá viðkomandi búgrein, ekki hverjum og einum bónda, heldur búgreininni í heild sinni.

Það getur ekki verið að það sé nokkur vafi á því hvernig ber að skilja 1. mgr. 8. gr. Það er afkoma greinarinnar sem á að ráða. Hvernig skyldi þá verða farið með málefni þeirra búgreina sem borga einhvers staðar á bilinu 75–80% af lánasjóðsgjaldinu, leggja kannski fram nær 80% af lánasjóðsgjaldinu? Hvaða möguleika skyldu þessar greinar hafa til þess að fá lán eftir þetta meðlag og samkvæmt þessari orðanna hljóðan? Nú liggur fyrir að á síðustu fimm árum hafa fjölskyldutekjur í sauðfjárrækt minnkað um 46,4%. Fjölskyldutekjur á þessu tímabili hafa lækkað um hér um bil helming og árlega ganga sauðfjárbændur á eigur sínar að meðaltali um það sem nemur 4%. Hvaða hugsun felst nú í þessari 8. gr.? Það á að taka afstöðu til greinarinnar í heild sinni og það á að fara eftir rekstrarforsendum viðkomandi búgreina. Hvað verða eignir lengi til í þessari grein þegar það er gengið á þær um 4% á hverju einasta ári? Hvað lifir sú grein lengi sem hefur lækkað í fjölskyldutekjum úr 1,2 millj. kr. niður í rúm 600 þús. kr. eins og var á síðasta ári?

Því miður verður að segjast eins og er að mjög svipaða sögu er að segja af nautgriparæktinni. Í Morgunblaðinu í gær birtist útdráttur úr erindi sem var flutt norður á Akureyri á aðalfundi kúabænda þar af forstjóra Hagþjónustu landbúnaðarins. Hvað segir þar, með leyfi forseta?

„Að óbreyttum forsendum stefnir kúabúskapur á Íslandi niður á við hvað afkomu varðar. Miðað við rekstrarafkomu 77 kúabúa á árinu 1991 til 1995 dragast búgreinatekjur saman um nær 8%, skuldir aukast um 23,5% og höfuðstóll“ — taki menn nú vel eftir — „rýrnar um 25%.“

Það eru 5% að meðaltali á ári í nautgriparæktinni. Hvernig rímar þetta nú við 8. gr. þessa dæmalausa frv.? Er þetta ekki dómur um afkomuna, um horfurnar í þessari búgrein? En samt eiga þessar tvær búgreinar sem 8. gr. snýst sér sérstaklega að, að leggja 80% í púkkið, inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins, eða Búnaðarsjóðinn, eins og hann á að heita.

En skyldu þetta vera einhverjar tilviljanir eins og ég sagði áðan? Er þetta hroðvirkni eða kæruleysi? Eða er þetta stefna í málinu? Svo virðist reyndar vera. Svo vill til að landbn. barst álit valdamikilla manna í landbúnaðinum, sjömannanefndar. Þar er lánaþörfin skýrð afskaplega vel. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt þessari könnun sem til er vitnað eru til í landinu 3.450 fjárhús sem rúma um 740.000 fjár. Ásett sauðfé á sl. hausti var til samanburðar 487.000. Enda þótt um 40% þessara fjárhúsa séu 30 ára og eldri sýna þessar tölur að engin þröf er á fjárfestingum fyrir sauðfjárrækt á næstu árum miðað við gildandi búvörusamning og markaðshorfur sauðfjárbænda ef frá eru talin einstaka tilvik þar sem ljúka þarf þegar byrjuðum framkvæmdum.“

Það er bara engin þörf. Sjömannanefndin gerir úttekt á stöðu sauðfjárræktarinnar og leggur inn þessa umsögn og þessar skýringar. Það er bara engin þörf nema ljúka því sem kynni að vera í byggingu, kannski tveimur eða þremur fjárhúsum.

Ég held að það geti tæpast dulist nokkrum einasta manni hvað menn hrapa hér að gríðarlega miklu óráði í þessum efnum. Það er stórfurðulegt að ekki skuli vera hægt að koma við leiðréttingum í nefndarstarfi sem liggja svona ljóslega fyrir. Það vakti reyndar sérstaka athygli mína þegar forustumenn Bændasamtakanna og lánasjóðsins væntanlega og aðrir slíkir voru á ferli, að þær athugasemdir sem ég lagði þá inn í þá umræðu voru allar viðurkenndar sem réttar ábendingar. (**GÁ:** Hvaða athugasemdir voru það?) Ég hef nú m.a. komið með það hér í þessari framsögu og það má vel vera að þar hafi eitthvað hindrað að formaður nefndarinnar hafi búið yfir þeirri athygli í málflutningi sem hefði út af fyrir sig getað leitt til betri niðurstöðu.

Ég endurtek aftur að 8. gr. er aldeilis ferleg eins og hún er sett þarna upp. Það gildir auðvitað það sama um 9. gr. Eins og ég sagði áðan þá voru það þessar tvær greinar sem eru svona gríðarlega stefnumarkandi í þessu frv. Í rauninni ráða 8. og 9. gr. stefnunni í frv. sem auðvitað gerði það að ég skrifaði ekki undir þetta nál. Þarna er framsóknarandinn holdi klæddur.

Það er út af fyrir sig eðlilegur kostur að líta hér líka á 9. gr. þótt hún sé ekki eins alvarlegs eðlis því þar kemur í rauninni skýrt fram ... Já, það féll reyndar niður hjá mér, svo ég víki nú aðeins að því aftur við þessa dæmalausu 8. gr., síðari mgr. þeirrar greinar. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Upphæð lána má vera allt að 60% kostnaðarverðs eins og meðalkostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert.“

Nú er það þannig að til eru bændur sem hafa býsna góða stöðu gagnvart Stofnlánadeild landbúnaðarins. Einhvers staðar hef ég rekið mig á það að þeir muni vera líklega hartnær 1.000 sem ekkert skulda Stofnlánadeild landbúnaðarins. En þeir geta samt ekki fengið lán nema sem svarar 60% af kostnaði viðkomandi framkvæmda. Það gildir sem sagt alveg einu hver eignarstaðan er að öðru leyti. Það er bara 60% þessarar sérstöku framkvæmdar sem fæst að láni þótt jörðin með öllu tilheyrandi sé tekin að veði. Hvernig í ósköpunum geta menn verið að binda svona í lög? (**GÁ:** Þetta hefur verið svona lengi.) Já, hv. 2. þm. Suðurl. segir frá því að þetta hafi verið svona lengi. (**GÁ:** Og reynst vel.) Já, það hefur reynst vel til að þvinga niður lán til bænda. Svona er nú þessi uppsetning dæmalaus.

Að því er varðar 9. gr. þá eru það sérstaklega þessi einstæðu forréttindi að þessi sjóður sem hefur þó ríkisábyrgð, sem fær fleiri hundruð milljóna í framlög og hefur fengið, má ekki vera nema á fyrsta veðrétti. Hann má ekki vera nema á fyrsta veðrétti. Ef þar eru einhverjir aðrir þá eru bændur útilokaðir. Það er einhver texti hér um að þessi veðréttur gæti rýmkað fyrir öðrum sjóðum, en hér eru þessar þröngu skorður. Ég er ekki að segja að það eigi að hafa þetta allt galopið. En það er miklu betri kostur að ganga frá slíkum hlutum sem þessum í lánareglum sem auðvitað tækju þá mið af reglugerð sem settar er og hafa þarna einhvern sveigjanleika þannig að hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum þegar þær kunna að koma upp.

Því er ekki að leyna að ég hef verið í hópi þeirra bænda sem hafa talið að það ætti að byggja þessa lánastofnun upp á lágum vöxtum og eftir föngum að haga vöxtum þannig að bærilega væri við það unandi. Eins og þetta frv. er þá er í rauninni búið að koma í veg fyrir að ég geti stutt slíka vaxtatilhögun. 75–80% af niðurgreiðslufé kemur frá greinum sem samkvæmt orðanna hljóðan hafa ekki möguleika á því að fá lán í Stofnlánadeildinni eða í Búnaðarsjóðnum. Og þá held ég að það sé betri kostur að menn taki lán þar og viðskiptin verði með þeim hætti að þar greiði hver fyrir sig. Það er

enginn afgangur til til þess að miðla öðrum í þeim greinum sérstaklega sem eiga að byggja þessar niðurgreiðslur upp. Það er enginn afgangur til nema síður sé. Og sem betur fer er Stofnlánadeildin eins og nú er vel efnum búinn sjóður, á góðan höfuðstól eigin fjár og mikið traust. Hún hefur ríkistryggingu og miðað við það framboð af fjármagni sem nú er á markaði og væntanlega með tilliti til þess að það gæti orðið ódýrara, þá getur Stofnlánadeildin, Búnaðarsjóðurinn, sem best endurlánað hagkvæm lán með litlu álagi. Og þá borgar hver fyrir sig.

Ég tek það fram alveg algjörlega skýrt að það er þessi framsetning sem gerir það að verkum að ég hef mjög miklar efasemdir um að það eigi að innkalla búnaðargjald til þess að greiða niður vexti.

Hæstv. forseti. Ég vona að ég hafi komið minni skoðun á þessu máli bærilega til skila. Ég mun skýra afstöðu mína síðar til Búnaðarsjóðsins og ef eitthvað stendur út af við þessa umræðu þá vona ég að öllum megi ljóst vera hver afstaða mín er til þessara mála.

[11:34]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla nú ekki að deila hér við hv. þm. Egil Jónsson. Ég get auðvitað sagt að það kom mér á óvart hvaða leið hann gekk. Það hafði verið hlustað á gagnrýni hans, eitthvað af því var tekið til greina, annað var ekki hægt að taka til greina. Hann gagnrýnir hér mjög 8. og 9. gr. frv. sem ég er undrandi á því hv. þm. er formaður Byggðastofnunar og þess vegna snúa þessar greinar náttúrlega að ábyrgð í fjármálum með hliðsjón af því sem allar peningastofnanir gera, hvernig beri að tryggja skuldirnar. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að forstjóri Byggðastofnunar var einn af þeim sem samdi þetta frv., Guðmundur Malmquist.

Hv. þm. segist styðja lága vexti en hér í ræðu þá fer hann frá því og talar um að hver greiði fyrir sig. Þetta er sérhyggjan. Auðvitað er verið að takast hér á við sérhyggjuna sem hv. þm. er boðberi fyrir. Ég minnist þess að forfallaþjónustan í landbúnaði var eyðilögð af sérhyggjunni, að hver greiði fyrir sig. Vextirnir eru niðurgreiddir. Hluti af vöruverðinu fer í það, og kemur yngri kynslóð og framkvæmdamönnum í landbúnaði til góða þannig að þetta stendur hér eftir.

Hvað varðar þær röngu upplýsingar sem hv. þm. var hér með, að það væri verið hækka tillegg af sauðfjár- og mjólkurkúabændum, þá er það rangt. Það er verið að lækka öll sjóðagjöld til deildarinnar. En það hefur verið svo að framlag af sauðfé og mjólk til Stofnlánadeildarinnar hefur verið hærra en af öðrum greinum og það stendur þannig. En menn mega ekki misskilja þetta þannig að það sé verið að hækka þetta sérstaklega. Það er verið að lækka öll sjóðagjöld en það stendur með sömu hlutföllum og var áður.

Hv. þm. hrósar Stofnlánadeild og telur hún að hafi verið grundvöllur nýrrar aflgjafar í sveitum. Þetta er rétt. Ég vænti þess að þessi nýi lánasjóður muni feta í fótspor Stofnlánadeildarinnar og tekur auðvitað við hlutverki hennar og kemur að góðu búi.

[11:37]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Efnislega fólst ekkert í þessu andsvari hv. 2. þm. Suðurl. Málefnalega fólst ekkert í þessu andsvari. Það kom hins vegar fram í því misskilningur á mínum orðum. Í frv., eins og það var lagt fram, var búnaðargjaldið ákveðið 1,1%. Því er breytt í frv. um búnaðargjald upp í 1,15% hjá þessum tveimur búgreinum. Og ef skil það rétt þá er það hækkun. Á sama tíma var lækkað til annarra búgreina þannig að það var auðvitað þetta sem ég átti við. Og það eina sem efnislega kom fram í þessu andsvari hjá hv. frsm. er byggt á misskilningi.

[11:39]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér eru að gerast nokkuð merkileg tíðindi í ræðu hv. þm. Egils Jónssonar, því að helsti talsmaður Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum til mjög margra ára fylgir ekki ríkisstjórninni í veigamestu málaflokkum sem nú eru til afgreiðslu á Alþingi, þ.e. í lánasjóðsmálinu og búnaðargjaldinu. Hér er ekki um að ræða óbreyttan þingmann stjórnarliðsins heldur fyrrum formann landbn. og núv. varaformann. Hann hefur rökstutt, bæði í nefndinni og hér í ræðustól, það að hann hefur — og talar um framsóknarhyggju — áttað sig betur á því að útfærsla þessara frv. er síður en svo bændum hagstæð. Ég deili skoðunum Egils Jónssonar í því efni að hér sé illa búið frv. og ég tel að það feli í sér skattlagningu bændastéttarinnar og millifærslukerfi sem hefur reynst bændum illa. Ég er ekki viss um hvort Egill Jónsson sé sammála allri minni afstöðu í landbúnaðarmálum en ég er alla vega sammála honum í því að þessi útfærsla sem ríkisstjórnin leggur til er ekki hagstæð bændum.

Við jafnaðarmenn höfum gagnrýnt landbúnaðarkerfið til mjög margra ára og við munum gera það áfram. Við erum þeirrar skoðunar að eitthvað sé að því kerfi sem skilar neytendum 30% dýrari matvörum og bændum fátækt. Við höfum margoft lagt til að reynt verði að brjóta kerfið upp og leita nýrra leiða sem gætu komið bændastéttinni betur en núverandi hagsmunavarsla sem ríkisstjórnarmeirihlutinn án Egils Jónssonar er hér að reyna að knýja fram. Þetta eru mikil tíðindi, herra forseti, sem koma fram í afstöðu hv. þm.

[11:40]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er afskaplega ljúft og skylt að gera að því leyti nánari grein fyrir minni afstöðu en ég gerði hér í upphafi, að þessari ríkisstjórn, reyndar öllum góðum málum, er ég fús að fylgja. En ólög styð ég ekki þó þau komi frá ríkisstjórninni.

[11:42]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin þegar hv. þm. Egill Jónsson ræðir um ólög þegar hann lýsir stefnu ríkisstjórnarinnar. Þetta hlýtur að verða hæstv. landbrh. sem hér er í salnum og reyndar hv. formanni landbn. mjög mikið íhugunarefni og stjórnarliðum, að hér skuli falla svo hörð ummæli af hálfu stjórnarþingmanns um þetta mál.

Best hefði verið að fylgja tillögu sem kom fram í landbn. og við Egill Jónsson vorum báðir sammála um, þ.e. að þetta mál væri þess eðlis að það ætti nú að leggja til hliðar bæði lánasjóðsmálið og búnaðargjaldið og reyna að vinna í sumar að einhverri betri útfærslu þessa máls. Það var ekki vilji fyrir því innan nefndarinnar og því er málið komið fram hér eins og raun ber vitni. Lagasetning verður knúin fram í andstöðu, ekki bara við stjórnarandstöðuna — það er nú kannski hefðbundið — heldur í andstöðu við þann þingmann sem hefur mest talað um landbúnaðarmál að öðrum þingmönnum ólöstuðum undanfarin ár. Þetta eru mikil tíðindi. Þetta eru alvarleg tíðindi og þetta sýnir e.t.v. betur en margt annað að núverandi landbúnaðarstefna er komin á endamörk,

þegar menn sem gjörþekkja þetta kerfi og hafa oft á tíðum varið það, eins og hv. þm. Egill Jónsson, eru búnir að fá nóg af þessu. Hann telur útfærsluna vera slíka í þetta sinn, eins og mun koma mjög skýrt fram í umræðu hér á eftir um búnaðargjaldið þar sem mjög margt ámælisvert er á ferðinni, að hann er búinn að gefast upp á því að reyna að koma viti fyrir sína eigin ríkisstjórn. Þetta er einn mesti áfellisdómur sem ég hef heyrt um núverandi ríkisstjórn frá því að hún tók við, a.m.k. hvað þennan málaflokk varðar.

[11:44]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 529. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 1270.

Kennsla, nám og rannsóknir á háskólastigi, 160. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1244.

[11:45]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Við ræðum um Lánasjóð landbúnaðarins í tengslum við búnaðargjald sem er 12. mál á dagskrá og verður rætt hér á eftir.

Í sjálfu sér er þetta mjög góð þróun. Verið er að lækka sjóðagjöld úr 610 millj. í 390 millj. kr., þ.e. úr um það bil 130 þús. kr. skatti á hvern bónda í um 80–90 þús. kr. Við hljótum að fagna því þar sem þetta er góð þróun. Af þessum 80–90 þús. kr. á hvern bónda renna um það bil 40 þús. kr. í lánasjóðinn og um það erum við að ræða. Þær 40 þús. kr. eru notaðar til að niðurgreiða lán til bænda, til þessa sama hóps nokkurn veginn. Hvernig ná bændur aftur í þessar 40 þús. kr.? Þeir ná því eingöngu með því að taka lán og fá niðurgreidda vexti, öðruvísi ná þeir ekki í 40 þús. kallinn sem þeir eru skyldaðir til að borga.

Nú er það svo að staða bænda er verulega slæm, sérstaklega staða sauðfjárbænda. Það er dapurlegt og sorglegt upp á að horfa hvernig staða bænda er. Eitt sinn var sagt: „Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi." Nú eru bændur orðnir þrælar eigin kerfis. Þetta er mjög sorgleg þróun. En nú er verið að vinda ofan af þeirri hálfrar aldar vitleysu sem hefur verið í gangi.

En þetta frv. virkar mjög undarlega. Eins og ég gat um borgar hver bóndi að meðaltali um 40 þús. kr. Þeir sem hafa minni tekjur greiða að sjálfsögðu minna en þeir sem hafa meiri tekjur meira. En þeir sem hafa minni tekjurnar eiga enga möguleika á því að fá lán. Þeir hafa eiga mögleika á að fá litlu aurana sína til baka sem þá vanhagar aldeilis um. Bændur sem eru kannski komnir með laun sem eru til skammar, þeir borga inn í þetta kerfi, en munu ekki uppfylla skilyrði 8. gr. um að ástæða sé til að ætla að búrekstur á jörðinni geti staðið undir auknum lánum. Að sjálfsögðu gera þeir það ekki þar sem þeir eru svo fátækir. Þeir munu heldur ekki uppfylla skilyrðið „enda hvíli eigi veðskuldir á henni [þ.e. jörðinni] til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins". Þeim er gert að borga inn í kerfið — það er kannski ekki mikið, kannski bara 10 þús. kall af því að tekjurnar eru svo óskaplega litlar en þetta fólk munar um 10.000 kr. Það er ég sannfærður um.

En þeir fá lánin sem eru með búrekstur sem getur staðið undir lánunum, þeir fá lánin. Það segir „enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins" — þeir sem eiga veð munu fá lánin. Hér er sem sagt verið að flytja peninga frá fátæku fólki til fólks sem er sæmilega vel stætt. Þetta er því miður oft á tíðum niðurstaða félagslegra kerfa sem menn eru að búa til. Mér finnst það mjög dapurlegt. Auðvitað eigum við að minnka þetta en engu að síður stendur þetta eftir.

Svo er dálítið merkilegt. Eins og ég gat um eru þetta 40 þús. kr. og menn geta náð í þetta með því að taka niðurgreidd lán. Þeir fá niðurgreidd lán, þ.e. fjárfestingin sem þeir fara út í þarf ekki að geta borgað markaðsvexti. Menn eru hvattir til að fara í fjárfestingu sem getur ekki borgað markaðsvexti. Þeir eru sem sagt hvattir til rangra fjárfestinga. Fjárfestinga sem geta ekki borgað arð, ekki venjulegan arð eins og venjulegar fjárfestingar í landinu og það er líka neikvætt.

Þær fjárfestingar sem geta virkilega borgað arð fá nægt fé í landinu í dag. Það er alls staðar hægt að fá lán ef menn eiga veð eða fjárfestingin getur örugglega borgað markaðsvexti. Það má kannski segja að það sé dálítill vandi út á landi vegna þess að þeir sem hafa þessa peninga horfa því miður enn þá mikið til Reykjavíkursvæðisins. En í auknum mæli eru þeir sem ráðstafa peningum og eru í standandi vandræðum við að koma peningunum út vegna þess að það er allt yfirfljótandi í peningum farnir að horfa til landsbyggðarinnar. Að sjálfsögðu, þangað streyma peningarnir í dag, bæði í formi hlutafjár og eins í formi lánsfjár. Þar munu bændur fá góða fyrirgreiðslu ef fjárfestingin sem þeir fara út í er góð.

Síðan kann maður að velta fyrir sér hverjir fá og hverjir greiða. Ferðaþjónustan greiðir ekkert í þetta. En bændur sem hafa blönduð bú, bæði ferðaþjónustu og annað, munu fá lán úr þessu að sjálfsögðu, ég sé ekki annað. Hverjir fá ekki lán? Það eru sauðfjárbændur, sauðfjárbændur sem eru svo fátækir að þeir geta ekki farið út í þær framkvæmdir. Þeir munu borga og fá ekki.

Eins og ég gat um í upphafi er þetta góð þróun, menn eru á réttri leið. En þetta er enn þá mjög rangt kerfi. Ég hef nokkuð rætt við bændur um hvað þeir eigi að gera. Ég hef verið að segja við þá, stækkið ykkur búin og kaupið ykkur kvóta eða seljið ykkur kvóta og farið að gera eitthvað annað. Þá segja þeir alltaf, ja, hvað er ég eiginlega að kaupa ef ég stækka búið?

Hver er stefnan? Hvað tekur við árið 2000 þegar búvörusamningurinn rennur út? Hætta beingreiðslurnar? Það er ekki eitt einasta merki um það neins staðar, hvorki að þær muni hætta né að þær muni halda áfram. Ef beingreiðslur hefðu verið lækkaðar þó ekki væri nema um hálft prósent á ári hefði verið gefið merki um það að þær skuli halda áfram að lækka um alla framtíð. En það var ekki, þær eru óbreyttar og allt í einu verður bara klippt á þær árið 2000. Hver er stefnan? Hvers eiga bændur að vænta? Hvernig geta menn skipulagt sig í þessari atvinnugrein? Ég spyr.

Hér er verið að setja á stofn lánasjóð. Ég lagði til við 1. umr. að það væri einhver stefna í honum líka. Sagt að gjaldið skyldi lækka árið 2000 eða 2010 í hálft prósent eða eitthvað svoleiðis, þannig að það væri einhver stefna, þannig að menn vissu að það stefndi að þessu. Nei, hér er eitthvað sem á að gilda um aldur og ævi óbreytt. Auðvitað mun það ekki gilda um aldur og ævi. Auðvitað munu bændur rísa upp á afturlappirnar, a.m.k. þeir fátækustu, og segja: Við viljum ekki borga 10 þús. kr. í eitthvert kerfi sem við fáum ekkert út úr. Að sjálfsögðu ekki.

Ég tek undir að þetta er góð þróun, menn eru á réttri leið en menn þurfa að segja bændum hvert næsta skref verður. Það vantar stefnu, það vantar stefnu til 10, 15 eða 20 ára. Allar atvinnugreinar þurfa einhvern grundvöll til 10–20 ára. Sjávarútvegurinn, verslunin, iðnaðurinn, þurfa að vita hvað

bíður þeirra. Verslunin getur ekki sagt: Ég byggi hér húsnæði, ég veit hvað gerist næstu þrjú árin en svo ekki söguna meir. Það gengur ekki upp. Það þarf stefnu. Ég skora á hæstv. landbrh. að búa til stefnu í þessu máli, í búvörusamningnum. Segja við bændur: Við ætlum að hafa þessa stefnu, skera niður svona og svona mikið á ári, en það verður þá tryggt að menn fá það sem eftir stendur.

[11:54]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Pétur Blöndal fór hér ágætlega yfir málið og setti fram viðhorf sín og skoðanir. Hann er reyndar góður stærðfræðingur og var búinn að reikna það nokkurn veginn út hvað kæmi í hlut hvers bónda í gamla kerfinu, þ.e. greiðslur sjóðagjalda, og hvað kæmi í hinu nýja. Hann talaði um að eini möguleikinn hjá bændum til að fá þetta endurgreitt væri að taka lán á lægri vöxtum sem er alveg hárrétt hjá Pétri Blöndal.

En ástæða þess að ég kem hér upp í andsvari er einfaldlega sú að núna í nýja kerfinu fá þeir lægri endurgreiðslur í formi vegna þess að það á að hækka vextina. Þó að sjóðagjöldin lækki um einhverja x-tölu þá á að sækja til baka, þá sækir sjóðurinn aftur til baka þannig að heildarraunlækkunin er ekki næstum eins há og hér er talað um. Þótt heildarsjóðagjöldin lækki úr um það bil 130 þús. kr. niður í 80–90 þús. kr. er möguleiki bænda til að fá endurgreitt í formi lægri lána miklum mun minni vegna þess að það á að hækka vextina. Aukin heldur geta aðeins örfáir bændur fengið lán úr þessum sjóði þrátt fyrir að þeir þurfi allir að greiða í hann.

Að lokum, virðulegur forseti, eru þessi sjóðagjöld í formi veltuskatta sambærileg og aðstöðugjöldin voru þannig að í raun og veru skiptir litlu máli hverjar tekjur bændur hafa, það er veltan sem skiptir öllu máli en ekki hver laun bænda verða. Við getum tekið sem dæmi að bóndi með 6 millj. kr. veltu, sem skilar honum kannski 1 millj. í tekjur, greiðir 15% af sínum launum í sjóðagjöld.

[11:55]

Pétur H. Blöndal *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi sjóðagjöldin gat ég þess í 1. umr. að þetta er að sjálfsögðu veltuskattur og þar sem tekjur bóndans eru mismunur milli gjalda og tekna búsins, þ.e. mismunartala, þá eru þær oft miklu lægri þannig að sjóðagjöldin geta farið upp í 6%, 7% og jafnvel 10% af tekjum bóndans. Það er orðið umtalsvert og ég gat um það. Þetta er kerfi sem menn ættu virkilega að fara að skoða hvort þeir vilji hafa svona. En ég tek undir það með hv. þm. að vegna þess að ég hafði nefnt þetta í 1. umr. kom ég ekki inn á þennan punkt núna auk þess sem það heyrði kannski meira undir sjóðagjaldafrv.

[11:57]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal fyrir málefnalega ræðu þó ég sé honum ekki sammála í öllum atriðum. Mér fannst undarlegt að tala um að snúa ofan af 25–30 ára vitleysu. Það var Ingólfur Jónsson, landbrh. og einn mesti sjálfstæðismaður, sem setti lögin um Stofnlánadeildina. Eins og kom fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni hefur hún reynst bændum vel og ráðið úrslitum í því að við eigum í dag glæsilegan landbúnað sem á mörgum sviðum er samkeppnisfær og framleiðir mjög góðar afurðir. Ég tek undir með hv. þm. að það er mikilvægt að marka framtíðarstefnu til 10–20 ára eins og þingmaðurinn orðaði það. Ég held að landbúnaðurinn við núverandi aðstæður þurfi á því að halda og ég held að þeir flokkar sem nú eru í ríkisstjórn eigi að hafa kjark til að fara í þá vinnu sem allra fyrst. Ég held að það muni skipta mjög miklu máli bæði fyrir landbúnaðinn og lífið í landinu eins og það er.

Hv. þm. minntist á ferðaþjónustuna. Sú niðurstaða varð í starfi Stofnlánadeildar og Byggðastofnunar að það varð samkomulag um að til þess að þau lán væru á einum stað þá yrðu þau hjá Byggðastofnun. Þannig hefur það verið, þar eru þau. Það er mjög skýrt markað hvert niðurgreidd lán fara. Það er ekki til samkeppnisgreina. Auðvitað fer stór hluti þeirra til jarðakaupa og síðan í byggingar í þeim greinum sem greiða sjóðagjöldin.

[11:59]

Árni M. Mathiesen:

Herra forseti. Í því máli sem um er að ræða er raunverulega verið að leggja til þrenns konar breytingar í meginatriðum. Í fyrsta lagi er lagt til að lánastofnun landbúnaðarins verði sjálfstæð stofnun. Í öðru lagi er verið að gera hana þannig úr garði að hún er miklum mun líkari almennri lánastofnun en Stofnlánadeild landbúnaðarins er í dag. Í þriðja lagi er verið að auka áhrif bænda á stjórn stofnunarinnar eða kannski réttara sagt að það er verið að auka áhrif Bændasamtakanna á stjórn stofnunarinnar.

Afstaða mín til þessara þriggja þátta er eftirfarandi: Ég hef ekki séð neina sérstaka ástæðu til þess að landbúnaðurinn þurfi sérstaka sjálfstæða lánastofnun. Og ég hef hvergi séð í íslenskum lánastofnunum að áhrif hagsmunasamtakanna hafi verið lánþegunum eitthvað sérstaklega til bóta, að útlánastarfsemin hafi verið eitthvað betri fyrir það að hagsmunasamtökin hafi átt þar aðild að. Ég er hins vegar sammála því að landbúnaðurinn eigi að lúta í sem flestum atriðum eins og mögulegt er almennum reglum um lán á lánamarkaði.

Í frv. eru hins vegar atriði sem eru mjög jákvæð miðað við það sem gildir í dag og það er sérstaklega þar sem um er að ræða þá sem greiða til stofnunarinnar og þá sem fá mögulega lán frá stofnuninni. Eins og lögin eru í dag um Stofnlánadeild landbúnaðarins þá greiða allir framleiðendur til deildarinnar en einungis þeir sem eru á lögbýlum eiga möguleika á því að fá lán frá deildinni. Þessu er breytt í frv. þannig að allir þeir sem greiða til stofnunarinnar eiga möguleika á því að fá lán. Þetta tel ég vera mikið réttlætisatriði og finnst miður að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hafi ekki getið þessa í ræðu sinni þar sem hann talaði um að þrengt yrði að þeim sem mögulega gætu fengið lán úr deildinni. Eftir sem áður verða lánþegarnir að uppfylla þau almennu skilyrði sem deildin setur. En það er einmitt 8. gr. sem undirstrikar það að þessi lánastofnun á að lúta almennum reglum sem lánastofnanir á almennum markaði vinna eftir og það tel ég að sé almennt jákvætt. Hins vegar er í 2. mgr. 8. gr. líka ákveði sem gerir það að verkum að þessi stofnun mun ekki starfa alveg nákvæmlega eins og almennar lánastofnanir gera. En það er einmitt það ákveði sem hv. þm. Egill Jónsson gagnrýndi hér áðan, að ekki mætti lána nema upp að 60% kostnaðarverðs þess sem lánað væri út á þrátt fyrir að fjárhagsstaða viðkomandi bónda og eignarstaða í öðrum eignum á býlinu gæti forsvarað það að hann fengi meira lán til þessarar einstöku framkvæmdar.

Það má líka segja að 9. gr. sem hv. þm. Egill Jónsson gagnrýndi dragi úr því að þessi stofnun starfi eftir almennum reglum lánamarkaðarins, en þar eru sérstakar reglur um veð,

hvernig eigi að standa að þeim. Að vissu leyti má segja að það réttlætist af því að hér er um niðurgreidd lán að ræða en það er nú einmitt það atriði sem kannski mest er umdeilt varðandi þessa lánastofnun. Það kom einmitt mjög margt athyglisvert fram í mjög merkri ræðu hv. 3. þm. Austurl., Egils Jónssonar, hér áðan. Og þó að við kannski nálgumst ekki þessar tvær greinar, 8. og 9. gr., alveg frá sama sjónarhorni þá held ég að við komumst að sömu niðurstöðunni, þ.e. að miðað við þær aðstæður sem ríkja í atvinnugreininni og miðað við þær aðrar aðstæður sem ríkja á þessum markaði, væri skynsamlegast að leggja sjóðagjöldin af og að landbúnaðurinn lyti almennum reglum lánamarkaðarins eins og hann gerist hverju sinni sinni samkvæmt þeim lögum sem sett eru á hv. Alþingi. Þess vegna hefði ég talið skynsamlegast að Stofnlánadeildin, sem hefur verið deild í Búnaðarbankanum, hefði verið lögð inn í hann, orðið hluti af honum. Bankinn hefði orðið sterkari eftir breytinguna. Hann er reyndar sterkur en hefði orðið enn sterkari og hefði haft mikla möguleika til þess að þjónusta landbúnaðinn í framtíðinni. Og landbúnaðurinn hefði átt þar góðan bakhjarl. Búnaðarbankinn hefði síðan getað farið í það ferli sem ríkisviðskiptabankarnir eru að ganga í gegnum í dag eftir sem áður, ekki hefði þurft að trufla það.

Annar kostur sem ég hefði talið betri en sá sem valinn var að Stofnlánadeildinni hefði verið rennt inn í hinn nýja fjárfestingarbanka og hún hefði lotið þar sömu lögmálum og aðrar atvinnugreinar í landinu á þeim vettvangi. En sú leið sem valin var er að mínu mati sú lakasta af þeim sem stóð til boða. Hún er hins vegar til bóta frá því sem nú er. Hún felur í sér lækkun sjóðagjaldanna, mjög umtalsverða, og hún felur það í sér að lánveitingar til landbúnaðarins verða mun líkari því sem gerist á hinum almenna markaði en nú er. Og hún felur það í sér sérstaklega að mismunun á milli þeirra sem greiddu til deildarinnar og fengu mögulega lán eftir þeim almennu reglum sem settar væru um lánveitingarnar, er felld úr gildi. Þeir sem eru með starfsemi sína utan lögbýlis eiga möguleika á lánveitingum.

Ég hef hins vegar litið svo á að þetta frv. sé hluti af heildarpakka um breytingar á peningamarkaðinum, breytingar á banka- og lánakerfinu, bæði hvað varðar ríkisviðskiptabankana og eins hvað varðar fjárfestingarsjóði atvinnugreinanna þannig að þetta frv. sé hluti af þeirri heildarmynd þeirra þriggja frv. sem við samþykktum á hv. Alþingi í gær um ríkisviðskiptabankana, Fjárfestingarbankann og Nýsköpunarsjóðinn og þar af leiðandi hluti af því heildarsamkomulagi sem náðst hefur á milli stjórnarflokkanna um breytingar á þessu bankakerfi. Ég hef haft tækifæri til þess að koma að þeirri vinnu sem var unnin við það að ná þessu samkomulagi og þó að það sé ýmislegt þar sem ég hefði viljað sjá öðruvísi þá hefur að hluta til verið tekið tillit til minna sjónarmiða og því mun ég styðja öll þessi frv. eins og þau voru lögð fram. En eins og komið hefur fram hér í umræðum þá hef ég ekki séð mér fært að styðja eina brtt. um Nýsköpunarsjóðinn sem kom frá hv. efh.- og viðskn. Ég mun styðja málin eins og þau komu fram frá ríkisstjórninni og jafnframt þær breytingar sem lagðar eru til á þessu frv. sem ég tel að séu til bóta. Ég tel reyndar að þær séu allar til bóta og þær mun ég styðja, og því hef ég skrifað undir nál. án fyrirvara og mun greiða frv. og brtt. atkvæði mitt.

[12:08]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Árna M. Mathiesen fyrir skýra ræðu og góða framsetningu en ég er alveg gáttaður á hvernig hann vinnur að málinu hér þegar það kemur til 2. umr. Hann sagði að hann sæi enga þörf fyrir sérstakan lánasjóð fyrir landbúnaðinn. Ég er í sjálfu sér sammála honum um það. Það er ekki málið. Hann talaði um að besti kostur hefði verið að Stofnlánadeildin færi inn í Búnaðarbankann eða þá að Stofnlánadeildin færi inn í Fjárfestingarbankann. Þetta eru allt hugmyndir sem menn hafa rætt. En hv. þm. stendur að áliti meiri hlutans. Hann stendur að þessu máli. Hann rakkar málið niður í sinni ræðu og ég get verið sammála honum. Ég held að þetta sé mjög óskynsamlegt. Ég styð málflutning hans. En hann rakkar málið niður í öllum sínum málflutningi og segir síðan í lokin að hann ætli að styðja þetta án fyrirvara.

Herra forseti. Ég hef aldrei upplifað svona framsetningu í þinginu. Vitaskuld hafa menn leyfi til að vera með sína persónulegu afstöðu og við sáum að fyrirliði Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum styður ekki ríkisstjórnina í þessum málum. Það kom skýrt fram. Hv. þm. Árni M. Mathiesen gerir það ekki heldur en þrátt fyrir það skrifar hann undir álitið án fyrirvara þótt hann gagnrýni frv. það harkalega. Hann er á móti þessu máli. Ég skil ekki, herra forseti, þennan málflutning og ég man ekki eftir því að svona hafi gerst hér áður. Það er ósköp eðlilegt að stjórnarþingmenn komi með fyrirvara og gagnrýni ýmis atriði en skrifi samt undir nál. Þeir eru þá með fyrirvara og gera grein fyrir því í umræðu. En að menn skrifi undir nál. án fyrirvara og finni síðan málinu allt til foráttu er einstakt. Ég hef ekki heyrt um slíka framsetningu áður. Ég þarf kannski leiðbeiningar frá hæstv. forseta hvort hér hafi átt sér stað mistök við prentun þingskjala eða ekki. En ég skildi síðustu orð þingmannsins svo að hann stæði samt að málinu án fyrirvara. Og þetta er gjörsamlega óskiljanlegt fyrir okkur stjórnarandstæðinga og reyndar aðra líka.

[12:10]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Góður hluti ræðu minnar fór í það að reyna að útskýra afstöðu mína. Og ég átti nú satt að segja von á því að einn af vitringunum í efh.- og viðskn. skyldi afstöðuna. En afstaðan byggist á því að ég tel þetta frv. vera hluta af heildarpakka um breytingar á bankakerfinu og þær breytingar styð ég heils hugar og tel mjög nauðsynlegt að þær gangi fram. Jafnframt gerði ég grein fyrir því að þær breytingar sem hér væru gerðar væru til bóta frá því ástandi sem er í dag þrátt fyrir að ég hefði séð betri leiðir. Ég er alveg sannfærður um að hv. þm. hefur einhvern tímann séð betri leiðir en þær sem farnar voru í þeim málum sem hann hefur stutt án þess að hann hafi gert sérstaklega meira en að gera grein fyrir því hér í ræðustóli.

Hins vegar er afskaplega vandlifað þegar verið er að ræða landbúnaðarmál á hv. Alþingi, sérstaklega við þá hv. þm. úr þingflokki jafnaðarmanna, því það er alveg sama hvernig maður útskýrir samkomulag sem náðst hefur milli stjórnarflokkanna og maður ætlar að styðja, af því maður telur það vera til bóta, hvort sem maður er með fyrirvara eða ekki. Maður er gagnrýndur fyrir það að setja fyrirvara, en það gerði hv. formaður Alþfl. þegar við ræddum búvörusamninginn fyrir nokkrum missirum síðan. Þá var ég gagnrýndur mjög harðlega af talsmönnum jafnaðarmanna fyrir að hafa fyrirvara við málið og nú er ég gagnrýndur harðlega af talsmanni jafnaðarmanna fyrir að hafa ekki fyrirvara. Ég verð nú bara eiginlega að spyrja hv. þm.: Hvernig á ég að standa að málunum ef ég ætla að styðja þau þótt ég telji þau kannski

ekki vera alveg 100% eins og ég vildi helst hafa þau? Á ég að hafa fyrirvara eða á ég ekki að hafa fyrirvara svo Alþfl. eða þingflokkur jafnaðarmanna sé ánægður með afstöðu mína?

[12:12]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrirvari eða ekki fyrirvari, það er efinn. Ég get ráðlagt hv. þm. Hann hefði átt að hafa fyrirvara í þessu máli. Það er alveg skýrt að ég tek undir afstöðu hans og mér finnst hann hafa lýst málinu skynsamlega. Það er hins vegar fullkomlega óeðlilegt, miðað við þá afstöðu sem hann gerði hér skilmerkilega grein fyrir, að skrifa undir álitið án fyrirvara. Auðvitað þurfa menn ekki að hafa fyrirvara við mál nema þar séu mikilsverð gagnrýnisatriði. Þingmaðurinn hefur lýst því mjög skilmerkilega í hverju þau voru fólgin. Hann sá ástæðu til að gera það sérstaklega að umtalsefni. Við slíkar aðstæður ber honum að skila nál. með fyrirvara. Við vinnum eftir þingskjölunum og þetta var óeðlileg málsmeðferð af hálfu hv. þm.

Ég man ekki hvernig það var með búvörumálin á sínum tíma. Ég virði skoðanir hv. þm. Mér finnst hann oft og tíðum að mörgu leyti koma fram með viðhorf sem eru skynsamleg og mér finnst hann gera það í þessu máli. Hins vegar gagnrýnir hann með réttu alla þessa málsmeðferð og aðferðafræði. Ég tek undir það. Ég bendi hins vegar á — við erum ekki í formlegri deilu um fyrirvara eða ekki fyrirvara — að það liggur fyrir að þingmenn Sjálfstfl. eru mjög ósáttir við þetta frv. Hv. þm. Egill Jónsson fylgir ekki málinu. Það hefur komið skýrt fram í umræðunni þótt fyrirvaralaust sé skrifað undir af hálfu hv. þm. Árna M. Mathiesens, að hann hefði kosið mjög margar aðrar leiðir en þessa þó svo hann telji hana vera til bóta miðað við núverandi kerfi.

Ég sé á þessu öllu, herra forseti, að landbúnaðarstefna ríkisstjórnarinnar og hæstv. landbrh. eins og hún birtist í þessum tveimur frv. um lánasjóðinn og um búnaðargjaldið, er raunverulega gjaldþrota og þingmenn Sjálfstfl. fluttu líkræður yfir henni hér í morgun.

[12:15]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Ágústi Einarssyni fyrir að taka svo kröftuglega undir málflutning minn, bæði í þessu máli og öðrum, og þakka honum fyrir ráðleggingarnar um hvernig ég hefði átt að skrifa undir nál. Hins vegar helgast það að ég skrifa ekki undir það með fyrirvara af því að ég lít á þessar breytingar sem heildarbreytingar á bankakerfinu og ég vil standa að þeim breytingum fyrirvaralaust. Ég tel þær í heild sinni vera mjög til bóta. Þó að eitthvað hefði mátt vera öðruvísi er það ekki það mikið miðað við umsvif þessa kerfis að ástæða sé fyrir mig að skrifa undir eitthvað af því með fyrirvara. Undirskriftin felst í því að ég tel hana vera hluta af heildarundirskrift minni undir breytingar á bankakerfinu.

[12:16]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að játa að undir ræðu hv. þm. Árna Mathiesens náði ég enn og aftur í þetta meirihlutaálit landbn. til að kanna hvort hann hefði skrifað undir það, og hér stendur skýrum stöfum: Árni M. Mathiesen. Og áðan kom fram að það var ekki tilviljun, það voru ekki mistök í prentun. Það kom fram hjá hv. þm. að hann er andvígur því að sérstakur lánasjóður skuli rekinn fyrir landbúnaðinn. Það kom fram hjá hv. þm. að hann taldi bestu leiðina þá að þessi sjóður hefði runnið inn í Búnaðarbankann líkt og minni hlutinn lagði til í nál. sínu. Það kom fram hjá hv. þm. að hann styddi þetta sökum þess að verið væri að breyta íslenskum fjármagnsmarkaði.

Virðulegi forseti. Það má svo sem til sanns vegar færa að hin frv., sem hann vísaði til, fela í sér einhverjar breytingar en það sem hér er í gangi er engin breyting, ekki nokkur einasta breyting. Hann nefndi í raun og veru eina breytingu sem er tæknileg útfærsla um að ekki er lengur til krafa um að lán fari á lögbýli. Að öðru leyti er grundvallarafstaða hans í andstöðu við frv. Ég ætla ekki að þræta við hv. þm. hvort hann eigi að skrifa undir með fyrirvara eða ekki fyrirvara, en ég er ekki betur gefinn en svo að ef menn eru í grundvallaratriðum á móti því frv. sem er í gangi og við erum að tala um, þá get ég ekki fengið mig til að skilja það hvernig menn geti stutt það frv. og ég held að æra mætti óstöðugan að halda áfram þessum rökræðum. Ég verð að taka undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni að ég botnaði hvorki upp né niður í þessari ræðu að öðru leyti en því að þær röksemdir sem hann setti fram voru skynsamlegar. En að hann skuli í framhaldi af því skrifa undir þetta álit er mér gersamlega fyrirmunað að skilja.

[12:18]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Endursögn hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar á ræðu minni var ágæt og ég er ánægður með að hann ætlar ekki að þrátta við mig um það hvort ég skrifa undir með fyrirvara eða ekki. En hins vegar er staðreyndin sú að þetta frv. er til bóta frá því sem nú er. Ef hann hefði einhvern tímann rætt við þá bændur sem ekki búa á lögbýli um það hvers vegna þeir gátu ekki fengið lán úr Stofnlánadeildinni eins og samkeppnisaðilar þeirra, þá mundi hann sennilega skilja betur afstöðu mína til málsins. En ég tel að það sé gríðarlega mikil réttarbót sem felst í því að allir þeir aðilar sem greiða til stofnunarinnar eigi möguleika á lánum frá stofnuninni. Það eitt hefði réttlætt að styðja málið án fyrirvara.

[12:19]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að ljúka umræðunni um viðhorf hv. þm., að hann skuli skrifa undir það sem hann er gersamlega andvígur. Það hefur komið fram í umræðunni, virðulegi forseti, að hv. þm. Egill Jónsson, sem hefur verið einhvers konar fyrirliði sjálfstæðismanna í umræðum um landbúnaðarmál til margra ára, er þessu frv. gersamlega andvígur. Og hv. þm. Árni M. Mathiesen, sem kannski kemst næst því að vera talsmaður Sjálfstfl. að Agli undanskildum, er í grundvallaratriðum á móti þessu.

Hv. þm. Pétur Blöndal, sem er þeirra sérfræðingur í efnahagsmálum, telur að þetta frv. sé aðeins til þess fallið að viðhalda kerfi sem er fyrir löngu orðið gjaldþrota. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. Árna Mathiesen: Er það svo að í málinu sé að ganga fram stefna Framsfl.? Hefur það loksins gerst í ríkisstjórnarsamstarfinu að Framsfl. hefur tekist að vaða yfir Sjálfstfl.? Þingmenn Sjálfstfl. koma hér upp hver á fætur öðrum, og tala um að þeir séu þessu gersamlega andvígir, en þegar á hólminn er komið ákveða þeir að ganga undir hið gamla gjaldþrotakerfi, landbúnaðarkerfið.

[12:21]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði að hann hefði farið og lesið nál. meiri hlutans aftur. Hann hefur þá væntanlega gert sér grein fyrir að efnislega er nál. á þann veg að verið er að telja upp þá sem mættu á fund nefndarinnar og síðan kemur ... (**LB:** Ég las undirskriftirnar. Ég las hvort undirskriftin ...) Hv. þm. hefði betur lesið allt nál. til þess að hann skildi þetta allt saman. Síðan kemur með einni málsgrein vafningalaust að meiri hluti nefndarinnar mæli með því að frv. verði samþykkt. Ekki er lýst kostum eða göllum á frv. eða einhverjum öðrum aðferðum til að gera breytingar. Síðan er gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar. Ég er því út af fyrir sig ekki að skrifa undir (Gripið fram í.) neitt annað en lágmarkstexta í nál. og hef síðan gert grein fyrir þeirri afstöðu minni til málsins á þann hátt að hv. þm. Ágúst Einarsson hefur séð ástæðu til að styðja það alveg sérstaklega.

Síðan spyr hv. þm. Lúðvík Bergvinsson hvort þetta sé stefna Framsfl. og verið sé að rúlla yfir Sjálfstfl. Ég hef reyndar ekki orðið sérstaklega var við að rúllað væri yfir okkur. Hins vegar er þetta málamiðlun og samkomulag um breytingar eins og oft þarf að gera í stjórnarsamstarfi. Eins og ég hef áður sagt í þessari umræðu er þetta hluti af heildarbreytingum á bankakerfinu. Ef staðan væri sú að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson kæmi úr þingflokki sem hefði stutt frv. sem samþykkt voru í gær í heilu lagi og þar hefði ekki verið neinn þingmaður sem vék sér undan því að styðja breytingarnar á bankakerfinu, þá hefði hann kannski efni á að gagnrýna okkur þingmenn Sjálfstfl. sem styðja þessi mál í dag. En þar sem þeir gátu ekki staðið heils hugar að breytingum á bankakerfinu í gær, þá hafa þeir ekki efni á því að gagnrýna þá aðila sem standa að þeim breytingum í heild sinni.

[12:23]

Útbýting þingskjala:

Fjöldi slysa á helstu ferðamannastöðum, 326. mál, svar samgrh., þskj. 1227.

Nauðasamningar, 442. mál, svar fjmrh., þskj. 1242.

[12:24]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef átt þess kost að fjalla um frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins í hv. landbn. og skrifaði undir álit nefndarinnar með fyrirvara sem ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir í hverju er fólginn.

Ég er sátt við þá hugsun sem felst í frv. Mér finnst það bera vott um félagshyggju og samtryggingu innan stéttarinnar þegar menn ákveða að borga allir í sjóð til að uppbygging megi eiga sér stað innan stéttarinnar til hagsbóta fyrir þá sem í greininni vinna. Ég veit að frv. kom ekki beint frá ráðuneytinu til þingsins heldur hafði það verið til umfjöllunar á búnaðarþingi og var þar þokkaleg samstaða um það. Það hefur auk þess verið kynnt víða um land. Landbúnaðurinn er grein sem stendur ekki vel og virkilega þarf að taka á og byggja upp þætti svo að greinin geti orðið samkeppnisfærar en hún er í dag, en það þýðir ekki að hún eigi endilega, eins og hv. þm. Pétur Blöndal talaði um, að vera í fjárfestingum sem geti borgað markaðsvexti. Ég tel að fjárfestingar innan þeirrar greinar geti verið mjög góðar og þarfar jafnvel þó að þær geti ekki staðið undir markaðsvöxtum.

Mér finnst að það hefði verið verðugt verkefni á hinu háa Alþingi að standa við bakið á bændum þar sem þeir eru að reyna að snúa vörn í sókn í mjög þröngri stöðu í sinni atvinnugrein.

Fyrirvarinn sem ég hafði við málið varðar 9. gr. sem minnst hefur verið á í þessum umræðum, og ég sé að hv. formaður nefndarinnar nikkar og kannast hann við þennan fyrirvara minn því ég hef gert hann á nánast hverjum fundi sem haldinn hefur verið um þetta mál í hv. nefnd. Í 1. lið 9. gr. stendur: „Lán má veita gegn þessum tryggingum: veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Lánasjóðs landbúnaðarins eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim sem sjóðurinn fær, ...“

Mér finnst þetta þrengja um of möguleika bænda til að sækja lán í þennan sjóð til að byggja sig upp. Ég minni á að þarna getur verið um það að ræða að annað hjónanna t.d. eigi rétt á lífeyrissjóðsláni. Það gerir þeim að mínu viti ókleift að sækja til Lánasjóðs landbúnaðarins ef lífeyrissjóðslán hvílir á eigninni. Mér hefði fundist mun skynsamlegra, af því að menn sem töluðu á undan mér hafa verið stóryrtir um hvað væri skynsamlegt og hvað ekki, að þetta væri orðað sem svo að skuldir sem hvíldu á veðrétti fyrir ofan Stofnlánadeild plús skuld við Stofnlánadeild mættu ekki fara yfir tiltekna prósentu af matsverði þeirrar eignar sem veðsett er.

Þetta er í rauninni eina atriðið í frv. sem ég gerði alvarlegan fyrirvara við og þess vegna skrifa ég undir álit landbn. með fyrirvara sem ég hef hér með gert grein fyrir.

[12:29]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna mikið. Fyrst og fremst þakka ég hv. landbn., formanni og nefndarmönnum öllum fyrir að hafa náð að afgreiða þetta mál. Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að það er afgreitt með meirihluta- og minnihlutaáliti. Það lá fyrir strax við 1. umr. um málið. Í nál. þeirra hv. þm. sem standa að minnihlutaálitinu og framsögu með því áðan kom í raun ekkert nýtt fram í viðbót við það sjónarmið sem kom fram strax í upphafi 1. umr. um að þeir teldu að öðruvísi ætti að standa að þessu. Ég svaraði því þá og lýsti viðhorfi mínu að ég teldi að það bæri að hafa sérstakan lánasjóð fyrir landbúnaðinn áfram þó að nokkuð breyttar áherslur séu frá því sem verið hefur og hér hafa verið raktar og komu fram í umræðunni og ég ætla ekki að tíunda frekar. Einnig lýsti ég því yfir að enn þá væru rök fyrir því, a.m.k. um sinn, að niðurgreiða vexti eða hafa lægri vexti hjá þessum sjóði og til þessarar atvinnugreinar en almennt gerist á markaði því að landbúnaðurinn væri ekki í þeim færum nú að takast á við markaðsvexti. Ég lýsti því hins vegar sem skoðun minni þá og get áréttað það nú að ég tel að hér sé um að ræða skref í þá átt. Ég sé það fyrir mér að það komi að því að þessi atvinnugrein verði að takast á við almenna markaðsvexti eins og aðrar atvinnugreinar. Við vitum að miklar breytingar eru í gangi. Við höfum rætt það áður og það eru engin ný sannindi eða tíðindi. Í sambandi við alþjóðleg viðskipti, alþjóðlega samninga, innflutning á landbúnaðarvörum og fleira eru aðstæður íslensks landbúnaðar að breytast verulega. Til allra þessara hluta verður landbúnaðurinn að taka tillit og hann þarf að þróast í þessa átt. Áherslumunurinn hjá okkur er kannski sá hversu hratt það gerist. Gerist það með gerbreytingu eða byltingu eða gefum við okkur tíma til að láta þetta þróast á nokkuð löngu árabili? Það er mín skoðun og er ekkert ný. Þetta hef ég sagt áður.

Mig langar aðeins að segja út af ummælum hv. þm. Egils Jónssonar, sem er því miður ekki hér í salnum en hlýðir kannski á annars staðar, á skrifstofu eða í öðrum vistarverum þingsins, að ég skildi ekki fyllilega umfjöllun hans um 8. og 9. gr. að því leytinu til að þar erum við auðvitað að ræða um skilyrði þess að landbúnaður ... — Hér kemur hv. þm. í salinn. Hann fór mörgum orðum um afkomu landbúnaðarins og þá stöðu sem íslenskur landbúnaður er í um þessar mundir. Mér fannst e.t.v. að mér bæri í raun að taka það allt til mín, að sú staða sem landbúnaðurinn er í sé vegna þess hversu núv. ríkisstjórn og núv. landbrh. hefur haldið illa á málum greinarinnar þessi tvö ár sem ég hef setið í stóli landbrh. (**EgJ:** Ég nefndi nú ekki landbrh. einu orði.) Nei, en mér fannst að skilja mætti andann í ræðunni þannig. Ég hef þá vonandi misskilið það. En ég tel að þann tíma sem ég hef setið á stóli landbrh. hafi ég sýnt á mörgum sviðum að við höfum verið að breyta þar til og reyna að styrkja stöðu greinarinnar. Við settumst strax niður við að semja nýjan samning fyrir sauðfjárræktina af því að við töldum að staða hennar væri þannig að hún ekki gæti beðið heildarendurskoðunar búvörusamninga. Það tókst og ég leyfi mér að fullyrða að þeir samningar hafi haft nokkur áhrif nú þegar til að styrkja stöðuna. Afkoman hefur þrátt fyrir allt aðeins batnað á seinasta ári í þeirri grein og nú er í undirbúningi að semja við kúabændur. Áhrif búvörusamninganna hafa auðvitað verið á ýmsan hátt önnur en menn væntu í upphafi þegar þeir voru gerðir. Ég held að þau hafi meira og minna skapast af markaðsaðstæðum fremur en því að hugsunin í samningunum hafi verið röng. Ég læt það að öðru leyti liggja á milli hluta í umræðunni af því að það á ekki endilega erindi inn í hana. En ég vildi aðeins segja þetta út af þeim anda sem mér fannst liggja í ræðu hv. þm.

Mér finnst nauðsynlegt, og það hlýtur að vera svo, að þessi lánastofnun þurfi að taka tillit til afkomu í greininni og verði að setja sér reglur um hvernig eigi að standa að lánveitingum. Auðvitað er alltaf álitamál þegar ákveðin eru einhver mörk, eins og hér er gert. 60% kostnaðarverðs, á það að vera 50% eða 70% eða hvað? Menn hafa komist að þeirri niðurstöðu sem hér liggur fyrir, en það geta verið skiptar skoðanir í því efni og við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Mér finnst það ekki geta ráðið úrslitum um afstöðuna hvort menn eru algerlega með eða móti málinu í heild sinni. Það geta verið skoðanaskipti og ágreiningur á einstökum þáttum sem varða útfærslu á þessu.

Það eru út af fyrir sig tíðindi, og ekkert við þeim að segja, ef það er afstaða hv. þm. að það beri að hætta innheimtu sjóðagjalda í landbúnaði og fella niður hina lágu vexti þannig að landbúnaðurinn kæmist á það stig að hann yrði að takast á við markaðsvexti, því það hlýtur að gerast jafnhliða. Við getum ekki fellt niður sjóðagjöldin og haldið niðri vöxtum. Það er hið stóra skref sem menn hafa talað um að ætti að stíga og gera strax. Ég hef sagt að ég er andvígur því, en hér er hins vegar stigið skref í þá átt að gera það. Það er stigið skref í þá átt að færa sig út úr því kerfi sem ríkt hefur inn á aðrar brautir. Hvað framtíðin ber nákvæmlega í skauti sér í því efni er erfitt um að segja.

Þetta var það sem ég vildi segja út af ræðu hv. þm. Egils Jónssonar. Ég var ekki fyllilega sáttur við þann tón sem mér fannst vera í ræðunni um afkomuvandann að beinlínis væri verið að glíma við hann í þessu frv. og einstakar greinar þess mætti lesa í einhverju samhengi við þá stöðu sem þar er uppi. Ég tel þvert á móti að við séum á ýmsan hátt að reyna að laga til í landbúnaðinum þó að byltingar gerist ekki. Ég hefði gjarnan viljað sjá og finna einhverjar leiðir í því efni. Ég tel mig því miður ekki hafa þær en fullyrði að verið er að stíga ýmis skref í þá átt sem styrkja greinina og auðvitað eru til ýmsir góðir bændur, sterkir og öflugir. Það er ekki allt svo aumt í sveitum að þar sé allt á hverfanda hveli og í niðurníðslu þó að vissulega mætti margt fara betur, en mér finnst sumt í umræðunum í morgun hafa mátt skilja á þá leið að hér væri allt komið að fótum fram og allt að hruni komið. Sem betur fer er það nú ekki svo.

Mig langar aðeins að leggja út af ræðu hv. þm. Péturs Blöndals. Reyndar höfðum við fjallað aðeins um sjónarmið mín við 1. umr. þessa máls. Ég hef reynt að gera honum og öðrum hv. þm. grein fyrir viðhorfi mínu til að halda áfram þessu formi sem hér er gert þó að töluverðar breytingar séu gerðar þar á og hv. þm. er þó sammála eða ég skildi hann svo, að vissulega væru ýmsir þættir í stefnumótuninni í rétta átt þó að hann vildi kannski ganga lengra og að einhverju leyti takast á við málin á annan hátt en hér er gert. Hv. þm. hafði uppi efasemdir um það hvort sanngjarnt og eðlilegt það viðhorf væri í nútímaþjóðfélagi að allir bændur, hversu vel sem þeir eru settir og hversu vel sem þeir eru tekjum búnir, þyrftu að takast á við það að standa að hinu sameiginlega kerfi. Ég er þeirrar skoðunar og frv. sem ég legg fram ber auðvitað vitni um það.

Hv. þm. sagði að andstaða hlyti að verða gegn því og menn mundu brjóta kerfið niður vegna þess að fátækustu bændurnir mundu mótmæla því að þurfa að vera þátttakendur í slíku samtryggingarkerfi. Ég hygg nú, án þess að ég sé að gera það að skoðun minni hvernig þetta muni fara, að það verði ekki endilega þeir fátækustu. Ætli það verði ekki frekar þeir sem betur eru settir sem komi til með á einhverju stigi að andmæla ef menn eru ekki alveg sáttir við kerfið og vilja knýja á um breytingar. En þetta er kannski út af fyrir sig aukaatriði í umræðunni hvernig það kemur til með að þróast.

Ég er sammála hv. þm. um að auðvitað væri nauðsynlegt að móta stefnu til lengri tíma. Þrátt fyrir allt er verið að reyna að gera það með búvörusamningum, sem mættu gjarnan vera til enn lengri tíma en þeir eru, og ég veit að mjög er sótt á um það í þeim samningi sem fram undan er varðandi mjólkurframleiðsluna að hann sé til lengri tíma. Mig langar til að minna á að ég fékk nokkrar ákúrur fyrir það hjá sumum hv. þingmönnum í fyrra þegar við ræddum um sauðfjársamninginn að verið væri að binda hendur til framtíðar, verið væri að binda hendur næstu ríkisstjórnar eða stjórnvalda í framtíðinni um slíka samninga. Ég man ekki betur en einhverjir hv. þingmenn hafi látið þau orð falla og spurt hvort ég teldi mig hafa umboð til þess og vera í færum til að búa svo um hnútana, að vera að binda samning til langrar framtíðar. En ég held að það sé algerlega nauðsynlegt.

Ég er hins vegar ekki alveg sammála því að sú langtímastefna eigi að vera, ef ég má orða það svo í einni setningu eða einu orði, niðurskurðarboðskapur. Ég fullyrði að landbúnaðurinn og bændastéttin hefur á undanförnum árum búið við það að þurfa að takast á við niðurskurð í ríkisútgjöldum með ríkisframlögum meira en nokkur annar hefur gert og enginn þáttur ríkisútgjalda hefur orðið fyrir eins miklum niðurskurði og framlög og stuðningur við landbúnað. Þá á ég ekki bara við útflutningsbætur, beingreiðslur og breytingar á niðurgreiðslum í beingreiðslur og þá þætti heldur sjálft stoðkerfið. Ég er með töflu fyrir framan mig um þróunina í

stoðkerfinu en í því felst t.d. leiðbeiningar, styrkir til búfjárræktar og styrkir til jarðræktar. Á undanförnum árum hefur upphæðin lækkað úr rúmlega 600 millj. niður fyrir 200 millj. Árið 1987 er þetta að vísu hæst. Kannski hefur þá átt sér stað uppgjör þannig að sú tala, sem er 609 millj., er ekki alveg til viðmiðunar. Árin 1988, 1989 og 1990 er þetta að lækka úr 450 og niður fyrir 400 og síðan 360, 270, 250, 212. Á seinsta ári, 1996, eru það 200 millj. og í fjárlögum 1997 eru það 180 millj. Á þessum þáttum hefur því orðið umtalsverður niðurskurður á framlögum til stoðkerfis landbúnaðarins. Ég held að svo sé komið að landbúnaðurinn hafi ekki svigrúm til að verða fyrir meiri áföllum hvað þetta varðar. Menn verða að horfast í augu við það. Ég hef lýst því yfir sjálfur á opinberum vettvangi og minni á, ef við erum að horfa til lengri tíma og ef við berum það aðeins saman við það sem er að gerast í löndunum í kringum okkur, að það er ekkert sem bendir til þess að ekki verði haldið áfram umtalsverðum stuðningi við landbúnað í öllum þessum löndum. Af hverju eiga íslensk stjórnvöld að skera sig algerlega úr hvað varðar stuðning við þessa atvinnugrein? Nema menn séu þá þeirrar skoðunar að atvinnugreinin eigi yfir höfuð ekki rétt á sér og hún eigi ekki að búa við sambærileg skilyrði og í öðrum löndum. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar. Ég verð að tala alveg skýrt hvað það varðar.

Ég tel hins vegar að ég hafi með ýmsum þeim frv. sem hér eru til umfjöllunar verið að vinna í því að breyta nokkuð um stefnu í landbúnaðarmálum og færa þau nokkuð í annan farveg en verið hefur. Ég ætla mér að halda því áfram. Ég er með drög að frv. til nýrra búnaðarlaga sem fjalla um þann stuðning sem ég var að nefna, þessarar stoðgreinar, eins og jarðræktar- og búfjárræktarframlög og leiðbeiningarþjónustu þannig að menn viti líka hvert stefnir í því og hafi fyrir framan sig fastmótaða áætlun og samið verði um það alveg eins og samið er um stuðning við mjólkina, samið um stuðning við sauðfjárræktina, það verði samið um stuðning við þessar stoðgreinar í landbúnaði. Og ég vísa því frá sem kom fram í andsvari hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni að stefna hæstv. landbrh. hafi í umræðunum í morgun verið lýst gjaldþrota. Ég held að ég sé þvert á móti að þróa landbúnaðinn nokkuð í aðra átt og breyta ofurlítið frá því sem verið hefur þó það sé kannski ekki eins byltingarkennt eins og sumir hv. þingmenn mundu vilja hafa það.

[12:45]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hæstv. landbrh. taldi að málflutningi mínum hefði verið sérstaklega beint að honum, þá sýnir þetta náttúrlega fyrst og fremst að maðurinn hefur bæði góða samvisku og er ráðvandur í eðli sínu og það kemur mér ekki á óvart. En ég nefndi hann aldrei á nafn. Ég talaði um búvörusamninginn. Mér er fullkomlega ljóst að Sjálfstfl. hefur átt fjmrh. núna um langa tíð og átti landbrh. á fyrra kjörtímabili og ég hef aldrei skotið þeim staðreyndum neins staðar undan.

Í ræðu sinni taldi ráðherrann sérstaklega til tíðinda að ég hefði efasemdir um gjald til búnaðarsjóðsins nýja. En ég flutti þau rök á hverju ég byggði þessa afstöðu mína. Það hélt ég að ég hefði gert nokkuð skýrlega. Það getur ekki komið þeim neitt á óvart sem störfuðu með mér í landbn. Ég byggði þessa afstöðu mína á 8. gr. frv. sem er jafnstefnumarkandi og raun ber vitni og þeirri gríðarlega mikilvægu yfirlýsingu sem kemur fram í áliti sjömannanefndarinnar. Þetta er að sjálfsögðu grundvallarstefnumótun og hún er slík að rökin fyrir stofnlánadeildargjaldinu eða búnaðarsjóðsgjaldinu eins og það er fyrirhugað, er fyrir bí.

[12:47]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara þakka hv. þm. fyrir þau orð sem hann lætur falla í minn garð út af fyrir sig. Ég hef þá örlítið misskilið áherslur hans um stöðu atvinnugreinarinnar. Við erum ábyggilega sammála um að þar er margt að og þar þarf að taka til hendi og leita leiða til þess að rétta hlut landbúnaðarins og fjölmargra íslenskra bænda. Ástandið sem nú ríkir á sér langan aðdraganda sem kannski enginn einn verður sóttur til saka fyrir og ég gerði það ekki heldur í máli mínu að varpa af mér neinni ábyrgð í því efni. Ég hef verið þingmaður hér í langan tíma og oftar en hitt stutt ríkisstjórn þó ég hafi verið í stjórnarandstöðu á síðasta kjörtímabili.

En varðandi sjóðagjöldin heyri ég að hv. þm. hefur fyrir því viðhorfi sem hann setti hér fram einnig skýra forsendu, þ.e. hann hefur tilgreint það af hverju, ef svo færi með ákveðna þætti sem hann hefur nefnt, þá væri ekki lengur réttlætanlegt að innheimta sjóðagjöldin. Ég hef þá líka kannski örlítið misskilið hans fyrri ræðu um að hann væri ekki að leggja til sem niðurstöðu hvað sem tautaði, að það væri hans viðhorf, að hætta ætti innheimtu sjóðagjalda og leggja þau af og hætta þá líka að hafa lægri vexti til lána í landbúnaði, heldur að það væri, að ákveðnum forsendum gefnum. Og þá held ég að það sé nokkuð leiðrétt sem kann að hafa farið á milli í viðhorfum okkar í umræðum hér áðan eða skilningi mínum á ræðu hans. Ég leyfi mér líka að fullyrða að nokkuð mikið hafi verið úr því gert af öðrum hv. þm. að einhver brestur kynni að vera í samstöðu okkar, hv. þm. Egils Jónssonar og landbrh., um það hvernig beri að halda áfram stefnumótun og úrvinnslu í þessum mikilvæga málaflokki, atvinnugreininni landbúnaði.

[12:50]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. sá ástæðu til þess í síðustu ræðu sinni að geta um þau ummæli mín fyrr á fundinum að ég teldi að landbúnaðarstefna ríkisstjórnarinnar væri gjaldþrota. Hann mótmælti því. En hún er það í reynd. Og einmitt bæði ræða og svar hv. þm. Egils Jónssonar og ræða hv. þm. Árna Mathiesens fyrr á fundinum sýna að þessi stefna sem landbrh. hefur verið að knýja fram, nýtur ekki einu sinni stuðnings stjórnarliða. Það er ekki einungis að þung rök gegn málinu hafi komið frá okkur stjórnarandstæðingum, heldur eru virtir einstaklingar í þingflokki samstarfsflokksins andvígir þessari stefnu. Það kalla ég gjaldþrota stefnu.

Þótt hæstv. ráðherra geti núna gripið til varadekkjanna eins og þessi ríkisstjórn hefur stundum gert og handjárnað suma og leyft sér að knýja hér mál í gegn án þess að allir fylgi því, þá er það þannig að menn eru komnir að endalokum þessarar landbúnaðarstefnu sem hæstv. ráðherra ver hér með kjafti og klóm. Ég á þá von og ósk að það takist að hnekkja þessari stefnu á afdrifaríkan hátt, ef ekki á þessu kjörtímabili þá örugglega á því næsta.

[12:51]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom í sjálfu sér ekkert nýtt fram í þessu andsvari. Ég mótmæli því hins vegar algerlega að við búum við gjaldþrota stefnu. Við eigum vissulega við erfiðleika að etja í þessari atvinnugrein sem stafa af ýmsum

þáttum, fyrst og fremst þeim breytingum sem hafa orðið í íslensku þjóðfélagi. Þar á ég t.d. við neyslubreytingar og þau áhrif sem þær hafa haft á landbúnaðinn. En landbúnaðurinn hefur verið að þróast, er að því og heldur áfram að gera það. Ég nefndi áðan og nefni enn breytingar í samkeppni og ég leyfi mér að halda því áfram fram að nauðsynlegt sé að við Íslendingar og íslensk stjórnvöld styðji þessa atvinnugrein eins og gert er annars staðar, eins og gert er hér allt í kringum okkur og að atvinnugreinin hér, þ.e. íslenskur landbúnaður, búi við hliðstæð samkeppnisskilyrði þeim sem eru í löndunum í kringum okkur. Af hverju ætti það ekki að vera? Af hverju ættum við ekki að viðurkenna og sætta okkur við að við þurfum að reka okkar landbúnað og búa að honum með svipuðum formerkjum og aðrar þjóðir gera. Nema menn séu að segja að hér eigi ekki að stunda þessa atvinnugrein. Við séum þar staddir á heimskringlunni að það sé ekki rétt. Því er ég algerlega ósammála. Við vitum a.m.k. að við erum þó þar staddir á heimskringlunni að ekki er hægt að krefjast þess af okkar íslenska landbúnaði að hann geti staðið einn og óstuddur þegar þjóðir sem búa við allt önnur landfræðileg og veðurfarsleg skilyrði og hafa betri möguleika til að reka landbúnað, njóta þó í ríkum mæli opinbers stuðnings.

Og svo einu sinni enn um gjaldþrotin og það sem ég tel mig og núverandi ríkisstjórn vera að gera á sviði þessarar atvinnugreinar, þ. e. að gera ýmsar breytingar sem færa hana og þróa hana í þá átt að hjálpa henni að aðlagast þeim breytingum sem eru að verða í þjóðfélaginu. Atvinnugreinin og stefnan eru alls ekki gjaldþrota fyrir það, heldur hljóta þær að þurfa að taka eðlilegum breytingum sem verða á hverjum tíma.

[12:54]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta verður nú æ ruglingslegra hjá hæstv. ráðherra. Það er stefna hans sem er að verða gjaldþrota, ekki íslenskur landbúnaður nema að hluta til. Það er enginn að tala um að það eigi ekki að stunda landbúnað hér á landi.

Ég hef dregið fram í umræðunni að fátækasta stétt á Íslandi er bændur. Ég hef einnig dregið fram í umræðunni að matvörur hérlendis eru 35% dýrari en að meðaltali í Evrópusambandsríkjunum. Þetta kerfi er ónýtt. Það er ekki til hagsbóta, hvorki fyrir bændur né neytendur eða fólkið í landinu. Þetta kerfi sem verið að flikka upp á með þessum frv. og öðrum sem hæstv. landbrh. hefur lagt fyrir Alþingi, og þessi stefna er komin í þrot. Ég held að umræður í morgun hafi sýnt það ljóslega að meira að segja traustir menn sem þekkja vel til mála eru búnir að fá nóg af þessu. Og það að koma hér fram í lok umræðu og segja að hlutirnir séu allir í góðu lagi og menn séu á réttri leið, er einfaldlega rangt því að kjör bænda, verð á matvörum og landbúnaðarkerfið bera öðru vitni. Allur vitnisburður er í þá átt að þessi helstefna ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Framsóknar er fyrir löngu búin að bíða hér skipbrot.

[12:55]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég býst ekki við því að við verðum endanlega sammála í þessu og karp um þetta aftur og fram eins og hér stendur nú yfir þjónar engum tilgangi. Það er vitað mál og ég hef ekki reynt að draga dul á það og enginn sem fjallar um íslenskan landbúnað hefur reynt að gera lítið úr því að þar eru ákveðnir erfiðleikar. Þar hafa gengið yfir miklar breytingar sem hafa tekið á þessa atvinnugrein.

Hún hefur líka tekið mikið á sig. Það hafa verið gerðar harðar kröfur til hennar. Það hafa verið gerðar harðar kröfur til íslensks landbúnaðar, t.d. í sambandi við svokallaða þjóðarsáttarsamninga sem gerðir voru fyrir nokkrum árum síðan og engin atvinnugrein, ég fullyrði það að engin atvinnugrein hefur lagt meira á sig og engin stétt meira en bændur við að standa við þá samninga, það sem þeim var ætlað, með hagræðingarkröfum og með að leggja sitt inn í það púkk. Það vitum við og það er viðurkennt. Og að tala um að vöruverð sé algerlega úr takt við það sem gerist í kringum okkur, þá er þar nú líka því miður ofurlítið hallað réttu máli. Ef litið er á vöruverð í okkar næstu nágrannalöndum, þá er það svo að íslenskur landbúnaður er á ýmsum sviðum fyllilega samkeppnisfær þó að sjálfsagt megi finna dæmi um annað og ef litið er til Suður-Evrópu þar sem aðstæður eru vissulega allt aðrar en hér hvað veðurfar og ýmsa þætti sem lúta að landbúnaði snertir, þá má finna lægra vöruverð. En ef það er skoðað sem liggur okkur næst, þá er það svo að í mörgum greinunum erum við Íslendingar fyllilega samkeppnisfærir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, 3. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 1258.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erfðafjárskattur, 3. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 1259.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 1262.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 132. mál. — Þskj. 143, nál. 1235.

[13:00]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Á þskj. 1235 liggur fyrir álit utanrmn. um þessa tillögu. Nefndin hefur fjallað um efni tillögunnar og fengið til sín séfræðinga frá Pósti og síma hf. Þáltill. lýtur að því að hvetja til þess að Íslendingar, einkum þó opinberir aðilar, færi sér í nyt í ríkari mæli nýja tækni á sviði fjarskipta til þess að sinna margháttuðum alþjóðlegum samskiptum. Nefndin telur að í þessari tillögu felist mjög gagnleg og þörf ábending til ríkisstjórnarinnar og annarra sem hafa með erlend samskipti að gera á vegum hins opinbera og leggur þar af leiðandi til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar og úrvinnslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 13:01]

[13:17]

Útbýting þingskjals:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1996, 605. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1131.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 210, nál. 991 og 993, brtt. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:21]

Till. í nál. 993 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (FI, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, KHG, MS, PP, SJóh, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:18]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nú kemur til atkvæða svokallaður starfsmannabandormur sem byggir á og er framhald þeirrar löggjafar sem var afgreidd hér fyrir ári síðan um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Sú löggjöf var sett í ósætti við stjórnarandstöðu og stéttarfélög á opinberum vinnumarkaði. Stjórnarandstaðan hefur staðið saman við afgreiðslu þessa máls og skilaði sameiginlegu minnihlutaáliti. Við leggjum til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þó svo að frv. sé að nokkru leyti tækilegs eðlis þá eru fjölmörg pólitísk álitaefni í þessu. Þetta mál hefði þurft að vinna mun betur. Stéttarfélögin í landinu hafa boðist til samvinnu við þann þátt mála vegna þess að það þarf að taka upp fjölmörg ákvæði í þeirri löggjöf sem var sett fyrir ári síðan. Ég styð því þá tillögu okkar um að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og við heitum samvinnu við að endurskoða þetta frv. því það er gallað í meginatriðum.

[13:20]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. kórónar sköpunarverk ríkisstjórnarinnar frá sl. vori, starfsmannalögin, þar sem meiriháttarfólki og minniháttarfólki var skipað á bekk og réttindi þess skilgreind. Þessi lög ganga út á að meiriháttarmenn verði ekki truflaðir af minniháttarmönnum og lýðræðislega kjörnum stjórnum sem hafa haft hönd í bagga með rekstri og eftirliti með almannaþjónustunni. Algengustu orð og hugtök í þessum lagatextum eru forstjóri og stjórnun. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvort með lögunum sé tryggð skynsamlegri og betri stjórnun. Ef menn telja að alræði forstjórans sé það sem koma skal þá kann svarið að vera játandi. En við sem viljum stuðla að skynsamlegri verkstjórn og samskiptum innan stofnana sem byggja á jafnræði og gagnkvæmri virðingu, við sem teljum að slík vinnubrögð séu lykill að vel reknum stofnunum, viljum vísa þessu frv. til endurmats hjá ríkisstjórninni og um það erum við að greiða atkvæði nú.

[13:21]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Verði þetta frv. að lögum kemst mjög umdeild starfsmannastefna ríkisstjórnarinnar í framkvæmd. Hér er á ferðinni mál sem þarf að skoða miklu betur og ná sátt við samtök opinberra starfsmanna um. Það er því rétt að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar. En nái sú tillaga ekki fram að ganga munum við sitja hjá við margar greinar en greiða atkvæði gegn einstökum greinum ef við erum mjög ósáttar við innihald þeirra.

Brtt. 992,1 (1. gr. falli brott) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:22]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Þar sem nú kemur til atkvæða það frv. sem hér um ræðir, starfsmannabandormurinn sem svo er nefndur, vil ég láta það koma fram að við stjórnarandstæðingar munum sitja hjá við flestar greinar þessa frv. en gerum athugasemdir við málið á þremur sviðum. Í fyrsta lagi þar sem um það er að ræða að ráðherrar skipi undirmenn forstöðumanna sem fyrst kemur fyrir í 86. gr. frv. Í öðru lagi þar sem samráð við stjórnir um mannahald er tekið út. Við erum andvíg því og greiðum atkvæði gegn þeim tillögum. Og í þriðja lagi þar sem um er að ræða takmarkaðan ráðningartíma undirmanna eins og gert er ráð fyrir í nokkrum greinum frv. Meginafstaða okkar er sem sagt sú að við greiðum atkvæði gegn allmörgum greinum en sitjum hjá við flestar greinar þess frv. sem nú hefst atkvæðagreiðsla um.

2.–8. gr. (verða 1.–7. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (DO, FI, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 29:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

15 þm. (DO, EOK, FI, GHall, HBl, HjÁ, ÍGP, MS, PP, RG, SighB, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

10. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (DO, EKG, FI, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, MS, PP, SighB, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,2 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (DO, FI, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,3 (11.–15. gr. falli brott) samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, FI, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, MS, PP, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

16.–20. gr. (verða 11.–15. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (FI, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, ÍGP, JóhS, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (EKG, FI, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:25]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Í þessu frv. er staðfestur sá ásetningur ríkisstjórnarinnar að lögfesta fimm ára ráðningartíma lögreglumanna, tollvarða og fangavarða. Með þessu er verið að draga úr ráðningarfestu og starfsöryggi þessara stétta gagnstætt því sem gerist í grannríkjum okkar. Þar hafa menn sett dæmið þannig upp: Stéttir sem þurfa að rannsaka eða beita sér í viðkvæmum og erfiðum málum sem hugsanlega tengjast yfirmönnum eða pólitísku valdi verða að búa við starfsöryggi sem komi í veg fyrir að þessu sama valdi verði misbeitt gegn þeim. Að sjálfsögðu á að vera hægt að segja upp vanhæfum og brotlegum einstaklingum en ekki þeim sem standa sig í stykkinu. Með fimm ára ráðningunni geta þeir sem hafa völdin á hendi látið hina fjúka fyrirhafnarlaust

að loknum fimm ára starfstíma. Þetta er ekki framför, þetta er afturför og við henni segi ég nei.

22.–24. gr. (verða 17.–19. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, ÍGP, KHG, MS, PP, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

25. gr. (verður 20. gr.), inngangsmálsliður og a- og b-liður, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

25. gr. (verður 20. gr.), c-liður, samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

9 þm. (FI, GHall, HÁs, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,4 (26.–29. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (DO, EKG, FI, GHall, GGuðbj, HÁs, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

30.–32. gr. (verða 21.–23. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EKG, FI, GHall, HÁs, HjÁ, JBH, KF, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

33. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 33:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (EKG, FI, GHall, HÁs, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

34.–37. gr. (verða 25.–28. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKG, FI, GHall, HjÁ, HG, KHG, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,5 (38.–45. gr. falli brott) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, HjÁ, KHG, KPál, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

46.–47. gr. (verða 29.–30. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, GÁ, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

48. gr. (verður 31. gr.), inngangsmálsliður og a-liður, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GHall, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

48. gr. (verður 31. gr.), b-liður, samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

13 þm. (EgJ, EKG, EOK, FI, GHall, GGuðbj, HjÁ, HG, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

49. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, FI, GHall, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,6 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, HjÁ, KHG, MS, PP, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

50. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (BH, FI, GHall, HBl, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,7 (ný 51. gr., verður 34. gr.) samþ. með 35:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

7 þm. (FI, GHall, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

52.–53. gr. (verða 35.–36. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, FI, GHall, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,8–9 (54.–55. og 66.–68. gr. falli brott) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, HÁs, HjÁ, ÍGP, MS, PP, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

56.–65. gr. (verða 37.–46. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,10 (ný 69. gr., verður 47. gr.) samþ. með 35:12 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: BH, GGuðbj, HG, JóhS, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JBH, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, GÁS, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,11 (ný grein, verður 48. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, GÁS, HjÁ, JóhS, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,12 (ný 70. gr., verður 49. gr.), inngangsmálsliður og a-liður, samþ. með 35:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

2 þm. (KH, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHall, GÁS, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,12 (ný 70. gr., verður 49. gr.), b-liður, samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (ÁRÁ, FI, GHall, GÁS, HjÁ, HG, MS, PP, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

71. gr. (verður 50. gr.), inngangsmálsliður og a-liður, samþ. með 35:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GE, RA, SighB, SJóh, SvanJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

71. gr. (verður 50. gr.), b-liður, samþ. með 33:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (EgJ, FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, ÓÞÞ, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,13–17 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

72.–81. gr. (verða 51.–57. gr.), svo breyttar, samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKG, FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,18 (ný grein, verður 58. gr.) samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ.

1 þm. (SJóh*) greiddi ekki atkv.

9 þm. (BBj, FI, GHall, HjÁ, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 992,19–22 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (BBj, FI, GHall, HjÁ, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

82.–85. gr. (verða 59.–63. gr.), svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, FI, GHall, HjÁ, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,23 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (BBj, FI, GHall, HjÁ, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

86. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, GÁS, HjÁ, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:39]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Hér kemur til atkvæða ein grein af nokkuð mörgum þar sem ráðherra er falið það vald að skipa undirmenn forstöðumanna sem þýðir að forstöðumenn hafa ekki vald til að skipa sína undirmenn í tilteknum stofnunum. Þetta hefur valdið vandkvæðum víða í kerfinu t.d. innan spítalanna, Tryggingastofnunar og víðar. Hér hefði verið miklu eðlilegra að hafa þá grundvallarreglu að ráðherra skipi forstöðumenn en forstöðumenn ráði alla sína undirmenn. Á það vildi meiri hluti efh.- og viðskn. ekki fallast. Þess vegna leggjumst við gegn þessari grein og öðrum fleiri sem varða sömu efni. Ég greiði atkvæði gegn þessari grein í heild sinni.

87. gr. (verður 65. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BBj, EOK, FI, GHall, HjÁ, MS, ÓÖH, PP, RA, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,24 (ný grein, verður 66. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EOK, FI, GHall, HjÁ, KHG, MS, PP, RA, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,25 kölluð aftur.

88. gr. (verður 67. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, GÁ, HjÁ, MS, ÓÖH, PP, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

89. gr. (verður 68. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, GÁ, HjÁ, ÍGP, MS, PP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,26 (ný 90. gr., verður 69. gr.) samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (EgJ, FI, GHall, GÁ, ÍGP, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:42]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér segir: „Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi." Í heilaskurðlækningum, í dönskum málvísindum, í guðfræði, í lögfræði, í verkfræði? Þessi dýrkun löggjafarsamkundunnar á háskólagráðum er farin að ganga algerlega út í öfgar. Það virðist ekki lengur vera hægt að koma saman nefnd sem í starfi sínu þarf að styðjast við lagatexta nema Alþingi krefjist þess ekki að í henni sitji a.m.k. einn hæstaréttarlögmaður, alla vega einn lögfræðingur, líkt eins og menn trúi því að allir aðrir séu ólæsir á lög, ef ekki þá bara ólæsir almennt. Það eru menn ekki fremur en að háskólamenntun tryggi góða stjórnunarhæfileika. Reyndar er stjórnun ekki kennd í flestum námsgreinum háskólans. Þess vegna er fráleitt að krefjast óskilgreindrar háskólamenntunar sem skilyrði fyrir því að einstaklingur geti gegnt stjórnunarstarfi hjá hinu opinbera.

Brtt. 992,27 samþ. með 30:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

12 þm. (DO, FI, GuðjG, GHall, HjálmJ, ÍGP, MS, PP, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

91. gr. (verður 70. gr.), svo breytt, samþ. með 32:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (FI, GuðjG, GB, GHall, ÍGP, MS, PP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

92.–96. gr. (verða 71.–75. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EgJ, FI, GuðjG, GHall, ÍGP, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,28 samþ. með 32:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
10 þm. (ÁMM, EKG, FI, GuðjG, GHall, ÍGP, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

97. gr. (verður 76. gr.), svo breytt, samþ. með 34:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
1 þm. (RG*) greiddi ekki atkv.
8 þm. (DO, FI, GuðjG, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 992,29–30 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
6 þm. (FI, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

98.–105. gr. (verða 77.–82. gr.), svo breyttar, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
7 þm. (FI, GHall, MS, ÓÞÞ, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,31 (ný 106. gr., verður 83. gr.) samþ. með 36:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
8 þm. (FI, GHall, KHG, KH, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

107.–109. gr. (verða 84.–86. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
7 þm. (FI, GHall, GGuðbj, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,32 samþ. með 36:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
7 þm. (FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

110. gr. (verður 87. gr.), svo breytt, samþ. með 36:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
7 þm. (FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

111.–116. gr. (verða 88.–93. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (FI, GHall, MS, PP, RA, SJS, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,33 samþ. með 36:21 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
6 þm. (FI, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

117. gr. (verður 94. gr.), svo breytt, samþ. með 34:20 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

9 þm. (EKG, FI, GHall, MS, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, ÖS) fjarstaddir.

118. gr. (verður 95. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (DO, EKG, FI, GHall, JóhS, MS, PP, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,34 (ný grein, verður 96. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

7 þm. (FI, GE, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

119. gr. (verður 97. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

6 þm. (FI, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,35 samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

9 þm. (ArnbS, EKG, FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

120. gr. (verður 98. gr.), svo breytt, samþ. með 35:21 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

7 þm. (EKG, FI, GHall, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,36 (ný grein, verður 99. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

121.–124. gr. (verða 100.–103. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, FI, GHall, HBl, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,37–39 samþ. með 36:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

8 þm. (FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

125.–127. gr. (verða 104.–106. gr.), svo breyttar, samþ. með 34:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

1 þm. (SvanJ) greiddi ekki atkv.

9 þm. (EKG, FI, GHall, KHG, KPál, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

128.–132. gr. (verða 107.–111. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GHall, JóhS, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,40 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (EKG, FI, GHall, JóhS, KHG, MS, ÓÖH, PP, SF, SJS, ÖS) fjarstaddir.

133. gr. (verður 112. gr.), svo breytt, samþ. með 33:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

11 þm. (EKG, FI, GHall, KHG, MS, ÓÖH, PP, SF, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

134. gr. (verður 113. gr.) samþ. með 35:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: GÁS, JóhS.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (FI, GHall, KHG, MS, PP, SF, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,41–43 samþ. með 36:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

8 þm. (FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

135.–137. gr. (verða 114.–116. gr.), svo breyttar, samþ. með 35:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.

9 þm. (FI, GHall, JónK, KHG, MS, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

138. gr. (verður 117. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁRJ, FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

139. gr. (verður 118. gr.) samþ. með 35:20 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

8 þm. (EKG, FI, GHall, KHG, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:56]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Þessi grein fjallar um að hæstv. menntmrh. ráði framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins. Okkur finnst óeðlilegt að hæstv. menntmrh. geri það. Hann skipar vitaskuld útvarpsstjóra sem er eðlilegt og það er eðlilegt að æðsti yfirmaður skipi síðan næstu undirmenn sína, en það sé ekki í valdi ráðherra.

Ég gerði athugasemd við þetta. Þetta er á fjölmörgum stöðum í þessari löggjöf. Það er óeðlilega að þessu staðið, sérstaklega hvað viðvíkur útvarpinu, þ.e. að æðstu yfirmenn undir útvarpsstjóra skuli ekki sækja umboð sitt beint til útvarpsstjóra. Þetta er óeðlileg málsmeðferð að okkar mati og þess vegna greiðum við atkvæði gegn þessari grein frv.

Brtt. 992,44–46 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (FI, GHall, HjálmJ, JóhS, KHG, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

140.–147. gr. (verða 119.–124. gr.), svo breyttar, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (FI, GHall, HjálmJ, JóhS, KHG, KPál, MS, ÓÖH, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,47 kölluð aftur.

148. gr. (verður 125. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GHall, HjálmJ, ÍGP, KHG, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,48 samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.
14 þm. (EKG, FI, GHall, HjálmJ, ÍGP, KHG, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, SvanJ, VS, ÖS) fjarstaddir.

149. gr. (verður 126. gr.), svo breytt, samþ. með 30:18 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, GHall, HjálmJ, HG, ÍGP, LB, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

150.–152. gr. (verða 127.–129. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (FI, GHall, GÁS, HjálmJ, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,49 samþ. með 32:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.
12 þm. (EKG, FI, GHall, GÁS, HjálmJ, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

153. gr. (verður 130. gr.), svo breytt, samþ. með 33:19 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.
11 þm. (EKG, FI, GHall, GÁS, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,50–53 (nýjar 154.–156. gr., verða 131.–133. gr., og sex nýjar greinar, verða 134.–139. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ArnbS, EKG, FI, GHall, HG, ÍGP, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,54 samþ. með 34:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ.
2 þm. (GGuðbj*, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ArnbS, FI, GHall, KHG, KH, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

157. gr. (verður 140. gr.), svo breytt, samþ. með 30:21 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.
12 þm. (ArnbS, EKG, EOK, FI, GHall, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,55 (158.–159. gr. falli brott) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ArnbS, EgJ, FI, GHall, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

160.–163. gr. (verða 141.–144. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ArnbS, FI, GHall, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

164.–165. gr. (verða 145.–146. gr.) samþ. með 33:18 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

1 þm. (RG*) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, FI, GHall, LB, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

166. gr. (verður 147. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, EgJ, EKG, FI, GHall, MS, ÓÖH, PP, RG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,56 (ný 167. gr., verður 148. gr.) samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

11 þm. (ArnbS, EKG, FI, GHall, KHG, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,57 samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

12 þm. (ArnbS, FI, GHall, GÁS, KHG, KH, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

168. gr. (verður 149. gr.), svo breytt, samþ. með 34:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

9 þm. (ArnbS, FI, GHall, GÁS, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

169.–172. gr. (verða 150.–153. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, BH, GE, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ArnbS, ÁRJ, EKG, FI, GHall, GÁS, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 992,58–59 samþ. með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ.

1 þm. (SvG*) greiddi ekki atkv.

9 þm. (ArnbS, ÁMM, FI, GHall, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

173.–174. gr. (verða 154.–155. gr.), svo breyttar, samþ. með 33:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ.

10 þm. (ArnbS, FI, FrS, GHall, HG, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

175.–186. gr. (verða 157.–167. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ArnbS, FI, GHall, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við erum komin langleiðina með þessa undarlegu atkvæðagreiðslu sem hér hefur staðið yfir um hríð. Og hérna vorum við t.d. að taka í einu lagi sjö lagabálka sem heyra undir þrjú ráðuneyti í einni atkvæðagreiðslu. Ég hygg að það sé fátítt að slíkt hafi gerst og það er spurning hvort ekki er of langt gengið í því að kippa málum saman eins og gerst hefur í þessari atkvæðagreiðslu. Ég vil því segja fyrir mitt leyti að ég tel að þetta þurfi ekki að skapa fordæmi hér í framtíðarstörfum Alþingis að menn afgreiði mál svona.

[14:11]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti er sammála því, en gat þess í upphafi að haft hefði verið samráð við þingflokksformenn fyrir atkvæðagreiðsluna. Það er að sjálfsögðu hægt að gera athugasemdir. En

forseti tekur það svo að þessi atkvæðagreiðsla standi.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

3 þm. (HG, KÁ, RA) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ArnbS, FI, GHall, JóhS, MS, ÓÖH, PP, SJS) fjarstaddir.

[Fundarhlé. — 14:12]

[14:23]

Útbýting þingskjala:

Álbræðsla á Grundartanga, 445. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 1272; brtt. meiri hluta iðnn., þskj. 1273.

Lögræðislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 707, nál. 1171, brtt. 1172.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:47]

Brtt. 1172,1 samþ. með 37:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁRJ, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓÖH, RG, SighB, SJóh, SF, SP, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS, ArnbS, ÁE.

nei: ÁMM, BBj, DO, FrS, GuðjG, GHall, ÓÞÞ, HBl, HjálmJ, KHG, KF, PHB, RA, SAÞ, StG, StB, TIO, ÁRÁ, ÁJ, ÓE.

1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.

5 þm. (FI, HjÁ, MS, PP, SJS) fjarstaddir.

17 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:27]

Bryndís Hlöðversdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár. Sú breyting er í takt við breyttar þjóðfélagsaðstæður síðustu ára, í samræmi við löggjöf í nágrannalöndunum, í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengir forsjárskylduna ákvæðum íslenskra laga um framfærsluskyldu foreldra. Ég fagna þeirri niðurstöðu hv. allshn. sem hér er lögð til og segi því já.

[14:28]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál snýst um mannréttindi, mannréttindi foreldra að geta ef illa fer gripið inn í líf unglings sem hefur hefur farið út af sporinu — að þurfa ekki að ráðast í flóknar aðgerðir til að svipta hann lögræði sem er nánast óframkvæmanlegt. Þótt þessi breyting verði samþykkt mun hinn stóri hópur heilbrigðra unglinga ekki vita af breytingunni. Stærstu rökin í málinu koma fram í Degi-Tímanum í dag þar sem Bragi Guðbrandsson hjá Barnaverndarstofu segir á þá leið, með leyfi forseta:

„Ef unglingarnir eru í mótþróa þá ganga þau út á 16 ára afmælisdeginum og ég horfi upp á fjölmörg börn sem fara í hundana á þessum aldri. Við erum að leggja mikla peninga og orku í að hjálpa þessum krökkum og það er hræðilega vitlaust kerfi sem felur í sér að þegar þau verða 16 ára geti þau gengi úr meðferð og rústað öllu uppbyggingarstarfinu.“

Ég segi því já, hæstv. forseti.

[14:30]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér kemur til atkvæða sú tillaga allshn. að hækka sjálfræðisaldur í 18 ár. Þessi tillaga er löngu tímabær og hefur verið rædd á fjölmörgum ráðstefnum og meðal foreldra í skólum um allt land. Allir umsagnaraðilar allshn., þar á meðal Barnaheill, Barnaverndarstofa, Heimili og skóli og Félag framhaldsskólanema, eru hlynntir þessari breytingu. Rökin eru að styrkja réttarstöðu 16–18 ára ungmenna og veita þeim aukna foreldravernd, að auðvelda meðferð á 16–18 ára ungmennum án þess að til sjálfræðissviptingar komi og að samræma íslenska löggjöf löggjöf annarra landa og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ég fagna þessari tillögu og segi já.

[14:31]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er verið að leggja til skerðingu mannréttinda og stærstu hóprefsingu sögunnar sem ég hef vitað til að hafi verið framkvæmd í þessu landi. Ég segi nei.

[14:32]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í athugasemdum með þessu frv. er tekið sérstaklega fram að ef sjálfræðisaldur verði færður upp þá sé talið eðlilegt að taka einnig til athugunar að 6. gr. skattalaga um tekju- og eignarskatt verði breytt á þann veg að börn verði sjálfstæðir skattaðilar við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er. Þetta felur í sér mikla skattahækkun á þá unglinga úti um land sem fara á sjóinn 16 og 17 ára ef slíkt yrði samþykkt. (**Gripið fram í:** Það er búið að banna það.) Er hv. þm. búinn að banna það? Herra forseti. Ég heyri að það er ráðríkur kvenmaður hér í þingsalnum en það er kannski þá hægt að sinna ýmsum öðrum störfum. Ég hefði kosið að þetta mál væri athugað nánar milli 2. og 3. umr. þar sem þessi brtt. var ekki dregin til baka til þess að mér ynnist tími til að kanna viðhorf nefndarinnar til þessa atriðis og segi ég nei.

[14:33]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Lögræðislögin snúast um mannréttindi en þessi brtt. frá stjfrv. gengur í þveröfuga átt. Það er sjaldgæft að fólk á aldrinum 16–18 ára sé svipt sjálfræði með dómi sem er tiltölulega einföld og fljótleg leið ef svo illa er komið að slík aðgerð sé nauðsynleg. Það er minna en eitt tilfelli á ári þar sem þarf að svipta sjálfræði, eitt af hverjum 4 þúsundum. Á 10 árum eru það átta af 40 þúsund. Börn vinna sér ekki til óbóta á Íslandi heldur til bóta. Þau vaxa upp til ábyrgðar í íslensku samfélagi, í áföngum allt frá fermingaraldri. Það hefur gefist vel og við eigum fallega og efnilega æsku á Íslandi í dag. Þegar og þar sem út af bregður þarf að leysa málin með sérstökum aðgerðum í stað þess að svipta heila árganga ungs fólks sjálfræði sínu. Ég segi nei við hækkun sjálfræðisaldurs.

[14:35]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Helstu rökin fyrir þessari breytingu eru þau að lögin taki mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum, séu í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, miða að auknu lagasamræmi í íslenskum rétti, tryggi betur en nú að ungt fólk búi við öryggi og aðhald foreldra til 18 ára aldurs, auðveldi meðferð á ungum fíkniefnaneytendum og framlengi forsjárskyldu foreldra sem miðar gagngert að auknu réttaröryggi og mannréttindum barna. Hækkun sjálfræðisaldurs er framlenging á skyldum foreldra og samfélagsins í heild gagnvart öllum börnum. Frv. tryggir því betur hag allra barna. Ég segi já.

[14:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég styð eindregið þessa tillögu. Með hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár mun takast að ná betur utan um vanda ákveðins hóps ungmenna sem alls ekki má gera lítið úr. Þessi breyting skiptir meginþorra unglinga litlu sem engu máli og hún er í samræmi við lög og barnasáttmála og samninga sem Íslendingar hafa fullgilt. Þessa dagana erum við einmitt að staðfesta á Alþingi lög um vinnutíma barna og ungmenna þannig að með þeim lögum verður nú lítið úr þeirri sjómennsku sem hæstv. samgrh. hefur svo miklar áhyggjur af. Hér er verið að stuðla að aukinni vernd barna og ungmenna og það er hið besta mál. Hæstv. forseti. Ég segi já.

[14:37]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Þjóðfélag okkar byggir á frelsi einstaklingsins og ég tel mikilvægt að ungt fólk skynji að löggjafi landsins, Alþingi Íslendinga, viðurkenni að það sé fært um að sjá fótum sínum forráð enda sýnir sagan að ungu fólki er treystandi. Ég segi því nei, herra forseti.

[14:37]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Enn einu sinni á að refsa þeim sem hegða sér vel fyrir hina sem hegða sér illa. Það á að svipta 8 þúsund íslensk ungmenni sjálfræðinu vegna nokkurra tuga sem eiga í vandræðum. Hér er á ferðinni forræðishyggja félagshyggjufólks sem vill skipuleggja líf einstaklingsins frá vöggu til grafar og helst heilu þjóðfélögin líka eins og þekkt er. Ég er á móti þessu. Ég vil frelsi einstaklingsins. Ég tel að íslensk ungmenni séu frjálslegri, ábyrgari og duglegri en jafnaldrar þeirra víða um lönd vegna þess að fyrir því er söguleg hefð að við Íslendingar verðum sjálfráða 16 ára. Þannig vil ég hafa það áfram. Ég segi nei.

[14:38]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég styð þessa tillögu og hvet þingmenn til að sameinast um hana. Vegna staðhæfinga sem hafa komið fram í fjölmiðlum vil ég segja þetta: Barnalög og barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna leggja skyldur á foreldra varðandi persónuleg mál barna. Það er mjög mikilvægt að þingmenn geri sér grein fyrir því. Ósjálfráða ungmenni sem lýtur forsjá foreldra fer með forsjá barns síns ef það eignast barn. Foreldri ósjálfráða einstaklings er bundið að vilja hans. Alþjóðasamningar sem við erum bundin af kveða á um 18 ára aldursmörk og ungmenni frá heilbrigðum fjölskyldum skaðast ekki af þessari löggjöf en ungmenni sem þurfa á samfélagslegri hjálp okkar að halda munu njóta þessarar breytingar. Ég segi já.

[14:40]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Herra forseti. Ég er andvíg því að sjálfræðisaldur verði færður í 18 ár. Ég vil ekki svipta ungt fólk rétti sem það hefur haft til þessa. Og ég tel það stórt skref aftur á bak í mannréttindum á Íslandi ef tillagan verður samþykkt. Við leysum ekki vanda þeirra ungmenna sem hafa leiðst út á braut vímuefna og afbrota með hækkun sjálfræðisaldurs. Það hljótum við að gera á annan hátt, t.d. með því að kenna börnum okkar að standa á eigin fótum og taka ábyrgð á eigin lífi. Það er engin ástæða til að hækka sjálfræðisaldur hér á landi þó aðrar þjóðir hafi gert það. Við eigum að halda sérstöðu okkar í þessu efni. Engin svo veigamikil rök hafa komið fram í málinu að þau réttlæti þessa breytingu. Ég segi nei.

[14:41]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að skiptar skoðanir eru um þetta mál og að skoða þarf ýmsa hluti í tengslum við þessar breytingar, hvaða lagabreytingar sé eðlilegt að gera. En ég vil undirstrika að þetta mál hefur að mínu mati ekkert með vantraust að gera í garð ungmenna. Varðandi forræðishyggjuna er það svo að þingið er nú þegar búið að samþykkja ýmis mál í þessa veru og miða við 18 ára aldur. Þessi þróun er nú þegar hafin og það ættu menn að horfast í augu við.

Virðulegi forseti. Ég kom að þessu máli með opnum huga en ég hef aldrei vitað um neitt mál hér á hinu háa Alþingi þar sem öll rök mæla með hækkun á sjálfræðisaldrinum, raunar eindregnar óskir í þá veru að sjálfræðisaldurinn verði hækkaður. Það eru auðvitað margar hliðar á þessu máli sem nefndin hefur skoðað vandlega og í framhaldi af því leggur meiri hluti allshn. til þessa breytingu. Ég segi já.

[14:42]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í starfi mínu að skólamálum í tvo áratugi hef ég sannfærst um að það skiptir meginmáli að ungu fólki sé sýnt traust og virðing. Þar sem vandamál hafa komið upp hefur það reynst best að efla með ungu fólki ábyrgð á eigin málum og ábyrgðartilfinningu gagnvart öðrum. Í yfirgnæfandi meiri hluta tilfella hefur ungt fólk farið vel með það vald sem því hefur verið fengið yfir eigin málum. Mér er það sérstaklega minnisstætt að á ögurstundu í sögu Menntaskólans á Akureyri var ráðist gegn vandamálum skólans með því að virkja nemendur til aukinnar ábyrgðar á málefnum skólans og heimavistar. Að öllum líkindum hefði það starf orðið örðugra ef ekki hefðu átt hlut að máli sjálfráða einstaklingar. Hækkun sjálfræðisaldurs gengur gegn þeim trúnaði og því trausti sem ungu fólki hefur verið sýnt og hefur gefist vel. Því segi ég nei.

[14:43]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mín skoðun er sú að það sé rétt að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Sú afstaða mín byggist á ítarlegri athugun á málinu í hv. allshn. en nær allir umsagnaraðilar mæla með þessari breytingu í umsögnum sem bárust nefndinni. Má þar nefna m.a. Félag framhaldsskólanema. Íslensk ungmenni búa almennt í foreldrahúsum fram undir 20 ára aldur og eru foreldrar fjárhagslega ábyrgir vegna þeirra til 18 ára aldurs. Mín afstaða byggist ekki fyrst og fremst á því að bregðast þurfi við vandamálum sem upp kunni að koma vegna tiltölulega fárra unglinga sem lent hafa á glapstigum heldur tel ég að 18 ára sjálfræðisaldur sé rökréttur m.a. með

tilliti til framfærsluskyldunnar. Það er enginn sviptur sjálfræði með samþykki þessarar brtt. Ég segi já.

[14:45]

Árni R. Árnason:

Herra forseti. Í umræðu um þessa tillögu hafa verið flutt fram ýmis rök, m.a. þau að við þurfum að samræma þessi ákvæði því sem er með öðrum þjóðum og að við hljótum að samræma þau ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Um það hlýt ég að segja að meðan við erum þjóðfélag með öðrum háttum en grannþjóðir okkar þá er lítil ástæða til fullrar samræmingar. Meðan við erum ekki skuldbundin til breyta ákvæðum okkar laga í samræmi við ákvæði barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna tel ég ekki ástæðu til því okkar hefðir og lög eru eldri að þessu leyti. Við erum ekki skuldbundin til þess. Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þær fórnir sem hér um ræðir, sem eru réttindi uppvaxandi ungmenna, séu veigameiri en þessi rök fyrir þessum breytingum. Ég segi nei.

[14:46]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Höfuðvandamál þeirra unglinga sem eiga við vanda að stríða eru í stórum stíl foreldrar en ekki unglingarnir sjálfir. Það er ástæða til þess að vekja meiri virðingu og ábyrgð meðal íslensks æskufólks. Ég treysti því í ríkari mæli en þessi tillaga boðar og segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43:5 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, RG, SJóh, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO*, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: HjálmJ, KF, ÓÞÞ, RA, SAÞ.

3 þm. (GuðjG, KHG, PHB) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FI, GB, HjÁ, MS, PP, SighB, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

2.–9. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FI, HjÁ, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, HÁs, HjÁ, KF, KHG, KH, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LB, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

14 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, HjÁ, KF, KH, KPál, MS, ÓÖH, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

11.–18. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HBl, HjÁ, KF, KHG, KH, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,3 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

16 þm. (DO, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HjÁ, KF, KHG, KH, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

19. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, HG, KF, KHG, KH, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

20.–28. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,4 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

17 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, PP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,5 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EOK, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

30. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,6 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, HjÁ, HjálmJ, JóhS, KF, KHG, KH, MS, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

31. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

32.–50. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, LB, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, MS, ÓÖH, PP, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,7 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

51. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
17 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

52.–57. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
19 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,8 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

58. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

59.–87. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, RG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1172,9 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GuðjG, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, KPál, MF, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: ÓÞÞ.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, DO, EgJ, EKG, FI, GuðjG, GB, GÁS, GGuðbj, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, ÓÖH, PP, RA, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 830, nál. 1169, brtt. 1170.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EOK, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KÁ, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

1 þm. (JóhS) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GuðjG, GB, GÁS, HjÁ, HjálmJ, KF, KHG, KH, LB, MS, MF, ÓÖH, PP, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1170,1 samþ. með 43 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
6.–11. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 1170,2 samþ. með 43 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv.
Brtt. 1170,3 samþ. með 42 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Brtt. 1170,4 samþ. með 42 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
15.–20. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 1170,5 samþ. með 42 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Brtt. 1170,6 (ný 22. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 1170,7 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Framhald atkvæðagreiðslna.

[15:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Nú er klukkan orðin þrjú á þessum drottins degi og það er ljóst að fram undan er langur dagur. Hér eru eftir nokkrar atkvæðagreiðslur og mér sýnist að nokkrar þeirra muni taka verulegan tíma og þar nefni ég mál nr. 7 og 8 á dagskránni, um fjárreiður ríkisins og skipulags- og byggingarlög. Ef ég man rétt er brtt. við hverja einustu grein í því frv., 8. máli á dagskrá. Ég spyr því hæstv. forseta hvað hann hyggst fyrir varðandi frekari atkvæðagreiðslur og legg reyndar eindregið til að hinum viðameiri atkvæðagreiðslum verði hreinlega frestað því við eigum sum hver eftir að skrifa ræður kvöldsins eða erum í miðjum klíðum. Þess vegna vildi ég gjarnan fara að losna frá fundarhaldi og atkvæðagreiðslum.

[15:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Forseti skilur það að erfitt er að halda langa fundi, og ekki samkvæmt venju, þegar útvarps- og sjónvarpsumræður eru að kvöldi en forseti metur það nú svo að atkvæðagreiðslur sem eftir eru taki varla meira en 15–20 mínútur. Það er samkomulag um hvernig atkvæðagreiðslunni er hagað í hinum stærri málum. Ef það reynist rangt þá er forseti reiðubúinn að endurmeta áætlunina um að halda áfram og ljúka atkvæðagreiðslunum. Forseti óskar eindregið eftir góðu samstarfi um það.

[15:04]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Eldhúsdagsumræður fara fram í kvöld og ég legg eindregið til að hæstv. forseti taki tillit til þeirra óska stjórnarandstöðunnar að hún fái að koma með þokkalegar ræður og verði sér ekki til skammar í umræðunum. Ég hvet forseta eindregið til að taka það alvarlega því þetta getur náttúrlega orðið mjög erfitt fyrir þingið út á við ef því verður haldið fram að það sé á ábyrgð forsetans að þessi mistök hafi átt sér stað.

(**Forseti** (ÓE)**:** Forseti metur umhyggju þingmanns fyrir heill forsetans.)

Rannsóknir innan efnahagslögsögunnar, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall o.fl., 387. mál. — Þskj. 679, nál. 1162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Brtt. í nál. 1162 (ný tillgr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GÁS, HBl, HjÁ, HjálmJ, KH, LB, MS, MF, PP, RA, SJóh, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1281).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 2. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 756, nál. 1154, brtt. 1155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Brtt. 1155,1 (ný 1. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1155,2 (ný 2. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.

Brtt. 1155,3 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 1155,4 samþ. með 43 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.

5.–7. gr. (verða 6.–8. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv.

Ríkisreikningur 1995, frh. 2. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102, nál. 1151.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

4 þm. (GGuðbj, KÁ, RA, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, HBl, HjÁ, HjálmJ, KH, MS, MF, PP, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LB, ÓE, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

2 þm. (KÁ, RA) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, FI, GE, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, KH, MS, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Skipulags- og byggingarlög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 101, nál. 1167, brtt. 1168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]

Brtt. 1168,1 samþ. með 35 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 1168,2 samþ. með 36 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 1168,3–64 samþ. með 39 shlj. atkv.

3.–64. gr. (verða 3.–61. gr.), svo breyttar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 1168,65 samþ. með 38 shlj. atkv.

65. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1168,66 samþ. með 42 shlj. atkv.

Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Skipan prestakalla og prófastsdæma, frh. 3. umr.

Frv. allshn., 591. mál. — Þskj. 1034.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (HG, KHG, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, HjÁ, HjálmJ, JBH, KH, MS, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1290).

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Frv. meiri hl. efh.- og viðskn., 541. mál (sjálfstætt starfandi einstaklingar). — Þskj. 895.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁE, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, KHG, KÁ, RA, RG, SighB, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, HjÁ, HjálmJ, JBH, KH, MS, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1291).

Vátryggingastarfsemi, frh. 3. umr.

Stjfrv., 485. mál (EES-reglur). — Þskj. 1258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
20 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, GE, HBl, HjÁ, HjálmJ, JBH, KH, MS, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1292).

Erfðafjárskattur, frh. 3. umr.

Frv. JóhS o.fl., 517. mál (niðurfelling hjá sambýlisfólki). — Þskj. 1259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
18 þm. (ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, HjÁ, HjálmJ, JBH, KH, MS, MF, ÓÞÞ, PP, SJS, SvanJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1293).

Þjóðminjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 502. mál (stjórnskipulag o.fl.). — Þskj. 1262.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BBj, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GE, SighB) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BH, DO, EgJ, EKG, FI, HjÁ, HjálmJ, JBH, KH, MS, MF, PP, SJS, SvanJ, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1294).

Vörugjald af olíu, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 132. mál. — Þskj. 143, nál. 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:25]
Till. í nál. 1235 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 41 shlj. atkv.

Út af dagskrá voru tekin 7., 9., 11.–18. og 24.–26. mál.

Fundi slitið kl. 15:26.

---

125. FUNDUR

miðvikudaginn 14. maí,
að loknum 124. fundi.

Dagskrá:

Til samgönguráðherra:

1. Hvíldar- og þjónustustaðir fyrir ökumenn flutningabifreiða, fsp. HjálmJ, 462. mál, þskj. 777.
2. Ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð, fsp. KHG, 597. mál, þskj. 1040.

Til fjármálaráðherra:

3. Innheimta þungaskatts, fsp. HjálmJ, 463. mál, þskj. 778.
4. Skattaleg meðferð lífeyris og bætur almannatrygginga, fsp. HG, 573. mál, þskj. 946.
5. Tolla- og fíkniefnaleit í Reykjavík, fsp. SvG, 596. mál, þskj. 1039.
6. Rekstrarhagræðing, fsp. KHG, 598. mál, þskj. 1041.

Til viðskiptaráðherra:

7. Reglur Seðlabankans um verðtryggingu, fsp. JóhS, 595. mál, þskj. 1038.

Til menntamálaráðherra:

8. Íslensk stafsetning, fsp. KF, 602. mál, þskj. 1053.

Til dómsmálaráðherra:

9. Tjón á bílum, fsp. GÁ, 609. mál, þskj. 1174.

Ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð.

Fsp. KHG, 597. mál. — Þskj. 1040.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð. Ástæða fyrirspurnarinnar er sú að Breiðafjarðarferjan Baldur er samgönguæð íbúa í Vestur-Barðastrandarsýslu við aðalakvegakerfi landsins. Landvegurinn er að vetri jafnan lokaður og ekki er reynt að halda honum opnum. Þetta er því eina leiðin sem íbúar á þessu svæði hafa til þess að komast akandi til og frá sínu svæði.

Á sumrin er siglir ferjan daglega og reyndar tvisvar á dag alla daga vikunnar en á veturna eru einungis ferðir fimm daga vikunnar. Tvo daga vikunnar eru því ekki neinar ferðir yfir Breiðafjörð og íbúar á þessu svæði því að segja má sambandslausir við aðalakvegakerfi landsins.

Þá hefur líka komið í ljós að þörfin fyrir ferjuna hefur vaxið mjög á síðustu árum og er svo komið að oft er upppantað í ferjuna og þeir sem vildu þá komast annaðhvort frá Vestur-Barðastrandarsýslu eða til hennar mega una því að komast ekki þann dag sem þeir áformuðu og verða að bíða næstu ferðar hvort sem hún er næsta dag eða síðar.

Ég tel því fulla ástæðu til að inna hæstv. samgrh. eftir því hvenær þess er að vænta að vetraráætlun Breiðafjarðarferjunnar Baldurs verði breytt þannig að ferðir verði alla daga vikunnar milli Brjánslækjar og Stykkishólms í stað fimm daga vikunnar eins og nú er.

Ég vil geta þess, herra forseti, að ég hef óskað eftir upplýsingum um hver hugsanlegur kostnaður gæti orðið af því að taka upp ferðir sjö daga vikunnar í stað fimm. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðar ríkisins er kostnaður vegna snjómoksturs yfir Kleifaheiði frá Patreksfirði til Brjánslækjar um 1,5 millj. kr. á ári og kostnaður við siglingarnar eða fleiri ferðir er áætlaður vera um 5,8 millj. kr. eða samtals um 7,3 millj. kr. á heilu ári sem kostnaðaraukinn gæti verið við það að taka upp sjö daga samband við aðalakvegakerfi landsins í stað fimm daga eins og nú er. Hugsanlegt er þó að kostnaðurinn gæti verið minni.

[15:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gerði góða grein fyrir efni málsins og hef ég ekkert við það að athuga. Það hefur verið samþykkt hjá meiri hluta samgn. að leggja vegáætlun fram til síðari umræðu með þeim hætti að teknar verði upp daglegar ferðir Baldurs yfir vetrarmánuðina og verður snjómokstursreglum breytt í samræmi við það þannig að á næsta vetri verða daglegar ferðir yfir Breiðafjörð.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Segja má að þegar sé búið að hrinda í framkvæmd efni fyrirspurnar minnar eins og fram kom í svari hæstv. samgrh. Ég fagna ákvörðun ráðherrans og styð hana heils hugar.

Tolla- og fíkniefnaleit í Reykjavík.

Fsp. SvG, 596. mál. — Þskj. 1039.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. fjmrh. sem prentuð er á þskj. með viðeigandi hætti og er á þessa leið:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir lagfæringum á Reykjavíkurflugvelli og Reykjavíkurhöfn í því skyni að auðvelda tollaleit og fíkniefnaleit?"

Tilefni fyrirspurnarinnar er tvennt. Í fyrsta lagi háttar þannig til að í Reykjavíkurhöfn og Reykjavíkurflugvelli er engin aðstaða til að leita á fólki sérstaklega ef grunur kemur upp um fíkniefni. Þó er um að ræða, t.d. á Reykjavíkurflugvelli, verulega umferð flugvéla frá útlöndum, bæði á venjulegum tíma ef svo mætti segja, það eru áætlunarflugvélar sem koma frá t.d. Færeyjum og Grænlandi og það er sérstaklega ferjuflugið sem er iðulega á nóttunni þegar enginn tollvörður er við og engin tollaleit framkvæmd á Reykjavíkurflugvelli.

Í öðru lagi er það svo að í Reykjavíkurhöfn hefur verið komið upp nýju fyrirkomulagi við tolleftirlit og tollaleit. Kerfinu var breytt í grundvallaratriðum í vetur. Komið var upp eftirlitsdeild, sem er jákvætt, og á að ná utan um þessi mál. Hins vegar hefur á sama tíma verið fækkað á skipavakt úr þremur tollvörðum í tvo á vakt og staðan er núna þannig að frá því kl. 12 á miðnætti til kl. 8 á morgnana er enginn tollvörður á fastri vakt í Reykjavíkurhöfn, stærstu höfn landsins. Eftir að skipin eru tollafgreidd fylgist enginn sérstaklega með þeim á þessum tíma. Auðvitað er skip tollafgreitt ef það kemur að á nóttunni og ræst út sérstaklega í tilefni af því. Eftir það ekki um neitt eftirlit að ræða.

Þetta bendir til þess, herra forseti, að það sé þannig að Reykjavíkurflugvöllur sé galopinn, (**GMS:** Besti smyglflugvöllur landsins.) Besti smyglflugvöllur landsins, segir einn tryggasti þingmaður stjórnarflokkanna sem situr hérna á móti mér, hv. 2. þm. Vestf., besti smyglflugvöllur landsins eða heimsins vegna þess að hann er galopinn þegar um ferjuflugið er að ræða. Á nóttunni er ekkert eftirlit heldur í Reykjavíkurhöfn eftir að búið er að tollafgreiða skipin og auk þess er það svo þannig, herra forseti, að þegar það næst þó í aðila sem þarf kannski að leita á á Reykjavíkurflugvelli, þá er engin aðstaða til þess. Þetta er ekki gott, hæstv. fjmrh. Þess vegna legg ég fyrir hann þessa spurningu.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður er það svo að ég get ekki svarað aðalefni fyrirspurnarinnar á þessari stundu um það hvernig það mál standi að bæta megi aðstöðu bæði í Reykjavíkurhöfn og á Reykjavíkurflugvelli og verð því miður vegna þess að ég býst við að þetta sé síðasti fyrirspurnatími þingsins að biðjast forláts á því en mun að sjálfsögðu kanna málið á næstu dögum og koma upplýsingum til hv. þm.

Hins vegar get ég sagt það og reyndar kom það fram hjá hv. þm. að ríkisstjórnin ákvað á síðasta ári að stefna að hertu fíkniefnaeftirliti og til tollamála skal ráðstafað 25 millj. kr. umfram það sem ella hefði hefði orðið til þess að efla tollgæsluna, fyrst og fremst til þess að reyna að koma í veg fyrir að fíkniefni flytjist til landsins. Þar á meðal á að kaupa nýjan fíkniefnahund. Aukin áhersla verður lögð á að fíkniefni með

póstsendingum og í tengslum við komu skipa til Reykjavíkur m.a. við endurskipulagningu og breytingu á vaktafyrirkomulagi auk þess sem eftirlit á Keflavíkurflugvelli verður hert. Hugmyndin er sú að gerð sé kerfisbundin leit eftir ákveðnum aðferðum sem þekktar eru en jafnframt hefur verið óskað eftir því að ríkistollstjóri og tollstjóraembættin í landinu geri tillögu um það hvernig ráðstafa eigi þessu fjármagni. Fyrir liggja tillögur og að þeim er nú unnið.

Það sem snýr sérstaklega að Reykjavíkurflugvelli er að embætti tollstjórans í Reykjavík hefur yfirumsjón með því að mynda vinnuhóp sem verður skipaður starfsmönnum fíkniefnadeildar ríkistollstjóraembættisins annars vegar og tollgæsludeildar tollstjóraembættisins hins vegar til að endurskipuleggja fíkniefnaeftirlit í Reykjavík. Sú vinna skal miðast að því að koma á öflugu úrtakseftirliti með notkun fíkniefnahunda um borð í skipum, í vörugeymslum, í póstsendingum og á Reykjavíkurflugvelli. Í skýrslu sem liggur fyrir er sagt að tækjabúnaður verði aukinn verulega til að komið verði á markvissri áhættugreiningu vegna eftirlitsins en það þarf ekki nauðsynlega að þýða húsnæði þannig að ég þarf að kanna það betur.

Í skýrslunni er síðan fjallað um aðra þætti eins og Keflavíkurflugvöll, önnur tollstjóraembætti, um námskeið fyrir tollstarfsmenn, samstarf við lögreglu, samstarf við flutningamiðlara, þar á meðal þá sem fara í gegn með vörur með skipum og eins þá sem stunda það gagnvart flugi og samvinnu við aðra aðila.

Virðulegi forseti. Ég veit að þetta er ekki mikið svar við þeirri spurningu sem hv. þm. bar fram áðan í ræðu sinni en til þess að fylla upp í eyðurnar vil ég gjarnan fá tíma til þess að afla mér nákvæmari upplýsinga því að ég skil það vel sem er megininntak spurningarinnar að það þurfi að sjálfsögðu að vera til staðar lágmarksaðstaða, húsnæðisaðstaða til þess að hægt sé að gera þá leit almennilega sem hv. þm. hefur lýst og snýr þá kannski á Reykjavíkurflugvelli gagnvart bæði ferjuflugi en þó ekki síður flugi til okkar næstu nágranna eins og Grænlendinga og Færeyinga og eins á hafnarsvæðinu, en ég geri ráð fyrir því að þar sé unnið að þessum málum með þeim hætti að hægt sé að gera slíka leit um borð í þeim skipum sem hér leita hafnar.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem mér fannst út af fyrir sig ágæt miðað við aðstæður. Ég skil það svo að verið sé að vinna að málinu í fjmrn. og ég hvet til þess að kallaðir verði til þessa verks þeir aðilar sem að því eiga að koma. Það eru fyrir utan fjmrn. sjálft tollverðirnir og samtök þeirra, sem ég tel eðlilegt að verði haft samráð við, það er dómsmrn. sem er aðili að þessu máli og það er samgrn. Ég skora á hæstv. ráðherra að reyna að ná utan um málið svo að hægt verði að fara heildstætt yfir það í haust.

Mér er kunnugt um að fjöldamargir aðilar sem hafa verið að horfa á Reykjavík sérstaklega hafa áhyggjur af því að Reykjavík sé hættulega opin fyrir fíkniefnainnflutningi, bæði vegna ferjuflugsins á nóttunni og reyndar líka vegna skipanna því að þau eru eftirlitslaus eftir að tollafgreiðslu er lokið á nóttunni. Hér er um algerlega óforsvaranlegt ástand að ræða og það má segja að það sé hálfgerð gervimennska að vera með stranga leit í Keflavík og á ýmsum öðrum stöðum meðan Reykjavík sjálf er galopin að því er varðar hugsanlegan innflutning á fíkniefnum. Ég skora sem sagt á hæstv. ráðherra að fylgja eftir því verki sem hann hefur sett af stað og mun fyrir mitt leyti gera það sem ég get til að halda málinu vakandi ef þörf krefur á dagskrá haustþingsins.

Innheimta þungaskatts.

Fsp. HjálmJ, 463. mál. — Þskj. 778.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um innheimtu þungaskatts á stórum bifreiðum með tilkomu ökurita. Nú hef ég um það upplýsingar að verulegur árangur hafi náðst í bættri innheimtu þungaskatts. Þannig hafi verulegir fjármunir skilað sér sem auknar tekjur í Vegasjóð og mér leikur forvitni á að vita hversu mikið. Þegar þessi breyting var gerð á síðasta ári varð vart nokkurrar óánægju meðal eigenda flutningabifreiða og sendibíla því að auk fyrirhafnar sem fylgdi breytingunni þurftu þeir að greiða fyrir ökurita í hvern bíl, kostnað sem var á bilinu 70–100 þús. kr. ef ég hef náð því rétt. Mér þykir því ástæða til að fá fram upplýsingar um hvort aðgerðin hafi ekki skilað árangri. Spurningin er þannig:

„Hvaða árangur hefur náðst í innheimtu þungaskatts af stórum bifreiðum með tilkomu ökurita?"

[15:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Með lögum nr. 68/1996 voru gerðar verulegar breytingar á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar. Tilgangurinn með þeim breytingum var fyrst og fremst að draga úr undanskotum á þungaskatti sem talin voru mjög mikil. Þessi undanskot lækka tekjur ríkisins af þungaskatti og brengluðu verulega samkeppnisstöðu aðila í rekstri skilvísum aðilum í óhag.

Þær breytingar sem voru gerðar á þungaskattskerfinu með lögum nr. 68/1996 miðuðu að því fyrst og fremst að tryggja skilvísari álagningu þungaskatts. Helstu breytingarnar voru þær í fyrsta lagi að álagning skattsins og eftirlit með skattskilum var falin embætti ríkisskattstjóra.

Í öðru lagi var sú skylda lögð á ökumenn ökutækja, sem búin voru ökumæli, að skrá stöðu ökumælis daglega í akstursbók en áður hafði einungis verið skylt að skrá stöðu ökumælis mánaðarlega.

Í þriðja lagi var kveðið á um það í lögunum að í bifreiðum, sem skylt er að hafa ökurita samkvæmt reglum um aksturs- og gildistíma ökumanna, skyldi hann nýttur sem ökumælir.

Í fjórða lagi voru sett ítarleg ákvæði um heimildir til endurákvörðunar þungaskatts ef í ljós kom að skatturinn hafði ekki verið réttilega á lagður, t.d. vegna þess að ökumælir hafði ekki talið rétt, svo og um áætlun á þungaskatti ef ekki var mætt með ökutæki til álestrar á réttum tíma.

Í fimmta lagi var refsiákvæðum vegna brota á lögunum breytt.

Þetta voru gífurlegar breytingar á lögunum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa því að tekjur ríkissjóðs af þungaskatti hafa aukist verulega í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru. Að hluta til kann skýringin að felast í auknum akstri en meginskýringin er án nokkurs vafa sú að dregið hefur úr undanskotum á þungaskatti vegna breytinganna.

Að sjálfsögðu er ekki unnt að meta sérstaklega hvern þátt nýting ökurita sem ökumæla vegna þungaskatts á í þessu sambandi þar sem þar er um að ræða einungis eina breytingu af fleirum sem gerðar voru samtímis á þungaskattskrefinu. Reyndar þarf að taka tillit til hvort akstur hafi breyst líka.

Auk þess sem álagning þungaskatts hefur batnað sem afleiðing af framangreindri lagabreytingu hefur innheimta skattsins einnig farið batnandi undanfarin ár. Um síðustu áramót var búið að innheimta 97,9% af föstu árgjaldi þungaskatts árið 1996 og 99,23% af föstu árgjaldi 1995. En á sama tíma var búið að innheimta 92,08% af þungaskatti sem lagður var á samkvæmt mæli á árinu 1996 og 99,13% af þungaskatti samkvæmt mæli sem lagður var á árið 1995. Loks var búið að innheimta 76,31% viðurlaga sem lögð voru á á árinu 1996 og 95% viðurlaga sem lögð voru á á árinu 1995. Allt eru þetta tölur sem sýna að innheimtan hefur batnað verulega en ég get ekki svarað þessu í upphæðum og krónum en bendi á og það mun koma í ljós á yfirstandandi ári að allt útlit er fyrir að til vegagerðar muni renna verulegar upphæðir umfram það sem áætlað var, m.a. af betri innheimtu þó að ég geti ekki hér og nú skilið á milli þess hvað sé afleiðing af betri innheimtu vegna lagabreytingarinnar eða hvort það sé af öðrum ástæðum.

Um upphæð get ég ekki sagt nákvæmlega á þessari stundu en verð að biðja hv. þm. um að hafa biðlund. En ég yrði ekki hissa þó að hægt verði að auka þá fjármuni sem ganga til vegagerðar á þessu ári um verulegar upphæðir. Ég hygg að samgöngunefndarmenn hér í þinginu hafi einhverja hugmynd um það hver sú upphæð gæti orðið án þess að ég vilji gefa það nákvæmlega upp því að ég hef ekki þá tölu við höndina.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Hjálmar Jónsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Ég hefði gjarnan viljað fá töluna. Ég hef líka grunsemdir um hana sem fulltrúi í fjárln. en hef heyrt álitlegar upphæðir þannig að ég vona að þær liggi fyrir fljótlega. En svörin voru skýr í því að árangurinn er verulegur af breytingunni og er ástæða til að fagna því.

Þeir fjármunir sem nú skila sér og skiluðu sér ekki voru einfaldlega sviknir undan skatti. Í öðru lagi jafnast nú samkeppnisstaða fyrirtækja og einstaklinga í flutningaþjónustunni og tryggir jafnræði í þessari vaxandi atvinnugrein.

Það hversu mjög bætt innheimta styrkir fjárhagsstöðu Vegagerðarinnar er einnig fagnaðarefni. Nú verður mun meira til skiptanna í því að bæta vegakerfið í landinu. Ég tel fyrirspurninni svarað þótt ég hefði gjarnan viljað fá einnig tölu um hversu mörg hundruð millj. það væru sem hefðu skilað sér í bættri innheimtu.

En um leið vaknar önnur spurning. Þar sem þessi innheimtuleið á þungaskatti er orðin svona hagkvæm og einföld væri þá ekki athugandi hvort nokkur ástæða væri sé til að breyta um og færa gjaldið yfir í olíuna með litun og sulli eins og fyrirhugað er. Álögur á þessa grein í flutningaþjónustu hafa verið að vaxa og ég tel eðlilegt að skoða málin öll í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

[15:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er einungis út af síðustu orðum hv. þm. um það hvort ástæða sé til þess að fresta fyrirhugaðri breytingu á því hvernig tekjum megi ná í ríkissjóð af bifreiðum sem aka um vegina að ég vil láta það koma fram sem ég held nú reyndar að hv. þingmenn viti að efh.- og viðskn. hefur flutt hér frv. sem gerir ráð fyrir því að fresta gildistöku laga, sem reyndar eru lög í landinu, en lögin áttu að taka gildi um næstu áramót. Gildistímanum er frestað um eitt ár og hugmyndin er að vinna frekar að málinu í sumar en jafnframt liggur fyrir viljayfirlýsing um að það verði kannað rækilega og út frá því gengið að hverfa frá því kerfi sem við búum við og fara yfir í litun eins og gerist reyndar alls staðar í Evrópu.

Hins vegar hljóta ýmis álitamál að koma upp þegar þetta mál er rætt. Þar á meðal þarf að kanna hvort við verðum að búa við blandað kerfi því að öllum er ljóst að bílar slíta vegunum ekki í hlutfalli við eyðslu heldur í hlutfalli við þyngd og þeir bílar sem eru langþyngstir slíta vegum margfalt á við hina bílana. Þetta þarf að kanna. Við getum lært af reynslu annarra þjóða en þó umfram allt af reynslu Dana sem munu í sumar, í síðasta lagi í haust, taka upp litun eins og hér er áætlað að gera, en sú aðferð er mun ódýrari heldur en þær sem áður hafa þekkst.

Skattaleg meðferð lífeyris og bætur almannatrygginga.

Fsp. HG, 573. mál. — Þskj. 946.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 946 ber ég fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um skattalega meðferð lífeyris og bóta almannatrygginga. Fyrirspurnin er í tveimur liðum, svohljóðandi, með leyfi forseta:

1. Er af hálfu ríkisstjórnarinnar fyrirhugað að breyta skattalegri meðferð og tekjutengingu lífeyris til hagsbóta fyrir þá lífeyrisþega sem verst eru settir?

2. Áformar ríkisstjórnin að breyta skattalegri meðferð og tekjutengingu bóta almannatrygginga til hagsbóta fyrir þá bótaþega sem verst eru settir?

Þetta er fyrirspurnin. Hér er um að ræða afar stórt mál og þýðingarmikið fyrir fjölda manns í landinu sem í hlut á varðandi þau atriði sem hér eru nefnd, skattalega meðferð lífeyris og bóta almannatrygginga. Það hefur lengi viðgengist að mínu mati óeðlileg meðferð að því er varðar skattlagningu á bótum til þeirra sem lakast eru settir og ég tel einsýnt að gerðum kjarasamningum þorra launafólks í landinu að nú blasi við meira óréttlæti að þessu leyti en áður þar sem bilið sem var á milli lægstu launaflokka og bóta almannatrygginga og lífeyris gleikkar til muna þannig að verulegum upphæðum nemur. Það ætti í rauninni að vinda að því bráðan bug að jafna þarna metin þannig að ekki sé um að ræða það óréttlæti sem þarna er, a.m.k. að draga úr því mjög verulega. Eins og kemur fram í fyrirspurninni er hér lögð áhersla á þá bótaþega sem verst eru settir. Það er að sjálfsögðu álitamál hversu langt er gengið í þessum efnum og hversu á er tekið, en fyrst og fremst hef ég í huga þá sem í rauninni ná ekki eðlilegri framfærslu og eru í stökustu vandræðum, ég tala nú ekki um ef eitthvað ber út af í daglegu lífi.

Það liggur fyrir að þeim sem þiggja bætur, t.d. sérstaka neyðaraðstoð, heimilisaðstoð og annað þess háttar er í raun oft á tíðum refsað fyrir það ári seinna í skattalegu tilliti. Sama gildir varðandi vasapeninga sem fólk fær við vissar

aðstæður á stofnunum, það kemur í höfuðið á fólki ári seinna þannig að í rauninni er það verr sett þegar upp er staðið en áður en það fékk viðkomandi bætur. Hér er því um stórt en jafnframt nokkuð flókið mál að ræða ef litið er til einstakra bótaflokka og samanburðar en ég vænti þess að fá skýr svör frá hæstv. ráðherra um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar.

[15:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tek fram að tekjutenging lífeyris og bóta heyrir ekki strangt til tekið undir fjmrn. þannig að ég byggi mitt svar að því leytinu til aðeins á umræðum í ríkisstjórn en málið heyrir að sjálfsögðu undir heilbr.- og trmrn.

Ég vil einnig að það komi fram að ríkisstjórnin og talsmenn hennar hafa sagt að innan tíðar, og ég vona að það verði stutt í það, muni hún birta aðgerðir sem snúa að bótaþegum almannatryggingakerfisins en ég minni jafnframt á að það hefur þegar verið ákveðið að þær aðgerðir sem snúa að hækkun bótanna munu gilda frá 1. mars sl. þannig að við það er miðað og þá má gera ráð fyrir að bætur hækki frá þeim tíma umfram það sem þær hækkuðu um áramót þannig að þær svari a.m.k. til almennra launahækkana og hugsanlega gott betur.

Í fyrirspurninni er spurt um það hvort fyrirhugað sé að breyta skattalegri meðferð og tekjutengingu lífeyris og bóta almannatrygginga til hagsmuna fyrir þá bótaþega og lífeyrisþega sem verst eru settir. Hvað varðar skattalega meðferð lífeyris og bóta almannatrygginga gildir um þær sú meginregla skattalaga að allar tekjur manna aðrar en tilteknar fjármagnstekjur eru meðhöndlaðar eins með tilliti til skatta. Á þessu er reyndar undantekning sem varðar svokallaðar skattabætur, þ.e. bætur sem eru í sjálfu skattkerfinu. En menn hafa reyndar verið að ræða það á undanförnum árum hvort það geti verið heppilegra að skattleggja þær bætur líka til þess að draga enn úr jaðaráhrifum.

Allar slíkar tekjur eru lagðar saman og mynda skattstofn algerlega án tillits til þess hvaðan þær koma og ekki stendur til að gera breytingu á þessu grundvallaratriði í skattalögum vegna lífeyrisþegabóta og almennra trygginga.

Hvað varðar lífeyri úr lífeyrissjóðum skal hins vegar bent á að fyrir nokkru voru gerðar þær breytingar að iðgjöld til lífeyrissjóða eru frádráttarbær frá skatti en sú breyting var gerð vegna þess að lífeyrir er skattskyldur við úttekt úr lífeyrissjóði. Þetta hefur ekki áhrif á tengingar hvað varðar bætur eða skatta.

Engar fyrirætlanir eru nú uppi um breytingar á tekjutengingu lífeyris almannatrygginga né bóta úr því kerfi. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að í kjölfar nýgerðra samninga var ákveðið að hækka lífeyri og bætur almannatrygginga í samræmi við meðalhækkun launa samkvæmt kjarasamningum eins og hef áður sagt. Þó kemur til greina að skoða hvort félagsleg framlög sveitarfélaga eigi að skerða bætur úr almannatryggingakerfinu. Ég tel ástæðu til að það atriði sé skoðað sérstaklega og býst við að einhver lausn finnist á því á næstunni.

Ég vil að allra síðustu, virðulegi forseti, vekja athygli á því að eðli máls samkvæmt ná skattalegar aðgerðir ekki til þeirra sem eru verst settir, einfaldlega vegna þess að tekjur þeirra eru talsvert undir skattleysismörkum og þess vegna torvelt að gera skattalegar ráðstafanir til hagsbóta fyrir þá.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta svari að nokkru þessari fyrirspurn en ítreka það sem margoft hefur komið fram áður að ríkisstjórnin mun að sjálfsögðu grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart bótaþegum almannatryggingakerfisins og ég á von á því að þær ráðstafanir sjái dagsins ljós á allra næstu dögum.

[16:01]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem er mjög tímabær. Það þarf vissulega að skoða það hvort ekki þurfi að breyta skattalegri meðferð bóta í almannatryggingakerfinu. Mér fannst lítið koma fram í svörum ráðherrans og raunverulega sagði hann að ekkert væri á döfinni til breytinga. Þó er ástæða til að fagna að hann nefndi hér að verið væri að skoða hvort félagsleg framlög, sem fólk fær frá félagsmálastofnunum, eigi að skerða bætur almannatrygginga. Auðvitað er alveg fráleitt að það sé gert. Þess vegna er full ástæða til að fagna því ef það á að breyta því. En það er líka annar hópur sem sætir skattalegri meðferð sem er óþolandi. Það eru þeir sem fá framfærslustyrki hjá félagsmálastofnunum þar sem þeim ári seinna er refsað fyrir það, eins og hv. þm. nefndi, þegar þeir þurfa kannski tímabundið að fá framfærslustyrk hjá félagsmálastofnunum vegna erfiðleika, heilsubrests, atvinnuleysis o.s.frv.

Ég spyr ráðherrann: Eru hugmyndir uppi um að skoða það að fjárhagsstyrkir félagsmálastofnana verði undanþegnir skatti?

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin svo langt sem þau náðu. Það er út af fyrir sig rétt sem ráðherrann nefndi að vissir þættir tengjast heilbr.- og trmrn. en hér er í rauninni um samtengt mál að ræða þannig að það er þá spurningin hvort báðir ráðherrar þurfa ekki að svara fyrir um sömu atriði.

Mér er kunnugt um að starfshópur hefur verið að vinnu á vegum hæstv. heilbr.- og trmrh. með þátttöku aðstoðarmanns fjmrh. Þar ætti þá að vera tryggt samráð og samræmi svo sem nauðsynlegt er í sambandi við þessi efni þar sem hvað grípur inn á annað. Ég tel sjálfsagt mál að gerðar verði leiðréttingar að því er varðar þær breytingar sem almennt hafa orðið í þjóðfélaginu og sem hæstv. fjmrh. gaf vonir um að mundu sjá dagsins ljós á næstu dögum. Við skulum vænta þess að þar verði tekið á með sanngjörnum og eðlilegum hætti. Ég vil ekki fella neina dóma á meðan ekki er komið í ljós hvað þarna kemur frá hæstv. ríkisstjórn. Hitt er jafnnauðsynlegt og ekki síður brýnt, virðulegur forseti, en það er að hinar félagslegu bætur verði teknar til sérstakrar meðferðar að því er varðar tenginguna við skattalega meðferð.

Eins og hæstv. fjmrh. nefndi getur þetta oft og tíðum valdið miklu misræmi. Ég undirstrika að þrátt fyrir það sem hæstv. ráðherra sagði um að bætur næðu ekki skattleysismörkum er það oft svo að ef við bætist félagslegur stuðningur þá fer það upp í þau mörk þannig að um skattlagningu er að ræða og beinlínis refsigjöld. Það er slíkt óréttlæti sem verður auðvitað að afnema fyrr en seinna.

[16:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það er einungis eitt atriði sem mig langar til þess að koma að í seinni ræðu minni og það snýr að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Ég tel mig hafa svarað öðru eins og ég best get á þessum tíma.

Eins og ég sagði fyrr finnst mér sanngjarnt að líta til þess hvort fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna á að verða til þess að lækka bætur úr almannatryggingakerfinu. Mér finnst að það þurfi að skoða rækilega hvort það sé sanngjarnt. Ég tel fulla ástæðu til þess vegna þess að þá er kerfið farið að vinna gegn sér.

En þegar við ræðum um skattinn horfir málið allt öðruvísi við og ég ætla að skýra af hverju. Íslensk skattalög eru þannig byggð upp að útsvarsgreiðslur, þ.e. greiðslur til sveitarfélaganna af tekjum, eru án takmörkunar. Frá fyrstu krónu fá sveitarfélögin 12% af öllum krónunum og það af öllum krónum sem eru undir skattleysismörkunum. Ríkið verður að greiða sveitarfélögum þessa fjármuni af þeim skatti sem ríkið heimtir af þeim sem eru fyrir ofan skattleysismörkin. Þetta þýðir með öðrum orðum að af öllum styrkjum sveitarfélaganna, sem verða þó ekki til þess að tekjur viðkomandi einstaklinga nái skattleysismörkum, renna 12% beint til baka til sama sveitarfélags aftur. Þess vegna segi ég: Það er engin sanngirni í öðru en sveitarfélögin passi upp á að hafa þessa styrki nægilega góða til þess að þeir a.m.k. dugi fyrir framfærslunni og þeim skatti sem sveitarfélögin taka til baka.

Þetta vil ég að komi hér skýrt fram af því að ég heyri að það er stórkostlegur misskilningur oft hvað þetta snertir. Það sem ég sagði hins vegar áðan og vil að komi skýrt fram er að ég tel miku eðlilegra að líta til þess að þetta styrkjakerfi sveitarfélaganna verði ekki til þess að draga úr aðstoð almannatryggingakerfisins sem er sams konar aðstoð.

Rekstrarhagræðing.

Fsp. KHG, 598. mál. — Þskj. 1041.

[16:08]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Í lið 5.6 í 6. gr. fjárlaga er heimild til fjmrh. til að ráðstafa í samráði við einstaka ráðherra og fjárln. Alþingis fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing til hækkunar á fjárheimild einstakra rekstrarviðfangsefna á árinu 1997, enda lækki fjárheimildin um a.m.k. helming þeirrar fjárhæðar árið 1998. Í reglum um úthlutun til hagræðingarmála af fjárveitingu í fjárlögum 1997, sem fjmrn. hefur sett, segir m.a., með leyfi forseta, að framlagi af fjárlagalið 950 Rekstrarhagræðing er ætlað að mæta kostnaði af ýmiss konar hagræðingaraðgerðum sem leiða til varanlegrar lækkunar ríkisútgjalda. Er þar nefnt til vinna við skipulagsbreytingar, tækjakaup, endurbætur á vinnustað og hugsanlega biðlaunagreiðslur.

Gert er ráð fyrir því að í umsókn sé gerð grein fyrir því hve mikið, hvenær og hvernig það leiði til lægri rekstrarkostnaðar á næstu árum og gerð er krafa um að kostnaður við verkefnið skili sér til baka á skilgreindum tíma og miðað er við að a.m.k. helmingurinn af styrkfjárhæðinni skili sér þegar á næsta ári, 1998.

Í framhaldi af þessu hef ég leyft mér að bera fram svofellda fyrirspurn á þskj. 1041 til fjmrh. um rekstrarhagræðingu:

„Hvernig hefur fé samkvæmt fjárlagalið 08-950 Rekstrarhagræðing verið ráðstafað og hver verður hagræðingin á næsta ári af hverri ráðstöfun, sbr. ákvæði í lið 5.6 í 6. gr. fjárlaga?“

Fjárln. hafa borist tvö erindi frá heilbrrh. um samþykki nefndarinnar fyrir greiðslu af hagræðingarlið ráðuneytisins sem er samtals 45 millj. Fyrra erindið er um 12,7 millj. kr. til að greiða útistandandi greiðslu biðlauna á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Það síðara er upp á 30 millj. kr. til að standa undir því að opna og reka lýtalækningadeild Ríkisspítala frá og með 1. apríl sl. Fram kemur í erindi ráðuneytisins að lýtalækningadeildin hafi þá verið lokuð í um það bil 1 1/2 ár. Það hafi verið ákvörðun ráðuneytisins við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi fjárlög 1997 að verja ekki fé til reksturs deildarinnar og hafa hana áfram lokaða. Ráðuneytið gat ekki sýnt fram á hver væri sparnaðurinn af því að opna umræddda deild og gat því ekki uppfyllt skilyrði laganna hvað það varðar. Það kemur fram í svari fjárln. til ráðuneytisins að það samþykki erindið að því tilskildu að ákvæði laganna sé uppfyllt.

Ég vil því, herra forseti, leita eftir svörum fjmrh. sem fer með þessa heimild um hvernig þessum lið hefur verið ráðstafað.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil leitast við að svara þessari fyrirspurn en vil þó geta þess að hv. þm. hefur að verulegu leyti svarað fyrirspurninni sjálfur með því að gefa hér greinargóðar upplýsingar um þær reglur sem í gildi eru. Ég býst við því að hann beini máli sínu til mín vegna þess að ég gaf út reglugerð í samráði við fjárln. á sínum tíma, 10. mars á þessu ári, og hv. þm. lýsti henni. Það er rétt sem hann segir að þetta byggist á lögum, þ.e. lið 5.6 í 6. gr. fjárlaga.

Það er líka hárrétt hjá hv. þm. að tvær beiðnir hafa komið vegna hagræðingarliðs heilbrrn. Annars vegar er um að ræða vegna útgjalda sem verða vegna sparnaðaraðgerða á Borgarspítalanum, eða Sjúkrahúsi Reykjavíkur eins og það heitir, upp á 12,7 millj. Fjárln. hefur fjallað um þá beiðni og fallist á hana fyrir sitt leyti.

Hins vegar hefur komið beiðni um 30 millj. kr. framlag til að opna og reka lýtalækningadeild Ríkisspítala og hefur fjárln. fjallað um það mál og samþykkt að gera það ef sýnt er fram á þann sparnað sem áskilinn er í lögum. Það verður að segja þá sögu eins og hún er að enn hefur ekki borist sú skýring frá Ríkisspítölum, a.m.k. ekki til fjmrn., sem þörf er á að fáist til þess að hægt sé að nota þennan lið og fallast á hann. Ég get þess vegna ekki sagt annað en beðið er eftir því að sú skýring komi frá Ríkisspítölum að opnun þessarar deildar leiðir til sparnaðar í rekstri eins og áskilið er.

Ég vil svo að allra síðustu geta þess, virðulegi forseti, að af þessum lið var 60 millj. ráðstafað í sparnað vegna sjúkrahúsa utan Reykjavíkur þannig að þeim mun meira verður á liðnum sem betur tekst til um sparnað þeirra sjúkrahúsa. En varðandi aðalefni fyrirspurnarinnar, þá er beðið eftir rökstuðningi forráðamanna Ríkisspítala og fyrr er ekki hægt að taka endanlega afstöðu til fyrirliggjandi beiðni.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Herra forseti. Svar hæstv. fjmrh. staðfestir að málið er enn þá í sömu stöðu og það var þegar það var lagt fyrir fjárln. Erindið var ekki þess eðlis að það gæti fallið undir þennan lið fjárlaganna, rekstrarhagræðing, og engin gögn fylgdu með umsóknum til nefndarinnar sem rökstuddu að svo gæti verið. Það kemur mér því ekki á óvart að málið skuli enn vera í sömu stöðu.

Það sem ég hygg að við megum draga lærdóm af í framhaldi af þessu máli er að fjárveitingar til heilbrigðismála í fjárlögunum eru allt of knappar. Við gerð fjárlaga 1997

þegar var verið að undirbúa fjárlagafrv. hefur ramminn sem heilbrrn. hafði til að vinna eftir greinilega verið það þröngur að skera varð niður jafnvel nauðsynlega starfsemi, eins og ég ætla að lýtalækningadeild Ríkisspítala sé. Það kom mér satt að segja verulega á óvart að sú deild hefði verið lokuð í eitt og hálft ár því ég veit ekki betur en þörf sé fyrir þá deild og ekki hægt með góðu móti að leggja niður þessa starfsemi nema það bitni á þeim sem deildin á að sinna.

Ég vil meina, herra forseti, að þessi staða málsins að heilbrrn. hafi skorið niður fjárveitingar til deildarinnar í upphafi og sé að reyna að fá fjármagn eftir þessum lið endurspegli skortinn á fjármagni í heilbrigðiskerfinu.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, af því að hæstv. fjmrh. gat um 60 millj. kr. sem áformað er að spara á rekstri sjúkrahúsa á landsbyggðinni. Sá sparnaður sem menn kunna hugsanlega að ná fram á þessu ári verður ekki færður inn á þennan lið nema með sérstökum lögum. Það er því ekki hægt að færa fjárveitingar frá sjúkrahúsum á landsbyggðinni til hagræðingarliðar heilbrrn. nema með sérstökum lögum. Þar til þau lög hafa verið samþykkt gilda þær fjárveitingar sem eru í fjárlögunum.

Reglur Seðlabankans um verðtryggingu.

Fsp. JóhS, 595. mál. — Þskj. 1038.

[16:17]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Reglugerð sem gefin var út í júní 1995 um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár felur í sér að bannað verður að verðtryggja innlán frá árinu 2000 en áfram á að vera verðtrygging á útlánum. Með öðrum orðum á að afnema verðtryggingu á sparifé landsmanna en viðhalda henni á útlánum og skuldum heimilanna.

Hæstv. viðskrh. svaraði mér fyrir nokkru síðan um að engin áform væru uppi um það að afnema verðtryggingu á útlánum. Ég hef velt því fyrir mér hvort það standist að með einfaldri reglugerð sé hægt að taka ákvörðun um að banna verðtryggingu á innlánum og hef fengið um það ítarlegt lögfræðiálit sem ég vil vitna í, með leyfi forseta, en þar segir:

„Þegar Ólafslögum var breytt árið 1989 var Seðlabankanum fengin heimild til að lengja sex mánaða binditíma verðtryggðra fjárskuldbindinga og var í greinargerð þess frv. beinlínis tekið fram að þeirri heimild mætti beita til að draga úr mikilvægi verðtryggingar á lánamarkaði. Ljóst er þó að Seðlabankanum var aldrei heimilt á grundvelli Ólafslaga að afnema verðtryggingu. Undir afnám hefði væntanlega einnig fallið ákvörðun um óvenju langan lágmarksbinditíma.

Þegar verðtryggingarákvæðin voru færð yfir í vaxtalög með lögum nr. 13/1995 datt út hinn almenni áskilnaður laganna um að stefnt skyldi að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almenna sjóði. Í greinargerð með frv. var vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá febrúar 1995 um að stefnt skyldi að því að draga úr verðtryggingu í áföngum og tekið fram að viðskrh. mundi í framhaldi af lagasetningunni fara þess á leit að Seðlabankinn legði fram tillögur um lengingu lágmarksbinditíma verðtryggðra innstæðna lána. Þrátt fyrir þetta tel ég [þ.e. lögfræðingurinn sem þetta skrifar] að í V. kafla vaxtalaga felist ekki heimild fyrir Seðlabanka til þess að afnema verðtryggingu alfarið. Af almennum athugasemdum frv. þess sem varð að lögum 1995 má ráða að ekki hafi verið ætlunin að gerbylta ákvæðum Ólafslaga um verðtryggingu heldur fyrst og fremst að færa verðtryggingakafla þeirra laga í nútímalegra horf þar sem fjölmörg ákvæði hans voru orðin úrelt vegna framþróunar á fjármagnsmarkaði."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Ef ætlunin er að afnema möguleika manna á að ávaxta sparifé sitt á verðtryggðum innlánsreikningum í bönkum og sparisjóðum landsins er rétt að löggjafinn taki slíka ákvörðun með skýrum hætti rétt eins og hann kom á verðtryggingu á sínum tíma. Því sýnist mér mjög vafasamt ef Seðlabankinn ætlar að óbreyttum lögum að mæla fyrir um afnám verðtryggingar á innstæðum frá og með árinu 2000. Ef núverandi ríkisstjórn hefur það á stefnuskrá sinni að afnema verðtryggingu, samanber fyrrgreinda yfirlýsingu hennar, þá liggur eðlilega beinast fyrir að hún leggi fram stjórnarfrv. þar sem gerð er tillaga um að V. kafli vaxtalaga falli brott."

Tilvitnun lýkur í þetta lögfræðiálit sem ég hef fengið, og því spyr ég hæstv. viðskrh.:

„Telur ráðherra að ákvæði 9. gr. reglna Seðlabanka Íslands, nr. 330/1995, um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl., varðandi afnám verðtryggingar innstæðna samræmist ákvæðum V. kafla vaxtalaga?"

[16:21]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Á þskj. 1038 er lögð fram fyrirspurn frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um reglur Seðlabankans um verðtryggingu. Fyrirspyrjandi spyr hvort ég telji þau ákvæði í reglum Seðlabankans um verðtryggingu sem lúta að afnámi verðtryggingar innstæðna samrýmast ákvæðum verðtryggingarkafla vaxtalaga. Ég svara þessari spurningu hiklaust játandi. Reglur Seðlabankans eru í samræmi við vaxtalög.

Í nær áratug hafa stjórnvöld unnið að því að draga úr notkun verðtryggingar. Árið 1988 var lögum um stjórn efnahagsmála, svokölluðum Ólafslögum, breytt á þann veg að lágmarkstími verðtryggðra lána var takmarkaður við tvö ár og lágmarkstími verðtryggðra innstæðna við sex mánuði. Jafnframt var Seðlabankanum heimilað, að fengnu samþykki viðskrh., að ákveða að þessi tími yrði lengri. Seðlabankinn herti þessar reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga árið 1993. Árið 1995 var bætt inn í vaxtalög kafla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, en verðtryggingarkafli Ólafslaga hins vegar felldur niður. Ákvæði um að lágmarkstími verðtryggðra lána skuli vera tvö ár og lágmarkstími verðtryggðra sparifjárinnstæðna sex mánuðir var fellt niður. Þess í stað var kveðið á um í vaxtalögum að Seðlabankinn skuli, að fengnu samþykki viðskrh., ákveða lágmarkstímann.

Þann 6. júní 1995 gaf Seðlabankinn síðan út reglur um verðtryggingu sparifjár, lánsfjár og fleira. Þar er kveðið á um að innlánsstofnunum sé því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu að innstæða sé bundin í eitt ár eða lengur.

Í 9. gr. reglnanna segir að frá og með 1. janúar 1998 verði þessi lágmarkstími lengdur í þrjú ár. Jafnframt segir í þessum reglum að stefnt skuli að því að verðtrygging innlána verði óheimil frá og með 1. janúar árið 2000. Þessi ákvæði í reglum Seðlabankans eru í fullu samræmi við stefnu stjórnvalda um að draga úr vægi verðtryggingar í inn- og útlánum fram að aldamótum. Það er á hinn bóginn ljóst að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. vaxtalaganna kveður einungis á um að ákveða megi lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána en ekki að afnema megi verðtryggingarákvæðið alfarið. Það þarf því að koma ákvæði í vaxtalög sem heimilar afnám

verðtryggingar á sparifjárinnstæðum eigi þessi stefnumótun að ná fram að ganga.

Ég vil ítreka það að reglur bankans í þessu efni segja einungis að stefnt verði að ákveðnu markmiði. En niðurstaðan ræðst að sjálfsögðu af þeim heimildum sem verða til staðar á þeim tiltekna tímapunkti þegar til framkvæmdarinnar á að koma. Stefna stjórnvalda er óbreytt. Það er heillavænlegt að draga úr verðtryggingu, sér í lagi á skemmri fjárskuldbindingum þar eð verðtrygging skapar mikla rekstraráhættu fyrir lánastofnanir, hefur óæskileg áhrif á vaxtamyndun og er að auki óþekkt erlendis á skemmri skuldbindingum. Stefnumörkun stjórnvalda um að draga úr verðtryggingu gerir ráð fyrir að breytingin eigi sér stað á löngum tíma og þær eru tilkynntar með góðum fyrirvara, enda eru miklir hagsmunir bundnir notkun verðtryggingarinnar og óvarlegt að raska reglum um hana með skömmum fyrirvara.

[16:25]

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir):

Herra forseti. Ég get ekki annað heyrt á máli hæstv. ráðherra en hann sé sammála mér og því lögfræðiáliti sem ég las hér upp að það hafi ekki lagastoð að afnema verðtryggingu á innlánum. Hér sé fyrst og fremst um að ræða stefnumörkun í þessari reglugerð sem hafi verið gefin út og verði tekin endanleg ákvörðun um að afnema verðtryggingu á innlánum þurfi að koma til lagabreyting, ákvörðunin þurfi að hafa lagastoð. Mér finnst því ljóst af máli ráðherrans að ef ríkisstjórnin hyggst fylgja þessari stefnumörkun fram þá þurfi hún að leita til Alþingis um samþykki. Það er nákvæmlega það sem sagt er í því lögfræðiáliti sem ég hef fengið. Þetta er einn kaflinn, og það er ágætt út af fyrir sig, að þetta þurfi þá að koma til kasta Alþingis vegna þess að þá gefst okkur færi á því að ræða þann mismun sem á greinilega að taka upp, að afnema bara verðtryggingu á innlánum en ekki útlánum, afnema bara verðtryggingu á sparifé landsmanna og viðhalda henni á útlánum og skuldum heimilanna sem fer sívaxandi og hafa vaxið í tíð þessarar ríkisstjórnar um yfir 60 miljarða kr. eða, eins og var haldið fram á Alþingi, um 100 millj. kr. á hverjum degi. Það er auðvitað eitthvað að í okkar verðtryggingarmálum þegar við eru eina þjóðin innan OECD sem höldum uppi verðtryggingu á skuldum heimilanna — með hvaða afleiðingum? Við sjáum það fyrir okkur annað slagið að t.d. hækkun á grænmeti og brauði eykur skuldir heimilanna um hundruð millj. kr. og á þessu þarf að taka.

Ég þakka fyrir það að hæstv. ráðherra hefur staðfest að ef ríkisstjórnin ætlar að fara út í það að afnema verðtryggingu á innlánum þá þurfi málið að koma til kasta Alþingis. Þá fáum við tækifæri til þess að ræða þann mismun sem ríkisstjórnin stefnir greinilega að annars vegar varðandi verðtryggingu á innlánum og hins vegar gagnvart verðtryggingu á útlánum.

[16:28]

Viðskiptaráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Það er enginn misskilningur í því hjá hv. þm. að það kemur skýrt fram í mínu svari, og vil ég vitna aftur í það, að ákvæði 1. málsl. 3. mgr. 21. gr. vaxtalaganna kveður einungis á um að ákveða megi lágmarkstíma. Út á það ganga þær reglur sem Seðlabankinn hefur nú sett, þ.e. að ákveða einungis lágmarkstíma verðtryggðra innstæðna og lána en ekki að afnema verðtrygginguna. Þarna er því enginn ágreiningur milli mín og hv. þm. um það, eins og ég sagði áðan, að eigi að koma til þess að verðtryggingin verði afnumin með öllu þarf að breyta vaxtalögum í þá veru að heimildir séu til slíkra hluta og það verður gert. En eins og ég sagði er hér um að ræða ákveðna áætlun sem ríkisstjórnin í samvinnu við Seðlabankann hefur sett fram um hvernig þessi skref skulu stigin. Stefnumótun hefur átt sér stað fram til aldamóta og þegar að þeim tíma dregur, sem nú gerir óðfluga, þurfa menn að taka upp nýjar tímasetningar í framhaldinu. Á grundvelli þeirra þurfa menn síðan að taka ákvörðun um hvort og hvenær þurfi að breyta vaxtalögum til þess að tryggja það, ef sú ákvörðun verður tekin, að verðtryggingin verði afnumin að fullu.

En aðeins út af orðum hv. þm. varðandi einstaka vöruflokka sem hafa hækkað. Það er rétt að það er hægt að reikna það út að þegar brauð hækkaði um 10% hefði það leitt til 280 millj. kr. hækkun á skuldum heimilanna. Í mánuðinum áður, febrúarmánuði á þessu ári, átti sér stað lækkun á kjötvörum og öðrum vörum til heimilisnota. Sú lækkun leiddi til þess að skuldir heimilanna lækkuðu á þeim tíma um 420 millj. kr. þannig að það er endalaust hægt að fara út í slíkar vangaveltur og útreikninga hvað einstakar breytingar hafa í för með sér. Aðalatriðið er að nægjanleg samkeppni sé á þessum markaði sem komi í veg fyrir að verðhækkanirnar fari af stað.

Íslensk stafsetning.

Fsp. KF, 602. mál. — Þskj. 1053.

[16:31]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Í september 1972 var ákveðið af menntmrn. að fella skyldi niður bókstafinn zetu í íslensku ritmáli.

Hinn 29. janúar 1973 lögðu þeir Sverrir Hermannsson, Helgi F. Seljan, Ellert B. Schram og Bjarni Guðnason fram till. til þál. þess efnis að Alþingi ályktaði að hrundið skyldi þeirri ákvörðun að fella zetu niður í íslensku ritmáli. Þá höfðu Íslendingar búið við reglur um zetu í 44 ár, 1929–1974. Fjallað var um þetta mál á næstu þingum, eiginlega frá 1974–1978. Ég vona að ráðherra menntamála telji ekki að ég sé að vekja hér upp gamla drauga með því að fara að tala um þetta mál, en ef skoðaðar eru þingræður frá þessum tíma er þar margt fróðlegt að finna og mjög skemmtilegt aflestrar. Ég er hér með heilmikinn bunka af ræðum frá þessum tíma sem ég hef kynnt mér.

Á þinginu 1974–1975 var verið að fjalla um þetta mál og í febrúar 1975 sendu 100 af kunnustu mennta- og fræðimönnum þjóðarinnar, það voru menn úr ýmsum starfsstéttum, hæstv. þáv. menntmrh. áskorun um að nema úr gildi þá breytingu á íslenskri stafsetningu sem gerð var árið áður. Höfuðástæður fyrir áskorun þeirra voru eftirfarandi:

1. Meiri skýrleiki og gleggri vísbending um uppruna orða sem í mörgum tilvikum léttir skilning og eykur málþekkingu.

2. Reglur um stóran staf og lítinn, stórum óhentugri og flóknari en fyrri reglur, t.d. að rita skuli oddverjar með litlum staf en Sturlungar með stórum, hólsfjallamaður með litlum staf en Hólsfjallahangikjöt með stórum staf og bandaríkjamaður með litlum staf en Bandaríkjaforseti með stórum.

3. Valfrelsi um ritun margra orða sem löngum hafa verið rituð á einn veg getur valdið ruglingi sem m.a. getur verið bagalegt í stafrófsröðun.

4. Að festa í íslenskri stafsetningu sé til ómetanlegs hagræðis á mörgum sviðum. Tveimur kynslóðum Íslendinga hafi

verið töm sú stafsetning sem kennd var undanfarna áratugi og eiga margir bágt með að sætta sig við stafsetningu sem þeir telja óskilmerkilegri og óhentugri.

Hinn 29. apríl 1974 ályktaði Alþingi að hrundið skyldi fyrri ákvörðun að fella zetu niður í íslensku ritmáli. Þarna var samþykkt samhljóða þáltill. fimm þingmanna um að ríkisstjórninni væri falið að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu. Fram að því hafði sú hefð ríkt í marga áratugi að stafsetningu íslenskrar tungu var skipað með auglýsingu frá menntmrn. Deilt var um það á þingi hvort haldið skyldi áfram þeirri hefð að ákvörðun um stafsetningu ætti sér stað með ráðherraúrskurði eða hvort það ætti að skipa með lagasetningu á Alþingi.

Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hver er stjórnskipulegur grundvöllur auglýsingar menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu, nr. 132/1974, sbr. breytingu á henni nr. 261/1977?

2. Telur ráðherra koma til greina að setja lög um íslenska stafsetningu?

3. Er bókstafurinn z ekki lengur hluti af íslenska stafrófinu?

4. Telur ráðherra koma til greina að jafnrétt verði að beita eldri reglum um z og núverandi stafsetningu?

[16:35]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að því er fyrstu spurninguna varðar: „Hver er stjórnskipulegur grundvöllur auglýsingar menntamálaráðuneytis um íslenska stafsetningu, nr. 132/1974, sbr. breytingu á henni nr. 261/1977?“ er þetta að segja:

Eins og kunnugt er hefur ekki verið sett löggjöf um íslenska stafsetningu. Hins vegar er löng hefð fyrir því að stjórnvöld setji fyrirmæli í formi auglýsingar um hvaða reglur skuli gilda um stafsetningu þá sem kennd er í skólum og notuð á ýmsum gögnum sem út eru gefin á vegum ríkisins eða með atbeina þess.

Að því er kennslugögn varðar má segja að lagaskylda í þessu efni felist í skólalöggjöf sem ætlar stjórnvöldum menntamála eftirlitsábyrgð á námsefni og kennslu. Auglýsingar af þessu tagi hafa verið birtar sex sinnum á þessari öld, en hin fyrsta var auglýsing nr. 15/1918, um eina og sömu stafsetningu í skólum og á skólabókum. Gildissvið þeirrar auglýsingar sem um ræðir í 1. tölul. fyrirspurnarinnar, þ.e. auglýsingar nr. 132/1974, sbr. breytingu samkvæmt auglýsingu nr. 261/1977, er markað þannig, með beinni tilvísun í reglugerðina en þar segir að: „Eftirfarandi reglur skulu gilda um stafsetningarkennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar eða styrktar af ríkisfé, svo og um embættisgögn sem út eru gefin.“

Í öðru lagi er spurt: „Telur ráðherra koma til greina að setja lög um íslenska stafsetningu?“ Svarið er þetta: Ég tel ekki eðlilegt að binda það í lög hvernig stafsetning íslenskrar tungu skuli vera. Slík löggjöf væri að mínum dómi bæði hæpin út frá almennum sjónarmiðum um tjáningarfrelsi og afar torveld í framkvæmd. Hins vegar tel ég koma til álita að hugað verði að lagasetningum hvernig standa skuli að undirbúningi og útgáfu reglna um stafsetningu í skólakennslu og á öðrum þeim sviðum sem eðlilegt er að opinberar stafsetningarreglur taki til.

Þess má geta að samkvæmt gildandi lögum um íslenska málnefnd frá 1990 er nefndinni m.a. ætlað að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál. Skal leitað umsagnar hennar áður en settar eru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu að svo miklu leyti sem einstök atriði heyra ekki undir aðra samkvæmt öðrum lögum.

Í þriðja lagi er spurt: „Er bókstafurinn z ekki lengur hluti af íslenska stafrófinu?“ Svarið er þetta: Eins og áður segir eru ákvæði núgildandi auglýsingar um íslenska stafsetningu bundin við afmarkað gildissvið, þ.e. skólakennslu, kennslubækur og embættisgögn. Ekkert bann liggur við notkun bókstafsins zetu utan þessa sviðs ef mönnum býður svo við að horfa. Auk þess er í yfirlýsingunni tekið fram að rita megi zetu í sérnöfnum erlendum að uppruna og í tilteknum ættarnöfnum. Af þessu leiðir að bókstafurinn zeta er a.m.k. hluti af því stafrófi sem notað er á Íslandi.

Í fjórða lagi er spurt: „Telur ráðherra koma til greina að jafnrétt verði að beita eldri reglum um z og núverandi stafsetningu?“ Svarið er þetta: Ljóst er að um sum atriði stafsetningar er örðugt að setja afdráttarlausar og einhlítar reglur. Þetta á þó tæpast við um notkun zetu. Ég tel að það væri fallið til að valda óþörfum glundroða í stafsetningarkennslu ef horfið yrði að því ráði að endurreisa aflagðar reglur um þetta efni og gera þeim jafnhátt undir höfði og því, sem við höfum nú búið við um hríð.

[16:39]

Fyrirspyrjandi (Katrín Fjeldsted):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og lít svo á að úr því að ekkert bann gildi við því að rita zetu séu alla vega æðstu menn Morgunblaðsins löglegir í sínum skrifum því eins og alþjóð veit hefur Morgunblaðið ekki fellt niður zeturegluna. Það tók Morgunblaðið hins vegar mjög langan tíma að taka upp stafsetninguna frá 1928. Það tók hátt í 30 ár þannig að menn skipta ekkert auðveldlega um þar sem réttilegt er.

Í röksemdum sem koma fram við umræður á Alþingi á sínum tíma þegar var verið að tala um zetuna fannst mér skemmtilegust sú setning frá Gils Guðmundssyni sem vildi ekki taka upp zetu á ný og líkti henni við botnlangann í mannlegum líkama. Þegar búið væri að fjarlægja botnlangann væri ástæðulaust að fara að græða hann í aftur. En ýmislegt hefur reyndar breyst í þekkingu manna á mikilvægi botnlangans svo þau rök standa kannski ekki enn þá.

Ég ætla samt að segja frá því hér að fyrir danska þinginu liggur frv. til laga um stafsetningu og ljóst er að frændur vorir í Danmörku líta á það sem sjálfsagðan hlut að þeirra þjóðþing fjalli um svo mikilvægt mál og danska stafsetningu. Ég hvet ráðherrann til að skoða hug sinn betur hvað þetta varðar.

Mig langar svo að lokum að vitna í nokkrar setningar úr varnarræðu Jóns Guðmundssonar, íslenskukennara í menntaskólanum, sem skrifaði heilmikinn varnarbálk í þessu stafsetningarmáli, og hljóma svona:

„Var því eigi örgrannt um að flestöllum brygði býsna illa í brún og hygðu það firn mikil er það heyrðist að nýskipuð stafsetningarnefnd legði eindregið til að Íslendingar hyrfu frá ævafornri hefð í ritmennsku. Var ekki að ófyrirsynju að ýmsum sem við íslenskukennslu fást þætti nú sem sá hyggi sem hlífa skyldi og þau vinnubrögð næsta kynleg er menntmrn. birti svo skyndilega auglýsingu sína um jafnróttæka breytingu sem afnám z hlýtur að teljast.

Sökum óhugnanlegrar deyfðar alþýðu manna og í senn ísmeygilegra og illyrmislegra ásakana rætnisfullra rægitungna um gengdarlaust og einskis nýtt málfræðistagl í

skólakennslu þykir nú mörgum alveg sýnt að á næsta leiti megi sjá hilla undir enn byltingarkenndari tillögur."

Þetta var varnarræða Jóns Guðmundssonar íslenskukennara gegn breytingum og fyrir þeirri íslensku sem kennd var í áratugi í íslenskum skólum. Ég hvet hæstv. menntmrh. til þess að sýna þessu sitt milda auga og líka til þess að setja lög á Alþingi um íslenska stafsetningu.

[16:42]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Varnaðarorð menntaskólakennarans sem rituð hafa verið líklega 1973 eða 1974 hafa ekki átt við rök að styðjast að því leyti að menn hafi eftir að þeir afnámu zetuna með þeim hætti sem ég lýsti áður farið inn á aðrar róttækari brautir varðandi breytingar á íslenskum stafsetningarreglum þannig að sá ótti var ástæðulaus og tíminn hefur leitt í ljós að svo er.

Hins vegar er það rétt sem kom fram í máli hv. þm. að það hafa verið sett lög á danska þinginu um danska réttritun. Þau lög tóku gildi voru samþykkt 30. apríl sl. og taka gildi 1. ágúst 1997. Ég tel hins vegar ekki neitt fordæmi fólgið í því þótt Danir telji sér nauðsynlegt að setja reglur um eigin réttritun. Við höfum allt aðra málstefnu en Danir. Við fylgjum hreintungustefnu sem þeir gera ekki og við fylgjum henni þótt það sé ekki lögbundið. Við hér á Íslandi höfum haldið betur, að mínu mati, utan um hreinleika okkar tungu en Danir og þeir eiga þess vegna í miklum erfiðleikum, m.a. í réttritun af því að þeir eru að innleiða svo mikið af erlendum orðum í sína tungu og þurfa þess vegna að setja reglur um hvernig eigi að laga þau að dönskum stafsetningarreglum og lögbinda með þeim hætti sem gert hefur verið. Ég held að við stöndum ekki frammi fyrir þeim vanda sem þeir gera í þessu efni af því að við fylgjum allt annarri meginstefnu varðandi varðveislu tungunnar án þess að það hafi verið fest í lög. Ég tel ekki að neinn muni telja að við þurfum að lögfesta það í sjálfu sér. Hitt kann að vera að það sé skynsamlegt að lögfesta hvernig staðið skuli að því að setja stafsetningarreglur. Ég tel sjálfur að eftir að Íslensk málnefnd kom til sögunnar 1990 sé hún rétti aðilinn til þess að koma þar að með faglega ráðgjöf og hef raunar í bréfi til málnefndar haustið 1995 gefið þann vilja minn til kynna. Á vegum málefndarinnar er nú verið að undirbúa útgáfu nýrra reglna um stafsetningu og greinarmerkjasetningu þar sem tekið er á þeim málum án þess þó að um neina kollsteypu verði að ræða.

[16:45]

Útbýting þingskjala:

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 90. mál, brtt. félmn., þskj. 1282.

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 530. mál, brtt. GHall, þskj. 1287.

Tjón á bílum.

Fsp. GÁ, 609. mál. — Þskj. 1174.

[16:45]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef lagt hér fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. sem hljóðar svo:

1. Hvers vegna er reglum um skráningarferli skemmdra bifreiða ekki framfylgt nema um innfluttar tjónabifreiðar?

2. Hvers vegna eru skoðanavottorð bifreiða, sem skemmst hafa erlendis, viðgerðra af fagmönnum hér og skoðaðra af löggiltum aðilum, stimpluð „tjónabifreið" sem fylgir bifreiðinni upp frá því, en slíks er ekki krafist af sams konar tjónabifreið sem skemmist hér á landi og er seld af tryggingafélagi eða eiganda?

3. Hvaða reglum er framfylgt varðandi tjónabíla, mismunandi mikið skemmda, sem eigandi eða sá sem eignast lætur sjálfur gera við? Eru þeir burðarvirkis- og hjólstöðumældir af skoðunarstöð, og þá að beiðni hvers?

4. Hve margar bifreiðar lenda í umferðaróhöppum árlega og hve stór hluti tjóna á bílum er bótaskyldur?

5. Hver annast skráningu og mat tjóna á bílum á tjónastað?

6. Hvaða eftirlit er af hálfu umferðaryfirvalda með viðgerð bifreiða sem hafa orðið fyrir bótalausu tjóni?

Ég vil segja, hæstv. forseti: Þessi fyrirspurn er spurning um neytendavernd, um öryggismál í umferðinni, um jafnræðisreglu í landinu og snýr að því hvort menn vilja koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi. Ég vil líka segja að sem betur fer hefur tæknin mikið breyst með skoðunarstöðvunum og þar er hægt að gera nú miklu nánari skoðun á bifreiðum en áður sem lent hafa í tjónum eins og ég hef nefnt með burðarvirkis- og hjólstöðumælingar sem ég held að hljóti að vera mikilvægar á öllum tjónabifreiðum.

[16:48]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrstu fyrirspurninni er það að segja að á vegum ráðuneytisins hefur starfshópur skipaður fulltrúum frá dómsmrn., fjmrn., Bílgreinasambandinu og Félagi ísl. bifreiðaeigenda unnið að tillögum að reglum um tjónabifreiðar. Snemma á síðasta ári skilaði starfshópurinn áfangaskýrslu um innflutning á tjónabifreiðum. Í framhaldi af því ritaði ráðuneytið Bifreiðaskoðun Íslands hf. bréf sem dags. var 27. mars 1996 þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

Ráðuneytið lítur svo á að ekki eigi að skrá ökutæki sem flutt eru mikið skemmd til landsins eftir alvarleg umferðaróhöpp. Það sem heillegt er af þessum ökutækjum má nota sem varahluti. Frá þessu mætti samt gera undantekningu ef aðili skilar staðfestu vottorði um allt vinnuferli viðgerðarinnar frá viðurkenndum aðila og tryggt er að ökutækið sé fullkomlega viðgert.

Starfshópnum þótti rétt að ganga frá reglum um innlendar tjónabifreiðar í kjölfarið á þessari niðurstöðu þannig að reynsla hefði fengist af vinnuferli með notaðar innfluttar bifreiðar. Unnið hefur verið að því síðan að ná samstöðu við ýmsa aðila um þetta efni, þar á meðal bifreiðatryggingafélögin. Starfshópurinn vinnur nú áfram að þessu verki þannig að reglur um þetta svið í heild sinni geti orðið til sem allra fyrst og að sjálfsögðu mun ráðuneytið fylgja því fast eftir að fyllsta samræmi verði í þessu efni á milli innlendra og erlendra tjónabifreiða þannig að jafnræði ríki þar á milli í samræmi við stjórnsýslureglur.

Sem svar við annarri fyrirspurninni er þetta að segja: Það var á sínum tíma ákvörðun Bifreiðaskoðunar Íslands að þessi yrði niðurstaðan. Ráðuneytið telur eðlilegt að breyta skráningu bifreiða þegar vottorð frá viðurkenndu verkstæði liggur fyrir um fullkomna viðgerð á bifreiðinni. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvernig á að breyta skráningunni en ákvörðun um það verður væntanlega tekin innan skamms. Breytt skráning mun þá einnig ná til bifreiða sem þegar hafa fengið fullkomna viðgerð en eru skráðar tjónabifreiðar.

Sem svar við þriðju fyrirspurninni er þetta að segja: Skráningarstofa getur því aðeins skráð bifreið sem tjónabifreið og fylgt eftir eðlilegri viðgerð á henni að formleg tilkynning um skemmdir á bifreiðinni berist frá þar til bærum aðilum. Ekki er auðvelt að ná til allra bifreiða sem lenda í tjóni en vonast er til að starfshópurinn ljúki bráðlega störfum og að þá hafi náðst samstaða á milli þeirra sem að þessum málum koma um skráningu, viðgerð, merkingu og vottaða viðgerð á tjónabifreið.

Sem svar við fjórðu spurningunni er þetta að segja: Það liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hve margar bifreiðar lenda árlega í umferðaróhappi né greining á hve margar bifreiðar skemmast það mikið að þær teljast tjónabifreiðar. Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi ísl. tryggingafélaga lentu um það bil 19 þúsund bifreiðar í munatjóni á sl. ári og áætlað er að bótaskylda sé í um það bil 10 þúsund af þessum bifreiðum.

Um fimmtu spurninguna er það að segja að eins og er annast enginn mat á tjónastað en starfshópurinn sem vinnur að reglum um þessi efni er að leita leiða til úrbóta.

Um sjöttu spurninguna er það að segja að eina eftirlitið sem nú fer fram er í árlegri skoðun á bifreiðinni. Skoðunarstofurnar hafa ekki fullnægjandi tæki eða aðstöðu til að meta nægjanlega vel hvort t.d. skekkja á burðarvirki eða hjólabúnaði bifreiða er til staðar. Því er hugað að nýjum leiðum til að draga úr fjölda illa viðgerðra bifreiða í umferðinni. Vænlegasti möguleikinn er talinn sá að eigandinn eða umráðamaður bifreiðarinnar hafi hag af því að fá viðgerðina tekna út á viðurkenndu viðgerðaverkstæði og staðfesta í ökutækjaskrá.

Kjarni þessa máls, í tilefni af þessari fyrirspurn, er vitaskuld sá að ráðuneytið mun fylgja því eftir að þeir sem um þessi mál fjalla framfylgi settum reglum á grundvelli jafnræðisreglu sem er meginregla í íslenskri stjórnsýslu.

[16:53]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. svar hans sem var greinargott og segir mér að mikil vinna er í gangi í þessum málum sem ég tel mjög mikilvæga. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðherra að mikilvægt er að þarna sé jafnræðisregla höfð í heiðri og að ein lög og ein regla gildi í málinu þannig að ég trúi því að þetta verði unnið hratt. Eins og ég sagði áðan snýst þetta ekki síst um neytendavernd, þ.e. að við eigum það tryggt þegar við kaupum notaða bíla að þeir hafi farið á skoðunarstöðvar og í þá tækni sem nú þar býðst til að mæla burðarvirki og hjólastillingar. Ég þarf því lítið meira um þetta mál að segja á þessu stigi, en þakka hæstv. ráðherra og vænti þess að hann fylgi því eftir að hratt verði unnið í þessu máli.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 16:55.

---

126. FUNDUR

miðvikudaginn 14. maí,
kl. 9 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

[21:00]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 20 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, átta mínútur í fyrstu umferð og sex mínútur í tveimur síðari umferðunum. Röð flokkanna verður þessi í öllum umferðum: Þingflokkur jafnaðarmanna, Sjálfstfl., Alþb. og óháðir, Framsfl. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir þingflokk jafnaðarmanna tala í fyrstu umferð Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf., í annarri umferð Ásta R. Jóhannesdóttir, 18. þm. Reykv., en Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv., í þriðju umferð. Fyrir Sjálfstfl. tala í fyrstu umferð Halldór Blöndal samgrh., í annarri Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Austurl., en í þeirri þriðju Einar Oddur Kristjánsson, 3. þm. Vestf. Ræðumenn Alþb. og óháðra verða í fyrstu umferð Margrét Frímannsdóttir, 5. þm. Suðurl., í annarri umferð Sigríður Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykn., en í þriðju umferð Svavar Gestsson, 8. þm. Reykv. Ræðumenn Framsfl. verða Halldór Ásgrímsson utanrrh. í fyrstu umferð, í annarri umferð Ísólfur Gylfi Pálmason, 4. þm. Suðurl., og í þriðju umferð Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl. Fyrir Samtök um kvennalista tala Guðný Guðbjörnsdóttir, 19. þm. Reykv., í fyrstu umferð, í annarri umferð Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., og Kristín Ástgeirsdóttir, 14. þm. Reykv., í þriðju umferð.

[21:02]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sjálfstfl. og Framsfl. hafa farið með völd í landinu til skiptis eða saman í meira en mannsaldur. Ávallt hafa þeir litið á það sem hlutverk sitt að gæta hagsmuna fárra á kostnað fjöldans. Þeir draga hvor í sinn dilk og þegar þeir setjast saman í Stjórnarráðið er einfaldlega skipt til helminga. Gæsla sérhagsmunanna er þá í vernduðu umhverfi.

Meira að segja umræður um breytingar sem þjóðin vill, leiða þeir hjá sér. Yfir 70% landsmanna hafa í skoðanakönnunum lýst vilja sínum til þess að tekið verði gjald fyrir afnot fárra af auðlindum fjöldans. Það mál fæst ekki einu sinni skoðað.

Þau málefni sem efst eru á baugi í löndunum í kringum okkur eins og Evrópusamvinnan fást ekki rædd. Þau eru sögð ekki vera á dagskrá. Ríkisstjórnin virðist álíta að hægt sé að einangra íslensku þjóðina. Hún virðist ekki vita að Íslendingar eiga í samkeppni við aðrar þjóðir, ekki bara í viðskiptum heldur einnig á sviði menntunar, lífskjara og réttinda. Sé menntunin vanrækt eins og nú er gert og fólki ekki sköpuð sömu skilyrði og bjóðast í nágrannalöndunum til þroska, afkomu og heilbrigðs fjölskyldulífs, þá missum við unga fólkið okkar úr landi. Landflótti hæfaleikafólksins er raunar þegar hafinn.

Góðir áheyrendur. Oft byrgir dægurmálaþrasið okkur framtíðarsýn. Nógu margir munu ræða ágreiningsmál líðandi stundar í kvöld. Ég vil ræða framtíðina.

Ný viðhorf ryðja sér til rúms í Evrópu. Breskir jafnaðarmenn hafa á grundvelli endurnýjaðrar jafnaðarstefnu unnið sinn mesta kosningasigur í 150 ár. Í Frakklandi eru jafnaðarmenn í sókn. Í Þýskalandi aukast sigurlíkur þeirra. Þó reynt sé að einangra Ísland frá umheiminum fer ekki hjá því að áhrifa af sókn jafnaðarstefnunnar í Evrópu gæti líka hér. Við getum breytt hinu pólitíska landslagi á Íslandi eins og verið er að gera annars staðar í Evrópu, skapað hér öfluga hreyfingu jafnaðarmanna, aflið sem skort hefur í íslenskum stjórnmálum alla þessa öld.

Flestöll ágreiningsefni sem ollu sundrungu í hreyfingu okkar heyra nú sögunni til. Þau eru ekki lengur viðfangsefni samtímans, hvað þá heldur framtíðarinnar. Hið skýra markmið okkar er sameiginlegt framboð íslenskra jafnaðarmanna vorið 1999. Málefni slíks sameiginlegs framboðs eiga ekki að vefjast fyrir okkur: Frelsi og jafnrétti til menntunar og vinnu, frjáls samkeppni með öflugri neytendavernd gegn fákeppni og hringamyndunum, velferð og öryggi með þarfir fjölskyldunnar í fyrirrúmi, barnabætur greiðist án tekjutenginga, tekjutenging grunnréttinda aldraða og fatlaða í almannatryggingakerfinu verði afnumin, jafn aðgangur allra að heilbrigðisþjónustu og biðlistarnir styttir um helming. Lýðræði og valddreifing með jöfnun atkvæðisréttar og þjóðaratkvæðagreiðslu um hin stærri mál. Tryggð verði dreifð eignaraðild almennings við einkavæðingu ríkisfyrirtækja, atvinnulýðræði í fyrirtækjum og bætt réttarstaða verkafólks við gerð kjarasamninga. Kvenfrelsi og mannréttindi með jöfnum rétti kynjanna á vinnumarkaði og í fjölskyldunni. Jafnrétti er mannréttindi. Menntun og mannauður þar sem öllum verði gert kleift að stunda það nám sem stendur huga og hæfileikum næst. Með símenntun og endurmenntun verði þeim stóra hópi fólks sem ekki hefur notið starfs- og framhaldsmenntunar gefið annað tækifæri. Framlög ríkisins til menntamála og rannsókna verði aukin á hverju ári. Menningarmálin fái sjálfstæðan sess í stjórnkerfinu með stofnun sérstaks menningarmálaráðuneytis því íslensk menning er ekki aðeins grundvöllur okkar sem sjálfstæðrar þjóðar, heldur skapar hún atvinnu og efnahagsleg verðmæti.

Samræmd auðlindastefna tryggir sameiginlegt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum lands og sjávar og leggja skal á gjald fyrir afnotarétt á takmörkuðum auðlindum, orku fallvatna og jarðhita og nýtingu fiskstofna. Veiðileyfagjald eitt og sér getur lækkað skatta á hvern Íslending um tugi þúsunda króna á ári. Með samræmdri auðlindastefnu er því í senn hægt að lækka tekjuskatt og gera stórátak í menntamálum og í umhverfis- og náttúruvernd. En við Íslendingar eigum að lifa í sátt við umhverfið, nýta auðlindirnar með sjálfbæra þróun í huga, tryggja umgengnisrétt almennings að íslenskri náttúru og skyldur þjóðarinnar til uppgræðslu landsins.

Nýsköpun og frumkvæði á að örva með aukinni erlendri fjárfestingu og auknu samstarfi við erlenda aðila á sviði rannsókna. Evrópusamvinnan, þátttaka Íslands í norrænu samstarfi og starfi Sameinuðu þjóðanna á að vera grundvöllur íslenskrar utanríkisstefnu. Efna skal til þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort Ísland eigi að óska eftir aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Verði sú niðurstaða jákvæð á að hefja viðræður og bera svo samningsniðurstöðurnar undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar.

Ég hef hér varpað fram hugmyndum um nokkur baráttumál sem auðveldlega gætu orðið grundvöllur sameiginlegs framboðs jafnaðarmanna og félagshyggjufólks. Þessar hugmyndir set ég fram sem umræðugrundvöll. Það er nefnilega ekki eins erfitt og margir halda að finna málefnalegt inntak slíks framboðs. Ég sé ekki hvaða ágreiningur ætti að geta orðið svo stór að hann kæmi í veg fyrir samstarf okkar. Við þurfum hins vegar að virkja vilja fólksins í lið með okkur. Jafnaðarstefnan er í rauninni meirihlutaskoðun Íslendinga. Gerum okkur ljóst að jafnaðarmenn er ekki bara að finna innan vébanda stjórnarandstöðuflokkanna heldur ekki síður meðal óflokksbundins fólks og í hópi kjósenda stjórnarflokkanna. Hins vegar hefur vantað trúverðugan og sterkan valkost jafnaðarmannaframboðs fyrir þetta fólk til þess að kjósa. Þann valkost eigum við að búa til. Það er okkar hlutverk.

Hvernig gerum við það? Með því að virkja fólkið með okkur. Við verðum að treysta fólkinu í þessu landi og breyta vinnubrögðum okkar sjálfra, m.a. við val á frambjóðendum í anda þess lýðræðis og frelsis sem okkur er svo hugleikið. Þannig fáum við fólk til að trúa því að við viljum og getum breytt þessu þjóðfélagi í átt til jöfnuðar, frelsis og bræðralags. Kveðjum þá veröld sem var. Gerum 21. öldina að öld íslenskrar jafnaðarstefnu. — Góðar stundir.

[21:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Konur og karlar. Orðið bjartsýni kemur óðar fram á varir mínar þegar ég tek til máls hér í kvöld. Ég er bjartsýnn á horfurnar í þjóðarbúskapnum eins og þær blasa við og ég tel mig hafa full rök fyrir því að mér leyfist að vera það. Til að skýra mál mitt betur ætla ég að fara í stutta upprifjun og biðja fólk að hugsa um ástandið eins og það var á áttunda áratugnum og níunda áratugnum þegar verðbólgudraugurinn reið hér húsum.

Lítum svo í kringum okkur núna. Það er að vaxa upp í landinu kynslóð sem ekki þekkir verðbólguna nema af afspurn. Það hefði þótt trúleg saga eða hitt þó heldur fyrir áratug eða svo, en það lýsir hinum miklu umskiptum sem hér hafa orðið. Ég sé líka ástæðu til að minna á áfallaárin 1992 og 1993 sem nú eru óðum að gleymast. Þá fór það saman að aflaheimildir voru skornar niður um þriðjung og verðlag fór lækkandi á nánast öllum okkar útflutningsvörum. Það var því hart í ári. En við Íslendingar sýndum það þá sem oft endranær að við kunnum að standa saman við slíkar kringumstæður. Kjarasamningarnir 1993 tóku mið af aðstæðum og fólu ekki sér almennar kjarabætur heldur miðuðust við það eitt að verja kaupmáttinn og búa í haginn fyrir framtíðina. Og það tókst með þeim aðgerðum í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin greip til og fólust m.a. í því að leggja fram verulegt fé til atvinnuuppbyggingar og til samgöngubóta. Umskiptin til hins betra voru snögg og nú sjáum við svo sannarlega til sólar, Íslendingar.

Síðustu ár hefur efnahagsþróunin verið einstaklega hagstæð. Það hefur verið mikill hagvöxtur, það hefur verið stöðugleiki í verðlagsmálum, það er vaxandi atvinna og störfum hefur fjölgað. Afkoma fyrirtækjanna hefur verið góð og kaupmátturinn er vaxandi. Á blaðinu hér fyrir framan mig er ég með tölur um það frá Þjóðhagsstofnun. Mælikvarðinn er kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann. Hann hefur vaxið um 3,5% 1995, 4,5% 1996 og aftur í ár um 4,5% og síðan til aldamóta er búist við að kaupmátturinn vaxi um 3–4% á ári. Þetta er töluvert meiri kaupmáttaraukning en í aðildarríkjum OECD þar sem hún hefur verið 2,5% eða svo.

Nýju kjarasamningarnir eru okkur Íslendingum gott vegarnesti inn í nýja öld. Þeir gefa vissulega fyrirheit um að efnahagslegi ávinningurinn verði mikill. Aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur ekki síður en launþegar, trúa því að fyrirtækin eigi að hafa svigrúm og bolmagn til að standa við fyrirheitið um lífskjarabatann. Það sýnir ákvæðið um að kjarasamningarnir séu uppsegjanlegir ef kaupmáttur ráðstöfunartekna hækkar ekki með sama hætti og meðal nágrannaþjóða. Þannig endurspegla kjarasamningarnir þá trú sem aðilar vinnumarkaðarins hafa á undirstöðum efnahagslífsins, endurspegla þá staðreynd að ríkisstjórninni hefur tekist að skapa atvinnulífinu rekstrarumhverfi sem er sambærilegt við það besta sem er í nálægum löndum, rekstrarumhverfi sem gefur olnbogarými og ný sóknarfæri bæði hér á landi og inn í önnur lönd líka, sem er mikilsvert.

Að sínu leyti kom ríkisstjórnin að kjarasamningnunum með veigamiklum breytingum í skattamálum og skiptir þar mestu máli að það hefur náðst að taka svo vel til í ríkisfjármálunum að það er raunhæft að lækka tekjuskattinn verulega á næstu árum, um 1,1% á þessu ári, um 1,9% til viðbótar um næstu áramót og aftur um 1% 1. janúar 1999. Þessi skattalækkun dregur úr jaðaráhrifum og jafngildir um 2% hækkun kaupmáttar ráðstöfunartekna heimilanna.

Á þessu ári verður ríkissjóður rekinn hallalaus í fyrsta skipti um árabil. Þar með hefur skuldasöfnun ríkisins verið stöðvuð og er mikilvægt að okkur takist að halda þessu jafnvægi í ríkisfjármálunum nú þegar ákveðnar hafa verið miklar stóriðju- og virkjunarframkvæmdir til ársins 1999. Það tryggir hagvöxt á næstu árum og býr í haginn fyrir varanlegan hagvöxt til framtíðar.

Miklar skipulagsbreytingar eru fram undan í hagkerfinu með því að samþykkt hafa verið lög um að breyta Landsbankanum og Búnaðarbankanum í hlutafélög og um stofnun Fjárfestingarbanka og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Með þessum ákvörðunum er lagður grunnur að því að ríkið dragi sig úr atvinnustarfsemi á fjármálamarkaði á næstu árum eins og það hefur gert á svo mörgum öðrum sviðum. Það er nauðsynlegt vegna mikilla sviptinga sem fyrirsjáanlegar eru á íslenskum fjármálamarkaði vegna nýrrar samkeppni erlendis frá og til þess að öll fyrirtæki starfi við sömu skilyrði.

Frá árinu 1991 hefur markvisst verið unnið að sölu ríkisfyrirtækja sem eru í samkeppnisrekstri með góðum árangri. Þannig er stefnt að því strax eftir stofnun Fjárfestingarbankans að selja hlutabréf ríkisins í umtalsverðum mæli og jafnframt er ráðgert að heimila útboð á nýju hlutafé bankanna, en meiri hlutinn í þessum fjármálastofnunum verður ekki seldur nema sérstök ákvörðun Alþingis komi til.

Með því að breyta Pósti og síma í hlutafélag var stigið nauðsynlegt skref til einkavæðingar. Það sýnir reynslan frá öðrum löndum. Fjarskipti eiga sér ekki lengur nein landamæri og þau verða algjörlega gefin frjáls hér á landi um næstu áramót. Til þess að styrkja samkeppnisstöðuna er nú í athugun hvort rétt sé að skipta fyrirtækinu upp í tvö fyrirtæki. Og í framhaldi af því og samtímis hlýtur að koma til athugunar hvort rétt sé að bjóða út nýtt hlutafé með mjög dreifðri eignaraðild og sérstöku tilliti til starfsmanna en slíka ákvörðun yrði að sjálfsögðu að leggja fyrir Alþingi. Póstur og sími er vissulega fyrirferðarmikill í íslensku umhverfi eins og Flugleiðir, en hvorugt þessara fyrirtækja getur vaxið né boðið fyrsta flokks þjónustu til frambúðar nema þau sæki út fyrir landsteinana. Þá verður heimamarkaðurinn þeim nauðsynlegur styrkur, aflið sem til þess þarf að fara í víking. Yfirleitt er skilningur á þessu hér á landi. Yfirleitt sjá menn að jafnvel þessi fyrirtæki eru dvergar eða lítil peð í alþjóðlegu umhverfi. Þess vegna megum við ekki krenkja þau á heimamarkaðinum.

Enginn vafi er á því að sú skipan sem hér hefur verið tekin upp á stjórn fiskveiða hefur sannað sig í veigamiklum atriðum. Fiskifræðingar eru að ná betri tökum á því en áður að halda sókninni í því horfi að ekki sé gengið á fiskstofna. Þannig er líklegt að þorskafli geti vaxið á næstu árum og horfur eru einnig góðar um loðnuveiði. Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verið að skila hagnaði. Auðvitað ræður stöðugleikinn í efnahagsmálum úrslitum um að svo vel skuli hafa til tekist en hitt hefur líka skipt miklu máli að það hefur verið stöðugleiki í stjórn fiskveiða þannig að útgerðarfyrirtækin hafa vitað út frá hverju þau hafa mátt ganga. Þannig hafa þau getað skipulagt sig fram í tímann í fjárfestingu og í umsvifum. Það hefur aftur auðveldað þeim að sækja á fjarlæg mið út fyrir 200 mílurnar sem er okkur Íslendingum ómetanlegt til framtíðar vegna þeirra nýju fiskveiðiheimilda sem við þannig ávinnum okkur. Jafnframt hafa framsæknir útgerðarmenn getað einbeitt sér að því að selja þekkingu víðs vegar í öðrum löndum og haslað sér þar völl og er raunar sömu sögu að segja um fisksölufyrirtækin stóru, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir.

Herra forseti. Ég hef hér gert hið efnahagslega umhverfi að umtalsefni af því að góður efnahagur og batnandi er forsenda þess að við getum búið okkur þau lífskjör, Íslendingar, og það menningarlega umhverfi sem við stefnum að og eigum skilið. Það er forsendan fyrir því að við getum gengið með beint bak inn í tuttugustu og fyrstu öldina.

[21:19]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Um þessar mundir eru tvö ár liðin frá því núverandi ríkisstjórn komst til valda og kjörtímabil hennar því hálfnað. Það er eðlilegt að á þessum tímamótum skoði menn verk ríkisstjórnarinnar. Hvað hefur þessi ríkisstjórn t.d. gert fyrir fjölskyldurnar í landinu og þá sem lakast standa?

Pólitík ríkisstjórnarinnar minnir um margt á spilið matador þar sem þeir eru í fyrirrúmi sem eiga allar göturnar, húsin og hótelin en hinir eru úr leik.

Íslenskt þjóðfélag er að breytast. Óheft samkeppni ræður ferðinni en sífellt minna er lagt upp úr samtryggingu og samhjálp. Hagsmunir fjármagnseigenda eru hafðir að leiðarljósi í stað þess að hugsa um hag heildarinnar. Þetta er stefna sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks rekur.

Á fyrsta starfsári sínu einbeitti ríkisstjórnin sér að því að ráðast að undirstöðum verkalýðshreyfingarinnar. Farið var í grundvallarbreytingar á vinnulöggjöfinni og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þær breytingar þvingaðar fram í skjóli meiri hluta stjórnarinnar gegn vilja verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar. Í því máli snerist pólitík ríkisstjórnarinnar um að veikja undirstöður samtaka launafólks, ekki um það að bæta hag þess.

Á yfirstandandi þingi er haldið áfram að höggva í undirstöður verkalýðshreyfingarinnar og velferðarkerfisins. Ríkisstjórnin var varla búin að koma í gegn lögum sem tryggja opinberum starfsmönnum 15% iðgjaldagreiðslur í samtryggingarsjóðakerfi, þegar fram kom frumvarp um gerbyltingu á lífeyrissjóðunum.

Ríkisstjórnin hefur sýnt með verkum sínum á fyrri hluta kjörtímabilsins, að hún hefur fyrst og fremst áhuga á að

tryggja hagsmuni fjármagnseigenda. Það er hennar pólitík. Með þeim aðgerðum sem hún hefur þegar gripið til og þeim aðgerðum sem hún hefur boðað, beitir ríkisstjórnin sér fyrir einni mestu eignartilfærslu sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin vinnur að því að koma hér á hörðu samfélagi, þar sem blind samkeppni ræður ferðinni.

Aðrar þjóðir hafa reynt þessa leið og lagt ofurtrú á mátt samkeppninnar. Þessar þjóðir hafa nú eða eru að snúa af þeirri braut. Og hvers vegna? Vegna þess að þessi stefna, þessi leið tók í engu tillit til undirstöðu þjóðfélagsins, þ.e. fjölskyldunnar. Þegar leið blindrar samkeppni er valin til að mæta breyttu umhverfi, þá gleymist að framtíð öflugs samfélags byggist ekki hvað síst á sterkri stöðu fjölskyldunnar. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er ekki ríkisstjórn sem metur gildi fjölskyldunnar. Þó hefur hún lagt fram á Alþingi tillögu að opinberri fjölskyldustefnu þar sem fögur orð eru á prenti um mikilvægi fjölskyldunnar sem athvarf einstaklingsins fyrir tilfinningalegt öryggi. Og að tryggja beri sem bestan aðbúnað fjölskyldunnar með sérstakri áherslu á hag barna, aldraða og öryrkja. En er þetta trúverðug stefnuyfirlýsing þegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar hníga í aðra átt?

Fyrirtækin hafa eins og áður sagði fengið aukið svigrúm í góðærinu margumtalaða, en finna fjölskyldurnar fyrir batnandi hag? Tölur um aukna skuldasöfnun heimilanna tala sínu máli. Kjör námsmanna eru óviðunandi. Ungt fjölskyldufólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið býr enn við óheyrilega háa jaðarskatta þrátt fyrir loforð ríkisstjórnarflokkanna í þeim efnum. Ógerningur er fyrir vinnandi fólk að vinna sig út úr vítahring skuldasöfnunar og óbærilegs vinnuálags. Skattkerfið hefur leitt af sér hróplegt óréttlæti, sem m.a. birtist í allt of háum jaðarsköttum sem bitna hvað verst á barnafólki, öryrkjum og ellilífeyrisþegum.

Ríkisstjórnin hefur lofað umbótum vegna jaðarskattanna en raunin hefur verið sú að þær breytingar, sem gerðar hafa verið, hafa fært barnlausu hátekjufólki tekjuauka, en þær hafa hins vegar bitnað illa á barnafólki, ellilífeyrisþegum og öryrkjum.

Fjármálaráðherra skipaði sérstaka nefnd til þess að skoða áhrif jaðarskatta og koma með tillögur til úrbóta. Það bólar þó ekkert á margboðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar hvað varðar jaðarskattana og þegar stjórnin er innt eftir svörum um störf nefndarinnar þá eru þau engin. Það er einfaldlega ekki á áhugasviði ríkisstjórnarinnar að bæta hag launafólks. Hún hefur bara áhuga á stóriðju, einkavæðingu, að brjóta samtakamátt verkalýðshreyfingarinnar og á hefðbundnum helmingaskiptum milli stjórnarflokkanna.

Á meðan heldur áfram hrein og klár eignaupptaka hjá barnafólki, öryrkjum og ellilífeyrisþegum, sem eru dæmdir til þess að sitja fastir í gildru fátæktarinnar. Við skulum taka raunverulegt dæmi um hjón, rúmlega sjötug sem bæði eru komin á ellilífeyrisaldur. Hann er rafvirki, hún er sjúkraliði. Lífeyrisgreiðslur hans hækkuðu nýverið um 12.500 kr. á mánuði. Sú hækkun skilaði þessum hjónum 1.576 krónum í hærri ráðstöfunartekjur á mánuði, því ríkissjóður hirti 87.5% af hækkuninni. Tæp 41% greiðslunnar fara í skatta, tekjutrygging hjónanna lækkar um 5.814 krónur samtals og eftir standa þá þessar 1.576 krónur á mánuði.

Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum dæmum úr daglegu lífi lífeyrisþega sem geta ekki drýgt tekjur sínar með vinnu. Þessa óréttlátu skattlagningu verður að afnema og breyta skattkerfinu, nýta það sem tæki til jöfnunar.

Er t.d. eitthvert réttlæti í því að Íslandsbanki sem hagnaðist um 642 milljónir á síðasta ári greiddi aðeins 13,6 milljónir í tekjuskatt eða sem samsvarar því sem 25 hjón með meðaltekjur landverkafólks greiða í tekjuskatt á ári? Og skyldi hagnaður þessara 25 hjóna hafa verið einhver? Ætli það hafi verið stórar fjárhæðir sem þau lögðu fyrir? Þessi skattastefna er fjölskyldufjandsamleg. Henni verður að breyta.

Og hópur þeirra sem þarfnast aðstoðar til framfærslu stækkar líka stöðugt eins og nýjar tölur frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sýna. Greiðslur stofnunarinnar vegna fjárhagsaðstoðar eru nú 71 millj. kr. á mánuði og hafa aldrei verið hærri. Öryrkjum sem leita eftir fjárhagsaðstoð hjá borginni hefur fjölgað verulega og fólk undir 25 ára aldri er fjórðungur þeirra sem leita aðstoðar.

Við skulum líka muna að enn eru þúsundir án atvinnu þrátt fyrir allt tal um góðæri og svo sorglegt sem það er þá er hópur launafólks enn á svo lágum launum að þau duga ekki til framfærslu. Þetta minnir á matador-samfélagið þar sem launafólk er stöðugt hrakið aftur á byrjunarreit og stjórnendur leiksins mæla allt á mælistiku fjármagnsins.

Ríkisstjórnin hefur það greinilega að markmiði að brjóta niður í stað þess að bæta samtryggingarkerfið sem við höfum búið við samanber tillögur hennar í lífeyrissjóðsmálum og meðferð á almannatryggingarkerfinu, viðhorf og tillögur í mennta- og heilbrigðismálum. Tillaga ríkisstjórnarinnar um mótun stefnu í málefnum fjölskyldunnar er enn orðin tóm, verkin sýna hina raunverulegu stefnu. En stjórnmálin eiga að snúast um það að eyða óréttlæti og auka jöfnuð. Þau eiga ekki að snúast um að stilla þeim lægstlaunuðu upp við vegg hvað varðar sjálfsögð mannréttindi eins og t.d. heilbrigðisþjónustu og aðgang að menntakerfi.

Góðir áheyrendur. Alþýðubandalagið vill að pólitík snúist um fólk, fjölskylduna og hag launafólks. Alþýðubandalagið hafnar því að fjármunir séu settir í gæluverkefni einkavina ríkisstjórnarinnar og hagsmunum barna, aldraða, öryrkja og fjölskyldunnar sé kastað út af borðinu.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra hefur í vetur lagt fram fjölmörg mál sem eru til hagsbóta fyrir launafólk og tryggja bættan hag fjölskyldunnar. Tillögur okkar hafa ekki hlotið náð fyrir augum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, enda snýst þeirra pólitík ekki um fólk, ekki um fjölskylduna heldur um mátt fjármagnsins.

Á nýafstaðinni ráðstefnu sem stjórnarandstöðuflokkarnir héldu sameiginlega komu fram merkilegar upplýsingar um hvaða áhrif þessi stefna ríkisstjórnarinnar hefur í átt til nýrrar stéttaskiptingar. Þar var nefnd sú líking að þjóðfélagið skiptist í dag í þrjú farrými, hið fyrsta þar sem sætu fjármagnseigendur og aðrir séraðstöðuhópar, annað þar sem bjargálna launamenn eru og hið þriðja þar sem ófaglært verkafólk situr, atvinnulausir og öryrkjar, og þarna er mjög stór hópur. Þetta farrými stækkar óðum verði valdatími núverandi ríkisstjórnar langur.

[21:28]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fyrir rétt rúmum tveimur árum kom sú ríkisstjórn sem nú situr til valda. Mikil svartsýni var þá í landinu. Það var vaxandi atvinnuleysi, hagvöxtur hafði enginn verið um nokkurt skeið, fjárlagahalli var mikill. Við þessar aðstæður kom núv. ríkisstjórn til valda, full bjartsýni og setti sér háleit markmið. Þau markmið voru aukinn hagvöxtur, fleiri störf í landinu og ráðast átti gegn atvinnuleysinu og tryggja undirstöður velferðarinnar.

Það voru margir sem spáðu þessari ríkisstjórn illa. Það voru margir sem sögðu að þetta yrði ríkisstjórn kyrrstöðu og afturhalds. Ég er helst á því að núv. stjórnarandstaða hafi verið einna háværust í þeim spádómum. En hvernig hefur þetta gengið og hvernig hefur farið? Hvar er þessi kyrrstaða og hvar er þetta afturhald? Lýsir kyrrstaðan sér m.a. í því að hér er meiri hagvöxtur en víðast hvar í kringum okkur? Tæp 6% á síðasta ári, 3,5% á þessu ári og spáð er 3–4% hagvexti á næstu árum. Lýsir kyrrstaðan sér í vaxandi fjölgun starfa? Það liggur fyrir að störfum muni fjölga fram til aldamóta um a.m.k. 12 þúsund. Liggur kyrrstaðan í þeim breytingum sem eru að verða á þjóðfélaginu, t.d. með því að við höfum lagt grunn að breyttu bankakerfi, breyttu sjóðakerfi? Við höfum breytt Lánasjóði íslenskra námsmanna. Við höfum staðið fyrir því að ráðist er í miklar fjárfestingar í landinu, m.a. í stóriðju. Er þetta sú kyrrstaða sem menn voru að spá? Nei, þetta hefur ekki verið ríkisstjórn kyrrstöðu. Þetta hefur verið ríkisstjórn framfara og við eigum að halda áfram á þeirri braut. Það er ekki þar með sagt að engin vandamál séu og það séu engin úrlausnarefni sem við eigum við að glíma. Auðvitað eru ýmsir einstaklingar í okkar samfélagi sem eiga erfitt og svo mun alltaf verða. Auðvitað eru ýmis byggðarlög sem berjast við erfiðleika og svo mun alltaf verða. En aðalatriðið er að hafa einhverja möguleika til að takast á við þessi viðfangsefni, að búa við þá efnahagslegu stöðu að það sé eitthvað hægt að gera.

Hér hefur verið sagt að þessi ríkisstjórn sé fyrst og fremst ríkisstjórn fjármagnsins. Það vill nú svo til að sú sama ríkisstjórn hefur lagt skatt á fjármagnið sem var búið að tala um í mörg ár að gera en aldrei komist í framkvæmd. Ekki lýsir það kyrrstöðu. En það verða allir að gera sér grein fyrir því að framfarir verða ekki nema haldist í hendur hin vinnandi hönd og fjármagn. Og auðvitað mun alltaf verða tekist á um hvað þessi öfl eiga að fá í sinn hlut, hvað hin vinnandi hönd á að fá og hvað fjármagnið á að fá. Við í núv. ríkisstjórn eða þið í stjórnarandstöðu eruð ekki einráð um það. Við búum við vaxandi alþjóðlega samkeppni og við erum hluti af alþjóðlegum fjármálamarkaði og það verður aldrei hægt að búast við því að mikill munur verði á íslensku fjármagni eða erlendu fjármagni. En að þessu öllu erum við að vinna vegna fólksins og vegna þess að við viljum hag fólksins betri og viljum leggja grunn að betri framtíð þess.

Menn spyrja gjarnan: Hvað er fram undan og hvað ætlar þessi ríkisstjórn að gera á næstu tveimur árum? Verkefnin eru næg. Það verður engin kyrrstaða. Auðvitað skiptir meginmáli að halda utan um þann ávinning sem náðst hefur í íslensku samfélagi, viðhalda stöðugleika, viðhalda viðskiptajöfnuði — og þar er hætta á ferðum, — koma í veg fyrir að verðbólga vaxi á nýjan leik, standa þannig að verki að atvinnuleysi minnki og standa þannig að verki að við getum treyst okkar velferðarkerfi og búið betur í haginn. Og það er ekki hægt að treysta velferðarkerfið öðruvísi en að hafa traustan og góðan grundvöll. Hér er sagt að það hafi mætt afgangi. Það er rangt að það hafi mætt afgangi en það er ekki þar með sagt að ekki megi betur gera. En hvernig ætlar stjórnarandstaðan að gera betur í velferðarkerfinu nema að hafa traustan efnahagslegan grundvöll? Það vita allir sem komið hafa nálægt þessum málum að slíkt er ekki hægt.

Grunnur hefur verið lagður að breyttu lífeyriskerfi sem er eitt mikilvægasta velferðarkerfi sem við búum við. Mikilvægt er á næstu árum að vinna áfram að því að spinna saman almannatryggingakerfið og lífeyriskerfið þannig að þeir sem aldraðir eru geti búið við áhyggjulaust ævikvöld.

Ég vil einnig nefna umhverfismál sem verður vaxandi málaflokkur á næstu árum og ríkisstjórnin mun sinna þeim málum í vaxandi mæli. Við höfum fyrst og fremst litið til hafsins og þeirra vandamála sem þar eru en við þurfum líka að líta til loftmengunar og annarra vandamála í sambandi við umhverfismál. En það má aldrei verða svo að við Íslendingar getum ekki nýtt okkar orkulindir, orkulindir sem ekki menga umhverfið. Það er grundvallaratriði að við fáum að nota þessar orkulindir okkur sjálfum til framdráttar og í reynd heiminum öllum.

Ég vil jafnframt nefna menntamál sem er mikilvægur málaflokkur og þarfnast vaxandi athygli. Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á þennan málaflokk. Grunnskólinn hefur verið færður til sveitarfélaganna og menntmrn. hefur unnið að mikilvægum breytingum og þannig verður áfram unnið.

Ég vil að síðustu nefna utanríkismál. Það verður áfram unnið að því að treysta stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og þar eru mörg mikilvæg mál nú á dagskrá. Ég vil nefna Schengen-samstarfið sem skiptir miklu máli. Ég vil nefna stækkun NATO. Ég vil nefna viðskiptaumhverfi Íslendinga og samskiptin við Evrópusambandið. Allt eru þetta mál sem verður unnið að á þeim árum sem fram undan eru.

Góðir Íslendingar. Það er vissulega vor í lofti. Það er ekki aðeins vor í lofti úti, það er vor í lofti í öllu íslensku samfélagi. Við þurfum að halda vel á þessu vori og hlúa vel að þeim gróðri sem er nú að skjóta rótum. Það verður meginverkefni ríkisstjórnarinnar á næstu tveimur árum.

[21:36]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Senn líður að þingfrestun og sumarið nálgast. Þrátt fyrir kuldann úti dylst engum að vor er í lofti bæði í náttúrunni og í pólitíkinni.

Nýafstaðnar kosningar í Bretlandi hafa skapað nýja von, ekki bara þar heldur líka hér. Eftirfarandi lýsing breskrar fræðikonu á þessari nýju von er eitthvað á þessa leið:

„Kosningaúrslitin hafa skapað nýjar væntingar. Öll umræðan í fjölmiðlum er gagntekin af nýrri þjóðfélagssýn, af samfélagi samkenndar og margbreytileika þar sem pláss er fyrir alla í stað samfélags þar sem gæðin voru aðeins fyrir fáa útvalda. Gæðin voru eins og gullepli sem allur almenningur varð að láta sér nægja að dreyma um. Nú heyrum við orð eins og samfélag, réttlæti, umhyggja og jafnrétti. Sú tilfinning er sterk að nú hafi opnast möguleikar fyrir alla. Þetta er góð tilbreyting eftir falsið, tvískinnunginn, snobbið og illgirnina hjá íhaldinu sem loksins, loksins, hefur hrökklast frá völdum. Og allar þessar konur í þinginu og ráðherra sem er samkynhneigður og annar sem er blindur, fólk sem hefur háleit markmið í stjórnmálum. Það er yndislegt fyrir unga fólkið að upplifa þessi tímamót þegar þjóðin losnar undan oki íhaldsins inn í betri tíma með áherslu á bætta menntun og nýsköpun undir forustu verkamannaflokksins nýja.“ Svo mörg voru þau orð.

Því miður er ekki hægt að segja hið sama um stjórnmálaástandið hér á landi þar sem harðnandi samkeppni, köld frjálshyggja, hagsmunagæsla og völd valdanna vegna, einkenna stjórnmálin. Framsókn virðist alveg vera búin að kasta kosningaloforðunum um „fólkið í fyrirrúmi“ og íhaldinu vex nú fiskur um hrygg á kostnað gilda um jafnrétti og samhjálp og virðingu fyrir mannréttindum allra án tillits til kynferðis, aldurs, efnahags eða andlegs og líkamlegs atgerv-

is. Menntakerfið er vanrækt, þrátt fyrir góðærið, sem birtist áþreifanlegast í lágum launum kennara, allt frá leikskólum til háskóla. Stöðugt er þrengt að velferðarkerfinu, bæði heilbrigðis- og tryggingakerfinu svo og að verkalýðshreyfingunni. Síðasta atlagan að lífeyrissjóðum landsmanna gefur vísbendingar um næstu skref þessarar ríkisstjórnar. Atvinnustefnan með áherslu á mengandi stóriðju er stórhættuleg fyrir ímynd landsins og vistvænar atvinnugreinar, ekki síst vegna þess að slegið er af mengunarkröfum og staðsetning stóriðjunnar er vanhugsuð. Þó að efnahagsástandið sé með betra móti þar sem góðæri hefur verið til sjávar fer afraksturinn í vaxandi mæli til sægreifa og fjármagnseigenda en síður til almennings eða verkafólks.

Nýafstaðnir kjarasamningar hafa fært fólki kjarabætur en verkafólk á Vestfjörðum þarf að heyja langt verkfall til að ná fram kröfunni um 100 þúsund kr. á mánuði á meðan milljónamæringunum fjölgar á öðrum sviðum samfélagsins.

Þetta er samfélag sem í vaxandi mæli einkennist af völdum fjármagnsins yfir þeim sem enn eygja von um gulleplin eftirsóttu og hinum sem eiga fullt í fangi með sig og sína í viðvarandi atvinnuleysi og æ aðþrengdara velferðarkerfi.

Starfið á Alþingi hefur verið annasamt að undanförnu og í skjóli nætur er reynt að styrkja enn frekar stöðu kvóta- og fjármagnseigenda, nú síðast með því að heimila veðsetningu á aflaheimildum með skipi.

Við stjórnarandstæðingar náum ekki mörgum málum hér fram en ég tel þó að við höfum margvísleg áhrif og höfum t.d. komið því til leiðar að afgreiðsla á umdeildu frv. um háskólastigið var frestað til næsta þings. Sömuleiðis höfðum við áhrif á það að samþykkt var í dag að hækka sjálfræðisaldur barna í 18 ár enda höfum við Jóhanna Sigurðardóttir flutt frumvörp um slíkt á tveimur þingum. Þetta sýnir okkur að lýðræðið getur verið virkt þó að vissulega séu mörg dæmi þess að stjórnarflokkarnir keyri umdeild mál í gegn með offorsi og neiti að taka þingmannatillögur á dagskrá. Slík urðu t.d. örlög tillögu minnar um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni þrátt fyrir lofsamlegar umsagnir. Þessi vinnubrögð þingsins þarf að bæta.

Herra forseti. Á nýafstaðinni ráðstefnu stjórnarandstöðuflokkanna um mennta-, fjölskyldu- og velferðarmál var dregin fram skýr mynd af þeim þjóðfélagsbreytingum sem nú eru að eiga sér stað. Af upplýsingaþjóðfélaginu þar sem þekking og menntun verður það sem skilur á milli farrýma. Bent var á að gjáin á milli þeirra sem eru á fyrsta og öðru farrými fjármagnseigenda og þeirra sem ná tökum á tækninni annars vegar og hinna sem sitja eftir á þriðja farrými hins vegar, mun breikka nema markvisst verði unnið gegn því með bættri menntun fyrir alla og bættu velferðarkerfi. Það þarf nýjar áherslur í stjórnmálum sem gera jafnréttissjónarmiðin skynsamleg og hagkvæmnisáherslurnar manneskjulegar.

Áðurnefnd ráðstefna var liður í formlegu samstarfi stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi sem Kvennalistinn hefur ákveðið að taka þátt í hvað sem síðar verður. Ráðstefnan var hin fróðlegasta og þar mátti skynja eftirvæntingu meðal fundargesta um frekara samstarf þessara flokka. Í pallborðsumræðum kom í ljós að flokkarnir höfðu mismunandi væntingar til ráðstefnunnar. Við kvennalistakonur komum með opnum huga til að sjá hvað væri í pokanum málefnalega og hvort þarna sé hugsanlegur farvegur fyrir hugsjónir okkar um kvenfrelsi, mannréttindi og samábyrgð.

Helgina 3.–4. maí héldum við kvennalistakonur vorþing okkar í Hvalfirði þar sem staðan í stjórnmálunum var rædd. Ítrekuð var hvatning til þátttöku í komandi sveitarstjórnarkosningum og að samtökin legðu áfram áherslu á framboð til Alþingis í því formi sem best þykir henta.

Á ráðstefnu stjórnarandstöðunnar sem haldin var 10. maí fann ég áþreifanlega fyrir frjósemi margbreytileikans. Sú skoðun mín styrktist að við ættum að taka áfram þátt í þessu samstarfi af fullum heilindum og láta á það reyna hvort vilji sé fyrir því að tryggja jafnrétti og framgang kvenna í stjórnmálum og hvort áherslur okkar á kvenfrelsi, markvissar jafnréttisáætlanir, umhverfismál, menntun og á velferðarkerfið fái nægjanlegan hljómgrunn.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég tel að Kvennalistinn geti haft úrslitaáhrif á það að fólk á Íslandi eignist svipaðar vonir og Bretar, vonina um samfélag margbreytileikans þar sem pláss er fyrir alla, konur og karla, unga sem aldna, fólk af öllu landinu, af öllum farrýmum þjóðfélagsins, með allar mögulegar sérþarfir og sérvisku. Slíkt samstarf hefur reynst vel í Reykjavíkurborg og kanna þarf til þrautar hvort nú er sögulegt tækifæri til að gera slíkt hið sama á landsvísu. Að því er ég tilbúin að vinna en niðurstaða Kvennalistans um framtíðina ræðst væntanlega af því hvort þessi leið eða einhver önnur þykir vænlegust til að styrkja stöðu kvenna og femíniskar áherslur í íslenskri pólitík. — Góðar stundir.

[21:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Góðir landsmenn. Nú þegar valdatími þessarar ríkisstjórnar sérhyggjunnar er hálfnaður tína stjórnarliðar til það sem þeir telja til afreka. Ég kýs aftur á móti að nefna það sem ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við sem er sívaxandi ójöfnuður í þjóðfélaginu. Bilið milli ríkra og fátækra er stöðugt að aukast samanber farrýmin þrjú sem minnst var á áðan. Atvinnuleysi er enn viðvarandi. Um sjö þúsund Íslendingar eru nú án atvinnu og langtímaatvinnuleysi hefur vaxið. Þrátt fyrir góðæri hinna betur settu er misskiptingin meiri. Ég nefni dæmi sem því miður er ekki einsdæmi. Í vikunni hafði 53 ára fjölskyldufaðir samband við mig. Hann hafði orðið fyrir því að missa vinnuna í vetur og þurfti að skrá sig atvinnulausan. Við það lækkuðu ráðstöfunartekjur fjölskyldu hans úr 80.000 kr. á mánuði í um 50.000 kr. Erfið viðbrigði voru fyrir fjölskylduna að láta enda ná saman á atvinnuleysisbótunum. Nú vill svo illa til að þessi maður missir heilsuna eins og getur hent okkur öll. Hann fær kransæðastíflu. Úrskurður læknis er að hann verði að fara í hjartaaðgerð. Eftir slíkri aðgerð er mánaðar bið. Hann er lentur á biðlistunum illræmdu ásamt þúsundum annarra Íslendinga, um sjö þúsund samkvæmt nýjustu tölum. Þann tíma sem hann stendur í þessum veikindum á hann aðeins rétt á greiðslum sjúkradagpeninga sem eru innan við 20.000 kr. á mánuði. Nú lítur út fyrir að hann ásamt fjölskyldu sinni verði að draga fram lífið á þessum *smánargreiðslum næstu ellefu mánuði, 20.000 kr.* Þetta er á sama tíma og ríkisstjórninni finnst sjálfsagt að greiða hálaunagæðingum sínum í bankastjórnum 25.000 kr. aukalega á dag í dagpeninga í útlöndum, þó svo að allur kostnaður við ferð þeirra og uppihald sé greiddur af bönkunum okkar, og viðbótardagpeningar greiddir fyrir makann ef hann er með í för. Þetta er réttlæti þessarar ríkisstjórnar. Hjartasjúklingurinn fær náðarsamlegast 20.000 kr. á mánuði á meðan hálaunabankastjórinn bætir við launin sín 25.000 kr. á dag við að skreppa til útlanda. Enginn vilji er til að breyta þessu eins og skýrt kom fram í atkvæðagreiðslu í þinginu í gær

í bankamálinu um laun bankastjóra þar sem tillaga þar um var felld. Atvinnulausir, sjúkir, aldraðir og öryrkjar eiga ekki málsvara hjá þessari ríkisstjórn.

Annað talandi dæmi um það er að á fundi húsnæðisstjórnar í gær synjuðu húskarlar Páls Péturssonar félmrh. öllum beiðnum hússjóðs Öryrkjabandalagsins um heimild til að byggja 40 félagslegar leiguíbúðir til að reyna að svara knýjandi þörf. Öllum beiðnum var synjað.

Herra forseti. Ótrúlegt virðingarleysi ríkir gagnvart öldruðum og þeim sem þurfa að treysta á samhjálpina sér til framfærslu. Þó búið sé að semja um kjör við þorra launafólks hefur loforð stjórnvalda til lífeyrisþega um að þeir fái sambærilega kjarabót ekki enn verið efnt. Við fjárlagagerðina í fyrra gerði ríkisstjórnin alvarlega atlögu að kjörum lífeyrisþega. Greiðslur og réttindi þeirra voru skert verulega og gjöld í heilbrigðisþjónustunni aukin til muna. Og nú aftur, við síðustu fjárlagagerð, var seilst í vasa þeirra og sjúklinga til að færa til fjármuni í samfélaginu. Að lokum minni ég á lífeyrissjóðsfrv. ríkisstjórnarinnar þar sem vegið er alvarlega að samhjálpinni. Íslenska lífeyriskerfið, eitt besta kerfi í heimi, eins og þeir segja réttilega sjálfir, fær ekki að standa óhaggað. Vinnubrögðin í því máli eru í takt við annað hjá ríkisstjórninni, hrokinn gagnvart þeim sem málið varðar er algjör. Svona vinnubrögð og áherslur sem einkenna helmingaskiptastjórn íhalds og Framsóknar munu verða ríkjandi fram á næstu öld bregðist jafnaðarmenn og félagshyggjufólk ekki skjótt við kalli nýrra kynslóða. Kalli um raunverulegan valkost, öflugan stóran jafnaðarmannaflokk, alla vinstri menn í einni hreyfingu. Krafan er skýlaus.

Vinstri menn í Háskóla Íslands hafa sigrað íhaldið undir merkjum Röskvu í kosningum þar undanfarin sjö ár. Þar hafa jafnaðarmenn átt árangursríkt samstarf og sú kynslóð krefst þess að stjórnmálin á landsvísu svari því kalli. Gróska hefur verið stofnuð til að fylgja kröfunni eftir. Okkur er ekki stætt á að viðhalda úreltu flokkakerfi frá því á fyrri hluta aldarinnar. Persónulegir hagsmunir verða að víkja til hliðar. Þeir sem ekki svara kalli nýrra tíma eru að dæma sig úr leik. Íbúar í nágrannalöndum okkar hafa hafnað áherslum forréttinda hinna fáu. Á Norðurlöndunum eru jafnaðarmannaflokkarnir stórir og öflugir. Nú síðast í Bretlandi hafa áherslur íhaldsmanna beðið lægri hlut fyrir jafnaðarstefnunni með glæsilegum sigri Verkamannaflokksins.

Fylgjum fordæmi þeirra, sameinumst um að gera Ísland að betra landi fyrir alla þegna samfélagsins undir merkjum nýrrar jafnaðarhreyfingar fyrir aldamót.

[21:51]

Arnbjörg Sveinsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Mikill árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahagsmálum er staðreynd. Hagur þjóðarbúsins, fyrirtækja og einstaklinga hefur farið batnandi ár frá ári og tryggt Íslandi stöðu meðal þeirra þjóða sem hvað mestum árangri hafa náð. Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1997 bendir til að sú jákvæða þróun haldi áfram á þessu ári. Mikil kaupmáttaraukning er staðreynd. Áfram er hagvöxtur með því besta sem gerist og verðbólga lág. Á sama tíma hefur tekist að afgreiða hallalaus fjárlög og mikilvægt er að svo verði áfram.

Þessi árangur er ekki aðeins mælanlegur í hagstærðum heldur hefur hann nú skilað sér til fólksins í landinu. Í nýafstöðnum kjarasamningum tókst að ná því markmiði en jafnframt að semja til langs tíma. Í þeim samningum tókst einnig að tryggja verulega hækkun lágmarkslauna sem er sérstakt fagnaðarefni. Fyrir janúarsamninga 1995 voru lágmarkslaun rúmlega 43 þús. Nú eru þau 65 þús. kr. og verða í janúar komin í 70 þús. kr., sem þýðir að á þessu þriggja ára tímabili hafa þau hækkað um rúmlega 60%. Kaupmáttaraukning hjá þessum launþegum verður því á tímabilinu rösk 50%. Góðærið hefur því skilað sér þar sem þörfin var mest. Þessu má fyrst og fremst þakka skynsamlegri efnahagsstjórn og sátt á vinnumarkaði.

Á undanförnum árum hefur verið unnið mikið starf á sviði menntamála undir forustu Sjálfstfl. Ein meginforsenda þess að við getum áfram tryggt batnandi hag til framtíðar er öflug menntun sem stenst samanburð við það besta sem við þekkjum. Háskólafrv. sem á sér mjög víðtækan stuðning meðal skóla á háskólastigi verður afgreitt á næsta hausti.

Annar þáttur sem mun varða miklu um framtíð þessarar þjóðar er þróun byggðar í landinu. Á ráðstefnu um byggðaþróun sem haldin var á Akureyri fyrir skömmu kynnti Stefán Ólafsson, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, hluta af rannsókn sem unnið hefur verið að á vegum Byggðastofnunar. Vöktu niðurstöður hans mikla athygli. Þar kemur í ljós að menn vanmeta aðstæður á landsbyggðinni á margan hátt. Samgöngur, verðlag, framhaldsskólamenntun og menningarstarfsemi er það sem fólk helst kvartar undan. Við eigum að læra af þessari rannsókn þegar henni er lokið og bregðast við þar sem á bjátar.

En margt er jákvætt og við eigum einnig að halda því á lofti sem vel er gert og fólk er ánægt með. Sérstaka athygli vekur almennt meiri ánægja íbúa landsbyggðarsvæða fram yfir höfuðborgarsvæðið með marga þætti félags-, skóla-, heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Á tímum batnandi grundvallar fyrir atvinnulífið eiga byggðirnar úti um land að geta styrkst. En það tekur tíma fyrir atvinnulíf og einstaklinga að aðlagast breyttum aðstæðum. Það sem einnig veldur miklum áhyggjum er afkoman í landbúnaði. Það þarf að leita lausna til að tryggja afkomu bænda sem hafa einmitt lagt svo drjúgan hlut til þeirrar þjóðarsáttar sem nú er grundvöllur bætts þjóðarhags.

Ein grundvallarstoðin undir eflingu byggðar í landinu er gott menntakerfi. Í heimi hraðfara breytinga verður að gera sér grein fyrir breyttum kröfum ungs fólks hvað varðar aðgengi að námi. Við urðum vitni að þeim gleðilega atburði um síðustu helgi að nýtt verkmenntahús var vígt við Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Þannig er verið að styrkja menntakerfið úti um land og fylgja eftir þeim áherslum í framhaldsskólalögunum að verk- og starfsmenntun skuli hafa forgang við uppbyggingu framhaldsskólastigsins.

Við eflingu háskólastigsins hefur það verði nefnt að auknir möguleikar séu á stofnun héraðsháskóla í tengslum við aðra háskóla og framhaldsskóla landshlutanna. Háskólarektorar norðan og sunnan heiða hafa sérstaklega nefnt Austfirði og Vestfirði, þau landsvæði sem lengst eiga að sækja í háskólamenntunina.

Ég er þess fullviss að í þeirri upplýsingabyltingu sem nú er hafin felist mikil tækifæri fyrir landsbyggðina. Ekki aðeins mun nútímaupplýsingatækni tryggja bættan aðgang landsbyggðarfólks að menntun, heldur tryggir hún meiri fjölbreytni í atvinnulífi og eykur þannig líkur á að fólk dvelji áfram í heimabyggð. Það er lífsspursmál fyrir undirstöðuatvinnugreinar okkar að aukin verði þekking innan fyrirtækja og starfsfólkið eigi kost á að mennta sig. Án þekkingar geta fyrirtækin ekki eflst og þróast. Símenntun er í þessu sambandi lykilatriði enda felur hún í sér þann grunn sem

öflugt nútímasamfélag hlýtur að byggja á. Í anda þessa hefur núverandi ríkisstjórn mótað stefnu sína í menntamálum. Að þessu þarf áfram að huga og tryggja að öllum einstaklingum í landinu standi til boða fjölbreytt og góð menntun.

Annað stórt framtíðarmál sem unnið hefur verið að á þessu kjörtímabili er jafnrétti kynjanna. Sjálfstfl. lýsti því yfir fyrir síðustu kosningar að leggja þyrfti áherslu á að vinna gegn launamisrétti kynjanna auk þess sem stuðla þyrfti að almennu jafnrétti kvenna og karla. Við þetta hefur verið staðið. Eitt þeirra markmiða sem ríkisstjórnin setti fram í stjórnarsáttmála sínum var að vinna að jafnréttismálum. Er sú vinna þegar hafin og vel á veg komin á vettvangi margra ráðuneyta. Nýleg yfirlýsing forsrh. um að á þessu kjörtímabili verði stigið fyrsta skrefið í átt til réttar feðra til fæðingarorlofs er einnig í anda þessara áherslna. Jafn réttur karla og kvenna til fæðingarorlofs er markmiðið sem stefnt skal að, enda er það forsenda þess að við getum vænst þess að konur og karlar hafi sömu tækifæri og sama val á vinnumarkaði og í einkalífi. Árangur í þessum mikilvæga málaflokki mun þó ekki einasta nást með áfangasigrum á vettvangi stjórnmálanna. Valdið til að tryggja raunverulegt jafnrétti kynjanna er miklu fremur í höndum okkar allra enda er almenn viðhorfsbreyting forsenda þess að við náum því sameiginlega markmiði okkar.

Góðir áheyrendur. Undangengin ár hafa verið íslensku samfélagi hagstæð. Efnahagsstjórn undanfarinna ára hefur tryggt stöðugleika og þann trausta grunn sem við nú getum byggt framtíð okkar á. — Góðar stundir.

[21:57]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Núverandi ríkisstjórn hefur nú runnið kjörtímabil sitt til hálfs og á slíkum tímamótum er góður siður að staldra við og líta yfir farinn veg. Leiðrétta stefnuna, læra af þeim mistökum sem gerð voru í fyrri hálfleik í þeirri von að hinn síðari taki hinum fyrri fram.

Ríkisstjórnin fór í upphafi af stað með glæst fyrirheit. Sjálfstfl. ætlaði að forgangsraða í þágu menntunar, eða svo sagði hann, og Framsfl. ætlaði, sem kunnugt er, að hafa fólk í fyrirrúmi. Flokkarnir sem að þessari ríkisstjórn standa voru á hinn bóginn svo óheppnir að fá svo massívan meiri hluta að hann má heita með öllu skotheldur og því þurfa umræddir flokkar og foringjar þeirra ekki að taka tillit til neins nema hvors annars og tæplega það. Því kom fljótlega í ljós að þeir draugar sem löngum hafa rjálað þar við hurðarlokur að næturþeli gerðust nú svo aðsópsmiklir að þeir riðu þar röftum um hábjartan dag.

Helsta áhugamál stjórnarflokkanna var að létta álögum af fyrirtækjum og sjá til þess að skattar þeirra hækkuðu ekki og helst lækkuðu. Þetta hét að efla hag atvinnuveganna. Skuldabyrði almennings þyngdist á hinn bóginn sífellt og jafnframt voru í auknum mæli tekin upp svokölluð þjónustugjöld sem eru í raun sérskattur á vissa þjóðfélagshópa, svo sem sjúklinga. Meðan kvótabrask er að leggja ákveðin byggðarlög í eyði, meðan ríkisstjórnin einbeitir sér að því að draga taum atvinnurekenda í einu og öllu og jafnframt að skerða afl verkalýðsfélaganna þannig að laun almennings hér á landi, þrátt fyrir nýgerða kjarasamninga, eru fyrir neðan allt velsæmi, meðan bilið milli þess hluta þjóðarinnar sem býr við raunverulega fátækt og hinna sem vita ekki aura sinna tal breikkar stöðugt, þá hefur ríkisstjórnin ekki önnur svör en að í fyllingu tímans muni markaðurinn leysa allan vanda ef við bara gætum þess að draga úr öllum afskiptum ríkisvalds, einkavæða allt sem hugsanlega má græða á og halda öllum kaupkröfum í skefjum.

Ef þetta heitir að setja fólk í fyrirrúm þá þætti mér fyrir mitt leyti vænt um að fá að skipa annað rúm.

Ég ætlaði ekki, hæstv. forseti, að gera efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar almennt að umtalsefni í kvöld heldur ætlaði ég í örstuttu máli að víkja að stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim málum sem sjálfur landsfundur Sjálfstfl. samþykkti á haustdögum að skyldu forgangsraðast við skiptingu ríkisútgjalda, þ.e. menntamálum. Mér virðist raunar að hæstv. menntmrh. sýni í verkum sínum þessu stefnumáli landsfundarins alveg ótrúlega fyrirlitningu. Þetta kemur mér nokkuð á óvart því hæstv. menntmrh. var þó sjálfur á nefndum landsfundi. En viðbrögð ríkisstjórnarinnar við þessari áskorun um að forgangsraða í þágu menntunar urðu sem hér segir.

Fyrst var skorið niður fé til framhaldsskólanna og var þar sérstaklega vegið að fámennum dreifbýlisskólum. Síðan var lagður fallskattur á alla þá framhaldsskólanemendur sem ekki standast námskröfur og var ekkert smáræði sem ríkið ætlaði að hafa upp úr því eða heilar 32 milljónir á ári sem átti aðallega að bitna á nemendum í fjölbrautaskólum.

Reglum um innheimtu á efnisgjaldi var breytt í tengslum við samþykkt frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og var sá hluti sem nemendur þurfa að greiða þar þyngdur verulega.

En þetta var ekki nóg heldur kom frá ríkisstjórninni frv. um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Við þetta frv. höfðu ýmsir bundið nokkrar vonir því Framsfl. hafði fyrir síðustu kosningar gefið mjög glæst loforð um endurbætur á sjóðnum, bæði hvað varðaði svonefndar samtímagreiðslur og endurgreiðslur námslána. En þær endurbætur sem verða í kjölfar samþykktar þess frv. sem hér liggur nú fyrir eru vægast sagt í örsmáum stíl og þær væntingar sem gefnar höfðu verið engan veginn uppfylltar. Í stað þess að koma á samtímagreiðslum er sett upp flókið styrkjakerfi til að greiða námsmönnum styrk til að greiða bönkunum upp í vaxtakostnað vegna framfærslulána og endurgreiðslubyrðin er lækkuð um 0,25%. Það er allt og sumt. Þetta þýðir að hjá manni sem hefur 150 þús. krónur á mánuði í tekjur lækkar endurgreiðslubyrðin um u.þ.b. 5 þús. kr. á ári. Og til þess að ekki yrði nú stílbrot hjá hæstv. ríkisstjórn þá lækka t.d. endurgreiðslur námslána hjá þeim sem lægst hafa launin eftir háskólapróf, eins og uppeldisstéttum og raunar fleiri stéttum, ekki neitt við samþykkt þessa frv. vegna þess að ríkisstjórnin hyggst ekki lækka svokallaða fastagreiðslu.

Þetta var það sem kallað er á hátíðarstundum að setja menntamál í forgang.

Til þjóðarinnar á ég þá ósk heitasta að síðari hálfleikur ríkisstjórnarinnar verði skárri en sá fyrri en satt að segja á ég tæpast von á því að hún rætist því til þess að það mætti gerast þyrfti stefnubreytingu um 180°.

Meðan ríkisstjórn samsamar sig algjörlega gróðaöflum í þjóðfélaginu og dregur markvisst úr stuðningi við þá sem minna mega sín og lætur markaðsöflin óheft móta stefnuna undir kjörorðinu fjandinn hirði þann aftasta, þá á ég ekki von á að síðari ganga hennar verði betri en sú fyrri. Ekki síst þegar svör til þeirra sem draga í efa erkibiskupsboðskap einkavinavæðingarinnar eru þau ein að spurt er með einhvers konar stráksleg um hroka hvort menn séu heyrnarlausir þegar þeir draga í efa réttmæti þess að tugum manna sé sagt upp störfum í beinni útsendingu í sjónvarpsfréttum eins og hæstv. utanrrh. gerði á dögunum.

[22:04]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. hefur nú starfað í tvö ár. Segja má að fyrri hálfleik sé lokið og nú taki seinni hálfleikur við svo notað sé líkingamál úr íþróttum.

En hvernig er staðan í hálfleik? Hvernig er liðið sem við keppum við? Ekki verður sagt að stjórnarandstaðan hafi spáð vel fyrir ríkisstjórninni í upphafi. Upphrópanir heyrðust eins og helmingaskiptastjórn, stjórn stöðnunar og afturhalds, stjórn aðgerðarleysis og kyrrstöðu, en staðreyndin er sú að ríkisstjórnin hefur verið afar starfsöm, reyndar ein starfsamasta ríkisstjórn sem starfað hefur um langt skeið.

Í stjórnartíð okkar hefur kaupmáttur einstaklinga aukist verulega. Hagvöxtur er kominn í 3,5% og er hærri en í viðmiðunarríkjum OECD. Atvinnuframboð hefur aukist og atvinnuleysi hefur minnkað. Ríkissjóður er rekinn hallalaus sem þýðir að við erum ekki að ávísa á framtíðina. Þetta eru grundvallaratriði. Verðbólga er lítil sem leitt hefur til stöðugleika í efnahagsmálum. Þetta kemur sér vel fyrir fjölskyldur, einstaklinga og atvinnurekstur í landinu.

Stöðugleikinn endurspeglast í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið til lengri tíma en við eigum að venjast. Þetta sýnir að fólkið í landinu hefur trú á ríkisstjórninni.

Glæsilegur kosningasigur Framsfl. í síðustu kosningum fór mjög fyrir brjóstið á stjórnarandstöðunni. Þjóðvaki, hreyfing fólksins, klauf sig út úr Alþfl. og varð þess valdandi að vart var hægt að endurnýja umboð síðustu ríkisstjórnar. Nú kyrja þjóðvakamenn: Heim er ég kominn og halla undir flatt. Það urðu fleiri hissa á því en bóndinn í Landeyjum sem var á lista Þjóðvaka í síðustu kosningum. Allt í einu var hann kominn bakdyramegin inn í Alþfl. án þess að geta rönd við reist eða haft nokkur áhrif á. Samt stóð hann í þeirri trú að hann væri í hreyfingu fólksins. Er þetta trúverðug pólitík? Er þetta að virkja fólkið eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson orðaði það áðan?

Stjórnarandstaðan hefur rukkað Framsfl. af mikilli hörku um kosningaloforð frá síðustu kosningum. Staðreyndin er sú að í upphafi síðari hálfleiks erum við vel á veg komin að uppfylla þau áform og þau markmið sem við settum fram í síðustu kosningum. Við eigum alla möguleika á að gera betur.

Þjóðhagsspá spáir ekki 12 þúsund nýjum störfum í þjóðfélaginu fram til aldamóta heldur 13 þúsund. Jafnvægi hefur náðst í ríkisfjármálum, verulegar breytingar hafa verið gerðar á lögum um Lánasjóð námsmanna, aldrei hefur meiri peningum verið varið til velferðarmála, svo sem forvarnastarfs, tóbaksvarna og vímuvarna. Heildarstefna hefur verið mótuð um málefni heilsugæslunnar, Ráðgjafarstöð heimilanna hefur starfað um nokkurn tíma til aðstoðar þeim sem eru í verulegum skuldaerfiðleikum og Fjárfestingarbanki atvinnulífins er í burðarliðnum og margt fleira mætti telja.

Miklar breytingar eiga sér stað í þjóðfélaginu á hverju fimm ára tímabili. Það er eins og Alþb. hafi ekki gert sér grein fyrir þessum breytingum, enda er helsta hagsmunamál þeirra að sameinast Alþfl. sem þeir töldu hægri flokk í síðustu kosningum en vinstri flokk í dag. Sighvatur Björgvinsson er að verða yfirfrakki Alþb., hugsanlega nýr bankastjóri í matadorleik þeirra.

Verkefni ríkisstjórnarinnar eru óþrjótandi. Lög um Suðurlandsskóga eru á lokastigi. Við verðum að jafna aðstöðumun nemenda í dreifbýli til framhaldsskólanáms. Við verðum að standa við skuldbindingar okkar gagnvart jarðræktarlögum og við ætlum okkur að byggja barnaspítala. Höfuðmarkmið okkar er að skapa betra og traustara samfélag á Íslandi.

Landbúnaður og framleiðsla landbúnaðarafurða skiptir þjóðina miklu máli. Hagsmunir dreifbýlis og þéttbýlis fara þar saman. 45% af vinnuafli á fastalandinu á Suðurlandi hefur störf er tengjast landbúnaði. Enginn deilir um gæði afurðanna. Það sýnir frammistaða meistarakokka, ostameistara og kjötiðnaðarmeistara sem keppa á innlendri og erlendri grund. Búgreinar eru í sókn svo sem garðyrkja, ylrækt og loðdýrarækt. Engin stétt hefur tekið á sig meiri kjaraskerðingu en bændur. Nauðsynlegt er að rétta kjör þeirra eins og annarra þegna þjóðarinnar.

Herra forseti. Framtíð okkar er björt. Möguleikarnir blasa við okkur í hugviti, hönnun og hvers konar iðnaði, í matvælaframleiðslu, úrvinnslu á sjávarfangi og landbúnaðarvöru, í menntun, menningu og ferðaþjónustu. Skólar þessa lands taka í auknum mæli þátt í alþjóðasamskiptum. Þetta á bæði við um grunnskóla og framhaldsskóla. Af Suðurlandi má nefna dæmi um Sókratesáætlunina í Menntaskólanum á Laugarvatni og Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Jasonverkefni framhaldsskólans í Vestmannaeyjum og samstarf Hvolsskóla á Hvolsvelli við grunnskólann í Dannike í Svíþjóð. Þetta leiðir til meiri víðsýni unga fólksins. Á sama hátt kenna framhaldsskólar landsins ungu fólki að vinna saman óháð því úr hvaða hrepp eða bæjarfélagi þeir koma.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við þurfum öll að vinna saman. Við þurfum að sýna skilning á þörfum hvers annars, sýna skilning á þörfum þeirra sem í dreifbýli búa og í þéttbýli búa, sýna skilning á hagsmunum þeirra sem minna mega sín í samfélaginu og treysta þannig undirstöðurnar. Ef þetta tekst verður seinni hálfleikur stjórnarsamstarfsins þjóðinni til heilla. — Ég þakka áheyrnina. Góðar stundir.

[22:11]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á því þingi sem nú er senn á enda hafa mörg stórmál verið til umfjöllunar og eflaust skiptar skoðanir um það hvert þeirra marki svipmót þessa þings fremur en önnur. Þingmenn hafa m.a. tekist fast á um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Sett hafa verið ný lög um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins, löngu tímabær lög um skipulags- og byggingarmál eru í burðarliðnum, sömuleiðis breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna sem loks litu dagsins ljós eftir harðar hríðir innan stjórnarflokkanna.

Ríkisbankarnir hafa fengið „háeff" fyrir aftan nafnið sitt um leið og stjórnarflokkarnir lögðu grunn að nýjum ríkisbanka með stólum handa flokksgæðingunum. Þjóðkirkjan hefur fengið um sig nýja lagakápu og þingmenn tókust hart á um grundvallaratriði hvort dansa mætti eftir miðnætti á föstudaginn langa. Þannig verður hið smáa stundum stórt í dagsins önn.

Frv. um fjárreiður ríkisins verður væntanlega að lögum fyrir þinglok, löggjöf sem að margra dómi markar tímamót í sögu þingsins. Hún breytir reyndar ekki þeirri stjórnarstefnu sem hvað skýrast má lesa út úr fjárlögum hvers árs. Hún breytir ekki þeirri staðreynd fjárlaga að vegið er að öldruðum og öryrkjum, að gjörvöll heilbrigðisþjónustan er í uppnámi, að sú orkulind sem býr í menntun og þekkingu er vanrækt.

Um stefnu ríkisstjórnarinnar verða ekki sett nein lög, en löggjöfin um fjárreiður ríkisins mun væntanlega reynast mikilvæg tæknileg stoð við gerð fjárlaga og eftirlit með

þeim. Svona mætti áfram telja, en ekkert þessara stórmála er mér þó efst í huga þegar rennt er yfir liðinn þingvetur. Fyrir mér eru það þau vatnaskil sem orðið hafa í umræðunni um umhverfis- og atvinnumál hér á landi. Það eru þau mál sem marka svipmót þessa þings í mínum huga.

Stefna ríkisstjórnarinnar í þeim efnum hefur að vísu ekkert breyst. Ríkisstjórnin hefur þvert á móti gengið margefld áfram á braut stóriðjustefnunnar. Sú stefna hefur allan forgang umfram verndun umhverfis og náttúru sem er algert tyllidagamál í augum ráðherranna. Á ríkisstjórnarheimilinu er það talinn mikill ávinningur að hafa náð að semja um stækkun járnblendiverksmiðju og byggingu nýs álvers, enda hefur uppbygging orkufrekrar stóriðju verið trúaratriði í atvinnustefnu stjórnvalda um áratuga skeið, hverjir svo sem haldið hafa um stjórnartaumana. Gagnrýni á þá stefnu hefur jafnan verið mætt með miklu yfirlæti. Ég held að ríkisstjórninni hafi komið mjög á óvart sú andstaða sem mætti henni úr grasrót samfélagsins á liðnum vetri vegna áformanna um eflingu stóriðju og ég held að þessi andstaða marki nokkur tímamót og sé til marks um vaxandi skilning á gæðum náttúrunnar og þeim miklu möguleikum sem felast í hreinleika umhverfisins. Ég fagna þessum tímamótum.

Stóriðjustefnan er atvinnustefna gærdagsins og það er trú margra að mál muni þróast með allt öðrum hætti í heiminum á næstu árum. Menn munu snúa frá blindri þjónkun við neysluhyggjuna og leggja æ meiri áherslu á aðrar lausnir í atvinnumálum til samræmis við breytta hegðun, breytta neyslu og annars konar gildi. Slíkar breytingar eru nauðsynlegar ef mannkynið ætlar ekki að kippa fótunum gersamlega undan sjálfu sér vegna gengdarlausrar neyslu og sóunar. Þetta verða ráðamenn að skilja og brjótast upp úr hjólförum vanans.

Við höfum marga aðra og álitlegri möguleika en sköpun starfa í stóriðjuverum. Stóriðjan skapar raunar tiltölulega fá störf miðað við allan tilkostnaðinn og umhverfisraskið sem því fylgir. Um 23 þúsund manns störfuðu í iðnaði hér á landi á síðasta ári, þar af aðeins um 830 manns í stóriðjuverum. Um 11% þeirra voru konur.

Hlutur vinnuafls í stóriðju af heildarvinnuafli er nú innan við 1% en samsvarandi tala fyrir ferðaþjónustu var nær 5% á síðasta ári. Það er blátt áfram ósvífið að stilla hlutunum upp eins og talsmenn stóriðju gera að annars vegar sé um að ræða nokkur hundruð störf í stóriðju og hins vegar atvinnuleysi. Annars vegar milljarðatekjur til þjóðarbúsins og hins vegar núll eða jafnvel mínus. Annars vegar framfarir og hins vegar stöðnun. Þannig er þetta auðvitað ekki heldur er annars vegar um að ræða dauðvona atvinnustefnu og hins vegar atvinnustefnu til framtíðar í sátt við umhverfið. Ný framtíðarsýn í umhverfis- og atvinnumálum er ekki bara æskileg, hún er nauðsynleg. Þess vegna vona ég að sú umræða um þau mál sem hefur orðið innan þings og utan á liðnum vetri marki þau þáttaskil sem við þurfum á að halda.

Helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsfl. hefur nú varað í tvö ár og staða hennar virðist sterk, enda mikill meiri hluti á bak við hana á þingi. Talsmenn flokkanna láta sem sambúðin sé ljúf og kannski er hún það, enda virðist trúnaður við hugsjónir grundvallaratriði og kosningaloforð ekki þvælast fyrir mönnum. Slíkt er gott til síns brúks í kosningabaráttu og kjósendur eru furðu fljótir að gleyma.

Ef marka má skoðanakannanir eru kjósendur t.d. ágætlega sáttir við að heyra reglubundnar yfirlýsingar um nauðsyn þess að lækka jaðarskatta og efla hag heimilanna. Efndir eru hins vegar litlar sem engar og jaðarskattanefndinni virðist ætlað eilíft líf. Unga konan af Akranesi sem sló í gegn á flokksþingi Framsfl. á sl. hausti getur væntanlega endurflutt sína ágætu ræðu á næsta flokksþingi. Og sjálfstæðar konur láta ekki mikið á sér bera um þessar mundir. Ekki getur þó þögn þeirra stafað af því að ríkisstjórnin hafi stuðlað að einhverju sem til framfara má horfa í réttindabaráttu kvenna. Slíkar trakteringar eru enn í skúffum ráðuneytanna eins og fram kom í máli fulltrúa Sjálfstfl. áðan. Sjálfstæðar konur munu vafalítið geta endurnýtt margsinnis fræga auglýsingu sína um möguleika lítilla stúlkubarna. Það er engu líkara en að stuðningsmenn þessara flokka haldi að umhverfismál snúist um endurnýtingu af þessu tagi. Slík linkind við stjórnmálamenn kann ekki góðri lukku að stýra.

Góðir áheyrendur. Kvennalistinn mun áfram halda vöku sinni og minna stöðugt á þau mál sem þyngst vega í baráttunni fyrir kvenfrelsi, mannréttindum og samábyrgð. Sú rödd má ekki þagna. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:17]

Jón Baldvin Hannibalsson:

Herra forseti. Stjórnmál snúast ekki bara um krónur og aura, skatta og skyldur, þau snúast líka um vonir okkar, væntingar og drauma.

Þess vegna geta stjórnmál þegar best lætur verið skapandi starf, jafnvel verðugt viðfangsefni. Það gerist einkum þegar tregðulögmál íhaldsseminnar neyðist til að láta undan síga fyrir áreiti nýrra hugmynda. Þá er tími til að skapa.

En þegar verst lætur geta stjórnmálin snúist upp í hráskinnsleik sérhagsmuna einna, hugmyndasnautt þrátefli á markaðstorgi hégómans þar sem tekist er á um völd og vegtyllur, valdanna vegna. Stjórnmál í viðjum vanahugsunar verða að lokum hvimleitt stagl, síbylja endurtekningarinnar án vona, án framtíðarsýnar.

Ef við viljum að bestu synir og dætur okkar fámennu þjóðar fáist til þess að líta á stjórnmál sem verðugt viðfangsefni í framtíðinni, verður margt að breytast vegna þess að við búum við úrelt stjórnmálakerfi sem viðheldur að ýmsu leyti úreltu stjórnkerfi og óæskilegum venslum stjórnmála- og viðskiptavalds. Hvað á ég við?

Ég á t.d. við kosningakerfi sem stenst ekki þá grundvallarkröfu mannréttinda í lýðræðisþjóðfélagi að tryggja öllum þegnum jafnan atkvæðisrétt.

Ég á við kjördæmaskipan, sem elur kerfisbundið á héraðaríg og hagsmunapoti á kostnað almannahagsmuna.

Ég á við flokkakerfi, sem er arfleifð liðins tíma, sem endurspeglar ekki lengur skoðanamyndun og hagsmuni almennings, sem viðheldur valdakerfi fjársterkra sérhagsmunahópa en sundrar kröftum þeirra sem eiga að vera málsvarar almannahagsmuna.

Þetta er lýðræði í lamasessi. Það býður oft ekki upp á annað en málamiðlanir um óbreytt ástand. Það synjar kjósendum um skýra valkosti. Það sviptir ungu kynslóðina í landinu von um framgang knýjandi umbótamála. Það er úrelt og það er staðnað.

Ég nefni þrjú dæmi af mörgum því til staðfestingar. Áratugum saman hefur fámennur minni hluti kúgað meiri hlutann til að framlengja ónýtt ráðstjórnarkerfi í landbúnaði sem hefur haldið niðri lífskjörum þjóðarinnar og leitt sára fátækt yfir meiri hluta bænda.

Áratugum saman hefur verið komið í veg fyrir að vinnandi fólk geti sameinast á vinnustöðum sínum til að semja um kaup og kjör í samræmi við afkomu og greiðslugetu fyrirtækjanna.

Síðastliðinn áratug hefur fámennur minnihlutahópur, með sterk ítök í forustu beggja stjórnarflokkanna, komið í veg fyrir að þjóðin fái notið arðsins af helstu auðsuppsprettu sinni, arðinum sem hlýst af einkaleyfi fámenns hóps til að nýta fiskimiðin í eigu þjóðarinnar.

Í öllum þessum þremur dæmum, sem eru bara fá af mörgum, um óleyst vandamál, sem kalla á lausnir, er það minni hlutinn sem kúgar meiri hlutann. Lýðræðið virkar ekki. Það er í lamasessi. Úrelt flokkakerfi er farið að standa okkur fyrir þrifum.

Herra forseti. Þrátt fyrir lífsseiglu tregðulögmálsins getur enginn sanngjarn maður neitað því að margt hefur þokast í rétta átt í þjóðfélagi okkar ef við lítum til baka á sl. áratug. Þá háðum við erfiða varnarbaráttu við öndverð ytri skilyrði og við náðum býsna góðum árangri á mörgum sviðum. Lág verðbólga, rétt skráð gengi, lækkun skatta á fyrirtækjum í því skyni að stemma stigu við vaxandi atvinnuleysi. Atvinnulífið kom út úr kórnum heilbrigðara en það var fyrir. Þetta er árangur sem vert er að minnast þótt við brosum sum hver þegar aðaltalsmaður Framsfl. í þessum umræðum, hv. þm. Ísólfur Gylfi Pálmason, hefur kokhreysti til að þakka sér og Framsfl. árangurinn.

En vandamálin, sem nú er við að fást, eru allt annars eðlis en var á erfiðleikaárunum. Vandamál snúast nú fyrst og fremst um tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu við hagvaxtarskilyrði, um afleiðingar sívaxandi misskiptingar arðs og tekna, um lág laun og ranglátt skattkerfi, um kuldalegan aðbúnað að barnafjölskyldum, um fjársvelti menntakerfisins og heilbrigðisþjónustunnar, um öfugsnúna kynslóðareikninga, um vaxandi græðgi forréttindahópa og skort á félagslegri samstöðu og samábyrgð.

Reynslan af starfi núverandi ríkisstjórnar sýnir að ekkert af þessum vandamálum verður leyst fyrir atbeina núverandi stjórnarflokka.

Herra forseti. Undir sléttu og felldu yfirborði vanahugsunar og sjálfsánægju ríkjandi valdakerfis finnum við, ef við leitum og leggjum við hlustir, vaxandi gerjun nýrra hugmynda og pólitískrar nýsköpunar sem bíður færis að ryðja sér braut upp á yfirborðið.

Við jafnaðarmenn deilum ekki um kosti markaðsbúskapar og samkeppni. Þvert á móti. Við þurfum að virkja krafta samkeppninnar í þágu almennings, til þess að ryðja burt rótgrónum sérhagsmunaöflum sem skara eld að eigin köku í skjóli pólitísks helmingaskiptavalds.

En við deilum sameiginlegum áhyggjum okkar af alkalískemmdum og sprungumyndunum á burðarvirkjum velferðarþjóðfélagsins sem smám saman eru að koma í ljós. Við deilum áhyggjum af gjánni sem hv. þm. Kvennalistans vék að, sem fer breikkandi, milli þeirra sem ferðast á fyrsta farrými og hinna, sem smám saman eru að heltast úr lestinni og sitja eftir í fátæktargildru lágra launa, einhæfra starfa, rangláts skattkerfis og þröngra kosta, sem útilokar þá frá að vinna sig frá skuldum að hefðbundnum íslenskum sið.

Þetta á ekki hvað síst við um kynslóðina með klafann, ungu barnafjölskyldurnar sem borga skattana og greiða af námsskuldunum en teljast vart greiðslumatshæfar á húsnæðismarkaðnum og sæta skertum barna- og vaxtabótum.

Hlutverk jafnaðarmanna hér á landi sem annars staðar er að standa vörð um almannahag gegn sérhagsmunum. Það er okkar að byggja brýr yfir gjár vaxandi ójafnaðar og misréttis í samstarfi við verkalýðs- og launþegahreyfinguna. Af því að við viljum búa í þjóðfélagi þar sem arðinum af sameiginlegu striti þjóðarinnar er skipt í samræmi við siðferðismat siðaðs fólks um jöfnuð, réttlæti og samábyrgð. Við jafnaðarmenn vitum að í hjarta sínu er meiri hluti íslensku þjóðarinnar sammála okkur um þetta gildismat.

[22:25]

Einar Oddur Kristjánsson:

Herra forseti. Við höfum nú heyrt nokkrar ræður stjórnarandstöðunnar. Eins og við var að búast hefur það gengið þannig fram að það er helst gagnrýnisvert eins og venjulega að ekki er nóg eytt af hálfu ríkisins. Það vantar meira í menntamál, það vantar meira í heilbrigðismál, það vantar meira í velferðarmál o.s.frv. Þetta er hinn venjulegi söngur sem kemur engum á óvart. En í hinu orðinu er verið að berjast fyrir bættum lífskjörum fólks í landinu. Þetta heitir lýðskrum á íslensku. Allir eiga að vita að leiðin til bættra lífskjara og sú trygging sem við eigum helsta fyrir lífskjörum einstaklinganna er hallalaus fjárlög. Það er besta tryggingin og það hefur tekist hjá þessari ríkisstjórn. Hallalaus fjárlög og meira en það. Núna er verið að samþykkja ný lög, nýjar áætlanir um lækkun tekjuskatta næstu árin. Það er framlag þessarar ríkisstjórnar til þeirrar sáttar sem var á vinnumarkaði. Þeirrar sáttar sem mun leiða til áframhaldandi hagvaxtar, áframhaldandi bættra lífskjara, bættra raunlauna, bætts kaupmáttar.

Hvað sem menn segja um stöðu einstaklinganna í þjóðfélaginu þá verður ekki á móti því mælt að kjör fólks á Íslandi hafa á undanförnum árum batnað meira en nokkurs staðar hér í nágrenninu. Batnað helmingi meira en meðaltalið hjá OECD. Allar mælingar sýna það og enginn þrætir fyrir það. Þetta er árangur. En á sama tíma koma fulltrúar stjórnarandstöðunnar og kvarta yfir og formæla þeim markaðsöflum sem óheft séu látin geysa hér um grundir.

Hverju er það að þakka að við erum að ná árangri í efnahagsmálu? Það er þessum markaðsöflum af því að við höfum haft þá farsæld að láta markaðsöflin ráða, það er markaðsþjóðfélagið sem er í öndvegi með frjálsa verslun, með frjálsa verðmyndun í atvinnulífinu, með samkeppni sem tryggir framfarirnar, sem tryggir um leið jafnræði og það jafnvægi sem við þurfum á að halda. Þetta höfum við Íslendingar verið að gera eins og margar aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, einmitt þær þjóðir sem hafa náð mestum og bestum árangri til að bæta sín lífskjör. Það er þetta sem við höfum gert. Hér kemur svo stjórnarandstaðan og er helst á móti því. Sjálfstfl. hefur einmitt staðið fyrir markaðssamfélaginu allt frá upphafi frá því hann var stofnaður fyrir 70 árum og hann hefur ekki breytt um stefnu, hann hefur ekki þruft að henda gömlu stefnunni sinni, er enn þá með hana óbreytta. (**Gripið fram í:** Þvílík sagnfræði.) Þetta er mikil og góð sagnfræði vegna þess að hann hefur þó aldrei verið í betri stöðu en einmitt núna til þess að beita sér af alefli fyrir því að samfélagið geti vaxið og þroskast einmitt vegna þess að núna er þessi hreyfing að ganga yfir alla Vestur-Evrópu. Samkeppnin er að aukast, menn eru að vita og skilja að það er frelsi í viðskiptum sem er lykillinn að velferð fólksins. Var þó áðan látið að því liggja að í einhverjum löndum væru menn hættir við samkeppni. Ekki var sagt hvar það væri og væri fróðlegt að frétta það.

Það var líka látið að því liggja hér í umræðunni að ýmislegt annað væri að gerast. Það væru yndislegar fréttir frá Englandi, þar eru meira að segja samkynhneigðir komnir til valda og mér skildist einhvern veginn að það væri nú munur

miðað við suma. Voru þó engin nöfn nefnd. Þannig að það er ýmislegt að frétta.

En núna hefur þetta annað ráðuneyti Davíðs Oddssonar verið í tvö ár eða sex ára samfelld forusta Sjálfstfl. Það bendir til að þessi síðasti áratugur verði einhver lengsti samfelldi hagsældartími þessarar aldar. Við skulum vona að það gangi eftir sem allar spár benda til að svo verði það sem eftir er þessarar aldar. Það bendir allt til þess nema eitthvað óvænt komi fyrir. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, það virðist vera sem sumum líki það ekki, þá eru kjör Íslendinga á hraðri leið upp á við, það er meiri kaupmáttur. Svo koma menn hér og segja: Hvað gerir þessi ríkisstjórn fyrir fjölskylduna? Ég hélt að þetta samanstæði allt af fólki, fjölskyldurnar hljóta að vera fólk. Er fjölskyldan eitthvað öðruvísi en þegnarnir í þjóðfélaginu? Ég skil þetta ekki. Ég hef nú ekki alltaf skilið þær ræður sem hér eru fluttar.

Það er þannig að við erum á þennan veg að tryggja þá framtíð sem við viljum sjá. Það er þannig sem við viljum sjá Ísland, þetta farsældar frón, sem við þráum öll og viljum byggja og efla. Það er svona sem við viljum sjá það, við treystum því og trúum að með því að standa svona að verki munum við geta í upphafi nýrrar aldar verið í forustu þeirra þjóða sem best hafa kjör í heiminum. — Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[22:31]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Það er greinileg samstaða um það miðað við upphaf ræðuhalda hér í kvöld aftur og aftur að það vorar. Enn þá einu sinni birtist eldhúsdagur sjónvarpsáhorfendum og þingið hefur ekki sætt stórum tíðindum í vetur fyrst og fremst vegna þess að við höfum búið við frekar dauflynda ríkisstjórn.

Á fyrsta degi þessa þings lögðum við í þingflokki Alþb. og óháðra fram um 20 þingmál sem öll beindust að því marki sem við höfum aðallega unnið að í vetur, að treysta velferðarkerfið, stuðla að jafnrétti, treysta byggð í landinu og að stuðla að atvinnulegri uppbyggingu í jákvæðu og góðu umhverfi. Þingflokkur Alþb. og óháðra hefur með öðrum orðum lagt áherslu á að byggja upp heildstæðar stjórnmálatillögur og er greinilegt af þeim undirtektum sem við höfum fengið í vetur að þær tillögur hafa vakið athygli og áhuga. Þarna birtast grundvallaratriði okkar og stjórnmál snúast einmitt um að setja skýrt fram pólitísk grundvallaratriði sem skapa forsendur fyrir tillögum um breytingar þegar aðstæða verður til. Flokkar sem gefa kjósendum fyrirheit eru síðan bundnir þeim kjósendum drengskaparböndum og drengskaparheit á að halda. Stjórnmálastarf snýst nefnilega líka um einfaldan og gamaldags heiðarleika og framkoma stjórnmálamanna við kosningaloforðin er siðferðilegur mælikvarði sem unnt er að bregða á hvern mann. Sá sem stendur ekki með sjálfum sér verður aldrei trúverðugur stjórnmálamaður.

Herra forseti. Nú á miðju kjörtímabili er tími til að líta fram á veginn og gera upp liðin tvö ár. Það verður að segja eins og er að Sjálfstfl. hefur að mestu leyti ráðið ferðinni eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Framsókn hefur þá helst fengið að ráða úrslitum að hún hafi gengið lengra en ýtrasta stefna Sjálfstfl. Fram undan eru svo sveitarstjórnarkosningarnar vorið 1998. Þá verða einnig pólitísk átök sem beinast munu gegn hinni kaldrifjuðu stjórnarstefnu peningahyggjunnar. Vorið 1999 verða svo alþingiskosningar í síðasta lagi. Þá verða úrslitin ráðin. Inn í þá mynd eru þingflokkarnir þegar farnir að tefla fram þeim málum sem kosið verður um. Í því uppgjöri teljum við að menn hljóti að setja fram kröfuna um afnám sjúklingaskattanna, um nýja stefnu í málefnum aldraða og öryrkja, um víðtæka jafnréttisstefnu og kvenfrelsi í nýjum félagslegum sáttmála um réttlæti á Íslandi. Hluti þessa uppgjörs verður að vera ný skattastefna í þágu barnafólks og stefna í húsnæðismálum sem tryggir unga fólkinu öruggt húsnæði en unga fólkið á Íslandi er nú á götunni. Hluti þessa uppgjörs verður að vera ný framtíðarsýn í menntamálum og menningarmálum í stað stöðnunar og fallskatta Björns Bjarnasonar og þar sem skerðingu á sjálfstæði háskólanna verður hafnað.

En fleira verður að koma til. Við hljótum að krefjast þess að tekin verði upp framsækin atvinnustefna, jákvæð og bjartsýn, sem byggist á hugviti og menningu. Við höfnum með öðrum orðum gamaldags stóriðjustefnu Finns Ingólfssonar sem minnir mest á þungaiðnaðarstefnu kreppuáranna í Sovétríkjunum gömlu. Við höfnum atvinnuleysi þúsundanna. Við flytjum róttæka stefnu í umhverfismálum hingað inn á borð Alþingis en þar höfum við flutt ótal þingmál í vetur eins og oft áður.

Ný róttæk stefna í umhverfismálum er einnig óhjákvæmileg forsenda, undirstaða í uppgjöri framtíðarinnar. Inni í þessu uppgjöri verður að birtast krafa um opið þjóðfélag, stjórnkerfi gegn spillingu, þjóðfélag þar sem frelsi einstaklingsins andspænis sameinuðu ofurvaldi ríkis og stórfyrirtækja er tryggt. Við viljum stefnu sem tryggir landsmönnum öllum, hvar sem þeir búa á landinu, eðlilegan aðgang að stjórnkerfinu og gæðum þess, m.a. að heilbrigðisþjónustunni og að menntastofnunum landsins.

En við erum ekki ein í heiminum og inni í þessu uppgjöri framtíðarinnar verður líka krafan um utanríkisstefnu sem tekur mið af hagsmunum þjóðarinnar sjálfrar og hagsmunum heimsins alls. Aðild okkar að forréttindaklúbbi Vesturlanda er ekki á dagskrá.

Allt er þetta hluti af þeirri framtíðarsýn sem við höfum sett fram og birtist m.a. í þingmálum okkar hér í vetur. Öll mál sem fjallað er um í þessum gamla sal eru hluti af stefnu. Það er sama hvort fjallað er um sjávarútvegsmál, álver, LÍN eða heilsugæslu, allt myndar þetta heildarstefnu. Í þeirri stefnu sem við höfum lagt áherslu á er um að ræða trúverðug atriði. Þar fer saman heiðarlegt samhengi orða og athafna.

Góðir hlustendur. Pólitík er nefnilega spurning um trúverðugleika. Það er ekki trúverðugt að segja eitt í dag en gera annað á morgun. Framsfl. er nú að taka þá veiki sem sótti á Alþfl. á síðasta kjörtímabili. Fjórði hver kjósandi Framsfl. í síðustu alþingiskosningum hefur nú yfirgefið flokkinn. Þessi staðreynd verður vonandi til þess að kenna Framsfl. og öðrum hæfilega lexíu. Alþb. hefur skilað í skoðanakönnunum hærri tölum að undanförnu en nokkru sinni fyrr í svo langan tíma. Það er sterk staða til átaka fyrir málstað okkar, hugsjónir um jafnrétti og frelsi, sjálfstæði þjóðarinnar, og til að taka þátt í því að skapa víðtæka samstöðu um nýja sýn til tuttugustu og fyrstu aldarinnar gegn afturhaldsöflunum, ekki til að þjóna þeim heldur til að sigra þau. — Gleðilegt sumar.

[22:37]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Nú þegar yfirstandandi kjörtímabil er hálfnað er ástæða til að staldra við, meta hvað hefur áunnist og horfa til framtíðar. Framsfl. gekk til kosninga undir kjörorðinu „Fólk í fyrirrúmi“. Ef marka má

umræður hér á Alþingi síðustu tvö árin stendur stjórnarandstaðan í þeirri trú að aukin framlög úr ríkissjóði séu forsenda þess að ganga undir þessu kjörorði til verka. Þetta ber vott um hugsun sem tilheyrir liðnum tíma. Það er ljóst að efnahagsleg grundvallaratriði þarf að uppfylla til að lífskjarabati almennings í landinu verði varanlegur. Íslendingar brutust út úr verðbólguvítahringnum í upphafi þessa áratugar með samvinnu launþega, vinnuveitenda og ríkisvalds. Verðbólga hafði þá verið á síðasta áratug á bilinu 20–100%. Síðan hefur efnahagslífið verið stöðugra. Það er í þágu fólksins í landinu að standa vörð um þennan árangur. Í krafti stöðugleika í efnahagsmálum hafa samningar tekist við þorra launþega á vinnumarkaði til aldamóta. Það er skylda stjórnmálamanna að raska ekki þeim grundvelli sem þessir samningar byggja á og gera allt sem í okkar valdi stendur til að skilyrði verði fyrir þeirri kaupmáttaraukningu sem eru forsendur kjarasamninganna.

Lækkun skattbyrði er ein forsendan fyrir því að bæta lífskjörin. Þær lækkanir skatta sem ákveðnar hafa verið koma almenningi í landinu til góða. Eitt af þeim virku tækjum sem eru í hendi stjórnvalda til að hafa áhrif á efnahagsþróun eru ríkisfjármálin. Með því að halda útgjöldum ríkissjóðs í jafnvægi vinnst margt. Skuldasöfnun ríkisins stöðvast, hallarekstur undanfarinna ára hefur velt miklum byrðum yfir á yngri kynslóðina í landinu. Það er bein ógn við velferðarkerfið ef stöðugt stærri hluti opinberra útgjalda fer til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum. Að berjast gegn skuldasöfnun er í þágu fólksins. Grundvöllur þeirrar velferðar sem við viljum hafa og stór þáttur í því að halda fjármagnskostnaði niðri til hagsbóta fyrir lántakendur og fyrirtækin í landinu. Um síðustu áramót voru fjárlög afgreidd hallalaus. Það markar þáttaskil því ef það markmið næst í árslok er þetta í fyrsta skipti í tólf ár sem jafnvægi næst.

Öflug atvinnustarfsemi er grundvöllur góðra lífskjara. Þar hafa orðið mikil umskipti á síðustu tveimur árum. Fjárfestingar hafa aukist, bjartsýni forustumanna fyrirtækja í stöðugu efnahagslífi hefur vaxið. Áætlagerð hefur verið auðveldari, áhugi hefur vaknað hjá erlendum fjárfestum á því að fjárfesta á Íslandi. Við Íslendingar eigum að nýta þau tækifæri sem bjóðast ef þau eru okkur hagkvæm og brjóta ekki í bága við þær kröfur sem við gerum, m.a. um umhverfismál, svo sá mikilvægi þáttur sé undirstrikaður.

Því hefur verið haldið fram að bilið milli hinna ríku og fátæku á Íslandi sé að vaxa og fátækum fjölgi. Ég geri ekki lítið úr efnahagserfiðleikum fólks, ég tel skyldu stjórnmálamanna að berjast gegn fátækt. Besta ráðið til þess er að halda þannig á efnahagsmálum að sem flestir séu efnahagslega sjálfstæðir. Í því er lykilatriðið að halda verðbólgunni niðri. Ég hef ekki gleymt stjórnmálaumræðu verðbólguáranna sem var á þá leið að verðbólgan væri stórvirkasta tækið sem hugsast gæti til að flytja fé frá hinum verr settu til hinna sem betur væru settir. Gerði hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari eins og sagt var í stjórnmálaumræðu þess tíma. Þetta er hollt að hafa í huga nú þegar við höfum búið við stöðugleikatímabil í sex ár og verið á bekk með þeim þjóðum sem bestum árangri hafa náð.

Velferðarkerfið mun þarfnast aukinna fjármuna á næstu árum þó víðs fjarri sé að skorið hafi verið niður til þess fjármagn í heild. Það á að veita þeim öryggisnet sem minna mega sín í samfélaginu. Tryggingakerfið þarf að veita sínu fólki hlutdeild í batnandi lífskjörum enda hafa yfirlýsingar verið gefnar um hækkun bóta nú í kjölfar kjarasamninga. Brýn þörf er á að opinber rekstur sé með þeim hætti að hægt sé að sinna þessum grundvallarþætti án þess að það leiði til áframhaldandi hallarekstur ríkissjóðs og skuldasöfnunar. Meðal annars þess vegna þarf að fara fram endurmat á rekstri opinberra stofnana. Það er hvorki vantraust á það fólk sem þar vinnur né komið til af frjálshyggju eins og haldið er fram af stjórnarandstöðunni heldur nauðsynjaverk til að tryggja undirstöður velferðarkerfisins í landinu.

Framsóknarmenn eru stuðningsmenn þess að gætt sé að hag starfsfólks stofnana og fyrirtækja þar sem rekstrarformi er breytt eða slíkt endurmat fer fram. Enda hefur verið unnið í þeim anda. Breytingar geta verið af hinu góða, eflt opinbera starfsemi í þágu þjóðfélagsins alls.

Við lifum á breyttum tímum, við lifum á tímum þar sem önnur gildi eru ofar en það eitt að lifa af. Krafan er rík nú um jafnrétti. Fyrst skal nefna jafnrétti kynjanna, jafnrétti þjóðfélagshópa og einstaklinga og jafnrétti fyrirtækja. Krafan er rík um mannréttindi og afnám mismununar í hvaða mynd sem hún birtist. Krafan er rík um samkeppni og afnám einokunar í hvaða mynd sem hún birtist. Krafan er rík um olnbogarými nýrrar kynslóðar til að nýta þau tækifæri sem bjóðast með aukinni alþjóðlegri samvinnu og samskiptum og byltingu í fjarskiptum og tækni. Allt þetta krefst endurmats á viðhorfum sem voru góð og gild við aðrar aðstæður en við búum við nú og tilheyrir annarri þjóðfélagsgerð. Það er ekki nein leið til baka heldur fram á veginn.

Herra forseti. Nú líður að lokum þinghalds á köldu vori. Við höldum þó inn í sumarið með bjartsýni á framtíðina. Við höfnum bölmóði stjórnarandstöðunnar sem hefur birst í kvöld. Það hefur verið lagður traustur grunnur fyrir sókn til nýrrar aldar. Yngri kynslóðin mun sækja fram til nýrra tækifæra. Hún hefur gert það og unnið glæsta sigra. Við framsóknarmenn viljum styðja fólk til sjálfsbjargar með samfélagslegri ábyrgð. — Góðar stundir.

[22:44]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Í sumar verða 70 ár liðin frá því að ein allra merkasta en um leið umdeildasta ríkisstjórn Íslandssögunnar tók við völdum. Í um það bil fjögur ár lék samfélagið á reiðiskjálfi vegna aðgerða þessarar stjórnar sem svo sannarlega boðaði nýja tíma. Í forustu hennar voru framsóknar- og hugsjónamennirnir Tryggvi Þórhallsson, sem smíðaði slagorðið „allt er betra en íhaldið" sem framsóknarmenn hafa löngu gleymt, og einnig var þar Jónas Jónsson frá Hriflu. Þeir nutu stuðnings jafnaðarmanna við að koma Íslendingum upp úr mógröfunum, mennta þá og manna, jafna gífurlega ójöfn kjör og setja völdum kaupmanna og útgerðarmanna skorður. Þessir menn og aðrir sem mótuðu stjórnmálin á fyrri hluta þessarar aldar byggðu á þeim hugsjónum nýtjándu aldarinnar sem lengstum hafa einkennt pólitískar umræður á Íslandi. Það tókust á hugmyndir um sterkt eða veikt ríkisvald, frelsi einstaklinganna andspænis forræðishyggju, þörf fyrir félagslega aðstoð, samvinnu eða einkarekstur, spillinguna á mölinni miðað við sælu sveitanna, skiptingu auðsins, áhrif og stöðu verkalýðsheyfingarinnar og lýðræðið svo það helsta sé nefnt. Þarna tókust karlar á en fáar konur komu að verki.

Mikið vatn er runnið til sjávar frá þeim tíma er gömlu foringjarnir tókust á og smám saman hafa tíminn, reynslan og þörfin fyrir breytingar sætt sjónarmið og dregið úr þeim andstæðum sem hugsjónir og flokkaskipan byggðist á meðan aðrar andstæður, félagslegur veruleiki og hugsjónir hafa vart

náð eyrum ráðandi afla og er þá sama hvert þjóðfélagið er á Vesturlöndum.

Fyrir nýafstaðnar kosningar í Bretlandi sá enska kirkjan sig knúna til að senda stjórnmálaflokkunum tóninn og benda þeim á að í landinu væru milljónir fátæklinga, atvinnuleysingja og barna sem byggju við neyð. Stjórnmálabaráttan í Bretlandi snerist ekki um það fólk og hún snerist ekki heldur um umhverfismál, hvað þá konur og réttindi þeirra eins og í Bandaríkjunum á síðasta ári þótt eflaust sé von talsverðra breytinga á bresku samfélagi. Hún snerist um ítökin á miðjunni og það er greinilegt að margir vilja læra af Tony Blair. Um þessar mundir stunda stjórnmálaflokkar víða um heim sem áður skilgreindu sig ýmist til vinstri eða hægri, skipulegt undanhald inn á miðjuna, enda eftir miklu að slægjast þar. Jafnvel harðsvíruðustu frjálshyggjuflokkar sem hafa farið mikinn á undanförnum árum eru að átta sig á því að skuggahliðar óhefts markaðsbúskapar eru svo dýrkeyptar að ekkert samfélag getur búið við þær. En í stað þess að gera upp við fortíðina, spyrja nýrra spurninga og skilgreina upp á nýtt eru stjórnmálin að verða að einum allsherjar graut þar sem þeim vegnar best sem gengur best að leika í auglýsingum og hitta á réttu loforðin sem slá í gegn. Hugsjónir virðast ekki hátt skrifaðar, málið snýst um það hver fær að setjast að kjötkötlunum, minna máli skiptir til hvers. Duga slík stjórnmál inn í nýja öld? Spegla þau vilja fólksins, vilja meiri hlutans, þarf ekki að efla lýðræðið?

Í jólablaði breska tímaritsins The Economist var því spáð að á næstu öld yrði bylting. Ekki á sviði tækninnar heldur í stjórnmálum. Höfundarnir spá því að íbúar Vesturlanda muni ekki lengur sætta sig við hið takmarkaða fulltrúalýðræði eða hlutalýðræðið sem einkennist af því að fólk greiðir atkvæði á fjögurra ára fresti. Stjórnmálaflokkar bjóða fram á grundvelli ákveðinna hugmynda og fyrirheita en gera svo eitthvað allt annað og hunsa oft og iðulega skoðanir almennings. Beint lýðræði þar sem ákvarðanir verða bornar jafnt og þétt undir fólk er það sem koma skal og þar mun tæknin hjálpa til, segja spekingar The Economist. Eru íslenskir stjórnmálamenn búnir undir þá byltingu?

Eitt mikilvægasta verkefni næstu aldar verða án efa umhverfismál. Við höfum séð á undanförnum árum hve vægi þeirra er að aukast. Það þýðir ekki að skýla sér á bak við skógrækt, vatn og vinda þegar ábyrgð á vaxandi gróðurhúsaáhrifum á í hlut. Allar þjóðir heims eru ábyrgar. Hver einasti einstaklingur verður að leggja sitt af mörkum til að snúa vörn í sókn og endurheimta gæði jarðarinnar. Ef svo heldur fram sem horfir geta frekari breytingar orðið okkur dýrkeyptar bæði í sjó og á landi. Við verðum því að taka okkur á og gerast forustuþjóð í verndun umhverfisins í stað þess að sækjast eftir mengandi stóriðju sem veldur sívaxandi átökum og spillir ímynd lands og lýðs. Velferðarkerfið, skipulag þess og rekstur, verða enn eitt stórverkefnið sem við þurfum að takast á við á nýrri öld.

Í öllum hinum vestræna heimi vex hlutfall aldraðra og það er ljóst að ný tækni í baráttu við sjúkdóma mun kosta mikið fé í framtíðinni þótt hún spari eflaust mikið þegar til lengri tíma er litið. Hverjir eiga að standa undir velferðarkerfinu og hvernig? Þeirri spurningu hefur enn ekki verið svarað.

Þá er ónefnd kvennabaráttan sem eflaust mun taka á sig nýjar myndir á 21. öldinni og skila konum enn fleiri áföngum á göngunni löngu til jafnra tækifæra, sjálfstæðis og raunverulegs kvenfrelsis. Enn eru launamál kvenna í ólestri og þjóðfélaginu til skammar. Við höfum verk að vinna í baráttunni við heimilisofbeldi, misnotkun á börnum og meðferð dómstóla á þeim málum. Heilsa kvenna er að verða eitt helsta viðfangsefni kvennabaráttunnar í heiminum svo ekki sé minnst á hlut kvenna í stjórnkerfinu og stjórnun atvinnulífsins hvort sem það er á sviði fyrirtækjanna eða hreyfinga launafólks. Öll þessi mál munu einkenna stjórnmál 21. aldarinnar auk margra annarra.

Hæstv. forseti. Þessa dagana erum við kvennalistakonur spurðar: Hvað nú? Hvert liggur leiðin? Það ríkir nokkur áhugi á því að sameina núv. stjórnarandstöðuflokka í kosningabandalagi sem freisti þess að ná völdum í næstu kosningum og það er biðlað stíft eins og heyra mátti í kvöld. En innan okkar raða eru deildar meiningar um þá leið. Ná völdum til að gera hvað? Hvert skal halda? Eru biðlarnir reiðubúnir til að ganga inn á braut aukins lýðræðis, hlusta á fólkið, og virða vilja þess? Eru þeir tilbúnir til að gera raunverulega umhverfisvernd að meginviðfangsefni stjórnmálanna og stýra íslensku samfélagi í átt til sjálfbærrar þróunar eins og okkur ber? Eru þeir reiðubúnir til að rétta hlut kvenna á öllum sviðum og greina samfélagið út frá þeirri staðreynd að konur og karlar standa ójafnt að vígi í lífsbaráttunni?

Að lokum, hæstv. forseti. Ég vildi óska þess að við kvennalistakonur fengjum svipað tækifæri og þeir Tryggvi Þórhallsson og Jónas frá Hriflu árið 1927 til að róta ærlega upp í samfélagi okkar. Breyta og bæta þannig að við gætum haldið inn í nýja öld þar sem raunverulegt lýðræði ríkir, samfélag sem tryggir þegnum sínum jafnrétti, jöfnuð og réttlæti. Hverjir vilja leggja okkur og kvennabaráttunni lið á þeirri leið og hvernig? Það er sú spurning sem ég vil fá svar við áður en lengra verður haldið.

[22:51]

Útbýting þingskjala:

Búnaðargjald, 478. mál, brtt. minni hluta landbn., þskj. 1283.

Vegáætlun 1997–2000, 309. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1284; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 1285; nál. minni hluta samgn., þskj. 1286.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 493. mál, brtt. ÁRÁ, þskj. 1295.

Fundi slitið kl. 22:53.

---

127. FUNDUR

fimmtudaginn 15. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103, nál. 1102, brtt. 1103, 1134, 1148 og 1163. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350, nál. 1000, 1224 og 1238, brtt. 1001, 1225 og 1239. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

3. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 424. mál, þskj. 728, nál. 1194 og 1220, brtt. 1195. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

4. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 477. mál, þskj. 804, nál. 1197, brtt. 1198. — 2. umr.

5. Búnaðargjald, stjfrv., 478. mál, þskj. 805, nál. 1192 og 1263, brtt. 1193 og 1283. — 2. umr.

6. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 479. mál, þskj. 806, brtt. 1196. — 3. umr.

7. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 523. mál, þskj. 875, nál. 1199. — 2. umr.

8. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876, nál. 1200. — 2. umr.

9. Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, þáltill., 377. mál, þskj. 662, nál. 1202. — Síðari umr.

10. Skógræktaráætlun, þáltill., 546. mál, þskj. 900, nál. 1201. — Síðari umr.

11. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802, nál. 1264 og 1276. — 2. umr.

12. Vegáætlun 1997–2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285. — Síðari umr.

13. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055. — Síðari umr.

14. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178. — Síðari umr.

15. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898, nál. 1158. — 2. umr.

16. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 303. mál, þskj. 559, nál. 1161. — Síðari umr.

17. Vegalög, frv., 197. mál, þskj. 223, nál. 1159. — 2. umr.

18. Stephansstofa, þáltill., 354. mál, þskj. 627, nál. 1160. — Síðari umr.

19. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707 (með áorðn. breyt. á þskj. 1172). — 3. umr.

20. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, stjfrv., 493. mál, þskj. 830 (með áorðn. breyt. á þskj. 1170), brtt. 1295. — 3. umr.

21. Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, stjfrv., 444. mál, þskj. 756 (með áorðn. breyt. á þskj. 1155). — 3. umr.

22. Ríkisreikningur 1995, stjfrv., 99. mál, þskj. 102. — 3. umr.

23. Skipulags- og byggingarlög, stjfrv., 98. mál, þskj. 101 (með áorðn. breyt. á þskj. 1168). — 3. umr.

24. Vörugjald af olíu, frv., 612. mál, þskj. 1184. — 3. umr.

25. Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, stjfrv., 90. mál, þskj. 92 (með áorðn. breyt. á þskj. 1083), brtt. 1282. — 3. umr.

26. Umboðsmaður Alþingis, frv., 244. mál, þskj. 381, nál. 1240, brtt. 1241. — 2. umr.

27. Ríkisendurskoðun, frv., 262. mál, þskj. 497, nál. 1236, brtt. 1237. — 2. umr.

28. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 413. mál, þskj. 714, nál. 1267, brtt. 1268. — 2. umr.

29. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 529. mál, þskj. 881, nál. 1269 og 1271, brtt. 1270. — 2. umr.

30. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907, nál. 1182. — Frh. 2. umr.

31. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908, nál. 1183. — Frh. 2. umr.

32. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.

33. Efling íþróttastarfs, þáltill., 363. mál, þskj. 640, nál. 1223. — Síðari umr.

34. Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, stjtill., 608. mál, þskj. 1157. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Magnús Stefánsson, 3. þm. Vesturl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Tilkynning um dagskrá.

[10:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Klukkan 1.30 fer fram umræða utan dagskrár um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla. Málshefjandi er Svanfríður Jónasdóttir og menntmrh. verður til andsvara. Það er hálftíma umræða.

Að öðru leyti vill forseti taka fram um fundarhaldið í dag að atkvæðagreiðslur hefjast innan skamms um þrjú fyrstu dagskrármálin og síðan verður farið í dagskrána samkvæmt röðinni. Hlé verður milli kl. 1 og 1.30. Það má búast við atkvæðagreiðslum síðar í dag, væntanlega um kl. 4 í dag. Síðan er gert ráð fyrir að fundur standi til kl. 7.

Fjárreiður ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 103, nál. 1102, brtt. 1103, 1134, 1148 og 1163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:07]

Brtt. 1103,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

14 þm. (ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, IP, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:05]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Nú kemur til atkvæðagreiðslu frv. um fjárreiður ríkisins sem unnið var í sérnefnd. Við fulltrúar jafnaðarmanna sem áttum sæti í nefndinni skrifuðum undir nál. með fyrirvara. Við styðjum brtt. sem koma frá nefndinni. Sá fyrirvari sem við gerðum lýtur að 30. gr. frv. sem við teljum vera of rúma og ekki eiga heima í þessari löggjöf.

Við erum hins vegar ekki með eins miklar áhyggjur af 33. gr. og aðrir félagar okkar sem hafa flutt brtt. við þá grein. Við munum ekki greiða atkvæði með þeim brtt. Við munum hins vegar styðja brtt. hv. þm. Ögmundar Jónassonar um að fella brott 30. gr. einfaldlega vegna þess að við teljum að sú löggjöf í þessu formi eigi ekki heima inni í frv. um fjárreiður ríkisins.

Að öðru leyti styðjum við frv., teljum það merka lagasetningu og munum fylgja með jákvæðu hugarfari öllum þeim brtt. sem nefndin leggur til.

[10:06]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Það er sitthvað gott um þetta frv. að segja og til marks um það styð ég 1. gr. frv. og greiði atkvæði með henni. Í frv. eru einnig svo forkastanlega hluti að finna, eins og ég hef rækilega gert grein fyrir í umræðum um frv. og mun ég því ekki styðja aðrar greinar frv. og greiða atkvæði gegn 30. gr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1103,2–15 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, JBH, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3.–29. gr., svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1163 felld með 32:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, JBH, LB, MF, ÓÞÞ, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (KHG, KH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:09]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Hér er lagt til að felld verði niður lagagrein sem opnar á stórfellt valdaafsal Alþingis í hendur framkvæmdarvalds, einstakra ráðherra og þó fyrst og fremst fjmrh. Honum er fengið vald til að gera grundvallarbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi almannaþjónustunnar og einkavæða hana ef því er að skipta.

Menn geta haft á því ólíkar skoðanir hvaða fyrirkomulag eigi að hafa á rekstri almannaþjónustunnar og almennt þeirri starfsemi sem rekin er fyrir almannafé. En alþingismenn hafa þann rétt að hafa á þessu skoðun og með atkvæði sínu í þingsal að hafa áhrif á allt fyrirkomulag. Með 30. gr. laganna er verið að svipta alþingismenn áhrifum, í besta falli draga úr þeim, og nú fæst úr því skorið hver vilji alþingismanna sjálfra er. Þeir sem vilja efla lýðræðið styðja þessa tillögu sem nú er verið að greiða atkvæði um. Þeir sem vilja firra sig ábyrgð gagnvart áframhaldandi forstjóravæðingu, áframhaldandi einkavæðingu, eru á móti. Það segir sig sjálft.

[10:11]

Sturla Böðvarsson:

Hæstv. forseti. Sú tillaga sem hér er verið að greiða atkvæði um, þ.e. að fella niður 30. gr., er byggð á misskilningi. 30. gr. eins og hún er úr garði gerð eftir að sérnefndin hefur gert brtt. við hana gengur út á að setja skýran ramma um þá samninga sem gerðir eru um rekstrar- og þjónustuverkefni. Það er afar mikilvægt. Í brtt. sérnefndarinnar er gert ráð fyrir að Alþingi fjalli um þá þjónustusamninga sem fyrirhugað er að gera um leið og fjallað er um fjárlög. Í fjárlagafrv. verði lögð fram áætlun til þriggja ára um rekstrarverkefnin þar sem kemur fram kostnaður við þau og ávinningur ríkisins af slíkum þjónustusamningum. Í ljósi þess tel ég alveg fráleitt að fella burt þessa mikilvægu 30. gr. gr. og greiði því atkvæði gegn þeirri tillögu sem hér er verið að fjalla um.

Brtt. 1103,16 samþ. með 35:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: HG, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, JóhS, JBH, KHG, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:12]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Við þingmenn jafnaðarmanna greiddum atkvæði með því að þessi grein yrði felld niður, m.a. vegna þess að þau ákvæði eiga ekki heima að okkar mati í frv. um fjárreiður ríkisins. Nú kemur sjálf greinin til atkvæða og úr því að sú fyrri var felld, þá vil ég lýsa því að þessi grein tók mjög miklum breytingum í störfum nefndarinnar. Um það bil tæpur helmingur af efnisbreytingum sem nefndin gerði fjallar um þá grein. Komið var verulega til móts við sjónarmið okkar stjórnarandstæðinga við útfærslu og betrumbót á greininni. Hún er hins vegar enn of víð og of miklar heimildir eru veittar með þeirri grein. Þó er nauðsynlegt að löggjöf sé sett um þjónustusamninga almennt en við höldum okkur fast við okkar fyrirvara sem við gerðum í nál. og munum því ekki greiða atkvæði þegar brtt. kemur til atkvæða.

31.–32. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1148 felld með 34:8 atkv. og sögðu

já: BH, HG, KHG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KPál, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, JóhS, JBH, KH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1134 felld með 30:9 atkv. og sögðu

já: BH, KHG, KH, MF, ÓÞÞ, SJóh, SJS, SvG, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, ÓE, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁ, HjÁ, HG, JóhS, JBH, KÁ, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:15]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er til atkvæða orðrétt úr stjórnarskránni það sem fjallar um heimildir til útgreiðslu á fjármunum. Ef þessi grein hefði verið felld undir réttum texta, þ.e. að það hefði verið tilkynnt sem breyting á stjórnarskránni, þá hefði átt að rjúfa þing og efna til kosninga. Það vilja stjórnarandstæðingar greinilega ekki, en stjórnarsinnar að sjálfsögðu flestir hamast nú gegn því og við skiljum það.

Ég vek athygli á þessu hvort sem tillagan verður felld eða ekki, þá gilda ákvæði stjórnarskrárinnar og drottna yfir öllum öðrum lögum eins og þau hafa gert til þessa og Alþingi Íslendinga gerir sig aðeins að þeim ómerkingi að samþykkja lög sem ekki standast stjórnarskrána.

Brtt. 1103,17 samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

7 þm. (BH, HG, KHG, MF, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

33. gr., svo breytt, samþ. með 45:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: KHG, ÓÞÞ.

7 þm. (BH, HG, MF, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

34. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (HG, KHG, ÓÞÞ, PHB, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1103,18–28 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (HG, ÓÞÞ, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

35.–51. gr. (verða 35.–52. gr.), svo breyttar, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1103,29 (ákv. til brb. I falli brott) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II (verður ákv. til brb. I) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, BBj, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (HG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Um fundarstjórn.

Atkvæðaskýringar.

[10:21]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það gerðist við atkvæðagreiðslu áðan, sem er raunar ekkert einsdæmi, að umræða er hafin um mál. Ég hafði skilið hæstv. forseta svo fyrr á þessu þingi þegar hann minnti þingmenn á það að ætluðu þeir að gera grein fyrir atkvæði sínu, þyrftu þeir að gefa merki um það strax og grein gengur til atkvæða. Hér gerðist það hins vegar að hv. þm. Ögmundur Jónasson gerði grein fyrir atkvæði sínu í upphafi en þegar hann var langt kominn með sitt mál, þá biður annar hv. þm. um orðið, greinilega til þess að svara viðkomandi þingmanni. Ég sem þingmaður hlýt að spyrja hvar mörkin liggi í þessu efni? Mér sýnist að í raun sé verið að halda þannig á málum að hægt sé að fara í umræðu, viðbótarumræðu, undir því formi eins og á þessu er haldið öðru hvoru. Ég bið forseta um að taka þetta ekki sem gagnrýni eða sérstakar aðfinnslur heldur er þetta áhyggjuefni af minni hálfu vegna þess að ég veit ekki sem þingmaður hver minn réttur er að þessu leyti.

[10:22]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Vegna orða hv. þm. vill forseti taka fram að hann hefur áður minnt á það að þegar menn gera grein fyrir atkvæði sínu þá eiga þeir að gera það en ekki að hefja umræður að nýju. Það hefur hins vegar komið fyrir að forseti hefur ekki tekið eftir þegar menn hafa beðið um orðið og var ekki viss í sinni sök í tilvikinu áðan. Það var ástæðan fyrir því að hann gaf hv. 2. þm. Vesturl. orðið.

En þær ábendingar hv. 4. þm. Austurl. eru réttmætar að menn hefji ekki umræður um mál sem umræðum er lokið í þegar þeir eru að gera grein fyrir atkvæði sínu og jafnframt gefi merki strax í upphafi hvort þeir ætla að gera grein fyrir atkvæði sínu.

Samningsveð, frh. 2. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 350, nál. 1000, 1224 og 1238, brtt. 1001, 1225 og 1239.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:23]

1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

3. gr., 1.–3. mgr., samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GE) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FI, GÁS, GGuðbj, MS, MF, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1225 felld með 31:23 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, GuðjG, GHall, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:25]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Þessi tillaga gengur út á að létta af þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur um hvort heimilt sé að veðsetja aflaheimildir með skipi einar og sér eða með skipi. Með tillögunni eru öll tvímæli afdráttarlaust tekin af og veðsetning aflaheimilda bönnuð alfarið einar og sér eða með skipi. Ég segi já.

[10:25]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í þessari grein, sem hér er gerð tillaga um að breyta, er verið að heimila veðsetningu á auðlindinni sem er sameign þjóðarinnar, grafa undan sameignarákvæðum laga um stjórn fiskveiða, ýta undir kvótabrask og flýta fyrir samþjöppun aflaheimilda til fárra útgerðaraðila og auka ítök fjármálastofnana í framkvæmd fiskveiðistefnunnar. Einnig er með þessu ákvæði verið að þrengja og torvelda möguleika til breytinga á fiskveiðistjórnarkerfinu í framtíðinni. Ég segi já við þessari brtt.

Brtt. 1239,a felld með 31:20 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JóhS, JBH, KÁ, KH, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (GuðjG, GHall, HjÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:27]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að þessi brtt. byggist á einhverjum misskilningi vegna þess að, með leyfi forseta, hljóðar fyrri málsl. svona:

„Eigi er heimilt að veðsetja réttindi til nýtingar í atvinnurekstri, sem skráð eru opinberri skráningu á tiltekið fjárverðmæti og stjórnvöld úthluta lögum samkvæmt, t.d. aflahlutdeild fiskiskips og greiðslumark bújarðar.“ Sem sagt, eigi er heimilt að veðsetja kvóta. Svo vilja hv. þm. bæta við: „enda skapar úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði yfir réttindunum.“ Þarna vantar eitthvað í hugsunina og fyrir utan það að þetta er algerlega óþarft þar sem ekki er heimilt að veðsetja kvóta og ég segi að sjálfsögðu nei við þessari brtt.

[10:28]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Þessar brtt. ganga út á að gera lagatextann þannig úr garði að hann grafi ekki undan sameignarrétti þjóðarinnar á auðlindum hafsins. Talsverðar umræður hafa orðið um 4. mgr. 3. gr. frv. og hvað sá texti þýðir í reynd. Í reynd þýðir hann að ekki er heimilt að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega, en heimilt er að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. Þetta er kjarni málsins og gegn því að heimila veðsetningu á kvóta hefur meiri hluti alþingismanna talað utan veggja Alþingis. Nú reynir á hvað hann gerir innan veggja Alþingis.

[10:29]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í fyrri málsl. 4. mgr. 3. gr. er lagt blátt bann við því að veðsetja aflaheimildir. Það er skýrt og skýlaust í ákvæði greinarinnar. Með þeirri viðbót sem hér er lögð til næst ekki fram nein endurbót á því ákvæði. Það er þegar strangt fyrir og eina hættan sem menn geta tekið með því að bæta þessu við er að draga úr gildi ákvæðisins. Því segi ég nei.

[10:29]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessari brtt. er verið að styrkja sameignarákvæði í lögum um stjórn fiskveiða þannig að skýrt komi fram í þessum lagatexta að þrátt fyrir umrætt ákvæði 4. tölul. 3. gr. myndi úthlutun slíkra réttinda ekki eignarrétt. En um það kom ábending í lögfræðiáliti sem allshn. fékk. Ég segi já við þessari tillögu.

[10:30]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Auðæfi hafsins eru sameign íslensku þjóðarinnar. Efist einhver um það verður hann að gera sér grein fyrir því að til þess að láta þau af hendi hefði þurft að selja þau. Lögum eins og þessum er hægt að breyta á hvaða þingi sem er þannig að það fyrirkomulag sem í dag er á að veita þeim réttindum til aðila til nytja. Það er stundlegt eins og öll lagasetning. Þess vegna er það út í hött að halda því fram að verið sé að afsala þeim réttindum frá þjóðinni þó að Alþingi setji lög sem hafa sett leikreglur um það hvernig staðið er að nytjun miðanna.

Brtt. 1239,b felld með 31:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁRJ, BH, GE, GuðjG, GHall, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE.

nei: BBj, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GB, GÁ, ÓÞÞ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÓE.

9 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:33]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að heimila veðsetningu á kvóta með skipi sem framsóknarmenn sögðu í kosningabaráttunni að þeir mundu aldrei styðja. Útgerðarmenn fá nú ókeypis afnotarétt af auðlindinni og mega síðan fara með veiðiheimildirnar að vild, láta þær ganga kaupum og sölum og nú á að heimila að veðsetja aflaheimildirnar eins og hverja aðra þinglýsta eign þeirra. Með þessu ákvæði eru forréttindi þeirra fullkomnuð. Hér er lagt til að þetta ákvæði um veðsetningu á kvóta falli brott. Ég segi já.

[10:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ekki hafa komið fram nein þau rök sem réttlæta breytingu frá núverandi ástandi sem er þannig að veðkröfuhafar á skipi eiga enga tryggingu í þeim verðmætum sem kunna að vera í þeim aflaréttindum sem fylgja skipinu. Ég er því ekki stuðningsmaður þess að tryggja stöðu bankanna umfram það sem nú er og segi já við þessari brtt. en tek skýrt fram að það er mitt álit að þrátt fyrir þetta ákvæði síðari hluta 4. mgr. 3. gr. sé ekki verið að heimila veðsetningu á aflahlutdeild. Allar fullyrðingar um slíkt eru fráleitar að mínu viti. Ég segi já.

[10:36]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Meðferð þessa máls hvað varðar veðsetningu eða ekki veðsetningu veiðiheimilda hefur verið eitt klúður frá upphafi, bæði hjá fyrrv. og núv. ríkisstjórn. Það hefði aldrei átt að taka upp í frv. nein ákvæði sem heimiluðu eða ekki heimiluðu til eða frá veðsetningu veiðiréttar. Það fyrirkomulag sem í gildi hefur verið hefði sem best mátt halda áfram.

Af þeim kostum sem nú eru í boði er sá skástur að fella niður þennan umdeilda málslið og láta að því leyti óbreytt ástand ríkja. Það að samþykkja þetta frv. eins og það er sem bannar í orði kveðnu veðsetningu veiðiréttar í einni setningu, en leyfir hana síðan í þeirri næstu og gerir reyndar meira. Lögfestir allan veiðirétt á fiskiskipum sjálfkrafa sem veð fyrir hverri krónu sem út á þau er lánuð. Það er skrípaleikur í lagasetningu. Það er fáránleg efnisleg niðurstaða og Alþingi til skammar að ganga þannig frá málinu.

Ég tel því skásta kostinn þann, herra forseti, að fella þennan málslið niður og segi já.

[10:37]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Með þessu ákvæði er verið að tryggja inneignir almennings í bankastofnunum. Það kemur í veg fyrir að útgerðaraðilar geti selt kvóta frá skipi án heimildar bankastofnunar. Meðal annars vegna hagsmuna almennings

er nauðsynlegt að þetta ákvæði sé í lögum og ég segi nei.

3. gr., fyrri málsl. 4. mgr., samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

3 þm. (GE, JBH, SighB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FI, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., síðari málsl. 4. mgr., samþ. með 32:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, VE, ÞorstP, ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, ÓÞÞ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StB, ÓE.

nei: ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, BH, GE, GuðjG, GHall, HG, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG.

8 þm. (TIO, ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG) fjarstaddir.

10 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við núgildandi aðstæður hafa heljartök banka og lánastofnana á útgerðum, skipum og þar með veiðiréttindum farið vaxandi eins og ég sýndi ótvírætt fram á við 2. umr. þessa máls. Bankarnir sjá alltaf um sig og hafa þegar fundið leiðir til þess að tryggja hagsmuni sína með aðferðum sem eru útgerðinni dýrari en þyrfti að vera og ætti að vera þeim umhugsunarefni sem segjast vilja hafa í heiðri 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Jafnframt liggur fyrir að sú réttarlega óvissa sem ríkir nú hefur valdið erfiðleikum í rekstri hinna minni og veikari útgerða. Slíkt ástand er óviðunandi, skapar ójafnræði í greininni, hinum sterkari í vil en hinum veikari í óhag og mun leiða til meiri valdasamþjöppunar í sjávarútveginum í landinu.

Þessi lagasetning nú mun síður en svo gera það erfiðara að breyta núverandi kerfi fiskveiðistjórnar í landinu skapist til þess pólitískur vilji. Því segi ég já.

[10:44]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Að veita útgerðarmönnum rétt til veðsetningar kvótans er þvert á áður sett lagaákvæði um að auðlindirnar í hafinu séu sameign þjóðarinnar. Þetta ákvæði mun enn fremur veita þeirri óáran brautargengi sem því miður hefur allt of lengi gengið í viðskiptum milli útgerðarmanna með kvótann. Ég segi nei.

[10:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er ekki um veðsetningu aflaheimilda að ræða. Það er bannað samkvæmt fyrri hluta greinarinnar. Hér er hins vegar, hv. þingmenn, um kvaðabindingu að ræða sem gengur út á að eigandi skips sem selur aflaheimildir frá skipi sínu verði áður að gera upp við peningastofnanir landsins eða að fá leyfi þeirra. Þýðir það á manna máli að komið er í veg fyrir það að þriðji aðilinn þurfi að borga brúsann ef gjaldþrot verður, að menn hafi ekki heimild til að selja eignina, skilja eftir verðlausan skipsskrokk í fjörunni. Þessi lög munu ekki veikja eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni né möguleika á breytingum á fiskveiðistjórnarlögunum. Þær verða áfram fyrir hendi. Ég segi já.

[10:46]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að auka öryggi í viðskiptum. Ef menn borga ekki skuldir sínar getur skuldahafinn gengið að eignum þeirra. Kvóti er fjárverðmæti sem gengur kaupum og sölum og heimilt verður að taka veð í skipi og kvóta sameiginlega. Óeðlilegt væri að undanþiggja þessi verðmæti almennum ákvæðum. Allar eigur manna eiga að koma til álita þegar svo ber undir. Annars geta menn keypt ákveðna tegund af eign, keypt kvóta, sett sig í skuldir, selt síðan kvótann en látið aðra um að borga skuldirnar. Slíkir viðskiptahættir sem fælust í því að fiskveiðikvótinn væri utan þessara almennu ákvæða væru hvort tveggja í senn löglausir og siðlausir. Ég segi já.

[10:47]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Með þessu ákvæði er verið að eyða réttaróvissu sem hefur ríkt um aðskilnað aflaheimildar frá fiskiskipi. Ef það hefði ekki verið gert hefði verið hætta á að útgerðir og sérstaklega smærri útgerðir hefðu lent í öðrum áhættuflokki hjá bönkum í útlánum og rýrt kjör sjávarútvegsins. Þetta ákvæði grefur ekki undan 1. gr. fiskveiðistjórnarlaganna. Það hefur komið skýrt fram í störfum allshn. Þess vegna segi ég já.

[10:48]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Með samþykkt þessarar málsgreinar er verið að heimila veðsetningu aflaheimilda með skipi. Þar styðst ég við álit eins virtasta lagaprófessors landsins og virtra lögmanna. Þessi liður mun leiða til gríðarlegrar samþjöppunar aflaheimilda, meiri en við höfum séð til þessa. Viljum við að fáein stórfyrirtæki stjórni því hvort heilu landshlutarnir lifi eða deyi?

Þeir sem greiða þessari málsgrein atkvæði sitt eru vísvitandi og með opin augun að samþykkja veðsetningu aflaheimilda með skipi með þeim afleiðingum sem því fylgir. Það vil ég ekki, ég segi nei.

[10:49]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa ákvæðis er fjögurra ára þrautagöngu hæstv. dómsmrh. sennilega lokið. Honum hefur lokst tekist að tryggja hagsmuni þeirra sem minna mega sín í samfélaginu, lánastofnana, banka og sjóða. Framsfl. hefur gengið undir í baráttu hans og hjálpað honum að koma þessu í gegn. Ég harma árangur hæstv. dómsmrh. og Framsfl. og segi nei.

[10:50]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan að með þeirri afgreiðslu sem fer fram í dag sé verið að tryggja hagsmuni lánardrottna betur en gert hefði verið. Í þeim orðum liggur viðurkenning á því að verið er að gera þetta með því að heimila veðsetningu aflaheimilda. Ég hins vegar undra mig á skammsýni hv. þingmanna. Gera þeir sér ekki ljóst að við lifum nú í frjálsu viðskiptaumhverfi? Með því að heimila veðsetningu aflaheimilda, eins og hér er gert, er verið að heimila erlendum lánardrottnum íslenskra útgerðarfyrirtækja að taka veð í aflaheimildum, þ.e. í sameiginlegri

auðlind þjóðarinnar. Þetta gera þeir þingmenn sem á sama tíma hafna því að þjóðin sjálf fái að njóta eyris virðis af þessari sameiginlegu auðlind.

Fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að loknum kosningum á að vera að endurskoða þessa grein þar sem verið er að færa erlendum lánardrottnum möguleika á að taka veð í verðmætustu auðlind íslensku þjóðarinnar. Ég segi að sjálfsögðu nei.

[10:52]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Það frv. sem við erum að greiða atkvæði um tryggir það að ekki sé heimilt að veðsetja aflaheimildir. Viðar Már Matthíasson, prófessor í Háskóla Íslands, sem kennir fjármunarétt og Þórunn Guðmundsdóttir, formaður Lögmannafélagsins, staðfesta í áliti sínu til þingsins það sem við höfum einmitt verið að halda fram, að hér er ekki um heimild til að veðsetja kvóta.

Ég er andstæðingur þess að heimila veðsetningu á kvóta og hef fylgst náið með þessu máli og styð það því heils hugar. Það ákvæði sem við erum að greiða atkvæði um núna tryggir að ekki sé hægt að ganga á bak við lánardrottna og það er alveg sjálfsögð krafa og því segi ég já.

[10:53]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál fékk mjög ítarlega umfjöllun í allshn. og var tekið fyrir á mörgum fundum. Leitað var álits sérfræðinga og fjöldi umsagna barst og mæltu þeir flestir með samþykkt þess. 4. mgr. 3. gr. frv. bannar veðsetningu á aflahlutdeild einni sér og bannar síðan framsal ef skipið hefur verið veðsett nema veðhafar leyfi það sérstaklega.

Í lögfræðiálitum sem allshn. óskaði eftir kemur skýrt fram að samþykkt frv. dregur ekki úr vægi 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða né heldur gerir ríkið bótaskylt þótt fiskveiðikerfinu verði breytt. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem nauðsynlegt er að taka á til að eyða réttaróvissu. Ég segi já.

4.–28. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁRJ, GE, GuðjG, HG, JBH, MF, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1001,1 (ný fyrirsögn 29. gr.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

9 þm. (ÁE, GE, HG, JBH, KÁ, MF, SighB, SJS, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, ÁRJ, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

29.–30. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JBH, SighB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1001,2 (ný fyrirsögn 31. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

7 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, HG, JBH, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DO, GuðjG, GÁS, GGuðbj, HÁs, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

31.–47. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

6 þm. (GE, HG, JBH, MF, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1001,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JBH, KÁ, MF, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SJS, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

48. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, HG, JBH, KÁ, MF, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, StG, SvanJ, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: GE.

10 þm. (ÁRJ, HG, JóhS, JBH, KÁ, MF, SighB, SJS, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 728, nál. 1194 og 1220, brtt. 1195.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]

Brtt. 1195,1 samþ. með 40:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [10:59]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Þrátt fyrir að þetta frv. sé liður í góðri þróun, þá er ég á móti því að stofna opinbera lánasjóði og viðhalda þeim. Ég er enn fremur á móti því að leggja skatta á fátæka bændur til að ríkir bændur geti fengið lán. Ég er á móti því að örva bændur til fjárfestinga sem ekki geta skilað arði. Ég segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 41:2 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: EgJ, PHB.

11 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, RG, SighB) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1195,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, ÓÖH, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,3 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,4 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: StB*.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, GGuðbj, ÍGP, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

5. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,5 (ný 6. gr.) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,6 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, DO, GHH, GÁS, GÁ, GGuðbj, MS, ÓÞÞ, RA, RG, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 38:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh*, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
nei: EgJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GÁ, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 1195,7 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, IP, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, HBl, IP, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1195,8 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
14 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1195,9 (ný grein, verður 12. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, DO, EOK, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1195,10 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FrS, GHall, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1195,11 (ákv. til brb. falli brott) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, JBH, KÁ, KH, LB, MF, PHB, RG, SighB, ÖS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, FrS, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

5 þm. (GE, JóhS, KÁ, KH, RG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, DO, GÁS, GGuðbj, MS, RA, StG, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 2. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 804, nál. 1197, brtt. 1198.

[11:09]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Landbn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Meginhluti þeirra tillagna felst í að orðalag frumvarpsins verði samræmt skilgreiningum sem fram koma í 2. gr. Ástæða er þó til að gera sérstaklega grein fyrir nokkrum af breytingartillögunum.

Rétt þykir að tala alfarið um kjötskoðunarlækna í stað þess að greina á milli héraðsdýralækna og kjötskoðunarlækna. Í því sambandi er lögð til sú breyting á skilgreiningu orðsins „kjötskoðunarlæknir" að talað verði um „héraðsdýralækna, eða aðra dýralækna samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis".

Ég vil hlaupa á nokkrum greinum sem breytingar eru gerðar við til þess að stytta mál mitt sem allra mest.

Lagt er til að í 5. gr. verði tekið skilyrði um að hverju sláturhúsi beri að hafa löggiltar vogir.

Lagt er til að orðalag 2. mgr. 6. gr. verði mildað. Að jafnaði hlýtur sá einn að vera ráðinn sláturhússtjóri er hefur menntun eða reynslu á sviði stjórnunar og rekstrar. Nefndin telur ekki ástæðu til að ráðherra setji sérstakar reglur um hæfisskilyrði þeirra. Þá telur nefndin ekki að svo komnu rök fyrir því að lögfesta afdráttarlaust skilyrði um að slátrarar skuli hafa slátraramenntun. Ekki hefur verið boðið upp á slíka menntun hér á landi til þessa, nema í formi stuttra námskeiða sem haldin hafa verið. Nefndin telur að sjálfsögðu eðlilegt að sláturleyfishafar tryggi að starfsfólk þeirra hafi þá þekkingu sem þarf til að geta sinnt starfi sínu eins og best verður á kosið. Meðan ekki er til staðar fullgild slátraramenntun hér á landi, til samræmis við það sem gerist í nálægum löndum, telur nefndin hins vegar ekki forsendur fyrir því að setja óundanþægt skilyrði um ráðningu slátraramenntaðra manna inn í lögin — og breytir þar aðeins orðalagi.

Nefndin leggur til að við frumvarpið bætist ákvæði um heimild fyrir ráðherra til að afturkalla löggildingu sláturhúsa ef sláturleyfishafi brýtur gegn ákvæðum laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim.

Í umsögn Landssambands sláturleyfishafa til nefndarinnar kom fram að nauðsyn væri á að marka skýra línu milli verksviðs kjötskoðunarlækna annars vegar, sem heyra undir landbúnaðarráðherra, og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hins vegar, sem heyrir undir umhverfisráðuneyti. Í dag væri málum þannig háttað að kjötskoðunarlæknir sæi um allt eftirlit annað en hvað varðar aðstöðu starfsfólks, frárennslismál og sýnatökur á vatni sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sæi um. Slíkt tvöfalt kerfi væri dýrara og óhagkvæmara bæði fyrir ríkið og sláturhúsin. Þá hefur borið á því að óljós skil þarna á milli hafi leitt til ágreinings milli kjötskoðunarlækna og heilbrigðiseftirlits í sambandi við einstök sláturhús. Landbúnaðarnefnd tekur undir gagnrýni sláturleyfishafa í þessu sambandi og beinir þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að hann hlutist til um, í samráði við umhverfisráðherra, að koma þessum málum í betra horf.

Um þetta mál er alger samstaða í landbn. og skrifa allir nefndarmenn undir álitið.

Ég legg til að lokum, hæstv. forseti, að þetta frv. verði gert að lögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 805, nál. 1192 og 1263, brtt. 1193 og 1283.

[11:14]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta landbn. Ég vil fyrsta segja um það frv. sem hér liggur fyrir um búnaðargjald að verði það að lögum mun það spara vinnu hjá milliliðum og framleiðsluráði og gera búnaðargjaldið sýnilegra þeim sem greiða til Stofnlánadeildar og félagskerfis landbúnaðarins. Að því leyti er hér um mál að ræða sem sparar peninga og gerir hlutina sýnilegri.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er grein fyrir á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi, ef ég hleyp á helstu atriðum.

Lögð er til breyting á síðari málslið 2. gr. varðandi það hverjir teljist undanþegnir gjaldskyldu. Í frumvarpinu eins og það var lagt fram er gert ráð fyrir að þeir búvöruframleiðendur verði undanþegnir greiðslu búnaðargjalds sem hafa skattskylda veltu undir 212.900 kr. á ári. Hagkvæmara þykir við framkvæmd laganna að miða við að þeir búvöruframleiðendur verði gjaldskyldir sem eru og eiga að vera virðisaukaskattsskyldir. Því er lagt til að þeir verði undanþegnir búvörugjaldi sem hvorki eru skráningarskyldir né á

skrá yfir virðisaukaskattsskylda aðila. Þetta auðveldar bæði framkvæmd og eftirlit og meiri festa verður í skrá yfir gjaldskylda aðila.

Breytingartillaga við 3. gr., sem fjallar um gjaldstofn búnaðargjalds, miðar að því að lagfæra tilvísanir í lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og gera greinina skýrari.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að staðgreiðslu búnaðargjalds sé skilað á reglulegum gjalddögum virðisaukaskatts. Í 1. mgr. 33. gr. laga um virðisaukaskatt er heimild til handa þeim sem stunda landbúnað til að fara fram á aukauppgjör á virðisaukaskatti. Þeir sem það kjósa gera þá jafnan upp útskatt af skattskyldri veltu samhliða kröfu um endurgreiðslu á innskatti. Lagt er til að 4. gr. verði breytt þannig að miðað verði við slíkt aukauppgjör í sambandi við skil á búnaðargjaldi. Þetta þykir betri aðferð þar sem annars getur orðið ósamræmi á milli virðisaukaskattsskila og skila á búnaðargjaldi, gjaldandanum til ópæginda.

Lagt er til að við 5. gr., er fjallar um innheimtu búnaðargjalds, bætist heimild fyrir skattstjóra til að leggja sérstakt 20% vanskilaálag á vangoldið búnaðargjald þegar álagning þinggjalda fer fram. Álagið ásamt því sem vangoldið er verði síðan innheimt á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru á árinu. Álagið er ákvarðað nokkuð hátt til að tryggja sem best skil á búnaðargjaldi. Þá er lagt til að um endurgreiðslu ofgreidds búnaðargjalds fari eftir 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ein mikilvægasta breytingartillaga nefndarinnar varðar 6. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hvernig tekjum af búnaðargjaldi skuli skipt. Lagt er til að ráðstöfun tekna af búnaðargjaldi verði lögbundin. Til að gera það framkvæmanlegt er lagt til að birtur verði viðauki við lögin þar sem nánari skipting á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs er sundurliðuð. Þá kemur einnig fram í viðaukanum skipting gjaldsins á milli Lánasjóðs landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Lögð er til breyting á ákvæði til bráðabirgða I til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 6. gr. og þá breytingu sem meiri hlutinn leggur til að gerð verði við lánasjóðsfrumvarpið um lækkun á neytenda- og jöfnunargjaldi til Stofnlánadeildarinnar það sem eftir er ársins.

Loks er lagt til að bætt verði við ákvæði til bráðabirgða um að fram til ársloka 1999 skuli 1% af óskiptum tekjum búnaðargjalds, í stað 0,5% skv. 4. mgr. 6. gr., renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laganna. Ljóst er að breytt innheimtufyrirkomulag kallar á nokkurn stofnkostnað í upphafi, svo sem breytingu á hugbúnaði og eyðublaðagerð. Í ljósi þessa þykir rétt að innheimtuþóknun verði árin 1998 og 1999 tvöfalt hærri en lögin kveða á um.

Undir þetta nefndarálit skrifa sex af níu nefndarmönnum, þ.e. auk þess sem hér talar, Guðjón Guðmundsson, Sigríður Jóhannesdóttir, Magnús Stefánsson, Hjálmar Jónsson, með fyrirvara, og Árni M. Mathiesen.

Breytingartillögurnar fylgja á sérstöku þingskjali og aftan á því þingskjali er tafla sem sýnir skiptingu tekna af búnaðargjaldi.

Ég vil segja um þetta mál að það kom nokkuð seint fram, en mikil vinna hefur verið lögð í það bæði í landbn. og ekki síður meðal samtaka landbúnaðarins. Bændasamtökin hafa staðið fyrir kynningu á þessari miklu breytingu með öllum búgreinafélögum, ég hygg á öllum aðalfundum búnaðarsambanda, og er góð samstaða um þessa breytingu í landbúnaðinum. Hvað skiptinguna varðar sem hér er, hvert tekjurnar skuli renna, hefur náðst alger samstaða á milli búgreinafélaganna og tel ég það mjög mikilvægt því að ég álít að bændur eigi sjálfir að ráða sínum málum og verði sjálfir að taka á og hagræða. Ég og meiri hluti nefndarinnar föllumst því á þær tillögur sem nú er samstaða um í landbúnaðinum.

Framtíðin sker svo úr um hvernig þetta mál þróast. Það er ljóst að þetta er mikið sparnaðarmál í milliliðum í landbúnaði sem krafa hefur verið um lengi. Auðvitað er það sem kannski gæti komið upp á að við vitum að sjóðagjöldin voru tekin af heildsöluverði. Þetta verður hluti afurðaverðsins og ég vona að svo verði áfram og landbúnaðinum til heilla í framtíðinni.

Ég legg til að lokum, hæstv. forseti, að þetta mál verði að lögum á þessu þingi.

[11:22]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson):

Virðulegi forseti. Ég geri grein fyrir nefndaráliti minni hluta landbn. sem auk mín hv. þm. Ágúst Einarsson stendur að. Auk þessa geri ég á eftir grein fyrir brtt. minni hlutans við frv. á þskj. 1283.

Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að gjaldtaka eins og sú sem hér er ætlað að koma á sé tímaskekkja, hér sé um að ræða einhvers konar aðstöðugjald eða veltuskatt sem leggst á bændur án tillits til afkomu þeirra. Minni hlutinn telur að slíkar álögur eigi að heyra sögunni til og getur ekki stutt frumvarpið, þrátt fyrir að þar sé að finna ákvæði um lækkun sjóðagjalda frá því sem nú er en samkvæmt fyrirliggjandi áætlun er ætlunin að innheimta rúmlega 370 millj. kr. á ári með búnaðargjöldum. Minni hlutinn tekur undir athugasemdir sem fram koma hjá VSÍ um að þeir sem njóti þessarar gjaldtöku séu farnir að líta á þær sem fastar tekjur og að frumvarp til laga um búnaðargjald, sem er ætlað að gilda í framtíðinni, bindi greininni sömu bagga og hafa íþyngt fortíðinni. Því telur minni hlutinn að það frumvarp sem hér er til meðferðar sé aðeins tilraun til að staga í ónýtt millifærslu- og sjóðakerfi landbúnaðarins sem fyrir löngu er gengið sér til húðar. Því getur minni hlutinn ekki stutt frumvarpið í þeirri mynd sem það er

Í fyrsta lagi leggur minni hlutinn áherslu á að hann er algerlega andvígur álögum sem byggjast á veltu búvöruframleiðslunnar án tillits til afkomu hennar. Fyrir nokkrum árum var aðstöðugjald lagt af enda gjaldið í engu samræmi við hugmyndir manna um eðlilega skattheimtu og eftirtektarvert að gamla aðstöðugjaldshugmyndin skuli ganga aftur í þessu frumvarpi. Það er eftirtektarvert að þær hugmyndir um skattheimtu sem allflestir menn hafa kastað fyrir róða skuli núna fyrst vera að koma inn í landbúnaðinn, hugmyndir sem eru hálfrar aldar gamlar og hugmyndir sem menn hafa kastað fyrir róða. Það er sorglegt til þess að vita að þetta sé nýjabrumið hjá þeim landbrh. sem nú situr. Í ljósi erfiðrar afkomu bænda undanfarin ár hlýtur minni hlutinn að gagnrýna þá forgangsröðun, sem birtist í frumvarpinu, að skylda bændur til að greiða til félagsmála- og millifærslukerfa greinarinnar án tillits til afkomu. Í þessu frumvarpi birtist því skýr vilji ríkisstjórnarinnar til að viðhalda félagsmála- og millifærslukerfi landbúnaðarins óbreyttu.

Í öðru lagi bendir minni hlutinn sérstaklega á að samkvæmt áætlun sem lögð var fyrir landbúnaðarnefnd um innheimtu og skiptingu búnaðargjalds er gert ráð fyrir því að tæpar 40 millj. kr. renni til Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Í ársreikningi Framleiðsluráðsins fyrir verðlagsárið 1994–95 kemur fram að eigið fé ráðsins er tæpar 210 millj. kr. og

umhugsunarefni hvort það eigi að vera hlutverk ráðsins að safna sjóðum á meðan afkoma bænda er ekki betri en raun ber vitni. Minni hlutinn telur að það hefði verið eðlilegra að skoða hvort ekki hefði mátt reyna að leita leiða til þess að hagræða og spara innan félagsmálakerfisins, t.d. með því að fela hlutverk ráðsins öðrum stofnunum sem fyrir eru í kerfinu, eins og Lánasjóði landbúnaðarins og Hagþjónustunni, og lækka um leið gjaldið um sem nemur hlut Framleiðsluráðs.

Virðulegi forseti. Minni hlutinn leggur fram brtt. um það að lækka búnaðargjaldið sem nemur þeim framlögum sem renna til Framleiðsluráðs og mun ég gera grein fyrir henni hér á eftir.

Í þriðja lagi vekur minni hlutinn sérstaka eftirtekt á því gjaldi sem rennur til Búnaðarsjóðs. Það rennur til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinafélaga. Með þeirri innheimtu er löggjafinn að kveða á um innheimtu félagsgjalda í gegnum skatta. Minni hlutinn minnir á að þessi innheimtuaðferð fær vart samrýmst hugmyndum manna um félagafrelsi.

Í fjórða lagi minnir minni hlutinn á eftirfarandi álit sjömannanefndar, en að því stóðu bændur ásamt fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, um þann hluta búnaðargjaldsins sem ætlað er að renni til Lánasjóðs landbúnaðarins. Taldi sjömannanefndin að „forsendur væru brostnar fyrir niðurgreiðslu vaxta á lánsfé með álagningu gjalda á innlenda búvöruframleiðslu. Horfið hafi verið frá slíkum niðurstöðum í öðrum atvinnugreinum, enda ávallt hætta á því að þær ýti undir óarðbærar fjárfestingar.“ Að mati minni hlutans hafa forsendur ekkert breyst frá samþykkt ályktunarinnar.

Virðulegi forseti. Ég hef gert í stuttu máli grein fyrir áliti minni hluta landbn. og mun greina frá þeirri brtt sem er að finna á þskj. 1283. Efnislega gengur hún út á það að sá hluti búnaðargjalds sem renna á til Framleiðsluráðs landbúnaðarins falli niður. Þar er um að ræða 0,275 af þeirri prósentutölu sem ætlað er að innheimta í búnaðargjaldi og mun þýða um það bil að meðaltali 10 þús. kr. lækkun á búnaðargjaldi á hvern bónda á ársvísu. Rökin fyrir þessu eru þau að í ljósi bágrar stöðu bænda og erfiðrar afkomu undanfarin ár, þar sem þeir hafa m.a. þurft að ganga á eigið fé sitt, sé eðlilegt að leitað sé leiða til þess að takmarka þá skattheimtu sem á bændur eru lagðar. Og þegar maður skoðar ársreikning Framleiðsluráðs landbúnaðarins, þá hlýtur manni að verða dálítið bilt við.

Ef maður skoðar rekstrarreikning Framleiðsluráðs kemur í ljós að rekstrargjöld þessarar stofnunar standa ekki undir tekjum. Stofnun sem eitt sinn var einn maður, eitt borð og ein skúffa er núna kostnaður upp á tæpar 115 millj. á ársgrundvelli. Það kostar 115 millj. að reka Framleiðsluráð landbúnaðarins. Þetta eru ekki nýjustu tölur vegna þess að þetta er fyrir verðlagsárið 1. september 1994 til 31. ágúst 1995. Kostnaður við reksturinn á þessum tíma nemur 115 millj. Rekstrartekjur Framleiðsluráðs, ef undan eru skildar fjármunatekjur og fjármunagjöld eru tæpar 100 millj. Þessi þjónustustofnun við landbúnaðinn er dýrari í rekstur en sem nemur þeim tekjum sem henni eru ætlaðar. 115 millj. er það orðið sem eitt sinn var einn maður, eitt borð og ein skúffa.

Ef við förum yfir efnahagsreikning þessa sama ráðs þá er á þessu ári handbært fé Famleiðsluráðs 380 millj. og veltufjármunir samtals 476 millj. 981 þús. kr. Eignir samtals á árinu eru 557 millj. 437 þús. 867 kr. hið sama ár. Á móti þessu eru einhverjar skuldir en niðurstaðan er sú að ráðið, sem ætlað er að þjónusta landbúnaðinn, hefur safnað í sjóði undanfarin ár og eignarstaða ráðsins samkvæmt reikningum, sem eru að vísu orðnir gamlir en ég geri ekki ráð fyrir að hafi lækkað, óráðstafað eigið fé ráðsins eru 209.937.192 kr., óráðstafað eigið fé Framleiðsluráðs. Það eru peningar sem ráðið hefur safnað upp á sama tíma og mjög hefur kreppt að kjörum bænda. Í því ljósi telur minni hlutinn nauðsynlegt að reyna að koma a.m.k. að einhverju leyti til móts við bændur og a.m.k. fella niður þann þátt búnaðargjaldsins sem renna á til Framleiðsluráðsins. Slík ráðstöfun mundi þýða um það bil að bændur fengju 10 þús. kr. skattalækkun á ári að meðaltali og er það ekki mikið ef tillit er tekið til afkomu þeirra undanfarin ár.

Það getur ekki verið, virðulegi forseti, að þjónustuaðilar við atvinnugrein eins og bændur geti haft það sem meginhlutverk að safna upp sjóðum. Það getur ekki gengið. Samkvæmt þeim áætlunum sem liggja fyrir er ætlunin sú að til Framleiðsluráðs landbúnaðarins renni tæpar 40 millj. á næsta ári sem þýðir að verði þetta fellt niður liðu að óbreyttu um það bil 5–6 ár þar til þeir hefðu gengið á þennan sjóð. Ég er sannfærður um að í ljósi þeirrar afkomu sem bændur hafa haft við að glíma undanfarin ár sé ofureðlilegt að þeir gangi á þetta eigið fé a.m.k. og reyni að hagræða og spara í sínum rekstri til þess að hægt sé að lækka álögur á bændur. Ég trúi ekki öðru en að sjálfskipaðir hagsmunagæsluaðilar bænda á Alþingi eins og formaður landbn. og fleiri geti tekið undir það og samþykkt að við lækkum álögur sem nemur 10 þús. kr. á hvern bónda að meðaltali á ári, einkanlega í ljósi þeirrar eignarstöðu sem ég var að lesa hér upp úr og er ársreikningur Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Ekki er það nú verra, eins og kom fram í framsöguræðu hv. formanns landbn., Guðna Ágústssonar, að þær kerfisbreytingar sem hér er þó verið að ráðast í munu þýða minni vinnu fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins og enn frekari rök í þá veru að fella niður þann hluta búnaðargjaldsins sem til ráðsins rennur.

Virðulegi forseti. Ég hef nú farið yfir álit minni hlutans og gert grein fyrir þeirri brtt. sem sá er hér talar og hv. þm. Ágúst Einarsson standa að og geri jafnframt grein fyrir því að þingflokkur jafnaðarmanna mun ekki geta stutt það frv. í heild sinni sem hér liggur fyrir. Hann mun væntanlega sitja hjá við atkvæðagreiðslu og réttlætir þá atkvæðagreiðslu þannig að það er þó verið að lækka heildarsjóðagjöld sem á bændur eru lögð.

[11:35]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Eins og nefndarálit sem hér hafa verið lögð fram bera með sér hef ég ekki skrifað nafn mitt þar undir. Ég verð að segja eins og er að það gegnir nokkurri furðu hvað lögð er mikil áhersla á að hraða afgreiðslu þessa máls. Auðvitað hefði verið hægur vandi að koma á breytingu til samræmis við það sem tekið er upp við breytingar á Stofnlánadeild landbúnaðarins í það horf sem frv. um búnaðarsjóð gerir ráð fyrir þrátt fyrir að þetta frv. væri ekki látið ganga jafnhratt fram og raun ber vitni.

Ástæðan er auðvitað sú að um þetta frv. er mikill ágreiningur innan bændastéttarinnar og í rauninni tókst ekki að afgreiða þetta mál á búnaðarþingi. Hins vegar hefur, eins og kom fram hjá frsm., hv. 2. þm. Suðurl., verið komist að niðurstöðu milli forsvarsmanna búgreinasamtakanna og forsvarsmanna Bændasamtakanna. Ég hygg að í þeim hópi hafi ekki verið t.d. fulltrúar búnaðarsambandanna, svo ég

nefni dæmi. En málið hefur það tæpa stöðu í umræðu innan landbúnaðarins að menn treysta sér ekki til þess að taka áhættu um frestun þess af þeirri ástæðu. Raunar ber þetta frv. þess merki að þar hafa menn ekki treyst sér til að taka á stórum og afgerandi málum sem þó eru í umræðunni innan bændastéttarinnar.

Það er óumdeilt að þetta frv. og þessar breytingar eru að því leyti jákvæðar að gjöld til Stofnlánadeildar landbúnaðarins lækka og í því felst að sjálfsögðu umtalsverður sparnaður og líka er óumdeilanlegt að það er farin greiðari leið að því er varðar innheimtuna. Á móti kemur að líka er farin önnur leið við álagningu og það er vissulega óhætt að setja stórt spurningarmerki við þá ákvörðun í þá veru að trúlega muni gjöld færast frá heildsölu og þar af leiðandi frá útsöluverði vörunnar yfir í skattlagningu á bóndann sjálfan. Það er alveg ljóst af þeirri umræðu sem fram hefur farið að af þessu hafa menn nokkrar áhyggjur.

Til þess að gæta alls réttlætis í þeirri frásögn, þá leyfi ég mér að vitna í greinargerð Sigurgeirs Þorgeirssonar, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ætla verður að í frjálsu verðlagskerfi séu afurðir verðlagðar út á markaðinn eins og verðþol hans er talið leyfa, en við verðlagningu milli bónda og afurðastöðvar hlýtur að vera tekið tillit til þess hvorum aðilanum ber að greiða búnaðargjaldið."

Það hlýtur sem sagt að vera tekið tillit til þess hvort það er afurðastöðin eða bóndinn sem afhendir til skattstjórans þessi 2,65% af afurðaverðinu sem hann á að reiða af höndum. Ég hef satt að segja miklar efasemdir um að það verði afurðastöðin sem gerir það heldur falli það í hlut bóndans sjálfs. Í þessari tilvitnun koma reyndar greinilega fram efasemdir um hvernig mál muni skipast með þessum hætti.

Nú er það líka svo að landbn. Alþingis hafa borist ýmsar ábendingar í þessum efnum. Sérstaklega er athyglisvert það sem kemur fram hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða og Búnaðarsambandi Dalamanna. Með því að umsögn Búnaðarsambands Dalamanna er styttri en Búnaðarsambands Vestfjarða ætla ég að leyfa mér að lesa hana í heild sinni. Í ályktuninni segir:

„Aðalfundur Búnaðarsambands Dalamanna, haldinn 1. maí 1997, mótmælir aukinni skattheimtu sem felst í álagningu búnaðargjalds þar sem engin trygging er fyrir því að bændur fái borið gjaldið uppi í hærra afurðaverði." Þetta segir Búnaðarsamband Dalamanna.

Svo kemur stutt en líka afar skýr greinargerð. Þar segir svo:

„Við kynningu á frv. er því haldið mjög á lofti að verið sé að lækka heildarálagningu sjóðagjalda. Vissulega er það rétt en með því er ekki öll sagan sögð því verið er að færa alla álagningu, og þar með talið innheimtu, sjóðagjalda beint á framleiðendur. Verði verðlagning búvöru, sem nú er háð verðlagsákvæðum, gefin frjáls er hæpið að bændur fái gjaldið borið upp gegnum verðlagið. Það þýðir aukna gjaldheimtu en á því þurfa bændur síst að halda í dag.

Einnig má á það benda að hæpið er að hafa sömu gjalddaga á búnaðargjaldi og virðisaukaskatti því að í sumum tilvikum er ekki búið að greiða bændum allt andvirði framleiðslunnar sem gjaldið er lagt á á gjalddaga virðisaukaskatta. Að lokum skal á það bent að sú breyting sem lögð er til í álagningu og innheimtu sjóðagjalda með frv. til laga um búnaðargjald kann að hafa áhrif víða innan landbúnaðarkerfisins og í ljósi þess hverjar afleiðingarnar kunna að verða ber landbn. Alþingis að skoða málið."

Þetta segir aðalfundur Búnaðarsambands Dalamanna um málið og er greinilegt af þessum orðum að mikill beygur er í þeim bændum um hvernig þessu gjaldi verði komið til skila.

Segja má að svipað komi fram hjá Búnaðarsambandi Vestfjarða en ég ætla hins vegar að tilgreina vissar röksemdir sem koma fram í umsögn Búnaðarsambands Vestfirðinga. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, það er 2. liður þessarar greinargerðar:

„Vafasamt er að samfara frjálsu verðlagi allra búvara að búnaðargjald frekar en raunar annar kostnaður bús lendi ekki sem frádrag á launatekjum framleiðenda þó annað kunni að vera ætlunin. Þar er þó frjálsu verðlagi um að kenna frekar en umræddum löggjörningi. Jafnframt má benda á ef greiðslur til bænda hækka ekki vegna breytinganna um sem nemur tilfærslu sjóðagjalda af heildsölustigi yfir á framleiðslustig, verði tilfærslan á kostnað fjölskyldulauna." Og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir.

„Samkvæmt búreikningum 1996 kostar tilfærslan á sauðfjárbúi að meðaltali 35.482 kr. eða 4,92% af launagetu alls. Á kúabúi mundi tilfærslan kosta 87.552 kr. eða 5,0% af allri launagreiðslu búsins. Laun fjölskyldu mundu í flestum tilvikum lækka um hærra hlutfall vegna aðkeyptrar vinnu."

Í greinargerð Búnaðarsambands Vestfjarða koma fram fleiri afar athyglisverðar ábendingar og það var ljóst að þessar tvær umsagnir af þeim umsögnum sem nefndinni bárust skáru sig úr efnislega þegar rætt var um málið og skýringar gefnar.

En þá er aftur eðlilegt að spyrja: Hvers vegna er verið að gera þessar breytingar? Hver er þörfin fyrir breytingarnar? Hvers vegna er verið að taka þá áhættu að færa þessi gjöld til greiðslu á framleiðendastigi í stað þess að hafa þær óbreyttar frá því sem verið hefur? Þær tvær búgreinar, sem hér er fjallað sérstaklega um, sauðfjárræktin og nautgriparæktin, greiða af búnaðargjöldunum 75–80%, $^4/_5$ hluta af þessum gjöldum. Hver eru þessi vandamál við innheimtuna? Gagnvart þessum greinum eru þau nákvæmlega ekki nein. Þetta hefur verið tekið af á heildsölustigi að langstærstum hluta og ekki hafa verið nein vandkvæði í sambandi við þá innheimtu. Vandkvæðin hafa verið við innheimtu á þeim gjöldum sem skila um það bil $^1/_5$ af þessum sköttum. Þá er það spurningin, hvers vegna eiga sauðfjárbændur og nautgripabændur að líða fyrir það?

Ég hef ekki enn fengið svar við því hvers vegna þessarar breytingar sé þörf gagnvart þeim sem hafa verið skilamenn með þessi gjöld. Því í ósköpunum mega þeir þá ekki vera í friði með það fyrirkomulag sem þeir hafa haft og þau vandkvæði sem eru á innheimtunni gagnvart öðrum gjöldum yrðu þá tekin með öðrum hætti, t.d. þeim sem hér er lagður til. Ekki mælir nokkur skapaður hlutur á móti því að þessi tilhögun yrði viðhöfð og að sú áhætta ekki tekin sem hér er horfið til að skerða tekjur þessara greina um 4–5% og hefur nú ýmsum þótt nóg um. En menn gefa sér ekki tíma eða ráðrúm til þess að fjalla um málið með þessum hætti. Staðan er svo þröng vegna þess að um málið er innan bændastéttarinnar afar mikill ágreiningur. Af þessari ástæðu er ég á móti því að afgreiða málið á þessu þingi.

Í umsögnum komu reyndar fram aðrar afar þarfar ábendingar sem mikil nauðsyn hefði verið að fara betur yfir og taka afstöðu til. Ég bendi t.d. á umsögn loðdýrabændanna í þessum efnum þar sem bent er á að sú grein sé háð verðlagi

á erlendum mörkuðum, sé samkeppnisgrein, og það koma fram ábendingar um það einmitt í áliti að eðlilegra hefði verið að hafa gjaldheimtuna með tilliti til þess að þessi búgrein er samkeppnisgrein sem lýtur markaðslögmálum erlendis. Það komu einmitt fram ábendingar um það í þessu áliti að það væri betri kostur fyrir þá grein að hafa meira tillegg til tryggingagjalds fyrir greinina en t.d. til greiðslu kostnaðar við Framleiðsluráð landbúnaðarins sem hefur nákvæmlega ekki nokkur einustu afskipti, hvorki til né frá, gagnvart þessari búgrein. Menn verða auðvitað að skoða málin í því ljósi hvernig aðstæðurnar eru í þessum efnum.

Á sama hátt koma fram ábendingar frá Landssambandi kartöflubænda um að þeir njóti t.d. ekki þjónustu af hendi Framleiðsluráðs og þeir telja að þar sé um að ræða algert gjafaframlag á peningum eins og það er þarna fram sett. En umræðan náði ekkert inn á þessi svið, ekkert inn á þennan breytileika. Umræðan náði einungis um það hvernig hægt væri að skipta peningunum. Um það var sá fundur haldinn sem frsm. meiri hlutans sagði frá áðan, um það hvernig væri hægt að skipta fjármununum. En efnisleg umræða um þessi efni hefur ekki enn þá verið skýrð fyrir mér og ég hlýddi ekki á hana í umfjöllun nefndarinnar um málið.

Þetta er annar sá þáttur sem gerir það að verkum að ég styð ekki frv. Hann er bæði ónákvæmur að því er varðar starfsskilyrði hinna ýmsu greina og hann felur í sér a.m.k. afar mikla áhættu á því að tekjur sauðfjárbænda og bænda í nautgriparækt muni lækka vegna þessarar ráðstöfunar um um það bil 5% eins og er rökstutt með afar skýrum hætti í umsögn Búnaðarsambands Vestfirðinga um þetta mál.

Nú kem ég að öðrum meginþætti málsins sem gerir það að verkum að ég er líka andvígur því. Hér er verið að sýsla um fjármuni. Í umsögn Búnaðarsambands Vestfjarða er líka rökstutt að þessi skattheimta muni leiða til aukinnar skattheimtu upp á tæpar 20 millj. kr. 20 millj. eru þó alltaf 20 millj. og menn hafa passað sig á því að vera þar fremur ríflr á. Þá á ég við að sjálfsögðu að frá því er dregið það sem lagt er af vegna búnaðargjaldsins. Við höfum staðið okkur vel á Alþingi í þeim efnum og svo að hæstv. landbrh. taki þessi orð mín ekki of mikið til sín er vert að undirstrika það að Sjálfstfl. hefur farið með fjármál ríkisins og líka með landbúnaðarmál í fjögur ár samfleytt. Það hefur gerst á síðustu árum að til búnaðarsambandanna, sem er náttúrlega sá vettvangur þar sem bændur hafa helst eitthvað að sækja í, hafa framlög verið dregin saman við fjárlagagerð um það bil um 20 millj. kr., reyndar þó meira þegar litið er til verðlags og annarra þátta. Ég geri ráð fyrir því að samdrátturinn í stuðningsaðgerðum við landbúnaðinn, við búnaðarsamböndin, nemi um 25–30 millj. kr. og hef ég satt að segja ekki séð betur gengið annars staðar fram í sparnaði þegar litið er til skiptingar fjár sem gengur inn í landbúnaðinn að þessu leyti.

Ég lagði það til — og alþm., a.m.k. sumir hverjir geta varla haft góða samvisku gagnvart þessari þróun mála og víst er að sá sem hér mælir er í þeirra hópi — að gerðar yrðu lagfæringar á þessu og við þá skiptingu sem hér er verið að fjalla um yrði hlutur búnaðarsambandanna lagfærður. Ég hef grun um það að þessi víðáttumikli fundur sem menn hafa svo mikið verið að tala um, sáttafundurinn mikli um þessi efni, hafi ekki kallað til fulltrúa búnaðarsambandanna. Ég er helst á því að þeir hafi verið látnir sitja heima þegar góssinu var skipt.

En í þeim efnum benti ég sérstaklega á og hafði sérstaklega lagt til að hlutur Framleiðsluráðs landbúnaðarins væri minnkaður. Yfir það var farið af mér og formanni nefndarinnar að þar hefur býsna vel verið gefið á garðann. Og ég minni sérstaklega á í þessum efnum að þegar fram fóru umræður um sameiningu Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, þá voru þar uppi háværar yfirlýsingar um að Framleiðsluráð landbúnaðarins gengi inn í þá sameiningu. Reyndar hafði verið bent á það áður að það væri eðlilegt að Framleiðsluráðið sameinaðist Búnaðarfélagi Íslands vegna þess hversu starfsemi þessara tveggja stofnana væri lík. En eftir að sameining hefur orðið milli Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins hefur þessi umræða fallið niður, enda eru þeir sem nú stjórna Framleiðsluráðinu, eru þar í stjórn, þeir hinir sömu, sumir hverjir a.m.k., og höfðu uppi háværustu tillögurnar um að gera breytingar á skipun Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Það er náttúrlega óþolandi með öllu að Bændasamtökin ljúki ekki þessu sameiningarferli og að höfuðstöðvarnar leggi sig fram um að spara í sínum eigin rekstri. Mér er t.d. ekki ljóst, hæstv. landbrh., hvaðan ráð koma við lokaákvörðun landbrn. um tillögugerð að skiptingu þeirra fjármuna sem fara í hin einstöku verkefni. En ég sé þó að höfuðstöðvarnar hér syðra hafa farið betur út úr þeirri skiptingu heldur en búnaðarsamböndin þar sem starfið er á vettvangi.

Nú var að sjálfsögðu hægt að rétta þetta nokkuð af, t.d. að búnaðarsamböndin fengju um 25 millj. af þeim 38 millj. sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er ætlað í þessari skiptingu og með það fjármagn sem þá væri enn eftir mundu Bændasamtökin geta náð fram með hagræðingu því starfi sem þessum samtökum gagnast í þessum efnum. Mér er alveg ljóst að það er vilji fyrir þessu meðal ýmissa áhrifamanna í Bændasamtökum Íslands. En menn hafa ekki treyst sér að taka á þessu máli. Menn hafa hins vegar treyst sér til að skera niður búnaðarsamböndin um 25 millj. á allra síðustu árum. Þar hefur menn ekki vantað þrek. Og það var önnur meginábersla mín við þessa tillögugerð að Bændasamtökin fengju að standa frammi fyrir því að það væri vilji fyrir því hér á Alþingi að hjálpa til á vettvangi þar sem búnaðarsamböndin væru annars vegar og þar sem væri í rauninni það eina afl sem getur veitt hinum almenna bónda umtalsverðan stuðning. En auðvitað gekk þetta ekki fram.

Kannski ætlar Framsfl., svo ég nefni hann hér á nafn, hæstv. landbrh. — sá flokkur er hvort sem er í fýlu við mig og þykir mér það nú ekki neitt af hinu verra — að laga þetta til við fjárlagagerðina sem nú fer brátt í hönd. Ef svo er ekki, því í ósköpunum mátti þetta mál þá ekki bíða og vera skoðað í heild sinni með það fyrir augum að búnaðarsamböndin. sem er sá vettvangsaðili sem er náttúrlega langnæstur bændunum, fengju hér leiðréttingar sinna mála. Það er kannski ætlunin að ganga enn þá nær þeim heldur en þegar er orðið. Og eitthvað hef ég séð á blöðum um einhverjar leiðbeiningastöðvar sem hefðu það þá væntanlega að markmiði að fækka smærri búnaðarsamböndunum eða að færa starfsemina eitthvað meira saman sem ég hef nú reyndar heyrt áður og mundi auðvitað verða mjög til þess að torvelda starfsemi minni búnaðarsambandanna sem er þó sá vettvangsaðili sem bændur hafa helst aðgang að.

Virðulegi forseti. Ég vona að það liggi ljóst fyrir hver afstaða mín er í þessum efnum. Mér er að sjálfsögðu ljóst að bændur þurfa að greiða búnaðargjald í framtíðinni en það er ekki sama með hvaða hætti það er gert. Og þegar ég spurði um það á fundi í landbn. hvernig menn ætluðu að laga fyrir búnaðarsamböndunum á grundvelli þessarar skiptingar kom

svar frá forustumönnum í Bændasamtökum Íslands um að ef þetta dygði ekki, þá yrðu þau að láta bændur borga hærri árstillegg til samtaka sinna heldur en verið hefur. Þetta læt ég því nægja, virðulegi forseti, og vona að allir megi skilja hverjar þær tvær ástæður eru sem ég tilgreini fyrir þeirri afstöðu sem ég hef tekið að vera á móti þessu frv. og ég hlýt að mótmæla þeim málatilbúnaði sem að baki liggur.

[12:10]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er eitthvað að gerast sem ég hef ekki áttað mig á. Það var meining mín að koma hér upp með fyrirspurn frekar en andsvar. Getur verið að ég hafi skilið það rétt að meiri hluti landbn. sé að taka út stjórnarfrv. í andstöðu við hv. þm. Egil Jónsson? (**Gripið fram í:** Já, já.) Ég hef bara ekki áttað mig á þessu og enginn gert mér viðvart um það. (**Gripið fram í:** Lánasjóð landbúnaðarins líka.) Ég vil nú meina að Lánasjóður landbúnaðarins sé lagafrv. sem tekur ekki gildi fyrr en um áramót ef ég man rétt, þannig að ég hefði haldið að það væri ekki svo rosalega mikið atriði að taka þetta mál út. En ég kom hér upp, herra forseti, til að spyrja að þessu.

[12:11]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að þessi frumvörp eru flutt án þess að samþykki mitt liggi fyrir. Ég gat þess í umræðum í gær að það væri að sjálfsögðu ekki neitt vinaslit á milli mín og minna flokksbræðra að því er þessi málefni varðar og ég gat þess sérstaklega að ef við hefðum haft forræði þessara mála, þá hefði það ekki orðið okkur nokkur einasti vandi að afgreiða þau með þeim hætti að það samrýmdist góðum leikreglum og væri í fullu samræmi við hagsmuni þess fólks sem þessi frumvörp snerta. En þetta var hins vegar niðurstaðan og breytir ekki því að eftir því sem ég hef farið betur yfir þessi mál, og það gerði ég auðvitað eftir að ég var orðinn einn á báti og fór að búa mig undir þessa umræðu, hef ég fremur séð hvað hér er hrapað að miklu óráði með afgreiðsu þessara mála.

[12:13]

Einar Oddur Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er greinilegt að hér er á ferðinni hlutur sem mig grunar að gætu verið einhver mistök. Ég vil taka það fram að ég veit að það er þingflokksfundur hjá Sjálfstfl. núna eftir nokkrar mínútur og ég tilkynni það hér með að ég mun taka þetta mál fyrir. (**Gripið fram í:** Liggja sjálfstæðismenn á málinu?) Það skiptir mig ekki máli.

[12:13]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér hafa átt sér stað orðaskipti milli manna sem gefa tilefni til að staldra aðeins við. Í umræðu í gær um lánasjóðinn kom fram ágreiningur innan stjórnarliða um það mál. Nú er annað stjfrv. sem tengist þessu að hluta, þ.e. búnaðargjaldið, til umræðu. Hv. þm. Egill Jónsson hefur gert skilmerkilega grein fyrir sínu máli og er andvígur því að það sé sett í þennan farveg. Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hefur spurst fyrir um hvernig málið stæði og fengið upplýsingar sem ég skildi svo að hefðu komið honum á óvart.

Ég teldi rétt, herra forseti, sérstaklega af því að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson upplýsti að fyrirhugaður væri þingflokksfundur hjá sjálfstæðismönnum þar sem þessi mál, eins og ég skildi það, mundu þá væntanlega verða rædd. Ég held að það sé mjög brýnt og ég ætla ekki að strá salti í nein sár eða þess háttar. Mér finnst hins vegar brýnt að mönnum gefist þá tækifæri til að skoða stöðu málsins í góðu tómi og sjá betur til. Ég fer því þess á leit, herra forseti, að umræðu um þetta dagskrármál verði frestað um stund þannig að mönnum gefist tækifæri að bera saman bækur sínar. Það eru hér önnur mál sem eru tengd landbúnaði sem gætu a.m.k. að hluta til runnið létt og þægilega áfram svo að þessi málaleitan þyrfti ekki að koma neitt niður á störfum þingsins. En mér finnst rétt, herra forseti, að þessi málsmeðferð verði viðhöfð með tilliti til þeirra orðaskipta og upplýsinga sem komu fram í umræðunni.

[12:15]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Til að fyrirbyggja allan misskilning þá eru ekki nein tíðindi á ferðinni því að störf nefndarinnar og sú niðurstaða sem liggur fyrir er undirskrifuð af sex af níu nefndarmönnum, þar af eru þrír sjálfstæðismenn, helmingur þeirra sem leggja til að málið verði samþykkt. Það eru engin pólitísk tíðindi að Egill Jónsson sitji nú einn á báti í þessu máli. Hann kaus að hafa það svo og þannig stendur það, því miður. Ég efast ekki um góðan vilja hv. þm. Egils Jónssonar til landbúnaðarins og þekki það. Auðvitað harma ég að hann skyldi verða viðskila við okkur, en í sjálfu sér eru það engin pólitísk tíðindi. Flokkur hans og allir hinir nefndarmenn Sjálfstfl. fylgja nú formanni nefndarinnar og þeim meiri hluta sem leggur þetta mál hér fram. Egill Jónsson fylgir því sannfæringu sinni og samkvæmt þingsköpum hefur hann heimild til þess og ber jafnvel skylda til að gera það þannig að ég virði þá ákvörðun hans og þannig stendur málið.

[12:17]

Hjálmar Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hefur legið fyrir um hríð eftir að hv. landbn. lauk starfi sínu að hv. þm. Egill Jónsson yrði ekki með okkur í þessu máli. Ég hef hins vegar samþykkt málið með fyrirvara og er með fyrirvara á nefndarálitinu og bíð þess að komast til þess að gera grein fyrir honum í ræðu um málið og tel eðlilegt að málinu verði haldið áfram.

[12:17]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að mótmæla því að ekki séu á ferðinni stór tíðindi og aukinheldur að hv. þm. Egill Jónsson er vitaskuld ekki einn á báti vegna þess að röksemdafærsla hans er að meginhluta til í samræmi við röksemdafærslu þá sem minni hlutinn setti fram.

Það kom fram í andsvari hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar að fyrir liggur að annar stjórnarflokkurinn ætlar að taka þetta mál upp á þingflokksfundi nú á eftir og verði niðurstaða hans þar sú að þeir telji ástæðu til þess að geyma þetta mál þá þjónar frekari umræða um málið engum sérstökum tilgangi. Ég tek því undir með hv. þm. Ágústi Einarssyni og legg til að málinu verði frestað um stund og menn reyni þá að taka önnur mál fyrir því að það þjónar engum tilgangi ef niðurstaða þingflokks sjálfstæðismanna verður sú að fresta málinu að halda umræðum áfram.

[12:19]

Egill Jónsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna þeirri ábendingu sem hefur komið fram hjá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni um að þetta mál verði rætt á þingflokksfundi Sjálfstfl. Ég kann ekki við að hv. 2. þm. Suðurl. kveði upp úr um það hvort þess sé þörf eða ekki þörf. Ég held að það sé sjálfsagður kostur að þingflokkur Sjálfstfl. starfi án fyrirmæla frá hv. 2. þm. Suðurl. Þótt hann sé nú nokkuð rasssíður um þessar mundir er hitt náttúrlega alveg ljóst að hann getur ekki farið fyrir í þeim efnum hvernig sjálfstæðismenn haga umræðu sinni. Þar af leiðandi teldi ég það í rauninni afar góðan kost að málinu yrði ekki lokið. En ég skal ekki gera mál úr því. Það liggur fyrir ósk um það frá hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni að málið verði rætt á þingflokksfundi og ég vek athygli á því að annar þingmaður Sjálfstfl. úr landbn., þó hv. þm. Guðni Ágústsson hefði ekki getið þess, er með fyrirvara við þetta mál eins og hann hefur sjálfur lýst hér. Málið er á engan hátt einfalt en erindi mitt var fyrst og fremst að mótmæla því að hv. 2. þm. Suðurl. ætlaði að taka að sér að stjórna málarekstri Sjálfstfl. í þinginu.

[12:21]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Út af þeirri hugmynd sem hefur komið fram um það að fresta umræðunum vil ég segja að ég skil hvorki né sé nokkur rök fyrir því máli. Það eru engin þau tíðindi uppi sem leiða til þess. Auðvitað er löngu ljóst að ekki er fullkomin samstaða hjá stjórnarliðinu við afgreiðslu málsins og það hefur verið rakið rækilega í umræðunni og komið fram. Ekkert nýtt er að gerast í því máli.

Í öðru lagi langar mig að benda á að í morgun höfum við afgreitt í atkvæðagreiðslu 2. og 3. dagskrármálið þar sem því var líka svo háttað að það voru líka skiptar skoðanir milli stjórnarliða um afgreiðslu máls og málin fóru eðlilega fram eins og þingsköp gera ráð fyrir. Ég minni á það af því að Lánasjóður landbúnaðarins var tengdur umræðunni um málið sem er á dagskrá núna. Ég hygg að atkvæði hafi fallið þannig að flestallar greinar hafi verið samþykktar með 38–40 atkvæðum. Því er ríflegur meiri hluti fyrir málinu og þar sem þessi mál eru mjög nátengd ímynda ég mér að það sé svipað með stuðning við það mál sem er nú á dagskrá og teldi því alveg fráleitt að umræðunni væri frestað vegna þess. Hvað svo þeir sjálfstæðismenn vilja ræða á þingflokksfundum sínum finnst mér það sjálfgefið að hafi þeir ekki rætt þetta mál og afstöðu einstakra manna þar þá er það algerlega þeirra mál hvernig þeir haga vinnubrögðum sínum og ég vona að hafi þeir ekki gert það nú þegar þá geri þeir það á einhverju stigi. Ég hef enga athugasemd við það að færa en það getur hins vegar ekki tafið þessi þingstörf því að það er ekkert nýtt að gerast í þessum umræðum. (Gripið fram í.) Nei, það geri ég ekki. Ég held að það hafi verið einhver misskilningur í því að hann hafi ætlað sér að stjórna þingflokki Sjálfstfl. Ég held að það hljóti eitthvað að hafa farið á milli mála. Ég heyrði það að minnsta kosti ekki og ég held að það sé alveg fráleitt. Auðvitað stjórna þeir sínum málum sjálfir.

[12:23]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt ábendingar hv. þingmanna og sér ekki neina sérstaka ástæðu til þess að fresta umræðunni. Allnokkrir eru á mælendaskrá enn þá, m.a. hv. þingmenn sem ekki hafa gert neina athugasemd við áframhaldandi umræður um málið. Forseti lítur því svo á að eðlilegast sé að gefa hv. þingmönnum tækifæri til þess að halda ræður sínar.

[12:24]

Ágúst Einarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þar sem ég vakti máls á því hvort ekki væri heppilegra að fresta umræðu vil ég segja að ég er ekki sammála forseta í úrskurði hans en vitaskuld hlíti ég honum.

Ég bendi á að stjórnarandstaðan hefur verið mjög vinsamleg í allri afgreiðslu mála og er ekkert út á það að setja. Við erum að reyna að keppast við að ljúka miklum og merkilegum málum. Hins vegar hefur komið fram í umræðu að þingflokkur Sjálfstfl. ætlar að ræða þetta tiltekna mál á þingflokksfundi sem hefst núna kl. 1 og það er þeirra góði réttur. Kynnt hefur verið að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson mun taka málið þar upp, stutt af hv. þm. Agli Jónssyni. Þetta eru þingmenn Sjálfstfl. sem eru í salnum og hafa fulla burði til þess að taka mál upp á þeim þingflokksfundum og það kemur ekki öðrum aðilum við.

Ég bendi á að fjölmargir eru á mælendaskrá og umræðu um málið mun hvort sem er ekki ljúka fyrir þingflokksfund. Það hefur verið eðlilegt í ljósi þeirra tíðinda sem eru að gerast að umræða mun eiga sér stað um málið. Það getur vel verið að menn komi út úr þeirri umræðu með sömu niðurstöðu að þetta snerti aðeins nokkra þingmenn og er ekkert meira um það að segja. Hins vegar getur vel verið að málin færu í annan farveg. Við skulum ekki segja neitt um það. Það er ekkert óeðlilegt að það gerist á næstsíðasta degi þingsins. Ég er ekkert að fullyrða um það. Ráðlegging mín til forseta er: Úr því að mál eru komin svona hefði verið skynsamlegt í stað þess að halda áfram umræðunni, vegna þess að henni verður ekki lokið kl. eitt, að taka þá fyrir önnur mál sem hefðu getað runnið eitthvað ljúflegar í gegn. Ráðlegging mín og ósk til forseta laut fyrst og fremst að því að greiða fyrir störfum þingsins. Ég get hvenær sem er tekið málefnalegan ágreining hvort sem er við hv. formann landbn. eða landbrh. eða jafnvel við Egil Jónsson um landbúnaðarmálefni. Umræðan sýst ekki um það heldur er hér eðlileg ósk borin fram, studd af þingmönnum sem vilja gjarnan fara betur yfir málið. Það hefði betur greitt fyrir störfum þingsins en vitaskuld verð ég að hlíta úrskurði forseta eins og aðrir.

[12:27]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Það mál sem við ræðum hérna er angi af mjög flóknum vef styrkja, álagninga og stýringa í landbúnaði. Það er svo langt í frá að ég skilji nema örlítið brot af þeim mikla vef og ætla mér ekki þá dul. Þó skilst mér og sýnist á öllu að hér sé verið að einfalda töluvert mikið, rimpa saman nokkuð marga skækla hingað og þangað úr þessum vef. Ég er hlynntur þeirri þróun, þ.e. að einfalda málið og jafnvel og eins og kemur fram að lækka umtalsvert álögur á bændur úr 135 þús. kr. á bónda, eins og ég ræddi í gær, niður í 85 þús. á hvern bónda að meðaltali eða um 50 þús. kr. á hvern bónda. Þetta er náttúrlega umtalsvert skref og umtalsverður árangur.

Hins vegar er margt óljóst í þessu. Í fyrsta lagi langar mig til að velta því fyrir mér hvor borgar, bóndinn eða neytandinn, því sumir telja að neytandinn borgi þessi gjöld. Þannig var það hér í eina tíð þegar allt var undir verðlagshöftum og

lítil eða engin samkeppni í þessari grein. Þá var náttúrlega ákveðin verðhækkun á mjólk eða kjöti og neytandinn að sjálfsögðu borgaði það. Hann gat náttúrlega horfið frá því að kaupa mjólk og drukkið vatn eða borðað fisk í staðinn fyrir kjöt, en hann átti í rauninni enga aðra kosti.

Núna er komin miklu meiri samkeppni. Bæði hafa neysluvenjur breyst, það eru komnir ávaxtasafar í samkeppni við mjólk. Það er komið pasta og alls konar réttir í samkeppni við kjöt og á endanum er það þannig í dag, og það eru bændur farnir að sjá eins og ályktanir þeirra sýna, að það er bóndinn sem borgar allar álögur á verð landbúnaðarafurða. Í reynd er það bóndinn sem borgar þessar 85 þús. kr. enda hef ég lagt málið þannig upp.

Af þessum 85 þús. kr., ég ætla að byrja á neðri endanum, rennur um það bil 1.000 kr. til ríkisins fyrir innheimtu. Það er reyndar gert ráð fyrir því í lögunum að það sé 0,5% en í tillögum hv. landbn. er gert ráð fyrir 1%. Þetta er um það bil 800 kr. á hvern bónda sem fer til ríkisins. U.þ.b. 1.000 kr. fer til ríkisins, 10.000 kr. fara til Framleiðsluráðs, eins og hér hefur komið fram, 35 þús. kr. fara til lánasjóðsins sem er þá notað til að niðurgreiða lán og bóndinn fær ekki nema þeir, sem eiga veð og hafa góðar rekstrartekjur, geta fengið með því að taka lán. Fátæku bændurnir og þeir veðsettu fá ekki lánað en þeim er gert að greiða.

Svo fara 40 þús. kr. til Búnaðarsjóðs. Eins og frv. var lagt fram, er þessu skipt á milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda og búgreinasambanda, um 40.000 kr. á hvern einasta bónda. Þetta eru félög sem bændur hafa stofnað og þetta eru félagsgjöld. Mig langar til að ræða rétt aðeins um félagsgjöld. Þetta eru 40 þús. kr. á hvern bónda sem honum er gert að borga í félagsgjöld. Á móti kemur fjárveiting frá ríkinu sem er líka 40 þús. á bónda en það er önnur saga, það er ákveðið í fjárlögum, það eru 200 millj. sem fara til Bændasamtakanna og hinna samtakanna líka. En þessi 40 þús. kr. eru félagsgjöld til félaga sem bændur hafa stofnað.

Nú er það þannig að menn eru að stofna félög út um allan bæ. Það eru kórar, frímerkjaklúbbar og alls konar félög. Sum eru með félagsgjöldum, önnur ekki. Ef það eru félagsgjöld, þá reyna menn náttúrlega að innheimta það hjá félagsmönnunum og þeir borga ef þeir vilja vera í viðkomandi félagi, ef þeim finnst það borga sig. En sum félög hafa komið upp þannig kerfi að menn skuli borga hvort sem þeir vilja eða ekki. Þar vil ég nefna t.d. þessi ágætu félög bænda sem bændum er gert að borga í, 40 þús. kr. á ári, hvort sem þeir vilja vera í þessum félögum eða ekki. Það er nefnilega tekið af vöruverði þeirra. (**Gripið fram í:** Þó að þeir séu ekki í þeim.) Þó að þeir séu jafnvel ekki í þeim.

Þetta sama á við um iðnaðinn. Þar er innheimt gjald, ég held að það heiti iðnaðargjald, sem iðnfyrirtæki borgar til sinna félaga hvort sem það vill vera í þeim félögum eða ekki, hvort sem það sér sér hag í því, hvort sem það telur að félögin vinni eitthvað fyrir sig. Það sama á við um sjávarútveginn. Svo hefur verkalýðshreyfingin komið upp aldeilis indælu kerfi til þess að ná í félagsgjöld af fólki, að menn fá hreinlega ekki vinnu nema þeir borgi í stéttarfélag. Við sjáum fyrir okkur geysilega flókinn vef af skyldufélagsgjöldum úti um allt þjóðfélagið og hér er einn angi af því og ekki lítill. Hér er verið að skikka bændur til að borga að meðaltali 40 þús. kr. í félagsgjöld og það eru miklir peningar, sérstaklega fyrir þá bændur sem hafa þurft að horfa upp á geysilega skerðingu tekna á síðustu árum. Ég held að það sé mjög þarft að ræða félagsgjöld almennt, hvernig þau líta út.

Það er svo merkilegt í þessu að hjá Bændasamtökunum eru starfsmenn bænda sem eru með allt önnur lífeyrisréttindi en bændur. Það er dálítið merkilegur angi við þessar 40 þús. kr. sem renna til Bændasamtakanna og fleiri samtaka bænda að þar eru starfsmenn en þeir starfsmenn eru í Lífeyrissjóði ríkisins, að því er mér skilst. Það eru ekki réttindi sem bóndinn, hinn almenni félagsmaður, fær. Ó nei. Hann skal vera í Lífeyrissjóði bænda sem er, að ég hef frétt, alls ekki sérstaklega góður sjóður og borgar ekki háan lífeyri.

Þær breytingar sem hv. landbn. leggur til eru dálítið skrýtnar. Í fyrsta lagi er í 5. lið brtt. við 5. gr. Þar eru lagðar til sérstakar álögur á bændur, 20%, á þá sem ekki standa í skilum. Hv. landbn. er illa við bændur. Hún ætlar að pína þá. Ef þeir standa ekki í skilum skulu þeir fá að borga 20% álag og svo að sjálfsögðu dráttarvexti, geri ég ráð fyrir. Í nefndaráliti meiri hluta hv. landbn. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Álagið er ákvarðað nokkuð hátt til að tryggja sem best skil á búnaðargjaldi." Það er ákveðið nokkuð hátt. Það er aldeilis munur að láta þessa burgeisa borga eitthvað ef þeir standa ekki í skilum. Fátæka bændur sem búið er að lemja niður með landbúnaðarstefnu undanfarinna ára, með því að minnka búin stöðugt aftur og aftur. Sú er stefnan. Þeir eru allir svo fátækir að þeir geta hvorki lifað né dáið. (**Gripið fram í:** Hverjir stóðu að því, vinur?) Ég stend hér ekki í söguskýringum. Ég lít á staðreyndir dagsins í dag og ég lít til framtíðar. Hér leggur meiri hluti hv. landbn. til að leggja 20% vanskilaálag á vangoldið búnaðargjald þegar álagning þinggjalda fer fram, fyrir utan dráttarvexti. Þetta er sem sagt sama harkan og hjá ríkinu. Þetta eru vinir bænda.

Síðan er það 6. gr. Hún var tiltölulega einföld í frv., þ.e. hvernig ætti að skipta þessum gjöldum. En nú er þetta allt í einu gert flókið, ég skil ekki af hverju. Reyndar botna ég ekkert í þessum vef. Þarna er verið að vefa smáskækla í viðbót. Velta í nautgripa- og sauðfjárrækt á að borga eitthvert sérstakt gjald, en önnur afurðavelta á að borga annað gjald. Hvers vegna í ósköpunum gátu menn ekki haft þetta einfalt eins og þetta var í frv.? Mér skilst að þetta sé bara skipting á milli þessara greina. Er samkomulagið svona lélegt á þessum bæ að menn geti ekki komið sér saman um hvernig á að skipta þessu? Þarf að setja það í lög?

Síðan um 8. gr. Þar leggur hv. landbn., vinur ríkissjóðs, til að 0,5% gjaldið, sem er innheimtugjald til ríkissjóðs, verði 1% á árunum 1998 og 1999. Hún er sem sagt vinur ríkissjóðs og lætur bændur borga. Ég er svo sem hlynntur því sem skattgreiðandi en ég er ekki hlynntur því fyrir hönd bænda. Þetta eru svo sem ekki stórar tölur, þetta er hækkun úr 500 kr. í kannski 1.000 kr. á hvern bónda. Ég geri ráð fyrir því að suma bændur muni um það. Það er nefnilega þannig að þegar menn eru komnir í vandræði með aura munar þá jafnvel um 500 kallinn.

Herra forseti. Þetta frv. er svo sem ágætisskref í rétta átt, en það neglir niður og heldur áfram ótrúlegum félagsgjöldum. Það neglir niður og heldur áfram niðurgreiðslum á lánum í gegnum lánasjóðinn. Það tryggir gjöld til Framleiðsluráðs, sem bændur njóta ekki allir eins og kom fram áðan, og ég get ekki verið hlynntur þessu máli. Ég vil að menn taki betri skref, ég vil að samkeppni verði aukin og tengsl bænda og neytenda verði aukin, þeir verði vinir eins og þeir eiga að vera því að neytendur vilja fá góðar landbúnaðarvörur og bændur eiga að vilja framleiða góðar vörur sem neytendur vilja. Bændur og neytendur eiga að vera vinir. Það á að

stækka búin þannig að þau verði arðbær og vinnukraftur sem bundinn er nýtist. Það er nefnilega voðalega erfitt að vera hálfur bóndi, alla vega einhvers staðar fjarri öðrum stöðum, það er voðalega erfitt að vera hálfur bóndi því að hvað eiga þeir að gera við hinn helminginn af starfskröftum sínum?

Búin þurfa að vera það stór að maðurinn hafi fulla vinnu við þau. Það er lágmark. Og búin eru orðin svo lítil að mennirnir hafa ekki fulla vinnu og hafa þar af leiðandi ekki fullar tekjur. Það þarf að stækka búin upp í það að bóndinn hafi fulla vinnu af því og fullar tekjur. Það er nauðsyn. Og ég vil sjá stolta bændur sem framleiða góða og ódýra vöru fyrir kröfuharða neytendur.

Umræðu frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806, brtt. 1196.

[12:38]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um framleiðslu og sölu á búvörum sem samþykkt var við 2. umr. Brtt. eru frá meiri hluta landbn., þ.e. Guðna Ágústssyni, Agli Jónssyni, Guðjóni Guðmundssyni, Magnúsi Stefánssyni, Árna M. Mathiesen og Hjálmari Jónssyni. Brtt. hljóðar svo:

„Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 20. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 124/1995:

a. Í stað orðanna „og hrossakjöts" í fyrri málslið kemur: hrossakjöts og nautgripakjöts.

b. Í stað hlutfallstölunnar „5%" í síðari málslið kemur: 3%.

c. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Af nautgripakjöti skal gjaldið vera 600 kr. á alla slátraða gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka. Auk þess verði 1.100 kr. lagðar á hvern sláturgrip í framangreindum gæðaflokkum á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert."

Þannig hljóðar brtt. Af því að beiðni kom frá Landssambandi kúabænda, og var alger samstaða þar um, um að óska eftir þessu markaðsgjaldi ætla ég að lesa bréf sem landbn. barst, dags. 29. apríl:

„Landbn. Alþingis.

Hr. formaður Guðni Ágústsson.

Efni: Markaðsgjald af nautgripakjöti.

Óskað er eftir viðeigandi breytingum á búvörulögum til sölu markaðsgjalds af nautgripakjöti. Gjaldtakan verði svofelld:

Grunngjald kr. 600 verði lagt á alla gripi sem flokkast í UN og K gæðaflokka og nái sú gjaldtaka yfir allt árið. Auk þess verði 1.100 kr. lagt á ofangreinda gæðaflokka á tímabilinu frá 1. september til 31. desember ár hvert.

Það er eindregin ósk stjórnar Landssambands kúabænda að unnt verði að afgreiða þetta mál á yfirstandandi þingi þannig að gjaldtakan geti hafist frá og með 1. september 1997.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssambands kúabænda.
Guðbjörn Árnason."

Meiri hluti landbn. hefur fallist á að lögfesta þetta markaðsgjald og legg ég til að lokum, hæstv. forseti að málið fái framgang á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 523. mál (örmerki). — Þskj. 875, nál. 1199.

[12:44]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti landbn. um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Höskuldsson frá landbúnaðarráðuneyti og Brynjólf Sandholt yfirdýralækni. Þá barst nefndinni umsögn um málið frá Landgræðslu ríkisins.

Nefndin telur rétt að búfjáreigendur fái að velja hvort þeir kjósa að merkja sauðfé sitt og geitfé með brennimarki eða plötumerki og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Við 1. gr. 4. málsl. 1. efnismgr. orðist svo: Skylt er að brennimerkja eða plötumerkja allt ásett sauðfé og geitfé með brennimarki eða númeri lögbýlis eða eiganda, sýslutákni og númeri sveitarfélags.

Undir þetta álit rita allir nefndarmenn landbn., níu að tölu, og eru sammála. Efnið er það að ekki var fallist á það sem í frv. sagði að plastmerki yrðu rétthærri brennimerkinu gamla og góða heldur eru þau jafnsett ef þetta nær fram að ganga, hæstv. forseti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 377. mál. — Þskj. 662, nál. 1202.

[12:46]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, frá landbn.

Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir um það frá Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins, Neytendasamtökunum og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

Tillögugreinin orðist svo: Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun í menntunarmálum landbúnaðarins.

Nefndin kanni sérstaklega hvernig skipulagi á sérhæfðri menntun í landbúnaði sé best komið fyrir innan skólakerfisins, rannsaki menntunarstig í landbúnaði, athugi skipulag endurmenntunar, fjalli um hvernig sérskólar landbúnaðarins eigi að tengjast öðru skólastarfi og skoði tengsl rannsókna í landbúnaði við skólastarf.

Undir þetta nefndarálit rita allir í landbn., níu að tölu. Legg ég til að þessi ágæta þáltill. verði samþykkt sem ályktun Alþingis, hæstv. forseti.

[12:47]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka hv. formanni landbn. fyrir afgreiðslu á þessari tillögu. Ég er 1. flm. hennar. Meginefni hennar hefur að vísu tekið nokkrum breytingum eins og rætt var um fyrr í vetur. Ég er þess fullviss að samþykkt tillögunnar muni leiða til góðs fyrir landbúnaðinn í heild sinni á sviði menntamála og fagna því og ítreka þakkir mínar til formanns og annarra nefndarmanna í landbn.

[12:48]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil lýsa því yfir að að sjálfsögðu styð ég þessa þáltill. frá hv. landbn. sem fjallar um menntamál í landbúnaði. En aðeins út af umræðum sem féllu fyrr í hv. þingi þegar upphaflega tillagan var lögð fram. Ég ítreka það að ýmsir þættir af því sem hér er tilgreint skuli skoða eru eða hafa verið í athugun í landbn. Við munum að sjálfsögðu eins og tillagan hljóðar upp á, ef hún verður samþykkt, reyna að fylgja henni eftir. Ég mun þá reyna að fella þau verkefni sem í gangi eru að því nefndarstarfi sem hér er lagt til að setja í gang, en vildi aðeins á þessu stigi árétta það að við höfum verið að vinna að ákveðnum þáttum sem hér eru nefndir og munum að sjálfsögðu reyna að fylgja því eftir. Það er í gangi úrvinnsla á nefndarstarfi sem lauk með nefndaráliti fyrr á þessum vetri um málefni Hvanneyrarskólans sem tengist öðrum stofnunum sem undir landbrn. heyra. Ég vildi undirstrika og ítreka af því að það starf sem er í gangi skarast að vissu leyti við það sem lagt er til í breyttri tillögu sem hér liggur fyrir frá nefndinni, að ég mun auðvitað leggja mig fram um að í því nefndarstarfi sem hér er lagt til verði þessi mál samhæfð svo sem kostur er.

[12:49]

Ágúst Einarsson:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir undirtektir hans við þetta mál. Mér er kunnugt um að það er verið að vinna að ýmsum verkefnum tengdum þessu máli í ráðuneytinu og það er vel. Ég er þess fullviss ef þessi tillaga verður samþykkt þá mun það hjálpa til í því starfi. Ég treysti hæstv. landbrh. fullkomlega til að knýja á áfram um þessi mál eins og hann hefur þegar unnið að og fagna því að hér sé samstaða á sviði tengdu landbúnaðinum milli aðila sem oft hafa tekist á um aðra þætti þess vegna þess að þetta mál er mjög mikilvægt. Hæstv. landbrh. á fullan stuðning minn í að þoka menntamálum í landbúnaði meira áleiðis. Ég vænti þess að þáltill. og önnur vinna sem er í gangi og verður sett í gang muni leiða til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:50]

[13:33]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd vegáætlunar 1996, 615. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1301.

Hafnarframkvæmdir 1994, 616. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1302.

Hafnarframkvæmdir 1995, 617. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1303.

Hafnarframkvæmdir 1996, 618. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1304.

Skipulags- og byggingarlög, 98. mál, brtt. umhvn., þskj. 1300.

Umræður utan dagskrár.

Framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

[13:34]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Lögum samkvæmt á grunnskólinn að búa börn undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi með kennsluháttum og námsefni sem tekur tillit til hvers og eins, atgervis hans og aðstæðna. Grunnskólanum lýkur samt með samræmdum prófum þar sem allir þreyta sama prófið. Hvernig til tekst getur verið afdrifaríkt. Því er það alvarlegt þegar mistök verða eins og þegar allt of viðamikið stærðfræðipróf var lagt fyrir nemendur nú í vor. Samviskusamir nemendur voru búnir að undirbúa sig e.t.v. í mörg ár og urðu fyrir miklu áfalli því prófið var ekki eins og þau höfðu búið sig undir. Þeir fengu ekki að sýna hvað þeir gátu.

Sömu aðilar sömdu prófin nú og í fyrra og hvað átti að sanna? Talað er um svokallað Singapúr-syndrome og helst á prófsemjendum að skilja að með svo þungu prófi hafi ætlunin verið að endurmennta kennara, væntanlega á kostnað nemenda. Fundur tæplega 50 stærðfræðikennara á höfuðborgarsvæðinu telur hins vegar nægileg rök til að dæma prófið ógilt.

Flest vor, herra forseti, hefur eitthvað þótt athugunarvert við prófin eða framkvæmdina. Íslenskukennarar segjast merkja það að þau próf verði sífellt smásmugulegri. Í fyrra var kvartað undan því að nemendur næðu ekki að fylgjast með upplestri á bandi í dönskuprófi og var þá sent út símbréf í miðju prófi þar sem framkvæmdinni var breytt. Einnig hefur verið kvartað undan tillitsleysi gagnvart fötluðum nemendum eða öðrum sem þurfa sérstaka aðstoð eða aðferð við prófstöku.

Samræmd próf skulu vera markmiðsbundin eftir því sem aðalnámskrá gerir kleift. Jafnframt skulu þau vera áreiðanleg og réttmæt, segir í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í grunnskólum. Mistökin nú og uppsöfnuð reynsla undanfarinna ára hefur samt leitt til þess að enn er hafin umræða um áreiðanleika prófanna og réttmæti þess að allir taki sama prófið. Sú hugmynd er jafnvel reifuð hvort fara ætti þá leið að foreldrar og nemendur veldu hvort nemandinn ætti yfir höfuð að gangast undir samræmt próf í 10. bekk. Yrði þá sú ákvörðun ákvarðandi um skólagöngu nemandans í framtíðinni. Hljómar þetta ekki svolítið eins og gamla landsprófið. En með því að ákvarða birtingu niðurstaðna prófanna strax fyrsta árið og sveitarfélögin fara með málefni grunnskólans og á sama tíma og framhaldsskólinn getur sett inntökuskilyrði er ráðuneytið í raun að setja á sveitarfélögin kröfur um gæði og aðbúnað sem það sjálft gat aldrei staðið undir. Ráðuneytið hefur reyndar oftar úrskurðað skyldur á sveitarfélögin strax eftir að þau hafa tekið við verkefni frá ríkinu, bæði um skólagögn og kennslumagn, skyldur sem það aldrei reis undir sjálft.

Eftir að ákveðið var að birta niðurstöður samræmdra prófa eftir skólum og efna þannig til samkeppni milli skóla og sveitarfélaga og að breyta á sama tíma inntökukröfum

framhaldsskólanna stendur jafnframt sú krafa á menntmrn., og sú krafa mun harðna, að prófin séu þá þannig úr garði gerð að niðurstöður þeirra þyki traustur mælikvarði, bæði á getu nemandans og skólasamfélagið allt. Foreldrar, nemendur, kennarar og sveitarstjórnarmenn munu hér eftir gera allt aðrar og meiri kröfur til ráðuneytisins varðandi prófin og framkvæmd þeirra.

Að fela Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála, sem sér um gerð og framkvæmd prófanna, að fjalla um eigin sök hvað varðar stærðfræðiprófið núna er ekki fullnægjandi enda hafa skýringar stofnunarinnar ekki reynst þess megnugar að friða foreldra og nemendur eða fullvissa skólafólk almennt um að tekið verði á málum. Það er skorað á ráðherra að axla ábyrgð, skerast með beinum hætti í það mál til að forða frekara slysi. Því er nauðsynlegt að ráðherra svari og einnig til hvaða ráðstafana hann hyggst grípa til að tryggja að samræmd próf í grunnskóla nái í framtíðinni að uppfylla þau markmið sem sett eru í fyrrnefndri reglugerð. Er ráðherrann meðvitaður um þær eðlisbreytingar sem orðið hafa á samræmdum prófum við aukinn samanburð og samkeppni vegna birtingar niðurstaðnanna um einstaka skóla og vegna þess að kröfur framhaldsskólanna hafa í raun breyst? Er ráðherrann meðvitaður um það að þessar breytingar og þessar nýju aðstæður kalla á faglegri vinnubrögð og vandaðra námsmat en við höfum átt að venjast hingað til?

[13:38]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég taka það fram að ég er vel meðvitaður um þær auknu kröfur sem gerðar eru til samræmdra prófa en ég vil einnig vekja athygli á því, sem við höfum rætt áður á Alþingi, að birting niðurstaðnanna á m.a. rætur að rekja til nýrra upplýsingalaga þannig að hvað sem hefði liðið vilja stjórnvalda og hvað sem hefði liðið því að grunnskólinn flyttist frá ríki til sveitarfélaga, þá eru upplýsingalögin þannig úr garði gerð að það lá fyrir að að birta varð þessar upplýsingar sem við gerðum nú upp úr áramótunum.

Að því er varðar fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa að öðru leyti kemur tilgangur prófanna í 10. bekk grunnskóla fram í 3. gr. reglugerðar nr. 516/1996. Reglugerðin er sett á grundvelli grunnskólalaganna sem af hálfu ráðuneytisins hefur verið túlkuð á þann veg að öllum þeim sem eru í grunnskóla ber að ganga undir samræmd próf. Tilgangur prófanna er að athuga eftir því sem kostur er hvort námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi grein hafi verið náð, vera leiðbeining um inntöku nemenda á mismunandi námsbrautir framhaldsskóla, veita nemendum og foreldrum þeirra upplýsingar um námsárangur og námsstöðu nemenda og veita upplýsingar um hvernig skólar standi í þeim námsgreinum sem prófað er úr miðað við aðra skóla landsins.

Til að uppfylla þau markmið sem koma fram í reglugerðinni er nú unnið að verksamningi til fimm ára milli menntmrn. og Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Samningurinn tekur til samningar prófanna, framkvæmdar og úrvinnslu. Þar er m.a. kveðið á um ákveðið vinnuferli sem skal fylgja til að tryggja áreiðanleika og réttmæti prófanna. Í stuttu máli er vinnuferlið þannig að gera skal prófáætlun og mat á henni. Þá fylgir samning prófverkefna í samræmi við prófáætlun, samning matsreglna, forprófun einstakra verkefna og mat á þeim. Þegar samræmd próf hafa verið lögð fyrir nemendur verður leitað eftir áliti kennara í viðkomandi árgangi og námsgrein og jafnframt verður leitað álits úrtaks nemenda. Tilgangur með mati kennara og nemenda er m.a. að fá stuðning og aðhald við samningu prófáætlunar og prófspurninga, en er jafnframt liður í gæðastjórnun rannsóknastofnunar við samningu og framkvæmd samræmdra prófa.

Skv. 12. gr. reglugerðarinnar um samræmd próf skulu nemendur fá einkunn í heilum og hálfum tölum á einkunnarkvarðanum 1–10 og skal skrá þessar einkunnir á vitnisburðarblöð nemenda. Auk þessara einkunna fá nemendur yfirlit yfir frammistöðu sína í einstökum greinum samræmdra prófa og verða þessar einkunnir normaldreifðar til að tryggja samanburðarhæfni þeirra. Þá fá nemendur einnig normaldreifðar heildareinkunnir til upplýsinga um kunnáttu sína miðað við aðra nemendur. Með þessu móti fæst þversnið af kunnáttu nemenda sem auðveldar að greina styrk og veikleika nemenda.

Í verksamningnum milli ráðuneytis og Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála er kveðið á um að stofnunin skuli árlega gefa út tvö rit með yfirliti yfir heildarniðurstöðu prófanna, sbr. 13. gr. reglugerðar um samræmd próf. Í riti um frammistöðu nemenda í einstökum skólum skulu koma fram upplýsingar um hvernig skólar standa í samræmdum námsgreinum miðað við aðra skóla landsins og verða gefnar upplýsingar um skóla sem hafa 11 nemendur eða fleiri. Í riti um almennar niðurstöður samræmdra prófa skal m.a. koma fram í hvaða mæli námsmarkmiðum aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein hefur verið náð og efni til leiðbeiningar fyrir kennara í tengslum við áherslur í kennslu. Í ritinu verða einnig upplýsingar um framkvæmd og innihald prófanna, frammistöðu í einstökum verkefnum, námsháttum og prófunum í heild eftir landshlutum og kyni.

Með þessum ítarlega verksamningi um samningu, framkvæmd og úrvinnslu samræmdra prófa telur ráðuneytið að fagleg vinnubrögð séu tryggð og þar með sé einnig tryggt réttmætt og trúverðugt námsmat sem tekur mið af markmiðum aðalnámskrár. Samningurinn uppfyllir einnig upplýsingaskyldu ráðuneytisins gagnvart almenningi og öðrum. Þetta eru þau markmið sem við setjum okkur og munum semja um við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Að því er varðar prófið nú í ár og umræður um stærðfræðiprófið sérstaklega, þá mun verða haldinn fundur fyrir lok maímánaðar að frumkvæði menntmrn. með fulltrúum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála og kennara og eftir þann fund mun verða tekin lokaákvörðun um hvernig staðið verður að niðurstöðum í þessu umrædda samræmda prófi. Ég tel að leita eigi allra leiða til að koma í veg fyrir þau vandkvæði sem hvað eftir annað verða við framkvæmd á samræmdum prófum og mun leggja mitt af mörkum til þess að það verði gert. Einnig vek ég aftur máls á því að við förum hér að nýsettum grunnskólalögum. Sé það hins vegar vilji Alþingis að breyta um aðferðir varðandi samræmdu prófin, þá má velta fyrir sér ýmsum hugmyndum í því sambandi.

[13:44]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda og harma þau meintu mistök sem virðast hafa orðið við framkvæmd samræmdra prófa nýverið. Einnig er rétt að vekja athygli á því að þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík mistök verða með viðeigandi ólgu og óþægindum fyrir nemendur. Það leiðir hugann að því og vekur upp spurningar um mæli-

kvarða prófanna ekki síst þegar samning prófanna virðist vera umdeilanleg. Hver er áreiðanleiki þeirra og hvað mæla þau?

Ég vil vekja athygli á grein Ásgeirs Beinteinssonar, aðstoðarskólastjóra við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, þar sem fjallað er um stýringaráhrif samræmdra prófa eins og þau eru framkvæmd í dag. Þegar ég nefni stýringaráhrif, þá eru það áherslur sem samræmdar greinar fá í skólakerfinu þar sem skólar leggja mikla áherslu á að skila góðum árangri í samræmdum greinum, jafnvel umfram aðrar greinar.

Hlutverk skóla er að búa nemendur undir líf og störf í lýðræðissamfélagi í þess orðs víðustu merkingu. Þar þarf að taka á öllum þáttum, hinum svonefndu kjarnagreinum, hefðbundnum samræmdum greinum, en það er líka skylda skólanna að sinna þáttum eins og skapandi hugsun, listgreinum og öðru slíku sem er mikilvægur þáttur í lífi einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi. Þess vegna eru samræmd próf tengd brautskráningu afskaplega stýrandi á kostnað þeirra greina sem ég vék að áðan um listir, skapandi hugsun og ýmsa félagslega þætti. Samræmd próf eru hins vegar mikilvæg sem liður í innra eftirliti skóla og með því að afnema tengingu við brautskráningu geta þau gegnt afskaplega mikilvægu hlutverki í innra eftirliti og gæðastjórnun hvers skóla.

Ég vil fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. menntmrh. gaf og hvet ég mjög til þess að þáttur um samræmt próf verði endurskoðaður á þann hátt sem ég hef lýst.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Menntmrn. hefur unnið reglur um próftöku fatlaðra nemenda, þeirra sem eiga í sértækum námserfiðleikum og annarra sem ekki geta fært sér í nyt hefðbundnar prófaðferðir. Reglurnar gilda um lokapróf milli bekkja og skólastigs, um opinber samræmd próf og lokapróf í grunn-, framhalds- og háskólum. Samkvæmt þeim má víkja frá hefðbundnum aðferðum við próftöku nemendanna.

Þessar reglur virðast virtar að vettugi við framkvæmd samræmdra prófa. Nemendur með lesblindu, þ.e. dyslexíu, eiga mjög erfitt með að tileinka sér lesmál. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra grunnskóla í Reykjavík var slíkum nemendum gert að lesa texta á íslenskuprófi á sama tíma, þ.e. jafnlöngum tíma og aðrir þrátt fyrir þá vitneskju að það er vonlaus staða fyrir marga þá nemendur. Samkvæmt fyrrgreindum reglum er hins vegar heimilt að veita þeim nemendum 50% lengri próftíma, svo og má prófa með upplestri eða af myndbandi.

Annar hópur sem viðurkennt er að þurfi sértækar aðferðir við prófúrlausnir er heyrnarlausir. Nemendum Vesturhlíðarskóla var gert að taka stafsetningarpróf með því að fylla í eyður á prófblaði eftir varalestri þrátt fyrir að aðeins 70% af því sem sagt og lesið er af vörum skilst af heyrnarlausum. Því hefur verið komið á framfæri við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála að heyrnarlausir verði að fá próf sem þeir geta tekið á eigin forsendum, með táknmáli, á tölvutæku formi eða í formi myndbands. Þannig próf verða ekki léttari en þau verða fólki með sértæka fötlun aðgengilegri. Óskum um að aðlaga prófin að þörfum þessara nemenda hefur verið synjað á sama tíma og hópi ungmenna er veitt undanþága frá próftöku vegna íþróttaiðkana erlendis.

Virðulegi forseti. Ég tek undir með málshefjanda, Svanfríði Jónasdóttur, að eðlisbreytingar á samræmdum prófum samkvæmt ákvörðun menntmrn. kalla bæði á faglegri vinnubrögð og vandaðra námsmat.

[13:49]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Almennt má segja að samræmd próf hafi tilhneigingu til að virka mjög stýrandi á allt skólastarf. Allir kennarar þekkja hve róðurinn þyngist þegar dregur að samræmdum prófum í kennslu þeirra greina sem ekki er prófað í samræmt. Heyrst hefur að í einhverjum skólum hafi mönnum hlaupið slíkt kapp í kinn, vegna þessa samanburðar á milli skóla og byggðarlaga sem í gangi er, að tímar í öðrum greinum sem ekki er prófað í samræmt hafi verið teknir undir samræmdu greinarnar. Ég vona að þessi fréttaflutningur sé ekki sannleikanum samkvæmur en þetta gengur fjöllunum hærra.

Ég verð að endurtaka það sem ég hef raunar áður sagt hér úr þessum stól að ég held að við höfum stigið mikið óheillaspor þegar farið var að birta niðurstöður úr samræmdum prófum og gera það kleift að bera saman opinberlega skóla og byggðarlög á þann hátt sem nú er gert. Ég tel að sú umræða sem átt hefur sér stað vegna nýliðins stærðfræðiprófs í 10. bekk sé afleiðing af þeirri keppni milli skóla og byggðarlaga sem í gangi er. En ég tel slíkan keppnisanda ekki af hinu góða í skólastarfi.

Hins vegar tel ég að svonefnd samræmd próf geti verið til góðs ef þau eru notuð til að kennari geti áttað sig á hvar hann stendur með sinn hóp, hvað þarf að fara betur í og hvar hvert barn stendur innan hópsins. Sú umræða sem hefur farið fram undanfarið um sérstakt próf í stærðfræði held ég að hafi magnast svolítið upp af þessum keppnisanda sem ég var að lýsa áðan. Ég held að það hafi löngum verið þannig, og það þekkja allir kennarar, að mjög erfitt er að semja nákvæmlega sambærileg próf milli ára. Við höfum öll lent í því að stundum þegar við höldunm að við séum að semja létt próf þá finnst nemendunum þau þung. Ég held því að þessi umræða sé í sjálfu sér ekki ný og sú harka sem komið hefur fram sé vegna þess hvernig í pottinn er búið með þessa samkeppni.

[13:51]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Svanfríði Jónasdóttur fyrir að vekja máls á þessu máli, þ.e. samræmdum prófum. Ég er ekki sammála hv. þm. sem síðast talaði um það að vera á móti birtingu einkunna á samræmdum prófum. Ég held að birting einkunna á samræmdum prófum sé mjög til góðs ef við vegum og metum rétt þær forsendur sem liggja að baki.

Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar próf klúðrast sinn eftir sinn eins og virðist hafa gerst núna í stærðfræðiprófi á samræmdum prófum. Það er mjög alvarlegt mál og það er einnig mjög alvarlegt mál ef satt reynist að menn séu að leggja höfuðáherslu á samræmdu greinarnar á kostnað hinna verklegu greina. Og það er alveg ljóst að það hefur tíðkast hér á landi.

Mér þótti líka mjög merkilegt að fylgjast með viðtali í sjónvarpinu við ágætan stærðfræðikennara, eftir að þeir héldu fund um samræmdu stærðfræðiprófin ekki alls fyrir löngu, þar sem talað var um að mönnum þætti eðlilegt að gefa nokkurs konar vetrareinkunn, sleppa þessum samræmdu prófum og þá var þessi ágæti kennari spurður hvort ekki væri ástæða til að endurtaka prófin. Þá sagði kennarinn: „Nei, það kemur ekki til greina. Við getum ekki lagt það á nemendur.“

Þetta fannst mér mjög sérkennilegt vegna þess að ég tel að stærðfræðikennslan ætti að vera þannig að eitthvað sæti eftir í kollinum á blessuðum krökkunum meðan þau eru að læra til stærðfræðiprófs, en mér fannst þetta kannski dálítið einkennandi fyrir hugsunarhátt okkar til skólans þegar sagt var að við gætum ekki lagt þetta á nemendur.

[13:54]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er hlynntur því að samræmd próf séu í skólum, en það er mikil nauðsyn að prófin séu í samræmi við kennsluna. Það virðist blasa við sem staðreynd að í þessu tilfelli hafa þeir sem sömdu prófin ekki áttað sig á því hvernig kennslan var í íslenskum skólum í því námsefni sem um var að ræða.

Ég held einnig að það hljóti að vera mikið umhugsunarefni þegar verið er að birta niðurstöður samræmdra prófa að setja þær fram á þann hátt sem verið hefur. Það liggur við að það verði kappsmál skólanna að reka úr skóla þá sem standa sig illa. Margir þjónustusamningar hafa verið gerðir af hálfu Reykjavíkurborgar þar sem nemendur hafa verið sendir út á land í stórum stíl. Ég veit ekki hvar þeir eru taldir með þegar þetta er metið og margt fleira mætti nefna.

Það sem er mest aðkallandi varðandi próf í skólum til að átta sig á framtíðarmöguleikum nemenda er að mínu viti að fram fari hæfileikapróf. Það er þúsund sinnum meira virði að komast að því hvað nemandinn getur en hvað hann getur ekki. Að reyna að átta sig á hvar mestu hæfileikar nemandans liggja og hvert er eðlilegast að skólinn reyni að beina farvegi hans til náms í framtíðinni. Ég held að þetta hafi brugðist í íslensku skólakerfi og afleiðingarnar eru þær að fjöldaálit hefur haft mótandi áhrif á hvað við viljum að nemendur læri. Á Íslandi er það nú svo að jafnvel verknámsskólarnir hafa orðið að hörðustu bóknámsskólum.

[13:56]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann kom með við þeim spurningum og vangaveltum sem ég setti fram. Sá ítarlegi verksamningur sem hann lýsti að verið væri að gera sýnist mér að sé mjög jákvæð tilraun til að mæta þeirri gagnrýni sem uppi hefur verið og sérstaklega líst mér vel á það gæðamat sem hann greindi okkur frá og átti að fara fram m.a. með aðstoð kennara og nemenda. Þetta sýnist mér að horfi allt til bóta.

Ég vil hins vegar nota lokaorð mín til að tæpa örlítið á birtingu upplýsinga. Það er ljóst að birting upplýsinga sem leiðir af sér samanburð á milli skóla gerir alveg nýjar kröfur, ekki bara til skólanna, ekki bara til kennaranna heldur líka til ráðuneytisins, gerir nýjar kröfur vegna þess að annars konar metnaður myndast og stýringaráhrif prófanna verða mun meiri en áður. Það er staðreynd sem við getum ekki horft fram hjá og þyrftum kannski að velta örlítið fyrir okkur hvernig við viljum bregðast við og vísa ég þá einnig í það sem hv. þm. Hjálmar Árnason nefndi áðan að e.t.v er óheppilegt að samræmd próf hafi tengsl við brautskráningu sem bætist síðan ofan á annan þrýsting.

Mér finnst hins vegar að við þyrftum að ræða örlítið betur um þennan samanburð. Ég veit ekki hvort það hefur verið skoðað á vegum ráðuneytisins hvort einhverjar ákvæðnar skólagerðir eða hvort einhver ákveðin samfélög virðast fóstra „betri eða verri" skóla en að jafnaði gerist, en ég tel mjög nauðsynlegt fyrir okkur að skoða þessar niðurstöður, að gaumgæfa þær vegna þess að þetta er til lítils ef við drögum ekki af því ályktanir og bregðumst rétt við.

[13:59]

Menntamálaráðherra (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Að mínu mati hafa þessar umræður að litlu leyti snúist um samræmd próf og framkvæmd þeirra. Þær hafa miklu frekar snúist um það hvort birta eigi niðurstöður þeirra eða skýra frá þeim þætti skólastarfsins sem samræmdu prófin mæla.

Við höfum rætt þetta á Alþingi fyrr í vetur og ég held að af þeirri braut verði ekki snúið. Þessar upplýsingar verða birtar og þær munu liggja fyrir og það er ekki aðeins krafa lögum samkvæmt, það er minn vilji a.m.k. meðan ég er menntmrh. að þær upplýsingar liggi fyrir. Það er einnig mjög mikil krafa frá foreldrum og nemendum að þær liggi fyrir. Þetta á ekki að vera neitt leyndarmál og að sjálfsögðu þurfa skólarnir og menntamálayfirvöld að haga sér í samræmi við það að þær upplýsingar liggi fyrir og standa þannig að málum að ekki sé unnt að draga í efa að rétt sé að öllum málum staðið sem móta upplýsingarnar og verða til þess að menn leggi mat á stöðu skóla eftir þeim tölum sem samræmdu prófin gefa til kynna. En ég minni á, eins og ég hef jafnan sagt, að samræmd próf segja ekki allt um starf skóla. Vissulega er rétt hjá hv. upphafsmanni þessara umræðna að það eru fleiri þættir í skólastarfi sem æskilegt er að meta og ráðuneytið er einmitt að leggja drög að því að þá þætti sé einnig hægt að bera saman með þeim kvarða að unnt sé að draga af því ályktanir og leita svara við þeim spurningum sem hv. þm. vék að.

Um samræmdu prófin almennt vil ég segja að að sjálfsögðu er það spurning hvort það á að vera skylda að gangast undir samræmd próf eða ekki eða hvort það á að vera réttur sem veitir ákveðin réttindi og hvort eigi að setja málið þannig upp að menn hafi rétt til að gangast undir samræmd próf, enda öðlist þeir þá rétt til að fara í framhaldsskóla. Ef þeir taka ekki prófið hafa þeir ekki þann rétt. Þetta er spurning sem menn geta velt fyrir sér og samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber skólunum að setja inntökuskilyrði. Ef menn vilja afnema þau sem skyldu og hafa þau frekar sem rétt er hægt að líta á það, finnst mér, en samræmd próf þurfa að vera í skólakerfinu hjá okkur og þau hafa miklu hlutverki að gegna.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 805, nál. 1192 og 1263, brtt. 1193 og 1283.

[14:04]

Hjálmar Jónsson:

Herra forseti. Hér er búnaðargjald til umfjöllunar samkvæmt því frv. sem fyrir liggur. Þessi lagasetning er mjög til bóta og ég fylgi málinu í megindráttum. Um er að ræða einföldun, sparnað og breytta innheimtu. Við þingmenn hljótum allir að taka undir það að ástæða sé til að einfalda hlutina og spara. Hins vegar hefur umræðan um málið farið að snúast um aðra hluti en frv. fjallar um.

Hv. þm. eru að finna að því sem ekki er í frv. Það er aftur á móti næsta þrep. Vissulega get ég áréttað það líka að fyrirvari minn við þetta mál fjallar að hluta til um hver næstu skref eru í þessu máli. En í það heila tekið er verið að bæta

innheimtu og auka skilvirkni en ég mun síðar í ræðu minni koma að því hvers vegna ég hef fyrirvara.

Fyrst er til að taka að framleiðendur allir greiði eitt gjald. Í umsögn um frv. segir frá ríkisskattstjóra, með leyfi forseta:

„Frumvarpi þessu er ætlað að einfalda og sameina álagningu og innheimtu þriggja sjóðagjalda sem lögð eru á aðila í landbúnaði og um leið að gera hana öruggari. Lagt er til að búnaðargjald verði lagt á með almennum þinggjöldum líkt og markaðsgjald og iðnaðargjöld og gjaldstofn verði eins og gjaldstofn markaðsgjalds með frávikum."

Síðar segir svo, með leyfi forseta: „Að mati ríkisskattstjóra er frumvarpið og sú hugmynd sem það byggir á vænleg til að ná framsettum markmiðum, þ.e. að einfalda álagningu og innheimtu gjalda og gera hana um leið tryggari. Á hinn bóginn er jafnljóst að með samþykkt þessa frumvarps er nýtt verkefni fært inn í skattkerfið sem krefst tíma og mannafla í einhverjum mæli og því er fyrir miklu við upptöku þessa gjalds líkt og ávallt þegar upp er tekinn nýr skattur að vandað sé til verka og einfaldleiki hafður að leiðarljósi. Jafnframt að lagatextinn sé skýr og bjóði ekki upp á túlkun umfram það sem eðlilegt er."

Þarna er verið að færa verkefni til skattkerfisins, sem áður hefur verið á hendi Bændasamtakanna eða Framleiðsluráðs og um leið að einfalda hjá þeim.

Sama hlutfall er af gjaldstofni hjá öllum bændum en bændur með litla veltu munu greiða fast gjald. Bændur munu hins vegar á ólíkan hátt njóta þeirrar þjónustu sem gjaldið veitir rétt til. Þar er fyrst til að taka hlut Lánasjóðs landbúnaðarins í gjaldinu. Lánsréttur bænda í sumum búgreinum hefur ekki haldist í hendur við framlög til Stofnlánadeildar landbúnaðarins fram að þessu. Því er sú spurning fullkomlega réttmæt hvort niðurgreiða eigi lánsfé til landbúnaðarins á þennan hátt og það er eðlileg spurning hjá hv. þm. Ágústi Einarssyni og Lúðvík Bergvinssyni. Að vísu þarf að hafa í huga að einnig er verið að greiða niður vexti af þegar teknum lánum. Eins og staða sauðfjárræktarinnar er í dag og jafnvel nautgriparæktarinnar líka eiga bændur þess ekki kost að njóta þeirra lánskjara sem eru í boði hjá lánasjóði. Miðað við skiptinguna milli búgreina eins og hún liggur fyrir í frv. um búnaðargjald munu nautgripa- og sauðfjárrækt greiða niður lán í öðrum búgreinum. Vissulega er það rétt sem fram hefur komið að auðvitað er ekki eining um þetta í bændastétt þó að niðurstaða hafi fengist og sé sameiginleg í þessu máli.

Það er ljóst að margir bændur munu því miður ekki eiga þess kost að fá þessi lán. Því verður áfram erfitt um vik hjá mörgum bóndanum. Einnig verður nýliðun í bændastétt, það að hefja búskap, áfram afar erfið. Landbúnaðurinn er langt á eftir sjávarútvegi og iðnaði í lánafyrirgreiðslu. Þar er verkefni sem taka þarf til athugunar og úrlausnar á næstu missirum.

Herra forseti. Varðandi fyrirvara minn við þetta mál er þess að geta að það er ekki síður úrvinnslan, næsta stig, sem ég vil fjalla um í því sambandi. Það er ekki síst að búnaðarsamböndin úti um landið hafa fengið minna og minna til síns rekstrar. Ég tel að einmitt nú við þessa uppstokkun hefði verið lag til að auka hlut þeirra og efla þannig leiðbeiningarþjónustuna heima í héruðum. Framlög á fjárlögum til búnaðarsambandanna hafa minnkað. Þau fengu 2–4% af jarðræktarframlögum sem ekki eru lengur greidd. Á sama tíma hafa hlaðist ýmis verkefni á samböndin, þ.e. ýmis verkefni við framkvæmd laga og reglugerða er varða landbúnaðinn. Framlögin eru í rauninni aðeins hlutdeild í launum héraðsráðunauta. Það eru nú öll framlögin. Verði ekki breyting á þessari þróun, þá verður að teljast augljós stefna þeirra sem ráða málum að færa faglegar leiðbeiningar, rannsóknar- og félagsstarfsemi í landbúnaði af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið. Það er ekki þróun sem ég vil sjá. Ég vil að henni verði snúið við aftur. Mér er þessi þróun áhyggjuefni og ég vil sjá breytingarnar í gagnstæða átt og að fleira af stoðkerfi landbúnaðarins verði staðsett á landsbyggðinni. Því þarf að leiðrétta á fjárlögum að framlög til búnaðarsambandanna vaxi þar einnig. Ég beini því til hæstv. landbrh. að við munum taka vel á því máli, a.m.k. sum hver í hv. fjárln., verði það í rammanum hjá ráðuneytinu að hækka til búnaðarsambandanna og jafnvel taka það upp sjálf.

Einnig er á það að benda að frv. felur í sér lækkun á gjöldum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins úr u.þ.b. 42 millj. í 38 millj. á ári. Þetta láðist hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni að upplýsa í ræðu sinni að hlutur Framleiðsluráðs er minnkaður. Það mega menn gjarnan hafa í huga. Hins vegar vex hlutur og umsvif í yfirstjórn búgreinanna eitthvað.

Herra forseti. Vera kann að félagar í hv. landbn. spyrji hvaða ástæður liggi að baki stuðningi mínum við frv. fyrst ég hef þessa fyrirvara og þær meiningar um hvað betur mætti fara. Ástæðurnar eru margar, sérstaklega þessi að innheimta verður einfaldari og gjaldstofninn einn í stað tveggja, ein álagningarprósenta í stað margra og þannig má vænta betri innheimtuárangurs en verið hefur. Mér er að vísu þyrnir í augum það sem kemur fram í brtt. að 20% vanskilaálag verði lagt á þá fjárhæð sem er vangreidd, þ.e. ef mismunur er á milli álagningar og staðgreiðslu sem skattstjóri reiknar. Almenna reglan um slíka refsingu er 10%, en þá er þess að geta að hér eru ekki dráttarvextir inni heldur aðeins þessi eina greiðsla, þ.e. 20% álag á mismuninn á álagningu og staðgreiðslu. Auðvitað má ekki verða hvetjandi að greiða ekki búnaðargjaldið. Það er vissulega rétt en ég hefði viljað sjá þessa prósentutölu lægri.

Herra forseti. Kerfið verður ódýrara og einfaldara í framkvæmd og innheimta búnaðargjalds með nýju fyrirkomulagi sparar allnokkra fjármuni þótt vissulega muni það þýða einhverja aukafyrirhöfn hjá þeim bændum sem ekki hafa sjálfir staðið skil á sjóðagjöldunum, þeim gjöldum sem afurðastöðvarnar hafa hingað til séð um skil á og það er vissulega í flestum búgreinum. En málflutningur minni hlutans í nefndinni hefur samt sem áður verið gloppóttur á köflum. Til að mynda kemur fram í nál. minni hlutans, sem hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og Ágúst Einarsson undirrita, að fela hefði mátt Lánasjóði landbúnaðarins og Hagþjónustunni verkefni Framleiðsluráðs og lækka hlut þess að sama skapi meira, hins vegar gera sömu þingmenn athugasemd í nál. minni hluta við frv. um Lánasjóð landbúnaðarins við þá hugmyndafræði að yfirleitt skuli rekinn sérstakur niðurgreiddur lánasjóður fyrir landbúnaðinn. Því má segja um þá tvo eins og skáldið forðum í aldarhætti einhverjum:

Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.

Herra forseti. Þetta frv. fjallar um fjármögnun á félagskerfi landbúnaðarins og hluta af stoðkerfi hans. Fleira þarf til að koma eigi að takast að rétta við afkomu margra bænda í landinu og vissulega hefur verið bent á það við umræðuna, t.d. af hv. þm. Agli Jónssyni. Launagreiðslugetan á sauðfjárbúum hefur lækkað á nokkrum árum um nær helming og það er vissulega mjög alvarleg staða. Sambærileg lækkun á kúabúum er 9% á sama tíma, þ.e. á árabilinu 1991–1995.

Þetta er samkvæmt niðurstöðum úr uppgjöri búreikninga hjá Hagþjónustu landbúnaðarins.

Við vinnuna sem fram undan er í gerð búvörusamnings fyrir mjólk þarf að leggja áherslu á að samningurinn tryggi viðunandi afkomu kúabænda og áframhaldandi hagræðingu sem er vissulega eftirtektarverð í mjólkurframleiðslunni.

Herra forseti. Í það heila tekið er lagasetning fyrir landbúnaðinn og aðgerðir gagnvart honum loksins á réttri leið eftir langvarandi óráð og rangar ákvarðanir að miklu leyti um áratugi. Ég hef ekki átt þátt í þeirri fortíð, en mér líður miklu betur yfir því að eiga vonandi þátt í þeirri framtíð sem stefnir að hagsbótum fyrir landbúnaðinn og að hann sé rekinn sem arðbær grein og verði smátt og smátt þannig vaxinn að bændur búi við sambærileg kjör við aðra í þessu landi. En eins og mál standa nú, sérstaklega í sauðfjárræktinni, þá er langt frá því að svo sé.

Að lokum þakka ég svo samnefndarmönnum mínum í landbn. fyrir samstarf og hv. formanni, sem hér gekk til sætis síns, fyrir forustu hans í nefndinni.

[14:16]

Útbýting þingskjala:

Læknis- og lyfjakostnaður, 513. mál, svar heilbrrh., þskj. 1228.

Tekjuskattur og eignarskattur, 528. mál, þskj. 1213.

[14:16]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðunum í gær flutti hv. þm. Árni M. Mathiesen einhverja þá undarlegustu ræðu sem hér hefur verið flutt þar sem hann var gersamlega andvígur málinu en ákvað að styðja það. Mér heyrðist á öllu að fyrirvari hv. þm. Hjálmars Jónssonar, eða það sem ég skildi af honum, væri mjög sambærilegur. Hann er í grundvallaratriðum ósammála því að koma á fót sérstökum lánasjóði fyrir landbúnaðinn auk þess sem hann fór yfir það að lánsréttur bænda hafi ekki haldist í hendur við framlög af þeirra hálfu þannig að hér er um grundvallaratriði að ræða. Þetta minnir dálítið á texta sem Spilverk þjóðanna söng einhvern tíma:

Við í sirkus Geira smart,
trúum því að hvítt sé svart.

Mér sýnist að þessi samlíking eigi vel við þá félaga, hv. þm. Hjálmar Jónsson og hv. þm. Árna M. Mathiesen.

Hins vegar talaði hann líka um að málflutningur minni hlutans hefði verið gloppóttur og að einhverju leyti hefði hann fjallað um það sem ekki var í frv. Það er einmitt kjarni málsins, hv. þm., að við erum ósammála í grundvallaratriðum þeirri aðferðafræði sem þarna er beitt. Við erum ósammála því að leggja á aðstöðugjöld, við erum ósammála því að hlutverk Framleiðsluráðs sé orðið þess eðlis að jafnmiklar tekjur þurfi og ætlunin er í búnaðargjaldinu og við erum ósammála þessari nauðungarinnheimtu á félagsgjöldum. Þess vegna höfum við rætt þessa grundvallaraðferðafræði. Það er eðlilegt að við bendum á aðrar leiðir í umræðu um mál eins og búnaðargjaldið.

Að lokum það, virðulegi forseti, að eitt rekist á annars horn, eins og hv. þm. sagði áðan. Við gerum okkur alveg grein fyrir því að með þennan mikla meiri hluta og gríðarlega fjölda varadekkja sem er að finna í stjórnarmeirihlutanum, þá gerum við fastlega ráð fyrir því að frv. til laga um Lánasjóð landbúnaðarins fari í gegn en við erum að reyna að bæta þær hörmungar með því að færa þeim fleiri verkefni og reyna að hagræða í landbúnaði og við erum aðeins að reyna að leggja gott eitt til. En ef það rekst hvert á annars horn þá getur það vel verið rétt. Það þýðir ekkert að leggja gott eitt til í þessum geira.

[14:19]

Hjálmar Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta hlýtur að vera flokkssöngur þeirra kratanna að hvítt sé svart og svart sé hvítt. Ég hef aldrei heyrt þetta. Það getur vel verið að þeir syngi þetta þar og að í þeim flokki, Alþfl., rekist eitt á annars horn þegar þeir eru að fjalla um landbúnaðarmálin.

Ég hafði engan fyrirvara um Lánasjóð landbúnaðarins. Ég stend að afgreiðslu þess án fyrirvara. Ég gerði grein fyrir fyrirvara varðandi búnaðargjaldið. Ég hafði hins vegar ekki fyrirvara um að búnaðargjaldið lækki og ég er ánægður með lækkun búnaðargjaldsins og að álögurnar á bændur lækka og kerfið þeirra verður einfaldara, skilvirkara og ódýrara um leið. Það eru stóru málin og því er ég ánægður með búnaðargjaldsfrv.

Ég hef fyrirvara um eitt og annað samt sem áður. Eitt er það t.d. að þessi sparnaður sem næst fram skili sér til bænda. Það er eitt stórt atriði. Ég hins vegar vænti þess að á næstu missirum muni okkur í hv. landbn. takast að vinna þar saman að hagsbótum fyrir bændastéttina og ég vonast til þess að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson standi að góðum málum þar með okkur.

[14:21]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem farið hefur fram. Hún er til skýringar á málinu. Auðvitað hafa menn sem hafa sérstöðu í málinu gagnrýnt ýmis atriði. Ég vil mönnum til skýringar af því að sumir hafa látið sem svo að þeir skildu ekki tilganginn og teldu þetta flókið, segja, eins og segir í umsögn frá fjmrn., með leyfi forseta: „Tilgangurinn með hinu nýja búnaðargjaldi er að einfalda álagningu gjalda í landbúnaði, bæta innheimtu þeirra og styrkja innheimtuúrræði. Gjaldstofn búnaðargjalds er velta búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Við þessa breytingu má gera ráð fyrir því að árleg innheimta sjóðagjalda lækki úr um 610 millj. kr. í um 390 millj. kr. miðað við núverandi veltu."

Þarna er því um mikla veltu að ræða, eins og ég sagði í ræðu minni, einföldun á kerfinu og mikill sparnaður í milliliðum sem mun bæði koma landbúnaðinum og neytendum til góða. Það mun spara kostnað í afurðastöðvum hvort sem það eru mjólkurbú eða sláturhús. Þetta mun spara mikið í Framleiðsluráðinu, eins og hefur komið fram, þannig að þetta mál er til einföldunar.

Síðan er spurningin um aðferðina. Gengur hún upp eða gengur hún ekki upp? Verður þetta, eins og hér hefur komið fram hjá einhverjum þingmönnum, viðbótarskattur á bændur?

Bændasamtökin hafa unnið þetta mál mjög vel hvað sem hver segir og náð mikilli samstöðu á stuttum tíma um það. Auðvitað kemur einhver smáefi sem eðlilegt er. Það er efi við allar kerfisbreytingar. Það liggur í hlutarins eðli að sitt sýnist hverjum. Þær umsagnir sem hafa borist eru flestar á þann veg að búnaðarsamböndin, búgreinafélögin og Bændasamtökin eru einhuga í þessu máli. Bændasamtökin hafa ferðast um landið, farið á búnaðarsambandsfundina og kynnt niðurstöður og komið til baka með þær upplýsingar að gagnrýni á þessa breytingu sé ekki mikil. Ég vona því að í landbúnaðinum sé samstaða um málið.

Hvað Framleiðsluráðið varðar og skiptingu gjaldsins, þá segi ég að landbúnaðurinn verður náttúrlega í meginatriðum að ráða sínum málum sjálfur. Bændur halda búnaðarþing sem stendur líklega ekki nema í viku núna. Öðruvísi mér áður brá þegar það stóð jafnvel í einn og tvo mánuði meðan hv. Egill Jónsson sat þar líklega í ein 40 ár ef mig misminnir ekki. Þá var þetta mikil samkoma og stóð oft í tvo mánuði. Nú er þetta vikuþing og þar fjalla menn um málefni landbúnaðarins. Hvað Framleiðsluráðið varðar, þá get ég alveg tekið undir efasemdir og gagnrýni á milliliðina í landbúnaðinum. Þar er hægt að hagræða meira. En Bændasamtökin verða að fá þann tíma sem þau þurfa til þess. Það verður að gerast innan frá og ég trúi því að þar sé mikil vinna í gangi af hálfu Bændasamtakanna. Framleiðsluráðið missir eitthvað af hlutverkum sínum við þessa breytingu og auðvitað hljóta þeir að marka stefnu um það að Framleiðsluráðið sameinist Bændasamtökunum sem er ekkert óeðlilegt. Það er mín skoðun en þeir verða að taka á innri málum sínum sjálfir.

Hvað skiptingu í búnaðarsambönd varðar og aðrar greinar, þá hafa þeir náð samstöðu um það eins og ég hef getið um. Ég hygg að stjórn Bændasamtakanna sé þannig skipuð að hún komi úr öllum kjördæmum. Og ég hygg að þeir fulltrúar sem þar sitja telji sig bera ábyrgð á búnaðarsambandinu sínu og það standi þeim jafnvel hjartanu næst í þeirri umfjöllun á skiptingu á fjármagni sem á sér stað. Ég segi fyrir mig að bændurnir sjálfir verða að ráða sínum málum og ráðstafa þessari skiptingu og hagræða enn betur ef þeir taka fljótt á, eins og kom fram hjá mönnum um Framleiðsluráðið o.s.frv., þá lækkar gjaldstofninn.

Ég ætla aðeins að grípa niður í það sem menn hafa sagt. Það eru örfá atriði sem mig langar að minnast á. Ég tek undir með hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni að auðvitað er Framleiðsluráðið dýrt batterí og þarf endurskoðunar við og það verða Bændasamtökin að gera. Hv. þm. Egill Jónsson hefur sérstöðu í þessu máli og fylgir því ekki og hefur gagnrýnt ákveðna hluti. Ég sagði áðan að ég hefði ekkert um það að segja. Hann yfirgaf mig og félaga sína þannig að þrír af hans mönnum fylgja mér og meiri hlutanum. Því ber auðvitað að fagna en hann hefur sína sérstöðu í málinu og verður bara að fá að róa sína leið. Hann vildi hafa það svo.

Það er langt í frá að Framsfl. sé í fýlu út í Egil Jónsson. Framsfl. er ekki í neinni fýlu út í hann. Það er Egill Jónsson sem hefur lagst í pólitískt þunglyndi yfir þessum tveimur málum (**Gripið fram í:** Framsfl. lætur þannig.) og verið með stór orð, ekki síst í sambandi við lánasjóðinn í gær. Það er ekki nýtt að hann fari sínar leiðir. Það var miklu sterkara að fara sínar leiðir á síðasta kjörtímabili þegar varadekkin skiptu einhverju máli. (Gripið fram í.) En staðan er auðvitað sú að um þetta er samstaða í þinginu á milli stjórnarflokkanna. Ég vil segja um það sem hann minntist á að ég talaði við Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, í morgun um þá fullyrðingu, sem hér hafði komið fram, að búnaðargjaldið yrði launaskattur á bændur og það þýddi eins og hv. þm. Egill Jónsson sagði 5% viðbótarskerðingu á tekjur þeirra. Hann fullyrti, eftir skoðun með hinum færustu mönnum, að þetta gjald mundi auðvitað verða borið uppi af afurðaverði vörunnar. (Gripið fram í.) Ég verð að treysta því.

Ég vil nefna annað sem hv. þm. minntist réttilega á með loðdýrabændur, að þeir njóti ekki þjónustu Framleiðsluráðsins en séu gjaldskyldir þangað. Þetta hef ég rætt við Bændasamtökin og við gerðum það á fundi nefndarinnar og erum eðlilega þeirrar skoðunar að þeir verði að taka á því í sínu húsi og endurgreiða þessar upphæðir til loðdýrabænda sem ekki njóta þjónustunnar svo þeir geti notið þess eins og aðrir í sína þjónustu. Ég vil halda þessari skilgreiningu fram, ekki gera neina breytingu á málinu heldur verði það viðurkennt að þeir njóti ekki þjónustunnar og fái einhvern hluta peninganna til sinna verkefna hvort sem þeir greiða það í Bjargráðasjóð, eins og þeir hafa bent á, eða eitthvert annað.

Hér hefur komið fram töluverð gagnrýni á viðbótargreinina um 20% sem er lagt til að bætist við 5. gr. Hv. þm. Pétur Blöndal og fleiri hafa komið inn á þetta atriði. Þar segir: „Bætist heimild fyrir skattstjóra til að leggja sérstakt 20% vanskilaálag á vangoldið búnaðargjald þegar álagning þinggjalda fer fram. Álagið ásamt því sem vangoldið er verði síðan innheimt á þeim gjalddögum þinggjalda sem eftir eru af árinu. Álagið er ákvarðað nokkuð hátt til að tryggja sem best skil á búnaðargjaldi."

Þetta er í samræmi við það að menn eiga ekki að njóta þess að greiða ekki tilskilin gjöld. Það falla ekki á vanskil dráttarvextir og ekki nein viðurlög þannig að þetta er eitt gjald, 20%, sem síðan greiðist með jöfnum borgunum á þarnæsta ári. Ég hygg að þetta sé nokkuð í samræmi við annað. Þetta er mun lægra en gerist t.d. í virðisaukaskatti. Þar falla á viðurlög og er hærri upphæð. Ég hef alltaf talið mikilvægt að menn greiði skuldir sínar og hafi ekki hag af því að draga að greiða þær. Ég geri því ekki athugasemdir við þetta og þykist hafa útskýrt hvað átt er við í þessum lið.

Fleira efnislegt hefur svo sem ekki komið fram við þessa umræðu. Ég hef rakið mínar skoðanir og ég treysti því að þetta mál verði til þess að hagræða og spara í landbúnaðinum. Og auðvitað er það stórt verkefni að bæta stöðu íslenskra bænda. Ég tek undir með hv. þm. Pétri Blöndal að auðvitað hefur samdrátturinn og hitt að bændur hafa tekið á sig miklar skerðingar um þjóðarsáttarsamninga o.s.frv., það hefur skert tekjur þeirra mikið á síðustu árum. Þeir hafa lagt mikið til þjóðarsáttar. Það er stórt verkefni sem má ekki dragast og í því er verið að vinna af Bændasamtökunum, landbrh. og fleirum, að finna leiðir til þess að efla landbúnaðinn og hefja hans sókn á nýjan leik.

[14:33]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir ummælum hv. formanns landbn., Guðna Ágústssonar, í garð hv. þm. Egils Jónssonar. Ég er steinhissa á því að kalla hv. þm. varadekk í þeim skilningi að afstaða hans skipti ekki máli.

Nú er það svo að ég deili skoðunum með Agli Jónssyni í málinu. Ég tel málið vera illa undirbúið og hefði þurft að vinna það betur. Á mörgum öðrum sviðum innan landbúnaðarstefnunnar fer sjónarmið okkar svo sem ekki saman. En ég kann því ekki vel þegar rætt er um samþingmann minn á þann hátt sem hv. þm. Guðni Ágústsson gerði hér áðan. Það er algerlega óþarfi að gera slíkt. Ég geri ráð fyrir að málin hafi verið rædd á þingflokksfundi Sjálfstfl. áðan eins og um var talað. Líklega hefur niðurstaðan orðið sú, án þess að ég viti um það, að menn vilji láta málið ná fram að ganga. Kannski hlakkar núna í framsóknarmönnum að ná einhvers staðar landi og geta skellt einhverju á sjálfstæðismenn eins oft og þeir hafa orðið undir í stjórnarsamstarfinu og kemur mér í sjálfu sér ekki mikið við. Það hefur gengið á ýmsu á stjórnarheimilinu og oftar en ekki hallað á Framsfl. í þeim efnum. Þá er hér tækifæri til nokkurra hefnda og oft hefur það gerst að menn hafa hefnt þess í héraði sem ekki náðist

fram á Alþingi og ekki veit ég hvort eitthvað slíkt er á ferðinni. En ég vil samt biðja um að fullrar virðingar sé gætt gagnvart sjónarmiðum annarra í málinu og ekki hvað síst þegar um er að ræða mann sem á virðingu skilið, meira að segja af mér sem andstæðingi hans og hefur verið talsmaður landbúnaðarstefnu um marga áratugi. Það er ekki að farið með sanngirni gagnvart hv. þm. Agli Jónssyni í umræðunni.

[14:36]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Egill Jónsson er þannig gerður að hann getur varið sig sjálfur. Þó að hann standi nærri Alþfl. í þessu máli hygg ég að hann sé ekkert á þeirri leið.

Hér hafa orðið orðaskipti í minn garð af hálfu hv. þm. Egils Jónssonar, bæði í gær og í dag þannig að ég held að við verðum bara að eiga það með okkur. Sjálfstfl. stendur að því þingmáli sem hér er. Það snýr ekkert að því að ég fór rækilega yfir það í morgun undir liðnum um fundarstjórn forseta að hv. þm. Egill Jónsson hefði fulla heimild til þess að fylgja sannfæringu sinni og það gerði hann í þessu máli og hefði sína sérstöðu. Ég hef ekkert um það að segja. En það væri ljóst að meiri hluti væri fyrir þessu og þar af þrír sjálfstæðismenn sem fylgja meiri hlutanum í málinu. Ég þarf því ekkert að ræða um þetta mál við hv. þm. Ágúst Einarsson sem er í þeim leikaraskap að reyna að hleypa þinginu upp.

[14:37]

Ágúst Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú þykir mér þingmaðurinn gerast nokkuð stórorður. Það er mitt mál ef ég kýs að skjóta skildi fyrir Egil Jónsson ef ég tel ómaklega að honum vegið. En það að halda því fram að ég sé í einhverjum leikaraskap til að hleypa upp þinginu eru fáheyrð ummæli. Mig munar ekkert um að setja á eins og fjögurra klukkustunda ræðu um landbúnaðarmál og endurtaka mig hvergi, m.a. í þessu máli, ef því er að skipta og ef menn vilja slíkt. Það er ekki verið að ræða um það. Hér er verið að benda á að það er ágreiningur milli stjórnarliðanna í þessu mái. Það hefur einn þingmaður með rökum tekið undir sum sjónarmið stjórnarandstöðunnar án þess að það væri byggt á rökum stjórnarandstöðunnar. Það er sannfæring hans að svo sé. Við höfum tekið undir það. Það er ómaklega vegið að honum í umræðunni. Framsóknarmönnum þykir hann greinilega liggja vel við höggi. Hann stendur greinilega einn og yfirgefinn af sínum samþingsmönnum og það er hans mál. Hann ber það ágætlega og hefur komist fyrr í gegnum orrahríð án þess að þurfa að njóta stuðnings flokksmanna sinna. En ég vil samt sem áður biðja menn um að gæta fullrar sanngirni gagnvart hv. þm. Agli Jónssyni, og ég frábið mér dylgjur af hálfu hv. þm. Guðna Ágústssonar að ég sé í leikaraskap eða að hleypa upp þingi. Ef hann skilur ekki um hvað málið snýst vildi ég ráðleggja að enn yrði gert hlé á fundinum og framsóknarmenn kæmu sér saman um og reyndu að átta sig á um hvað málið snerist.

[14:38]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Egill Jónsson liggur ekkert vel við höggi. Við höfum ekki farið hörðum orðum um hann, þingmenn Framsfl. Hins vegar hefur hann haldið hér miklar ræður í báðum þessum málum. Ég hef sagt og endurtek: Ég ber fulla virðingu fyrir þingmanninum og málflutningi hans og læt það ekki pirra mig þannig að hv. þm. Ágúst Einarsson verður bara að eiga sínar meiningar og hafa þær fyrir sig. Ég hef ekkert við hv. þingmann að ræða um þetta.

[14:39]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlýða á þær umræður sem hafa farið fram, sérstaklega fróðlegt til þess að vita að hv. þm. Egill Jónsson skuli vera kallaður varadekk. Ekki tek ég undir það.

Hins vegar er annað sem ég vildi nefna vegna ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Það er að búnaðargjaldið sé borið upp af afurðaverði. Nú er það þannig að í ákveðnum búgreinum er afurðaverðið skráð og búnaðargjaldið leggst á það verð. Það er alveg ljóst að matvælaframleiðendur eru í samkeppni við marga aðra aðila og þegar þarf að hækka verðið sem nemur þessu búnaðargjaldi þá er þetta aðeins til þess fallið að skekkja samkeppnisstöðuna og gera greininni aðeins erfiðara fyrir þannig að að sjálfsögðu kemur þetta niður á greininni sjálfri.

Hitt er að þar sem verð er ekki skráð er alveg ljóst að þetta álag mun alfarið koma niður á launahlut bóndans. Þess vegna finnst mér dálítið ódýrt af hv. formanni landbn. að reyna að sleppa þannig burt frá málinu að það séu neytendur sem greiða þetta og þetta komi á engan hátt niður á launahlut bóndans. Það er einfaldlega ekki rétt og ég vildi aðeins koma þeirri athugasemd á framfæri.

[14:41]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Miðað við þær breytingar sem hafa orðið á seinni árum með meira frelsi í verði landbúnaðarafurða þá var það kannski að hluta til líka svona með sjóðagjöld sem féllu á heildsöluverð að í sumum tilfellum má segja það sama þar að þær hafa að hluta til komið á launalið.

En ég trúi því og endurtek að þetta gjald verði landbúnaðinum til farsældar og treysti því að menn nái að þróa það þannig að allir verði sáttir við það.

[14:42]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýddi á ræðu hv. 2. þm. Suðurl. og í sannleika sagt var ræðan sem hann flutti afskaplega merkileg og bregður þá að sjálfsögðu æðinýlega við. Hún var líka góð vísbending um það hvernig umræðan hefur fallið um þessi mál. Ræðumaður var í meginatriðum að taka undir það sem ég hef verið að segja alveg eins og hefur gerst í allri umræðunni og ég tel gríðarlega mikils virði þótt mál kunni að skipast með öðrum hætti en ég hef verið að tala hér fyrir að vakin hefur verið athygli á því hvað skilur menn að í þessu máli. Ég trúi því að þess muni ekki verða langt að bíða að þessi mál komi hingað aftur til umræðu og umfjöllunar á Alþingi. Og þá hef ég satt að segja afar mikla trú á því að þau verði betur undirbúin og sérstaklega verði vandað betur til vinnunnar í landbn. en var í þessu tilviki því að það gildir alveg einu um það þótt mál séu aðsend með þessum hætti að auðvitað ber Alþingi ábyrgð á afgreiðslunni eins og hún verður. Þegar leidd eru fram jafnskýr rök í þessum efnum og hér hefur verið gert er náttúrlega augljóst mál að afgreiðslan sem slík fer fram í afar þröngri og ótrúverðugri stöðu.

Ég ætla aðeins að hlaupa á þeim efnisatriðum sem komu fram í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. Þá er það því fyrsta lagi þau

boð sem hann ber hingað eftir framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands um að tryggt sé að þetta gjald lendi inni í verðlaginu. Þá ætla ég að leyfa mér að lesa öðru sinni það sem hefur verið sett saman, dreift og undirritað af Sigurgeiri Þorgeirssyni sem við berum auðvitað öll mikið traust til en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætla verður að í frjálsu verðlagskerfi séu afurðirnar verðlagðar út á markaðinn eins og verðþol hans er talið leyfa. En við verðlagningu milli bónda og afurðastöðvar hlýtur að vera tekið tillit til þess hvorum aðilanum ber að greiða búnaðargjaldið.“ Það er ekki fyrr en þetta gerist sem ákvörðunin verður tekin. Svo einfalt er nú þetta mál. Það liggur náttúrlega nákvæmlega ekkert fyrir um það hvernig þeim málum verður háttað þrátt fyrir þessar yfirlýsingar. Ég minni á það sem ég lagði fram í umræðunni fyrr í dag máli mínu til stuðnings og var haft og tekið upp úr umsögn tveggja búnaðarsambanda þannig að það eru satt að segja æðitraust rök sem ég ber fyrir mig í þessum efnum. Það er líka mikilvæg niðurstaða sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. þegar hann talar um knappan tíma búnaðarþings, svo hafi ekki áður verið — og rétt er það. Hvað felst í þessum orðum? Búnaðarþing klárði aldrei þetta mál og það náði aldrei samkomulagi eða niðurstöðu um þetta mál. Það er afar þýðingarmikið að hér skuli framsögumaður stíga upp í stól og raunar biðjast afsökunar á því að búnaðarþing hafi haft svo stuttan tíma að það hafi ekki getað afgreitt málið fullnægjandi. Svo er þessi sami þingmaður alltaf að tala í nafni bændanna á Íslandi þegar samtök þeirra höfðu ekki komist að niðurstöðu í málinu.

Þriðja atriðið, sem er náttúrlega afar mikilvægt, er í sambandi við þátt loðdýrabænda sem ég dró inn í umræðuna fyrr á þessum degi. Nú er því lýst hér yfir að þetta sé sjálfsagður kostur og full rök séu fyrir því við greiðslur þeirra að tekið sé mið af því að þeir séu á samkeppnisgrundvelli við erlenda loðdýrabændur. Hér er því lýst yfir af framsögumanni að hann treysti því að séð verði til þess að gjaldinu verði skipt með þeim hætti að það samrýmist þessum sjónarmiðum. Lögin segja bara annað. Tillögur meiri hlutans segja bara annað og þegar menn eru sammála um hluti, því í ósköpunum er þessu þá ekki breytt? Það er nokkuð sérstakt og verður varla skilið öðruvísi en að sprungið sé á báðum dekkjum hjá þeim manni sem er í fyrirsvari fyrir málum af þessum toga.

[14:49]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki hleypur hv. þm. Ágúst Einarsson upp til þess að verja mig þegar ég fær svo stórar setningar að ég gangi um með sprungið á báðum. En allt í lagi með það.

Það er rétt hjá hv. þm. Agli Jónssyni að búnaðarþing lauk ekki umfjöllun sinni um þetta mál. Það var ekki lengra komið á þeim tíma. En ég gat um það síðar að stjórn Bændasamtakanna, stjórnir allra búgreinafélaganna, og síðan mikil ferðalög forustumanna Bændasamtakanna á aðalfundi búnaðarsambanda hafa náð þeim árangri að menn hafa getað útskýrt þetta mál og þróað það og náð um það þeirri samtöðu sem skiptir máli þannig að ég sætti mig við þá niðurstöðu. Ég ítreka enn og aftur það sem ég sagði hvað loðdýrabændur varðar að ég er þeirrar skoðunar að þeir sem ekki njóta þjónustu Framleiðsluráðsins fái það til þjónustu sinnar á einhvern hátt. Ég hygg að það muni líka vera verklagsregla í Bændahöllinni að þannig sé það að menn séu ekki að taka fé af þeim sem ekki njóta þjónustunnar. Ég trúi því, eftir að hafa rætt við þá og það kom líka fram á fundi landbn., að þannig gæti þetta verið.

Ég ætla ekki að eyða hér fleiri orðum í þetta mál. Við hv. þm. Egill Jónsson höfum fyrr skipst á skoðunum og oft kólnað okkar á milli stutta stund. Þetta er eins og gerist í góðu hjónabandi að menn verða stundum að skerpa á vinuáttu sinni og þora að takast á með málefnalegum rökum.

[14:52]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af mörgum sérkennilegum ferðum hv. þm. Guðna Ágústssonar í ræðupúlt á þessum degi er þetta sú allra sérstæðasta og ekki síst vegna þess að þingmaðurinn gegnir stundum forsetastörfum. Hér var ekki um andsvar við málflutningi mínum að ræða og það sem er þó kannski enn merkilegra að öll ræðan var staðfesting á því sem ég hef verið að segja. Það er mjög sérstakt þegar framsögumaður fyrir máli kemur upp í andsvari til þess að staðfesta það sem andstæðingur hans í málinu er að segja.

[14:53]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málflutningur þessa einstæða hv. þm. er að verða einstakur hér í dag — var það einnig í gær. Það mætti halda að hann væri heyrnarlaus og ég nota það orð eina ferðina enn. Ég fór yfir öll þessi mál í upphafi málsins í morgun. Ég fór yfir þau öll, hvernig málið hefði verið unnið af Bændasamtökunum og ég hygg að hv. þm. Egill Jónsson greini ekkert betur hvað er andsvar við ræðu en sá sem hér stendur. Hann kom inn á þessi tvö, þrjú atriði í ræðu sinni og ég kom hér til þess að ítreka það sem ég sagði og taka undir það hvernig þetta væri vaxið. Þannig að meðan þingmaðurinn er í þessari pólitísku fýlu eða með þessa ólund þá er hann náttúrlega ekki viðræðuhæfur.

[14:54]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða var að því leyti afar mikilvæg þótt hún ætti að vera andsvar að hún staðfesti það einu sinni enn að þingmaðurinn hefur ekki vald á málinu. Þar af leiðandi ganga skýringar hans út og suður.

[14:54]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið enda er hún búin að taka allnokkurn tíma, kannski lengri en við áttum von á í upphafi. Ég byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu málsins þrátt fyrir að hún sé ekki sammála í því frekar en var í því frv. sem við ræddum í gær um Lánasjóð landbúnaðarins. Það var vitað frá 1. umr. að um málið væri ágreiningur. Menn hafa gert grein fyrir skoðunum sínum og er ekkert við því að segja. Málið er hins vegar afgreitt út úr nefnd með meiri hluta og kemur til umræðu með þeim breytingum sem meiri hlutinn leggur til og einnig með breytingum sem koma frá minni hlutanum.

Út af því sem kemur fram í nál. frá minni hlutanum og því sem kom fram hjá hv. frsm. þar langar mig að segja þar sem nefnt er að gamla aðstöðugjaldshugmyndin gangi aftur í þessu frv. að auðvitað er innheimtuformið í dag ekki af tekjum eða afkomu heldur af veltu. Að því leytinu til er hér ekki ný aðferð hvað þetta varðar. Búnaðargjaldsstofninn er eftir sem áður af veltu en ekki af tekjum eða afkomu hvers bús eða hvers einstaklings og þannig er hér ekki um nýtt

að ræða. Innheimtuaðferðin — að færa þetta til einföldunar og til þess að nota form eða kerfi sem til er, sem er fyrir, er fyrst og fremst gert til þess að auðvelda allt málið, alla framkvæmd þess, og gera hana skilvirkari og gera hana líka eins og stundum er sagt gagnsærri, þ.e. að hún sé augljósari, hvernig að innheimtunni er staðið, hvaða upphæðir er verið að innheimta og til hvers þær renna. Ég held að það geti ekki verið sanngjarnt að segja að óeðlilegt sé að reyna að standa þannig að málum þó svo að þetta form sé notað sem hér er líkt við aðstöðugjaldið. Ég ætla ekki að orðlengja um það frekar en vona að þetta sé skýrt af minni hálfu.

Í öðru lagi benda hv. þm., sem leggja fram nál. minni hluta, á að það verkefni sem falið er Framleiðsluráði í dag mætti hugsanlega fela öðrum aðilum og nefna t.d. Lánasjóð landbúnaðarins, sem mér finnst reyndar ekki eðlilegt því þar er um að ræða fjármálastofnun sem ég held að ætti ekki að hafa þetta hlutverk, það er kannski nær hinni stofnuninni sem er Hagþjónustan sem hér er nefnd. Auðvitað mætti líka hugsa sér að það væri falið Bændasamtökunum eins og hér hefur komið fram í umræðu, ég man ekki hvort það var hjá hv. þm. Agli Jónssyni, að þetta gæti auðvitað líka verið verkefni Bændasamtakanna. Nú ellegar bara ráðuneytisins, það má auðvitað líka segja það. Þetta gæti verið verkefni stjórnsýslunnar formlega. Allt eru þetta kostir en niðurstaðan hefur verið sú að þetta er verkefni Framleiðsluráðs og ég get sagt það í þessari umræðu að verkefni Framleiðsluráðs hafa verið að breytast. Hér eru að verða breytingar og gerðust reyndar líka á seinasta ári þegar breytt var innheimtu svokallaðra kjarnfóðurgjalda og úthlutun þeirra, það breytti líka verkefnum Framleiðsluráðs. En það hljótum við að endurskoða með endurskoðun laganna um Framleiðsluráðið sjálft ef í það verður farið en ekki með því að gera það endilega í tengslum við búnaðargjaldið. Ef verkefnið væri falið öðrum aðilum ímynda ég mér ekki að það mundi ekkert kosta og það er kannski það sem mér finnst athugavert við nál. hv. minni hluta og við brtt. þeirra hv. þm. sem þeir fylgja eftir með þessari afstöðu sem hér kemur fram í nál. Ég held að ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að þó við felum öðrum verkefnið muni það ekki kosta neitt. Við getum ekki á því stigi fellt niður innheimtuna og sagt bara núll. Menn getur sjálfsagt greint á um það hvort upphæðir eru réttar eða rangar. Það eru þessi tvö atriði sem mig langaði til að nefna sérstaklega.

Ég ætla ekki að blanda mér sérstaklega í umræður hv. þm. Egils Jónssonar og Guðna Ágústssonar. Hv. þm. Guðni Ágústsson, formaður nefndarinnar, hefur svarað þeim athugasemdum sem komu fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni í viðbót við það sem kom fram í framsöguræðu hans með nál. En ég vil segja út af hugleiðingum hv. þm. Egils Jónssonar og endurtaka aftur að sjálfsagt mætti hugsa sér breytingar á hlutverki Framleiðsluráðs og hversu háan gjaldstofn eða miklar tekjur sú ágæta stofnun þarf til þess að sinna sínu verkefni og jafnframt segja við hv. þm. að mér finnst að það hljóti að vera eðlilegt að Bændasamtökin fjalli um það hvernig þau skipta þeim fjárveitingum eða ráðstafa því fé sem til þeirra rennur, það eigi ekki endilega að vera hlutverk ráðuneytis, ráðherra og þings, það sé eðlilegt að það sé verkefni samtakanna. Þetta eru félagsleg samtök þessara fulltrúa. Ég er ekki þar með að segja að ég geti ekki verið sammála honum að það ætti að bæta hlut búnaðarsambandanna á kostnað einhvers annars en mér finnst það hljóti að vera þessara félagslegu samtaka að fjalla um það en ekki mitt að ákveða það hvort það eigi að vera meira hér eða meira þar. Það hljóta að vera félagslegu samtökin en ekki ráðherrann sem ákveður það, þó við getum kannski verið sammála um að áherslurnar mættu vera öðruvísi, en þá sé það félagslegu samtakanna sjálfra.

Og allra seinast af því hv. þm. var að velta fyrir sér hvort að eðlilegt hefði verið að breyta innheimtuaðferðinni gagnvart þeim aðilum þar sem innheimta hefði gengið vel eins og hjá sauðfjárbændum og kúabændum. Mín afstaða í því efni er sú að við hljótum að reyna að vera með eitt innheimtukerfi en ekki fleiri. Ég er sannfærður um það, hvað sem tautar og raular, að þetta innheimtukerfi sé einfaldara, skilvirkara og augljósara en það sem við höfum haft. Það eru kostirnir sem felast í þessu frv. fyrst og fremst.

[15:01]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hæstv. landbrh. að hann taldi vel koma til greina að verkefni Framleiðsluráðs yrðu flutt undir aðrar stofnanir og menn geta svo sem deilt um það hvar þeim verkefnum er best fyrir komið. Hitt hlýtur að teljast mjög merkilegt að stofnun sem er álíka dýr og heilt ráðuneyti, hún er álíka dýr og sjútvrn. og rekstur þess, sé hægt að taka bara sisvona og færa verkefni hennar undir aðrar stofnanir án þess að mikið komi til eins og hverjum manni er ljóst. Þess vegna þykir mér það dálítið merkilegt og það hljóti að vera staðfesting þess að einhvers staðar erum við á villigötum, að rekstrarkostnaður Framleiðsluráðs er jafnmikill og stjórnunarkostnaður í sjútvrn. sem fer með helstu atvinnugrein þjóðarinnar. Þetta hlýtur að vera verulegt umhugsunarefni fyrir hæstv. landbrh. Enn fremur hvað varðar þá tillögu sem ég hafði framsögu fyrir og minni hlutinn leggur fram, þá felst í henni að þær u.þ.b. 30 milljónir sem í ár eiga að renna til Framleiðsluráðs verði felldar niður og búnaðargjald lækkað sem því nemur enda kannski ekki nema von því Framleiðsluráð hefur safnað í sjóði u.þ.b. 210 milljónir á meðan kreppt hefur mjög að hag bænda.

Virðulegi forseti. Það hlýtur að vera verulegt umhugsunarefni ef það er lítið mál að færa til stofnun sem er núna dýrari en sjútvrn. sem fer með stjórn á okkar helstu atvinnugrein.

[15:03]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég nefndi það áðan að það getur vel verið að ástæða væri til að skoða bæði þá upphæð sem rennur til Framleiðsluráðsins og rekstur þess í heild, ekki síst í ljósi þess að þar hafa verið að gerast breytingar. Sú athygli sem vakin hefur verið á því, bæði í störfum hv. nefndar og í umræðunum núna, leiðir til þess að við hljótum að skoða það mál. Mér finnst það eðlilegt og sjálfgefið.

Ég vil þó aðeins nefna það út af heildartölunum sem hv. þm. flutti í morgun að í ársreikningunum er verið að fjalla um tímabilið frá september 1994 til desember 1995 af því að reikningsskil voru færð frá verðlagsári til almanaksárs þannig að upphæðirnar voru fyrir 16 mánuði en ekki 12 mánaða tímabil. Það er út af fyrir sig til skýringar svo það hafi komið fram og sé áréttað þannig að tölurnar séu virtar í því ljósi. Ég árétta það að ég tel eðlilegt að við skoðum málefni Framleiðsluráðsins í kjölfar þessarar umræðu en tökum það ekki inn í þetta frv. sem við erum að fjalla um hér og nú. Það er mál sem ber að athuga með endurskoðun á lögunum

um Framleiðsluráð og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

[15:05]

Frsm. minni hluta landbn. (Lúðvík Bergvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til að lengja þessa umræðu mikið umfram það sem komið er en ég fagna yfirlýsingu hæstv. landbrh. um það að hann sé tilbúinn að skoða það að leggja Framleiðsluráð niður og færa verkefni þess til annarra stofnana enda held ég, virðulegi forseti, að kostnaður við þessa stofnun hljóti að vera kominn út yfir allan þjófabálk þegar hann er orðinn álíka mikill og rekstur á því ráðuneyti sem fer með sjávarútvegsmál.

[15:06]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem stóð í mér áðan var það að hv. þm. nefndi að Framleiðsluráðið byggi yfir stórum sjóðum, sem eru að hluta til komnir vegna mikilla umsýsluverkefna og fjármuna sem Framleiðsluráð hafði hér áður en hefur ekki lengur. Sú sjóðamyndun er því trúlega ekki fyrir hendi í dag auk þess sem það kom líka fram í tölulegum upplýsingum hv. þm. í morgun að útgjöldin eru hærri í dag en tekjur ráðsins. Ráð heldur því a.m.k. ekki áfram að safna upp sjóðum heldur er trúlega að ganga á sína sjóði.

[15:06]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gat svo sem hæglega átt von á stuðningi við málflutning minn en það kom mér satt að segja mjög á óvart að hæstv. landbrh. skyldi ganga fram fyrir skjöldu með þeim hætti sem hann gerði og sýnir náttúrlega það að maðurinn er bæði vitur og sanngjarn eins og ég reyndar vissi áður. Það er auðvitað meiri háttar yfirlýsing sem ráðherrann gefur að í ljósi þessarar umræðu verði tekin upp endurskoðun á starfsháttum Framleiðsluráðs landbúnaðarins sem mundi þá leiða til þess að m.a. þau lög sem á að fara að samþykkja hér og þau ákvæði yrðu endurskoðuð frá því sem hér er.

Það er líka afar mikilvæg yfirlýsing sem kemur fram hjá honum um það að hann telji að Bændasamtök Íslands ættu að skipta þessum fjármunum í ríkari mæli en hér er gert ráð fyrir. Hér er nefnilega verið að lögbjóða skiptinguna, hvern og einn einasta aur í skiptingunni er verið að lögbjóða. Það hefur aftur á móti verið mín skoðun að það ætti að hafa þessa skiptingu með þrennum hætti, þ.e. búnaðarsamböndin sér, stofnalánadeildargjaldið sér og allt annað væri í einum pakka sem Bændasamtök Íslands sýsluðu með. Og mér sýnist að þetta fari nú mjög í sama farveg og það sem einmitt kom fram hjá hæstv. landbrh. þó ég hafi talað aðeins nákvæmar.

[15:08]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins út af ummælum hv. þm. Verði farið í endurskoðun á lögum um Framleiðsluráðið og sú endurskoðun leiði til þess að það þurfi að breyta öðrum lögum þá er það bara eitthvað sem er eðli málsins samkvæmt og hlýtur að vera afleiðing. Ég sagði áðan að ég teldi að við gætum ekki tekið á því hér og nú hafandi ekki farið í gegnum stöðu og verkefni Framleiðsluráðs nánar en gerst hefur. Þess vegna væri eðlilegt að þetta frv. liti út eins og það lítur út hér. Síðan, ef breyting verður á framleiðsluráðslögunum sem leiðir til þess að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að þeir fjármunir sem renna eiga til Framleiðsluráðsins ættu að vera einhverjir aðrir, hærri eða lægri, ég hef enga afstöðu til þess hér eða nú, þá þurfa menn að breyta þessum lögum.

Um hitt að lögbjóða skiptinguna þá vil ég undirstrika að ég veit ekki annað, það eru náttúrlega mál sem koma inn hjá nefndinni, en ég hef litið svo á og mínar upplýsingar segja mér að það sé vegna tillögu frá Bændasamtökunum. Ég var að segja, hæstv. forseti, við vangaveltum hv. þm. um það hvort ráðherrann ætti að ráða þessari skiptingu, löggjafinn Alþingi eða samtökin sjálf ættu að ráða henni að mér finnst að félagasamtökin sjálf eigi að ráða því. Sé þetta tillaga þeirra þá hef ég ekki á móti málsmeðferðinni. Ef þessi ágætu samtök, félagasamtök bænda, komast að því síðar að þau vildu hafa skiptinguna öðruvísi þá yrðum við sjálfsagt að breyta þessum lögum. Ég get svo sem fallist á að það sé svolítið þungt í vöfum en ég vona að þessi niðurstaða sé fengin eftir mikla yfirvegun af hálfu samtakanna því það er stórt mál að ákveða skiptinguna og biðja um að hún sé lögboðin.

[15:10]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi skipting er fengin af hálfu stjórnar Bændasamtaka Íslands og formanna búgreinasambandanna. Ég kannast ekki við það t.d. að búnaðarsamböndin hafi verði kvödd til ráða um þessa skiptingu. En það sem er afar mikilvægt í þessari umræðu er það að hæstv. landbrh. telur eðlilegt að Bændasamtökin annist þessa skiptingu og þá getur það ekki gerst öðruvísi en að það verði gert með reglugerð. Því auðvitað er það Alþingi sem tekur ákvörðunina og Alþingi hleypur auðvitað ekki upp til handa og fóta þótt kallað sé á einhverjar tilteknar, kannski smávægilegar en þarfar, breytingar í þessum efnum. Skiptinguna er því langsamlega eðlilegast að greina, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, milli búnaðarsambanda, milli Bændasamtakanna, milli Stofnlánadeildarinnar, en kveða svo á um það í reglugerð að öðru leyti hvernig skiptingu sé háttað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:12]

Útbýting þingskjals:

Álbræðsla á Grundartanga, 445. mál, brtt. SvG og GGuðbj, þskj. 1309.

Suðurlandsskógar, 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876, nál. 1200.

[15:14]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. landbn. um frv. til laga um Suðurlandsskóga.

Nefndin fékk marga á fund sinn og fór vel yfir þetta mál. Ég vil hér aðeins grípa ofan í nál. og rekja meginniðurstöðu bæði þeirrar breytingar og hvernig um málið var fjallað, með leyfi hæstv. forseta:

Í máli forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndar ríkisins komu fram athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir við Suðurlandsskóga um að þær hafi svo víðtæk umhverfisáhrif að slíkar framkvæmdir beri að fara í umhverfismat skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993. Í athugasemdum skipulagsstjóra ríkisins kom

fram að hann leggur ríka áherslu á að áður en verkefnið hefjist verði gerð sérstök skipulagsáætlun sem nái til skógræktar fyrir það svæði sem verkefnið nær til. Haga þurfi skógræktaráætluninni þannig að samráð við hagsmunaaðila verði tryggt og almenningi gefist kostur á því að gera athugasemdir við áætlunina.

Í ljósi þessara athugasemda telur nefndin að í þeim tilfellum þar sem farið verður í stór ræktunarverkefni á vegum Suðurlandsskóga verði skoðað sérstaklega hvort beita beri 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að vandað verði til undirbúnings framkvæmdanna og tillit tekið til flestra þátta og sjónarmiða. Í þessu sambandi má benda á 25. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, sem kveður á um samþykki skipulagsyfirvalda fyrir notkun lands til nytjaskógræktar.

Skógrækt ríkisins hefur þróað vinnureglur sem tengjast skipulagsmálum en þær eru m.a. að forðast beri einrækt trjátegunda, skógarjaðrar verði ræktaðir með mörgum tegundum til fegrunar og skjóls, skógrækt verði felld að landslagi bæði hvað varðar jarðvinnslu og gróðursetningu, sjaldgæf vistkerfi verði skilin eftir við gerð skógræktaráætlana og að skilin verði eftir opin svæði kringum fornar mannvistarleifar. Nefndin leggur ríka áherslu á að frekari þróun vinnureglna Skógræktarinnar verði í náinni samvinnu við Skipulag ríkisins svo að þær verði í samræmi við lög og í sátt við hagsmunaaðila.

Þrátt fyrir þessar áherslur nefndarinnar og athugasemdir sem fram komu við frumvarpið leggur nefndin ekki til að sett verði sérákvæði í þessi lög sem kveði á um að áætlunin skuli fara í mat á umhverfisáhrifum, um það gilda önnur lög. Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, lúta allar að orðalagi þess en ekki efni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem raktar eru á þingskjalinu og af því að þær snúa að orðalagi en ekki efni þá sleppi ég því að lesa þær hér upp og vitna í þingskjalið.

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn hv. landbn., Sigríður Jóhannesdóttir með fyrirvara.

Ég þarf ekki að hafa hér fleiri orð um þetta, hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja að ég hef fylgst með þessu mikilvæga verkefni sem Suðurlandsskógar eru og munu skipta ekki bara Suðurland miklu máli heldur skógrækt yfir höfuð í landinu og þetta er eins konar framhald af Héraðsskógum. Þróunin heldur áfram og fleiri ráðast til þessara verkefna. Ég hef sérstaklega kynnt mér hvernig þeir sem að verkefninu vinna ætla að standa að því faglega og hef fengið frá þeim langa greinargerð um það þannig að ég er sannfærður um að að þessu verkefni verður unnið af mikilli fagmennsku. Áhersla verður lögð á það að reyna að ná samstöðu við alla hagsmunaaðila, bændurna, sveitarstjórnirnar, Skipulag ríkisins og fleiri. Ég óttast því ekki framhaldið og legg til, hæstv. forseti, að þetta mál verði samþykkt.

[15:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er athyglisvert mál á ferðinni og vafalaust gagnlegt mál ef vel verður að staðið og fjárveitingar koma til verkefnisins sem hér er um að ræða. En það er einn þáttur þessa máls sem ég hlýt að gera athugasemdir við og það er sú einkennilega afstaða af hálfu landbn. að áætlun af þessum toga fari ekki í mat samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Mér er með öllu óskiljanlegt af hverju ekki er tekið fram af hálfu nefndarinnar að hún fallist á það að málið verði unnið með þeim hætti. Það virðist sem svo að hjá ýmsum á Alþingi og utan þings sé uppi sá misskilningur að málsmeðferð af þeim toga að mál fari í mat á umhverfisáhrifum feli í sér einhverja andstöðu við mál sem slíkt. Þessi farvegur er einmitt til þess ætlaður að allt fari sem best úr hendi og að farið sé að settum lögformlegum reglum varðandi framkvæmdina, að öll sjónarmið geti komið fram og síðan geti skipulagsyfirvöld og viðkomandi ráðherra tekið á málinu eins og farvegur er markaður fyrir í lögunum. Það ætti ekki að vera neinum, að mínu mati, mótdrægt að svona háttur sé á hafður. Hvers konar sjónarmið er það að sama stofnun og er ætlað að móta tillögurnar verði í rauninni sú stofnun sem kveður upp úr um það hvernig á er haldið? Þetta rímar ekki saman og ég tel útilokað að afgreiða lög um svona stór mál á Alþingi án þess að það liggi skýrt fyrir hvernig með verður farið.

[15:21]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Auðvitað er ég sammála því og nefndin að farið verði að öllum lögformlegum reglum í þessu máli. Hins vegar finnst okkur ekki rétt að setja það í lög að þetta verkefni skuli fara í umhverfismat heldur komumst að þessari niðurstöðu, að vert sé að fara yfir stærstu samfelldu svæðin og þau færu þá í mat. Þetta verkefni er mjög dreift, þetta er á bújörðum og fyrir utan hitt að ég hygg að það mundi tefja þetta mál í nokkur ár og auðvitað kosta mikla peninga. En ég sagði áðan að ég væri sannfærður um að þannig verði staðið að þessu verki, það er búið að undirbúa þetta mál í nokkur ár, að allir verði sáttir, ég trúi ekki öðru, og að menn muni þar mjög fara eftir faglegum reglum og eiga samstarf og samráð við alla þá aðila sem þar að koma, Skipulag ríkisins og fleiri aðila sem ég nefni ekki hér. Þetta er kannski ástæðan fyrir að ekki er kveðið á um skógrækt í umhverfismatslögunum og hitt að ég er sannfærður um að það bæði kostar mikla peninga og tefur verkið í nokkur ár.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem hér er um að ræða er af minni hálfu ósk um að það liggi alveg skýrt fyrir þegar Alþingi tekur á máli sem þessu að viðkomandi áætlun fari sem slík í gegnum mat á umhverfisáhrifum lögum samkvæmt. Ég er sannfærður um að slík vinna, slíkt mat, mun greiða götu viðkomandi framkvæmda og gera þær betur úr garði en ella væri. Og það er nú svo, virðulegur forseti, að nokkur ár eru síðan lögin um mat á umhverfisáhrifum voru sett. Þau sækja fordæmi sitt til alþjóðlegra viðhorfa og eru að verða viðtekin regla. Ég vil geta þess að einmitt eru komnar mótandi reglur, m.a. hjá Evrópusambandinu, um það að áætlanir, skipulagsáætlanir og verkáætlanir, þar á meðal af þeim toga sem hér um ræðir, fari alveg ákveðið undir slíkt verklag á undirbúningsstigi. Ég skora á hv. formann landbn. að taka undir það sjónarmið að þessi háttur verði á hafður varðandi áætlunina sjálfa. Síðan kemur til framkvæmda samkvæmt fjárveitingum og annað þess háttar og auðvitað er sjálfsagt að hinir stærri þættir fari til sérstakrar athugunar, einnig samkvæmt mati á umhverfisáhrifum, en ég er að tala um áætlunina sem slíka fyrst af öllu. Síðan er það matsatriði með einstaka framkvæmdarþætti sem ég er sannfærður um að verður auðveldara að ná utan um og ná sátt um eftir að búið er að fara yfir hin almennu atriði sem varða sjálfa áætlunina. Það er mikill misskilningur, virðulegur forseti, ef

það er andstaða við það, t.d. hjá ríkisstofnun eins og Skógrækt ríkisins, að þetta verklag sé haft á og stafar af hreinum misskilningi að mínu mati.

[15:26]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu sína á málinu og lýsa ánægju minni með að um málið skuli í heild hafa náðst samkomulag þannig að allir hv. nefndarmenn skrifa undir nál. þó einn hv. þm. geri það að vísu með fyrirvara sem út af fyrir sig er ekkert við að segja. Í öllum aðalatriðum og efnisatriðum eru menn sammála um að leggja í þetta mikla verk og leggja af stað með þá vinnu sem mótuð er í þessu frv. enda hefur hún átt sér langan aðdraganda og ég ætla ekki tímans vegna að rekja það sérstaklega eða fjalla um efnisatriði málsins en aðeins undirstrika að ég lýsi ánægju minni með þá samstöðu sem hefur náðst um málið því ég óttaðist um tíma að það yrði e.t.v. ekki og þá af öðrum ástæðum en þeim sem komu upp áðan í andsvari og svörum við andsvari heldur af þeirri ástæðu að menn veltu fyrir sér spurningunni: Af hverju Suðurlandsskógar? Af hverju að taka þetta svæði út úr sérstaklega? Það ræddum við við 1. umr. og ég ætla ekki að eyða frekari tíma í það.

Hins vegar langar mig út af þeim ummælum sem féllu áðan í andsvörum og út af þeirri umræðu sem hefur átt sér stað um málið í hv. landbn. að greina frá því líka að á fundinn gengu fulltrúar eftirlitsstofnana sem eiga að fylgjast með og fjalla um umhverfismál okkar, náttúrufræði, náttúruvernd og skipulagsmál. Þetta voru forstöðumenn Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndar ríkisins og skipulagsstjóri ríkisins. Þeir hafa lýst því yfir að þeir telji að það að fara beri með þessa framkvæmd, ég held ég megi segja að það sé þeirra skoðun, undir lögin um mat á umhverfisáhrifum.

Ég hygg að sú skoðun hafi komið upp að það ætti að kveða á um það sérstaklega í þessum lögum að svo skuli gert. Mín skoðun sem umhvrh. er að ekki beri að gera það. Það beri ekki að setja í lög um einstakar framkvæmdir eða einstök verkefni að þau skuli fara undir mat á umhverfisáhrifum heldur séu það lögin sem fjalla um það verkefni sérstaklega, lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, sem eiga að kveða á um það hvaða framkvæmdir eigi að meta. Það gera þau vissulega en lögin eru, eins og margoft hefur komið fram í umræðum og nú síðast áðan hjá hv. 4. þm. Austurl., tiltölulega ný og við höfum ekki mikla reynslu af þeim og framkvæmdaaðilar, og kannski þjóðin öll, eru smám saman að læra og skilja að það að framfylgja lögunum og meta umhverfisáhrifin er verkefni sem á að vera hluti af framkvæmd en alls ekki eitthvert viðhengi, eitthvert sérmál, og líta alltaf á þetta sem einhvern aukakostnað. Það er ekki aukakostnaður, þetta er hluti af undirbúningi alveg eins og hönnun og önnur skipulagsvinna. Það vil ég undirstrika og kann að mega kalla þetta misskilning sem er úti í samfélaginu hvað þetta varðar.

Hitt vitum við að um málið eru skiptar skoðanir. Það liggur fyrir að skoðanir eru skiptar hjá ýmsum aðilum um það hvort beri að fara með hinar ýmsu framkvæmdir, hin ýmsu verkefni, í mat á umhverfisáhrifum og þá hvaða verkefni það séu. Um þetta eru deilur. Þær deilur hafa komið inn í þingsali og þær hafa eitthvað birst í umræðunni um þetta ágæta mál sem hér er á ferðinni. Það væri mikil synd ef það stöðvaði framgang eða framkvæmd þessa máls.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum er annars vegar í 5. gr. þeirra talið upp og fjallað um þau verkefni sem skulu skilyrðislaust háð mati á umhverfisáhrifum. Í 6. gr. laganna er hins vegar kveðið á um það að umhvrh. sé heimilt að ákveða að aðrar framkvæmdir fari einnig í mat á umhverfisáhrifum og þá kemur alltaf upp þetta erfiða mat, þessi erfiða staða að þurfa að skera úr um slíka hluti.

Vegna þessarar umræðu og ef það mætti verða til þess að liðka fyrir umfjöllun um málið hér í þingsölum og sætta menn á framkvæmd þess og það er fallist á að málið fari hér í gegn án þess að tefjast umfram það sem eðlilegt telst af eðlilegum ástæðum, málsmeðferð og eðlilegum umræðum, þá langar mig að segja við hv. þm. að ég mundi vilja beita mér fyrir því að ef þetta frv. verður að lögum þá verði gengið til þess strax að kalla saman þá aðila alla sem málið varðar, þ.e. þá þrjá eftirlitsaðila sem ég hef hér nefnt, framkvæmdaraðilana, þ.e. fulltrúa Skógræktar ríkisins, fulltrúa Suðurlandsskógaverkefnisins sjálfs, fulltrúa sveitarfélaga á því svæði og að sjálfsögðu með fulltrúa umhvrn. og landbrn. til þess að fara yfir málið, fjalla um hvernig að því verði best staðið þannig að um það ríki helst, ekki sem best sátt heldur fullkomin sátt. Og að þess verði gætt að öll lög sem málið gæti varðað og gæti haft áhrif á framkvæmd verði að sjálfsögðu virt. Náttúrlega á ekki að þurfa að taka það fram en menn þurfa samt að tryggja að sinnt sé t.d. ákvæðum skipulagslaga og vinnureglum sem skipulag kann að viðhafa og þeim þáttum öðrum sem þessar eftirlitsstofnanir hafa með að gera eins og t.d. að gætt verði að því að ákvæði alþjóðlegra samninga sem við höfum undirgengist séu einnig virt og tekið sé fullt tillit til þeirra og þá á ég t.d. við samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika. Fleiri koma auðvitað til en þessu þarf að halda til haga. Á slíkum samráðsfundi þessara aðila sé fjallað um þessi mál, farið yfir þau og að honum loknum sé tekin ákvörðun um hvernig farið verði með málið, hvort það falli undir 6. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum með þeim aðferðum sem þar eru tilteknar og hvort það sé áætlunin í heild, verkið í heild, eða einstakar framkvæmdir. Ég hygg að þetta ætti ekki að þurfa að tefja málsmeðferð á nokkurn hátt og það væri hægt að haga þannig hlutum að ef samkomulag verður um málsmeðferð í hópi af þessu tagi á slíkum fundi þá ætti hugsanlega að vera hægt að hefjast handa við einstaka verkþætti og undirbúa framkvæmdir þó svo að málið væri til umfjöllunar samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum.

Ég hef svona langt mál um þetta, hæstv. forseti, vegna þess að ég er í raun líka hér með að segja að ég sé ekki tilbúinn til þess að segja það hér og nú í þessum ræðustól að ég ætli að taka afstöðu til þess nú að málið fari í mat á umhverfisáhrifum þannig að það sé alveg skýrt. Ég er að tala um þetta ferli til þess að reyna að ná samkomulagi og fullri sátt um málið vegna þess að eins og ég sagði áðan eru vissulega, því miður, um það skiptar skoðanir. Ég geri mér hins vegar vonir um að með þessari vinnuaðferð sé hægt að leiða málið til lykta í fullri sátt.

[15:34]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er í raun dapurlegt að það skuli þurfa að standa um það deilur og það skuli þurfa að ganga eftir því alveg sérstaklega að farið sé að þeim vinnureglum varðandi svo stórt mál sem þetta sem almennt er farið að taka upp í sambandi við aðgerðir sem sannanlega hafa veruleg áhrif á umhverfið án þess að í því felist með nokkrum hætti fyrir fram dómur um það hvort viðkomandi framkvæmd teljist að einhverju leyti neikvæð eða þurfi að aðlaga að

einhverjum sjónarmiðum. Ekkert slíkt fylgir slíkum ákvörðunum og þess vegna talaði ég um misskilning í því sambandi. En jafnhliða því sem nú er verið að leggja upp með stórar svæðisbundnar áætlanir um skógræktarmálefni, eins og riðið var á vaðið með austur á Héraði, góðu heilli, á sínum tíma þá voru menn ekki komnir af stað með þetta vinnuferli um mat á umhverfisáhrifum með þeim hætti sem nú er orðið, þá tel ég óhjákvæmilegt að fyrir afgreiðslu þessa máls í þinginu nú liggi skýlaus yfirlýsing hæstv. ráðherra sem með málið fer, bæði sem landbrh. og umhvrh., þess efnis að hann muni stuðla að því að með málið verði farið samkvæmt heimildum í 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og málstökin verði þannig.

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að ég hafi sagt æðimikið í þá veru sem hv. þm. veltir hér fyrir sér og spyr um. Ég veit ekki hvort hann náði ekki að hlýða á það viðhorf mitt sem ég tók undir hans mál áðan í því efni að ég teldi mikinn misskilning ríkja varðandi þessi viðhorf úti í þjóðfélaginu og mat á umhverfisáhrifum ætti skýlaust að skoðast sem hluti af verkefnum og framkvæmdum en ekki sem eitthvert viðhengi, sem einhver aukaliður og hef tekið dæmi um það. Mér hefur verið sagt að þegar búið væri að semja kostnaðaráætlanir um verk upp á 10 milljónir þá hafi allt í einu komið auka- eða viðbótarkostnaður upp á milljón út af þessu umhverfismati en þá kostaði verkið aldrei 10 milljónir heldur kostaði það í raun 11 milljónir. Ég er sammála hv. þm. um að slíkt viðhorf þarf að komast á.

En ég segi aftur að ég er tilbúinn til þess að beita mér fyrir þessum fundi, það verði aðdragandi að málinu. Ég geri mér vonir um að það muni leiða til þess að menn séu sammála um að slíkt mat skuli fara fram, a.m.k. á stærstu áföngum sem framkvæmdir verða í þessu sambandi. Hv. þm. talaði um áætlunina sem heild, ég kann kannski ekki að skilgreina það nógu vel á þessu stigi. Ég mundi vilja að slíkur fundur, eins og ég hef talað um áður, fjallaði um það og færi yfir það mál en einstaka smærri framkvæmdir heima hjá einum og einum bónda þyrftu ekki frekar en verið hefur í skógrækt á bújörðum eða átaksverkefnum „bændur græða landið" o.s.frv. Þar hefur þetta ekki verið framkvæmt þannig að mér finnst að við þurfum að átta okkur á því betur hvað við erum að tala um þannig að við getum staðið sameiginlega að því og ég er tilbúinn til þess að reyna að leiða það fram og beita mér fyrir því. En það finnst mér vera það sem ég get sagt á þessu stigi vegna þess að ég veit að um málið eru skiptar skoðanir sem ég hef hér reynt að greina frá og ég vænti þess eindregið að þessi vilji minn megi verða til þess að málið fái farsælan framgang hér á þingi nú.

[15:39]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sjónarmið liggur fyrir frá ríkisstofnunum sem heyra undir hæstv. ráðherra og eiga að fara með hagsmunagæslu að því er varðar skipulagsmál og í sambandi við náttúruvernd að þessar stofnanir leggja á það áherslu að fram fari mat á umhverfisáhrifum í sambandi við þessa áætlun og framkvæmdir sem að henni lúta. Þessi sjónarmið liggja fyrir og það er mjög einkennilegt ef hæstv. ráðherra treystir sér ekki, með það í höndunum, til þess að gefa yfirlýsingar um það á Alþingi í tengslum við þetta mál að hann muni beita sér fyrir því að slíkt mat fari fram og nýta heimild í lögum þar að lútandi. Það er mjög tortryggilegt. Mér finnst alveg ótækt að þannig sé haldið áfram vinnu að þessum þýðingarmiklu málum án þess að það liggi fyrir. Það er að sjálfsögðu ekkert á það treystandi ef um er að ræða bara heimild í höndum hæstv. ráðherra og þó að hæstv. ráðherra segist ætla að halda fund með stofnunum sem hafa þegar lýst vilja sínum í málinu. Málið á að vera ljóst og skýrt og hæstv. ráðherra ekkert að vanbúnaði að gefa hér almenna yfirlýsingu um það að hann ætli að láta fara að þessum lögum og nota heimild þar að lútandi. Ég skora á hæstv. ráðherra að gefa slíka yfirlýsingu hér og ég er sannfærður um að það mun greiða fyrir þessari áætlun almennt og auðvelda einstakar framkvæmdir innan ramma áætlunarinnar, ef áætlunin sem slík, þ.e. almenn viðhorf sem að henni lúta, vinnureglur og verklag, fara í mat á umhverfisáhrifum. Það væri stórt framfaraspor sem þar væri tekið og það er algerlega ástæðulaust að vera að tortryggja þá aðila sem óska eftir slíkum vinnubrögðum og dregur ekkert úr gildi þess undirbúnings sem t.d. Skógrækt ríkisins hefur lagt og er vissulega í mjög jákvæða átt hvernig þar hefur verið haldið á málum.

[15:41]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er búinn að segja það sem ég get sagt um þetta mál á þessu stigi. Ég er ekki að lýsa neinu vantrausti á þá ágætu forstöðumenn og forsvarsmenn þeirra stofnana sem undir umhvrh. heyra og hafa gengið á fund umhvrh. eins og ég hef greint hér frá og hvað okkur fór á milli í því sambandi. Ég greindi þeim frá hvað ég mundi vera tilbúinn til og geta gert í þessari umræðu. Ég veit hins vegar að um málið eru skiptar skoðanir, um það hvernig skuli standa að matinu á umhverfisáhrifum og hvernig skuli taka á málinu þegar við reynum að leiða það þannig fram að það geti orðið sem farsælast og allir verið sáttir. Ég tel miklu betra að gera það þannig heldur en að gefa yfirlýsingar um það hér og nú eða knýja á um það sem mundi síðan kalla á andstöðu einhverra annarra aðila við málið. Ég veit að þessi sjónarmið eru bæði hér innan þings og hugsanlega utan þings líka sem ég er að lýsa yfir fullum vilja til þess að beita mér fyrir að hafa áhrif á þannig að málið geti farið fram með þeim hætti sem ég hef hér lýst, að það náist samkomulag um að beita 6. gr. heimildunum. Og það vil ég reyna að gera með fullri sátt og ég treysti því að það verði frekar heldur en að gefnar séu yfirlýsingar hér og nú sem kalla á andstöðu eða mundu stefna málinu að öðru leyti í hættu.

Umræðu frestað.

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 1288.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1995, 3. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af olíu, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 1280, brtt. 1295.

[15:46]

Frsm. sjútvn. (Árni R. Árnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 493. mál. Breytingartillaga mín liggur fyrir á þskj. 1295. Í henni eru lagðar til breytingar á gildistökuákvæðum sem eru í tveimur greinum í frv., 21. og 22. gr. Við athugun eftir að 2. umr. var lokið og atkvæðagreiðsla hafði farið fram kom í ljós að gera þarf breytingar og því er þessi tillaga lögð fram um nýja gildistökugrein í stað hinna tveggja fyrri. Efnislega er um það að ræða að lögin komi til framkvæmda á tilteknum tíma og að á sama tíma falli úr gildi sambærileg lög sem gildi þangað til um sama efni. Breytingin er í raun fólgin í því að nokkur ákvæði í frv. munu með þessu verða samfelld, taka gildi um leið og ákvæði fyrri laga falla úr gildi. Á sama hátt er lagfærð uppsetning á gildistökuákvæðinu þannig að það kemur fram í einni grein eins og algengast er orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:50]

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd verkefnis um reynslusveitarfélög, 619. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1311.

Réttindi sjúklinga, 260. mál, brtt. ÁRJ o.fl., þskj. 1310.

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 1229, brtt. 1282.

[15:51]

Frsm. félmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 1282 frá félmn. Tillagan gengur út á að breyta gildistíma þessara væntanlegu laga. Í frv. er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi strax en í ljós hefur komið að sú reglugerðasmíði sem þarf að eiga sér stað eftir að þessi lög öðlast gildi er mjög skammt á veg komin og það kann að skapa ákveðinn óróa og miklar fyrirspurnir um útfærslu á lögunum og hvað þau þýða því hér eru nýjungar á ferðinni sem snerta vinnutíma barna og ungmenna. Það hefur orðið að samkomulagi í félmn. að leggja til að gildistökunni verði frestað til 1. okt. 1997 þannig að ráðrúm gefist til að smíða nauðsynlegar reglugerðir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurlandsskógar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876, nál. 1200.

[15:55]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli framsögumanns nefndarinnar að ég hefði skrifað upp á nál. landbn. um frv. um Suðurlandsskóga með fyrirvara. Ég ætla að gera grein fyrir því með nokkrum orðum í hverju sá fyrirvari var fólginn.

Strax við 1. umr. kom ég hér upp og gerði athugasemd við það að ég fyndi ekki neitt í frv. um umhverfismat. Hæstv. landbrh. svaraði því til þá að hann teldi að slíkt ákvæði þyrfti ekki. Ég hef rætt þetta síðan í nefndinni og hvatti mjög til þess að inn í lagatextann sjálfan yrði tekið ákvæði um umhverfismat. Undir það sjónarmið var ekki tekið og þess vegna skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Það skal að vísu tekið fram að í nál., sem auðvitað hefur lögskýringargildi, kemur fram að skoðað verði sérstaklega hvort beita beri 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum við stór ræktunarverkefni á vegum verkefnisins. Má segja að það hafi raunar strax verið til bóta. Einnig fagna ég þeirri yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf hér í umræðunum þar sem hann lýsti yfir að hann mundi hafa samráð við forstöðumenn helstu stofnana umhvrn. um gerð slíks mats.

[15:58]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér er hið merkasta mál á ferðinni þar sem ætlunin er að gefa sem flestum færi á að taka þátt í fjölnytjaskógrækt á Suðurlandi og stuðla þannig að þróun og viðhaldi byggðar á svæðinu jafnframt því að græða og bæta landið fyrir komandi kynslóðir og byggja nýja náttúruauðlind fyrir komandi kynslóðir eins og segir í fylgiskjali I með frv., eða greinargerð um Suðurlandsskóga. Hér er ekki um neitt stundarverkefni að ræða heldur er verið að leggja grunn að áætlun og starfi til 40 ára um ræktun timburskóga á allt að 15 þús. hekturum lands, skjólbeltum á allt að 10 þús. km og landbótaskógrækt á um 20 þús. hekturum. Til þess að áætlunin gangi eftir þarf mikið fé eða hátt í 100 millj. kr. árlega. Það má því ljóst vera að með samþykkt þessa frv. er verið að stofna til umtalsverðra útgjalda til framtíðar. En fjármögnun er aðeins tryggð til næstu fjögurra ára. Auk þess má búast við auknum kröfum frá öðrum landshlutum um að þeir fái einnig stuðning til álíka verkefna og eins og menn vita er slíkt langtímaverkefni þegar hafið á Austurlandi. Það má minna á áhuga fólks víða um land á því að vinna að uppgræðslu og landbótum þótt ekki séu jafnstórtækar hugmyndir á ferð og hér eru felldar inn í sérstakt frv.

Ég get t.d. alveg minnt á merkilegt starf sem lagður hefur verið grunnur að í landnámi Ingólfs og stofnuð um það samtök einstaklinga, félaga, sveitarfélaga og fyrirtækja, með það að markmiði að vinna að því að stöðva gróður- og

jarðvegseyðingu, styrkja vistkerfi svæðisins og auka og bæta gróður í þeim tilgangi að endurheimta glötuð landgæði og skapa vistlegra umhverfi fyrir þann stóra hluta þjóðarinnar sem býr á svæðinu, eins og segir í lögum samtakanna sem voru samþykkt á stofnfundi þeirra.

Þar er hins vegar ekki á dagskrá að efna til nytjaskógræktar eins og ætlunin er að hluta til með áætluninni um Suðurlandsskóga. Samt þótti okkur sem stóðum að undirbúningi þessa framtaks ástæða til þess að setja alla nauðsynlega fyrirvara til að tryggja að framkvæmd verkefnisins ylli engum þeim spjöllum sem ekki yrðu aftur tekin. Á stofnfundinum var því samþykkt yfirlýsing um vinnubrögð þar sem m.a. kemur fram að umhverfismat verði lagt til grundvallar þar sem um stórverkefni verður að ræða. Ályktunin hljóðaði reyndar svo í heild, með leyfi forseta:

„Við áætlanir um hvers konar landgræðsluaðgerðir á vegum samtakanna, gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, skal taka tillit til náttúrufars viðkomandi svæðis svo sem helstu búsvæða plantna og dýra og vistkerfa sem ástæða gæti verið til að vernda. Enn fremur til náttúruminja, þjóðminja og landslagsgerða. Leggja skal áherslu á að fella uppgræðslu lands sem best að landslagi og náttúrufari. Meta skal umhverfisáhrif stórra ræktunaráætlana."

Þannig má ljóst vera að fyrirhyggjan var ekki eftir skilin og markmiðið er að standa faglega að verki. Ég neita því ekki að það veldur mér áhyggjum að hv. landbn. skuli ekki hafa fallist á að taka inn í frv. eitthvað svipað og hér hefur verið lesið og skýrt frá. Það hefur komið fram að ýmsir fagaðilar hafa óskað eftir að svo yrði gert og talið nauðsynlegt að hafa slíkt inni í lögunum til að girða tryggilega fyrir hugsanleg mistök. Við erum hér að efna til gríðarlegra verkefna á sviði landgræðslu og skógræktar sem munu kosta þjóðina mikla fjármuni og að sjálfsögðu hafa mikil áhrif á þau landsvæði sem um er að ræða. Mér finnst fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt og raunar nauðsynlegt að meta fyrir fram hvort þau áhrif séu óæskileg eða eingöngu til góðs. Ég þykist vita að að minnsta kosti hluti nefndarmanna er sama sinnis og væri tilbúinn til að taka slíka breytingu inn í frv. og ég blátt áfram skil ekki andstöðu manna við svo sjálfsagðar varúðarráðstafanir. Mér þykir mjög slæmt að nefndin skuli ekki hafa fallist á að taka þetta atriði inn í lögin. Það hefði slegið á áhyggjur manna og tryggt mun víðtækari sátt og stuðning við málið en hugsanlega er um að ræða að óbreyttu. Það er út af fyrir sig ... (Gripið fram í.) Hér var kallað inn í hvar er formaður nefndarinnar. Ég spyr hæstv. forseta hvort hann telji ekki eðlilegt að formaður nefndarinnar sé viðstaddur umræðuna.

(**Forseti** (ÓE)**:** Við skulum athuga það.)

Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti.

(**Forseti** (ÓE)**:** Þetta er allt í lagi það er nógur tími. Þingmaðurinn vill kannski fresta ræðu sinni, við förum í atkvæðagreiðslur innan stundar.)

Ég get út af fyrir sig gert það herra, forseti, og mun þá endurtaka eitthvað af því sem ég hef sagt hér áður vegna þess að mér var hreint ekki ljóst að formaður nefndarinnar væri fjarstaddur.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hv. þm. frestar ræðu sinni og umræðunni um málið er frestað. Það vantar menn í salinn til að hlusta.)

Umræðu frestað.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 804, nál. 1197, brtt. 1198.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 1198,1 samþ. með 40 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 1198,2–13 samþ. með 43 shlj. atkv.

4.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 1198,14 (17. gr. falli brott) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1198,15 (ný 18. gr., verður 17. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 1198,16 samþ. með 46 shlj. atkv.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1198,17 (20. gr. falli brott) samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1198,18 samþ. með 47 shlj. atkv.

21. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 1198,19 (ný grein, verður 20. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv.

22.–23. gr. (verða 21.–22. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv.

Ákvæði til brb. samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 1198,20 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. II) samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv.

Búnaðargjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 805, nál. 1192 og 1263, brtt. 1193 og 1283.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[16:15]

Egill Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Til þess að undirstrika andstöðu mína við þetta frv. þá mun ég greiða atkvæði á móti 1. gr. frv. Að öðru leyti mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslur við aðrar greinar utan þess sem ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn 5. gr. sem fjallar um sérstakt vanskilaálag á bændur upp á 20%.

Brtt. 1283,1 felld með 39:10 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

14 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KF, KÁ, MS, MF, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:17]

Pétur H. Blöndal:

Herra forseti. Ég mun greiða atkvæði gegn 1. gr. og öllum brtt. við hana. Ég er á móti þessu frv. og tel að hér ætti heldur að leita leiða til frjálsræðisáttar. Þetta frv. er reyndar í rétta átt en gengur engan veginn nógu langt og það er mjög óréttlátt. Sérstaklega mun ég greiða atkvæði gegn 5. gr., brtt. frá hv. landbn., sem leggur sérstakt álag á þá bændur sem lenda í vanskilum. Þótt hér hafi komið fram áðan að ekki muni reiknast á það vanskilavextir er ég ekki sannfærður um að svo sé því að almennt greiða menn vanskilavexti á skuldir sem þeir greiða ekki.

[16:18]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem verið er að fjalla um hér varðar það að sá hluti búnaðargjalds sem á að renna til Framleiðsluráðs falli brott og gjaldið lækki sem því nemur. Framleiðsluráð á um það bil 210 millj. kr. í sjóðum. Hér er um það að ræða að búnaðargjald lækki um 10 þús. kr. á bónda. Framleiðsluráð hefur safnað upp sjóðum og á 210 eða 220 millj. kr. í sjóðum. Það er eðlilegt að sá hluti búnaðargjaldsins sem á að renna til Framleiðslusjóðsins falli brott. Þessi tillaga snýst um að lækka álögur á bændur sem nemur 10 þús. kr. En það má sjá það hér á töflunni að sjálfskipaðir talsmenn bænda sjá ekki ástæðu til að lækka gjaldið sem þessu nemur. Ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 1193,1 samþ. með 36:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: ArnbS, EgJ, PHB.

10 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KF, KÁ, MS, MF, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 35:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: ArnbS, EgJ, PHB.

8 þm. (ÁE, ÁRJ, GE, GÁS, KH, LB, RG, SvanJ) greiddu ekki atkv.

17 þm. (BH, DO, EOK, FI, GHH, GHall, GGuðbj, IP, JóhS, JBH, KÁ, MS, MF, SighB, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1193,2 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

12 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KÁ, MS, MF, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

12 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KÁ, MS, MF, RA, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,3 samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KHG, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

12 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KF, KÁ, KPál, MS, MF, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

12 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KÁ, MS, MF, SighB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,4 samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

10 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KH, LB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, KÁ, MS, MF, RG, SighB, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

11 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, KH, LB, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JóhS, JBH, KÁ, MS, MF, SighB, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,5 samþ. með 32:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VS, VE, ÞorstP, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, ÓÞÞ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KHG, KPál, KF, MF, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, ÓE.

nei: ÖS, ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁRJ, EgJ, EKG, GE, GÁS, JóhS, LB, PHB, RG, SighB, SvanJ.

4 þm. (ÖJ, HjálmJ, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

11 þm. (TIO, BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, MS, StG, SvG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:24]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að leggja til sérstakt refsiálag á bændur sem lenda í greiðsluerfiðleikum. Slíkt á ekki rétt á sér og sérstaklega ekki nú á þessum þrengingartímum í landbúnaði. Ég segi því nei.

[16:24]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er heiðarlegt í viðskiptum að þeir sem greiða njóti þess en þeir sem greiða ekki þeir græði ekki á því. Þess vegna er það nauðsynlegt í þessu að menn viti af því að ef þeir ekki greiða þá fellur á þá refsigjald. Hér er um það að ræða að það fellur 20% í eitt skipti. Það eru ekki dráttarvextir eða önnur viðurlög. Síðar kemur þessi greiðsla til skipta á fimm mánuðum löngu, löngu síðar þannig að gagnvart þeim heiðarlegu og mörgu sem greiða á gjalddaga legg ég til að menn hafi þetta ákvæði hér til að menn hafi ekki ávinning af því að svíkja keisarann um það sem keisarans er.

(**Forseti** (ÓE)**:** Hvað segir þingmaðurinn?)

Þingmaðurinn segir eðlilega já við þessari tillögu.

5. gr., svo breytt, samþ. með 33:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: EKG, PHB, SighB.

15 þm. (ArnbS, ÁE, ÁJ, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, MS, RA, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1283,2 kölluð aftur.

Brtt. 1193,6 samþ. með 38:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

nei: PHB.

14 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, MS, SvG, TIO) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

14 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, DO, EOK, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, SvG, TIO) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

15 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (BH, DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, MS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,7 samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

13 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (BH, DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, IP, JBH, MS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

14 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, JBH, MS, ÓÞÞ, SvG, TIO) fjarstaddir.

Ákvæði til brb. II samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

14 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, EgJ, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, BH, DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, JBH, MS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1193,8 (nýtt ákv. til brb., verður ákv. til brb. III) samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

nei: PHB.

14 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, JBH, MS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1283,3 kölluð aftur.

Brtt. 1193,9 (nýr viðauki) samþ. með 34:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
nei: PHB.
16 þm. (ArnbS, ÁE, ÁRJ, BH, EgJ, GE, HjálmJ, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, IP, JBH, MS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
10 þm. (ÁRJ, BH, GE, JóhS, KÁ, KH, LB, MF, RG, SighB) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GÁS, GGuðbj, IP, JBH, MS, PP, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 479. mál (verðskerðingargjöld). — Þskj. 806, brtt. 1196.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]
Brtt. 1196 samþ. með 50 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
14 þm. (DO, EOK, FI, FrS, GHall, GGuðbj, HG, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1317).

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 523. mál (örmerki). — Þskj. 875, nál. 1199.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Brtt. í nál. 1199 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (BH, KHG, MF, RA, SJóh, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (ÖS) greiddi ekki atkv.
13 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, RG, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv.

Stefnumótun í menntunarmálum í landbúnaði, frh. síðari umr.

Þáltill. ÁE o.fl., 377. mál. — Þskj. 662, nál. 1202.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]
Brtt. í nál. 1202 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
12 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1319).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 493. mál (heildarlög). — Þskj. 1280, brtt. 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:40]
Brtt. 1295 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
5 þm. (ÁRJ, BH, GE, RA, ÖS) greiddu ekki atkv.
12 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
14 þm. (ÁRJ, DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1320).

Skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, frh. 3. umr.

Stjfrv., 444. mál (stofnfjársjóður o.fl.). — Þskj. 1288.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (VE) greiddi ekki atkv.
12 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1321).

Ríkisreikningur 1995, frh. 3. umr.

Stjfrv., 99. mál. — Þskj. 102.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
12 þm. (DO, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JBH, LB, MS, PP, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1322).

Skipulags- og byggingarlög, 3. umr.

Stjfrv., 98. mál (heildarlög). — Þskj. 1289, brtt. 1300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:42]
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 1300. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv.

[16:42]
Frsm. umhvn. (Ólafur Örn Haraldsson):
Herra forseti. Eins og formaður nefndarinnar boðaði í framsögu taldi nefndin ástæðu til að fjalla um nokkrar greinar frv. Umhvn. fjallaði um málið milli 2. og 3. umr. og var samþykkt á þeim fundi að flytja brtt. sem fram koma á þskj. 1300.
Um er að ræða breytingar á þremur greinum.
Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 21. gr. og er þar fjallað um óverulegar breytingar á aðalskipulagi. Varðar tillagan auglýsingaferli það sem fram skal fara áður en breytingin fæst staðfest.
Í öðru lagi er lögð til breyting á 26. gr. þess efnis að felld er niður skilgreining á því hvað felst í óverulegri breytingu og hljóðar 1. málsl. 2 mgr. þá svo:
„Þó er heimilt að falla frá auglýsingu ef um óverulega breytingu er að ræða.“
Telur nefndin að þarna hafi ef til vill verið um óþarflega mikla þrengingu að ræða. Þó er ætlunin að ákvæðið verði áfram túlkað þröngt.
Í þriðja lagi er lögð til breyting á 6. mgr. 42. gr. þar sem eðlilegra þykir að sveitarstjórn verði heimilt að fresta afgreiðslu umsóknar um leyfi til niðurrifs eða breytinga á hús í stað þess að gert var ráð fyrir að þetta félli undir byggingarnefnd áður.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:44]
Brtt. 1300 samþ. með 44 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
20 þm. (ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, ÍGP, JBH, KPál, LB, MS, ÓÞÞ, PP, RA, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1323).

Vörugjald af olíu, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 612. mál. — Þskj. 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:45]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, ÍGP, JóhS, JBH, LB, MS, PP, RA, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1324).

Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 90. mál (EES-reglur, vinnuvernd barna og ungmenna). — Þskj. 1229, brtt. 1282.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:46]
Brtt. 1282 samþ. með 43 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, ÍGP, JónK, KF, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, ÓÖH, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG*, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.

19 þm. (ÁRJ, BH, DO, EgJ, EOK, FI, GHall, GGuðbj, IP, JóhS, JBH, KHG, LB, MS, ÓÞÞ, PP, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1325).

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, fyrri umr.

Stjtill., 608. mál. — Þskj. 1157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:47]
Málið var of seint fram komið. — Samþ. með 46 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar.

[16:48]

Utanríkisráðherra (Halldór Ásgrímsson):

Með þáltill. þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vín 20. desember 1988 og fullgildingar á samningi um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum sem gerður var í Strassborg 8. nóvember 1990.

Markmið beggja samninganna er að efla alþjóðasamvinnu um afbrotavarnir, einkum að því er varðar baráttu gegn fíkniefnaverslun.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni, fíkniefnasamningurinn, er gerður í kjölfar tveggja eldri samninga Sameinuðu þjóðanna á sviði fíkniefnamála frá 1961 og 1971. Ísland er aðili að báðum þessum samningum. Markmið samninganna er að skilgreina og flokka hvaða efni teljast vera fíkniefni annars vegar og skynvilluefni hins vegar og setja reglur um alþjóðlegt eftirlit með þessum efnum. Með fíkniefnasamningnum frá 1988 er hins vegar ætlunin að berjast gegn fíkniefnabrotum og fíkniefnaverslun með hertri refsilöggjöf aðildarríkja hans og alþjóðlegri samvinnu.

Í 3. gr. fíkniefnasamningsins er að finna skilgreiningu á fíkniefnabrotum og þvætti ávinnings af slíkum brotum sem aðildarríkjum er skylt að gera refsiverð í löggjöf sinni.

Í samningnum er jafnframt kveðið á um skyldu aðildarríkja til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að gera megi fíkniefni, efni og tæki sem notuð eru til fíkniefnaframleiðslu og ávinning fíkniefnabrota upptækan, eða verðmæti sem koma í stað ávinnings. Þar er einnig mælt fyrir um alþjóðlega samvinnu um upptöku ávinnings af fíkniefnabrotum.

Með lögum nr. 10/1997 sem afgreidd voru fyrr á þessu þingi voru lögfest ýmis ákvæði og gerðar ýmsar lagabreytingar sem nauðsynlegar voru til að unnt verði að standa við skuldbindingar sem aðildarríki gangast undir samkvæmt samningunum tveimur. Það má því segja, herra forseti, að efnislega hafi mál þetta verið til umfjöllunar fyrr á þessu þingi þar sem þegar hefur verið gengið frá þeim lagabreytingum sem eru nauðsynlegar til að standa við skuldbindingar samkvæmt þessum samningi.

Ég vil því leggja til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögu þessari vísað til síðari umræðu og til hv. utanrmn.

[16:51]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þótt full ástæða væri til að setja á langa umræðu um þá till. til þál. sem hér er mælt fyrir þá ætla ég ekki að gera það. Það hefur verið upplýst hvernig á því stendur að tillagan kemur svo seint fram á þinginu. Hitt er annað mál að á liðnum árum hef ég oft lagt fram fyrirspurn til ráðherra um hvort þessi samningur verði fullgiltur hér og staðfestur og það hefur staðið til árum saman. En það var ekki fyrr en við umræðuna um Schengen-samkomulagið í haust að sett var fram í þingskjali að þessi samningur yrði staðfestur.

Þetta er mjög merkilegur samningur eins og kom fram í mjög svo stuttri framsögu utanrrh. og hann leggur aðildarríkjum sínum skyldur á herðar varðandi innlenda löggjöf til þess að koma í veg fyrir eins og unnt er innflutning, sölu og dreifingu á fíkniefnum. Eins og fram hefur komið er í honum að finna skilgreiningu á brotum og í honum er líka að finna ýmis nýmæli, ég nefni heimild til að gera upptækan ávinning af verslun með fíkniefni.

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að fagna því að tillagan er lögð fram og lýsa því yfir að við munum reyna að greiða fyrir því að þessi samningur verði afgreiddur héðan frá þinginu þó að ef til vill standi aðeins eftir tveir dagar af því. Dómsmrh. var í salnum þegar ég kvaddi mér hljóðs en ég sé að hann hefur gengið úr sal. Ef hann er ekki langt undan þá hefði ég kosið að hann gerði okkur grein fyrir því í örstuttri fimm mínútna ræðu hvaða lagabreytingum er von á í haust í framhaldi af því að þessi samningur er staðfestur. Ég stend í þeirri meiningu að eitthvað sé búið að gera í breytingum

á löggjöf, m.a. frá því sl. haust. Það er mikilvægt að fá að heyra hverjar eru helstu lagabreytingar sem fram undan eru ef ráðherrann hefur það á hreinu.

En fyrst og fremst kem ég hér til að lýsa mikilli ánægju minni með að þessi samningur, sem svo oft hefur verið kallað eftir hvort staðfestur yrði, er nú kominn hér inn í þingið til staðfestingar og mun styðja það, virðulegur forseti. En jafnframt af tillitssemi við málið sem svo seint er fram komið mun ég stilla mig um að taka hér umræðu um fíkniefnamálin og gildi samningsins.

[16:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og hv. þm. vita voru fyrr á þessu þingi gerðar breytingar á almennum hegningarlögum til að uppfylla ákvæði þessa samnings af okkar hálfu. Mér er ekki kunnugt um að aðild okkar kalli á frekari lagabreytingar. En sé svo þá verða þau mál auðvitað undirbúin og koma hér fyrir þingið. En mér er ekki kunnugt um að aðild okkar að samningnum kalli á frekari breytingar.

[16:55]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægð ef það reynist svo að búið sé að gera þær breytingar sem samningurinn kallar eftir. Ég treysti því að ef í ljós kemur núna þegar við höfum staðfest hann að frekari lagabreytingar þurfi að gera þá beiti dómsmrh. sér snarlega fyrir því að slík mál komi inn í þingið. Ég er mjög ánægð með að við staðfestum þennan samning og treysti því að stjórnvöld beiti sér fyrir öllum þeim breytingum sem hugsanlega þarf að gera í kjölfarið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:56]

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

[16:57]

Útbýting þingskjala:

Virðisaukaskattur af vöruflutningum, 451. mál, svar fjmrh., þskj. 1299.

Vegáætlun 1997–2000, síðari umr.

Stjtill., 309. mál. — Þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285.

[16:57]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1997–2000, frá meiri hluta samgn., ásamt brtt. á þskj. 1285.

Að þessu sinni er lagt til að einvörðungu verði tvö ár vegáætlunar endurskoðuð. Um þessar mundir er verið að ljúka mörgum stórum verkefnum og því þykir eðlilegra að miða við styttra tímabil en vani er. Gert er ráð fyrir að á næsta þingi verði lögð fram tillaga til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára, 1998–2001.

Af þessu leiðir að sjálfsögðu að stefnumótun til lengri tíma mun bíða þeirrar endurskoðunar sem fram mun fara á næsta þingi.

Að öðru leyti hafa starfshættir við afgreiðslu tillögunnar verið með hefðbundnum hætti. Þingmenn kjördæma hafa unnið að gerð tillagna um skiptingu framkvæmdafjár til almennra verkefna og verkefna í framkvæmdaátaki á stofnvegum, svo og til tengivega. Hlutföll milli kjördæma í þessum verkefnaflokkum eru hin sömu og fyrir árin 1997 og 1998 í gildandi vegáætlun.

Breytingar eru gerðar á tekjuhlið áætlunarinnar á þann veg að tekjur ársins 1997 hækka um 150 millj. kr. frá tillögunni. Þessi hækkun byggist á endurskoðun markaðra tekna í apríl síðastliðnum. Sú endurskoðun bendir til að tekjur af bensíngjaldi hækki um 40 millj. kr., tekjur af árgjaldi þungaskatts hækki um 60 millj. kr. og tekjur af kílómetragjaldi þungaskatts hækki um 50 millj. kr. Endurskoðunin var gerð sameiginlega af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og Vegagerðarinnar.

Reiknað er með að tekjur haldi áfram að aukast 1998 og er tekjuáætlunin það ár hækkuð um 182 millj. kr. Á því ári er einnig tekið inn lánsfé vegna vegtenginga Hvalfjarðarganga að fjárhæð 400 millj. kr. Þetta er helmingur áætlaðs kostnaðar við tengingarnar og á að endurgreiðast af vegáætlun á árunum 1999–2003. Hinn helmingurinn kemur sem lánsfé í gegnum Spöl ehf. og á að endurgreiðast af veggjaldi eins og kostnaðurinn við sjálf göngin. Samkvæmt þessu hækkar niðurstöðutala ársins 1998 um 582 millj. kr.

Bæði árin eru hér reiknuð á sama verðlagi, þ.e. verðlagi ársins 1997, enda á að leggja fram nýja vegáætlun þegar á næsta þingi eins og ég hef áður sagt.

Skipting útgjalda breytist einnig nokkuð og eru helstu breytingarnar þær að auknar tekjur renna til almennra verkefna og bundinna slitlaga, höfuðborgarsvæðis og stórverkefna á stofnvegum, svo og tengivega og brúa 10 m og lengri. Þá hækka framlög til safnvega og tilrauna lítillega, en síðasttaldi liðurinn er bundinn í vegalögum.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að frestað verði framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu vegna hættu á þenslu af völdum mikilla framkvæmda í stóriðju og virkjunum. Í útgjaldalið tillögunnar er þessi frestun sett upp þannig að 222 millj. kr. eru færðar af framkvæmdaliðum yfir á flóabáta (liður 2.9). Er þá miðað við að þessir fjármunir séu notaðir til að flýta afborgunum af lánum vegna ferja en fjármunina átti síðan að endurgreiða af liðnum flóabátar 1999. Reykjavíkurborg óskaði eftir því við samgönguráðherra að hætt yrði við þessa frestun. Í framhaldi af því var samið um að borgin frestaði framkvæmdum hjá sér sem næmi þessari upphæð, en í staðinn héldust vegaframkvæmdir óskertar. Liðurinn 2.9 til flóabáta er því lækkaður um áðurnefndar 222 millj. kr. og bætast við liðina 2.3.1.4 Framkvæmdaátak og 2.3.1.2 Höfuðborgarsvæðið.

Framkvæmdir í Hvalfirði eru teknar inn í gjaldahlið með sama hætti og í tekjuhlið. Þá er uppsetningu gjaldahliðar einnig breytt þannig að lán til verkefna á Skeiðarársandi og í Hvalfirði eru aðgreind frá fjárveitingum. Þessi lán eiga að greiðast af vegáætlun á næstu árum. Þessi nýja uppsetning þykir skýrari en sú fyrri, sem gerði ekki greinarmun á lánsfé og fjárveitingu að þessu leyti, og komist verður frekar hjá tvítalningu þegar fjárveitingar koma á vegáætlun til endurgreiðslu þessara lána.

Eins og áður er sérstakur liður á vegáætlun merktur Austurlandsgöng. Jafnframt er gert ráð fyrir á árinu 1998 óskiptum lið sem nefnist jarðgangarannsóknir. Þar er m.a. horft til undirbúnings og athugunar á tengingu norður- og suðurhluta Vestfjarða og sá undirbúningur á því að geta hafist á þessu ári.

Meiri hlutinn er sammála um að næsta vetur verði daglegar ferðir Baldurs yfir Breiðafjörð. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar hækkar það rekstrarkostnað Baldurs um tæplega 6 millj. kr. á ári. Jafnframt verði snjómokstursdögum fjölgað til samræmis við það.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að nokkrar breytingar eru gerðar við vegaskrá og flokkun vega. Meiri hlutinn hefur farið yfir þessar breytingar og gerir ekki athugasemdir við þær, enda koma vegaskrárnar til endurskoðunar í heild á næsta þingi.

Undir þessa tillögu rita auk frsm. hv. þm. Egill Jónsson, Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen og Kristján Pálsson.

[17:03]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Yfirskrift þessarar þáltill. sem hér er til síðari umr. er Vegáætlun 1997–2000. Í raun og sanni erum við ekki að ræða það mál hér því það er ekki lögð fram vegáætlun fyrir árin 1997 til 2000. Það er engin ný vegáætlun til umræðu hér. Það sem er verið að gera og hefur orðið niðurstaða meiri hluta nefndarinnar og að því er virðist ríkisstjórnarinnar er einfaldlega að skera niður gildandi vegáætlun. Með öðrum orðum að meiri hluti samgn. ætlar, undir forustu hæstv. samgrh., að ganga á svig við gildandi vegalög — það er ekkert minna — sem eru ákaflega skýr og afdráttarlaus hvað þetta varðar. Í 18. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta: „Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.“ Það sem hér er að gerast er einfaldlega það að meiri hluti nefndarinnar, undir forustu hæstv. samgrh., ætlar að ganga á svig við þessa kláru og skýru lagagrein. Og ég hlýt að inna mjög ákveðið eftir því hvort það sé raunverulega ætlan stjórnarmeirihlutans að brjóta jafnpurkunarlaust og hér er gert gildandi vegalög í þessum efnum.

Í þessum lögum segir enn fremur og það er margsinnis ítrekað að þessi vegáætlun til fjögurra ára sem endurskoðuð skuli á tveggja ára fresti skuli afgreidd í endanlegu formi sem þál. um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Það er ekki gert. Þannig að hér er um hrein ólög að ræða og sú þáltill. sem hér er lögð fram við síðari umr. eða öllu heldur brtt. meiri hluta nefndarinnar er því í engu samræmi við það sem okkur ber að vinna eftir. Og ég spyr hæstv. samgrh. mjög ákveðið í þessu sambandi hvort þessi hugmyndafræði sé honum að skapi og jafnvel það sem meira er, hvort hæstv. samgrh. hafi raunverulega lagt þetta til því það var ekki að heyra annað á forsvarsmönnum stjórnarmeirihlutans í samgn. en að þessi skilaboð eða þessar ákvarðanir um að standa svona að verki hefðu komið beint úr herbúðum ríkisstjórnarinnar og þar með af borði hæstv. samgrh. Þannig að hér er væntanlega um hans hugmyndafræði að ræða. Og það sem meira er, virðulegi forseti, hér er náttúrlega verið að snúa hlutunum svo gjörsamlega á hvolf sem frekast getur verið því ekki einasta er ekki verið að leggja fram neina vegáætlun, ekki einasta er verið að brjóta gildandi lög í þessum efnum, heldur er líka markmiðssetningu og lagabókstaf um 12 ára langtímaáætlun gefið langt nef. Það hefur margsinnis verið spurt eftir henni, hvað dveldi orminn langa í þeim efnum en fátt er um svör. En það er rétt að halda því til haga í þessari umræðu hvenær vænta megi þess að hæstv. samgrh. sýni þá áætlun og hún fái þinglega meðferð eins og 28. gr. vegalaganna gerir ráð fyrir. Ég spyr einnig um hvað sé að frétta í þeim efnum.

Hér er um formið að ræða og þessi brot á lögum sem ég nefni, hitt er svo það hvernig þetta snýr efnislega að byggðum landsins, þéttbýli og dreifbýli, því að ég rifja það upp að við fyrri umræðu málsins lagði hæstv. ráðherra til og mælti fyrir heföbundinni vegáætlun 1997–2000 og í henni var eðlilega að finna eins og venja er til áform um framkvæmdir á síðustu árum þessarar aldar, þ.e. 1999 og 2000, og raunar er mér kunnugt um að í mörgum tilfellum var gert um það samkomulag að ýmis brýn verkefni á þessum vettvangi voru færð aftar á þetta áætlunartímabil gegn því að tryggt yrði að í þau yrði ráðist 1999 og árið 2000. Nú er hins vegar skilað fullkomlega auðu og engin svör gefin gagnvart þeim fjölmörgu aðilum sem hafa vænst vegabóta í sínu héraði, ekki látið svo lítið, heldur er bókinni bókstaflega lokað og sagt: Það eru engar fréttir hér af mér, þið fáið ekkert að vita um hvað í vændum er. Í nál. meiri hluta nefndarinnar er þessi mikilvægi þáttur afgreiddur í viðaukasetningu og tæpast reynt að rökstyðja þetta fráleita verklag. Að vísu er hér sagt, með leyfi forseta, og rétt að lesa þennan parsus, hann er nú ekki langur: „Að þessu sinni er lagt til að einvörðungu verði tvö ár vegáætlunar endurskoðuð. Um þessar mundir er verið að ljúka mörgum stórum verkefnum og því þykir eðlilegra að miða við styttra tímabil en vani er.“ — Og síðan bætt við: — „Gert er ráð fyrir að á næsta þingi verði lögð fram tillaga til þingsályktunar um vegáætlun til fjögurra ára, 1998–2001.“ Svo mörg voru þau orð. Vegna þess að verið er að ljúka svo mörgum stórum verkefnum. Hvað kemur það málinu við, virðulegi forseti? Hvaða röksemd er það inn í þessa áleitnu spurningu, nefnilega þá: Hvers vegna er ekki lögð fram vegáætlun til næstu fjögurra ára eins og lög standa til? Það er sem betur fer alltaf verið að ljúka verkefnum og önnur ný að hefjast, þannig að hvaða skuldaskil og tímamót eru fremur í þeim efnum núna heldur en í mörgum tilfellum áður? Það eru auðvitað engin. Þannig að maður hlýtur auðvitað að leita einhverra annarra haldbærari skýringa á þessum sinnaskiptum sem urðu satt að segja allskyndilega í síðustu viku. Það var við lokaafgreiðslu og lokayfirferð á málinu eins og það kom fyrir eftir fyrri umræðu og samgn. hefur legið yfir í allan vetur og átt um það gott samstarf. Þá var skyndilega frá því greint í tilkynningastíl að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hætta við vegáætlun og láta sér eingöngu nægja að skera niður gildandi vegáætlun — og engar röksemdir. Auðvitað hlýtur maður að spyrja sig hvort væntanlegar kosningar kunni að spila þarna eitthvað inn í. Þær nálgast óðfluga, hratt og örugglega. Ætla menn sér að skoða þessi mál upp á nýtt í ljósi þess að næsta vor er aðeins ár í kosningar og merkja sér einhvers konar spútnik-vegáætlun í þeim efnum og þá kemur náttúrlega nýtt plagg. Auðvitað býr eitthvað slíkt undir en ég hlýt að spyrja mjög ákveðið eftir því vegna þess að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, formaður nefndarinnar, kom eiginlega ekkert að þessu máli. Ég vil spyrja hann að því á sama hátt og ég spurði hæstv. ráðherra, ætlar hann purkunarlaust að leggja til við Alþingi að vegalög verði brotin? Og ef hann er kaldur og klár í því að leggja það til við þingið þá vil ég a.m.k. leita eftir því við hann hvað hér að búi baki, hverjar eru ástæður þess að það þurfi að ganga á svig við löggjafann með þessum hætti.

Þetta, virðulegi forseti, er um málið í heild. Og það er rétt að halda því til haga að við erum ekki að ræða vegáætlun hér, við erum að ræða endurskoðun á gildandi áætlun, niðurskurð

á þeim árum sem eftir lifa af gildandi áætlun sem samþykkt var hér á vordögum 1995, á síðasta kjörtímabili, og verið að endurmeta árin 1997 og 1998. Og það er raunar nákvæmlega sama verklagið og vinnubrögðin sem eiga sér stað núna og 1996. Þá réðust menn á gildandi áætlun og skáru hana við trog. Og ég vil, virðulegi forseti, gjarnan að hæstv. samgrh. leggi nú við eyru og hlusti. Væri hæstv. félmrh. nokkuð til í að hnippa í kollega sinn, hæstv. samgrh., í hliðarsal? Ég vildi nefnilega spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi eiginlega komið fyrir við stjórnarskiptin hjá honum því hann hafði gjörsamlega hamskipti þegar ágætu samstarfi við Alþfl. lauk vorið 1995 og hann tók upp þessa sambúð með Framsfl. Það er algjörlega með ólíkindum að sjá þær breytingar á framlögum til vegamála sem verða við þau skipti. Og ég trúi því ekki því ég hef nokkur fyrri kynni af hæstv. samgrh. og hann er metnaðarfullur þegar kemur að þessum málaflokki, vill láta hlutina ganga fram og er frekur til fjárins eins og eðlilegt er þegar kemur að því að skila mörkuðum tekjustofnum til þeirra hluta sem vera ber. En einhverra hluta vegna gerist það þegar Framsfl. stingur höfðinu inn fyrir gættina í Stjórnarráðinu að hæstv. ráðherra umturnast allt í einu og hættir að hafa áhuga á þessum málaflokki. Þá er ekkert annað í hans hugskoti nema niðurskurður og aftur niðurskurður. Og ég spyr, hæstv. ráðherra, er það Framsfl. sem gerir kröfu um þetta — að skera niður framlög til vegamála um hinar dreifðari byggðir? Vill hæstv. ráðherra kenna Framsfl. um þessi sinnaskipti og þessar breytingar eða hver er ástæðan?

Ég er satt að segja alveg undrandi. Það er alveg nauðsynlegt að fá svar bara til að menn haldi þeim hlutum til haga. Ég vísa hér í fylgiskjal með nál. minni hluta samgn. þar sem er að finna frá hagdeild Vegagerðarinnar samanburð á vegáætlun fyrir árin 1995–1998 og tillögu um vegáætlun fyrir árin 1997–1998. Áður en ég fer yfir þá töflu ætla ég að benda á töflu II í þessu sama nál. þar sem er að finna skuldaskilin milli Vegasjóðs og ríkissjóðs árin 1986–2000. Í þeirri töflu kemur allt í einu eitthvað fyrir því að þegar stjórnarskipti verða árið 1995, þá snýst allt til verri vegar. Þá er það einfaldlega þannig að á fyrra tímabili hæstv. samgrh., þegar hann var í góðri sambúð við Alþfl. og Alþfl. lagði að honum af miklum krafti að leggja nú fé til vegamála og treysta byggð í landinu, þá fer tæplega þrem milljörðum meira til vegamála en innheimtar markaðar tekjur gerðu ráð fyrir. Ríkissjóður lagði með öðrum orðum vegamálunum, þessum mikilvæga málaflokki, alveg sérstakt lið í átaki í þessum efnum. Mismunatalan var upp á 2 milljarða 796 millj. kr. sem fór meira til vegamála en markaðar tekjur gerðu ráð fyrir á þessu fjögurra ára tímabili, 1992 til og með árinu 1995.

Síðan gerist eitthvað því á þeim árum sem liðin eru af þessu kjörtímabili og þegar horft er til þeirra áforma sem þó var að finna í upphaflegu plaggi hæstv. samgrh. til vegáætlunar fyrir árin 1997–2000 þá er sýnt að hæstv. ríkisstjórn ætlar að taka til baka af þessum aukagreiðslum, þessari aukagetu af fyrra kjörtímabili, og gott betur því mínustalan er upp á 3 milljarða 351 milljón kr. Ég bið hæstv. ráðherra að leggja við hlustir. Ef fer fram sem horfir þá ætlar ríkissjóður að taka til sín 3 milljarða 351 milljón kr. á árunum 1996–1999, á þessu kjörtímabili. Þannig að þegar saman er dregið, virðulegi forseti, þá dugar ekki annars þetta ágæta átak sem Alþfl. ýtti hæstv. samgrh. út í á síðasta kjörtímabili. Það dugar ekki til því Framsfl. ætlar að knébeygja ráðherrann þannig á þessu kjörtímabili að þegar þessi tvö tímabil eru gerð upp og þessi átta ár hæstv. samgrh. í ráðherrastóli, þá eru það 500 millj. kr. sem hann ætlar að snuða Vegasjóð um eða öllu heldur Vegagerðina og nauðsynlegar framkvæmdir í vegamálum. Það er ekki góð niðurstaða. Það er satt að segja skelfileg niðurstaða, vond niðurstaða. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðherra sé sáttur, ánægður og glaður með hana. Ég bara neita að trúa því í ljósi fyrri kynna og samskipta og samstarfs á vettvangi fyrri ríkisstjórnar. Það getur bara ekki verið að umsnúningurinn sé svona algjör í hans verklagi og vinnu. Það hljóta einhverjar aðrar ástæður að liggja þarna að baki.

Vík ég þá nokkrum orðum að þessum niðurskurðartillögum sem eru viðfangsefni okkar við þessa tillögugerð því hér erum við ekkert annað, eins og ég sagði, en að ræða það að lagt er til að skera niður gildandi vegáætlun. Á áðurgreindri töflu í fylgiskjali I í nál. minni hlutans er að finna samanburð á gildandi vegáætlun, þ.e. 1995–1998, og þessari niðurskurðartillögu ríkisstjórnarmeirihlutans fyrir tvö síðari ár tímabilsins. Án þess að ég ætli að lesa alla þessa töflu — hún er ákaflega skýr — þá kemur í ljós að það er sama hvar litið er á einstaka verkefnaflokka. Það er alveg sama hvort heldur litið er á almenn verk og bundið slitlag, höfuðborgarsvæðið, stórverkefnin, framkvæmdaátakið, tengivegina, brýrnar og safnvegina, alls staðar er skorið niður, alls staðar. Fyrir þetta ár erum við að sjá tölur sem segja okkur að í liðnum almenn verk og bundið slitlag, þá eru aðeins eftir 79%, hæstv. ráðherra, 79% af því sem ráðgert var á þessu ári. (**Samgrh.:** Það vantar 21% upp á 100%.) Já það er rétt. Það vantar 21 upp að 100, ráðherrann hefur áttað sig á því. Hvers konar frammistaða er þetta eiginlega og hvað liggur hér að baki? Hver er hugur ríkisstjórnarinnar varðandi þessar almennu yfirlýsingar hennar um mikilvægi samgöngubóta í landinu til að treysta byggð, til að auka öryggi og fækka slysum? Hvað varð um allar yfirlýsingarnar um framlag til samgöngumála og þá einkanlega vega í landinu og að það væru kannski arðsömustu framkvæmdir allra tíma og í öllum samanburði við aðrar ágætar framkvæmdir? Var þetta bara bull og þvættingur? Eru menn hættir að trúa þessu? Hefur orðið hugarfarsbreyting í þessum efnum? Hvað er á seyði? Er nema von að spurt sé? Ég kalla eindregið eftir því að menn a.m.k. reyni að svara því einhvern veginn þannig að menn geti átt rökræður um þau mál á vitrænum grundvelli. Það er ekki reynt í þessu nál., það reyndi ekki formaður nefndarinnar í framsöguræðu sinni.

Virðulegi forseti. Ég veit satt að segja ekki hvað ég á að eyða löngum tíma í þennan óskapnað sem ekkert er. Í nál. kemur fram að minni hluti nefndarinnar tekur ekki þátt í þessum vinnubrögðum og mun óska eftir því við afgreiðslu málsins að sérstaklega fari fram atkvæðagreiðsla um fyrsta kafla þessarar brtt. sem ber yfirskriftina: Áætlun um fjáröflun, þar sem þessi niðurskurður er sýnilegastur og augljósastur. Við munum ekki taka þátt í því að skera niður við trog gildandi vegáætlun eins sem hér um ræðir. Á hinn bóginn munum við greiða atkvæði með öðrum kafla þessara áætlana: Skiptingu útgjalda. Það hefur verið allgóð sátt um þau mál og engin stórvandamál komið þar upp sem ekki hefur verið unnt að leysa. Eins og getið er um í nál. hafa þingmenn kjördæmanna komið að þeim þætti sem venja er til að þeir líti til. Þeirra verk hefur náttúrlega verið mjög erfitt að þessu sinni vegna þess að það er miklum mun minna fjármagn handa í millum en gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir. En þingmenn hafa náð allgóðu samkomulagi þó um

það hvernig með þessar fáu krónur ætti að fara og við gerum að sjálfsögðu engar athugasemdir við þá niðurstöðu né heldur stærri verkefni sem ákveðið er að ráðast í. Þar af eru vissulega ýmis álitamál sem ástæða er til að ræða efnislega. En ég sé ekki ástæðu til þess í því ljósi að við erum ekki að ræða áætlanagerð í vegamálum. Við erum bara að ræða það sem þegar hefur verið ákveðið og hvernig eigi að draga úr fjármagni til þeirra verkefna sem þegar lá fyrir að ætti að fara í. Ég hygg því að eðlilegra sé að við gerum það við aðrar aðstæður þegar menn hafa kjark og einurð í sér til að fara í áætlanagerð í vegamálum eins og lög standa til. Það eru fjölmörg stórverkefni hér í þéttbýlinu innan seilingar sem þörf er á að vinna og ekki síður í dreifbýlinu. Ég þekki náttúrlega best til í mínu kjördæmi. Þar eru verkefni á borð við Reykjanesbrautina frá Mjóddinni og alla leið suður í Reykjanesbæ. Einkum og sér í lagi vil ég nefna lítinn póst í því sambandi upp á 1 millj. kr. sem heitir, ef ég man rétt, leiðaval. Þar er verið að taka á vandamáli sem er á svæðinu milli Garðabæjar og Straums í Hafnarfjarðarlandi, svokallaðan ofanbyggðarveg sem hefur verið í fréttum upp á síðkastið. Ég fagna því, þó lág sé upphæðin, að menn hafi komist að samkomulagi um það hér að festa niður það verkefni, að menn ætli sér að taka á því og finna á því varanlega lausn.

Hér hafa menn eðlilega í seinni tíð rætt mikilvægi þess að breikka og endurbyggja einbreiðar brýr. Frá Vegagerðinni komu upplýsingar að beiðni samgn. um það stórverkefni sem fram undan er í þeim efnum. Það eru engar smátölur sem þar er að finna. Frá Vík–Reykjavík–Akureyri er verið að tala um heildarkostnað upp á 1.680 millj. kr. við það að breikka og endurbyggja einbreiðar brýr og síðan aðrar brýr á stofn- og tengivegum þar sem umferð er meiri en 300 bílar. Þá eru menn að tala um 1.950 millj. kr. Verkefnin eru víða. Þess vegna er svo hættulegt að menn ætli að láta deigan síga og draga úr þeirri annars ágætu sókn sem hefur verið í vegamálum á síðustu árum og láta hana daga uppi og verða að engu eins og hér er lagt til. Ég lýsi yfir sérstökum vonbrigðum mínum með það, virðulegi forseti, að menn skuli standa svona að verki.

[17:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykn. spurði hvort ég hefði lagt til að vegáætlun yrði nú afgreidd til tveggja ára. Ég var meðmæltur því af þeirri ástæðu að vinna við vegáætlun var ekki það langt komið að við teldum að við gætum lagt fram vegáætlun til fjögurra ára sem hægt yrði að byggja á, einfaldlega vegna þeirra miklu framkvæmda og þenslu sem er í þjóðfélaginu og töldum af þeim ástæðum skynsamlegra að leggja vegáætlun fyrir á hausti komanda sem tæki til áranna 1998–2001, með öðrum orðum næði einu ári lengra fram í tímann. Eins og ég segi þá var það einungis vegna þess að við töldum okkur ekki í stöðu til þess núna að leggja vegáætlunina fram þannig að á henni mætti byggja. Við töldum þetta betri kost.

[17:28]

Frsm. minni hluta samgn. (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er því miður engu nær. Hvernig víkur því við að í haust var hæstv. ráðherra reiðubúinn að leggja fram áætlun til fjögurra ára eins og lög kveða á um, en núna í vor er hann allt í einu að uppgötva að þetta sé allt mjög örðugt og erfitt vegna þess að það sé þensla og þeir hafi ekki verið tilbúnir með útfærslu mála næstu tvö árin? Þeir voru sem sagt tilbúnir í haust en ekki núna í vor. Allt uppleggið var klárt í haust þegar vegáætlun var lögð fram en þegar sól hækkaði á lofti þá allt í einu var þetta allt ómögulegt. Hæstv. ráðherra verður að útskýra þetta betur fyrir mér. Ég fæ engan botn í þetta.

[17:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er hverju orði sannara að sú niðurstaða sem hér er borin á borð fyrir hv. Alþingi af hálfu meiri hluta samgn. og stjórnarmeirihlutans á Alþingi er harla snautleg. Ég minnist þess satt best að segja ekki að þessi málaflokkur hafi verið niðurlægður eins og hér er verið að gera í nokkurn tíma, alla vega ekki frá því að menn fóru að reyna að ástunda skipulega áætlanagerð og vinnubrögð í vegamálum fyrir um það bil hálfum öðrum til tveimur áratugum.

Fyrir það fyrsta er náttúrlega ljóst að verið er að bera hér inn í þingið mjög harkalegan niðurskurð á eiginlegu framkvæmdafé til vegamála. Það er með öðrum orðum verið að slátra kosningaloforðum hæstv. samgrh. og hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar úr kosningaplagginu frá 1995 mjög kirfilega því að það lætur nærri að niðurskurðurinn sé um 20% á eiginlegu framkvæmdagildi þeirra fjárveitinga sem til skiptanna eru. (**Gripið fram í:** 21%.) Reyndar 21% á þessu ári, já, en yfir tímabilið virðist þetta ætla að leggjast á eitthvað um 20% eða nálægt 20% niðurskurð.

Ég minnist þess að hæstv. samgrh. hafði einu sinni um það þau orð að það væri mesta ósvinna að menn væru að afgreiða vegáætlanir á kosningaárum og taldi það í raun og veru vítavert í áróðurslegu tilliti að samgönguráðherrar væru að slíku. En það fór nú engu að síður svo með hæstv. núv. samgrh. að það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann því að hæstv. ráðherra gerði að sjálfsögðu eins og margir aðrir forverar hans, að hann lagði fram vegáætlun veturinn 1994–1995 sem var afgreidd á vetrarþinginu þá. Þá var á það bent að þar væri að ýmsu leyti greinilega um óraunhæfa uppsetningu að ræða vegna þess að ljóst var að a.m.k. hæstv. þáv. og núv. fjmrh. hugðist krefja um endurgreiðslu á lántökum vegna framkvæmda á fyrra kjörtímabili og það var ljóst að það mundi skerða verulega framkvæmdafé Vegagerðarinnar, veisluhöldum hæstv. samgrh. frá fyrra kjörtímabili mundi með öðrum orðum ljúka og það kæmi að skuldadögunum. Sú er raunin á orðin og það heldur harkalega því staðreyndin er náttúrlega sú að Vegagerðin er að missa tekjur hlutfallslega borið saman við þær skatttekjur sem koma í heild af umferð í landinu, en þær eru ærnar, einhvers staðar á bilinu 18–20 milljarðar kr. um þessar mundir. Af þeim er Vegagerðin eingöngu að ná í sinn hlut upphæðum sem eru á bilinu 6–7 milljarðar kr., eða um þriðjungi. Þetta er auðvitað ógæfulegt svo ekki sé meira sagt því að svo sannarlega veitir ekki af í samgönguframkvæmdir, m.a. til að mæta aukinni umferð og auknu álagi sem þessi vaxandi umferð og vaxandi bílaeign veldur. Þessi hlutföll mega því ekki raskast og ef eitthvað er, þá getur þörfin þvert á móti orðið í öfugu hlutfalli við vaxandi tekjur vegna vaxandi umferðar, af þeim ástæðum að oft kemur að efri mörkum þess sem umferðarmannvirkin þola og þá getur tekið við nýtt og allt, allt annað kostnaðarstig þegar fara þarf í dýrari lausnir eins og mislæg gatnamót og annað því um líkt. Og það er einmitt það sem hefur verið að gerast til að mynda varðandi aðalumferðaræðarnar við höfuðborgarsvæðið á síðustu árum. Þar hafa menn allt í einu vaknað upp við vondan draum vegna 10–15% vaxtar í

umferð sem fer yfir þau mörk sem umferðarmannvirkin ráða við án breytinga og þá þarf að ráðast í gerð allt annars konar mannvirkja sem fylgir margfaldur kostnaður.

Sömuleiðis er ljóst að kröfurnar á uppbyggingu þjóðvegakerfisins munu fara vaxandi á næstu árum og þá á ég ekki við þann hluta vegakerfisins sem alls ekki hefur verið byggður upp enn þá, malarvegina. Nei, ég á þvert á móti við þá vegi sem búið er að leggja bundnu slitlagi. En það er alveg ljóst að kröfur munu gerast háværar á næstu árum um að þeir vegir verði byggðir upp miðað við allt aðra gæðastaðla en notaðir voru fyrir 10 eða 20 árum síðan. Kröfur um aukinn burð eða hærri öxulþunga, um að vegirnir verði meira lagðir í plani og ýmislegt því um líkt eru að skella á okkur. Þess þá heldur, herra forseti, er ástæða til að hafa áhyggjur af þeim svæðum á landinu sem enn hafa nánast algjörlega verið áhorfendur að uppbyggingu vegamála annars staðar a.m.k. sl. 10–20 ár. Hvenær á röðin að koma að þeim ef þar komast ekki á dagskrá framkvæmdir áður en ný kynslóð samgönguframkvæmda gengur í garð sem gerir kröfur um að vegirnir verði nánast byggðir með hraðbrautarkröfum og séu meira í samræmi við þá staðla sem gerðir eru fyrir vegi sem eiga að þola þungaflutninga úti í Evrópu um þessar mundir?

Ég ætla að gerast sá spámaður að spá því, herra forseti, að ekki séu mörg ár í að kröfur af eðilegum ástæðum muni koma fram um að hafist verði handa við að endurbyggja meginumferðarleiðir, t.d. út frá Reykjavík, austur fyrir fjall, vestur og norður í land, á grundvelli nýrra staðla. Ég er alveg sannfærður um að þær kröfur bíða handan við hornið og þá verðum við að tala um framkvæmdir sem verða óhemjudýrar á okkar mælikvarða, jafnvel með aðskildum akreinum o.s.frv.

Herra forseti. Allt ber þetta að sama brunni. Niðurstaðan sem hér er borin á borð fyrir Alþingi er snautleg svo ekki sé meira sagt. Það er eitt allra vægasta stig á lýsingarorðum sem ég kann yfir þessa hroðalegu magalendingu hæstv. ráðherra. Að koma hér með þetta ræfilslega niðurskurðarplagg og treysta sér ekki til að leggja fram vegáætlun nema til tveggja ára sem er alveg nýtt í sögunni, óheyrt. Það hefur enginn samgrh. reynst svo kjarklaus og aumur eins og hæstv. núv. ráðherra eða þá meiri hluti hans í samgn., að skila svona niðurstöðu inn í þingið. Og rökin sem voru borin fram áðan á borð af hæstv. ráðherra í andsvari. Ég hef bara aldrei heyrt annað eins, að það væru svo miklar framkvæmdir í gangi, að hann hefði ekki treyst sér til þess og þetta mundi verða auðveldara í haust. Hvað breytist fram á haustið? Á ekki að taka tvö, þrjú og fjögur ár að byggja þessar fabrikkur og ljúka mörgum þessum framkvæmdum sem þarna er verið að vísa til? Nei, auðvitað er þetta ekki niðurstaðan. Auðvitað er þetta skálkaskjól sem hér er uppfundið. Ástæðan er sú að einhverju leyti að hæstv. ríkisstjórn á í erfiðleikum vegna niðurskurðarins og vegna samstöðuleysis um þessi mál. Hver höndin er upp á móti annarri. Ráðuneytið hefur ekki unnið sína heimavinnu. Stefnumótun í samgöngumálum hefur ekkert verið sinnt um langt árabil. Hæstv. ráðherra er búinn að sitja í rúm sex ár og hefur aldrei komið neinu fram sem lýtur að einhverri langtímastefnumótun í þessum efnum, engri langtímaáætlun. Og nú kemur hann með vegáætlun til tveggja ára og í raun og veru ekki nema til eins og hálfs árs því að fyrra árið er að verða hálfnað og það er nú eitt að vera að vandræðast með samgönguframkvæmdir ársins þegar kominn er maímánuður og í raun ætti að vera búið að bjóða út mikið af þeim framkvæmdum sem hér er verið að veita fjármuni til. Allt er þetta í skötulíki, herra forseti, svo ekki sé meira sagt.

Það er ástæða til að fara aðeins yfir það, herra forseti, hvernig um þessa hluti er mælt í lögum því það vill nú svo til að í vegamálunum búa menn við óvenjulega skýra og að mínu mati góða og skipulagða löggjöf hvað þetta snertir. Það er mælt mjög skýrt fyrir í vegalögum hvernig skuli standa að vinnubrögðum í þessum efnum, hvernig skuli standa að áætlunargerðinni og hvert skuli vera hlutverk hvers og eins í því efni. Það er gert mjög ítarlega þannig að það er tæpast hægt að finna dæmi um framkvæmdaflokk á vegum þess opinbera þar sem lagaumgerðin er jafnskýr og afdráttarlaus. Og þetta er þannig að samgrh. leggur, samkvæmt 18. gr. vegalaga, að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Og tillöguna á að leggja fyrir svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er. Síðan er útlistað nákvæmlega hvað í tillögunni skuli felast, hvernig útgjöld skulu sundurliðuð o.s.frv. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.“

Þetta er alveg skýrt. Það á að semja fjögurra ára vegáætlanir og þegar tvö ár eru uppi af þeim fjórum, þá skal nýtt endurskoðað tímabil bætast við þannig að alltaf liggi fyrir a.m.k. vegáætlun til tveggja ára.

Í 19. gr. segir jafnframt í 2. mgr., með leyfi forseta:

„Í vegáætlun um nýbyggingar skal gera grein fyrir fjárveitingum til einstakra framkvæmda a.m.k. þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.“

Þar er verið að tala um þrjú fyrstu ár af fjórum.

Í 21. gr. segir, með leyfi forseta:

„Vegagerðin skal gera áætlun til fjögurra ára í senn um framkvæmdir við einstök verkefni á safnvegum ...“

Málið er því algerlega skýrt. Lögin mæla fyrir um það að þetta skuli vera svona, að vegáætlunin skuli vera til fjögurra ára og endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Svo kemur að 28. gr. um langtímaáætlunina sem hæstv. ráðherra hefur algjörlega hunsað allan sinn valdatíma. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um langtímaáætlun í vegagerð fyrir Alþingi. Áætlunin skal vera til 12 ára. Í áætluninni skal gerð grein fyrir markmiðum áætlunarinnar, áætlaðri fjáröflun skipt á þrjú fjögurra ára tímabil og útgjöld sundurliðuð á helstu framkvæmdaflokka.“

Enn fremur segir:

„Þegar þingsályktun um langtímaáætlun í vegagerð hefur gilt í fjögur ár skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir eitt fjögurra ára tímabil til viðbótar þannig að alltaf sé fyrir hendi gildandi langtímaáætlun fyrir a.m.k. tvö fjögurra ára tímabil.“

Sömuleiðis þarna er málið algjörlega skýrt. Það á að liggja fyrir samþykkt langtímaáætlun. Hún skal endurskoðuð á fjögurra ára fresti þannig að vegáætlun sé aldrei til skemmri tíma en átta ára hverju sinni.

Ég tek þar af leiðandi undir það, herra forseti, sem síðasti ræðumaður lét koma fram, að auðvitað er þessi afgreiðsla málsins ótæk. Hún er ekki í samræmi við vegalög og Alþingi er að gera sér það til skammar ef það samþykkir þessa niðurstöðu að hafa fullkomlega mótsagnakenndar samþykktir

í gildi, annars vegar nýlega endurskoðuð vegalög með afdráttarlausum og skýrum og undanþágulausum ákvæðum að þessu leyti og hins vegar þá samþykkt af þessu tagi, bastarð af þessu tagi, um niðurskurð á gildandi áætlun án þess að viðbótartímabil bætist við. Ég sé ekki annað, herra forseti, en að eitt sé a.m.k. alveg ljóst og það er að þessi fyrirsögn á tillögunni gengur ekki. Það er ekki hægt að tala um vegáætlun fyrir árin 1997–2000 þegar ekki eitt einasta orð er í plagginu um árin 1999–2000. Það er ekki hægt. Taki menn þetta plagg hérna og skoði það vandlega, breytingartillögur meiri hlutans, nefndarálitið og fylgiskjölin í nefndarálitinu. Og hvernig er það, herra forseti? Hér eru bara tvö ártöl, 1997 og 1998. Það eru bara tvö ártöl. Er þá hægt að kalla þetta vegáætlun fyrir árin 1999 og 2000 líka? Ég kem því ekki heim og saman þannig að ég leyfi mér að fara fram á það við virðulegan forseta að hann hugleiði að láta breyta fyrirsögn tillögunnar og kalli þetta ekki þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1997–2000, heldur till. til þál. um niðurskurð á gamalli vegáætlun fyrir árin 1997 og 1998 því að einhvers staðar verða menn þó að láta staðar numið í þessum fíflagangi og vera ekki að gera samþykktir af þessu tagi sem augljóslega eru algjörlega út í loftið, eru fráleitar. Þó að upphaflega þingskjalið hafi borið þetta heiti eðli málsins samkvæmt þar sem þar var lögð til eðlileg endurskoðun á vegáætlun og fjögurra ára tímabil, þá gengur þetta ekki svona. Það er a.m.k. alveg morgunljóst.

Herra forseti. Ég verð að játa að ég held að það hafi takmarkaðan tilgang að reyna að ræða þetta við hæstv. samgrh. Með fullri virðingu fyrir þeim ágæta ráðherra þá nenni ég því ekki. Ég verð að segja það alveg eins og er. Ég held að frammistaða hæstv. ráðherra og aðkoma að þessum málum með ýmsum hætti sl. sex ár hafi verið slík, umgengni hæstv. ráðherra varðandi lagaákvæði sem eiga að gilda um þennan málaflokk, vinnubrögð að hluta til varðandi samskiptin við Alþingi hvað varðar skiptingu vegafjár, til að mynda með hinu fræga framkvæmdaátaki þegar þáverandi 10. gr. vegalaga var skýlaust brotin, þegar ráðherra ákvað sjálfur skiptingu vegafjárins á einstakar framkvæmdir þrátt fyrir afdráttarlaus ákvæði 10. gr. vegalaga um að Alþingi skipti vegafé. Þetta var ákveðið á hnjám ráðherra eða við borð einhvers staðar úti í bæ og byrjað að framkvæma það áður en málið kom fyrir Alþingi haustið 1991 þannig að þetta er út af fyrir sig alveg í stíl við annað, að brjóta nú vegalögin við þessa afgreiðslu á vegáætluninni, þegar búið er að hunsa t.d. ákvæði vegalaganna allan tímann um gerð langtímaáætlunar, þar sem ráðherra hóf feril sinn með því að brjóta ákvæði vegalaganna um verkaskiptingu milli Vegagerðar, ráðuneytis og Alþingis við skiptingu vegafjár. Auðvitað er það bara í stíl við annað að þetta haldi svona áfram, að ekki sé sinnt lögboðinni skyldu um áætlunargerð eða eðlileg samskipti í þessum málaflokki.

Það er alveg ljóst að vegur hæstv. ráðherra er allur mjög á niðurleið í þessum efnum. Það er alveg ljóst, því miður. Ráðherrann var frægur mjög og ég segi nú ekki að endemum, en frægur mjög af borðaklippingum og hátíðahöldum út um allt land og sló mikið um sig með framkvæmdum í vegamálum sem vissulega jukust á grundvelli lántöku á fyrri hluta síðasta kjörtímabils. En nú er því miður komið að skuldadögunum. Nú eru skærin eða gleraugun minna á lofti og færri veislur. Er þó ekki svo að verkefnin hafi gufað upp því miður, nema síður sé.

Eins og ég segi, herra forseti, tel ég það ekki hafa mikið upp á sig að standa hér í einhverju orðaskaki við hæstv. samgrh. Það hefur haft afar litla uppskeru í för með sér og verið nánast með öllu árangurslaust að reyna að ná honum upp til málefnalegra skoðanaskipta um þessi mál. En ég var að velta því fyrir mér hvort hæstv. forsrh. væri einhvers staðar nálægur. Ég heyrði að vísu að hann var ekki viðstaddur hér atkvæðagreiðslu. Það hefði verið öllu nær að fá að eiga aðeins orðastað við hæstv. forsrh. um vegamál í samhengi þeirra við byggðamál.

(**Forseti** (RA)**:** Hæstv. forsrh. er ekki í húsinu.)

Nei, það er nefnilega það. Mér þætti nú vænt um að það yrði athugað hvar hæstv. forsrh. er, en skal svo sem ekki tímans vegna eða aðstæðna gera neinar kröfur um að umræðunni verði frestað ef hann ekki getur komið til hennar innan skamms.

Þannig er mál með vexti, herra forseti, að það væri veruleg ástæða til þess að ræða vegamál nú svolítið í samhengi við byggðamál. Hæstv. forsrh. eða Byggðastofnun eða eitthvert af þessum batteríum hélt mikla ráðstefnu um byggðamál norður í landi og ku þar víst margt hafa verið spaklega sagt. En samt held ég nú að sá gamalkunni sannleikur hafi komið þar fram eins og endranær að kannski eru samgöngumálin það sem fólk setur á oddinn yfirleitt alls staðar þegar aðstæður manna á landsbyggðinni eru ræddar. Og þeim mun meir brenna þau á fólki sem samgöngurnar eru lakari og byggðirnar eru afskekktari. Þannig er það nú.

Herra forseti. Það hafa orðið miklar breytingar í samgöngukerfinu sem kalla á visst endurmat á þessum hlutum og ég tel að það kalli t.d. á það að samgönguframkvæmdir og byggðamál séu endurmetin saman á alveg nýjan hátt. Þá á ég við breytingar flutningatækni og þó sérstaklega það hvernig flutningar hafa færst nánast alfarið af sjó og upp á land á síðustu fimm til tíu árum. Þar gætir að nokkru leyti áhrifa þess að hæstv. samgrh. beitti sér sérstaklega fyrir því og hældi sér af því að leggja niður Ríkisskip sem hefur þýtt að mörg byggðarlög hafa a.m.k. í þeim skilningi farið 50–100 ár aftur í tímann hvað samgöngur snertir. Það koma skip á suma afskekktari staði á norður- og austurströndinni núna jafnoft og þau gerðu fyrir svona 50–100 árum. En það hefur einnig verið í gangi talsverð þróun sem að hluta til er fullkomlega eðlileg og leiðir af breyttri flutningatækni, gámavæðingu og öðru slíku sem þýðir að skipin hafa stækkað, viðkomustöðunum hefur fækkað og flutningarnir þjappast saman á grundvelli safnkerfis þar sem bílar og landflutningar flytja vörurnar í veg fyrir skipin.

Herra forseti. Mergurinn málsins er að þetta hefur á örfáum árum gjörbreytt aðstæðum byggðarlaganna og þörfinni fyrir greiðar og góðar samgöngur á landi sem eru öruggar allt árið, gjörbreytt aðstæðunum. Þetta hefur t.d. þýtt að þungatakmarkanir á vegum eru nánast alveg dauðadómur á byggðarlögin sem fyrir þeim verða í samhengi við þessa flutninga. Þetta kerfi brotnar ósköp einfaldlega niður þar sem bílar sem flutt geta stóra fulllestaða gáma komast ekki um vegina og það þarf að fara að tína út úr gámunum og fara með þetta í 30 ferðum, helst í hjólbörum, þegar öxulþunginn er kominn niður í nokkur tonn eins og gerist því miður á ákveðnum svæðum.

Þetta ástand er þannig, herra forseti, að þær aðstæður sem byggðunum og atvinnulífinu eru búnar á þessum svæðum eru algjörlega að verða óforsvaranlegar að mínu mati. Það eru tvö svæði sem standa þar alveg upp úr. Það má t.d. teikna þau hér upp á þetta kort sem fylgir í skýrslu hæstv.

samgrh. um framkvæmd vegáætlunar. Hér á bls. 25 er tafla yfir þungatakmarkanir teiknuð inn á landakortið. Það má draga tvo hringi um þau svæði þar sem skera sig algjörlega úr hvað varðar það að helstu þjóðvegir eða meginleiðir viðkomandi landshluta sæti umtalsverðum og langvarandi þungatakmörkunum. Það er norðausturhorn landsins og það er vestanvert landið og Vestfirðir. Þessir tveir landshlutar skera sig algerlega úr vegna þess að þungatakmarkanir annars staðar eru nánast án undantekninga á leiðum utan aðalþjóðvegakerfisins, þ.e. ekki á hringveginum eða megintengingu byggðarlaga eða landshluta við þjóðvegakerfið. Með a.m.k. mjög fáum undantekningum er þetta svo nema hvað þessa tvo landshluta varðar, norðausturhorn landsins og Vesturlandið og Vestfirðina, og þó sérstaklega auðvitað Vestfirðina.

Ég segi, herra forseti: Það er algjörlega óumflýjanlegt að taka þetta mál sérstaklega til skoðunar. Ég hafði satt best að segja bundið vonir við það að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn mundi reyna að aðhafast eitthvað í þessum málum vegna þess að svo oft og svo mikið er búið að benda á það undanfarin missiri, að þarna sé að skapast ófremdarástand vegna breyttra aðstæðna sem menn verði að taka á. En það er eins og það hafi verið talað bara við steininn. Það hefur engin áhrif haft, ekki nokkur nema síður sé, því miður, því að fé til framkvæmda á þessum svæðum er skorið niður, ef ekki a.m.k. hlutfallslega jafnmikið og annars staðar, þá meira sums staðar, t.d. á norðausturleiðinni, þjóðvegi 85, frá Húsavík og austur um til Vopnafjarðar sem fær herfilega útreið í þessari niðurskurðaráætlun hæstv. ráðherra. Ég hygg að að slepptum kannski framkvæmdum í Djúpinu megi svipaða sögu segja um framkvæmdir um vestanvert landið og á Vestfjörðum.

Hvað segir nú t.d. hv. þm. og formaður samgn. um þetta mál? Hefur samgn. eitthvað velt fyrir sér út í hvað er hér verið að stefna, að það er verið að dæma þessi svæði raunverulega úr leik? Nóg er nú að vera með malarvegi og allt sem því fylgir sem er auðvitað þeim mun illþolanlegra fyrir þá sem við búa eftir því sem stærri hlutar af þjóðvegakerfinu annars staðar komast í sæmilegt horf og samanburðurinn verður mönnum alltaf óhagstæðari og óhagstæðari. En að sæta svo þungatakmörkunum heilu mánuðina til viðbótar, það er gjörsamlega út í hött. Það er gjörsamlega fráleitt. Aðstöðumunur sem atvinnulífið sætir í gegnum það, viðbótarkostnaður og annað því um líkt er þvílíkur að ekki er hægt að ætlast til þess að menn búi við það, alla vega ekki þegjandi og hljóðalaust.

Þetta veldur því, m.a. herra forseti, að ég get ekki með nokkru móti sætt mig við þá niðurstöðu sem hér er lögð til í brtt. meiri hluta samgn. Og ég lýsti því einnig yfir í mínum þingmannahópi, þ.e. hópi þingmanna Norðurl. e., að ég sæi mig knúinn til þess að hafa fyrirvara á um stuðning minn við skiptingu vegafjár innan kjördæmisins eða skiptingu niðurskurðarins öllu heldur og er það í fyrsta skipti í minni 14 ára þátttöku í þessum málum sem ég geri það. Og það er ósköp einfaldlega vegna þess að ég tel að með þessum niðurskurði og eins og hann bitnar þar á ákveðnum framkvæmdum, þá sé niðurstaðan ekki þannig að hægt sé að styðja hana pólitískt. Það er ekki hægt jafnvel þó að menn þvoi hendur sínar alveg inn að beini endalaust og hafi á því alla þá fyrirvara að þeir taki ekki ábyrgð á málinu að öðru leyti en því að taka þátt í að skipta þessu og séu ósáttir við heildarfjárveitingar til vegamála o.s.frv. Einhvers staðar verður að draga mörkin, herra forseti. Þessa niðurstöðu ætla ég ekki að verja nokkurs staðar á nokkrum bæ. Hún er svo hörmuleg og úr algjörum takti við allt sem þarna ætti að vera.

Mér hefði fundist, herra forseti, að ástæða væri til að t.d. hæstv. forsrh. ómakaði sig nú inn í þingsalinn og í umræðuna og segði hérna nokkur velvalin orð um samhengi þessarar útreiðar sem vegamálin eru hér að fá og svo síðan stóriðjuframkvæmdanna á suðvesturhorni landsins. Það er ágætt að hæstv. forsrh., Byggðastofnun og allt það batterí standi fyrir fínum ráðstefnum norður á Akureyri, en það er veruleikinn sem hér verið að lögfesta sem skiptir þrátt fyrir allt máli að lokum. Það eru verkin sem tala en ekki orðin. Menn geta haldið eina stóra og fína ráðstefnu á dag og slegið þar um sig alveg endalaust. En þegar niðurstaðan, hin efnislega niðurstaða er sú að skorið er harkalega niður í mikilvægasta framkvæmdaflokki landsbyggðarinnar á sama tíma og stórframkvæmdum er raðað niður hér á suðvesturhorni landsins, þá þýðir það aðeins eitt, herra forseti. Og ég er eiginlega alveg sannfærður um að það er sama hversu góða áróðursmenn ríkisstjórnin ræður til sín og hversu margar milljónir hún setur í að reyna að fá sér andlitslyftinu, þessum hlutum mun henni ekki takast að snúa við. Þetta er svo auðskilið hverjum manni að það tommar enginn áróður gegn því. Þetta er hrakleg niðurstaða. Ég fullyrði að í gegnum þennan veruleika er að birtast okkur fjandsamlegasta ríkisstjórn landsbyggðinni í háa herrans tíð þegar milljarðatugaframkvæmdir eru settar inn á það landsvæði sem fyrir býr við mestan uppgang og mesta fólksfjölgun en skorið niður gagnvart landsbyggðinni í hverjum málaflokknum á fætur öðrum, því það er ekki eins og atgangurinn í hæstv. samgrh. einum og sér sé nóg. Hér situr fyrir tilviljun hæstv. menntmrh. í salnum og hver var hans forgangsröðun varðandi fjárveitingar til framhaldsskóla í fjárlagafrv. í haust? Var það ekki það skera alveg sérstaklega niður litlu framhaldsskólana á landsbyggðinni? Var það ekki byggðastefnan í skólamálunum sem við sáum þá? Og hér kemur byggðastefnan í vegamálunum. Og svo má áfram telja. Ætlar ekki hæstv. landbrh. að slá af flestöll dýralæknisembættin úti á landi o.s.frv.? En það þýðir ekkert að vera að þvæla um þetta svona, halda ráðstefnur og fundi, slá um sig og tala um byggðastefnu þegar verkin tala svo sínu máli eins og þau gera hér.

Hvenær ætlar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson að aka á bundnu slitlagi heim til sín til Bolungarvíkur ef svo heldur sem horfir? Og hvenær halda menn að vegamálin verði komin í þokkalegt horf á norðausturhorni landsins, 5.500 manna byggð sem framleiðir á annan tug milljarða í beinharðar gjaldeyristekjur fyrir þessa þjóð til útflutnings, meiri tekjur en nokkrir aðrir íbúar landsins gera á hverjum staðnum á fætur öðrum? Hver er stuðningur samfélagsins við þá mikilvægu atvinnustarfsemi sem þar fer fram? Hann birtist m.a. hér, það verður ein framkvæmd í gangi á allri norðausturleiðinni næstu tvö ár ef svo heldur sem horfir, ein skitin framkvæmd. Það tekur svona 30–50 ár með sama áframhaldi að byggja þann veg upp. Þetta er, herra forseti, ekki niðurstaða sem nokkur maður getur held ég kinnroðalaust borið fram.

Auðvitað var það sjálfsagt barnaskapur og óraunsæi, herra forseti, en ég hafði gert mér vissar vonir um að hæstv. ríkisstjórn mundi kveikja á því, eins og sagt er í dag, að hún gæti t.d. með myndarlegu viðbótarátaki í vegamálum í fjarlægum landshlutum þeim sem nú eru að fá stórframkvæmdir inn á sín svæði, gert skynsamlegar ráðstafanir til mótvægis því að opinberar framkvæmdir eða stórframkvæmdir mundu

ekki enn auka á það ójafnvægi sem fyrir er í þessum efnum, gæti um leið lagt í skynsamlega fjárfestingu — einhver sú arðvænlegasta og ábatasamasta fjárfesting sem menn eru yfirleitt sammála um að fyrirfinnist er uppbygging í samgöngumálum, það að byggja upp infrastrúktúrinn í samfélaginu, eins og stundum er sagt, eða undir samfélaginu — og fengið sér kannski prik, t.d. í viðkomandi byggðarlögum eða landshlutum sem þarna ættu í hlut. En því miður virðist ljós skynseminnar ekki að þessu leyti hafa komist inn í herbúðir ríkisstjórnarinnar og meiri hlutans. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst niðurstaða ríkisstjórnarinnar í þessum efnum vera ótrúlega hrakleg.

Alveg finnst mér það líka sérstaklega merkilegt að menn skuli bera hér fram þennan þjófnað á tekjum Vegasjóðs inn í ríkissjóð við þær aðstæður sem við búum nú við í ríkisfjármálum. Er það ekki svo að hæstv. fjmrh. sé að monta sig af því að hann hafi lagt fram hallalaus fjárlög? Og er það ekki meira að segja svo samkvæmt nýjustu fréttum sem hafa verið að heyrast í vindinum, að mælingar á afkomu ríkissjóðs, það sem af er, sýni enn tekjuaukningu frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum, líklega upp á eina 3 milljarða kr. það sem af er árinu? Og þó gjöldin hafi eitthvað vaxið á móti þá er það samt talsvert minna þannig að mælingar sem ég var nýverið að heyra af í þessum efnum sýna að útkoman gæti jafnvel stefnt í að verða enn hagstæðari fyrir ríkissjóð. Það er auðvitað ágætt. En er þá ástæða til þess að ríkissjóður sé jafnframt að ásælast í svona miklum mæli markaðar tekjur Vegasjóðs sem bitnar á vegaframkvæmdunum sem enn frekari niðurskurður? Ég segi nei. Það er þá a.m.k. jafnmikil eða ekki meiri þörf fyrir þá aura annars staðar í framkvæmdum í vegamálunum, t.d. í þeim landshlutum sem búa við frumstæðastar samgöngur, þar sem vegir sæta miklum þungatakmörkunum stóra hluta úr árinu.

Herra forseti. Það getur vel verið að þessi afgreiðsla vegáætlunar hér og nú þyki ekki sæta miklum tíðindum eða vera merk tímamót. En aumingjaleg er hún, það verður að segjast alveg eins og er. Þetta er einhver allra ræfilslegasta niðurstaða sem ég held að nokkur samgrh. og nokkur stjórnarmeirihluti hafi þurft að niðurlægja sjálfan sig með.

[18:01]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessu andsvari vil ég víkja að tveimur efnisatriðum í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er í fyrsta lagi það hvort hér sé verið að brjóta vegalög með því að kynna till. til þál. eða brtt. þar sem gert er ráð fyrir að endurskoða eftir einungis tvö ár. Þá er það þannig eins og fram kom raunar í máli hv. þm. að í 18. gr. er kveðið á um það að þegar þáltill. um vegáætlun hafi gilt í tvö ár skuli hún endurskoðuð og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar. Síðan segir, með leyfi virðulegs forseta: „þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár."

Það sem verið er að fullnægja með þeirri endurskoðun núna er nákvæmlega það að í gildi er þá áætlun til tveggja ára, áranna 1997 og 1998. Þetta er því fullkomlega í samræmi við gildandi vegalög. Eins og boðað er jafnframt í nál. meiri hluta samgn. er gert ráð fyrir því að á næsta þingi, þ.e. í haust, verði lögð fram ný vegáætlun til fjögurra ára enda væri það þannig að ef því væri ekki fullnægt, þá væri hægt að segja með rökum að ekki væri til staðar gildandi vegáætlun fyrir tvö ár.

Með þessu hér er verið að tryggja það að vegáætlun er til staðar til a.m.k. tveggja ára.

Í öðru lagi það sem hv. þm. virtist alveg hafa látið fram hjá sér fara en hv. þm. fimbulfambaði mikið um það að þetta væri allt saman kolólöglegt og menn hefðu ekki áttað sig á því að búið væri að breyta þessu og áætlunin ætti bara að gilda í tvö ár en ekki fjögur ár. En hv. þm. virtist ekki hafa haft fyrir því að fletta þskj. þar sem kemur fram í 5. brtt. frá meiri hluta samgn., minnir mig, er það nákvæmlega sagt að breytt er heiti plaggsins þannig að það gildi fyrir árin 1997 og 1998. En bráðræði hv. þm. í þessu máli var svo mikið og flumbrugangurinn að hv. þm. lét undir höfuð leggjast að lesa þetta plagg í heild. Hann taldi auðvitað að þetta mál lægi vel við höggi en hafði greinilega ekki einu sinni haft fyrir því að lesa plaggið í heild sem hann þó var að fjalla um.

[18:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég trúi ekki öðru en hv. formaður samgn. viti betur og hann átti sig á því að hann er kominn út í orðhengilshátt. Það er algerlega ljóst af öllum þessum ákvæðum vegalaganna, öllun greinunum í V. kafla um vegáætlun og langtímaáætlun, allt frá 18. gr. til og með 28. gr., að það er verið að tala um fjögurra ára vegáætlun og þrisvar sinnum fjögurra ára langtímaáætlun, þ.e. til 12 ára. Það er algerlega ljóst af öllu samhengi orðanna.

Það er líka ljóst að mínu mati að síðasti málsl. 18. gr. þar sem stendur: „þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár," vísar til þess að þegar rúm tvö ár eru eftir af síðast samþykktri fjögurra ára vegáætlun, þá kemur ný endurskoðun. En hvernig verður málið ef þessi niðurstaða nær fram að ganga? Hvernig verður það í haust eða undir áramót í ár? Þá verður aðeins eitt ár fram undan, árið 1998. Þannig að ef við viljum fara út í þetta, þá stenst þetta ekki einu sinni hjá hv. þm. Ég hef allan tímann og alltaf litið svo á að orðalagið í síðasta málsl. 18. gr. vísaði einmitt með mjög skýrum hætti til þess að um væri að ræða fjögurra ára vegáætlun, skipta í tvö tveggja ára tímabil, þannig að þegar hún kæmi til endurskoðunar á hausti eða fyrripart vetrar, þá lægju næstu tvö ár þar á eftir fyrir. Þannig á að skilja þetta. Það er ekki nokkur leið að lesa öðruvísi út úr þessu.

Varðandi það að nefndin leggi til að breyta fyrirsögn tillögunnar, þá er það alveg hárrétt. Mér hafði yfirsést það við fljótan yfirlestur á tillögunni. Hv. þm. má hafa um það öll þau orð sem hann valdi sér hér, flumbrugang, óðagot og læti. Ég viðurkenni að það er mikið að lesa þessa dagana. Ég sit ekki í samgn. og hafði ekki lesið pappírinn spjaldanna á milli. En ég leyfi mér þó að segja við hv. þm. að ég tel mig hafa bæði þá reynslu og það vit á þessum málum að ég get alveg átt málefnaleg skoðanaskipti við hv. þm. án stóryrða ef hv. þm. treysti sér í þau. En það skyldi nú ekki vera svo að hv. þm. væri kominn út í þennan orðhengilshátt sem hann er í hér og stóryrðaflaum af því að honum sé hið eiginlega efni málsins viðkvæmt umræðuefni.

[18:06]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þeir sem hafa hlýtt á málflutning hv. þm. í gegnum tíðina finnist það frekar sérkennilegt þegar hann fer að ásaka aðra um stóryrði í ræðustól og þar fram eftir götunum og læt ég mér það allt saman í léttu rúmi liggja. Það liggur sem sagt fyrir, og hv. þm. hefur

viðurkennt að það sem hann gerði að þó nokkru máli um að hv. samgn. hefði ekki áttað sig á því að breyta fyrirsögn tillögunnar var allt rangt hjá honum og það er ágætt að hann hefur viðurkennt það. Hann er bara maður að meiri fyrir það og ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég hef aldrei látið á mér standa að ræða efnislega um vegamálin. Ég hef alveg tekið þátt í þeirri umræðu hvenær sem færi hefur gefist. Ég hef oft átt orðastað við hv. þm. um þau mál eins og hann náttúrlega veit.

En það sem okkur greinir á um er hvað 18. gr. þýðir nákvæmlega. Ég tel að það sé nokkuð augljóst ef maður les þetta bókstaflega, og það ber auðvitað að gera, að lesa lagatextann bókstaflega, þá kemur greinilega fram að verið er að vitna til þess að nauðsynlegt er að til staðar sé gildandi vegáætlun fyrir a.m.k. tvö ár.

Mér er það mætavel ljóst að meginreglan er sú að við fjöllum um fjögurra ára vegáætlun. Þess vegna var lögð fram í haust till. til þál. um vegáætlun til fjögurra ára og er gert ráð fyrir því í nál. meiri hluta samgn. að í haust verði lagt fram nýtt plagg sem gildi í fjögur ár. Hins vegar stendur svo á að niðurstaða okkar er sú að endurskoða þessi mál eingöngu til tveggja ára og ég tel því að það standist algerlega á grundvelli þessara laga. Síðan geta menn deilt um það í sjálfu sér efnislega hvort heppilegt sé að þetta gerist á þennan hátt. Ég færði fyrir því rök í máli mínu áðan og niðurstaðan varð sú að endurskoða til tveggja ára. Það er mín skoðun og ég byggi það klárlega á textanum í lögunum að það standist vegalögin eins og þau eru sett fram.

[18:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það væri út af fyrir sig heppilegra að eyða ekki of mikilli orku í að þrátta um þetta atriði því það er þrátt fyrir allt nánast aukaatriði borið saman við hina efnislegu niðurstöðu, þ.e. þennan mikla niðurskurð á vegafé sem er hér til umræðu.

En í öllu falli er ljóst hvað vinnubrögðin snertir að þessi niðurstaða er uppgjöf og magalending. Það er alveg ljóst. Hv. þm. hefur í raun og veru ekki treyst sér til að færa fram nein umtalsverð rök fyrir þeirri niðurstöðu — að vinna ekki með eðlilegum hætti að þessari áætlunargerð til eðlilegs tíma.

Ég er reyndar ekki þeirrar skoðunar í sjálfu sér að Alþingi brjóti lög með því að setja lög. Alþingi getur sett lög eins og því sýnist. Það má ekki setja lög sem brjóta í bága við stjórnarskrána nema gera það á réttan hátt, en auðvitað geta ný lög Alþingis upphafið önnur ef út í það er farið. En það er mjög óheppilegt að gildandi lagaákvæði stangist beinlínis á, að ákvarðanir löggjafans séu mótsagnarkenndar og stríði móti hver annarri, en það er það sem hér er að gerast í raun og veru vegna þess að þessi niðurstaða er í mótsögn við ákvæði vegalaganna og stríðir gegn anda þeirra.

Það er líka mjög alvarlegt, að mínu mati, að smátt og smátt í gegnum framgöngu hæstv. ráðherra á þessu sex ára tímabili eru þessi skipulögðu, áætlunarbundnu vinnubrögð í vegamálunum að brotna upp. Það er því miður þannig. Það er allt að glatast sem heitir traust á því að unnið sé samkvæmt samfelldri langtímaáætlun og samþykktri vegáætlun sem staðið sé við vegna þess að hæstv. ráðherra hefur farið út og suður í þessum efnum. Þetta er í raun kórónan á sköpunarverkinu að ætla að ganga frá þessum á þennan hátt. Ég hef margoft sagt og get endurtekið það einu sinni enn að mér finnst það mjög miður vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að mjög farsælt hafi verið hvernig tókst á sínum tíma að hverfa frá því leiða fari, sem vegamálin voru í, að menn slógust og rifust á hverju einasta ári um framkvæmdir, hver í sinn landshluta, yfir í skipulögð vinnubrögð á grundvelli langtímaáætlana af þessu tagi.

[18:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja að mér finnst ekkert óeðlilegt þó að hv. þm. lýsi því yfir að hann sé ósáttur við skiptingu vegafjár í Norðurl. e. Ég hef raunar lengi verið þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að kjósendur fái að vita ef ágreiningur er uppi um áherslur í vegamálum í kjördæmunum. Ég get ekki annað en látið í ljós sérstaka ánægju yfir því að þessi mál skuli komin upp á borðið og hægt sé þá að ræða þau enn hreinskilnar en gert hefur verið.

Ég vil í annan stað segja að eins og vegalögin liggja fyrir þá er lögð á samgrh. sú skylda að leggja fram till. til þál. um breytingu á vegalögum til fjögurra ára. Það hefur verið gert og því hafa engin lög verið brotin. Það er á hinn bóginn Alþingis að ákveða hvernig sú tillaga er afgreidd. Hér er það tillaga nefndarinnar að þessi ályktun verði afgreidd einungis til tveggja ára en um leið lögð sú skylda á samgrh. að hann leggi nýja vegáætlun fyrir á hausti komanda. Það er Alþingi sjálft sem úrskurðar um þau efni og ef Alþingi samþykkir þessa vegáætlun, þá er það ákvörðun Alþingis og það er ekki hægt að segja að Alþingi brjóti gegn vilja sjálfs sín með sínum samþykktum og sínum afgreiðslum.

Í þriðja lagi vil ég segja að það er ekki rétt hjá hv. þm. að samþykkt hafi verið langtímaáætlun í vegagerð. Ég man ekki til þess. Það hefur aldrei verið gert. En á hinn bóginn hefur komið fram að það hefur þrásinnis valdið miklum misskilningi þegar menn hafa vitnað til slíks plaggs sem ekki er til.

Ég hygg að hv. þm. sé það ljóst að sú tilraun sem síðast var gerð til þess að koma langtímaáætlun frá þinginu á vordögum 1991 mistókst gersamlega og framkvæmd vegamálanna hefur verið með gerólíkum hætti frá því sem þar var lagt til þannig að það er ekki rétt að sú langtímaáætlun hafi verið mótandi um vegagerð síðan.

[18:12]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er heilmikið til í því að þeirri langtímaáætlun hafi í grundvallaratriðum verið breytt eða horfið frá henni og því áliti páv. þingnefndar sem vann og lagði fram þá áætlun þó hún væri ekki afgreidd á Alþingi frekar en sú fyrsta. En það er vegna þess að hæstv. samgrh. valdi að fara allt, allt aðrar leiðir í þessum málum, vinna að þeim á allt annan hátt en allir forverar hans höfðu gert. Hæstv. samgrh. tók yfir á Vegasjóð allan rekstur ferja og flóabáta í landinu upp á um 0,5 milljarða kr. án þess að Vegasjóður fengi það bætt í tekjum á nokkurn hátt. Það setti náttúrlega strax frá byrjun heldur betur hressilega strik í reikninginn. Síðan fór hæstv. ráðherra þá óvenjulegu leið, eins og kunnugt er, að taka hluta af framkvæmdafé til vegagerðar út fyrir sviga og skipta því sjálfur á hnjánum á sér í stað þess að láta Alþingi gera það eins og lög gera ráð fyrir.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi fyrst, þá er ég ósammála honum um að ekki sé slæmt að þingmannahópar kjördæmanna og Alþingi í heild sinni nái ekki sem mestri samstöðu um framkvæmdir í vegamálum. Það er þvert á móti mjög miður og mér þykir það mjög miður að þurfa að hafa þann fyrirvara á sem ég hef gert grein fyrir. Ég tek fram að það var fyrirvari í sjálfu sér en ekki endalega yfirlýst

andstaða við einhver einstök atriði í þeirri niðurstöðu sem liggur fyrir, heldur fyrst og fremst fyrirvari sem er vegna þess að hin efnislega niðurstaða, fjárveitingarnar til framkvæmda eru slíkar að ég treysti mér ekki til að standa að þeim eða leggja nafn mitt við þær með neinum hætti.

Varðandi það að hæstv. samgrh. hafi uppfyllt lagaskyldu sína með því að leggja fram till. til þál. um vegáætlun, þá er það rétt, enda hef ég hvergi sagt að samgrh. væri að brjóta lög. Mér dettur það ekki í hug og í raun og veru, eins og ég tók fram áðan, er Alþingi í sjálfu sér ekki að brjóta lög en það sem Alþingi er að gera er að það er að búa til mótsagnir í ákvörðunum. Það er annars vegar horfandi upp á gildandi vegalög og hins vegar að afgreiða vegáætlun með þessum hætti. Samkvæmt þeim hefðum sem hafa skapast ef menn hafa ætlað sér a.m.k. að bjarga sér fyrir horn, herra forseti, þá ætti að flytja tillögu með svokölluðu þrátt-fyrir-ákvæði sem segði: Þrátt fyrir ákvæði 18.–25. gr. vegalaga skal svona að þessu staðið á þessu ári. Þá mætti segja að menn slyppu fyrir horn, annars ekki.

[18:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er laukrétt sem hv. þm. sagði að sú ríkisstjórn sem við tók 1991 kaus að fara aðra leið en fyrri samgrh. hafði lagt til. Ég held að reynslan af langtímaáætlunum hafi kennt okkur að þær eru þannig úr garði gerðar að réttara sé að samgrh. skýri viðhorf sín til vegamála og samgöngumála með sérstakri skýrslu til Alþingis sem þingmenn geta þá vegið og metið fremur en menn séu að leggja fram einhverjar þykjustuáætlanir til 12 ára sem aldrei verður samkomulag um og aldrei geta verið mótandi um stefnuna í vegamálum til svo langs tíma, eins og raunar kom fram hjá hv. þm. þegar hann talaði áðan um þær miklu breytingar sem hefðu orðið í landflutningum á síðustu 5–10 árum sem hlýtur að kalla á allt, allt önnur viðhorf en áður var.

[18:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er reyndar nokkuð síðan það rann upp fyrir mér að hæstv. samgrh. hafi ekki skilið hugsunina á bak við framkvæmdaáætlanir af því tagi sem langtímaáætlun í vegagerð er og framkvæmdaáætlanir á mörgum öðrum sviðum sem eru t.d. alsiða í nágrannalöndum okkar. Þannig er að á þjóðþingum hinna Norðurlandanna byggja langflestir viðamestu málaflokkarnir á framkvæmdaáætlunum eða áætlunum. Einhvers konar „handlingsplan" liggur fyrir á öllum helstu framkvæmdasviðum og málasviðum. Vegamálin voru eitt af fáum dæmum um að við Íslendingar hefðum þó reynt að taka skipulega á, móta stefnu og fylgja skipulögðum áætlanabundnum vinnubrögðum í mikilvægum framkvæmdaflokki. Það er nefnilega þannig að þetta er tilraun til að komast í burtu frá handahófskenndum vinnubrögðum og umpólun hvað varðar stefnu í slíkum málum, t.d. þegar stjórnarskipti verða. Það er einmitt til þess að reyna að komast í burtu frá því að þessi mál standi á haus einu sinni á fjögurra ára fresti eða jafnvel oftar við hver einustu stjórnarskipti. Af hverju er það? Það er vegna þess að það er vont hvort sem heldur er fyrir samfellu í uppbyggingu samgöngumannvirkja eða rekstur heilbrigðiskerfisins eða hvað það er annað, að pólitískir sviptivindar setji stefnuna í slíkum málum á haus á fjögurra ára fresti. Aðferðin til að komast hjá því er sú að byggja á einhverri langtímastefnumótun, einhverjum meginlínum og reyna að ná pólitískri samstöðu um þær á löggjafarsamkomunni og þá helst til nokkuð langs tíma í senn sem menn endurskoða síðan að sjálfsögðu eftir því sem þörf krefur í takt við breyttar aðstæður. Þetta er hugsunin og þetta er alls staðar annars staðar en hér kölluð skipuleg og ábyrg heiðarleg pólitísk vinnubrögð. En það er ógæfa Íslands að sitja uppi með samgrh. sem hefur ekki skilið þetta.

[18:18]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er vægast sagt aumkunarvert að hlusta á skýringar hv. stjórnarliða sem hafa reynt að skýra út hvers vegna við sitjum uppi með áætlun til tveggja ára í vegamálum. Reyndar eru þeir ekki margir, stjórnarliðarnir hérna í salnum og ekki margir úr meiri hluta samgn. sem treysta sér til að sitja hér og horfa framan í aðra þingmenn eftir þessar skýringar. (Gripið fram í.) Já, en eru ekki stjórnarliðarnir fleiri? Það er ekki hægt að segja annað en þeir séu hálflúpulegir, formaður hv. samgn. og hæstv. samgrh., og ekki er hægt að segja annað en þeir séu hálfpartinn að reyna að klóra í bakkann við að skýra þetta út. (**Samgrh.**: Það er eðlilegt að maður sé lúpulegur þegar svona mynduglega er til manns talað.)

(**Forseti** (GÁ): Hljóð í þingsal.)

Þegar við byrjuðum að ræða vegamál fyrr á vetrinum var verið að fjalla um fjögurra ára áætlun þangað til alveg núna fyrir nokkrum dögum, þá dúkkar allt í einu upp tveggja ára áætlun. Það er kannski ekkert skrýtið þótt menn séu lúpulegir, hv. þm. Einar Guðfinnsson og hæstv. samgrh., því ég vorkenni þeim vissulega að þurfa að vera hér og verja þetta, sérstaklega í ljósi þess að eitt og einasta loforð Sjálfstfl. í síðustu kosningum var að skera ekki niður í samgöngumálunum. Það sem við erum að ræða hér er ekkert annað en niðurskurður, niðurskurður á þeirri vegáætlun sem þó er enn þá í gildi.

Það kom skýrt fram í máli frsm. minnihlutaálits nefndarinnar hvernig niðurskurðurinn hefur verið og það kemur vel fram í þeim töflum sem fylgja nál. minni hlutans hvernig Sjálfstfl. hefur staðið við þessi kosningaloforð sín. Það væri fróðlegt fyrir okkur þingmenn og almenning að fá raunverulegar skýringar á því hvers vegna allt í einu birtist tveggja ára áætlun í stað fjögurra ára áætlunar. Ég á erfitt með að trúa þeim skýringum formanns samgn. þar sem talað er um að það sé vegna þess, eins og segir í meirihlutaálitinu, að um þessar mundir sé verið að ljúka mörgum stórum verkefnum og því þyki eðlilegra að miða við styttra tímabil en vani er. Hvers konar yfirklór er þetta eiginlega? Dettur formanni nefndarinnar í hug að nokkur maður trúi þessu? Að bjóða manni upp á svona skýringar. Auðvitað er alltaf verið að klára einhver verkefni og byrja á nýjum. Þetta er bara bull.

Hver er hin raunverulega ástæða fyrir því að við sitjum núna uppi með tveggja ára áætlun? Er það vegna þess að stjórnarliðar gátu ekki komið sér saman um það hvernig þeir ætla að skipta þessu á milli sín, hver ætti að sitja uppi með niðurskurðinn? Er það ástæðan? Eða er ástæða sú að erfitt er að horfa framan í kjósendur eftir tvö ár með allan þennan niðurskurð á bakinu? Á að fara að búa til nýtt plagg? Á nú að fara að búa til eitthvert glæsiplagg fyrir næstu kosningar til að búa í haginn, búa til glansmynd? Hvað er hérna á ferðinni?

Hæstv. samgrh. gaf skýringu áðan í andsvari um að vinnan við vegáætlunina hefði ekki verið nógu langt komin. Er hann að kenna starfsmönnum Vegagerðarinnar um það að

við sitjum uppi með tveggja ár áætlun? Hvað meinti hæstv. ráðherra þegar hann var að svara þessu í andsvari — að vinnan við áætlunina væri ekki nógu langt komin? Ég veit ekki betur en við höfum setið hér og unnið með fjögurra ára áætlun alveg fram á síðustu daga. Hvaða vinnu er hæstv. ráðherra að tala um? Það væri kannski hægt að fá skýringu á því hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni, formanni samgn. á eftir. Að minnsta kosti skil ég ekki þessi rök. Þetta er mjög sérkennilega að verki staðið svo ekki sé meira sagt.

Það sem kom einnig fram í umræðunni um að þetta væri ekkert nema niðurskurður, að það er auðvitað álitamál hvort hér sé ekki verið að brjóta lög. Vissulega reyna samgrh. og hv. formaður nefndarinnar að verja það að þeir sitji uppi með þetta. Ég get ekki skilið annað miðað við texta 28. gr. vegalaga en að mönnum beri að hafa lengri áætlun en til tveggja ára og tek ég undir rök hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hann kom fram með áðan. En það er greinilega álitamál hvort ekki er verið að brjóta lög með slíkum vinnubrögðum.

Það kom fram hjá mér áðan að við hefðum verið að vinna með fjögurra ára áætlun. Ég vil benda á það, sem kemur reyndar fram í nál. minni hluta samgn., að þingmannahópar hafa verið að vinna við að skipta fé til samgöngumála í kjördæmunum, því fé sem kemur til kasta þingmannanna alveg fram á síðustu daga. Þá var yfirleitt gert ráð fyrir og raðað niður verkefnum miðað við fjögur ár. Það er því spurning hvort þau mál séu ekki í uppnámi þegar svona er komið málum. Reyndar þýðir kannski lítið að þjarka um niðurskurðinn því að hann var samþykktur við fjárlagagerðina og kannski ekki ástæða til þess að vera að eyða miklum tíma í að ræða það, enda lítið við því að gera. Við sitjum uppi með þá ákvörðun. En vegna þeirra raka sem koma fram um tveggja ára áætlunina hjá meiri hluta samgn. í nál. um að það þurfi að hafa þetta styttra tímabil af því að verið sé að ljúka stórum verkefnum, þá kom það fram hjá vegagerðarmönnum á fundi hjá samgn. að óhjákvæmilegt væri að gera þriggja til fjögurra ára áætlanir vegna þess að verkefnin eru stór. Við þurfum að hafa lengri áætlun vegna þess að verkefnin eru stór. Þeir sögðu við okkur aðspurðir að það væri verið að gera þeim erfiðara fyrir með því að hafa þennan hátt á. Ég vil því gjarnan fá raunverulegar skýringar á því hvers vegna aðeins er tjaldað til tveggja ára í þessari áætlun.

Vegna niðurskurðarins langar mig aðeins til að minnast á kjördæmi sem ég þekki best vegna þess að ég er þingmaður Reykvíkinga. Við vorum að skoða hversu stór hlutur þeirra væri í þeirri áætlun þegar frá eru tekin stóru verkefnin sem eru í gangi, stórverkefnin í Ártúnsbrekkunni sem átti að setja í flóabátana, en var skilað aftur eftir að borgarstjórn Reykjavíkur lofaði að skera niður framkvæmdir annars staðar. Þar fengu þeir að halda því verkefni og klára það, sem náttúrlega var mikið til heilla að því var ekki frestað vegna þeirrar slysahættu sem það hefði haft í för með sér. En þegar við fórum að skoða þetta og frá voru tekin þessi stórverkefni og skuldirnar, þá voru rúmar 80 millj. sem komu til skipta Reykjavíkur, höfuðborgarinnar, þar sem tæplega helmingur landsmanna býr. Það segir svolítið um niðurskurðinn. Ég tek undir það að auðvitað hefði þurft að standa miklu betur að verki og óþolandi hvernig æ meira fé af tekjum vegamála fer nú beint til ríkissjóðs. Ég ætla kannski ekki að segja eins og sá sem talaði á undan mér, að þetta væri þjófnaður. Það væri þjófnaður á fé til vegamála sem færi í ríkissjóð en þetta er allsendis óviðunandi því að víða þarf að gera bætur á. Ég nefni einbreiðu brýrnar sem eru stórslysagildra á öllum hringveginum og víðar á þjóðvegakerfinu.

Úr því að ég er farin að tala um slysin, þá hefði mátt aðeins koma inn á þau mál. Hér var t.d. dreift skýrslu í vikunni eða fyrir nokkru frá hæstv. dómsmrh. um stöðu umferðaröryggismála og stærri skýrslu var dreift í hólf þingmanna, þar sem uppi eru áform um að fækka slysum. Reyndar hef ég ákveðnar efasemdir um að þessar tölur sem eru í skýrslunni séu allsendis réttar en ég þarf að athuga það betur. En auðvitað geta menn ekki verið að setja upp stefnu um umferðaröryggisáætlun án þess að fjárhags- og framkvæmdaáætlun komi sem hluti af henni. Ég hefði talið eðlilegt að það yrði rætt í tengslum við vegáætlun. En það getur vel verið að það komi þá inn í þessa fjögurra ára áætlun, kosningaplaggið, sem hæstv. ríkisstjórn ætlar að bjóða upp á síðar á árinu.

Ég ætla ekki að tefja umræðuna. Það kemur vel fram í nál. okkar í minni hluta samgn. hvað okkur finnst um þetta og auðvitað er ekki boðlegt að koma með þessa tveggja ára áætlun á síðustu dögum þingsins. Ég kalla eftir svörum við þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir þá félagana, formann samgn. og hæstv. samrh.

[18:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það hefur verið gerð ítarlega grein fyrir sjónarmiðum stjórnarandstöðunnar í umræðunni af frsm. minni hluta samgn., svo og fyrrv. samgrh. sem báðir hafa farið rækilega yfir þá veikleika sem eru í þessari áætlunargerð af hálfu fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna. Það er því óþarft að rekja í smáatriðum það sem þar hefur verið dregið fram sem aðalatriði þessa máls.

Þó get ég ekki látið hjá líða að benda á að ákaflega einkennilegt er í öllu þessu tali um góðæri sem nú ríkir til lands og sjávar og blómstrandi efnahag þjóðarinnar sem er bæði vegna framkvæmda á stóriðjusviðinu, við stóriðjuver og virkjanir á því sviði, svo og ávinning ríkissjóðs af öllum þessum framkvæmdum upp á milljarða króna að óbreyttum tekjustofni og þegar svona vel árar í ríkisbúskapnum og efnahagslífi þjóðarinnar þá ganga yfir ein hin verstu ár í vegamálum hér á landi hvað varðar fjárveitingar til vegamála. Það segir auðvitað sína sögu um pólitískar áherslur í ríkisstjórn flokkanna tveggja, Sjálfstfl. og Framsfl., að þegar þeir hafa fullar hendur fjár að eigin sögn, þá láta þeir niðurskurðarhnífinn bitna hvað harðast á samgöngumálum. Það sjáum við á þeim þrem samgönguáætlunum sem hér eru til umræðu, en engin þeirra fer þó eins illa út úr niðurskurðinum og tillaga til nýrrar vegáætlunar. Hún er svo hraklega skorin niður frá því sem áður hafði verið ákveðið að stjórnarliðum tekst ekki einu sinni að koma sér saman um að styðja áætlunina eftir þennan niðurskurð og grípa því til þess ráðs eftir að hafa staðið í erfiðleikum í sínum röðum með hvernig eigi að ganga frá málinu að afgreiða það einungis til hálfs.

Fyrir þinginu liggur tillaga frá stjórnarflokkunum til síðari umræðu um aðeins hálfa vegáætlun. Það er niðurstaða stjórnarflokkanna í einu mesta góðæri sem gengur yfir íslenska þjóð á lýðveldistímanum, a.m.k. að sögn fjmrh. ríkisstjórnarinnar, að lögð er fram tillaga um hálfa vegáætlun. Það er auðvitað ekki vegna þess að skortur sé á peningum, fjarri því. Farið hefur verið yfir það að tekjur af umferðinni skila ríkissjóði samtals um 18.000 millj. kr. samkvæmt yfirliti sem liggur fyrir um það efni, en aðeins 6.000–7.000 millj. er skilað til þeirra verkefna sem ætlast er til eða um þriðjungur af skattheimtunni. Nei, það er ekki skorturinn á fjármagni sem er ástæðan fyrir því að svona mikið er skorið niður, enda

er þetta ekki í fyrsta skipti sem núverandi ríkisstjórn sker niður eigin kosningaloforð í samgöngumálum eða öllu heldur kosningaloforð Sjálfstfl. í samgöngumálum því ekki er rétt að gera Framsfl. ábyrgan fyrir vegáætlun sem samþykkt var fyrir síðustu kosningar. Að minnsta kosti var ekki vitað til þess þá að þeir yrðu komnir inn í ríkisstjórn þó grunur leiki á að eitthvað hafi menn verið byrjaðir að tala saman á þeim tíma. — Ég minni hæstv. samgrh. á að nefna við hæstv. forsrh. af því að ég sé að hann er í símanum að tala við hæstv. forsrh. og minna hann á að í beinni útsendingu í sjónvarpinu gaf hæstv. forsrh. aðeins eitt kosningaloforð og sagði: Ég ætla bara að gefa eitt kosningaloforð. Það kosningaloforð er miklar framkvæmdir í samgöngumálum.

Samgöngu- og vegáætlunin, sem nýlega var samþykkt, var til sannindamerkis um þau áform. Síðan hefur þessi mikla áætlun Sjálfstfl. verið skorin niður hvert einasta ár, 1995, 1996 og 1997 og spurningin er þessi: Er það vegna áhrifa frá Framsfl. að vegáætlun er skorin svona mikið niður hvert einasta ár? Var það vegna þess að Framsfl. kom að málinu eftir kosningar með þá áherslu að skera niður vegamál? Eða er skýringin sú að forustumenn Sjálfstfl. meintu ekkert af því sem þeir voru að segja og ætluðu aldrei að efna það, hvorki í góðæri né á þrengri tímum og voru bara að hafa þjóðina að fíflum? Hvor skýringin er rétt í þessu efni, herra forseti?

Mér þykir nauðsynlegt að knýja á um svör frá fulltrúum stjórnarflokkanna við þessari spurningu sem landsmenn allir eiga heimtingu á að fá svar við, að vita hvað er hið rétta í málinu. Var það krafa Framsfl. þegar hann gekk til liðs við Sjálfstfl. að mynda ríkisstjórn að skera niður framkvæmdir eigi minna en 20% á ári? Er það alveg sérstök krafa Framsfl. í samgöngumálum? Var það úrslitaatriði af hálfu þess flokks svo að ná mætti saman um ríkisstjórnarsáttmála? Ég tel nauðsynlegt, herra forseti, að fulltrúi Framsfl. gefi skýr svör um þetta atriði svo landsmenn megi vita hverjar áherslur Framsfl. eru í samgöngumálum. Er það stefna hans að draga úr lagfæringum vega um land allt? Eða af því að ég veit ekki hvort það er rétt og er að leita að skýringum og sé í hendi mér tvær sem gætu verið, önnur er sú sem ég hef þegar nefnt, hvort það er afstaða Framsfl. eða hin, afstaða Sjálfstfl., að hann meini ekki það sem hann segi í samgöngumálum. Hann segi bara fyrir kosningar: Við viljum gera vel í samgöngumálum, en svo um leið og búið er að telja upp úr kössunum, þá er það gleymt.

Ég sé ekki, herra forseti, í fljótu bragði fleiri möguleika á skýringum á þessum mikla niðurskurði, ekki bara einu sinni, ekki bara tvisvar heldur þrisvar sinnum í röð um eigi minna en 20%. Og ef eitthvað er, þá er meiri niðurskurður á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu þó ég telji algerlega óþarft að fara í einhvern meting í þeim efnum. En ef eitthvað er, þá er niðurskurður meiri á landsbyggðinni. Og nú verða fulltrúar stjórnarflokkanna að svara skýrt og greinilega í þessum efnum. Er það kannski þess vegna sem skilað er inn aðeins hálfri vegáætlun af því að þeir þora ekki að sýna kjósendum sínum að þeir ætli að halda áfram að skera niður árið 1998, 1999 og 2000?

Það er von, herra forseti, að spurt sé og ríkisstjórnin knúin svara við því: Hvar er góðærið mikla til lands og sjávar? Hvers vegna kemur það ekki í samgöngumálin? Hvers vegna sjáum við það ekki úti á landi?

Herra forseti. Ég vil áður en ég vík að einstökum atriðum áætlunarinnar ljúka þessum almenna kafla í ræðu minni með því að benda á breytingar sem gerðar hafa verið á síðustu árum sem ekki bara draga úr möguleikum eða framkvæmdagetu fyrir það fé sem lagt er til vegamála í heild heldur breyta líka skiptingunni á því fé sem eftir er til framkvæmda þegar annað hefur verið greitt innbyrðis milli einstakra landshluta. Ég vil nefna sem skýrasta dæmið um þetta það ár sem hér er fyrra árið í þessari hálfu vegáætlun hæstv. ríkisstjórnar, árið 1997. Í fyrsta lagi kemur fram að frá því fjármagni, sem á að renna til vegamála samkvæmt fyrri ákvörðunum, á að draga 806 millj. og færa það í ríkissjóð. Í góðærinu mikla eiga vegamálin að borga 806 millj. í ríkissjóð, herra forseti. Það hefur nefnilega verið almenna reglan fram til þessa fremur en hitt að greitt hefur verið úr ríkissjóði til að standa undir vegaframkvæmdum til viðbótar við það sem markaðir tekjustofnar hafa skilað. Núna er sá siður uppi að tekið er af mörkuðum tekjustofnum og greitt í ríkissjóð. Það er svona ríkissjóðsskattur sem þessir ágætu stjórnmálaflokkar hafa fundið upp til þess að sem minnst megi verða úr því ágæta fé sem innheimt er af umferðinni til að standa undir framkvæmdum og viðhaldi í vegamálum — 806 millj. í ríkissjóð.

Í öðru lagi var fundin upp sú regla fyrir fáeinum árum að taka fé af fjármagni til vegamála til að standa undir ferjuliðnum sem áður var greiddur beint úr ríkissjóði og nemur verulega háum fjárhæðum ár hvert. Á þessu ári, 1997, er gert ráð fyrir að þessi liður verði 450 millj. kr. Það verða engir vegir lagðir fyrir þessa peninga, herra forseti. Það verða engir vegir lagðir fyrir þessar 806 millj. sem lagðar eru inn á ríkissjóð. Það verður ekki gert við neina vegi fyrir þessar 1.256 millj. Nei, þarna hafa verið teknir peningar sem renna í eða styrkja ríkissjóð. Það sem ríkissjóður lagði áður til vegamála er nú aflagt. Nú er það öfugt. Þetta er gríðarleg fjárhæð, 1.256 millj. af því ári þegar horft er til þess að til framkvæmda í vegamálum á árinu 1997 er áætlað um 3.000 millj. kr. samkvæmt þessari tillögugrein sem við erum að ræða. Þessi niðurskurður á tveimur liðum er um 40% af því fé sem ætlað er til framkvæmda. 806 millj. fara í ríkissjóð, 450 millj. greiðast til flóabáta sem ríkissjóður sá áður um að borga. Það sér hver maður, herra forseti, að þetta skerðir framkvæmdagetu þess fjár sem varið er til vegamála mjög mikið. Bara þessir tveir liðir eru um 40% af því fé sem á að verja til framkvæmda á þessu ári og yrði margur maðurinn glaður, herra forseti, ef við hefðum þessar 1.256 millj. til framkvæmda í vegamálum til viðbótar við þær 3.000 millj. sem áætlað er að verði til þeirra verka á þessu ári. Þetta er beinn samdráttur í framkvæmdagetu þess fjár sem rennur til vegamála.

Síðan hefur þeim reglum verið breytt sem menn nota til þess að skipta fénu á einstök verkefni. Menn hafa lagt til grundvallar ástand vegakerfisins í miklu ríkara mæli en gert er í þeim reglum sem stuðst er við núna og eru notaðar til að deila út fénu. Það þýðir að þær breytingar sem menn gerðu, þ.e. að miða að hluta til við höfðatölu, sem er alger nýjung, urðu til að draga úr fjármagni til framkvæmda í strjálbýlu héruðunum, færa fé til þéttbýlli svæðanna á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði. Það var breyting á skiptireglum fjármagnsins, strjálbýlinu í óhag og þéttbýlinu í hag. Ég er ekki að tala um það á þeim forsendum að ég telji að einhver vanþörf sé á fé til framkvæmda á þeim svæðum sem bættu hlut sinn með þessari breytingu, fjarri því, heldur hitt að þegar þau eru að skipta á knöppum hlut munar mikið um það sem af mönnum er tekið með þessari breytingu og ekki hvað síst vegna þess að strjálbýlustu héruðin, Vestfirðir, Austur-

land og austanvert Norðurland eystra, eru þau svæði landsins þar sem vegirnir eru lengstir, þar sem eru flestir kílómetrar af stofnbrautum og það svæði þar sem ástand þeirra vega er verst á landinu. Allar tölur sem tiltækar eru sýna að þessi landsvæði búa við hvað lökustu vegi og auðvitað eiga menn að verja fé til vegamála eftir þörf, eftir ástandi vega, í ríkari mæli en gert er við núverandi skiptireglur.

Þetta var ein breytingin sem gerð var fyrir fáeinum árum til að draga úr hlut dreifbýlisins og styrkja hlut þéttbýlisins á kostnað dreifbýlisins. Það var ekki hægt að auka fjármagn þannig að bæta við fé til þéttbýlisins en láta það standa ábreytt til strjálbýlisins. Nei, það þurfti alveg sérstaklega að útbúa reglu til að andskotast, herra forseti, með leyfi þínu, á dreifbýlinu. Þetta er ótrúlegur gjörningur hjá þessum tveimur flokkum.

Nú er ég ekkert sérstaklega að rifja það upp að þriðji flokkurinn kom að þessu verki á sínum tíma. (**Gripið fram í:** Hvaða flokkur var það?) Það er flokkur sem (**Gripið fram í:** Á að fara að sameinast?) heitir Alþýðuflokkurinn — jafnaðarmannaflokkur Íslands. Ég man ekki betur, herra forseti, en sá flokkur hafi lagt nokkuð af mörkum í þessari breyttu skiptireglu en við í stjórnarandstöðunni erum ekkert sérstaklega á þessum tímum að halda því mjög á lofti sem liðið er fyrir nokkru síðan í þessum efnum.

Þá vil ég nefna annað atriði sem vegur líka að stöðu dreifbýlisins þegar skipta á hinu takmarkaða fé og það er svokallað framkvæmdaátak. Í þeirri tillögu sem við erum að ræða fyrir árið 1997 á að draga 350 millj. út úr vegafénu þannig að því verði ekki lengur skipt eftir almennum skiptireglum og það fært í sérstakan pott og því er skipt allt öðruvísi og heitir framkvæmdaátak. Því er þannig skipt, herra forseti, að megnið af því fé eða við skulum kannski hafa það á hinn veginn að sáralítið af því fé rennur til brýnna verkefna í dreifðum byggðum landsins, sáralítið og mun minna en hefði verið ef því hefði verið skipt eftir almennum skiptireglum.

Ég vil nefna sem dæmi, herra forseti, og bið ég nú formann samgn., hv. 1. þm. Vestf. að taka eftir, að af 650 millj. kr. á þessu ári í framkvæmdaátak, rennur hvað mikið til Vestfjarða? 28 millj. 4%. Ég verð að segja, herra forseti, að það verður ekki borið á formann samgn. að hann dragi óeðlilega mikið hlut Vestfirðinga í störfum sínum. 4% af framkvæmdaátakinu rennur til Vestfjarða, 4%. (**Samgrh.:** Var ekki Djúpveginum breytt í stórverkefni um leið og framkvæmdaátakið var ákveðið, svona rétt að telja það með?) Ég heyri að hæstv. samgrh. er orðinn órólegur. (**Samgrh.:** Nei, ég vil bara að málið sé rétt lagt fyrir.) Nákvæmlega rétt lagt fyrir, herra forseti, úr þingskjölum meiri hluta samgn. 650 millj. kr. í framkvæmdaátak til sérstakra verkefna sem er meira og minna ráðstafað af ríkisstjórninni eru aðeins 28 millj. til Vestfjarðakjördæmis, því miður. Tölurnar tala sínu máli í þessum efnum.

Herra forseti. Ég hef farið nokkuð ítarlega yfir almennar forsendur vegáætlunar og þær breytingar sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, bæði í fjárveitingum til vegamála almennt, niðurskurð á því fé sem rennur til framkvæmda og breyttum reglum sem auk almenns niðurskurðar ganga enn frekar á hlut strjálbýlisins en almennur niðurskurður gefur tilefni til. Allt þetta samanlagt, herra forseti, hefur þau áhrif að það miðar fjarri því í uppbyggingu vegakerfisins á landinu sem skyldi og fjarri því að því sé skipt eðlilega.

Um þessar framkvæmdir getur aldrei orðið sátt í landinu. Það getur aldrei orðið sátt um að ganga svona freklega á hlut landsbyggðarinnar í skiptingu vegafjár og aldrei orðið sátt um að verja svo litlu fé til vegamála í landinu í heild því sannarlega er þörf á miklum framkvæmdum hér á höfuðborgarsvæðinu sem og landsbyggðinni. Á það dreg ég enga dul og dreg ekki úr mönnum að halda vöku sinni í þeim efnum. En það má bara ekki vera þannig að menn auki hlut á einu svæði á kostnað annars þar sem ástandið er jafnvel enn verra en þar sem breytingin er til batnaðar. Það eru ekki eðlileg vinnubrögð að standa þannig að málum.

Herra forseti. Ég vík fáeinum orðum að áhrifum þessara breytinga á vegaframkvæmdir á Vestfjörðum. Það er óneitanlega þannig að ákaflega erfitt er að skipta því takmarkaða fé sem er til framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum. Það hefur verið erfitt á undanförnum árum að deila því þannig að sem flestir gætu unað sæmilega sáttir við skiptinguna og ekki síður við þær framkvæmdir sem væru í gangi hverju sinni og framkvæmdahraðinn væri viðunandi en enn verra verður það þegar skera á niður frá því sem takmarkað var fyrir.

Í tillögu þessari sem fyrir liggur hjá okkur nú er gerð sú breyting á gildandi áætlun fyrir árin 1997 og 1998 að skert er framlag til stofnvega, bæði almennra verkefna og stórverkefna samtals um 105 millj. kr. í Vestfjarðakjördæmi. Það hlýtur að teljast mikill niðurskurður á tímum góðærisins sem mjög hefur verið talað um sem skilar svo miklum peningum að ríkissjóður er aflögufær og getur lækkað almenna skatta um milljarða kr. á ári, þá er skorið niður af því sem lítið var fyrir um 105 millj. samtals á þessum tveimur árum.

Niðurskurðurinn bitnar helst á tveimur verkefnum, þ.e. við Gilsfjarðarbrú og í Djúpvegi. Það verður að segjast alveg eins og er að verkefnið Djúpvegur hefur farið ákaflega illa af stað þrátt fyrir góð fyrirheit, góð áform og ágæta tillögu ráðherrans á sínum tíma sem ég studdi einarðlega og hef stutt alla tíð, hef hvergi hvikað í þeim efnum né snúist eins og skopparakringla í afstöðu, þá hafa efndirnar verið mun minni en efni stóðu til og menn ætluðu.

Í Djúpveginn verður aðeins á þessum tveimur árum lagt út í tvö lítil verkefni, 8 km kafla í framhaldi af þeim sem unninn var á síðustu tveimur árum og svo þegar hann er búinn verður tekinn 5 km kafli eða samtals 13 km nýbygging á tveimur árum á kafla sem er um 125 km langur. Það er ekki stórvirki og er varla hægt að kalla það stórverkefni þó þetta séu góðir áfangar á sína vísu og leysi af hólmi vonda vegi, þá er þetta ekki mikill gangur, herra forseti og verður ekki sagt að hratt miði í því að koma norðanverðum Vestfjörðum í gott vegasamband við aðalakvegakerfi landsins eins og stefnan er og ég veit ekki annað en ríkisstjórnin sé enn þá með þá stefnu uppi.

Hins vegar, herra forseti tel ég rétt að geta þess sem einnig horfir til bóta sem eru fjárveitingar til vegamála í Barðastrandarsýslu. Þar er aukið verulega við eða um 60 millj. kr. á þessu ári eða næsta samtals. Það kemur sér vel og hraðar endurbyggingu vegar inn Barðaströnd frá Patreksfirði þó svo að þrátt fyrir þessar fjárveitingar sé töluvert mikið eftir enn og sjái ekki alveg til lands í þeim efnum, a.m.k. ekki miðað við óbreytta stefnu í vegamálum af hálfu stjórnarflokkanna.

Þá er gert ráð fyrir því, herra forseti, að verja nokkru fé til að lagfæra mjög slæma vegarkafla sem eru á Vestfjörðum og þjóðin öll hefur fengið að heyra um. Það er samdóma álit margra ef ekki allra sem um þessa vegi fara og þekkja

vegakerfið að öðru leyti um landið að það er víst ekki hægt að neita því að hvergi eru fleiri vondir vegarkaflar en einmitt í þessu kjördæmi. Það hefði verið verðugt verkefni fyrir stjórnarflokkana, sérstaklega þar sem menn búa um þessar mundir við mikið góðæri sem skilar sér í auknum tekjum í ríkissjóð umfram það sem áður var ætlað, að verja þó ekki væri nema örlitlu meira fé til þess að gera við þessa vondu vegi, þessa verstu kafla á landinu. Menn hefðu alveg þolað það á Vestfjörðum að fá nokkra aura til þeirra verkefna. En af því takmarkaða fé sem er til framkvæmda á Vestfjörðum hefur verið ákveðið að verja nokkrum fjármunum til þess að lagfæra allra verstu kaflana á þessu ári og vonandi verður haldið áfram í þeim efnum á næstu árum þar á eftir, á næsta ári og síðar þangað til þeir eru allir frá. En þetta er auðvitað einungis lagfæring á vondum vegum. Það er ekki hægt að kalla þetta nýbyggingu. Það verður eftir enn að afla fjár til að gera þá vegi eins góða og almennt er talið nauðsynlegt. En á þessu ári verður varið umtalsverðu fé til þess að lagfæra veginn yfir Dynjandisheiði, alveg austur frá að sýslumörkum og þaðan síðan að Mosdalsvegi.

Þá er áformað að halda áfram lagfæringu á veginum yfir Eyrarfjall í Ísafjarðardjúpi og reynt að klára verstu kaflana þar þannig að eftir þetta sumar getum við sagt með nokkurri vissu og trúi ég því a.m.k. sjálfur að sá vegur sé alveg sæmilega akfær, herra forseti. Það verður að segjast eins og er að sá vegur er mjög gamall og frumstæður og varla að hann standi undir því nafni að vera hluti af þjóðvegi 61. En eftir þær endurbætur sem áformaðar eru á honum í sumar hygg ég að við megum segja að hann verði orðinn bærilega akfær.

Fyrir utan þessa kafla eru nokkrir enn, einkum í Austur-Barðastrandarsýslu, sem þarf að ráðast í og veit ég að fullur hugur er hjá þingmönnum kjördæmisins til þess að vinna að því að endurbyggja þá á næstu 2–3 árum. Menn vildu auðvitað geta unnið þetta fyrr og hraðar en til þess að svo megi verða verður að vera meira fé til vegamála. Á meðan fjármagnið er svona lítið geta menn ekki gert brýnustu úrbætur sem þyrfti að ráðast í. Það er alveg kristaltært, herra forseti, að slík frestun á brýnustu viðgerðum á vondum vegum á Vestfjörðum er algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar, herra forseti, sem sést best á því að stjórnarflokkarnir hafa náð saman um það að lokum eftir mikla erfiðleika í sínum röðum að skerða fé til stofnvega á Vestfjörðum um 105 millj. Stofnvegir á Vestfjörðum verða ekki endurbættir fyrir það fé, herra forseti, sem á að skera niður að þessu sinni.

Ég fagna því hins vegar sem fram kom í máli framsögumanns að það er fullur hugur í stjórnarliðinu til þess að hefja rannsóknir á vegstæði til að tengja saman norður- og suðurhluta Vestfjarða. Það er verkefni sem mjög er knúið á um og þótt allir geri sér grein fyrir því að ekki verði ráðist í það verkefni á næstu árum þarf að rannsaka leiðirnar þannig að sem fyrst geti menn gert það upp við sig hvaða leiðir menn vilja fara. Það er forsendan fyrir því að þingmenn kjördæmisins geti síðan hafið vinnu að því að afla stuðnings annarra þingmanna við framkvæmdir til að tengja saman þessa tvo fjölmennustu hluta Vestfjarðakjördæmis.

Fleira mætti nefna, herra forseti, svo sem það sem er á jákvæðu nótunum, svo ég ljúki nú máli mínu á þann hátt, að á þessu ári hafa verið teknar ákvarðanir um vegalagningu á tveimur stöðum sem mikilvægt var að afgreiða til þess að tryggja snurðulausan framgang vegaframkvæmda á þeim stöðum. Það er annars vegar á kafla inni í Ísafjarðardjúpi um Vatnsfjörð og Mjóafjörð og hins vegar endurbyggingu vegar um Barðaströnd frá Krossi og inn fyrir Múla. Þingmannahópurinn hefur afgreitt frá sér og samþykkt tillögur Vegagerðarinnar um hvernig vegurinn á að liggja á þessum tveimur stöðum og er óþarft að rekja það hér því að það hefur verið tíundað rækilega áður.

Í þriðja lagi er beðið tillagna Vegagerðarinnar um vegstæði í Strandasýslu um Kollafjörð og yfir Ennisháls og eru tillögur Vegagerðarinnar boðaðar núna síðar á þessu vori þannig að væntanlega verður hægt að taka ákvörðun um það við endurskoðun vegáætlunar á næsta þingvetri, leiðaval í þeim efnum, og ef ríkisstjórnin hefur hresst eitthvað frá því sem nú er verða vonandi einhverjir fjármunir til að hrinda af stað framkvæmdum á því svæði.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að það er kannski lýsandi dæmi um stöðu Vestfjarðakjördæmis í vegamálum að verkefnin eru svo stór og svo dýr að það er borin von að kjördæmi geti þokað þeim helstu áfram með þeim tekjum sem það hefur eða sínum hluta af vegafénu. Því hefur það orðið niðurstaða þingsins að það hefði orðið að hlaupa undir bagga með fjárframlögum úr almennum stórverkefnasjóði. Þrjú verkefni á Vestfjörðum falla undir stórverkefnasjóð, jarðgöngin sem lokið er við, Gilsfjarðarbrúin og í þriðja lagi Ísafjarðardjúp. Það gerir auðvitað mögulegt að þoka málum áfram að fá fjármagn eftir þessum leiðum því að annars væri ástandið enn skelfilegra. Við verðum einfaldlega að viðurkenna að það er slæmt og það er slæmt, herra forseti, í þessum þrengingum að ekki skuli hafa verið fallist á það af hálfu ríkisstjórnarinnar að 300 millj. kr. skuldin, sem eftir er að greiða vegna Vestfjarðaganganna, skuli ekki fást greidd á lengri tíma en þeim tveimur árum sem áætlunin nær til. Það hefði linað svolítið erfiðleikana ef hægt hefði verið að dreifa þessum kostnaði á lengri tíma eins og 4, 5 eða 6 ár. Þá hefði verið hægt að halda uppi sæmilegum framkvæmdahraða á þeim sama tíma í stað þess að vera algerlega skornir niður við trog þau ár sem nú er eftir til að greiða niður þessa skuld og bætast við hin árin fjögur sem framkvæmdir við göngin stóðu yfir og kjördæmin urðu að greiða sinn hlut í þeim af takmörkuðum fjárveitingum til sín og þá varð svo lítið eftir til annarra almennra framkvæmda. Óánægjan sem er mjög víða í kjördæminu um vegamál er ekki hvað síst sprottin af því hversu hægt hefur miðað í almennum vegaframkvæmdum á þeim tíma sem framkvæmdir við göngin hafa staðið yfir. Það var óráðlegt að mínu viti að ætlast til þess að kjördæmin greiddu sinn hluta á þeim skamma tíma sem framkvæmdin stóð yfir. Hefði þurft að hafa a.m.k. tvöfaldan þann tíma til þess að greiða sinn hlut og ég minni á að í gildi er sérstök þál. sem samþykkt var vorið 1990 sem heimilar einmitt ríkisstjórninni að taka lán til að standa undir hlut kjördæmisins að hluta til á framkvæmdatímanum þannig að kjördæmin gætu greitt hlut sinn á 8–12 árum og vaxtakostnaðurinn af því láni sem ríkissjóður tæki þannig yrði greiddur af ríkissjóði og færður sem byggðaframlag. En núverandi ríkisstjórn og sú síðasta á undan henni hafa því miður kosið að nýta sér ekki þessa samþykkt Alþingis frá 1990.

Herra forseti. Ég held að ég fjölyrði ekki meira um vegamál í þessari atrennu. Það er sjálfsagt að bæta við síðar í umræðunni ef sérstaklega er óskað eftir.

[19:12]

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 620. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 1314.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 531. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1312; brtt. minni hluta menntmn., þskj. 1313.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, 608. mál, nál. utanrmn., þskj. 1326.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 189. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1327; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1328.

Störf einkavæðingarnefndar, 370. mál, svar forsrh., þskj. 1296.

[19:13]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, spurði hvort það væri stefna Framsfl. að draga úr framkvæmdum til vega. Mér er skylt að svara því og það er einfalt og klárt: Nei, alveg þveröfugt. Ég tel að það verði að auka verulega fjármagn til vegagerðar. Núverandi ástand í þeim efnum er ekki þolandi lengur, það er skoðun mín. Ég get sagt það hér og nú að verði ekki bætt úr verður að gera verulegar breytingar á stefnumálum og áherslum til vega. Það verða þeir er um þessi mál fjalla að átta sig á og því fyrr, því betra.

Þetta er mitt svar við spurningu virðulegs þingmanns.

[19:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svar hans sem var óvenjuhreinskilið af stjórnarþingmanni að vera sem eru eins við vitum oft í mikilli klemmu og þurfa að standa að hlutum sem þeim er ekki alltaf að skapi. En ég virði hreinskilni þingmannsins og skil það svo að hann hafi verið dreginn nauðugur fram til þessa mikla niðurskurðar bæði á þessu ári og síðasta ári og árinu 1995. Böndin hljóta því að beinast að Sjálfstfl. í þessari miklu umræðu. Þá er ekki eftir önnur skýring að mínu mati, a.m.k. sé ég hana ekki og vænti þess að þeir hv. þingmenn, sem hér eru staddir í þingsal og eru fulltrúar Sjálfstfl., bendi mér þá á það ef mér hefur yfirsést, þá er ekki eftir önnur skýring en sú að það er Sjálfstfl. sem er að draga vagninn í niðurskurðinum. Það eru hinar pólitísku áherslur. Þetta hefur verið upplýst núna, herra forseti, í framhaldi af svari helsta fulltrúa Framsfl. í samgöngumálum.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að bera það á hæstv. samgrh. að hann gangi fús til þeirra verka. En ég hlýt að álykta sem svo að vinir landsbyggðarinnar, þeir sem vilja veg hennar sem mestan, hafi einfaldlega ekki meiri styrk í Sjálfstfl. en raun ber vitni.

[19:16]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það þingplagg sem við ræðum hér, vegáætlun til tveggja ára, er allsérstætt. Í fyrsta lagi það að hlaupið er frá því verki að endurskoða vegáætlun til fjögurra ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Hlaupið er frá því verkefni að láta fylgja langtímaáætlun í vegagerð sem lofað hafði verið að fram kæmi og sem er sjálfsagt að liggi fyrir sem hluti af heild þegar vegáætlun er lögð fyrir. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er lítið að sækja í þá skýringu sem hæstv. samgrh. hafði uppi sem ástæðu fyrir því að brugðið var á það ráð að leggja fyrir það óbermi sem hér er um að ræða, þessa tveggja ára niðurskurðaráætlun í vegamálum, og satt að segja heldur kaldar og leiðar kveðjur sem lagðar eru fyrir þingið undir lok þess í þessu formi.

Í raun hefur þróunin í samgöngumálum á landi undanfarin ár verið mjög alvarleg. Hert hefur verið á í þeim efnum, m.a. með ákvörðunum af hálfu stjórnvalda að draga úr strandflutningum og færa flutninga yfir á vegakerfi landsins þar sem þungi umferðarinnar vex ár frá ári með stærri tækjum á veiku vegakerfi sem er mjög víða að láta sig þannig að það engan veginn ber þessa umferð. Þarna eru að verða breytingar, þarna er að verða bilun í vegakerfinu á stórum köflum á aðalleiðum þannig að við blasir að til hreinna vandræða dregur fyrr en seinna. Þar við bætist að ýmsar brýr á þjóðvegakerfi landsins þola ekki þá þungaflutninga sem beint hefur verið út á þjóðvegina og þar kemur nú þegar fram mismunun á milli byggðarlaga og landshluta að því er þetta varðar og stórfelld verkefni sem við blasa sem stjórnvöld hafa ekki gert Alþingi neina viðhlítandi grein fyrir hversu stór eru í sniðum, hvað muni kosta og með hvaða hætti eigi að bregðast þar við. Hér fljóta menn í raun sofandi að feigðarósi í þessum efnum og það er skylt að vara við þessu ástandi þegar við ræðum vegáætlun. Ekkert veldur meiri áhyggjum en þetta samhengi vaxandi þungaflutninga og umferðar á þjóðvegakerfi landsins og samdráttur í fjármagni þegar alveg ljóst liggur fyrir að það þyrfti að auka það í stórum stíl er óhætt að segja, í rauninni að margfalda það fjármagn sem varið er til vegagerðar í landinu ef menn ætla ekki að stefna í algert óefni.

Ég spurðist á síðasta þingi fyrir um það hvað væri áætlað að þyrfti að framkvæma á aðalleiðum landsins vegna þungaumferðar og fékk ekkert nema mjög almenn orð frá hæstv. samgrh. þar að lútandi því að engin marktæk úttekt hafði þá farið fram á því hversu stór viðfangsefni væri við að fást. Ég ætla ekki að ræða það frekar en minni þó á að í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir, Austurlandskjördæmi, er ástandið að þessu leyti mjög alvarlegt. Þar blasir að þörfin á að byggja nýjar brýr til þess að uppfylla þá staðla sem verið er að setja í sambandi við þungaflutninga er komin á okkur í ríkum mæli. Þarna er um stórverkefni að ræða í kjördæminu sem er í rauninni eyða þegar litið er á uppsetningu þjóðvegakerfisins út frá mælikvarða Evrópulestarinnar sem svo er kölluð. Þarna er um að ræða t.d. nýframkvæmdir eins og brú á Jökulsá í Lóni sem er engin smásmíði sem þarf að koma til og fjölmargar aðrar minni brýr sem bera ekki þessa umferð.

Þetta bætist við vegakafla sem teldust óvegir á almennan mælikvarða nú orðið, malarvegir sem hafa staðið undir umferð síðan á miðri öldinni og ekkert hafa breyst og ófullburða vegir þó með bundnu, einbreiðu slitlagi sem er að gefast upp vegna þessa mikla álags. Ég tel að menn hafi í raun ekki dregið upp myndina nógu dökkum litum í umræðu fram til þessa þannig að ástæða er til þess að bæta þar við með þeim orðum sem ég hef látið falla. Austurland er auðvitað alveg sérstaklega illa sett með sitt langa þjóðvegakerfi og hlutfallslega litlu fjármuni sem koma eftir þeim skiptiformúlum sem skammta fjármagn á milli kjördæma.

Ástandið í hinu almenna vegakerfi hefur farið hríðversnandi á undanförnum árum vegna þeirrar hólfunar sem þar hefur verið dregin upp. Ætli það séu ekki ein fimm hólf sem farið er að flokka fjármagn til vegamála niður í, og þar sem kjördæmin og þingmenn kjördæmanna hafa ekki vald nema að mjög takmörkuðu leyti. Stórverkefni liggja þar fyrir utan. Hvernig horfa þau við okkur Austfirðingum? Þar er verið að leggja veg yfir Fjöllin sem kallað er. Það hefur verið sérstakt áhugamál núv. hæstv. samgrh. að byggja upp

veg milli Norður- og Austurlands yfir Möðrudalsöræfi eða yfir Fjöllin sem við köllum, Jökuldalsheiði og norður um. Út af fyrir sig er það auðvitað þörf framkvæmd að bæta úr samgöngum milli landshluta en er í hróplegu ósamræmi við stöðu vegamála innan kjördæmisins og þau verkefni sem þar er ólokið. Forstöðumaður Vegagerðar ríkisins á Reyðarfirði hefur dregið þessa mynd afar dökkum litum og gagnrýnir mjög harðlega hvernig á þeim málum er haldið af yfirvöldum vegamála, þ.e. að vera að kasta sæmilegum malarvegi sem ber þokkalega þá umferð sem fram fer milli landshluta, milli Norður- og Austurlands, á sama tíma og ástandið er með þeim hætti sem raun ber vitni innan kjördæmisins í vegum á milli byggðarlaga og aðalflutningaleiðum, m.a. suður yfir.

Staðreyndin er auðvitað sú að fjármagnið er langtum minna en þörf er á, margfalt minna er óhætt að segja og á sama tíma og það blasir við hirðir ríkissjóður með stefnumörkun stjórnvalda hundruð milljóna af tekjum Vegagerðarinnar. Ætli það sé ekki hálfur milljarður sem er hirtur beint inn í ríkissjóð og hefur verið svo nú árum saman. Það sem innheimtist af umferðinni skilar sér ekki til lífsnauðsynlegra framkvæmda eins og á málum er haldið og ég hef dregið upp, heldur er þetta notað sem tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Það er aldeilis vit í hlutunum að haga þessu þannig.

Talsmaður Framsfl., hv. þm. Stefán Guðmundsson, fullyrðir að Framsfl. vildi auka verulega fjárveitingar til vegamála en fær engu ráðið vegna Sjálfstfl. Sjálfstfl. sé sá sem ábyrgð ber í þessum efnum og af þessum sökum, vegna þeirra upplýsinga sem koma fram frá hv. þm. og ég vefengi ekki út af fyrir sig meðan ekki kemur annar fram, vil ég spyrja hæstv. samgrh. um það hvort ráðherrar Framsfl., og ég bið hæstv. samgrh. að leggja við hlustir, hafi haft uppi þá sérstöðu innan ríkisstjórnar í sambandi við ákvarðanir í vegamálum að það veiti stuðning þeim upplýsingum sem eru bornar fram af hv. þm. í þessari umræðu. Ég tel að það sé ekki nema eðlilegt að við fáum um það upplýsingar frá hæstv. samgrh. hvort formaður Framsfl., sem menn höfðu stundum talið að mætti sín einhvers í samstarfinu við Sjálfstfl. í ríkisstjórn, hafi markað skýra sérstöðu í þessum efnum, lagt fram bókanir ásamt öðrum ráðherrum Framsfl. gegn þeim fjárveitingum og niðurskurði til vegamála sem endurspeglast í þessari vegáætlun. Ég tel nauðsynlegt til að alls réttlætis sé gætt og Framsfl. fái þessa fjöður sæmilega festa í hatt sinn, sem hv. þm. Stefán Guðmundsson er hér að draga fram og lyfta hátt í umræðunni, að hæstv. ráðherra upplýsi þetta og eftir atvikum formaður samgn. sem er eðlilega þátttakandi í umræðunum.

Virðulegur forseti. Eitt af því sem mikið er rætt á Austurlandi og hefur verið um árabil eru jarðgangaframkvæmdir. Það hefur verið áhyggjuefni Austfirðinga undanfarin ár að heyra þær áherslur sem komu frá núv. hæstv. samgrh. í þeim efnum, ekki aðeins það að aflýsa af sinni hálfu jarðgangagerð á Austurlandi um a.m.k. áratug ef ég man rétt ummæli hæstv. ráðherra hér ekki fyrir mjög löngu í þinginu þegar þessi mál bar á góma og tel ég það ótímabært, en jafnframt að draga inn aðra framkvæmdamöguleika í jarðgangagerð sem teflt er í raun gegn hugmyndum um það og samþykktum sem lágu fyrir á sínum tíma að framkvæmdir á Austurlandi í jarðgangagerð væru það næsta viðfangsefni í þessum efnum. Síðan var smyglað inn Hvalfjarðargöngunum, sem menn þekkja vel til, og nú er farið að tæpa á að aðrir kostir ættu að koma þarna inn á undan Austurlandi.

Það sem er aðalatriði málsins er að hjá núv. ríkisstjórn er enginn sjáanlegur vilji uppi til þess að ráðast í jarðgöng og skiptir þá ekki máli hvort það er fyrir austan eða norðan þó að við höldum að sjálfsögðu uppi okkar réttlætiskröfu um það að staðið sé við fyrirheit í þessum efnum. Þegar litið er til þeirra vesölu fjárveitinga sem liggja fyrir í rannsóknir til jarðgangagerðar sjá auðvitað allir hvernig refir eru skornir í þessum efnum. Svo að ég fari með tölur þar að lútandi eru þeta líklega 2–3 millj. til rannsókna á jarðgöngum á Austurlandi sem sjá má í þessari vegáætlun og geta menn rétt ímyndað sér hvaða þýðingu slíkt hefur.

Ég hef í hóp þingmanna Austurlands og hér á Alþingi ítrekað hvatt til þess að menn taki á í þessum efnum og standi við gefin fyrirheit. Ég hef ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni lagt fram tillögur um tiltekin jarðgöng á Austurlandi sem nýttust í samhengi samgangna milli landshluta, þ.e. jarðgöng milli Héraðs og Vopnafjarðar. Það hefur því ekki vantað stefnu af okkar hálfu í þessum efnum því að oft er verið að núa Austfirðingum því um nasir að þeir hafi ekki náð saman í sambandi við þessi efni. Ég hef jafnframt ítrekað sagt það í hóp þingmanna Austurlands og einnig við yfirferð vegna þessarar vegáætlunar nú að ég sé að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að leita samkomulags í hóp þingmanna Austurlands þannig að við stöndum óskiptir að tillögugerð að þessu leyti. Mér finnst að það hafi dregist óhóflega að þessi mál væru rædd sem vert væri til þess að stefnan væri skýrari en hún liggur fyrir nú og er brýnt að úr því máli verði unnið hið fyrsta.

Af hálfu Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur verið ýtt á eftir þessu máli, minnt á fyrirheit í þessum efnum og samþykktir sem eðlilegt er. Ég hlýt að nefna við þessa umræðu síðasta erindi sem okkur þingmönnum barst um þetta efni, dags. 10. maí sl., og fjallar um jarðgangaframkvæmdirnar og hvatningarorð um að mörkuð verði stefna í þessum efnum áður en vegáætlun verði afgreitt frá þinginu á þessum dögum.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að taka tíma til þess að ræða um einstakar framkvæmdir. Það væri að æra óstöðugan ef ég t.d. ætlaði að fara yfir dæmið sem blasir við okkur Austfirðingum varðandi óuppbyggða langa vegarkafla í kjördæminu sem enginn sér fyrir hvenær unnt verður að ráðast í miðað við fyrirliggjandi fjárveitingar. Auðvitað þekkja allir sem sótt hafa Austurland heim, þó að ekki séu þeir búsettir þar, hvernig ástandið er. Sú stefna sem uppi er hjá stjórnvöldum í þessu efni hrópar í himininn og jafnframt sker það í auga að jafnstórum fjárhæðum skuli varið til uppbyggingar á vegi yfir Fjöllin á sama tíma og svo naumt er skorið og skammtað í framkvæmdir innan fjórðungs.

Þessi breyting frá vegáætlun fjögurra ára sem hér liggur fyrir þýðir fyrir Austurland niðurskurð á niðurskurð ofan. Mér telst svo til samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar að af þeim fjárveitingum sem við fáum eitthvað um ráðið, þingmenn kjördæmisins, verði skornar niður 44 millj. kr. 44 millj. í beinan niðurskurð frá því sem ráðgert var samkvæmt núgildandi vegáætlun sem er verið að skera niður og álíka niðurskurður á næsta ári blasir við. Þetta er rosalegt, virðulegur forseti, með tilliti til ástands vega en ekki síður með tilliti til hvernig af opinberri hálfu er haldið á framkvæmdamálum í landinu, eins og nefnt hefur verið með réttu í þessari umræðu, þar sem allt fjármagn sem einhverju nemur í sambandi við stórframkvæmdir í öðrum greinum, virkjunarframkvæmdum, stóriðjuframkvæmdum, er á einu landshorni þangað sem stjórnvöld smala landsfólkinu með

skipulögðum hætti. Reykjavíkurborg er að undirbúa það, með því að fá Kjalnesinga í slagtog með sér og sameina, stækka og útfæra borgarmörkin, að taka við flóttafólki utan af landi sem ríkisstjórnin er skipulega að undirbúa að leiti hælis á þessu svæði. Þannig er nú haldið á málum af núv. hæstv. ríkisstjórn.

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að fá það hér fram við umræðuna hvernig staðan er á stjórnarheimilinu í þessum efnum, hvort þetta er eins hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur dregið fram að Framsfl. standi með öllu sínu afli gegn þeim niðurskurði sem hér er um að ræða í vegamálum, standi með hnefana væntanlega á hæstv. samgrh. og hans samráðherrum úr Sjálfstfl. sem ráða ferðinni í þessum efnum eftir því sem hv. þm. segir og bera alla ábyrgð á niðurskurði hér að lútandi.

Ég vænti þess að hæstv. samgrh. svari fyrirspurnum mínum um þetta efni með skýrum hætti og ég geri ráð fyrir því að fjárveitingamenn kannist þá við söguna vegna þess að þessi mál ber á góma, að best ég veit, í fjárln. þingsins í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þar hlýtur það sama að hafa verið uppi, að framsóknarliðið hafi verið grátt fyrir járnum til þess að verja fjárveitingarnar til vegamála gegn hins vegar sjálfstæðismönnunum sem höfðu betur í þessari glímu eins og kannski mörgum öðrum.

[19:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm., sem ég hygg raunar að hann viti svarið við, þá var vegna mikilla framkvæmda við stóriðjuframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir sú ákvörðun tekin af ríkisstjórninni að draga úr framkvæmdum samkvæmt fjárlögum á þessu ári og hinu næsta og fram á árið 1999. Sá niðurskurður á vegáætlun sem hér er gert ráð fyrir er liður í því. Um það er fullkomin samstaða milli stjórnarflokkanna eins og hv. þm. er kunnugt og eins og fram hefur komið í ræðum einstakra ráðherra.

Ég vil í annan stað taka fram vegna jarðganga að hv. þm. hefur ásamt tveim flokksbræðrum hans, hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni og hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, lýst ástandi vega á þeim svæðum þar sem við erum skemmst á veg komin þar sem dreifbýli er mest og vegalengdir miklar. Ég hygg að sú lýsing bendi eindregið til þess að við séum ekki aflögufærir rétt í augnablikinu til að takast á við stórkostlega jarðgangagerð til viðbótar við annað ef framlag til vegamála er á eitthvað svipuðum nótum og verið hefur. Ég hygg að ef hv. þm. yrðu spurðir í einrúmi mundi hver og einn svara því með mér að miðað við það fé sem nú er aflögu til vegagerðar sé algerlega borin von að menn geti búist við því að hægt verði að ráðast í jarðgöng í fyrirsjáanlegri framtíð.

[19:38]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér gerðust nokkuð óvænt tíðindi. Þó að hæstv. ráðherra léti að því liggja að svarið ætti að vera þeim kunnugt sem hér talar í sambandi við samskipti innan ríkisstjórnar um þetta efni, þá verð ég að játa vanþekkingu mína í þeim efnum. Ég sem hafði tekið hv. þm. Stefán Guðmundsson trúanlegan í hans yfirlýsingum hér áðan verð að harma það að hér hefur verið dregin upp allt önnur mynd af hæstv. samgrh. Hinn vígreifi Framsfl. sem hefur staðið í því, eftir orðum hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, að verja fjárveitingar til vegamála reynist eftir upplýsingum hæstv. samgrh. hafa verið algerlega samstiga Sjálfstfl. í þessum efnum með sérstakri tilvísun til stóriðjuframkvæmda. Nú hafa vonirnar minnkað því einhverjir hafa kannski vænst þess að þarna yrði á einhver breyting vegna hins gunnreifa Framsfl. í þessum efnum. En þetta skýrist kannski frekar þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson ræðir málin hér á eftir.

Í öðru lagi það sem hæstv. samgrh. sagði um jarðgangamál, þá hefur það verið undirstrikað af hæstv. ráðherra að það sé algerlega borin von, það er skoðun hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, að ráðist verði í jarðgangaframkvæmdir í fyrirsjáanlegri framtíð. Skýringin á að vera sú að svo bágt ástand sé í vegamálum, m.a. í þeim kjördæmum sem helst þyrftu á því að halda, að ekki sé hægt að ráðast í þessar framkvæmdir sem bornar eru þó uppi af stórverkefnasjóði. Þetta eru kveðjurnar sem þeir fá sem hafa hort til jarðganga sem úrlausnar, bæði til þess að rjúfa einangrun og stytta vegalengdir milli byggðarlaga. Það er rétt að verkefnin blasa við hvarvetna í vegamálum og ef menn ætla að láta það hræða sig frá því að halda hér uppi jarðgangagerð í samfellu sem eðlilegt væri, þá geta menn beðið lengi eins og hæstv. ráðherra boðar.

[19:40]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af því sem hv. þm. segir vil ég í fyrsta lagi taka fram að það er mjög skemmtilegur leikur bæði fyrir þá sem eru í stjórn og stjórnarandstöðu á hinu háa Alþingi að deila um tölur. Hitt held ég að við vitum öll, ef við viljum vera hreinskilin, að mjög brýn verkefni í vegamálum bíða nú úrlausnar og það eru ákveðin verkefni á Austurlandi m.a. sem hv. þm. minntist á áðan sem Austfirðingar eru sammála um að séu nauðsynleg, framkvæmdir sem líka margir Austfirðingar a.m.k. telja að séu mjög nauðsynlegar eins og vegurinn yfir Fjöllin sem samstaða er um á Austurlandi að ráðast þurfi í. Það er mér kunnugt um. Margir sveitarstjórnarmenn hafa rætt þau mál við mig og gera sér grein fyrir mikilvægi þess að þessir tveir fjórðungar fjærst Reykjavík styrki sambandið sín á milli vegna gagnkvæmra viðskipta og gagnkvæmra hagsmuna. Ég hygg þess vegna að það sé alveg ástæðulaust að láta eins og vegurinn yfir Fjöllin sé einhver aukalúxus sem ekki þurfi á að halda.

Hitt held ég að sé líka hálfbroslegt af manni sem hefur setið í ráðherrastól og tekið þátt í því á þeim tíma af sérstökum ástæðum að skera niður vegáætlun, af hv. þm. sem tók þátt í því síðast þegar Alþb. stóð að ríkisstjórn að skera niður vegáætlun, að láta eins og þau atvik geti ekki komið upp vegna mikils álags í þjóðfélaginu, vegna þess að framkvæmdir eru óvenjumiklar að menn reyni aðeins að draga í land. Vegaframkvæmdir eru mjög miklar á þessu ári, ég tala ekki um ef við tökum Hvalfjarðargöngin inn í það dæmi. Það er alveg ástæðulaust að láta eins og við höfum látið deigan síga. Málin standa ekki þannig.

Hitt er rétt að við vildum gera meira og það sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði hér áðan meinti hann fullkomlega og er í samræmi við staðreyndir málsins að þegar dregur úr hinum miklu framkvæmdum nú stendur hugur okkar til þess að taka duglega á í vegaframkvæmdum hér á landi.

[19:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki birtir mikið yfir eftir því sem hæstv. ráðherra kemur oftar í stólinn, það verð ég að segja. Og þegar hæstv. ráðherra fer að andmæla jarðgangagerð út frá því að mörgum verkefnum sé ólokið og Austfirðingar

finni fyrir því þá er það síðara rétt. En það sem út úr þessu kemur samkvæmt málflutningi hæstv. ráðherra er það, eins og hann sagði reyndar með beinum orðum, hann hugsar ekki til þess að það verði haldið áfram jarðgangagerð í landinu. Það eru Hvalfjarðargöngin og búið. Það er stefna núv. hæstv. ráðherra, það er alveg dagljóst og hefur raunar komið fram áður.

Að Alþb. hafi staðið fyrir niðurskurði til vegaframkvæmda á þeim tíma sem ég sat í ríkisstjórn. Ég hef nú ekki farið yfir það, ekki haft aðstöðu til þess nema rétt í huganum. Ég held að ekki sé hægt að finna því stað í raun en það kann að vera að hæstv. ráðherra hafi upplýsingar þar að lútandi. Ég man eftir því að lagður var hafísvegur með sérstökum fjárveitingum á þeim árum sem kom Norðausturlandi sérstaklega til góða og sér þessa merki enn. Ég man ekki eftir því að um niðurskurð hafi verið að ræða á þessum tíma til vegaframkvæmda. En það er löngu liðin tíð og staðreyndin er sú að við blasir nauðsynin á því að stórauka vegaframkvæmdir og að réttlæta þennan niðurskurð og núverandi stefnu í vegamálum með vísan til stóriðjuframkvæmda er alveg dæmalaus málflutningur.

[19:45]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson væri aðýja að því að það væru mismunandi áherslur milli stjórnarflokkanna varðandi vegamálin. Ég ætla að fullyrða að svo er alls ekki. Innan stjórnarflokkanna beggja er mikill áhugi á því að auka framlög til vegamála. Það er auðvitað þannig að menn standa frammi fyrir þeim pólitíska veruleika að jafnframt er það markmið þessarar ríkisstjórnar að reyna að stefna að hallalausum fjárlögum og þær þrengingar sem við höfum búið við í ríkisfjármálum á undanförnum árum, m.a. vegna skuldasöfnunar fyrri ára, hafa leitt til þess að við höfum orðið að draga saman seglin í vegamálum meira heldur en við ella hefðum kosið.

Stjórnarflokkarnir báðir bera auðvitað fulla ábyrgð á þeim útgjöldum sem eru til vegamála nú vegna þess að stjórnarflokkarnir bera að sjálfsögðu báðir ábyrgð á þeirri ríkisfjármálastefnu sem núverandi ríkisstjórn fylgir, bera ábyrgð á fjárlagagerðinni og bera ábyrgð á vegáætluninni.

Ég geri t.d. ekkert með það þó að fréttir berist í fjölmiðlum um að gerð hafi verið viðbótarkrafa af hálfu Framsfl. um sérstakan niðurskurð í vegamálum til þess að hlífa útgjöldum í heilbrigðismálum. Ég lít ekki þannig á að þetta sé neitt sérstakt innlegg í þetta mál þó að slíkar fréttir berist út, einfaldlega vegna þess að eins og ég sagði hér áðan þá eru það ríkisstjórnarflokkarnir báðir sem bera sameiginlega ábyrgð í þessum efnum og þannig ber auðvitað að líta á þetta.

Við getum alveg verið sammála um það, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég, að víst væri það æskilegt og nauðsynlegt að auka fjárframlög til vegamála. Þannig viljum við standa að þessu og vonandi tekst okkur með nýrri vegáætlun á næsta ári að búa þannig um hnútana þó að það eigi eftir að koma í ljós.

[19:49]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Er þetta virkilega svona? Er sambúðin með þeim hætti sem hér er dreginn fram? Hv. formaður samgn. notar hér andsvararétt sinn til þess að rifja upp þær fréttir að Framsfl. hafi lagt til að skera enn frekar niður í vegamálum til þess að geta lyft svolítið heilbrigðismálunum. (**StG:** Ósannindi.) Þetta er svona. Ósannindi, segir hv. þm. Stefán Guðmundsson. En þetta var nú mælt hér af formanni samgn., í rauninni ekki undir stórri rós. Það var alveg ljóst. Það var alveg ljóst hvað hér var sagt, hvaða fréttir voru hér fluttar.

Mér sýnist að heldur fari að minnka trúverðugleiki þess sem hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði, ef rétt er eftir haft, en hv. þm. notar vafalaust rétt sinn til þess að leiðrétta.

Varðandi stöðuna almennt í því sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson kom að, þá er hún langtum alvarlegri en samanburðartölur bera vitni, þó að nógu ljótar séu, miðað við álagið á vegakerfið í landinu, miðað við það sem er að gerast í sambandi við þungaflutningana á vegakerfinu í landinu sem mun leiða til þess að menn þurfa að verja langtum meira fjármagni en ella þegar burðarlag veganna er rústað, þegar vegirnir eru komnir í rúst, þegar brýrnar hafa gefist upp. Og á meðan unnið er að því að bæta þar úr, vex sú mismunun sem einstök byggðarlög og landshlutar búa við varðandi samgöngumál og atvinnumál um leið því að þetta er nátengt atvinnulífinu í landinu sem byggir sitt á því að vegakerfið þoli það álag sem nú er og á eftir að vaxa frekar en minnka í framtíðinni.

[19:49]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var dálítið sérkennilegt andsvar hjá hv. þm. því að það kom fram í andsvari mínu áðan að ég gerði ekkert með fréttir sem höfðu borist út um það á sl. hausti að Framsfl. hefði verið að leggja til einhvern viðbótarniðurskurð, vegna þess að ég lagði áherslu á það hér í máli mínu að vitaskuld bæru stjórnarflokkarnir sameiginlega ábyrgð á þessu máli. Og ég veit ekki til þess að stjórnarflokkarnir hafi gert hina minnstu tilraun til þess að skorast undan ábyrgð í þessum efnum og allra síst hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem ég veit að er einhver ákafasti og dugmesti baráttumaður fyrir auknum fjárveitingum til vegamála. Það kom fram í máli hans og hefur margoft komið fram í starfi hans í samgn. Alþingis þannig að það er engin leið hjá 4. þm. Austurl., þó að hann sé að reyna það hér, að reka fleyg á milli stjórnarflokkanna í þessum efnum. Honum mun ekki takast það einfaldlega vegna þess að stjórnarflokkarnir bera auðvitað sameiginlega ábyrgð á þessu máli eins og öðrum þeim málum sem ríkisstjórnin stendur að.

Það er svo hins vegar önnur saga hvernig mönnum mun takast að auka fjárveitingar til vegamála. Ég verð að viðurkenna, virðulegi forseti, að þegar ég hef setið undir þessum umræðum hér í dag og áttað mig á hversu lítill áhugi hefur í raun verið á þessum málaflokki hér í þinginu og hefur endurspeglast í ótrúlega lítilli setu manna undir þessari umræðu, þá hefur auðvitað meira en flögrað að manni hvort það endurspeglaði þann pólitíska þrýsting eða skort á pólitískum þrýstingi sem manni finnst stundum vera í þessum málaflokki. Og það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni þegar svo er og umhugsunarefni fyrir okkur sem höfum verið þátttakendur í þessari umræðu og erum áhugafólk um að reyna að bæta vegamálin í landinu hvernig þessi mál virðast vera að þróast hér í þinginu, að það sýnist vera æ minni áhugi á þessum málaflokki ef marka má a.m.k. þátttökuna í umræðunni og viðveru manna undir henni.

[19:52]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki birtir yfir eftir því sem fjölgar ræðum og innkomu hv. stjórnarliða í þessa umræðu því að hv. formaður samgn. minnir hér á það alveg með réttu að ekki hefur verið þéttskipaður salur undir þessari umræðu. Það sem hv. þm. er auðvitað að koma til skila, þótt óbeint sé, er að innan stjórnarliðsins sé ekki sá stuðningur í sambandi við fjármögnun til vegamála sem þyrfti að vera. Hann er í raun að auglýsa eftir meiri stuðningi við það sem ég efa ekki að er í huga viðkomandi hv. þm. að þyrfti að gerast í þessum efnum.

Mér finnst hins vegar einnig, virðulegur forseti, heldur ómaklegt að vera ítrekað að sneiða að hv. þm. Stefáni Guðmundssyni af hálfu stjórnarliða eins og gert er með því að koma sögum sem kunna að vera gróusögur ítrekað á framfæri úr ræðustólnum um hugmyndir og tillögur Framsfl. um niðurskurð í samgöngumálum og að hv. þm. Stefán Guðmundsson sé vaskastur allra en niðurstaðan er sá niðurskurður sem blasir við. Þetta er náttúrlega ekki sanngjarnt eða vel að verið.

[19:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Nú er svo komið í umræðunni að greinilegt er að allnokkuð er eftir órætt. Í ljósi fram kominna upplýsinga um afstöðu Framsfl. er nauðsynlegt að kalla til fundar formann Framsfl. og knýja á um svör hans við yfirlýsingum um hvort rétt sé að Framsfl. hafi beitt sér alveg sérstaklega fyrir enn meiri niðurskurði en þegar er orðinn.

Ég hygg, herra forseti, að umræðunni geti ekki lokið á þessari stundu. Það verður að kalla til formann Framsfl. og fá svör í þessum efnum.

Enn fremur hefur það líka bæst við, herra forseti, að yfirlýsingar stjórnarliða í fréttum Stöðvar 2 núna áðan voru allar á þá lund að það væri verið að senda ríkisstjórninni skilaboð með nefndaráliti meiri hlutans, það væri verið að senda ríkisstjórninni þau skilaboð frá meiri hluta samgn. að samgn. mundi ekki fallast á frekari niðurskurð, þess vegna væri bara afgreidd vegáætlun til tveggja ára. Það þýðir, herra forseti, að við verðum líka að fá til fundar hæstv. forsrh. til þess að fá svör hans við skilaboðum samgn. um framlög til vegamála á næstu árum.

Svo vil ég að lokum, herra forseti, til viðbótar við þessi tvö atriði sem ég hef nefnt og hvort um sig rökstyður að umræðunni geti ekki lokið án orðaskipta við þessa tvo ráðherra og formenn stjórnarflokkanna, minna forseta á að það voru strengileg loforð forseta að þingfundi lyki kl. 7, m.a. vegna óska frá okkur alþýðubandalagsmönnum sem höfum gert ráðstafanir til þess að hittast í kvöld. Frá þessu hefur verið gengið fyrir löngu síðan og verður af okkar hálfu ekki hægt að víkja frá því. En við viljum auðvitað ekki þurfa að fara héðan úr umræðunni á þessu stigi máls. Og fyrst ekki tekst að ljúka henni að sinni eftir þau orðaskipti sem urðu hér áðan, þá hlýt ég, herra forseti, að fara fram á það fyrir hönd þingflokksins að þessu máli verði nú frestað til morguns því við verðum að fara innan örfárra mínútna vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum tekið á okkur í kvöld og verður ekki breytt.

[19:57]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek undir með hv. þm. Kristni Gunnarssyni. Þessari umræðu er greinilega ekki lokið og ég get ekki séð annað en hæstv. ráðherra hafi ekki hugsað sér að svara þeim fyrirspurnum sem hefur verið kallað eftir í þessari umræðu en hann skuldar okkur svör við ýmsum spurningum. Og ég vil nefna það sem hv. þm. Kristinn Gunnarsson nefndi hér áðan. Í fréttum Stöðvar 2 sagði einn af stjórnarliðunum orðrétt, ég skrifaði það upp eftir honum, að ástæðan fyrir því að við sitjum uppi með tveggja ára áætlun væri sú að þetta væru skilaboð stjórnarliða til ríkisstjórnarinnar um að nóg sé komið af niðurskurði. (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Hv. þm. Árni Johnsen í samgn. sagði þetta í fréttum Stöðvar 2 núna rétt áðan. Þessi hv. þm. er kominn með þriðju skýringuna frá stjórnarliðum um hvers vegna við erum með tveggja ára áætlun. Ég held að það sé nauðsynlegt að við fáum skýringar á því hvað af þessu er rétt. Er það vegna þess að það er svo mikið af stórverkefnum sem á eftir að klára eins og meiri hluti samgn. segir í nefndaráliti? Er það vegna þess að Vegagerðin hefur ekki staðið sig í stykkinu í vinnunni við áætlunargerðina eins og kom fram í andsvari fyrr í dag hjá hæstv. ráðherra? Eða er það eins og sagði í fréttum Stöðvar 2 að stjórnarliðar þurfa að senda ríkisstjórninni skilaboð með því að vera með tveggja ára áætlun? Hvers konar ástand er hér innan stjórnarliðsins ef það þarf svona skilaboð til þess að koma því áleiðis að menn séu ósáttir við niðurskurðinn? Geta menn ekki talað saman eins og venjulegt fólk í þessum flokkum, í Sjálfstfl. og Framsfl.? Hvers konar ástand er hérna?

Síðan er sú yfirlýsing að það er nánast verið að varpa ábyrgðinni af niðurskurðinum í samgöngumálunum yfir á hæstv. heilbrrh. Ingibjörgu Pálmadóttur. Ég held að það þyrfti að kalla fleiri til en formann Framsfl. og jafnvel félmrh. Ég held að hæstv. heilbrrh. þurfi að koma hér og bera af sér sakir. Þetta er með ólíkindum.

Ég tek undir það að hér er varla hægt að ljúka þessari umræðu. Fundi átti að ljúka kl. 7 og nú vantar klukkuna hálfa mínútu í átta að kvöldi og nánast allir farnir úr þingsalnum nema örfáar hræður. Ég tek undir það að þessari umræðu verði frestað og henni verði lokið á morgun því að mörgum spurningum er ósvarað.

[20:00]

Frsm. meiri hluta samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það standa að sjálfsögðu öll efni til þess að hægt sé að ljúka þessari umræðu þannig að þingmenn Alþb. geti staðið við sínar mikilvægu skuldbindingar hér í kvöld. Ég geri ekki lítið úr því að þeir þurfi að fara úr þingsalnum og tel sjálfsagt að við getum lokið þessu bara núna vegna þess að málið er í sjálfu sér útrætt. Við erum búin að fara mjög rækilega yfir þessi mál og ég verð að játa það að það kemur mér á óvart að hv. þm. eins og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir skuli grípa til svona útúrsnúninga eins og hún gerði áðan.

Það sem ég var að vekja athygli á og margítrekaði var að stjórnarflokkarnir stæðu saman að þessu máli vegna þess að verið var að reyna að snúa út úr orðum hv. þm. Stefáns Guðmundssonar áðan. Það var verið að túlka það á þann veg að Framsfl. vildi auka framlög til vegamála en Sjálfstfl. vildi það ekki.

Ég var einmitt að reyna að benda á hvernig væri verið að snúa út úr þessum orðum og reyna að ala á tortryggni milli flokkanna og tók sem dæmi fréttir fjölmiðlanna í því sambandi sem ég að sjálfsögðu sagðist ekki leggja trúnað á vegna þess að staðan væri einfaldlega sú að flokkarnir

bæru sameiginlega ábyrgð á þessum málaflokki. Það ættu þingmenn að vita hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur á þingi að auðvitað bera stjórnarflokkarnir sameiginlega ábyrgð á stjtill. eins og þessari. Það er margoft búið að ræða það og ítarlega hér í dag hver er ástæðan fyrir því að það varð niðurstaðan að vera með þessa áætlun einungis til tveggja ára. Fyrir því voru flutt rök, bæði af mér og hæstv. ráðherra fyrr í dag, og sýnt fram á að þetta væri líka í samræmi við vegalögin. Það kallar ekkert á sérstaka umræðu frekar um þetta vegna þess að umræðunni er lokið. Það er búið að tæma þessa umræðu þó að vitaskuld geti menn endalaust haldið áfram og reynt að finna fleti á svona stóru máli.

Ég vil fullyrða það, virðulegi forseti, að þetta mál hefur fengið mjög eðlilega efnislega umfjöllun í dag. Umræðan hefur staðið alllengi, ég hef ekki einu sinni talið þann tíma sem þetta mál hefur staðið en hún hefur staðið alllengi og verið fluttar ítarlegar og ágætar efnislegar ræður og þeim verið svarað eftir föngum. Ég tel því, virðulegi forseti, að þetta séu algerlega tilefnislausar óskir og alls ekki og engin ástæða til þess að ljúka ekki þessari umræðu núna.

(**Forseti** (GÁS): Forseti vill benda hv. þm. á að undir þessum lið, fundarstjórn forseta, er við það miðað að rædd sé fundarstjórn forseta en ekki efnisleg umræða um málið.)

[20:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Undir ræðu hv. þm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur kom upp gömul vísa eftir Sveinbjörn Egilsson:

Fuglinn segir bí, bí, bí,
bí, bí segir hún Stína.
Kveldúlfur er kominn í
kerlinguna mína.

Ég held að það hafi ekki verið rétt hjá hv. þm. að ég hafi verið að saka Vegagerðina um eitt eða neitt. Orð mín áttu að skiljast svo að við hefðum ekki haft pólitískar forsendur til þess að ganga svo frá vegáætlun til fjögurra ára nú að við treystum okkur til þess að vinna verkið. Vegagerðin var vel undir það búin með allar tölur og allar áætlanir þannig að það stóð með engum hætti á henni í þessu sambandi.

[20:03]

Forseti (Guðmundur Árni Stefánsson):

Forseti vill geta þess vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað að það er hárrétt að við það var miðað að fundi lyki kl. 19. Forseti hafði hins vegar vonast til þess að hægt yrði að ljúka síðari umr. um vegáætlun og ýmislegt bendir í þá áttina. Hins vegar er fyrirliggjandi að tveir hv. þingmenn eru á mælendaskrá þannig að það er einsýnt að það tekst ekki. Forseti mun því verða við þessum óskum og fresta umræðunni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10.–11., 13.–19. og 26.–33. mál.

Fundi slitið kl. 20:04.

---

128. FUNDUR

föstudaginn 16. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 531. mál, þskj. 885, nál. 1221 og 1312, brtt. 1222 og 1313. — 2. umr.

2. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 445. mál, þskj. 757, nál. 1272 og 1308, brtt. 1273 og 1309. — 2. umr.

3. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802, nál. 1264 og 1276. — 2. umr.

4. Vegáætlun 1997–2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285. — Frh. síðari umr.

5. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055. — Síðari umr.

6. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178. — Síðari umr.

7. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898, nál. 1158. — 2. umr.

8. Tilkynningarskylda olíuskipa, þáltill., 303. mál, þskj. 559, nál. 1161. — Síðari umr.

9. Vegalög, frv., 197. mál, þskj. 223, nál. 1159. — 2. umr.

10. Stephansstofa, þáltill., 354. mál, þskj. 627, nál. 1160. — Síðari umr.

11. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492, nál. 1190, brtt. 1191 og 1310. — 2. umr.

12. Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frv., 613. mál, þskj. 1189. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

13. Félagsleg aðstoð, frv., 620. mál, þskj. 1314. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

14. Umboðsmaður Alþingis, frv., 244. mál, þskj. 381, nál. 1240, brtt. 1241. — 2. umr.

15. Ríkisendurskoðun, frv., 262. mál, þskj. 497, nál. 1236, brtt. 1237. — 2. umr.

16. Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, stjtill., 608. mál, þskj. 1157, nál. 1326. — Síðari umr.

17. Efling íþróttastarfs, þáltill., 363. mál, þskj. 640, nál. 1223. — Síðari umr.

18. Skógræktaráætlun, þáltill., 546. mál, þskj. 900, nál. 1201. — Síðari umr.

19. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 413. mál, þskj. 714, nál. 1267, brtt. 1268. — 2. umr.

20. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876, nál. 1200. — Frh. 2. umr.

21. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 529. mál, þskj. 881, nál. 1269 og 1271, brtt. 1270. — 2. umr.

22. Skipan opinberra framkvæmda, stjfrv., 436. mál, þskj. 745, nál. 1094, brtt. 1095. — 2. umr.

23. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907, nál. 1182. — Frh. 2. umr.

24. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908, nál. 1183. — Frh. 2. umr.

25. Fjárreiður ríkisins, stjfrv., 100. mál, þskj. 103 (með áorðn. breyt. á þskj. 1103). — 3. umr.

26. Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, stjfrv., 189. mál, þskj. 210 (með áorðn. breyt. á þskj. 992), frhnál. 1327, brtt. 1328. — 3. umr.

27. Lánasjóður landbúnaðarins, stjfrv., 424. mál, þskj. 728 (með áorðn. breyt. á þskj. 1195). — 3. umr.

28. Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, stjfrv., 477. mál, þskj. 804 (með áorðn. breyt. á þskj. 1198). — 3. umr.

29. Búnaðargjald, stjfrv., 478. mál, þskj. 805 (með áorðn. breyt. á þskj. 1193). — 3. umr.

30. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 523. mál, þskj. 875 (með áorðn. breyt. á þskj. 1199). — 3. umr.

31. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707 (með áorðn. breyt. á þskj. 1172). — 3. umr.

32. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350 (með áorðn. breyt. á þskj. 1001). — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Jón Baldvin Hannibalsson, 9. þm. Reykv.

Umræður utan dagskrár.

Réttur almennings til athugasemda við starfsleyfi til atvinnurekstrar.

[10:02]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Nú fer fram utandagskrárumræða um rétt almennings til athugasemda við starfsleyfi til atvinnurekstrar. Málshefjandi er Hjörleifur Guttormsson. Umhvrh. verður til andsvara.

[10:02]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú umræða utan dagskrár sem ég óskaði eftir og hæstv. forseti hefur leyft varðar rétt almennings til að gera athugasemdir við ákvarðanir stjórnvalda um starfsleyfi til atvinnurekstrar.

Tilefni þessarar umræðu er sannarlega alvarlegt. Það liggur fyrir að hæstv. umhvrh. hefur í tvígang á innan við einu ári gefið út tvær reglugerðir til breytingar á gildandi mengunarvarnareglugerð og þessar reglugerðarbreytingar hæstv. ráðherra reynast báðar vera ólöglegar, standast ekki mælikvarða laga. Fyrst gerðist þetta í júlí 1996. Þann 3. júlí gefur hæstv. ráðherra út reglugerð nr. 394, breytir fyrri mengunarvarnareglugerð, afnemur með reglugerðarbreytingunni heimild til að skjóta athugaemdum til sérstakrar úrskurðarnefndar, það er afnumið með þeirri reglugerðarbreytingu.

Hæstv. ráðherra stóð fyrir svörum hér í desembermánuði af tilefni fyrirspurnar um það hvort þessi reglugerð hefði lagastoð og fullyrti úr þessum ræðustól að svo væri. Mánuði seinna rösklega varð hæstv. umhvrh. að gefa yfirlýsingu um að honum hefði skjátlast í þessu máli, reglugerðin stæðist ekki lög og hæstv. ráðherra gaf út nýja reglugerð nr. 26/1997, til breytingar á fyrri ákvörðunum sínum í reglugerðum. Og þá tekst ekki betur til en svo að sú reglugerð sem þá er sett er einnig í andstöðu við gildandi lagaákvæði, 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Á þessu var vakin athygli af þeim sem hér talar, bæði við umræður hér á Alþingi í lok janúar um álbræðslu á Grundartanga — en starfsleyfi til þess rekstrar er bakgrunnur þessara ákvarðana hæstv. ráðherra — og síðan með sérstöku bréfi til Hollustuverndar ríkisins þann 13. mars sl. Það sem hefur síðan gerst sýnir ótvírætt, sem reyndar blasir við hverju læsum manni, að ákvæði þessarar reglugerðarbreytingar frá janúar sl. er einnig andstætt lagaákvæðum. Þetta er m.a. staðfest af sérstakri álitsgerð sem Magnús Thoroddsen lögmaður ritaði og skilaði til Hollustuverndar ríkisins sem svar við spurningu Hollustuverndar ríkisins þess efnis, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Er hægt að líta svo á að framkvæmd mála samkvæmt 65. gr. mengunarvarnareglugreðar eigi sér ekki næga stoð í lögum nr. 81/1988?"

Svar lögmannsins er ótvírætt að svo er ekki. Að nákvæmlega sömu niðurstöðu kemst síðan úrskurðarnefnd sem er að fjalla um athugasemdir aðila samkvæmt tilvísun sama hæstv. ráðherra sem beindi mönnum til þessarar úrskurðarnefndar. Og í niðurstöðu sinni 26. apríl í máli sem Oddur Benediktsson kærði til nefndarinnar, kemst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að draga verði í efa — hún er ekki spurð um það en hún verður að fjalla um það, hún bendir á það, leggur lykkju á leið sína til að koma því að — að þessi reglugerð virðist stangast á við lög nr. 81/1988 og m.a. af þeim sökum geti nefndin ekki um málið fjallað. En sama úrskurðarnefnd bendir á að það sé heldur ekki kleift fyrir hana að fjalla um þessi efni sem til hennar er beint, kærumál vegna starfsleyfis álbræðslu á Grundartanga, þar eð ráðherra umhverfismála gaf út starfsleyfi 26. mars sl. og þeirri ákvörðun hæstv. ráðherra verði ekki breytt og úrskurðarnefndin sé alls ekki bær um að fjalla um álitaefni sem varða þetta starfsleyfi.

Virðulegur forseti. Í þessu máli og öllum öðrum málum sem varða útgefin starfsleyfi til atvinnurekstrar af hæstv. umhvrh. eru engir möguleikar uppi fyrir almenning að leita réttar síns, að fá tekin fyrir kærumál sem varða útgáfu slíkra starfsleyfa. Og hæstv. umhvrh. er að vinna einstætt afrek, því miður, hræðilegan gjörning, að loka leiðum fyrir almenning til þess að leita réttar síns. Og þetta er gert, menn hljóta að spyrja: Hvers vegna? Hvers vegna í ósköpunum grípur hæstv. umhvrh. til örþrifaráða af þessum toga, að setja reglugerð á reglugerð ofan sem augljóslega er í ósamræmi við gildandi lagaákvæði? Það er rétt að hæstv. ráðherra svari þeirri spurningu sjálfur. En það er ekki langt að leita skýringa í þessum efnum. A.m.k. blasir það við í mínum huga að hæstv. ráðherra er hér að vinna pólitísk verk fyrir ríkisstjórnina, fyrir hæstv. iðnrh., fyrir Framsfl. og ber á þeim alla ábyrgð, gjörning sem er einstæður í stjórnsýslu hér síðustu áratugi.

Ég hlýt að spyrja, virðulegur forseti: Hvað á Alþingi að gera við þessar kringumstæður og hvað ætlar hæstv. umhvrh. að gera? Ætlar hæstv. umhvrh. að sitja sem ráðherra, orðinn uppvís að því að ganga gegn lögum trekk í trekk að því er best verður séð í pólitískum tilgangi, að misbeita valdi sínu með þessum hætti? Getur slíkur ráðherra setið í embætti stundinni lengur? Hæstv. ráðherra verður að svara því hvað hann ætlar að gera. Það er því miður vart ráðrúm fyrir Alþingi að fjalla um slíkt mál á þeim klukkustundum sem væntanlega eru eftir af þinghaldi þannig að í bili er þetta fyrst og fremst samviskuspurning ráðherrans og þeirrar ríkisstjórnar og þeirra þingflokka sem ráðherrann situr í umboði fyrir. Þetta er ótrúleg staða, virðulegur forseti, sem Alþingi hlýtur að láta sig varða og almenningur í landinu hlýtur að láta sig varða. En spurningunni er ósvarað: Hvernig verður almenningi veittur sá réttur sem honum ber lögum

samkvæmt í þessu stóra máli varðandi þetta starfsleyfi, en einnig í öllum hliðstæðum málum þar sem um er að ræða útgáfu starfsleyfa af hálfu hæstv. umhvrh.?

[10:11]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Mér hefur ekki borist nein sérstök fyrirspurn fyrir þessa umræðu af hálfu hv. málshefjanda og hlýt þess vegna í máli mínu að ganga út frá yfirskrift umræðunnar, réttur almennings til athugasemda við starfsleyfi til atvinnurekstrar.

Starfsleyfi til atvinnurekstrar eru annars vegar gefin út samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum, og hins vegar samkvæmt mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum. Báðar hafa þessar reglugerðir stoð í lögum nr. 81/1988 og í tengslum við fullyrðingar hv. málshefjanda um að svo sé ekki verð ég nú að vitna til álits frá lagadeild háskólans sem dagsett er 23. apríl 1997 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með vísun til alls þess, sem að framan segir, er það álit mitt að 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, eins og henni var breytt með 2. gr. reglugerðar nr. 26/1997, samrýmist lögum nr. 81/1988."

Þetta er undirskrifað af Eiríki Tómassyni prófessor.

Þegar um er að ræða starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun gefur umhvrh. út starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fjárfesting framkvæmda er meiri en 800 millj. miðað við byggingarvísitölu í febrúar 1992, sbr. 72. gr. og viðauka VII við mengunarvarnareglugerð. Hollustuvernd sér hins vegar um starfsleyfisvinnsluna og gerir tillögur að starfsleyfi fyrir ráðherra. Ef um er að ræða minni framkvæmd samkvæmt viðaukanum, vinnur Hollustuvernd ríkisins og gefur út starfsleyfið. Þegar um er að ræða framkvæmdir sem taldar eru upp í viðauka VIII, t.d. í matvælavinnslu og búfjár- og dýrahaldi ýmiss konar, svo sem minka-, refa, hænsna- og kjúklingabú svo að eitthvað sé upp talið, og starfsemi sem snertir vélknúin farartæki, þá er vinnsla og útgáfa starfsleyfis í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjalla sérstaklega um útgáfu starfsleyfa samkvæmt heilbrigðisreglugerð enda heyrist mér áhugi hv. málshefjanda einkum eða eingöngu snúast um starfsleyfi sem gefin eru út samkvæmt mengunarvarnareglugerðinni.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar skulu starfsleyfistillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofum viðkomandi sveitarstjórnar og er frestur til að gera athugasemdir frá fjórum vikum og allt að 12 eftir því um hvers konar tillögur er að ræða. Rétt til athugasemda hafa þeir sem sótt hafa um starfsleyfi, forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar og nálægrar starfsemi, íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunarinnar og opinberir aðilar, félög eða aðrir þeir sem málið varðar.

Þegar um er að ræða atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum heilbrigðisnefndar skal senda hlutaðeigandi nefnd athugasemdirnar sem kannar þær og gefur álit sitt. Því máli má vísa til stjórnar Hollustuverndar og síðan áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sætti menn sig ekki við niðurstöðu stjórnarinnar.

Þegar um er að ræða atvinnurekstur þar sem vinnsla starfsleyfis er í höndum Hollustuverndar ríkisins skal senda stofnuninni skriflegar athugasemdir og kannar stjórnin þær og gefur álit sitt. Því áliti má vísa til úrskurðarnefndarinnar. Þannig má vísa ákvörðun eða úrskurði stjórnarinnar um starfsleyfi til nefndarinnar.

Í 26. gr. laga um hollustuhætti segir að ágreiningi um framkvæmd laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim megi vísa til stjórnar Hollustuverndar til úrskurðar og úrskurði hennar síðan til hinnar sérstöku úrskurðarnefndar. Því er í 65. gr. mengunarvarnareglugerðarinnar kveðið á um að sömuleiðis megi vísa ákvörðun stjórnarinnar um starfsleyfistillögur í þeim tilvikum sem ráðherra gefur út starfsleyfi, til úrskurðar nefndarinnar þótt sumum finnist e.t.v. undarlegt að tillögum til ráðherra sé vísað til hennar, sérstaklega þegar litið er til þess að ráðherra er ekki bundinn við tillögurnar. Þetta vil ég árétta sérstaklega.

Hv. þm. hefur gert að umtalsefni meðferð mála sem tengjast útgáfu starfsleyfis við Norðurál á Grundartanga. Trúlega er það mál kveikjan að umræðunni sem ekki er óeðlilegt. Þar háttaði svo til að 54 aðilar gerðu formlegar athugasemdir við tillögur Hollustuverndar. Stjórnin tók tillit til fjölmargra, lét í ljós álit sitt á öllum athugasemdunum og svaraði þeim sem þær gerðu og sendi síðan, eftir að hafa tekið ákvörðun um endanlegar starfsleyfistillögur ráðherra málið. Þremur vikum eftir að stjórn Hollustuverndar hafði tekið endanlega ákvörðun eða kveðið upp úrskurð í málinu í skilningi laga gaf ég út starfsleyfi til Norðuráls hf. Með því fylgdi fyrirvari af minni hálfu um að ef ákvörðun stjórnarinnar yrði vísað til úrskurðarnefndarinnar gæti ráðuneytið þurft að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar í samræmi við íslensk lög og stjórnsýsluhætti. Þetta hefur þegar komið fram í umræðum á hv. þingi.

Nú hefur úrskurðarnefndin komist að þeirri niðurstöðu að málið hafi ekki verið réttilega afgreitt af stjórn Hollustuverndar ríkisins. Sú niðurstaða olli mér vissulega vonbrigðum. Hún er þvert á niðurstöður þeirra lögspekinga innan og utan ráðuneytisins sem ég hef leitað til og vitna þá aftur til þessarar niðurstöðu sem ég las hér áðan úr áliti frá lagadeild Háskóla Íslands og er mér því illskiljanleg þessi niðurstaða sem hér liggur fyrir af hálfu úrskurðarnefndarinnar. Helst er þó að skilja að menn eigi að geta kært starfsleyfistillögur Hollustuverndar ríkisins til stjórnar stofnunarinnar. Þessu er ég og þeir lögfróðu menn sem ég leitaði til ósammála enda er stjórnin og stofnunin eitt og sama stjórnvaldið.

Þá er enn fremur fundið að því að stjórnin hafi ekki kveðið upp úrskurð í skilningi 26. gr. laganna. Þessu er ég líka ósammála, enda alveg ljóst að um var að ræða endanlega afgreiðslu stjórnarinnar á þeim athugasemdum sem bárust. Úrskurðarnefndin staðfestir hins vegar það sem ég hef margoft sagt, að starfsleyfi ráðherra verður ekki borið undir úrskurðarnefnd, þ.e. starfsleyfi sem ráðherra gefur út. Því hélt hv. málshefjandi hér hins vegar ítrekað fram í umræðu utan dagskrár skömmu eftir páska þegar við ræddum um stöðu mála þá og taldi að ráðherrann yrði að sæta niðurstöðum úrskurðarnefndarinnar. Því hefur nú verið rækilega hnekkt af úrskurðarnefndinni sjálfri.

Hvað sem því líður hljóta nú að vakna spurningar um hvað gerist í kjölfar þessa úrskurðar eins og hv. málshefjandi hefur velt fyrir sér. Ég hef þegar átt fund með stjórn Hollustuverndar ríkisins um þau mál þar sem ræddar hafa verið hugsanlegar leiðir til lausnar. Ég mun eiga annan fund með stjórninni á næstu dögum og vonast til að þá liggi fyrir niðurstaða í málinu, hvernig við getum haldið því fram, en það er nú til skoðunar í ráðuneytinu og með ráðgjöfum.

Megingalli þeirra laga sem nú eru í gildi er hversu óglögg og óskýr ýmis ákvæði um útgáfu starfsleyfa og kærumeðferð vegna þeirra eru og er það auðvitað hluti af því að við höfum lent í ákveðnum erfiðleikum með málsmeðferð. Ég mun á haustþingi leggja fram frv. til nýrra laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Það frv. er nú reyndar þegar langt komið, það hefur nefnd verið að vinna í því í vetur. Í ljósi fenginnar reynslu mun ég því leggja áherslu á að þar verði skýrt kveðið á um þessi efni og heiti á hv. þm. og þingheim allan að veita mér fulltingi við skjóta afgreiðslu þess máls hér á þingi.

Eins og hv. þm. veit og ég vona aðrir hv. þm., þá hefur það komið fram í máli mínu bæði hér og annars staðar að ég hef áhuga á því og er talsmaður þess að almenningur fái að koma að sjónarmiðum sínum við útgáfu starfsleyfa og umfjöllun um umhverfismál almennt. Fyrir utan hina formlegu meðferð mála hef ég tekið við fjölmörgum athugasemdum vegna hinna ýmsu kærumála, skriflega og munnlega, á fundum sem ég hef átt með málsaðilum, símleiðis og í viðtölum sem hafa nýst mér við afgreiðslu þess og má merkja það í ákvæðum þessa starfsleyfis sem ég hef þegar gefið út fyrir Norðurál.

Ég mun t.d. beita mér fyrir því og hef vilja til þess, á vettvangi ríkisstjórnarinnar, að stuðningur stjórnvalda við innlend umhverfisverndarsamtök og starfsemi þeirra verði aukinn og komið í fastara horf. Í tilefni af því langar mig að tilkynna þingheimi að ég hef nú á þessum morgni skrifað undir samkomulag við samtökin Sól í Hvalfirði um umhverfisrannsóknir og vöktun umhverfis vegna stóriðju í Hvalfirði. Ég mun innan skamms skipa fimm manna ráðgjafarnefnd sem verður mér og Hollustuvernd ríkisins til ráðgjafar um framkvæmd þeirra mála eins og nánar kemur fram í þessu samkomulagi sem ég hef látið dreifa til þingmanna og sú ráðgjafarnefnd er að sjálfsögðu með aðild þessara samtaka. Með skipan nefndarinnar eru því áhrif Sólar í Hvalfirði á framkvæmd umhverfisrannsókna og vöktun umhverfis vegna stóriðju á Grundartanga tryggð. Hér er um að ræða ákaflega merkilegt samkomulag og mikivægt fyrir mig sem umhvrh. og væntanlega fordæmi þess hvernig hægt er að taka á öðrum málum tengdum þessu og sýnir vilja minn til góðs samstarfs við þessa aðila.

[10:20]

Ólafur Örn Haraldsson:

Virðulegi forseti. Umhverfismálum og viðhorfum til umhverfismála fleygir svo hratt fram að við sem vinnum að þeim málum eigum erfitt með að fylgja þeim eftir og löggjöf öll hefur sömuleiðis átt fullt í fangi með slíkt. Skoðanir manna breytast ekki aðeins frá ári til árs heldur jafnvel dag frá degi. Gagnrýni umhverfisáhugamanna á álverið í Grundartanga og umræður hafa fleygt umhverfisumræðu á Íslandi fram á við með mjög afdrifaríkum hætti og orðið til mikils gagns þó öllum sé það náttúrlega ljóst að þar hefur margt verið sagt sem of langt hefur gengið.

Hæstv. umhvrh. hefur í erfiðri stöðu, og ég vil segja við löggjöf sem að mörgu leyti er vanbúin, þurft að taka ákvarðanir. Ég hef fylgst með þessum ákvörðunum. Þær ákvarðanir hafa verið teknar af vandvirkni og öll hans embættisfærsla í þessu máli, án þess að ég geti rakið það hér vegna tímaskorts á þeim fimm mínútum sem ég hef, hefur verið vönduð og samkvæmt lögum.

Öll unnum við íslenskri náttúru og íslensku umhverfi. Það er því miður að hv. málshefjandi, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, er að koma óorði á umhverfismálin og tengja þau margvíslegri sérlund og öfgum með því að koma hér hvað eftir annað upp í ræðustól og fara offari í málflutningi sínum. Við sem vinnum að þessu af heilindum með vandvirkni og þar á meðal hæstv. umhvrh., þurfum ekki á slíku að halda vegna þess að með slíku framferði spillir þingmaðurinn meira en lagar. Á öllum tímum hefur mannskepnan þurft að takast á við erfið málefni í umhverfismálum. Núna hefur þetta verið gert af slíkri vandvirkni að engin ástæða er til málsmeðferðar af því tagi sem þingmaðurinn hefur núna efnt til.

[10:22]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er að sjálfsögðu frekar sorglegt að það skuli hafa gerst að reglugerðir hafa ekki staðist lög. Og það hefur einnig komið í ljós við umræðu um staðsetningu álvers á Grundartanga í Hvalfirði að eftirlit hefur ekki verið eins og gert er ráð fyrir. Þar af leiðandi hefur ýmislegt athugavert komið í ljós í þeim eftirlitsiðnaði sem þarf að fylgja stóriðju eins og við erum að setja upp í Hvalfirðinum og ekki er hægt annað en að gera athugasemdir við það. Þess vegna er alveg fullréttmætt að benda á slík atriði sem ekki hafa verið samkvæmt eðlilegum framgangi máls.

Ég held samt að hægt sé að fullyrða að hæstv. ráðherra hefur fullan hug á því að bæta þarna úr og hefur eftir því sem mér sýnist gert samkomulag við Sólarsamtökin í Hvalfirði um vöktun sem ég veit að þeir hafa lagt mikla áherslu á að yrði gerð í samráði við þá.

Annað atriði athugasemda þeirra Hvalfjarðarstrandarmanna eða Kjósverja er að setja upp vothreinsibúnað við álverið á Grundartanga. Að mínu viti hefur það ávallt verið réttmæt krafa, en eigi að síður tel ég okkur hafa möguleika til þess að koma því í kring ef í ljós kemur að mengunarvarnir eru ekki nægjanlega fullkomnar til þess að fullnægja ýtrustu kröfum. En ég fagna því að það er að nást sátt milli Kjósverja og hæstv. ráðherra og mér heyrist að hæstv. ráðherra með nýjum lögum sem hann ætlar að birta í haust, ætli að taka á þeim leiðinlegu ágreiningsmálum sem upp hafa komið milli ráðuneytisins og almennings.

[10:25]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar hv. formaður umhvn. hélt því hér fram að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði komið óorði á umhverfismálin. Ég held varla að nokkur hér á þingi hafi verið jafnduglegur að koma umhverfismálum inn í umræðu og hv. þm. þrátt fyrir að sú barátta hafi ekki verið auðveld. Og að halda því fram hér á hinu háa Alþingi að hv. þm. hafi komið óorði á umhverfismálin er slík firra að hann ætti að koma hér upp í ræðustól aftur og biðjast afsökunar. Þetta er alveg fáheyrt, fádæma vitleysa.

En það sem hins vegar vekur mér mikla furðu í þessu máli er hvers konar brölt þetta eiginlega er. Að vera að breyta reglugerðum fram og til baka í því skyni að koma í veg fyrir að almenningur geti kært eða komið að athugasemdum um ákvarðanir stjórnvalda. Þetta gengur bara ekki upp í mínum huga og maður hlýtur að spyrja líkt og hv. málshefjandi gerði áðan: Hvers vegna? Hvað er að því að almenningur komi að sínum athugasemdum þegar um stóriðjuframkvæmdir er að ræða?

Ég hef engar sérstakar skoðanir á því hvernig eigi að framfylgja þessum málum eða hvort hér eigi að rísa álver

eða ekki. En hins vegar er alveg lágmark að stjórnvöld fari að lögum og það hefur gerst núna í tvígang að hæstv. umhvrh. hefur ekki farið að lögum. Það hefur gerst í tvígang og ég hlýt að spyrja: Hvað gengur mönnum til? Hvers konar brölt er þetta? Hvers konar vandræðagangur er þetta? Það er eins og það sé eitthvað stórhættulegt að almenningur geti komið að athugasemdum við ákvarðanir stjórnvalda. Ég held að þetta mál hljóti að þurfa ítarlegri skoðun og ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að taka þetta upp og hvet formann umhvn. til að koma hér upp aftur og biðjast afsökunar á ummælum sínum hér áðan.

[10:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hafði nú satt best að segja ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umræðu sérstaklega, enda málshefjandi fullfær um að gera glögga grein fyrir málinu. En ég gat ekki á mér setið þegar hv. þm. Ólafur Örn Haraldsson, formaður umhvn. Alþingis, kom í ræðustól áðan. Ég verð að segja alveg eins og er að það að nota þannig tækifærið í utandagskrárumræðu sem er hafin á efnislegum forsendum og um tiltekið mál, til persónulegra árása af því tagi sem hv. þm. reyndi að upphefja hér áðan, er eitt af því allra lágkúrulegasta sem ég hef á 14 ára tíma mínum hér á Alþingi séð. Og að það skuli vera formaður umhvn. Alþingis sem hefur ekki merkilegra erindi í ræðustólinn heldur en raun bar vitni, er harla dapurlegt.

Það er nú alveg nóg, herra forseti, að standa frammi fyrir þeirri sorglegu falleinkunn sem stjórnsýsla og stjórnkerfi umhverfismála á Íslandi fær í þessu máli og ætla ég ekki að hafa um það harðari orð en þetta við vin minn, hæstv. umhvrh. en að segja að það er dapurleg falleinkunn sem hann, ráðuneyti hans og stjórnkerfi umhverfismála fær í þessu máli. En að bæta svo þeirri lágkúru við sem hér kom áðan fram af hálfu formanns umhvn. Alþingis var óþarfi og að mínu mati hefði hv. þm. betur látið það ógert að fara í ræðustólinn og fífla sig með framgöngu sinni.

Staðreyndin er sú að hæstv. umhvrh. fær auðvitað þessa sorglegu falleinkunn því að þar liggur hin pólitíska ábyrgð hvað sem hver segir og það er lítið skjól í lélegum lögfræðingum eða ónýtum embættismönnum. Hin pólitíska ábyrgð er á herðum hæstv. umhvrh. og það gerir málin náttúrlega ekkert betri þó að maður hafi það á tilfinningunni að hinn eiginlegi valdamaður hafi setið á öxlum hæstv. ráðherra og sé hæstv. iðnrh. Staðan er sú að þetta ætti að verða okkur öllum ærið umhugsunarefni og þá ekki síst auðvitað og fyrst og fremst hæstv. umhvrh. til þess að bæta úr því sem hér hefur miður farið.

[10:30]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ekki var málsvörn hæstv. umhvrh. innihaldsmikil og er þá vægt til orða tekið. Hæstv. ráðherra vitnar til álits sem hann kennir við lagadeild Háskóla Íslands og hefur látið dreifa hér á borð manna. Hann hefur ekki fyrir því að svara efnislega niðurstöðum úrskurðarnefndar sem starfar lögum samkvæmt, lögum sem hann á að gæta. Hann hefur ekki áhuga á því að svara álitsgerð Magnúsar Thoroddsens lögmanns sem var unnin sérstaklega fyrir stjórn Hollustuverndar ríkisins. Nei, hann dregur hér upp pappír sem er skrifaður á bréfsefni Háskóla Íslands, lagadeildar Háskóla Íslands sem ekkert hefur með þessa álitsgerð að gera, frá Eiríki Tómassyni prófessor sem kemst hér að þeirri niðurstöðu sem ráðherrann vitnaði til. Hann er lögmaður sem hefur reynst ber að því í tengslum við hliðstæð mál að komast að rangri niðurstöðu samanber það sem gerðist á síðustu mánuðum árs 1995 þegar þessi sami prófessor mataði stjórn Hollustuverndar ríkisins á álitsgerð sem síðan var hnekkt með úskurði úrskurðarnefndar og laut að því samkvæmt vilja prófessorsins og mati, að þrengja rétt almennings þannig að einungis þeir sem undir verksmiðjuvegg byggju hefðu rétt til athugasemda um stóriðjurekstur. Ég held að hæstv. ráðherra ætti ekki að vera að vitna frekar í þessa álitsgerð og alls ekki að nefna Háskóla Íslands í því samhengi eða lagadeild hans. Svo virðist hæstv. ráðherra ekki hafa lesið þessa greinargerð frá prófessornum því að þar stendur m.a., virðulegur forseti, undir V:

„Vafasamt er aftur á móti hvort síðari hluti reglugerðarákvæðisins samrýmist íslenskum lögum."

Hefur hæstv. ráðherra ekki lesið þennan pappír?

Virðulegur forseti. Þetta stóra mál sem við ræðum hér er þess efnis að það er óhjákvæmilegt að leitað verði að niðurstöðu um það hver hefur rétt fyrir sér í þessu máli. Er það framkvæmdarvaldið sem er að brjóta hér rétt á almenningi með ólögmætum hætti, eða ekki? Eru þær umkvartanir ólögmætar sem fram eru komnar? Ég held að það verði að reyna á atriði sem þessi fyrir dómstólum og sjá til hver verður niðurstaðan í mati dómsvaldsins. Og ég verð að segja það sem mitt mat, það er mitt mat persónulega, að það sé öllu óvíst að sá gjörningur sem ráðherrann vann 26. mars sl. með því að gefa út starfsleyfi til Norðuráls hf. á Grundartanga fái staðist og það séu líkur fyrir því allt eins að fyrir dómi verði þeim gjörningi hnekkt. Og hvar stendur þá hæstv. umhvrh. og hver stendur ríkisvaldið í því efni? Hver er staðan?

Hæstv. ráðherra hreykir sér af því hér að hann hafi valdið og hann einn. Og hvernig fór hæstv. ráðherra með valdið? Hann gaf út starfsleyfi þegar röskar tvær vikur voru liðnar frá þeim tíma sem almenningur hafði rétt til þess að gera athugasemdir við viðkomandi starfsleyfi. Það var opnað 7. mars en starfsleyfi útgefið 26. mars. Réttur til þess að kæra samkvæmt leiðsögn ráðherrans rennur út 7. júní nk. En hæstv. ráðherra notar valdið. Hann gefur út starfsleyfið og svo kemur það bara ekki öðrum við. Það er engin leið fyrir almenning að hafa nokkur áhrif á mál og úrskurðarnefndin segir: „Það er ekki til neins fyrir okkur að fjalla um málið. Það kemur okkur ekki við lögum samkvæmt." Samt er hæstv. ráðherra að reyna að vísa til þess með einhverjum fyrirvara við undirskrift starfsleyfis að það komi til álita að það þurfi að breyta einhverju eftir að úrskurðarnefnd hefur komist að niðurstöðu. Hæstv. ráðherra stendur hér nakinn uppi með ólöglegar útgáfur reglugerða, með valdníðslu af grófu tagi og ég hef lagt spurningu fyrir ráðherrann. Hvað ætlar hann að gera? Ætlar ráðherrann að sitja undir þessu? Ætlar hann að sitja með þessa gjörninga í stóli ráðherra eða ætlar hann að velja þann kost sem honum væri sæmst, að standa upp úr þeim stóli og láta lokið afskiptum sínum af málefnum Stjórnarráðsins?

[10:35]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Það vantar ekki stóryrðin hjá hv. málshefjanda í þessari umræðu. Ég get hins vegar sagt það við hann strax í upphafi lokaræðu minnar í þessari umræðu að þessu sinni að ég hef ekki hugsað mér að standa upp úr stóli umhvrh. eða segja af mér. Ég hef þvert á móti verið að reyna að vinna þetta mál af bestu samvisku eins og mér er unnt. Ég hef gert grein fyrir því á heiðarlegan hátt að ég telji að

þessi löggjöf sé á margan hátt vanbúin og illa búin til þess að takast á við þessi mál. Ég hef lýst því yfir að ég hef leitað leiða til þess að opna leið almennings að málinu með að hafa rétt til að gera athugasemdir.

Og ég verð að segja það út af máli hv. þm. Lúðvíks Bergvinssonar að það kom mér afar mikið að óvart að það lýsti alveg fullkomnu þekkingarleysi hans á málsmeðferðinni. Þó hefur hv. málshefjandi haft fyrir því að dreifa nánast allri sögunni með bréfum og reglugerðum um það hvernig þetta hefur þróast og gengið fyrir sig og vilja minn til þess að reyna að sjá til þess að almenningur ætti kærurétt í þessu efni til úrskurðarnefndarinnar þó að um sé ræða starfsleyfi sem ráðherra hefur gefið út og hann sé hinn endanlegi úrskurðaraðili. Og hv. málshefjandi sagði í lok máls síns að sá réttur sem ráðherrann hefði verið að reyna að opna rynni út 7. júní. Er þá hægt að segja á sama tíma að ráðherrann hafi ekki beitt sér fyrir því að það væri réttur fyrir hendi? (**HG:** Hvenær ...?) Síðar kemur þetta upp, hv. þm., sem við erum að tala um núna að það er alvarlegur ágreiningur eða skoðanamunur milli þeirra lögfræðinga sem hafa komið að þessu máli og hv. málshefjandi getur auðvitað leyft sér að gera lítið úr ákveðnum (Gripið fram í.) lagaprófessorum (**LB:** Hvernig stendur á þessu reglugerðarbrölti?) í umræðunni.

(**Forseti** (ÓE)**:** Ekki samtal.)

Reglugerðabrölti. M.a. vegna þess að við erum að reyna að skýra þessi óskýru lög og sjá til þess að það sé einhver skilmerkilegur farvegur fyrir málið. Og samkvæmt þeim niðurstöðum sem ég hef lagt hér upp með og þeim álitsgerðum sem ég hef lagt fram og reyndar hv. málshefjandi líka, ef ég hef séð rétt í þeim gögnum sem hér liggja fyrir á borðum, þá er það niðurstaða þeirra lögfræðinga að reglugerðin eins og hún er nú standist lög, samræmist þeim og þessi farvegur sé fyrir hendi. En við erum þarna í þessu vandasama, ég veit ekki hvort ég má segja öngstræti, að úrskurðarnefndin hefur komist að annarri niðurstöðu í efninu. Það sem ég greindi frá í umræðunum áðan er að ég hefði átt fundi með stjórn Hollustuverndarinnar um málið, hvernig við getum hugsanlega fundið leiðir í þessu til lausnar og eins og ég orðaði það áðan, úr því öngstræti sem málið því miður er í. Það mál er áfram í vinnslu hjá ráðuneytinu og hjá mér og mínum ráðgjöfum í þessu efni og við munum halda fund með stjórn Hollustuverndar á næstu dögum þar sem við förum áfram yfir það.

En það kann að vera þegar svona ágreiningur er uppi eins og hv. málshefjandi hefur dregið hér rækilega fram og ágreiningur milli lögmanna — mér dettur ekki í hug að gera lítið úr þeim sem hér hafa verið nafngreindir, Magnúsi Thoroddsen og Eiríki Tómassyni. Ég ætla ekki að gerast dómari yfir því hvor hefur meira vit á eða getur betur skilgreint þetta mál — og þegar svo alvarlega er komið að mál hafa vegna misvísandi álitsgerða lent í ákveðnu öngstræti, að það geti ekki aðrir en dómstólar skorið úr um það. Það kann að vera, eins og hv. þm. og málshefjandi orðaði það, að svo geti farið.

Ég mun reyna að halda áfram að vinna að því að finna þessu farveg eins og ég hef sagt frá og lýst yfir og vona að við getum náð ásættanlegri lendingu án þess að það þurfi að gerast fyrir dómstólum. Það getur þó endað þannig. Ég ætla ekkert að fullyrða um það. Og alltaf liggur náttúrlega fyrir að starfsleyfi útgefið af ráðherra er hægt að fara með fyrir dómstóla. Það liggur í hlutarins eðli og þarf ekki að endurtaka.

Aðeins út af ummælum hv. þm. Kristjáns Pálssonar sem hér tjáði sig lítils háttar um málið vil ég segja og ítreka að umræðan í vetur, undanfarnar vikur og mánuði, hefur bent til þess að það þurfi að taka til endurskoðunar lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég hef lýst því yfir, ég held það hafi meira að segja verið í umræðum í þinginu í gær eða einhvern dag nýlega, að nauðsynlegt kunni að verða að endurskoða þessi tiltölulega nýju lög sem hafa verið að, við skulum segja, sanna sig eða hafa verið að koma fram í því efni, ýmis ákvæði og álitamál sem þarf að taka á í umræðunni undanfarið. Við höfum þegar haldið ráðstefnu um málið með ýmsum málsaðilum sem þetta varðar og hafið undirbúning að endurskoðuninni og á næstu dögum verður skipuð nefnd til þess að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég geri mér vonir um að geta komið því fyrir næsta þing og er vonandi að okkur takist að lögfesta það.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins að lokum aftur ítreka það að ég held áfram að leita leiða til lausnar í þessu efni og nota tækifærið til þess að þakka forsvarsmönnum Sólar í Hvalfirði fyrir það hvernig þeir hafa komið að þessu máli með mér og vonast til þess að eiga í það minnsta gott samstarf við þau samtök um framgang málsins.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 2. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 885, nál. 1221 og 1312, brtt. 1222 og 1313.

[10:41]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Nefndin hefur fjallað um málið og kallað á sinn fund til viðræðna marga góða gesti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Lánasjóði íslenskra námsmanna, Bandalagi háskólamanna og samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna.

Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu eru:

Í fyrsta lagi að endurgreiðsluhlutfall verði lækkað frá því sem nú er, þ.e. úr allt að 7% í 4,75%.

Í öðru lagi er lagt til að teknir verði upp beinir styrkir til námsmanna vegna fjármagnskostnaðar sem þeir verða fyrir vegna lántöku hjá bönkum. Þannig geta námsmenn fengið mánaðarlegar greiðslur gegnum bankakerfið frá upphafi námstíma án þess að bera af þeim fjármagnskostnað. Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að við ákvörðun vaxtastyrks verði komið til móts við þá námsmenn sem ekki uppfylla skilyrði til þess að fá fullt lán ef þeim tekst að ná tilskyldum árangri síðar á námsárinu.

Í þriðja lagi er lagt til að skipan stjórnar sjóðsins verði breytt þannig að stjórnarmönnum verði fjölgað úr sex í átta. Iðnnemasamband Íslands fær aðalmann í stað áheyrnarfulltrúa og menntmrh. einn fulltrúa til viðbótar.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði veitt sérstök heimild til að geta komið til móts við námsmenn sem verða fyrir skakkaföllum vegna veikinda eða skipulags skóla.

Loks er lagt til að tekin verði inn í lögin ákvæði vegna aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Um er að ræða þrjár breytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að fellt verði brott ákvæði um að samþykki sjóðstjórnar þurfi þegar framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Er tillagan í samræmi við þá stefnu sem mótuð var í starfsmannamálum ríkisins með samþykkt laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins á 120. löggjafarþingi.

Þá er lagt til að menntamálaráðherra skipi málskotsnefnd þriggja manna sem ætlað er að skera úr um það hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Getur nefndin staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins og eru úrskurðir nefndarinnar endanlegir. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nefndinni frekari starfsreglur.

Loks er lögð til breyting sem snýr að því að fellt verði brott orðið „ríflegan" í efnismálgrein 6. gr., en nægilegt þykir að stjórnin hafi skyldu til að áætla útsvarsstofn án þess að sérstaklega sé tekið fram að hann skuli vera ríflegur.

Undir nál. rita Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Tómas Ingi Olrich, Ólafur Örn Haraldsson og Guðmundur Hallvarðsson.

Herra forseti. Höfuðatriði þessa máls er að auknum fjármunum, á þriðja hundrað milljónum króna á ári, er varið í námsaðstoð ásamt því að brugðist er við gagnrýni námsmanna á gildandi lög. Þeir hafa einkum beint spjótum sínum að endurgreiðslum og útborgun námslána.

Endurgreiðslurnar vega þyngst í þessu sambandi. Þær eru færðar niður í 4,75% úr 5–7% eins og er í gildandi lögum. Þetta endurgreiðsluhlutfall nær einnig til þeirra sem tóku lán frá árinu 1992. Þessi breyting er metin á um 140 millj. króna á ári.

Námsmenn geta síðan fengið mánaðarlegar greiðslur frá upphafi náms gegnum bankakerfið og þurfa ekki að bera af þeim fjármagnskostnað heldur fá vaxtastyrki til að standa straum af honum. Gert er ráð fyrir að allir þeir sem sækja um og fá námslán fái vaxtastyrk, hvort sem þeir hafa raunverulega greitt fjármagnskostnað eða ekki, sem er mikilvægt réttlætismál.

Ég geri að sérstöku umtalsefni tillögu meiri hluta menntmn. um að skipuð verði sérstök þriggja manna málskotsnefnd sem ætlað er að skera úr um það hvort úrskurðir stjórnar lánasjóðsins séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins og eru úrskurðir hennar endanlegir.

Í 2. grein frv. sem hér er til umfjöllunar er lagt til að úrskurðir stjórnar verði endanlegir og ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Í greinargerð með frv. segir að ákvæðið sé í samræmi við þá venju sem verið hafi og niðurstöðu menntamálaráðuneytis frá 17. apríl 1996.

Umboðsmaður Alþingis svarar 9. janúar 1997 kvörtun vegna þeirrar niðurstöðu menntamálaráðuneytis að vísa frá kæru á úrskurði stjórnar LÍN og segir m.a.:

„Ég tel nokkurn vafa leika á því, hvernig stjórnsýslusambandi menntmrh. og stjórnar LÍN sé háttað að því er snertir úrskurði stjórnarinnar á grundvelli 5. tölul. 5. gr. laga nr. 21/1992. Að athuguðu máli tel ég hins vegar ekki ástæðu til annarra athugasemda en þeirra, sem ég hef áður komið á framfæri við Alþingi „að nauðsyn sé á, að lög séu skýr um stjórnsýslulega stöðu ríkisstofnana"."

Á bls. 12 í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1995 segir svo:

„Vafalítið má rekja nokkurn hluta þeirra mála, sem embætti mínu berast, til þess, að ekki hefur verið hugað að því við setningu laga að haga stjórnsýslukerfinu þannig, að stjórnsýslan sé sjálf fær um að leysa á fljótvirkan og ódýran hátt þau vandamál, sem kunna að rísa."

Í 2. gr. frv. er í raun komið til móts við ábendingar af þessu tagi þar sem skýrt er kveðið á um að úrskurðir stjórnar séu endanlegir. Einnig má benda á Húsnæðisstofnun ríkisins þar sem þessi háttur er á.

Við 1. umr. um frv. gagnrýndu margir þingmenn sérstaklega þetta ákvæði og tóku þannig undir málflutning námsmanna sem lengi hafa viljað koma á laggirnar óháðri málskotsnefnd sem hefði endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum.

Í umsögn samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna frá 25. apríl 1997 segir, með leyfir forseta:

„Frv. boðar aukið valdaframsal til stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Henni er falið að setja ítarlegri reglur, framkvæma þær og dæma í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma. Þannig er stjórn falið að vera dómari í eigin málum. Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta og einföld og skýr lausn er að setja á laggirnar hlutlausa kærunefnd sem hægt verði að skjóta ágreiningsmálum til. Hlutlaus kærunefnd er svipað fyrirkomulag og tíðkast víðar í stjórnsýslunni."

Síðar segir:

„Námsmenn telja það ótvírætt réttlætismál að settur verði á laggirnar hlutlaus kæruaðili sem námsmenn geta skotið málum sínum til. Það fyrirkomulag sem boðað er í þessu frumvarpi samræmist því illa meginreglum stjórnsýsluréttarins og stjórnarskrárinnar.

Nauðsynlegt er að tryggja réttaröryggi viðskiptavina sjóðsins. Hlutlaus kærunefnd er skref í þá átt."

Námsmenn hafa síðan ítrekað þessar skoðanir sínar í bréfum til menntamálanefndar 7. maí sl. Í bréfi samstarfsnefndar námsmannahreyfinganna, dagsettu 7. maí 1997, sem undirritað er af Haraldi Guðna Eiðssyni fyrir hennar hönd, segir svo, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna telur að setja verði á fót hlutlausa kærunefnd. Samstarfsnefndin telur slíka nefnd mikla réttarbót fyrir námsmenn. Rétt er að taka fram að afstaða samstarfsnefnda námsmannahreyfinganna gengur út frá því að þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið hjá LÍN og eru bundin í lögum haldist óbreytt; þ.e. að tryggt verði að stjórn LÍN úrskurði áfram í kærumálum. Þannig er tryggt að hlutlausa kærunefndin verði hrein viðbót við það fyrirkomulag sem nú tíðkast.

Hugmynd samstarfsnefndarinnar felur í sér að það eina sem þurfi að breyta í því frv. sem nú liggur fyrir á Alþingi um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna væri að í stað þess að úrskurðir stjórnar sé endanlegir þá geti viðskiptamenn LÍN skotið úrskurðum stjórnar til hlutlausrar kærunefndar.

Kærunefnd þessi gæti staðfest úrskurði stjórnar LÍN en jafnframt haft vald til að vísa ákvörðunum stjórnar til baka teljist þær ekki byggja á lögum og reglum um sjóðinn eða stangist þær á við fordæmi, hafi málsmeðferð verið áfátt o.s.frv.

Samstarfsnefndin minnir jafnframt á fyrri ábendingar sínar um að æskilegt sé að formaður slíkrar nefndar uppfylli

hæfiskilyrði hæstaréttardómara og að hæfiskilyrði nefndarmanna skuli fela í sér kröfu um víðtæka þekkingu á menntamálum. Þá má minna á sambærilegar nefndir; til að mynda er áfrýjunarnefnd samkeppnismála tilnefnd af Hæstarétti.

Óviðunandi er fyrir viðskiptamenn sjóðsins að þurfa að leita til dómstóla eða umboðsmanns Alþingis í hvert sinn sem það rís ágreiningur um túlkun reglna eða framkvæmd þeirra. Þess vegna er hlutlaus kærunefnd nauðsynleg viðbót við það fyrirkomulag sem nú tíðkast."

Svo mörg voru þau orð.

Meiri hluti menntmn. hefur að vel athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að skynsamlegt sé að verða við þessum eindregnu óskum og leggur til að skipuð verði óháð málskotsnefnd eins og fyrr segir.

Sú sem hér talar hefur margoft lýst þeirri skoðun að koma ætti á almennu styrkjakerfi til námsmanna. Það vil ég ítreka við þessa umræðu um lánasjóðinn en endurskoðun laganna að þessu sinni snerist fyrst og fremst um að koma á sátt um starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar og sníða helstu vankanta af gildandi lögum.

Margt hefur verið rætt og ritað um lánasjóðslögin frá 1992. Ég fer ekki nánar út í þá sálma að þessu sinni. Lögin hafa verið harkalega gagnrýnd innan þings og utan. Því er ekki að leyna að í þeirri umræðu allri hefur oft verið reitt hátt til höggs, en lítt af setningi slegið, svo vitnað sé til kvæðis Gríms Thomsens um Goðmund á Glæsivöllum.

Góð menntun er þungamiðja og undirstaða allra framfara. Námsaðstoð er gildur þáttur í því að styrkja menntun í landinu. Hún tryggir jafnrétti til náms og gerir mörgu ungu fólki, sem annars hefði trauðla átt þess kost, kleift að afla sér menntunar.

Með þessari lagasetningu er von til að sátt geti tekist um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjóðurinn standi enn traustari eftir en nokkru sinni fyrr.

[10:54]

Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti minni hluta menntmn. en að því standa ásamt mér hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. Ég mæli einnig fyrir brtt. sem lagðar eru fram á þskj. 1313.

Herra forseti. Nú þegar kjörtímabil Framsfl. og Sjálfstfl. er hálfnað koma loksins fram tillögur til breytinga á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þær tillögur sem kynntar hafa verið bæði í því frv. sem hér var til umfjöllunar fyrir nokkrum vikum síðan og einnig þær viðbótartillögur sem nú liggja fyrir frá meiri hluta nefndarinnar miða í rétta átt. En þær ganga mun skemmra en ætla mætti miðað við þær yfirlýsingar og þau loforð sem gefin höfðu verið. Það er ekki heldur brugðist við þeirri almennu gagnrýni að allt of mikið valdaframsal felist í gildandi lögum.

Frá því að ný lög voru sett um Lánasjóð íslenskra námsmanna 1992 hafa kröfur um lægra endurgreiðsluhlutfall og samtímagreiðslur verið háværastar og fyrir síðustu alþingiskosningar hétu allir flokkar nema Sjálfstæðisflokkurinn því að á þessu yrði ráðin bót.

Ef litið er til fyrirliggjandi tillagna hvað varðar endurgreiðsluhlutfall er fasta greiðslan ekki lækkuð í þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hlutanum en viðbótargreiðslan, sem er ákveðinn hluti af útsvarsstofni ársins á undan, er lækkuð í 4,75% úr 5%. Með því að lækka eingöngu hlutfallsgreiðsluna en halda föstu greiðslunni óbreyttri hefur frumvarpið engar breytingar í för með sér varðandi endurgreiðslu fyrir fólk sem lægst laun hefur, svo sem kennara, leikskólakennara, þroskaþjálfa og fleiri kvennastéttir.

Herra forseti. Samtímagreiðslur eru ekki teknar upp. Sá vaxtastyrkur sem boðaður er í 3. gr. á að greiðast öllum sem rétt eiga til námsláns, ekki bara þeim sem verða fyrir fjármagnskostnaði vegna lántöku hjá bönkum eins og segir í nál. meiri hlutans. Hér er ekki verið að mæta kostnaði, herra forseti, hér er verið að greiða styrk til allra þeirra sem fá lán hjá LÍN hvort sem sem þeir verða fyrir fjármagnskostnaði vegna lántöku í bönkum þurfa fyrirgreiðslu banka eða ekki. Þar sem ekki er um að ræða styrk á móti kostnaði má vefengja að jafnræðis sé gætt milli námsmanna þar sem einungis sumir námsmenn fá styrkinn en ekki allir.

Því er ljóst að niðurstaðan er nokkuð langt frá kosningaloforðum Framsóknarflokksins sem hljóðuðu svo að mánaðargreiðslur yrðu aftur teknar upp í stað eftirágreiðslna og að endurgreiðsluhlutfallið yrði lækkað og tekjutengt.

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út 1995 um fjárhagsstöðu lánasjóðsins er á það bent að eðli námslána sé annað en annarra lána vegna þess að námslán séu það form á námsaðstoð sem stjórnvöld ákvarði á hverjum tíma og námsaðstoð geti ekki verið háð því skilyrði að sá sem aðstoðarinnar nýtur komi með ábyrgðarmann fyrir aðstoðinni. Það stangist í raun á við það ákvæði 1. gr. laganna að hlutverk sjóðsins sé „að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags" eins og þar stendur.

Námsmenn hafa enda lagt áherslu á að felld verði niður krafan um ábyrgðarmenn á námslán. Ekki er brugðist við ábendingum Ríkisendurskoðunar eða kröfu námsmanna í þessu efni og ábyrgðarmannakerfið því óbreytt samkvæmt frumvarpi meiri hlutans.

Það vekur athygli, herra forseti, þegar litið er til þeirra tillagna sem samkomulag náðist um milli stjórnarflokkanna, ekki síst í ljósi þess tíma sem flokkarnir hafa tekið sér til að vinna málið, að þrátt fyrir mikla gagnrýni á það valdaframsal sem felst í núgildandi lögum sem eru í 19 greinum með reglugerð í 39 greinum og úthlutunarreglur stjórnar sjóðsins með 97 efnisatriðum og vinnureglur því til viðbótar er haldið áfram á sömu braut. Æskilegt hefði verið að láta þetta flókna reglukerfi víkja fyrir ítarlegum lögum. Í greinargerð sem laganemarnir Kristrún Heimisdóttir og Ragnhildur Helgadóttir unnu undir handleiðslu Sigurðar Líndals lagaprófessors og nefnist „Framkvæmd laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna og sjónarmið um réttaröryggi", kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Starfsemi sjóðsins byggir á fjórþættum reglum: Lögum, reglugerð, úthlutunarreglum og vinnureglum. Samspil þessara reglna er flókið enda mikilvægar grundvallarreglur í hverri réttarheimild og birtingu reglnanna er ábótavant. Ljóst er að regluverk lánasjóðsins stenst vart þá grundvallarreglu réttarríkisins að reglur skuli vera skýrar, stöðugar og aðgengilegar."

Það er ekki undur að hér sé nefnt að reglur þurfi að vera skýrar og stöðugar, að það sé tekið sérstaklega fram. Lög sem eru með jafnmiklum framsalsheimildum og lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna bjóða beinlínis upp á það að reglur séu óstöðugar enda hafa útlánsreglur lánasjóðsins verið endurskoðaðar og gefnar út árlega.

Starf endurskoðunarnefndarinnar sem vann að endurskoðun laganna hafði reyndar miðað að því að gera lögin ítarlegri. Sú leið var hins vegar því miður ekki farin. Minni

hlutinn gagnrýnir þá málsmeðferð. Það er ljóst að mikið af þeirri gagnrýni sem sett er fram þegar verið er að gagnrýna lögin um lánasjóðinn snýr að framkvæmd laganna þar sem stjórnin hefur vald til að ákvarða ýmsa þætti sem miklu varða um stöðu námsmannsins og möguleika.

Herra forseti. Við í minni hluta menntmn. settum inn í nál. okkar þær athugasemdir og tillögur sem samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna lagði fram vegna vinnu að frv. um LÍN. Þær tillögur og ábendingar voru settar fram vegna vilja samstarfsnefndarinnar til að gera lögin ítarlegri. Ef litið er yfir þetta 51 atriði sem tínt er til sjá menn glögglega við hvaða vanda er að etja, við hvað er átt. Enda var það tilfinning fleiri nefndarmanna en einungis minni hlutans þegar verið var að fara yfir frv. um lánasjóðinn að sú gagnrýni og þær ábendingar sem fram hafa komið ættu ekki síður við framkvæmd stjórnarinnar á lögunum en lagaákvæðin sjálf.

Herra forseti. Ég vil tæpa á þeim atriðum sem fram koma í athugasemdum og ábendingum samstarfsnefndarinnar og sem hafa ratað inn í brtt. meiri hlutans ellegar þær brtt. sem minni hlutinn setur fram.

Það er í fyrsta lagi, herra forseti, í öðrum lið ábendinganna þar sem hvatt er til þess að lánshæfi sé skilgreint í lögum. Þar hefur minni hluti menntmn. lagt til að lánshæfi verði skilgreint þannig að nemar geti fengið námslán til grunnnáms í allt að sjö ár eða til tíu ára í heild.

Jafnframt mætir minni hlutinn þeirri ábendingu sem fram kemur í 3. lið þar sem talað er um að upphæð námslána og náms- og framfærslukostnaður skuli skilgreindur ítarlega í lögum. Það verður að segjast eins og er að upphæð námslána er ekki í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram en aðferðin við að finna þau út er þó tilgreind þar.

Jafnframt tekur minni hlutinn tillit til 4. liðar þar sem fjallað er um rétt stjórnar til takmörkunar skólagjaldalána og þar sem námsmannahreyfingarnar hvetja til þess að lánað sé fyrir skólagjöldum til grunnnáms erlendis.

Varðandi 5. liðinn er því mætt í tillögum meiri hlutans að Iðnnemasambandið fái fulltrúa í stjórn. Það er að sjálfsögðu stutt af allri nefndinni.

Jafnframt er orðið við þeirri ábendingu sem fram kemur í 6. lið að kveðið verði á um skipan nefnda sem undirbúi mál en reyndar ekki ítarlega, gerðar tillögur um hvernig afgreiðslu þeirra skuli háttað. En ég lít þó svo á að að einhverju leyti sé þessu ákvæði mætt.

Varðandi 7. atriðið þar sem kveðið er á um samtímagreiðslur er því mætt í tillögum minni hlutans þar sem lagt er til að um mánaðarlega greiðslu verði að ræða þegar eftir fyrsta missiri.

Hvað varðar 9. ábendingu samstarfsnefndarinnar þá er aukið svigrúm í tillögum meiri hlutans en minni hlutinn gerir þá grein enn ítarlegri með tillögum sínum í samræmi við það sem minni hlutinn þykist vita að meiri hluti sé fyrir á hv. Alþingi sem er einnig í samræmi við kröfur og óskir námsmannahreyfinganna. Það sama á við varðandi 10. ábendingu.

Hvað varðar ábendingu nr. 11, þar sem fjallað er um námsmenn frá löndum EES, þá er því mætt með brtt. og sömuleiðis varðandi skilgreiningu á grunnframfærslu á Íslandi.

Ugglaust eru fleiri atriði hér inni sem með einum eða öðrum hætti er mætt með þeim brtt. sem fyrir liggja eða kveðið er á um í þeim nál. sem hér eru. Eitt af þeim atriðum sem minni hlutinn gerir tillögu um er t.d. það sem ábending kemur um í 32. lið, að vextir verði festir í 1%, þ.e. að heimild til að færa vexti upp í 3% verði tekin úr lögunum. Sömuleiðis það ákvæði sem ábending kemur um í 37. atriði, sem námsmannahreyfingarnar eru með ábendingar um, að það þurfi að vera skýrt að lán sem hafa verið tekin á árabilinu 1992–1997 lúti sömu endurgreiðslukjörum og kveðið verður á um í nýjum lögum.

Hér er einungis, herra forseti, drepið á nokkur þeirra ákvæða sem námsmannahreyfingarnar lögðu inn í þá vinnu sem farin var í gang í endurskoðunarnefnd um lögin. Ég hleyp hér yfir og nefni ekki á annan tug ákvæða sem koma í restina þar sem verið er að fjalla um veigamikil atriði. Ég læt mönnum eftir að glugga í það í nál. sjálfu.

Þessar athugasemdir og tillögur samstarfsnefndarinnar byggðu alfarið á þeim markmiðum sem nefndin um endurskoðun laganna um LÍN hafði sett sér í upphafi starfs síns og samstaða var um, þ.e. að ný lög um lánasjóðinn byggðu í grundvallaratriðum á því námslánakerfi sem við lýði er.

Menn hafa sumir hverjir í umræðum um þessi mál nefnt áhuga sinn á því að breyta um stefnu í þessum málum og reifað hugmyndir um styrkjakerfi en miðað við það sem lagt var upp með stóð það ekki til í þeirri endurskoðunarnefnd sem vann að málinu. Hins vegar er ef til vill vísir að slíku kerfi eins og margoft hefur komið fram þegar vaxtastyrkjakerfi það sem boðað er í tillögum meiri hlutans er skoðað. En með því að sækja ákvæði og orðalag í núgildandi lög var samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna þó ekki endilega að lýsa yfir stuðningi sínum við þau ákvæði heldur er það gert vegna samhengis og til að undirstrika sérstaklega að ný lög um LÍN verði ítarleg og takmarki sem kostur er þörf fyrir reglugerð. Athugasemdirnar og tillögurnar eru eins og ég gat um áðan, herra forseti, birtar hér í þeim sama tilgangi, til að undirstrika enn einu sinni hversu mikið valdaframsal felst í lögunum og til að undirstrika þá brýnu þörf sem er á því að lögin verði endurskoðuð í heild sinni og horfið verði frá þessari stefnu.

Framsögumaður meiri hlutans gat áðan um þær breytingar sem urðu á frv. því sem hér um ræðir á milli umræðna og styður minni hlutinn báðar þær breytingar. Þar er annars vegar um að ræða óháða málskotsnefnd sem skiptir miklu máli vegna þess að sá texti sem var í frv. og er reyndar enn — hér erum við að tala um brtt. — var óviðunandi að mati margra þeirra sem um fjölluðu, ekki síst námsmanna. Menn settu aðeins fyrirvara við að ráðherra ætti að skipa alla þrjá fulltrúana í nefndina. En ég vil treysta því að það verði þeim einstaklingum sem í nefndina verða skipaðir metnaðarmál að um óháða málskotsnefnd verði að ræða og hef ekki ástæðu til að ætla annað.

Ég held að við hljótum öll að fagna því að þetta ákvæði náði inn í brtt. Sömuleiðis að orðið „ríflegur" sem var eins og leiðindaskafanki í frv. fer út. Þetta eru þær tillögur til breytinga sem urðu í meðförum nefndarinnar.

Minni hlutinn mun eftir atvikum styðja aðrar brtt. meiri hlutans. En eins og ég gat um áðan leggur minni hlutinn fram viðbótarbreytingartillögur sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þar er um að ræða nokkrar breytingar á lögunum um LÍN, breytingar sem eiga það í flestum tilfellum sammerkt að vera áhugamál meiri hluta þingmanna hér í salnum, þ.e. þegar hann er betur skipaður, og námsmannahreyfinganna. Þegar það fer saman, meirihlutavilji alþingismanna og vilji námsmannahreyfinganna, þá ættum við sameiginlega að geta gert þær breytingar á frv. sem brýnastar eru.

Í fyrsta lagi leggur minni hlutinn til að Alþingi ákvarði framfærslukostnað á grundvelli skilgreindrar framfærsluþarfar. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna í skýrslu Dags B. Eggertssonar, þar sem hann fjallar um grunnframfærslu og upphæð námslána en þessa skýrslu vann Dagur sem úttekt á lögunum sem nú eru gildandi um lánasjóðinn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Grunnframfærsla námslána er sú viðmiðun sem námslán eru reiknuð út frá. Upphæð hennar ræður þannig mestu um hversu vel námslán duga til að mæta framfærsluþörf. Á upphafsárum námslánakerfisins fór fjarri að framfærslukostnaði væri mætt með námslánum. Að því var fyrst stefnt í lögunum frá 1967 og enn nálguðust námslán framfærsluþörf 1976. Árið 1982 var svo gert samkomulag um að fullri framfærslu skyldi mætt gegn aukinni endurgreiðslubyrði námslána. Endurgreiðslubyrðin hækkaði og hefur hækkað enn frekar síðan. Samkomulagið um upphæð grunnframfærslu var hins vegar svikið. Frá árinu 1989 ... hefur grunnframfærsla námslána lækkað um 1%. Þá er miðað við upphæðir septemberlána árin 1990 og 1995. Til enn frekari samanburðar má nefna að á sama tíma hafa laun félaga í ASÍ að meðaltali hækkað um 37% frá 1989 og launavísitala Hagstofu Íslands hefur hækkað um 40%.

Alþingi kvað á um það með lögum árið 1982 að námslán skyldu mæta áætlaðri framfærsluþörf námsmanna að fullu. Hækka skyldi grunnframfærslu námslána í skrefum á tveimur árum og það var gert. Þetta var hluti af samkomulagi allra þingflokka og samtaka námsmanna. Þetta samkomulag var þó fljótlega brotið, grunnframfærslan var skert með reglugerðarsetningu tvívegis, árin 1985 og 1986. Jafngilti sú lækkun um 16,7% skerðingu grunnframfærslunnar að raunvirði. Árin 1989 og 1990 var upphæð grunnframfærslunnar aftur færð upp til samræmis við samkomulagið í lögunum frá 1982 með reglugerðarbreytingu. Ekki stóð það lengi, grunnframfærslan var aftur skert um 16,7% árið 1991 í undanfara lagabreytinga um LÍN. Það var gert með þeim rökum að námslán hefðu hækkað umfram verðlag. Sú röksemd fær augljóslega ekki staðist.

Engar kannanir um framfærsluþörf námsmanna lágu til grundvallar skerðingu grunnframfærslunnar árið 1991. Síðasta framfærslukönnun sem gögn eru til um er frá 1988. Þá var raunvirði grunnframfærslu jafnhátt og nú. Þar kemur fram að miðað sé við úreltan framfærslugrunn frá 1974 sem þarfnist endurskoðunar. Framfærsluviðmiðun var ekki endurskoðuð við þetta tækifæri heldur fór málið í aðra nefnd. Allt frá undanfara lagabreytinganna árið 1992 hafa allar tillögur um endurskoðun framfærslugrunns LÍN og framfærslukönnun meðal námsmanna verið felldar af meiri hluta stjórnar sjóðsins.

Þar sem endurskoðun framfærslugrunnsins náði ekki fram árið 1988 verður að líta svo á að byggt sé á þeim sem tekinn var í notkun árið 1974. Ekki hefur farið fram endurskoðun á honum síðan. Hlutfall kostnaðarhluta er; fæði 46,1%, húsnæði 15,4%, fatnaður 6,2%, heilsugæsla og bækur 5,4% hvort um sig svo nokkuð sé nefnt. Miðað við núverandi grunnframfærslu er einstaklingi í leiguhúsnæði því ætlaðar 8.239 kr. til húsaleigu á mánuði og 3.317 kr. í fatnað, svo að dæmi séu tekin. Ljóst er að þessi skipting og upphæðir undir hverjum lið þarfnast algerrar endurskoðunar."

Í brtt. minni hlutans er lagt til að námskostnaður verði nánar skilgreindur í lögunum. Þar er verið að fjalla um bóka-, tækja- og efniskostnað og ferðir til og frá námsstað. Jafnframt er lagt til í brtt. minni hlutans að lán skuli veita vegna innritunargjalda og skólagjalda í viðurkenndu háskólanámi. Þetta ákvæði á að tryggja að ekki séu teknar ákvarðanir um að skólagjöld séu ekki lánuð til grunnnáms erlendis.

Þá er tekið fram að námsmaður eigi rétt á námslánum til allt að sjö ára grunnnáms eða tíu ára í heild. Þetta ákvæði um allt að sjö ára grunnnám ætti að mæta þeim vandkvæðum sem t.d. sumir iðnnemar verða fyrir þegar þeir hafa nýtt hluta af möguleikum sínum til námsláns í iðnnámi og vilja síðan halda áfram í háskólanámi af einhverju tagi. Hér er því um sanngirnismál að ræða og það er ekki verið að hækka heildartöluna, ég vek athygli á því.

Í öðru lagi er lagt til að samtímagreiðslur verði teknar upp þannig að eftir fyrsta missiri fái námsmaður mánaðarlegar greiðslur. Það er jafnframt lagt til í tillögu minni hlutans að krafan um ábyrgðarmann verði felld út úr lögunum enda samræmist hún ekki ákvæðum laganna um jafnrétti til náms. Þá er enn fremur lagt til að heimild til töku lántökugjalds verði felld út og að litið verði á slíkt sem hluta af þeirri námsaðstoð sem námslánið er.

Í þriðja lagi leggur minni hlutinn til að í lögunum verði gert skýrt að ekki megi taka hærri vexti af námslánum en 1%. Í dag eru vextirnir 1% en í lögunum er heimild til að fara í allt 3% og minni hlutinn leggur til að það verði fellt út.

Í fjórða lagi leggur minni hlutinn til að endurgreiðsla námslána breytist þannig að fastagreiðslan lækki í 34.000 kr. Eins og ég gat um áðan hefur það þær afleiðingar ef hún er óbreytt, eins og lagt er til í tillögum meiri hlutans, að endurgreiðslubyrði þeirra sem lægst hafa launin breytist í engu. Þá er jafnframt lagt til af hálfu minni hlutans að hlutfallsgreiðslan lækki í 4,5%. Það er í samræmi við áður fluttar tillögur hér á Alþingi og þetta hvort tveggja einnig í samræmi við hugmyndir sem námsmannahreyfingarnar hafa reifað án þess að ég sé þó að gera þær ábyrgar fyrir brtt. minni hlutans, þær eru að sjálfsögðu á ábyrgð hans.

Að lokum er lagt til, herra forseti, að svigrúm verði aukið með því að taka fram í lögunum að námsmaður geti fengið lán með sömu kjörum og almenn námslán, bæði ef námsmanni stendur ekki til boða fullt nám vegna skipulags skóla eða ef veikindi námsmanns, barns hans, fráfall nákomins ættingja eða þungun námsmanns gera það að verkum að námsmanni tekst ekki að standast námskröfur. Það er jafnframt tekið fram að námslán sem veitt verða í þessum tilfellum mega ekki skerða námsrétt að öðru leyti.

Herra forseti. Líkur hafa verið leiddar að því að þá fækkun eða í sumum tilfellum stöðnum sem orðið hefur í tækni- og raungreinanámi, bæði hérlendis og erlendis, megi einkum skýra með þröngri túlkun og ósveigjanlegum reglum stjórnar sjóðsins. Sama eigi við um fækkun barnafólks í námi. Með brtt. minni hlutans er reynt að mæta þessari alvarlegu stöðu.

Brtt. minni hlutans mæta þeirri gagnrýni sem helst hefur verið á lögin og framkvæmd þeirra gagnvart námsmönnum. Þær bæta þannig upp tillögur meiri hlutans. Minni hlutinn vísar enn til þeirrar almennu gagnrýni að í lögunum felst allt of mikið valdaframsal. Þau þarf að endurskoða með það að leiðarljósi að lögin verði skýrari og að valdaframsal til stjórnar verði minnkað.

Ég vil gjarnan ljúka máli mínu, herra forseti, með því að vitna aftur í skýrslu Dags P. Eggertssonar um áhrif og afleiðingar breyttra laga um LÍN. Þar er kafli sem fjallar um hinn margþætta aðstöðumun kynslóðanna og ég tel að við þingmenn, sem erum allmargir á miðjum aldri og erum

margir hverjir foreldrakynslóð námsmanna, ættum að hafa í huga þegar við berum saman kjör okkar og þeirra. En hér segir, með leyfi forseta:

„Kynslóðabilið fær nýja og bitrari merkingu í hugum ungs fólks vegna áhrifa fjölmargra umfangsmikilla kerfisbreytinga á lífsafkomu upprennandi kynslóðar. Allt virðist hafa lagst á eitt í þessum efnum í lok níunda áratugarins og í upphafi hins tíunda. Þetta voru breytingar á húsnæðiskerfi, skattkerfi og ekki síst breytingar á námslánakerfinu. Námslán fyrri kynslóða voru ekki ein um að hverfa í verðbólgunni, sama gilti um húsnæðis- og bankalán. Greiðslubyrði beggja kerfa er nú margföld á við það sem áður var. Við bætist vitanlega að skattar og skatthlutfall launaskatta hafa hækkað verulega á síðustu árum. Það hefur að sjálfsögðu áhrif á lífsafkomu fólks. Ekki má heldur gleyma aðstöðumun vegna afleiðinga þess að tekjuskattar eru ekki lengur greiddir út eftir á heldur í staðgreiðslu. Fyrir skattkerfisbreytingarnar 1988 hófu menn í raun ekki greiðslu skatta fyrr en á öðru ári eftir að námi lauk vegna þess að þeir voru greiddir eftir á og full skattbyrði varð jafnvel ekki að veruleika fyrr en fullum tveimur árum eftir að launavinna hófst. Atvinnuástand nú og misjafnir möguleikar kynslóðanna á vinnumarkaði á þessum tveimur fyrstu árum að námi loknu eru heldur ekki til að fegra þessa mynd."

Herra forseti. Ég vildi ljúka máli mínu á þessum orðum til að skerpa enn á nauðsyn þess að brtt. minni hlutans, sem ég veit að eiga meirihlutafylgi meðal hv. alþm. eins og ég sagði og njóta samstöðu í námsmannahreyfingunum, verði gefinn sá gaumur sem nauðsynlegt er vegna þess að ég vil taka undir með frsm. meiri hlutans — það er nauðsynlegt að um þetta mál skapist góð sátt. Við erum að tala hér um lífsafkomu þúsunda námsmanna og fjölskyldna og við skulum reyna að ná góðri sátt um málið.

[11:25]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bregðast við umfjöllum síðasta hv. þm. um nauðsyn ítarlegri lagasetningar en verið hefur til þessa um lánasjóðinn. Hún gerði völd stjórnar LÍN að sérstöku umtalsefni. Það er engin breyting í þessu frv. hvað það varðar, önnur en tillaga meiri hlutans um hlutlausa málskotsnefnd. Frá upphafi hafa lög um lánasjóðinn verið einföld og nánar útfærð í reglugerð og úthlutunarreglum. Það væri grundvallarbreyting að færa efnisútfærslu úthlutunarreglnanna inn í lögin og gera þau þar með ítarlegri. Ég er ekki viss um að það væri til bóta og námsmönnum í hag. Þeir hafa sterk ítök í stjórn sjóðsins þar sem þeir eiga helming fulltrúa í stjórninni. Tilgangur endurskoðunar að þessu sinni var fyrst og fremst að ná sátt um starfsemi sjóðsins og sníða helstu vankanta af lögunum.

[11:27]

Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég geri mér ljóst að það væri auðvitað um grundvallarbreytingu á lögunum að ræða ef farið yrði að kröfu og vilja þeirra sem vilja hafa lögin ítarlegri. Eigi að síður met ég það svo að það sé raunverulegur meirihlutavilji fyrir því. Ég þykist hafa lesið það út úr þeim gögnum sem ég hef undir höndum að endurskoðunarnefndin hafi sýnt vilja til þess og ég las jafnframt út úr orðum hæstv. ráðherra hér við umræðuna að það hefði ekki verið andstætt vilja hans að lögin yrðu gerð ítarlegri. Námsmenn vilja eiga öryggi í löggjöfinni þrátt fyrir sína sterku stöðu í stjórninni, einfaldlega vegna þess að þó að fjöldi námsmanna sé jafn fjölda fulltrúa stjórnvalda í stjórninni er það svo að ef skerst í odda þá er atkvæði formanns tvöfalt þannig að í rauninni er alltaf hægt fyrir stjórnvöld að eiga þar þann meiri hluta sem þau þurfa á hverjum tíma. Ég met það þess vegna svo að það sé réttmæt gagnrýni og ábending af hálfu minni hlutans að lögin verði endurskoðuð í heild sinni jafnvel þó að það þýði eðlisbreytingu á lögunum. E.t.v. er löngu tímabært að sú eðlisbreyting verði gerð. Nú orðið höfum við nokkra reynslu af framkvæmd laga með því sniði sem hefur verið við lýði. Það hefur verið mjög gagnrýnt og er að mínu mati undirrót mikils af þeirri óánægju sem ríkt hefur og gagnrýni á lögin og framkvæmd þeirra og á stöðu mála almennt. Ég álít því að það væri heillaspor að fara í þessa heildarendurskoðun á lögunum.

[11:29]

Hjálmar Árnason:

Hæstv. forseti. Umræðan um Lánasjóð íslenskra námsmanna hefur staðið lengi, ekki síst frá árinu 1992 þegar lögum var breytt. En umræðan er í rauninni miklu lengri og minnist ég þess sjálfur frá háskólaárum að þá átti sér líka stað hörð og mikil umræða um lánasjóðinn. Það er ekkert óeðlilegt því lánasjóðurinn og barátta námsmannahreyfinga varðandi þá stofnun snýst um kjör og aðstæður og möguleika til náms. Þess vegna er eðlilegt að umræða um lánasjóðinn geti á stundum orðið hörð og verður það ugglaust áfram og það er ekkert nema eðlilegt og gott um það að segja.

Hins vegar bregður nú svo við eins og oft í viðkvæmum málum að umræða getur orðið hörð og tilfinningaþrungin orð geta fallið og getur það gerst líka í umræðum á hv. Alþingi og er ég þá ekki að vitna til ræðu síðasta hv. þingmanns svo að það verði ekki misskilið.

Ég tel að það samkomulag sem nú hefur náðst sé mjög vel ásættanlegt. Ekki þarf að fara í neinar grafgötur með það að þetta mál hefur verið viðkvæmt og um sumt erfitt í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna og þess vegna hlýtur það að vera mjög ánægjulegt að málið skuli fá lendingu og sátt sem efnislega er mjög jákvæð og um hana skuli ríkja sátt. Ég trúi því að þetta sé sanngjörn og jákvæð niðurstaða og vil reyna að færa fyrir því nokkur efnisleg rök.

Í fyrsta lagi nefni ég ákvæði að fulltrúi lðnnemasambandsins fái viðurkennt sæti og atkvæðisrétt í stjórn. Um það hefur e.t.v. ekki verið svo mikil umræða. Það hefur verið afgreitt, menn eru sammála. Það einkennir okkur oft að þegar um eitthvað er að ræða sem við teljum jákvætt og erum sammála um, þá fjöllum við lítið um það. En það sem ég tel vera mikilvægt varðandi það atriði er að með því er á táknrænan hátt verið að viðurkenna gildi starfsmenntunar. Ég lít svo á að þar sé verið að höfða til þeirrar miklu gerjunar sem á sér stað í framhaldsskólum landsins um uppbyggingu starfsmenntabrauta og verið sé að taka mið af því og viðurkenna í verki að starfsmennt er afskaplega mikilvæg fyrir allt efnahagslíf okkar og uppbyggingu á menntastigi þjóðarinnar. Þess vegna er mjög mikilvægt að halda því vel til haga að iðnnemar munu nú fá fullgilt sæti í stjórn lánasjóðsins og rödd starfsmennta heyrast þar og láta til sín taka.

Ég nefni í öðru lagi málskotsnefnd sem fram kemur í breytingu frá meiri hluta menntmn. og ætla ekki að fara yfir það frekar en gert var í framsögu hv. formanns nefndarinnar en þetta hefur verið mikið baráttumál námsmannahreyfingarinnar að til staðar sé óháð málskotsnefnd sem geti tekið

á meintum kærumálum. Ég tel ávinninginn af þessu fyrst og fremst þann að málskotsnefndin kunni að draga úr þeirri spennu sem lengi hefur ríkt á milli stjórnar lánasjóðsins annars vegar og námsmanna hins vegar. Í mínum huga er hlutverk málskotsnefndarinnar að taka við málum sem stöku námsmenn kunna að verða ósáttir við, þ.e. úrskurð stjórnar, og málskotsnefndin muni taka til óháðrar skoðunar og endanlegs úrskurðar. Ég tel að það skipti máli að draga úr þeirri spennu sem svo lengi hefur ríkt illu heilli á milli stjórnar lánasjóðs og námsmannahreyfingarinnar.

Hins vegar er því ekki að leyna og mér er kunnugt um það að innan námsmannahreyfingarinnar eru skiptar skoðanir þó að samstarfsnefnd hennar hafi lýst þessu sem einu af mikilvægustu baráttumálum sínum. Það hlýtur því að vera fagnaðarefni að þetta baráttumál námsmannahreyfingarinnar skuli nú vera komið inn í frumvarpsform.

Hæstv. forseti. Ég nefni í þriðja lagi endurgreiðsluhlutfallið. Það hefur meira að segja komið fram hér í sölum hv. Alþingis að stöku þingmenn hafa neitað þeim veruleika að í gildandi lögum er kveðið á um 7% endurgreiðsluhlutfall fimm árum eftir útskrift. Það er ákvæði í lögum og styttist mjög í að það ákvæði taki gildi og ekki þýðir að neita því að það er til staðar og því er verið að breyta niður í 4,75%. Ég hef orðið var við það frá því að frv. var lagt fram og styttist óðum í að þetta ákvæði taki gildi að ungt fólk sem hefur lokið námi fagnar fagnar ákvæðinu afskaplega enda er rétt að ítreka og vekja aftur athygli á því að ákvæðið er afturvirkt. Þetta unga fólk hefur reiknað hvaða áhrif það muni hafa á afkomu sína miðað við þær tekjur það hefur í dag miðað við gildandi lög og annars vegar það sem í frv. stendur og viðbrögð þess fólks skipta afskaplega miklu máli. Þau eru jákvæð og þetta fólk gleðst sem skiljanlegt er.

Ég nefni í fjórða lagi samtímagreiðslur. Það virðist vera nokkuð á reiki hvaða merkingu fólk leggur í hugtakið samtímagreiðslur. Í rauninni er tvennt sem felst í því. Það er annars vegar að námsmaður fái mánaðarlega fjármuni til framfærslu og sér að kostnaðarlausu. Það kemur skýrt fram að það er vilji meiri hlutans og ég hygg að stjórnarandstæðingar taki undir þá skoðun að vaxtastyrkurinn er námsmönnum að kostnaðarlausu og það er rétt að leggja þunga áherslu á það. Með því móti tel ég að það sé verið að uppfylla þennan hluta af skilgreiningunni á samtímagreiðslum. Eftir stendur þá og hefur komið fram í ábendingu frá fulltrúum námsmannahreyfingarinnar hinn hlutinn sem snýr að sveigejanleika. Í mínum huga er séð fyrir sveigjanleikanum með fjórum leiðum samkvæmt frv. og þeim breytingum sem meiri hluti menntmn. leggur til.

Það er í fyrsta lagi það sem virðist hafa komið námsmannahreyfingunni nokkuð á óvart að námsmenn geti fengið þessar mánaðarlegu greiðslur, samtímagreiðslur strax á fyrsta missiri. Ég legg áherslu á það og ég trúi því að eftir sem áður muni meiri hlutinn af námsfólki stunda sumarstörf m.a. til þess að fjármagna nám sitt því að í rauninni tekur enginn lán ótilneyddur en ég hygg að með þessu móti eigi námsmenn þess kost að fá námslán strax á fyrsta missiri og mynda sér þannig varasjóð, a.m.k. í mörgum tilvikum, til þess að mæta óvæntum skakkaföllum sem kunna að verða að koma upp á námstímanum.

Í öðru lagi nefni ég það sem stendur í frv. um ýmsa félagslega þætti, svo sem ef skipulag skóla breytist, veikindi og fleira í þeim dúr, felur það í sér sveigjanleika og er sett inn til þess að mæta óvæntum uppákomum, getum við sagt, og til þess að þessir þættir eigi ekki að verða til þess að tefja námsmann eða koma honum úr námi.

Líka er vert að nefna það sem hefur fram komið að það þurfi að kveða á um barnsburðarleyfi og ýmsa aðra þætti. En það hefur orðið niðurstaða og er skýrt að komi fram sem vilji meiri hlutans að í úthlutunarreglum er kveðið á um barnsburðarleyfi, og má svo sem lengi deila um hvort hyggilegra sé að setja það inn í lög, en ég tel að það sé skýr vilji meiri hluta menntmn. að á þessum þætti sé tekið í úthlutunarreglum og það er í rauninni þau skilaboð sem þingið sendir til nýrrar stjórnar lánasjóðsins sem verður væntanlega skipuð á grundvelli nýrra laga.

Ég nefni jafnframt það ákvæði sem um er getið í nefndaráliti meiri hlutans um aukinn sveigjanleika gagnvart þeim sem verða fyrir skakkaföllum með því t.d. að falla á missiri og ná ekki tilskildum námsárangri. Það er vilji meiri hluta menntmn. að til þessa sé tekið við úthlutun vaxtastyrkja þannig að námsmaður geti t.d. notað sumarið og búið sig undir haustpróf og bætt þannig upp námsskuld sína. Þar með er verið að opna fyrir sveigjanleika. Þetta er atriði sem fulltrúar námsmannahreyfingarinnar hafa lagt mikla áherslu á. Við þessu er orðið og það er vilji þingsins verði þetta samþykkt með þeim hætti að til þessa verði tekið.

Ég nefni svo í fjórða lagi atriði sem mér finnst á stundum hafa verið gert of lítið úr og það er þjónusta bankanna. Ég lít svo á að forsenda fyrir því sem hér er til umræðu sé sú að færa þjónustuna inn í bankakerfið. Ég hef áður sagt það hér úr þessum ræðustól og ég ítreka að dugi fyrir námsmenn að snúa sér til þjónustufulltrúa í þeim banka sem þeir eru í viðskiptum við og sá hinn sami annist síðan það skrifræði sem óhjákvæmilega fylgir lánatöku, þ.e. samskiptin við lánasjóðinn. Þjónustufulltrúar bankanna eru eins og lipurt þjónustunet sem teygir sig um allt land og það er mikilvægt atriði og ég legg mikla áherslu á það.

Mér er jafnframt kunnugt um það að hæstv. viðskrh., sem fer jafnframt með málefni bankanna, á í viðræðum við samtök viðskiptabankanna og veit ég ekki betur en það séu í rauninni mjög jákvæðar fréttir af þeim vettvangi á þeim forsendum sem ég hef lýst. Það er alveg ljóst að bankarnir eru að keppa um framtíðarviðskiptavini og þeir munu leggja sig fram um það að skapa framtíðarviðskiptavinum sínum, á meðan þeir eru í námi, þau skilyrði sem gera þá sömu viðskiptavini jákvæða og sú samkeppni felur óhjákvæmilega í sér ákveðinn sveigjanleika námsmönnum í hag.

Ég hef rætt við fjölmarga þjónustufulltrúa banka, stjórnendur banka og það er nákvæmlega þessi skilningur sem menn leggja í það. Síðar í dag hef ég m.a. verið beðinn um að ræða við þjónustufulltrúa Íslandsbanka um þetta atriði og ég fagna einmitt þeirri þjónustu sem bankarnir vilja leggja í þetta og ég er sannfærður um að hún er námsmönnum í hag og felur í sér ákveðin sveigjanleika.

Þessi fjögur atriði, fyrsta missirið, hinir félagslegu þættir, sveigjanleiki til 12 mánaða gagnvart þeim sem verða fyrir áföllum og samkeppni bankanna felur í sér að mínu mati það svigrúm sem námsmenn hafa talað um og þess vegna finnst mér ekki hægt að túlka þetta öðruvísi en samtímagreiðslur sem byggja á þessum tveimur þáttum. Það er sannfæring mín og það er trú mín.

Ég nefni í fimmta lagi, herra forseti, að fjölmörg atriði um úthlutunarreglur hljóta að fá rækilega endurskoðun þegar ný lög hafa verið samþykkt og ný stjórn skipuð. Það er líka rétt að undirstrika að í þeirri stjórn eiga námsmenn helming

fulltrúanna þannig að rödd námsmanna við þá útfærslu hlýtur að heyrast og til hennar hlýtur að verða tekið. En það er líka rétt, herra forseti, að vitna til hæstv. menntmrh. sem hefur lýst því yfir hér úr þessum ræðustól að hann vilji eiga gott samstarf við námsmannahreyfinguna með þessa útfærslu og veit ég ekki betur en viðræður um það séu hafnar.

Þá er mér kunnugt um það að innan stjórnar lánasjóðsins er verið að skoða ýmsa af þessum þáttum. Ég nefni m.a. baráttumál Iðnnemasambandsins um að skoðað verði sérstaklega og tekið tillit til efniskostnaðar í iðnnámi og veit ekki betur en viðræður um það gangi nokkuð vel.

Ég nefni í sjötta lagi að fram kom á fundi menntmn. það sem hér hefur reyndar verið nefnt að námsmenn af EES-svæðinu eigi ógreiðan aðgang að ýmsum háskólum á ESB-svæðinu og sé þeim dýrara en væru þeir ESB-fulltrúar. Norðmenn munu hafa gengið þá leið formlega að ganga til samninga við einstaka háskóla innan ESB-svæðisins um þetta og mér er kunnugt um að utanrrn. hefur falið einum starfsmanna sinna að fylgja þessu máli eftir, m.a. með viðræðum við Norðmenn og í framhaldi af því væntanlega samningum við einstaka háskóla. Ég tel því að sá þáttur, sem er réttilega ábending frá fulltrúum SÍNE, sé þegar kominn í vinnslu.

Herra forseti. Það má lengi halda áfram að telja upp og ræða þessi mál og sú umræða mun örugglega halda áfram. En ég segi rétt í lokin að ég tel að með frv. og þeim síðustu brtt. sem koma fram frá meiri hluta menntmn. og þeim skilningi nefndarinnar sem fram kemur í nefndaráliti og þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið frá fulltrúum meiri hluta menntmn., sé verið að ná samtímagreiðslum, þá sé verið að auka þjónustustig allverulega fyrir námsmenn. Það er verið að lækka endurgreiðsluhlutfall. Iðnnemar fá sæti í stjórn. Áfrýjunarnefnd verður komið á. Þetta þýðir í mínum huga, herra forseti, verulega bætta stöðu námsmanna og allverulega bætta stöðu námsmanna. En af því að hér var vikið örlítið að styrkjakerfi má segja að hér sé stigið ákveðið skref í þá átt en ég hef áður viðrað þá hugmynd og lýsi mig enn henni fylgjandi að komið verði á fót styrkjakerfi, þ.e. í samstarfi hins opinbera og fyrirtækja landsins þar sem fyrirtæki geti með skattafslætti lagt fé í styrkjasjóð og hið opinbera geri slíkt hið sama þannig að hægt sé að styrkja efnilega námsmenn til náms á tilteknum sviðum. Ég teldi æskilegt að skoða slíka leið eða einhverja aðra útfærslu á styrkjakerfi og verður vonandi hlutverk þingsins á síðari hluta kjörtímabilsins. Ég tel að með þessu sé búið að bæta allverulega möguleika námsmanna og kjör þeirra enda er það rétt og eðlilegt. Hátt menntastig þjóðar er forsenda fyrir framförum í efnahagslífi og bættu mannlífi. Hins vegar má vera alveg ljóst að barátta námsmannahreyfingarinnar fyrir bættum kjörum mun halda áfram, hún hefur staðið lengi og er ekki nema eðlilegt að hún haldi áfram.

[11:48]

Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst ræða hv. fyrrv. ræðumanns vera eitt samfellt ákall á það að lögin yrðu gerð ítarlegri en þau eru nú. Býsna margt af því jákvæða sem hann þykist merkja í umhverfi námsmanna er ekki að gerast í lagasetningu. Það er að gerast með samtölum einhvers staðar annars staðar og ekki alltaf ljóst hvort lagastoð er fyrir slíku. Eitt af því sem hv. þm. nefndi voru efniskaup og viðræður við Iðnnemasambandið ef ég skildi þingmanninn rétt um þau efni.

Nú er það svo að í tillögum minni hlutans er gert ráð fyrir því að það sé skilgreint í lögum hvað skuli teljast til námskostnaðar og þar m.a. talinn upp efniskostnaður. Metur hv. þm. það þannig að þessa sé ekki þörf, að það sé næg lagastoð nú þegar eða tekur hann undir með minni hlutanum um að það þurfi að skýra lögin þannig að það sé ótvírætt að lagastoð þurfi að vera fyrir þeim samræðum sem nú fara fram og hann vitnar í við Iðnnemasambandið til þess að allt sé þar eins og best verður á kosið?

[11:50]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Segja má að tvö meginsjónarmið séu uppi um úthlutunarreglur. Á að færa nánast allar úthlutunarreglur inn í lagatexta eða á að framselja það vald til stjórnar lánasjóðsins? Ég tel að með annars vegar þeirri skipan stjórnar sem hér er um að ræða þar sem námsmenn eiga annan fulltrúann og ekki síður með kærunefndinni, sé búið að draga úr meintri spennu, það er kominn óháður úrskurðaraðili sem getur tekið á vafamáli. Í ljósi þess tel ég að það fyrirkomulag sem hefur verið lýst sé mjög ásættanlegt og að ég sé þar með búinn að svara spurningu hv. þm.

[11:51]

Frsm. minni hluta menntmn. (Svanfríður Jónasdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyri að þingmaðurinn hefur algerlega misskilið mig. Það sem ég var að inna þingmanninn eftir vegna þess að hann var að fjalla um efniskostnað, var hvort hann teldi að það væri lagastoð í núgildandi lögum fyrir þeim samtölum sem fram fara að hans sögn við Iðnnemasambandið eða hvort hann telur ástæðu til þess að taka undir með tillögu minni hlutans um það að inn í lögin fari ákvæði um að efniskostnaður teljist til námskostnaðar þannig að stjórninni sé sá einn kostur að túlka það svo og þessi samtöl geti þá farið fram með ásættanlegri niðurstöðu fyrir Iðnnemasambandið.

[11:52]

Hjálmar Árnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Til að svara hv. þm. skýrt tel ég að forsendur séu til staðar í gildandi lögum og að auki sem hefur þau skilaboð sem fram hafa komið í ræðum um þetta atriði. Þetta tvennt tel ég að sé næg forsenda fyrir þær viðræður sem eiga sér stað.

[11:52]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar lögum var breytt 1992 um Lánasjóð ísl. námsmanna var það í rauninni mikið áfall fyrir námsmenn á Íslandi sem höfðu búið við mjög öruggt og gott kerfi fram til þess dags en sem var haldið í fjársvelti svo ekki var hægt að framkvæma það eins og lög sögðu fyrir um. Afleiðingar af lagabreytingunni stóðu ekki á sér og fækkaði t.d. barnafólki í hópi námsmanna. Ákveðin atriði benda líka til þess að námsmönnum hafi fækkað mjög úr hinum dreifðu byggðum landsins.

Þegar þessi lagabreyting var samþykkt á Alþingi var sérlega minnisstæð andstaða Framsfl. sem viðhafði mjög stór orð við afgreiðslu málsins og sór mikla eiða um að þegar þeir kæmu til valda yrði það þeirra fyrsta verk að breyta þessum lögum til baka. Loforð sín endurtóku þeir svo eftirminnilega í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar og var það rifjað mjög rækilega upp í 1. umr. Þeir fengu mikinn stuðning frá

námsmönnum vegna þess hversu afdráttarlausa afstöðu þeir gáfu upp um að þeir mundu láta það verða sitt fyrsta verk að breyta lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Afstaða Sjálfstfl. til lánasjóðsins hefur að sjálfsögðu alltaf verið blendin. Þetta hefur aldrei verið þeirra uppáhaldsbarn og þeir vildu sjálfsagt standa að því sem þeir kalla forgangsröðun á menntamálum í ríkiskerfinu öðruvísi en með því að styrkja sérstaklega Lánasjóð ísl. námsmanna enda ber þetta viðhorf það mjög með sér.

Þegar frv. kom fram nú seint og um síðir þegar nærri var hálfnað kjörtímabil ríkisstjórnarinnar má segja að það hafi valdið miklum vonbrigðum. Að vísu voru örlítil framfaraskref stigin með þessu frv. en það gengur engan veginn það langt sem vonir höfðu staðið til, þegar framsóknarmenn stóðu að lagabreytingum í málinu og voru komnir til valda í ríkisstjórn. Ég á aðild að minnihlutaáliti og brtt. minni hluta sem Svanfríður Jónasdóttur hefur gert mjög vel grein fyrir í ræðu og ég ætla svo sem ekki að endurtaka það en tek undir hvert orð sem hún sagði en ég ætla að fara hér nokkrum orðum um frv. og reyna að lengja þessa umræðu ekki um of. Ég fór mjög ítarlega yfir þessi mál og svo viðhorf mín til þeirra í 1. umr.

Í 1. gr. frv. kemur fram eitt það jákvæðasta sem er við þetta frv. Það er að ráðgert er að Bandalag ísl. sérskólanema fái samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambandsins einn fulltrúa í stjórn lánasjóðsins. Jafnframt er gert ráð fyrir að það bætist við einn fulltrúi enn sem skipaður er af ráðherra. Ég vildi bera fram þá frómu ósk hér að sá fulltrúi, sem ráðherra skipar til viðbótar, verði sérstaklega skipaður úr hópi þeirra sem hafa notið námslána og eru í hópi þeirra sem eru nú að greiða vegna þess að ég tel mjög brýnt að sjónarmið þeirra heyrist skýrar en e.t.v. hingað til inn í stjórn lánasjóðsins.

Í 2. gr. frv. var gert ráð fyrir því að úrskurðir stjórnar lánasjóðsins í vafamálum yrðu endanlegir og yrðu ekki kærðir til æðra stjórnvalds. Þessu var mjög mótmælt við 1. umr. og liggur nú fyrir tillaga frá meiri hluta menntmn. þar sem er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi þriggja manna málskotsnefnd. Ég geri mér grein fyrir að þessi ráðstöfun getur slegið í báðar áttir og ég legg til að fylgst verði mjög náið með starfi málskotsnefndarinnar og þetta atriði verði svo sérstaklega tekið upp aftur og þessi nefnd skipuð eitthvað öðruvísi ef ástæða þykir til.

Í 3. gr. frv. er það furðulega ákvæði um að námsmenn fái vaxtastyrk til að greiða mismun á milli bankalána og námslána, vaxtamun. Ég varð að lesa þessa grein oft þegar ég sá hana fyrst til yfirleitt að skilja hana og gera mér grein fyrir hvers vegna eru ekki lagðar til beinar samtímagreiðslur eins og alltaf hafði verið gert ráð fyrir í umræðunni og hafði verið áður. En það er kannski aðeins að opnast fyrir mér skilningur á því hvers vegna þessi furðulegi bankakrókur með vaxtastyrkjum er farinn. Það er kannski vegna þeirrar sérstöku jákvæðu reynslu sem hv. þm. Hjálmar Árnason, 7. þm. Reykn., hefur af þjónustufulltrúum banka. Skilst mér helst að hann eigi þá ósk heitasta að námsmenn fái sem bestu kynni af því ágæta fólki til að lyfta því svolítið upp í lífsbaráttunni. Ef til vill mun það sérstaklega létta námsmönnum lífið að fá að eiga slík samtöl og viðskipti við þjónustufulltrúa banka en ég held að ódýrara hefði verið og eðlilegra fyrir ríkissjóð að þessar greiðslur hefðu komið beint út úr lánasjóðnum sjálfum.

Það er áfram gert ráð fyrir að lán úr sjóðnum skuli verðtryggð. Ég held að það sé svo sem ekki ástæða á þessu stigi að gera sérstaka athugasemd við það, en mér finnst að í höfuðatriðum eigi lán annaðhvort að vera verðtryggð eða með vöxtum en ekki hvort tveggja eins og gert er ráð fyrir í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Mér finnst allt í lagi að það atriði verði áfram til skoðunar með opnum huga hvernig þessum málum verði e.t.v betur fyrir komið.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að fastagreiðslan verði óbreytt, þ.e. 52.698 kr. miðað við vísitölu neysluverðs 177,8 og viðbótargreiðslan verði miðuð við 4,75%. Ég hef svo sem skilið það að menn hafi verið að sneiða að mér þegar þeir tala um að ég hafi ekki viljað hlusta á að endurgreiðslan ætti að verða 7% á næstunni og þess vegna sé þessi hækkun töluverð, þ.e. úr 5–7% niður í 4,75%, en ég var búin að heyra það lengi að hvað eftir annað hefði komið til umræðu í stjórn lánasjóðsins að breyting í 7% yrði aldrei látin koma til framkvæmda því að það mundi endanlega gera út um vonir námsmanna yfirleitt að geta orðið lánshæfir í húsnæðiskerfinu. Þess vegna hafi það í rauninni legið fyrir að sú lagabreyting sem var gerð 1992 um 5–7%, að 7% mundu aldrei koma til framkvæmda. Þess vegna hef ég litið svo á að þetta væri í rauninni aðeins lækkun um 0,25%, enda er það svo miðað við það sem hefur verið því að 7% voru aldrei komin til framkvæmda þó að það hafi e.t.v. verið áformað þannig einhvern tímann.

Sem betur fer bar meiri hluti nefndarinnar gæfu til að leggja til að orðið „ríflegan“ úr 6. gr. yrði fellt brott því að ég verð að bera fram efasemdir um að það hefði yfirleitt staðist stjórnarskrá að setja í lög að áætla ætti eitthvað sem héti ríflegan útsvarsstofn ef ekki næðist í fólk eða upplýsingar þess teldust ósennilegar. En því var sem sagt breytt og fyrir það ber að þakka.

Í 7. gr. er líka nýmæli um að heimilt verði að veita lán með sömu kjörum og almenn námslán vegna annarra áfalla og er talað þarna sérstaklega um veikindi námsmanns og tímabundið skipulag skóla sem standi í vegi fyrir að fólk geti skilað fullri námsframvindu. Ég verð að ítreka það sem kom fram í nál. minni hluta að mjög áríðandi er að skilgreint verði nánar hvað er átt við. Ég hef fengið upplýsingar um að hingað til hafi þetta alltaf verið túlkað á þrengsta veg í stjórn lánasjóðsins og ég hef ástæðu til að ætla að svo verði áfram, að því viðbættu að auðvitað verður tekið tillit til þess sem tekið er fram í lagagreininni, en ég tel ástæðu til að fara mjög nákvæmlega yfir þessi mál og hvað það er sem námsmaður fær ekki við ráðið og alltaf getur komið upp á sem veldur því að hann geti ekki staðist kröfur um námsframvindu, og eigi þess vegna að falla undir slíkt ákvæði.

Ég vil að lokum ítreka það að mjög áríðandi er að endurskoða þessi lög á nýjan leik og gera þau mun nákvæmari svo að ekki þurfi slíkt reglugerðafargan að vera á ferðinni eins og nú er um stjórn lánasjóðsins og veldur töluverðu óöryggi hjá námsmönnum vegna þess að iðulega er verið að breyta þessum reglum. Það hefur iðulega verið þannig. Það eru að vísu aðeins gefin fyrirheit um að eitthvað verði dregið úr þessum breytingum en ég held að mjög áríðandi sé að setja sem mest af slíkum ákvæðum inn í löggjöf.

[12:07]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil leiðrétta misskilning sem kom fram um skipun stjórnar sjóðsins. Bandalag ísl. sérskólanema á þar einn fulltrúa. Iðnnemasambandið fær nú í fyrsta sinn fulltrúa í stjórninni, ekki í gegnum Bandalag ísl. sérskólanema heldur sem sjálfstæður aðili. Þeir hafa lengi barist fyrir

því og er afrakstur þeirrar baráttu kominn í lagafrv. og því ber að fagna.

[12:07]

Sigríður Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni nefndarinnar fyrir þessa ábendingu sem er hárrétt. Það er hárrétt að ég lagði þetta eitthvað rangt upp, en auðvitað er það þannig að Iðnnemasambandið er í fyrsta sinn að fá fulltrúa í stjórn sjóðsins og því fagna ég auðvitað alveg sérstaklega.

[12:08]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að setja á löng ræðuhöld um þetta mál sem er þó stórmál sem ekki aðeins varðar hagsmuni námsmanna heldur samfélagsins alls þegar til lengri tíma er litið. En hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir og hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir hafa gert mjög vel grein fyrir þeim sjónarmiðum sem ég get tekið mjög vel undir.

Hins vegar hefði verið æskilegt að hér væru fleiri hv. þm. sem sæti eiga í menntmn. Ég sakna hv. þm. Árna Johnsens og hv. þm. Tómasar Inga Olrichs. Hv. þm. Hjálmar Árnason, fulltrúi Framsfl., hefur tekið þátt í umræðunni og formaður nefndarinnar, fulltrúi Sjálfstfl. hefur gert það einnig.

Það sem ég vildi byrja á að gera að umtalsefni eru þær staðhæfingar hv. þm. Hjálmars Árnasonar að með þessu frv. hafi náðst sátt um Lánasjóð ísl. námsmanna. Þetta er rangt. Með þessum lögum er ekki verið að staðfesta sátt. Þetta er það sem námsmannahreyfingin á Íslandi og stjórnarandstaðan á Alþingi hefur getað knúið ríkisstjórnina til að gera. Það er ekki sátt um að endurgreiðsluhlutfallið fari í 4,75%. Það er ekki sátt um það. Menn hefðu viljað ganga mun lengra í því efni. Það hefur verið tala um 4,5% sem áfanga á lengri leið. Það er ekki sátt um að grunnupphæðin skuli ekki hreyfð, 53 þús. kr. á ári, 4.400 kr. á mánuði hverjum. Það er ekki hreyft við því. Kjör þeirra sem hafa lökust launin batna ekki við þetta frv. Það er ekki sátt um þetta.

Tillaga stjórnarandstöðunnar, minni hlutans, er að þessi upphæð verði lækkuð verulega, færð úr 53 þús. niður í rúm 30 þús., 34 þús. kr. Um það hefði hugsanlega ríkt sátt. Það er ekki sátt um að það sé heimilt að fara með vaxtaprósentuna upp í 3 prósentustig. Það er heimilt enn þá samkvæmt þessu frv. 3% raunávöxtun, ávöxtun ofan á vísitölu. Það er ekki átt um þetta. Þannig mætti áfram telja.

Þetta er nokkuð sem ég vildi vekja athygli á í upphafi máls míns. Sú niðurstaða sem hér er til umræðu er til orðin vegna þrýstings frá námsmannahreyfingunni sameinaðri og þrýstings frá stjórnarandstöðunni á Alþingi. Hér er að fæðast lagafrv. en það ríkir ekki sátt um það.

Almennt er viðurkennt að menntun sé ein meginforsenda framfara auk þess sem menntun og upplýsing á að mínum dómi að vera sjálfstætt takmark í sjálfu sér einfaldlega vegna þess að með menntun og upplýsingu verður manníð litríkara og skemmtilegra. Það skortir hins vegar nokkuð á að þetta viðhorf sé viðurkennt. Það er öllu almennara að menn líti á menntun sem fjárfestingu fyrir einstaklinga og fjárfestingu fyrir samfélagið í heild. En jafnvel þótt menn geri þetta, jafnvel þótt menn þrengi sjónarhorn sitt á þennan hátt, þá skortir mikið á að fólki sé í reynd skapaður greiður og jafn aðgangur að menntun. Það er aldeilis fráleitt hve smá skref eru stigin með þeim lagabreytingum sem hér eru til umræðu til að fjarlægja þær hindranir sem verða á vegi námsmanna. Reyndar hefur ríkisstjórnin verið að setja upp hindranir og sýnt alveg ótrúlegt ímyndunarafl í þeim efnum. Frægastur þar að endemum er náttúrlega fallskatturinn, sérstakur skattur sem er settur á einstaklinga sem lenda í vandræðum í námi sínu. Þeir eru skattlagðir sérstaklega. Þeir eru gerðir að skattstofni til að afla ríkissjóði tekna, skattur á námserfiðleika. Og eiginlega hvert sem litið er, þá er hægt að taka dæmi um hindranir sem ríkisstjórnin hefur verið að setja upp til að reyna að torvelda námsmönnum aðgang að námi.

Efnisgjald iðnnema t.d. má fara upp í 24 þús. kr. Er þetta til að jafna aðstöðu manna til náms? Og svo eru menn að koma í ræðustól á Alþingi og tala um sátt. Það er af og frá. Það sem Alþingi ætti að gera og ríkisstjórnin ætti að sjá sóma sinn í er að fjarlægja allar þær hindranir sem hún hefur verið að koma upp gagnvart námsfólki. Þannig er aldeilis fráleitt að gera það að skilyrði fyrir námsmenn til að fá lán að ábyrgðarmenn, sem yfirleitt eru aðstandendur með misjöfn efni, þurfi að skrifa upp á að þeir ábyrgist endurgreiðslur. Þess vegna tek ég sérstaklega undir þær ábendingar sem komið hafa fram frá námsmönnum, samstarfsnefnd námsmannahreyfingarinnar, að ákvæði um veruleg vanskil þurfi að skoða í samræmi við ákvæði um ábyrgðarmenn. Þetta er stórmál.

Í öðru lagi hefði þurft að stíga mun stærri skref en stigin eru með þessum lagabreytingum til að lækka endurgreiðsluhlutfall, eins og ég vék að áðan. Það er ekki nóg að fara með endurgreiðsuhlutfallið úr 5%, ég nefni nú ekki 7%, ég held að ekki nokkur maður hafi látið sig dreyma um að fara með endurgreiðsluna í það hlutfall, að fara með endurgreiðsluna úr 5% í 4,75% er einfaldlega allt of lítið skref. Menn hefðu getað sætt sig við það í þessum áfanga að fara í 4,5% en síðan hefði þurft að stíga fleiri skref, fara í 3%. Að mínum dómi hefði þurft að fara með þetta í 3%. Fyrir stóra hópa skiptir þetta ekki ýkja miklu máli. Fyrir alþingismenn t.d. sem þyrftu að greiða af námslánum sínum mundi þetta muna 500 kr. á mánuði, 6.000 kr. á ári, færi úr 9.750 kr. sem þeir þyrftu að borga á mánuði í 9.250 með þeim breytingum sem hér er verið að leggja til. Ef hins vegar væri farið í greiðsluhlutfallið 3%, þá væri þessi tala komin niður í 5.850, tæp 50 þús. á ári, 48 þús. kr. á ári.

En það er þó ekki af þeim hópi, alþingismönnum, sem ég hef mestar áhyggjur eða þeim sem eru á því tekjubili heldur hinum sem eru á mun lægri tekjum. Því að fyrir alla þá sem eru með laun undir 93 þús. kr. á mánuði skiptir þetta engu máli. Þeir þurfa eftir sem áður að borga sínar 4.400 kr. á mánuði. Í rauninni er þetta alvarlegasti hluturinn í lagafrv. og í rauninni óforsvaranlegt að ríkisstjórnin skuli ekki koma til móts við kröfur minni hlutans á Alþingi, stjórnarandstöðunnar, um að færa þessa tölu niður í 34 þús. eins og lagt er til.

Einnig hefði verið mjög mikilvægt að fá fram lagabreytingu núna um að prósentan, vaxtaprósentan færi aldrei yfir eitt prósentustig eins og ég gat um áðan, en nú er heimilt að fara með hana í 3%.

Enn eitt atriði sem ég vildi vekja máls á er þessi furðulega ráðstöfun að niðurgreiða bankakerfið með þessari lausn sem ríkisstjórnin fann til að koma til móts við kröfur námsmanna um samtímagreiðslur. Hér er illa farið með almannafé. Hér er verið að sólunda almannafé og ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að gera þetta beint úr Lánasjóði ísl. námsmanna í stað þess að fara þessa bírókratísku kerfisleið jafnframt því sem menn eru að niðurgreiða bankakerfið á þennan hátt?

Ég ætla ekki að víkja að öðrum einstökum efnisþáttum. Það hafa hv. þm. Sigríður Jóhannesdóttir og hv. þm. Svanfríður Jónasdóttir gert í mjög ítarlegu og mjög vönduðu máli bæði í umræðu í dag og áður þegar þessi mál hafa verið á dagskrá. Eitt atriði langar mig þó til að taka til umfjöllunar til viðbótar. Það varðar brtt. sem fram er komin varðandi málskotsnefnd. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Menntamálaráðherra skipar málskotsnefnd þriggja manna og jafnmarga til vara, sbr. 5. gr., til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Formaður nefndarinnar og varamaður hans skulu fullnægja skilyrðum til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Nefndin getur staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og er endanlegur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur."

Ég lýsi mikilli andstöðu við þessa brtt. og ætla að reyna að færa rök fyrir máli mínu. Í fyrsta lagi er þetta ákveðin veiki sem herjar á allt stjórnkerfið hjá okkur, alla stjórnsýsluna og alla pólitíkina þess vegna. Þetta er eins konar lögfræðingaveiki.

Eins og ég hef áður getið um er varla hægt að koma saman nefnd í stjórnsýslunni án þess að hún sé stútfull af lögfræðingum og hæstaréttarlögmönnum helst. Eins og aðrir séu ekki læsir á lagatexta ef þeir eru yfirleitt læsir. Ég hef margoft orðið var við þetta í umræðu og í tillögum sem koma frá stjórnmálamönnum og er ekki bundið við neinn einn flokk, þetta er svona almenn afstaða. Ég veit ekki hvernig á að skýra þetta, en þetta er tilhneiging sem er mjög greinileg í þjóðfélaginu öllu, e.t.v. ef stjórnmálamenn vilja firra sig ábyrgð, þá er dregið úr vægi pólitískra nefnda og ábyrgðin sett yfir í lagaskýringar og lagatexta. Þetta kom fram í umræðu t.d. um atvinnuleysistryggingar. Þar er málskotsnefnd full af lögfræðingum, hæstaréttarlögmönnum, og allir með fín próf upp á vasann, til að fjalla um álitamál sem að hluta eru lögfræðilegs eðlis en að hluta mannlegs eðlis. Við skulum ekki gleyma því að orð lögfræðinga og dómara eru ekkert einhlít. Það gerist iðulega að dómar klofna, Hæstiréttur klofnar í meiri hlut og minni hluta, hvað þá undirréttur. Þetta er ekkert einhlítt. Ég hef það á tilfinningunni að stundum séu menn að firra sig ábyrgð með því að setja málið í hendur lögfræðinga. Þeir eiga að útkljá hlutina. Ég er mjög andvígur þessu sjónarmiði. Mér finnst þetta vera mjög vafasamt. Ég vil beina því til hv. menntmn. og þeirra sem fjalla um þetta mál hvort þeir eru ekki tilbúnir að endurskoða afstöðu sína til þessa.

Mér er kunnugt um að námsmannahreyfingin hefur lagt áherslu á málskotsnefnd af þessu tagi. Hún lagði aldrei til að það yrðu einvörðungu skipaðir lögfræðingar í þá nefnd. Ég spyr: Væri ekki ráð að endurskoða þetta? Að skipan nefndarinnar yrði með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir, þarna yrði á ferðinni einhvers konar vinnunefnd þess vegna. Ég hef efasemdir um að það eigi að vera endanlegur úrskurður hjá þeirri nefnd. Það er mín persónulega skoðun. Mér finnst að endanlegur úrskurður eigi að vera hjá stjórn lánasjóðsins. En hins vegar mætti hugsa sér líka, því að upp koma mál sem þarf hugsanlega að útkljá fyrir einhvers konar dómi, einhvers konar félagsfyrirkomulag og þá að í þeirri í nefnd eða dómstól af þessu tagi væri — ég skal alveg sætta mig við að það væri eitt stykki hæstaréttarlögmaður, hrl. og síðan væru fulltrúar frá námsmannahreyfingunni og þess vegna hinni hliðinni líka.

Ég varpa þessu nú upp eiginlega óhugsað, en það sem er hugsað af minni hálfu er að mér finnst þessi tillaga óásættanleg eins og hún er, að nóg sé að hafa lögfræðipróf upp á vasann til að fá í hendur endanlegt úrskurðarvald. Mér finnst það vera mjög vafasamt. Reyndar er ég með miklar efasemdir um þessa prófgráðudýrkun, sem kemur fram í lagasetningu á Alþingi. Um daginn vorum við að samþykkja lög þar sem skilyrði er til að geta gegnt forstöðumannsembætti í tilteknum stofnunum hjá hinu opinbera að menn hafi háskólapróf. Það er ekki tilgreint hvaða próf það eigi að vera, hvort það eru heilaskurðlækningar eða dönsk málvísindi, lögfræði, guðfræði eða enska, þýska, sagnfræði. Það skiptir engu máli, hjúkrunarfræði, meinatæknar. Meinatæknar mega sækja um að verða forstjórar hjá ég held Iðntæknistofnun og sagnfræðingar, þeir mega sækja um. Lögfræðingar náttúrlega og guðfræðingar. En smiðir mega ekki sækja um, það er bannað. Það er bannað með lögum. Það er bannað með landslögum sem Alþingi er að setja. Ég spyr nú á þessum tímum jafnræðislaga, stjórnsýslulaga og EES-reglugerða og hvað þetta heitir nú allt, hvort þetta stríði ekki gegn einhverju paragraffi einhvers staðar. Ég bara spyr. Það væri kannski ástæða til þess að athuga það. Ég held það.

Þetta er nokkuð sem ég vil beina til hv. alþingismanna, menntmrh. og hv. þm. Sigríðar A. Þórðardóttur, formanns menntmn. sem hefur verkstýrt þessu máli og gerði hér ágætlega grein fyrir sjónarmiðum sínum við umræðuna og hefur gert, hvort menntmn. er ekki tilbúin til að taka þetta til umfjöllunar á milli umræðna, hvort ekki er ráð að endurskoða málskotsnefndina og alla vega skipan í þá nefnd sem ég tel vera algerlega óaðgengilega. Mér finnst það algert grundvallaratriði ef um slíka nefnd er að ræða að námsmannahreyfingin eigi þar aðild að.

Af því að allir eru að reyna að vera svo óskaplega jákvæðir við umræðuna ætla ég að gera það líka og fagna því sérstaklega að Iðnnemasambandið skuli fá aðild að sjóðstjórninni. Reyndar er fjölgað fulltrúum menntmrh. að sama skapi til að halda valdajafnvæginu þar innan dyra en engu að síður er þetta jákvætt spor. Lokaorð mín eru þau að ég hefði kosið að hér hefðu verið stigin miklu stærri skref til þess að taka burt þær hindranir sem hafa verið settar í götu námsmanna og ítreka að um þá niðurstöðu sem hér er að fást ríkir ekki sátt. En það sem náðst hefur fram hefur náðst fram vegna þrotlausrar baráttu námsmannahreyfinganna og stjórnarandstöðunnar hér á þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álbræðsla á Grundartanga, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 757, nál. 1272 og 1308, brtt. 1273 og 1309.

[Fundarhlé. — 12:36]

[13:31]

Útbýting þingskjals:

Álbræðsla á Grundartanga, 445. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 1308.

[13:32]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti meiri hluta iðnn. um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga. Vegna þess að við erum í nokkru tímahraki vil ég stytta framsögu mína og sleppa því að lesa upp nöfn þeirra 45 eða 50 aðila sem nefndin kallaði fyrir sig og suma oftar en einu sinni en það á ekki að koma að sök vegna þess að nöfn þessara ágætu aðila eru öll skráð á nefndarálitið. Í nefndarálitinu segir m.a. svo:

Á undanförnum árum hafa íslensk stjórnvöld reynt að nýta þá auðlind sem felst í hreinni og endurnýjanlegri orku landsins, m.a. með því að selja orku til erlendra stóriðjufyrirtækja sem setja vilja á fót verksmiðju hér á landi. Sem dæmi má nefna að undirbúningur að byggingu álbræðslu Atlantsálshópsins á Keilisnesi var langt kominn þegar honum var frestað og hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um hvort þeirri framkvæmd verði fram haldið. Aðrar áætlanir hafa gengið eftir eins og stækkun álvers Ísals í Straumsvík. Mun framkvæmdum við stækkunina ljúka á þessu ári.

Við mat á því hvort álverið í Straumsvík yrði stækkað kom m.a. til skoðunar sá kostur að nota hluta af búnaði úr álverksmiðju Vereinigte Aluminium Werke (VAW) sem staðsett var í Töging í Þýskalandi. Alusuisse ákvað að nota eigin tækni við stækkun álversins í Straumsvík en í ágúst 1995 keypti fyrirtækið Columbia Aluminium Corporation (CAC), seinna Columbia Ventures Corporation (Columbia), hluta af búnaði álversins í Töging. Umræður hafa verið um að Norðurál hf. hafi um það áform um að rífa og flytja þessa gömlu verksmiðju frá Töging í Þýskalandi til Íslands. Það sem rétt er í þessu máli er að einungis 7% af stofnkostnaði álversins kemur notað frá Þýskalandi. Í framhaldi af kaupunum kynntu fulltrúar CAC sér aðstæður til að reisa álver hér á landi. Í september 1996 ákvað Columbia að hefja viðræður við íslensk stjórnvöld og Landsvirkjun um rekstur álverksmiðju hérlendis, frekar en í Venesúela þar sem þó buðust hagstæð skilyrði, m.a. hagstætt orkuverð. Byggðist staðarvalið m.a. á þeirri undirbúningsvinnu sem fram hafði farið á vegum sveitarfélaga, MIL, Landsvirkjunar og stjórnvalda.

Vegna umræðna sem fram hafa farið um framkvæmdina og staðarval stóriðju á Grundartanga er rétt að fram komi hér að á tímabilinu frá 1988 til 1994 var unnið að svæðisskipulagi fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar og í svæðisskipulagi er Grundartangasvæðið skipulagt sem iðnaðarsvæði. Það mun síðan hafa verið 1990 að öll sveitarfélögin sunnan Skarsheiðar, þar á meðal Akranes, skrifuðu þáverandi iðnaðarráðherra bréf þar sem iðnaðarsvæðið á Grundartanga var boðið fyrir álver sem svonefndur Atlantsálshópur áformaði að reisa hér á landi. Af þessu sést að það var engin skyndiákvörðun að Grundartangi varð fyrir valinu og augljóst að heimamenn hafa lengi vænst þess að á Grundartanga rísi iðnaðarsvæði. Hugmyndir um stóriðju á þessu svæði hafa því verið til umræðu í mjög mörg ár.

Samkomulagið við Columbia og dótturfélag þess, Norðurál hf., felur í sér fjóra samninga. Í fyrsta lagi fjárfestingarsamning við ríkisstjórn Íslands. Í öðru lagi lóðarsamning við ríkissjóð. Í þriðja lagi hafnarsamning við hafnarsjóð Grundartangahafnar og í fjórða lagi rafmagnssamning við Landsvirkjun.

Norðurál hf. mun reisa og starfrækja álverið. Miðað er við að það framleiði í byrjun um 60 þús. tonn af hrááli á ári en gert er ráð fyrir stækkun þess síðar.

Möguleikar Norðuráls til stækkunar frá því sem nú er áformað, þ.e. úr þeim 60 þúsund tonnum sem nú er áformað, er að auka framleiðsluna síðar meir um hugsanlega 30 þús. tonn upp í um 90 þúsund tonn á ári og síðar er möguleiki um allt að 90 þúsund tonna stækkun og yrði þá ársframleiðsla verksmiðjunnar kominn í um 180 þúsund tonn.

Fjárfestingarkostnaður við að reisa álverið með 60 þús. tonna ársframleiðslugetu er áætlaður um 12 milljarðar kr. Columbia hefur tryggt sér aðföng til framleiðslunnar sem og sölu á hrááli sem framleitt verður í álverinu til 10 ára. Ég vil benda á það sem hér er sagt og ég tel mjög athyglisvert að Columbia hefur tryggt sölu á hrááli sem framleitt verður í verksmiðjunni næstu 10 ár.

Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi í álveri Norðuráls verði 110–135 manns í upphafi en aukist síðan í 150 manns. Margfeldisáhrif þessara 150 starfa til sköpunar annarra starfa eru a.m.k. 1,5 störf eða um 225. Í raun er því um hátt í 400 ný störf að ræða þegar litið er til heildaráhrifa álversins þegar það er komið til fullrar vinnslu.

Vegna álvers Norðuráls, stækkunar járnblendiverksmiðjunnar og árlegrar aukningar raforkueftirspurnar hins almenna markaðar er gert ráð fyrir að fjárfesting í orkumannvirkjum nemi um 22 milljörðum kr. án vaxta á þeim tíma sem framkvæmdir standa yfir. Nefndin kynnti sér rafmagnssamning Landsvirkjunar og Norðuráls sérstaklega. Í mati forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar á samningnum kemur fram að núvirtur hagnaður af orkusölunni verður um 1,3 milljarðar kr. miðað við grundvallarforsendur en það svarar til um 6,8% innri vaxta að raungildi af nauðsynlegri fjárfestingu. Þeir segja að þótt um verulega lækkun álverðs yrði að ræða frá grunnspá yfir samningstímabilið næði Landsvirkjun engu að síður þeirri arðgjöf sem talin er tryggja fyrirtækinu fullnægjandi skaðleysi af framkvæmdum. Það er sameiginlegt mat þeirra að samningurinn sé Landsvirkjun hagstæður og hafi jákvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Samningurinn stuðli þannig að því markmiði að raforkuverð til almenningsveitna lækki um 3% árlega frá árinu 2001 til ársins 2010 en haldist síðan óbreytt en þetta telur meiri hlutinn mjög mikilvæga forsendu fyrir samþykkt málsins og gerir því ekki athugasemdir við þennan þátt málsins.

Framkvæmdir vegna stóriðjuveranna á Grundartanga munu standa yfir næstu fjögur ár og ná hámarki á næsta ári, 1998. Alls verður fjárfest fyrir um 36 milljarða kr. og um 1.600 ársverk þarf til framkvæmdanna. Þjóðhagsstofnun bendir á að fjárfestingar aukist í heild um 14% frá því sem orðið hefði á þessu ári og um 24% á næsta ári. Hagvöxtur 1997 verður 1,2% meiri en ella vegna þessara framkvæmda. Þessi áhrif fjárfestinganna fjara síðan út á árunum 1999–2000 að mati Þjóðhagsstofnunar. Til frambúðar bætast við tæplega 180 störf í iðjuverunum og raforkuvinnslu. Þjóðhagsstofnun áætlar að varanleg áhrif af stóriðju á Grundartanga séu heildaraukning landsframleiðslunnar um 1,1% og heildaraukning þjóðarframleiðslu geti orðið um allt að 0,7% með traustri hagstjórn.

Áhrif verðbólgu vegna stóriðjuframkvæmdanna munu vera um 0,4–0,6% og á árunum 1998–1999 fer síðan að myndast svigrúm til nýrra framkvæmda og þá m.a. til stærri átaka, svo sem í stóriðju. Þjóðhagsstofnun telur efnhagsskilyrði eins og þau eru nú metin lofa góðu um framhaldið. Horfur eru á miklum hagvexti í ár og næstu tvö ár og meira en í helstu viðskiptalöndum okkar. Þjóðhagsstofnun telur það liggja í hlutarins eðli að mikill vöxtur í efnahagslífinu

muni reyna á þanþol hagkerfisins á næstu missirum m.a. vegna meiri halla á viðskiptajöfnuði en æskilegt getur talist. Vegna þessa bendir stofnunin á að mikilvægt er að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði á næstu árum með því að gæta ýtrasta aðhalds í ríkisfjármálum og taka nægilega þétt í taumana á peningamálum til að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda.

Umhverfismál eru sérlega mikilvægur þáttur í stóriðju og virkjunarframkvæmdum. Mikil opinber umræða hefur verið um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers á Grundartanga, um starfsleyfi álversins, um virkjunarframkvæmdir hálendinu og síðast en ekki síst um stefnu Íslendinga varðandi losun á gróðurhúsalofttegundum. Er slík umræða af hinu góða og það vil ég undirstrika. Umhvn. fjallaði að eigin frumkvæði um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga og skilaði Alþingi ítarlegri skýrslu, mál nr. 470 á þskj. 796, sem lögð var fram fyrir 1. umr. þess máls sem er til afgreiðslu. Ég sé ástæðu til þess að nota þetta tækifæri og þakka hv. umhvn. fyrir framlag sitt til málsins og tel að það hafi létt iðnn. verulega störf sín.

Í starfsleyfi fyrir álver Norðuráls kemur fram að bygging og rekstur álverins skuli vera í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfinu skal bygging og rekstur þess einnig vera í samræmi við bestu fáanlega tækni sem völ er á í kerskálum og þurrhreinsvirkjum, sbr. mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, tilmæli 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum og tilskipun ráðherraráðs ESB um mengunarvarnir og eftirlit. Norðuráli ber að senda heilbrigðiseftirliti Akranessvæðis og heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis afrit af öllum skýrslum sem fyrirtækinu ber að senda Hollustuvernd ríkisins. Telur meiri hlutinn þetta ákvæði leyfisins mikilvæga tryggingu þess að nágrannasveitarfélög verksmiðjunnar fylgist á eðlilegan hátt með rekstri hennar. Starfsleyfið mælir fyrir um að komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hætta sem ekki var áður ljós skuli Hollustuvernd í samráði við heilbrigðisnefnd halda fund með Norðuráli hf. og leita lausna til úrbóta. Í framhaldi af slíkum viðræðum skal Hollustuvernd ríkisins gera tillögur til umhverfisráðherra um endurskoðun starfsleyfisins telji stofnunin þörf á. Meiri hlutinn telur að þessi öryggisákvæði starfsleyfisins séu nægilega skýr.

Í ljósi þeirrar almennu umræðu sem orðið hefur um byggingu álvers á Grundartanga tekur meiri hlutinn undir með meiri hluta umhverfisnefndar að marka þurfi heildarstefnu í virkjunar-, stóriðju- og umhverfismálum og leggur jafnframt áherslu á það sjónarmið meiri hluta umhverfisnefndar að hrein og endurnýjanleg orka landsins sé ein af tiltölulega fáum auðlindum þess og að nýting hennar sé ein af undirstöðum þjóðarbúsins. Sérstaklega ber að fagna fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem meiri hlutinn leggur áherslu á að hraðað verði. Það er mat meiri hluta umhverfisnefndar að álverið á Grundartanga verði í hópi þeirra álvera á Norðurlöndum sem strängustu kröfur eru gerðar til og niðurstaða hans er að þær kröfur, sem gerðar séu í starfsleyfi, séu nægilegar. Undir þetta tekur meiri hluti iðnaðarnefndar og vísar að öðru leyti til greinargóðs álits meiri hluta umhverfisnefndar varðandi umhverfisþátt málsins. Jóhanna Sigurðardóttir og Sighvatur Björgvinsson gera sérstakan fyrirvara við umhverfisþátt málsins og telja að strangari kröfur hefði mátt gera til mengunarvarna. Telja verði þó að þær séu fullnægjandi miðað við núgildandi viðmiðanir í lögum. Þá tekur Jóhanna Sigurðardóttir undir gagnrýni minni hluta umhverfisnefndar á málsmeðferð við undirbúning og kynningu framkvæmdanna.

Iðnaðarnefnd óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um þann þátt málsins er lýtur að skattlagningu, reikningsskilareglum, tollum og vörugjöldum og er hún birt sem fylgiskjal. Ekki er gert ráð fyrir heildstæðri sérmeðferð á sköttum Norðuráls hf. heldur eru íslensk skattalög lögð til grundvallar með tilteknum frávikum sem nauðsynlegt var að gera. Sérskattlagningarreglur frumvarpsins eru bæði íþyngjandi og ívilnandi fyrir Norðurál hf. Efnahags- og viðskiptanefnd telur að þegar heildaráhrifin séu metin komi í ljós að skatttekjur ríkisins verði svipaðar og ef almenn skattalög hefðu gilt óbreytt. Meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar gerir athugasemd við 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins og telur að ákvæðið feli í sér framsal á skattlagningarvaldi yfir til sveitarfélaga en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við 5., 6. og 8. gr. frumvarpsins. Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar, Steingrímur J. Sigfússon, tekur undir athugasemdir meiri hlutans um 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. en telur jafnframt að ýmsa þætti málsins hefði þurft að skoða betur.

Með vísan til þess að sveitarstjórnir Hvalfjarðarstrandar- og Skilmannahreppa hafa óskað eftir breytingu á skatthlutfalli af álagningarstofni og athugasemda efnahags- og viðskiptanefndar leggur meiri hlutinn til breytingu á niðurlagi 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. Lagt er til að fasteignaskattur sá, sem Norðuráli hf. ber að greiða, verði 0,75% af 2.393 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1. desember 1996. Þar með er skýrt kveðið á um það hver álagningarstofn fasteignaskattsins sé, enda skal skattamálum skipað með lögum. Þá er bætt við ákvæðum um álagningu og innheimtu fasteignaskattsins. Við ákvörðun á álagningarstofninum var haft til hliðsjónar mat á verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja miðað við 60.000 lesta upphaflega framleiðslugetu álversins eins og gert er ráð fyrir í fjárfestingarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands, Columbia og Norðuráls hf. Álagningarstofni fasteignaskatts verður því að breyta með lögum þegar og ef til stækkunar verksmiðju Norðuráls kemur nema álagningarstofn og álagning miðist við gildandi lög á þeim tíma.

Þá leggur meiri hlutinn til að ný grein bætist við frumvarpið sem kveður á um heimild ríkisstjórnarinnar til að láta flytja veg sem liggur um fyrirhugaða verksmiðjulóð.

Að lokum leggur meiri hlutinn til, að ósk Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps, að hreppunum verði heimilað að stofna sameiginlega byggingarnefnd sem fjallar einvörðungu um öll byggingarmál álvers á Grundartanga, svo og allt byggingareftirlit með framkvæmdunum. Skal byggingarnefndinni heimilt að ráða sérstakan byggingarfulltrúa á meðan á framkvæmdum stendur en að öðru leyti skal fara að ákvæðum byggingarlaga. Þessi heimild er nauðsynleg þar sem byggingarlög gera eingöngu ráð fyrir því að sveitarfélög, sem hafa samvinnu sín á milli með stofnun svæðisbyggingarnefndar, feli svæðisnefndinni öll byggingarmálefni sveitarfélagsins en ekki einstök verkefni.

Þær breytingartillögur sem hér er talað um, virðulegi forseti, eru fluttar á sérstöku þskj. sem er nr. 1273. Vissulega er það rétt sem haldið hefur verið fram að þær stóriðjuframkvæmdir sem nú eru að fara af stað á tiltölulega afmörkuðu svæði geta valdið mikilli þenslu. Það geta þó ekki verið gild rök til að leggjast gegn þeim framkvæmdaáformum sem nú eru uppi. Á hinn bóginn er ljóst hvaða skilaboð felast í

umræðunum. Ég legg áherslu á að á Íslandi er nú betra starfsumhverfi en verið hefur um mjög langt skeið. Það umhverfi þarf umfram allt að verja og vera okkur hvatning sem allra víðast á landinu til aukinnar sóknar og atvinnuuppbyggingar. Með vísan til þess að hér er um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1273 eins og ég gat um áðan.

Undir þetta nefndarálit rita allir fulltrúar í iðnn. nema hv. þm. Svavar Gestsson sem skilar sérstöku nefndaráliti. En undir nefndarálitið skrifa Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason og Pétur Blöndal. Sighvatur Björgvinsson og Jóhanna Sigurðardóttir skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka nefndarmönnum í iðnn. fyrir mikið og gott starf, ekki bara við þetta mikla mál heldur fyrir allt samstarfið í vetur sem hefur gengið einstaklega vel og, eftir því sem ég hef frétt, mætti vera öðrum nefndum til fyrirmyndar.

[13:54]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir þau orð sem hann viðhafði í lok sinnar ræðu um starfið í iðnn. Ég get tekið undir þau orð hans og sagt að hann hefur sem formaður lagt sig fram um að reyna að tryggja eins vandaða málsmeðferð og mögulegt er. Það er ekkert einfalt mál, ekki síst ef um er að ræða mál eins og t.d. það sem hér er verið að ræða, og ég tel í rauninni að það sé til fyrirmyndar að ná þannig meðferð á máli að það takist án verulegra illinda eða deilna að afgreiða það frá nefndinni. Það er gott fyrir þingið að mínu mati, en það er líka gott fyrir þau mál sem um er að ræða og ég tek undir þakkir til hv. þm. í þeim efnum.

Varðandi málið að öðru leyti vil ég einnig segja og er ástæða til þess að nefna það að fjöldinn allur af aðilum kom til fundar við nefndina og menn gerðu skilmerkilega grein fyrir sjónarmiðum sínum. Því fólki er ástæða til að þakka. Sömuleiðis starfsmönnum iðnrn. sem sinntu því að veita okkur upplýsingar eftir því sem kostur er.

Það breytir hins vegar ekki því að ég er ósammála þessu máli og á þskj. 1308 legg ég til ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem þess verði freistað að semja á ný um mengunarvarnir, staðsetningu og stærð álversins. Samningu verði lokið fyrir 30. júní 1997 og þing þá kallað saman á ný til að fjalla um málið. Ég tel málið með öðrum orðum vanbúið og gallað og ég tel að í því felist ekki þeir kostir fyrir efnahags- og atvinnulíf í landinu sem ríkisstjórnin hefur viljað vera láta. Ég tel reyndar að það megi auðveldlega sýna fram á að veigamiklir gallar séu á málinu sem geti haft alvarleg efnahagsleg áhrif líka þegar fram í sækir.

Í nefndaráliti minni hluta iðnn. rek ég þau atriði sem ég tel að mestu skipti í þessu máli, en áður en ég kem að þeim ætla ég aðeins að víkja að efnahagshlið málsins. Ég hygg að það hafi verið að mínu frumkvæði að hv. iðnn. óskaði eftir því að Seðlabankinn, Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilar kæmu til fundar við nefndina til þess að reyna að meta hvaða áhrif allar þessar framkvæmdir upp á 11 milljarða kr. í ár og samtals upp á 20–30 milljarða kr. gætu haft á efnahagslífið. Það liggur fyrir í gögnum Þjóðhagsstofnunar að til lengri tíma litið getur falist nokkur hagvöxtur í verkefni eins og þessari verksmiðju hér. En það kom líka fram í áliti Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka að við erum að taka talsverða efnahagslega áhættu. Sú efnahagslega áhætta stafar af því að hér er verið að dæla inn í hagkerfið nokkrum tugum milljarða kr. sem við munum ekki borga jafnharðan heldur löngu seinna. Þannig verður að halli á viðskiptajöfnuði landsins við útlönd á þessu ári, 1997, stefnir í 26 milljarða kr. Það þýðir raunverulega skuldasöfnun þjóðarinnar á árinu 1997 sem nemur hvorki meira né minna en 5% af landsframleiðslu sem er gríðarlega hátt hlutfall.

Í þessu sambandi má gjarnan bera töluna saman við árið 1996, en þá var hallinn á viðskiptajöfnuði liðlega 9 milljarðar kr. og í hittiðfyrra, árið 1995, var afgangur á viðskiptajöfnuði upp á 3,4 milljarða kr. Staðreyndin er sú að það hefur verið að myndast mjög víðtæk samstaða á Íslandi um nauðsyn þess að borga niður skuldir og í gær eða fyrradag var samþykkt hér á Alþingi till. til þál. frá hv. 16. þm. Reykv. um að það þyrfti að borga niður skuldir, það ætti að stefna að því að borga niður skuldir skipulega. Hér eru allt aðrir hlutir á ferðinni. Hér er ekki um það að ræða að menn séu að borga niður skuldir heldur er verið að auka skuldasöfnun þjóðarbúsins stórkostlega frá því sem ella hefði verið.

Svarið við þessari fullyrðingu minni er væntanlega það að fyrir þessar skuldir, fyrir þessar lántökur séu menn að gera góða hluti sem munu gera þjóðinni auðveldara að standa undir lífskjörum sínum í framtíðinni á öllum sviðum, í velferðarmálum, efnahagsmálum og atvinnumálum. En það er ekki víst að svo sé, herra forseti. Ég dreg reyndar í efa að það sé svo. Ég held að menn séu hér að fórna stöðugleika í efnahagsmálum um hríð fyrir tiltölulega mjög lítinn ávinning.

Í hverju birtist þessi vandi og þessi þensla í efnahagsmálum? Hann birtist ekki bara í því að viðskiptahallinn verði á þessu ári þrisvar sinnum meiri en hann var í fyrra. Hann birtist líka í því að það verður um örlítið meiri verðbólgu að ræða en ella hefði verið, það þýðir aftur hærri vexti en ella hefði verið og það þýðir aftur óhagstæðari gengisskráningu en ella hefði verið um að ræða. Þessir hlutir hafa það aftur í för með sér að atvinnuvegirnir aðrir en stóriðjan búa við verri kjör en annars hefði verið um að ræða á þeim árum sem þenslan stendur yfir. Það er sem sagt verið að fórna, tímabundið a.m.k., vaxtarmöguleikum annarra atvinnuvega fyrir þá uppbyggingu sem hér er verið að gera tillögur um.

Ég þráspurði talsmenn Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar um það hvernig þessi mál litu út þegar upp væri staðið eftir t.d. 10–15 ára feril eða svo og ég verð að segja alveg eins og er að þeir svöruðu þessum spurningum mínum eftir bestu getu. En þeir geta í rauninni ekki framreitt endanlegar sannanir í þessum efnum. Þeir geta byggt á líkum. Ég held hins vegar, herra forseti, að staðreyndin sé sú að hér sé fyrst og fremst um að ræða spurningu um pólitískt mat og pólitíska tilfinningu fyrir hlutunum. Og ég held að þegar allt er lagt saman, þegar bætist við að þenslan mun hafa í för með sér þenslu á vinnumarkaði, þegar bætist við að þenslan mun hafa í för með sér hærri vexti, þenslan mun hafa í för með sér aðra gengisskráningu, þenslan mun hafa í för með sér aðeins meiri verðbólgu, þá þýðir þetta allt minni hagvaxtarmöguleika annarra atvinnugreina og annarra atvinnuvega á Íslandi en ella væri. Ég segi þess vegna, herra forseti, þegar þetta er lagt saman, þá hef ég ekki tilfinningu fyrir því að álver Columbia Ventures Corporation á Grundartanga muni

í rauninni bæta mjög miklu við hagvöxt og efnahagslíf á Íslandi til lengri tíma litið.

Hér er ég reyndar, herra forseti, bara að tala um beinharðar staðreyndir og beinharðar tölur, skýrar og ákveðnar tölur. Ég er ekki að tala um þá tilfinningu sem margir hafa að uppbygging álvera af þessu tagi gjörbreyti ímynd Íslands, t.d. sem ferðamannalands, sem hreins lands. Og ég er alveg sannfærður um að sá veruleiki er ekki góður fyrir ímynd Íslands að Grundartangi og Hvalfjörður verði stærsta stóriðjusvæði á Íslandi, en margt bendir til þess að það verði þannig þegar við bætist að útlendir ferðamenn sem hingað koma hafa kannski ekið fram hjá álveri á Keilisnesi og álveri í Straumsvík og fara svo hér upp fyrir Reykjavík, að vísu um göngin og sjá þar af leiðandi minna af fyrirtækjunum í Hvalfirði en samt eru þau þar. Ég er ekki viss um að þetta sé gott fyrir ímynd landsins. Auðvitað eiga menn að meta þessa hluti eins og hægt er, en ég set spurningarmerki við þetta. Ég segi það alveg eins og er, spurningarmerki við þetta.

Ég held að það væri auk þess betra fyrir Ísland og framtíð Íslands og Íslendinga að við hægðum aðeins á okkur í þessum málum og spyrðum: Erum við örugglega á réttri braut?

Þetta segi ég líka vegna þess sem kemur svo fram í nefndaráliti mínu að ég hef sterka tilfinningu fyrir því að verð á raforku á alþjóðlegum mörkuðum á næstunni muni snarhækka. Við fengum reyndar blaðaúrklippur um það í hv. iðnn. að það er bersýnilegt að um er að ræða verulega hækkun á raforku í nágrannalöndum okkar. Ég held að við séum að fórna þeirri hækkun á raforkuverði sem er fram undan með því að festa mjög mikið af orku okkar í orkusölusamningum af því tagi sem hér er um að ræða sem skila okkur tiltölulega litlum ávinningi. Satt að segja er það þannig að það eru gríðarlegir möguleikar sem felast í því að orkuverð í heiminum er að breytast og það er alveg greinilegt að lífskjör á Íslandi á komandi árum og áratugum byggjast auðvitað eins og menn vita á hugviti, menningu og fiski, en þau munu líka í vaxandi mæli byggjast á því að við getum selt orku okkar á mjög háu og góðu verði og þess vegna borgar sig ekki að sturta henni í stórum stíl í fyrirtæki sem eru óstöðug og borga tiltölulega mjög lágt verð. Og það er gamaldags nýlenduþjóðarhugsunarháttur að við þurfum að taka við hverju sem er í þessum efnum. Það er langt frá því. Staðreyndin er sú að Íslendingar geta gert miklar kröfur um hátt verð á orku og miklar kröfur um góðan mengunarvarnabúnað. Við getum það af því að það erum við sem höldum á þessum verðmætum, orkunni, og ráðum því með hvaða kjörum þau eru seld öðrum. Ég tel það þess vegna bráða skammsýni sem hefur gripið menn í sambandi við þessi stóriðjumál sem er að sumu leyti skiljanleg vegna þess að menn hafa í mörg ár verið að leita að leiðum til þess að selja orku. Það hefur ekki gengið vel og það kemur svona rykkur í það mál núna. En þá vill svo til að um leið og það gerist eru horfur á því að orkuverðið muni á allra næstu árum hækka miklu meira á heimsmarkaði en við sáum fyrir fyrir stuttu.

Með öðrum orðum, herra forseti, ég set alvarleg spurningarmerki við efnahagslega hlið þessa máls og dreg í efa að af þessari uppbyggingu sé sá efnahagslegi ávinningur þegar upp er staðið sem látinn er í veðri vaka af því að menn séu að fórna vaxtarmöguleikum annarra atvinnuvega á Íslandi á sama tíma vegna verðbólgu, vaxtahækkunar, gengisbreytingar og þenslu.

Herra forseti. Í nefndaráliti minni hluta iðnn. á þsk. 1308 eru nefnd fimm atriði sem ég tel að skipti mjög miklu máli í sambandi við það mál sem hér er til meðferðar. Í fyrsta lagi er það aðdragandi málsins og framkoma stjórnvalda gagnvart íbúum Kjósarsýslu í Hvalfirði sunnanverðum sem er í raun og veru ákaflega alvarlegt umhugsunarefni. Íbúarnir stofnuðu sér til varnar samtökin Sól í Hvalfirði og óskuðu eftir því að farið yrði að tilteknum leikreglum. Stjórnvöld svöruðu því í fyrstu engu og fóru lengst af fram af nokkru tillitsleysi. M.a. báru þau því við að íbúarnir í Kjósinni hefðu mátt vita að búast hefði mátt við öðru stóriðjuveri á Grundartangasvæðinu samkvæmt settu aðalskipulagi. Þetta er í raun og veru ekki sanngjörn uppsetning mála að mínu mati eins og ég kem að hér á eftir.

Í öðru lagi tel ég að annar aðalþáttur málsins sé staðarvalið sem ég tel að sé umdeilanlegt af mörgum ástæðum. Ég nefni þrjár hér í þessum inngangi. Í fyrsta lagi tel ég að það sé álitamál hvort rétt er að setja fyrirtækið niður í Hvalfirði við hliðina á öðru stóriðjuveri. Þannig er verið að hlaða á einn stað stóriðjuverum sem skynsamlegra væri að dreifa um landið. Ég lét kanna það sérstaklega hvað það hefði kostað í raforkuverði að setja þetta stóriðjuver niður á Keilisnesi og munurinn liggur aðallega í því að þá hefði þurft að leggja meiri peninga í raflínur en um er að ræða á Grundartanga, hann liggur auðvitað líka í öðrum þáttum. En að því er raflínurnar varðar og að því er Landsvirkjun varðar hefði þetta þýtt í orkuverði innan við 0,1 mill á kwst. í minni tekjum fyrir Landsvirkjun að selja orkuna á Keilisnesi en að selja hana á Grundartanga.

Í öðru lagi tel ég að staðsetning fyrirtækisins sé mikið álitamál frá byggðasjónarmiði. Þá er ég að tala um landið allt. Þenslan verður hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu. Það er ekki gott fyrir landsbyggðina, það er ekki gott fyrir Ísland og ekki gott fyrir þéttbýlið að ýta undir enn þá frekari byggðaröskun en hvort eð er verður í markaðsþjóðfélaginu þegar peningarnir sogast allir hingað á þéttbýlishornið. Ég tel með öðrum orðum að staðsetning þessa fyrirtækis sé mikið álitamál út frá byggðasjónarmiði.

Í þriðja lagi tel ég að staðsetning fyrirtækisins sé mikið álitamál út frá umhverfissjónarmiði eins og ég kem að hér á eftir.

Þriðji aðalþáttur málsins er svo sú staðreynd að fyrirtækið Columbia Ventures Corporation er veikt fyrirtæki fjárhagslega. Það er svo veikt fyrirtæki að hv. efh.- og viðskn. taldi sérstaka ástæðu til að rannsaka eiginfjárstöðu þessa fyrirtækis í Bandaríkjunum og hygg ég að það sé einsdæmi að efh.- og viðskn., þ.e. fulltrúar allra flokka stjórnar og stjórnarandstöðu í efh.- og viðskn. gerðu út leiðangur til þess að kanna sérstaklega eiginfjárstöðu og getu þessa fyrirtækis. Enda hefur það reyndar komið í ljós, herra forseti, að það hefur gengið heldur á afturfótunum með að tryggja þessu fyrirtæki fjármögnun. Ég er ekki viss um að allt sé komið í höfn, herra forseti, vegna þess að fyrirtækið er að mörgu leyti veikt.

Út af fyrir sig er ég þeirrar skoðunar að það geti verið gott fyrir Ísland að annað fyrirtæki en Alusuisse reisi hér álver til þess að hafa samanburð, til þess að hafa í raun og veru möguleika á því að bera hlutina saman í orkusölusamningum, mengunarvörnum og öðru gagnvart t.d. stóriðjuverum í Straumsvík. Ég held hins vegar að menn þurfi að gæta þess mjög vel að þau fyrirtæki sem um er að ræða séu trúverðug að öllu leyti. Og meðferð málsins í hv. iðnn., þó að ég telji að hún hafi verið vönduð undir forustu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, hefur ekki sannfært mig um að þetta fyrirtæki

sé sterkt. Þvert á móti liggur mér við að segja að framganga og framsetning mála af hálfu forráðamanna fyrirtækisins hafi heldur fjölgað spurningarmerkjum um það en hitt.

Fjórði aðalþáttur þessa máls snertir umhverfismálin. Hreinsibúnaður fyrirtækisins verður ekki eins góður og best verður á kosið. Þess vegna flyt ég ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur sérstakar brtt. við frv. um að komið verði fyrir vothreinsibúnaði og að ákvæði verði um það í lögunum ef frv. verður samþykkt hér. Að því kem ég nánar á eftir.

Fimmti þáttur málsins er svo raforkuverðið til fyrirtækisins. Það er lágt, en það er á mörkunum að sleppa fyrir Landsvirkjun að mínu mati, en það er hins vegar of lágt með hliðsjón af því að orkuverð er að hækka stórkostlega allt í kringum okkur um þessar mundir. M.a. er það þannig að fyrirtækið landsvirkjun Noregs, þ.e. Statskraft, býður núna orkuverð sem er milli 20–22 norskir aurar á kwst. meðan við erum að fá 10,9 norska aura á hverja kwst. frá járnblendiverksmiðjunni samkvæmt upplýsingum í erlendum blöðum. Sem sagt, verðið sem þar er um að ræða og við teljum sleppa fyrir okkar Landsvirkjun er helmingurinn af því sem norska fyrirtækið er að bjóða núna. Og af hverju eru þeir að bjóða þetta núna? Það er vegna þess að það hafa orðið skipulagsbreytingar í raforkumálum. Það er vegna þess að verið er að loka kjarnorkuverum sem skapa Norðmönnum möguleika til þess að pína upp þetta verð og að því kem ég nánar á eftir.

Þessi fimm atriði sem ég hef nú talið upp eru að mínu mati aðalatriði málsins fyrir svo utan efnahagsþáttinn sem ég rakti nokkuð rækilega hér í upphafi og mér finnst að eigi að skoða í málinu í heild.

Ég kem þessu næst, herra forseti, að nánari umfjöllun um einstök atriði og ætla fyrst að fjalla um raforkuverðið. Ég skynja stöðuna þannig eftir þá yfirlýsingu sem meiri hluti stjórnar Landsvirkjunar samþykkti um 4. og 5. áfanga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, að stefna stjórnvalda í raforkuverðsmálum sé á bilinu 21–23 mill á kwst. Ég vil segja það hér, herra forseti, að ég tel að þetta sé of lágt verð og of metnaðarlítil stefna, ekki vegna kostnaðarins hér eingöngu, heldur sérstaklega vegna þess að það eru stórfelldar verðhækkanir að verða á raforku allt í kringum okkur. Þessi tala, 21–23 mill á kwst., er því miður bókfærð stefna stjórnvalda. Hún er í samþykkt meiri hluta stjórnar Landsvirkjunar frá því í vetur þannig að í raun og veru hafa stjórnvöld á Íslandi gefið þetta plagg upp sem okkar stefnu, 21–23 mill á kwst. og það er of lágt miðað við möguleikana sem nú eru á raforkumarkaði í heiminum.

Það kom líka fram hjá hæstv. iðnrh. í iðnn. að mjög margir aðilar eru að leita hófanna um ný fyrirtæki hér á landi núna. Það liggur þannig vegna þess að það spyrst auðvitað að menn séu hér að opna fyrir lágt raforkuverð miðað við það sem kostur er á annars staðar. Og af hverju er raforkuverð að hækka í kringum okkur? Það er í fyrsta lagi vegna þess að það er áætlað og hefur sums staðar reyndar þegar verið gert, að leggja á umhverfisskatta. Hér er það þannig að búið er að loka stórum hluta orkuiðnaðarins og ekki verður því hægt að leggja umhverfisskatta á þá orku sem seld er í Straumsvík eða Grundartanga af því að samningarnir eru læstir til tveggja áratuga og þess vegna verður ekki hægt að koma því við að leggja á umhverfisskatta hér á landi þó að menn vildu það af því að samningarnir hér eru stífari en t.d. gerist í Svíþjóð.

Þá kem ég að ástæðu tvö, þ.e. ástæðunni fyrir því að verðið á raforkunni er að hækka og það er að verið er að loka kjarnorkuverum. Af þeirri ástæðu er verðið t.d. í Svíþjóð að hækka. Og er það þannig að sænsk stóriðjufyrirtæki geti treyst því að þau haldi lága verðinu um aldur og ævi sem þau sömdu um fyrir mörgum árum eins og er á Íslandi í þessum samningum sem voru gerðir fyrir 20 árum og er enn þá verið að gera hér? Nei. Sænsku stóriðjufyrirtækin geta ekki treyst því. Þau verða að búa sig undir það að verðið á orkunni hækki. Þess vegna er það sem Grängers er að loka álverksmiðju í Svíþjóð. Það er vegna þess að sænsk stjórnvöld ætla að hækka verðið á orkunni til Grängers-verksmiðjunnar sem þar hefur verið.

Í þriðja lagi, herra forseti, eru að eiga sér stað miklar skipulagsbreytinbgar á orkumarkaðinum í Evrópu. Hann er að verða einn samfelldur samkeppnismarkaður og það er greinilegt að þjóð eins og Norðmenn sem geta tengt sig við Evrópusvæðið með streng og hafa gert og eru í þeirri stöðu að geta selt orku um alla Norður-Evrópu og Norðurlönd hafa komið hlutunum þannig fyrir að orkuverð í Noregi er að hækka mjög verulega. Reyndar er það svo að það er orðið tilfinnanlegt hjá almenningi, heimilunum þar því þar hefur orkuverðið verið að hækka mjög mikið og það er sérstaklega mikið vandamál t.d. í afskekktum byggðum í Noregi þar sem ekki er hægt lengur að koma við sams konar félagslegum, byggðalegum jöfnunaraðgerðum og áður var gert.

Ég held, herra forseti, að þetta séu atriði sem verður að hafa í huga. Og það verður að hafa í huga vegna þess að fjöldi fyrirtækja er að sækja á hér á landi. Það er Atlantal-hópurinn sem raunar heldur sínum málum enn þá vakandi. Það var síðast fundur í janúar í New York. Norsk Hydro er hér á sveimi. Elkem er að fá hér sterka stöðu að ekki sé meira sagt, ávísun á tiltölulega mjög góða samninga í framtíðinni fyrir raforku, mikið betri á Íslandi en í öðrum löndum. Það eru í gangi viðræður og þreifingar við bandarísk fyrirtæki og evrópsk fyrirtæki bæði um verksmiðjur í málmiðnaði og efnaiðnaði. Það er verið að tala um magnesíumverksmiðju þannig að það er greinilegt að mikil hreyfing er á þessum málum og þá er auðvitað um að gera, ef menn ætla að taka við þessu sem er svo spurning út af fyrir sig, að Íslendingar setji sér það að metnaði að segja: „Við viljum almennilegt raforkuverð og við viljum ýtrustu kröfur í umhverfismálum, ýtrustu kröfur. Og við hlustum ekki á það þó að menn séu t.d. að væla undan því að það sé of dýrt að setja upp vothreinsibúnað í fyrirtæki eins og því sem við erum að ræða hér.“ Svoleiðis viðbárum á að vísa á bug. Íslendingar eiga að hafa metnað, stolt og reisn til þess að vísa á bug, mér liggur við að segja væli af því tagi að koma á vothreinsibúnaði við verksmiðjuna á Grundartanga.

Í tengslum við þessi mál veltum við því fyrir okkur, herra forseti, af eðlilegum ástæðum, hvar þetta allt saman eigi nú að vera. Það er alveg greinilegt af umfjöllun um þetta mál í hv. iðnn. að iðnrn. leiddi forráðamenn Norðuráls upp á Grundartanga, eða eins og þeir orðuðu það sjálfir: „Okkur var boðið þetta svæði.“ Öllu sem heitir byggðasjónarmið eða hvað það nú er, var því vikið til hliðar og það er dálítið sérkennilegt og umhugsunarvert að Framsfl. skuli bera ábyrgð á málsmeðferð af þessu tagi.

Það er greinilegt núna, herra forseti, að fjögur svæði eru í grófum dráttum aðallega talin koma til greina fyrir stóriðju á Íslandi. Það er í fyrsta lagi Grundartangi. Það er í öðru lagi Keilisnes. Það er í þriðja lagi Dysnes í Eyjafirði og það er í fjórða lagi Reyðarfjörður. Og þetta er röðin sem er unnið með. Það er þannig. Og það er bersýnilegt að eins og

staðið er að málum, þá bendir allt til þess að það verði áfram haldið á þeirri braut að raða stóriðjufyrirtækjum í Hvalfjörð. Ég ætla af þessu tilefni að bera fram fyrstu spurninguna til hæstv. iðrnh. Teldi hann koma til greina að setja eitt stóriðjufyrirtæki enn í Hvalfjörð, á Grundartanga, miðað við þær afleiðingar sem það hefði fyrir umhverfi, byggð, atvinnulega og efnahagslega þróun hér á svæðinu? Teldi hann það koma til greina? Ég tel það ekki koma til greina. Ég tel að ef farið yrði út í það að byggja hér fleiri stóriðjuver, þá eigi þau ekki að vera þar heldur einhvers staðar annars staðar.

Það hefur verið sagt að þeir Kjósarmenn hafi mátt vita að álver yrði reist á Grundartanga af því að þar sé í skipulagi gert ráð fyrir iðnaðarsvæði eins og hv. formaður iðnn. orðaði það hér áðan. Það er örugglega alveg rétt. Hverjum dettur í hug tvær stórverksmiðjur, þegar þeir sjá orðið iðnaðarsvæði? Íhaldið í Reykjavík er að reyna að gera sig breitt vegna þess að það stendur til að hafa iðnaðarsvæði að hluta til hérna á Geldinganesi. Það stendur iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Og þeir segja að verið sé að reyna að eyðileggja Geldinganesið og Reykjavík og allt umhverfið með því að kalla þetta iðnaðarsvæði. En dettur nokkrum í hug, ekki einu sinni íhaldinu í Reykjavík, að halda því fram að þarna standi til að setja upp stóriðju? En það er það sem verið er að tala um. (**Iðnrh.:** R-listanum.) Það er rangt. Það er ótrúlegt ef hæstv. ráðherra heldur að hlutirnir séu svona, ótrúlegt. Er hæstv. iðnrh. að halda því fram að það eigi að setja stóriðju á Geldinganes? Er hæstv. iðnrh. að halda því fram? Hann svarar því með jái og ég skora á alla viðstadda og helst fleiri að taka eftir því að hæstv. iðnrh. telur sig sem stuðningsmann Reykjavíkurlistans vera að heimta stóriðju á Geldinganes. Það er það sem hann er að segja. Þá vil ég segja við hann: Aðrir stuðningsmenn sama lista styðja ekki þessi viðhorf þannig að það sé skýrt. (Gripið fram í.) Og borgaryfirvöld hafa ekki gert það heldur þannig að þetta frammíkall hæstv. iðnrh. staðfestir auðvitað að um er að ræða verulegan ágreining um uppbyggingu þessa ef hann gerir sér í hugarlund að það standi til að setja 180 þúsund tonna álver á Geldinganes (Gripið fram í.) sem er bersýnilega tillaga Framsfl. og er athyglisvert. Það er athyglisvert og umhugsunarvert að Framsfl. ætlar að beita sér fyrir því að setja upp 180 þúsund tonna álver á Geldinganes. Það er athyglisvert að ekki sé meira sagt.

Veruleikinn er nefnilega ekki sá, herra forseti, og veruleikinn er ekki sá að þeir Kjósarmenn hafi getað reiknað með því að sett yrði upp álver til viðbótar í Hvalfirði. Það er ekki rétt. Og það er ósanngjarnt af hæstv. iðnrh. að sparka í Kjósarmenn eins og hann hefur gert með því að segja: „Þeir máttu vita þetta." Þeir gátu ekki vitað þetta vegna þess líka að það er búið að tala um það í mörg, mörg ár að það ætti að setja eitthvert álver eða fyrirtæki þarna upp frá, stórfyrirtæki af einhverju tagi en aldrei hefur orðið neitt úr neinu þannig að það var komið aftan að þeim. Og það var ekki heiðarleg framkoma við íbúa Kjósarsýslu af hálfu Framsfl. í þessu máli. Það voru ekki mannasiðir. Það er kannski allt í lagi að þeirra mati, bæði að brjóta lög landsins með því að setja vitlausar reglugerðir og koma svona fram við fólk, en það er þó þeirra vandamál.

Ég tel að um sé að ræða mjög alvarlegan hlut, herra forseti, ef veruleikinn er sá að stefnt sé á það að fleiri stóriðjufyrirtækjum verði raðað upp í Hvalfirði með þeim hætti sem bersýnilega er ætlunin að gera því að Framsfl. teymir alla sem hafa áhuga á stóriðju upp í Hvalfjörð. Engar upplýsingar hafa komið fram um annað þó að menn séu að ræða að Atlantal-hópurinn komi sér fyrir á Keilisnesi, ef hann kemur hingað á annað borð sem ég held að sé engan veginn öruggt.

Í tengslum við þetta frv. benti ég á það við 1. umr. málsins að skattamál stóriðjufyrirtækjanna væru sérkennilegt fyrirbæri á Íslandi. Það gilda sér skattalög um hvert einasta stóriðjufyrirtæki í landinu. Ég hefði talið að það væri eðlilegra að til væru heildarlög um þessi mál. En það er ekki hægt, herra forseti, að koma því við almennilega vegna þess að það hefur verið samið til áratuga um skatta hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, bæði almenna skatta og skattaundanþágur. Ég tel að það að vera með sérlög um skatta allra stóriðjufyrirtækja eins og hér er sé varhugavert og menn hefðu átt að nota tækifærið í tengslum við einmitt þetta frv. hér til þess að fara öðruvísi í málin. Ég óskaði eftir því, herra forseti, við 1. umr. málsins að reynt yrði að halda þannig á málum að það yrði farið öðruvísi í skattamál þessa fyrirtækis og reynt að fella þau algerlega að skattalögunum eða að sérlögum um öll stóriðjufyrirtæki. Því miður tókst hv. formanni iðnn. ekki að fá hæstv. iðnrh. til þess að taka þannig á þessum málum og það er slæmt vegna þess að með þessu er verið að búa til flóru af fyrirtækjum í landinu, þ.e. við Mývatn, í Straumsvík og tvö á Grundartanga þar sem hvert fyrirtæki er með sín sérstöku skattalög. Öll þessi fyrirtæki eru ríki í ríkinu og það er ekki hægt að breyta þessum skattalögum nema með því að fara í endursamninga við eigendur þessara fyrirtækja. Þannig er búið að binda Ísland í báða skó í þessum efnum.

Ég vil einnig láta það koma fram, herra forseti, að í tengslum við þetta mál hefur það verið rætt sérstaklega að hluta af raforkuþörfum þessa fyrirtækis verður mætt með Nesjavallavirkjun og þar með er verið að breyta karakter, eðli Landsvirkjunar frá því sem ella hefur verið. Þess vegna kölluðum við forráðamenn Hitaveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar á fund iðnn. og óskuðum eftir upplýsingum um það hvort til stæði að lækka sérstaklega af þessu tilefni orkuverð í Reykjavík umfram það sem aðrir mundu gera. Því var neitað af þeim borgaryfirvöldum sem mættu á svæðið og bókfæri ég það sérstaklega í nefndarálitinu til þess að það liggi fyrir í þingskjali.

Ég vil þessu næst, herra forseti, víkja aðeins að samtökunum Sól í Hvalfirði. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka forráðamönnum þeirra samtaka fyrir það sem þeir hafa afrekað við að halda þinginu og þjóðinni vakandi í þessu máli. Ég harma að þeir skuli ekki hafa getað tryggt það að iðnrh. rumskaði í þessu máli. Og ég harma það auðvitað að í rauninni skuli mjög lítið hafa verið hlustað á þetta fólk þangað til að í morgun var undirritaður tiltekinn samningur um umhverfisvöktun sem er mikilvægur árangur og er því að þakka að þessi grasrótarhreyfing varð til. Annars hefði þessi samningur ekki verið gerður. Engu að síður eru mjög mörg atriði sem þeir forráðamenn Sólar í Hvalfirði hafa sett fram sem ríkisstjórnin hefur ekki hlustað á. Hún hefur kosið að forakta þetta fólk undir forustu hæstv. iðnrh.

Talsmenn samtakanna Sólar í Hvalfirði voru spurðir á fundi nefndarinnar af hverju þeir hefðu ekki verið fyrr á ferðinni með mótmæli þar sem fyrir hafði legið um alllangt skeið að til stæði að þróa enn frekari stóriðju á Grundartanga. Þeir svöruðu því til að stjórnvöld hefðu mjög lengi verið að ræða um stóriðju og álver út um allt og því hefði ekki verið talin nein sérstök ástæða til þess að bregðast við þessu máli á Grundartanga fyrr en núna. Þeir gagnrýndu það að þeir töldu að stjórnvöld hefðu ekki sinnt grundvallarkynningu í málinu og þeir sögðu að stjórnvöld hefðu komið aftan að

fólkinu með ákvörðun um álver á Grundartanga. Það var spurt sérstaklega um vothreinsibúnað og sem svar við þeirri spurningu lögðu þeir fram skýrslu sem birt er sem fskj. með nefndaráliti mínu og ég mun fara hér yfir á eftir í fskj. I.

Fram kom í meðferð málsins að landbúnaðarþáttur umhverfisins hafði ekki verið metinn í aðdragandandum og er það einkar athyglisvert að menn skuli ekki gera meira úr þessum þætti, ekki bara af tillitssemi við þá sem búa í Hvalfirði heldur líka vegna þess að það hefði verið skynsamlegt út frá hagsmunum þjóðarinnar í heild og með hliðsjón af hugsanlegri uppbyggingu stóriðju í framtíðinni að láta meta sérstaklega landbúnaðarþáttinn þarna. Svo mikil stóriðja hefur ekki áður verið sett upp í landbúnaðarhéraði. Það hefði því verið full ástæða til þess að meta landbúnaðarþáttinn alveg sérstaklega í þessum efnum.

Allir vita líka að fátt á verr saman en landbúnaður og stóriðja og það viðurkenna allir. Formaður þingflokks Framsfl. var spurður að því í sjónvarpsþætti núna fyrir nokkru hvort hún hefði áhuga á því eða vildi koma upp stóriðjuveri í Eyjafirði. Hún sagðist viðurkenna að hún hefði ekki sérstakan áhuga á því af því að hún ætti heima þar og væri bóndi þannig að ég hygg að um það sé mjög víðtæk samstaða að það er ekki mikill taktur í því að reyna að vera með hlið við hlið landbúnað og stóriðju og þess vegna hefði verið eðilegt að fallast á að fram hefði farið sérstök athugun á landbúnaðarþættinum í umhverfinu.

Það kom fram, herra forseti, með öðrum orðum að íbúar í Kjósinni hafa áhyggjur af þessu máli. Það kom hins vegar fram að íbúar í Borgarfirði sunnan Skarðsheiðar voru hlynntir málinu. En þó var það athyglisvert, herra forseti, að Akurnesingar höfðu miklar áhyggjur af ýmsum þáttum í þessu máli og ég held að það sé óhætt að segja að þó að fjöldi þeirra vilji fá fyrirtæki til að styrkja atvinnulíf á Skaga, þá eru miklar áhyggjur á Akranesi af þessum málum og þessari uppbyggingu.

Í greinargerð bæjarstjórnar Akraness frá 13. janúar 1997 eru dregin inn í þetta mál mjög mörg atriði sem bæjarstjórnin hefur áhyggjur af. Hún dregur í efa að Hollustuvernd ríkisins geti sinnt mengunareftirliti sem skyldi. Hún leggur áherslu á að það þurfi að fara sérstaklega yfir vatnsmál Akurnesinga í tengslum við þessar verksmiðjur. Og það er farið yfir fleiri þætti. Og í samþykkt bæjarstjórnar Akraness frá 13. janúar 1997 er þeirri ósk beint til félmrh. að farið verði sérstaklega yfir vatnsmál Akraneskaupstaðar eða eins og það er orðað, með leyfi forseta, í samþykktinni:

„Komi hins vegar í ljós að vatnsbólið mengast af álverinu, þó svo að álfyrirtækið uppfylli það starfsleyfi sem gefið verður út, áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til skaðabóta fyrir öllu fjárhagslegu tjóni, beinu og óbeinu, úr hendi íslenska ríkisins."

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hæstv. félmrh. um þetta mál en þessari samþykkt var beint til hans. Og ég hefði viljað biðja hæstv. forseta um að kanna hvort hægt væri að tryggja það að hæstv. félmrh. kæmi hér í salinn við umræðuna þannig að hann gæti svarað því hvernig á þessari ósk bæjarstjórnar Akraness verður tekið.

Herra forseti. Ég vil þá þessu næst vísa til álits minni hluta umhvn. um starfsleyfið á Grundartanga, þeirra hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur og hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Ég þakka þeim fyrir það álit og þá vinnu sem bersýnilega er lögð í þetta álit. Það er einnig athyglisvert, herra forseti, að lesa álit meiri hlutans, en þar gætir margvíslegra fyrirvara um málið. Og það bendir til þess að einstakir þingmenn stjórnarflokkanna og meiri hlutans, því að þingflokkur jafnaðarmanna stendur að þessu áliti, séu áhyggjufullir yfir ástandinu í umhverfismálum.

Það kemur t.d. fram að meiri hlutinn hefur almennar áhyggjur af stöðu Hollustuverndarinnar og kannski er þetta allt vegna þess að Kjósverjar hafa í raun og veru vakið menn til lífsins í þessum efnum, a.m.k. sést það á nefndaráliti meiri hlutans að hann býr við verulega vanlíðan í þessu efni að ekki sé meira sagt. T.d. tekur meiri hlutinn undir kröfur um það að starfsaðstaða Hollustuverndarinnar verði bætt mjög verulega og eins og fram kemur í áliti hennar er minnt á nauðsyn þess að taka verður sérstaklega á vatnsmálum Akurnesinga í framhaldi af starfsemi álversins.

Ég vil einnig minna á það ákvæði í nefndaráliti minni hluta umhvn. að starfsleyfið á Grundartanga fyrir álverið gengur í mörgum atriðum gegn því sem réttmætt geti talist og starfsleyfistillögurnar hafi ekki tekið mið af eðlilegum tillögum um umhverfisvernd. Talað er um að mörk fyrir losun flúoríðs séu óhæfilega rúm og engin hreinsun ráðgerð á brennisteinsdíoxíði. Með verksmiðjunni í fullri stærð eykst losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi um 373 þús. tonn á ári sem samsvarar 13% aukning miðað við losun árið 1990.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, herra forseti, og einnig það sem kemur fram í áliti minni hlutans og ég vil sérstaklega vekja athygli á og það er að svæðisskipulag hefur ekki verið unnið samtímis fyrir Hvalfjarðarsvæðið í heild. Mér finnst það satt að segja afar sérkennilegt því að ég hefði talið að Kjósarhreppur hefði þurft að eiga hlutdeild að þessum málum öllum m.a. að svæðisskipulaginu.

Varðandi álverið á Grundartanga og starfsleyfið er í sjálfu sér þarflaust að ræða um vinnubrögðin mikið nánar eftir þær umræður sem urðu hér í morgun. Ég tel satt að segja að það sé alvarlegt mál og ef ég væri umhvrh. þá mundi ég hafa áhyggjur af trúverðugleika embættisins við þær aðstæður að hafa lent í því að gefa í tvígang út ólöglegar reglugerðir. Ég hygg að það sé mjög sjaldgæft að það hafi gerst.

Ég hef unnið í Stjórnarráðinu í sjö og hálft ár og ég man ekki eftir því satt að segja að á þeim tíma kæmi fyrir að menn þyrftu að endurútgefa eða afturkalla reglugerðir vegna þess að þær styddust ekki við lög. Ég man eftir einni reglugerð sem var gefin út í iðnrn. á sínum tíma af Jóni Sigurðssyni iðnrh. sem var skoðuð mjög vandlega og var talið að frumkvæði iðnn. að hún stæðist ekki lög. Hún var umsvifalaust afturkölluð og gefin út ný reglugerð í samræmi við þær ábendingar sem fram höfðu komið af öðrum iðnrh. en þá var Jón Sigurðsson farinn. Ekki að hann hefði farið úr ráðuneytinu út af reglugerðinni heldur vegna þess að hann var farinn í önnur verk. Ég hygg, a.m.k. á þeim tíma sem ég þekki til í Stjórnarráði Íslands, að afar lítið sé um það að ráðherrar hafi lent í þessu eins og það er nú stundum orðað um menn. Og ég velti því fyrir mér, herra forseti, hvaða úrræði Alþingi hefur í svona máli. Ég vil ekki út af fyrir sig nefna þau úrræði sem liggja fyrir í sjálfu sér í þingsköpum og stjórnskipun landsins.

Ég hefði talið að það þyrfti að vera til mikið vandaðri löggjöf um ráðherraábyrgð á Íslandi. Ég flutti fyrir nokkrum árum tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um ráðherraábyrgð. Ég vann þá tillögu í framhaldi af umræðu um mál í Danmörku, Tamílamálið svonefnda, þegar Erik Ninn-Hansen varð að láta af störfum sem ráðherra af því að hann hafði ekki unnið samkvæmt lögum í ákveðnu inn-

flytjendamáli sem snerti tamílska fjölskyldu. (**ÓÞÞ:** Mannréttindamál.) Mannréttindamál. Og ég taldi að í framhaldi af þessu væri rétt að ræða það hver væri ábyrgð ráðherra í Stjórnarráði Íslands líka af því að þetta hafði verið rætt í Danmörku. Satt að segja fannst mér áhuginn á því allt of lítill. En ég segi alveg eins og er að ég held að það væri betra fyrir Guðmund Bjarnason, hæstv. umhvrh., ef íslensku lögin um ráðherraábyrgð væru gleggri en þau eru núna. Ég held að það væri betra fyrir þann hæstv. ráðherra. Ég ætla ekki að endurtaka það sem fram fór hér í morgun, en það var fróðlegt, herra forseti. Það var fróðlegt. Og sérstaklega var dapurlegt að heyra hv. formann umhvn. ganga í verkið eins og hann gerði. Það var leitt til að vita.

Ég vil þessu næst víkja að því, herra forseti, að gert er ráð fyrir því í þessum gögnum og frv. að starfsleyfi verði veitt. Það hefur reyndar verið miðað við að verksmiðjan yrði 180 þúsund tonn og að það mál kæmi ekki fyrir Alþingi aftur. Ég tel að það sé mjög alvarlegt og að það eigi að gefa starfsleyfið út til skemmri tíma en talað hefur verið um.

Ég tel algerlega fráleitt að gefa út starfsleyfi til mjög langs tíma, m.a. væri nauðsynlegt að setja inn í starfsleyfið ákvæði um heimild og möguleika til endurskoðunar ef Íslendingar gerast aðilar að alþjóðasamþykktum um strangari mengunarvarnir og ef íslenskar reglur um þau efni yrðu strangari en nú. Í nefndaráliti minni hluta umhverfisnefndar segir að heildarflúor í losun samkvæmt heimiluðum mörkum svari til þess að allt að 108 tonn af flúoríði berist árlega frá verksmiðjunni. Full rök eru til þess, segir enn fremur í nefndaráliti þeirra, að heimila ekki meiri losun heildarflúoríðs frá verksmiðjunni en 0,4 kg á tonn af áli í stað 0,6 kg á tonn af áli, þ.e. að þrengja losunarmörkin um 50% frá því sem starfsleyfið gerir nú ráð fyrir. Raunar hefði mátt ganga lengra því að víða erlendis er krafan 0,3 kg á tonn af áli. Parcom-samþykktin, sem stjórnarmeirihlutinn vitnar oft í frá 1994, segir ekki nóg í þessu sambandi því að hún er málamiðlun ríkja sem búa við mjög ólíkar aðstæður og við undirbúning þeirrar viðmiðunar sem þar er kveðið á um gerðu Norðmenn t.d. kröfur um og tillögu um 0,4 kg af flúoríði á tonn af áli að hámarki þegar beitt er vothreinsun til viðbótar við þurrhreinsun. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram og mun hér á eftir líka fjalla um greinargerð Högna Hanssonar, forstöðumanns hollustu- og heilbrigðiseftirlitsins í Landskrona í Svíþjóð, en þar kemur fram að þar eru mörkin 0,3 kg á tonn af áli, með öðrum orðum mikið, mikið lægri en hér. Það er sem sagt ekki þannig að hér sé um að ræða ýtrustu kröfur að því er varðar flúoríð. Það er langt frá því. Hér er aðeins um það að ræða að það er verulega mikið meira magn af flúoríði sem heimilað er að sleppa hér út en í Noregi og Svíþjóð og öðrum löndum.

Í nefndaráliti minni hluta umhvn. er bent á að Hollustuvernd ríkisins hafi verið þeirrar skoðunar að ef sett yrði upp álver í Eyjafirði eða Reyðarfirði yrði að gera kröfur um vothreinsibúnað þar. Þess vegna spyr ég, herra forseti: Af hverju ekki í Hvalfirði? Ef Hollustuverndin var þeirrar skoðunar að það ætti að setja upp vothreinsibúnað í Eyjafirði og Reyðarfirði, af hverju þá ekki í Hvalfirði? Hvers á hann að gjalda í þessu máli?

Í skýrslu frá Skipulagi ríkisins þar sem fjallað er um sambýli stóriðjuveranna tveggja á Grundartanga segir m.a., með leyfi forseta:

„Ef ná ætti einhverjum árangri með vothreinsun útblásturs á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga væri nauðsynlegt að setja slíkan búnað einnig á útblástur frá verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf."

Spurning mín er því í framhaldi af þessari tilvitnun, herra forseti: Getur verið að þessi nauðsyn á sambýli við Íslenska járnblendifélagið hf. hafi orðið til þess að menn kröfðust ekki vothreinsibúnaðar á álverinu í Hvalfirði? Getur verið að það hafi verið tillitssemi við járnblendiverksmiðjuna sem varð til þess að menn kröfðust ekki vothreinsibúnaðar? Það er spurning sem vakir og hefur ekki verið svarað.

Herra forseti. Ég minnti áðan á það sem fram kemur í næsta kafla í nefndaráliti mínu að forráðamenn Norðuráls sögðu að þeim hafi verið boðið svæðið á Grundartanga. Þeim var boðið það. Það voru ekki nokkur svæði sem voru boðin heldur þetta svæði eingöngu. Þeir voru spurðir að því, herra forseti, í umræðum um málið í nefndinni af hverju hefði endilega verið nauðsynlegt að hefja framkvæmdir laugardaginn fyrir páska og skyndilega þannig að til enn frekari ófriðar hefur komið en ella hefði verið. Þeir viðurkenndu að fjárhagsstaða fyrirtækisins Columbia Ventures væri svo veik að það hefði verið úrslitaatriði að byrja að grafa einmitt á þessum degi. Þá er spurningin reyndar sú líka, herra forseti, var það þannig að umhvrn. gaf leyfið út svona snemma, mörgum vikum, einum og hálfum mánuði eða hvað áður en fresturinn rann út til þess að fyrirtækið gæti fengið fjármögnunarsamninga sína? Ef það er farið að selja umhverfið og andrúmsloftið á Íslandi fyrir slíka fjármögnunarsamninga er mjög illa farið. En það er ástæða til að óttast það og þegar umræða um það mál fór fram á Alþingi núna fyrir nokkrum vikum fullyrti ég og þá fullyrti einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að ástæða fyrir skyndilegri útgáfu starfsleyfisins hefði verið sú að fyrirtækið þurfti að tryggja sig gagnvart væntanlegum fjármögnunaraðila. Með öðrum orðum það var ástæðan þannig að umhverfiskröfurnar voru seldar fyrir fjármögnunarþarfir fyrirtækisins. Það er alvarlegt mál, herra forseti. Það er alvarlegt mál og slíkt á auðvitað aldrei að geta komið fyrir.

Í umræðum um þessi mál, herra forseti, hefur einnig verið rætt sérstaklega um skatta þessa fyrirtækis og þar vísa ég til nefndarálits minni hluta efh.- og viðskn. sem hv. þm. Stefán Guðmundsson nefndi einnig hér áðan. Ég vek athygli á því að auðvitað er algerlega óviðunandi við meðferð þessa máls að endanleg þýðing samningsins lá ekki fyrir nefndinni þannig að á 10–20 stöðum í samningnum var vísað til mismunandi þýðingarmöguleika á tilteknum orðum í samningnum. Það er dálítið erfitt löggjafarstarf sem byggist á því að menn eru ekki með endanlegar þýðingar í höndunum. Það er nokkuð athyglisvert og umhugsunarvert fyrir þessa virðulegu stofnun að ekki skuli liggja fyrir nákvæmlega hvernig íslenski textinn á að vera þegar verið er að fjalla um málið heldur sé það síðari tíma mál og það séu gefnir upp kannski möguleikar á 10–20 stöðum í samningnum um það hvernig á að skilja samninginn. Það er ekki gott fyrir Alþingi Íslendinga.

Í nefndaráliti minu fjalla ég einnig um Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar sem hefur verið gagnrýnd talsvert í tengslum við þetta mál. Að lokum segir svo í nefndaráliti minni hlutans:

„Að öllu því samanlögðu sem hér hefur verið rakið leggur minni hlutinn til að frumvarpinu í því formi sem nú liggur fyrir verði vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem þess verði freistað að semja á ný um mengunarvarnir, staðsetningu og stærð álversins. Samningum verði lokið fyrir 30. júní 1997 og þing þá kallað saman á ný til að fjalla um málið.

Verði frávísunartillögunni hafnað flytur minni hlutinn til vara tvær breytingartillögur, aðra um að tillögur um stækkun álversins umfram 60 þús. tonn verði að leggja fyrir Alþingi á ný og hina um að alltaf verði notaður besti hugsanlegur mengunarvarnabúnaður við verksmiðjuna og að fyrirtækið verði búið vothreinsibúnaði við stofnun.

Verði þessar tillögur allar felldar mun minni hlutinn snúast gegn málinu í heild við 3. umræðu.

Guðný Guðbjörnsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndaráliti þessu."

Sem fylgiskjöl, herra forseti, birtast í fyrsta lagi greinargerð frá samtökunum Sól í Hvalfirði til rökstuðnings kröfu um vothreinsibúnað. Þar er birt afar fróðlegt yfirlit um álver á Grundartanga, yfirlit þar sem fullyrt er að um hafi verið að ræða brot á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum og fjögur atriði eru talin upp hér. Talað er um brot á stjórnsýslulögum. Það eru nefnd hér þrjú atriði. Það er talað um að hér sé margfalt meiri mengun en leyfð er á Norðurlöndum og ég ætla að nefna þær tölur. Leyfð eru brennisteinstvíoxíðsmörk sem eru 21 kg á tonn af áli. Í Sundsvall eru mörkin miklu lægri. Leyfð flúoríðmörk eru 0,6 kg á tonn af áli eins og ég sagði áðan. Í Sundsvall eru þessi mörk 0,3 kg á tonn af áli, um helmingur. Ákvæði um losun kerbrota og sora eru mun rýmri hér en á Norðurlöndum. Með öðrum orðum, hér eru gerðar miklu minni kröfur til mengunarvarnabúnaðar en í öðrum löndum.

Af hverju erum við svona metnaðarlaus fyrir Ísland? Hvað er það sem gerir það? Finnst okkur að við getum bara gengið um Ísland, sýnt því minni virðingu en aðrir sýna löndum sínum og þjóðum? Ef við berum ekki virðingu fyrir okkur sjálf þá ber enginn virðingu fyrir okkur. Mér finnst það dálítið alvarlegt mál að menn skuli gera mikið minni kröfur um mengunarvarnabúnað fyrir þessa verksmiðju en gerist í öðrum löndum.

Ég held satt að segja, herra forseti, að það sé umhugsunarvert að öll álver á Norðurlöndum nema á Íslandi eru búin vothreinsibúnaði eftir þurrhreinsibúnaðinn. Sjö álver eru í Noregi og eitt í Svíþjóð með samanlagða álframleiðslu upp á um það bil eina milljón tonna af áli sem er þriðjungur allrar álframleiðslu í aðildarlöndum Parcom. En þetta kemur fram í bréfi Högna Hanssonar, dags. í Lundi 28. apríl 1997. Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Útblásturinn frá álverinu eykur óumflýjanlega styrk þeirrar brennisteinstvíoxíðsmengunar sem fyrir er á Grundartanga."

Í greinargerðinni eru útblásturstölur raktar mjög rækilega sem ég ætla í sjálfu sér ekki að endurtaka hér að öðru leyti en því að segja að niðurstaða mín sé sú að engin rök séu fyrir því að neita að setja upp vothreinsibúnað við álverið á Grundartanga.

Mér liggur við að segja að það sé lítillækkandi fyrir Ísland að taka við stórverksmiðju án þess að gera slíkar kröfur. Það er lítillækkandi fyrir Ísland. Menn eiga að hafa metnað fyrir Ísland og íslensku þjóðina. Við þurfum að átta okkur á því að við erum líka að skrifa framtíð, við erum ekki bara að skrifa nútíð með því að samþykkja svona lög hér ef þetta verður samþykkt. Við erum að skrifa framtíð, skapa fordæmi. Það er búið að segja það aftur og aftur, t.d. af Hollustuverndinni eins og ég gat um, að það hlyti að verða vothreinsibúnaður á álverum í Eyjafirði og Reyðarfirði. Hvers á þá Hvalfjörðurinn að gjalda? Af hverju er það? Var það vegna þess að þetta var við hliðina á járnblendiverksmiðjunni? Eða var það vegna þess að mönnum finnst að þeir hafi gert nóg þó að þetta séu miklu minni kröfur en gerast í öllum öðrum löndum. Þetta er ekki gott, herra forseti.

Fylgiskjal III með nefndaráliti mínu, herra forseti, er frá Hollustuvernd ríkisins sem mjög fróðlegar töflur og hafa ekki áður birst. Það eru upplýsingar um losun CO gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju, dags. 10. apríl 1997. Þar kemur fram að samtals fara núna út loftið miðað við losun árið 1995 482 þús. tonn af koltvíoxíðígildum, gróðurhúsalofttegundum frá ýmsum aðilum hér á landi. Það er Ísal, það er járnblendifélagið, það er Sementsverksmiðjan. Síðan er farið yfir málið og bætt við Norðuráli, stækkun Norðuráls, stækkun Grundartangaverksmiðju járnblendifélagsins, álver á Keilisnesi, magnesíumverksmiðja á Reykjanesi. Þá erum við komnir upp í 1.390 þúsund tonn gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju, koltvíoxíðígildum.

Ég er að velta því fyrir mér hvort Framsfl. muni hafa það í kosningabæklingunum 1999 hvað hann hefur mengað mikið en þar mun hann slá öllum við. Enginn flokkur mun geta státað af öðru eins magni af gróðurhúsalofttegundum og Framsfl. þegar kemur að næstu kosningum. Ekki nokkur. (**SighB:** Flúor í fyrirrúmi eða eitthvað svoleiðis.) Flúor í fyrirrúmi, eins og hv. formaður Alþfl. bendir á, flúor í fyrirrúmi. Þar er Framsfl. lifandi kominn, flúor í fyrirrúmi.

Út af fyrir sig getur verið að þeir framsóknarmenn ætli að slá um sig í næstu kosningum og reyna eins og gengur að monta sig af því sem vel er gert og ekkert er nema gott um það að segja. Það er venja og algengt og ástæðulaust að gagnrýna það. En ég get svo nefnt það við þá í leiðinni að engin ástæða er fyrir þá að gleyma því að gangi sú stóriðjustefna eftir sem þeir eru nú að framkvæma er það mesta mengun sögunnar á svo stuttum tíma. Viðreisnarstjórnin verður eins og ungbarn við hliðina á Framsfl. í þessu máli sem framsóknarmenn voru þó á móti í upphafi, þessari verksmiðju í Straumsvík. En þá er viðreisnarstjórnin að verða eins og barnaleikur við hliðina á Framsókn í þessu máli og hefði nú einhver ekki spáð því að Framsfl. ætti eftir að ganga lengra í þessum málum en nokkur annar. Það sést ótrúlega lítið í græna litinn á þeim framsóknarmönnum í seinni tíð. Það er grámóskulegt umhverfi kringum þá. Gróðurhúsalofttegundareykur sveipar ásjónu Framsfl. um þessar mundir, herra forseti.

Í nefndaráliti mínu birti ég einnig fskj. frá Þjóðhagsstofnun um hin efnahagslegu áhrif af þessu máli. Ég birti einnig til fróðleiks fskj. VI sem er aðferðafræði Landsvirkjunar við útreikning á orkuverði til stóriðju. Þetta er dálítið mikilvægt gagn vegna þess að það sýnir vel hvernig farið er að reikna út orkuverð til stóriðju. Deilur eru um það og menn segja að þetta sé gert svona en ekki á hinn veginn en hérna liggur þetta alveg fyrir og þetta hefur ekki áður verið birt í þskj.

Fylgiskjal VII eru kröfur Samtakanna óspillt land í Hvalfirði eins og þær voru kynntar í upphafi og loks birtist yfirlit yfir orkujöfnuð Íslendinga til ársins 2006 eftir að þessar framkvæmdir eru hafnar og ef farið verður í þær, eins og gert er núna ráð fyrir, með þriðja ofni járnblendiverksmiðjunnar og álveri Columbia Ventures Corporation. Þar sést ákaflega vel og ég hygg að það hafi ekki birst í þingskjali áður hvaða virkjanir það eru sem gert er ráð fyrir til viðbótar við það sem þegar hefur verið ákveðið og er í gangi, má segja. Það verða auðvitað Nesjavellir I og II með 30 MW hvor þáttur, Sultartangi 120 MW. Hækkun Laxárstíflu er inni enn þá, en ég tek fram að um það mál er ekkert samkomulag og ég hef ekki orðið var við að til standi að fara þar af stað í stríði

við landeigendur. Það er kannski rétt að spyrja að því. Eru einhverjar nýjar fréttir af því að til standi að fara af stað með hækkun Laxárstíflu jafnvel í deilum við þá sem þar búa? Þessar upplýsingar eru mikilvægar til þess að geta glöggvað sig á málinu í heild.

Á þskj. 1309 flyt ég ásamt hv. þm. Guðnýju Guðbjörnsdóttur tvær brtt. við frv. til laga um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga. Í fyrsta lagi að við 2. gr. bætist við nýr málsliður svohljóðandi:

„Óski eigandi fyrirtækisins eftir frekari stækkun, umfram 60.000 tonna ársframleiðslu, skal leggja viðbótarsamningsdrög fyrir Alþingi til staðfestingar."

Hér er um að ræða mjög mikilvægt atriði sem við munum taka afstöðu til við atkvæðagreiðslu og fylgjast grannt með hvernig menn greiða um það atkvæði.

Í öðru lagi flytjum við á sama þskj. tillögu um að á eftir 2. gr. komi ný grein með fyrirsögninni „Mengunarvarnir" og hún verði svohljóðandi:

„Álverið skal búið besta fáanlegum mengunarvarnabúnaði á hverjum tíma. Við stofnun fyrirtækisins skal það búið vothreinsibúnaði."

Ég vænti þess, herra forseti, að þessum tillögum verði vel tekið. Ég tel að þær séu mikilvægt innlegg í málið og hina pólitísku þróun þess að fylgjast með því hvaða undirtektir þær tillögur fá.

Að lokum þetta, herra forseti. Ég tel að efni málsins séu fimm aðalatriði. Ég tel að aðdragandi málsins sé slæmur. Ég tel að staðarvalið sé umdeilanlegt. Ég tel að fyrirtækið Columbia Ventures Corporation sé veikt fyrirtæki. Ég tel að hreinsibúnaður fyrirtækisins og mengunarvarnir sé ekki eins og best verður á kosið, og ég hef rakið og sýnt fram á í ræðu minni. Ég tel að raforkuverð til fyrirtækisins sé í lægsta kanti og loks tel ég að hin jákvæðu, efnahagslegu áhrif af að byggja þetta fyrirtæki séu ekki með þeim hætti sem látið hefur verið í veðri vaka. Ég dreg í efa að þegar upp er staðið sé það öruggt að uppbygging stóriðjufyrirtækis af þessu tagi hafi í raun og veru þá jákvæðu hlið sem talið hefur verið.

Ég tel, herra forseti, einnig nauðsynlegt að láta það koma rækilega fram að þetta mál er viðamikið. Ég hef lagt dálitla vinnu í að draga saman nokkuð ítarlegt nál. Ég hef einnig komið með allmörg fylgiskjöl sem hafa ekki sést í sölum þingsins áður til þess að tryggja að allt efni málsins sé sem skýrast og segi það að lokum, herra forseti: Ég harma að framsóknarmenn skuli beita sér með þeim hætti í málinu sem raun ber vitni. Þeir sýna ekki þá tillitssemi við þá, sem hér um ræðir, sem þeir ættu að sýna í samræmi við hin almennu viðhorf sem lágu til grundvallar þess að Framsfl. varð til á sínum tíma. Ég tel að verið sé að bregðast ákveðnum grundvallarhugsjónum sem menn hafa gefið sig út fyrir að þeir vildu taka tillit til. Ég harma það líka að staðan skuli vera þannig að þeir skuli ganga lengra í þessum málum, mengunarmálum, en nokkru sinni hefur áður verið gert á Íslandi og hika ekki við að beita til þess alls konar aðferðum sem þeir eru satt að segja ekki öfundsverðir af að hafa beitt, herra forseti.

[15:04]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir góða ræðu hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og ítarlegt nefndarálit. Vegna þess sem þar kom fram um orkuverð vil ég aðeins segja að alltaf er erfitt að spá og ég held að enginn fyrirfinnist sem getur spáð nákvæmlega um orkuverð og hver þróun þess muni verða.

Staðreyndin er hins vegar þessi og rétt eins og hann sagði að orkuverð í Noregi er ákaflega hátt í dag, um 22 aurar. Nokkur galli er þar á að Norðmönnum hefur ekki tekist að afsetja orkuna á því verði, á þessum 22 aurum, og það er þess vegna óraunhæft að því leyti til. En meðalorkuverð hjá Elkem er um 11 aurar og meðalorkuverð í heiminum í dag er á bilinu frá 9–13 aurar. Þetta er nú staðreyndin í málinu sem ég tel ástæðu til þess að komi fram.

Hv. þm. vék að því hver mismunurinn væri og þá í umframkostnaði og að fyrirtækið hefði verið staðsett á Keilisnesi en ekki Grundartanga. Þá vék hann að orkuverðinu, ef ég skildi hann rétt, og að þar væri mismunurinn hæstur. Ef ég man rétt, þá held ég að kostnaður við byggingu hafnarinnar einnar á Keilisnesi hafi verið áætlaður um 1,8 milljarðar króna sem hefði þurft að fjárfesta bara í höfninni í Keilisnesi.

Hins vegar var ræðan góð. Hún var passlega löng og meira að segja skáldleg á köflum.

[15:06]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki að spyrja að félagsskap okkar hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og samkomulag okkar hefur alltaf verið gott. Ég þakka honum fyrir hól í minn garð um skáldlegar ræður, sem ég held að ég hafi ekki átt skilið.

En varðandi verðið, þá er ég ekki sammála honum vegna þess að þar er hann að tala um allt aðra hluti en við erum að tala um hér. Meðalverð hjá Elkem er 11 aurar, það er meðalverð. (**StG:** Ég sagði það.) Já. Inni í því verði eru gamlir orkusölusamningar, m.a. þegar um er að ræða orku frá fyrirtækjum, orkuveitum og virkjunum sem Elkem á. Þess munu dæmi að Elkem sé að bókfæra verð á orku upp á 1, 2 og 3 mill kwst. Meðaltalið segir því ekki neitt í þessu. Það segir heldur ekki neitt þó að meðaltalið í heiminum sé 9–13 norskir aurar kwst. vegna þess að þar er líka um að ræða marga mjög gamla samninga.

Það sem skiptir máli í dag er að horfa á þá möguleika sem um getur verið að ræða og það er alveg rétt hjá hv. þm. að ég er sannfærður um að stóriðjufyrirtækin munu ekki samþykkja 20–22 norska aura á kwst. eins og staðan er í dag. Það er alveg ljóst. En veruleikinn er sá að fyrirtækin eru að flýja frá Noregi út af þessu verði. Hvert fara þau? Til Íslands, sem sannar það sem ég var að reyna að segja að við höfum sterka samningsstöðu til að ná hærra raforkuverði en við höfum náð og miklu betri mengunarvörnum.

[15:08]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Við þingmenn jafnaðarmanna sem sæti eigum í iðnn. skrifum undir álit meiri hlutans með fyrirvara og það er skýrt í nál. um hvað fyrirvari okkar snýst, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Jóhanna Sigurðardóttir og Sighvatur Björgvinsson gera sérstakan fyrirvara við umhverfisþátt málsins og telja að strangari kröfur hefði mátt gera til mengunarvarna. Telja verði þó að þær séu fullnægjandi miðað við núgildandi viðmiðanir í lögum. Þá tekur Jóhanna Sigurðardóttir undir gagnrýni minni hluta umhverfisnefndar á málsmeðferð við undirbúning og kynningu framkvæmdanna."

Þannig er fyrirvari okkar rökstuddur þegar við skrifum undir álit meiri hlutans.

Það kom fram við 1. umr. um málið að nauðsynlegt sé miðað við þá reynslu sem hefur fengist við að endurskoða lög um mat á umhverfisáhrifum. Ég lagði sérstaka áherslu á það í ræðu minni við 1. umr. málsins. Í nál. meiri hlutans er sérstaklega tekið undir það sjónarmið og því lýst yfir að þegar sé fyrirhuguð slík endurskoðun og meiri hlutinn leggur áherslu á að henni verði hraðað.

Undir þetta sjónarmið vil ég taka og það er í samræmi við það sjónarmið sem kom fram við 1. umr. málsins.

Herra forseti. Miklar og langar umræður hafa verið um þetta mál í þingsölum og mjög viðamikil umfjöllun í hv. iðnn. þannig að litlu þarf að bæta við það sem þegar hefur komið fram. Ég vil aðeins minnast á að það sem hér er fyrst og fremst verið að fjalla um er að sjálfsögðu hvernig eigi að nýta aðra þá meginauðlind sem Ísland á og hefur að litlu leyti verið nýtt enn sem komið er. Talið er að sú orka jarðvarma og fallvatna sem Ísland á sé að verðmæti álíka mikið og verðmæti fiskimiðanna við Íslandsstrendur eru talin vera. Er þá miðað við verðið, að mig minnir 20–22 mill á raforkunni við stöðvarvegg, þ.e. verðmæti raforkunnar einnar án þess virðisauka sem hún gæti skilað í annarri starfsemi í landinu sé álíka mikið og áætlað verðmæti hinnar meginauðlindar okkar, sem er fiskurinn í sjónum. Það er auðvitað eðlilegt að slík verðmæti séu nýtt. Fiskurinn í sjónum er að verulegu leyti fullnýttur nú þegar og ég held að það sé ekkert spursmál að ef Íslendingar ætla að halda áfram að sækja fram til bættra lífskjara verða þeir að huga að því hvernig þeir ætla sér að nýta hina meginauðlindina sem er auðlind orku, fallvatna og jarðhita. Það er vissulega tímabært að menn móti sér einhverja heildarstefnu í þeim málum en láti ekki, eins og gert hefur verið alveg fram að þessu, eina og eina framkvæmd ráðast hverju sinni án þess að menn hafi nokkra heildaryfirsýn eða hafi mótað stefnu um það hvernig þeir ætli að nýta þessar orkulindir og þá m.a. hvar menn ætli sér að virkja og hvernig þannig að það brjóti ekki gegn hagsmunum lands og náttúruverndar, en nokkuð vantar á að slík stefna hafi þegar verið mótuð.

Orkuauðlindir Íslands eru mjög miklar. Einhvern tímann las ég það að tæknilega virkjanleg orka jarðvarma á Íslandi væri jafngildi um $^2/_3$ hluta af þekktum ónýttum olíulindum heims sem hagkvæmt væri talið að nýta. Verulegur hluti þessarar jarðvarmaorku verður að sjálfsögðu, þó að tæknilega sé unnt að nýta hann á Íslandi, ekki nýttur vegna umhverfisáhrifa og aðstæðna. Einnig vegna þess að tæknilega nýtanleg auðlind er ekki það sama og að hagkvæmt sé að nýta hana, þannig að þegar búið er að taka það frá verður orkuuppsprettan í jarðvarmanum að sjálfsögðu miklu minni. Þó að okkur sýnist nú að ónýttar orkuauðlindir Íslands séu stórar og miklar og menn þurfi kannski ekki að hafa miklar áhyggjur af því vegna þess hversu lítið er búið að nýta af þeim, hvernig framtíðarnýting þeirra verði, þá skulum við engu að síður gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki ótæmandi auðlind og miðað við það sjónarhorn sem t.d. nálægar þjóðir hafa á orkunýtingu er þetta heldur ekki mjög mikil ónýtt orka sem við Íslendingar eigum á heimsmælikvarða því að öll nýtanleg orka á Íslandi sem hagkvæmt væri talið að nýta og ekki gengi gegn viðurkenndum sjónarmiðum mengunar- og umhverfisvarna er nú ekki meiri en svo að öll sú orka sem Ísland hefur yfir að ráða miðað við þær forsendur dugar ekki nema fyrir einni milljónaborg. Hún rétt mundi duga Lundúnabúum til þess að lýsa upp heimili sín og til annars sem Lundúnabúar þyrftu orku til. Hún er ekki meiri en svo og auðvitað verða menn að móta stefnu um það hvernig á að nýta þá orku.

Ef við hugsum okkur að nýta hana með sem minnstum mengunaráhrifum á Íslandi, þá yrði það að sjálfsögðu gert með því að selja orkuna úr landi sem hráefni til áframhaldandi vinnslu í stóriðjuverum eða til erlendra neytenda. Það mundi að sjálfsögðu hafa það í för með sér að ekki yrðu reist mengandi stóriðjuver á Íslandi, en ég er ansi hræddur um að íslenska þjóðin mundi ekki sætta sig við það að orku landsins yrði ráðstafað þannig þó svo frá sjónarmiði mengunarvarna væri það sjálfsagt sú nýting sem skaðaði minnst íslenska náttúru og umhverfi, að nýta íslensku orkuna með því að selja hana úr landi nánast sem hráefni.

Ég held að mjög fáir mundu vilja að sú stefna yrði mótuð og að það yrði gert og vildu heldur fá þann virðisauka af orkunni sem verður þegar hún er nýtt til framleiðslu innan lands. Þá fer ekki hjá því að sú framleiðsla muni valda einhverjum spjöllum, bæði umhverfisspjöllum, spjöllum í andrúmslofti og sjónmengun. Þarna verða menn að sjálfsögðu að velja og hafna og taka þann kost sem menn telja að sé farsælastur og bestur.

Menn hafa rætt nokkuð um áhættu í þessu sambandi og auðvitað er alveg ljóst að áhætta okkar Íslendinga við álverið í Hvalfirði er allveruleg. Við erum að vísu ekki eigendur að álverinu og leggjum ekkert fram í sambandi við byggingu þess heldur er það Columbia Ventures sem væntanlega mun útvega það fjármagn sem til þarf. Engu að síður erum við að ráðast í miklar framkvæmdir í tengslum við álverið sem eru virkjunarframkvæmdirnar. Íslendingar kosta þær framkvæmdir og taka áhættuna þannig að það er ekki rétt að leggja þetta mál upp þannig að fjárhagsleg áhætta Íslendinga sé engin. Hún er þvert á móti mjög mikil. Þá er eðlilegt að menn spyrji eins og hv. þm. Svavar Gestsson spurði áðan: Er þá fyrirtækið Columbia Ventures eða það félag nægilega traust til að Íslendingar geti tekið þá áhættu sem í raforkusamningunum við það fyrirtæki felst? Slík athugun hefur ekki farið fram í iðnn. Það hefur ekki verið lagt mat á það hve líklegt er að forsendur þær sem Columbia Ventures byggir á bregðist. Slíkt áhættumat hefur ekki verið gert, en það er auðvitað alveg rétt að þetta fyrirtæki er ekki sterkt að mínu viti. Hins vegar er á það að líta að þetta fyrirtæki virðist hafa kosið sér það hlutskipti að vera eins konar verktaki í áliðnaði, þ.e. það gerir fasta samninga við seljendur hráefnis og kaupendur afurðanna þannig að verksmiðjan eða fyrirtækið Norðurál er raunar ekki annað en verktaki sem tekur að sér að vinna hráefni sem hráefnissöluaðilinn selur fyrir kaupanda, sem kaupir afurðirnar, og er því eins og milliliður í þessu samstarfi. Aðalhættumatið eða áhættumatið hlýtur því náttúrlega að hvíla á kaupendum og seljendum hráefnis og afurða til og frá verksmiðjunni en ekki út af fyrir sig frá fyrirtækinu sjálfu. Auðvitað er mjög vandasamt að gera slíkt áhættumat. Hv. þm. Pétur Blöndal hefur m.a. bent á það í iðnn. að slíkt áhættumat þyrfti að gera en það hefur ekki verið gert í þessu tilviki og hefur ekki verið gert eftir því sem ég best veit í neinum þeim stórframkvæmdum af sambærilegu tagi sem unnar hafa verið á Íslandi. Ég er sammála hv. þm. Pétri Blöndal í því að slíkt áhættumat hefði átt að fara fram og hefði þurft að fara fram raunar við fleiri framkvæmdir en þær sem hér um ræðir.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hafa langt mál um þetta frv. því að það hefur verið rætt ítarlega áður. En við þingmenn jafnaðarmanna sem skrifuðum undir nál. með fyrirvara

höfum skýrt fyrirvara okkar. Ég hef vikið að því hvers eðlis hann er, en við munum, eins og fram kemur í nál., greiða atkvæði með þessu máli þrátt fyrir það að við teljum að mengunarvarnir hefðu mátt vera öflugri og þurft hefði að skoða betur þá áhættu sem vissulega er verið að taka í sambandi við þær framkvæmdir sem íslenska ríkið þarf að kosta og eru í tengslum við byggingu álvers á Grundartanga.

[15:19]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni fyrir þær hugleiðingar sem hann var með og get tekið undir mjög margt af því sem hann sagði.

Ég vil hins vegar vekja athygli á einu atriði sem er kannski dálítið til umhugsunar fyrir hann og okkur öll. Hann hefur verið talsmaður þess að lagt yrði á veiðileyfagjald í sjávarútvegi til að tryggja það m.a. að þjóðin fengi á þann hátt arð af auðlindinni. Nú má auðvitað hugsa sér að það gerist með öðrum hætti eins og okkur finnst sumum en þetta er málflutningur Alþfl.

Hann hefur einnig talið að eðlilegt væri að jafnvel yrði lagt á víðtækara auðlindagjald eins og t.d. á orkulindirnar og fleira og það er kannski sjónarmið sem ég hef líka mjög oft haldið fram.

En þá vil ég benda honum á það sem ég hugleiði í þessu sambandi að með þeim samningi sem hér er verið að gera og álsamningnum í Straumsvík og járnblendisamningnum er búið að taka út fyrir sviga í orkulindunum þennan hluta og á þennan hluta verður ekki lagður auðlindaskattur eða auðlindagjald meðan þeir samningar eru í gildi. Ég mundi ekki og ekki hann heldur samþykkja að tiltekinn hluti af sjávarútveginum yrði njörvaður þannig niður að ekki yrði hægt að leggja á hann veiðileyfagjald til 10–20 ára ef Alþingi óskaði þess, en það er það sem verið er að gera við þessar orkulindir.

[15:21]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt höfum við jafnaðarmenn lagt fram á Alþingi tvö frumvörp, annað um virkjanarétt fallvatna og hitt um námuréttindi. Í þeim frumvörpum báðum er gert ráð fyrir að greitt verði sérstakt gjald fyrir virkjanaréttindi þannig að fyrir þinginu liggur tillaga um þau efni frá okkur. Það er fyllsta ástæða til að það sé gert ekki síst þegar frjáls samkeppni verður innleidd í virkjanir á Íslandi sem verður upp úr árinu 1999. Þá er eðlilegt að tekið sé slíkt gjald fyrir virkjanaréttindi þannig að við hér á Alþingi fylgjum tillögu um samræmda auðlindastefnu og erum ekki aðeins að tala um veiðigjald í sjávarútvegi heldur um gjald fyrir afnotarétt á takmörkuðum orkulindum.

Hvers vegna er það ekki gert við þessar aðstæður? Vegna þess að nú eru þau fyrirtæki sem eru í virkjunum með beinum eða óbeinum hætti sameign þjóðarinnar allrar, eins og t.d. Landsvirkjun. Landsvirkjun er fyrirtæki sem er í eigu ríkisins, þ.e. borgaranna í landinu og íbúa tveggja sveitarfélaga þannig að þetta er í raun almenningseign. Arðsemin af framkvæmdum Landsvirkjunar fellur því í hlut íbúa landsins þannig að þeir fá sínar tekjur í því formi eða annaðhvort sem eignamyndun hjá Landsvirkjun eða í formi lækkaðs raforkuverðs eins og stefnt er að á næstu öld. Þetta breytist hins vegar þegar til kemur frjáls samkeppni eða möguleikar á slíku í virkjunum, þá verður að sjálfsögðu að leggja á gjald af því tagi sem við jafnaðarmenn á Alþingi höfum lagt til að tekið verði fyrir virkjanarétt.

[15:23]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þeirrar skoðunar að arðurinn af sjávarútveginum gangi til þjóðarinnar með ýmsu móti. Ég tel að ekki þurfi að leggja á veiðileyfagjald til að tryggja að hann gangi til þjóðarinnar. Ég tel að hann gangi til þjóðarinnar t.d. í gegnum þá gengisskráningu sem ákveðin er, þar af leiðandi í gegnum verðlag á vörum og innflutningi o.s.frv.

Það breytir því ekki að hv. þm., sem svaraði mér áðan, er þeirrar skoðunar að leggja eigi á veiðileyfagjald sem hluta af auðlindastefnu eins og hann nefndi í sambandi við þau tvö frumvörp sem Alþfl. og þingflokkur jafnaðarmanna og reyndar við alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram líka. Í tengslum við auðlindaskattinn og þá auðlindastefnu þyrfti auðvitað líka að tryggja að orkan væri verðlögð eða skattlögð eftir atvikum með sambærilegum hætti og eftir því sem undanþágurnar eru fleiri, eftir því eru möguleikarnir á því að taka upp ákvörðun af þessu tagi flóknari og erfiðari.

Það er verið að loka álveri í Gränges í Svíþjóð. Af hverju er það? Það er vegna þess að orkuverðið mun hækka. Það er vegna þess að þar eru samningarnir þannig að eigendur álversins, Gränges-fyrirtækið, verða að sætta sig við að stjórnvöld ákveði hærra orkuverð. En hér er verið að taka þennan hluta af orkugeiranum út fyrir ákvörðunarmöguleika íslenskra stjórnvalda hvort sem það er verðlag á orku eða auðlindaskattur á orku til 20 ára. Það finnst mér ekki sniðugt fyrirkomulag.

[15:25]

Sighvatur Björgvinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði að ef ætti að taka upp sambærilegt gjald fyrir nýtingu virkjanaréttinda á Íslandi eins og við ræðum um varðandi nýtingu aflaheimilda í sjávarútvegi, þá verður að sjálfsögðu að breyta lögum um það. Við jafnaðarmenn höfum lagt fram tillögu um að slíkt yrði gert og færi vel á því að gera það í tengslum við þá ákvörðun þegar virkjanarétturinn verður gefinn frjáls. Það er það sem við þurfum að horfa á og við verðum að sjálfsögðu að búa við í samningum við aðila, sem við erum að semja við, kerfið eins og það er í lögum í dag og það er það sem gert er í þessu sambandi.

Hv. þm. gleymir að geta þess að nú þegar hafa verið gerðar umtalsverðar breytingar á öllu skattaumhverfi fyrirtækja sem m.a. hafa valdið því að það fyrirtæki Norðuráls sem nú á að reisa og starfrækja álbræðslu á Grundartanga lýtur í öllum megindráttum sömu lögum og íslensk fyrirtæki gera hvað skattamál varðar. Þessi breyting var gerð á síðasta kjörtímabili og hefur orðið til þess að ekki þarf, eins og áður var, að setja sérstakar reglur í hvert sinn sem erlendur fjárfestir kemur hingað til landsins.

Sú ábending hv. þm. um að æskilegt væri og nauðsynlegt að leggja á gjald fyrir nýtingu af þeirri takmörkuðu auðlind sem orkan er er rétt og sjálfsögð. Það er eitt af þeim stóru málum sem við þurfum að berjast sameiginlega fyrir í kosningunum vorið 1999 meðan við göngum vonandi fram í einni samhentri órofa fylkingu, ég og hv. þm.

[15:27]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. 8. þm. Reykv. vil ég taka fram að mér bárust tvö bréf frá Akranesi, bæði dagsett 13. janúar og undirskrifuð af bæjarstjóra. Í öðru

er svohljóðandi tilvitnun í ályktun bæjarstjórnar, með leyfi forseta:

„Bæjarstjórn Akraness vekur sérstaka athygli á því og gerir um það eindreginn fyrirvara varðandi starfsemi á svæðinu að vatnstökumál á svæðinu sunnan Skarðsheiðar eru óleyst. Er í því efni tekið undir ályktun heilbrigðisnefndar Akranessvæðis að starfsleyfi nýrrar álverksmiðju verði gefið út og framkvæmdir við það ekki hafnar fyrr en samkomulag hefur náðst milli sveitarfélaga á svæðinu, ríkisins og álfyrirtækisins um lausn á þeim málum þannig að vatnstaka vegna núverandi byggðar sunnan Skarðsheiðar verði tryggð. Bæjarstjórnin samþykkir að vekja sérstaka athygli félmrn. á þessu atriði."

Hitt bréfið er miklu lengra. Í niðurlagi þess segir, með leyfi forseta:

„Komi hins vegar í ljós að vatnsbólið mengast frá álverinu þó svo að álfyrirtækið uppfylli það starfsleyfi sem gefið verður út, þá áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til skaðabóta fyrir öllu fjárhagslegu tjóni beinu og óbeinu úr hendi íslenska ríkisins.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness tilkynnist yður hér með."

Þessi bréf eru dagsett 13. janúar. Við kvittuðum fyrir móttöku þessara bréfa bréflega 27. janúar. Mér er kunnugt um að viðræður hafa verið milli iðnrn. og Akurnesinga en mér hefur ekki borist nein erindi frá Akranesi eftir það og tek það svo að bæjarstjórn Akraness sætti sig við stöðu mála eða framvindu mála eins og hún hefur verið. Ég tel hins vegar að eðlilegt sé frá hendi bæjarstjórnar Akraness að hafa vaðið fyrir neðan sig og ef illa fer er einboðið að Akranesbær beri ekki tjón ef t.d. þyrfti að fara að sækja vatn um langan veg. Ég tel það alveg einboðið að félmrn. aðstoði Akranes í slíku tilfelli við að ná rétti sínum.

Annað var það ekki, herra forseti.

[15:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að ræða það mál sem hér liggur fyrir til 2. umr., frv. til laga um álbræðslu á Grundartanga, að lokinni yfirferð hv. iðnn. og mun ég gera að umtalsefni nokkur atriði almenns eðlis sem tengjast málinu, vissa þætti sem snúa að iðnaðarþætti málsins en ekki síst atriði sem varða umhverfisþátt þess sem er mjög stór og umdeildur eins og kunnugt er. Þó að margt hafi verið um það mál sagt er þörf á að fara yfir viss atriði við 2. umr. af minni hálfu. Ég vil biðja hæstv. forseta að gera hæstv. umhvrh. aðvart um það að ég mun víkja að þeim þætti málsins og þar sem hann er á ábyrgð hæstv. umhvrh. óska ég eftir að hann verði viðstaddur ásamt hæstv. iðnrh. við yfirferð þessa máls.

Þetta mál er að sjálfsögðu á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar í heild sinni sem stendur að þeirri stefnu sem er fram borin, að ég best veit óskipt, en alveg sérstaklega er málið á ábyrgð Framsfl. sem fer með þau ráðuneyti sem efnisþættir þessa máls snerta mest, þ.e. ráðuneyti iðnaðarmála og ráðuneyti umhverfismála. Það er því alveg ljóst að Framsfl. ber öðrum flokkum meiri ábyrgð á því sem verið er að gera, sem og öðru sem nú er verið að leitast við að hrinda í framkvæmd á sviði iðnaðarmála og orkumála og það sem ekki er gert á sviði umhverfismála. Eiginlega er réttara að fara í málið þeim megin frá því þar er ástandið með þeim hætti sem þjóðin þekkir, heldur dapurlegt, og ekki síst ýmsir þættir sem varða nýtingu bæði orkulinda og umhverfi landsins í tengslum við iðnað.

Með þessu máli er verið að ganga gegn framtíðarhagsmunum Íslands og skyldum málum eins og á því hefur verið haldið. Því er haldið fram af hv. talsmanni meiri hluta iðnn. að þetta mál sé hið besta mál og leiddar eru fram ýmsar tölur um þjóðhagslegar stærðir sem varði málið. Fyrir utan tilkostnaðinn, þ.e. fjárfestinguna, er reiddur fram þjóðhagslegur ávinningur eins og hann er reiknaður á hefðbundinn hátt, þar á meðal 0,7% aukning vergrar þjóðarframleiðslu, ef ég man rétt, sem hv. formaður iðnn. tíundaði sem efnahagslegan ávinning til lengri tíma litið. Þó er viðurkennt að um áhættu geti verið að ræða varðandi vissa þætti málsins ef illa fer í sambandi við verðlag á áli, en ekki var slegið neinu talnagildi á botninn í því sambandi. Hann virðist ekki hafa verið reiknaður. Kannski vilja menn koma sér hjá því að reiða fram tölur í því sambandi en miðað við einhverja meðaltalsútreikninga er arðurinn af fjárfestingu, sennilega þá í orkuframkvæmdum sem er Íslands megin, reiknaður á 6,8% eða þar um bil.

Allt eru þetta kunnuglegar tölur og kunnuglegar reikniaðferðir sem þarna er um að ræða, byggðar á þeim hefðbundnu efnahagslegu reikniformúlum sem eru tíðkaðar. Ég er út af fyrir sig ekkert að segja að óeðlilegt sé að koma með slíkar viðmiðanir og hef ekkert á móti því að það sé gert. En hitt skortir mjög á að dæmið í heild sé reiknað og það er það sem ég geri mjög sterkar athugasemdir við. — Ég spyr virðulegan forseta: Er von á hæstv. umhvrh. í þingsal?

(**Forseti** (RA): Hæstv. umhvrh. hefur verið gert viðvart.)

Ég þakka. Fyrir utan þá áhættu sem snýr að vatnsorkunni og verðlagningu hennar er það sá kostnaður sem varðar spillingu umhverfisins og ætti að sjálfsögðu að reikna til fjár þegar verið er að draga upp mynd af heildarniðurstöðunni, þ.e. að taka inn í það og verðleggja þá spillingu umhverfis, andrúmslofts og umhverfis að öðru leyti sem fylgir svona framkvæmd, sem er auðsæilega kostnaður í þessu máli sem verið er að taka á sig til langs tíma og hann er í rauninni ekki miklum vafa undirorpinn. Hann er þarna. Hagnaðurinn, hinn reiknaði hagnaður, sem hv. formaður iðnn. tíundaði er verulegri óvissu háður. En hitt er engum vafa undirorpið að sú umhverfisspilling, þau spjöll sem fylgja rekstri af þessu tagi verða ekki aftur tekin. Það er ekki þannig, því miður, um hnútana búið í þessu máli að reikna megi með því að bætt verði við hreinsibúnaði í þessa verksmiðju á afskriftartíma hennar. Það er ekkert sem vekur vonir um að þannig verði á málum haldið. Því er það svo að þarna er um verulega stóra frádráttarliði að ræða, sem og þau orkumannvirki sem tengjast þessari framkvæmd. Þar hef ég oft nefnt það sem ég tel hvað tilfinnanlegast í þessu sambandi, sem nú er búið að bjóða út og á að fara að ráðast í, þ.e. Hágöngumiðlun og framkvæmdir við hana.

Hver telur hæstv. umhvrh. að fórnarkostnaðurinn sé við slíka framkvæmd? Hefur verið reynt að meta það af umhvrn. hver fórnarkostnaðurinn er með því að hleypa virkjunaraðila inn í algerlega ósnortið svæði? Að mínu mati er þetta eitt verðmætasta svæði Íslands, sem á að vera hluti af ósnortnu víðerni sem taki til vesturhluta Vatnajökuls og aðliggjandi svæða og gæti haft ómælda þýðingu fyrir okkur Íslendinga um langa framtíð ef við bærum gæfu til að vernda það svæði og varðveita.

Þetta eru nokkur dæmi, virðulegur forseti, um kostnaðarþætti í þessu máli sem að sjálfsögðu ber að meta og reikna til verðs. Það er hægt að gera það á mismunandi hátt. Alþjóðlega er farið að gera það í ýmsum atriðum, þ.e. að reyna

að leggja mat á slíkna kostnað og það er fráleitt að leggja fyrir eitthvert hagrænt dæmi þar sem ekki er reynt að taka fórnarkostnaðinn, að því er umhverfið varðar, einnig með inn í dæmið.

Síðan er að nefna þann þátt sem snýr að alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og þá samninga sem verið er að ganga gegn eða brjóta með þeirri samþykkt, sem verið er að leggja til af meiri hluta iðnn. að gangi fram, og þeirri framkvæmd sem um ræðir og er þar stærsta málið samningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Það hefur verið rakið skýrt af hv. talsmanni minni hluta iðnn., hv. þm. Svavari Gestssyni, hvað hér er um að ræða í tölum reiknað hvað snertir losun á gróðurhúsalofttegundum og miðað við 180.000 tonna álbræðslu er þetta metið af umhvrn. á 373.000 tonn á ári hverju sem verði losað út í andrúmsloftið. Til hliðsjónar skulu menn hafa það sem ríkisstjórnin færir sér til tekna sérstaklega á þessu sviði. Það er sú binding sem hljótist af sérstöku skógræktarátaki, sem á að kosta 450 millj. kr. á fimm ára tímabili eða svo. En hvað skyldi það binda mikið? Ætli það séu hundruð þúsunda? Ónei, það eru lítil 22.000 tonn. Það er ekki fimmtándi hluti, og sennilega tæplega það, af því sem losað er af þessari álbræðslu fullbúinni með 180.000 tonna ársframleiðslu. Það er aðeins lítið brot sem þar er á ferðinni. Þetta er hægt að verðleggja. Þarna hefur hæstv. ríkisstjórn sjálf lagt fram viðmiðun um verðlagningu á þessu. Og hver verður kostnaðurinn? Hver er kostnaðurinn af því að bæta þarna í losun gróðurhúsalofttegunda með þessari verksmiðju samkvæmt mælistiku sjálfrar ríkisstjórnarinnar og hæstv. umhvrh.? Hann liggur á bilinu 6.000–7.000 millj. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra Framsfl., hæstv. iðnrh. og umhvrh.: Hafa þeir tekið þennan fórnarkostnað með í dæmið? Er þessi kostnaður reiknaður með? Telja þeir ekki réttmætt að reikna slíkan kostnað inn í dæmi sem þetta?

Ég veitti því athygli, virðulegur forseti, að formaður Framsfl. vék í stuttu máli að umhverfismálum í ræðu sinni fyrir tveimur dögum á svonefndum eldhúsdegi. Ég bið hæstv. ráðherra flokksins, undirsáta formannsins, að leggja við hlustir hafi þetta farið fram hjá þeim, en ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna í þessa nefndu ræðu þar sem formaður Framsfl. sagði eftirfarandi:

„Ég vil einnig nefna umhverfismál sem verður vaxandi málaflokkur á næstu árum og ríkisstjórnin mun sinna þeim málum í vaxandi mæli.“ Mitt innskot er að það er nú góðra gjalda vert, í vaxandi mæli, ætli það sé ekki eins og með efnahagsvöxtinn í Albaníu; þegar nógu langt niðri er byrjað, þá er hægt að sýna einhvern árangur og á ekki að kosta mjög mikið.

„Við höfum fyrst og fremst litið til hafsins og þeirra vandamála sem þar eru en við þurfum líka að líta til loftmengunar og annarra vandamála í sambandi við umhverfismál. En það má aldrei verða svo“ — ég bið hv. þingmenn að leggja við hlustir — „að við Íslendingar getum ekki nýtt okkar orkulindir, orkulindir sem ekki menga umhverfið. Það er grundvallaratriði að við fáum að nota þessar orkulindir okkur sjálfum til framdráttar og í reynd heiminum öllum.“

Þetta er málflutningur formanns Framsfl. og tala menn eins og hæstv. ráðherrar flokksins gera í reynd. Þetta endurspeglar það því að þeir hafa lært þessa röksemdafærslu af formanni Framsfl., þ.e. að vatnsorkulindirnar mengi ekki, þær losi ekki koltvísýrling út í andrúmsloftið, en það skipti engu hvað kemur frá iðnaðinum sem tengist þessum orkulindum og verið er að reyna að draga að fjárfestingu. Það skiptir engu máli og veit þó hæstv. umhvrh. mætavel um að það er ekkert á leiðinni að þannig verði gengið frá málum alþjóðlega. Það er ekkert á leiðinni að um einhver hlutaskipti verði að ræða á mengun, enda sér það auðvitað hver maður sem athugar það mál að það gengur engan veginn upp, að ætla að koma upp slíku kerfi þó að menn séu þjálfaðir í kvótaviðskiptum innan lands og margt gangi kaupum og sölum bæði til lands og sjávar, þá eru ekki undirtektir við það á alþjóðavettvangi að taka upp kvótasölu í sambandi við mengunarheimildir, enda mundi slíkt kerfi fyrr og síðar reka í strand.

Það virðist svo sem Framsfl. ætli að bera það á borð fyrir þjóðina: Við skulum bara reyna að draga að orkufrekan iðnað. Megi sá iðnaður menga hvað sem það kostar. Það skal ekki hindra okkur í að nota þessar orkulindir vegna þess að á mæltu máli er nýting orkulindanna hjá þessum hv. þingmönnum og hæstv. ráðherrum ekki spurningin um það að eiga til ljóss og hita og almenns iðnaðar. Nei, það er orkufrekur iðnaður sem hæstv. iðnrh. leggur nú ofurkapp á að draga að með undirboði á raforku þar sem ekki er tekinn inn í fórnarkostnaðurinn vegna umhverfisins og aðrir slíkir þættir. Þetta er málflutningur sem nauðsynlegt er að vara við og í raun fordæma hvernig haldið er á máli. Þeir sem þannig mæla geta ekki ætlast til þess að mikið sé gert með málflutning þeirra að því er varðar umhverfisvernd að öðru leyti.

Hæstv. umhvrh. ætlar að undirgangast fyrir Íslands hönd, og er þátttakandi í því lagalega skuldbindandi, alþjóðlegan samning á grundvelli fyrirliggjandi samnings nánar útfærðan um það að við Íslendingar tökum á okkur þær skuldbindingar sem verður væntanlega gengið frá í lok ársins. Ég tel að það sé skynsamleg stefna af hálfu hæstv. ráðherra að halda þannig á máli að Ísland greini sig ekki frá. Það væri algerlega fráleitt með tilliti til heildarhagsmuna okkar að ætla sér slíkt en þá standa menn frammi fyrir því að halda þær skuldbindingar. Þá blasir við spurningin: Hvernig ætla menn að ganga þannig frá málum að við getum uppfyllt þau markmið sem rætt er um og er almennt talað þess eðlis að stig af stigi verði dregið úr losun á gróðurhúsalofttegundum? Samkvæmt því sem hæstv. umhvrh. upplýsti þingið um í svari í lok janúar sl. stefnir í það að minnka losun þessara lofttegunda sem valda loftslagsbreytingum og er þegar farið að gera vart við sig að mati vísindamanna, þar verði um að ræða samdrátt sem nemur 50% og raunar gott betur samkvæmt málflutningi þeirra sem vilja hafa varúðina að leiðarljósi.

Þá gera menn ekki allt í senn. Þá fylgja menn ekki þeirri stefnu sem formaður Framsfl. var að draga upp í fyrradag. Það gengur ekki upp nema meiningin sé að láta stóriðjuna taka við af samgöngum í landinu og fiskveiðunum sem eru þeir atvinnuvegir sem leggja til á móti stóriðjunni lungann af þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem um er að ræða. Er það meiningin? Felst það í þessu? Eða ætla menn bara að láta lönd og leið alþjóðlegar skuldbindingar að þessu leyti og reyna að komast af og treysta á guð og lukkuna í þeim efnum? Þetta er gersamlega ábyrgðarlaus stefna og kannski það atriði sem menn ættu að horfa mest á þegar litið er á stóriðjustefnu núv. ríkisstjórnar og kostnaðurinn samkvæmt mælikvarða landbrh., uppgræðslan sem þyrfti að koma á móti ef menn ætluðu að binda, eru 6.000–7.000 millj. kr., 6–7 milljarðar á mælikvarða skógræktarátaksins bara til þess að jafna metin að þessu leyti varðandi álbræðsluna á Grundartanga.

Síðan er það sá þáttur sem snýr að mengunarvörnum að öðru leyti og satt að segja er hörmulegt til þess að vita að það sé hægt að vitna til þess eins og formaður Alþfl. gerði áðan, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, að ekki væri verið að brjóta lagafyrirmæli í sambandi við mengunarvarnir og þá væntanlega verið að vísa til þess sem snýr að losun brennisteinssambanda. Út af fyrir sig og má það til sanns vegar færa að við erum þannig stödd í þeim efnum að það hafa ekki verið sett fyrirmæli og þá ætla menn að láta gott heita eins og mér heyrðist hjá formanni Alþfl. Þá er ekki ástæða til þess að hafa uppi stór orð um þetta. En þar er staðan sú að verið er að opna fyrir verksmiðju sem losar brennisteinssambönd, brennisteinstvíoxíð tífalt á við það sem allar álbræðslur á Norðurlöndum gera þar sem brennisteinstvíoxíð er hreinsað með vothreinsun í sex verksmiðjum í Noregi og í einni einustu álbræðslunni sem enn er starfrækt í Svíþjóð þar sem vothreinsun er stunduð. Menn ná reyndar mun lengra en þetta sem ég nefndi í Sundsvall í Svíþjóð þar sem losunin 1995 var 0,7 kg á tonn en ég hef nú verið að miða við tölur sem er kannski um 2 kg sem væri auðvitað stórfelldur árangur miðað við það sem hér er verið að heimila, 21 kg á tonn af losun brennisteins. Halda menn að það sé svo tilviljun að hæstv. umhvrh. heldur þannig á máli að halda Íslendingum utan við þá samningsgerð og skuldbindingar sem uppi eru í sambandi við mengun sem berst landa á milli, að gera Ísland ekki að virkum þátttakanda í þeim alþjóðasamningi sem þar er um að ræða? Ó, nei. Auðvitað er það engin tilviljun sem þar ræður ferð. Það er beinlínis verið að draga það til þess að framfylgja stefnu Framsfl. í þessum efnum. Hér er verið að komast hjá því að taka þátt í alþjóðlegu skuldbindandi samstarfi til þess að geta sagt það eins og formaður Alþfl. sagði áðan og fest er inn í nefndarálit meiri hlutans. Út af fyrir sig er sú mengun ekki brot á íslenskum lagafyrirmælum sem hér á að heimila frá þessari bræðslu.

Það var um tíma svo að hæstv. iðnrh. og jafnvel hæstv. umhvrh., í öllu falli sá fyrrnefndi, virðulegur forseti, héldu því fram og gott ef ekki einhverjir talsmenn meiri hlutans úr umhvn. þingsins að þetta væri þannig að ef menn væru að tala um vothreinsun væru menn bara að færa vandann yfir í hafið og það væri ekkert betra en að losa þetta í loftið. Menn muna kannski eftir því að það eru ekki nema örfáir mánuðir liðnir síðan þessi málflutningur var uppi hafður og það var verið að hugga menn upp í Hvalfirði með slíkum rökum en þessi málflutningur hefur nú hljóðnað og það er út af fyrir sig vel. Kannski hafa hæstv. ráðherrar fengið upplýsingar um það hvaða var á ferðinni, hvers konar fjarstæðu var verið að halda hér fram. Þar sem Ísland er orðið þátttakandi í skilgreiningum á bestu fáanlegri tækni þar sem tekið er fram að losun efna sem afleiðing af vothreinsun í áliðnaði skapi ekki vandamál sem ástæða sé til að hafa áhyggjur af og Ísland er þátttakandi í slíkri samþykkt, þá er kannski erfitt fyrir hæstv. ráðherra að halda slíkum málflutningi áfram eins og gert var þegar umræðan var hvað mest um þessi efni.

En það er kannski tilviljun, ég veit það ekki, virðulegur forseti, að með þessu plaggi, sem ég er hér með fyrir framan mig og fékk frá Hollustuverndinni í Noregi í febrúarmánuði um það leyti sem var verið að ljúka meðferð í umhvn., fékk ég um það vitneskju að það hefði verið frágengið sem kallað er lýsing á núverandi tækni og bestu fáanlegri tækni í áliðnaði, Aluminium Electrolysis Industry. Þetta plagg sem ég fékk í hendurnar frá Noregi er próförk fyrir bók sem er verið að gefa út á vegum Parcom og í nafni Parcom, Frakkar að vísu með fyrirvara í þessu sambandi, skera sig frá en samt er ákvörðunin tekin því að þeir höfðu þar ákveðna fyrirvara uppi en Ísland er þátttakandi í þessu. Þar gefur að líta mat á áhrifum af losun efna og vatns frá vothreinsibúnaði í sjó og tekið svo til orða að það sé ekki meiri háttar mál vegna útjafnandi hæfileika eða getu og náttúrulegs bakgrunns af súlfötum í hafinu, lauslega þýtt eitt brot um vothreinsun upp úr þessum kafla. Starfsmaður Hollustuverndar ríkisins staðfesti það við mig í dag að þetta rit væri væntanlegt í útgáfu. En ekki var verið að hafa fyrir því af hálfu hv. umhvrn. eða hæstv. umhvrh. að koma vitneskju um þetta á framfæri við umhvn. en væntanlega hefur hæstv. ráðherra frétt af þessu og hvíslar því að hæstv. iðnrh. því þeir eru hættir að tala um það sem einhverja vá að setja upp vothreinsun vegna mengunaráhrifa í hafi.

Svona ganga nú hlutirnir. Sá talsmaður sem hefur talað hvað skýrast í þessum málum í umræðunni og gerþekkir þessi mál er Högni Hansson í Landskrona í Svíþjóð, sérfræðingur á þessu sviði og trúnaðarmaður þar. Hann hefur vakið athygli á þessum atriðum og mörgum fleiri og þökk sé honum fyrir að hafa verið á vaktinni og frætt okkur hér heima og þau áhugasamtök í Hvalfirði sem hafa miðlað þeim fróðleik sem er m.a. komið frá honum í þessum efnum til þess að hrekja firrurnar sem eru m.a. hafðar uppi af yfirvöldum iðnaðar- og umhverfismála í þessum efnum.

Virðulegur forseti. Fyrr á þessum degi ræddi ég við hæstv. umhvrh. um málafylgju hans að því er varðar starfsleyfi. Ég ætla ekki að nota langan tíma til þess að ræða það mál frekar þó að full ástæða væri til þess. Nokkur atriði vil ég þó nefna í tilefni 2. umr. málsins.

Það er þá sérstaklega sem varðar ákvörðun hæstv. umhvrh. að gefa út starfsleyfi í marsmánuði sl., rétt í þann mund sem er að fara af stað yfirferð og mat þeirra aðila sem lög bjóða og samkvæmt reyndar ólöglegum reglugerðum hæstv. ráðherra voru að hefja starf sitt. Hæstv. ráðherra gumar af því gagnvart Alþingi Íslendinga og alþjóð að hann sé valdið í þessum efnum og úrskurðarnefnd og aðrir aðilar sem hann er að vísa almenningi á til að leita réttar síns fái þar engu um breytt. Ég verð að segja að í þessum gjörningi felst dæmalaus vanvirða gagnvart almenningi í landinu. Ég vil einnig nefna það sióleysi þegar það ætti að vera sjálfsagt mál í stjórnsýslu að afgreiða ekki slík leyfi frá síðasta stjórnsýslustigi fyrr en lögboðinni og lögverndaðri umfjöllun er lokið að því er varðar ágreiningsefni af hálfu almennings og þeirra sem athugasemdir gera og það ferli sé komið í lokastöðu. Í raun á að mínu mati verkefni umhvrn. og hæstv. ráðherra ekki að vera annað en það að gefa út starfsleyfi eftir að ráðuneytið hefur farið yfir það og tryggt það með yfirferð sinni að öllum formsatriðum sé rétt til skila haldið og þannig sé réttmætt að veita umrætt leyfi. Ekki til þess að beita þar valdi til breytinga til eða frá eins og hæstv. ráðherra gerði við útgáfu sína og eins og gert var í þessu máli og það sem við blasir að engu verður þar um þokað í þessum efnum að því er varðar skilyrði starfsleyfisins, ekki nokkrum sköpuðum hlut nema málinu og útgáfu leyfisins verði hnekkt fyrir dómi.

Virðulegur forseti. Ég beini því einnig til hæstv. iðnrh. því að hans er ábyrgðin enn þá meiri í þessu máli að hæstv. ráðherrar ættu að skoða sinn gang hér og nú í sambandi við þetta mál ef svo færi að kærumál fyrir dómi yrði höfðað vegna ólöglegra athafna stjórnsýslunnar sem tengist málinu. Hver er staðan að þessu leyti, hæstv. umhvrh. og hæstv. iðnrh.? Rétt að báðir hæstv. ráðherrar svari fyrir. Hver er

staðan að því er varðar skuldbindingar gagnvart þessu fyrirtæki sem fékk þessa sérstöku fyrirgreiðslu og staðfestingu á því að ekki væri stundað neitt hér sem héti „environmental red tape", engin óþarfa skriffinnska í tengslum við umhverfismál eins og auglýst er á vegum stjórnmála út um allan heim að hér sé hraðafgreiðsla á málum, ekki síst varðandi umhverfismálin. Hver er staðan gagnvart Norðurálsfyrirtækinu ef svo færi að starfsleyfið yrði dæmt ógilt á grundvelli þess að það er reist? Undirbúningur þess brýtur lög og fer fram samkvæmt ólöglegum reglugerðum. Það er rétt að hæstv. ráðherrar svari því hvernig þeir meta þá stöðu og hvort það er ekki skynsamlegt að hægja aðeins á ferðinni að þessu leyti. Hraðinn í málinu, sem stjórnvöld standa fyrir og heimila, er með þeim hætti að það er gengið yfir öll eðlileg vinnubrögð í tengslum við svona mál. Jarðvegsframkvæmdir eru heimilaðar. Það heitir að það sé á ábyrgð fyrirtækisins. Það eru heimilaðar jarðvegsframkvæmdir samkvæmt útboði. Það er hluti af þessu. Í rauninni er flest það brotið sem hægt er að brjóta af eðlegri stjórnsýslu í málsmeðferðinni. Byrjunin í því var meðferð hæstv. umhvrh. við mat á umhverfisáhrifum og hvernig þar var á málum haldið þar sem úrskurður skipulagsstjóra ríkisins var höggvinn í spað af hæstv. ráðherra af viðlíka valdhroka og hæstv. ráðherra beitir og beitti þegar hann gaf út starfsleyfið þvert ofan í athugasemdir frá 54 einstaklingum sem þar með höfðu öðlast kærurétt ef þeim svo sýndist að nýta hann, gefið langt nef af ráðherrum Framsfl.

Virðulegur forseti. Heldur er ógæfuleg lest ákvarðana sem fylgir málinu, valdníðslu og valdhroka, ólöglegra athafna, ólöglegrar stjórnsýslu og hæstv. ráðherrar ætla bara að hrista þetta af sér og láta sem ekkert sé. Síðan kemur meiri hluti iðnn. og hæstv. ráðherrar og segja: Það verður að gera fleira en gott þykir í svona máli. Það verður að grípa gæsina þegar hún gefst en við skulum reyna að bæta okkur í framhaldinu. Við gætum alveg hugsað okkur að fara aðeins að athuga það hvort ekki væri ráð að fara að móta einhverja stefnu varðandi orkumál og orkunýtingu, stóriðjumál. Það er jafnvel á dagskrá að það eigi að fara að hugsa til þess að fara að móta stefnu að þessu leyti og formaður iðnn. vitnaði sérstaklega til þess að meiri hluti umhvn. hefði haft á orði að ráð væri að reyna að hraða endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. En eitt af því sem hæstv. umhvrh. hefur hrist af sér eru lagafyrirmæli um það í ákvæði til bráðabirgða sem fylgir lögum um mat á umhverfisáhrifum að þau skuli endurskoða samhliða lögunum um skipulags- og byggingarmál sem Alþingi var að lögfesta í gær. Ekki er farið að sjást tangur eða tetur af endurskoðun frá hæstv. ráðherra og það skal mikið til ef hæstv. ráðherra og ráðuneyti hans kemur með það mál fyrir þingið í þeim búningi að hægt verði að lögfesta þessa breytingu á kjörtímabilinu.

Það er auðvelt og kostar ekki mikið að heita bót og betrun eftir á. En er sú bót og er sú betrun á leiðinni í framkvæmd? Það er a.m.k. alveg ljóst að ekki er verið að doka við í þeim efnum ef um er að ræða að falbjóða orkulindir landsins til stóriðju fyrir hvern sem hafa vill og fyrir verð sem er sagt vera um helmingur af því sem nágrönnum okkar hentar að bjóða í þessu skyni og engar hömlur eru settar í þessu sambandi fyrir utan það að öllu þessu á að koma fyrir, öllu þessu er lofað á þessu svæði, Faxaflóasvæði. Sú stefna er uppi og fyrirvaralaus að þessir nýju landnámsmenn, hinir erlendu stóriðjufurstar, fjármagnseigendurnir, eiga að geta hagað sér með viðlíka hætti og þegar norræna og írska menn bar hér að landi og námu land 9. öld þar sem þeim hentaði og pláss fyndist í landi. Þeir kusu að nota öndvegissúlurnar til þess að vísa sér á góða staði ef trúa má sögum og hæstv. ráðherrar Framsfl. viðhafa alveg það sama. Hinir erlendu fjárfestar, sem hafa peningana, geta numið land og sett niður verksmiðjur sínar þar sem þeim hentar. Þá þarf ekkert að spyrja að því hvar þær eru settar niður.

Virðulegi forseti. Á vegum ríkisstjórnar Íslands er í fullum gangi sú stefna í atvinnumálum og efnahagsmálum að færa Íslendinga til Suðvesturlandsins á sem skemmstum tíma. Hin markaða byggðastefna ríkisstjórnarinnar er að standa þannig að málum. Þetta er verið að undirbúa af sveitarfélögunum hérna, m.a. af Reykjavíkurborg með því að sprengja rammann utan af sér, þ.e. sprengja af sér fjötrana hvað snertir rými fyrir hús og lendur með því að stækka Reykjavíkurborg of færa hana langleiðina upp undir Akranes og til þess að taka við flóttafólkinu utan af landi og skipuleggja Geldinganesið undir stóriðju, í hinni væntanlegu miðju þessarar borgar sem innan ekki langs tíma mun rúma hátt í 200 þúsund manns ef heldur fram sem horfir og taka við sem flestum sem hingað eru dregnir nauðugir viljugir vegna þess hvernig á málum er haldið.

Virðulegur forseti. Ég er andvígur þessu máli og tek undir það sem fyrir liggur í áliti minni hluta iðnn., ágætu nefndaráliti þar sem lagt er gegn lögfestingu þessa frv. þó að minnst af efni málsins sé að finna í þessu frv. Mikið af því liggur fyrir í gjörningum, ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar af ráðherrum sem telja sig hafa vald til þess eins og hæstv. umhvrh. sem þurfti auðvitað ekkert að vera að doka eftir því að Alþingi lýsti vilja sínum frekar en almenningur hefði rétt til að sjá hverju fram yndi um athugasemdir sínar.

Þetta er hörmuleg málafylgja og er þó því miður aðeins hluti og lítið brot af þeim farangri sem þessir hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn hafa í farteski sínu og ætla að reyna að hrinda í framkvæmd ef þeir halda völdum til langframa. Við skulum vona að í því styttist, virðulegur forseti, að þessi stefna hafi brautargengi. Til þess að hamla gegn því verður þjóðin að vakna til vitundar um það hver háski er á ferðum ef svo heldur fram sem horfir og nauðsynin á að svipta þá hæstv. ráðherra og flokka völdum í landinu sem ganga fram af slíkri óbilgirni í máli sem þessu og fullkomnu tillitsleysi að því er varðar rétt almennings í landinu og hagsmuni umhverfis okkar á Íslandi.

[16:11]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom ekki mikið nýtt fram í ræðu hjá hv. þm., mál sem búið er margsinnis að ræða við ýmis tækifæri, bæði 1. umr. um þetta mál og eins við utandagskrárumræður. Hv. þm. spurði um viðhorf og útreikninga um Hágöngumiðlun. Um Hágöngumiðlun fór auðvitað fram umhverfismat eins og eðlilegt er og hefur verið rætt. Auðvitað eru mikilvæg verðmæti víða í landi okkar og óbyggðum víðernum. Verðmiðann á það er sjálfsagt erfitt að setja. Ég hygg að við höfum ekki þá hagfræðinga sem gætu reiknað nákvæmlega út verðmætið fyrir okkur þó svo auðvitað mætti setja sér einhverjar reikniformúlur í því efni.

Ég hef hins vegar margsagt og segi einu sinni enn að ég tel að okkur beri líka að nýta orkulindir okkar og við gerum það ekki öðruvísi en að eitthvert land fari undir þau not. Ég spyr hv. þm. hvort hann hafi yfir höfuð ekki áhuga á því að við nýtum orkulindir okkar og ég spyr eftir því hvort hann hafi ekki átt einhvern þátt í því að heimila virkjanir á Aust-

urlandi, t.d. Fljótsdalsvirkjun, og hvort það geti verið að þar hefðu ekki einhverjum náttúruverðmætum verið fórnað og hvort það hafi verið settur verðmiði á þau náttúruverðmæti sem þar kynnu að tapast.

Varðandi loftslagsbreytingarnar og samningaviðræðurnar sem þar eru í gangi veit hv. þm. það að við tökum þátt í þeim á erlendum vettvangi. Við erum líka að vinna að þeim málum heima hjá okkur. Losun hefur t.d. aukist mjög vegna sóknar fiskiskipaflota okkar á fjarlægari mið miðað við það sem var fyrir nokkrum árum, veruleg aukning á síðustu fimm árum og hefðum við e.t.v. átt að grípa til þess að banna þá sókn á ný mið með flota okkar vegna þess að við vissum að það mundi þýða meiri losun á gróðurhúsalofttegundum.

Starfsleyfið hefur verið útgefið og þau mál höfum við rætt í utandagskrárumræðum tvívegis þannig að það er ekki við það að bæta hér og nú af minni hálfu og enn heldur hv. þm. sig við það að reglugerðir séu ólöglegar. Þessu mótmæli ég og vísa til þess sem fram kom í umræðum fyrr á þessum degi.

[16:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. er farinn að taka eigin orð til baka. Hann sagði þjóðinni það í fjölmiðlum í janúarmánuði að hann yrði að viðurkenna að þessi reglugerð sem hann hefði gefið út í júlí í fyrra hefði greinilega ekki þá lagastoð sem æskilegt væri. Nú er verið að taka það til baka. Hvers konar málflutningur er þetta, virðulegur forseti? Hvað segir hæstv. umhvrh. um líkurnar eða hver þarf að reiða fram fjármuni ef dómstólar dæma þessa gjörninga hans ólögmæta og þar með það starfsleyfi sem út hefur verið gefið?

Varðandi kostnað þá er það rétt að það getur verið álitaefni hvað á að reikna kostnaðinn, kostnaðinn við virkjanir og fórnarkostnað af því tagi. En það er sjálfsagt að gera það og það vill nú svo til að það hefur verið ýmis þróun í sambandi við viðhorf og mat á þessum kostnaði á undanförnum árum og áratugum.

Hæstv. ráðherra var að spyrja um viðhorf mín til þessara mála og þátttöku mína í þeim fyrir 17 árum síðan. Ég er ekkert feiminn að fara yfir þau efni og get gert það lið fyrir lið við hæstv. ráðherra og þar á meðal það að þegar teknar voru ákvarðanir 1981 í sambandi við raforkuver var gengið í það af páv. iðnrh. að tryggja að það sem sett var í forgangsröð númer eitt í sambandi við vatnsmiðlanir væri að tryggð yrði verndun þess. Og það var metið svo af náttúruverndaryfirvöldum þess tíma að það væri skynsamlegt skref og í kaup takandi að gera það enda er nauðsynleg að setja upp ákveðna forgangsröðun í þessum málum og reyna að fylgja henni en ég hef ekki orðið var við það hjá hæstv. núv. ráðherra.

[16:16]

Umhverfisráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjalla um þessi reglugerðarmál á þessu stigi, það gerðum við hér í morgun. Hv. þm. gaf tilefni til þess að ég læsi einu sinni enn það sem ég vitnaði til í morgun og fór yfir og er undirritað af prófessor við lagadeild háskólans, Eiríki Tómassyni, en hv. þm. þótti sæma í morgun að gera heldur lítið úr skoðunum hans. Í lokaorðum álitsgerðar sem hann hefur sent mér vegna þessarar reglugerðar sem nú er í gildi, nr. 26/1997, um breytingar á mengunarvarnareglugerðinni, segir með leyfi forseta: „Með vísun til alls þess sem að framan segir“ — og það er langt og ítarlegt álit — „er það álit mitt að 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, eins og henni var breytt með 2. gr. reglugerðar nr. 26/1997, samrýmist lögum nr. 81/1988.“ Um þetta eru skiptar skoðanir milli lögmanna eins og kom fram hér í umræðunni í morgun. Það hefur sett það ferli, sem reglugerðin sem ég gaf út í janúar gerði ráð fyrir varðandi kærumeðferð, í erfiða stöðu sem ég er nú með í athugun og hef fullan hug á að reyna að finna flöt á í samstarfi og samráði við stjórn Hollustuverndar ríkisins, eins og ég lýsti hér í umræðum fyrr á þessum degi og hef ekki miklu við að bæta. En ég vildi aðeins undirstrika þetta út af stöðugum ummælum hv. þm. um að reglugerðin sé ólögmæt, að um það eru skiptar skoðanir lögmanna sem um hana hafa fjallað.

[16:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held það væri skynsamlegt fyrir hæstv. umhvrh. að líta aðeins á rökstuðninginn í þeim álitsgerðum sem fyrir liggja og einnig að hæstv. ráðherra reyni að stafa sig sjálfur, virðulegur forseti, í gegnum gildandi lög í landinu því það þarf enga lögspekinga til að sjá með hvaða hætti hæstv. ráðherra hefur gengið gegn lögum í sambandi við reglugerðarsetningu. Það þarf bara sæmilega læsan mann og þokkalega skynsemi og þarf engin digur lögfræðiálit til þess. En ef farið er að flagga lögfræðingum þá bið ég hæstv. ráðherra í fyrsta lagi að endurtaka það ekki að hér sé um álitsgerð Háskóla Íslands eða lagadeildar að ræða. Hér er um álitsgerð frá lögmanni að ræða, sem er Eiríkur Tómasson. Hann hefur reynst vilja túlka lög sem tengjast þessum málum með sérstökum hætti og túlkun á mengunarvarnareglugerð haustið 1995 var úrskurðuð ógild, og ég geri satt að segja ekki mjög mikið með þetta álit en það fjallar að verulegu leyti um allt annað heldur en þessa reglugerð og reglugerðarákvæði. En fyrir liggur, virðulegur forseti, það álit þriggja manna sem skipa úrskurðarnefnd sem vinna að því trúnaðarverkefni að meta athugasemdir sem til hennar berast, að þessi reglugerð fái að öllum líkindum ekki staðið lög. Voru þeir þó ekki beinlínis spurðir en þeir koma því áliti sínu á framfæri í sambandi við úrskurð sinn. Sama gildir um þann lögmann sem árum saman hafði það hlutverk að vera formaður þessarar sömu úrskurðarnefndar, Magnús Thoroddsen, og er álit hans algerlega ótvírætt að þessu leyti. Svo kemur hæstv. ráðherra hér og reynir að klóra í bakkann, það er kannski skiljanlegt í þeirri hörmulegu stöðu (Forseti hringir.) sem hann hefur komið þessu máli með því að gefa almenningi langt nef með gjörningum sínum og hafa ekki fyrir því að horfa fram fyrir fæturna á sér áður en reglugerðunum er ungað út, ólögum eftir ólög í þessu máli.

[16:21]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson velti því fyrir sér hvað gerðist ef starfsleyfi fyrirtækisins yrði dæmt ógilt. Þá blasir auðvitað við að þá hefst nýtt ferli við undirbúning að nýju starfsleyfi. En spurningin snerist kannski fyrst og fremst um hver væri þá staða fyrirtækisins gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Þegar starfsleyfið var gefið út var fyrirtækinu alveg ljóst við hvaða kringumstæður það var gefið út. Fyrirtækinu er því alveg ljóst og hefur alltaf verið hvað væri eftir þegar starfsleyfið var gefið út.

[16:21]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að ganga út á þennan ís en ég vildi þá helst að það væri einhver landtaka hjá honum. Það var alls ekki skiljanlegt sem hæstv. ráðherra sagði hér. Hvað var það sem fyrirtækinu var ljóst að væri eftir þegar starfsleyfið var gefið út? Og hver er staða íslenskra samningsaðila við þetta fyrirtæki ef svo færi að starfsleyfið yrði dæmt ógilt fyrir dómi og ferlið yrði að hefjast á nýjan leik? Hver er staðan? Ég bið hæstv. ráðherra um að reyna að ná landi með þessar yfirlýsingar sínar.

[16:22]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir slæmt ef hv. þm. hefur ekki skilið orð mín. En fyrirtækinu hefur verið ljóst frá upphafi hvaða feril starfsleyfið þyrfti að ganga í gegnum og kærufrestur væri eftir þegar umhvrh. hefði gefið út starfsleyfið. Þetta hefur fyrirtækinu verið ljóst þannig að það er enginn ágreiningur milli ríkisins — stjórnvalda, og fyrirtækisins í þessum efnum.

[16:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er enginn ágreiningur í þessum efnum. Er það þá svo að skilja að Columbia Ventures Corporation segi bara takk fyrir, góðan daginn, ef svo færi að hér félli dómur þess efnis að þetta starfsleyfi væri dæmt frá og það yrði að byrja á nýjan leik og framkvæmdum seinkaði o.s.frv. eftir því hvað nýtt ferli tæki langan tíma? Er íslenska ríkið tryggt fyrir því að ekki verði reistar skaðabótakröfur af hálfu fyrirtækisins við slíkar aðstæður? Það væri gott að fá alveg ótvíræð svör við því frá hæstv. ráðherra.

[16:24]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það hefur vakið nokkra athygli þó ekki sé meira sagt að í þessari umræðu hefur það komið fram að sumir hafa litið svo á að undirlendið við Hvalfjörð og Grundartangi væri ekki heppilegt til að staðsetja þar stóriðju. Þeir sem halda þessu fram hafa af tveimur ástæðum viljað fjalla um málið, annars vegar út frá byggðasjónarmiði og hins vegar út frá mengunarmálum.

Á sínum tíma, á 104. löggjafarþingi Íslendinga 1981, sátu í ráðherrastólum bæði hv. þm. Svavar Gestsson og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég held að það sé óhjákvæmilegt í þessari umræðu að fara yfir viðhorf manna á þessum tíma vegna þess að sú þáltill. sem þá var borin upp var samþykkt. Hv. þáv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson var flm. tillögunnar að sjálfsögðu og markaði þar með þá stefnu sem taka skyldi í virkjunarmálum Íslands og stóriðjumálum einnig. Ef þetta er lesið í samhengi þá blasir við hvað var rætt um. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, renna hér yfir tillöguna:

„Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, sem auki verulega afkastagetu um allt að 750 GWh á ári.

Blönduvirkjun, samkvæmt virkjunartilhögun I, verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn.

Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist, og að Sultartangavirkjun verði samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

Ráðist verði í orkufrekan iðnað með ótvíræðu íslensku forræði, sem tryggi hagkvæma nýtingu orku frá ofangreindum virkjunum. Skal í því skyni hraða hagkvæmniathugunum á m.a.: Kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, áliðju, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, trjákvoðuverksmiðju og sjóefnaiðnaði, svo sem natríumklóratvinnslu og magnesíumframleiðslu.

Við niðurröðun og staðsetningu slíkra iðjuvera verði tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og æskilegri byggðaþróun og í því efni m.a. gert ráð fyrir slíkum iðnaði á Suðurlandi og Norðurlandi.

Við tímasetningu virkjunarframkvæmda og byggingu iðjuvera skal leitast við að haga framkvæmdum á þann veg, að mannafla- og vinnuvélaþörf verði sem jöfnust á framkvæmdatímabilinu. Tilgangurinn með þessari tilhögun er að gera íslenskum verktökum kleift að annast þessar framkvæmdir og koma í veg fyrir tímabundin og staðbundin vandamál á vinnumarkaðinum.

Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú, komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987."

Þessi tillaga var stórhuga. Hún var byggð á þeim draumi að það bæri að virkja fallvötn Íslands og það bæri að nýta þann arð sem fengist með þeim virkjunum til að auka hagsæld í landinu. Ég tel að þarna hafi verin tekin stór ákvörðun og stigið stórt skref. Það hefur vissulega brugðist, eins og mál eru sett upp í dag, að ekki er um virk eignarréttaryfirráð Íslendinga yfir stóriðju að ræða í þeim hugmyndum sem fyrir liggja. Það má þó öllum ljóst vera sem þetta lesa og þá fyrst og fremst þeim ráðherra sem lagði þetta fram að hér er verið að leggja til mestu aðgerðir til virkjunarframkvæmda í sögu íslenskrar þjóðar og til stóriðjuáforma sem nokkru sinni hafa verið settar á blað.

Þær eru svo stórar að náttúruspjöllin sem hljótast af þeirri framkvæmd þegar þetta allt verður framkvæmt eru meiri en nokkur önnur á Íslandi. Þetta eru hinar sögulegu staðreyndir málsins. Á sínum tíma talaði fyrir málinu iðnrh. sem enginn efaðist um að hefði hag þjóðar sinnar sem markmið í sínum málflutningi og vildi vinna að því að Íslendingar gætu notið arðsins af fallvötnunum. Við sem þá vorum óbreyttir þingmenn stóðum í því að vinna að brautargengi þessa máls og þó að þáltill., sem samþykkt hafði verið, hafi tæplega verið jafnstór og sú sem lögð er hér fyrir, þ.e. það var frekar dregið úr en hitt, þá blandast engum hugur um að það var vilji manna á þeim tíma að þessi stefna yrði tekin með samfelldum framkvæmdum þar til markmiðinu væri náð. Það kemur fram þegar minnst er á vinnuvélar og slíka hluti.

Hvað hefur stöðvað það af að þetta hefur ekki verið hægt? Það sem hefur stöðvað það af er sú staðreynd að við höfum ekki getað náð viðunandi orkusamningum. Ég er ekki að álasa neinum með því að segja það. Ég er aðeins að undirstrika þá staðreynd að þeir sem hafa farið með þessi mál hafa ekki talið að þeir hafi náð viðunandi orkusamningum til þess að hægt væri að vinna jafnhratt og þarna var lagt til. Hins vegar má hverjum manni ljóst vera að mengun af völdum þessara mannvirkja, sem ætlunin var að reisa, fyrir alla þá orku sem er verið að tala um hlaut að verða þó nokkuð mikil. Þekkingarlega séð er ekkert vafaatriði að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði sér betur grein fyrir því en nokkur annar

að verið var að tala um mjög mikla stóriðju og mjög mikil náttúruspjöll og mjög mikla mengun sem af því mundi leiða miðað við þá mengun sem fyrir var í landinu. Þetta blasti við. Þegar þessi tillaga er samþykkt af Alþingi Íslendinga er stefnan mörkuð.

Nú er það svo að við erum margir óánægðir með byggðaþróun í landinu. Ég er ekki sáttur við það hver byggðaþróun er og ég er ekki sáttur við það að þannig skuli vera staðið að stefnumörkun í sjávarútvegsmálum, að það hafi leitt til þess að hinar gömlu verstöðvar hafa farið mjög halloka í því að halda aflahlutdeildum sínum því ég er sannfærður um að það verður minnst olíunotkun til þess að ná þeim fiski úr sjónum sem við þurfum að veiða ef sú veiði verður mest stunduð frá þeim stöðum þar sem hinar gömlu verstöðvar voru. Þar er yfir höfuð oftast styst á miðin.

Í inngangi grg. með þáltill. er getið um það hvað skuli haft til viðmiðunar við ákvörðun um hvar stóriðjan eigi helst að rísa. Ég held að það sé ekkert vafaatriði að sú stefnumörkun sem þar var sett upp, þ.e. að hún eigi að rísa í nálægð við helstu virkjunarstaði, sé sú stefna sem hver heilvita maður sem kynnir sér málin hlýtur að líta á sem hina arðvænlegustu ef þar eru hafnarskilyrði góð. Nú eru hvergi betri hafnarskilyrði við þetta land, miðað við virkjun á Þjórsársvæðinu, en við Hvalfjörð. Hvergi ódýrara að byggja höfn en á því svæði. Kannski er rétt að rifja það upp líka að á sínum tíma þegar Magnús Stephensen og frændur hans réðu sem mestu hér á landi voru uppi hugmyndir um það af þeirra hálfu að hugsanlegur valkostur fyrir höfuðborg Íslands væri norðanverðu við Hvalfjörð, á Leirársvæðinu, sem er besta byggingarland sem til er á suðvesturhorni landsins. Hættuminnsta byggingarsvæðið, horft út frá eldgosum, hættuminnsta byggingarsvæðið horft út frá jarðskjálftum. Rökin fyrir því að staðsetja þar mjög stóra borg eru því vissulega enn til staðar.

Nú er það svo að vegalengdir styttast ekki en tíminn til að komast ákveðna vegalengd getur styst. Bætt samgöngukerfi hefur leitt til þess að uppbygging við norðanverðan Hvalfjörð hefur slagkraft langt út frá sér. Samkvæmt efnahagsforsendum nær sá slagkraftur upp á miðja Holtavörðuheiði þar sem Borgarbyggð endar því að Borgarbyggð á vissan hlut í höfninni á Grundartanga og að sjálfsögðu nær slagkrafturinn einnig þar sem Mýrasýsla nær. Þetta eru staðreyndir. Ég er einnig sannfærður um það að sú staðreynd að nú kemur til aðili sem er ekki frá Evrópu heldur frá Ameríku ætti að geta auðveldað okkur að ná niður verðlagi á flutningskostnaði frá Ameríku til Íslands og frá Íslandi til Ameríku sem er óhóflega mikill.

Ég verð að segja eins og er að ég sé þess vegna mjög mörg rök hníga með því að stóriðjan sé staðsett á Grundartanga. Komist Fljótdalsvirkjun í gagnið eins og ég veit að við báðir vonum, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ég, þá verður tekist á um það hvar eigi að byggja stóriðjuver. Ég vona að það verði á Austurlandi. Ég vona að það stóriðjuver verði byggt á Austurlandi því mér finnst rökrétt að þeir eigi rétt á því og ég teldi mjög óeðlilegt að flytja þá orku t.d. alla leið hingað. En í umræðunni hafa menn í hita leiksins fest mjög mikið í deilu um að ákveðinn þrýstihópur ris upp og segir: Við viljum ekki hafa stóriðju í nágrenni við okkur. Og sumarbústaðareigandi uppi í Kjós, prófessor við Háskóla Íslands, (**Gripið fram í:** Hver er það?) skrifaði grein í Morgunblaðið og fór fyrir hópnum. Hann heitir Arnór Hannibalsson. (**Gripið fram í:** Hann býr í Kjósinni en er ekki sumarbústaðareigandi.) Ég sagði að hann væri sumarbústaðareigandi í Kjósinni. Hér er því haldið fram að hann búi þar allan ársins hring. Það má vel vera að svo sé. Ég hef farið fram hjá þarna ansi oft og séð hvaða bílar standa þarna á hlaði og mér þykir það með ólíkindum ef hann ferðast ríðandi frá þessum bústað að staðaldri. (**Gripið fram í:** Hefur þetta eitthvað með málið að gera?) Nei, þetta hefur ekkert með málið að gera. Hins vegar hefur þetta með frammíkall hv. þm. að gera. Það má vel vera að hann hafi rétt fyrir sér að hann sé búandi þarna allan ársins hring. Það verður þá að skoða það sem staðreynd og ég dreg þá þá fullyrðingu til baka að hann sé sumarbústaðareigandi, hann er þá húseigandi uppi í Kjós.

Nú er það svo að Vestfirðingafjórðungur og Sunnlendingafjórðungur mætast í Hvalfirði, fyrir botni Hvalfjarðar, og það hefur ekki gerst frá því á Sturlungaöld að ófriður yrði á milli þessara landshluta enda hafa menn haft sæmilega sátt um það að skipta sér ekki af uppbyggingu hvor hjá öðrum í þessum efnum. Vel má vera að menn líti á það sem sjálfsagðan hlut að þeir sem búa sunnan við Hvalfjörð eigi að ráða því hvað byggt er hinum megin við fjörðinn en eiga þeir þá á Snæfellsnesinu að ráða því hvað byggt er á Reykjanesi? Ég veit ekki betur en að Snæfellsnesið komi beint á móti Reykjanesinu. Það sem meira er, allt sem fer í sjóinn við Reykjanes rekur upp á Snæfellsnes, meðfram ströndinni og straumunum. Ég held nefnilega ef menn ætla að fara í þetta stríð út frá loftmengun og slíkum hlutum sé það nú svo að jafnvel Bretar verða að hafa það að fá lyktina af svínaskítnum yfir sig yfir sundið frá Hollandi á vorin, og eru þó heimsveldi, og mega ekki rönd við reisa. En hérna er það að prófessorinn í Kjósinni vill hafa það alveg á hreinu að hans ríki nái yfir Hvalfjörð til afskipta. (**Gripið fram í:** Er svínaskítur ....?) Það er mikill svínaskítur í Hollandi, mjög mikill. Bændur bera þennan skít á tún sín þegar vorar, það eru komnar reglur að vísu um að plægja þetta í jörðina og þar fram eftir götunum en engu að síður er það staðreynd að lyktin berst yfir Ermarsund og Bretar hafa kvartað en ekki fengið rönd við reist.

Ég tel að vissulega sé hægt að ræða það fram og til baka hvort ráðherra hafi brotið lög eða ekki. En ef menn virða þrískiptingu valdsins hlýtur að vera eðlilegt að dómstólar skeri úr um það efni. Jafnvel ráðherrann hlýtur þá að eiga rétt á því að dæmt verði í því máli. Tveir íslenskir ráðherrar hafa verið dæmdir fyrir það að gefa út reglugerðir sem hafa ekki staðist. Í báðum tilfellum kostaði það íslenska ríkið fjármuni, í öðru tilfellinu þó nokkra fjármuni. Hvorugur sagði af sér á sínum tíma út af þeim málum. Hins vegar ætla ég ekki að verja það ef reglugerð er röng og ég ætla ekki heldur að dæma í því máli. Það verða þeir að gera sem eru færari að meta lög. Þó að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafi gefið lýsingu á því hvaða hæfni menn hefðu, það þyrfti meðalgreind og að vera læs ef ég man þetta rétt, og hvatti Guðmund Bjarnason til þess að fara í að lesa þetta yfir, sem ég tel yfirlýsingu um að hann telji hann bæði læsan og meðalgreindan í stöðunni og sýnir það að menn eru ekki svo heitir að þeir geti ekki rætt í ró um þetta, þá er skoðun mín samt sem áður sú að ekki verði hægt að meta lögmæti þess starfsleyfis, sem verið er að tala um, nema fyrir dómstólum eins og mál standa í dag.

Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. fyrrv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson, hafi með flutningi tillögunnar og Alþingi Íslendinga með samþykkt hennar 6. maí 1982, hrint þeim væntingum af stað hjá íslenskri þjóð sem ekki væri aftur snúið, að hér bæri að fara í virkjunarframkvæmdir og hér

bæri að fara í stóriðju. Hafi Alþingi verið að blekkja íslenska þjóð með von um arðsemi af þessu á sínum tíma, hefur sá sem stóð fyrir blekkingarleiknum verið hæstv. iðnrh. þeirra tíma. Ég vil ekki trúa því að þannig hafi verið staðið að málum. Ég vil trúa því að hann hafi verið sannfærður um að það væri rétt sem verið væri að leggja fyrir þingið og það væri rétt að þingið samþykkti tillöguna. Sem einn af þeim sem studdu það á sínum tíma vil ég segja það hér og nú að ég mundi styðja það aftur ef hún kæmi til atkvæða.

[16:45]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flytur oft afar merkilegar ræður og oftast skemmtilegar og sýnir okkur oft nýjar hliðar á málunum en þessi ræða var mjög sérkennileg. Ég verð að spyrja hv. þm. hvort hann telji að menn eigi ekki að hafa skoðanir á málum í öðrum hreppum, hvort það sé svo forkastanlegt að fólk sem sér fram á það að hafa fyrir augunum handan fjarðarins stóriðjuver sem það telur bera með sér bæði sjónmengun og loftmengun sé ekki í rétti til að hafa skoðun á því sem þar er að gerast. Hann bar þetta saman við það sem kynni að gerast á Reykjanesi og Snæfellsnesi og ég verð að segja sem mína skoðun að mér finnst allir geta haft skoðun á því hvað er að gerast yfirleitt í heiminum. Höfum við ekki rétt til þess að hafa skoðun á því hvernig menn útrýma regnskógum hinum megin á hnettinum eða eitthvað slíkt? Eigum við bara að hugsa um næsta nágrenni og eru réttindi okkar bara bundin við túnfótinn?

[16:47]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. kemur úr þeim menningarheimi þar sem frændi hennar orti um „Ekkjuna við ána“ og vakti athygli á því hvað hún taldi sér skylt að vernda og verja og auðvitað er það svo að menn vilja hafa meira að segja um sitt nánasta nágrenni en um það sem fjær er. En skoðanir geta menn haft á öllu.

Þetta er ekki spurning um að hafa skoðun. Þetta er spurning um að fá að ráða. Ég tel ekki að við eigum að ráða málefnum Afríku í óþökk þeirra sem þar eru þó ég hafi á því skoðun. Ég fæ ekki séð að hægt sé að setja samasemmerki á milli þess að fá að ráða og hafa skoðun. Auðvitað eiga þeir sem eru í Kjósinni að hafa skoðanir sínar. En mér finnst að það sé langt seilst til lokunnar ef skipulagsmálum er þannig háttað á Íslandi að þeir sem búa sunnanverðu við Hvalfjörð eigi að ráða framkvæmdunum fyrir norðan Hvalfjörð. (**SvG:** Í Afríku.) Og þá erum við komnir að hinu. Sumir hafa náttúrlega viljað ráða öllum heimnum, hv. þm. Svavar Gestsson, og talið að það kæmi ekkert minna til greina. En nú hefur dregið mjög úr þessu. Og frændur hans, Sturlungarnir, sem hann er nú afkomandi af (**SvG:** Okkar beggja.) vildu náttúrlega ráða meiru, það vitum við. En það leiddi líka til ansi mikilla blóðsúthellinga í landinu og spurningin er hvort menn vilji halda sig við fjórðungamörk.

Ég verð að taka því að auðvitað flyt ég misjafnar ræður að gæðum og fráleitt að allar séu skemmtilegar.

[16:49]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta var út af fyrir sig ágæt viðbót við fyrri ræðuhöld hv. þm. en ég hlýt að ítreka þá skoðun mína að hvort sem við erum að tala um að hafa skoðanir eða áhrif eða ráða einhverju þá sé ég ekki að það sé hægt að draga nein landamerki þar á milli. Ég hef a.m.k. heilmiklar skoðanir á því hvað er verið að gera konunum í Afganistan og ég áskil mér allan rétt til þess að beita því litla afli sem ég hef til þess að hafa áhrif í þeim efnum. Ég veit að það er ekki mikil von til þess. En maður hlýtur alltaf að reyna að koma sínu á framfæri hversu líklegt sem er að það hafi einhver áhrif. Þetta er réttur mannsins og honum ber að nota hann.

[16:51]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef ég man rétt þá var kaþólskur biskup í Frakklandi þeirrar skoðunar að hann vildi ráða því hverjir réðu yfir Ísrael og hvatti landa sína í stórum stíl til að fara herför til að frelsa landið. Það leiddi til þess að þeir voru stráfelldir sem lögðu af stað, allir sannfærðir um að hann hefði rétt fyrir sér.

Ég er sama sinnis og hv. þm. Kristín Halldórsdóttir, 12. þm. Reykn., að mér rennur til rifja að horfa upp á það sem er að gerast í Afganistan. En þó til væri íslenskur her þá mundi ég ekki styðja að hann yrði sendur þangað.

[16:52]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Andsvörum er að sjálfsögðu lokið en ég get ekki sillt mig um að taka aðeins upp þráðinn. Ég vona að hv. þm. hafi ekki haldið að ég væri að leggja til að farið væri með hervaldi gegn álverinu í Straumsvík en ég get hins vegar alveg viðurkennt að það gæti alveg hvarflað að einhverjum. (**ÓÞÞ:** Var það ekki álverið á Grundartanga?) Grundartanga. Afsakið, ég þakka hv. þm. fyrir leiðréttinguna.

Ýmislegt getur hvarflað að mönnum þegar þeir skynja sig ofbeldi beitta og læt ég þá þessu viðbragði við orðum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar lokið.

Herra forseti. Kannski má segja að tími hinna löngu ræðna í þessu máli gæti verið á enda, a.m.k. að því er mig varðar. Hér hefur flest verið sagt sem segja þarf en ég vil komast að með nokkur orð engu að síður.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir getur því miður af persónulegum ástæðum ekki verið viðstödd umræðuna hér í dag en hún hefur setið fundi hv. iðnn. og fylgst með málinu þar sem áheyrnaraðili. Hún er sammála nefndaráliti minni hlutans sem þegar hefur verið mælt fyrir og ég tek undir það álit í einu og öllu. Ég þarf ekki út af fyrir sig að lýsa því í langri ræðu að við erum andvígar þessu máli og höfum unnið ötullega í því alveg frá upphafi og reynt eftir megni að vinna því það gagn sem við höfum mátt. Við gerðum ítarlegar athugasemdir við umhverfismatið þegar það kom fram fyrir rúmu ári að tilhlutan og frumkvæði Markaðsskrifstofu iðnrn. og Landsvirkjunar. Við gerðum líka ítarlegar athugasemdir við tillögu Hollustuverndar að starfsleyfi fyrir nokkrum mánuðum og við bentum þá á fjölmörg atriði sem betur mættu fara. Við lögðum t.d. sérstaka áherslu á verndun vatnsbóla sem er vissulega hætta búin vegna mengunar af völdum verksmiðjureksturs á Grundartanga og við höfum að sjálfsögðu lagt mikla áherslu á nauðsyn vothreinsibúnaðar sem draga mundi verulega úr mengun brennisteinstvíoxíðs og flúoríðs.

Við getum út af fyrir sig ekki bent á mikinn sýnilegan árangur af baráttu okkar né annarra sem eru sama sinnis og hafa lagt á sig gífurlega mikið starf, varið miklum tíma og orku í málið. Þó hefur orðið árangur og að mínu mati mikill árangur.

Ég er sannfærð um að allt það andóf og athugasemdir sem fram hafa komið í vaxandi mæli í þessum efnum hafi mikil áhrif til framtíðar.

Eins og ég lýsti í útvarpsumræðum á miðvikudagskvöld tel ég að nokkur vatnaskil hafi orðið í almennum umræðum um atvinnumál í landinu og áhrif þeirra á náttúru og umhverfi. Ég held að öll sú umfjöllun sem orðið hefur um þetta mál eigi eftir að skila sér í ákveðinni stefnubreytingu og hún hefur raunar þegar gert það. Þar á ég t.d. við Samtökin óspillt land í Hvalfirði sem hafa háð athyglisverða og aðdáunarverða baráttu fyrir verndun umhverfisins þar upp frá. Það er að vísu útlit fyrir að þessi verksmiðja sem samtökin og fleiri hafa barist gegn rísi enda gátu framkvæmdaraðilar ekki einu sinni beðið eftir afgreiðslu þess frv. sem er til umræðu né heldur eftir því að gengið hefði verið frá fjármögnun þessa verkefnis heldur eru framkvæmdir þegar hafnar og að því er ég best veit eru jarðvegsframkvæmdir vel á veg komnar og e.t.v. meira en það. Svo mikið lá á að ekki var hægt að bíða enda voru menn harla vissir um sinn hag með stefnufestu hæstv. iðnrh. og velvilja hæstv. umhvrh. að leiðarljósi.

Það er nú svo að sá þáttur þessa máls mun vera liður í því að hjálpa til við samninga um fjármögnun þessa verks í því að sannfæra hugsanlega fjárfesta eða fjármögnunaraðila um það að stjórnvöldum sé fyllsta alvara og þau standi heils hugar að málinu. Allt er þetta með ólíkindum og ekki til eftirbreytni hvernig staðið hefur verið að verki. Það sem hefur knúið menn áfram og blindað sýn þeirra til annarra átta hefur verið þessi einstrengingslegi vilji til að fjölga stóriðjuverum í landinu og mætti kannski afgreiða á sama hátt og gert var í frægri ræðu fyrir nokkrum árum á Alþingi, þeirri stystu sem ég trúi að haldin hafi verið þegar þáv. hv. þm. Ásgeir Hannes Eiríksson fór í ræðustól og mælti aðeins tvö orð: „Álverið rísi." Ef þingmenn væru almennt jafngagnorðir mundi það vitaskuld einfalda alla umræðu en hætt er við að þá svifu í gegnum þingið æðimörg slysasystkin að óathuguðu máli.

En hvað um það. Menn kunna að velta því fyrir sér hvers vegna menn eru yfirleitt að leggja á sig alla þessa baráttu gegn þeirri stóriðjustefnu sem hefur verið alfa og omega stjórnvalda um langt skeið og er enn, baráttu sem hefur lengi virst harla vonlaus en er þó nú öllu vænlegri og líklegri til árangurs.

Ég held að ástæða sé til að minna á og ítreka þau rök sem komið hafa fram í þessu máli og öðrum skyldum. Við kvennalistakonur bendum fyrst og fremst á umhverfisspjöllin sem slíkri atvinnustarfsemi fylgja. Við bendum á sjónmengun og landspjöll og í því sambandi megum við ekki gleyma gríðarlegum umhverfisáhrifum vegna nauðsynlegra virkjana í tengslum við stóriðju, umhverfisáhrifum sem verða ekki aftur tekin.

Við bendum líka á neikvæð áhrif stóriðju á þá ímynd hreins og ómengaðs umhverfis sem margvísleg önnur atvinnustarfsemi byggir tilveru sína á fyrst og fremst, svo sem lífræn ræktun og matvælavinnsla af ýmsu tagi. Við getum nefnt vatnsútflutning sem er líklegt að verði umtalsverður í framtíðinni þótt sú grein hafi reyndar mætt ýmsum erfiðleikum sem ég hef trú á að verði yfirstignir en ekki síst ef við berum gæfu til að treysta og styrkja þá ímynd sem öðru fremur getur selt frábært drykkjarvatn okkar. Ekki má gleyma ferðaþjónustunni sem þegar skilar okkur umtalsverðum tekjum, meiri tekjum en stóriðjan. En stóriðjustefnan setur þessa ímynd í hættu og ég vil enn vara við þeim málflutningi sem talsmenn stóriðju hafa haldið að landsmönnum að við stöndum frammi fyrir aðeins tveimur kostum í styrkingu efnahags- og atvinnulífs í landinu, þ.e. annars vegar stóriðju og hins vegar atvinnuleysi, annars vegar milljarðatekjum og hins vegar engum tekjum inn í þjóðarbúið, annars vegar hagvexti og framförum og hins vegar stöðnun eða jafnvel afturför. Þannig er þetta auðvitað ekki heldur eigum við margvíslega aðra möguleika sem fyrst og fremst felast í virkjun hugvits og þekkingar, studdri menntun og rannsóknum, svo og í ímynd hreinleikans sem aðrar þjóðir líta öfundaraugum vegna þess að þær hafa fyrirgert þeim möguleikum. Við eigum að nýta okkur þá kosti.

Mengun lofts og umhverfis af völdum stóriðjureksturs er hættuleg þeirri ímynd og grefur undan þeim möguleikum sem í henni felast. Ég ætla ekki að fara ítarlega í þær skuldbindingar sem okkur ber að axla vegna alþjóðlegra samninga, m.a. um loftslagsbreytingar. Í það hefur þegar verið farið og raunar margsinnis. En við bendum líka á óæskilega þenslu á vinnumarkaði vegna framkvæmda við virkjanir og byggingu verksmiðjunnar og við erum auðvitað ekki andvígar því að hjól atvinnulífsins snúist. Það erum við ekki og þensla er ekki endilega af hinu vonda, a.m.k. ekki þensla sem hæfilegur vöxtur í atvinnulífinu veldur. Það hættulega við þá þenslu sem skapast vegna byggingar stóriðjuverksmiðju og virkjana er sú mikla tímabundna og staðbundna þensla og röskun sem henni fylgir enda hafa þessi áform og uppbygging á Grundartanga þegar að meðtöldum þeim framkvæmdum sem hafa verið í gangi í Straumsvík og allar meðfylgjandi framkvæmdir við virkjanir á hálendinu o.s.frv. haft óæskileg áhrif nú þegar, sem sagt dregið úr bjartsýni og uppbyggingu utan þessa svæðis.

Öðru megum við ekki gleyma og það eru þær hömlur sem í tengslum við þetta eru settar á bráðnauðsynlegar framkvæmdir á suðvesturhorninu. Hér er tilskipunin sú að setja hömlur á framkvæmdir í vegagerð, hafnargerð, bráðnauðsynlegar endurbætur á Reykjavíkurflugvelli sem er ekki síður byggðamál, jafnvel á skólabyggingar. Við höfum m.a. miklar áhyggjur af þessum áhrifum og höfum einmitt talið farsælla að stuðla að eflingu atvinnu sem dreifist meira um landið en setur það ekki upp á annan endann ef svo má að orði komast.

Þá leggjum við áherslu á afleita staðsetningu álversins á Grundartanga í Hvalfirði. Rökin fyrir því eru auðvitað hin sömu og gegn stóriðju yfirleitt en því til viðbótar að ef niðurstaðan er að setja niður stóriðjuver er fáránlegt að velja því þennan stað. Þeir eru margir sem eru sama sinnis og telja ýmsa aðra staði koma til greina þar sem minni skaði er líklegur af sjónmengun og öðrum áhrifum á mannlíf og aðra atvinnustarfsemi. Í þessum hópi eru sennilega flestir heimamanna sem ég vil kalla heimamenn jafnvel þó margir þeir búi öndvert við þann stað sem um ræðir og reyndar eru þeir margir aðrir sem hafa látið til sín taka sem ég er ekki einu sinni viss um að sæju verksmiðjuna eftir að hún er komin upp en eru þó í nágrenni þessa staðar. Ég verð að segja að ég finn sárt til með þeim nú þegar allt útlit er fyrir að orrustan sé töpuð og ég get rétt ímyndað mér að þeim líði eins og þeim sem beittir eru grófu ofbeldi. Þannig mun þeim líða hvern þann dag sem þeir verða að horfa upp á framkvæmdir hinum megin fjarðarins. Þeir hafa barist hetjulega en þótt þessi orrusta virðist nú töpuð er baráttan ekki á enda og þeir hafa náð árangri. Ekki bara þeim árangri sem birtist í því samkomulagi sem rétt er að fagna, samkomulagi um rannsóknir og eftirlit eða aðild að

rannsóknum og eftirliti sem undirritað var í morgun — og nú veit ég auðvitað ekki almennilega um hvað ég er að tala þar sem ég hef aðeins óljósar fregnir af þessu, heldur fyrst og fremst þeirri vakningu sem orðið hefur og þeim vatnaskilum sem orðið hafa í umræðunum um umhverfismál í tengslum við atvinnustarfsemi í landinu. Árangurinn er ekki enn mjög sýnilegur, hann er ekki skjalfastur. En ég trúi því að öll sú umræða sem orðið hefur muni skila sér í betri vinnubrögðum við álíka aðstæður í framtíðinni og hafi skilað sér í auknum skilningi á þeim verðmætum sem um er að ræða og muni skila sér í meiri ábyrgð gagnvart þessum verðmætum. Þessi umræða á og verður að halda áfram.

Herra forseti. Ég er andvíg málinu en ég hef nú lokið máli mínu.

[17:10]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt vegna þess sem fram kom hér í annars ágætu máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur sem oft hefur komið fram í umræðu, bæði hér og annars staðar um þann misskilning sem gætir þegar við fjöllum um þessi fyrirtæki sem við köllum á Íslandi stóriðjufyrirtæki, að það séu yfirleitt slæmir vinnustaðir og hafi mjög neikvæð áhrif. Ég verð að segja fyrir mig að þegar ég kynntist þessu og fór að fara í þessi fyrirtæki til þess að eiga orðastað bæði við starfsfólk og forsvarsmenn, bæði við Straum og eins upp við Grundartanga, þá kom reyndar allt annað í ljós sem ég hafði auðvitað haft grun um vegna þess að ég þekki starfsfólk á þeim stöðum. Það kom bara þveröfugt fram.

Það er m.a. svo að starfsaldur í þessu fyrirtæki er hvað hæstur á Íslandi hjá því fólki sem vinnur í þessum fyrirtækjum Það er líka alveg ótrúleg eftirspurn eftir því að fá atvinnu í þessum fyrirtækjum. Hv. þm. má heldur ekki gleyma því að meðallaun í þessum fyrirtækjum eru um 43% hærri en gerist í almennum iðnaði hjá okkur. Og vegna þess að ég veit að hv. þm. vill hafa það sem sannast er og er örugglega náttúruunnandi, dýralíf við Straum hefur ekki aldeilis spillst vegna þess að þarna var byggt álver sem þar er í dag. Sem betur fer er dýralíf með hinu fjölskrúðugasta móti einmitt við Straum. Ég vil vinsamlega koma þessu á framfæri við hv. þm. vegna þess að ég veit að hún vill hafa það sem sannast er.

[17:12]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég talaði reyndar ekki nokkurn skapaðan hlut um starfsaðstæður í stóriðjuverum. Ég minntist ekki á það. Ég talaði um neikvæð áhrif stóriðjufyrirtækja á þá ímynd hreinleika og ómengaðs umhverfis sem ég tel að séu fyrir hendi. Ég talaði aðallega um þau áhrif. En úr því að hv. þm. minntist á starfsumhverfi í þessum verksmiðjum þekki ég líka fólk sem vinnur í þessum verksmiðjum. Ég þekki líka fólk sem vinnur í Straumi og ég veit að ekki líður öllum óskaplega vel í þessu starfsumhverfi. Margir þurfa að vinna við ýmiss konar aðstæður vegna þess að þeir þurfa að vinna fyrir sér og það er ekki svo að menn bara gangi út af sínum vinnustöðum hvernig sem þeim líður af því að þeir hafa kannski ekki að öðru að hverfa.

Hins vegar þekki ég alveg þessi rök líka. Mörgum líður vel þarna. Margir vilja vinna þarna vegna þess að þeir fá hærra kaup en þeir fengju annars staðar þannig að það má kannski segja að fólk sé nánast keypt til að vinna á þessum stöðum. En ég er fyrst og fremst andvíg stóriðjuuppbyggingu hér á landi vegna þess að ég tel að hún hafi áhrif á þá möguleika sem ég tel miklu betri og muni skila okkur betri framtíð í þessu landi en stóriðjan.

[17:14]

Útbýting þingskjala:

Skyldutrygging lífeyrisréttinda, 530. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1331.

Þróun og umfang fátæktar á Íslandi, 264. mál, skýrsla forsrh., þskj. 1337.

[17:14]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir einkar fróðlega ræðu sem kom mjög víða við og vakti til umhugsunar um þau mál sem eru efst á baugi og við erum að ræða í dag. Ég tel að fengur sé að því að hlýða á ræður af því tagi sem hann flutti hér áðan.

Ég þakka einnig hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir vissar ábendingar um stefnu Framsfl. sem mér fannst koma fram í andsvari hans áðan og ég mun fara aðeins yfir í ræðu minni og þakka báðum þessum samþingmönnum mínum fyrir það að opna þetta svið umræðunnar jafnglöggt og þeir hafa gert.

Ég vek athygli á því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson taldi að við alþýðubandalagsmenn hefðum haft forustu um nýtingu orkulindanna á Íslandi og ég þakka honum fyrir þessa lýsingu því að þetta er rétt. Við höfum yfirleitt ekki fengið að njóta sannmælis í þessu efni. Morgunblaðið hefur t.d. verið í 20 ára herferð gegn hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og einstaka framsóknarmenn eins og t.d. núverandi formaður Framsfl. hafa vikist mjög harkalega að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni í þessum efnum. En staðreyndin er sú að sú orkustefna, þ.e. að því er varðar virkjanir og annað slíkt í tengslum við þær, var að nokkru leyti mótuð í okkar tíð. Það sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lagði á áherslu var það að skapa samstöðu um þær ákvarðanir. Hann er sá iðnrh. sem hefur gengið lengst í þeim efnum og kallaði m.a. til af þeim ástæðum menn úr öllum flokkum en ekki bara úr stjórnarflokkunum eins og tíðkast núna þar sem menn virða ekki stjórnarandstöðuna viðlits og vilja ekki hafa hana nálægt sér ef þess er nokkur kostur að komast hjá því, a.m.k. ekki Alþb.

Ég tel að stefnumótun hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar hafi þannig séð markað ákveðin þáttaskil í orkuumræðu á Íslandi og ég tel ástæðu til að vekja athygli á því og þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að vekja þannig athygli á þessari sögulegu staðreynd í sögu orkumála á Íslandi og Alþb.

Það sem kom fram í þessum áherslum var það að Íslendingar ættu að njóta arðsins af fallvötnunum eins og hv. 2. þm. Vestf. orðaði það. Það var útgangspunktur í málinu. Út frá því voru áherslurnar mótaðar og út frá því birtist sú þál., sem samþykkt var á Alþingi og hann las upp í heild, að Íslendingar nytu arðsins af fallvötnunum.

Deilurnar í orkumálum síðan hafa snúist um þetta. Við alþýðubandalagsmenn höfum talið að ekki hafi alltaf verið tryggt sem skyldi að Íslendingar nytu þessa arðs vegna þess að þó að við eigum virkjanirnar er það svo að arðurinn birtist ekki bara í orkuverðinu heldur líka í afurðum þeirra verksmiðja sem vinna úr orkunni. Við höfum talið að okkar hlutur í orkuverðinu hafi verið of smár en hlutur hinna sem við sömdum við í útflutningi á afurðum stóriðjuverksmiðjanna hafi stundum verið of stór. Við höfum með öðrum orðum

talið að stundum hafi það verið þannig eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vakti athygli á að Íslendingar hafi ekki notið arðsins sem skyldi. Það er grundvallaratriði í málinu. Og m.a. af þeim ástæðum gagnrýni ég það að svona skuli staðið að þessu álveri á Grundartanga af því að ég tel að orkuverðið í heiminum sé á uppleið og ég tel að við nýtum okkur það ekki heldur lútum að litlu í því frv. eins og það lítur út hér. Þetta er auðvitað lykilatriði ef orkan á að verða sá undirstöðuþáttur í lífskjörum komandi tíma á Íslandi að þá verðum við að halda utan um þetta og á þeim forsendum var þessi tillaga samþykkt á sínum tíma undir forustu Alþb. og Alþb. lagði á það áherslu að allir flokkar kæmu að því máli.

Hv. þm. vék síðan að þeim flóknari þáttum í því máli sem alltaf eru álitamál og þá fyrst það að um væri að ræða náttúruspjöll. Ég ímynda mér ekki að hv. þm. hafi verið uppi með málflutning sem maður heyrir reyndar stundum að það er reynt að slá því föstu að það sé jafnaðarmerki milli stefnumótunar eins og þeirrar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var með og náttúruspjalla. Heyrði ég það einhvers staðar á milli línanna í ræðu hv. þm. að hann væri að reyna að kenna hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um að það hefðu orðið náttúruspjöll? Gat verið að það væri á framsóknarvísu verið að gefa það í skyn að það væri Alþb. sem bæri ábyrgð á því að það hefði orðið um að ræða einhver náttúruspjöll og aðrir væru þar af leiðandi saklausir? Það væri líkt þeim framsóknarmönnum því að það kæmi stundum fyrir hjá þeim en ekki hv. öðrum þm. Vestfjarða enda er hann af Sturlungaætt. (**ÓÞÞ:** Ég sagðist mundu styðja tillöguna aftur.) Tillöguna, ég er ekki að tala um tillöguna, hv. þm., og það er alveg nauðsynlegt þegar við erum að tala um jafnflókið mál ... (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GÁ): Hljóð í þingsal.)

Ég kann vel að meta frammíköll hv. 2. þm. Vestf.

(**Forseti** (GÁ): Ekki samræður.)

Ég skora á hæstv. forseta að veita honum frelsi til að kalla fram í eins og hann vill og leyfa Sturlungum að talast eðlilega við samkvæmt þingsköpum.

Ég held að það sé nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því að þetta mál er flókið og menn mega ekki kasta saman ólíkum hlutum eins og annars vegar nýtingarstefnunni og hins vegar náttúruspjöllunum án þess að tala um á hluti í eðlilegu og skýru samhengi. Hvaða náttúruspjöll er þá hér um að ræða?

Ég mundi kannski ekki orða það svo að almennt væri um að náttúruspjöll að ræða en ég viðurkenni að oft er um að ræða breytingar á náttúrunni eða eðlilegum og venjulegum þáttum í lífríkinu, t.d. inni á hálendinu. Ég nefni þar Blöndu-virkjun sem er í tillögunni og ég gæti líka nefnt í því sambandi spurninguna um Eyjabakkalón og Eyjabakkasvæðið og ég gæti nefnt fleiri slíka hluti.

Ég er hins vegar algerlega sannfærður um það að í þeim efnum man ég það eins vel og það hefði gerst í gær að fáir þingmenn eða ráðherrar hafa lagt eins mikla áherslu á það að umgengni við umhverfið eða náttúruna væri eins vönduð og traust og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Ég veit að hv. þingmenn Framsfl., sem hafa kannski gaman af því í hita leiksins að reyna að koma höggi á okkur alþýðubandalagsmenn af einhverjum ástæðum, viðurkenna það að fáir menn hafa vandað sig betur í þessum efnum en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson. Aftur á móti þegar kemur að þessum málum núna, þá koma upp flóknari spurningar vegna þess að það er eins og með arðinn að á þessu máli, þ.e. menguninni eða náttúruspjöllunum, eru tvær hliðar, annars vegar því sem tilheyrir virkjununum og hins vegar því sem tilheyrir verksmiðjunum.

Þá kem ég að þriðja þættinum í þessari athyglisverðu ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar því að það er undirstöðuþáttur og kemur fram í því þingskjali sem hann las lauslega upp úr að á menguninni frá iðnaðarverksmiðjum verði tekið. Það er a.m.k. alveg ljóst að það er ekki nokkur leið að halda því fram að þá hafi verið tekin ákvörðun um mörg hundruð þúsund tonna af koldíoxíðígildum sem færu út í andrúmsloftið eins og nú er verið að taka ákvörðun um. Það er útilokað að halda því fram að þá hafi verið tekin ákvörðun um þau ósköp fyrir náttúruna og lífríkið í heiminum sem nú er verið að taka ákvörðun um, í heiminum (**Gripið fram í:** Í þessu frv.) í þessu frv. og öðrum skyldum málum sem er verið að ræða og birtist í þingskjali því sem ég dreifði hér, m.a. fylgiskjali frá Hollustuvernd ríkisins. Það er ekki uppfundið af mér. Það er verið að tala um að mörg hundruð þúsund tonn koldíoxíðígilda séu af gróðurhúsalofttegundum sem munu fara út í andrúmsloftið ef þessi stefna sem hér er verið að fylgja eftir verður framkvæmd til enda. Þá segi ég: Við alþýðubandalagsmenn höfum alltaf sagt í þessum málum: Mengunarvarnir verða að vera eins góðar og frekast er unnt frá tæknilegu sjónarmiði og þær eiga að vera svipaðar og gerist annars staðar. Þess vegna segjum við: Okkur finnst ekki eðlilegt og það er ekki okkar stefna og hefur aldrei verið að staðið sé að hlutunum eins og hér er verið að gera og hafnað sé kröfum um vothreinsibúnað á þessari verksmiðju þó svo viðurkennt sé að vothreinsibúnaður sé á öllum hliðstæðum verksmiðjum á Norðurlöndum um þessar mundir ásamt þurrhreinsun, þó svo viðurkennt sé að með því móti mætti ná miklu meiri árangri í hreinsun og þó svo viðurkennt sé að þennan búnað þurfi t.d. á Eyjafjarðarsvæðinu og Reyðarfirði samkvæmt skýrslu Hollustuverndar ríkisins. En af hverju er þá Hvalfirði sleppt? Það er sennilega vegna þess sem kemur fram í skýrslu skipulagsstjóra ríkisins og er gefið þar í skyn að það sé nábýlið við járnblendið að þessa kröfu sé ekki hægt að setja á álverið því að þá verði að setja hana á járnblendið líka. Þetta er veruleikinn, herra forseti. Þetta er veruleikinn í málinu.

Ég kem þá að fjórða þættinum í málinu sem kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og það er þetta mál. Það stendur ekkert í tillögu hv. þm. eða samþykkt Alþingis á sínum tíma að þessar verksmiðjur eigi allar að vera á suðvesturhorninu. Við höfum verið þeirrar skoðunar að ef það ætti að setja upp svona verksmiðjur væri skynsamlegt að reyna að hafa jafnræði í þessum efnum. Ég man t.d. eftir því að þegar við komum steinullarverksmiðjunni fyrir á Sauðárkróki, það var m.a. með mínu atkvæði og ef ég man rétt var það í tíð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í iðnrn., að þá var ákveðið af byggðaástæðum að setja þá verksmiðju niður á Sauðárkróki en ekki í Þorlákshöfn. Það voru deilur um það t.d. í mínum flokki hvort það væri rétt að fara þá leið en þetta varð niðurstaðan þannig að það sýnir að það er hægt að beita pólitískum vilja ef menn vilja. En hvar er hann? Ástæða er til að auglýsa eftir honum, herra forseti.

Ég tel að það eigi með öðrum orðum ekki að slá því föstu að allar þessar verksmiðjur verði í Hvalfirðinum, norðan við Hvalfjörð eða einhvers staðar. Mér finnst það ekki eðlilegt, það er ekki skynsamlegt fyrir Ísland. Ég er sammála Eyfirðingum og Austfirðingum sem um þau mál hafa talað. Ég er

þeirrar skoðunar að það eigi alltaf að nýta þessa orku og ég er enginn bindindismaður á að komið verði fyrir stórum verksmiðjum. En það á að gæta hófs og jafnræðis í þessu efni á milli landshlutanna. Það hefur ekki verið gert. Þeir Columbia-menn voru dregnir upp á Grundartanga og þeim var sýndur þessi staður eins og þeir orðuðu það. Þeim var ekki sýnt neitt annað. Þeir voru dregnir upp á Grundartanga þannig að maður dregur þá ályktun hvort sem það er rétt eða ekki að Framsfl. hafi snúist hugur í þessum efnum og hann hafi tekið um það ákvörðun að hafa þetta allt hér. Það er nokkurt umhugsunarefni að það skuli vera örlög Framsfl. að fara með verksmiðjuna þarna upp eftir en ekki að skapa möguleika til þess að henni verði komið fyrir annars staðar.

Í fimmta lagi ræddi hv. þm. það og vitnaði til Magnúsar Stephensens að Hvalfjörður væri gott svæði fyrir þéttbýli. Ég verð að segja að mér þykir vænt um að hér skuli vera vitnað til forfeðra hv. 17. þm. Reykv. því að það er örugglega alveg rétt að norðanverður Hvalfjörður er nokkuð gott svæði. En af hverju er ódýrt að vera í Hvalfirði? Af hverju vilja fyrirtækin vera í Hvalfirði? Það er ekki bara vegna þess að aðdýpi er gott og skjól er gott og tiltölulega gott byggingarland líka eins og við kynntumst, ég og hv. þm. Stefán Guðmundsson um daginn þegar við skoðuðum svæðið. Það er ekki þess vegna. Engin af þessum ástæðum er ástæðan. Ástæðan er sú að Íslenska járnblendifélagið hefur ásamt öðru gefið heila höfn og er auk þess með inneign á bankabók upp á 120 millj. kr. og þannig er Grundartangahöfn einhver ríkasta höfn á landinu. Og þegar kemur að því að setja niður stóriðju, þá náttúrlega horfa menn á það að þarna er höfn, þarna er landsvæði sem er hægt að byggja á og þá taka menn því. En þýðir það, herra forseti, að menn ættu endilega þess vegna að fara þarna upp eftir og ekkert annað. Ég mótmæli því. Mér finnst það vera uppgjöf. Mér finnst það vera svipuð uppgjöf eins og ef menn hefðu gefist upp við að hafa steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki. Mér finnst það álíka vesaldómur og ef það hefði verið gert.

Rökin með steinullarverksmiðjunni annars staðar voru m.a. þau að línur væru styttri hér á Þjórsársvæðunum en samt fóru menn norður. Ég held að menn séu ekkert óánægðir með að hafa þessa steinullarverksmiðju þarna. Auk þess er hún nú íslenskt fyrirtæki og hefur lotið íslenskri forustu að talsverðu leyti og ég held að menn séu ánægðir með steinullarverksmiðjuna sem er stóriðjufyrirtæki. Þess vegna getur hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ekki haldið því fram að það séu einhver náttúruleg rök sem með góðu eða illu holi allri stóriðju niður við norðanverðan Hvalfjörð. Það er ekki þannig. Það eru fleiri staðir til ef menn vilja.

Spurningin er þá sú í sjötta lagi í þessu samhengi í framhaldi af ræðu hv. þm.: Er það flokksstefna Framsfl. að hafa alla stóriðjuna þarna við norðanverðan Hvalfjörð? Ég spyr hann að því. Ég tel að hann sé alveg jafngóður til að svara því hver sé flokksstefna Framsfl. og hver annar. Er það flokksstefna Framsfl. að það megi aldrei vera stóriðja nema við norðanverðan Hvalfjörð? Það finnst mér athyglisvert sjónarmið.

Hverjir voru svo, herra forseti, að mótmæla þessu þarna í Hvalfirði? Kjósverjar, íbúar í Kjósarsýslu. Var það prófessor í sumarbústað, Arnór Hannibalsson, sem fann það upp. (**ÓÞÞ:** Já.) Nei. (**ÓÞÞ:** Jú.) Nei. (**ÓÞÞ:** Hann ritaði fyrstu greinina í Morgunblaðið.) Hv. hm. lifir örugglega ekki í þessum heimi sem hann þykist lifa í. Ég vil taka upp hanskann fyrir vini mína, bændur í Kjós, og segja fyrir þeirra hönd: Þeir höfðu sjálfir döngun í sér til að hafa skoðun á þessu máli. Þeir biðu ekki eftir Arnóri Hannibalssyni. Það veit ég. Ég þekki mæta forustumenn í sveitarstjórn Kjósarhrepps sem tóku af skarið í þessum málum löngu áður en nokkur skrif fóru að birtast eftir Arnór Hannibalsson, enda finnst mér það kannski ekki skipta öllu máli. En ég vil bara að segja eins og er að mér finnst ástæðulaust að setja málið þannig upp að reyna að gera lítið úr Kjósverjum með því að aðkomumaður, tiltölulega nýlega kominn í héraðið, nái þeim öllum undir sína forustu og mér finnst ekki skynsamlegt af Framsfl. að gefa í skyn að Kjósverjar séu viljalaus verkfæri í höndunum á Arnóri Hannibalssyni. (**Gripið fram í:** Það hef ég aldrei sagt.) Og þó að sú ætt sé sterk og voldug eins og kunnugt er, þá hygg ég að það megi segja að þetta sé misskilningur.

Ég verð hins vegar að segja það, herra forseti, að ég hef kynnt mér aðstæður í Kjósarsýslu, m.a. á því svæði þar sem téður Arnór býr og ég tel út af fyrir sig ekkert skrýtið þó að menn velti þessum málum mjög alvarlega fyrir sér, menn af því tagi sem hann er og hafa komið sér fyrir á þessu svæði.

En þá kemur hin spurningin sem var áttundi þátturinn í þessari stórmerku ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og hún er þessi: Eiga þeir að ráða því sem byggt er hinum megin við Hvalfjörð? Það er nefnilega spurningin. Og í andsvari sagði hv. þm. að þó að við vildum hafa skoðun á því sem gerðist í Afríku, þá réðum við því ekki. Þó við vildum örugglega ráða yfir Mobutu sjálfir, ég og hv. þm., og setja hann af þá ráðum við því nú ekki. En margt smátt gerir eitt stórt eins og kunnugt er.

Staðreyndin er sú að andrúmsloftið eigum við saman, m.a. andrúmsloftið í Hvalfirði og öll nútímaumhverfisumræða gengur út á það að heimurinn sé eitt svæði að þessu leytinu til. Þess vegna er verið að gera alls konar alþjóðlega samninga, eins og Ríó-samninga og guð veit hvað, um það að við saman reynum að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og reynum þannig að bæta andrúmsloftið. Þess vegna er ég alveg sannfærður um það að þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hugsar um það að í rauninni eiga þeir sem búa við Hvalfjörð sitt hvoru megin algerlega óskiptan hlut í þessu efni, þá viðurkennir hann að það er þannig og þess vegna hefði verið skynsamlegra að gera þetta að einu svæði að því er varðar skipulag og könnun í aðdragandanum að stofnun þessa fyrirtækis. Þetta hefði verið það langskynsamlgeasta og sveitarfélagamörk eiga engu að breyta í þessu efni því að andrúmsloftið stoppar ekki við sveitarfélagamörk heldur er nokkurn veginn sama súrefnið eða var yfir Nauteyrarhreppi eða Grunnavík eins og hv. þm. þekkir örugglega betur en ég. Það að ætla sér að tala um að eitthvert þil í þessum efnum sé yfir Hvalfjörðinn, er því fráleitt. Enn þá fráleitara er það þó, herra forseti, þegar þess er gætt að svo sérkennilega vill til að Kjalarnes og Akraneshreppur sem mætast undir Hvalfirðinum og eru þannig næstu nágrannar í seinni tíð að því er varðar bílaumferð þannig að allt er þetta eitt þorp eins og stundum er sagt um heiminn. Og ekki skulum við vera að tala um Ísland, mismunandi strendur Hvalfjarðarins, eins og annað sé Afríka og hitt Asía. Það er ekki svo eins og hv. þm. viðurkennir auðvitað þegar hann hugsar málið í rólegheitum og lætur vera að deila við okkur alþýðubandalagsmenn.

Ég tel sem sagt að þessi ræða hv. þm. hins vegar hafi opnað þessi mál mjög mikið og ég endurtek þakkir mínar fyrir það.

Ég vil einnig segja í framhaldi af hans ræðu og ræðu hæstv. umhvrh. fyrr í dag að það er nauðsynlegt að höfðað

verði mál út af starfsleyfinu. Það er beinlínis lífsspursmál að hvetja til þess eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerði. Menn verða að fá botn í þetta mál. Menn verða að fá botn í þetta mál fyrir dómstólum því að það er algjörlega fráleitt og beinlínis stórhættulegt að láta þetta mál malla eins og það gerir án þess að dómstólar skeri úr um það. Vandinn er sá að það kostar mikla peninga að leita réttar síns á Íslandi. Ekki síst andspænis ríkisvaldinu. Og þegar ríkisvaldið sameinast fyrirtækjavaldinu, sérstaklega þegar það er erlent eins og er í þessu tilviki, getur verið erfitt fyrir menn í Hvalfirði eða Kjós að hreyfa sig. Og öll hin pólitíska barátta í vetur í þessum umhverfismálum hefur í raun og veru snúist um frelsi einstaklingsins andspænis ofurvaldi ríkisvaldsins og fjármagnsvaldsins. Þess vegna hefur það verið fróðlegt að fylgjast með þessu máli, fylgjast með því hvers má sín einstaklingurinn og frelsi hans andspænis samtvinnuðu ofurvaldi ríkisins og fjármagnsins. Þess vegna tek ég undir það hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það þarf að fara með þetta mál fyrir dómstóla. Það er þörf á því ef nokkur vegur er að finna flöt á því.

Ég vil einnig segja, herra forseti, í framhaldi af þessum umræðum að hæstv. iðnrh. hefur borið það á okkur alþýðubandalagsmenn eða á mig að ég vildi atvinnuleysi. Hann hefur sagt það tvisvar sinnum í þessum ræðustól. Ef það er flokksleg skoðun Framsfl. að Alþb. eða a.m.k. ég vilji atvinnuleysi, þá get ég vel skilið að þeir vilji lítið með okkur hafa og kjósi frekar samlag með öðrum en okkur í seinni tíð. Veruleikinn er sá að fáir flokkar hafa flutt fleiri tillögur um eflingu atvinnulífs heldur en við og ætli margir flokkar eigi sér betri sögu í þeim efnum en Alþb. á undanförnum áratugum. En þeim mun undarlegra er að uppgötva það í þessari umræðu að menn eins og hv. formaður iðnn. einblína á stóriðjuna þannig að það er ekki lengur svo að stóriðjan, jafnvel í höndum útlendinga með slæmar mengunarvarnir, sé afgangsúrræði, erfiður kostur, tekinn í skásta falli. Nei, staðan er allt í einu orðin þannig að Framsfl. telur að þetta sé „Úrræðið" í atvinnumálum — með stórum staf og greini. Hér eru fluttar ótrúlegar ræður um það að stóriðjan borgi hærri laun, þar sé betri vinnustaður, þar sé lengri starfsaldur og lengri biðlistar eftir vinnu en nokkurs staðar annars staðar. Eru þetta rök fyrir því að setja upp stóriðjufyrirtæki? Þakka skyldi, herra forseti, þó það sé reynt að fylgja lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í þessum fyrirtækjum eins og annars staðar. En þegar veruleikinn er svo allt í einu orðinn sá að einn af máttarstólpunum í sjávarútvegsþróun Íslendinga á síðustu áratugum, hv. þm. Stefán Guðmundsson, er sleginn þvílíkri blindu að hann gleymir uppruna sínum í því sæla Kaupfélagi Skagfirðinga sem við höfum stundum rætt um og er sleginn þvílíkri blindu að stóriðjan sé það eina sem hægt sé að halla sér að, þá eru komin mikil kaflaskil. Ég segi það alveg eins og er.

Ég þekki margt fólk sem hefur unnið í stóriðjufyrirtækjum. Ég þekki marga sem hafa verið ánægðir með það. Ég þekki líka mjög marga sem hafa unnið í stóriðjufyrirtækjum af því að þeir fengu hvergi vinnu annars staðar. Ég þekki líka marga sem hafa unnið í stóriðjufyrirtækjum af því að þeir fengu hærri laun þar en hefðu annars farið eitthvað annað. Og ég þekki líka marga sem hafa komið í gegnum stóriðjufyrirtæki við góða heilsu og góða heilsufarslega stöðu á efri árum. En ég þekki líka fólk sem hefur unnið í áratugi í skautsmiðju í stóriðjufyrirtæki og er þeirrar skoðunar að það hefði verið betra að fara eitthvað annað ef það hefði getað fengið vinnu einhvers staðar annars staðar. Við skulum gera okkur það ljóst að mikill hluti af því fólki sem fór að vinna í Straumsvík var fólk úr Hafnarfirði, ófaglært fólk, og fólk utan af landi. Þetta fólk fór ekki þarna inn af því að þetta væri besti vinnustaðurinn heldur af því að það átti ekki annarra kosta völ, auk þess sem, ef ég man rétt, fyrirtækið var opnað um það leyti sem atvinnuleysistölur voru hvað hæstar í lok viðreisnaráranna. Það má því ekki gerast að jafnvænn maður og hv. formaður iðnn. gleymi því að Íslendingar eiga aðra og betri atvinnumöguleika.

Herra forseti. Í máli hv. þm. Kristínar Halldórsdóttur var bent á mjög mikilvægt atriði sem mér láðist að nefna í framsöguræðu minni. Það lýtur að áhrifum þenslunnar. Ég nefndi hækkandi verðlag, hækkandi vexti, óhagstæða gengisskráningu fyrir íslenska atvinnuvegi og aðra slíka efnahagslega fylgifiska þessa máls, lét í ljós þá skoðun að hugsanlega væri mjög lítill ávinningur af þessu þegar upp væri staðið. Ég segi það alveg eins og er.

En hún bætti einu við sem ekki kom fram í minni ræðu áðan og ég vil sérstaklega taka undir og það er sú krafa sem ríkisstjórnin hefur sett, aðallega á borgaryfirvöld í Reykjavík, um að skera niður t.d. framkvæmdir í skólamálum á móti stóriðjuþenslunni. Sem betur fer hafa borgaryfirvöld í Reykjavík hafnað þessum óskum. En þessi ósk og þessi staðreynd sýnir auðvitað á hvaða villigötum þessi umræða er því að ef eitthvað er óarðbært, þá er það það að skera niður til menntamála. Og ef það hefði verið skorið niður til menntamála eins og ríkisstjórnin heimtaði, þá er ég sannfærður um að hagur þjóðarinnar af þessari verksmiðju hefði enginn orðið. En sem betur fer var þeim kröfum hafnað.

Ég vil einnig vekja athygli á því, herra forseti, sem ég tel vera algerlega ólíðandi, að hæstv. iðnrh. hefur ekki tekið þátt í umræðunni. Hér er búið að fjalla um málið mjög ítarlega. Hér er búið að gefa út nefndarálit frá meiri hluta og minni hluta í þessu máli, en hæstv. iðnrh. er ekki að hafa fyrir því að taka þátt í þessari umræðu með rökum og gagnrökum eins og honum er skylt að gera og ég sé ekki betur en hann sé hlaupinn nú á dyr. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort hæstv. iðnrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti upplýsir að hæstv. iðnrh. er í húsinu.)

Það er algerlega óhjákvæmilegt að hæstv. iðnrh. sé við umræðuna. Og það er algerlega óhjákvæmilegt að iðnrh. svari einhverjum af þeim spurningum sem fram hafa verið bornar. En það hefur hann ekki gert af því að hann hefur ekki tekið þátt í umræðunni.

Ég vil að sama skapi þakka hæstv. félmrh. fyrir það svar sem hann gaf hér því það var skýrt og afdráttarlaust svar og engu við það að bæta. En að hæstv. iðnrh. skuli leyfa sér að hlaupa á dyr þegar verið er að ræða þetta mál, það er nokkuð alvarlegt mál, herra forseti. Það sýnir ekki mikla virðingu fyrir þessari stofnun, Alþingi Íslendinga, þó svo hann sé með góða menn í fyrirsvari fyrir sig þar sem eru hv. 2. þm. Vestf. og 3. þm. Norðurl. v.

Herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar fyrir framúrskarandi fróðlega ræðu sem gaf tilefni til þess að fjalla um málið í almennu samhengi sem hefur vonandi orðið til þess að skýra stöðu þess enn betur en ella var kostur.

[17:49]

Útbýting þingskjals:

Veiðileyfi smábáta, 473. mál, svar sjútvrh., þskj. 1297.

[17:50]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég fer fram á það, ef umræðan á að halda áfram, að hæstv. iðnrh. komi í salinn, ella verði umræðunni frestað.

(**Forseti** (GÁ): Forseti hefur þegar orðið við beiðni hv. þm. um að láta kalla ráðherrann í salinn og býst við honum innan stundar.)

[17:50]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka aftur til máls við 2. umr. um þetta mikilsverða mál, en af því að áskoranir eru uppi um það af hálfu stjórnarliða, hv. 2. þm. Vestf., að málin verði rædd betur og ítarlegar, þá er auðvitað óhjákvæmilegt annað en að verða við því og fara svolítið yfir málið í tilefni af óskum hans, bæði litið til liðins tíma og að einhverju leyti einnig miðað við framtíðina.

Hér kom hv. þm., talsmaður Framsfl. í þessum málaflokki ásamt hv. formanni iðnn. sem er auðvitað gildur talsmaður líka fyrir utan ráðherrann sem hins vegar hefur ekki sagt mikið í umræðunni og hefur þegar verið á það bent, heldur lætur sína liðsmenn spreyta sig í henni og hef ég síst á móti því.

Hv. 2. þm. Vestf. fór að ræða málin frá því í kringum 1980 þegar sá sem hér talar gegndi því mikilvæga verkefni að fara með iðnaðarmál í ríkisstjórn Íslands og það er bæði ljúft og skylt að fara nokkrum orðum um þá stöðu sem þá var uppi og einnig að rifja upp ýmislegt af því tilefni miðað við stöðu mála nú.

Þá er það fyrst til að taka að á 8. áratugnum gerðist það tvívegis að það urðu verulegar breytingar á orkuverði í heiminum. Það var það sem kallað var á þeim tíma olíuverðssprenging sem varð til þess að verðforsendur á orku almennt breyttust mjög mikið frá því sem verið hafði og þau ríki, sem öðrum fremur ráða yfir olíulindum, náðu saman í samtökunum OPEC, fyrst 1973 sem leiddi til hinnar fyrri verðsprengingar á orkuverði, sérstaklega á olíuverði en hafði auðvitað almenn áhrif og síðan endurtók þetta sig 1978/1979. Menn vissu vissulega ekki þá hversu varanleg þessi orkuverðshækkun yrði en það voru uppi spár um það á þeim tíma að hér væri um varanlega breytingu að ræða á verðforsendum á orku. Hér var um að ræða margföldun á verði olíu. Ég hef ekki tölur á hraðbergi hér en ég læt nægja að vísa til þess. Það var margföldun og gert ráð fyrir því að orkuverðið héldist til lengri tíma langtum hærra heldur en verið hafði. Og það má segja að hluti af þessari hækkun hélst en staða olíuframleiðsluríkjanna reyndist hins vegar veikari og samheldni þeirra brothættari en verið hafði gert ráð fyrir svoleiðis að talsvert af þessari hækkun gekk til baka og orkuverð almennt hefur verið mun lægra á heimsvísu nú undanfarin ár heldur en margir höfðu gert ráð fyrir.

Nú vil ég að það komi fram að ég tel að eitt af því sem þyrfti að liggja fyrir og er jákvætt — það kannski kemur svolítið á óvart og svolítið öðruvísi fram heldur en hjá sumum sem eru að tala um orkuverð — að ég tel að fátt sé í rauninni mikilvægara fyrir heimsbúskapinn og framtíð efnahagsstarfsemi í heiminum heldur en það að verð á orku almennt séð hækki til verulegra muna frá því sem verið hefur. Þetta segi ég vegna þess að menn hafa gengið í þessa sjóði frá liðnum tíma, liðnum jarðsöguöldum og þá er ég þar að vísa til eldsneytisins, og ausið úr þeim og byggt á því iðnþróun og efnahagslega sókn í iðnríkjum heimsins á undanförnum mörgum áratugum og öldum ef allt er rakið til upphafs iðnbyltingar, á óforsvaranlegan hátt sem leitt hefur vissulega til langtum hraðari svokallaðrar efnahagsþróunar en ella hefði verið. En á sama tíma eru menn að ganga á framtíðarsjóði, mikilvægar auðlindir sem mannkynið hefði þörf á að geta búið að til langs tíma litið. Og eitt af því sem er viðsjárvert í heiminum nú um stundir og verður það lengi eru áhrif þessarar efnahagslegu sóknar einstakra ríkja, mannsins og mannkyns til efnahagslegrar velsældar sem svo er kölluð, en sem er nú eins og við blasir farin að ógna framtíð manna. Við erum farin að sjá fram á afleiðingarnar í ýmsum greinum sem eiga eftir að taka á sig mun alvarlegri myndir ef fram heldur sem horfir. Þetta er kannski sú staðreynd sem þörf væri á að allir hefðu í huga þegar fjallað er um efnahagsmál, sú staðreynd að sóknin eftir efnahagslegum gæðum á ekki að vera sá drifkraftur og eins ráðandi og hún hefur verið á liðnum tíma vegna þess að það er þessi sókn og sólund á náttúruauðlindum og spilling umhverfis sem hlýst af óhóflegri orkunotkun sem ógnar framtíð mannkynsins.

Þessi sýn til mála hefur vissulega tekið breytingum frá þeim tíma sem við vorum að ræða hér og hv. 2. þm. Vestf. gaf tilefni til, þ.e. í kringum 1980. Þá voru þessar staðreyndir ekki með sama hætti uppi á borði að því er varðar t.d. áhrif orkunotkunar á loftslag og loftslagsbreytingar í heiminum. Að vísu er það svo að þetta var komið fram þegar í kringum 1970 og í riti sem sá setti saman sem hér talar árið 1973 og kom út í ársbyrjun 1974 undir nafninu „Vistkreppa eða náttúruvernd" er einmitt vikið að áhrifum orkunotkunar og að þeirri losun á gróðurhúsalofttegundum sem vísbendingar væru um að mundu hitta mannkynið fyrir ef þær vísbendingar reyndust réttar. Síðan hefur það komið á daginn og það er það sem gerðist á 9. áratugnum, að menn fóru af alvöru að velta fyrir sér: „Hvert vísar þetta? Hverjar eru vísbendingarnar af þessari mengun út í sameiginlegan lofthjúp?" Fyrst urðu áhyggjurnar vegna hinna svokölluðu ósoneyðandi efna og menn sáu að það var að gerast að með notkun þeirra blasti við að hlífðarhjúpur ósonsins yrði eyddur upp á ekki löngum tíma með þeim hrikalegu afleiðingum sem það hefði í för með sér. Heimsbyggðin brást við með því að bindast samstökum um að leggja af notkun hinna svonefndu ósoneyðandi efna og gerð var sérstök bókun við alþjóðasamning sem kennd er við Montreal og menn náðu saman um það og Íslendingar eru þátttakendur í því ferli. Enn er þessi hlífðarskjöldur jarðar að eyðast vegna þess að enn er um verulega notkun ósoneyðandi efna og losun þeirra að ræða frá því sem áður var og auk þess eru að koma fram áhrif af efnahagsstarfsemi liðins tíma sem taka langan tíma að ná jafnvægi vegna þess að ósoneyðandi efni berast á löngum tíma upp í hin hærri loftlög jarðar, og notkun þessara efna á liðnum áratugum á eftir að koma fram í eyðingu þessarar hlífar hátt í lofthjúpnum.

Síðan gerist það að menn átta sig á því að notkun orku og losun gróðurhúsalofttegunda af þeim sökum hefði önnur og kannski enn þá alvarlegri áhrif í för með sér, vísbendingarnar um það og settir voru á fót starfshópar færustu vísindamanna til þess að fara ofan í það sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að gerðar voru tillögur um þann loftslagssamning sem samþykktur var og frá var gengið í aðdraganda ráðstefnunnar í Rio de Janeiro 1992 til þess að bregðast við þeirri vá sem hlýst að losun þessara lofttegunda, svokallaðra gróðurhúsalofttegunda. Inn í það samhengi erum við að tala nú á árinu

1997 og hefur auðvitað breytt á róttækan hátt öllum forsendum í sambandi við framtíð mannkyns og ekkert minna, þar á meðal og ekki síst spurningunni um framtíð iðnríkja og þeirra landa sem örast sækja í efnahagslegan vöxt og nota meiri orku en sá hluti jarðarbúa og reyndar stór meiri hluti jarðarbúa sem leggur minna af mörkum í þessu sambandi. Þessar staðreyndir hafa að sjálfsögðu breytt forsendunum í sambandi við orkunotkun og orkufrekan iðnað sem og aðra slíka starfsemi frá því sem var fyrir 20 árum og það er jafngott að menn fari að horfast í augu við það að ekkert þýðir að tala um slíka starfsemi út frá einhverri óskhyggju fyrri tíðar þegar ekki blöstu við þær niðurstöður sem nú liggja fyrir í þessum efnum.

Við erum að gagnrýna það á sama tíma og við Íslendingar erum þátttakendur í því að gangast undir lagalegar skuldbindingar um minnkun á losun gróðurhúsaloftegunda skuli stefnt í það af stjórnvöldum að auka stórlega þá losun umfram þau mörk sem menn eru að ná saman um að stöðva sig á. Fyrsta ákvörðun 1992 laut að því að stöðva sig miðað við losun 1990 og nú eru markmiðin að skera niður með því að draga úr losuninni stig af stigi og þar verði að sjálfsögðu þau ríki sem standa sæmilega efnahagslega að ríða á vaðið og taka meira á sig en önnur. Um það snýst málið ella erum við að dæma meiri hluta mannkyns varanlega á fátæktarstigið svo ekki sé sagt á hungurstigið.

Þetta eru þær forsendur sem blasa við þegar við ræðum þessi efni. Vissulega er það svo að þær orkulindir sem við viljum telja auðlindir í landinu eru með þeim hætti að þeim fylgir ekki sú losun mengandi efna sem fylgir af orkuframleiðslu með jarðeldsneyti. En strax og kemur að nýtingunni, að orkunotkuninni eða stóriðjunni, þá erum við komin beint inn í það samhengi og það er það sem við erum að ræða hér um og það er það sem við erum að gagnrýna og það er það sem við erum að hvetja til, að menn taki tillit til þessara nýju og breyttu viðhorfa, þegar við erum að ræða þessi mál. Þess vegna getur hvorki sá sem hér talar né aðrir þingmenn sem sátu á Alþingi á árum áður rætt þessi mál á sömu forsendum eða út frá sömu viðhorfum og þeir kunnu að hafa túlkað í fortíðinni. Það gengur ekki upp því að fyrir liggur ný þekking, ný sjónarmið, nýjar skuldbindingar og nýtt stefnumið í þessum málum.

Virðulegur forseti. Sem viðbrögð við olíuverðssprengingunni á áttunda áratugnum var það eitt af stefnumiðum, sem m.a. voru ríkjandi í þeirri ríkisstjórn sem sá sem hér talar sat í 1978–1983, að við hlytum að keppa að því að nota orkulindir okkar til þess að draga úr notkun á innfluttri orku, þ.e. olíu. Mjög mikið átak var gert á þessum árum í þá veru að útrýma eða draga úr og helst að losna við notkun á innfluttu eldsneyti og þá sérstaklega til húshitunar og ráðist var í stórfelldar framkvæmdir að þessu leyti.

Það voru líka uppi önnur sjónarmið sem vörðuðu byggingu virkjana á þessum tíma að breyta frá því sem áður hafði verið og að koma upp virkjunum utan Suðurlands eins og það var orðað í umræðu þessara ára, utan hinna eldvirku svæða. Það var sett inn stjórnarsáttmála ríkisstjórnar sem við studdum báðir, hv. 2. þm. Vestf., og hv. núv. formaður iðnn., þá kominn inn á þing, frá ársbyrjun 1979, og veittum stuðning og það var að það markmið væri tryggt sem var sett inn í stjórnarsáttmála að næsta stórvirkjun í landinu, sem svo var kölluð, yrði reist utan hinna eldvirku svæða. Með þetta að leiðarljósi sem ákvæði í stjórnarsáttmála var sett í gang mjög mikil vinna og hert á athugunum sem höfðu verið í gangi áður til þess að ná landi um þetta stefnumið og það voru stofnanir í raforkuiðnaðinum, Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun sem voru þátttakendur í því sem sérfræðistofnanir að reikna og bera saman og athuga möguleika í þessum efnum. Býsna mikil keppni á milli landshluta fór í gang eins og vill verða þegar slík markmið eru sett upp sem litu á það sem eftirsóknarvert atriði á þeim tíma að raforkuvirkjun kæmi akkúrat í þeirra landshluta. Yfir þetta efni væri fróðlegt að fara, virðulegur forseti, af því að mikil spenna var í þessum málum. Ég veit vel að hv. þm. Stefán Guðmundsson man vel þá tíð. Það gekk ekki svo lítið á í kjördæmi hv. þm. í því sambandi þar sem lá við að bræður berðust, mælt á fornaldarstíl með fornaldarorðalagi, en náðist þó að stilla af og stilla saman.

Ef litið er á kjördæmi mitt í þessu sambandi voru uppi talsverðar ryskingar, ekki innan svæðis heldur utanaðkomandi, því að eitt af fyrstu verkum þess sem hér talar á stóli iðnrh. var að reyna að tryggja það að svona miðlungsstór vatnsaflsvirkjun yrði innan Austurlands sem þá var tiltölulega einangrað, fékk að vísu haustið 1978 tengingu úr Norðurlandi við kerfið í Norðurlandi. Sem sagt, það var þar komið byggðalínulagningunni á þeim tíma en eftir sem áður höfðu menn áhyggjur af raforkuöryggi innan fjórðungs og mikið af aflinu sem þar var á þeim tíma var með eldsneyti og alveg sérstaklega varaaflið. Þá var tekin ákvörðun um virkjun sem fékk ekki mjög góða einkunn hjá sumum og var kennd við Bessastaði, kölluð Bessastaðaárvirkjun. Samt var ákvörðun tekin um hana haustið 1979 stuttu fyrir stjórnarslit eða raunar um það leyti sem stjórn var að sundrast á haustmánuðum, og við tók ráðherra, ágætur þáv. þm. Bragi Sigurjónsson, settist í stól iðnrh. um fimm mánaða skeið, og hans fyrsta verk var að afnema ákvörðun forvera síns varðandi þessa virkjun. Það blés því ekki byrlega fyrir Austfirðingum í þessum efnum á þeim tíma. Hins vegar gerðist seta kratanna í ríkisstjórn styttri en þeir höfðu vænst og náðu þeir ekki saman um myndun þeirrar viðreisnarstjórnar sem þá var draumur margra eins og síðar kom fram og það kom til allóvenjulegrar stjórnarmyndunar eins og menn rekur minni til og þá var sem sagt tekið til að athuga mál út frá þessum forsendum. Það þótti ekki fært og var ekki stuðningur við það að halda við þá fyrri ákvörðun sem um var að ræða og litið var til stærri virkjunar einnig á Austurlandi inn í þennan samanburð. Úr því varð sú samþykkt sem hv. þm. vitnaði hér til og er sjálfsagt að minnast í sambandi við þessi ár og liggur auðvitað fyrir.

Einnig var að því unnið á þessum tíma að halda áfram tengingu landshlutanna sem var mjög þýðingarmikið verkefni á þessum árum og ekki var aðeins haldið áfram byggðalínuhringnum til Suðausturlands heldur tekin ákvörðun um að loka honum. Næsta ríkisstjórn sem tók við ætlaði sér að vísu að stöðva þá framkvæmd sem var kölluð suðurlína, síðasta áfanganum en sem betur fer varð ekki úr því og niðurstaðan varð sem sagt sú hringtenging sem við búum við enn í dag og var mjög skynsamleg ákvörðun að mínu mati, treysti mjög öryggi landsins alls í raforkumálum og hefur gert margt kleift sem var ekki kleift áður.

Ef litið er síðan til orkunýtingar á þessum tíma vegna þess að eftir því var spurt hér sérstaklega af hv. 2. þm. Vestf., er vissulega rétt að það var litið til þeirra þátta einnig en það var út frá allt öðrum forsendum en nú eru lagðar í sambandi við þessi mál. Það sem var ríkjandi stefna af hálfu þess sem hér talar á þeim árum var að tryggt væri að þau iðnfyrirtæki

sem til greina kæmi að stofnsetja og reisa væru undir forræði Íslendinga einnig hvað snerti yfirráð og meiri hluta hlutafjár. Þó að í einhverjum tilvikum kæmi til minnihlutaeignar útlendinga sem ekki var útilokað sem slíkt þá var þetta lykilatriði. Það var tekið skýrt fram að þróunin gæti ekki orðið hröð í þessum efnum vegna þess að uppbygging á þessu sviði hlyti að takmarkast við efnahagslega getu Íslendinga til fjárfestinga á þessu sviði. Þessi stefna var síðan brotin á bak aftur þó ekki gerðist mikið í stóriðjumálum þrátt fyrir miklar tilraunir þar að lútandi.

Það sem gerðist á Alþingi á þessum tíma var að sett voru lög um eitt slíkt fyrirtæki fyrir utan fyrirtæki sem við kölluðum minni fyrirtæki og steinullarverksmiðjan sem rætt hefur verið um hér var eitt af slíkum. Það var reynt við fleiri slík eins og saltverksmiðju á Reykjanesi (**StG:** Meðalstór.) já, meðalstór fyrirtæki og það var uppi sú hugsun að nota íhlutunarmöguleika stjórnvalda til þess að tryggja skynsamlega dreifingu á slíkum iðnaði út fyrir aðalþéttbýlissvæði landsins. Inn í það samhengi var einnig sú lögfesting sem hér var gerð vorið 1982 um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, fyrirtæki, sem tekið var af dagskrá af ríkisstjórn sem á eftir kom en ekki fyrr en á árinu 1986, eftir að leitað hafði verið með logandi ljósi samkvæmt formúlu Sjálfstfl. að erlendum eigendum af því að það var þá alveg eins og fram til þessa dags tabú, eins og kallað er á erlendu máli, ekki mátti heyra á það minnst að Íslendingar gerðust forræðisaðilar í slíkri uppbyggingu. Niðurstaðan af þeirri stefnu varð sú að fyrirtækið sem var komið í burðarliðinn á þeim árum og var sett á fót samkvæmt þeim heimildum sem þá voru, sumarið 1982, var tekið af dagskrá vegna þessarar stefnumótunar sem þarna kom upp.

Þetta eru örfá atriði sem ég vildi víkja að þó að af mörgu öðru væri að taka og fróðlegt væri að fara yfir það en ég hef ekki ætlað mér hér að fara djúpt ofan í þessar sakir þó að hv. 2. þm. Vestf. gæfi vissulega tilefni til.

Ég get þó ekki látið hjá líða, virðulegur forseti, að nefna það sem var kannski eitt mikilvægasta málið sem glímt var við á þessum tíma og við búum að enn vegna þess sem þá var gert og það var að breyta verðforsendum í sambandi við raforkusölu til stóriðju. Það var tekið upp af ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens í þeirri tíð í tengslum við deilur og málstök sem voru tekin upp gagnvart Alusuisse sem eigendur álbræðslunnar í Straumsvík og jafnhliða því sem fyrirtækið varð uppvíst að því að hlunnfara íslenska ríkið um stórar fjárhæðir að því er varðaði lögmæt gjöld samkvæmt samningi var reist krafan um það að stórhækka raforkuverðið til álbræðslunnar í Straumsvík.

Við þetta verkefni var glímt og það leiddi til þess, þó að því væri ekki endanlega lokið við stjórnarskiptin 1983, að málið var komið í þann farveg að ekki varð aftur snúið. Við þá málafylgju alla var fylgt því leiðarljósi sem hv. þm. Svavar Gestsson kom að að reyna að laða saman krafta á Alþingi um brýna hagsmuni okkar allra til þess að fá leiðréttingu á óhóflega lágu orkuverði í samningnum sem við vorum bundin við til langs tíma. Reynt var að vernda þá samstöðu eins lengi og kostur var. Ég er ekki að fara út í að rifja það upp að brestir urðu í þeirri samstöðu undir lokin, því miður. Tilfinnanlegir brestir urðu í því og leiddi til þess að um það leyti sem stjórnin var að ljúka kjörtímabili lágu fyrir tillögur með uppáskrift frá ekki aðeins stjórnarandstæðingum heldur hluta af ríkisstjórnarliðinu sem túlkaðar voru sem vantraust á þá sem stóðu í eldlínunni í baráttunni. En raforkuverðið var hækkað, það var tvöfaldað og gott betur, að vísu var sá samningur að hluta til tengdur álverði, en sem fært hefur íslensku þjóðarbúi og Landsvirkjun sem fyrirtæki ómældar upphæðir.

Í tengslum við þetta opnaði Landsvirkjun það sem áður hafði verið lokað með þátttöku stjórnskipaðra nefnda, að fara ofan í það hvert væri hið raunverulega framleiðslukostnaðarverð á raforku í landinu, bæði úr því kerfi sem þá var sem og til framtíðar litið. Það hafði verið talið óhugsandi áður vegna þess að litið var á það sem nánast heilagan sannleik að 6,8 mill, sem var raforkuverðið til álbræðslunnar í Straumsvík, væri prýðisverð og væri að borga upp stórvirkjanir með hraði en þegar upp var staðið var viðurkennt af Landsvirkjun að raunverulegt framleiðslukostnaðarverð raforkunnar í landinu væri milli þrefalt til fjórfalt hærra. Það var að sjálfsögðu mjög mikilvægt veganesti litið til framtíðar og ekki verið frá því horfið þó að menn séu nú að tefla á allt of tæpt vað að þessu leyti að mínu mati.

Virðulegur forseti. Ég neita því ekki að ég mundi líta talsvert öðrum augum á verkefnið ef ég kæmi að því nú en ég gerði þá. Því valda mjög breyttar aðstæður, sérstaklega á alþjóðavísu, og einnig í sambandi við þær forsendur sem eru nú lagðar í sambandi við uppbyggingu á orkufrekum iðnaði. Ég tel að þær fjárfestingar útlendinga, sem menn eru að leita eftir núna og leggja kapp á að draga til landsins, sé ekki leið Íslendinga til farsældar að halda áfram á þeirri braut. Ég ræddi þessi mál á 8. áratugnum m.a. við þann mæta mann, fyrrv. formann Framsfl. og um tíma forseta sameinaðs þings á þessum árum, Eystein Jónsson, bæði í einkasamtölum og með öðrum. Umræðan snerist m.a. um gildi þess fyrir Íslendinga að hafa forræði á atvinnurekstri sínum að því er varðaði yfirráð og spurninguna um það hvernig arðurinn úr slíkum rekstri verður notaður. Ég er enn sömu skoðunar og á þeim tíma vegna þess að ég tel að forsendurnar séu í rauninni óbreyttar þó að umhverfið sé verulega annað. Það er ekki þjóðhagslega til farsældar að ætla að byggja stóran hluta af atvinnulífi landsmanna á eignarlegum yfirráðum útlendinga hvort sem það eru einstaklingar eins og einhver Peterson sem væri skrifaður fyrir því eða þeir sem kannski eiga meira undir sér og eru kenndir við fjölþjóðafyrirtæki og auðhringa. Þetta er hluti af þeirri mynd sem ástæða er til að ræða.

Að lokum, virðulegur forseti, legg ég kannski mesta áherslu á hin breyttu viðhorf að því er varðar mengun og áhrif af atvinnurekstri sem felur í sér mikla orkunotkun inni í samhengi loftslagsbreytinganna, inni í samhengi ósoneyðingar og jafnhliða hina gífurlega miklu gengishækkun sem orðið hefur á lítt spjölluðu umhverfi og þeim miklu möguleikum sem eru því samhliða að vernda slíkt umhverfi og reyna að halda sér á öðru spori en þær þjóðir sem lengst hafa gengið í iðnvæðingu sem svo er kölluð.

[18:21]

Útbýting þingskjala:

Ferðakostnaður sjúklinga, 455. mál, svar heilbrrh., þskj. 1277.

Fjárreiður ríkisins, 100. mál, brtt. StB, þskj. 1339.

[18:22]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja umræðuna. En óneitanlega hefði ég viljað fá hreint svar við því hvort hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefði í dag greitt atkvæði gegn þeirri

tillögu sem hann hvatti þingheim á sínum tíma til að samþykkja. Ég vil fá já eða nei við þeirri spurningu.

[18:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. er að vísa til tillögu sem borin var fram undir heitinu „Um orkunýtingu" ... (**ÓÞÞ:** Um virkjanir.) Sem sagt, frv. til laga um raforkuver. Ég mundi ekki bera það fram með þeim hætti sem þá var gert. Það mundi ég alls ekki gera. Ég tel að forsendur séu verulega aðrar nú. Ég tel t.d. síður en svo keppikefli fyrir Austfirðinga að ráðist verði í Fljótsdalsvirkjun í því formi eins og hún hefur legið fyrir. Það tel ég alveg auðsætt. Það hafa bæði orðið þær breytingar í viðhorfum og möguleikar til að taka þau mál með öðrum hætti og þær hugmyndir sem uppi eru um orkunýtingu eru einnig þannig að ég tel það síður en svo keppikefli, ég tala ekki um ef menn væru að hugsa um mengandi stóriðju inn í austfirska firði í því samhengi. Ég bendi á að það er engum landshluta til framdráttar að fá þær virkjanir einar út af fyrir sig. Því fylgir ekkert til frambúðar í störfum. Ef t.d. Fljótsdalsvirkjun væri reist, ætli það væru ekki 2–4 störf sem fylgdu slíkri framkvæmd varanlega? Það er ekki meira. Hvaða keppikefli er það ef viðkomandi landshluti nýtur svo einskis af þeirri uppbyggingu sem ætti að fara fram í krafti slíkrar virkjunar? Þá er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki eftir að sækjast. Ég taldi hins vegar á þeim tíma og tel enn að það beri að sjálfsögðu að skoða möguleika á uppbyggingu á viðráðanlegum iðnaði en þá undir forræði okkar Íslendinga og umfram allt að tryggja að ekki sé um að ræða mengandi iðnað og ekki farið fram úr alþjóðlegum skuldbindingum að því leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 2. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802, nál. 1264 og 1276.

[18:25]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir nefndaráliti um frv. til laga um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, nr. 95 28. maí 1984 og nr. 28 9. maí 1989. Nefndarálit þetta er álit meiri hluta iðnn.

Til þess aðeins að spara tíma ætla ég að sleppa því að lesa upp nöfn allra þeirra 35 eða 40 aðila sem nefndin kallaði fyrir sig, suma oftar en einu sinni enda ekki ástæða til þess að lesa það upp vegna þess að nöfn allra þeirra ágætu manna sem þangað komu koma fram í nefndaráliti okkar.

Virðulegi forseti. Með lögum nr. 18/1977 var þáverandi ríkisstjórn falið að beita sér fyrir stofnun hlutafélags, um byggingu og rekstur verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði og hafa með höndum framleiðslu á kísiljárni og tengdan atvinnurekstur, Íslenska járnblendifélagsins hf. Frá árinu 1984 hafa hluthafar verið þrír, íslenska ríkið með 55% eignarhlut, norska fyrirtækið Elkem með 30% eignarhlut og japanska fyrirtækið Sumitomo sem á því ári keypti 15% eignarhlut í fyrirtækinu af Elkem. Með samþykkt laga nr. 28/1989 var fyrirtækinu heimilað að taka þátt í öðrum atvinnurekstri en bræðslu kísiljárns. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kemur fram að af lagaheimildum og samþykktum um Íslenska járnblendifélagið hf. sé ljóst að fyrirtækinu sé ætlaður vöxtur í framleiðslu á kísiljárni. Voru skipulag og stærð verksmiðjusvæðisins við það miðuð að verksmiðjuna mætti stækka mjög verulega. Á þeim tíma var stækkun hins vegar ekki talin tímabær.

Með þeim samningum, sem nú hafa náðst milli eigenda Íslenska járnblendifélagsins hf., er stefnt að stækkun verksmiðjunnar með ofni III og jafnframt er stjórn félagsins falið að kanna grundvöllinn fyrir enn frekari stækkun. Stækkun verksmiðjunnar um einn ofn þýðir að afkastageta hennar eykst úr 70 þús. tonnum í 110 þús. tonn og er slík stækkun talin styrkja samkeppnisstöðu verksmiðjunnar þegar til lengri tíma er litið. Vegna þessa munu skapast um 30–35 ný störf. Ég minni á í þessu sambandi að varlegt er að áætla að margföldunaráhrif þessa séu um 1,5 starf í öðrum atvinnugreinum, t.d. í þjónustu. Hér er því um 50 ný störf að ræða til viðbótar eða í heild um 80 ný störf. Ef járnblendiverksmiðjan verður stækkuð enn frekar verður hún sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Ljóst er að ef ekki hefði orðið af breytingum á eignarhaldi í fyrirtækinu hefðu áform um stækkun verksmiðjunnar verið úr sögunni sem aftur hefði leitt til fækkunar starfsmanna og verri afkomu Landsvirkjunar, samanber það sem síðar segir í áliti þessu um rafmagnssamning. Samkomulag er um hækkun hlutafjár að nafnvirði 423,9 millj. kr. sem Elkem greiðir að fullu fyrir með 932,5 millj. kr. Þar með eignast Elkem 51% hlut í fyrirtækinu, íslenska ríkið mun eiga 38,5% hlut og hlutur Sumitomo verður 10,5%. Heildarverðmæti alls hlutafjár í verksmiðjunni er metið á 2.548 millj. kr. áður en arður fyrir árið 1996 hefur verið greiddur út. Eftir hlutafjáraukningu mun Elkem eiga fjóra menn í stjórn félagsins, íslenska ríkið tvo og Sumitomo einn. Í samningnum er kveðið á um að Íslenska járnblendifélagið hf. verði skráð á Verðbréfaþingi Íslands og hefur íslenska ríkið rétt til þess að selja hluta af sinni eign með almennu útboði.

Í frv., ef að lögum verður, felst heimild til handa iðnrh. til að selja eignarhlut ríkisins, að undanskildum 12% hlut sem Elkem og Sumitomo eiga forkaupsrétt að verði tekin ákvörðun um frekari stækkun með fjórða ofninum fyrir 1. júlí 1999. Elkem hefur forkaupsrétt á 9% og er umsamið kaupverð 318 millj. kr. sem samsvarar genginu 2,5. Sumitomo hefur á sama hátt forkaupsrétt að 3%. Rétt er að benda á að erlendu fyrirtækjunum verður óheimilt að kaupa hlut á almennum markaði fyrstu níu mánuði eftir að salan hefst. Nefndin hefur sérstaklega kannað mat á verðmæti hlutafjár í félaginu og gerir meiri hlutinn ekki athugasemdir við það. Það er í samræmi við álit, bæði mat Fjárfestingarbankans Salomon Brothers og íslensku fyrirtækjanna Kaupþings og fyrirtækjasviðs Íslandsbanka. Miðað við þær sveiflur sem hafa verið á þessum rekstri er ekki hægt annað en að una við að við mat á verðmæti fyrirtækisins sé ekki einungis litið til góðu áranna heldur einnig til hinna mögru og þau hafa komið eins og við vitum.

Fjárfesting vegna hins nýja ofns III eru 2,7 milljarðar kr. Verður það greitt með nýju innborguðu hlutafé frá Elkem um 932 millj. kr. eins og áður sagði en það sem upp á vantar með lánsfé eða um 1,8 milljarðar kr. Þetta tryggir mjög hátt eiginfjárhlutfall Íslenska járnblendifélagsins hf.

Þjóðhagsleg áhrif af stækkun verksmiðjunnar eru meðal annars þau að á framkvæmdatímanum aukast fjárfestingar

um 6 milljarða kr. Áður hefur verið getið um ný störf og þegar tillit er tekið til innfluttra aðfanga má ætla að stækkunin ein skili u.þ.b. einum milljarði kr. til landsframleiðslunnar, eða um 0,3%. Þjóðhagsstofnun bendir á að varanleg heildaraukning þjóðarframleiðslu vegna stóriðju á Grundartanga geti orðið allt að 0,7% með traustri hagstjórn. Í því sambandi bendir stofnunin á að mikilvægt er að stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði á næstu árum með því að gæta ýtrasta aðhalds í ríkisfjármálum og taka nægilega þétt í taumhaldið á peningamálum til að halda aftur af aukningu þjóðarútgjalda.

Elkem ASA er stærst fyrirtækja í heiminum í framleiðslu á kísiljárni með um 13% markaðshlutdeild og á kísilmálmi með um 18% markaðshlutdeild. Af þessu leiðir að fyrirtækið er stór aðili á heimsmarkaði með þessar afurðir. Vegna fyrirhugaðrar meirihlutaeignar Elkem í Íslenska járnblendifélaginu hf. kallaði iðnaðarnefnd Guðmund Einarsson, framkvæmdastjóra kísiljárn- og kísilmálmdeildar Elkem, á sinn fund frá Noregi. Félagið rekur á annan tug verksmiðja, flestar í Noregi en einnig í Kanada og Bandaríkjunum. Fram kom að Elkem leitast við að fela heimamönnum framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hverrar verksmiðju og að fyrirtækið telur að samkeppnishæfni þess byggist á góðu og hæfu vinnuafli. Því sé fyrirtækinu akkur í að halda góðum tengslum við starfsmenn sína. Varðandi verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins hf. kom fram að Elkem vænti sér góðs af samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og teldi að rekstur þess væri góður. Þá væri rannsókna- og þróunardeild fyrirtækisins öflug og yrði enn efld. Hefur deildin sýnt sérstakt áræði í þróunarstarfi að mati Elkem og var það rækilega undirstrikað hversu þessi þróunardeild Járnblendiverksmiðjunnar hefur staðið sig vel og þar verið unnið frumkvöðulsstarf. Varðandi umhverfismál kom fram að Elkem legði áherslu á að búnaður fyrirtækisins fylgdi ströngustu kröfum og taldi Guðmundur að þeim kröfum sem gerðar væru hérlendis svipaði til krafna sem gerðar væru í Noregi.

Nefndin hefur kynnt sér rafmagnssamning Landsvirkjunar og Íslenska járnblendifélagsins hf. vegna stækkunar verksmiðju félagsins. Stækkun Járnblendiverksmiðjunnar mun styrkja fjárhagsstöðu Landsvirkjunar og stuðla að því markmiði að raforkuverð til almenningsveitna lækki um 3% árlega frá árinu 2001 til ársins 2010 en haldist síðan óbreytt, en þetta telur meiri hlutinn mjög mikilvæga forsendu fyrir stækkuninni.

Segja má að það sé skoðun þeirra sem spá í heimsmarkaðsverð á raforku að orkuverð muni fremur lækka í næstu framtíð. Það er hins vegar rétt að orkuverð í Noregi er mjög hátt um þessar mundir eða um 22 aurar. Í Noregi gengur hins vegar ekki að selja orkuna á þessu verði og engin áform eru þar nú um uppbyggingu í orkufrekum iðnaði. Meðalorkuverð hjá Elkem er aftur á móti um 11 aurar en meðalverð á raforku í heiminum í dag eru 9–13 aurar.

Mengunarvarnir járnblendiverksmiðjunnar hafa bæði verið ræddar í iðnaðarnefnd og umhverfisnefnd, enda eru strangar kröfur til mengunarvarna og umhverfismála mikilvægar í rekstri stóriðju, jafnt hér á landi sem annars staðar. Í tengslum við gerð skýrslu umhverfisnefndar um starfsleyfistillögur fyrir álver á Grundartanga (470. mál, þskj. 796), sem iðnaðarnefnd hefur haft til skoðunar, fór umhverfisnefnd í heimsókn í járnblendiverksmiðjuna og kynnti sér mengunarvarnir sérstaklega. Bæði meiri og minni hluti umhverfisnefndar benda á nauðsyn þess að svo verði búið að Hollustuvernd ríkisins að hún geti sinnt eftirliti með mengunarvörnum betur en nú. Undir þetta sjónarmið tekur meiri hlutinn. Þá bendir meiri hluti umhverfisnefndar á að óvenjutíðar sleppingar á reyk frá járnblendiverksmiðjunni stöfuðu af bilunum og endurnýjun á mengunarvarnabúnaði í verksmiðjunni og að rekstrartími reykhreinsivirkja hefði á árinu 1996 verið 99,28% á reykhreinsivirki 1 og 98,97% á reykhreinsivirki 2. Fram kemur að samkvæmt upplýsingum frá járnblendiverksmiðjunni og Hollustuvernd ríkisins er sá reykur sem sést frá verksmiðjunni ryk sem ekki veldur meiri mengun en ryk yfirleitt. Hinar mengandi lofttegundir séu hins vegar ekki sjáanlegar. Á fundi með iðnaðarnefnd upplýstu umhverfisráðuneyti og Hollustuvernd ríkisins að vinna við endurskoðun hins tuttugu ára gamla starfsleyfis járnblendiverksmiðjunnar væri þegar hafin. Við stækkun verksmiðjunnar (ofn III) verður gefið út nýtt starfsleyfi fyrir rekstur Íslenska járnblendifélagsins hf. í heild. Þær upplýsingar komu fram að strangari kröfur verða gerðar varðandi brennisteinsmagn í kolum en í núverandi starfsleyfi. Þá verða verulega hertar kröfur varðandi losun á ryki og jafnframt verða sett mörk fyrir tímalengd losunar ef bilun verður í tækjabúnaði. Meiri hlutinn leggur áherslu á endurskoðun starfsleyfis járnblendiverksmiðjunnar og að í nýju starfsleyfi verði gerðar strangar, en um leið eðlilegar, kröfur til mengunarvarna er taki mið af staðháttum.

Meiri hlutinn vekur athygli á því að lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 63/1993, ná ekki til framkvæmda samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994. Telur hann eðlilegt að fyrir hugsanlega framtíðarstækkun járnblendiverksmiðjunnar (IV. og V. ofn) verði gert mat á umhverfisáhrifum með tilliti til starfsemi á svæðinu í heild.

Í tengslum við umfjöllun málsins fór iðnaðarnefnd í vettvangsferð í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og ræddi við framkvæmdastjórn og trúnaðarmenn starfsmanna. Fram kom að hluti starfsmanna hefur haft áhyggjur af breyttri eignaskiptingu í Íslenska járnblendifélaginu hf. Þeir fagna þó að verksmiðjan skuli stækkuð og sjá í raun aukið atvinnuöryggi felast í því. Eftir samtölum við fulltrúa Elkem og með hliðsjón af því hversu vel járnblendiverksmiðjan er rekin, ekki síst vegna mjög góðs starfsfólks, trúi ég því að samskipti hinna nýju meirihlutaeigenda við starfsmenn verði sanngjörn og eðlileg.

Eins komu fram hugleiðingar um hvort breytingar á eignarhaldi hefðu í raun verið forsenda fyrir stækkun verksmiðjunnar um einn ofn, þ.e. hvort fyrirtækið hefði eitt og óstutt átt að ráðast í stækkunina. Viðurkennt var þó að slíkt hefði alls ekki verið einfalt mál, m.a. vegna flókinna sölusamninga við erlenda eigendur fyrirtækisins. Ég hef ávallt talið að orð skuli standa og því held ég að farsæl og eðlileg leið hafi verið valin til að stækka ofn verksmiðjunnar og þar með tryggja rekstraröryggi hennar og þar með atvinnu á þessu svæði.

Áform um stækkun verksmiðjunnar um þriðja ofninn og áform um frekari framþróun fyrirtækisins munu bæta afkomu þess og þannig hækka verðgildi þess eignarhluta sem Íslendingar eiga í járnblendiverksmiðjunni. Í þeim samningum sem hér hafa verið gerðir sýnist mér að hagsmuna íslenska ríkisins hvað varðar eignarhald í Járnblendifélaginu hafi verið gætt ásættanlega. Þeir bæta afkomu fyrirtækisins og treysta verulega atvinnuöryggi starfsfólks til lengri tíma litið.

Virðulegi forseti. Meiri hluti iðnn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nefndarálit skrifa allir nefndarmenn í iðnn. nema hv. þm. Svavar Gestsson en hann skilar

inn sérstöku nefndaráliti. En undir álitið rita Stefán Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Sighvatur Björgvinsson, Árni R. Árnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Hjálmar Árnason, Pétur H. Blöndal og Jóhanna Sigurðardóttir.

[18:42]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Á þskj. 1276 birtist nefndarálit mitt um þetta mál og mun ég nú fara yfir það.

Minni hluti nefndarinnar hefur ýmislegt að athuga við fyrirliggjandi frumvarp. Fyrst ber að nefna þá staðreynd að aðalefni málsins, þ.e. stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, liggur ekki fyrir þinginu, heldur einungis spurningin um það hvort Íslendingar eiga að selja meiri hluta sinn í verksmiðjunni eða ekki. Það er í sjálfu sér mikið mál en er ekki eina málið og í raun fór minnstur tími nefndarinnar í að fjalla um það. Það leiðir satt að segja að mínu mati hugann að því hvort þessi uppsetning mála í þessari stofnun sé eðlileg og hvort ekki þurfi að huga að öðru formi á gögnum af þessu tagi eða ákvörðunum þingsins af þessu tagi þannig að bæði komist að ákvörðun að efni málsins og nauðsynlegar lagabreytingar. Þessu hreyfði ég við 1. umr. málsins og ræddi þá m.a. um þetta mál að viðstöddum ráðherrum og fleirum, en það er auðvitað ekkert gert með það sem maður segir í þessu frekar en öðru sem ég tel þó slæmt vegna þess að þetta lýtur ekki að pólitík heldur því hvernig menn koma tæknilega að hlutunum í þessari stofnun, en það er ekki venjan að hlusta mikið á stjórnarandstöðuna hér í seinni tíð.

Herra forseti. Það er spurning um hæstv. iðnrh. Ætlar hann ekki að vera viðstaddur þessa umræðu?

(**Forseti** (GÁS): Forseti mun reyna að ná sambandi við hann og fá hann hingað til þessarar umræðu.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir.

Að mati minni hlutans er raforkuverð viðunandi samkvæmt þeim samningi sem liggur fyrir vegna þriðja ofnsins. Samkvæmt norskum blöðum er verðið rétt innan við ellefu norskir aurar hver kílóvattstund. Þetta verð nær ekki aðeins til stækkunarinnar um þriðja ofninn heldur líka til eldri hluta verksmiðjunnar. Í því felst ávinningur fyrir Landsvirkjun sem selur fyrirtækinu orku.

Í Noregi hafa flestar verksmiðjur Elkem góða rafmagnssamninga að sögn forráðamanna fyrirtækisins. Þessir samningar renna út á árunum 2006–2010. Statkraft, norska orkusölufyrirtækið, vill nýta sér þessa staðreynd til þess að hækka orkuverðið. Þar er nú boðið til samninga um 20–22 norska aura á kílóvattstund eða um 30 mill. Norsku fyrirtækin munu ekki sætta sig við þetta verð. „Við munum beita pólitískum þrýstingi til að lækka verðið", sagði forstjóri Elkem á fundi iðnn. En meðan verðið er svona hátt flyst þessi iðnaður frá Noregi og eitthvert annað. Hvert? Væntanlega til Íslands. Þetta skapar því um leið vanda en jafnframt gullið tækifæri fyrir Íslendinga til að hækka raforkuverð til stóriðju hér á landi. Það virðist ráðamönnum Íslands enn ekki ljóst. Þess vegna hafa þeir í raun fallist á fjórða og fimmta áfanga járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og gera þar ráð fyrir allt of lágu orkuverði.

Starfsmenn verksmiðjunnar á Grundartanga hafa haft miklar áhyggjur af því að Elkem eignist meiri hluta í verksmiðjunni. Verður ekki sagt að viðtöl nefndarinnar við Guðmund Einarsson forstjóra hafi dregið úr áhyggjum af starfsmannamálum en Elkem er óvenjumikið í blöðum í Noregi vegna átaka við starfsmenn. Kom enda fram að það væri eitt aðalstefnumála fyrirtækisins og forráðamanna þess að fækka starfsmönnum, ekki að vísu með því að segja þeim upp sem fyrir eru heldur með því að ráða ekki nýja í stað þeirra sem hætta. Þó er bent á að í mörgum verksmiðjum Elkem í Noregi sjá verktakar um stóran hluta verkefnanna annarra en framleiðslunnar sjálfrar. Í því sambandi má nefna viðhaldsdeildir og mötuneyti. Þannig er ljóst að starfsmennirnir á Grundartanga standa frammi fyrir óvissu auk þess sem forstjóraskipti verða nú í fyrirtækinu og er ekki ofmælt að starfsmenn sjái eftir núverandi forstjóra úr starfi.

Þeir starfsmenn sem iðnaðarnefnd ræddi við tóku fram að þeir óttuðust að starfsmannastefnan yrði harðari en þeir ættu að venjast og að þeir kæmu síður að opnum dyrum en verið hefur á Grundartanga og eru bæði þessi orð eða bæði þessi hugtök í raun og veru beint frá starfsmönnum, að starfsmannastefnan yrði harðari og þeir kæmu síður að opnum dyrum. Starfsmennirnir spurðu: Og hvað gerist ef upp kemur sama staðan og 1992? Verður fyrirtækinu ekki lokað? Þá var gripið til aðgerða í samráði við starfsmenn. Nú verða allar boðleiðir miklu lengri.

Forráðamenn fyrirtækisins bentu á að framleiðslukostnaðarverð á járnblendi hafi lækkað mjög verulega. Árið 1979 hafi framleiðslan verið 200–250 tonn á hvern starfsmann og svo hafi verið allt fram til 1989. Þá hafi starfsmönnum verksmiðjunnar, þróunardeildinni, tekist að breyta fyrirtækinu þannig að framleiðsla á starfsmann jókst í um 325 tonn. Þegar kreppan reið yfir iðnaðinn, sú mesta á öldinni, tókst að auka framleiðsluna í 400–425 tonn á mann. Nú er framleiðslan á Grundartanga 600 tonn á mann.

Það er þróunardeild járnblendiverksmiðjunnar sem hefur skilað þessum mikla árangri. Forráðamenn verksmiðjunnar bentu á að með því að ríkið selur sinn hluta í járnblendiverksmiðjunni hverfa Íslendingar út úr vinnslu í stóriðju hér á landi. Það er slæmt, sögðu þeir. Það er mikilvægt að við höfum einhver yfirráð í úrvinnsluiðnaðinum en þurfum ekki að reiða okkur eingöngu á aðra. Enn fremur er ljóst, sögðu forsvarsmenn verksmiðjunnar, að með Elkem verða allar boðlínur miklu lengri. Við fengum um daginn þykkan doðrant með eyðublöðum til að sækja um mismunandi upphæðir til mismunandi verkefna, sögðu þeir. Það verður allt mikið þyngra í vöfum.

Eitt af því sem gagnrýnt var af stjórnarandstöðunni við meðferð málsins var matið á fyrirtækinu. Kom fram að það væri ákaflega erfitt að meta fyrirtækið í raun. Gert hefði verið ráð fyrir því í mati á fyrirtækinu að langtímameðalverð á afurðum þess væri um 4.160 norskar kr. á tonnið. Í apríl í ár var verðið 4.560 norskar kr. tonnið, en fór hæst í 5.500 norskar kr. og lægst í 3.550 kr. á einum ársfjórðungi þannig að sveiflurnar eru gífurlegar. Og lægsta verðið nú á síðustu árum, þ.e. 1992, er jafnframt lægsta verðið á öldinni. Er eðlilegt að taka þetta óvenjuafbrigðilega lága verð með í reikninginn þegar langtímameðalverð er ákveðið? Það dreg ég í efa. Matsverðið á fyrirtækinu var eins og fyrr sagði miðað við 4.160 norskar kr. á tonnið. Það gaf verð í kringum 225–250 millj. norskra kr. fyrir fyrirtækið. Ef meðalverðið í fyrra hefði verið lagt til grundvallar hefði verðið á fyrirtækinu átt að vera mörgum sinnum hærra eða yfir einn milljarður norskra kr. Við meðferð málsins í nefndinni kom þannig fram að verðið á fyrirtækinu var í rauninni allt of lágt þegar hlutur Íslands var seldur.

Til samanburðar má geta þess að endurbyggingarverð verksmiðjunnar á Grundartanga er talið vera um 800 millj.

norskra kr. og strípaður þriðji ofninn mundi kosta á bilinu 260–280 millj. norskra kr.

Hagnaður fyrirtækisins var 280 millj. kr. árið 1994, 544 millj. kr. árið 1995, 660 millj. kr. 1996 og 600 millj. kr. 1997. Hér er því um að ræða geysigott fyrirtæki, að ekki sé meira sagt. Kom reyndar fram að verksmiðjan á Grundartanga er talin með þeim bestu í heimi í þessari grein. Sú þriðja besta í heiminum var fullyrt. Bendir allt til þess að vel hefði mátt reka fyrirtækið áfram með tveimur ofnum og að öryggi starfsfólks og þjóðarinnar hefði ekkert síður mátt tryggja með því að tryggja að fyrirtækið með óbreyttu eignarhaldi hefði bætt við þriðja ofninum.

Satt að segja verð ég að segja, herra forseti, að mér fannst þetta í raun og veru merkilegasta niðurstaðan af umfjölluninni um málið, þ.e. að fyrirtækið er tiltölulega tryggt, er tiltölulega öruggt og talið um óvissuna fyrir starfsmenn sem yrði að létta með þriðja ofninum er ekki rétt uppsetning vegna þess að þar eru menn að tala um það ástand sem var 1992 og er eins og ég sagði algerlega afbrigðilegt á öldinni. Ég tel þess vegna að þarna hafi menn að óþörfu ákveðið að afhenda Elkem þetta fyrirtæki, hreinlega að óþörfu og það hafa engin rök komið fram í meðhöndlun nefndarinnar á þessu máli sem sanna annað, engin. Og það er mjög alvarlegt umhugsunarefni því að það bendir til þess að samningamenn Íslands hafi gefið sér fyrir fram veikari stöðu þessa fyrirtækis en eðlilegt var.

Í fskj. II með nefndaráliti mínu er frásögn fulltrúa starfsmanna af fundi um fyrirhugaða starfsmenn járnblendiverksmiðjunnar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þröngar skorður eru settar við breytingum á eignaraðild í samningum um ÍJ. Halldór Kristjánsson [væntanlega ráðuneytisstjóri] taldi Elkem nauðsynlegan samstarfsaðila vegna þess hve sterkt fyrirtækið er á mörkuðum."

Því var með öðrum orðum haldið fram að fyrirtækið væri svo sterkt á mörkuðum að það væri ekkert annað fyrir okkur að gera en að beygja okkur fyrir kröfum fyrirtækisins. Þetta er rangt.

Það kom einnig fram í meðhöndlun málsins í hv. iðnn. að markaðsyfirburðir þessa fyrirtækis á heimsmarkaði á kísiljárni og kísilmálmi eru ekki þeir sem gefnir voru upp og talað var um í aðdraganda málsins, eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 1264, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Elkem ASA er stærst fyrirtækja í heiminum í framleiðslu á kísiljárni með um 13% markaðshlutdeild og á kísilmálmi með um 18% markaðshlutdeild."

Hér kemur fram að markaðshlutdeildin er minni en menn gáfu sér og þess vegna er yfirburðastaða Elkem á mörkuðunum ekki sú sem menn notuðu sem rök fyrir því að Ísland færi út úr þessu fyrirtæki. Ég verð þess vegna að segja það alveg eins og er, herra forseti, að ég í sjálfu sér hef ekki verið þeirrar skoðunar að það væri neitt úrslitaatriði að Íslendingar ættu endilega meiri hluta í þessu fyrirtæki. En ég sannfærðist um það við meðferð málsins í fyrsta lagi að íslenska eignaraðildin hefur skilað miklum verðmætum. Hún hefur skilað mjög góðu fyrirtæki. Og ég tel ástæðu til þess að nefna það hér af því að enginn hefur gert það, að þakka starfsmönnum á Grundartanga fyrir það að þeir hafa skapað Íslendingum mjög gott fyrirtæki, og ekki síst fráfarandi forstjóra og nánustu samstarfsmönnum hans. Ég er því sannfærður um það eftir að hafa hitt forráðamenn fyrirtækisins á Grundartanga að fyrirtækið var og er í rauninni sterkara heldur en menn lögðu upp með þegar lagt var af stað í þetta ferðalag í iðnrn. Ég tel það þess vegna beinlínis harmsefni að iðnrn. skuli hafa staðið svona að máli vegna þess að það hefði verið hægt að halda Íslendingum inni í úrvinnslu í stóriðjufyrirtæki ef farið hefði verið öðruvísi í málin.

Ég vil einnig, herra forseti, láta það koma hér fram að ég tel að ákvæði 4. gr. frv. og viðeigandi ákvæði samningsins séu hættuleg. Í greininni segir, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra er eftir hlutafjárhækkun í félaginu á árinu 1997 heimilt þegar á því ári að selja eignarhlut ríkisins í félaginu, þó þannig að 12% heildarhlutafjár verði ekki seld fyrr en reynt hefur á kauprétt núverandi samstarfsaðila ríkisins að verksmiðjunni."

Í samningnum er gengið út frá því að verðið á þessum 12% hluta sé fast. Margt bendir þegar til þess að þegar að því kemur að þessi hlutur yrði seldur, þá muni menn líta þannig á að þar yrði um stórkostlegt undirverð að ræða. Þeir sem töluðu við iðnn. í fyrirtækinu á Grundartanga töldu að svo gæti farið að hérna væru menn að gefa Elkem í kringum einn milljarð kr. frá því sem ella væri ef þessi hlutur yrði seldur á þáverandi væntanlegu markaðsverði en ekki á föstu verði eins og verið er að setja það upp hér. Og það er auðvitað alveg ótrúlegt satt best að segja, herra forseti, að festa þetta verð á þessum hlut í fyrirtækinu, þessum 12% hlut, því að þar með er verið að gefa Elkem þennan hlut eða öðrum aðilum sem að þessu kynnu að koma kost á miklu lægra verði en eðlilegt er og þar með verið að slá því föstu að Íslendingar sem eiga þennan part missi af verulegum fjármunum eða hálfum til heilum milljarði króna. Þarna tel ég að mönnum hafi skotist í þessum samningum og ég tel það harmsefni.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri við þessa umræðu. Ég vek athygli á því að hæstv. iðnrh. taldi ekki ástæðu til að taka til máls í umræðunum um álver á Grundartanga og finnst mér það nokkurt umhugsunarefni.

[18:57]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 8. þm. Reykv. fyrir fróðlega ræðu, en það mátti skilja sem svo það sem fram kom í máli hans að ekki væri ástæða til að stækka verksmiðjuna. Vil ég þess vegna af því tilefni segja að það er nauðsynlegt að rifja upp erfiðleikaárin hjá Íslenska járnblendifélaginu þegar glímt var við mun lægra verð á afurðunum en hafði áður verið og er núna. Það er alveg ljóst þegar litið er á sögu þessa markaðar að sveiflur eru mjög miklar í markaði á framleiðslu verksmiðjunnar.

Fyrir stjórn þessa fyrirtækis var lögð áætlun um það, að fenginni þessari dýrkeyptu reynslu í rekstri fyrirtækisins, hvernig mætti styrkja reksturinn. Stjórnendur fyrirtækisins lögðu upp áætlun um það hvernig best væri að standa að því verki og það var með því að stækka verksmiðjuna og bæta við í það minnsta einum ofni og við það yrði verksmiðjan mun hagkvæmari en með tveimur ofnum. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að þetta komi fram hérna þannig að menn velkist ekkert í vafa um að til þess að hægt sé að tryggja framtíð, eins og hægt er að tryggja framtíð nokkurrar slíkrar starfsemi, þá var það fyrst og fremst með stækkun og þannig væru hagsmunir starfsmanna og eigenda verksmiðjunnar best tryggðir.

[19:00]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er misskilningur að ég hafi haldið því fram að stækkun væri óþarfi. Ég hins vegar hélt því fram að það hafi ekki verið eins mikil nauðsyn á stækkun og menn hafa viljað vera láta og miðað við þær tölur sem við fengum hjá forstjóra fyrirtækisins og öðrum uppi á Grundartanga, þá sannfærðist ég um að það hefði verið hægt að halda rekstri fyrirtækisins áfram sem einni bestu járnblendiverksmiðju í heimi jafnvel á tveimur ofnum, jafnvel án stækkunar.

Hitt er alveg ljóst að miðað við hagvöxt í heiminum upp á segjum 2–3%, þá er náttúrlega gengið út frá því að til þess að t.d. sá fjöldi starfsmanna sem þarna hefur verið geti haldið vinnunni áfram nokkuð örugglega, er æskilegt að það verði stækkun. Og þá bætti ég því við: Við hefðum getað stækkað. Og mér fannst það koma fram í orðum hv. 2. þm. Vesturl. sem mér hefur fundist ég heyra í kringum málið, að stjórnarmenn fyrirtækisins og fleiri, þeir sem voru og þekkja vel til málsins og ráðuneytið, hafa verið orðnir óþarflega beygðir af erfiðleikunum 1992 því að staðreyndin er sú að verðið 1992 er lægsta verðið á allri öldinni á þessum vörum. Ég tel því líka að viðmiðunin að því er varðar langtímameðalverð á kísiljárni sem menn gátu sér við mat á fyrirtækinu, hafi verið of lág.

[19:01]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur hjá hv. 8. þm. Reykv. að stjórnarmenn Íslenska járnblendifélagsins hafi verið beygðir. Það var nú öðru nær. Þetta var og er staffírugt lið sem lagði mikla vinnu í að reyna að endurskipuleggja þetta ágæta fyrirtæki með úrvalsfólki og það var gert með því að undirbúa stækkun. Það var lögð öll áhersla á það. Síðan gerist það sem er auðvitað grundvallaratriði í þessu máli og hefur komið skýrt hér fram, að það er vilji stjórnvalda að reyna að draga sig út úr þessari atvinnustarfsemi, treysta öðrum til þess að stunda rekstur og það er auðvitað ástæðan. Það er ekki afstaða stjórnarmanna Íslenska járnblendifélagsins heldur er það afstaða íslenskra stjórnvalda að draga sig út úr þessum rekstri. Þess vegna erum við að fjalla um þetta frv. sem hér er til umfjöllunar og ég styð og er reiðubúinn til þess að leggja mikið á mig til þess að fara þær leiðir sem tryggja þessa starfsemi sem allra best.

Ég kom upp í andsvari við hv. þm. vegna þess að ég vildi draga það skýrt fram í þessari umræðu að stækkunin er við núverandi aðstæður mjög mikilvæg.

[19:03]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Íslendingar hefðu getað, herra forseti, stækkað þetta fyrirtæki eins og það var ef þeir hefðu viljað. Það er orðum aukið hversu mikla yfirburði á markaði Elkem hefur. Það er algerlega orðum aukið. Það eru 13–18% eftir því hvort um er að ræða kísilmálm eða kísiljárn þannig að það skal vera alveg á hreinu.

Í öðru lagi endurtek ég það og vil leiðrétta það hér að ég tel að stjórn fyrirtækisins hafi ekki verið beygð í þeim skilningi sem venjulega er lagður í það orð, heldur var hún beygð af ríkisstjórninni. Það er rétt hjá hv. þm. að það var hún sem réði þessu og það var hún sem var beygð og fór í keng inn í þessar umræður, því miður.

[19:04]

Útbýting þingskjals:

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 523. mál, brtt. landbn., þskj. 1341.

[19:04]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson):

Herra forseti. Hér við lok 2. umr. um þetta mál, sem er um stækkun Járnblendifélagsins, vil ég nota tækifærið og þakka hv. iðnn. fyrir það starf sem hún hefur innt af hendi í tengslum við þessi mál, þ.e. bæði frv. um byggingu álvers á Grundartanga og ekki síður um þetta frv. sem hér er til umfjöllunar um stækkun Járnblendifélagsins.

Nefndin hefur vandað mjög til verka, unnið hratt og yfirvegað, ekki síst í ljósi þess að það hefur verið mikið álag á iðnn. Alþingis nú á undanförnum mánuðum. Ég hugsa að það sé langt síðan iðnn. Alþingis hefur haft jafnmikið að gera og ástæðan er sú að með þessari ríkisstjórn hefur verið rofin sú kyrrstaða sem ríkt hefur í stóriðjumálum á Íslandi í áratug eða áratugi reyndar.

Iðnn. hefur fjallað á síðustu mánuðum og missirum um mjög stór mál og ég er sérstaklega ánægður með störf nefndarinnar í þessum efnum, hversu vel þar hefur verið unnið og hversu vel og örugglega þeim hefur verið skilað inn í þingið. Fyrsta mál af þessu tagi sem iðnn. barst var stækkun álversins í Straumsvík, síðan þetta mál sem nú er til umfjöllunar, stækkun Járnblendifélagsins og bygging álvers Columbia á Grundartanga og svo tók frv. um Landsvirkjun, eigendasamkomulagið milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar sem algert samkomulag var um milli eigenda og mjög víðtækt samkomulag í þinginu, auðvitað mikinn tíma nefndarinnar.

En það sem öllum þessum málum er sammerkt, er að við erum að hefja núna nýtingu orkuauðlindanna aftur. Við erum að leggja grunninn að stóraukinni verðmætasköpun í samfélaginu. Við erum að fjölga störfum. Við erum að draga stórkostlega úr atvinnuleysinu. Við erum að skapa störf í þessum fyrirtækjum sem hafa sýnt sig að eru betur launuð störf en sambærileg störf úti á vinnumarkaðnum. Þessi fyrirtæki greiða hærri laun og þannig erum við að leggja grunn að bættum lífskjörum í landinu með þeim aðgerðum á þessu sviði sem ríkisstjórnin er að fara út í. Það er þess vegna að manni finnst slæmt að ekki skuli vera alveg fullkomin samstaða um þessi mál. En ég skil að mönnum geti sýnst sitt hvað í þessum efnum og það er slæmt vegna þess að um þessi meginmarkmið hef ég talið að allir væru tiltölulega sammála.

Varðandi stækkun Járnblendifélagsins ætla ég ekki að rifja upp þá ræðu sem ég fór með við 1. umr. þessa máls og þær ástæður sem lágu að baki þeirri ákvörðun að semja við Elkem og Sumitomo um stækkun fyrirtækisins. Ég skildi hv. þm. Svavar Gestsson þannig að það hefði verið óþarft að semja um stækkunina, Íslendingar hefðu getað gert það sjálfir.

Nú er ég alveg sannfærður um að forstjóri Járnblendifélagsins á Grundartanga hefur ekki sagt iðnn. það með þessum orðum. Ég hef líka átt viðræður við forstjóra Járnblendifélagsins. Það voru skiptar skoðanir um það hvaða leiðir ætti að fara í þessum efnum. En forstjórinn hefur viðurkennt að það var ekki hægt einhliða af Íslands hálfu að taka þá ákvörðun sem hefði leitt til þess að fyrirtækið hefði verið stækkað. Slík ákvörðun hefði leitt til málaferla við þá eigendur sem við erum með í þessu fyrirtæki vegna þess að sá samningur

sem var og er á milli eignaraðilanna gerði ráð fyrir því, og það ætla ég enn einu sinni að rifja hér upp, að til þess að taka ákvörðun um að selja hlut í fyrirtækinu þurfti samkomulag allra aðila. Til þess að taka lán til byggingar og fjárfestingar við stækkun á fyrirtækinu þurfti samkomulag $^2/_3$ hluta eigenda. Og til þess að hægt væri að fá $^2/_3$ hluta eigenda til þess að taka slíka ákvörðun, þá lá alltaf fyrir af hálfu Sumitomo að þeir þyrftu að fá breytingu á markaðssamningi við fyrirtækið. Og til þess að breyta markaðssamningnum þurfti samkomulag allra aðila. Það sjá allir sem vilja sjá og leggja sanngjarnt mat og fara með rétt mál og hafa þessi skjöl öll fyrir framan sig, það samkomulag sem þarna var, að það var ekki hægt að ná fram einhliða ákvörðun af þessu tagi.

Um verðmætamatið má hins vegar deila og ég ætla ekkert að leggja mat á það hvort það sé hinn heilagi sannleikur og ætla þess vegna ekki að vera hér með fullyrðingar um að það hafi verið nógu hátt eða allt of hátt. Við megum vel við una. Þetta var samkomulagsniðurstaða og hvernig var hún fengin? Hún var ekki fengin með því að reka puttann upp í loftið eða henda einhverju upp í loftið og sjá hvað kæmi niður. Virtar fjármálastofnanir voru fengnar til þess að verðmeta fyrirtækið. Einn virtasti fjárfestingarbanki í heimi á þessu sviði, Salomon Brothers, var fenginn til þess að meta verðmæti fyrirtækisins. Til að tryggja að íslensk fyrirtæki sem hafa orðið mjög góða þekkingu á þessu sviði kæmu þar að líka fengum við Kaupþing og fyrirtækjasvið Íslandsbanka til þess að leggja mat á fyrirtækið líka.

Ég ætla ekki hér að tína nákvæmlega til hvert verðmætamatið var frá hverjum og einum aðila en verðmætamatið var á bilinu 220–290 millj. norskra króna með því að reiknað væri með að hagræðið af byggingu þriðja ofnsins lægi fyrir. Ef hins vegar hefði ekki legið fyrir ákvörðun um það, þá var verðmætamat fyrirtækisins 180 millj. norskra króna miðað við tvo ofna. Svo kunna menn lengi að deila um það hvort þetta hafi verið rétt verð, samningsniðurstaðan, 245 millj. norskra króna sem var það verðmætamat fyrirtækisins sem menn náðu saman um.

Hinn eini mælikvarði á hið rétta verð kemur í ljós þegar sá hluti fyrirtækisins sem með þessu frv. er verið að heimila iðnrh. að setja á markað verður settur á markað. Þá kemur í ljós hvað markaðurinn er tilbúinn að borga fyrir fyrirtækið. Út frá þeim forsendum hvort skynsamlegt hafi verið að stækka, ekki bara hvort það hafi verið hægt heldur hvort það hafi þá nokkuð verið nauðsynlegt, þá er það svo að hagkvæmni fyrirtækisins eykst verulega við stækkun. Samkeppnishæfni fyrirtækisins eykst verulega. Framleiðslukostnaðarverð fyrirtækisins í dag er 3.800 norskar krónur á tonnið. Eftir stækkun lækkar framleiðslukostnaðurinn úr 3.800 norskum krónum niður í 3.200 norskar krónur.

Hv. þm. Svavar Gestsson vitnaði í það verð sem hefði orðið lægst á öldinni sem var rúmlega 3.400 norskar krónur á tonnið. Með þessari stækkun erum við að ná því að auka hagkvæmni svo í rekstri fyrirtækisins að við höfum komist í framleiðslukostnaði undir það lægsta verð sem við höfum séð á öldinni. Það leiðir til þess að í næstu niðursveiflu sem við þurfum að ganga í gegnum, vegna þess að sagan segir okkur að við höfum þurft þess í gegnum tíðina, er fyrirtækið betur búið en nokkru sinni fyrr til að mæta þeim skakkaföllum.

Hagkvæmni fyrirtækisins eftir breytinguna gerir það að verkum að öryggi starfsfólksins er tryggt. Störfum fjölgar í rekstri fyrirtækisins í staðinn fyrir að ef ekkert hefði verið gert, þá blasti ekkert annað við en að störfum hefði sennilega fækkað þannig að hvernig sem á þetta er litið, er ljóst að út frá hagsmunum eigendanna var stækkunin hagkvæm og sérstaklega út frá íslenskum hagsmunum. Út frá hagsmunum starfsfólks fyrirtækisins er stækkunin mjög hagkvæm. Hefði ekki verið ákveðið að stækka, þá hefði óvissan haldið áfram. Og menn mega ekki gera lítið úr því þegar menn ræða um yfirburðastöðu — reyndar talaði hv. þm. um að það væri engin yfirburðastaða sem Elkem hefði á járnblendimarkaðnum, 13–18% af heimsmarkaði — að við getum ekki horft bara á heimsmarkaðinn í þessum efnum. Við verðum nefnilega að átta okkur á því hvert við erum að selja. Elkem er með 58% markaðshlutdeild á evrópska markaðnum og þeim markaði sem við erum aðallega að selja á.

Hinn hluti markaðarins er kísilmálmur sem er miklu, miklu ódýrari en sá kísilmálmur sem við erum að selja frá Grundartanga inn á þann markað þar sem Elkem er með 58% markaðshlutdeild. Við erum að tala um markað í Japan, í Asíu víða, þar sem þetta efni er miklu, miklu ódýrara og það er ástæðan fyrir því að Sumitomo vill frá breytingu á markaðssamningnum, vegna þess að þeir eru í erfiðleikum með að keppa við ódýra efnið sem kemur frá Kína og víða annars staðar að í Asíu inn á þennan markað. Við verðum því að horfa á það hvert við erum að selja efnið sem við erum að framleiða og skoða markaðinn út frá því. Og fyrirtæki sem eru með 58% markaðshlutdeild á okkar aðalmarkaði, verðmætasta markaðnum, hlýtur þannig að hafa yfirburða markaðsstöðu hvernig sem á þetta mál er litið. Það kann að vera í þessu máli eins og reyndar svo mörgum öðrum að ég og hv. þm. séum ekki sammála. Ég ætla ekkert að leggja mat á af hverju það er. En það sem ég hef lagt upp með í þeirri vinnu og mínar áherslur hafa beinst að í að tryggja að við getum nýtt orkuauðlindirnar, er að auka verðmætið í samfélaginu, bæta lífskjörin, fjölga störfunum og draga þannig úr atvinnuleysinu og fátæktinni sem til er í landinu. Og ég vonast til þess að við höfum báðir þá sömu sýn á þau meginmarkmið og kunnum heldur að deila um leiðirnar. En þessar leiðir hafa legið fyrir en eru ekki eitthvað sem er úti í þokunni og sem megi kannski fara en eru ófærar.

[19:18]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hann hefur tekið aftur það sem hann hefur sagt tvisvar úr þessum ræðustól, að ég og Alþb. vildum beita okkur fyrir því að auka atvinnuleysið. Það hefur hann tvisvar sagt úr þessum ræðustól. Hann var þó það smekklegur í þetta skipti að segja að ég vildi sennilega ekki atvinnuleysi. Það er framför í málflutningi hans og ég þakka honum sérstaklega fyrir það.

Varðandi málið að öðru leyti eins og hann setti það upp skil ég út af fyrir sig vel að menn hafi endað í þessum samningi vegna þess að greinilegt er að hæstv. iðnrh. hafði enga trú á eigin samningsstöðu. Hann taldi sig vera með mjög vonda vöru. Hann taldi að hlutirnir væru þannig að öryggi starfsfólksins væri í fyrsta lagi í verulegri hættu. Ég segi: Það er rangt. Það er augljóst mál og segir sig sjálft og þarf ekki að halda neinar ræður um það á Alþingi að eftir því sem fyrirtækið er stærra, eftir því eru meiri líkur á því að fleiri hafi vinnu. Það er ekki mikil vísindaleg niðurstaða, það skil jafnvel ég þannig að málið snýst ekki um að það sé mikil speki að hlutirnir séu þannig. En það er bersýnilegt

að hæstv. ráðherra hefur trú á því að fyrirtækið hafi verið þannig komið að fótum fram að öryggi starfsfólksins hafi verið í stórkostlegri hættu. Ég undrast ekki að ráðherrann skuli hafa selt þetta fyrirtæki fyrir slikk, ef hann hefur verið þessarar skoðunar, sem sagt á hnjánum í þessu máli.

Hann segir líka: Óvissan með fyrirtæki hefði haldið áfram ef þetta hefði ekki verið selt. Ég er algerlega ósammála þessu. Ég tel að ráðherrann hafi tekið inn á sig kenningar um það að þetta fyrirtæki hafi verið miklu veikara en það var og hafi þar með tekið við fortíðararfi í iðnrn. þar sem þetta fyrirtæki var á sínum tíma afskrifað af því að það væri ónýtt og gæti ekki neitt. Ég er ósammála þessu.

Ég er líka ósammála því að hægt sé að líta á það að markaðshlutdeild t.d. Elkem í Evrópu sem úrslitaþátt í málinu. Það verður að horfa á allan heiminn í þessum efnum og markaðsyfirburðir Elkem voru ekki þeir sem látið var í veðri vaka. Þess vegna verð ég að segja alveg eins og er að ég er svo sem ekki hissa á því að menn skuli hafa látið sig hafa það að láta fyrirtækið fara með þeim hætti sem gert var.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að það hafi verið rangt hjá matsfyrirtækjunum að gefa sér langtímameðalverð eftir meðalverði síðustu 10 ára en inni í því eru tveir eða þrír fjórðungar með lægsta meðalverð á járnblendi á öldinni. Ég tel að það hafi verið rangt að meta fyrirtækið þannig. Út af fyrir sig gæti ég farið yfir þessa matskafla um frv. ef þeir væru ekki allir trúnaðarmál. Þeir voru lagðir fyrir í iðnn. og ég las þá gaumgæfilega. Ég tel enga ástæðu til að trúa þeim pappírum þannig að það sé um að ræða dóm sem menn hafi þurft að hlíta með þeim hætti sem gert er.

Ég vil einnig segja það, herra forseti, að ég veit ekki hvaðan hæstv. iðnrh. hefur það að ég hafi verið að tala um að stækka fyrirtækið með einhliða ákvörðunum. Hvernig í ósköpunum má það vera? Hvaðan hefur maðurinn eiginlega þá hugmynd? Var félagið ekki hlutafélag? Ég verð að segja það eins og er að ég hef gert mér grein fyrir því að þetta væri hlutafélag þannig að það kemur mér ekki á óvart. En það er ekki þannig að aðili í hlutafélagi þó sterkur sé geti tekið einhliða ákvörðun um eitt eða neitt í því heldur þarf hann að leita samkomulags. Það segir sig algerlega sjálft þannig að ég botna ekkert í þeim málflutningi sem er hafður uppi að því er þetta varðar. Ég tel að engin rök séu á móti því að reynt hefði verið að halda fyrirtækinu áfram og stækka það eins og það var að ekki hafi verið hægt að taka um það einhliða ákvörðun. Það eru engin rök í málinu vegna þess að það dettur ekki nokkrum einasta manni í hug.

Ég vil líka segja að ég átti ágætar viðræður við forstjóra fyrirtækisins og verður ekki rakið hér hvað okkur fór á milli. En ég vil endurtaka það að hér hefur verið byggt af honum og samstarfsmönnum hans upp fyrirtæki sem er svo gott að Elkem leggur mikið upp úr því að eignast það. Það er af einhverjum ástæðum. Það er ekki vegna þess að þetta sé vont og illa rekið fyrirtæki heldur vegna þess að menn hafa haldið vel á hlutunum og mér finnst ástæða til þess að halda því til haga og þakka fyrir það.

Hæstv. iðnrh. vék svo að þeim málum sem hafa verið til meðferðar hjá hv. iðnn. á tveimur árum. Hann sagði að kyrrstaða hefði verið rofin með þessari ríkisstjórn í atvinnumálum eins og þetta væri henni að þakka eða hvað það nú er að þessir samningar hefðu orðið til. Ég tel að hlutirnir liggi ekki þannig. Ég tel að um sé að ræða röð af ytri aðstæðum sem leiða til þessarar niðurstöðu og málið geti engan veginn legið þannig að hægt sé að halda því fram að ríkisstjórnin núverandi hafi skipt sköpum í þessum efnum. Ég tel það ekki vera. Ég bendi á að að þessum málum hafa menn unnið mjög lengi, bæði Landsvirkjun, iðnrn. og fleiri aðilar og að því hafa menn komið úr fleiri flokkum en Framsfl.

Ég held að þess vegna sé nauðsynlegt að hafa þá hluti mjög rækilega í huga að það er fáránlegt að tala um að þessi ríkisstjórn hafi rofið einhverja kyrrstöðu í málinu. Hún hefur ekki gert það. Hún hefur tekið við hagstæðum ytri hagvexti og út af fyrir sig liggja hlutirnir fyrst og fremst þannig frekar en hún hafi í sjálfu sér haldið þannig á málum að hún hafi framkallað þessa stórkostlegu framfarasókn í íslensku atvinnulífi. Ef ráðherrarnir trúa því lifa þeir í blekkingarheimi sem er ekki hollt fyrir ráðherra að vera í.

Hæstv. ráðherra sagði að með þeim ákvörðunum sem hefðu verið teknar á undanförnum árum og hafa m.a. farið í gegnum iðnn. um stækkun Ísals, þriðja ofninn á Grundartanga og Columbia Ventures Corporation og Landsvirkjunarbreytinguna, hafi verið um að ræða mikilvægar ákvarðanir sem stuðli að betri lífskjörum í landinu og að um sé að ræða í þessum fyrirtækjum betur launuð störf en annars staðar og ég segi eins og ég sagði áðan, herra forseti: Margt af því fólki sem hefur unnið í stóriðjufyrirtækjunum hefur gert það vegna þess að það hefur ekki átt neinna annarra kosta völ. Það hefur ekki verið að öllu leyti af fúsum og frjálsum vilja sem þetta fólk hefur kosið að vera þarna og það hefur m.a. verið vegna þess að launin hafa verið lág og að nokkru leyti hafa menn borgað fyrir aðeins hærri laun með aðeins lakari heilsu. Það held ég að sé viðurkennt.

Hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni að það sé slæmt að ekki skuli hafa verið samstaða um þau mál sem iðnn. hefur tekið fyrir. Ég get tekið undir það. Það er mjög slæmt. En ég held að hann hafi ekkert gert til að stuðla að henni. Þvert á móti hafi hann gert það sem hann getur til þess að koma í veg fyrir að hún næðist. Það tel ég að eigi sérstaklega við um Landsvirkjunarmálið, bæði fyrr og síðar af hálfu hans þar sem hann beitti sér fyrir ósamkomulaginu. Ég harma það, herra forseti.

[19:26]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég harma að hv. 8. þm. Reykv. skuli ekki hafa skilið það sem ég fór yfir áðan í fyrri ræðu minni. Ríkið á 55% í fyrirtækinu. Af því að fyrirtækið er hlutafélag ætti ríkið af eðlilegum kringumstæðum að geta tekið einhliða ákvörðun. En samningar voru þannig að það var ekki hægt og það var það sem ég var að segja áðan að ekki var hægt að taka þessa ákvörðun því að meðeigendur okkar voru ekki tilbúnir til að taka ákvörðunina um stækkun fyrirtækisins nema samkomulag næðist um markaðssamninginn milli Sumitomo og Elkem. Það var grundvöllurinn í öllu saman. Þess vegna komust menn ekki öllu lengra. Ég vonast til þess að hv. þm. skilji þetta. Ég hef á tilfinningunni að hv. þm. hafi ekki þrátt fyrir yfirvegaða skoðun í nefndinni kynnt sér þá samninga sem voru á milli eignaraðila.

Það er alveg rétt að ekki er hægt að þakka einstökum ráðherrum eða ríkisstjórninni í heild sinni þá gríðarlegu uppsveiflu sem núna er í íslensku efnahagslífi og þær miklu framfarir sem eru á Íslandi. Þar koma auðvitað til að nokkru leyti líka ytri aðstæður, það er ekki nokkur einasti vafi. En í öðru orðinu er ekki mjög trúverðugt, herra forseti, hjá einstökum hv. þingmönnum að koma í þennan ræðustól og berja á ráðherrum fyrir ranga stefnu, af hverju sé verið að berjast fyrir hinu og þessu. Það eigi að vera svona og

svona. En svo koma þeir upp í næstu ræðu og segja: Þetta er ekkert ráðherrunum að kenna eða þakka. Þetta eru ytri aðstæðurnar. Þetta er ekki mjög trúverðugur málflutningur. Hvað það varðar að þeir einstaklingar sem vinna í þessum stóriðjufyrirtækjum hafi ekki annarra úrkosta völ þá held ég að þær umsóknir þegar auglýst var eftir starfsfólki í Ísal sýni það hversu eftirsóknarvert þar er að vinna þegar þúsund manns sóttu um þau fáu störf sem þar voru í boði.

[19:29]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að ég þekki alveg eins vel til í álverinu í Straumsvík og hæstv. iðnrh. og m.a. fjölda þess fólks sem þar hefur unnið um áratugi. Ég veit að það hefur ekki verið vegna þess að þetta fólk væri að kjósa þetta starf frekar en allt annað. Það hefur ekki átt annarra kosta völ. Ég bendi á að þegar fyrirtækið var stofnað á sínum tíma var um að ræða einhvern versta atvinnuleysistíma sögunnar á Íslandi og það fólk sem þarna fór inn í átti ekki margra annarra kosta völ. Þess vegna finnst mér algerlega fráleitt að setja hlutina upp með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerir vegna þess að þar með er hann að sverja sig í ætt og hóp þeirra manna sem líta á stóriðjufyrirtæki sem meira keppikefli og mikilvægara fyrir vinnandi alþýðu þessa lands en önnur fyrirtæki. Ég hélt að þau örlög mundu ekki koma fyrir Framsfl. a.m.k. á meðan eitthvað grænt er í flokksmerkinu.

[19:30]

Iðnaðarráðherra (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Nei, ég er ekki þeirrar skoðunar að stóriðjan sé máttarstólpinn í íslensku efnahags- og atvinnulífi. Drifkrafturinn í íslensku efnahags- og atvinnulífi eru litlu og meðalstóru fyrirtækin og sá fjöldi starfa og sú þjónusta sem myndast þar í kring. En þessi litlu fyrirtæki spretta oft upp úr þeim jarðvegi sem stóriðjufyrirtækin skapa okkur.

Ég held að ekkert eitt sýni jafnótvírætt hversu ánægðir starfsmenn eru, sem starfa hjá Ísal í Straumsvík, eins og það að meðalstarfsaldur í því 30 ára gamla fyrirtæki eru 19 ár. Og að hægt sé að halda því fram að það sé búið að vera atvinnuleysi í öll þessi 19 ár og menn hafi ekki komist frá — nei. Það er sá aðbúnaður og þau launakjör sem þarna bjóðast sem hafa gert það að verkum að þetta fólk er sem betur fer ánægt í sínum störfum og það undirstrikar meðalstarfsaldurinn fyrir utan að það hefur líka frést hversu gott starfsumhverfi þarna er að þegar þessi fáu störf voru auglýst fyrir stuttu sóttu um þau þúsund manns.

[19:31]

Frsm. minni hluta iðnn. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vissulega eru merkileg kaflaskipti í atvinnumálaumræðu á Íslandi að Framsfl. skuli beita sér harðar í þessu máli og taka stóriðjufyrirtæki fram yfir aðra starfsemi með þeim hætti sem hér er gert. Það er vissulega mjög athyglisvert. Það sýnir að hlutirnir geta breyst á tiltölulega mjög stuttum tíma.

Fjöldinn allur af fólki, sem hefur unnið í Straumsvík og á Grundartanga, er mjög ánægður með þau störf. Fjöldinn allur af fólki í Straumsvík og á Grundartanga er afar sáttur við að hafa verið þar mjög lengi. Það er sátt við það kaup sem þar hefur verið og líka við vinnuumhverfi. Forráðamenn þessara fyrirtækja beggja hafa lagt sig fram um að bæta þau eins og kostur er.

Við vitum það líka eða ég veit það a.m.k. að fjöldinn allur af fólki er ekki eins sáttur við hlutina, m.a. af heilsufarslegum ástæðum, sem eru aðrar í þessum fyrirtækjum en annars staðar og ég skora á hæstv. ráðherra að tala við eins og einn og einn mann sem hefur kannski lengi unnið í kerskála í þessum fyrirtækjum.

Ég veit að fjöldinn allur af þessu fólki kom til starfa í Straumsvík m.a. utan af landi. Ég þekki t.d. bændur sem hófu störf í þessu fyrirtæki og voru sáttir við að fá þá vinnu og sáttir við kaupið. En heilsan var ekki alltaf nógu góð. Það er allt í lagi að segja satt stundum líka.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:33]

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (réttindanámskeið). — Þskj. 898, nál. 1158.

[20:31]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1158 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, samanber lög nr. 60/1995. Samgn. hefur fjallað um málið. Umsögn barst nefndinni frá Vélstjórafélagi Íslands.

Frv. felur í sér breytingu á ákvæði til bráðabirgða og leiðir til þess að sá umþóttunartími sem gefinn var vélgæslumönnum, sem fæddir eru árið 1945 og fyrr, á skipi með 75–220 kw. vél til að öðlast vélgæsluréttindi framlengist frá 1. september 1996 til 1. maí 1998.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Undir nefndarálitið rita auk frsm. hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Árni Johnsen, Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynningarskylda olíuskipa, síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 303. mál. — Þskj. 559, nál. 1161.

[20:32]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1161 um till. til þál. um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning.

Samgn. hefur fjallað um málið og farið yfir umsagnir sem bárust um það á 120. þingi þegar málið var fyrst flutt.

Nefndin leggur til að ríkisstjórninni verði falið í samráði við hagsmunaaðila, m.a. Siglingastofnun Íslands, olíufélög og skipafélög, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning. Þá verði fellt brott ákvæði tillögunnar um að sett verði skýr ákvæði er banna öllum skipum losun á „ballest" nema í ákveðinni tiltekinni fjarlægð frá landi (eða á ákveðnu dýpi).

Með hliðsjón af upplýsingum sem fram hafa komið, m.a. frá Siglingastofnun Íslands, er ekki talin nauðsyn á sérstökum ákvæðum hér á landi um bann við losun á sjókjölfestu, „ballest" umfram ákvæði svokallaðra MARPOL-samþykktar sem Ísland er skuldbundið til að framfylgja.

Nefndin mælir því með samþykkt tillögunnar með svohljóðandi breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við hagsmunaaðila, að móta skýrar reglur um tilkynningarskyldu og afmörkun siglingaleiða olíuskipa og annarra skipa sem sigla með hættulegan varning inn í íslenska efnahagslögsögu sem m.a. innihaldi heimildir til tafarlausrar stöðvunar ef vart verður mengunar. Reglurnar nái einnig til olíuskipa í siglingum milli hafna hér á landi.

Jafnframt verði mótaðar reglur um hvaða ráðuneyti og stjórnvöld fari með forræði um allar aðgerðir sem grípa þarf til ef mengunarslys verða á sjó eða við strendur landsins.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir nefndarálitið skrifa auk frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Ragnar Arnalds, Árni Johnsen, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegalög, 2. umr.

Frv. SvG o.fl., 197. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 223, nál. 1159.

[20:34]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1159 um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 45/1994. Það er rétt að taka það fram að hér er mál sem hefur komið alloft fyrir Alþingi og hefur þar af leiðandi fengið verulega og ítarlega umræðu og umfjöllun m.a. í samgn. Alþingis. Ástæða er til þess að vekja á því athygli að það hefur verið kallað eftir upplýsingum um þetta mikilvæga mál mjög víða að og málið var ekki talið fullbúið til afgreiðslu í þinginu fyrr en það hefði hlotið umfjöllun á nokkrum þingum, í fjórum þingum að ég tel, í samgn. Alþingis og fengið þar mjög ítarlega meðhöndlun. Í umfjölluninni var m.a. rætt um þýðingu reiðhjólabrauta í þéttbýli og strjálbýli og vakin athygli á nauðsyn þess að auka öryggi reiðhjólamanna sem fer fjölgandi.

Á hitt er að líta að kostnaður við gerð reiðhjólastíga, sem gert er ráð fyrir í tillgr. að mundi falla undir vegalög og verða þar af leiðandi eitt af verkefnum Vegagerðarinnar, gæti orðið býsna mikill auk þess sem nefndin vekur athygli á því að gerð gangstíga yrði þar með gerð reiðhjólastíga, því að það er einatt þannig að menn ferðast jafnt hjólandi sem gangandi á þessum gangstígum. Þannig má segja að um sé að ræða samnýtingu fjárfestingarinnar og er auðvitað mjög til fyrirmyndar að menn nýti vel fjárfestingu á sviði vegamála og ég veit að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem er reyndur maður og hefur m.a. fjallað um þetta mál ítarlega, gerir sér grein fyrir þýðingu þess að menn nýti vel þá fjárfestingu sem við leggjum í samgöngumannvirki. Það varð ábending nefndarinnar að almennt hafi gefist vel að gangstígar og þar með reiðhjólastígar séu á verksviði sveitarfélaga. Þó verður að huga sérstaklega að öryggi reiðhjólamanna utan þéttbýlisstaða eins og öllum má vera ljóst. Þess vegna varð einhuga og einróma niðurstaða hv. samgn. Alþingis að tillögunni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari umfjöllunar en kostur hafði gefist á á þessum fjórum þingum í tengslum við endurskoðun vegalaga og með sérstakri ósk um að Vegagerðin fari í að meta kostnað sem gæti verið því samferða að hrinda málinu í framkvæmd auk þess kostnaðar sem sveitarfélögin kynnu að verða að bera ef þetta er á verksviði þeirra. Þessu áliti er hv. þm. Kristín Halldórsdóttir sem sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi samþykk. Hv. þm. Kristján Pálsson var hins vegar fjarverandi þessa tímamótaafgreiðslu en auk frsm. tóku þátt í afgreiðslunni og rita undir þetta plagg hv. þingmenn Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

[20:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. samgn. fyrir fágæta vandaða umfjöllun um þetta viðamikla mál. Það hefur verið til meðferðar á þremur eða fjórum þingum og verið sent til umsagnar víðs vegar í samfélaginu. Nú hefur hv. samgn. með stuðningi hv. þm. Kristínu Halldórsdóttur komist að einróma niðurstöðu um að rétt sé að fara fram á það að hæstv. ríkisstjórn fjalli enn frekar um málið. Ég kann því vel sem 1. flm. málsins og þykir vænt um að samgn. skuli hafa gefið þessu máli jafnmikinn tíma og raun ber vitni um. Ég mun kanna það á næstu þingum hvernig miðar rannsóknum ríkisstjórnarinnar og Vegagerðarinnar á þessu máli. Ég vænti þess og vil láta það koma fram að sem 1. flm. er ég reiðubúinn að mæta hjá Vegagerðinni og hjá ríkisstjórninni til að fara yfir þessi mál eftir því sem þörf krefur. Ég endurtek þakkir mínar til hv. samgn. fyrir sérstaklega vandaða umfjöllun á þessu flókna, viðamikla og erfiða máli.

[20:39]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. þm. fyrir ákaflega hlý orð í okkar garð og það sem ég vildi nú segja og mér finnst vera sá lærdómur sem við getum dregið af málflutningi hv. þm. er það að með athugasemd sinni um að hann hyggist fylgjast vel með því hvernig málinu reiðir af við ríkisstjórnarborðið er hv. þm. auðvitað að undirstrika mikilvægi þess að löggjafarvaldið veiti framkvæmdarvaldinu eðlilegt aðhald. Þegar framkvæmdarvaldið hefur með höndum framkvæmd mála sem hv. Alþingi afgreiðir frá sér er augljóst mál að löggjafarvaldið getur ekki sleppt algerlega hendinni af þessu, síst af öllu í stórum og þýðingarmiklum og stefnumótandi málum. Þess vegna er gríðarlega mikilvægt yfirlýsing liggur fyrir frá hv. 1. flm. þessa mikilvæga máls að hann hyggist fylgja þessu eftir með reglubundinni athugun á framkvæmd málsins og fundum með ríkisstjórninni og Vegagerðinni og jafnvel þeim sveitarfélögum sem gætu átt í hlut. Þetta er umfangsmikið verk sem hv. þm. hefur nú lofað að takast á hendur og ég veit að hann mun fylgja því vel eftir og framkvæma það af kostgæfni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stephansstofa, síðari umr.

Þáltill. MÁ, 354. mál. — Þskj. 627, nál. 1160.

[20:41]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1160 um till. til þál. um stofnun Stephansstofu. Samgn. fjallaði um málið og fékk á sinn fund Valgeir Þorvaldsson frá Vesturfarasetrinu Hofsósi. Umsagnir um málið bárust enn fremur frá Valgeiri Þorvaldssyni, Útflutningsráði Íslands, Háskólanum á Akureyri, stjórn Snorra Þorfinnssonar ehf. og Ferðamálaráði.

Samgn. leggur til að sérstaklega verði kannaðar leiðir til þess að efla starfsemi Vesturfarasetursins á Hofsósi með því að setja á stofn sérstaka skrifstofu er sjái um samskipti við fólk af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada. Með þessu vill samgn. leggja sitt af mörkum til þess að ýta undir og efla þá mikilvægu starfsemi sem nú þegar fer fram á vegum Vesturfarasetursins á Hofsósi og hefur vakið aðdáun í hvívetna hjá öllum þeim sem hafa kynnt sér þetta mál og heimsótt safnið.

Í tillgr. sem nefndin hafði til umfjöllunar var kveðið á um allvíðtækara verksvið skrifstofunnar en nefndin hefur síðan komist að raun um auk þess sem ekki var gert ráð fyrir því að tengja þá starfsemi við Vesturfarasetrið á Hofsósi. Samgn. taldi hins vegar nauðsynlegt að skilgreina betur þá athugun sem ætti að gera og einskorða hana við Íslendinga í Vesturheimi. Enn fremur taldi nefndin eðlilegt að slík starfsemi yrði í tengslum við Vesturfarasetrið á Hofsósi. Hluti af þeirri starfsemi sem tillgr. mælir fyrir um er nú þegar unninn á Hofsósi á vegum Vesturfarasetursins auk þess sem þar hefur þegar verið hafinn undirbúningur vegna málsins að öðru leyti. Rétt er að nefna að samgn. hefur undir höndum teikningu af eins konar Stephansstofu í tengslum við Vesturfarasetrið sem forráðamenn Vesturfarasetursins höfðu þegar hafist handa um að undirbúa á síðasta ári.

En með hliðsjón af því að opinberir aðilar hafa einnig unnið að skráningu fólks af íslenskum ættum vestan hafs er eðlilegt að kannað sé hvernig tengja megi þá vinnu við það starf sem þegar er hafið og ætlunin er að efla enn frekar við Vesturfarasetrið á Hofsósi.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi breytingu:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa nefnd til að kanna hvernig unnt sé að efla starfsemi Vesturfarasetursins á Hofsósi með því að setja á stofn sérstaka skrifstofu, kennda við Stephan G. Stephansson, sem sæi um samskipti við fólk af íslenskum ættum í Bandaríkjunum og Kanada.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk áliti þessu.

Kristján Pálsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Auk frsm. rita undir nefndarálitið og eru því samþykkir hv. þm. Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson, Árni Johnsen, Ragnar Arnalds, Guðmundur Árni Stefánsson og Ásta R. Jóhannesdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisendurskoðun, 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 262. mál (heildarlög). — Þskj. 497, nál. 1236, brtt. 1237.

[20:44]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. sérnefndar á þskj. 1236 um frv. til laga um Ríkisendurskoðun.

Við umfjöllun um málið kallaði nefndin á sinn fund Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda, Lárus Ögmundsson skrifstofustjóra og Láru Sverrisdóttur lögfræðing, frá Ríkisendurskoðun og Magnús Pétursson ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason skrifstofustjóra, frá fjármálaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir um málið frá Akureyrarbæ, Félagi löggiltra endurskoðenda, fjármálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg sem og frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er því ætlað að koma í stað gildandi laga um Ríkisendurskoðun, nr. 12/1986. Þó að þær breytingar sem frv. mælir fyrir um frá gildandi lögum séu ekki mjög veigamiklar snerta þær margar greinar frv. og því var valin sú leið að leggja fram heildstætt frv. um stofnunina.

Annars vegar fela breytingarnar í sér nákvæmari skilgreiningar á hlutverki Ríkisendurskoðunar, auk þess sem gert er ráð fyrir víðtækari heimildum til að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá stofnunum, sjóðum, félögum og fyrirtækjum í eigu ríkisins. Hins vegar eru lagðar til ýmsar orðalagsbreytingar sem orðið hafa á ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins á liðnum árum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 1237. Skal nú gerð nánari grein fyrir þeim brtt.

Lagt er til að 2. mgr. 1. gr. verði felld brott þar sem efni hennar kemur nægilega fram í 3. gr. frv.

Í öðru lagi er lagt til að horfið verði frá þeirri tilhögun 2. gr. að forsætisnefnd ákvarði launakjör ríkisendurskoðanda. Ákvörðun um launakjör hans heyri því áfram undir Kjaradóm. Þykir nefndinni eðlilegra með hliðsjón af því að Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun Alþingis að laun hans séu ákvörðuð af öðrum en þinginu sjálfu. Þá er lagt til að ákvæði um ráðningu starfsmanna verði fært yfir í 3. gr. frv., enda þykir það eiga efnislega betur heima þar.

Í þriðja lagi er lagt til að orðalag 3. gr. verði einfaldað og gert skýrara. Það leiðir af eðli embættis ríkisendurskoðanda sem forstöðumanns að hann stýri Ríkisendurskoðun og því er ekki ástæða til að taka það fram í lagatextanum sérstaklega. Þá þykir það í meira samræmi við ný lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að alfarið verði sett í hendur ríkisendurskoðanda hverja hann kýs að ráða til stofnunarinnar. Þess skal þó ávallt gætt að þeir séu óháðir þeim ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.

Jafnframt er lögð til sú breyting á 3. gr. og öðrum ákvæðum frv. að talað verði um Ríkisendurskoðun en ekki embættismanninn ríkisendurskoðanda nema í þeim tilfellum þegar verið er að fjalla um ráðningu hans og launakjör.

Í fjórða lagi er lagt til að orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. verði skipt upp í tvo málsliði. Annars vegar verði afdráttarlaust kveðið á um það að Ríkisendurskoðun annist endurskoðun reikninga stofnana sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkið á að hálfu eða meira. Hins vegar að í þeim tilvikum þegar ríkissjóður á helmingshlut eða meira í hlutafélagi, sameignarfélagi, viðskiptabanka eða sjóði, þar

sem endurskoðandi er kjörinn á aðalfundi, skuli fulltrúi þess ráðherra sem fer með eignarhlut ríkisins í hlutaðeigandi fyrirtæki gera tillögu um að Ríkisendurskoðun endurskoði reikninga fyrirtækisins. Er það til samræmis við það sem almennt gildir samkvæmt félagarétti. Rétt er þó að taka fram að eftir sem áður mun Ríkisendurskoðun á grundvelli 4. gr. geta falið löggiltum endurskoðendum að endurskoða reikninga þessara aðila. Ekki mun með hliðsjón af fyrrgreindri brtt. leika vafi á að Ríkisendurskoðun mun áfram verða endurskoðandi Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands eftir að þeir hafi verið gerðir að hlutafélögum um næstu áramót eða svo lengi sem ríkið á a.m.k. helmingshlut í hvorum banka fyrir sig.

Þá eru lagðar til tvær aðrar breytingar á 6. gr., annars vegar að í samræmi við hugtakanotkun í frv. til laga um fjárreiður ríkisins verði talað um samninga um rekstrarverkefni þegar verið er að vísa í samninga sem í daglegu tali eru oft nefndir þjónustusamningar. Hins vegar að í ákvæðið komi heimild fyrir Ríkisendurskoðun til að innheimta af þeim ríkisaðilum sem um getur í 2. mgr. gjald sem nemur kostnaði við endurskoðun ársreikninga hvers aðila fyrir sig.

Í fimmta lagi eru lagðar til tvær lagfæringar á 7. gr. er varða ekki efni greinarinnar.

Sjötti liður brtt. miðar einnig að lagfæringum á orðalagi.

Í sjöunda lagi er lagt til að við 9. gr. bætist ákvæði sem tryggi að Ríkisendurskoðun geti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim aðilum sem um ræðir í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., þ.e. fyrirtækjum og félögum sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkissjóðs, enda þótt öðrum sé í sérlögum falin endurskoðun þeirra. Sem dæmi um þetta má taka fyrirtæki eins og Landsvirkjun. Í þessu sambandi skal þess getið að í áliti meiri hluta iðnn. um frv. til laga um Landsvirkjun, sem lögfest var fyrr á þessu vorþingi, var kveðið á um að í lögum um Ríkisendurskoðun þyrfti að tryggja að stofnunin gæti framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá þeim fyrirtækjum sem ríkið á helmingshlut í eða meira.

Loks eru lagðar til tvær breytingar á 11. gr. Annars vegar orðalagsbreyting í samræmi við breytingu á 3. og 7. gr. Hins vegar er lagt til að ákvæðið verði rýmkað þannig að það verði ekki bara fjárlaganefnd heldur allar nefndir þingsins sem geti haft frumkvæði að því að Ríkisendurskoðun beiti skoðunarheimildum sínum skv. 7. og 9. gr. gagnvart einstökum aðilum, þó þannig að um slíkar beiðnir fari eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur. Ljóst er að ýmsar upplýsingar sem Ríkisendurskoðun tekur saman geta gagnast einstökum fagnefndum þannig við vinnu sína og ekki er síður mikilvægt að nefndirnar eigi kost á því að leita til Ríkisendurskoðunar vegna umfjöllunar um einstök mál. Að sjálfsögðu verður það Ríkisendurskoðun sem metur allar slíkar beiðnir sem fram koma og tekur ákvörðun um hvernig með skuli fara.

Vissulega geta komið upp tilvik þar sem leitað verður eftir upplýsingum sem ekki er lögum samkvæmt hægt að verða við. Gera má þó ráð fyrir að nefndirnar fari sparlega með notkun þessa ákvæðis og eins og fyrr greinir er það forsætisnefndin sem skal setja nánari reglur um þetta ákvæði. Telja verður eðlilegt að þær taki mið af mismunandi verkefnum og verkefnasviði nefndanna og þeirri sérstöðu sem fjárln. hefur við meðferð fjárlaga og annarra þátta er varða ríkisreikning og aðra þætti í fjárreiðum ríkisins. Mikilvægt er að slíkar reglur liggi fyrir sem fyrst og eigi síðar en í upphafi næsta löggjafarþings.

Í sambandi við umræddа 11. gr. skal einnig bent á ákvæði 1. gr. frv. þar sem segir að Ríkisendurskoðun skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varðar fjárhagsmálefni ríkisins.

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka sérnefndinni fyrir samstarfið í vetur sem hefur verið með miklum ágætum. Undir nál. sérnefndar og brtt., sem ég hef gert grein fyrir, skrifa Sturla Böðvarsson, Jón Kristjánsson, Ágúst Einarsson, Vilhjálmur Egilsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Pétur H. Blöndal, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Árni M. Mathiesen, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 907, nál. 1182.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 908, nál. 1183.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárreiður ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 1305, brtt. 1339.

[20:54]

Frsm. sérn. (Sturla Böðvarsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 1339 flyt ég brtt. við frv. til laga um fjárreiður ríkisins. Brtt. er við 48. gr. og hljóðar svo: „Við síðari málslið 1. mgr. bætist: til 5 ára í senn.“ Ástæða þess að þessi brtt. er flutt er að lagt er til að ákvæði um skipun ríkisbókara verði fært í sama horf og gert er ráð fyrir í frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Til þess að samræmi sé í þeirri löggjöf og hins vegar í lögum um fjárreiður ríkisins er nauðsynlegt að flytja þessa brtt. sem ég hef hér mælt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1996, 2. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 881, nál. 1269 og 1271, brtt. 1270.

[20:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996. Fjárln. hefur haft frv. til athugunar og fengið skýringar frá fjmrn. Einnig óskaði nefndin eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Í greinargerð frá Ríkisendurskoðun kemur fram að framsetning frv. sé ekki nægilega skýr.

Fjárln. tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar um að nauðsynlegt sé að taka inn í frv. yfirlit um umframgjöld stofnana og fjárlagaliða og leggur fram brtt. þar sem viðbótarheimildir á einstakar stofnanir koma fram. Greiðsluyfirlit samkvæmt frv. sýnir að innheimtar tekjur eru 545 millj. kr. hærri en fjárlög og fjáraukalög 1996 gerðu ráð fyrir.

Á gjaldahlið er óskað eftir nettólækkun á heimildum að fjárhæð 1.441,5 millj. kr. sé miðað við heimildir samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 1996. Lækkunin skýrist af því að ónotaðar fjárheimildir eru að fjárhæð 3.730 millj. kr. og umframgjöld að fjárhæð 2.289 millj. kr. Nefndin leggur áherslu á að í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkisins verði settar skýrar reglur um flutning fjárheimilda, svo og ónotaðra fjárheimilda.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er hann leggur fram á sérstöku þingskjali en tilflutningur fjárheimilda milli ára verði afgreiddur með fjáraukalögum fyrir árið 1996 að hausti.

Undir nál. skrifa fyrir hönd meiri hlutans Jón Kristjánsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Ísólfur Gylfi Pálmason, Hjálmar Jónsson og Arnbjörg Sveinsdóttir.

[20:58]

Frsm. minni hluta fjárln. (Kristín Halldórsdóttir):

Herra forseti. Hér er til 2. umr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1996, hið síðara eða svokallað uppgjörsfrv. fyrir það ár. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta fjárln. sem er á þskj. 1271.

Fjárlaganefnd hefur haft frumvarpið til meðferðar og leitað skýringa fjármálaráðuneytis á einstökum atriðum. Enn fremur leitaði nefndin eftir áliti Ríkisendurskoðunar sem gerði verulegar athugasemdir við framsetningu og uppsetningu frumvarpsins, sem nefndin öll tekur raunar undir og er sammála um að Alþingi eigi að gefast kostur á því að taka afstöðu til fjárveitinga vegna umframgjalda hjá einstökum stofnunum og þess vegna er sú tillaga gerð um breytingu á frv. sem fram kemur á sérstöku þingskjali og hv. formaður fjárln. mælti fyrir áðan.

Það er ljóst, herra forseti, að með samþykkt þessa frv. er verið að staðfesta það að útgjaldaheimildir hafa verið auknar um 19,5 milljarða frá fjárlögum ársins 1996. Rúmlega 10 milljarðar af þeirri fjárhæð eru reyndar tilkomnir vegna sérstakrar innlausnar á spariskírteinum ríkissjóðs sem ákveðið var að fara í á þeirri forsendu að með þeirri endurfjármögnun væri verið að lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs alls um 2 milljarða á nærri fjórum árum. Þar fyrir utan nemur þá hækkun heimilda 9,4 milljörðum eða sem nemur 7,5% en á móti þeirri hækkun lækka gjaldaheimildir hins vegar um tæpa 4,6 milljarða kr. þannig að hrein aukning fjárheimilda. á árinu 1996 nemur því um 14,9 milljörðum kr. eða 11,9% af heildinni.

Þessi niðurstaða blasir ekkert við þegar farið er yfir frv. og grg. þess og þarf í raun sérfræðinga til að komast að þessari niðurstöðu, enda er hér í máli mínu vitnað til álits Ríkisendurskoðunar. Auðvitað koma einnig til hærri tölur á tekjuhliðinni en fjárlög og fyrri fjáraukalög gerðu ráð fyrir þannig að lokaniðurstaðan er 12 milljarða kr. halli eða 1,9 að frátöldum þessum 10,1 milljarði vegna innlausnar spariskírteina.

Hinu er svo rétt að halda til haga að allar þær hreyfingar sem þetta frv. ber vitni um og fram koma í grg. og verða svo að lokum teknar að hluta inn í fjáraukalög 1997 eru umtalsverðar í ljósi þess að fyrri fjáraukalög 1996 voru afgreidd á Alþingi aðeins tæpum hálfum mánuði áður en því fjárlagaári lauk.

Í áliti Ríkisendurskoðunar segir m.a.:

„Ljóst er að framlagning frumvarpsins er með nokkuð öðru sniði en tíðkast hefur undanfarin ár. Í því sambandi má einkum nefna eftirfarandi:

1. Umframgjöldum og ónotuðum fjárheimildum er nú skipt á hagræn viðfangsefni, þ.e. rekstur, tilfærslur, stofnkostnað og viðhald.

2. Ekki er lengur sótt formlega um umframgjöld einstakra stofnana, sbr. 3. gr. í uppgjörsfjáraukalögum fyrri ára.

3. Ónotaðar fjárheimildir eru ekki sérstaklega tilgreindar í lagagreinum frumvarpsins heldur gengið út frá því að þær falli sjálfkrafa niður með samþykkt frumvarpsins.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur hagræn skipting umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda fyrst og fremst upplýsingagildi og virðist í reynd fyrst og fremst vera sett fram í frumvarpinu með það í huga. Stofnunin telur þó bagalegt að þær upplýsingar sem veittar eru í fylgiskjali 1 í frumvarpinu gefa alls ekki fullnægjandi upplýsingar um fjárheimildir sem birtast í 2. gr. frumvarpsins. Þá telur stofnunin hættu á því að með þessari framsetningu verði frumvarpið óþarflega flókið fyrir aðra en sérfræðinga. Eins og frumvarpið er nú sett fram þarf að leggja í talsverða reiknivinnu til að átta sig fyllilega á heildarstærðum þess og því hversu mikið er í reynd sótt um af aukafjárveitingum fyrir einstakar stofnanir. Ríkisendurskoðun hefði talið æskilegra að setja frumvarpið fram með þeim hætti að afstaða sé tekin til afkomu einstakra stofnana í lagatexta frumvarpsins, en rekja þess í stað einstaka hagræna liði í skýringartexta þess þar sem það væri talið eiga við.

Ríkisendurskoðun telur vart stætt á því að Alþingi sé ekki gefinn kostur á því að taka formlega afstöðu til umframgjalda einstakra stofnana og fjárlagaliða, sbr. 3. gr. fyrri uppgjörsfjáraukalaga. Með brottfalli 3. gr. telur stofnunin að uppgjörsfjáraukalögin séu í reynd einungis orðin formsatriði. Er með því stigið stórt skref aftur á bak í uppgjörsmálum ríkissjóðs að mati stofnunarinnar. Sama á við um brottfall ónotaðra fjárheimilda úr lagatexta frumvarpsins sem hingað til hefur verið tekin formleg afstaða til. Í því sambandi má minna á að Ríkisendurskoðun hefur talið eðlilegt að birta í 3. gr. ónotaðar fjárheimildir einstakra stofnana á sama hátt og umframgjöld þannig að formleg afstaða sé tekin til afkomu þeirra á árinu.

Að lokum ítrekar stofnunin þá skoðun sína að tekin verði afstaða til flutnings umframgjalda og ónotaðra fjárheimilda samhliða uppgjörsfjáraukalögunum, en ekki beðið með þá ákvörðun þar til í lok næsta fjárlagaárs eins og verið hefur síðastliðin ár. Með þeirri tilhögun skapast mun traustari grundvöllur fyrir stofnanir ríkisins til að byggja sinn rekstur á.“

Tilvitnun lýkur í álit Ríkisendurskoðunar sem reyndist okkur sannarlega vel við að átta okkur á því hvað felst í frv.

Minni hlutinn tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar og er sammála niðurstöðu meiri hlutans sem flytur breytingartillögur er lúta að framsetningu frumvarpsins í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar. Minni hlutinn telur þó að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hljóti að bera ábyrgð á fjáraukalögum rétt eins og fjárlögum og mun sitja hjá við afgreiðslu frv. í heild. Undir þetta nál. rita auk mín hv. þm. Bryndís Hlöðversdóttir, Gísli S. Einarsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður Alþingis, 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 244. mál (heildarlög). — Þskj. 381, nál. 1240, brtt. 1241.

[21:06]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. á þskj. 1240 um frv. til laga um umboðsmann Alþingis.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Pál Hreinsson, aðstoðarmann umboðsmanns, Þorstein Geirsson, ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og Þórð Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin óskaði eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um þær greinar frumvarpsins sem snúa að starfskjörum umboðsmanns Alþingis og fór þess á leit við skrifstofu Alþingis að framkvæmt yrði kostnaðarmat í samræmi við 2. mgr. 30. gr. þingskapalaga. Var niðurstaða matsins sú að vegna aukins umfangs embættisins væri gert ráð fyrir að bæta þurfi við einu stöðugildi lögfræðings. Áætlaður kostnaður vegna þessa er 3,5 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar kalli á frekari kostnað.

Meginbreyting frumvarpsins á efni gildandi laga um umboðsmann Alþingis felst í að tryggja að starfssvið umboðsmanns nái til allrar opinberrar stjórnsýslu, bæði ríkis og sveitarfélaga, en ekki hefur verið fullt samræmi milli gildissviðs stjórnsýslulaga og starfssviðs umboðsmanns. Umboðsmaður hefur líka fram til þessa einungis getað fjallað um þær stjórnvaldsákvarðanir sveitarfélaga sem kæranlegar hafa verið til ráðherra eða annars stjórnvalds ríkisins. Þá er í frumvarpinu gengið út frá að starfssvið umboðsmanns nái einnig til starfsemi einkaaðila að því leyti sem þeim hefur með lögum verið fengið opinbert vald til að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Er sú heimild mjög brýn þar sem færst hefur í vöxt að einkaaðilum sé fengið slíkt opinbert vald í hendur. Þá eru lagðar til nokkrar aðrar breytingar á efni, m.a. að greint verði betur á milli þeirra mála sem byrja að frumkvæði aðila sem telja rétt á sér brotinn og þeirra mála sem byrja að frumkvæði umboðsmanns Alþingis.

Í 13. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að forsætisnefnd ákvarði biðlaun umboðsmanns er hann lætur af starfi, en samkvæmt gildandi lögum á umboðsmaður rétt á biðlaunum í þrjá mánuði. Í umsögn efnahags- og viðskiptanefndar kemur fram að ekki sé ástæða til að um biðlaunarétt umboðsmanns Alþingis fari eftir öðrum reglum en almennt gilda um embættismenn ríkisins og leggur nefndin til að í 13. gr. verði vísað í VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og leggur allshn. fram brtt. í samræmi við það.

Í 10. gr. er lagt til að fest verði í lög að umboðsmaður geti lagt til við dómsmálaráðherra að veitt verði gjafsókn í máli sem heyrir undir starfssvið umboðsmanns og hann telur rétt að lagt verði fyrir dómstóla. Var þetta nokkuð rætt í nefndinni, en slíkt ákvæði er nú að finna í reglum um störf og starfshætti umboðsmanns. Voru nefndarmenn sammála um að eðlilegt væri að umboðsmaður hefði heimild til að mæla með gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum hans. Fram kom í máli umboðsmanns að aðeins ætti að nýta heimild þessa í undantekningartilfellum.

Leggur allshn. til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er grein fyrir á þskj. 1241.

Undir nál. rita allir nefndarmenn í allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 714, nál. 1267, brtt. 1268.

[21:10]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar síðara frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar á þessu þingi. Vinna allshn. var með hefðbundnum hætti. Formaður allshn. og einn nefndarmanna fóru yfir allar umsóknir sem bárust til að kanna hvort þær uppfylltu skilyrði starfsreglna nefndarinnar. Nefndin tók síðan málið fyrir á fundum og mælir hún með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerð er tillaga um á þskj. 1268. Þar er lagt til að 97 einstaklingar fái íslenskan ríkisborgararétt.

Undir nál. rita allir nefndarmenn allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 1278, frhnál. 1327, brtt. 1328.

[21:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frhnál. og brtt. við frv. til laga um breytingar á sérákvæðum í lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Efh.- og viðskn. tók þetta mál til umfjöllunar milli umræðna og leggur til nokkrar breytingar á frv. eins og það stendur nú eftir 2. umr. málsins.

1.–3. liðir brtt. eru um brottfall greina og breytta röð.

Í 4. lið brtt. er lögð til breyting á 67. gr. þannig að hún orðist svo:

„Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins til fimm ára í senn og ræður tryggingayfirlækni, hvorn um

sig að fengnum tillögum tryggingaráðs. Forstjóri ræður aðra starfsmenn."

Breytingin er fyrst og fremst sú að tryggja það að forstjóri ráði alla undirmenn sína nema tryggingayfirlækni og tryggingayfirlæknir sé ráðinn en ekki skipaður og hann sé ráðinn ótímabundinni ráðningu.

Í 5. lið brtt. er lagt til að 71. gr. falli brott. Þarna var verið að fjalla um breytingu á lögum um vörumerki en Alþingi hefur nýlega sett ný heildarlög um vörumerki.

Í 6.–7. liðum brtt. er lagt til að greinar í frv. sem snerta þjóðminjalög falli brott og það er að sjálfsögðu vegna þess að búið er að setja ný lög um þjóðminjar.

Í 8. lið brtt. er lagt til að ákvæði sem snerta Lánasjóð ísl. námsmanna verði fellt brott en menntmn. hefur afgreitt til 2. umr. frv. til laga um breytingu á þeim lögum og sú umræða fór fram í dag þar sem tekið er á þessu máli.

Í 9. lið brtt. er sams konar breyting vegna skipulagslaga, en frv. til breytinga á þeim er komið núna til 3. umr.

Í 10. lið brtt. er lagt til að ákvæði í lögum um Landmælingar Íslands verði felld brott, en lög um Landmælingar Íslands voru samþykkt á þinginu 13. maí.

Í 11. lið er lagt til að gera breytingar á lögum um náttúruvernd í samræmi við aðrar breytingar sem hafa verið gerðar á frv. en láðist að taka með við 2. umr. málsins.

Í 12. lið brtt. er lögð til sú breyting á lögum um utanríkisþjónustu Íslands að ekki verði skylt að auglýsa lausar sendiherrastöður. Ef þessi breyting hefði ekki verið gerð hefðu þær verið auglýstar eins og aðrar stöður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánasjóður landbúnaðarins, 3. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 1307.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, 3. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 1315.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Búnaðargjald, 3. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 1316.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skógræktaráætlun, síðari umr.

Þáltill. StG o.fl., 546. mál. — Þskj. 900, nál. 1201.

[21:19]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur á þingskjölum hefur landbn. afgreitt till. til þál. um skógræktaráætlun og skrifa allir nefndarmenn undir þá niðurstöðu. Nefndarálitið er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og hafa henni borist umsagnir um það frá Búnaðarsambandi Austurlands, Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, Búnaðarsambandi Vestfjarða, Bændasamtökum Íslands, Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Ágúst Einarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri. (**ÁE:** Ég var ekkert fjarstaddur afgreiðslu ...) (**Gripið fram í:** Jú.) Alla vega þá leiðréttist það hér með og þar með er staðfest að allir nefndarmenn rita nafn sitt undir þetta nefndarálit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Efling íþróttastarfs, síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 363. mál. — Þskj. 640, nál. 1223.

[21:21]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá menntmn. um till. til þál. um eflingu íþróttastarfs. Tillagan felur í sér að skipuð verði sjö manna nefnd til að gera tillögur um að efla íþróttahreyfinguna og um samskipti ríkisvalds og annarra opinberra aðila við hreyfinguna og stuðning við íþróttastarfið í landinu.

Menntamálanefnd telur mikilvægt að skilningur þjóðarinnar á gildi líkamsræktar og hollra lífshátta verði aukinn og að hvetja eigi landsmenn til iðkunar íþrótta auk þess sem brýnt er að stuðla að eflingu árangurs íslensks afreksfólks á alþjóðavettvangi.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. (**SvG:** Af hverju sjö manna?)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Suðurlandsskógar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876, nál. 1200.

[21:23]

Kristín Halldórsdóttir (frh.):

Herra forseti. Það vildi svo til að ég þurfti að hætta í ræðu minni vegna þess að hv. formaður landbn. var víðs fjarri, en ef ég veit rétt þá er það sá hinn sami og nú situr í forsetastóli. Það var ætlun mín að eiga orðastað við hv. formann og ef hæstv. forseti treystir sér til að vera í hlutverki beggja þessara embættismanna þingsins, þá er ég tilbúin til þess að ljúka máli mínu sem átti nú aldrei að verða mjög langt. En ég hafði hugsað mér að spyrja hv. formann landbn. og æskja

svara þannig að vonandi getur forseti vikið af forsetastóli til þess að svara þessum spurningum.

(**Forseti** (GÁ): Forseti mun víkja úr forsetastóli nú þegar.)

Þá held ég áfram ræðu minni sem eins og ég sagði áðan átti nú aldrei að vera löng. Það var ekki ætlun mín að hafa langt mál um þetta mál sem er þó engu að síður nokkuð stórt og merkilegt og víðtækt því að hér er ekki neitt lítilræði á ferð. Samkvæmt frv. er ætlunin að efna til gífurlega mikils verkefnis sem á að taka til 40 ára inn í framtíðina og taka til a.m.k. 15 þúsund hektara lands á Suðurlandi til timburskógræktar, 10 þús. km af skjólbeltum miðað við einfalda plönturöð eins og segir í 3. gr. frv. og 20 þúsund hektara lands til landbótaskógræktar. Þetta er ekki ókeypis fyrir ríkissjóð svo digur sem hann nú er. Gert er ráð fyrir að til þessa verkefnis þurfi að leggja nær 100 millj. kr. á hverju ári og eins og ég sagði, þá er þetta áætlun til 40 ára.

Nú bið ég hv. formann að skilja að ég er alls ekki á móti þessu verkefni. Ég held að þetta sé hið besta verkefni og merkileg áætlun. Hins vegar hefði ég kosið að staðið væri að þessu máli á svolítið annan hátt og það kom fram einmitt í máli mínu hérna, það mun hafa verið í gær eða fyrradag ef ég man rétt. Svo háttar til að forustumenn a.m.k. þriggja stofnana sem varða þetta mál, þ.e. forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúruverndar ríkisins og að ég held Skipulags ríkisins óskuðu eftir því að inn í þetta frv. kæmi ákvæði um að þessi áætlun eða þær framkvæmdir sem hér væru áætlaðar færu í umhverfismat. Vissulega tók nefndin tillit til þessara ábendinga og hefur athugasemd um það mál í nefndarálitinu. Það er út af fyrir sig betra en ekki og enn fremur sú yfirlýsing sem hæstv. umhvrh. gaf í sambandi við þetta mál. En það er að mínu viti ekki nógu traust. Ég hefði viljað sjá þetta ákvæði koma inn í lögin. Það hefði mátt koma einmitt inn í hér aftan við 3. gr. eða á milli fyrri og síðari mgr. í 3. gr. Spurning mín til hv. formanns landbn. varðar þetta mál og ég vildi spyrja hvort hann væri ekki tilbúinn til þess að taka þetta mál inn í nefndina aftur og skjóta á fundi milli 2. og 3. umr. og ræða hvort nefndarmenn væru ekki fúsir til að taka tillit til þessara ábendinga og óska sem komið hafa fram hjá þingmönnum. Ég hygg að vilji sé til þess hjá a.m.k. sumum þeirra hv. þm. sem sitja í landbn. og það væri þessu máli til mikils framdráttar ef orðið yrði við þessum óskum.

Ég minnti á það í máli mínu að víða um land er mikill áhugi á því að græða upp landið og bæta. Í því kjördæmi sem ég er þingmaður fyrir og raunar hér á höfuðborgarsvæðinu einnig hafa menn bundist samtökum um uppgræðslu og bætur á þá gauðrifnu gróðurkápu sem Landnám Ingólfs er nú klætt í. Þau samtök, sem eru samtök áhugamanna, einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félaga, skilja að það þarf að fara að öllu með gát til þess að þau góðu verk sem menn vilja gjarnan vinna verði ekki til þess að valda spjöllum því síst af öllu vilja menn gera það. Þessi samtök sem nefnast Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs, hafa einmitt viljað setja undir þann leka og standa mjög faglega að málinu og hafa sett sér það mark að hafa fagráð til ráðuneytis og setja allar meiri háttar framkvæmdir í þessum efnum í umhverfismat. Þannig hefði ég viljað sjá staðið að verki í þessu stóra og mikla verkefni sem verið er að efna til með þessu frv. til laga um Suðurlandsskóga.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, herra forseti, en vænti þess að heyra viðbrögð hv. formanns landbn. við þessum tilmælum, þ.e. um að landbn. ræði málið milli 2. og 3. umr. og komist að niðurstöðu um það hvort ekki sé hægt að verða við þessum óskum.

[21:32]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. hvort nefndin vilji skoða málið á milli 2. og 3. umr., þá hefur nefndin farið allrækilega yfir þetta eins og kom fram í ræðu hv. þm. og setti hér eins og þingmaðurinn gat um inn í greinargerðina að þetta yrði skoðað mjög vandlega og kannski stærstu samfelldu verkefnin, ef þess væri óskað, færu þessa leið. En niðurstaða nefndarinnar varð sú að setja þetta ekki inn í lögin enda skrifa átta nefndarmenn án fyrirvara undir álitið og ég hygg að þar hafi ekki orðið nein breyting á.

Ein aðalástæðan er sú að við höfum farið yfir verkefnaáætlunina hjá Suðurlandsskógum og það verður unnið í samráði við alla fagaðila um málið og ég skal, þegar ég finn þann lista sem ég hef yfir verkefnaáætlunina, gefa hv. þm. þann lista. Það er því skoðun formanns landbn. að það mundi tefja verkið að það færi í umhverfismat og auðvitað kostar það, ef allt þetta verkefni, sem er mjög dreift um allt Suðurland í bútum á einstökum jörðum, þyrfti að fara í umhverfismat, líka mikla peninga.

En ég vona að nefndarálitið sé það skýrt að menn sjái hver vilji nefndarinnar er, að engu verði raskað í náttúrunni eða minjum og að horft verði til umhverfislaga í þeim efnum.

[21:34]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir svarið sem olli mér reyndar mjög miklum vonbrigðum. Ég skil ekki alveg þær viðbárur sem hann var með. Við erum hér að tala um verkefni til 40 ára sem mun kosta um 4 milljarða kr. hið minnsta og hann talar um það að þetta kunni að verða dýrt og tefja málið, þessa 40 ára áætlun, ef umhverfismat verði viðhaft. Ég get ekki tekið þetta fyrir gild rök gegn því að áætlunin fari í umhverfismat eða a.m.k. stærstu hlutar hennar og ég held að hann ofmeti það mjög hvað það bæði kosti í tíma og peningum að taka þetta verkefni til umhverfismats. Ég vil endilega biðja hv. formann hv. landbn. að íhuga þetta betur. Ég sé ekki að það þurfi að þýða einhverja andstöðu nefndarmanna í landbn. þó þeir hafi skrifað undir þetta nefndarálit án fyrirvara, að vísu einn með fyrirvara, og held að þeir mundu ekki taka því neitt illa að athuga þetta á nýjan leik. Ég hvet því hv. formann til þess að íhuga þetta mál betur.

[21:36]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það auðvitað sakar aldrei að íhuga og formaður mun íhuga málið, en er nú þessarar skoðunar. Hvaðan hann hefði þær upplýsingar? Það var auðvitað Stefán Thors sem kom á fund nefndarinnar og var spurður hvað hann teldi að þetta tæki langan tíma. Það tók nokkur ár.

Ég er hér með vinnuáætlun um Suðurlandsskóga. Þar segir t.d. hvernig stendur til að standa að þessu verkefni og hvað þurfi til að koma til þess að ráðist verði í einstök verkefni. Þar segir t.d.:

„Samþykki frá Skipulagi ríkisins, viðkomandi jarðanefnd og viðkomandi sveitarfélagi og umsögn frá Búnaðarsambandi Suðurlands og ráðstöfun lands til skógræktar liggi fyrir áður en skógræktarstjóri staðfestir skógræktaráætlun fyrir einstakar jarðir.“

Vinnuáætlunin miðar því mjög að því að taka í öllu tillit til umhverfisins. Það kann vel að vera að sveitarstjórnir óski eftir því að í sínum sveitarfélögum fari þessi verkefni í umhverfismat. Ég skal ekkert um það segja. En ég tel ekki og það er skoðun formanns nefndarinnar að þetta eigi ekki að fara inn í lögin.

[21:38]

Kristín Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Guðni Ágústsson komumst náttúrlega lítið lengra í þessari umræðu með því að fara hér upp til skiptis og staðfesta það sem við höfum áður sagt. Ég furða mig reyndar á þeim upplýsingum að það eigi að taka mörg ár að vinna að umhverfismati. Ég hef ekki trú á því að það sé rétt. Og sé svo að það þyki alveg ótækt að áætlunin sjálf fari öll í umhverfismat, þá hlýtur að mega sættast á að hlutar hennar fari í umhverfismat því að varla verður þetta gert allt saman í einu. Við erum að tala um áætlun til 40 ára. Við erum að tala um verkefni sem á að taka 40 ár og kosta þjóðina 4 milljarða þannig að ég get ekki ímyndað mér að það eigi að byrja á þessu öllu saman í einu. Það getur ekki verið þannig að það hlýtur þá að mega búta það eitthvað niður ef menn að óttast að þetta taki svo langan tíma. Að sjálfsögðu þurfa menn ekki að velta lengi vöngum yfir hvaða áhrif framkvæmdir eins og að setja niður plöntur í skjólbelti sem eru í einfaldri röð á ræktuðum túnum eða slíku. Þetta er ekki allt saman jafnflókið og mér finnst hv. þm. vilja vera láta í svari sínu við fyrirspurn minni. En, því miður, ég gef ekki mikið fyrir svör hv. formanns um íhugun í þessu efni. Það þýðir ekki að íhuga þetta áfram, heldur þarf sú íhugun að leiða til einhverra framkvæmda í þessu efni. (**Gripið fram í:** Það er óvíst.)

[21:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er bráðum öld liðin síðan tekið var skipulega til við að hlúa að skógum hérlendis. Þar voru í upphafi að verki danskir velunnarar Íslendinga sem kynntust aðstæðum hér á ferðum sínum. Einn hét Fritz, síðan kom Flensborg, svo nöfn séu nefnd í þessu samhengi, og þeir áttu hlut að því að stigin voru fyrstu skref í sambandi við friðun skóglenda hérlendis. Nokkru síðar eða 1907 var fyrsta löggjöfin samþykkt um skógrækt í landinu og þá var þegar búið að friða fyrstu birkiskógana. Þetta voru mikil og góð skref sem þá voru stigin í þessum efnum og þó að ekki hafi menn verið stórtækir e.t.v. á mælikvarða okkar nú til dags í þessum málum, þá voru þessi fyrstu skref býsna stór miðað við allar aðstæður.

Þarna var um að ræða aðgerðir um friðun skóganna á Hallormsstað og á Vöglum í Fnjóskadal. Þeir voru girtir, teknir undir friðun gagnvart beit, sérstaklega sauðfjár, og nokkrar tilraunir hófust fljótlega á þessum stöðum með ræktun og uppeldi plantna í smávegis mæli innfluttra, erlendra tegunda. Þó var fljótlega dregið í land með það og aðallega hugað að verndun íslenskra birkiskóga. Páv. skógræktarstjóri danskur að ætt, Kofoed Hansen, hafði ekki mikla trú á því að hér væri hægt að koma til aðfluttum tegundum og var nokkur lægð í því um áratugi í raun þangað til nokkur breyting varð á á fjórða áratug aldarinnar.

Nú hafa Íslendingar allverulega reynslu af því að stunda slíkt ræktunarstarf. Að vísu verður að segja að kannski hafi menn farið að einhverju leyti offari á stundum í þeim efnum en á heildina litið hefur safnast verðmæt reynsla og þó að einhver mistök hafi verið gerð, þá er það til að læra af þeim og það hafa skógræktarmenn gert í mörgum greinum.

Það sem ég hef gert athugasemdir við og tel að menn þurfi að gæta sín í þeim efnum er hvað ríkisstofnunin, Skógrækt ríkisins, hefur seilst óþarflega mikið til áhrifa í sambandi við áhugamannafélögin, þ.e. skógræktarfélögin, en þannig var nú til þeirra hluta stofnað að þessi áhugafélagsskapur, skógræktarfélögin, Skógræktarfélag Íslands sem yfirstofnun þar, var stofnað í tengslum við Alþingishátíðina á Þingvöllum, ef ég man rétt, og skógræktarfélög sem stofnuð voru víða um land í framhaldi af því hafa vissulega unnið margt gagnmerkt starf. En þess gætti nokkuð um skeið að þau yrðu eins konar vasaútgáfa af þeirri starfsemi sem fram fór á vegum Skógræktar ríkisins í aðalstöðvum hennar og oftrúin á það að ekkert væri hægt að gera öðruvísi en stefna að innfluttum tegundum og ræktun þeirra endurspeglaðist í því að víða var farið á vegum skógræktarfélaganna að planta erlendum tegundum inn í birkiskógana. Þetta var að mínu mati ekki mjög skynsamlega að verki staðið því að verkefni áhugafélagsskaparins hefði þurft að beinast fyrst og fremst að því að vernda og hirða hinar innlendu skógarleifar í héruðum landsins. En allt um það. Nokkur reynsla hefur þó safnast einmitt vegna þessarar tilraunastarfsemi og þeirra tilrauna sem fóru fram. Kannski var ekki mjög vísindalega að þeim staðið og þær gerðar svolítið af handahófi eins og gengur á vegum áhugafélaga en þá vita menn auðvitað meira um ræktunarskilyrði, getu og þol einstakra innfluttra tegunda á þessum svæðum og af því má læra. Ég veit að á vegum Skógræktar ríkisins hafa menn reynt nú í seinni tíð að safna upplýsingum einmitt um reynsluna af slíkri ræktunar- og tilraunastarfsemi hér og þar á landinu og af því má einmitt margt læra varðandi aðgerðir í sambandi við skógrækt og aðgerðir sem tengjast verndun skóga, hvernig til hefur tekist.

Það er hins vegar dálítið sérstakt, virðulegur forseti, að hugsa til þess að lengi vel var eins og menn áttuðu sig ekki á hinum afskaplega mismunandi skilyrðum í einstökum héruðum landsins til ræktunar, breytilegum veðurfarsskilyrðum, sem hafa auðvitað mjög mikil áhrif á hvaða tegundir henta, ef menn eru að hugsa um ræktun innfluttra tegunda og ræktun þeirra og að sjálfsögðu einnig varðandi innlendar tegundir, þá eru skilyrðin ótrúlega breytileg í sama landshluta og þarf ekki langt að fara. Dæmi um það er Austurland þar sem ég þekki auðvitað hvað best til. Ef við berum saman skilyrði annars vegar á Fljótsdalshéraði og hins vegar í fjörðum, þá eru þau afar ólík. Mér þótti það dálítið sérkennilegt vegna þess að ég taldi mig þekkja nokkuð vel til á Héraði, að þar skyldi ekki vera meira um leiðbeiningar frá þeim sem buðu plöntur til sölu og dreifingar hvað hentaði og hvað væri eiginlega vonlaust að reyna. Þannig var það lengi vel en ég held að á þessu hafi verið ráðin einhver bót, þó alls ekki með þeim hætti sem hægt væri að gera ef menn vönduðu sig. Þar með er ekki sagt að kaupendur hlýði alltaf ráðleggingum, það er ekki hægt að ætlast til þess. En þarna er breytileikinn mikill og hann endurspeglast auðvitað í ólíkum meðalhita á hinum einstöku svæðum og héruðum. Ætli breytingin á meðalhita sé ekki þrjár gráður yfir sumarmánuðina, fjóra sumarmánuði, ef litið er til Austfjarða annars vegar og Fljótsdalshéraðs hins vegar. Svo mikill er þessi munur. Þar við bætist síðan ólík veðrátta að vetrarlagi, snjóalög og annað þess háttar sem hafa vissulega áhrif á þrif skóglenda. Því er ég að ræða þetta, virðulegi forseti, að þegar ráðist er í meiri háttar áætlanir eins og gert var með Héraðsskógaáætluninni á sínum tíma,

þá geta menn tekið mið af þeirri reynslu sem safnast hefur og tekið ákvarðanir í ljósi hennar. Það hefur hins vegar ekki alltaf fallið í mjög frjóa jörð að hlýða á slíkar ráðleggingar og fylgja þeim sjónarmiðum sem vísindamenn og góðir starfsmenn með reynslu hjá Skógrækt ríkisins, sem þekkja vel til mála, hafa mótað um að skynsamlegt sé að ætla sér ekki um of í þessum efnum og taka tillit til skilyrðanna, verðurfarslegra skilyrða, loftslagsskilyrða og þannig sé vonlítið að ætla að taka með sama hætti lendur, þó í sama héraði sé jafnvel, svo dæmi sé tekið um þetta. Það má vera Sunnlendingum til umhugsunar viðhorf þeirra sem veita ráð á vegum Skógræktar ríkisins í sambandi við Héraðsskóga að vart er hægt að teygja þá ræktun undir þeirri áætlun sem er í gangi mikið út fyrir Egilsstaði vegna þess að þar sé komið að mörkum sem ekki henti til þess uppeldis sem hugsað er til í sambandi við Héraðsskóga.

Til samkomulags hafa menn farið út í Eiða með slíka markalínu. Menn hafa þó nokkra reynslu af plöntuuppeldi úti á Eiðum þar sem á vegum Alþýðuskólans og forstöðumanna þar t.d. Þórarins Þórarinssonar var plantað allmiklu af innfluttum trjám á sínum tíma og þannig hafa menn áratuga reynslu af því að vöxturinn á þessum tegundum er allt annar og minni vegna lægri meðalhita, vegna kaldara loftslags en þegar kemur aftur inn í Fljótsdalinn og inn á Hallormsstað þar sem byrjað var með bændaskógræktina í kringum 1970 með nokkrum myndarbrag og hafa menn þar verulega reynslu.

Það skiptir sem sagt mjög miklu máli hvernig á svona málum er haldið eins og skógræktaráætlunum af þeim toga sem við erum að ræða samkvæmt þessu frv. Ég tel að þau sjónarmið þurfi að liggja til grundvallar þeirra aðgerða sem menn ætla sér að vinna að á vegum Suðurlandsskóga, eins og það hefur verið kallað í þessu frv. Það eru líka mörg önnur sjónarmið og margir aðrir þættir sem þarf að gæta að en þeir sem varða vaxtarskilyrðin sem helgast af loftslagi og öðrum aðstæðum. Það eru þau viðhorf sem tengjast landslagsmyndinni, landslagsheildinni og tengjast þeim gróðurlendum sem fyrir eru og ástæða kann að vera að halda utan við slíka ræktun. Það eru þau viðhorf er tengjast sérstæðum minjum í landslagi sem ástæða er til að halda eða láta þróast í náttúrlegu horfi án þess að til sérstakrar ræktunar komi og fjölmörg önnur slík atriði sem skylt er að taka tillit til í sambandi við slíka starfsemi. Þetta á auðvitað ekki síst við þegar ríkið stendur að málum eins og hér er fyrirhugað með miklum tilkostnaði, miklum fjárhæðum sem á að verja í þessu skyni. Þá er auðvitað þeim mun sjálfsagðara að vandað sé til allra verka þó að ég geri þar ekki endilega höfuðgreinarmun hvort það eru einstaklingar sem standa þar að frá upphafi til enda eða hið opinbera. En enn þá sjálfsagðara á það auðvitað að vera þegar um er að ræða opinbert fjármagn.

Það sem mig undrar talsvert í sambandi við þetta mál og hef þegar haft orð á í þessari umræðu er að það skuli ekki vera talið sjálfsagt mál af þeim, sem leggja þetta fram, að þar verði farið samkvæmt lagaákvæðum um mat á umhverfisáhrifum, þó að það sé ekki skylt samkvæmt núgildandi lögum, þá eru heimildir til þess og ríkar kröfur eru um þetta frá fjölda manns og ég átta mig alls ekki á því hvers vegna hv. landbn. skuli ekki taka jákvætt undir slíkar óskir. Ég tel þau sjónarmið alveg fráleit sem hér hafa komið fram hjá formanni nefndarinnar og alls ekki frambærileg að þetta komi til með að tefja verkið. Hvílík rök eru það að gera sér fyrir fram grein fyrir hvert er verið að stefna og veita almenningi möguleika til að leggja inn orð í þann belg, — að það eigi að verða til þess að tefja verk sem á að standa í áratugi og snertir útlit og áferð landsins ef til vill um aldir. Þetta er því með öllu óskiljanlegt.

Einnig sú viðbára að þetta komi til með að kosta slíkt fé. Það hefur ekkert komið fram um það sem rennir stoðum undir þessar fullyrðingar að hér sé um einhvern þann tilkostnað að ræða að það eigi að hindra að þannig sé staðið að verki. Ég tel að þessi viðhorf séu úrelt og alls ekki rökstudd og ég undrast það að formaður landbn., hv. þm. Guðni Ágústsson, skuli ekki koma til móts við þau sjónarmið sem fram hafa komið, ekki aðeins innan þings heldur sterklega utan þings og eiga sér einnig ríkan stuðning á því landsvæði sem um er að ræða í þessu tilviki, þ.e. sunnanlands. Ég hef það fyrir satt að Samband sunnlenskra sveitarfélaga hafi lýst yfir stuðningi við það að þessi áætlun sem hér um ræðir fari í mat á umhverfisáhrifum og að henni verði staðið með þeim hætti. Ég bið hv. formann landbn. að leiðrétta ef það er rangt eftir haft að fyrir liggi samþykkt frá Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga þess efnis að í þá áætlun verði ráðist með þessum hætti. En menn ætla þá að hundsa slík sjónarmið sem einnig hljóta stuðning frá þeim stofnunum sem eiga að vakta það og gæta þess af opinberri hálfu þ.e. Skipulag ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er helsti vörsluaðili alþjóðasamninga eða veitir þar ráðgjöf í þeim efnum, að eftir þeim sé farið og tillit sé tekið til þeirra varðandi líffræðilega fjölbreytni, og Náttúruvernd ríkisins sem opinber stofnun. Forstöðumenn allra þessara stofnana hafa eindregið lagst á þá sveif að þarna beri að gera mat á umhverfisáhrifum þessarar áætlunar sem forsendur fyrir henni og fyrsta skerf. Samband sveitarfélaga í landshlutunum ályktar í sömu veru þannig að hér er uppi einhver furðuleg meinbægni af hálfu þeirra sem bera málið fram, að vilja ekki taka það hér með eða a.m.k. gefa um það skuldbindandi yfirlýsingar að þannig verði staðið að málum.

Ég tel að menn séu í rauninni að vanvirða þá löngu reynslu sem skógræktarmenn í landinu hafa safnað á löngum tíma og þeir sem fyrir slíku starfi standa og ég skil ekki þau sjónarmið ef það er uppi hjá forráðamönnum skógræktar nú í landinu að það sé eitthvað andstætt þeirra starfi og stefnu að farið sé á nútímalegan hátt í vinnu að áætlun af þessum toga. Ég tel það raunar mikið áhyggjuefni ef á að halda svo fram með ágætt málefni eins og það sem hér er á ferðinni, standa þannig að því að það þurfi að vera um það ósætti að staðið sé að málinu á jákvæðan hátt að því er varðar undirbúning og að almenningur fái þar að koma sínum sjónarmiðum að og vera þátttakendur í undirbúningi. Það er með öllu óskiljanlegt og verið er að þjóna einhverjum sjónarmiðum sem ég fullyrði að eigi sér ekki ríka stoð í almenningsáliti að halda eigi þannig á þessum málum að þeim sé haldið í einhverju sérhólfi þar sem almenningur komist ekki að málum.

Virðulegur forseti. Ég held að það sé löngu kominn tími til þess í sambandi við þetta ágæta málefni að menn vandi vinnubrögðin og ég er út af fyrir sig ekkert að tortryggja það að sá vilji liggi að baki. Ég er ekkert að tortryggja það. En þeim mun frekar eiga menn að taka á þessum máli með þeim hætti sem hér eru óskir um. Það er ekki hollt fyrir neinn aðila að vera dómari í eigin máli eins og stefnt er að með þessu. Skógrækt ríkisins, sem mun hafa lagt inn gögn um fyrirhugaðan undirbúning af sinni hálfu hefur, að mér skilst heldur dregið úr að tekið verði á þessu samkvæmt mati á umhverfisáhrifum. Það þýðir þá að viðkomandi ríkisstofnun vill vera sem mest sjálfráð um það hvernig svona verk er

undirbúið. Það er ekki hollt fyrir neinn að standa þannig að máli.

Ég vek athygli á því að í nýsamþykktum skipulagslögum er gert ráð fyrir að farið verði víðtækt yfir áætlanir og að sjónarmið eins og mat á umhverfisáhrifum verði þar tekið með. Ég vænti þess að hv. formaður landbn. hafi kynnt sér hvernig þar er um hnútana búið. Þetta er auðvitað nákvæmlega sama eðlis sem hér er á ferðinni. Þetta eru viðhorf sem er farið að tíðka hvarvetna um lönd og svo ætlum við að halda okkur á einhverjum sérbáti að þessu leyti. Ég held að hv. formaður landbn. ætti að fara í námsferð til Svíþjóðar og Norðurlanda til þess að kynna sér þau breyttu viðhorf sem þar hafa orðið í sambandi við mál af þessum toga. Hann ætti einnig að kynna sér þær samþykktir sem gengið er út frá í Evrópusambandinu að þessu leyti þar sem einmitt er verið að ganga mjög rækilega frá því að allar áætlanir, sem varða ráðstöfun lands til lengri tíma og skipulag, fari í slíkt víðtækt mat á byrjunarstigi fyrir utan það að einstakar framkvæmdir komi inn í slíkt samhengi.

Mín ósk til nefndarinnar og þingsins er sú að tekið verði á þessu máli á annan hátt en lagt er til af nefndinni, eins og það liggur fyrir. Og ég harma það mjög ef ekki verður orðið við þeim óskum sem hafa komið fram um þetta mál. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að vitna í lögin um mat á umhverfisáhrifum þar sem fjallað er um þetta til að menn, sem kannski hafa ekki lesið þau nýlega, skilji betur inn í hvaða samhengi er verið að tala. Í 6. gr. laga nr. 63 frá 21. maí 1993 segir, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að ákveða að tiltekin framkvæmd eða framkvæmdir, sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, en ekki er getið í 5. gr., verði háðar mati samkvæmt lögum þessum.

Áður en ákvörðun skv. 1. mgr. er tekin skal ráðherra leita umsagnar framkvæmdaraðila, leyfisveitanda og hlutaðeigandi sveitarstjórna."

Í 9. gr. er ákvæði um að framkvæmdaraðili sjái um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum þessum og beri kostnað af því og síðan segir, og ég vek athygli á því:

„Skipulagsstjóri ríkisins setur almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins að teknu tilliti til sérákvæða í lögum og alþjóðlegra skuldbindinga."

Hæstv. umhvrh. sem ræddi málið í gær í þinginu lýsti þeim vilja sínum að fundað yrði eftir lagasetninguna með fulltrúum stofnana sem málið varðar og ýmissa aðila, ef ég skildi það mál rétt, og það er skilningur sem kemur fram *í því af hálfu hæstv. ráðherra að hér þurfi að vanda vel til* verka. En ég tel að hæstv. ráðherra ætti að stíga skrefið nú eða stuðla að því að nefndin taki málið til skoðunar út frá því sjónarmiði að þessi heimild verði notuð, enda verði samkomulag um hvernig á verði haldið því að ég tel að innan ramma laganna rúmist það að varðandi hina almennu áætlun, sem sagt, ramma þessarar áætlunar, sé hægt að veita ákveðna forsögn með samkomulagi við skipulagsstjóra sem setur almennar leiðsögureglur um framkvæmd matsins.

Síðan er þess að geta, virðulegur forseti, að það er enginn kominn til með að segja að fram þurfi að fara annað en frummat á þessari áætlun, enginn er kominn til með að segja það og ég satt að segja á ekki von á því miðað við að fullyrt er að fyrir liggi mjög vandaður undirbúningur af hálfu Skógræktar ríkisins eða hugmyndir og þá leiðir það af eðli máls að ef það reynist svo vera að slíkur undirbúningur sé góður og vandaður og ekki séu sterkar eða víðtækar athugasemdir við málið sem séu teknar til greina af skipulagsstjóra ríkisins sem fer með þetta fyrir hönd samfélagsins, þá verði um annað að ræða en frummat. Fullyrðingar um einhvern meiri háttar kostnað sem hljótist af þessu eru að mínu mati út í bláinn. Það getur auðvitað verið ef þarf að fara út í annað og meira en frummat, þá getur safnast kostnaður, en þá er það vegna þess að að bestu manna yfirsýn eru fullar ástæður og rök fyrir því að taka þannig á málum sem ég satt að segja á ekki von á að þurfi til að koma. Mér þætti því vænt um ef forusta landbn., þeir ágætu fulltrúar sem þar eiga sæti og hafa rætt þetta mál og þekkja málið og vita hversu víðtækur stuðningur m.a. Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga er fyrir því að svona sé staðið að málum, þeir taki tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram hjá þeim sem líta mjög jákvætt á þetta mál almennt séð en vilja að staðið verði þannig að undirbúningi að sem víðtækust sátt geti orðið um málið. Ég get ekki séð annað en sú sátt sé tryggð miðað við þær yfirlýsingar, sem liggja fyrir frá sveitarfélögum, og ég heiti á forráðamenn og hæstv. ráðherra, sem hefur auðvitað mikið að segja í þessu máli, að stíga það skref sem eðlilegt er og losna þar með úr því karpi sem á eftir mun fylgja ef málið er afgreitt í óvissu um með hvaða hætti á því verður haldið.

Ég ítreka það sem ég nefndi í upphafi. Þau stóru skref sem stigin voru fyrir einni öld í sambandi við að hlynna að skóglendi í landinu og sú mikla vinna og áhugastarf sem fram hefur farið á þeirri öld sem síðan er liðin og margt má af læra, allt þetta ber að hafa í heiðri. En við þurfum líka að gæta þess að taka tillit til almennra og alþjóðlegra viðhorfa um það hvernig best verði haldið á málum af þessum toga. Það er engin spurning í mínum huga að það verður best tryggt með því að farið verði yfir áætlun sem þessa og út frá þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar mats á umhverfisáhrifum, algerlega opnum huga, þ.e. að því fylgir ekki á neinn hátt neikvæður stimpill. Það er einfaldlega aðferð til að tryggja að sem flest sjónarmið komist til skila á undirbúningsstigi og geti notið sín í málsmeðferðinni því verki til hagsbóta sem þarna er verið að efna til og til farsældar fyrir það starf sem er síðan fyrirhugað og dreginn er rammi um í þessari áætlun, sem ég styð að nái fram að ganga í þinginu, og vænti að fái hér gott brautargengi, enda fylgi sá heimanmundur sem við höfum verið að ræða og óska eftir í sambandi við undirbúning málsins.

[22:09]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að það er rétt sem hv. þm. sagði að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga ályktuðu þess efnis sem hv. þm. sagði, en ég vil segja að það er ekki minn vilji að neinn verði hunsaður í þessu máli, eins og hv. þm. orðaði það. Ég gaf hv. þm. þessa vinnuáætlun og mikill vilji er til þess að vinna með öllum aðilum þessa máls. Mér finnst að hæstv. umhvrh. hafi við þessa umræðu gefið afdráttarlausa yfirlýsingu sem snýst um það að hann ætlar að boða til fundar alla þá er málið varðar, bæði framkvæmdaraðila og eftirlitsstofnanir og fjalla þar um málsmeðferð alla, þar með talið hvort eða hvernig málið verður tekið til mats á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr. þeirra laga og leita víðtækara samkomulags um málsmeðferð.

Mér finnst sú yfirlýsing hæstv. ráðherra afdráttarlaus og í rauninni í samræmi við það sem segir í nál. landbn. þannig

að ég vænti þess að þetta dugi. Ég fullyrði að ekki verða neinir sniðgengnir í þessu máli. Það verða öll lög virt, bæði skipulagslög og alþjóðasamningar. Ég er sannfærður um og ég trúi því að við getum náð með öllum þessum aðilum samkomulagi og sveitarstjórnirnar munu sjá um það hver á sínu svæði að almenningur verði mikill þátttakandi í því mikla starfi.

[22:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé að enginn vilji er af hálfu forustu landbn. til að koma til móts við þau sjónarmið sem liggja fyrir og ég verð að harma það. Hver getur skorið úr um og fullyrt það hér og nú að tekið verði tillit til sjónarmiða ef þess er ekki gætt að mótaður farvegur sé ráðandi um málstökin? Hver getur fullyrt það hér og nú að þannig verði á málum haldið? Ekki nokkur einasti maður. Og þetta er alveg ótrúleg meinbægni og skammsýni sem kemur fram í þessum viðhorfum, alveg með ólíkindum. Það er alveg furðulegt að þannig skuli á málum haldið varðandi málefni af þessum toga, þar sem gert er ráð fyrir að nota stórar upphæðir af almannafé, að ekki sé alveg skýrt hvernig eigi að halda á undirbúningi málsins. Það hlýtur að draga dilk á eftir sér ef þannig á að halda á málum. Ég vara mjög eindregið við því að þannig sé staðið að verki og verið sé að ala stöðugt á tortryggni og vera með einhver skúmaskotavinnubrögð í sambandi við svona mál. Á meðan þetta fer ekki eftir almennum reglum, þá er ekki hægt að treysta vinnunni. Þá er enginn sem segir til um það að almenningur komist að málinu, undirbúningi þess á þann hátt sem gildir í sambandi við mat á umhverfisáhrifum og tryggt er með þeim hætti. Það er alveg greinilegt á þeirri tregðu að verða við slíkum sjónarmiðum sem hljóta þó stuðning Sambands sveitarfélaga á svæðinu sem staðið er gegn slíku og beinlínis tekið fram í áliti landbn. að ekki sé fallist á þetta sjónarmið. Ég verð því að lýsa miklum vonbrigðum með afstöðu af þessum toga og ég er ansi hræddur um að það geti dregið dilk á eftir sér varðandi það málefni sem hér er til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, síðari umr.

Stjtill., 608. mál. — Þskj. 1157, nál. 1326.

[22:14]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Herra forseti. Utanrmn. hefur á þskj. 1326 skilað áliti sínu um þáltill. um aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni og um fullgildingu samnings um þvætti, leit, hald og upptöku ávinnings af afbrotum.

Nefndin fjallaði um þetta mál á fundi sínum í gær en eins og kunnugt er var málinu vísað til hennar með afbrigðum á þingfundi í gær. Þingnefndin telur mjög mikilvægt að Ísland staðfesti samninginn og leggur þess vegna til að tillagan verði samþykkt. Ástæða er til þess að vekja athygli á því að Alþingi hefur þegar með lagabreytingum samþykkt ýmis ákvæði í lög sem varða framkvæmd samningsins og þess vegna telur nefndin að einboðið sé að fullgilda hann með þeim hætti sem hér er lagt til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:19]

12. og 13. dagskrármál voru of seint fram komin. — Samþ. með 48 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 1314 og 1341. — Afbrigði samþ. með 51 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 885, nál. 1221 og 1312, brtt. 1222 og 1313.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:20]

Brtt. 1313,1 felld með 33:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GHall, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, BH, DO, EgJ, GE, GGuðbj, HBl, ÍGP, JBH, LB, MF, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1222,1 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, DO, EgJ, GE, GGuðbj, HBl, ÍGP, JBH, MF, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv.

Brtt. 1222,2 samþ. með 52 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1222,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 49:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.

nei: ÖJ.

5 þm. (EKG, GÁS, HG, KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:22]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Verið er að greiða atkvæði um málskotsnefnd sem hefur endanlegt úrskurðarvald í málefnum lánasjóðsins og er þannig sett yfir stjórn sjóðsins. Í nefndinni eiga að vera þrír menn og inn í hana má enginn koma nema hann hafi lokið prófi í lögfræði. Þetta er dæmi um hvernig sérfræðingaveldið er að þrengja að lýðræðislegu starfi og lýðræðislegum sjónarmiðum. Álitamál og ágreiningsmál, sem koma upp í Lánasjóði ísl. námsmanna, eru ekki bara lögfræðilegs eðlis, enda hægur vandinn að leita sérfræðiálits í þeim efnum heldur einnig mannlegs eðlis og prófgráður eru engin ávísun á réttlátt úrskurðarvald. Ég hvet til þess að þetta ákvæði verði endurskoðað og endurmetið en eins og það stendur greiði ég atkvæði gegn því.

Brtt. 1313,2, inngmgr. og 1.–2. mgr., felld með 37:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:24]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Ef þessi tillaga verður samþykkt væru komnar á raunverulegar samtímagreiðslur námslána sem kæmu beint frá lánasjóðnum eins og þær tíðkuðust fyrir lagabreytinguna 1992. Slíkar greiðslur væru mun hagkvæmari fyrir ríkissjóð en sú millifærsluleið vaxtauppbóta sem frv. gerir ráð fyrir. Ég segi já.

Brtt. 1313,2, 3. mgr., felld með 37:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:25]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út 1995 um fjárhagsstöðu lánasjóðsins er á það bent að eðli námslána sé annað en annarra lána vegna þess að námslán séu það form á námsaðstoð sem stjórnvöld ákvarða á hverjum tíma og námsaðstoð geti ekki verið háð því skilyrði að sá sem aðstoðarinnar nýtur komi með ábyrgðarmann fyrir henni. Það stangist í raun á við 1. gr. laganna um það hlutverk sjóðsins að tryggja tækifæri til náms án tillits til efnahags. Námsmenn hafa einnig lagt áherslu á að krafan um ábyrgðarmenn að námslánum verði felld niður.

Í frv. meiri hlutans er ekki brugðist við ábendingu Ríkisendurskoðunar eða kröfu námsmanna í þessu efni. Það er hins vegar gert í brtt. minni hlutans. Ég segi já.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS*, GÁ, HÁs, HBl, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁRJ, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, HjÁ, ÍGP, JBH, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkv.]

Brtt. 1313,3 felld með 37:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:27]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Framsfl. marglýsti því yfir á síðasta kjörtímabili, ekki síst fyrir kosningar en einnig eftir að þeir gerðust aðilar að núverandi ríkisstjórn, að námslán ættu ekki að bera neina vexti. Hér er, herra forseti, gerð sú hógværa tillaga að vextir verði aldrei hærri en það 1% sem innheimt er nú og í því skyni tekinn út úr lögunum sá möguleiki að vextir og námslán hækki upp í 3%. Við það hlýtur að verða mikill stuðningur í röðum þeirra engu síður en okkar. Ég segi því já.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.

Brtt. 1313,4 felld með 37:17 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, RG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:29]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er gert ráð fyrir að fastagreiðslan verði 34 þús. kr. og breytist hlutfallslega á hverju ári í hlutfalli við vísitölu neysluverðs en samkvæmt frv. er hún sett við 52.698 kr. sem þýðir að þeir sem hafa 93 þús. kr. í mánaðarlaun eða lægri laun fá enga lækkun á endurgreiðslubyrði við setningu þessara laga. Ég segi já.

5. gr. (verður 6. gr.), inngmgr. og 1. efnismgr., samþ. með 37:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:30]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Gefin loforð um lækkun endurgreiðslu eru aðeins efnd að litlum hluta og alls ekki gagnvart sumum. Hún lækkar ekki hjá þeim sem hafa 93 þús. kr. mánaðarlaun eða minna ef þetta ákvæði verður lögfest. Þetta varðar því afkomu fjölmargra stétta og má sérstaklega nefna uppeldisstéttir þar sem konur eru fjölmennar eins og öllum er kunnugt. Það er mikið alvörumál að meiri hluti þingmanna skyldi fella þá brtt. minni hlutans sem kom áðan til atkvæða en sú breyting hefði rétt hlut þessa hóps. Ég segi nei við þessari brtt.

5. gr. (verður 6. gr.), 2.–3. efnismgr., samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1222,4 samþ. með 55 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1313,5 felld með 37:17 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:33]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Hér er verið að fjalla um þá grein sem hefur gegnt því ágæta nafni svigrúmsgreinin en líkur hafa verið leiddar að því að þá fækkun sem orðið hefur í röðum þeirra sem leggja stund á tækni- eða raungreinanám og einnig fækkun barnafólks í námi megi einkum skýra með þröngri túlkun og ósveigjanlegum reglum stjórnar lánasjóðsins. Sá texti sem meiri hlutinn leggur til til að auka svigrúm er ekki í samræmi við þann vilja sem mátt hefur greina einnig í röðum stjórnarliða til að mæta þessari alvarlegu stöðu. Minni hlutinn leggur því til ítarlegri texta sem segir hvað menn raunverulega vilja því reynslan segir að það þurfi að standa skýrum stöfum í lagatextanum. Ég segi því já.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
8.–12. gr. (verða 9.–13. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
11 þm. (ÁJ, BH, GE, GÁ, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, RG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:35]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég vildi gera grein fyrir atkvæði mínu undir lok umræðunnar með því að láta það koma fram að ég tel að með þeim breytingum sem verið er að samþykkja á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna sé ljóst að þar vanti enn verulega á að staðið hafi verið við þau fyrirheit sem námsmönnum voru gefin í síðustu kosningum.

Í fyrsta lagi er bersýnilegt að það verður að endurskoða ábyrgðarmannakerfið. Í öðru lagi verður að endurskoða vaxta- og verðtryggingakerfið. Í þriðja lagi verður að taka upp raunverulegar samtímagreiðslur. Í fjórða lagi verður að endurskoða endurgreiðsluhlutfallið. Það er því ljóst, herra forseti, að þrátt fyrir þær samþykktir sem gerðar eru í kvöld hljóta menn að halda áfram þeirri baráttu sem verið hefur í gangi allt frá 1992 um að reyna að knýja fram breytingar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Álbræðsla á Grundartanga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 757, nál. 1272 og 1308, brtt. 1273 og 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:37]

Till. í nál. 1308 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 42:10 atkv. og sögðu
já: HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 42:10 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

11 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:38]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég greiði atkvæði gegn 1. gr. þessa frv. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi aðdragandi málsins, framkoman við íbúa Kjósarsýslu. Í öðru lagi staðarvalið, bæði frá byggðasjónarmiði og umhverfissjónarmiði. Í þriðja lagi tel ég að raforkusamningurinn sé tæpur. Í fjórða lagi tel ég að verið sé að gera samninga við veikt fyrirtæki, Columbia Ventures Corporation, og enn fremur er það svo að vafasamur ávinningur er af þessum samningi fyrir efnahags- og atvinnulífið á Íslandi þegar upp er staðið. Því greiði ég atkvæði gegn þessari grein, herra forseti, en mun freista þess að ná fram breytingum á einstökum greinum síðar í atkvæðagreiðslunni en sitja hjá við meðferð málsins að öðru leyti.

[22:39]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Ég tel æðimarga aðra atvinnukosti vænlegri en mengandi stóriðju sem hefur neikvæð áhrif á þá ímynd hreinleika og ómengaðs umhverfis sem felur í sér mestu möguleikana til framtíðar. Fyrirhugaðar mengunarvarnir eru ekki í samræmi við ýtrustu kröfur um mengunarvarnir og ekki hefur verið staðið rétt og eðlilega að þessum undirbúningi. Ég er andvíg þessu frv. og segi nei.

Brtt. 1309,1 felld með 38:16 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1309,2, inngmgr. og fyrri málsliður, felld með 36:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS, ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS.

nei: JónK, KPál, MS, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, VS, VE, ÞorstP, ÓE, ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, ÓÞÞ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, StB.

9 þm. (JBH, KF, LB, TIO, ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú niðurstaða sem stefnir í í þessari atkvæðagreiðslu er afar alvarlegt mál. Það þarf kannski ekki að koma svo mikið á óvart með tilliti til undirbúnings málsins og hvernig að því hefur verið staðið. En að það skuli vera fellt á Alþingi Íslendinga að iðnfyrirtæki af þessum toga verði búið besta fáanlegum mengunarvarnabúnaði á hverjum tíma segir mikla og dapurlega sögu. Ég segi já við tillögunni.

Brtt. 1309,2, síðari málsliður, felld með 38:10 atkv. og sögðu

já: HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.

nei: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (ÁRJ, JóhS, RG, SighB, SvanJ, ÖS*) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 1273,1 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁRJ, HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KF, LB, RG, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁRJ, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, BH, EKG, GE, GÁ, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1273,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS,

ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1273,3 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

6.–10. gr. (verða 7.–11. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KF, KPál, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG.
9 þm. (KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, LB, TIO) fjarstaddir.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802, nál. 1264 og 1276.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:54]
1. gr. samþ. með 43:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
11 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, KHG, LB, TIO) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[22:52]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég styð stækkun járnblendiverksmiðjunnar, þriðja ofninn þar, og tel að raforkusamningurinn sé brúklegur fyrst og fremst vegna þess að hann hækkar orkuverðið á þeim hluta verksmiðjunnar sem þegar hefur verið byggður. Hvorugt þessara mála liggur hins vegar fyrir Alþingi. Það er ekki verið að greiða atkvæði um það, heldur um lagabreytingu sem snertir það hvort Íslendingar eiga að hætta að eiga meiri hluta í fyrirtækinu. Ég tel að verðlagningin á hluta Íslands og aðdragandi málsins sé óheppilegur og ég greiði atkvæði gegn 1. gr. til þess að mótmæla málsmeðferð en mun sitja hjá við málið að öðru leyti.

[22:53]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Frv. fjallar ekki um starfsemi járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði né starfsskilyrði heldur aðeins um eignaraðild. Fyrir mér er ekkert höfuðatriði hvernig eignaraðild er háttað heldur hitt hvaða reglur gilda um starfsemina, að þær tryggi góð vinnuskilyrði, að skaðsemi á umhverfi og náttúru verði sem allra minnst og að eðlilegur fjárhagslegur hagnaður verði af starfseminni. Þær breytingar á eignaraðild sem eru lagðar til eru hins vegar forsenda fyrir stækkun verksmiðjunnar sem þýðir auknar virkjanir og umhverfisspjöll á hálendinu. Sú aukna framleiðslugeta sem stefnt er að mun m.a. hafa í för með sér losun koltvíoxíðs sem nemur nær 170 þúsund tonnum á ári.

Ég er í grundvallaratriðum andvíg aukinni stóriðju á Íslandi og greiði því atkvæði gegn frv.

2.–5. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, JóhS, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HjálmJ, IP, ÍGP, JBH, KHG, LB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, KHG, LB, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Atvinnuréttindi vélfræðinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (réttindanámskeið). — Þskj. 898, nál. 1158.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:55]
1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Tilkynningarskylda olíuskipa, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 303. mál. — Þskj. 559, nál. 1161.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:57]
Brtt. í nál. 1161 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HBl, ÍGP, JBH, LB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1344).

Vegalög, frh. 2. umr.

Frv. SvG o.fl., 197. mál (reiðhjólavegir). — Þskj. 223, nál. 1159.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:58]
Till. í nál. 1159 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 53 shlj. atkv.

Stephansstofa, frh. síðari umr.

Þáltill. MÁ, 354. mál. — Þskj. 627, nál. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:59]
Brtt. í nál. 1160 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1345).

Umboðsmaður Alþingis, frh. 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 244. mál (heildarlög). — Þskj. 381, nál. 1240, brtt. 1241.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:00]
1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
2.–12. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1241 samþ. með 52 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
14.–18. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frh. 2. umr.

Frv. ÓE o.fl., 262. mál (heildarlög). — Þskj. 497, nál. 1236, brtt. 1237.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:02]
Brtt. 1237,1 samþ. með 56 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv.
Brtt. 1237,2 samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1237,3 (ný 3. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
4.–5. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1237,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1237,5 samþ. með 56 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1237,6 samþ. með 56 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1237,7 samþ. með 55 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Brtt. 1237,8 samþ. með 56 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
12.–13. gr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Samningur Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og samningur um þvætti, frh. síðari umr.

Stjtill., 608. mál. — Þskj. 1157, nál. 1326.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:08]
Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1348).

Efling íþróttastarfs, frh. síðari umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 363. mál. — Þskj. 640, nál. 1223.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:09]
Tillgr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
8 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1349).

Skógræktaráætlun, frh. síðari umr.

Þáltill. StG o.fl., 546. mál. — Þskj. 900, nál. 1201.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:10]
Tillgr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
7 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1350).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 413. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 714, nál. 1267, brtt. 1268.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:11]
Brtt. 1268 (ný 1. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv.

Suðurlandsskógar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 876, nál. 1200.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:12]
Brtt. 1 í nál. 1200 samþ. með 54 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁRJ, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, TIO, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:13]

Sigríður Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er hið ágætasta mál en það er nokkur vansi að ekki tókst í meðförum nefndarinnar að koma inn viðbót við 3. gr. sem tæki til þess að gert yrði gert umhverfismat varðandi þetta verkefni. Nokkuð var komið til móts við þetta í nefndaráliti og einnig gaf hæstv. umhvrh. yfirlýsingu um samráð við stofnanir umhvrn. um umhverfismat en ég tel ekki vera alveg nógu langt gengið og greiði því ekki atkvæði um þessa grein.

Brtt. 2 í nál. 1200 samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 3 í nál. 1200 samþ. með 54 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 4 í nál. 1200 samþ. með 55 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
8.–10. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1996, frh. 2. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 881, nál. 1269 og 1271, brtt. 1270.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:18]
1. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, RG, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, RG, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1270 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, ÓE, RG, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, StG, StB, VE, ÞorstP.
15 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, KHG, KÁ, KH, LB, MF, RA, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ArnbS, BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, RG, SP, TIO, VS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
1 þm. (LB*) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁRJ, BH, FI, GE, GGuðbj, ÍGP, JóhS, JBH, MF, RA, RG, SP, SJS, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Vörugjald af ökutækjum, frh. 2. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 907, nál. 1182.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:20]
1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. í nál. 1182 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Bifreiðagjald, frh. 2. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 908, nál. 1183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:22]
Brtt. í nál. 1183 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
12 þm. (BH, DO, EKG, GE, GÁS, GÁ, GGuðbj, ÍGP, JBH, SP, TIO, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [23:21]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég er andvígur þeirri skattahækkun á sendiferðabíla aðallega sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel þó að sú brtt. sem hér er um að ræða sem gerir ráð fyrir lækkun frá upphaflegri tillögu sé til bóta og ég styð hana þess vegna. En að öðru leyti hefði ég talið eðlilegast að þetta mál yrði látið liggja vegna þess að ég hef enga trú á því að ríkissjóður tapi einni einustu krónu þrátt fyrir þá breytingu á vörugjaldi af ökutækjum sem samþykkt var í síðasta máli.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (GÁS, GÁ, HG, KHG, KÁ, KH, MF, RA, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MS, SP, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
10 þm. (GÁS, GÁ, HG, KÁ, KH, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MS, SP, SJS, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv.

Fjárreiður ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 100. mál. — Þskj. 1305, brtt. 1339.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:24]
Brtt. 1339 samþ. með 53 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 49:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MF, ÓE, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ÓÞÞ, ÖJ.
12 þm. (BH, GE, GB, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MS, ÓÖH, SAÞ, StB, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:24]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég tel að ákvæði 30. gr. frv. eins og það liggur fyrir séu gölluð. Engu að síður styð ég málið og ég óska Alþingi til hamingju með að hafa loksins náð þeim árangri að afgreiða þetta frv. sem lög sem gerist væntanlega eftir fáeinar mínútur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1356).

Sérákvæði laga er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 189. mál. — Þskj. 1278, frhnál. 1327, brtt. 1328.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:25]
Brtt. 1328 samþ. með 38:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: SJS.
17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, RA, RG, SighB, SJóh, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 36:1 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÖJ.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GÁ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, MF, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:26]

Ögmundur Jónasson:

Hæstv. forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessum afturhaldssama lagabálki. Samkvæmt þessum lögum eru forstöðumenn ríkisstofnana ráðnir til fimm ára til að tryggja tíðar mannabreytingar. Fyrir þessu eru rök þó ég sé þeim ekki að öllu leyti sammála.

Ég er hins vegar að öllu leyti ósammála því að draga úr áhrifum lýðræðislegra stjórna í stofnunum og ég er að öllu leyti ósammála því að setja lögreglumenn, fangaverði og tollverði á fimm ára ráðningarsamninga. Varla er markmiðið að tryggja tíð mannaskipti þar. Hins vegar fær yfirvaldið möguleika á að losna auðveldlega við óþægilega lögreglumenn og tollverði sem hugsanlega hafa uppi gagnrýnin vinnubrögð og sem hugsanlega eru að gagnrýna og þess vegna rannsaka sama yfirvaldið og getur rekið þá fyrirhafnarlaust.

Síðan spyr ég hvort það samræmist stjórnarskrá, jafnræðisreglu, ef ekki sjálfri biblíu samtímans, reglugerðaverki EES, að banna öllum sem ekki hafa háskólapróf að sækja um störf forstjóra hjá ríkisstofnunum. Forstöðumenn mega vera málfræðingar og skurðlæknar en ekki smiðir, bændur og vélstjórar og ekki alþingismenn og ekki ráðherrar, ef þeir ekki hafa háskólapróf upp á vasann. Og þetta er Alþingi Íslendinga að samþykkja. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1357).

Lánasjóður landbúnaðarins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 424. mál. — Þskj. 1307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:29]
Frv. samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ*, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, PP, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: PHB.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GÁS, JóhS, KÁ, KH, RA, RG, SvanJ, SvG**, ÖS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, ÓÖH, ÓÞÞ, SighB, SJS, TIO, ÖJ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]
[**Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1358).

Eldi sláturdýra, slátrun og gæðamat sláturafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 477. mál (heildarlög). — Þskj. 1315.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:31]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, TIO, ÖJ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1359).

Búnaðargjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 478. mál (heildarlög). — Þskj. 1316.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:33]
Frv. samþ. með 41:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
nei: ArnbS, EgJ, PHB.
12 þm. (ÁE, ÁRJ, EOK, GÁS, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SighB, SvanJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:
[23:32]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í síðari ræðu sinni í gær um þetta mál komu fram í máli hæstv. landbrh. þrjár afar mikilvægar áréttingar í sambandi við þessa löggjöf og þá umræðu sem fór fram um þetta mál. Þær voru í fyrsta lagi að lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins yrðu endurskoðuð, í öðru lagi að eðlilegt vinnulag við skiptingu búnaðarmálasjóðsgjalds væri að búnaðarsamtökin önnuðust þá skiptingu og í þriðja lagi, og það sem mér finnst reyndar mikilvægast, að sanngjarnt væri að hlutur búnaðarsambandanna yrði bættur í þessari skiptingu.

Þrátt fyrir þessar mikilvægu áherslur sem komu fram í máli ráðherrans breyta þær auðvitað ekki efni frv. og þess vegna er ég því andvígur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1360).

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 523. mál (örmerki). — Þskj. 1318, brtt. 1341.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:34]
Brtt. 1341 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, LB, MF, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1361).

Út af dagskrá voru tekin 4.–6., 11.–13., 22. og 31.–32. mál.

Fundi slitið kl. 23:35.

129. FUNDUR

föstudaginn 16. maí,
að loknum 128. fundi.

Dagskrá:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, stjfrv., 531. mál, þskj. 885 (með áorðn. breyt. á þskj. 1222). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Álbræðsla á Grundartanga, stjfrv., 445. mál, þskj. 757 (með áorðn. breyt. á þskj. 1273). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, stjfrv., 475. mál, þskj. 802. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Atvinnuréttindi vélfræðinga, stjfrv., 544. mál, þskj. 898. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Umboðsmaður Alþingis, frv., 244. mál, þskj. 381 (með áorðn. breyt. á þskj. 1241). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Ríkisendurskoðun, frv., 262. mál, þskj. 497 (með áorðn. breyt. á þskj. 1237). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 413. mál, þskj. 714 (með áorðn. breyt. á þskj. 1268). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

8. Fjáraukalög 1996, stjfrv., 529. mál, þskj. 881 (með áorðn. breyt. á þskj. 1270). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

9. Vörugjald af ökutækjum, frv., 549. mál, þskj. 907 (með áorðn. breyt. á þskj. 1182). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

10. Bifreiðagjald, frv., 550. mál, þskj. 908 (með áorðn. breyt. á þskj. 1183). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

11. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876 (með áorðn. breyt. á þskj. 1200). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

12. Vegáætlun 1997-2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285. — Frh. síðari umr.

13. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055. — Síðari umr.

14. Hafnaáætlun 1997-2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178. — Síðari umr.

15. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492, nál. 1190, brtt. 1191 og 1310. — 2. umr.

16. Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frv., 613. mál, þskj. 1189. — 1. umr.

17. Félagsleg aðstoð, frv., 620. mál, þskj. 1314. — 1. umr.

18. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707 (með áorðn. breyt. á þskj. 1172). — 3. umr.

19. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350 (með áorðn. breyt. á þskj. 1001). — 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:36]
Of skammt var liðið frá 2. umr. 1.–11. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Lánasjóður íslenskra námsmanna, 3. umr.

Stjfrv., 531. mál (endurgreiðsla o.fl.). — Þskj. 1342.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:37]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (ÁRJ, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1362).

Álbræðsla á Grundartanga, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál. — Þskj. 1343.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:38]
Frv. samþ. með 42:9 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ.
3 þm. (ÁRJ, JóhS, ÖS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, MF, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1363).

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, 3. umr.

Stjfrv., 475. mál (eignaraðild, stækkun). — Þskj. 802.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:39]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (HG, KHG, KÁ, KH, RA, SJóh, SJS, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁRJ, BH, GE, GGuðbj, ÍGP, JBH, KF, MF, SvanJ, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1364).

Atvinnuréttindi vélfræðinga, 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (réttindanámskeið). — Þskj. 898.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:40]
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ.
13 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, JónK, KF, MF, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1365).

Umboðsmaður Alþingis, 3. umr.

Frv. ÓE o.fl., 244. mál (heildarlög). — Þskj. 1346.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:40]
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
10 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, ÓÖH, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1366).

Ríkisendurskoðun, 3. umr.

Frv. ÓE o.fl., 262. mál (heildarlög). — Þskj. 1347.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:41]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
9 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1367).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 413. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1351.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:42]
Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, PHB, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1368).

Fjáraukalög 1996, 3. umr.

Stjfrv., 529. mál (uppgjör). — Þskj. 1353.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:42]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁE, HG, JóhS, KHG, KÁ, KH, LB, RA, RG, SighB, SvanJ, ÖJ) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, HBl, ÍGP, JBH, MF, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1369).

Vörugjald af ökutækjum, 3. umr.

Frv. VE o.fl., 549. mál (vöruflutningar). — Þskj. 1354.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:43]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, JóhS, JónK, KF, KHG, KÁ, KH, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

9 þm. (ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, MF, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1370).

Bifreiðagjald, 3. umr.

Frv. VE o.fl., 550. mál (hámarksfjárhæð gjalds). — Þskj. 1355.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [23:43]

Frv. samþ. með 41:6 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, JóhS, JónK, KF, KPál, LB, MS, ÓE, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SF, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, MF, RA, SJóh, SvG, ÖJ.

2 þm. (KÁ, KH) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁJ, ÁRJ, BH, GE, GÁS, GGuðbj, ÍGP, JBH, KHG, ÓÖH, SAÞ, SvanJ, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1371).

Vegáætlun 1997–2000, frh. síðari umr.

Stjtill., 309. mál. — Þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285.

[23:45]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þegar umræðu um þetta mál lauk í gær hafði verið kallað eftir svörum frá hæstv. ráðherra um ýmislegt sem snýr að vegáætluninni og ástæður þess að við sitjum uppi með tveggja ára áætlun en ekki fjögurra ára eins og við höfðum unnið að í vetur og alveg þangað til á síðustu dögum þingsins. Þar voru svör ákaflega misvísandi. Formaður nefndarinnar nefndi í nefndaráliti að ástæðan væri sú að svo mörg stór verkefni væru á lokastigi að ekki væri mögulegt að gera áætlun nema út næsta eitt og hálfa árið. Hæstv. ráðherra lýsti því yfir að ekki hefði verið búið að klára áætlunina, það hefði ekki tekist að klára þessa fjögurra ára áætlun fyrir þingslit. Síðan, á meðan á umræðunni, stóð, komu fréttir á Stöð 2 þar sem skýrt var frá því að ástæðan fyrir því að við værum hér með tveggja ára áætlun væri að þetta væru skilaboð stjórnarliða til ríkisstjórnarinnar um að nóg væri komið af niðurskurðinum. Þarna eru komnar þrjár mjög misvísandi skýringar og ég óska eftir því að fá svör frá hæstv. ráðherra — hvar er hæstv. ráðherra, herra forseti?

(**Forseti** (StB)**:** Það hefur hvorki vantað þingmenn né ráðherra síðustu mínúturnar í þingsalinn þannig að ráðherrar hljóta að vera innan seilingar og verða gerðar ráðstafanir.)

Ég minni á að það var lítið um svör hjá hæstv. ráðherra. Honum var svarafátt við þessu í gær heldur fór hann með barnagælu og hélt að þar með væri hann laus við skýringar í málinu. (**SJS:** Hvernig var barnagælan?) En því miður dugir það nú ekki til. (Gripið fram í.) Það er nú kannski að maður fari með einhverja aðra húsganga hér. (**Gripið fram í:** Eða barnagælu.) Eða jafnvel barnagælur.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill biðja hv. þingmenn um að gefa hv. ræðumanni frið til þess að tala.)

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hyggst hann gefa skýringar á því hvers vegna við sitjum hér uppi með tveggja ára áætlun? Hvaða skýring er sú rétta? Er það skýring hæstv. ráðherra? Er það skýring hv. þm. Einars Guðfinnssonar, formanns samgn., eða eru það skýringar stjórnarliða í fréttum Stöðvar 2 í gær, svo sem eins og hv. þm. Árna Johnsens? Er ástandið þannig innan Sjálfstfl. að menn þurfi að gefa hver öðrum meldingar með vinnubrögðum eins og þessum, meldingar til ráðherra um að nóg sé komið af niðurskurðinum með því að koma ekki með nema tveggja ára áætlun? Er það ástæðan eins og þeir hafa lýst yfir hér í fjölmiðlum? Það leit út fyrir það að hæstv. ráðherra ætlaði ekkert að svara þessu í gær. (**Gripið fram í:** Hann er að kynna sér málið.) Ég leyfi mér að efast um að hann sé að kynna sér málið en ég ætla að vona að hann hafi haft tíma til þess frá því að fundi var slitið í gær um áttaleytið. Ég krefst þess að hæstv. ráðherra komi hér og skýri okkur frá því hvers vegna svona slælega er haldið á málum í vinnubrögðum við vegáætlun. Hyggst hæstv. ráðherra svara þessu eður ei? Við eigum heimtingu á því að það komi skýringar frá ráðherranum á þessu. Það er ekki hægt að skilja við þetta mál öðruvísi. Hér erum við búin að vera að fjalla um þessa dæmalausu áætlun, ef áætlun skyldi kalla, því þetta er ekki áætlun heldur niðurskurður og engin áætlun, niðurskurður á því sem var búið að áætla áður og til aðeins eins og hálfs árs sem kom fram í umræðunni að væri líkast til lögbrot. A.m.k. eru áhöld um hvort ekki sé um lögbrot að ræða því skv. 28. gr. vegalaga er kveðið á um að það skuli vera fjögurra ára áætlun og a.m.k. tveggja ára og nú er liðið hálft árið sem miðað er við í þessari dæmalausu áætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. ráðherra. Þó svo ráðherrann geti verið ágætur í því að fara með vísur, þá duga þær ekki til til að svara fyrir vegáætlun. (Gripið fram í.) Það er hægt að fara með ýmsar vísur t.d. um vegamál svo sem ef það er það eina sem hæstv. ráðherra skilur. Mér var t.d. bent á húsgang eftir alþýðuskáld sem hljómar eitthvað á þessa leið:

Hver er þessi eina á
sem aldrei frýs?
Gul og rauð og græn og blá
og gerð af SÍS.

Er þetta það eina sem hæstv. ráðherra skilur? (Gripið fram í.) Það var akkúrat það sem mér var sagt og svona vísur eru greinilega einu tilsvörin sem geta komið frá hæstv. ráðherra. En af því að þetta er ferðamálaráðherra, þá er ég að hugsa um að slá botninn í þetta áður en hann kemur með sín skilaboð og minna á ferð sem ráðherrann fór. Ég veit ekki hvers konar för það var en um hana var sagt:

Í Drangey gerðust margir fótafúnir
farinn af þeim mesti glans og kraftur.
En Össur sást þó sendast upp á brúnir
af syllunni þar sem Blöndal sneri aftur.

Ég kalla hér eftir svörum frá ráðherranum á því hvers vegna við sitjum uppi með tveggja ára áætlun. Hvaða skýring er sú rétta, hæstv. ráðherra, formanns samgn. eða stjórnarliðanna sem gáfu yfirlýsingarnar á Stöð 2 í gærkvöldi í fréttunum á meðan umræðan fór hér fram? Við eigum

heimtingu á því að fá skilaboðin og skýringarnar frá hæstv. ráðherra.

[23:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vildi biðja forseta að kveðja í þingsalinn tvo ráðherra sem ég hafði óskað eftir í gær þegar við gerðum hlé á umræðunni að yrðu viðstaddir þegar hún héldi áfram til að svara þeim spurningum sem ég mundi beina til þeirra. Það eru varaformaður Framsfl., hæstv. landbrh., og enn fremur óska ég eftir því við forseta að hann sjái til þess að annaðhvort formaður eða varaformaður Sjálfstfl. komi og svari fyrir hönd síns flokks um framkvæmd stefnu þeirra og kosningaloforða í vegamálum. (**Samgrh.:** Ég er nú vanur að svara fyrir hann.)

(**Forseti** (StB)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir.)

Já, ég þakka forseta fyrir.

Ég vil fyrst beina máli mínu til varaformanns Framsfl. meðan við bíðum eftir því að forustumenn Sjálfstfl. komi hingað til þingfundar. (**ÓS:** Árni Johnsen er mættur.) Þegar við ræddum vegáætlunina í gærkvöldi fórum við stjórnarandstæðingar ræki lega yfir frammistöðu núverandi stjórnarflokka í því að framkvæma þá vegáætlun sem samþykkt var í febrúarmánuði 1995 sem var á þeim tíma álitin nokkuð stórhuga áætlun með verulegu fé til framkvæmda í vegamálum.

Síðan gerist það eftir að ný ríkisstjórn hefur verið mynduð, eftir að Framsfl. gekk til liðs við Sjálfstfl., þá hefur þessi vegáætlun ekki fengið að vera í friði. Hún var skorin niður á síðasta ári, 1996, um mörg hundruð milljónir króna og hún var aftur skorin niður á þessu ári um 805 millj. kr. sem færðar voru inn í ríkissjóð fyrir utan annan niðurskurð sem hafði verið tekinn upp áður og bitnaði á framkvæmdum til vegamála með því að láta fé til vegamála greiða ferjur og flóabáta en áður hafði sá liður verið greiddur beint úr ríkissjóði. Ég velti fyrir mér hvernig stæði á þessu að svona hraksmánarlega hefði verið farið með vegáætlunina eftir að Framsfl. gekk til liðs við Sjálfstfl. og fann ekki nema tvær skýringar. Fyrri skýringin var sú að Sjálfstfl. meinti ekkert með þessu, þetta væri bara plat fyrir kosningar.

Síðari skýringin var sú að Framsfl. hefði krafist þess að vegáætlunin yrði skorin niður. (**Gripið fram í:** Og þú áttir bágt með að trúa því.) (**ÁRJ:** Það er ótrúlegt.) Bara þessar tvær skýringar gat ég komið auga á og þó ég óskaði eftir því við stjórnarliða að þeir bættu um ef mér yfirsæist eitthvað í þessum efnum, þá kom ekkert nýtt fram þannig að við höfum bara þessar tvær skýringar.

Það sem styður síðari skýringuna, að Framsfl. hafi krafist þess að gripið yrði til svona stórfellds niðurskurðar, eru fréttir sem bárust alþjóð þegar verið var að ganga frá fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár undir lok síðasta árs. Þá bárust þær fréttir, herra forseti, og bið ég aðalfulltrúa Framsfl. í samgöngumálum, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að taka vel eftir. Þá bárust þær fréttir í fjölmiðlum að Framsfl. hefði gert þá kröfu að skorið yrði niður um 100 millj. til viðbótar við það sem þá hafði verið áætlað. 100 millj. kr. viðbótarniðurskurður á vegáætlun og það fé sem þannig sparaðist rynni til heilbrigðismála. Væri nú ekki verra að hæstv. heilbrrh. væri í þingsölum (**ÁRJ:** Til að bera af sér sakir.) til þess að segja sitt um þennan fréttaflutning þannig að við megum vita hvort hann væri sannur a.m.k. hvað heilbrrh. varðar. En þessar fréttir fengum við í fjölmiðlunum á sínum tíma fyrir síðustu áramót þegar var verið að ganga frá fjárlögum.

Þessar fréttir, ef sannar eru, styðja þá kenningu að það sé krafa Framsfl. að skera niður vegáætlun. Nú vil ég leggja þá spurningu fyrir talsmann Framsfl., varaformann hans, hæstv. landbrh.: Hver er stefna Framsfl. í vegamálum? Er hún þessi sem veruleikinn sýnir, að það eigi að skera vegáætlunina í tætlur ár eftir ár? Megum við búast við því að á næsta ári og þar næsta ári verði áfram skorið niður, 800 millj. í ár, kannski meira á næsta ári? Við verðum að fá svör við þessum spurningum því að stjórnmálaflokkur sem á aðild að ríkisstjórn sem þannig fer að ráðum sínum í samgöngumálum verður að svara því skýrt hvað hann vill í þeim efnum ef hann vill ekki að verkin ein verði látin tala fyrir hann. Við verðum að fá svör við því hvort þetta sé einlægur ásetningur Framsfl. í vegamálum sem birst hefur okkur á síðustu tveimur árum.

Nú hef ég hugsað mér að víkja máli mínu að forustumönnum Sjálfstfl. og spyr hæstv. forseta hvort formaður Sjálfstfl. eða varaformaður séu ekki væntanlegir í þingsal.

(**Forseti** (GÁ)**:** Forseti hefur gert ráðstafanir um að þeim verði gert viðvart að hv. þm. óski að þeir séu hér. Þeir hljóta að koma að vörmu spori. Hér er hins vegar hæstv. samgrh. sem fer með málaflokkinn.)

Ég sé það, herra forseti, að hæstv. samgrh. er í salnum og við höfum skipst á skoðunum um þessi mál fyrr í umræðunni. Hún hefur leitt það í ljós, m.a. orðið berlega ljóst í fréttaflutningi á Stöð 2 í gær, að það er ekki samhljómur í Sjálfstfl. í samgöngumálum. Þess vegna hlýt ég að beina fyrirspurnum mínum til forustumanna flokksins þegar ég verð þess áskynja að áherslur samgrh. eru ekki endilega þær sem verða ofan á af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil fyrst, herra forseti, minna á, til þess að halda því til haga, að forustumenn Sjálfstfl., formaður og varaformaður, gáfu aðeins eitt kosningaloforð, herra forseti. Þeir sögðu: Við ætlum að gera stórátak í vegamálum. Bara eitt kosningaloforð til þjóðarinnar fyrir síðustu kosningar. Við ætlum að gera stórátak í vegamálum. Þingheimur veit hvernig það átak hefur verið. Það hefur ekki verið átak í framkvæmdum í vegagerð. Það hefur verið átak í niðurskurði á vegáætlun, svo hraustlegt átak að ekki eru fordæmi fyrir slíku, hvorki eitt ár, hvað þá tvö ár í röð. Þetta vildi ég minna á til þess að halda þessu til haga þegar við ræðum þessi mál.

Nú bregður svo við eftir tveggja ára niðurskurð að mönnum er greinilegt eitthvað farið að líða illa og nú kemur bara vegáætlun til tveggja ára sem í reynd er bara vegáætlun til eins árs þegar að er gáð því að árið 1998 er boðað að verði endurskoðað að hausti. Við erum því í reynd bara að fjalla um vegáætlun fyrir yfirstandandi ár. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvernig stendur á því að stjórnarliðar gera bara tillögu um vegáætlun til eins árs þegar ríkisstjórnin hefur sent til þeirra, í þingnefnd, tillögu til vegáætlunar til fjögurra ára?

Skýringarnar sem gefnar eru eru misvísandi. Í nefndaráliti meiri hluta samgn. segir svo, með leyfi forseta:

„Að þessu sinni er lagt til að einvörðungu verði tvö ár vegáætlunar endurskoðuð. Um þessar mundir er verið að ljúka mörgum stórum verkefnum og því þykir eðlilegra að miða við styttra tímabil en vani er.“

Skýringin er sú að það eru mörg stór verkefni á lokastigi og þá gerum við bara vegáætlun þangað til þeim er lokið. Gott og vel.

Síðan kemur önnur skýring frá tveimur hv. þingmönnum úr meiri hluta samgn. Alþingis sem standa að því að semja þá skýringu sem ég var að lesa hér upp. Annar þeirra er hv.

þm. Árni Johnsen. Hann er spurður að því í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi hvað sé eiginlega að gerast í röðum stjórnarþingmanna því að þaðan berist þær skýringar að verið sé að senda ríkisstjórninni þau skilaboð að hún sé að skera allt of mikið niður til vegamála. Aðspurður svarar Árni Johnsen, með leyfi forseta:

„Það er nú mjög einfalt en við viljum leggja meiri áherslu á vegamálin. Við viljum setja meiri hrygg í vegalagningu á næstu árum og með þeirri áætlun sem lá fyrir til fjögurra ára þá fannst okkur ekki nóg að gert og það er auðveldara að taka þráðinn upp á næsta ári heldur en samþykkja hana til fjögurra ára."

Hér er hvergi minnst á að verið sé að ljúka um þessar mundir mörgum stórum verkefnum. Því sé hentugt að hafa fjögurra ára áætlunina bara eins árs áætlun. Nei. Nú eru það skilaboð til ríkisstjórnarinnar. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að þingmannabekkurinn í stjórnarliðinu er að glíma við ráðherrabekkinn. Því hlýt ég að kalla eftir svörum oddvita ríkisstjórnarinnar. Hver eru svör ykkar við þessum skilaboðum þingmannanna? Eru svörin þessi: Við höldum áfram að skera niður 800 millj. á ári eða meira. Eða eru svörin þessi: Við föllumst á áherslur ykkar á komandi árum. Hvað þýðir það? Þýðir það að menn geta búist við að framkvæmdir í vegamálum verði í líkingu við það sem boðað var í gildandi vegáætlun? Eða það sem, væri enn betra, að þær mættu vera meiri?

Herra forseti. Þessar yfirlýsingar eru það misvísandi og átökin innan stjórnarliðsins eru það augljós að við hljótum að spyrja ríkisstjórnina: Hvora styðjið þið í þessu máli? Styðjið þið áframhaldandi niðurskurð eða styðjið þið þingmannabekkinn sem vill greinilega standa við þá vegáætlun sem Sjálfstfl. lofaði þjóðinni fyrir síðustu kosningar?

[00:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við búum við þingræðisskipulag í landinu sem betur fer. Ef við skoðum afgreiðslu mála frá ríkisstjórn sem koma til nefndar, þá sjáum við að stjórnarmeirihlutinn í góðri sátt við ráðherra hverju sinni gerir ekki bara eina eða tvær eða tugi heldur hundruð breytinga ef allt er saman talið á frumvörpum. Og sem betur fer eru þær breytingar yfirleitt til bóta og oftast nær gerðar í góðri samvinnu og sátt við ráðherra. Og þannig á að vinna á þinginu.

Sú breyting sem var gerð á vegáætlun var gerð í góðri sátt við samgrh. og við mig og við hæstv. utanrrh., formann Framsfl. Það var því enginn ágreiningur um þessa breytingu. Þetta var hins vegar tillaga sem kom fram innan meiri hluta samgn. og okkur þótti hugmyndin skynsamleg. Við erum í miðju kafi núna í mjög mörgum umfangsmiklum verkefnum.

Í annan stað erum við í miklum fjárfestingum að öðru leyti í landinu varðandi stórverksmiðjur og orkuver. Það er ljóst að kaflaskil verða í þeim framkvæmdum um áramótin 1998 og 1999. Það liggur ekki fyrir á þessu augnabliki hversu stór þau kaflaskil verða. En þó má búast við því að það verði heilmikið fall í framkvæmdum. Þess vegna er skynsamlegt að okkar mati og meiri hluta samgn. að hafa málið opið eftir þennan tíma til þess að geta þá gert einmitt sérstakt átak í vegamálum til að mæta því falli í fjárfestingum sem þá verða almennt í landinu og til þess að undirstrika þann vilja stjórnarliðsins, Sjálfstfl. og Framsfl., að setja vegaframkvæmdir í öndvegi því að það er stefna ríkisstjórnarinnar að setja þau mál í öndvegi og þessi ákvörðun meiri hluta hv. nefndar var gerð í fullu samkomulagi við hæstv. samgrh., við mig og formann Framsfl. Þarna var skynsamlega að verki staðið og ég veit að stjórnarandstaðan er svo skynsöm að hún hlýtur að fagna því þegar svo skynsamlega er að verki staðið.

[00:09]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að fagna því ef það er áform ríkisstjórnarinnar að auka verulega framkvæmdir í vegamálum þegar á næsta ári. En hæstv. forsrh. talaði ekki skýrt í þeim efnum. Hann talaði um aukningu þegar fall yrði í framkvæmdum vegna stóriðjumála. Nú hef ég ekki alveg þá framkvæmdaröð í kollinum en mig minnir að það verði miklar framkvæmdir vegna þeirra, bæði iðjuvera og virkjana, alveg fram til ársins 1999 eða 2000. Ef ég ályktaði út frá því þá væri hæstv. forsrh. að segja að ríkisstjórnin ætlaði að gera átak í vegamálum árið 2000 eða 2001. Það er ekki það, herra forseti, sem þingmannabekkurinn í stjórnarliðinu var að segja við ráðherrabekkinn á Stöð 2 í gærkvöldi. Það var ekki það sem þeir voru að segja með því að afgreiða bara fjögurra ára áætlun til eins árs í reynd. Það sem þeir voru að segja, ef ég skil þeirra skilaboð rétt, er að þeir vilja auknar vegaframkvæmdir strax á næsta ári, 1998. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Er hann og ríkisstjórnin sammála því eða er hann ósammála því? Flóknari er spurningin ekki.

Ég vil aðeins segja í lokin, herra forseti, varðandi þessar miklu framkvæmdir og þenslu sem eru á ákveðnum hluta landsins, að ég á mjög bágt með að sætta mig við og skilja að þörf sé á því á þessu ári að skera niður framkvæmdir í vegamálum á Vestfjörðum um 75 millj. kr. Ég sé ekki þessa þenslu þar, ég sé ekki þessar stóriðjuframkvæmdir þar, herra forseti.

[00:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Samkvæmt því nefndaráliti sem meiri hluti samgrn. hefur skilað fara menn í það að gera fjögurra ára áætlun frá 1998–2001. Ef menn skoða spá Þjóðhagsstofnunar kemur fram þar að stofnunin gerir ráð fyrir 9% falli í fjárfestingu þegar á árinu 1999. Það er því skynsamlegt af meiri hluta samgn. við þær aðstæður þegar málin skýrast, þegar á næsta hausti, og við undirbúning þessarar áætlunar frá 1998–2001 að hafa þá mynd undir. Ég tel, og ég tel að það sé skoðun beggja stjórnarflokkanna, að þá hljóti að koma til verulegt átak í vegagerð til að mæta því falli í fjárfestingum sem þá verður. Vegagerð er arðvænleg fjárfesting sem tengir og treystir byggð landsins og það er stefna sem stjórnarflokkarnir fylgja báðir fast eftir. Ákvörðun meiri hluta samgn. var gerð í fullu samkomulagi við hæstv. samgrh., við mig og hæstv. utanrrh., formann Framsfl.

[00:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin sem voru skýr og afdráttarlaus að þessu sinni og eru þau að það á áfram að skera niður í vegamálum á árinu 1998. Það á að skera niður áfram. Eins og menn hafa gert 1997 og eins og menn gerðu 1996 á að gera líka 1998.

Hins vegar á að bæta í árið 1999, á kosningaárinu. Þá ætla menn að koma með nýja vegáætlun með tölum um miklar framkvæmdir alveg eins og gert var fyrir kosningarnar 1995. Ég segi, herra forseti, að þótt ég voni innilega að hæstv. forsrh. meini það og ætli að það verði miklar vegaframkvæmdir á árinu 1999 og síðar, þá efa ég að þjóðin muni trúa því.

Menn láta nefnilega ekki plata sig tvisvar í þessum efnum.

[00:14]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn Gunnarsson beindi til mín tveimur spurningum sem hann vildi fá svar við. Það var fyrst varðandi það hvort það hefði verið sérstök krafa frá Framsfl., ja, ég veit ekki, líklega við stjórnarmyndun eða einhvern tíma í upphafi stjórnarsamstarfsins, að skorið yrði sérstaklega niður í vegamálum. Samkomulag varð milli stjórnarflokkanna um að takast á við það verkefni að ná jafnvægi í ríkisfjármálum og það ætti hv. þm. og öllum hv. þm. að vera ljóst, að við höfum lagt mikið á okkur í því efni. Það hefur verið tekist á við alla þætti fjárfestingar í ríkisfjármálunum. Við höfum tekist á við að skera niður fjárfestingar til heilbrigðismála, fjárfestingar til skólamála og fjárfestingar til vegamála til þess að ná þessu markmiði. Þetta liggur fyrir. Um það var samkomulag og samstaða í ríkisstjórninni að þetta væri veigamikið verkefni sem yrði að takast á við þó að það kostaði fórnir.

Síðan spurði hv. þm. um þá vegáætlun sem við erum að ræða nú og afstöðu okkar til hennar sérstaklega. Ég vísa til þess sem kemur fram í greinargerð og nefndaráliti meiri hlutans sem hér liggur fyrir og er til umræðu og til þess samkomulags sem varð í meiri hluta samgn. og í ríkisstjórninni um hvernig staðið yrði að því máli og þess sem nú þegar hefur komið fram hjá hæstv. forsrh. þar sem hann gerir grein fyrir því samkomulagi og að utanrrh., formaður Framsfl., átti að sjálfsögðu þátt í því eins og hefur komið fram líka. Þar er markmiðið að viðhalda jafnvægi í efnahagsmálunum, stilla saman stærstu framkvæmdaflokkana og þess vegna varð samkomulag um að að þessu sinni yrði samþykkt vegáætlun til tveggja ára svo sem fram hefur komið og liggur hér fyrir.

[00:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans í málinu. Þau eru kannski ekki önnur en við mátti búast. Fulltrúi annars stjórnarflokksins fer ekki að bera það á hinn að niðurskurðurinn sé honum að kenna þannig að svörin gátu aldrei orðið önnur en að samkomulag væri milli flokkanna um þetta.

Ég dreg þá ályktun að þeir hafi báðir verið sammála um að nauðsynlegt væri að skera niður framkvæmdir í vegamálum, þeir hafi báðir verið sannfærðir um að það ráð yrðu þeir að grípa og skera hraustlega niður, 20%, eigi minna, hvort ár. Það er sú ályktun sem hægt er að draga í fullri sanngirni að ég tel og að sé rétt mat á afstöðu stjórnmálaflokkanna sem að ríkisstjórninni standa. Það hafi verið þeirra mat að til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálum yrðu menn að bregða á þetta ráð.

Ég minni á að hinn mikli hagvöxtur sem við búum við og menn sjá fyrir að við munum búa við á næstu árum er að færa ríkissjóði miklar tekjur umfram það sem ríkissjóður hefur haft af óbreyttum tekjustofni. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja allar þessar væntanlegu tekjur út aftur í formi skattalækkana og auðvitað eru skattalækkanir vel þegnar hjá þeim sem njóta þeirra en hjá þeim sem eiga að bera ábyrgð á ríkisfjármálum, rekstri ríkisins og framkvæmdum þess er það a.m.k. álitamál þegar menn hafa árum saman búið við mjög þröngan hag í fjárveitingum til heilbrigðismála, skólamála og vegamála að þegar menn sjá fram á að til eru peningar og munu verða það á næstu árum að slaka þeim öllum út í skattalækkunum. Það er yfirlýsing um áframhaldandi samdrátt á þessu sviði í vegamálum sem og hinum sem ég gat um áðan.

[00:19]

Landbúnaðarráðherra (Guðmundur Bjarnason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í raun ekki miklu við að bæta. Það er þó rétt að undirstrika að á undangengnum tveimur árum hefur nánast allt framkvæmdafjármagn til heilbrigðismála verið skorið niður. Ég hygg að það sé teljandi í líklega einhverjum tugum milljóna, þó að ég hafi ekki töluna fyrir framan mig, það sem farið hefur í framkvæmdir á vegum heilbrrn. til þess að standa við gerða samninga, mjög þröngt skorið og meira að segja suma samninga sem væntingar voru miklar til var reynt að endursemja til þess að draga úr framkvæmdum.

Sama á við í öðrum málaflokkum eins og ég nefndi áðan, menntamálum, félagsmálum og víðar. Það var því ljóst að það hlyti að bitna á öllum þessum framkvæmdamálaflokkum og eins og hv. þingmenn vita, þá eru vegamálin stærsti einstaki framkvæmdaliðurinn. Við hv. þm. erum allir sammála um að mikilvægt er að halda áfram að byggja upp okkar vegakerfi og gera það með þeim þrótti sem við teljum okkur ýtrast mögulegt á hverjum tíma. Ég vil leyfa mér að segja að á undanförnum árum — þá er ég kannski ekki að tala um tvö, fjögur eða sex ár heldur tíu eða 15 ár — höfum við gert gríðarlegt átak á þessu sviði þó að ég viti og viðurkenni að víða er enn eftir að taka til hendinni. Við munum að sjálfsögðu halda áfram með það, en sú framkvæmdaáætlun sem gerð verður varðandi ýmsar opinberar framkvæmdir verður líka styrkari á næstu árum þegar við höfum náð jafnvægi í ríkisfjármálunum. Það er mikilvæg undirstaða og grunnur að því að okkur takist vel að vinna áfram að því að byggja upp hvort heldur það eru framkvæmdir á sviði heilbrigðismála, menntamála, félagsmála eða samgöngumála.

[00:21]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og þingheimi er kunnugt hafa verið efnahagslegar þrengingar á undanförnum árum, allt frá árinu 1989–1990 eða svo og fram á síðasta ár eða þar um bil. Það er eðlilegt að menn leitist við að sýna mikið aðhald í útgjöldum ríkisins á þeim tíma.

En nú eru aðrir tímar og aðalheimildarmenn þess er sjálf ríkisstjórnin og ráðherrar hennar sem hvarvetna sem þeir koma segja þjóðinni að það sé góðæri, að kaupmáttur hafi aukist á síðustu árum og muni aukast á komandi árum um svo háar prósentutölur að um met sé að ræða á lýðveldistímanum, það sé góðæri til lands og sjávar og peningarnir streymi í ríkissjóð. Við þær aðstæður að góðæri ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá ganga menn ekki um með sultaról og skera niður og skera niður. (**Samgrh.**: Það fer eftir því hvernig það gerist.) Þá setja menn peninga í þá málaflokka sem hafa verið sveltir á undanförnum árum og bæta það upp. Það er mín skoðun að stjórnvöld eigi að gera um þessar mundir fremur en grípa til almennra skattalækkana upp á milljarða króna.

Ég vil svo segja að lokum, herra forseti, að hæstv. landbrh. bar það ekki til baka að Framsfl. hefði sérstaklega gert kröfu um að skera framlög til vegamála niður um 100 millj. til viðbótar við það sem áður var búið að ákveða og að þær 100

millj. ættu að renna til heilbrigðismála. Það hefur ekki verið borið til baka. Það hlýtur að standa eftir sem minnisvarði um áherslur flokksins í þessu ríkisstjórnarsamstarfi á þeim tímamótum sem menn stóðu þegar ákvörðun var tekin.

[00:23]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég spurði hæstv. forseta að því hvort umræðu um skýrslu Byggðastofnunar yrði fram haldið en fékk óljós svör. Nú er það svo að byggðamál og vegamál falla nokkuð vel saman og með því að fara svolítið á köntunum sýnist mér að fært sé að ræða örlítið í bland þetta tvennt.

Ég lít svo á að af öryggisástæðum og til að lækka kostnað í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi sé mjög brýnt mál víða í tengslum við þéttbýli að bæta vegakerfið. Undir það fellur t.d. tvöföldun Reykjanesbrautar. Það fer að verða einfalt reikningsdæmi hvort ódýrara er að vinna að því á því svæði að fjölga öryrkjum eða að byggja nýjan veg sem dragi úr slysunum.

Sama má segja þar sem menn hafa verið að byggja yfir vegi og auka þannig öryggi. Ég segi það hreint út, ég er orðinn þreyttur á söngnum í Umferðarráði þar sem alls konar leiðbeiningar koma um hvernig eigi að standa að því að aka bíl og satt best að segja eru þær ekki allar gáfulegar. En hvað um það. Ef þetta fólk heldur sig bara við að tilkynna leiðbeiningarnar, þá kemur það kannski ekki að sök ef aðrir hlusta jafntæpt og ég geri orðið á margt af því sem þar kemur fram.

Hitt atriðið er það að úti á landi er verið að tala um að nú megi engar sértækar aðgerðir hafa á neinu sviði. Það er ekki í tísku segja þeir. Það eigi að vera jöfn aðstaða atvinnufyrirtækjanna í landinu, það sé það sem gildir. En þá er líka eins gott að menn fylgi því eftir og sjái til þess að hún sé jöfn. Og hún verður aldrei jöfn nema lífæðir byggðanna séu í lagi. Ef við kíkjum á landið, þá sjáum við að það eru útkjálkarnir sem hafa verið skildir eftir.

Snæfellsnesið býr við lélegt vegakerfi. Vestfirðirnir búa við lélegt vegakerfi. Svo geta menn keyrt nokkuð hratt í gegnum Norðurlandskjördæmi vestra. Í það minnsta eru menn sektaðir þar grimmt fyrir of hraðan akstur er okkur sagt. Það er helst ef fara á út á Siglufjörð sem kemur að því að hlutirnir eru ekki í lagi. Svo halda menn áfram í gegnum Norðurland eystra. Og þegar nálgast endamörk þess kjördæmis og þú kemur á það sem mætti kalla jaðarsvæði, þá versnar aftur. Það er vitað að er mjög mikið atriði að vegtenging á milli Norðurlands og Austurlands sé í góðu standi. Á Austfjörðum er ástandið ekki betra en á Vestfjörðum. Það er mjög svipað.

Hvað skyldi þetta segja okkur? Jú, þetta segir okkur að sú atvinnugrein sem mest hefur verið sótt á landsbyggðinni, ferðaþjónustan, á undir högg að sækja vegna þess hvað vegakerfið er lélegt. Í bændagistingu er aðalástæðan fyrir því að menn afpanta það að dvelja hér á landi að þeim ofbýður verð á bílaleigubílum. Og hver skyldi ástæðan vera? Miklu meiri skemmdarhætta á slíkum bílum á Íslandi en í nokkru öðru landi Evrópu. Það er hægt að bera íslenskt samfélag saman við önnur lönd í kringum okkur og við komumst að því að á flestum sviðum stöndum við vel nema þegar kemur að þessum þætti samgöngumála. Þetta er ekki árás á hæstv. samgrh. sem nú situr. Þetta er ekki spurning um hvort þetta eigi að leysa eða hafi átt að leysa á seinustu árum með einhverri leiftursókn. Slíkt er ekki hægt. En hitt er svo annað mál, og á því verða menn að átta sig, að ríkisstjórnarstefna í þessum málaflokki hlýtur að verða að taka tillit til þeirra staðreynda að ef menn segja: Engar sértækar aðgerðir, þá verða menn líka að segja: Við viljum jafnræði um land allt í þessum efnum. Það fer saman. Það þýðir ekki að standa þannig að málum að segja að það sé allt í lagi að það verði einhvern tíma á næstu öld sem hlutirnir verði leystir.

Ég geri mér grein fyrir því að það kostar mikla peninga að klára íslenskt vegakerfi og engum stjórnmálaflokki verður kennt um það einum og sér hvernig það ástand er og engum ráðherra samgöngumála sé það sett þannig upp. Það er hvorki heiðarlegt né á rökum reist. En ég vil undirstrika að það væri þá sennilega í fyrsta skipti í sögunni sem stjórnendur í einhverju landi teldu ríki sitt of stórt, teldu að það væri mesta hagsmunamálið að minnka sitt ríki. Rómverjar lögðu undir sig mörg lönd og þó að ég ætli ekki að hæla þeim fyrir stjórnvisku að öllu leyti, þá er það athyglisvert að vegi lögðu þeir um þau lönd sem þeir lögðu undir sig vegna þess að þetta ríki á sínum tíma leit aldrei svo á að það væri orðið of stórt. Það leit aldrei svo á að betra væri að hafa smærra ríki.

Hér heyrast stundum þær raddir að Ísland sé svo stórt að miðað við mannfjölda sé ekkert vit í að byggja það allt, það sé hreint ekkert vit í því. Ég verð að segja eins og er að ég vil gjarnan fá þessar raddir hreint fram og menn lýsi því þá yfir hvaða landsvæði það eru sem þeir telja að borgi sig ekki að byggja því það er svo að bak við gaddavírsgirðingar býr þó nokkuð stór hópur manna á þessari jörð vegna þess að þeir eru í flóttamannabúðum og eiga hvergi rétt til lands á jarðarkringlunni. Það hlýtur að vera spurning hvort ekki sé eðlilegt að segja þá við þennan hóp: Við Íslendingar höfum komist að því að það eru stór svæði sem við teljum að við höfum enga þörf fyrir og teljum ekki rétt að byggja og bjóða þeim byggð þar. Hætt er við að það kæmi á marga ef slíkt tilboð færi af stað og þeir mundu þá segja: Nei, við viljum eiga þetta fyrir okkur sjálf. Við viljum nota þetta seinna. Það getur vel verið að hér fjölgi.

Eitt af því sem við horfum upp á í dag er að eignir einstaklinga vítt og breitt um landið, þó að þær séu í sama gæðaflokki til þess að búa í þeim, eru á mjög misjöfnu verði. Þetta hefur verið svo um nokkurra ára skeið. (**Samgrh.:** Og ævinlega.) Hæstv. samgrh. segir að þetta sé eðlilegt. (**Samgrh.:** Ég sagði „og ævinlega“.) Og ævinlega, sagði hæstv. ráðherra.

Það er margt merkilegt í sögu þessarar þjóðar. Þegar hafin var uppbygging á Bíldudal voru fiskreitirnir í Flatey veðsettir. Og þegar Milljónafélagið hóf sín umsvif hér syðra var veðsett vestra á Bíldudal og á Patreksfirði. Það þættu nokkur tíðindi í dag ef bankakerfið liti svo á að á þessum stöðum væri tryggustu veðin að hafa til þess að hefja atvinnurekstur hér á þessu svæði.

Brottflutningur frá ákveðnum svæðum hefur staðið lengi. Frá Vestfjörðum hefur hann staðið hér um bil frá aldamótum og það er margt samverkandi þátta sem kemur þar inn í. En mér finnst það kannski kaldhæðni örlaganna ef það á að verða svo að þeir sem hafa byggt hús sín við þær aðstæður að þar sé snjóflóðahætta eða að gera megi ráð fyrir því að eldgos grandi þeim, þá séu þeir betur staðir efnahagslega en hinir sem hafa byggt við aðrar aðstæður.

Einn af fyrrv. þingmönnum Vestfjarða, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, ræddi það stundum að það þyrfti að vera ákveðin ábyrgð á íbúðarhúsnæði hvar sem væri á Íslandi og vildi með því skapa jafnræði á milli þeirra sem hefðu byggt

og ættu íbúðir í félagslega kerfinu og þeirra sem ættu íbúðir sem ekki hefðu verið byggðir eftir því kerfi. Ég held að það hljóti að verða vaxandi umræðuefni ef ekki fæst vitræn niðurstaða í það að vinna svo hratt að þeirri framþróun sem þarf að verða á þessum svæðum að jafnræði skapist aftur á milli atvinnumöguleika út frá því að það þjónustukerfi sem ríkið byggir upp, m.a. vegirnir, sé sambærilegt á hinum ýmsu svæðum.

Þessi vegáætlun er aðeins til tveggja ára og ég vil ekki vera jafnsannfærður um það og sagt hefur verið af sumum að þetta þýði að menn ætli svo að setjast niður við að semja marklausa vegáætlun að því liðnu. Ég vona að það verði ekki og ég vona líka að þeir sem sitja á Alþingi Íslendinga eftir næstu alþingiskosningar hafi til að bera þá víðsýni að þeir geri sér grein fyrir því að það eru líka mannréttindi að geta ferðast um þetta land þó þeir búi í þéttbýlinu. Og andstætt við suma taldi ég það ekki athugavert hjá forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, að vekja á því athygli að það mundi auðvelda Íslendingum að njóta landsins og njóta ýmissa staða ef þjóðin sameinaðist um að efla og bæta vegakerfið.

Það er nú einu sinni svo að menn hljóta að mega hafa skoðanir og málfrelsi í landinu, (**Samgrh.:** Og skipta um skoðun.) hvaða embætti sem þeir gegna. Rétturinn til að skipta um skoðun er viðurkenndur jafnt hjá ráðherrum sem öðrum og hafi þeir haft slæma skoðun er það ávallt til bóta að þeir skipti um skoðun.

Ég ætla ekki að þreyta þingheim með langri tölu um þessi mál. En hitt vil ég hafa sem mín lokaorð. Vegirnir eru byggðunum það sama og æðakerfi mannslíkamans. Ef þetta er ekki í lagi, þá er ekkert í lagi sem við þurfum að notast við í dag til þess að skapa fyrirtækjum jafnræði í möguleikum í sínum atvinnurekstri. Við erum búnir að leggja niður Skipaútgerð ríkisins. Ég taldi það eðlilega ákvörðun á sínum tíma, en við tókum aftur á móti þá ákvörðun að setja flóabátana inn undir vegamálin og setja kostnað af þeim sem kostnað af vegakerfinu. Ég greiddi atkvæði gegn því og er enn þeirrar skoðunar að það eigi ekkert skylt við vegi. Þeir peningar sem fara til veganna koma af tekjum af umferðinni í landinu og var eðlilegt að sá þáttur sem færi í fjármögnun flóabáta yrði borgaður af almannafé sem stuðningsaðgerð við þau svæði þar sem ekki væri hægt að komast akandi. Mér er ljóst að þetta var fyrst og fremst gert til þess að hægt væri að sýna fram á að í reynd væri minna skorið niður í vegamálum. Það var ekki til að mæta um betur hvað minn stuðning við þetta mál varðaði.

Hæstv. samgrh. hefur þó nokkuð mikið skap og ég vona að sú orka beinist til þess á næstu tveimur árum að samráðherrum hans verði ljóst að betra sé að hafa hann í sæmilegu skapi þegar menn snúa sér að því verkefni að semja nýja vegáætlun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flugmálaáætlun 1997, síðari umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055.

[00:41]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 1054 um till. til þál. um breytingu á flugmálaáætlun árin 1996–1999 vegna ársins 1997, ásamt brtt. á þskj. 1055.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þorgeir Pálsson flugmálastjóra og Jóhann H. Jónsson. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Þær eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að markaðar tekjur af flugvallagjaldi hækki sem nemur 14 millj. kr. árið 1997, þ.e. úr 483 millj. kr. í 497 millj. kr. Eðlilegt er að gera ráð fyrir slíkri hækkun með hliðsjón af aukinni flugumferð sem orðið hefur á þessu ári.

2. Þá er lagt til að 9 millj. kr. verði veittar til viðbótar vegna slitlagsyfirlags á Akureyrarflugvelli, þ.e. í stað 35 millj. kr. verði gert ráð fyrir 44 millj. kr. til þeirra framkvæmda. Því verður gert ráð fyrir 91 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Bundið slitlag, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 82 millj. kr. Heildarfjárhæð framkvæmda við Akureyrarflugvöll árið 1997 nemur þá 71 millj. kr.

3. Þá er lögð til sú breyting að veittar verði 10 millj. kr. til viðbótar til flugstöðvarinnar á Ísafirði, þ.e. í stað 15 millj. kr. verði gert ráð fyrir 25 millj. kr. til framkvæmda við flugstöðina. Því verður miðað við 50 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Byggingar, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 40 millj. kr. Heildarfjárhæð framkvæmda við Ísafjarðarflugvöll árið 1997 nemur þá 31 millj. kr.

4. Þá er lögð til sú breyting að 10 millj. kr. verði lagðar í endurnýjun á ljósabúnaði á Hornafjarðarflugvelli. Þannig verður gert ráð fyrir 12 millj. kr. á árinu 1997 til liðarins Aðflugs- og ljósabúnaður, undir liðnum 2.2 Áætlunarflugvellir I, í stað 2 millj. kr. Heildarfjárhæð vegna framkvæmda við Hornafjarðarflugvöll nemur þá 30 millj. kr. árið 1997.

5. Lagt er til að 5 millj. kr. verði veittar til viðbótar vegna byggingar farþegaskýlis á Þórshöfn.

6. Með hliðsjón af framangreindum breytingum er lagt til að óskipt fjárhæð, undir lið 2.7 Til leiðréttinga og brýnna verkefna, lækki og verði 18 millj. kr. í stað 38 millj. kr. eins og var í upphaflegu þskj.

7. Loks eru lagðar til allnokkrar breytingar á flokkun flugvalla eins og gerð er grein fyrir í brtt.

Þá vill nefndin leggja áherslu á að miklar breytingar eru nú að verða á innanlandsflugi með aukinni samkeppni sem verður innleidd um mitt þetta ár. Því er óhjákvæmilegt að hafa það sérstaklega til hliðsjónar við reglulega aðalendurskoðun flugmálaáætlunar á næsta ári. Þessar breytingar geta meðal annars haft í för með sér aukna þörf á lengingu flugbrauta, svo sem eins og á Vopnafirði, og einnig enduruppbyggingu flugstöðva, t.d. í Vestmannaeyjum, eins og hafist verður handa við á Ísafirði á þessu ári.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen og Kristján Pálsson og með fyrirvara hv. þm. Guðmundur Árni Stefánsson, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ragnar Arnalds.

[00:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli flm. nefndarálits samgn. skrifuðum við jafnaðarmenn undir nefndarálitið með

fyrirvara. Þó nokkur niðurskurður er á þessari flugáætlun miðað við gildandi flugáætlun fyrir árið 1997 og lendir nánast allur sá niðurskurður á Reykjavíkurflugvelli. Það getum við ekki sætt okkur við. Reyndar þýðir lítið að fást um það því það var samþykkt hér við fjárlagagerðina að niðurskurðurinn lenti þar. Rökin fyrir því hafa verið þau að menn hafa ekki verið tilbúnir undir það verk sem þarf að takast á hendur á Reykjavíkurflugvelli.

Það hefur mikið verið rætt um ástandið á vellinum og eins og ég hef oft nefnt var gert ráð fyrir því að í framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli færu 127 millj. samkvæmt gildandi flugáætlun. Menn vita hvernig ástandið á vellinum er. Það hafa verið höfð uppi varnaðarorð um það og í vetur kom það fram hjá fleiri en einum fagaðila að þar gæti verið um hættuástand að ræða við vissar aðstæður.

Ég vil einnig minna á ályktun Flugráðs frá því í nóvember en þar var réttilega bent á að þó að ýmis verkefni séu brýn á flugvöllum á landsbyggðinni, þá sé brýnasta verkefnið að endurnýja flugbrautirnar á Reykjavíkurflugvelli. Flugráð varaði við því að fresta framkvæmdum eins og gert hefur verið nú með því að skera niður 90 millj. vegna framkvæmda á Reykjavíkurflugvelli. Þessi dráttur á framkvæmdum er auðvitað óþolandi. Reyndar hafa menn lofað því að fara strax í framkvæmdir á næsta ári og undirbúningur er á þessu ári. Samkvæmt þeirri áætlun sem við erum að afgreiða hér er gert ráð fyrir 37 millj. til undirbúningsvinnu við verkefnið. En ég ítreka það að ég tel gjörsamlega óviðunandi að þessi dráttur verði á framkvæmdum og niðurskurðurinn skuli lenda allur í Reykjavík.

Það er annað sem við gerum einnig athugasemd við og það er að 60 millj. skuli vera ráðstafað til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Það gengur í raun þvert á lög um flugmálaáætlun frá 1987. Þar er ekki gert ráð fyrir því að fjármagn flugmálaáætlunar fari til annars en framkvæmda í flugmálum, svo og snjómokstursviðhald flugvalla, tækja o.s.frv. Reyndar var gerð breyting á þessu með svokölluðum bandormi, frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, þar sem þessu ákvæði var breytt og heimilað að tekjur af flugvallagjaldi mætti nota, ekki aðeins til framkvæmda í flugmálum heldur einnig til rekstrar. Við mótmæltum þessu. Við gætum ekki sætt okkur við þessa ráðstöfun og viljum að það komi hér fram. Einnig er það óviðunandi hvernig skorið er niður til flugmála eins og gert er við þessa áætlun. Ef menn eru á annað borð að gera áætlanir eins og þessa, þá á náttúrlega að gera kröfu til þess að staðið sé við hana.

Ég hef hér gert grein fyrir fyrirvara okkar jafnaðarmanna, en að öðru leyti stöndum við að nefndarálitinu sem hv. formaður samgn. mælti fyrir áðan. Í niðurlagi þess nefndarálits er talað um að nefndin leggi áherslu á að miklar breytingar eru að verða í innanlandsflugi með aukinni samkeppni og bent er á að óhjákvæmilegt sé að hafa það sérstaklega til hliðsjónar við reglulega aðalendurskoðun flugmálaáætlunar á næsta ári.

Þar er einnig bent á að þær breytingar geti haft í för með sér aukna þörf á lengingu flugbrauta, eins og t.d. í Vopnafirði, og einnig enduruppbyggingu flugstöðva, eins og t.d. í Vestmannaeyjum og víðar. En ég vil taka fram að það þarf ekki síður að taka á málum á Reykjavíkurflugvelli. Hann er langfjölfarnasti innanlandsflugvöllur okkar og fer meiri hluti alls innanlandsflugs um þann völl og þar með þeir farþegar sem notfæra sér innanlandsflug. Það þarf ekki síður að vera með þokkalegt ástand þar, hvað þá að að taka þurfi á flugstöðvarmálunum. Hér er náttúrlega ákaflega lélegur húsakostur sem við búum við, gamalt hús, og þyrfti að byggja nýja flugstöð.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um flugmálaáætlunina að sinni en hef hér með gert grein fyrir fyrirvara okkar í þessu máli.

[00:51]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel eingöngu nauðsynlegt að árétta það að í gildandi flugmálaáætlun er gert ráð fyrir því að langstærsta verkefnið í uppbyggingu flugvalla innan lands á næstu árum verði enduruppbygging Reykjavíkurflugvallar. Í þeirri endurskoðun sem fer fram á þessu ári er líka gert ráð fyrir því að áfram verði varið fjármagni til þess og hæstv. samgrh. hefur skipað nefnd sem er núna að leggja mat á með hvaða hætti verði skynsamlegast og best að standa að uppbyggingu flugvallarins í Reykjavík. Áformin í þá veru hafa því alls ekki breyst nema síður sé.

Í öðru lagi hitt sem snýr að því að 60 millj. fara á þessu ári til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar þá er nauðsynlegt að vekja athygli á því og minna á að við afgreiðslu fjárlaga núna í haust var gengið þannig frá því máli að þar var eingöngu um að ræða greiðslu á þessu ári, 1997, úr flugmálaáætlun til tiltekinna skilgreindra verkefna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það var ekki um að ræða almennan fjármagnstilflutning frá flugmálaáætlun til rekstrar eða niðurgreiðslu af lánum Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Það var eingöngu verið að tala um að nýta þessa peninga til tiltekinna framkvæmda, þ.e. við fjölgun innritunarborða og einhverra slíkra verkefna sem skilgreind voru sérstaklega. Það er því mjög mikilvægt að þetta sé haft í huga þegar þessi ákvörðun er rædd.

[00:52]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hafi komið skýrt fram í máli mínu að áætlunin er sú að taka til óspilltra málanna við enduruppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli á næstu árum, en það hefur engu að síður orðið dráttur á þeim framkvæmdum. Í gildandi áætlun var gert ráð fyrir að farið yrði í þetta verk á þessu ári og átti að leggja til þess 127 millj. Það er skorið niður í 37 millj. kr. Það er staðreyndin í málinu. En vissulega verður að taka til hendinni við það verk. Það þekkja allir hvernig ástandið er á Reykjavíkurflugvelli og þarf auðvitað að fara að drífa í að bæta það því þar er hættuástand við vissar aðstæður eins og menn hafa bent á.

Varðandi Leifsstöð þá held ég að ég hafi gert grein fyrir því og það kom reyndar fram staðfesting á máli mínu hjá formanni samgn., hv. þm. Einari Guðfinnssyni, að það er verið að taka 60 millj. af því fjármagni sem ætlað er til flugmálaáætlunar til rekstrar í Leifsstöð. Það er engum blöðum um það að fletta og við erum ekki sátt við það því að það stangast á við þau lög sem gilda um flugmálaáætlun frá 1987 sem reyndar var breytt með bandormi. Ég ætla að vona að ekki verði áframhald á því og það verði aðeins þetta ár sem svo verður. En auðvitað ber okkur að fara eftir þeim lögum sem sett hafa verið um flugmálaáætlun í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnaáætlun 1997–2000, síðari umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178.

[00:55]

Frsm. samgn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1177 um till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árin 1997–2000 ásamt brtt. á þskj. 1178.

Ég tel í upphafi máls míns, virðulegi forseti, ástæðu til þess að fara nokkrum orðum almennt um hafnaáætlunina og þær forsendur sem þar liggja að baki vegna þess að nú er vonandi að renna upp sú sögulega stund að okkur er að takast, væntanlega í fyrsta sinn, þinginu, að afgreiða frá okkur hafnaáætlun í fullgerðri mynd. Oft hefur verið lagt fyrir þingið till. til þál. um hafnaáætlun en því miður hefur þingið ekki borið gæfu til þess enn þá að afgreiða slíka hafnaáætlun frá sér, jafnbagalegt og það er fyrir alla aðila. Maður hefur orðið mjög var við það í umræðu við til að mynda sveitarstjórnarmenn að þeir telja mjög miður að geta ekki stuðst við hafnaáætlun, framkvæmdaáætlun í hafnamálum, til einhvers tíma sem gagn væri að.

Ég hlýt líka að vekja athygli á því að Ríkisendurskoðun fann mjög alvarlega að því að ekki væri í gildi hafnaáætlun sem menn gætu stuðst við við uppbyggingu hafna í landinu og hafði uppi mjög alvarlegar athugasemdir við ýmislegt í framkvæmd þessara mála. Allt þetta gerir það auðvitað að verkum að það er mjög mikilvægt að þinginu auðnist núna að ljúka þessu máli farsællega, eins og allt bendir til á þessari stundu, til þess að við getum haft til að styðjast við skynsamlega og raunhæfa framkvæmdaáætlun sem tekur til framkvæmda í höfnum næstu fjögur árin. Og í annan stað að hægt sé að vinna þetta þannig að Alþingi marki með hvaða hætti fjárveitingum sé varið til einstakra hafna og hvernig hægt verði að vinna úr því.

Af þessum ástæðum og á þessum tímamótum er þess vegna nauðsynlegt, eins og ég sagði áðan, að fara nokkrum orðum um sjálfa áætlunina og forsendur hennar og þau álitamál sem upp hafa komið í hv. samgn. og lúta að því hvernig farið verður með málið í framkvæmdinni. Það er þannig að mjög mörg mál munu koma upp á gildistíma hafnaáætlunarinnar sem við þurfum að velta fyrir okkur.

Samkvæmt 24. gr. hafnalaga, nr. 23/1994, með síðari breytingum, skal Siglingastofnun Íslands gera sérstaka fjögurra ára áætlun um hafnarframkvæmdir á tveggja ára fresti. Við áætlunargerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild og ber Siglingastofnun við áætlunargerðina að hafa samráð og samstarf við viðkomandi hafnarstjórn, Hafnasamband sveitarfélaga og hafnaráð. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar í formi þingsályktunartillögu.

Hafnaáætlun, sem verk- og kostnaðaráætlun samþykktri af Alþingi, verður ekki hrint í framkvæmd nema fyrir liggi nauðsynlegar greiðsluheimildir í fjárlögum. Hafnaáætlun hefur aldrei verið samþykkt með þeim hætti sem hafnalög gera ráð fyrir. Skuldbindingar ríkisins vegna hafnarframkvæmda námu um síðustu áramót 728,3 millj. kr. Frammi fyrir þessum vanda stendur fjárveitingavaldið nú, hvort sem manni líkar betur eða verr. Það eru þessar miklu skuldbindingar sem við höfum fyrir framan okkur sem við verðum að reyna að vinna á og er markmið þessarar hafnaáætlunar að gera það á næstu fjórum árum. Því taldi nefndin nauðsynlegt að fjalla ítarlega um stöðu og framkvæmd áætlunarinnar. Vegna aðstæðna er sífellt koma upp er ljóst að óhjákvæmilegt mun reynast að gera breytingu á hafnaáætlun á gildistíma hennar. Mikilvægt er því að fyrir liggi við samþykkt hafnaáætlunar um hvernig afgreiða beri slík frávik.

Það eru nokkur atriði sem samgn. Alþingis ræddi sérstaklega og komu upp í starfi nefndarinnar. Við leituðum m.a. álits Ríkisendurskoðunar í þeim efnum. Þó að sjálfsögðu beri hv. samgn. fulla og óskoraða ábyrgð á þeim texta sem hér getur að líta, þá hefur mjög víða verið leitað fanga og upplýsinga hjá sérfræðingum sem nefndin kaus að kalla til ráðgjafar við þetta mál.

Í fyrsta lagi velti nefndin fyrir sér hvernig fara bæri með beiðnir sem fela í sér breytingu á framkvæmdaröðun án þess að það raski fjárveitingu yfirstandandi árs. Nefndin taldi þá eðlilegt að slíkar beiðnir færu fyrir hafnaráð, sem starfar samkvæmt lögum um Siglingastofnun Íslands, og að höfðu samráði við samgn. Alþingis.

Í öðru lagi velti nefndin upp hvernig bregðast bæri við þegar slíkar aðstæður kæmu upp að nauðsynlegt reynist að ráðast í framkvæmdir fyrr en hafnaáætlun gerir ráð fyrir og taldi þá að leggja bæri áherslu á að sveitarfélag getur ekki tekið ákvarðanir þar að lútandi sem skuldbinda ríkissjóð. Samkvæmt hafnalögum er hafnarstjórn óheimilt að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, en sveitarfélög eru framkvæmdaraðili í hafnamálum eins og flestir vita og nauðsynlegt er hins vegar að árétta. Semji sveitarfélag um að flýta eða ljúka framkvæmdum og annast fjármögnun á hlut ríkisins fyrr en hafnaáætlun gerir ráð fyrir leggur nefndin til að slíkt komi til umsagnar samgöngunefndar Alþingis áður en heimild er veitt skv. 20. gr. hafnalaga. Engu að síður er áhættan af síðbúnu samþykki Alþingis á fjárframlagi til verksins sveitarfélagsins. Þetta er mjög mikilvægt að menn hafi í huga. Í þessu efni þarf að huga að lögum um opinberar framkvæmdir auk hafnalaga en þar er m.a. að finna áskilnað um að fé til framkvæmda af þessu tagi skuli tryggt áður en hafist er handa.

Varðandi þá spurningu hvort samgönguráðuneyti og Siglingastofnun sé heimilt að leyfa sveitarfélagi að hefja framkvæmd sem ekki er inni á samþykktri hafnaáætlun verður að telja slíkt óeðlilegt í ljósi hugsunarinnar að baki hafnaáætlunar og í raun hafnalaga. Alþingi gegnir lykilhlutverki í þessu efni og ef framkvæmd er hvorki á hafnaáætlun né á fjárlögum getur hvorki samgönguráðuneytið né Siglingastofnun tekið skuldbindandi ákvarðanir um þær fyrir ríkissjóð.

Í þessu sambandi hlýt ég þó að segja það að út af fyrir sig getur sveitarfélag sem stendur frammi fyrir óvæntum vanda af þessu taginu vitaskuld hafið framkvæmdir í sjálfu sér á eigin ábyrgð, ef skilyrðum hafnalaga að öðru leyti er fullnægt um tæknilegan undirbúning og þar fram eftir götum sem kveðið er á um í hafnalögunum sjálfum. Það gefur í sjálfu sér engan sjálfstæðan rétt á því að þessi framkvæmd fari inn á hafnaáætlun. Það verður að vera ákvörðun Alþingis hverju sinni hvort slík hafnarframkvæmd, eins og aðrar hafnarframkvæmdir sem sveitarfélög hyggjast ráðast í, fari inn á hafnaáætlun.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með breytingum sem lagðar eru til á sérstöku þingskjali. Breytingarnar taka mið af því að framlag ríkisins til hafnarframkvæmda verði hið sama og tillagan gerir ráð fyrir en um nokkrar tilfærslur verkefna er að ræða. Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við hafnarframkvæmdir í Snæfellsbæ árið 1997 hækki úr 14,9 millj. kr. í 21,4 millj. kr. vegna endurbyggingar á trébryggju í smábátahöfn í stað grjótgarðs á sama stað. Í stað flotbryggju á Rifi komi síðan flotbryggja í Ólafsvík.

2. Lagt er til að verkefni verði flutt á milli ára á Tálknafirði og í Súðavík.

3. Þá er lögð til tilfærsla verkefna á Hvammstanga og Skagaströnd.

4. Lagt til að bætt verði við liðnum Smábátaaðstaða innan Nausthamarsbryggju, grjóthleðsla og frágangur, undir liðnum Suðurland, Vestmannaeyjar.

5. Loks er lagt til að bætt verði inn liðnum Stálþil Háabakka; rammað þil og steyptur kantur (120 m), undir liðnum Reykjanes, Hafnarfjörður. Kostnaður við framkvæmdina er áætlaður 63,3 millj. kr. og er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka ríkissjóðs verði 30% eða 19 millj. kr.

Ég tel, virðulegi forseti, að nauðsynlegt hafi verið að fara aðeins yfir þetta verklag sem hér er verið að leggja til varðandi framkvæmd hafnaáætlunar. Ég held hins vegar að þegar fram í sækir muni þetta fyrst og fremst festast í sessi. Það verklag sem við erum hér að leggja til mun auðvitað þurfa endurskoðunar við þegar reynsla kemst á þetta. Við gerum okkur mætavel grein fyrir því. Þetta mun hins vegar smám saman vinna sér sess að mínu mati þannig að við hljótum að líta á hafnaáætlun nákvæmlega sömu augum og vegáætlun eða flugmálaáætlun og það sé Alþingi sem reglubundið endurskoði þessa framkvæmdaáætlun eins og aðrar framkvæmdaáætlanir þannig að vald löggjafans yfir verki sínu sé fullkomlega tryggt eins og vera ber.

Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því að lokum, virðulegi forseti, að nefndin lagði mjög mikla vinnu í þetta verkefni sem ég hef hér verið að gera grein fyrir. Niðurstaða hv. samgn. varð samhljóða niðurstaða, bæði um hvernig skipa skuli einstökum framkvæmdaliðum og enn fremur hvernig þetta verklag skuli vera núna í upphafi þegar við erum í fyrsta skipti á þessari sögulegu stundu að samþykkja á Alþingi framkvæmdaáætlun í hafnamálum.

Undir nefndarálitið skrifa auk formanns og frsm. hv. þm. Magnús Stefánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen, Stefán Guðmundsson, Kristján Pálsson, Guðmundur Árni Stefánsson, Ragnar Arnalds og Ásta R. Jóhannesdóttir.

[01:04]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Nokkur orð um hafnaáætlun sem hér á að samþykkja í fyrsta skipti. Það verður að segjast eins og er að það kom mér á óvart að hafnaáætlun hefði ekki verið samþykkt á þingi áður. Það fannst mér alveg með ólíkindum og ég fagna því að betri vinnubrögð skuli hafa verið tekin upp í þeim efnum.

Það var einnig mjög fróðlegt að fara í gegnum þá vinnu sem nefndin fór í með fulltrúum t.d. frá Ríkisendurskoðun um það hvernig skyldi staðið að hafnaáætlun en hv. formaður samgn. hefur útskýrt hana í nál. sínu.

Ég vil aðeins geta þess vegna þeirrar upptalningar sem er í lok nál. að ein stærsta höfnin á landinu, Reykjavíkurhöfn, hefur ekki fengið neinar úthlutanir frá hinu opinbera á hafnaáætlun og það er vegna þess að hún þarf það ekki. Hún stendur undir sér, en mig langar til að minnast á eitt atriði sem snýr að Reykjavíkurhöfn og það er samkeppnisstaða Reykjavíkurhafnar gagnvart öðrum höfnum á norðurslóðum gagnvart komu skemmtiferðaskipa.

Eins og menn þekkja hafa ferðir skemmtiferðaskipa verið að aukast mjög hingað til lands og Reykjavíkurhöfn á í samkeppni við hafnir á Norðurlöndum, en vegna opinberra gjalda á skip hér á landi hefur Reykjavíkurhöfn átt í erfiðleikum með að keppa við þær hafnir sem eru helstu skemmtiferðaskipahafnirnar t.d. í Noregi og Danmörku. Ef bornar eru saman tölur eru hafnagjöldin í Reykjavík lág miðað við þá staði sem ég nefndi. Ef Björgvin í Noregi og Árósar í Danmörku eru teknar sem dæmi þá er Reykjavík með aðeins hærri hafnagjöld en Björgvin, en fjórum sinnum lægri en í Árósum. Skyldubjónustan í Höfn er einnig frekar lág. Hún er u.þ.b. þrisvar sinnum lægri en í Björgvin og aðeins hærri en í Árósum. Reykjavíkurhöfn kemur því vel út í samanburði á þeim liðum er varða skemmtiferðaskipin, en þegar opinberu gjöldin koma þá eru þau, því miður, miklu hærri á skip hér á landi en í þeim höfnum sem ég nefndi. Við þurfum að huga að þessu. Við erum að reyna að fá hingað til lands æ fleiri ferðamenn og við þurfum að gera þessum höfnum sem vilja keppa um að fá hingað skemmtiferðaskip til landsins það mögulegt að keppa við hafnir í nágrannalöndunum og á Norðurlöndunum þannig að skemmtiferðaskipin komi hingað frekar. Ég vildi nefna þetta vegna þess að þetta kom ekki til umræðu við 2. umr. málsins. Ég er ekki að gera neinar athugasemdir við það að Reykjavíkurhöfn fái ekki framlag af opinberu fé, en að þessu tel ég að menn verði að huga í framtíðinni.

[01:09]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil árétta það að ég er þeirrar skoðunar að bráðnauðsynlegt sé að yfirstandandi þing nái að afgreiða þá hafnaáætlun sem fyrir liggur. Það hefur ekki verið vansalaust að undanfarin ár hafi ekki tekist að afgreiða hafnaáætlun sem fyrir þinginu hefur legið. Það hefur komið fyrir nokkrum sinnum að lögð hefur verið fram áætlun, líklega tvisvar sinnum, án þess að Alþingi afgreiddi hana.

Það hefur verið mjög bagalegt bæði fyrir þingið sjálft og hafnirnar sem í hlut eiga, auk þess að hafa aðrar slæmar afleiðingar í för með sér, svo sem fullkomlega óljósa stöðu framkvæmda eða röð þeirra á næstu árum og hvort þingið muni samþykkja þær hverju sinni. En þetta hefur verið þannig hjá okkur að árlega hefur verið gengið frá framlögum til hafna í gegnum afgreiðslu á fjárlögum hverju sinni og sú afgreiðsla hefur aðeins tekið til hvers yfirstandandi árs og hefur því ekki getað gefið vísbendingar eða samþykki um afstöðu þingsins til framkvæmda 3–4 ár fram í tímann eins og nauðsynlegt er í þessum málaflokki sem og í öðrum samgöngumálaflokkum t.d. vegamálum og flugmálum.

Það hefur líka leitt af sér að hæstv. samgrh. hefur haft um margt mjög frjálsar hendur við að afgreiða erindi þeirra sem hafa snúið sér þá til ráðherra í stað þingsins, þar sem ekki hefur legið fyrir hafnaáætlun. Ráðherra hefur þurft að glíma við að afgreiða þau erindi en einnig haft nokkuð frjálsar hendur um það og hefur getað skuldbundið ríkissjóð með einföldum yfirlýsingum sínum eða samþykkt sem auðvitað er afar óeðlilegt að löggjafarvaldið skuli ganga svo losaralega frá málum að framkvæmdarvaldið geti í raun ráðstafað framtíðarfjárveitingum þingsins með þessu móti. Það er mikill fengur að því að fá hafnaáætlun samþykkta, m.a. vegna þess að þá hefur þingið lagt línurnar, ákvarðað þær framkvæmdir sem eiga að njóta ríkisstyrks, ákvarðað hlut ríkissjóðs í

hverri framkvæmd og raðað þeim niður á tíma eftir árum og þar með bundið framkvæmdarvaldið við þessa áætlun. Þar með er væntanlega úr sögunni sá möguleiki samgrh. að skuldbinda ríkissjóð, eins og dæmi er um að hafi verið gert á undanförnum árum og nægir að nefna til nokkuð harða gagnrýni frá Ríkisendurskoðun í skýrslu sinni um þennan málaflokk sem út kom á þessum þingvetri.

Ég vil segja, herra forseti, almennt um þessi mál að ég tel að full nauðsyn sé á því að endurskoða það fyrirkomulag sem við höfum búið við, þ.e. að styrkja framkvæmdir í einstökum höfnum. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé sjálfgefið að það sé besta fyrirkomulag sem við búum við í dag, að ríkissjóður styrki hafnir um 500–600 millj. kr. á ári og dreifi því eins og nú er gert. Ég er reyndar á þeirri skoðun að menn ættu að freista þess að breyta hlutafjárskiptingunni þannig að Alþingi færi ekki lengur með þetta hlutverk, heldur væri því fyrir komið heima í héraði hverju sinni og þar væri mönnum útvegaðir tekjustofnar af almennum skatttekjum ríkissjóðs, hvort heldur er með beinum greiðslum sem hlutfall af tilteknum skattstofnum eða þá að flytja tiltekna skattstofna út í héruð þannig að tekjur af þeim rynnu beint til þeirra sem eiga síðan að sjá um að byggja hafnirnar og standa undir kostnaði við það.

Mér er ljóst að ekki er auðvelt að finna útfærslu á þessu svo að vel megi vera nema menn telji mögulegt að taka þessar tilfærslur og flytja þær beint yfir á hvert og eitt sveitarfélag. Ég er ekki bjartsýnn á að það sé góð lausn. Ég horfi frekar á málin í stærra samhengi þannig að stærri einingar þyrfti, alla vega ekki minni en núverandi kjördæmi.

Þá held ég að endurskoða þurfi líka tekjustofna einstakra hafna eins og þær eru núna. Það eru allt of margar hafnir sem eiga í erfiðleikum með að standa undir nauðsynlegum útgjöldum, bæði rekstri og viðhaldi mannvirkja í höfnum og síðan nauðsynlegri uppbyggingu sem ævinlega fellur til vegna þróunar sem er í þessum málaflokki. Það falla því alltaf til ný verkefni. Það þarf að dýpka hafnir, lengja stálþil o.s.frv. Miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum sem hafa haft það í för með sér að t.d. flokkunin milli hafna í fiskihafnir og farskipahafnir er mun gleggri en áður var og því mun minna um það að hafnir sem höfðu áður nokkuð drjúgar tekjur af útflutningi búa nær einvörðungu í dag við tekjur af fiskiskipum. Það hlýtur að leiða hugann að því að endurskoða þarf tekjustofnana í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa. Allmargar hafnir hafa í raun misst hluta af sínum tekjum með þeirri breytingu sem kemur í kjölfar þess að skipafélögin hætta að koma inn á allar þær hafnir sem áður var gert, heldur velja úr fáeinar hafnir og safna þar saman vörum til útflutnings og koma inn á kannski eina höfn í stað þriggja eða fjögurra áður á sama landsvæði. Af því leiðir að tekjurnar færast til, safnhöfnin fær allar tekjurnar af útflutningnum en hinar hafnirnar sem áður nutu tekna af útflutningi hver frá sinni höfn, missa þar spón úr aski sínum. Ég hygg að fara þurfi yfir þessi mál í ljósi breyttra tíma og jafnvel að huga að breytingum á tekjustofnunum sjálfum í heild sinni, a.m.k. þarf að huga að breytingum á því hvernig tekjum af útflutningi er dreift í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á undanförnum árum.

Þá vil ég einnig nefna að það er nokkurt ósamræmi á reglum um útdeilingu ríkisstyrksins til hafna sem felst í því að nokkrar hafnir eru dregnar frá og sagt að þær hafi það góðar tekjur af umferð að þær þurfi ekki ríkisstyrk til að standa undir sínum rekstri og framkvæmdum. Þar er fyrst og fremst um að ræða Reykjavíkurhöfn og hafnir í nágrenni hennar eins og Garðabæ og Hafnarfjörð að mestu leyti. (**Samgrh.:** Og Seltjarnarnes.) Og Seltjarnarnesi má bæta við líka. Ég er ekki að gagnrýna þetta fyrirkomulag því að auðvitað á ekki að færa til styrk úr ríkissjóði til hafna sem ekki þurfa á því að halda. Ríkisstyrkurinn er tilkominn af því talið er nauðsynlegt að bæta við tekjum til einstakra hafna vegna þess að þær geta ekki af eigin rammleik staðið undir nauðsynlegum framkvæmdum og rekstri. Vegna þess að þær hafnir, sem ég nefndi, standa vel af þeim tekjum sem þær hafa þá er ekki nauðsynlegt að verja til þeirra sérstöku fé úr ríkissjóði.

Sama viðhorf hlýtur auðvitað að rekja sig áfram yfir aðrar hafnir landsins og því er það ekki eðlilegt fyrirkomulag að hafa sams konar prósentu eða hlutfall þess kostnaðar sem ríkið greiðir óháð því hvernig hafnirnar standa. Sumar hafnir úti á landi standa alveg bærilega og hafa góðar tekjur. Þar eru góð náttúruleg skilyrði og kannski ekki mikill kostnaður við hafnargerð. Þær hafnir þurfa auðvitað minni ríkisstyrk til sinna framkvæmda en sumar aðrar. Og til þess að fullt samræmi sé í dreifingu á þessu ríkisfé, þá verður líka að taka tillit til fjárhagslegrar stöðu hafnanna úti á landi alveg eins og við gerum við höfuðborgarsvæðið. Ósamræmið er fólgið í því að þess hefur ekki gætt í tillögum og ákvörðunum um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs að tekið hafi verið mið af misjafnri stöðu hafnanna. Það er heldur ekki gert í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir. Ég ætla ekki að gera ágreining um það, enda hafa allir þingflokkar náð samkomulagi um þá tillögu sem nefndin afgreiðir frá sér, en ég minni á þetta viðhorf, að dreifa þurfi ríkisstyrkjunum til hafnanna í eðlilegu samræmi við fjárhagslega stöðu þeirra.

Sú ákvörðun að undanskilja þær hafnir sem standa mjög vel leiðir af sér að menn verða að halda áfram á sömu braut og taka mið af stöðu hafna úti á landi líka og ákvarða hlutfall ríkissjóðs í framkvæmdum þar í takt við fjárhagslega getu þeirra á hverjum stað. Það þýðir að um getur verið að ræða mismunandi styrkhlutfall eftir því hvernig staða hafnanna er. En það er ekki nema eðlilegur hlutur að svo sé gert.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa áætlun. Hún er í bærilegu samkomulagi gerð og er þannig afgreidd úr samgn. og ég stend á bak við þá afgreiðslu að sjálfsögðu.

[01:22]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði að afgreiðsla hafnaáætlunar skiptir mjög miklu máli og það eru í rauninni tímamót, eins og kom fram hjá hv. þm., ef þingið afgreiðir áætlunina og það er vel.

Ég vildi hins vegar nefna það út af því að þingmaðurinn fór nokkrum orðum um að það þyrfti e.t.v. að breyta skiptireglum, þ.e. breyta þátttöku ríkisins í hafnargerð. Það má vel vera. En staðan hefur breyst mjög mikið hvað þetta varðar á undanförnum árum. Ég held að það hljóti að koma að því að hafnirnar á höfuðborgarsvæðinu verði allar settar undir sama hattinn og Reykjavíkurhöfn, þ.e. að það verði enginn ríkisstyrkur til þessara hafna sem hafa svo feiknalega mikla umferð og miklar tekjur eins og raun ber vitni.

Flutningar hafa verið að aukast mjög mikið um landveg, þ.e. skipafélögin hafa valið þann kost að nota vegina, svo burðugir sem þeir eru nú víða, til flutninga hingað, sérstaklega um Hafnarfjarðarhöfn og Reykjavíkurhöfn. Ég vildi nefna þetta vegna þess sem hv. þm. sagði að ég hefði talið að líta þyrfti til þessara miklu tekna sem koma til hafnanna

þegar menn eru síðan að gera kröfur um uppbyggingu vegamannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Það er nauðsynlegt að líta til þess hversu tekjurnar eru feiknalega miklar sem hafnir í Reykjavík og Hafnarfirði fá vegna afurðaflutninga hingað til þessa svæðis.

Þetta vildi ég nefna, hæstv. forseti, vegna þessara hugleiðinga sem hv. þm. hafði hér uppi.

[01:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tek undir hugmyndir hv. þm. Sturlu Böðvarssonar. Það er auðvitað eðlilegt að horfa á þessar breytingar sem orðið hafa sem eru þá á þann veg að vara sem áður hefur verið skipað út frá tiltekinni höfn og skapað henni tekjur fer núna landleiðina suður og út um Reykjavíkurhöfn og skapar tekjur þar. Það verður auðvitað að horfa á þetta í samhengi hvernig dreifingin á tekjustofnunum er í höfnum landsins. Þetta er ein af þeim breytingum sem orðið hafa á undanförnum árum og hafa dregið úr tekjum hafna sums staðar á landinu og reyndar kannski mjög víða, en bætt stöðu hafna annars staðar. Öll þekkjum við þá þróun að valdar eru út ákveðnar safnhafnir eða útflutningshafnir. Það má kannski segja að í þeim höfnum hafi staðan batnað en í hinum höfnunum hefur staðan versnað og það sjáum við þegar við skoðum yfirlitið sem fylgir með þáltill. um tekjur og gjöld hafnanna sundurliðað eftir hverri höfn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi sjúklinga, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 492, nál. 1190, brtt. 1191 og 1310.

[01:28]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti heilbr.- og trn. um frv. til laga um réttindi sjúklinga sem hér liggur fyrir til umræðu. Frv. þetta var fyrst lagt fram á síðasta þingi, þ.e. 120. löggjafarþingi, og það hlaut ekki afgreiðslu þá. Um það voru mjög deildar meiningar. Frv. var harkalega gagnrýnt, bæði af ýmsum hagsmunasamtökum en ekki síður af stjórnarandstöðunni. Frv. var aftur lagt fyrir Alþingi á þessu þingi. Þá var það talsvert breytt. Þá var búið að taka tillit til margvíslegra ábendinga stjórnarandstöðu og hagsmunasamtaka þannig að brott eru fallin öll þau atriði sem menn settu helst hnýflana í á síðasta þingi.

Þetta frv. hefur að markmiði að tryggja sjúklingum ákveðin réttindi sem eru í samræmi við almenn mannréttindi og eins og segir í 1. gr. frv.: „mannhelgi". Við samningu þessa frv. hafa verið hafðar til hliðsjónar ýmsar erlendar reglur á þessu sviði. Þar má ekki síst nefna yfirlýsingu Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um réttindi sjúklinga sem var samþykkt vorið 1994. Þar var einnig horft til yfirlýsingar alþjóðafélags lækna, til finnskra laga sem voru höfð til hliðsjónar, en þau voru samþykkt árið 1992 og einnig segir í greinargerð að höfð hafi verið hliðsjón af nýlegu lagafrv. sem lagt var fyrir danska þingið um þetta efni.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um þetta mál á mörgum fundum og fengið á sinn fund Guðríði Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra og Elínu Norðmann, lögfræðing í heilbrigðisráðuneyti, Kristján Andra Stefánsson frá forsætisráðuneyti, sr. Sigfinn Þorleifsson, sjúkrahúsprest á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, læknana Tómas Zoëga, Sigurð Björnsson og Örn Bjarnason frá Læknafélagi Íslands og Sverri Bergmann formann þess, prófessor Þorgeir Örlygsson formann og Sigrúnu Jóhannesdóttur ritara frá tölvunefnd, Pálma Jónsson lækni, forstöðumann öldrunardeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur, Ólaf Ólafsson landlækni, Matthías Halldórsson aðstoðarlandlækni, Harald Briem yfirlækni, Helga Seljan, Ásgerði Ingimarsdóttur og Hauk Þóroddsson yfirlækni frá Öryrkjabandalaginu, Elínu Viðarsdóttur og Margréti Ragnarsdóttur frá Félagi hjartveikra barna, Helga Hjörvar nýkjörinn formann og Erlu Guðmundsdóttur frá Blindrafélagi Íslands, Kára Stefánsson frá Íslenskri erfðagreiningu, Jónas Hallgrímsson og Valgarð Egilsson frá Rannsóknastofu Háskólans, Sigurð Guðmundsson frá siðaráði landlæknis, Pétur Hauksson og Ingimund Sigurðsson frá Geðhjálp, Tómas Zoëga frá Geðverndarfélagi Íslands, Þorstein Ólafsson frá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Þórhildi Líndal, umboðsmann barna og Reyni Arngrímsson, sérfræðing í erfðasjúkdómum.

Þá bárust nefndinni fjölmargar skriflegar umsagnir sem óskað var eftir, m.a. frá tölvunefnd, spítalasamskiptanefnd Votta Jehóva, Blindrafélaginu, Samtökunum Lífsvog, Landssambandi aldraðra, Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjálfsbjörg, MS-félagi Íslands, Félagi nýrnasjúkra, Þroskahjálp, Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Landspítalanum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, Öryrkjabandalagi Íslands, Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði, Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, Læknafélagi Íslands, Sambandi íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga, Geðverndarfélagi Íslands, læknaráði Sjúkrahúss Reykjavíkur og Landspítala, forsætisráðuneyti, Sjúkrahúsi Reykjavíkur, Umhyggju, Félagi eldri borgara, siðaráði landlæknis, landlæknisembættinu, Lögmannafélagi Íslands, Geðlæknafélagi Íslands, umboðsmanni barna og Reyni Arngrímssyni, sérfræðingi í erfðasjúkdómum.

Frá því er skemmst að segja, herra forseti, að nefndin mælir með samþykkt frv. með fjölmörgum breytingum að vísu sem eru lagðar til á sérstöku þingskjali. Þess ber að geta að þrír nefndarmanna skrifa undir frv. með fyrirvara, þ.e. sá sem hér stendur, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir einnig.

Það má segja að þær breytingar sem sumar eru afar róttækar á þessu frv. skiptist í fernt. Í fyrsta lagi eru það breytingar sem varða vísindarannsóknir og heimildir ráðherra til þess að setja reglur um þær. Í öðru lagi eru mjög róttækar breytingar sem styrkja mjög stöðu lækna í þessum lögum ef frv. verður samþykkt og koma í veg fyrir að ábyrgð á vellíðan og meðferð sjúklings dreifist um of, en það er almenn gagnrýni nefndarmanna og gesta sem á fund nefndarinnar komu að þar væri frv. talsvert áfátt. Jafnframt í þriðja lagi voru gerðar verulegar breytingar á þeim köflum frv. sem varða sjúkraskrár og sérstaklega stöðu lífssýna og aðgang að sjúkraskrám. Og í fjórða lagi voru lagðar til nokkrar breytingar sem varða réttindi sjúkra barna.

Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að fara í eins stuttu máli og mér framast er unnt yfir helstu breytingarnar. Ég gat þess að í fyrsta lagi voru lagðar til breytingar sem lutu að vísindarannsóknum. Það má kannski segja að ég byrji á öfugum enda frv. en ég vek sérstaka eftirtekt á því að við

gerðum tillögu um það að samkvæmt 29. gr. frv. sem varðar heimildir ráðherra til að setja reglugerð, yrði ráðherra skylt að setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og þar eiga m.a. að vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir. Við teljum að það sé nauðsynlegt að þessar nefndir meti rannsóknir hverju sinni og mat nefndarinnar á gildi rannsóknarinnar þarf að leiða í ljós, þegar búið er að vega og meta þá rannsókn sem lögð er til grundvallar, að niðurstaðan verði að vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli ekki gegn framkvæmd rannsóknar.

Við leggjum einnig til að vísindarannsóknarskilgreiningunni sé breytt þannig að þar eigi að vera um rannsókn að ræða sem er gerð til að auka þekkingu sem m.a. gerir kleift að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Í hinu upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að vísindarannsókn skuli jafnan fortakslaust hafa það að augnamiði að bæta heilsu og lækna sjúkdóma, en okkur var bent á það af okkur fróðari mönnum að í upphafi rannsóknar liggur ekki alltaf ljóst fyrir að sú þekking sem rannsókn mun afla muni gera mönnum mögulegt að bæta heilsu og lækna sjúkdóma. Að þessu leyti er því um rýmkun að ræða sem skiptir talsverðu máli fyrir þá sem sinna rannsóknum.

Það er lögð til breyting á 4. gr. frv. sem fjallar um upplýsingar um réttindi sjúklinga. Það er lagt til að þar verði ekki bara kveðið á um það að hið háa ráðuneyti sem fer með heilbrigðis- og tryggingamál skuli sjá til þess að til séu upplýsingar um réttindi sjúklinga, sjúklingafélög og almannatryggingar, heldur bætist þar við að ráðuneytið á að leitast við að kynna almenningi orsakir og afleiðingar sjúkdóma hjá börnum og fullorðnum. Með þessu vill nefndin stefna að því að tryggja að fólk geti t.d. sýnt eðlileg viðbrögð ef það kemur að sjúkum einstaklingi sem er hjálparþurfi og jafnframt miðar þetta að því að eyða fordómum sem kunna að koma upp gagnvart tilteknum sjúkdómum.

Það er líka nauðsynlegt að það komi fram við umfjöllun á þessari grein, herra forseti, að nefndin varð öll sammála um að nauðsynlegt væri að það kæmi fram í nefndaráliti og í framsögu fyrir breytingunum að samkvæmt þeim kvöðum sem þarna eru lagðar á ráðuneytið og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn um að hafa upplýsingar aðgengilegar sjúklingum, þá felist í því að greinin sé í rauninni einnig að mæla fyrir um það að þessar upplýsingar séu til reiðu á hljóðsnældum fyrir þá sem þurfa á því að halda. Þetta er gert samkvæmt sérstakri ósk Blindravinafélagsins og við veltum því fyrir okkur hvort það ætti að setja þetta sérstaklega inn í lagagreinina en við töldum eftir að hafa vegið það mál og reifað ítarlega að þess væri ekki þörf. En þessi túlkun nefndarinnar kemur hér fram í minni framsöguræðu og í þessu nefndaráliti sem liggur samhljóða fyrir og þar með er þá gert ljóst að þarna er viðbótarskylda sem lögð er á axlir hins háa ráðuneytis.

Í öðru lagi er víða hnikað til stöðu heilbrigðisstarfsmanna og lækna, þ.e. í einum fjórum greinum eru lagðar til breytingar sem varða verkaskiptingu milli lækna annars vegar og hins vegar annarra heilbrigðisstarfsmanna. Þetta er gert til þess að skýra ábyrgðina og koma í veg fyrir að hún sé of óljós og með þessu er í rauninni kveðið afdráttarlaust á um það að meðferð og ákvörðun um meðferð er alfarið í höndum læknis.

Þessar greinar, herra forseti, eru 8., 18., 22. og 24. gr. Sú breyting sem er lögð til við 8. gr. er að jafnan skuli vera í höndum læknis að upplýsa sjúkling sem hafnar meðferð um afleiðingar þeirrar ákvörðunar. Það er hins vegar líka lagt til að það sé í höndum læknis eða þess heilbrigðisstarfsmanns sem meðferðinni stjórnar að útskýra nákvæmlega fyrir sjúklingi hvaða afleiðingar það getur haft að stöðva meðferð sem er í gangi.

Þá er við 18. gr. lögð til sú breyting að ef um er að ræða bið eftir meðferð, þá skuli það vera í höndum læknisins sem ber ábyrgð á meðferðinni að gefa sjúklingi skýringar á biðinni, en það á ekki að vera í höndum einhvers ótilgreinds heilbrigðisstarfsmanns. Við teljum að þetta skýri mjög rétt sjúklingsins og auðveldi honum að leita upplýsinga um örlög sín í nánustu framtíð.

Í 22. gr., sem fjallar um innlögn og útskrift, er lagt til að það sé læknir en ekki ótilgreindur heilbrigðisstarfsmaður sem ber meginábyrgðina á meðferð sjúklingsins. En í frv. er það hins vegar svo að það er lagt fyrir að það skuli vera heilbrigðisstarfsmaður sem er ekkert sérlega tilgreindur. Við teljum að það eigi að vera læknirinn og leggjum til að það verði tekið afdráttarlaust á því.

Í einni merkustu grein þessa frv., 24. gr., sem fjallar um meðferð dauðvona sjúklings, þá leggjum við einnig til þá breytingu að það skuli verða skýrt og ótvírætt að það sé á ábyrgð læknis að virða rétt dauðvona sjúklings sem gefur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð sem getur lengt líf hans eða tilraunum til endurlífgunar. Það er líka hins vegar lagt til að við greinina bætist ákvæði sem varðar þá stöðu sem kemur upp þegar dauðvona sjúklingur er of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð. Í slíkum tilvikum mælum við fyrir um að læknir eigi að leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald, nú eða þá lok meðferðarinnar og nefndin var samhljóða í þeirri afstöðu að hún vill leggja áherslu á ábyrgð læknisins við ákvarðanatöku varðandi framhald eða þá lok meðferðar og það megi undir engum kringumstæðum skapa þá stöðu að vandamönnum sjúklings finnist að þeir beri þá ábyrgð. Við viljum forðast að það komi upp. Læknirinn ber þessa ábyrgð. Honum er hins vegar skylt að leita samráðs en hann er sá sem tekur ákvarðanir.

Við viljum líka leggja alveg sérstaka áherslu, herra forseti, á að gefnar verði út til allra sjúkrastofnana reglur, samræmdar reglur um leiðbeiningar um þetta atriði. Í dag er það þannig að þó að siðaráð landlæknisembættisins hafi komið sér niður á leiðbeinandi reglur, þá eru a.m.k. tvennar mismunandi reglur á mismunandi sjúkrastofnunum í gangi um þetta mál og við teljum að það sé ekki rétt. Við viljum alfarið að um sé að ræða samræmdar reglur á öllum sjúkrastofnunum.

Aðrar breytingar sem má segja að séu á þessum ákvæðum eru þær að í 8. gr. er lagt til að það komi skýrt fram að sjúklingur geti ekki stöðvað meðferð hvenær sem er, ef mælt er fyrir um annað í öðrum lögum. Þarna eigum við, herra forseti, við að það þarf að hafa hliðsjón af t.d. ákvæðum lögræðislaga, en enn fremur hinum nýsettu sóttvarnalögum. Hvor tveggja lagabálkurinn býður að það er ekki alltaf á valdi sjúklingsins að stöðva meðferðina þó að það sé hins vegar meginreglan.

Tengt þessu, herra forseti, er líka lögð til sú breyting í 3. mgr. 22. gr. að í stað orðsins „vistunarúrræði“ sem skulu könnuð þegar sjúklingur er útskrifaður til þess að tryggja honum fullnægjandi heimaþjónustu, þá leggjum við til að einfaldlega standi þar orðið „úrræði“ vegna þess að það geta

komið önnur úrræði en vistun og heimaþjónusta til greina fyrir sjúklinga sem er verið að útskrifa af heilbrigðisstofnun.

Það sem mestan tíma tók í störfum nefndarinnar við hina ítarlegu umfjöllun um þetta frv. eru breytingar sem lúta að aðgangi að upplýsingum úr sjúkraskrám en ákvæði frv. sem varða þetta efni eru að finna í 14. og 15. gr. Nefndin fór mjög ítarlega yfir þessar reglur sem frv. lagði til um aðgang að þessum upplýsingum og m.a. fjallaði hún um það hvort ekki væri rétt að telja lífsýni til sjúkraskráa. Þetta er efni sem hefur komið upp á síðustu mánuðum. Á þessu var ekkert tekið í hinu upphaflega frv. en við höfum hins vegar séð það í umhverfi okkar að það hafa skapast miklar umræður um stöðu lífsýna, um rétt sjúklinga til þess að verja lífsýni sín fyrir ágengum rannsóknaraðilum og jafnvel hafa heyrst sögur um það að slík sýni gangi kaupum og sölum, a.m.k. í nálægum löndum. Og á fundi nefndarinnar var flutt vitneskja um að það væri a.m.k. vísir að slíku hér á landi.

Eftir að nefndin hafði fjallað rækilega um þetta var samþykkt að gera talsvert umfangsmiklar breytingar á þessum ákvæðum frv. en þessar breytingar gera það jafnframt nauðsynlegt að flytja sérstakt frv., eins konar bandorm sem felur í sér breytingar á þrennum öðrum lögum til þess að samræma þær breytingar sem við leggjum til í breytingum okkar öðrum lögum sem í gildi eru og gera lagaskilin skýr. Og ég vil, herra forseti, sérstaklega nota þetta tækifæri til þess að þakka Kristjáni Andra Stefánssyni, lögfræðingi forsrn., fyrir mjög þarfar og hugvitssamar ábendingar sem hann veitti okkur á tveimur eða þremur fundum sem nefndin átti með honum og þetta mál varðar. En ég mun víkja síðar í ræðu minni að þessu lagaskilafrv., að þessum bandormi.

Þær breytingar helstar sem nefndin leggur til í ákvæðunum í 14. og 15. gr. eru í fyrsta lagi að í 14. gr. er lögð til sú breyting að hverfa frá því að skilgreina sjúkraskrá sem eign heilbrigðisstofnunar eða þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem færa hana í eigin starfsstofum. Það er að vísu mælt svo fyrir í gildandi læknalögum, en við teljum að það sé ekki rétt að hafa þetta svo. Í stað þess að skilgreina sjúkraskrá sem eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða læknis eða annars heilbrigðisstarfsmanns sem færir hana á sinni starfsstöð, þá leggjum við til að gert sé ráð fyrir því að sjúkraskrárnar skuli varðveittar hjá framangreindum aðilum. Tel ég með öðrum orðum að það sé siðferðilega ekki hægt að segja að sjúkraskrá sem felur í sér sjúkrasögu einstaklings sé eign einhvers annars heldur en viðkomandi sjúklings.

Ég tek það fram, herra forseti, að þessi breyting okkar var borin undir Læknafélagið og ýmsa sem komu til fundar við nefndina eftir að hún ákvað að gera þetta að sinni tillögu, og enginn mælti þessu í gegn.

Í öðru lagi er lagt til að við 3. mgr. bætist ákvæði sem kveður á um það að ef sá sem hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða ef hann er horfinn eða ef hann neitar á óréttmætum grundvelli að samþykkja að sjúklingi skuli sýndar upplýsingar um hann sjálfan, þá getur landlæknir ákveðið að sjúklingnum eða þá þeim umboðsmanni sem hann tilnefnir fyrir sig skuli veittur aðgangur að þessum umræddu upplýsingum. Synjun landlæknisins má síðan skjóta til úrskurðar heilbrrh. Þarna teljum við að sé sett upp eðlileg stjórnsýsluleg boðleið. Þegar upplýsingar í sjúkraskrám eru hafðar eftir öðrum en sjálfum sjúklingnum eða heilbrigðisstarfsmönnum og viðkomandi neitar að sjúklingnum verði veittur aðgangur að þeim upplýsingum, þá verður hins vegar að hafa í huga meginregluna sem mælir fyrir um að slíkar upplýsingar skuli ekki sýndar nema með samþykki viðkomandi. Markmiðið með þessari reglu er að koma í veg fyrir að aðgangur að viðkvæmum upplýsingum sem nákominn aðili hefur veitt lækni geti skaðað samband sjúklingsins og þess sem veitti upplýsingarnar, t.d. ef maki, foreldri eða einhver nákominn vandamaður sjúklings upplýsir lækni um fjölskyldumálefni sem kann að vera mjög viðkvæmt og sem sjúklingnum er kannski ókunnugt um.

Við mat á því hvaða aðstæður geti réttlætt að sjúklingur fái ekki aðgang að upplýsingum úr sinni eigin sjúkraskrá má landlæknir aðeins byggja sínar ákvarðanir á sjónarmiðum sem verða að teljast málefnaleg miðað við þetta framangreinda markmið þeirrar meginreglu sem ég hef hér útskýrt. Landlækni væri t.d. skylt, ef það lægi neitun fyrir, að koma í veg fyrir að aðgangur að viðkvæmum upplýsingum sem nákominn aðili hefur veitt geti þá skaðað samband sjúklingsins og þess sem veitti upplýsingarnar eins og ég hef greint að framan. Og það er rétt að það komi fram að á fundi nefndarinnar kom sérstaklega fram að þessa þyrfti vendilega að gæta varðandi geðsjúka. Þessi undanþága frá meginreglunni gerir því kröfu til þess að fram fari mat á hagsmunum sjúklingsins af því að fá slíkar upplýsingar gagnvart hagsmunum þess sem upplýsingarnar veitti, þ.e. mat á því hvað það þýðir að upplýsingunum sé haldið leyndum fyrir annars vegar þá sjúklinginn og hins vegar upplýsingagjafann. Við teljum að það þurfi að athuga í vissum tilvikum að það geta verið vissar aðstæður sem eru þannig að það sé ekki í þágu hagsmuna sjúklingsins að fá slíkar upplýsingar. Og í samræmi við þessa breytingu og með hliðsjón af því að nefndin leggur til að efnislegt ákvæði um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám verði falið í lögum um réttindi sjúklinga en ekki læknalögum, þá leggjum við í þriðja lagi til að ákvæði 3.–15. mgr. 16. gr. læknalaganna sem varða einmitt þetta efni verði tekin upp í frv. í stað þess að vísa til læknalaga eftir því sem við á eins og ella hefði verið gert.

Í fjórða lagi þykir okkur rétt að taka fram og leggjum til að það verði gert í 1. mgr. 15. gr. að upplýsingar í sjúkraskrám séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Þetta kann ekki að skipta miklu í fljótu bragði, en þarna er um meginreglu að ræða sem við teljum að sé rétt að sé fest í lög.

Við viljum líka í fimmta lagi vísa á þessum stað í greininni sérstaklega til ákvæðis í 12. gr. laganna sem fjallar um þagnarskyldu starfsmanns í heilbrigðisþjónustu.

Í sjötta lagi er lagt til að bætt verði við litlu ákvæði sem kveður á um að þess skuli jafnan gætt að sjúkraskrár séu geymdar á tryggum stað og að einungis þeir starfsmenn sem nauðsynlega þurfi hafi að þeim aðgang.

Í sjöunda lagi leggjum við til að það sé ekki nægjanlegt ef vísindarannsókn krefst aðgangs að sjúkraskrám að fyrir liggi að rannsókn uppfylli skilgreiningu vísindarannsóknar eins og hún liggur fyrir í 4. mgr. 2. gr. heldur þurfi tölvunefndin að auki að heimila aðgang að skránum samkvæmt þeim lögum sem gilda um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Og slíkt leyfi verður síðan vitaskuld að binda þeim skilyrðum sem eru metin nauðsynleg hverju sinni, svo sem að gætt sé þagmælsku, niðurstöðurnar séu ekki birtar undir nafni þeirra einstaklinga sem upplýsingarnar varða eða á einhvern annan sambærilegan hátt. Þarna leggjum við einnig til þá grundvallarbreytingu, herra forseti, að lífsýni verði talin hluti af sjúkraskrá og lúti þá sömu reglum og að framan hefur verið reifað. Ég tel, herra forseti, að þetta sé e.t.v. mikilvægasta breytingin sem er að finna í tillögum okkar.

Smávægileg breyting er lögð til í 21. gr. Þar er fjallað um ábyrgð sjúklings á eigin heilsu og þrátt fyrir að frv. beri heitið frv. til laga um réttindi sjúklinga eru þar lagðar ákveðnar skyldur á herðar sjúklingi. Það er t.d. sagt að hann eigi eftir megni að reyna að fylgja fyrirmælum læknis og annarra heilbrigðisstarfsmanna um atriði sem snerta meðferð, um lyfjagjöf, matarræði, þjálfun og jafnvel hreyfingu. Þetta finnst okkur skondið, herra forseti, með tilliti til þess að það er búið að ítreka það í tveimur greinum á undan að sjúklingur getur hvenær sem er stöðvað meðferð þannig að við teljum að þetta sé nokkuð á skjön við það sem áður hefur komið fram og erum við sammála um að leggja til að þetta ákvæði falli brott. Okkur finnst sem sagt að þetta samrýmist illilega öðrum greinum frv.

Síðan að lokum, herra forseti. Sá breytingaflokkur sem ég gat um síðast eru þær tillögur sem við leggjum til að komi til breytinga á VI. kafla sem fjallar um sérreglur um sjúk börn. Við leggjum til nokkrar breytingar á þessum kafla. Í 25. gr. leggjum við til að í stað þess að þar sé mælt fyrir um að foreldri eða forráðamanni skuli veittar upplýsingar um sjúkt barn þá skuli ákvæðið taka til foreldra og með þessari breytingu erum við að tryggja það að forsjárlaust foreldri eigi fortakslaust sama rétt á upplýsingum um barnið sitt og það foreldri sem fer með forsjá þess ef hið forsjárlausa foreldri leitar eftir slíkum upplýsingum. Ég get þess að þetta er í samræmi við ákvæði barnalaga. Hins vegar leggjum við til þá lítilvægu breytingu að fyrri málsliður 2. mgr. í 25. gr. sem varðar ráðslag við hin sjúku börn, skuli fluttur niður í 26. gr. vegna þess að það ákvæði hvort eð er snýr að því að sjúk börn skuli höfð með í ráðum. Við teljum að það eigi betur heima þar með. En þetta er lítilvæg breyting. Við leggjum sem sagt til að 26. gr. sé breytt til samræmis við þetta.

Við leggjum til að í stað foreldris eða forráðamanns, þá séu það foreldrar sem fara með forsjá barns sem geta samþykkt eða neitað að samþykkja meðferð. Þessi breyting er líka í samræmi við ákvæði barnalaga. Og samkvæmt þessu er líka ljóst að þó að forsjárlausir foreldrar eigi fortakslausan rétt á að fá upplýsingar um meðferð barna sinna, þá geta þeir ekki samþykkt eða neitað meðferðinni. Smávægilegar orðalagsbreytingar eru lagðar til á þeirri grein líka og síðan eru í 27. gr. lagðar til breytingar á ýmsum ákvæðum um sjúk börn. Það er í fyrsta lagi lagt til að bætt verði við ákvæði sem segir að það beri að hlífa börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum og í öðru lagi er lagt til að ákvæði 2. gr. verði umorðað og bætt við það að sköpuð verði aðstaða fyrir foreldra og aðra nána vandamenn sjúkra barna sem dveljast hjá þeim á heilbrigðisstofnun eftir því sem kostur er. Við hefðum kannski sum okkar gjarnan viljað sjá orðalaginu „eftir því sem kostur er“ sleppt úr en þetta varð að niðurstöðu og við fylgjum þessu. Í þriðja lagi, og það er mikilvæg breyting, er lagt til að sjúk börn á skólaskyldualdri skuli fá kennslu sem hæfir aldri þeirra og þroska og breytingin felur það í sér að ákvæðið tekur ekki bara til þeirra barna sem dveljast á heilbrigðisstofnun. Þetta er í rökréttu framhaldi af þeirri þróun að í vaxandi mæli dvelja sjúk börn heima hjá sér en ekki einungis á heilbrigðisstofnunum sem betur fer.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að fara, af stakri tillitssemi við forseta, í mjög stuttu máli yfir þessar breytingar þó að ég hefði náttúrlega óskað eftir því að fá að tala í eins og tvo tíma í viðbót til þess að fara ítarlega út í þær. En ég ætla að ljúka þessari umfjöllun með því að dvelja örlítið við bandorminn sem hér liggur fyrir og er fluttur af heilbr.- og trn. á þskj. 1189 og ber heitið: „Frumvarp til laga um breytingu lagaákvæða um aðgang að sjúkraskrám o.fl.“ Þarna leggjum við til, herra forseti, breytingar á þrennum lögum, þ.e. breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, sbr. lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996. Jafnframt leggjum við til breytingu á lögum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga sem eru nr. 121/1989 og í þriðja lagi breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996.

Þetta frv. er lagt fram samhliða þeim breytingum sem ég hef mælt fyrir hér um réttindi sjúklinga. Þessar breytingar eru nauðsynlegar til samræmis og varða fyrst og fremst aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrám. Ég held, herra forseti, að ég láti það vera að fara mjög ítarlega yfir þetta, en ef þingheimur óskar eftir því að fá einhverjar sérstakar útskýringar á því, þá er sjálfsagt að gera það. Í stuttu máli er í I. kafla þessa frv. lagt til að 16. gr. laganna sem áður fjallaði um aðgang að sjúkraskrám breytist þannig að í stað þess að mæla fyrir um hvernig eigi að fara með aðgang að sjúkraskrám, þá er vísað til laga um réttindi sjúklinga sem enn eru ósamþykkt en við höfum hérna til umfjöllunar.

Aðalbreytingin sem lögð er til á lögunum um skráningu og meðferð persónuupplýsinga er efnislega skyld. Þar er lagt til að brott falli þær reglur sem áður giltu samkvæmt þessum lögum um aðganginn að sjúkraskránum og vísað til ákvæða laga um réttindi sjúklinga og hið sama gildir um þá breytingu sem lögð er til á upplýsingalögum.

Herra forseti. Nefndin flytur þetta frv. og allir nefndarmenn eru því sammála. Ég hef lýst því áður, herra forseti, að þrír nefndarmanna hafa fyrirvara varðandi nefndarálitið sem tengist frv. til laga um réttindi sjúklinga og við þrjú, ég, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir flytjum í framhaldi af því breytingartillögur sem er að finna á þskj. 1310.

[02:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Ég geri grein fyrir breytingartillögum við brtt. nefndarinnar á þskj. 1310. Það eru brtt. við brtt. á þskj. 1191. Þessar tillögur eru frá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni og Margréti Frímannsdóttur og mér.

Við töldum að þrjár greinar í lögunum þyrftu að ganga heldur lengra en meiri hluti nefndarinnar var sáttur við og því leggjum við fram brtt. við þær greinar. Fyrsta atriðið er breyting við 10. lið, það er breyting við 18. gr. frv. en þar er lagt til að 1. mgr. orðist svo:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma“ — Síðan bætum við eftirfarandi við setninguna: „og jafnframt gefa sjúklingi kost á bókun aðgerðar. Miða skal við að biðtími eftir aðgerð verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms.“

Við teljum mjög mikilvægt að ekki aðeins séu gefnar skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma heldur teljum við nauðsynlegt að gefa sjúklingi kost á að bóka aðgerðina og síðan að settur verði hámarkstími á biðinni eftir eðli sjúkdómsins og nefnum hér þrjá til sex mánuði. Þess má geta að í ýmsum nágrannalöndum okkar hefur þessi háttur verið tekinn upp og hefur gert það að verkum að biðlistar hafa styst. Það er nauðsynlegt til að minnka óöryggi sjúklinga sem bíða eftir aðgerðum þannig að þeir fái bókaðar aðgerðir sínar og þeir viti nokkurn veginn að þeir þurfi ekki að bíða fram yfir hámarkstímann.

Ég minni á að samkvæmt nýjustu tölum um biðlista bíða um 7.000 Íslendingar eftir aðgerðum hér á landi og biðtími getur verið alllangur þannig að við teljum mjög mikilvægt að tekið sé á málinu í þessu frv. um réttindi sjúklinga.

Annað atriði þar sem við viljum ganga lengra en nefndin er í réttindum sjúkra barna. Við teljum nauðsynlegt að þar verði gengið alllengra en gert er í frv. og leggjum því til breytingar við 18. lið í brtt. Við leggjum til að gerðar verði breytingar á 27. gr. og hún orðist svo:

„Skylt er að gera allt sem unnt er til að sjúkt barn fái að þroskast og njóta lífsgæða þrátt fyrir veikindi og meðferð eftir því sem ástand þess leyfir.

Hlífa ber börnum við ónauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum.

Sjúk börn, sem dveljast á heilbrigðisstofnun, eiga rétt á að hafa foreldra eða aðra nána vandamenn hjá sér og skal sköpuð aðstaða fyrir þá eftir því sem kostur er." — Síðan leggjum við til viðbót: „Foreldrar eða nánir vandamenn sjúkra barna skulu eiga sama rétt og sjúklingur til greiðslu ferðakostnaðar vegna heimsókna á sjúkrahús, enda sé heimsóknin liður í umönnun barns."

Ástæða þess að við teljum nauðsynlegt að þessi setning komi inn í greinina er sú að eins og málum er háttað nú er aðeins greitt fyrir eina ferð í viku sem ferðakostnað foreldra til að heimsækja barn sitt. Við teljum það alls ekki fullnægjandi. Það kom í ljós hjá þeim sem komu til fundar við nefndina og ræddu þessi mál að mjög oft er heimsókn eða dvöl foreldra hjá barni á sjúkrahúsi liður í umönnun barnsins á sjúkrastofnuninni.

Ég vil nefna fleiri tilvik sem kalla á það að greiddur sé ferðakostnaður og það er þegar fyrirburar eða sjúk ungbörn þurfa að dvelja á vökudeild eða á sjúkrahúsi. Oft er það svo að móðir er með barn á brjósti, er með fleiri börn heima og þarf að fara daglega eða jafnvel oft á dag til að sinna barninu á sjúkrahúsi en þarf einnig að sinna börnum heima og þarf að fara um langan veg. Ég nefni sem dæmi að aka frá Keflavík eða frá Selfossi daglega eða oftar á dag til þessa og fá aðeins greidda eina ferð í viku. Það er alls kostar óviðunandi og við teljum að þarna þurfi að taka á og setja inn ákvæði um réttindi til greiðslu ferðakostnaðar oftar en einu sinni í viku fyrir foreldra eða aðstandendur.

Einnig leggjum við til að eftirfarandi setning bætist við í framhaldi af þeirri sem ég gerði hér grein fyrir, þ.e. á eftir „enda sé heimsóknin liður í umönnun barns" komi setningin: „Þá er heimilt að greiða dagpeninga til foreldra eða náinna vandamanna sem þurfa að dvelja fjarri heimili sínu vegna veru sjúkra barna á sjúkrahúsi eða vegna læknismeðferðar á meðan á dvölinni stendur."

Ástæðan fyrir því að við teljum að þetta heimildarákvæði þurfi að koma inn er sú að á undanförnum árum hafa sem betur fer æ fleiri aðgerðir á börnum, sem hafa verið gerðar erlendis, verið framkvæmdar hér á landi. Meðan þær voru gerðar í útlöndum fengu foreldrar þessara barna dagpeninga til uppihalds á meðan á aðgerðinni stóð og meðan á dvölinni ytra stóð. Nú þurfa foreldrar barna utan af landi oft að fara langan veg til Reykjavíkur með börn sín og þurfa að dveljast hér og fá þá engan stuðning. Okkur þykir ekki óeðlilegt að heimild komi til greiðslu dagpeninga vegna þessara barna. Búast má við að gera þurfi einhverjar reglugerðarbreytingar, bæði vegna ákvæðis um ferðakostnaðinn og sömuleiðis um dagpeningana en það ætti ekki að vera mikið tiltökumál að breyta reglugerð í þá veru.

Í framhaldi af þessari setningu leggjum við til að á eftir brtt. sem kom frá nefndinni og er reyndar í frv. um að systkini og vinir megi eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun þá leggjum við til að inn komi setningin: „Ferðakostnaður vegna heimsókna systkina skal greiddur a.m.k. einu sinni í mánuði." Sambærilegt ákvæði er í lögum á Norðurlöndunum. Það þykir mjög mikilvægt að börn, sem dveljast á sjúkrastofnunum, geti haft samneyti við fjölskyldu sína, ekki aðeins foreldra heldur einnig systkini og því ekki óeðlilegt ef systkini þurfi að fara langan veg til að heimsækja sjúkt systkini sitt á sjúkrahúsi fái greiddan ferðakostnað a.m.k. einu sinni í mánuði.

Þá leggjum við til að í framhaldi af þessu komi inn málsgreinin:

„Í kjölfar þess að alvarlegur sjúkdómur greinist hjá barni skal barnið, foreldrar þess eða nánir vandamenn eiga kost á félagslegum og andlegum stuðningi sérþjálfaðs áfallahóps á vegum barnadeilda sjúkrahúsa. Þá skulu foreldrar eða nánustu vandamenn sjúkra barna eiga aðgang að félagslegri aðstoð vegna þeirra útgjalda sem langvarandi sjúkdómur og meðferð hjá sjúku barni hefur í för með sér fyrir fjölskyldu þess."

Fyrst um aðstoðina eða félagslega og andlega stuðninginn frá sérþjálfuðum áfallahópi er það mjög mikilvægt að foreldrar og börn fái stuðning en áfallahjálp af þessu tagi er ekki til staðar á sjúkrahúsum hér á landi. Foreldrar þurfa oft að fá mjög erfiðar fréttir eða upplýsingar um heilsufar og afleiðingar heilsufars barns síns inni á sjúkrastofnun og ekki óeðlilegt að þar sé til staðar sérþjálfaður áfallahópur, bæði þegar alvarlegur sjúkdómur greinist og einnig þegar upp kemur eða þegar tíðindi berast af því hvaða afleiðingar það getur haft eða hefur í för með sér. Slík aðstoð og slík þjónusta er talin sjálfsögð á sjúkrahúsum í nágrannalöndum okkar.

Einnig vil ég nefna vegna seinni málsgreinarinnar að það er mjög mikilvægt að foreldrar sjúkra barna sem þurfa að dveljast langdvölum í burtu frá heimili sínu eða verða frá vinnu lengi vegna sjúkdóms barnsins eigi einhver tök á að fá aðstoð vegna útgjalda sem af því skapast. Þetta hefur verið mikið vandamál hjá þeim fjölskyldum sem hafa þurft að búa við þá raun að barn þeirra hefur átt við löng veikindi að stríða og því sjálfsagt að þessi réttur sé fyrir hendi.

Þriðja atriðið sem við teljum að þurfi að bætast við þær breytingartillögur sem nefndin flytur með frv. er við 20. liðinn og við leggjum til að efnismálsgreinin orðist svo:

„Ráðherra skal setja reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði. Þar skulu m.a. vera ákvæði um vísindasiðanefnd og siðanefndir skv. 4. mgr. 2. gr. Þá skal ráðherra setja sérstakar reglur um úrræði fyrir sjúklinga vegna meintra læknamistaka, óháð því hvort sönnuð verði sök eða ekki. Þá er ráðherra heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara."

Vegna þessa vil ég nefna að við teljum mjög mikilvægt að skýr úrræði verði fyrir þá sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum. Í Danmörku eru sérstök lög, sjúkratryggingalög, sem kveða á um rétt til skaðabóta vegna afleiðinga meðferða á sjúkrastofnunum og samkvæmt þeim lögum er reynt að krefjast bóta óháð því hvort um læknifsræðileg mistök er að ræða eða ekki. Með þessum lögum er komið í veg fyrir að menn þurfi að ganga í gegnum erfið dómsmál. Umsóknir um bætur eru lagðar inn til Patient forsikringen eins og það heitir í Danmörku sem eru samtök tryggingafélaga og félagið tekur

á öllum málum um skaðabætur eftir lögunum. Innan þriggja mánaða frá ákvörðun félagsins er síðan unnt að áfrýja til sérstakrar áfrýjunarnefndar.

Þetta er leiðin sem farin er í Danmörku og við teljum að það þurfi að vera skýr leið fyrir þá sem telja sig hafa lent í læknamistökum. Eins og málum er háttað í dag er þetta frekar óljóst. Við erum með sjúklingatryggingu almannatrygginganna, við erum með leiðina í gegnum landlækni o.s.frv. og svo dómstólaleiðina og við teljum mjög mikilvægt að inn í réttindalögin eða lögin um réttindi sjúklinga komi ákvæði sem þetta til þess að auðvelda þeim sem í lenda að sækja rétt sinn.

Þetta eru þær helstu breytingartillögur sem við leggjum til við breytingartillögur nefndarinnar. Við höfðum einnig ætlað að leggja til enn eina brtt. um að sjúk börn hefðu sama rétt til að fá lyf á lægra verði eins og lífeyrisþegar. Þegar það var rætt í nefndinni var þar ekki vilji í nefndinni til þess að þetta kæmi inn í breytingartillögurnar. En nú er komið fram frv. frá nefndinni að beiðni heilbrrh. um breytingar á lögum um félagslega aðstoð og þar er tekið á málinu svo að óþarfi er að vera með breytingartillögur þar um og fagna ég því að nefndin skuli hafa sameinast um að nauðsynlegt sé að sjúk börn fái þau lyf sem þeim eru nauðsynleg á sambærilegu verði og lífeyrisþegar.

Ég held að ég hafi lokið máli mínu. Ég mun ekki lengja umræðuna með því að ræða frv. til laga um réttindi sjúklinga frekar. Ég tel að hv. formaður heilbr.- og trn., frsm. nefndarálits frá nefndinni, hafi gert það mjög vel og skýrt vel þær brtt. sem nefndin flytur og sömuleiðis hafi verið gerð vel grein fyrir þeirri ítarlegu umfjöllun sem frv. hefur fengið í nefndinni sem hefur verið nánast til umfjöllunar á öllum fundum nefndarinnar í vetur og einnig í fyrra eins og kom fram hjá hv. þm. Össuri Skarphéðinssyni hér á undan.

[02:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. um réttindi sjúklinga er vonandi komið til lokaafgreiðslu þingsins eftir langa og mikla umræðu í nefnd um heilbrigðis- og tyrggingamál. Ég tel að þær breytingar sem hafa verið gerðar og samstaða náðist um séu allar til verulegra bóta frá því að málið var lagt fram í haust.

Það er kannski til marks um það hvernig pólitíkinni og stjórnmálum er forgangsraðað í dag að við erum um klukkan hálfþrjú um nótt að ræða svo mikilsvert frv. þar sem fjallað er um réttindi og aðbúnað sjúklinga. Það ætlar seint að renna upp fyrir mönnum að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og ég skil vel að hv. þingmenn séu orðnir þreyttir eftir langa vinnudaga og þess vegna hafi þeir sem voru ekki í nefndinni og fjölluðu sérstaklega um málið, dregið sig til hryggjar. Hins vegar verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að eðlilegra væri að sjá flesta ef ekki alla þingmenn í umræðum um réttindi sjúklinga.

Mjög merkar upplýsingar komu fram í umfjöllun nefndarinnar sem varða þessi réttindi og mjög merkar upplýsingar um þætti sem við höfum kannski lítið lagt eyrun við áður sem aðrar þjóðir hafa tekið upp töluvert á undan okkur eins og vill vera í mjög mörgum málum. Það er sérstök löggjöf eða reglur um vísindarannsóknir eða meðferð á svokölluðum lífsýnum sem er hluti af sjúkraskýrslu sjúklings og má segja að síðustu vikurnar í nefndinni hafi verið fjallað langmest um þennan þátt. Ég tel að sú niðurstaða sem náðist sé ásættanleg á meðan beðið er eftir því að sett séu sérstök lög um vísindarannsóknir og meðferð lífsýna sem ég held að hljóti að koma að því að við förum að fordæmi annarra Evrópuþjóða og setjum um þetta sérstök lög eða reglugerð. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort rétt sé að slík löggjöf ætti alfarið að heyra undir menntmrh. Eins og hún mundi gera miðað við óbreytta stjórnsýslu í dag ætti slík löggjöf að heyra alfarið undir menntmrh. þar sem mjög stór þáttur starfseminnar tilheyrir heilbrigðisþættinum.

Við höfum hér þrír þingmenn lagt fram breytingartillögur við þær brtt. sem samstaða náðist um. Þar er um að ræða atriði sem við teljum að eigi að vera inni í löggjöfinni. Þó að þessar brtt. séu fluttar núna og ef þær näst ekki fram á þinginu þá tel ég sjálfsagt og eðlilegt að þær verði fluttar aftur á haustþingi þar sem um mjög mikilvæg mál er að ræða. Ég tel reyndar að hefði nefndin varið aðeins lengri tíma þó að tíminn hafi verið lítill sem fór í frv. þá hefði líklega endað með því að leiðréttingarnar hefðu verið teknar inn líka, sérstaklega að því er varðar þær leiðréttindar á þeim greinum sem lúta að réttindum langtímaveikra barna.

Það er samt sem áður þannig að þrátt fyrir að þetta frv. verði samþykkt, sem verður vonandi, takmarkast réttindi sjúklinga af þeim aðstæðum sem við búum þeim hverju sinni. Þó að við samþykkjum frv. sem kveður t.d. á um rétt sjúkra barna til þess að hafa foreldra eða nákomna ættingja hjá sér, sem er stór hluti í batavon þeirra og meðferð, er það þannig að við búum ekki við þær aðstæður í dag að geta boðið upp á það að foreldrar eða nákomnir aðstandendur hafi það svigrúm sem til þarf til þess að dveljast hjá börnum sínum. En nú hefur hæstv. ráðherra eftir því sem ég best veit ákveðið að ganga frá lóðasamningum sem tengjast byggingu barnaspítala og var tilkynnt fyrir stuttu. Ég tel þetta mikið ánægjuefni og vonandi að þær framkvæmdir taki eins stuttan tíma og mögulegt er og við sjáum þess merki í forgangsröðun fjárlaga á næsta ári að hæstv. heilbrrh. fái það fjármagn sem til þarf til þess að barnaspítali megi rísa sem allra fyrst og það tryggi um leið meðferð barna sem eiga við geðræn vandamál að stríða þar sem aðbúnaður þeirra er okkur öllum til mikillar minnkunar og skammar að öllu leyti.

Ég hefði jafnframt viljað sjá tekið á málefnum geðsjúkra sérstaklega inni í þessu frv. eða þessum lögum um réttindi sjúklinga. Mér er hins vegar kunnugt um að nefnd er að störfum sem hæstv. heilbrrh. hefur skipað til þess að skoða sérstaklega málefni geðsjúkra. Sú nefnd á eftir því sem ég best veit að ljúka störfum næsta haust og vonandi þýðir það að við munum sjá hér strax á haustþingi annaðhvort sérúrræði, kafla sem féllu inn í lög um réttindi sjúklinga, eða sérstakan lagabálk um málefni geðsjúkra.

Það sem ég vil sérstaklega minnast á og sem áður hefur komið fram hjá hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og tilheyrir þessum breytingartillögum okkar, er m.a. málskotsréttur þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum þar sem um er að ræða að kvörtunarleiðin er til yfirmanna viðkomandi stofnunar eða landlæknis. Þá þyrfti í raun og veru að til koma einhver málskotsréttur. — Hv. þm. og læknir Katrín Fjeldsted er sjálfsagt að fræða hæstv. heilbrrh. um heilbrigðismál sem er mjög gott. En það væri hins vegar æskilegt að hv. þm. og hæstv. ráðherra veldu annan tíma en þann á meðan við erum að ræða frv. um réttindi sjúklinga til þess að spjalla saman.

Ég tel að mjög nauðsynlegt sé að koma á skýrum reglum og málskotsrétti fyrir þá sjúklinga sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum og óeðlilegt að sú kvörtun eða

umkvörtun þurfi að fara í gegnum yfirmenn þeirrar stofnunar þar sem aðgerðin færi hugsanlega fram. Þar er ekki alltaf um slíka yfirstjórn að ræða vegna þess að hluti þeirra læknamistaka sem sjúklingar telja sig hafa orðið fyrir í dag hafa átt sér stað á einkareknum stofum úti í bæ þar sem framkvæmdar eru tiltölulega stórar aðgerðir og sjúklingar sendir heim samdægurs. Það hefur m.a. haft þær afleiðingar að því er þeir telja að það hefur komist illt í skurði og jafnvel hefur þurft að fara í margar lýtaaðgerðir til þess að laga þau ör sem eftir standa. Réttur þessara sjúklinga virðist vera ákaflega lítill og erfitt fyrir þá að sækja rétt sinn. Við þessu þurfum við að bregðast sérstaklega.

Ég tek að sjálfsögðu heils hugar undir þær brtt. sem hér eru og ég flyt reyndar með hv. þm. Ástu R. Jóhannesdóttur og Össuri Skarphéðinssyni þar sem kveðið er enn skýrar á um rétt veikra barna, foreldra þeirra og annarra aðstandenda. Ég vil jafnframt benda á það að við afgreiðslu á frv. miðuðum við við 16 ára sjálfræðisaldur. Þó að samstarf sé töluvert mikið og jafnvel um það að ræða að sumir nefndarmenn sitji í hv. allshn. og heilbr.- og trn. heldur þessi aldur sér í öllum ákvæðum þessa frv. þar sem viðmiðunin er 16 ára. Það er spurning um það hvort við ættum ekki, sem sagt, ef sjálfræðisaldur verður hækkaður þá ætti að taka tillit til þess nú þegar í þessum lögum og þeim ákvæðum þar sem fjallað er um rétt ungra sjúklinga. Ég hef ekki hugsað um hvort það er nauðsynlegt en a.m.k. að gera það til samræmis við aðrar þær lagabreytingar sem eru á ferðinni.

Gerðar voru mjög margar breytingar sem eru til bóta eins og áður segir en. Þó eru nokkrar breytingar, sem farið var fram á að yrðu gerðar, í umsögnum sem nefndin fékk og viðtölum sem voru ekki teknar inn. Ég ætla mér að nefna hér nokkrar sem í sjálfu sér láta ekki mikið yfir sér en hefðu kannski eitthvað að segja.

Í 1. gr. frv. er fjallað um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Það kom fram frá umsögn, a.m.k. frá Ríkisspítölum, minnir mig, að óæskilegt væri að telja upp sérstök atriði. Það væri nóg að segja í raun að óheimilt væri að mismuna sjúklingum. Það fælist ákveðin mismunum í þeirri upptalningu sem væri í frv. Jafnframt kemur fram að Öryrkjabandalag Íslands, Sjálfsbjörg og fleiri óskuðu eftir því, Þroskahjálp, að við þessa upptalningu bættist orðið „vegna fötlunar" sem sýnir að þrátt fyrir að þessi grein endi á orðunum „stöðu að öðru leyti", þá þykir ýmsum að þarna ætti að bæta fleirum inni fyrst á annað borð er verið að telja upp ákveðna hópa. Ég hef verið hlynntari þeirri skoðun sem kemur fram í umsögn Ríkisspítalanna að í raun sé óeðlilegt að telja upp sérstaka hópa í þessum lið það sé fullnægjandi að segja: Óheimilt er að mismuna sjúklingum.

Þá var heilmikil umræða um 10. gr. og gerðar á henni breytingar sem og 15. gr. þar sem fjallað er um aðgang að sjúkraskrám og lífsýnum og heimild til rannsókna og til notkunar á sjúkraskrám og lífsýnum við vísindarannsóknir. Þarna eru settir inn verulegir varnaglar m.a. af vísindasiðanefnd og tölvunefnd þannig að taka á af allan vafa að ekki sé nokkur möguleiki á því að sjúkraskrá eða lífsýni fari undir nafni viðkomandi sjúklings. Ég er þeirrar skoðunar að það sé þó ekki nóg að gert. Sjúkraskrá og lífsýni þar með talið sé eign sjúklingsins og þess vegna eigi að liggja fyrir leyfi sjúklings séu upplýsingar úr sjúkraskrá eða lífsýni notaðar í vísindarannsóknir.

Þau mótmæli voru viðhöfð að það væri útilokað vegna þess að í sumum tilvikum þyrfti þá að leita til einhverra þúsunda einstaklinga til þess að verða sér úti um það leyfi sem gerði það þá ókleift að viðkomandi rannsókn ætti sér stað. Þetta er með öllu rangt vegna þess að hver sjúklingur sem leitar til læknis hvort sem er á heilsugæslu eða til sérfræðinga þarf að gangast undir skýrslutöku. Þess vegna væri í lófa lagið að ganga þannig frá hlutum að sjúkingur undirritaði slíka heimild hjá heimilislækni og hún lægi þá fyrir skrifleg og forráðamenn færu með þetta vald fyrir börn. Þetta er skoðun mín einfaldlega vegna þess að persónulegar upplýsingar um sjúkling ásamt lífsýnum munu ævinlega verða eign hans og þess vegna þarf að mínu mati að liggja fyrir leyfi sjúklingsins og það þarf ekki að fara í neinar hringingar til þúsunda þó að fari sé í vísindarannsóknir ef heimilislæknir viðkomandi einstaklings gengur frá því um leið og hann kemur í viðtal að slík undirritun liggi fyrir í upphaflegri sjúkraskrá þess sjúklings.

Ég vil að þetta komi fram því að þrátt fyrir að ég hafi skrifað undir nefndarálitið og ég tel að þarna hafi verið gerðar ýmsar breytingar sem eru til bóta á þessum greinum teldi ég engu að síður að þarna hefði þurft að koma inn ákveðin viðbót.

Í 18. gr. þar sem fjallað er um bið eftir meðferð leggjum við til breytingar þar sem sett eru inn tímatakmörk á biðtíma. Þess ber að geta að þetta kom fram í mjög mörgum umsögnum sem heilbr.- og trn. bárust þar sem hagsmunasamtök sjúklinga bentu á að nauðsynlegt væri að koma þessum þætti inn í lögin og ákveðin tímatakmörk og hámörk giltu um biðtíma sem þó taki tillit til alvarleika þess sjúkdóms sem verið væri að fjalla um hverju sinni.

Í 23. gr. frv. og brtt. er fjallað um rétt sjúklingsins til að njóta stuðnings fjölskyldu sinnar, ættmenna og vina meðan á meðferð og dvöl stendur og rétt hans og fjölskyldunnar til þess að njóta andlegs og trúarlegs og félagslegs stuðnings. Ég tel að þær breytingar sem hafi verið gerðar á þessari grein séu til bóta. Hins vegar er ljóst að miðað við þær aðstæður sem eru búnar á heilbrigðisstofnunum í dag er þessi þjónusta ekki fyrir hendi. Ekki eru starfandi nægjanlega margir félagsráðgjafar eða sálfræðingar á stofnunum til þess að hægt sé að veita þessa þjónustu. Það hefur aukist að undanförnu að til að mynda krabbameinssjúklingar kvarti undan því að þeim hafi ekki verið boðið upp á neins konar sálgæslu og ekki heldur aðstandendum þeirra. Ég fór yfir það við 1. umr. um frv. hvernig upplifun eins sjúklings, sem tekið var viðtal við í blaði í vetur, var á því að leggjast inn á sjúkrastofnun og greinast með krabbamein og liggja síðan heima síðustu mánuði ævinnar eins og síðar kom í ljós og hvernig aðstaða er búin þessum sjúklingum og aðstandendum þeirra. Það er okkur til skammar. Í kostnaðarmati sem fylgir frv. kemur fram að kostnaðurinn sem áætlaður er ef frv. verður samþykkt er ákaflega lítill. Það segir mér að í raun er ekki gert ráð fyrir því af hálfu heilbrrn. og þá kannski fyrst og fremst fjmrn. að framkvæma eða standa við ákvæði laganna verði þau samþykkt. Það er mjög sárt því að þessi þátur, þ.e. sálgæslan og félagsleg aðstoð, er mjög mikils virði, bæði sjúklingnum og fjölskyldu hans og sérstaklega þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða. Beiðnir frá aðstandendum langtímaveikra barna hafa ítrekað komið fram um einmitt þessara atriði. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna réði til sín sálfræðing til að sinna þessari sálgæslu vegna þess að aðstaðan er ekki fyrir hendi og það segir sína sögu. Þess

vegna hlýtur það að verða krafa okkar að verði frv. samþykkt þá verði úr þessu bætt og við munum að sjálfsögðu fylgjast með því að við þetta verði staðið.

Sama gildir um það að við útskrift sjúklings á að athuga og ganga úr skugga um það að honum bjóðist fullnægjandi meðferð eða aðstoð heima eða á öðrum þeim stofnunum sem hann dvelur en sjúkrastofnunum. Þannig er þetta ekki í dag og t.d. hjá Reykjavíkurborg er verið að skera niður heimahlynningu við aldraða og öryrkja. Ég hef í fórum mínum t.d. bréf frá öryrkja sem hefur þurft og notið í langan tíma fullrar heimaaðhlynningar og fengið hana 8 tíma á dag en fær núna þann úrskurð að þarna þurfi að skera niður og honum sé ekki ætluð þjónusta um helgar önnur en heimahjúkrun og síðan mæti til hans manneskja til þess að gefa honum að borða og mata hann. Hann er þannig á sig kominn að pinni er festur við höfuð hans og enni til þess að hann geti unnið á tölvu og þetta bréf sendi hann mér í gegnum tölvupóst. Hann er algerlega ósjálfbjarga, getur ekki klætt sig, komið sér í hjólastól eða í raun og veru komist af yfir daginn án mikillar aðstoðar. En með þessari miklu aðstoð sem hann hefur fengið hefur honum verið gert kleift að búa heima.

Nú er hins vegar fyrirhugað að skera þjónustuna niður þannig að hann sér sér ekki fært að vera í heimahúsi lengur og honum bíður ekki annað en líf á stofnun. Svo bitur er þessi einstaklingur sem verður fyrir þessum niðurskurði að hann telur að það sé þá betra eins og hann orðar það sjálfur, með leyfi forseta, að losa þjóðfélagið við sig en það að búa á stofnun. Þvílík er biturð mjög margra einstaklinga, aldraðra og öryrkja sem dveljast í heimahúsi og fá ekki þá þjónustu sem til þarf. Þó er mun ódýrara fyrir þjóðfélagið að gera þessum einstaklingum kleift að vera í heimahúsi en nokkru sinni að fara á stofnun. Ef á að fylgja þessu frv. eftir, eða lögum eftir þegar búið er að samþykkja frv., þá verður að standa vel að verki.

Mikil umræða varð við 1. umr. um 24. gr. og einnig í nefndinni. Í upphaflegu greininni segir:

„Dauðvona sjúklingur á rétt á að deyja með reisn. Gefi dauðvona sjúklingur ótvírætt til kynna að hann óski ekki eftir meðferð, sem lengi líf hans eða tilraunum til endurlífgunar skal virða þá ákvörðun."

Þessari grein hefur verið breytt í tillögum nefndarinnar þannig að á eftir orðunum „tilraunum til endurlífgunar skal" í síðari málslið komi: læknir. Og við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Sé dauðvona sjúklingur of veikur andlega eða líkamlega til þess að geta tekið þátt í ákvörðun um meðferð skal læknir leitast við að hafa samráð við vandamenn sjúklings og samstarfsfólk sitt áður en hann ákveður framhald eða lok meðferðar."

Í nefndaráliti kemur það fram, sem ég tel að hafi verið full samstaða um í nefndinni, að nauðsyn sé á því að gefa út samræmdar leiðbeinandi reglur til allra sjúkrastofnana hvernig skuli staðið að verki. Í dag er það þannig að Sjúkrahús Reykjavíkur hefur leiðbeinandi reglur, landlæknir hefur leiðbeinandi reglur, eitthvað slíkt er í gildi líka hjá Ríkisspítölum, en aðrar sjúkrastofnanir, þar með talin sjúkraheimili fyrir aldraða, hafa ekki slíkar reglur og ekki er um það að ræða að þær séu samræmdar þannig að allar hjúkrunarstofnanir vinni á sama hátt. Ég hefði viljað sjá í þeim víðtæku reglugerðarheimildum sem hæstv. ráðherra fær með þeim breytingartillögum sem eru lagðar fram að tekið væri af skarið þess efnis að settar yrðu leiðbeinandi reglur fyrir allar sjúkrastofnanir og kveðið væri sérstaklega á um skyldur ráðherra til þess að það væri gert. Hins vegar kemur fram í nefndarálitinu að nefndin leggi sérstaka áherslu á að gefnar verði út samræmdar leiðbeinandi reglur. Ég hlýt að líta þannig á að þessi sérstaka áhersla nefndarinnar verði virt og strax eftir að lögin taka gildi verði landlækni eða öðrum aðila falið að sjá til þess að þessar leiðbeinandi reglur verði til og hv. heilbr.- og trn. verði kynntar þessar reglur strax næsta haust þannig að við vitum eftir þessa miklu umræðu sem varð í nefndinni hvernig var staðið að þessu.

Ég vil aðeins ítreka, virðulegi forseti, úr því að hv. formaður heilbr.- og trn. er hér kominn, að ég nefndi það áðan að við miðuðum aldursmörk út frá 16 ára sjálfræði og ef það breytist mætti velta því fyrir sér hvort ekki sé þörf á því að breyta þeim ákvæðum.

Þá vil ég nefna að það sjónarmið kom fram hjá hv. þm. Katrínu Fjeldsted þar sem talað var um meðferð, upplýsingar og sjúkraskrár sjúklinga, hvort ekki ætti að setja inn strangari reglur ef þriðji aðili fær sjúkraskrá og upplýsingar um sjúkling í hendur og kemur þeim á framfæri, jafnvel við fjölmiðla eins og gert hefur verið, og hvort ekki þyrfti í raun að setja miklu harðari reglur og jafnvel refsiákvæði. Ég er því sammála að þarna hefði e.t.v. þurft að taka sérstaklega á.

Fjallað var um gjaldtöku af afritum af sjúkraskrám og það kom fram hjá Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga að þetta gjald fyrir afrit af sjúkraskrám yrði aldrei hærra en sem svaraði raunkostnaði við að ljósrita sjúkraskrána og er sjálfsagt að taka undir það.

Þá kom fram mjög athyglisverður punktur í umsögn frá Samtökunum Lífsvog þar sem þau segja, með leyfi forseta:

„Læknar og heilbrigðisstarfsmenn er bera ábyrgð á meðferð sjúklings skulu hverju sinni vera hæfir til þeirra starfa, svo sem hafa hlotið tilskildar vaktahvíldir. Reglulegt eftirlit með hæfi heilbrigðisstarfsmanna sé til staðar. Eigi óhöpp eða mistök sér stað í meðferð sjúklings skal hann njóta aðstoðar svo sem sálgæslu og félagslegrar aðstoðar. Einnig berist tilkynning af hálfu heilbrigðisstarfsmanns um slík atvik til yfirvalda eins fljótt og auðið er."

Ég vil taka sérstaklega undir þetta sjónarmið sem kemur fram hjá Samtökunum Lífsvog og tel að herða þurfi verulega eftirlit með starfsemi lækna, ekki þó endilega með læknisverkum heldur sérstaklega vinnutíma. Það er mjög algengt að læknar, sem stunda fulla vinnu á sjúkrahúsum, séu með stofur úti í bæ í einkapraxís líka og þegar þeir hafa uppfyllt vinnuskyldu sína á sjúkrahúsi, þá eigi þeir jafnvel eftir að vinna töluverðan tíma á stofum sínum úti í bæ. Það gerðist reyndar í vetur að einn geðlæknir sem starfaði á réttargeðdeildinni var sérstaklega átalinn af fulltrúa heilbrrn. og það kom mjög skýrt fram í fjölmiðlum að það sem hann hafði kannski helst unnið sér til saka væri það að þegar hann ætti að standa bakvaktir við réttargeðdeildina væri hann að stunda einkapraxís úti í bæ og þess vegna væru laun hans óheyrilega há. Ég tel að þarna hafi verið vegið mjög illa að einum einstaklingi fyrir athæfi, ef svo má orða, mjög margra lækna og sérfræðinga sem starfa á sjúkrahúsum landsins sem meira og minna eru með einkareknar stofur úti í bæ og sinna þeim þegar þeir eru ekki í vinnutíma á sjúkrahúsum. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt og tek undir það sjónarmið, sem kom fram hjá Samtökunum Lífsvog, að í raun og veru þarf að herða þetta eftirlit miklu meira en gert er í dag.

Síðan vil ég, virðulegi forseti, aðeins bæta því við að þó að þarna sé búið að setja reglur t.d. um rétt sjúkra barna til

náms og við skulum ætla að við það verði staðið á sjúkrastofnunum, þá er ekki síður ástæða til að leggja áherslu á að réttur barnsins sem er heima meðan á meðferð stendur er hinn sami. Hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er í hliðarsal og heyrir örugglega í mér, þarf að koma þeim skilaboðum skýrt til sveitarfélaganna, sem sjá um grunnskólareksturinn í dag, hverjar skyldur þeirra eru gagnvart réttindum þessara langtímaveiku barna sem ýmist dvelja á sjúkrastofnunum eða í heimahúsum því það eru sveitarfélögin sem eiga að standa við þessar greiðslur. En það hefur gerst að sveitarfélög eru farin að rukka hvert annað um skólagjöld fyrir börn ef foreldri er vegna starfa sinna statt í sveitarfélagi þar sem það á ekki lögheimili. Ber þá sveitarfélaginu þar sem viðkomandi á lögheimili að greiða fyrir skólagöngu barnsins. Þannig gerðist það t.d. að einn hv. þm. sem hér starfar á barn á grunnskólaaldri sem sækir grunnskóla í Reykjavík, en viðkomandi þingmaður á lögheimili í öðru kjördæmi, að borgaryfirvöld eða skólayfirvöld í Reykjavík sendu honum skilaboð þess efnis að nú skyldi sveitarfélagið þar sem hann á lögheimili greiða fyrir skólagöngu barns hans í Reykjavík. Þannig að reikna má með því að ef barn dvelur á sjúkrahúsi í Reykjavík, þó að það sé sjúkrahús okkar allra landsmanna og greitt úr sjóðum allra landsmanna, þá mætti jafnvel hugsa að sendur verði út reikningur til þess sveitarfélags þar sem barnið á lögheimili, a.m.k. ef notuð eru sömu rök og þessi hv. þm. fékk frá skólayfirvöldum í Reykjavík, þ.e. að sveitarfélagi þar sem hann ætti lögheimili bæri skylda til að sjá barninu hans fyrir skólagöngu. Þess vegna skyldi það greiða fyrir skólagöngu barnsins í Reykjavík. Þetta eru auðvitað hlutir sem verða að vera á hreinu og við erum að reka okkur á að ýmsar þær breytingar sem gerðar voru síðast á grunnskólalögum hafa dregið úr réttindum barna, líka varðandi heilbrigðisþjónustu því að dregið hefur verið úr sálgæslu eða starfsemi sálfræðinga, sem áður var inni í grunnskólanum — og reyndar meira en dregið úr henni. Nú eiga þeir sálfræðingur ekki lengur að veita börnum þjónustu aðra en þá að greina vandamálið og senda það áfram. Það hefur dregið verulega úr þeirri þjónustu við börn og unglinga sem ég vil flokka undir heilbrigðisþjónustuna og ég er ekki viss um að allir hv. þingmenn hafi gert sér grein fyrir því. Ég er heldur ekki viss um að sveitarstjórnarmenn almennt hafi gert sér grein fyrir því að sveitarfélaginu bæri skylda til að sjá veiku barni fyrir kennslu meðan það dveldi á sjúkrahúsi eða í heimahúsi, en þannig er það nú.

Ég vil að síðustu, virðulegi forseti, nefna það sem ekki kom til umræðu að neinu ráði í nefndinni varðandi réttindi sjúklinga en skiptir þó miklu máli í þeim efnum. Það eru komugjöld á heilsugæslustöðvar og gjaldtaka fyrir heilbrigðisþjónustuna. Komið hafa fram upplýsingar í rannsókn sem aðstoðarlandlæknir er að vinna, að aukin gjaldtaka í heilbrigðisþjónustunni hefur komið í veg fyrir og dregið úr og jafnvel frestað komu barna og fullorðinna á heilsugæslustöðvar eða til sérfræðinga til að sækja sér læknisþjónustu. Þetta er auðvitað með öllu óviðunandi. Að koma á heilsugæslustöð á að vera sjúklingi að kostnaðarlausu. Þar erum við með grunnþjónustuna, grunnþátt alls heilbrigðiskerfisins. Það má vera að öðru máli gegni um sérhæfð læknisverk sem fara fram á sjúkrahúsum eða á einkastofum en heilsugæslan, undirstaða allrar heilbrigðisþjónustunnar sem við ætlum eitt mikilvægasta verkefni heilbrigðisþjónustunnar, sú þjónusta á að vera án gjaldtöku. Þetta er trygging þess að tekið sé á sjúkdómum í tíma, en þetta er jafnframt mikilvægasti liðurinn í allri forvarnastarfseminni, það er heilsugæslukerfið. Það eigum við að efla og þar á ekki að vera um neina gjaldtöku að ræða.

Jafnframt kemur fram í þeirri rannsókn, sem aðstoðarlandlæknir tók sér reyndar launalaust leyfi til að vinna úr vegna þess að ekki hefur fengist fjármagn til rannsókna, að mikið meira bæri á sálrænum erfiðleikum hjá börnum efnalítilla og tekjulágra foreldra þar sem um mikið vinnuálag væri að ræða hjá fjölskyldum. Þar bæri mikið meira á sálrænum erfiðleikum og horfa þyrfti sérstaklega á það vandamál. Það kemur líka fram í rannsókninni eða í þessum niðurstöðum, sem verið er að kynna, að jafnar tekjur eða tekjujöfnun er í raun og veru besta leiðin til að ná fram meira heilbrigði einnar þjóðar. Ég tel að þegar okkur hefur tekist að jafna tekjurnar, sem auðvitað hlýtur að vera markmið okkar, er önnur besta leiðin, og sú sem skilar okkur hvað mestum árangri miðað við aðstæður í dag, að jafna þessa gífurlegu mismunun sem er í tekjuskiptingu, þá eigum við alla vega að tryggja að grunnþjónusta heilbrigðiskerfisins, heilsugæslan, sé sjúklingum að kostnaðarlausu.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög margt annað sem ástæða er til að ræða þegar verið er að fjalla um réttindi sjúklinga. Ég harma það enn og aftur að þessi mikilvægi málaflokkur skuli vera ræddur á þessum tíma, um miðja nótt, þannig að örþreyttir þingmenn, sem ef ekki linnir verða örugglega allir gestir heilbrigðiskerfisins innan ekki svo langs tíma, skuli ekki geta verið hér til þess að taka þátt í umræðunni. Við erum í raun að sýna þessum málefnum vanvirðingu með því að taka þau fyrir að nóttu til og er þinginu og okkur sjálfum e.t.v. ekki sæmandi að standa þannig að málum og ekki síst hvað varðar það frv. sem heilbr.- og trn. er að flytja hér fyrir hæstv. ráðherra og er á dagskrá á eftir og er veruleg réttarbót fyrir þá sem þar eiga hlut að máli. En ég sé ekki ástæðu til að eyða öllu lengri tíma í þessar brtt. þar sem mér sýnist að við séum í raun og veru í þeirri stöðu að hér sé um skylduumræðu að ræða frekar en að við séum að gera þetta af áhuga eins og við ættum að vinna að þessu.

[03:00]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil gera athugasemd við tvennt í máli hv. þm. Bæði atriðin varða meðferð sjúkraskráa. Hv. þm. gat þess að hún væri þeirrar skoðunar að það ætti e.t.v. að herða ákvæðin um möguleika manna til að fá upplýsingar úr sjúkraskrá sinni og gera þær opinberar. Hún vísaði til að mynda til þess möguleika að menn kæmu slíkum gögnum á framfæri við fjölmiðla. Af þessu tilefni vil ég benda á að yfirleitt fara menn þess á leit að þeir fái sjúkraskrá sína með öllum gögnum afhenta í því tilviki að þeir eru að leita réttar síns fyrir dómstólum. Þá er um að ræða gögn sem eru hvort eð er opinber og gögn sem yrðu lögð fram og hverjum og einum heimilt og frjálst að skoða. Það er ekki hægt, herra forseti, að ætlast til þess að reistar séu einhverjar skorður við slíku. Þetta var fyrra atriðið.

Hitt atriðið, sem hv. þm. sagði að væri sín skoðun, var að það ætti að binda í lög að ef farið væri í sjúkraskrá einstaklings, jafnvel þó um væri að ræða að sækja upplýsingar sem yrðu notaðar án þess að þær væru persónugreindar, þá þyrfti að liggja fyrir samþykki sjúklingsins. Þetta er í sjálfu sér virðingarvert og það er rétt að það komi líka fram, herra forseti, að þessu sjónarmiði deilir hv. þm. með landlækni sem

lét það uppi í umsögn sinni til nefndarinnar. Þá vaknar þessi spurning í fyrsta lagi: Hvað um þær sjúkraskrár og lífsýni sem tilheyra látnu fólki? Við búum við þær einstöku aðstæður að til eru þúsundir sýna úr látnu fólki sem gera okkur kleift að rekja sögu sjúkdóma og skilgreina erfðafræðilegan feril þeirra miklu betur en í öðrum löndum. Hvernig á að fara með þetta? Í öðru lagi, herra forseti, vegna þess að engin hætta er á því miðað við þær skorður sem við erum að reisa við meðferð þessara upplýsinga að þær fari á flakk þannig að hægt sé að rekja þær á nafn tiltekins einstaklings, þá tel ég að okkur beri líka ákveðin skylda til þess að heimila, þ.e. löggjafanum ber skylda til að heimila rannsóknaraðilum að komast í slíkar upplýsingar vegna þess að sjúklingar hafa líka skyldur til að hjálpa mönnum að rannsaka eðli sjúkdóma, m.a. til að búa betur í haginn fyrir komandi kynslóðir sem kynnu að eiga við þessa sjúkdóma að stríða.

[03:03]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þriðji aðili lætur frá sér upplýsingar um sjúkdóma úr sjúkraskrá sjúklings, ef leyfi sjúklings liggur fyrir sem á auðvitað að vera, þá er í sjálfu sér ekki um refsivert athæfi að ræða. Það sem um er að ræða er að ef þriðji aðili notar upplýsingar úr sjúkraskrá sjúklings án heimildar, þá þyrfti að vera ákvæði þar sem hægt væri að taka á því og refsa fyrir. Við erum að setja ný lög og þannig er hægt að taka á ýmsum þáttum þar. Og hvað varðar upplýsingar, sýni og sjúkraskrár um látið fólk þá er hægt að fjalla sérstaklega um það og gætu gilt sérákvæði þar um. En frá og með gildistöku laga væri það þannig að leyfi sjúklings lægi fyrir ef nota á sjúkraskrá hans eða lífsýni til rannsóknarstarfsemi og það yrði þá bara í gegnum heimilislækni viðkomandi eða heilsugæslustöð.

[03:04]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að því er síðara atriðið varðar þá er ég sammála hv. þm. að hægt væri að leysa þetta með þeim hætti að gera sérstök lög um meðferð lífsýna og sjúkraskráa látinna einstaklinga og setja síðan í lög ákvæði um að jafnan skuli leitað heimildar hjá þeim einstaklingum sem koma til læknis og jafnvel láta frá sér lífsýni. Það er hægt að leysa þetta á þann hátt og ég er sammála henni um það. Ég er hins vegar ekki viss um að það skipti mjög miklu máli.

Að því er varðar fyrra atriðið þá er þetta ekki alveg svona einfalt mál. Ég tel að í flestum tilvikum þegar menn leita eftir því að fá sjúkrasögu afhenta á þann hátt sem við höfum verið að ræða hérna, þá sé það til þess að koma þeim áfram í hendur dómstóla og það er ekki hægt, að því ég best veit, að reisa nokkrar lagalegar skorður við því að einhver takmörkun sé á meðferð þeirra gagna sem þar eru lögð til. Ég held að það sé ekki hægt og ég held að það sé heldur ekki æskilegt.

[03:05]

Katrín Fjeldsted:

Herra forseti. Ræðumönnum á undan mér hefur orðið tíðrætt um að við séum um miðja nótt að ræða um réttindi sjúklinga. Og það er miður að þetta skuli ekki hafa lent á dagskránni fyrr í dag þannig að fleiri þingmenn gætu verið viðstaddir og tekið þátt í þessari umræðu því þetta er nokkuð öðruvísi mál en þau sem hér hafa verið til umræðu, sem mörg hver lúta að hagfræði og statistik, en hér erum við komin inn á mannlegu nóturnar og nauðsynlegt að ræða það í viðurvist annarra þingmanna. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Þau sem hafa talað á undan mér hafa farið yfir efnisatriði og þær breytingar sem heilbr.- og trn. gerði á frv. sem lagt var fram í upphafi þessa þings. Ég kom inn síðastliðið vor sem varamaður og þá lá frv. líka fyrir þannig að ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá að vinna mestallan tímann með þetta frv. og reyna að hafa áhrif á það. Sem læknir hef ég auðvitað aðra sýn um sumt eða hef kannski komið með annað sjónarhorn í nefndina. Mér hefur alla vega þótt mjög vænt um það hversu vel hefur verið tekið við þeim ábendingum og ég held að flestar þeirra hafi skilað sér í núverandi útgáfu frv. Orðið heilbrigðisstarfsmaður var kannski stærsta atriðið sem ég var svolítið ósátt við einkum á nokkrum stöðum í frv. þar sem ljóst var að sá heilbrigðisstarfsmaður gat ekki verið annað en læknir. Ég tel mikilvægt að nota starfsheitið læknir þar sem það á við einkum í lögum um réttindi sjúklinga. Þá er ég að hugsa um að það megi ekki draga úr skyldum læknisins gagnvart sjúklingnum og það séu þess vegna réttindi sjúklingsins að læknisins sé getið. Umræður hafa verið í þjóðfélaginu einmitt um réttindi sjúklinga. Samtök sjúklinga sem telja sig hafa orðið fyrir læknamistökum hafa gert sig gildandi í þjóðfélaginu og það er mjög nauðsynlegt að hafa slíkan vettvang fyrir fólk sem veit ekki hvert það á að snúa sér. Ég tel að vel upp byggt heimilislæknakerfi á landinu sé það sem þurfi að vera fyrir hendi til þess að sjúklingurinn hafi ávallt sinn „umboðsmann". Barátta okkar heimilislækna fyrir því að hafa heilsugæsluna trygga lýtur m.a. að þessu — að hver sjúklingur eigi rétt á því að hafa sinn heimilislækni.

Ég ætla að segja nokkur orð um samþykki sjúklinga sem er í II. kafla. Ég lagði fram á síðasta þingi frv. til laga um breytingu á læknalögum, um skriflegt samþykki sjúklinga. Það var lagt fram aftur á þessu þingi en mun ekki ná fram að ganga. Það er á mjög svipuðum nótum og þarna kemur fram. Það er kannski nokkuð ítarlegra og á erindi inn í læknalög og ég verð bara að koma oftar inn á þing og halda áfram að leggja þetta litla frv. mitt fram til að fá þessu breytt í læknalögum. Það er nefnilega ekki alltaf verið að fjalla um dómsmál þegar sjúklingur vill fá aðgang að sjúkraskrá sinni og mér fannst það mjög góð ábending sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom með í nefndina, og nefndi áðan líka, að heimilislæknirinn gæti verið með einhvers konar skriflega heimild sjúklings, sem sjúklingurinn getur auðvitað breytt síðar ef þannig aðstæður koma upp, en það gæti einfaldað ferlið mjög mikið inni á spítölunum. En af því að vitnað var hér í þegar sjúklingar vildu komast í gögn sín og sjúkraskrár, þá er það ekki alltaf svo að málin endi fyrir dómi því þorri þeirra mála, stærstur hluti þeirra til allrar hamingju, er leystur farsællega. Það eru hlutlausir aðilar sem fara yfir meðferð og sjúkraskrá þess sem kvartar undan sinni meðferð og langoftast leysist málið — til allrar hamingju. Stundum er kannski um forvitni að ræða, stundum eru einhverjar aðrar ástæður, einhver skýring sem er réttlætanleg, og auðvitað á sjúklingurinn að eiga rétt á upplýsingum um sjálfan sig. Það kemur hins vegar upp eins og einnig er búið að nefna hér, þegar um vísindarannsóknir er að ræða að það getur verið mjög erfitt að leita eftir samþykki sjúklinga í rannsóknum þar sem þúsundir manna taka þátt. Í slíkum rannsóknum byggja upplýsingarnar ekki á persónuupplýsingum um hvern og einn. Þær byggja í rauninni á nafnleysinu og á fjöldanum. Vísindarannsóknir eru læknum að sjálfsögðu kappsmál, ekki vegna metnaðar þeirra til að berja sér á brjóst yfir einhverjum niðurstöðum fyrir sjálfa sig heldur vegna þess að með þeim

hætti fást upplýsingar sem geta haft einhver áhrif á greiningu og meðferð sjúkdóma í framtíðinni.

Það eru tveir, þrír punktar í viðbót sem mig langar til að minnast á af því þeir hafa komið upp í umræðunum varðandi tillögu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um biðtíma. Umræðan um biðtímann kom fyrst og fremst fram í máli landlæknis, ef ég man rétt, þegar hann heimsótti nefndina. Í nokkuð mörgum nágrannalöndum okkar hefur slíkur biðtími verið festur, þ.e. hámarksbiðtími eftir aðgerð hefur verið festur í lög. Ég hugsa að það hljóti að vera tímaspursmál að þurfa að gera eitthvað slíkt. Þó að nefndin hafi ekki tekið þá ákvörðun núna þá efast ég ekki um að ráðherrar heilbrigðismála og starfsfólk ráðuneytisins eru að velta þessu máli fyrir sér og það verður þá ákvörðun sem kemur síðar. Það er að sjálfsögðu hægt að setja slíkar vinnureglur án þess að þær séu í lögum.

Varðandi hert eftirlit með læknum, hvíldartíma þeirra o.s.frv. þá er auðvitað mjög mikilvægt, eins og hjá öllum sem vinna í opinbera þágu eða þiggja laun í gegnum opinbera sjóði, að þeir séu færir um að sinna starfi sínu og hvíldartími lækna er þar auðvitað mjög mikilvægur. Það er hins vegar alveg ljóst að í okkar þjóðfélagi þarf að fjölga læknum gríðarlega ef hægt á að vera að fylgja þessari tilskipun um vinnutíma eftir. Þetta eru óleyst mál og við stöndum frammi fyrir því að nokkur landflótti íslenskra lækna virðist vera til útlanda bæði vegna starfskjara og ýmissa ástæðna. Ég tel þess vegna miklu mikilvægara að reyna að fyrirbyggja vandamál af þessu tagi. Til að læknar séu færir um að sinna starfi sínu þá þurfa þeir fyrst og fremst að vera vel menntaðir. Þeir þurfa að fá góða kennslu í námi sínu, þeir þurfa að vera í vel uppbyggðu framhaldsnámi og þeir þurfa að sinna endurmenntun og viðhaldsmenntun og fylgjast með því sem er að gerast. Þannig er auðveldast að tryggja sjúklingum þá þjónustu sem þeir eiga skilið að fá og það er auðvitað það besta sem við getum boðið þeim sem þeir eiga skilið að fá.

Að læknar séu að stunda störf á stofum og vinna í einkapraxís utan vinnutíma á sjúkrahúsum er staðreynd í dag og hjá mörgum þeirra er það ekki vegna þess að þeir hafi sérstakan áhuga á því að vera í privat praxís. Það er að vísu hjá vissum hópi en aðrir telja sér ekki fært að vinna hér á landi fyrir þau laun sem þeir hafa fengið í fullu starfi á spítölum miðað við það sem þeir geta fengið erlendis þar sem þeir hafa menntað sig. Það mál verður ekki leyst nema tekið sé á launamálum sjúkrahúslækna en ég ætla nú ekki að fara að fara út í þá umræðu neitt frekar.

Mig langar að lokum að minnast á komugjöldin. Ég er ein af þeim sem er mjög ósátt við komugjöld í heilsugæslunni. Ég er með talsverðan hóp sjúklinga á mínum vegum eða sem leita til mín og ég þekki þetta komugjaldakerfi mjög vel. Skriffinnskan í kringum það er gríðarleg og það er viss hópur af fólki sem setur þetta virkilega fyrir sig. Fólk með litla krakka, fólk sem er atvinnulaust, fólk sem hefur lágar tekjur. Ég hef haft fólk sem hefur ekki átt fyrir mat sem hefur komið til mín. Og ég verð að segja að af því að maður hefur heimild til að fella þessi komugjöld niður, þá bara geri ég það. Kannski mun ég sæta ámæli frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir að fella niður komugjöld en ég leyfi mér að gera það. Það verður að vera hægt að gera slíkt en réttlátast væri og einfaldast ef við ætlum að láta heilsugæsluna virka, eins og hún á að gera best, að hún sé aðgengileg, hún sé öllum til reiðu og hún sé úr sameiginlegum sjóðum okkar þannig að ekki sé peningaspursmál fyrir fólk að fá þennan fyrsta snertiflöt við heilbrigðisþjónustuna. Þannig að ég er áhugamaður um að þessu verði breytt enda hefur mjög mikil breyting átt sér stað. Þetta hefur ýmist verið inni eða úti. Það hafa ýmist verið komugjöld eða engin greiðsla. Það var svoleiðis um árabil að maður fór ekki svo í sumarfrí að ekki væri búið að breyta reglunum þegar maður kom til baka.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég hef haft mikla ánægju af að vinna með þessari nefnd að merkilegu máli og er glöð að sjá að það er komið á leiðarenda og hlakka til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um það og segja já við því.

[03:17]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu mjög lengi. Ég hef fyrr í kvöld reifað sérstaklega sameiginlegt álit heilbr.- og trn. Mig langar í örstuttu máli að reifa lítillega stuðning minn við ýmsar þeirra brtt. sem við þrír fulltrúar stjórnarandstöðunnar, ég og hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, höfum flutt. Áður en ég kem að því vil ég taka fram út af ummælum hv. þm. Katrínar Fjeldsted að mér finnst merkilegt það viðhorf hennar sem kemur fram varðandi komugjöld á heilsugæslustöðvar. Ég held að nauðsynlegt sé í ljósi þess sem hún segir, og byggir hún á sinni reynslu sem heilsugæslulæknir, er reyndar formaður í því félagi, og út frá þeim upplýsingum sem komu fram í nefndinni frá aðstoðarlandlækni um möguleg áhrif komugjalda á tíðni koma fólks, sem býr við slakan fjárhag, að heilbr.- og trn. leyfi sér á næsta ári að taka þetta til sérstakrar rannsóknar. Mér heyrist á þessu að hér liggi vísir að samkomulagi um að kanna þetta mál og ef til vill falla frá því. Það getur vel verið að það sé rétt að gera það. Ég fagna því að þetta skuli koma frá Sjálfstfl. Það bendir til þess að ef til vill sé hægt að ná nýrri hugsun í þetta mál. Ég var hluti af ríkisstjórn sem innleiddi þetta ásamt Sjálfstfl. og ég er ekki viss um að það hafi verið farsæl þróun þegar maður horfir til baka og mér þykir merkilegt að heyra þessa reynslu hennar.

Ég segi hins vegar, herra forseti, þó að við tölum fyrir hálftómum sölum, að hér er um mjög merkilegt mál að ræða. Nokkrir þingmenn, bæði hv. þm. Katrín Fjeldsted og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir hafa talað um að æskilegra væri að hafa þetta mál á dagskrá á öðrum tíma til að geta rætt það betur. Þetta er auðvitað alveg hárrétt en það er ekki við okkur þingmenn að sakast í þessum efnum heldur stjórn þingsins og þar af leiðandi við stjórnarliðið. Ég verð að segja að hv. þm. Katrín Fjeldsted sýnir málinu þann sóma að koma og ekki bara hlusta heldur taka til máls um það. En það er ekki hægt að segja til að mynda um flokk hæstv. heilbrrh. Hér hefur ekki sést nokkur einasti fulltrúi þess flokks í salnum nema ef vera skyldi ráðherrann, sem er hér, og ég kvarta ekki undan því. En málið er ekki lengur á forræði ráðherrans heldur á forræði þingsins, fagnefnda. Það hefði kannski verið ágætt ef einhver fulltrúi Framsfl. mælti einhver orð en það skiptir mig engu máli.

Það sem skiptir mig máli er það að nauðsynlegt er að reyna að efla rétt sjúklinga eins og hægt er. Og það verður að segjast um þetta frv. að þó að það sé að mörgu leyti orðið miklu betur úr garði gert en þegar það kom til kasta nefndarinnar, þá eykur það ekki umtalsvert rétt sjúklinga. Það eykur hann varðandi hluti eins og sjúkraskrár og lífsýni og að því leyti til er um nýmæli að ræða í frv. en að öðru leyti verður auðvitað að segjast að í frv. er fyrst og fremst að finna safn réttinda sem eru við lýði annars staðar annaðhvort

skráð í reglur eða lög. Hver er því réttur sjúklinga, réttarbótin við það að þessi lög eru samþykkt? Hún er afskaplega lítil, því miður. Það er þess vegna sem lagðar eru fram ákveðnar brtt. af hálfu nefndarinnar. Það væri auðvitað gaman að fá einhvern tímann viðbrögð stjórnarliðsins við þeim. Hvað segja t.d. fulltrúar Framsfl. við þeim tillögum sem koma fram hjá okkur um að ráðherra verði skylt að setja reglur sem takmarka bið við þrjá til sex mánuði. Það virðist sem um sé að ræða mjög einfalda og sjálfsagða réttarbót. Það heyrist hvorki hósti né stuna frá stjórnarliðinu. Framsfl. og reyndar Sjálfstfl. virðast ekki einu sinni hafa áhuga á þessu máli. Þó verð ég að segja, eftir að hafa komið að heilbrigðismálum um tveggja ára skeið, að það sem er verst við stöðu heilbrigðismála á Íslandi í dag eru biðlistarnir. Ég tel að þeir séu smánarlegur skammarblettur á siðuðu þjóðfélagi eins og okkar. Það er hægt að nefna dæmi sem sýna að beinlínis er verið að sóa peningum, beinhörðum peningum, í krónum talið, í útlögðum kostnaði fyrir lyf með þessum biðlistum. Það er hægt að benda á dæmi af fólki sem þarfnast einfaldra aðgerða, eins og t.d. aðgerðar á vélinda, sem kostar 150.000 kr. Þeir einstaklingar þurfa að bíða í heilt ár eftir aðgerðum. Þegar kemur að aðgerðinni þá hafa lyfin kostað fast að 150.000 kr. Með öðrum orðum gerir biðin það að verkum að beinn útlagður kostnaður þjóðfélagsins við slíka sjúklinga tvöfaldast. Þetta er auðvitað ekkert annað en óráðsía og verið er að sólunda peningum skattborgaranna.

Við komum með frv. sem miðar ekki bara að því að draga úr kostnaði ríkisins vegna biðlistanna heldur til að bæta hag þeirra einstaklinga sem á þeim sitja. Það er hörmulegt til þess að vita þegar einstaklingur lendir í því að þurfa að bíða mjög lengi eftir aðgerð. Hverjar eru afleiðingar þess? Ja, hann tapar lífsgleði sinni, lífsgæði hans versna til muna, allt hans umhverfi er undir áhrifum af þessari bið. Fjölskylda hans líður fyrir þetta og hann getur í mjög mörgum tilvikum ekki stundað vinnu þannig að þjóðfélagið tapar af vinnuframlagi hans. Það sem hefur líka komið fram í skýrslu sem hæstv. heilbrrh. hefur lagt fyrir þetta þing er að margir þeirra sem eru á biðlistum verða háðir ávanabindandi lyfjum. Hér ryðst hver ráðherra fram á völlinn um annan þveran og vill grípa til sérstakra aðgerða til að stemma stigu við notkun fíknilyfja og notkun alls konar ávanabindandi lyfja en ríkið er á sama tíma að framleiða fólk sem er háð lyfjum. Þetta er auðvitað undarleg þverstæða, þverstæða sem menn reyna að sópa undir teppið og vilja helst ekki ræða. En þetta mál er auðvitað óhjákvæmilegt að þingið taki til umræðu fyrr en síðar. Þarna er um að ræða mál sem eru tengd og það er ekki hægt að verja það í siðuðu þjóðfélagi að niðurskurður og skammsýni sé beinlínis að framleiða fólk sem er háð ávanabindandi lyfjum. Það er ekki hægt að forsvara það. Ég get ekki forsvarað það. Þar fyrir utan er ég þeirrar skoðunar, herra forseti, að ekki þurfi gríðarlegt átak til að vinna upp á tiltölulega skömmum tíma mjög stóran hluta a.m.k. verstu biðlistanna. Það hefur komið fram að t.d. á handlækningadeild Landspítalans eru gerðar um það bil 4.500 aðgerðir á hverju ári. Það er dálítið drjúgt. Þar hefur verið bætt við skurðstofum og tækjum. Miðað við aðstöðu og mannafla væri hægt að framkvæma þarna 6.000 aðgerðir á hverju ári. Þetta eru merkilegar tölur þegar maður horfir til þess að biðlistarnir eru ekkert svo margir, þeir eru ekkert svo stórir í sjálfu sér. Það eru kannski 1.000–1.500 manns sem eru í alvarlegum vanda. Mig minnir að talan sem hæstv. heilbrrh. setti fram í umræðum fyrr í vetur hafi verið 1.357 manns. Með öðrum orðum, það er minna en þriðjungur af ársverkum þessarar deildar. Það er u.þ.b. sá fjöldi aðgerða sem deildin gæti bætt við sig á aðeins einu ári ef hún fengi peninga til þess. Hvað kostar þetta? Auðvitað kostar þetta mikið fé, sennilega í kringum hálfan milljarð, ég veit það ekki. En það er hálfur milljarður sem yrði vel varið og mundi sennilega skila sér að einhverju leyti til baka þegar allt væri metið og kannski væri hægt að komast að þeirri niðurstöðu að beinn kostnaður við að útrýma biðlistum, þeim biðlistum sem ég er að tala um hér, væri snöggtum minni en þessi hálfur milljarður. Það gæti jafnvel verið að þegar allt væri uppreiknað hagnaðist þjóðfélagið af þessu í beinum krónum talið og þá er ótalinn sá ávinningur sem viðkomandi einstaklingar hefðu af þessu. Þess vegna segi ég það að hér er lögð fram tillaga sem er siðferðilega mjög erfitt að hafna, en hún fær ekki einu sinni umræðu í þessum sölum. Ég er svo sem ekki á þessari nóttu að fara fram á að slík umræða fari fram núna. En þetta er auðvitað það stórt mál að það verðskuldaði nokkurra sólarhringa umræðu. Væntanlega verður þetta tekið upp af stjórnarandstöðunni á næsta þingi. En það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þarna er um að ræða vissar þverstæður í starfi ríkisstjórnarinnar.

Síðasti þátturinn sem ég vildi ræða, herra forseti, af þessum tillögum sem eru fjölmargar er annars vegar biðlistahugmyndin og hins vegar tillaga stjórnarandstöðunnar um áfallahjálp. Þar er afskaplega sparlega með farið af okkar hálfu. Við leggjum ekki til að komið verði upp áfallahjálp fyrir alla sem lenda í að greinast með alvarlega sjúkdóma. Við viljum af stakri nærgætni við fjárhag ríkisins, og vegna þess að málið er nýtt, leggja til að áfallahjálpin nái til barna. Getur einhver maður ímyndað sér hvernig það er að eiga lítið barn á sjúkrahúsi sem skyndilega greinist með alvarlegan sjúkdóm? Það er kannski ekki svo mikið áfall fyrir barnið, sem ef til vill hefur ekki skilning og þroska til að gera sér grein fyrir þeim örlögum sem skyndilega hafa dunið yfir en foreldrarnir finna það. Þegar slíkt gerist þá lenda menn eðlilega í svipuðu andlegu áfalli og ef þeir lenda í stórslysi. Hvernig bregst kerfið við þessu? Það bregst á engan hátt við því. Við höfum jafnvel heyrt af nýlegu dæmi í fjölmiðlum þar sem ungri manneskju er tilkynnt um að hún sé með banvænt krabbamein og það er gert í rúmi úti á gangi. Hún fær engan stuðning, engan andlegan stuðning frá kerfinu. Er þetta það kerfi sem við viljum byggja upp? Er það þetta sem við viljum sjálf sæta ef við lendum í þessum ógöngum? Er þetta kerfið sem við vildum t.d. að tæki við okkar eigin börnum? Að sjálfsögðu ekki. Við leggjum fram tillögu sem gerir ráð fyrir að í kjölfar þess að barn greinist með alvarlegan sjúkdóm þá eigi barnið, aðstandendur þess, foreldrar og nánir vandamenn, kost á félagslegum og andlegum stuðningi. Við leggjum raunar til að sérstaklega þjálfað áfallateymi sinni þessu starfi á barnadeildum sjúkrahúsanna. Og hvar er sá stjórnarliði sem vill koma hér og mæla þessu í gegn? Eða ætla þeir að koma og benda á að ekki séu til peningar til að kosta þessa þjónustu á tímum þegar það liggur fyrir að ríkið er að fá hundruð milljóna í tekjur, og jafnvel milljarða, umfram það sem áætlað var? Er ekki kominn tími til þess að taka eitthvað af þessum nýfengnu og óvæntu tekjum ríkisins einmitt til mála á borð við þetta?

Herra forseti. Ég gæti haldið lengri ræðu um þetta vegna þess að mér er heitt í hamsi. Þetta er mál sem ég ber mikla umhyggju fyrir en eins og nú er háttað að langt er liðið nóttu og nánast enginn nema hv. þm. Katrín Fjeldsted til að hlýða

á mál mitt, þá held ég að það tjói lítt að ræða þetta þó oft finnist mér reyndar að alveg sé jafngott að tala út í tómið eins og tala við hv. stjórnarliða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 613. mál. — Þskj. 1189.

[03:29]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er að finna á þskj. 1189 og varðar breytingu lagaákvæða sem tengjast aðgangi að sjúkraskrám og tengdum efnum. Heilbr.- og trn. flytur þetta frv. Ég hef áður reifað það lítillega í tengslum við framsögu mína fyrir nál. um frv. til laga um réttindi sjúklinga fyrr á þessari nóttu. En í stuttu máli, herra forseti, varðar þetta breytingu á þremur lagabálkum.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á læknalögum, nr. 53/1988, samanber lög nr. 50/1990 og lög nr. 50/1996. Þar er lagt til að í stað þess lagaákvæðis sem nú er að finna í 16. gr. læknalaganna og fjallar um aðgang að sjúkraskrám þá er í staðinn vísað til ákvæða laga um réttindi sjúklinga.

Sama gildir um II. kafla þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að lög um skráningar og meðferð persónuupplýsinga, nr. 121/1989, breytist með sama hætti. Það er að vísu gert ráð fyrir tveimur breytingum en meginbreytingin er sú að skylda læknis og þeirra sem færa sjúkraskrá til að afhenda sjúklingi eða þeim umboðsmanni sem hann tilnefnir afrit af skránni skuli fara eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

III. kaflinn tengist breytingu á upplýsingalögum, nr. 50/1996. Þar er um að ræða samsvarandi breytingu. Þá er gert ráð fyrir að í upplýsingalögum fari með aðgang sjúklinga að sjúkraskráruppl ýsingum eftir ákvæðum laga um réttindi sjúklinga.

Herra forseti. Það er ítarlegar fjallað um þetta í greinargerð en nefndin taldi nauðsynlegt að gera þessi lagaskil í samræmi við þær breytingar sem hún hefur lagt til að verði gerðar á 14. og 15. gr. frv. til laga um réttindi sjúklinga. Yfir þetta hefur verið vel farið og fjöldi sérfræðinga tilkvaddur, bæði lögfræðingur forsrn., formaður tölvunefndar og fleiri lögfræðingar, sem til voru kvaddir, lýstu nauðsyn þess að þær breytingar sem við leggjum fyrir yrðu gerðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 620. mál. — Þskj. 1314.

[03:33]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Þetta frv. er að finna á þskj. 1314. Heilbr.- og trn. flytur frv. Þess ber að geta að sérhver nefndarmanna er sammála flutningi frv. Ástæða þess að frv. er flutt af nefndinni er sú hæstv. heilbrrh. hefur eindregið óskað eftir því að heilbr.- og trn. flytji þetta mál fyrir hinu háa Alþingi. Orsökin fyrir því að óskað er eftir að nefndin flytji það en það gengur ekki fram með venjulegum hætti er sú að málið var svo seint búið af hálfu þeirrar nefndar sem fjallaði um það og engin von var til að það næði hér framgöngu vegna þess hve seint var liðið þings og engin von er til þess að það nái hér lagagildi nema um það náist full sátt. Nefndin taldi eftir að hafa farið yfir málið á þeim nauma tíma sem henni var skammtaður til að rannsaka það að ástæða væri til að það næði framgangi vegna þess að í því felast bætur fyrir aðstandendur barna sem eru verulega fötluð eða langveik.

Eins og ég sagði, herra forseti, þá snýr málið að breytingum á lögum nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Hér er um að ræða breytingar á umönnunarbótum fatlaðra og langveikra barna. Eins og kemur fram í greinargerð þá eykur frv. rétt þeirra sem eiga í alvarlegum vanda. Það er rétt að geta þess í upphafi máls að tillögurnar eiga uppruna sinn að rekja til nefndar sem fjallaði um þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins við sjúk börn, fötluð börn og börn sem eiga að stríða við þroska- og/eða hegðunarfrávik. Álit nefndarinnar var tilbúið í febrúar á þessu ári. Í henni áttu sæti sex fulltrúar Tryggingastofnunar en auk þess fulltrúar tveggja hagsmunasamtaka, þeir Friðriks Sigurðssonar, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar og jafnframt Þorsteinn Ólafsson, formaður Umhyggju, sem eins og kunnugt er er félag til stuðnings sjúkum börnum.

Það varð niðurstaða þessarar nefndar að þær reglugerðir sem í dag gilda um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna séu úreltar og á þeim væru margar brotalamir. Reglurnar hafa verið gagnrýndar jafnt af foreldrum sem fagfólki. Það kom fram á fundi sem nefndin átti með þremur sérfræðingum ráðuneytisins, þar af tveimur sem áttu sæti í nefndinni, að þessi gagnrýni hefði verið borin bréflega og munnlega bæði yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins og heilbr.- og trmrn. Allir sem hafa komið að þessu máli taka undir að þörf sé á úrbótum á þessum reglugerðum og að nauðsynlegt sé að gera kerfið í senn einfaldara, aðgengilegra og réttlátara.

En forsenda þess að hægt sé að breyta gildandi reglum um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaða og sjúkra barna er sem sagt að 4. gr. laga um félagslega aðstoð verði breytt og um það fjallar þetta frv. Það er í tveimur greinum. Hin síðari er gildistökugrein en hin fyrri er sjálf efnisgreinin. Þar er lagt til að Tryggingastofnun sé heimilt að inna af hendi umönnunargreiðslur til framfærenda fatlaðra og langveikra barna, sem dveljast í heimahúsi eða á sjúkrahúsi og sömuleiðis að taka aukinn þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar ef andleg eða líkamleg hömlun barns hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld og sérstaka umönnun eða gæslu.

Það sem skiptir ef til vill mestu máli í þessari grein er 1. málsl. 2. mgr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Almenn leikskóla- og skólaþjónusta skerðir ekki umönnunargreiðslur."

Það er sem sagt lagt til, herra forseti, að úr lagagrein um umönnunargreiðslu falli skerðingarákvæði um að þjónusta utan heimilis skerði bætur. Þetta skerðingarákvæði eru úreltar leifar liðins tíma. Það var sett þegar þjóðfélagið taldi ekkert sjálfsagt að fötluð börn fengju þá leikskólaþjónustu sem núna er boðið upp á fyrir þau og önnur börn. Reyndar er gert sérstaklega ráð fyrir því að einmitt slík börn fái að njóta samvista við önnur börn og fái að njóta þeirrar þjónustu sem leikskólarnir bjóða upp á. Ákvæðið er þess vegna úrelt og

það er nauðsynlegt í samræmi við það að fella það úr gildi því að það hefur leitt til þess að fötluð börn eru vegna þessa skerðingarákvæðis metin til lægri greiðslna heldur en börn sem ekki sæta jafnalvarlegum hömlunum eins og t.d. börn með þroskafrávik af ýmsu tagi.

Í frv. er sem sagt lagt til að greiðslum til foreldra barna sem eru með þroska- og hegðunarvandamál verði breytt. Ekki er gert ráð fyrir því að kostnaður vegna frv. auki útgjöld ráðuneytisins. Það kom að vísu fram í umfjöllun nefndarinnar, í máli gesta sem komu til fundar við nefndina, að það væri erfitt að meta mjög nákvæmlega kostnaðaráhrif frv. En gert var ráð fyrir því að þegar fram í sækti þá mundi það ekki hafa í för með sér aukinn kostnað. Það þýðir auðvitað, herra forseti, að um er að ræða breytingar á dreifingu greiðslna innan þess hóps sem í dag nýtur þessara bóta. Það var hins vegar skýrt tekið fram af hálfu sérfræðinga stofnunarinnar, og í því trausti m.a. samþykkti nefndin að flytja það einróma, að þetta mundi ekki leiða til þess að neinn þeirra sem í dag nýtur greiðslna af hálfu Tryggingastofnunar mundi sæta skerðingu. En hins vegar yrði í framtíðinni beitt þroskaprófunum sem ekki hefur verið beitt í dag og þannig yrði þeim börnum sem falla innan umönnunarkerfisins skipt í flokka og aðstoð við flokkana yrði mismunandi.

Í dag er börnum skipt í flokka miðað við vandamálin sem þau eiga við að stríða og undantekningarlítið falla öll börn í tiltekna flokka sem í rauninni fela í sér þá skilgreiningu að um veruleg vandamál sé að ræða. En sá ljóður er á þeirri flokkun að til þessa hafa nauðsynleg þroskapróf ekki verið gerð til að staðfesta þessa greiningu. Í framtíðinni er fyrirhugað að skipta þessum hópi barna í tvennt, þannig að í öðrum hópnum væru börn sem eiga við verlega erfið vandamál að stríða og hins vegar þau sem búa við vægari erfiðleika. Í erfiðari tilvikunum yrðu börnin metin hæf til að fá umönnunarskírteini sem gefur rétt til lyfja og læknishjálpar en aðstandendur þeirra fengju einnig fjárhagslegan stuðning. Hin fengju hins vegar einungis umönnunarskírteinin sem gæfu þennan rétt til lyfjahjálpar og læknisaðstoðar, en ekki greiðslur. Það er því verið að gera ráð fyrir því, herra forseti, að dregið verði í framtíðinni úr greiðslum til þessara barna en þó algjörlega á grundvelli faglegra þroskaprófa og peningunum sem til falla með þeim hætti verði varið til að hjálpa aðstandendum þeirra barna sem eiga við verulega erfiðleika að stríða. Það er rétt að það komi fram að um þetta ríkir einhugur í hópi nefndarmanna þar sem eiga sæti fulltrúar Umhyggju og Landssamtakanna Þroskahjálpar. Nefndin varð sammála eftir sína umfjöllun um að flytja þetta mál og mæla með að þingið samþykkti það. Ég legg til að það verði gert, herra forseti.

[03:44]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Hér hefur verið mælt fyrir tveimur frv. sem heilbr.- og trn. flytur og verður það tilefni til þess að velta þeim vinnubrögðum fyrir sér sem færast dálítið í vöxt í þinginu, að nefndir eru farnar að flytja mál í ríkari mæli en tíðkast hefur. Þannig er að auk þess að heilbr.- og trn. flytur þessi tvö mál, þá hafa verið flutt mál hér á þingum og eins á þessu þingi af efh.- og viðskn. svo dæmi sé tekið. Oft eru þetta mál sem flutt eru þegar greiða þarf úr brýnum úrlausnum, vanda sem skapast við það að tiltekin frv. ná ekki fram að ganga og þá er gripið til nauðsynlegra lagabreytinga þannig að menn geti búið við það ástand jafnvel þótt frv. nái ekki fram að ganga þannig að ekki verði vandræði af að öðru leyti. Slík frv. eru tiltölulega einföld og skapa að mínu viti engin vandræði í þinglegri meðferð. Hins vegar finnst mér málið verða flóknara þegar koma fram frv. eins og hér hafa verið flutt af heilbr.- og trn., þar sem fyrra frv. sem mælt var fyrir hér áðan fjallar um breytingu á þremur lagabálkum og svo þetta sem fjallar líka um breytingu sem er ekki bara einföld heldur nær yfir stóran hóp og er altæk breyting á þeim hópi þar sem hluta hans er ívilnað en öðrum hluta íþyngt. Þar sem frv. eru þannig úr garði gerð að í þeim eru efnisleg atriði sem skipta verulegu máli fyrir þá sem lögin taka til, þá er að mínu viti alveg bráðnauðsynlegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að slík lagafrv. fái hefðbundna þinglega meðferð. Það er óásættanlegt að frv. sem eru svo viðamikil skuli ekki vera athuguð í nefnd á milli umræðna. Og það er skoðun mín, herra forseti, að frv. eins og þessi tvö ættu að fara til nefndar, ekki þeirrar nefndar sem flytur málið heldur sérstakrar nefndar sem er skipuð öðru fólki en því sem stendur að frv. sem flutt er, til að tryggja vandaða þinglega meðferð og athugun á málinu. Sú athugun gerir það líka að verkum að leitað er álits þeirra sem málið varðar, ekki bara þeirra sem komu að málinu á undirbúningsstigi heldur almennt.

Ég er hræddur um, herra forseti, að ég geti ekki sagt annað um þennan framgang en að mér finnst of langt gengið í því að þingnefndir geri samkomulag við fagráðherra um að flytja mál fyrir ráðherrann sem ráðherrann er kominn í eindaga með eða eru óþægileg og ráðherrann áttar sig á því að það er líklegra að þau smjúgi í gegnum þingið ef hann semur við nefndarmenn um að þeir flytji málið fyrir hans hönd eða í hans stað öllu heldur. Ég vara við því að þingnefndir gangi lengra á þessari braut. Ég vara mjög við því að þingnefndir gangist upp í því hlutverki að verða framlengdur armur ráðherrans. Það er ekki hlutverk þingmanna að vera vinnumenn ráðherra. Hlutverk þeirra er að taka við málum frá ráðherrum og athuga þau vandlega með gagnrýnum huga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi sem málið varðar en ekki hagsmuni ráðherrans.

Ég skal ekki gerast svo djarfur, herra forseti, að fara fram á það nú að mál þetta sem hér hefur verið kynnt fari til sérstakrar þingnefndar sem ég tel þó raunar að væri hið rétta í málinu og sérlega í ljósi þess að ætlunin er að gera það að lögum fyrri hluta þessa dags, sem sé innan tíu stunda frá því mælt er fyrir málinu. Það finnst mér vera nokkuð djarft teflt, sérstaklega þegar málið sem við erum að ræða hér, lýtur ekki bara að því að færa sumum landsmönnum aukin réttindi heldur lýtur það líka að því að skerða réttindi annarra. Við verðum að ástunda þau vinnubrögð að athuga málin vandlega þegar við ætlum að ganga á rétt sumra landsmanna okkar. Það kann að vera réttlætanlegt og ég er ekkert að tala um efni máls á þessu stigi. Það kann vel að vera réttlætanlegt að gera breytingar í þá veru að draga úr greiðslum til sumra og auka hjá öðrum en við verðum að ætla okkur vönduð vinnubrögð í þeim efnum. Það held ég að sé lágmarkskrafa sem við verðum að gera til okkar hér á hinu háa Alþingi. Þetta eru almenn viðvörunarorð mín til þingnefnda vegna þeirrar vaxandi tilhneigingar að þingnefndir taki upp á því að flytja þingmál og einkum þegar málin eru komin í eindaga, á síðustu stundu fyrir þingfrestun.

Um efni þessa máls vil ég segja að það má vel vera að ég gæti fallist á það sem þar er lagt til, en þá yrði það að athuguðu máli. Ég vil fá að athuga málið og ég vil fá upplýsingar um þetta mál sem ekki eru til reiðu hér. Þær eru eflaust til

og væri hægt að safna þeim saman og ég fer fram á að það verði gert og ég fái að sjá þær áður en málið kemur aftur til 2. umr. Ég vil fá að vita hvað margir eiga í hlut. Hvað snertir þetta frv. marga og hver eru áætluð áhrif frv. á þá sem málið snertir? Það er upplýst að þau eru tvenns konar: Hluti af þeim hópi sem málið varðar á að fá meira en hann hefur fengið og hluti á að fá minna en hann hefur fengið. Og ég spyr: Hvað eru þeir margir sem eiga að fá meira og hvað er áætlað að það sé há fjárhæð? Í öðru lagi: Hvað eru það margir sem eiga að fá minna og hvað er það áætluð há fjárhæð? Þessar upplýsingar hljóta að vera til. Svo spyr ég: Af hverju eiga þeir að fá minna sem lagt er til að fái minna? Af hverju? Mér finnst vanta rök í því í greinargerð með þessu frv. Þau rök sem ég sé í greinargerðinni eru á þá lund að það má lesa út úr textanum að um sé að ræða tiltölulega eftirlitslitlar greiðslur og það er verið að ýja að því að einhverjir fái greiðslur sem eigi þær ekki skilið og með því að taka upp strangara aðhald eða athugun á umsóknum um bætur megi lækka útgjöldin án þess þó að lækkun verði hjá hverjum og einum sem á annað borð fær samþykktar bætur. Það finnst mér ég geta skilið út úr þessari greinargerð, en það er ekki sagt berum orðum. Hér segir í niðurlagi greinargerðar, með leyfi forseta:

„Þá er miðað við að dregið verði úr greiðslum til foreldra barna sem glíma við minni háttar sjúkdóma, þroska- og hegðunarfrávik, ...“

Það verður dregið úr greiðslum til þeirra. Út úr þessu les ég að þeir eigi hver og einn að fá lægri fjárhæðir. Af hverju? Síðan segir:

„Hinn hlutinn, þ.e. þau börn sem eiga við mikil vandamál að stríða, fái umtalsvert hærri greiðslur en nú.“

Þetta er alveg skýrt, en svo kemur niðurlagið:

„Gert er ráð fyrir að kostnaður við kerfið verði svipaður og nú er.“

Menn eru því að taka af einum og færa öðrum.

Nú ríkir góðæri til lands og sjávar og efnahagslegur uppgangur er á Íslandi sem skilar sér í auknum tekjum til ríkissjóðs. Við þær aðstæður er fullkomlega eðlilegt að bætt sé við þar sem þörf er á meiri peningum. Ég hef engar athugasemdir fram að færa, síður en svo, við þann þátt frv. sem lýtur að því að bæta við greiðslur þar sem er mat flutningsmanna að á hafi skort. En ég hef enga sannfæringu fyrir því enn þá að það eigi að lækka greiðslur til hinna og ég vil fá þau rök hvort sem þau verða færð mér beint eða koma hér í umræðu. Ég fer fram á að fá þær upplýsingar sem ég hef beðið um og fá þau rök sem menn hafa fyrir málinu og vænti þess að fúslega verði orðið við því þannig að áður en kemur að 2. umr. málsins þá hafi ég sannfærst um gildi þessa frv.

[03:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar þá langar mig til að spyrja hann hvort hann efist um að hér sé á ferðinni mál þar sem hagsmunir þeirra sem málið varðar eru hafðir að leiðarljósi. Auðvitað er verið að leggja þetta mál fram, eins og kom vel fram í máli hv. formanns heilbr.- og trn. Össurar Skarphéðinssonar hér áðan, til hagsbóta fyrir þá sem málið varðar. Ég ætla ekki að svara hér fyrir ráðherrann en vil vegna ummæla hv. þm. áðan óska eftir því að hæstv. ráðherra verði hér viðstaddur því hér er verið að varpa fram ýmsum spurningum sem kannski ættu að fást svör við í 1. umr. þannig að ekki þurfi að tefja þetta mál. En ég vil benda hv. þm. á, hann hefur e.t.v. ekki tekið eftir því, að þó svo að auðvitað sé verið að færa greiðslur þarna aðeins til innan þessa hóps, er engu að síður verið að auka réttindi. Ég vil benda hv. þm. á að verið er að opna þarna fyrir leið til þess að setja reglur um aukinn þátt í greiðslu læknis- og lyfjakostnaðar fatlaðra og langveikra barna, en það er bara hluti þeirra barna sem hefur réttindi til lægri kostnaðar eins og málin eru í dag. Þetta kom einmitt til umræðu nú hér rétt áðan þegar við vorum að ræða um réttindi sjúklinga vegna þess að við í minni hluta heilbr.- og trn. töldum þörf á því að setja slík ákvæði í lög um réttindi sjúklinga en féllum frá því þegar við vissum að þetta mál væri hér á leiðinni þar sem tekið er á þessum þætti. Ég skil vel að hv. þm. vilji kanna þetta mál og ég efast ekki um að það verða veitt svör við spurningum hans, en auðvitað er verið að fara hér með mál inn í þingið til þess að bæta úr ákvæðum sem eru orðin úrelt og það eru breyttar aðstæður sem þarf auðvitað að taka á.

[03:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Málið er til hagsbóta fyrir þá sem það varðar sagði þingmaðurinn. Það er ekki alveg rétt. Það er til hagsbóta fyrir suma sem málið varðar en það er íþyngjandi fyrir aðra vegna þess að það á kostnaðarlega séð að koma út á sléttu. Það á að bæta við hjá sumum og þá viðbót á að taka af hinum. Ég er að spyrja um hag þeirra sem verða fyrir skerðingu vegna frv.

[03:59]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og kom fram í máli 1. flm. þessa frv. þá á ekki að skerða hjá neinum sem nú þegar er með greiðslur. Þeir sem fá núna greiðslur vegna fatlaðra eða sjúkra barna í dag munu ekki missa greiðslurnar. Aftur á móti verður sett ákveðið próf á, eins og kom fram. Ég spyr hvort hæstv. heilbrrh. sé í húsinu.

(**Forseti** (GÁ): Forseti bendir hv. þm. á að hann er í andsvari.)

Já, en ég teldi rétt að það kæmu hér svör við þessum spurningum hv. þm. frá hæstv. ráðherra. En ég bendi aftur á að verið er að auka rétt þessara barna með því að þau gætu fengið aukna greiðsluþátttöku í læknis- og lyfjakostnaði samkvæmt þeirri grein sem hér er verið að leggja til að verði samþykkt við breytingu á lögum um félagslega aðstoð.

[04:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Kjarni málsins er mjög einfaldur. Það er verið að bæta við greiðslur til ákveðins hluta þeirra sem málið varðar vegna þess að flutningsmenn telja að þörf sé á því að bæta við, að þeir sem það eiga að fá hafi fulla þörf á því að fá þá viðbót. Ég efast ekki um að það sé rétt mat. En ég segi þá með sömu rökum að það eru full rök fyrir þeim greiðslum sem hinn hópurinn hefur fengið og ætlunin er að draga úr. Ég spyr um sannfæringu manna fyrir því að þeir komist af með minna á sama tíma og menn hafa sannfæringu fyrir því að annar hópur þurfi meira. Það stendur í greinargerðinni, herra forseti:

„Þá er miðað við að dregið verði úr greiðslum til foreldra barna sem glíma við minni háttar sjúkdóma, þroska- og hegðunarfrávik, ...“

Það er alveg skýrt að það á að draga úr greiðslum til ákveðins hluta þeirra sem málið nær til. Mínar spurningar lúta að því að átta mig á stöðu þess hóps. Það er svo einfalt.

Ég veit að málið fær ekki athugun í þinginu annarra en þeirra sem flytja málið. Það er ekki góður þinglegur bragur að þeir einir athugi mál sem flytja það sjálfir. Það þykir aldrei gott að menn séu dómarar í eigin sök, hvað þá að menn séu dómarar í eigin málum. Þess vegna vil ég fá þessar upplýsingar, af því að ég ætla að sætta mig við það að þessu sinni að málinu verði ekki vísað til sérstakrar nefndar af því ég veit hvernig staðan er vegna væntanlegra þinglausna seinna á þessum degi.

[04:03]

Frsm. heilbr.- og trn. (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar var ef til vill skynsamlegasta ræðan sem hér hefur verið flutt á allri þessari nóttu. Ég tek eiginlega undir hvert einasta orð sem hv. þm. segir. Þau varnaðarorð sem hann mælir eru í tíma töluð. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það færist í vöxt að nefndir flytji mál fyrir ráðherra. Ef til vill skaut hv. þm. þó fram hjá markinu þegar hann sagði að öðrum þræði væri það vegna þess að ráðherrar teldu meiri líkur á að málin kæmust í gegn með þeim hætti. Ég er ekki alveg viss um að það sé rétt. Það getur verið rétt en mér er ekki kunnugt um það. Ég held að þegar þetta hefur gerst þá hafi það fyrst og fremst verið vegna þess að mál hafa lent í útideyfu og tímahraki og það er ekki möguleiki á að koma þeim í gegn án þess að beita þessu ráði. Þá standa menn frammi fyrir eftirfarandi spurningu: Er það réttlæti sem fólgið er í málinu nægilegt til að hægt sé að verja þessa málsmeðferð? Mín niðurstaða, sem formanns nefndarinnar, var eftir þá skoðun sem þó fór fram í nefndinni, að svo væri.

Hv. þm. gerði að umtalsefni tvö frv. sem ég hef mælt fyrir í nótt sem heilbr.- og trn. flytur. En ég verð að segja við hv. þm. að það er reginmunur á þessum tveimur frv. Annars vegar var um að ræða frv. sem laut að breytingum á þremur lagabálkum sem tengdust öðrum breytingum á frv. okkar um réttindi sjúklinga. Þetta voru afleiddar breytingar. Þær höfðu t.d. fengið ítarlega umræðu á nokkrum fundum í nefndinni þar sem til viðræðu voru prófessorar við lagadeild Háskóla Íslands, sérfræðingar í þessum tiltekna rétti, auk lögfræðinga þingsins og ráðuneytisins. Að því loknu var viðkomandi mál einnig sent þeirri nefnd sem líta má á sem fagnefnd um þessi efni, þ.e. allshn. þingsins. Ég tel því að engu sé áfátt um rannsókn þess máls og get horft í augu hvers manns sem er, líka hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar, nema ef vera skyldi af þeirri ástæðu að hann er talsvert hærri en ég, og sagt að það mál hafur hlotið vandaða rannsókn. Það er í engu áfátt um það. Öðru máli gegnir um málið sem við erum hér með til umræðu. En ég hef lýst aðdraganda málsins. Hann er sá að þeir sem eru fulltrúar hópsins sem um ræðir voru breytingunum sammála. Ég er auðvitað alveg sammála hv. þm. um að það er alveg á mörkunum að heilbr.- og trn. flytji mál af þessu tagi. Ég tek fyllilega undir það með honum. Það hefði vafalaust, ef tími hefði unnist til, mátt rannsaka þetta mál talsvert betur. En ég efa að það hefði breytt niðurstöðunni.

Hv. þm. sagði að málið væri þess eðlis að bráðnauðsynlegt væri að það fengi hefðbundna meðferð í þinginu vegna þess að það ívilnaði hluta hóps en takmarkaði rétt annars. Þetta eru mjög sterk rök. En það verður samt sem áður að segja að málið var ekki einungis rannsakað af þeim sem hafa það á sinni könnu, þ.e. það var ekki einungis leitað ráða hjá þeim heldur var talað við þá sem höfðu unnið þetta mál, sem höfðu setið í nefndinni og það var unnið á grundvelli skýrslu þar sem fram kemur stuðingur viðkomandi félagasamtaka sem eru fulltrúar hagsmunahópsins, þ.e. Landssamtakanna Þroskahjálpar og Umhyggju. Þeir fulltrúar, alveg eins og hv. þm. og alveg eins og ég, eru auðvitað þeirrar skoðunar að æskilegast hefði verið að fá meira fjármagn í þetta. En ef menn standa andspænis því að það á ekki að setja meira fjármagn í það þá er spurningin: Er hægt að verja breytta dreifingu innan hópsins? Svarið er já ef við komumst að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða réttarbót, að aukið réttlæti sé fólgið í þessu.

Hv. þm. sagði að það mætti ráða af greinargerð með frv. að það kerfi sem hefur verið við lýði varðandi umönnunarbætur barna hefði verið, eins og hann orðaði það, „tiltölulega eftirlitslítið“ og það hefði boðið upp á að menn fengju bætur án þess að þeir þyrftu þess raunverulega. Ég er ekki ósammála þessari niðurstöðu hv. þm. Greinargerð frv. er þannig að það má ráða þetta út úr henni. En það er alveg ljóst, eins og kemur fram í greinargerðinni og kom fram í framsögu minni, að við lýði hefur verið kerfi þar sem niðurstöður strangra prófana á þroska barna, sér í lagi þeirra sem búa við tiltölulega lítilvæg frávik um hegðun og þroska, liggja ekki fyrir til grundvallar á mati. Það er bara staðreynd. Þeir sérfræðingar sem komu frá Tryggingastofnun og ráðuneytinu voru ekkert að reyna að dylja okkur þess í nefndinni. Það var einfaldlega sagt að hægt væri að vinna málið faglegar. Og það er ekki réttmætt hjá hv. þm. að draga þá ályktun að það eigi að skenkja einhverjum bætur sem eru ekki í samræmi við stöðu viðkomandi barns og aðstandanda. Grundvallaratriðið er nefnilega að ákvörðun um bætur á að fara fram á grundvelli prófana og mats. Það hefur ekki gerst áður. Ég lít ekki svo á að þetta þýði að það sé algjörlega ófrávíkjanlegt að kostnaðurinn við það kerfi sem verður byggt á þessum grunni eigi endilega að vera sá sami og nú. Ég ímynda mér, og það kom fram hjá þeim sérfræðingum sem við ræddum við, að þarna ætti að leggja faglegt próf til grundvallar.

Í dag eru 1.800 börn sem falla innan þessa umönnunarkerfis og þar af eru 900 með þroska- eða hegðunarfrávik. Það er lagt til að þroskastig þessara barna verði betur skilgreint og á grundvelli prófana verði hópnum skipt og þeir sem eiga við vægari vandamál að stríða fengju ekki greiðslur. En það þýðir ekki að þeir fái ekki stuðning þó hv. þm. hafi bersýnilega skilið það svo. Þeir fá eigi að síður umönnunarskírteini sem veitir rétt til lyfja- og læknishjálpar. Ekki höfðu öll börnin höfðu ekki fengið það áður þannig að það er nauðsynlegt að þetta komi fram. Hv. þm. segir að það sé nauðsynlegt að fá fram fjölda þeirra barna sem í framtíðinni kynnu að falla utan við bótakerfið eins og það er nú. Ég segi alveg hreinskilnislega við hv. þm. að það er ekki hægt að gefa þær tölur. Ástæðan er einföld. Prófunin hefur ekki farið fram á hópnum og þess vegna vita menn ekki hversu margir eiga að stríða við alvarlegan vanda og hversu margir við léttvægari vanda. Þess vegna get ég sagt hreinskilnislega við hv. þm.: Þessar upplýsingar munu ekki liggja fyrir áður en þingi lýkur. Við spurðum eftir þessu í nefndinni og fengum þessi svör eins og raunar er hægt að lesa út úr greinargerðinni einnig. Þá stöndum við frammi fyrir eftirfarandi spurningu: Er sú staðreynd að við getum ekki aflað þessara upplýsinga nægilega þung til þess að við afráðum að hætta við málið? Mitt svar er nei. Ég tel að þrátt fyrir að þessi vitneskja liggi ekki fyrir sé ljóst að þessi dreifing sem við erum að breyta hjálpar þeim sem eru verst settir. Það þýðir einfaldlega að aukið réttlæti er í nýtingu fjármunanna innan hópsins. Ég er alveg sammála hv. þm. um að æskilegt væri að fá meira

fjármagn til þessa hóps og að það sé hægt að verja það sérstaklega með hinu ágæta árferði sem við búum við í dag. En þarna eru reistar skorður. Ég hefði auðvitað sem stjórnarandstæðingur átt þess kost að segja: Nei, ég tek ekki þátt í þessu vegna þess að ég ber ekki ábyrgð á þessu. Það hefði verið eðlilegt við aðrar kringumstæður. Kringumstæðurnar eru einfaldlega þær að þinglausnir eru á morgun og spurningin var hvort við ættum að taka á þessu máli og hjálpa þeim sem verst voru settir innan hópsins eða láta það niður falla. Ég tók fyrir mína parta þó þá erfiðu ákvörðun að styðja málið. En ég geri mér alveg grein fyrir annmörkunum sem á því eru og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur reifað mjög ítarlega og af nokkurri rökvísi hér í kvöld.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögræðislög, 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 1279.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningsveð, 3. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 1306.

[04:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að segja nokkur orð undir lok umræðunnar um þetta viðamikla mál um samningsveð sem hefur fengið svo mikla umfjöllun. Ég geri það til að halda til haga nokkrum atriðum í forsögu málsins sem hafa fallið nokkuð í skuggann í umræðunni á líðandi stund.

Ég vil fyrst rifja upp að mál þetta um samningsveð hefur verið nokkuð lengi á döfinni í þingsölum og hefur verið lagt fram allnokkrum sinnum. Eins og það var lagt fram á sínum tíma á síðasta kjörtímabili varðandi það umdeilda atriði sem nær einvörðungu hefur verið til umfjöllunar þrátt fyrir að frv. hafi að geyma heildstæðan lagabálk um samningsveð, þ.e. veðsetningu á aflaheimildum fiskiskipa, var greinin þannig í frv. á síðasta kjörtímabili, með leyfi forseta:

„Þegar skip er sett að veði er heimilt að semja í veðbréfi að veðréttur inn nái einnig til veiðiheimilda skips."

Með öðrum orðum eins og frv. var lagt fyrir þingið þrisvar á síðasta kjörtímabili var það þannig útbúið að tekið var fram að það væri heimilt að veðsetja veiðiheimildir skips. Þetta verða menn að skoða í ljósi þess að engin löggjöf hefur fram til þessa verið um þetta atriði þannig að ekki hefur verið heimilað að veðsetja og heldur ekki verið bannað að veðsetja veiðiheimildir skips. En þarna var ákveðið að setja fram í löggjöf á síðasta kjörtímabili sérstakt lagaákvæði sem heimilaði veðsetningu aflaheimilda. Þetta ákvæði mætti andstöðu af minni hálfu. Ég kom nokkuð nálægt því máli af því ég sat í allshn. sem fékk málið til meðferðar. Ég lagðist gegn þessu ákvæði frv. af því að ég hafði það sjónarmið að ekki ætti að heimila veðsetningu á veiðiheimildum skips og ég var svo sem ekki einn um þá skoðun. Þó voru ekki svo margir sem voru á þeirri skoðun. Við skulum rifja upp að frv. þetta var lagt fram af þáverandi stjórnarflokkum. Sjálfstfl. og Alþfl. Ég vil rifja upp að 19. des. 1994 stóð til að afgreiða út úr allshn. þetta frv. með þessu ákvæði eins og ég kynnti það, að heimilt væri að veðsetja veiðiheimildir. Hverjir skyldu hafa verið búnir að gefa grænt ljós af sinni hálfu fyrir því að samþykkja frv. í allshn.? Það voru fulltrúar Sjálfstfl., það voru fulltrúar Framsfl., það var fulltrúi Alþfl. og það var fulltrúi Kvennalista. Aðeins einn fulltrúi allshn. var ekki tilbúinn til að samþykkja frv. á þessum degi á fundi í allshn. þannig að það mætti afgreiða málið út og það var fulltrúi Alþb. Hann fór fram á að fá umsagnir frá nokkrum aðilum sem málið varðaði sérstaklega og auðvitað var orðið við þeirri beiðni. Í framhaldi af því varð nokkur fjölmiðlaumræða um málið 20. og 21. des. 1994. Þá kom skyndilega fram að menn virtust átta sig á því hvers eðlis málið væri og Alþfl. tók þá ákvörðun eftir þá umfjöllun í fjölmiðlum að snúast gegn málinu og það náði ekki fram að ganga á því þingi né síðar á því kjörtímabili.

Herra forseti. Þessu vil ég halda til haga úr forsögu málsins til að hún gleymist ekki. Það er nauðsynlegt að hún sé kunn þó svo að það þurfi ekkert sérstaklega að vera að draga meiri lærdóm af henni en efni standa til.

Nú hefur málinu hins vegar verið breytt á nýju kjörtímabili. Það er komin ný útgáfa. Í stað þess að taka fram að heimilt væri að veðsetja aflaheimildirnar er hið gagnstæða tekið fram, það er bannað að veðsetja aflahlutdeild skips. Að sjálfsögðu hef ég í þessu máli talað fyrir því að styðja það ákvæði og greitt því atkvæði af því að ég er enn sömu skoðunar og ég var að ekki sé skynsamlegt að heimila veðsetningu aflahlutdeilda. Ég tel að það muni styrkja í sessi aflamarkskerfið sem við búum við í stjórn fiskveiða og hef ekki þá sannfæringu að það sé skynsamlegt fyrir íslenska þjóð að styrkja það kerfi frekar en orðið er. Þess vegna er ég á þeirri skoðun að ekki eigi að heimila veðsetningu á aflahlutdeild.

Í þessu máli er nauðsynlegt að draga fram ákveðin atriði þannig að ekki ríki neinn misskilningur um þau. Þau eru í fyrsta lagi:

Það er ekki verið að heimila veðsetningu á aflahlutdeild.

Í öðru lagi eins og fram kemur í lögfræðiálitum er ekki verið að veikja svokallað sameignarákvæði í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Með þessu lagaákvæði er ekki verið að ýta undir að íslenska ríkið verði bótaskylt ef Alþingi ákveður að breyta um stjórnkerfi.

Þetta eru þrjú helstu atriði sem ég tel að menn verði að hafa alveg á hreinu í frekari umræðu um málið. Þetta eru staðreyndir sem standa í málinu.

Hins vegar þrengir frv. framsalið og gerir eigendum fiskiskipa kleift að veðsetja skip sín fyrir miklu hærri fjárhæðir en skipin standa undir og tryggja þá umframveðsetningu með því verðmæti sem aflahlutdeildin hefur fengið á almennum markaði. (Gripið fram í.) Hann kallar það að veðsetja skipið í skjóli aflahlutdeildar. Sem þýðir að lánardrottinn, sá sem á veðið, telur sig nokkuð öruggan um að geta fengið það greitt með því að selja bæði skip og veiðiheimild en hann býr við þá óvissu að ef Alþingi afnemur kerfið hefur hann ekkert veð fyrir sinni kröfu annað en skipið sjálft. Það er grundvallaratriði að ekki er verið að draga úr möguleikum Alþingis að ráða leikreglunum í þessu kerfi. Ekki verið að

draga úr möguleikum Alþingis að breyta þeim, það vil ég að mönnum sé ljóst sem niðurstaða úr þessari umræðu.

Ég hef ekki verið stuðningsmaður þess að veita bönkunum eða lánastofnunum þennan aukna rétt frá því sem nú er af því að ég tel að þeir geti vel búið við óbreytt kerfi, það kerfi sem þeir hafa búið við á undanförnum árum, að veðsetja skipin og hafa ekki tryggingar fyrir því að aflahlutdeild sé föst við skipið. Mér finnst það kerfi sem er fullboðlegt fyrir bankakerfið. Ekki hafa komið upp nein þau vandamál í framkvæmdinni að þau réttlæti þá breytingu sem lögð er til í frv. með að þrengja að framsalinu á þennan hátt. Því hef ég ekki stutt það ákvæði frv. að þrengja framsalsheimildina. En það er ekki með þeim rökum að ég telji að verið sé að veðsetja aflahlutdeildina. Það vil ég taka skýrt fram og leggja áherslu á það í lokin að staðreyndir liggi nokkuð ljósar að hér er verið að setja leikreglur í kerfinu sem á engan hátt skerða möguleika Alþingis eða rétt þjóðarinnar til þessarar sameignar.

[04:25]

Össur Skarphéðinsson:

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum um þetta mál þó ekki væri nema til að rifja upp fyrir framsóknarmönnum í húsinu nokkrar af þeim yfirlýsingum sem þeir hafa áður gefið um veðsetningu kvóta og ég veit að hæstv. forseta er nokkuð kunnugt um. En sökum þess að mér sýnist að Óli lokbrá sé farinn að sveifla fjöðurstaf sínum yfir þeim framsóknarmönnum sem að minnsta kosti eru í þessum sal ætla ég ekki að ergja þá fram eftir morgni með því að fara í þessa upprifjun. Allir aðrir framsóknarmenn eru bersýnilega sofnaðir í dag.

Um þessa ræðu Kristins H. Gunnarssonar verð ég að segja að mig undraði hún. Ég tel að hv. þm. sé í hópi þeirra sem eru einna rökfastastir í þessum sölum og það er oft gaman að hlýða á mál hans vegna þess að af og til og oftar en margir kemur hann með nýja sýn á hlutina. Hann kemur stundum að þeim úr sólarátt þar sem maður á helst ekki von á að finna hann fyrir. En ég verð að setja að mér finnst að hann skilji ekki alveg sín eigin rök sem hann hefur flutt hér í dag. Hann segir að ekki sé hægt að kalla það veðsetningu á aflahlutdeild þegar skip er veðsett á yfirverði vegna þess að því fylgir aflahlutdeild. Það kallar hann veðsetningu í skjóli aflahlutdeildar. Þetta er ekkert annað en orðhengilsháttur sem ég á að minnsta kosti mjög erfitt með að skilja. Mér fannst öll rök sem hv. þm. færði áðan færa mér með minni takmörkuðu greind heim sanninn um það að eins og hv. þm. skynjar kerfið er um það að ræða að aflahlutdeild er veðhæf og lögin heimila að hún sé veðsett. Rök hans gegn þessu eru þau að hann getur þess að veðhafinn búi við þá óvissu að ef Alþingi afnemur kvótakerfið tapar hann andvirðinu, tapar hann peningum sínum, missir hann af veðinu. Eigi að síður segir hv. þm. í beinu framhaldi af þessu að þetta dragi ekki úr möguleikum Alþingis til að breyta kerfinu. Þetta er algjör fjarstæða. Að sjálfsögðu leggur þetta þá fjötra á kerfið allt að ómögulegt verður að slíta þá af. Það verður ómögulegt að spretta upp þessu kerfi vegna þess að þá eru komin svo sterk öfl sem hafa gífurlegra hagsmuna að gæta að þau munu í gegnum tök sín á stjórnmálamönnum innan flestra flokka sjá til þess að kerfinu verður aldrei sprett upp.

Nú er ég að vísu þeirrar skoðunar að það sé engin sérstök nauðsyn til þess að breyta kvótakerfinu. Ég hef sagt það áður í þessum sölum að efasemdir mínar um það hafa dvínað. Ég stend alltaf frammi fyrir því sama og aðrir sem hafa lýst efasemdum um kvótakerfið, ég get ekki boðið upp á neitt betra. Það er einfaldlega með öllum löstum sínum eina kerfið sem býr þó að innri rökheldni og hægt er að segja að funkeri. Ég tel líka að ástand fiskstofna bendi á vissan hátt til þess að meira að segja sá partur kerfisins sem menn sögðu lengstum að virkaði ekki, fiskverndarþátturinn, hafi þegar grannt er skoðað sín jákvæðu áhrif. Ég ætla ekki að lengja þetta frekar, herra forseti, en það er enginn efi á því í mínum huga að þetta frv. heimilar í rauninni aflahlutdeild. Að vísu er farið í kringum hlutina til þess að gera Framsfl. kleift að reyna að telja kjósendum sínum trú um að hann hafi ekki svikið þetta eins og flest önnur kosningaloforð sín. Að því er varðar mál hv. þm. fannst mér hann bera fram mjög elegant rök fyrir því að frv. byði upp á veðsetningu aflaheimildar. Ég vísa að minnsta kosti algjörlega á bug þeirri ályktun hans að kerfið, eins og það verður að þessu frv. samþykktu, dragi ekki úr möguleikum til að Alþingi breyti kvótakerfinu. Ég skildi mál hans þannig. Ef það er svo þá finnst mér að hv. þm. ætti kannski að draga fram gamlar skræður um hina ósýnilegu þræði kapítalsins sem ég veit að hann hefur í æsku sinni lesið og má ef til vill finna enn rykfallnar í skúmaskotum Alþb. því svo mikið býr þó enn í hugskoti mínu af þeim gömlu fræðum að enginn vafi er á því að þegar hagsmunir fjármagnsins og fjármagnseigendanna eru orðnir svona gríðarlegir munu þeir fyrr flytja fjöll en að horfa aðgerðalausir upp á þetta kerfi hrynja vegna þess að með því hrynur grundvöllur sá sem þeir standa á í dag.

[04:30]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara aðeins til að skýra einn þátt málsins sem hv. þm. gerði að umtalsefni í sinni ræðu. Það sem ég sagði um möguleikann á að breyta kerfinu, svo ég orði það skýrar svo það verði síður misskilið, er að Alþingi hefur alveg sömu möguleika og hefur á engan hátt þrengt að þeim möguleikum sínum til að breyta lögum og afnema kerfið eða breyta því verulega. Það hefur fullt vald á málinu og á engan hátt er hægt að draga í efa rétt þess og möguleika til að breyta lögunum eða lögum um stjórn fiskveiða. Það er það sem ég meina.

Hitt sagði ég líka, og vil draga fram svo hv. þm. misskilji mig ekki, að ég legðist gegn ákvæðinu um leyfi veðkröfuhafa fyrir flutningi á aflahlutdeild vegna þess að það þyngdi í kerfinu, það styrkti aflamarkskerfið í sessi. Það er mitt mat eins og ég sagði við 1. umr. málsins að ég met breytinguna þannig að hún styrki aflamarkskerfið í sessi. Ég er ekki hrifinn af því. Ég tel að það styrki aflamarkskerfið í sessi vegna þess að það mun þyngja í skuldum sjávarútvegsins. Hann mun geta sótt sér meiri skuldir í skjóli aflahlutdeildarinnar og auðvitað munu þeir hagsmunir vigta. Ég er því alveg sammála þeim rökum hv. þm. Ég hef svo sem ekki að öðru leyti neitt að athuga við mál hans í þessu efni.

[04:33]

Össur Skarphéðinsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get alveg tekið undir það að Alþingi hefur formlega sömu tök á málinu. En auðvitað er alveg ljóst að að þessum lögum samþykktum verða til nýir hagsmunir og hérna inni er alveg ljóst að menn eru að gæta ákveðinna hagsmuna. Sjálfstfl. og partur hans gætir hagsmuna kvótaeigendanna sem ég kalla svo og því miður gildir hið sama um ákveðinn hluta Framsfl. líka þótt menn með gullhjarta reyni að sjálfsögðu enn að halda sig réttu megin sannleikans og réttlætisins í málinu.

Annað vildi ég nefna fyrst ég er kominn hér upp. Hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan að hann teldi ekki að samþykkt þessa frv. gæfi undan sameignarákvæði laga um stjórn fiskveiða. Annaðhvort er hér um að ræða mikla meinloku hjá þessum greinda hv. þm. eða hann heldur þessu fram af taktískum ástæðum vegna þess að hann vill ekki að umræðan sem hefur spunnist í tengslum við þetta festi í sessi þá skoðun að þetta kunni að grafa undan sameignarákvæðinu. En því miður held ég ef ég á að vera fullkomlega ærlegur að þetta sé rangt hjá honum. Ég tel að samþykkt þessa muni grafa stórlega undan sameignarákvæðinu og að þetta sé enn eitt skrefið til þess að gera aflahlutdeildina að varanlegri eign manna sem hafa látið greipar sópa um þessa sameiginlegu arfleifð þjóðarinnar.

[04:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég mun í lengstu lög halda því fram á meðan ég tel mér stætt á því að sú löggjöf sem menn munu setja grafi ekki undan sameignarákvæði laganna um stjórn fiskveiða af því að ég vil ekki rétta þeim mönnum spilin upp í hendurnar sem vilja að þetta verði óafturkræf séreign án bóta. Það þjónar ekki málstaðnum að halda hinu gagnstæða fram. Það hittir menn bara sjálfa fyrir nema menn hafi þá sannfærandi rök fyrir því og þá eiga menn auðvitað að vara við málinu.

Ég vil benda á að sjávarútvegurinn hefur verið gríðarlega skuldugur í gegnum árin bæði áður en aflamarkskerfið var tekið upp og ekki síður eftir. Hann þarf að geta borgað skuldir sínar. Aflamarkskerfið hefur að sumu leyti aukið trú bankanna á því að þeir gætu fengið skuldir sínar endurgreiddar. Ég sé ekki, svo ég reyni nú að líta raunhæft á málið, miklar líkur til þess að neinn þingvilji sé til að afnema aflamarkskerfið. Ég sé ekki líkur til að það verði í náinni framtíð. Ég met stöðuna þannig að allir helstu stjórnmálaflokkar landsins styðji aflamarkskerfið. Þó ég hafi aldrei verið stuðningsmaður þess og ég hefði fremur kosið aðrar aðferðir við stjórn fiskveiða þá er þetta sá veruleiki sem ég þykist horfast í augu við. Ég lít þannig á málin að aflamarkskerfið sé það sem við munum búa við í náinni framtíð þó það kunni að breytast þegar lengra líður frá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 11. mál.

Fundi slitið kl. 04:37.

---

130. FUNDUR

laugardaginn 17. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 47. gr. samstarfssamnings Norðurlanda, sbr. ályktun Alþingis frá 17. nóv. 1983. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á reglulegu Alþingi.

2. Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. *nýsamþykktrar stofnskrár fyrir ráðið*. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

3. Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1997 til 25. maí 2001, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

4. Vegáætlun 1997–2000, stjtill., 309. mál, þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

5. Flugmálaáætlun 1997, stjtill., 257. mál, þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

6. Hafnaáætlun 1997–2000, stjtill., 483. mál, þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

7. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492, nál. 1190, brtt. 1191 og 1310. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

8. Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frv., 613. mál, þskj. 1189. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

9. Félagsleg aðstoð, frv., 620. mál, þskj. 1314. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

10. Lögræðislög, stjfrv., 410. mál, þskj. 707 (með áorðn. breyt. á þskj. 1172). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

11. Samningsveð, stjfrv., 234. mál, þskj. 350 (með áorðn. breyt. á þskj. 1001). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

12. Suðurlandsskógar, stjfrv., 524. mál, þskj. 876 (með áorðn. breyt. á þskj. 1200). — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Bryndís Hlöðversdóttir, 12. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

[10:02]

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1996, 529. mál, þskj. 1353.

Jarðasjóður ríkisins, 589. mál, svar landbrh., þskj. 1332.

Lífeyrisréttur öryrkja, 581. mál, svar forsrh., þskj. 1340.

Lækkun á tekjuskattsstofni, 510. mál, svar fjmrh., þskj. 1333.

Opinberar framkvæmdir, 467. mál, svar fjmrh., þskj. 1330.

Ríkisjarðir, 599. mál, svar landbrh., þskj. 1329.

Umræður utan dagskrár.

Málefni barna og ungmenna.

[10:03]

Forseti (Ragnar Arnalds):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um málefni barna og ungmenna. Málshefjandi er Margrét Frímannsdóttir. Heilbrrh., Ingibjörg Pálmadóttir, og félmrh., Páll Pétursson, verða til andsvara.

Samkomulag er um það milli þingflokkanna að umræðan standi í allt að tvær klst. Ræðutími verður þessi: Málshefjandi hefur í fyrra sinn 15 mín. og í síðara sinn fimm mín. Talsmenn þingflokkanna hafa 15 mín. hver í fyrra sinn og fimm mín. í síðara sinn. Heilbrrh. hefur 15 mín. í fyrra sinn og fimm mín. í síðara sinn. Félmrh. hefur 15 mín. í fyrra sinn og fimm mín. í síðara sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa fimm mín. í fyrra sinn.

[10:04]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hægt að fullyrða að börn hér á landi eru hornrekur hvað varðar opinbera þjónustu.

Þessa dagana erum við hér á Alþingi að afgreiða frumvörp og tillögur sem hafa munu í för með sér veruleg útgjöld ríkisins á næstu árum, jafnvel svo skiptir milljörðum. Fá þessara mála snerta beint málefni barna og ungmenna.

Hér hafa þó verið fluttar tillögur sem fela í sér réttarbætur til handa börnum og fjölskyldum þeirra en fæstar hafa hlotið náð fyrir augum stjórnarmeirihlutans. Rökin fyrir höfnun þessara mála eru yfirleitt þau að það vanti peninga, auðvitað sé vilji til að taka á hvað varðar aðbúnað og þjónustu við börn en peningarnir séu ekki til. Við vitum að þetta er ekki rétt. Þetta er og verður alltaf spurning um forgangsröðun verkefna.

Málefni barna og ungmenna heyra undir fjögur ráðuneyti sem hvert um sig virðist vinna að þeim málum sem til þeirra heyra án samræmdrar stefnu. Og vegna þess að störf og stefna þessara fjögurra ráðuneyta, þ.e. menntmrn., félmrn., heilbr.- og trmrn. og dómsmrn., eru ekki samræmd í málefnum er snerta börn og unglinga gerist það því miður að greining og lausn á vanda barns getur hæglega fallið milli stóla ráðuneytanna.

Það er til að mynda afar erfitt að skilgreina skýr mörk ábyrgðar og verkefna milli félmrn. og heilbrrn. á þessu sviði. Við getum tekið sem dæmi vímuefnamisnotkun. Þegar um fullorðna er að ræða þá telst það hlutverk heilbrigðiskerfisins að meðhöndla vandamálið. Þegar barn eða ungmenni á í hlut telst það hlutverk félagsmálakerfisins og ekki alltaf talin brýn þörf á þeirri þekkingu sem heilbrigðiskerfið býr yfir.

Alvarlegar hegðunartruflanir barns eða unglings má stundum rekja til félagslegra orsakaþátta en geta einnig átt sér líffræðilegar orsakir og ættu þá að falla innan heilbrigðiskerfisins en gera það ekki alltaf.

Sveitarfélögin bera mikla ábyrgð í málefnum barna og ungmenna. Þó eru þar ekki til samræmdar reglur eða viðmið sem þeim ber að fara eftir. Þessi óskýra stefna í málefnum barna og unglinga veldur því að hætta er á að ekki sé brugðist rétt á réttum tíma við þeim vandamálum sem upp koma, jafnvel ekki fyrr en málin eru komin í algjört óefni.

Þegar lögum um grunnskólann var breytt síðast var skorið á þá þjónustu sálfræðinga og félagsráðgjafa sem átti að veita samkvæmt eldri lögum. Nú er það aðeins hlutverk þessara sérfræðinga innan skólakerfisins að greina vanda barns eða unglings og vísa síðan einstaklingnum annað til meðferðar.

Samkvæmt reglugerð á að einskorða vinnu þessa fagfólks við ráðgjöf varðandi almenna kennslu og sérkennslu. Börn sem líður illa, eiga erfitt með að samlagast öðrum börnum, börn sem beita ofbeldi eða eru beitt ofbeldi, ofvirk börn eða börn með skólakvíða svo nokkur dæmi séu tekin, verða að leita annað eftir aðstoð. Meðferð hjá sálfræðingi eða félagsráðgjafa utan skólakerfisins getur kostað á bilinu 3-4 þús. kr. hver tími. Það segir sig sjálft að efnalitlir foreldrar geta ekki staðið undir kostnaði af langtímameðferð þar sem kostnaðurinn er svona mikill.

Alþb. hefur flutt á Alþingi frv. þess efnis að tryggingakerfið taki þátt í greiðslum fyrir þessa þjónustu við börn og unglinga að 18 ára aldri. Það var ekki vilji til þess hjá meiri hluta heilbr.- og trn. að afgreiða það mál.

Ef barni eða unglingi er vísað í meðferð hjá barnageðlækni tekur tryggingakerfið vissulega þátt í þeim kostnaði. En það segir þó ekki alla söguna. Sérfræðingar á þessu sviði hér á landi eru svo fáir starfandi að þar horfir til vandræða. Og sé vísað á meðferð hjá barna- og unglingageðdeildinni, þá er þar um að ræða margra mánaða, jafnvel árs bið. Hjá barna- og unglingageðdeildinni bíða hátt á annað hundrað börn eftir meðferð og stöðugt er verið að vísa ráðþrota foreldrum frá vegna þess að möguleikar til að taka fleiri sjúklinga eru ekki fyrir hendi. Það er ekki langt síðan nýr yfirlæknir var ráðin til starfa hjá barna- og unglingageðdeild en hún er nú að fara í árs leyfi.

Sjálf svarar yfirlæknirinn því til að hún verði að fara úr þessu starfi, í það minnsta um tíma, vegna þess að hún geti ekki sem fagmaður eða manneskja staðið þannig að verki að vísa frá eða geta ekki sinnt þeim börnum og unglingum sem nauðsynlega þurfa á aðstoð að halda. Þannig sé búið að þessari grein læknisþjónustu við börn að það sé með öllu óviðunandi.

Mér skilst að það sé enn óráðið hver leysi yfirlækni barna- og unglingageðdeildarinnar af. Hér eru ekki margir læknar starfandi á þessu sérsviði og varla margir sem sækja í það að koma til þessara starfa miðað við hvaða vægi barna- og unglingageðdeildin hefur þegar verkefnum ríkisins er forgangsraðað.

Það er mjög alvarlegt ef ekki er gripið fljótt inn í þegar börn þarfnast meðferðar geðlæknis, sálfræðings, félagsráðgjafa eða annarra sem sérhæfa sig til þess að veita börnum með sálræn eða geðræn vandamál meðferð.

Það má fullyrða að hluta þeirra sálrænu, félagslegu eða geðrænu vandamála eða veikinda sem upp koma hjá fullorðnu fólki megi rekja til bernsku. Ef brugðist er strax við má jafnvel koma í veg fyrir að þau leiði til alvarlegra veikinda eða alvarlegra sálrænna eða félagslegra vandamála síðar. Það er því mjög alvarleg staðreynd að í dag er staðan sú að við getum hvorki veitt þá þjónustu barnageðlækna sem þörf er fyrir, né þjónustu sálfræðinga, félagsráðgjafa eða annarra þeirra sem koma að meðferð þeirra geðrænu eða sálrænu vandamála sem upp koma meðal barna og unglinga í dag. Það verður að sjá til þess að börn sem þurfa á þessari þjónustu að halda hafi möguleika á að fá hana. Það er einnig mjög brýnt að auka stuðning á barna- og unglingageðdeild við aðstandendur ungmenna með geðsjúkdóma eins og t.d. geðklofa sem kemur stundum fram hjá piltum snemma á unglingsaldri en oft eitthvað síðar hjá stúlkum. En mikið vantar á að fjölskyldur þessara veiku barna fái þann stuðning og þá fræðslu sem nauðsynleg er í þessum tilvikum. Ekki er áætlað fjármagn í fjölskylduaðstoð, svo nauðsynleg sem hún er.

Því spyr ég hæstv. heilbrrh. eftirfarandi spurninga:

Mun ráðherra beita sér fyrir því að ríkið taki þátt í kostnaði við þjónustu sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni?

Er fyrirhugað að efla og styrkja starfsemi barna- og unglingageðdeildar ríkisins, t.d. að auka rekstrarlegt sjálfstæði deildarinnar og auka framlög til starfseminnar? Verða settar á fót langtímaeiningar? Á að standa að auknu samstarfi og ráðgjöf við sveitarfélög og skóla vegna sálrænna og/eða geðrænna vandamála barna og ungmenna?

Hyggst ráðuneytið beita sér á einhvern hátt fyrir því að fá til starfa sérfræðinga í málefnum barna með geðræna sjúkdóma eða vandamál?

Mun hækkun sjálfræðisaldurs hafa áhrif á starfsemi barna- og unglingageðdeildar eða á aðra starfsemi heilbrigðisþjón-

ustu, t.d. hvað varðar meðferðarúrræði vegna fíkniefnanotkunar ungmenna?

Er fyrirhugað að skýra verkaskiptingu milli ráðuneyta hvað varðar málefni barna og ungmenna?

Virðulegi forseti. Það er á fleiri sviðum sem þarf að bæta þjónustuna fyrir börn og ungmenni. Ákveðnar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað hvað varðar meðferð barnaverndarmála, sumar vissulega til góðs en aðrar orka meira tvímælis.

Það hefur m.a. hér á Alþingi átt sér stað mikil umræða um meðferðarúrræði fyrir börn og unglinga sem hafa ánetjast fíkniefnum, átt við veruleg hegðunarvandamál að stríða og/eða farið út á braut afbrota. Nýtt meðferðarheimili, Stuðlar, var tekið í notkun. Nú er komin nokkur reynsla af starfi þess heimilis sem hefur reynst vel. Þó að stutt sé síðan þetta nýja heimili var vígt þá annar það í dag ekki eftirspurn. Biðtími eftir að umsókn hefur borist um vistun á Stuðlum er allt of langur, getur verið nokkrar vikur eða jafnvel mánuðir eftir að málið fer af stað. Foreldrar og þeir sem koma að þessum málum hafa ítrekað kvartað yfir því hversu langan tíma þetta ferli tekur og á meðan vaxi vandinn og sé því mun alvarlegri þegar loks kemur að meðferð á heimilinu. Og þjónusta Barnaverndarstofu sé tímafrek og seinvirk. Tökum dæmi:

Unglingur sem ánetjast hefur fíkniefnum og þarf nauðsynlega að komast strax í meðferð. Mál hans þarf að fara fyrst til nokkurra aðila hjá sveitarfélögum og ríki áður en langþráð hjálp fæst. Þetta gæti litið svona út:

Foreldri sem vill fá aðstoð vegna barns síns á unglingsaldri snýr sér til félagsmálastofnunar. Starfsmaður þar kannar málið, hittir líklega foreldra og unglinginn einnig í því skyni að gefa ráð og veita stuðning eða grípa til annarra úrræða, allt eftir mati. Ef ákveðið er að sækja um á Stuðlum þarf að senda umsókn til Barnaverndarstofu ásamt greinargerð, jafnvel afla gagna frá þriðja aðila. Umsóknin er tekin fyrir á fagteymisfundi hjá Barnaverndarstofu sem haldinn er á tveggja til fjögurra vikna fresti. Málið er afgreitt til Stuðla ef það þykir eiga heima þar og telst nægilega unnið. Málið fer á biðlista á Stuðlum. Ef ekki er um biðlista að ræða hefst inntökuferli sem getur tekið tvo til sjö daga, þar til unglingurinn er kominn inn. Ef um biðlista er að ræða verður þetta mun lengri tími. Þó er möguleiki á skammtímavistun í bráðatilvikum. Þannig getur það tekið nokkrar vikur áður en umsóknir um meðferð á Stuðlum eru afgreiddar og málið er komið á biðlista hjá stofnuninni. Barnaverndarstofa er hér í hlutverki Lykla-Péturs og sér til þess að þjónustan sé ekki veitt umfram það sem talin er sérstök þörf fyrir. Það er ljóst að þetta ferli er flókið og tekur allt of langan tíma frá sjónarhóli foreldra og unglinganna sjálfra og þessi langa leið verður þess valdandi að margir gefast upp á að fá hjálp og þá má velta því fyrir sér til hvers það leiðir.

En þó vistun fáist á Stuðlum eða á öðrum heimilum þar sem unglingar í vanda eru vistaðir þá er málinu ekki lokið. Hver verða afdrif unglinga sem lokið hafa vist á Stuðlum eða öðrum meðferðarheimilum og fara aftur til síns heima? Því miður gerist það allt of oft að þrátt fyrir ótvíræðan árangur á meðferðartímanum þá leitar líf þessara unglinga í fyrra horf þegar út er komið. Eftirmeðferð er nauðsynlegur þáttur í öllu meðferðarstarfi eigi það að skila þeim árangri sem við vonumst til, en því miður hefur þessi þáttur verið vanræktur og allt of litlir fjármunir settir í þetta verkefni, bæði af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna.

Stuðningur við þessa unglinga og fjölskyldur þeirra er lítill, hvort sem um er að ræða atvinnuleit eða nám. Úr þessu þarf að bæta. Þörfin fyrir öfluga meðferð og eftirmeðferðarþjónustu hefur því miður aukist á undanförnum árum. Ef til vill má að hluta rekja ástæðuna fyrir þessari auknu þörf til þess að ekki er staðið nægjanlega vel að málum, hvorki svarað þörf fyrir þjónustu geðlækna, sálfræðinga eða annarra sérfræðinga strax þegar þörfin verður ljós, þ.e. þegar einstaklingurinn er á barnsaldri.

Þörfinni, eins og hún er í dag, er hvergi nærri mætt. Það liggur fyrir að sjálfræðisaldur verður hækkaður. Um það náðist þverpólitískur meiri hluti hér á Alþingi. Með þessari samþykkt tel ég að fyrsta skrefið í þá átt að bæta meðferð í málefnum ungmenna hafi verið stigið. En það skiptir þó miklu máli að það sem á eftir kemur sé vel unnið og menn geri sér grein fyrir að hér var stigið skref sem þýðir að taka verður með öðrum hætti á málefnum ungs fólks á aldrinum 16 til 18 ára. Það blasir t.d. við að álag á þeim stofnunum sem sinna meðferðarstarfsemi fyrir börn og unglinga eykst. Og það blasir við að þörf er á nýjum úrræðum t.d. í vistun þeirra ungmenna sem hafa farið út á braut afbrota. Stuðlar anna ekki verkefnum sínum í dag enda verður að breyta starfsfyrirkomulagi heimilisins ef því verður ætlað að taka við ungmennum 16 til 18 ára. Það getur til að mynda orkað tvímælis að ætla að 13 ára unglingur og 17 ára séu saman í meðferð. Þá hlýtur að þurfa að auka göngudeildarþjónustu sem er hvergi nærri nægjanleg í dag, hvað þá ef hópur þeirra sem þurfa á þeirri þjónustu að halda stækkar. Gæsla og umönnun eldri hópsins gerir aðrar kröfur til meðferðarheimila, t.d. aukna umönnun og auknar öryggisráðstafanir því gera má ráð fyrir að hlutfall þeirra sem gerst hafa sekir um afbrot verði hærra í eldri hópnum.

Meðferðarheimili í dag eru ekki í stakk búin til að taka við 16 og 17 ára unglingum sem til dæmis hefur þurft að hafa afskipti af vegna ofbeldisafbrota. Reyndar virðast meðferðarheimili sem starfa í dag ekki vera í stakk búin til að sinna öryggisgæslu eins og nýleg dæmi sanna. Það er löngu tímabært að taka sérstaklega á hvað varðar unga afbrotamenn. Þeir þurfa sér úrræði. Þeir þurfa sérstaka aðhlynningu og sérhæfða þjónustu geðlækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa langt umfram þá þjónustu sem veitt er í dag.

Öflugt samstarf barna- og unglingageðdeildar og annarra stofnana eða heimila þar sem ungmenni eru vistuð er nauðsynlegt. Miðað við stöðuna í dag er óframkvæmanlegt að standa þarna nægjanlega vel að verki, þar sem barna- og unglingageðdeildin getur engan veginn sinnt hlutverki sínu m.a. vegna fjárskorts.

Þá þarf að auka fjölskylduráðgjöf hjá öllum þeim stofnunum sem starfa á þessu sviði í dag. Öflug fjölskyldumeðferð eða fjölskylduráðgjöf er nauðsynlegur þáttur í bata barns eða unglings sem þarf á hjálp geðlæknis, sálfræðings eða annarra sérfræðinga að halda. Þessi mikilvægi þáttur hefur verið illa vanræktur og ekki áætlað fjármagn, hvorki af hálfu ríkis né flestra sveitarfélaganna til þess að sinna verkefninu svo vel fari.

Fjölskylduráðgjöf er rekin hér í Reykjavík í samstarfi sveitarfélaga en það sveitarfélag sem tekið hefur á þessu með hvað mestum myndarbrag er Sauðárkrókur þar sem starfa á vegum þess bæði sálfræðingur og félagsráðgjafi sem veita börnum og ungmennum aðstoð án gjaldtöku.

Nauðsynlegt er að koma á skipulegu samstarfi ríkis- og sveitarfélaga í málefnum barna, unglinga og fjölskyldna. Það

er þó ekki síður nauðsynlegt að skipuleggja betur en gert er samstarf þeirra ráðuneyta sem fara með málefni barna og ungmenna. Staðan eins og hún er í dag er óviðunandi. Þarfir barna og ungmenna eru afgangsstærð þegar verkefnum ríkisins er raðað. Staða þessara mála er okkur öllum til skammar. Hækkun sjálfræðisaldurs er spor í rétta átt en því fylgir að gera verður verulegar breytingar á löggjöf og skipulagi verkefna. Í þá vinnu verður að fara nú þegar.

Ég beini eftirfarandi spurningum til hæstv. félagsmálaráðherra:

Hver er reynslan af starfi Stuðla og annarra meðferðarstofnana eftir þær breytingar sem gerðar voru?

Eru fyrirhugaðar breytingar á starfseminni í ljósi reynslunnar og vegna hækkunar á sjálfræðisaldri, t.d. að einfalda aðgengið að þjónustunni, koma á sérhæfðri vímuefnameðferð, auka göngudeildarþjónustu og taka sérstaklega á vistun þeirra unglinga sem brotið hafa af sér?

Mun ráðherra beita sér fyrir því að upp verði tekin önnur vinnubrögð við ákvörðun refsinga vegna afbrota ungmenna, t.d. unglingadómstóll og hvað varðar refsiúrræði svo sem að dæma megi til samfélagsþjónustu?

Hefur verið ákveðið hvernig dóms- og félmrn. skipta með sér verkum í málefnum þeirra ungmenna sem eru á aldrinum 16 til 18 ára? Verður ákvæðum varðandi sakhæfi breytt?

Hvaða aðrar breytingar á réttarstöðu ungmenna breytast við hækkun sjálfræðisaldurs?

Mun ráðherra beita sér fyrir því að fjölskylduráðgjöf verði aukin við þær stofnanir sem starfa að málefnum barna og ungmenna?

Virðulegi forseti. Við skulum hafa í huga að haft er fyrir satt að segja megi fyrir um framtíð samfélags út frá því hvernig það kemur fram við börnin sín.

[10:20]

Útbýting þingskjala:

Skuldbinding Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, 582. mál, svar fjmrh., þskj. 1336.

Styrkir á vegum ráðuneyta, 275. mál, svar forsrh., þskj. 1298.

[10:20]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Stuðningur við barnafjölskyldur er minni á Íslandi en almennt gerist í löndunum í kringum okkur. Hér hefur hingað til ekki verið mörkuð markviss opinber fjölskyldustefna. Það mál er nú farsællega í höfn því Alþingi hefur afgreitt tillögu um opinbera fjölskyldustefnu með dyggum stuðningi okkar jafnaðarmanna enda eigum við hlut að því máli. Þó það hafi tekið á þriðja ár að ná því máli fram ber að fagna því að það er til lykta leitt nú þegar við ræðum málefni barna og ungmenna utan dagskrár í þinglok.

Af hverju blasir vandi við í málum yngsta aldurshóps þjóðarinnar? Fjölskyldan hefur setið á hakanum í íslensku þjóðfélagi. Langur vinnudagur oft samfara húsnæðisöflun, foreldrar langdvölum frá heimilinu, óviðunandi gæsluúrræði. Þetta eru aðstæður sem við þekkjum öll. Aldurshópurinn sex til 16 ára býr við skert öryggi þar sem mörg þeirra barna sjá um sig sjálf á meðan foreldrar vinna langan vinnudag.

Það var sannarlega spor í rétt átt þegar málefni barna og ungmenna voru flutt úr menntmrn. yfir í félmrn. og samfara því gerðar skipulags- og lagabreytingar varðandi málaflokkinn. Á síðasta ári bárust athugasemdir frá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna þar sem lýst var ánægju með ýmsa þætti í framkvæmd barnaverndarmála hér en alvarlegar athugasemdir gerðar við aðrar. Það er því ljóst að við verðum að taka okkur á í málum yngstu borgaranna og löngu ljóst að með góðum aðbúnaði þeirra munum við fjárfesta til framtíðar.

Börnum sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi er ekki tryggður stuðningur og meðferð af hálfu opinberra aðila þrátt fyrir að skýr fyrirmæli séu um það í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við höfum staðfest. Engin hópmeðferð stendur þessum börnum til boða. Áfallahjálp og langtímameðferð eru sjaldan skipulagðar af barnaverndarnefndum enda lagaskyldur þar um óljósar. Í svari við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um kynferðislega misnotkun á börnum kom fram að á síðustu fimm árum hafi barnaverndarnefndir fengið 465 mál til meðferðrar vegna meints kynferðislegs ofbeldis og að hlut eigi að máli 560 börn yngri en 16 ára. Þessar upplýsingar vöktu óhug þegar þær komu fram en það sem máli skiptir er að nýta þessa þekkingu til að gera allt sem unnt er svo þolendur ofbeldis eigi kost á stuðningi og að sálfræðiaðstoð og önnur félagsleg úrræði geri það kleift að börn vaxi úr grasi til að verða heilbrigðir og nýtir þjóðfélagsþegnar.

Vaxandi ofbeldi er mikið áhyggjuefni. Að því er virðist tilefnislausar árásir eru daglegt brauð hér nú orðið. Alvarlegt ofbeldi veldur örkumlum og jafnvel dauða. Umræðan um ofbeldi meðal ungmenna hefur líka leitt í ljós ágalla sem eru á okkar löggjöf. Hún leiðir í ljós ákveðið úrræðaleysi barnaverndaryfirvalda, heilbrigðisyfirvalda og lögreglu. Alvarlegar hegðunartruflanir barna verða æ algengari og ef ekki er brugðist við er hætta á að einstaklingur leiðist síðar út í ofbeldi, afbrot og andfélagslega hegðun. Við höfum flotið að feigðarósi varðandi félagslegan og sálfræðilegan stuðning við börn í vanda og það er mál til komið að við tökum okkur saman í andlitinu, bæði með aukið fjármagn í þennan viðkvæma málaflokk og ný úrræði.

Málshefjandi kom inn á málefni barna- og unglingageðdeildarinnar. Sú deild er eina úrræðið sinnar tegundar hér og getur eingöngu sinnt tíunda hluta þeirra tilfella sem á þjónustu hennar þurfa að halda. Í fyrra var tilkynnt að deildin tæki ekki við fleiri börnum með einhverfu þrátt fyrir að fleiri börn greinist nú einhverf en áður.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins var fengið það hlutverk að fást við vandann. Ég spyr félmrh. hvernig staðan sé varðandi einhverf börn í dag. En þeim var eins og kemur fram hér úthýst af barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Fyrir einu og hálfu ári síðan í umræðum hér á Alþingi um fíkniefnavandann upplýsti heilbrrh. að hún hefði veitt 12 millj. kr. til að efla barna- og unglingageðdeildina og koma á fót upplýsingamiðstöð fyrir aðstandendur ungra fíkniefnaneytenda. Það var mikil þörf fyrir ráðgjafarþjónustu af þessu tagi fyrir forelda ungra neytenda en það kom mörgum jafnmikið á óvart og mér að koma ætti slíkri starfsemi fyrir á barna- og unglingageðdeildinni sem var þegar í miklum þrengingum. Í skriflegu svari heilbrrh. nú í vetur við fyrirspurn minni kom svo í ljós að þessi leiðbeiningarstöð komst aldrei á laggir. Starfsemin hafði hvergi verið kynnt enda reyndist brýn þörf á þessu fjármagni til að unnt væri að leysa hefðbundin verkefni deildarinnar sem því miður neyðist til að vísa börnum og unglingum frá sér í stórum stíl með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Nú er loks verið að bregðast við og koma þessari áformuðu leiðbeiningarstöð fyrir á nýjum stað í samvinnu við Reykjavíkurborg einu og hálfu ári eftir

að þessari gulrót var veifað framan í okkur þingmennina í umræðu um fíkniefnavandann.

Virðulegi forseti. Það blasir nú við í okkar seinvirka kerfi að þetta var röng og gagnslaus ákvörðun og eitt og hálft ár er farið fyrir bí. Stuðningur við foreldra er mjög mikilvægur en slíkur stuðningur er af skornum skammti. Takmörkuð fjölskylduráðgjöf er í boði og óaðgengileg fyrir foreldra barna í vanda. Landsnefnd um ár fjölskyldunnar notaði mestallt fjármagn sem hún fékk til ráðstöfunar til að setja á laggir tilraunaverkefni í samvinnu við Reykjavík og Mosfellsbæ. Þetta verkefni, fjölskylduráðgjöfin Samvist, hefur sannað gildi sitt. Í þeirri tillögu um opinbera fjölskyldustefnu sem Alþingi hefur nú samþykkt er ákvæði um að, með leyfi forseta:

„Fræðsla um stofnun heimilis verði aukin og unnið verði gegn upplausn fjölskyldna, m.a. með fjölskylduráðgjöf."

Þetta segir í almennum markmiðum í II. kafla tillögunnar. Í þeim kafla segir jafnframt:

„Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar."

Þarna er komin forskrift Alþingis fyrir okkar ríkisstjórn og ráðherra að hrinda í framkvæmd. Alþingi hefur talað og látið í ljósi vilja sinn sem er gífurlegur stuðningur, t.d. við félmrh. í að hrinda fram verkefnum í forvörnum á þessu sviði.

Mál eru nefnilega komin í algjört óefni þegar vista þarf ungling á meðferðarstofnun og oft er um margra ára vandamál að ræða sem ekki hefur verið tekið tímanlega á með markvissum hætti. Ef við förum ekki að sinna börnum betur getum við þurft mörg heimili fyrir hegðunartruflaða einstaklinga í framtíðinni. Það er heimilt að svipta 15 ára ungling frelsi með fangelsun eða varðhaldi hér á Íslandi. En í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjallað um réttindi frelsissviptra barna og ungmenna. Þar er mælt fyrir um mannúðlega meðferð og að tekið skuli tillit til þarfa einstaklinga á þeim aldri sem um ræðir. Sérstaklega er mælt fyrir um að barni sem er svipt frelsi sínu skuli haldið aðskildu frá fullorðnum nema ef það er talið því fyrir bestu að gera það ekki.

Þegar við afgreiddum barnasáttmálann á sínum tíma var staðfest með yfirlýsingu að í íslenskum lögum væru ekki ákvæði um að ungum föngum skuli halda aðskildum frá eldri föngum. En þess var jafnframt vænst að við ákvörðun um fangelsun ungmenna yrði ávallt tekið mið af því hvers konar afplánun væri ungmenni fyrir bestu. Þetta var árið 1992 og enn getum við ekki uppfyllt þetta mikilvæga ákvæði barnasáttmálans. Það er mín skoðun að það þurfi að breyta hegningarlögunum þannig að dvöl á meðferðarheimili komi til viðbótar við önnur refsiákvæði samkvæmt lögum.

Almennt eru afbrot talin birtingarform annarra undirliggjandi ástæðna, svo sem tilfinningalegra, geðrænna eða félagslegra vandkvæða. Málefni ungra afbrotamanna verður því að skoða í ljósi uppvaxtar þeirra og uppeldisaðstæðna og þeirrar ábyrgðar sem samfélagið ber. Sérhæft meðferðarheimili eða stofnun gæti skapað þær forsendur sem eru nauðsynlegar til að ungmenni ráði bót á vanda sínum. Ég beini þeirri spurningu til félmrh. hvort hann hyggist beita sér fyrir að slíkt meðferðarheimili geti orðið viðbótarúrræði í refsilöggjöf okkar. Hvort hann telji tímabært að fella yfirlýsingu Íslands, sem fylgir barnasáttmálanum, úr gildi. Það er hún sem gerir okkur stikkfrí því við erum ekki eins og siðuð þjóð í meðferð ungra afbrotaunglinga.

Þess má geta að til margra ára hafa um þrír unglingar verið dæmdir til refsivistar á hverju ári en sá hópur hefur tvöfaldast síðustu tvö til þrjú ár. Þetta leggur okkur skyldur á herðar. Foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum til 18 ára aldurs samkvæmt gildandi lögum þó þau fari bara með forsjá þeirra til 16 ára aldurs. Í þessu tilfelli, sem mörgum öðrum er mikið misræmi í löggjöf okkar, sem nú tekst vonandi að lagfæra þar sem Alþingi er að hækka sjálfræðisaldurinn í 18 ár. Sú breyting hefur hins vegar ekki þær grundvallarbreytingar í för með sér sem margir hafa staðhæft en hún gerir okkur mögulegt að beita betri aðferðum í meðferð unglinga sem þarfnast samfélagslegrar hjálpar. Það er nauðsynlegt að foreldrar geti haft yfirráð og eftirlit með börnum sínum lengur en til 16 ára aldurs í því skyni að veita vernd gegn aðsteðjandi hættu, ekki til að gera ungmenni ábyrgðarlaus heldur vegna þess að ábyrgðin er ekki einungis barnanna heldur foreldranna og samfélagsins alls.

Í umsögn Barnaverndarstofu til allshn. á síðastliðnu ári kom fram að enga hjálp hefur verið hægt að veita ungmennum eftir að þau hafa náð 16 ára aldri þótt þau þurfi á stuðningi eða meðferð að halda enda dæmi um að börn hafi gengið út úr meðferð á 16 ára afmælisdaginn. Það kom fram að óhjákvæmilegt sé að bjóða upp á sérhæfð meðferðarúrræði fyrir þennan aldurshóp. Árlega vistast fimm til tíu ungmenni á umræddum aldri á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu í lengri eða skemmri tíma. Þau heimili eru almennt ekki í stakk búin til að veita þessum hópi þjónustu enda miðast starfsemi þeirra flestra við aldurshópinn 13–16 ára.

Nýlegar breytingar á meðferðarkerfi ríkisins hvað varðar vímuefnaneytendur gera ráð fyrir að sjálfráðu einstaklingarnir 16 ára og eldri leiti þeirrar þjónustu á sjúkrastofnunum fyrir fullorðna nema í undantekningartilvikum. Það hefur ekki þótt góður kostur að blanda saman ósjálfráða og sjálfráða einstaklingum í t.d. vímuefnameðferð.

Mér finnst brýnt að menn geri sér grein fyrir því að tilfellum sem þarfnast hjálpar fjölgar ekki við það að sjálfræðisaldur hækkar. Þeir sem njóta ekki meðferðarúrræða á vegum barnaverndaryfirvalda eða hjá barna- og unglingageðdeild hafa þurft að leita fullorðinsúrræða sem eru væntanlega alls ekki ódýrari og þegar upp er staðið erum við að tala um samfélagskostnað og einn og sama vasann. Ég beini engu að síður þeim spurningum til félmrh. hvort hann muni láta vinna áætlun um uppbyggingu í málaflokknum í kjölfar hækkunar lögræðisaldurs.

Í umsögn Barnaverndarstofu kom einnig fram að þó hækkun lögræðisaldurs kallaði á aðgerðir væri fullvíst að breytingar hefðu áhrif til lækkunar til lengri tíma litið. Þannig megi draga úr fjárhagstjóni vegna síbrota auk þess sem meðferð mun væntanlega draga úr afbrotum margra á fullorðinsárum. Draga mun úr kostnaði vegna löggæslu, rannsóknar- og dómsmálameðferðar sem og heilbrigðis- og félagsþjónustu en ómældur er sá samfélagskostnaður sem hlýst af fjölda ungs fólks sem eyðileggur sjálft sig og aðra að ekki sé talað um sársaukann sem slík örlög valda.

Félmrh. sagði við opnun Stuðla í september síðastliðnum að verið væri að undirbúa rekstur nýs heimilis sem mundi starfa á grundvelli tólf þrepa kerfis, þetta yrði á næstu mánuðum. Sama kom fram við umræðu hér á Alþingi. Hvað líður

málinu? Hvenær á að opna heimilið? Hvar er það staðsett? Og á hverju hefur staðið?

Að lokum þetta, virðulegi forseti og ágætu alþingismenn, af hverju tekur alltaf svona langan tíma að hrinda fram úrbótum í barnaverndarmálum? Hvers vegna er skorið við nögl fjármagn til þeirrar fjárfestingar sem skilar þjóðinni mestum arði þegar upp er staðið?

[10:35]

Útbýting þingskjala:

Ferliverk á öðrum sjúkrahúsum, 349. mál, svar heilbrrh., þskj. 1335.

Tekjutrygging lífeyrisþega, 594. mál, svar heilbrrh., þskj. 1338.

[10:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þetta mál á dagskrá en óneitanlega verður mér hugsað til þess að í dag er síðasti dagur þingsins og hér er um svo alvarlegt mál að ræða að við hefðum átt að vera búin að ræða þetta fyrir löngu og vera búin að ýta á aðgerðir stjórnvalda til þess að taka á þessum mikla vanda. Það eru hrikaleg tíðindi þegar það starfsfólk sem ber ábyrgð á jafnmikilvægum málaflokki treystir sér ekki lengur til að horfa upp á þetta slæma ástand, langa biðlista, og er með því að fara í leyfi að vekja athygli stjórnvalda á þessum mikla vanda.

Ég get nefnt það að á undanförnum árum hef ég átt samstarf við ýmsar konur sem vinna í þessum málaflokki. Þær hafa hvað eftir annað vakið athygli mína á því að þarna sé um svo hrikalegan vanda að ræða, einkum hvað varðar geðheilbrigðismál barna og unglinga, að eitthvað verði að gerast. Ein þeirra komst svo sterkt að orði að segja að það mundi ekkert gerast hérna fyrr en einhver þessara krakka tæki sig til og dræpi einhvern. Það virtist þurfa þvílík voðatíðindi til þess að Íslendingar áttuðu sig á því að um mikinn og alvarlegan vanda er að ræða. Það er ekki að ástæðulausu að ég nefni þetta því slíkir atburðir hafa einmitt gerst bæði á Norðurlöndum og t.d. í Bretlandi. Ég vona reyndar að ekki þurfi koma til slíkra tíðinda en það er eitthvað mjög sérkennilegt í samfélagi okkar sem varðar börn og afstöðuna til barna. Þegar við skoðum ástandið hér, þá löngu biðlista sem blasa við, og þá tregðu sem hér ríkir til þess að taka á þessum málefnum hlýtur maður að spyrja sig hver er ástæðan, hver er grunnurinn. Ég held einmitt að við þurfum að kanna hann mjög rækilega.

Skoðun mín er sú að hér séu ríkjandi mjög gamaldags hugmyndir um börn og unglinga sem eiga rætur að rekja til bændasamfélagsins og felast m.a. í því að börn geti meira og minna séð um sig sjálf. Það er lögð mikil ábyrgð á herðar þeirra frá unga aldri og við urðum áþreifanlega vör við það í umræðunni um vinnutíma barna og ungmenna að mönnum finnst ekki ástæða til þess að setja því einhver takmörk og eru hinir reiðustu yfir því þegar Evrópusambandið leyfir sér að fara inn í persónulegt líf fólks og setja einhverjar skorður. Menn segja ótrúlegar sögur af því hvað þeir hafi haft gott af því að fara á sjóinn 13 eða 14 ára þó ég sé alveg viss um að ýmsir piltar sem fóru ungir á sjóinn hafi lent í hrikalegri reynslu. Að mínum dómi eru hér ríkjandi mjög gamaldags hugmyndir um börn og við þurfum að skoða þessar hugmyndir og átta okkur á því hvernig hægt er að breyta þeim. Þar kem ég að því að það þarf að skoða öll þessi mál í heild.

Það verður að byrja á því að leysa þann bráða vanda sem við stöndum frammi fyrir, ekki síst í geðheilbrigðismálum barna og unglinga. Það þarf að stórefla fjölskylduráðgjöf og ekki síst að kenna öllu því fólki sem kemur nálægt börnum, hvort sem það eru fóstrur eða kennarar eða hvar sem börn eru, að þekkja einkenni. Það hefur m.a. verið gert átak í því í leikskólum Reykjavíkurborgar að reyna að byrgja brunninn og fylgjast þar með börnum og heilsu barna. En það starfslið sem Reykjavíkurborg ræður yfir er alls ekki nægjanlegt. Það segir okkur að þessi vandi getur byrjað mjög snemma þegar um veikindi er að ræða en þar hangir mjög oft saman félagslegur vandi og svo sjúkdómar að ekki sé nú talað um þegar um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum er að ræða. Þá skiptir gífurlegu máli að allir þeir sem að koma nálægt börnum þekki einkennin en til skamms tíma hefur verið mikill misbrestur á því hér og reyndar ekki bara hvað varðar slíkan vanda heldur ýmislegt annað. Ég minnist þess að nýlega hlustaði ég á viðtal við unga konu sem hafði átt við dyslexíu að stríða alla skólatíð sína og aldrei var tekið neitt á málinu. Bara slíkur vandi veldur sálrænum erfiðleikum og sífelldum ósigrum í skólakerfinu. Við höfum því verið ótrúlega sinnulaus gagnvart vandamálum barna og ungmenna og það er eins og samfélagið líti þannig á að þetta leysist allt af sjálfu sér og helst með því að senda krakka í sveit. Það virðist helst eiga að leysa allan vanda. (**ÓÞÞ:** Er það ekki það sem Reykjavíkurlistinn gerir, gerir samninga um að senda börn upp í sveit?) Það er ekki þar með sagt að vandinn sé leystur, hv. þm. Sumum börnum þarf að koma í skjól. Ég var ekki að tala um meðferð þar sem börn eru send í meðferð eða þar sem þau fá virkilega þjónustu eins og er raunin í ýmsum tilvikum. Ég er að tala um það þegar börn eru einfaldlega send eitthvert og til skamms tíma hefur verið litið á það sem allra meina bót.

Hér hefur verið vikið að því að það kerfi sem við búum við sé mjög dreift. Ég vil kannski ekki segja að það sé flókið en það er fyrst og fremst dreift sem gerir það að verkum að mjög erfitt er að hafa yfirsýn. Það eru of mörg ráðuneyti að grauta í þessum málum sem gerir það að verkum að yfirsýnina vantar. Það beinir sjónum að því að sá vandi sem við erum að glíma við er ekki einstakur fyrir samfélag okkar, þetta er alþjóðlegur vandi sem á kannski ekki síst rætur að rekja til gífurlegra þjóðfélagsbreytinga á undanförnum áratugum. Hér eru náttúrlega ýmis sérkenni eins og langur og strangur vinnutími foreldra sem hefur líka leitt til þess að sá stuðningur sem áður fyrr kom frá fjölskyldunni, stórfjölskyldunni, hefur minnkað og auðvitað á vaxandi útivinna kvenna sinn þátt í þessu. Það hefur ekki verið brugðist við þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað á fjölskyldulífi. En það breytir því ekki að annars vegar er um félagslegan vanda að ræða, ýmislegt sem sprettur upp úr aðstæðum, en hins vegar um veikindi. Þarna verður auðvitað að greina á milli og eftir því sem ég best veit er vandinn ekki hvað sístur hvað varðar geðræna sjúkdóma og barna- og unglingageðdeildin hefur um alllangt skeið mátt búa við að þar eru langir biðlistar bráðveikra barna.

Þetta er auðvitað algjörlega óviðunandi. Ég tek svo innilega undir það sem fram kom í máli hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur að verði ekki tekið á þessum vanda strax, sé ekki reynt að byrgja brunninn, þá kemur það niður á okkur síðar. Þetta kemur niður á okkur síðar í enn þá meiri veikindum, í aukinni glæpatíðni því að því miður leiðist fólk sem á við mikinn félagslegan og sálrænan vanda að stríða oft út

í fíkniefnaneyslu, áfengisneyslu og glæpi sem því tengjast. Það er því afar brýnt að við reynum að öðlast góða yfirsýn yfir þetta ástand, horfumst í augu við það, viðurkennum að það eru tugir barna og unglinga, ef ekki hundruð, sem eiga við mikinn vanda að stríða sem á sér félagslegar rætur og einnig líkamlegar. Það verður að taka á þessum vanda. Það má ekki bíða lengur. Ég ítreka það og segi það aftur að ég harma að við skulum ekki hafa vikið að þessu máli hér fyrr. En það er þó hægt að nota sumarið til þess að vinna í málinu og vonandi tekst að ná fram slíkum úrbótum að fólk snúi aftur til starfa á barna- og unglingageðdeildinni og geti tekið þar með stolti á þeim vanda sem við er að glíma.

[10:47]

Útbýting þingskjals:

Starfsemi hjúkrunarheimila og öldrunarstofnana, 578. mál, svar heilbrrh., þskj. 1334.

[10:47]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka frummælendum fyrir yfirgripsmiklar ræður sem þeir fluttu hér. Hér er um mikilvægt mál að ræða og eðlilegt að það sé rætt hér á síðustu dögum þingsins.

Virðulegi forseti. Ég hef fengið margar fyrirspurnir og ég ætla að freista þess að svara þeim.

Fyrsta spurningin sem til mín var beint var: Mun ráðherra beita sér fyrir því að ríkið taki þátt í kostnaði við þjónustu sálfræðinga og/eða félagsráðgjafa fyrir börn og ungmenni? Ríkið greiðir nú laun sálfræðinga og félagsráðgjafa sem starfa á stofnunum á vegum menntmrn., félmrn. og heilbr.- og trmrn. Þar starfa þessar stéttir víða að málefnum barna og unglinga og vinna mikilsvert starf. Á stofnunum heilbrigðiskerfisins starfa bæði félagsráðgjafar og sálfræðingar að málefnum barna og unglinga en vonandi gefst kostur á að njóta starfskrafta þessara stétta í enn ríkari mæli.

Önnur spurning: Er fyrirhugað að efla og styrkja starfsemi barna- og unglingageðdeildarinnar?

a. Auka rekstrarlegt sjálfstæði deildarinnar? Engin áform eru um að færa barna- og unglingageðdeildina frá Ríkisspítölum en í skoðun er hvort deildin eigi betur heima á Barnaspítala Hringsins sem hluti af geðdeild.

b. Auka framlög til deildarinnar? Sérstakar aukafjárveitingar, fyrst 12 milljónir og síðan 3 milljónir, voru lagðar til deildarinnar árið 1996 til að auka sérfræðiþjónustu og 12 millj. kr. aftur 1997 hafa verið veittar til barna- og unglingageðdeildarinnar. Ætlunin með fjárveitingunni var m.a. að koma á upplýsingamiðstöð vegna vímuefnavandans eins og kom fram í ræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hér áðan. Reyndin varð sú að barna- og unglingageðdeildinni var þetta ekki mögulegt og því var farið af stað með miðstöð í Heilsuverndarstöðinni og var veitt til þess fjármagn. Er þetta gert í samvinnu m.a. við Reykjavíkurborg og Rauða krossinn. Ef rekstur þessarar miðstöðvar gengur vel þá mun verða farið í fleiri sveitarfélög með slíka upplýsingamiðstöð. Þó var ákveðið að barna- og unglingageðdeildin héldi þessari sérstöku fjáveitingu óskertri og var áformað að bæta þar úr skorti á sérhæfðu starfsfólki, en nánar verður vikið að þeim vanda síðar.

c. Verða settar á fót langtímaeiningar? Almennt er stefnt að því að stytta legu barna á stofnunum og á það einnig við í þessu tilviki. Fagfólk á þessu sviði metur þörf fyrir langlegueiningar hvort sem um er að ræða heilar deildir eða örfá rúm. Fremur er lögð áhersla á dag- og göngudeildir og eflingu þeirra.

d. Verður samstarf og ráðgjöf við sveitarfélög og skóla vegna sálrænna og/eða geðrænna vandamála barna og unglinga aukið? Nú er grunnskólinn hjá sveitarfélögum og þar með sálfræðiþjónustan þar. Skólaheilsugæslan starfar í hverjum grunnskóla landsins enda þótt ríkið reki heilsugæslustöðvarnar. Samstarfið er því mjög náið. Ef átt er við með spurningunni hvort gert sé ráð fyrir aukinni ráðgjafarþjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar við sveitarfélög og skóla er svarið að eins og sakir standa sinnir deildin þeirri ráðgjöf sem hún getur sinnt vegna anna og er ekki raunhæft að gera ráð fyrir aukinni ráðgjafarþjónustu á vegum hennar meðan ekki ráðast þar til starfa fleiri sérfræðingar.

e. Hyggst ráðuneytið beita sér á einhvern hátt fyrir því að fá til starfa sérfræðinga í málefnum barna með geðræna sjúkdóma eða vandamál? Með þeirri sérstöku fjárveitingu er ég greindi frá hér á undan var ætlunin að fjölga sérmenntuðu fólki á barna- og unglingageðdeildinni og tókst það að nokkru leyti. Erfiðlega gengur hins vegar að ráða fleiri sérmenntaða lækna til starfa. Einn aðalvandinn er sá að mjög fáir íslenskir læknar hafa bætt við sig sérmenntun á sviði barna- og unglingageðlækninga. Sú spurning hefur vaknað hvort heilbrigðisyfirvöld geti með einhverjum hætti haft áhrif á þá þróun því þörf fyrir fleiri einstaklinga með sérmenntun á þessu sviði er vissulega fyrir hendi.

Þriðja spurningin er: Mun hækkun sjálfræðisaldursins hafa áhrif á starfsemi barna- og unglingageðdeildarinnar eða á aðra starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, t.d. varðandi meðferðarúrræði vegna fíkniefnanotkunar unglinga? Hvort einstaklingur er lagður inn á barnadeild eða fullorðinsdeild ræðst af líffræðilegum aldri og þroska og því aldursmörk aðeins notuð sem viðmið. Fagfólk mun meta hvert tilvik fyrir sig. Hugsanlega getur hærri sjálfræðisaldur gagnast við meðferð þeirra er neyta fíkniefna og gefið fagfólki og foreldrum meiri möguleika á að hjálpa þessum ungmennum.

Fjórða spurningin: Er fyrirhugað að skýra verkaskiptingu milli ráðuneyta hvað varðar málefni barna og unglinga? Börn og unglingar með geðræn vandamál og fjölskyldur þeirra sækja þjónustu víða hjá stofnunum sem heyra m.a. undir félmrn. og menntmrn. auk heilbr.- og trmrn. Stofnanir heilbrigðisþjónustunnar sinna þó alla jafna þeim sem veikastir eru og þurfa mesta hjálp. Því er mjög mikilvægt að samspil þessara stofnana sé gott þannig að þessi börn og unglingar fái þjónustu við hæfi. Nú er að störfum nefnd sem skipuð er af forsrh. sem hefur það hlutverk að fjalla um valdmörk ráðuneyta heilbrigðismála, menntamála og félagsmála. Nú í vetur skipaði ég stóra þverfaglega nefnd um stefnumótun í geðheilbrigðismálum og vinnur nefndin ötullega. Eitt af viðfangsefnum nefndarinnar er að sjálfsögðu málefni barna og ég veit að þau fá þar ítarlega umræðu. Breytingar verða á starfi margra stofnana yfir sumartímann bæði vegna lokana og annarra árstímabundinna ráðstafana. Við slíkar aðstæður er mjög brýnt að tryggja að þjónusta verði samfelld og hnökralaus fyrir þessi börn og unglinga. Því eru nú hafnar viðræður milli aðstoðarmanna heilbrrh., félmrh. og fjmrh. sem tryggja munu að þörfum þessara hópa verði mætt.

Virðulegi forseti. Börn og unglingar hér á landi eru um 80–90 þúsund og því um þriðjungur þjóðarinnar og þarfir þeirra eru að sjálfsögðu mjög misjafnar fyrir heilbrigðisþjónustu. Flest þurfa þau sem betur fer litla þjónustu aðra en ungbarnaeftirlit og hina hefðbundnu skólaheilsugæslu. Við

höfum löngum talið að umönnun barna að þessu leyti sé vel fyrir komið komi ekki upp sérstök tilvik.

Á alþjóðadegi hjúkrunarfræðinga þann 12. þessa mánaðar var efnt til málþings um heilbrigði barna og unglinga. Þar var m.a. rætt um hvernig breytingar á heimilum og samfélagi kalla á breytingar í áherslum skólaheilsugæslu og þörf fyrir félagslegan og andlegan stuðning eykst stöðugt að sögn þeirra er best til þekkja. Skólaheilsugæslan ásamt kennurum og sálfræðiþjónustu í skólum gegnir lykilhlutverki við að finna þau börn sem á hjálp þurfa að halda og veita þeim viðeigandi aðstoð. Það er mikilvægt að grípa strax inn í áður en vandamálin verða of erfið. Ég tel nauðsynlegt að leggja áfram mikla og vaxandi áherslu á skólaheilsugæsluna en jafnframt að tryggja að sérþekking sé til staðar þegar leitað er til lækna á heilsugæslustöðvum vegna vanda á þessu sviði.

Nú í vetur var því gert átak með aðstoð héraðslækna til að efla þekkingu starfsfólks í heilsugæslunni á greiningu og fyrstu meðferð einstaklinga með geðræn vandamál er leita til heilsugæslunnar. Nú í haust verður tilraunaverkefni með iðjuþjálfun í heilsugæslu komið af stað og svipað verkefni er í gangi varðandi sjúkraþjálfun. Þessi verkefni koma til með að gagnast sérstaklega við greiningu og meðferð hjá börnum sem eru m.a. misþroska.

Mikilvægast af öllu þegar börn eiga í hlut er að við færum okkur í nyt allt sem hægt er til að koma í veg fyrir sjúkdóma og að við beitum öllum tiltækum varnarráðum. Á það ekki síst við um vímuefnavandann sem allt of margir unglingar glíma við. Fyrir skömmu var opnuð í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur upplýsingamiðstöð, eins og ég sagði hér áðan, fyrir þessa unglinga og fjölskyldur þeirra. Þetta er tilraunaverkefni heilbrrn., Reykjavíkurborgar og Rauða krossins.

Virðulegi forseti. Börn og unglingar eru hluti af stærri heild, hluti af fjölskyldu og því er mikilvægt að tryggja að fjölskyldur veikra barna séu í stakk búnar til að axla þá ábyrgð sem felst í því að ala upp barn með langvinna sjúkdóma eða fötlun. Hið nýja frv. sem mælt var fyrir hér á Alþingi í nótt um umönnunarbætur til aðstandenda þessara barna er því langþráður áfangi og vonast ég til að við náum að afgreiða þetta mikilvæga mál hér á hinu háa Alþingi í dag.

[10:58]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég sé nú ástæðu til þess að þakka þessa umræðu. Það hefur margt komið fram sem er umhugsunarefni og margt verið spaklega sagt.

Ég mun reyna að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og þá fyrst tveimur spurningum sem hv. 5. þm. Suðurl. beindi til mín. Það er í fyrsta lagi: Hver er reynslan af starfi Stuðla? Eru fyrirhugaðar breytingar á starfseminni í ljósi reynslunnar og vegna hækkunar á sjálfræðisaldri, t.d. að einfalda aðgengið að þjónustunni, koma á sérhæfðri vímuefnameðferð, auka göngudeildarþjónustu og taka sérstaklega á vistun þeirra unglinga sem hafa brotið af sér? Það er nú þetta með reynsluna af starfi Stuðla að þá er það auðvitað alltaf matsatriði. En ég held að óhætt sé að segja að hún sé eftir vonum. Að vísu hafa ekki allir fengið bata sem þangað hafa farið og ekki tekist að leysa vandamál hjá öllum. En ég held að þetta úrræði hafi sannast að er gott og þarna hafi verið vel að verki staðið.

Það eru 51 sem hafa verið vistaðir á Stuðlum frá opnun meðferðarstöðvarinnar 27. sept. sl., þar af 24 í meðferðarvistun. Eins og er eru níu þar í meðferð og 15 hafa útskrifast en 27 hafa verið í skammtímavistun eingöngu. Ekki hefur farið fram kerfisbundin könnun á afdrifum þeirra unglinga sem útskrifast hafa. Þó má geta þess að af þeim 15 unglingum sem útskrifast hafa frá upphafi hafa sjö fengið pláss á langtímameðferðarheimili, fimm hafa farið aftur heim til foreldra að lokinni meðferð að Stuðlum en þrjú hafa hætt í meðferð eða útskrifast án þess að meðferð væri lokið.

Biðtími eftir innlögn, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, er um tveir mánuðir þó að hann geti í einstaka tilfellum verið lengri ef þörfin er ekki brýn eða unglingurinn nýtur annarra úrræða og gengur sæmilega. Ef um neyðartilvik er að ræða, t.d. nauðsynlegt að stoppa ungling af, er oftast fyrirvaralaust unnt að vista ungling í neyðarvistun í allt að 14 daga. Biðtíminn getur verið breytilegur og ræðst fyrst og fremst af eftirspurninni. Þegar Stuðlar tóku til starfa sl. haust var biðtíminn til muna lengri en hann er nú. Ekki eru neinar sérstakar vísbendingar um að hann kunni að lengjast. Það er matsatriði hvort umræddur biðtími sé óhóflegur. Vert er að leggja áherslu á að biðtími getur verið af hinu góða því stundum tekur fjölskyldan við sér og tekst að yfirvinna vandann þannig að þegar að innlögn kemur reynist hún óþörf. Þetta er ástæða til þess að stundum er varhugavert að hafa aðgengi að meðferðarstofnunum of einfalt að mati forstöðumanns Barnaverndarstofu því þá getur ábyrgðin verið tekin af foreldrunum. Það hefur líka sýnt sig að fjölskyldan er besta meðferðarúrræðið ef hún er í stakk búin til að taka á málum. Hitt er svo annað mál að fjölskyldan þarf á stuðningi að halda í ýmsum tilfellum í þessari glímu og þá reynir á félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Spurt er um hvort fyrirhugað sé að koma á sérhæfðri vímuefnameðferð, þ.e. að aðskilja eða deildarskipta Stuðlum. Eins og stendur er veitt sérhæfð meðferð fyrir vímuefnaunglinga á Stuðlum. Hún er byggð á lífsreglum sem eru í anda svonefnds tólf spora kerfis sem notað er í heiðbundinni áfengismeðferð. Á Stuðlum eru AA-fundir sem vímuefnabörn sækja. Hins vegar eru Stuðlar fyrst og fremst greiningarstöð og ef í ljós kemur við greiningu að unglingurinn þurfi á enn frekari vímuefnameðferð að halda verður honum beint í slíka meðferð. Á næstu vikum tekur til starfa meðferðarstofnun fyrir vímuefnaunglinga í Varpholti við Skjaldarvík.

Hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir spurði eftir því hvað hefði tafið að þessi stofnun tæki til starfa. Ég verð að segja að ég vonaðist eftir að hún kæmist fyrr í gagnið en raunin hefur orðið. Tafir hafa m.a. orsakast af því að menn voru ekki sammála um hvar átti að setja hana niður. Nokkrir staðir voru skoðaðir sem þóttu koma til greina. Í það fór töluverður tími. Niðurstaðan er sú að meðferðarstöðin verður í Varpholti, þ.e. í Skjaldarvík rétt hjá Akureyri. Á næstu vikum er þar að fara í gang meðferðarheimili. Það er eftir að ganga frá atriði þegar ég vissi síðast í þjónustusamningi en starfsfólk hefur verið ráðið eftir því sem ég best veit og þetta er að fara í gang.

Spurt er um hvort fyrirhugað sé að koma á fót göngudeildarráðgjöf fyrir yngri unglinga til að minnka þörf fyrir stofnanavist. Göngudeildarþjónusta er lögbundið verkefni sveitarfélaga og er tæplega á færi félmrn. að koma beint að því. Hins vegar má þó minna á að félmrn. hefur hvatt til þess að komið yrði á fót öflugri ráðgjafarþjónustu fyrir fjölskyldur og félmrn. lagði fjármagn í tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar sem er fjölskylduráðgjöfin Samvist. Ég vil líka minna á vímuvarnaátak sem félmrn., dómsmrn., Reykjavíkurborg, grunnskóli Reykja-

víkur og Rauði krossinn standa að. Í tengslum við það hefur verið sett á laggirnar unglingamiðstöð í Heilsuverndarstöðinni þar sem unglingum og fjölskyldum þeirra er veitt ráðgjöf og meðferð.

Það er spurt hvort fyrirhugað sé að dæma afbrotaunglinga til meðferðar og hvort fyrirhugað sé að koma á fót heimili með strangari gæslu en nú er.

Núgildandi ákvæði hegningarlaga veita ekki heimildir til að dómarar dæmi unga afbrotamenn til dvalar á meðferðarstofnunum. Hins vegar er Fangelsismálastofnun ríkisins heimilt að láta afbrotamenn afplána hluta refsingar sinnar á meðferðarstofnunum. Í kjölfar hækkunar á sjálfræðisaldri má búast við að kröfum um breytingar á hegningarlögunum í þessa veru vaxi ásmegin og dvöl á meðferðarheimili geti komið í stað fangelsisvistar. Því miður hefur ofbeldisfullum unglingum farið fjölgandi og núverandi meðferðarkerfi á erfitt með að glíma við það vandamál. Það er alveg ljóst að hækkun sjálfræðisaldurs veldur því að það þarf aukin úrræði á vegum félmrn. til að taka við þeim tveimur árgöngum sem Alþingi hefur ákveðið að verði á verksviði okkar.

Ég hef leitað eftir hugmyndum um hvað þyrfti að gera til þess að svara þeirri viðbótarþörf sem þar kemur fram. Menn búast við að það verði óhjákvæmilegt að setja á laggirnar sérhæfð meðferðarúrræði fyrir 16–18 ára unglinga. Það vistast fimm til tíu ungmenni á umræddum aldri á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu um lengri eða skemmri tíma. En starfsemi þeirra miðast við 13–16 ára. Það þarf að fjölga meðferðarheimilum og sérhæfða vímuefnameðferð fyrir 16–18 ára sem áður hefur verið á sjúkrastofnunum. Síðan er það hugmyndin um meðferð í stað refsivistar. Reikna má með því að hækkun sjálfræðisaldurs feli í sér að starfrækja yrði að minnsta kosti eitt sérhæft meðferðarheimili fyrir 16–18 ára. Áætlaður rekstrarkostnaður þess yrði 35 millj. kr. Það er líklegt að fljótlega yrði að bæta við öðru heimili vegna lengri vistunartíma á öðrum meðferðarheimilum og má áætla árlegan rekstrarkostnað á bilinu 20–25 millj. kr.

Búast má við útgjaldaauka hjá félmrn. vegna hækkunar sjálfræðisaldurs um 120–140 millj. kr. Þá er ekki tekið tillit til stofnkostnaðar og ég vil taka það fram og undirstrika það sérstaklega. Væntanlega sparast eitthvað í þjóðfélaginu á móti en það lítur þannig út frá bæjardyrum okkar í félmrn. að þarna sé um að ræða aukna fjárþörf upp á 120–140 millj. vegna ákvörðunar Alþingis.

Önnur spurning 5. þm. Suðurl. var þessi: Mun ráðherra beita sér fyrir því að upp verði tekin önnur vinnubrögð við ákvörðun refsinga vegna brota ungmenna, t.d. unglingadómstóll og hvað varðar refsiúrræði svo sem að dæma megi til samfélagsþjónustu?

Nú eru refsiúrræðin ekki á valdi félmrn. og á þess vegum eru ekki rekin fangelsi þannig að þetta mál yrði að leysast að frumkvæði dómsmrh. Ég held að óhjákvæmilegt sé að koma upp einhverju öflugu meðferðarúrræði svo þeir sem í meðferð væru gætu ekki strokið. En það verður líka að gæta að mannréttindum. Ég held að þróunin sé þannig að þetta verði innan skamms óhjákvæmilegt. Til meðferðar koma unglingar sem eru ákaflega erfiðir í umgengni og virðist þurfa kröftugri úrræði en nú eru fyrir hendi.

Þriðja spurningin var: Hefur verið ákveðið hvernig dómsmrn. og félmrn. skipta með sér verkum í málefnum þeirra ungmenn sem eru á aldrinum 16–18 ára verður ákvæðum varðandi sakhæfi breytt?

Ég er vanbúinn að svara spurningunni á þessari stundu. Lögin hafa ekki verið samþykkt og ákvörðun Alþingis um hækkun á sjálfræðisaldrinum er ekki nema fárra daga. En það hefur verið ákveðið í ríkisstjórninni að dómsmrh. hafi forustu um að mynda starfshóp með aðild frá félmrn., menntmrn. og heilbrrn. Þessi starfshópur kanni m.a. hvaða lögum þurfi að breyta vegna þessarar hækkunar á sjálfræðisaldri. Það liggur alveg ljóst fyrir að það verður að taka tillit til þess í barnaverndarlögum og skattalög þarf væntanlega að skoða með sérstöku tilliti til þess arna og ef til vill fleiri lög. Það stendur þannig á að verið er að endurskoða barnaverndarlögin og ég vænti þess að geta lagt fram frv. um breytt barnaverndarlög í þingbyrjun í haust.

Hvaða aðrar breytingar á réttarstöðu ungmenna breytast við hækkun sjálfræðisaldurs?

Ég held að ég hafi verið búinn að svara þessari spurningu. Það hefur ekki verið kannað til fullnustu.

Mun ráðherra beita sér fyrir því að fjölskylduráðgjöf verði aukin við þær stofnanir sem starfa að málefnum barna og ungmenna?

Ég mun beita mér fyrir því og reyna að komast í samstarf þar sem það er unnt um aukna fjölskylduráðgjöf. Spurt hefur verið um einhverf börn og hvers staðan sé í málum þeirra. Á síðasta ári var opnað meðferðarheimili eða sambýli í Tjaldanesi. Það verður rekið áfram.

Tími minn er búinn en ég held að ég hafi komist yfir að svara þeim spurningum sem til mín var beint.

[11:14]

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 621. mál, stjtill. (forsrh.), þskj. 1372.

[11:14]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem fólkinu líður vel þarf ekki fangelsi, sagði Nóbelsskáldið okkar á einum stað í sínum bókum. En nú fagna menn hækkun ósjálfræðisaldurs Íslendinga og hugleiða hvað þurfi að byggja af fangelsum yfir þessi börn. Mér er ljóst að það verður að byggja fangelsi yfir þessi börn verði þeirri stefnu fram haldið sem hér hefur verið ákveðin. Þá verða að sjálfsögðu 16–18 ára ungmenni með öðrum sem eru mun yngri. Hvort það verður til góðs eða ekki á tíminn eftir að leiða í ljós. En það má segja að einkenni okkar tíma er að vilja leysa alla hluti með stofnunum, ein stofnun hér, ein stofnun þar. Við höfum verið að ganga frá því að til þess að stjórna þessum stofnunum þurfi menn með háskólamenntun án frekari skilgreiningar hvað passi nú við hverja. Og þeir sem að hampa mest þessari lausn með stofnun hafa vissulega sigrað, þeirra er ríkið, þeirra er stefnan.

Ég minnist þess aftur á móti að sem ungur maður las ég einu sinni bókina Frá mönnum og skepnum eftir doktor Brodda Jóhannesson. Hann skrifaði þessa bók þegar hann var ungur og kannski róttækur á sína vísu. Þar segir hann frá því þegar ungur drengur situr undir athugasemdum heimilisfólksins, gestkomandi, frænkur og frændur, og allir eru með ráð og leiðbeiningar hvernig eigi að standa að uppeldi stráksins, og við getum að sjálfsögðu bætt skólanum við eftir að við erum komin með skyldunám eins og nú er. Í lok þessarar litlu frásagnar segir hann frá karlinum sem er að umgangast rauða folann í kofa og tekur fram að rauði folinn sé efnileg skepna. Hann umgangist enginn nema gamli maðurinn sem láti vel að honum og sinni hans þörfum og satt best að segja dytti engum heilvita manni í hug að hafa 20

tamningamenn á einn hest. Ég veit ekki hvernig færi en ég efa stórlega að svo gott upplag sé í íslenskum reiðhestastofni að það fengist nothæfur gæðingur með því fyrirkomulagi. Og ég undrast það oft að þrátt fyrir allt skuli íslensk æska vera jafnhæf og eins vel á sig komin og hún er miðað við þær tamningaaðferðir sem við notum á hana.

Um nokkur ár átti ég þess kost að sitja þing Alþjóðaþingmannasambandsins. Ein setning er mér minnisstæðari en nokkur önnur. Það var svissneskur prófessor sem lýsti því yfir að okkar kynslóð hefði tapað hæfileikanum til að hlusta. Við sjáum þetta mjög oft og skynjum í okkar samtíð, menn hlusta ekki, menn tala. Og eitt af því sem börn hafa mesta þörf fyrir er að einhver hlusti en gjarnan er það nú svo að hinir fullorðnu snúa því snarlega við og vekja athygli á því að það eru þeir sem eiga að tala og börnin sem eiga að hlusta. Hún amma mín ræddi reyndar um að það ætti að tala um fyrir börnum sem byggist á því að barnið og sá fullorðni tala til skiptis en það er kannski frekar undantekning heldur en hitt. Við launum íslenska kennara frekar illa. Það er ekki stór biðlisti sem stendur eftir þegar búið er að ráða í kennarastöðurnar. Það eru ekkert 100 eða 200 manns sem hafa sótt (Forseti hringir.) um þessar stöður enda er það staðreynd, því miður, að íslenski skólinn veldur ekki því hlutverki að ala upp börnin á þann hátt að ástand fari batnandi í uppeldismálum þjóðarinnar.

[11:20]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Þetta er vissulega stórmál sem við erum að ræða á síðasta degi þingsins í vor. Þetta er stærra mál en svo að það verði tæmt í einni utandagskrárumræðu þó hún sé af lengri gerðinni. Eins og komið hefur fram hefur þingið verið með til umræðu ályktun um fjölskyldustefnu og það er af hinu góða, orð eru til alls fyrst, en því miður hefur framkvæmdum ekki verið fylgt eftir í samræmi við það því hér hafa komið fram ýmis mál þar sem bent hefur verið á og tekið hefur verið á vanda fjölskyldunnar og ekki verið vilji til þess að koma þeim í framkvæmd.

En ástandið er alvarlegt í málefnum barna og unglinga og þeirra sem eiga við veikindi og erfiðleika að stríða. Hæstv. heilbrrh. sagði áðan: Þeir sem veikastir eru fá aðstoð. Því miður er það vandi okkar að aðeins þeir allra veikustu komast að en hinir verða að bíða og það er alvarlegur vandi. Eins og ástandið er nú á barna- og unglingageðdeildinni þá er tekið á bráðavandanum. Það er tekið á þeim tilfellum sem koma inn þar sem börn og unglingar eru í bráðri sjálfsvígshættu eða þurfa að fá aðstoð strax, hinir þurfa að bíða. Nú bíða á annað hundrað börn og unglingar eftir bæði greiningu og meðferð. Það er mjög mikilvægt að grípa snemma inn í því þessir biðlistar eru hættulegir biðlistar og alvarlegir biðlistar því að ef við tökum ekki á vandanum snemma þá verður þetta mun stærri vandi síðar. Við sjáum hverjar afleiðingarnar eru af því að við höfum ekki tekið nógu snemma á vandanum. Hvernig er ástandið hér í miðbænum t.d. að næturlagi? Ég verð að segja eins og er að þegar ég fór úr þingsalnum klukkan fimm í morgun var mér ekki rótt að ganga í gegnum bæinn og heim til mín. Þannig var ástandið á götum borgarinnar í nótt og við heyrum það í fréttum um hverja helgi hvernig það er. Þetta kemur niður sem mun dýrara fyrir samfélagið að grípa ekki á vandanum snemma, það er vissulega rétt. Sparnaður á þjónustu við sjúk, geðsjúk börn og börn sem eiga í hegðunarvanda eða vímuefnavanda er dýr sparnaður. Nú horfum við upp á það, sem vitað var að mundi blasa við, og það er atgervisflótti fagfólks í stéttinni vegna þess hvernig búið er að fólki sem sinnir þessum málum. Við erum að missa fagfólkið okkar frá okkur vegna sparnaðarins og vegna þess óhemju álags sem fólk býr við.

Ég nefni barna- og unglingageðdeildina. Henni ber að sinna öllum börnum á landinu með geðræn vandamál undir 18 ára aldri, en deildin fær aðeins 10% af fjárveitingu geðdeildanna. Þetta er alvarlegt mál sem þarf vissulega að ráða bót á.

Ég vil nefna annað atriði sem er sálfræðiþjónustan. Það hefur komið upp æ ofan í æ í umræðunni um heilbrigðisþjónustuna að sálfræðiþjónusta er ekki sem skyldi hér. Sá vandi sem við eigum við að glíma nú þegar grunnskólinn hefur verið fluttur til sveitarfélaganna er að eitthvað virðist hafa farið úrskeiðis í þeim málum því sálfræðiþjónustan er ekki eins og var, börn fá greiningu en ekki er um meðferð að ræða og aðeins gert er ráð fyrir aðstoð við kennara.

Ég vil nefna annað sem er stórt vandamál og það er vegna vímuefnaneytendanna. Þó að við séum með úrræði fyrir börn í vímuefnavanda þá er eftirmeðferðin alls ekki sem skyldi. Það er ekki nóg þó meðferð barna og unglinga í vímuefnavanda gangi vel því oft vill eftirmeðferðin gera alla þá vinnu að engu því börnin koma út í samfélagið og þessari meðferð er ekki fylgt eftir. (Forseti hringir.) Eins og ég sagði áðan, herra forseti, þá er þetta mun stærra mál en hægt er að koma inn á í stuttri fimm mínútna ræðu. Þetta er mál sem þarfnast mun meiri umræðu. En ég kalla eftir því að ráðin verði bót á þeim stóra vanda sem við eigum við að etja í þjónustu við þá sem við erum að ræða hér, börn og unglinga hér á landi.

[11:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að taka upp þetta mál. Þó vissulega hefði mátt hugsa sér að ræða það við aðrar aðstæður en á síðasta degi þingsins og mál af þessu tagi verði að sjálfsögðu ekki tæmd í einni umræðu þá er það engu að síður þarft og brýnt að ýta aðeins við mönnum varðandi það ástand sem blasir við í þessum málum.

Ég held að það sé þannig, herra forseti, því miður, að glansmyndin sem við búum okkur stundum til, Íslendingar, af hinu þróaða velferðarsamfélagi sem við búum í þolir ekki alltaf nánari skoðun. Ég held t.d. að það sé ekki nokkur vafi á því að það er til stórkostlegs vansa hvernig við búum að öllu sem snýr að börnum og unglingum í landinu og aðstandendum þeirra. Íslenskt þjóðfélag er ekki fjölskylduvinsamlegt þjóðfélag. Það er bara ekki hægt að halda því fram, því miður. Hér hefur sérstaklega verið til umræðu einn angi af miklu stærra máli sem er almennur aðbúnaður að börnum og unglingum og barnafjölskyldum. Það ófremdarástand sem blasir við sérstaklega varðandi þann hóp barna og unglinga sem á í erfiðleikum af geðrænum toga og þarf á stuðningi eða aðstoð að halda á því sviði er náttúrlega hörmulegt. En það tengist stærra vandamáli sem er aðbúnaðurinn að skólunum í landinu, sem er langur vinnudagur í þessu samfélagi, sem ætti með réttu að kalla á að betur væri búið að þessum þáttum hjá okkur heldur en yfirleitt annars staðar, sem samsvarar því að samvistir innan fjölskyldunnar eru minni en nokkurs staðar annars staðar t.d. á Norðurlöndunum. Og þess þá heldur þyrfti að búa vel að skólanum og því starfi sem þar er unnið.

Það er heldur ekki hægt að taka þetta mál úr samhengi við til að mynda launakjör þeirra stétta sem hér eiga hlut

að máli. Það er enginn vafi á því í mínum huga að hluti af þessu vandamáli eru skammarleg laun kennara og uppeldis- og umönnunarstétta á Íslandi. Það spilar að sjálfsögðu þarna inn í. Og hvað ætli valdi upplausnarástandinu á barna- og unglingageðdeildinni og víðar í heilbrigðiskerfinu annað en m.a. niðurskurðurinn og léleg laun starfsfólks. Það væri fróðlegt að hæstv. heilbrrh. upplýsti okkur um það hér, ef hæstv. ráðherra hefur aflað sér upplýsinga um það nýverið, hversu miklar hópuppsagnir og fjöldauppsagnir hafa verið að ganga yfir í heilbrigðiskerfinu núna á síðustu vikum. Ég býst við að ýmsum mundi koma það á óvart ef hæstv. ráðherra rekti þá sögu eins og hún blasir við, en mér er ekki grunlaust um að það séu heilar deildir, t.d. á Landspítalanum, þar sem allir hafa sagt upp, eru að gefast upp, eru að hætta, eru að fara. Við erum að missa margt af hæfasta fólkinu úr landi, ekki bara vegna óánægju með launakjörin, heldur kannski ekki síður og jafnvel enn frekar, óánægju með þann aðbúnað sem starfinu er búinn og þá lítilsvirðingu í raun og veru sem starfi þessa fólks er sýnd með þeim aðbúnaði og allri þeirri umgjörð sem þar er utan um.

Við erum t.d. að missa fjölda af hæfustu sérfræðingum í læknastétt úr landi. Hvernig á þá að bæta úr ástandinu? Ekki mun það auðvelda hlutina að svo haldi sem horfir. Auðvitað verður að grípa tafarlaust til ráðstafana varðandi stöðuna sem uppi er með barna- og unglingageðdeildina, það er ljóst. Þó hæstv. ráðherra nefni meðferðarheimilin og heimilin úti á landi sem eru góð og að sjálfsögðu mikilvægur hluti af þessari þjónustu, þá kemur það ekki í staðinn fyrir að hægt sé að halda uppi þeirri sérhæfðu þjónustu og hafa þá sérfræðinga við störf sem við verðum að eiga ef við ætlum að sinna þessum málum og sérstaklega erfiðustu málunum. Það er ekki hægt að vísa þeim vanda annað en þangað sem ætlunin hefur verið að leysa hann, þ.e. á þeirri stofnun sem ætluð er til að hafa sérhæfðustu þjónustuna.

Ég held, herra forseti, að við verðum að horfast í augu við að það er ekki bæði hægt að sleppa og halda í þessum málum frekar en öðrum. Það er ekki annars vegar hægt að afgreiða hér fjárlög ár eftir ár með harkalegum niðurskurði á fjárveitingum til þessara mála en ætlast svo til þess að allt sé í lagi og að hlutirnir gangi upp eftir sem áður. Við erum m.a. að horfast í augu við afleiðingarnar af niðurskurðinum og þrengingunum gagnvart velferðarkerfinu undanfarin ár. Það er ekkert annað sem er að gerast. Og það birtist okkur á fjölmörgum vígstöðvum í vaxandi ofbeldi og upplausn og erfiðleikum af ýmsum toga. Þannig að hinn raunverulegi staður, herra forseti, til að taka á þessum málum, ef Alþingi og ríkisstjórn vilja láta til sín taka það, er auðvitað við fjárlagaafgreiðsluna á komandi hausti. Þess þyrfti að sjá stað í stórauknum fjárveitingum til margra málaflokka af því tagi sem hér hafa verið til umræðu og þá eru það verkin sem eiga að tala en ekki innihaldslaus orð.

[11:32]

Siv Friðleifsdóttir:

Herra forseti. Hér erum við að ræða afar stórt og alvarlegt málefni sem því miður er ekki hægt að gera tæmandi skil í svona stuttu formi og hér er ætlast til.

Ég vil hefja mál mitt á því að draga fram það sem stendur í þingsályktun um opinbera fjölskyldustefnu sem ég tel að sé grunnur að því að betur verði hlúð að börnum og ungmennum í framtíðinni. Í þeirri þáltill. er þingið að ályktа um að ríkisstjórnin móti opinbera fjölskyldustefnu og að hún framkvæmi þær aðgerðir sem kveðið er á um í þeirri ályktun. Fyrsta aðgerðin sem er talin upp er stofnun fjölskylduráðs. Það ráð á m.a. að veita fjölskyldum ráðgjöf í fjölskyldumálum, t.d. vegna áforma um stjórnvaldsaðgerðir, jafnframt því að koma á framfæri ábendingum um úrbætur í fjölskyldumálum. Þetta tel ég afar mikilvægt vegna þess að stjórnvöld hafa oft litið á fjölskylduna sem einingar, það er horft á fatlaða, aldraða, öryrkja, en það er ekki litið á fjölskylduna sem eina heild. Í þessari þingsályktun kemur fram að það á að hefja aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Að vernd gagnvart ofbeldi verði efld, jafnt innan fjölskyldu sem utan. Fjölskyldur njóti verndar og stuðnings gagnvart ofneyslu áfengis og annarra vímugjafa. Forvarnir vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði auknar."

Þetta er mjög mikilvægt markmið og leiðir hugann að fyrirspurn sem ég flutti á þessu þingi til heilbrrh. og reyndar dómsmrh. og mig langar aðeins að minnast á hér. Þar var hæstv. heilbrrh. spurður að því hversu mörg meðferðarrými á stofnunum voru áætluð áfengis- og vímuefnaneytendum annars vegar og þeim sem þjást af sjúkdómum af völdum reykinga hins vegar árið 1995–1996. Svarið sem hæstv. heilbrrh. flutti vegna þessarar spurningar var:

„Í heild má gera ráð fyrir að ekki færri en 4–5 þúsund einstaklingar hafi á hverju ári um sig, 1995 og 1996, komið til meðferðar á þeim stofnunum sem ætlaðar eru áfengis- og vímuefnasjúklingum og þeim sem þjást af sjúkdómum af völdum reykinga. Nokkur óvissa er samt sem áður um fjölda þeirra sjúklinga er komu á göngudeildir. Fjöldi þeirra er líklega einhvers staðar á bilinu 1.000–1.500."

Hér er um gífurlegan fjölda að ræða sem þarf að fá þessa þjónustu. Það var einnig spurt um hve mörg ársverk innan heilbrigðisþjónustunnar hefðu tengst þessum hópum árin 1995 og 1996. Í svarinu kom fram að um 450–500 ársverk tengjast meðferð þessara sjúklingahópa á ári. Þá er ekki tekið tillit til verka sem eru unnin á öðrum deildum sjúkrahúsanna en algjörum sérdeildum né af heimilislæknum, heilsugæslulæknum eða öðrum sérfræðingum auk annarra fagstétta utan sjúkrahúsanna. Við sjáum af þessum tölum að þetta er gífurlegur vandi fyrir fjölda fólks og mikill kostnaður sem felst í þessu, trúlega 1 milljarður á ári innan heilbrigðiskerfisins sem felst í þessari þjónustu, og trúlega um 1 milljarður innan þeirra yfirráðasvæða sem dómsmrh. hefur, þ.e. innan löggæslunnar og hjá fangavörðum. Ég sé ekki betur miðað við mínar upplýsingar en að það séu alla vega 2 milljarðar, mjög lauslega áætlað og hér er örugglega um lágmarkstölur að ræða, sem fara í það að sinna þessum hópum. Þetta eru mjög háar tölur og að sjálfsögðu er afar brýnt að hér séu sterkar forvarnir af því að það er möguleiki á sparnaði í þessum málaflokki ef forvarnir eru öflugar.

Stjórnvöld hafa gert nokkuð átak í því. Fjármagn sem rennur til tóbaksvarna hefur verið hækkað í 30 millj. kr. Síðan hefur fjármagn í forvarnasjóð verið aukið en hann er nú kominn í 55 millj. og fer í áfengis- og vímuvarnir.

Þó vandinn sé eins mikill og hér er lýst hefur ýmislegt jákvætt gerst í þessum málaflokki. Í fyrsta lagi vil ég nefna opinberu fjölskyldustefnuna sem ég hef hér farið yfir. Jafningjafræðslan er að mínu mati ákaflega jákvætt verkefni sem ungt fólk hefur tekið að sér. 6.000 framhaldsskólanemar hafa fengið fræðslu á vegum jafningjafræðslunnar. Hækkun sjálfræðisaldurs er líka jákvætt skref. Og að sú nefnd hæstv. forsrh. sem hér var minnst á áðan sem á að fara yfir valdmörk þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrrn., félmrn. og

menntamrn., held ég að sé afar jákvætt að sé tekin til starfa af því að ég sé ekki betur en það séu hópar sem falla á milli ráðuneyta.

[11:38]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Margréti Frímannsdóttur fyrir að taka þessi mál upp á Alþingi. Að mínu mati eru þetta eilífðarmál þótt það sé dálítið sérstakt ástand sem ríkir núna vegna yfirvofandi samþykktar á hækkun sjálfræðisaldurs. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir í 1. gr. að börn séu allt fólk yngri en 18 ára og markmið þessa ákvæðis er að vernda mannréttindi barna með því að leggja ákveðna ábyrgð á herðar foreldra og samfélags.

Þessi ákvörðun þingsins er að mínu mati mjög ánægjuleg og færir lög hér til samræmis við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. En hvaða auknu ábyrgð leggur þetta á herðar foreldra og samfélags? Forsjárskylda foreldra framlengist og þar með auðveldar það foreldrum að fylgjast með persónulegum högum barna sinna, t.d. skólagöngu, nánari samskipti ættu að vera möguleg við framhaldsskóla, t.d. að fylgjast með mætingu barna í framhaldsskóla og útvist, en síðast en ekki síst ætti meðferð ungra fíkniefnaneytenda og geðsjúklinga að verða auðveldari vegna þess að þá geta börnin ekki útskrifað sig sjálf án þess að til sjálfræðissviptingar komi eins og þarf nú.

En hvað með skyldur samfélagsins? Í stjfrv. um lögræðisaldur er það nefnt sem rök gegn hækkun sjálfræðisaldurs að skjólstæðingahópur barnaverndarnefnda muni ef til vill stækka í hlutfalli við auknar skyldur barnaverndaryfirvalda. Bent er á að samkvæmt upplýsingum félmrn. megi búast við auknum útgjöldum vegna fjölgunar meðferðarheimila. Þetta vekur sérstaka athygli mína af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi að það skuli teljast ókostur í stjfrv. að veitt verði aukin þjónusta við þennan hóp þó að vissulega geti það talist samfélagslegur ókostur að auka kostnað. En ég fullyrði að það er mun ódýrara að grípa í taumana strax á þessu sviði en að bíða þangað til vandinn vefur margfalt upp á sig.

Í öðru lagi skil ég ekki alveg þessar upplýsingar frá félmrn., þ.e. hvers vegna Barnaverndarstofa og félmrn. telja að það komi til auknar skyldur við að hækka sjálfræðisaldurinn. Ég var einmitt að fara í gegnum lögin um vernd barna og ungmenna og get ekki séð annað en að það sé í raun skylda að sinna börnum og ungmennum sem eru börn til 18 ára aldurs. Þá veltir maður því fyrir sér hvers vegna sé allt í einu þörf á þessari auknu þjónustu. Jú, þá virðist það vera vegna þess að það þarf sérhæfða þjónustu. Hingað til hefur þjónustan á geðlæknismeðferð barna verið það lítil að þeim sem eru 16–18 ára hefur verið vísað á almenn geðsjúkrahús eða á almennar meðferðarstofnanir. Skýringin hlýtur að vera sú að þetta kalli á sérstök t.d. unglingafangelsi eða sérstök meðferðarheimili fyrir þennan aldur. Á endanum held ég að það hljóti að koma svipað út kostnaðarlega hvort viðkomandi einstaklingum er sinnt á stofnunum fyrir börn eða fullorðna. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh. hvort hans skilningur sé sá sami og minn að þessu leyti að skyldurnar séu þær sömu við þessa einstaklinga samfélagsins en þetta sé bara spurning um stofnkostnað við nýjar stofnanir

Málefni barna og unglinga hafa reglulega komið til umræðu á Alþingi og ekki að ástæðulausu. Að mínu mati er ástandið á þessu sviði á Íslandi ekkert verra nú en oft áður. Þessi hópur hefur verið vanræktur í gegnum tíðina. En ég tel að hækkun sjálfræðisaldurs og einnig nýlega samþykkt þáltill. um fjölskyldustefnu sé virkileg hvatning til að taka af festu á þessu máli. Eitt atriði í þessu sambandi sem hefur komið upp er hvaða þjónusta er greidd af tryggingakerfinu. Nýlega var samþykkt að sálfræðingar teljist heilbrigðisstéttir. Ég tel mjög mikilvægt að það verði athugað að hagkvæmasta þjónustan komist á (Forseti hringir.) þannig að hvorki faglegur rígur né rígur milli stofnana ákveði hvers konar þjónusta kemst á.

Virðulegur forseti. Ég hef mun meira að segja um þessi mál en því miður hef ég aðeins fimm mínútur. M.a. vildi ég koma inn á (Forseti hringir.) að við þurfum að bæta skólakerfið og taka á ofbeldi unglinga mun betur og því miður hefur þeim lögum sem hér hafa verið samþykkt á undanförnum árum ekki verið fylgt eftir með fjárveitingu. Unglingar 16–18 ára (Forseti hringir.) eru núna því miður oft án skólatilboða og án atvinnu.

[11:44]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það fer vel á því að nú þegar við erum að ljúka þingstörfum skulum við ræða málefni barna og unglinga á síðasta morgni okkar þinghalds. Það fer vel á því vegna þess að æskufólkið er það dýrmætasta sem þjóðin á. En það sem blasir við eftir þessa umræðu og það sem við vissum er að við búum ekki að börnum og unglingum eins og vera ber og að við eigum takmörkuð úrræði þegar vandi steðjar að. Það er dapurt, virðulegi forseti, að umræða um málefni barna og unglinga skuli alltaf vera vegna umræðunnar um vanrækslu okkar og vegna þess að við erum ekki að gera það sem við ættum að gera. Við höfum fengið athugasemdir frá barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna vegna þessa og það er auðvitað umhugsunarefni bæði fyrir þingmenn og ráðamenn þjóðarinnar.

Ég þakka svör ráðherranna sem hafa verið veitt í þessari umræðu en ég verð að viðurkenna að mér finnst þau ekki mikið að byggja á. Það eina sem hægt er að binda einhverjar vonir við er samstarfshópur ráðuneytanna sem skýrt hefur verið frá. Og ég vona að störf þess hóps leiði til þess að tekið verði samræmt á þeim verkefnum sem bíða í hverju ráðuneyti fyrir sig.

Það kom fram í máli félmrh. að núgildandi meðferðarkerfi ræður illa við aukna ofbeldishneigð unglinga. Við vitum líka að það þarf að taka á í meðferðarúrræðum vegna þeirra sem hafa leiðst út í fíkniefnaneyslu. Það kemur líka fram hjá ráðherranum að það er óhjákvæmilegt að setja á laggir sérhæfð vistunarúrræði fyrir 16–18 ára. Þessu munum við að sjálfsögðu öll fylgjast með.

Það var athyglisvert að heyra frá bæði félmrh. og heilbrrh. varðandi einhverf börn. Það eru mjög lítil svör við því. Sú þjónusta sem barna- og unglingageðdeildin veitti foreldrum barna sem hafa greinst með einhverfu var afar mikilvæg áður en farið var að takast á við meðferðarúrræðin og það var mjög sorglegt þegar barna- og unglingageðdeildin þurfti að vísa þessum börnum frá. Félmrh. upplýsti að það væri búið að setja á laggirnar eitt heimili fyrir einhverf börn. Þetta var kannski ekki spurning um sambýlin heldur þá frumþjónustu sem þarf að veita börnunum þegar og eftir að einhverfan greinist. Einnig staðfesti heilbrrh. að því miður varð ekkert úr þeirri leiðbeiningastöð sem áformuð var með fjárframlagi á haustdögum 1995. Ég vænti þess að samstarfið sem nú fer í gang á milli Rauða krossins, Reykjavíkurborgar og heilbrrn. verði þess eðlis að það verði það forvarnastarf og leiðbeiningastarf til foreldra þeirra barna sem lenda í

vímuefnavanda sem hugsað var þegar fjárframlagið var veitt til barna- og unglingageðdeildar og minna á að við látum okkur það að kenningu verða þegar á að taka á í þessum efnum að láta hlutina heita það sem þeir heita. Það var þörf á fjárframlagi til barna- og unglingageðdeildar. Það er þörf á meira framlagi þangað vegna þess að deildin getur alls ekki annað hlutverki sínu eins og hér hefur komið fram en það er líka þörf á að taka verulega á varðandi börn og unglinga í vanda. Þess vegna hvet ég heilbrrh. til þess að leggja mikla rækt við þessa leiðbeiningastöð sem nú að setja á laggir í Heilsuverndarstöðvarhúsinu þar sem ljóst er að áformin um barna- og unglingageðdeildina gátu ekki gengið eftir.

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu. Hún var gagnleg. Fyrst og fremst er hún gagnleg ef aðvaranir okkar hafa náð eyrum ráðherranna þannig að úrbætur verði gerðar í þessum mikilvæga málaflokki.

[11:49]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó að ég skildi ekki alveg þá ræðu sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir flutti og á hvern hátt hún tengdist nákvæmlega þeim atriðum sem um er verið að fjalla og fyrirspurnir okkar voru um vil ég samt sem áður taka upp orð hennar þar sem hv. þm. segir: Það er möguleiki á sparnaði í heilbrigðiskerfinu ef forvarnastarfsemi varðandi áfengis-, tóbaks- og aðra vímuefnagjafa er öflug. Það er nefnilega nákvæmlega þetta sem málið í heild snýst um, þ.e. að ef staðið er vel að forvarnamálum, ef staðið er vel að málefnum barna, þá má spara til lengri tíma litið vegna þess að þá er tekið á vandanum í byrjun. Það er það sem málið snýst um.

Það bíða á annað hundrað börn á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildarinnar. Þetta eru bráðveik börn sem þurfa á aðstoð að halda. Ef þau fá ekki þessa hjálp mun það leiða til mun alvarlegri vandamála. Það er vissulega rétt að hér hefur verið samþykkt þál. um opinbera fjölskyldustefnu og þar er áætlun um að setja á sérstakt fjölskylduráð sem veita á stjórnvöldum ráð í málefnum fjölskyldna og hvað það er þar sem helst þarf að taka á. En það þarf ekki að setja á neitt ráð eða nefndir til þess að fara yfir þann vanda sem við blasir, og við þekkjum öll. Það er hægt að taka á honum áður en slíkt ráð tæki til starfa.

Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra heilbrigðismála að umönnunarlaun til foreldra barna skipta verulegu máli og það frv. sem verður vonandi afgreitt á eftir. Það skiptir verulegu máli þegar rætt er um aðbúnað barna og unglinga en það er ekki mjög langt síðan ég átti í stríði við Tryggingastofnun vegna foreldra barns sem hafði orðið fyrir alvarlegu kynferðisofbeldi, hafði dvalið á barna- og unglingageðdeildinni en fékk ekki neina þjónustu þegar dvöl þar lauk vegna þess að þjónustan var ekki til staðar utan geðdeildarinnar. Barnið hafði reynt að fyrirfara sér. Þetta er í sjö manna fjölskyldu þar sem foreldri þurfti að hætta vinnu og sinna barninu algjörlega heima og það kom í ljós að umönnunarlaun voru ekki greidd þess vegna. Vegna þess að þetta voru ekki sýnileg, áþreifanleg veikindi. Þetta voru ekki áþreifanleg veikindi heldur átti barnið við geðræn vandamál að stríða. Sú reglugerð sem í gildi var tók ósköp einfaldlega ekki á því. Það er í mjög mörgum tilvikum sem foreldrar barna sem eiga við geðræn eða sálræn vandamál að stríða fá engin umönnunarlaun vegna þess að oft á tíðum er erfitt að skilgreina eða þekking er ekki til staðar.

Það er vissulega gott að efla starfsemi heilsugæslunnar og ég er alveg sammála ráðherranum um það og gott ef hægt er með námskeiðahaldi að gera starfsmönnum heilsugæslu kleift að sinna greiningarstarfsemi þar sem um geðræn vandamál barna er að ræða. En hvað tekur síðan við? Það er ekki starfsfólk til að sinna þessari meðferð. Það er ekki pláss á barna- og unglingageðdeildinni þannig að það er ekki nóg að greina vandann, það verður að takast á við hann áður en hann verður mjög alvarlegur. Það er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir í dag og það er það sem við erum að ræða akkúrat hérna. Við erum að ræða það líka að þó að ríkiskerfið greiði laun sálfræðinga og félagsráðgjafa sem starfa á stofnunum þá tekur ríkið ekki þátt í greiðslu fyrir þessa þjónustu við börn og unglinga þegar það er í einkageiranum. Og þegar börn eru ekki inni á stofnunum eða sinnt frá stofnunum þá er þessi þjónusta mjög dýr og því miður er ekki vilji til staðar til þess að taka þátt í þessum greiðslum.

Hæstv. félmrh. kom inn á sérstök meðferðarúrræði og að mati forstöðumanns Barnaverndarstofu væri það út af fyrir sig tiltölulega gott að biðtíminn sem liði frá því að sótt er um meðferð fyrir unglinga á Stuðlum væri nú einhver því það vekti kannski foreldrana til umhugsunar og hvetti þá til að taka á vandamálunum. Í flestum tilvikum er þessu nú þannig háttað að þegar kemur til að barn er sett í meðferð þá er vandamálið orðið það alvarlegt að þarf að grípa inn í það strax. Þess vegna finnst mér þessi ummæli forstöðumanns Barnaverndarstofu vera alveg með ólíkindum.

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög margt sem ég hefði viljað koma inn á á þessum fimm mínútum en að lokum vil ég aðeins benda á að það er gífurleg þjónustukreppa í geðheilbrigðismálum okkar hvað varðar börn og unglinga. Við sinnum 0,1–0,2% barna þegar aðrar þjóðir segja að lágmarkið, algert lágmark, sé að þessi þjónusta sé til staðar fyrir a.m.k. 2% barna. Við erum því langt á eftir öðrum og þurfum að taka verulega á nú þegar.

[11:55]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir þessar umræður. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að við leystum ekki allan vanda með stofnanavist. Ég er alveg sammála hv. þm., við gerum það ekki. Aðalmarkmiðið er að koma í veg fyrir stofnanavist og það verður gert með eflingu heilsugæslunnar. Það skiptir miklu máli að strax í frumbernsku séu börn greind rétt og fái rétta meðferð alveg frá upphafi. Það er það mikilvægasta.

Hv. þm. Ásta R. Jóhannesdóttir kom inn á það áðan að það hafi orðið mikill sparnaður í heilbrigðismálum og þá á geðsviðinu. Ég vil minna á að barnageðsviðið hefur fengið alveg sérstakar aukafjárveitingar til að bæta við sig starfsfólki. Þar að auki höfum við ráðið sérstakan barnageðlækni til Akureyrar en það er ekki nóg vegna þess að okkur vantar fleiri barnageðlækna eins og hér hefur komið fram. Við bindum miklar vonir við að þrír barnageðlæknar eru í námi erlendis og ég vona svo sannarlega að þeir komi heim að námi loknu. Það er afar erfitt starf að vera barnageðlæknir því þetta eru þau erfiðustu viðfangsefni sem menn geta hugsað sér.

Hér hefur líka verið komið inn á hversu mikilvægt sé að styrkja fjölskylduna til að geta tekist á við vandann. Að hluta til gerum við það með breyttum reglum um umönnunarbætur og gerum þá foreldrum kleift að vera heima með barni sínu. Og varðandi vandamál eins og hv. þm. Margrét Frímannsdóttir benti á áðan varðandi sálfræðiþjónustu þá eru einmitt í sérstökum erfiðum tilvikum gerðar undantekningar og með

breyttum reglum um umönnunarbætur eru þessum foreldrum tryggðar umönnunarbætur.

Hv. þm. Steingrímur Sigfússon kom víða við og hann talaði líka um niðurskurð og niðurskurð í heilbrigðisþjónustunni og að það verði að takast á um það við næstu fjárlagagerð. En hann gleymdi að geta þess að á sl. tveimur árum höfum við lagt 6 milljörðum meira til málaflokksins en árin þar á undan. Við erum því ekki að tala um niðurskurð en svo sannarlega gætum við nýtt meira fjármagn til heilbrigðismála. Hann talaði um fjöldauppsagnir lækna vegna lélegra launakjara. Ég kannast ekki við fjöldauppsagnir lækna en ég kannast við það að læknar eru mjög óánægðir með kjör sín víða. Og laun almennt á Íslandi eru lægri en hjá nágrannaþjóðunum. Það gildir það sama um lækna og aðra þjóðfélagsþegna. Það sem við eigum við að glíma í heilbrigðisþjónustunni er að við erum í bullandi samkeppni um okkar góðu sérfræðinga við nágrannalöndin. Vegna þess að við erum með einstaklega gott starfsfólk er sérstaklega litið til þess og því eru oft boðin kjör erlendis sem við getum alls ekki keppt við.

En að lokum vil ég segja það að forvarnirnar eru það sem skiptir öllu máli. Forvarnirnar eru númer eitt, tvö og þrjú. Og til forvarna leggjum við meira fjármagn í dag en við höfum nokkru sinni gert áður og það er mikilvægt að þetta fjármagn nýtist skynsamlega.

[11:59]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég held að ástæða sé til í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt að fara nokkrum orðum um fjölskylduna. Mér finnst að þætti hennar hafi ekki verið sýndur nægur sómi í þessum umræðum, þ.e. flestir ræðumenn hafa lagt ríka áherslu á stofnanaþjónustu. Stofnanaþjónusta er auðvitað nauðsynleg ef fjölskyldan brestur. En meginatriðið er náttúrlega að fjölskyldan sé í lagi og geti sinnt fjölskyldumeðlimum sínum. Því miður held ég að staða fjölskyldunnar sem slíkrar hafi veikst. Menn eru ekki eins meðvitaðir nú og þeir voru fyrir einhverjum áratugum um ábyrgð fjölskyldunnar. Mér finnst að firring hafi aukist og að einstakir fjölskyldumeðlimir gleymi því allt of oft að þeir komi hver öðrum við. Síðan þegar í óefni er komið eða einhver er orðinn til trafala er of oft hrópað að það sé ríkisins eða hins opinbera að taka við honum og ráða bót á því sem aflaga hefur farið.

Ég held að það sé verðugt verkefni fyrir okkur á næstu árum að reyna að bæta stöðu fjölskyldunnar. Liður í því er ályktun Alþingis um mótun opinberrar fjölskyldustefnu sem ég er mjög þakklátur fyrir að skyldi fá afgreiðslu á þinginu. Ég tel að þar sé tekið á mörgum málum sem geta orðið fjölskyldunni til góðs og minnt á gildi sem við eigum að hafa í heiðri. Ég mun reyna að vinna eftir þessari ályktun Alþingis og vænti þess að hv. alþm. leggi því máli líka lið.

Hv. þm. Guðný Guðbjörnsdóttir spurði hvaða breyting yrði þegar sjálfræðisaldur yrði hækkaður. Það sem ég er að benda á er að eins og staðan hefur verið hafa unglingar útskrifast af meðferðarheimilum á vegum félmrn. eða á vegum Barnaverndarstofu þegar þeir eru 16 ára gamlir. Nú verða mál einhverra þeirra þar væntanlega til meðferðar þangað til þeir verða 18 ára. Í því felst aukinn kostnaður. Við höfum ákveðna peninga til ráðstöfunar. Við verðum að hafa ríkisbúskapinn í jafnvægi. Við viljum lækka skattana. Við þurfum að raða tiltækum fjármunum eftir því sem okkur sýnist skynsamlegast og eftir því sem þeir nýtast best og þar sem þörfin er mest. Ég stend frammi fyrir þeim vanda við hverja fjárlagagerð að mismuna eitthvað á milli einstakra málaflokka í ráðuneytingu. Við í félmrn. höfum reynt að láta málefni fatlaðra njóta forgangs. Sannarlega er þar ekki síður þörf á auknum fjármunum en varðandi barnaverndarmál.

Ég þakka umræðuna. Ég held að það hafi verið heppilegt fyrir okkur og gagnlegt þessa morgunstund að hugleiða málefnið og ræða það.

[Fundarhlé. — 12:05]

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 47. gr. samstarfssamnings Norðurlanda, sbr. ályktun Alþingis frá 17. nóv. 1983. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á reglulegu Alþingi.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde,
Rannveig Guðmundsdóttir,
Valgerður Sverrisdóttir,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Steingrímur J. Sigfússon,
Sturla Böðvarsson,
Siv Friðleifsdóttir.

Varamenn:
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Guðmundur Árni Stefánsson,
Guðni Ágústsson,
Árni Johnsen,
Sigríður Jóhannesdóttir,
Árni M. Mathiesen,
Ísólfur Gylfi Pálmason.

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna ráðið, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 4. gr. nýsamþykktrar stofnskrár fyrir ráðið. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ólafur G. Einarsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Ísólfur Gylfi Pálmason,
Árni Johnsen,
Svavar Gestsson,
Guðný Guðbjörnsdóttir.

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson,
Gísli S. Einarsson,
Stefán Guðmundsson,
Einar Oddur Kristjánsson,
Kristinn H. Gunnarsson,
Kristín Ástgeirsdóttir.

Kosning sex manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands til fjögurra ára, frá 25. maí 1997 til 25. maí 2001, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 6. gr. laga nr. 43 26. maí 1981, um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram kom einn listi sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Hjálmar Jónsson alþingismaður,
Magnús Árni Magnússon,
Ólafur Þ. Þórðarson, fyrrv. alþingismaður,
Helga Kristjánsdóttir hagfræðingur,
Ingunn Jónasdóttir,
Jón Skaptason kennari.

Varamenn:
Margrét Sigurgeirsdóttir kennari,
Valgerður Guðmundsdóttir,
Valgerður Jónsdóttir sæfingarhjúkrunarfræðingur,
Ásgeir Guðlaugsson forstöðumaður,
Sigfús Ólafsson,
Kristján Ingvarsson verkfræðingur.

Vegáætlun 1997–2000, frh. síðari umr.

Stjtill., 309. mál. — Þskj. 569, nál. 1284 og 1286, brtt. 1285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:42]

Brtt. 1285,1 (ný inngmgr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁs, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁE, ÁRJ, GGuðbj, HG, KHG, KH, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, HBl, KÁ, LB, RA, RG, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1285,2 (ný I. liður) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, RG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1285,3–4 (nýr II. liður) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SighB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KH, LB, MF, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, RG, TIO) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JóhS, JónK, KF, KHG, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JBH, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, GÁ, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 1285,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, KH, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

13 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:44]

Guðmundur Árni Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hér er ekki um raunverulega vegáætlun að ræða. Hér er eingöngu verið að endurskoða og skera niður gildandi vegáætlun sem gildir fyrir árið 1995–1998. Hér er um fráleita málsmeðferð að ræða að öllu leyti og ég tek ekki þátt í henni og greiði því ekki atkvæði.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1373) með fyrirsögninni:

Þál. um vegáætlun fyrir árin 1997 og 1998.

Flugmálaáætlun 1997, frh. síðari umr.

Stjtill., 257. mál. — Þskj. 488, nál. 1054, brtt. 1055.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:46]
Brtt. 1055 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1374).

Hafnaáætlun 1997–2000, frh. síðari umr.

Stjtill., 483. mál. — Þskj. 814, nál. 1177, brtt. 1178.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:47]
Brtt. 1178 (ný tillgr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1375).

Réttindi sjúklinga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 492, nál. 1190, brtt. 1191 og 1310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:49]
1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 1191,1 samþ. með 53 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1191,2 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
1 þm. (GÁ*) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

3. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,4 samþ. með 54 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,5 samþ. með 55 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,6 samþ. með 54 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,7 samþ. með 52 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
11.–13. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,8 (ný 14. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv.
Brtt. 1191,9 (ný 15. gr.) samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1310,1 felld með 36:19 atkv. og sögðu
já: ÁE, ÁRJ, GÁS, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.
nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [12:55]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að auk þess sem beri að gefa skýringar á bið á biðlista og upplýsingar um áætlaðan biðtíma verði sjúklingi gefinn kostur á að bóka aðgerð og einnig að biðtími eftir aðgerð verði ekki lengri en þrír til sex mánuðir eftir eðli sjúkdóms. Þessi leið hefur verið farin í nágrannalöndum okkar og hún hefur orðið til þess að stytta biðlista verulega. Við teljum nauðsynlegt að tekið verði á þeim vanda sem biðlistarnir eru og létt verði af því óöryggi sem hvílir á þeim sjúklingum sem eru á biðlistunum og mönnum verði gefinn kostur á því að bóka og tryggt að þeir þurfi ekki að bíða lengur en í þrjá til sex mánuði eftir eðli sjúkdómsins. Ég segi já.

Brtt. 1191,10 samþ. með 54 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 55 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,11 (ný 20. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,12 samþ. með 54 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.

Brtt. 1191,13 samþ. með 54 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,14 samþ. með 53 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,15 samþ. með 53 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,16 samþ. með 53 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
Brtt. 1191,17 samþ. með 53 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

[13:03]

Ásta R. Jóhannesdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Þær tvær málsgreinar sem á að fara að greiða atkvæði um eru tillaga heilbr.- og trn. en ekki aðeins tillaga okkar í minni hluta nefndarinnar því að brtt. okkar tekur við af þessum málsgreinum. Ef menn ætla að greiða atkvæði um þessar málsgreinar sér eru þeir á móti brtt. nefndarinnar eins og hún liggur fyrir. Það held ég að sé ekki vilji meiri hlutans. Brtt. okkar gengur lengra og næsti málsliður á eftir er brtt. við brtt. meiri hlutans. (Gripið fram í.) Það verða greidd atkvæði um hana á eftir.

[13:04]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Í samráði við flm. er þessi hluti tillögunnar kallaður aftur. Þetta er samhljóða tillögu meiri hlutans og því er þessi hluti er kallaður aftur. Þá greiðum við næst atkvæði um 2. brtt. á þskj. 1310, 3. og 4. mgr.

Brtt. 1310,2, inngmgr. og 1.–2. mgr., kölluð aftur.

Brtt. 1310,2, 3.–4. mgr., felld með 36:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, GÁS, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:05]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Það er greinilegt að fáir hér voru við umræðuna í nótt um þetta mál því að menn eru greinilega ekki inni í því hvað er verið að fjalla um. En ég ætla að gera grein fyrir breytingu sem minni hluti nefndarinnar leggur til. Hún er um að réttur verði til greiðslu ferðakostnaðar foreldra eða náinna aðstandenda sjúkra barna sem dveljast fjarri heimili sínu á sjúkrahúsi. Eins og reglurnar eru í dag er aðeins greidd ein ferð í viku til að heimsækja barn á sjúkrahúsi. Lagt er til að þeir öðlist sama rétt og sjúklingar til greiðslu ferðakostnaðar. Sömuleiðis er lagt til að foreldrar, sem þurfa að dveljast langdvölum að heiman vegna dvalar barna á sjúkrahúsi, eigi rétt til dagpeninga. Við teljum nauðsynlegt að réttur aðstandenda og foreldra sjúkra barna sem þurfa að dveljast á sjúkrahúsum verði aukinn og leggjum því þessa breytingu til.

Brtt. 1310,2, 5.–7. mgr., felld með 36:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, GÁS, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:06]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Samkvæmt tillögum meiri hluta nefndarinnar er lagt til að systkini og vinir megi eftir því sem kostur er heimsækja sjúkt barn sem dvelst á heilbrigðisstofnun. Við teljum að það þurfi að ganga lengra í þeim réttindum og leggjum til að greiddur verði ferðakostnaður vegna heimsókna systkina að minnsta kosti einu sinni í mánuði þegar systkini þurfa að fara um langan veg. Þetta þykir sjálfsagt á Norðurlöndunum og við teljum að börn hér eigi að eiga sama rétt til að fá að hitta systkini sín og nánustu fjölskyldu og samfélagið leggi þeim lið til þess.

Brtt. 1191,18 samþ. með 54 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv.
Brtt. 1191,19 samþ. með 54 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.

Brtt. 1310,3 felld með 36:18 atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRJ, GGuðbj, HG, JóhS, JBH, KHG, KH, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SJS, SvanJ, SvG, ÖJ, ÖS.

nei: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KPál, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, BH, FI, FrS, GE, GÁS, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:09]

Ásta R. Jóhannesdóttir:

Herra forseti. Hér er lagt til að auk þess að ráðherra setji reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði setji hann sérstakar reglur um úrræði fyrir sjúklinga vegna meintra læknamistaka óháð því hvort sök verði sönnuð eða ekki. Með þessu er verið að ítreka að málskotsréttur þurfi að vera fyrir þá sem telja sig hafa orðið fyrir mistökum. Í Danmörku eru sérstök lög um þetta og við teljum að það vanti rétt til málskots fyrir þá sem hafa lent í þessu og leggjum því þessa brtt. til við 29. gr. Ég segi já.

Brtt. 1191,20 (ný 29. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 53 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 613. mál. — Þskj. 1189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 620. mál. — Þskj. 1314.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv.

Lögræðislög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 410. mál (heildarlög). — Þskj. 1279.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:13]
Frv. samþ. með 47:2 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁMM, ÁRJ, BBj, EgJ, EKG, EOK, GHH, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjálmJ*, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, PP, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG*, SJS, StB, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
nei: ÁRÁ, ÓÞÞ.
3 þm. (HjÁ, KF, PHB) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, BH, DO, FI, FrS, GE, GuðjG, GÁS, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkv.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1377).

Samningsveð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 234. mál. — Þskj. 1306.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:23]
Frv. samþ. með 35:17 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EOK, FI, GHH, GB, GÁ, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, IP, ÍGP, JónK, KF, KHG, MS, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, SAÞ, SF, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.
nei: ÁE, ÁRJ, GuðjG, GÁS, GGuðbj, JóhS, JBH, KH, KPál, LB, MF, RG, SighB, SJóh, SvanJ, ÖJ, ÖS.
4 þm. (GHall, HG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, BH, FrS, GE, KÁ, RA, TIO) fjarstaddir.
9 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:14]

Sighvatur Björgvinsson:

Herra forseti. Ég ítreka afstöðu okkar jafnaðarmanna. Við erum andvígir því ákvæði frv. þar sem heimilað er að taka veð í aflakvóta skips samhliða því sem veð er tekið í skipinu sjálfu. Við erum andvígir því að með þessum hætti sé verið að veita heimild til að veðsetja sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar, eign sem þjóðin á. Við erum andvígir því að með þessum hætti skuli menn vera að opna möguleikann fyrir því að gefa erlendum lánardrottnum íslenskra útgerðarfyrirtækja þann möguleika að þeir geti tekið veð í auðlind sem þjóðin á sameiginlega. Við hörmum að varðstaða Framsfl. í málinu hafi gjörsamlega brugðist og lýsum ábyrgð á hendur þess flokks. Ég tel að rétt sé að ný ríkisstjórn að loknum næstu kosningum láti það verða sitt fyrsta verk að breyta ákvæðinu.

[13:15]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mikill munur er á frammistöðu Alþfl. og Framsfl. í málinu. Í tíð síðustu ríkisstjórnar stóð Alþfl. þrisvar fyrir því að leggja fram stjórnarfrv. sem kvað á um að heimilt væri að veðsetja aflahlutdeild fiskiskipa. Þrisvar lagði Alþfl. fram slíkt frv. Nú hefur verið lagt fram frv. sem kveður á um að óheimilt sé að veðsetja aflahlutdeild fiskiskipa. Það er það frv. sem Framsfl. leggur fram og ber ábyrgð á og er stoltur af. Það er það frv. sem er komið til lokaatkvæðagreiðslu nú. Ég er að sjálfsögðu ánægð með að málið er að verða að lögum og segi já.

[13:17]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Með 4. mgr. 3. gr. þessa frv. er verið að heimila veðsetningu á kvóta með skipi. Við jafnaðarmenn höfum á undanförnum árum komið í veg fyrir að hæstv. dómsmrh. hafi getað knúið málið í gegnum þingið sem getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Nú þegar Framsfl. er sestur í ríkisstjórn með Sjálfstfl. þá tekst hæstv. dómsmrh. þetta. Ég segi nei.

[13:17]

Guðmundur Hallvarðsson:

Herra forseti. Ég hef áður lýst afstöðu minni til 4. mgr. 3. gr. frv. til laga um samningsveð sem er að flestöllu leyti jákvæð. Þegar litið er til þess að íslensku veðlögin frá 1887 hafa engum breytingum tekið á svo löngum tíma tel ég að þetta sé af hinu góða þó með þeirri undantekningu eins og ég hef áður gert grein fyrir og verið á móti 4. mgr. 3. gr. Því tek ég þann kost að þessu sinni að sitja hjá.

[13:18]

Kristján Pálsson:

Herra forseti. Veðsetning aflaheimilda með skipi verður heimil með frv. og með því er fyrst og fremst verið að tryggja stöðu fjármagnsstofnana eins og glöggt hefur komið í umræðunum á hinu háa Alþingi á undanförnum dögum. Ég tel að þetta muni veikja verulega sameignarákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða um að fiskstofnarnir séu sameign íslensku þjóðarinnar. Þetta er að mínu mati mjög varhugaverð þróun sem ég get ekki stutt og greiði því atkvæði gegn frv. í heild sinni þó svo ég geti tekið undir margt af því sem kemur fram í frv. að öðru leyti en ég neyðist til að greiða atkvæði gegn því í heild sinni.

[13:19]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó hér sé á ferðinni að mörgu leyti gott frv. tel ég að 4. mgr. 3. gr. það vont ákvæði að ég verð að greiða atkvæði gegn frv. í heild. Það er með ólíkindum að lögfesta ákvæði sem er jafnóskýrt í túlkun og þetta eins og fjölmörg lögfræðiálit sýna og hefur komið fram við þessa atkvæðaskýringu. Ég er þeirrar skoðunar að ákvæðið geri erfiðara að breyta núverandi fiskveiðistjórnarkerfi, það veiki sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna og ýti undir brask með veiðiheimildir án þess að tryggt sé að eigandi auðlindarinnar fái nokkuð í sinn hlut og án þess að tryggt sé að lög og kjarasamningar sjómanna séu ekki brotnir. Ég tel að þetta ákvæði auðveldi núverandi útgerðarmönnum að græða á því ástandi sem nú ríkir á kostnað ungu kynslóðarinnar. Ég segi nei.

[13:20]

Hjálmar Árnason:

Herra forseti. Fyrir ekki mörgum dögum var rætt um heyrnarleysi. Mér liggur við að spyrja um ólæsi. Í frv. þessu stendur skýrum stöfum að óheimilt sé að veðsetja kvóta. Það sjónarmið kemur jafnskýrt fram í skýringum virtra og ég undirstrika óháðra lögmanna. Það er og skýrt samkvæmt frv. að það leiðir ekki til eignarréttar á kvóta til útgerðarmanna heldur jafnvel hnykkir frv. á eignarrétti þjóðarinnar á auðlindinni. Stjórnvöld geta samkvæmt frv. hvenær sem er breytt lögum um fiskveiðistjórnun, komið á auðlindagjaldi eða hvað eina sem stjórnvöldum í framtíðinni kann að sýnast vera þjóðhagslega hagkvæmt án þess að myndist skaðabótaréttur gagnvart handhöfum aflaheimilda. Frv. takmarkar *möguleika til kvótabrasks og léttir viðskipti fyrir smærri* útgerðir. Því segi ég já.

[13:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Frv. um samningsveð er viðamikill lagabálkur sem þarf nauðsynlega að fá samþykki og í eru miklar réttarbætur frá gildandi lögum. Ég tel því eðlilegt að styðjast við að lagabálkurinn nái fram að ganga þrátt fyrir að ég telji að ofaukið sé í 4. mgr. 3. gr. frv. síðari hluta þeirrar málsgreinar. En ég bendi á að sú framför er líka í 3. gr. frv. sem hefur ekki verið í lögum hingað til að skýrt er kveðið á um að bannað er og óheimilt með öllu að veðsetja aflaheimild í sjávarútvegi.

[13:22]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Skilningur minn á 3. gr. þessa frv. er sá að verið sé að heimila veðsetningu aflaheimilda. Það tel ég að leiði til þess að erfiðara en ella verði að gera þær breytingar sem ég tel nauðsynlegt að gera á stjórn fiskveiða og hef oft kynnt hér á Alþingi. Þess vegna greiddi ég atkvæði gegn síðari hluta greinarinnar við 2. umr. um frv. og þess vegna treysti ég mér ekki til að samþykkja þetta frv. þó í öðrum greinum þess sé margt sem til bóta horfir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1378).

Suðurlandsskógar, 3. umr.

Stjfrv., 524. mál. — Þskj. 1352.

[13:24]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég bað ekki um orðið um leið og málið var tekið á dagskrá var að mér væri tjáð að formaður landbn. ætlaði að segja eitthvað um málið. En hv. formaður hefur ekki haft fyrir því og hefur ætlað að láta það vera.

Ég vildi við umræðuna koma því á framfæri sem fram kom við 2. umr. málsins að við alþýðubandalagsmenn styðjum að lögfest verði ákvæði og frv. um Suðurlandsskóga. Við teljum það vera jákvætt mál almennt séð. En jafnframt hefur komið fram að fulltrúi Alþb. í landbn. hefur fyrirvara við nefndarálitið og hann varðar það að ekki er tekið inn í nál. eða í frv. sjálft ákvæði þess efnis að eðlilega sé staðið að undirbúningi þeirrar áætlunar sem hér um ræðir. Verið er að efna til viðamikillar skógaáætlunar sem felur í sér, að vísu á löngu tímabili, 40 árum, verði teknir til ræktunar 15 þús. hektarar lands til timburskógræktar. 10 þúsund km af skjólbeltum verði sett niður og 20 þús. hektarar lands verði tekin til svokallaðra landbótaskógræktar. Það ætti að vera sjálfgefið þegar svo viðamikil áætlun er sett á laggirnar og ríkið stendur að meginhluta kostnaðar við málið að ástundaður sé opinn undirbúningur og skipulagður samkvæmt þeim lögum sem varða málið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum en heimild er til að einmitt svona aðgerðir falli undir slíka löggjöf. En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hefur forustan í landbn. og væntanlega studd af hæstv. landbrh., það hefur raunar komið fram, ekki fallist á þetta og það þrátt fyrir að fram komi í nál. að forstöðumenn allra þeirra stofnana sem eiga að gæta almannahagsmuna um slík mál leggjast eindregið á þá sveif að farið sé að lögum um *mat á umhverfisáhrifum við undirbúning málsins. Þetta gild*ir um Skipulag ríkisins, forstöðumann þess, Náttúruvernd ríkisins og um Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar við bætist, virðulegur forseti, að Samband sveitarfélaga á Suðurlandi, samband sveitarfélaga á svæðinu, hefur ályktað um það efni að farið verði að lögum um mat á umhverfisáhrifum við undirbúning málsins. Í nál. stendur, með leyfi forseta:

„Í ljósi þessara athugasemda [þ.e. frá fulltrúum þeirra stofnana sem ég vitnaði til] telur nefndin að í þeim tilfellum þar sem farið verður í stór ræktunarverkefni á vegum Suðurlandsskóga verði skoðað sérstaklega hvort beita beri 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum."

Verði skoðað hvort. Þetta er orðalag nál. Í nál. er vitnað til skipulagsstjóra ríkisins sem leggur til samkvæmt nál. að áður en verkefnið hefjist verði „... gerð sérstök skipulagsáætlun sem nái til skógræktar fyrir það svæði sem verkefnið nær til. Haga þurfi skógræktaráætluninni þannig að samráð við hagsmunaaðila verði tryggt og almenningi gefist kostur á því að gera athugasemdir við áætlunina."

Síðar þegar kemur að áliti sjálfrar nefndarinnar er tekið upp að það verði í samræmi við lög, það er sérstök ástæða fyrir hv. landbn. að taka fram að verkið sé unnið í samræmi við lög og það er svo sem ágætt, það sakar ekki og í sátt við hagsmunaaðila. En hvergi er vikið að almenningi í málinu. Það er um það sem málið snýst því að svona verkefni kostað af opinberu fé snertir almenning í landinu hvernig á er haldið og að fólkið geti almennt sett fram sjónarmið sín í farvegi laga um mat á umhverfisáhrifum. Þetta eru orðin viðtekin vinnubrögð og þykja sjálfsögð hvarvetna í nágrannalöndum okkar og í Evrópu utan Íslands að þannig sé haldið á málum varðandi verkefni af þessum toga. Hér er mjög einkennilegt að menn skuli kjósa að vilja vinna að svona verkefni lokað og hleypa ekki almenningi að í sambandi við meðferð og undirbúning málsins. Ég óttast, virðulegur forseti, að ef svona er haldið á málum varðandi góð efni eins og að hlynna að skógum í landinu og rækta skóga þar sem það á við þá muni það fyrr en seinna bitna á vilja fjárveitingavaldsins til *að styðja við slík verkefni. Það væri mjög miður. Ég lýsi* miklum vonbrigðum með það að menn skuli ekki vilja koma til móts við sanngjörn sjónarmið í þessu efni og vinna að þessu út af fyrir sig þarfa málefni fram hjá þeim lögum sem eðlilegt er að þetta fari eftir.

Ég ætla ekki að segja meira um málið, virðulegur forseti, nema eitthvert sérstakt tilefni verði til en ítreka vonbrigði með að svona skuli haldið á þessu stóra máli.

[13:32]

Frsm. landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Vegna ummæla hv. þm. og þess sem kom fram í gær við 1. umr. þar sem tveir hv. þm. óskuðu eftir því að sérstaklega yrði sett inn í lögin að þetta verkefni skyldi í umhverfismat þá hef ég rætt við nefndarmenn á milli umræðna. Í nál. gerum við þessu mjög skýr skil eftir að hafa hlustað á gagnrýni á málið og síðar gerðist það á 127. fundi að hæstv. landbrh. gaf yfirlýsingu sem mér finnst vera afdráttarlaus og í samræmi við niðurstöðu landbn. Ég ætla hér, með leyfi forseta, fyrst að vitna í nál. landbn. þar sem nefndin gerir því glögg skil að fram hafi komið athugasemdir frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruvernd ríkisins. Síðan segir:

„Í ljósi þessara athugasemda telur nefndin að í þeim tilfellum þar sem farið verður í stór ræktunarverkefni á vegum Suðurlandsskóga verði skoðað sérstaklega hvort beita beri 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin leggur sérstaka áherslu á að vandað verði til undirbúnings framkvæmdanna og tillit tekið til flestra þátta og sjónarmiða. Í þessu sambandi má benda á 25. gr. laga um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum, sem kveður á um samþykki skipulagsyfirvalda fyrir notkun lands til nytjaskógræktar."

Síðar í þessu áliti segir: „Þrátt fyrir þessar áherslur nefndarinnar og athugasemdir sem fram komu við frumvarpið leggur nefndin ekki til að sett verði sérákvæði í þessi lög sem kveði á um að áætlunin skuli fara í mat á umhverfisáhrifum, um það gilda önnur lög."

Hæstv. forseti. Ég ætla að vitna í og lesa upp yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf og styður nál. og mér finnst vera afdráttarlaus. Það gerði hæstv. ráðherra á 127. fundi en hann sagði m.a., með leyfi forseta: „... ef þetta frv. verður að lögum þá verði gengið til þess strax að kalla saman þá aðila alla sem málið varðar, þ.e. þá þrjá eftirlitsaðila sem ég hef hér nefnt, framkvæmdaraðilana, þ.e. fulltrúa Skógræktar ríkisins, fulltrúa Suðurlandsskógaverkefnisins sjálfs, fulltrúa sveitarfélaga á því svæði og að sjálfsögðu með fulltrúa umhvrn. og landbrn. til þess að fara yfir málið, fjalla um hvernig að því verði best staðið þannig að um það ríki helst, ekki sem best sátt heldur fullkomin sátt. Og að þess verði gætt að öll lög sem málið gæti varðað og gæti haft áhrif á framkvæmd verði að sjálfsögðu virt. Náttúrlega á ekki að þurfa að taka það fram en menn þurfa samt að tryggja að sinnt sé t.d. ákvæðum skipulagslaga og vinnureglum sem skipulag kann að viðhafa og þeim þáttum öðrum sem þessar eftirlitsstofnanir hafa með að gera eins og t.d. að gætt verði að því að ákvæði alþjóðlegra samninga sem við höfum undirgengist séu einnig virt og tekið sé fullt tillit til þeirra og þá á ég t.d. við samninginn um líffræðilegan fjölbreytileika. Fleiri koma auðvitað til en að þessu sé haldið til haga. Á slíkum samráðsfundi þessara aðila sé fjallað um þessi mál, farið yfir þau og að honum loknum sé tekin ákvörðun um hvernig farið verði með málið, hvort það falli undir 6. gr. laganna um mat á umhverfisáhrifum með þeim aðferðum sem þar eru tilteknar og hvort það sé áætlunin í heild, verkið í heild, eða einstakar framkvæmdir. Ég hygg að þetta ætti ekki að þurfa að tefja málsmeðferð á nokkurn hátt og það væri hægt að haga þannig hlutum að ef samkomulag verður um málsmeðferð í hópi af þessu tagi á slíkum fundi þá ætti hugsanlega að vera hægt að hefjast handa við einstaka verkþætti og undirbúa framkvæmdir þó svo að málið væri til umfjöllunar samkvæmt lögunum um mat á umhverfisáhrifum." Ég held ég þurfi ekki að bæta fleiri orðum við. Mér finnst báðar þessar yfirlýsingar afdráttarlausar og ég trúi því að almenningur muni koma að málinu í gegnum sveitarstjórnir sínar og hann verður ekki hunsaður í því.

[13:37]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. formanni landbn. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf og sem er í sjálfu sér eingöngu endurtekning á því sem áður er komið fram í málinu þannig að ekki bættist mikið nýtt við. Mér finnst dálítið tortryggilegt hvað menn hafa færst undan við að verða við þeim óskum sem bornar hafa verið fram um að umhverfismat verði tryggt á þessum gríðarlegu framkvæmdum sem er um að ræða. Mér finnst líka orðalagið á nál. vera með þeim hætti að þar er talað um að skoða sérstaklega hvort beita beri 6. gr. þessara laga og einnig í orðum hæstv. ráðherra þar sem segir að á fundi þessara aðila skuli fjallað um hvort beita beri 6. gr. Það er bersýnilegt að málin eru tiltölulega mjög opin og þau eru grunsamlega opin, ég segi það alveg eins og er. Mér finnst þess vegna eðlilegur hlutur að menn reyni að fylgja því eftir að knýja á um skýrari svör. Hins vegar ekki hægt að saka okkur um að við höfum dregið af okkur við að reyna að knýja fram eins skýr svör og mögulegt er. Við höfum ekki fengið skýrari svör. Það eru aðrir en við sem höfum meiri hlutann í þessari stofnun og ég geri ráð fyrir því að þetta mál sé á enda að sinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁE, ÁRÁ, ÁMM, ÁRJ, DO, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (PHB) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ArnbS, ÁJ, BBj, BH, EgJ, EOK, FrS, GE, KÁ, SighB, StB, TIO) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:40]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Ég styð frv. og tel að um sé að ræða mikilsvert efni. Ég harma að óskum okkar um skilyrðislausa beitingu umhverfismats á framkvæmdirnar var hafnað en ég vona engu að síður að málafylgja okkar verði til þess að menn nái áttum og tryggi að umhverfissjónarmiðum verði fylgt í einu og öllu við þær framkvæmdir sem er verið að ákveða.

[13:41]

Ísólfur Gylfi Pálmason:

Herra forseti. Ég lýsi sérstakri ánægju minni yfir því að þessi lög skuli vera samþykkt í dag. Þetta skiptir Suðurland mjög miklu máli og ég er í engum vafa um þó að ákveðinn núningur hafi verið um viss atriði í málinu munum við komast að farsælli lausn á þeim atriðum og þetta verður okkur í hag sem á Suðurlandi búum og þjóðinni í heild.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1379).

Fundi slitið kl. 13:42.

131. FUNDUR

laugardaginn 17. maí,
að loknum 130. fundi.

Dagskrá:

1. Réttindi sjúklinga, stjfrv., 260. mál, þskj. 492 (með áorðn. breyt. á þskj. 1191). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frv., 613. mál, þskj. 1189. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

3. Félagsleg aðstoð, frv., 620. mál, þskj. 1314. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um félagslega íbúðakerfið.

[13:43]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Í nóvember sl. gerði ég alvarlegar athugasemdir við svör félmrh. við fsp. minni um félagslega íbúðakerfið sem ég sagði að jaðraði við beina fölsun og jafna mætti við hreina valdníðslu. Ég bar þar fyrir mig svör Húsnæðisstofnunar til ráðherra við þessari fsp. sem ráðherra stakk undir stól, svör sem voru mjög hagstæð félagslega kerfinu. Ráðherra lét síðan verktaka úti í bæ reikna út svör sem þjónuðu lund ráðherrans, til þess eins gerð að sverta félagslega kerfið til að hafa stöðu til að slá félagslega kerfið af. Ég óskaði eftir að Ríkisendurskoðun svaraði þessum spurningum. Svör Ríkisendurskoðunar bárust mér seint í gærkvöldi. Þau staðfesta mjög alvarlega og ámælisverða embættisfærslu hæstv. ráðherra. Ráðherra staðhæfði í svörum sínum að alls staðar þar sem gerðir voru útreikningar væru félagslegar íbúðir dýrari en íbúðir á almenna markaðinum. Nefndar voru tölur um 22–108% hærra verð á félagslegum íbúðum en á almennum markaði. Ríkisendurskoðun segir að verð félagslegra íbúða sé að meðaltali 10–15% lægra en sambærilegra íbúða á almennum markaði á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni. Meðaltal fyrir landið allt er 3% lægra á félagslegum íbúðum en á almennum markaði. Ráðherra staðhæfði að greiðslubyrði af félagslegri íbúð eftir fimm fyrstu árin væri 85 þús. kr. hærri á ári en af íbúð á almennum markaði með húsbréfum. Ríkisendurskoðun segir að greiðslubyrði eftir fimm fyrstu árin í sambærilegu dæmi sé 318 þús. kr. lægri á ári en sambærileg íbúð á almenna markaðinum. Jafnvel þó vaxtabætur séu teknar með vegna íbúðarinnar á almenna markaðinum er greiðslubyrði 178 þús. kr. minni en í félagslega kerfinu. Þegar félmrh. var spurður um greiðslubyrði á hagstæðasta kostinum í félagslega kerfinu fyrir fólk sagði hæstv. ráðherra orðrétt: „Með tilliti til þess hversu óhagstæður þessi samanburður er fyrir félagslega íbúðakerfið er ekki talin ástæða til að setja hér upp dæmi.“ En hverju svarar Ríkisendurskoðun? Jú, Ríkisendurskoðun segir að á fyrsta ári sé greiðslubyrði í þessum valkosti 600 þús. kr. minni í félagslega kerfinu á ári en í húsbréfakerfinu. Ráðherra taldi enga ástæðu til að svara þessu af því þessi kostur væri svo óhagstæður fyrir félagslega kerfið. En í ljós kemur að greiðslubyrði er 600 kr. minni greiðslubyrði á mánuði í félagslega kerfinu í þessum kosti en í húsbréfakerfinu. Fleiri dæmi mætti nefna, hæstv. ráðherra, svo sem varðandi leigumarkaðinn þar sem ráðherra kom fram með mjög villandi upplýsingar og eins varðandi stöðu Byggingarsjóðs verkamanna sem ég hef ekki tíma til að fara út í.

Þessi svör staðfesta svo grófa fölsun ráðherra við fsp. minni að það hlýtur að koma til álita að draga hæstv. ráðherra fyrir landsdóm en samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins getur Alþingi kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra en landsdómur dæmir þau mál. Svo virðist sem til álita komi í þessu sambandi lög um ráðherraábyrgð en samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð er ráðherra sekur samkvæmt þeim lögum ef ráðherra misbeitir stórlega valdi sínu enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín. Hæstv. ráðherra Páll Pétursson, þá óbreyttur þingmaður á árinu 1992, vildi sjálfur skerpa á þessu ákvæði um ráðherraábyrgð og hann flutti frv. um breytingu á lögum um ráðherraábyrgð sem kvað á um að ef ráðherra gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða um meðferð máls á Alþingi, leynir upplýsingum er hafi þýðingu, gerist hann sekur samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð. Þetta á við ráðherrann sjálfan í dag.

Hæstv. forseti. Ráðherra sem svo alvarlega hefur misboðið Alþingi og þinginu með grófri fölsun hlýtur að þurfa að sæta ráðherraábyrgð.

[13:47]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég vísa á bug öllum ásökunum um valdníðslu og að ég hafi vísvitandi gefið þinginu rangar upplýsingar. Ég hef ekki haft tóm til að lesa vandlega svar Ríkisendurskoðunar, hvað þá að ræða það við Sigurð Þórðarson ríkisendurskoðanda né heldur sérfræðinga. Ég hef ekki haft tóm eins og menn hljóta að skilja til þess að fara yfir þá útreikninga sem þarna eru lagðir fram. En við fljótan yfirlestur sé ég ekkert sem mér kemur á óvart eða hnekkir málflutningi mínum. Það eru vangaveltur um hugmyndir sem þarna eru settar fram og mér kemur ekkert á óvart þótt Byggingarsjóður verkamanna verði gjaldþrota áður en lagt um líður ef ekkert er að gert. Það er enginn nýr sannleikur.

Það stendur yfir endurskipulagning Húsnæðisstofnunar og ég bíð eftir áliti nefndar sem er að vinna að því verki um félagslega íbúðakerfið. Hún skilar af sér í næsta mánuði og ég vænti þess að geta í framhaldi af því starfi lagt fram frv. þegar við komum saman í haust.

Ég held að óhjákvæmilegt sé að endurbæta félagslega kerfið. Hvers vegar eru flestir óánægðir með þetta kerfi? Það er sama hvar gripið er niður. Sveitarfélögin í landinu hafa ítrekað krafist breytinga á félagslega kerfinu og það er ekki hægt að daufheyrast við því, og færa sterk rök fyrir máli sínu. Þeir sem búa í félagslega kerfinu eru margir mjög óánægðir og það er kannski meginatriðið. Það verður að laga kerfið. Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur nýverið ályktað um málið og þeir leggja til og ég tek það fram að það er Samband íslenskra sveitarfélaga, það er ekki mín tillaga að svo komnu máli, þeir leggja til tvenns konar kerfi og með valfrelsi sveitarfélaganna hvort kerfið þau kjósa. Annað er um félagsleg íbúðarlán þar sem þeir sem færu inn í félagslega kerfið eða uppfylltu þau skilyrði til þess að vera þar fengju lánsloforð og færu síðan og keyptu íbúðir sínar á frjálsum markaði. Þeir leggja enn fremur til að núverandi kerfi verði endurbætt, einfaldað, og sveitarfélög eigi kost á því að halda því áfram. Þetta er mál sem er til meðferðar í nefndum á vegum ráðuneytisins og í ráðuneytinu sjálfu og í Húsnæðisstofnun. Ég vænti þess að geta lagt fram frv. í haust um endurbætur á félagslega kerfinu.

Herra forseti. Varðandi þau dæmi sem hv. 13. þm. Reykv. lagði fram hef ég ekki haft tækifæri til þess að fara yfir þau en ég stend við hvert orð í því svari sem ég gaf í vetur við fsp. hv. þm. Það er tekið með öðrum hætti og með annars konar dæmum í svari Ríkisendurskoðunar og ég hef ekki haft tækifæri til þess að grandskoða þau.

[13:51]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Hér hafa orðið atburðir sem hljóta að vekja mikla umhugsun og viðbrögð, ekki aðeins á Alþingi heldur utan þings. Samanburður á svörum hæstv. félmrh. annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar leiða í ljós ósamræmi í grundvallaratriðum og virðist augljóst að hæstv. ráðherra hafi a.m.k. hagrætt sannleikanum að ekki sé sterkara að orði kveðið. Það er nánast óhugsandi að þessir tveir aðilar hafi fengið svo mismunandi upplýsingar að byggja á að það sé skýringin á ósamræminu í svörum þeirra. Ég ætla ekki að rökstyðja þá niðurstöðu mína, hv. þm. hafa gögnin og geta borið þau saman og dregið síðan eigin ályktanir. Það hlýtur hver að gera fyrir sig en það kæmi mér verulega á óvart ef einhverjir telja sig geta lesið eitthvað annað út úr þeim gögnum en að sannleikanum hafi verið hagrætt. Maður spyr sig hvað hæstv. ráðherra hafi gengið til.

Herra forseti. Það er illur kostur að fá þær fréttir og upplýsingar sem liggja fyrir við þessar aðstæður með þinglok á næstu grösum. Ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm en þetta mál þarfnast athugunar. Ég vil ljúka máli mínu með því að vitna í niðurlag greinargerðar með frv. um ráðherraábyrgð sem hv. þm. Páll Pétursson flutti á 116. löggjafarþingi en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er mjög mikilvægt að Alþingi geti treyst því að upplýsingar, er ráðherrar gefa því, séu fullnægjandi og sannleikanum samkvæmar og að ráðherra leyni ekki upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls."

[13:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er grafalvarlegt mál ef þjóðin situr uppi með félagsmálaráðherra sem fer með húsnæðismál sem dreifir villandi upplýsingum um félagslegt íbúðarhúsnæði. Það er kannski of sterkt til orða tekið að tala um róg en þó er það þannig að það er afar erfitt að draga aðra ályktun af framgöngu hæstv. félmrh. en þá að hann hafi ætlað sér að koma óorði á félagslegt íbúðarhúsnæði. Það er afar erfitt. Munurinn er svo himinhrópandi á meðferð talna annars vegar í svörum hæstv. ráðherra og stórkarlalegum yfirlýsingum um ófremdarástand og kostnað í félagslegu íbúðarhúsnæði og niðurstöðu Ríkisendurskoðunar hins vegar að það er eiginlega ekki hægt að fá annan botn í það mál en það að fyrir hæstv. ráðherra hafi vakað pólitískur tilgangur. Sá pólitíski tilgangur getur þá tæplega verið annar en að koma óorði á félagslega húsnæðiskerfið.

Nú er það vissulega svo að ýmislegt í því kerfi getur þarfnast og þarfnast endurskoðunar og þar á meðal og kannski ekki síst skuldbindingar sveitarfélaga vegna endurkaupaskyldu og sérstaklega fjárhagslega veikra sveitarfélaga á landsbyggðinni. En menn mega aldrei gleyma hinu í umræðum um þessi mál að þúsundir láglaunafjölskyldna í landinu búa í tryggu íbúðarhúsnæði vegna þessa kerfis en gerðu það ekki ella. Það skiptir mestu máli að menn ræði ekki kerfið þannig niður og rýri það pólitískum stuðningi að það verði síðan handavinna einhverra illra afla að ganga að því dauðu. Og ætlar hæstv. félmrh. Páll Pétursson að vera fótgönguliði í þeim leiðangri, að grafa þannig undan félagslega húsnæðiskerfinu að þeim öflum í landinu, sem hafa lengi viljað það feigt, verði loksins að ósk sinni.

[13:55]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa mjög alvarlegar ásakanir verið settar fram á hendur hæstv. félmrh. og það eru ekki ásakanir sem eru í upphrópunarstíl heldur eru þær studdar mjög góðri greinargerð Ríkisendurskoðunar. Því er um mjög alvarlegar ásakanir að ræða en því miður þótti hæstv. félmrh. ekki tilefni til þess að svara þeim hér í ræðu sinni og þess vegna er ástæða til þess að skoða þetta örlítið betur.

Mig langar í þessu sambandi að vitna til 10. gr. laga um ráðherraábyrgð sem hljóta að koma til skoðunar í þessu samhengi en þar segir svo í a-lið: „ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín; ..."

Í greiningu Ólafs Jóhannessonar, lagaprófessors og fyrrv. formanns Framsfl., segir svo um þetta ákvæði, með leyfi forseta: „Í hann koma afbrot þar sem ráðherra hefur brotið á móti þeim reglum sem krefjast má að hver góður og samviskusamur embættismaður fylgi í embættisfærslu sinni enda þótt framkvæmd sé ekki beinlínis lögboðin eða framkvæmdaleysi bannað."

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, þær ásakanir sem hafa komið fram eru þess eðlis að þær virðast falla undir skýringu Ólafs Jóhannessonar fyrrverandi prófessors um að embættisfærsla ráðherrans falli undir 10. gr. a-liðar laga um ráðherraábyrgð. Hér verða ekki felldir neinir dómar í þessu sambandi en það er alveg ljóst að þær ásakanir sem fram eru bornar eru studdar það öflugum rökum að Alþingi hlýtur að þurfa að láta þetta mál til sín taka með frekari hætti en þeim einum að ræða það utan dagskrár svo alvarlegt er þetta mál. Hæstv. félmrh. hlýtur að þurfa að gera betri grein fyrir ásökunum en fram komu hér áðan en að benda á það að líklega muni hann flytja frv. um eitthvað allt annað í haust. Um það snýst málið ekki, virðulegi forseti.

[13:58]

Svanfríður Jónasdóttir:

Herra forseti. Þetta mál er tiltölulega einfalt. Það snýst um það að þingmaður biður ráðherra um upplýsingar um tiltekið efni. Ráðherrann biður þá undirstofnun hans sem fer með málið um þær upplýsingar en þegar þær hugnast honum ekki pólitískt stingur hann þeim undir stól og lætur útbúa fyrir sig svar úti í bæ sem síðan er dreift á Alþingi. Þingmaðurinn er ekki ánægður með þau svör enda veit hann betur og með tilstyrk forsn. er farið fram á að Ríkisendurskoðun úrskurði í málinu. Nú liggur sá úrskurður fyrir. Hann er einfaldur. Hann er sá að ráðherrann kom með rangar upplýsingar inn í þingið. Hann fór ekki rétt með.

Mér finnst, herra forseti, að þau svör og sú framganga sem við urðum áðan vitni að hjá hæstv. ráðherra sýni að hann veit upp á sig sökina ella hefði hann ekki farið út í allt aðra sálma vegna þess að þessi umræða hér snýst alls ekki um félagslega húsnæðiskerfið. Hún snýst um allt aðra hluti og miklu alvarlegri þó að félagslega húsnæðiskerfið út af fyrir sig búi við ákveðinn alvarleika. Þess vegna hlýt ég að taka undir með þeim sem segja hér: Þetta er ekki síðasta orðið í málinu. Þetta er það stórt mál að ein utandagskrárumræða dugir hvergi. Þetta mál hlýtur að þurfa að fara mun lengra.

[13:59]

Guðný Guðbjörnsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel að um mjög alvarlegt mál sé að ræða. Nú á tveim síðustu dögum hafa embættisfærslur tveggja ráðherra Framsfl. sætt gagnrýni og að mínu mati réttilega. Annar er sakaður um að hagræða sannleikanum eftir eigin skoðunum og stinga upplýsingum undir stól og hinn að fara ekki eftir lögum í sambandi við útgáfu á starfsleyfi vegna álversins á Grundartanga.

Ég ætla ekki að ræða þessi mál efnislega enda er það ekki málið. Málið er auðvitað hvernig embættisfærslur þessara ráðherra eru og hvort þeir þurfa ekki að sæta ráðherraábyrgð. Ég vil því nota tækifærið og spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hyggist rannsaka þessi mál nánar og hvernig hann hyggst bregðast við gagnvart þessum hæstv. ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Það er orðið með ólíkindum hvað viðgengst í þessum efnum hér á landi. Ég velti því fyrir mér hvort siðgætismat viðkomandi ráðherra eigi fyrst og fremst að ráða í svona málum eða hvort þau mál þurfa að lenda hjá dómstólum til þess að eitthvað verði gert. Hvert er mat forsrh. á því hvaða farvegir séu eðlilegir fyrir svona mál, samanber fyrirspurn málshefjanda um landsdóm?

[14:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég hef fullt traust á þessum tveimur ráðherrum sem hér hafa verið bornir sökum mjög ómaklega. Mér finnst þessi málatilbúnaður núna gagnvart hæstv. félmrh. alveg fyrir neðan allar hellur. Þegar þingmenn Alþfl. koma hér upp og nota Ólaf Jóhannesson prófessor til að berja á félmrh. er það afskaplega óviðfeldið.

Ég var hins vegar staddur í þessum sal, reyndar hér uppi, þegar þingmenn sama flokks veittust með svívirðilegum sökum að þessum sama manni, Ólafi Jóhannessyni. Það voru stórkostlegar ásakanir og hryllilegar og ég vildi ekki búa við þá sögu að hafa gert slíka hluti.

Ef menn eru að vitna í landsdóm er rétt að menn gangi alla leiðina og beri fram tillögu og standi við það í þinginu. Mér finnst þetta vera svívirðilegar ásakanir langt úr öllu hófi.

[14:02]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Vissulega hafa verið bornar upp mjög alvarlegar ásakanir í garð eins hæstv. ráðherra. Það er þannig að við þingmenn sem hér störfum verðum að geta treyst því að þegar við berum fram fyrirspurnir séu þau svör sem við fáum unnin eftir bestu vitund og þau séu eins rétt og kostur er hverju sinni miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Þetta snýst í raun og veru ekki um hvort hæstv. forsrh. ber fullt traust til samstarfsráðherra sinna, það hlýtur hann að verða að gera. Hins vegar hljótum við að fara fram á að forsrh. taki málið til athugunar og jafnframt virðulegur forseti þingsins þar sem annars vegar er um að ræða svör frá hæstv. félmrh., hins vegar skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem er stofnun sem heyrir undir Alþingi. Þarna er um verulegan mismun að ræða og auðvitað mjög erfitt að skýrsla eins og þessi skuli koma á allra síðustu tímum þingsins og leitt að síðustu mínútum af starfstíma þessa þings skuli þurfa að verja á þennan hátt.

Engu að síður hljótum við að fara fram á að málið verði skoðað og þingmönnum síðan gerð grein fyrir niðurstöðu þeirrar athugunar.

[14:04]

Lúðvík Bergvinsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs að nýju í þessu máli vegna þeirra ásakana sem hæstv. forsrh. bar fram á hendur þingmanna Alþfl. vegna þess að í málinu hafa aðeins verið dregin upp og borin saman svör hæstv. ráðherra og skýrsla Ríkisendurskoðunar. Þar kemur fram mikið ósamræmi. Í sambandi við það er vitnað til Ólafs Jóhannessonar og skýringar hans á þeirri grein sem hér getur átt við.

Að hæstv. forsrh. skuli í framhaldi af þessu reyna að snúa málinu upp á þingmenn Alþfl. um að þeir séu hér að reyna að kasta ryki í augu fólks er fyrir neðan allar hellur og hæstv. forsrh. ekki samboðið. Fyrir utan það, virðulegur forseti, þá snýst málið alls ekkert um traust til þessara ráðherra. Þetta snýst um það hvort Alþingi ætli að láta þar við sitja að skoða málið ekki frekar og láta eina utandagskrárumræðu nægja eða taka með meiri festu á málinu vegna þess að það skiptir líka hæstv. félmrh. miklu máli að þetta sé skoðað. Það er ekki nægilegt að skilja við ásakanirnar einar. Þar kemur til ábyrgð Alþingis.

[14:05]

Jóhanna Sigurðardóttir:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. stendur við hvert orð sem hann hefur sagt og segir að skýrsla Ríkisendurskoðunar hreki í engu það sem hann hafi sagt í þessu efni. Samt segist hann ekki hafa kynnt sér efni skýrslunnar. Það er alveg ljóst að hæstv. ráðherra gengur erinda þeirra sem vilja kerfið feigt og auðvitað er hann að fela hve lítil ríkisframlög hann lætur í félagslega kerfið. Staðreynd málsins er sú að Húsnæðisstofnun og Ríkisendurskoðun ber saman um að svör ráðherra hafi nánast verið fölsuð. Það séu villandi upplýsingar sem hann hefur gefið þinginu. Hæstv. ráðherra vildi taka á þessu máli árið 1992 í lögum um ráðherraábyrgð og þá sagði hæstv. ráðherra:

„Ráðherrar geta freistast til að gefa Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leyna það mikilvægum upplýsingum. Það getur leitt til óvandaðrar meðferðar mála og orsakað fullkominn trúnaðarbrest Alþingis og ráðherra."

Einmitt það er að gerast núna. Það er fullkominn trúnaðarbrestur nú þegar ráðherra er uppvís að því að veita Alþingi röng svör við fyrirspurn.

Það er alveg ljóst að þetta mál er ekki búið. Auðvitað þarf að athuga eins og ég sagði hvort það komi til álita að skoða lög um ráðherraábyrgð eins og ráðherran sjálfur, þá þingmaður, vildi gera á sínum tíma.

Við erum ekki að tala um það hér hvort breyta eigi félagslega kerfinu sem ráðherrann eyddi öllum sínum tíma í en ekki í að svara því sem um var spurt. Það kemur einmitt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem ég hvet ráðherrann til að lesa, að það virðist varla vera gæfuspor sem hann er að stíga með að breyta félagslega kerfinu og koma upp félagslegu íbúðalánakerfi ef marka má þau orð sem þar eru sögð.

En ég ítreka, virðulegi forseti, að þessu máli getur ekki verið lokið. Alþingi getur ekki látið bjóða sér upp á svör ráðherra sem eru svo óforskömmuð að það er sama hvort fyrir liggur skýrsla Húsnæðisstofnunar eða skýrsla Ríkisendurskoðunar en þeim ber saman í öllum aðalatriðum, ráðherrann ber hausnum við steininn og segir að hvert orð sem hann segi sé satt. Það er trúnaðarbrestur milli ráðherra og þingsins að því er þetta varðar. Það hefur komið fram hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem hér hafa talað.

Herra forseti. Þessu máli er ekki lokið.

[14:08]

Félagsmálaráðherra (Páll Pétursson):

Herra forseti. Þetta var ágætisfrv. sem ég flutti þarna um árið. Ég get vel hugsað mér að greiða því atkvæði ef það yrði endurflutt. (Gripið fram í.) Ég fann ekki upp gagnrýni á félagslega kerfið. Margir voru búnir að gagnrýna það á undan mér. Ég ætla ekki að ganga af félagslega kerfinu dauðu. Ég ætla að reyna að lagfæra þær vitleysur sem gerðar voru í tíð hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og gera það betra en ekki að fara að eyðileggja það. Ég tel að við eigum að reka félagslegt íbúðakerfi, þ.e. hafa félagslega hugsun til að hjálpa þeim sem lakar eru settir í þjóðfélaginu til að koma sér upp húsnæði.

Ég veit ekki upp á mig neina sök. Ég hef svarað eins og ég veit sannast og réttast miðað við þær upplýsingar sem ég hef haft í höndum. Ég mun að sjálfsögðu fara ofan í þær tölur sem fram koma í svari Ríkisendurskoðunar og þær tölur sem fram komu í svari mínu þó mér hafi ekki gefist tækifæri til þess enn þá. Ég hefði vonað að hv. stjórnarandstöðuþingmenn hefðu farið af þingi í léttara skapi en ég þakka þeim samt fyrir samstarfið í vetur.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. allra mála á dagskrá. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Réttindi sjúklinga, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 1376.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

Frv. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EOK, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

11 þm. (BBj, BH, EgJ, EKG, FrS, GE, HÁs, KÁ, LB, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1380).

Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 613. mál. — Þskj. 1189.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

1. gr. samþ. með 55 shlj. atkv.
2.–6. gr. samþ. með 54 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv.

Félagsleg aðstoð, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 620. mál. — Þskj. 1314.

[14:13]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Það urðu nokkrar umræður um þetta mál í nótt og hef ég ekki í hyggju að endurtaka þær að öllu leyti, a.m.k. að því leyti sem ég hafði athugasemdir við málið. En ég vil þó draga saman ákveðna þætti þess sem mér finnast vera umhugsunarefni, þ.e. að í þessu máli er verið að gera breytingar á bótum til ákveðins hóps fólks á þann veg að ríkissjóður beri ekki kostnað af breytingunum. Það er gert á þann veg að hjá um það bil helmingi hópsins, framfærendum 900 barna, á að auka bótagreiðslurnar. Þar á að bæta bætur þeirra frá því sem nú er og er það vel. En hjá hinum helmingi hópsins, framfærendum 900 barna líka, á að draga úr bótum. Annar helmingur hópsins á að borga bæturnar til hins helmings hópsins. Það er efnisatriði þessa frv.

Fram kemur í athugasemdum með frv. að kostnaður við það sé um 380 millj. kr. Ég hef spurt: Hvað er verið að færa mikla fjármuni á milli þessara tveggja hópa? Hvað á að auka bætur þeirra mikið sem eiga að fá viðbót og hvað á að skerða bætur þeirra mikið sem eiga að fá minna eftir lagabreytinguna en nú er? Niðurstaðan er sú að það eru engin svör til við spurningunni. Hvorki heilbr.- og trn. sem flytur málið né heilbrrh. sem biður nefndina fyrir málið getur svarað spurningunni. Það er auðvitað, herra forseti, alvarlegt mál þegar grundvallarstærðir í málinu liggja ekki fyrir.

Skerðingin hjá helmingi hópsins á að verða tvenns konar. Annars vegar þannig að þeim á að fækka sem yfir höfuð fá bætur. Þeim á að fækka sem yfir höfuð eiga að fá bætur með þeim rökum að þeir hafi verið of margir til þessa sem hafa fengið umönnunarbætur. Í öðru lagi á líka að beita þá skerðingu sem eftir breytingu munu halda áfram að fá bætur. Skerðingin er því tvíþætt. Það á að fækka einstaklingunum sem fá þær og það á að lækka fjárhæðirnar hjá hverjum og einum. Ég spyr: Eftir hvaða reglum á að gera þetta? Við því eru engin svör. Það veit enginn.

Niðurstaða mín í þessu máli er sú að það vantar upplýsingar, dæmið gengur ekki upp. Annaðhvort er verið að skerða umönnunarbætur verulega hjá um helming þess hóps sem málið varðar, eða hitt að upplýsingarnar í frv. um að ekki sé um að ræða neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð eru rangar. Það eru ekki nema tvö svör við þessu máli. Mér finnst að hæstv. heilbrrh., sem er upphafsmaður málsins, verði áður en farið er af stað í þann leiðangur að fá fram lagabreytinguna að vita þessa hluti, þ.e. hvaða breytingar er verið að gera og fyrir hverja. Þetta finnst mér á skorta, herra forseti, og ég finn að því að málið er svona illa búið að það er ekki hægt að veita svör við þessum mikilvægu spurningum.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði í gær um þá þróun sem mér finnst ekki vera æskileg, þ.e. að einstakar þingnefndir taka að sér að flytja þingmál í tímapressu undir lok þings, hvort heldur að vori eða fyrir jól og þau síðan keyrð

í gegn athugunarlaust af hálfu þingsins á örfáum klukkutímum. Það er umhugsunarefni fyrir þingið og ég skora á hæstv. forseta að taka það mál til alvarlegrar athugunar nú í sumar.

[14:18]

Heilbrigðisráðherra (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir að taka upp það mál sem hér er um rætt. Það er rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að málið kom mjög seint fram. Það hefur verið nefnd í gangi í Tryggingastofnun við að endurskoða umönnunarbætur. Með Tryggingastofnun hafa komið að þessari endurskoðun fulltrúar Þorskahjálpar og fulltrúar Umhyggju. Þessi nefnd hefur verið að störfum í rúmlega eitt ár og lauk störfum um það leyti sem þingi átti að ljúka. Ég kynnti öllum fulltrúum í heilbr.- og trn. þetta mál eins og það lá fyrir og sagðist ekki mundi ganga lengra með það nema full samstaða væri um það, ég teldi mjög mikilvægt að full samstaða væri um það, því ég er í grundvallaratriðum sammála hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, þegar hann segir að einstaka þingnefndir eigi almennt ekki að leggja fram mál. En þetta er réttarbót fyrir þúsund börn. Það hefur lengi verið beðið eftir þessu. Þetta mál hefur lengi verið í undirbúningi.

Hann spyr um tölur í þessu sambandi. Það er algengast að bætur hækki úr 4.900 kr. í 13.800 kr. fyrir þau börn sem eru mest fötluð og mest sjúk, langvarandi sjúk. En það er eðlileg spurning hjá hv. þm. hjá hverjum skerðist í staðinn ef ekki koma til nýir fjármunir. Það er talið af þeim sem best þekkja, og þá eru það þeir sem ég hef áður rætt um og voru í þessari nefnd, að nauðsynlegt sé að fram fari þroskapróf varðandi minni háttar atferlistruflanir sem eiga sér stað hjá börnum, áður en þau fara á bætur. Og á einhverjum lengri tíma muni þeim fækka sem fá þessar bætur. En í staðinn þá fá þau svokallað lyfja- og lækniskort sem mun ekki síður koma þeim að góðu. Þetta eru þau svör sem ég get gefið hv. þm. Ég vona að þetta ágæta mál sem hér liggur fyrir verði afgreitt innan tíðar. Ég endurtek þakkir mínar til hv. heilbr.- og trn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HG, IP, ÍGP, JBH, JónK, KF, KPál, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, SighB, SJóh, SAÞ, SF, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

14 þm. (BBj, BH, FI, GE, GÁS, HjálmJ, JóhS, KÁ, KH, LB, RG, SP, StB, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 50 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv.

Fundi slitið kl. 14:23.

---

132. FUNDUR

laugardaginn 17. maí,
kl. 2.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., frv., 613. mál, þskj. 1189. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Félagsleg aðstoð, frv., 620. mál, þskj. 1314. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 621. mál, þskj. 1372. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]

Of skammt var liðið frá 2. umr. 1. og 2. dagskrármáls og frá útbýtingu 3. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 56 shlj. atkv.

Aðgangur að sjúkraskrám o.fl., 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 613. mál. — Þskj. 1189.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:35]

Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.

7 þm. (BBj, BH, FI, GE, KÁ, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1381).

Félagsleg aðstoð, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 620. mál. — Þskj. 1314.

[14:36]

Kristinn H. Gunnarsson:

Herra forseti. Í framhaldi af þeim svörum sem hæstv. heilbrrh. gaf er niðurstaða mín mjög einföld. Ég dró það fram að bara tvennt kæmi til greina í málinu, þ.e. að annaðhvort væri verið að skerða umtalsvert bætur hjá verulegum hluta þess hóps sem í hlut á eða hitt að það væri verið að auka útgjöld úr ríkissjóði, bæta við fjármagni inn í þennan bótaflokk. Gott og vel. Í ljósi svara hæstv. heilbrrh. er svarið mjög skýrt. Það er ekki meiningin að skerða að neinu marki bætur til þess hóps sem ég gat um áðan. Það er meining hæstv. heilbrrh. að bæta við fjármagni inn í þennan bótaflokk. Ekki vitum við hversu hárri fjárhæð, það hefur ekki komið fram, en það er

nauðsynlegt að þetta liggi fyrir vegna þess að í þingskjalinu, frv. sem liggur fyrir, er því haldið fram að það eigi ekki að bæta við fjármagni. Þess vegna verður að vera alveg ljóst áður en Alþingi afgreiðir þetta mál hver meiningin er. Að mínu viti eru það einhverjar millj. kr. eða milljónatugir kr. sem er verið með þessari ákvörðun að auka í þennan bótaflokk. Ég er út af fyrir sig sammála þeirri ákvörðun en ég vil að mönnum sé hún ljós.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
Frv. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
7 þm. (BBj, BH, FI, GE, KÁ, StB, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1382).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 621. mál. — Þskj. 1372.

[14:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 17. maí 1997 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:39]
Till. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁE, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, DO, EgJ, EKG, EOK, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GGuðbj, HÁs, HBl, HjÁ, HjálmJ, HG, IP, ÍGP, JóhS, JBH, JónK, KF, KHG, KH, KPál, LB, MS, MF, ÓE, ÓÖH, ÓÞÞ, PP, PHB, RA, RG, SighB, SJóh, SAÞ, SF, SP, StG, SJS, SvanJ, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖJ, ÖS.
7 þm. (BBj, BH, FI, GE, KÁ, StB, TIO) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1383).

Þingfrestun.

[14:43]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Hv. alþingismenn. Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf 121. löggjafarþings. Þingið stóð frá 1. október til 20. desember 1996 og frá 28. janúar til 17. maí 1997. Þingfundadagar urðu alls 97. Þingfundir hafa verið 132. Verða nú lesin úrslit þingmála.

Lagafrumvörp voru samtals 218. Stjórnarfrumvörp voru 132 og þingmannafrumvörp 86.

106 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 26.

17 þingmannafrumvörp urðu að lögum, eitt frumvarp var kallað aftur, fjórum var vísað til ríkisstjórnarinnar en 64 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 218 frumvörpum urðu alls 123 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 111. Stjórnartillögur voru 13 og þingmannatillögur 98.

32 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, fimm var vísað til ríkisstjórnarinnar og 74 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 34. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru 14 og bárust 11 skýrslur. 23 aðrar skýrslur voru lagðar fram.

Fyrirspurnir voru 255. Svör bárust við 241 fyrirspurn. Munnlegar fyrirspurnir voru 123 og var þeim öllum svarað nema fjórum og fjórar voru kallaðar aftur. Beðið var um skrifleg svör við 132 fyrirspurnum og bárust svör við öllum nema fimm. Ein var kölluð aftur.

Alls voru til meðferðar í þinginu 621 mál. Þar af hlutu 422 þingmál afgreiðslu og tala prentaðra þingskjala varð 1383.

Eins og heyra má af þessu yfirliti um störf 121. löggjafarþings hefur þingið verið mjög athafnasamt. Mörg mál og sum hver stór hafa verið afgreidd á þinginu. Hvað Alþingi varðar ber sérstaklega að fagna samþykkt nýrra laga um Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis. Þau munu efla og styrkja stöðu þessara stofnana þingsins.

Sú niðurstaða sem fékkst við afgreiðslu frv. til laga um fjárreiður ríkisins var einnig mjög ánægjuleg. Um það mál var nokkur ágreiningur og var m.a. tekist á um stöðu Alþingis í stjórnkerfinu.

Ég vil nú við þinglokin láta í ljós sérstaka ánægju með að okkur hefur tekist að standa við þá starfsáætlun sem samþykkt var í upphafi þings sl. haust. Þetta er vonandi til marks um að vinnulag sé að breytast til hins betra á þinginu. Ég tel einnig að þrátt fyrir ágreining um ýmis mál hafi góður starfsandi einkennt þingið. Ég vil láta í ljós þakkir mínar til þingmanna allra fyrir samstarfsvilja þeirra.

Á þessu þingi höfum við haldið áfram að feta okkur áleiðis með breytingar á starfsháttum Alþingis. Á þinginu var bryddað upp á þeirri nýbreytni í þingstörfum að hafa sérstaka nefndaviku bæði á haust- og vorþingi og fella þá niður þingfundi á sama tíma. Ég tel reynsluna af nefndavikunum hafa verið mjög góða. Í nefndavikunni hefur gefist betri tími til samfelldra nefndarstarfa og þingmenn þannig fengið tækifæri til að gaumgæfa vel þau mál sem legið hafa fyrir nefndunum. Þá tel ég að sú nýbreytni að ljúka nefndarstörfum að mestu leyti viku fyrir þingfrestun hafi gefið góða raun þar sem þingið hefur fengið rýmri tíma til að fjalla um og afgreiða þau mál sem nefndir skila áliti um. Það hefur þó sýnt sig að það er varla nægilegt að ljúka nefndarstörfum viku fyrir þingfrestun því meiri tíma þarf í reynd til að vinna úr þeim fjölda mála sem koma frá nefndum á síðustu vikum þingsins.

Ég tel því að við eigum að vinna að því á næsta þingi að nefndarstörfum megi ljúka að minnsta kosti tveimur vikum fyrir þingfrestun. Reyndar var slíkt ætlunin samkvæmt

starfsáætlun þessa þings en það markmið náðist ekki. Var ástæðan helst sú að mikill fjöldi frv. kom fram mjög seint eða rétt um það leyti sem fresturinn til að leggja fram þingmál rann út hinn 1. apríl.

Í ljósi þess hversu þessar breytingar sem ég hef hér nefnt hafa gefið góða raun tel ég að við eigum að íhuga að fjölga bæði kjördæmavikum og nefndavikum. Ég tel því að á næsta þingi komi til greina að bæta við kjördæmaviku og nefndaviku á vorþinginu. Að mínu mati væri það einnig eðlilegt framhald af þessum breytingum að endurskoða lengd þinghaldsins í heild án þess að þingfundadögum fjölgaði. Þannig gæti þingið að jafnaði staðið út maímánuð.

Nú við lok þinghaldsins vil ég ítreka þakkir mínar til allra þingmanna fyrir ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Forseti þarf eðli starfs síns vegna að hafa nána samvinnu við varaforseta þingsins og formenn þingflokka. Ég vil því færa varaforsetum sérstakar þakkir fyrir ágæta samvinnu við stjórn þinghaldsins svo og formönnum þingflokkanna fyrir sérlega gott og náið samstarf á þessu þingi.

Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[14:46]

Kristín Halldórsdóttir:

Herra forseti. Vissulega eru nokkur tíðindi að þinghaldi sé að ljúka aðeins degi seinna en samkvæmt starfsáætlun. Það má án efa fyrst og fremst þakka bættum vinnubrögðum undir styrkri stjórn hæstv. forseta, góðum vilja hv. þm. og ekki síst eftirfylgni við tímanlega afgreiðslu frá nefndum.

Mér er bæði ljúft og skylt að þakka hæstv. forseta, Ólafi G. Einarssyni, fyrir hönd okkar þingmanna allra fyrir góða forustu og gott samstarf á því þingi sem nú er að ljúka. Okkur er mætavel ljóst að oft reynir á þolinmæði forseta og lipurð við lausn mála en af hvoru tveggja á hann nóg. Ég er ekki í neinum vafa um að það á sinn stóra þátt í því að þingstörf hafa gengið með ágætum þrátt fyrir stöku veðrabrigði.

Ég vil einnig, fyrir hönd okkar þingmanna, þakka starfsmönnum þingsins fyrir frábær störf og fúslega veitta aðstoð í hvívetna og ég óska þeim góðra og verðskuldaðra sumardaga.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. forseta og óska honum og fjölskyldu hans alls hins besta á komandi sumri og vona að við hittum hann heilan að hausti. Ég bið hv. þm. að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[14:47]

Forseti (Ólafur G. Einarsson):

Ég þakka hv. 12. þm. Reykn., Kristínu Halldórsdóttur, fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra þingmanna og starfsliðs Alþingis.

[14:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 121. löggjafarþings, frá 17. maí 1997 eða síðar ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 17. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 121. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 14:48.

6319, 6361.
Stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands (409. mál) 6260, 6291.
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (364. mál) 6141, 6207, 6297, 6357.
Stuðningur við konur í Afganistan (69. mál) 6317, 6360.
Suðurlandsskógar (524. mál) 6654, 6662, 6828, 6850, 6953.
Tekjuskattur og eignarskattur (528. mál, skatthlutfall, barnabætur o.fl.) 6160, 6207, 6297, 6358.
Tilhögun þingfundar 6130, 6486.
Tilkynning um dagskrá 6287, 6598.
Tilkynningarskylda olíuskipa (303. mál) 6816, 6847.
Tjón á bílum (609. mál) 6567.
Tolla- og fíkniefnaleit í Reykjavík (596. mál) 6552.
Tryggingagjald (541. mál, sjálfstætt starfandi einstaklingar) 6298, 6359, 6514, 6548.
Tryggingasjóður sjálfstætt starfandi einstaklinga (237. mál) 6278, 6290.
Um fundarstjórn:
Afgreiðsla mála á fundinum 6298.
Atkvæðaskýringar 6603.
Álbræðsla á Grundartanga 6795.
Framhald atkvæðagreiðslna 6546.
Um fundarstjórn — sjá:
Búnaðargjald 6625.
Vegáætlun 1997–2000 6711.
Umboðsmaður Alþingis (244. mál, heildarlög) 6825, 6848, 6859.
Umferðarlög (61. mál, hlífðarhjálmar fyrir hjólreiðar) 6202.
Umferðarlög (487. mál, ölvunarakstur, vátryggingarfjárhæðir o.fl.) 6200, 6296, 6357.
Umræður utan dagskrár:
Framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla 6634.
Málefni barna og ungmenna 6918.
Rekstur Fríhafnarinnar í Leifsstöð 6322.
Réttur almennings til athugasemda við starfsleyfi til atvinnurekstrar 6715.
Skýrsla Ríkisendurskoðunar um félagslega íbúðakerfið 6957.
Úttekt á áhrifum Efnahags- og myntbandalags Evrópu (300. mál) 6299, 6361.
Varðveisla ósnortinna víðerna (27. mál) 6145, 6207.
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (256. mál, heildarlög) 6171, 6202.
Vátryggingastarfsemi (485. mál, EES-reglur) 6300, 6362, 6514, 6549.
Vegáætlun 1997–2000 (309. mál) 6675, 6861, 6945.
Vegalög (197. mál, reiðhjólavegir) 6817, 6847.
Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (493. mál, heildarlög) 6379, 6545, 6661, 6670.
Veiting ríkisborgararéttar (413. mál, síðara stjfrv.) 6826, 6850, 6860.
Verðbólgureikningsskil (314. mál) 6299, 6362.
Virðisaukaskattur (437. mál, afmörkun skattskyldu o.fl.) 6168, 6211, 6297, 6359.
Vörugjald af olíu (612. mál) 6302, 6363, 6515, 6550, 6661, 6772.
Vörugjald af ökutækjum (549. mál, vöruflutningar) 6301, 6822, 6852, 6860.
Þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi (132. mál) 6515, 6550.
Þingfrestun 6967.
Þjóðminjalög (502. mál, stjórnskipulag o.fl.) 6330, 6365, 6515, 6549.
Öryggisþjónusta (486. mál) 6178, 6211.

Leiðréttingar.

Í 8. hefti, dálki 2182, í 20. línu að ofan. Í stað „Vandinn“ komi: Vaninn.

Í 10. hefti, dálki 3102, í 3. línu að neðan. Í stað „tækju burt“ komi: takmörkuðu.